Alþingi 1987

SAMEINAÐ ÞING

1. fundur, 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1987, laugardaginn 10. okt., var hundraðasta og tíunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta aðalþing í röðinni, en hundrað tuttugasta og fimmta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Auður Eir Vilhjálmsdóttir steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv.
2. Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv.
3. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
6. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 5. þm. Austurl.
9. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
11. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
13. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
14. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
15. Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
18. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
19. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
20. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
21. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
25. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn.
26. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
27. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykv.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
29. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
30. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
31. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
32. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
33. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
34. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
35. Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn.
36. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
37. Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn.
38. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
39. Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn.
40. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
41. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
44. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
45. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
46. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
47. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
48. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
49. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
50. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
51. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
52. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
53. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
54. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
55. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
56. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
57. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
58. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
59. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
63. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 14. september 1987 var gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gera kunnugt:

Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987.

Um leið og vér birtum þetta er öllum sem setu

eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. september 1987.

Þorsteinn Pálsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Magnús Thoroddsen.

Þorsteinn Pálsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1987."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það þing, sem hefur störf hér nú, er 110. löggjafarþing Íslendinga frá því Alþingi var endurreist og er tímamótaþing þar sem þinghald hefst nú að afstöðnum kosningum á þessu ári. Til starfa tekur nú fjöldi nýrra þingmanna við hlið þeirra mörgu sem langa reynslu hafa að baki um meðferð mála til hagsbóta fyrir land okkar og þjóð í þessari virðulegustu stofnun lýðveldis okkar.

Stjórnmálamenn vilja allir vinna landi og lýð hið besta. Þeir hafa gefið sig til starfa sinna af hugsjón og enda þótt hugsjónirnar séu ekki allar eins heldur með ýmsum blæbrigðum má finna þeim sameiginlegan farsælan farveg með því umburðarlyndi sem treystir vináttu milli manna og stígur yfir erjur í hita daganna með virðingu fyrir skoðunum allra manna. Því það er munaður að búa við það lýðræði og það frelsi að mega hugsa svo sem hverjum sýnist og láta skoðanir sínar í ljós í heyranda hljóði.

Ég leyfi mér að minna enn á þessum stað á fleyga alþingishugsjón Jóns Sigurðssonar, frelsishetju Íslendinga, sem felur í sér heilan sannleik þótt liðið sé á aðra öld síðan hann sendi hana löndum sínum til íhugunar:

„Alþingi er frækorn allrar framfarar og blómgunar lands vors — eins konar þjóðskóli landsmanna til að venja þá á að hugsa og tala með greind og þekkingu um málefni þau sem alla varðar. — Alþingi er engan veginn sett höfðingjum í vil heldur fyrst og fremst alþýðu."

Ég óska virðulegum þingmönnum öllum giftu og farsældar í starfi, þjóð okkar til heilla. Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram og bið ég aldursforseta, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti tók nú við fundarstjórn.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Ég býð hv. alþingismenn og starfsfólk Alþingis velkomin til starfa með þeirri ósk að það þinghald, sem nú er að hefjast, verði landi og þjóð til heilla og að störf þess í vetur verði til þess að auka réttlæti og minnka aðstöðumun í okkar þjóðfélagi.

Nú verður fundi frestað til mánudags kl. 2 miðdegis.

Fundi frestað.

Mánudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., og Skúla Alexandersson, 4. þm. Vesturl.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Samkv. 1. gr. þingskapa skal nú prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna. Ber að skipa þingmönnum eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir. Sá háttur mun hafður á að um leið og nafn þingmanns er lesið mun skrifari draga miða er segir til um kjördeild þingmannsins.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir og urðu í:

1. kjördeild:
AG, ÁrnG, BÍG, DS, EH, EgJ, EG, GHG, HÁ, JE, JBH, JónS, KE, MF, MálmS, ÓE, RA, SV, StH, SvG, ÞÞ.

2. kjördeild:
AS, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HBl, JóhS, JúlS, KJóh, KH, MÁM, ÓÞG, PJ, SkA, StG, SJS, SvH, VS.

3. kjördeild:
AðB, GeirG, GuðmÁ, GB, GA, HG, HJ, IBA, JHelg, JK, JSS, KSG, KP, MB, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, ÞP, ÞK.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Þingmönnum hefur nú verið skipað í kjördeildir og munu þær skipta með sér verkum í samræmi við ákvæði þingskapa þannig að 1. deild fær 2. deild, 2. deild fær 3. deild og 3. deild fær 1. deild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig.

Áður en kjördeildir taka til starfa vil ég lesa bréf sem borist hafa.

Fyrst er hér bréf svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður

Alþb. í Reykjaneskjördæmi, prófessor Ólafur Ragnar Grímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Geir Gunnarsson.“

Hér er annað bréf:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi um nokkurt skeið leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Ellert Eiríksson sveitarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi í veikindaforföllum frá og með setningu Alþingis.

Matthías Á. Mathiesen,
1. þm. Reykn.“

Og hér er þriðja bréfið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Þ. Þórðarson.“

Ég vil biðja þær kjördeildir sem fengið hafa til meðferðar kjörbréf hv. þm. Geirs Gunnarssonar, hæstv. samgrh. Matthíasar Á. Mathiesens og hv. þm. Ólafs Þórðarsonar að taka um leið til meðferðar kjörbréf varamanna þeirra, Ólafs Ragnars Grímssonar prófessors, Ellerts Eiríkssonar sveitarstjóra og Péturs Bjarnasonar fræðslustjóra.

Fundarstaðir kjördeildanna verða sem hér segir: 1. kjördeild í fundarsal efri deildar, 2. kjördeild í flokksherbergi Framsfl. og 3. kjördeild í flokksherbergi Sjálfstfl.

Ég vil biðja Albert Guðmundsson að stjórna fundi í 1. kjördeild, í 2. kjördeild Alexander Stefánsson og í 3. kjördeild Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur.

Nú verður gert hlé í hálfa klukkustund á meðan kjördeildir eru að skoða kjörbréf þingmanna. — [Fundarhlé.]

Frsm. 1. kjördeildar (Albert Guðmundsson):

Virðulegur forseti. 1. kjördeild hefur fundað um kjörbréf 3. kjördeildar, rannsakað hvert bréf fyrir sig, 21 aðalmanns og tveggja varamanna, ekki fundið neitt við þau að athuga og leggur til við yður, hæstv. forseti, að bréfin verði samþykkt. Kjörbréfin eru:

1. Kjörbréf Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, 16. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Geirs Gunnarssonar, 5. þm. Reykn.
3. Kjörbréf Guðmundar Ágústssonar, 11. þm. Reykv.
4. Kjörbréf Guðmundar Bjarnasonar, 1. þm. Norðurl. e.
5. Kjörbréf Guðrúnar Agnarsdóttur, 6. þm. Reykv.
6. Kjörbréf Hjörleifs Guttormssonar, 2. þm. Austurl.
7. Kjörbréf Hreggviðs Jónssonar, 11. þm. Reykn.
8. Kjörbréf Inga Björns Albertssonar, 5. þm. Vesturl.
9. Kjörbréf Jóns Helgasonar, 2. þm. Suðurl.
10. Kjörbréf Jóns Kristjánssonar, 3. þm. Austurl.
11. Kjörbréf Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, 5. þm. Norðurl. v.
12. Kjörbréf Karls Steinars Guðnasonar, 9. þm. Reykn.
13. Kjörbréf Karvels Pálmasonar, 3. þm. Vestf.
14. Kjörbréf Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf.
15. Kjörbréf Ólafs Þ. Þórðarsonar, 2. þm. Vestf.
16. Kjörbréf Páls Péturssonar, 1. þm. Norðurl. v.
17. Kjörbréf Ragnhildar Helgadóttur, 3. þm. Reykv.
18. Kjörbréf Salome Þorkelsdóttur, 6. þm. Reykn.
19. Kjörbréf Sighvats Björgvinssonar, 5. þm. Vestf.
20. Kjörbréf Þorsteins Pálssonar, 1. þm. Suðurl.
21. Kjörbréf Þorv. Garðars Kristjánssonar, 4. þm. Vestf.

Frsm. 2. kjördeildar (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. 2. kjördeild hefur farið yfir kjörbréf alþingismanna úr 1. kjördeild og rannsakað þau á þann hátt sem lagt er til og finnur engar athugasemdir við kjörbréf þess 21 alþingismanns sem hér um ræðir og leggur því til að framangreind kjörbréf þessara hv. þm. verði samþykkt. Þau eru:

1. Kjörbréf Alberts Guðmundssonar, 5. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Árna Gunnarssonar, 3. þm. Norðurl. e.
3. Kjörbréf Birgis Ísl. Gunnarssonar, 2. þm. Reykv.
4. Kjörbréf Danfríðar Skarphéðinsdóttur, 6. þm. Vesturl.
5. Kjörbréf Eggerts Haukdals, 3. þm. Suðurl.
6. Kjörbréf Egils Jónssonar, 5. þm. Austurl.
7. Kjörbréf Eiðs Guðnasonar, 3. þm. Vesturl.
8. Kjörbréf Guðmundar H. Garðarssonar, 14. þm. Reykv.
9. Kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar, 1. þm. Austurl.
10. Kjörbréf Jóhanns Einvarðssonar, 8. þm. Reykn.
11. Kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar, 15. þm. Reykv.
12. Kjörbréf Jóns Sigurðssonar, 4. þm. Reykv.
13. Kjörbréf Kristínar Einarsdóttur, 12. þm. Reykv.
14. Kjörbréf Margrétar Frímannsdóttur, 4. þm. Suðurl.
15. Kjörbréf Málmfríðar Sigurðardóttur, 7. þm. Norðurl. e.
16. Kjörbréf Ólafs G. Einarssonar, 2. þm. Reykn.

17. Kjörbréf Ragnars Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
18. Kjörbréf Stefáns Valgeirssonar, 6. þm. Norðurl. e.
19. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, 3. þm. Reykn.
20. Kjörbréf Svavars Gestssonar, 7. þm. Reykv.
21. Kjörbréf Þórhildar Þorleifsdóttur, 18. þm. Reykv.

Frsm. 3. kjördeildar (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Herra forseti. 3. kjördeild hefur yfirfarið kjörbréf 2. kjördeildar. Engin athugasemd kom fram og skoðum við hv. þm. þá rétt kjörin. Kjörbréfin eru:

1. Kjörbréf Alexanders Stefánssonar, 1. þm. Vesturl.
2. Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 8. þm. Reykv.
3. Kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar, 2. þm. Vesturl.
4. Kjörbréf Friðriks Sophussonar, 1. þm. Reykv.
5. Kjörbréf Geirs H. Haarde, 17. þm. Reykv.
6. Kjörbréf Guðmundar G. Þórarinssonar, 10. þm. Reykv.
7. Kjörbréf Guðna Ágústssonar, 5. þm. Suðurl.
8. Kjörbréf Guðrúnar Helgadóttur, 13. þm. Reykv.
9. Kjörbréf Halldórs Blöndals, 2. þm. Norðurl. e.
10. Kjörbréf Jóhönnu Sigurðardóttur, 9. þm. Reykv.
11. Kjörbréf Júlíusar Sólness, 7. þm. Reykn.
12. Kjörbréf Kjartans Jóhannssonar, 4. þm. Reykn.
13. Kjörbréf Kristínar Halldórsdóttur, 10. þm. Reykn.
14. Kjörbréf Matthíasar Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
15. Kjörbréf Óla Þ. Guðbjartssonar, 6. þm. Suðurl.
16. Kjörbréf Pálma Jónssonar, 2. þm. Norðurl. v.
17. Kjörbréf Skúla Alexanderssonar, 4. þm. Vesturl.
18. Kjörbréf Stefáns Guðmundssonar, 3. þm. Norðurl. v.
19. Kjörbréf Steingríms J. Sigfússonar, 4. þm. Norðurl. e.
20. Kjörbréf Sverris Hermannssonar, 4. þm. Austurl.
21. Kjörbréf Valgerðar Sverrisdóttur, 5. þm. Norðurl. e.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Frsm. kjördeildanna hafa hver fyrir hönd sinnar kjördeildar lagt til að þau kjörbréf sem deildirnar hafa haft með höndum verði samþykkt og kosning og kjörgengi þingmanna tekin gild. Þetta gildir um 63 alþingismenn og auk þess um þá þrjá varamenn sem komnir eru til þings, þá Ólaf Ragnar Grímsson, Ellert Eiríksson og Pétur Bjarnason. Þetta eru samhljóða tillögur og ég tel rétt að bera þær upp í einu lagi ef enginn hreyfir andmælum því gegn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjördeildanna samþ. með 54 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv., Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv., Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv., Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., Ellert Eiríksson, 1. þm. Reykn., Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf., og Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Nýir þingmenn hafa nú undirskrifað drengskaparheit. Vil ég bjóða þá sérstaklega velkomna til starfa hér á Alþingi.

Skv. 3. gr. þingskapa fer nú fram kosning forseta sameinaðs Alþingis. Kosningin er skrifleg og óbundin.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Þorv. Garðar Kristjánsson,** 4. þm. Vestf., með 43 atkv. — Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., hlaut 9 atkv., Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., 1 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):

Þorv. Garðar Kristjánsson hefur verið rétt kjörinn forseti sameinaðs Alþingis og mun hann nú þegar taka við fundarstjórn. Ég óska honum allra heilla í störfum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka hv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa sýnt mér það traust að kjósa mig sem forseta sameinaðs Alþingis. Ég vil mega vænta þess að eiga gott samstarf við þingheim allan.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., með 52 atkv. — Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., hlaut 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Samkvæmt þessu lýsi ég Guðrúnu Helgadóttur réttkjörna fyrri varaforseta sameinaðs Alþingis.

Ég árna Guðrúnu Helgadóttur farsældar í starfi,

óska henni til hamingju og hv. þm. til hamingju með fyrri varaforseta Alþingis.

Annar varaforseti var kosinn
Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., með 52 atkv. — Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., hlaut 2 atkv., Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn., 1 atkv., Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vesturl., 1 atkv., en 1 atkv. var ógilt og tveir seðlar auðir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Samkvæmt þessu lýsi ég Jóhann Einvarðsson réttkjörinn annan varaforseta sameinaðs Alþingis. Ég óska honum til hamingju með starfann og óska honum velfarnaðar í starfi og hv. þm. til hamingju með annan varaforseta sameinaðs Alþingis.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru GuðnÁ, DS. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., og
Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:
Matthías Bjarnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Júlíus Sólnes (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðni Ágústsson (A).

Kosning til efri deildar.

Loks fór fram kosning 21 þingmanns til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð og komu fram tveir listar. Á A-lista voru EgJ, StG, EG, EKJ, HÁ, GHG, KSG, JE, HBl, SalÞ, JHelg, KP, ÞK, VS; á B-lista voru SvG, GuðmÁ, GA, SkA, JúlS, DS, MF.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Þessir listar eru með nöfnum 21 þingmanns og eru þar ekki fleiri en kjósa á og lýsi ég því rétt kjörna til efri deildar:
Egill Jónsson,
Svavar Gestsson,
Stefán Guðmundsson,
Guðmundur Ágústsson,
Eiður Guðnason,
Guðrún Agnarsdóttir,
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Halldór Ásgrímsson,
Guðmundur H. Garðarsson,
Skúli Alexandersson,
Karl Steinar Guðnason,
Júlíus Sólnes,
Jóhann Einvarðsson,
Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Halldór Blöndal,
Margrét Frímannsdóttir,
Salome Þorkelsdóttir,
Jón Helgason,
Karvel Pálmason,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Valgerður Sverrisdóttir.

EFRI DEILD

1. fundur, mánudaginn 12. okt.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 5. þm. Austurl.
3. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv.
5. Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv.
6. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.
7. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
9. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
10. Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn.
11. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
12. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn.
13. Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn.
14. Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf.
15. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
16. Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn.
17. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
18. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
19. Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv.
20. Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.
21. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Egil Jónsson, 5. þm. Austurl., og Skúla Alexandersson, 4. þm. Vesturl., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Samkvæmt þessu lýsi ég Karl Steinar Guðnason

réttkjörinn forseta efri deildar Alþingis. Ég óska honum til hamingju og velfarnaðar í starfi og hv. þingdeildarmönnum til hamingju með forseta sinn.

Með því að Karl Steinar Guðnason hefur fjarvistarleyfi og getur því ekki gegnt forsetastörfum á þessum fundi mun ég halda áfram stjórn fundarins. Næst verður tekin fyrir kosning á fyrri varaforseta.

Aldursforseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Aldursforseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Samkvæmt þessu lýsi ég Guðrúnu Agnarsdóttur réttkjörna fyrri varaforseta Ed. Ég óska henni til hamingju og farsældar í starfi og þingdeildarmönnum til hamingju með hana og bið hana að taka nú þegar við stjórn fundarins.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir hlý orð og árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. þingdeildarmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér. Ég vænti þess að við munum eiga gott samstarf á því kjörtímabili sem nú fer í hönd.

Hinn kjörni fyrri varaforseti lét fara fram kosningu annars varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., með 17 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru EgJ og VS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Egill Jónsson, 5. þm. Austurl., og
Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

1. sæti hlaut Svavar Gestsson,
2. sæti hlaut Karvel Pálmason,
3. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
4. sæti hlaut Skúli Alexandersson,
5. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
6. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
7. sæti hlaut Guðmundur Ágústsson,
8. sæti hlaut Eiður Guðnason,
9. sæti hlaut Halldór Blöndal,
10. sæti hlaut Guðmundur H. Garðarsson,
11. sæti hlaut Jóhann Einvarðsson,
12. sæti hlaut Guðrún Agnarsdóttir,
13. sæti hlaut Júlíus Sólnes,
14. sæti hlaut Salome Þorkelsdóttir.

NEÐRI DEILD

1. fundur, mánudaginn 12. okt.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv.
2. Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv.
3. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
4. Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl.
7. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
8. Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv.
9. Geir Gunnarsson, 5. þm. Reykn.
10. Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv.
11. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
12. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv.
13. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
14. Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv.
15. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl.
16. Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykv.
17. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl.
18. Jóhanna Sigurðardóttir, 9. þm. Reykv.
19. Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv.
20. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
21. Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv.
22. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.
23. Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn.
24. Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv.
25. Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn.
26. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
27. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
28. Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e.
29. Ólafur G. Einarsson, 2. þm. Reykn.
30. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
31. Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl.
32. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
33. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
34. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
35. Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv.
36. Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf.
37. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
38. Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn.
39. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
40. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
41. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
42. Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi þá Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., og Jón Sæmund Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl., með 34 atkv. — 1 atkv. var ógilt, en fjórir seðlar voru auðir.

Aldursforseti (Stefán Valgeirsson):
Jón Kristjánsson er réttkjörinn forseti neðri deildar Alþingis og óska ég honum heilla í störfum og bið hann að koma hingað og taka við fundarstjórn.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Ég þakka hæstv. aldursforseta fyrir árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. þingdeildarmönnum fyrir traustið sem þeir hafa sýnt mér. Ég vænti þess að eiga við þá gott samstarf.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., með 29 atkv. — Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv., hlaut 4 atkv., Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.
Annar varaforseti var kosinn
Sighvatur Björgvinsson, 5. þm. Vestf., með 30 atkv. — Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir.
Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram kom einn listi sem á voru GHH og JSS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:
Geir H. Haarde, 17. þm. Reykv., og
Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. 7. gr. þingskapa og fór sætahlutunin á þessa leið:

Forseti (Jón Kristjánsson):
Ég les upp nöfn deildarmanna í stafrófsröð og bið þá að koma að skrifaraborðinu og draga. (Gripið fram í.) Það mun vera í valdi forseta að ákvarða hvort hlutað er um röð og ég ákvarða að þingmenn komi hér upp í stafrófsröð og hefst því lesturinn.

Sverrir Hermannsson:
Herra forseti. Það verður ekki sagt að hér séu mjög fjölbreyttir siðir sem gilt hafa um þingsköp. Þess hefur því miður orðið vart hin síðari þingin að þetta hefur sótt nokkuð í útideyfu. Ég ætla að biðja hæstv. forseta vorn hinn nýja að taka ekki upp þann ósið að bregða út af þeim föstu venjum sem verið hafa. Hér er enga atkvæðagreiðslu hægt að hafa eða kalla menn til nema að hluta um með hvaða hætti og í hvaða röð. Því er það að það er ekki á valdi hæstv. forseta, samkvæmt fastri siðvenju, að ákveða að kalla menn til hlutkestis eða hlutunar nema samkvæmt því að hluta um fyrst. Það er ekki stafrófsröð sem gildir hér.

Ég vænti þess fastlega, af því að við höfðum sára raun af þessu á síðasta kjörtímabili hvernig hæstv. þáv. forseti vildi slá af í öllum kröfum um hin venjulegu þingsköp, bæði hvernig borin var upp tillaga og öll málsmeðferð, að hæstv. forseti — og ég veit það raunar því að ég hef af honum góða reynslu — muni vanda sig hið besta.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Ég vil taka það fram í þessu sambandi að sá háttur mun hafa verið uppi á síðustu þingum að lesið hefur verið upp í stafrófsröð. Ég sé ekki ástæðu til þess að breyta þar út af og því mun ég láta þennan úrskurð standa.

15. sæti hlaut Hreggviður Jónsson,
16. sæti hlaut Stefán Valgeirsson,
17. sæti hlaut Málmfríður Sigurðardóttir,
18. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
19. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
20. sæti hlaut Guðmundur G. Þórarinsson,
21. sæti hlaut Kjartan Jóhannsson,
22. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
23. sæti hlaut Sverrir Hermannsson,
24. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
25. sæti hlaut Páll Pétursson,
26. sæti hlaut Geir Gunnarsson,
27. sæti hlaut Alexander Stefánsson,
28. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
29. sæti hlaut Ólafur G. Einarsson,
30. sæti hlaut Eggert Haukdal,
31. sæti hlaut Albert Guðmundsson,
32. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir,
33. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson,
34. sæti hlaut Árni Gunnarsson,
35. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir,
36. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
37. sæti hlaut Ragnhildur Helgadóttir,
38. sæti hlaut Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
39. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
40. sæti hlaut Óli Þ. Guðbjartsson,
41. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
42. sæti hlaut Þórhildur Þorleifsdóttir,
43. sæti hlaut Friðjón Þórðarson.

SAMEINAÐ ÞING

2. fundur, þriðjudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Alexander Stefánsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Egill Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Friðjón Þórðarson (A).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Páll Pétursson (A),
Kjartan Jóhannsson (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Guðmundur G. Þórarinsson (A).

Varamenn:
Ólafur G. Einarsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Jóhann Einvarðsson (A),
Karl Steinar Guðnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Jón Kristjánsson (A).

3. Atvinnumálanefnd.
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

4. Allsherjarnefnd.
Sverrir Hermannsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Pálmi Jónsson (A),
Jón Kristjánsson (A).

5. Félagsmálanefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Eiður Guðnason (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Alexander Stefánsson (A).

EFRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 13. okt.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Jóhann Einvarðsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Júlíus Sólnes (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

2. Samgöngunefnd.
Egill Jónsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Karvel Pálmason (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Júlíus Sólnes (B),
Stefán Guðmundsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Skúli Alexandersson (B),
Karvel Pálmason (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Guðmundsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Skúli Alexandersson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Karvel Pálmason (A),
Halldór Blöndal (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B),
Jóhann Einvarðsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Stefán Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Júlíus Sólnes (B),
Egill Jónsson (A),
Jóhann Einvarðsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Svavar Gestsson (B),

Jóhann Einvarðsson (A),
Karl Steinar Guðnason (A),
Halldór Blöndal (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Karl Steinar Guðnason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Stefán Guðmundsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Halldór Blöndal (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Eiður Guðnason (A),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B),
Jóhann Einvarðsson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Salome Þorkelsdóttir (A),
Jóhann Einvarðsson (A),
Guðmundur Ágústsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (A).

NEÐRI DEILD

2. fundur, þriðjudaginn 13. okt.,
að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Fór því kosningin fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Páll Pétursson (A),
Kjartan Jóhannsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Geir H. Haarde (A),
Guðmundur G. Þórarinsson (A).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Málmfríður Sigurðardóttir (B),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Guðni Ágústsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Páll Pétursson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Alexander Stefánsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Kjartan Jóhannsson (A),
Hreggviður Jónsson (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Alexander Stefánsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Sverrir Hermannsson (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Páll Pétursson (A),
Kjartan Jóhannsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Geir H. Haarde (A),
Guðmundur G. Þórarinsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Geir H. Haarde (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Alexander Stefánsson (A),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Jón Kristjánsson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Jón Sæmundur Sigurjónsson (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir (B),
Geir H. Haarde (A),
Jón Kristjánsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Sverrir Hermannsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Þórhildur Þorleifsdóttir (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jón Kristjánsson (A).

EFRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 5.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli fyrir frv., sem ég flyt og er á þskj. 5, um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Þetta frv. er ekki stórt í sniðum, aðeins tvær greinar og önnur greinin er um gildistöku laganna.

1. gr. frv. varðar breytingu á 138. gr. laga um meðferð opinberra mála, um að við hana bætist ný málsgr. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta.

„Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa sérstakan forgang fram yfir önnur hegningarlagabrot hvað varðar rannsókn og meðferð. Dómur í undirrétti skal ganga innan átta mánaða frá ákæru nema sérstakar ástæður hamli."

Það hefur verið mikil umræða um kynferðisafbrot gagnvart börnum allt sl. ár og það ekki að ástæðulausu. Mörg þessara afbrota eru svo gróf og eðli þeirra slíkt að þau hljóta að setja mark sitt óafmáanlega á þá sem fyrir þeim verða og aðstandendur þeirra.

Samkvæmt upplýsingum geðlækna eru dæmigerð einkenni fyrir ástand barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun að þau þjást af hræðslu, sektarkennd og sjálfsmorðshugmyndum. Þeim finnst þau sjálf vera óhrein og saurug vegna þess sem fyrir hefur komið.

Slíkar þjáningar hljóta að marka djúp spor í sálarlíf barnanna sem erfitt er að má burtu. Og hver áhrif kunna að verða síðar meir, t.d. á kynþroskaárunum, er ómögulegt að geta sér til um, en ljóst að þau eru mikil.

Ef halda á uppi réttarríki hér á landi er nauðsynlegt að virðing ríki fyrir lögum og reglum. En hætt er við að sú virðing þverri þegar í ljós kemur að sami maðurinn kemst upp með að brjóta af sér gagnvart börnum áratugum saman eins og dæmin sanna.

Ég gæti nefnt hér átakanlegt dæmi máli mínu til sönnunar sem varðar ungan dreng og lýsir þeim hörmungum sem hann og aðstandendur hans hafa mátt þola, en þar sem hér er um viðkvæmt mál að ræða hef ég kosið að sleppa slíku en mun láta nefnd þá sem fær þetta frv. til meðferðar fá þau gögn sem ég hef undir höndum.

Umrætt mál er búið að bíða í dómskerfinu í eitt og hálft ár frá því að atburðurinn gerðist þar til það var loks tekið fyrir fyrir fáum dögum og er verið að byrja að vinna í því. Ekki þarf víst að geta þess að sá sem framdi afbrotið gengur laus.

Þegar móðir drengsins leitaði upplýsinga um hvenær málið yrði tekið fyrir fékk hún þau svör hjá dómaranum að hann hafi verið svo upptekinn í stóru málunum, þess vegna hafi það dregist. Og hver ætli séu stóru málin í dómskerfinu sem hafa forgang, hæstv. forseti? Jú, það er hætt við að það séu málin sem snúa að veraldlegu gæðunum, auðgunarbrotin eða fjársvikamálin. Það er dapurlegt ef svo er komið að auðgildið verður metið ofar manngildi þegar lífshamingja og framtíðarheill barna eru í veði.

Það verður að bregðast strax við afbrotum af þessu tagi, rannsaka þau til hlítar og ljúka allri meðferð þeirra á sem skemmstum tíma. Skjót málsmeðferð er sérstaklega nauðsynleg þegar börn eiga hlut að máli, en auðvitað á það við um öll mál sama eðlis.

Börnin þurfa á öllu sínu að halda til að þroskast og komast til vits og ára. Eigi þau hins vegar um lengri tíma stöðugt yfir höfði sér upprifjun á þeim voðaatburði sem hratt þeim úr öruggri og áhyggjulausri barnæsku yfir í kvalafulla veröld er næsta víst að sá þroski verður ekki áfallalaus. Þess vegna er það einlæg ósk mín að mál þetta fái skjóta afgreiðslu á hv. Alþingi svo að hegningarlögin nái tilgangi sínum til fulls hvað þessi brot varðar.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Skattadómur og rannsókn skattsvikamála, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

Flm. (Svavar Gestsson):

Hæstvirtur forseti. Á þskj. 8 flytjum við þrír þm. Alþb. í hv. deild frv. til laga um skattadóm og rannsókn skattsvikamála. Þetta frv. var lagt fyrir síðasta þing en hlaut þá ekki afgreiðslu og hafði reyndar sést áður á hv. Alþingi í formi stjfrv. sem flutt var á sínum tíma af þáverandi hæstv. dómsmrh., Vilmundi Gylfasyni.

Kveikjan að flutningi þessa frv. á síðasta þingi og nú var fyrst og fremst sú að árið 1986 kom út skýrsla um skattsvik sem unnin var af nefnd undir forustu Þrastar Ólafssonar hagfræðings. Í þessari skýrslu er rækilega staðfest það, sem lengi hefur verið á almannavitorði hér á landi, að skattsvik eru verulegt efnahagslegt vandamál. Er löngu fullreynt að ekki verður tekið á þeim vandamálum eftir hefðbundnum leiðum og því óhjákvæmilegt að grípa til sérstakra ráða. Frv. um skattadóm er því endurflutt hér af þm. Alþb. og er það í samræmi við ákvarðanir og samþykktir sem flokkur okkar hefur markað, m.a. á aðalfundi miðstjórnar Alþb. í nóvember 1986 þar sem það var samþykkt að flokkurinn skyldi beita sér fyrir því að stofnaður yrði skattadómstóll ásamt því að tekin yrði upp öflugri meðferð skattsvikamála en verið hefur til þessa.

Jafnframt þessu frv., virðulegi forseti, sem ég mæli hér fyrir, flytjum við sömu þm. frv. um breytingar á tekju- og eignarskattskerfinu sem lýtur að breytingum á sköttun fyrirtækja og einföldun á meðferð skattamála einstaklinga. Þessi frv. eiga því í raun og veru samleið, bæði það frv. sem hér er mælt fyrir svo og það frv. sem birtist hv. deild á þskj. 9.

Nú er það svo að skattamál eru mjög til umræðu þessa dagana vegna framlagningar fjárlagafrv. þar sem ríkisstjórnin hefur undir forustu Alþýðufl. kosið að finna matinn, sem fólkið verður að borga, sem meginskattstofn og er það vissulega nokkuð fróðlegt að „alþýðuflokkur" skuli hafa forustu um skattlagningu af þeim toga. Þar sem hér er um að ræða tengd mál sem óhjákvæmilega tengjast skattamálum á mikið víðara sviði en gert er ráð fyrir í frv. þessu fer ég þess á leit við hæstv. forseta að hún kanni hvort hæstv. fjmrh. er við í dag þannig að hann megi taka þátt í þessari umræðu. Ég mun hins vegar halda framsöguræðu minni áfram fyrir þessu máli meðan þetta yrði kannað ef hæstv. forseti sér sér það kleift.

Frá því að frv. um skattadóm og meðferð skattsvikamála var flutt fyrst af Vilmundi Gylfasyni, hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra, á þinginu 1979 hefur ýmislegt breyst í meðferð þessara mála. M.a. það að Rannsóknarlögregla ríkisins hefur nú starfandi á sínum vegum sérstaka deild sem rannsakar svokölluð hvítflibbabrot. Þar starfa nú lögreglufulltrúi og lögreglumenn, en enginn þeirra er sérmenntaður til þessara starfa. Þá hefur sakadómurum í Reykjavík verið fjölgað og var fyrirhugað að þeir tækju sérstaklega að sér að sinna málum af því tagi sem frv. fjallar um. Ekki er þó um að ræða deildaskiptingu í sakadómi í þessu skyni, en vegna fjölgunar sakadómara er þó talið að mál hafi gengið hraðar fyrir sig þar að undanförnu en áður hafi verið. Þrátt fyrir þetta töldu flm. þessa frv. rétt að halda inni ákvæðum 6. gr. frv. eins og það var upphaflega með lítils háttar breytingum.

Með ákvæðum 6. gr. hefði umrædd deild Rannsóknarlögreglu ríkisins fengið lagagrundvöll að starfa á, jafnframt því sem greinin gerir ráð fyrir því að deildarstjórinn þar hafi sérmenntun til að rannsaka skattsvik og bókhaldsmál. Í frv. er gert ráð fyrir að skattrannsóknarstjóri annist almennt eftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. (**Forseti:** Má ég aðeins trufla hv. þm. til að tilkynna að fjmrh. er ekki í húsinu, en það er verið að athuga hvar hann muni vera og hvort hann gæti komið hingað.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa kannað málið og mun halda áfram framsöguræðu minni fyrir þessu máli og sjá þá hvað fjmrh. líður þegar henni er lokið.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, virðulegi forseti, eins og ég gat um, að skattrannsóknarstjóri annist almennt eftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Síðan er gert ráð fyrir að deild Rannsóknarlögreglu ríkisins annist rannsókn skattsvika og brota sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í þeim málum. Þá taki við sérstakur sakadómur í skattamálum, skattadómur, og skal umdæmi hans vera landið allt. Heyrst hafa hugmyndir um að hafa alla rannsókn og dómsmeðferð skattsvikamála á einni hendi. Þeirri hugmynd er í raun og veru hafnað með þessu frv. því flm. telja ekki rétt að blanda þannig saman rannsóknarvaldi og dómsvaldi. Þá er þeirri hugmynd einnig hafnað, sem gæti komið til greina, að skattrannsóknarstjóri annist rannsókn á refsiþætti skattamála. Ástæðan er m.a. sú að slíkt ákvæði gæti dregið úr almennu eftirliti hjá embætti skattrannsóknarstjóra.

Oft hefur verið rætt um ókosti þess að hafa sérdómstóla. Þar hefur einkum verið bent á þann vanda sem upp kemur þegar sami maðurinn er grunaður um mörg mismunandi brot, bæði skyld og óskyld skattsvikamálum. Í frv. er gert ráð fyrir að skattadómstóllinn geti fjallað um skattabrot og tengd brot, svo sem skjalafals, brot á bókhaldslögum eða gjaldeyrislögum. Aðaláherslan er lögð á skattalagabrotið, enda geta brot á þeim lögum varðað allt að sex ára fangelsi. Telji hins vegar ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattalagabrot getur hann höfðað mál fyrir almennum dómstóli.

Í grg. frv. er gerð ítarleg grein fyrir þeim breytingum sem þetta frv. hefði í för með sér ef að lögum yrði og tel ég enga ástæðu til að rekja það ítarlega hér en vísa til athugasemda við einstakar greinar frv.

Það er hins vegar rétt að vekja athygli á að kveikjan að flutningi þessa frv. í fyrra og nú líka er niðurstaða þeirrar skýrslu um skattsvik sem unnin var af nefnd sem starfaði undir forustu Þrastar Ólafssonar hagfræðings sem ég reyndar gat um í upphafi máls míns áðan. Í þessari skýrslu koma fram hrikalegar upplýsingar um ástandið í þessum málum og um það hefur verið rætt á liðnum þingum aftur og aftur að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana í þessum efnum. Það er t.d. talið samkvæmt niðurstöðu þessarar skýrslu um skattsvikin að umfang svokallaðrar „dulinnar starfsemi" — þetta er orðalag nefndarinnar, tek ég fram, en ekki mitt — sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Ef við gerum ráð fyrir því að verg landsframleiðsla á þessu ári sé í kringum 150 milljarðar kr. er hér um að ræða

upphæð á stærðarbilinu 7½ til 10 milljarðar kr. Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts, sem hefði átt að koma inn af þessum upphæðum, er talið hafa verið á árinu 1985 2500–3000 millj. kr. sem hið opinbera, þ.e. ríkið aðallega en líka sveitarfélög, missir af út úr sinni samneyslu. Það er ljóst að þessi upphæð er miklu hærri, t.d. á forsendum fjárlagafrv. fyrir árið 1988 sem hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fyrir þingið. Ekki treysti ég mér til að giska á hversu miklu hærri sú upphæð gæti verið, en þar munar verulegum tölum og það er augljóst mál að að minnsta kosti þessi upphæð, ef hún hefði náðst inn, hefði dugað til að brúa það bil sem var fyrirsjáanlega á fjárlögunum á árinu 1987 til 1988. Þessar tölur hefðu í raun og veru dugað til að brúa það bil ef þetta hefði allt náðst inn.

Samkvæmt könnun sem nefndin lét gera til að kanna hvar aðallega væri um að ræða svokallaða dulda efnahagsstarfsemi og skattsvik bárust böndin mjög að byggingarstarfsemi af ýmsu tagi, svokallaðri persónulegri þjónustustarfsemi, einnig iðnaði, verslun og veitinga- og hótelrekstri. Nefndin telur engar óyggjandi leiðir til að áætla söluskattssvik, en samkvæmt þeirri aðferð sem nefndin lýsir ítarlega í skýrslu sinni gerir hún ráð fyrir að umfang söluskattssvika hér á landi sé um 11% af innheimtum söluskatti, en þessi upphæð jafngilti 1300 millj. kr. fyrir árið 1985.

Það er rétt að geta þess hverjar nefndin, sem rannsakaði skattsvikin, telur í raun og veru helstu ástæður skattsvika. Það er í fyrsta flókið skattakerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar undankomuleiðir.

Í öðru lagi er skattvitund almennings tvíbent, eins og það er orðað, og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

Í þriðja lagi: Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér undankomuleiðir og það mun meira sem hlutföllin eru hærri.

Í fjórða lagi: Auk þess ber að nefna að eflaust á tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika. — Og ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir þessari ágætu nefnd að ég skil ekki þessa síðustu setningu nema þá að eigi að skilja hana þannig að það beri að koma í veg fyrir lagasetningu yfirleitt og þar með að leggja verulegan hluta af starfi Alþingis niður. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þarna er verið að fara. En í heildina tekið held ég að það sé ljóst að þær ástæður sem nefndin tilgreinir fyrir skattsvikum hér á landi eru ástæður sem við öll, sem höfum setið á hv. Alþingi, höfum í raun og veru verið sammála um. Um það hefur ekki verið ýkjamikill ágreiningur.

Nefndin leggur fram ýmsar ábendingar um úrbætur, ítarlegar tillögur til úrbóta, bæði varðandi skattalögin sjálf og skattaframkvæmd, bókhaldslög og framkvæmd þeirra, skatteftirlit og svo eru ábendingar um úrbætur þar sem ítarlega er farið yfir hlutina, vísað t.d. til fyrirkomulags í þessum málum í grannlöndum okkar og fleira mætti nefna. Ég held að þó að það sé út af fyrir sig rétt, sem hreyft hefur verið sem andmælum við þessu frv., að sérdómstólar séu að mörgu leyti óheppilegir sé ástandið í þessum málum svo alvarlegt hér á landi að það eigi að grípa til sérstakra og takmarkaðra ráðstafana, t.d. þess að stofna skattadóm, jafnvel þó að menn hugsi sér t.d. að þessi skattadómur starfaði aðeins í 2, 3 eða 4 ár meðan væri verið að vinna sig út úr því skattsvikakerfi sem er við lýði hér á landi og er útmálað með mjög skýrum hætti í áliti skattsvikanefndarinnar.

Ég held að með ákvörðun um skattadóm samhliða einföldun skattalaga, einkum að því er varðar fyrirtækin, því að það er þar sem undankomuleiðirnar eru flestar, tækist að ná verulegum fjármunum inn í samneysluna frá þeim sem núna sleppa við að borga til hinnar félagslegu þjónustu þrátt fyrir rífandi tekjur og lúxus í lifnaðarháttum svo að engu tali tekur.

Hæstv. fjmrh. hefur á undanförnum árum sem formaður Alþfl. iðulega haft uppi allítarlegt mál um þessi efni og ég efast ekki um að á bak við þær ræður er af hans hálfu góður vilji. Hins vegar hefur þessi vilji ekki birst okkur þm. enn þá í öðru en fjárlagafrv. þar sem uppistaðan er skattur á matvæli en ekki brotið upp á neinum róttækum nýjungum í skattakerfinu að öðru leyti því að þetta kalla ég ekki róttæka nýjung. Þar sem hann hins vegar lýsir því yfir í fjárlagafrv. og grg. þess og í stjórnarsáttmálanum að unnið skuli að þessum málum áfram finnst mér nauðsynlegt að við, sem erum hér úr stjórnarandstöðuflokkum, alla vega fyrir okkar hönd þm. Alþb., látum sjást hvernig við viljum með þessi mál fara því að við viljum auðvitað ekki einasta veita ríkisstjórninni aðhald í þessum efnum eins og öðrum heldur viljum við einnig sýna með hvaða hætti við viljum reyna að taka á þessum málum. Vænti ég þess að þær ábendingar sem fram koma frá stjórnarandstöðunni fái hljómgrunn þegar fjmrh. fer að fjalla um þessi mál.

Ég mun ekki fara nánar út í fyrirtækjaskattana að sinni heldur ræða það undir næsta dagskrárlið þar sem um er að ræða frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og rækilega er farið út í verulegar nýjungar varðandi fyrirtækjaskattana og sömuleiðis gert ráð fyrir breytingum á sköttum og einkanlega framtölum einstaklinga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þetta er nú eins konar jómfrúrræða í hv. Ed. Ég mun ekki hafa flutt mitt mál úr þessum ræðustól fyrr. Og það er svo sem við hæfi að fyrsta ræða fjmrh. úr þessum stól verði þá um

skattamál eða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.

Það mál sem hér er til umræðu, frv. til l. um skattadóm og rannsókn skattsvikamála, var lagt fram á seinasta þingi, ef ég man rétt, og það er vissulega verið að fjalla um tímabær og umræðuverð málefni í þessu þingmáli. Leyfist mér að rifja upp að á sínum tíma fluttu þm. Alþfl. till. til þál. um rannsókn á umfangi skattundandráttar í þessu þjóðfélagi? Sú till. var samþykkt. Það leiddi til þess að hæstv. þáv. fjmrh., Albert Guðmundsson, skipaði sérstakan starfshóp til að vinna að þessu verkefni. Sá starfshópur, sem hv. þm. Svavar Gestsson vék að, var undir forustu Þrastar Ólafssonar, núv. framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, og hæstv. fyrrv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, skilaði síðan skýrslu um niðurstöðu nefndarinnar.

Þegar litið er á niðurstöðu nefndarinnar, svo sem er gert í grg. með frv. og hv. þm. Svavar Gestsson vék að, er vert að staldra við aðalatriðin. Aðalatriðin í niðurstöðum nefndarinnar eru þau að ef menn vilji bæta framkvæmd skattalaga, ef menn vilji treysta betur innheimtu álagðra skatta lögum samkvæmt, ef menn vilji draga úr skattundandrætti eftir ýmsum leiðum, þá sé eitt meginskilyrði til að ná þessum markmiðum að einfalda skattalög svo sem frekast má verða. Meginrökin eru m.ö.o. þau að hvers kyns undanþágur, oft fluttar á hinu háa Alþingi í skattalöggjöf af hinum bestu hvötum, jafnvel mannúðlegum sjónarmiðum, séu nefnilega oft þeirrar náttúru að snúast oft og tíðum upp í andstæðu sína, þ.e. upp í göt, undankomuleiðir, smugur. Skattamál verði við þetta svo flókin í framkvæmd og svo auðvelt að hagnýta sér þessa frádráttarliði, jafnvel á annan veg en flm. upphaflega gekk til, að við þetta verði skattalög meira eða minna óframkvæmanleg.

Hv. þm. vék að varfærnu mati nefndarinnar á því hver skattundandráttur væri að umfangi í okkar þjóðfélagi og verðlagstölum þá og víst er hann mikill samkvæmt mati nefndarinnar og ekki dreg ég dul á að margir eru þeirrar skoðunar að það mat sé varfærið. Nú er meginmálið að spyrja: Eru menn sammála því mati nefndarinnar að stærsta einstaka málið til að bæta hér úr sé einföldun skattalaganna, fækkun undanþága, sá þáttur málsins hafi enn þá meiri þýðingu en umbætur á framkvæmdinni? Reyndar er hægt að ganga lengra og segja: Það er vonlítið að ná árangri um bætta framkvæmd á grundvelli óbreyttra skattalaga.

Þessar niðurstöður skýrslunnar voru oft og iðulega til umræðu á Alþingi og þær settu líka sitt svipmót á málflutning flokka. Þær settu vissulega svipmót sitt á málflutning Alþfl. sem hélt uppi harðri gagnrýni á skattakerfið á liðnu kjörtímabili allt frá flokksþingi 1984, enda var þáltill. sem ég vitnaði til og samþykkt var um rannsókn á umfangi skattsvika liður í þeim málflutningi Alþfl.

Nú er það svo að að þessum málum er rækilega vikið í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar þar sem gerð er grein fyrir þeim ásetningi stjórnarinnar að beita sér fyrir heildarendurskoðun skattakerfisins á fyrri hluta kjörtímabilsins. Hér er m.ö.o. verið að lýsa yfir samþykki við þær niðurstöður nefndarinnar að lykilatriði að því er varðar umbætur í skattamálum og að endurreisa traust alls almennings í landinu á skattalögum og framkvæmd þeirra sé einföldun kerfisins. „Megintekjustofnar hins opinbera verði sem almennastir svo að skattlagning verði sem hlutlausust“, stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. „Skattlagning mismuni ekki fyrirtækjum eftir rekstrarformum. Undanþágum og sérreglum verði fækkað þannig að unnt verði að hafa álagningarhlutföll sem lægst.“ Þessi stefnumörkun er í fullkomnu samræmi við niðurstöður þeirrar nefndar sem hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði oft til í ræðu sinni og í grg. með þessu máli og að því leyti fæ ég ekki séð að um ágreining sé að ræða.

Hvað er síðan verið að gera í þá átt að einfalda skattakerfið? Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og reyndar í greinargerðum með því fjárlagafrv. sem hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi er það tíundað allítarlega. Þm. er kunnugt um að um næstu áramót kemur til framkvæmda sú lagasetning sem samþykkt var á seinasta Alþingi um staðgreiðslukerfi skatta. Staðgreiðslukerfið er vissulega einn þáttur í einföldun skattakerfisins. Þar kemur einn staðgreiddur tekjuskattur einstaklinga í stað margra, þ.e. tekjuskatts til ríkisins, útsvars til sveitarfélaga og annarra sérskatta sem við þetta falla niður. Þetta er slík einföldun á framkvæmd skattakerfisins að hún blasir við hverjum framteljanda. Í stað þess að fá send það sem öllum almenningi þykir vera nokkuð flókin eyðublöð til framtals og leiðbeiningar og skýringar á mörgum blaðsíðum, reyndar allt í allt 43 skýringareyðublöð, kemur til skattakort og það á að vera svo einfalt mál fyrir hvern launþega að átta sig á hverjar skattgreiðslur hans eigi að vera að það sé einfalt reikningsdæmi. Þetta er þess vegna mikill þrifnaður í skattamálum fyrir utan annað hagræði af staðgreiðslukerfi skatta sem menn kannast við.

Að því er varðar tekjuskattsálagningu atvinnurekstrar segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er jafnframt boðað í fjárlögum að það mál sé í undirbúningi. Það verði þá endurskoðað og einfaldað og að því stefnt að ný skipan taki gildi á árinu 1988. Þetta er reyndar mjög í þeim anda sem staðgreiðslukerfið er. Þetta gæti verið í átt til undirbúnings því að tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja gætu færst inn í staðgreiðslukerfið þótt með öðrum hætti væri óhjákvæmilega en að því er varðar launafólk.

Fyrsta skrefið í þessa átt er boðað í fjárlagafrv., eins og ég sagði áðan, og það á að stíga með lagabreytingu nú fyrir áramót ef það tekst í framkvæmd með góðri samvinnu við hið háa Alþingi. Það á að gerast með endurskoðun á ýmsum frádráttarheimildum, svo sem eins og tilleggi fyrirtækja fyrir tekjuskattsálagningu í sjóði, svo sem eins og varasjóði, fjárfestingarsjóði, endurskoðun á afskriftarreglum og fleiri slíkum frádráttarliðum. Auk þess

hefur verið boðað að skattmeðferð kaup- og fjármögnunarleiguviðskipta verði tekin til sérstakrar athugunar til að taka af tvímæli um að ekki sé um að ræða sérstakt skatthagræði að því er varðar hvort menn fara þá fjármögnunarleið eða hefðbundnar leiðir. Niðurstöður þessarar athugunar verða kynntar á Alþingi mjög bráðlega.

Í fjárlagafrv. sem fyrir liggur er einnig gert ráð fyrir hliðstæðum breytingum á tekjuskattslögum sem ganga vissulega í svipaða átt og hér er boðað í öðru frv. þótt ekki skuli ég fullyrða að svo stöddu að niðurstöður verði hinar sömu.

Ef saman eru dregnar niðurstöður skýrslunnar um rannsókn á umfangi skattsvika beindust þær fyrst og fremst að einföldun skattalaganna, í annan stað að einstakir skattstofnar verði ekki ofnýttir, í þriðja lagi að fækka skatttegundum, í fjórða lagi að breyta skipulagi skattyfirvalda, í fimmta lagi að skilgreina upp á nýtt ýmis viðurlagaákvæði, bæði að því er varðar bókhaldslög og eins ákvæði um álögur og sektir. Loks voru gerðar ákveðnar tillögur um breytingar á skipulagi og vinnubrögðum skattyfirvalda. Þær voru aðallega tvær. Annars vegar var tillaga um að leggja niður skattstofur í skattumdæmunum í núverandi mynd og taka fremur upp miðstýrt skattúrvinnslu- og eftirlitskerfi. Til vara voru fluttar þær tillögur að skattframtöl fyrirtækja fengju umfjöllun á einum stað, þ.e. hjá ríkisskattstjóra, þótt skattstofurnar sinntu áfram sínu hlutverki í dálítið annarri mynd og þá fyrst og þá fremst sem þjónustuaðilar, upplýsingaaðilar og þá kannski úrvinnsluaðilar að því er varðar skattframtöl einstaklinga.

Ég skýri nú frá því að snemma í septembermánuði áttu starfsmenn í fjmrn. sérstakan samráðsfund við fulltrúa ríkisskattstjóraembættisins og skattrannsóknarstjóra þar sem, fyrir utan það að fjalla um undirbúning og framkvæmd staðgreiðslu, var farið yfir tillögur þessarar nefndar, niðurstöður í skýrslunni um rannsókn á umfangi skattsvika, og í því efni var leitað eftir sameiginlegu mati og niðurstöðum á því hvaða augum þeir, sem starfa í skattakerfinu, líta á þessar tillögur. Niðurstaðan varð sú að menn töldu að það væri til bóta að fenginni reynslu að hlutverk ríkisskattstjóra yrði skilgreint með öðrum hætti. Hann fengi víðtækara verksvið. Honum yrði falin í samræmi við þessar tillögur úrvinnsla atvinnurekstrarframtala. Í því efni var sérstaklega minnt á að á sínum tíma samþykkti Alþingi með fjárlögum heimildir til fyrrv. fjmrh. um fjölgun starfsmanna í skattakerfinu sem ég skal viðurkenna að er næsta fáliðað. Mig minnir að þau stöðugildi hafi verið 20. Reynslan varð sú að af þeim sem yfirleitt fengust ráðnir, sem reyndar var nú aldrei full talan, munu vera fjórir eftir starfandi í skattakerfinu. Enginn þeirra fékkst til starfa úti á landi hjá skattstofunum, þó með einni undantekningu, tímabundið, í Austurlandsfjórðungi. Þetta bendir til þess, og viðræður við starfsmenn skattakerfisins staðfestu, að það væri sennilega nauðsynleg aðgerð þrátt fyrir hugmyndir manna um æskilega valddreifingu að úrvinnsla á flóknum skattframtölum atvinnurekstrar, flókin sem þau eru vegna þess að löggjöfin er flókin, færist til ríkisskattstjóraembættisins í trausti þess að hægt sé að manna það embætti menntuðum, reyndum og þjálfuðum skattrannsóknarmönnum sem gætu sinnt því verkefni og hefðu þann starfsundirbúning sem til þarf.

Ég get lýst því yfir úr þessum ræðustól í samræmi við það sem sagt er í fjárlagafrv. að fyrir utan þá viðamiklu breytingu sem við stefnum að á fyrri hluta þessa kjörtímabils að því er varðar skattalöggjöfina sjálfa vil ég nefna tvennt: Í fyrsta lagi er í þessu fjárlagafrv. gert ráð fyrir umtalsverðri fjárhæð til að bæta skattframkvæmd og skatteftirlit. Það er bæði gert vegna þess aukna starfs sem undirbúningur og framkvæmd staðgreiðslukerfis skatta kallar á sem og vegna undirbúnings að einföldun söluskattskerfisins og undirbúningi virðisaukaskatts sem ríkisstjórnin hefur boðað að hún muni flytja á þessu þingi og stefnir að að geti leyst söluskattskerfið af hólmi og taki gildi um áramót 1988–1989. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir til að verja fjármunum til þess að bæta aðstöðu ríkisskattstjóraembættisins að því er varðar tölvuúrvinnslu gagna og enn fremur er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda hjá ríkisskattstjóraembættinu. Þannig hafa að því er þessi mál varðar þegar verið stigin veigamikil skref í þá átt sem skattsvikanefndin á sínum tíma komst að niðurstöðu um og mælti með; í fyrsta lagi einföldun kerfisins, í annan stað breytingar á stofnunum og framkvæmd eða vinnubrögðum í skattakerfinu og í þriðja lagi er einnig í undirbúningi endurskoðun á bókhaldslögum, þ.e. þeim þætti þeirra sem lýtur að heimildum skattyfirvalda til þess að gera strangari kröfur um það að fyrirtæki uppfylli skilyrði um bókhald og þau fái þá heimildir til þess að beita viðurlögum ef út af ber því að oft á tíðum er það svo að skattamisferli á rætur að rekja til þess að bókhaldi er mjög áfátt og hitt að rannsókn mála er auðvitað miklum mun umfangsmeiri og erfiðari í framkvæmd ef bókhald er í lamasessi.

Að gefnu tilefni vil ég fara nokkrum orðum um einn þátt þeirrar einföldunar skattakerfisins sem við stefnum að og birtist mönnum nú í þessu fjárlagafrv. Þar á ég við einföldun söluskattskerfisins. Ég bið hv. alþm. að rifja upp lýsingu á söluskattskerfinu eins og hún birtist í grg. með frv. til laga sem lagt var fram á seinasta þingi um virðisaukaskatt. Þar var af hálfu fyrirrennara míns, Þorsteins Pálssonar, kveðinn upp það sem ég mundi í einu orði kalla dauðadóm yfir því kerfi.

Söluskattskerfið í sinni núverandi mynd er ónothæft tekjuöflunartæki. Skýringarnar eru þær að undanþágur eru svo margvíslegar, aðferðirnar sem beitt er til framtalningar söluskattsskyldra tekna eru svo ófullkomnar að það er ógjörningur, að mati þeirra manna sem að eftirlitinu standa, að framfylgja því með þeim hætti að boðlegt sé. Sá maður,

sem tekur undir rökstudda gagnrýni þeirrar nefndar sem við höfum verið að vitna til um óeðlilegan undandrátt í skilum á álögðum og greiddum söluskatti, getur ekki á sama tíma og hann tekur undir þá gagnrýni mælt gegn því að gert verði það sem gera þarf til að fækka undanþágum í þessu kerfi. Þetta tvennt fer ekki saman. Annaðhvort vilja menn viðhalda undanþágum og taka afleiðingunum í lélegu kerfi og bágborinni innheimtu eða menn vilja gera það sem gera þarf til þess að skattakerfið verði skilvirkt, en leita þá nýrra leiða til þess að ríkisvaldið, eftir því sem ríkisstjórn og Alþingi ákveða, beiti tekjujöfnunaraðgerðum eftir öðrum leiðum. Þ.e.: fyllum ekki skattakerfið sjálft og skattalögin af smugum í nafni þess að koma til móts við einstaka hópa með þeim afleiðingum að skattakerfið verði óframkvæmanlegt, reynum að hafa skattakerfið eins einfalt og kostur er þannig að hægt verði að framfylgja því, hafa eftirlit með því, beita með eðlilegum hætti viðurlögum við brotum og svo einfalt að rannsókn skattundandráttarmála þurfi ekki að verða að eilífðarmálum í dómskerfinu.

Þetta eru forsendur þeirra skattaumbóta sem núverandi ríkisstjórn boðar. Þær eru í fullkomnu samræmi við það sem var niðurstaða þeirra skýrslna sem hér hefur oft verið vitnað til. Þetta breytir engu um það að vilji menn koma til móts við hópa í þjóðfélaginu sem við viljum sérstaklega létta undir með eða aðstoða af margvíslegum ástæðum eigum við að gera það með öðrum hætti. Ef við einföldum söluskattskerfið, fækkum undanþágum þar, lækkum þar söluskattsprósentu, mun slíkt kerfi, bæði með aukinni skilvirkni og breikkun skattstofns, skila ríkissjóði meiri tekjum. Hluta þeirra tekna er auðvitað hægt að verja til þess að létta undir með þeim hópum sem þurfa að mæta einhverjum verðhækkunum fyrir vikið. Það er hægt að gera með því að greiða út persónuafslátt í tekjuskatti einstaklinga, það er hægt að gera með því að auka verulega fjölskyldubætur og barnabótaauka til barnmargra fjölskyldna og það er hægt að gera með því að tryggja að bótagreiðslur almannatrygginga verði bættar. Þetta eru betri leiðir til þess að ná þeim markmiðum sem löggjafinn oft og einatt vill setja sér en að flytja tillögur um að búa til undanþágur frá almennu reglunni með þeim afleiðingum að fá síðan í hausinn heila úttekt á því að skattundandráttur hafi aukist. Hann er væntanlega ekki í þágu fjöldans. Þeir sem hagnast á því eru einhverjir aðrir en þeir hópar sem tillögusmiðir um undanþágur einatt telja sig bera fyrir brjósti sérstaklega.

Þetta er kjarni málsins að því er varðar deilur um þær leiðir sem við förum. Þessi leið, sem ríkisstjórnin hefur markað, sú aðgerð, sem hér er boðuð að því er varðar breytingar á söluskattskerfinu, er einmitt — og það er kjarni málsins — gersamlega í samræmi við þá meginlínu sem mótuð var í skýrslunni sem hér er hvað mest vitnað til. Og það er þýðingarmeiri aðgerð sem gefur fyrirheit um betri árangur og betra skattakerfi en jafnvel nokkrar þær kerfisbreytingar aðrar sem tillögur eru fluttar um, hvort heldur varða endurskipulagningu skattakerfisins eða dómstólakerfisins.

Ég mun ekki að svo stöddu taka sérstaka afstöðu til þess þáttar þessarar tillögu sem varðar skattadóminn, ég áskil mér rétt til að kanna það betur, en ég leyfi mér að álykta af þessum umræðum að grundvallarágreiningur sé ekki milli manna um þær leiðir sem fara beri í því að endurreisa traust þjóðarinnar á skattakerfinu og framkvæmd þess. Ég hlýt að skilja það svo að ekki sé í grundvallaratriðum ágreiningur um þær leiðir svo oft og svo rækilega sem flm. þessarar tillögu vitna í tillögur skattsvikanefndar.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir ágætar undirtektir við þær hugmyndir sem hér eru fluttar um skattadómstól og meðferð skattsvikamála, rannsókn skattsvikamála. Ég skil hann svo að hann hafi mælt fyrir hönd ríkisstjórnarflokkanna allra þegar hann segir að ríkisstjórnin muni taka þessa hugmynd eins og aðrar til athugunar við endurskoðun á skattakerfinu sem nú standi fyrir dyrum. Ég tel því að undirtektir núv. hæstv. fjmrh. séu ívið jákvæðari í þessu efni en fyrirrennara hans. Ég fagna því. Ég hef tekið eftir því að honum veitir oft ekki af stuðningi í sambandi við einstök mál, sem hann hefur á prjónunum og eru um sumt ágæt mál, eins og fjármögnunarleigurnar sem íhaldið var að skamma hann fyrir. Ég tel ástæðu til að hæla honum fyrir það. Hann hefði auðvitað mátt ganga aðeins lengra í þeim efnum, en þetta var viðleitni. Hæstv. ráðherra fær hrós fyrir viðleitni í þessu efni. Það er sérstaklega ánægjulegt og í raun og veru staðfesting á því hvað hans ákvörðun var skynsamleg í þessu efni þegar Sjálfstfl. og Morgunblaðið mótmæltu henni. Ég tel ástæðu til að nefna þetta til þess að það komi fram að við fulltrúar Alþb. í þessari deild erum jákvæð í málflutningi og erum ekki einlægt að hjóla í stjórnina einvörðungu. Við tökum eftir því sem vel er gert og þökkum fyrir það (**KP:** Eins og verið hefur.) svo sem jafnan hefur verið eins og hv. þm., stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar Karvel Pálmason, nú benti á, virðulegi forseti.

Það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra í einstökum atriðum var býsna fróðlegt. Eitt af því sem ég tók eftir var að umtal hans um fjármunina í skattsvikunum var talsvert hógværara en fyrir kosningarnar og eftir flokksþing Alþfl. 1984 sem hann nefndi sem tímamót í þessu efni. Ég hygg að það sé reyndar misskilningur því að ég held að Alþfl. hafi verið farinn að hugsa um skattamál áður en Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. fjmrh., varð formaður Alþfl. Ég hygg að það hafi ekki gerst endilega á því þingi þó að hann telji eðlilegt að miða tímatalið við, ég segi nú ekki Kristburð, en við þá niðurstöðu sem varð á flokksþingi Alþfl. 1984.

Hæstv. fjmrh. hafði það fyrir sið, þegar hann var formaður Alþfl. í stjórnarandstöðu og var spurður

hvar taka ætti peningana, hvar taka ætti peningana til að hækka eitt og annað, sem Alþfl. var býsna iðinn við að flytja tillögur um, að vísa óðar á þessa skattsvikapeninga og lét það koma fram aftur og aftur í ítarlegum og skemmtilegum ræðum hér í þinginu. — Mér þótti nokkuð af honum dregið sem ræðumanni hér áðan. Hann var oft mikið hressari hér áður. — Hann vísaði hér áður einlægt á þessa peninga. Það væri svo sem hægt á andartaki, ef dugmikill maður væri í stóli fjmrh., að ná þessu öllu saman inn í ríkissjóð. Það væri ekki nokkur einasti vandi. Og borga með því svo að segja alla reikninga, hallann á ríkissjóði, hækkun framlaga í húsnæðislánakerfið, sem Alþfl. sagði að vantaði í 7 þús. millj. kr. fyrir kosningarnar. Þetta átti allt saman að gera með þessum skattsvikapeningum. Þess vegna verður maður að ætla að ummæli ráðherrans nú séu byggð á ákveðinni sannfæringu þó að mér fyndist hann allur daufari í sambandi við niðurstöðu í þessu máli en hann var hér forðum og sakna ég nú vinar í stað, verð ég að segja, í þessu efnum.

Meginniðurstaða hans var sú, vitnandi í skýrslu skattsvikanefndarinnar, að fækkun undanþága væri í raun og veru kjarni málsins. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar kosið að fara öðruvísi í að fækka undanþágum en ég hefði gert. Það er ekki sama hvaða undanþágum er verið að fækka. Það má út af fyrir sig segja að það væri að fækka undanþágum að afnema tollaniðurfellingu á öryrkjabílum. Það er að fækka undanþágum. Það er alveg ljóst. En málið snýr ekki þannig við. Spurningin er: Hvaða undanþágur eru það sem geta skilað einhverjum verulegum peningum? Hvaða undanþágur eru hjá þeim sem eru með gras af seðlum og mikla fjármuni handa á milli? Það hefði verið eðlilegra að formaður „alþýðuflokks" hefði byrjað á því að snúa sér að því að sópa í burtu þeim undanþágum. Dæmi: Undanþágur fyrirtækjanna sem ég hef ásamt öðrum hv. þm. Alþb. í þessari deild flutt um sérstakt frv. Þar hefði átt að byrja en ekki á matarskattinum. Það er vitlaust í hlutina farið. Og það er alveg sama hvað hæstv. fjmrh. flytur langar ræður um nauðsyn einföldunarinnar og þess að leggja söluskatt á alla skapaða hluti, hverju nafni sem það nefnist. Það er alveg sama hvað hann heldur margar ræður í þeim efnum. Auðvitað hefði verið eðlilegra að byrja á einföldun á skattlagningu fyrirtækjanna og þeirra sem hafa hirt fjármuni í góðærinu hér á undanförnum árum. Einföldun, einföldun. Það er út af fyrir sig gott og blessað, en þá verða menn að muna eftir því, a.m.k. þeir sem sitja í ráðherrastóli, að kjör fólksins, tekjur, eignir og lífsaðstaða eru ósköp einfaldlega mismunandi. Þess vegna hlýtur skattakerfið að taka tillit til þess. Skattakerfið líka en ekki aðeins hið félagslega velferðarkerfi þó að það verði aðallega að jafna í þeim efnum. Það hefur verið afstaða okkar jafnaðarmanna í gegnum tíðina að nota skattakerfið til að jafna, taka á mönnum með mismunandi hætti eftir mismunandi tekjum og mismunandi eignum. Þess vegna vara ég við þessu ýkta og ofstækisfulla einföldunartali „kerfisbýrókrata" fyrst og fremst. Það er satt að segja alveg ótrúlegt afrek sem þeir hafa unnið, ágætir menn í fjmrn., á tiltölulega mjög stuttum tíma að skipta um forrit í þessum formanni jafnaðarmannaflokksins, Alþýðuflokksins, sem núna leggur ekki megináherslu á jöfnunarhlutverk skattakerfisins heldur einföldun, einföldun, einföldun. Þetta eru ræður sem oft er búið að halda yfir okkur af embættismönnum hér á undanförnum árum.

Auðvitað er ekkert óeðlilegt við það þó að fjmrh. leitist við í sinni stöðu að ná fram ákveðinni einföldun á þessum hlutum. En ofstæki í þeim efnum kann ekki góðri lukku að stýra. Mér fannst satt að segja glytta í það í ræðu hæstv. ráðherra hér áðan með talsvert öðrum hætti en kom fram í hans málflutningi hér á síðasta kjörtímabili.

Hæstv. ráðherra gat um það að í undirbúningi væru frumvörp varðandi einföldun á skattlagningu fyrirtækjanna, en þar er nú aldeilis þörf á einföldun vegna þess að þar er frádráttarfrumskógurinn svo rosalegur að það tekur engu tali og sérfræðingar í skattamálum eða þeir sem geta haft flesta endurskoðendur og lögfræðinga í vinnu hjá sér sleppa langbest frá sköttum.

Hvenær koma þessi frumvörp um breytingar á sköttum fyrirtækjanna? Fyrir árið 1988? Er ætlunin að þetta verði afgreitt á þessu þingi fyrir hátíðar áður en fjárlagafrv. verður afgreitt, eða hvað?

Ég fagna því sérstaklega, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, að ætlunin sé að verja auknu fé til að sinna skattaframkvæmdinni. Ég tel að það sé mjög jákvætt og mjög brýnt. Ég tók hins vegar eftir nokkru í ræðu hans áðan, sem er allt annað en kom upp hjá Alþfl. á síðasta þingi, varðandi virðisaukaskattinn. Á síðasta þingi flutti þáv. ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. frv. til laga um að taka upp virðisaukaskatt. Það frv. stöðvaðist í þinginu af ýmsum ástæðum, en m.a. kom þá fram í umræðum að Alþfl. var á móti frv. um virðisaukaskatt. Hann var algerlega andvígur því og það voru miklar stólræður haldnar hér handan við þilið um það mál bæði af mér og hæstv. núv. fjmrh. þar sem við lýstum andstöðu við fyrirkomulag virðisaukaskatts eins og það var lagt til, m.a. á sömu forsendum og verkalýðshreyfingin þar sem samhljóða var samþykkt í miðstjórn Alþýðusambandsins að segja sem svo: Þetta er vondur skattur vegna þess að hann íþyngir mest tekjulægstu fjölskyldunum. Nú hefur Alþfl. snúið við blaðinu að því er best varð heyrt á hæstv. ráðherra áðan. Nú hefur hann algerlega snúið við blaðinu, hefur að engu afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í þessu efni og hefur allt aðra afstöðu en hann hafði á síðasta þingi og allt aðra afstöðu en hann tjáði kjósendum fyrir síðustu kosningar.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að rifja upp til að sýna fram á að þrátt fyrir að vafalaust hefur núverandi hæstv. fjmrh. að mörgu leyti góðan vilja í þessum efnum er það engu að síður svo að hann

hefur snúist eins og skopparakringla frá kosningum og til þessa dags varðandi fjöldan allan af áhærslumálum Alþfl. Það er kannski ekki skrítið þegar við ofurefli er að etja þar sem eru Framsfl. og Sjálfstfl. Ýmsir mætir menn hafa séð, eins og leiðarahöfundar Alþýðublaðsins og hv. þm. Karvel Pálmason, að hér er undarlega að hlutunum farið. Ég held að óhjákvæmilegt sé að draga þetta fram í þessari umræðu um skattamál, ekki vegna þess að þetta tilheyri frv. um skattadómstól, og ég ræddi þessi mál ekki í minni framsöguræðu fyrir því máli, heldur vegna þess að hæstv. fjmrh. taldi ástæðu til að hefja umræðu um þessi mál undir umræðu um frv. um skattadómstól og ég vildi bæta þar nokkru við en á meira í pokahorninu þegar kemur að 9. máli á dagskrá sem er frv. til laga. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég þrátt fyrir allt þakka fyrir það að ég tel að yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um frv. um skattadóm og meðferð skattsvikamála hafi verið jákvæðar. Ég skildi þær svo og vona að frv. fái meðferð samkvæmt því í hv. allshn. þessarar deildar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurðist fyrir um hvenær væri að vænta flutnings á frumvörpum um endurskoðun á skattakerfi. Það er af því tilefni rétt að útskýra úr þessum ræðustól þau áform sem lýst er í grg. með fjárlagafrv. og hljóða svo:

Fyrstu mál sem hér verða flutt eru: Staðfesting á bráðabirgðalögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, þ.e. fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem voru m.a. um tekjuöflun. Þær urðu til þess að styrkja mjög stöðu ríkissjóðs á yfirstandandi ári og draga úr fjárlagahalla en þó enn fremur á næsta ári því að þær munu á næsta ári afla ríkissjóði tekna á heilu ári sem svara til 3½ milljarði.

Í öðru lagi: Lög um breytingu á lögum um söluskatt. Það varðar þau áform, sem ég lýsti hér áðan, að fækka enn frekar undanþágum í söluskatti samkvæmt ábendingum og tillögum skýrslunnar um upprætingu skattundandráttar, að lækka því næst álagningarprósentu söluskatts sem er aðgerð sem þýðir verðlækkun á allan þorra neysluvarnings sem landsmenn njóta og í þriðja lagi að fylgja því eftir með því að nýta auknar tekjur til tekjujafnandi aðgerða af því tagi sem ég lýsti í máli mínu hér áðan.

Í þriðja lagi: Lög um nýja tollskrá. Þau miða að því að afnema með öllu tolla á aðföngum samkeppnis- og útflutningsiðnaðar og lækka og samræma tollflokkun að öðru leyti. Þetta er mál sem á sér langan aðdraganda, hefur verið lagt fram á Alþingi áður en við hyggjumst leggja fram á ný með það í huga að fá það samþykkt sem lög fyrir árið 1988.

Í fjórða lagi: Lög um samræmt vörugjald. Áformað er nýtt vörugjald sem verði lagt á í kjölfar niðurfellingar á sérstöku vörugjaldi og vörugjaldi á sælgæti, gosdrykki o.fl. Þetta er til þess að bæta ríkissjóði upp tekjutap sem fyrirsjáanlegt væri ella vegna tollabreytinga.

Í fimmta lagi: Lög um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem nokkuð var drepið á, þar sem stefnt er að því að einfalda tekjuskattsálagningu fyrirtækja en lækka um leið jaðarskattlagningu.

Þá er að geta laga um breytingu á lögum um launaskatt. Tilgangurinn er jafnframt sá að með því að leggja 1% launaskatt á þær atvinnugreinar sem ekki hafa borið slíkan skatt hingað til, aðrar en búrekstur, er verið að stefna í átt til samræmingar á þessum skattstofni.

Því næst er viðamikið mál en það eru lög um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lög um sérstakt gjald af verktökum vegna vinnu á varnarsvæðunum.

Þetta eru þau áform sem fylgja fjárlagafrv. um sérstök frv. sem varða tekjuöflunarkerfi ríkisins og skattakerfið og ástæða var til að vekja athygli á.

Að því er varðar köpuryrði hv. þm. Svavars Gestssonar um breytingar á stefnu, um það að formaður Alþfl. hafi talað tungum tveim og sagt eitt fyrir kosningar en sé að framkvæma annað eftir kosningar, þá eru það staðlausir stafir að sjálfsögðu. Hv. þm. segir þetta gegn betri vitund. Hann þekkti vel málflutning Alþfl. fyrir kosningar. Honum er ekki ofætlan að kynna sér stefnuyfirlýsingu Alþfl. sem birt var fyrir kosningar undir heitinu „Viðreisn velferðarríkis og nýsköpun efnahagslífs". Þar var því skattaprógrammi lýst mjög rækilega og nánast með sömu orðum og er að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að því er varðar alla þætti málsins. Ég geri því ekki skóna að það hafi farið fram hjá hv. ræðumanni að allt frá því að flokksþing Alþfl. árið 1984 samþykkti sérstaka stefnuyfirlýsingu um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu og lagði þá fram fyrstu tillögurnar um allsherjarendurskoðun á tekjuöflunarkerfinu hefur það linnulaust verið málflutningur þess sem hér stendur að það væri lykilatriði við endurskoðun skattakerfisins að fækka og helst afnema að langmestu leyti undanþágur í söluskatti jafnhliða því sem álagningarprósentan væri lækkuð. Þetta fer ekki milli mála. Það kemur því úr hörðustu átt þegar hv. þm. ber öðrum á brýn að vera nú að framkvæma eitthvað annað en menn sögðu fyrir kosningar. Það eru einfaldlega staðlausir stafir, gersamlega.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann veitti í ræðu sinni með því að lesa upp úr grg. fjárlagafrv. Það kom ekki fram hvenær ætlunin er að leggja hér fram frv. til laga um breytingu á skattlagningu fyrirtækja. Ég spurði hvort meiningin væri að afgreiða það fyrir hátíðar og það komu engin svör um það frá hæstv. ráðherra. Ef það er hins vegar ætlun hæstv. ríkisstjórnar að koma frá sér þeim breytingum á skattamálum sem hann las upp áðan er æskilegt að eitthvað af þessum málum fari að sjást hér í þinginu vegna þess að a.m.k. tollafrv. er örugglega eitt af viðamestu málum sem

þing fær til meðferðar og það er óhjákvæmilegt að farið verði að sýna þessi mál ef það er einhver alvara á bak við það að afgreiða eigi þetta. Auðvitað hefði helst þurft að koma því öllu hingað inn með fjárlagafrv. En látum það nú vera því að skammt er liðið frá þingsetningu.

Það sem hæstv. ráðherra vék að að lokum var um köpuryrði af minni hálfu. Ég kannast satt að segja ekki við annað en að ég hafi flutt mitt mál með rökum og köpuryrðalaust, áreitnislaust í garð hæstv. ráðherra. Hann má ekki vera svo typpilsinna og viðkvæmur að það megi ekki víkja að honum orði eins og út um annað munnvikið, þá stökkvi hann hér upp og kvarti undan köpuryrðum og árásum. Ég vil segja það fyrir mitt leyti alla vega að ég er staðráðinn í því að hafa þessar umvandanir ráðherrans að engu (Gripið fram í.) og halda uppteknum hætti varðandi minn málflutning við þennan ráðherra eins og aðra ráðherra á undanförnum árum. Ég tel enga ástæðu til þess að setja á neinar sérstakar kurteisisreglur eða „prótókoll" fyrir þennan ráðherra fjármála.

En af því hæstv. fjmrh. var að nefna það sérstaklega að Alþfl. hefði alltaf verið sjálfum sér samkvæmur í skattamálum er best að nefna bara eitt dæmi svo kem ég með fleiri í næstu ræðu á eftir.

Matarskattur. Hvar stóð í stefnuskrá Alþfl. að það ætti að byrja stjórnarathafnir og endurbætur hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar á því að leggja á matarskatt númer eitt, algjört forgangsmál? Var það nefnt á fundunum miklu, 100 talsins, 1984–1985? Strax og Alþfl. kemur til valda á að byrja á því að leggja á matarskatt. Var það nefnt í ræðum hæstv. ráðherra í þinginu í fyrravetur? Strax og Alþfl. getur snúið sér við uppi í Stjórnarráði byrjum við á því að leggja á matarskatt. Strax og Alþfl. fær einhverju um þokað í fjármálum ríkisins byrjum við á því að leggja á matarskatt. Var það þannig? Var það þannig fyrir kosningar að hæstv. fjmrh. gengi fram fyrir þjóðina í sjónvarpi eða útvarpi eða hvar það nú var eða á almennum fundum og segði: „ef Alþfl. fær einhverju ráðið byrjar hann á því að leggja á matarskatt"? Nei, hann sagði þetta aldrei. Hann sagði þetta aldrei. Hann kom aftan að kjósendum. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Síst situr það nú á þeim sem hér stendur að kvarta undan orðfæri hv. þm. Ég var að segja að það færi vel á því að hann yrði áminntur um sannsögli. Það má gjarnan kalla köpuryrði þegar menn fara með ósatt mál. Þau eru orðin nokkur.

Það er ástæða til þess að rifja upp fyrir hv. þm. að í fundaleiðangrinum mikla, 100 fundunum öllum saman, var það eitt meginatriði í málflutningi formanns Alþfl. að því er varðaði skattamál að fara með og kynna niðurstöður þeirrar nefndar sem tók að sér úttekt á skattakerfinu og skattsvikum eftir að þingflokkur Alþfl. hafði fengið samþykkt hér á hinu háa Alþingi tillögu um að það skyldi gert. Alþfl. hafði reyndar þegar gert þá stefnumörkun, sem var niðurstaða þessarar nefndar, að sinni. Alþfl. hafði markað þá stefnu að við endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins, sem væri brostið, bæri fyrst og fremst að gera kröfu til einföldunar og til fækkunar undanþága. Það væri forsendan fyrir því að hægt væri að verða við kröfum þjóðarinnar um að endurreisa traust manna á skattakerfinu.

Hv. þm. notar orðið „matarskattar" og leikur sér með orð. Nú er það svo að einn þáttur, býsna stór, af skattstofni söluskatts til neyslu eru matvæli. Stór hluti af þessum matvælum eru að sjálfsögðu innflutt matvæli. Mikill hluti af þessum matvælum er það sem í gamla daga á máli hv. þm., ef hann kynni nú enn fræðin sín, hefði verið kallað lúxusvörur. Undanþágurnar frá söluskatti í þessu efni eru auðvitað mismunandi. Þær mismuna framleiðendum, þær mismuna vörutegundum, þær þýða að stjórnmálamenn eru að segja við almenning: Við ætlum að ráða neysluvali ykkar, við ætlum að ákveða hvað ykkur er hollt og hvað ykkur er gott, við ætlum að ráða því hverjir framleiðendur og hvaða innflytjendur hagnast á götunum í skattakerfinu. Þetta ætlum við að gera í nafni mannúðar.

Það vill svo til að sú breyting að afnema söluskatt á matvælum var tekin upp í tíð einhverrar úrræðalausustu og vitlausustu ríkisstjórnar sem setið hefur að völdum á Íslandi, að sjálfsögðu gert af skrumurum í nafni mannúðar og mannkærleika en endaði í skattsvikaskýrslu, endaði í því að það var flett ofan af þessum hræsnurum með þeim hætti að þeir væru búnir að eyðileggja skattakerfið. Menn með þennan feril að baki ættu að hafa sem fæst orð, en það er nauðsyn að áminna þá öðru hverju um sannsögli.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Síðasta ræða hæstv. fjmrh. gefur ekki tilefni til ítarlegra ræðuhalda. Honum rann í skap og sárnaði auðvitað eitt og annað sem fram kom hér áður. Það er von. Ég vek hins vegar athygli á því að Alþfl. var aðili að úrræðalausustu og vitlausustu ríkisstjórn sem setið hefur á Íslandi að hans eigin sögn. (**Fjmrh.:** Hvarf nú á braut fljótlega þegar sannað var ...) Alþfl. var einn af aðilum ríkisstjórnarinnar, greiddi atkvæði með því að ríkisstjórnin yrði mynduð, greiddi atkvæði með því að lögin um afnám söluskatts á matvælum yrðu sett, greiddi atkvæði og átti ráðherra í ríkisstjórninni, Benedikt Gröndal, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon. Dómur núverandi formanns Alþfl. er þessi: Úrræðalausasta og vitlausasta ríkisstjórn sem setið hefur á Íslandi. Það eru athyglisverðar kveðjur til þessara alþýðuflokksmanna.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson gerir sér greinilega ljóst að það er hver síðastur fyrir hann að blása hér sem formaður síns flokks. Hans dagar í því embætti munu nú senn

taldir. Hann hefur verið áminntur um sannsögli úr þessum ræðustól og það sannarlega ekki að ástæðulausu eins og þingheimur hefur heyrt. En það sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs var það að hann talaði um einhverjar kaldar kveðjur til úrræðalausrar og vitlausrar ríkisstjórnar sem sat á sínum tíma. Það ætti ekki að þurfa að rifja það upp fyrir hv. þm. Svavari Gestssyni að Alþfl. sleit því ríkisstjórnarsamstarfi vegna þess að það var niðurstaða okkar að sú ríkisstjórn væri úrræðalaus og vitlaus, eins og raunar síðar kom á daginn, og við treystum okkur ekki til að taka þátt í þeirri vitleysu sem hv. þm. Svavar Gestsson stóð fyrir ásamt ýmsum fleiri heiðursmönnum. Ég held að það hafi raunar komið á daginn með fleiri ríkisstjórnir sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur átt aðild að. Ég minni á fræga ríkisstjórn sem kom verðbólgunni hærra en nokkurri annarri ríkisstjórn hefur tekist í Íslandssögunni fyrr eða síðar. Svo kemur þessi hv. þm. í þennan ræðustól og þykist þess umkominn að segja öðrum til. En ég virði honum það til vorkunnar að þetta eru síðustu dagarnir sem hann hefur formennsku í flokki þeim sem Alþýðubandalag nefnist og hyggst halda landsfund bráðum, sem einn af frammámönnum flokksins hefur skrifað lærða grein um í Þjóðviljann sem hét: Verður sjoppunni lokað? Það er dómur ritstjóra Þjóðviljans yfir formannstíð hv. þm. Svavars Gestssonar að hann spyr hvort ástæða sé nú til að loka þeirri sjoppu sem hann kallar Alþýðubandalagið. Þetta er athyglisvert líka.

En það þarf enginn að kippa sér upp við það þótt hv. þm. hafi dustað rykið af gömlu frumvarpi Vilmundar Gylfasonar, þáv. dómsmrh., og flutt það sem sitt mál þing eftir þing og þarf svo sem ekki að gera mikið veður út af því. En ég held að menn verði að skoða málflutning hans núna í ljósi þeirrar sögu sem er að gerast, þ.e. að hann er að stíga niður af stóli og horfir á brotabrot flokks síns, og það er ofur skiljanlegt að honum sé þannig í sinni sem ræður hans nú hafa gefið okkur til kynna.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að reyna svo mjög á þolinmæði hæstv. forseta, enda er ástæðulaust að halda langa ræðu um það mál sem hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason flutti hér áðan. Það væri hins vegar fróðlegt að taka um það umræðu undir næsta dagskrárlið hvað formannsmál í Alþb. og landsfundur þess snerta frv. um skattadómstól sérstaklega. Það væri athyglisvert að fá rökstuðning fyrir því. En ég skildi hv. þm. þannig og það gladdi mig satt að segja pínulítið að ræður mínar hér í dag hefðu farið aðeins inn fyrir skinnið á leiðtogum Alþfl. í þessari deild. En eins og hæstv. forseti gat um áðan hef ég kost á að halda áfram máli mínu undir næsta dagskrárlið og tef ekki frekar að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 9. mál (frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 9.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég tek það fram að ég mun að venju stilla orðum mínum mjög í hóf til að móðga ekki þessar hátignir Alþfl. sem tóku þátt í síðustu umræðu. Þeim sárlíður illa undir eðlilegum athugasemdum um stjórnarathafnir núverandi ríkisstjórnar og það hvernig Alþfl. gengur á svig við kosningaloforð sín. Það er ánægjulegt að hv. þm. Eiður Guðnason skuli fagna því sérstaklega að ég skuli vera að hætta sem formaður Alþb. Það bendir til þess að honum hafi kannski þótt nokkuð til mín koma í því starfi. Það er ánægjulegt að hann skuli fagna því alveg sérstaklega, en ég verð jafnframt að hryggja hann með því að ég mun sitja í Ed. þetta kjörtímabil. Ég veit að honum sárnar það og leiðist vafalaust að hafa mig hér þetta kjörtímabil, en ég lýsi því yfir fyrir allt kjörtímabilið að ég mun leyfa mér að anda á hátignirnar báðar tvær eftir þörfum og ástæðum og málefnum á hverjum tíma. Ég veit að þetta getur reynt á taugarnar hjá þeim, getur valdið uppþotum og erfiðleikum, en það er nú einu sinni hlutverk stjórnarandstöðunnar að ræða við stjórnarflokkana. Þeir sem hér eru inni frá Alþfl. hafa ekki verið aðilar að stjórnarmeirihluta lengi, eru óvanir því að láta gagnrýna sig og þola það illa, en þrátt fyrir það verður því haldið áfram eftir því sem þörf krefur. Ég skal þó leggja mig fram um það, ef ég tek eftir því að mönnum líður átakanlega illa og eru orðnir mjög titrandi í stólum sínum vegna orða minna, að reyna að stilla orðum mínum í hóf eins og frekast er kostur þannig að ég stuðli ekki að því að heilsa manna versni tiltakanlega um leið og ég geri athugasemdir mínar hér.

Það frv. sem hér liggur fyrir, virðulegi forseti, snertir breytingu á lögunum um tekju- og eignarskatt og er á þskj. 9. Þar er um að ræða sex mjög þýðingarmiklar breytingar á skattalögum. Það er í fyrsta lagi að dregið verði úr frádráttarheimildum fyrirtækja. Í öðru lagi að veittur verði sérstakur frádráttur frá hagnaði vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Í þriðja lagi að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir eins og kostur er að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja verði færð á reikning þeirra og þar eru einnig gerðar tillögur um meðferð risnufjár. Í fjórða lagi er í þessu frv. gert ráð fyrir verulegri einföldun á framtölum einstaklinga. Í fimmta lagi að fram fari samkvæmt úrtaki árleg rannsókn á fjárhag 100 fyrirtækja a.m.k. Og í sjötta lagi að fjármagnstekjur verði allar skattskyldar.

Hér er sem sagt um að ræða róttækar tillögur um kerfisbreytingar á íslenska skattakerfinu. Í tilefni af

því að mjög hefur verið rætt um nauðsyn breytinga á skattakerfinu og hæstv. ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún muni flytja frv. í þeim efnum á yfirstandandi þingi töldum við rétt að sýna þær tillögur sem við höfum fram að færa í þessu efni þannig að það liggi fyrir hvaða tillögur við gerum varðandi breytingar á skattakerfinu.

Ég kem þá fyrst að tillögunum um breytingar á sköttum fyrirtækjanna. Þar er gert ráð fyrir því að greinin sem fjallar um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri, sem er 31. gr. gildandi skattalaga, breytist verulega. Inngangur greinarinnar er svona:

„Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga...“ Síðan eru taldir hér upp hvorki meira né minna en ellefu liðir sem fyrirtæki mega draga frá áður en þau eru skattlögð.

Það fyrsta sem við leggjum til að verði fellt niður er heimild fyrirtækja til að draga frá útistandandi viðskiptaskuldir í árslok til viðbótar við þær útistandandi viðskiptaskuldir sem eru tapaðar og sannanlega tapaðar. Í gildandi lögum segir að fyrirtæki má draga frá tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Þetta leggjum við til að haldi sér í frv. Síðan segir í gildandi lögum: „Útistandandi viðskiptaskuldir í árslok er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.“

Við leggjum til að þessi heimild verði í áföngum felld niður á þremur árum eða svo. Hér er um að ræða verulega einföldun á skattlagningu fyrirtækja og er þetta þó aðeins fyrsti þátturinn af þeim róttæku brtt. á skattakerfinu sem við erum hér með.

Í fjórða lagi gerum við þá tillögu að það breytist greinin sem fjallar um matsverð vörubirgða í lok reikningsárs sem heimilt er að færa niður um allt að 10% og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum. Ég geri ráð fyrir því í þessum texta að þessi heimild verði felld niður í áföngum á nokkurra ára bili.

Nú vil ég taka það fram og hafa þann almenna fyrirvara um þessa grein og fleiri reyndar að það kann að vera að þessi þáttur þurfi sérstakrar athugunar við sem við erum auðvitað til viðtals um að skoða í þingnefnd þegar málið fær þar þinglega meðferð, en hér er auðvitað um að ræða reglu sem er hæpin sem allsherjarregla og ætti að vera eitthvað mismunandi eftir því um hvaða fyrirtæki er verið að ræða.

Í þriðja lagi gerum við þá brtt. við 31. gr. laganna að 11. liðurinn, um framlög í fjárfestingarsjóði sem voru ákveðin af síðustu ríkisstjórn, falli niður. Rökin eru þau að það sé ekki ástæða til að hvetja með skattfríðindum til aukinnar fjárfestingar í þjóðarbúskapnum eins og sakir standa. Þess vegna er lagt til í 1. gr. frv. að þessi liður falli niður.

Í síðustu mgr. er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir því að framleiðslufyrirtæki verði heimilt annað hvert ár að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsókn- ar- og þróunarstarfsemi á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.

Hér er brotið upp á því nýmæli að fyrirtæki sem efna til átaks í rannsóknar- og þróunarstarfsemi geti dregið frá hagnaði sínum allt að 5% vegna átaks í rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Um þetta mál gildir einnig fyrirvari af minni hálfu sem er sá: Þetta er erfitt að afmarka. Það er flókið að slá því föstu hvar mörkin eiga að vera í þessum efnum. Þegar ég tala í þessari grein um framleiðslufyrirtæki er ég ekki einasta að ræða um fyrirtæki sem stunda hefðbundna framleiðslustarfsemi heldur á ég við fyrirtæki sem eru í margvíslegum iðnaðar- og þróunarverkefnum, en tilgangurinn með þessu er að undirstrika að það sé eðlilegra að veita fyrirtækjum skattfríðindi vegna rannsóknar- og þróunarverkefna og jafnvel markaðsátaks, það sé eðlilegra en að veita fyrirtækjum frádrætti vegna fjárfestingar eins og ákvæðin um það í gildandi lögum eru nú.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að breyta fyrningarhlutföllum við skattlagningu samkvæmt 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt og er þar farið inn á svipaða braut og um var að ræða áður en ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við vorið 1984. Þannig er hundraðshlutum af fyrningargrunni breytt úr 10% í 8%, úr 15% í 12% og úr 20% í 15%.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að taka sérstaklega á því vandamáli að á því hefur borið og er einn mikill þáttur í þeirri skattsvikaskýrslu sem við vorum að ræða áðan að forráðamenn fyrirtækja hafa fært persónulega eyðslu á fyrirtækin. Í 52. gr. laga um tekju- og eignarskatt segir svo: „Til rekstrarkostnaðar samkvæmt 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja ...“, síðan eru talin upp þrjú atriði sem aldrei má telja til rekstrarkostnaðar samkvæmt 31. gr. né til frádráttar skattskyldum tekjum. Hér er um að ræða atriði eins og t.d. fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað o.s.frv.

Hér gerum við tillögu um að bæta því við þessa grein að aldrei megi telja til rekstrarkostnaðar né heldur til frádráttar frá skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt eins og nú segir:

1. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur árlega um takmörk samkvæmt þessum tölulið.

2. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.

Þegar ég flutti svipaða tillögu á þinginu í fyrra um

þetta efni var því haldið fram að fyrri mgr. væri í raun og veru óþörf vegna þess að það væri hvort eð er ekki heimilt að færa persónulega eyðslu á reikning fyrirtækja. Ég taldi hins vegar að nauðsynlegt væri að ítreka þetta með afgerandi hætti. Varðandi risnuna er það þannig hér á landi að um það efni gilda losaralegar reglur, en í skattalögum t.d. í Finnlandi og Noregi eru um þetta nokkuð skýr ákvæði sem ég var svo heppinn að heyra gerða grein fyrir á fundi um skattamál á Norðurlöndum sem haldinn var á vegum Norðurlandaráðs í september 1986. Það er sem sagt hægt að setja reglur í þessu efni og ég held að það sé óhjákvæmilegt að á því máli verði tekið.

5. gr. þessa frv. er aðeins afleiðing af 1. gr.

Þá er ég búinn að fara yfir það sem lýtur að fjárhag fyrirtækja, þ.e. að fella niður í áföngum heimildir fyrirtækja til að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða, að fella niður í áföngum heimild fyrirtækja til að afskrifa 10% útistandandi viðskiptaskulda í árslok, en haldið er inni heimild til þess að draga frá sannanlega tapaðar viðskiptaskuldir, að fella niður heimild til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð og draga úr fyrningarheimildum fyrirtækja. Þetta eru aðalbreytingarnar sem lúta að fyrirtækjum.

Áður en ég kem að hinum þáttunum vildi ég bæta því við að í frv. eins og það hér liggur fyrir er ekki tillaga um að breyta skattaprósentu fyrirtækja. Fyrir fáeinum árum var þessi skattaprósenta 65%, ef ég man rétt. Núna er hún lægri eða um 50%. Ég vil taka það fram sem mína skoðun að ég tel vel koma til greina að breyta þeirri prósentu um leið og dregið er verulega úr frádráttarheimildum fyrirtækjanna.

Ég kem þá að öðrum meginþætti brtt. sem við flytjum á þskj. 9, en þar er opnað fyrir þann möguleika að fólk geti losnað við framtöl sín um hver áramót með sérstökum heimildum sem hver og einn verður að undirrita til skattstofanna. Hugmyndin er sú að einfalda þetta kerfi að því er varðar almenning. Ég bendi á í þessu sambandi að í grg. kemur fram að hliðstætt kerfi hefur þegar verið tekið upp í Danmörku með nýjum skattalögum sem þar tóku gildi að mig minnir frá og með áramótum 1987 frekar en 1986. Alla vega er það mjög nýlegt. Afleiðingin hefur orðið sú að stór hluti skattgreiðenda, ellilífeyrisþegar og fleiri slíkir aðilar með mjög einfaldan fjárhag, þurfa ekki að standa í allri þeirri pappírsvinnu sem fylgir framtölum og veldur fólki auðvitað oft áhyggjum vegna þess að fólk á misjafnlega auðvelt með að plægja í gegnum þetta. Hér er ekki gert ráð fyrir að um skyldu verði að ræða vegna þess að fjölda margir, einnig þeir sem eru með einfaldan fjárhag, vilja annast þetta sjálfir. En greinin eins og hún er hér er þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Framtalsskyldur einstaklingur samkvæmt þessari grein getur heimilað skattyfirvöldum að ganga að öllu leyti frá framtali sínu og skattlagningu samkvæmt upplýsingum sem skattyfirvöld afla sér frá opinberum aðilum, bönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum eða öðrum aðilum sem skattstofurnar meta gilda. Skal þá framteljandinn útfylla eyðublað sem skattstjórinn útbýr og sendir með framtalseyðublaði“ o.s.frv.

Ég hirði ekki um að rekja þetta frá orði til orðs. Hér er um að ræða nýmæli. Hér er um að ræða tillögu sem ég held að hreyfi við mjög mikilvægu atriði. Ég held að svipurinn á skattakerfinu gagnvart almenningi skipti mjög miklu máli. Ég held satt að segja að það sé talsvert um að fólk sé hrætt við alla þessa pappíra, leitar þess vegna t.d. til lögfræðinga í stórum stíl, jafnvel með mjög einföld framtöl, og þeir hjálpa fólkinu með framtölin og ganga frá þeim eins og venja er til. En ég hygg að með þeirri byltingu sem hefur orðið vegna nútímatölvutækni og þróun hennar sé í raun og veru mjög einfalt að koma þessum upplýsingum öllum til skattstofanna frá þessum aðilum, lífeyrissjóðum, launagreiðendum, bönkum o.s.frv., og þess vegna væri hægt að fella þetta niður hjá talsverðum fjölda fólks. A.m.k. hefur það gefist sæmilega hjá frændum okkar um leið og þeir eru með staðgreiðslukerfi.

Næsti þáttur þessa frv., sem ég tel að efnislega skipti einna mestu máli, er tillaga um að fjármagnstekjur verði allar framtalsskyldar eins og aðrar tekjur. Það er orðað svo í greininni, með leyfi forseta, og það er tekið mið af greininni sem fjallar um framtalsskyldu launa. Það er í raun og veru alveg sama orðalag á þessari grein og á greininni um framtalsskyldu launa. Þar segir:

„Allir sem taka fé á leigu gegn gjaldi eða stunda viðskipti með fjármuni og skuldabréf, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, verðbréfamiðlara, fasteignasala eða aðra skylda aðila samkvæmt nánari skilgreiningu ríkisskattstjóra, skulu ótilkvaddir senda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur fyrir fjármuni í hvaða mynd sem er. Hér er átt við vaxtatekjur og vaxtagjöld, verðbætur á skuldir og innstæður, dráttarvexti, innheimtukostnað, afföll eða annars konar greiðslur fyrir fjármuni sem þessir aðilar lána eða taka á móti eða þjónustugjöld þessara stofnana.

Hver stofnun skal tilgreina nafn, heimilisfang og nafnnúmer einstaklings eða fyrirtækis og heildarviðskipti við stofnunina og allt það annað sem ríkisskattstjóri kann að ákveða að nauðsynlegt sé til þess að fá tæmandi upplýsingar um viðskipti einstaklinga og fyrirtækja samkvæmt þessari málsgrein.“

Í þessu frv. er sem sagt einvörðungu gert ráð fyrir að þessar tekjur séu framtalsskyldar eins og aðrar tekjur. Hér er ekki gerð tillaga um hvernig skattmeðferð þessara tekna á að vera í einstökum atriðum. Ef fallist yrði á það sjónarmið, sem er sett fram í 7. gr. frv., yrði auðvitað að taka sérstaka ákvörðun um skattmeðferð þessara tekna vegna þess að það væri með öllu óeðlilegt að skattleggja vexti sem eru innan við verðbólgustig sem tekjur. Það yrði auðvitað að taka tillit til raunvaxtastigs og skattleggja samkvæmt því. En tillögur um það hver

skattameðferðin yrði samkvæmt þessu eru ekki inni í þessu frv. Frv. leggur aðeins áherslu á að undirstrika: Þetta á að skattleggja eins og aðrar tekjur. Af hverju skyldu þeir sem vinna borga skatta en þeir sem fá vexti ekki borga neina skatta af sínum tekjum? Það er óeðlilegt fyrirkomulag. Auðvitað getur hinn pólitíski vilji löggjafarvaldsins verið sá að menn eigi að fá skattfríðindi af vaxtatekjum, raunvaxtatekjum jafnvel, til þess að hvetja til sparnaðar, en þá á það að vera sjálfstæð pólitísk ákvörðun og taka hana vitandi vits með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um skattlagningu atvinnutekna.

Í sjötta lagi leggjum við til að skattrannsóknastjóri láti á hverju ári fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja sem ákveðin verða samkvæmt útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðla skal að því að fyrirtæki og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökuð reglulega.

Hér hef ég farið yfir þessar breytingar, virðulegi forseti, og gert grein fyrir þeim. Nú er það svo að það kann að virðast nokkuð sérkennilegt eða a.m.k. óvenjulegt að tillögur sem fluttar hafa verið á síðasta þingi séu endurfluttar að nokkru leyti, a.m.k. í frv., strax í upphafi næsta þings. En á því er skýring. Og hún er sú að ég var svo heppinn að njóta stuðnings og atfylgis formanns Alþfl. þegar ég flutti þessar tillögur sem brtt. við skattafrv. á síðasta þingi. Ég er ekkert að mælast til þess að hæstv. ráðh. lýsi því yfir að hann samþykki þessar tillögur hér og nú. Ég er fyrst og fremst að leggja þessar tillögur hér fram til að sýna hvaða tillögur við erum með í þessum efnum um leið og tekið verður á skattamálunum í heild á næstu vikum og mánuðum sem ég vona sannarlega að gert verði og ég mun hjálpa til við að greiða fyrir þeim málum í gegnum þingið eins og kostur er, en ég á sæti í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Til þess að lokum, virðulegi forseti, að undirstrika á hvaða forsendum þessi skattafrv. eru flutt vil ég lesa, með leyfi forseta, samþykkt Alþb. um skattamál þar sem farið er yfir nokkur meginatriði í skattamálum. Þau eru þessi:

1. Skattkerfinu verði breytt til þess að tryggja að allir leggi af mörkum til sameiginlegra þarfa landsmanna.
2. Skattleysi eignamanna, hátekjufólks og gróðaaðila í gegnum háþróað net frádráttarliða og sérreglna verði afnumið.
3. Tekjuskattskerfið verði einfaldað, bæði að því er varðar framtöl og skattlagningu.
4. Frádráttarheimildum fyrirtækja og einstaklinga í rekstri verði fækkað.
5. Skattfrelsismörk einstaklinga verði hækkuð verulega.
6. Með þessu verði skattbyrði almenns launafólks minnkuð, en skattar fyrirtækja auknir.
7. Komið verði á stighækkandi stóreignaskatti.
8. Tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta.
9. Skattaeftirlit verði hert.
10. Viðurlög við skattsvikum verði látin bíta í raun.
11. Settur verði upp skattadómstóll og fyrirtæki og einstaklingar í einkarekstri sem verða uppvís að skattsvikum missi rekstrarleyfi.

Hér er tæpt á nokkrum atriðum og auðvitað ræðst það m.a. af fjárhag ríkissjóðs á hverjum tíma og fleira hvernig er hægt að ganga til verka við framkvæmdir stefnuatriða eins og þeirra sem hér hafa verið talin. Ég tel hins vegar að það hefði verið í betra samræmi við málflutning Alþfl. á síðasta kjörtímabili að byrja á fyrirtækjunum en að byrja á matarskattinum. Það held ég að sé ómögulegt annað en að taka undir þegar ég segi: Málflutningur Alþfl. fyrir kosningarnar leit þannig út að ef hann fengi einhverju ráðið yrði byrjað á þeim sem hafa hirt fé í góðæri undanfarinna ára en ekki hinum. — Ég a.m.k. skildi það svo.

Ég læt mig einu gilda þó að hæstv. fjmrh. áminni mig um sannsögli. Hann hefur ekkert vald til þess. Ég segi: Takk sömuleiðis, hæstv. ráðherra. Áminningar hans í þeim efnum snerta mig ekki vitundarögn. En ég vil segja þetta af minni hálfu vegna þess að ég geri ráð fyrir því að við eigum eftir að eiga nokkrar orðræður saman hér síðar í vetur.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það var eitt sinn svo hér á hv. Alþingi að ég hafði mikinn áhuga fyrir skattamálum og hef það í reynd enn, en hef hins vegar ekki blandað mér mikið í umræður á undanförnum árum um þann málaflokk.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi um það áðan að hæstv. fjmrh. hefði talað öðruvísi einhvern tíma áður um þessi mál en nú. Ekki skal ég leggja dóm á það, en ég býst við því að það sé svo bæði með hann og mig og hv. þm. Svavar Gestsson að það sé ávallt hollt og gott að kynnast málum af eigin raun. Það vill oft fara svo með alla að það er ekki jafneinfalt að koma hlutum í framkvæmd og að segja það í ræðustól á hv. Alþingi. Ég held að það hafi sannast í gegnum tíðina að menn hafa e.t.v. haldið að það væri hægt að leysa öll skattamál í ræðustól á Alþingi og með því að breyta skattalögum.

Mér finnst enn vera sá tónn í umræðunum að hv. þm. haldi að hér eigi að breyta skattalögum sem oftast og með því verði komið í veg fyrir skattsvik og komið á réttlæti í skattamálum. Það er alls ekki svo vegna þess að það sem einkum hefur skort í íslenskum skattamálum er að framkvæma þau skattalög sem fyrir eru og gefa þeim aðilum sem vinna að framkvæmd skattamála tóm til þess og frið og vera ekki alltaf að hræra í skattalögunum. Ekki þar með sagt að það eigi aldrei að breyta skattalögum, það vil ég ekki að verði skilið svo, heldur á að gera það varlega og reyna að koma anda þeirra skattalaga sem í gildi eru í framkvæmd.

Það hefur ávallt verið mikill áhugi fyrir því hér á

Alþingi að fjölga undanþágum og það hefur sannast í gegnum tíðina. Og það hefur ávallt verið mikill áhugi fyrir því hér á Alþingi að fjölga frádráttarliðum. Það kemur í reynd fram í skýrslu skattsvikanefndarinnar þar sem sagt er um lögin sem sett voru 1978 og var allgóð samstaða um hér á Alþingi, þó að þau séu í mörgu orðin úrelt, að þar hafi verið bætt við ýmsum frádráttarliðum og þar með hafi framkvæmd þeirra í reynd reynst erfiðari.

Það sama á við um söluskattslöggjöfina. Á undanförnum árum, og ég á jafnframt aðild að því, hefur verið fjölgað ýmsum söluskattsundanþágum vegna þrýstings á Alþingi og í þjóðfélaginu almennt og þó fyrst og fremst til að hafa áhrif á vísitölu til að gleðja einhvern með að það væri ekki ástæða til að reikna út hvort sem það er kallað skerðing kaupmáttar eða eitthvað annað með þeim hætti sem raun ber vitni. Menn hafa verið að fjölga þessum undanþágum til að hafa áhrif á vísitölu.

Nú er svo komið að menn eru almennt sammála um það, og það er aðalatriðið í skýrslu skattsvikanefndarinnar, að þetta gangi ekki lengur. Vegna þess hafa menn m.a. ákveðið að fækka undanþágum í söluskatti í þeim tilgangi að gera það síður mögulegt að svíkja undan skatti. Með þeim hætti má beita skattalögum til þess að það verði ekki jafnauðvelt að svíkja undan skatti. Það er ekki þar með sagt að það auki réttlæti í skattamálum. Það er alveg ljóst að ekki er réttlátt í reynd að leggja sama skatt á nauðsynjavöru og lúxusvöru. Hitt er svo annað mál að það vefst fyrir mörgum í okkar velferðarþjóðfélagi hvað er nauðsynlegt og hvað er lúxus. Það hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum. Með þeim hætti tala menn m.a. nú um matarskatt, að það sé einhver sérstakur illvilji í mönnum að leggja skatt á þann vöruflokk sem er vissulega meiri nauðsynjavara en margt annað. Undir það get ég tekið. En ég tek undir þau orð hæstv. fjmrh. að ef menn meina eitthvað með því að koma á góðu skattkerfi, sem er gott að líta eftir, verður að fækka undanþágum, en þá er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að mæta því með öðrum hætti.

Mér finnst að menn blandi nokkuð saman, og hv. þm. Svavar Gestsson gerði það, þegar rætt er annars vegar um skattsvik og hins vegar skattalög. Skattsvik eru því miður mikil hér á landi, en það má ekki blanda saman heimildum í skattalögum og skattsvikum. Hann sagði að það væri mikill frádráttarfrumskógur hjá fyrirtækjum og það væri alveg rosalegt. Ég er ekki sammála þessu mati hans. Það er ekki mikill frádráttarfrumskógur hjá fyrirtækjum. Alveg er ljóst að það er meginregla í skattalögum að því er varðar íslenskan atvinnurekstur að kostnaður við öflun teknanna er frádráttarbær og ekkert annað. Og ætli það sé ekki tiltölulega einföld og góð regla að allur kostnaður sem viðvíkur öflun teknanna sé frádráttarbær?

Hann minntist á að það væru atriði eins og sektir og slíkir hlutir sem ekki væru frádráttarbær. Það eru sektir sem varða fyrirtækin sjálf. Þær sektir eru ekki skilgreindar sem kostnaður vegna öflunar tekna. Það er alveg ljóst að risna og persónuleg eyðsla eigenda eru ekki kostnaður vegna öflunar tekna og eru því ekki frádráttarbærar. Það þarf í sjálfu sér ekki að setja nein ný lög um það. Það er út af fyrir sig allt í lagi að bæta einhverjum lagagreinum um það í skattalögin. Það hefur ekkert upp á sig. En það sem hefur upp á sig er að framfylgja núgildandi lögum og það geri menn sem hafa til þess kunnáttu, getu og peninga til að gera það.

Ég tek hins vegar undir það með honum að það er reyndar nauðsynlegt að setja miklu skýrari reglur um risnu og ýmislegt slíkt. Það hefur verið gert víða um lönd og ekki bara í þeim löndum sem hann minntist á. Það var síðast gert í Bandaríkjunum þar sem það var skilgreint að ekki mætti fara út með viðskiptavini að borða nema á meðaldýrum veitingahúsum. Ef farið væri eitthvað umfram það væri það ekki frádráttarbært. Menn hafa jafnvel farið út í það að láta þá sem njóta matarins kvitta fyrir. Það má ýmislegt gera af þessu tagi og það tel ég að rúmist allt innan núgildandi laga. Það mætti framkvæma margt gott innan þeirra laga.

Hann minntist hins vegar á að það væri mikið mál að lækka afskriftir að því er varðaði matsverð vörubirgða og útistandandi skuldir og afskriftareglur. Það má vel vera að það megi eitthvað lækka þær, en ég vil hins vegar að gefnu tilefni minna á hvernig þessar afskriftir eru til komnar. **(Forseti:** Má ég aðeins trufla hæstv. ráðh.? Nú er liðið að lokum þessa fundartíma þannig að ég vildi spyrja ráðherra hvort hann ætti mikið eftir og gæti lokið máli sínu eða hvort hann vilji fresta því.) Ætli ég vilji ekki fresta því. Eigum við ekki halda áfram að ræða þetta mál. Það er nokkuð mikilvægt?

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

3. fundur, miðvikudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 2. mál. — Þskj. 2.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, en flm. ásamt mér eru aðrir hv. þm. Alþb. í Nd.

Frv. þetta er nú flutt í þriðja sinn hér í þessari virðulegu deild sem þmfrv., en hafði raunar verið lagt fram sem stjfrv. á þinginu 1982–1983 og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar til skjótrar athugunar eða

eins og segir í grg.: „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga".

Síðan hefur ekki, svo mér sé kunnugt, verið fjallað um þetta mál sérstaklega í ríkisstjórnum eða unnið að því að taka á því af hálfu þeirra og þess vegna er málið enn flutt af okkur þm. Við teljum að nauðsynlegt sé að setja um þessi efni almennar reglur og það óháð því hvort álit manna sé að líklegt sé að verðmæt jarðefni eða auðlindir sé að finna á hafsbotni innan íslenskrar lögsögu.

Meginefni frv. kemur fram í 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum."

Í öðrum greinum frv. er kveðið á um að leitað skuli leyfis iðnrh. til leitar að slíkum efnum til hagnýtingar og iðnrh. skuli gefa út leyfi ef þurfa þykir til að nýta efni af hafsbotni. Tími til slíkrar hagnýtingar samkvæmt sérstöku leyfi er 30 ár samkvæmt ákvæðum 4. gr. og gert er ráð fyrir að iðnrh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Frv. þetta var upphaflega undirbúið af sérstakri nefnd sem kallast hafsbotnsnefnd iðnrn. og hefur verið starfandi síðan 1980, að mig minnir, og ég veit ekki betur en að hún sé enn starfandi. Í öllu falli var hún endurskipuð af hæstv. fyrrv. iðnrh., hv. þm. Albert Guðmundssyni, á síðasta ári. Þegar frv. var mótað hafði forustu í nefndinni Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, og með honum voru þar að verkum sérfræðingar. Litið var til löggjafar nágrannalanda um þessi efni, ekki síst norskra ákvæða, og það var talið, m.a. af hæstv. fyrrv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni, gild ástæða til þess að undirbúa og setja slíka löggjöf. Eins og ég gat um er mér ekki kunnugt um að sérstök hreyfing hafi verið á þessu máli hjá ríkisstjórnum sem síðan hafa setið, en hæstv. iðnrh., sem hér er viðstaddur, upplýsir okkur væntanlega um það ef svo er, svo og vænti ég þess að hann segi hug sinn til þessa máls hér í umræðum.

Það er mat okkar að þó að lagareglur hafi verið settar um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum með lögum frá 1979 skorti reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum sem kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Í grg. með frv. er rakin saga rannsókna sem tengjast þessu máli, athugana á íslenskum hafsbotnssvæðum allt frá árinu 1972 fram undir þennan dag og er ég ekki að rifja hana upp hér sérstaklega. Þó vil ég víkja að þeim athugunum sem síðast fóru fram um þessi efni, en það voru rannsóknir í samvinnu við norsk stjórnvöld og norska jarðeðlisfyrirtækið Geco og Orkustofnun sem unnar voru með „seismiskum" mælingum sem svo eru kallaðar, eða bergmálsdýptarmælingum, sumarið 1985. Þær athuganir voru tvenns konar. Meginrannsóknin sem þá fór fram var á Jan Mayen svæðinu sem um gildir sérstakt samkomulag milli Íslands og Noregs frá 22. október 1982 og þar voru mældar yfir 4000 km langar línur eða farið með skip yfir 4000 km og gerðar bergmálsdýptarmælingar til þess að kanna hafsbotninn.

Hin athugunin tók til Flateyjarsvæðisins sem svo er kallað, þ.e. setlagadældarinnar sem uppgötvaðist upp úr 1980 úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, þar sem er að finna samkvæmt niðurstöðum þeirra rannsókna þykkustu setlög sem vitað er um hér við Ísland eða allt að 7–8 km á dýpt. Þar fóru fram boranir, nánar tiltekið í Flatey 1982, að vísu fremur grunn rannsóknaborun, og það var áhugi á því hjá íslenskum stjórnvöldum að fá ítarlegri athuganir og það tókst sumarið 1985, ég hygg fyrir tilverknað þáv. ráðherra iðnaðarmála, að fá mælingar einnig á þessu svæði þar sem farið var yfir 230 km með bergmálsdýptarmælingum til að safna fyllri heimildum. Íslenskir sérfræðingar fylgdust með þessu máli og þar hefur verið fremstur Karl Gunnarsson, ég hygg jarðeðlisfræðingur, starfsmaður Orkustofnunar, sem sl. ár var við Oslóarháskóla til þess að afla sér fyllri þekkingar á málum sem þessu tengjast, þ.e. olíuleit sérstaklega. Hann fylgdist ásamt fleiri sérfræðingum með þessum athugunum 1985 og hefur verið þátttakandi í úrvinnslu þessara gagna sem hafa farið fram í Noregi en einnig að hluta til hérlendis hjá Orkustofnun þar sem menn hafa verið að koma upp búnaði til þess að geta tekið fullan þátt í úrvinnslu á gögnum af þessu tagi.

Nú er það svo að hugmyndin er að selja þessar upplýsingar til iðnaðaraðila, olíufélaga eða annarra sem áhuga kynnu að hafa á þessum gögnum, til frekara mats, og ef hagnaður yrði af slíkri sölu kæmi hann að hluta til til Íslands og þá á ég við Jan Mayen svæðið sérstaklega. Af þessum ástæðum eru gögnin að nokkru leyti óopinber og yfir þeim er ákveðin leynd, en þó verða almenn atriði úr þessum niðurstöðum birt í skýrslum sem nú eru á lokastigi úrvinnslu og munu verða tiltækar hjá Orkustofnun að því er mér er tjáð fyrir lok þessa árs. Ég vil leyfa mér vegna umræðu um þetta mál að geta þess sem ég hef fengið upplýst frá Karli Gunnarssyni um meginniðurstöður í þessum athugunum frá 1985.

Það sem snertir Flateyjarsvæðið bendir ekki til þess að það sé líklegt olíusvæði og gögnin, og úrvinnsla þeirra sem fyrir liggur, eru ekki þess eðlis að líkur séu til að það verði lögð áhersla á frekari athugun þarna með tilliti til olíu á allra næstu árum. Það eru sem sagt ýmis jarðeðlisfræðileg og jarðfræðileg atriði sem eru þess eðlis að líkurnar eru hverfandi. Bæði er mikil brotavirkni á þessu svæði og misgengi sem veldur því að jarðskorpan er sundruð ef svo má segja, er ekki heil, og það vantar auk þess allar sannanir um lífrænar leifar á þessu svæði sem gætu hafa leitt til olíumyndunar jafnvel þótt jarðlögin og jarðeðlisfræði þessa svæðis væri hagstæð með tilliti til olíumyndunar. Þetta er um

Flateyjarsvæðið.

Varðandi Jan Mayen svæðið sem er auðvitað miklu stærra, það sem til athugunar var, gildir verulega öðru máli. Niðurstöður þeirra athugana eru fremur jákvæðar með tilliti til hugsanlegrar olíumyndunar á þessu svæði. Eins og hv. þm. eflaust vita er þarna um að ræða á svæðinu suðsuðvestur af Jan Mayen leifar af meginlandi sem hefur skilist frá þegar Atlantshafið varð til og Grænland rak frá Noregi og þessi lönd skildust að fyrir tugum milljóna ára. Það eru einmitt þær aðstæður sem eru að vissu leyti forsenda fyrir því að líkur séu til að þarna gæti verið um eitthvað verulegt að ræða í sambandi við olíumyndun. Þó er það svo að setlögin sem fundist hafa við athuganir á þessu svæði eru frekar ung, en undir þeim og hraunlögum, sem undir þeim liggja, er talið að séu eldri setlög hliðstæð þeim sem fundist hafa á Jamesonslandi austur af Grænlandsströnd og í Möre-setlagadældinni við Noreg, en þessi svæði, Jamesonsland og Möredældin, voru aðliggjandi fyrr á tíð áður en Norður-Atlantshafið varð til við landrek sem svo er kallað.

Þetta eru sem sagt talin áhugaverð setlög þó að mælingar sanni vissulega ekki tilvist olíu. Karl Gunnarsson hefur tjáð mér að hann telji vísbendingar vera um gasútstreymi þarna á hryggnum, en nánari athugun á eftir að fara fram á því. Þessi setlög eru innan rammans sem samkomulag Íslands og Noregs frá 1981 tekur til, en það er birt sem fylgiskjal með þessu frv. og menn sjá þetta svæði á bls. 12 í fskj. VIII þetta svæði sem snertir þetta samkomulag og Íslendingar eiga tilkall til að hluta, þ.e. út að 200 mílum, en Norðmenn aftur þar norðnorðaustur af og er þeirra hlutur vissulega mun stærri landfræðilega séð.

Það er líka svo að setlög á þessu svæði, sem gefa helst til kynna að þarna gæti verið um olíumyndun að ræða, eru að meiri hluta inni á norsku svæði, þ.e. utan við 200 mílurnar frá Íslandi. Þó er það svo að þau ganga einnig suður á hið íslenska svæði og raunar alveg upp undir landgrunnsbrúnina norðaustur af landinu. Þar eru að vísu þessi setlög og meginlandsleifar klofin upp í nokkra þætti og þar er dýpi líka mun meira heldur en á norska svæðinu og allir erfiðleikar varðandi hugsanlega nýtingu í framtíðinni mun meiri. Norðar á þessu aðalsetlagasvæði er dýpið 700–1000 metrar en dýpkar þegar nær dregur Íslandi þar sem dýpið er um 1500 metrar. Það er sem sagt ástæða til að ítreka að engin vissa er um olíu á þessu svæði þó að skilyrðin geti verið hagstæð í því sambandi og hitt skulum við einnig hafa í huga að það er langt frá því að núverandi tækni geri kleift að vinna olíu við þessar aðstæður. Það er sem sagt háð tækniframförum að til slíks gæti dregið og það eru áratugir, 10–20 ár a.m.k., sem talið er að þurfi til þess að þróa slíka tækni og til þess þurfa öflugir aðilar að hafa áhuga á nýtingu á þessu svæði.

Menn spyrja eðlilega þegar rætt er um hagnýtingu efna eins og t.d. olíu á íslenskum hafsbotnssvæðum eða svæðum sem eru nálægt landinu hvort þarna sé ekki um að ræða verulega áhættu í sambandi við umhverfisþáttinn og hættu sem okkar sjávarauðlindum gæti stafað af nýtingu, t.d. af olíuvinnslu, á þessu svæði. Við leggjum áherslu á það flm. og það er fram tekið í grg. að að þessum þáttum þurfi sannarlega að huga og það jafnhliða öllum hugmyndum sem tengjast hugsanlegri olíuvinnslu og jafnvel olíuleit. Ég hef að vísu heyrt það sem álit sérfræðinga í Hafrannsóknastofnun að varðandi Jan Mayen svæðið sé ekki talið að straumar liggi þannig að jafnvel þó um óhapp væri að ræða eða slys sem stundum er svo kallað í sambandi við olíuvinnslu ætti það ekki að ógna eða stefna sjávarauðlindum okkar, fiskimiðum okkar, í verulega hættu. Ég skal ekki leggja mat á þetta, enda er hér aðeins um lauslegar upplýsingar að ræða, en tel nauðsynlegt að leggja áherslu á þennan þátt alveg sérstaklega þegar verið er að ræða um slík hugsanleg nýtingaráform í framtíðinni.

Ég vil svo, herra forseti, undir lok míns máls minna á að þegar mál þetta var rætt síðast í þinginu komu fram jákvæðar undirtektir frá þáverandi hæstv. iðnrh., nú hv. þm. Albert Guðmundssyni, varðandi þetta mál og hafsbotnsnefndin, sem hann endurskipaði í fyrra, veitti allshn., sem fékk mál þetta til meðferðar, og ég legg raunar til að málið gangi aftur til allshn. þessarar deildar, umsögn um frv. eins og það liggur hér fyrir og sú umsögn er birt sem fskj. með frv. á bls. 5. Hv. þm. geta kynnt sér álit hafsbotnsnefndarinnar sem er eindregið og jákvætt og þar er hvatt til þess, eins og segir í niðurlagsorðum:

„Hafsbotnsnefndin mælir með því fyrir sitt leyti að sett verði lög um eignarrétt að auðlindum hafsbotnsins og hefur ekki efnislegar athugasemdir að gera við frumvarpið.“

Ég nefni það svo að lokum að ég vænti þess að mál þetta fái ekki aðeins þinglega meðferð heldur vænti ég þess að á því verði tekið í ljósi þeirrar jákvæðu umsagna sem þegar liggja fyrir og allrar forsögu málsins þar sem menn úr ýmsum flokkum, fyrrv. hæstv. ráðherrar, hafa tekið mjög jákvætt undir það og undirstrikað nauðsynina að slík lagasetning verði að veruleika og það einnig þó ekki sé um að ræða neinar sérstakar aðstæður sem krefjist slíks. Það er nauðsynlegt fyrir Alþingi að horfa til framtíðarinnar og móta almennar reglur varðandi íslenskt yfirráðasvæði. Hér er sannarlega um að ræða miklu stærra svæði en er ofansjávar og telst til Íslands og því full ástæða til þess fyrir þingið að móta um þetta reglur. Ekki mundum við flm. fyrtast við þó að athugasemdir væru efnislega af hálfu þingdeildarinnar eða nefndar þingsins varðandi þetta mál því að skylt er að skoða það og leita sem bestra leiða í sambandi við löggjöf. En ég legg til að að lokinni umræðu verði þessu máli vísað til hv. allshn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 6. mál (sjúkradagpeningar). — Þskj. 6.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67 1971, með síðari breytingum, en frv. liggur fyrir hinu háa Alþingi á þskj. 6 og er 6. mál 110. löggjafarþings. Meðflytjendur frv. eru hv. þm. Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Frv. þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er því endurflutt nú með þeirri breytingu að 2. gr. þess er ný og skal gerð nánari grein fyrir henni síðar. Frv. hljóðar svo:

„4. mgr. 45. gr. laganna orðist svo“ — og er það 1. gr. frv.:

„Fullir dagpeningar fyrir einstakling skulu jafngilda lágmarkslaunum ófaglærðs verkafólks fyrir átta stunda dagvinnu eins og þau eru á hverjum tíma. Að auki skal greiða 4% af framangreindum launum fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, þar með talin börn utan heimilis sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.“

2. gr. hljóðar svo:

„Í c-lið 2. mgr. 51. gr. laganna falli niður orðin „vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis“.“

Og 3. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

1. gr. frv. þessa fjallar um hækkun sjúkradagpeninga sem sjúkrasamlög greiða ef samlagsmaður sem orðinn er 17 ára veikist og verður algjörlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður. Frv. gerir ráð fyrir að sjúkradagpeningar fyrir einstakling nemi sömu upphæð og lágmarkslaun ófaglærðra á hverjum tíma og verði jafnháir greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Greiðslur vegna barna undir 18 ára aldri eru einnig færðar til samræmis við greiðslur vegna barna úr þeim sjóði.

Hv. þm. til upplýsingar skal þetta skýrt: Ef maður veikist og verður óvinnufær svo að allar vinnutekjur hans falla niður greiðir sjúkrasamlag hans honum sjúkradagpeninga meðan hann er undir læknishendi. Vari veikindin lengur en 52 vikur tekur Tryggingastofnun ríkisins við greiðslum samkvæmt örorkumati nema annað sé ákveðið eða maðurinn heill meina sinna. Hverjar eru þessar greiðslur nú sem hinum sjúka er ætlað að framfleyta sér og sínum á í veikindum? Frá 1. okt. 1987 fær maðurinn sem tekjulaus hefur orðið 346 kr. og 93 aura á dag eða 10 407,90 kr. á mánuði — 10 407,90. Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri fær hann auk þess greiddar 94 kr. og 14 aura — og nákvæmt skal það vera — á dag eða 2824,20 kr. á mánuði. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að gera sér í hugarlund hvernig staða fjölskyldumanns er í slíku tilviki og með ólíkindum að fólki skuli boðið upp á slík kjör í margrómuðu velferðarþjóðfélagi okkar. Greiðslur sem þessar eru hvorki til þess að lifa eða deyja af og þegar litið er til þeirra fjárskuldbindinga sem venjulegt fjölskyldufólk hefur á herðunum hér á landi verða þær hreinn skrípaleikur. Starfsfólki sjúkrasamlaganna er enda sárasta raun að afgreiða veikt fólk á þennan hátt og fjölmargir starfsmenn hafa haft samband við mig út af þessu máli.

Við gerð kjarasamninga hefur verið viðurkennt að 29 975 kr. á mánuði séu lágmark þess sem unnt sé að komast af með sér til viðurværis. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er tryggt að við atvinnumissi hafi bótaþegi lágmarkslaun verkafólks sér til framfærslu. Lög um almannatryggingar eru hins vegar löngu úrelt orðin varðandi sjúkradagpeninga og bótaupphæðir í engu samræmi við tilgang laganna sem hlýtur að hafa verið sá að tryggja þeim afkomu sem af einhverjum ástæðum geta ekki gert það með vinnu sinni. Hvergi í almannatryggingakerfinu er ástandið í líkingu við þau bágindi sem þeim eru boðin sem veikst hafa og orðið hafa óvinnufærir og eiga ekki rétt á öðru en sjúkradagpeningum meðan þeir eru undir læknishendi. Það er með öllu ósæmandi að við svo búið verði unað.

2. gr. frv. er til þess flutt að numið verði úr gildi það ranglæti, sem nú viðgengst, að mæðralaun — og ég bið hv. þm. að taka eftir — skerði sjúkradagpeninga hafi foreldrið sem þeirra naut verið heimavinnandi. Ljóst er að hér er svo til eingöngu um að ræða mæður, einstæðar mæður með svo mörg börn að útivinna með tilheyrandi barnagæslutilkostnaði er ekki framkvæmanleg. Þessar konur reyna því að komast af með meðlögum og mæðralaunum. Verði slík kona hins vegar veik skerðast sjúkradagpeningar hennar sem mæðralaununum nemur. Hafi kona hins vegar unnið úti heldur hún óskertum dagpeningum. Starfsfólk sjúkrasamlaganna hefur ítrekað bent á þetta óréttlæti í mörg ár án árangurs.

Við flm. þess frv. sem nú hefur verið mælt fyrir teljum að það ranglæti sem nú viðgengst gagnvart þeim sem veikjast eða verða að una sjúkradagpeningagreiðslum sé ósæmandi. Okkur er einnig ljóst að hér er um nokkra fjárupphæð að ræða. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur boðað heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar og ekki kæmi það mér á óvart þó að hann vísaði til þess hér á eftir. En á það má benda að einmitt þessar greiðslur hlytu að verða eitt fyrsta leiðréttingarverkefni þeirrar nefndar sem falin yrði endurskoðunin, en jafnframt skal á það bent að heildarendurskoðun tekur langan tíma og ekki sæmandi að bíða eftir henni. Það fólk sem nú býr við þau kjör sem ég lýsti í upphafi máls míns hefur enga biðlund.

Enn má á það benda að hver ráðherrann á fætur

öðrum hefur á síðustu árum sett á laggirnar nefnd til að endurskoða almannatryggingar og reynslan hefur raunar sýnt að fjölmargar endurbætur hafa verið gerðar á lögunum vegna þeirrar vinnu. En nýr lagabálkur um almannatryggingar í heild hefur ekki birst enn þá, enda get ég sagt hæstv. ráðh. strax að slík lagagerð er ekkert áhlaupaverk þar sem jafnframt þyrfti þá að endursemja öll lög um lífeyrissjóði í landinu ef vel ætti að vera. Ég á því ekki von á neinni heildarlöggjöf um almannatryggingar á næstu árum, ekki heldur í tíð þess hæstv. ráðh. sem nú gegnir því starfi, og bið menn því að gera upp hug sinn um það hvort sjúklingar sem stríða nú við tímabundin veikindi eigi að bíða þeirrar endurskoðunar.

Herra forseti. Um skeið hefur staðið yfir athugun á starfsemi hins háa Alþingis og tillagna til úrbóta til samræmis við breytta tíma hefur verið leitað. Allir hv. þm. virðast sammála um að þingnefndir hafi verið of seinvirkar. Um leið og ég þakka frumkvæði um að gera störf hins háa Alþingis markvissari vil ég leyfa mér að vænta þess að nefndir þingsins hefjist nú þegar handa um að afgreiða þau mál sem mælt er fyrir í upphafi þings og síðan jafnharðan eftir því sem þau berast í stað þess að nefndarstörfin bíði að mestu leyti jólaanna og þingloka. Með þeim óskum, herra forseti, legg ég til að frv. það sem ég hef nú mælt fyrir verði falið hv. heilbr.- og trn. Nd. til fyrirgreiðslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það hafa ekki liðið margir dagar af starfstíma þessa nýbyrjaða þings þegar farið er að flytja brtt. um lög um almannatryggingar. Það er reyndar ekki nýtt vegna þess að á hverju þingi að undanförnu hafa verið fluttar brtt. við almannatryggingalöggjöfina og e.t.v. er það ekkert að undra. Hún er að stofni til frá 1971 og ekki vafi á að það eru fjölmörg ákvæði í þessum lagabálki sem nú þegar þarfnast endurskoðunar. Og auðvitað hefur Alþingi samþykkt ýmsar af þeim tillögum sem hér hafa verið lagðar fram og gert á þessari löggjöf ýmsar breytingar, vonandi flestar eða allar til bóta, en ábyggilega líka ýmsar sem hafa leitt til þess að löggjöfin er ekki í fullu samræmi innbyrðis og með öðrum lagabálkum, eins og t.d. lögum um málefni fatlaðra og að hluta til einnig með lögum um málefni aldraðra, er hún er farin að skarast þannig við aðra lagasetningu að full þörf er á heildarendurskoðun.

Hv. 13. þm. Reykv. sagði frá því áðan í framsöguræðu sinni að auðvitað hafa menn oft áður gefið yfirlýsingar um að það þurfi að endurskoða þessa löggjöf í heild sinni og fyrrv. hæstv. heilbrigðisráðherra hafa einnig lagt í það mikla vinnu. Það hafa verið starfandi nefndir á þeirra vegum og það liggja nú þegar fyrir margvíslegar upplýsingar í ráðuneytinu sem ættu að koma nýrri nefnd eða nýju fólki sem að þessu verkefni kemur til með að vinna verulega til góða. Ég vona því að þau orð hv. 1. flm. eigi ekki eftir að standast þegar hann heldur því fram að ný heildarlöggjöf um almannatryggingar eigi ekki eftir að líta dagsins ljós á næstu árum.

Auðvitað er erfitt að setja í þessu tímamörk vegna þess að þetta er svo mikið verk. Ég hef þó leyft mér að vonast til þess að það yrði hægt að vinna að því svo hratt að við gætum ætlast til þess að sjá á næsta ári einhvern árangur slíks nefndarstarfs. Ég hef hugsað mér að reyna að beita mér fyrir því að svo verði.

Það frv. sem hér er flutt er sjálfsagt eins og öll önnur sem fjalla um breytingar á almannatryggingalögunum til að leiðrétta eitthvert óréttlæti og eitthvert misvægi. Hér er bent á samanburð við t.d. greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Mig langar þó til þess að benda á það eða koma því inn í umræðuna að starfandi eru sjúkrasjóðir á vegum launþegasamtakanna sem greiða verulegar upphæðir í sjúkradagpeninga til fólks sem svo er ástatt með eins og frv. þetta lýsir og ég held að við verðum að taka það með inn í myndina þegar við lítum á þær greiðslur og þær bætur sem fólk fær sem verður fyrir slysum eða sjúkdómum, sem verða bótaskyldir samkvæmt þessu lagaákvæði.

Hér er einnig, ef þetta frv. verður samþykkt, um verulega útgjaldaaukningu að ræða og ég held ég verði að nefna það, en vitna þó til framsöguræðu hv. flm. þegar hún mælti fyrir frv. þessu á síðasta Alþingi. Ég hef ekki haft tíma til að láta skoða hverjar þessar tölur væru núna, en þá greindi hv. flm. frá því að hækkunin samkvæmt ákvæðum frv. kynni að vera allt að 150 millj. kr. Hér er því út af fyrir sig ekki um litlar upphæðir að ræða.

En það sem ég vil segja á þessu stigi er að leggja ber áherslu á að auðvitað þarf að reyna að gæta samræmis milli einstakra ákvæða þessara laga á hverjum tíma. Bætur almannatrygginga voru hækkaðar verulega, og reyndar oftar á þessu ári, en nú í haust, 1. sept., til samræmis við lágmarkslaun í landinu. Það þarf að gæta að því hvað varðar einstaka bótaflokka að á milli þeirra sé nokkuð samræmi og sjálfsagt er að skoða það. Einnig geta allir tekið undir að ef ekki koma aðrar greiðslur til að lifa fyrir en 10 400 kr. á mánuði eru það að sjálfsögðu ekki lífvænleg laun eins og kemur réttilega fram í grg. með frv.

Ég álít líka að ákvæði það sem er fjallað um í 2. gr. þessa frv. sé sjálfsagt og eðlilegt að heilbr.- og trn. deildarinnar taki til skoðunar og vafalaust er það ákvæði sem þarf einnig að samræma við önnur ákvæði almannatryggingalaganna.

En ég minni að lokum á að ég vonast til þess, þrátt fyrir orð hv. flm. um vantrú á heildarendurskoðun laganna, að okkur takist samt sem áður að vinna það verk hratt og vel og það megi sjá dagsins ljós á Alþingi fyrr en seinna þó að ég ítreki að ég vil ekki á þessu stigi dagsetja þann atburð.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta mál, sem hv. 13. þm. Reykv.

flutti hér, sýnir ljóslega þörfina fyrir endurskoðun tryggingalöggjafarinnar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur góðu heilli boðað að standi fyrir dyrum. Svo góð sem sú löggjöf er sem við búum við, þá hafa þó sífelldlega verið að koma í ljós einhver göt eða agnúar þar á. Það getur orðið nokkuð langt að bíða nýrrar heildarlöggjafar og þess vegna er betra að reyna að stoppa í götin.

Þetta frv., sem hér er til umræðu, er í fyrsta lagi til að styrkja það félagslega öryggi sem er markmið almannatryggingalaganna og í öðru lagi til að afnema ranglæti eins og kemur fram í grg. Kvennalistinn styður þetta mál einlæglega og væntir þess að hv. þm. veiti því stuðning og jákvæða afgreiðslu.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra það sem hann hafði til mála að leggja og jafnframt hv. þm. *Málmfríði Sigurðardóttur fyrir hennar stuðning.*

Vegna þeirra orða hæstv. ráðherra sem lutu að því að menn gætu leitað til sjúkrasjóða sinna, þ.e. sjúkrasjóða verkalýðsfélaganna, vil ég upplýsa að þar mun vera unnt að fá í 90–100 daga um 400 kr. á dag. Ég held að vandamál hins sjúka sé mikið til jafnóleyst fyrir því.

Ég vil taka fram að auðvitað óska ég hæstv. ráðherra góðs gengis við að endurskoða almannatryggingalöggjöfina. Ég hef hins vegar sjálf átt sæti í slíkum stjórnskipuðum nefndum og geri mér fyllilega grein fyrir því að þarna er ekki um neitt áhlaupaverk að ræða, ef samræma á almannatryggingalöggjöf og eftirlaunasjóði landsins, og þar eru mörg ljón í veginum. Tíminn verður því að leiða í ljós hvort okkar hefur rétt fyrir sér um að það verði auðvelt viðureignar í fullu samkomulagi við alla aðila að leggja fram réttláta löggjöf um almannatryggingar.

Ég vil hins vegar einnig geta þess að ég get að mörgu leyti sætt mig við almannatryggingalöggjöfina eins og hún er í heild og ég endurtek að ég tel að á undanförnum árum hafi verið gerðar á henni ýmsar lagfæringar, bæði af hálfu stjórnvalda og einstakra þm., sem til bóta hafa orðið.

En það mál sem hér um ræðir er mál sem að mínu viti verður að leysa. Það er alveg rétt í vitnað hjá hæstv. ráðherra. Ég minnist þess að ég komst að þeirri niðurstöðu við flutning málsins á síðasta þingi að það mundi kosta við svipaðar aðstæður og þá voru um 150 millj. og þá væri ekki fráleitt að hugsa sér að sú upphæð hefði hækkað aðeins nú. En þegar við erum að tala um svo háar upphæðir verðum við að átta okkur á því að fjárupphæðir eru afar afstætt fyrirbæri. 140–200 millj. eru miklir peningar. En þeir eru smámunir miðað við það sem nú stendur til að greiða í umframkostnað vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Eg er ein af þeim sem hafa orðið þess varir að það er ósköp notalegt að vera heitara á tánum ef maður er að koma kaldur frá flugvél eða fara í flugvél, en slík lífsnauðsyn er það ekki sem það mál, sem hér hefur verið talað fyrir, óumdeilanlega er.

En hvað er beðið um í umframkostnað til þessarar flugstöðvar sem við forréttindafólk þjóðfélagsins njótum fyrst og fremst góðs af? 850 millj. kr., hæstv. ráðherra, á þessu ári. 850 millj.! Og ósk hefur komið fram um 250 millj. til frágangs stöðvarinnar. Þetta verða 1100 millj. íslenskra kr. Er þá goðgá að biðja um 150–200 millj. til þess að fólk sem veikst hefur, vinnandi fólk sem ber uppi þessa eyðslu, fái laun í veikindum sínum sem eru eitthvað í áttina að því að fjölskylda geti dregið fram lífið? Ég held að við verðum að gera okkur ljóst hverjar þær upphæðir eru sem við erum að fara með á hinu háa Alþingi og ég held að allir hv. þm. hljóti að vera sammála mér um að það mál sem hér hefur verið flutt er æðimiklu nauðsynlegra en glæsileg flugstöð suður á Keflavíkurflugvelli.

Ég vænti því, herra forseti og hv. þm., að þessu *máli* verði veitt brautargengi á hinu háa Alþingi þó að um nokkurn kostnað sé að ræða. Það eru peningar sem þeir sem þeirra njóta hafa sjálfir aflað.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Hv. alþm. Ég er meðflm. að frv. sem hv. 13. þm. Reykv. var að mæla fyrir. Ég geri ráð fyrir að ástæðan fyrir því að við flytjum þetta frv. sé sú sama hjá okkur báðum. Við höfum setið frammi fyrir fólki sem á að lifa á þeim aurum sem það fær út úr sjúkrasamlaginu og við höfum gert okkur grein fyrir því að slíkt er ekki mögulegt.

Hæstv. heilbrmrh. minntist á sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna. Bæði er það að þeir eru misjafnlega sterkir og það sem þeir greiða nálgast ekki þau laun sem fólk missir. Auk þess eru í mörgum þeirra þau ákvæði að fólk þarf að vera búið að vera í félaginu í sex mánuði til þess að fá úr sjúkrasjóði. Það getur náttúrlega enginn verið viss um að fólk sé búið að vera svo lengi í verkalýðsfélagi þegar það veikist.

Ekki eru einu sinni allir í verkalýðsfélagi. Ég minnist máls sem ég afgreiddi. Ég man að það var í apríl 1985. Það voru hjón sem ég þekkti. Maðurinn var nokkru eldri en konan og hann hafði bara ellilífeyri til að lifa á. Þessi hjón komu utan af landi og hún hafði ekki unnið utan heimilis. Síðan verður hún sjúklingur og ég fer að hvetja hana til að athuga hvað hún eigi að fá út úr sjúkrasamlagi. Hún kynnti sér það og það voru í apríl 1985 49 kr. á dag sem þessi kona gat fengið.

Ég býst við að við sem stöndum að þessu frv. séu sammála í því að við eigum ekki að vanþakka almannatryggingar. Við munum nefnilega sum þá tíma sem þær voru ekki til nema í litlum mæli. Við vitum að þær hafa gert mikið gagn. En við þykjumst vera svo stórhuga, Íslendingar. Við erum alltaf að tala um hvað við séum stórhuga. Og vissulega erum við það. Þær sýna það fínu, dýru byggingarnar okkar hingað og þangað úti um landið. En við erum ekkert afskaplega stórhuga þegar við erum að útdeila til þeirra sem eru sjúkir og aldraðir. Það erum við ekki. Við þurfum að taka okkur tak með það líka.

Ég vænti þess að hv. alþm. vilji hugsa um þetta og ég er sannfærð um að ef þeir gefa sér tíma til að hugsa um þetta og fara ofan í málin verða þeir sammála okkur um að þetta þarf að bæta og þetta þarf að bæta strax.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

3. fundur, fimmtudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að hv. 5. þm. Reykn. hefur óskað eftir umræðu utan dagskrár um síðustu ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það verður orðið við þessari ósk og umræðan fer fram skv. 2. mgr. 32. gr. þingskapa. Umræðan hefst að vörmu spori.

Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, beiðni um skýrslu.

Beiðni um skýrslu, 16. mál. — Þskj. 16.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á að hér er beiðni um skýrslu til fjmrh. um útgjöld vegna kostnaðar við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en ég hygg að mál þetta heyri undir utanrrh. og þess vegna sé ekki rétt að þessari beiðni staðið og er e.t.v. rétt að taka það til frekari athugunar áður en gengið er frá málinu hér í sameinuðu þingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna þess að ég er 1. flm. að þessari beiðni um skýrslu þætti mér ekki úr vegi að bæði utanrrh. og fjmrh. stæðu fyrir svörum í þessu efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að skv. þingsköpum er ekki gert ráð fyrir að forseti Sþ. samþykki skýrslubeiðni. Hins vegar ber honum að leggja málið fyrir þingfund til ákvörðunar.

Með því að athugasemd hefur hér komið fram þykir rétt að fresta afgreiðslu þessa máls. Það rekur ekki nauður til að afgreiða það á stundinni og málið er tekið út af dagskrá.

Afgreiðslu frestað.

Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins.

Beiðni um skýrslu, 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ferðamálum, fyrri umr.

Þáltill. PB o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

Flm. (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir í ferðamálum. Þessi tillaga er flutt af mér ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni, Jóni Kristjánssyni, Stefáni Guðmundssyni og Valgerði Sverrisdóttur. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum í ferðamálum:

1. Stofnað verði til embætta ferðamálafulltrúa í landsbyggðarkjördæmunum, tvö stöðugildi á árinu 1988, tvö stöðugildi til viðbótar 1989 og tvö stöðugildi árið 1990. Laun ferðamálafulltrúa greiðast úr ríkissjóði en rekstrarkostnaður embættanna af viðkomandi ferðamálasamtökum. Ferðamálaráð ákveði forgangsröðun starfanna.
2. Að 10% sérstöku gjaldi á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík verði ráðstafað til ferðamála samkvæmt gildandi lögum.
3. Hraðað verði endurskoðun laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985."

Tilgangur með þessari tillögu er einkum tvíþættur. Annars vegar að vekja athygli á nauðsyn þess að koma á samræmdu skipulagi í ferðamálum á Íslandi með stofnun embætta ferðamálafulltrúa úti um landið og koma þannig til móts við ferðamálasamtök landshlutanna. Hins vegar að vekja athygli á því að þrátt fyrir að markaður tekjustofn hafi verið lögboðinn til ferðamála undanfarin 11 ár, þ.e. 10% af vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, hefur stöðugt verið gengið á hann með heimild í lánsfjárlögum og er svo enn gert í núverandi frv. til lánsfjárlaga. Er því vert að huga að því við endurskoðun laga um skipulag ferðamála hvort halda eigi þessum tekjustofni óbreyttum og ganga síðan á hann svo sem verið hefur eða leita annarra leiða til að fjármagna Ferðamálaráð og starfsemi þess.

Ferðalög um Ísland hafa stóraukist á síðustu árum. Þannig jókst straumur erlendra ferðamanna til Íslands úr 29 þúsund árið 1966 í 112 þúsund árið 1986 eða á 20 ára bili. Athyglisvert er að á sama tíma fjölgar utanferðum Íslendinga í sama mæli eða úr 18 þúsund í 110 þúsund. Á þessum tíma hafa orðið straumhvörf í samgöngum ásamt áhuga og möguleikum fólks til ferðalaga.

Hafa ber í huga þegar nefndar eru tölur um ferðalög útlendinga um Ísland og þörf fyrir þjónustu við þá hér að ferðalög Íslendinga um eigið land eru síst minni og fara stöðugt vaxandi.

Gjaldeyristekjur af þjónustu við erlenda ferðamenn eru orðnar verulegar, voru taldar um 4,6 milljarðar kr. árið 1986. Til samanburðar má geta þess að þetta eru 10,3% af heildarvöruútflutningi landsmanna og um 13% af heildarverðmæti útflutts sjávarfangs sama árs. Þegar þetta er haft í huga verður ljós nauðsyn þess að gefa þessari starfsemi meiri gaum og veita henni meiri stuðning en verið hefur þó vissulega hafi þokast verulega í rétta átt hvað þessi mál varðar.

Þróun ferðalaga í heiminum er einkum með þrennu móti. Í fyrsta lagi ferðast fólk í auknum mæli á eigin vegum í stað hópferða sem hafa verið ríkjandi fyrirkomulag, á eigin bíl, með flugi og bíl eða á annan hátt sjálfstætt. Þessa verður og vart hérlendis hin síðustu ár.

Í öðru lagi eykst í sífellu leit fólks að betri útivistarmöguleikum, hreinu lofti, óspilltri náttúru og heilbrigðum lífsháttum. Á þessu sviði virðist land okkar hafa mjög mikla möguleika verði þess gætt að skipuleggja ferðamál á réttan hátt með umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið ríkt í huga.

Í þriðja lagi eru ferðalög eldri borgara í skipulögðum orlofsferðum.

Ferðamálasamtök hafa verið stofnuð í öllum kjördæmum landsins utan Reykjavíkur. Ein samtök eru þó fyrir Norðurland allt og í Reykjaneskjördæmi er starfssvæðið bundið við Suðurnesin. Tilgangur með stofnun samtakanna var m.a. þessi:

Að vinna að sameiginlegri og skipulegri uppbyggingu í öllum greinum ferðaþjónustunnar, að gefa hlutlausar upplýsingar um ferðaþjónustu í kjördæmunum, að veita aðstoð og ráðleggja þeim sem hyggjast fjárfesta í ferðaþjónustunni, að koma á samvinnu allra sem að ferðamálum starfa í kjördæmunum, að efla þessa þjónustugrein á landsbyggðinni.

Ferðamálasamtökin hafa stofnað með sér Félag íslenskra ferðamálasamtaka og eru aðalmarkmið þeirra mjög í sama anda og hér var fyrr upp talið. Til viðbótar er rætt um að koma fræðslu í ferðaþjónustugreinum inn í skólakerfið og aukin áhersla er lögð á þátt umhverfisverndar.

Með stofnun Upplýsingamiðstöðvar ferðamála, sem opnuð var á síðasta sumri, opnuðust nýir möguleikar fyrir þá sem að ferðamálum standa. Með tölvutengingu er fyrirhugað að miðla upplýsingum samstundis út í umdæmin og fá nýjar til baka. Upplýsingamiðstöð sem þessi getur komið ýmsum nýjum möguleikum í ferðaþjónustunni á markað, kynnt áður lítt þekkta staði, stuðlað að lengingu ferðamannatímans, haft heildaryfirsýn yfir ferðamöguleika hverju sinni á hverjum stað og þannig stuðlað að betri nýtingu fjárfestingar í ferðaþjónustunni.

Hlutverk ferðamálafulltrúa væri m.a. eftirfarandi:

1. Að vinna að uppbyggingu ferðaþjónustu á starfssvæði sínu. Í því felst að gera úttekt á þeirri þjónustu sem fyrir er, möguleikum umdæmisins og vinna að tillögugerð og skipulagningu ferðamála þar í samráði við sveitarstjórnarmenn og aðra hagsmunaaðila.
2. Að vera tengiliður við önnur ferðamálasamtök og skipuleggja samstarf við þau um ferðamál.
3. Að vinna ákveðin verkefni fyrir opinbera aðila. Má þar nefna úttektir af ýmsu tagi ásamt áætlanagerð og upplýsingaöflun. Enn fremur að vinna með náttúru- og umhverfisverndarmönnum og heilbrigðisfulltrúum og nefndum vegna ferðamanna og ráðstafana sem gera þarf á þjónustustöðum.

Það er alkunna að mjög skortir á að aðstaða sé alls staðar fyrir hendi úti á landsbyggðinni til að taka á móti ferðamönnum og veita þeim lágmarksþjónustu. Það er hægt að aka hundruð kílómetra án þess að eiga kost á tjaldstæði með lágmarkshreinlætisaðstöðu. Ferðamaður, sem er svo óheppinn að þurfa að komast í síma að næturlagi, verður annaðhvort að vekja upp í heimahúsum eða leita uppi næsta kaupstað til að komast í almenningssíma og þó undir hælinn lagt að slíkur sími finnist ef hann er þá til.

Ferðaþjónusta bænda ásamt því neti þjónustustaða sem er að smáþéttast bætir þó verulega úr þessu yfir hásumarið. Hér þarf þó að ráða verulega bót á hið fyrsta.

Þá má nefna merkingar, hvort heldur sem er á íslensku eða með alþjóðlegum táknum. Semja þarf frið um gerð leiðbeiningarskilta sem gætu orðið ferðamanninum að gagni og forðað honum frá villu, jafnvel þó slíkt gæti gagnast þjónustuaðilum jafnframt.

Þannig mætti lengi telja en verður ekki gert hér. Sveitarstjórnir þurfa að gera átak til að bæta úr þessu með bættum merkingum og fjölgun vel búinna tjaldstæða.

Þróun ferðamála hefur þó verið ör hér á landi og svo er einnig um allan heim. Ferðaþjónusta sem atvinnugrein er í dag stærsti atvinnuvegur heimsins hvað veltu áhrærir og má að óbreyttu vænta áframhaldandi streymis ferðamanna hingað til lands. Þar er þó margt sem getur haft áhrif og breytingar geta orðið skjótar á einstökum svæðum. Um það má nefna dæmi eins og Tsjernóbíl-slysið sem hafði í för með sér geigvænlegar sveiflur í ferðamálum Evrópu, auk þess sem olíuverð hefur veruleg áhrif á ferðakostnað. Þá má nefna gengismál og ótal margt annað sem áhrif getur haft, svo sem flugrán og hryðjuverk.

Flest bendir þó til þess að fram undan sé aukning

á ferðalögum um Ísland, bæði erlendra og innlendra ferðamanna. Skiptir því miklu að við höldum vöku okkar, fyrst og fremst hvað það varðar að halda náttúru landsins og umhverfi okkar hreinu og óspilltu, en einnig að því er varðar skipulag ferðamála innanlands.

Herra forseti. Hugmynd sú sem sett er fram í tillögu þessari til þingsályktunar um ráðningu ferðamálafulltrúa er ekki ný af nálinni. Með bréfi í nóvember 1984 og öðru í maí 1985 frá ferðamálasamtökum í landshlutum til fyrrverandi samgönguráðherra er sett fram hliðstæð beiðni um ráðningu ferðamálafulltrúa í áföngum, svipað og gert er hér, með þriggja ára áætlun.

Að umræðu lokinni leyfi ég mér að leggja til að þessu máli verði vísað til allshn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir með hv. flm. þessarar till. sem mér sýnist vera þörf í öllum greinum. Það á ekki síst við um stuðning við uppbyggingu ferðamannaþjónustu um land allt með því að setja á fót starf ferðamálafulltrúa í landshlutunum. Það gildir einnig um 2. tölul., um að varið verði til ferðamannaþjónustu og styrkingar á þessari atvinnugrein þeim 10% sem gert er ráð fyrir í tekjum af vörusölu Fríhafnar í Keflavík, en eins og við vitum hefur þar verið um skerðingu að ræða frá því að lög voru sett um þetta efni að ég hygg og það mjög grófa.

Varðandi 3. tölul. heyrði ég ekki að flm. viki sérstaklega að því hvernig að því máli ætti að standa, endurskoðun laga um skipulag ferðamála og mér er ekki kunnugt um hvort slík formleg endurskoðun er í gangi, en ég tel sannarlega þörf á því að taka skipulag ferðamálanna og stefnu í ferðamálum í víðu samhengi til umræðu og meðferðar hér á hv. Alþingi, þar á meðal þá þætti sem hér er að vikið.

Við stöndum frammi fyrir því að hér er ekki nein skilmerkileg stefna ríkjandi um þessi efni. Ferðamannaþjónustan þróast án slíkrar stefnumótunar og eins og horfir virðist sem sú þróun geti leitt til þess að ferðamannaþjónustan og tekjur af henni einskorðist að verulegu leyti við suðvesturhorn landsins, m.a. með þeirri öru uppbyggingu á gistiaðstöðu o.fl. sem þar að lýtur. Því er það mjög brýnt að Alþingi marki afstöðu til þess með hvaða hætti það telur æskilegt að þessi atvinnuvegur þróist og hvaða fjármagni beri að veita af opinberri hálfu til uppbyggingar ferðamannaþjónustu. Eins og stendur er þetta allt á horriminni hvað snertir fjárveitingar til uppbyggingar á ferðamannastöðum vítt um land. Ferðamálaráð ver sínu mjög takmarkaða fjármagni fyrst og fremst til landkynningarstarfsemi sem svo er kölluð, sölu og auglýsingu á landinu sem auðlind, en hefur ekki veitt neinu fjármagni upp á síðkastið til uppbyggingar á ferðamannastöðum til að taka við því fólki sem reynt er að laða til landsins. En auðvitað er spurningin um uppbyggingu ferðamannaþjónustu engu síður mál sem varðar ferðalög Íslendinga um sitt eigið land og þetta þarf sannarlega að haldast í hendur.

Hið sama er uppi á teningnum hvað snertir Náttúruverndarráð sem lögum samkvæmt er ætlaður ákveðinn hlutur að þessum málum. Það hefur á yfirstandandi ári innan við 1 millj. kr. til þess að verja til aðhlynningar á ferðamannastöðum, enda ástandið eftir því á mörgum af fjölsóttustu og vinsælustu ferðamannastöðum okkar, að þar stefnir í hreint óefni.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tek undir með flm. að ég tel þörf á að taka stefnuna í ferðamálum upp í enn víðara samhengi en hér er gert af hálfu þingsins á þessu yfirstandandi þingi og mun beita mér fyrir því að svo geti orðið.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna framkominni þáltill. á þskj. 24, sem 1. flm. hefur gert grein fyrir á mjög góðan og röggsaman hátt, en vil jafnframt geta þess að ég var tíu fyrstu ár Ferðamálaráðs varaformaður þess og vil upplýsa hv. þm. um að það vantaði ekki stefnu í ferðamálum á þeim árum. Sú stefna var til og henni var framfylgt af miklum dugnaði við enga aðstoð má segja frá því opinbera aðra en að hið opinbera greiddi húsaleigu og hálfan starfskraft, starfskraft sem vann þó af þeim áhuga og þeirri hugsjón að hann gerði það í fullu starfi fyrir þau litlu laun sem hann fékk. Þessari stefnu hefur verið fylgt og henni er fylgt í dag af veikum mætti þó svo að smátt og smátt hafi starfið aukist, fyrst með framlagi frá Ferðaskrifstofu ríkisins eins og hún var rekin á þeim tíma en henni var gert að skila vissum hundraðshluta af ágóða sínum af starfsemi á Keflavíkurflugvelli sem síðan þróaðist upp í stórmarkað sem átti að skila Ferðamálaráði og Ferðamálasjóði stórum upphæðum og gerði það í upphafi þangað til ríkið ákvað að taka til sín hluta af því sem þar skapaðist í tekjum.

Ég veit af samstarfi mínu við fyrrv. samgrh. að hann hafði mikinn áhuga fyrir þessum málum og vann ötullega að því að bæta um og laga og móta nýja stefnu í ferðamálum sem bar mjög góðan árangur.

Ég vil því lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. Ég held að hún sé tímabær eins og allar aðrar tillögur sem hafa komið fram í ferðamálum. En ég vil líka segja að á sínum tíma hafði Ferðamálaráð samband við erlenda aðila, fyrst við fyrirtæki sem heitir Tourist Consult og er svissneskt. Til þess að benda á hvaða verkefni þetta svissneska fyrirtæki hefur fengið og haft með að gera, þá var t.d. framkvæmd samkvæmt tillögum þess tilfærsla á bakhliðinni á fjalli í Mónakó út í sjávarmál og þar er nú komið undirlendi og hefur verið reistur þar heill borgarhluti sem er, ef ég man rétt, ¼ af stærð Mónakó miðað við það sem hún var áður en þær framkvæmdir hófust. Er það nú ein mesta, ef ég má segja það á útlendu máli, „tourist attraction“ á því landsvæði.

Þetta fyrirtæki var fengið til að gera bráðabirgða-

tillögur sem til stóð að Sameinuðu þjóðirnar kostuðu á lokastigi. Það komu frá því bráðabirgðatillögur sem voru í þykkum bókum og gerðar á eigin kostnað í von um að Sameinuðu þjóðirnar mundu endanlega standa undir framkvæmdum ef Ísland veldi það fyrirtæki til að koma hingað með nýjar hugmyndir um ferðamál. En því miður var það ekki valið.

Í þessum tillögum var uppbygging ekki bara innanlands og á suðvesturhorninu, sem talað hefur verið um, heldur tekinn fyrir heimshringurinn. Ég veit ekki hvort hv. þm. átta sig á því að ferðamannastraumnum í heiminum er stjórnað afskaplega mikið. Það er ótrúlegt hvað fólk er fært frá einum stað til annars án þess að átta sig á því. Ferðamannastraumurinn gengur þannig eftir áætlunarferðum sem ákveðnir aðilar skipuleggja. Það var ætlunin að fá minni hring út úr þessum stóra hring inn á Ísland og svo aftur enn þá minni hringi innan Íslands út úr aðalhringnum inn á hina ýmsu túristastaði á landinu. En til þess þurfti mikið fjármagn og mikla skipulagningu. Það var hringurinn í kringum landið og það var út um allt land. Það þurftu alls konar samskipti til að koma, bæði telex og allt sem heitir nýtískulegt í samskiptum, ekki bara á flutningi á fólki heldur samskiptum innanlands og við veröldina og svo hvað snertir flutninga á fólki með þyrlum til staða þar sem ekki er hægt að leggja vegi o.fl. Þetta voru stórkostlegar hugmyndir. Mikið hefur því verið unnið að ferðamálum og margar hafa hugmyndirnar komið og allt er hægt að rekja til þeirrar tillögu sem upphaflega kom fram frá Sjálfstfl. á sínum tíma og var byggð á hugmyndum Lúðvígs Hjálmtýssonar fyrrv. ferðamálastjóra. Ég held að fáir geri sér grein fyrir því hve mikinn þátt hann á í uppbyggingu á ferðamannastraum til landsins. Störf Lúðvígs Hjálmtýssonar verða seint metin. Og Ferðamálaráð hefur gert meira en að hugsa um suðvesturhornið. Þetta voru svo stórkostlegar hugmyndir allt saman.

En hvað skeði? Stjórnvöld völdu ekki Tourist Consult með þessar stóru hugmyndir heldur völdu þau annan franskan aðila sem Sameinuðu þjóðirnar bentu á og kostuðu hingað til að móta nýjar hugmyndir um ferðamenn og aðdráttarafl fyrir ferðamenn hérna. Út úr því kom hin fræga bygging sem menn muna kannske eftir og hafa séð í blöðunum að átti að reisa við Krýsuvík og vera yfirbyggt eins konar tívolí ef svo mætti segja. En engar aðrar hugmyndir en sú bygging komu fram í tillögum þaðan að ég man.

En það sem ég vil segja að lokum, hæstv. forseti, er þetta: Við erum nú að hefja störf Alþingis fyrir þetta kjörtímabil. Fjárlagafrv. er að koma fram. Við heyrum um ágreining í stjórnarliðinu á öllum stöðum. Við höfum fréttir frá nefndum, hvort sem þær heita fjvn. eða nefndir um sjávarútveg, af því að maður hefur sjútvrh. fyrir framan sig núna, eða hvort það er innan flokkanna, um fjárveitingar og um fjárlagafrv. En meðan fjárlagafrv. er að volgna, ef það er þá komið í heilu lagi til alþm., kemur tillaga fram um auknar stöðuheimildir sem eiga náttúrlega að ræðast í ríkisstjórn og eiga að ræðast með stjórnarflokkunum á þessu stigi málsins og koma fram með fjárlagafrv. Þar kemur í 2. lið sérstök áskorun til Alþingis um að tryggja að fjmrh. verði ekki heimilað að skerða framlag til ferðamála heldur skuli fjmrh. fara að lögum og breyta þeim ekki. Þannig lít ég á þetta. Stjórnarþm. eru að reyna samvinnu við Alþingi sem ekki er fyrir hendi en hefur eflaust verið reynd innan stjórnarflokkanna.

Ég lýsi því yfir að ég mun beita mér fyrir því í mínum flokki að þeim sem vilja gera einhverja bragarbót á fjárlögunum verði hjálpað, þeim stjórnarþm. sem vilja gera einhverja bragarbót á fjárlögum verði hjálpað, bæði í þessu tilfelli, sem eru ferðamál, og í öðrum tilfellum þar sem ágreiningur er um fjárlögin og mér skilst af fréttum bæði í blöðum og sögusögnum að það sé ærið verkefni fyrir stjórnarandstöðuna að taka þar til hendi með skynsömum mönnum í stjórnarliðinu.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við anda þeirrar till. sem hér er lögð fram til þál. af fimm hv. alþm. úr jafnmörgum kjördæmum. Ég geri það vegna þess að ég tel að hér sé hreyft mjög merku máli sem er vettvangur þar sem sannarlega þarf að taka til hendi. Það fer ekkert á milli mála að þarna, á sviði ferðamála, er vaxtarbroddur í atvinnulífi Íslendinga á næstu árum og áratugum og það fer heldur ekki á milli mála að þessi vettvangur er kjörinn vegna þess hve landið er gott að þessu leyti.

En mig langar líka til að geta þess að perlur Íslands sem ferðamannalands eru fyrst og fremst á landsbyggðinni og það eru þessar perlur sem hafa að mörgu leyti verið ónýttar. Ég minni á eitt mál sem mun koma til þings í vetur og er raunar komið til einnar nefndar. Gullfoss í Suðurlandskjördæmi er ein þessara perla sem ekki hefur verið sýndur sá sómi sem skyldi. Aðstaðan þar er gersamlega óviðunandi. Þangað fer nánast hver einasti erlendur ferðamaður sem til landsins kemur. Þarna er verkefni sem í rauninni þolir enga bið.

En mig langar líka til í leiðinni að minna þingheim allan á þann þátt í uppbyggingarmálum landsbyggðarinnar þar sem einna mest verk er óunnið. Það eru samgöngumálin, það eru vegamálin sjálf. Vitaskuld er mér ljóst að þar hefur mikið verið unnið. En til þess að árangurs sé að vænta, sem þessi till. til þál. gefur vissulega tilefni til að ætla og vona, þarf að sækja fram á mörgum vígstöðvum jafnt.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög, enda er ég oft búin að ræða ferðamál á þessum stað og annars staðar. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að lýsa stuðningi við efni tillögunnar og nota þetta tækifæri til að minna örlítið á tvö atriði í þessu sambandi.

Það er þá í fyrsta lagi það að fyrir rúmu ári eða rétt fyrir þinglok 1986 var samþykkt á Alþingi tillaga, sem ég var 1. flm. að, um úrbætur í ferðaþjónustu. Ég hef ekki till. hérna hjá mér og get ekki vitnað beint í hana, en hún fól það í sér að samgrh. var falið að láta kanna hvernig væri háttað aðstöðu til móttöku ferðamanna víðs vegar um landið og þá bæði hvað varðar gistingu, samgöngur, aðgengi að áhugaverðum stöðum o.fl. og gera tillögur til úrbóta í framhaldi af þeirri könnun.

Þessi till. og framkvæmd hennar gæti að mati okkar sem fluttum hana breytt töluvert aðstæðum í ferðamálum og við væntum okkur mikils af henni.

Hæstv. þáv. samgrh., Matthías Bjarnason, vatt sér í framkvæmd þessarar till. og fól ferðamálasamtökum landshlutanna að annast hana og í ársbyrjun eða í febrúar eða mars á þessu ári kom út skýrsla sem var að mínu viti fyrri hluti framkvæmdar þessarar till. Þar er ýmsar upplýsingar að finna um stöðu þessara mála á landinu, en í framhaldi af því þarf vitanlega að móta tillögur um úrbætur og bæta aðstæðurnar eftir því. Slíka framkvæmd erfir þá *eftirkomandi hans í stól samgrh., Matthías Á.* Mathiesen, og hafði ég hugsað mér að bíða eftir komu hans hingað inn á Alþingi til að fregna frekar af þessum málum og ýta við þeim.

Þetta vildi ég að kæmi fram hérna án þess að ég sé nokkuð að letja hv. flm. til að fylgja sínu máli eftir.

Það sem vekur hins vegar kannski athygli og er önnur athugasemd sem ég ætlaði að gera hér er að hv. flm. eru allir úr einum stjórnarflokkanna og eins og reyndar Albert Guðmundsson, hv. 5. þm. Reykv., kom að áðan er það að mínu viti töluvert — ja, kannski ekki óeðlilegt en sérkennilegt að hér eru stjórnarþm. á ferð, með tilliti til þess sem við sjáum svo aftur í því frv. til fjárlaga sem nú liggur á borðum hjá okkur. Þar er enn einu sinni skertur stórlega sá tekjustofn sem Ferðamálaráði er ætlaður samkvæmt lögum og gerð var virkilega tilraun til við endurskoðun ferðamálalaga að tryggja að mætti renna til þeirra mála en mistókst algerlega. Það á enn að skerða þetta framlag verulega og það er einnig skorinn burtu fjárlagaliður sem fjvn. kom inn á síðustu stundu þegar fjárlög þessa árs voru afgreidd, sem var 600 þús. kr. framlag til ferðamálasamtakanna. Það hefur verið skorið burtu líka og verður ekki séð að neins staðar sé tekið á þessum málum þannig að við getum verið bjartsýn. En ég ætla hins vegar ekki að draga úr því að hv. flm. þessarar till. reyni að fylgja henni eftir þrátt fyrir að þetta kunni að draga úr vonum manna um að hún beri árangur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að það er óneitanlega nokkuð sérkennilegt að fá á borð þm. till. um fjárútlát og stefnumörkun í einum málaflokki, einni atvinnugrein, sem gengur alveg þvert á þann boðskap og þá stefnu sem á sama tíma er lögð á borð þm. í fjárlagafrv.

Ég vil hins vegar segja um efni þessarar till. að það er gott og ég styð þá hugsun sem þar er lögð til grundvallar. Sérstaklega vil ég undirstrika að ég held að það sé mikilvægur áfangi í ferðamálum og uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Íslandi að efla uppbyggingu ferðaþjónustunnar úti um landið með það sérstaklega í huga að dreifa álaginu sem landið og náttúran óneitanlega verða fyrir vegna sívaxandi ferðamannastraums. Það verður ekki gert nema ferðaþjónustan sé skipulega upp byggð og nái til alls landsins þannig að draga megi úr álaginu á viðkvæmustu staðina og þá sem mestu álagi sæta nú. Ferðamálafulltrúar í landshlutunum eru og geta orðið stór liður í því.

Það er sem sagt góðra gjalda vert þar af leiðandi að styðja við bakið á þessari till., en það er óhjákvæmilegt að ræða örlítið þetta sérkennilega innra samhengi eða öllu heldur samhengisleysi sem birtist í þeirri staðreynd að fimm hv. þm. Framsfl. flytja till. sem gengur þvert á stefnumörkun og hugsun fjárlagafrv. Og hvers vegna er það nú, herra forseti? Hvers vegna segi ég að þessi tillöguflutningur *gangi þvert á anda fjárlagafrv.*? Það er í fyrsta lagi, eins og þegar hefur verið bent á, vegna þess að fjárveitingar til Ferðamálaráðs á að skera niður á næsta ári. Á bls. 307 í fjárlagafrv., í skýringum með því, er sem sagt upplýst að í væntanlegri lánsfjáráætlun heimild til að skerða lögbundin framlög Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs. Það segir ekki hve mikil að hlutfalli sú skerðing verður. Það er eingöngu sagt að binda skuli fjárveitinguna við 28 millj. Og af því að hæstv. fjmrh. er nú við og við að gægjast hérna inn í salinn úr hliðardyrum vill hann e.t.v. vera svo góður að upplýsa hér til að greiða fyrir umræðunni hversu mikil sú skerðing er sem stjórnarflokkarnir áætla og áforma með fjárlagafrv. á þessum fjárveitingalið á sama tíma og fimm hv. þm. Framsfl. flytja tillögu sem gengur í þveröfuga átt til aukinna útgjalda á þessu sviði. Það má einnig benda á að ef jafnræði ætti að vera með öllum atvinnugreinum er sama misræmið uppi hvað varðar niðurskurð á stuðningi við aðrar atvinnugreinar á sama tíma í frv., sbr. niðurskurð á leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði, sbr. niðurskurð á framlögum til iðnráðgjafa. Þar segir, og er rökstutt með stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, að draga skuli úr þátttöku ríkisvaldsins og stuðningi ríkisvaldsins við atvinnuvegina og eingöngu skuli mörkuð meginskilyrði og þróunarforsendur atvinnulífs, en ríkið stefni sem sagt að því að draga sig út úr allri þátttöku, öllum beinum stuðningi á sviði leiðbeiningarþjónustu o.s.frv. Þetta er ekki í miklu samræmi við þennan tillöguflutning og það vaknar sú spurning hvort fyrirvarar framsóknarmanna við fjárlagafrv. séu e.t.v. við meira en landbúnaðarliðinn einan. Ég sé a.m.k. ekki, herra forseti, hvernig þessir fimm flm. nefndrar þáltill. geti staðið að fjárlagafrv. eins og það er lagt fram nema þá með fyrirvara um fjárveitingar til ferðamála.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl., Óli Þ. Guðbjartsson, lét þau orð falla áðan að hér hefðu menn látið sig litlu skipta Gullfoss, perlu íslenskrar náttúru sem hann réttilega svo nefndi. Þetta er ekki með öllu rétt hjá hv. þm. Hér á Alþingi hafa menn látið sig þetta nokkru varða. Á haustþinginu 1985 flutti ég þáltill. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi. Sú till. var samþykkt á Alþingi, nokkuð breytt að vísu, en efnislega mjög í þá átt sem hún upphaflega stefndi að, en með leyfi forseta gerði Alþingi svohljóðandi ályktun í málinu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd. Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu."

Þetta er samþykkt Alþingis frá 10. apríl 1986.

Því miður finnst mér varðandi hv. þm. Borgarafl. að þeir tali stundum eins og ekkert hafi gerst áður en flokkur þeirra kom til sögunnar, en það er nú einu sinni svo að áður gerðist ýmislegt og menn hafa sumir hverjir, jafnvel í Borgarafl., býsna langa fortíð í pólitík líka.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þess þingmáls sem hér er til umræðu. Hv. ræðumenn, sem hér hafa talað á undan, hafa sérstaklega gert 2. lið tillögunnar að umtalsefni og undrast að stjórnarþm. skuli flytja till. til útgjaldaauka frá því sem væntanlegt er í fjárlögum og lánsfjárlögum. Ég minni á í þessu sambandi að hér er verið að gera tillögur um ákveðna stefnumótun í ferðamálum sem, ef samþykktar verða, verður að fylgja eftir með auknum fjárframlögum.

Ég vil einnig minna á að fjárlagafrv. er nýlagt fram og er til vinnslu í hv. Alþingi og mun væntanlega ekki verða að lögum fyrr en rétt fyrir jól. Það er engin nýlunda að bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar fái samþykktar tillögur í fjárlagafrv. sem eru til útgjaldaauka. Auðvitað áskiljum við okkur rétt til að hafa skoðun á þeim málum eins og allir aðrir hv. þm.

Mín skoðun á þessu máli helgast af því að ég tel að í ferðamálum sé um mikla möguleika að ræða, hér sé um nýsköpun í atvinnulífi að ræða og aukin fjárframlög til þessara mála skili sér í auknum þjóðartekjum þegar til lengdar lætur og hefur reyndar nú þegar gert það. M.a. í mínu kjördæmi, á Austurlandi, eru ferðamálin einn mesti vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu. Þess vegna hef ég skrifað upp á þessa tillögu, sem hv. flm. hefur gert ágæta grein fyrir, en vildi eigi að síður láta þetta koma fram við þessa umræðu vegna þeirra orða sem fallið hafa út af 2. lið tillögunnar.

Flm. (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þessi till. til þál. hefur fengið og þann stuðning sem ferðamál hafa fengið við þessa umræðu.

Við hv. 10. þm. Reykn. vil ég segja að hún nefndi þáltill. vorið 1986. Það er síður en svo að þessi þáltill. sé sett henni til höfuðs eða neitt slíkt heldur er einmitt sú þáltill. um úttekt á afstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum kveikjan að því að ég flyt þessa till. Ég vænti þess að þm. hafi séð skýrslu sem heitir „Úttekt á íslenskum ferðamálum". Þessi skýrsla er fróðleg lesning og fremur sorgleg, ekki síst fyrir Vestfirðinga. Hún sýnir mér að það vantar sorglega mikið á, jafnvel þó við fengjum ferðamenn til að koma á Vestfirðina, að við gætum tekið á móti þeim. Ástæðan fyrir því að þessi þáltill. kemur fram er einmitt þessi skýrsla sem er komin til vegna þáltill. Alþingis vorið 1986.

Ég held að menn skilji ósköp vel hversu þýðingarmikill þessi þáttur verður á næstu árum í íslensku atvinnulífi og þjóðlífi. Ég vil taka fram að till. er í þremur liðum og ég á von á að það geti komið til atkvæðagreiðslu um hvern lið fyrir sig, en 1. liðurinn, um ferðamálafulltrúa, er kannski fyrsta kveikjan að því að till. er flutt. En ég get ekki komið hér upp og flutt till. um ferðamál án þess að geta um það, sem ég tel að hafi verið misráðið, að það skuli áætla þennan tekjustofn til ferðamála og skerða hann síðan nær alltaf. Á síðasta ári, ég held að ég fari rétt með, var það um þriðjungur þessa 10% fjár sem rann til ferðamála og núna 28 millj. eins og hér hefur komið fram. Ég gat ekki komið hér upp án þess að þetta kæmi fram, jafnvel þó að eftir að ég samdi þessa till. væri komið fram fjárlagafrv. sem væri enn með ákvæði í lánsfjárlögum þess efnis að þetta skyldi skert.

En ef menn hafa tekið eftir því í framsögu stillti ég tvennu saman. Ég bið menn að athuga það. Liður nr. 2 er kannski ekki eingöngu settur fram til þess að á honum verði tekið í þessum fjárlögum heldur til að vekja athygli á honum og einnig 3. lið, um endurskoðun laga um skipulag ferðamála. Það er gert í samráði við framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs. Ég bið um að því verði stillt saman við þessa endurskoðun hvort það eigi að halda áfram að hafa þennan lið inni til þess eins að skerða hann eða hvort það eigi að finna tekjustofn sem menn treysta sér til að standa við. Þetta er kannski meginefnið en ekki það, sem menn hafa gert mjög að umtalsefni hér, að hér væri verið að stilla fram einhverju gegn fjárlögum. Það er ekki svo og þess vegna er till. í þremur liðum.

Að sjálfsögðu væri mér samt annað kærast, vegna þess að ég hef trú á því að ferðamál séu okkur verulega þýðingarmikil, og ég er ekki sammála því að þessi liður verði skertur í lánsfjárlögum. Það er mín persónulega skoðun. Ég kem með þessa till. og

ég sem hana áður en fjárlög verða til. Fjárlög eru lögð fram í frv. og þau eru ekki heilagari en svo að það má ræða þau. Það bið ég menn að athuga.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. — Ég ætla að endurtaka ávarpið. Hæstv. forseti. Mér hefur verið bent á að það sé samkvæmt góðum þingvenjum að ávarpa forseta hæstv. forseta, en ég hafði tamið mér annað áður.

Hæstv. forseti. Ég er afskaplega ánægður með eitt og áður en ég segi hvað það er vil ég minna þingheim á að Borgarafl. varð til í apríl á mjög stuttum tíma af brýnni þörf. Frá því hefur Borgarafl. ekki haft tækifæri til að láta rödd sína hljóma mikið. Það hefur verið eiginlega þögn um Borgarafl. í fjölmiðlum og við höfum haft gaman af því, teljum það styrkleika að þannig skyldi verða brugðist við honum.

Nú er fyrsti dagur umræðna á Alþingi og þá kemur hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason, svo að það fari ekki á milli mála hver þm. er, og kvartar undan því að þegar Borgarafl. taki til máls tali hann stundum eins og ekkert hafi skeð áður en hann komst til áhrifa í þjóðfélaginu. Borgarafl. hefur ekki tekið til máls enn þá að frádregnu því sem ég hef talað hér í dag og Óli Þ. Guðbjartsson, hv. 6. þm. Suðurl., sagði áðan. (**Menntmrh.:** Og Aðalheiður í gær.) Aðalheiður í gær. Takk fyrir. Það er rétt. Aðalheiður í gær, enda kom það sem helst var sagt af viti í gær frá henni og síst skyldi ég gleyma því.

En rödd Borgarafl. á eftir að heyrast og ég held að það verði þjóðfélaginu til gagns og sóma því að ekki hafa alþm. talað þannig hingað til sjálfir að það sé vanþörf á því að auka sóma Alþingis. Og til þess nú að gera það og af því að hv. 3. þm. Vesturl. er í stjórnaraðstöðu en hefur verið að vitna í tillöguflutning sinn á Alþingi þegar hann var í stjórnarandstöðu vil ég skora á hv. þm. að flytja málið aftur nú, þegar hann hefur náið samstarf við og er einn nánasti samstarfsmaður fjmrh. á Alþingi, ég held ef ég fer ekki rangt með að hann sé formaður þingflokks fjmrh., þær sömu tillögur sem hann var að vitna í að hann hefði flutt um verklegar framkvæmdir í nágrenni Gullfoss og annarra þeirra perla íslensks landslags sem hann ku meta. (**EG:** Þm. hefur ekki tekið eftir. Till. var samþykkt.) Till. var samþykkt, en hún var ekki framkvæmd. Hún var ekki framkvæmd vegna þess að það vantaði fé og það er fé sem bæði fyrrv. samgrh. og ferðamálaráðsmenn hafa verið á höttunum eftir frá fjmrh. í langan tíma, m.a.s. meðan ég var þar og gat nú ekki tekið undir þeirra óskir. En ég skora á hv. flm. till. að sjá um að nú verði hafnar framkvæmdir.

Hann flutti margar aðrar ágætar tillögur í stjórnarandstöðu og margar af þeim eru þess eðlis að ég vil gjarnan að hann flytji þær aftur til að geta tekið undir þær því að nú er hann í aðstöðu til þess að hafa meiri áhrif en hann hafði þá.

En ég fagna því að Borgarafl. skuli vera svona ofarlega í hugum stjórnarliða eins og raun ber vitni í ummælum hv. 3. þm. Vesturl.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Þessar umræður hafa að vísu farið vítt og breitt og kannski eðlilega vegna þess að hér er um viðamikið mál að ræða. En út af orðum hv. síðasta ræðumanns er kannski ástæða til að spyrja: Studdi þáv. hæstv. ráðh. þessa till. stjórnarandstæðings sem þá var á sínum tíma? Fyrst hann er svona áfjáður í að koma till. fram nú er ástæða til að spyrja um þetta. Nóg um það.

Ef ferðamálaiðnaður á að byggjast upp með eðlilegum hætti, og þá á ég kannski ekki síst við Vestfirði, er augljóst að þar duga ekki hin hefðbundnu framlög á fjárlögum.

Á sl. sumri var haldin ferðamálaráðstefna, að ég held á Austurlandi. Nú leiðréttir mig einhver ef hann veit betur. Þar var rætt um ferðamálin í landinu og væntanlegan uppgang ferðamálaiðnaðar. Í þeim umræðum höfðu menn gleymt Vestfjörðum. Vestfirðir voru ekki á dagskrá í þeirri umræðu að byggja upp ferðamannaiðnað, enda er það ljóst að ef slíkt á að gerast þarf nokkra tugi millj. ef ekki hundruð millj. til uppbyggingar á Vestfjörðum í tengslum við ferðamál, samgöngur og annað til þess að slíkt verði að veruleika.

Ég hef ekki á móti þessari till., síður en svo. Margar þáltill. hafa verið fluttar hér og samþykktar og það hefur ábyggilega svo árum skiptir liðið síðan ef ekki áratugir og ekkert verið hreyft við að gert væri. Þannig er það í mínum huga hálfgerð sýndarmennska að flytja tillögur af þessu tagi ef menn sjá fyrir að viðkomandi stjórnvöld vilja ekkert gera í þeim efnum sem málið fjallar um. Ég held að það þurfi að verða sinnaskipti hjá þm. almennt bæði að því er varðar stjórnarandstöðuþm. og stjórnaraðstöðuþm. í þessum efnum. Það verður að taka betur til hendinni, ekki með sýndarflutningi tillagna á Alþingi heldur verður að ákvarða með löggjöf og fylgja henni eftir hvernig þessum málum á að haga.

Það er lítið vit í því að mér finnst og lítið mark á takandi að fyrrv. hæstv. ráðherrar komi hér upp nú sem óbreyttir þm. og heimti til þingsins þáltill. sem voru til umræðu áður, en þeir greiddu kannski atkvæði gegn þeim af því að þeir voru þá ráðherrar. Það eru auðvitað óforskömmulegheit ef slíkt á sér stað. Þannig eiga þm. ekki að vinna. Það verður að taka mark á þm. sem kjörnir eru á löggjafarsamkomuna, hvort sem þar er um að ræða stjórnarandstöðuþm. eða stjórnarliða. Það verður að vera mark á því takandi hvað menn segja bæði fyrir og eftir. Það er það eina sem gildir og það er ábyggilega það eina sem kjósandinn í þessu landi mun taka eftir.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir tækifærið til að svara fsp. sem kemur eftir að ég er búinn að tala mig dauðan. Ég vil svara henni með því að það er rétt að ég stóð að skerðingu sem fjmrh. í samstarfi við þá

stjórnarflokka sem þá stóðu að ríkisstjórninni. En nú er málið annað. Það kemur fram till. frá stjórnarliðum sem eiga — svo a.m.k. heldur maður — að styðja stjórnina. Það er dálítið annað, skerðing í samstarfi við stuðningsmenn stjórnar og skerðing í andstöðu. Það er allt annað mál.

Ég vil taka undir það sem þm. sagði í sambandi við Vestfirðina og ítreka orð mín í garð fyrrv. samgrh. Hann reyndi allt sem hann gat þegar ég var fjmrh. til að beita sér fyrir framkvæmdum á Vestfjörðum í þessum málum, en því miður var ekki samstaða innan stjórnarliðsins til að gera það.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. En í mínum huga breytir það engu með hvaða hætti skerðingin er fengin fram. Það breytir engu fyrir málefnið nema til hins verra. En það er þó bót í máli að hv. þm. skuli þó viðurkenna að hann var annarrar skoðunar meðan hann var ráðherra en hann er nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Sú óvenjulega staða ríkir nú í íslenskum stjórnmálum að ný ríkisstjórn kemur til Alþingis án þess að stefna hennar í efnahagsmálum sé skýr. Á öðrum degi þingsins boðuðu fjórir ráðherrar í skyndi til kvöldblaðamannafundar í Stjórnarráðshúsinu til þess að reyna að gera þjóðinni skiljanlegar skyndiákvarðanir í efnahagsmálum sem þeir höfðu tekið milli 1. og 2. dags þingsins. Það hefur aldrei fyrr gerst í þingsögunni að ný ríkisstjórn komi til þings með þessum hætti, án þess að leggja fyrir Alþingi skýrt og greinilega stefnu sína í efnahagsmálum hvað þá heldur að hlaupa til á kvöldfundi í Stjórnarráðinu milli 1. og 2. dags þingsins og taka þar nýjar ákvarðanir, nýjar ákvarðanir sem þjóðinni hefur gengið mjög erfiðlega að skilja, sem þingið hefur ekki fengið útskýrðar og sem þingflokkar stjórnarflokkanna virðast ekki heldur vita hverjar eru.

Það er þess vegna óhjákvæmilegt hér strax að krefja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. skýrra svara um það í hverju stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er í raun og veru fólgin til þess að þeirri óvissu, sem þessa dagana stefnir gengi íslensku krónunnar í hættu, verði eytt.

Það var ljóst eftir kvöldfundinn í Stjórnarráðinu sl. mánudag, sem varð til þess að fréttir sjónvarpsins voru rofnar og lítt skiljanleg þula fjögurra ráðherra var flutt þjóðinni, að óvissan er í dag meiri en nokkru sinni fyrr. Ríkisstjórnin ætlaði að eyða óvissunni um gengi íslensku krónunnar, en það hefur greinilega mistekist. Síðustu daga hefur einn af helstu efnahagssérfræðingum Framsfl., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, lýst því yfir opinberlega að gengi krónunnar sé í raun og veru fallið. Síðustu daga hefur einn helsti forustumaður atvinnulífsins í landinu, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi og varaþm. Sjálfstfl., Víglundur Þorsteinsson, einnig lýst því yfir að gengi krónunnar sé í raun og veru fallið. Það er óhjákvæmilegt þess vegna, vegna þess að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að fastgengisstefnan sé einn af hornsteinum tilveru ríkisstjórnarinnar, að knýja hæstv. forsrh. til að lýsa því yfir afdráttarlaust hér á Alþingi að ríkisstjórnin ætli sér ekki að fella gengið, hvorki á þessu ári né á næsta ári. Það dugir ekki að vera með óljósar yfirlýsingar um slíkt á kvöldfundum með fréttamönnum í Stjórnarráðshúsinu. Alþingi Íslendinga er hinn rétti vettvangur. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn að lýsa því yfir hér að ríkisstjórnin muni hvorki á þessu ári né á næsta ári fella gengi íslensku krónunnar, hvort hann sé reiðubúinn að veita þeirri yfirlýsingu það vægi að leggja líf ríkisstjórnarinnar að veði, að taka af öll tvímæli um það í ljósi yfirlýsinga hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og Víglundar Þorsteinssonar að ríkisstjórnin muni fara frá ef hún telji nauðsynlegt að fella gengið. Gengi íslensku krónunnar og líf ríkisstjórnarinnar verði þannig tengd saman.

Einnig í þessum efnum verði skýrt tekið fram að breyting á viðmiðun krónunnar við Evrópumyntir verði ekki notuð á næstunni til að dulbúa gengisfellingu. Þegar tveir af fremstu efnahagssérfræðingum ríkisstjórnarflokkanna lýsa því yfir opinberlega síðustu daga að gengi krónunnar sé fallið er óhjákvæmilegt að forsrh. ríkisstjórnarinnar hafi kjark til að segja Alþingi að um tvennt sé að velja: Annars vegar líf og tilveru ríkisstjórnarinnar og hins vegar gengi íslensku krónunnar.

Í öðru lagi hefur forseti Alþýðusambands Íslands lýst því yfir að það skriflega fyrirheit sem Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson gáfu launafólki í landinu, að staðið yrði gegn verðhækkunum á gildistíma núverandi kjarasamninga, hafi þessi ríkisstjórn nú rofið. Samtök launafólks í landinu hafa sent ríkisstjórninni bréf og óskað eftir því að þessi ákvörðun verði dregin til baka, að álagningu matarskattanna svonefndu verði frestað og ríkisstjórnin standi við þær skuldbindingar sem gefnar voru skriflega af þáv. hæstv. forsrh. Steingrími Hermannssyni og Þorsteini Pálssyni, þáv. fjmrh.

Það er að vísu rétt að formaður Alþfl., sá maður sem kallaði forseta Alþýðusambandsins sérstaklega til að halda upp á flokksþing Alþfl., hefur lýst því yfir í fjölmiðlum fyrir tveimur dögum að hann sé ekki skuldbundinn af þeim loforðum sem alþýðu-

samtökunum í landinu voru gefin. Það er sérkennilegur upphafsferill formanns Alþfl. að láta það verða sitt fyrsta verk á nýju þingi að lýsa því yfir að hann ætli að svíkja þau fyrirheit sem gefin voru skriflega launafólki í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja um það hér og nú hvort hæstv. ríkisstjórn sé tilbúin að verða við þessari ósk alþýðusamtakanna og fresta gildistöku þessara skatta til þess að viðræður geti farið fram og í öðru lagi hvort það er formleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar allrar að hafna þessum tilmælum frá alþýðusamtökunum í landinu og hvort allir þm. stjórnarliðsins séu þá sammála því að sá trúnaður, sem talin var forsenda síðustu kjarasamninga, verði þannig rofinn og ekki séu lengur grið milli launafólksins í landinu og ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Eða er það bara skætingur hæstv. forsrh. í blöðunum sem er hið formlega svar ríkisstjórnarinnar til alþýðusamtakanna í landinu? Hvernig ætlast sú ríkisstjórn til í upphafi ferils síns að hún öðlist trúnað og traust alþýðu manna í þessu landi þegar Framsfl. og Sjálfstfl. byrja þennan feril með því að svíkja skriflegar yfirlýsingar Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar og formaður Alþfl. segir að hann hafi að engu þau loforð sem talin voru jafngild og lög og gefin voru samtökum alþýðu fyrr á þessu ári og í lok síðasta árs?

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að spyrja um hvaða stöðu það fjárlagafrv., sem fyrir tveimur dögum var lagt fram hér í þinginu, hefur. Þegar fjölmiðlaleik tveggja daga var lokið var ljóst að þetta fjárlagafrv. nýtur ekki stuðnings Framsfl. Það er ljóst að einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, hæstv. landbrh., hefur lýst því yfir að hann sé andvígur einni grundvallarforsendu fjárlagafrv. Í sérhverju siðmenntuðu lýðræðisríki hefði tvennt gerst þegar slík yfirlýsing kom fam: Annaðhvort hefði viðkomandi ráðherra sagt af sér vegna þess að hann gæti ekki stutt grundvallarfrv. þeirrar ríkisstjórnar sem hann situr í eða ríkisstjórnin sjálf hefði sagt af sér. En kannski er þetta ekki alvöruríkisstjórn, kannski er þetta ekki alvörulandbrh. sem leyfir sér að sitja áfram þótt hann sé andvígur því sem hæstv. fjmrh. hefur lýst í fjölmiðlaleik sínum sem einum af hornsteinum fjárlagafrv. Þess í stað er farin sú leið að vísa þessum ágreiningi ríkisstjórnarflokkanna í nefnd, ekki ráðherranefnd þó mikið væri auglýst fyrir nokkrum vikum að þessi ríkisstjórn ætlaði að taka upp nýjar aðferðir til að leysa sín deilumál með því að setja þau í ráðherranefndir. En það var greinilegt að ríkisstjórnin hafði gefist upp við að leysa þennan ágreining hjá sjálfri sér og treysti sér ekki til að setja ráðherranefnd í málið. Því var heldur ekki vísað til fjvn. sem er þó eðlilegur vettvangur innan þingsins til þess að fjalla um þetta mál. En í staðinn var þessum hornsteini fjárlagafrv. Jóns Baldvins Hannibalssonar vísað í þriggja manna nefnd þar sem formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, og formaður framsóknardeildarinnar í Sjálfstfl., Egill Jónsson, sitja í öndvegi og því lýst yfir opinberlega að þessir menn eigi ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni að gera út um það sem ríkisstjórninni tókst ekki að leysa. Þess vegna er í þriðja lagi óhjákvæmilegt áður en þingið og þjóðin fara að fást við það fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram að fá skýr svör við því að hve miklu leyti það nýtur stuðnings innan ríkisstjórnarinnar, að hve miklu leyti það nýtur stuðnings í flokkum ríkisstjórnarinnar eða hvort þetta fjárlagafrv. er kannski jafnmarklaust plagg og það fjárlagafrv. sem fjmrh. hafði tilbúið fyrir tíu dögum en henti síðan í síðustu viku og ónýtt voru tonn af pappír í ríkisprentsmiðjunni Gutenberg og frv. sem við sjáum nú var búið til. Það er kannski í stíl við ýmislegt annað að þetta rósafrv. hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem kynnt var með rósavendi á borðum í húsakynnum fjmrn. fyrir tveimur dögum, þetta fyrsta rósafrv. hans hafði fölnað strax á öðrum degi.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að í gengismálum, í kjaramálum og varðandi þau svik sem nú virðast vera að verða að veruleika gagnvart launafólkinu í landinu og í þriðja lagi varðandi þann pólitíska og efnahagslega grundvöll sem liggur á bak við nýlagt fjárlagafrv. sé óhjákvæmilegt að knýja hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. til að gefa hér á Alþingi, sem er hinn rétti vettvangur fyrir slíkar yfirlýsingar, skýr og afdráttarlaus svör, svör sem verða tengd við líf og tilveru ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Menn hafa kannski tekið eftir því að ég hef sleppt sessunauti þeirra, hæstv. utanrrh., við það að þurfa að veita svör við þessum spurningum. Ég reikna með að formaður Framsfl. sé eins staddur og við hin í þessum efnum enda hefur hann nánast verið fjarri vettvangi síðan í byrjun septembermánaðar og sé þess vegna í sömu stöðu og þjóðin, þingið og þingflokkar stjórnarflokkanna að vita ekki heldur hver efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er. (**KP:** Og ræðumaðurinn.) Ræðumaðurinn telur sjálfan sig hluta af bæði þjóðinni og þinginu.

Þess vegna, herra forseti, langar mig að renna hér nokkrum stoðum undir tilefni þessara spurninga og þá fyrst varðandi gengi íslensku krónunnar, fastgengisstefnuna, sjálfan hornstein að lífi þessarar ríkisstjórnar, því að ef hún var mynduð utan um eitthvað þá var hún mynduð utan um það að halda gengi íslensku krónunnar föstu.

Á þriðjudaginn í þessari viku lýsti einn helsti forustumaður atvinnurekenda í landinu, einn af helstu áhrifamönnum Sjálfstfl. og efnahagssérfræðingum þess flokks, og eins og ég hef þegar sagt varaþm. Sjálfstfl., Víglundur Þorsteinsson, því yfir — og ég vitna hér orðrétt, herra forseti:

„Ég fer ekkert í felur með þá skoðun að gengisfelling er óhjákvæmileg. Ef hún verður ekki á næstunni þýðir það einfaldlega að hún verður þeim mun meiri eftir því sem stjórnvöld láta lengur hjá líða að fella gengið."

Næsta dag, í gær, lýsti hv. alþm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem eins og alþm. vita hefur í tæpan áratug verið einn helsti efnahagssérfræðingur

Framsfl., hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir þann flokk í efnahagsnefndum fyrri ríkisstjórna og átt drjúgan hlut í mótun efnahagsstefnu Framsfl. og efnahagsstefnu þeirra ríkisstjórna sem Framsfl. hefur setið í á undanförnum árum, því yfir í frétt í Tímanum, orðrétt, herra forseti, „að hann teldi að fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar væri ekki rétt heldur ætti að fella gengið til að skapa útflutningsatvinnuvegunum betri skilyrði.“ Hér er ekki töluð nein tæpitunga. Hér setur einn af helstu áhrifamönnum Framsfl. fram skilyrðislausa kröfu um að gengið verði fellt.

Sama dag setti fyrrv. þm. Sjálfstfl., Ellert B. Schram, fram þá skoðun í leiðara í einu víðlesnasta blaði landsins að fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar ætti vissulega í vök að verjast og þar væri nánast róinn lífróður. Og hann benti með réttu á að ýmsir úr röðum atvinnurekenda og hagfræðinga hefðu haldið því skýrt og afdráttarlaust fram að gengið væri í raun fallið. Þeir boðuðu gengisfellingu á næstu vikum. Ríkisstjórnin væri að blekkja sjálfa sig og alla þjóðina ef hún þráaðist við. Það er einmitt til þess að fá skýr svör í þessum efnum og koma í veg fyrir að óvissa í gengismálum haldi áfram að skapa erfiðleika í atvinnulífi landsins, skapa erfiðleika á vinnumarkaðnum og skapa almenna vantrú í þessu landi sem á það verður að reyna hér á Alþingi hvort hæstv. forsrh. er tilbúinn að lýsa því yfir að ríkisstjórnin muni fara frá ef hún telji nauðsynlegt að fella gengið. Eftir þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið dugir ekkert annað hér en að hæstv. forsrh. sýni þá stefnuafstöðu að leggja líf ríkisstjórnarinnar við líf íslensku krónunnar. Ef hann gerir það ekki þá verður að ályktа sem svo að þeir forustumenn í stjórnarflokkunum, sem ég hef hér vitnað til, að þeir sérfræðingar í efnahagsmálum, sem Ellert B. Schram vitnar til, hafi á réttu að standa og ríkisstjórnin sé eingöngu að setja á svið blekkingarleik og hafi ekki pólitískan kjark eða stefnufestu til þess að standa við sín eigin orð.

Annar þátturinn sem ég vék að snertir þau loforð sem undirrituð voru af þáverandi hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, og hér eru birt með hans þjóðþekktu undirskrift og staðfest voru af þáverandi fjmrh., Þorsteini Pálssyni, um að stjórnvöld mundu í verðlagningu á opinberri þjónustu og skattlagningu fylgja þeirri stefnu að hækkanir verði í heild ekki umfram almenna verðlagsþróun. Þann 12. þessa mánaðar skrifaði forseti Alþýðusambandsins hæstv. forsrh. bréf þar sem vakin var með miklum alvöruþunga athygli á því að forsendan í samskiptum ríkisstjórnar við launafólkið í landinu er sú að menn standi við orð sín. Ef menn hætta að standa við orð sín, þá hrynja meginforsendurnar undir stjórn landsins. Sú ríkisstjórn, sem byrjar feril sinn með því að svíkja fyrri fyrirheit, getur ekki vænst þess að launafólkið í landinu beri minnsta vott af trausti og trúnaði til hennar orða. Það er verið að gjaldfella orð forsrh. sjálfs og ríkisstjórnarinnar allrar, einkum og sér í lagi hið undirritaða loforð núverandi hæstv. utanrrh., Steingríms Hermannssonar. Fyrst hann er mættur hér, þó að ég hafi ekki óskað eftir honum sérstaklega í þessum umræðum en býð hann velkominn engu að síður, þá vildi ég nota tækifærið til þess að spyrja hann hvort hann hafi samþykkt þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að svíkja þetta undirritaða fyrirheit hans eða hvort það hafi verið gert meðan hann var að fljúga frá Róm til Minneapolis.

Forseti Alþýðusambandsins óskar eftir því í þessu bréfi að málið verði tekið til endurskoðunar. Eina svarið sem hefur fengist við þeirri bón er skætingur hæstv. forsrh. í blaðaviðtölum þar sem það eina sem hann hefur að segja eru umkvartanir yfir því að hann hafi ekki fengið bréfið á réttum stað og réttum tíma. Það er svona álíka eins og þegar maður, sem skrifað hefur undir víxil og er rukkaður, fer að rífast yfir því hvort pósturinn komi fyrir eða eftir hádegi í stað þess að standa við hinar undirrituðu skuldbindingar. Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja hér að því hvort hæstv. ríkisstjórn hafi formlega á fundi sínum hafnað að verða við þeim tilmælum um að fresta álagningu á matarskatti og öðrum gjöldum, hvort sú höfnun, ef hún núna liggur formlega fyrir, hafi verið staðfest af þingflokkum ríkisstjórnarinnar þannig að það liggi ljóst fyrir að það sé þingmeirihluti á bak við þessi svik eða hvort það séu ráðherrarnir einir sem vilja taka ábyrgð á þessum brigslum; og spyrja svo hæstv. fjmrh., formann Alþfl., sem mjög hefur skreytt sig á undanförnum tveimur árum með hinum upprunalegu tengslum Alþýðusambandsins og Alþfl., sérstaklega að því hvort hann telji það vænlegt og í samræmi við upphaflegar hugsjónir Alþfl. að verða þannig fyrstur manna í fjármálaráðherrastól til að svíkja alþýðusamtökin í landinu og hverfa frá skriflegu loforði og skuldbindingum. Heldur hann að alþýðusamtökin í landinu geti þá borið til hans eitthvert traust? Heldur hann að það dugi á móti að sviðsetja einhverjar sýningar í fjölmiðlum og annars staðar? Heldur hann að alþýðan í landinu sjái ekki í gegnum það að fyrsti fjármálaráðherrann sem svíkur alþýðusamtökin um skriflegar yfirlýsingar er fjármálaráðherra Alþfl.?

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. svari því greinilega hér hvort ríkisstjórnin hafi formlega samþykkt þessa afgreiðslu, hvort þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafi samþykkt hana og reyndar hvort allir þm. ríkisstjórnarflokkanna hér séu henni samþykkir vegna þess að hv. alþm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur reyndar gefið yfirlýsingar um það að hann sé andvígur þessari skattlagningu.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson segir í blaðaviðtali fyrir tveimur dögum síðan: „Ég mun aldrei fallast á skatta á matvæli nema gerðar verði hliðarráðstafanir. Matarskatturinn hefur mætt töluverðri andstöðu innan þingflokks Framsóknar og er Jón Helgason landbrh. andvígur honum.“ Enn eitt dæmið um það að hæstv. landbrh. sé andvígur stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hann situr í. Síðan segir í þessu viðtali, með leyfi hæstv. forseta: „Að sögn Guðmundar er nú verið að þrefa um hvort grípa

skuli til einhverra hliðarráðstafana til að milda áhrif söluskattsins hjá barnafjölskyldum. Það var búið að ákveða að leggja þennan skatt á eftir áramót og verða þá jafnframt með hliðarráðstafanir eins og hækkaðar barnabætur þannig að hér er um tveggja mánaða bil að ræða sem þarf að brúa."

Hver var sú nauðsyn sem knúði hæstv. ríkisstjórn til þess að eyðileggja allan grundvöll að samstarfi við launafólk í landinu og þar með lýsa því yfir í verki að alþýðusamtökin geti aldrei aftur gert samning í trúnaði við ríkisvaldið sem þessir flokkar sitja í? Sá tími er einfaldlega liðinn. (**GHG:** Það gerðist 1980–1983.) Það gerðist ekki 1980–1983 og ef eina skjól fyrrverandi formanns Verslunarmannafélags Reykjavíkur í því að vera stuðningsmaður þessara svika er að hlaupa aftur til fortíðarinnar þá sýnir það best að samviskan er slæm vegna þess að hér áður fyrr var þó Guðmundur H. Garðarsson fremstur í flokki og kom hér á fundi þingnefnda og á fundi alþýðusamtakanna í landinu og flutti þá stefnu að ríkisvaldið ætti að standa við sín fyrirheit, (**GHG:** Það er rétt.) bæði í málefnum lífeyrissjóðanna — það er rétt, segir hv. þm. og er greinilegt að það rifjast nú upp fyrir honum hver hans raunverulega afstaða er. (**HBl:** Er hv. þm. stoltur af þeirri efnahagsstefnu sem hann fylgdi á þeim tíma?) Ég hef sagt það áður að það var margt í stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem hefði mátt gera betur. Og við höfum auðvitað lært af þeirri reynslu eins og allir. En það á eftir að verða dýrkeypt reynsla fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn þegar kjarasamningar eru í mikilli óvissu, þegar efnahagsástandið í landinu hvílir á jafnveikum grunni og nú að hefja viðræður við samtök launafólks með því að lýsa því í verki yfir að þau geti ekki treyst orðum, jafnvel skriflegum yfirlýsingum hæstv. ríkisstjórnar. Þess vegna vil ég endurtaka þau tilmæli frá alþýðusamtökunum í landinu að hæstv. ríkisstjórn fresti því að leggja þessa matarskatta á og taki á ný upp viðræður sem geti orðið grundvöllurinn að því að lágmarkstrúnaður geti ríkt á milli launafólks í landinu og ríkisvaldsins á hverjum tíma.

Í þriðja og síðasta lagi er sá þáttur sem víkur að fjárlögunum. Það væri í raun og veru freistandi að rifja hér upp sögu fjárlagagerðarinnar á síðustu fjórum vikum. Vegna þess að hið óvenjulega hefur gerst nú undir forustu núverandi hæstv. fjmrh., sem hefur ráðið sér sérstakan blaðafulltrúa í fjmrn., að fjárlagagerðin hefur ekki síður verið í fjölmiðlunum en í Stjórnarráðinu, þá höfum við mjög góðar heimildir með orðum ráðherranna sjálfra í blöðum síðustu fjórar vikur. Sú saga sýnir kannski betur en flest annað þau lausatök, það stjórnleysi og þann hringlandahátt sem einkennir glímu ríkisstjórnarinnar við efnahagsmál, þótt í upphafi hafi ráðherrarnir talað hátt um það að nú væru sestir á valdastóla þeir flokkar sem ætluðu að sýna ábyrgð og stefnufestu í þessum efnum.

Þann 17. september er skýrt frá því í forsíðu- og baksíðufrétt dagblaðanna að ríkisstjórnin sé í púlvinnu við að ganga frá fjárlagafrv. og í fyrirsögn er sagt að það séu mikil átök um fjárlagafrv. og jafnvel um það rætt að Jón Baldvin Hannibalsson leggi frv. fram í eigin nafni vegna þess að hann hafi ekki stuðning ríkisstjórnarinnar til þess að flytja það. Næsta dag koma svo fréttir um það að yfir nóttina hafi fundist hundruð milljóna kr. í eftirleit þannig að fjmrh. gat allt í einu birst þjóðinni glaður og einbeittur á svip, búinn að leysa fjárlagavandann með því að finna þessi hundruð milljóna í eftirleit. Og Alþýðublaðið, hið merka blað sem á sér langa og mikla sögu, hefur það eftir leiðtoga sínum, Jóni Baldvini Hannibalssyni, 18. sept.: „Smiðshöggið rekið á fjárlagafrv. um helgina." Það smiðshögg er ekki fallið enn.

Síðan gerist það tveimur til þremur vikum síðar að allt í einu koma fréttir um það að ríkisstjórnin hafi hlaupið til með miklu írafári fáeinum dögum áður en Alþingi kemur saman og látið breyta þjóðhagsspánni af því að spámennskan í Þjóðhagsstofnun var einum of gegnsæ fyrir ríkisstjórnina sjálfa. Óskaði ríkisstjórnin eftir því að spáð væri meiri viðskiptahalla og engum hagvexti. Ja, hvílík reisn yfir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að óska sérstaklega eftir því að engum hagvexti verði spáð! Þegar Þjóðhagsstofnun, sem er góðhjörtuð stofnun, þjónustaði ríkisstjórnina með þessari nýju spá, þá gerist það föstudaginn 9. okt., um það bil sem ráðherrar voru að fara í fínasta pússið sitt til þess að koma hér til þings — og alltaf áður hefur fjárlagafrv. legið fullprentað í geymslum Alþingis til þess að verða lagt fram á fyrsta degi þingsins — þá gerist það að fjárlögin eru óvænt skorin upp og skattar hækkaðir. Það væri dálítið fróðlegt að hæstv. fjmrh. svona í „forbifarten" á næstu dögum upplýsti þjóðina um það hve mörgum tonnum af pappír var hent í hinu fullprentaða fjárlagafrv. eftir að sá uppskurður hafði átt sér stað. Aldrei fyrr í þingsögu Íslendinga hefur ný ríkisstjórn, sem haft hefur marga mánuði til að undirbúa verk sín, komið til þings með fjárlagafrv. sem hún skar upp tveimur nóttum fyrir þingsetningu.

Síðan halda sögurnar áfram. Hv. þm. Halldór Blöndal, sem hér er mættur í salnum, lýsti því svo sérstaklega yfir uppskurðardaginn að húsnæðismálin væru í algerum ólestri. Og voru þó húsnæðismálin eitt af því sem Alþfl. notaði aðallega til þess að réttlæta þátttöku sína í þessari ríkisstjórn. Laugardaginn 10. okt., daginn sem þingið er sett, hefur hinn fjölmiðlaglaði fjmrh. látið þjóðinni í té þær upplýsingar að fjárlagagatinu, þessu gati sem allt í einu fannst á sama hátt og hundruð milljóna fundust skyndilega í eftirleit tveim, þremur vikum áður, að þessu fjárlagagati hafi verið lokað á næturfundi ráðherranna. Það er kannski von að eitthvað sé skrýtið í Stjórnarráðinu þegar grundvallarmálefni ríkisstjórnarinnar eru afgreidd á næturfundum og helmingur ríkisstjórnarinnar hleypur á fréttamannafundi um kvöldmatarleytið uppi í Stjórnarráði til þess að reyna að koma einhverjum skikk á stefnu

sína. En af því að hæstv. fjmrh. er kjarkmikill maður, þá segir hann auðvitað að lokinni þessari fjögurra vikna sögu í viðtali við Dagblaðið í gær, orðrétt: „Það er pólitískt afrek að hafa tekist að ná þessu markmiði af hálfu stjórnarflokkanna á svo skömmum tíma.“ Ja, miklir menn erum við, hæstv. fjmrh. Það er að vísu rétt að enginn annar fjmrh. í sögu íslenska lýðveldisins hefur leikið það eftir að skera upp sitt eigið frv. á tveimur nóttum, tveimur vikum eftir að hann sagði þjóðinni að það væri fullfrágengið. Hæstv. ráðherra gleymdi bara að segja frá því hvort það var hnífurinn frá Verslunarráðinu sem hann notaði í þennan uppskurð. En það er athyglisvert að þessi sami fjmrh., sem tekur við gjöfum frá Verslunarráðinu, er fremstur í flokki að svíkja skriflegar yfirlýsingar sem gefnar hafa verið alþýðusamtökunum í landinu.

En sagan er ekki búin því sama daginn og hæstv. fjmrh. lýsti því með eigin orðum að þetta væri pólitískt afrek að ganga frá fjárlagafrv. með þessum hætti, þá greinir Morgunblaðið frá því að hæstv. landbrh. sé með algjöran fyrirvara á einn helsta hornstein fjárlagafrv., þ.e. að flytja verulegan hluta útgjalda til landbúnaðarmálefna af ýmsu tagi yfir til samtaka og einstaklinga og út úr fjáröflunarkerfi ríkissjóðs. Og Morgunblaðið segir orðrétt, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. „treysti á að þingmannanefnd leysi ágreininginn við fjmrh.“. Mörg eru orðin dæmin um það að þessi ríkisstjórn ætti að fara í heimsmetabók Guinness því það er heldur ekkert dæmi um það fyrr í þingsögunni að ráðherrar í upphafi þings hafi gefist upp við að leysa ágreiningsmál innan ríkisstjórnarinnar og vísað þeim málum til þingnefndar. Er nú svo komið fyrir manninum, sem í tvö ár stóð hér í þessum ræðustól nánast í hverri viku og sagði þjóðinni að það mundi verða hans fyrsta verk að moka út úr því sem hann kallaði framsóknarfjós, að Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., og Egill Jónsson af öllum mönnum eru orðnir yfirmenn hæstv. fjmrh. í fjárlagagerðinni. Verður gaman að sjá þá formann fjvn., Sighvat Björgvinsson, og hæstv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, á næstu vikum og mánuðum ganga fyrir þá Pál Pétursson og Egil Jónsson til þess að spyrja hvort þeir séu ekki komnir með lausn á þessum vanda. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna Egill Jónsson og Páll Pétursson sitja bara ekki í ríkisstjórninni úr því að ríkisstjórnin felur þeim á fyrstu dögum þingsins að meðhöndla það fjöregg sem hún hætti sjálf við að henda á milli sín af ótta við það að hún missti það og yrði þá að labba út úr Stjórnarráðinu.

Það er greinilegt að hæstv. landbrh. hefur viljað koma því rækilega til skila að hann væri andvígur hæstv. fjmrh., hann væri í andstöðu við þennan hornstein fjárlagafrv. vegna þess að hann lætur Tímann, málgagn Framsfl., lýsa því yfir í dag að hann sé ósáttur við tillögur Jóns. Nú heitir fjárlagafrv. allt í einu „tillögur Jóns“, rósafrv. sem fölnaði strax á öðrum degi. Vill enginn lengur eiga þessar rósir, hæstv. fjmrh.? Ekki Framsfl. og ekki Sjálfstfl. Fjárlagafrv. er ekki lengur fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Það er ekki lengur frv., það er bara „tillögurnar hans Jóns“. Er von að Alþingi og þjóðin vilji fá einhver skýr svör við því hvað þinginu sé ætlað að fjalla um og hver sé stefna viðkomandi ríkisstjórnar?

Hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., er því miður fjarstaddur þessa umræðu og það er reyndar athyglisvert að þeir eru báðir fjarstaddir þessa umræðu, yfirfjmrh. Páll Pétursson og Egill Jónsson. (**Gripið fram í:** Þeir eru á fundi.) Já, þeir eru kannski á fundi. Þeir eru kannski sestir inn í fjmrn. og farnir að skoða hnífinn frá Verslunarráðinu til að fjalla um það hvernig eigi að skera landbúnaðarframlögin niður. (**MB:** Þá er bara að þeir meiði sig ekki á honum.) Nei, þeir kunna nú báðir að slátra og kannski enda þeir með því að slátra hæstv. fjmrh.

En hv. þm. Páll Pétursson hefur hins vegar talað í málinu vegna þess að hann segir í viðtali við Dagblaðið fyrir tveimur dögum síðan, herra forseti: „Ég er ekkert yfir mig hamingjusamur. Það vantar ýmislegt í það,“ þegar hann er spurður um fjárlagafrv. og bætir svo við: „En það var niðurstaðan að sýna þetta.“

Að sýna þetta. Það hefur aldrei fyrr gerst heldur að formaður þingflokks aðalflokks ríkisstjórnarinnar lýsi því yfir strax í upphafi þings að fjárlagafrv. sé bara sýningargripur, nánast til að hafa eitthvað sem þm. geti lagt ofan á þskj. til að passa að þau fjúki ekki hérna um borðin. En stefna ríkisstjórnarinnar er það ekki. Stefna Framsfl. er það ekki. Stefna landbrh. er það ekki. Þess vegna er spurt: Hver styður þetta fjárlagafrv. eiginlega? Sjálfstfl.? Alþfl.? Eða er fyrsta fjárlagafrv. þessarar ríkisstjórnar þegar í upphafi þings orðið minnihlutagagn hér á borðum þm.? Það sýnir þess vegna pólitískt raunsæi hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar að hann skuli segja í fyrrgreindu viðtali fyrir nokkrum dögum síðan, herra forseti: „Þrátt fyrir þessa gagnrýni á ríkisstjórnina tók Guðmundur skýrt fram að hann styddi þessa ríkisstjórn.“ Það var greinilega ekki vanþörf á. En svo bætir hann við: „Þar sem hann sæi ekki möguleika á annars konar stjórn í stöðunni.“ Stöður breytast fljótt, vita skákmenn, fyrrv. forseti Skáksambands Íslands, sem haldið hefur heimsmeistaraeinvígi í skák hér á landi, þannig að það er kannski þegar byrjuð skákin um líf ríkisstjórnarinnar í Stjórnarráðinu og staðan sé þannig núna að dómi hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar að það sé kannski ekki önnur stjórn í stöðunni. En kannski hann ætti að kalla á okkur hina til að kíkja á þessa stöðu og sjá aðeins til hvort ekki er hægt að tefla úr biðskákinni í næstu umferð.

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem var skýrt og afdráttarlaust í þessum kvöldtilkynningum sem ráðherrarnir fluttu ríkisstjórninni úr Stjórnarráðinu á öðrum degi þingsins í stað þess að koma hingað til Alþingis og flytja þær hér. Það var það atriði að einstaklingum og fyrirtækjum væri heim-

ilað að kaupa erlend verðbréf. Það var skýrt. Það var ljóst. Nú geta gróðaöflin í landinu hætt að fjárfesta í framtíð íslensks atvinnulífs, hætt að byggja upp sjávarútveginn og iðnaðinn og atvinnulífið í kringum landið vegna þess að ríkisstjórnin hefur þó tekið ákvörðun um eitt: Að heimila kaup á erlendum verðbréfum. Það væri reyndar fróðlegt að fá að vita hvort einnig liggi fyrir samþykktir þingflokka allra ríkisstjórnarflokkanna fyrir þessu stefnuatriði eða ekki. Eru allir þm. ríkisstjórnarflokkanna, landsbyggðarþingmennirnir, stuðningsmenn sjávarútvegs og iðnaðar, þeir sem vilja byggja upp heilbrigt atvinnulíf í þessu landi, sammála því sem er ein helsta efnahagsaðgerð sem þessi ríkisstjórn beitir sér fyrir og það eina sem er skýrt af því sem hún hefur sagt undanfarna daga: að opna á það að menn geti farið að kaupa erlend verðbréf í stórum stíl og flytja þannig fjárfestingarfjármagnið frá íslenskum atvinnuvegum og yfir á erlendu kaupendurna? Eða skyldi skýringin vera sú sem kemur fram í viðtali í gær í Morgunblaðinu við einn helsta forsvarsmann verðbréfasalanna í landinu? Þegar Morgunblaðið spyr hann um þessa merku ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sem Morgunblaðið greinilega fagnar og verðbréfasalinn fagnar einnig, þá segir hann, herra forseti:

„Þetta þýddi t.d. að hægt yrði að fjárfesta í skuldum ríkisins sem til sölu eru á verðbréfamörkuðum erlendis."

Það er eini fjárfestingarboðskapurinn sem þessi ríkisstjórn flytur að bjóða mönnum að fara að braska í kauphöllinni í Tokyo, London og New York til að geta fjárfest í skuldum íslenska ríkisins. Er það sú besta fjárfesting, sem þessi ríkisstjórn boðar þjóðinni, skuldir ríkissjóðs? Þær séu arðbestar, þær séu hornsteinninn í hinni nýju atvinnustefnu og endurreisn atvinnulífs á Íslandi?

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt, eins og ég sagði í upphafi, að hæstv. ráðherrar, fjmrh. og forsrh. og síðan einnig utanrrh. og þeir aðrir þm. sem hér eiga hlut að máli, taki af öll tvímæli í þessum efnum svo að það liggi ljóst fyrir hver afstaða ríkisstjórnarinnar er. Tími blekkinganna í íslenskum efnahagsmálum á að vera liðinn. Allt sl. ár, allt þetta ár, stundaði þáverandi ríkisstjórn magnaða blekkingarstarfsemi um ástandið í efnahagsmálum. En nú hefur núverandi ríkisstjórn, sem báðir síðustu stjórnarflokkar sitja í, lagt hér á borð þm. þjóðhagsáætlun þar sem á upphafssíðu er kveðinn upp sami dómur yfir blekkingarvef síðustu ríkisstjórnar og við fluttum hér, forsvarsmenn Alþb. og aðrir forustumenn Alþb. á undanförnum mánuðum og sem við í kosningabaráttunni vöruðum þjóðina við, dómur um verðbólgu og viðskiptahalla. Þessum blekkingum á að linna.

Íslenska þjóðin hefur engin efni á því að hafa forustu sem kann ekki að tala skýrt, veit ekki hvað hún vill og hefur misst öll tök á efnahagsstjórninni. Þjóðin krefst þess að fá að vita hvar ríkisstjórnin stendur. Við höfum engin efni á því að því sem eftir er af þessu ári og næsta ári verði eytt í annað blekkingartímabil eins og þeim síðustu missirum sem liðu þar til kosningar fóru fram í þessu landi. Til þess að reyna að eyða þessum blekkingarvef hef ég, herra forseti, kvatt mér hér hljóðs til þess að knýja á um að þjóðin fái að vita hvað ríkisstjórnin vill — ef ríkisstjórnin veit þá hvað hún vill.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. hefur nú flutt hér alllangt mál. Mér taldist svo til að hann hafi í ræðu sinni farið fjórum eða fimm sinnum yfir öll efnisatriði ræðunnar, flutt sömu ræðuna í einni lotu fjórum eða fimm sinnum. Hann situr hér nú sem varaþm. hv. 5. þm. Reykn. í aðdraganda að landsfundi Alþb. og má vera að ræðan hafi verið flutt með þessum hætti af því tilefni.

Ég er eiginlega þeirrar skoðunar, og komst á þá skoðun meðan hv. þm. var að tala, að það hefði verið sanngjarnt af þingflokki Alþb. að kalla líka til gömlu skólasystur mína, hana Sigríði Stefánsdóttur, norðan frá Akureyri og leyfa henni að setjast inn á þing og nota eins og helminginn af ræðutíma hv. þm. þannig að þingheimur fengi að kynnast málflutningi tveggja frambjóðenda Alþb. til formannskjörs.

Það fer hv. þm. illa að reyna að búa til reyfara hér á hinu háa Alþingi um framgang þingmála, um frásögn af blaðamannafundum ríkisstjórnarinnar og framlagningu þskj. Hann er um margt atgervismaður, en það lætur honum ekki að búa til reyfarasögur.

Ríkisstjórnin hefur með mjög skýrum hætti lagt fram stefnu sína og starfsáætlun. Ríkisstjórnin lagði fyrir þetta þing í upphafi fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun með skýrri stefnumörkun. Við Íslendingar höfum búið við hagstæð skilyrði að undanförnu. Það hefur verið vöxtur í íslensku efnahagslífi og við höfum búið hér við góðar aðstæður og góð lífskjör. Hitt er satt og rétt að á síðustu mánuðum hefur sigið á ógæfuhlið að því er varðar verðlagsþróun og viðskiptajöfnuð við útlönd. Verðbólga hefur vaxið meir en ráð var fyrir gert og halli á viðskiptum við útlönd farið vaxandi þrátt fyrir að öðru leyti mjög hagstæð skilyrði í íslenskum þjóðarbúskap.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum og ákvað fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum var við það miðað að hallinn á viðskiptum við útlönd yrði ekki miklu meiri en 4 milljarðar á næsta ári. Nú þegar dró að upphafi þings kom í ljós að horfur um viðskiptaþróun á næsta ári væru þær að viðskiptahallinn gæti orðið, ef ekkert yrði að gert, 6–8 milljarðar kr. Og það var augljóst að ríkisstjórn, sem ætlar sér að koma í veg fyrir að verðbólga vaxi á nýjan leik, varð að grípa í taumana og það var gert þegar í stað með mjög markvissum og skýrum hætti. Það var ákveðið að ná þegar í stað niður halla á fjárlögum ríkisins og það var ætlan ríkisstjórnarinnar að ná hallanum niður í áföngum á þremur árum. En vegna nýrra aðstæðna, vegna nýrra upplýsinga um horfur á næsta ári þótti nauðsynlegt að stíga fastar á bremsurnar en áður var ráð fyrir gert. Það voru teknar ákvarðanir

til þess að tryggja að þessu markmiði yrði náð með því að draga meira úr útgjöldum en áður var ráðgert og auka tekjur. Hvort tveggja þurfti til að koma.

Jafnframt var tekin sú ákvörðun að halda fast og ákveðið við þá fastgengisstefnu sem hefur verið og er og verður grundvöllur að efnahagsstefnu stjórnarinnar. Til þess að treysta þá stefnu í sessi og draga úr viðskiptahalla var nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða í ríkisfjármálum og jafnframt að grípa til aðgerða í peningamálum til þess að auka aðhald, opna möguleika til frekari sparnaðar og gera mönnum kleift að leggja peninga inn á gengisbundna reikninga.

Ráðstafanirnar í peningamálum eru í því fólgnar að bönkum og sparisjóðum verður heimilað að bjóða gengisbundna innlánsreikninga. Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf, heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskiptastöðu sína verða rýmkaðar og ríkissjóður mun bjóða gengisbundin spariskírteini. Hér er verið að opna fjölbreyttari kosti til sparnaðar. Hér er verið að gera ráðstafanir til þess að örva sparnað.

Auðvitað er það svo að menn hafa spurt sjálfa sig: Stenst fastgengisstefnan þegar þannig stendur á í íslensku þjóðfélagi eins og raun ber vitni? Er þetta mögulegt? Getur þetta tekist? Við höfum með þessum ráðstöfunum stigið skref til þess að svo megi verða og tryggt að svo megi verða ef annað gengur eftir. Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því öll að það kunna að vera uppi efasemdir. En með þessu eru opnaðir möguleikar fyrir þá sem kunna að efast til þess að leggja sparifé sitt inn á gengisbundna reikninga fremur en að verja því til innkaupa og eyðslu.

Í þessum ráðstöfunum, eins og greint hefur verið frá, verður einnig staðið þannig að verki að spariskírteini ríkissjóðs til lengri tíma verða boðin fram með kjörum sem eru í samræmi við markaðsaðstæður. Þetta er mikilvægt m.a. til þess að dreifa innlausnarbyrði ríkissjóðs á lengri tíma en einungis getur orðið með sölu á spariskírteinum til tveggja ára. Það verður jafnframt unnið að því að endurskoða vexti á ríkisvíxlum og bjóða þá fleiri aðilum og til lengri tíma en verið hefur. Allt stuðlar þetta að því að örva sparnað og auka tiltrú á þá grundvallarstefnu sem hér hefur verið lögð. Enn fremur verður unnið að því að gera mönnum kleift að spara með kaupum á hlutabréfum þannig að slíkur sparnaður verði jafnsettur öðrum sparnaði í þjóðfélaginu. Þetta er mikilvægt stefnuatriði.

Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að með þessum ákveðnu og skýru viðbrögðum við nýjum aðstæðum hafi verið mörkuð stefna sem gefur mönnum trú á að gengi krónunnar geti haldist. Með þessu er líka sett almenn umgjörð fyrir þá sem taka mikilvægar efnahagslegar ákvarðanir í þjóðfélaginu. Við þekkjum öll þá sögu. Það þarf ekkert að vera að pukrast með það að sú var tíð að menn tóku mikilvægar efnahagslegar ákvarðanir eins og felast í kjarasamningum í trausti þess að gengi krónunnar yrði fellt eða það yrði látið síga jafnharðan. (**SvG:** Þegar þú varst í Vinnuveitendasambandinu.) Ég átti aðild að slíkum kjarasamningum meðan slík ríkisstjórn sat sem hafði enga trú á sjálfri sér né gat komið neinu fram til þess að koma hér á festu og öryggi í efnahagslífinu og ég hygg að ýmsir hér hafi tekið þátt í að gera kjarasamninga með þeim hætti. Það var ekkert aðhald að stjórnendum atvinnufyrirtækja þegar gengi krónunnar féll á hverjum einasta degi. Og það var engin von til þess að hægt væri að búa á Íslandi við stöðugt verðlag meðan sá háttur var á hafður. Þess vegna er þetta grundvallaratriði. Þess vegna skiptir það máli að skapa þær aðstæður í íslensku þjóðfélagi að þetta sé hægt. Og það er auðvitað skylda ríkisstjórnar að grípa í taumana ef efasemdir koma upp um það að unnt sé að halda áfram og það hefur nú verið gert.

Þjóðin skilur ekki, sagði hv. málshefjandi. Þjóðin skilur. Þjóðin gerir sér grein fyrir því að þetta var nauðsynlegt. Þjóðin gerir sér grein fyrir því að það þarf að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir verðbólgu. Fólkið í þessu landi vill ekki kalla yfir sig verðbólguskriðu á ný. Það vill ekki upplifa þjóðfélag þar sem verðbólgan er á milli 80 og 150%. Það er þess vegna reiðubúið að fylgja þeim sem þora að gera ráðstafanir sem varða veginn fram á við þannig að verðbólgan hjaðni á ný.

Öll tvímæli hafa verið tekin af um það að ríkisstjórnin ætlar með þessum ráðstöfunum að fylgja eftir fastgengisstefnu. Og þó að hv. málshefjandi beri þá von í brjósti að hann verði kjörinn formaður Alþb. og þessi ríkisstjórn hverfi frá hefur með þessum ráðstöfunum verið þannig staðið að verki að til þess mun ekki þurfa að koma. Það er alveg ljóst jafnvel þó að menn hafi misjafnar skoðanir á núv. ríkisstjórn að ekkert hefur komið fram í umræðum að undanförnu sem bendir til þess að fólk mundi fá meira traust á íslensku krónunni ef hv. málshefjandi fengi tækifæri til þess að setjast í ráðherrastól. Þvert á móti held ég að það sé augljóst að ef þau sjónarmið fengju að ráða sem hann er fulltrúi fyrir væri fyrst hætta á því að gengisfall yrði á íslensku krónunni. Fyrir því höfum við líka sögulega reynslu.

Hv. málshefjandi vék að bréfi forseta Alþýðusambandsins. Þar er því haldið fram að ríkisstjórnin hafi gengið á bak þeirra yfirlýsinga sem gefnar voru við gerð síðustu kjarasamninga. Hugum aðeins að staðreyndum. Þegar þeir kjarasamningar voru gerðir var að því stefnt að kaupmáttur atvinnutekna gæti vaxið um 7%. Nú eru allar horfur á því að kaupmáttur atvinnutekna vaxi um 16%, meira en tvöfalt það sem ráð var fyrir gert og var þó verið að semja um einhverja mestu kaupmáttaraukningu sem menn hafa samið um og stefnt að með kjarasamningum um langan tíma.

Rifjum líka upp umræðurnar sem fram fóru þegar þessir kjarasamningar voru gerðir. Þá urðu ýmsir til þess að ráðast á forustumenn verkalýðshreyfingarinnar. Þá voru ýmsir sem tóku til máls í þeim tilgangi

að bíta í hælinn á forseta Alþýðusambandsins, kannski vegna innanflokksátaka, það má vera. En það var látið að því liggja að hann og aðrir forustumenn verkalýðsfélaganna, sem að þessum samningum stóðu, hefðu verið að svíkja umbjóðendur sína. Hv. málshefjandi kannast kannski við það. Kannski man hann eftir því að hafa tekið þátt í þeim leik. Staðreyndin er hins vegar sú að með þessum samningum var stefnt að einhverri mestu kaupmáttaraukningu sem við þekkjum í kjarasamningum. Og niðurstaðan, þegar langt er liðið á samningstímabilið, er þessi: kaupmátturinn hefur aukist margfalt umfram það sem að var stefnt. Það er auðvitað þetta sem er kjarni málsins. Ef við byggjum nú við þær aðstæður að kaupmátturinn væri minni en að var stefnt með kjarasamningum gætum við rætt þetta á öðrum forsendum. Þá gæti verið tilefni til að skrifa bréf af þessu tagi og hefja upp raust sína hér á hinu háa Alþingi. En það er ekki svo.

Þegar þannig stendur á að útgjöld þjóðarinnar eru meiri en tekjurnar verða menn að gera ráðstafanir til þess að jafna metin á ný. Og það hafa verið stigin stór skref í þá veru með þeim ráðstöfunum sem nú hafa verið gerðar. Þær fela ekki í sér neina brigð við kjarasamningana frá sl. vetri. Eftir sem áður er kaupmátturinn meiri.

Nú horfum við fram til þess að á næsta ári verður tæpast um hagvöxt að ræða á Íslandi eftir þann mikla hagvöxt sem við höfum haft á tveimur til þremur undanförnum árum. Við verðum að aðlaga okkur að þessum aðstæðum. Það er verðugt keppikefli við þessar aðstæður að freista þess að verja það góða lífskjarastig sem við búum nú við og það sem nú hefur verið gert leggur grundvöll að því að þetta verði unnt og setur mönnum um leið umgjörð til þess að takast á við það verkefni.

Hv. málshefjandi vék einnig að fjárlagafrv. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. svari í einstökum atriðum því sem ræðumaður vék að í því efni að svo miklu leyti sem þar var um málefnalegar athugasemdir að ræða. En varðandi stöðu þessa frv. er alveg ljóst að það er lagt fram af ríkisstjórninni með venjulegum hætti. Það fer til meðferðar hér í þinginu svo sem venja er til og verður tekið til umræðu og umfjöllunar í fjvn. Það þekkjum við að þar taka frumvörpin jafnan einhverjum breytingum. Að því er varðar þann fyrirvara sem gerður hefur verið að umtalsefni lýtur hann ekki að því að einstakir flokkar stjórnarinnar standi ekki að frv. Hann lýtur að afmörkuðu atriði þar sem sérstakri nefnd þm. úr stjórnarflokkunum hefur verið falið að finna leið til þess að samstaða geti tekist um að ná því markmiði sem í fjárlagatillögunum felst. Því er ástæðulaust að vera að gera því skóna að þetta frv. liggi hér fyrir með neinum öðrum hætti en venja er til.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur að vísu rætt nokkuð þau atriði sem ég vildi gera að umræðuefni. Ég stend fyrst og fremst upp til að leggja áherslu á það að það er rangt hjá hv. upphafsmanni þessarar umræðu að Framsfl. standi ekki að þessu fjárlagafrv. Það gerir Framsfl. Þetta er lagt fram í nafni ríkisstjórnarinnar og með samþykki Framsfl. Við styðjum heils hugar það grundvallaratriði fjárlagafrv. að það verði afgreitt hallalaust. Við teljum það ákaflega mikilvægt í því þensluástandi sem nú er í íslensku þjóðfélagi.

Hæstv. landbrh. hefur gert athugasemd við einn þátt frv. Í þeirri athugasemd er tekið fram að hann áskilur sér rétt til að leita leiða til að rétta hlut landbúnaðarins í fjárlagafrv. og hefur lagt til að nefnd þingmanna fjalli um það og ef ekki reynist unnt að ná þeim markmiðum innan þess ramma sem fjárlagafrv. nú mótar verði athugað hvort ekki megi gera það með öflun tekna. Þetta hygg ég að sé út af fyrir sig ekkert óvenjulegt. Ég hygg að flestir ráðherrar hafi haft og hafi talið sig hafa þann rétt að fá einhverja leiðréttingu mála í meðferð þingsins á fjárlagafrv. Ég man varla eftir nokkru frv., og hef þó verið hér nokkuð lengi, þar sem ráðherrar hafa ekki leitað eftir slíku í meðferð þingsins.

Ég vil einnig koma aðeins inn á þá fullyrðingu hv. þm. að loforð sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana, hafi verið svikin. Ég vil geta þess að öllum var ljóst og ekki síst mér að sjálfsögðu sem um þau mál fjallaði í þeirri ríkisstjórn að það stefndi í meiri þenslu og meiri viðskiptahalla en gert hafði verið ráð fyrir þegar samningarnir voru gerðir. Ég lét því á vormánuðum athuga þau mál eins og unnt var og reyndar allítarlega. Ég lét athuga ýmsar leiðir sem kæmu til greina til að draga úr þessari þenslu, en því miður var ekki staða til þess að grípa til slíkra aðgerða. Menn vita að ríkisstjórnin var eftir kosningar ekki með nægan þingmeirihluta til þess. Ég held að fullyrða megi að ef það hefði verið unnt á þeim tíma hefðu aðgerðir af þessu tagi verið töluvert mildari en síðar því að vandinn hefur vitanlega vaxið.

Nú er von að menn spyrji: Hvað fór úrskeiðis? Ég held að það sé engin launung að þenslan hefur hleypt kappi í menn og menn hafa viljað auka sína framleiðslu, auka þá þjónustu sem þeir veita, fjárfesta meira í byggingum, bæði atvinnubyggingum og íbúðarhúsnæði. Eftirspurn eftir vinnuafli fór fram úr því sem gert hafði verið ráð fyrir og það leiddi til mjög mikils launaskriðs. Augljóst var á vormánuðum að stefna mundi til það mikillar aukningar á kaupmætti að viðskiptahalli yrði miklu meiri en þolanlegt er eða töluvert meiri, það var þegar ljóst á þeim tíma. Þetta hefur hæstv. forsrh. þegar rakið nokkuð. M.ö.o. fór aukinn kaupmáttur ekki í aukinn sparnað eins og æskilegt hefði verið heldur í aukna eyðslu, fjárfestingu o.s.frv., eins og ég hef rakið.

Ég er sammála því að við þær aðstæður sem nú eru er óhjákvæmilegt að stíga verulega á bremsurnar. Einn þáttur í því er að sjálfsögðu hallalaus fjárlög og það er það sem þessari ríkisstjórn hefur tekist nú

að leggja fram. Það er vitanlega út af fyrir sig mjög stórt atriði í þessum málum.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa þessi orð lengri. Ég sé ekki ástæðu til þess. Hér á fjmrh. sömuleiðis eftir að tala. Ég vil bara leggja áherslu á það að Framsfl. styður frv. Allar forsendur þegar skrifað var undir það sem kallað er loforð hér í kjarasamningum eru orðnar allt aðrar en þær voru þar, eins og hæstv. fjmrh. sagði. Kaupmáttur hefur aukist tvöfalt, það er óumdeilt. Það hafa engar aðgerðir verið gerðar sem skerða kaupmáttinn svo að hann verði minni en þá var gert ráð fyrir. Loforðin voru gefin við þær forsendur. Mér þykir mjög slæmt að við bárum ekki gæfu til að grípa til aðgerða fyrr, en þó er það betra nú en aldrei, ef ég má orða svo, betra seint en aldrei. Það hefði þurft að gerast fyrr og það þurfti að gerast núna. Það hefur verið gert og að því standa allir flokkar í þessari ríkisstjórn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég átti ekki von á að mér félli sá heiður í skaut að taka hér til máls á undan hæstv. fjmrh. Ég hefði gjarnan viljað hlusta á hann áður en ég kæmi í ræðustól því að ég hafði ekki hugsað mér að standa upp oftar nema sérstakt tilefni gæfist til. (**Forseti:** Það skal tekið fram að forseti telur rétt að haga svo skipan mála hér að það verði nokkuð á víxl sem heyrast rök stjórnarandstöðu og ríkisstj. En ef hv. þm. vill fresta ræðu sinni er það hægt.)

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera athugasemd við ákvörðun forseta. Þær hafa yfirleitt verið réttar frá því að hann tók við þessu embætti. Ég mun þá halda áfram minni fátæklegu ræðu ef hann leyfir.

Hv. 5. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson rakti hér málefnalega með tilvitnunum í blaðagreinar ummæli hæstv. ráðherra almennt, ummæli sem enginn ráðherranna né heldur þeirra þingmanna sem hann vitnaði til hafa leiðrétt. Ég tel því að viðkomandi hæstv. ráðherrar og viðkomandi hv. þm., sem hann vitnaði í, telji frummælanda fara með rétt mál og réttar tilvitnanir. Að vísu skal ég viðurkenna að hv. 5. þm. Reykn. á það til að taka þannig til orða að það getur móðgað menn og hann á það til að skreyta sitt mál og sinn málflutning öðruvísi en aðrir, en ég held að engum hér dyljist að hann er viðurkenndur einn af okkar bestu ræðumönnum. Því var það, eftir að hafa hlustað á þessi rök hans sem ekki hefur verið mótmælt og tilvitnanir, að það kom mér á óvart að hæstv. forsrh. skyldi svara á þann hátt sem hann gerði. Ekki með upplýsingum, ekki með beinu svari við spurningu heldur með dylgjum um að hv. 5. þm. Reykn. væri að flytja framboðsræðu fyrir innanflokksfund í þeim pólitíska flokki sem hann tilheyrir. Það eru engin svör fyrir þjóðina. Okkur kemur ekkert við hvernig alþýðubandalagsmenn eða sjálfstæðismenn standa í sínum innbyrðis deilumálum. Það tilheyrir ekki efnahagsumræðum sem við stöndum í á þessu þingi. En það væri fróðlegt að fá innanflokksvandamál flokkanna almennt hingað ef þið, hv. kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, teljið að það eigi erindi inn á þing. Ég tel að svo sé ekki.

Ýmislegt, sem hæstv. forsrh. kom að, er almennt eðlis og ég mun stikla á því eins stuttlega og ég get, enda ekki tilefni til að ræða mikið um það. Hann ræðir um hagstæð skilyrði. Það hefur verið svo undanfarið. En nú hafi sigið á ógæfuhliðina og verðbólgan vaxið. Ekkert það sem guð almáttugur gaf þessari þjóð hefur dregist saman undanfarið. Allt það sem hefur orðið til að skapa þessa ógæfu er af mannanna völdum og þess vegna viðráðanlegra en ef hér ætti sér stað einhver samdráttur frá náttúrunnar hendi eða einhver sú ógæfa sem gæfi tilefni til að forsrh. þjóðarinnar dreifði þessari svartsýni út á meðal landsmanna eingöngu til að réttlæta aðgerðir sem ekki eru réttlætanlegar. Hann talar um að það þurfi að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir þenslu. Ég vona að hann meini ofþenslu vegna þess að mér er minnisstætt og kannski fleirum hér inni að þegar hér var engin þensla, árin fyrir styrjöldina, var hér atvinnuleysi, það var hér peningaleysi, það var skortur á öllu því sem við þekkjum í dag og hefur skapað þenslu. Því verður ekki á móti mælt að þegar atvinna skapaðist og fólkið fór almennt að hafa atvinnu og fá laun, sem það fékk ekki áður, var talað um velmegun, þá hófst velmegun. Síðan koma sérfræðingar, sem eru menntaðir á þessari velmegun þjóðarinnar, af fátæku fólki en eru orðnir fínt fólk í dag en viðurkenna jafnvel ekki uppruna sinn, og finna upp nýtt orð í staðinn fyrir velmegun, sem er þensla og ofþensla sem allt er að eyðileggja í þjóðfélaginu. Það vitum við öll að það lifir enginn láglaunamaður af átta stunda vinnudegi og er okkur öllum til skammar þrátt fyrir að þjóðartekjur eru taldar vera pr. haus, per capita, einar þær mestu sem þekkjast í veröldinni. Svo erum við að tala um samdrátt þegar við eigum að vera að tala um að dreifa þjóðartekjunum á annan hátt en gert er.

Við skulum segja að það sé rétt hjá hæstv. forsrh. að það sé mikils um vert að búa við stöðugt verðlag. En hvað hefur hæstv. ríkisstjórn gert til þess að við búum við stöðugt verðlag? Síðan hún tók við hafa verið svo til daglegar hækkanir á einhverju. Það hefur allt kostað meira hvern einasta dag en það kostaði í gær. Og hvað er það annað en gengislækkun, dagleg gengislækkun sem á sér stað? Og hvað halda hæstv. ráðherrar að þeir geti lengi sagt: Við höfum daglega gengislækkun á innanlandsmarkaði, það kostar alltaf fleiri krónur í dag en það kostaði í gær sem við þurfum að kaupa, hvort sem það eru bílar, bensín eða matvæli, og sagt: Út á við er erlendur gjaldeyrir fastur og kostar alltaf sömu krónuna. Þennan gjaldeyri þurfum við að nota til að kaupa það sem er daglega að hækka hjá okkur. Hvers lags blekking er þetta?

Ég var að lesa bók eftir fyrrv. þm. í gær og þar var setning sem sló mig og ætti vel við hér. „Sannleikurinn hefur ekki sigurmöguleika í sam-

keppninni við ríkisstjórnina.“ Slíkt er „handicappið“.

Nei, það verður að flytja þjóðinni annan boðskap en þennan. Ég verð að segja það sem mér dettur helst í hug núna: Er ekki nauðsynlegt fyrir sjálfstæðisfólk að setja einhvers konar lögbann á þann hóp sem siglir undir flaggi Sjálfstfl. og er með þessa skattastefnu? Hann eigi ekki að fá að nota nafn flokksins í þessari stefnu. Svo langt er hún frá raunverulegri stefnu Sjálfstfl., jafnvel sem boðuð var í síðustu kosningum svo maður fari ekki svo langt aftur í tímann að hún fari að líkjast stefnu Borgarafl.

Ég skil ekki þau ummæli hæstv. forsrh. þegar hann segir, og ég skrifaði það orðrétt, að ekki hafi verið „tilefni til að skrifa bréf ASÍ við núverandi aðstæður“. Þessu verður forseti ASÍ að svara. Því verður ekki svarað hér af neinum. Forseti ASÍ skrifaði bréfið og hann einn getur sagt um það hvort tilefni var til að skrifa bréfið eða tilefni var ekki til að skrifa bréfið. Ég held að það hafi verið tilefni til þess. Og ég vil líka segja að hæstv. forsrh. getur ekki sagt að fjárlagafrv. sé lagt fram á þann hátt sem hann óskar eftir. Hann getur ekki sagt það. Ég var fjmrh. í ríkisstjórn sem hæstv. forsrh. sat í sem formaður Sjálfstfl. *og ég veit ekki betur en ég hafi* þurft leyfi flokksstjórnar Sjálfstfl. til að hóta Framsfl. stjórnarsliti þann sama dag ef Framsfl. samþykkti ekki það fjárlagafrv. sem við vorum þá búnir að leggja blessun okkar yfir í þingflokki Sjálfstfl. og var það þó með greiðsluafgangi upp á 123 millj. tæpar. Það er bókað drengskaparheit í bókum ríkisstjórnarinnar um að standa að því frv. til fjárlaga sem ég lagði fram fyrir árið 1986 sem var þó svikið með fundi sem Sjálfstfl. hélt í Stykkishólmi.

Ég ætla ekki að ræða meira hið fátæklega svar hæstv. forsrh. til fyrirspyrjanda. Ég tel að það hafi verið fyrir neðan virðingu forsrh. að blanda saman flokksmálum fyrirspyrjanda og svari við fsp. á virðulegu þjóðþingi okkar.

Utanrrh. hélt stutta ræðu, en hún sagði mikið. Hún sagði mikið. Hún sagði að þrátt fyrir ummæli einstakra flokksmanna Framsfl. fullyrðir hann að fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir sé stutt af heilum hug og öllum framsóknarþingmönnum. Einhvers staðar kemur fram að svo sé ekki þannig að þrátt fyrir ummælin virðist vera ágreiningur. Hvenær eru menn að segja sannleikann og hvenær eru menn ekki að segja sannleikann?

Ég vil segja að ég er engu nær um það eftir ræðu hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin stendur eða fellur með einhverri stefnu, hvað þá hvort hún stendur eða fellur með gengi krónunnar eins og það er frá degi til dags eða frá einum tíma til annars. Af minni reynslu mundi ég segja eftir þetta jakahlaup á ráðherrastólum, sem endaði í forsætisráðherrastól, að hæstv. forsrh. kæmi aldrei til með að láta nokkurn skapaðan hlut verða til þess að hann missti af stólnum, hvorki gengisfellingu né nokkurn skapaðan hlut annan. Það er mín persónulega skoðun ef það svarar *í einhverju fyrirspyrjanda eða getur létt hans áhyggjur.* Það er afskaplega sjaldan sem ég vil gera orð fyrirspyrjanda að mínum, en ég vil gera það í þetta skipti. Og ég vil segja að auðvitað er genginu stefnt í hættu með öllum þessum aðgerðum. Annað er blekking. Þið skuluð bara segja, hæstv. ráðherrar: Við gerum allt sem við getum til að halda genginu föstu og ef við ekki getum það eru ekkert meiri líkur á því að þið hefðuð getað það frekar. Ég er ekkert að segja að við hefðum frekar getað það sem erum í stjórnarandstöðu. Við verðum bara að taka því sem forsjónin — eða það sem ekki er forsjónin heldur af mannanna völdum gerir óhjákvæmilegt að glíma við. Við skulum segja líka: Það er göfug hugsjón að ná fjárlögum hallalausum. En er það raunverulega hægt? Við skulum vera sanngjörn. Er það raunverulega hægt? Er hægt að segja við fólkið í landinu að allt það sem okkur hefur mistekist undanfarin mörg ár verðið þið núna að taka á ykkur á einu ári? Er þetta réttlætanlegt? Er réttlætanlegt að segja að okkur vanti mannskap í iðnað, okkur vanti vinnuafl og þess vegna biðjum við fólkið að vinna meira daglega en átta tíma, kannski við höldum því það lágt í launum að það geti ekki lifað á átta tímum, vegna þess að við þurfum á lengri vinnudegi að halda, *en segja svo: Við ætlum að taka af ykkur allar* þessar tekjur til þess að borga niður ríkissjóðshallann? Þetta er ekki réttlætanlegt og Sjálfstfl. ekki boðlegt. Sjálfstfl. hefur hingað til verið flokkur einkaframtaks og flokkur þeirra sem hafa staðið saman um að menn verði sjálfstæðir efnahagslega, ekki síður en á annan hátt. (Gripið fram í.) En nú er verið að taka það af. Þess vegna er það, virðulegi frammíkallandi, Halldór Blöndal, að ég efast um að þið getið lengur notað nafnið Sjálfstæðisflokkur meðan þið hagið ykkur svona.

En það er ekki aðallega þetta sem ég vil gera að umræðuefni hér. (**SJS:** Meira af þessu.) Meira af þessu. Nú er ég líklega farinn að skemmta skrattanum sem kallað er þegar Alþb. er farið að hvetja mig. Nú jæja, það er gott að eiga samstarfsmenn.

Það sem ég vil segja, og taka undir það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn. í sjónvarpsviðtali í gær, er að það er göfug hugsjón og gott ef við náum hallalausum fjárlögum ef við getum gert það á mannlegan og miskunnsaman hátt og það veit ég að allir flokkar eru sammála um. En af þeirri fátæklegu reynslu sem ég hef sem ráðherra fjármála hugsa ég til baka og spyr: Hvað skuldum við í erlendum gjaldeyri? Hvað skuldum við samtals? Hverju höfum við sem hér erum og forverar okkar hlaðið á framtíðartekjur? Hvað er skuld íslenska ríkisins samtals mikil? Og hvað er það mikið sem við eigum að inna af hendi í afborgunum og vöxtum í ár eða næsta ár því að hingað til höfum við þurft að taka erlend lán til að standa í skilum um erlendar skuldbindingar? Nú er forsenda fjárlagafrv. sú að taka engin erlend lán sem þýðir að við ætlum að borga niður erlendar skuldir á annan hátt því við erum talin skilvís þjóð og þess vegna höfum við haft

lánstraust. Við ætlum ekki að tapa því lánstrausti á mistökum ríkisstjórnar í eitt skipti því að ég veit ekki hvort þessi ríkisstjórn, ef hún heldur svona áfram, fær að gera fleiri fjárlög. Hvað skuldum við? Hvað eigum við að borga í afborganir og hvað eigum við að borga í vexti? Allt þetta, sem er kvöð á okkur, ætlum við að standa í skilum með af innlendum sparnaði því einhvers staðar verða peningarnir að fást til að standa í skilum. Og hver er þessi innlendi sparnaður? Það er í samkeppni við innlend skuldabréf ríkissjóðs til að standa undir ríkissjóðsskuldbindingum. Við ætlum að hafa innlendan sparnað til að reka bankakerfið eins og það leggur sig og þar með atvinnureksturinn í landinu eins og hann leggur sig. Til viðbótar á af innlendum sparnaði að standa við skuldbindingar út á við. En á sama tíma ætlum við yfir 50% af lögbundnum sparnaði landsmanna allra, þ.e. lífeyrissjóðunum, að standa undir húsnæðismálakerfi þjóðarinnar. Allt fyrir sömu peningana. Og þessu til viðbótar ætlum við að opna fyrir það, eins og kom fram hjá hæstv. bankamálaráðherra í sjónvarpsviðtali nýlega eftir þann fræga ráðherrafund sem frummælandi minntist á, að leyfa lífeyrissjóðunum, þessum lögbundna sparnaði, að fara út á erlendan áhættumarkað í hlutabréfakaupum og í skuldabréfakaupum með milligöngu manna sem hafa til þess sérstakt leyfi og eru sérmenntaðir til að fá að taka þátt í starfsemi kauphalla erlendis. Við ætlum að borga 2–3 dýrum milliliðum til að koma íslenskum sparnaði, innanlandssparnaði, á erlendan fjármagnsmarkað til að standa undir rekstri fyrirtækja og framkvæmda erlendis. Þetta er alveg furðulegt vegna þess að það er enginn Íslendingur, ég þori að fullyrða að enginn Íslendingur er til sem á þá peninga að það hafi einhver áhrif á rekstur heillar þjóðar að hann kaupi einhver skuldabréf erlendis. Það er því ekki neitt annað en hinn lögbundni sparnaður landsmanna sem getur farið að einhverju verulegu magni til útlanda og það eru sömu peningarnir, það er nákvæmlega sama féð og ríkisstjórnin reiknar með til að standa undir daglegum þörfum þjóðarinnar í heild á öllum sviðum, sem ég hef rakið, og þá ætla ég að minna á að ég talaði líka um erlendar skuldbindingar og þær kvaðir sem á okkur standa.

Ég held að það þýði ekkert, hæstv. forseti, að rekja þessa hrakfallasögu. Málin verða að hafa sinn gang og ég veit ekki hvort það borgar sig fyrir stjórnarandstöðuna að vera að óska eftir því, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. í hans túlkun á málflutningi frummælanda, að ríkisstjórnin færi frá til þess að hann, frummælandi, gæti tekið við. Þetta er svar út í hött. Og einmitt þessi málflutningur, sem er í beinu framhaldi og í réttu hlutfalli við getu hæstv. ríkisstjórnar og ráðherranna, er besta stjórnarandstaðan sem til er. Ég sé enga ástæðu til að trufla þá vinnu sem hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn og þeir flokkar sem að henni standa, ef þeir standa þá að henni, eru að vinna fyrir stjórnarandstöðuna.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Frá því segir á einum stað að herra biskupinn yfir Íslandi lagði land undir fót og fór að vitja landnema af íslensku bergi brotna vestur um haf. Landar vorir gerðu veg biskups mikinn og leiddu hann m.a. á fund annarrar kynslóðar landnema sem þótti sitja bú sitt til mikillar fyrirmyndar. Biskup skoðaði landareignina og lét vel af, en af því að hann var herra biskupinn yfir Íslandi, þá sagði hann í kveðjuskyni við bónda: „Það verður ekki ofsögum sagt af því að mikið hefur ykkur báðum, almættinu og þér, tekist vel til á þessu búi.“ Frá því segir síðan að bóndinn hafi, þegar biskup hafði kvatt hann, muldrað við sína nánustu: „Ja, hann hefði átt að sjá það, blessaður, hvernig þessi jörð var setin þegar almættið ríkti hér eitt.“

Mér kom þessi broslega dæmisaga í hug meðan ég hlýddi á ræðu málshefjanda. Málshefjandi ber að sönnu, eins og sjá má, hátignarlega persónu, e.t.v. ögn tilkomumeiri en málflutningurinn var í þetta skiptið. Í annan stað nýtur hann, sem kunnugt er, alþjóðlegrar viðurkenningar sem forustumaður í alheimssamtökum sem skammstöfuð eru PGA, þ.e. Þingmannasamtök um alheimsathöfn, og stendur þess vegna ögn nær almættinu en við aðrir venjulegir dauðlegir menn hér inni. Og loks er þess að geta að hv. 5. þm. Reykn. hefur sjálfur verið í forsvari fyrir ríkisstjórn, hefur sjálfur gegnt þar þýðingarmiklum trúnaðarstörfum og hefur sjálfur svarað í verki þeim spurningum sem hann vildi leggja fyrir talsmenn núv. ríkisstjórnar.

Spurningar hans voru fyrst og fremst um hver sé afstaða núverandi ríkisstjórnar til gengisstefnunnar. Vísar ríkisstjórnin gengisfellingarleiðinni á bug eða mun hún láta undan vaxandi þrýstingi hagsmunahópa í þessu þjóðfélagi, einkum og sér í lagi talsmanna atvinnurekenda, um að fella gengið? **(ÓRG:** Og þingmanna ríkisstjórnarinnar.) Já, þær raddir hafa heyrst, skilst mér, ef rétt er með farið.

Fyrsta svarið við spurningum hv. þm. er þess vegna þetta: Þessi ríkisstjórn hefur tekið af öll tvímæli um að hún vísar á bug öllum kröfum um gengisfellingu. Það sem hún leggur fyrir þing og þjóð í fjárlagafrv., í lánsfjáráætlun og frv. að lánsfjárlögum innan fárra daga og í þeim aðgerðum sem hún boðar að öðru leyti í ríkisfjármálum og peningamálum, peningamálum sem eru þess eðlis að þau eru ekki lögð fyrir þing til ákvörðunar, allar eru þær samfelld yfirlýsing um það að þessi ríkisstjórn vísi á bug kröfum um gengisfellingu og að með þessum samræmdu aðgerðum er hún að renna stoðum undir þá fastgengisstefnu sem réttilega hefur verið kölluð hornsteinn þeirrar efnahagsstefnu sem þessi ríkisstjórn boðar.

Ég minnist þess ekki á ekki mjög löngum þingmannsferli mínum að nokkur ríkisstjórn hafi komið til þings með þeim hætti að hún hafi lagt fyrir þing og þjóð svo viðamikla áætlun um samræmdar efnahagsaðgerðir og svo einbeitt og skýr svör um þær spurningar sem efst eru á baugi í þjóðfélaginu.

Hv. þm. vitnaði nokkuð í blaðaúrklippusafn sitt um aðdragandann að gerð þess fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Hann fullyrti að þess væru ekki dæmi að fjárlagafrv. hefði verið breytt, niðurstöðutölum þess og áhersluþáttum, svo skömmu fyrir upphaf þings. Það má vel vera að rétt sé. Hitt veit hv. þm. mætavel að þess eru of mörg dæmi að ríkisstjórnir hafa lagt fyrir þing fjárlagafrumvörp sem síðan hafa breyst svo gersamlega í meðförum þings og jafnvel lagt fram fjárlagafrv. sem hafa orðið að lögum en ekki liðið nema nokkrir dagar af nýbyrjuðu næsta ári þangað til þeim fjárlögum hefur verið sprett upp, m.a. vegna þess að efnahagsforsendur slíkra fjárlagafrv. og efnahagslegar forsendur slíkra ríkisstjórna, sem við þekkjum af nærtækri reynslu, hafa reynst vera á sandi byggðar. Betra er þess vegna að leggja nótt við dag í aðdraganda að framlagningu fjárlagafrv. fyrir þing og reyna að ganga svo frá því og búa svo tryggilega um hnútana að það fjárlagafrv. standi og sú efnahagsstefna sem það er reist á.

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki að mér að það sé sjálfgefið að allir aðilar í þessu þjóðfélagi, fulltrúar atvinnurekenda, talsmenn stéttasamtaka, þingmenn, stjórnmálaflokkar eða aðrir aðilar komist með hægum hætti að þeirri niðurstöðu að þetta fjárlagafrv. sé einfaldlega óumdeilanlegt og rétt. En það er alltaf fróðlegt að heyra málflutning manna og eitt sem mér kemur í hug er það að um leið og þetta frv. hefur verið lagt fyrir þing, síðdegis þann sama dag og daginn eftir, átti ég fundi með talsmönnum atvinnuvegasamtaka til að ræða efnahagsstefnu og fjárlagafrv. og um hádegi sama dag með ýmsum helstu talsmönnum verkalýðs- og launþegahreyfingarinnar í landinu. Sú umræða var bæði fróðleg og gagnleg. Og hvað leiddi hún í ljós? Hún leiddi það í ljós að að því er varðar talsmenn atvinnulífsins eru hjá þeim mjög skiptar skoðanir um tvennt fyrst og fremst:

1. Um nauðsyn gengisfellingar. Það fer ekkert á milli mála að sumir þeirra eru eindregnir talsmenn þess að gengið verði fellt. En til eru aðrir og ekki hvað síst úr röðum sjávarútvegsins sem eru algerlega andvígir þeirri leið og sögðu fullum fetum að það sem væri gæfusamlegast og réttast í forsendum þessa fjárlagafrv. og þessarar efnahagsstefnu væri einmitt að vísa á bug gengislækkunarleiðinni og standa vörð um fastgengisstefnuna. Menn bentu einfaldlega á að gengislækkun við ríkjandi skilyrði væri mjög skammvinn skottulækning og fljótlega mundi færast í sama horf, að þrátt fyrir mismunandi afkomu í ýmsum greinum sjávarútvegsins væri það svo að gamla rullan um gengislækkunartilefni væri ekki tímabær, að gengislækkun við þessar kringumstæður mundi fljótlega leiða til meiri upplausnar og kippa stoðunum undan vonum íslensks atvinnulífs um stöðugleika.

2. Það kom fram í máli margra talsmanna atvinnurekstrarins að þeim þótti of hart gengið að atvinnulífinu í landinu að því er varðar nýja tekjuöflun ríkissjóðs, það væri verið að leggja of miklar byrðar á atvinnulífið í landinu. Og hvað áttu þeir við? Þeir sögðu að það væri verið að leggja nýja skatta á atvinnulífið í landinu upp á 600 millj. kr. beinlínis í þessum áætlunum. Og í annan stað: Óbeint væri atvinnulífinu ætluð mun stærri hlutdeild í þessari skattlagningu á sama tíma og dregið væri verulega úr millifærslum, styrkjum og framlögum til atvinnufyrirtækja og atvinnuvega og nefndu þar til t.d. að endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs væri helminguð. M.ö.o.: atvinnurekendur sáu á þessu kost og löst. Sumir þeirra sögðu: Fastgengisstefnan er það rétta. Það var rangt, það hefði verið rangt, hefði verið mjög skammæ aðgerð, hefði ekki leitt til nokkurs árangurs að láta undan þrýstingi sumra hagsmunahópa í þjóðfélaginu um gengislækkun nú. Og af því að hv. þm., sem nú er að flytja sína framboðsræðu vegna formannskjörs í Alþb., spyr okkur, sem nú erum talsmenn ríkisstjórnar, um afstöðu til gengis, fær hann svarið afdráttarlaust: Ríkisstjórnin vísar á bug kröfum sumra atvinnurekenda um gengislækkun. Ég spyr hv. málshefjanda: Er það stefna hans óbreytt eins og hún var á stjórnartímanum 1980–1983 að fella gengið á degi hverjum samkvæmt pöntun frá atvinnurekendum? Er það sú stefna sem hv. þm. ætlar að draga að hún í málflutningi sínum þegar hann gerir tilkall til forustu fyrir leifunum af Alþb.? Það er einmitt með hliðsjón af reynslunni frá þessu tímabili sem íslenska þjóðin, líka öflugir talsmenn atvinnurekenda og öflugir talsmenn launþega, segja: Lærum af þeirri reynslu. Látum ekki undanlátssemi og aumingjaskap gagnvart kröfum sérhagsmunahópa í þjóðfélaginu verða til þess að ríkisstjórnir sitji en þori ekki að stjórna.

Og með leyfi forseta: Einn helsti oddviti sjávarútvegsins á þessum fundi sagði við mig eftirminnileg orð: Hann sagði:

Á undanförnum árum höfum við forsvarsmenn í atvinnulífinu á Íslandi aðallega kynnst tvenns konar ríkisstjórnum. Það eru annars vegar ríkisstjórnir sem hafa ekki meiri metnað en þann að láta sér nægja að sitja en koma sér aldrei að verki að stjórna. Það eru þess konar ríkisstjórnir sem afla sér vinsælda í upphafi með undanlátssemi og með því að mæla upp í hvern kjaft, en enda, þegar þær hrökklast frá, með þeim hætti að það er engum harmsefni.

Við höfum kynnst slíkum ríkisstjórnum og við höfum kynnst allt of mörgum slíkum ríkisstjórnum á undanförnum árum sem hafa því miður verið með aðild Alþb. og satt að segja er ég einn í þeim hópi sem gerði mér einlæglega vonir um að forustumenn Alþb. hefðu lært af þeirri reynslu. Ég tók eftir því og vildi gjarnan leggja á það trú þegar við ræddum í stjórnarmyndunarviðræðum m.a. við forustumenn Alþb. að þá sögðu ýmsir þeirra: Við höfum núna lært af reynslunni frá 1978–1983 og við munum ekki fara inn í neina þá ríkisstjórn sem ekki hefur það á hreinu að hún ætlar að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs með því að láta hér ekki allt saman enda í upplausn óðaverðbólgu. Við höfum fengið nóg af því.

Og, virðulegi forseti, ég sagði: Ég ræddi líka við talsmenn launþegahreyfingarinnar á Íslandi. Og kvað hún upp einhverja allsherjarfordæmingu yfir þá stefnu sem hér er boðuð? Nei, því fór fjarri, því fór víðs fjarri. Menn sögðu að sjálfsögðu: Við sjáum á þessu kost og löst. Og þeir sögðu: Það hefur lengi verið krafa launþegahreyfingarinnar á Íslandi að það væru gerðar viðhlítandi ráðstafanir til að binda endi á hallarekstur ríkissjóðs. Hvers vegna? Vegna þess að slíkur hallarekstur ýtir undir verðbólgu. Og í annan stað, og ég tók eftir því: Vegna þess að meðan ríkissjóður er rekinn með halla munu ævinlega vekjast upp hér á Alþingi menn með sterkar kröfur um að skera niður útgjöld ríkisins og ef hallinn vex og verður viðvarandi mun koma sá tími að niðurskurðarhnífnum verður beitt á eitthvað annað en hefur verið gert í þessu fjárlagafrv., eitthvað sem vinstri menn á Íslandi munu, ef mark má taka á orðum þeirra, vilja leggja eitthvað á sig til að verði þyrmt.

Í annan stað sögðu talsmenn launþegahreyfingarinnar, og þá vitna ég til ummæla Þrastar Ólafssonar, framkvæmdastjóra Dagsbrúnar og a.m.k. hingað til eins þeirra manna sem hafa verið talsmenn Alþb. í röðum verkalýðshreyfingarinnar. Hvað sagði sá ágæti maður, fyrrum aðstoðarmaður Ragnars Arnalds í fjmrn. með mikla reynslu og mikla þekkingu á ríkisfjármálum? Hann sagði að það væri tvennt merkilegt við þessi fjárlög. Í fyrsta lagi að þau væru fjárlög með stefnu og í annan stað með því að skirrast ekki við að gera það sem gera þyrfti til þess að tryggja þetta tvennt: hallalaus fjárlög og þar með öflugan stuðning við fastgengisstefnuna. Frá þessu er tvímælalaust óhætt að skýra því að þessi ummæli Þrastar Ólafssonar komu skýrt og glöggt fram í sjónvarpsþætti í gærdag þar sem hann ræddi um þessi mál. (**ÓRG:** Þú ætlar þá að segja af þér?) Ég hafði ekki sagt það, hv. þm. Ég segi hins vegar: Þessi ríkisstjórn hefur gert hreint fyrir sínum dyrum. Henni hefur tekist og það hefur tekist pólitísk samstaða um það hjá stjórnarflokkunum að stíga stærra skref en við upphaflega áformuðum í að leggja fyrir Alþingi frv. til fjárlaga án halla. Þar með höfum við líka tryggt að lánsfjárþörf ríkissjóðs er til mikilla muna minni en ella hefði verið. Reyndar minnka umsvif hins opinbera á lánsfjármarkaði um hvorki meira né minna en 3,6 milljarða. Þetta þýðir einnig að ríkissjóður tekur engin ný erlend lán. Þetta þýðir að hlutfall af vergri landsframleiðslu af skuldum ríkissjóðs fer lækkandi. Þetta þýðir að afborganir af eldri lánum eru meiri en ný lán. Og hvaða þýðingu hefur þetta á mæltu máli fyrir fólk? Þetta þýðir auðvitað að um leið og það á að binda endi á hallarekstur ríkissjóðs erum við a.m.k. að segja tvennt: Við erum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar fram í tímann að sjá til að draga úr eftirspurn eftir lánsfé á íslenskum lánsfjármarkaði. Við erum að reyna að skapa meira svigrúm fyrir atvinnulífið í landinu á lánsfjármarkaði og þar með að ýta undir það, ef við komumst yfir örðugasta hjallann, að vaxtastig á Íslandi, sem er of hátt, fari lækkandi. Og í annan stað: Við erum með því að binda endi á þennan hallarekstur að leggja okkar af mörkum til þess að á næstu árum skapist betra ástand í ríkisfjármálum þannig að erfiðleikarnir sem menn nú kveinka sér undan verði einhvern tíma að baki og þar með gæti jafnvel orðið afgangur í tekjuöflun ríkissjóðs til að ganga nær óskum allra, og þær eru vafalaust nægilega margar, um aukin framlög til hinna þörfustu mála sem aldrei verður hægt að fullnægja ef ríkissjóður er til frambúðar rekinn með halla.

Ég tel mig hafa svarað því með vísan til þess sem frá ríkisstjórninni hefur komið með alveg ótvíræðum hætti, hvort sem menn greinir á um það eða ekki, að þessi ríkisstjórn hefur vísað á bug gengislækkunarkröfum. Ég segi síðan: Með því að ríkisstjórnin hefur gert sitt er það raunverulega rökrétt framhald að þeim spurningum er beint til annarra. Ríkisstjórnin hefur með þessu móti lagt fram áætlun og skapað umgjörð um helstu stærðir. Nú er spurningin: Árangurinn er að sjálfsögðu ekki eingöngu kominn undir viljayfirlýsingum eða löggjafaratriðum ríkisstjórnar. Við búum í opnu lýðræðislegu og valddreifðu þjóðfélagi. Spurningin er þessi: Munu forsvarsmenn atvinnulífs á Íslandi hegða sér í samræmi við þetta? Munu þeir t.d. fyrir sitt leyti draga úr fjárfestingum? Munu þeir fyrir sitt leyti beina fjármagni í auknum mæli í sparnað en frá innflutningi og eyðslu? Mun það fólk á Íslandi, og það eru einkum okkar eldri samborgarar, sem eitthvað hafa getað lagt fyrir og eiga yfir sparifé að ráða, taka gild þau skilaboð að við viljum auka og koma á fjölbreytilegri sparnaðarformum og gefa fólki, sem sparifé á, kost á því að ávaxta það með öruggari hætti en ella? Verða þær ákvarðanir teknar á heimilunum? Verða þær ákvarðanir teknar í fyrirtækjunum? Og síðan er það að sjálfsögðu spurningin hvað gerist á vinnumarkaðnum.

Reynslan sem við höfum af samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvalds á árinu 1986–87 er um margt lærdómsrík. Ég hika ekki við að segja það hér, ég hef sagt það svo oft, að forustumenn launþegahreyfingarinnar á Íslandi, þeirra á meðal forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, sem ekki hefur nú notið mikils trúnaðar í sínum flokki, eiga heiður skilin. Þeir eiga mikinn heiður skilin fyrir það hver þeirra hlutur var að kjarasamningunum 1986. Með desembersamningunum 1986 gerðu þeir það sem á þeirra valdi var til að reyna að tryggja breytingar á launahlutföllum, að hækka lægstu laun í landinu en reyna að halda aftur af launahækkunum upp allan launastigann. (Gripið fram í.) Reynslan er sú, herra þingmaður, að þetta hefur ekki gengið eftir og þá er spurningin: Hvers vegna ekki og hvað getum við af því lært? Það er staðreynd að ýmsir aðrir, bæði í verkalýðshreyfingunni og í forustu opinberra starfsmanna og í forustu atvinnurekenda, sýndu ekki þann sama sjálfsaga, sýndu ekki þá sömu ábyrgðartilfinningu og t.d. þeir

forustumenn sem stóðu að þessum samningum. (**ÓRG:** Finnst þér þá rétt að svíkja þá sérstaklega?) Það er ekki um það að ræða að svíkja, hv. þm., (**ÓRG:** Að þeirra dómi.) það er ekki um það að ræða vegna þess að við skulum sjá til hvernig efndirnar voru. Menn gerðu sér vonir um það með þessum desembersamningum að með þeim gætu þeir tryggt kaupmátt, að kaupmáttur héldist eins og hann hafði verið á því ári, sem hann hafði farið verulega batnandi. Niðurstaðan, þegar við lítum núna á árið 1987, er sú þrátt fyrir allt að kauphækkanir í krónum talið hafa verið til mikilla muna meiri, að vísu erum við hér að tala um meðaltöl, ég skal taka það fram, en verðlagshækkanir, þannig að kaupmáttaraukning eða aukning atvinnutekna að raungildi hefur verið mjög umtalsverð. Því verður ekki með rökum haldið fram þó að forsendur samninganna hafi allar raskast að niðurstaðan sé sú að þessir samningar hafi tryggt rýrari kaupmátt en að var stefnt. Því hefur enginn haldið fram. Það sem hefur brugðist var að tilraunin til að breyta tekjuskiptingunni, til að bæta hlut þeirra sem verst voru settir hefur ekki tekist, m.a. vegna þess að það skortir á samstöðu og „solidaritet" í verkalýðshreyfingunni til að tryggja það. Og auðvitað er það rétt að það brást margt annað. (**ÓRG:** Á nú að afsaka svikin með skorti á „solidaritet" í verkalýðshreyfingunni?) Ég ætla ekki að afsaka nein svik. Ég er aðeins að segja að sá maður sem heldur því fram að kaupmátturinn sé verri á þessu ári vegna þeirra samninga sem fram fóru í febrúar og desember 1986, sá maður fer ekki með rétt mál. Hann er ekki verri. Hann er betri. Nú er spurningin: Hvernig getum við tryggt að sú aukning kaupmáttar, sem er meiri en hún hefur orðið áður á 16 ára bili, hvernig getum við tryggt að raunveruleg aukning atvinnutekna á mann um 16–17% fari ekki forgörðum í nýrri verðbólguholskeflu? Það er spurningin. Heldur hv. málshefjandi að leiðin til þess sé gengisfelling? Ég trúi því ekki á hann. Ég held að enginn maður haldi því fram. Ég held við eigum allt undir því að tryggja að hér verði ekki gengisfelling með öllum þeim afleiðingum sem við þekkjum af nærtækri reynslu liðinna ára og vitum hvað þýðir fyrir kaupmátt launa og fyrir kjör vinnandi fólks í landinu og fyrir stöðugleika í atvinnulífinu og fyrir okkar framtíðarvonir um að við getum komist út úr þessum góðærisvanda sem við nú búum við yfir á sléttari sjó á næsta ári.

Hv. málshefjandi spurði mig: Ert þú tilbúinn sem ráðherra í þessari ríkisstjórn til að efna til viðræðna við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar um það t.d. að fresta áformum um flýtingu á breytingu á söluskattskerfi í nóvember? Ert þú tilbúinn til að gera það gegn því að það takist eitthvert heildarsamkomulag við verkalýðshreyfinguna að öðru leyti um launastefnu á næsta ári? Þá segi ég eftirfarandi: Ég hef þegar leitað eftir viðræðum við talsmenn verkalýðshreyfingarinnar, bæði forseta Alþýðusambandsins, formenn ýmissa stéttasambanda, Dagsbrún og Verkamannasambandið. Ég segi fyrir mitt leyti, ég er að sjálfsögðu fyrir mitt leyti tilbúinn til að skoða það, ég er tilbúinn að taka upp viðræður um það við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og ég þykist þess fullviss að forsrh. og aðrir þeir sem staðið hafa að slíku samkomulagi við launþegahreyfinguna í landinu séu reiðubúnir til þess, vegna þess að það skiptir gífurlega miklu máli að menn dragi ekki rangar ályktanir af þeim árangri sem náðist 1986, nefnilega að það er engum til góðs að ætla að meta reynsluna frá 1986 og á þessu ári á þann veg að nú sé best að varpa fyrir róða þeirri stefnu sem þá gaf góða raun og hefur skapað verulega aukinn kaupmátt og fara yfir í annars vegar, sem mér heyrðist hv. málshefjandi vera að boða, gengisfellingu, óðaverðbólgu, stéttastríð og vitleysu.

Þessa spurningu mun ég hins vegar fyrst og fremst að sjálfsögðu taka upp í viðræðum við talsmenn verkalýðshreyfingarinnar og það gleður mig satt að segja að tónninn í þeirra málflutningi var allur annar, málefnalegri, rökfastari og byggður á raunsærra mati á reynslu liðinna ára en því miður kom fram í máli málshefjanda sem þrátt fyrir allt er að bjóða sig fram til forustu í Alþb. en nýtti ekki það tækifæri sem hann hafði hér sem málflytjandi til að svara einu eða neinu um það hvaða stefnu hann er að boða. Er hv. þm., svo ég beini nokkrum spurningum til hans, sammála mér um að það sé hagsmunamál almennings á Íslandi að ríkissjóður sé ekki rekinn með halla? Er hv. þm. sammála mér um að gengisfelling með þeim afleiðingum sem það hefði í víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds og röskun á forsendum atvinnulífs í landinu sé ógæfuleg leið ef hjá því verður komist? Er hv. þm. mér sammála um að það sé a.m.k. í rétta átt að því er varðar afgreiðslu fjárlaga að reyna að draga úr millifærslum, tilfærslum og styrkjum af skattpeningum almennings í þágu atvinnuvega ef reyndin verður sú að atvinnuvegirnir og fyrirtækin geti án þess verið? Er hv. þm. sammála mér um að það sé þýðingarmikið stefnumarkandi atriði að nota góðæri til að draga úr erlendum lántökum og erlendri skuldasöfnun? Er hv. þm. sammála mér um að þegar það er óumflýjanlegt að efna til aukinnar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð til þess m.a. að ná markmiðum velferðarríkisins sé það gert með því að reyna að gæta jafnvægis milli þess sem annars vegar er lagt á allan almenning og hins vegar atvinnulífið og fyrirtækin? Er hv. þm. sammála mér um nauðsyn þess, eins og t.d. kom fram í skattsvikaskýrslu undir forustu Þrastar Ólafssonar, að það sé eitt lykilatriðið og rétt stefna í tekjuöflunar- og skattamálum að einfalda skattakerfið með því að afnema undirrót skattsvikanna sem eru hvers kyns undanþágufargan og undandráttur? Er hv. þm. sammála mér um að það sé ekki gagnrýnisvert heldur lofsvert ef reynt er að stíga núna fyrstu skrefin í þá átt að framfylgja hugmyndum og stefnuatriðum allra flokka um að koma á nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga ef sönnur verða á það færðar að sveitarfélögin muni svo sannarlega ekki bera skarðan hlut frá borði?

Ég skora á hv. alþm. í sambandi við það mál að gera það ekki að óvinafagnaði, að fjalla um það af raunsæi og ábyrgðartilfinningu og reyna að leggjast á eitt um það að koma þessari þýðingarmiklu breytingu í höfn án þess að búa til að tilefnislausu tortryggni og úlfúð.

Ég spyr hv. málshefjanda: Vill hann í ljósi reynslunnar af stjórnarþátttöku Alþb. á liðnum árum leggja okkur lið af heilum hug hér á Alþingi og í hans pólitíska starfi og talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar í hans eigin flokki til að ná samstöðu um launastefnu sem hefur það að markmiði að standa vörð um þann ávinning sem hefur náðst í kaupmætti, að reyna, þrátt fyrir mistökin 1986, aftur að leiðrétta tekjuskiptinguna, að reyna að rétta hlut þeirra sem skarðastan hlut báru frá borði, þrátt fyrir að atvinnurekendur hafi t.d. í verki með launaskriði langt umfram samninga fyrst og fremst hyglað þeim sem ofar voru? (**ÓRG:** Sú launastefna verður aldrei tekin upp nema þú afturkallir svikin strax.) Hv. þm., ég hef engan svikið, hvorki talsmenn verkalýðshreyfingarinnar né aðra, enda báru þeir mér engin slík svik á brýn þó að hv. málshefjandi þykist vera þess umkominn að gera það. (Gripið fram í.) En þá ætti hv. þm., sem er að bera öðrum á brýn svik, að rifja upp feril síns eigin flokks og hvernig hann fór með trúnað gagnvart verkalýðshreyfingu og launþegum á þeim árum sem hann var ráðamestur um stjórn og endaði í daglegri gengislækkun eftir pöntun atvinnurekenda. Og það er ástæða til þess að minna á að það er minni trúnaður af hálfu forustumanna launþega við forustumenn í Alþb., hvor deildin sem er, en reyndar er við okkur hina sem erum þó að reyna að vinna í verki og bæta fyrir margvísleg efnahagsmistök og ábyrgðarleysi frá liðinni tíð.

Herra virðulegi forseti. Hv. þm. Albert Guðmundsson beindi nokkrum spurningum til mín áðan eða sem ég tek til mín. Hann spurðist fyrir um hvernig komið væri í okkar þjóðarbúskap að því er varðar skuldasöfnun. Ég vil nefna það honum til ánægjuauka, því miður er hann víst farinn úr salnum, að m.a. með því sem gert hefur verið á yfirstandandi ári og í áætlun næsta árs næst sá árangur að lækka hlutfall erlendra skulda af vergri landsframleiðslu úr 18,1% í áætlaða tölu 12,6% á árinu 1988. Hins vegar eru tölur um bæði skuldastöðu þjóðarbúsins, skuldastöðu hins opinbera og ábyrgðir ríkisins, sem hlaðist hafa upp með óhóflegum hætti á liðnum árum, vissulega uggvænlegar. Ég nefni sem dæmi að heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánum á árinu 1988 eru áætlaðar 9,4 milljarðar kr., heildargreiðslur. Það er 16% af heildartekjum, en þar af eru vaxtagreiðslur 8%. Innborganir af veittum lánum á vegum hins opinbera eru 5,3 milljónir, 9%. Þannig nemur hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta af lánareikningum 4,1 milljarði sem er 7% af heildartekjum ársins 1988. Þetta eru vissulega uggvænlegar tölur, en þær eru líka til staðfestingar á því hvernig haldið hefur verið á málum, því miður ótæpilega, teflt á tæpasta vað í lántökum, ekki síst erlendum lántökum, og Alþingi Íslendinga getur ekki skorast undan ábyrgð í þeim efnum. (Gripið fram í.) Það stendur alls ekki til, alls ekki, ekki neitt nálægt því. Það sem verið er að gera núna er bara það byrjunaratriði að snúa við af þessari braut með því að stöðva erlendar lántökur ríkissjóðs sjálfs og draga úr lánaumsvifum hins opinbera, en erlendar lántökur atvinnulífsins verða eftir sem áður hvorki meira né minna en rúmir 8 milljarðar og óumflýjanlega svo. Og að sjálfsögðu verða opinberir aðilar á lánsfjárlögum að taka nokkur erlend lán, m.a. til að endurfjármagna áður tekin lán. En það er annað, hæstv. ráðh., og það er að ábyrgð ríkisins... (**Gripið fram í:** Þingmaður.) Jæja, hv. þm. Þarna sjáið þið hvað fjmrh. bera hlýjan hug hver til annars. Í raun og veru er það trúlega svo. Það á alltaf að ávarpa fyrrv. fjmrh. sem fjmrh. (**SV:** Slær ekki út í fyrir einhverjum?) Finnst þér þetta bara ekki eðlileg háttvísi, hv. þm.?

En það er annað sem ég ætlaði að segja og sem er sérstök ástæða til að nefna við hv. þm. nú og það er um ríkisábyrgðir. Í heild sinni er svo komið að ábyrgðir íslenska ríkisins vegna lána annarra aðila en á ábyrgð ríkisins, vegna þess að þetta eru lán í gegnum bankakerfi og opinbera lánasjóði, eru farnar að nema hvorki meira né minna, þetta eru eldri tölur, þetta er í árslok 1986, 115 milljörðum íslenskra kr. Það eru 70% af sambærilegri tölu um landsframleiðslu þessa árs. M.a. hefur ríkissjóður í vaxandi mæli orðið fyrir áföllum vegna þess að það hefur komið til vanskila á ríkisábyrgðum. Þar má m.a. nefna, hv. þm., Útvegsbankann. Þar má nefna t.d. orkugeirann þar sem ríkissjóður hefur orðið að taka á sínar herðar á undanförnum tíu árum erlend lán upp á 10 000 milljónir ísl. kr. þannig að Íslendingar eru í raun farnir að greiða orkuverðið sitt að verulegu leyti í sköttum og með duldum hætti.

Ég læt þessar tölur út af fyrir sig nægja en gleð þó fyrirspyrjanda með því að segja að greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við útflutningstekjur fer lækkandi. Hún var í fjármálaráðherratíð hans þegar hann byrjaði, og það er reyndar sanngjarnt að segja vegna þess að hann tók þá við erfðum frá öðrum, m.a. hv. málsflytjanda, 24,3% en stefnir nú í 16%. (**AG:** En hvað er framleiðslan miklu meiri núna?) Hún er sem betur fer miklu meiri, enda höfum við nú lifað mikið góðæri á undanförnum árum. Það hefur verið hagvaxtarskeið, hv. þm., upp úr 1984, og einmitt það gætu vel verið mín lokaorð vegna þess að það er kjarni málsins. Það sem þessi ríkisstjórn er að reyna að gera og að skírskota til þm. og flokka um stuðning við er þetta: Reynum nú að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið frá 1986, sem átti uppruna sinn í sjávarútveginum og bætti mjög stöðu þessa þjóðarbúskapar, breytist ekki í ofþenslu, breytist ekki í ofþenslu í verslun og þjónustu sem fer yfir í það að bæta ekki stöðu íslenska þjóðarbúsins heldur fer í yfirspennu og ofneyslu sem

lýsir sér í sívaxandi innflutningi, 21 000 bílum, þar á meðal 1040 kaupleigubílum, fínum lúxuskerrum, viðskiptahalla sem stefndi í kannski á bilinu 6–7 milljarðar kr. ef ekki væri í landinu ríkisstjórn sem hefur kjark til þess að segja: Nei, þetta ætlum við ekki að láta yfir okkur ganga. (**Gripið fram í:** Hvað með innflutning á erlendum verðbréfum?) Með innflutning á erlendum verðbréfum? Ég hélt að hæstv. forsrh. hefði útskýrt þetta atriði, þetta nýmæli í peningamálastjórn, sem er ósköp einfaldlega í því fólgið að ef þú vilt draga úr eyðslu og neyslu, ef þú vilt draga úr því að þeir aðilar sem hafa eitthvert umframfé handa á milli verji því eins og Íslendingar hafa gert í allt of ríkum mæli í vanhugsaða fjárfestingu, í neyslu sem kallar á meiri innflutning, þá eigi þeir þess kost að fjárfesta í öruggri fjárfestingu erlendis, mynda þar inneign sem þeir gætu nýtt þegar betur árar. Það þarf ekki að valda kollsteypum í íslensku efnahagslífi. Ég hélt satt að segja að talsmenn Borgarafl. væru... (**Gripið fram í:** Þarf ekki gjaldeyri til þess að kaupa þetta?) Það er ekki verið að eyða neinu þarna. Það er verið að mynda inneign sem getur komið að fullum notum síðar meir. Þetta er ósköp einfaldlega einföld peningamálaaðgerð sem mun að vísu ekki skipta miklum sköpum. Hún er einn steinn í hleðslu. Og af hverju mun hún ekki skipta sköpum? Það er vegna þess að innlendur lánamarkaður, eins ófullkominn og hann er nú, býður upp á slíka raunvexti að það er enginn fjármálamarkaður hérna í kringum okkur sem getur keppt við hann. Það út af fyrir sig er ekki líklegt til að skipta sköpum. En ég hélt, hv. þm., að talsmenn Borgarafl. væru alla vega talsmenn nútímalegra sjónarmiða í hagstjórn og væru ekki einangrunarsinnar í efnahagsmálum og vildu að Íslendingar löguðu sig nokkurn veginn að eðlilegum hagstjórnaraðferðum, slíkar sem þær tíðkast hér í kringum okkur.

Ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, á að ég rifja upp það sem ég sagði í upphafi og hafði eftir sjávarútvegshöldinum. Það eru bara til tvenns konar ríkisstjórnir. Ríkisstjórnir sem þora og ríkisstjórnir sem ætla sér að stjórna. Þær þora að taka á sig óvinsældir í upphafi vegna þess að þær ætla að leggja verk sín undir dóm fólks. Svo eru líka til ríkisstjórnir, sem við höfum þekkt allt of margar, sem ætla að kaupa sér vinsældir í upphafi en verða engum harmsefni þegar þær hrökklast frá með allt niðrum sig.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á að trufla umræðuna með þessum hætti, en ég bar í upphafi fram þrjár fyrirspurnir. Sú þriðja þeirra snertir fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., stöðu þess hér í þinginu, framhald vinnunnar við það og ýmsa aðra þætti sem að fjárlagafrv. snúa. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að fjmrh. mundi svara þeim fyrirspurnum. Það kom einnig fram hjá hæstv. utanrrh. að fjmrh. mundi svara þeim fyrirspurnum. Hæstv. fjmrh. talaði hér í tæpa klukkustund. Hann svaraði hins vegar eingöngu þeim fyrirspurnum sem ég beindi fyrst og fremst til forsrh., og það er kannski skiljanlegt vegna þess að allir vita að hann hefði helst viljað verða forsrh. í þessari ríkisstjórn, en hann svaraði engu, alls engu, um þennan þriðja þátt upphaflegra fyrirspurna minna sem voru tilefni þessarar utandagskrárumræðu. Ég vil beina þeim orðum til hæstv. forseta og til hæstv. fjmrh. til að auðvelda framgang umræðunnar og vegna þess að ég veit að margir þm. eru hér á mælendaskrá að hæstv. fjmrh. svari þeim fyrirspurnum sem til hans er beint varðandi það frv. sem hann hefur lagt hér fram.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ummæli hv. 5. þm. Reykn. varða ekki þingsköp. Það er á valdi þm. sjálfra og ráðherra hverju þeir svara og hvernig þeir halda sína ræðu. Það er ekki á valdi forseta að kveða neitt á um það, enda varðar það ekki þingsköp.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykn. fyrir að hefja máls á þessu sem við erum að ræða hér núna. Það er ekki vanþörf á því að taka það til umræðu í upphafi þings.

Einhverja heitustu dagana í maí á þessu vori sátum við kvennalistakonur ásamt nokkrum núv. ráðherrum, sem er farið að fækka hér í þingsölum að vísu, og freistuðum þess að ná saman um myndun ríkisstjórnar. Það var fyrst og fremst þrjósku Kvennalistans að þakka eða kenna, eftir því hvernig litið er á málin, að umræðurnar snerust að langmestu leyti um afkomu heimilanna og þá vitanlega fyrst og síðast þeirra sem lægstu tekjurnar hafa. Það vantaði raunar ekki að öll virtumst við sammála um að engir gætu framfleytt sér á lægstu tekjum sem viðgangast í landinu. Við gátum hins vegar ekki sameinast um leiðir til þess að leiðrétta það ranglæti og þarf ekki að tíunda það frekar hvernig fór. Viðmælendur okkar beygðu sig fyrir 3000 ára gömlu lögmáli kenndu við Mesópótamíu og létu sem þeir mundu leiðrétta kjör lágtekjufólksins á annan veg og varanlegri en með því að lögbinda lágmarkstekjur við framfærslukostnað. Við höfum nú séð nokkur af úrræðum þeirra.

Síðustu aðgerðir, sem að margra dómi eru í raun og veru fyrsta alvarlega tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að taka að einhverju marki á stjórnun efnahagsmála, eru að ýmsu leyti einkennilegar. Einkennilegast er e.t.v. hversu seint þær líta dagsins ljós og allar athafnir ráðherra í þessum málum nú síðustu daga koma fyrir sjónir eins og þeir hafi verið uppteknir af einhverju allt öðru en því sem hefur verið að gerast í kringum okkur og hver maður gat séð jafnvel þótt hann hafi ekki hagfræðimenntun. Það er engu líkara en að hagfræðingarnir á stjórnarheimilinu séu farnir að þvælast hver fyrir öðrum og villa hver öðrum sýn. Nógu margir eru þeir í stólum

ráðherra og aðstoðarmanna.

Hvað voru menn að bjástra meðan þenslan í þjóðfélaginu blómstraði, ef nota má svo fallegt og jákvætt orð í þessu samhengi? Gat það farið fram hjá þeim að vextir voru að hækka, olíuverð var að hækka og allt benti til þess að við gætum ekki veðjað á enn eitt metaflaárið á næsta ári? Sáu þeir ekki kaupæðið og fjárfestinguna? Á maður að trúa því að efnahagsráðgjöf fari þannig fram að menn tali ekkert saman og fylgist varla með þangað til einn daginn að hagfræðingur bankar á dyr ráðherra og segir: „Nú er það svart, maður. Þið verðið að grípa í taumana."

Auðvitað gengur þetta ekki þannig fyrir sig. Það eru nefnilega ekki hagfræðingarnir sem banka á dyr ráðherranna, heldur ráðherrarnir sem senda eftir forsendum og niðurstöðum, fyrst og fremst til Þjóðhagsstofnunar, þeirrar stofnunar sem upphaflega átti að vera hlutlaus stofnun sem hægt væri að treysta. Og henti niðurstöðurnar ekki ráðherrunum endursenda þeir plaggið og panta aðrar forsendur og aðrar niðurstöður. Þannig gekk þetta fyrir sig á haustdögum, en út á við leit það út eins og ráðherrarnir hefðu allt í einu hrokkið við og séð að hrunadansinn yrði að stöðva. Og vissulega voru það einhverjir sem hrukku við. Í óðagoti var fjárlagafrv. rifið upp og rótast í því hér og þar, en ótal endar látnir óhnýttir að því er virðist í því skyni að geta sýnt niðurstöðutölur í plús.

Vissulega þurfti að taka á þessu öllu, en það hlýtur að vera okkur alvarlegt umhugsunarefni að svona skuli vera staðið að málum. Það ætti að vera algjör óþarfi að beita blekkingum og styðja stefnuna með röngum forsendum.

Ég er ekki að draga úr því að það þurfti að bregðast við þenslunni og offjárfestingunni og það þurfti að rétta af ríkissjóðshallann. M.ö.o., það þurfti að stíga á bremsurnar eins og hæstv. fjmrh. hefur orðað það. Ég skil hins vegar ekki hvernig hæstv. ráðherrar geta leyft sér að styðja aðgerðir sínar með rökum á borð við þau að hagvöxtur verði í núlli á næsta ári. Hann verður vafalaust lægri en í ár og undanfarin ár, en það er ekki hægt að styðja það góðum rökum að hann verði hreint enginn.

Ég skil heldur ekki hvernig fjmrh. getur leyft sér að vanmeta svo þátt beinna skatta sem hann gerir í fjárlagafrv. þegar allt bendir til þess að hann verði miklum mun meiri, nema ætlunin sé að gera stórfelldar breytingar á skattalögunum. Ég skil heldur ekki hvernig hæstv. ráðherrar geta komist að þeirri niðurstöðu að brýnast alls sé að gera fólki erfiðara fyrir með að næra sig og á þá auðvitað við hinn illræmda matarskatt sem erfitt er að sjá að samrýmist jafnaðarhugsjóninni sem margir vilja kenna sig við. Þessi skattlagning virðist núv. ríkisstjórn einkar hugstæð og hún heldur sínu striki þrátt fyrir mótmæli og viðvaranir úr ýmsum áttum. Kvennalistinn mótmælti þessari skattlagningu harðlega þegar í upphafi stjórnartíðar þessarar ríkisstjórnar þegar um hana fréttist og við mótmælum enn.

Þegar fyrst heyrðist af áformum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sendum við kvennalistakonur ríkisstjórninni erindi og ég sé nú ástæðu til þess að rifja það upp og lesa það upp hér með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

„Kvennalistinn skorar á hina nýju ríkisstjórn að láta af áformum um 10% söluskatt á matvæli. Þegar hefur framkvæmd þessarar skattheimtu verið frestað til næstu mánaðamóta og vill Kvennalistinn benda nýjum valdhöfum á að nota þann tíma til að íhuga vandlega kosti og galla skattlagningar á matvæli. Það þarf ekki að fjölyrða um áhrif skattlagningar á matvæli fyrir heimili landsins, en hitt vefst fyrir mörgum hvernig þessi nýja skattlagning samræmist eftirfarandi markmiðum nýrrar ríkisstjórnar:

1. Lækkun verðbólgu.
2. Tekjuöflun ríkisins verði gerð einfaldari og réttlátari og skilvirkari, eins og stendur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Varðandi fyrra atriðið, þá er vitað að hækkun framfærslukostnaðar hefur áhrif á rauðu strikin og er því verðbólguhvetjandi.

Varðandi síðara atriðið má spyrja um réttlæti þess að hækka verð á þeirri vöru sem enginn getur verið án. Smávægileg hækkun elli- og örorkulífeyris og barnabóta til örfárra bætir engan veginn upp þá hækkun brýnustu nauðsynja og auknu verðbólgu sem af þessari aðgerð leiðir. Einfaldari verður innheimtan varla ef þrefalt kerfi verður í gangi í einni og sömu verslun, 25%, 10% og 0% söluskattur.

Ef ríkisstjórnin heldur fast við áform sín mun hráefnið í grjónagrautinn hækka. Hvað skal þá til ráða? Hvaða mataruppskrift ætlar ný ríkisstjórn að ráðleggja húsmæðrum landsins?"

Aldrei svaraði hæstv. ríkisstjórn þessu hófsamlega bréfi með beinum hætti, en óbeint hefur hún svarað og er ástæða til að ítreka fyrirspurn okkar um hvaða mataruppskrift ríkisstjórnin ætlar að ráðleggja fólki og fer nú að sneiðast um vænlega kosti.

Um hinar tvær meginleiðirnar til tekjuauka fyrir ríkissjóð, sem nýlega hafa verið boðaðar og raunar komið til framkvæmda nú þegar, er það að segja að ósárt er okkur um hækkun áfengis og tóbaks og sama má eiginlega segja um hækkun innflutningsgjalda á bifreiðum. Með síðari liðnum er jafnframt gerð tilraun til að stöðva bílastrauminn til landsins og er út af fyrir sig góðra gjalda vert en spurning hvort slík aðgerð er ekki of seint á ferðum. Skaðinn er skeður og hefur þegar kallað á umferðaröngþveiti og óhemjudýrar lausnir. Auk þess er alltaf vont að hringla fram og aftur með einstaka þætti í verðmyndun eins og hér er gert og ekki beint til þess fallið að auka tiltrú almennings á ráðstöfunum stjórnvalda.

Um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í peningamálum er það að segja að allar miða þær að því að auka sparnað, draga úr fjárfestingu fyrirtækja og draga úr neyslumöguleikum fólks. Purkunarlaust er stefnt að hækkun vaxta sem af mörgum er talin vænleg leið til

að leita jafnvægis. Aðrir draga það í efa og reynslan sannar engan veginn að slík verði niðurstaðan. Það fer þó vitanlega að miklu leyti eftir nánari útfærslu og framkvæmd. E.t.v. hefur einna mest áhrif yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að gjald á erlendar lántökur verði fellt niður við lok næsta árs. Nú er spurning hins vegar hvort þessi frestur er nægilega langur og hvort slík yfirlýsing þýði hugsanlega sprengingu þegar þar að kemur. En þá verður hagfræðingagengið líklega búið að finna upp ný ráð.

Það er ýmislegt annað sem vekur efasemdir um árangur. Gefin eru fyrirheit um gengisbundna reikninga, eins og hér hefur verið nokkuð til umræðu, skuldabréf, skírteini og víxla. Líklega eru þar töfraorðin „opið og frjálst" en það er ekki á hvers manns færi að spá um árangur. Reyndar heyrðist mér hæstv. fjmrh. ekki hafa trú á því að þetta breytti miklu í náinni framtíð og ólíklegt, eins og hannýjaði að áðan, að þessir kostir freisti umfram aðra, sem stendur a.m.k. Margt annað í þessum ráðstöfunum er torskilið og óútskýrt. Ég nefni bara eitt dæmi hérna. Sala og dreifing spariskírteina og ríkisvíxla verður endurbætt. Punktur. Og engar frekari skýringar. Ég hef ekki heyrt þær. Það má vel vera að þær hafi einhvers staðar komið fram. Ég átta mig ekki á því hverju þetta á að skila. Kannski menn ætli í *smiðju til íþróttafélaganna sem hafa reynst nösk á* leiðir til fjáröflunar eins og nýjustu fréttir úr Tímanum sanna. En við skulum sleppa öllum flimtingum.

Það gat ekki farið fram hjá nokkrum manni að þenslan í efnahags- og atvinnumálum okkar hefur verið gífurleg og ört vaxandi allt þetta ár og var löngu komin á hættulegt stig. Þar kemur vitanlega margt til, bæði ytri aðstæður og skilyrði vegna aðgerða stjórnvalda í ríkisfjármálum og peningamálum. Þeir sem ráða ferðinni í efnahags- og atvinnumálum okkar hafa sýnt ábyrgðarleysi og magnað upp verðbólguókindina með gegndarlausum innflutningi og offjárfestingu og margfaldað launabilið í landinu, sem þó átti að vera háð lögmálinu frá Mesópótamíu, með þvílíku launaskriði að meðaltalskaupmáttur hefur ekki verið hærri lengi og vitaskuld einblína menn á meðaltölin eins og fyrri daginn.

Ríkisstjórnin og ráðherrar hennar beina ákveðnum tilmælum til launafólks um hófsemd í kaupkröfum. Það gera þeir í öðru orðinu og í hinu orðinu hækka þeir framfærslukostnaðinn með síðlausum aðgerðum á borð við matarskattinn. Er þetta nú vænlegt til árangurs? Var ekki nær að afla tekna þar sem peningarnir eru mestir fyrir? Var ekki nær að skattleggja vaxtatekjur, hækka eignarskatt, skattleggja hæstu tekjur og sækja fé til fyrirtækja, einkum í verslun og viðskiptum, sem greiða óeðlilega lítið til samfélagsins. Hvað er orðið af áhuga Alþfl. á því að ná inn í ríkissjóð einhverju af þeim fjórum til sex, eða hvað það nú er, milljörðum króna sem allir eru sammála um að skotið er fram hjá skatti og stýrt beint inn í einkaneysluna? Við kvennalistakonur viljum gjarnan styðja ykkur í slíkum málum. En við mótmælum enn og aftur síðlausri skattlagningu á brýnustu nauðsynjar sem er vitaskuld í hróplegu ósamræmi við hræsnisfullar yfirlýsingar hæstv. *ríkisstjórnar og ráðherra um* umhyggju þeirra fyrir hinum tekjulægstu. Þeir kveinka sér þó ekki við því að halda því öðru hverju fram þar sem þeir telja það viðeigandi.

Neðst á bls. 4 í þjóðhagsáætlun stendur t.d. þessi fallega setning: „Ríkisstjórnin telur þó mikilvægt að áhersla verði lögð á að bæta kjör þeirra sem hafa lægst laun."

Þetta var nú reyndar orðsending til aðila vinnumarkaðarins.

Á hinni síðunni er boðskapur ríkisstjórnarinnar um það hvernig hún telur rétt að bæta kjör þeirra sem hafa lægstu launin. „Frá 1. nóv. falla niður söluskattsundanþágur á matvælum." Er þetta ekki eitthvað öfugsnúin jafnaðarstefna, hæstv. ráðherrar úr röðum Alþfl.?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal vakin athygli á því að það er nú langt liðið á venjulegan fundartíma ef við reiknum með fundartíma fram að kvöldmat. Það væri æskilegt að vera búinn að ljúka umræðunni fyrir kvöldmat. Ef það verður ekki, þá verður kvöldfundur. Það er *vakin athygli á þessu svo að menn viti hvar þeir* standa. Það er ekki verið að takmarka umræðu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Reykn. gerði hér að umræðuefni í máli sínu fyrirvara minn við afgreiðslu fjárlagafrv. í ríkisstjórninni sem stafaði af því að nokkrir liðir í frv. sem snerta landbrn. eru lægri en ég taldi fært án þess að séð yrði hvernig þeirri þjónustu yrði haldið uppi þá á annan hátt.

Tilgangur með niðurskurði eða lækkun útgjalda hjá fjmrh. er að sjálfsögðu sá að ná jafnvægi á ríkisbúskapnum og markmið slíkt um að ná jafnvægi styð ég. En ég tel hins vegar ekki fært að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi án þess að breytingar verði þarna gerðar á nokkrum liðum. Það er Alþingi sem afgreiðir fjárlagafrv. og þm. stjórnarflokkanna sem bera ábyrgð á því. Það er því ekki verið að taka vald af neinum þó að fulltrúum þessara þingflokka sé falið að fjalla um þessi atriði og sú athugun, sem þarna er gert ráð fyrir, þarf að ná nokkru lengra heldur en aðeins að breyta krónutölu á fjárlagafrv., a.m.k. til þess að að gera sér grein fyrir því hvernig sú breyting á að fara fram. En ég styð tekjuhlið frv. og fjárlagafrv. að öðru leyti og vænti ég þess að þetta svari því atriði sem hv. frummælandi sagði eitt af þremur tilefnum þess að hann kom hér upp í ræðustólinn, um það hvort þetta frv. nýtur stuðnings mín eða Framsfl. eins og reyndar hæstv. utanrrh. hafði þegar tekið fram.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þegar ríkisstjórnin var mynduð á miðju sumri setti hún sér starfsáætlun fyrir kjörtíma-

bilið. Efnahagsstefna hennar sem þar kemur fram er ofin úr tveimur þáttum. Annars vegar að stuðla að jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum, hins vegar að færa skipan efnahagsmála í frjálsræðisátt og til nútímalegra horfs. Hvort tveggja er forsenda framfara og hagvaxtar.

Vaxandi verðbólga og viðskiptahalli á þessu ári sem m.a. má til þess rekja að þjóðarútgjöld hafa aukist meira en þjóðartekjur og horfur um að verulega dragi úr hagvexti á næsta ári gera það nú nauðsynlegt að ríkisstjórnin hrindi stefnu sinni í framkvæmd fyrr og með enn afdráttarlausari hætti en að var stefnt í starfsáætluninni. Þetta á ekki síður við um þau atriði er varða umbætur á hagkerfinu en hin sem lúta að jafnvægisstjórn í efnahagsmálum á þessu og næsta ári.

Ráðstafanir þær í ríkisfjármálum, peningamálum og gengismálum sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt eru reyndar til marks um nýtt hugarfar og ný vinnubrögð við stjórn efnahagsmála. Það má segja að með þeim fái orðalagið „samræmd stefnumörkun á öllum sviðum efnahagsmála", sem oft heyrist, raunverulegt inntak. Þetta nefndi reyndar hv. 10. þm. Reykn. réttilega í ræðu sinni.

Með þessum ráðstöfunum er verið að hafna þeirri gengislækkunarleið sem iðulega hefur verið farin þegar nauðsyn hefur borið til að draga úr þjóðarútgjöldum og innflutningi. Undanlátssemi við þá sem nú hafa uppi háværar kröfur um gengisfellingu hefði verið að skvetta olíu á verðbólgueldinn sem hefur verið að lifna að undanförnu. Í stað gengisfellingar hafa nú verið ákveðnar öflugar aðhaldsaðgerðir einmitt til þess að treysta gengi krónunnar. Markmiðið er að koma í veg fyrir að nýr vítahringur gengisfellinga og innlendra verðlagshækkana myndist. Þetta er lykilatriði því að stöðugt gengi er, eins og hér hefur komið fram, hornsteinn efnahagsstefnu ríkisstjórnarinar. Öndvert við það sem oft og tíðum hefur verið er hér ekki um orðin tóm að ræða. Það nýmæli að gefa innlendum aðilum kost á því að leggja fé inn á gengisbundna reikninga í bönkum og sparisjóðum þjónar m.a. þeim tilgangi að sýna að ríkisstjórninni er full alvara með yfirlýsingu sinni um að gengi krónunnar verði haldið stöðugu. Þessir reikningar og gengisbundin spariskírteini gefa almenningi nýtt tækifæri til að tryggja kaupmátt sparifjár síns þegar óvíst er um gengisþróun og dregur úr hættunni á flóðbylgju innflutnings sem gera mundi gengisfellingu óumflýjanlega. Þessar ákvarðanir eru alls ekki skyndiákvarðanir eins og málshefjandi, hv. 5. þm. Reykn., telur þær. Þvert á móti eru þær samstillt átak samkvæmt ákveðinni stefnu, teknar á réttum tíma til þess að skapa stöðugleika og eyða óvissu. Þannig fást þekkt starfsskilyrði fyrir atvinnulífið. Þannig og aðeins þannig gegnir ríkisvaldið skyldu sinni.

Það má vera rétt hjá hv. 5. þm. Reykn. að þessar aðgerðir séu óvenjulegar, en það gerir þær einmitt þeim mun gagnlegri fyrir bragðið. Ég vildi ítreka það sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Öfugt við það sem til var vitnað af málshefjanda þá hafa mikilhæfir og framúrskarandi forustumenn þar, þar á meðal framkvæmdastjóri Verkamannafélagsins Dagsbrúnar lýst því yfir opinberlega að þeir séu í meginatriðum samþykkir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað.

Mönnum hefur orðið tíðrætt hér, og reyndar í þjóðfélaginu, um aðhaldsaðgerðir sem þrengi kost manna. En auk slíkra aðgerða eru í ríkisfjármálum og peningamálum nú boðaðar margvíslegar umbætur. Í ríkisfjármálunum er með fjárlagafrv. fyrir næsta ár stefnt að því að auka hlut velferðarmála almennings í ríkisútgjöldunum á kostnað tilfærslna og framlaga til atvinnuveganna um leið og horfið er frá hallabúskap. Í peningamálum er stefnt að margvíslegum umbótum sem allar eiga að stuðla að auknum sparnaði, bættu jafnvægi á peningamarkaði og lækkandi raunvöxtum þegar fram í sækir þótt einhver vaxtahækkun gæti orðið um sinn.

Ég vildi nefna sérstaklega 10% matarskattinn, sem kallaður hefur verið, söluskatt af matvælum. Það má vera að hann sé sumum þungbær. En á hitt er þá líka að líta að hann er skref í þá átt að gera söluskattinn almennan skatt, eftirlítanlegan skatt, þannig að stefnt sé að betri skattskilum. En betri skattaframkvæmd hefur lengi verið baráttumál Alþfl. og reyndar unnið að því máli samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir nokkrum árum — svonefndri skattsvikaskýrslu. Þar var helst lagt til að gera söluskattinn sem almennastan þannig að í framtíðinni mætti lækka skatthlutfallið og tryggja innheimtu hans. Í þessu ljósi verðum við líka að líta á þessa breytingu, en að vitaskuld eru aðhaldsaðgerðirnar erfiðar. Sumar þeirra leggja byrðar á almenning. Það er vissulega vont, en verra hefði þó verið að gefast upp fyrir þeim vanda sem við blasir. Það verður að koma í veg fyrir að efnahagsframvindan fari hér úr böndum á næstu missirum. Það væri engum greiði gerr með því að þjóðin festist aftur í fari óðaverðbólgu og erlendrar skuldasöfnunar.

Kjarni þessara aðhaldsaðgerða eru hallalaus fjárlög fyrir næsta ár. Fjárlagafrv. á auðvitað eftir að fá þinglega meðferð, en það er afar brýnt að meginstefnu þess og helstu niðurstöðutölum verði ekki breytt hvað sem líður öðrum breytingum sem á því kunna að verða í meðförum þingsins.

En auk frv. um hallalaus fjárlög eru víðtækar og að sumu leyti róttækar ráðstafanir til að bæta jafnvægi á peningamarkaði og efla innlendan sparnað snar þáttur í þessum aðgerðum. Þeim er ætlað að draga úr innstreymi erlends lánsfjár og beina ráðstöfunarfé þjóðarinnar frá neyslu og innflutningi og að sparnaði. Jafnframt verður spornað við útlánaþenslu í bankakerfinu. En raunar er hallalaus ríkisbúskapur ein helsta forsenda þess að unnt sé að ná tökum á peningamálunum.

Strax í júlímánuði sl. ákvað ríkisstjórnin að leggja lántökugjald á erlend lán. Almennar heimildir til erlendrar lántöku voru svo þrengdar í síðasta mán-

uði með auglýsingu viðskrn. um innlenda fjármögnunarkvöð á þá sem vilja taka erlend lán. Aðalreglan er sú að ekki verði tekin erlend lán til að fjármagna innlendan kostnað við framkvæmdir. Þessu til viðbótar hefur ríkisstjórnin nú lýst því yfir að þessum takmörkunum á erlendum lántökum verði aflétt í lok næsta árs til þess að hvetja þá sem hyggja á lántöku erlendis á næstunni að fresta áformum sínum því innstreymi erlends lánsfjár hefur um sinn verið ein helsta undirrót þenslu í þjóðarbúskapnum. Gegn þessu er nú spornað án þess að því sé breytt að menn geti tekið erlend lán til véla- og tækjakaupa til atvinnurekstrar í flestum greinum án sérstakra leyfa og eftir almennum reglum.

Þá kem ég að því, sem mikla athygli hefur vakið, að með því að veita bönkum og sparisjóðum heimild til að bjóða viðskiptavinum sínum gengisbundna innlánsreikninga og með útgáfu gengisbundinna spariskírteina ríkissjóðs er nú stefnt að því að auka fjölbreytni þeirra sparnaðarleiða sem almenningur hefur aðgang að. Þetta mun stuðla að aukinni innlendri sparifjármyndun. En ekki er síður mikilvægt það sem ég vék að áðan að hér fæst tækifæri til að ávaxta sparifé á gengisbundnum reikningum sem mun sporna gegn spákaupmennsku með innflutning á tímum óvissu í gengismálum. Þessir reikningar opna leið fyrir almenning til að spara í gjaldeyri í stað þess að eyða honum. Viðskrn. mun gefa út reglugerð um þetta efni eins fljótt og tök eru á og hefur óskað eftir tillögum frá Seðlabankanum til að undirbúa hana.

Þá verður innlendum aðilum heimilað að kaupa skuldabréf íslenska ríkisins og annarra íslenskra aðila sem eru til sölu á erlendum fjármagnsmörkuðum. Það er auðvitað sjálfsagt mál að Íslendingar njóti sömu kjara eða geti notið sömu kjara og útlendingar á íslenskum ríkisskuldabréfum auk þess sem kaup Íslendinga á skuldabréfum ríkissjóðs, sem boðin eru til sölu erlendis, fela auðvitað í sér lækkun á skuldum þjóðarbúsins við útlönd. Loks verða svo heimildir einstaklinga og fyrirtækja til þess að eignast örugg erlend verðbréf rýmkaðar. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. sérstaklega fyrir að vekja athygli á þessu. Með þessu er m.a. að því stefnt að gefa fyrirtækjum, sem flytja út vörur eða þjónustu eða stunda samgönguþjónustu, færi á því að styrkja viðskiptalega stöðu sína með fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis. Mikilvægast er þó að með þessu gefst almenningi og þá ekki síður almannasjóðum, þar á meðal lífeyrissjóðum, kostur á að dreifa áhættu sinni víðar og betur en hingað til með því að kaupa trygg erlend verðbréf.

Í ljósi þess að um þessar mundir er ávöxtun umfram verðbólgu líklega betri hér á landi en víðast erlendis er ekki mikil ástæða til að ætla að þessar heimildir leiði til verulegs útstreymis fjár úr landinu, en þó getur að því komið og þá fæst það sem þarf, samkeppni um féð á raunverulegum grundvelli. Viðskrn. mun setja reglur um þessi efni á grundvelli laganna um innflutnings- og gjaldeyrismál að fengnum tillögum frá Seðlabankanum.

Ég vildi vekja athygli á því vegna athugasemda hv. 5. þm. Reykv. að fjármagnshreyfingar eiga auðvitað að vera tvíhliða viðskipti eins og önnur viðskipti ef allt er í böndum. Ef allt er í réttu lagi, þá eigum við að geta staðist samanburð við önnur lönd hvað varðar vexti og gengi. Það er mikilvæg forsenda þess að þær aðgerðir sem nú hafa verið ákveðnar skili árangri að aðhalds verði gætt í útlánum bankanna á næstunni. Það er ljóst að hækkun lausafjárhlutfalls í bönkum nú í sumar og samningar um aukin kaup þeirra á ríkisskuldabréfum hafa þegar haft áhrif í þessa átt. Hins vegar er enn ekki ljóst hvort nóg er að gert og verður nú fylgst með því nákvæmlega á næstunni hvort tilefni er til þess að Seðlabankinn herði aðhald að útlánum innlánsstofnana. Þær áætlanir sem nú liggja fyrir benda til þess að lausafjárstaða bankanna kunni að batna verulega í byrjun næsta árs. Fyrir þann tíma verður að ákveða viðeigandi aðgerðir til að tryggja hóflega aukningu útlána á næsta ári, t.d. með hækkun innlánsbindingar eða lausafjárhlutfalls. Í þessu sambandi er einnig brýnt að það takist að draga úr innstreymi erlends lánsfjár og, eins og áður var að vikið, að reka ríkissjóð án halla.

Herra forseti. Hér á landi hefur ríkt góðæri að undanförnu. Nú virðast horfur á að uppgangsskeiðinu sé að ljúka og við taki venjulegt ár í stað góðæris. Næsta ár verður kannski normalt ár. Það var rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að minna okkur á að menn ættu ekki að mála útlitið allt of dökkum litum. Það er bjart fram undan, en það er jafnbjart og verið hefur en ekki miklu bjartara. En við þessar aðstæður er afar brýnt að menn bregðist við í tæka tíð og komi í veg fyrir að góðærisþenslan, sem okkur hefur orðið svo tíðrætt um, fari ekki út í öfgar með verðbólgu og hallabúskap. Ríkisstjórnin stóð einfaldlega frammi fyrir þeirri staðreynd að aðgerðirnar sem hún ákvað í sumar dugðu ekki til að halda nægilega aftur af útgjöldum og auka sparnað við þær horfur sem nú blasa við. Henni bar því skylda til að grípa þegar í stað til aðgerða sem dygðu. Það hefur hún nú gert. Það má vera að þessar aðgerðir séu ekki allar til þess fallnar að afla ríkisstjórninni eða einstökum ráðherrum hennar stundarvinsælda. Það er hins vegar ekki það sem máli skiptir heldur hitt að þær eru nauðsynlegar til að tryggja sæmilegan stöðugleika í efnahagsmálum á næstunni. Menn skyldu hafa í huga að við höfum fyrir því margfalda reynslu að í því tjái og tundri sem fylgir óðaverðbólgunni tapa þeir iðulega mest sem mega sín minnst.

Það var erfitt að leggja ræðu málshefjanda, hv. 5. þm. Reykn. öðruvísi út en svo að hann vildi bjóða slíku ástandi heim. Var hann ekki í reynd að styðja gengisfellingarkröfur formanns Félags ísl. iðnrekenda og annarra atvinnurekenda? Þeirri kröfu hefur ríkisstjórnin hafnað afdráttarlaust.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur nú farið fram ítarleg umræða um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og fyrstu aðgerðir sem hún hefur gripið til í þremur áföngum, þ.e. fyrst með stjórnarsamningnum sjálfum, síðan með fjárlagafrv. eitt sem var talið afar fullkomið af hæstv. fjmrh. og svo með fjárlagafrv. tvö sem nú er talið nálgast hina endanlegu fullkomnun ef marka má ummæli dómsmrh. áðan.

Ég ætla hér að fara aðeins yfir nokkur atriði sem fram hafa komið í ræðum hæstv. ráðherra og víkja að málum almennt að lokum. Fyrst ætla ég að víkja aðeins að orðum hæstv. landbrh.

Það hefur komið fram að hæstv. landbrh. gerir fyrirvara við fjárlagafrv. Það hefur komið fram að hæstv. landbrh. telur að hans ráðuneyti sé ekki afgreitt með eðlilegum hætti í þessu fjárlagafrv. Og hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., hefur lýst því yfir að af þeim ástæðum og öðrum sé fjárlagafrv. í raun og veru þannig að það sé lagt hér fram til sýnis fyrst og fremst.

Við fengum hins vegar nýja útgáfu af þessu máli hér í ræðu hæstv. landbrh. áðan, afar fróðlega. Hann sagði: Nokkrir liðir frv. eru lægri en ég tel fært. Það er ekki fært að afgreiða frv. sem lög frá Alþingi eins og það liggur fyrir. Það þýðir m.ö.o. að ef fram færi nú atkvæðagreiðsla um þetta fjárlagafrv. hér á hv. Alþingi, þá mundi Framsfl. ekki greiða því atkvæði. Þar með er þetta auðvitað ekki stjfrv. Þannig hefur hæstv. landbrh. svarað einni af þeim spurningum sem hv. 5. þm. Reykn. lagði hér fram í upphafi þessarar umræðu. Að vísu gaf hæstv. utanrrh. yfirlýsingu um það að fjárlagafrv. væri flutt af Framsfl. og stutt, en hann sagði: Það verður að laga landbúnaðarþáttinn, jafnvel — með hverju? — með aukinni tekjuöflun, aukinni tekjuöflun. Hæstv. utanrrh. upplýsti m.ö.o. að það eru enn uppi áform um aukna skattlagningu af hálfu ríkisstjórnarinnar áður en þetta frv. verður að lögum.

Ég ætla síðan í sjálfu sér ekki að fara að ræða mikið við hæstv. dómsmrh. Hann talaði um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að hún væri í raun og veru sérstaklega jákvæð gagnvart þessum efnahagsaðgerðum, og hæstv. fjmrh. var einnig sömu skoðunar að því er virtist. Hvað er þetta bréf frá Alþýðusambandi Íslands til forsrh. annað en afstaða verkalýðshreyfingarinnar? Hún kemur þar fram með mjög skýrum og afgerandi hætti þar sem fullyrt er að núverandi ríkisstjórn hafi með ákvörðunum sínum gengið á bak þeim fyrirheitum sem fyrrverandi ríkisstjórn hafi gefið aðilum vinnumarkaðarins við frágang kjarasamninga í desember 1986. Hér er auðvitað um að ræða ákaflega alvarlegan hlut frá hendi ríkisstjórnar sem er að leggja af stað. Hún byrjar á því að storka verkalýðshreyfingunni í landinu með aðgerðum sínum, en síðan kemur hæstv. fjmrh. og segir: Ja, ég er svo sem tilbúinn til þess að athuga málin síðar og ræða við verkalýðshreyfinguna.

Ég er sannfærður um það að þessi hrokafulla framkoma fjmrh. og Alþfl. sérstaklega í garð verkalýðshreyfingarinnar mun spilla fyrir möguleikum á því að unnt verði að taka á þeim alvarlegu efnahagsvandamálum sem uppi eru í þessu þjóðfélagi hvað svo sem þessum margrómuðu ráðstöfunum líður sem ráðherrar Alþfl. eru að mæra og prísa úr þessum ræðustól í dag. Og það er kostulegt til þess að hugsa að fyrsta stjórnin sem Alþfl. tekur, að því er virðist nokkurn veginn heill, þátt í, að undanteknum einum þm., í 16 ár, skuli byrja sinn feril á því að svíkjast aftan að verkalýðshreyfingunni í landinu með þessum hætti, með þeim hætti sem hér er kynnt, með þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið lýst og m.a. með þeirri skattlagningu á matvörur sem fyrst og fremst lendir auðvitað á láglaunafólkinu og þeim sem verða að eyða mestum hluta tekna sinna í mat til þess að geta verið til.

Hvar eru yfirlýsingarnar frá hæstv. fjmrh. um skattlagningu á burgeisana? Hvar eru ræðurnar sem hann flutti á síðasta kjörtímabili 1984–1987 um skatta á stóreignir upp á 1500 millj. kr. á árinu 1984? Hvar eru tillögurnar og ræðurnar um skatta á vexti og vaxtatekjur og vaxtaokrið sem hér viðgengst? Og hvar eru yfirlýsingarnar um það að um leið og Alþfl. verði kominn inn í ríkisstjórn verði fyrirtækin, sem hafa fengið skattaívilnanir að gjöf frá fráfarandi stjórn upp á 2000 milljónir á ári, látin borga? Hvar eru þessar yfirlýsingar? Hvar eru þær? Þær eru í þingtíðindum. En það verður séð til þess að þær verði rifjaðar upp vegna þess að það voru ekki fyrirtækin heldur maturinn, það voru ekki vaxtatekjurnar heldur maturinn, það voru ekki stóreignirnar heldur maturinn sem var sá skattstofn sem „alþýðuflokkurinn“ taldi eðlilegast að byrja á sinn stjórnarferil eftir útlegð úr Stjórnarráðinu í 16 ár. Svona vinnum við ekki jafnaðarmenn hvað svo sem þeir gera sem stýra Alþfl. um þessar mundir.

Það er vitaskuld rétt sem fram hefur komið, t.d. hjá hæstv. dómsmrh., að eitt og annað af því sem nefnt hefur verið eða gert af ríkisstjórninni er gott, það er til. Ég sé að þeir gleðjast yfir því að ég skuli rétt aðeins hæla þeim og ég ætla að halda áfram. Það eru fjármögnunarleigurnar og hvernig var tekið á þeim, það hefði mátt ganga lengra. En ég styð þá einlæglega í tilraunum þeirra til þess að setja þessar fjármögnunarleigur í hnappheldu. Sérstaklega eftir að íhaldið fór að mótmæla þeim er nauðsynlegt að þeir viti að þeir eigi vísan stuðning í Alþb. að því er þetta varðar. En það er fátt, sárafátt, sem hægt er að tína til í þessum efnum.

Ég ætla að víkja þessu næst að máli hæstv. forsrh. sem hann flutti fyrr í dag og vil taka undir með hv. þm. Albert Guðmundssyni um það að margt af því sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. var ekkert annað en ómerkilegur og ódýr Heimdallarskætingur. Innanflokksmál í Alþb. eru utan við verkefnasvið þessarar umræðu. Ég er sannfærður um það að við værum tilbúnir til að ræða þau við annað tækifæri, bæði ég og hv. 5. þm. Reykn., en það eru efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem eru á

dagskrá hér og nú og það var auðvitað óhjákvæmilegt að kalla til umræðna um þær hér á hv. Alþingi vegna þess að ríkisstjórnin ætlaði ekki að láta svo lítið að koma með málið hingað inn. Það eru tilkynntar viðamiklar efnahagsráðstafanir sömu daganna og þingið er að koma saman en málið er ekki lagt fyrir Alþingi að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Og ég segi: Svona framkoma við þingið kann ekki góðri lukku að stýra því að hversu stóran meiri hluta sem þið teljið ykkur hafa hér, hæstv. ráðherrar, er það ljóst að þið komið engu fram og engu í gegn í þinginu nema í eðlilegu samstarfi við stjórnarandstöðuna sem hér á fulltrúa. Þannig að sá valdahroki, sem birtist í því að tilkynna efnahagsráðstafanir upp á þúsundir milljóna króna án þess að ætla sér að taka það fyrir í þinginu, kann ekki góðri lukku að stýra og honum er mótmælt. Þess vegna var auðvitað óhjákvæmilegt að kalla til þessarar umræðu og það er útilokað fyrir hæstv. forsrh. eða aðra ráðherra að ætla sér að víkja sér frá þessari umræðu með ómerkilegum skætingi um einstaka þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa flutt sitt mál í dag.

Herra forseti. Þannig háttar til að í upphafi þessa máls var óskað eftir því að fá að eiga orðastað við hæstv. forsrh. Hér sátu framan af í dag einhverjir fleiri ráðherrar Sjálfstfl. — einn er nú á sjúkrahúsi í kjördæmi sínu eins og þjóðfrægt er, en einhverjir voru þó hér. Nú eru þeir ekki hér og það dugar mér ekki, hæstv. forseti, þó að aðstoðarmaður hæstv. forsrh. sitji þarna og það glitti í hann í hliðarsölum. Þess vegna er það óhjákvæmilegt fyrir mig að óska eftir því, hæstv. forseti, að ef þessi umræða á að halda áfram fáum við að eiga orðastað við þessa menn því til þess er hún. (**Gripið fram í:** Til þess er Alþingi.) Það veit auðvitað hæstv. forseti og ég veit að honum sárnar að flokksbræður hans í ráðherrastól skuli víkja sér undan umræðu með þessum hætti.

Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að kannað verði hvar þeir eru, ráðherrar Sjálfstfl., þannig að við þá megi eiga orðastað. Þetta er utandagskrárumræða sem beinist að þeim. Ég er tilbúinn til að tala hérna dálitla stund við ráðherra Alþfl., þ.e. meðan hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. væru að koma hingað því það er hægt að tala býsna lengi við ráðherra Alþfl. Þó að þeir hafi setið stutt á ráðherrastól, þá er hægt að tala mjög ítarlega við þá. (**ÁrnG:** Sameiginleg áhugamál, Svavar.) Sameiginleg áhugamál, mín og hv. þm. Árna Gunnarssonar. (**Forseti:** Það verður athugað hvort fleiri ráðherrar geti verið viðstaddir. Það kann að vera að lögmætar ástæður séu fyrir fjarveru ráðherra, en ég sé að hér eru nokkrir ráðherrar og ég vænti þess að það hafi þýðingu að ráðherrar séu hér til þess að svara fyrir ríkisstjórnina úr hvaða flokki sem þeir eru. Þetta verður athugað. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. ætli að halda áfram ræðu sinni, en ef hann telur sig ekki geta haldið henni áfram vegna fjarveru einstakra ráðherra mun hann verða að fresta ræðunni og við höldum umræðunni áfram.) (**ÓRG:** Það er heldur enginn þm. Sjálfstfl. í salnum nema hæstv. forseti.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir liðlegheitin og vona að hann kanni það hvort hæstv. forsrh. gæti látið svo lítið að líta hér við og hlusta á þm. Þetta eru að vísu bara þm. og sumir þeirra úr stjórnarandstöðunni en það gæti verið fróðlegt að eiga frekari orðastað við hann. En það er misskilningur hjá hæstv. forseta að það sé hægt að tala við ráðherrana alveg þvert á flokkana, að einn ráðherra, t.d. hæstv. sjútvrh., geti svarað fyrir hina flokkana. Það er örugglega ekki hægt vegna þess að þetta er ekki ein ríkisstjórn nema að hluta til eins og kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan sem sagðist bara styðja tekjuhlið fjárlagafrv. (Gripið fram í.) Þá það, tekjumegin. Gjaldamegin gerir hann athugasemdir. Þetta veit ég að hæstv. sjútvrh. finnst dálítið sniðugt sem reyndum endurskoðanda og bókhaldara því það er algengt að þetta þurfi jafnvel að standast á. (**Sjútvrh.:** Það er í flestum flokkum.) Ég hugsa að það sé víðast hvar hvernig sem það er í Framsfl., en fjármál hans hef ég því miður ekki haft aðstöðu til að kynna mér.

Varðandi ummæli hæstv. utanrrh., sem ég kem aðeins að næst, fannst mér það mjög athyglisvert, sem hann upplýsti í ræðu sinni, að hann hefði verið með tillögur tilbúnar í vor gegn þenslunni. Aðstæður hefðu aftur á móti ekki verið þannig að hann hefði getað dregið þær upp úr pússi sínu. Nú er hæstv. utanrrh. yfirleitt ekki feiminn við að tala eða skýra frá sjónarmiðum sínum en aldrei þessu vant þá virðist hann hafa legið á þessum gullaldarúrlausnum efnahagsmálanna fram eftir öllu sumri. Getur það verið að hæstv. fyrrv. forsrh. hafi gert sér grein fyrir því að ef hann hefði sýnt þessar tillögur í maímánuði hefði þjóðin áttað sig á því að litmyndirnar á Stöð 2 um „bjargið sem aldrei brestur" voru falsmyndir? Skyldi það vera að hann hafi áttað sig á því í maímánuði að það var of stutt um liðið síðan hann sýndi þessar myndir um að allt væri hér fullkomið og allt í besta lagi og bað þjóðina um að kjósa bjargið, klettinn?

Auðvitað er þessi umræða núna fyrst og fremst staðfesting á því að það sem við vorum að segja fyrir kosningarnar um efnahagsmálin var rétt. Blekkingamyndin sem stjórnarflokkarnir drógu upp er núna að koma í ljós smátt og smátt. Og það er í raun og veru sama hvar tekið er niður í þessa efnahagsumræðu. Alls staðar kemur það í ljós að hin trausta efnahagsstefna, hið mikla bjarg, var ekki bjarg, það var sandur. Undirstaðan var veik. Og í rauninni má segja að yfirlýsingar ráðherra Alþfl. séu að því leyti réttar að þær séu bullandi vantraust á þær yfirlýsingar sem fram komu frá Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir kosningarnar.

Hvað segir t.d. hæstv. fjarverandi forsrh.? Hann segir: Það var svo komið að það var óáran hér í peningamálum og ríkisfjármálum. Hver skyldi hafa borið ábyrgð á því frekar en allir aðrir menn? Hæstv. fyrrv. fjmrh. og í rauninni eru þessi orð hans harður dómur yfir fyrrv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hæstv. fyrrv. forsrh. Hæstvirtir ráð-

herrar segja: Kaupmáttur atvinnutekna hefur aukist og það er það sem þeir hanga í, krataráðherrarnir t.d. Kaupmáttur atvinnutekna hefur aukist. Það er auðvitað rétt að kaupmáttur atvinnutekna hefur aukist en samningarnir voru ekki bara um kaupmátt atvinnutekna. Hér var um að ræða samninga um það að lyfta verulega lægstu launununum umfram önnur laun. Þetta voru samningar sem byggðust á því að það ætti að viðhafa aðhald bæði í peningamálum og ríkisfjármálum. Það er ekki gert og allt fer úr böndunum vegna þess hvernig fráfarandi ríkisstjórn heldur á málum og vegna þess hvernig núverandi ríkisstjórn tekur ekki á málum fyrr en menn eru að myndast við það nú.

Þá eru það spurningarnar sem hæstv. fjmrh. setur hér fram: Eruð þið með tillögur um að auka verðbólguna? Eruð þið með tillögur um að fella gengið? Viljið þið ekki hafa jöfnuð í ríkisfjármálum? Þetta er auðvitað eins og hver annar útúrsnúningur og ég hef auðvitað oft heyrt þetta frá hæstv. fjmrh. Það er hins vegar skrýtið þegar hæstv. dómsmrh., lengi vandaður embættismaður, er farinn að taka sér í munn svona stráksleg setningar. Auðvitað er staðreyndin sú að það er samstaða um það í þjóðfélaginu og þinginu að það verður að gera allt sem hægt er til að halda aftur af því að verðbólgan æði áfram. Það er veruleg samstaða um það að fylgja beri sem næst fastgengisstefnu og ég kalla það í rauninni dólgsháttað segja við þann sem upphefur þessa umræðu, hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, að hann sé með ræðu sinni að kalla á gengislækkun. Það er auðvitað rangt og ég segi það fyrir hönd Alþb. hér: Við höfum reynslu af því að reyna að stjórna efnahagslífinu í bullandi vitlausri verðbólgu. Við vitum sennilega betur en margir aðrir að það er erfitt ef ekki vonlaust. Stjórnaraðild Alþb. nú eða síðar hlyti því óhjákvæmilega að byggjast á þeirri forsendu að um efnahagsmál, verðlagsmál, gengismál, erlendar skuldir, viðskipti við útlönd, yrði haldið með mjög traustum hætti. Mjög traustum hætti. Það er alveg ljóst og það höfum við margítrekað m.a. úr þessum ræðustól.

Hæstv. fjmrh. segir: Er það stefna Alþb. nú að fella gengið? Auðvitað ekki. Auðvitað ekki. Spurningin er auðvitað fyrst og fremst um það hvernig á að leysa þennan vanda. Hver á að borga brúsann? Auðvitað á ríkissjóður að vera í jöfnuði. Ég er ekkert hissa á því þó að Þröstur Ólafsson hafi verið ánægður með það vegna þess að ríkissjóður var yfirleitt rekinn með jöfnuði í tíð Ragnars Arnalds, hæstv. fyrrv. fjmrh. Spurningin er hins vegar: Hver á að borga brúsann? Hver á að borga muninn? Á síðasta kjörtímabili hafði Alþfl. þá skoðun að það ættu að vera stóreignamennirnir, þeir sem hefðu hirt vaxtatekjurnar, og fyrirtækin í verslun og þjónustu. Nú er það matarskatturinn. Það er framlagið til þess að leysa þennan vanda og við erum á móti þessari aðferð, hæstv. fjmrh. Við erum á móti þessari aðferð. Auðvitað erum við þeirrar skoðunar eins og flestir þm., geri ég ráð fyrir, að það eigi við núverandi þensluástand að leggja á það áherslu að reka ríkissjóð með jöfnuði.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bar fram nokkrar spurningar til ráðherranna í upphafi. Ég sé satt að segja ekki að þessum spurningum hafi verið svarað með neinum samræmdum hætti af þessum þremur stjórnarflokkum sem hér eru. Það hefur komið fram að þetta er ekkert alvöru stjórnarfrumvarp því að hæstv. landbrh. styður bara tekjuhliðina. Það hefði kannski átt að flytja alveg sérstaka tekjuhlið, flutningsmenn ríkisstjórnin í heild, og svo gjalda- og tekjuhlið sem væri studd af einhverjum öðrum. Þetta er ekki alvöru stjórnarfrumvarp. Það er alveg augljóst mál.

Það er jafnframt alveg ljóst að þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í gengismálum í dag duga ekki vegna þess að þetta er allt valt og á brauðfótum enn hjá þeim blessuðum. Í því sambandi bendi ég á að þrátt fyrir hátimbraðar yfirlýsingar eru erlendar lántökur á næsta ári 8000 millj. kr. Þrátt fyrir ákvarðanir nú er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á næsta ári verði 4000–5000 millj. kr. og þessi gengisstefnuyfirlýsing, sem hér er gefin, byggist á hverju að því er varðar launin? Hún byggist á því að kaupmáttur launa á næsta ári verði óbreyttur. Það gengur ekki, getur ekki gengið, vegna þess að þeir sem áttu að lyftast sérstaklega upp eftir síðustu kjarasamninga eru orðnir jafnlangt á eftir þeim hæstu og þeir voru áður en lagt var af stað. Þess vegna er óhjákvæmilegt að í næstu kjarasamningum verði hlutur þessa fólks réttur sérstaklega og þess vegna er það fjarstæða að ætla sér að byggja efnahagsstefnu, þjóðhagsáætlun, fjárlagafrv. eða annað á því að kaupmáttur allra launa verði óbreyttur. Það verður ekki þannig. Þið getið ekki stjórnað því þannig. Og síðan er það auðvitað innlegg inn í þetta og gerir myndina enn þá óvissari að ríkisstjórnin byrjar á því að efna til illinda við samtök launafólks í landinu með aðgerðum sínum að undanförnu þannig að það skortir þá tiltrú sem þyrfti að vera til þegar lagt er af stað. Frammi fyrir verulegum efnahagslegum vandamálum og á grundvelli þessara efnislegu raka, varðandi kaupmátt lægstu launa, varðandi framkomuna við verkalýðshreyfinguna, varðandi viðskiptahallann sem blasir við, varðandi erlendar lántökur upp á 8000–9000 millj. kr. á næsta ári, segi ég við ykkur: Yfirlýsingar ykkar duga ekki, þær duga ekki í raun. Þær standast ekki efnislega prófun og það vita hæstv. ráðherrar sjálfir, enda voru yfirlýsingarnar sem þeir gáfu loðnar. Smugur í hverri setningu og aukasetningu. Þannig að það er alveg augljóst mál að þeir gera sér grein fyrir því að þetta er valt, þetta er á sandi byggt. Þess vegna spái ég því að fyrir áramót muni þessir sömu ráðherrar leggja til við meðferð fjárlaga ársins 1988 að þeim verði enn þá einu sinni breytt vegna þess að þessar forsendur sem þeir byggja á í dag standast ekki. Og það eru fleiri en landbúnaðurinn auðvitað sem munu segja: Þessi stefna dugir ekki, þetta fjárlagafrv. dugir ekki.

Það eru þúsundir manna um allt land, m.a. þeir sem eru að byggja barnaheimili, þeir sem eru að byggja félagsheimili eða íþróttaheimili, þetta fólk mun láta til sín taka á næstu vikum og mánuðum. Og þó að hæstv. fjmrh. sé svo smekklegur að segja við fólkið í landinu að hann mæli ekki upp í hvern kjaft — kjaft, það fólk sem hann áður kallaði háttvirta kjósendur, er það alveg ljóst að þetta fólk hefur enn þá málfrelsi og mun láta í sér heyra. Valdahrokinn gengur ekki þarna, hvorki gagnvart þessu fólki, Alþingi né verkalýðshreyfingunni í landinu.

Það er svo athyglisvert, hæstv. forseti, hverjir það eru sem fagna. Hvar er nú fagnað? Ætli það sé hjá sveitarstjórnunum sem eru að byggja barnaheimili? Ætli það sé á heimilunum sem borga matarskattinn sinn sem sumir kalla krataskattinn, en það er nú kannski ekki fallega gert? Hvar ætli sé fagnað núna alveg sérstaklega? Hverjir eru það sem finna að loksins hafa sest í stólana þeirra menn sem eru þannig að þeir eru a.m.k. einnar messu virði og sjá fyrir sér unaðslega tíma og hafa örugglega sagt þegar fréttirnar af ráðstöfununum birtust: Ó, blessuð stund, ó, blessuð stund. (Gripið fram í.) Ekki Dagsbrún, hæstv. dómsmrh. Við skulum ekkert vera að setja hlutina fram með þessum hætti. Það gengur ekki vegna þess að það er rangt og þó að það dugi kannski innan Alþfl. að búa til frasa af þessu tagi dugir það ekki frammi fyrir Alþingi Íslendinga. En hverjir eru með partíin? Hverjir eru með veislurnar? Hverjir eru ánægðir núna? Verðbréfasalarnir. Loksins kom ríkisstjórnin sem við höfum beðið lengi eftir, ríkisstjórnin sem þorir að gefa okkur tækifæri til þess að þessi iðnaður fái að blómstra. Það var kominn tími til að við lentum í almennilegu nútíma-efnahagskerfi á Íslandi eins og það heitir. Og hæstv. forsrh. er svo úti að aka að hann sagði að það væri verið að gefa almenningi kost á því að spara. Ja, hvílík gæfa hlýtur það nú ekki að vera fyrir ellilífeyrisþegana, öryrkjana, fatlaða og aldraða í þessu landi að geta allt í einu farið að kaupa sér verðbréf, jafnvel í útlöndum, hlutabréf í Coca Cola og General Motors og Volvo og guð veit hvað þetta heitir allt saman. Ja hvílíkt, hvílíkt. Menn sem lifa í þessum heimi eru ekki í mikilli snertingu við það líf sem hinn almenni maður lifir í þessu landi. Jafnvel þó að svona ræður eins og hæstv. fjmrh. er stundum að flytja dygðu í því landi þar sem talað er um glasnost duga þær sem betur fer aldrei á Íslandi af því að hér er lýðræði. Hér mega menn tala jafnvel þó að hæstv. fjmrh. kjósi að orða það svo að hann mæli ekki upp í hvern kjaft af alkunnri smekkvísi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Á verkunum skuluð þið þekkja þá. Ekki á því sem er lofað fyrir kosningar heldur því sem þeir gera. Það vantaði ekki að fyrir kosningarnar var lofað gulli og grænum skógum. Þá var lofað að halda uppi byggðastefnu og meira að segja þegar ríkisstjórnin var mynduð var talað um að bæta hag bænda og lækka vexti. Hvað eru vextirnir í dag? Vextir eru orðnir 9% með fullri verðtryggingu. Það var talað um það í stjórnarsáttmálanum að hafa hóflega raunvexti. Eru þetta hóflegir raunvextir að dómi hæstv. ráðherra? Og enn eru þeir að hækka og það er verið að gera ráðstafanir til þess að þeir hækki og það er byggt á því. Svo eru menn að tala um góð lífskjör og að þau muni haldast.

Hafið þið gert ykkur grein fyrir hvað matarskatturinn er? Það er hægt að ljúga með tölum og það er gert. Það er sagt að það muni um 2% fyrir hinn almenna mann í landinu. Hvað haldið þið að þessi matarskattur sé, bara á búvörurnar? 1300 milljónir á ársgrundvelli, þ.e. 10%. Svo er verið að hæla hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa fengið 75 millj. til þess að auka niðurgreiðslur. Þvílík afrek sem þessir menn drýgja. Og ef á að fara eftir því sem að hefur verið stefnt, þ.e. að setja þennan matarskatt upp í 18% þegar frá líður, hver verður þá þessi skattur fyrir utan annan matarskatt? Hann verður 2 milljarðar og 400 þúsund miðað við svipaða neyslu og verið hefur. Og hversu mikið haldið þið að kaupmáttur þeirra rýrni sem þurfa að eyða mestöllum sínum launum í að kaupa mat? Halda menn að það séu 2%? Og ætli verslunarstéttin hafi ekki ráð á að leggja sömu prósentu ofan á þessi 10% og hún gerir? Ætli þeir lækki nokkuð smásöluálagninguna? Enda finnst mér þeir fara frjálslega með það sumir hverjir eftir því sem ég hef skoðað hér í búðum, bæði hér og annars staðar.

Hæstv. fjmrh. segir að það sé bara að þora. Það virðist vera með þessa ríkisstjórn að hún þori að níðast á þeim sem verst eru settir. Þeir fara ekki inn í rottuholurnar, hæstv. ráðherrar, til þess að taka peningana. Við þurfum ekki annað en að fara hér um borgina og sjá hvar peningarnir hafa hlaðist upp. Það þarf ekki annað. Og hvaðan hafa þeir tekið þá? Fólkið úti á landsbyggðinni veit vel hvar þeir hafa tekið þá. Það gerir sér grein fyrir því núna.

Einn stjórnmálaspekingur Breta sagði, snemma, held ég, á þessari öld: Það er ekki hægt að safna milljónum nema fyrir margra manna líf. Það er auðvitað gott og blessað að þeir sem hafa stolið undan skatti geti farið að koma peningum sínum utan og fjárfest erlendis, en gjaldeyrisstaðan, hæstv. viðskrh., batnar ekki við það. Það er misskilningur. Og hvað með gráa markaðinn? Hvað með gráa markaðinn? Hvaða ráðstafanir eru gerðar varðandi gráa markaðinn? Ég ræddi það við hæstv. forsrh. á meðan hann var fjmrh. að koma nú böndum á þann markað. Það var ekki hægt. Það mátti ekki skerða hár á höfði þeirra þó að þeir velti nú milljörðum í þessu þjóðfélagi og ég fullyrði að það fjármagn er ekki allt saman vel fengið, enda hefur núverandi forsrh. sjálfur sagt að það séu nokkrir milljarðar sem hafa verið sviknir undan söluskatti. Ætli það sé ekki hægt að finna sumt af því þar? Ekki þætti mér það ólíklegt.

Já, að bæta kjör bænda og lækka vexti var eitt af loforðum ríkisstjórnarinnar. Nú er verið að hækka áburðinn um 40–46%. Haldið þið ekki að aðstæður bænda batni? Og nú er ætlast til þess að þeir sem

verst eru settir, eins og t.d. bændur, taki á sig ýmislegt, eða þá að lagðar verði niður t.d. tilraunastöðvarnar sem nýbúið er að byggja upp og eru varla komnar í gagnið. Þeir standa frammi fyrir því að láta annaðhvort fjármagn í það ef allt er óbreytt eða loka þeim. Og ég fullyrði að þó að það sé samdráttur í landbúnaði þarf ekki síður á leiðbeiningu að halda, fyrst og fremst vegna þess að það er verið að breyta um atvinnuuppbyggingu á þessum stöðum. Það vantar þekkingu í þær greinar. Ég er ekki að segja að allt eigi að vera eins og það er í dag. Það þarf alltaf að skoða hvernig málum er komið fyrir og breyta ef aðstæður breytast. En það þarf jafnmikið og ekkert síður fjármagn í leiðbeiningarþjónustuna nú en áður og það þarf að færa hana, að mínu mati, frekar til þeirra sem eiga að njóta en að hafa hana hér í höfuðstöðvunum.

Nei, ég held að ekki sé nóg að koma hér upp í ræðustól og segja: Þetta er ríkisstjórn sem þorir. Hún þorir að níðast á þeim sem eru verst settir en ver hina. Það er náttúrlega mikil reisn yfir því eða finnst ekki hæstv. ráðherrum það?

Það er auðvitað þýðingarlítið að standa lengi í ræðustól og ræða þessi mál. Mér þóttu það undur og býsn og ég veit að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., hefur talað þar þvert um huga sér þegar hann sagði að Framsfl. stæði heill að þessu frv. Ég er búinn að vera á þingi í 20 ár og ég fullyrði að aldrei hefur komið annað eins frv. fyrir Alþingi og þetta. Ég hef reynt að fletta því og skoða það og ég hef oft verið hissa á undanförnum árum þegar slík plögg hafa legið fyrir, en þetta tekur öllu fram. Og það á eftir að koma í ljós að það getur ekki verið neinn meiri hluti fyrir því að samþykkja þetta eins og það er. Mér skilst að það eigi að skera niður alla styrki til íþróttafélaganna en hins vegar á sjálfsagt að koma því þannig fyrir að t.d. forvarnarstarfið verði á þann veg að í staðinn fyrir að styrkja íþróttafélögin verði fluttur inn bjór. Ég geri ráð fyrir því. Það er líka eftir öðru. Það er í samræmi við annað sem þessi ríkisstjórn er að gera: Að hætta að styrkja hið frjálsa íþróttastarf að mestu eða öllu leyti en flytja inn bjór.

Nei, ég held að grafskriftin eftir þessa ríkisstjórn, ef fer fram sem nú horfir, verði ekki fögur. Ég sé ekki betur en að þetta einstaklingsfrelsi byggi fyrst og fremst á þeim sem hafa sterkustu aðstöðuna til að sölsa peninga undir sig og völd, það séu þeir sem eigi að deila og drottna í þjóðfélaginu, það sé hin raunverulega stefna ríkisstjórnarinnar þegar búið er að taka hismið utan af. Þetta sé kjarninn. Og það má óska Alþfl. til hamingju með það hlutskipti að vera sá sem fyrst og fremst ræður stefnunni, að hún skuli vera svona. Ég er hissa á því að krataforingjarnir sem voru hér á kreppuárunum skuli ekki rísa upp úr gröf sinni þegar slík firn gerast á Alþingi Íslendinga og í ríkisstjórn að málum skuli vera komið þannig að aðalfrjálshyggjupostularnir, hvort sem þeir eru verkfæri í höndum annarra, það get ég ekki dæmt um, virðast móta stefnuna og ráða öllu. Ég segi ráða öllu. Ég sé að forsrh. drúpir höfði. Hann kannski hvíslar einhverju að þeim. En það fer ekki mikið fyrir því þá. Hann gerir það ekki nema í skúmaskotum.

Ég lofaði hæstv. forseta að tala ekki lengi og ég ætla að standa við það. Ég fæ annað tækifæri til að tala við þá sem ráða hér málum og ef það verður áfram á svipuðum nótum og það hefur verið fram að þessu er áreiðanlega full ástæða til þess að bæði ég og aðrir, sem hafa einhverja réttsýni, taki höndum saman hvar sem þeir eru, hvort sem þeir eru innan þings eða utan, og kenni þessum mönnum aðra siði en þeir hafa tekið sér fyrir hendur.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta er orðin alllöng umræða um efnahagsmál og það hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni að það hafi ekki verið ætlun ríkisstjórnarinnar að ræða þessi mál á Alþingi og þau séu eingöngu rædd hér vegna þess að hv. 5. þm. Reykn. hafi kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Það er nú svo að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram og það hafa verið lögð fram ýmis frv. á Alþingi og á eftir að leggja fram mörg önnur og það er að sjálfsögðu á þeim vettvangi sem á að ræða þessi mál. Það stendur einnig til að ræða stefnuræðu forsrh. og það er ekki endilega víst að nauðsynlegt sé að ræða þessi mál utan dagskrár. En það var athyglisvert sem formaður Alþb. sagði hér, hv. þm. Svavar Gestsson, sem minnti menn á að hér væri enn lýðræði, en sagði að ríkisstjórnarflokkarnir skyldu átta sig á því að þeir kæmu engu í gegn á Alþingi nema í eðlilegu samstarfi við stjórnarandstöðuna. Hvað er maðurinn að segja? Það er verið að hefja hér þingstörf og ég veit ekki annað en það hafi verið hér eðlilegt samstarf og umræður leyfðar af hæstv. forseta eins og hann ávallt gerir, en formaður Alþb. kemur hér og segir: Þið skuluð átta ykkur á því að þó að hér starfi lýðræðislegur meiri hluti getur hann ekki komið neinu fram nema í eðlilegu samstarfi við mig.

Mér þótti þetta afar merkileg yfirlýsing og mér finnst það ekki bera vott um mikla lýðræðisvitund.

Það hefur hins vegar ýmislegt komið fram hjá stjórnarandstöðunni sem bendir til þess að ríkisstjórnin sé á réttri braut. Það kom t.d. fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni þegar hann sagði: „Við ætlum ekki að tapa lánstrausti.“ Þetta er mikilvægt markmið og menn mættu gjarnan hafa það markmið að leiðarljósi. Það er að sjálfsögðu afar mikilvægt að Íslendingar hafi lánstraust erlendis og þeir hafa haft það fram að þessu. Ef við missum traustið á sjálfum okkur er náttúrlega alveg ljóst að við missum lánstraust erlendis og þess vegna verður lýðræðislegur meiri hluti á hverjum tíma að hafa manndóm í sér til að taka þannig á málum að við missum ekki þetta lánstraust.

Hv. þm. og formaður Alþb. Svavar Gestsson sagði jafnframt að það væri samstaða um það hér á Alþingi að halda genginu föstu. Það væri samstaða um fastgengisstefnuna, sagði hann. Hann sagði að það væri samstaða um andstöðu við verðbólgu.

Þetta voru mikilvægar yfirlýsingar af hans hálfu. (**ÓRG:** Gleymdu ekki Guðmundi G. Þórarinssyni.) Guðmundur G. Þórarinsson á eftir að tala hér og mun áreiðanlega gera grein fyrir sínum skoðunum, hv. 5. þm. Reykn. Ég held að það sé algjör óþarfi að þú gerir það fyrir hann. Ég hef hingað til þekkt Guðmund G. Þórarinsson þannig að hann sé einfær um það og þú þurfir ekki að gera það í frammíköllum hér á Alþingi og ætti að vera nóg komið af því og væntanlega mun hæstv. forseti áminna þig fljótt um það.

En hvað um það. Hv. 5. þm. Reykn. kom í ræðustól og byrjaði ræðu sína þannig: Stefnan er ekki skýr. Það er ekkert skýrt í stefnu ríkisstjórnarinnar og ég veit ekkert um hvað hún snýst. Og eyddi í það heilum klukkutíma að útskýra það. En auðvitað er stefnan mjög skýr og viðfangsefnið var mjög skýrt *sem menn stóðu frammi fyrir og hafa staðið frammi* fyrir. Það stóð um það: Ætluðu menn að breyta genginu eða fara í aðgerðir sem treystu gengið sem mest í sessi? Það má sjálfsagt deila um það lengi hvern kost eigi að velja í þeim efnum, en það er alveg rétt, sem hann sagði hér, að ríkisstjórnin byggir tilveru sína á því, eins og hann sagði, og hún var stofnuð á þeim grundvelli að genginu yrði haldið föstu. Hitt er svo annað mál, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., að ríkisstjórnin er ekkert ein um að viðhalda föstu gengi hér. Meira að segja stjórnarandstaðan skiptir þar miklu máli. Það skiptir máli hvernig stjórnarandstaðan talar og hvað stjórnarandstaðan vill. Sem betur fer skiptir stjórnarandstaðan allmiklu máli þótt hv. 5. þm. Reykn. sé e.t.v. annarrar skoðunar. Ég vænti nú að hann sé það ekki. Aðilar vinnumarkaðarins skipta þar einnig miklu máli. Það er alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki hagað sér þannig undanfarið, ef má nota það orð, eða breytt þannig á undanförnum mánuðum að það skapi mikla tiltrú á því að þeir vilji halda hér föstu gengi. (**ÓRG:** Á það líka við um verkalýðshreyfinguna?) Það á jafnframt við um verkalýðshreyfinguna, hv. þm. Það á jafnframt við um verkalýðshreyfinguna.

Hins vegar ættu þau skilaboð sem koma fram í þessum ráðstöfunum að vera það skýr að vonandi getum við haldið genginu föstu. Það ætlar ríkisstjórnin sér og ég vænti þess að stjórnarandstaðan ætli sér það líka þótt ég efist um að það sé vilji hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar eins og hann talaði í *upphafi, en ég fékk hins vegar trú á því* að Alþb. vildi það í reynd þegar ég heyrði hv. þm. og formann Alþb. Svavar Gestsson tala hér því að hann mælti mjög fyrir fastgengisstefnu.

Hér hefur verið dreift þjóðhagsáætlun og það er e.t.v. mikilvægast að átta sig á þeirri þjóðhagsáætlun þegar þessi umræða fer fram. Það er talað um að það séu margir sem eigi erfitt í þessu landi. Það er sjálfsagt rétt. En hvernig hefur gengið á undanförnum árum? Einkaneysla jókst á árinu 1986 um 6,5%, um 12% á þessu ári og menn vænta þess að hún geti aukist um ½% á næsta ári, þ.e. að þessari miklu aukningu verði haldið í stað. Samneysla jókst um 6,5% 1986, 4% 1987 og menn vænta þess að hún geti aukist um 2% á næsta ári. Fjárfesting jókst allt of mikið á þessu ári eða um 8%, en menn eru samt að vonast til þess að hún geti aukist um 1,5% á næsta ári. Finnst hv. þm. þetta ekki vera góður rammi og hvað er það sem þeir vilja breyta í þessum ramma? Þessi rammi gerir ráð fyrir því að viðskiptahalli verði 4,4 milljarðar. Vilja hv. þm. að þessi viðskiptahalli verði meiri eða eru þeir tilbúnir að grípa til ráðstafana sem draga enn meir úr einkaneyslu, samneyslu eða fjárfestingu, eða hafa þeir e.t.v. þá trú að þjóðartekjurnar geti orðið enn meiri? *Ég leyfi mér* að efast um að þær geti orðið enn meiri. Þjóðartekjurnar hafa vaxið mikið vegna góðrar afkomu í sjávarútvegi og mikils afla og það er ekkert vit í því að ætla sér að auka þann afla á næsta ári. Það þarf að draga hann saman og þarf að skapa svigrúm fyrir því að draga hann nokkuð saman. Það er þessi rammi sem skiptir máli og auðvitað má deila um hvort það séu rétt útgjöld í fjárlögunum og hvort þar sé rétt að málum staðið. Þar hefur verið lagt verulega að atvinnuvegunum. Það hefur verið dregið úr framlögum til atvinnuveganna. Það hefur verið ákveðið að leggja skatta á atvinnuvegina. Það hefur verið ákveðið að standa á föstu gengi, sem leggur miklar byrðar á atvinnuvegina, til þess að geta haldið uppi ýmiss konar félagslegri þjónustu.

En hvað er það þá sem eftir stendur í þessari umræðu að því er varðar gagnrýni stjórnarandstöðunnar? Það hefur verið sagt af stjórnarandstöðunni að hún vilji ekki fella gengið, hún vilji treysta stöðu þess. Ég tek mark á því. Það hefur verið sagt af hv. þm. Albert Guðmundssyni að við megum ekki tapa lánstraustinu út á við. Það sem upp úr stendur er umræðan um breytinguna á söluskattinum, þ.e. að á þessu ári eigi að afla 150 millj. og nota síðan 75 millj. af því til að auka niðurgreiðslur og koma til móts við þær álögur, þ.e. nettó 75 millj. kr. Auðvitað skiptir sú fjárhæð ekki meginmáli í þessu dæmi. Það sem skiptir meginmáli er að það stendur til að breyta söluskattskerfinu um næstu áramót, gera söluskattinn almennan þannig að allt sem selt er í einni verslun sé söluskattsskylt. Það hefur komið skýrsla eftir skýrslu frá skattyfirvöldum til alþm. um að þetta verði að gerast ef þeim eigi að takast að hafa almennilegt eftirlit með söluskattinum. Menn taka e.t.v. ekkert mark á þessum skýrslum. Það er þeirra *mál. En* þetta er þeirra boðskapur sem svarar spurningum alþm. um það hvernig eigi að fara að því að draga úr þessum skattsvikum.

Hins vegar er hægt að mæta þessum auknu álögum á matvörur með niðurgreiðslum, með auknum barnabótum o.s.frv. og það ætlar ríkisstjórnin sér að gera. En það er alltaf sárt þegar breytingar verða. Það er svo með skattamál að það fer ekki alltaf saman, réttlætið og möguleikarnir til undandráttar. Ef menn vilja koma í veg fyrir ýmsa möguleika til undandráttar kann það að koma niður á ýmiss konar réttlæti í skattlagningu. En það

réttlæti að menn komist ekki upp með skattsvik gengur þó mun lengra að mínu mati þó ég geri ekki lítið úr hinu réttlætinu.

Það hefur einnig verið mjög gagnrýnt að það standi til að heimila að Íslendingar fái að kaupa verðbréf ríkisins á erlendum vettvangi sem er það sem viðskrh. skýrði frá og er í reynd það eina sem stendur til, a.m.k. nú, og að rýmkaðar verði heimildir íslenskra fyrirtækja til að eignast hlut í erlendum atvinnurekstri. Menn skulu ekki gleyma því að þátttaka Íslendinga í erlendum atvinnurekstri, þ.e. íslensku fyrirtækin í Bandaríkjunum og þátttaka okkar í flugstarfsemi í heiminum, hefur skipt þessa þjóð miklu máli. Og þjóð sem er svo tengd utanríkisviðskiptum sem okkar hlýtur alltaf að vera háð því að geta verið þess umkomin að taka þátt í atvinnulífi erlendis. Við skulum jafnframt átta okkur á því að fjármálalíf heimsins er að færast meir og meir saman hvort sem okkur líkar það betur eða verr, innan Efnahagsbandalagsins og milli heimshluta. Við verðum smátt og smátt, þótt hægt förum, að taka þátt í þeim breytingum, en við þurfum að gera það af mikilli varkárni. En það er barnaskapur að mínu mati að halda að við getum komist af án þess eða lifað hér með öll þau utanríkisviðskipti sem við erum svo háð án þess að taka smátt og smátt þátt í þessu alþjóðlega fjármálalífi þó ég sé ekki að gera það að neinu aðalatriði. Þetta er hins vegar ekki stórt atriði í reynd í þessum ráðstöfunum.

Í þriðja lagi hefur verið gert mikið úr framlögum til landbúnaðarmála hvað varðar ýmsar stofnanir landbúnaðarins. Þetta eru ekki mjög háar fjárhæðir og þær skipta ekki sköpum í þessu sambandi. Hins vegar er um það samstaða að farið verði ofan í þennan rekstur og athugað hvort ekki megi draga úr honum á ýmsum sviðum eða breyta honum. Það er það sem þessi nefnd ætlar að gera. Það er mikill samdráttur í landbúnaðinum og stofnanir hans, tilraunastarfsemi og ýmislegt fleira, eru að sjálfsögðu ekki heilagt mál í því sambandi. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að líta til þeirra mála eins og ýmissa annarra. Og ég minni á að það hefur jafnframt verið gert í iðnaði og sjávarútvegi. Þar hefur verið farið og stendur til að fara mjög „krítískt“ ofan í nokkrar stofnanir og endurskoða starfsemi þeirra. Ég held að það sé hollt fyrir alla og allar stofnanir að svo sé gert.

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hafi leitt í ljós að ríkisstjórnin er á réttri leið. Auðvitað hefur hún ekki leyst öll vandamál, langt í frá. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi með málflutningi sínum staðfest það hér. Hún hefur a.m.k. ekki bent á neina aðra leið sem mætti fara og það er kannski besta staðfestingin á því að hér er farið rétt af stað.

Hitt er svo annað mál að okkar bíða margvísleg verkefni og margvíslegir erfiðleikar. Og við skulum vera minnug þess að það er mun erfiðara að eiga við mál þegar ekki er aukning tekna en þegar aukningin er mikil eins og var á sl. tveimur árum. Það er að sjálfsögðu mun auðveldara. Það reynir fyrst á Alþingi og ríkisstjórn þegar samdráttur verður og tekjur minnka. Þá þurfa menn oft að taka sárar ákvarðanir, en þær verða samt oft til þess að mönnum gengur betur í framhaldinu.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Heiðraði þingheimur. Það er kærkomið að fá tækifæri til að ræða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Almenningur og þm. hafa verið að fá hana í smáskömmtum allt frá því að stjórnin var mynduð í júlí eftir erfiðar fæðingarhríðir.

Eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Reykn., málshefjanda þessarar umræðu, virðist almenningur ekki botna upp né niður í efnahagsstefnunni. Það sem verra er að svo virðist sem þm. stjórnarflokkanna og sumir ráðherranna skilji hana ekki heldur. Þessi umræða hefur því verið nauðsynleg og einkar gagnleg, en því miður held ég að efnahagsstefnan sé eftir sem áður jafnóskiljanleg flestum.

Fyrsta plaggið sem birtist var stefnuyfirlýsingin og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar er að finna mörg fögur fyrirheit og góðar tillögur. Hugmyndasmiðir ríkisstjórnarinnar virðast hafa fengið sumar þeirra að láni úr stefnuskrá Borgarafl. Okkur þykir vænt um að hafa þannig getað orðið að liði. Ef gömlu flokkarnir vilja taka að sér að hrinda í framkvæmd ýmsum af stefnumálum okkar skal ekki standa á þm. Borgarafl. að styðja þá í því. Ég tel þó nokkuð víst að málin væru betur komin í okkar höndum. Af því kemur eflaust fyrr en seinna.

Fjárlagafrv. hefur verið lagt fram og margendurskoðuð þjóðhagsáætlun. Þessi plögg hafa verið endurskoðuð frá degi til dags í takt við nýjar óskir og hugmyndir ráðherranna og mikill pappír farið til spillis. Það sem vekur mesta athygli er eftir sem áður ósamlyndið og sundrungin innan ríkisstjórnarinnar. Á því virðist leika nokkur vafi hvort sumir ráðherranna og ýmsir stjórnarþm. styðja frv. Hafa þeir gert ýmsa fyrirvara varðandi fjárlagafrv. sem hlýtur að teljast í hæsta máta óvenjulegt.

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði eitthvað gott. Í fyrsta sinn í langan tíma eða allt frá því að Albert Guðmundsson, þáv. fjmrh., lagði fram fjárlagafrv. með tekjuafgangi fyrir árið 1986, er gert ráð fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að fyrir hönd ríkissjóðs verði ekki tekin nein erlend lán á næsta ári. Betur að rétt reynist. Ég tel að allir landsmenn séu sammála um að hallalaus ríkisrekstur og minnkandi erlendar skuldir séu af hinu góða. Þetta eru því hinar jákvæðu hliðar frv.

Hins vegar er spurt hvort þetta sé raunhæft. Eru hinar margvíslegu hliðarráðstafanir ekki of dýru verði keyptar? Í frv. er reiknað með því að ríkissjóður taki innlend lán, 4,2 milljarða kr., þar af um 3 milljarða með verðbréfasölu eða sölu spariskírteina og reyndar er þá eftir að innleysa gömul spariskírteini að upphæð 2,7 milljarðar kr. Eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. benti á í ræðu sinni áðan eru vextir umfram verðtryggingu á útlánum sumra banka komnir í 9%. Með slíkri skuldabréfasölu ríkissjóðs,

eins og hér er að stefnt, má reikna með að raunvextir fari í 10–12%. Má öllum vera ljóst að atvinnulíf landsmanna verður nánast lagt í rúst með þessum hætti svo að ég tali ekki um hvernig hinn almenni launþegi ætlar að fara að. Hér er enn verið að skerpa á skilunum milli þeirra sem eiga og þeirra sem eiga ekki. Í rauninni er verið að stefna að því að stéttaskipting á Íslandi verði eins og tíðkaðist á Bretlandi á 19. öld. Hún byggir á hyldýpinu milli fjármagnseigenda og venjulegs fólks.

Í tíð fyrrv. fjmrh. var mikil óstjórn á fjármálum ríkisins er náði hámarki með útaustri á ríkissjóði í formi aukafjárveitinga skömmu fyrir alþingiskosningarnar í vor. Er hér um að ræða kosningavíxil Sjálfstfl. *Enginn veit hver verður hallinn á ríkissjóði* fyrir árið 1987, en hann mun hlaupa á mörgum milljörðum kr." Við myndun ríkisstjórnarinnar var þessi fjárlagahalli eitt erfiðasta málið og leiddi af sér hinar mjög svo furðulegu fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Með því að leggja á nýjar álögur og skatta sem koma fyrst og fremst niður á almenningi og heimilunum, t.d. matarskattur, viðbótarálögur og gjöld af bifreiðum, hækkun á allri þjónustu svo að eitthvað sé nefnt, átti að greiða niður kosningavíxilinn.

Mig langar til að fjalla um einn þátt þessara fyrstu aðgerða í efnahagsmálunum sérstaklega, en það er söluskattur sem settur hefur verið á tölvur og hugbúnað. Albert Guðmundsson felldi niður aðflutningsgjöld af tölvum og hugbúnaði í tíð sinni sem fjmrh. Þetta varð þess valdandi að á Íslandi hefur orðið mjög merkileg þróun í tölvunotkun og hugbúnaðargerð hin síðari árin. Höfum við náð umtalsverðu forskoti á þessu sviði miðað við hin Norðurlöndin. Þegar komið er í stærstu tækniskóla í álfunni vekur það athygli hversu tölvubúnaður er þar fátæklegur miðað við það sem gerist á Íslandi. Lítil hugbúnaðarfyrirtæki hafa náð undraverðum árangri á erlendum mörkuðum með sölu á tölvuforritum og þannig mætti lengi telja. Það er mikil skammsýni að ætla að stemma stigu við þessari jákvæðu þróun fyrir nokkra tugi millj. upp í kosningavíxilinn. Hér er um að ræða framtíðina, hvernig við ætlum að skapa ný atvinnutækifæri fyrir það unga fólk sem er að taka við í þessu landi.

Þessar ráðstafanir færa okkur heim sanninn um að gömlu flokkarnir skilja ekki tæknibyltinguna og virðast hræðast hana. Það leikur enginn vafi á því að upplýsinga- og tæknigeld hefur haldið innreið sína hér á Íslandi. Borgarafl. hyggst nýta sér hana til hins ýtrasta og vinna að því með góðum málum að hún færi okkur ný atvinnutækifæri og bjartari framtíð.

Nú þegar fjárlagafrv. er lagt fram er hins vegar gert ráð fyrir því að slá niður fjárlagahallann í einu höggi. Af því að almenningur er vanur því að taka við byrðunum sem stjórnmálamönnunum þóknast að skella á hann möglunarlaust þótti hæstv. fjmrh. sjálfsagt að bæta um betur. Í stefnuyfirlýsingu *ríkisstjórnarinnar* var gert ráð fyrir að fjárlagahallinn skyldi jafnaður á þremur árum. En sem sagt: Nú á að slá fjárlagahallann niður í einu höggi. Og hverjir eiga að þola það? Að sjálfsögðu fólkið í landinu sem með auknum skattaálögum á að taka þetta á sig eins og aðrar byrðar.

Í hvert sinn sem launamaðurinn getur gengið upprétt og sér fram á eilítið bjartari framtíð, eins og má segja að hafi verið farið að hilla undir á síðasta ári, eru alltaf *einhverjir hagfræðingar og sérfræðingar* sem hrópa: Úlfur, úlfur. Það er komin þensla. Það þarf endilega að fara að lækka launin aftur því að þetta er ekkert vit. Það er kominn allt of mikill kaupmáttur hjá fólki.

Ég verð að segja eins og er að það er langt í land með það að kaupmáttur almennings á Íslandi nálgist það sem er í næstu nágrannalöndum okkar. Þannig er það mikil skammsýni að halda því fram að kaupmáttur hér á Íslandi sé orðinn svo hár að það sé komin þensla í efnahagslífi þjóðarinnar. Ef einhver þensla er í efnahagslífi þjóðarnnar er hún af öðrum orsökum.

Ég mundi vilja halda því fram, eins og hefur komið fram í máli manna hér fyrr í dag, m.a. í ræðu málshefjanda þessarar umræðu, að kjarasamningar hafi verið sviknir hvað varðar loforð ríkisins um ákveðnar forsendur fyrir þeim kjarasamningum sem voru gerðir á síðasta ári. Hefur fjmrh. t.d. orð einhverra miðstjórnarmanna í Alþýðusambandi Íslands fyrir því að um engin svik sé að ræða? Ég hefði gaman af að fá skýringar hans á því. Fjárlagafrv. einkennist annars aðallega af sparðatíningi. Reynt er að skera niður ótal smáfjárveitingar til menningarmála, íþróttamála, vísindastofnana svo að dæmi séu tekin. Lítið sem ekkert er reynt að eiga við hina stóru málaflokka, t.d. eins og heilbrigðis- og tryggingamálin sem eru þó langstærsti hluti útgjalda ríkisins. Þar væri eftir einhverjum peningum að *slægjast og hefði verið nær að eyða meiri orku* og vinnu í að skoða þann málaflokk betur.

Sem dæmi um þá skammsýni sem fjárlagafrv. byggir á langar mig til, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í bréf sem þm. hefur borist frá Starfsmannafélagi Orkustofnunar. Þar er sagt frá því að til skyndilegra fjöldauppsagna Orkustofnunar hafi komið hinn 30. sept. sl. Þar hafi 19 manns fengið uppsagnarbréf og stefnt er að því að strika 9 manns til viðbótar út af launaskrá á næstunni. Hér er um að ræða marga af færustu og þekktustu vísindamönnum þessarar *þjóðar á sviði jarðhitarannsókna* og jarðvarmatækni. Hér er um að ræða menn sem hafa aflað sér geysilega verðmætrar menntunar og þekkingar og hafa með vinnu sinni vakið athygli víða um heim. Hvað eiga þessir menn að gera? Eiga þeir að gerast pylsusalar? (Gripið fram í.) Bæði pylsusalar og vísindamenn eru mjög velkomnir í Borgarafl. því að við getum rætt við alla menn og þeir eru velkomnir til að starfa með okkur að stefnumálum sem við munum vinna að.

En mig langar til að rifja það upp að í tíð Alberts Guðmundssonar sem iðnrh. var unnið ötullega að því að skapa ný verkefni einmitt fyrir vísindamenn

okkar á erlendum vettvangi. Þar var stefnt að því að hægt væri að flytja út íslenska þekkingu og íslenskt hugvit. Á síðustu vikunum sem Albert Guðmundsson gegndi embætti iðnrh. var verið að vinna að því að ljúka við samningagerð við bæði Kenýamenn og Kínverja um viðamikið rannsóknaverkefni sem íslenskum sérfræðingum var ætlað að vinna. Því miður lá svo mikið á að koma honum út úr ríkisstjórninni að það vannst ekki tími til að reka smiðshöggið á þessa samninga. Því hafa engir samningar náðst um þessi verkefni og í stað þess að reyna nú að leita nýrra verkefna af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrir vísindastofnun sem Orkustofnun er gripið til þess ráðs að skera fjárveitingar til hennar niður, segja öllu starfsfólkinu upp.

Þetta er í hnotskurn, má segja, hvernig fjárlagafrv. er hugsað. Það byggir á því að skera niður smáfjárveitingar hér og þar, láta mikilvægar stofnanir ríkisins nánast gufa hreinlega upp, en lítið sem ekkert reynt að skoða stóru málin. Það er því ekki nema von að það sé boðað til þessarar umræðu utan dagskrár. Það er fyllilega tími til þess að það sé farið að ræða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, reynt að gera almenningi grein fyrir því á hverju hún byggist, en eins og ég gat um áðan í upphafi ræðu minnar held ég því miður að eftir þessa umræðu sé hún jafnillskiljanleg öllum og áður.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði hlé á ræðu sinni áðan og gerði um leið þá kröfu til forseta að hann sæi til þess að ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru í salnum. Ég held að það væri ekki til of mikils mælst að hv. málshefjandi svo og formaður Alþb. væru viðstaddir þegar þessari umræðu er nú fram haldið. Auðvitað hafa þeir mörgum verkum að sinna í kvöld og næstu daga að ég vænti, en í samræmi við þær þingræðisheföir sem ég hygg að hv. þm. Svavar Gestsson hafi vitnað til þegar hann óskaði eftir ráðherrum hér í sal geri ég það jafnframt að kröfu minni að þessir tveir ágætu menn, sem hafa átt stærstan hlut í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag, séu viðstaddir þá umræðu sem nú fer fram. Það er hér staddur einn þm. úr Alþb., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Aðrir eru ekki í salnum. Ég vek á þessu sérstaka athygli vegna þess að ég held að það sé fullt tilefni til þess. (**Forseti:** Það munu verða gerðar ráðstafanir til þess að kynna þeim þm. sem hv. ræðumaður talaði um að það væri óskað eftir nærveru þeirra, en umræðunni verður haldið áfram.) Ég þakka forseta fyrir þessar góðu undirtektir sem hlutu að koma frá honum eins og hann metur þingræðið mikils.

Það er illt að þurfa að eiga orðastað við mann sem ekki er í salnum, hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, en ég þóttist í ræðu hans kenna mörg af þeim gífuryrðum sem hann hefur notað í ræðum sínum á undanförnum þingum og undanförnum árum. Það stóð að mínu mati raunar ekki steinn yfir steini af því sem hann sagði og eftir þessa umræðu í dag er ég þeirrar skoðunar að málflutningur stjórnarandstöðunnar sé í veikara lagi miðað við það sem við höfum verið vanir á löggjafarþinginu. Mér finnst þessi umræða hafa einkennst að verulegu leyti af málefnaskorti, málþurrð, tillöguskorti og tillöguþurrð. Menn hafa gagnrýnt gerðir ríkisstjórnarinnar, stundum með réttu, en um leið og menn gera það þurfa þeir að benda á leiðir, tillögur til úrlausnar á þeim vanda sem nú steðjar að þjóðinni í efnahagslegu tilliti.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom hér fram sem oddviti stjórnarandstöðunnar og hygg ég að stjórnarandstöðuþm. sé ekki öllum um það gefið að hann komi fram sem oddviti þeirra í jafnveigamiklum umræðum og hér hafa átt sér stað í dag. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði að mér fannst eina meginskyssu. Rauði þráðurinn í hans málflutningi var sá að hann gerði þá kröfu til hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og raunar hæstv. utanrrh. einnig að þeir kæmu í pontu og lýstu því eindregið yfir að þeir mundu koma í veg fyrir það eða tryggja þjóðina grgn því að það yrði ekki gengisfelling á Íslandi það sem eftir lifði af þessu ári og á öllu næsta ári. Menn sem gera slíkur kröfur í veiðimannaþjóðfélagi tala ekki mjög skynsamlega og ég hygg að það sé ekki heldur mjög viturlegt af ráðherrum að gefa afdráttarlaus svör við því að gengisfellingarleið verði ekki notuð um einhvern tiltekinn tíma eða yfir eitthvert tiltekið tímabil. Við verðum að gæta þess að við búum í veiðimannaþjóðfélagi þar sem umtalsverð aflaminnkun knýr á um gengisfellingu hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þess vegna eru yfirlýsingar af þessu tagi ekki heppilegar að mínu mati.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði mörg orð um svik Alþfl. við verkalýðshreyfinguna nú um þessar mundir. Ég held að það sé talsverð kokhreysti bæði af honum og hv. þm. Svavari Gestssyni að tala um svik Alþfl. við verkalýðshreyfinguna. Ég held að flestir sem hér eru inni, hv. þm., séu komnir á þann aldur að þeir muni þá tíð þegar hv. þm. Svavar Gestsson, þá ráðherra, skerti launavísitölu í þessu landi ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar heldur líklega 14 sinnum (Gripið fram í.) og sveik þar með verkalýðshreyfinguna í tryggðum, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Mér fannst á orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að hann óskaði eftir því við ráðherra núv. ríkisstjórnar að þeir gæfu yfirlýsingu um að þeir ætluðu að fella gengið. Orð hans féllu á þann veg að það verður ekki öðruvísi skilið en hann beinlínis óskaði eftir gengisfellingu.

Hæstv. fjmrh. beindi nokkrum spurningum af þessu tilefni til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem hann væntanlega svarar. Hann var spurður að því hvort hann óskaði eftir að gengisfellingarleiðin yrði farin. Ég vil bæta nokkrum spurningum við til hv. þm. Ég vil t.d. spyrja hann að því hvort hann sé á móti þeim aðgerðum sem hæstv. viðskrh. hefur gripið til til að setja nokkrar skorður við starfsemi kaupleigufyrirtækja. Það er vont að hv. þm. skuli ekki vera hér til þess að hlýða á þessar spurningar því að hann gerði mikið veður út af því að hæstv.

fjmrh. svaraði ekki einni af þremur spurningum sem hann bar fram.

Ég vil líka spyrja hv. fjarstaddan þm. hvort hann sé á móti þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin fyrirhugar að grípa til til að draga úr skattsvikum, til þess að auka skil á söluskatti, til þess að draga úr undanskotum frá söluskatti. Er hann á móti aðgerðum sem stefna að því að draga úr erlendri skuldasöfnun? Er hann á móti því að reynt verði að hamla gegn stórfelldum og stjórnlausum bílainnflutningi? Er hann á móti því yfirleitt að fjárlög séu flutt hallalaus? Þetta eru allt spurningar sem hv. þm. á borð við Ólaf Ragnar Grímsson verða að svara eftir að þeir eru búnir að lýsa því yfir hér í þingræðu að fjárlagafrv. sé ómerkt plagg, einskis virði og þær peningalegu aðgerðir sem ríkisstjórnin hyggst grípa til séu einskis virði.

Ég segi það sem mína sannfæringu að mér finnst stjórnarandstaðan ekki hafa komist langt í þeirri gagnrýni sem hún hefur borið á ríkisstjórnina og það verð ég að segja að málflutningur Kvennalistans í dag hefur verið mér mun meira að skapi en ræður annarra hv. stjórnarandstæðinga einfaldlega vegna þess að talsmaður Kvennalistans kom fram með tillögu um hvernig hún hefði heldur viljað að menn hefðu staðið að málum.

Hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni varð líka tíðrætt um það sem hann kallaði fjölmiðlaleiki ráðherranna í núv. ríkisstjórn. Ég dreg það stórlega í efa að nokkur maður sem fæst við stjórnmál og hefur afskipti af stjórnmálum í dag sé glúrnari í fjölmiðlaleikjum en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og það er alveg spurning um hvort hann gæti ekki vegna þessara hæfileika sinna orðið einn slyngasti fjölmiðlamaður þjóðarinnar.

Hér hafa fjárlög komið til umræðu og ekki að tilefnislausu og um leið ýmsar þær efnahagslegu aðgerðir í peningamálum sem ríkisstjórnin hyggst grípa til í tengslum við þær aðgerðir sem nú hafa verið boðaðar. Það er alveg ljóst og það er öllum hv. þm. ljóst að það varð eins og sakir stóðu að grípa til mjög ákveðinna aðgerða í efnahagsmálum til að draga úr þeirri gífurlegu þenslu sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu og þá einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Það er í raun dálítið eftirtektarvert í sambandi við þá umræðu sem hefur farið fram í dag að hún hefur að mestu leyti farið fram á milli þm. Reykjavíkur og Reykjaness. Það hafa fáir landsbyggðarþm. blandað sér inn í þessa umræðu, en þeir hafa auðvitað sitthvað að segja um þessi fjárlög og efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar.

Ég nefndi þá spennu og þá þenslu sem hefur orðið í þjóðfélaginu og verður að draga úr með öllum ráðum. Hvernig hefur þessi þensla orðið til? Það hefur verið stefnt að því leynt og ljóst og það er að hluta til jákvæð stefna en að hluta til neikvæð að efla mjög þátt einkaframtaksins innan þess peningakerfis og fjármálakerfis sem við búum við. Það hefur verið gert að veita einkaframtakinu, einkageiranum mikið frjálsræði í peningamálum, frjálsræði til þess að taka erlend lán, frjálsræði til þess að auka tengsl sín við helstu viðskiptaþjóðir okkar og fjármagnsmarkað sem þar er. Ég lýsi því yfir og hef gert áður að einkageirinn hefur svikið það frelsi sem honum hefur verið veitt. Hann hefur misnotað það og farið illa með það. Það er hann sem m.a. hefur stuðlað að því að þensla í þessu þjóðfélagi hefur stóraukist. Það er einkageirinn sem hefur gengið á það lagið að ganga í erlenda sjóði og fjármagna sínar framkvæmdir, m.a. að stórum hluta hér á höfuðborgarsvæðinu í verslun og þjónustu, með þeim afleiðingum að þessi þensla hefur stórskaðað bæði landsbyggðina og þjóðina í heild. Og spurningin er þegar við ræðum um þessa hluti: Hvaða vald hefur ríkisstjórnin raunar á því að taka í lurginn á þeim einkageiramönnum sem þannig hegða sér? Þeir lifa orðið sjálfstæðu lífi innan þess efnahagskerfis sem hér hefur verið að skapast á undanförnum áratugum. Það eru þessir menn sem raunverulega hafa brugðist skyldu sinni í því að reyna að draga úr þenslunni í þjóðfélaginu, í því að reyna að draga úr erlendum lántökum og í því að draga úr því vandræðaástandi sem hér hefur verið að skapast á síðustu 3–4 árum.

Og hvernig kemur þetta svo fram? Í stuttu máli kemur það þannig fram að fjárfesting í verslun og þjónustu hefur verið svo gífurleg að undanförnu að þessir þættir þjóðmálanna hafa sogað til sín líklega meiri hlutann af því fjármagni sem hefur verið í umferð á hverjum tíma.

Þá kem ég að því máli sem ég tel ástæðu til að minnast á því að ég hef af því umtalsverðar áhyggjur og hef rætt það í mínum þingflokki þannig að það kemur ekki flokksbræðrum mínum á óvart þó ég nefni það hér. Það er þróun vaxta. Við höfum, vegna þess kerfis sem hefur verið hleypt lausu, kannski höfum við gert það í of stórum skrefum í okkar litla samfélagi sem er veiðimannasamfélag og byggir fyrst og fremst á þeim framleiðslugreinum sem tengjast sjávarútvegi og landbúnaði, kannski hleypt þeim of lausum. Það hefur aftur valdið því að sá hinn frægi verðbréfamarkaður, sem hefur starfað hér nánast án stjórnar, án reglugerða og án starfsreglna yfir höfuð, hefur farið langt út fyrir öll skynsamleg mörk í yfirboðum á vöxtum. Þetta hefur aftur leitt til þess að bankakerfið og lánastofnanir hafa séð sig knúin til þess að hækka vexti sína. Þetta hefur líka orðið til þess að ríkisvaldið hefur talið sig nauðbeygt vegna samkeppninnar um fjármagnið á markaði að hækka vexti.

Nú er svo komið, hv. þm., að vextir frá 1. janúar og til síðustu mánaðamóta, þ.e. auglýstir meðalvextir Seðlabankans á óverðtryggðum skuldabréfum, hafa hækkað um 85,4% eða úr 16,2% í 30,4%. Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar að hávaxtastefnan, eins og ég hef leyft mér að kalla hana, sem er afsprengi nýfrjálshyggjunnar, hins óhefta markaðskerfis, hafi verið og verði áfram einn mesti verðbólguvaldurinn í þessu þjóðfélagi.

Ég nefndi áðan verslun og þjónustu. Þessar tvær

greinar hafa farið út í mjög umtalsverðar fjárfestingar og til þessara fjárfestinga hafa þær tekið grimmilega há lán. Á þessum lánum eru vextir. Þessar greinar hafa báðar aðstöðu til að velta vaxtakostnaði og fjármagnskostnaði almennt út í verðlagið. Verðlag hefur hækkað upp úr öllu valdi. Þetta knýr aftur þá sem eru almennir launamenn í þessu landi til að gera meiri kröfur um launahækkanir vegna þess að afkoman verður lakari um leið og verðlagið hækkar. Þetta eru í mínum huga ákaflega einfaldir þættir.

Ég geri þetta að umræðuefni, herra forseti, vegna þess að é~ treysti ríkisstjórninni til þess að hún taki á þessum málum í mikilli alvöru. Það kann að vera — og ég undirstrika kann að vera — að hallalaus fjárlög geti orðið til þess að einhver vaxtalækkun verði, en það verður ekki í bráð. Vegna skuldbindinga af ýmsu tagi hefur ríkissjóður í raun og veru verið knúinn til þess nánast að tryggja það að hátt vaxtastig verði í gildi hér á næstu árum. Ég tel og ég raunar þykist vita að innan ríkisstjórnarinnar sé fullur vilji til þess að taka á þessu máli. Sá vilji á ekki bara að vera fyrir hendi innan ríkisstjórnarinnar. Hann á að vera fyrir hendi meðal allra íslenskra stjórnmálamanna vegna þess einfaldlega að þetta er einhver mesti vandi sem við er að stríða.

Það er annað sem gerist þegar við hleypum þessum vaxtamálum eins lausum og við höfum gert og menn skyldu hugleiða það líka. Við höfum á undanförnum árum séð það í okkar annars jafna þjóðfélagi, eða þjóðfélagi sem hefur verið það fram undir 1980, stéttlausa þjóðfélagi, að hér er að myndast stéttaskipting sem er að verða mjög alvarleg. Þessi stéttaskipting er ekki vegna þess að einhver er lávarður og annar ekki. Hún stafar af því að sumir eiga peninga og aðrir ekki. Og háir vextir, þessi þróun á verðbréfamarkaði sem við höfum horft upp á, valda því að þeir sem eiga peningana verða ríkari, en hinir verða blankari. Ég vil ekki þurfa að horfa upp á í náinni framtíð þjóðfélag Margrétar Thatcher. Það sem hennar efnahagsaðgerðir hafa gert og eru kenndar við nýfrjálshyggju, óhefta markaðsstefnu, hefur valdið því að á Suður-Bretlandi er ein þjóð, í Skotlandi og Norður-Bretlandi eða Englandi er önnur þjóð. Sú sem býr í suðrinu er auðug, vel haldin, en sú sem býr í norðrinu er illa haldin. Menn skyldu skoða þetta og reyna að átta sig á því að það er svipað ástand sem er að þróast hér á landi um þessar mundir. Menn þurfa ekki annað en fara í skoðunarferð um Reykjavík til að sjá staðreyndir þessa máls. Við getum horft á hallir þeirra nýríku sem reisa sér 10–15 millj. kr. hús og eiga bíla, tvo kannski, hvorn upp á 1,5, fyrir utan, og fara svo í fjölbýlishúsahverfin, t.d. uppi í Breiðholti, og athuga stöðu fólksins þar. Ég hef áhyggjur af þessum málum og það eiga allir þm. að hafa áhyggjur af þeim. Við höfum stært okkur af stéttlausu þjóðfélagi, en ég dreg í efa að þetta þjóðfélag sé stéttlaust lengur. Ég hygg að það sé búið að skipta því upp í tvær þjóðir.

Herra forseti. Nóg um það sem ég hef áhyggjur af og þó væri vert að minnast á að það hefur verið gagnrýnt að Alþfl. hafi haft frumkvæðið að því sem nefnt hefur verið matarskattur, sumir segja krataskattur. Menn mega ekki leyfa sér það, þegar þeir tala um matarskattinn, að gleyma því í hvaða samhengi þessi skattur er lagður á. Það er engum gleðiefni að leggja á skatta af þessu tagi. Hins vegar hef ég trúað því að ríkisstjórnin sé öll upp til hópa, hver og einn innan hennar, þeirrar skoðunar að það eigi að afnema allar undanþágur af söluskatti, allar undanþágur hvaða nafni sem þær nefnast, til þess að við getum náð því veigamikla marki að hér gildi eitt söluskattsstig yfir allt sviðið. Þá um leið reynist unnt að lækka söluskattinn sem hefur í gegnum árin verið hinn mesti vandræðaskattur vegna þess að hann er allt of hár. Hann býður upp á það í raun að stolið sé undan. Ég hygg að menn þurfi að horfa á matarskattinn í þessu samhengi hvort sem þeim líkar betur eða verr við hann og engum líkar líklega vel við hann.

Ég hef líka áhyggjur af því að í fjárlagafrv. er mjög umtalsverður niðurskurður á íþróttamálum, þeim málaflokki sem ég hygg að sé einna veigamestur í uppeldi ungs fólks í landinu. Að vísu hefur íþróttahreyfingin fengið nýjan tekjustofn sem hefur fært henni umtalsvert fjármagn og hærri upphæðir en hafa verið á fjárlögum. Það eru tekjur af lottói. Auðvitað er það spurning þegar þannig stendur á hvort ríkið eigi á erfiðleikatímum að hækka framlög sín til íþróttamála. Eins og ég vænti að ríkisstjórnin hafi í hyggju og vilji í raun og veru reyna að lækka vaxtastig hér á landi tel ég að ríkisstjórnin hafi einnig hug á því að endurskoða afstöðu sína til íþróttamála í fjárlagafrv. (**AG:** Er þetta andstaða við fjárlagafrv.?) Hv. þm. Albert Guðmundsson, ég er ekki að lýsa andstöðu við fjárlagafrv. Það er mesti misskilningur. (**AG:** Er það misskilningur?) Mesti misskilningur. Ég er hins vegar að reifa það hvað mér finnst fara miður. Það er ekki nokkur spurning. Við höfum allir leyfi til þess, jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu. Það er þingræðislegur réttur okkar.

Ég hef í umræðunum í dag tekið eftir því að menn hafa gleymt ýmsu góðu sem er í fjárlagafrv. Mig langar að nefna nokkur dæmi. Mig langar að nefna framlög til húsnæðismála, umdeildur málaflokkur. Engu að síður hafa framlög til húsnæðismála stórhækkað, einkum til hinna félagslegu íbúðabygginga. Þetta á bæði við um verkamannabústaðakerfið og kaupleigukerfið. Þessu getur enginn neitað. Félagsmálin. Framlög hækka. Því neitar enginn. Vegamál. Framlög hækka. Því neitar enginn. Flugmál, listir. Framlög hækka. Það er líka stefnt að því að loka undanskotsleiðum í skattkerfi, bæta söluskattsinnheimtu. Það kemur staðgreiðslukerfi skatta um áramót og það er stefnt að auknu sjálfstæði sveitarfélaga. Er þetta ekki allnokkuð, hv. þm.? Ég hygg að þessir þættir vegi svo þungt að þegar menn hugsa sig vandlega um verði þeir að viðurkenna að hérna sé nokkuð vel gert þrátt fyrir allt.

Ég heyrði að hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi hafnamálin. Ég get tekið undir það með honum að það vantar mikla fjármuni í hafnamál. Og hv. Alþingi verður að taka upp sérstaka umræðu um hafnamálin vegna þess einfaldlega að það nær ekki nokkurri átt að hafnir landsins, þar sem um fer mikilvægasta tekjulind þjóðarinnar, fiskurinn, sem við gleymum nú margir hér í þéttbýlinu að sé yfirleitt unninn og hafi nokkurt gildi, fer þar um. Ég hygg að við þyrftum að taka nokkra snerru í sambandi við hafnamál og athuga hvort við fyndum ekki einhverjar leiðir til að auka framlög til þeirra í náinni framtíð.

Herra forseti. Tilefni þess að ég ákvað að taka þátt í þessari umræðu, sem er orðin býsna löng, var að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skoraði ekki bara á ráðherra í ríkisstjórn heldur og þm. sem styðja ríkisstjórnina að láta álit sitt í ljós á efnahagstillögum og fjárlagafrv. Hins vegar hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ekki sýnt hv. sameinuðu þingi þá virðingu að sitja undir þessari umræðu í kvöld sem er honum auðvitað til háborinnar skammar. Og hv. þm. Svavar Gestsson og formaður Alþb. hefur heldur ekki „lagst svo lágt", ef ég mætti orða það þannig, að koma hér inn fyrir dyr eftir kvöldverðarhlé. Það mætti gjarnan skila þessu til hv. þm., sérstaklega Ólafs Ragnars Grímssonar, sem hóf þessa umræðu í dag, að hann lætur ekki svo lítið að hlusta á þá þm., a.m.k. stjórnarliðsins, sem hafa hug á því og nennu til þess að standa í karpi við hann. Og ég vil biðja hv. þm. Hjörleif Guttormsson, sem einn Alþýðubandalagsþingmanna sýnir sameinuðu þingi þá virðingu að sitja hér í kvöld, að bera hv. þm. þessi skilaboð.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseta var tjáð fyrir nokkrum mínútum að von væri á hv. 5. þm. Reykn. í salinn á hverri stundu.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í framhaldi af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssonar langar mig til að ítreka það við forseta að hér stendur yfir utandagskrárumræða sem hefur staðið á fimmtu klukkustund. Málshefjandi þessarar umræðu hefur ekki sýnt þinginu þann sóma að sýna sig í þingsölum í kvöld. Ég vil lýsa því sem skoðun minni að ég sé ekki nokkra ástæðu til að halda þessari umræðu áfram þegar sá sem hana hóf hefur ekki meiri áhuga á málinu en svo að hann heldur sig víðs fjarri þingsölum. Ég beini því til hæstv. forseta að hann athugi um að þeir þm. sem þegar hafa skráð sig á mælendaskrá íhugi að falla frá orðinu þannig að þessari umræðu geti þá lokið með viðlíka reisn og hún hófst.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hann lét þau orð falla í upphafi máls síns að frummælandi væri talsmaður stjórnarandstöðunnar vil ég upplýsa hv. þm. um að stjórnarandstaðan hafði ekki samráð um að hefja þessar umræður og upplýsingar um að þær mundu fara fram í dag komu til mín sem formanns Borgarafl. frá hæstv. forseta okkar sameinaða Alþingis. Þetta þykir mér rétt að komi fram til þess að það verði skráð á réttan hátt í bækur þingsins.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Til þess að hnykkja á því sem ég sagði áðan: Nú eru þegar liðnar 45 mínútur af fundinum og sá sem stofnaði til þessarar utandagskrárumræðu er ekki staddur hér til að hlusta á mál þeirra sem bæði eru að svara honum og þeirra sem gagnrýna orð hans. Hann hefur ekki tækifæri í raun til að svara fyrir sig af því að hann er ekki staddur í salnum. Af þessari ástæðu finnst mér einsýnt að þessi umræða verði felld niður. Hún þjónar engum tilgangi meðan þannig er ástatt og kannski einkum og sér í lagi, herra forseti, eftir að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur lýst yfir því að þessi umræða í dag fari ekki fram í samstarfi stjórnarandstöðunnar heldur hafi hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson verið einn um það að biðja um þessa umræðu utan dagskrár. Þess vegna endurtek ég það, herra forseti, mér finnst einsýnt að þessari umræðu hljóti að ljúka.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er viðtekin regla að hver og einn þm. ræður við sjálfan sig hvort hann sækir fundi eða ekki þó að honum beri skylda til þess að mæta á fundum. En það ber öllum þm. skylda til þess að mæta á fundum þó að hér sé aðeins um ⅓ af þingheimi. Það ber vissulega öllum skylda að sækja fundi. Auðvitað er það enn ríkari skylda hjá þeim sem hefur hafið umræðu að vera á fundi. Það orkar ekki tvímælis.

Meðan þeir sem eru á mælendaskrá hafa ekki fallið frá orðinu verður umræðum haldið áfram.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera að umræðu þann hlutann í frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 sem fjallar um Félagsheimilasjóð, Íþróttasjóð, æskulýðsmál og íþróttamál. Framlög til þessara málaflokka hafa verið stórlega skert eða felld algerlega niður.

Hæstv. forseti. Félagsheimilasjóður er nú felldur niður í samræmi við stefnu stjórnvalda um tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Sömu sögu er að segja um Íþróttasjóð. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins hvernig þessi tilfærsla á að fara fram. Eðlilegt getur þó talist að endurskoðun stjórnsýslu fari fram, en slíkt ber að gera í samráði við sveitarstjórnirnar, íþróttafélög, ungmennafélög og aðra er hagsmuna eiga að gæta. Þetta hefur ekki verið gert og eru slík vinnubrögð forkastanleg. Báðir þessir sjóðir hafa skuldbundið sig til að greiða hlutdeild í framkvæmdum sem þegar eru hafnar en eru misjafnlega langt á veg komnar.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa við þær

skuldbindingar sem sjóðirnir hafa þegar tekið á sig, bæði við kostnað vegna fullkláraðra verkefna og svo þeirra sem skemmra á veg eru komin en klárast á næstu árum? Ætlar ríkisstjórnin að velta þessum skuldbindingum sínum yfir á sveitarfélögin sem mörg ráða ekki við þær skuldbindingar sem þau nú standa frammi fyrir á öðrum sviðum? Á sama tíma og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa verið skert er augljóst að verkefni sveitarfélaganna verða ekki aukin nema til komi veruleg hækkun á tekjum til þeirra. Að fella niður Íþrótta- og Félagsheimilasjóð er óviðunandi því íþróttir, æskulýðs- og menningarstarf eru ekki sveitarstjórnarmál eingöngu heldur málefni héraðssambanda, íþróttabandalaga, ýmissa félaga, íþrótta- og ungmennafélaga um land allt. Hvernig verður t.d. með íþróttahús er Íþróttabandalag Akraness er að reisa og treyst hefur á ríkisframlagið, Íþróttafélag fatlaðra og annarra af þeim hátt á annað hundrað aðilum sem búið er að taka á fjárlög ársins 1987? Nógu slæmt hefur þótt að ríkið hafi greitt sinn hluta óverðbættan fram að þessu.

Eins og að málum er staðið í dag annast sérstök deild innan menntmrn. samræmingu og upplýsingar til byggjenda íþróttamannvirkja, safnar upplýsingum innanlands sem erlendis frá og veitir þar með ómetanlega þjónustu þeim sem standa í byggingu íþróttamannvirkja. Hvernig hugsa stjórnvöld sér að þessi þáttur verði leystur framvegis? Á stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að setja upp nýja þjónustumiðstöð er annast þessi mál? Ef svo er hver á þá að borga það?

Aðstöðumunur sveitarfélaga er mikill. Þeir styrkir sem greiddir hafa verið í gegnum Íþrótta- og Félagsheimilasjóð hafa víða um land orðið til þess að hraða uppbyggingu mannvirkja sem annars er vafasamt að hefðu risið. Þessar ráðstafanir koma í sjálfu sér ekki á óvart þegar skattpíningarfrv. þetta er skoðað þar sem einfaldlega er alls ekki gert ráð fyrir því að nokkur lifandi sála hafi efni á frístundum. Allur frítími fólks á greinilega að fara í að vinna fyrir sköttum samkvæmt skattpíningarstefnu fjárlagafrv. Sennilega er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem getur ráðið við að framkvæma hugmyndir hæstv. fjmrh. Ég fullyrði að langflest önnur sveitarfélög ráða ekki við að taka þennan þátt að sér. Þetta mun leiða til frekari byggðaröskunar í landinu vegna þess að ungt fólk vill stunda útiveru, íþróttir og holla tómstundaiðju. Það leitar til þeirra staða þar sem bestu aðstæðurnar eru og þar sem fjölbreytilegustu möguleikarnir eru á þessum sviðum.

Mikilvægt er að auknu fjármagni sé varið til frjálsrar æskulýðsstarfsemi í landinu. Stórauka ætti framlög til æskulýðsstarfsemi á vegum Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, Bandalags ísl. skáta, Íslenskra ungtemplara og KFUM og KFUK. Starf þessara samtaka og félaga er ómetanlegt fyrir íslenska æsku.

Framlög til frjálsrar íþróttastarfsemi hafa nú verið stórskert. Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands standa saman að Íslenskri getspá hf. sem rekur lottóið á Íslandi. Þessi starfsemi hefur gengið mjög vel, svo vel að hæstv. fjmrh. sér ofsjónum yfir þessari velgengni og ræðst nú ómaklega að eigendum Íslenskrar getspár hf. Það er blóðugt að þegar fundin er upp ný og arðbær fjáröflunarleið innan fjársveltra félagasamtaka skuli þeim vera refsað fyrir framtakið. Þetta leiðir það af sér að forustumenn félagasamtaka hugsa sig um tvisvar áður en þeir fara út í arðvænlega fjáröflun þar sem sýnilegt er að stefna ríkisstjórnarinnar er að refsa dugmiklum samtökum.

Það er alveg ótrúlegt að í nútímaþjóðfélagi seint á 20. öldinni skuli enn vera til ráðamenn heils þjóðfélags sem ekki skynja mikilvægi íþrótta. Ég vil gjarnan benda á nokkur dæmi um mikilvægi íþrótta fyrir þjóðfélag okkar. Íþróttir eru einhver besta fjárfesting sem hægt er að hugsa sér — eða hvað halda menn að íþróttir spari þjóðfélaginu mikil útgjöld í heilbrigðiskerfinu?

Mikið er talað um að efla beri forvarnarstarf vegna neyslu fíkni- ávanaefna. Er hægt að benda á betra forvarnarstarf en fram fer á vegum íþróttafélaganna? Því verður ekki á móti mælt að íþróttaiðkun mótar einstaklinga og skilar hæfari þegnum út í þjóðfélagið. Frammistaða íslenskra afreksmanna á erlendri grund er einhver albesta landkynning sem hægt er að hugsa sér og verður seint metin til fjár. Ef íþróttastarfið í landinu verður gert nánast óvirkt eins og nú virðist stefnt að er stór hætta á að fleiri og fleiri ungmenni lendi í ógöngum á grýttum vegi óreglunnar. Það er því alveg ljóst að íþróttir eru þjóðarnauðsyn, enda gera allar þjóðir sér grein fyrir því og hvetja og styðja mjög við bakið á slíkri starfsemi í löndum sínum. Við megum ekki stíga skrefið aftur á bak. Við verðum að horfa fram á veginn. Það verður að styrkja íþróttastarfsemina í landinu, alls ekki að skerða hana. Eins og hæstv. fjmrh. kallar það hefur hann stigið harkalega á hemlana. Ég vil í því sambandi benda á að slíkt hefur oft orsakað slys.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það er vitaskuld ekki að ófyrirsynju að efnt sé til umræðna utan dagskrár í hv. sameinuðu Alþingi þar sem nýlega framlagt frv. til fjárlaga 1988 hlýtur beint og óbeint að snerta hug manna og raunar alla þjóðmálaumræðu, enda birtist þar efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og verður að auki meginviðfangsefni þingsins næstu vikur og mánuði.

Að minni hyggju er þetta frv. annálsvert og því vert allrar athygli fyrir margra hluta sakir. Hér er í fyrsta sinn verið að leggja grunn að fjárlögum ríkisins eftir að staðgreiðsla beinna skatta til ríkis og sveitarfélaga hefur verið lögleidd. Sú staðreynd ein hefði átt að nægja til þess að menn hefðu vandað þetta verk svo sem frekast er kostur og gætt þess sérstaklega að hvergi væri flausturslega að staðið, hvað þá að uppprentun hefði nánast orðið daglegt

brauð eins og hér virðist því miður hafa orðið raunin. Það einkenni þessa frv. að ná jöfnuði á A-hluta ríkissjóðs, sem mjög er af gumað í fjölmiðlum, tel ég að hefði átt að vera meginregla og ekki síst í góðæri eins og við óneitanlega höfum búið við að undanförnu. Vitaskuld verður slíku sjálfsögðu markmiði ekki náð nema með aukningu tekna ellegar niðurskurði gjalda nema hvort tveggja sé. Annars skildist manni nú á ríkjandi öflum fyrri hluta þessa árs að allt væri hér á réttri leið þannig að harkan á haustdögum skýtur því óneitanlega skökku við — eða var þar kannski ekki allt af heilindum mælt?

Jú, verkefnið er ljóst. En það sem að minni hyggju er gagnrýni vert og það stórlega er hvert er seilst í skattlagningu og niðurskurði. Það er gagnrýni vert að henda verkefnum í sveitarfélög án alls eðlilegs undirbúnings. Sú er ætlunin með stóra, viðamikla málaflokka og verkefni sem vitaskuld eru í miðjum klíðum hjá sveitarfélögum og ríki og eins misjafnlega á vegi stödd og sveitarfélögin eru mörg og margvísleg að stærð og aðstöðu allri. Ég nefni þar t.d., eins og hér hefur margoft komið fram í umræðum í dag, dagvistarstofnanir allar, félagsheimili, íþróttamannvirki, tónlistarskóla, byggðasöfn, vatnsveitur. Ég þarf ekki að taka fram, sem öllum þingheimi er vitaskuld kunnugt, að það er eitt af megineinkennum og sérkennum þessa þjóðfélags hve sveitarfélögin íslensku eru einmitt mörg og misjöfn að stærð og þar með þrótti til að takast á við verkefni sín. Þess vegna er ótækt með öllu að standa þannig að verki, sem hér er gert, að þveita inn í fjárlagafrv. og síðan fjárlög, sem gilda auðvitað aðeins eitt ár, mjög viðamiklum og viðkvæmum viðfangsefnum án þess nauðsynlega undirbúnings, án þeirrar kynningar og án þess samráðs sem auðvitað hefði átt að vera alger forsenda breytinga af þessu tagi. Í öllum þessum málaflokkum er um að ræða óuppgerðar sakir ríkisins við sveitarfélögin sem ekki verður með neinu móti séð af þessu frv. hvernig að skuli farið. Og þess vegna er ekki að furða þó að margan gruni að þá sé ætlunin að sá sterki láti þann veika aflsmunar kenna. Við sjáum hvað setur, en vissulega vekur þetta atriði tortryggni.

En það sem mér finnst verst við þetta frv. og þær skattalagabreytingar sem mér virðast í burðarlið er að engin tilraun er gerð til að ná meiri jöfnuði í skattlagningu en verið hefur og minnka möguleikana á landlægu undanskoti. Stórhækkaðar skattaálögur eru ýmist staðreynd eða á næsta leiti og *það er einmitt aðferðin til þeirrar skattheimtu sem* er ógeðfelldust, fæðuskattar og fleira í þeim dúr sem leggjast þyngst á þá sem síst skyldi. Öllum er þó ljóst að óbeinu skattarnir skipta langmestu máli í tekjuöflun ríkisins, en jafnframt að eftirlit með innheimtu þeirra er býsna brotakennt. Þess vegna gegnir sérstakri furðu að ekki skuli valin sú leið skattheimtu og nánast ekkert rædd, ekki hið minnsta, sem örugglega skilar miklu betri árangri, miklu einfaldari í allri framkvæmd og er þar með réttlátara skattform. Þar á ég við söluskatt á fyrsta stig, söluskatt í tolli. Mín meginniðurstaða er því, sú sem ég hlýt að harma, að það eru tveir aðilar öðrum fremur í þessu landi sem bera hér skarðan hlut frá borði, launþegar, og þá einkum þeir sem hafa miðlungstekjur eða í lægri kanti, og landsbyggðin.

Fulltrúar launþega og landsbyggðar á hinu háa Alþingi eiga því samleið hér á næstu vikum og væntanlega mánuðum að færa margt í betra horf en nú stefnir. Ég kvíði því í sjálfu sér í engu. Til þess erum við nógu mörg og til þess erum við nógu sterk. Auðvitað er fjöldi mála sem heitt brennur á landsbyggðarfólki þó að vega- og önnur samgöngumál beri þar hæst. Þau eru vitaskuld mörg. En trúa mín er sú að nú verði tekist á þannig að víða muni í hrikta. Það hefur bryddað á því hér í dag. Það hefur komið víða fram báðum megin borðs. En hvorum megin borðs sem menn hafa skipast, í lið stjórnar ellegar stjórnarandstöðu, þá er það mest um vert að þau fjárlög sem hér verða væntanlega samþykkt á þessu haustþingi auki ekki enn á byggðaröskunina heldur öfugt. Mætti gæfa Alþingis verða sú að þau leggi frekar grunn að hagstæðari byggðaþróun en verið hefur um langt skeið. Það er þjóðarnauðsyn. En til þess að svo verði þarf sannarlega breytta stefnu og að henni vil ég vinna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 5. þm. Reykn. hefur verið saknað á þessum fundi. Hann hefur nú gengið í fundarsal. Forseti vill taka fram að honum var ekki fyrir fram kunnugt um fjarvist þessa hv. þm.. Forseti vill enn fremur taka fram að þessi fjarvist fær ekki samrýmst þingskyldu hv. þm., góðri þingvenju og réttum vinnubrögðum á þingi. Er þessi fjarvist hv. þm. því ámælisverð.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Ég hef ávallt verið mikill bandamaður hæstv. forseta *í því að efla virðingu Alþingis*. Á undanförnum árum hefur hæstv. forseti, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, unnið gott starf í því að bæði aga þessa stofnun og efla virðingu hennar og almennan aðbúnað að þingmönnum. Það er því mjög leitt að ég skuli hafa verið hér fjarverandi tæpa klukkustund í þessari löngu umræðu og bið hæstv. forseta afsökunar á því. Það var ekki með vilja gert né fólst í því nein vanvirðing gagnvart öðrum hv. alþm., að ekki sé nú minnst á hæstv. forsrh. sem ég auðvitað bjóst við að sæti hér lon og don vegna þess að hann er sá sem þessari umræðu er fyrst og fremst *beint til*. En það gleður *mig sérstaklega að mín* er meira saknað en hans. Ég vil heita hæstv. forseta því að þetta mun ekki koma fyrir aftur og ég mun gera mitt besta til þess að rækja skyldur mínar hér við þingið og vænti þess að mitt góða fordæmi, að hlaupa frá mörgum öðrum skyldustörfum til að sinna þessum skyldustörfum hér og ýmiss konar nauðsynjamálum sem eru utan þings á örlagastundum, verði öðrum til eftirbreytni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 5. þm. Reykn. hefur beðið afsökunar á fjarvist sinni. Það skal tekið fram að hæstv. forsrh. hefur setið hér frá því fundur var settur þó hann sé hér ekki í augnablikinu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hér hafa efnahagsmál íslensku þjóðarinnar verið tekin til umræðu í dag. Ég tel það bæði sjálfsagt, eðlilegt og nauðsynlegt að slík umræða fari nú fram á Alþingi Íslendinga. En jafnframt því vil ég beina þeim orðum vinsamlega til hv. 5. þm. Reykn. að næst þegar hann hefur umræðu utan dagskrár á Alþingi þá velji hann dag þegar hann hefur sæmilegan tíma til að vera viðstaddur sjálfur.

Jafnframt því sem ég vil líka þakka honum fyrir að hefja þessa umræðu þá verð ég að játa það að ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum með ræðu þm. Ég hef nefnilega verið þeirrar skoðunar að hv. 5. þm. Reykn. væri vel að sér um efnahagsmál og byggi þar yfir talsvert mikilli þekkingu. Og vegna þeirra fjölmörgu sem eru á annarri skoðun en ég um þetta mál og ég hef lent í miklum deilum við þá er ég beinlínis sár við þm. að hann skyldi láta sér takast það að tala hér nærfellt í heilan klukkutíma um efnahagsmál án þess að þessi þekking kæmi fram. Eða að hann kæmi fram með tillögur til úrbóta í þeim málum sem hann var sjálfur að gagnrýna. Hins vegar flutti þm. hér listaskemmtilega ræðu. Mér fannst virkilega gaman að hlusta á ræðuna og ég tek ekki undir með þeim sem telja að slíkt léttmeti eigi ekki erindi inn í þingsali. Ég held einmitt að núna þegar skammdegið kemur þá sé það einmitt ágætt að fá slíkt saman við. Sumt af ræðu þm. hefði fyllilega sómt sér á Broadway við hliðina á Ómari Ragnarssyni eða Halla og Ladda og þetta var, eins og ég sagði áðan, ljómandi skemmtileg ræða, listaskemmtileg.

Hér hafa menn gert það nokkuð að umræðuefni og sérstaklega alþýðubandalagsmenn að stjórnarliðar séu ekki allir sammála um alla hluti og ég verð að játa það að ég er dálítið undrandi á þeirri umræðu. Gera menn sér ekki grein fyrir því að hér eru saman í ríkisstjórn þrír stærstu stjórnmálaflokkar landsins? Stjórnmálaflokkar sem í grundvallaratriðum eru ólíkir en þurfa á stuttum tíma að koma sér saman um mörg helstu grundvallaratriði í íslensku þjóðlífi. Þegar litið er á málin frá þeirri staðreynd og frá því sjónarhorni þá verð ég nú að játa það að ég er eiginlega undrandi hversu mikil samstaða hefur náðst. Ég er jafnframt glettilega mikið undrandi á því að alþýðubandalagsmenn skuli vera svona undrandi að ekki skuli allir vera sammála í öllum atriðum í þessum þremur stóru stjórnmálaflokkum. Ekki síst þegar litið er til þess að þeir eru þó í einum flokki og þar sýnist mér nú að menn séu glettilega mikið ósammála þó í einum flokki séu. Þar greinir menn á um grundvallaratriði eins og bara hreinlega stefnuna og viðhorfið til verkalýðshreyfingarinnar. Ég þarf ekki að nefna annað en deiluna við Ásmund Stefánsson eða persónulegar deilur á milli manna og nefna nöfn eins og Guðmund J. Guðmundsson eða jafnvel Þröst Ólafsson, formann félagsins á Akureyri sem núna var að segja af sér formennsku. Ég er ekki með jafngott úrklippusafn og hv. 5. þm. Reykn. þannig að ég geti rakið þetta hér en ég hygg að ef menn horfa á Alþb. sem einn flokk þá verði menn glettilega mikið undrandi yfir því að í einum flokki geti verið saman menn sem í nánast engu geta komið sér saman um neitt og þaðan af síður held ég að menn geti skilið það að þessir menn komi síðan algjörlega undrandi á fundi í Alþingi Íslendinga, undrandi á því að í þessum þremur stóru stjórnmálaflokkum skuli finnast menn sem greinir á um einhver grundvallaratriði. Ég held að menn séu að beina þarna dálítið sjónum frá sjálfum sér. Ef horft er grannt á málin þá er það undravert hversu þessum þremur flokkum hefur þó tekist á stuttum tíma að koma sér saman um erfið mál. Við búum hér í opnu þjóðfélagi, við opið stjórnskipulag og opna umræðu og menn segja beint út það sem þeim finnst. Það er eðlilegt, það er ákjósanlegt og þannig viljum við hafa það. Ágreiningurinn innan stjórnarliðanna er ótrúlega lítill og hann er nánast enginn ef hann er borinn saman við ágreininginn innan þessa eina flokks sem hér þó vakti umræðuna sérstaklega til að vekja athygli á þessum ágreiningi.

Ég ætla ekki að fara mjög mörgum orðum um efnahagsmálin eða aðgerðirnar í efnahagsmálum nú. Ráðherrarnir hafa gert það mjög ítarlega. Ég vil þó segja það að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð þá var ég þeirrar skoðunar og einn harðasti talsmaður þess að til harðra aðgerða væri gripið. Mín rök voru þau að í slíku góðæri gæti ríkisstjórn ekki lagt af stað með bullandi öfugan viðskiptajöfnuð við útlönd og öfugan ríkissjóð. Þess vegna yrði að grípa til aðgerða, það væri nauðsynlegt og eðlilegt. Því miður náðist ekki samkomulag um það þegar stjórnin var mynduð. Nú er gripið til viðbótaraðgerða og ég er sammála því og þeim markmiðum sem þar er verið að reyna að ná. Það er algjörlega í samræmi við mínar skoðanir þegar þessi ríkisstjórn var mynduð.

En síðan örfá atriði vegna þess að til mín hefur verið vitnað talsvert hér í umræðunni og þeirra ummæla sem höfð hafa verið eftir mér í fjölmiðlum. Ég hef sagt það að ég samþykki aldrei söluskatt á matvæli nema að til komi hliðarráðstafanir til þess að bæta kjör þeirra sem flesta munna hafa að fæða, stærstu fjölskyldnanna og þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Ég trúi því ekki að það sé neinn maður hér inni ósammála mér í þessu atriði. Ég vil ekki trúa því. Menn hafa rætt um breytingar á söluskattskerfinu með það fyrir augum að samræma það og gera það skilvirkara og því hafa menn sagt að til þess að innheimtan verði það þurfi að koma á ein og sama prósenta á allt. Þetta get ég fallist á en jafnframt fullyrði ég að það var aldrei meining framsóknarmanna og sennilega aldrei neinna í ríkisstjórninni að slíkur skattur, sem samræmingaratriði

væri, yrði skattheimta á almenning heldur hlytu að koma þar á móti vandlega yfirvegaðar og þaulhugsaðar aðgerðir til að mæta því, þannig að sex, átta, tíu eða tólf manna fjölskylda væri ekki dæmd til þess að greiða meira í ríkissjóð en sú sem færri meðlimi hefur. Þessi afstaða mín er alveg ljós og alveg klár. Öðruvísi mun ég aldrei samþykkja söluskatt á matvæli. Og ég geri mér vonir um það að félagar mínir í stjórnarflokkunum séu sama sinnis, enn trúi ég engu öðru. Þegar hefur verið ákveðið að verja nokkru fé til niðurgreiðslna. Ég hef sagt það og segi það hreint út, ég hef ekki enn reiknað það dæmi til enda og ég hef ekki séð hvort það mætir því nægilega sem ég er að segja. Það mun ég skoða. En ég vil jafnframt vekja athygli á því að Alþingi Íslendinga hefur mjög afsalað sér valdi varðandi söluskatt. Lagaheimildir sem ráðherra hefur til undanþága í söluskatti, sem aftur hafa verið skildar þannig að hafi hann rétt til að veita undanþágu þá hafi hann rétt til að leggja söluskattinn á aftur, eru að mínu viti of rúmt notaðar almennt. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að afnema slíkar undanþágur en ekki bara frá þessum söluskatti, 25%, heldur eru bráðabirgðalögin sem ríkisstjórnin setti einnig með slíku heimildarákvæði og ég efast um að það sé samrýmanlegt stjórnarskránni að Alþingi afsali sér slíkum rétti. Ef ég man rétt þá stendur það í 40. gr. íslensku stjórnarskrárinnar að enginn skattur skuli lagður á, breytt eða afnuminn nema með lögum. Og það hlýtur að verða okkur öllum nokkurt umhugsunarefni. Það sem ég hef sagt um söluskattinn á matvæli stend ég þess vegna við og ég vonast til þess að um það náist víðtæk samstaða.

Annað atriði sem sérstaklega hefur verið vitnað til mín með eru hugleiðingar og orð um gengisfellingu eða gengi íslensku krónunnar. Það er rangt haft eftir mér og misskilningur að ég hafi krafist gengisfellingar. Ég hef hins vegar á fundi með ungum framsóknarmönnum reynt að gera grein fyrir mínum skoðunum hvað fastgengisstefna feli í sér og ég geri mér mjög vel grein fyrir því að það er afar erfitt að ræða gengismál af sanngirni og raunsæi án þess að vekja um leið einhverjar tilhneigingar til spákaupmennsku. Ég held hins vegar að margt af því sem hér hefur verið sagt um gengismál í dag og í kvöld sé ekki skynsamlegt. Ég held að ríkisstjórn sem hefur takmarkaða stjórnþætti í höndum sér geti ekki lofað því að halda gengi föstu vegna þess að þeir þættir sem hafa áhrif á gengið eru svo margir og þeir eru ekki allir í höndum einnar ríkisstjórnar. Ég held að ef verðbólga í okkar landi er meiri en í viðskiptalöndum okkar og verðlag á okkar afurðum hækkar ekki í sama mæli þá styrkist íslenska krónan óeðlilega. Ég held líka að ef menn í slíkri verðbólgu halda gengi föstu þá geri þeir það með því að ganga á eigin fé útflutningsatvinnuveganna. Þeir eru mjög mismunandi vel staddir og þá mun auðvitað reka upp á sker á einhverjum tíma ef ekki tekst að halda verðbólgunni niðri. Þetta er afar einfalt reikningsdæmi og þarf ekki að fara mörgum orðum um.

Ég ætla ekki að fara fleirum orðum, herra forseti, um efnahagsaðgerðirnar almennt. Ráðherrarnir hafa rætt þær mjög ítarlega hér. En mér dettur í hug vegna þess að ég hóf þessa ræðu mína hér með því að segja að hv. 5. þm. Reykn. hefði flutt listaskemmtilega ræðu, en það er með þá list, ræðulistina, eins og til að mynda myndlist, að menn greinir nokkuð á og ég þykist vera þess fullviss að það hafi kannski ekki öllum þótt þessi ræða hv. 5. þm. Reykn. jafnskemmtileg og mér þótti hún. Í því sambandi dettur mér í hug dálítil saga um samanburðinn við myndlistina vegna þess að kunningi minn einn tók dóttur sína með sér á málverkasýningu þar sem verið var að sýna abstrakt-listaverk. Hún gekk á undan honum inn í salinn og þegar hann kom að henni þá stóð hún fyrir framan eitt listaverkið sem sumir hefðu nú kannski kallað klessulistaverk. Og þegar faðirinn lagði höndina á öxlina á henni þá hrökk litla stúlkan við og leit eins og afsakandi á pabba sinn og sagði: Ég gerði þetta ekki.

Þessi saga kom mér í hug þegar ég hlustaði á hv. 5. þm. Reykn. flytja þessa listaskemmtilegu ræðu, og ekki síst þegar ég sé það að þm. Alþb. eru fæstir viðstaddir hér í kvöld, vegna þess að þegar hann lauk ræðu sinni í dag fannst mér eins og skrifað á enni hinna þm. flokksins: Ég gerði þetta ekki.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem þessi utandagskrárumræða hefur verið hafin hér í dag. Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar hefur verið lagt fram eins og alþjóð veit. Þar er boðuð ný stefna sem sérstaklega er beint að hinum launalægstu, þeim sem hafa það lakast, þeim sem hafa minnstar tekjurnar og síst skyldi ráðist á. Söluskatturinn á matvæli þýðir hjá fjögurra manna fjölskyldu að skatturinn er nálægt því að vera heil mánaðarlaun þeirra sem lægstu launin hafa og þau eru aðeins tekin af matvælum einum saman á einu ári. Og nú í dag er að koma inn um bréfalúguna bifreiðaskattur sem er lagður á þann mikla fjölda bifreiða sem ef til vill efnalítið fólk hefur keypt sér í þeirri von að það gæti rekið bíl. Hæstv. forseti. Ég spyr: Er þetta refsing Alþfl. til launafólksins í landinu?

Íslenska þjóðin er í vanda stödd. Stöðugir erfiðleikar í áratugi hafa sett mark sitt á íslenskt efnahagslíf. Þjóðarbúið hefur margsinnis orðið fyrir alvarlegum áföllum. Góðæri hafa verið illa notuð og ómarkviss stjórn þjóðfélagsins hefur leitt til þess gífurlega vanda sem nú er staðið frammi fyrir. Síðustu mánuðir síðustu ríkisstjórnar og þeir fyrstu hjá núv. ríkisstjórn munu reynast þjóðinni dýrir. Sá árangur sem náðist með eins konar þjóðarsátt í efnahagsmálum hefur nú glatast og nú situr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar með alþýðuflokksformanninum hæstv. fjmrh. ásamt helsta efnahagssérfræðingi íslenskra stjórnvalda, hæstv. viðskrh. og dómsmrh., og útbýr nýja skatta á alþýðu landsins. Árás Alþfl. á launafólk mun ekki gleymast. Sú lausn ríkisstjórnarinnar að skattleggja þjóðina ber vott um

skammsýni. Sú lausn mun þegar til lengri tíma er litið leiða til minnkandi áhuga þjóðarinnar til athafna. Ríkisstjórn Íslands er að gefa þjóðinni deyfilyf.

Þá fyrst mun taka steininn úr í skattheimtu á næsta ári þegar staðgreiðslukerfið tekur gildi. Það verður ekki glæsilegt ástandið á alþýðuheimilunum fyrstu mánuði næsta árs þegar staðgreiðslukerfið kemst í fullan gang samhliða því að innheimt verða fasteignagjöld og innheimta tryggingagjalda hefst.

Það er ljóst að mikill innflutningur þessa árs mun knýja fram gengisfellingu innan fárra mánaða. Fram hjá þessari staðreynd verður ekki litið. Það er einnig ljóst að með síðustu aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er hún að brjóta kjarasamningana og jafnframt að kalla yfir sig ófrið á vinnumarkaðnum. Og það verður að teljast dæmalaust að nokkur ríkisstjórn lýsi nánast stríði á hendur launþegum. Og það sem meira er, að Þorsteinn Pálsson hamrar í síbylju á fastgengisstefnu að því er virðist án nokkurs tilgangs nema vegna þess að hann hefur fullyrt að tilgangslaust væri fyrir aðila vinnumarkaðarins að biðja um gengisfellingu. Það mætti halda að aðilar vinnumarkaðarins hefðu ráðið óstjórninni í efnahagsmálum þjóðarinnar síðustu mánuði. Því fer fjarri því að á vinnumarkaðnum hefur verið tiltölulega friðsamt á þessu tímabili.

Það er marklaust hjal hjá ríkisstjórn Íslands að setja fram rekstrarafgang í fjárlögum. Það er álíka gáfulegt og þegar fjmrh. Alþfl. fyrir nokkrum árum frestaði flestum greiðslum ríkissjóðs um tiltekin mánaðamót og stærði sig svo af í fjölmiðlum að greiðslustaðan væri góð. Nei, þetta er ólánssöm ríkisstjórn og lánlaus þjóð að eiga slíka stjórn. Aðgerðir hennar eru slíkar að engu er líkara en kerfisbundið sé unnið að því að vinna allt til óhagræðis fyrir þjóðina. Það er slæmt, jafnvel þó um andstæðinga sé að ræða, því framtíðarhagur þjóðarinnar er í veði.

Það sem er verið að gera og það sem verður að gera er að leita samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um nýja þjóðarsátt. Það verður að minnka beina skattheimtu en taka í þess stað upp neysluskatta. Það verður að stuðla að meiri framleiðni í öllum atvinnugreinum og örva einstaklinga í þjóðfélaginu til athafna því að einungis á þann veg verður mögulegt að endurreisa efnahagslífið. Ef þegnarnir bregðast við á þann veg að þeir sjá ekki tilgang í því að berjast og bera sanngjarna umbun úr býtum mun illa fara. Það þarf að berjast um á hæl og hnakka, en ríkisstjórnin gerir rangt með því að segja þjóðinni stríð á hendur. Það verður því að ná þjóðarsátt, en því miður sýnist ríkisstjórnin reyna allt annað en það. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér á eftir úr þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988, úr forsendum fjárlagafrv. 1988. Í þjóðhagsspá stendur:

„Mikið góðæri hefur ríkt í íslenskum þjóðarbúskap á þessu ári. Framleiðsla hefur farið vaxandi og stefnir jafnvel í meiri hagvöxt í ár en í fyrra sem þó var einstaklega gott ár. Þjóðartekjur hafa aukist enn meira en landsframleiðsla vegna batnandi viðskiptakjara."

Þá segir enn fremur: „Á hinn bóginn hefur sigið á ógæfuhliðina varðandi verðbólgu og viðskiptahalla. Verðbólgan frá upphafi til loka árs stefnir nú í 25% samanborið við 13% í fyrra, en það var minnsta verðbólga hér á landi á heilu ári í hálfan annan áratug."

Og í athugasemdum með fjárlögum 1988 segir: „Til þess að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið snerist upp í ofþenslu, verðbólgu og viðskiptahalla hefði þurft að grípa til strangra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum þegar í upphafi ársins 1987. Sú staðreynd að ekki var gripið til aðgerða fyrr en með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar eftir mitt árið veldur því að vandinn sem við er að fást er verri viðureignar og kallar á stórtækari aðgerðir en ella hefði verið nauðsynlegt."

Hæstv. forseti. Ég spyr: Áfellisdómur á hvern og hverja er þetta? Af hverju hafa fjölmiðlarnir ekki yfir höfuð fjallað um þetta mál? Hvar er þessi vandaða, ábyrga, hlutlausa umfjöllun fjölmiðlanna nú eða eru þeir múlbundnir gömlu flokkunum? Í mesta góðæri sögunnar, mesta afla, með besta verð fyrir hann, lágt olíuverð, hagstætt gengi, stuðning aðila vinnumarkaðarins og stuðning fjölmiðla hefur alger óstjórn ríkt í fjármálum þjóðarinnar. Þetta er álit núverandi ríkisstjórnar á verkum ríkisstjórnarinnar á þessu ári. Þetta er skjalfest í þeim þskj. sem hér hafa verið lögð fram.

Borgarafl. fordæmir árás ríkisstjórnarinnar á láglaunafólkið og landsbyggðina, þessarar skattpíningarstjórnar, sem er að refsa almenningi fyrir óstjórn ríkisstjórnarinnar í fjármálum 1987, og þetta er einnig álit ríkisstjórnarinnar sjálfrar.

Hæstv. forseti. Við í Borgarafl. erum sammála áliti núv. stjórnarflokka á sjálfum sér. Það hefur verið óstjórn í fjármálum þjóðarinnar og ég spyr: Hvernig eiga þeir menn að stjórna landinu sem geta ekki stjórnað sjálfum sér?

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur staðið í dag og fram á þetta kvöld um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrv. hefur farið nokkuð á víð og dreif sem vænta mátti þegar svo víðfeðmt svið er tekið til umræðu. Ég ætla að takmarka mig sérstaklega við einn þátt þessara mála, en það eru þau áhrif sem efnahagsstefna stjórnarinnar hefur á landsbyggðina sérstaklega og hvernig fjárlagafrv. birtist okkur sem erum öðru fremur málsvarar landsbyggðarinnar eða ber a.m.k. skylda til að horfa til þeirra mála sérstaklega.

Hér hefur verið rætt með réttu af frummælanda um spurninguna um gengisstefnu sem eitt grundvallaratriði í sambandi við efnahagsstjórn. Það liggur alveg ljóst fyrir að tekjuskiptingin í landinu, tekjuskiptingin milli landsbyggðar sérstaklega og höfuðborgarsvæðisins hins vegar þar sem þjónustustarfsemin er undirstaða í atvinnulífi, gengisstefnan er

undirstöðuþáttur um tekjuskiptinguna milli þessara svæða. Það er því nokkuð sérstakt að á sama tíma og horfur í sjávarútvegi fara versnandi, á sama tíma og gengisþróun er undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, fiskútflutningnum, óhagstæð í vaxandi mæli sér ríkisstjórnin ástæðu til að auka álögur á þennan atvinnurekstur. Í fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. birtist aukin skattlagning á sjávarútveginn í ríkum mæli og auðvitað eru aðrir stjórnarflokkar samábyrgir í þeim efnum þó að hér sé einstaka stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar að nöldra og lýsa einhverri sérstöðu svona hikandi og afsakandi, eins og hv. 10. þm. Reykv. og hv. þm. Árni Gunnarsson hér í umræðum áður. Við þekkjum þær aðferðir og þeir geta e.t.v. leyft sér það einn og einn í þessum herbúðum að lýsa yfir fyrirvara og andstöðu og allt upp í ráðherrana í einstökum málum í ríkisstjórn sem hefur svo mikinn þingmeirihluta. Það getur verið að það verði samræmt á milli flokkanna að leyfa hæfilega mikinn ágreining og þessum og hinum að skreyta sig með andstöðu við þá stefnu sem í reynd er fylgt.

En hvernig birtist þessi skattlagning á sjávarútveginn í fjárlagafrv.? Hún kemur fram í því að dregið er úr endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti um 350 millj. kr., um helming, úr 700 millj. kr. niður í 350 millj. Það er beinn landsbyggðarskattur sem hér er á ferðinni og þarna er verið að leggjast á þennan undirstöðuatvinnuveg sem einnig er ætlað að þola hækkaða vexti sem afleiðingar af þeirri stefnu sem hér er mörkuð og sem er ætlað að bera versnandi gengisþróun, minnkandi afla. Hvaða áhrif skyldi þetta hafa á samningsstöðu fiskvinnslufólksins sem hefur brýna þörf fyrir að bæta sinn hlut sem er nógu aumur fyrir þó að það sé ekki verið að ganga þannig að þessum undirstöðufyrirtækjum í landinu að þeim sé gert erfiðara fyrir að leiðrétta þá stöðu sem fyrir liggur? En þetta er ekki allt. Einnig er tekinn upp í fjárlagafrv. launaskattur sem afnuminn var á fiskvinnslu í landinu að mig minnir 1982, þó ég hafi það ekki hér fyrir framan mig. Það var tekinn upp launaskattur á fiskvinnsluna á nýjan leik og fleiri atvinnuliði, en fyrst og fremst á sjávarútveginn, sem á að skila ríkissjóði 400 millj. kr. á næsta ári og það skal aðeins vera fyrsta skref í þeim efnum. Hér er á ferðinni landsbyggðarskattur öðru fremur, að auka á tilfærsluna frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis í þá eyðsluhít óstjórnar og óráðsíu sem hér blómstrar í verslun og þjónustu og birtist okkur í heilu byggðahverfunum og höllunum á Reykjavíkursvæðinu sem hafa verið að rísa í skjóli fyrrv. ríkisstjórnar og ætlað er að bæta við í ljósi þeirrar efnahagsstefnu sem hér er mótuð og hér er til umræðu.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, sem hann mælti hér, að það er vaxandi stéttamunur í landinu. Hann orðaði það að vísu eitthvað á þá leið að honum virtist sem það væri að skapast stéttaskipting á Íslandi rétt eins og hún hefði ekki verið hér áður. Stéttaskipting hefur verið hér, en óréttlætið og mismununin fer sívaxandi með degi hverjum í þessu landi milli launafólks og fjármagnseigenda annars vegar og hins vegar milli landsbyggðarinnar sem heildar í samskiptum við höfuðborgarsvæðið. Það er hingað sem fjármagnið er flutt í krafti þessarar stefnu, hæstv. utanrrh., með ábyrgð Framsfl. líka sem auðvitað reynir alltaf að fela sig alveg eins og hann gerði þegar skilið var við 1983. Og hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson er einmitt ágætisdæmi um hvernig framsóknarmenn reyna að smjúga undan ábyrgðinni sí og æ. Það eru þeirra ær og kýr og það þekkja þeirra samstarfsmenn fyrr og síðar. Að hlaupa undan merkjum. Hv. 10. þm. Reykv. er snillingur í þeirri íþrótt, ekki bara í skák, í refskák, já.

Þetta er efnahagsstefnan sem hér er boðað að haldið skuli við með föstu gengi og lífið að veði, hæstv. forsrh., og hækkandi álögur á undirstöðuatvinnurekstur í landinu samtímis, þann rekstur sem borinn er uppi af fólkinu á landsbyggðinni sem þrælar á sultarkjörum við slæman aðbúnað og langan vinnudag til sjávar en einnig til sveita. Já, Framsfl. ber raunar ábyrgð á þessum atvinnumálaráðuneytum áframhaldandi, ráðuneytum sjávarútvegs og landbúnaðar, og lætur svo Alþfl. og Sjálfstfl. um að marka efnahagsstefnuna, hvernig blóði er tappað af þessum greinum og frá fólkinu sem við þennan rekstur starfar.

Já, hvað er að gerast í sveitum landsins? Hvað er að gerast hjá bændastéttinni á Íslandi undir þeirri efnahagsstefnu sem hér er haldið áfram með uppáskrift Alþfl.? Það er engin ný efnahagsstefna. Það er framlenging á efnahagsstefnu fyrri ríkisstjórnar sem hæstv. fjmrh. og formaður Alþfl. skrifaði upp á með því að hlaupa undir bagga að kosningum loknum til að ná í ráðherrastóla og völd með því að skrifa upp á frjálshyggjuna, það skrið sem á hana var komið í tíð síðustu ríkisstjórnar, og bæta um betur með hæstv. viðskrh. og fjmrh. nú sem aðalábyrgðarmenn ásamt forsrh. á mótun efnahagsstefnunnar. Það þarf enginn að vera hissa á því út af fyrir sig að það komi engar gleðifréttir fyrir þá sem standa að landbúnaði í þessu landi frá þessum hæstv. ráðherrum Alþfl. og það þarf enginn að vera hissa á því þó að hæstv. landbrh. muldri ofan í barm sér rétt eins og hann hefur gert árum saman þegar verið er að ganga á undirstöðuhagsmuni fólksins í sveitunum með áframhaldandi óstjórn sem Framsfl. og Sjálfstfl. bera ábyrgð á í landbúnaði á Íslandi um áratugi.

Það er með fádæmum hvernig staðið hefur verið að þáttum sem snerta landbúnaðinn og sölu landbúnaðarafurða. Eins og t.d. markaðsfærslunni, ekki bara í sambandi við útflutning sem ekki skilar miklu í aðra hönd heldur í því að verja innanlandsmarkaðinn á innlendum landbúnaðarafurðum. Þar er verðlagningin gefin frjáls í smásölu með þeim hrikalegu afleiðingum sem við blasa í sambandi við verðþróun á kindakjöti í landinu, þeirri stórfelldu hækkun sem þar hefur orðið á sama tíma og kaup fólksins hefur verið að lækka, með óstjórn í sölustarfsemi og með því að milliliðirnir, þar sem Framsfl. þekkir hvað

best til, hafa hirt óhóflega hluta til sín. Milliliðir sem hafa verið að færa starfsemi sína til sjálfrar höfuðborgarinnar í síauknum mæli með uppáskrift forustumanna nátengdum Framsfl. Við þær aðstæður og það gífurlega óvissuástand sem ríkir í landbúnaði og alveg sérstaklega í sauðfjárrækt bregst ríkisstjórnin með því að skerða fjárveitingar til rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði, fyrir nú utan það að vega að sjóðum sem eiga að tryggja lágmarkskjör bænda og draga þar úr framlögum eins og í sambandi við afleysingaþjónustu í sveitum svo að dæmi sé tekið. Allt er það á eina bók lært. Hæstv. landbrh. hefur gert einhvern fyrirvara í ríkisstjórninni en hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., var ekki lengi að strika yfir þann fyrirvara í dag í þessum ræðustól.

Gjörðir þessarar ríkisstjórnar í sambandi við atvinnuþróun á landsbyggðinni og stöðu atvinnustarfseminnar þar er með þeim hætti að ástæða væri til þess fyrir þm. ríkisstjórnarinnar, fulltrúana utan af landsbyggðinni, að staldra við og hugsa sinn gang. Ætla þeir að ganga þessa braut undir merkjum hæstv. fjmrh., forsrh. og utanrrh., þingmannanna héðan af Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, ráðherranna af þessu svæði sem hafa tvo þriðju innan ríkisstjórnarinnar og vel það? Ætla þeir að ganga þessa braut áfram og ýta undir enn frekari öfugþróun, fólksflótta og eyðingu byggðarlaganna úti um landið? Ofan á þetta sem ég hef verið að lýsa, sem er kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, bætist svo einn og einn glaðningur, ef svo mætti segja, frá hæstv. fjmrh. til landsbyggðarinnar og rifjað hefur verið upp í sambandi við einstaka fjárlagaliði þar sem strikað er yfir framlög til sveitarfélaga þar sem ríkisvaldið hefur verið þátttakandi í félagslegri þjónustu og menningarstarfsemi af ýmsu tagi og einnig atvinnustarfsemi. Táknrænt dæmi eru iðnráðgjafar og sú þjónusta sem komið hefur verið upp í þeim efnum — með jákvæðum árangri á undanförnum árum — horfin, strikuð út.

En það er ein leið sem fjármagninu er vísað á til viðbótar við flutninginn til höfuðstaðarins. Hvert skyldi það vera, hæstv. viðskrh.? Það er til útlanda. Hér segir í þjóðhagsáætlun, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sama tíma og fríverslun er meginstefna ríkisstjórnarinnar varðandi viðskipti með vörur og þjónustu telur hún að auka beri frjálsræði í gjaldeyrisverslun og fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa. Stefnt er að því að draga úr skilaskyldu útflytjenda á gjaldeyri og hömlum á erlendri fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Nauðsynlegt er að endurskoða og samræma lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Markmiðið er að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Jafnan verður þó tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Forsætisráðherra hefur skipað sérstaka nefnd til að undirbúa þessar breytingar."

Þetta var tilvitnun í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Auka erlent áhættufé í íslenskum atvinnurekstri. (**Gripið fram í:** Í stað lánsfjár.) Í stað lánsfjár. Hvert skyldi nú þetta erlenda áhættufjármagn leita, hæstv. viðskrh.? Hvert skyldu þeir leita? Ekki hefur blásið byrlega í betlistarfseminni gagnvart orkulindunum og stóriðjufyrirtækjum þar sem síðasta ríkisstjórn lagði sig í framkróka og nánast flata til þess að draga hingað erlend auðfélög til að fjárfesta í orkufrekum iðnaði. Orkuverðið skipti nákvæmlega engu máli, enda ríkisleyndarmál. Kannski væntir hæstv. viðskrh. að þar vænkist um. Iðnrh. hefur á dagskrá að reyna að lokka með aðstoð kunningja okkar hv. 10. þm. Reykv., Müllers, ellilaunaþega og fyrrv. forstjóra hjá Alusuisse, sem fyrstum var kastað þar út í ystu myrkur fyrir tveim eða þrem árum síðan — svo flaug annað gengi þar reyndar þannig að það hafa orðið mannaskipti á þeim bæ. En ríkisstjórn Íslands hefur séð fyrir því að þessi forstjóri hefur fengið verkefni og það er að reyna að draga erlend auðfélög, fá erlend álfyrirtæki til að fjárfesta í nýrri álverksmiðju við Faxaflóa. Uppskeran blasir nú ekki við enn sem komið er.

En ég spyr: Ætli það sé líklegt að það sé í þetta sem erlent áhættufé muni leita öðru fremur? Nei, auðvitað mun það, ef opnað verður fyrir, leita í þann rekstur sem er örugglega arðbær á Íslandi og skilar hagnaði. Inn í sjávarútveginn. Inn í fiskvinnsluna í landinu rétt eins og þróunin hefur orðið í sambandi við fiskeldið í óhugnanlegum mæli og stjórnlítið.

Það stendur hérna í þjóðhagsáætlun að þess skuli gætt að þeir nái ekki tökum á náttúruauðlindum okkar. Þess skuli gætt. Hvernig ætlar hæstv. viðskrh. að gæta þess? Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem hér er ekki viðstaddur, lofaði það og prísaði sérstaklega sl. vetur að útlendingar höfðu komið til og fjárfest í fiskvinnslufyrirtækjum á Suðurnesjum. Hann taldi þetta aldeilis indæla þróun, mikinn happafeng og þessu var slegið upp á forsíðu Alþýðublaðsins. Það er líklega þetta sem er óskaþróunin hjá talsmönnum Alþfl. sem ráða yfir viðskipta- og fjármálaráðuneyti í landinu. Halda menn að þetta sé ekki að ná tökum á íslenskum náttúruauðlindum ef útlendingarnir koma í vaxandi mæli inn í fiskvinnsluna eða fiskkaup til að flytja aflann til útlanda til framhaldsvinnslu þar með einum eða öðrum hætti? Ætli sé þá langt í það að þeir taki fiskiskipin líka? Viðnámið er hér ekkert. Það hefur verið í sambandi við sjávarútveginn, en það er að bresta. Svo eiga þeir sem raka saman gróða í landinu í skjóli efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að geta stundað áhugaverða kvöldlesningu á fjármálasíðum New York Times og annarra blaða sem birta langa lista yfir stöðuna hjá einstökum fyrirtækjum vítt um heim.

Það eru þessi atriði sem ástæða er til að lýsa inn í þegar rætt er um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, jafnframt því sem varað er við þeim áframhaldandi hættuboðum sem blasa við Íslandi öllu utan höfuðborgarsvæðisins og blasa einnig við því launafólki hér á þessu svæði, sem þessi ríkisstjórn hefur af

arðinn af vinnu þeirra, láglaunafólksins í þjónustustörfunum hér í Reykjavík og nágrenni og auðvitað í þeirri takmörkuðu vinnslu í frumvinnslugreinum sem hér er enn þá rekin.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sé enn þá í húsinu og hæstv. fjmrh. einnig og óska eftir því að þeir verði sóttir. Enn fremur óska ég eftir því að formaður þingflokks Alþfl. verði sóttur sérstaklega og látinn gegna þingskyldum sínum hér vegna þess að hann er einn af ábyrgðarmönnum á þeirri stefnu sem hér er til umræðu.

Enn fremur vil ég sérstaklega þakka þeim eina þm. Sjálfstfl. sem hefur síðan um fimmleytið í dag verið viðstaddur þessa umræðu. Það er ánægjulegt að það skuli þó vera einn þm. Sjálfstfl. sem lætur sig umræðu um efnahagsmál og stefnu ríkisstjórnarinnar einhverju varða. Hann er hins vegar eins og ég varaþm. þannig að senn mun koma að því að það verður enginn þm. Sjálfstfl. sem sinnir þessum málum. Ég vænti þess að hæstv. forseti, sem ég lýsti sérstöku trausti á fyrr í kvöld og tók fúslega við áminningum frá í minn garð, verði jafneftirrekstrarsamur og snjall agameistari við hæstv. forsrh. og formann þingflokks Alþfl. og takist nú að draga þá hingað í salinn. (**Forseti:** Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að vekja athygli þessara þm. á því að nærveru þeirra er óskað.) Ég þakka hæstv. forseta það og það sýnir best mátt orða hans að hæstv. forsrh. birtist nú hér í hliðarsal.

Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið í dag því að hún hefur með býsna skýrum hætti lýst inn í þá ríkisstjórn sem hér hefur setið nokkra mánuði. Hún hefur sýnt skortinn á föstum tökum í efnahagsmálum, hún hefur sýnt skortinn á samræmdri stefnu og hún hefur kannski fyrst og fremst sýnt skortinn á innri sannfæringu ráðherranna og stjórnarliðanna á því að þeirra eigin orð hafi einhverja merkingu sem raunhæf stefna í efnahagsmálum. Mér finnst þess vegna blær ríkisstjórnarinnar við þessar umræður minna einna helst á síðustu mánuðina sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1978–1979 átti hér á Alþingi og með þjóðinni. Í þeirri ríkisstjórn ríkti ákveðin sundurþykkja, ákveðinn skortur á samræmdum tökum í efnahagsmálum og ákveðin vantrú þeirra sem í ríkisstjórninni voru, m.a. okkar og annarra, á því að verið væri á réttri braut. Það er þess vegna mjög merkilegt að fá tækifæri hér í upphafi þings til þess að lýsa með þessum hætti inn í hæstv. ríkisstjórn.

Það er greinilegt varðandi þá fyrstu spurningu sem ég bar fram að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki trú á sinni eigin gengisstefnu. Hæstv. forsrh. dansaði í kringum það hér að gefa til kynna hvort hann væri reiðubúinn að leggja líf ríkisstjórnarinnar við fastgengisstefnuna. Ef maður leggur saman það sem hæstv. forsrh. sagði þá er það alveg ljóst að hann var reiðubúinn að fella gengið á næstu mánuðum og sitja áfram sem forsrh. þessarar stjórnar. Það verður þó að segja hæstv. fjmrh. til hróss að eftir því sem leið á ræðu hans herti hann sig æ meira upp í því að líklegast væri nú rétt að reyna að standa við þennan hornstein stjórnarstefnunnar. En þó, þegar hann þagði augnablik og ég spurði hann með beinu frammíkalli hvort hann væri þá tilbúinn að tengja ráðherrasetuna við gengið, þá kom hikið og neiið.

Það er því alveg ljóst eftir þessa umræðu að það eina sem hæstv. ríkisstjórn hefur haldið fram í umræðunum núna að hún hafi gert, þ.e. að bjóða mönnum að kaupa bréf í erlendum kauphöllum, er ekki sá burðarás undir þessa fastgengisstefnu sem mun duga. Ég tel því að í ljósi þessarar umræðu sé það bara tímaspurning hvenær hæstv. ríkisstjórn fellir gengið. Léttir brandarar úr Verslunarskólanum hjá hæstv. forsrh. eru ekki svör sem duga frá manni sem hefur verið falið að vera oddviti íslensku þjóðarinnar í þessum málum. Það getur verið að þeir hafi dugað í Verslunarskólanum á sínum tíma, en þeir duga ekki hér.

Í öðru lagi er það líka ljóst á þessari umræðu að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki tekið formlega afstöðu til þess hvernig eigi að svara Alþýðusambandi Íslands. Það verkefni er þess vegna eftir. Hæstv. ríkisstjórn á að taka það fyrir á næsta ríkisstjórnarfundi, hvert verður svarið sem Alþýðusamband Íslands fær frá ríkisstjórninni, nema hæstv. forsrh. ætli að taka upp þá siðvenju að svara ekki þeim bréfum sem alþýðusamtökin í landinu, stærstu fjöldasamtök þessa lands, senda honum og ríkisstjórninni. Það dugir auðvitað ekki í þeim efnum og ég er satt að segja mjög undrandi á því að hæstv. viðskrh., sem umfram allt hefur verið með formföstustu embættismönnum þessa lands á undanförnum áratugum, og reyndar einnig hæstv. fjmrh., skuli grípa til þess eins í vörn sinni gagnvart þeim svikum sem Alþýðusambandið hefur formlega lýst í opinberu bréfi á hendur ríkisstjórnarinnar að vitna í einhverja fundi sem þeir hafi átt með forsvarsmönnum samtaka launafólks í Stjórnarráðinu. Ég hef líka heyrt um þessa fundi. (**Viðskrh.:** Yfirlýsingar í sjónvarpi.) Það er ánægjulegt að hæstv. viðskrh. telur nóg að eiga þau samskipti við fulltrúa alþýðusamtakanna í landinu að hlusta á þá í sjónvarpi. (**Viðskrh.:** Það var ekki það sem ég sagði.) Ja, það mátti skilja það þannig að það hefði dugað hæstv. ráðherra vegna þess að þegar hæstv. ráðherra sat hérna megin í salnum fyrr í dag kallaði hann fram í „Dagsbrún, Dagsbrún" þegar verið var að upplýsa það að alþýðusamtökin hefðu borið ríkisstjórninni á brýn svik og hefðu mótmælt matarskattinum. Ég hef heyrt forsvarsmenn samtaka launafólks lýsa þessum spjallfundum með hæstv. fjmrh. í fjmrn. fyrir nokkrum dögum síðan. Og þó að ég telji það ekki við hæfi að fara að hlaupa hér inn á Alþingi með lýsingar á því sem sagt er á svona spjallfundum í Stjórnarráðinu og gera það að ígildi formlegra samskipta við samtök launafólks að menn geti átt von á því hvenær sem er ef þeir detta inn í fjmrn. rétt fyrir hádegismat eða síðdegis og fá kaffi hjá fjmrh., þá standi hann

hér upp á Alþingi nokkrum dögum síðar og upphefji langar pólitískar útleggingar á þessum samtölum og telji þær útleggingar ígildi svara við formlegu erindi frá Alþýðusambandi Íslands. Það er náttúrlega ljóst að hæstv. viðskrh. hefur aldrei á undanförnum dögum rætt við forsvarsmenn launþegasamtakanna í landinu. (**Viðskrh.:** Það hefur hann gert.) Hefur hann rætt við Þröst Ólafsson? Nei, hann hefur nefnilega ekki rætt við Þröst Ólafsson, maðurinn sem kallaði Dagsbrún, Dagsbrún hérna fyrr í dag og ætlaði að leiða Dagsbrún til vitnis um það að menn styddu þó viðleitni ríkisstjórnarinnar hjá samtökum launafólks. Hann hefur ekki rætt við Þröst Ólafsson. Ég hef hins vegar rætt við Þröst Ólafsson og veit ósköp vel hver er hans skoðun og hvað hann sagði við hæstv. fjmrh. Og hvað sagði hann við hæstv. fjmrh. sem fjmrh. „gleymdi" að segja hér og væri rétt að fá hann aðeins í salinn, hæstv. fjmrh., augnablik og drepa í sígarettunni. Hvað sagði Þröstur Ólafsson við hæstv. fjmrh. sem hann „gleymdi" að segja þinginu frá? Jú, hann skoraði á hæstv. fjmrh. að draga matarskattinn til baka strax. Það var sú formlega ósk og krafa sem Þröstur Ólafsson setti fram á viðræðufundinum með fjmrh. í fjmrn. sem hann greindi ekki frá hér. Í staðinn þótti honum gott hrósið, að honum skyldi hafa tekist að leggja fram hallalaust fjárlagafrv. til sýnis, eins og hv. þm. Páll Pétursson kallar það. Þröstur Ólafsson, sem stjórnaði hallalausum ríkisbúskap ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, hælir auðvitað öllum þeim sem slíkt gera. En það var athyglisvert og ber ekki vott um mikla sannleiksást hæstv. fjmrh. að hann skyldi gleyma að segja þingheimi frá því hvað Þröstur Ólafsson sagði um það atriði sem fyrst og fremst er hér til umræðu. Það var áskorun á hæstv. fjmrh. að draga matarskattinn strax til baka. Þannig er ljóst að bæði með formlegu bréfi frá forseta Alþýðusambandsins og á fundi framkvæmdastjóra Dagsbrúnar með hæstv. fjmrh. hefur verið lögð fram krafa um að matarskatturinn verði dreginn til baka skilyrðislaust. Ekki með neinum dansi um það: Ef þið komið hérna, strákar mínir, og viljið ræða við mig um launastefnuna á árinu 1988 skal ég kannski draga matarskattinn til baka. Það þarf að draga hann til baka strax. Ef hæstv. fjmrh. ætlar að leggja í vana sinn hér á Alþingi að segja frá kaffibollasamræðum sínum í fjmrn. væri óskandi að það væri réttari frásögn en sú sem kom í dag.

Ég ætla svo ekki að gera þessa svokölluðu fundi, sem þeir ráðherrar Alþfl. telja núna ígildi samráðs við samtök launafólks, að umræðuefni hér vegna þess að ég tel það ekki samrýmast réttum vinnubrögðum í stjórnmálum að menn séu yfir höfuð að gera slíka spjallfundi að opinberum málflutningsþætti á Alþingi Íslendinga, einkum og sér í lagi ekki þegar formlegt erindi liggur á borði ríkisstjórnarinnar frá forseta Alþýðusambandsins. En ég skal svo sem geta þess að fyrir tveimur dögum og aftur í dag heyrði ég þá forsvarsmenn samtaka launafólks sem sátu á þessum fundum segja að þeir hefðu verið ósköp ómerkilegir og satt að segja hefðu ráðherrarnir haft afar lítið fram að færa. Hafi álit þeirra á stefnu ríkisstjórnarinnar verið lítið áður en þeir löbbuðu inn í fjmrn. var það ekki meira þegar þeir fóru þaðan út. En ég geri það ekki að stóru máli hér vegna þess að ég tel frásagnir af slíku ekki vera almennan þátt í umræðu okkar hér, en fyrst ráðherrarnir gerðu það að uppistöðu í sinni vörn var óhjákvæmilegt að segja frá hinu rétta í þessum efnum.

Það stendur þess vegna, hæstv. fjmrh., enn þá á þér krafan um að draga matarskattinn til baka. Þegar þú ert búinn að því getur þú komið og rætt við samtök launafólks. Fyrr en þú gerir það ertu brennimerktur sem maður sem ekki er hægt að treysta.

Í þriðja lagi er svo ljóst að fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram er, eins og hv. þm. Páll Pétursson hefur sagt, eingöngu til sýnis. Það vita það allir að ríkisstjórnir leggja fram stjfrv. með tvennum hætti. Oft gerist það að stjfrv. eru lögð fram til kynningar, eins og kallað er, sem er annað orðalag yfir „til sýnis". Það eru frv. sem fela ekki endilega í sér stefnu ríkisstjórnarinnar, sem ætlast er til að þjóðin og þingið hafi töluvert frjálsræði um hvað gert er við og eiga að leiða til almennrar umræðu meðal þjóðarinnar. Síðan eru þau stjfrv. sem eru að forminu til tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis og sem hún vill gjarnan fá afgreiddar í þeirri mynd sem hún leggur þau fram sem stefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur aldrei gerst fyrr en nú að fjárlagafrv. sé flokkað í fyrri flokkinn, það sé bara lagt fram til kynningar. En það er hins vegar ómótmælt eftir þessa umræðu að innan ríkisstjórnarinnar og í þingflokki Framsfl. ríkir engin samstaða um þetta frv. Það er þess vegna afsakanlegt, og ég ætla ekkert að átelja hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann skyldi verja sinni löngu ræðu til að svara fyrir forsrh. Það var skiljanlegt. Það þurfti að reyna að gera það betur en forsrh. gerði. Og eins og ég sagði áðan og hældi hæstv. fjmrh. fyrir það var hann aðeins djarfari í því að hengja líf ríkisstjórnarinnar við gengisstefnuna. En hann sagði hins vegar ekkert um fjárlagafrv. Hann sagði ekkert um hver væri hin formlega staða þeirrar nefndar sem Páll Pétursson og Egill Jónsson veita forstöðu og hefur afgreiðslu fjárlagafrv. í hendi sér. Á fjvn. t.d. að bíða eftir því að sú nefnd ljúki störfum? Á að bíða með tekjuhlið frv. þar til hv. þm. Páll Pétursson og Egill Jónsson skila áliti? Er ætlunin t.d. að 2. umr. um fjárlagafrv. fari fram án þess að niðurstaðan í þessari nefnd liggi fyrir? Hvert er verkefni ráðherranefndarinnar um efnahagsmál sem tilkynnt var með pompi og prakt í sumar ef hún á ekki að fjalla um slíkt höfuðatriði í ágreiningi milli stjórnarflokkanna eins og þetta? Hvar liggur valdið? Hver stjórnar? Egill Jónsson eða Jón Baldvin Hannibalsson? Það mun koma í ljós. En á meðan er alveg ljóst að Alþingi hefur verið boðið upp á að fjalla hér um fjárlagafrv. sem er fyrst og fremst til sýnis.

Herra forseti. Ég þakka það hrós sem hv. þm.

Guðmundur G. Þórarinsson flutti í minn garð og skemmtilegheit hér í dag sem ég var kannski ekki alveg viss um að ég ætti skilið. Hann var hins vegar sjálfur að reyna að komast í flokk með okkur Ómari Ragnarssyni og Halla og Ladda og ber að taka viðleitnina sem áfanga að þeim sérstaka flokki. En mér fannst sagan í lok ræðunnar eiga frekar við hv. þm. en mig, þ.e. sagan um barnið sem stóð fyrir framan klessumálverkið og sagði við föður sinn: „Ekki ég, ekki gerði ég þetta", því hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er eini þm. stjórnarflokkanna sem hefur í upphafi þings gengið sérstaklega opinberlega fram á völlinn til þess að segja: Ekki gerði ég þetta. Ekki samþykkti ég matarskattinn. Ekki styð ég fastgengisstefnuna. Ekki er ég með fjárlagafrv. Þessi „ekki ég" stíll er því fyrst og fremst upphafið að hinni nýju þingsetu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og kemur okkur í Alþb. ekki á óvart vegna þess að ef það var eitthvert samhengi í stjórnmálaafskiptum hans á tímabilinu 1980–1983 var það einmitt þessi „ekki ég" stefna, að reyna að skjóta sér frá því sem óvinsælt var á hverjum tíma, taka upp aðra stefnu en samstarfsaðilar hans í ýmsum veigamiklum málaflokkum og þannig reyna með ýmsum hætti að skapa sér sérstöðu.

Herra forseti. Það hefur verið kvartað undan því í þessari umræðu að ég hafi ekki lýst stefnu Alþb. Það er nú einu sinni þannig að hér á Alþingi verður að taka tillit til ákveðinna forma. Mér var ekki veittur réttur til að fara upp utan dagskrár til þess að kynna stefnu Alþb., en ef þess er eindregið óskað af hæstv. ráðherrum og öðrum þm. er ég alveg reiðubúinn að gera það bæði fyrir og eftir landsfund. En formið á þessari umræðu var einfaldlega að reyna að knýja á um skýr svör hér á Alþingi varðandi það sem snýr að ríkisstjórninni sjálfri. Ég var ekki að misnota mér ræðutíma til að vefja inn í þá framsögu útlistunum á stefnu Alþb.

Ég er alveg sammála því að ríkisstjórninni 1980–1983 urðu á mikil mistök. Ég rifja upp hér að Alþb. lagði formlega til við Framsfl. og sjálfstæðismennina í þeirri ríkisstjórn í október 1982 með bréfi, sem sent var Steingrími Hermannssyni formanni Framsfl. og þáv. forsrh. Gunnari Thoroddsen, að ríkisstjórnin ryfi þing og efndi til kosninga vegna þess að hún hefði ekki lengur þingmeirihluta til að ráða við þann mikla efnahagsvanda sem fram undan var. Við töldum það óverjandi fyrir ríkisstjórnina og þjóðina að leggja inn í þann vetur mikilla efnahagserfiðleika án þess að hafa þingmeirihluta á Alþingi til að takast á við það. En þá sagði Framsfl. nei. Hann var ekki reiðubúinn að fara og sækja þingmeirihluta til að taka á efnahagsmálunum heldur vildi láta reka á reiðanum í bullandi verðbólgu fram til vors af því að það var staðreynd að hv. þm. Eggert Haukdal og Albert Guðmundsson, þáverandi velunnari ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, studdu hana ekki lengur hvorki í orði né verki. Og Gunnar Thoroddsen og sjálfstæðismennirnir vildu ekki gera það heldur. En það voru hins vegar mistök okkar í Alþb., þegar samstarfsaðilar okkar neituðu að efna til kosninga og rjúfa þing haustið 1982, að fara þá ekki út úr ríkisstjórninni vegna þess að meðan við sátum áfram bárum við ábyrgð á þeirri óstjórn í efnahagsmálum sem kom í kjölfarið. En við höfum lært af þeim mistökum, þ.e. þegar ríkisstjórn hefur misst þingmeirihluta sinn til að ráða við efnahagsvandann og samstarfsflokkarnir eru ekki tilbúnir að fara og sækja nýjan styrk á flokkurinn auðvitað að fara út úr þeirri ríkisstjórn. Það er lærdómur sem við höfum dregið alveg skýrt og eindregið og sem almenn samstaða er um í Alþb. í dag. Það voru mistök að fara ekki út úr ríkisstjórninni þá strax.

Við höfum hins vegar lagt á það ríka áherslu að hér beri brýna nauðsyn til að vera með stöðugt gengi. Það er alveg ljóst. Spurningin er hins vegar: Hver á að bera herkostnaðinn af þeirri gengisstefnu, alþýðan í frystihúsunum eða þeir sem hafa verið að reisa verslunarhallirnar og safna auði í þessu landi og sem sérstaklega hefur verið opnað fyrir til þess að þeir geti fjárfest fyrir hann í Tokyo, New York og London?

Við erum líka á móti millifærslustefnu í fjármálakerfi landsins, hæstv. fjmrh., en við gerum okkur líka grein fyrir því að það að leggja fram fjárlagafrv. eins og hæstv. fjmrh. hefur gert, þar sem millifærslustefnan hefur ekki pólitískan stuðning ríkisstjórnarflokkanna, er líka sýndarmennska. Fjmrh. hefur enga tryggingu fyrir því í dag að fjárlagafrv., þegar upp verður staðið, beri svipmót þess að hætt verði við þessa leið. Við eru líka sammála því að það eigi að nota góðærið til að draga úr erlendum lánum. Það er meira að segja fátt sem við höfum sagt meira og oftar á undanförnum árum en einmitt það og vöruðum við í kosningabaráttunni viku eftir viku og fund eftir fund, þ.e. þeim hættum sem í því felast.

Við erum líka sammála því að það þurfi að taka skattsvikin til meðferðar, en það hvarflaði reyndar aldrei að okkur að fyrsta aðferð hæstv. fjmrh. til þess yrði að leggja matarskatt á almenning í stað þess að taka á þeim fyrirtækjum og öðrum sem raunverulega hafa stolið undan og sem almenningur á venjulega við þegar talað er um skattsvikara. Almenningur hefur aldrei skilið þessa skattsvikastefnu Alþfl.; að almenningur sem ekki hefur borgað söluskatt af matvælunum sínum, mjólkinni, fiskinum og kjötinu, sé skattsvikarar. Það er einmitt það sem hæstv. fjmrh. var að segja hér í dag, að matarskatturinn væri fyrsta aðferðin til að lækna þessi skattsvik. En það hefur ekki heyrst mikið frá honum um hin.

Sama gildir um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Við höfum verið miklir talsmenn þess að hún sé nauðsynleg í okkar landi. Það er ekki aðferð að koma henni á að henda hér inn fjárlagafrv. þar sem allir sveitarstjórnarmenn á landinu standa á gati yfir hvernig eigi að framkvæma eða hvað það feli í sér. Halda menn að það sé aðferðin til að koma á nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að sýna slíkan valdshroka að tilkynna úr Stjórnarráðinu einn

góðan veðurdag að svona eigi þetta að vera og veita engin svör þegar hundruð sveitarstjórnarmanna um allt land spyrja hvernig og hvað næst? Slíkar aðferðir eyðileggja alla raunhæfa möguleika til að koma á nýrri verkaskiptingu í þessum efnum vegna þess að þær skapa bara tortryggni.

Þannig væri full ástæða til að fara í gegnum þær átta spurningar sem hæstv. fjmrh. beindi til mín. Ég hef kannski orðið aðeins langorðari en ég ætlaði mér í upphafi vegna þess að ég taldi rétt að fara ekki úr ræðustólnum án þess að hafa reynt aðeins að reifa þó ekki væri nema í stuttu máli með fáeinum atriðum það sem hæstv. fjmrh. óskaði eftir að yrði sérstaklega reifað.

Herra forseti. Því miður er það þannig að þessi umræða hefur leitt í ljós að tími blekkinganna í íslenskri efnahagsstjórn á að halda áfram. Atvinnuvegirnir hafa ekki sannfæringu fyrir því að gengisstefnan verði áfram óbreytt. Forustumenn launafólks hafa heldur ekki trú á því. Hluti af stjórnarflokkunum hefur ekki heldur þá trú. Forustumenn launafólks vita ekki hvernig þeir eiga að ganga næstu skrefin til viðræðna við ríkisvald og atvinnurekendur og ráðherrarnir hafa ekki sýnt þá lágmarkskurteisi að taka formlega afstöðu til þess erindis sem forseti Alþýðusambandsins hefur sent ríkisstjórninni. Þess vegna verðum við enn að búa við ríkisstjórn, þrátt fyrir samanlagða hagfræðimenntun allra þeirra sem í henni sitja, sem að vísu finnst ekki í ráðherraliði Sjálfstfl. en hjá hinum, sem minnir mann á ógæfudagana á síðustu mánuðum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978–1979, minnir á markleysið og stjórnleysið veturinn 1982–1983 í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Það er þess vegna sem bæði þjóðin og þingið spyr þessa dagana: Hvað verða það margir mánuðir enn þangað til þjóðin fær raunverulega ríkisstjórn sem hættir þessum blekkingarleik og tekst á við efnahagsstjórnina í landinu?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það eru örfáar athugasemdir. Mér skilst á upphafsmanni þessarar umræðu að hann hafi ekki talið mín svör nægilega skýr, kannski engin, við þeirri lykilspurningu málshefjanda hver væri staða fjárlagafrv. í tilefni af yfirlýsingum hæstv. landbrh. (**ÓRG:** Og formanns þingflokks Framsfl.) Ástæðan er nú einfaldlega sú að ég taldi að afdráttarlaus yfirlýsing formanns Framsfl., sem almennt mun vera viðurkenndur húsbóndi á sínu heimili, nægði bæði þessum hv. þm. og öðrum þar sem hann lýsti því afdráttarlaust yfir, og hefði svo sem ekki þurft að gera það, að að sjálfsögðu styddi Framsfl. þetta frv. til fjárlaga. Og af því að spurt er sérstaklega um hvers eðlis fyrirvari hæstv. landbrh. er er rétt að það komi hér fram. Fyrirvarinn svo sem hann er bókaður í ríkisstjórn er á þá leið að hann varðar það, hvernig, ekki hvort heldur hvernig, koma megi fram þeirri stefnu fjárlagafrv. sem birtist í lækkun útgjalda til landbúnaðarmála. Sem fylgibréf þar með eru gerðar tillögur um að stjórnarflokkarnir skipi nefnd þriggja manna sem taki til athugunar þrennt:

1. Hvernig koma megi við aukinni hagræðingu innan landbúnaðarins.

2. Hvort flytja megi milli einstakra liða þá lækkun heildarútgjalda sem frv. gerir ráð fyrir.

3. Ef það takist ekki, þá velti nefndin fyrir sér tillögum um aukna tekjuöflun.

Þetta er fyrirvarinn. Þá liggur fyrir: Í fyrsta lagi: Að sjálfsögðu stendur Framsfl., sbr. yfirlýsingu hæstv. forsrh. og formanns flokksins, að fjárlögum. Og í annan stað: Þessi fyrirvari er um það hvernig fram megi koma stefnu fjárlagafrv. (**ÓRG:** Þorsteinn Pálsson er forsrh. Þú ert orðinn eins og sjónvarpið. Þú veist ekki hver er forsrh.) Utanrrh. að sjálfsögðu. Það er nú svo. Tungunni er nokkuð tamt að ávarpa hæstv. utanrrh. sem forsrh. því það gerði maður ótæpilega sem stjórnarandstæðingur úr þessum stól fyrir nokkru. (Gripið fram í.) Það voru orð málshefjanda, ekki mín.

Þetta held ég að hafi verið megininntakið í því sem hv. málshefjandi þurfti að fá svör við. Að öðru leyti var hann svo elskulegur að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans og var reyndar reiðubúinn að lýsa stefnu Alþb. bæði fyrir og eftir landsfund. Við skulum vona að hann verði tilkvaddur til þess eftir landsfund. En af þeim orðum hans mátti ekki heyra að það væri um harðvítugan ágreining að ræða. Að sjálfsögðu hafði hv. þm. lært sitthvað af beiskri reynslu í vondum ríkisstjórnum á fyrri tíð. Að sjálfsögðu er hann ekki meðmæltur gengislækkunum. Að sjálfsögðu er hann fylgjandi jöfnuði í ríkisfjármálum. Að sjálfsögðu er hann á móti millifærslum til t.d. atvinnuvega af skattpeningum almennings og vill draga úr þeim. Að sjálfsögðu vill hann endurbæta skattakerfið, einfalda það, gera það skilvirkara, uppræta skattsvik. Að sjálfsögðu er hann fylgjandi breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga o.s.frv. Það virðist þá ekki vera mikið eftir til að deila um við hv. málshefjanda. (**ÓRG:** Um aðferðirnar.) Aðferðirnar, segir hv. þm. Það er nú það.

Það er ósköp eðlilegt ef menn spyrja t.d. í sambandi við skattakerfið: Hefur verið gætt einhvers jafnvægis í því hverjir bera þau gjöld sem við neitum ekki og staðreynd er að verið er að leggja á með aukinni tekjuöflun? Ég tók t.d. eftir því í málflutningi málsvara Kvennalistans að þær skáru sig nokkuð úr að nokkru leyti eða málsvarinn. Hún lýsti því að hún hefði heldur kosið aðrar leiðir. M.ö.o.: Kvennalistinn lýsti stuðningi sínum við stóreignaskatt fremur en þær leiðir sem hér eru farnar. Oft er það orðað svo að menn hefðu gjarnan viljað sjá að fyrirtækin legðu aukið fram til hinnar sameiginlegu gjaldtöku þjóðarbúsins og er út af fyrir sig ástæða til að líta svolítið á það. Ég viðurkenni að ég átti ekki von á því að sú ákvörðun ríkisstjórnar að fara þá leið annars vegar að lækka útgjöld og hins vegar að afla nýrra tekna til þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á næsta ári vekti neinn allsherjar-

fögnuð. Einhvers staðar kemur það niður. Spurningin er: Hvar kemur það niður? Merkilegt má það heita að á mínu borði þar sem koma mörg skjöl á degi hverjum er fyrirferðarmesti pósturinn frá talsmönnum atvinnuveganna sem mótmæla því harðlega að það sé gengið allt of langt í því að leggja aukin gjöld á fyrirtækin. Dæmi um það má nefna áform um breytingar á tekjuskattsálagningu fyrirtækja sem áformað er að skili tekjum upp á 150 millj. kr. Dæmi um það má nefna það fyrsta skref í átt til samræmingar að því er varðar launaskatt, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson andmælti hvað harðast hér áðan, sem áformað er að skili ríkissjóði 400 millj. kr. Dæmi um það er svokallað verktakagjald, þ.e. gjaldtaka af þeim verktökum sem vinna í þjónustu varnarliðsins, áætlað upp á 50 millj. kr. Það eru samtals 600 millj. á þessum póstum.

Einnig má nefna gjaldtöku vegna erlendra lána og hækkun á ríkisábyrgðagjaldi sem áætla má á 350 millj. kr. Sérstök tekjuöflun önnur sem varðar fyrirtækin. Að sjálfsögðu er ÁTVR ríkisfyrirtæki og það er auðvitað beinn neysluskattur þótt innheimt sé í gegnum það fyrirtæki, en áformin um tollasamræmingu og samræmt vörugjald eru hins vegar tekjustofn sem áætlað er að skili ríkissjóði um 100 millj. kr. Þegar saman er talið má færa að því rök að um 1650 millj. séu lagðar með einum eða öðrum hætti á atvinnulífið í landinu fyrir utan að það er dregið mjög verulega úr millifærslum af skattpeningi almennings til fyrirtækja og samtaka þeirra.

Heyrði ég ekki rétt að einn talsmaður Alþb. hefði fullyrt, kannski hv. málshefjandi, að það hefði verið létt af fyrirtækjum, af atvinnulífinu í landinu upp á 2000 millj.? Ekki ætla ég að bera ábyrgð á þeirri tölu, en lætur þetta ekki nokkuð nærri?

Annað mál, sem ástæða væri til að ræða um og ég verð að viðurkenna að olli mér vonbrigðum hvernig sumir hv. þm. fjölluðu um, eru tillögurnar um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er sannast sagna að það mál er ekki nýtt. Það er ekki nýtt í umfjöllun á hinu háa Alþingi. Það á sér langa sögu. En það gerðist í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að samkomulag tókst í sérstakri nefnd á vegum félmrn. sem í áttu sæti fulltrúar sveitarfélaganna, þar á meðal forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga, um tillögur í því efni. Þær tillögur voru lagðar fram í apríl sl. Þær tillögur sem við gerum nú um breytingar í þessu efni eru fullkomlega í samræmi við það. Þær hafa ekki verið settar fram án samráðs við sveitarfélög. Þær hafa verið ræddar við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga, bæði af hálfu fjmrn. og af hálfu félmrn. Þessar tillögur hafa einnig verið ræddar við fulltrúa borgarstjórnar Reykjavíkur. Tillögurnar eru út af fyrir sig ekki umdeildar meðal sveitarstjórnarmanna. Þá er spurningin: Hvernig á að haga framkvæmdum? Eins og rækilega er gerð grein fyrir í grg. fjárlagafrv. er það á þennan veg:

Í fyrsta lagi: Hér er um að ræða útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin á næsta ári upp á 200 millj. kr., en það liggur fyrir að þessum útgjaldaauka á að mæta með a.m.k. 350 millj. kr. frá ríkissjóði. M.ö.o.: þessi útgjaldaauki er bættur með mun hærri fjárhæð en þeim útgjaldaauka sem sveitarfélögin verða að taka á sig af þessum sökum. Þetta er gert með tvennum hætti. Þetta verður líka gert í gegnum Jöfnunarsjóð og nú liggur það fyrir og er frá greint í fjárlagafrv. að lögin um Jöfnunarsjóð verður að taka upp til endurskoðunar. Fyrir því eru tvær ástæður: Tekjustofn Jöfnunarsjóðs er ákveðið hlutfall af söluskatti og í annan stað ákveðið hlutfall af tolltekjum ríkissjóðs. Lögum um hvort tveggja verður breytt, ef áform ríkisstjórnarinnar takast, þannig að þegar af þessum tveimur ástæðum þarf að breyta lögum um Jöfnunarsjóð.

Því næst er það að um leið er það okkar ætlan að hlutverk Jöfnunarsjóðs verði skilgreint með öðrum hætti, þ.e. sá hluti hans sem fyrst og fremst sinnir þörfum hinna minni sveitarfélaga verði efldur. Þegar kemur að spurningunni um hvernig eigi að koma á svona verkaskiptingu, hvort er yfirleitt hægt að gera það í eitt skipti fyrir öll eða hvort ríkissjóður er skuldbundinn til að greiða það sem sveitarstjórnarmenn gjarnan kalla hala frá fyrri tíð, bið ég menn að hugleiða eftirfarandi:

Ef við ætlum að framkvæma slíkar tillögur, sem lengi hafa verið til umræðu, veruleg samstaða er um, er aldrei hægt að segja á einhverju einu tilteknu ári: Nú klippum við á. Eftir það færast þessi verkefni yfir til sveitarfélaganna og þá koma ekki til meiri framlög ríkissjóðs. Þá er það ekki hægt á neinu einstöku ári vegna þess að jafnvel þótt greiddur yrði allur svokallaður „skuldahali", jafnvel þótt hann yrði greiddur allur, er eftir hlutur þeirra sveitarfélaga sem ekki telja sig hafa hafið framkvæmdir. Þessu verkefni verður því ekki sinnt nema með því að koma upp sérstakri deild í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ríkissjóður mun leggja til á næstu árum og þá verði greitt í gegnum þá deild með nákvæmlega sama hætti og greitt hefur verið af fjárlögum eða af þessum sjóðum, Félagsheimilasjóði og Íþróttasjóði, til þeirra sveitarfélaga sem eru að vinna að þessum verkefnum hverju sinni. Og það mega menn vita að okkar áform eru að reyna að greiða svo fyrir sveitarfélögunum í þessu efni að það þurfi ekki að verða að ásteytingarsteini og ég bið hv. þm. að gera ekki þann óvinafagnað að reyna að hleypa þessu máli í uppnám að óþörfu eða spilla því því að þetta er hið mesta hagsmunamál sveitarfélaganna sjálfra, landsbyggðarinnar, og það er ástæðulaust að vekja upp aukna tortryggni um þetta mál að óþörfu.

Nokkur orð að því er varðar ábendingar um að hlutur íþróttahreyfingarinnar sé lítill í þessu fjárlagafrv., og þá eru menn með í huga þær tölur að fjárveiting á yfirstandandi ári til Íþróttasambands Íslands svo að ég taki dæmi eru 26,2 millj. kr. en í frv. fyrir 1988 14,4 millj. kr. Og þá er spurningin út frá þessu dæmi: Lýsir þetta einhverjum óskaplegum fjandskap og illvilja núverandi stjórnarmeirihluta í garð íþróttahreyfingarinnar? Því fer fjarri. Alþingi hefur samþykkt lög um sérstaka fjáröflun til íþrótta-

hreyfingarinnar, Ungmennafélagsins og Öryrkjabandalagsins, lög um lottó, og auðvitað til að styrkja fjárhag þessara þjóðþrifasamtaka. Skipting þess fjár er þannig að Íþróttasambandið fær 46,67%, Öryrkjabandalagið 40% og Ungmennafélag Íslands 13,3%. Í rökstuðningi með fjárbeiðni Íþróttasambands Íslands til menntmrn. kemur fram að hluti ÍSÍ af rekstrarhagnaði lottós fyrstu átta mánuði rekstrartímans var 70 millj. kr. Það bendir til þess að heildarhagnaður hafi numið 150 millj. kr. á átta *mánuðum, en einfaldur framreikningur gefur þá* vísbendingu um rekstrarhagnað upp að 225 millj. kr. Ef reiknað er með 225 millj. kr. árshagnaði af lottóinu skiptist hann þannig milli aðila: ÍSÍ ætti að fá í sinn hlut 105 millj., Öryrkjabandalagið 90 millj. og Ungmennafélagið 30 millj. Þess skal svo getið að nýjustu upplýsingar eru þær að síðan í febrúar, þegar fyrst var farið að greiða út hagnað, hafi verið greiddar út alls 185 millj. og af þeirri upphæð hafi ÍSÍ fengð 86 millj., Öryrkjabandalagið 74 millj. og Ungmennafélag Íslands 24. Framlag ÍSÍ á gildandi fjárlögum er eins og ég sagði 26,3 millj. en í fjárlagafrv. 14. Þetta eru ekki háar tölur í samanburði við það stóraukna fjármagn sem þessum hreyfingum er tryggt með lögvernduðum rétti þeirra til hlutdeildar í lottóinu. Ég held að það geti enginn haldið því fram að með þessum hætti hafi Alþingi gert hlut þessara hreyfinga verri. Þvert á móti sýna tölurnar að hann er sem betur fer mikið betri. Menn mega ekki hengja hatt sinn á það að það sé eitthvert trúar- og sáluhjálparatriði með hvaða hætti þessi aðstoð er veitt. Aðstoðin byggist á lögvernduðum rétti samtakanna til lottós og hún hefur tryggt þeim stórlega bættan fjárhag.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil að lokum aðeins leiðrétta mishermi úr ræðu málshefjanda. Hann sakaði mig um að hafa þagað yfir eða stungið undir stól veigamiklum þætti í því sem okkur Þresti Ólafssyni fór á milli í viðræðum, sem að vísu fóru ekki fram í fjmrn. en það er nú aukaatriði, í gær. M.ö.o.: þar hafi Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Dagsbrúnar, sett fram kröfu, eins og hv. málshefjandi sagði, um niðurfellingu matarskatts skilyrðislaust. Þetta er einfaldlega rangt. Ég hefði að sjálfsögðu skýrt frá þessu ef þetta hefði verið sett fram með þeim hætti. Sannleikurinn er sá að engin slík krafa var sett fram í mín eyru. Að vísu þurfti ég að víkja af þessum fundi til að koma hingað á þingfund áður en honum lauk, en eftir að ég veik af fundi voru teknar upp viðræður, sem aðstoðarmaður minn stýrði, þar sem menn ræddu hvort það kynni að vera samkomulagsgrundvöllur að því er varðaði mörkun launastefnu á næsta ári ef ríkisstjórnin fyrir sitt leyti tæki til athugunar að falla frá flýtingu á gildistöku þeirra breytinga á söluskattinum sem við höfum um rætt og menn tóku eftir hvaða orð ég lét um falla áðan.

Herra forseti. Að öllum mönnum ólöstuðum sem þátt hafa tekið í þessari umræðu og að ólöstuðum ræðum stjórnarandstöðunnar hafði ég mesta ánægju af ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og þeim notalega og áreitnislausa húmor er einkenndi þá ræðu. Ég tók vel eftir því hvað hv. þm. sagði. Hann sagði: Ég mun ekki fallast á eða greiða atkvæði því að leggja söluskatt á matvörur nema því aðeins að því fylgi vandaðar hliðarráðstafanir sem tryggi hag sérstaklega barnmargra fjölskyldna. — Ég vek athygli á því að í starfsáætlun og stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, þar sem því er heitið að framfylgja tillögum svokallaðrar skattsvikanefndar um einföldun söluskattskerfisins og þá um leið lækkun álagningarprósentunnar, er það rækilega útlistað að ríkisstjórnin hafi í hyggju að mæta verðhækkunaráhrifunum með beinum aðgerðum af auknum tekjum af slíkum skatti og aðferðirnar sem boðaðar eru eru í formi aukins persónuafsláttar í tekjuskatti, aukinna barna- og fjölskyldubóta og hækkaðra bótagreiðslna almannatrygginga. Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu ekki fallið frá þeim áformum og í undirbúningi er breyting á lögum um söluskattinn í þessum anda er taki gildi um áramót. Það sem gerðist að því er varðar flýtingu á þessum skatti fram til 1. nóv. er þáttur í þeim heildaraðgerðum sem ríkisstjórnin hefur nú gripið til til þess að draga úr þenslu, neyslu, innflutningi og hamla gegn vaxandi viðskiptahalla. Að þessu sinni er um það að ræða að tekjur ríkissjóðs af þessari flýtingu söluskattsbreytingarinnar eru, eins og hæstv. sjútvrh. gat um, áætlaðar 150 millj. kr. á þessu ári. En þar af er áætlað að verja helmingnum til niðurgreiðslna á matvörur. Nú er ég að vísu þeirrar skoðunar að það sé ekki nægilega góð leið, en flýtingin veldur því hins vegar að það er einfaldlega ógerningur innan þessara tímamarka að koma fram með vönduðum undirbúningi þeim tekjujöfnunaraðgerðum sem að öðru leyti eru boðaðar um áramót.

Það var laukrétt, sem hv. þm. sagði, að vald ráðherra að því er varðar það að kveða á um undanþágur frá söluskatti samrýmist ekki réttum reglum um löggjöf. Það er allt of mikið og hefur því miður oft og tíðum verið misnotað. Þess vegna vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því að í þessu fjárlagafrv. er gerð tillaga um það í 6. gr. fjárlagafrv., sem er frægasta grein þess og felur í sér m.a. ótæpilegar heimildir til fjmrh. til að fella niður söluskatt, aðflutningsgjöld og tolla samkvæmt beiðnum hinna og þessara aðila, að þessar heimildir verði felldar niður með þeim rökum að ef það er vilji meiri hluta Alþingis að viðhalda slíkum undanþágum eigi að finna þeim stað í viðkomandi löggjöf, þ.e. annaðhvort lögum um söluskatt eða lögum um tolla. Ég er því svo sannarlega sammála hv. þm. þegar hann hreyfir þessari málefnalegu og rökstuddu gagnrýni.

Það voru látin ýmis orð falla um að í þeirri stefnu sem núv. ríkisstjórn hefur mótað sé fólginn einhver fjandskapur við launþega og landsbyggð. Ég held að hvorug þessi fullyrðing standist. Ég held að það sé alveg ljóst að því er varðar kjör og hagsmuni launþega í landinu að það er eitt sem er það versta

sem fyrir getur komið að því er varðar þeirra hag á næstu vikum, mánuðum og missirum, og það er ef sú ákvörðun núv. ríkisstjórnar að renna styrkari stoðum undir fastgengisstefnuna brestur af einhverjum ástæðum. Afleiðingin af því er gamalkunn, víxlhækkanaverðbólga sem mun fara eldi verðbólgunnar um kaupmátt launþega.

Og að því er varðar kjör landsbyggðarinnar er það að sjálfsögðu ljóst að hér mundu sennilega flestir hv. þm. vilja taka undir að það væri æskilegt að hafa meira fé til að leggja af mörkum til margra þarfra verkefna á landsbyggðinni. En ég minni hv. þm. á að ef ríkissjóður er rekinn með verulegum halla sem nemur mörgum milljörðum fyrst var stefnt í óefni fram í tímann að sjá óskum þm. um að verja auknu fjármagni til þarfra verkefna á landsbyggðinni. Sú athöfn ein að uppræta þennan halla er ávísun á bætta tíð á ríkisfjármálum í framtíðinni og þó er það svo að innan ramma þeirra fjárlaga sem hér eru sett fram verður því ekki með rökum í móti mælt að ákveðnum veigamiklum þáttum sem varða byggðastefnu og hagsmuni landsbyggðarinnar er gert betur undir höfði en áður var. Til þess nefni ég dæmi um samgöngumál, til þess nefni ég dæmi um framlög til vegagerðar sem eru aukin úr 2100 millj. í 2850 millj., sem er raunaukning um 19,1%, til þess nefni ég framlög til flugvallagerðar og flugöryggismála sem eru þrefölduð svo að ég nefni nokkur dæmi. Sama máli gegnir um mál sem var mikið hitamál á síðasta þingi sem eru málefni sérkennslunnar á grunnskólastigi, en til þess málaflokks hefur verið varið um 40 millj. kr. hærri upphæð en í fyrra og tillögur menntmrn. í því efni teknar til greina að fullu og öllu. Það er því ekki rétt að það megi ekki finna mörg dæmi um það í þessu fjárlagafrv. að reynt er þrátt fyrir þröngan hag ríkissjóðs á þessu umskiptaári að taka á veigamiklum málaflokkum sem í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var lögð megináhersla á í byggðamálum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á síðustu orðum hæstv. fjmrh. Það hefur engum þm., nema e.t.v. einhverjum af hæstv. ráðherrum, ég efast um nokkrum landsmanni, dottið það í hug að ríkisstjórnin hefði ákveðið að gera alls ekki neitt. Hún þarf ekki að hæla sér af því að hún skeri ekki niður í öllum málaflokkum. Hann talar um auknar fjárhæðir í framkvæmdir á ýmsum sviðum, vegagerð, flugvallagerð o.fl. Er ekki verið að hækka bensínið? Er ekki verið að taka meira af umferðinni? Það bjóst enginn við því, jafnvel ekki stjórnarandstaðan, hin bölvaða, sem svo hefur verið lýst hér, að ríkisstjórnin væri að gefa kost á sér til að stjórna upp á það að hætta að leggja fé í opinberar framkvæmdir yfirleitt á einu bretti, með einu pennastriki eins og ég kallaði það einu sinni. Ég óska ríkisstjórninni og fjmrh. sérstaklega til hamingju með að vera ekki búnir að ná þeim áfanga enn þá. Og það eru gleðitíðindin frá hæstv. fjmrh. til þjóðarinnar að eitthvað skuli þó eiga að gera við þá peninga sem koma úr þeirri síauknu skattheimtu sem við lesum um á hverjum degi. Til hamingju, hæstv. fjmrh.

Ég ætla að reyna að halda ekki mjög langa ræðu. En ég verð að segja það alveg eins og er að mig furðar ekki þótt flest mótmælabréf til hæstv. fjmrh. komi frá fyrirtækjum. Það er einfaldlega vegna þess að almenningur stendur ekki í slíkum bréfaskriftum. Hann kemur frekar og talar við viðkomandi opinbera aðila ef hann hefur aðgang að þeim. En hurðin á fjmrn. var opin allan daginn þegar ég var þar. Hún er lokuð síðan ég fór þaðan. Almenningur hefur engan aðgang að að koma sínum kvörtunum á hefðbundinn hátt á framfæri. Hann stendur ekki í bréfaskriftum. Ég trúi hæstv. fjmrh. þegar hann segir að flest mótmælabréfin komi frá fyrirtækjum. En það er heldur ekki nema eðlilegt.

Hæstv. fjmrh., eftir að hafa gefið þessar upplýsingar, gat þess að skattlagning á almenning í landinu væri tiltölulega lítil og létt, en aðalupphæðin væri á atvinnulífið sem væri um 1 milljarður 650 þús. eða 1650 millj. Heldur virkilega nokkur maður að þessi skattlagning sé ekki á almenning? Haldið þið, hæstv. ráðherrar, að skattlagning á fyrirtæki þýði bara að atvinnurekandinn, hinn vondi, greiði sjálfur 1600 millj.? Auðvitað fer allur þessi kostnaður yfir á fólkið þannig að það eykur óbeina skattlagningu á sama fólk sem nú er að fá, til viðbótar við það sem það áður greiddi í háu verði, söluskatt upp á 10%. Ég hef ekki gert þá ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að neinu umræðuefni hér að söluskatturinn er settur á matvæli umfram það að mótmæla því. Það er verið að tala um herta skattheimtu. Það er verið að búa til þrjú skattheimtustig, þrjú innheimtustig á söluskatti, sem sagt að opna enn þá fleiri leiðir til skattsvika en fyrir voru. Það er 0%, það er 10% og það er hinn hefðbundni skattur sem er yfir 25%. Og hver ætlar að hafa eftirlit með þessu? Ég hefði gaman af að sjá hvernig ríkisstjórnin ætlar að hafa eftirlit með innheimtunni á þessum skatti.

Þetta er fráleitt. Svo kemur hér upp hv. stjórnarþm. og segir að það sé stefnt að einu og sama söluskattsprósentustiginu. Hvenær á það að koma og hvað verður þá söluskattsstigið hátt á matvörunni? Það var í minni tíð talað um að leggja söluskatt á allt og reyna þá að jafna söluskattinn, hafa hann eins á allar vörur. Það var ekki gert vegna þess að það var ekki samstaða þá í ríkisstjórninni um að gera það af því að söluskattsstigið á matvörunni þurfti að vera svo hátt og það vannst heldur ekki tími til þess að móta nýtt flókið kerfi um það hverjir áttu að fá uppbót frá því opinbera vegna hækkana á matvælum, vegna hækkana á söluskatti. Átti hálaunamaðurinn barnlausi eða barnlaus hátekjuhjón að fá sömu prósentu í endurgreiðslu eða styrk og maðurinn sem var með 10–12 manna fjölskylduna eins og kom fram hjá einum ræðumanna áðan? Það er einfaldlega vegna þess að kerfið fannst ekki til að gera þetta réttláta ráðstöfun. En Alþfl. veigrar sér

ekki við því að ráðast á þá sem hann telur sig vera málsvara fyrir. Það verður ævarandi blettur og skömm fyrir Alþfl. sem er að ske núna hér og ég verð að segja alveg eins og er að ég harma það ekkert.

Það var talað um það hér af hv. 3. þm. Norðurl. e. að við ættum ekki að koma og deila á ríkisstjórnina, við ættum að koma með tillögur. Þessar umræður eru ekki til að koma með tillögur og ég veit ekki til þess að það sé leyft á þessu stigi að gera neinar tillögur. Maður, sem er vanur þingsköpum og hefur átt tiltölulega langa setu á Alþingi, á að vita betur, ekki að nota svona málflutning til að gera andstæðinginn tortryggilegan. Það er ljótur leikur og á ekki heima hér.

Að sjálfsögðu komum við með tillögur á réttum tíma og réttum stað. Það verður hér þegar þar að kemur svo að hv. þm. þarf ekki að láta þær fara fram hjá sér. Og ef hann vill forvitnast fyrir fram um í hverja átt þær tillögur verða getur hann lesið stefnuskrá Borgarafl. betur en hann hefur gert. Ég veit að hann hefur þó gert það.

Út af fyrir sig er fróm ósk að biðja um tillögur til að betrumbæta þetta fjárlagafrv. og búa til einhverja efnahagsstefnu sem fólkið fær trú á frá stjórnarandstöðunni. Ég skil það vel. Þetta er fróm ósk og ég met það. Þetta er traustsyfirlýsing á stjórnarandstöðuna. En eitt sló mig, ég get ekki annað en hugsað út frá því, þegar kemur fram hjá hv. þm. að einkageirinn hafi svikið fengið frelsi. Þetta fengna frelsi einkageirans er aðalbaráttumál Sjálfstfl. og ein af þeim frumhugsjónum sem hafa skapað það afl sem hefur sameinast undir nafni Sjálfstfl. allan þann tíma sem hann hefur verið til. Og því vil ég segja að allt sem kom fram hjá hv. þm. um nýfrjálshyggjuna er eins og talað út úr mínu brjósti. Við erum sammála um þetta allt saman. Eiginlega ætti ég að vera að bjóða honum til samstarfs í Borgarafl. því að það er líka rétt að með nýfrjálshyggjunni skapast tvær þjóðir. Það er ekkert spursmál að það er orðið svo. Ég er líka sammála honum um það.

En eitt vil ég segja, bæði við hæstv. fjmrh. og hv. 3. þm. Norðurl. e., að þó að tilkoma lottós sé mikilvæg fyrir íþróttahreyfinguna og í upphafi stóð til að íþróttahreyfingin ein, og þá á ég náttúrlega við alla þá sem tilheyra íþróttahreyfingunni eða Íþróttasambandinu sem eru ungmennafélögin o.fl., hefði einkaleyfi til reksturs frá einkaleyfishöfum og eigendum lottós erlendis. Þá var Öryrkjabandalagið sett þar inn í. Óðruvísi komst það ekki í gegnum Alþingi. Íþróttasambandið fær nú þá upphæð sem fjmrh. gat um og verður í ár ef ég man rétt hans orð um 105 millj. eða eitthvað í kringum það.

En um hvað erum við að tala, hæstv. fjmrh.? Ég veit ekki hvort hann er á sama fundi, en ég er að tala til hæstv. fjmrh. Um hvað erum við að tala þegar við erum að tala um íþróttahreyfinguna? Við erum að tala um skipulagða sjálfboðaliðsstarfsemi sem gerir æskulýð þessa lands það gagn, sem hv. 5. þm. Vesturl. gat um áðan, að það sparar á heilbrigðisviðinu stórar fjárupphæðir, heldur unglingum frá óreglu og þroskar og byggir upp andlega og líkamlega. Þessi sjálfboðaliðsvinna var á síðasta ári yfir hálfur milljarður í rekstri, yfir hálfur milljarður, sem samtakamáttur þeirra sem leggja á sig endurgjaldslaust að starfa fyrir íþróttahreyfinguna færir henni til þess að starfsemin detti ekki niður. Upp í þennan hálfa milljarð fékk íþróttahreyfingin, ég bið menn að hafa í huga að þá á ég við ungmennahreyfinguna líka því að hún telur sig í Íþróttasambandinu, 24 millj. frá ríkissjóði sem var helmingi meira en hún fékk áður en ég varð fjmrh. Og þó svo að hún skapi sér tekjulind sem gefur henni sem svarar ⅕ af rekstrarkostnaði hennar á sl. ári er það engin ölmusa frá ríkissjóði eða Alþingi sem hún er að þiggja. Og það er furðulegt að það skuli koma frá opinberum aðilum seint á 20. öld, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., slíkt vanmat á starfsemi íþróttahreyfingarinnar í landinu.

Nei, ég hef tekið dæmi um það sem komið hefur fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. og ummæli hans. Ég hef tekið dæmi um hugsunarhátt og þankagang forustumanns Alþfl., hæstv. fjmrh. Og ég hlustaði á gamansemi hv. 10. þm. Reykv. líka með athygli. Við eigum langan samstarfstíma bæði í borgarstjórn og hér á Alþingi áður. Það samstarf hefur verið gott. Ég held að það hafi verið gagnkvæmt traust á milli og við höfum starfað vel saman. Ég hef aldrei vitað hv. 10. þm. Reykv. tala af eins lítilli alvöru um þó stóralvarlegt mál eins og efnahagsmál þjóðarinnar eru og hann gerði hér í kvöld. Ræðan fór eins og kannski hjá fleirum meira út í að skoða og stúdera aftur og aftur karakter frummælanda sem kemur oft fyrir.

En það sem ég ætla að koma að og furðar mig er sú staðreynd sem ég ætla að mótmæla hjá hv. 10. þm. Reykv. En hann sagði: Það er undravert — takið eftir — að þessir þrír flokkar stjórnarinnar skuli hafa náð saman um efnahagsstefnu. Ég er alveg sammála þessu. En tilfellið er að þeir hafa ekkert náð saman. Og hann er fyrsti maðurinn með ummælum sínum í dagblöðum og fréttamiðlum til að undirstrika að það er engin samstaða milli þessara þriggja flokka. Það er undravert að þessum flokkum hafi nokkurn tíma dottið í hug að þeir gætu náð saman ef þeir fara nokkuð eftir hugsjónum eða stefnum sínum. Þær fara ekki saman, lífsskoðanir þessara flokka. Þess vegna ná þeir ekki saman og þess vegna er efnahagsstefnan í þeim molum sem raun ber vitni.

Hæstv. fjmrh. talar um flutning á verkefnum til sveitarfélaga. Hann talar um það eins og þetta sé afrek sem margir hafa talað um, margir hafa viljað gera, allir hafa verið skotnir í en engum tekist fyrr en nú. En hvernig er þetta gert? Þetta er gert án samráðs við sveitarfélögin án þess að vita hvort þau treysta sér til eða geta yfirleitt tekið að sér hlutverkið, ekki bara fjárhagslega. En hvað fjárhagshliðina snertir þá á að koma aukið framlag til sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði. Það hefði ég orðað öðruvísi,

þ.e. minna skert framlag úr Jöfnunarsjóði. Það á ekki að auka það. Það er búið að skerða jöfnunarsjóðsframlag til sveitarfélaganna og það er búið að gera það oftar en einu sinni, en nú á að skerða það minna. En á sama tíma er skerðing á lögbundnum framlögum til þessara sömu málaflokka. Hvaða sjónarspil er þetta og hvað á þetta að þýða? Þessi blekking má ekki eiga sér stað. Við skulum kalla hvítt hvítt og svart svart og taka afleiðingunum af því að segja satt.

Söluskattsundanþágur er ekki frjálst í höndum fjmrh. að veita eða veita ekki. Þegar ég var fjmrh. fékk ég alls konar beiðnir um undanþágur frá söluskatti. Það var í flestum tilfellum sem fjmrh. hafði ekki heimild til að veita þær samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk hjá mjög trúverðugu starfsfólki fjmrn. En að sjálfsögðu veit fjmrh. ekki neitt um hvað hann má eða má ekki fyrr en hann er búinn að vera lengi í embætti. Ég var ekki nógu lengi í embætti til að vita allt sem fjmrh. þarf að vita án þess að leita til fagmanna ráðuneytisins.

Það er mikið talað um skattsvik. Við höfum báðir fengið áminningu frá sama opinbera starfsmanninum um skattframtöl. En skattsvik eru allt annað og þegar ég var fjmrh. þá var það fullyrt úr þessum ræðustól af alþýðuflokksþm. að skattsvikin væru hvorki meira né minna en 10 milljarðar minnst. En ég hef lesið það í einhverju blaði, ég man ekki í hvaða blaði það var, haft eftir að mig minnir hæstv. fjmrh., þó þori ég nú ekki alveg að stóla á mitt minni, að söluskattssvikin væru nú 5 milljarðar. Þau hafa þá dottið niður um helming þrátt fyrir verðbólguna frá því að ég var fjmrh. og þangað til núv. hæstv. fjmrh. tekur við.

Hæstv. forseti. Ég vil segja fyrir mína hönd og ég veit það af umræðum sem hafa verið í Borgarafl. að við munum taka vel undir góð mál, við munum styðja öll þau góðu mál sem fram koma. En við munum berjast með kjafti og klóm gegn öllum árásum á almenning í landinu frá stjórnvöldum sem og öðrum. En við erum reiðubúnir til samstarfs um að gera breytingar á efnahagsstefnunni ef þess er óskað. Þess hefur ekki verið óskað. Við höfum haft fulltrúa á seinni stigum í einhverri fjárlagagerðarnefnd á vegum fjvn., sem hefur fylgst með gersamlega áhrifalaus, og í þeirri nefnd hefur verið meiri ágreiningur milli stuðningsmanna stjórnarinnar en við stjórnarandstöðuna.

Við erum reiðubúnir til samstarfs ef óskað er eftir. En ef aumkunarverð hæstv. ríkisstjórn heldur að hún geti haldið áfram að leika þann leik og náð árangri í að þegja Borgarafl. út úr málum eða stjórna málamyndinni hér á landi eiga hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn eftir að verða fyrir mjög miklum vonbrigðum vegna þess að rödd Borgarafl. í efnahagsmálum sem öðrum málum mun óma um land allt og hún mun ekki skilja eftir skúmaskot ef menn ætla að fela sig fyrir henni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, enda er komið lágnætti. Ég verð að segja að ég er undrandi yfir því að hæstv. fjmrh. er innilokaður í fílabeinsturni ef hann heldur að hann geti sannfært fólk úti á landi um að þessi ríkisstjórn og gerðir hennar beri hagsmuni þessa fólks fyrir brjósti.

Það eru mörg öfugmæli sem hafa heyrst hér, eins og t.d. það að til þess að minnka hallann við útlönd verði nauðsynlegt að setja skatt á matvörur hér innanlands. Ég hélt að það mundi verka öfugt. Er ekki ráðherranum það ljóst að með þessari aðgerð er verið að knýja fram neyslubreytingu í þessu þjóðfélagi? Það er alveg áreiðanlegt að þeir sem eru við landbúnað úti á landi skilja nákvæmlega hvað er að gerast. Þetta er jafngáfulegt og það að til þess að minnka þensluna á suðvesturhorninu sé nauðsynlegt að skera niður fjárveitingar út á land eins og manni virðist felast í fjárlagafrv.

Auðvitað er nauðsynlegt að minnka spennuna í þjóðfélaginu, en þá á að gera það á réttan hátt. Það á að taka peningana þar sem þeir eru til en ekki að níðast á þeim sem minna mega sín. Og þegar hæstv. ráðherrar voru að flytja sínar ræður áðan datt mér í hug:

Léttvæg ykkar reynast rökin,
réttlætið er horfið sjónum.
Þeir sem hafa breiðust bökin
bera minnst hjá þessum Jónum.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (6. mál, sjúkradagpeningar) 51.
Drengskaparheit unnin 8.
Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (2. mál) 46.
Forseti Íslands setur þingið 1.
Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins (20. mál) 58.
Kjörbréfanefnd 9.
Kosning forseta og skrifara 8, 10, 12.
Kosning til efri deildar 9.
Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa 14, 16, 17.
Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (16. mál) 57.
Meðferð opinberra mála (5. mál, sifskaparbrot) 19.
Rannsókn kjörbréfa 4.
Ráðstafanir í ferðamálum (24. mál) 58.
Skattadómur og rannsókn skattsvikamála (8. mál) 20.
Sætaskipun 11, 13.
Tekjuskattur og eignarskattur (9. mál, frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri o.fl.) 38.
Tilhögun þingfundar 57.
Umræður utan dagskrár 71 (síðustu efnahagsákvarðanir ríkisstjórnarinnar).
Þingsetning 1.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 1.
Aldursforseti Sþ. Stefán Valgeirsson 4, 7, 8.
Aldursforseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 10, 11.
Aldursforseti Nd. Stefán Valgeirsson 13.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 8, 9, 57, 102, 106, 133, 134, 138, 139.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 11.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 13, 14.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 82.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 106.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 24, 33, 35, 92, 155.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 53.
Landbrh. Jón Helgason 106.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 44, 57, 120.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 85.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 7, 56.
Albert Guðmundsson 6, 62, 69, 70, 87, 161.
Alexander Stefánsson 6.
Árni Gunnarsson 127, 134.
Eiður Guðnason 36, 67, 133.
Guðmundur G. Þórarinsson 139.
Guðrún Agnarsdóttir 57.
Guðrún Helgadóttir 51, 55.
Hjörleifur Guttormsson 46, 61, 144.
Hreggviður Jónsson 142.
Ingi Björn Albertsson 134.
Jón Kristjánsson 67.
Júlíus Sólnes 124.
Karvel Pálmason 70, 71.
Kristín Halldórsdóttir 64, 102.
Málmfríður Sigurðardóttir 54.
Ólafur Ragnar Grímsson 71, 101, 138, 149.
Óli Þ. Guðbjartsson 64, 136.
Pétur Bjarnason 58, 68.
Salome Þorkelsdóttir 19.
Stefán Valgeirsson 117, 166.
Steingrímur J. Sigfússon 65.
Svavar Gestsson 20, 30, 34, 36, 37, 38, 110.
Sverrir Hermannsson 13.

SAMEINAÐ ÞING

4. fundur, mánudaginn 19. okt.,
kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 16. okt. 1987:

„Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Birgir Dýrfjörð rafvirki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Birgis Dýrfjörðs.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 19. okt. 1987:

„Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna fjarveru 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Jón Magnússon lögmaður, sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristánsson,
forseti Nd.“

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Jóns Magnússonar og yfirlýsing af hálfu Sólveigar Pétursdóttur.

Ég vil mega biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til athugunar. Á meðan er fundinum frestað um tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Birgis Dýrfjörðs, 1. varamanns Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, en vegna fjarveru Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, hv. 5. þm. kjördæmisins, er óskað eftir að Birgir Dýrfjörð taki sæti á Alþingi. Kjörbréfanefnd leggur til einróma að kjörbréfið verði samþykkt.

Þá hefur nefndin einnig haft til athugunar kjörbréf Jóns Magnússonar sem er 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík. Óskað er eftir að hann taki sæti á Alþingi vegna fjarveru hæstv. iðnrh. Friðriks Sophussonar, 1. þm. Reykv. Fyrir liggur yfirlýsing frá Sólveigu Pétursdóttur, 1. varamanni Sjálfstfl. í Reykjavík, um að hún geti ekki tekið sæti á þinginu vegna þess að hún dvelur erlendis.

Kjörbréfanefnd leggur einnig til að þetta kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Birgis Dýrfjörðs samþ. með 39 shlj. atkv.

Kjörbréf Jóns Magnússonar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Birgir Dýrfjörð, 5. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Birgir Dýrfjörð hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég vil bjóða Birgi Dýrfjörð og Jón Magnússon velkomna til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

4. fundur, mánudaginn 19. okt.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Hv. deildarmenn. Þar sem þetta er fyrsti fundur í deildinni sem ég sit síðan ég var kjörinn forseti þessarar hv. deildar vil ég nota tækifærið og þakka það traust sem mér hefur verið sýnt með kjöri mínu. Ég óska eftir góðu samstarfi og samvinnu við hv. deildarmenn og mun gera mitt til þess að svo geti orðið.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

NEÐRI DEILD

4. fundur, mánudaginn 19. okt.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

SAMEINAÐ ÞING

5. fundur, 20. okt.,
kl. 2 miðdegis.

Kjarnorkuvopnalaust Ísland, ein umr.

Fsp. HG, 11. mál. — Þskj. 11.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég hef borið fram fsp. á þskj. 11 til hæstv. utanrrh., um kjarnorkuvopnalaust Ísland. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Er utanríkisráðherra reiðubúinn að staðfesta þau ummæli sín í Ríkisútvarpinu (sjónvarpi) 13. júní sl. að ályktun Alþingis um afvopnunarmál frá 21. maí 1985, þess efnis að á Íslandi verði ekki kjarnorkuvopn, nái „til bæði friðar- og ófriðartíma"?"

Þetta er tilvitnun, lokaorðin „til bæði friðar- og ófriðartíma".

Ég hef undir höndum, herra forseti, útskrift frá Sjónvarpinu um ummæli hæstv. ráðherra og ég efast ekkert um að hann standi við þau hér. En ég taldi eðlilegt að þau kæmu einnig fram hér á hv. Alþingi þar sem hér er um hið mikilsverðasta mál að ræða.

Okkur, sem sátum hér fyrir tveimur árum síðan, rekur minni til þess að þá ríkti um það ekki aðeins óvissa heldur voru miklar vöflur á páv. hæstv. utanrrh., að túlka samþykkt Alþingis og taka undir samþykkt Alþingis þannig að ótvírætt væri að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Þetta tengdist einnig umræðum sem hér urðu þegar fram komu upplýsingar um það að ríkisstjórn Bandaríkjanna hefði, fyrr á árum a.m.k., sett niður áætlanir um það að flytja til Íslands kjarnorkuvopn, nánar tiltekið 48 kjarnadjúpsprengjur vegna kafbátahernaðar. Þá voru einnig vöflur á hæstv. ráðherrum í þessu efni. Hæstv. páv. utanrrh. kannaðist ekki við málið og vildi heldur ekki taka af tvímæli um að samþykkt Alþingis samkvæmt skilningi hans og vilja næði einnig til ófriðartíma.

Því met ég mikils þau orð sem þegar hafa fallið frá hæstv. utanrrh. og vænti þess að hann staðfesti þau hér á eftir.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Svar mitt getur í raun verið ákaflega stutt. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn að staðfesta þessi orð. Rétt er þó að ég færi að því nokkur rök.

Það er margyfirlýst stefna okkar Íslendinga, að hér á landi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn, það hafa fjölmargar ríkisstjórnir gert. Reyndar höfum við tekið fram sem svar við fyrirspurn erlendis frá að við ákveðum sjálfir hvaða vopn verða hér staðsett. Það gerði Hermann Jónasson í svari við bréfi frá leiðtoga Sovétríkjanna, Bulganin, á sínum tíma. Ég vek einnig athygli á því að í þál. þeirri, sem samþykkt var á Alþingi 25. maí 1985, segir: „Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn, hvetur það o.s.frv." Þar er enginn fyrirvari. Þar segir aðeins að ítrekuð sé sú fyrri stefna að hér verði ekki kjarnorkuvopn. Ég vek einnig athygli á því að skýrt er tekið fram að það varnarlið sem er hér er til eftirlits og varnar en ekki til árása. Þetta kemur greinilega fram í samningum okkar við Atlantshafsbandalagið og Bandaríkjamenn. Raunar er óþarft að hafa um þetta fleiri orð.

Ég get út af fyrir sig viðurkennt, sem komið hefur fram, að komi til ófriðar þá er að sjálfsögðu þeirri ríkisstjórn og því Alþingi sem þá situr í lófa lagt að breyta þessu ef það óskar.

Mér þykir þó rétt að upplýsa til fróðleiks að í þeim samþykktum sem gerðar hafa verið hjá nágrönnum okkar, t.d. Dönum og Norðmönnum, er yfirleitt tekið fram að slík ákvörðun eigi við friðartíma. Í norskum þingtíðindum, eða „Utredninger" eins og þar er kallað, og skýringum á þeirra öryggismálum, er skýrt tekið fram að kjarnorkuvopn verði ekki á norskri grund á friðartímum. Við höfum fellt þetta orð niður og ég hef hvergi fundið það í yfirlýsingum okkar Íslendinga.

Ég skal ekki lengja þetta mál. Ég staðfesti það sem ég hef áður sagt að mér sýnist að allar gerðir, öll orð, allt sem frá okkur hefur komið sé afdráttarlaust og geri engan greinarmun á friðar- eða ófriðartímum.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og ótvíræða yfirlýsingu þess efnis að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnavopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum. Þetta er hin mikilsverðasta yfirlýsing af hálfu hæstv. ráðherra sem tekur af tvímæli um stefnu hans og væntanlega stefnu ríkisstjórnarinnar í heild varðandi þetta efni. Hún þýðir auðvitað í reynd að þeim aðilum sem hafa kjarnorkuvopn undir höndum á vegum Atlantshafsbandalagsins, svo ekki sé nú talað um gagnaðilann, er samkvæmt vilja íslenskra stjórnvalda óheimilt að gera áætlanir um, og móta sínar hernaðaráætlanir í þá veru, að flytja kjarnavopn til Íslands. Það sem máli skiptir er auðvitað að áætlanirnar, hernaðaráætlanirnar séu ekki við það miðaðar vegna þess að viðkomandi ríki hefur tekið af öll tvímæli um að það muni ekki heimila flutning kjarnavopna til landsins þó að um ófriðartíma sé að ræða.

Ég tel að það sé í rauninni söguleg yfirlýsing sem hér hefur fallið því að eins og ég rakti áðan þá voru vöflur, svo ekki sé meira sagt, í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar og þeirra ráðherra, sem fóru þá með utanríkismál, varðandi þessi efni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, eins og hér

kom raunar fram, að í þessu efni, sem hér er til umræðu, þ.e. kjarnorkuvopnaleysi Íslands, var engin stefnubreyting í ályktuninni frá 23. maí 1985. Þar sagði einungis það sem allir hafa hingað til sagt að Ísland sé og verði kjarnorkuvopnalaust land. Auðvitað er enginn að afsala neinu fullveldi í því efni. Stjórnvöld taka að sjálfsögðu á hverjum tíma afstöðu til þess ástands sem í heiminum býr. Og hitt liggur náttúrlega í augum uppi að ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi þá ráðum við engu um eitt eða neitt í meðhöndlun þeirra vopna.

Við höldum vörð um okkar fullveldi. Það er engin stefnubreyting, engin stórtíðindi í einu eða neinu sem hérna hefur gerst, það er aðeins áréttuð sú stefna sem við alltaf höfum fylgt í þessari ályktun og það gerði hæstv. utanrrh. hér líka og ég er sammála honum en innilega ósammála skýringum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Umhverfismál, ein umr.

Fsp. HG, 12. mál. — Þskj. 12.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 12 hef ég borið fram svofellda fsp. til hæstv. forsrh. um umhverfismál.

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin undirbúa framkvæmd á þeirri stefnu sinni „að sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti"?"

Þetta er orðrétt tilvitnun í stjórnarsáttmála og stefnuyfirlýsingu Þorsteins Pálssonar, að sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti.

„Hvenær er gert ráð fyrir að leggja frv. um umhverfismál fyrir Alþingi?

Hvaða ráðuneyti mun fá það hlutverk að samræma stjórn umhverfismála innan stjórnkerfisins?"

Hér er spurt um mál sem lengi hefur verið beðið svara við af hálfu íslenskra stjórnvalda af þeim sem vinna að náttúruverndarmálum og umhverfismálum á Íslandi og þeim sem áhuga hafa fyrir framgangi þeirra mála. Ég tel mjög mikilsvert að fá skýr svör um þessi efni frá núv. hæstv. ríkisstjórn, m.a. í ljósi þess að fram undan er síðar í þessari viku náttúruverndarþing sem haldið er á þriggja ára fresti, þar sem þessi mál, staða Náttúruverndarráðs, m.a. í stjórnkerfinu, er eitt aðalmál þingsins. Það er liðinn hálfur annar áratugur frá því farið var að knýja á um þetta mál á vettvangi náttúruverndaraðila. Á fyrsta náttúruverndarþingi 1972 var flutt till. um þessi efni, en því miður hefur okkur miðað þarna undraseint og umhverfismál í landinu gjalda þess sárlega að þau eru dreifð vítt og breitt um stjórnkerfið. Í Stjórnarráðinu eru það ekki færri en sex ráðuneyti sem koma við sögu varðandi þýðingarmikla þætti þessa málaflokks.

Fyrir tveimur árum síðan flutti þáv. ríkisstj. frv. til laga um Stjórnarráð Íslands og þar var ekki að finna neitt sem snerti þetta mál, tilfærslu eða samræmingu umhverfismála í stjórnkerfinu, því miður. En Alþb. hafði við undirbúning þess máls komið því á framfæri við þá nefnd sem að því stóð að það væri skoðun Alþb. að þessi mál ætti að færa undir eitt ráðuneyti sem bæri heiti umhverfismála.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það eru orð að sönnu að skipan umhverfismála í stjórnkerfinu hafi verið óljós. Það er þess vegna ætlan og ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera þar á bragarbót og fyrir því var það skrifað í stjórnarsáttmálann að sett yrðu lög, almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði forsrh. 3. sept. sl. nefnd til að gera drög að frv. til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Í þessari nefnd eiga sæti Sigurður M. Magnússon, sem er formaður nefndarinnar, Hermann Sveinbjörnsson og Alda Möller. Sérstakur starfsmaður og lögfræðilegur ráðunautur nefndarinnar er Ingimar Sigurðsson.

Nefndinni var falið að hafa samráð við þau ráðuneyti og samtök sem fara með verkefni á sviði umhverfismála. Henni var einnig falið að ljúka störfum það fljótt að unnt yrði að leggja frv. um þetta efni fyrir Alþingi fyrir nk. áramót. Nefndin hefur þegar hafið störf og það er ásetningur hennar að ljúka tillögum sínum á tilsettum tíma.

Eitt af verkefnum nefndarinnar er að gera tillögu um hvaða ráðuneyti verði falið það hlutverk að hafa samræmda stjórn umhverfismála með höndum og því hafa ekki verið teknar um það ákvarðanir á þessu stigi þar sem það er eitt af hlutverkum nefndarinnar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með viðbrögð hæstv. ráðherra, varðandi efni þessarar fsp. þar sem fram kemur að nokkur skriður er kominn á málið og hér liggur fyrir yfirlýsing um það að nefnd sem skipuð hefur verið af ríkisstjórninni muni ljúka störfum fyrir áramót og skila frv. sem við þá væntanlega fáum að sjá fljótlega hér á hv. Alþingi.

Ég hafði vænst þess eða reiknað með því að ríkisstjórnin hefði þegar tekið stefnu um það hvernig ætti í meginatriðum að taka á þessu máli. Og ég verð að segja að í ljósi reynslu fyrri ára ber ég nokkurn ugg í brjósti um að þetta mál kunni að standa í hæstv. ríkisstjórn, eins og það gerði í síðustu ríkisstjórn, og raunar ríkisstjórnum þar áður, vegna þess að það reyndist svo t.d. í tíð síðustu ríkisstjórnar að menn voru mjög ófúsir, fyrst og fremst ráðherrar Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn, ef ég hef skilið það rétt, að leggja mikið af mörkum eða mikið á sig til þess að færa mætti helstu þætti umhverfismála saman undir eina samræmda yfirstjórn. En við skulum

vona að úr þessu rætist og það sé þá raunverulegur vilji þarna til staðar því að án þess gerist ekki mikið.

Ég minnist þess að í stjórnarmyndunarviðræðum í vor voru þessi mál á dagskrá, bæði þegar Alþb. ræddi þau efni við aðra flokka, þá kom það þeim sjónarmiðum á framfæri sem þýðingarmiklu atriði að stofnað yrði til umhverfisráðuneytis eða stjórn þeirra mála samræmd, og Kvennalistinn lagði einnig, man ég eftir, ríka áherslu á að á þessu máli væri tekið þegar við stjórnarmyndun. Ég held að það hefði verið heilladrýgra að leiða þetta mál stefnulega til lykta við myndun ríkisstjórnarinnar vegna þess hversu þungt getur verið að flytja mál til milli ráðuneyta eftir að menn eru sestir í stóla, en ég ætla ekki að vera með neina svartsýni fyrir fram. Það verður fylgst með og eftir því tekið hvernig hæstv. ríkisstjórn leiðir þessi mál til lykta og við skulum vona að það takist á yfirstandandi þingi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil einungis láta koma fram þann skilning á þessu atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hér sé fyrst og fremst miðað við að þær stjórnunaraðgerðir, sem nú eru þegar fyrir hendi í ýmsum ráðuneytum og stofnunum þjóðfélagsins, verði samræmdar. Ég hygg að sá vandi, sem við er að etja í umhverfismálum hér á landi, verði ekki leystur með því að búa til eitt ráðuneyti enn og bæta einni silkihúfunni ofan á allt það skriffinnskukerfi sem í þessum málum er, heldur þvert á móti með því að sjá til þess að raunverulegar aðgerðir verði auknar og skilningur almennings efldur. Ég held að það sé það sem máli skiptir. Við höfum í raun og veru náð miklu meiri árangri á þessu sviði en ætla mætti af ýmsum ummælum manna með því einmitt að þessi mál eru komin inn í stofnanir víða í ráðuneytum. Sum þeirra eru hrein heilbrigðismál, sum eru iðnaðarmál eða tilheyra iðnrn., önnur eru sveitarstjórnarmál o.s.frv.

Ég vildi einungis láta það koma fram, herra forseti, að ég er andvíg því að búið verði til sérstakt ráðuneyti í þessu skyni. Heldur þarf að efla skilning og auka aðgerðir.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda um að hann beri kvíðboga eða ugg í brjósti um að ekki verði fylgt eftir málum svo sem ákveðið hefur verið þá er ástæða til að létta þeim kvíða af hv. þm. Það verður unnið að framgangi þessa máls mjög markvisst og nefndin, sem hefur þetta verkefni með höndum, ætlar sér að ljúka því á tilsettum tíma.

Það var ágreiningur um það á sínum tíma hvort stofna ætti sérstakt umhverfismálaráðuneyti. Það er ekki ætlunin að gera það með þessum tillögum, heldur að fela einu ráðuneyti, núv. ráðuneyti, yfirstjórn þessara mála. Það mun vafalaust leiða til einhvers verkefnatilflutnings á milli ráðuneyta, en ég hygg að öllum eigi að vera ljóst að öll þau verkefni og öll þau svið opinberrar stjórnsýslu þar sem umhverfismála þarf að gæta verða auðvitað ekki færð í eitt ráðuneyti. Það er ástæðulaust að taka þá ábyrgð frá aðilum í stjórnkerfinu og færa hana alla á einn stað. Sú mikla ábyrgð að gæta að umhverfismálum sem víðast í stjórnkerfinu á að koma þannig fram og á þeim grunni verður unnið að þessari skipulagsbreytingu, en yfirstjórn þessara mála þarf að vera samræmd og virkt samstarf á milli þeirra fjölmörgu aðila sem þurfa að gæta að þessu veigamikla verkefni sem við þurfum í vaxandi mæli að huga að í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég verð að segja að þar fór heldur í verra það sem ég heyrði frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur og hæstv. forsrh. nú síðast. Mér finnst það því miður ekki bera vott um þann skilning og þá sýn til þessara mála sem ég hafði vonað að lægi að baki þess sem stendur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um þessi mál.

Hafa menn ekki litið til reynslu nágrannalanda okkar í þessum efnum? Var ekki hæstv. forsrh. að segja að hann ætlaði að láta nefndina um að móta tillögur? Ætlar hann ekki að fylgja þeim tillögum? Eigum við að trúa því að þessi nefnd, skipuð valinkunnu fólki, komi með eitthvert frv. sem breytir sáralitlu í þessum efnum? Ég vona að svo verði ekki og ég vænti þess að það sé kannski einhver fyrirstaða hjá samstarfsflokki hæstv. forsrh. varðandi slíkt og minni á það og þær tillögur og þær tilraunir sem hv. þm. Alexander Stefánsson hafði uppi sem félmrh. til þess að taka á þessum málum og þá till. til þál. sem framsóknarmenn fluttu hér í Sþ. síðla á síðasta þingi til þess að reyna að bjarga ærunni í þessum efnum.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að hér eru á döfinni mjög miklar breytingar á skipulagi og stjórnun umhverfismála til þess að gera þá stjórnun skilvirkari en hún hefur verið. Á hinn bóginn er ljóst að það er ekki verið að stofna nýtt ráðuneyti og færa báknið á þann veg út, en breytingin mun fela í sér að tilteknu ráðuneyti verður falin yfirstjórn þessara mála. Einhver verkefnatilflutningur verður vafalaust, en áfram þurfa mjög mörg ráðuneyti að huga að umhverfismálum. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. fyrirspyrjandi vilji þrengja svo þetta hugtak og þetta verksvið að það eigi einungis að vera verkefni eins ráðuneytis að huga að þessum málum. Þvert á móti held ég að ástæða sé til þess að gera kröfur um umhverfisvernd og umhverfisaðgæslu mjög víða í stjórnkerfinu og að allir aðilar í því hafi þar hlutverki að gegna en ekki bara eitt ráðuneyti.

Viðskipti við Suður-Afríku, ein umr.

Fsp. SJS, 18. mál. — Þskj. 18.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. utanrrh. fsp. varðandi viðskipti við Suður-Afríku. Það mál hefur áður komið á dagskrá á hv. Alþingi, snemma á þinginu 1985–1986. Nánar tiltekið svaraði hæstv. þáv. utanrrh. Geir Hallgrímsson 22. okt. árið 1985 fsp. frá þeim sem hér talar varðandi viðskipti við Suður-Afríku og aðrar aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni þar.

Hæstv. þáv. utanrrh. vitnaði sérstaklega í aðild Íslands að sameiginlegum aðgerðum allra Norðurlanda sem eiga rætur að rekja allt aftur til ákvörðunar á árinu 1978, en sú ákvörðun hafði, þegar þessar tilvitnuðu umræður fóru fram í okt. 1985, nýlega verið ítrekuð, útvíkkuð og hert. Ákvörðunin gengur út á það að draga með skjótari hætti úr efnahagslegum sem og öðrum samskiptum við Suður-Afríku. Á þeim tíma voru einnig ræddir möguleikar á því að ganga lengra og setja algert viðskiptabann ef þessar ráðstafanir næðu ekki tilætluðum árangri.

Í skýrslum sínum til Alþingis bæði vorið 1986 og 1987 ítrekaði hæstv. þáv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen þessa samþykkt og áætlanir Norðurlandaþjóða um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni, m.a. þær að draga úr öllum efnahagslegum samskiptum við Suður-Afríku.

Fleiri aðilar hafa lagt hönd á plóginn, svo sem verkalýðsfélög og ýmis önnur félagasamtök, skólafólk, æskulýðsfylking Alþb. og félög fleira ungs fólks í stjórnmálaflokkunum og ýmsir aðrir hafa með áróðri og umfjöllun reynt að fá fram minni viðskipti og minni samskipti við Suður-Afríku til þess að þvinga stjórnvöld þar til að falla frá sinni ómanneskjulegu kynþáttaaðskilnaðarstefnu.

Það vekur því og vakti nokkra furðu mína, herra forseti, þegar ég rakst á það í Hagtíðindum, sem gefin eru út af hinni virðulegu Hagstofu Íslands, að á fyrri hluta þessa árs hafa viðskipti eða innflutningur vöru frá Suður-Afríku verið til muna meiri en hann var á sama tíma á síðasta ári. Ég hef því leyft mér í framhaldi af þessu að bera fram við hæstv. utanrrh. svofellda fsp. með leyfi þínu, herra forseti, á þskj. 18:

„1. Hvernig samrýmist það þeirri yfirlýstu stefnu íslenskra stjórnvalda að draga úr samskiptum við Suður-Afríku og taka þátt í samnorrænum aðgerðum af því tagi — að verslun með vörur frá Suður-Afríku hefur stóraukist á fyrri hluta þessa árs?

2. Hyggst ríkisstjórnin í ljósi þessa grípa til sérstakra aðgerða, svo sem innflutningsbanns á suður-afrískar vörur?“

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda höfum við Íslendingar tekið þátt í samnorrænum aðgerðum til þess að gera okkar til að koma í veg fyrir framhald mannréttindabrota Suður-Afríku. Þannig var á fundi utanrrh. 17.–18. okt. 1985 undirrituð áætlun þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Norðurlöndin hafa ákveðið að beita sér fyrir eftirfarandi einhliða ráðstöfunum:

Að hvetja norræn fyrirtæki sem eiga verslunarviðskipti við Suður-Afríku að leita annarra markaða í þeim tilgangi að draga úr viðskiptum milli Norðurlanda og Suður-Afríku.“

Þetta var framkvæmt hér með bréfi frá þáv. viðskrh. dags. 7. apríl 1986 og sömuleiðis fóru fram viðræður við verkalýðssamtök sem gerðu sitt til að koma í veg fyrir viðskipti við Suður-Afríku.

Nú er það staðreynd sem hv. þm. benti á að það hefur orðið nokkur aukning á viðskiptum við Suður-Afríku á fyrri hluta þessa árs og veldur það mér áhyggjum ekki síður en hv. fyrirspyrjanda. Að vísu er kannski of mikið að segja að aukningin sé mjög mikil, a.m.k. í hundraðshlutum reiknað. Mér er tjáð að hlutfall útflutnings á fyrstu 8 mánuðum ársins sýni að útflutningur sé óbreyttur eða 0,07 þúsundustu af útflutningi okkar Íslendinga. Hins vegar er innflutningurinn 0,5 þúsundustu og hefur þá aukist úr 0,4 þúsundustu. Þetta eru þær hundraðshlutatölur sem ég hef fengið. Að sjálfsögðu hefur orðið töluverður vöxtur í erlendum viðskiptum okkar í heild og krónutölurnar sýna því eitthvað meiri aukningu á milli ára. Engu að síður vil ég taka fram að ég hefði kosið að sjá þessar tölur fara minnkandi.

Ég vil svo geta þess að í viðræðum sem fram hafa farið á milli Norðurlandanna hefur verið rætt um þessa þróun og að því er virðist lítil áhrif viðskiptatakmarkana eins og leitað hefur verið eftir. Norðurlöndin ákváðu því að setja viðskiptabann. Við Íslendingar höfum aldrei skrifað undir neitt samkomulag um slíkt. Því hefur fyrst og fremst valdið að við höfum ekki almennt verið hlynntir því, hvorki að fá á okkur viðskiptabann eða beita aðra viðskiptabanni. Ég vil þó taka það skýrt fram að persónulega tel ég að við eigum að gera allt sem við teljum að raunhæft sé til þess að a.m.k. sýna andstöðu okkar við þau grófu mannréttindabrot sem þarna eru framin. Ég hefði langhelst kosið að það yrði gert á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á fundum, sem ég sem forsrh. átti með forsrh. Norðurlandanna um þessi mál, studdi ég mjög eindregið þá stefnu Svía að beita sér fyrir samþykkt í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í þessa veru. Því miður tókst aldrei að fá slíka samþykkt gerða. Svíar hafa því horfið að því ráði að setja á viðskiptabann með lögum.

Ég vil taka það fram að persónulega tel ég slíkt koma til greina, en þó verður maður að viðurkenna að það er sorglegt að horfa á hvernig slík lög eru þverbrotin í okkar nágrannalöndum. Ég hygg að allir viti að Norðmenn, þrátt fyrir lög, stunda víðtæk viðskipti við Suður-Afríku, flytja olíu fyrir Suður-Afríku, kaupa þaðan hráefni í sinn stóriðnað o.s.frv. og svipað er manni sagt að eigi sér einnig í raun stað í Svíþjóð. Ég hef því hugsað mér að skynsamlegra væri að fara þá leið að ítreka tilmæli okkar til inn- og

útflytjenda, tilmælin frá 1986, og ræða á ný við verkalýðssamtökin um að draga nú myndarlega úr ef ekki loka alveg fyrir öll viðskipti við Suður-Afríku. Ég er fylgjandi því að loka alveg fyrir þau, vil heldur gera það með slíkum frjálsum samtökum en með lögum, og alveg sérstaklega ekki setja lög ef þau verða svo meira eða minna brotin og sniðgengin. Það má ekki eiga sér stað.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. utanrrh. að miklum mun skemmtilegra væri ef hlutaðeigandi aðilar sýndu þann þroska að hafa án lagasetningar forgöngu um það eða beittu sér fyrir því að afnema öll viðskipti við Suður-Afríku. En staðreyndirnar tala sínu máli. Þrátt fyrir fögur fyrirheit, orð og yfirlýsingar ganga hlutir nú til öfugrar áttar, þvert gegn vilja og yfirlýstri stefnu stjórnvalda, þvert gegn þeim heitum sem við höfum gefið á vettvangi Norðurlandaþjóða, að reyna að beita okkur fyrir minnkandi viðskiptum við Suður-Afríku.

Ég verð að segja að ég get ekki annað en harmað það að Íslendingar skuli ekki lengur treysta sér til þess að fylgja fordæmi annarra Norðurlandaþjóða sem hafa komist að raun um að hvatningar og áróður duga ekki til. Ég held að það gæti nokkurs misskilnings hjá hæstv. utanrrh. þegar hann fjallar með þeim hætti sem hann gerði hér um haldleysi þess að setja lög vegna þess að þau séu brotin. Það er nú í fyrsta lagi þannig að ef menn ynnu samkvæmt þessari grundvallarreglu væri harla lítið um lög í heiminum. Mér er til efs að það væri mikilfengleg skattalöggjöf á Íslandi t.d. ef sami hugsunarháttur væri lagður til grundvallar, þ.e. að vegna þess að ýmsir brjóta skattalög þýði ekkert að setja þau. Það er einmitt þannig að Norðurlandaþjóðirnar hafa komist að þeirri niðurstöðu, og það er undanfari lagasetningar bæði í Svíþjóð og Noregi, að það þurfi að fá lagaheimildir til að geta lögsótt þá aðila sem ekki verða við tilmælum um að draga úr viðskiptum eða fjárfestingu í Suður-Afríku. Og það er á þeim grundvelli sem ég tel að nú sé óhjákvæmilegt að fara að ræða það hér í fullri alvöru á hv. Alþingi hvort við getum í orði verið með þá stefnu að við viljum draga úr viðskiptum við Suður-Afríku og reynt þannig að þrýsta á stjórnvöld þar þegar á borði gerist hið gagnstæða, hvort okkur sé þá ekki sæmra að falla frá þessum yfirlýsingum og segja að við treystum okkur yfirleitt ekki til þess að reyna að hafa einhverja sjálfstæða afstöðu til þess sem er að gerast í Suður-Afríku.

Ég í öllu falli, herra forseti, lýsi því yfir að ég tel að þessi mál hljóti að koma hér til umræðu þegar utanríkismál ber á góma næst á hinu háa Alþingi, annað sé ekki sæmandi.

Framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll, ein umr.

Fsp. HG, 13. mál. — Þskj. 13.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 13 hef ég borið fram svofellda fsp. til hæstv. samgrh. um undirbúning framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll:

„1. Hvers vegna var ekki gengið til samninga við heimamenn um framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs flugvallar á Egilsstöðum?

2. Hvernig er gert ráð fyrir að haga framkvæmdum við þennan áfanga, m.a. við verkbyrjun og verklok?

3. Hvenær gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að lokið verði framkvæmdum við Egilsstaðaflugvöll?“

Þetta er fsp. Ég rifja það upp að á síðasta þingi var samþykkt þáltill. sem heimilaði lántöku vegna framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll og það var Austfirðingum og væntanlega landsmönnum öllum ánægjuefni að loks skyldi ákveðið að ráðast í þær framkvæmdir. Því miður er það svo að nú er komið haust og senn vetrarbyrjun og framkvæmdir eru ekki hafnar.

Hæstv. fyrrv. samgrh., Matthías Bjarnason, ákvað áður en hann lét af embætti að leitað skyldi samninga við heimamenn um 1. áfanga verksins. Sá sem við tók, hæstv. núv. samgrh. Matthías Á. Mathiesen, breytti þessari stefnu að því leyti a.m.k. að lyktir málsins urðu þær að hann hætti samningaumleitunum við heimamenn. Ég hef hér, herra forseti, fyrir framan mig fundargerð frá sameiginlegum fundi Flugmálastjórnar og fulltrúa Samstarfsfélags bíla- og tækjaeigenda á Héraði sem haldinn var í Hótel Valaskjálf 23. sept. 1987. Hún er örstutt og ég leyfi mér að vitna til hennar til glöggvunar á þessu máli. Þar segir:

„Samstarfsfélag bíla- og tækjaeigenda á Héraði hefur gert tilboð í framkvæmd 1. áfanga Egilsstaðaflugvallar sem hljóðar á 54 millj. kr. Samstarfsfélaginu er kunnugt um niðurstöðutölur í umfjöllun Almennu verkfræðiskrifstofunnar um fyrrgreindan verkþátt þar sem gert er ráð fyrir í markaðsspá að framkvæma megi 1. áfanga Egilsstaðaflugvallar fyrir 42–45 millj. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir í fyrrgreindri umfjöllun að verkið gæti kostað um 48 millj. kr. ef notaðir eru taxtar Vegagerðar ríkisins og 54 millj. kr. ef notaðir eru taxtar vinnuvélaeigenda. Fulltrúar Samstarfsfélagsins lýsa því yfir að til greina geti komið að framkvæma 1. áfanga Egilsstaðaflugvallar fyrir 45–50 millj. kr. og leggja áherslu á að þeir eru reiðubúnir til frekari skoðunar og umfjöllunar á forsendum verksins og að kanna til hlítar hvort Samstarfsfélagið geti frekar nálgast forsendur þær sem Almenna verkfræðistofan hefur byggt á. Flugmálastjóri lýsir þeirri skoðun sinni að þessum hluta viðræðnanna við heimamenn samkvæmt bréfi fyrrv. samgrh. dags. 7. júlí 1987 sé nú lokið. Flugmálastjóri mun því á morgun [þ.e. 24. sept.]

kynna niðurstöður þessa fundar bréflega fyrir samgrh. og óska ákvörðunar hans um hvort ganga eigi til samninga við heimamenn á fyrrgreindum forsendum, hvort bjóða eigi verkið út á almennum markaði."

En hér fáum við væntanlega svar hæstv. starfandi samgrh.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í fjarveru hæstv. samgrh. ætla ég að greina frá svörum hans við fsp. hv. þm.

Svarið við fyrstu spurningunni er þetta:

11. mars sl. vor var samþykkt þál. um framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll. Þar var heimiluð 60 millj. kr. lántaka svo að unnt yrði að hefjast handa við framkvæmdir 1. áfanga flugvallarins. Hinn 7. júlí í sumar var flugmálastjóra heimilað að taka upp viðræður við véla- og tækjaeigendur á Héraði um þessar framkvæmdir þar sem kannað yrði hvort þeir gætu boðið það hagstæð verð að til útboðs þyrfti ekki að koma. Þetta var gert með sérstöku bréfi páv. samgrh. og í bréfinu var skýrt tekið fram að viðræðurnar væru án skuldbindinga um að tilboði heimamanna yrði tekið. Ákvörðun um það yrði tekin af ráðuneytinu að loknum viðræðum.

Þessar viðræður Flugmálastjórnar og heimamanna á Egilsstöðum hófust nokkru síðar eftir að útbúin höfðu verið gögn svo að heimamenn mættu gera tilboð. Skömmu síðar kom tilboð heimamanna sem hljóðaði upp á rúmar 59 millj. kr., en það var leiðrétt strax og hljóðaði þá upp á rúmar 54 millj. kr.

Flugmálastjórn greindi frá þessu tilboði heimamanna í bréfi til samgrh. hinn 5. sept. sl., en flugmálastjóri var þá erlendis. Í bréfi Flugmálastjórnar kom fram að Almennu verkfræðistofunni hefði verið falið að meta tilboð Samstarfsfélags bíla- og tækjaeigenda á Fljótsdalshéraði og teldi stofan ekki ólíklegt að tilboð fengist samkvæmt almennu útboði á bilinu 42–45 millj. kr. Á fundi hinn 18. sept. sl. fól samgrh. flugmálastjóra að ljúka viðræðum við heimamenn, enda hafði samgrh. borist vitneskja um að heimamenn teldu viðræðum þá ekki lokið. Flugmálastjóri greinir frá þeim viðræðum í bréfi til samgrh. hinn 25. sept. þar sem fram kemur að hann hafi haldið fund með heimamönnum hinn 23. sept. og þeir boðist til að framkvæma verkið fyrir 45–50 millj. kr. Þá segir flugmálastjóri í bréfinu að hann telji viðræðum nú endanlega lokið af sinni hálfu.

Í kjölfar þessa var sú ákvörðun tekin af samgrn. að viðræðunum hefði lokið án sérstakrar niðurstöðu, enda hafi heimamönnum verið gefinn kostur á að koma með ákveðið tilboð í verkið. Það hafi reynst of hátt og síðari viðræður ekki leitt til raunhæfrar niðurstöðu. Af þessum sökum ákvað samgrh. að fram færi almennt útboð í 1. áfanga Egilsstaðaflugvallar og var það auglýst hinn 11. okt. Útboðsgögn voru tilbúin til afhendingar 14. okt. og tilboðin verða opnuð hinn 2. nóv. nk.

Varðandi aðra spurninguna er þetta að segja: Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn verða framkvæmdir við 1. áfanga flugvallarins á Egilsstöðum fólgnar í uppgreftri og flutningi á lífrænum jarðvegi úr 600 metra kafla í flugbrautarstæðinu og gerð vegar frá námum í Mýneslandi meðfram bökkum Lagarfljóts að athafnasvæðinu. Þess skal getið að við gerð vegarins er fljótsbakkinn jafnframt styrktur. Skiladagar verksins eru tveir. Hinn 22. des. nk. skal gerð námuvegar lokið. Verkinu í heild skal að fullu lokið eigi síðar en hinn 30. mars á næsta ári og þann dag skal verktaki hafa lokið allri vinnu og frágangi á vinnusvæðinu. Verktaki skal miða við að geta hafið vinnu við verkið hinn 16. nóv. nk. og skulu bjóðendur leggja fram með tilboði sínu greinargóða tímaáætlun um gang framkvæmdanna. Verktaki skal gera sitt ýtrasta til þess að fylgja tímaáætluninni í verki og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og þá af hvaða orsökum. Tímaáætlun verktaka verður yfirfarin reglulega á verkfundum og ber verktaka skilyrðislaust að gera ráðstafanir strax til að auka afköst ef framkvæmdir standast ekki gildandi tímaáætlanir að mati eftirlitsins.

Varðandi þriðju spurninguna er þetta svar: Samkvæmt flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýjan flugvöll á Egilsstöðum muni taka um þrjú ár.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin lýsi ég þeirri skoðun minni að ég tel að mjög illa hafi tekist til í þessu máli. Það liggur fyrir að engu munaði í raun á kostnaðaráætlun Almennu verkfræðistofunnar og hugmyndum þeim sem fram komu og bókaðar voru í áðurnefndri gjörð beggja aðila 23. sept. sl., þ.e. að semja um þessa framkvæmd fyrir 45 millj. kr. Það er tala sem Samstarfsfélagið nefnir og það er tala sem kemur fram í kostnaðaráætlun Almennu verkfræðistofunnar fyrir verkið. Það er í rauninni með öllu óskiljanlegt hvers vegna flugmálastjóri vill slíta þessum viðræðum þegar aðilar hafa nálgast með þessum hætti sem liggur fyrir. Auðvitað var það hins vegar spurning um pólitíska vilja til þess að ná samningum og sá vilji var greinilega ekki til staðar hjá þeim samgrh. sem tók við af hæstv. fyrrv. samgrh. Því er það svo að komið verður fram á hávetur þegar líklegt er að framkvæmdir hefjist samkvæmt almennu útboði sem stendur yfir.

Halda menn að tilhögun af þessu tagi verði til þess að lækka kostnaðinn við gerð Egilsstaðaflugvallar? Framkvæmd unnin um hávetur og Lagarfljót ísi lagt og það á að leggja m.a. veg um bakka þess og styrkja bakkann. Maður hlýtur að spyrja: Hvers konar afglapaháttur er hér á ferðinni? Hér er hætt miklu til varðandi opinbert fé, en það er ekki síður alvarlegt, herra forseti, að hér er í reynd verið að hverfa frá þeirri eðlilegu stefnu að leita eftir samkomulagi við aðila heima fyrir með ákveðnum viðmiðunum varðandi verk. Á Austurlandi er sáralítið

um opinberar framkvæmdir. Þær hafa dregist mjög saman. Stórframkvæmdir sem þar voru eitt sinn ráðgerðar, m.a. við kísilmálmverksmiðju, eru hvergi í sjónmáli. Tækjaeigendur, vinnuvélar og tæki og mannafli bíða heima í fjórðungi eftir verkum. Auðvitað munu þeir spreyta sig í almennu útboði, vafalaust, og vona ég að þeir fái verkið þrátt fyrir það sem hefur gerst. En þarna er rangt að málum staðið.

Herra forseti, að lokum: Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr dagblaðabunka sem ég er með, úrklippur varðandi þetta mál, en ég er með Morgunblaðið frá 6. okt. sl. þar sem koma fram yfirlýsingar tveggja þm. Austurlands, annar er ráðherra, hinn fyrrv. ráðherra. Hæstv. sjútvrh. segir þar: „Matthías átti að semja við heimamenn", en hv. þm. Sverrir Hermannsson segir: „Ráðherra gerir rétt." Sínum augum lítur greinilega hver á silfrið, en ég tel að orðið hafi hrapalleg mistök varðandi þetta mál þó að við vonum að það verði ekki framkvæmdinni í heild til varanlegs tjóns.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda og sömuleiðis í svari hæstv. samgrh. að ég heimilaði flugmálastjóra að taka upp viðræður við heimamenn um að aðilar þar tækju að sér framkvæmdir við byggingu 1. áfanga Egilsstaðaflugvallar en þó án skuldbindinga um að tilboði þeirra yrði tekið. Ákvörðun um það yrði tekin af ráðuneytinu að loknum viðræðum.

Þegar ég tók þessa ákvörðun var sjáanlegt að ríkisstjórnarskipti voru að fara fram og eins og fram kom í samtali mínu við flugmálastjóra lagði ég áherslu á að þessum viðræðum yrði hraðað þannig að ákvörðun yrði tekin sem allra fyrst og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er ekki sparnaður í því að hefja framkvæmdir í svartasta skammdeginu.

Erlend nöfn á íslenskum fyrirtækjum, ein umr.

Fsp. GHelg og SJS, 19. mál. — Þskj. 19.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Í febrúar 1982 beindi ég fyrirspurn til hæstv. þáv. viðskrh. um hver lög giltu um nafngiftir fyrirtækja vegna sívaxandi notkunar erlendra nafna á íslenskum fyrirtækjum. Hæstv. þáv. ráðherra svaraði því til að hann hefði ekki í hyggju að flytja frv. um ný lög og taldi lög nr. 42 frá 1903 ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 24 frá 1959 duga þar sem þar væru skýr ákvæði um að fyrirtæki skuli bera nöfn er samrýmist íslensku málkerfi. Orðrétt sagði hæstv. þáv. ráðherra Tómas Árnason, með leyfi forseta:

„Ég verð þó að lokum að játa að ég efast um að lagasetning af þessu tagi geri mikið gagn ein sér. Mestu máli skiptir að efla alla umræðu um íslenskt mál."

Vegna þessarar fyrirspurnar mælti svo hv. þáv. þm. Vilmundur Gylfason fyrir tveimur frumvörpum í apríl 1982 sem þáv. formaður hv. allshn. Var þar annars vegar um að ræða breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð og hins vegar á lögum nr. 53 frá 1963, um veitingasölu, gististaðahald o.fl. Bæði þessi frumvörp urðu að lögum og eftir breytinguna hljóðar 8. gr. hinna fyrrnefndu laga svo, með leyfi forseta:

„Hver sá sem rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlíta ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn sem samræmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar skv. lögum nr. 35/1953 [þ.e. örnefnanefndar]."

Í febr. 1985 spurði ég enn hæstv. þáv. viðskrh. hvort hann teldi erlend vörumerki í heiti íslenskra fyrirtækja samrýmast gildandi lögum. Þáv. hæstv. ráðherra Matthías Á. Mathiesen svaraði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég sagði í upphafi, herra forseti, að þeirri fsp. sem hér liggur fyrir um nöfn fyrirtækja svaraði ég að sjálfsögðu neitandi." Og síðar: „Herra forseti. Ég skal endurtaka það sem ég sagði að ég mun gera mitt til þess að reyna að framfylgja þeim lögum sem um þetta gilda, þ.e. þeim sem hér eru til umræðu." Og enn sagði hæstv. þáv. ráðherra: „Ég er sammála fyrirspyrjanda um það að auðvitað ber að gera allt sem hægt er til þess að tryggja það að því sé framfylgt sem þessi lög kveða á um í þessum efnum og það mun ég að sjálfsögðu gera eftir því sem í mínu valdi stendur."

Herra forseti. Nýlega var svo opnuð mikil verslunarhöll í Kringlunni hér í borg og langflest fyrirtæki í því húsi heita enn erlendum nöfnum. Sömu sögu er að segja um helstu verslunargötu borgarinnar og nú hefur landsbyggðin í æ meira mæli tekið upp þennan sið. Ég hef því, herra forseti, leyft mér á þskj. 19 að spyrja hæstv. viðskrh.:

„1. Telur viðskiptaráðherra það samrýmast lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42 1903, sbr. lög nr. 57/1982, að æ fleiri íslensk fyrirtæki bera er[illegible]nd heiti?

2. Hefur viðskiptaráðherra gert gangskör að því að farið sé að þeim lögum, telji hann svo ekki vera?

3. Hyggst viðskiptaráðherra sporna við þeirri þróun að íslensk fyrirtæki beri erlend nöfn? Sé svo, til hvaða ráða hyggst ráðherra grípa?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjendur eiga þakkir skildar fyrir að vekja athygli á því að erlendum

nöfnum á íslenskum fyrirtækjum fer fjölgandi. Þeir spyrja í fyrsta lagi hvort ég telji það samrýmast lögunum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, sbr. lög nr. 57/1982, að æ fleiri íslensk fyrirtæki beri erlend heiti. Við skulum þá fyrst líta á lagatextann sem fyrirspyrjendur vitna til.

Í 8. gr. laganna um skráningu fyrirtækja segir efnislega að hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skuli nefna fyrirtæki sitt eða atvinnustarfsemi nafni er samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Viðbótin, „og/eða atvinnustarfsemi", er viðbótin sem kom í lög 1982 að tillögu Vilmundar Gylfasonar sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til áðan.

Ef ágreiningur verður út af nafni má skjóta honum til örnefnanefndar eins og fyrirspyrjandi vitnaði líka til. Loks er því við að bæta að sams konar ákvæði um nafngiftir á fyrirtækjum eru nú í lögum um veitinga- og gististaði, nr. 62/1985.

Lítum á það hvernig skráningunni er háttað. Utan Reykjavíkur annast þessa skráningu embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en í Reykjavík firmaskrá borgarfógetaembættisins og svo fyrir landið allt hlutafélagaskrá sem heyrir undir viðskrn. Skrásetjararnir vekja athygli á því að lög nr. 57/1982 og nr. 67/1985 séu ekki afturvirk og því séu ýmis erlend heiti fyrirtækja lögleg sem fara mundu í bág við lög ef menn vildu gefa þau nú. Ég nefni sem dæmi um þetta nöfn á borð við Broadway og Hollywood og Winnys á skemmti- og veitingastöðum í Reykjavík sem eru lögleg, enda skráð áður en fyrrnefndar lagabreytingar tóku gildi.

Frá gildistöku laganna hafa skrásetjararnir í mörgum tilfellum neitað að skrá fyrirtækjaheiti sem þeir töldu ekki samrýmast íslensku málkerfi. Þegar umsækjendur vilja ekki una synjun hefur þessari ákvörðun skrásetjarans verið skotið til örnefnanefndar eins og ég nefndi áðan og hún hefur úrskurðað um það hvort hið umbeðna heiti falli að íslensku máli. Hún hefur reyndar líka gefið ráð við mótun verklagsreglna um skráningu heita á fyrirtækjum.

Formaður örnefnanefndarinnar, Þórhallur Vilmundarson, birti í Morgunblaðinu 19. mars sl. fróðlega yfirlitsgrein um fyrirtækjanöfn sem hann hafði samið vegna ráðstefnu um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum. Í grein Þórhalls kemur margt athyglisvert fram um þetta mál, m.a. að hér er oft um smekksatriði að ræða en ekki eingöngu formleg eða fræðileg atriði. Sem dæmi um vinnubrögð við skráninguna má nefna nýlegan úrskurð um nafnið Shanghai, sem skrifað var með a og i í tillögu fyrirtækisins. Nafnið fékkst ekki skráð fyrr en rithættinum hafði verið breytt í Shanghæ, með æ. Annað dæmi er nafn veitingahússins Alex sem var leyft eftir nokkrar vangaveltur.

Það koma auðvitað upp mörg svona álitamál þegar skrá á nöfn á fyrirtækjum og koma þar ekki bara við sögu erlend fyrirtækjaheiti, heldur líka heiti sem eiga að heita á íslensku en menn vilja mynda að erlendum hætti. Dæmi um þetta gæti verið Við sjávarsíðuna sem nafn á veitingastað eða Hjá Báru sem heiti á verslun. Fyrra heitið var reyndar samþykkt að fengnu áliti örnefnanefndar, en seinna nafnið, Hjá Báru, var til komið fyrir gildistöku laganna nr. 57/1982.

Svo koma upp ný álitamál þegar svo stendur á að íslensku fyrirtækin tengjast erlendum viðskiptakeðjum og byggja afkomu sína að verulegu leyti á þeirri alþjóðlegu auglýsinga- og kynningarstarfsemi sem keðjan stendur fyrir. Nýlegt dæmi um þetta er nafn á veitingastað í Kringlunni og á hóteli við Sigtún hérna í bænum. Þegar búið var að fjalla um þessi nöfn í samráði við formann örnefnanefndar var mótuð ný regla, sú að hægt væri að hafa erlend orð sem síðari hluta í heiti slíkra fyrirtækja. Þannig hafa á síðustu mánuðum verið skráð hér í Reykjavík fyrirtækin Hótel Sigtún – Holiday Inn, og Harðrokks-kaffi, Hard Rock-Café. Hér eru mörkin við vörumerki ekki mjög glögg og því er úr vöndu að ráða þar sem erlend vörumerki eru hér notuð í fullum rétti og reyndar vernduð af alþjóðlegum samþykktum. Mér virðist þess vegna að skráningu samkvæmt lögunum sé út af fyrir sig rétt framfylgt þótt um einstakar skráningar megi deila. Hitt virðist mér ljóst að lögin ná ekki fyllilega þeim tilgangi sem margir töldu að náð yrði með setningu þeirra. Formaður örnefnanefndar benti í greininni, sem ég vitnaði til áðan, á eins konar málamiðlunarlausn, að verslunum og öðrum fyrirtækjum yrði gert skylt að hafa jafnan uppi íslenskt nafn við hlið hins erlenda heitis. Þetta er tillaga sem ég ætla að kanna nánar.

Þá kem ég að annarri spurningu fyrirspyrjanda, hvort ég hafi gert gangskör að því að farið sé eftir þessum lögum um nafngiftir á íslenskum fyrirtækjum. Ég hef ekki haft nein bein afskipti af framkvæmd þessara laga þá rúmlega 100 daga sem ég hef gegnt ráðherrastarfi, en ég mun leggja það fyrir skrásetjarana að vanda framkvæmdina eftir föngum. Eins og fyrrv. viðskrh., sem til var vitnað, óttast ég að lagaleiðin sé ekki sérlega áhrifarík.

Svo er ég í þriðja lagi spurður hvort ég hyggist sporna við þeirri þróun að íslensk fyrirtæki beri erlend nöfn og þá til hvaða ráða ég hyggist grípa. Þessari spurningu svara ég auðvitað afdráttarlaust á þann veg að ég vilji sporna gegn þeirri þróun að íslensk fyrirtæki beri erlend nöfn, en ég hlýt að viðurkenna að ég hef ekki lausn á þessum vanda á reiðum höndum. Ég held að satt að segja komi engin einföld opinber lausn til í þessu máli, og alls ekki víst að lausnin felist í breyttum lögum. Notkun erlendra heita á fyrirtækjum og atvinnustarfsemi er auðvitað mengun í okkar málumhverfi. Hún er oft afleiðing af þeirri alþjóðlegu lágmenningu sem yfir okkur steypist úr öllum áttum. En ég held að við verjumst þessari mengun best með vakandi umræðum í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að verndа tunguna gegn slíkum aðskotaheitum.

Ég fagna fsp., sem ég vona að veki umræður og athygli, ekki síst meðal þeirra sem standa fyrir

atvinnurekstri eða ætla að stofna fyrirtæki hér á landi. Þeir vilja auðvitað allir að renta fylgi nafni, en rentunni ræður álit almennings. Áhrifaríkasta leiðin er því að upplýsa almenningsálitið og styðja það röggsamlegri framkvæmd á lögunum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og ég efast ekkert um hans góða vilja til þess að reyna að sporna við þessum hvimleiða sið sem hér er að festa rætur. Ég get reyndar ekki tekið undir að það geti skipt miklu máli hvort einhver staður sem heitir Shang-hai er skrifaður með a-i eða æ-i. Jafnfánalegt þykir mér þegar þeir Hafnfirðingar, vinir mínir, geta skýrt veitingastað Gaflinn með því að hafa bandstrik á milli svo að það heiti Gafl-inn. Þeim sem ekki skilja ensku skal til upplýsingar sagt að inn þýðir krá og þar með er seinni hluti orðsins orðin enska.

En nú hef ég áður spurt tvo hæstv. ráðherra vegna þessa máls og í þetta sinn ber svo við að hæstv. núv. viðskrh. er jafnframt dómsmrh. og sem slíkur hefur hann með að gera skrásetjara samkvæmt þeirri lagagrein sem hér er um rætt, sem eru eins og hann réttilega sagði sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógetinn í Reykjavík, hver í sínu lögsagnarumdæmi. Getum við þess vegna ekki vænst að hæstv. ráðherra beiti sér nú fyrir því af verulegri alvöru á báðum vígstöðvum að íslenskum lögum sé framfylgt að þessu leyti?

Við erum öll sammála um verndun íslenskrar tungu og menningar, a.m.k. í hátíðarræðum, en látum það samt viðgangast að íslensk fyrirtæki geri yfirbragð íslenskra byggðarlaga, eins og forstöðumaður Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns sagði í umræddri grein sem hæstv. ráðherra minntist á, „eins og smáborg í miðríkjum Bandaríkjanna".

Ég vil einnig benda á aðra ágæta grein í sama blaði frá 7. okt. sl. þar sem Erlingur Kristjánsson, húsasmiður í Mosfellsbæ, segir m.a. um byggðarlag sitt:

„En ég vil segja eftirfarandi við ráðamenn Mosfellsbæjar", og nú les ég með leyfi forseta, „í nútíð og framtíð: Ef þið viljið treysta ásjónu og ímynd byggðarlagsins út á við, þá forðist að leyfa fyrirtækjum og verslunum hvers kyns útlendar eða innlendar lágkúrur í nafngiftum."

Það er nefnilega þannig með þetta mál að skynugir Íslendingar vilja ekki þessi erlendu nöfn á fyrirtækjum sínum og Alþingi hefur marglýst vilja sínum þannig að í þessu efni eru þjóð og þing einhuga. Það er einfaldlega framkvæmdarvaldið sem bregst, herra forseti.

Nokkur hluti af þessu vandræðamáli er einnig fjárhagslegur vegna þess að menn eru hættir að selja vörur, menn eru að selja vörumerki, og kaupendur láta blekkjast af því að vörur sem eru e.t.v. engu betri en aðrar sambærilegar eru einfaldlega í svokölluðu fínu merki. Hefur þetta gengið svo langt að jafnvel verslanirnar og fyrirtækin sjálf bera nöfn þessara sömu merkja. Hér er því verið að leika sér á ýmsum vígstöðvum, herra forseti. Ég treysti nýskipuðum hæstv. viðskrh. og dómsmrh. til þess að ganga feti framar en forverar hans hafa gert og hreinsa íslensk byggðarlög af þessum leiða sið.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan um spurninguna um það hvort ég hygðist sporna við þeirri þróun að íslensk fyrirtæki beri erlend nöfn vil ég gera þetta. Ég sé því enga einfalda lausn á þessu máli og ítreka það álit mitt að lausnin liggi ekki í nýrri lagasetningu. Ég mun sannarlega leggja það fyrir skrásetjarana, sem eins og hv. 13. þm. Reykv. nefndi heyra ýmist undir viðskrn. eða dómsmrn., að framfylgja lögunum samviskusamlega. Ég hyggst líka kanna hugmynd Þórhalls Vilmundarsonar, formanns örnefnanefndar, um skiltaskyldu á íslensku. Það er mál sem ég er ekki viss um að þarfnist lagasetningar en varðar kannski frekar byggingarsamþykktir og skipulagsmál en skráningarlög.

Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi snýst málið einatt ekki fyrst og fremst um nöfn á fyrirtækjum heldur um vörumerki sem fyrirtækin auglýsa og oft ber miklu meira á í auglýsingunum og annarri kynningu en nafni fyrirtækisins. Ég byggi þessa skoðun mína að vísu ekki á neinni könnun, en mér virðist að þetta fyrirbæri, auglýsingar og skilti með vörumerkjum til að auðkenna verslanir, sé stöðugt fyrirferðarmeira í verslunarlífinu.

Í Lesbók Morgunblaðsins birtist sl. laugardag athyglisverð grein um þróun verslunarheitanna við helstu verslunargötu borgarinnar og reyndar landsins. Þar kemur glöggt fram hjá Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi, höfundi greinarinnar, að erlendum nöfnum á verslunum hefur fjölgað geysimikið við þessa götu. Af upptalningunni, sem hann sýnir, virðist mér mega ráða að þar gæti mjög vörumerkja fremur en verslunarheita, en vörumerkja sem verslunarheita og skilta. Greinin fjallar reyndar eingöngu um smásöluverslunina, en með leyfi forseta ætla ég að vitna í niðurlagsorðin hjá Guðjóni, en þau eru svona:

„Helsta niðurstaða þessarar samantektar er sú að fram undir 1910 voru verslanir yfirleitt kenndar við eigendur sína en frá um 1910 til 1935 fóru annars konar nöfn að tíðkast í auknum mæli, m.a. rómantísk og þjóðleg nöfn sem nú virðast fremur á undanhaldi. Erlend nöfn á verslunum hafa tíðkast frá því Laugavegur varð til en í litlum mæli fram til 1935. [Reyndar sýnist mér að það hafi verið innan við 5%.] Erlend áhrif á fyrri hluta aldarinnar komu einkum fram í því að eftirnafn eða föðurnafn kaupmannsins var notað í búðarheitinu. Nú er sá siður hverfandi en á móti kemur að um þriðja hver verslun heitir erlendu nafni (þetta hlutfall er enn þá hærra í Kringlunni)", eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

„Erlend heiti á verslunum við Laugaveg nú til dags eiga sér ýmsan uppruna. Flest virðast ensk en einnig bregður nokkuð fyrir nöfnum úr rómönskum

málum og fáeinum af dönskum uppruna.

Enginn dómur verður hér lagður á hvort þróun í verslunarheitum er jákvæð eða neikvæð en óneitanlega hlýtur hún að vekja okkur til umhugsunar."

Þetta bendir á það, sem ég sagði áðan, að lögin um nöfn fyrirtækja ná ekki til vörumerkja. Þannig selur rammíslenskt fyrirtæki, Vífilfell hf., drykkina Coca Cola, Tab og Hi-C sem í auglýsingunum eru látin fylgja enskum framburði. Önnur fyrirtæki með rammíslenskum heitum selja kjúklinga matreidda á sérstakan hátt undir vörumerkjunum Southern Fried Chicken eða Kentucky Fried Chicken. Svo eru það nöfn erlendra fatahönnuða, sem hv. 13. þm. Reykv. nefndi áðan, sem skreyta verslanir sem selja tískuvörur. Þannig fá menn á tilfinninguna að verslanirnar kenni sig við hina erlendu fatagerðarmenn. Þetta er fullkomlega leyfilegt samkvæmt íslenskum lögum og byggir reyndar, eins og ég sagði áðan, á alþjóðlegum skuldbindingum og vernd. En um notkun á svona skiltum og auglýsingum utan húss held ég að sé fremur við bæjaryfirvöldin að fást, skipulags- og byggingaryfirvöld, en lögin um skráningu fyrirtækja.

Þetta ætla ég að láta nægja til að tíunda sem dæmi um notkun erlendra heita í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi, en sem betur fer eru líka til, bæði í fyrri og seinni tíð, dæmi um góð og gild íslensk nöfn á fyrirtækjum og vöruheitum á nýjum neysluvörum og verslunarstöðum sem virðast hafa í fullu tré við hin erlendu og njóta viðurkenningar í hugum almennings. Ég nefni t.d. Hótel Borg, Hótel Holt og vörumerkin Svala, Blöndu og Sopa. Ég held þess vegna að það sé hægt að snúa þessari þróun við, en það er ekki hægt að gera með lögum.

Ég vil að lokum ítreka að notkun erlendra heita á fyrirtækjum og atvinnustarfsemi er sannarlega mengun í íslensku málumhverfi og varnir gegn þeirri mengun eru sannkölluð þjóðþrif.

Staðgreiðsla opinberra gjalda fyrirtækja, ein umr.

Fsp. KH, 21. mál. — Þskj. 21.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Staðgreiðsla opinberra gjalda hefur verið til umræðu og undirbúnings hjá öllum stjórnmálaflokkum og í kerfinu í fjöldamörg ár. Bæði dróg og heilleg frv. hafa verið lögð fram og mikil vinna unnin á vegum ráðuneyta. Það var þó ekki fyrr en á síðasta þingi að fyrsta skrefið var stigið og samþykkt lög um staðgreiðslu opinberra gjalda einstaklinga sem taka eiga gildi um næstu áramót. Allir þingflokkar lýstu stuðningi við það mál, en gagnrýndu jafnframt harðlega flaustursleg vinnubrögð og slæman undirbúning málsins.

Tímans vegna er ekki hægt að rekja öll þau atriði sem þm. gagnrýndu þá, en flestum ætti að vera sú umræða í fersku minni. En eitt af því sem þm. stjórnarandstöðu gagnrýndu hvað mest var að þessi skattkerfisbreyting skyldi eingöngu ná til launamanna. Skattlagningu á fjármagnstekjur og fyrirtæki var frestað og því borið við að þar væri um svo flókið mál að ræða að meiri tíma þyrfti til að vinna það, en að því yrði unnið áfram og var helst að skilja að frv. um lagabreytingar í þá veru yrði tilbúið á haustdögum. Að vísu var erfitt um loforð á þeim tíma þar sem menn vissu ekki hver mundi fara með lyklavöld í fjmrn. næstu árin. Þau eru nú í höndum formanns Alþfl., en alþýðuflokksmenn voru einmitt ákafir gagnrýnendur þess hvernig staðið var að málum og ekki síst að eigendur fyrirtækja og fjármagns voru undanskildir. Í nál. fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sagði m.a.:

„Ríkisstjórnin hefur einnig heykst á flutningi frv. um skattlagningu á fjármagns-, eigna- og hlunnindatekjur ásamt skattlagningu á fyrirtæki og því verður ekki hægt að flytja greiðslubyrði af launafólki yfir á herðar þeirra sem meira mega sín fjárhagslega í tíð þessarar ríkisstjórnar."

Í nál. hv. þm. er raunar gert ráð fyrir heildarlöggjöf um skatta á eignir og eignatekjur og fyrirtæki á hausti komanda, eins og það er orðað, og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþfl. ætlast til að þar megi auka tekjur ríkissjóðs um 400–500 millj. kr. og nota þá tekjuaukningu til að aflétta sköttum af almennum launatekjum. Það er heilbrigt sjónarmið í blönduðu hagkerfi að gera þá kröfu til eigenda fyrirtækja og fjármagns að umsvif þeirra skili arði sem nægi til að létta skattbyrði launþega þeirra."

Það hefði því, herra forseti, mátt ætla að hæstv. fjmrh. sætti sig ekki við neinn seinagang í þessum efnum, en um það fáum við væntanlega að heyra í svari hans við fsp. minni á þskj. 21 sem hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi lagafrv. um staðgreiðslu opinberra gjalda fyrirtækja og fjármagnseigenda?"

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. spyr: „Hvað líður undirbúningi lagafrv. um staðgreiðslu opinberra gjalda fyrirtækja og fjármagnseigenda?"

Svarið við því er tvíþætt: Annars vegar hvað varðar undirbúning lagafrumvarpa um efnislegar breytingar á löggjöf um tekjuskattsálagningu fyrirtækja og fjármagnseigenda. Hins vegar um innheimtuform, þ.e. staðgreiðslu.

Fyrst um efnislegar breytingar.

Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnar er unnið á vegum fjmrn. að marghátt aðri endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Meginstefna þessarar endurskoðunar er að gera skattakerfið einfaldara og um leið skilvirkara. Einn þáttur þessa starfs er endurskoðun á skattlagningu félaga.

Í ágústmánuði voru skipaðir starfshópar innan

fjmrn. til þess að vinna að tæknilegum undirbúningi á skattalögum og sá hópur sem fjallar um skattlagningu fyrirtækja og skattlagningu eignatekna er undir formennsku Indriða H. Þorlákssonar, skrifstofustjóra tekjusviðs ráðuneytisins. Gert er ráð fyrir því að niður verði felldar heimildir til frádráttar vegna tillaga í varasjóð og fjárfestingarsjóð. Afskriftareglur verði endurskoðaðar og jafnframt settar reglur er lúta að því að jafna skattalega meðferð mismunandi aðferða við fjármögnun. Svo sem kunnugt er hafa fjármagns- og kaupleigufyrirtæki boðið þjónustu sína m.a. á þeirri forsendu að kaupleigu fylgdi skattalegt hagræði umfram aðra fjármögnunarkosti.

Þessi endurskoðun skattlagningar á fyrirtæki mun jafnframt leiða til lækkunar skatthlutfalls, en eins og fram kemur í fjárlagafrv. er við það miðað að breytingarnar að því er þetta varðar skili ríkissjóði tekjuauka að fjárhæð 150 millj. kr. á næsta ári, en að því er varðar aðra þætti breytingar á skattalöggjöf og skattlagningu fyrirtækja vísast til grg. í fjárlagafrv. um auknar skattgreiðslur fyrirtækja samkvæmt því.

Um skattlagningu fjármagns- og eignatekna er það að segja að sú endurskoðun tengist óhjákvæmilega endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Sömu grundvallarsjónarmiða mun gætt við endurskoðun þessara þátta sem annarra. Á þessu sviði er samræming skattalegrar meðferðar ákaflega brýn, enda á sér nú stað veruleg skattaleg mismunun eftir því hverrar tegundar eignatekjur eru. Eignatekjur eiga að sæta sömu skattalegu meðferð óháð eignarformi. Þetta verkefni er eitt með þeim flóknari og vandasamari við þessa endurskoðun skattalaga, en miðað er við að fjármagns- og eignartekjur verði skattlagðar. Um það geta flestir verið sammála. Vandinn er að finna sanngjarna leið sem ekki mismunar eignarformum í skattlagningu og þar með sparnaðarleið sem hvetur en letur ekki til sparnaðar.

Í annan stað er spurningin um innheimtufyrirkomulag, þ.e. hvað líður staðgreiðslufyrirkomulagi að því er varðar greiðslu af tekjusköttum fyrirtækja. Sá er eðlismunur á þessu tvennu að upplýsingar um raunverulegar tekjur fyrirtækja geta eðli málsins samkvæmt ekki legið fyrir fyrr en eftir árið. Þess vegna verður að nálgast þetta með öðrum hætti en staðgreiðslu af launatekjum sem gefnar eru upp frá mánuði til mánaðar. Vandinn er þá í því fólginn að koma sér upp áætlunarkerfi um fyrirframgreiðslu þannig að greiðslur nálgist þær tekjur sem aflað er á skattaári. Því er yfirlýst að við þá endurskoðun sem ég nú hef lýst efnislega er við það miðað að leita leiða til þess að fyrirframgreiðslur verði samkvæmt slíkum áætlunum þó að þær hugmyndir séu enn á vinnslustigi.

Þess skal svo getið að lokum að forstöðumaður þessa starfshóps er nýkominn heim úr sex vikna för um Bandaríkin þar sem hann kynnti sér veigamestu þætti þeirrar róttæku skattaendurskoðunar sem fram hefur farið þar í landi og þess er að vænta nú þegar hann er heim kominn að þetta starf verði til lykta leitt á næstunni, enda frv. að vænta á þessu hausti.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég verð að segja að mér finnst ekki vera neinn rífandi gangur í þessu verki, en greinilega er eitthvað verið að gera og vonandi skilar það árangri. Hæstv. ráðherra lét að því liggja að von væri á frv. á þessu hausti. Vonandi er þá formaður nefndarinnar búinn að læra svo mikið undanfarnar vikur í Bandaríkjunum að það gangi eftir.

En ég verð að segja að það hefði mátt vænta þess að hæstv. ráðherra tæki rösklegar til hendinni en mér virðist vera. Ég hlýt að minna á mikilvægi þessa máls og gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að hann fylgi fast eftir þessum málum. Hann hefur marglýst því yfir í mörgum liðum hversu handónýtt og í molum núverandi skattakerfi er og hvað gera þurfi til að bæta það og slíkt skattakerfi verður ekki reist úr rústum með hangandi hendi.

Ég vil nota þetta tækifæri líka til að geta þess að ég er ekki sammála hæstv. ráðherra og ríkisstjórn um að brýnna sé að leggja á og þyngja skatta á nauðþurftir fólks undir yfirskini einföldunar en að ráðast á ögn hærri garða. En það er aldrei of seint að bæta sig og taka til hendinni. Og hæstv. ráðherra: Í öllum lifandi bænum gleymdu ekki stóru orðunum um réttlætið. Því miður reynist mörgum einfaldara og auðveldara að segja stóru orðin en að standa við þau.

En ég ítreka að ég vona að þessi frumvörp verði lögð fram á þessu hausti og þau skili hugsanlega því sem nefnt var í nál. fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. Nd. þegar lagabreytingin var afgreidd fyrir þinglok í vor fremur en þeirri tölu sem hæstv. ráðherra nefndi áðan.

Heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafarinnar, ein umr.

Fsp. GA, 26. mál. — Þskj. 26.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili varð nokkur umræða um lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978 svo og önnur gildandi lög sem taka til smitsjúkdóma, en þau eru orðin býsna gömul. Tilefni þessara umræðna voru fyrirhugaðar lagabreytingar á kynsjúkdómalögum vegna eyðnisjúkdómsins.

Það er að mati allra sem til þekkja bæði eðlilegt og reyndar löngu tímabært að endurskoða öll þau lög er varða sóttvarnir og kynsjúkdóma og færa þau til samræmis við nútímaþekkingu og starfshætti. Einnig þykir eðlilegt að líta á smitsjúkdóma sem heild við lagasetningu þannig að heildstæð löggjöf

nái til allra smitsjúkdóma en frávik og sérstaða verði mörkuð með reglugerðum. Um þetta fluttu þingkonur Kvennalista ásamt öðrum þingkonum stjórnarandstöðu svohljóðandi till. til þál. í febrúar 1986, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á heilbrmrh. að láta fara fram svo fljótt sem unnt er endurskoðun og samræmingu á þeim lögum sem taka til smitsjúkdóma. Lagt verði fram frv. þar að lútandi eigi síðar en á næsta þingi."

Við umræður um þessa till. komu fram upplýsingar hjá páv. hæstv. heilbrmrh. þess efnis að tekin hefði verið ákvörðun um að endurskoða sóttvarnarlöggjöfina í heild sinni og hygðist hún skipa nefnd til þessa verkefnis. Í febrúar 1987 bar ég síðan fram fsp. um það hvenær heilbrmrh. hefði skipað nefnd til að annast verkefnið og hvað liði störfum nefndarinnar. Í svari ráðherra þá kom fram að nefndin hefði verið skipuð 27. nóv. 1986, einnig hverjir ættu sæti í henni. Þegar spurt var hafði nefndin einungis starfað stuttan tíma og því eðlilega lítið af störfum hennar að frétta. Ég vil því endurtaka þessa fsp. mína nú á nýju þingi og spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 26:

„1. Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem heilbrigðisráðherra skipaði 27. nóv. 1986 til að gera heildarendurskoðun á sóttvarnarlöggjöfinni?

2. Hvenær hyggst nefndin ljúka störfum?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. 26 hefur hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurst fyrir um störf þeirrar nefndar sem skipuð var af fyrrv. hæstv. heilbrmrh. 27. nóvember 1986 til að gera heildarendurskoðun á sóttvarnarlöggjöfinni, eins og segir í fyrri lið fsp.

Nefnd sú sem hér er vitnað til var skipuð í lok sl. árs til þess að gera tillögur um samræmingu ýmiss konar laga sem gilda um smitsjúkdóma, t.d. laga um sóttvarnir, laga um farsóttir, berklavarnarlaga, laga um kynsjúkdómavarnir. Í nefndina voru skipaðir Sigurgeir Jónsson fyrrv. hæstaréttardómari, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Haraldur Briem læknir, sérfræðingur í smitsjúkdómum. Yfirlögfræðingur ráðuneytisins var nefndinni til aðstoðar við tiltekin störf, m.a. við upplýsingaöflun erlendis frá um smitsjúkdóma og lög og helstu hugmyndir sem uppi eru erlendis um slíka lagasmíð. Þessi gagnasöfnun tók um það bil tvo mánuði og liggja öll umbeðin gögn fyrir í ráðuneytinu og margvíslegar upplýsingar.

Formaður nefndarinnar hélt fjóra fundi í janúar og febrúar, en ákvað þá að segja sig úr nefndinni sem hann gerði með bréfi til ráðuneytisins í marsmánuði. Hæstv. fyrrv. heilbrmrh. leysti formanninn ekki formlega frá störfum og var þess sannarlega vænst að hann tæki til starfa með nefndinni að nýju, en svo hefur því miður ekki orðið.

Það er ljóst að nauðsynlegt er að halda áfram þeirri endurskoðun sem hér er hafin og margvíslegar upplýsingar eru þegar fyrir hendi og ég get tekið undir það sem kom fram hér í framsögu hv. fyrirspyrjanda um mikilvægi þessa starfs, en afstaða hefur ekki verið tekin til þess enn hver verður fenginn til að veita nefndinni forstöðu.

Þetta er því miður ekki nein afrekaskrá sem hér hefur verið gerð grein fyrir og þess vegna hlýtur svar við seinni lið fsp. hv. fyrirspyrjanda, „Hvenær hyggst nefndin ljúka störfum?", að verða stutt. Með tilvísun til þess sem ég hef áður sagt er ekki hægt að fullyrða nákvæmlega hvenær nefnd þessi getur lokið störfum. Ég veit hins vegar að þetta er mikilvægt og bráðnauðsynlegt starf. Mér er það ljóst. Ég mun því á næstu dögum skipa nýjan fulltrúa í nefndina og fela einhverjum þeirra þriggja að veita henni forustu, en þeir aðrir sem skipaðir voru, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir og Haraldur Briem læknir, eru báðir fúsir til að vinna að þessum störfum áfram og komast að niðurstöðu í málinu.

Það hefur verið í mörg horn að líta og við höfum nú í heilbrmrn. skipað ýmsar nefndir að undanförnu til að skoða þar ýmis málefni, misjafnlega viðamikil að vísu. En ég vænti þess sannarlega að þessi nefnd geti unnið sitt verk á næstu mánuðum og það verði hægt að leggja frv. fram um nýja löggjöf á þessu sviði fyrir þetta þing.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans. Þetta er eins og hann sagði ekki bein afrekaskrá, en nefndin hefur greinilega safnað að sér gögnum og málið brýnt, eins og ráðherra skilur. Ég vænti þess að hann standi við orð sín og skipi fulla starfsnefnd, sem geti síðan haldið áfram að vinna að þessum brýnu verkefnum, og hlakka til að sjá það frv. sem fyrir þingið verður lagt.

Náms- og kennslugögn, ein umr.

Fsp. PB, 30. mál. — Þskj. 30.

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Í maí 1982 hófst rekstur á kennslugagnamiðstöð í Reykjavík á vegum Námsgagnastofnunar. Hlutverk þeirrar miðstöðvar hefur verið að annast kynningar- og upplýsingaþjónustu fyrir kennara. Á grundvelli þessa starfs, sem hefur gefið mjög góða raun, var samþykkt á Alþingi vorið 1985 að láta kanna hvernig mætti koma hliðstæðri þjónustu við á landsbyggðinni.

Hv. 6. þm. Reykv. lagði fram fsp. á Alþingi í febrúar sl. um framkvæmd þáltill. og kom fram í svari ráðherra að þótt ekki hefðu borist svör frá öllum umsagnaraðilum mundi fljótlega verða tekin ákvörðun um aðgerðir.

Með frumkvæði Námsgagnastofnunar í árslok

1985 að dreifa fræðslumyndböndum á allar fræðsluskrifstofur utan Reykjavíkur til útlána þaðan var stigið stórt skref til jöfnunar og í raun hefur þetta framtak ásamt aukningu verkefna og ýmissa gagna á fræðsluskrifstofunum lagt grunninn að kennslumiðstöðvum þar. Mikið vantar þó á að þær geti risið undir nafni og ber því nauðsyn til að fljótlega verði tekin ákvörðun um hvort og með hvaða hætti starfsemi þessari verði komið á til hagsbóta fyrir nemendur á landsbyggðinni.

Í lögum nr. 63 um grunnskóla segir í 72. gr. að við hvern skóla skuli vera safn bóka og námsgagna og að þeim skuli vera þannig búið að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Það er flestum ljóst að þótt ná megi þessum markmiðum í stærri skólum er þess varla von að það verði hægt í hinum smærri. Þótt ekki sé verið að draga úr nauðsyn þess að búa hvern skóla sem best er afar nauðsynlegt að koma á sameiginlegum miðstöðvum fyrir smærri skólana sem auk þess þjóna *hinum stærri til aukinnar fjölbreytni í kennslugögnum* og verkefnagerð. Með hliðsjón af framansögðu leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 30, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast verði að veita skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi, sbr. þál. frá 13. júní 1985?

2. Eru fyrirhugaðar sérstakar fjárveitingar til þessara mála á næstunni?

3. Hyggst menntmrh. beita sér fyrir því að *kennslugagnamiðstöðvar verði formlega settar á* stofn í fræðsluumdæmum?“

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Vestf. er í þremur töluliðum, en ég mun svara henni í samfelldu máli og vonast til þess að í því komi fram glögg svör við því sem spurt er um.

Eins og fram kemur í fsp. var samþykkt þál. 13. júní 1985 um að gerð yrði könnun á því hvernig hagkvæmast væri að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt yrði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, gætu hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi. Ríkisstjórninni er í þál. falið að kanna í samstarfi við samtök sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur í öllum landshlutum hvernig ofangreindu markmiði verði best náð. Í kjölfar þál. sendi menntmrn. erindi til fræðslustjóra og fræðsluráða í öllum fræðsluumdæmum og stjórnar samtaka sveitarfélaga og bað um álit þeirra á málinu.

Svör bárust treglega og þrátt fyrir ítrekun vantar enn svör frá fræðslustjórum og fræðsluráðum Norðurlandsumdæmanna tveggja, fræðsluráði Suðurlandsumdæmis og stjórn Samtaka sveitarfélaga. Umsagnirnar sem borist hafa eru nær allar á einn veg. Fræðslustjórar og fræðsluráð telja hagkvæmast að koma á fót gagnamiðstöðvum við fræðsluskrifstofur og í flestum umdæmum er þegar kominn vísir að slíkri starfsemi.

Fræðsluráð Reykjavíkur ræddi aðgang að náms- og kennslugögnum á fundi sínum 25. nóv. 1985 og kom þar fram sú skoðun að skólum yrði best séð fyrir aðgangi að nægum kennslugögnum með því að hafa fjölbreytt úrval á boðstólum í einni öflugri stofnun fyrir landið allt á einum stað.

Skv. 85. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, reka ríki og sveitarfélög fræðsluskrifstofur sameiginlega og því ætti starfsemi kennslugagnamiðstöðva að vera sameiginlegt verkefni þessara aðila. Það vekur því athygli að í flestum umsagnanna er talið að ríkissjóður eigi einn að standa straum af kostnaði við kennslugagnamiðstöðvar.

Í umræðum um kennslugagnamiðstöðvar í fræðsluumdæmum virðast menn ekki alltaf vera að tala um sams konar starfsemi. Telja sumir að menn vilji koma upp útibúum frá Námsgagnastofnun í *öllum fræðsluumdæmum þar sem skólar fái allar* kennslubækur í stað þess að fá þær frá Reykjavík. Þetta verði eins konar útibú frá birgðageymslu Námsgagnastofnunar og áttföld pöntunarþjónusta. Fleiri sjá kennslumiðstöð Námsgagnastofnunar sem fyrirmynd gagnasafna við fræðsluskrifstofur. Þar geti skólar fengið lánað námsefni og hugsanlega enn fremur kennslutæki sem þeir hafa ekki bolmagn til að kaupa og þurfa ekki að nota að staðaldri. Einnig geti kennarar úr umdæminu hist á fræðsluskrifstofunni m.a. til að útbúa verkefni fyrir nemendur sína.

Menntmrn. telur tilgangslítið að halda áfram könnun viðhorfa aðila með því að leita skriflegs álits *þeirra eins og í upphafi var reynt. Hins vegar er ljóst* að áhugi er mikill á að koma upp kennslugagnamiðstöðvum við fræðsluskrifstofur, a.m.k. úti á landi, og er þegar kominn vísir að slíkum miðstöðvum. Menntmrn. telur það rétta leið að koma slíku upp við fræðsluskrifstofurnar og hefur því nú ákveðið að leita tilnefninga í nefnd til að gera úttekt á stöðu mála á þessu sviði nú og tillögur um skipan þeirra í framtíðinni. Verður leitast við að gera þetta í samvinnu *við samtök sveitarfélaga. Ekki hefur enn verið* farið fram á sérstakar fjárveitingar vegna kennslumiðstöðva.

Fyrirspyrjandi (Pétur Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans sem voru að vísu mjög svipuð svörum þeim sem bárust í febrúar og virðist sem lítið hafi verið gengið eftir að fá þær umsagnir sem á skorti.

Ég tek fram að það er alls ekki meiningin að þarna sé um bókaafgreiðslu að ræða eða þess háttar útibú frá Námsgagnastofnun heldur er talað um námsgagnasafn og gerð, að þarna sé eins konar verkstæði fyrir kennara og þarna sé aðgangur að þeim dýrari kennslugögnum sem smáir skólar hafa ekki bolmagn til að afla sér og verði þess vegna

betur komið á einum stað þar sem þeir eigi einhvern aðgang að.

Í öðru lagi þykir mér gott að heyra að nefnd verður skipuð í þessi mál, en ítreka þá skoðun mína að það er æskilegt að sem fyrst verði haldið áfram þessu máli þar sem það virðist hafa legið í láginni um sinn.

SAMEINAÐ ÞING

6. fundur, þriðjudaginn 20. okt., að loknum 5. fundi.

Kostnaður vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, beiðni um skýrslu.

Beiðni um skýrslu, 16. mál. — Þskj. 16.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þingskjal 16 hefur verið endurprentað. Það var gerð athugasemd við það á síðasta fundi. Breytingin er sú að um er að ræða beiðni um skýrslu frá utanrrh. Það var áður beðið um skýrslu frá fjmrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 40 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um sláturleyfi fyrir sláturhúsið á Bíldudal. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Mörg undanfarin ár hafa bændur við Arnarfjörð rekið sláturhús á Bíldudal. Þetta sláturhús er rekið af félagsskap sem bændur eiga og heitir Sláturfélag Arnfirðinga. Þetta hús hefur starfað með ágætum öll þau ár sem það hefur verið við lýði og á sl. hausti var slátrað þar 6542 kindum. Þá var ekki einu sinni gefið út sláturleyfi. Það var talið svo sjálfsagt. Jafnframt var það eina sláturhúsið í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Á þessu sumri sendi félagið umsókn til landbrn. dags. 24. ágúst þar sem sótt er um framlengingu, en hér er um hús að ræða sem er á undanþágu eins og mörg önnur hús. Í lögum um meðferð og skoðun og mat á sláturafurðum segir að héraðsdýralæknir skuli framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma sem gefur nægan frest til úrbóta ef þörf krefur fyrir næstu sláturtíð. Þessi skoðun fór ekki fram. Forráðamenn sláturhússins fréttu af að héraðsdýralæknirinn hefði skoðað húsið einhvern tímann í sumar, en athugasemdir hans komu í hendur forráðamanna sláturfélagsins í ágústmánuði, þá óundirskrifaðar og ómerktar með öllu.

Þeir brugðust samt fljótt við og hófu aðgerðir til að koma til móts við þessar athugasemdir. Þeir sendu bréf til ráðuneytisins 24. ágúst þar sem beðið er um þessa undanþágu. Síðan hefur margt á dagana drifið og margar viðræður hafa farið fram.

Yfirdýralæknir, settur, hefur sýnt fádæma óbilgirni í þessu máli og vægast sagt er hér um misbeitingu valds að ræða. Löggjafinn hefur ætlað yfirdýralækni að fylgjast með heilbrigðismálum í sambandi við slátrun, en þar hefur verið blandað saman fádæma látum að fækka sláturhúsum, og þar hefur dýralæknir að mínum dómi farið út fyrir sitt verksvið. Síðast er svo verið að fetta fingur út í vatnsgæði. Þeim er víða ábótavant og alls staðar þar sem um yfirborðsvatn er að ræða, en mismunandi mikið eftir því hvort um mikið úrfelli er að ræða eða ekki. Yfirborðsvatn hefur verið notað við slátrun víðar en á þessum stað og það stóð ekkert á forráðamönnum sláturhússins að blanda klóri í vatnið og klórblöndun var til staðar sem er líka allvíða annars staðar. En allt hefur komið fyrir ekki. Alltaf hafa orðið einhverjar tafir, einhver stöðnun í þessu máli.

Ég get þess hér til þess að fyrirbyggja allan misskilning að ráðuneytisstjóri og starfsmenn landbrn. hafa verið mjög viðræðugóðir í þessu máli. Ég spyr hæstv. landbrh.: Hafa kröfur verið samræmdar í öllum sláturhúsum sem leyfi hafa fengið? Hefur ráðherra krafið settan yfirdýralækni um skrifleg rök fyrir áliti sínu? Hvað réttlætir afstöðu yfirdýralæknis að neita um meðmæli nú eftir að endurbætur hafa átt sér stað? Afurðir frá þessu sláturhúsi hafa líkað vel og sömu viðskiptamenn hefur það átt ár eftir ár. Ég spyr líka að því: Eru hærri og meiri kröfur gerðar til gæða vatns til þess að þvo kjötskrokka í sláturhúsi þó vatnið sé klórblandað en til mannfólksins sem má drekka þetta vatn alveg óátalið?

Það væri líka fróðlegt að hæstv. heilbr.- og trmrh. segði sitt álit á því hvort hann telji að það eigi að gera hærri og meiri kröfur til að þvo skrokka í sláturhúsi en til þess neysluvatns sem mannfólkið á að drekka, bæði börn og fullorðnir, og hefur ekki orðið illt af á þeim stað frekar en öðrum þar sem yfirborðsvatn hefur runnið. Og ég hef drukkið það alla mína ævi og ekki orðið meint af.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Í gildi eru lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og á grundvelli þeirra var síðan gefin út reglugerð 29. des. 1967 undirrituð af Ingólfi Jónssyni. Þar er kveðið á um búnað sláturhúsa til löggildingar og þar eru settar fram þær samræmdu kröfur sem hv. 1. þm. Vestf. var að spyrja um hvort væru til. En í

lögum þessum er einnig tímabundin heimild til undanþágu. Þessi heimild hefur oft verið endurnýjuð og síðast var það gert með bráðabirgðalögum sem gefin voru út í sumar þar sem fyrri heimild til undanþágu frá löggildingu var niður fallin, en jafnan er það svo síðan þessi lög voru sett að það eru færri sláturhús sem hafa fengið fullkomna löggildingu þannig að þau hafi uppfyllt allar kröfur.

1. gr. þessara bráðabirgðalaga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur þó þar sem brýn nauðsyn krefur tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist það á viðunandi hátt."

Eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði hafa ekki fengist meðmæli frá dýralæknum um slátrun þarna. Fyrrv. héraðsdýralæknir, sem gaf fyrstu umsögnina, er farinn úr héraði. Þá var settur annar sem síðan hefur skoðað húsið og ekki treyst sér til að gefa meðmæli á grundvelli hennar. Hins vegar reyndi ráðuneytið að leita uppi dýralækni sem væri fáanlegur til þess að sjá um heilbrigðisskoðun sem er að sjálfsögðu algjör forsenda þess að slátrun geti farið fram því ef kjöt er ekki heilbrigðisskoðað er ekki hægt að selja það. En það hefur ekki fengist neinn dýralæknir til þess enn þá að taka að sér að bera ábyrgð á því að slátrun fari þarna fram á viðunandi hátt. Af þeim sökum er ekki heimild samkvæmt lögum fyrir landbrn. að gefa út þetta leyfi.

Að sjálfsögðu getur Alþingi breytt lögum og það hefur oft verið gert, en ráðherra verður að fylgja þeim lögum sem eru í gildi á hverjum tíma. Ég mun ekki leggja til að lögum verði breytt á þann hátt að dregið verði úr heilbrigðiskröfum til meðferðar á íslenska kindakjötinu. Það er viðurkennd gæðavara og ég tel að það skipti ákaflega miklu máli, bæði fyrir framleiðendur og neytendur, að það haldi þeirri viðurkenningu.

En það er bæði að kröfur um meðferð matvæla eru sífellt að vaxa og þörfin fyrir betri meðferð virðist líka vera að vaxa þar sem sýkingarhætta frá umhverfinu fer vaxandi. Sama staða og nú er komin upp á Bíldudal kom upp á Siglufirði fyrir tveimur árum. Þá fengust ekki meðmæli héraðsdýralæknis eða yfirdýralæknis og því var leyfið þar ekki veitt.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það gefst stuttur tími til að rekja þetta mál og því miður er ekki hægt að koma við öllum þeim upplýsingum sem fram þyrftu að koma, en ég vil aðeins nefna í þessu sambandi þrjú atriði.

Í fyrsta lagi skulum við gera okkur grein fyrir því að það er ekki aðeins mannfólkið sem neytir þess vatns sem þarna er ekki talið hæft til að þvo úr kjötskrokka heldur er sama vatnið notað í allan þann matvælaiðnað sem fram fer á Bíldudal, þar á meðal í fiskverkunarhúsum staðarins. Það er fráleitt, ef það er álit yfirdýralæknis að þetta vatn henti ekki til matvælaframleiðslu, að hægt sé að halda áfram framleiðslu á matvælum á þessum stað við þessar aðstæður. Þannig er það ekki aðeins mannfólkið sem drekkur þetta vatn, sem yfirdýralæknir telur óhæft til þess að þvo úr kjötskrokka, heldur er það einnig notað til allrar matvælaframleiðslu á staðnum.

Í öðru lagi er hér um að ræða uppgjörsmál. Þeir bændur sem þarna hafa slátrað hafa fengið mjög greitt og vel uppgert fyrir þær afurðir sem þeir hafa lagt þarna inn. Hins vegar hefur því ekki verið að fagna hjá þeim húsum sem þeim hefur verið vísað á m.a. af embættismönnum þeim sem hér eiga hlut að máli.

Í þriðja lagi vil ég benda á, hæstv. forseti, að hérna er líka um stjórnunaratriði að ræða og skýra frá því að það hafa gefið sig fram starfandi dýralæknar sem virðast hafa verið fúsir til að gefa þá umsögn um þetta sláturhús sem verið er að leita eftir, en þeim hefur snúist hugur á einni nóttu. Þessa þekkir hæstv. landbrh. mjög vel til og það er mat mitt og annarra þm. Vestf. að þessi sinnaskipti umræddra héraðsdýralækna, sem hafa verið reiðubúnir að gefa umsögn um þetta hús, séu af annarlegum rótum runnin. Þar er ég ekki að ásaka hæstv. landbrh. eða embættismenn í landbrn.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst að hér hafa einkennilegir hlutir gerst. Ég held að enn einu sinni standi menn frammi fyrir því að einn einstaklingur úr kerfinu setur stólinn fyrir dyrnar. Það er ekki landbrh. sem þarna er um að ræða. Það er yfirdýralæknirinn, settur. Og það er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort honum finnist það eðlilegt að enginn dýralæknir fæst til að fara vestur. Þeir hafa játað að þeir skyldu gera það, en svo snúist hugur á einum degi. Er ekki eitthvað að að því að þetta varðar? Getur einn embættismaður hagað sér með þeim hætti að setja í hættu atvinnugrein fleiri hundruð manns í þessu tilfelli, kannski miklu fleiri einhvers staðar annars staðar? Ég held að við hljótum að krefjast þess að tekið sé á slíkum málum og ég trúi því ekki að landbrn. geti ekki fengið dýralækni og sent hann vestur til að láta taka húsið út eða fylgjast með heilbrigðisþættinum í því. Hér eru menn vísvitandi, að ég tel, að koma í veg fyrir að þessi atvinnugrein geti haldið þarna áfram. Til þessa eru orsakir áður kunnar sem yfirdýralæknir þá vildi að yrðu teknar með í reikninginn. Það var þegar talið var að riðuveiki hefði komið upp í Arnarfirði. Þá vildu menn farga öllu fé. Eftir því var ekki farið og menn muna kannski það sem þá gekk á. Hér er að mínu viti nánast um hefndarráðstöfun að ræða gagnvart fólki á þessu svæði. Slíka ráðstöfun á landbrh. að stöðva. Það á ekki að líða einum eða neinum embættismanni að haga sér með þeim hætti, eins og hér er verið að gera, að koma í veg fyrir að fólk geti bjargað sér á skynsaman og eðlilegan hátt. Þetta byggðasvæði er í nauðvörn. Það hefur sótt á

brattann. Það á ekki að líða einum eða neinum embættismanni að gera því erfiðara fyrir en þörf er á.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstvirtur forseti. Þetta mál, sem hér er um að ræða, er í rauninni miklu stærra en umfang þess kannski virðist vera við fyrstu sýn. Byggðin, sem hlut á að máli, telur 400 manns. Það kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf. fyrr í dag að í fyrra var í þessu húsi slátrað rúmlega 6000 fjár. Í ár er gert ráð fyrir að slátra aðeins um 3000 fjár. Skýringin er sú að í fyrra var þarna slátrað fyrir nágrannana. Þá var það meira að segja sjálft Framleiðsluráð landbúnaðarins sem leitaði til Arnfirðinga og bað um leyfi til að fá að slátra þarna fyrir Rauðsendinga. Það var gert og enginn veit betur en að það hafi allt saman verið í besta lagi. Leyfi fyrir slátrun var þá hins vegar ekki fyrir hendi. Það hafði verið sótt um leyfi. Því hafði ekki verið svarað. En mergur málsins er sá að þá er dýralæknir til staðar og framkvæmdin gengur snurðulaust fyrir sig. Nú var húsið tekið út af dýralækni 26. sept. og komu fram ýmsar athugasemdir og það var unnið að aðgerðum í húsinu. Það eru aðeins tvö atriði eftir sem ekki var fullnægt eftir athugasemdum þess dýralæknis. Annars vegar er um að ræða svefnskála sem ekki voru settir í þetta hús. Þetta er gamla matvælaiðjan á Bíldudal sem Gísli heitinn Jónsson lét byggja á sínum tíma að stofni til. En hitt atriðið var að bakkafæriband er ekki sett í þetta hús. En það er tregðan, sem síðan kemur fram í embættismannakerfinu, sem þeir hv. þm. sem hér hafa talað hafa lagt áherslu á, sem er aðalatriði málsins. Það er vitað um fullkominn velvilja landbrn. í einu og öllu. Þetta er hinn stórkostlegi vandi sem í málinu er. Það er tregða embættismannakerfisins gagnvart svo einföldum hlut að senda vestur á Bíldudal einn mann, sem hefur réttindi í dýralækningum, til að dæma það sem gert hefur verið og fá um það úrskurð hvort hús sem hefur verið bætt frá því í fyrra er ekki betra til að þjóna sínu hlutverki en það gerði þá — fyrir sjálft Framleiðsluráð landbúnaðarins. Takið eftir því.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. kom inn á margt af því sem ég ætlaði að vekja athygli á, en ég held þar áfram.

Þetta svæði, sem hér um ræðir, Vestur-Barðastrandarsýsla, hefur orðið fyrir barðinu á riðuveiki. Þar hefur verið skorinn niður gífurlegur fjöldi fjár. Fyrir bragðið er þar ekki nema lítið brot þess fjár sem gæti að skaðlausu gengið þar á landi. Því fer fjarri að á þessu svæði sé um nokkra ofbeit að ræða eða ágang sauðfjár á land. Þarna eru góðir kostir fyrir sauðfé og nægilegt beitarland. Það má ætla að ef sauðfjárbúskapur yrði á þessu svæði eins og hann var mestur mundi tæpast eitt sláturhús nægja til að sinna þeirri slátrun sem þyrfti að gera á skömmum tíma.

Þau áform um fækkun sláturhúsa, sem eru sett fram með þeim hætti sem gert hefur verið, eru e.t.v. góðra gjalda verð, en ég held að einmitt mörg af þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram þurfi að hafa ríkulega í huga. Það eru hagsmunir einstakra bænda, einstakra byggðarlaga í því sambandi að fá slátrað á þeim stöðum þar sem aðstæður leyfa.

Ég fullyrði, eins og komið er fram hér áður, að það hefur fyllilega verið farið eftir þeim kröfum sem gerðar hafa verið um hreinlætisaðstöðu. Ég þekki vel til þeirrar vatnsveitu sem um ræðir. Ég veit að hún var byggð 1963 og átti reyndar ekki að vera þannig úr garði gerð að hún tæki yfirborðsvatn heldur var um hönnunargalla að ræða svo að slíkt gerðist þrátt fyrir það þegar þannig viðrar. En þetta hefur verið notað til fiskvinnslu, til rækjuframleiðslu, til manneldis og í öll hús á Bíldudal. Klórblanda hefur verið í fiskvinnslunni en ekki í íbúðarhús og ég stend hér eins og Matthías við sæmilega heilsu þó að ég hafi lifað á þessu vatni í meira en áratug.

En ég held að þarna vanti afskaplega lítið á. Þetta hús er tilbúið til starfa. Þeir vilja ekki hefja slátrun fyrr en leyfi fást, sem eðlilegt er, og munu ekki gera það. Það sem vantar á er að hægt verði að veita heimild af hálfu ráðuneytis. Það eru þarna margir menn með kjötmatsréttindi og ég tel að undir eftirliti dýralæknis, sem mér skilst að verði tilbúinn til að annast þetta, megi sem best leysa þetta á farsælan hátt. Ég skora á landbrh. að beita sér fyrir því að þessi mál verði leyst á farsælan hátt nú á næstunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það var síðsumars og haustið 1978 sem ég kynntist vinnubrögðum sem ég hélt að þekktust ekki á Íslandi. Ef ég segði allan sannleikann um viðureign skagfirskra bænda við SÍS-veldið á þeim tíma mundi enginn maður trúa mér og segja að ég væri ofstækisfullur ofbeldismaður sem væri að fara með lygasögu.

En hvað er að gerast nú, að vísu ekki jafnskætt og þá var þegar yfirdýralæknir var lokaður inni í húsi kaupfélagsstjórans? Ég fékk ekki að tala við hann einu sinni í síma daginn sem hann hafði lofað að koma og skoða hús Sláturfélags Skagfirðinga. Af því að hann var að borða! Ég fékk því ekki að tala við hann í síma og síðan var hann keyrður úr bænum, passað upp á að hann fengi ekki að skoða eitt eða neitt.

Það var ekki fyrr en ég sagði að ég mundi sjálfur skjóta fyrsta hrútinn og fór norður til þess sem þessir menn gáfu sig. Og þá var hægt að senda dýralækni og þá var hægt að gefa leyfi. Þá var allt löglegt, en áður hafði það verið ólöglegt. Þeir héldu að ég væri að fremja einhver lögbrot af því að ég laug því að einum blaðamanni að ég hefði ekki byssuleyfi. Ég vissi ekki til þess að það væri ólöglegt að ljúga að Páli Heiðari. Öll önnur lög hafði ég látið grandskoða og það var allt saman löglegt sem við gerðum,

en allt ólöglegt sem SÍS-valdið og landbúnaðarmafían var að gera. Og það var engin tregða embættismannaliðsins. Þessum mönnum er stjórnað af þessari mafíu enn þann dag í dag. Og ef hæstv. landbrh. skortir einhverjar lagalegar heimildir er áreiðanlega nægilegur meiri hluti í hv. Alþingi til að afgreiða þau lög, sem hann telur skorta, í dag í gegnum báðar deildir með öllum afbrigðum. Það er ég sannfærður um.

Svona ofbeldi er ekki hægt að líða. Þetta er ekkert annað en ofbeldi sem þekkist ekki annars staðar en í einræðis- og kúgunarlöndum. Við eigum að uppræta þetta í eitt skipti fyrir öll, láta ekki níðast á borgurunum með þessum hætti. Þessir bændur hafa fullan rétt á að slátra sínum 3 eða 4 þúsund kindum og Alþingi á að sjá til þess að sá réttur sé virtur og ekki láta menn komast upp með að brjóta bæði siðferði og öll lög í þessu landi. Það geta ekki verið lög að það sé ekki hægt að fá lækni til að skoða húsin og það geta heldur ekki verið lög að það eigi að framfylgja einhverri skýrslu um sláturhús þar sem tveir þriðju þeirra eiga bara að hverfa og það sé eitthvert embættismannavald sem ákveði hvaða hús eigi að hverfa. Í stjórnarskránni er atvinnufrelsið helgað. Það eru almennar reglur sem á að hlíta. Það eru mörg sláturhús sem eru miklu verr búin en það sem hér um ræðir og hafa fengið leyfi og allir brosað út í munnvikin af því að þau hús voru á vegum SÍS. Við eigum að uppræta þetta ofbeldi í eitt skipti fyrir öll.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Þær spurningar sem vakna í sambandi við þetta mál eru fyrst og fremst tvær: Hver hefur valdið og hvar er réttlætið? Eiga valdsmenn virkilega að láta svo sem þeim komi ekki við lífið í landinu? Er æskilegt að maður fari með ráðherravald sem þorir ekki að taka á og beita því í þágu réttlætisins heldur hengir sig í lagakróka? Er ekki eðlilegt að fólkið vilji halda atvinnu í byggðarlögum en ekki flytja hana í burtu? Þarf ekki að halda eðlilegri samkeppni í slátrun? Þurfa ekki risarnir, sem framkvæma mest af sauðfjárslátrun á Íslandi, að hafa smásamkeppni? Þola þeir ekki að sú tiltölulega litla slátrun sem fram fer utan þeirra vébanda eigi sér stað? Hún er þó til góða fyrir alla bændur landsins.

Við höfum verkað víða mat á Íslandi í gegnum árin. Kannski ekki við fullkomnustu aðstæður. Sem betur fer vil ég segja. Annars værum við ekki sjálfbjarga þjóð. Vissulega þarf víða að bæta úr aðstæðum við matvælaframleiðslu. Það er stöðugt unnið að því. En íslenskur matur er góður matur. Íslensk matvælaframleiðsla er góð. Það liggur ekki fyrir að frá sláturhúsi Arnfirðinga hafi komið annað en góður matur. Og frá sláturhúsinu í Vík, sem ekki átti að fá leyfi, hefur þrátt fyrir þröngar aðstæður ekki komið annað en úrvalsvara. Á meðan svo er ber valdsmönnum, sem sitja í góðum húsakynnum hér á mölinni, að veita íslensku fólki sem vinnur hörðum höndum réttinn til að lifa. Valdsmenn sem ekki hafa réttlætistilfinningu þyrftu hins vegar að fá sér annan starfa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. málshefjandi, 1. þm. Vestf., beindi til mín þeirri fsp. hvort ég teldi að það þyrfti að gera hærri kröfur til vatns sem notað er til kjötþvotta en til drykkjarvatns fyrir mannfólk ef ég skildi fsp. hans rétt. Reyndar sýnist mér ekki á þeim hv. þm. Vestf. sem hér hafa talað að það muni vera mjög bráðdrepandi þetta vatn sem þeir hafa látið ofan í sig. Þeir virðast furðu hressir. Það er frekar að manni dytti í hug að hv. 8. þm. Reykv. hafi látið eitthvað ofan í sig sem gæti hafa verið klórblandað eða alla vega eitthvað sem hefur ýtt við honum. (**EKJ:** Kemur framsóknarnáttúran upp í þér.) Ég hirði ekki um að ræða sérstaklega við hann um SÍS-vald eða annað sem hann vill kalla enn þá óvirðulegri nöfnum. Það verður hann að gera upp við sig hvaða orðbragð hann vill hafa í frammi í því sambandi.

En varðandi fsp. frá hv. málshefjanda sýnist mér út af fyrir sig að það sé ekki hægt að færa fyrir því sterk rök að vatn sem hæft er til drykkjar og talið leyfilegt sé ekki nothæft í matvælaframleiðslu, enda mun raunin sú að það sé notað til t.d. fiskvinnslunnar, ef ég veit rétt og skildi þá hv. þm. sem hér hafa talað á undan. Hins vegar hefur þetta ekki *komið á borð hjá mér.* Héraðslæknir Vestfjarða hefur ekki rætt þetta mál eða kvartað við heilbrigðisráðuneytið um málið og heilsugæslulæknir þessa svæðis ekki heldur fjallað um það. Hins vegar vitum við að hér er farið eftir lögum og reglum og ég treysti því að hv. þm. leggi ekki til að fram hjá slíkum lagasetningum og reglugerðum sé gengið heldur vinni menn eftir því sem við hér höfum áður samþykkt og þeim vinnubrögðum sem áður var ákveðið að viðhafa. Ég veit að hæstv. landbrh. mun ekki heldur vilja brjóta þau lög eða þær reglugerðir.

Hann hefur út af fyrir sig svarað fyrir það hér á undan og það eru auðvitað dýralæknarnir sem þurfa að ábyrgjast þetta, gefa út leyfi til slátrunar á þessum stöðum. Það er þeirra mál en ekki mál þeirra lækna sem heyra undir heilbr.- og trmrn. Það hygg ég reyndar að hv. málshefjandi viti af fyrri reynslu í hans fyrri störfum.

Júlíus Sólnes:

Hæstvirtur forseti. Sl. sumar vorum við tveir þm. Borgarafl. á ferð á Vestfjörðum og komum m.a. á Bíldudal. Ég held að eftir þá ferð hafi okkur verið ljósara en áður hvílík vandamál steðja að hinni dreifðu byggð á Vestfjörðum. Þess vegna tel ég að byggðin þar megi síst við því að hún sé beitt ofríki valdsins héðan úr Reykjavík.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, munu forráðamenn sláturhússins á Bíldudal hafa fengið í hendur skýrslu frá settum héraðsdýralækni með undirstrikunum frá yfirdýralækni á þeim aðfinnsluatriðum sem voru í skýrslunni. Hófust heimamenn

þá handa við að bæta úr þessum aðfinnsluatriðum, lagfæra það sem hafði verið beðið um.

Á fundi sem haldinn var í landbrn. þann 5. okt. sl. gerðu heimamenn yfirdýralækni grein fyrir þeim úrbótum sem þeir höfðu unnið að. Er talið að búið sé að bæta úr velflestum þeim atriðum, sem hafði verið fundið að, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Suðurl. Engin viðbrögð bárust nema þá að vatnið væri ekki nógu gott. Það er einkennilegt í því sambandi en eftir því sem mér skilst hefur vatnið fyrir sláturhúsið á Patreksfirði ekkert verið rannsakað. Það er annað sem er athyglisvert. Sláturleyfi mun hafa verið gefið út fyrir sláturhúsið á Patreksfirði 15. sept. sl., en úttekt á húsinu fór ekki fram fyrr en 25. sept. Það virðist vera annað Jón eða séra Jón í þessu sambandi.

Það að enginn héraðsdýralæknir eða dýralæknir skuli fást til þess að fara vestur á Bíldudal og gegna þar störfum vekur upp grun, eins og hefur komið fram hér í máli hv. þm. á undan mér. Ég skora því á landbrh. að láta réttlætið ná hér fram að ganga og hlutast til um að lítill og fámennur staður úti á landi sé ekki ofríki beittur af valdakerfinu í Reykjavík.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er þegar liðinn sá tími sem ætlaður er skv. þingsköpum til þessarar umræðu, en á mælendaskrá eru þrír hv. þm. og þrátt fyrir að okkar tími sé liðinn munu þeir fá leyfi til þess að tala. En svo gerum við ráð fyrir að ljúka umræðunni með ræðum málshefjanda og hæstv. landbrh.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því, þó að ég viti það ekki alveg upp á vist, að fyrir einum eða tveimur dögum hafi verið sjónvarpsviðtal við yfirdýralækni sem hér er til umræðu. Ef það hefur ekki verið hann var þar alla vega annar dýralæknir sem hefur komið að þessu máli. Svör við öllum spurningum sem fyrirspyrjandi frá ríkisfjölmiðlum lagði fyrir þann mann voru alltaf á sama veg: Þetta er ekki lengur mitt mál. Þetta er mál ráðuneytisins. Ég vísa þessu til ráðuneytisins. Það verður að tala um þetta við ráðuneytið.

Nú segir hæstv. landbrh. að lög nr. 30 frá 1966 leyfi honum ekki að taka ákvörðun. Ég tek undir þetta vegna þess að þeir hv. alþm. sem sátu hér á þeim tíma sem ég var fjmrh. muna að ég lét dreifa skýrslu sem var úrtak úr lagasafninu yfir öll þau mál sem snerta landbrn. og landbúnað á Íslandi. Ég held að ef hæstv. ráðherrar og hv. alþm., sem fengu þá skýrslu, hafa lesið hana hafi þeim verið ljóst eftir þann lestur að það er ákaflega fátt í lögum sem gerir landbrh. kleift að taka nokkra ákvörðun sem snertir landbúnaðarmál. Ég ætla að fá þessari skýrslu dreift á ný vegna þess að þriðjungur þm., sem nú eru hér komnir til starfa, er nýr. Þá geta menn áttað sig á því hvað hér er um að ræða.

Hér er hlaupin þvílík stífni í afgreiðslu á þessu máli að ég legg til við hv. 8. þm. Reykv. að hann búi til brtt. um aukin völd ráðherra í þessu máli og leggi hana fram og ég skal beita mér fyrir því að þeir þm. Borgarafl. sem ég get haft áhrif á verði meðflm. ásamt mér og að þeirri breytingu verði hraðað í gegnum hv. Alþingi. Ég lýsi stuðningi mínum við málflutning hv. 8. þm. Reykv.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það var að frumkvæði Helga Seljans sem þm. meðan hann sat hér á Alþingi að flutt var till. um bætta nýtingu sláturhúsa og að leita leiða til að lengja nýtingartíma og bæta rekstrarstöðu þeirra. Ég var á þáltill. með honum um þetta efni á þinginu 1983–1984 og þessi till. var afgreidd, hins vegar með breytingum, frá atvmn. 8. maí 1984 og var þá svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa m.a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé eða ráðast í nýbyggingar."

Þetta var till. eins og atvmn. samþykkti hana og á grundvelli þessarar þál. Alþingis setur hæstv. ráðherra landbúnaðarmála á fót nefnd 27. febr. 1985 og þessi nefnd hefur skilað af sér miklum doðranti, nál. um hagræðingu í rekstri sláturhúsa. Þar er m.a. gert ráð fyrir að á Austurlandi, þar sem starfrækt eru tólf sláturhús, verði að fimm árum liðnum aðeins þrjú starfrækt. Árið 1991 verði búið að leggja níu niður. Ég tel í rauninni, herra forseti, að hér hafi verið gengið til verka með allt öðru hugarfari en gert var þegar þessi mál voru hér til umræðu á Alþingi 1983–1984 og sem lá til grundvallar samþykktar þeirrar tillögu sem Alþingi síðar afgreiddi. Og ég tel að orki meira en tvímælis sú stefna sem þarna hefur verið tekin í ýmsum greinum þó að hitt sé ljóst að auðvitað ber að leita leiða til að bæta rekstrarstöðu og lækka úrvinnslukostnað í landbúnaði bæði bændum og neytendum til hagsbóta almennt séð. Þetta á einnig við um það sláturhús sem hér hefur orðið kveikjan að umræðum. Þar sýnist mér að það hafi verið gengið heldur fljótt til verka og það séu mjög hæpnar ákvarðanir sem þar er verið að taka.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn tali hreina íslensku um þetta mál. (**EKJ:** Ég gerði það.) Já, rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð. Það er í mínum huga enginn vafi á því að hér er settur yfirdýralæknir að reyna að knésetja þetta fólk við Arnarfjörð. Knésetja það vegna hvers? Vegna þess að það vildi ekki dansa á hans nótum á sínum tíma, eftir hans ráðleggingum. Það er mergurinn málsins. Telja þm. það eðlilegan gang að á annan mánuð er liðið frá því að það er beðið um leyfi? Getur það virkilega verið svo að vinnubrögðin í ráðuneytinu eða hjá yfirdýralækni séu með þessum hætti?

Menn segja hér: Það er ekki hægt að knýja viðkomandi ráðherra til að sniðganga lög. Það er enginn að tala um slíkt. Hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan að hæstv. landbrh. hefði afskaplega lítil völd. Vel má vera að hann hafi lítil völd. En það þarf enginn að segja mér það að hann hafi ekki vald til að senda dýralækni, þó það væri héðan úr Reykjavík, vestur á Bíldudal ef hann vildi. Það er ekki að ganga á snið við lög. Það er vald sem hann hefur. Ef menn vilja leysa þetta mál er það hægt. En ef menn vilja halda áfram eyðingu byggða, eins og verið hefur að gerast og virðist eiga að gera í áframhaldi, geta menn haldið þessa leið. Ég vil helst ekki að þessari umræðu ljúki án þess að Arnfirðingar fái vitneskju um það: Ætlar landbrh. að hengja haus áfram og gera ekki neitt eða ætlar hann að taka af skarið og segja til um hvort þeir fá sláturleyfi eða ekki? Eða eiga þeir að bíða í annan mánuð eftir að fá það?

Þetta eru spurningar sem brenna á fólki vestra, spurningar sem verður að krefja ráðherra svara við. Hann getur svarað því ef hann vill. Við óskum eftir því að fá svör við þessum spurningum, ákveðin svör.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef oft spurt um það hver sé munurinn á því að slátra í þessu húsi núna á þessu hausti eða var í fyrra þegar slátrað var meira en hálfu sjöunda þúsundi fjár. Ekkert svar. Ég tel að landbrh. hafi rétt til að veita slíkt leyfi. Þegar Pálmi Jónsson var landbrh. veitti hann slíkt leyfi þvert ofan í ummæli yfirdýralæknis sem lét sér það lynda og slátrun fór fram á því hausti. Það vefengdi enginn rétt landbrh. þá og það mun enginn vefengja rétt núv. hæstv. landbrh. til þess. Ég skal greiða atkvæði með traustsyfirlýsingu á hann á eftir ef hann gerir það en ég dreg það mjög í efa að ég geti treyst honum ef hann lætur þessa dýralæknismafíu ráða ríkjum eins og nú virðist vera.

Vill hæstv. landbrh. fá frekari heimild? Eigum við þá ekki bara að flytja hér frv. til l. um það að Sláturfélagi Arnfirðinga sé heimiluð slátrun í sláturhúsi sínu haustið 1987 ef yfirstjórn landbúnaðarmála treystir sér ekki fyrir yfirdýralækni að framkvæma það? Hvað segir hæstv. landbrh. um það? Vill hann styðja slíkt frv. og getum við náð samkomulagi um það við forseta deildanna að slíkt frv. fari í gegn?

Ég þakka þeim þm. utan Vestfjarða sem hafa talað hér fyrir þann stuðning sem þeir hafa sýnt í þessu réttlætismáli. Ég vil líka taka fram, hæstv. landbrh., að í sláturhúsinu á Patreksfirði hefur enginn dýralæknir verið í haust. Það er enginn héraðsdýralæknir á Vestfjörðum. Hann er í Stykkishólmi og kemur þar ekki neitt og sér ekkert um það. Hins vegar er ófaglærður maður sem fer með kjötskoðun þar, sennilega ágætur maður. Það eru til margir ágætir menn sem hafa ekkert síður vit á kjöti en sprenglærðir dýralæknar. Og þeir eru líka til á Bíldudal, hæstv. landbrh.

Ég veit að hæstv. landbrh. hefur gjarnan viljað gera betur en gert hefur verið, en þar hefur verið meiningarmunur. Hann telur sig ekkert geta gert fyrir ofríki dýralækna. Ég tel — og fjölmargir þm. hafa tekið undir það hér — að valdið sé í höndum landbrh. Og ég spyr: Vill ekki hæstv. landbrh. heldur fara eftir samhljóða áliti allra þeirra þm. sem hér hafa talað í þessu máli — og þeir eru miklu fleiri, maður hefur heyrt í fleiri þm. — að fara frekar eftir þeim og veita slíkt leyfi?

Hér er komið í óefni. Það er kominn 20. október. Það er búið að ljúka slátrun víðast hvar á landinu eða alls staðar, en þarna gengur fé úti. Verður kannski gripið til svipaðrar ráðstöfunar og gert var fyrir nokkrum árum vegna riðuveiki í þessari sýslu að landhelgisflugvélin fór til þess að skjóta skepnurnar á fæti?

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hér hefur margt komið fram og ég veit ekki hversu langur tími verður til að víkja að því. Ég vil þó aðeins reyna að drepa á nokkur atriði.

Í sambandi við mat á vatninu þá er það ekki mat yfirdýralæknis, það er mat Hollustuverndar ríkisins sem kveður upp sinn úrskurð og segir: „Vatn ónothæft.“ Það er hér í bréfi. Hér er talað um yfirdýralækni en leitað hefur verið til margra einstaklinga, margra dýralækna annarra, um hvort þeir vildu annast þarna heilbrigðisskoðun og taka ábyrgð á því og það hefur ekki fengist enn þá. Það þýðir ekkert fyrir Bílddælinga að gefið sé út leyfi nema einhver vilji skoða kjötið. Og það ætluðum við að gera. Ef einhver fengist til að skoða kjötið þá mundi leyfið verða gefið út.

Ég ætla ekki að taka afstöðu til þeirra fullyrðinga sem hér virðast hafa komið fram um að aðrir dýralæknar en yfirdýralæknir hafi ekki sjálfstæða skoðun til þess að meta þessa hluti.

Hér var talað um ofríki valdsins úr Reykjavík. Það er alveg rétt að það er Alþingi sem setur lögin og kveður á um þetta. Það getur vel verið að sumir telji að það skorti að ráðherrar gangi á svig við lögin, að slíka ráðherra vanti, en ekki þá sem fara eftir lögunum.

Hér var minnst á skýrslu sláturhúsanefndar. Hún mun koma til umræðu hér á Alþingi þegar þau bráðabirgðalög sem ég gat um áður verða til umræðu. Og það verður Alþingi sem tekur afstöðu til þessarar skýrslu en ekki aðrir aðilar, hvernig Alþingi vill framhald þessa lagaákvæðis sem fellur út 1. júní á næsta ári og þá verður Alþingi að móta þá stefnu hvernig það skal áfram halda. En ef Alþingi ákveður að breyta þessum lögum nú þegar — eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði, en hann talaði um að flytja frv. og vill breyta lögunum þannig að þetta hús skuli fá sláturleyfi og Hollustuvernd ríkisins mun þá sennilega verða að fallast á að heimila sölu á þessu kjöti þó að það hafi ekki verið skoðað — en ef Alþingi samþykkir lög um það, þá gildir það að sjálfsögðu og ekki set ég mig upp á móti því.

Varðandi það hvort um vatnið hafi verið gerðar meiri kröfur til kjöts en fólks þá þarf að spyrja Hollustuverndina um það því að eins og ég sagði er það hennar mat í þessu efni sem gildir en ekki annarra og þá einnig hennar að gera slíkar ráðstafanir.

Ég vil ítreka að landbrn. hefur leitað eftir því að fá þarna aðila til eftirlits til þess að slátrun geti farið fram á viðunandi hátt eins og lögin kveða á um og það hefur ekki staðið á því að gefa út leyfi ef slíkur aðili finnst.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Það hefur komið hér í ljós að ég hygg að allir ræðumenn og væntanlega allur þingheimur vill að Sláturfélag Arnfirðinga fái leyfi til slátrunar í haust en hæstv. landbrh. telur sig skorta lagaheimild. Það er nú einfalt að bæta úr því. Það getum við gert í dag ef forsetar og þingheimur sameinast um það. Ég hef samið hér frv. sem má flytja í hvorri deildinni sem er og ég veit að þeir eru margir sem vildu vera flm. Það hljóðar einfaldlega svo:

Frumvarp til laga um leyfi til slátrunar.

1. gr. Sláturfélagi Arnfirðinga, Bíldudal er heimil slátrun í sláturhúsi sínu haustið 1987.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi 20. október 1987.

Þá vík ég tali mínu að því að tala um dagskrá. Ég mælist til þess að hæstv. forseti sameinaðs þings og forsetar deilda hittist á fundi nú á eftir og ákveði fundahald hér síðar í dag til að afgreiða þessi lög.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir beiðni hv. 8. þm. Reykv. Þetta er mjög óvenjuleg staða sem upp er komin þar sem yfirlýst er af hæstv. landbrh. að sláturleyfið strandi ekki á ráðuneytinu heldur hinu að starfsmenn ráðuneytisins eða dýralæknar fáist til þess að vera til eftirlits með slátruninni. Það er auðvitað óviðunandi staða. Og til þess að hjálpa hæstv. ráðherra við að koma þessu máli fram held ég að það sé rétt að þingið afgreiði frv. og taki af allan vafa um hver rétturinn sé og hvar hæstv. ráðherra standi.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Varðandi þetta frv. sem hér var komið þá held ég að það þurfi nú eitthvað fleira þar í að standa. Hvað á þá að gera með heilbrigðiskröfur? Á að fella þær alveg niður eða hvernig á að haga þeim? Það er það sem málið snýst um.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vildi koma því að hér undir heimildinni að ræða þingsköp að hæstv. utanrrh. óskaði eftir því við mig sem flm. að þetta mál, sem hér er á dagskrá, bann við geimvopnum, kæmi ekki til umræðu í sameinuðu þingi fyrr en á fimmtudag og nefndi reyndar einnig næsta mál á dagskránni sem á eftir kemur. Ég hélt að hann hefði komið þessu sjónarmiði sínu til hæstv. forseta en ég hafði fallist á þá beiðni hæstv. ráðherra, sem ég tel æskilegt að sé viðstaddur umræðu um þetta mál.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti þakkar þessar upplýsingar. Beinna hefði verið að ganga beint til forseta og segja honum þetta en ekki tefja þjóðþingið með slíkum upplýsingum úr ræðustól. Það er náttúrlega sjálfsagt að taka málið ekki fyrir. Það er venja að forseti tekur tillit til þess þegar hann fær upplýsingar hliðstæðar þessum.

Blýlaust bensín, fyrri umr.

Þáltill. GHelg, 7. mál. — Þskj. 7.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns, vegna þess sem hér hefur áður gerst, upplýsa það að ég sakna að sjálfsögðu hæstv. samgrh. við þessa umræðu en vil samt ekki skorast undan því að mæla fyrir þeirri till. til þál. sem liggur hér fyrir á þskj. 7 og er 7. mál þingsins. En það er till. til þál. um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi. Flm. eru ásamt mér hv. þm. Skúli Alexandersson og Steingrímur J. Sigfússon.

Till. þessi var fyrst flutt á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrædd en er nú flutt nokkuð breytt. Ég vil þess vegna, með leyfi forseta, lesa tillögutextann eins og hann er nú:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að því að hafin verði notkun á blýlausu bensíni hér á landi. Nefndinni verði falið að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um leiðir að þessu marki, en jafnframt skal hún benda á varnir gegn því að önnur og ekki síður hættuleg eiturefni taki við af útblæstri farartækja sem ganga fyrir blýbættu bensíni.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila, notenda og seljenda, svo og kunnáttumenn um umhverfismál.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.“

Þó að segja megi að loftmengun sé ekki það vandamál hér sem hún er víða um heim er óhjákvæmilegt að Íslendingar taki þátt í þeim vörnum gegn mengun sem þjóðir heims vinna nú að í æ ríkara mæli. Það er einnig ljóst að innan tíðar verða bifreiðir þannig búnar að þær ganga einungis fyrir blýlausu bensíni. T.d. hafa Svíar þegar lögfest að frá árinu 1989 verði ekki framleiddar aðrar bifreiðar en þær sem ganga fyrir blýlausu eldsneyti og í Noregi verður notkun þess lögskyld í janúar 1989. Þjóðir innan Efnahagsbandalagsins hafa ályktað um að almenn notkun verði hafin á blýlausu bensíni frá 1.

okt. 1989 og í Bandaríkjunum og Japan eru nýjar bifreiðar þegar búnar tækjum sem hreinsa útblástur eiturefna en sá búnaður krefst notkunar á blýlausu bensíni.

Nú er ekki víst að allir hv. þm. geri sér grein fyrir hvað í raun og veru er blýbætt bensín eða blýlaust bensín, og í sambandi við það vil ég vísa hér til fskj. I með till. þessari sem er grg. Guðmundar G. Haraldssonar, dósents við Háskóla Íslands, um notkun á blýbættu eldsneyti. En í stuttu máli er blýi bætt eða hefur verið bætt í eldsneyti til þess að dempa eða draga úr banki og glamri í vélum bifreiða.

Það sem hefur síðan gerst frá því í fyrra er þessi till. var flutt, en þá var tekið fram í grg. að vandi Íslendinga væri sá að þeir versluðu fyrst og fremst við Sovétríkin með bensín og Sovétmenn höfðu þá ekki blýlaust bensín og hafa ekki enn, að samkvæmt upplýsingum Olíuverslunar Íslands hefur mér verið tjáð að nú hafi Sovétmenn komið til móts við kröfur Íslendinga um minna blýmagn í bensíni og hafi minnkað það úr 0,40 grömmum af blýi í lítra niður í 0,15, en eftir stendur að blýlaust bensín er það ekki.

Þá vil ég einnig geta þess að frá því að ég talaði fyrir þessu máli á síðasta ári hefur ýmislegt nýtt komið á dagskrá varðandi þessi mál. Á síðustu árum hefur athygli manna beinst að öðrum hættulegum efnum sem hafa verið sett í hráolíu í stað blýsins sem burt hefur verið tekið og bent hefur verið á að jafnhliða því að útblástur frá farartækjum sem ganga fyrir blýbættu bensíni minnki, aukist að sama skapi eiturgufur frá efnum sem notuð eru í bensínið í stað blýsins til þess að hækka svokallaða oktantölu. T.d. hefur vestur-þýska rannsóknastofnunin Stiftung Warentest, sem er rannsóknastofnun á framleiðsluvörum, nýlega varað við efnum eins og bensol og toluol sem gufa beint upp úr bensíngeymum og bensínleiðslum við t.d. ásetning bensíns á bifreiðar. Þessi efni eru talin vera miklir krabbameinsvaldar og raunar stórhættuleg efni.

Á því hefur einnig verið vakin athygli í sambandi við blýbætta bensínið að því nær jörðu sem vegfarendur eru, þeim mun meiri hættu séu þeir í og þá leiðir af sjálfu sér að börn t.d. í kerrum og vögnum eru þar í mestri hættu. Varðandi blýlausa bensínið vilja flm. vekja athygli á því, og hafa bætt því inn í tillögutextann, að það verði jafnframt hugað að þessum efnum sem menn hafa orðið vaxandi ótta af eftir að blýlausa bensínið hefur komið til notkunar í meira mæli en áður.

Hér er auðvitað mjög nauðsynlegt að hér haldist í hendur kunnáttumenn um umhverfismál og þeir sem stunda verslun með bensín og olíu, þessir aðilar taki saman höndum og leiðbeini stjórnvöldum um hvernig sé best að haga þessum málum því að fram hjá því verður ekki komist að blýlaust bensín verður á markaðnum um allan heim og ógerlegt að gera ráð fyrir notkun blýbætts bensíns.

Með till. okkur fylgir síðan lokaskjal frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, 8.–10. sept. 1986 og hv. þm. geta þar séð hvað Íslendingar hafa gengist undir af samþykktum um varnir gegn mengun.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt mikið. Ég held að hér sé um að ræða mál sem íslensk stjórnvöld verða að taka afstöðu til og það sé óumflýjanlegt að hér eins og annars staðar í heiminum verði tekið upp blýlaust bensín. Hollustuvernd ríkisins hefur stundað mælingar á loftmengun yfir fjölfarnar akstursleiðir hér í Reykjavík og þó að lokatölur og upplýsingar liggi ekki fyrir þá er vitað að um verulega loftmengun er orðið að ræða hér vegna umferðarinnar þannig að Íslendingar losna ekkert við þennan vanda frekar en aðrar þjóðir.

Ég vil, herra forseti, óska þess að þessi till. til þál. verði falin hv. allshn. Sþ. til meðferðar og vil endurtaka hér það sem ég sagði við flutning frv. í Nd. fyrir nokkrum dögum að ég vænti þess, herra forseti, eftir að nú hefur verið gengið fram í því að styrkja og efla störf nefnda þingsins og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að störf þeirra verði markvissari og jafnist betur yfir allt þingárið, þá vil ég biðja hæstv. forseta að stýra því að þegar verði hafin störf vegna þeirra mála sem nú fara að berast nefndum og þeim verði skilað aftur inn í þingið jafnt og þétt en ekki á þessum venjulega annatíma eingöngu, við upphaf jólaleyfis eða við þinglok.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja margt, enda kannski ekki beint þörf á því. En af því að hér er um umhverfisverndarmál að ræða finnst mér sjálfsagt að taka undir þetta og leiðinlegt að láta tillöguna ganga fullkomlega umræðulaust til nefndar því að hún er þörf og góð og ástæða til þess að vekja athygli á henni enn frekar en hv. 1. flm. gerði með ágætri ræðu sinni.

Þetta er nauðsynjamál og ekki ráð nema í tíma sé tekið. Blessað íslenska rokið og sjávarloftið gera það að verkum að við erum e.t.v. fullandvaralaus í ýmsu sem lýtur að umhverfismálum og það megum við ekki vera. Við berum öll ábyrgð á umhverfi okkar og eigum að vera vakandi í þessum efnum. Þeir þekkja það sem hafa oft farið um önnur lönd hvað þar bíður okkar, mengað loftið sem við þurfum að þola víða erlendis. Þeir sem búa við það alla daga geta ekki orða bundist þegar þeir koma hérna í hressandi loftið hjá okkur hér á Íslandi. En það má ekki gera okkur andvaralaus og ég vil taka undir það sem segir hér um þessi mál og taka undir efni tillögunnar og það sem í grg. stendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfisfræðsla, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það er ánægjulegur vottur þess að við séum e.t.v. að vakna enn frekar til vitundar um umhverfismál að hér eru nú í þingbyrjun allnokkur mál á dagskrá sem snerta umhverfisvernd.

Nánast daglega erum við minnt á ruddalega umgengni mannsins um móður jörð, gróflega misnotkun hans á auðlindum og tillitsleysi við komandi kynslóðir. Hérlendis eru um þessar mundir miklar umræður um gróðureyðingu, skemmdir vegna fjórhjóla og mengun af einnota umbúðum svo aðeins sé nefnt það sem hæst ber í umhverfismálum þessa dagana. Af erlendum viðburðum má nefna baráttu danskra sjómanna og Grænfriðunga við eiturskipin svokölluðu, mál sem gæti snert okkur með beinni hætti fyrr en okkur varir. Þannig erum við stöðugt áminnt og sem betur fer er vaxandi umræða um þessi mál og vaxandi skilningur á að svona geti þetta ekki gengið lengur ef maðurinn á ekki að tortíma umhverfi sínu og þar með sjálfum sér.

Verði ekki snarlega snúið við af þeirri braut erum við að bregðast afkomendum okkar með því að skila þeim í hendur verra umhverfi en okkur var trúað fyrir og við getum ekki afsakað okkur með því að við höfum ekki vitað betur. Staðreyndirnar blasa við allt í kringum okkur, marghátttaðar rannsóknir og mælingar upplýsa okkur um jarðvegs- og gróðureyðingu, ofnýtingu auðlinda og mengun í lofti, vatni og sjó, sem stefnir öllu lífi í voða, jafnvel þótt unnt yrði að koma í veg fyrir mestu ógn lífs á jörðu, kjarnorkustyrjöld.

Einstaklingar, samtök, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir, svo sem Sameinuðu þjóðirnar, hafa safnað upplýsingum og sett fram stefnumörkun um hvað gera má til úrbóta svo að maðurinn gangi ekki stöðugt á umhverfi sitt og tortími með því sjálfum sér að lokum. Mönnum er löngu orðið ljóst að ekki er nóg að taka frá og friða skika hér og þar þótt það sé líka nauðsynlegt. Við verðum að horfa á jörðina sem heild og skilja þær takmarkanir sem náttúran setur okkur um leið og við notum og njótum þeirra auðlinda sem hún gefur.

Það eina sem getur forðað manninum frá því að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem hann lifir á er stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni.

Sá er tilgangur þeirrar tillögu sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 10, till. til þál. um umhverfisfræðslu, sem er stutt og laggóð og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins og á meðal almennings."

Nú sakna ég hæstv. menntmrh. til að taka þátt í umræðu um þessa till. sem ég tel skipta mjög miklu máli.

Með mér flytja till. hinar fimm þingkonur Kvennalista, þ.e. Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Umhverfisfræðsla er að okkar dómi brýnasta viðfangsefnið í umhverfismálum nú og sá grunnur sem allt byggist á. Þess vegna er þessi till. okkar borin fram. Þrátt fyrir ákvæði um umhverfisfræðslu í grunnskólalögum og í lögum um náttúruvernd er mála sannast að slík fræðsla er ákaflega tilviljanakennd og af skornum skammti og má ýmsu um kenna. Fyrst og fremst er þó sökin stjórnvalda. Það er nefnilega ekki nóg að setja ákvæði í lög; það verður einnig að skapa skilyrði til að framkvæma þau.

Það er til lítils að leggja Náttúruverndarráði þá kvöð á herðar að það „... hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m.a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum", eins og segir orðrétt í lögum um náttúruvernd frá 1971, ef því er ekki gert kleift að ráða starfsfólk til þess að sinna þessari lagaskyldu. Þrátt fyrir manneklu og lítil auraráð hefur þó Náttúruverndarráð sinnt umhverfisfræðslu eftir föngum. Einnig ber að geta um gagnmerka starfsemi Landverndar og fleiri samtök áhugamanna hafa lagt sitt af mörkum.

Í grunnskólalögum er ákvæði sem lýtur að umhverfisfræðslu. Því þarf að fylgja eftir með útgáfu námsefnis og þjálfun kennara, annars kemur það fyrir lítið. Vissulega hafa margir færir og áhugasamir kennarar unnið frábært starf á þessum vettvangi og ekki er alltaf nauðsyn flókinna kennslutækja. En eigi að vera unnt að ná markmiðum umhverfisfræðslu er nauðsynlegt að skipuleggja hana og samræma og tryggja að allir fái notið hennar.

Samkvæmt upplýsingum Þorvaldar Arnar Árnasonar, námsstjóra í náttúrufræðum, er umhverfisfræðslu sinnt í heldur vaxandi mæli í grunnskólum, en mjög undir einstökum skólum og kennurum komið hvernig til tekst. Allir kennaranemar fá nú orðið stutt námskeið í umhverfisfræðslu og auk þess geta þeir valið stutt námskeið í náttúruvernd. Því miður hefur verið lítil eftirspurn eftir námskeiðum í umhverfisfræðslu fyrir starfandi kennara. Í framhaldsskólum er lítið um markvissa umhverfisfræðslu nema að því marki sem vistfræði er innifalin í líffræði. Það er því ljóst að grunninn þarf að styrkja og byggja myndarlega ofan á.

Markmið umhverfisfræðslu eiga að vera að auka fólki skilning á náttúrunni, eðli hennar, takmörkunum og gæðum og samhengi þeirrar lífkeðju þar sem maðurinn er aðeins einn hlekkurinn. Maðurinn getur aldrei sigrað náttúruna og brotið undir vald sitt. Hann er hluti af náttúrunni og verður að viðurkenna það og vinna með henni í takt við þau lögmál og þau takmörk sem hún býður honum. Aukinn skilningur og um leið virðing fyrir náttúrunni og áhugi á verndun hennar er ekki aðeins nauðsynlegur vegna hefðbundinnar nýtingar auðlinda til lands og sjávar, heldur einnig til þess fallinn

að auka ánægju fólks af útivist og bæta umgengni þess.

Um markmið umhverfisfræðslu vísast að öðru leyti til þess sem um það segir í grg. með till. okkar á þskj. 10.

Herra forseti. Um allan heim er nú smám saman að glæðast skilningur og meðvitund manna um nauðsyn þess að ganga um náttúruna með virðingu og nærgætni, bæta fyrir náttúruspjöll og sjá til þess að afkomendur okkar fái notið a.m.k. sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Sú hugarfarsbreyting gengur þó allt of, allt of hægt. Mannkynið gæti fallið á tíma.

Íslendingar gætu orðið fyrirmynd annarra í þessum efnum ef vilji væri fyrir hendi. Til þess þarf markvissa, öfluga umhverfisfræðslu í skólum og á meðal almennings. Aukinn skilningur er lykilorðið.

Sá er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að henni verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir efni þessarar till. til þál. um umhverfisfræðslu sem hér er flutt af þm. Kvennalista, ekki síst þar sem ég hef flutt till. um þetta efni á undanförnum þingum, þrívegis flutt um þetta till. í Sþ., síðast á þinginu 1986–87 á þskj. 90, sem var till. í 10 liðum um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd, þar sem lagt var til að ríkisstjórninni væri falið að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd tiltekin 10 atriði sem þar eru upp talin og 10. liðurinn er einmitt um þetta efni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fræðsla um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir í fjölmiðlum og skólum verði efld, m.a. með því að nýta söfn, friðlýst svæði og náttúrulegt umhverfi í og við þéttbýli með skipulegum hætti í þessu augnamiði."

Í grg. með þessari till. er síðan að finna ítarlega umfjöllun um umhverfisfræðslu, þýðingu hennar og gildi. Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. þm. á því að lesa það upp. Það liggur fyrir í nefndu þskj. nema hvað ég rifja það upp að náttúruverndarþing 1984 gerði ályktun um þetta efni, eins fjallaði landsfundur Alþb. 1983 um þetta sérstaklega. Það var raunar í framhaldi af ályktun þar um umhverfismál sem ég flutti þessa þáltill. ásamt fjórum öðrum þm. Alþb.

Ég vil nefna það við hv. 1. flm. að í þessu þskj., nr. 90 á síðasta þingi, er að finna umsagnir sem borist höfðu á þingunum áður um þessa till., þar á meðal um umhverfisfræðslu. Þessari till. var vísað til ýmissa aðila og þar er að finna umsagnir m.a. frá Landgræðslu ríkisins, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Landgræðslan telur aukna fræðslu um umhverfismál einn helsta lykilinn að aukinni umhverfisvernd þegar til lengri tíma er litið. Einkum eru skólarnir mikilvægir. Í því sambandi vill stofnunin benda á nauðsyn þess að auka kennslu í bændaskólum og búvísindadeildinni á Hvanneyri um umhverfis- og gróðurverndarmál. Fyrirbyggjandi aðgerðir til gróðurverndar eru mikilvægasti þátturinn í almennri umhverfisvernd. Auk fegurðar landsins og gildi til almennra nota er búskapur í framtíðinni kominn undir því hvernig til tekst að varðveita og efla landgæðin. Landgræðslan mælir með því að till. þessi hljóti jákvæða afgreiðslu og lýsir sig fúsa til frekari viðræðna um þessi mál."

Félag leiðsögumanna tók undir 10. liðinn um umhverfisfræðslu í umsögn sinni. „Þessi liður", segir þar, „á það samnefnt með öllum hinum að hafa fengið ítarlega umfjöllun á fundum og ráðstefnum og mikilvægt er að ýta þessu úr vör strax."

Ferðamálaráð Íslands segir um aukna umhverfisfræðslu í sinni ítarlegu umsögn um þessa till.: „Ferðamálaráð tekur undir það sem kemur fram í 10. lið grg., bls. 5, og væri reiðubúið að leggja því máli lið ef fjárveiting væri fyrir hendi."

Þetta eru dæmi um jákvæðar umsagnir varðandi þennan lið till. sem ég hef staðið að á undanförnum þingum með fleiri þm. Alþb.

Það skiptir ekki máli hvaðan góð mál koma. Góðar vísur verða sjaldan of oft kveðnar á meðan ekki er um framkvæmdir að ræða og þess vegna tek ég eindregið undir þessa till. Mig minnir að till. um umhverfismálin hafi farið til allshn. á síðasta þingi, sem hafi fjallað um þetta mál, en ég geri engan ágreining úr því út af fyrir sig. En hv. þm., 1. flm., íhugar kannski hvert skynsamlegt væri að beina tillögum um umhverfismál. Ég tel mikilsvert að samræmi verði í því varðandi tillöguflutning hér í þinginu þannig að það sé sama þingnefndin sem fær málasviðið umhverfismál og tillögur sem þar að lúta til meðferðar.

Að endingu get ég þess svona til upprifjunar að þessi mál hafa lengi verið á döfinni. Ég held að það hafi verið fyrir 12–13 árum sem ég flutti sérstakt erindi í Ríkisútvarpið um nauðsyn umhverfisfræðslu og rökstuddi það, líklega veturinn 1973–1974. Það hefur allt of lítið miðað í þessum efnum eins og á fleiri sviðum umhverfisverndar. Menn, sem um þessi mál hugsa, gera sér ljósa þörfina en það vantar samræmd átök og vissulega þarf menntmrn. að taka þar til hendi varðandi skólakerfið en fjölmiðlar landsins þurfa að koma inn í þá umræðu með skilvirkari hætti en orðið hefur. Ég skal þó ekki lasta það sem gott hefur verið gert og umræðan um gróðurverndarmálin á síðasta sumri var vissulega þörf og góð áminning og varð áreiðanlega til þess að vekja marga til umhugsunar um þann mikla vanda sem þar blasir við.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir hans innlegg í umræðuna og fyrir það að minna á sína ágætu tillögu sem ég vissi mætavel um og hefði kannski átt að geta um en það hefði kannski líka verið ástæða til þess að geta um fleiri þingmál og ég gerði það sem sagt ekki. Ég kynnti mér þá tillögu

vel. Hún fjallaði mjög vítt og breitt um þessi mál og hefði ég getað skrifað undir flest sem í henni stóð ef ég man rétt. Þar var umhverfisfræðslan einn liður af allmörgum og það var ekki meining okkar flm. þessarar tillögu að stela neinu frá hv. síðasta ræðumanni. Ég vona að hann hafi ekki tekið það þannig. Við höfum litið svo á að þetta væri einn mikilvægasti þátturinn í umhverfismálum nú og sá grunnur sem úrbætur í umhverfismálum og aukinn skilningur á úrbótum þar hvíli á. Þess vegna vildum við taka það sérstaklega út úr og leggja áherslu á það. Þess vegna m.a. er hugsanlega ástæða til þess að tillagan fari ekki í sömu nefnd og hv. síðasti ræðumaður sendi sína í. Hann gat þess að hún hefði farið í allshn. Ég nefndi félmn. þar sem í þingsköpum er gert ráð fyrir að þangað fari tillögur sem lytu að skólamálum og félagsmálum. Þar sem fyrst og fremst er e.t.v. um að ræða fræðslu sem fer fram í skólum var það mín hugsun að hún ætti frekar heima í félmn. Það er þannig með tillögurnar að það er sama hvaðan gott kemur. Svo er einnig með nefndirnar, það er sama hvar um gott er fjallað. Ég geri því engan ágreining um það í hvora nefndina málið fer. Ég legg þó til að það fari í félmn. og legg það í vald forseta hvert því verður vísað.

En ég þakka aftur hv. 2. þm. Austurl. fyrir að taka undir þessa till. Ég átti reyndar von á því því hann hefur sýnt mikinn áhuga á þessum málum og lagt þeim lið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni upplýsi ég það sem segir í þingsköpum um hvert málum skuli vísa. Í 15. gr. þingskapa segir: „Til félagsmálanefndar skal vísa þeim málum sem félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingaog menntamálanefndir í deildum mundu fjalla um ef borin væru fram í frumvarpsformi.“ Ég tel því með öllu eðlilegt að þessu máli sé vísað til hv. félmn. Sþ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska, fyrri umr.

Þáltill. HJ og JúlS, 31. mál. — Þskj. 31.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstvirtur forseti. Lögð hefur verið fram till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska og er hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna og gera tillögur um að setja á stofn klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska sem verði staðsett á Suðurnesjum. Gerðir verði útreikningar á þjóðhagslegri arðsemi slíkrar stöðvar og rekstrar- og kostnaðaráætlun.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar helstu hagsmunafélaga í sjávarútvegi, fulltrúar Hafrannsóknastofnunar, fulltrúar frá klak- og eldisstöðvum á Suðurnesjum og Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.“

Þáltill. þessi er ein af þeim hugmyndum sem horfa til framtíðar og getur, ef rétt er á haldið, tryggt fiskisæld við Ísland. Fram að þessu höfum við byggt aflabrögð og afkomu til sjávar á duttlungum náttúrunnar og hæfum sjómönnum. Það er ljóst að sjómenn okkar eru meðal þeirra bestu í heiminum og að þeir munu ávallt skila þeim afla á land sem finnst í kringum landið hverju sinni. Það er því spurning um hvort hægt sé að tryggja og viðhalda stærð fiskistofna, eða jafnvel auka, hér við land með klaki og eldi sjávarfiska. Slík starfsemi mundi í raun breyta mörgu í sjávarútvegi svipað og áður hefur verið gert með ræktun fisks í vötnum og ám og nú með hinum risastóru klak- og eldisstöðvum hér á landi og erlendis.

Víða um heim fara fram tilraunir á þessu sviði. Góður árangur hefur nú þegar náðst við klak og eldi sjávarfiska og má í því sambandi minna á lúðueldi hér á Suðurnesjum og ýmsar aðrar tilraunir á þessu sviði sem lofa góðu. Þá tilgátu sem varpað er fram í grg. er á þessu stigi málsins ekki hægt að sanna né afsanna. Til þess vantar vísindarannsóknir og tilraunir hér við land. Það er því orðið brýnt að öflugar grunnrannsóknir og hagnýtar tilraunir séu gerðar á þessu sviði.

Á Suðurnesjum er nú öflugur rekstur í fiskeldi og eins og alþjóð veit eigum við mjög hæfa vísindamenn á hinum ýmsu sviðum er lúta að sjávarfiskum. Þessa krafta verður nú að samstilla og gera verður átak sem horfir til framtíðar og tryggir okkur afla og fulla nýtingu þeirra möguleika sem hafið í kringum landið býr yfir.

Hæstv. forseti. Þetta viðfangsefni er að mínu mati afar áhugavert og gæti haft mikla efnahagslega þýðingu fyrir þjóðina. Þjóð sem byggir afkomu sína að svo stórum hluta á fiski og fiskveiðum verður að takast á við meira en vandamál líðandi stundar. Hún verður að líta til framtíðar. Það verður best gert með því að leggja grunn að meira öryggi og nýjungum sem geta gert hlut komandi kynslóða betri en í dag. Fiskveiðistefna framtíðarinnar er meira en leyfilegt aflamagn fiskiskipa, skipti og sala aflakvóta, stjórn fiskveiða og veiði í fiskveiðilandhelgi Íslands. Hún er ræktun hafsins og fiskistofna.

Um þáltill. þessa mætti hafa langt mál en best er að svo verði ekki að sinni.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þáltill. þessari verði vísað til atvmn. Sþ. að loknum umræðum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Um leið og ég tek undir þann áhuga sem býr að baki þessari tillögu um að koma á fót klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska hlýt ég að rifja það upp að þessi mál hafa verið hér til meðferðar á undanförnum þingum og sú meðferð hefur verið langt frá því að vera með þeim hætti sem æskilegt væri til þess að koma þessum málum á þann rekspöl,

bæði rannsóknum og eldi í sambandi við sjávarfiska og raunar einnig vatnafiska, sem vert væri.

Ég held að gagnlegt væri fyrir hv. flm. að kynna sér það í sambandi við frekari meðferð málsins hvernig staðan er í þessu efni og hversu mikið vantar á að tekið hafi verið á þessum málum af stjórnvalda hálfu með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Það hefur staðið yfir um margra ára skeið togstreita á milli stjórnvalda, ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, um það hver skuli vera frumkvæðisaðili í sambandi við eldismál, fiskeldið. Þar hafa tekist á landbrn. og sjútvrn. sem á síðasta kjörtímabili og í tíð síðustu ríkisstjórnar voru undir forustu ráðherra úr sama flokki og í ríkisstjórn sem formaður þess flokks veitti forstöðu, en kjörtímabilið allt nægði þeim ekki til þess að ná samkomulagi um það hver skyldi sjá um hvað.

Ég flutti ásamt fleiri þm. ítarlega tillögu um þessi efni á þinginu 1983–1984, sérstaklega um rannsóknarþörf varðandi fiskeldi, þar á meðal og ekki síst eldi sjávarfiska, og henni fylgdi ítarleg ritgerð og mjög fróðleg frá dr. Birni Bjarnasyni sérfræðingi á þessu sviði, ég hygg einum fróðasta manni á þessu sviði sem hér starfar en hann er nú starfandi við Hafrannsóknastofnun. Tillögunni var vísað til ríkisstjórnarinnar þá um vorið, eða árið eftir kann það að hafa verið, alla vega var henni þangað vísað, en ekki nægði sú hvatning sem í tillögunni fólst til þess að stjórnvöld og þessi ríkisstjórn ynni sig fram úr málinu — svo að notað sé kannski heldur slæmt orðalag — þ.e. kæmi þessum málum í það horf af hálfu stjórnvalda hvað stýringu snerti og fjármögnun að vel horfði.

Síðan hafa verið fluttar ýmsar tillögur um fiskeldismálefni. Það hefur verið fjárfest mjög mikið í fiskeldi á þessu tímabili og við ættum að vera reynslunni ríkari. Þó er engan veginn séð hver afkoma þeirra fyrirtækja verður og hver útkoman verður úr þeirri miklu fjárfestingu sem hér hefur átt sér stað í fiskeldi, þó fyrst og fremst í laxfiskeldi, á undanförnum árum. Ég vil ekki leggja neinn dóm á það hér og nú hvert horfir í þeim efnum en margir hafa haft uppi hrakspár um að þarna sé of geyst farið og það vanti kannski alveg sérstaklega rannsóknarþáttinn í þessa starfsemi. Hafrannsóknastofnun hefur fyrir lítið fé verið að reyna að koma upp rannsóknaraðstöðu, í Grindavík að ég hygg, alveg upp á síðkastið, og það er sem sagt vísir að því sem þarf að koma, en þarna þarf að taka miklu betur á varðandi þennan þátt mála.

Þetta er í rauninni það sem ég vildi segja um þessa till. nú, virðulegur forseti. Varðandi grg. get ég tæpast látið hjá líða að gera kannski vissa athugasemd við þá útreikninga sem þar koma fram. Mér sýnist þeir eitthvað vera á tvísýnum forsendum og þar á ég við þá útreikninga að nýta hrognin úr einni hrygnu og, eins og þar segir, að þá þyrfti ekki nema 8500 hrygnur til að ala upp hrognin og þá hefðum við afla ársins 1986. Þetta held ég að sé ekki byggt á sterkum líffræðilegum forsendum, sérstaklega ef um hafbeit væri að ræða eða strandeldi þar sem kunnugt er að viðkoma þorsksins er jú mjög háð umhverfisaðstæðum og megnið af hrognum og seiðum fer forgörðum, en fjöldinn er einmitt það sem náttúran hefur tryggt til þess að viðkoma og viðhald stofnsins sé öruggt.

Virðulegur forseti. Ég var að fá í hendur þá tillögu sem ég var að vísa til frá þinginu 1983, 106. löggjafarþingi, till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra á þskj. 100 á því þingi, 91. mál. Ég ætla ekki að rekja efni hennar frekar en vísa þeim sem áhuga hafa á þetta þingmál.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstvirtur forseti. Hér er hreyft ákaflega athyglisverðu máli. Máli sem reyndar er unnt að nálgast frá mjög mörgum sjónarhornum. Ég hef reynt með lestri grg. og með því að hlýða á flm. að átta mig á hvað fyrir honum vakir og held að ég skilji það að nokkru þó að grg. sé stutt og ræðan hefði mátt vera lengri þegar svo viðamikið mál er til umræðu.

Ég er einn af þeim mönnum sem hafa trú á því að fiskurinn sé að verða húsdýr og muni verða það í framtíðinni. Ég hef trú á því að fiskeldi og fiskrækt verði meðal mikilvægustu atvinnugreina Íslendinga innan tíðar. Ég hef trú á því að engin atvinnugrein á Íslandi hafi jafnmikla vaxtarmöguleika og fiskeldi, engin atvinnugrein hafi jafnmikla möguleika til að auka þjóðartekjurnar.

Í því sambandi er einfaldast og auðveldast að vísa til þeirrar reynslu sem Norðmenn hafa. Þegar árið 1985 höfðu Norðmenn meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum og veiddu þó, ef ég man rétt, um 240 þús. tonn af þorski það ár. Stefna Norðmanna, sem fram hefur komið í fjölmörgum tímaritum, er sú að árið 1990, sem næstum er komið, muni þeir hafa þrisvar sinnum meiri tekjur af fiskeldi en af öllum sínum fiskveiðum samanlagt og eru þó með mestu fiskveiðiþjóðum heims.

Ef menn líta á þetta sjá menn stóra drauma fyrir framan sig sem að hluta hafa orðið að veruleika. Líklega hafa Íslendingar þó óvenjulega góðar aðstæður til fiskeldis, ekki bara í sjó heldur líka á landi. Þeir eru fámenn þjóð í stóru landi, mengunarlausu að heita má, með yfirráð yfir hreinum sjó og hreinu vatni, hreinu lofti, heitu vatni, miklum möguleikum til fóðurframleiðslu o.s.frv.

Ég hef einhvern tíma sagt að gamni mínu að ef Íslendingar nýta sér þá gífurlegu möguleika sem þeir eiga til fiskeldis muni eftir tiltölulega skamman tíma, hvaða merkingu sem menn vilja nú leggja í þau orð, engin þjóð í heiminum geta borið sig saman við Íslendinga í þjóðartekjum á mann nema ef vera skyldi Kuwait eða slíkar þjóðir sem tæpast vinna fyrir sér heldur dæla olíu einfaldlega upp úr jörðinni. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þarna séu geysilegir möguleikar og ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að fjalla nokkuð ítarlega um þessi mál

þó að gert hafi verið á undanförnum árum eitthvað eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan.

Ég skil þessa þáltill. þannig, og ég bið flm. að leiðrétta mig ef rangt er skilið, að þeir flm. séu að leggja til að sett sé á stofn klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska. Ég skil þetta þannig að þarna sé verið að hugsa um nokkurs konar hafbeit, ekki beinlínis eldi. Af grg. skildi ég þetta þannig að hugsað væri sem svo að fiskur væri strokinn, startfóðraður, alinn upp í ákveðna stærð og síðan væri honum sleppt og það væri hugsunin að auka veiðar við landið með því að taka klakið að hluta í land þar sem það yrði öruggara og minna misfærist en úti í náttúrunni. Þannig skildi ég þetta að mestu leyti. Þegar talað er um eldisstöð veit ég reyndar ekki alveg hvað átt er við því að sums staðar þar sem slík aðferð er höfð eru kynþroska fiskar veiddir og þeir stroknir og síðan seiðunum sleppt aftur þegar á ákveðið stig er komið.

Ég hegg reyndar eftir því að hér er talað um sjávarfiska. Þar sem ég hef fylgst með þessu hefur þetta náð lengra en til sjávarfiska. Fyrir stuttu skoðaði ég stöð í Noregi þar sem voru í eldi 120 þús. humrar. Norðmenn sögðu að humarstofninn væri í talsverðri hættu hjá þeim vegna ofveiði. Eftirsókn eftir humar væri hins vegar mjög mikil. Þeir veiða kynþroska humar, klekja eggjunum og hrognunum út og sleppa humrunum eftir að þeir hafa náð ákveðinni stærð. Þá kaupa sveitarfélögin humarinn. Honum er sleppt á ákveðin mið. Hann færir sig tiltölulega lítið úr stað. Þannig hafa þeir verið að reyna að viðhalda humarstofninum og veiða humarinn aftur.

Mér er ekki alveg ljóst hvað flm. eiga við með klak- og eldisstöð, hvort þeir reikna með að eldisstöð verði líka, en mér sýnist þó að þeir séu fyrst og fremst að hugsa um sjávarfiska, en ekki rækju og ýmis krabbadýr, svo sem humar, en þar hygg ég að séu verulegir möguleikar líka og þar af leiðandi er þessi hugmynd kannski dálítið þröng.

Ég bendi á að Hafrannsóknastofnun er þegar á Reykjanesi komin af stað með nokkra starfsemi. Það má vel vera að hún sé af vanefnum reist. Mér er þó ekki alveg ljóst hvort hugsað er að hún verði að einhverju leyti klakstöð, ég hef ekki skoðað það nægilega vel, en ég veit þó að fiskeldisfélagið, sem stofnað hefur verið við Eyjafjörð, hugsar sér klak og eldi bæði á lúðu og þorski, hvort sem það er nú ekki líka á vanefnum reist og verður kannski hæg þróun þess vegna.

En ég hefði álitið í fyrsta lagi að það væri eðlilegra að reyna að efla þá stöð Hafrannsóknastofnunar á Reykjanesi sem þegar er komin af stað. Hún er í landi Íslandslax, að ég hygg, í landi Staðar. Þar eru glettilega miklir möguleikar með samnýtingu við stórt fyrirtæki að minnka kostnaðinn. Þeir hafa gert þarna, eins og flm. nefndi réttilega, dálitla tilraun með lúðu. Þær tilraunir byggjast hins vegar fyrst og fremst á því að veiða smálúðu og ala hana síðan upp. Það hefur, hygg ég, gefið sæmilega raun upp á síðkastið. Það eru einkennileg atvik sem þarna hafa komið fram. Þeir misstu talsvert af lúðunni vegna þess að hún sólbrann. Lúðan er botnfiskur og þoldi ekki útfjólubláa geislun sólarinnar í grunnum kerum.

Lúðueldi eða lúðuklak er hins vegar mjög stutt komið. Á fiskeldissýningu í Þrándheimi í sumar sýndu Norðmenn hversu langt þeir eru komnir. Þeir sýndu held ég tvær lúður sem hafa náð einhverri stærð og hétu báðar mannanöfnum, ef ég man rétt. En þó að tekist hafi að klekja út lúðuhrognum hefur gengið og gekk lengi vel afar illa að startfóðra lúðuseiði vegna þess að þessi litlu seiði eru svo smá að það gekk illa að finna þær lífverur eða „bíóorganisma“ sem þær gætu lifað á. Besti árangur sem náðst hefur í lúðueldi í Noregi er held ég sé að 10% lifi, en það náðist núna á þessu ári að 10% lifðu af startfóðrun. En langflestir sem hafa reynt þetta eru með miklu minna. Eftir allar þær tilraunir sem Norðmenn hafa gert í þorskeldi hygg ég að það séu núna 2 millj. þorskseiða lifandi í Noregi. Norðmenn eru hins vegar að gera tilraunir líka með steinbít og skötusel.

Ég heyri á hæstv. forseta að tími minn er senn á þrotum, en ég má þó til með að bæta aðeins við þetta. Í fyrsta lagi er ég ekki alveg viss um nema þessi hugmynd um sjávarfiska sé heldur þröng miðað við þá þróun sem þarna er á ferðinni.

Í öðru lagi hygg ég að samstarf við þá stofnun sem komin er á Reykjanesi eða efling hennar kynni að vera skynsamlegri en að hefja nýja slíka starfsemi eða setja af stað nýja stofnun.

Í þriðja lagi hef ég ekki sannfæringu fyrir að nefnd sem að þessu ynni ætti að hafa þá samsetningu sem þarna er rakin.

Í fjórða lagi hefði ég viljað benda á að Norðmenn eru lengst komnir í fiskeldi og æskilegt væri að ná samvinnu við þá og stytta sér rannsókna- og tilraunatíma mjög með því að nýta sér þær rannsóknir sem þeir hafa þegar unnið að.

Ég geri ekki mikið með deilur eða togstreitu varðandi undir hvaða ráðuneyti þessi mál eiga að falla. Fiskeldismenn hafa hins vegar óskað eftir því að mál þeirra falli undir sjútvrn. í sinni stefnumörkun. Aðalatriðið hygg ég að sé að ráðuneyti það sem málið fellur undir sinni þessum málum mjög vel.

En hvað sem öllum þessum umhugsunaratriðum líður hygg ég að hér sé hreyft góðu og athyglisverðu máli. Hvort það á að ganga fram einmitt í þeirri mynd sem það er hér lagt fram er annað mál. En þetta mál er æskilegt að fá til umfjöllunar og vonandi mun Alþingi láta þessi mál meira til sín taka því að hvergi verður e.t.v. þróun í atvinnulífinu meiri en einmitt á þessu sviði.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að hér er góðu máli hreyft. Það er auðvitað alltaf spurning hvernig á að standa að svona málum. Ég er t.d. í miklum vafa um að það mundi borga sig að setja á fót strandstöð með þorsk einfaldlega vegna þess hve

lágt verð fæst fyrir þorskinn miðað við ýmsa aðra fiska sem við getum valið um. Þó geri ég ráð fyrir að það muni fást mikið meira fyrir eldisþorsk en þorsk sem er villtur, það verði öðruvísi vara. En það er bara tilfinning sem ég get ekki beinlínis fært rök fyrir.

Ég vil taka undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan. Mér finnst þetta of þröngt. Ég held t.d. að einn álitlegasti fiskurinn fyrir eldi og sem þurfi að rannsaka sé bleikjan. Ég hef þá trú að hún sé enn þá álitlegri en nokkurn tíma laxinn. Það er vegna þess að það er hægt að hafa fjórum eða fimm sinnum meiri þéttleika í kerunum með bleikju en laxi. A.m.k. benda þær tilraunir sem gerðar hafa verið til þess. Þegar búið er að startala bleikjuna virðast vera mjög lítil afföll í þeim stofni, miklu minni en t.d. í laxinum. Og það fylgja henni ekki sjúkdómar, a.m.k. ekki eins miklir og virðist vera með laxinn.

Auðvitað er þetta byggt fyrst og fremst á tilraunum sem hafa verið gerðar í Noregi. Fyrir nokkrum árum voru þeir með marga bleikjustofna í tilraunum frá Grænlandi, frá Kanada, frá Íslandi, frá Skandinavíu. Ég held að þar hafi verið tólf stofnar. Það voru tveir eða þrír sem komu langbest út úr þessari tilraun og var íslenska bleikjan þar með.

Það er verið að rannsaka markaðsmál með bleikju og það bendir til þess að ef það er góð sjávarbleikja með slíkum einkennum sem hún hefur nýrunnin sé ekki langt frá að fáist það verð sem fæst fyrir laxinn. Og reynist það rétt — ég vil hafa fyrirvara á öllu vegna þess að það er verið að rannsaka þetta enn — held ég að þetta sé það álitlegasta.

Sandhverfan virðist vera líka mjög álitlegur fiskur til eldis, álitlegri en lúðan. Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. áðan, að klak á lúðunni hefur ekki heppnast. Það hafa aðeins lifað tvö seiði, sem hafa komist upp, þrátt fyrir nokkuð mikið fjármagn sem hefur verið lagt í það. Mér er a.m.k. tjáð að ástæðan sé talin vera sú að eins og hv. þm. vita sé lúðan djúpsjávarfiskur og hún þurfi mikið meiri þrýsting. Það sé ekki hægt að klekja henni út öðruvísi en það sé við lík skilyrði eins og eru úti í náttúrunni, í djúpum sjó. En af þessum tilraunum, sem er verið að gera, bæði á Reykjanesi og við Eyjafjörð, með lúðueldi mun sjálfsagt hægt að draga ýmsa lærdóma þegar fram líða stundir.

Það er líka margt sem bendir til þess að það sé hægt að ala bleikjuna í venjulegu köldu vatni með sæmilega góðum árangri. Ég fór í leiðangur upp í vötn á hálendinu og þar voru tekin sýni bæði urriða og bleikju og kannað hvað þetta væri gamall fiskur og hvernig ástand væri á þessum fiski. Þarna er um köld vötn að ræða. Og bleikjan var í ótrúlega góðu ástandi. Sex ára fiskur var í ótrúlega góðu ástandi sem bendir til þess að það væri hægt að ala hana í köldu vatni. Aftur á móti var urriðinn í mikið verra ástandi og hann var ekki orðinn kynþroska sex ára.

Ég hefði viljað mælast til þess að flm. að þessari till. mundu breyta tillögunni og hún væri ekki einungis bundin við sjávarfiska af þeim ástæðum sem ég hef hér komið inn á. Ég held að við verðum að reyna að fá áhættufjármagn með einhverju móti í svona eldisstöðvar, bæði með sjávarfisk og eins með t.d. bleikju. Og vegna þess að hv. 10. þm. Reykv. er í Þróunarfélagi Íslands bendi ég á að það væri alveg tilvalið verkefni einmitt fyrir Þróunarfélagið, vegna þess að bleikjan gæti styrkt mjög strjálbýlið ef niðurstöður yrðu jákvæðar, sem ég hef trú á að verði, og þetta væri verkefni bæði hvað snertir sjávarfiska og ferskvatnsfiska, að leggja fram fjármagn til að gera tilraunir um þetta eldi. Raunar skora ég á hv. alþm. að reyna að sameinast um það og finna leiðir til þess að koma slíkum stöðvum á. Og það á að finna þeim stað þar sem árangurs er að vænta.

Ég vil ekki níðast á hæstv. forseta, en ég hefði viljað ræða langtum lengur um þetta efni því að hér er sennilega á ferð eitt það mál sem gæti komið þjóðinni best að gagni ef rétt er staðið að málum. En því miður hefur það ekki verið gert.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka flm. fyrir flutning þessarar till. og í annan stað tel ég að hér hafi farið fram athyglisverðar umræður og m.a. í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar komið fram mjög athyglisverðar ábendingar sem þurfi nánari skoðun.

Það kom fram í máli hans og máli hv. þm. Guðmundar Þórarinssonar að spurning væri hvort þessi till. væri ekki of þröngt skilgreind, þ.e. að það væri ástæða til rannsókna á fleiri sviðum en varðaði sjávarfisk. Vel má það vera, en reyndar höfum við á hv. þingi markað stefnu í þeim efnum, a.m.k. að verulegu leyti. Ég var 1. flm. að till. varðandi stefnumörkun um þetta efni í þinginu. Ef ég man rétt flutti hv. þm. Stefán Valgeirsson till. á sama þingi sem hneig í svipaða átt. Báðar þessar tillögur voru reyndar afgreiddar með þeim hætti að það var skipuð nefnd sem átti að vinna eftir þeim línum sem þar voru lagðar og eitt af því sem var lögð áhersla á í þeim tillögum, sem þá voru til umfjöllunar, var að efla rannsóknarstarfsemi í sambandi við fiskeldi. Nú er það reyndar svo að við Stefán Valgeirsson erum báðir í þessari nefnd, en hún hefur ekki skilað þeim árangri enn þá sem ég held að við mundum báðir hafa óskað eftir.

En vissulega hefur það komið hér áður til umfjöllunar að efla rannsóknarstarf í sambandi við fiskeldi almennt, en það sem er kannski sérstakt í sambandi við þessa till. er að það er verið að tala um könnun á eldi sjávarfiska sérstaklega og það kann vissulega að vera ástæða til þess.

En ég get ekki stillt mig um það, herra forseti, að taka svo til orða að í rauninni ætti þessi till. að vera óþörf vegna þess að á þinginu 1980 fór fram ítarleg umræða um þetta mál. Á því þingi flutti hv. þáv. þm. Magnús H. Magnússon till. um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þar sem gert var ráð fyrir að tilraunir með klak og eldi á

þorski og öðrum nytjafiskum yrðu eitt af hlutverkum Hafrannsóknastofnunarinnar. Um þetta fór fram allmikil umræða í þinginu og það var nákvæmlega sú hugmynd sem hér er verið að fjalla um sem hv. þm. Magnús Magnússon var þá að tala fyrir og lagði ríka áherslu á. Hann benti á að það bæri nauðsyn til að byggja á þeim grunni sem hefði verið fundinn í Noregi þá þegar 1980 varðandi þetta efni og rannsóknir sem hefðu reyndar verið gerðar í Vestmannaeyjum árið 1974 og markmiðið var það sama og mér sýnist að hér vaki fyrir hv. flm. að menn gætu eflt þorskstofninn í rauninni með hafbeit. Menn gætu hjálpað til með því að vera með klak- og seiðaeldi sem síðan yrði sleppt í sjóinn. — Og nú sé ég reyndar að hv. 2. flm. þessa frv. til l. er mættur hér í salinn, Árni Gunnarsson.

Örlög þessa frv. til l. voru þau að það var afgreitt með þeim hætti að menn hefðu haldið að það væri óþarfi í rauninni að flytja till. af því tagi sem hér er flutt vegna þess að sjútvn., sem fékk þetta mál til umfjöllunar, lét þá skoðun í ljós að að vísu þyrfti ekki að breyta lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna en hins vegar væri hér hið merkasta mál á ferðinni og það væri rétt að það yrði veitt fé til Hafrannsóknastofnunar til að hefja þessar rannsóknir. Og það fé var veitt. Hafrannsóknastofnunin fékk aukið fé til að sinna þessum rannsóknum í framhaldi af tillöguflutningi Magnúsar H. Magnússonar og Árna Gunnarssonar á þinginu árið 1980.

Mér er hins vegar ekki grunlaust um að starfið sem í hafði verið lagt af hálfu Hafrannsóknastofnunar í þessa veru sé heldur bágborið, en vissulega væri ástæða til þess í þessu sambandi að spyrjast fyrir um það.

Þetta vildi ég, herra forseti, rifja upp á þessari stundu vegna þeirrar umræðu sem fór hér fram á árinu 1980 um þetta mál og vegna þess að hér er vitaskuld um stórmerkt mál að ræða. Og vitaskuld er það svo, að úr því að ekki hefur gerst meira í þessum málum er fyllsta ástæða til þess að við málinu sé hreyft hér á þingi með þeim hætti sem þeir gera hér hv. þm. Hreggviður Jónsson og Júlíus Sólnes.

Hinu geta menn vitaskuld haft skoðun á, með hvaða hætti eigi hér á að knýja, hvort setja skuli nefnd, hverjir skuli vera í nefndinni, hvort tengja eigi þetta rannsóknum í sambandi við annað fiskeldi. Ég tel að það sé minni háttar mál sem Alþingi eigi að geta ráðið fram úr. En ljóst er að það er full þörf, brýn nauðsyn á rannsóknum bæði á þessu sviði og eins á sviði almenns fiskeldis til landsins, ef ég má orða það svo, hins hefðbundna fiskeldis, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gerðu að umræðuefni.

Ég lýsi yfir ánægju minni með þessa till. og vona að hún megi verða til þess að áfram verði haldið á þeirri braut sem þeir Magnús H. Magnússon og Árni Gunnarsson vildu marka og voru á leiðinni að marka árið 1980.

Flm. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað. Þessi till. er ekki komin fram fyrir tilviljun. Aðdragandi hennar er langur út af fyrir sig þó þetta mál hafi verið flutt á Alþingi áður eins og bent hefur verið á.

Ég kynntist fyrst fiskeldi sennilega í kringum 1958 og hef fylgst með þeim málum gerla síðan og unnið við þau fyrstu árin þegar Kollafjarðarstöðin fór af stað þannig að mér er ekki ókunnugt um þessi mál.

Ég rifja líka upp að 1965 skoðaði ég í Noregi tilraunir á þessu sviði, þ.e. á sviði sjávarfiska, og hef alla tíð síðan haft þetta mál uppi sem eitt af þeim málum sem ég tel að væru mjög mikilvæg fyrir þjóðina. Ég skrifaði grein í Morgunblaðið 1974 sem m.a. fjallaði um þetta og kom þá mjög svipaðri tillögu á framfæri. Ég sendi líka þingflokki Sjálfstfl. bréf 1985 sama efnis til að ítreka þetta. En ég tel að þær umræður sem hér hafa átt sér stað séu mjög jákvæðar.

Ég vil taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um þessi mál og tel að það sé mjög brýnt að það sé mörkuð mjög skýr og góð stefna í þessu. Eins vil ég taka undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði, sérstaklega það að hann taldi að sjávarfiskar yrðu í framtíðinni nokkurs konar húsdýr. Ég vil í því sambandi sérstaklega undirstrika að í þessari till. eru ekki undanskilin sérstaklega humar og rækja eða annað slíkt.

Það er alveg ljóst að þessi mál eru mjög viðtæk og sú tillaga sem hér er flutt er fyrst og fremst til að snerpa á þessum málum en engan veginn bundin á klafa þannig að menn geti ekki farið einhverjar aðrar leiðir. Við tillögumenn erum ekki sérstaklega fastheldnir á orðalag hennar, ef það þykir meiri háttar mál, og við munum verða opnir fyrir því að það sé tekið með víðsýni á þessu máli því að ég hygg að það muni verða stórmál í framtíðinni. Ég undirstrika að mjög víðtækar rannsóknir hafa átt sér stað á þessu sviði, bæði í Japan, Rússlandi, Noregi og með mörgum öðrum þjóðum, þannig að það er ekki bara ein þjóð sem hefur haft forustu um þetta.

Ég tek líka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson sagði um þessi mál. Hann kom inn á vatnafiska reyndar líka, t.d. bleikju. Ég man að 1963, þegar við vorum að vinna í eldisstöðinni á Kollafirði, var einmitt verið að gera tilraunir með bleikju. Ég veit ekki hvernig því hefur reitt af síðan, en sannleikurinn er sá að hún er afskaplega auðalinn fiskur og mjög gott að eiga við hana á allan hátt.

Einnig vil ég taka undir það sem hv. 4. þm. Reykn. sagði um þetta. Hann sagði að honum fyndust þetta mjög athyglisverðar tillögur og rakti síðan þær tillögur sem fram komu á Alþingi 1980 og voru fluttar af Magnúsi Magnússyni og Árna Gunnarssyni.

Ég held að þær umræður sem hér hafa átt sér stað séu mjög jákvæðar og ég tel mjög mikilvægt að við sameinumst á Alþingi um að fá þessum tillögum þann farveg sem skiptir máli og það sé unnið að

þeim mjög markvisst og þetta geti haft áhrif, eins og hv. 10. þm. Reykv. kom réttilega inn á, til þess að við tryggjum klak okkar nytjafiska í sjónum og einnig að við getum hugsanlega haft eldi innan einhverra marka á þeim hér við ströndina.

Ég vil minna í þessu sambandi á frétt sem var í síðustu viku, ef ég man rétt, í einhverjum fjölmiðli um að Japanar væru með tilraunir með karfa. Þeir tóku hann inn í hafbeitarstöð fyrst og síðan slepptu þeir honum á haf út, en þeir voru búnir að venja hann áður á ákveðin hljóðmerki þannig að 10% af stofninum komu inn aftur til að taka við fóðri. Þetta eru mjög athyglisverðar tilraunir. Ég held að við verðum að fylgjast með á þessu sviði og nýta okkur það því að ég tel að hafið hér í kring geti fætt miklu fleiri fiska en við veiðum í dag og geti orðið grundvöllur að meiri og betri efnahagsafkomu og tryggt jafnframt að þær sveiflur sem hafa orðið í sjávarútvegi og veiðum verði ekki jafnmiklar og nú er.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka fyrir þær umræður sem hafa verið hér og vona að við getum sameinast um að koma þeim í þann farveg að það verði öllum til góðs.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að lengja þessa umræðu, en ég vil láta koma fram bæði áhuga minn og þakklæti til flm. Það hafa breyst tímar hér á landi á þeim fáu árum sem liðin eru síðan við Magnús H. Magnússon fluttum frv. um breytingar á lögum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna til þess að reyna að fá fjármagn svo kanna mætti með ýmsum hætti hvort hér væri fýsilegt að hefja eldi á sjávarfiskum.

Það sem stendur upp úr í sambandi við sjávarfiskaeldi er fyrst og fremst kostnaðurinn við rannsóknir. Ég hygg að hér væri fýsilegast að efla og auka allar rannsóknir á því sviði, en allar vísindarannsóknir á sjávareldi hér á landi eru mjög takmarkaðar og þeim hefur sáralítið verið sinnt.

Nú er að hefjast lúðueldi við Eyjafjörð. Þar eru bjartsýnir menn að hefja eldi á sjávarfiskum og verður mjög spennandi að fylgjast með því hvernig til tekst þar. En það sem stendur þeim fyrir þrifum er fyrst og fremst skortur á vísindalegum rannsóknum, upplýsingum um eldið sjálft. Ég hygg að það sem væri viturlegast að gera á þessari stundu væri að efla samstarf við Norðmenn í sambandi við sjávarfiskaeldið því að hvergi í heiminum hygg ég að liggi fyrir meiri upplýsingar og meiri rannsóknir á eldi sjávarfiska, og það á bæði við um þorsk, lúðu og fleiri fisktegundir.

Það er mjög spennandi hugmynd og skemmtileg að hugsa sér að í náinni framtíð getum við með einhverju móti haft áhrif á stærð fiskstofnanna hér við land sem við byggjum alla okkar afkomu á. Það var einmitt á þeim grundvelli sem við Magnús H. Magnússon fluttum okkar till. En það verður að segjast eins og er að í umræðum á hinu háa Alþingi voru ekki allir þm. bjartsýnir á að þetta mundi takast. Við urðum þess áþreifanlega varir í viðræðum við vísindamenn, sem mesta þekkingu höfðu á þessu máli, að þeir voru ekki bjartsýnir á að þetta mundi takast og jafnvel höfðu sumir þeirra allt á hornum sér og voru jafnvel andsnúnir því að frv. á borð við það sem við fluttum yrði flutt.

En um þetta þarf ekki að hafa mörg orð. Þjóð sem byggir afkomu sína á sjávarfiskum hlýtur að þurfa að efla rannsóknir á því sviði. Allar tillögur sem stuðla að þeim rannsóknum og væntanlega þá einhverjum verkþáttum til að efla eldi sjávarfiska hér á landi eru af hinu góða og ég þakka flm. fyrir þessa till. og mun styðja hana hvar sem ég kem nálægt henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 9. mál (frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri o.fl.). — Þskj. 9.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég var kominn þangað í máli mínu þegar umræðu var frestað hér fyrir nokkru síðan að ég ætlaði að fara nokkrum orðum um efnisatriði þess máls sem hér er á dagskrá, þ.e. 9. máls, frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að felldar séu niður heimildir til að afskrifa útistandandi viðskiptaskuldir um 5% og matsverð vörubirgða um 10%. Um það má að sjálfsögðu deila hvort slíkar afskriftareglur skuli heimilaðar, en ég held að rétt sé að rifja það upp hvers vegna slíkar afskriftareglur komu til á sínum tíma. Það gerðist þegar skattalögum var breytt að því er mig minnir 1978 en slíkar heimildir höfðu ekki áður verið.

Að því er varðar útistandandi viðskiptaskuldir þá er það ávallt svo að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allar útistandandi viðskiptaskuldir innheimtist jafnvel þótt það sé ekki staðfest að þær séu tapaðar. Eins og málum var háttað áður voru viðskiptaskuldir oft og tíðum bókfærðar sem eignir fyrirtækja þótt allar líkur væru til að þær mundu tapast. Jafnframt liggur fyrir að ef fyrirtæki vildi koma útistandandi viðskiptaskuldum sínum í handbært fé um viðkomandi áramót þá var ekki líklegt að einhver væri tilbúinn til að kaupa þessar útistandandi skuldir fyrir sömu fjárhæð og bókfært er í reikningum fyrirtækisins. Þess vegna þótti eðlilegt að heimila þarna nokkra afskrift til að auðvelda fyrirtækjum að gera þessar eignir upp í samræmi við góða reikningsskilavenju. Ég tel að hér sé ekki um óeðlilega afskrift að ræða og vil benda á að breyting

á þessu skiptir engum sköpum í skattamálum í sjálfu sér.

Að því er varðar matsverð vörubirgða þá gegnir það að nokkru leyti sama máli að vörubirgðir eru færðar á innkaupsverði eða dagverði og það er ekki líklegt að það matsverð, eins og skylt er að meta það skv. skattalögum, sé raunverulegt verðmæti birgða og þess vegna þótti rétt að hafa þar nokkra afskrift til að koma til móts við slíka verðrýrnun. Auðvitað er það svo að það er mjög mismunandi hvort slík afskrift er réttlætanleg eða ekki. Í sumum tilvikum er hún mjög eðlileg en í öðrum tilvikum kann hún að vera nokkuð mikil. Ég býst við að nokkur munur sé á því hvort um margvíslegar vörutegundir er að ræða í einu fyrirtæki eða eina vörutegund eins og t.d. olíu, svo að dæmi sé tekið, eða annars vegar stóran matvörulager og hins vegar lager af gulli, svo að tekin séu einhver öfgadæmi, þótt það sé víst ekki mjög algengt í íslensku viðskiptalífi að mikið sé verslað með þann málm þó að það sé nú í einhverjum tilvikum. (**SvG:** Tæplega kallað vörubirgðir.) Ja, vörubirgðir eru það nú í skilgreiningu bæði bókhaldslaga og skattalaga, a.m.k. ef um skartgripi er að ræða, en mundu vart vera kallaðar vörubirgðir í reikningum Seðlabankans, svo að annað dæmi sé nefnt.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að lækka afskriftaprósentur í það sem þær voru. Ég er þeirrar skoðunar að á sínum tíma þegar þessar afskriftaprósentur voru hækkaðar hafi ekki mælt með því nein sérstök rök. Hitt er svo annað mál að endingartími eigna er í reynd fremur að styttast en hitt. Miklar tækniframfarir eiga sér stað og tölvubyltingin skiptir miklu máli og endingartími slíkra eigna er oft og tíðum mjög stuttur, þannig að ég von á því, sérstaklega að því er varðar 20% flokkinn, að þá séu heldur meiri rök fyrir því en áður var að sú afskriftaprósenta haldist. En það er með þetta eins og hið fyrra að hér er fyrst og fremst um það að ræða að dreifa útgjöldum á tiltekinn tíma og það skiptir ekki sköpum hvort þessi dreifing er einu árinu lengri eða skemmri. Það getur skipt máli fyrstu árin en síðan kemur það til skila og ég minni á að allar þessar eignir eru reiknaðar út skv. verðbreytingarfærslum þannig að afskriftatími skiptir minna máli nú en var áður í skattalögum þegar ekki var tekið tillit til verðbreytinga.

Einnig er það svo að leigukaup hafa aukist á fjármagnsmarkaðnum og nauðsynlegt er að samræmi sé í afskriftatíma eigna sem annars vegar eru fjármagnuðar á þann hátt en fyrirtækin kaupa hins vegar beint fyrir sitt eigið fé eða lánsfé.

Að því er varðar 3. gr. þá hef ég áður gert hana að umtalsefni. Ég tel hana algerlega óþarfa. Það liggur fyrir í skattalögum að eingöngu útgjöld er varða öflun tekna eru frádráttarbær og að því er varðar 52. gr. þá eiga þessir liðir ekki heima í henni að mínum dómi. Þar eru aðrir hlutir eins og sektir sem geta verið útgjöld atvinnurekstrar en ekki talið eðlilegt að það sé litið á það sem útgjöld vegna öflunar tekna. Hins vegar er það meginatriði að hér sé eðlilegt eftirlit og hart eftirlit með þessum atriðum sem ég kom inn á þegar mál þetta var rætt áður.

Hins vegar kemur fram í 1. gr., sem ég gleymdi að geta um en hljóta að vera einhver mistök hjá flm., að heimilt sé að draga frá hagnaði 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfs á vegum fyrirtækis. Það fer ekkert á milli mála að það er að sjálfsögðu heimilt að draga slík útgjöld frá tekjum fyrirtækja í dag, en hins vegar hefur verið rætt um í þessu sambandi að tvöfaldur þessi kostnaður væri frádráttarbær, og þar með væri hvatt til rannsóknar- og þróunarstarfs, þannig að hér hlýtur að vera um einhver mistök að ræða. Hitt er svo annað mál eins og kom fram hjá flm. að það er mjög vandasamt að skilgreina það hvað er rannsóknar- og þróunarkostnaður og ég er helst á því að það muni vefjast fyrir aðilum að bókfæra það svo einhlítt sé. Og þó að rök mæli með því að gera þessa breytingu þá held ég að það sé með þetta eins og margt annað að það sé mjög erfitt í framkvæmd og betra að leysa það með öðrum hætti af hálfu ríkisins, t.d. með stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarf og hagkvæmum lánum til slíkra hluta, en beint í skattalögunum sjálfum. Mér finnst margt mæla á móti því en hins vegar má koma til móts við þau sjónarmið með öðrum hætti.

Að því er varðar 6. gr. þá er þar heimilað að fara inn á þá braut að skattyfirvöld fari að telja fram fyrir aðila, að menn geti heimilað þeim að gera framtalið, sem út af fyrir sig má vel gera. Hins vegar tel ég að starfskröftum skattyfirvalda sé betur varið í aðra hluti eins og skatteftirlit og því sé óþarfi að hlífa framteljendum við þeirri vinnu og þeirri skyldu sinni að koma þessum tölum á blað. Ég held að það sé á margan hátt óeðlilegt að leggja þær skyldur á skattyfirvöld. Og eins og skattakerfið er mannað í dag þykir mér óskynsamlegt að leggja slíka vinnubyrði á þá aðila á sama tíma og menn vilja setja ýmsar aðrar skyldur á þá og þá kannski sérstaklega að þeir auki eftirlit með skattinnheimtu.

Að því er varðar 7. gr. þá varðar hún fyrst og fremst upplýsingaskyldu. Hins vegar er aðalatriði þess máls, að því er varðar vaxtatekjur og tekjur af fjármagni, hvort þessar tekjur skuli skattskyldar eða ekki. Það er aðalatriði málsins en ekki með hvaða hætti það skuli upplýst þó að það sé að sjálfsögðu stór hluti af því máli. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að breyta skattalögum þannig að fjármagnstekjur séu skattlagðar, a.m.k. að því marki sem þessar tekjur eru yfir verðbólgu eins og hv. frsm. kom fram með. Þegar skattalög voru sett á sínum tíma var hér ekki um tekjur að ræða. Vextir voru mjög lágir í samanburði við verðbólgu og þess vegna ríktu þar allt önnur sjónarmið. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að því fylgi upplýsingaskylda þannig að hægt sé að fylgjast með því og þessi grein tekur á því máli en ekki á skattskyldumálinu sjálfu. En væntanlega hefur átt að gera það með öðrum hætti og e.t.v. í öðru frv.

Að því er varðar síðustu greinina, þá held ég að

það sé mjög vafasamt að skylda skattrannsóknarstjóra til þess að láta fara fram rannsókn á bókhaldi ákveðins fjölda fyrirtækja á hverju ári eða 100 fyrirtækja. Auðvitað getur það verið mjög mismunandi eftir stærð þeirra og umfangi og rekstri. Hins vegar er nauðsynlegt að stofnunin stórauki þessar rannsóknir og það er fyrst og fremst sú hugsun sem hér kemur fram en ég tel mjög vafasamt að það eigi að binda það við ákveðinn fjölda fyrirtækja í lögum.

Að þessu sögðu vil ég draga þá almennu ályktun að í þessu frv. komi ekki fram nein þau atriði sem skipta sköpum að því er skattamál varðar. Ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að skattsvik verði ekki fyrst og fremst lagfærð með nýrri löggjöf heldur með meira eftirliti. Hér er tekið á atriðum eins og útistandandi skuldum, matsverði vörubirgða, fyrn*ingum, sem ekki skipta sköpum í þessu efni.* Hins vegar skiptir miklu máli að persónuleg eyðsla sé alls ekki færð á rekstur fyrirtækja heldur sé þar fyrst og fremst um eftirlitsmál að ræða og breytingar á reglugerðum sem geta átt sér stoð í gildandi lögum.

Hitt er svo annað mál að það er tímabært og mikilvægt að huga að breytingum á skilgreiningu á *tekjuskattsstofninum og eignarskattsstofninum*, þ.e. hvort fjármagnstekjur skuli ekki teljast tekjuskattsskyldar tekjur og ýmsar eignir, sem eru ekki skattlagðar til eignarskatts, skuli ekki þar vera með eins og ýmsar aðrar eignir. Þar er fyrst og fremst átt við fjármagnseignir. Þetta eru atriði sem vissulega skipta máli en ég er almennt þeirrar skoðunar að *forgangsatriðið í íslenskum skattamálum í dag* sé eftirlit, skatteftirlit og efling þeirrar framkvæmdar. Því miður er það svo að lögð hefur verið áhersla á önnur atriði eins og breytingar á skattalögum ýmsum sem hafa tafið fyrir því að hægt hafi verið að efla skatteftirlit og einnig hefur staðgreiðslukerfi orðið forgangsverkefni í skattamálum og er forgangsverk*efni í dag. En að mínum dómi hefði verið meira* atriði að efling skatteftirlits hefði gengið þar á undan. Það er hins vegar ákvörðun sem hefur verið tekin og ekkert við því að gera. Það verður að sjálfsögðu að ljúka við það mál.

Þar á undan var til umræðu hér frv. til l. um skattadóm og rannsókn skattsvikamála. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að ekki ætti að setja upp sérstakan skattadóm. Okkar dómskerfi ætti að geta ráðið við þau brotamál sem eru í gangi án þess að setja þau í sérstakan dómstól. Hitt er svo annað mál að það er reynslan að ef um opinber mál er að ræða þá vilja þau tefjast mjög í dómskerfinu og okkar dómstólar hafa ekki ráðið við það að sinna þessum *málum með eðlilegum hætti. Í ljósi* þeirrar reynslu er ég orðinn þeirrar skoðunar að trúlega sé rétt að setja upp sérstakan skattadóm og gera tilraun með hvort það reynist ekki betur og hvort málum verði ekki betur sinnt með þeim hætti. Þetta er ekki vegna þess að ég sé efnislega samþykkur því að það þurfi að koma til þess að sérstakur skattadómstóll starfi, heldur vegna þess að það hefur ekki verið nægilega góð reynsla af dómskerfinu og þess vegna get ég fyrir mitt leyti stutt slíka skipan eins og að setja upp sérstakan skattadóm. Ég tel að hér sé um það mikilvægt mál að ræða að ekki sé rétt að standa í vegi fyrir því að slík tilhögun sé reynd. Það hefur verið gert að því er varðar fíkniefnamál og það má vel vera að rétt sé að gera það að því er varðar ýmsa aðra málaflokka, en það hljóta hins vegar að vera takmörk fyrir því hvað er rétt að taka upp marga sérdómstóla í landinu. En ef um einstök áhersluatriði er að ræða í einu þjóðfélagi, þá hlýtur það að koma til álita að gera það þótt það sé ekki nema tímabundið.

Herra forseti. Ég hef þá farið efnislega yfir það sem hér er til umræðu. Hér koma margar ágætar hugsanir fram og nauðsynlegt að þeim sé hreyft. Það er nauðsynlegt að skattalögin séu sífellt í endurskoðun en hins vegar vildi ég aðeins með máli mínu hér benda á að það er nauðsynlegt að þar séu áhersluatriðin rétt og eins og nú horfir er það framkvæmd skattamála og skatteftirlit sem skiptir þar meginmáli.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um tvö frv. sem við flytjum þm. Alþb. í hv. deild og lúta að skattamálum, annars vegar frv. um tekjuskatt og eignarskatt og hins vegar frv. um skattadóm og meðferð skattsvikamála. Ég held að hér sé komið að einum stærsta þætti okkar samfélags, þ.e. skattamálin, hvernig að þeim er staðið.

Ég held að það skipti ákaflega miklu máli sem hæstv. sjútvrh. ræddi hér í fyrri ræðu sinni á dögunum, að reynt sé að stuðla að stöðugleika í skattamálum, stöðugleika við framkvæmd skattamála. Ég vil líka bæta því við að ég held að það sé ákaflega mikilvægt að um framkvæmd skattamála sé *reynt að stuðla að eins víðtækri þjóðfélagslegri* samstöðu og mögulegt er til þess að þeir sem þurfa að greiða skattana, þeir sem standa undir samneyslunni séu sáttir í meginatriðum, að svo miklu leyti sem kostur er, við það skattakerfi sem er í gildi á hverjum tíma og framkvæmdina á skattakerfinu.

Þetta segi ég kannski vegna þess að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að gera mjög viðamiklar breytingar á skattamálum. Á þskj. 1, bls. 221, kemur fram að ríkisstjórnin er með í bígerð stórfelldar breytingar á svo að segja öllum sviðum skattamála. Hún hyggst breyta lögunum um söluskatt, hún hyggst leggja fram frv. til l. um nýja tollskrá. Hún hyggst leggja fram frv. til l. um vörugjald sem væntanlega á að taka af ákvæði í lögum um svokallað tímabundið vörugjald og ákvæði í lögum um vörugjald á sælgæti, gosdrykki o.fl. Hún hyggst jafnframt flytja hér frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, þar sem gert er ráð fyrir því að endurskoða tekjuskattlagningu fyrirtækja. Hún hyggst leggja fram frv. til l. um breyt. á l. frá 1965 um launaskatt, en í frv. er samkvæmt fjárlagafrv. byggt á því að 1% launaskattur verði lagður á þær

atvinnugreinar aðrar en búrekstur sem hafa verið undanþegnar launaskatti. Síðan hyggst ríkisstjórnin leggja fram frv. til l. um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1988, þar á meðal er áformað að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði framlengdur á árinu 1988. Þá er gert ráð fyrir því að leggja fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og það er ætlunin að leggja fram frv. til l. um sérstakt gjald af verktökum vegna vinnu á svokölluðum varnarsvæðum.

Hér er m.ö.o. ætlun ríkisstjórnarinnar núna á þessum dögum sem þingið starfar fram að hátíðum að leggja fram átta frumvörp sem snerta alla þætti skattamála, bæði beinna og óbeinna skatta, frumvörp sem hafa áhrif á alla verðmyndun í landinu, þar á meðal útreikninga innflutningsverðs, frumvörp sem hafa áhrif á álagningu bæði í heildsölu og smásölu þegar upp verður staðið, frumvörp sem hafa veigamikil áhrif á alla tekjuskiptingu einstaklinganna bæði það sem menn fá sjálfir í hendurnar til að eyða og eins hitt sem tekið er af mönnum jafnharðan og eftir situr hjá hinum opinberu aðilum. Þó að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi hér mikinn og voldugan en ekki að sama skapi samstæðan, skilst manni, þingmeirihluta, en látum það nú vera, þó hún hafi mikinn þingmeirihluta þá er eðlilegt að þegar svona viðamiklar breytingar eru í bígerð á öllu skattakerfinu eins og það leggur sig að þá sé kallað til samráðs við þingið áður en málin koma hér inn. Það sé kallað til samráðs við þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu áður en þessi mál koma hér inn. Því að hér er um svo miklar breytingar að ræða á skattakerfinu, það tekur svo langan tíma að fara yfir þessi mál, að ef það á að verða einhver mynd á afgreiðslunni, ef þetta eiga ekki að verða handarbakavinnubrögð og fljótaskrift eins og oft er á löggjöfinni héðan, þá verður að fara að undirbúa þessa hluti.

Ég vil beina því til hæstv. fjmrh.: Hvenær hyggst hann leggja þessi frumvörp fyrir Alþingi og hvenær hyggst hann hafa og hefja samráð við þingflokkana um þessi mál? Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi tekið eftir þessari spurningu sem ég beindi til hans varðandi þessi frumvörp sem talin eru upp í fjárlagafrv. á bls. 221. Hér er sem sagt um að ræða frumvörp sem snerta allt skattakerfi ríkisins, það er í raun og veru ekkert sem þarna er út undan. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt, ef hérna á að verða um löggjöf að ræða sem binst sæmilegur trúnaður við hjá þeim sem eiga að borga, þ.e. þjóðinni, að þá þurfi að stuðla að eins víðtækri samstöðu um þessi mál og frekast er unnt og þar er það auðvitað hæstv. ríkisstjórn sem hefur valdið.

Varðandi það frv. sem ég mælti fyrir á dögunum og hæstv. sjútvrh. fór ítarlega yfir áðan vil ég segja þetta. Varðandi það að fella niður heimild til þess að færa tap á útistandandi viðskiptaskuldum til frádráttar umfram sannanlega tapaðar skuldir, þá er það alveg hárrétt að það líður oft mjög langur tími frá því að skuld er töpuð þangað til það hefur verið staðfest með formlegum og réttum hætti gagnvart yfirvöldum. Þess vegna getur það að mínu mati komið til greina að vera þarna með eitthvert svigrúm til þess að draga frá tap vegna útistandandi skulda. Ég hygg hins vegar að það eigi við um þetta eins og margt annað í skattalögunum að þetta sé og eigi þá að vera aðeins mismunandi eftir því hvaða tegundir af fyrirtækjum hér er um að ræða. Fyrirtæki eru með misjafnlega stórt hlutfall af sinni veltu sem viðskiptaskuldir í árslok, og þetta ákvæði skattalaganna eins og það er núna ívilnar fyrirtækjunum misjafnlega. Ég hygg að þarna mætti fara einhverja millileið frá því að fella þessa heimild alveg niður, niður í eitthvað minni heimild og aðeins mismunandi eftir tegundum fyrirtækja. Tilgangurinn hjá mér með þessum tillögum var sá sem hæstv. fjmrh. gerir að aðalatriði í öllum sínum ræðum að því er varðar einstaklingana, það er að einfalda, og byrja á því að einfalda þessa hluti gagnvart fyrirtækjunum því að þar sé meiri þörf á því. Það sé meiri þörf á því að loka smugunum þar og vegna mismunandi tekna og getu einstaklinganna þá sé eðlilegra að mismuna þar aðeins í skóttum og vera þar með undanþágur heldur en gagnvart fyrirtækjunum. Þess vegna held ég að þessi einföldunarstefna sem hæstv. fjmrh. talar fyrir ætti í raun og veru að byrja á fyrirtækjunum og á grundvelli þess er þessi till. flutt.

Í öðru lagi benti hæstv. sjútvrh. réttilega á það að heimildin til þess að draga frá allt að 10% af matsverði vörubirgða í árslok kemur ákaflega misjafnlega niður á fyrirtækjum. Afskaplega misjafnlega út fyrir fyrirtæki. Þarna hygg ég að það væri hugsanlegt að vera með mismunandi reglu ef menn vilja hafa þessa heimild inni á annað borð. En ég segi aftur: Ég held að skynsamlegra væri að fella báðar þessar heimildir niður og breyta í staðinn sjálfri hinni endanlegu álagningarprósentu á fyrirtækin sem ekki er tekin afstaða til í þessu frv. eins og það er lagt fram hér, enda fjallar það ekki um álagningu út af fyrir sig, t.d. á fjármagnstekjur, heldur fyrst og fremst um tæknilega útfærslu á þessum málum.

Hæstv. sjútvrh. sagði einnig að síðasta mgr. 1. gr., um að heimila fyrirtækjum að draga frá hagnaði vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi, gæti valdið misskilningi eins og hún er sett þarna upp. Það kann vel að vera. Það er iðulega erfitt fyrir fyrirtæki sem eru að fara út í rannsóknar- og þróunarverkefni — það getur verið mjög hæpið að skylda fyrirtæki til að leggja fram upplýsingar um útgjöld í þessum efnum í einstökum atriðum. Þar getur verið um að ræða afar sundurleitar útgjaldaforsendur. Þess vegna finnst mér hugsanlegt að þessi 5% komi til viðbótar við annað sem fyrirtækin draga frá sínum rekstrarútgjöldum. Hér er sem sagt till. um að þetta komi til viðbótar við það sem fyrirtækin hafa áður dregið frá. Það kann vel að vera að það sé skynsamlegra að fara þá leið að heimila frádrátt frá skatti þannig að um sé að ræða t.d. tvöföldun útgjalda til rannsóknar- og þróunarverkefna. Það er auðvitað leið sem má

skoða og er ekkert á móti því. Aðalatriðið er auðvitað að finna leið sem er þannig að það séu örugglega framlög til rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem þarna eru dregin frá.

Varðandi lækkunina á afskriftaprósentunni er ég alveg sammála hæstv. sjútvrh. um að það var óþarfi og engin rök sem mæltu sérstaklega með því að hækka þessa afskriftaprósentu þegar því var breytt á sínum tíma. Hann segir líka réttilega að endingartími ýmissa tækja og búnaðar sem fyrirtæki eiga núna og þurfa að eiga núna sé styttri en áður var. Þar er um að ræða margvíslegar nýjungar í tækjabúnaði, m.a. tölvur og fleira þess háttar. Þetta er allt rétt. Þá er á það að benda að skattalög gera ráð fyrir því að allur þessi búnaður fyrnist á því ári sem til kostnaðarins er stofnað. Í síðustu mgr. 38. gr. skattalaganna segir:

„Stofnkostnað skv. 5. tölul. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast."

Og hvaða kostnaður er þetta? Jú, það er stofnkostnaður, svo sem kostnaður vegna skráningar fyrirtækis, öflunar atvinnurekstrarleyfa, kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja. Allan þennan kostnað er heimilt að fyrna strax á því ári þegar stofnað er til kostnaðarins. Og breytingartillögurnar um afskriftaprósenturnar í 2. gr. þessa frv. frá okkur hafa engin áhrif á þessa grein. Hún stendur þarna inni og það er mikilvægt, og er nefnt hér vegna aths. hæstv. sjútvrh.

Hæstv. sjútvrh. telur að þau ákvæði sem eru í 3. gr. frv. séu óþörf vegna þess að ekki sé heimilt að færa persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna á rekstrarkostnað, og risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækis. Út af fyrir sig er þetta rétt. En það er alveg ljóst að það er ein meginmeinsemd skattalaganna og skattaframkvæmdarinnar að menn eru að færa persónulega eyðslu á fyrirtækin. Það er ein meginmeinsemd skattalaganna og skattaframkvæmdarinnar. Þegar þessi mál voru til meðferðar hér í fyrra þá ræddum við oft um það, ég og hæstv. núv. fjmrh., að þarna, einmitt þarna færu í gegn stórkostlegar fúlgur. Þessi sjónarmið okkar voru staðfest af skattsvikanefndinni svokölluðu sem starfaði undir forustu Þrastar Ólafssonar og skilaði áliti á árinu 1986. Og vegna þess að hérna er um alvarlega meinsemd að ræða leggjum við til að í 52. gr. skattalaganna komi þessi ákvæði alveg sérstaklega:

Að persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess sé óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar.

Að risnu megi ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækis. Ríkisskattstjóri setji reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skuli ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækis.

Út af fyrir sig má segja að það sé hvort eð er innbyggt í skattalögunum að það sem hér er sagt megi ekki gerast, en til þess að undirstrika sérstakan vilja löggjafans til átaks í þessu efni, m.a. gagnvart þeim aðilum sem fara með framkvæmd skattalaganna, skattstofunum, ríkisskattstjóra og þeim aðilum, til þess að undirstrika þennan sérstaka vilja löggjafans teljum við að það sé eðlilegt að þetta fari inn. Ég flyt þetta mál mitt núna af sérstökum þunga vegna þess að á síðasta þingi var hér maður í stjórnarandstöðu, sem nú er hæstv. fjmrh. landsins, sem studdi þetta þá drengilega í Nd. í nafnaköllum sem er hægt að fletta upp, og ég hefði haldið að þau sjónarmið sem þarna liggja að baki eigi stuðning núv. hæstv. fjmrh., enda er það eins með hæstv. sjútvrh. að sjónarmiðin sem þarna eru á bak við eru viðurkennd af honum. Hann telur þau góðra gjalda verð út af fyrir sig þó að hann sé ekki sammála þeirri till. um meðferð málsins sem þarna er gerð.

Ég var að segja það, hæstv. fjmrh., að ég mælti sérstaklega með þessari 3. gr. í frv. af því að við fluttum hana báðir í fyrra og fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherrann hefur eitthvað litið á hana eftir að hann tók við húsbóndavöldum þarna uppi við Arnarhólinn, uppi í Arnarhvoli.

Varðandi næstu aths. hæstv. sjútvrh. þá lýsti hann andstöðu við hugmyndina um að skattyfirvöld gætu talið fram fyrir aðila og sagði: Fólk á auðvitað að setja sig inn í þessi mál sjálft. Allt er það rétt, en staðreyndin er sú að mikill fjöldi af fólki er með innibyrgðan, liggur mér við að segja, ákveðinn ótta gagnvart þessum pappírum sem það þarf að útfylla. Af einhverjum ástæðum er það svo. Það hefur verið reynt í a.m.k. einu nágrannalandi okkar að gefa fólki kost á því, fólki sem er með einfaldan fjárhag, segjum t.d. bara elli- og örorkulífeyri að lifa af, að það geti sloppið við þessi venjulegu framtöl. Það væri fróðlegt ef fjmrn. kynnti sér hvernig þarna hefur til tekist.

En þessi hugmynd er flutt hér í tillöguformi vegna þess að það er nauðsynlegt að þetta mál sé rætt einmitt núna þegar ætlunin er og í undirbúningi er að taka upp staðgreiðslukerfi skatta.

Í sjöunda lagi nefndi hæstv. sjútvrh. það og var sammála okkur um að það á að skattleggja fjármagnstekjur. Það er ein spurning mín til hæstv. fjmrh.: Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fram tillögur um skattlagningu fjármagnstekna? Ég tel að þær eigi að skattleggja eins og aðrar tekjur. Því skyldu launin vera skattlögð 100% en þær tekjur sem menn fá af verðbréfum liggjandi inni í bönkum vera skattfrjáls? Auðvitað er ég hér að tala um tekjur umfram það sem kalla má einhverja raunávöxtun, en þetta er mál sem ég tel mjög brýnt að ræða og fá upplýsingar um hjá hæstv. fjmrh. og þess vegna er það flutt í þessu frv.

Hæstv. sjútvrh. nefndi svo í áttunda lagi að vafasamt væri að skylda skattrannsóknarstjóra til að gera úttektir á 100 fyrirtækjum, fyrirtækin væru misstór og allt er það rétt. En rökin með þessu eru

þau að stundum vill þetta embætti svo að segja kaffærast í verkefnum sem berast og embættið hefur ekki svigrúm til þess að rannsaka holt og bolt framtöl annarra fyrirtækja eins og nauðsynlegt er. Fyrirtækin eru misstór. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra. Málið er hins vegar það að skattalög hafa verið þannig undirbúin og útbúin hér á landi að menn hafa verið hvattir til þess að stofna fyrirtæki svo að segja um sjálfa sig. Menn hafa farið betur út úr skatti ef þeir gátu stofnað fyrirtæki um sig sjálfa og símana sína og skrifborðin sín en ef þeir töldu fram sem venjulegir launamenn. Þessi fyrirtækjastofnunarhvati í skattakerfinu er örugglega ein stærsta meinsemd íslenska skattakerfisins og hefur örugglega svipt ríkið tekjustofnum upp á stórkostlegar fúlgur. Þess vegna held ég að bæði með eftirliti og með nýjum ákvæðum í skattalögum sé nauðsynlegt að draga úr þessum áhuga manna á því að búa til pappírsfyrirtæki sem eru ekkert nema pappír.

Hvað eru mörg fyrirtæki á Íslandi? Hvað eru mörg fyrirtæki í þessu litla landi? Ætli þau séu ekki 25 þúsund. Hvaða vit er í því að kalla 25 þúsund fyrirtæki fyrirtæki, þar sem stór hluti af þessu eru engin fyrirtæki heldur pappír fyrir einhverja örfáa eða einn einstakling? Þetta er tóm vitleysa. Og þegar talað er um að rannsaka 100 fyrirtæki á ári væru kannski eins og 80–90 fyrirtæki af þessum 100 smáfyrirtæki með einn, tvo eða kannski þrjá menn í vinnu, 10% eða svo væru einhver alvörufyrirtæki, fyrirtæki sem gerðu eitthvað annað en að vera til til þess að auðvelda eigendum sínum að telja fram til skatts um áramót og sérstaklega létta þeim byrðina þegar skattseðillinn kemur á sumrin. Þess vegna held ég að svona leiðbeiningarákvæði fyrir ríkisskattstjóra í lögum um tekju- og eignarskatt sé fyllilega réttlætanlegt og nauðsynlegt.

Ég er alveg sammála hæstv. sjútvrh. um að lög breyta ekki öllu í þessum málum. Ég er líka sammála honum um að jafnvel þó að þetta frv. yrði að lögum í heilu lagi mundi það ekki á einni nóttu gjörbreyta allri framkvæmd skattamála. Hér þarf auðvitað fjöldamargt fleira að koma til. En hugsunin á bak við frv. er fyrst og fremst sú að einfalda skattalögin að því er fyrirtækin varðar, fækka smugum og auðvelda eftirlitsaðilum þeirra störf því að við teljum að það sé skynsamlegra að byrja á fyrirtækjum með þessum hætti en einstaklingum með því að leggja á þá matarskatt eins og núv. ríkisstjórn hefur gert.

Ég segi það eins og er að ég fagna því alveg sérstaklega að hæstv. sjútvrh. lýsti stuðningi við þá hugmynd að stofnaður verði sérstakur skattadómstóll. Það tel ég mikil tíðindi, ekki aðeins vegna þess að maðurinn er ráðherra, heldur líka vegna þess að hann þekkir vel til þessara mála úr sínu starfi áður en hann fór að sinna stjórnmálum. Ég tel að það sé rétt sem hann sagði: Það er ekki nægilega góð reynsla af dómskerfinu í þessu efni. Það er auðvitað þannig að það eru takmörk fyrir hvað á að setja upp marga sérdómstóla. Það er líka hárrétt. Það getur hins vegar verið rétt að setja tímabundið upp dómstól til að fjalla um mál af þessu tagi, tímabundið meðan verið er að uppræta óvenjualvarlega þjóðfélagslega meinsemd, óvenjualvarlega og útbreidda, sjúkdóm sem læsir sig svo að segja um allt þjóðfélagið.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti, og vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara nokkru þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Skattar eru það verð sem við borgum fyrir að búa í siðmenntuðu samfélagi. Fyrir kosningar vitnuðum við jafnaðarmenn ósjaldan í þessi orð sem eru klöppuð í stein fyrir ofan aðalskattstofu Bandaríkjanna og mun vera texti frá 18. öld. Það er ánægjuefni að umræðan um þessi mál gerist talsvert málefnalegri en hún virtist ætla að verða í upphafi. Það er undan engu að kvarta um þessa umræðu. Hún hefur verið málefnaleg og jákvæð.

Menn segja: Það þarf að ríkja stöðugleiki í framkvæmd skattakerfisins. Það þarf að takast samstaða, ekki aðeins samstaða á þingi heldur pólitísk samstaða með þjóðinni, um viðtækar breytingar á skattakerfinu. Það þarf að nást sem mest samstaða um í hvaða átt er stefnt, þ.e. um þá stefnubreytingu sem boðuð er. Allt er þetta satt og rétt. Aðalatriðið í þeirri stefnubreytingu sem verið er að boða er að í stað þess að ætla að mæta óskum einstakra hópa um sérstöðu, sérstök réttindi, undanþágur, frádrætti frá almennum reglum skattalaganna sem oft er auðvelt að rökstyðja með allra handa sérstöðu fólks, í stað þess að bora endalaust göt á skattakerfið, oft af góðum huga um slíkar undanþágur, eru menn að segja: Í ljósi reynslunnar af slíkum undanþágum og frádráttarleiðum, bæði að því er varðar megintekjustofn ríkisins, söluskatt, og að því er varðar tekjuskattslög, skulum við læra. Við skulum taka upp nýja stefnu sem er í því fólgin að gera skattakerfið eins einfalt og mögulegt er, tekjuskattana svo einfalda í staðgreiðslukerfi skatta að það umkvörtunarefni hverfi að það sé mönnum kvíðaefni á ári hverju að þurfa að telja fram til skatts. Jafnvel það virðist mönnum svo flókið að þeir þurfi að leita á náðir sérfræðinga. Við skulum létta þessu af þjóðinni. Við skulum gera þetta svo einfalt að það sé á hvers manns færi um leið og hann tekur við sínum launagjöldum að því er varðar launþega að sjá í hendi sér hvað það er sem hann greiðir til skatts. Og við skulum gera skattaframkvæmd í söluskatti, þar sem það er fyrst og fremst verslun og þjónusta sem er vörsluaðili almannafjár og á að standa skil á því, svo einfalda að hægt sé að hafa eftirlit með kerfinu, það sé einfalt mál að beita viðurlögum ef alvarlega út af ber.

Í þessu fyrst og fremst er sú stefnubreyting fólgin sem verið er að ræða um. Hún byggist á langri reynslu af því með okkar þjóð að sú leið sem áður var farin, að fjölga undanþágum og frádráttarliðum í nafni einhvers góðs málstaðar, hafi ekki gefið góða

raun. Þetta er niðurstaða af reynslu margra þjóða af framkvæmd skattastefnu á undanförnum árum og áratugum. Stjórnmálamenn vilja oft og tíðum koma fram einhverjum breytingum og hafa oft tengt það breytingum á skattalögum. Menn vilja hvetja fyrirtæki til fjárfestingar. Hvers vegna ekki að tengja það skattfríðindum? Menn vilja auðvelda fólki húsnæðisöflun. Hvers vegna ekki að tengja það skattfríðindum? Menn vilja styrkja kjaralega stöðu fólks í einhverjum atvinnugreinum. Hví þá ekki að tengja það skattfríðindum? Og að lokum eru undanþágurnar orðnar svo margar að menn geta ekki lengur hönd á fest, málið er orðið svo flókið að það er ekki lengur á færi manna að telja fram og að lokum sitja menn uppi með kerfi að því er varðar fyrirtæki þar sem gilda tvenns konar lög. Annars vegar þau framtöl sem sýnd eru skattyfirvöldum þar sem spilað er á frádráttarliði og undanþágur og hins vegar það bókhald sem menn hafa sem stjórntæki í sínum rekstri og á fyrst og fremst að gegna því hlutverki að gefa mönnum áreiðanlegar og réttar upplýsingar um raunverulega stöðu fyrirtækis. Þetta er stefnubreytingin.

Ég held að þessi umræða og málflutningur hv. 7. þm. Reykv., formanns Alþb., leiði í ljós að það er miklu víðtækari samstaða um þetta mál en maður kynni að hafa ætlað af ýmsum öðrum upphrópunum sem maður hefur heyrt í þessum umræðum að undanförnu.

Það er líka athyglisvert að þó að þessi úttekt á umfangi skattsvika, sem oft hefur verið vitnað til, sé þannig til komin að hún fékkst fram við samþykkt Alþingis á þáltill. sem þm. Alþfl. fluttu er það líka athyglisvert að formaður nefndarinnar sem skýrslunni skilaði er Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri eins helsta stéttarfélags landsins, Dagsbrúnar, og áhrifamaður í einhverjum mæli og a.m.k. enn sem komið er í Alþb. Ég held því að ekki sé undan því að kvarta, það er bærileg samstaða um þetta. Það er enginn ágreiningur um það að við vorum komnir í þrot að því er varðaði skattalöggjöf í mjög stórum og alvarlegum veilum.

Það er kominn upp trúnaðarbrestur milli fólks og stjórnvalda að því er varðar framkvæmd skattalaga. Það er við því að búast að það geti ekki verið mikill stöðugleiki um löggjöfina þegar svo er komið. Það er ástæða til þess fyrir hv. alþm. að huga að framkvæmdinni. Hvað erum við að leggja á fólk með svo flókinni löggjöf sem við ætlum að framfylgja? Er ekki ástæða til að hafa það í huga? Hver er geta skattstofanna í umdæmunum úti á landi til þess að fjalla á faglegan hátt um fyrirtækjaframtöl? Ég vitna bara ósköp einfaldlega til viðtala minna við þá sem í þessum verkum eiga að standa, m.a. á skattstjóraráðstefnu sem haldin var á Akureyri sl. sumar. Og ég vitna til viðræðna við ríkisskattstjóraembættið og skattrannsóknarembættið núna í ágústmánuði af hálfu fjmrn. Hafi mér ekki verið það nægilega ljóst áður veit ég það nú að það sem þessum aðilum er ætlað að gera er langtum meira og viðameira verk en er á þeirra færi eins og að þeim er búið. Löggjöfin er á margan hátt allt of flókin. Geta þeirra til að hafa á að skipa nægilega sérfróðum mönnum til þess að standa sína plikt gagnvart þeim herskara sérfróðra manna sem fyrirtækin hafa í sinni þjónustu er of lítil. Viðleitni forvera míns, hæstv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar á sinni tíð, til þess að fjölga mönnum í skattkerfinu gaf að lokum ekki góða raun vegna þess að því sem næst enginn er eftir af þeim sem þá voru ráðnir. Mér er sagt að þeir séu fjórir.

Góður vilji öngva gerir stoð — ef menn ekki eru reiðubúnir til þess að meta raunsætt þær ábendingar og þær tillögur sem komið hafa fram um undirstöðuatriðin. Undirstöðuatriðin eru breytingar á löggjöfinni sjálfri. Hverju er ætlunin að ná fram með því? Við ætlum að einfalda löggjöfina svo mjög að að því er launþega varðar sé þetta ekkert dularfullt eða flókið mál eða sérstakt áhyggjuefni að telja fram. Það sé einfalt mál og auðskilið. Við viljum líka einfalda löggjöfina að því er varðar fyrirtækin og við viljum sér í lagi fara að tillögum skattsvikanefndar um að einfalda löggjöfina um söluskatt þannig að hún sé í reynd framkvæmanleg.

Ég skora á hv. alþm. að ræða það við þá sem eiga að standa að framkvæmd núv. söluskattskerfis, ræða það við þá sem eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni, spyrja einföldustu spurninga um það hvernig þeim málum sé komið, hvernig uppgjörsaðferðir séu, hvaða eftirlit sé um að ræða, og þeir munu fljótlega komast að því að það eru síst ýkjur sem eru niðurstöður svokallaðrar skattsvikanefndar að þetta kerfi er óframkvæmanlegt.

Ef menn hins vegar fást til þess að kynna sér það og komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé rétt mat hjá þeim sem gerst til þekkja og hafa staðið að framkvæmdinni árum og áratugum saman held ég að menn ættu fljótlega að draga af því rökrétta ályktun, þá að fara ekki mikið með upphrópanir um matarskatta heldur átta sig á því að sú breyting er stærsta og þýðingarmesta breytingin að því er varðar tekjustofna ríkisins, þetta er veigamesti þátturinn. Stærsta og þýðingarmesta breytingin er sú einmitt að fækka undanþágum að því er það varðar.

Það er hverju orði sannara sem hv. málshefjandi sagði. Núv. ríkisstjórn ætlar að færast mikið í fang í skattamálum. Samkvæmt starfsáætlun hennar er gert ráð fyrir því að taka tekjustofnakerfið í heild sinni til endurskoðunar á tveimur árum. Samkvæmt þeirri skrá, á bls. 221 í grg. með fjárlagafrv., er þar verið að boða mjög viðamiklar breytingar. Ég vænti þess að í ljósi þeirrar samstöðu um undirstöðuatriði megi búast við góðu samstarfi á þingi um slíka löggjöf. Ástæðan fyrir því að svona mikið er færst í fang er auðvitað sú að reynslan kennir okkur, við höfum ummæli þeirra sem stýrðu þjóðarbúi í fyrrv. ríkisstjórn, bæði fyrrv. hæstv. forsrh. og fjmrh., að skattakerfið væri í molum.

Það er hins vegar ekki nóg að telja bara upp listann og segja: Þetta er æðimikið verk. Við skulum líka hafa í huga að margt af þessum málum á sér

mjög langan aðdraganda. Ég nefni t.d. lög um nýja tollskrá. Það mál hefur þegar verið unnið tæknilega á löngum tíma. Það hefur áður verið lagt fram hér á Alþingi. Það er nú í endurskoðun. Það er skatthreinsunaraðgerð í raun og veru. Það er skref í átt til þess að einfalda tollalöggjöfina, samræma tollmeðferð skyldra vara. Í gær var undirrituð af fjmrh. auglýsing um hina nýju tollaskrá eða tollflokkunarkerfi sem er síðan forsenda endurskoðunar á tolltöxtum. Þetta verk er m.ö.o. allvel á veg komið. Það sem nú er verið að gera er endurskoðun þess út frá ýmsum öðrum matsþáttum eins og t.d. verðlagsáhrifum. Sama er að segja um lögin um söluskatt, breytingar á þeim. Þau hafa verið í undirbúningi alllengi og það hefur þegar verið stigið skref í átt til breytinga. Lög um breytingar á lögum um launaskatt eru ekki mjög flókin löggjöf. Þetta er breyting í átt til þess sem áður hefur tíðkast. Það sem fyrst og fremst þarfnast ítarlegrar rannsóknar og athugunar er ekki það sem hér er á dagskrá, þ.e. skattlagning fyrirtækja og samspilið milli skattlagningar fjármagns og eignatekna annars vegar og breytinga á skattameðferð hlutafjár.

Hvenær er þess að vænta að þessi frumvörp verði lögð fram? Ég ætla ekki að nefna dagsetningar í því efni, en það er ljóst að það verður nú á næstu vikum og e.t.v. má búast við því að þau frumvörp verði lögð fram hvað fyrst sem kannski kalla á hvað minnstan undirbúning. Þar er um að ræða frv. um breytingar á lögum um launaskatt og um gjaldtöku af varnarsvæðum. Það þarfnast ekki mjög mikils eða flókins undirbúnings.

Að því er varðar staðgreiðslukerfið er á það að benda að það mál hefur verið í umfjöllun þings. Lögin voru samþykkt á seinasta þingi. Margar ábendingar komu fram um nauðsyn endurskoðunar í umfjöllun þingsins. Úr því hefur verið unnið í sumar. Það mál er í umfjöllun milliþinganefndar. Um það hefur tekist, að því er ég best veit, bærileg samstaða og það hefur unnist vel og skilmerkilega í milliþinganefndinni.

Að því er varðar einstök atriði. Þriðja greinin, um getu forstöðumanna fyrirtækja til þess að færa hvers kyns persónuleg útgjöld á rekstur fyrirtækja. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. sjútvrh. að þetta er ekki gert í skjóli löglegra réttinda, en ég er sammála hv. flm. um það að með því að herða enn á reglum um þau efni að því er varðar reglugerð og leggja aukna áherslu á eftirlit og úrvinnslu á framtölum fyrirtækja, með þeirri breytingu sem ég hef áður lýst að úrvinnsla fyrirtækjaframtala fari fram í heild sinni á einum stað á vegum embættis ríkisskattstjóra, hvort tveggja þetta mundi verða til bóta.

Sama er að segja um þau ákvæði er varða staðgreiðslukerfi einstaklinga, sem varða hlunnindagreiðslur, bifreiðastyrki, dagpeninga o.s.frv.

Eigum við að stefna að því að skattstofurnar auki þjónustu við skattgreiðendur? Ég er eindregið þeirrar skoðunar að svo sé. Ég segi enn fremur að ef við framfylgjum tillögum skattsvikanefndar á þann veg að fyrirtækjaframtölin verði meira í skoðun hjá ríkisskattstjóraembættinu, þá gefst svigrúm til þess að breyta nokkuð hlutverki skattstjóranna í umdæmunum, í hverju einstöku umdæmi, í þá átt að efla þjónustu við framteljendur. Einföldun staðgreiðslukerfisins er stærsta breytingin hins vegar í þá átt.

Að því er varðar spurningarnar um úttektir á einstökum fyrirtækjum þá er það mjög eðlilegur þáttur í skattframkvæmd. Sér í lagi væri það fýsilegur kostur til þess að herða eftirlit ef Alþingi gegnir skyldum sínum og styður tillögur sem hér liggja fyrir um einföldun söluskattskerfisins því að þá væri það miklu veigameiri þáttur. Að óbreyttu kerfi er það samkvæmt upplýsingum þeirra sem í málunum standa nánast vonlaus hlutur vegna þess að kerfið hefur ekki getu til úrvinnslu jafnvel þótt slík úttekt færi fram með reglubundnum hætti.

Það er rétt sem fram kom í máli flm. að það er margt í núverandi löggjöf sem hvetur einstaklinga beinlínis til þess að stofna um sjálfa sig fyrirtæki. Það er kunnugt um t.d. þann þátt málsins þegar einstakir launþegar breyta sjálfum sér og skattframtali í verktaka vegna þess að þeir telja vera að því ákveðið skatthagræði. Allt ber þetta að sama brunni. Stærsta breytingin sem við gætum gert, þýðingarmesta breytingin, undirstöðumálið, er einföldunin á löggjöfinni. Um leið og það er gert opnast nýir möguleikar á bættri skattframkvæmd og auknu eftirliti.

Af því að við erum að tala um samstöðu í þessum málum, þá vildi ég að lokum leyfa mér að renna hér yfir meginatriðin í samþykkt aðalfundar miðstjórnar Alþb. sem fylgir hér í grg. og stikla þar á nokkrum atriðum. Þar segir:

„1. Skattkerfinu verði breytt til þess að tryggja að allir leggi af mörkum til sameiginlegra þarfa landsmanna.“ Sammála. Að því er verið að vinna. Þessar skattkerfisbreytingar stefna að því. Ég minni sérstaklega á að að því er varðar aukna tekjuöflun ríkissjóðs eins og gerð er grein fyrir í fjárlagafrv. þá er gætt jafnvægis milli þess sem þar er lagt á, neysluskatta sem almenningur greiðir og auknar kröfur til fyrirtækja í landinu.

„2. Skattleysi eignamanna, hátekjufólks og gróðafyrirtækja gegnum háþróað net frádráttarliða og sérreglna verði afnumið.“ Það er rétt. Að því er stefnt. Það mál er í undirbúningi og svipaðar yfirlýsingar er að finna í starfsáætlun stjórnarinnar.

„3. Tekjuskattskerfið verði einfaldað bæði að því er varðar framtöl og skattlagningu.“ Sammála. Það er verið að vinna að því.

„4. Frádráttarheimildum fyrirtækja og einstaklinga í rekstri verði fækkað.“ Sammála. Að því er unnið.

„5. Skattfrelsismörk einstaklinga verði hækkuð verulega.“ Sammála. Í þá átt stefnir það.

„6. Með þessu verði skattbyrði almenns launafólks minnkuð en skattar fyrirtækja auknir.“ Það er það sem fjárlagafrv. boðar.

„7. Komið verði á stighækkandi stóreignaskatti." Um það er ekki samstaða í þessari ríkisstjórn. Um það höfðum við flutt mál hér á árunum 1984–1985. Við hurfum hins vegar frá því að flytja þau á seinustu tveimur þingum. Þau var ekki að finna í kosningastefnuyfirlýsingu Alþfl. Og hvers vegna ekki? Vegna þess að við vildum vinna að samræmingu á heildarlöggjöf um meðferð eignarskatts og eignartekna og að því er unnið.

„8. Tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta." Að því er stefnt.

„9. Skattaeftirlit verði hert." Það er í undirbúningi.

„10. Viðurlög við skattsvikum verði látin bíta í raun." Ef með þessum orðum er átt við það að viðurlög verði endurskoðuð, bæði að því er varðar bókhald og einstök mál, þá er að því unnið samkvæmt tillögum skattsvikanefndar.

„11. Settur verði upp sérstakur skattadómstóll." Það er mikið álitamál. Forgangsmálin sem menn telja að þurfi að vera í dómskerfinu eru orðin mörg. Það eru uppi kröfur um að mál eins og t.d. fíkniefnamál hafi sérstakan forgang. Það er verið að ræða um það að kynlífsafbrot margvísleg þurfi að fá sérstakan forgang. Það er verið að ræða um það að skattamál þurfi að fá sérstakan forgang og fleiri mál. Það er uppi hávær gagnrýni á það að skattakerfið ráði illa við þessa þætti, þ.e. flókin efnahagsleg mál eða fjárhagsmál fyrirtækja. Það er mikið rétt. Það þarf að vinna að því að bæta meðferð dómstóla. Það þarf að auka getu þeirra til þess að ljúka slíkum málum á eðlilegum tíma og sérfræðikunnáttu þeirra til þess. Ég er ekki endanlega sannfærður um það að leiðin sé sú í hverju málasviði að búa til nýja dómstóla um sérstök mál, en það er ljóst að það verður að efla getu réttarfarskerfisins, dómstólakerfisins á þessu sviði.

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en það sé bærileg samstaða um það sem eru meginatriðin í þessum málum sem hér hafa verið til umræðu og að því leyti tel ég að þessi umræða hafi verið málefnaleg og af hinu góða.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir ágætar undirtektir við skattastefnu Alþb. sem hann samþykkti í heilu lagi hér úr ræðustólnum áðan. Það bendir auðvitað til þess að hann sé eða vilji gjarnan vera á réttri leið í þessum málum. Hann benti að vísu á að hugmyndin um stighækkandi stóreignaskatt ætti ekki fylgi að fagna í núv. ríkisstjórn, en að öðru leyti samþykkti fjmrh. hvern einasta punkt í skattastefnu Alþb. eins og hún var samþykkt á aðalfundi miðstjórnar Alþb. 7. nóv. 1986. Ég tel það út af fyrir sig nokkurn áfanga að vita af því að hæstv. núv. fjmrh. skuli taka með jafneindregnum hætti undir allar þær megintillögur í skattastefnu Alþb. sem birtar eru á þskj. 9.

Það er einnig nauðsynlegt, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að hann telji þær hugmyndir jákvæðar sem í frv. koma fram um einföldun á skattakerfi fyrirtækjanna. Það er einnig ánægjulegt að hæstv. fjmrh. hefur, þrátt fyrir afstöðu hæstv. sjútvrh., lýst því yfir að það þurfi að grípa til sérstakra úrræða vegna þess að menn færa persónulega eyðslu á fyrirtæki og vegna þess að menn telja fram risnukostnað úr hófi og taldi óhjákvæmilegt að settar yrðu reglur í þeim efnum.

Ég tel það einnig mjög mikilsvert að hæstv. núv. fjmrh. er inni á þeirri meginhugmynd sem fram kemur í 8. gr. frv. um að fram fari reglulega rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja. Og ég vek sérstaka athygli á því að í 6. gr. þessa frv. okkar þm. Alþb. hér í hv. deild er gert ráð fyrir því að heimilt verði að losa einstaklinga undan framtalsskyldu. Ef skattgreiðandi býr við mjög einfaldan fjárhag þá geti hann losnað við venjulega framtalsskyldu. Ég get ekki neitað því að mér finnst að við höfum unnið hér dálítinn málefnalegan áfangasigur, en hins vegar er spurningin sú hvernig þessu verður öllu saman fylgt eftir.

Hæstv. ráðherra tók einnig undir þau orð mín að það þyrfti að skapa sem víðtækasta samstöðu um skattakerfið yfirleitt og skattaframkvæmdina en svaraði því hins vegar því miður ekki með hvaða hætti væri heppilegast eða hann hygðist koma þessum skattafrumvörpum fyrir þingið, hvernig hann hygðist tengja þingflokkana við þá vinnu sem verður að fara fram um skattamálin núna á komandi vikum og mánuðum. Ég mun inna hann nánar eftir því síðar þar sem hann hefur eðlileg forföll núna. En það er mjög mikilvægt — og ég vil undirstrika það hér þó hæstv. ráðherra sé farinn og fer fram á það við hæstv. forseta, flokksbróður hans, að hann komi því á framfæri — að ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi frumvörp, sem ætlun ríkisstjórnarinnar er að afgreiða, komi hingað hið fyrsta.

Ég veit að stjórnarflokkarnir eru óskaplega lengi að kvotlast með mál. Þetta húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem er nú ekki viðamikið, er búið að liggja í stjórnarflokkunum langtímum saman (**Gripið fram í:** Það er afleitt mál.) — og er auk þess afleitt mál, segir það af stjórnarliðinu sem er hér í salnum — þrátt fyrir ítarlega athugun stjórnarflokkanna núna langtímum saman þannig að maður getur leyft sér að hafa rökstuddan grun um að það gæti tekið þá tímana tvo að koma saman öllum þessum átta skattafrumvörpum, sem snerta alla tekjuöflun ríkisins eins og hún leggur sig, núna á næstu dögum.

Nú veit ég að hæstv. fjmrh. hefur margar góðar hugmyndir, sérstaklega eftir að hann fór að styðja skattastefnu Alþb., og þá þætti mér vænt um ef hæstv. forseti vildi bera hæstv. fjmrh. þau boð að ég fyrir hönd Alþb. er tilbúinn til þess að lýsa því yfir að við munum aðstoða fjmrh. eins og við mögulega getum við að koma í gegn góðum málum. Eins og við mögulega getum því að við vitum að í sumum efnum getur hann átt erfitt þegar hann fer að glíma

við Sjálfstfl. og Framsfl. í þessum málaflokki.

Varðandi ágreining um þessi mál þá er hann hins vegar því miður mjög verulegur við núv. hæstv. ríkisstjórn. Ágreiningurinn er þessi: Ríkisstjórnin ákveður að byrja á því að leggja matarskatt á einstaklingana áður en snert er á fjármagnstekjunum, vaxtatekjunum, stórfyrirtækjunum og undanþáguheimildum fyrirtækja. Þetta er grundvallarágreiningur. Við teljum í Alþb. að það hefði átt að byrja á því að taka á fyrirtækjunum, stoppa upp í smugurnar þar. Síðan var auðvitað hugsanlegt að ganga í verkin að því er varðar einstaklingana með þó þann fyrirvara af okkar hálfu: Við teljum ekki að það séu nein rök uppi, ekki skattatæknileg rök fyrir matarskatti heldur. Fram hefur komið að verkalýðshreyfingin sé andvíg matarskattinum, verulegur hluti hennar. Þó að hæstv. forseti og formaður Verkamannasambands Íslands hafi skrifað upp á þessi ósköp, sjálfsagt í fljótræði núna á dögunum, þá er ástæða til þess að leyfa sér að vona að augu hans verði unnt að opna þannig að þessum sjónarmiðum um matarskattinn verði hafnað þegar þau koma til meðferðar hér á hv. Alþingi. A.m.k. mun verða séð til þess að haldnar verði nægjanlega ítarlegar ræður með rökum um þennan matarskatt til þess að hjálpa hæstv. forseta þessarar virðulegu deildar að gera upp hug sinn í samræmi við hagsmuni sinna umbjóðenda, sem eru launafólkið í landinu, sem hvað sem öllu öðru líður verður að kaupa mat — jafnvel þó að formaður Alþfl. sé fjmrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

5. fundur, miðvikudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 29. mál (heildarlög). — Þskj. 29.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Fyrir rúmu ári var hér á ferð nefnd sérfræðinga frá Efnahags- og framfarastofnuninni er nefnd er OECD á erlendum málum. Þessi nefnd var hér á ferð til að kynna sér stöðu skólamála. Hún skilaði skýrslu og þar kom fram að nefndinni þótti skipulag framhaldsskólans á Íslandi heldur bágborið. Nefndarmenn undruðust mjög að ekki skyldi vera fyrir hendi nein heildarstefna í málefnum framhaldsskólans og bentu hreinlega á að löggjafinn mundi hafa vanrækt að setja slíka heildarlöggjöf.

Þessi niðurstaða kom vissulega engum á óvart, a.m.k. ekki þeim sem til þekkja. Það er ekki aðeins að markmið og stefnu vanti í málefnum framhaldsskólans, þar er á ferðinni margvísleg mismunun og ranglæti. Verkmenntun nýtur t.d. ekki jafnræðis á við bóknám. Sveitarfélög njóta ekki jafnræðis sín í milli. Í kerfinu eru æðimargar blindgötur og kerfið er almennt illa samræmt.

Frv. það, sem við alþýðubandalagsmenn höfum lagt hér fram og er á þskj. 29, er flutt til að vekja umræðu um málefni framhaldsskólans og til að ýta á eftir lagasetningu um þessi efni. Við erum ekki að halda því fram að efni frv. sé einhver stórisannleikur, hér sé hin eina rétta lausn, því okkur er fullljóst að vissulega eru margar færar leiðir til að bæta úr ríkjandi ástandi, en frv. er flutt til að vekja athygli á ýmsum róttækum hugmyndum og nýmælum í skipulagningu framhaldsskólans sem við mælum sterklega með. Aðalatriðið frá okkar sjónarmiði er að sjálfsögðu að sett sé samræmd heildarlöggjöf um framhaldsskólann og það má ekki dragast.

Þetta frv. okkar er vissuleg mjög ítarlegt. Það er 44 greinar auk bráðabirgðaákvæða. Því væri eðlilegast að framsöguræða mín væri býsna löng. Ég vil samt reyna að forðast það því mér er kunnugt um að mörg verkefni liggja fyrir þessari hv. deild mitt í sláturtíðinni. Ég vænti þess einnig að hæstv. ráðherra sjái sér fært að gera hér grein fyrir stöðu þessara mála frá sjónarmiði ríkisstjórnarinnar. Ég mun því halda mig hér við þau atriði frv. sem helst geta talist stefnumarkandi nýmæli.

Í þessu frv. er afnumin sú mismunun sem verið hefur milli verknáms og bóknáms að því er varðar þátttöku ríkisins í fjármögnun skólahaldsins. Sömu kostnaðarákvæði gilda skv. frv. um allt nám á framhaldsskólastigi ef frá eru taldir sérgreinaskólar sem starfræktir eru fyrir landið allt. Lagt er til að ríkið kosti slíka skóla að öllu leyti.

Í öðru lagi er hér afnumin mismunun milli sveitarfélaga. Kostnaðarákvæðin eru sem sagt fullkomlega sambærileg gagnvart öllum sveitarfélögum í landinu. En í dag er þetta svo að þar sem verið er að byggja menntaskóla greiðir ríkið kostnaðinn að fullu, en þar sem verið er að byggja fjölbrautaskóla verða sveitarfélögin að taka verulegan þátt í byggingarkostnaði skólanna. Það er mjög tilviljunarkennt hvernig á stendur í hinum ýmsu landshlutum hvað þetta snertir.

Í þriðja lagi er reynt að tryggja með frv. sem greiðastar leiðir milli skóla og milli námsbrauta. Þetta er að sjálfsögðu gert til að reyna að koma í veg fyrir að nemendur rati inn á blindgötur og eyði verulegum tíma til ónýtis. Það er reynt að tryggja að allt nám þeirra nýtist sem best í framhaldinu, jafnvel þó skipt sé um skóla.

Í fjórða lagi er það mikilsvert atriði í þessu frv. að dregið er úr einhliða ákvörðunarvaldi menntmrn. og að sama skapi eru aukin áhrif fræðsluumdæmanna á stefnumótun og stjórnun framhaldsmenntunar.

Í þessu efni er frv. ætlað að ýta undir þróun, sem hefur verið að gerast, í þá átt að fræðsluumdæmin og

hvert skólasamfélag axli aukna ábyrgð á þessu málasviði. Stefnt er að verulegri valddreifingu í málefnum framhaldsskólans. Fræðsluumdæmunum er ætlað að móta menntastefnu í mun ríkara mæli en verið hefur. Stjórneiningar í hverju umdæmi taka við mörgum verkefnum sem áður voru á hendi menntmrn. Meðal þátta sem ætlað er að stuðla að auknum áhrifum fræðsluumdæmanna má nefna:

Lýðkjörin fræðsluráð í hverju umdæmi sem fá það hlutverk að ráða til lykta á lýðræðislegan hátt málum er varða uppbyggingu skóla og framhaldsmenntunar. Uppeldismálaþing sótt af kjörnum fulltrúum sveitarstjórna í hverju fræðsluumdæmi og áhugaaðilum yrðu ráðgefandi aðili um stefnumótun varðandi framhaldsmenntun. Fræðsluráðunum er ætlað að ráðstafa innan hvers umdæmis því fjármagni sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til stofnunar og reksturs framhaldsskóla í hverju umdæmi. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög stofni sérstakan sjóð, framhaldsskólasjóð, er nái yfir hvert fræðsluumdæmi fyrir sig, til að standa undir kostnaðarhlut sínum af rekstri framhaldsskólans. Síðan eru fræðsluskrifstofur í hverju umdæmi sem verða framkvæmdaaðilar fræðsluráðsins. En rétt er að taka skýrt fram að hér er gert ráð fyrir að það verði sömu fræðsluskrifstofurnar sem annist málefni grunnskólans og málefni framhaldsskólans þannig að hér er ekki um að ræða að koma á fót nýjum stofnunum og nýjum embættum fræðsluráða og fræðslustjórna, en ég hef aðeins orðið var við að þess misskilnings á tillögu okkar hefur gætt. Þarna yrði auðvitað um að ræða sömu fræðsluráðin og nú eru fyrir hendi, en þó með þeirri veigamiklu breytingu að þau yrðu kosin beinni kosningu í hverju fræðsluumdæmi en yrðu ekki tilnefnd af landshlutasamtökum sveitarfélaga og þau næðu yfir bæði skólastigin, grunnskólastigið og framhaldsskólastigið.

Hér hef ég rætt um mjög veigamikla hlið þessa frv., þ.e. valddreifinguna frá ráðuneytinu til fræðsluumdæmanna. Það finnst mér að sé í takt við tímann. En ég legg líka áherslu á annað meginatriði frv., að um sé að ræða valddreifingu frá ráðuneyti til skólastjórna og til skólastjóra, kennara og nemenda. Það er sem sagt aukið sjálfsforræði hvers skólasamfélags hvað varðar innra starf skólans, skólastjórnin skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna, og það er þessi aðili, skólastjórnin, sem kýs skólastjórann og ræður kennara. Eins og kunnugt er er þessum málum skipað af hálfu menntmrn. í dag, reyndar að tillögu heimamanna. En hér er gert ráð fyrir að flytja þetta vald alfarið yfir til fræðsluumdæmanna.

Ég minnist þess, þegar ég var menntamálaráðherra fyrir bráðum áratug, hve óhemjumikið starf lá í því að setja og skipa kennara og skólastjóra. Það voru um 1600 bréf sem gefa þurfti út á hverju ári, yfirleitt í þríriti, og það var ekki lítill tími sem í það fór að ganga frá þessum málum.

Ég var strax þeirrar skoðunar þá og er það í enn ríkara mæli nú að miðstýring af þessu tagi, að ekki sé hægt að ráða kennara að skóla úti á landi án þess að undirskrift ráðherra komi til, heyri liðinni tíð til og sé ekki í takt við tímann.

Ég vil til viðbótar geta þess að sú kostnaðarskipting sem frv. gerir ráð fyrir er í fullu samræmi við tillögur sem fjölmennur hópur sveitarstjórnarmanna sendi menntmrh. fyrir tveimur árum, en þessi hópur hafði þá starfað um skeið og í honum voru fulltrúar ýmissa framhaldsskóla víðs vegar að af landinu ásamt nokkrum sveitarstjórnarmönnum. Þessi hópur hafði mjög víðtæk samráð um stefnumótun varðandi kostnaðarskiptingu og ég tel víst að ákvæði frv. séu því í fullu samræmi við viðhorf og skoðanir sveitarstjórnarmanna víða um land að ekki sé meira sagt.

Auðvitað er ljóst að sú tillaga sem frv. gerir ráð fyrir þarf ekki endilega að vera sú eina rétta sem til greina kemur, en það er í öllu falli tillaga og tilhögun sem nýtur víðtæks stuðnings meðal sveitarstjórnarmanna. Og með því er vissulega mikið fengið því að samþykkt þessa máls, þ.e. framhaldsskólafrv., hefur löngum strandað á ósamkomulagi um þessa hlið málsins.

Í frv. eru ákvæði um fullorðinsfræðslu og fjarnám. Það er gert ráð fyrir að Námsgagnastofnun gegni hlutverki fjarkennslumiðstöðvar og annist öflun og gerð námsefnis til fjarkennslu, svo sem myndbanda, hljóðbanda, tölvuforrita og prentaðs máls, en að Ríkisútvarpið annist útsendingu efnis til fjarkennslu eftir því sem þörf krefur. Í hverju fræðsluumdæmi yrði þá starfrækt ein fjarkennsluútstöð þar sem best þætti henta að mati fræðsluráðs. Enn má nefna það ákvæði frv. að mynduð sé svonefnd óháð eftirlitsnefnd þriggja manna er fengi það hlutverk að gera reglubundna úttekt á starfi og stöðu framhaldsskólans. Slík greiningarvinna gerð af mönnum með sérþekkingu í skólamálum gæti orðið til mikils stuðnings fyrir rannsókna- og tilraunastarf í hverjum skóla og þannig stuðlað að æskilegri þróun framhaldsmenntunar í heild.

Herra forseti. Ég legg á það áherslu að með þessu frv. er leitað jafnvægis milli miðstýringar og valddreifingar. Þannig er gert ráð fyrir að yfirstjórn menntmrn. felist einkum í samræmingu á námi með setningu rammanámsskrár, með fjárlagaáætlunum fyrir skólastigið í heild og með eftirliti og jafnframt hafi ráðuneytið forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskólans, svo sem varðandi rannsókna- og tilraunastarf, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og setningu reglugerða um einstaka þætti skólastigsins, en að öðru leyti sé valdið fært út til landshlutanna. Það er sem sagt ein veigamesta skipulagsbreytingin sem felst í þessu frv. að færa verkefni til lýðkjörinna fræðsluráða, sem ætlað er margþætt hlutverk, og þeim til aðstoðar yrðu síðan uppeldismálaþing í umdæmunum sem haldin væru ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Ég held að varla verði um það deilt að dregist hefur úr hömlu að setja heildarlöggjöf um fram-

haldsskólann. Það er enginn vafi á að vanræksla löggjafans hefur tafið æskilega þróun framhaldsmenntunar og jafnframt valdið margs konar vandkvæðum og óvissu varðandi starfsemi og rekstur þessara skóla. Ég legg á það áherslu að lokum að frekari töf á því að hafist verði handa um skipulega uppbyggingu framhaldsmenntunar mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir skólastarf í landinu og alla þá sem leggja stund á framhaldsnám.

Við alþýðubandalagsmenn höfum margoft áður hreyft þessum málum hér á Alþingi, oft á tíðum einir flokka. Ég hef orðið var við að hugmyndir okkar hafa fengið mjög góðan hljómgrunn meðal skólamanna víðs vegar um land.

Ég vona að flutningur þessa frv. ýti á eftir því að hv. alþm. taki þessi mál föstum tökum og afgreiði löggjöf um framhaldsskólann og legg svo að lokum til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir þau orð hv. 4. þm. Norðurl. v., sem er 1. flm. þessa frv., að það er þörf á heildarlöggjöf um framhaldsskóla. Ég er hins vegar ekki alveg jafnsannfærður um að skortur á slíkri löggjöf hafi hingað til hamlað framhaldsskólanum. Það eru auðvitað vissir gallar á því kerfi sem við höfum nú en stundum þegar fræðsluyfirvöld eða yfirvöld menntamála eru sökuð um að það skorti heildstæða stefnu í menntamálum, m.a. hafi skort lög um framhaldsskóla, hefur mér orðið á orði að ég þakki guði fyrir að við höfum ekki haft mjög ítarlega og nákvæma löggjöf um framhaldsskóla, löggjöf sem byggðist á svipuðum sjónarmiðum og voru uppi fyrir um það bil 15 árum þegar grunnskólalögin voru sett, að festa ætti í lög hin smæstu atriði um framkvæmd skólamála. Ég er hræddur um að slík löggjöf hefði sett framhaldsskólann í spennitreyju. Við höfum nefnilega séð á undanförnum tiltölulega fáum árum hvernig framhaldsskólinn hefur þróast og upp sprottið skólar af margvíslegri gerð og með margvíslegt námsefni sem ég er viss um að menn hefðu alls ekki séð fyrir á þeim tíma þegar slík löggjöf hefði verið sett. Þess vegna tel ég að menn geri fullmikið úr því að skortur á löggjöf um framhaldsskólastigið hafi hamlað þróun í þessum efnum.

Engu að síður tel ég rétt að setja heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið sem sé mjög rúm rammalöggjöf þar sem m.a. verði dregið úr eða afnumin mismunun á milli verknáms og bóknáms, eins og hv. þm. gat um, og afnumin mismunun milli sveitarfélaga og milli skólategunda, eins og t.d. fjölbrautaskóla og menntaskóla, og reynt verði að tryggja sem greiðasta leið milli skóla og milli námsbrauta þannig að nemendur lendi ekki í blindgötu og eyði tíma sínum til einskis.

Ég tel líka nauðsynlegt að dreifa valdinu meir til skólanna. Ég dreg hins vegar í efa nauðsyn þess varðandi framhaldsskólastigið að koma upp fræðsluskrifstofum og fræðsluráðum sem fjalli um þau mál. Ég tel frekar að það eigi að auka vald skólanna og þeirra sveitarfélaga sem eru á umráðasvæði hvers framhaldsskóla fyrir sig.

Ég tel líka nauðsynlegt að einfalda alla kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum. Það eru ótrúlega flókin uppgjör sem þurfa að fara fram milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu í skólamálum sem taka langan tíma og eyða miklum starfskröftum og því nauðsynlegt að setja um það allt miklu einfaldari reglur.

Ég tel líka nauðsynlegt að setja í löggjöf um framhaldsskóla ákvæði um fullorðinsfræðslu, endurmenntun og símenntun og leggja þær skyldur á framhaldsskólana að halda uppi slíkri menntun.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp að fyrrv. hæstv. menntmrh., 4. þm. Austurl. Sverrir Hermannsson, skipaði nefnd á sl. vetri eða reyndar fyrir rúmu ári til að semja frv. um framhaldsskóla. Reyndar vill svo til að ég var formaður þeirrar nefndar, en í nefndinni áttu sæti bæði fulltrúar sveitarfélaga og þekktir skólamenn. Nefndin samdi frv. sem lagt var fram á hv. Alþingi undir lok þings á sl. vetri. Það kom ekki til umræðu og því síður afgreiðslu á því þingi, en menntmrn. sendi það frv. til umsagnar til fjöldamargra aðila, skóla, sveitarfélaga, kennarasamtaka, svo að eitthvað sé nefnt, og það urðu mjög góð skil á þeim umsögnum og margar og ítarlegar umsagnir bárust frá þeim aðilum sem um það voru beðnir.

Í menntmrn. hefur nú verið unnið úr þeim umsögnum og það er verið að endursemja frv. með tilliti til þeirra umsagna sem bárust. Ég á von á því að því starfi ljúki mjög fljótlega þannig að innan mjög fárra vikna verði hægt að leggja af hálfu ríkisstjórnarinnar fram nýtt frv. til l. um framhaldsskóla.

Þetta vildi ég láta koma hér fram í þessari umræðu. Ég ætla ekki að gera efnislega að umtalsefni einstök atriði í þessu frv., en geymi mér frekari rétt til þess þegar frv. ríkisstjórnarinnar verður lagt fram.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir minn hlut fagna því að þetta frv. skuli vera lagt fram nú og sérstaklega hversu snemma það er lagt fram á þessu þingi. Enn fremur vil ég lýsa sérstakri ánægju minni yfir orðum hæstv. menntmrh. af þessu tilefni. Þau gefa vissulega vonir um að nú dragi til tíðinda á þessum vettvangi.

Eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv. til l. um framhaldsskóla eru nú liðin 13 ár frá setningu laga um skólakerfi, nr. 55 frá 1974. Allan þann tíma hefur verið gert ráð fyrir og raunar beðið eftir lagasetningu Alþingis um framhaldsskóla hliðstæðri þeirri sem sett var um grunnskóla 1974. Ég hef ekki tölu á þeim lagafrumvörpum sem lögð hafa verið fyrir þingið um þetta efni þennan tíma, en þau eru mörg. Flest hafa þau verið flutt af menntamálaráð-

herrum, en gjarnan undir lok ferils þeirra og hafa trúlega þess vegna fráleitt orðið útrædd.

Flm. þessa frv. hreyfa því hér miklu nauðsynjamáli þar sem vissulega er brýnt orðið að marka stefnu til verulegrar framtíðar. Nú er það auðvitað svo að framvindan á þessu sviði hefur ekki staðið kyrr, eins og hefur raunar fyrr komið fram í umræðum þennan röska áratug. Öðru nær. Sjaldan hefur líklega önnur eins gróska verið í málaflokki eins og uppbyggingu skóla á framhaldsskólastigi þennan tíma. Og 44. gr. þessa frv. ber þess órækt vitni að ekki færri en röskir tveir tugir gildandi laga og lagabálka snerta þetta svið.

En það sem gerir lagasetningu í þessu efni einmitt brýna er hve mikils ósamræmis gætir í þeim lögum sem í gildi eru, eins og raunar kom fram í máli hæstv. menntmrh. áðan. Sérstaklega hefur verið tilfinnanlegur aðstöðumunur þeirra sveitarfélaga sem hafa unnið að uppbyggingu og rekstri fjölbrautaskóla á grundvelli laga nr. 21 frá 1977 miðað við aðstöðu þeirra sem notið hafa ríkisrekinna og ríkisbyggðra menntaskóla án nokkurra skuldbindinga fyrir viðkomandi sveitarfélög. Ég tel því þann tillöguflutning sem hér er uppi hafður meira en tímabæran, hvort sem hér eru fundin þau réttu lausnarorð í allri grein eða ekki. Um það vil ég ekki dæma. M.a. hef ég vissar efasemdir um útfærslu stjórnunarþáttar í þessu frv.

En eitt merkasta atriði sem hér er hreyft að minni hyggju og í rauninni tímanna tákn er VII. kaflinn, um fræðslu fullorðinna og fjarnám. Ég tel í grundvallaratriðum rétt að fella þessa tvo mikilvægu þætti fræðslustarfseminnar, sem vissulega er enn þá allt of lítið sinnt hér á landi, að hinu almenna fræðslukerfi með vafalaust mun skilvirkari árangri en annars yrði.

Í 8. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu.“

Af því tilefni langar mig til að geta þeirrar skoðunar minnar að mér hefur einmitt þótt verulega skorta á samræmingu og raunar ekki síður eftirlit með árangri starfsins á framhaldsskólastigi miðað við þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í eftirlit og samanburð um starfsárangur á grunnskólastiginu. Ég efast hins vegar um að 39. gr. X. kafla þessa frv. nái því markmiði sem ég hef hér í huga.

En kjarni þessa máls er hins vegar sá að það hlýtur að vera námsframboðið og möguleikar nemendanna sem skipta mestu máli. Það skiptir höfuðmáli að þar sé sótt fram á þann veg að reynt sé að ná þeim markmiðum sem best gerast með öðrum þjóðum. Til þess eigum við líka að hafa alla burði.

Annars sýnist mér í margri grein að hér sé skynsamlega á málum tekið og ég vil fyrir minn hlut þakka hv. flm. frumkvæðið.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til l. um framhaldsskóla og hæstv. menntmrh. hefur boðað að annað frv. um sama efni sé væntanlegt. Ég fagna því og vonast til þess að þetta leiði til þess að ný lög um framhaldsskóla sjái dagsins ljós í vetur.

Það er rétt, sem hérna hefur komið fram, að framhaldsnám hefur stóraukist. Á margan hátt hefur þar verið mjög vel unnið. En það eru kannski nokkur áhersluatriði, bæði í þessu frv. og eins í framkvæmd framhaldsskólamála, sem ég vildi drepa á.

Hvað snetir það frv. til l. um framhaldsskóla sem hérna liggur fyrir er ýmislegt sem ég tel að sé mjög gott og annað sem ég vil hafa allan fyrirvara á. Ég nefni atriði eins og t.d. kosningu fræðsluráðs sem er gert ráð fyrir að sé kosið sérstaklega með leynilegri kosningu í stað þess fyrirkomulags sem nú hefur verið á. Ég nefni líka kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar liggur fyrir álit nefndar sem ég held að hljóti að móta nokkuð hver verður reyndin á þessu. En ég tek undir með hv. 6. þm. Suðurl. að VII. kaflinn, um fjarkennslu og fullorðinsfræðslu, fjarnám heitir það hér, hljóti að skipta verulegu máli fyrir okkur í nánustu framtíð og við þurfum að sinna þeim þætti mála betur kannski eða í framhaldi af því sem gert hefur verið.

Það er nefnilega staðreynd að uppbygging framhaldsskólakerfisins, þó hún hafi verið mikil, hefur ekki verið jafnmikil eða markviss út um allt land. Og þegar ég segi þetta er ég ekki að kenna yfirstjórn menntamála um að það sé fyrir aðgerðir hennar eða aðerðaleysi sem þetta hefur þróast svo. Það er ekkert síður misjafnt frumkvæði heima fyrir og kannski misjafn áhugi manna á því sem er að gerast í kringum þá. En fyrir því nefni ég þetta að í mínu umdæmi, sem ég held að sé óhætt að segja að sé kannski það umdæmi sem skemmst er á veg komið í þróun framhaldsskólamála, er aðeins einn framhaldsskóli í öllu kjördæminu, einn framhaldsskóli sem getur risið undir nafni, þó að litlir vísar að framhaldsfræðslu hafi verið í nokkrum skólum á undanförnum árum, flestir máttlausir og hafa yfirleitt lognast út af. Að vísu eru vonir til þess að úr þessu rætist og menn eru farnir að sinna þessu heima fyrir. Það er búið að ákveða að skipa þar nefnd til að kanna þessi mál, reyna að gera úttekt á þörfinni og tillögur um úrbætur þar heima fyrir.

Til þess að menn átti sig á hversu mikið mál er þar á ferðinni vil ég nefna að á fjórðungsþingi Vestfirðinga í fyrra, fyrir ári, voru skólamál til umræðu. Og því var slegið fram að kostnaður Vestfirðinga af því að senda nemendur út úr umdæminu gæti numið tugum milljóna árlega. Nefndar voru 40 millj. kr. Þetta eru ekki litlar tölur. Til að fá þessu breytt þarf að taka svolítið aðra stefnu. Ég álít að einmitt í þeirri löggjöf sem hér verður sett þurfi að taka tillit til þessara sjónarmiða sem dreifbýlið varða, auk þess sem auka þarf fræðslu til landsmanna um þær leiðir sem bjóðast í framhaldsskólanámi svo að almenningur geri sér ljóst hversu gífurlega þýðingu þessi mál hafa fyrir sveitir landsins og dreifðar byggðir. Við tölum gjarnan um byggða-

flótta og erum að reyna að velta því fyrir okkur hvað valdi, hvernig standi á því að stöðugt fer vaxandi fólksflóttinn úr dreifðum byggðum til svæðisins á suðvesturhorninu, en það þarf kannski engan að undra þótt unglingur sem sendur er að heiman 15 eða 16 ára gamall til náms í fjögur ár í framhaldsskóla og e.t.v. 2–3 eða 4, 5, 6 í háskóla, sé farinn að gleyma ýmsu, eða þá hitt að hann eygi ekki starf við sitt hæfi heima fyrir. Unglingur sem dvelst langtímum saman á viðkvæmu mótunarskeiði á öðrum slóðum en sínum æskuslóðum hlýtur að mótast af því umhverfi sem hann dvelst í á þeim tíma. Þetta held ég að væri mjög gott að menn hefðu í huga.

Hvað snertir þátt fræðsluráða og fræðsluskrifstofa í þessum tillögum geri ég mér ljóst, sem flm. nefndi, að það er gert ráð fyrir því að sömu fræðsluskrifstofur starfi að þessu fyrst um sinn, enda fáránlegt að hugsa sér að tvöfalt kerfi yrði sett upp. Ég held einmitt að þetta sé nokkuð mikilvægt. Eins og er sinna fræðsluráð og fræðsluskrifstofur formlega aðeins grunnskólanámi. Hins vegar er það svo í reynd að fræðsluráð hafa sinnt framhaldsskólanámi, reynt að gera sér grein fyrir þróun þess og tekið þátt í uppbyggingu þess á hverjum stað fyrir sig. Ég held að það sé mjög æskilegt og reyndar nauðsynlegt að fræðsluráð hafi yfirsýn bæði yfir grunnskólanámið og eins framhaldsskólanám á hverju svæði fyrir sig, ekki síst vegna þess að framhaldsskólanám núna er orðið jafnalgengt og grunnskólanám var fyrir 10–15 árum og verulega stór hluti unglinga lýkur framhaldsskólanámi. Fróðlegt væri að sjá hvern þátt uppbygging og staðsetning framhaldsskóla í landinu á í því hvernig menn ljúka þessu námi því að það er ólíkt meira átak að senda unglinga til margra ára dvalar í fjarlæg héruð en að senda þá yfir í næstu götu til að setjast þar inn í skólann sinn. Ég bið þess vegna um það að þegar þessi frumvörp verða til afgreiðslu síðar í vetur verði það sjónarmið haft í huga að nauðsynlegt er að byggja upp framhaldsnám í dreifbýli og nauðsynlegt er að rýmka heimildir varðandi nemendafjölda. Með hliðsjón af því hversu framhaldsskólanám er orðið algengt ætti að reyna að færa það nær fólki í héruðum en gert er núna og byggja þannig upp framhaldsskólann á landsbyggðinni ekki síður en hér á suðvesturhorni og í stærri byggðum.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er rösklega hálfur mannsaldur síðan viðamikið framhaldsskólafrumvarp var á ferðinni í sölum Alþingis og raunar víðar í þjóðfélaginu því að um nokkurra ára skeið ræddi fólk um þetta frv. rétt eins og það hefði orðið að lögum. Af einhverjum ástæðum varð svo ekki og af einhverjum ástæðum hefur orðið bið á því að heildarlöggjöf um framhaldsskóla væri sett.

Ég álít að ástæða þessa sé sú að þegar til kastanna kom voru menn ekki þeirrar skoðunar að samræma ætti skólana jafnmikið og frumvörpin gerðu ráð fyrir. Því er það að í þessu frv. er orð sem mér finnst vera mikið fagnaðarefni, minnug þessara gömlu frv., en það er orðið lágmarkssamræming. Þetta er aðdragandi að því sem mig langar til að undirstrika en það er að ég tel að of mikil samræming framhaldsskóla sé ekki af hinu góða. Hún dragi úr frelsi skólanna og fjölbreytilegum möguleikum manna bæði í þéttbýli og strjálbýli. Ég er þeirrar skoðunar að mismunandi gerðir framhaldsskóla geti mætavel þrifist hlið við hlið, enda henta ekki sömu gerðir öllum einstaklingum því að einstaklingarnir eru svo margrar gerðar. Þess vegna er ég líka þeirrar skoðunar að það sem framhaldsskólastig þessa lands skortir mest séu ekki lög — það liggur við að það sé hlutskipti mitt að hugsa sem svo á hverjum degi — heldur það sem er á bak við lögin, framkvæmd laganna, að hún sé þannig að við höfum fólk, fé og námsefni og námsgögn til þess að geta sinnt framhaldsfræðslunni eins og best verður á kosið.

Það er ekki lengra síðan en nú í morgun að ég las í blaði auglýsingu frá þeim framhaldsskóla sem hv. þm. Pétur Bjarnason fræðslustjóri nefndi. Þar var lýst eftir kennara nú þegar í einni af undirstöðukennslugreinum skólans. Það er þetta sem er kannskialvarlegasta vandamál framhaldsskólanna úti um landið, það er víða skortur á kennurum sem kunna vel þær greinar sem um er að ræða. Skólarnir fá oft ágæta kennara en þeim helst ekki á þeim nema skamman tíma. Við vitum að ýmsar ástæður liggja til þessa sem of flókið er að fara út í hér. Þetta er samt einn sá grundvallarvandi sem við er að etja.

Ég nefndi námsefni og námsgögn og þá er ég auðvitað um leið komin að fjármagninu og ákvörðun um það hvað þetta námsefni og hver þessi námsgögn eiga að vera. Þetta allt, kennararnir sjálfir, námsefnið og námsframboðið, ræður úrslitum um gæði og magn þeirrar þekkingar sem nemendur skólanna fá. Og það er það sem máli skiptir í starfi framhaldsskólanna sem annarra skóla á okkar landi.

Við viljum að út úr þessu kerfi komi fólk sem býr yfir góðri undirstöðuþekkingu í kjarnagreinum og sé hæft til að takast á við það sem við tekur eftir framhaldsskólanámið. Það leiðir mig til þess atriðis sem mig langaði sérstaklega að undirstrika í þessari umræðu, en það er nauðsyn þess að tengja betur skólastigin, að eitt skólastig hafi skilgreint vel fyrir næsta skólastigi á undan hvaða kröfur eru gerðar. Það er hægurinn hjá mætti segja að skapa þessa tengingu milli grunnskóla og framhaldsskóla þó að óneitanlega hafi stundum reynst brotalöm í þessu og þarf ekki annað en að vitna til ónógrar þekkingar í móðurmálinu á stundum. Við könnumst við það að hafa heyrt menntaskólakennara lýsa þessu ástandi eitthvað á þá leið að þeir væru ekki ráðnir til þess að kenna stafsetningu. Það er undirstöðuþekkingin úr grunnskólanum sem þarf að vera fyrir hendi. Framhaldsskólinn þarf að gera vel ljóst hvaða þekkingarkröfur hann gerir til þess að nemandanum nýtist það námsframboð sem í framhaldsskólanum er. Annað sem ég tel að ekki hafi verið nægilega sinnt hjá

okkur af því það tekur alllangan tíma að koma því á er náið samstarf háskólastigsins og framhaldsskólastigsins, ekki einungis á þann veg sem gert er ráð fyrir í 39. gr. frv. þar sem rætt er um eftirlit með starfi framhaldsskólanna og talað er um eftirlitsnefnd þriggja manna með sérþekkingu á skólamálum, einn tilnefndur af Háskólanum, félagsvísindadeild, annar af Kennaraháskólanum og einn af menntmrn. Það er ekki þetta sem ég á við, heldur að það skapist miklu lífrænni tengsl milli einstakra háskólagreina og kennslugreinar í því fagi í framhaldsskóla. Við getum nefnt líffræði, við getum nefnt stærðfræði, við getum nefnt sögu o.s.frv. Það sé þannig algjörlega ljóst að framhaldsskóli sá sem útskrifar stúdenta skili fólki sem er mjög vel á sig komið til þess að takast á við háskólaverkefni. Á hinn bóginn þarf Háskólinn að sjá framhaldsskólanum fyrir kennurum. Auðvitað tekst þetta afar vel í mörgum tilvikum, en ég er annsi hrædd um að í sumum greinum sé nokkur misbrestur á þessu. Þegar undirbúningi stúdents er ábótavant er það oft og tíðum vegna kennaraskorts í greinunum. Umræðan um kennaraskortinn hefur á undanförnum árum fyrst og fremst snúist um það hvort menn hafi réttindi í uppeldis- og kennslufræði og þá í almennri uppeldis- og kennslufræði. Það hefur minna verið rætt um það að menn hefðu sérstaka þekkingu í kennslufræði hverrar sérgreinar fyrir sig. Það getur vel verið að það gefi tilefni til þess að hugleiða hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða kröfurnar um uppeldis- og kennslufræði og flytja kennslufræðina meira inn í hverja sérgrein Háskólans fyrir sig til þess að betri árangur náist í ýmsum kjarnagreinum í framhaldsskólanum.

Mér er vel kunnugt um að margir sem starfa við háskóla hafa áhyggjur af þessu atriði og um þetta hefur oft verið rætt bæði meðal kennara þar og framhaldsskólakennara. Hitt er mér líka ljóst að þetta er afar viðkvæmt og var sérstaklega viðkvæmt kannski á meðan deilurnar risu sem hæst í sambandi við kjaramál kennara og tengsl þeirra við hin margnefndu réttindi. Við sjáum í blöðunum á hverjum einasta degi eitthvað um vanda vegna réttindaskorts en ég held að löggjöf um framhaldsskóla gefi tilefni til þess að hugleiða dálítið hvernig við stöndum í einstökum greinum sem kenndar eru í framhaldsskóla.

Þetta var um tengsl skólastiganna, annars vegar um tengsl grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins og hins vegar um tengsl framhaldsskólastigsins og háskólastigsins. Það hefur litla þýðingu að segja við sjálfan sig og vera fullur ánægju með það, við höfum framhaldsskóla í hverju byggðarlagi, ef hann fullnægir ekki hinum bestu kröfum sem gera verður til þekkingar þeirra sem þar stunda nám. Nemendunum er lítill greiði gerður með því að haga rekstri þeirra stofnana þannig að þeir séu þess ekki fullvissir að þar fái þeir hina bestu þekkingu á því skólastigi.

Eins og aðrir hv. þm. sem hafa tekið til máls lýsi ég ánægju minni með ákvæðið um fullorðinsfræðslu en geri þó nokkra athugasemd við einn þátt þess ákvæðis. Ég tel það mjög af hinu góða að festa fullorðinsfræðsluna í sessi. Það var gert með lítils háttar lagabreytingu núna fyrir fáum árum. Öldungadeildir höfðu starfað án formlegrar lagaheimildar þangað til. Ég tel skynsamlegt að festa þá starfsemi enn betur í sessi. Við höfum séð þess fjölmörg dæmi hve mikil áhrif öldungadeildirnar hafa á menningu og menntun þjóðarinnar. Ég get ekki látið hjá líða að minna sérstaklega á að þær hafa haft ótvíræða þýðingu fyrir konur í landinu. En margar konur hafa talið henta betur að stunda framhaldsnám síðar á ævinni en seint á tvítugsaldri. Fyrir þær hefur þetta verið ómetanlegt.

Sá þáttur þessarar greinar sem fjallar um fjarkennslu gefur tilefni til vissra ábendinga. Ég tel að ekki sé nóg að setja í lög að menntmrn. eigi að stjórna fjarkennslu. Vissulega er það af hinu góða að menntmrn. leggi sitt af mörkum til þess að styðja fjarkennslu en þar stendur bara svo á að við höfum afskaplega mikilvægt tæki í eigu ríkisins sem við eigum að nýta í þessu skyni og það er ríkissjónvarpið. Menntmrn. gæti þarna í samstarfi við ríkissjónvarpið lagt ómetanlega hluti af mörkum og hluti sem verða til mikils léttis t.d. fyrir þá sem stunda framhaldsnám úti um byggðir landsins. Þýðingu þessa tel ég að sé vert að undirstrika mjög rækilega og ég hlakka til þess þegar við sjáum það verða orðið almennt að sjónvarpið taki þátt í fjarkennslu þannig að fólk geti stundað fjarnám á heimilum sínum eða hvar sem er á landinu og það tengist svo með einhverjum hætti skólunum.

Að því er varðar stjórn framhaldsskólanna, þar sem segir í frv. að fræðsluráð skuli fara með stjórn framhaldsmenntunar í hverju fræðsluumdæmi, er ég ekki, með allri virðingu fyrir fræðsluráðunum, alveg sannfærð um að þetta sé það nauðsynlegasta. Í mörgum tilvikum getur slíkt fyrirkomulag komið sér mjög vel ef um er að ræða marga framhaldsskóla í umdæmi, en varðandi umdæmi þar sem kannski er einn framhaldsskóli, spyr ég: Er ekki eðlilegra að slík stjórn sé þá í höndum stjórnar þess skóla? Hví skyldi þá annað ráð, fræðsluráð í fjórðungnum eða umdæminu, stjórna framhaldsmenntuninni og svo ráðuneytið? Mér þykir sem við þurfum aðeins að vara okkur á of flóknu stjórnunarapparati í þessu kerfi. Ég styð þær hugmyndir að auka frelsi skólanna sjálfra, alla hvatningu til þess að þeir geti veitt sem besta og traustasta fræðslu en umfram allt ekki samræma allt of mikið.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. og öðrum þeim þm. sem hafa tekið til máls fyrir þeirra ábendingar og umræðuna í heild sem hefur verið mjög málefnaleg.

Það hefur komið fram í umræðunni dálítil vangavelta um það hvort þörf hafi verið á heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið og hvort ekki hefði verið

hætta á því ef um samræmingu hefði verið að ræða að afleiðingin hefði orðið einhvers konar einstefnuakstur í skólamálum sem hefði hindrað frjálsa þróun skólanna. Þetta er sannarlega sjónarmið sem á fullan rétt á sér. Ég vil þó leggja áherslu á að heildarlöggjöf um þessi efni þarf auðvitað alls ekki að fela í sér þessar hættur eins og raunar kom alveg réttilega fram hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, fyrrverandi menntmrh. Hún benti á að í frv., sem við höfum lagt hér fram, væri fyrst og fremst lögð áhersla á lágmarkssamræmingu. Það felur auðvitað í sér að við flm. höfum fullan hug á að tryggja frelsi skólanna. Við höfum fullan hug á því að tryggja hæfilegt svigrúm í skólakerfinu þannig að mismunandi gerðir skóla geti þróast. Og við höfum engan hug á því að þessir skólar verði allir steyptir í sama mót. Við viljum einmitt dreifa valdinu til fræðsluumdæmanna til þess að mismunandi sjónarmið fái sem best notið sín. Sjónarmið heimamanna mundu einmitt eiga þátt í því að skólar gætu þróast með mismunandi hætti og við fengjum reynslu af fleiri en einni tegund skóla. Það sem við leggjum hins vegar áherslu á í þessu sambandi er að það er nauðsynlegt að setja heildarlöggjöf um þetta efni til að afnema ákveðna mismunun sem er í kerfinu. Ég held að allir þeir sem hér hafa tekið til máls viðurkenni þetta. Það er mismunun gagnvart nemendunum, það er mismunun gagnvart verkmenntun annars vegar miðað við bóknám hins vegar og það er mjög veruleg mismunun gagnvart sveitarfélögunum. Jafnframt leiðir af samræmingu þeirri sem hér er gerð tillaga um að minni hætta er á því að nemendur rati inn í blindgötur og sem greiðastar leiðir skapast milli skóla. Þetta er í raun og veru kjarninn í því frv. sem við höfum lagt fram.

Herra forseti. Ég þakka svo að öðru leyti fyrir þessa umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 38 frá 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands, sem er á þskj. 40. Breytingar þær sem í frv. felast og lagt er til að gerðar verði á lögunum um Útflutningsráð Íslands eru liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja um nýja verkaskiptingu milli viðskrn. og utanrrn. Eftir breytinguna mun Útflutningsráð Íslands heyra stjórnarfarslega undir utanrrn. í stað viðskrn., enda er ætlunin að útflutningsörvandi starfsemi af opinberri hálfu verði framvegis á vegum utanrrn. Vonir eru við það bundnar að á þennan hátt megi virkja vel starfskrafta utanríkisþjónustunnar í þágu útflutningsiðnaðar og annarrar útflutningsstarfsemi.

Efni frv. er fjórþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að eftir samþykkt frv. taki utanrrh. eða stjórn Útflutningsráðs ákvörðun um hversu oft almennir fundir ráðsins verði haldnir og utanrrh. eða sá sem hann tilnefnir boði til þessara funda og stýri þeim.

Í öðru lagi skipi utanrrh. stjórn ráðsins samkvæmt tilnefningu þeirra sem sæti eiga í því. Viðskrh. mun þó eftir sem áður tilnefna fulltrúa í stjórn ráðsins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Útflutningsráði Íslands sé heimilt að ráða viðskiptafulltrúa til starfa í sendiráðum að höfðu samráði við utanrrn. eitt í stað utanrrn. og viðskrn. áður.

Loks miða breytingarnar í fjórða lagi að því að utanrrh. geti samkvæmt tillögum stjórnar ráðsins sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi þess í reglugerð í stað þess að þessi reglugerðarsetningarheimild er nú í höndum viðskrh.

Allar þessar fjórar breytingar eru fyrst og fremst, og reyndar eingöngu, formlegs eðlis og breyta litlu eða engu um starfsemi Útflutningsráðs. Starfsemi þess er og á að vera fyrst og fremst á vegum útflytjenda sjálfra, enda eru sex af átta ráðsmönnum tilnefndir eða kosnir af þeim. Útflytjendur greiða einnig mestan hluta af kostnaði við Útflutningsráðið, en það er auðvitað skylda stjórnvalda að greiða fyrir að árangur af starfsemi ráðsins verði sem mestur og bestur. Ráðið hefur nú starfað í rúmt ár og virðist hafa farið vel af stað. Þess er vænst að Útflutningsráð geti orðið til þess að efla útflutning og stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi í landinu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir á þskj. 43 hefur orðið mér eftir nokkra athugun efni til athugasemda um þingsköp. Í lögum um þingsköp segir í 18. gr., með leyfi forseta:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna

á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum."

Grg. þessa frv. er þrjár og hálf lína þar sem sú ein ástæða er nefnd fyrir frv. að Sláturfélagi Arnfirðinga skuli veitt sláturleyfi. Af hverju það er þjóðarnauðsyn er ósagt látið. Í sjálfum lagatextanum er svo fyrir lagt að „hæfur maður" skuli annast heilbrigðisskoðun og, með leyfi forseta: „... ef dýralæknir fæst ekki til starfsins". Ekkert er tekið fram hvernig sú hæfni skuli metin eða hvort ákvæði laga nr. 30/1966 gildi yfirleitt um það sláturleyfi sem hér er um að ræða, og ekki er frv. t.d. orðað svo að þrátt fyrir ákvæði laga nr. 30/1966 megi veita Sláturfélagi Arnfirðinga sláturleyfi o.s.frv.

Lagasetning sem þessi á sér tæplega líka og er vægast sagt hæpið fordæmi. Er auðvelt að sjá fyrir einstakar lagasetningar í framtíðinni sem henta kunna ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu ef gildandi lög þjóna ekki sérhagsmunum þeirra. Ég bið hv. þingheim einnig að hafa í huga hvaða staða hér er sköpuð ráðherrum þjóðarinnar í nútíð og framtíð varðandi framkvæmd laga ef sett eru sérlög í þágu einstakra byggðarlaga þvert ofan í heildarlög landsmanna hvenær sem hv. þm. telja sér það henta. Hið háa Alþingi er til þess kjörið að setja allri þjóðinni lög, ekki ákveðnum hópum sem það hentar hverju sinni.

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um þau vandræði sem þeir Arnfirðingar, sem mér sýnist nú fylla hér palla, standa frammi fyrir, en ég tel að á þessu umrædda frv. á þskj. 43 séu bæði forms- og efnisgallar sem ekki séu samboðnir hinu háa Alþingi. Ég vil því fara þess á leit við virðulegan forseta að frv. verði tekið út af dagskrá að sinni og kannað hvort það samrýmist lögum um þingsköp og hefðum hins háa Alþingis um lagasetningu.

Æskilegt væri að á meðan á þeirri athugun stendur væri reynt að leysa þann ágreining sem nú er uppi vestur á fjörðum á annan hátt en með lagasetningu því að mér eru þau vandamál, eins og ég hef áður getið, fullljós og þau þola vitaskuld enga bið. En lagasetning sem þessi til að leysa ágreining milli ráðherra og embættismanna um eitt ákveðið mál nær ekki nokkurri átt, virðulegi forseti, og ég mælist til að þetta mál verði athugað innan klukkustundar eða svo.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég furða mig á ræðu hv. þm. Þetta mál er flutt með þinglegum hætti og flm. eru átta þm. í þessari hv. deild. Hér er um mál að ræða sem þolir enga bið og verður að skera úr um hvort það er þingstyrkur fyrir þessu máli eða ekki. Þess vegna mótmæli ég því að tekin verði til greina sú krafa hv. þm. að þessu máli verði frestað. Það er búið að reyna allar hugsanlegar leiðir og ef þm. hefði verið hér viðstaddur í gær (**GHelg:** Ég var það.) hefði hún kannski orðið betur vísari um það sem hér hefur verið að gerast. Hér er aðeins verið að reyna að sporna enn við fæti.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég furða mig á málflutningi hv. 13. þm. Reykv. af þeim einföldu ástæðum að það hefur komið fram í sjónvarpsviðtali við dýralækni, eins og ég gat um í ræðu sem ég hélt í gær, að hann vísar öllum spurningum og upplýsingum um meðferð þessa máls og ákvörðunartöku í þessu máli til ráðuneytisins. Og hæstv. landbrh. upplýsti í ræðustól í gær í sömu umræðum að hann hefði ekki vald samkvæmt lögum til að grípa inn í þetta mál. Það þýðir einfaldlega að hv. Alþingi hefur á einhverjum tíma skapað vald fram hjá framkvæmdarvaldinu, fram hjá ráðherra, fram hjá ríkisstjórn sem að mínu mati er tillaga um nú að leiðrétta. Framkvæmdarvald það sem þjóðin gerir ráð fyrir á að hafa það vald sem þarf til að grípa inn í ágreiningsmál hvar sem þau eru á landinu. Því mótmæli ég tillögu um frestun á þessu máli.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég býst við að ég bíði enn einu sinni ósigur fyrir ruglandinni sem stundum er höfð hér í frammi. Ég vil taka fram vegna orða hv. 1. þm. Vestf. að ég sat hér alla umræðu þessa máls í gær og veit nákvæmlega um hvað þetta mál snýst og hef fulla samúð með vandamálunum sem eru fyrir hendi þar vestra. En þessi lagasetning, sem hér á nú að keyra í gegn, er svipuð því að lögreglustjórinn í Reykjavík neitaði að sleppa fanga sem búinn væri að afplána og Alþingi setti lög um að fanginn skyldi laus, Alþingi ætti að reka lögreglustjórann. Ef hið háa Alþingi er algerlega fullvisst um að þeir dýralæknar sem hér um ræðir hafi rangt fyrir sér og séu að níðast á Sláturfélagi Arnfirðinga hlýtur ráðherra að geta rekið þessa embættismenn. En það er tæplega hægt að þvinga hið háa Alþingi til að leysa þennan héraðsvanda með lagasetningu. Því er ég að mótmæla. Ég hef engum skoðunum að lýsa á efni málsins. Það er málsmeðferðin sem ég er hér að mótmæla.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið vegna þeirrar umræðu um þingsköp sem hér hefur farið fram að málið er fram komið með venjulegum hætti og tilskildir frestir eru liðnir til þess að það megi koma hér á dagskrá. Skrifstofa þingsins hefur yfirfarið þetta mál eins og önnur frumvörp sem fram koma.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Forseti þessarar deildar hefur sagt margt af því sem ég vildi benda á. Það er ekkert óeðlilegt við framlagningu þessa máls. Það er orðið til með eðlilegum hætti, borið fram með þinglegum hætti og tekið á dagskrá með eðlilegum hætti einnig.

Ég vil einnig ítreka það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Málið er afskaplega einfalt, skýrt, og það ætti því ekki að vefjast fyrir alþm. að taka afstöðu til þess

einfalda og skýra máls sem hér er á ferðinni. Það geta þeir að sjálfsögðu gert án frekari málalenginga.

Leyfi til slátrunar, 1. umr.

Frv. MB o.fl., 43. mál (Sláturfélag Arnfirðinga). — Þskj. 43.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég skal fúslega játa að ég hefði mjög gjarnan viljað komast hjá því að flytja þetta frv., en málsmeðferð öll hefur gert það að verkum að maður sér sig knúinn til að fara þessa leið og þó alveg sérstaklega eftir að hæstv. landbrh. lýsti því yfir í gær að hann hefði ekki lagalega heimild til að veita umrætt sláturleyfi.

Það er margt undarlegt í þessum málum. Mig langar til þess í upphafi að nefna að í svonefndri sláturhúsaskýrslu, sem þm. hafa allir fengið, segir svo um sláturhús Sláturfélags Arnfirðinga á Bíldudal:

„Sláturhúsið er gamalt hús sem Matvælaiðjan á Bíldudal átti. Með núverandi skipulagi er ekki hægt að koma við þeirri heilbrigðisskoðun sem krafist er. Í húsinu er frystir fyrir 250 skrokka á sólarhring og frostgeymsla nýlega byggð sem tekur ca. 15 tonn. Frágangur geymslunnar samræmist ekki kröfum um geymslu matvæla."

Um annað hús er sagt að húsið sé byggt í kringum 1960. „Það er allgott. Núverandi skipulag gefur ekki aðstæður til heilbrigðisskoðunar. Enginn kælir eða frystiaðstaða er á staðnum." Þarna var undanþágа fúslega veitt.

Annað dæmi. „Sláturleyfishafi leigir fiskverkunarhús í þrjá mánuði á ári. Þar er komið fyrir færanlegum búnaði í sláturtíð. Kjöt er flutt til frystingar í önnur byggðarlög." Þarna þarf ekki einu sinni hús að vera fyrir hendi til að undanþágа sé veitt til að slátra 8 þúsund fjár.

Annað sláturhús: „Þar fer slátrun fram í tveimur húsum. Fjárrétt og banaklefi eru í húsi sem annan hluta ársins er notað sem vörugeymsla. Eftir aflífun eru gripirnir fluttir á vagni í hús sem annan tíma er notað til fiskverkunar. Það hús er að hluta til hólfað niður með föstum skilrúmum, en að meginhluta er það hólfað niður með plastdúk." Einhver tregða var þarna á undanþágum, en hún fékkst þó átakalítið.

Ég nefni þessi dæmi upp á þau vinnubrögð sem eru viðhöfð í þessum efnum. Það er ekki sama hvort það er bara Jón eða séra Jón. Þar er mikill munur á. Þetta gefur fullkomið tilefni til að ætla að hér sé ekki farið eftir lögum og reglum heldur sé verið að mismuna mönnum hér.

Ég fullyrði að afurðir sem hafa verið framleiddar í þessu sláturhúsi á undanförnum árum hafi verið góðar afurðir. Viðskiptamennirnir hafi keypt afurðir ár eftir ár og vilja þær frá þessu húsi.

Það skiptir líka allmiklu máli fyrir bændur almennt sem mér hefur nú heyrst allan þann tíma sem ég hef átt sæti á Alþingi að væru ekkert ofhaldnir af sinni afkomu. Þeir hafa verið taldir með láglaunastéttum þessa lands og það þarf dálítið að huga að því að þeir fái sem mest fyrir sínar afurðir og fái þær skilvíslega greiddar.

Við skulum nefna þetta sláturhús aftur, líka í þessum tilgangi. 12. nóv. á sl. ári var greitt 50% af grundvallarverði. 22. des. á sl. ári voru greiddar eftirstöðvar grundvallarverðs að fullu. 8. jan. voru greiddar uppbætur á innlegg 1985, en fyrrv. framkvæmdastjóri hafði látið af starfi um mitt ár og afgreiðsla þess því dregist. 14. apríl eru greidd rekstrarlán til bænda fyrir mars og apríl. 14. maí er greiddur fyrsti hluti verðuppbóta á haustinnlegg 1986 samkvæmt bréfi Framleiðsluráðs og 10. júní eru greidd rekstrarlán fyrir maí og júní. Eftirstöðvar verðuppbóta á haust 1986 samkvæmt bréfi Framleiðsluráðs eru greiddar að fullu 15. júlí. Þá skuldar Framleiðsluráð sláturhúsinu tæp 500 þús. vegna verðútjöfnunar, en öll sjóðsgjöld voru að fullu greidd og voru greidd jafnharðan og þeirra var leitað.

Ég dreg mjög í efa að það sé hægt að segja sama um fjölmörg sláturhús í landinu. Þar hafa menn orðið að bíða og bíða sumir mjög lengi. Í næsta nágrenni við þetta hús, á Patreksfirði, fékkst grundvallarverðið ekki greitt hjá fyrrverandi sláturleyfishafa fyrir nokkrum árum og ákveðnir bændur þurftu að fara í mál og það er dýrt að fara í mál til að fá jafnsjálfsagðan hlut og grundvallarverðið greitt. Það þætti a.m.k. öðrum stéttum í þessu þjóðfélagi hart aðgöngu.

Við höfum reynt, þm. Vestfjarða, að finna lausn á þessu máli með friðsamlegum hætti og er afar leitt til þess að vita að það þurfi að grípa til þess óyndisúrræðis að flytja sérstakt frv. vegna þess að hér hefur mönnum verið mismunað. Og það er ekkert óeðlilegt við að lagafrumvörp séu flutt sem ná til einhvers ákveðins staðar á landinu. Fjöldi af lögum nær til ákveðins staðar á landinu, frumvörp um ákveðnar hafnir og fjölmörg atriði.

En við skulum líta á það, sem menn segja, að heilbrigðisaðstaða við alla matvælaframleiðslu sé stórkostlegt atriði. Undir það tek ég. Í þessum lögum segir um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum að héraðsdýralæknir skuli framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma sem gefur nægan frest til úrbóta ef þörf krefur fyrir næstu sláturtíð. Það bréf kemur ekki til forráðamanna Sláturfélags Arnfirðinga fyrr en í ágúst og þá var það ekki einu sinni undirritað af héraðsdýralækni. Það voru punktar. Engin skoðun fer fram fyrr en sláturtíð er víða byrjuð annars staðar. Þá kemur héraðsdýralæknir sem var staðsettur á Snæfellsnesi. Og það eru alltaf að bætast við athugasemdir. Síðast í dag sá ég að settur yfirdýralæknir var að senda frá sér eina mjög merka ritsmíð og þar eru nýjar

athugasemdir sem maður hefur aldrei heyrt fyrr, ekki einu sinni á langa fundinum sem forráðamenn Sláturfélags Arnfirðinga og forráðamenn sveitarstjórnarinnar í Bíldudalshreppi ásamt mér og fleirum áttu með landbrh. og starfsmönnum í byrjun október. Hér er komið inn á enn þá ný mál.

En ég spyr og bið hv. þm. að hafa það í huga: Hvernig stendur á því að það er leyft á sl. hausti að slátra hálfu sjöunda þúsundi fjár í þessu húsi? Síðan fara fram miklar endurbætur. Þá er neitað um leyfi á sama tíma og leyfi eru veitt til húsa sem ég var að gefa hér upplýsingar um. Er ekki eitthvað „brogað" við þessi vinnubrögð? Er það ekki þungur áfellisdómur yfir yfirdýralækni og héraðsdýralækni að hafa þá veitt þetta leyfi í fyrra? En í raun og veru var ekkert leyfi veitt í fyrra. Það fannst ekki í ráðuneytinu. Það þótti svo sjálfsagt að það var ekki einu sinni veitt leyfi, en stimplarnir voru afhentir og allt var þá í stakasta lagi. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að um sóðaskap eða trassaskap sé að ræða í þessu sláturhúsi. Allir bera því sömu sögu, að þarna sé ágætt starfsfólk sem hefur unnið sín störf vel. Ég held að sveitarstjórn eins og í Bíldudalshreppi sé líka fulltrúi neytenda þar á staðnum. Hún telur sjálfsagt, allir sem einn maður, að sláturleyfi sé veitt. Það er enginn ágreiningur í sveitarstjórninni þar um eða í kauptúninu eða í næsta nágrenni. Allir telja það sjálfsagt. Þetta fólk er ekki sannfært um að það sé svo mörgu áfátt eins og kemur fram í bréfinu sem settur yfirdýralæknir var að læða að ákveðnum þm. Einn þm. sýndi mér þetta bréf. Ég hef sennilega ekki verið í náðinni hjá þeim ágæta manni að fá eintak af þessu bréfi. En nú eru hérna góðar og fljótvirkar ljósritunarvélar. Það er enga stund verið að framleiða þetta.

Þetta sýnir allt að hér er ekki réttum og heiðarlegum vinnubrögðum beitt. Það er ekki hlutverk yfirdýralæknis eða dýralækna að vinna að því að fækka sláturhúsum. Þeir eiga í sinni umsögn að fara eftir því sem lögin gera ráð fyrir, en þeir ákveða fyrir fram: Þetta hús á að drepa. Við ætlum að vinna gegn því. — Það hafa þeir gert. Svo er sagt: Það er ekkert hægt að gera nema dýralæknir skoði kjötið. Það hefur enginn dýralæknir verið við skoðun á kjöti á Patreksfirði í haust. Þar hefur verið ágætur maður sem hefur haft mjög gott vit á kjöti, landsfrægur dægurlagasöngvari og ágætur hestamaður. Ég dreg ekkert í efa að hann sé alveg fullfær um að skoða kjöt. Hann er með langa og góða reynslu. Settur yfirdýralæknir á langa fundinum með landbrh. var alveg fastur á því að það yrði að vera dýralæknir sem skoðaði kjötið. Hann lét lítið yfir því þegar ég spurði hvort það væri ekki hægt að notast, ef enginn dýralæknir fengist, við mannalækni. Það komu heldur dræm svör um að þeir skarfar hefðu lítið vit á kjötskrokkum.

Ég sagði að það væri hægt að fá t.d. eldri lækna sem væru hættir. Þá taldi settur dýralæknir að þeir væru sennilega flestir orðnir sjóndaprir og kæmu því lítt til greina. Það má frá því segja að búið var að útvega dýralækni og hann ætlaði að fara. En af hverju breytti hann um skoðun eftir að hafa talað við settan yfirdýralækni? Og ég spyr: Á einn maður eða tveir að segja: Þið fáið ekki þetta. Við þurfum engan frekari rökstuðning. — Það er allt búið að gera þarna sem hægt hefur verið að gera og að mínum dómi stendur þetta hús betur en jafnvel sum önnur sem fengið hafa sláturleyfi.

En hvað sem verður um afdrif þessa frv. tel ég rétt og skylt að taka upp rannsókn á því hvernig að þessum málum er staðið. Þá á að fást úr því skorið hvort settur yfirdýralæknir segir satt í einu og öllu eða hvort ég og mínir líkar erum að fara með fleipur. Ég er alveg óhræddur við að slík rannsókn fari fram. Það getur aldrei komið annað út úr henni en að það verði eitthvað bætt sem miður hefur farið og leiðrétt það sem hefur verið ranglega gert.

Ég hef alltaf haft mikið álit á fjölmörgum mönnum sem eru í stétt dýralækna og margir þessir menn eru sannir dýravinir og kannski þeir hafi fengið sína köllun vegna þess að þeir eru dýravinir. Og þeir hafa margir hverjir unnið mjög gott og þýðingarmikið starf. En mér finnst það vera ákaflega undarlegt ef farið er að beita menn innan einnar stéttar þrýstingi að gera ekki þetta eða hitt. Þá finnst mér ekki mikið til um þann félagsskap sem þannig vinnur. Ég vil samt ætla að það séu ekki nema örfáir menn í því félagi sem vilja beita slíkum þrýstingi.

Ég get verið sammála hv. 13. þm. Reykv. um að ef menn ekki vilja vera sanngjarnir í dómum sínum og láta sömu lög og reglur gilda fyrir alla er það yfirmannsins, hins æðsta stjórnvalds, að víkja þeim manni úr starfi eða mönnum. En það er ekki rétt hjá hv. 13. þm. Reykv. að ef maður er búinn að afplána sína hegningu og lögreglustjórinn vill ekki sleppa honum, þá geti Alþingi rekið lögreglustjórann. Hann er skipaður af dómsmrh. eða í raun og veru af forseta. (Gripið fram í.) Þá er alveg sjálfsagt að fulltrúar fólksins, umboðsmenn þjóðarinnar, sem sitja í þessari virðulegu stofnun, taki málið upp. Segja má að það hafi verið gert með þessum hætti en af mjög illri nauðsyn. Mér finnst mjög slæmt að hafa þurft að flytja þetta frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. landbn. og ég vænti þess að hvort sem menn eru með eða á móti þessu frv. skilji þeir að skjóta afgreiðslu þarf á þessu máli og verður að sýna hvort þetta frv. hefur þingstyrk eða ekki. Ég fer því fram á að það verði haldið áfram með afgreiðslu þessa máls að lokinni þessari umræðu í nefnd og síðan verði aftur boðaður fundur, þó í kvöld sé, um þetta mál því eins og ég sagði áðan þolir það ekki bið.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Um það leyti sem umræða fór fram um þetta mál í gær barst Framleiðsluráði landbúnaðarins eftirfarandi skeyti, með leyfi forseta:

„Þar sem settur yfirdýralæknir hefur með bola-

brögðum komið í veg fyrir að við gætum slátrað í okkar eigin húsi óskum við eftir því að Framleiðsluráð sjái um að útvega slátrun á því fé sem annars hefði verið lógað hér. Um er að ræða hér um bil 3000 fjár. Svar óskast hið bráðasta.

Sláturfélag Arnfirðinga, Bíldudal."

Í morgun svaraði Framleiðsluráð með eftirfarandi skeyti til Sláturfélags Arnfirðinga:

„Skeyti frá í gær móttekið. Sláturhúsið á Patreksfirði stendur félaginu til boða til afnota við slátrun næstu daga. Leiga í samræmi við áætlun fimm manna nefndar. Hún ræðist við forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Flutningskostnaður yrði væntanlega greiddur af verðmiðlunarfé. Ari Ívarsson er hús- og vélgæslumaður á Patreksfirði. Slátrun mundi félagið sjálft fá leyfi til að annast og framkvæma á sína ábyrgð. Kjötskoðunarmaður fæst til starfa á Patreksfirði. Látið vita í dag.

Framleiðsluráð landbúnaðarins."

Framleiðsluráð brást þarna skjótt við þegar beiðni barst til þess. Þarna er um að ræða sláturhús sem er í eigu Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem það bendir á að standi til boða með ekki meiri kostnaði en gert er ráð fyrir í verðlagningu á slátrunarkostnaði og slátrun geti þarna farið fram að fullu á ábyrgð Sláturfélags Arnfirðinga.

Þarna er bent á leið til að leysa vanda Arnfirðinga. Með frv. sem hér er flutt af átta hv. alþm. á þskj. 43 er hins vegar farið inn á aðra leið sem ég tel svo dýru verði keypta fyrir Arnfirðinga eins og aðra sauðfjárbændur að hún sé alls ekki fær.

Ég sagði það í gær, eins og hv. 1. þm. Vestf. vitnaði í áðan, að ekki væru lagaheimildir að veita sláturleyfi ef ekki fengist þar maður, dýralæknir eða trúnaðarmaður dýralæknis, til að taka ábyrgð á að slátrun gæti farið fram á viðunandi hátt. En ég sagði jafnframt að ég mundi ekki leggja til hvað snertir kröfur til heilbrigðismeðferðar á kindakjöti að lögum yrði breytt til þess að þær yrðu rýmkaðar. Það mikils met ég kindakjötið. En hér hafa þessir hv. átta alþm. lagt til að þegar dýralæknar telja sig ekki geta mælt með slátrun á grundvelli þeirra laga og reglna sem Alþingi hefur sett ákveði Alþingi að það álit heilbrigðisyfirvalda skuli að engu haft.

Ég vænti þess að flestum hv. alþm. sé kunnugt að það er grundvallaratriði við sölu allra matvæla að heilbrigði þeirra sé tryggt. Kröfur um slíkt hafa sífellt farið vaxandi, bæði vegna þess að við teljum að á því sviði séu sífelldar framfarir í okkar þjóðfélagi eins og öðrum og líka að það virðist vera að þörfin fyrir slíkt sé vaxandi vegna þess að smithætta verður meiri. Það hefur m.a. komið fram í sumar í sambandi við aðra kjöttegund, því miður. Þar var ráðið, sem bent var á til úrbóta, að herða kröfur til dýralækna um að fylgjast betur með.

Það er viðurkennd regla og lög í öllum löndum í kringum okkur að dýralæknum er falið að annast þetta í sambandi við kjöt. Og ef við ætlum að flytja út kjöt frá Íslandi er slíkt nauðsynlegt. Ef Alþingi ætlar að marka þá stefnu að það skuli ekki byggt á áliti dýralækna erum við þar með að kippa fótunum undan möguleikum til útflutnings. Innflutningur byggist á vottorðum frá yfirvöldum í viðkomandi landi. (Gripið fram í.) Á vissum tegundum. Það er alveg rétt, hv. alþm. En ég býst við að það ættu flestir að sjá hvernig væri komið fyrir sauðfjárræktinni í landinu ef núna yrði lokað fyrir útflutning algjörlega. Það hefur verið talað um það stundum að það hafi ekki verið unnið nægjanlega vel að útflutningi, en nú á að marka stefnu á Alþingi sem kippir algjörlega grundvellinum undan slíku.

Hér var í þessum mánuði á ferð dýralæknir frá Efnahagsbandalagi Evrópu. Hann var að skoða þrjú hús sem hafa fengið leyfi til útflutnings til landa bandalagsins. Hann benti á ýmis atriði sem betur þyrftu að fara og forráðamenn þessara sláturhúsa sögðu að margt mætti þar til sanns vegar færa. Þeir hafa ákveðið að reyna að bæta þarna úr til þess að við höldum opnum þessum möguleika. En hvernig eigum við að gera kröfur til þeirra húsa ef Alþingi markar þá stefnu að ekki þurfi að taka tillit til athugasemda dýralækna? — Ég held að þarna sé því farið út á svo hála braut fyrir íslenska sauðfjárrækt að ég vonast til þess að hv. alþm. hugsi sig vel um áður en þeir gera það.

Hv. 1. þm. Vestf. rakti greiðslur frá þessu sláturhúsi á sl. ári. Hann rakti hvernig þar hefði verið farið að mestu leyti virtist mér í samræmi við ákvæði búvörulaganna sem kveða á um hvernig greiðslur til bænda skuli fara fram. Ég veit ekki til þess að stórlega hafi verið vikið út frá því hjá öðrum sláturleyfishöfum í sambandi við afurðir frá sl. hausti, a.m.k. hef ég ekki heyrt kvartanir um slíkt. Það er að sjálfsögðu alveg rétt að ef menn telja að valdi sé misbeitt og menn geri það sem rangt er fari fram rannsókn á slíku. Ég er sannfærður um að viðkomandi dýralæknar og dýralæknastéttin í heild munu vera því hlynnt að þetta sé rannsakað þannig að í ljós komi við hvaða rök stóryrði styðjast sem hér hafa fallið og sums staðar annars staðar líka til þeirra. En ég held við leysum ekki mál með slíkum málflutningi.

Eins og ég sagði í upphafi hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins bent þarna á leið fyrir bændur í Arnarfirði til að koma fé sínu til slátrunar með ekki lakari kjörum en aðrir bændur í landinu og ég vonast til þess að með því sé leystur þeirra vandi og þá um leið það mál sem hér er til umræðu og við viljum öll að sjálfsögðu að leysist á sem farsælastan hátt, en ég ítreka að það má ekki vera of dýru verði keypt fyrir sauðfjárræktina í heild og íslenska landbúnaðinn.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég blanda mér í þessa umræðu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að ég tel að þetta mál eigi að leysa án lagasetningar, það verði að beita öllum ráðum til þess að það verði gert. Í öðru lagi vegna þess að hér er hafin þörf umræða um valdsvið dýralækna og verk þeirra sem hafa vissulega verið umdeild hér á landi á undan-

förnum árum.

Ég vil geta þess að að mínu mati hefur þetta mál borið að með mjög óvenjulegum hætti, vægast sagt, og það á sér fáa samnefnara í þingsögunni. Ég hef nokkrar áhyggjur af lagasetningu af þessu tagi. Í fyrsta lagi vegna þess að fordæmið er afleitt. Málið á hins vegar að fá þinglega meðferð og ég mun stuðla að því eins og ég get.

Ég hygg að fréttir af svona máli til samkeppnisaðila okkar á matvælamarkaði í útlöndum yrðu vel þegnar, bæði fyrir þá sem eru í samkeppni um kjötsölu og líka þá sem eru í samkeppni um fisksölu. Ef það fréttist til samkeppnisaðilanna að löggjafarvaldið á Íslandi hafi sett sérstök lög gegn þeim aðilum og þeim stofnunum í þjóðfélaginu sem fara með heilbrigðis- og hollustumál getur það orðið stóralvarlegt og ég held að menn ættu að hyggja dálítið meira að þessum þætti en þeir hafa gert.

Í þriðja lagi: Hér er að vissu leyti á afmörkuðu sviði gengið gegn lögum sem þingið sjálft hefur sett og reglugerðum sem ráðuneyti hafa sett. Það er ekki heldur gott fordæmi.

Í fjórða lagi langar mig að benda á að hér hefur afstaða neytenda ekkert verið rædd. Menn hafa talað um að þetta yrði áfall fyrir sauðfjárrækt o.s.frv. En hvað segja neytendur og samtök þeirra um þetta mál? Þeirra álits hefur ekki verið leitað, en það verður væntanlega gert.

Ég verð að segja að reynsla mín af störfum tiltekinna dýralækna hefur ekki verið slík að ég hrópi húrra. Ég hef á hinu háa Alþingi barist gegn því valdi sem hér hefur verið nefnt ýmsum nöfnum, m.a. í tilviki Skúla Pálssonar á Laxalóni, þegar við Vilmundur heitinn Gylfason áttum í harðri baráttu við þessi sömu yfirvöld, en fengum þingið til að samþykkja, með skoðun allshn. Sþ. á sínum tíma að gera eitthvað í því máli. Niðurstaðan var sú að þar hefði verið beitt valdníðslu. Embættismenn hefðu beitt valdníðslu. Það var þingleg greinargóð meðferð á tilteknu máli.

Ég hef líka reynslu af því að hið háa Alþingi hefur fengið til meðferðar, eða þingflokkar hér inni, frv. til l. um breytingar á lax- og silungsveiðilögum, 76. gr. þeirra laga, um innflutning á lifandi fiski. Vegna orða dýralæknis, sem taldi sig hafa sérþekkingu á fisksjúkdómum og fiskræktarmálum og lagði til við ákveðinn þingflokk að þetta mál yrði ekki samþykkt, dagaði það uppi. Reynsla mín af þessum mönnum er kannski ekkert betri en þeirra sem hér fara fram með frv.

Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að leysa með samningum. Ég hef áhyggjur af því að ef Alþingi Íslendinga samþykkir frv. á borð við þetta verði þingið sér til skammar, svo einfalt er þetta mál í mínum huga. Ég bendi mönnum á það vegna þess sem ég sagði í upphafi að umræðan um heilbrigðis- og hollustumál, ekki bara í sláturhúsum á Íslandi heldur í allflestum fiskverkunarstöðvum, frystihúsum og hvar sem litið er, er mjög þörf. Ég hef aflað mér upplýsinga um það í morgun hvernig ástandið á þessu sviði er og það er ekki gott. Það er engan veginn gott. Þingið hefði nú kannski eitthvað betra fyrir stafni ef það ræddi þau mál í heild sinni. Hér er á ferðinni geysilega viðkvæmur málaflokkur sem verður að fara með af mikilli varfærni. Og ég geri það að lokaorðum mínum, herra forseti, að hvetja til þess, ef þess er nokkur kostur, að þeir menn sem núna deila reyni á grundvelli þeirra hugmynda sem komið hafa fram frá Framleiðsluráði landbúnaðarins að ná samkomulagi um þetta mál. Ég mun aldrei styðja að því að frv. af þessu tagi fari í gegnum hið háa Alþingi. Mér fyndist það sjálfum mér til skammar og þinginu til skammar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér þykir rétt að skýra með nokkrum orðum hvers vegna Kvennalistinn fékst ekki til að leggja nafn við þetta frv. enda þótt eftir því væri leitað. Afstaða okkar er einfaldlega sú að við teljum hér rangt að staðið, rangar forsendur og röng viðbrögð, og því betur og meira sem kafað er ofan í málið þeim mun vissari erum við um réttmæti þessarar afstöðu.

Flutningur þessa frv. er að okkar mati óeðlilegt viðbragð hv. alþm. sem að því standa við því vandamáli sem við er að etja á Bíldudal. Það vandamál á sér nokkra forsögu og þarf ekki að tíunda hér. Menn þekkja hana úr fjölmiðlafréttum, úr ræðuhöldum hv. þm. í gær, úr sláturhúsaskýrslunni sem út kom á sl. sumri og t.d. af yfirlýsingu yfirdýralæknis sem minnst var á áðan og ýmsir þm. hafa undir höndum.

Vandamál þessa tiltekna sláturhúss er ekki nýtilkomið og það er ekki neitt léttvægara né auðleystara vegna þess að jafnslæmir vinnustaðir í þessari starfsgrein kunni að vera víðar um landið. Þetta sláturhús hefur verið rekið á undanþágum árum saman og á því eru ófagrar lýsingar þar sem augljóst er að aðstæður eru ófullnægjandi þrátt fyrir tilraunir til að bæta þar úr.

Það vekur því furðu að fyrrverandi heilbrmrh. standi fyrir tillögu um að leysa málið með þessum hætti og nánast í bókstaflegri merkingu að draga heilbrigðiskröfur og heilbrigðiseftirlit niður í svaðið. Að okkar mati er þetta óvirðing við neytendur og reyndar bændur líka og þeir munu ekki þakka þm. þennan bjarnargreiða þegar frá líður. Alþingismönnum væri nær og sæmra að nota krafta sína til að tryggja bændum betri aðstöðu til slátrunar og gera þeim kleift að halda sjálfsögð lög um heilbrigðiseftirlit.

Dýralæknar og eftirlitsmenn hafa oft staðið í ströngu með að reyna að bæta eftirlit og hreinlæti við meðferð landbúnaðarafurða og eiga betra skilið að mínu viti en þær sendingar sem þeir nú fá úr ýmsum áttum og þó aðallega einni átt.

Í umræðum hefur verið látið að því liggja að þeir væru ekki sjálfráðir gerða sinna og undir hælnum á ofríkisaðilum. Ljótt er ef satt væri og væri ef til vill rétt og eðlilegt að fela hlutlausum aðilum að kanna hvað hæft er í slíkum ásökunum. Og ég tek undir það sem komið hefur fram hjá þeim sem áður hafa

talað í þessu máli og lýst áhuga á að slík rannsókn fari fram. Ég held að það væri gott og nauðsynlegt.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við kvennalistakonur höfum aflað okkur eru þessar ásakanir óréttmætar og ósanngjarnar og styðja engan veginn málstað þeirra sem vilja beita löggjafarvaldi í þessu máli. Það er einkennilegur skilningur á hlutverki Alþingis ef þm. telja það skyldu sína og við hæfi að hlaupa til og breyta lögum á þann hátt sem hér er lagt til ef fyrirgreiðslu vantar við einstaka aðila. Hér er um ótrúlega skammsýni að ræða og beinlínis hættulegt fordæmi ef á að vega á þennan hátt að því sem verið er að reyna að byggja upp. Það hefur mikið verið talað um nauðsyn þess að afla nýrra markaða fyrir afurðir bænda. Hvað erum við að gera þessari mikilvægu afurð sem við í öðru orðinu lofum sem ómengaða náttúruafurð og villibráð? Eigum við svo í hinu orðinu að samþykkja hvaða meðferð sem er á þessari afurð þegar að úrvinnslu er komið? Hvernig eigum við að geta kallað okkur matvælaframleiðendur og boðið framleiðslu okkar sem gæðavöru ef við treystum okkur ekki til að fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem gera verður og eru gerðar um meðferð matvæla?

Þessi atvinnugrein, landbúnaðurinn, hefur orðið fyrir ýmsum kárínum og orðið að berjast við sjúkdóma og ýmsa óáran. Í áraraðir hefur verið háð markviss barátta gegn útbreiðslu smitsjúkdóma í sauðfjárrækt og verður seint séð fyrir endann á þeirri baráttu.

Það þingmál, sem hér er til umræðu, er vægast sagt öfugsnúið innlegg í þá baráttu. Það er mikill ábyrgðarhluti að vilja brjóta niður það eftirlit sem reynt er að koma á. Ef af samþykkt þessa frv. yrði væri um fáránlegt fordæmi að ræða og löggjafarsamkundan sett á óhæfilega lágt plan. Hlutaðeigandi aðilar og hv. þm. hefðu átt að leysa þetta mál á hljóðlátari hátt og skaðlausari en hér er reynt.

Herra forseti. Ég vil að lokum vitna í ónafngreindan bónda á Vestfjörðum sem sagði við okkur: „Það er blettur á Alþingi að ætla að brjóta sín eigin lög og það fyrir 3000 lömb. Ég trúi ekki að það gerist."

Eins og ljóst má vera þá styður þingflokkur Kvennalistans ekki þetta frv. Því má raunar bæta við að einn hvatamanna að flutningi þessa frv. sagði við mig í gær: „Þið verðið að viðundri ef þið verðið ekki með á þessu frv." Í dag er ekki spurning í mínum huga að við tókum rétta afstöðu. Það er kannski spurning hverjir eigi fremur skilið slíka einkunn sem okkur var gefin þá.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. það sem er til umræðu á þskj. 43 er vissulega ekki mjög venjulegt. Ég get tekið undir það, sem fram hefur komið í ræðum manna, að nokkru um það efni. Það er þó ekkert óvenjulegt að því leyti að með því sé verið að breyta eða skýra nánar lög sem eru í gildi og reglugerðir sem settar hafa verið.

Hverju sinni sem við hv. alþm. fjöllum um lagabreytingar og frv. til nýrra laga erum við að breyta eldri lögum. Þá erum við að kveða skýrar á um einhver lagaákvæði eða setja inn ný ákvæði sem verða til þess að koma þeim málum í horf svo okkur þyki rétt stefna.

Nú tek ég undir það með 1. flm. þessa frv. að það hefði verið okkur flm. miklu meira að skapi að til þess hefði ekki þurft að koma að slíkt frv. væri flutt. Og það var hlutverk framkvæmdarvaldsins að leysa þetta mál án þess að það þyrfti að koma til kasta Alþingis. En hvers vegna skyldi vera flutt frv. eins og þetta, frv. sem aðeins fjallar um að kveða á um skýra heimild til landbrh. um að veita sláturleyfi eitt sinn, á einum stað á landinu á þessu ári? Það hefur ekki annað fordæmisgildi, það hefur ekki nein ákvæði í för með sér en eins og orðanna hljóðan segir til um í frv. sjálfu. Það er vitaskuld vegna þess að flm. frv. telja að framkvæmd á þessum málum hafi farið á þann máta að réttlætanlegt sé og óverjandi annað en að Alþingi grípi inn í. Við viljum ekki sætta okkur við að þessu máli ljúki á þann máta sem það horfir í án þess að Alþingi segi sitt orð um málið.

Hér væri ástæða til þess, þó það hafi verið gert, að rifja upp örfá atriði sem sýna þá atburðarás sem gengið hefur. Það fyrsta sem skiptir máli er að á síðasta hausti var slátrað í þessu húsi á sjöunda þúsund fjár án þess að fundið væri að aðbúnaði í húsinu eða meðferð kjötsins. Þeir sem þarna standa fyrir málum, heimamenn í Sláturfélagi Arnarfjarðar, töldu sig þegar af þeirri ástæðu mega vænta þess að sláturleyfi yrði framlengt. Síðan gerist það að húsið er skoðað eins og til er ætlast af dýralækni á sl. sumri, fundið er að því sem þar er talið ábótavant í aðbúnaði í húsinu og möguleikum til hreinlætis við sláturstörf, og að flestu leyti er tjáð að orðið hafi verið við því sem þar er farið fram á. Þeir sem standa að þessu húsi leggja í kostnað til þess að það komist fram að bæta úr því sem talið hefur verið áfátt. Sagt er, án þess að ég hafi kannað það af eigin raun, að enn sé því áfátt að ekki hafi verið sett upp girðing umhverfis sláturhúsið og ekki hafi verið komið upp svefnskála enn við húsið, en ég vænti þess að flestir þeir sem þar starfa muni sofa heima hjá sér. Ég ætla ekki að orðlengja það sem hér kom fram í gær um notkun vatns í húsinu sem notað er sem neysluvatn í byggðarlaginu og við aðra matvælavinnslu.

Eftir að svo hefur gengið að heimamenn hafa lagt í þennan kostnað virðist svo sem það hafi verið gefið í skyn af hæstv. ráðherra að leyfi mundi fást til slátrunar ef dýralæknir fengist til að stimpla og skoða kjötið. Hæstv. ráðherra hefur ítrekað vikið að þessu efni í ræðum sínum bæði í gær og dag. Til að mynda sagði hæstv. ráðherra í gær í síðari ræðu sinni svo, með leyfi forseta:

„En það þýðir ekkert fyrir Bílddælinga að gefið sé út leyfi nema einhver vilji skoða kjötið. Það ætlum við að gera. Ef einhver fengist til að skoða kjötið mundi leyfið verða gefið út."

Hæstv. ráðherra segir skýrt og skorinort: Ef einhver fengist til að skoða kjötið mundi leyfið verða gefið út. — Ég hef auðvitað ekkert fyrir mér í því hvað hann hefur sagt við forráðamenn Sláturfélags Arnfirðinga, en það virðist svo sem þeir hafi a.m.k. getað staðið í þeirri góðu trú að ef starfsmaður fengist til að skoða kjötið, annast heilbrigðisskoðun og merkingu svo sem lög kveða á um að dýralæknir eða annar aðili annist yrði leyfið veitt. En vitaskuld fer enginn starfsmaður vestur á Bíldudal þessara erinda nema leyfið hafi áður verið veitt. Þar liggur allur galdurinn. Ef hæstv. ráðherra hefði veitt þetta leyfi trúi ég ekki öðru en því að fengist hefði maður til að skoða þetta kjöt. Það er þess vegna að fara hringinn í kringum þetta mál þegar hæstv. ráðherra ber það fyrir sig sem forsendu fyrir því að leyfi er ekki veitt að áður hafi ekki fengist maður til að skoða kjötið. Í þessu liggur heila málið. Ef ekki hefði fengist dýralæknir, sem ég trúi að hefði fengist, kveða lög á um að heimilt sé að ráða lækni til starfans eða annan mann sem hafi reynslu og þekkingu til þess að fást við þetta starf. Þar sem segir í lagatexta í þessu frv. að „landbrh. skipar hæfan mann", sem hér var gerð af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur athugasemd við í athugasemdum um þingsköp, er vitaskuld átt við hæfan mann að dómi hæstv. landbrh. í samræmi við það sem lög kveða á um. Ég veit til þess að slíkir menn hafa verið ráðnir til starfa, þó að æskilegt sé að það séu dýralæknar. Mér dettur ekki í hug að segja eitt einasta orð til hnjóðs dýralæknum í landinu og þykja fremur miður þau svigurmæli sem fallið hafa í þeim ummælum í garð manna sem hér eru ekki til að standa fyrir sínu máli eða bera af sér sakir. Ég trúi því að það hefði ekki reynst vandkvæðum bundið að fá mann í þetta starf ef leyfið hefði verið veitt.

Þá er það spurningin: Hvað er það sem er svo athugavert í þessari málsmeðferð að leiðir til þess að við átta hv. alþm. úr öllum flokkum Alþingis utan einum flytjum frv. til þess að leitast við að leysa þetta mál? Orsökin er vitaskuld sú að við teljum að þarna hafi verið farið að í þessum efnum þannig að það sé í raun óviðunandi.

Nú má vel vera að það eigi að synja um leyfi til slátrunar í einhverju sláturhúsi, en það á ekki að byrja á að teyma menn til þess í fyrsta lagi að leggja í kostnað við lagfæringar á sláturhúsi sínu og að því er virðist halda þeim í óvissu í tiltekinni von um að leyfi kunni að verða veitt, ef einhver dýralæknir skyldi nú fást til að fara vestur á Bíldudal, alveg fram undir veturnætur og herða svo að þeim hengingarólina. Ef það var staðfastur ásetningur hæstv. ráðherra og þeirra aðila annarra sem um þessi mál fjalla að þarna skyldi leyfi ekki veitt átti vitaskuld að segja það hreint út þegar á miðju sumri, ekki síðar. En með þessum vinnubrögðum er í fyrsta lagi búið að teygja menn til þess að leggja í kostnað við lagfæringar á húsi sem kannski hefur aldrei verið ætlunin að fengi leyfi á þessu hausti og í öðru lagi að halda mönnum þannig uppi á snakki að þeir fresta því fram undir veturnætur að slátra fé sínu. Það þekkja a.m.k. ýmsir að því getur fylgt tjón og erfiðleikar sem ómældir kunna að vera. Þessi málsmeðferð er með þeim hætti að mér sýnist að tilefni sé til að flytja nokkuð óvenjulegt frv. á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það sem hér hefur verið sagt í umræðum. Það hefur verið m.a. af hæstv. ráðherra að því vikið að við þurfum að vanda meðferð sláturafurða og eigum mikið í húfi fyrir okkar markað o.s.frv. og allt er það út af fyrir sig rétt. En það er nokkuð langt seilst þegar látið er að því liggja að við eigum á hættu að kollvarpa erlendum markaði, jafnvel innlendum, við það að veita leyfi fyrir slátrun á 3000 kindum vestur á Bíldudal. Og að þau sem mér sýnist að kynnu að vera um 50 tonn hjá húsi sem að sjálfsögðu hefur ekki útflutningsleyfi hafi einhver áhrif á erlendan markað fyrir dilkakjöt, það er hrein fásinna. Ræðuhöld um þetta efni eru auðvitað bara til að æfa sig á, en hafa ekkert hagnýtt gildi annað. Þess vegna þarf hæstv. ráðherra ekkert að segja okkur frekar um þessa hluti. Það er líka rangt að með þessu sé verið að stilla upp einhverju sérstöku fordæmi í lagasetningu á hv. Alþingi. Með þessu er aðeins verið að víkja að meðferð þessa tiltekna máls og leitast við að leysa vanda þess fólks sem sætt hefur þeirri meðferð af hálfu framkvæmdarvaldsins sem ég hef hér rakið og var rakið af mörgum ræðumönnum í gær.

Ég ætla að láta hjá líða að gera heiður eða skömm Kvennalistans að umtalsefni, sbr. ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur áðan. Kvennalistinn hlýtur vitaskuld að ráða sínum málflutningi. En við sem erum ýmsir hverjir búnir að vera hér langa tíð og teljum okkur vera fulltrúa strjálbýlla héraða, fólks, sem stundum á í erfiðleikum með að sækja undir framkvæmdarvaldið og embættismenn þess, munum ekki skammast okkar fyrir að taka upp hanskann í slíku máli og leitast við að fá í þessu máli í þetta skipti úrslit sem leysa vanda þess fólks sem þarna býr og sem þarna þarf að slátra sínu fé.

Hæstv. ráðherra sagði í dag að tiltekin lausn væri möguleg. Ég skal ekkert um það mál segja. En hvers vegna gat slík lausn þá ekki verið til staðar fyrir löngu og hvers vegna gat ekki slík lausn verið til reiðu á miðju sumri áður en þeir Bílddælingar fóru að leggja í kostnað við það að lagfæra sitt sláturhús?

Ég held, herra forseti, að ég hafi þessi orð ekki fleiri. Ég vísa á bug fordæmisgildi um almenna lagasetningu sem hér hefur verið haldið fram að þetta frv. væri. Ég vísa því einnig á bug að hér sé um óeðlileg vinnubrögð að ræða. Ég segi það sem mín lokaorð að orsök þessa frv., sem auðvitað hefði verið æskilegt að komast hjá að flutt væri, hefur verið meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli sem hefur komið niður á því fólki sem þarna á hlut að máli.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um óvenjulegt frv. að ræða.

Í fyrsta lagi eru formgallar á frv. og það ber með sér að það er samið í geðshræringu og flutt í bráðræði. Grg. hefst þannig: „Á fundi í sameinuðu þingi í dag, 20. október." Það er eins og heimsendir sé að koma, eins og það komi enginn dagur eftir þennan. Í dag, 20. október! Nú er samt kominn 21. október og það er strax í áttina. Ég hef aldrei séð svo til orða tekið í þskj.

Það er nú ekki einasta að þetta sé sérkennilegt orðafar og ekki þinglegur stíll og er reyndar undur að svo þingvanir menn sem fyrir þessu standa skuli láta þetta henda sig. Það sem er þó verra og miklu verra er að meining frv. er röng. Það er óeðlilegt að grípa fram fyrir hendur á yfirdýralækni og ráðherra með þeim hætti sem hér er lagt til að gert verði. Og það er enn þá ískyggilegra fyrir það að fyrrv. heilbrrh. stendur fyrir þessu.

Mér finnst að hér sé um mikið alvörumál að ræða og ég vil vísa á bug fúkyrðum sem hafa verið látin falla í umræðum í gær. Ég verð að segja að þegar ég las þetta á prenti, þegar ég las það aftur sem menn höfðu verið að segja hér, ofbauð mér alveg.

Hv. þm. Matthías Bjarnason segir að yfirdýralæknir hafi sýnt fádæma óbilgirni og vægast sagt sé hér um misbeitingu valds að ræða. Hann talar um „dýralæknismafíu" o.fl. Þó tekur nú fyrst steininn úr þegar vinur minn Eyjólfur Konráð Jónsson, hann er 8. þm. Reykv. nú um stundir, tók til máls. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef ég segði allan sannleikann um viðureign skagfirskra bænda við SÍS-veldið á þeim tíma mundi enginn maður trúa mér og segja að ég væri ofstækisfullur ofbeldismaður sem væri að fara með lygasögu."

Ég veit töluvert um þessa viðureign Eyjólfs við skagfirska bændur því að það er alls ekki að skagfirskir bændur hafi verið að berjast við SÍS-veldið. Og mér finnst satt að segja að vinur minn sé ofurlítið ofstækisfullur þó hann sé ekki ofbeldismaður, þó hann hafi einu sinni handleikið hrút, og ég er ekki að segja að hann fari með lygasögu, en stundum verður honum samt fótaskortur á tungunni.

Hann talar um landbúnaðarmafíu og „þessum mönnum er stjórnað af þessari mafíu enn þann dag í dag". Og svo fær hann hugljómunina og segir:

„Ef hæstv. landbrh. skortir einhverjar lagalegar heimildir er áreiðanlega nægilegur meiri hluti í hv. Alþingi til að afgreiða þau lög sem hann telur skorta í dag í gegnum báðar deildir með öllum afbrigðum. Það er ég sannfærður um", og þarna er nú komin hugsunin á bak við lögin.

Ég sé ástæðu til að mótmæla harðlega þessum ummælum þeirra Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Matthíasar Bjarnasonar í umræðum í gær. Það er og reyndar spurning hvort hæstv. forseti hefði ekki átt að víta svona orðbragð.

Ég tel að það sé mikið óyndisúrræði að flytja svona frv. Hverjar eru svo ástæðurnar fyrir því að yfirdýralæknir vildi ekki veita þessu húsi undanþágu? Hann hefur gert grein fyrir því með bréfi sem dreift var í þinginu í dag. Því miður virðist fyrir handvömm ekki hafa borist eintak af því í hendur hv. 1. flm. Matthíasar Bjarnasonar. Yfirdýralæknir tínir til nokkra punkta, sem ég held að sé óhjákvæmilegt að komi inn í umræðuna, sem hann byggir sitt viðhorf á. Neitun hans byggist á því viðhorfi og ætla ég, með leyfi forseta, að lesa úr þessu bréfi:

„Húsið er gamalt og lélegt. Það batnar" — og hér er hann að tala um sláturhúsið á Bíldudal að sjálfsögðu — „ekki að ráði þótt klætt sé yfir veikleika og óhreinindi. Slíkt getur jafnvel gert illt verra. Þetta hús er alls ekki byggt sem sláturhús eftir teikningum svo sem skylt er um þá staði. Reynt var fyrir fáum árum að loka þessu húsi vegna vanbúnaðar og óvissu með vatn. Fyrirgreiðsluliðið fór af stað og spillti þeirri hagræðingu. Þá var því lýst yfir að frekari undanþága yrði ekki gefin. Það var tekið fram í sláturleyfi. Sláturleyfi síðan hafa verið nokkurs konar neyðarleyfi með undanþágu vegna þess að ekkert skárra var að hafa."

Í máli hv. 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar hefur komið fram að á sl. hausti var slátrað þarna leyfislaust. „Slíkt er ekki lengur fyrir hendi. Í viðráðanlegri fjarlægð, þ.e. 30 km, er hús sem byggt er sérstaklega sem sláturhús, að vísu ekki fullkomið en aðstaða þar viðunandi og unnt að koma við fullkominni heilbrigðisskoðun. Vatnið er gott og búnaður þokkalegur. Aðgerðir nú koma því engan veginn á óvart. Þær eru ekki byggðar á persónulegri óvild eins eða neins heldur því grundvallaratriði að neytendur eigi aðeins skilið það besta sem völ er á og þeirri lagaskyldu, sem lögð er á dýralækna að tryggja, að vinnslustaðir fyrir matvæli séu vel búnir og þannig að verki staðið að almenningi stafi engin hætta af því sem þaðan kemur."

Síðan segir að húsið sé „óafgirt og engin aðstaða til að fylgjast með umferð að og frá, frágangur úti ófullkominn, kalt vatn hefur dæmst óhæft vegna saurgerlamengunar, klórblöndun á vatni er ótrygg og neyðarráðstöfun sem ekki er gripið til að þarflausu. Klórblöndun á vinnsluvatni bætir ekki kjötið. Menn ættu líka að hugleiða hvað gerðist með afurðirnar ef klórtækið bilar. Heitt vatn hefur verið af skornum skammti að sögn dýralækna sem starfað hafa í þessu húsi. Ekki er vitað til að breyting hafi orðið á þessu. Skolplögn nær ekki út fyrir stórstraumsfjöru og þar sem ekki liggur fyrir að rottum hafi verið útrýmt á Bíldudal eða girt fyrir að þær slæðist þangað er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að niðurföll eru ekki rottuheld. Frárennsli hafa raunar verið ótrygg og hafa stíflast stundum í sláturtíð. Slátursalur, líffærasalur og klefi til aðskilnaðar meltingarfæra eru engan veginn í samræmi við lög og reglur. Allt er illa aðskilið og ófullkomið.

Innréttingar eru að hluta til úr þeim efnum sem ekki er unnt að þrífa svo að vel sé, hvað þá að sótthreinsa þegar ekki er einu sinni nóg heitt vatn. Aðstaða til handþvotta er léleg að dómi héraðsdýralækna."

Ég nenni ekki að þreyta þm. með að lesa allt þetta bréf, en það eru ítarlega talin upp mörg fleiri atriði sem eru rökstuðningur fyrir því af hverju þessi embættismaður hefur ekki viljað fallast á að veita þetta leyfi. Og ég tek þær gildar. Ég tek mér ekki það vald að dæma þær ómerkar. Ég veit fyrir víst að hér er um samviskusaman embættismann að ræða og ég sé ekki ástæðu til þess að veitast að honum svo sem gert hefur verið og allra síst á vettvangi þar sem hann getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Mér finnst þetta fullkomið alvörumál og sem bóndi vil ég leggja sérstaka áherslu á hvað það er mikilvægt fyrir okkur bændur að vanda þá vöru sem við framleiðum. Neytendur eiga að geta treyst því að þeir séu að kaupa góða og óskemmda vöru af okkur. Fagþekking dýralækna á að vera sú trygging sem neytendur hafa fyrir því að þeir séu að kaupa óskemmda vöru. Dýralæknar eru m.a. menntaðir til að meta heilbrigði sláturdýra og dæma um kjöt.

Ég met að sjálfsögðu dægurlagasöngvara mikils og ég dáist að hestamönnum, en ég treysti þó enn þá betur á fagþekkingu dýralækna við að skoða sláturafurðir. Það þarf dýralækna til að skoða kjöt. Ég verð að viðurkenna að mér finnst hins vegar dýralæknar taka óþarflega mikið fyrir það að skoða kjötið. Prísar þeirra eru allt of háir og þeir gætu gert þetta fyrir minni þóknun. En þeirra þekking er hins vegar nauðsynleg til þessa starfs og búvöruframleiðendur verða að gæta sín og leggja sérstaklega ríka áherslu á það að framleiða holla vöru.

Við höfum á undanförnu sumri allt síðan um fermingartímann í vor öðru hverju verið minnt á að öll búvara er ekki holl. Salmonellusýkingar hafa komið upp hvað eftir annað í kjúklingum. Læknisskoðun á kjúklingum er mjög ábótavant og mjög nauðsynlegt að bæta þar úr ef menn ætla ekki að setja alla kjötframleiðslu í hættu. Auðvitað verður að skoða kjúklingana af dýralækni eins og annað kjöt.

Ég ber fyllstu virðingu fyrir hagsmunum bænda í Arnarfirði og ég tel að það beri að tryggja þá. Og þeir hafa raunar verið tryggðir svo vel sem stjórnvöld geta. Framleiðsluráð er búið að útvega sláturhús á Patreksfirði í 30 km fjarlægð. Það er ekki lengra frá Bíldudal til Patreksfjarðar en frá Höllustöðum á Blönduós og ekki verður mér neitt óglatt af að flytja lömbin mín þá vegalengd. Ég kenni ekkert í brjósti um þá frá Bíldudal. Arnfirðingar geta slátrað í sláturhúsinu á Patreksfirði sjálfir á eigin ábyrgð með þeim hætti sem þeim kann að þóknast á tiltölulega nothæfum stað og ég sé ekki betur en að hagsmunir þeirra séu með því móti tryggðir. Ég skil ekkert í því af hverju mennirnir vilja ekki taka þennan kost því mér þykir þetta skynsamlegur kostur.

Það er mikilvægt að reyna að halda sláturkostnaði niðri og skipuleggja slátrun sem best. Það hefur komið fram að hér er einungis um 3000 fjár að ræða, þ.e. eins og dags slátrun í sæmilega stóru sláturhúsi. 3000 fjár standa ekki undir þeirri fjárfestingu sem útheimtist í húsabótum á sláturhúsi og standa ekki undir vel búnu sláturhúsi.

Ég er sammála hv. 2. þm. Norðurl. v. um að það hefði verið heppilegt að gera Arnfirðingum grein fyrir því fyrr að húsið væri ekki nothæft og ég tel að það sé ámælisvert í meðferð þessa máls, en ég tel að það sé mesta mildi að ekki varð að slysi að þeir slátruðu í leyfisleysi í fyrra. Neytendur verða að geta treyst því, þegar þeir kaupa kjöt hér í Víði, að það sé læknisskoðað og það sé hollt. Þeir verða að geta treyst því að dilkakjöt sé heilbrigt og þar séu ekki sjúkir skrokkar í bland. Neytendur hafa tekið sénsinn varðandi kjúklingakjötið. Framleiðendur kjúklingakjöts hafa tekið sénsinn að láta ekki læknisskoða kjötið og við þekkjum hvernig þau mál eru komin. Ég held að það sé mjög brýnt að bæta eftirlit fremur en að draga úr því.

Að lokum nokkur orð um virðingu Alþingis. Ég tel að þjóðin ætlist til annars af okkur en að við séum að þvarga hér dag eftir dag um slátrun á Bíldudal. Við höfum mörg enn þá þýðingarmeiri mál um að tala. Þó er það lítilvægt á móti hinu að ég tel að það væri ekki góður vitnisburður fyrir löggjafarstörf Alþingis ef þetta frv. yrði að lögum.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég harma þær umræður sem hér fóru fram í gær um þetta mál. Ekki það að menn skyldu hefja á Alþingi umræður um slátrun á Bíldudal heldur hitt með hverjum hætti menn fóru orðum um þetta mál. Ég held að landsmenn hljóti að hafa verið felmtri slegnir þegar þeir heyrðu ummæli sumra þm. í Ríkisútvarpinu í gær um þetta mál. Ummæli þm. um dýralæknamafíur og aðrar mafíur færa auðvitað þjóðinni heim sanninn um að sumir þm. láta hér í tilfinningahita falla orð sem þeir eru engan veginn menn til að standa við og vita tæpast hvað þeir eru að tala um. Ég held að það komi ósjálfrátt í hugann sú hugsun að þeir menn hljóti að hafa slæman málstað sem þannig haga málflutningi sínum. Það er enginn vafi á að í umræðunum í gær setti virðingu Alþingis niður.

Allar þær upplýsingar sem ég hef og hef getað aflað mér benda til þess að starfandi yfirdýralæknir, Sigurður Sigurðarson, sé mjög hæfur, öruggur og samviskusamur maður í sínu embætti. Hann hefur auðvitað ákveðnar reglur og ákveðin lög að starfa eftir og honum ber skylda til að fara eftir þeim. Það hefur hann verið að reyna að gera. Ég segi fyrir mig sem neytandi hér í Reykjavík að ég geri þær kröfur til yfirdýralæknis að hann fari eftir þeim reglum um heilbrigðiseftirlit varðandi slátrun og matvörur.

Ég held að menn ættu aðeins að leiða hugann að því að koma að þessu máli frá öðru sjónarhorni. Setjum nú svo að yfirdýralæknir hefði orðalaust heimilað slátrun á Bíldudal og setjum svo að eitthvað hefði nú komið upp, annaðhvort vegna vatnsins eða annarra aðstæðna sem yfirdýralæknir gerir grein fyrir á því blaði sem hv. þm. Páll Pétursson las

upp að hluta, setjum svo að eitthvað hefði komið fyrir, einhverjir hefðu fengið magakveisu eða þaðan af verra. Mér kæmi ekki á óvart að jafnvel þeir sömu þm. sem veitast að yfirdýralækni í dag og í gær fyrir hans störf hefðu verið ansi fljótir upp og kennt honum um að sláturleyfi hefði verið veitt við slíkar aðstæður. Það er oft auðvelt að áfellast aðra.

En ég held að það hljóti að vera alveg ljóst að við hér á Alþingi getum ekki tekið að okkur heilbrigðiseftirlit á Bíldudal. Alþm. hafa skipað þessum málum á ákveðinn hátt með reglum og lögum, hversu fram skuli fara. Það hefur verið gert vegna þess að menn hafa talið þá skipan eðlilegasta. En að alþm. sitjandi inni í þessum sal, fjarri hinu líðandi og stríðandi lífi á Bíldudal, sumir kannski aldrei komið til Bíldudals hvað þá heldur að þeir séu kunnugir aðstæðum í sláturhúsinu á Bíldudal, eigi hér þvert ofan í álit sérfræðinga að fara að veita heimildir til slátrunar á staðnum! Ég verð að játa að allur þessi málflutningur kemur mér afar spánskt fyrir sjónir.

Við höfum stundum talað um það hér að Ísland ætti að verða matvælaframleiðsluland í framtíðinni. Auðvitað verður það aldrei nema við gerum harðar gæðakröfur, harðar kröfur um eftirlit, heilbrigðiseftirlit og annað sem þar að lýtur. Og kröfur sem hér hafa komið fram í málflutningi sumra manna sem að þessu máli standa um hraðan gang í gegnum þingið sýna sömu hugsunina og það offors sem komið hefur fram í málflutningi þessara manna. Í rauninni hefði verið réttast að vísa þessu máli frá Alþingi. Alþingi er ekki, þó virðulegt sé, í nokkurri stöðu til að taka að sér dómsvald í þessu máli. Menn vilja kannski ganga svo langt á Alþingi að fara að opna kjúklingasláturhús þó að þar hafi komið upp salmonella eða annað slíkt og leggja niður heilbrigðiseftirlit með þessum stöðum.

Ég er ekki sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að þetta mál sé einfalt og skýrt. Ég held að það geti ekki verið það fyrir alþm. sitjandi inni í þessum sal. Þetta er miklu flóknara hvort sem menn líta til frágangs húss, aðstæðna á staðnum, vatnsins eða annars slíks. Ég verð að játa að mér kemur spánskt fyrir sjónir að 1. flm. að þessu frv. skuli vera fyrrv. heilbrmrh. íslenska lýðveldisins. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir og þó ekki síður sá málflutningur sem felst í þeirri samsæriskenningu, sem mér finnst hann vera að leggja áherslu á í sínum málflutningi, að hugmyndin að baki þessu sé e.t.v., hann orðaði það einhvern veginn þannig, að þetta hús eigi að drepa. — Þetta hús eigi að drepa! Hvað eru menn að fara með svona málflutningi inni á Alþingi? Hvað eiga menn við? Ja, margur hyggur mig sig. Hverjir hugsa þannig? Ég skil þetta ekki eða þá orð á borð við það að rannsókn þurfi að komast af stað á því hvernig að þessum málum sé staðið. Hvað eiga menn við? Við erum hér með upplýsingar frá starfandi yfirdýralækni um ýmis atriði þar sem tekið er fram að þau séu engan veginn í samræmi við lög eða reglur og það segir í þessari grg., með leyfi forseta:

„Það er ekki að ástæðulausu að héraðsdýralæknar, sem skoðað hafa þetta hús, hafa verið samdóma í áliti sínu og leggja gegn því allir sem einn að þessi vandræðaaðstaða verði notuð lengur til matvælaframleiðslu.“ — Allir sem einn!

Síðan koma menn með það fyrir Alþingi Íslendinga að þingið, statt í Reykjavík, vitandi ekkert um þessar aðstæður, fari að greiða atkvæði um hvort sláturleyfi eigi að veita á Bíldudal.

Ég tel alveg fráleitt að Alþingi Íslendinga taki í slíku máli sem þessu fram fyrir hendur á réttum heilbrigðisyfirvöldum, fjarlægt staðnum og án þess að þekkja aðstæður. Ég treysti því að þetta frv. verði fellt í þinginu.

Guðni Ágústsson:

Forseti. Hér er búið að segja mörg orð í þessu máli. Ég tek undir með þeim hv. alþm. sem telja að virðingu Alþingis sé stefnt í voða með flutningi þessa lagafrv. Til hvers eru lög sett? Þau eiga að vera heildarrammi en ekki sett í þágu sérhópa. Það er öðrum falið að framfylgja lögunum. Hvers vegna skyldi Alþingi setja lög, sérlög, um slátrun á Bíldudal? Það væri fáránlegt. Hvaða gáttir eru menn að opna á hinu háa Alþingi? Ég fæ ekki séð að það bæti framkvæmd laga að landbrh. fái heimild til að ganga gegn vilja þeirra sem eiga að bera samkvæmt lögunum ábyrgð á heilbrigðiseftirliti, bera ábyrgð á þeirri vöru sem fer á markað til neytenda, eru nokkurs konar öryggisverðir á milli bændanna og neytenda. *Ég er undrandi á hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni* fyrrv. heilbrmrh. Hverju er hann að bjóða heim? Látum vera þó að ungliðar í liði þm. láti plata sig inn á að flytja slíkt frv., en einn elsti og reyndasti þm. þessarar samkomu flytur slíkt frv. og hv. þm. og fyrrv. landbrh. lætur hafa sig í að skrifa nafn sitt á þetta plagg.

Ég vil enn fremur segja að hv. þm. Matthías Bjarnason hefur verið mikill baráttumaður heilbrigðismála. Hann hefur verið sá maður sem hefur leitt Hollustuvernd ríkisins af stað og þar jafnan staðið í fylkingarbrjósti til að verja hagsmuni neytenda og verið prýði að honum í því starfi. Því harma ég það að í hita leiksins skyldi þessi ógæfa henda hv. þm.

Það kann að vera að einstakir embættismenn í störfum hjá ríkinu gerist brotlegir í störfum sínum. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það í þessu deilumáli. En sé hægt að sanna að slíkt eigi sé stað á að sækja slíka embættismenn til saka eftir réttum leiðum en ekki setja lög til þess að komast fram hjá þeim.

Landbúnaðurinn og bændastéttin auka ekki líkur á sölu á afurðum sínum, eins og hér hefur verið sagt, fari stéttin sem slík að standa í slag við heilbrigðisyfirvöld í hverju máli. Við skulum minnast þess að það háa Alþingi sem sat 1966 samþykkti þau lög sem hér er starfað eftir hvað slátrun varðar. Þá var landbrh. Ingólfur heitinn Jónsson. Ég hygg að hv. þm. Matthías Bjarnason hafi stutt þessa lagasetn-

ingu þá. Þeir lögðu það enn fremur til að næstu 16 árin hefðu menn tækifæri til að laga og endurbyggja öll sín sláturhús. Þeim voru gefin 16 ár til að byggja sláturhúsin upp og aðlaga þau að þeim kröfum sem þessi stofnun lagði til. Þeir gáfu þeim 16 ár. Nú eru fimm ár síðan allar undanþágur áttu að vera úr sögunni, en á hverju sumri hefur framkvæmdarvaldið gefið undanþágur á þetta hús og fleiri og það hefur verið veitt. Til hvers er lagastofnun ef hún starfar með þessum hætti?

Ég tel að þessum „Eyjólfshúsum" beri að fækka og ég hvet landbrh. til þess að í heild sinni verði tekið á þessu máli og ég tek undir þau ummæli að það eigi að liggja fyrir hinn 1. september ár hvert og eigi síðar hvaða hús megi slátra sauðfé.

Ég vil, hv. þm., eins og margir aðrir vara við þessu frv. og hvet menn til að opna ekki þær gáttir sem þeir hafa hér gert tilraunir með. Þetta þing á að minnast þess og það á að vera nokkurs konar bjöllu-hljómur löggjafarsamkomunnar. Ef við slítum í sundur lögin, þá munum við og slíta í sundur friðinn. Ég tel þess vegna að menn eigi ekki í þessu máli að fara svona að heldur eigum við að hverfa frá þessari umræðu og hvetja til að þetta mál fái þá farsælu úrlausn sem kom fram í máli hæstv. landbrh. í dag. Ég tel að Alþingi eigi að láta linna þeim umræðum sem hér hafa verið í gangi, tel að það hafi ekki verið löggjafarstarfinu til sóma og harma þær umræður.

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég tek undir með 1. flm. frv. Þetta er óyndisúrræði og mundi ekki hafa verið til þess gripið ef lausn hefði fengist á annan hátt. Enn þá veit ég að möguleiki er kannski á lausn og ég vona að hún fáist.

Það kom fram fyrr í dag að það var vísað til flm. þessa frv. og reynslu þeirra af dýralæknum. Í því sambandi vil ég sérstaklega taka fram að ég hef enga reynslu af dýralæknum aðra en góða og ég tel að þó að í þessu máli hafi orðið eitthvað á sé fyrst og fremst um það að ræða að mínu mati að hér vantar samræmi í aðgerðum. Ég krefst þess af dýralæknum eins og öðrum að þeir séu sjálfum sér samkvæmir. Það er búið að tala mikið og það er búið að tala fjálglega um ástand þessa tiltekna húss. Það hefur ekki verið talað um ýmis önnur hús og kannski er eins gott að við séum ekki að því. En ég fer fram á að það sé samræmi í aðgerðum og samræmi í búnaði þeirra húsa sem sláturleyfi hafa fengið og hafa og sláturleyfi fyrir þetta hús.

Ég tel að það hafi verið rangt að farið og þessi vandi hafi skapast í ágúst í sumar. Ef ætlunin var að loka þessu húsi átti að segja það í ágúst. Þá átti að setja hnefann í borðið og segja við Bílddælinga: Þið fáið ekki sláturleyfi. Nei, þess í stað var þeim gefinn kostur á að bæta húsið svo hægt væri að eiga það til vara ef ekki yrði hægt að slátra á Patreksfirði. Þarna er ódrengilega að farið og þarna held ég að meinið liggi að verulegu leyti. Þessa ákvörðun, ef átti að loka húsinu, átti að taka í sumar. Þess vegna er svo komið að eftir að búið er að leggja þarna í kostnað við endurbætur er varla stætt á öðru en að heimila slátrun. Og ef ekki, þá spyr ég: Hver á að borga endurbæturnar? Ef þeir slátra á Patreksfirði, hver ætlar að borga þann kostnað sem búið er að leggja í við húsið?

Hins vegar eru þessi mál og þessi umræða kannski dæmigerð fyrir ástand sláturhúsa á Vestfjörðum sem því miður er ekki í nógu góðu horfi alls staðar. En það er eitt atriði sem mig langar að vekja athygli á því ég skil það hreinlega ekki.

Riðuveiki hefur komið upp á Vestfjörðum eins og víðar og bændum í Nauteyrarhreppi við Djúp er meinað að fara með sláturfé sitt yfir á Hólmavík til að slátra því að Hólmvíkingar vilja ekki fá það vegna riðugruns. Þeir verða að fara út á Bolungarvík. Í fyrra var lagt í milljónakostnað við girðingu á svæði í Vestur-Barðastrandarsýslu. Það var girt af hólf í Rauðasandshreppi og síðan voru girtir af Bíldudalshreppur núverandi, sem var Suðurfjarðahreppur að hluta, frá Barðastrandarhreppi. Það sem mér finnst óskiljanlegt í þessu er að þegar þessar aðgerðir hafa nýlega verið gerðar er samt ákveðið að flytja fé á milli þessara hólfa, flytja það frá Barðaströnd yfir á Patreksfjörð, úr Rauðasandshreppi yfir á Patreksfjörð, úr Bíldudalshreppi yfir á Patreksfjörð. Svo langt sem mín fátæklega þekking á riðuveiki nær og mér hefur verið sagt getur smit borist m.a. í fjárhúsum eða í grindum á gripaflutningabílum o.s.frv. Auk þess veit ég að menn fara með sitt sláturfé að hluta til heim. Þeir fara með afurðir heim. Ég get ekki meint annað en þarna sé veruleg hætta á smiti og raunar sýnist mér að þarna sé verið að ógilda þær varnaraðgerðir sem gripið var til með girðingunni.

Það hús sem um ræðir á Bíldudal hefur staðið við sínar skuldbindingar. Ég veit ekki hvort það er tilbúið að standa undir skuldbindingum við slátrun á Patreksfirði, það kann þó að vera, og þeim viðgerðum sem gerðar voru að kröfu eða eftir ábendingum þessara manna.

Það er fyrst og fremst þetta sem ég fer fram á, að fá samræmi milli þeirra húsa sem er slátrað í núna, t.d. á Bolungarvík og Flateyri, og húsanna á Patreksfirði og á Bíldudal, þarna séu samræmdar aðgerðir, samræmdar kröfur.

En ég tek undir að við eigum að bæta aðstöðu í sláturhúsunum okkar. Í bréfi yfirdýralæknis kom fram að jafnvel okkar bestu hús liggja undir ámæli frá erlendum aðilum. Það er vissulega umhugsunarefni. Þess vegna held ég að við eigum að bæta aðstöðuna, en við eigum að gera það á réttan hátt og réttlátan hátt, láta eitt yfir alla ganga. Ef við ætlum að loka sláturhúsi eigum við ekki að gera það vikuna áður en á að byrja að slátra. Við eigum að gera það helst árið áður þannig að menn viti nákvæmlega að hverju þeir gangi, þeim séu ekki gefnar neinar tálvonir. Þess vegna held ég að til að leysa þetta og losna frá þessu máli ætti yfirdýralæknir að fara vestur eða fá annan til að gera það, kanna húsið,

skoða aðstöðu og leggja sömu mælistiku á þetta hús og lögð hefur verið á önnur. Ef það yrði gert er ég ekki í nokkrum vafa um að sláturleyfið væri komið í höfn nú þegar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það mætti margt segja um það mál sem hér er á dagskrá og þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það hafa eins og oft áður fallið hér ummæli um „virðingu Alþingis". Ég heyri það býsna oft úr munni hv. þm. þegar þeir eru að andæfa gegn máli að nú sé verið að ganga gegn virðingu Alþingis. Það hefur verið sagt ítrekað í þessari umræðu.

Hvaða stofnun er Alþingi Íslendinga? Til hvers erum við hér ef ekki til að fylgjast með því sem er að gerast í landinu og þeim aðstæðum sem fólkinu eru skapaðar og til þess að bregðast við ef við teljum að framkvæmdarvaldinu hafi orðið á í messunni? Og þess vegna er þetta frv. hér flutt. Þess vegna stend ég að þessu máli með öðrum flm. að framkvæmdarvaldið hefur brugðist skyldum sínum. Hæstv. landbrh. hefur ekki tryggt það, sem honum bar í þessu máli, að það lægi fyrir á réttum tíma sanngjörn niðurstaða undirbúin í samvinnu við aðila þannig að það gerðist ekki, komið fram í vetrarbyrjun, að menn stæðu uppi með mál í hnút eins og það er í viðkomandi byggðarlagi á Bíldudal.

Það liggur fyrir að aðstæður í fjölmörgum sláturhúsum landsins standast ekki ýtrustu kröfur heilbrigðisyfirvalda og vantar þar býsna mikið á, því miður. Það liggur líka fyrir skýrsla um aðgerðir í þessum efnum að loka sláturhúsum vítt og breitt um landið og fækka þeim mjög verulega. Það getur verið að það komi til þess að slíkt verði framkvæmt. En slíkar ákvarðanir verður að undirbúa með eðlilegum hætti og þannig að ekki skapist styrjaldarástand á milli byggðarlaga eins og hér hefur orðið eða milli framkvæmdarvalds og eins byggðarlags í þessu tilviki.

Ég tel líka hvað varðar þær hugmyndir sem liggja fyrir um fækkun sláturhúsa eins og t.d. á Austurlandi, þar sem meiningin er á næstu fimm árum að loka níu sláturhúsum af tólf og sum þeirra ekki ýkjagömul og standast fyllilega kröfur, að þar sé í rauninni verið að fara ranga leið í þessum efnum, ekki til þeirrar hagræðingar fallna sem að kann að vera stefnt og alls ekki til þess fallna að vernda aðstöðu, atvinnuskilyrði og annað í viðkomandi byggðarlögum þar sem menn munar um hvað eina í þeim þrengingum sem sauðfjárræktin og þær byggðir í landinu sem stunda sauðfjárrækt standa frammi fyrir.

Hér koma framsóknarþm. einn eftir annan til að hlaupa undir bagga með hæstv. landbrh. Hv. þm. Guðni Ágústsson gerði það. Hv. 10. þm. Reykv., sem hefur víst aldrei á Bíldudal komið, lýsti hér áhyggjum sínum sem neytandi rétt eins og hann hefði það nokkurn veginn tryggt að hann fengi ekki saurgerla í kjötið ef þeir kæmu ekki frá Bíldudal, ef ekki yrði slátrað á Bíldudal. Hvers konar röksemdafærsla er þetta, hv. þm., sem hér er á borð borin? Það er fjöldi sláturhúsa í landinu sem stenst ekki ýtrustu kröfur um heilbrigðisaðstæður, fjöldi slíkra húsa. Hv. 1. þm. Norðurl. v. fór mikið að tala um salmonellur og kjúklinga og vildi fara að bera þessa hluti saman. Hann þyrfti að lesa sig til í líffræðinni eins og fleiri sem eru hér að fjalla um slíkt samhengi. Ég er ekkert að verja þá áhættu sem tekin er. Það er langt frá því. Mér dettur það ekki í hug. En ég krefst þess að það sé eitt látið yfir alla ganga í þessum efnum og það sé staðið eðlilega að ákvörðunum af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Ég flutti tillögu með hv. fyrrv. þm. Helga Seljan 1983–1984 varðandi sláturhús í landinu og úttekt á þeim. Ég rakti í umræðu utan dagskrár í gær þá samþykkt sem varð samþykkt Alþingis á grundvelli þessarar tillögu. Henni var breytt. Því miður var henni breytt af atvmn. þingsins, en þar var samstaða. Síðan er hún notuð af landbrn. til að setja á fót nefnd, og ekkert við það að athuga, sem kemst að þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir í sláturhúsaskýrslunni sem væntanlega verður kynnt þinginu og hæstv. ráðherra boðaði hér í gær, en ég vek athygli á tillögu okkar sem var í tveimur liðum.

1. Tryggður verði sem best rekstrargrundvöllur þeirra sláturhúsa sem nú standa lakast, m.a. með því að gera markvisst átak til þess að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo lengja megi nýtingartíma þeirra.

2. Sérstök áhersla verði lögð á að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé og ekki þurfi að ráðast í nýbyggingar. Sérstaklega sé þetta kannað þar sem sláturhúsavinna er snar þáttur í afkomu fólks í nágrenninu.

Ég þekki dæmin af Austurlandi þar sem þetta skiptir byggðarlögin máli og þar sem til koma annarleg sjónarmið, einnig manna sem eru dýralæknar en eru kannski í tvenns konar hlutverki, eru kannski stjórnarformenn í kaupfélaginu sínu og vilja knýja fram sameiningu til að bæta rekstrarstöðu væntanlega. Ég er hér að tala um Austur-Skaftafellssýslu. Ég hef ítrekað fjallað um það mál hér, sláturhúsið á Fagurhólsmýri, þar sem reynt er að knýja menn til þess að hætta slátrun í því húsi og flytja féð til Hafnar í Hornafirði þvert gegn eðlilegum rökum varðandi sauðfjárveikivarnir, þvert gegn slíkum rökum, þar sem Öræfasveit er eitt af örfáum svæðum í landinu þar sem sauðfjársjúkdóma hefur ekki gætt. Það eru ráð dýralæknis sem þarna er um að ræða að leggja þetta hús af. Það eru bæði varnarsjónarmið í sambandi við smitsjúkdóma í sauðfé og það eru líka félagsleg sjónarmið sem ráða afstöðu minni í því máli. Ég bendi á þetta hér vegna þess að það er samhengi á milli þessara mála. Við erum ekki að fara fram á að þetta verði látið standa lengi. Það er aðeins um núverandi aðstæður að ræða þetta ár. Það er nú allt og sumt sem hér er lagt til í frv. Síðan væntum við þess að á þessum málum verði tekið heildstætt í framhaldinu og af einhverjum myndugleika af framkvæmdarvaldinu þannig að

ekki þurfi að koma til slíkra óyndishnúta eins og orðið hefur í þessu máli.

Ég er satt að segja svolítið undrandi á þm. Kvennalistans að gera það að einhverju flokksmáli eða félagsmáli innanvert hjá sér að þetta frv. megi alls ekki fram ganga. Ég þykist vita að þessi niðurstaða sé til komin vegna þess að þær hafa ekki haft aðstæður til að setja sig inn í þetta mál eða önnur hliðstæð mál, hvernig þessi mál standa almennt á landinu. Þess vegna hafa þær gert þetta að sérstöku flokksmáli hjá sér. Þetta er ekki flokksmál í Alþb. Ég hafði ekki ráðrúm til annars en rétt að kynna þingflokksformanninum minn ásetning að verða meðflm. og hann hafði ekkert við það að athuga, en það er ekki flokksmál. En Kvennalistinn hefur gert þetta að sérstöku flokksmáli. Það er allsérkennilegt.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. þrátt fyrir allt, þrátt fyrir slóðaskap framkvæmdarvaldsins, reyni að nota nóttina og næstu daga til að koma þessu máli í viðunandi höfn þannig að það verði kannski óþarfi að taka þetta mál til 2. umr., en verði það ekki gert, verði þar ekki ráðin bót á hlýtur þingið að láta sig þetta mál skipta. Virðing Alþingis hefur oft staðið tæpt sjálfsagt í hugum ýmissa, bæði þjóðar og manna innan þings, en vegna þessa máls þurfa menn ekki að óttast að þingið setji niður.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það hefur verið komið víða við í ræðuflutningi, en það eru örfá atriði sem ég tel nauðsynlegt að víkja aðeins að.

Það hefur verið rætt um það af hverju Arnfirðingar hafi verið dregnir svo lengi á svari. Það var lesin upp dagsetning á því hvenær þeir fengu þessa skýrslu í sumar og samkvæmt frásögn þeirra sjálfra lá þegar fyrir að þeir mundu ekki geta bætt úr öllum þeim atriðum sem þar voru upp talin. Hins vegar hafa þeir óskað sífellt eftir því að það yrði athugað hvort ekki væri hægt að fá sláturleyfi ef eitthvað væri gert og skoðun að nýju. Þess vegna var settur héraðsdýralæknir beðinn að líta á þetta núna í haust aftur. Þá gerði hann enn athugasemdir og sagði eftir það að hann gæti ekki mælt með leyfi.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að ég hefði getað gefið út leyfi og síðan séð til hvort einhver fengist til að skoða. Til þess að ég gæti gefið út leyfið þarf að liggja fyrir að einhver vilji taka ábyrgð á því að slátrun geti farið fram á viðunandi hátt. Þetta er skýrt lagaákvæði og það þarf að liggja fyrir. Ég hygg að hv. 2. þm. Norðurl. v. sé mætavel kunnugt um að ástand þessa húss hefur verið þannig að þar hefur gjarnan verið gefið leyfi með því að það yrði aðeins til eins árs.

Hér var vikið að hættu á riðuveiki og að gefnu því tilefni vil ég láta þess getið, af því að ég veit ekki hvort öllum hv. alþm. er kunnugt um það, að riðuveikin er sá vágestur sem nú á síðustu árum hefur ógnað mest íslenskri sauðfjárrækt. Nú vonast menn til þess að með miklu átaki verði unnt að ná tökum á henni og halda henni algerlega niðri og vonandi útrýma henni. Það er ekki nokkur vafi að þær vonir eru einum manni fyrst og fremst að þakka, Sigurði Sigurðarsyni dýralækni. Hann hefur af mikilli einbeitni og atorku gengið í þetta mál og hefur haft trú á að árangur næðist þó að margir væru í miklum vafa. Því er hart fyrir mann sem hefur lagt á sig jafnmikið og Sigurður hefur gert að fá svo þær ásakanir sem hann hefur fengið fyrir þá samviskusemi sem hann hefur viljað sýna í þessu máli.

Hér var líka sagt að láta ætti það sama yfir öll hús ganga. En hvað er verið að gera með þessu frv.? Er ekki einmitt verið að taka eitt út úr? Og hvað á að segja við önnur hús ef það er komið með ábendingar um að þar þurfi að laga? Þeir geta sagt: Ja, það verða bara samþykkt lög á Alþingi fyrir okkur ef á þarf að halda. Þarna er komið út á svo hála braut, eins og ég sagði áður, að við sjáum ekki fyrir endann á því.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi um sláturhúsaskýrsluna. Ég sagði í gær að Alþingi mundi taka afstöðu til þess hvernig hún yrði notuð. Hún væri hjálpargagn til að móta stefnu í þessum málum fyrir framtíðina.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ítreka það, sem ég sagði hér fyrr í dag, að ég hygg að vænlegasti kosturinn í þessu máli sé sá að hæstv. landbrh. og hv. flm. þess frv. sem hér er til umræðu reyni að komast að samkomulagi um málið.

Ef hv. þingdeild heimilar að þessu máli verði vísað til landbn. deildarinnar mun ég gera það sem í mínu valdi stendur til að hraða því að málið fái þinglega meðferð. Ég mun boða fund í landbn. deildarinnar kl. 9 í fyrramálið og kalla til umsagnaraðila eins skjótt og er unnt og þannig reyna að ganga fram í því að málið fái skjóta meðferð eins og flm. hafa óskað eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

7. fundur, fimmtudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið að hv. 7. þm. Reykv. hefur óskað eftir umræðu utan dagskrár um Útvegsbankann. Það verður orðið við þessari ósk og er gert ráð fyrir að þessi umræða geti farið fram á tímabilinu milli kl. 3 og 4 á þessum

fundi, og fer umræðan fram samkvæmt fyrri mgr. 32. gr. þingskapa.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp til að ræða nokkuð framlagningu mála hér á hinu háa Alþingi. Nú hefur það gerst á stuttum tíma, á þeim tæplega tveimur vikum sem Alþingi hefur starfað, að tvö meiri háttar stjfrv., eða öllu heldur svokölluð stjfrv., hafa birst okkur á Alþingi með nokkuð sérkennilegum hætti.

Fyrst var það fjárlagafrv. sem kom með mjög sérkennilegum fyrirvörum einstakra þm., einstakra hæstv. ráðherra og jafnvel heilla þingflokka og þar á meðal var hæstv. landbrh. þannig sinnaður gagnvart frv. að hann gat í raun og veru eingöngu sætt sig við tekjuhlið þess eins og fram kom.

Í gær tók steininn úr, herra forseti, þegar á borðum hv. þm. birtist frv. um húsnæðismál, 47. mál á þinginu, frá hæstv. félmrh. og samtímis, jafnvel áður en frv. birtist á borðum alþm., fóru að heyrast í fjölmiðlum fyrirvarar af ýmsu tagi frá einstökum hv. þm. og jafnvel heilum þingflokkum stjórnarliðsins, ekki stjórnarandstöðunni heldur frá stjórnarliðum sjálfum. (**Forseti:** Forseta finnst orka tvímælis að þetta sé um þingsköp. Vill hv. þm. koma að því sem varðar þingsköp?) Ég hygg að ef virðulegur forseti hefði ögn meiri þolinmæði og ég kæmist aðeins lengra í máli mínu kæmi það skýrt fram að ég er að ræða um sjálf grundvallaratriði stjórnunar þingsins, þ.e. með hverjum hætti þingmál eru fram lögð, hvern svip þau bera, hvað þau heita þegar þau birtast á borðum alþm. Ég vil þá biðja virðulegan forseta að leiðrétta mig ef það er ekki tilefni til þess að spyrjast fyrir um þingsköp eða verkstjórn hér á þinginu og einnig að spyrja talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hvernig þeir hyggist haga verkum sínum og hvað þau þingmál, sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja hér fyrir í vetur, eiga að heita. Ef ég má, með leyfi forseta, halda ögn lengra áfram langar mig til að bera fram spurningar sem þetta varða.

Það sem ég tel alveg óhjákvæmilegt að fá botn í áður en þinghaldið heldur lengur áfram er hvort við þm. eigum að búa okkur undir það í framtíðinni að frv. sem birtast á borðum þingsins án þess að getið sé sérstaklega flutningsmanna — sem hefur venjulega haft þá merkingu, a.m.k. þann tíð sem ég hef verið hér, að þau hafa verið kölluð stjfrv. Við höfum fyrir okkur fordæmi um að einstakir ráðherrar hafa lagt fram í eigin nafni frv. og þá hafa þau haft aðra stöðu eðli málsins samkvæmt og allir hafa gert sér grein fyrir að þau hefðu ekki þá stöðu sem stjfrv. almennt gera, þ.e. að vera borin fram af allri ríkisstjórninni og væntanlega studd af þingmeirihluta ríkisstjórnarinnar. Þess vegna vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. forseta:

Hefur honum, hæstv. forsetanum, verið gerð grein fyrir því að upp sé tekin ný tilhögun, að hér sé komin á nokkur nýbreytni í sambandi við framlagningu mála af hálfu hæstv. ríkisstjórnar?

Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. sem verkstjórnanda ríkisstjórnarinnar: Er hér uppi nýbreytni? Ber að skilja það svo að ómerkt frv., stjfrv., hafi einhvers konar minnihlutastöðu eða séu einhvers konar einkafrv. viðkomandi ráðherra í hverju tilfelli? Það er mjög ankannalegt, herra forseti, svo að ekki sé meira sagt, að samtímis og stjórnarfrumvarp birtist á borðum þm. geri heilir þingflokkar eða einstakir þm. stjórnarliðsins grein fyrir miklum fyrirvörum, jafnvel lýsi beinni andstöðu við ákvæði í viðkomandi frumvörpum. Ég vil fá alveg hreint úr því skorið hvort þetta á eingöngu að miðast við þessi tvö frumvörp sem hafa verið lögð fram með þessum hætti, fjárlagafrv. og nú frv. um húsnæðismál, eða hvort þess er að vænta að önnur frumvörp af hálfu hæstv. ríkisstjórnar feli þetta í sér. Þá er nærtækast að spyrja hæstv. forsrh.: Er hér ekki um venjulega þingbundna meirihlutaríkisstjórn að ræða sem hann verkstýrir? Er hér upp tekinn einhver nýr háttur? Sitja e.t.v. í landinu þrjár minnihlutastjórnir, þ.e. minnihlutastjórnir stjórnarflokkanna þriggja hvers um sig og á það eftir að endurspeglast í framlagningu mála hér á þinginu?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sem svar við fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e. skal það tekið fram að ekki hefur verið færð í tal við forseta nein nýbreytni varðandi framlagningu stjfrv. Forseti lítur svo á að ekki sé heldur í verki um neina nýbreytni að ræða. Það varðar ekki þingsköp hver stuðningur er við einstök frv., hvort sem það eru stjfrv. eða önnur frv. eða hvaða fyrirvara einstakir þm. eða ráðherrar hafa við einstök frv. Það sem skiptir þingsköp er það hvaða form er á frv., hvort það er þmfrv. eða stjfrv. að formi til.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mótmæli því harðlega að hafðar séu í frammi almennar stjórnmálaumræður, eins konar eldhúsdagsumræður undir yfirskini umræðu um þingsköp. En vegna þeirra tveggja stjfrv. sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi í ræðu sinni skal ítrekað, eins og glöggt kemur fram á þskj. og ekki ætti að vefjast fyrir neinum, að þessi frv. eru stjfrv. í venjulegum skilningi þess orðs og án nokkurra undantekninga þar um. Hitt veit hv. þm. að það er engin nýlunda að frv. taka einhverjum breytingum í meðförum Alþingis. Það á ekki síst við um fjárlagafrv. að meðferð þess í þinginu leiðir ævinlega til einhverra breytinga og þar er ekki um neina nýlundu að ræða. Svo er um fjölmörg önnur frv. sem fá eðlilega meðferð og umfjöllun í nefndum þingsins. Það á jafnt við um stjfrv. sem önnur, en á því leikur enginn vafi varðandi þau tvö frv. sem hv. þm. gat um að hér hafa verið lögð fram stjfrv.

Ég ítreka að ég mótmæli því að upphafðar séu eldhúsdagsumræður undir yfirskini þingskapaumræðu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að rifja upp að þegar stjfrv. eru lögð fram í þinginu og fá meðferð er það svo að þau eru sett fremst á dagskrá deildafundanna og hafa þar forgang í umræðum. Stjórnarandstaðan hefur í raun og veru sætt sig við að svo sé.

Nú hins vegar stöndum við frammi fyrir þeirri nýbreytni af þessari þríeinu ríkisstjórn sem situr hér í landinu að hún er flytjandi frumvörp í dulbúningi stjfrv. Þetta eru í raun og veru ekki stjfrv. vegna þess að til þess að frv. geti heitið stjfrv. þurfa ríkisstjórnarflokkarnir að standa að þeim. Það liggur hins vegar fyrir með þessi tvö frv. sem ríkisstjórnin hefur af alkunnum dugnaði sínum komið hér fram fyrir þingið að það er stórkostlegur ágreiningur um þessi mál í öllum stjórnarflokkunum. Fjárlagafrv. er þannig að hæstv. landbrh. segir: Ég styð bara tekjuhliðina, ég er á móti gjaldahliðinni. Alvarlegar athugasemdir við gjaldahliðina þó að það sé hins vegar algengt að menn reyni að taka jafnt afstöðu til tekju- og gjaldahliða í frumvörpum eins og fjárlagafrv.

Hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. um húsnæðismál sem formaður þingflokks Framsfl. lýsir yfir að sé vandræðafrv. og að á því þurfi að gera verulegar breytingar. Hv. þm. Halldór Blöndal, orðvar að vanda, segir í fréttum sjónvarps og útvarps í gærkvöldi: Um þetta frv. er best að hafa sem fæst orð. Fæst orð hafa minnsta ábyrgð. Hann bætir síðan við: Sjálfstfl. hefur verulegar efnislegar athugasemdir við frv. Hér er alveg augljóslega um alveg nýja stöðu að ræða og það er nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að þess er ekki getið í greinargerðum frumvarpanna, sem væri eðlilegt að gera, að einstakir ráðherrar eða stjórnarflokkar hefðu fyrirvara í þessum efnum. Og það er nauðsynlegt fyrir stjórnarandstöðuna vegna áframhaldandi meðferðar mála hér á þinginu á þessum vetri að því verði komið á hreint hvað er stjfrv. og hvað er þmfrv.

Þetta er bráðnauðsynlegt til þess að þingstörfin, herra forseti, geti gengið eðlilega fyrir sig og ég veit að hæstv. forseti Sþ. vill gjarnan að svo geti orðið og ég er sannfærður um að stjórnarandstöðuflokkarnir allir eru tilbúnir að aðstoða forsetann eftir bestu getu í þeim efnum sem ekki mun af veita andspænis hinum sundurleitu stjórnarflokkum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hafa þrír hv. þm. kvatt sér hljóðs. Hér er ekki til umræðu annað en þingsköp. Þess er fastlega vænst að þm. haldi sér við að ræða þingsköp en efni ekki til almennrar stjórnmálaumræðu og stytti mál sitt.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þegar lögð eru fram stjfrv. sem krafist er að hafi forgang í meðferð mála á Alþingi og síðan er því samdægurs eða daginn eftir lýst yfir að þingflokkar ríkisstjórnarinnar standi ekki að frv. sé spurst fyrir um hvort um sé að ræða eingöngu stjfrv. að nafninu til eða ekki. Og það dugir alls ekki fyrir hæstv. forsrh. að segja að vegna þess að þetta heiti stjfrv. þá séu þetta stjfrv., einkum og sér í lagi ekki þegar hans eigin þingflokkur hefur forgöngu um að lýsa því yfir bréflega að hann styðji ekki annað meiri háttar frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram á Alþingi.

En það er ekki aðeins í þessum efnum, herra forseti, sem vafi leikur á um hvað eigi að teljast hlutdeild stjórnar hér á Alþingi og hvað stjórnarandstöðu. Í 11. gr. þingskapa stendur, herra forseti:

„Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis. Þeir hafa umsjón með eignum þess og fjárreiðum."

Hér var í upphafi þings sett upp í Alþingishúsinu ný tölvuvædd viðvistartafla þm. Hún er þannig útbúin að auk nafna þm. gefur hún upp hverju sinni hve margir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, kallaðir stjórnarliðar á töflunni, og hve margir andstæðingar ríkisstjórnarinnar, kallaðir stjórnarandstæðingar á töflunni, eru mættir í húsinu hverju sinni. Það hefur vakið athygli að hv. þm. Karvel Pálmason, sem lýsti því yfir opinberlega þegar þessi ríkisstjórn var mynduð að hann væri ekki í stuðningsliði þessarar ríkisstjórnar og mundi ekki starfa sem slíkur, er af forsetum þingsins flokkaður á þessari töflu sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og stjórnarliði. Ég vil þess vegna í framhaldi af þeim umræðum um stjfrv., en nauðsynlegt er að fá skýrt hvað þau eru hér á Alþingi, óska svara hæstv. forseta við því hvort leitað hafi verið heimildar hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni til þess að vera þannig flokkaður sem stjórnarliði opinberlega á hverjum degi í anddyri Alþingishússins og það tilgreint hvort hann er mættur sem slíkur eða ekki, og spyrja einnig formann þingflokks Alþfl., ef hann er hér staddur, hvort það sé samkvæmt tilmælum frá þingflokki Alþfl. sem hann er þannig flokkaður sem stjórnarliði þannig að hæstv. Alþingi viti ekki bara hvað eru raunveruleg stjfrv. og hvað ekki, sem er alveg nauðsynlegt, heldur einnig hverjir eru raunverulegir stjórnarliðar og hverjir ekki fyrst tekin hefur verið upp sú nýbreytni hér í Alþingishúsinu að tilkynna það á tölvuvæddri töflu á hverri mínútu þingtímans.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti lýsir undrun á þeirri spurningu sem hv. 5. þm. Reykn. leggur fram. Hann spyr hvort leitað hafi verið heimildar til þess að telja ákveðinn þm. í þeim flokki sem hann er í. Það hefur ekki verið gert. Forseti lítur svo á að þm. séu í þeim þingflokki sem þeir eru kjörnir fyrir nema þeir tilkynni annað formlega. Það er venja að slíkt sé tilkynnt formlega til forseta Sþ.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Út af ummælum síðasta ræðumanns vil ég taka fram að það er ekki hlutverk hv. varaþm. Ólafs Ragnars Grímssonar að halda saman stjórnarliðinu. Það getur skeð að hann fái það hlutverk að halda saman Alþb. Ég held að hann ætti að búa sig undir það. Við skulum sjá um stjórnarliðið.

Fram hefur komið að það hefur aldrei komið fram það fjárlagafrv. sem þm. hafa ekki vitað að þyrfti breytinga við í þinginu. Það eru sjálfsögð vinnubrögð að breyta fjárlagafrumvörpum. Það var ákveðinn fyrirvari frá einum fagráðherra um hans málaflokk við framlagningu þessa frv. Hann gerði það að tillögu sinni að sett yrði niður nefnd skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna til þess að leysa það mál og hnýta þá enda sem lausir voru og við erum farnir að vinna að því. Fjárveitinganefnd vinnur nótt og nýtan dag að fjárlögunum og ég er ekki í minnsta vafa um það að þetta fjárlagafrv. er auðvitað stjfrv. eins og önnur fjárlagafrv. hafa verið.

Hvað varðar húsnæðismálafrv. þá er það auðvitað stjfrv. líka. Þingflokkur framsóknarmanna heimilaði framlagningu þess, að vísu með fyrirvörum um breytingar. Ég ræddi það við ráðherrann og óskaði eftir því að við reyndum að koma saman plaggi sem við værum fullkomlega ásátt um sem hlyti þá stuðning stjórnarliðsins og þyrfti engra breytinga við í þinginu. Hæstv. ráðherra óskaði eftir að leggja frv. fram og reiknaði þá með breytingum á því í nefndum þingsins. Hún kaus þau vinnubrögð. Við höfðum ekkert við það að athuga, framsóknarmenn. Það er auðvitað stjfrv., en það kemur til með að þurfa að taka nokkrum breytingum í nefndum. Það er altítt að stjfrv. hafi verið breytt. Mikið lifandi ósköp höfum við breytt mörgum stjórnarfrumvörpum t.d. í fjh.- og viðskn. þingsins á undanförnum árum. Ég skil ekkert í mönnum að láta svona. Þetta er bara stormur í vatnsglasi.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það þó að spurningar vakni um þessa hluti og á ég þá ekki við þann fyrirvara sem ræddur hefur verið hér, sem lá fyrir frá hæstv. landbrh. áður en frv. til fjárlaga var lagt fram, heldur miklu frekar þær yfirlýsingar sem síðar hafa komið frá einstökum ráðherrum og aðstoðarmönnum þeirra, eins og í Tímanum í fyrradag og í DV í gær.

Frv. til fjárlaga er ekki frv. eins ráðherra heldur ríkisstjórnarinnar allrar. Allir ráðherrar standa sameiginlega að þeim tillögugerðum sem þar koma fram nema hvað varðar þann fyrirvara sem áður lá fyrir frá hæstv. landbrh. Aðrir ráðherrar hafa ekki haft neinn fyrirvara í sinni afstöðu. Það er rangt að kynna þetta mál eins og gert hefur verið af einstökum aðilum sem tillögur fjmrh. en ekki tillögur ríkisstjórnarinnar allrar. Þess vegna vil ég þakka hæstv. forsrh. fyrir það að hann hefur tekið afgerandi af öll tvímæli um það að þau mál sem ríkisstjórnin flytur eru stjórnarfrumvörp.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta útúrsnúning og rangfærslur sem hv. 7. þm. Reykv. viðhafði hér áðan og hafði reyndar gert áður um að ég styddi aðeins tekjuhlið fjárlagafrv. Ég gerði grein fyrir því í utandagskrárumræðu hér hvernig ríkisstjórnin varð sammála um að með skyldi fara skoðanamismun milli mín og fjmrh., um nokkra liði sem heyra undir landbrn., en í þessari umræðu dró hv. 5. þm. Reykn. í efa að ég styddi tekjuöflun ríkissjóðs. Af því tilefni sagði ég, eins og stendur hér í þingskjölum, „en ég styð tekjuhlið frumvarpsins og fjárlagafrv. að öðru leyti," að öðru leyti en þessum fáu liðum sem ríkisstjórnin varð sammála um hvernig með skyldi fara að komast að niðurstöðu um. Svo hamrar hv. 7. þm. Reykv. á að ég hafi sagt að ég styddi aðeins tekjuhliðina. En ég orðaði þetta svona beinlínis vegna þess að hv. 5. þm. Reykn. var áður búinn að draga í efa í umræðunni að ég styddi tekjuöflun ríkissjóðs. Ef málstaðurinn er ekki betri en þetta að það þurfi svona rangfærslur og útúrsnúninga þá er ekki von á góðu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að þessar umræður um þingsköp í nafni stjórnarandstöðunnar eru ekki í samráði eða með samþykki Borgaraflokksins. Við höfum ekki verið um það spurðir hvort þær ættu að fara fram.

En ég vil segja að frá stjórnarmyndun hef ég bent á þann grundvallarmun á stefnu þeirra þriggja flokka sem nú mynda ríkisstjórn. Framlagning áríðandi stefnumótandi frv. á þann hátt sem raun ber vitni, með fyrirvörum ýmissa stjórnarmanna og jafnvel hæstv. ráðherra, kemur borgaraflokksþingmönnum ekki á óvart.

Ég vil undirstrika það að við í Borgaraflokknum gerum ekki athugasemdir við framlagningu frv. stjórnarflokkanna né ríkisstjórnarinnar og alls ekki verkstjórn hæstv. forseta.

Við hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég segja að oftast nær, mig langar til að segja alltaf, er hann skemmtilegur og hressilegur þegar hann kemur í ræðustól, en frá mínum bæjardyrum séð er hér ekki um smástorm í vatnsglasi að ræða, ég held að það sé hávaðarok í vatnsbala á ríkisstjórnarheimilinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hvorki bar mig saman við né bað leyfis Borgaraflokksins til að ræða hér um þingsköp, enda mun það ekki venja. Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir það umburðarlyndi að leyfa að þm. skiptist á skoðunum og spyrji hæstv. ráðherra varðandi þetta efni, vegna þess að það snertir grundvallaratriði í meðferð mála hér á þinginu eins og fram hefur komið.

Ég hlýt að harma að hæstv. forsrh. svaraði jafn-

litlu til og hann gerði. Það hefði verið fróðlegt að heyra álit hæstv. núverandi utanrrh. og fyrrverandi hæstv. forsrh. á þessu nýja verklagi arftaka hans. En hvað um það. Það er einnig bagalegt að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér til staðar vegna þess að sá hæstv. ráðherra hefur haft uppi stór orð um þá fyrirvara sem aðrir stjórnarliðar hafa þegar boðað og lýst í fjölmiðlum við þetta húsnæðismálafrv. Nú stendur þannig á, herra forseti, að á morgun halda átta fjölmenn félagasamtök í landinu ráðstefnu um húsnæðismál. Þar er hæstv. félmrh. auglýstur með ávarp og sá sem hér talar á þar einnig að sitja fyrir svörum. Mér finnst það skipta máli með hverjum hætti frv. hæstv. félmrh. verður þar kynnt, m.a. vegna þess að úti í þjóðfélaginu bíða 4000 manneskjur eftir svörum með sín lánsloforð, bíða þangað til þetta frv. verður afgreitt. Það liggur fyrir. Það skiptir því miklu máli hvort þetta frv. hefur ótvíræðan þingmeirihluta og fer greiða leið í gegnum þingið eða hvort fyrirvarar heilla þingflokka í stjórnarliðinu valda því að það tefst mikið í meðförum. Við þessu er nauðsynlegt að fá skýr svör því hér eru miklir hagsmunir í húfi.

Ég verð svo að segja að útúrsnúningar hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns þingflokks Framsfl., Páls Péturssonar, eru varla við hæfi fyrir jafnmætan mann. Þeir eru varla við hæfi. Fyrst sagði hann: „Þetta eru auðvitað stjfrv.“, en síðan kom löng upptalning um þá fyrirvara og þau „en“ sem væru þar á eftir. Það að leggja fram stjfrv. með þessum hætti í upphafi þinghaldsins, áður en tvær vikur eru liðnar af þinghaldinu, það er alveg sérstakur hlutur. Menn hafa orðið fyrir því að undir lok þinghalds, á síðustu dögum fyrir þingslit að vori, hafa einstakir ráðherrar tekið þann kost að leggja fram frv. í eigin nafni vegna þeirrar stöðu sem uppi hefur verið í ríkisstjórn að um þau mál hefur ekki náðst samstaða. Ég hygg að hæstv. fyrrverandi menntmrh. á þeirri tíð, Sverrir Hermannsson, hafi brugðið á þetta ráð í eina tíð í síðustu ríkisstjórn. Þá lá málið ljóst fyrir. Það lá ljóst fyrir að ríkisstjórnin náði ekki saman um þetta frv. og það var kynnt með þessum hætti. En ég verð að segja að ef frv. almennt eiga ekki að endurspegla stjórnarstefnuna heldur boða eitthvað allt allt annað, þá er hér uppi nýbreytni, hvað sem menn segja. Þá er hér á ferðinni ný tegund af stjfrv. hvað sem hæstv. forsrh. segir.

Að lokum þetta, herra forseti, vegna þess að ég veit að virðulegum forseta er eins og ræðumanni annt um virðingu Alþingis, ég tel að þó að hæstv. ríkisstjórn sé laus í böndunum þá eigi vinnubrögð á Alþingi ekki að laga sig að því.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Undir yfirskini umræðna um þingsköp hafa hv. þm. Alþb. haft hér uppi útúrsnúninga og rangfærslur. Hæstv. forsrh. hefur tekið af öll tvímæli í þessu máli, hafi þau einhver verið, og gert skilmerkilega grein fyrir því að hér er auðvitað um stjfrv. að ræða enda þótt einstakir þm. kunni að hafa þar einhverja fyrirvara og hygg ég að það sé ekkert nýmæli heldur og hafi gerst ekki einu sinni heldur afar oft áður.

En vegna þess að hér var beint til mín einni fyrirspurn um flokkun þm. á upplýsingatöflu hér frammi þá greini ég frá því að auðvitað var það ekki borið sérstaklega undir mig. En varðandi það sem hann spurði sérstaklega um vil ég segja hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að Karvel Pálmason hv. þm., er í þingflokki Alþfl., og þingflokkur Alþfl. styður þessa ríkisstjórn.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Ég hefði ekki séð neina ástæðu til þess að bera fram þessa fsp. hér ef forsetar þingsins eða aðrir sem ákvörðun hafa tekið um eðli þessarar upplýsingatöflu hefðu ákveðið að flokka þm. eftir þingflokkum. Það hefði verið fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt. Það er hins vegar ekki gert í þessari töflu. Það eru engar upplýsingar gefnar í töflunni um fjölda þingmanna einstakra flokka sem hér eru staddir í húsinu. Menn eru ekki flokkaðir samkvæmt því. En það er búin til ný flokkun, opinber flokkun sem hver Íslendingur getur lesið hér í húsakynnum Alþingis, yfir stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur lýst því yfir opinberlega að hann sé ekki stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. Auðvitað er hann í þingflokki Alþfl. áfram, það vita allir menn. En ég tek mark á orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar og þar til hann hefur dregið þessa yfirlýsingu sína til baka, annaðhvort hér á Alþingi eða opinberlega, er ekki hægt að flokka hann sem stjórnarsinna. Ég tel þess vegna að svar hv. þm. Eiðs Guðnasonar sé ekki svar við minni spurningu því mér er fullkunnugt um að hv. þm. Karvel Pálmason er í þingflokki Alþfl. En hvort hann hefur gefið heimild til þess að hann sé flokkaður hér á hverjum degi opinberlega sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar finnst mér vera nauðsynlegt að fá svar við vegna þess að það á að sýna hverjum og einstökum þm. þá virðingu og menn eru kjörnir hér líka sem einstakir þm. og bera ábyrgð gagnvart samvisku sinni en ekki bara gagnvart flokkunum. Ég veit að hæstv. forseta er betur ljós en nokkrum öðrum manni sá einstaklingsbundni réttur sem einstakir þm. hafa lögverndaðan í stjórnarskránni og í þingsköpum. Og vegna þess að Alþingi hefur með þessum hætti tekið upp þann hátt að flokka Karvel Pálmason sem stjórnarþingmann, þá tel ég nauðsynlegt að það liggi ljóst fyrir gagnvart okkur öðrum hér hvort hann hefur gefið heimild til þess eða ekki.

Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum bæði til formanns þingflokks Alþfl. og ekki síður til forseta þingsins að hv. þm. Karvel Pálmasyni verði sýnd sú virðing að hann verði spurður að því sérstaklega hvort hann hafi veitt formlega heimild til þess að vera flokkaður hér daglega sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar. Og ef hann kveður nei við því þá verði þessari flokkun annaðhvort hætt á töflu þing-

sins eða hann verði færður yfir til stjórnarandstæðinga.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti mun ekki í neinu fara að óskum hv. 5. þm. Reykn. varðandi hv. þm. Karvel Pálmason. Hann lítur svo á að það sé óþarfi að vera með óbeðinn erindrekstur fyrir Karvel Pálmason. Hann getur sjálfur tjáð sig við forseta um það efni sem hér hefur borið á góma, ef honum þykir ástæða til.

Forseti vill ítreka það sem hann sagði í upphafi, hér hafa ekki verið umræður um eiginleg þingsköp. Hins vegar hefur forseti leyft að þessar umræður færu fram vegna þess að hér var rætt um þýðingarmikið mál og það var augljóst að þm. bæði úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu höfðu þörf fyrir að tjá sig um málið.

En það skal lögð áhersla á það að það er grundvallaratriði að forsetar láta sig ekki varða annað en form þingmála, ekki efni, og þar á meðal ekki hver þingstyrkur er á bak við hvert þingmál þegar fram er borið. Og á þeim grundvelli varðar þetta mál sem hér hefur verið rætt ekki þingsköp.

Blýlaust bensín, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Umhverfisfræðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska, frh. fyrri umr.

Þáltill. HJ og JúlS, 31. mál. — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Bann við geimvopnum, fyrri umr.

Þáltill. HG og GA, 3. mál. — Þskj. 3.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Fyrir rösku ári átti sér stað hér í Reykjavík fundur milli forustumanna risaveldanna tveggja. Sá fundur er mönnum í fersku minni og það hefur komið fram á því ári sem síðan er liðið að þar var lagður grunnur að þróun sem horfir til jákvæðrar áttar í afvopnunarmálum. Í dag ræða saman í Moskvu utanríkisráðherrar Bandaríkjanna George Shultz og Sjevarnadse utanríkisráðherra Sovétríkjanna um væntanlegan fund forustumanna þessara ríkja til þess að ganga frá samkomulagi um skammdrægar og meðaldrægar eldflaugar. Þetta er sannarlega jákvæð þróun og menn vona að margt eigi á eftir að fylgja.

Þar er einkum rætt um eyðingu 50% eða helmings af langdrægum eldflaugum risaveldanna, hinum svokölluðu strategísku eldflaugum, og það er von mannkyns, áreiðanlega almennings í löndunum, að það skref verði tekið fyrr en seinna. En þar eru hindranir í vegi, sem hafa komið fram og komu fram á fundinum í Reykjavík, gegn því að slíkt stórt skref yrði tekið og það eru áætlanirnar um geimvopn, það eru þær áætlanir sem Reagan Bandaríkjaforseti kynnti með stjörnustríðsræðu sinni 23. mars 1983 um áform Bandaríkjanna að koma upp vopnum úti í himingeimnum og verja til þess gífurlegu fjármagni á næstu árum.

Sovétríkin hafa til þessa haldið fast við að það sé skilyrði af þeirra hálfu fyrir því að eiga hlut að samkomulagi um fækkun langdrægra eldflauga að áætlunum um að koma vopnum fyrir úti í himingeimnum og tilraunum með slík vopn úti í geimnum verði hætt. Á það hefur ekki verið fallist af Bandaríkjunum og við sjáum ekki fyrir afleiðingarnar af þeirri þráhyggju sem birtist í afstöðu Bandaríkjastjórnar í þessu efni. Það er því fyllilega tímabært enn að flytja á hv. Alþingi till. til þál. um bann við geimvopnum, tillögu sem að stendur með mér hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. Þessi till. er svohljóðandi, herra forseti:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast

hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.

2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.

3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins."

Síðan þessi till. var hér til umræðu á hv. Alþingi hafa utanrmn. þingsins og þm. a.m.k. að hluta til fengið í hendur álitsgerðir frá Öryggismálanefnd sem starfar á vegum forsrn. með aðild þingflokka, e.t.v. allra, en kannski er þar aðeins um áheyrnaraðild að ræða hjá þingflokki Kvennalista og Borgarafl. Mér er ekki kunnugt um hvort þeir þingflokkar hafa fengið aðild að Öryggismálanefnd eins og Alþb. hefur stutt á vettvangi utanrmn. að yrði.

Inn á þennan vettvang hefur komið skýrsla Öryggismálanefndar til utanrmn. Alþingis um afvopnunarmál. Þar er í sérstökum kafla fjallað um geimvopn á átta blaðsíðum og ætla ég ekki að sinni að fara að vitna til þess sem þar kemur fram því að það er að mestu leyti samhljóma því sem kemur fram í annarri skýrslu sem ég hygg að hafi borist öllum alþm., skýrsla sem gefin er út sem sjötta ritgerð Öryggismálanefndar, samin af Albert Jónssyni, ber heitið „Geimvarnir, áætlanir risaveldanna og áhrif þeirra." Þetta er nýtt innlegg í málið og þegar það var rætt hér á síðasta þingi og þinginu þar á undan báru talsmenn þeirra flokka, sem í tvígang hafa ekki viljað styðja þessa till. um bann gegn geimvopnum, því við að málið væri svo flókið að þeir hefðu ekki sett sig inn í það og teldu ekki fært á því stigi að gera það nema lesa sig betur til. Það var meginrökstuðningurinn fyrir andstöðu þessara flokka fyrir því að hér á Alþingi yrði tekin afstaða gegn geimvopnum. Það væri fróðlegt að fá það fram hérna við umræðurnar, bæði frá talsmönnum þeirra flokka sem ekki hafa viljað vera aðilar að þessari till., það var að vísu ekki sérstaklega látið á það reyna nú, en það kemur væntanlega fram hjá talsmönnum þeirra hvort um breytt viðhorf er að ræða í þessum efnum, svo og hjá hæstv. utanrrh., hvert er viðhorf hans til þessara mála, hvort það hefur breyst frá því að þessi mál voru til umræðu á þingum áður.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna í smákafla úr skýrslu Öryggismálanefndar um geimvarnir þar sem er um að ræða ályktunarorð í niðurstöðum þeirrar skýrslu. Þar segir um áætlanirnar um geimvopn:

„Ef takmörkuðum vörnum verður komið upp virðast hugsanleg áhrif á stöðugleika gagnvirkrar fælingar risaveldanna verða neikvæð á heildina litið, jafnvel þótt takist að auka verulega óvissu andstæðingsins um ávinning af frumárás. Þá má efast um að takmarkaðar varnir séu nauðsynlegar í þessum tilgangi í ljósi þeirrar gífurlegu óvissu og áhættu sem nú þegar fylgir frumárás til að ná hernaðarlegum ávinningi. Loks hefðu varnir sérstök neikvæð áhrif fyrir samninga um fækkun kjarnorkuvopna vegna þess að þær mundu leiða til þess að sóknarvopnum fjölgaði. Auk þess hæfist kapphlaup í varnarvopnum og um smíði gagnvarnarvopna. Markmiðið gegn rannsóknum risaveldanna á vörnum er ekki og getur ekki um fyrirsjáanlega framtíð orðið að verja almenning eða gera kjarnorkuvopn úrelt. Jafnvel þótt takast kunni að koma upp vörnum gegn eldflaugum og kjarnaoddum yrðu þær takmarkaðar. Þarna hillir því ekki undir leið út úr þeirri hernaðarlegu stöðu milli austurs og vesturs sem einkennist af gagnkvæmri gereyðingargetu, ógnarjafnvæginu svonefnda. Jafnvel fullkomnar varnir mundu ekki tryggja stöðugleika eða binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið."

Þetta er niðurlag í skýrslu Öryggismálanefndar og Alberts Jónssonar, sem nú er starfsmaður hennar, varðandi geimvopnin og ég held að það sé ástæða fyrir hv. alþm. að hugleiða þessa niðurstöðu.

Við hljótum líka að minna á hver var afstaða fyrrv. hæstv. utanrrh. til þessara mála, Matthíasar Á. Mathiesens. Það var ekki aðeins svo að hann leiddi hjá sér að taka afstöðu til þessa máls. Í skýrslu sinni til Alþingis 1986 hvatti hann beinlínis til þess að Íslendingar yrðu þátttakendur í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna. Það var nú ekkert minna. Það er m.a. vegna þessarar stefnumörkunar fyrrv. hæstv. utanrrh., sem á hlut sem einn af ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, sem á hlut að stjórninni nú, að nauðsynlegt er að Alþingi taki afstöðu til þessa máls og það liggi hér fyrir: Styður ríkisstjórnin að hluta eða í heild áætlun Bandaríkjastjórnar um geimvopn með þeim afleiðingum og þeim hindrunum sem þar eru til staðar í afvopnun varðandi langdrægar eldflaugar sérstaklega?

Ég hlýt líka að minna á að Bandaríkjastjórn hefur á síðustu árum reynt að réttlæta geimvopnaáætlun sína í samhengi við ABM-samninginn svonefnda sem birtur er í heild sem fskj. með þessari till. okkar hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, samninginn um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, SALT I samninginn, sérstaklega að því er varðar takmörkun gagneldflaugakerfa. Bandaríkjastjórn hefur reynt að koma upp og fá viðurkennda nýja túlkun á þessum samningi, túlkun sem mundi rúma tilraunir með geimvopn utan við rannsóknarstofur. Flestir eða a.m.k. fjölmargir talsmenn ríkisstjórna á Vesturlöndum hafa varað við þessu skrefi af hálfu Bandaríkjastjórnar, þessari tilraun til að eyðileggja einn helsta hornsteininn sem verið hefur í viðleitni til afvopnunar milli risaveldanna. Og það skiptir máli að Íslendingar og Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þessa máls. Ætla þeir að stuðla að þessari nýju túlkun Bandaríkjaforseta eða styður ríkisstjórnin heils hugar þá túlkun sem hefur verið í gildi og yfirgnæfandi fjöldi þjóða heims vill að verði áfram?

Ég vil í þessu sambandi minna á hversu Bandaríkjastjórn gengur hart fram í þessum efnum. Nú þegar það liggur fyrir að ríkisstjórn Noregs og varnarmálaráðherra Noregs, sem hér var í heimsókn nýverið, hafa leyft sér á vettvangi NATO að hafa uppi efasemdir um ágæti geimvopnaáætlunarinnar eru viðhafðar sérstakar hótanir fyrir vestan, sérstakar hótanir í garð Norðmanna vegna þess að þeir

skuli dirfast á vettvangi NATO að hafa uppi aðrar skoðanir og önnur sjónarmið varðandi geimvopnin en Bandaríkjastjórn þóknast.

Herra forseti. Um þetta stóra mál gæti ég sannarlega haft mörg orð, það hefur verið rætt á Alþingi áður, en ég ætla ekki að taka mikið meiri tíma í framsögu en vænti þess að menn hér í umræðum á eftir, talsmenn flokka sem ekki hafa tekið opinbera afstöðu til þessa máls, lýsi sínum skilningi og sínum viðhorfum. Það verður áreiðanlega eftir því tekið og þá ekki síst hver er afstaða núv. hæstv. utanrrh. í þessum efnum.

Ég vænti þess sannarlega að hér á Alþingi megi takast samstaða um þetta þýðingarmikla efni. Alþm. hafa enga afsökun til að humma það fram að sér vegna þess að þeir séu ekki nógu vel að sér eða ekki nógu vel lesnir í þessu máli að þeir geti ekki myndað sér skoðun. Þetta mál hefur verið í brennidepli alþjóðaumræðunnar frá því í mars 1983 og það ætti hverjum manni að vera dagljóst hversu vitfirringsleg áform hér eru á ferðinni, jafnt tæknilega og hernaðarlega svo að ekki sé nú talað um að því er snertir að halda friðinn í heiminum og halda lífi á jörðinni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði till. þessari vísað til utanrmn. þingsins til meðferðar. Ég minnist þess að hæstv. forseti gat þess að umræður væru ekki takmarkaðar um þetta efni þegar taka átti málið á dagskrá á síðasta fundi en síðan fallið frá því, en ég ætla samt ekki að taka hér meiri tíma þingsins, þar sem við höfum hér mörg þýðingarmikil mál að ræða, þó að þetta væri sannarlega þess virði að ræða það til kvölds.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Hv. tillöguflytjandi óskaði eftir afstöðu minni sem utanrrh. til þessa máls. Mér er ljúft að skýra frá henni. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að hugmyndir um geimvarnir megi ekki verða til þess að standa í vegi fyrir fækkun kjarnorkuvopna eins og nú er að hefjast og ég er eindregið andsnúinn því að geimurinn verði gerður að vígvelli. Ég held að þetta lýsi minni afstöðu og ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð.

Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að um vitfirringslegar hugmyndir sé að ræða. Ef stórveldin hefðu komið sér saman um að þróa slíkar varnir sameiginlega t.d. kann að vera að þetta hefði verið vitrænt. Hins vegar og án þess að ég sé nokkur sérfræðingur í þessum málum eins og allir vita og kannski enginn okkar hér inni þykir mér rétt að greina lauslega frá viðræðum sem ég hef nýlega átt við menn sem eru fróðir um þessi mál og reyndar hlustað á slíka menn ræða um málin. Ég hygg að menn séu allir að verða sammála um að þessar hugmyndir séu ófram-kvæmanlegar. Það sé ekki unnt að ná þeirri vörn, sem til hefur verið ætlast, að þetta geti eingöngu dugað gegn ákveðnum hluta af langdrægum flugskeytum en ekki t.d. skammdrægum eða flugskeytum sem send eru frá kafbátum o.s.frv.

Ég vek einnig athygli á því að Sovétríkin hafa mjög dregið úr sinni opinberu andstöðu gegn þessu máli og mér er tjáð að það muni vera vegna þess að þeim sé ljóst að þetta sé óframkvæmanlegt. Ég hef það fyrir satt frá fleiri en þeim manni sem rætt var við í sjónvarpi í gær um þessi mál, frá fleiri Bandaríkjamönnum sem vel þekkja til, að þessi hugmynd sé raunar dauð hjá Bandaríkjamönnum því að þeim sé fyllilega ljóst að þetta sé óframkvæmanlegt. E.t.v. er því ekki ástæða til að hafa af þessu eins miklar áhyggjur og komu fram hjá hv. flm. þótt ég taki hins vegar undir með honum að ef slíkar áætlanir leiddu til þess, sem margir hafa óttast, að herða kjarnorkukapphlaupið, fjölga þessum drápsvopnum, er vissulega ástæða til þess að hafa af því áhyggjur. Mér er jafnframt tjáð að erfitt muni vera að greina á milli rannsókna sem beinlínis er ætlað að stuðla að þessu og rannsókna sem er ætlað að stuðla að almennum geimferðum o.s.frv. Ég hef það m.a. frá einum mjög merkum Rússa að erfitt væri að greina þar á milli. En ég nefni þetta af því að það er 1. liður í till. hv. flm.

Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega. Ég hef skoðað þær skýrslur sem fram hafa komið og þær eru fróðlegar. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram og leyfi mér að endurtaka að ég er algerlega andsnúinn því og mun beita mér fyrir því eins og ég get að geimurinn verði ekki gerður að vígvelli né að þessar hugmyndir standi í vegi fyrir þeirri fækkun kjarnorkuvopna sem allur heimurinn bíður eftir.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki ræða þá þáltill., sem hv. 2. þm. Austurl. hefur mælt fyrir, um bann við geimvopnum, efnislega. Það munum við gera í Borgarafl. eftir að málinu hefur verið vísað til utanrmn. og fulltrúi okkar þar mun flytja okkar boðskap inn í sali Alþingis þar á eftir.

En í ræðu sinni gat hv. 2. þm. Austurl. um störf íslensku öryggisnefndarinnar sem er að mér skildist á vegum forsrh. Ég vil að eins upplýsa að Borgarafl. á ekki fulltrúa í þeirri nefnd og hefur ekki fengið boð um að eiga þar fulltrúa, en við mundum gjarnan þiggja slíkt boð ef það bærist.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þá till. sem hér liggur frammi til þál. Ég held að það hljóti að vera öllu mannkyni kvíðaefni ef þróun mála snýst á þann veg að vopn verða færð út í himingeiminn og enginn getur séð hvaða afleiðingar það kann að hafa í för með sér. Mér heyrist þeir sem hér tala allir vera sammála um að það sé ógnvænleg þróun og ef Íslendingar á einhvern hátt geta lagt sitt lóð á vogarskálina til að koma í veg fyrir það hygg ég að það séu flestir sammála um það og það sé í rauninni sjálfsagt mál.

Ég vil hins vegar í fyrsta lagi draga mjög í efa og eiginlega taka undir með þeim sem telja að það sé

vafasamt hvort þessi áætlun sé yfir höfuð framkvæmanleg eins og hún hefur verið kynnt, og þá á ég við bæði tæknilega og fjármálalega, því að tæknilegir erfiðleikar á framkvæmd þessa plans eru alveg geysilegir og margir kunnustu vísindamenn veraldarinnar draga í efa að nokkur leið sé að koma upp þeim örugga skildi sem forseti Bandaríkjanna hefur talað um. Hins vegar hygg ég og ljóst er af þeim skýrslum sem birtar hafa verið um þetta mál að fjárhagslegur kostnaður af framkvæmd slíkrar áætlunar sé svo ævintýralegur að ég dreg mjög í efa að unnt sé að hrinda slíku fram.

Ég kveð mér hér hljóðs sérstaklega vegna þess að fyrir nokkru var ég á ferð í Bandaríkjunum og átti þar viðræður við starfsmann utanríkismálanefndar fulltrúadeildarinnar. Mér var þar tjáð að í Bandaríkjunum væri mjög mikill ágreiningur um þessa áætlun að því leyti að þingmenn teldu nokkuð almennt að tilraunir með geimvarnaráætlun, eins og hún er kölluð gjarnan, brytu í bága við þann ABM-sáttmála sem hér hefur verið vitnað til. Þá áttu menn sérstaklega við að þessi stjörnustríðsáætlun eða geimvarnaráætlun, hvað sem menn vilja kalla þetta, sé algerlega óframkvæmanleg nema til komi sérstakar tilraunir til að þróa þær aðferðir sem um er að ræða.

Mér var tjáð að meiri hlutinn í utanríkismálanefnd þarna úti væri þeirrar skoðunar að tilraunir á þessu sviði brytu í bága við ABM-sáttmálann. Þar af leiðandi mundi fulltrúadeildin ekki samþykkja fjárveitingar til þessa plans þar sem álitið væri að brot væri á samningi sem Bandaríkin hefðu gert. Þeir sem ég ræddi við þar — og sel það ekki dýrara en ég keypti eins og oft er sagt — töldu þess vegna að þessi áætlun mundi hreinlega stranda heima fyrir í Bandaríkjunum af þessum sökum. Þar gegnir að sjálfsögðu öðru máli um Sovétríkin sem ekki hafa slíka umræðu eins og fer fram í Bandaríkjunum nú um þetta mál. Og ég hygg að það sé nokkuð til í því að Sovétmenn séu í auknum mæli að færast inn á þetta rannsóknasvið þannig að umræðan er sjálfsagt öll þörf.

Ég vil síðan aðeins fara örfáum orðum um það að margir hafa orðið til að halda því fram að heimsfriðurinn byggðist á svokallaðri fælingarstefnu, á þeirri stefnu að hvorugt kjarnorkuveldanna geti gert árás á hitt eða annað land af hættu við andsvar sem fæli í sér gjöreyðingu þess sem stríðið hæfi. Margir hafa orðið til þess að benda á að geimvarnaráætlunin með skildi, eins og forseti Bandaríkjanna hefur talað um, öryggum skildi í kringum Bandaríkin og e.t.v. bandamenn þeirra sem sjálfsagt er engan veginn framkvæmanlegt, mundi gera að verkum að „second strike" eða gagnárás væri ómöguleg. Þar af leiðandi væri sjálf hugmyndin að baki fælingarstefnunni fallin sem flestir hernaðarsérfræðingar hafa rembst við að telja okkur trú um á undanförnum árum að væri grundvöllur heimsfriðarins. Allt er þetta umhugsunarefni og ég skal ekki leggja dóm á að hve miklu leyti hér er um að ræða fræðilega eða akademíska umræðu. En ég ítreka þá skoðun mína að lokum að það er mannkyninu öllu geigvænlegt og ógnvænlegt ef vopn færast út í geiminn og því tek ég undir að sjálfsagt er að Íslendingar, þó þeir ráði kannski ekki miklu í þróun þessara mála, leggi sitt lóð á vogarskálina og andmæli slíkum áætlunum.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sé enn viðstaddur í þinghúsinu og vildi biðja um að honum yrði gert viðvart. Ég ætlaði aðeins að eiga við hann frekari orðastað.

Á meðan hæstv. ráðherra er gert viðvart vil ég aðeins víkja að því sem kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv. Ég lýsi ánægju með undirtektir hans við þessa till. því ég skildi orð hans þannig að hann væri efnislega samþykkur tillögunni og þeirri stefnumótun sem þar kemur fram. Hann hóf mál sitt á þá leið að ef Íslendingar gætu lagt lóð á vogarskálina til að hindra vopnakapphlaupið úti í geimnum bæri þeim að gera það. Það er efni þessa máls sem hér er rætt. Hv. þm. á sæti sem einn af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í utanrmn. og þess vegna met ég orð hans sérstaklega mikils við þessa umræðu.

Það hefði sannarlega verið æskilegt að einhverjir af talsmönnum annarra flokka sem hér hafa ekki tjáð sig tækju til máls. Þá er ég fyrst og fremst með í huga Sjálfstfl. En formaður utanrmn., fyrrverandi og núverandi, er viðstaddur umræðuna og væri æskilegt og reyndar nauðsynlegt að það kæmi fram af hans hálfu hvort ekki sé um að ræða breytt viðhorf hjá Sjálfstfl. frá því sem var á fyrri þingum til þessa máls í ljósi umræðu um það á alþjóðavettvangi og nýrra upplýsinga. Hið sama gildir að sjálfsögðu um Alþfl. sem ekki vildi á árum fyrr, síðustu þingum, gerast stuðningsmaður þessarar till., hvorki breyttrar né óbreyttrar, a.m.k. gætti þess ekki í utanrmn., og átti hlut að því með öðrum stjórnarflokkum á þeim tíma að svæfa málið í nefndinni tvívegis. Ég sé að hv. þm. Kjartan Jóhannsson kveður sér hljóðs og ánægjulegt að við eigum von á að heyra til hans um þetta efni. En fulltrúi Framsfl. hefur hér tjáð sig um þetta efni og undirtektir hans eru jákvæðar. Ég þakka það.

Það skiptir í rauninni ekki máli hvort menn dæma þessa áætlun um geimvopnin úr leik, áætlun sem gert var ráð fyrir að kostaði sem svaraði 1300 milljörðum íslenskra króna á fjögurra ára tímabili þó að þing Bandaríkjanna sé að halda í við forsetann um fjárveitingar til þessa máls upp á síðkastið. Það skiptir ekki meginmáli hvort menn meta það svo að þetta sé tæknilega óframkvæmanlegt. Það er niðurstaða allra sérfræðinga. En á meðan þessi áætlun er í fullum gangi er þetta hindrun í vegi afvopnunar í heiminum, á meðan það er opinber stefna Bandaríkjastjórnar að knýja þessa áætlun fram og efna til vopnakapphlaups úti í geimnum, og þess vegna þurfum við að tala.

Hæstv. utanrrh. vildi ekki taka undir að þetta væri vitfirringsleg áætlun, en ég fann ekki betur en að efnislega tæki hann undir að þetta væri vitfirring,

þ.e. það væri ekkert vit í þessu, sennilega óframkvæmanlegt. Hvað er vitfirring ef ekki það að veita stórfelldum fjármunum ríkis sem er á hausnum með sín ríkisfjármál, milljörðum á milljarða dollara ofan frá ári til árs í slíkt vopnakapphlaup eins og þarna er verið að efna til?

En ég vildi, herra forseti, beina tveimur fsp. til hæstv. utanrrh. sérstaklega vegna þess að hann mælti ekki mjög skýrt í sínu máli áðan. Ég vil spyrja hann um hvort hann sé andvígur þeim hugmyndum sem fyrrverandi utanrrh., Matthías Á. Mathiesen, boðaði í skýrslu sinni til Alþingis 1986 og rakið er í grg. með þessari þáltill. á bls. 3, líklega frá fyrstu greinarsilum að telja eða svo, þar sem er vitnað í skýrsluna frá 1986. Er hæstv. utanrrh. andvígur þeim áformum og því sem þar er gefið undir fótinn og áhuga á því að Ísland verði þátttakandi í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna? Í öðru lagi: Er hæstv. utanrrh. sammála eða andvígur túlkun Bandaríkjastjórnar á ABM-samningnum, túlkun sem á að rúma tilraunir með geimvopn úti í geimnum utan við rannsóknastofur? Hver er hans afstaða til þess? Það finnst mér mikilsvert að liggi skýrt fyrir.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Forseti. Ég skal gjarnan verða við þeirri áskorun að segja örfá orð um þessa þáltill. Ég mun ekki fara mjög langt út í að ræða hana efnislega. Hún kemur væntanlega til utanrmn. og þar verður hún að sjálfsögðu rædd.

Ég hygg að það sé rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði nýlega opinberlega, að það kynni að vera heppilegt að við færum okkur hægt í umræðum á næstu vikum, kannski mánuðum, og um nánustu framtíð um viðkvæmustu mál veraldarinnar og ræddum þau yfirvegað og án allra öfga. Hvort um vitfirringu er að ræða eða vitfirringu ekki varðandi geimvopn má auðvitað nota það orð nákvæmlega eins um kjarnorkuvopnin. Við vitum að við erum á miklum og hættulegum brautum, en við vitum jafnframt að það eru öfl í heiminum að reyna að komast eitthvað áleiðis og þau eigum við að styrkja, en ekki trufla a.m.k., í neinni viðleitni. Þar með er ég ekki að segja að ég sé fylgjandi geimvopnum. Öðru nær. Ég er yfirleitt ekki fylgjandi vopnum. En við þurfum að ræða þetta í samhengi við aðrar till. sem eru komnar til nefndarinnar eða á leiðinni þangað og ég vek á því athygli að það var enginn smáatburður þegar það tókst í Alþingi Íslendinga 23. maí 1985 að sameina allan þingheim um einhverja merkustu till., ég vil segja það, einhverja merkustu till. sem í þjóðþingum Vesturlanda hefur verið samþykkt um öll þessi málefni og með öllum atkvæðum viðstaddra hv. alþm. Það voru stór tíðindi. Það gerðist ekki með því að við værum að rífast hér í þingsölunum eða brigsla hvert öðru um óþjóðhollustu eða einhverjir væru að dá vígbúnað og héldu með þessum eða hinum. Það gerðist allt saman fyrir luktum dyrum og í viðræðum sem stóðu mánuðum saman og allir lögðu sig fram um að ná þar samkomulagi.

Ég er að gera mér vonir um að eitthvað svipað geti gerst aftur ef menn þá telja ástæðu til að við ályktum yfirleitt um eitthvað í þessu efni á næstu vikum og mánuðum. Það verður að meta með hliðsjón af t.d. þeim viðræðum sem fara fram þessa dagana á milli utanrrh. risaveldanna. Ég tel þess vegna að a.m.k. ég, í þeirri stöðu sem ég er sem formaður þessarar nefndar, eigi ekki að fara lengra út í málefnalega umræðu á þessu stigi. Auðvitað er ég reiðubúinn að gera það síðar ef það er nauðsynlegt eða menn telja það eðlilegt, en núna hygg ég að við eigum að fylgja þeirri meginreglu að fara nokkuð með löndum í umræðunni. Það sagði einhver einhvern tímann: Nu gælder at holde sammen. Og þá var svarað: Nu gælder at holde sig sammen. Ég held að við eigum að stilla orðum okkar í hóf í þessum viðkvæmustu málum veraldarsögunnar vil ég segja núna alveg á næstunni og íhuga heldur og ræða í okkar hóp fyrir luktum dyrum um þessi málefni alveg eins og hæstv. utanrrh. vakti athygli á nýlega.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Í tilefni af orðum frsm. þessarar þáltill. get ég að sjálfsögðu ítrekað það, sem áður hefur komið fram, að Alþfl. er andvígur hervæðingu geimsins. Hitt er svo aftur álitamál hvernig best verði unnið að því markmiði. Og við höfum ekki verið sannfærðir um, það er rétt hjá hv. flm., að einmitt sú leið sem fólst í samþykkt þeirrar þáltill. sem hér um ræðir væri hin rétta eða hin raunhæfasta. Þannig hafa málin staðið og þannig standa þau.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Hv. flm. taldi að svör mín hefðu ekki verið nægilega skýr. Ég taldi mig taka mjög greinilega fram andstöðu mína gegn þeim hugmyndum sem verið hafa uppi í þessu sambandi. Ég er andsnúinn því að geimurinn verði gerður að vígvelli, ég er búinn að segja það margsinnis, og sömuleiðis að þessar áætlanir standi í vegi fyrir fækkun kjarnorkuvopna. Hann spurði hins vegar sérstaklega um atriði sem kemur fram í skýrslu fyrrverandi utanrrh. um hugsanlega aðild að þeim tækniframförum sem frá þessum rannsóknum kunna að koma. Ég get ekki litið á þessi ummæli sem viljayfirlýsingu beinlínis um að við tökum þátt í rannsóknunum heldur fáum að njóta einhvers þess sem frá þeim kann að koma. Ég vek athygli á því að fleiri Evrópuþjóðir hafa hugsað þannig. Einmitt til að njóta þessara tækniframfara er samstarf við svonefnda EUREKA sett á fót og við erum orðnir aðilar að því. En þær rannsóknir eru alls ekki til að stuðla að geimvörnum eða geimvopnum. Það er hátæknisamstarf. Við gerðumst aðilar að því fyrir meira en ári. Það er kannski fróðlegt að eitt fyrsta samstarfsverkefnið er reyndar fiskiskip næsta áratugar. Varla á það við um geiminn. En til þessa samstarfs var stofnað að undirlagi Frakka sem hvöttu mjög til þess að þessi tiltölulega smáu ríki Evrópu kæmu sér saman um hátæknirannsóknir til að þurfa ekki að verða einhvers konar aftaníossar

Bandaríkjanna eða stórveldanna almennt. Ég tel því ekki að það sé um að ræða að við tökum þátt í geimrannsóknum. Ég trúi því ekki að það hafi verið út af fyrir sig meiningin heldur að njóta einhvers af því sem frá því kynni að koma.

Ég held að allir séu sammála um að rannsóknir í sambandi við geiminn almennt hafa leitt til gífurlegra tækniframfara. Og hvort sem þær eru stundaðar í friðsamlegum eða ófriðsamlegum tilgangi munu þær gera það. Við styðjum hins vegar ekki að svona rannsóknir séu stundaðar í ófriðsamlegum tilgangi.

Hv. þm. spurði einnig um afstöðu til svokallaðs ABM-samkomulags. Ég ætla að leyfa mér að vísa í ekki ómerkari mann en Mondale fyrrv. forsetaframbjóðanda í Bandaríkjunum sem sagði í ræðu í St. Paul um daginn að það væri ekki að hans skapi og fjölmargra annarra að leggja fyrir Bandaríkjaþing til samþykktar ákveðið milliríkjasamkomulag og túlka það síðan á annan veg og átti þar við Reagan forseta. Ég er sammála Mondale í þessu sambandi, ef ég má leyfa nér að orða það svo. Ég held að sú túlkun sem Bandaríkjamenn hafa gefið þessum samningi upp á síðkastið sé mjög vafasöm. En þetta er einmitt eitt af aðalatriðunum í umræðunum núna á milli stórveldanna. Ég get upplýst hér að Shultz sagði á fundi sem haldinn var í New York þegar ég var þar hjá Sameinuðu þjóðunum, fundi sem haldinn var með öllum utanrrh. NATO-ríkjanna, að samkomulag nálgaðist á milli stórveldanna um þessa túlkun og jafnframt um framlengingu ákvæða þessa samnings annaðhvort um sjö eða tíu ár. Ég held því að það sé líka í burðarliðnum með fjölmörgu öðru sem nú á sér stað sem betur fer í allt öðru andrúmslofti á milli stórveldanna en áður hefur þekkst. Ég tek alveg sérstaklega undir það sem formaður utanrmn. sagði áðan. Við hljótum að binda ákaflega miklar vonir við það breytta andrúmsloft sem kemur fram hjá báðum stórveldunum núna og gera allt sem í okkar valdi stendur til að það beri þann árangur sem að er stefnt og valda eins litlum óróa í þessum málum og við frekast getum.

Ég ætla ekki að fara að lengja umræður með því að skýra frá því sem Shultz greindi frá í New York, en það var ákaflega athyglisvert og ánægjulegt að heyra hvað hann lýsti með sterkum orðum þeirri gerbreyttu afstöðu og því gerbreytta andrúmslofti sem ríkti orðið í viðræðum þessara aðila. Ég get getið þess hér að það er boðað til fundar í Brussel á laugardaginn þar sem Shultz hefur tilkynnt að hann muni greina utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkjanna frá árangri af viðræðum þeim sem hefjast enn í dag í Moskvu. Ég mun fara á þann fund. Ég tel ákaflega mikilvægt að fylgjast með þessum málum og geta lagt þar eitthvað til sem stuðli að því að árangur náist í þessum mikilvægu viðræðum.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það skal verða stutt sem ég flyt hér, enda hef ég beðið í þriðja sinn um orðið. Ég vek athygli á því vegna þess sem hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. um mat hans á afstöðu forvera síns í starfi að í skýrslu hans til Alþingis sagði 1986:

„Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni [þ.e. geimvopnaáætluninni] er ljóst að Íslendingar geta ekki síður en aðrir notið góðs af samvinnunni."

Í umræðum um þetta mál kom fram að hæstv. ráðherra átti við beina samvinnu eða hliðstæða samvinnu og Vestur-Þjóðverjar og Japanar hafa átt samningsbundið við Bandaríkjastjórn um þessa stjörnustríðsáætlun þannig að það er ekki að ástæðulausu að ég spurði, en það liggur fyrir að hæstv. ráðherra hefur lýst annarri skoðun hér. Hann er andsnúinn þátttöku Íslands í þessari stjörnustríðsáætlun Bandaríkjamanna og það er ánægjuleg stefnubreyting.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður utanrmn., vill að menn ræði sem minnst um afvopnunarmál í Sþ. Það fari best á því að þau séu rædd fyrir luktum dyrum. Menn eiga að vara sig á því, menn eiga að fara sér hægt í þessum efnum, menn eiga að „holde sig sammen" og ræða um þessi efni fyrir luktum dyrum. Ég vek alveg sérstaka athygli á þessum ummælum þm. Þetta endurspeglar nefnilega stöðu Sjálfstfl. til þessara mála. Þeir vilja halda þessum málum alveg fyrir sig. En staða þeirra er nú breytt að því er varðar tök á utanríkismálum Íslendinga. Þeir eru ekki lengur húsbóndinn í utanrrn. Við hljótum að lýsa ánægju yfir því að það hefur orðið ánægjuleg viðhorfsbreyting í mörgum efnum hjá þeim sem við tók sem húsbóndi þar. Ég hlýt að fagna því alveg sérstaklega svo langt sem það nær. Það var hins vegar ekki eins afdráttarlaust og ég vænti varðandi ABM-samninginn nú þegar hæstv. ráðherra svaraði. Hann hafnaði ekki túlkun Reagans afdráttarlaust. Hann vék sér undan að svara beint og vísaði til þess að hugsanlegt væri að risaveldin næðu saman um þetta efni sín á milli. Það er ekki afstaða út af fyrir sig til þessa máls.

Auðvitað ölum við þá von í brjósti að það verði samkomulag milli risaveldanna í þessum efnum sem öðrum, en Reagan-stjórnin er bara með allt aðra túlkun. Sovétríkin hafa boðið ítrekað að það sé þeim nægjanlegt að Bandaríkjastjórn lýsi því yfir að ABM-samningurinn samkvæmt upphaflegu samkomulagi og þeirri túlkun sem í gildi var sé staðfestur sem slíkur, sú túlkun hans sé staðfest sem slík af Bandaríkjastjórn. Það geti fullnægt þeim að því er snertir stjörnustríðsáformin vegna þess að þessi samningur er hindrun í vegi þess að færa vopnakapphlaupið og tilraunir með geimvopn út í himingeiminn. Það liggur fyrir að Sovétstjórnin lítur á það sem fullnægjandi og hefur nú síðast talið að yfirlýsing um tíu ára tímabil varðandi gildi ABM-samningsins óbreytts sé henni fullnægjandi í þessum efnum.

Herra forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram við lok þessarar umræðu. — Virðulegur forseti. Ég bið ítrekað afsökunar á því að taka ekki tillit til þeirra

ánægjulegu breytinga sem hafa orðið á vegum sumra flokka að því er snertir embætti þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frysting kjarnorkuvopna, fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Viðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna sem er 4. mál þessa þings. Flm. auk mín eru Danfríður Skarphéðinsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir, þingkonur Kvennalista. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til."

Till. þessi var flutt af þingkonum Kvennalistans fjórum sinnum á síðasta kjörtímabili og er nú endurflutt. Ég hef áður í ítarlegu máli gert grein fyrir þeim helstu röksemdum sem styðja þetta mikilvæga mál og mun því gera grein fyrir þessari till. nú í mjög stuttu máli.

Till. er efnislega samhljóða till. sem flutt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum. Á síðasta fundi var hún flutt af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú, en hefur gjarnan verið kennd við Mexíkó og Svíþjóð og kölluð Mexíkó og Svíþjóðar tillagan. Hún snýst fyrst og fremst um bann við frekari tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota þau til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að það er ekki hægt að nýta þau til hernaðarsigurs. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn af hvaða gerð sem er gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði. Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ.e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að draga úr vígbúnaði og tryggja lausn þessa ógnarlega vanda.

Á sl. hausti varð Reykjavík vettvangur fyrir mikilvægan fund leiðtoga stórveldanna eins og hér kom fram áðan. Sá fundur markaði ákveðin spor í átt til afvopnunar. Síðan hefur þróun í afvopnunarmálum verið jákvæð og vakið vonir manna víðs vegar um heiminn, vonir um heim án kjarnavopna. Íslensk stjórnvöld hafa því miður ekki séð ástæðu til að styðja þessa till. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hingað til en jafnan setið hjá við atkvæðagreiðslu. Slíkt er óviðunandi og í ósamræmi við anda þeirrar þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1985.

Á síðasta hausti sáu allar Norðurlandaþjóðirnar aðrar en Íslendingar sér fært að styðja áðurnefnda tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hæstv. utanrrh. hefur með ummælum sínum utan þings gefið góð fyrirheit um að nú verði breyting gerð í þessum efnum og fagna því margir. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra um að staðfesta þessi ummæli hér og lýsa fyrirætlunum sínum í þessum efnum.

Till. þessi miðar að því að hindra frekari kjarnorkuvopnasöfnun. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þáltill. áður en efnislega samhljóða till. verður borin upp til atkvæða á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Með samþykki þessarar þáltill. mundi Alþingi gefa íslenskum stjórnvöldum það verðuga verkefni að beita sér fyrir allsherjarbanni við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Ég vil leggja til að þessari till. verði að lokinni umræðu vísað til hv. utanrmn. og ég vil enn fremur leggja áherslu á við hv. formann nefndarinnar, sem hér situr fund, að þessi till. verði afgreidd eins fljótt og nokkur kostur er til þess að hægt verði að taka afstöðu til hennar hér á þinginu áður en tillagan verður borin undir atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og kemur fram í grg. með till. þeirri sem er nú til umræðu er hún í raun efnislega samhljóða þeirri tillögu sem flutt hefur verið nokkrum sinnum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þetta kom fram í ræðu hv. flm.

Ég hef lýst því opinberlega og mér er ljúft að staðfesta það að við munum greiða atkvæði með þessari till. ef hún kemur fram aftur. Ég tel að

þannig séum við að framkvæma það sem lagt er til í till., sýna okkar vilja í verki. Við gerum það best með því að greiða þannig atkvæði.

Till. sem hér um ræðir nær í raun, eins og þeir munu sjá sem lesa hana vandlega, til fleira en aðeins að stöðva framleiðslu kjarnorkuvopna. Hún nær einnig til að stöðva tilraunir með kjarnorkuvopn. Það er að mínu mati jafnframt mjög mikilvægt skref í þeirri fækkun og þeirri stefnubreytingu sem nú á sér stað gagnvart kjarnorkuvopnum. Þótt nú náist samkomulag um að fækka meðaldrægum eldflaugum er staðreynd að þær eru ekki nema 3–4% af kjarnorkuvopnabúri heimsins. Þótt ég geri síður en svo lítið úr þessu skrefi, ég álít það mikilvægasta skrefið í þessum málum frá upphafi þessa kjarnorkukapphlaups, spyrja menn hins vegar hvort það gæti orðið til þess að fjölga eldflaugum t.d. í kafbátum þannig að í raun geti orðið aukning á kjarnorkuforða heimsins þrátt fyrir þetta skref.

Ég tel ástæðu til að nefna þetta því að mér finnst hafa komið fram nokkur misskilningur í sambandi við þessa till. í umræðum manna. Því tel ég vera fulla ástæðu til að leggja áherslu á þá skoðun okkar að hér eigi að verða um raunverulega fækkun, alls ekki fjölgun, kjarnorkuvopna að ræða.

Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni, sem ég gerði reyndar áðan í umræðum um till. þá, að á þessu sviði er orðin svo mikil breyting að ýmsar þær efasemdir, sem ég get vel tekið undir að hafi verið réttlætanlegar fyrir jafnvel einu ári, eru ekki til staðar lengur. Það er orðið allt annað andrúmsloft og vilji til að þoka þessum málum í rétta átt. Þegar ég upplýsi að ég hef gefið fyrirmæli um að greiða atkvæði eins og ég lýsti er tillagan kemur fram er ég ekki að dæma á neinn máta fyrri afstöðu í þessum málum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hef á fyrri þingum, þegar þessi till. Kvennalistans hefur verið til umræðu, lýst eindregnum stuðningi við hana. Það má segja að þm. Alþb. og þm. Kvennalista hafi verið ötulir við það á undanförnum þingum að reyna að knýja íslensk stjórnvöld til að endurskoða afstöðu sína til stöðvunar kjarnorkuvopnavígbúnaðarins einnig að því er varðar tilraunir með kjarnavopn. Ég hlýt að rifja það upp að Ísland var orðið eins og nátttröll á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að því er varðaði afstöðu til þessa máls þar sem við vorum einir Norðurlanda um það að sitja hjá í atkvæðagreiðslu um málið. Ég flutti þáltill., eftir að málið var rætt utan dagskrár þegar 1985, um að afstöðu Íslands yrði breytt og flutti aftur í fyrra þáltill. um það efni á þskj. 161. Þá var þáverandi ríkisstjórn ekki fáanleg til þess að breyta afstöðu sinni. Þá beit hæstv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen í skjaldarrendur, afstaðan skyldi standa, nátttröllið Ísland skyldi verða minnisvarðinn meðan hann hélt um taumana á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þá skyldi sú afstaða standa.

Sannarlega fagna ég því að komið er annað hljóð í strokkinn í þessu máli. Menn hafa væntanlega skilið sneiðina frá hæstv. utanrrh. áðan í sambandi við að ýmiss misskilnings gætti í umræðum um þetta mál, þ.e. frystingartillögu Svíþjóðar og Mexíkó. Hverjum ætli hafi verið ætluð sú sneið öðrum fremur? Þingmönnum og ráðherrum Sjálfstfl. að sjálfsögðu, þar á meðal hæstv. forsrh. sem situr hér við umræðuna en sagði við alþjóð í sjónvarpi um daginn: Ja, þetta mál, þetta er bara vitleysa, þetta er úrelt. Þetta er úrelt, sagði forsrh. Íslands. Stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins og þar á meðal stöðvun tilrauna með kjarnorkuvopn, þetta mál er ekki á dagskrá, það er allt annað sem er á dagskrá. Það var sannarlega tilefni til þess fyrir hæstv. utanrrh. að benda á að svo væri ekki enda gerði ráðherrann það. Hann gerði það, fór hógværum orðum þar um og kallaði þetta misskilning. En það er alvarlegt ef sá misskilningur leiðir til rangrar afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi eins og gerðist hér á árum áður og þessi tillaga er í fullu gildi eftir sem áður.

Dropinn holar steininn. Barátta okkar þingmanna Kvennalista og Alþb. hér á Alþingi til þess að knýja ríkisstjórn Íslands til stefnubreytingar hefur borið árangur. Hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson var forsrh. í fyrrv. ríkisstjórn. Í desember 1986 tók formaður þingflokks Framsfl. undir með mér í umræðum utan dagskrár að væntanleg afstaða Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem lá fyrir við atkvæðagreiðslu úr nefnd, væri óeðlileg og hann væri þeirrar skoðunar að Ísland ætti að hafa aðra afstöðu. Þá sendi formaður Sjálfstfl. hæstv. þáv. forsrh. boð yfir ganginn og sagði — þetta var í desember 1986, hygg ég, frekar en 1985: Ef tillaga um þetta efni, að Ísland styðji tillögu Svíþjóðar og Mexíkó, verður samþykkt á Alþingi Íslendinga fyrir tilstuðlan þingmanna Framsfl. er stjórnarsamstarfinu slitið. Halda menn að þetta sé eitthvert smámál sem hér er til umræðu? Þetta er kvikan í afstöðu og fylgispekt Sjálfstfl. við afstöðu Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi sem þarna kristallaðist í þessum skilaboðum formanns Sjálfstfl. til þáv. forsrh. Og hæstv. núv. utanrrh., þá forsrh., tók ekki skilmerkilegar til orða en fyrir liggur í þingskjölum 1985 þegar þetta mál var til umræðu í Sþ. Ég leyfi mér að vitna til orða hans í umræðu utan dagskrár um afstöðu Íslands til þessarar tillögu. Þar sagði hann, hæstv. utanrrh., þáv. forsrh., Steingrímur Hermannsson:

„Ég er þeirrar skoðunar að eftir að þessar viðræður eru hafnar," — það voru viðræður milli risaveldanna — „þá eigum við Íslendingar að stuðla sem allra mest að því að þær geti farið fram á sem eðlilegastan máta. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum þá ekki að taka þátt í samþykktum sem kynnu á einhvern máta að valda einhverjum þrýstingi eða jafnvægisleysi í þessum viðræðum. Ég vil taka það fram í framhaldi af því sem hér var spurt um áðan að utanrrh. kynnti fyrir mér þá afstöðu sína að atkvæði Íslands yrði óbreytt frá því sem var á síðasta þingi

Sameinuðu þjóðanna og ég var og er því samþykkur", sagði ráðherrann í desember 1985.

Nú hefur hann góðu heilli breytt afstöðu sinni og segir samstarfsflokknum, Sjálfstfl., sem áður fór með utanríkismál: Ykkar viðhorf til málsins er misskilningur, en það er gott að misskilningurinn í höfði hæstv. núv. utanrrh. hefur leiðrést. Hann er breyttur frá því í desember 1985.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að till., sem er til umræðu, verður tekin fyrir á næsta fundi utanrmn. sem hugmyndin er að halda í næstu viku en hefur ekki reynst unnt að tímasetja nánar. Ég mun að sjálfsögðu sjá til þess að þessar tillögur verði þar til umræðu.

Að því er varðar áskorun um afgreiðslu till. það tímanlega að fyrir liggi hvernig við munum greiða atkvæði um þessar tillögur á þingi Sameinuðu þjóðanna er það út af fyrir sig óþarft þar sem hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir bæði hér og annars staðar að hann sé búinn að taka ákvörðun um að greiða atkvæði með einni tillögu af 70–80, að ég held, sem eru um þetta mál á þingi Sameinuðu þjóðanna, þ.e. að greiða atkvæði með tillögu Indónesíu, Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri ríkja.

Svo vildi til að ég var á þingi Sameinuðu þjóðanna í nóvembermánuði og fram í desember á sl. ári og þar voru einmitt allar þessar tillögur til umræðu. Ég held ég fari rétt með að það eru 70–80 tillögur um afvopnunarmál, frystingu o.s.frv. Við Íslendingar vorum flutningsmenn að ýmsum af þessum tillögum, meðflutningsmenn, Svíþjóð og önnur Norðurlandanna að öðrum tillögum. Ég held að við höfum setið hjá við afgreiðslu þessarar Indónesíu-Mexíkó-Svíþjóðartillögu en greitt atkvæði með ýmsum öðrum. Það þarf ekki að ræða meira um það mál út af fyrir sig. Það er ákveðið af hálfu hæstv. utanrrh. að greiða atkvæði með tillögunni.

Ég verð hins vegar að geta þess, og það er kannski að sumu leyti ánægjulegt en að öðru leyti sorglegt, að þegar maður horfði á fréttir í bandaríska sjónvarpinu, t.d. morgunfréttirnar sem var gaman að fylgjast með og las bandarísku blöðin á þessu tímabili í fyrra var varla rætt um Sameinuðu þjóðirnar í fjölmiðlum þótt allar þessar tillögur væru þar og væru til umfjöllunar og afgreiðslu. Hins vegar sást húsið á Höfða nærri því á hverjum degi og allir töluðu um fundi leiðtoga stórveldanna. Það er einu sinni þannig að það er staðreynd að það eru þeir og þeirra mikla vald sem hefur úrslitaáhrif í þessum efnum en ekki það hverjar af þessum mörgu tillögum þarna úti eru samþykktar og hverjar daga uppi o.s.frv.

Ég hygg að til sanns vegar megi færa að þessi tillaga um frystingu hafi ekki sama gildi og hún kannski hefði haft áður vegna þess að menn eru ekki fyrst og fremst að tala um frystingu núna, þeir eru að tala um afvopnun, að fækka þessum vopnum, og það er auðvitað það sem gildir. Ég er ekkert að gagnrýna að tillagan sé endurflutt engu að síður en ef einhver hefur látið þau orð falla að hún sé úrelt má auðvitað færa að því rök. Við erum komnir miklu lengra í umræðunni, eða stórveldin, en að tala um frystingu. Sem betur fer hafa menn vitkast það að þeir eru að tala um miklu mikilvægari hluti en bara það að stoppa kjarnorkuvopnaframleiðslu. Við höfum núna vopn til þess að drepa alla heimsbyggðina fimmtíu sinnum eða tuttugu sinnum eða ég veit ekki hvað. Þess vegna er auðvitað það sem gildir afvopnun og hún í ríkum mæli en ég endurtek að auðvitað verður þessi tillaga tekin fyrir strax á næsta fundi nefndarinnar og fær þar efnislega meðferð og afgreiðslu.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa tillögu. Ég vil lýsa stuðningi við till. sem hefur komið fram og er nú til umræðu.

Ég held að öllum sé ljóst að kjarnorkuvopn, sem þegar eru til staðar í heiminum, nægja til að útrýma öllum jarðarbúum, ekki bara einu sinni heldur mörgum sinnum. Það ætti þess vegna ekki að vera stórveldunum neitt áhyggjuefni þó að stoppað væri og látið við sitja þar sem framleiðsla er komin nú. Í skjölum, sem kannski eru orðin úrelt núna, man ég eftir að hafa lesið að sprengiafl kjarnorkusprengja sem til eru samsvari um þremur kílóum af dynamíti fyrir hvert einasta mannsbarn sem nú lifir á jörðinni.

Vissulega hafa að undanförnu orðið þáttaskil í afvopnunarviðræðum, þáttaskil sem við bindum miklar vonir við. Eftir 35 ára tilraunir til afvopnunar, eftir 35 ára viðræður um afvopnun, var niðurstaðan sú í reynd að afl gjöreyðingarvopna hafði aldrei og hefur aldrei verið meira í veröldinni en það er núna og hættan e.t.v. aldrei meiri en hún er einmitt núna, hættan jafnvel á mistökum eða misskilningi eins og fjölmargir sérfræðingar hafa gert að umræðuefni í ýmsum greinum á nánast öllum tímum.

Það verða auðvitað margir til þess að segja að Íslendingar geti kannski ekki mikið gert í þessum málum. Þeir hafi hvorki afl eða kraft eða styrk til þess að knýja fram neinar ákvarðanir um þessi mál. Ég hef hins vegar ítrekað látið þá skoðun mína í ljós að Íslendingar hafi rétt og réttinum mega menn aldrei rugla saman við aflið eða styrkinn. Við eigum rétt vegna þess að það mál sem um er að ræða er ekki bara mál stórveldanna heldur mál alls mannkynsins. Það er í rauninni málstaður lífsins sem um er að ræða.

Ég skal ekkert segja um það hvaða stefnu afvopnunarmál taka á næstu vikum, mánuðum eða missirum. En eigi að síður hygg ég að þetta mál sé í þeirri stöðu að eðlilegt sé að taka það hér til umræðu og leggja fram slíka till. og þessa till. mun ég styðja.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Örfá orð í lok þessarar umræðu. Í fyrsta lagi langar mig að geta þess við hv. formann

utanrmn. að það sakar ekki fyrir hæstv. utanrrh. að hafa Alþingi á bak við sig þegar svona jákvæð ákvörðun er tekin um afvopnunarmál. Í öðru lagi varðandi málflutning hv. 2. þm. Austurl. held ég að það sem kannski á best við í þessu máli sé: Batnandi mönnum er best að lifa. Og í þriðja lagi fagna ég þeim sinnaskiptum sem orðið hafa í utanrrn. varðandi þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Fá mál hafa verið til ítarlegri umræðu á undanförnum mánuðum í fjölmiðlum en sala Útvegsbankans. Það er ekki kostur á því í þessari tegund utandagskrárumræðu að fara ítarlega yfir málið enda í rauninni engin ástæða til. Efnisatriði þess eru kunn. Það sem liggur hins vegar á í þessu efni er að fá að heyra hér úr þessum ræðustól á hinu virðulega Alþingi hvaða hugmyndir ríkisstjórnin er með í þessum efnum núna og hvernig hún hyggst höggva á hnútinn og leysa það klúður sem hún er sjálf búin að koma þessu máli í.

Ég hygg að þó að þjóðina greini á um margt sé mjög víðtæk samstaða um það meðal landsmanna að meðferðin á Útvegsbankamálinu hafi verið klúðursleg. Núv. ríkisstjórn tók að vísu ekki við góðum arfi frá fyrri ríkisstjórn í þessu efni. Þorsteinn Pálsson, hæstv. núv. forsrh., lýsti því yfir í árslok 1985 að ekki kæmi til greina að leggja krónu inn í Útvegsbankann. Það tafði lausn málsins í heilt ár og Útvegsbankinn tapaði hálfum milljarði króna í innlánum vegna stöðugrar óvissu um meðferð málsins í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar.

Seðlabankinn gerði þá þrjár tillögur um Útvegsbankamálið. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar valdi fjórðu og að mati Seðlabankans verstu leiðina, þá einu sem væri í rauninni örugglega ófær. Ákveðið var með samþykkt á Alþingi í andstöðu m.a. við okkur alþýðubandalagsmenn að gera Útvegsbankann að hlutafélagsbanka. Á þjóðhátíðardaginn birtist heilsíðuauglýsing í öllum blöðum landsins þar sem viðskrn. tilkynnti að hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. væru til sölu fram til 15. nóvember nk.

Þegar þetta lá fyrir var ekki búist við því að margir aðilar hlypu til og gerðu tilboð í Útvegsbankann. Það gerðist þó síðar á sumrinu að Sambandið og fleiri fyrirtæki tengd Sambandinu gerðu tilboð í bankann, tilboð sem jafngilti kaupum að mati langflestra lögfræðinga í landinu. Þessu tilboði hafnaði hæstv. núv. viðskrh. eftir að Þorsteinn Pálsson hæstv. forsrh. hafði hótað stjórnarslitum ef Sambandið fengi öll hlutabréfin í bankanum eftir að hæstv. forsrh. hafði látið fara fram skoðanakönnun um málið í forustusveit Sjálfstfl. þar sem reyndar voru fjölmargir þeirra 33 aðila sem höfðu gert tilboð á móti Sambandinu í hlutabréf í bankanum.

Viðskrh. byrjar síðan viðræður við báða tilboðsaðila og hefur nú haldið þeim áfram lengi, lengi, lengi. Engin niðurstaða liggur fyrir. Ráðherrann hefur reynt tvær aðalleiðir í viðræðum við aðilana.

Í fyrsta lagi bauð hann þeim Búnaðarbankann sem skiptimynt án lagaheimildar en því var hafnað í Sjálfstfl. en samþykkt af Framsfl.

Í öðru lagi bauð hann tilboðsaðilunum helmingaskipti. Það kemur í ljós nú að þessir aðilar hafa ekki áhuga á þeirri lausn og þá kemur upp sú sérkennilega sögulega staða að Alþfl. vill leiða helmingaskiptaflokkana til valda en helmingaskiptaflokkarnir vilja ekki helmingaskipti. Niðurstaðan er:

1. Tilraunir ráðherrans hafa mistekist. Það hefur ekki verið unnt að selja Útvegsbankann þó hann sé í raun boðinn á gjafverði.
2. Ráðherrann hefur ekki notað það tækifæri sem bauðst sl. sumar til þess að knýja fram sameiningu fleiri banka, þar með ódýrara bankakerfi í landinu.

Af hverju þarf að fækka bönkunum? Í fyrsta lagi til þess að tryggja ódýrari bankarekstur á Íslandi. Útvegsbankamálið er í uppnámi vegna þess að:

1. fyrrv. ríkisstjórn valdi verstu leiðina í málinu,
2. viðskrh. hæstv. hefur tekið málið vettlingatökum og hrokkið fyrir hótunum hæstv. forsrh.

Þess vegna legg ég fyrir hæstv. viðskrh. þessar spurningar:

Í fyrsta lagi: Hvað hyggst hæstv. ráðherra nú gera í málinu? Hyggst hann halda áfram viðræðum lon og don og telur hann líkur á því að þessir aðilar fáist til alvöruviðræðna og niðurstöðu áfram? En ég hef fregnir af því að áhugi þessara aðila beggja fari nú mjög þverrandi og þeir muni eftir skamma stund lýsa því yfir að þeir vilji helst ekki koma nálægt þessu máli frekar.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær hyggst hann tryggja það að niðurstöður liggi fyrir í málinu?

Í þriðja lagi spyr ég: Mun hann birta Alþingi og þjóðinni niðurstöður matsnefndar þeirrar sem er að störfum um fjárhag, eignir og skuldir Útvegsbankans?

Það er nauðsynlegt að ráðherrann flytji svör sín og skýringar úr þessum ræðustóli nú í þingbyrjun því að auðvitað verður málið að koma aftur til meðferðar á Alþingi. Við munum fyrir okkar leyti í þingflokki Alþb. hugleiða að flytja um þetta mál nýtt þingmál því að okkar afstaða er og hefur verið sú, herra forseti: Sameiningarleiðin er eina færa leiðin í þessum bankamálum og sú leið er enn fær þó að ríkisstjórnin núverandi hafi gert sitt besta til að spilla fyrir henni.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hefjandi þessarar umræðu, hv. 7. þm. Reykv., virðist halda því fram að óeðlilegur

dráttur hafi orðið á því að endanleg niðurstaða fengist í sölumáli hlutabréfa ríkisins í Útvegsbanka Íslands. Hann heldur því líka fram að þetta mál sé nú í klúðri. Ég er ósammála honum um hvort tveggja. Átti að skilja orð hans svo að hann vildi að meirihlutayfirráð í þessum banka, öll óseld hlutabréf ríkisins, skyldu afhent öðrum hvorum þeirra tilboðsgjafa sem alþjóð veit að hafa gert slík tilboð í hlutabréf ríkisins í bankanum? Ég vinn enn að því að finna lausn sem tryggir almannahagsmuni betur en slík niðurstaða mundi gera. Meðan slík lausn er ófundin mun ég ekki selja bréf ríkisins í bankanum. Við höfum nógan tíma. Það er ekkert sem rekur á eftir. Útvegsbankinn er ekki í neinni hættu. Þvert á móti gengur hann vel og er nú eftirsóttur. Innlán aukast þar meira en í öðrum bönkum og útlán heldur minna. Ég tek undir eitt af þeim atriðum sem hv. umræðuhefjandi nefndi: Það er að e.t.v. sé skynsamlegt að bíða eftir niðurstöðu matsnefndarinnar og endurmeta sölugengi bréfanna í ljósi þeirrar niðurstöðu og fyrstu reikninga hins nýja banka.

Með þessu svara ég því sem hv. 7. þm. Reykv. spurði um. Ég mun að sjálfsögðu birta Alþingi niðurstöður matsnefndarinnar þegar þær liggja fyrir. Það verður á tilsettum tíma um næstu áramót.

Það hvernig málefnum Útvegsbankans verður ráðið til lykta getur haft mikil áhrif á skipan íslenskra bankamála til frambúðar. Það er vissulega þörf á því að taka þar til hendinni við gagngera endurskipulagningu. Bankakerfið gegnir svo mikilvægu hlutverki í okkar þjóðarbúskap að þar má gjarnan taka til nokkurn tíma. Ríkisstjórnin hefur markað skýra stefnu í bankamálum. Markmið þessarar stefnu eru einkum þrjú:

Í fyrsta lagi: Að draga úr ábyrgð ríkisins á rekstri bankanna þannig að stjórnendur þeirra séu ábyrgir gagnvart hlutafjáreigendum og hafi því fyrst og fremst viðskiptaleg sjónarmið að leiðarljósi.

Í öðru lagi: Að stuðla að samruna banka og sparisjóða í stærri og öflugri heildir sem geti veitt viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sem ódýrastan hátt, en gæta þess þó að eðlileg samkeppni ríki á milli þeirra.

Í þriðja lagi: Að dreifa eignarhaldi á hlutafé í bönkunum eftir föngum þannig að enginn einn aðili fái einokunaraðstöðu í bankakerfinu.

Ég lít á það sem mikilvægt verkefni viðskrn. að vinna að framgangi þessarar stefnu á kjörtímabilinu. Ef okkur tekst vel við það er lagður grunnur að öflugu bankakerfi í landinu sem getur átt sinn drjúga þátt í efnahagslegum framförum í þessu landi.

Varðandi Útvegsbankann sérstaklega skiptir það líka máli að endurheimta það fé sem ríkissjóður hefur til hans lagt. Ég hef mótað afstöðu mína í málefnum Útvegsbankans í ljósi þessara markmiða. Sala á hlutafé ríkisins er tækifæri til þess að hrinda stefnu stjórnarinnar í framkvæmd. Þannig mun ég nota þetta tækifæri.

Ég tel að ágreininginn og erfiðleikana sem upp hafa komið í þessu máli megi að nokkru leyti rekja til laganna um Útvegsbanka Íslands hf. Að mínum dómi fólu lögin um stofnun hlutafélags um bankann ekki í sér fullnægjandi lausn á skipulagsvanda bankanna því þau ná eingöngu til hans sjálfs. Til að hægt sé að standa skynsamlega að endurskipulagningu bankakerfisins þarf víðtækari aðgerðir á sviði bankamála, víðtækari en lögin um Útvegsbankann gefa færi á. Ég benti á þetta í ræðu og riti á síðasta vetri og ítreka það nú. Þessar aðgerðir þurfa að vera þannig úr garði gerðar að hægt sé að taka á skipulagsvanda bankanna í samhengi. Ég vinn nú að undirbúningi slíkra aðgerða, en það þarf reyndar fleira til.

Eins og kunnugt er hefur hér á landi fyrst og fremst verið litið á hlutafjáreign sem leið til þess að komast til valda og áhrifa í fyrirtækjum fremur en í beinni arðsvon. Skattlagning hlutafjár og arðs af því á sinn þátt í þessu. Ég tel að e.t.v. sé helsta ástæðan fyrir því hve dræman áhuga almenningur hefur sýnt á kaupum hlutabréfa í bankanum megi rekja til þessa.

Sú samræming sem stjórnin hefur nú boðað á skattlagningu tekna af eignum getur greitt því leið að Útvegsbanki Íslands verði almenningshlutafélag þegar fram líða stundir.

Þetta er mitt svar við spurningum hv. málshefjanda.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Útvegsbankamálið svonefnda er mál sem alls ekki á að vera mál í dag. Þessi frumraun sem hæstv. viðskrh. lenti í strax á fyrstu dögum ráðherradóms síns átti að vera honum kærkomið tækifæri til að afsanna þá gagnrýni, sem að honum beindist í kosningabaráttunni sl. vor, þá gagnrýni að þar væri um staðnaðan embættismann að ræða sem ekki mundi ráða við það að færa sig hinum megin við borðið. Því miður hefur hæstv. ráðherra gloprað þessu tækifæri og er reyndar kominn í hinar mestu ógöngur með málið.

Það er ekki ósanngjarnt að spyrja hvað hafi breytt afstöðu Alþfl. við þessu tilboði „sem ekki væri hægt að hafna", eins og hæstv. fjmrh. kaus að orða það. Er ekkert að marka orð hans? Er ekki búið að hafna tilboðinu sem ekki var hægt að hafna? Þetta er nefnilega stærsta vandamálið í dag. Það er ekkert að marka þessa háu herra þessa dagana.

Ég skora á hæstv. viðskrh. að bretta nú upp ermarnar og taka á málinu af fullri festu hvort sem það er með þeim hætti að ákveða sölu bankans til einhvers ákveðins aðila eða hvort hann ætlar að hætta við sölu bankans. Aðalmálið er: Hvað ætlar ráðherra að gera og vill hann ekki vera svo vænn að leyfa Alþingi og þjóðinni allri að fylgjast með því?

Fram hefur komið hjá ráðherra að erlendir bankar séu hugsanlega tilbúnir að kaupa hlut í bankanum. Meira hefur ekki fengist upp um þennan möguleika. Af hverju? Af hverju þessi leynd? Er eitthvað skítugt í pokahorninu eða er ekki neitt í pokahorn-

inu? Er þessi hugmynd aðeins sett fram til að dreifa hitanum og þunganum frá aðalvandamálinu, sem er tilboð SÍS-manna og „KR-inganna" svonefndu? Það er sjálfsögð krafa að ráðherra gefi Alþingi tæmandi skýrslu um gang málsins. Hvernig var tilboð SÍS lagt fram? Voru á því formgallar eða einhverjir aðrir gallar sem urðu þess valdandi að ekki var strax gengið að tilboðinu sem ekki var hægt að hafna? Hvað var það sem stöðvaði sölu bankans til SÍS? Þegar því hefur verið svarað er nærtækast að spyrja sömu spurningar um tilboð „KR-inganna". Af hverju var þeim ekki seldur bankinn?

Hlutabréf Útvegsbankans voru auglýst til sölu á ákveðnu föstu verði. Hvað olli breytingum þar á? Er hugsanlegt að bréfin verði aftur sett á sölulista og óskað eftir lokuðu útboði þar sem hæstbjóðanda verða seld bréfin að uppfylltum skilyrðum? Er ráðherra búinn að útiloka möguleikann á að Útvegsbanki og Búnaðarbanki sameinist? Og svona í lokin: Gengur ekki rekstur bankans allvel í dag? Ef svo er er þá kannski hugsanlegt að hætt verði algerlega við sölu hans? „Þetta-reddast-einhvern-veginn"-stefnu stjórnvalda verður að stöðva.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú utandagskrárumræða sem fer hér fram í dag er mjög sérstök. Hún á sér stað vegna aðgerðarleysis hæstv. viðskrh. og hringlandaháttar hans. Útvegsbankamálið er stórt mál fyrir almenning í landinu því þar er verið að skipa hagsmunum og völdum til frambúðar. Mín skoðun er sú að Útvegsbankinn eigi að vera eign ríkisins áfram og stjórn hans í höndum Alþingis eins og nú er með hina ríkisbankana. Á síðustu missirum hefur komið í ljós að starfsemi bankans hefur snúist til betri vegar þrátt fyrir áföllin. Ég hef trú á að núverandi starfsfólk og bankastjórar séu þeim vanda vaxin að reka Útvegsbankann. Það verður aðeins að gefa þessu fólki vinnufrið og öryggi í málefnum bankans. Hræðsla hæstv. viðskrh. við að taka ákvörðun er auðvitað skiljanleg þar eð hann situr á milli tveggja voldugra hagsmunahópa. Hæstv. viðskrh. hefur hingað til lifað þægilegu lífi ráðgjafans sem hefur endalaust getað komið með nýjar tillögur og langar skýrslur, og það eftir eigin vild. Nú eru þessir draumadagar liðnir og hann verður að taka ákvörðun. Honum ber skylda til þess. Fólkið í landinu bíður. Það er orðið þreytt á þessari ringulreið í orðum og gjörðum hæstv. viðskrh.

Ég held hér á söluskilmálunum og í þeim er ekki nokkur undankomuleið fyrir hæstv. viðskrh. Hann er búinn að selja Sambandi ísl. samvinnufélaga hlut sinn í Útvegsbankanum. Á því er ekki nokkur vafi. Þó hefði ég óskað eftir því að það veldi væri ekki svo sterkt sem það er nú. Nú spyr ég hann: Hvenær ætlar hann að afhenda Sambandi ísl. samvinnufélaga Útvegsbankann? Og ef ekki: Hvað verða skaðabætur ríkissjóðs háar fyrir samningsrof? Eru ekki raunir starfsfólks bankans og launafólks í landinu nægar vegna þessa máls?

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá hefur frá því það kom fyrst upp sýnt almenningi í landinu hve íslenskir stjórnmálamenn eru úrræðalausir og duglitlir þegar í hlut eiga peningaöflin í þjóðfélaginu. Völd hinna fáu og stóru hafa aldrei fyrr komið eins glöggt upp á yfirborðið og í þessu Útvegsbankamáli. Og aldrei fyrr hefur þjóðin séð hve flokkarnir eru tilbúnir til þess að fórna miklu fyrir hina fámennu hagsmunahópa. Við í Borgaraflokknum vöruðum í kosningabaráttunni fólk við þessum flokkum og bentum á þá sérhagsmunahópa sem stýra þeim og ráða stefnu þeirra og athöfnum. Í raun skiptir það almenning litlu máli hvor þeirra aðila, sem tilboð hafa gert í Útvegsbankann, fær hann því að almenningur er jafnilla settur með bankann í höndum 33-menninganna eða Sambandsins. Meginhugsun beggja aðilanna er að öðlast áhrif, peninga og völd, en ekki að starfa með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

Höfuðatriði þessa máls er hins vegar hvernig hæstv. viðskrh. hefur snúið sér í því. Þjóðina varðar um Útvegsbankann og hún krefst þess að hæstv. viðskrh. komi undan feldinum og svari því hvað hann er að hugsa, ef hann er þá eitthvað að hugsa. Höggva verður á þann hnút sem mál þetta er sýnilega komið í. Það er ljóst að málið verður ekki leyst með viðræðum við aðila sem ekki eru tilbúnir að gefa neitt eftir að kröfum sínum, heldur með pólitískri ákvörðun, ákvörðun sem sýnir kjark og dug stjórnmálamanns sem tilbúinn er að standa og falla með gerðum sínum.

Það er einkennilegt hugleysi hjá hæstv. viðskrh. í þessu máli í samanburði við skörungsskap hæstv. fjmrh. sem hann sýnir þjóðinni með hinni nýju skattpíningarstefnu sinni. Hvort mönnum líkar það betur eða verr þá á Sambandið bæði siðferðilegan og lagalegan rétt til kaupanna á Útvegsbankanum. Fram hjá lögum verður ekki gengið þó að óæskilegt sé að einn aðili eignist svona stóran hlut í bankakerfi landsmanna. Við sem erum hér inni verðum að krefjast þess að framkvæmdarvaldið fari að lögum en ekki láta pólitísk viðhorf og andúð ráða þeim ákvörðunum sem teknar eru í hvert og eitt skipti. Ef við eigum að geta treyst stjórnmálamönnum verður að gera þá kröfu til þeirra að þeir meti alla jafnt, háa sem lága og sama hvar í flokki þeir standa. Þetta er grundvöllur þess þjóðskipulags sem við höfum sett okkur og brot gegn einum er brot gegn öllum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Kvennalistinn hefur ítrekað bent á það á síðasta kjörtímabili að nauðsyn væri fyrir hagræðingu í íslensku bankakerfi. Þjónusta þess er of dýr fyrir neytendur. Það ríkir nær engin samkeppni á milli þessara banka þótt þeir séu fjölmargir og einnig er brýn nauðsyn á því að styrkja bankana með því að sameina þá og stækka.

Þegar frv. til l. um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands var til umfjöllunar á síðasta þingi var skoðun Kvennalistans sú að eina raunhæfa leiðin í málinu væri sameining við annan ríkisbanka og nefndum við þá til Búnaðarbankann, þó að Landsbankinn kæmi til greina líka. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. viðskrh. nú: Hefur þessi hugmynd ekki komið til alvarlegrar umfjöllunar hjá ráðherra eða öðrum stjórnvöldum sem hafa fjallað um málefni Útvegsbankans nú? Vil ég biðja hann að lýsa skoðun sinni um þessa leið hér í ræðustól.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á því að hér skuli hafin umræða utan dagskrár um þetta mál og ég spyr: Hvað knýr á um það núna að hafa utandagskrárumræðu um sölu Útvegsbankans? Ég vil hins vegar þakka svör viðskrh. og þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið hér bæði um það að hann muni birta Alþingi niðurstöður matsnefndar þeirrar sem nú fjallar um eignir og skuldir Útvegsbankans, í annan stað að hann skyldi koma sérstaklega með það að hann mundi ekki selja bankann eða selja hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum einhverjum einum aðila eða láta einhvern aðila fá yfirráð yfir bankanum sem slíkum. Ég held nefnilega að það sé mergurinn málsins og það sem menn verða að hafa í huga, að ef selja á hlutabréf í ríkisbanka þá er aðalatriðið að þar sé tryggð ákveðin valddreifing yfir fjármagni. Að ekki sé afhent á silfurdiski eða einhverjum öðrum diski jafnmikilvæg fjármálastofnun og Útvegsbankinn eða hvaða önnur stofnun sem það er, hvort heldur er til SÍS eða einhvers sérstaks samstæðs hagsmunahóps.

Afstaða þeirra þm. Borgaraflokksins, sem hér hafa ruðst hver um annan þveran í ræðustól, hefur komið mér mjög á óvart. Ég gat ekki skilið ummæli hv. 11. þm. Reykn. öðruvísi en þannig að hann gerði kröfu til þess til viðskrh. að hann seldi Sambandi ísl. samvinnufélaga bankann. Það hefur reyndar formaður þess flokks gert áður og þess vegna í fullu samræmi við þá stefnu Borgaraflokksins. En það er rangt að gera það vegna þess að það er ekki í anda þeirrar valddreifingar sem þarf að vera fyrir hendi ef á að selja hlutabréf ríkisbanka. Á sama hátt væri það ekki í samræmi við eðlilega valddreifingu að selja svokölluðum „KR-ingum“ bankann eins og hv. 5. þm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson orðaði það hér áðan. Það er einfaldlega fráleitt að selja hlutabréf í þessum ríkisbanka nema tryggt sé að þar sé um mikla dreifingu að ræða, en ekki einum eða tveimur hagsmunaaðilum falin yfirstjórn bankans. Það held ég að sé meginmálið.

Ég var mjög ánægður með að heyra þau sjónarmið sem fram komu hjá hæstv. viðskrh. hér áðan sem mér fannst að fullu taka undir og styðja þau sjónarmið sem ég hef hér lagt áherslu á.

En ég spyr aftur: Hvaða ástæður eru þess valdandi nú að þetta mál er tekið á dagskrá? Er eitthvað sem knýr á um þetta? Ég get ekki betur séð en að með því að efna til umræðna með þessum hætti séu þm. einfaldlega að koma á framfæri fyrirspurnum til ráðherra utan venjulegs fyrirspurnatíma Alþingis og ég tel það ámælisvert.

Ólafur Ragnar Grímsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir þegar Samband ísl. samvinnufélaga setti fram tilboð sitt að þar væri á ferðinni tilboð sem ekki væri hægt að hafna.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann enn sömu skoðunar eða hefur hann breytt um skoðun og þá hvers vegna?

Það er óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri Alþingi í örstuttu svari, já eða nei, grein fyrir þeirri afstöðu sinni.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. viðskrh. hvort rétt sé að Samband ísl. samvinnufélaga geri kröfu til þess að það fái að kaupa bankann vegna þess að það telji sig í reynd, samkvæmt útboðsskilmálum, hafa eignast bankann nú þegar. Hefur það sjónarmið komið fram á fundum með hæstv. ráðherra eða ekki?

Í þriðja lagi, hæstv. viðskrh.: Hefur það sjónarmið komið fram að forráðamenn Sambands ísl. samvinnufélaga séu tilbúnir til þess að höfða mál gegn ráðuneytinu ef þeir fá ekki bankann í sínar hendur vegna þess að þeir telji samkvæmt greinargerðum virtra lögfræðinga að það yrði lögbrot ef þeir fengju ekki bankann í sínar hendur?

Ég tel óhjákvæmilegt að þessir tveir hæstv. ráðherrar svari þessum spurningum skýrt og skorinort í þessari umræðu.

Hvað varðar afstöðu Sjálfstfl. er það alveg ljóst að hæstv. forsrh. og aðrir forustumenn Sjálfstfl. hafa með meðferð sinni á þessu máli afhjúpað hið raunverulega innihald hinnar svokölluðu markaðshyggju, þ.e. hún snýst ekki um það að selja hlutina, hún snýst fyrst og fremst um það hver kaupir (Gripið fram í.) og hverjir fá að kaupa, það er alveg rétt og þar með hefur auðvitað þessi grundvallarstefna Sjálfstfl. fengið hinn gamla búning að vald fáeinna aðila í þjóðfélaginu er fyrst og fremst það sem Sjálfstfl. er að hugsa um.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er helst að heyra á málflutningi þeirra borgaraflokksmanna að þeir hafi eitthvað slæma samvisku í þessu Útvegsbankamáli. Annars vegar fara þeir orðum um það að mikið sé vald hinna fáu og stóru og að Borgaraflokkurinn sé talsmaður hinna mörgu og smáu í þeirri viðureign. Síðan bregða þeir hæstv. viðskrh. um hugleysi þegar hann í samræmi við þá útboðsskilmála sem hann tók að erfðum frá fyrrv. viðskrh. neitar að taka tilboðum sem hafa verið gerð með vísan til þeirra raka sem er að finna í útboðsskilmálum.

Ég er spurður um ummæli mín sem voru þau að tilboð Sambands ísl. samvinnufélaga væri tilboð sem ekki væri hægt að hafna. Það var bætt við þau þremur orðum: af pólitískum ástæðum. Það er

tilboð sem ekki er hægt að hafna af pólitískum ástæðum. Þau orð lét ég falla í samhengi við þá umræðu þegar ýmsir talsmenn Sjálfstfl. báru fyrst og fremst fram þau rök að tilboð Sambandsins væri ekki gilt af því að það væri Samband ísl. samvinnufélaga.

Hvernig væri nú að nýta þennan stutta ræðutíma til þess að snúa sér að kjarna málsins? Hvað vakir fyrir mönnum? Hver er tilgangurinn? Hvaða meginreglur eiga að gilda í þessu máli?

Í fyrsta lagi að sjálfsögðu það, augljóslega, að tryggja hagsmuni ríkisins sem varð fyrir miklum skaða af hruni Útvegsbankans og þarf að koma þessum hlutabréfum í verð og af skattgreiðendum. Hversu stór orð hafa ekki verið höfð uppi um það að Hafskipsskatturinn ætti ekki að lenda á skattgreiðendum?

Í annan stað er um að ræða grundvallarstefnu sem ríkisstjórnin hefur markað mjög skilmerkilega. Við viljum draga úr pólitísku forræði í bankakerfinu, ábyrgð stjórnmálamanna, t.d. með vísan til þeirra ábyrgða sem hafa fallið á ríkissjóð þegar af þeim ástæðum. Við viljum stuðla að endurskipulagningu bankakerfisins með því að stuðla að samruna banka. Til þess að geta gert þetta með góðu móti þarf úr þessu að endurskoða útboðsskilmála og það þarf að breyta skattameðferð hlutafjáreignar til þess að gera hana aðlaðandi fyrir almenning þannig að þar sé raunverulega um að ræða sparnaðarform sem er a.m.k. jafnhagkvæmt og t.d. kaup á spariskírteinum ríkissjóðs eða öðrum verðbréfum. Þegar við lítum fram í tímann, og ef menn vilja gerast talsmenn þess sjónarmiðs, sem er mjög eðlilegt, að við það að draga úr pólitísku forræði í ríkisbönkum vilji menn fyrst og fremst gæta þess að stefnt verði að almenningshlutafélögum eða að dreifðri hlutafjáreign almennings, stendur það upp á þessa háttvirtu löggjafarsamkomu að breyta leikreglunum, að breyta þeim lagasetningarákvæðum sem ég nefndi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það sem olli því að ég sá mig knúinn til þess að segja nokkur orð voru þau ummæli hæstv. fjmrh. að það sem skipti máli fyrst og fremst í sambandi við ríkisbankana væru hagsmunir ríkissjóðs, að ríkissjóður þyrfti að ná því fjármagni til sín sem lægi í eign ríkisins í ríkisbönkum. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á þessari einhliða áherslu þessa fjárgæslumanns ríkissjóðs á þessu atriði. Auðvitað hefur ríkið og Alþingi ríkar skyldur við þá viðskiptamenn sem átt hafa margvísleg viðskipti, bæði sem innleggjendur og lántakendur í ríkisbönkunum á undanförnum áratugum, og ég hygg að við meðferð málsins hér á Alþingi verði menn auðvitað að hafa í huga fyrst og fremst að sjá um að hagsmunum þessa fólks sé borgið. Ég held að ríkið hljóti að verða að taka siðferðilega ábyrgð á eignarhaldi sínu á ríkisbönkunum og verði að standa við þær skuldbindingar og þær væntingar sem viðkomandi einstaklingar hafa ástæðu til að ætla að teknar verði til greina.

Ég er fullkomlega sammála því sem hér hefur komið fram að nauðsynlegt sé að ríkisbanki, ef hann á annað borð verður seldur, lendi í margra höndum, helst sem allra flestra, til þess að óhugsandi sé að fáir aðilar, einokunarhringur eða nokkrir aðilar, komist yfir slíkan banka. Ég get vel fallist á það að hugsanlegt sé jafnvel að leggja það til að allir Íslendingar mundu fá gefins hlutabréf í ríkisbanka ef hann yrði seldur og þannig yrði almenningseign bankans tryggð og sú dreifing sem ætti að koma í veg fyrir misnotkun hvort sem við viljum kalla hana pólitíska eða af öðrum toga.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að leiðrétta það sem hv. 1. þm. Reykv. sagði. Hann var að gera mér upp skoðun um það að ég vildi selja Sambandi ísl. samvinnufélaga bankann. Það hef ég aldrei sagt. Ég sagði að það ætti að selja því vegna þess að í skilmálum um sölu á hlutabréfum væri um að ræða alveg ljósa skilmála um það og því ætti að selja SÍS bankann.

Mig langar rétt aðeins að taka fram eftirfarandi vegna ummæla hæstv. fjmrh. um hvort samviska okkar í Borgaraflokknum sé eitthvað slæm. Hún er ekki slæm. Hún er góð, þannig að hann viti það, og við teljum að þessu máli sé best lokið á þann máta sem við höfum haldið fram í okkar ræðu og teljum að ríkið eigi að eiga bankann áfram. Þannig sé hagsmunum almennings best borgið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þau svör sem hann gaf áðan sem ég verð að játa að mér fannst ekki vera nein svör. Hann lýsti því nánast yfir að það væri nógur tími. Ástæðulaust að vera að drífa sig neitt við að afgreiða þetta mál og ég hygg að það sé útilokað annað en að túlka svör hæstv. viðskrh. þannig að hann sé með þeim að hafna báðum þeim tilboðum sem fyrir liggja í Útvegsbankann. Hann ætli sér að fara aðra leið út úr þessu máli án þess að hann hafi gert grein fyrir því með hvaða hætti hún á að vera.

Hv. 1. þm. Reykv. gagnrýnir að þetta mál skuli vera tekið hingað inn. Auðvitað varð að fá það á hreint einmitt í utandagskrárumræðu hér úr þessum ræðustól hvernig þetta mál stendur. Í framhaldi af því er auðvitað sjálfsagt að flytja þingmál af ýmsu tagi til þess að knýja á um niðurstöðu í þessu alvarlega máli. Varðandi hins vegar ummæli hans um að alltaf hafi verið gert ráð fyrir mikilli valddreifingu og hinir ýmsu menn, sparifjáreigendur í þjóðfélaginu, litli maðurinn væntanlega og fleiri mætir menn, kæmu hlaupandi og keyptu hlut í þessum banka.

Í lögunum um Útvegsbankann er beinlínis gert ráð fyrir því í undanþáguákvæði að einn aðili geti átt meiri hluta í bankanum. Þetta ákvæði er ekki ákvæði til bráðabirgða, sett meðan verið er að vinna sig út úr málinu, heldur er þetta beint og skýrt undanþáguákvæði, tillaga sem var flutt af ríkisstjórn

Framsfl. og Sjálfstfl. og engin athugasemd kom fram við í þinginu á sínum tíma. Þetta eru auðvitað rök með þeim sambandsmönnum í málinu þó að ég hirði út af fyrir sig ekki um að halda þeirra málum til haga sérstaklega umfram aðra en rétt er að nefna.

Varðandi afstöðu hæstv. fjmrh. er alveg óhjákvæmilegt að segja við hann: Orð hans voru ekki í því samhengi sem hann rakti. Ég lagði á mig að lesa allt það sem hann og fleiri ráðherrar sögðu um þetta mál í sumar. Hann sagði í viðtali við Morgunblaðið 15. ágúst, með leyfi forseta: „Málið verður rætt í ríkisstjórninni á þriðjudaginn en mér finnst yfirgnæfandi rök hníga að því að þessu tilboði eigi að taka." Þ.e. hinu tilboðinu að hafna. Ráðherrann snýr við blaðinu. Hann er eins og vindmylla í þessu efni og hrekst undan hótunum formanns Sjálfstfl. um stjórnarslit sem er auðvitað hið alvarlega í málinu og snúningspunktur þessa máls í ágústmánuði 1987.

Ég vil einnig benda á í þessu sambandi, herra forseti, hvað mikið er í húfi að á þessum málum sé tekið af myndarskap. Vaxtamunur bankanna er sennilega 5% meiri hér á landi en í grannlöndum okkar. Þar liggja milljarðar króna sem þjóðin verður að borga fyrir rándýrt bankakerfi. Það er kjarni þessa máls að hæstv. núv. viðskrh., herra forseti, hefur ekki notað það tækifæri sem gat verið til staðar til þess að knýja fram endurskipulagningu á bankakerfi. Þar hefur hæstv. ráðherra því miður brugðist. Þess vegna er engin önnur leið til í málinu í dag en sú að taka málið af ráðherranum og flytja það inn í þingið á nýjan leik.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður, málshefjandi, vék réttilega að því að ástæðan fyrir sameiningarstefnunni, samrunastefnunni í bankamálum, er einmitt sú að okkar bankakerfi er dýrara en það þyrfti að vera. Það er líka rétt hjá honum að salan á Útvegsbankabréfunum hefur í sér fólgna möguleika til þess að ná skynsamlegri og hagkvæmari bankaþjónustu í þessu landi. Það er hins vegar ekki rétt hjá honum að þessu tækifæri hafi verið glatað. Það er svo sannarlega í höndum okkar enn og verður nýtt. Ég get fullvissað hann um það. Vandinn er einmitt sá að finna lag til að leysa málið. Þetta er ekki mál sem er til þess fallið að höggva á hnúta. Hér þarf að leysa hnúta og það verður líka gert. Ég þakka málshefjandanum fyrir að hafa endað á því sem vit er í af því sem hann hefur sagt, að vandinn sé hinn mikli vaxtamunur, innláns- og útlánsvaxta. Þar birtist kostnaðurinn við bankakerfið, hann þurfum við að lækka. Það verður ekki gert með dagskipun. Það verður gert með skipulagsumbótum í bankakerfinu og að því vinnur ríkisstjórnin nú.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að því sem fram kom í máli þriggja þm. Borgarafl. háttvirtra. Þeir höfðu eiginlega tvennt að segja: Að viðskrh. þyrði ekki að selja bankann, enda væri SÍS eiginlega búið að kaupa hann, og hins vegar að þetta þyrfti að gerast strax og að Sambandið ætti bankann í raun og veru þótt best væri að ríkið ætti hann. Hvorugt er þetta rétt. Það er ástæða til þess að víkja dálítið að því hvernig þetta gekk fyrir sig.

Föstudaginn 14. ágúst sl. gerði Samband ísl. samvinnufélaga ásamt þremur samstarfsfyrirtækjum sínum tilboð í 67% af öllu hlutafé í Útvegsbankanum. Þessu tilboði fylgdi yfirlýsing um fyrirhugaðan samruna Samvinnubankans við Útvegsbankann og líka var getið um áhuga hjá tilboðsgjafanum á því að innlánsdeildir kaupfélaganna og Alþýðubankinn, ef hann vildi vera með, tækju þátt í slíkri sameiningu. Ég tók þetta tilboð til athugunar m.a. með fyrirvara um samþykki þar sem það samrýmdist ekki markmiðum um dreifingu eignarhalds í bönkum en í auglýsingu viðskrn. frá því í júní var einmitt tekið fram að einstakir aðilar gætu ekki keypt hlutafé fyrir meira en 50 millj. króna nema með samþykki ráðherrans. Þetta er mjög einfalt mál. Á því var leitað álits hjá virtum lögfræðingi, prófessor Stefáni Má Stefánssyni, sem lét það álit í té að alveg skýlaust væri og óyggjandi að ráðherranum væri rétt að taka hvaða tilboði sem væri eða hafna ef það væri yfir 50 millj. króna markinu. Tilboð sambandsmanna ýtti við öðrum aðilum sem hafa haft hug á að kaupa hlutafé í Útvegsbankanum og mánudaginn 17. ágúst, þrem dögum eftir að tilboð Sambandsins kom fram, gerðu fulltrúar 33 aðila eitt, sameiginlegt tilboð í öll hlutabréfin. Þetta tilboð var því líka yfir 50 millj. kr. Meðal tilboðsgjafanna voru bæði Iðnaðarbankinn og Verslunarbankinn og fylgdu yfirlýsingar um áhuga á samruna. Þetta tilboð tók ég líka til athugunar í viðskrn. Það gerðist svo loks fyrir lok ágúst að Sambandið lýsti því yfir að það vildi kaupa öll hlutabréf ríkisins í bankanum. Þessi tilboð bæði eru enn til athugunar og ég á enn í viðræðum við þessa aðila. Hvers vegna er ég að því? Einfaldlega af því að í þessum tilboðum eru fólgnir möguleikar til samruna en sá böggull fylgir skammrifi frá sjónarmiði tilboðsgjafanna að ég hef ekki hug á því að afhenda annarri hvorri þessara „blokka" allsherjaryfirráð í Útvegsbankanum né í öðrum banka. Það eru nefnilega fleiri sjónarmið í málinu og ég vil vekja athygli á því sem fram kom í minni fyrri ræðu að þau lúta að því að dreifa valdi og eignarhaldi yfir bönkum, að tryggja viðskiptaleg sjónarmið, að tryggja það að ríkið endurheimti fjármuni sína og um leið verði stuðlað að samruna í bankakerfinu. Þetta eru allt sjónarmið sem enn eru í gildi og ég tek það fram að lokum, svo að ég svari beinum fyrirspurnum hv. 6. þm. Reykv., að sameiningarleiðin hefur vissulega verið rædd og könnuð og verður áfram könnuð. Það lýtur líka að því sem hv. 7. þm. Reykv. vék að í sínu máli.

Það kom líka fram spurning hjá hv. 5. þm. Reykn. um það hvort Samband ísl. samvinnufélaga hefði lýst því yfir í samtölum við mig eða annars staðar að það teldi sig hafa keypt hlutabréf ríkisins í bankanum. Já, það er öllum kunnugt. Því hafa þeir lýst yfir í heyranda hljóði, en ég er ekki sammála þeim. Sá sem er að selja þennan hlut hefur ekki selt þeim

hann. Síðan var spurt hvort þeir hefðu hótað málshöfðun. Nei, það hafa þeir ekki gert. Þeir hafa engri málshöfðun hótað.

Að endingu, hæstv. forseti, ég lýk máli mínu með því að segja að ég hafi leitast við að finna lausn á máli sölunnar á Útvegsbankabréfunum á grundvelli laganna sem sett voru sl. vetur en lausn sem líka væri í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar í bankamálum og víðtækt samkomulag gæti tekist um. Ég hef m.a. efnt til viðræðna við fulltrúa tilboðsgjafanna og lagt að þeim að kaupa hluti í bankanum sem væru minna en meiri hluti um leið og hann verði efldur með sameiningu við aðrar bankastofnanir. Þessum viðræðum er ekki lokið og að svo stöddu ætla ég ekki að leiða neinum getum að því til hvaða niðurstöðu þær muni leiða en eitt er víst að þessu máli verður lokið farsællega.

Ráðstefna í Reykjavík um afvopnun á norðurhöfum, fyrri umr.

Þáltill., 27. mál. — Þskj. 27.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu virðast nú hafa skilað þeim árangri að í höfn er nánast fullbúinn samningur sem marka mun tímamót í sögu kjarnorkuvígbúnaðar. Í fyrsta sinn yrði samið um fækkun kjarnorkuvopna þar eð allir fyrri samningar hafa eingöngu fjallað um stjórn á aukningu kjarnorkuvígbúnaðarins.

Á sama tíma og mikil ánægja ríkir víða um heim með þennan árangur er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að engu að síður er haldið áfram að framleiða kjarnorkuvopn sem beita skal á öðrum vettvangi, m.a. mikinn fjölda nýrra kjarnorkuvopna sem staðsetja á í kafbátum í höfunum í kringum Ísland eða á skipum sem sigla eiga á helstu siglingaleiðum í kringum land okkar. Það er því sérstaklega brýnt að Íslendingar og aðrar þjóðir sem búa við norðurhöf geri sér grein fyrir þeirri hættu sem fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu getur skapað, þ.e. þeirri hættu að hún leiði til þess að verulega verði fjölgað kjarnorkuvopnum í kafbátum og skipum sem haldið er úti á úthöfum í kringum Ísland og helstu nágrannalönd okkar. Kjarnorkuveldin fjögur, Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland eru nú að hrinda í framkvæmd áætlunum um að auka verulega þann kjarnorkuvígbúnað sem staðsetja á í kafbátum og á skipum sem sigla eiga í höfunum í kringum Ísland.

Þótt víðtækar viðræður eigi sér stað um fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu þá er það því miður staðreynd að engar viðræður hafa farið fram eða fara nú fram um fækkun kjarnorkuvopna á norðurhöfum. Nánast öll athyglin hefur beinst að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu. Það er hins vegar mjög brýnt fyrir okkur og aðrar þjóðir í okkar heimshluta að reynt verði að koma hið fyrsta á viðræðum sem snúast um fækkun kjarnorkuvopna í höfunum í kringum Ísland.

Ef slíkar viðræður fara ekki í gang þá blasir sú hætta við okkur Íslendingum að á næstu árum muni verulega aukast kjarnorkuvígbúnaðurinn í höfunum í kringum Ísland. Þessi hætta er einkum og sér í lagi alvarleg vegna þess að fjölmargar nýjar skýrslur og rannsóknir hafa leitt í ljós að bilanir og slys í kjarnorkukafbátum hafa hvað eftir annað skapað verulega hættu á geislavirkni hafanna í kringum Ísland. Slík geislavirkni, jafnvel þótt aðeins um minni háttar slys eða bilun væri að ræða, mundi eyðileggja markaðsstöðu sjávarafurða okkar í einni sjónhendingu. Það er því ekki aðeins frá sjónarmiði vígbúnaðarins sem það er mikilvægt fyrir Íslendinga að koma í gang viðræðum um fækkun kjarnorkuvopna á höfunum, heldur er það í reynd brýnt efnahagslegt öryggismál að við reynum að stuðla að því að dregið verði úr þeirri hættu, sem felst í þessari miklu umferð kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúinna kafbáta og skipa með kjarnorkuskeyti í höfunum í kringum Ísland, að úr þeirri umferð verði dregið.

Það er rétt að vekja athygli hæstv. Alþingis á því að þó nokkur hluti þeirra sovésku kjarnorkukafbáta sem sigla hér meðfram ströndum Íslands eru knúnir sams konar kjarnakljúfum og voru notaðir við Tsjernóbíl. Það er hins vegar enn meiri hætta á því, vegna eðlis kjarnakljúfanna sem notaðir eru í kjarnorkukafbátum, að þeir geti leitt til bilunar og geislavirkni. Á sama hátt hafa skýrslur, sem birtar hafa verið á síðustu árum um bilanir og slys og geislaúrgang í bandarískum kafbátum, leitt það í ljós að nokkur hundruð slíkra tilvika hafa átt sér stað á undanförnum áratugum. Það er þó nokkur fjöldi kjarnorkukafbáta sem farist hefur með þeim hætti að veruleg hætta hefur skapast á því að lífríki sjávarins í kringum slysstaðina væri mengað vegna geislavirkni. Það eru einnig, því miður, nokkur hundruð hermanna í flota Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sem látið hafa lífið á undanförnum áratugum vegna slíkra bilana og slysa í kjarnorkukafbátum. Og á dvalarheimilum sjómanna, t.d. í Sovétríkjunum, er að finna þó nokkurn fjölda einstaklinga sem hlotið hafa geislavirkni af völdum starfa sinna við kjarnorkukafbátana. Einnig er hægt að nefna fjölmörg atvik, þar sem bandarískir eða breskir kjarnorkukafbátar hafa átt í hlut, þar sem við hefur legið að mörg hundruð manna ýmist létu lífið eða biðu verulegt tjón á heilsu sinni vegna hættu á geislavirkni.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli þingheims á mjög ítarlegum greinum sem Vigfús Geirdal skrifaði fyrir nokkrum mánuðum síðan þar sem hann rakti mjög ítarlega rannsóknir bandarískra og sovéskra fræðimanna á þessum hættum, greindi frá opinberum skýrslum í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Það er þess vegna nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að gera okkur grein fyrir því að sú mikla umferð kjarnorkukafbáta og skipa með kjarnorkuvopn í höfunum í kringum Ísland, milli Grænlands og Íslands og Íslands og Noregs, gæti hæglega á næstu árum leitt til þess að okkar dýrmætasta umhverfisauðlind, fiskistofnarnir í hafinu, yrðu eyðilagðir. Ég vil segja við hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, formann utanrmn., sem á undanförnum árum og áratugum hefur helgað veruleğan hluta stjórnmálastarfs síns baráttunni fyrir auknum réttindum Íslendinga til efnahagslögsögu og fiskveiðilögsögu í höfunum í kringum Ísland, að sú barátta yrði til einskis eða lítils ef hér yrðu í höfunum í kring sams konar slys og urðu við Tsjernóbíl, sams konar óhöpp og orðið hafa hjá fjölmörgum bandarískum kafbátum.

Hér er þess vegna, herra forseti, hreyft máli sem er ekki aðeins þáttur í hinni alþjóðlegu afvopnunarumræðu í heiminum, heldur mál sem líkt og landhelgismálið snertir mjög öryggi og grundvöll dýrmætustu efnahagslegu auðlindar okkar Íslendinga. Ég vona því að sú tillaga, sem hér er flutt og flutt er í þeim anda að reynt er að skapa grundvöll fyrir því að allir flokkar hér á Alþingi geti í sameiningu skoðað málið í fullri alvöru, verði til þess að Alþingi og ríkisstjórn nái samstöðu um að beita sér fyrir ráðstefnu af því tagi sem hér er gerð tillaga um.

Ráðstefnan yrði eins og till. ber með sér ekki vettvangur formlegra samningaviðræðna heldur vettvangur til þess að ræða með hvaða hætti væri hægt að koma slíkum viðræðum á, hvert ætti efni þeirra að vera, áfangar og verklag. Jafnframt er kveðið á um það að ríkisstjórn Íslands mundi bjóða að Reykjavík yrði heimkynni þeirra viðræðna á líkan hátt og Genf hefur verið heimkynni viðræðnanna um fækkun kjarnorkuvopna í Evrópu og Stokkhólmur og Helsinki hafa verið vettvangur mjög mikilvægra viðræðna um samninga í mannréttindamálum og vígbúnaðarmálum með góðum árangri á undanförnum áratugum.

Í tillögunni er kveðið á um að til þessarar ráðstefnu yrði boðið:

1. Fulltrúum þeirra fjögurra kjarnorkuvelda sem halda úti kjarnorkukafbátum á norðurhöfum.
2. Fulltrúum ríkisstjórna og þjóðþinga á Norðurlöndum til þess að tryggja að fulltrúar allra skoðana helstu nágrannalanda okkar fái að koma fram á slíkri undirbúningsráðstefnu.
3. Formlegum fulltrúum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins en einnig fulltrúum ríkisstjórna og þjóðþinga í Kanada og á Írlandi. Er rétt í því sambandi að vekja sérstaka athygli á því að í Kanada fara nú fram heitar og miklar umræður um það hvort Kanada eigi að koma sér upp nýjum flota kjarnorkukafbáta til þess að nota í höfunum þar í kring. Að vísu ekki kafbáta sem ætlað er að bera kjarnorkuvopn en sem knúnir eiga að vera með kjarnorku. Einnig fulltrúum annarra ríkja í Evrópu innan og utan hernaðarbandalaga, sem áhuga hefðu á að sækja slíka ráðstefnu.

Viðfangsefni ráðstefnunnar yrði að fjalla um eðli hernaðarstarfseminnar í norðurhöfum, að ræða hvernig koma mætti í veg fyrir að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu leiddi til fjölgunar þeirra í höfunum hér í kring, að gera tillögur um hvernig formlegum viðræðum yrði komið á og að ræða leiðir til að draga úr þeim hættum sem fiskistofnum og lífríki sjávar stafar frá geislavirkni vegna hugsanlegra bilana, kjarnorkuleka og slysa í kjarnorkukafbátum.

Í till. er einnig kveðið á um að Alþingi feli hæstv. utanrrh. að eiga formlegar undirbúningsviðræður við fulltrúa þeirra ríkja sem boðið yrði til slíkrar ráðstefnu. Þess er ekki að vænta að slíkt boð mundi bera árangur ef það yrði einhliða sett fram hér af hálfu Íslands, heldur er nauðsynlegt að fulltrúi ríkisstjórnarinnar eigi um það undirbúningsviðræður við fulltrúa þessara ríkja. Málið sé þannig einnig undirbúið eftir diplomatískum leiðum til þess að efla skilning og velvild þessara aðila á hagsmunum okkar í þessu máli. Auk þess verði utanrrn., utanrmn. Alþingis, Öryggismálanefnd og Háskóla Íslands falið að vinna að þeim faglegu greinargerðum og þeirri gagnaöflun sem óhjákvæmilega er nauðsynleg til að þessi ráðstefna verði sem vandlegast undirbúin.

Herra forseti. Ég vænti þess að þessi till. geti í hv. utanrmn. fengið vandlega umfjöllun. Ég ber þó þá ósk í brjósti að utanrmn. geti lokið umfjöllun um hana á þessu ári, í síðasta lagi í upphafi ársins 1988, vegna þess að um þessar mundir og einkum og sér í lagi í kjölfar væntanlegs leiðtogafundar forseta Bandaríkjanna og leiðtoga Sovétríkjanna munu fara fram á alþjóðavettvangi umræður um það hverjir eiga að vera næstu áfangarnir í afvopnunarviðræðum milli kjarnorkuveldanna og risaveldanna. Það er þess vegna mjög mikilvægt að við Íslendingar setjum fram það sjónarmið okkar í tæka tíð að við teljum að afvopnun á höfunum — ekki bara vegna vígbúnaðarins heldur einnig vegna hins efnahagslega öryggis þar eð fiskistofnunum og lífríkinu er stefnt í hættu með vaxandi umferð slíkra skipa hér í höfunum í kring — að þessi þáttur eigi að vera þar mjög ofarlega á dagskrá.

Reynslan kennir okkur því miður að slíkir samningar geta tekið langan tíma. Reynslan kennir okkur einnig að það skapast oft augnablik, nokkrar vikur, nokkrir mánuðir þar sem ráðin er dagskrá þessara viðfangsefna til margra ára, jafnvel eins til tveggja áratuga, og ef menn grípa ekki nægilega fljótt og vel inn í þá atburðarás, þá er hætta á að menn þurfi að bíða ærið lengi, jafnvel árum saman ef ekki áratugum saman til þess að koma sínum hagsmunamálum á framfæri. Nú virðist hins vegar vera kominn rétti tíminn fyrir okkur Íslendinga til þess að tefla fram okkar sjónarmiðum og okkar hagsmunum í þessu máli.

Ég vænti þess, herra forseti, um leið og ég óska eftir því að þessari till. verði vísað til hv. utanrmn., að hún hugleiði málið einnig með tilliti til þeirra miklu tímamóta sem eru að gerast í þessum málum

og þeirra tækifæra sem nú eru að skapast til þess að hafa áhrif á dagskrá og viðfangsefni alþjóðlegra viðræðna um þessi efni á næstu árum og áratugum.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. flm. að það er vissulega áhyggjuefni ef fækkun kjarnorkuvopna á landi leiðir til þess að þeim fjölgar í og á hafinu. Svo sannarlega er sá orðrómur, sem mjög ríkur er, að kjarnorkukafbátafjölgun í norðurhöfum sé ákaflega mikil, mikið áhyggjuefni. Undir þetta tek ég allt og ég vil einnig taka undir að að sjálfsögðu ber okkur, hafandi stórra hagsmuna að gæta í þessum höfum, að beita okkur fyrir því hvar sem við getum að svona fari ekki og reyndar að dregið verði úr þeirri miklu fjölgun kjarnorkuvopna í hafinu sem, eins og ég sagði áðan, sagt er að nú sé jafnvel í undirbúningi og hefur örugglega verið á síðustu árum.

Ég tel reyndar að við höfum látið þetta koma vel fram, t.d. með samþykkt Alþingis frá því í maí 1985 þar sem lögð er áhersla á kjarnorkuvopnalaus svæði, eins og orðað var held ég í framsöguræðu formanns utanrmn., „frá Grænlandi til Úralfjalla". Þetta hefur komið fram í tillöguflutningi ýmissa þm. og ræðum sem þeir hafa flutt utan þings um nauðsyn þess að hafið verði einnig með í þessari umræðu.

Ég vek einnig athygli á því að við tökum nú ákveðinn þátt í þeim viðræðum sem fara fram á milli Norðurlandanna um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og þá leggjum við að sjálfsögðu til grundvallar þá skoðun sem ég hef nú lýst og kemur fram í samþykkt Alþingis frá 1985.

Ég leyfi mér einnig að vekja athygli á því að ég hef sagt hvað eftir annað að ég telji ræðu þá sem Gorbatsjoff hélt nýlega í Múrmansk mjög athyglisverða og ég er ekki sammála því sem komið hefur fram, m.a. í fréttum frá utanríkisráðherrum Evrópubandalagsins, að þar væri „lítið nýtt" eða jafnvel ekkert nýtt. En ég er sammála því sem komið hefur fram, t.d. hjá varnarmálaráðherra Noregs og hann lýsti þegar hann var hér heima nýlega í opinberri heimsókn, að það væru vissulega ný atriði í þeirri ræðu sem krefðust þess að þau væru athuguð. T.d. er þar í fyrsta sinn boðið upp á að viðræður um norðurheimskautið og norðurhöfin fari fram ekki aðeins á milli þeirra landa sem þar eiga beinna hagsmuna að gæta, liggja að norðurhöfum, heldur einnig á milli hernaðarbandalaganna, þ.e. Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Þetta er mjög stórt nýmæli frá Sovétmönnum sem hafa yfirleitt ekki tekið undir slíkt og viljað takmarka slíkar viðræður við aðliggjandi lönd.

Og ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að ég er í raun hlynntastur því að fækkun kjarnorkuvopna fari fram á heimssviði, þ.e. fyrir heiminn allan, því að þau eru þess eðlis hvort sem þau eru staðsett í hafinu eða í Úralfjöllum eða í Klettafjöllum að þau geta eytt öllu mannlífi á jörðu. Því er mikilvægast að ná samkomulagi um fækkun kjarnorkuvopna á heimsgrundvelli.

Nú er það náttúrlega spurningin: Hvernig getum við Íslendingar beitt okkur sem best í þessu máli? Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að við hljótum að beita okkur innan þeirra samtaka þar sem við erum starfandi eins og t.d. hjá Sameinuðu þjóðunum, og hefur verið rætt hér aðeins í sambandi við aðra tillögu í dag, innan Atlantshafsbandalagsins, þar sem við tökum nú virkari þátt. Svo sannarlega mun ég, ef aðrir gera það ekki, minnast á þau mál sem hér eru til umræðu, og taka undir þau ef aðrir gera það. Mér finnst sjálfsagt að fá umræðu um það þar hvernig litið er á þá miklu uppbyggingu sem orðið hefur í norðurhöfum **með kjarnorkukafbáta** o.s.frv.

Ég vil einnig taka fram að ég lít svo á að Ísland geti orðið miðstöð umræðu um ýmis vandamál heimsins. Ég hefði að vísu kosið að landið yrði síður umræðuvettvangur um hernaðarstefnur. Ég fór að sjálfsögðu og hlustaði á nokkuð af því sem fram kom á þeirri ráðstefnu sem haldin var í Hveragerði nýlega. Ég held að ég hafi einhvern tíma látið þau orð falla að mér eru slíkir hernaðarleikir lítt geðfelldir. Ég hefði heldur kosið að við gætum orðið vettvangur til umræðu um þau ótal vandamál sem steðja að mannkyninu önnur en hernaðarlegs eðlis, þó það sé eitt af þeim allra stærstu, og þar á ég vitanlega við mál eins og sjúkdóma, hungur, tortryggni og fleira sem allt of langt mál yrði að ræða hér. Spurningin er hvort við eigum að stofna til slíkrar ráðstefnu sem þessarar, hvort hún nær þessum góða tilgangi sem ég veit að flm. hefur í huga. Ég hef efasemdir um það. A.m.k. þarf að vera tryggt að þátttaka í slíkri ráðstefnu yrði einlæg, ef ég má orða það svo, ekki bara yfirborðskennd.

Ég hef efasemdir um 1. málsgr. tillgr. þar sem segir að stofnað verði til fundar um hvernig megi fá viðræður um þessa uppbyggingu í norðurhöfum. Ég man ekki alveg nákvæmlega hvernig þetta er orðað, en það er andi þessarar till. Efnislega er hann sá að stofna til fundar um hvernig megi fá þessi mál tekin fyrir til umræðu. Þetta minnir aðeins á þær deilur sem stöðugt eru í gangi um það á alþjóðaráðstefnum hvernig borð eigi að vera í laginu. Ég hefði þá heldur viljað funda um málið sjálft en að stofna til fundar um hvernig eigi að fá menn til að ræða um þetta mikilvæga mál.

Ég tek undir það með hv. flytjanda að að sjálfsögðu fær þessi till. ítarlega meðferð í utanrmn. Ekki efa ég það.

Ég lýk svo máli mínu með því að taka efnislega undir það sem hv. flm. sagði um mikilvægi þessa máls og að við eigum að beita okkur eins og raunhæft er á hvaða vettvangi sem er til að koma í veg fyrir uppbyggingu kjarnorku í hafinu og á hafinu. En um þessa leið hef ég nokkrar efasemdir.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Hæstv. forseti. Fyrir u.þ.b. sjö árum flutti ég ásamt nokkrum þm. Framsfl. á hæstv. Alþingi

þáltill. sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að haldin verði alþjóðleg ráðstefna hér á landi um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Tilgangur ráðstefnunnar verði að kynna viðhorf Íslendinga til hins geigvænlega kjarnorkuvígbúnaðar, sem nú fer fram í hafinu í kringum Ísland, og þá afstöðu Íslendinga að þeir telja tilveru þjóðar sinnar ógnað með þeirri stefnu sem þessi mál hafa verið og eru að taka.

Á ráðstefnunni verði ítarlega kynnt þau sjónarmið Íslendinga að þeir geti með engu móti unað þeirri þróun mála að kjarnorkuveldin freisti þess að tryggja eigin hag með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland."

Svo mörg voru þau orð. Meginröksemdir fyrir flutningi þessarar till. á þessum tíma voru þær að þá voru ýmsar blikur á lofti, umræður í ýmsum áttum sem bentu til þess að sterk öfl gætu beint vígbúnaðinum meira og meira út í hafið kringum Ísland. Í fyrsta lagi mátti skilja á ýmsum talsmönnum að baráttan um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd gæti haft þau áhrif að vígbúnaður yrði meiri í hafinu. Í öðru lagi voru á þeim tíma mjög miklar umræður um svonefndar MX-eldflaugar í Bandaríkjunum og andstaða orðin talsverð við staðsetningu þeirra í því landi. Margir þeir sem lögðust gegn byggingu þessara MX-eldflauga og smíði þeirra lögðu til að Bandaríkin efldu fremur vígbúnað sinn í hafinu. Þær raddir urðu sífellt sterkari sem töldu að stöðugleiki ógnarjafnvægisins yrði meiri ef vígbúnaðurinn yrði öflugri í hafinu vegna þess að það væri erfiðara að finna kafbátana og „önnur árás" eða „second strike" væri þar með öruggari.

Jafnframt var það svo að á þessum tíma fóru fram mjög miklar umræður um ný eldflaugakerfi í Evrópu sem síðar voru reist a.m.k. að verulegum hluta og afvopnunarviðræður snúast nú um að taka til baka. Margir þeir sem börðust gegn þessum nýju eldflaugakerfum í Evrópu töldu þá að möguleiki væri á að tryggja öryggið með auknum vígbúnaði í hafinu. Ég áleit þá ásamt þeim sem þessa till. fluttu með mér að það væri nauðsynlegt fyrir Íslendinga að vekja athygli á þróun þessara mála, að Íslendingar hefðu sjálfir frumkvæði að því að benda á að þeir mótmæltu því á vettvangi þjóðanna að þungamiðja vígbúnaðarins beindist að hafinu í kringum Ísland. Inn í þessa umræðu spannst þá jafnframt að afvopnunarviðræður, sem þá voru mest í gangi og hafa verið í gangi, snerust um Evrópu. Þær snerust um Evrópu sem enn á ný gat bent til þess, og hefur komið fram í máli ýmissa ráðamanna síðan, að menn teldu unnt að vinna upp þá afvopnun sem færi fram í Evrópu með fjölgun kjarnorkuvopna í hafinu.

Síðan þessi till. var flutt eru nú nærfellt sjö ár og margt hefur breyst á sviði heimsmála síðan þetta var til umræðu. Ekki kannski hvað síst það að Gorbatsjoff hefur í sinni frægu ræðu í Múrmansk lagt áherslu á afvopnun í norðurhöfum. Ég verð að játa að ég er dálítið hissa á því að flm., sem hér flytur ágæta till. og hefur fengið margs konar verðlaun á alþjóðavettvangi fyrir baráttu sína á þessu sviði og hefur vafalaust unnið mjög gott starf, skyldi hvorki geta þessarar till. sem er að miklu leyti samhljóða þeirri sem hann flytur, þó með öðrum hætti sé, eða þess frumkvæðis sem Gorbatsjoff hafði um afvopnun í norðurhöfum. En það má kannski segja um menn sem berjast til valda í einum flokki og gleyma meðal hundrað fulltrúa að taka til forustumenn Alþýðusambandsins og ýmsa borgarfulltrúa síns eigin flokks að eðlilegt sé að þeir gleymi smáköllum eins og mér og Gorbatsjoff í umræðu eins og hér fer fram.

En snúum okkur aðeins að þessari till. Ég hygg að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að þessi till. fái ítarlega umfjöllun í utanríkismálanefnd. Í þeirri umfjöllun mun ég taka þátt og fara af fullri samviskusemi yfir till. Ég er ekki alveg viss um að tillöguflutningurinn sé allur í þeim mæli að ég geti samþykkt hann. Ég hygg að þar sé margt sem þyrfti aðeins að skoða. Mér virðist að upptalningin á þeim sem bjóða á til ráðstefnunnar feli í sér nokkra endurtekningu, að sumir liðirnir séu óþarfir með tilliti til þess að aðrir nái nánast yfir þá. Í öðru lagi virðist mér, þegar ég hugsa þetta, að það sé dálítil spurning hvort fjalla eigi um leið á sömu ráðstefnunni um allt sem þarna er nefnt. — Og þá tek ég undir með hæstv. utanrrh. að mér er ekki alveg ljóst hvort flm. ætlast til að ráðstefnan fjalli um leiðir til að koma þessari afvopnun á eða beinlínis um afvopnunina sjálfa. — Ég er ekki alveg viss um það, af því ég skil tillöguflutninginn þannig að afvopnunin á norðurhöfum sé þungamiðjan, að það eigi heima á sama tímabili að draga inn í það sérstaklega umræðuna um fiskistofnana og lífríki sjávar. Það má þó vel vera að það sé og auðvitað tengjast þessi mál, en mér sýnist þó að það kunni að vera mál sem sé svo yfirgripsmikið að það geti drepið öllu hinu á dreif á þeirri ráðstefnu sem menn eru að tala um.

Í þessu sambandi vil ég aðeins geta þess að mér virðist af grg. að um sé að ræða einhvers konar misskilning hjá flm. varðandi þetta atriði. Ég ætla að reyna að gera grein fyrir því hvernig ég skil þessa grg. og biðja flm. þá að leiðrétta mig ef ég skil rangt.

Þegar fjallað er um ráðstefnuna og hvað þar yrði rætt segir í grg., með leyfi forseta:

„Sérstaklega yrði rætt um leiðir til að koma í veg fyrir að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu leiði til fjölgunar þeirra á norðurslóðum. Mikilvægur þáttur í þessari umræðu væri að gera grein fyrir hvernig kjarnorkulekar, bilanir og geislavirkni geta stofnað í hættu fiskistofnum og lífríki hafsins. Þess vegna sé brýn efnahagsleg nauðsyn fyrir Íslendinga að útrýma kjarnorkuvígbúnaði úr höfunum í kringum landið."

Nú er það svo að þessir lekar og hættan á kjarnorkumengun í höfunum stafar ekki síður af kjarnorkuknúnum skipum, skipum sem eru knúin kjarnorkurafölum og hafa ekkert með kjarnorkuvopn að

gera. Jafnvel, eins og flm. orðar það hér, þó að það gæti verið efnahagsleg nauðsyn að þessu leyti fyrir Íslendinga að útrýma kjarnorkuvígbúnaði í höfunum nær það ekki yfir þann hluta vandans sem e.t.v. er stærsta hættan af, en það eru kjarnorkuknúin skip. Ég hygg að flest þeirra slysa sem orðið hafa og menn tala um stafi einmitt út frá lekum af kjarnorkuknúnum skipum en ekki beinlínis af kjarnorkuvopnunum sjálfum. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á hvernig flm. tengir þetta þó auðvitað gæti mengunin jafnframt líka stafað af vopnunum.

Hér segir jafnframt, þegar vísað er til þess í grg. að þessi skip geti verið nokkurs konar fljótandi Tsjernóbíl, með leyfi forseta:

„Í skýrslum Bandaríkjahers kemur fram að helstu orsakir slysa og bilana, sem tengjast kjarnorkuvígbúnaði sjóhersins, eru raktar til mannlegra mistaka og bilana í tækjabúnaði. Þessar upplýsingar sýna að auk þeirra ástæðna, sem tengjast almennri nauðsyn afvopnunar, er það brýnt efnahagslegt öryggismál fyrir Íslendinga að hafist verði handa um fækkun og síðan útrýmingu kjarnorkuvopna í hafinu kringum landið."

Mér virðist þess vegna af grg. flm. að í þessu sambandi leggi hann alla áhersluna á vopnin en dragi ekki jafnt inn hættuna af kjarnorkuknúnum skipum sem bæði gætu verið flugvélamóðurskip og kafbátar og jafnvel önnur slík skip. Það er enginn vafi á að í þetta ættu þá jafnframt að koma kröfur Íslendinga um öryggisbúnað varðandi þessi kjarnorkuknúnu skip. Mér virðist þungamiðjan vera á afvopnuninni en umræðan dálítið um afleiðinguna af kjarnorkuknúnu skipunum. Þetta leiðréttir kannski flm. á eftir þegar hann tekur til máls.

Menn ræða dálítið um að Reykjavík gæti orðið heimkynni fyrir friðarviðræður og alþjóðlegar viðræður. Sjálfsagt dreymir okkur alla um það og gaman væri ef slíkt gæti orðið. Í því sambandi benda menn á Genf og Helsinki, Vín og Stokkhólm. Reyndar eru allar þessar borgir í hlutlausum löndum eða hlutlausum að kalla. Þessi lönd hafa því nokkra sérstöðu. Mér virðist að ein meginforsendan fyrir land eða borg sem á að hýsa slíkar alþjóðlegar viðræður sé sú að landið sjálft verði ekki of áberandi í viðræðunum sjálfum sem fram eiga að fara. Mér virtist með Reykjavíkurfundinn sem hér var og oft er vitnað til að Íslendingar hafi litið á sig sem beina þátttakendur í þessum fundi og jafnvel talið árangurinn sér að þakka. Ég hygg, og hef reyndar sagt það annars staðar, að þessir aðilar líti meira, þegar litið er til fundarstaðarins, til svissneska hótelhaldarans sem er ósýnilegur en þó finnanlegur um leið og einhver vandamál koma upp til þess að koma fram og leysa þau. Ég hygg að þeir vilji síður hafa þessa fundi sína þar sem umræðan er mjög ögrandi og þung um vandamálin sem á að ræða á fundunum og vilji ekki velja sér skipuleggjanda eða fundarstað þar sem aðilinn tekur mjög virkan þátt í málunum og eignar sér jafnvel árangurinn sjálfur.

Þetta segi ég vegna þess að ég held að Íslendingar þurfi að hugleiða þetta í samhengi. Sjálfur er ég ekki tilbúinn að fórna því að opin umræða hér á landi og virk fari fram í skiptum fyrir það að gera okkur að ráðstefnulandi. Ég geri mér reyndar ekki grein fyrir því að hve miklu leyti þetta tengist, en ég hygg þó að það geri það í nokkrum mæli.

Ég ætla ekki, herra forseti, á þessu stigi að fara fleiri orðum um þessa till. Mér finnst till. allrar athygli verð og ég vil að hún verði tekin til vandaðrar umfjöllunar í utanrmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Þáltill. á þskj. 27, sem hv. 5. þm. Reykn. ber hér fram, er mjög áhugaverð og rennir stoðum undir vaxandi áhuga manna á afvopnun og raunhæfum aðgerðum í þeim málum. Þó finnst mér í þessari þáltill. blandað saman óskyldum efnum að hluta. Það er t.d. rætt þar um kjarnorkuslys sem er í raun hægt að ræða sérstaklega og ætti að gera það vegna þess að kjarnorka í friðsamlegum tilgangi er orðin mjög útbreidd á mörgum sviðum og um það þarf að ræða alveg sér. Ég held hins vegar að sú hugmynd að halda ráðstefnu í Reykjavík um afvopnun á norðurhöfum sé mjög svo tímabær.

Hæstv. utanrrh. kom inn á margt og ég get tekið undir margt af því sem hann sagði. Jafnframt get ég tekið undir margt af því sem hv. 10. þm. Reykv. sagði.

Það er svo að það er áhyggjuefni ef það skyldi vera að kafbátar og kafbátahernaður sé vaxandi í norðurhöfum. Við höfum að vísu ekki alveg öruggar heimildir fyrir því hvað það er mikið, en það væri ekki verra að hafa þær.

Í Morgunblaðinu í dag er viðtal við varnarmálaráðherra Noregs, Johan Jörgen Holst, og segir hann þar eftir að hann er spurður um álit sitt á þýðingu ræðu Mikail Gorbatsjoffs í Múrmansk nýlega fyrir Ísland og Noreg og þýðingu þeirra tillagna sem koma þar fram fyrir Ísland og Noreg, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögur hans [þ.e. Gorbatsjoffs] eru mikilvægar fyrir bæði ríkin. Ræðan var mjög athyglisverð og hún var einnig mikilvæg. Hún var mikilvæg í fyrsta lagi vegna þess að Gorbatsjoff flutti hana sjálfur og í öðru lagi vegna þess að henni var beint til þeirra þjóða sem byggja þennan heimshluta. Það gerist ekki oft að sovéskir ráðamenn ræði sérstaklega um þróun mála í okkar heimshluta. Þegar það gerist er full ástæða til að hlýða á málflutning þeirra."

Ég held að þetta og frekari ummæli sem höfð eru eftir varnarmálaráðherra Noregs, Johan Jörgen Holst, gefi tilefni til þess að við íhugum þetta mjög vandlega. Það sýnir hins vegar að tímasetning hv. 5. þm. Reykn. er góð og till. flutt á réttu augnabliki. Það er tímabært fyrir okkur Íslendinga að taka þessi mál til skoðunar og athuga hvort við ættum að bjóða Reykjavík sem fundarstað fyrir þetta eða önnur alþjóðamál á þessum vettvangi. Hann nefndi bæði Genf, Vín, Stokkhólm og Helsinki og það er rétt, sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., að þetta eru

að vísu talin hlutlaus lönd en á margan hátt er Ísland ekkert síður hlutlaust en þessi lönd.

Þá liggur fyrir yfirlýsing og vilji forráðamanna Reykjavíkurborgar um að koma á mót alþjóðlegu ráðstefnusetri hér í borg í samráði við þá aðila sem starfa að ferðamálum og við ríkisvaldið. Við í Borgarafl. höfum áður ályktað um slíkan leiðtogafund eða fundi og erum mjög fylgjandi því að við reynum að koma hér á fundum varðandi málefni sem eru mjög ofarlega á baugi í Evrópu og í heiminum alls staðar.

Það fer ekki á milli mála að sú stefna sem Mikail Gorbatsjoff setti af stað og er víst kölluð „glasnost" á rússnesku hefur víða um heim vakið vonir um að þar væri raunverulegur vilji til viðræðna og að komast að samkomulagi í þessum málaflokkum. Það verður fyrst að reyna á það, en þær viðræður sem hafa átt sér hér stað milli leiðtoganna tveggja gefa þó vonir um að það verði e.t.v. í framtíðinni stefnubreyting að þessu leyti.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á umræðum sem hafa orðið í Evrópuráðinu um þessi mál þar sem hafa verið tekin til mjög víðtækrar umræðu öryggismál álfunnar og hefur verið komist að niðurstöðu þar sem þm. allra flokka hafa verið sammála í þessum málum og þá einnig þeir sem standa utan hernaðarbandalaga. Menn eru mjög fylgjandi því að reyna til hlítar að fækka vopnum í Evrópu og annars staðar. Ég vil þá sérstaklega undirstrika að við hjótum að taka þátt í þeim umræðum.

Ég vil sérstaklega vitna til samantektar hv. þm. íhaldsflokksins í Noregi, Harald Lied, og samantektar hv. þm. íhaldsflokksins á Spáni, frú Loyola Palacio, en þær skýrslur sem þau hafa gert um þessi mál fyrir Evrópuráðið hafa fengið mjög jákvæða umfjöllun og hafa menn frá öllum flokkum verið mjög sammála þeirri niðurstöðu og því sem þar hefur komið fram. Þessi mál eru því í brennidepli. En menn eru jafnframt sammála um að þeir vilja ekki einhliða afvopnun. Þeir vilja horfa á heildina. Það er mjög mikilvægt að menn standi saman um það, að Evrópa sem heild standi saman og hún hviki ekki frá því að það verður að koma eitthvað á móti.

Í þessu sambandi má ekki gleyma því mikilvægasta af öllu þessu sem er grundvöllurinn undir því að við getum trúað því að þessi stefna sé í rauninni það sem hún er. Við verðum að leggja áherslu á mannréttindi í þessu sambandi. Það er ekki hægt að slá því á frest að mannréttindi séu virt. Það er undirstaða varanlegs friðar í heiminum að virt séu mannréttindi í öllum löndum. Þess vegna verðum við líka að leggja áherslu á þá hlið í okkar umfjöllun um þessi mál að mannréttindi séu í heiðri höfð í þeim löndum sem við erum að ræða um afvopnun við.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, sem við höfum rætt um hér áður og hefur verið komið inn á, að auðvitað er kjarnorka í höfunum í kring mikið áhyggjuefni og við hljótum að taka það til sérstakrar umfjöllunar. Ég hef grun um að það muni vera till. á leiðinni um eitt tiltekið mál í því sambandi. Ég tel að við eigum að fylgjast mjög grannt með kjarnorku sem er notuð til raforku og raforkuvera. Um þetta hefur verið fjallað mjög ítarlega einmitt af Evrópuráðinu og einnig þar hafa menn vaxandi áhyggjur af þeim málum.

Í því sambandi er rétt að undirstrika að við Íslendingar búum svo vel að við þurfum ekki á þessari orku að halda, en við verðum að líta til þess að mörg Evrópulönd, eins og Frakkland og Svíþjóð, búa við það að þau verða að fá orkuna að töluvert stórum hluta frá kjarnorkuverum. Ég varpa þessu máli fram í þessu sambandi. Ég held að það sé rétt að menn líti yfir sviðið en horfi ekki bara á norðurhöfin í þessu sambandi því að þessi mál verða meira til umræðu á næstunni en þau hafa verið. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að hér eru mjög stórir málaflokkar á ferðinni og við Íslendingar verðum að fylgjast vel með þessu þó við höfum kannski ekki afl til að knýja fram neinar samþykktir. Hins vegar getum við unnið á jákvæðan hátt. Ég vil í þessu efni minna á frumkvæði hæstv. utanrrh. þegar hann var forsrh. um að koma á ráðstefnumiðstöð hér þar sem hægt væri að ræða um framtíð heimsins á víðari grunni, eins og hann kom inn á í ræðu sinni. Ég tek sérstaklega undir það.

Ég tel að þetta mál eigi að fá ítarlega umfjöllun í utanrmn. og margt af því sem komið hefur fram hjá fyrri ræðumönnum get ég tekið undir. Ég ítreka hér að við þurfum að fjalla mjög vel um þessi mál, enda er þetta mjög viðamikill málaflokkur sem við verðum að skoða mjög vel og horfa þá til framtíðar fyrir þjóð og land.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þessa till. til þál. Mér finnst hún tímabær og sannarlega athyglisverð og hún gefur tilefni fyrir smáþjóð eins og okkur Íslendinga að sýna djarflegt frumkvæði í afvopnunarmálum.

Það hefur oft verið rætt hér hve hlutverk smáþjóða er mikilvægt á sviði afvopnunar og oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Við Íslendingar höfum lykilstöðu að mörgu leyti og nægir að minna á leiðtogafundinn sem haldinn var hér fyrir ári.

Ég ætla ekki að fara út í efnislega umræðu um málið. Flm. gerði henni góð skil í framsögu sinni. Við hljótum öll að vera sátt um mikilvægi þessa máls og þess vegna vil ég leggja til að tillagan fái ítarlega og vandlega umfjöllun í hv. utanrmn. þannig að menn geti þar náð sáttum um einhverjar breytingar þannig að málið nái fram að ganga á þessu ári.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í utanrmn. vil ég fara örfáum orðum um till. og það sem henni tengist. Ég tel að með henni sé haft mjög verðugt frumkvæði til að taka á máli sem snertir Ísland, öryggishagsmuni okkar og efnahagslega hagsmuni eins og fram kom hjá flm. Það er ánægjuefni að hér hafa komið fram í umræðunni svo jákvæð viðbrögð

við þetta mál eins og menn hafa heyrt frá þeim sem hér hafa talað á undan mér.

Ég heyrði á máli hæstv. utanrrh. að honum þætti kannski helst til skammt gengið með till. þar sem með henni væri lagt til að fjallað yrði á þeirri ráðstefnu, sem gert er þar ráð fyrir, um hvernig komið verði á formlegum samningaviðræðum um afvopnun á norðurhöfum og síðan vikið að því hverjir ættu heima á slíkri ráðstefnu. Hæstv. ráðherra virtist telja að það væri ástæða til að stíga jafnvel stærra skref í þeim efnum. Ég hygg að af hálfu flm., hv. 5. þm. Reykn., sé lagt til þetta skref að vandlega athuguðu máli og það eitt út af fyrir sig væri auðvitað stórfelldur árangur ef það tækist að koma á samkomulagi um ráðstefnu sem tæki á efnisatriðum. Okkur er ljóst að það verður ekki náð landi í svo stóru máli sem þessu nema á mörgum fundum. Hitt er svo annað mál að ef unnt er með frumkvæði Íslands m.a. að undirbúa ráðstefnuhald sem gæti tekið á efnislegum þáttum málsins sýnist mér að við gætum sannarlega ekki haft á móti því að slíkur fundur yrði hér haldinn, en það mundi þá reyna mjög verulega á íslenska utanrrn. í þeim efnum að hreyfa við málinu, taka það upp við þá fjöldamörgu aðila sem þarna eiga hlut að máli og með það að markmiði að koma hér á fundi. Þetta vildi ég segja vegna þess sem fram kom hjá hæstv. utanrrh., en flm. mun eflaust víkja frekar að því hér við framhald umræðunnar.

Hér hefur mikið verið rætt um þau breyttu viðhorf sem nú eru í sambandi við afvopnunarmál og þá miklu hreyfingu sem á þeim er og þar á meðal vegna frumkvæðis af hálfu annars risaveldanna. Múrmansk-ræða Gorbatsjoffs hefur komið hér mikið inn í umræðu og það er mjög ánægjulegt að heyra það viðhorf frá utanrrh. ekki aðeins Íslands, eins og hér liggur fyrir, heldur einnig Noregs, eins og það kemur fram í Morgunblaðinu í dag í ítarlegu viðtali við hann, að þeir meta þær hugmyndir mikils sem fram hafa komið af hálfu Sovétríkjanna í þessum efnum.

Nú skal ég ekki vera að gera meira úr þeim tillögum en efni standa til. Menn verða að líta á þær eins og þær liggja fyrir og láta á það reyna hvaða hugur liggur að baki. Það tekst hins vegar ekki nema menn setjist að borði til að taka á þeim þáttum sem þar er að vikið.

Ég held, virðulegur forseti, að það væri ómaksins vert á tveimur mínútum að vitna til þess kafla í ræðu Gorbatsjoffs frá Múrmansk sem mest snertir þessi mál þannig að það liggi fyrir í þingtíðindum og þá tek ég það sem mér virðist að skipti einna mestu varðandi þennan þátt og sem tengist þessari till. sem hér er flutt, en þar segir:

„Þess vegna langar mig þegar ég er staddur hér í Múrmansk á þröskuldi heimskautsins og Norður-Atlantshafsins til að bjóða þeim sem yfir þessum svæðum ríkja til viðræðna um öryggismál, sem löngu eru tímabærar.

Hvernig gerum við okkur þetta í hugarlund? Það má vera einhliða og tvíhliða og marghliða samstarf. Ég hef oftar en einu sinni orðið að ræða um „hið sameiginlega heimili okkar, Evrópu". Styrkur nútímasiðmenningar gerir kleift að byggja heimskautssvæðið í þágu þjóðarbúskaparins og annarra hagsmuna í löndunum sem ríkja á heimskautinu og Evrópu og samfélagsins alls. Til þess verður fyrst og fremst að leysa þau öryggismál sem hafa skapast. Sovétríkin eru fylgjandi því að verulega sé dregið úr fjandskap á þessum slóðum. Megi norðurhjari plánetunnar verða að friðarsvæði. Megi norðurpóllinn verða að friðarpól. Við leggjum til við öll ríki, sem áhuga hafa, að hefja viðræður um takmörkun og samdrátt hernaðaraðgerða í norðri í heild, svo og á austurhveli og vesturhveli jarðar.

Hvað skyldum við eiga hér við nákvæmlega?

1. Um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu. Ef tekin væri slík ákvörðun væru Sovétríkin, eins og þegar hefur verið lýst yfir, tilbúin til að bera ábyrgð. Það er komið undir ríkjunum sem eru þarna aðilar að hversu markvisst þessi ábyrgð verður formuð: Með marghliða sáttmálum eða einhliða, með yfirlýsingum ríkisstjórna eða á annan máta.

Jafnframt lýsa Sovétríkin yfir að þau eru tilbúin til að ræða við öll ríki, sem hlut eiga að máli, um þau vandamál er varða kjarnorkuvopnalaust svæði og tilurð þess, þar á meðal mögulegar ráðstafanir varðandi sovéskt landsvæði. Við gætum gengið enn lengra, m.a. flutt kafbáta á brott frá Eystrasalti sem eru með ballistískum eldflaugum.

Eins og kunnugt er hafa Sovétríkin einhliða tekið niður skotpalla fyrir meðaldrægar eldflaugar á Kolaskaga og stóran hluta skotpalla fyrir slíkar eldflaugar á Leningrad-hersvæðinu og Eystrasaltshersvæðinu. Mikið af skammdrægum eldflaugum var flutt á brott frá þessum héruðum. Á svæðum sem eru í nágrenni við landamæri skandinavísku landanna hafa heræfingar verið takmarkaðar. Eftir að gert var samkomulag um tvöfalda núll-lausn hafa opnast viðbótarmöguleikar á því að koma á hernaðarlegri slökun á þessum slóðum.

2. Við fögnum tillögu Finnlandsforseta, Mauno Koivisto, um takmörkun hernaðarframkvæmda á hafi í höfunum við Norður-Evrópu." Og hér er vikið beint að því sem hér er til umræðu. „Fyrir sitt leyti hafa Sovétríkin lagt til að hefja umræður milli Varsjárbandalagslandanna og NATO um minnkandi hernaðaraðgerðir og takmarkaða starfsemi flota og flughers á Eystrasalti, Norðursjó og Grænlandshafi og einnig um útbreiðslu ráðstafana til að efla traust.

Meðal slíkra ráðstafana gætu verið sáttmálar um takmörkun samkeppni í kafbátavopnum, tilkynningar um umfangsmiklar æfingar flota og flughers, að fulltrúum frá öllum ríkjum í Samtökunum um samvinnu og öryggi í Evrópu verði boðið að fylgjast með umfangsmiklum æfingum flota og flughers. Þetta gæti verið fyrsta skrefið til að útbreiða traust á heimskautssvæðinu og í norðurhéruðunum beggja vegna.

Auk þess leggjum við til að skoðuð verði þau mál er lúta að starfsemi flota og flughers á þeim svæðum sem eru alþjóðleg hafsvæði og yfirleitt skipaferðir. Í þessu markmiði mætti halda fund þeirra aðila, sem áhuga hafa, t.d. í Leningrad."

Þetta er aðeins einn þáttur í þessari ræðu sem talin hefur verið svo athyglisverð af íslenska utanrrh. og þeim norska, svo að dæmi séu tekin, og ég tek undir það að hér er hreyft við mörgum þáttum sem skipta hagsmuni þessara svæða afar miklu. En það er aðeins með viðræðum sem hægt er að láta á reyna hvaða alvara býr að baki.

Hér var sérstakur sendimaður sovétstjórnarinnar á ferð fyrir nokkrum dögum og ræddi við íslensk stjórnvöld og fulltrúa úr utanrmn. og þar var komið að ýmsum þýðingarmiklum þáttum, m.a. að því er snertir umhverfismál og verndun auðlinda á norðurslóð. Ég held að það sé, fyrir utan hinn hernaðarlega þátt og umferð kjarnorkuknúinna skipa sem hv. 10. þm. Reykv. vék að sérstaklega, eitt af þeim sviðum þar sem sé afar þýðingarmikið að þjóðirnar á norðlægum slóðum taki saman höndum. Einn þáttur þess máls felst í till. sem hér var lögð fram í Sþ. í dag, tengt kjarnorkuendurvinnslustöð í norðanverðu Skotlandi.

Það skiptir miklu þegar fulltrúar kjarnorkuvelda lýsa því skorinort yfir að þarna sé hættuástand á ferðinni, ekki aðeins hernaðarlegt heldur einnig vistfræðilegt, og Íslendingum er í rauninni skylt, þar eð við byggjum á sjávarauðlindum fyrst og fremst og munum gera það í fyrirsjáanlegri framtíð, að taka undir og taka menn á orðinu í þeim efnum og láta á það reyna og líta á þessi mál í víðu samhengi.

Ég þakka hv. flm. þessa máls fyrir að færa það hér inn á vettvang Alþingis í þessari þáltill. og mun að sjálfsögðu taka þátt í umræðum um hana í utanrmn. og vænti að hún leiði til þess sem að er stefnt með tillögunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það þarf sjálfsagt ekki að taka fram að auðvitað verður þetta mál ítarlega rætt í utanrmn., eins og ýmsir ræðumenn hafa komið inn á, og ekki þetta mál einangrað heldur önnur þau mál sem hér hafa verið á dagskrá í dag og öll þau miklu tíðindi sem eru að gerast í okkar heimshluta og raunar um heim allan að við væntum.

Það er rík ástæða til þess fyrir mig kannski að þakka sérstaklega ummæli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar því þó hann gleymdi Gorbatsjoff og Guðmundi mundi hann eftir Eykon. Ég held að það saki ekkert í háalvarlegri umræðu að vera með einhvern léttleika, eins og fram kom hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni. Ef við gleymum gleði lífsins og lífshamingjunni og getum ekki brosað bæði að sjálfum okkur og öðrum held ég að okkur sé æði hætt. Gaman sakar því ekki. En hér er svo sannarlega um okkar mikilvægustu málefni að ræða og þau hljótum við að ræða bæði úr þessum stól í vetur oft og mörgum sinnum og ekki síst í utanrmn. og auðvitað í utanrrn. Það hvílir auðvitað þung ábyrgð á þeim sem um þessi mál fjalla sérstaklega.

Svo vill til að fyrir réttum tveim vikum var haldin hér í borg ráðstefna um siglingaleiðir á norðurslóðum. Ég var beðinn að tala þar og þá varpaði ég fram þeirri hugmynd að um öll þessi mál, sem hér er verið að ræða nú, yrði haldin ráðstefna eða athugað um möguleika á ráðstefnu og þá gjarnan einmitt hér í Reykjavík þar sem fundarsköp yrðu ekki ósvipuð því sem var á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna þar sem aldrei var um atkvæðagreiðslur að ræða heldur náðist samkomulag um öll málefni og aldrei greidd atkvæði fyrr en á lokadegi þegar örfáar þjóðir skárust úr leik. Þessi ráðstefna hefur verið nefnd mikilvægasta ráðstefna mannkynssögunnar einmitt vegna þess hvernig á málum var haldið þegar ákveðin voru lög á tvo þriðju allrar jarðarkringlunnar, þ.e. á öllum heimshöfunum. Hér er nú á ferðinni mál sem ekki er minna en þá var verið að fjalla um því það er um að tefla líf eða dauða. Þess vegna held ég að þessi hugmynd hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar falli mjög vel að því sem ýmsir aðrir hafa vakið máls á og við þurfum að ræða með hvaða hætti þetta eigi að bera að. Ég held nefnilega að það sé nokkuð til í því hjá Guðmundi G. Þórarinssyni að við eigum ekki a.m.k. að vera neitt stolt yfir því að við séum þannig staðsett að menn vilji hérna vera og við séum það litlir að hér sé hægt að umgangast án truflana. Við getum auðvitað verið stolt af því að það gerðist ekkert óvænt, ekkert óþægilegt á leiðtogafundinum og íslenska þjóðin öll var þar gestgjafar. Það var ákveðið að ræða engin sérislensk mál og það var skorað á þjóðina að vera sem fjærst fundarstað og trufla sem minnst. Hún gerði það. Ég held að það sé okkur til mikils hróss. En hitt er rétt að við eigum ekki að ímynda okkur að við séum orðin neinn miðdepill heimsins. Það erum við ekki. En við erum að sjálfsögðu reiðubúin til að taka á móti hverjum þeim gesti sem hér vill koma í friðsamlegum tilgangi til að ræða, ekki bara við okkur heldur ef einhverjir vilja ræða saman og hafa okkur sem fjærst, bara sem gestgjafa. Það gerum við að sjálfsögðu.

En það má gjarnan fara víðar yfir allan þennan sjóndeildarhring. Auðvitað hafa gífurlegir sigrar unnist í hafréttarmálunum og á þessum áratug og mestum hluta síðasta áratugar höfum við hvorki meira né minna en fært okkar landhelgi úr 12 mílum í 200 mílna efnahagslögsögu, við höfum unnið stórsigra í Jan Mayen málinu, við erum að vinna sigra yfir hafsbotninum suður í höfum með samvinnu við Dani, Færeyinga og væntanlega Breta alveg á næstunni og þar standa einmitt yfir rannsóknir. Við erum í samvinnu við Norðmenn og Dani um að friða hafsbotninn sem enn er opinn frá Jan Mayen landhelgi, íslenskri landhelgi og norskri landhelgi og grænlenskri þannig að norðurslóðum sé lokað með þeim hætti. Það ætti að geta gerst á mjög skömmum tíma. Og það var eitt af umræðuefnunum þegar varnarmálaráðherra Noregs var hér á ferð — það var ekki utanríkisráðherrann heldur varnarmálaráðherrann, en þeir starfa auðvitað mjög náið saman utanríkis-

ráðherrann og varnarmálaráðherrann — að hraða fundum um þetta mál. Og þá er komið að því, sem flm. ræddi, að norðurslóðir ná kannski alla leið til Kanada og Kanadamenn eru að hugleiða og vinna að því að færa út sín landgrunnsmörk allt að 600 mílur að ég hygg. Um gífurlega mikil svæði er því að ræða. Þessar þjóðir eiga norðurhöfin, þær eiga Grænlandshaf, þær eiga Íslandshaf, þær eiga Noregshaf. Þetta er haf þjóða sem að þessum löndum liggja. Að því leyti til væri það ekkert óeðlilegt að slík ráðstefna yrði haldin einmitt í miðdepli þessa svæðis, þ.e. á Íslandi. Auðvitað verða þær fjölmargar ráðstefnurnar sem haldnar verða hér um friðun hafsins, um ræktun hafsins, um nýtingu hafsins o.s.frv. Við erum einmitt að búa þar í haginn með byggingu hótela, ráðstefnusala o.s.frv. og við verðum opnir til að veita gistingu öllum þeim sem hingað vilja koma án þess að miklast af því að við séum eitthvert stórveldi eða hyggjumst vera það.

Það er líka athyglisvert, og á því vakti ég máls við þennan sérstaka sendimann Gorbatsjoffs sem hér kom og ræddi m.a. við menn í utanrmn., að það væri íhugunarefni fyrir Rússa — hann er sagnfræðiprófessor — og hann hlustaði á það, og reyndar vakti ég máls á því líka á þeirri ráðstefnu sem ég nefndi áðan, að það hlýtur að vera mikilvægt fyrir Rússa, sem í aldaraðir hafa óttast innrás frá Vestur-Evrópu, að vita að slíkt er nánast óhugsandi héðan í frá. Evrópuþjóðirnar eru að renna saman í nánast eitt ríki. Það er verið að brjóta niður landamærin og það verður enginn grundvöllur lengur fyrir því að einhverjar tvær Evrópuþjóðir hefji styrjaldir, tvær eða fleiri, til að gæta ímyndaðra hagsmuna eða af þjóðarrembingi eins og svo oft hefur gerst áður. Oftar en ekki hafa þær styrjaldir sem síðan hafa hrjáð Ráðstjórnarríkin núverandi eða Rússa átt upptök sín einmitt í átökum í Vestur-Evrópu. Ég hygg að þetta hljóti að hafa áhrif á ráðamenn í Ráðstjórnarríkjunum og þeir hafa vafalaust velt fyrir sér hve breytt aðstaða er þarna fyrir hendi þegar þeir þurfa ekki lengur að óttast innrás eða hernaðarátök sem hefjist í Vestur-Evrópu en breiðist síðan út austur þar.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þróunin í þessum málum er svo ör að við vitum varla hvað gerist á morgun. Við sjáum ekki langt fram í framtíðina. Ef við lítum aftur á hafréttarmálin, að allt þetta skyldi gerast á þeim örskamma tíma sem raun bar vitni. Allt það sem við ræddum kannski hér í fyrra og vorum þá að hugleiða sjáum við í allt öðru ljósi nú. Við eigum að vera opnir fyrir öllum þeim hreyfingum og hræringum sem hér um ræðir. Ég ætla ekki, af því að liðið er á þennan fund, það er auðvitað óteljandi margt sem mér kemur í hug þegar við heyjum þessa umræðu, að draga hana á langinn. Það gefast önnur tækifæri til að hugleiða mál þessi öll sömul og þegar í næstu viku og á næstu vikum. Við skulum umfram allt gæta þess að reyna að sameina kraftana með svipuðum hætti og við gerðum 23. maí 1985. Eins og hæstv. utanrrh. vék að var þar Norður-Evrópa skilgreind sem allt svæðið frá Grænlandsströnd til Úralfjalla suður um Evrópusléttuna, suður um mitt Þýskaland eða svo. En það var ekki bara skilgreining framsögumanns utanrmn. Það var greinargerð sem hann flutti fyrir nefndina alla af hennar hálfu og sem allir nefndarmenn stóðu að og Alþingi í heild. Við skulum reyna á næstunni að starfa saman í þeim anda sem þá ríkti og hefur borið árangur. Menn hafa tekið eftir því að þetta svæði, ef það á að bera einhvern árangur og vera til einhvers gagns, verður að ná til hafsins, það verður að ná til loftsins og auðvitað landanna og það verður að vera a.m.k. suður um miðja Evrópu. Það er nú að ég hygg játað m.a. í þeirri að mörgu leyti mjög mikilvægu og merkilegu ræðu sem Gorbatsjoff flutti í Múrmansk.

Því er ekki að leyna að menn verða varir við að Suður-Evrópuþjóðir bera nokkurn ugg í brjósti ef okkur tekst, á nyrðra partinum í Evrópu, að losna við kjarnorkuvopnin, að þá séu þeir berskjaldaðir. Svona er þetta nú allt saman viðkvæmt. En við hljótum auðvitað að gæta okkar hagsmuna fyrst og síðast og beina allri okkar orku að því að friða höfin hér um kring. Ekki eingöngu vegna kjarnorkuhættu heldur líka að sjá til þess að óþrifnaður verði ekki liðinn á þessu hafsvæði, að við verðum ekki gerðir eða höfin okkar að einhvers konar sorptunnu eins og hafa verið tilhneigingar til eða byrjað að brenna eiturefni hér í staðinn fyrir á Norðursjó. Allt eru þetta málefni sem við þurfum að ræða og taka höndum saman um að hrinda í framkvæmd.

Ég fagna flutningi þessarar till. og þó að vafalaust megi breyta henni með einhverjum hætti eða allir sameinast um einhverja nýja till. þar sem rúmist þær hugmyndir sem ég hef sett fram t.d. og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og hv. flm. Við skulum einbeita okkur að þessum málum framar öllu öðru. Við erum að rífast hér um öll möguleg efnahagsmál og allt það sem er svo gamalt og slitið og alltaf koma nú gamlar og nýjar eða mest gamlar kenningar upp á yfirborðið aftur og aftur og aftur. Það er svo lítið mál út af fyrir sig hvort við tökum eina kollsteypuna til viðbótar eða hvort við náum fótfestu í efnahagsmálunum miðað við allt þetta, sem við erum að ræða hér, að við skulum sameinast í rannsókn á því, í endalausri umræðu okkar á milli, bæði hér og sérstaklega fyrir luktum dyrum þar sem menn geta sagt allt án þess að eiga á hættu að það verði snúið út úr því. Það er aðal utanrmn. frá upphafi að þaðan berst ekkert út. Þess vegna geta menn látið hugann reika og vakið upp hugmyndir sem kannski reynast svo þess eðlis að það mundi ekki vera neitt þægilegt að láta vitna í þær orðrétt seinna.

En það er liðið á fundartímann. Ég vildi aðeins koma hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þá hugsun sem í þessu felst og við munum áreiðanlega ná saman um að gera það sem æskilegast verður talið á þeirri stundu, eins og ég sagði áðan á þeirri stundu, vegna þess að tíminn líður svo hratt, atburðirnir gerast svo hratt að það getur verið allt annað

viðhorf komið upp kannski bara á morgun eða hinn daginn, að stórveldin sjálf ætli að boða til einhverrar slíkrar ráðstefnu. Þá verðum við opnir fyrir að taka á móti þeim ef þeir vilja vera hér og opnir til að styðja þá til að vera hvar sem er annars staðar. Öllu þessu þurfum við að vera opnir fyrir og ekki bíta okkur í neitt sérstakt.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þessi till. hefur fengið og þann opna hug og góðan vilja sem fram hefur komið hjá öllum þeim hv. ræðumönnum sem um till. hafa fjallað. Ég greindi frá því í minni framsöguræðu að ég hefði reynt að nálgast þetta mál með þeim hætti að till. ætti að geta skapað grundvöll að sameiginlegum umræðum þings og ríkisstjórnar um þetta viðfangsefni og þær umræður leiddu síðan til þess að skýr og afdráttarlaus vilji þjóðarinnar gæti myndast í þessu stóra viðfangsefni. Ég vék að því í minni framsöguræðu, og það hefur reyndar komið fram einnig hjá einstökum ræðumönnum, að sá tími sem er að renna upp núna er ærið afdrifaríkur hvað snertir ákvarðanir um næstu dagskrár og viðfangsefni í viðræðum á alþjóðavettvangi um þessi efni. Eins og ég sagði áðan kennir reynslan okkur að slík augnablik koma, þau geta farið fljótt aftur og þá getur reynst nánast óvinnandi verk að koma brýnum hagsmunamálum eða nýjum áherslum á dagskrá ef menn hafa orðið of seinir þegar opnunin varð. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. utanrrh. að hann íhugi að hafa þær umræður, sem hér hafa orðið, sem hluta af sínu vegarnesti í viðræðum sem hann á á næstu vikum og mánuðum og á fundum sem hann kemur til með að sitja vegna þess að ég held að það hljóti að veita honum ákveðinn styrk að geta greint frá því að Alþingi Íslendinga sé einmitt að ræða með hvaða hætti Íslendingar geti stuðlað að því að umræður um afvopnun á höfunum og takmarkanir á umferð kjarnorkukafbáta og kjarnorkuknúinna skipa eigi sér stað á hafsvæðunum í kringum Ísland.

Þess vegna held ég að tillöguflutningurinn einn og sér og umræðan í utanrmn. um hann geti þegar gefið hæstv. utanrrh. það vegarnesti að byrja verkið strax, að ýta fram á hinni alþjóðlegu dagskrá þeirri íslensku kröfu að afvopnunin á höfunum verði sett fremst á viðfangsefnaskrána en ekki aftast. Það er alveg ljóst, þó að ekki hafi verið komið inn á það hér, að sterk hagsmunaöfl á meginlandi Evrópu, ríkisstjórnir og aðrir aðilar, hafa beinlínis mótað vilja og stefnu um að reyna að flytja kjarnorkuvígbúnaðinn í ríkari mæli út í höfin. Þess vegna vona ég að þessi till. geti orðið til þess að hæstv. utanrrh. hefji strax að vekja athygli á þessum áherslum, jafnvel á þeim fundi sem hann greindi frá fyrr í dag að hann mundi sækja innan fáeinna daga þegar Shultz kemur til þess að greina frá því innan Atlantshafsbandalagsins hver hafi orðið niðurstaðan í viðræðum hans við Sjevarnadze vegna þess að margt bendir til að í þeim viðræðum sé einnig verið að fást við það hver eigi að vera dagskrárefnin í viðræðum stórveldanna á næstu árum. Það er ekki aðeins verið að ræða samninga sem ljúka á á næstu mánuðum heldur dagskrárefnin á næstu árum. Ég held þess vegna að meðferð Alþingis um málið sjálft geti verið upphafsskrefið í að veita það aðhald og viðspyrnu sem nauðsynleg er.

Í öðru lagi, vegna fsp. hæstv. utanrrh. um hver hugsunin væri í orðalagi 1. mgr., að ráðstefnan ætti að fjalla um hvernig komið verði á viðræðum, vek ég athygli á að orðalagið er „hvernig komið verði á formlegum samningaviðræðum". Því miður held ég að málin séu þannig að við hefðum ekki mátt til að boða hér til ráðstefnu þar sem samningaviðræðurnar sjálfar ættu að hefjast, það sé ekki í okkar valdi því miður, og þess vegna sé það raunsæi af okkar hálfu að ætla okkur ekki stærra verk en það að knýja á um að hinar formlegu samningaviðræður hæfust. Næðist sá árangur, þó ekki væri annað, væri það veigamikil þáttaskil. Þess vegna er þessi till. af ráðnum huga orðuð á þennan veg. Ekki vegna þess að ég telji að það að tala um viðræður sé það eina sem eigi að gera og skilji vel viðvörunarorð hæstv. utanrrh. að hætta er á því á alþjóðavettvangi að menn ræði þá endalaust um það viðfangsefni heldur einfaldlega vegna þess að ég hef sannfæringu fyrir því að ef við ætlum að láta taka okkur trúanlega og alvarlega í þessari viðleitni okkar megum við ekki í upphafi ætla okkur um of. Ef ég hefði orðað þessa till. á þá leið að við ættum að boða til ráðstefnu um samningana sjálfa og hefja samningana hér hefði ég talið að slíkt væri nánast áróðurstillaga, ef ég má orða það svo, en væri ekki byggð á raunsæju mati á því hvað væri gerlegt.

Þess vegna eru líka ýmsar aðrar málsgr. síðar í till., t.d. sú sem fjallar um að fela utanrrh. að eiga formlegar undirbúningsviðræður við fulltrúa stjórnvalda, einnig orðaðar í þessum anda. Og enn fremur sú málsgr. sem kveður á um vinnu utanrrn., utanrmn., Öryggismálanefndar og Háskóla Íslands að þessu verkefni.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék hér að að það vinnulag sem notað var á hafréttarráðstefnunni er einhver merkilegasta samningaaðferð sem beitt hefur verið í alþjóðasamskiptum á undanförnum áratugum og hún skilaði miklum árangri. Og það er e.t.v. ánægjulegt fyrir hv. þm., sem er mikill áhugamaður um hafréttarráðstefnuna, að á öðrum vettvangi hef ég heyrt færustu fræðimenn og virta stjórnmálamenn setja fram hugmyndir um að sú samningaaðferð yrði einmitt notuð til þess að koma á víðtækum alþjóðlegum samningum um nýtt öryggiskerfi í heiminum vegna þess að enginn væri þá skuldbundinn á hverju stigi við þann texta sem væri verið að tala um heldur hefðu allir opnar leiðir og hægt væri að vinna að hinu stóra verkefni án þess að ríkisstjórnir væru knúnar í hverjum áfanga til að taka afstöðu til einstakra málsgreina. Í 3. lið þess verkefnis sem hér er rætt um, um skipulag slíkra samningaviðræðna, þá var einmitt m.a. sú hugsun sett fram vegna þess hve

málið er erfitt og flókið að þar gæti viðræðulíkanið frá hafréttarráðstefnunni vissulega orðið eitt af þeim viðfangsefnum sem menn ræddu um hvort ætti að nota.

Varðandi þá athugasemd að ég hafi gleymt till. hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og ræðu Gorbatsjoffs þá skal ég játa að það er kannski svo langt um liðið, sjö ár, að þó að sú tillaga hafi verið mér í huga þá lagði ég ekki á mig þá vinnu, sem vissulega hefði verið réttlætanlegt að gera, að skoða hana. Kannski vegna þess að hún fékk því miður ekki mikinn hljómgrunn á sínum tíma. Hún vakti nokkra athygli um smástund, en náði því einhvern veginn ekki að verða viðspyrna til áframhaldandi verka.

Varðandi Gorbatsjoff hins vegar þá held ég að það sé ekki skynsamlegt af hálfu okkar Íslendinga að byggja slíka viðleitni okkar um of á tillögugerð Gorbatsjoffs, með allri virðingu fyrir þeim hugmyndum sem hann setur fram. Þær eru vissulega athyglisverðar en það á algjörlega eftir að reyna á það hvaða alvara eða hvaða raunverulegur vilji hvílir þar að baki. Þess vegna kaus ég það af ráðnum huga að víkja aðeins lauslega að því einni setningu í greinargerð en gera það ekki að neinum máttarstólpa í þessari tillögugerð. Við getum ekki byggt þetta mál okkar á slíkum yfirlýsingum Sovétríkjanna. Þær geta verið tímabundnar. Það geta aðrar yfirlýsingar verið komnar frá þeim eftir nokkra mánuði. Þeir hafa dregið til baka ýmsar fyrri yfirlýsingar og komið með nýjar. Stefnuafstaða þeirra hefur sveiflast til og frá. Ég tel heldur ekki að það sé skynsamlegt af okkar hálfu að flytja málið með þeim hætti. Það er að vísu ágætt að yfirlýsing hans (Gorbatsjoffs) hefur komið fram, en ég tel hana ekki vera neinn meginþátt í þessu máli.

Herra forseti. Það er einnig rétt að í þeirri stuttu greinargerð sem fylgir till. má finna setningar sem e.t.v. virka við fyrstu sýn misvísandi hvað snertir það að skilja á milli kjarnorkuvígbúnaðar og síðan kjarnorku til að knýja skip. Staðreyndin er hins vegar sú að allur þorri þeirra skipa í höfunum í kring, sem knúin eru kjarnorku, er hlekkur í kjarnorkuvígbúnaðarkerfinu. Þannig að ef menn sameinast um það að draga úr og síðan útrýma kjarnorkuvígbúnaði í höfunum þá væri tilgangurinn fyrir þessi dýru skip og þessa dýru útgerð ekki lengur fyrir hendi. Ég hef hins vegar ekki trú á því að menn hafi í upphafi neinum vilja frá öðrum ríkjum sem byggt hafa kjarnorkuknúin skip sem ekki bera kjarnorkuvopn til þess að banna siglingu þeirra í upphafi og það væri tiltölulega auðvelt fyrir þá sem vilja hamla gegn kjarnorkuvígbúnaðartakmörkunum að láta umræðuna snúast of mikið um þann þáttinn þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir að efnislega er það alveg rétt ábending að við ættum að vera með hann ofarlega vegna þeirrar hættu sem lífríki sjávar og fiskistofna stafar af því. En slíkt mundi tengjast fyrri deilum frá hafréttarráðstefnunni um alþjóðlegar siglingaleiðir, um rétt til þess að halda úti útgerð af því tagi og yrði miklu erfiðara viðfangsefni. Aftur á móti er vígbúnaðurinn skýrt afmarkaður og ef okkur tækist að ná þeim árangri væri í raun og veru búið að taka grundvöllinn undan meginhlutanum af þeirri kjarnorkukafbátaútgerð eða útgerð flugmóðurskipa, sem eru með flugvélar sem borið geta kjarnorkuvopn eða með stýriflaugar, á höfunum hér í kring.

Herra forseti. Það var einnig sagt hér að það gæti verið hæpið fyrir Ísland að verða aðsetur slíkra samningaviðræðna vegna þess að við mundum þá eingöngu hafa hlutverk gestgjafans en gætum ekki tekið virkan þátt í efnismeðferð. Ég er alveg sammála því að ef málið væri þannig vaxið þá væri okkar verkefni fyrst og fremst að koma slíkri ráðstefnu á en ekki bjóða Ísland sem aðsetursstað. Ég held hins vegar að reynslan af Stokkhólmsráðstefnunni og Helsinkiráðstefnunni sýni að ríkisstjórnir Finnlands og Svíþjóðar höfðu bæði beint og óbeint bak við tjöldin og með formlegum hætti veruleg afskipti af því að árangur náðist á báðum þessum ráðstefnum vegna þess að gestgjafaríkisstjórnin skuldbatt sig pólitískt til að stuðla að því að árangur næðist. Svissneska ríkisstjórnin hefur hins vegar haft allt aðra afstöðu gagnvart afvopnunarviðræðunum sem verið hafa í Genf. Það hefur nánast eingöngu verið afstaða hótelhaldarans. En það gegndi öðru máli um Svía og Finna varðandi ráðstefnurnar í Stokkhólmi og Helsinki.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og ítreka það sem ég sagði í upphafi að á næstu mánuðum kann að ráðast hver verða dagskrárefnin í vígbúnaðarviðræðunum það sem eftir er af þessum áratug og fyrri hluta þess næsta. Það er mjög mikilvægt að Íslendingar sýni þar eins og við gerðum á hafréttarráðstefnunni að við getum verið verulega mótandi um það hver dagskrárefnin verða. Þessi till. er flutt í þeim tilgangi að reyna að skapa hér samstöðu þjóðar og þings og ríkisstjórnar um slík markmið okkar Íslendinga líkt og okkur tókst á tímum hafréttarráðstefnunnar að ná verulegum árangri af því að við stóðum saman um þau markmið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Símar í bifreiðum, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 32 og er 32. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Agnarsdóttir og

Málmfríður Sigurðardóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu. Skipuð verði átta manna nefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá Ökukennarafélagi Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Landssambandi vörubílstjóra, umferðardeild lögreglu, Umferðarráði, Pósti og síma og dómsmrn. og skal fulltrúi þess jafnframt veita nefndinni forstöðu.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir 1. maí 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Herra forseti. Ég skal ekki verða langorð um þessa till., enda orðið æðifáliðað hér í salnum. Það kann vel að vera að ýmsum finnist þetta kyndug tillaga vegna þess að erfitt muni reynast að setja einhverjar reglur um notkun síma í bifreiðum, en flm. eru sannfærðir um að það séu ekki ástæðulausar áhyggjur sem menn hafa af sívaxandi notkun þessara tækja.

Vitaskuld er farsími mikið öryggistæki fyrir þá sem um landið fara og ekki síður þá sem eru á sjónum í kringum landið. Og vissulega hefur aukin notkun farsíma auðveldað ýmsum starfsstéttum störf sín og sparað bæði tíma og peninga. Það er hins vegar orðin æ algengari sjón hér á þéttbýlissvæðinu og hér á höfuðborgarsvæðinu að mæta bifreiðum þar sem ökumaðurinn er á verulegum hraða og jafnframt niðursokkinn í símtal. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi að símtal valdi verulegri truflun á þeirri einbeitni sem ökumenn þurfa að hafa á svo erfiðu umferðarsvæði sem Reykjavíkursvæðið t.d. er.

Ég hef rætt hugmyndina að þessari till. við ýmsa aðila, og flesta þá aðila sem hér eru tilnefndir til ráðgjafar fyrir yfirvöld, og mér er óhætt að fullyrða að lögregluyfirvöld t.d. hafa af þessari sívaxandi símanotkun verulegar áhyggjur. Nú munu vera yfir 5000 farsímatæki í notkun í landinu en mér tókst ekki að fá upplýsingar um hve mikill hluti þeirra er í bifreiðum. En það fer ekki á milli mála að þessi notkun vex ótrúlega hratt og samkvæmt upplýsingum hjá Pósti og síma munu nú seljast milli 50 og 100 tæki í mánuði hverjum. Ekki síst er e.t.v. ástæða til að hafa áhyggjur af ungum ökumönnum, þeim sem eru að byrja að aka bifreið, sem finnst þetta tæki spennandi leikfang sem beri að nota sem allra mest.

Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að setja um þessa notkun einhverjar reglur sem mættu vera ökumönnum til leiðbeiningar. Í umferðarlögunum sem sett voru á síðasta þingi, nánar tiltekið 19. mars 1987, eru alls engin ákvæði um notkun þessara tækja og því ekki minnsta trygging fyrir því að ökukennarar leiðbeini nemendum sínum um að nota þessi tæki í sem mestu hófi.

Slysatíðni hér á landi er hærri en víðast hvar t.d. annars staðar á Norðurlöndum og það er óhugnanlegt að hugsa sér að árið 1984 slösuðust 44 börn undir 6 ára aldri í umferðarslysum, 90 á aldrinum 7–14 ára og 71 á aldrinum 15–16 ára. Árið 1985 slösuðust alls 129 börn undir 14 ára aldri, þar af létust þrjú. Og árið 1986 slösuðust 111 börn undir 14 ára aldri og þrjú létust. Ég hygg að þeir sem hafa komið á endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg komist ekki hjá því að hafa verulegar áhyggjur af þessari slysatíðni, þar sem sjá má skelfilegar afleiðingar þessara slysa, þar sem dauðinn er ekki alltaf versta lausnin.

Við skulum heldur ekki gleyma því að við búum ekki eins vel að börnum okkar og margir aðrir hér í kringum okkur. Börn eru í miklu meira mæli úti í umferðinni eftirlitslaus og kemur þar vitanlega til skortur á dagheimilum og ekki síst skóladagheimilum og frístundaheimilum sem aðrar þjóðir bjóða skólabörnum að loknum skóladegi.

Herra forseti. Ég held að þetta mál skýri sig í raun og veru sjálft. Flm. eru ekki að fara fram á neitt bann við notkun þessara tækja, vitanlega ekki, þau hafa ómælda kosti fyrir þá sem þau nota af skynsemi. En ég held að hér verði yfirvöld að reyna að móta einhvers konar stefnu um notkun þessara tækja og reyna að koma henni með fræðslu og upplýsingum til ökumanna og ekki síst ökukennara. Flutningur okkar er því meira til þess ætlaður að vekja athygli á þessu máli og fara þess á leit við yfirvöld að aðilar sem til þessara mála þekkja gerst kanni ýmislegt sem af þessari notkun leiðir, svo sem eins og áhrifum notkunar talsíma á ökumann sem er í akstri, hvort hugsanlegt væri að mönnum yrði gert að draga að verulegu leyti úr hraða meðan á símtali stendur. Umferðaryfirvöld hafa varað okkur við að leggja til að menn stöðvi bifreiðina þegar síminn hringir eða ökumaður þarf að nota síma og telja að a.m.k. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu sé jafnvel meiri hætta í því fólgin að bifreiðir séu stöðvaðar í tíma og ótíma en að ökumaður haldi leið sinni áfram.

Við flm. þessarar till. ætlum ekki að leggja mönnum neinar lífsreglur. Hið háa Alþingi eyddi nær tveimur árum í að setja umferðarlög og menn lögðu í það mikla vinnu hér á hinu háa Alþingi og reyndu að vanda það verk sem mest þeir máttu vegna þess einfaldlega að ég held að það sé áhugamál allra hv. alþm. að tryggja samborgarana sem allra best í umferðinni og reyna að sporna við þeim skelfilegu mannfórnum sem þetta samfélag færir á ári hverju í umferðarslysum.

Við væntum því að máli þessu verði gaumur gefinn og um það fjallað og ég leyfi mér, herra forseti, að vísa því til hv. allshn. Sþ. og vona að það verði skoðað þar gaumgæfilega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Bann við geimvopnum (3. mál) 294.
Blýlaust bensín (7. mál) 210, 293.
Drengskaparheit unnið 170.
Erlend nöfn á íslenskum fyrirtækjum (19. mál) 183.
Framhaldsskólar (29. mál, heildarlög) 245.
Framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll (13. mál) 180.
Frysting kjarnorkuvopna (4. mál) 305.
Heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafarinnar (26. mál) 192.
Kjarnorkuvopnalaust Ísland (11. mál) 171.
Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska (31. mál) 217, 294.
Kostnaður vegna byggingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (16. mál) 197.
Leyfi til slátrunar (43. mál, Sláturfélag Arnfirðinga) 261.
Náms- og kennslugögn (30. mál) 194.
Ráðstefna í Reykjavík um afvopnun í norðurhöfum (27. mál) 323.
Símar í bifreiðum (32. mál) 344.
Staðgreiðsla opinberra gjalda fyrirtækja (21. mál) 189.
Tekjuskattur og eignarskattur (9. mál, frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri o.fl.) 228.
Tilhögun þingfundar 284.
Um þingsköp 209; 258 (frv. um leyfi til slátrunar); 285 (framlagning stjórnarfrumvarpa).
Umhverfisfræðsla (10. mál) 213, 293.
Umhverfismál (12. mál) 173.
Umræður utan dagskrár 197 (sláturleyfi sláturhússins á Bíldudal); 311 (sala Útvegsbankans).
Útflutningsráð Íslands (40. mál, stjórnarfarsleg staða) 257.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 169.
Viðskipti við Suður-Afríku (18. mál) 177.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 169, 170, 197, 205, 210, 284, 286, 287, 288, 293.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 217.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 170.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 260.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 174, 175, 176, 181, 286.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 184, 188, 257, 312, 321.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 190, 238, 318.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 193, 204.
Landbrh. Jón Helgason 198, 208, 209, 264, 283, 290.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 195, 249.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 228.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 171, 177, 297, 302, 306, 327.
Albert Guðmundsson 205, 260, 290, 298.
Árni Gunnarsson 227, 266, 284.
Eggert Haukdal 203.
Eiður Guðnason 291.
Eyjólfur Konráð Jónsson 172, 202, 209, 301, 309, 337.
Guðmundur Ágústsson 316.
Guðmundur G. Þórarinsson 220, 276, 298, 310, 328.
Guðni Ágústsson 278.
Guðrún Agnarsdóttir 192, 194, 305, 310, 316, 334.
Guðrún Helgadóttir 183, 187, 210, 258, 260, 344.
Halldór Blöndal 209, 319.
Hjörleifur Guttormsson 171, 172, 173, 174, 176, 180, 182, 206, 209, 215, 218, 281, 294, 300, 303, 307, 334.
Hreggviður Jónsson 217, 226, 315, 320, 332.
Ingi Björn Albertsson 314.
Jón Magnússon 317.
Júlíus Sólnes 204.
Karvel Pálmason 200, 206.
Kjartan Jóhannsson 224, 302.
Kristín Halldórsdóttir 189, 192, 212, 213, 216, 268.
Matthías Bjarnason 183, 197, 207, 259, 261.
Ólafur G. Einarsson 169.
Ólafur Ragnar Grímsson 287, 292, 318, 323, 341.
Óli Þ. Guðbjartsson 201, 250.
Páll Pétursson 272, 289.
Pálmi Jónsson 269.
Pétur Bjarnason 194, 196, 201, 251, 279.
Ragnar Arnalds 245, 256.
Ragnhildur Helgadóttir 175, 253.
Sighvatur Björgvinsson 199, 260, 289.
Stefán Valgeirsson 222.
Steingrímur J. Sigfússon 177, 179, 285, 290.
Svavar Gestsson 232, 243, 287, 311, 320.

SAMEINAÐ ÞING

8. fundur, mánudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 26. október 1987:

„Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti efri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Sólveigar Pétursdóttur.

Þá hefur borist annað bréf svohljóðandi, dags. 26. október 1987:

„Birgir Ísl. Gunnarsson, 2. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. og 2. varamanns á þingi taki 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti neðri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Maríu E. Ingvadóttur.

Ég vil mega biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessi til athugunar. Á meðan verður fundinum frestað. Fundinum er frestað í 7 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sólveigar Pétursdóttur lögfræðings, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en óskað er eftir að hún taki sæti á þingi í fjarveru Guðmundar H. Garðarssonar, 14. þm. Reykv. Nefndin leggur til að kjörbréfið verði samþykkt.

Þá hefur kjörbréfanefnd einnig haft til athugunar kjörbréf Maríu E. Ingvadóttur viðskiptafræðings, sem er 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en það er óskað eftir að hún taki sæti á Alþingi í fjarveru Birgis Ísl. Gunnarssonar menntmrh., 2. þm. Reykv. Kjörbréfanefnd leggur einnig til að þetta kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Sólveigar Pétursdóttur samþ. með 40 shlj. atkv.

Kjörbréf Maríu E. Ingvadóttur samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Sólveig Pétursdóttir, 14. þm. Reykv., og María E. Ingvadóttir, 2. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sólveig Pétursdóttir og María E. Ingvadóttir hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þær boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

6. fundur, mánudaginn 26. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 50. mál (örorkumatsnefnd). — Þskj. 50.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er ekki nýtt mál á ferðinni. Hér er á ferðinni frv. sem flutt er á hv. Alþingi í sjötta sinn og verður flutt áfram ef þörf krefur.

Þannig er að í núgildandi tryggingalöggjöf hefur það ákvæði verið um alllangt skeið, ég hygg frá 1971 a.m.k., að tryggingayfirlæknir er einvaldur um úrskurð örorkumats. Þetta fyrirkomulag hefur að mínu mati ekki reynst nægilega vel. Annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna almannatrygginga og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Þess vegna er hér flutt frv. þar sem lagt er til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna til að fjalla um þessi mál.

Þegar ég hafði verið um skeið í heilbr.- og trmrn. áttaði ég mig á því að hér er um að ræða einn versta og erfiðasta hnútinn í almannatryggingakerfinu. Þetta mál var flutt sem stjfrv. á þinginu 1982–1983 og hefur síðan verið flutt á hverju þingi. Frv. hlaut

ágætar undirtektir hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh., Ragnhildar Helgadóttur, á síðasta þingi þegar hún hafði eins og ég kynnst þessu kerfi og hvað það voru alvarlegar brotalamir á því. En þrátt fyrir víðtækan skilning í þinginu hefur með undarlegum hætti tekist að bregða fæti fyrir þetta mál aftur og aftur. Ég kann ekki við að rekja það úr þessum ræðustól af hverju ég tel að það sé. Ég hygg þó að ég geti nefnt það án þess að það flokkist undir óviðeigandi ummæli að ég tel að tryggingayfirlæknir hafi beitt áhrifum sínum gagnvart einstökum alþm. og einstökum þingflokkum með afgerandi hætti til að koma í veg fyrir að þetta mál fengi eðlilega meðferð.

Í frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu á almannatryggingalögunum að á eftir 3. mgr. 12. gr. komi nýjar mgr. sem orðast svo:

„Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur hann þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn:

1. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir einn mann.
2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann og skal hann vera lögfræðingur. Auk aðalmanna skulu tilnefndir varamenn.

Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af öllum þeim þáttum sem b-liður 1. mgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð."

Þegar frv. þetta var sent til umsagnar á næstsíðasta þingi þá sendi Öryrkjabandalag Íslands mjög jákvæða umsögn um það, lagði að vísu til nokkrar breytingar á frv. sem mér fannst allar vera þess eðlis að á þær væri hægt að fallast.

Nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst um síðustu helgi að Öryrkjabandalag Íslands og Samtökin Þroskahjálp hafa ákveðið að efna til samstarfs um mjög veigamikla þætti í starfsemi sinni, m.a. kynningarstarf o.fl., og þess vegna teldi ég eðlilegt að taka það til íhugunar að þessi samtök í sameiningu tilnefndu mann í þessa nefnd um úrskurð örorkumats ef um það getur tekist sæmileg samstaða við aðila.

Það er sem sagt ekki um einstök útfærsluatriði sem ég er fyrst og fremst að hugsa. Ég held að þar megi vafalaust haga hlutum öðruvísi og betur en lagt er til í þessu frv. Það sem ég er að hugsa um er að því óeðlilega ástandi verði aflétt að einn maður, tryggingayfirlæknir, ráði öllu um úrskurði örorkumats. Þar er um að ræða lífskjör þúsunda láglaunafólks og þegar þessi úrskurður tryggingayfirlæknis liggur fyrir, þá á þetta fólk engan rétt gagnvart öðrum aðila í þjóðfélaginu. Það er óeðlilegt fyrirkomulag.

Þar sem þetta frv. er flutt snemma á þessu þingi vænti ég þess að það verði tekið til afgreiðslu og óska eftir því við heilbr.- og trn. að hún taki málið til afgreiðslu. Ég tel að það væri betra að nefndin legði til ákveðna afgreiðslu á þessu máli heldur en láta það liggja í nefndinni í allan vetur eins og gerst hefur stundum undanfarin ár. Ég vil geta þess að fyrir liggur að hæstv. heilbr.- og trmrh. mun vera með í undirbúningi eða hafa þegar jafnvel ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða almannatryggingalögin í heild. Ég tel það ákaflega mikilvægt skref og jákvætt. Almannatryggingalögin hafa verið löguð af og til með margvíslegri breytingalöggjöf á undanförnum 16 árum frá því að þau voru sett 1971, en þau hafa ekki verið tekin til heildarendurskoðunar með myndugum hætti eins og þarf að gera. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ákveðið að taka á því máli. Vissulega gæti frv. eins og þetta eða þær hugmyndir sem í því felast verið gildur þáttur í þeirri endurskoðun á almannatryggingalögunum sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú ákveðið.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við þetta mikilvæga réttlætismál. Þegar það var í umfjöllun heilbr.- og trn. Nd. þar sem ég átti sæti á sl. kjörtímabili þá studdi ég málið. Það hefur nú tekið nokkrum breytingum og sýnast mér þær vera til bóta og sjálfsagðar og mun ég áfram styðja þetta mál vegna þess hve mikilvægt það er að þessi leiðrétting komist á.

Eins og kom fram í máli 1. flm. þá varðar þetta afkomu og lífskjör fólks víða um landið og getur verið mjög erfitt fyrir fólk að una við það örorkumat sem því hefur verið fengið. Ég vona að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi og vil biðja hv. þm. að kynna sér málið vel og veita því stuðning.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

6. fundur, mánudaginn 26. okt., að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 47.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir hefur sætt nokkuð óvæginni og ómaklegri gagnrýni áður en það er tekið til 1. umr. í hv. deild. Ég hygg að um margt eigi þessi gagnrýni sér vart hliðstæðu í þingsögunni. Ekki síst þar sem þessi gagnrýni hefur verið ómakleg og lágkúruleg fremur en efnisleg og eins hitt að gagnrýnin kemur frá stjórnarliðum og samstarfsaðilum. Þá dregur það ekki úr hve einstæð þessi gagnrýni er, sérstaklega þegar oddviti annars þingflokksins dregur hvergi af sér í lágkúrulegri gagnrýni opinberlega sem helst virðist vera skætingur við mig persónulega fremur en efnisleg gagnrýni á frumvarpið.

Þar sem ég er sannfærð um að hvorki frv. sjálft né vinnubrögð gefa tilefni til þessa málflutnings, sem í frammi hefur verið hafður, spyr ég: Hvað býr hér að baki? Kannski skýrist það þó síðar verði.

Þessa gagnrýni alla væri vissulega auðvelt að takast á við ef ekki ættu í hlut stjórnarliðar, en í nafni einingar og samstöðu eru mér nokkur takmörk sett að svara þessu eins og þó nauðsynlegt væri, eins og sumir stjórnarliðar hafa í raun og sannleika boðið upp á. Ég ætla því á þessu stigi málsins aðeins að stikla á stóru í forsögu og undirbúningi þessa máls nema sérstakt tilefni gefist til annars síðar.

Engan skyldi undra að ég geri grein fyrir forsögu og undirbúningi þessa máls sem ég annars hefði látið kyrrt liggja. Í fyrsta lagi er það vegna yfirlýsingar þingflokks Sjálfstfl. eftir að frv. er lagt fram sem kallar á þessi viðbrögð af minni hálfu. Í annan stað vegna yfirlýsingar og ómaklegra árása forustumanna Sjálfstfl. og Framsfl. í fjölmiðlum. Ég ligg þar undir þungum ásökunum og ámæli frá samstarfsaðilum. Í þriðja lagi vegna þess að enn á að halda áfram að höggva, eins og fram kom í sjónvarpi í gærkvöld, þar sem félmrh. er átalinn og gagnrýndur af samstarfsflokknum fyrir vinnubrögð í þessu máli. Að þessu sögðu vil ég taka fram eftirfarandi:

Mín skoðun er sú að gera þurfi nú þegar lágmarksbreytingar á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem geri kleift að opna húsnæðiskerfið á nýjan leik eins fljótt og unnt er samkvæmt breyttum reglum með það að markmiði að nýta fjármagnið sem best til þeirra sem á þurfa að halda og jafnframt að forða því að húsnæðiskerfið lendi í algjörum ógöngum og að svigrúm verði skapað til að taka næsta skref sem er að ná samstöðu um að draga frekar úr sjálfvirkni, breyta vaxtastefnu og að finna framtíðarlausn á húsnæðiskerfinu og fjármögnun þess. Eftir þessu hef ég unnið.

Forsaga þessa frv. er því sú í megindráttum að í reglugerð um Byggingarsjóð ríkisins er kveðið á um að ákvæði um biðtíma og röðun á afgreiðslu lánsumsókna skuli endurskoðuð að liðnu einu ári frá gildistöku reglugerðarinnar. Í samræmi við það óskaði ég 13. ágúst sl. eftir endurskoðun á þessu ákvæði og tillögum húsnæðismálastjórnar þar að lútandi. Þær tillögur bárust ráðuneytinu 9. sept. sl. þar sem óskað var að sett yrðu bráðabirgðalög um það efni. Ástæða er til að geta þess, þar sem vinnubrögð mín hafa verið gagnrýnd af stjórnarliðum, að í húsnæðismálastjórn eiga sæti m.a. fulltrúar stjórnarflokkanna sem allir stóðu að þeim brtt. sem lagt var til að settar yrðu í bráðabirgðalög.

Tillögur húsnæðismálastjórnar voru að því er ég best veit kynntar í öllum stjórnarflokkunum fyrri hluta septembermánaðar og mættu á þá fundi fulltrúar flokkanna í húsnæðismálastjórn sem að tillögum þessum stóðu. Áður hafði ríkisstjórnin skipað sérstaka ráðherranefnd til að fjalla um málið sem í áttu sæti auk mín hæstv. iðnrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 19. sept. var fallið frá setningu bráðabirgðalaga en samþykkt að félmrh. mundi í upphafi þings leggja fram frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun í samræmi við tillögur húsnæðismálastjórnar og stefnt að því að fá frv. afgreitt hið fyrsta á Alþingi. Jafnframt skyldi stefnt að því að breyta vaxtastefnu lánakerfisins. Að áliti ríkislögmanns þurfti til þess lagabreytingu. Málið var því aftur lagt fyrir ríkisstjórnina 8. okt. með þeirri meginbreytingu að inn var tekið ákvæði um vexti. En það var ekki síst að ósk samstarfsaðila minna í ríkisstjórn að ákvæði um vexti fylgir nú með í þessu lagafrv. Sama dag sendi ég formönnum þingflokka stjórnarflokkanna frv. ásamt grg. með ósk um að málinu yrði hraðað. Það var 8. okt. sl.

Á þeim tíma sem málið var til umfjöllunar í stjórnarflokkunum reyndi ég ítrekað, m.a. með viðtölum við formenn þingflokkanna, að fá fram hvort um væri að ræða brtt. sem hægt væri að taka tillit til áður en málið kæmi fyrir Alþingi. Þær brtt. komu ekki fram áður en málið var endanlega afgreitt í ríkisstjórn. Að auki var óskað eftir samstarfi við stjórnarflokkana um frekari vinnu í þessu máli, m.a. útfærslu á vaxtastefnunni, og að stjórnarflokkarnir mundu tilnefna einn úr hverjum stjórnarflokki til samráðs um þá vinnu. Ég hef ekkert svar fengið við því hverjir það eru sem kæmu væntanlega til liðs í þeirri vinnu af hálfu stjórnarflokkanna.

Að nýju var samþykkt á ríkisstjórnarfundi 20. okt. að leggja málið fyrir Alþingi með þeim breytingum sem lagðar voru fyrir ríkisstjórnina 8. okt., en fram kom að einstakir þm. í Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu fyrirvara um tiltekin atriði í frv. Síðdegis sama dag og frv. var lagt fram á Alþingi, og degi eftir að ríkisstjórnin samþykkti að frv. skyldi lagt fram, bárust mér fyrst skriflegar athugasemdir þingflokks Sjálfstfl. þar sem fram kom að framlagningu á frv. hafði þingflokkurinn heimilað með eftirfarandi fyrirvörum:

„1. Frv. er ekki í samræmi við veigamikil atriði í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna byggjast á.

2. Reglur um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins eiga að vera almennar og afdráttarlausar.

3. Efasemdir eru um ákvæði frv. um mismunandi

vexti innan hvers lánaflokks. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að treysta fjárhagsgrundvöll húsnæðiskerfisins. Þingflokkurinn er reiðubúinn að ræða leiðir til þess.

4. Of rúm ákvæði eru í frv. um heimildir til setningar reglugerðar þar sem lögin eiga að vera afdráttarlaus."

Lokaorðin í því bréfi sem mér barst í hendur frá þingflokki Sjálfstfl. eftir að málið var lagt fram á Alþingi, og degi eftir að ríkisstjórnin samþykkti að það yrði lagt fyrir Alþingi, eru þessi:

„Ef félmrh. á hinn bóginn kýs að leggja frv. fyrir Alþingi í óbreyttu formi munu fulltrúar þingflokksins í félmn. Alþingis beita sér fyrir breytingum sem hníga í ofangreinda átt."

Með tilliti til þessa bréfs og þess sem á undan var gengið var það vissulega nokkuð sérkennilegt að lesa í einu dagblaðanna að helsti talsmaður Sjálfstfl. í húsnæðismálum hefði ekki séð frv. að eigin sögn og gæti því ekki rætt það efnislega. Samt kom sama dag frá þingflokki Sjálfstfl. það bréf sem ég hef hér lesið. Þessu bréfi þingflokks Sjálfstfl. vísaði ég auðvitað til ríkisstjórnarinnar sem öll stendur að því frv. sem ég mæli fyrir. Og ríkisstjórnin er einhuga um að reynt verði að hraða afgreiðslu frv. hér á hv. Alþingi.

Að auki hefur borist ályktun frá fulltrúaráði framsóknarfélaganna í Reykjavík þar sem m.a. segir:

„Aðalfundurinn álítur að veigamikil atriði í frv. séu óljós og illa skilgreind og krefjist verulegrar endurskoðunar."

Það skyldi engan undra í ljósi þess sem ég hef sagt og ég gerði í upphafi máls míns nokkra grein fyrir hvernig unnið hefur verið að þessu frv.

Auk þeirrar ályktunar sem ég vitnaði til og bréfs frá þingflokki Sjálfstfl. hefur einnig komið fram að um sé að ræða skömmtunarkerfi sem verið er að setja upp með þessu frv. ef að lögum verður, hér muni ráða geðþóttaákvarðanir húsnæðismálastjórnar og að draga eigi fólk í dilka. Við skulum líta aðeins nánar á þessi atriði. Það er nefnilega svo að í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ákvæði sem heimilar að draga fólk í dilka ef einhverjir kjósa að orða það svo. Þar er lánsréttur takmarkaður eftir tekjum og efnahag hjá ákveðnum hópum. Í núgildandi lögum er húsnæðismálastjórn heimilt að synja ákveðnum hópum um lán, jafnvel þó þeir séu sjóðfélagar í lífeyrissjóðum. Þau ákvæði, sem til staðar eru í núgildandi lögum, eru rýmri en hér er lagt til að gildi um efnafólk. Það er 1. gr. frv. sem hefur verið gagnrýnd. 1. gr. kveður á um að húsnæðismálastjórn sé heimilt að skerða eða synja um lán ef ríkar ástæður eru fyrir hendi vegna einnar eða fleiri af eftirfarandi ástæðum:

Umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Umsækjandi á mikla íbúðareign fyrir, skuldlitla eða skuldlausa, samkvæmt nánari reglum sem ákvæði skulu sett um í reglugerð. Fyrri íbúðareign umsækjanda er skuldlítil og stærri en 180 m^2 brúttó að frádregnum bílskúr og umsækjandi er að minnka við sig. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd.

Það er einmitt þetta ákvæði sem hefur sætt gagnrýni, að veita eigi húsnæðismálastjórn heimild til að skerða eða synja um lán þegar þær ástæður eru fyrir hendi sem hér eru taldar upp. Er hægt að tala um skömmtun í þessu sambandi þegar fyrir hendi eru að mínu mati sambærileg ákvæði um láglaunahópana í núgildandi lögum? Hvað segir þar? Þar segir, með leyfi forseta:

„Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkrar ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu."

Hérna þarf enga reglugerð að setja. Hér eiga láglaunahóparnir í hlut. Talaði nokkur um skömmtunarkerfi á sínum tíma þegar þetta ákvæði kom inn í núgildandi lög? Hefur nokkur talað um að það væri verið að úthýsa fólki þó ljóst sé á þessu eina ári sem lögin hafa verið í gildi að allt að 7% umsækjenda, sem eru láglaunafólk, hefur verið hafnað í kerfinu? Nú er verið að biðja um heimild til að hafna eða skerða lán hjá efnafólki sem er álíka stór hópur, eða um 7%, sem tekur til sín einn milljarð af takmörkuðu fjármagni húsnæðiskerfisins. Þá rísa margir upp til varnar. Ekki bara stjórnarliðar heldur líka verkalýðshreyfingin ef marka má það sem fram kemur í Vinnunni, málgagni ASÍ, málgagni launafólks, sem nýlega er komið út, en þar stendur:

„Hér eru 97% umsækjenda látin bíða eftir því að pólitískur stóridómur sakfelli hin 3%, efnafólkið."

Kom nokkuð svona í Vinnunni, blaði láglaunafólks, á þessu ári þar sem hundruðum láglaunafólks hefur verið hafnað í þessu húsnæðiskerfi? Ég hef ekki orðið vör við það. Ég er tilbúin til þess að falla frá 1. gr. frv. ef þm. eru tilbúnir til að taka upp það ákvæði sem gildir um láglaunafólk og orðalaginu breytt en það verði heimfært yfir á efnafólkið. Þá gæti ákvæðið, sem nú gildir um láglaunafólk en ætti þá að gilda um þá betur settu, hljóðað svo, með leyfi forseta:

Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi þurfi ekki á láni að halda vegna góðs efnahags skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn skal gefa viðkomandi tækifæri til að sýna fram á að viðkomandi þurfi á láninu að halda. Geti hann það ekki skal synja um lánveitingu.

Hér væri um sambærilegt ákvæði að ræða fyrir þá efnameiri og nú gildir fyrir láglaunahópana. Það er alfarið á mati húsnæðismálastjórnar hvaða reglum er beitt þegar þessu láglaunafólki er hafnað. Alþingi taldi ekki ástæðu til að setja neitt um það í lög, ekki einu sinni í reglugerð. Þetta er alfarið á mati húsnæðismálastjórnar.

Láglaunafólk fær svona bréf eins og þetta: „Greiðslubyrði fyrirhugaðrar fjárfestingar er umfram líklega greiðslugetu yðar. Samkvæmt fram

komnum upplýsingum telur ráðgjafarstöðin því ekki fært að mæla með lánsumsókn yðar að svo komnu máli. Jafnframt þessu skal yður tilkynnt að ráðgjafarstöðin er að sjálfsögðu reiðubúin til viðræðna við yður um þau íbúðarkaup sem ætla má að samræmist greiðslugetu yðar og unnt væri að mæla með lánveitingum til." Síðan eru taldar upp hvaða forsendur *eru lagðar til grundvallar þessari synjun, m.a.* að mánaðartekjur viðkomandi hafi ekki dugað fyrir láninu. Opinber gjöld sýni líka að það þurfi að hafna viðkomandi o.s.frv.

Það er alfarið á valdi Húsnæðisstofnunar hvernig hún hafnar láglaunafólkinu. Af hverju er húsnæðismálastjórn þá ekki alveg eins treystandi til að fara með lög og reglur gagnvart þeim efnameiri? Að beita þeim lögum og þeim reglum sem hugsanlega yrðu sett um þá efnameiri af þeirri skynsemi sem til er ætlast með þeirri lagasetningu? Enda er talað um það um 1. gr. að túlka eigi þetta ákvæði mjög þröngt.

Ákvæði 3. gr. hefur einnig verið gagnrýnt. Hvað er verið að fara fram á með þeirri lagabreytingu sem þar er lögð til? *Fjármagnið er takmarkað í húsnæðislánakerfinu.* Það fjármagn sem er til ráðstöfunar dugar einungis til að mæta umsóknum þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn og þeirra sem eru að stækka við sig úr lítilli, skuldum hlaðinni íbúð vegna stækkunar á fjölskyldu. Hvað er verið að reyna að gera með ákvæði 3. gr. sem einnig hefur verið gagnrýnt og talað um skömmtunarkerfi og að draga eigi fólk í dilka? Það er engin breyting að því er varðar röðun og afgreiðslu umsókna til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. En það er beðið um heimild til þess að húsnæðismálastjórn geti af þessu takmarkaða fjármagni veitt t.d. fjögurra manna fjölskyldu, sem býr í tveggja herbergja íbúð en þarf að stækka við sig upp í þriggja herbergja íbúð, *forgang fram yfir hjónin sem eru í raðhúsi og eru að* stækka við sig upp í einbýlishús. Eins og ákvæðin eru núna er það þannig að hjón sem eru að stækka við sig úr raðhúsi upp í einbýlishús eða þeir sem eiga kannski þrjár eignir og eru að fá sér þá fjórðu og sækja um í janúar — þetta fólk er tekið fram yfir láglaunafjölskylduna sem sótti um í september og er að stækka við sig upp í þriggja herbergja íbúð. Hún þarf að bíða ári lengur en þetta fólk. Og hvaða fólk er það sem er í þessum biðröðum, þetta efnafólk? Er þetta ekki fólk sem hefur t.d. fengið lán úr lífeyrissjóðunum áður og byggt sínar íbúðir og sín hús? Er þetta ekki það fólk sem hefur grætt t.d. á verðbólgunni, þar sem verðbólgan hefur greitt niður lán þess? Það er t.d. talið að þeir sem eignuðust húsnæði áður en lán voru verðtryggð, fyrir 1980, einkum þó á árunum 1970–1980 þegar neikvæðir raunvextir voru, hafi fengið að gjöf 90 milljarða króna. M.ö.o., þetta fólk hefði þurft að greiða 90 milljörðum meira fyrir sínar eignir ef það hefði búið við sömu lánakjör og þeir sem byggðu eftir 1980. Það er þetta fólk kannski, margt hvert, sem á að taka núna í forgang fram yfir láglaunafjölskylduna, fjögurra manna, sem er í tveggja herbergja íbúð og þarf að bíða mörgum mánuðum lengur af því að kerfið býður þessu fólki að fá lán til jafns við það.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að fara ofan í stærstu atriðin sem gagnrýnd hafa verið í frv. í ljósi bréfs frá þingflokki Sjálfstfl. og í ljósi þeirrar ályktunar sem fram kom frá fulltrúaráði Framsfl. í gær og í ljósi þeirra ummæla sem viðhöfð hafa verið í fjölmiðlum af forustumönnum stjórnarflokkanna um vinnubrögð af minni hálfu og um það að ég væri að búa til skömmtunarkerfi í Húsnæðisstofnun. Ég hefði gjarnan viljað að þessir sömu aðilar hefðu tekið undir það þegar ég og fleiri stóðum í þessum ræðustól fyrir nokkrum mánuðum síðan og töluðum einmitt um það fólk sem hafnað hafði verið úr húsnæðiskerfinu. Ég sé ekkert að því þó að sömu ákvæðum sé beitt að því er efnafólkið varðar, þá sem eiga margar eignir fyrir, þá sem eru að bæta við sig einni eign í viðbót við þá fimmtu sem þeir eiga.

Ef til er nóg fjármagn gætu þeir sem gagnrýna þá leið sem ég vil fara bent mér á hvar það er að fá. Ef við höfum þessar almennu reglur eins og nú hafa gilt *þurfum við bara einfaldlega á miklu meira fjármagni* að halda. Mér finnst ég einhvern tíma hafa heyrt raddir tala um það að nógu mikið fjármagn væri komið í húsnæðislánakerfið, þar þyrfti að draga í land. Þar væri verið að ausa of miklu í, bæði í ríkisframlagi og í lánveitingum. Ég er einmitt tilbúin til þess að aðstoða þá sem hafa þessar skoðanir á að mikið fjármagn fari í húsnæðiskerfið með því að draga úr sjálfvirkni í húsnæðiskerfinu, eins og ég er að reyna að gera með frv.

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um reynsluna af nýja húsnæðislánakerfinu. Í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem undirritaðir voru í febrúar 1986 tókst þetta víðtæka samkomulag um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Um var að ræða *grundvallarbreytingar á húsnæðiskerfinu og var frv.* um það flutt á tiltölulega skömmum tíma á Alþingi, en nýja húsnæðislánakerfið tók gildi í september 1986. Samkomulag aðila vinnumarkaðarins var gert í febrúarmánuði 1986, en frv. varð að lögum í maí 1986. Af þessu sést að lítill tími gafst til að kanna til þrautar ýmsar þær forsendur sem lögin byggðu á og gengið var út frá á þeim tíma. Áður en ég geri í einstökum atriðum grein fyrir ákvæðum frv., sem hér er til umræðu, tel ég rétt að draga fram nokkrar staðreyndir í ljósi reynslunnar af nýja húsnæðislánakerfinu.

Komið hefur í ljós að margar af veigamiklum grundvallarforsendum, sem húsnæðislánakerfið byggði á, hafa ekki staðist. Forsendur frv. 1986 voru að 3800 umsóknir mundu berast fyrstu tvö árin og 3400 umsóknir eftir það. Í stað 3800 umsókna á ári sem gert var ráð fyrir í forsendum frv. hafa á liðlega einu ári borist á milli 10 og 11 þús. umsóknir eða nær þrefalt fleiri umsóknir en forsendur laganna byggðu á. Fjármagn sem til þarf til þess að standa undir þessum lánsumsóknum er um 15 milljarðar kr., þ.e. 10 milljörðum meira en ráð var fyrir gert. Á fyrstu

12 mánuðum hins nýja húsnæðislánakerfis bárust jafnmargar umsóknir og reiknað hafði verið með á 32 mánuðum.

Hinn 1. okt. sl. hafði Húsnæðisstofnun ráðstafað um 8,7 milljörðum króna í lánsloforð vegna umsókna sem bárust á tímabilinu frá 1. sept. 1986 til 12. mars sl. þegar hætt var að gefa út lánsloforð, en þá voru lánsloforðin orðin um 6100. Þegar hætt var að gefa út lánsloforð í nýja húsnæðislánakerfinu í marsmánuði hafði verið ráðstafað öllu fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins 1987 og 1988 og auk þess um 380 millj. kr. af ráðstöfunarfé ársins 1989. Biðtími eftir lánum hefur sífellt verið að lengjast og er nú orðinn um 29 mánuðir, en forgangshópar fá þó fyrri hluta láns eftir 23 mánuði. Um næstu áramót hefur verið lofað 14–15 milljörðum kr. í lán sem koma eiga til greiðslu á næstu tveimur til þremur árum. Þegar afgreiðslu þeirra tæplega 4000 umsókna, sem nú bíða, lýkur verður búið að ráðstafa öllu ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins fyrir árið 1989 og sennilega fram í mars 1990. Þegar kemur fram á næsta vor eða sumar verður að óbreyttu einnig búið að ráðstafa öllu fjármagni ársins 1990. Innan fárra mánaða verður farið að tilgreina á lánsloforðum um bindandi greiðsludaga árið 1991.

Þegar verið er að velta fyrir sér ýmsum breytingum á nýja húsnæðislánakerfinu, jafnvel algjörri uppstokkun, er einmitt nauðsynlegt að hafa í huga að þegar er búið að binda það fjármagn sem húsnæðiskerfið hefur yfir að ráða fram á árið 1989. Verði áfram gefin út lánsloforð í óbreyttu kerfi verður innan örfárra mánaða búið að ráðstafa fjármagni húsnæðiskerfisins fram til 1991 eða fjögur ár fram í tímann. Með útgáfu bindandi lánsloforða svo langt fram í tímann er svigrúmið í raun mjög þröngt til þess að gjörbreyta þessu kerfi næstu árin. Þær breytingar, sem eru lagðar til í frv., eru í raun forsenda fyrir að skapa það svigrúm, ef vilji er fyrir hendi og samstaða næst, til þess að breyta þessu húsnæðislánakerfi.

Ég er vissulega tilbúin til að skoða allar þær hugmyndir sem geta fært húsnæðiskerfið til betri vegar. Ég tel að húsnæðiskerfið hafi fyrst og fremst skyldur við þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn og við þá sem eiga litla íbúð fyrir og eru að stækka við sig af fjölskylduástæðum eða vegna annarra sambærilegra ástæðna. Síðan þarf bankakerfið að vera í stakk búið til þess að taka við öðrum og bjóða þá gjörbreytt lánakjör frá því sem nú er. T.d. þyrftu bankarnir að bjóða upp á miklu lengri lánstíma en nú er og taka að öðru leyti þátt í fjármögnun til húsnæðismála með sama hætti og gengur og gerist hjá okkar nágrannaþjóðum.

Það mætti hugsa sér, þegar jafnvægi væri komið á hið almenna húsnæðiskerfi, að hluta af fjármagni lífeyrissjóðanna yrði veitt í bankakerfið. Við útfærslu húsnæðiskerfisins og sérstaklega með aukinni þátttöku bankakerfisins í húsnæðismálunum kemur þessi leið afar sterklega til greina sem framtíðarlausn. Ástand kerfisins nú er hins vegar með þeim hætti að þessar breytingar hljóta að taka nokkurn tíma því við höfum þegar bundið fjármagnið langt fram í tímann. Fjárþörf þeirra kaupenda sem kaupa á hverju ári í fyrsta sinni er 4,1 milljarður. Fjárþörf þeirra sem eiga lítinn eignarhluta í fyrri eign er ekki undir 1,4 milljörðum á ári. Heildarlánaþörf þessara tveggja hópa er samanlagt um 5,5 milljarðar á verðlagi haustsins 1987. Það samsvarar öllu ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári, 1988, samkvæmt fjárlögum. Um áramótin næstu verða aðrir umsækjendur á biðlista ekki færri en um 3000 sem samkvæmt þessari hugmynd ætti að vísa á bankakerfið, en áætluð lánsfjárþörf þessa hóps yrði hátt í 4–4½ milljarður króna. Ef þessum hópi væri öllum vísað á bankakerfið mundi ráðstöfunarfé Byggingarsjóðsins duga til að stytta til muna biðtíma hinna. Hins vegar gæti Byggingarsjóðurinn ekki séð af neinu fé í a.m.k. tvö ár að óbreyttu til bankakerfisins af því fé sem hann fær frá lífeyrissjóðunum því að það er þegar bundið eins og ég áður sagði.

Eftir að þær breytingar sem lagðar eru til á húsnæðislánakerfinu hafa tekið gildi má hins vegar hugsa sér að flytja ákveðinn hóp úr opinbera húsnæðislánakerfinu inn í bankakerfið í áföngum. Þá ætti að byrja á þeim efnameiri sem synjað yrði um lán af efnahagsástæðum. Síðan kæmu hópar með minnstan forgang til lána og svo koll af kolli. Snögg breyting á húsnæðiskerfinu í þessa veru gæti að ýmsu leyti skapað mikil vandamál. Hún er hins vegar hugsanleg í áföngum og er í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Nauðsynlegar forðagerðir til að skapa það svigrúm sem þarf felast hins vegar í þeim tillögum sem lagðar eru til í þessu frv.

Það er nauðsynlegt að vekja athygli á að 3800 umsóknir bíða afgreiðslu og þær munu kosta um 6½ milljarð króna. Ef á nýjan leik verður opnað, að óbreyttum lögum, mun á örskömmum tíma vera upp urið 20 milljarða kr. fjármagn sem nýlega var samið um við lífeyrissjóðina. Því verður að óbreyttu öllu ráðstafað á næstu mánuðum og kemur til greiðslu næstu þrjú árin. Til samanburðar má geta þess að Byggingarsjóður ríkisins hefur haft frá upphafi eða á 30 ára tímabili 52 milljarða til ráðstöfunar á verðlagi í júlí 1987. Ljóst er að ef allir sem nú eiga óafgreiddar umsóknir fá lánsloforð samkvæmt gildandi lögum mun það hafa mjög óheppileg áhrif á húsnæðismarkaðinn í landinu og gæti það valdið mikilli þenslu og óeðlilegri hækkun á íbúðaverði.

Á það má einnig benda að með nýju húsnæðislögunum reis mikil alda verðhækkana á fasteignamarkaði. Söluverð íbúða sl. 20 ár hefur ekki nema eitt ár, 1982, verið hærra en nú. Greiðslukjör á fasteignamarkaðinum eru mjög slæm og hækkun fasteignaverðs á milli áranna 1986 og 1987 stefnir í að verða sú mesta sem mælst hefur. Þetta hefur rýrt verðgildi lánanna mikið. Lán sem dugði á árinu 1986 fyrir útborgun í fjögurra herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu dugir nú einungis fyrir lítilli þriggja herbergja íbúð. Að óbreyttu gæti stefnt í enn meiri verðhækkanir á fasteignamarkaði en þegar er orðið.

Þá stefnir í að loka fyrir húsnæðiskerfið á nýjan leik á miðju næsta ári þar sem öllu fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins, sem um hefur verið samið við lífeyrissjóðina, verður þá ráðstafað.

Á þetta vil ég leggja mikla áherslu, þ.e. að við erum að binda fjármagnið mjög langt fram í tímann og að við ráðstöfum þessum 20 milljörðum, sem um var samið við lífeyrissjóðina, á örskömmum tíma og bindum fjármagn húsnæðiskerfisins enn lengra fram í tímann en nú þegar er gert. Og líka það að ef á að afgreiða alla umsóknirnar, sem nú liggja fyrir, gæti það valdið verðhækkunum á íbúðunum og rýrt verðgildi þeirra lána sem fólk fengi. Í annan stað held ég að enginn vildi standa frammi fyrir því aftur að það þurfi að loka húsnæðiskerfinu í marga mánuði eins og nú hefur gerst.

Ég tel að lánakerfið gefi almenningi miklu meiri fyrirheit en það rís undir og fjárþörfin þar er mjög mikil eins og ég nefndi. Bara vegna þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu eign og þeirra sem eru að stækka hóflega við sig af fjölskylduástæðum er fjármagnsþörfin um 5–5½ milljarður kr.

Ég tel hins vegar á því annmarka að gjörbreyta kerfinu á skömmum tíma þar sem við höfum bundið ráðstöfunarfé langt fram í tímann. Ég vil undirstrika það og ítreka að þær aðgerðir, sem nú er gripið til, muni einar sér ekki nægja til að koma jafnvægi á húsnæðiskerfið. Þeim er einungis ætlað að koma í veg fyrir að húsnæðislánakerfið lendi í enn meiri ógöngum en þegar er orðið.

Ég vil líka benda á að ef allir eiga að njóta vaxtaniðurgreiðslu að jöfnu eins og nú gerist og ekki verða gerðar breytingar á vaxtastefnu sjóðsins mun allt framlag ríkissjóðs, um 1 milljarður á núgildandi verðlagi, renna til að greiða niður vexti árið 1992. Eftir það nægir það ekki til og veldur vaxtamismunurinn því að sjóðurinn verður gjaldþrota innan tveggja áratuga. Þá er talið að þegar kerfið hefur náð fullri stærð renni að óbreyttu ekki nema fjórðungur af ríkisframlaginu til þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu eign.

Með frv. fylgir ítarleg greinargerð sem skýrir markmiðið með einstökum greinum þess og heildarstefnu. Ég hef áður getið um þá hópa í 1. gr. sem heimilt er að hafna og skerða lánveitingar til. Það er áætlað að frá 1. september 1986 til október 1987 geti lánveitingar til þessa hóps kostað um 1100–1200 millj. kr. Og eins og fram kom í mínu máli áðan samsvarar það öllu ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra íbúða á yfirstandandi ári.

Það er áætlað að um 400–500 aðilar muni að líkum tilheyra þessum hópi á hverju ári framvegis. Lán til þeirra munu nema 500–700 millj. kr. á ári. Þá eru ótaldir þeir sem eru að stækka við sig og eiga miklar skuldlausar eignir fyrir. Talið er að ekki færri en tíundi hver umsækjandi eigi fyrir skuldlausa eign í íbúð að verðmæti yfir 4 millj. kr. En í frv. er opnaður möguleiki á að breyta innbyrðis röðun þeirra umsækjenda sem eiga íbúð fyrir. Í núverandi kerfi þurfa þeir sem eiga íbúðir fyrir allir að bíða jafnlengi óháð öllum aðstæðum eins og ég greindi frá áðan.

Ég tel að frá því að kerfið var tekið í notkun hafi þýðing lánanna fyrir umsækjendur minnkað vegna þenslu á fasteignamarkaðinum. Vil ég í því sambandi benda á að í ágúst 1986, rétt fyrir gildistöku nýju húsnæðislaganna, hefði fullt lán til kaupa á notuðu húsnæði numið 84% af útborgun í 100 m^2 fjögurra herbergja íbúð í Reykjavík. Í mars þegar úthlutun loforða var hætt dugði lánið einungis fyrir 66% af útborgun í sömu íbúð.

Það er einnig ljóst að umsækjendur, sem eiga miklar skuldlausar eignir fyrir, hafa fengið þessi loforð um lán úr nýja húsnæðiskerfinu. Lausleg könnun á eignarstöðu umsækjenda þegar liðlega 6000 umsóknir höfðu borist bentu til að ekki færri en 15% umsækjenda hafi um síðustu áramót átt fyrir skuldlausar eignir að verðmæti meira en 3 millj. kr., um 3% áttu fyrir skuldlausa eign að verðmæti yfir 4 millj. kr. Um 12% umsækjenda eða tæplega 1000 aðilar höfðu þá samkvæmt skattaframtali yfir 1 millj. kr. í tekjur árið 1985, fyrir tveimur árum, sem ætla má að svari til 1,7 millj. kr. árslauna í ár.

Miðað við fjölda umsókna sem borist höfðu í byrjun þessa mánaðar má áætla að 1500–1600 aðilar, sem eiga fyrir skuldlausa eign að verðmæti yfir 3 millj. kr., hafi öðlast lánsrétt. Samanlögð lánsloforð til þeirra gætu nú numið 2–2,2 milljörðum króna, en það er helmingi hærri upphæð en félagslega húsnæðiskerfið hafði úr að spila á þessu ári.

Kannanir benda einnig til að um 450 aðilar sem sóttu um á fyrstu 12 mánuðunum, sem húsnæðiskerfið var í gildi, hafi átt eignir að verðmæti 4 millj. kr. eða meira. Lánsloforð til þessara aðila kosta um 600 millj. kr. Nokkrir aðilar sem fengið hafa lánsloforð hafa átt fyrir fleiri en eina íbúð og eru dæmi um að umsækjandi hafi átt fimm íbúðir fyrir sem fengið hefur lánsloforð.

Ég taldi brýnt að draga fram þessar staðreyndir sem ég hef rakið til þess að hv. alþm. væri það vel ljóst hve mikill vandi er hér á ferðinni. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að dregið verði úr þeirri miklu sjálfvirkni sem er í húsnæðislánakerfinu og á að gera það með breyttum útlánareglum til að draga úr eftirspurn eftir lánum.

Ég vil leggja á það áherslu að með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er einungis verið að stíga fyrsta skrefið til að draga úr þessari miklu sjálfvirkni í húsnæðislánakerfinu, en ljóst er að til frekari aðgerða þarf að grípa til þess að koma jafnvægi á því að að öðrum kosti stefnir í algert óefni. Ég taldi rétt að stíga þetta fyrsta skref nú þannig að þegar opnað verður fyrir á nýjan leik í húsnæðiskerfinu taki afgreiðsla lánsumsókna mið af breyttum útlánareglum.

Í grg. með frv. er að finna ítarlegan rökstuðning fyrir þeim breytingum sem ég mæli fyrir. Ég vil því láta nægja að draga hér fram til viðbótar því sem ég hef áður sagt helstu rökin fyrir þessum breytingum í húsnæðislánakerfinu ásamt því að skýra hvers vegna

brýnt er að þessar breytingar fái hraða afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi en ekki verði frestað að taka á þessu máli þar til heildarendurskoðun á nýja húsnæðislánakerfinu liggur fyrir.

Afgreiðsla á þessum 3800 umsóknum sem enn hefur ekki verið svarað og nú bíða afgreiðslu mun kosta um 6½ milljarð. Ég tel að það sé mikilvægt að ráðstöfun þessa mikla fjármagns og afgreiðsla umsókna, þegar hún hefst á ný, verði með þeim hætti að sem best nýtist þeim sem nauðsynlega þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Ég held að mjög brýnt sé að allir geri sér ljóst að ef þeir sem nú eiga óafgreiddar umsóknir fá lánsloforð samkvæmt gildandi lögum, þá geti það haft mjög óheppileg áhrif á húsnæðismarkaðinn í landinu og gæti valdið mikilli þenslu og óeðlilegri hækkun á íbúðaverði. Í þessu sambandi vil ég nefna að einhver brögð eru að því að umsækjendur sem fengið hafa lánsloforð sem koma eiga til greiðslu eftir marga mánuði og jafnvel ár leita eftir lánum út á lánsloforð sín á verðbréfamarkaðnum með miklum afföllum. Þetta getur líka haft mjög óheppileg áhrif á fasteignamarkaðinn auk þess sem það gæti leitt til þess að lánin nýtist umsækjendunum verr en ella. Í fyrsta lagi þarf að greiða mikið í afföll þegar lánsloforðin eru seld á verðbréfamarkaðnum og í annan stað er veruleg hætta á því að hluti lánanna hverfi með þessu móti í verðhækkanir sem hægt væri að komast hjá með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á húsnæðislögunum.

Varðandi skerðingu lána til þeirra sem eiga fyrir stórar skuldlausar eignir minni ég enn á það og bið menn að hafa það í huga að lánsréttur er nú þegar takmarkaður í kerfinu eftir tekjum og efnahag og þá vitna ég til þeirra sem hafa lágar tekjur og lélega eignastöðu að þeir fá oft synjun á lánum.

Í 2. gr. er að finna tvær efnisbreytingar. Þar er í fyrsta lagi lagt til að ákvæðinu, sem leggur þá skyldu á herðar Húsnæðisstofnunar að veita öllum umsækjendum bindandi lánsloforð innan tveggja mánaða, er breytt. Þess í stað er kveðið á um að svar berist þremur mánuðum eftir að umsókn er lögð fram í stað tveggja mánaða frests samkvæmt núgildandi lögum, en sá tími hefur reynst of skammur samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar. Í þessu svari, sem á að berast þremur mánuðum eftir að umsókn er lögð fram, fengi viðkomandi að vita um lánsrétt sinn og líklegan afgreiðslutíma láns. Svar um lánsupphæð á síðan að berast eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu. Það ákvæði er mjög mikilvægt eins og fram kemur í grg. með þessu frv. Með þessu móti þarf Húsnæðisstofnun til að mynda ekki að binda fjármagn sitt nema 1–1½ ár fram í tímann sem er vissulega mikilvægt fyrir fjármálastjórn Byggingarsjóðsins og sveigjanleika í röðun og afgreiðslu lánsloforða. Með þessu móti gefst líka betri tími en áður fyrir ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar að sinna því veigamikla hlutverki að láta umsækjendum leiðbeiningar í té og gera með þeim greiðsluáætlun, en ætlunin er að ráðgjafarstöðin sýni frumkvæði í þessum efnum og er því hér um nýja leið að ræða til að koma í veg fyrir að fólk lendi í ógöngum.

Þær reglur, sem nú gilda og skylda Húsnæðisstofnun til að veita bindandi svar innan tveggja mánaða, eru mjög óeðlilegar í því ástandi sem við búum nú við og mjög óeðlilegt að þurfa að gefa bindandi lánsloforð kannski þrjú ár fram í tímann eins og nú stefnir í. Einnig verður að ætla að það sé nægjanlegt svigrúm fyrir umsækjendur að vita með eins árs fyrirvara hvenær lánið kemur til útborgunar ef þeir fá vitneskju um það í upphafi hvenær líklegt er að lánið verði afgreitt.

Um 3. gr. er þetta að segja: Eins og nú er á að afgreiða lánin í sömu röð og umsóknir berast, þó þannig að þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn fái forgang. Í 3. gr. þessa frv. er engin breyting að því er varðar þá sem kaupa í fyrsta sinn og skulu lánin eftir sem áður afgreidd til þeirra í sömu röð og þau berast inn. Aftur á móti er um að ræða breytingu fyrir þá sem eiga íbúð fyrir, en í frvgr. er kveðið á um að heimilt sé að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhlut í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir láni til þeirra innbyrðis, þannig að þeir sem eru verr settir að þessu leyti gangi fyrir hinum. Með þessu ákvæði er leitast við að stytta biðtíma þeirra sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð. Í þessum hópi geta verið fjölskyldur sem eiga fyrir litlar eignir skuldum hlaðnar og þurfa nauðsynlega sakir fjölskyldustærðar að stækka við sig. Enginn greinarmunur er í núgildandi lögum gerður á röðun og afgreiðslu til þessara fjölskyldna eða þeirra t.d. sem eiga fyrir stórar skuldlausar eignir og eru að minnka við sig, svo að ekki sé talað um til þeirra sem eiga fyrir margar íbúðir og eru kannski að bæta við sig fleirum.

Ég legg áherslu á að í 3. gr. er kveðið á um það að settar verði nákvæmar reglur um afgreiðslu á lánunum og að þessar reglur verði öllum aðgengilegar. Þannig viti allir umsækjendur um lánsrétt sinn svo að ekki á að þurfa að koma til að þar verði um geðþóttaákvarðanir að ræða eins og sumir hafa haldið fram. Ég vil ítreka að nú þegar eru umsækjendur valdir úr og þeim hafnað. Við mat á því hverjum skuli hafnað eru notaðar reglur sem húsnæðismálastjórn eða Húsnæðisstofnun hefur samið. Einnig er af hálfu stofnunarinnar túlkað hversu mikill eignarhluti í fyrri eign sé og þar með forgangur. Um þetta er engin sérstök reglugerð eða kveðið á um það í lögunum. Ákvæðið er mjög rúmt og alfarið í valdi Húsnæðisstofnunar að túlka þetta ákvæði varðandi þessa tekjulægstu hópa eins og það er frágengið í lögunum.

Ég vil í lokin fara örfáum orðum um 4. gr. frv. sem kveður á um heimild til þess að ákvarða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks eða endurgreiða vexti, hvort tveggja eftir nánari reglum sem settar verða í reglugerð. Allir sem kynnt hafa sér fjármögnun og framtíðarhorfur húsnæðiskerfisins eru um það sammála að sá mikli vaxtamunur sem er á inn- og útlánum Byggingarsjóðs ríkisins mun að

óbreyttu fljótlega sliga húsnæðiskerfið. Í skýrslu félmrh. á síðasta þingi um störf milliþinganefndar í húsnæðismálum kemur fram að útreikningar bendi til að verði mismunurinn á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3% til lengdar muni lánakerfið sligast. Eftir síðustu samninga nú í september við lífeyrissjóðina er vaxtamismunurinn orðinn 3–3½%. Ljóst er að ríkissjóður mun ekki ráða við að greiða niður vexti af lánum til húsnæðiskaupenda úr Byggingarsjóði ríkisins nema í fá ár ef kerfið verður eins og það er nú í lögunum og því verður ekki breytt. Miðað við óbreytt ríkisframlag, þá vexti sem samið hefur verið um við lífeyrissjóðina og óbreytta útlánsvexti mun allt framlag ríkissjóðs ekki duga til að greiða niður vaxtamuninn nema fram á árið 1992. Árið eftir, 1993, mun sjóðurinn þurfa að ganga á eigið fé og verður af þessum sökum gjaldþrota innan tveggja áratuga. Ef sú leið verður farin að hækka vextina um 0,5% mun allt ríkisframlagið eins og það er í ár, 1987, fara í vaxtaniðurgreiðslur árið 1993. Eftir það gengur sjóðurinn á eigið fé og verður gjaldþrota innan tveggja áratuga. Þó að vextirnir verði hækkaðir um 1% dugar það einungis þremur árum lengur. Þá verður sjóðurinn að fara að ganga á eigið fé eftir 1996. 1,5% vaxtahækkun dugar einungis til ársins 1998. Það jafngildir því að miðað við núverandi útlánareglur er fyrirsjáanlegt að jafnvel þó vextir af útlánum verði hækkaðir úr 3½% í 5% dugir framlag ríkissjóðs eins og það er nú ekki lengur en til ársins 1998 til að greiða vaxtamuninn. Það fjármagn sem Byggingarsjóður ríkisins mun hafa að láni frá lífeyrissjóðunum mun vaxa mjög hratt á næstu árum. Þær upplýsingar sem nú er byggt á um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sýna að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna verða á árinu 1990 um 18,6 milljarðar, 1995 48 milljarðar og árið 2000 um 80 milljarðar á núgildandi verðlagi. Ef menn hafa hugsað sér að greiða niður vaxtamun af þessum fjárhæðum til húsnæðiskaupenda er ljóst að annaðhvort þarf að koma til mikið árlegt framlag úr ríkissjóði eða lítill munur verður á vöxtum af skuldabréfum lífeyrissjóðanna og útlánsvöxtum Byggingarsjóðsins.

Ég nefndi áðan að eftir fjögur ár færi allt ríkisframlag, eða um 1 milljarður, í niðurgreiðslu vaxta og að tveim áratugum liðnum yrði húsnæðiskerfið að óbreyttu gjaldþrota. Árið 1996 eða eftir 10 ár yrði niðurgreiðsla vaxta um 1740 millj. kr. á núverandi verðlagi og jafnvel þó að nú yrði ákveðin 2% vaxtahækkun eða útlán Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu úr 3½% í 5½%, þá þyrfti engu að síður á árinu 1996 um 650 millj. kr. í vaxtaniðurgreiðslu.

Ég tel að til þess að leysa það vandamál sem hér hefur verið lýst þurfi að breyta uppbyggingu lánakerfisins sjálfs. Beina verður niðurgreiðslum á vöxtum til þeirra húsnæðiskaupenda sem taldir eru þurfa þeirra með. Losa verður um þá sjálfvirkni í kerfinu sem færir öllum sömu niðurgreiðslu án tillits til þess hverjar aðstæður þeirra eru. Ég hygg að það þekkist hvergi að niðurgreiðslur vaxta séu til allra með þeim hætti sem nú er í okkar húsnæðiskerfi. Af þessum sökum leysir einföld ákvörðun um allsherjarvaxtahækkun í kerfinu að mínu mati ekki vandann. Þó að þessa vaxtamismunar gæti ekki verulega í útstreymi Byggingarsjóðs ríkisins á þessu eða næsta ári, þá mun vaxtamismunurinn mjög fljótlega koma með miklum þunga á Byggingarsjóð ríkisins. Nefna má að ef ekkert verður að gert mun að fjórum árum liðnum allt ríkisframlagið eða 1 milljarður á núgildandi verðlagi fara í að greiða niður vexti. Því er nauðsynlegt að huga að því nú hvernig þessu mikla fjárhagsvandamáli Byggingarsjóðs ríkisins verði mætt og hvaða leiðir eru færar nú. Ég vil nefna nokkrar leiðir:

Í fyrsta lagi gætu valkostirnir verið óbreyttir vextir eins og nú er.

Í öðru lagi: Hækka vexti jafnt á öll lán.

Í þriðja lagi: Gera grundvallarbreytingu á stýringu vaxtaniðurgreiðslna a) með því að ákvarða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks, b) að hækka alla vexti þannig að þeir verði allt að því marki sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði og endurgreiða síðan vexti gegnum skattakerfið eða Húsnæðisstofnun niður að ákveðnu marki til ákveðinna hópa, t.d. þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, þeirra sem stækka við sig hóflega vegna fjölskyldustærðar eða við aðrar sambærilegar aðstæður.

Í fjórða lagi mætti einnig nefna að þeir hópar sem njóta eiga sérstakra lánskjara af opinberu fé fá húsnæðislán með verulega niðurgreiddum vöxtum hjá Húsnæðisstofnun. Öðrum verður vísað á bankana og það jafnframt tryggt að bankastofnanir geti veitt lán til mun lengri tíma en nú er þó lánskjörin að öðru leyti verði bundin við markaðsvexti.

Í fimmta lagi: Endurgreiðsla eða niðurgreiðsla vaxta ráðist af tekjum viðkomandi og verði tekjutengd.

Þær fimm leiðir sem ég hef nefnt hafa allar sína kosti og galla. Um þær leiðir, sem eru auðveldastar í framkvæmd og þar sem reglur eru almennar og eins fyrir alla, gilda sömu veigamiklu annmarkarnir og í húsnæðislánakerfinu almennt. Þær eru of dýrar. Kerfið fær ekki undir þeim risið. Á þeim leiðum sem skila hvoru tveggja í senn, að treysta fárhagsstöðu sjóðsins og að vaxtaniðurgreiðslur renni til þeirra sem nauðsynlega þurfa á að halda, geta komið upp ýmsir erfiðleikar í framkvæmd sem ég tel þó að hægt sé að leysa ef sæmilegt samkomulag getur tekist um þau markmið sem að ber að stefna. Það markmið sem ég vil vinna eftir er að hlífa þeim við vaxtahækkunum sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð, þeim sem eru að stækka hóflega við sig vegna fjölskyldustærðar og þeim sem búa við aðrar þær aðstæður sem teljast mega sambærilegar.

Miðað við þá umræðu sem um þetta ákvæði hefur orðið í fjölmiðlum tel ég ástæðu að nefna að engin ákvörðun liggur enn fyrir um hvaða leiðir verði farnar í þessu efni. Mín skoðun er sú að það muni

enn taka nokkurn tíma, kannski vikur eða mánuði, að fá niðurstöður um frambúðarlausn á stýringu vaxta í húsnæðiskerfinu og hvaða leiðir séu heppilegastar að fara, ef gera á grundvallarbreytingu á vaxtaniðurgreiðslum í húsnæðiskerfinu. Auðvitað er hægt að ákvarða nú þegar einfalda vaxtahækkun í húsnæðiskerfinu sem gangi jafnt yfir alla. Ég er ekki fylgjandi þeirri leið því að ég tel að sú leið komi þungt niður á þeim sem nauðsynlegt er að hlífa við vaxtahækkunum og að jöfn vaxtahækkun, 1%, 1½% eða 2%, hafi enga grundvallarþýðingu til að koma jafnvægi á stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi mál þarf því að skoða vandlega því að það getur skipt sköpum um fjárhagsafkomu sjóðsins og greiðslubyrði þeirra sem þurfa helst á niðurgreiddum vöxtum að halda hvernig á þessu máli er tekið.

Í 4. gr. frv. er einungis um heimild að ræða til að beita mismunandi vöxtum eða endurgreiða vexti, en til þarf að koma lagabreyting ef beita á vöxtum í húsnæðiskerfinu með öðrum hætti en verið hefur.

Ég hef lagt á það mikla áherslu að frv. þessu verði hraðað hér á hv. Alþingi. Er það einkum vegna ákvæðis 1.–3. gr. frv. sem ég tel brýnt að afgreiðsla lána taki mið af þegar opnað verður á nýjan leik fyrir húsnæðislánakerfið. Það þarf síðan að skoða sérstaklega ef ákvæði 4. gr. um vexti veldur því að mikil töf getur orðið á afgreiðslu frv. hér á hv. Alþingi, ekki síst ef sá misskilningur er uppi hjá stjórnarliðum að ákvæðið um vextina í frv. sé fyrst og fremst inni í frv. að minni kröfu og ósk og helst að skilja án nokkurs samráðs við aðra.

Sannleikur málsins er hins vegar sá að ég taldi lengri tíma þurfa í vaxtamálin og því væri skynsamlegra að stíga aðeins þau skref nú sem bein áhrif hefðu á afgreiðslu lána þegar opnað yrði fyrir húsnæðislánin á nýjan leik. Vaxtamálin yrðu síðan tekin í 2. áfanga þannig að ekki þyrfti að tefja að opnað yrði fyrir húsnæðislánakerfið á nýjan leik. En í þessu efni að því er 4. gr. varðar tók ég tillit til óska samstarfsaðila minna í ríkisstjórn og því er það nokkuð sérkennilegt og kom mér algjörlega í opna skjöldu að þurfa að sæta ómaklegum ásökunum stjórnarliða í fjölmiðlum um vaxtaákvæði þessa frv. sem og reyndar annað sem þessu frv. viðvíkur. Verði þetta ákvæði í 4. gr. til þess að stjórnarliðar ætli að tefja afgreiðslu málsins á þingi þá kemur fyllilega til greina að fella vaxtaákvæðið út úr frv. og taka það upp í öðru og nýju frv. sem lagt yrði fyrir Alþingi, þannig að ekki þurfi nú vegna vaxtaákvæðanna að tefja frv. því að það er brýnt orðið að létta af þeirri óvissu sem nú ríkir um afgreiðslu lána hjá Húsnæðisstofnun.

Um gildistökuákvæði frv. er þetta að segja: Ég leitaði álits ríkislögmanns á því að ákvæði frv. yrðu látin gilda afturvirkt, þ.e. til þeirra umsókna sem lagðar voru inn eftir lokun á afgreiðslu lánsumsókna frá 13. mars sl. Ríkislögmaður taldi að mjög varhugavert væri að láta 1. gr. frv. gilda afturvirkt frá 13. mars. Vísaði hann þar til þess að ákvæðið næði til þröngs hóps og í sumum tilfellum gæti skerðing á lánsrétti verið algjör. Með vísan til þessa álits ríkislögmanns taldi ég rétt að leggja málið fyrir Alþingi með þeim hætti að ákvæðið gilti fyrst frá þeim degi að frv. var lagt fyrir Alþingi. Verður að telja slík ákvæði nauðsynleg til að koma í veg fyrir að meðan Alþingi hefur málið til meðferðar verði um óeðlilega mikinn fjölda nýrra umsókna að ræða hjá þeim sem telja hættu á að þeirra lánsumsóknum verði hafnað eða lán til þeirra skert eftir gildistöku laganna.

Herra forseti. Miðað við það sem á undan var gengið með þetta frv. taldi ég nauðsynlegt að skýra þetta í ítarlegu máli. Ég legg áherslu á skjóta afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi þannig að ekki þurfi að verða frekari dráttur en þegar er orðinn á að opna fyrir afgreiðslu lána á nýjan leik og ég óska eftir samstöðu hv. þm. um það að létta af þeirri óvissu sem nú er í húsnæðislánakerfinu.

Ég óska eftir, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli hv. þingdeildar á óvenjulegri málsmeðferð sem hér hefur komið fram. Hæstv. félmrh. byrjar fyrstu ræðu sína sem ráðherra fyrir stóru máli með ásökum á samstarfsflokkana hér á hv. Alþingi. Ég hélt satt að segja undir ræðu hennar að málið sem hér er lagt fram væri búið að vera til umræðu á Alþingi. Ég held að miklu hyggilegra væri í þessu tilfelli að ræða aðeins efnislega slíkt stjfrv. og biðja a.m.k. með vægilegum orðum um stuðning hv. þm. fyrir málinu.

Þingflokkur Framsfl. féllst á að hæstv. félmrh. legði þetta frv. á þskj. 47, um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, fram hér á Alþingi án skuldbindinga um að samþykkja frv. eins og það liggur hér fyrir. Munu þm. flokksins vinna að því í meðferð Alþingis að ef breyting verður gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þá verði það í samræmi við það sem er grundvöllur núgildandi laga, samkomulag aðila vinnumarkaðar um fjármagn lífeyrissjóðanna í landinu. Ef það samkomulag er rofið brestur undirstaða byggingarsjóðanna. Það hljóta allir að skilja. Þetta virðist hins vegar hæstv. félmrh. ekki skilja og kom það best fram í þeirri kröfu hæstv. ráðherra að sett yrðu bráðabirgðalög í haust, vægast sagt flaustурslegar hugmyndir en sem betur fer voru þær kæfðar í fæðingu áður en slys hlaust af.

Þetta frv. hæstv. ráðherra er vanhugsað spor aftur á bak. Vegna þeirrar umræðu í fjölmiðlum undanfarið um þetta frv. og stöðu húsnæðismála almennt tel ég rétt við 1. umr. þessa frv. á þskj. 47 að vekja athygli á örfáum atriðum um sérkennileg vinnubrögð hæstv. félmrh. sem skýra um leið þá tortryggni og andstöðu sem komið hefur fram við frv. hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi: Hæstv. ráðherra leitaði ekki formlega eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um væntanlegar lagabreytingar, enda þótt yfirlýsingar

fyrrv. ríkisstjórnar væru ótvíræðar að lagabreytingar væru gerðar í samráði við þessa aðila ef þær þyrftu fram að koma.

Í öðru lagi: Ekki var leitað samráðs við lífeyrissjóðina í landinu sem fjármögnun laganna byggist á, en skilyrði þeirra var jafn réttur lífeyrissjóðsfélaga til lána.

Í þriðja lagi: Stjórnarflokkarnir voru ekki hafðir með í ráðum né beðnir um að skipa fulltrúa í vinnuhóp eða nefnd til að fjalla um hvort gera þyrfti breytingar og þá hvernig. Það hefur ávallt verið föst venja að fulltrúar stjórnarflokka í ríkisstjórn í það minnsta fjölluðu sameiginlega um hugsanlegar breytingar á lögum.

Í fjórða lagi kemur hæstv. félmrh. í sjónvarp, Stöð 2, og lýsir yfir að ef einstaka þm. stjórnarflokka ætli að standa gegn tillögum sínum muni hæstv. ráðherra krefjast þess að foringjar flokkanna sjái um framgang frv. Mér er spurn: Er slíkur hroki líklegur til að greiða fyrir framgangi mála á hv. Alþingi?

Eins og hv. alþm. vita voru lög nr. 54/1986, um Húsnæðisstofnun ríkisins, byggð á víðtæku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar í febrúarsamningnum 1986. Sérstök húsnæðisnefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar undir forsæti hagsýslustjóra, Hallgríms Snorrasonar, samdi lögin og mótaði framgang þeirra með Húsnæðisstofnun og félmrn.

Eitt meginatriði laganna byggist á samræmdri þátttöku allra lífeyrissjóða landsins um að leggja til 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem gengur beint til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Lánsréttur einstaklinga byggist á að viðkomandi hafi greitt í lífeyrissjóði samfellt í 20 mánuði og að viðkomandi lífeyrissjóður hafi keypt skuldabréf af byggingarsjóði samkvæmt samningi þar um. Umsækjandi um lán þarf að gera grein fyrir efnahagsaðstæðum sínum og áformum um byggingu eða kaup á húsnæði svo hægt sé að meta lánsrétt hans og möguleika til að standa undir fjárfestingum og lánum. Forgang til lána hafa þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og þeir sem af fjölskylduástæðum þurfa að stækka við sig húsnæði eða flytjast til milli svæða. Hámarksstærð íbúðar má vera 180 fermetrar. Þeir sem byggja stærra fá ekki lán. Lánsloforð frá Húsnæðisstofnun eru verðtryggð sem er algjört nýmæli. Þessi nýju lög hafa í för með sér stórhækkun lána, í allt að 70% kostnaðar við húsnæði, var áður 13%, komst síðast í 29% og lánstími er 40 ár.

Eins og áður sagði byggjast þessi nýju lög á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar um lögbundið framlag lífeyrissjóðanna til að fjármagna kerfið. Við afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi var samstaða um meginstefnu þessara laga og fagnað samkomulagi og frumkvæði aðila vinnumarkaðarins og þátttöku lífeyrissjóðanna. Það vakti að vísu talsverða athygli að fulltrúar Alþfl. á hv. Alþingi undir forustu núverandi hæstv. félmrh. töluðu gegn gildi þess að aðilar vinnumarkaðarins ættu að hafa bein áhrif á þessi mál. „Þeir væru aðilar úti í bæ," eins og einn hv. þm. þeirra sagði. Þessi ummæli eru öll í þingtíðindum og bera vitni um að Alþfl. vildi ekki afskipti aðila vinnumarkaðarins í mikilvægum þjóðmálum, það skýrir e.t.v. að hluta til hvers vegna hæstv. félmrh. vildi ekki fá þessa sömu aðila til að vinna að tillögum um breytingar á frv. eða fá álit þeirra sem fylgiskjal með frv.

Fyrir þinglok á þessu ári var gerð leiðrétting á lögunum varðandi aðgengi námsfólks að lánum. Krafa um greiðslu til lífeyrissjóða var stytt í 20 mánuði frá gildandi lögum sem var nauðsynleg leiðrétting fyrir marga. En þessi breyting var gerð í samráði við laganefnd aðila ríkisstjórnar og vinnumarkaðar. Við það tækifæri var því lýst yfir af fyrrv. félmrh. í nafni ríkisstjórnarinnar að breytingar á lögunum yrðu ekki gerðar nema í fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðina sem leggja til meiri hluta fjármagns byggingarsjóðanna. Ég tel að samkomulagið við aðila vinnumarkaðarins um fjármagn lífeyrissjóða marki tímamót í þessum málum sem ekki má eyðileggja með flaustursleg um aðgerðum, allra síst stjórnvalda.

Jafnframt var þessi samningur til að stórefla lífeyrissjóðina og ná fram því markmiði, sem eldri lög gerðu þó ráð fyrir en náðist ekki í framkvæmd fyrr en nú, að allir greiddu iðgjald til lífeyrissjóða, en það er eitt mikilvægasta öryggisatriði fyrir landsmenn og e.t.v. lykillinn að einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Fjármagn lífeyrissjóða stóreykst með hverju ári, langt umfram það sem menn höfðu áætlað, og þar með fjármagn byggingarsjóðanna ef ótímabær lagasetning kemur ekki í veg fyrir þá jákvæðu þróun.

Ég vek athygli á því að þessi lög hafa nú verið í gildi í aðeins rúmt ár. Þjóðin tók þessum nýju lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins vel, ekki síst unga fólkið í landinu. Ákveðnir aðilar hófu skipulagðan skæruhernað gegn þessum lögum, reyndu með hávaða að gera þau tortryggileg, gáfu sér eigin reiknforsendur, kerfið var fyrir fram sprungið og ónothæft. Hvernig túlkar hæstv. félmrh. að Húsnæðisstofnun skuli geta viðstöðulaust afgreitt lán samkvæmt þessu nýja kerfi? T.d. voru afgreidd lán í september sl. fyrir 500 millj. kr. á einum mánuði. Er það vitni um ónothæft kerfi? Og hvað skyldi allur sá fjöldi, þúsundir, segja um þessar afgreiðslur? Hefur ekki verið staðið við útgefin verðtryggð loforð? En þessi ofsafulli áróður hafði þær afleiðingar að ótrúlegur fjöldi umsókna barst um þessi nýju lán, jafnvel frá fólki sem viðurkennir að hafa ekki í hyggju að skipta um íbúðir fyrr en síðar en tók trúanlegan áróðurinn og vildi tryggja sér lánsrétt. Þessi umsóknafjöldi í upphafi þýðir lengri biðtíma en gert var ráð fyrir við gerð laganna en þýðir alls ekki hrun kerfisins ef rétt er á málum haldið.

Áróðursmeistararnir sem nú fara með þennan mikilvæga málaflokk, sem ekki vildu viðurkenna réttmæti þess að semja við aðila vinnumarkaðarins um fjárstreymi frá lífeyrissjóðum, sbr. ræður þeirra

á Alþingi og í fjölmiðlum, standa nú frammi fyrir vanda í ákvarðanatöku. Ætla þeir að eyðileggja grundvöll lánaréttar einstaklinga sem byggist á aðild að lífeyrissjóði og samningi við viðkomandi lífeyrissjóði um 55% af ráðstöfunarfé sjóðsins gegn láni til sjóðsfélaga? Hvaðan á fjármagnið að koma ef lífeyrissjóðirnir kaupa ekki skuldabréf Húsnæðisstofnunar? Vilja menn taka upp skömmtunarkerfi eftir einhvers konar efnahagsmati stjórnenda Húsnæðisstofnunar ríkisins með alls konar vottorðakerfi?

Ég tel ástæðu til að lesa upp úr lokaskýrslu húsnæðisnefndar fyrrv. ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins undir forsæti Hallgríms Snorrasonar frá því í mars sl., með leyfi forseta. Þar segir m.a., og ég tel það mikilvægt innlegg í umræður um þessi mál:

„Það skiptir meginmáli í allri þessari umræðu að lánshlutarnir voru áður óverðtryggðir en eru nú fullverðtryggðir þannig að það skiptir miklu minna máli þótt lán dragist í núverandi kerfi heldur en í því gamla."

Niðurstöður þessarar nefndar, sem kemur fram í forsendum húsnæðisnefndarinnar og líklegri framvindu, má líklega draga saman í nokkrum meginatriðum:

Í fyrsta lagi að eftirspurn eftir lánum til kaupa á nýjum íbúðum sé minni en nefndin reiknaði með en eftirspurn eftir lánum til kaupa á notuðum íbúðum sé meiri. Jafnframt kann útstreymi vegna lána til þeirra sem fóru á milli kerfa að hafa verið heldur vanmetið.

Í öðru lagi: Á móti þessu kemur að fé til ráðstöfunar til þeirra útlána sem hér er um að ræða verður sennilega nokkru meira að raungildi en nefndin reiknaði með vegna aukningar á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða umfram forsendur nefndarinnar.

Í þriðja lagi: Ráðstöfunarféð ætti því í reynd að duga til að unnt sé að hefja afgreiðslu a.m.k. jafnmargra lána á árinu 1987 og nefndin reiknaði með.

Ég vil skjóta því inn í að þetta hefur meira en fyllilega staðist.

Í fjórða lagi: Bið eftir lánum er ekki lengri en nefndin reiknaði með og er enn sem komið er ekki lengri en í eldra kerfinu.

Í fimmta lagi: Engin þau sjónarmið eða atvik hafa komið fram sem raska upphaflegum hugmyndum um að skynsamlegt sé að kerfið komi að fullu til framkvæmda smám saman og að ekki skuli látið undan ýtrustu útlánaeftirspurn í upphafi.

Í sjötta lagi: Enn sem komið er virðist því hæpið að ástæða sé til að veita meira fé til kerfisins en þegar er áformað á þessu ári.

Á hinn bóginn sýnist ýmislegt benda til að menn hafi vanmetið eðlilega viðleitni fólks til að nýta sér niðurgreitt fjármagn og að rétt hefði verið að setja ákveðnar takmarkanir við lánsrétt þeirra sem ættu íbúð eða íbúðir fyrir. Í þessu ljósi væri e.t.v. athugandi að endurskoða lögin. Og þar eru settar fram þrjár ábendingar sem nefndin setti fram að lokum:

Í fyrsta lagi að til greina komi að kveða á um að þeir eigi alls ekki rétt á láni sem eigi tvær eða fleiri íbúðir fyrir.

Í öðru lagi: Kveðið verði á um að eigi umsækjandi eða maki hans íbúð fyrir skuli því aðeins veita honum lán að hann sé að skipta um íbúð og staðfesti það með yfirlýsingu.

Í þriðja lagi: Þegar í hlut á fólk sem á alveg fullnægjandi húsnæði en vill minnka við sig verði húsnæðismálastjórn heimilað að stytta lánstíma og taka markaðsvexti af lánum.

Þessa sjálfsögðu breytingu samkvæmt þessum lið er hægt að gera án lagabreytinga og hefur Húsnæðisstofnun ríkisins haft það til meðferðar frá því í byrjun þessa árs með því að setja upp nýjan lánaflokk sem láni eldra fólki til að skipta um húsnæði með hæfilegum lánstíma. Þetta er sem sagt mögulegt í núgildandi lögum. Ég vona að Húsnæðisstofnun sjái um að þetta nái fram að ganga núna næstu vikur.

Herra forseti. Ég treysti því að á Alþingi sé vilji til að treysta og efla húsnæðiskerfið í landinu, sníða af því augljósa agnúa án þess að skapa hættu á að fjárstreymi til byggingarsjóðanna sé í hættu, hafa lánareglur frjálslegar og aðgengilegar gegn ákveðnum skilyrðum sem umsækjandi um lán veit fyrir fram. Ráðgjafarstofnun í húsnæðiskerfinu þarf að vera öflug. Stofnun hennar er eitt það besta sem var framkvæmt á síðustu árum, eins og nýju lögin gera ráð fyrir, og hennar hlutverk er að leiðbeina og meta lánshæfni. Félagslega kerfið þarf að efla þannig að það veiti þeim sem ekki hafa möguleika á eignakerfinu fullt öryggi til húsnæðis í verkamannabústöðum, leiguíbúðum sveitarfélaga eða samtaka aldraðra, öryrkja eða námsmanna og í byggingarsamvinnufélögum. Tryggt verði að landsbyggðin njóti jafnréttis í þessum málum. En jöfn þróun í húsnæðismálum er skynsamlegasta leiðin. Við eigum að vita hvaða aukning nýbygginga er hæfileg hér á landi miðað við mannfjöldaþróun. Þjóðin í heild hefur ekki efni á ofþenslu á þessu sviði. Hjá nágrannaþjóðum okkar hafa orðið mörg slys í byggingarframkvæmdum, sem ættu að vera okkur víti til varnaðar, þar sem víða standa þúsundir íbúða í ýmsum hverfum alveg auðar.

Það þarf að leggja meira starf í upplýsingar um þetta mál. Í núgildandi lögum eru fjölmörg atriði — og ég vek sérstaka athygli á því — sem ekki er farið að framkvæma enn en geta haft mikla þýðingu í meðferð þessara mála. Upphrópanir á gefnum forsendum, sem menn gefa sér í flýti eða vegna andstöðu við gildandi lög, leysa ekki vanda á neinu sviði, síst í húsnæðismálum.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. hæstv. félmrh. til meðferðar ætla ég ekki að ræða það efnislega grein fyrir grein umfram það sem tengja má því sem ég hef áður sagt. Ég mun ræða einstakar greinar og koma með nýjar tillögur í nefndarstarfinu. Ég miða afstöðu mína sterklega við

samninga við lífeyrissjóðina, hvaða áhrif slík lagabreyting hefur á fjárstreymið til byggingarsjóðanna. Mér er tjáð að aðeins örfáir lífeyrissjóðir vilji undirrita samninga við húsnæðismálastjórn, þrátt fyrir það samkomulag sem gert var við ríkisstjórnina fyrir nokkru, vegna þessa frv. og viðhorfs hæstv. ráðherra. Þetta er alvarlegt ástand ef rétt reynist. Og hvernig ætla hæstv. ráðherra og ríkisstjórn að bregðast við því ef lífeyrissjóðirnir neita að gera samninga við Húsnæðisstofnun ríkisins?

Ég get ekki séð rökin fyrir misháum vöxtum innan hvers lánaflokks. Ég dreg í efa að slíkt sé framkvæmanlegt eða skynsamlegt. Mín skoðun er sú að niðurgreiðslur á vöxtum í húsnæðiskerfinu eigi að vera gegnum tekjuskattskerfið eða sérstakur húsnæðisafsláttur sem t.d. þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og þeir sem þurfa að stækka við sig húsnæði fái endurgreitt í staðgreiðslukerfinu eða með öðrum hætti. Ég veit ekki betur en að þetta sé í meðferð hjá ríkisstjórninni. Tölulegar upplýsingar ættu að liggja fyrir og hljóta að liggja fyrir um hve mikið fjármagn þarf í þessu skyni. Með þessum hætti fengju þeir niðurgreiðslu vaxta sem mest þurfa á því að halda. En auðvitað er það vonlaust mál að svo mikill vaxtamunur eins og nú er geti verið við lýði lengur.

Í frv. er gert ráð fyrir reglugerðarsetningu án þess að nægjanlega sé gerð grein fyrir því hvernig. Og vald ráðherra er allt of mikið. Það er raunar allt galopið. Lögin eiga að vera sem mest afdráttarlaus.

Ég tel að frv. hafi ekki fengið rétta umfjöllun hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðismálastjórn fjallaði nokkuð um setningu bráðabirgðalaga og klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Þau rök eru raunar opinber skjöl. Með leyfi hæstv. forseta sé ég ástæðu til að lesa örlítið úr bókun sem minni hluti þeirra sem greiddu atkvæði í húsnæðismálastjórn lét bóka á fundi stjórnarinnar. Þar stendur, eftir að þessi minni hluti er búinn að lýsa andstöðu sinni við frv. sem þá var bráðabirgðalög en er að efni til að mestu óbreytt í þessu frv.:

„Meginrök okkar fyrir þessu eru eftirfarandi", segir minni hlutinn:

„1. Samkvæmt niðurstöðum athugana, sem gerðar hafa verið, er ljóst að breytingar þessar hafa í raun hverfandi lítil áhrif á biðtíma þeirra umsækjenda sem þegar hafa lagt inn umsóknir til Húsnæðisstofnunar og eftir er að svara. Jafnframt sýnir lausleg athugun að ef núgildandi lögum og reglugerðum yrði framfylgt að fullu mætti jafnvel ná fram enn meiri styttingu á biðtíma þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð en með ofangreindri tillögu.

2. Á þessu stigi ríkir fullkomin óvissa um hvernig háttað verði fyrirkomulagi og framkvæmd ákvæðis í 1. gr. tillagnanna varðandi heimild húsnæðismálastjórnar að skerða eða synja um lán vegna fullnægjandi íbúðareignar og/eða efnahagsaðstæðna umsækjenda. Vegna þessarar óvissu er eins líklegt að þetta ákvæði komi þeim til góða sem síst skyldi og öfugt. Við teljum varasamt að hverfa aftur til fyrri afgreiðsluhátta með því að auka völd húsnæðismálastjórnar varðandi afgreiðslu einstakra lána frá stofnuninni og teljum að slíkt gæti skapað mikla óvissu fyrir hinn almenna húsbyggjanda og íbúðarkaupanda.

3. Í ljósi ofangreindra atriða og þess að undirbúningstími þessara tillagna hefur verið allt of naumur og fáir um fjallað er ljóst að of mikil áhætta er tekin með því að setja bráðabirgðalög um þessi atriði núna. Flaustурslegar ákvarðanir í þessu máli geta leitt til að áhrif breytinganna verði þveröfug miðað við það sem þeim var ætlað."

Raunar bókaði hluti af meiri hlutanum, sem var fjórir gegn þremur, að þessar lagabreytingar fælu ekki í sér neina meiri háttar lausn á fjárhagsvanda þessa kerfis eða meðferð til lausnar.

Ég tek það fram og ég hef vissu fyrir því að húsnæðismálastjórn hefur ekki tekið afstöðu til þess frv. sem liggur á borðum hv. þm. En vegna þess sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan tek ég fram að ég er fylgjandi því að takmarka eða synja um lán til þeirra sem eiga tvær íbúðir eða fleiri. Um það atriði eru held ég flestir sammála. En ég tek fram að vegna þessa hefur verið haldið uppi miklum áróðri í þjóðfélaginu um að það væri alveg óskaplegt sem hefði skeð. Hinn mikli fjöldi ríkra manna, sem eiga fjölda íbúða fyrir, hafi mokað til sín lánum. Þess vegna varð ég undrandi þegar ég fékk staðfestingu á því frá húsnæðismálastjórn að af þeim 10 000 umsóknum sem búið er að fara yfir eru aðeins 40 manns sem eiga fleiri en eina íbúð. Þetta segir okkur að þó það sé sjálfsagt að taka skýrt fram í lögunum að slíkir aðilar eigi ekki að fá aðgang að kerfinu, er það dæmi um hvernig hægt er að blása upp áróðri um það sem er raunverulega lítið brot af málinu eða sem svarar 0,4% af þeim sem hafa sótt um lán og ekki nema 0,3% af væntanlegum heildarútlánum. En auðvitað er ég samt sem áður sammála því að slíka agnúa þarf að sníða af þeim lögum sem við vinnum eftir.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál. Ég geri ráð fyrir því að þetta frv. fái umfjöllun eins og önnur stjfrv. þó það sé með óvenjulegum hætti lagt fram, fyrsta þingmál hæstv. ráðherra. En ég vil að lokum taka fram, og ég tel mig tala þar fyrir þm. Framsfl. í heild, að við viljum efla og treysta húsnæðiskerfið, en við viljum vanda alla lagasetningu og skoða vel ýmsa þætti sem miða að því að gera þetta mikilvæga lánakerfi aðgengilegt og skiljanlegt fyrir lántakendur og þjóðina í heild og hafa sem víðtækast samráð eða samstöðu við aðila vinnumarkaðarins og stjórnmálasamtök á hv. Alþingi. Þetta er ekki mál eins ráðherra heldur allrar þjóðarinnar. Við viljum öryggi í þessu máli.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta mál hefur nú þegar fengið töluverða umræðu í fjölmiðlum og valdið nokkrum taugatitringi eins og heyra mátti í ræðu hæstv. ráðherra og síðasta ræðumanns. Hávaðinn í ein-

stökum stjórnarliðum er vægast sagt athyglisverður og bendir sannarlega ekki til þess að tryggilega hafi verið gengið frá málum þegar þessi ríkisstjórn var mynduð. Það verður fróðlegt að fylgjast með áframhaldandi skylmingum þeirra og heyra þá þeirra tillögur um það hvernig leysa á öll þau stórfenglegu vandamál sem við er að fást í húsnæðismálunum. Hvernig vilja þeir tryggja að þeir verði ekki afskiptir um lán sem frekast þurfa á þeim að halda? Hvernig vilja þeir hindra að fjármögnunarkerfið lendi í algjörum ógöngum? Það verður fróðlegt að heyra það og sjálfsagt að skoða þeirra tillögur um það. Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér í deilur stjórnarliða en hlýt að láta í ljós von um að þær verði ekki til þess að koma í veg fyrir málefnalega umfjöllun og til þess að hindra að nauðsynlegar umbætur komist á.

Þetta frv., sem hér er til umræðu, þurfti ekki að koma neinum á óvart nema menn hafi haldið að hæstv. félmrh. hafi ætlað sér að sitja og hafast ekki að í ráðherrastólnum. Það var heldur ólíklegt eins og komið er fyrir húsnæðislánakerfinu og eins og umræður um það hafa verið bæði í kringum lagasetninguna árið 1986 og á síðasta þingi. Þá átöldum við það mjög, einkum úr þingflokkum stjórnarandstöðu, hvernig komið væri fyrir þessu kerfi og við gagnrýndum það aðgerðarleysi sem þáverandi stjórnarflokkar virtust ætla að sætta sig við.

Við kvennalistakonur höfðum frá upphafi efasemdir varðandi þessa lagasetningu. Við bentum oftsinnis á að fjármögnunarþátturinn hlyti að fara úr böndunum og við vorum mjög ósáttar við að ekki skyldi tekið tillit til fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna við úthlutun lána. Það er löngu orðið ljóst að öll okkar gagnrýni átti rétt á sér og er rétt að það komi fram strax við 1. umr. um þetta frv. að við erum sammála meginmarkmiðum þess sem koma fram í athugasemdum á bls. 2. Það verður að okkar dómi að takmarka þá sjálfvirkni sem núgildandi lög fela í sér og tryggja miklu betur forgang þeirra sem í mestri þörf eru fyrir lánafyrirgreiðslu og niðurgreiðslu vaxta. Þetta höfum við kvennalistakonur margsinnis sagt og höfum haft verulegar áhyggjur af framkvæmd þessara mála samkvæmt gildandi lögum. Það er svo hins vegar stór spurning hvort þetta frv., ef það verður að lögum, bætir nokkuð verulega úr. Um það höfum við nokkrar efasemdir.

Ég vil þá fyrst vitna til 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um heimildir til skerðingar og jafnvel synjunar á láni vegna atriða sem lýst er í liðum a, b og c. Í lið a t.d. varðar slík heimild fólk sem á fleiri en eina íbúð fyrir. Það hlýtur að vera umdeilanlegt hvort maður sem á íbúð fyrir á rétt á láni með niðurgreiddum vöxtum. Ekki sjáum við kvennalistakonur brýna nauðsyn til þess. Mér fyndist réttara að þessi liður orðaðist einfaldlega svo: a. Umsækjandi á fullnægjandi íbúð fyrir.

Stærðarmörkin í c-liðnum eru líka umdeilanleg og mættu vera lægri án þess ég hafi á takteinum eðlilega viðmiðun. En hvað þessi atriði varðar og raunar allt í þessum lögum og reglum verða þau að vera skýr og afdráttarlaus. Viðmiðun þarf að vera ljós. Mér finnst ekki nógu skýr ákvæði í þessu frv. Ég held það verði ekki auðvelt að vinna eftir þessum reglum eins og þær eru hér fram settar. Um þetta verður vonandi fjallað rækilega í nefnd, en eins og segir í 5. gr. frv. gilda ákvæði 1. gr. ekki aftur í tímann og gilda því ekki um þær umsóknir sem nú liggja fyrir. Það gera hins vegar ákvæði 2. og 3. gr.

Um 2. gr. vil ég segja að við efumst stórlega um að hún nái tilgangi sínum, þ.e. fyrri setning málsgr. Fresturinn til að svara umsækjendum hefur reynst of stuttur, en lenging í þrjá mánuði skiptir ekki miklu, sérstaklega ekki þegar afgreiðslufrestur lánsins er jafnlangur og hann augljóslega verður áfram í náinni framtíð. Aðstæður fólks eru oft fljótar að breytast og ég óttast að þessi tilhögun verði ekki til þess að koma í veg fyrir verslun með lánsloforð eins og tíðkast hefur í einhverjum mæli og hæstv. ráðherra kom inn á áðan. Árs fyrirvarinn samkvæmt síðari setningu 2. gr. ætti að nægja ef upplýsingar til umsækjenda um réttinn eru góðar þannig að þeir geti sjálfir áttað sig á sínum rétti.

Um útfærslu 4. gr. er allt óljóst, eins og hæstv. ráðherra kom að, og taldi jafnvel að tæki vikur og jafnvel mánuði að komast að niðurstöðu um hvernig hún yrði best útfærð. Ýmsir hafa látið í ljós vantrú á að hún verði auðveld í framkvæmd. Við erum ekki þeirrar skoðunar og styðjum að þessari skipan verði komið á. Við teljum eðlilegt að niðurgreiðslur vaxta séu til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn og stækka við sig vegna fjölskyldustærðar. Aðrir lántakendur ættu að greiða sömu vexti og eru á lífeyrissjóðsbréfunum.

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um efni þessa frv. Við eigum fulltrúa í félmn. og treystum því að rækilega verði fjallað um málið og æsingalaust. Við erum sammála meginmarkmiðum frv. en höfum að sjálfsögðu fyrirvara á um stuðning við það og um einstakar greinar þess eftir því hvernig málið þróast í meðförum nefndarinnar. En ég endurtek að okkar skoðun er sú að þeir sem eru að byggja í fyrsta sinn og eignast sína fyrstu íbúð og þeir sem eru að stækka við sig vegna stækkunar fjölskyldu eiga að hafa algjöran forgang um úthlutun og niðurgreiðslu vaxta.

Það er margt annað í sambandi við húsnæðismál sem væri vert að ræða og vil ég þá nefna sérstaklega fjármögnunarþáttinn en ekki síst verðtryggingu lánanna og vaxtastig og viðmiðun verðtryggingar við lánskjaravísitöluna. Ég leyfi mér að minna á tillögu Kvennalistans fyrir tveimur árum á Alþingi um viðmiðun verðtryggingar langtímalána einstaklinga vegna húsnæðiskaupa við vísitölu kauptaxta. Aðrir hafa viljað leggja byggingarvísitöluna til grundvallar. Þetta teljum við brýnt að skoða sem allra fyrst.

En, herra forseti, ég vil gera mitt til þess að þetta mál megi komast sem fyrst til nefndar og mun ekki eyða tímanum í almennar umræður um húsnæðismál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var skaði að hæstv. forsrh. skyldi ekki vera mættur í þingsali þegar upphófst allsérkennileg umræða, fyrst með framsöguræðu hæstv. félmrh. þar sem þung orð féllu í garð samstarfsaðilanna í ríkisstjórn og síðan í svarræðu hv. 1. þm. Vesturl. og hæstv. fyrrv. félmrh. Það féllu orð eins og þau af munni hæstv. félmrh. að ráðherrann hefði orðið fyrir persónulegri lágkúrulegri gagnrýni frá oddvita annars samstarfsflokksins í ríkisstjórn. Ég er út af fyrir sig ekki sammála hæstv. félmrh. um að það breyti einhverju um eðli gagnrýninnar frá hverjum hún kemur. Lágkúruleg gagnrýni er lágkúruleg gagnrýni hvort sem hún kemur frá stjórnarandstæðingi eða samstarfsaðila í ríkisstjórn. En að segja að hæstv. félmrh. hafi orðið fyrir lágkúrulegri gagnrýni og svara með þeim hætti sem hv. þm. Alexander Stefánsson gerði er fremur óvenjulegt, a.m.k. held ég að það hljóti að vera óvenjulegt á þriðju þingviku í upphafi stjórnarferils.

Ég fagna því að hæstv. forsrh., verkstjóri ríkisstjórnarinnar, er hér mættur í þingsali og vona að hann fái sér afrit af ræðum þeirra hæstv. félmrh. og hv. þm. Alexanders Stefánssonar og kynni sér þau ummæli sem þessir samstarfsmenn hans létu falla hver í annars garð.

Ég var reyndar að segja, herra forseti, að mér fannst taka steininn úr þegar hv. þm. og fyrrv. félmrh. Alexander Stefánsson réðst með allmiklu offorsi að hæstv. félmrh. Hv. þm. talaði um ofsafullan áróður áróðursaðila sem nú fara með þennan viðkvæma málaflokk og var á honum að heyra, hv. þm. og fyrrv. félmrh., að honum þætti fjöreggið sitt, húsnæðismálin, komin í hendur hálfgildings misindismanna. Varla urðu öðruvísi skilin þau ummæli sem hann hafði uppi um þennan ofsafulla áróður og áróðursaðilana sem nú væru komnir með þetta fjöregg í hendurnar.

Það lofar ekki góðu, herra forseti, varðandi farsæla meðferð þessa mikilvæga málaflokks hér á Alþingi og í hæstv. ríkisstjórn þetta upphaf. Og er nokkur hissa á því, virðulegur forseti Nd., þó að þetta svokallaða stjfrv. um ráðstafanir í húsnæðismálum eða breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins hafi þegar verið tekið til umræðu á hinu háa Alþingi og spurt hvort hér væri á ferðinni eiginlegt stjfrv. eða ekki? Hafi menn haft ástæðu til að ræða um það undir liðnum þingsköp á hinu háa Alþingi sl. fimmtudag, er þá ekki enn frekar ástæða til að ítreka þá spurningu hér og nú: Er hér á ferðinni eiginlegt stjfrv. eða hvað?

Lýsing hæstv. félmrh. á vinnubrögðunum, á aðdraganda þess að þetta frv. lítur dagsins ljós á Alþingi, var ófögur. Af máli hæstv. félmrh. mátti ráða að frá samstarfsflokkunum hefði fyrst og fremst komið skætingur og skammir en engar efnislegar tillögur, engar brtt. um hvernig þetta frv. ætti þá að vera ef ekki eins og hæstv. félmrh. leggur til. Ekki fyrr en degi eftir að frv. kom fram á Alþingi barst loksins bréf frá Sjálfstfl. með fyrirvörum. Ég fer fram á, herra forseti, að það verði séð til þess að þetta bréf frá Sjálfstfl. verði lagt fram í umræðunni þannig að aðrir þm., sem ekki hafa það undir höndum, geti áttað sig á þessu fylgiskjali með frv., þessu sérkennilega bréfi frá Sjálfstfl., því það er hvergi getið um það í grg. né annars staðar í hinu prentaða þskj. að nokkuð sé til af þessu tagi. Það hefur komið í ljós að fylgiskjal, sem þó er ekki skráð með frv., er hér á ferðinni í formi bréfs frá Sjálfstfl. Mér þætti vænt um ef unnt yrði að verða við þeirri beiðni minni að koma því til okkar þm. sem þátt tökum í þessari umræðu.

Það mátti svo skilja á máli hæstv. fyrrv. félmrh. að frv. væri í fyrsta lagi ótímabært, það væri í öðru lagi óþarft og það væri í þriðja lagi vitlaust. Þetta er nokkuð mikið sagt því nú stendur svoleiðis á að hæstv. fyrrv. félmrh., hv. 1. þm. Vesturl., er formaður félmn. Nd. Blæs þá ekki byrlega ef þetta eru móttökurnar sem frv. á að fá, frv. sem hæstv. félmrh. leggur ríka áherslu á að fái greiða leið í gegnum þingið og færir fyrir því rök. Rökin eru fyrst og fremst þau að úti í þjóðfélaginu bíði fast að 4000 manns og fái engin svör frá Húsnæðisstofnun ríkisins um hvort og þá hve mikið lán þeir geti fengið til að afla sér húsnæðis frá þeirri stofnun. Húsnæðislánakerfi landsmanna hefur verið lokað mánuðum saman og svo stendur hæstv. ríkisstjórn þannig að málum, fullkomlega ósammála um hvernig eigi að ráða fram úr þessu. Hér koma þeir í ræðustól hver um annan þveran, stjórnarliðar, og rífast um hvernig eigi að gera þetta eða hvernig eigi ekki að gera þetta á sama tíma og ástandið úti í þjóðfélaginu er eins og raun ber vitni.

Ég er ekki sammála hv. þm. Alexander Stefánssyni um að ekki sé ástæða til að huga að húsnæðislánakerfinu og þar þurfi ekki að grípa til ráðstafana. Á honum var helst að skilja að þessi ofsafengni áróður væri það eina sem að væri, þ.e. vegna þess að ýmsir urðu til að vara við því að þetta kerfi gengi ekki upp óbreytt hafi menn sótt um lán í miklu meira mæli en ella hefði orðið og það væri vandinn. Ég gat varla skilið orð hv. þm. öðruvísi. Ég held þess vegna að það sé í upphafi umræðunnar rétt að gera sér grein fyrir því hvernig ástandið í kerfinu er. Það hefur að nokkru leyti komið fram og kom fram í framsöguræðu hæstv. félmrh. Ástandið er þannig, eins og þegar hefur komið fram, að fast að 4000 manns liggja með umsóknir hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og hafa engin svör fengið við því hver fyrirgreiðsla þeirra kunni að verða frá hinni háu stofnun. Það liggur fyrir að biðtíminn eftir lánum, biðtími þeirra sem síðast fengu svör, er kominn á þriðja ár. Það liggur fyrir að þrátt fyrir það mikla fjármagn, 5–6 milljarða á ári, sem reiknað er með að renni inn í kerfið, verður biðtíminn lengri á næstu árum en hann er í dag ef ekkert verður að gert. Því miður liggur meira að segja líka fyrir að þrátt fyrir þessar ráðstafanir og þau áhrif sem þær

gætu haft mun biðtíminn skipta 25–30 mánuðum næstu árin.

En það er einn þáttur þessa máls sem hvorki hæstv. félmrh. og þaðan af síður hv. þm. Alexander Stefánsson nefndu og það eru ríkisframlögin í húsnæðiskerfið. Fram hjá þeim hluta komast menn ekki. Það er ein ástæða fyrir því hversu biðtíminn er langur að ríkissjóður hefur lagt þessu kerfi miklu minna til en reiknað var með í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Þá var gengið út frá því, á árinu 1986, á öndverðum vetri, að lágmarksframlag ríkissjóðs væri 1000 millj. á þágildandi verðlagi. Það samsvarar 1700 millj. á þessa árs verðlagi og þýðir að framlagið á fjárlögum ársins 1988 þyrfti að vera 2000 millj. a.m.k., en það er eins og kunnugt er langt í frá að svo sé. Og þetta veldur ekki bara því að biðtíminn er lengri vegna vanefnda bæði fyrri og að því er virðist einnig núv. hæstv. ríkisstjórnar á þessu samkomulagi. Þetta veldur líka því, hæstv. félmrh., að vaxtamunurinn étur upp ríkisframlagið og fer að ganga á eigið fé húsnæðiskerfisins fyrr en ella væri. Það ætti auðvitað öllum að vera ljóst.

Þess vegna taldi ég nauðsynlegt, herra forseti, að vekja rækilega athygli á að menn komast ekki fram hjá þeirri staðreynd að sá aðili sem í raun hefur brotið samkomulag sem gert var um ráðstafanir í húsnæðismálum snemma árs 1986 er ríkissjóður með því að veita ekki framlög eins og þar var gert ráð fyrir að væri nauðsynlegt, að lágmarki til 1000 millj. á þágildandi verðlagi.

Ég vil svo segja um efni sjálfs frv., herra forseti, að ég er í meginatriðum hlynntur þeirri hugsun sem þar er lögð til grundvallar. Ég held að það sé öllum ljóst að nauðsynlegt er að ná með einhverjum hætti utan um þetta kerfi og ég tel að einhverjar ráðstafanir af því tagi sem um ræðir í 1. gr. séu fyllilega réttlætanlegar. Ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til þeirra nákvæmlega á þessu stigi málsins, enda varla von til þess að stjórnarandstæðingar fari að gefa upp endanlega afstöðu sína til málsins áður en hv. stjórnarsinnar koma sér saman. Það væri til stórra bóta fyrir okkur sem ætlum að reyna að glöggva okkur á endanlegri afstöðu til frv. ef fyrir lægi einhver vottur af samkomulagi milli stjórnarliða um hvernig þetta á að verða.

Ég vil taka fram að gagnvart 2. gr. frv., sem í raun felur í sér að gefin skuli út einhvers konar hálfgildings lánsloforð, get ég ekki séð að hún verði til þeirra bóta sem menn ætla. Ég tel þvert á móti að það geti haft í för með sér ýmsa vankanta. Ég teldi miklu nær, vilji menn reyna að koma í veg fyrir brask með lánsloforð, að Húsnæðisstofnun sendi þá einfaldlega frá sér tilkynningu um að umsókn hefði verið móttekin og jafnframt að umsækjandi þyrfti að reikna með bið í svo og svo marga mánuði áður en hann fengi nokkur skuldbindandi svör. Ég held að hálfgildings lánsloforð eða einhvers konar ókeybréf, eins og þau hétu í gamla daga, geti sjálf boðið upp á brask, leysi ekki þennan vanda og þar af leiðandi væri miklu nær að Húsnæðisstofnun drægi það þá nær þeim tíma að sjálft lánið skuli veitt að svara nokkru sem umsækjandi geti sýnt eða farið með út á braskmarkaðinn.

Hvað varðar rétt einstakra umsækjenda er það ósköp einfaldlega þannig að það er öllum fyrir bestu að úthlutunarreglurnar séu svo einfaldar að umsækjendur þurfi engin svör frá Húsnæðisstofnun í sjálfu sér um hvort þeir fái lán eða ekki, það liggi einfaldlega fyrir og hver og einn geti athugað fyrir sig sjálfan hvar eða hve mikinn rétt hann á. (**Forseti:** Vegna þess að nú er komið fram á fundatíma þingflokka vildi ég spyrja hv. ræðumann hvort hann ætti langt eftir af ræðu sinni.) Mig langar, herra forseti, að reyna að ljúka við að ræða frv. efnislega og geri það kannski á einni mínútu eða svo og geymi mér þá annað sem ég kynni að vilja segja um stöðu húsnæðismálakerfisins þangað til á seinni fundi.

Með leyfi forseta vil ég segja um 3. gr. að um hana gildir í raun og veru hið sama og um 1. gr. Hún á að ganga til svipaðrar áttar, að reyna að tryggja þeim meiri forgang sem forgangsins þurfa sannarlega með. Það er út af fyrir sig alveg rétt hugsun. Ég verð að segja að ég fell í raun og veru fyrir þeim rökum hæstv. félmrh. að úr því að menn treysta sér til að takmarka með reglum sem húsnæðismálastjórn á að vinna eftir aðgengi þeirra sem lökust hafa kjörin að þessu lánakerfi ætti mönnum ekki að verða skotaskuld úr því að takmarka með sanngjörnum hætti sömuleiðis aðgengi þeirra eða öllu heldur eingöngu aðgengi þeirra sem besta hafa aðstöðuna fyrir.

Hvað varðar 4. gr., ákvæðin um vextina, verð ég að segja að mér finnst þar hreyft við stóru máli með furðu einföldum hætti. Það kemur mér á óvart að menn skuli treysta sér út í þá grundvallarbreytingu á húsnæðislöggjöfinni að taka upp breytilega vexti og jafnvel breytilega vexti innan lánaflokks með því að setja í lagafrv. tæpar tvær línur. Ég held að þar sé mörgum spurningum eftir ósvarað um útfærslu, um hvernig eigi þá að reyna að koma böndum yfir hversu breytilegir vextirnir eigi að vera o.s.frv., þannig að ég held að þar sé mikið eftir órætt áður en hin eiginlega útfærsla á því hvort eða hvernig menn skuli taka upp breytilega vexti innan lánaflokka er í höfn. Ég tek að vísu fram að hæstv. félmrh. gerði grein fyrir því að mikil vinna væri eftir við að móta endanlega stefnu í þessum efnum, en engu að síður æskir hæstv. ráðherra eftir lagaheimild til að taka þetta grundvallaratriði inn í lög um Húsnæðisstofnun. Mér er til efs að þeir verði margir sem treysta sér til að standa að því á hinu háa Alþingi nema fyrir liggi þegar kemur að afgreiðslu frv. miklu ítarlegri upplýsingar um hvernig á að standa að því.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það skal tekið fram vegna orða hv. ræðumanns um upplýsingar um bréf frá þingflokki Sjálfstfl. til félmrh. að orðum hans mun verða komið á framfæri við þá aðila.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

9. fundur, þriðjudaginn 27. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræða).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. allt að hálfri klukkustund til umráða og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., fær 15 mínútna ræðutíma.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþb., Alþfl., Borgarafl., Framsfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. talar auk forsrh. Þorsteins Pálssonar Friðrik Sophusson iðnrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþb. tala í fyrri umferð Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv., og Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., en í þeirri síðari Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v. Ræðumenn Alþfl. verða Jón Baldvin Hannibalsson fjmrh. og Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. í fyrri umferð, en Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., í þeirri síðari. Fyrir Borgarafl. tala í fyrri umferð Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv., Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, 16. þm. Reykv., og Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., en í þeirri síðari Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl. Ræðumenn Framsfl. verða Steingrímur Hermannsson utanrrh. og Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., í fyrri umferð og Guðmundur Bjarnason heilbr.- og trmrh. í þeirri síðari. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., og Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., í fyrri umferð og Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., í síðari umferð. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð.

Hefst nú umræðan með því að hæstv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, tekur til máls.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar.

Ríkisstjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. mun standa vörð um lífskjörin í landinu með því að halda verðbólgunni í skefjum og skapa atvinnulífi viðunandi starfsskilyrði. Jöfnuði verður náð í ríkisfjármálum þegar á næsta ári og ríkissjóður mun ekki taka ný erlend lán. Með samræmdum aðgerðum hefur fastgengisstefnan verið styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum sem örva sparnað og auka frjálsræði í íslensku efnahagslífi. Hún mun koma á fót nýju skattkerfi í landinu sem er einfaldara, réttlátara og skilvirkara.

Ríkisstjórnin mun færa verkefni og tekjur til sveitarfélaga og auka þannig tekjur þeirra og ábyrgð og leggja áherslu á að tryggja jafnvægi milli byggðanna í þróun atvinnulífs og þjónustu.

Ríkisstjórnin mun selja ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur, þar sem henta þykir.

Ríkisstjórnin mun með markvissri fjölskyldustefnu vinna að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með velferð barna fyrir augum og gera átak til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti.

Ríkisstjórnin mun fylgja utanríkisstefnu sem grundvallast á varnarsamstarfi vestrænna ríkja, norrænu samstarfi og aðild að Sameinuðu þjóðunum. Hún mun styðja alla raunhæfa viðleitni til afvopnunar og upprætingar kjarnorkuvopna með gagnkvæmum samningum.

Ríkisstjórnin vill stuðla að vinsamlegum samskiptum þjóða í milli þar sem frið̈ur, frelsi og mannréttindi verða ekki í sundur slitin.

Það er gróandi í íslensku þjóðlífi. Líf og starf þjóðarinnar gerist æ fjölbreyttara og fjölskrúðugra. Við höfum Íslendingar sótt fram á öllum sviðum, hvort heldur er í atvinnu- og efnahagslífi eða í menningu og listum. Við höfum notið árgæsku til lands og sjávar og ytri aðstæður hafa verið þjóðinni hagstæðar á marga lund. Þjóðin býr við betri lífskjör en nokkru sinni fyrr. Athafnagleði landsmanna hefur brotist fram og hvert sem litið er má sjá merki um skapandi hugsun, þrótt, umsvif og framfarir.

Við Íslendingar erum sjálfstæð, vel menntuð þjóð með auðugt menningarlíf. Við eigum gjöful fiskimið og mikilfenglegt og fagurt land. Við búum við efnahagslega velsæld eins og hún gerist, en hjá fámennri þjóð í harðbýlu landi er þó atgervi einstaklinganna hinn raunverulegi þjóðarauður.

Við nálgumst nýja öld ekki aðeins samkvæmt lögmáli tímatalsins heldur einnig öld hátækni og þekkingar, öld meiri samskipta þjóða í milli, nýja upplýsingaöld. Það er ríkisstjórnar og Alþingis Íslendinga að leiða þjóðina inn í þessa nýju öld og sjá svo um að hún dragist ekki aftur úr öðrum þjóðum, heldur standi í fylkingarbrjósti þar sem aðstaða leyfir. Markmiðið er að lífskjör hérlendis standist samanburð við það sem best gerist með öðrum þjóðum. Óvíða eru lífskjör jafnari milli þjóðfélagshópa en hér á landi. Verkefni okkar er að fækka lágtekjustörfum og bæta lífskjör þjóðarinnar allrar með tæknivæðingu og alhliða framþróun. Vaxandi togstreita þéttbýlis og strjálbýlis er áhyggjuefni. Við þurfum að efla skilning og virðingu fyrir störfum og aðstæðum hvers annars. Landsbyggðarfólkið má ekki agnúast út í höfuðborgina eða vanmeta þjónustustörfin sem þar eru unnin. Á móti verður að kveða niður það öfugmæli sem oft heyrist að frameiðslustörfin á landsbyggðinni séu baggi á þéttbýlisfólkinu. Gagnkvæmur skilningur er forsenda fyrir

því að okkur takist það ætlunarverk að tryggja uppbyggingu og framfarir landsins alls.

Þjóðfélög eru gjarnan metin eftir því hvernig þeim farnast við þá sem minnst mega sín, börn, aldraða og öryrkja. Við Íslendingar höfum byggt upp og þróað öflugt velferðarkerfi. En traust atvinnulíf og verðmætasköpun er undirstaða og í raun forsenda velferðarinnar.

Þótt efnahagsmál hljóti á hverjum tíma að vera meðal meginviðfangsefna ríkisstjórnar er ljóst að við fleiri verkefni er að fást. Það er skylda ríkisstjórnar að búa svo í haginn fyrir þjóðmenningu okkar Íslendinga að hún blómgist og dafni. Lífskjör eru ekki einungis efnaleg afkoma. Lífskjör eru einnig menningarlíf, vísindi og menntir. Tilkall okkar Íslendinga til sjálfstæðis byggðist öðru fremur á tungu okkar og bókmenntaafrekum. En hver eru tilvistarrök þjóðarinnar ef hún hættir að skapa menningarleg verðmæti? Gullöld Íslendinga er að sönnu glæst, en þjóðin lifir ekki á fornri frægð einni saman.

Okkur Íslendingum er annt um stöðu okkar meðal þjóðanna. Við viljum ekki vera þiggjendur á öllum sviðum heldur einnig veitendur í þeim efnum sem við höfum sérstakar aðstæður til. Í menningu og vísindum þekkjast engin landamæri. Kröfur á því sviði eru alþjóðlegar. Íslensk menning er okkur bakhjarl vegna þess að hún rís upp úr. Sama á að gilda um vísindin. Íslensk vísindi standa ekki undir nafni nema í þeim felist framlag til alþjóðlegrar þekkingar. Er það ofætlan að Íslendingum takist að leggja sitt af mörkum í samfélagi þjóðanna á sviði vísinda, lista og mennta? Þjóðlegur metnaður kallar á að við sækjum fram, sköpum og gerum okkur gildandi. Það er lífsnauðsyn að slíkri starfsemi verði búin sem best skilyrði í landi okkar, enda blasir við stöðnun að öðrum kosti. Fyrir utan þá sem starfa hér heima eigum við Íslendingar afreksmenn á sviði vísinda og mennta sem starfa í öðrum löndum. Allir vinna þeir þjóð sinni, en ákjósanlegt væri að sem flestir hefðu skilyrði til að starfa hér á landi og að því verður að vinna.

Það er höfuðskylda stjórnvalda að búa svo um hnútana að afrakstur efnahagsstarfseminnar verði sem mestur. Engum vafa er undirorpið að frjálsræði í viðskiptum innan eðlilegra leikreglna skilar okkur bestum árangri. Reynslan sýnir að athafnafrelsi leysir úr læðingi atorku og sköpunarkraft og skilar þjóðarbúinu efnahagslegum afrakstri sem ekki fæst með öðrum hætti. En frelsinu fylgir ábyrgð og þeirri ábyrgð geta hvorki einstaklingar, fyrirtæki eða samtök vikið sér undan.

Á sl. ári tókst í tvígang að semja á almennum vinnumarkaði um kaup og kjör þannig að samræmdist stefnu stjórnvalda um efnahagslegan stöðugleika. Ríkissjóður tók á sig byrðar til að ná fram markmiðum samninga um bættan hlut lágtekjufólks, tryggingu kaupmáttar og lækkun verðbólgu. Sagt hefur verið um þessa samninga að þeir hafi einkennst af hófsemi. Á marga lund er það þó rangtúlkun. Samningarnir skiluðu launþegum í raun kaupmáttaraukningu og lífskjarabót langt umfram það sem björtustu vonir stóðu til um og áður hefur þekkst. Launa- og kjaraþróun skiptir miklu um framvindu efnahagsmála hér á landi. Samningar þessir tókust vegna þess að aðilar vinnumarkaðar voru á þeim tíma tilbúnir til að axla þá ábyrgð sem á herðum þeirra hvílir. Núverandi ríkisstjórn er reiðubúin til áframhaldandi samstarfs við aðila vinnumarkaðarins.

Framvinda efnahagsmála að undanförnu og horfur fyrir næstu missiri sýndu vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla. Því var nauðsynlegt að beita samræmdum aðgerðum á öllum sviðum efnahagsmála til að koma á stöðugleika.

Ríkisstjórnin ákvað að leggja fram hallalaus fjárlög fyrir árið 1988 og grípa auk þess þegar í stað til fjölþættra aðhaldsaðgerða á sviði fjármála og peningamála sem halda ríkisútgjöldum því sem næst óbreyttum í hlutfalli við landsframleiðslu. Með þessum aðgerðum er ráðstöfunarfé þjóðarinnar beint að sparnaði en frá neyslu og innflutningi og þannig dregið úr viðskiptahalla. Brýna nauðsyn ber til að koma á betra jafnvægi á lánamarkaði og draga úr innstreymi erlends lánsfjár. Ríkissjóður mun ekki taka ný erlend lán og skuldir ríkisins munu lækka að raungildi og í hlutfalli við landsframleiðslu. Lánsfjárlagafrv. stefnir að miklum samdrætti í erlendum lántökum. Einnig hefur verið gripið til almennra ráðstafana til að draga úr erlendum lántökum auk margvíslegra aðgerða til að halda aftur af útgjöldum, bæta hag ríkissjóðs og auka sparnað. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar treysta gengi krónunnar, en stöðugt gengi ásamt aðhaldi í fjármálum og peningamálum eru forsendur þess að verðbólga hjaðni. Við höfum alla möguleika á að ná þessu marki.

Með stefnumörkun sinni hefur ríkisstjórnin búið efnahagslífinu og þar með aðilum vinnumarkaðarins almenna starfsumgjörð. Að öðru leyti ræðst framvinda efnahagsmála af ytri skilyrðum þjóðarbúsins á næstu mánuðum og missirum. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eyða þeirri óvissu er gætt hefur í efnahagsmálum að undanförnu og með þeim er lagður grunnur að stöðugleika í efnahagslífinu og áframhaldandi sókn til bættra lífskjara.

Ákvörðun um að heimila bönkum og sparisjóðum að ákveða eigin vexti í ágúst 1984 var fyrsti áfangi á braut frjálsræðisþróunar á peninga- og lánsfjármarkaði. Síðan hefur hver áfanginn rekið annan í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði. Þessi grundvallarbreyting hefur verið mikilvæg forsenda vaxtar og velmegunar í þjóðarbúskap Íslendinga.

En þó að fjármagnsviðskipti hafi tekið stórstígum framförum á undraskömmum tíma er margt óunnið á þeim vettvangi. Gjaldeyrisverslun og fjármagnshreyfingar milli Íslands og umheimsins verður að gera frjálsari en nú er. Þróun í viðskipta- og samkeppnislöndum stefnir hröðum skrefum í þá átt að fjármagnsstraumar lúta engum landamærum. Í þessum efnum þurfum við þó ætíð að gæta að sérstöðu okkar í þeim tilgangi að varðveita efnalegt

sjálfstæði þjóðarinnar. Erlent áhættufé getur orðið íslenskum fyrirtækjum mikil lyftistöng og komið í stað erlends lánsfjár, enda greiðist arður af slíku fé í samræmi við afkomu rekstrarins, en vexti af lánsfé verður að greiða hvernig sem árar. Því er nú unnið að því á vegum ríkisstjórnarinnar að endurskoða og samræma lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Markmiðið er að greiða fyrir því að íslensk atvinnufyrirtæki hafi eðlilegan aðgang að erlendu áhættufé, en tryggja um leið með öruggum hætti að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar.

Ákvæðum iðnaðarlaga verður breytt þannig að hægt verði að veita erlendum aðilum heimild til að eiga meiri hluta í iðnfyrirtækjum. Þessari heimild verður einkum beitt vegna nýsköpunar á vegum samstarfsfélaga íslenskra og erlendra aðila. Brýnt er að hlutabréfamarkaður komist á legg, annars vegar til að fyrirtæki séu ekki ofurseld lánsfé og því viðkvæmari fyrir sveiflum í afkomu og rekstri. Hins vegar til að almenningur geti með ráðdeild og sparnaði eignast hlut í fyrirtækjum og þannig í gegnum arðgreiðslur og verðbreytingar bréfa öðlast hlutdeild í afrakstri atvinnustarfseminnar í landinu.

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar opna ýmsar nýjar leiðir fyrir almenning og fyrirtæki til að ávaxta sparifé. Bankar fá að bjóða gengisbundna reikninga og heimildir verða veittar til að kaupa erlend verðbréf. Ríki efi eða óvissa um gengi krónunnar þarf enginn lengur að kaupa bíl eða heimilistæki, heldur geta menn sparað á gengistryggðum bankareikningum eða keypt gengistryggða eign sem skilar eigandanum ávöxtun erlendis frá. Hröð uppsöfnun í lífeyrissjóðum gerir og nauðsynlegt að hægt sé að fjárfesta í öðru en innlendum verðbréfum og tryggja á þann hátt hag lífeyrisþega framtíðarinnar. Skattalegum hindrunum fyrir því að almenningur spari með hlutabréfakaupum verður rutt úr vegi. Hlutabréfakaup verða þannig jafngild öðrum sparnaði. Ríkisábyrgð á skuldbindingum fjárfestingarsjóða atvinnuveganna verður afnumin. Ríkisstjórnin hefur gert ítarlega áætlun um breytingar á ríkisfjármálum er hafa það að markmiði að gera skattakerfið einfaldara, réttlátara og skilvirkara. Jafnframt mun ríkisstjórnin bæta framkvæmd og eftirlit með skattalögum til að uppræta skattsvik. Allir eiga að sitja við sama borð þegar kemur að því að greiða í sameiginlega sjóði.

Eftir tvo mánuði, í upphafi árs 1988 kemur til framkvæmda staðgreiðsla tekjuskatts sem er umfangsmesta kerfisbreyting og mesta einföldun sem gerð hefur verið á tekjuskatti einstaklinga til þessa. Ári síðar kemur til framkvæmda virðisaukaskattur sem mun leysa af hólmi söluskattinn sem verið hefur þrándur í götu samkeppnishæfni í íslensku atvinnulífi og ýtt undir skattundandrátt.

Ríkisstjórnin hefur tekið til við að undirbúa sölu ríkisfyrirtækja sem betur eru komin í höndum annarra aðila en ríkisins. Þá voru nú stigin fyrstu skrefin við endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Stefnt er að auknu sjálfstæði ríkisstofnana, þar á meðal rannsóknastofnana atvinnuveganna. Ríkisstjórnin hefur sett sér að vinna að umbótum á stjórnkerfinu og mun leggja fyrir Alþingi frv. að nýjum lögum um stjórnsýslu og Stjórnarráð Íslands. Nýrri skipan verður komið á yfirstjórn umhverfismála.

Heimilið er hornsteinn þjóðfélagsins. Ekkert getur komið í stað fjölskyldu og heimilis við að búa börnum og ungmennum þroskavænleg skilyrði í uppeldi. Nýjar aðstæður og aukin atvinnuþátttaka kvenna hafa gjörbreytt þörfum fjölskyldunnar, en þjóðfélagið hefur ekki lagað sig að þessum breytingum. Ríkisstjórnin hefur nú hrundið af stað starfi sem miðar að því að treysta stöðu fjölskyldunnar og tryggja velferð barna. Leitað hefur verið eftir tillögum um leiðir að þessu markmiði á sviði skóla- og dagvistunarmála, lífeyris- og skattamála og hvað snertir sveigjanlegan vinnutíma foreldra. Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á starf þetta og mun ganga fast fram við að hrinda úrbótum og stefnu að framangreindum markmiðum í framkvæmd.

Í stefnuyfirlýsingu ríkistjórnarinnar er lögð áhersla á varðveislu auðlinda lands og sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Í starfsáætlun sinni ákvað ríkisstjórnin að fiskveiðistefnan skyldi tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að ná sem víðtækastri samstöðu um stjórn fiskveiða. Áfram verður lögð megináhersla á þjóðhagslega hagkvæmni í fiskveiðum. Með takmörkuðum heildarafla hljóta gæði framleiðslunnar að verða æ mikilvægari ef auka á verðmæti sjávarafurða. Sjávarútvegurinn, sem er undirstöðugrein í efnahagslífi okkar, er og verður í sífelldri þróun.

Eitt merkasta nýmælið á sviði sjávarútvegs er ákvörðun Verðlagsráðs um frjálst fiskverð á ákveðnum tegundum sjávarafla. Ætlunin er að heimila Verðlagsráði með yfirnefndarákvörðun að gefa fiskverð frjálst. Fyrir aðeins örfáum missirum hefði þótt ólíklegt að unnt væri að koma á fót fiskmörkuðum með svo skjótum hætti sem raun hefur orðið á. Framkvæmdin er enn í mótun og senn reynir á hvort markaðurinn hafi sveigjanleika til að bregðast við breyttum rekstrarskilyrðum vinnslugreina. Frjálst fiskverð felur hins vegar í sér stefnubreytingu í verðlagningu sjávarafla og færir aukin völd og meiri ábyrgð heim í byggðarlögin þar sem útvegur er stundaður.

Eitt af þeim verkefnum sem við blasa í sjávarútvegi er að endurskoða reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Miðstýrð sveiflujöfnun í gegnum sjóði sjávarútvegsins hefur gefist misjafnlega. Ástæða er því til að huga að nýjum leiðum í þessum efnum. Kanna þarf hvort samstaða getur orðið um að tengja verðjöfnun hverju fyrirtæki fyrir sig eða færa hana inn í skattkerfið og auka þannig ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra.

Áfram verður unnið að starfsfræðslu fiskvinnslufólks sem mun leiða til aukinna réttinda, atvinnuör-

yggis og betri launa í atvinnugreininni. Sýnt þykir að það átak sem unnið hefur verið á þessu sviði hefur aukið framleiðni verulega á sl. ári.

Í landbúnaði verður haldið áfram að vinna að framkvæmd búvörulaganna frá 1985. Lögð verður áhersla á uppbyggingu nýrra atvinnugreina í sveitum, þó að framleiðendum hefðbundinna búvara fækki, til að tryggja viðunandi afkomu þeirra sem áfram starfa við búskap. Hefur náðst góð samstaða við Stéttarsamband bænda í þessu efni. Lögð verður áhersla á að framkvæmd búvörusamningsins verði sem hagkvæmust fyrir alla aðila, m.a. með öflugu sölustarfi og aðlögun framleiðslunnar að markaðsaðstæðum. Unnið verður að endurskipulagningu í þjónustukerfi landbúnaðarins með tilliti til breyttra aðstæðna.

Á sviði iðnaðarmála mun ríkisstjórnin greiða fyrir stofnun og starfsemi smáfyrirtækja á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni og enn fremur á sviði nýrrar tækni, t.d. líf- og rafeindatækni. Ríkisstjórnin mun áfram leggja til fjármagn á móti rannsóknastofnunum og fyrirtækjum til hagnýtra rannsókna í þessum iðngreinum. Sameinaðar hafa verið þrjár nefndir sem unnið hafa að því að greiða fyrir samstarfi við erlenda aðila á iðnaðarsviðinu, stóriðjunefnd, samninganefnd um stóriðju og frumkvæðisnefnd. Nýja nefndin fær það verkefni að kynna erlendum aðilum möguleika til að fjárfesta í iðnrekstri hér á landi, bæði í stórum og smáum fyrirtækjum. Stuðningsaðgerðir og óeðlilegar niðurgreiðslur erlendis hafa valdið örðugri samkeppnisstöðu ákveðinna iðngreina og má þar nefna skipasmíðaiðnaðinn. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar verður unnið að því að treysta samkeppnisstöðu slíkra iðngreina.

Á grundvelli starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar verður hafist handa um endurskoðun á skipulagi orkumála, þar með hlutverki Orkusjóðs og Orkustofnunar. Verkefni Orkustofnunar hafa dregist saman. Til greina kemur að einhver hluti þeirrar starfsemi flytjist til einkaaðila. Með því móti yrði auðveldara að mæta sveiflum sem óhjákvæmilega eru á framkvæmdum í orkumálum og rannsóknum þeim tengdum.

Þá er einnig í athugun breyting á raforkudreifingu í einstökum landshlutum þannig að hún verði í auknum mæli í höndum sveitarfélaga og orkufyrirtækja þeirra. Ríkisstjórnin lítur á það sem eitt meginverkefni sitt að tryggja jafnvægi milli byggðanna í landinu í þróun atvinnulífs og þjónustu. Á þann hátt vill hún stuðla að sáttum og gagnkvæmum skilningi milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Bættar samgöngur eru veigamikill þáttur í þessari stefnu. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir sérstöku átaki á kjörtímabilinu þar sem fyrirliggjandi áætlanir á sviði samgangna verði samræmdar. Fjárhagslegt skipulag heilbrigðisþjónustu og sjúkratrygginga verður tekið til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til þessara mála. Launakerfi heilsugæslulækna verður endurskoðað, svo og skipan sérfræðingaþjónustu innan greiðslukerfis almannatrygginga. Verðlagning á lyfjum verður tekin til athugunar í því skyni að lækka lyfjakostnað. Gerð verður áætlun til fimm ára í samráði við sveitarfélög um átak til að bæta heimilisþjónustu og vinnuaðstöðu fyrir aldraða. Samtímis verða núgildandi lög um málefni aldraðra endurskoðuð og síðan framlengd. Settar verða reglur varðandi mengun ytra umhverfis og hvernig megi verjast henni. Þá verða almannatryggingalögin og verksvið Tryggingastofnunar ríkisins tekin til endurskoðunar.

Í menntamálum er í undirbúningi ný löggjöf um skólastigin þrjú, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, þar á meðal um háskóla á Akureyri, enn fremur ný löggjöf um nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík, Leiklistarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskólanum, m.a. með hliðsjón af námi á háskólastigi. Í athugun er endurskoðun á lögum og reglum um námslán og námskostnað og hvernig efla megi fullorðinsfræðslu, símenntun og endurmenntun. Einnig er hafin athugun á fyrirkomulagi sérkennslu. Í menntmrn. er unnið að athugun á opinberum stuðningi við menningarstarf. Lögð verður aukin áhersla á verkefnastyrki og viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Stefnt er að því að fjölga verkefnastyrkjum til vísindarannsókna, einkum á sviði nýtæknigreina.

Hið víðtæka samkomulag aðila vinnumarkaðarins um breytingar á húsnæðislánakerfinu, sem gert var í febrúar 1986, gerði það kleift að hækka verulega lánsfjárhæðir og lengja lánstíma húsnæðislána. Nú er ljóst að eftirspurn eftir lánum er langt umfram það sem reiknað hafði verið með og einnig fjárþörf húsnæðislánakerfisins. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að gerðar verði ráðstafanir til að draga úr eftirspurn eftir lánum. Áhersla verður lögð á að leysa vanda þeirra sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum og verður hluta af ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins varið til þessa.

Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að aðstaða aldraðra og fatlaðra verði bætt og unnið verði að því að tryggja réttarstöðu þeirra í þjóðfélaginu. Starfsemi Framkvæmdasjóðs fatlaðra verður styrkt samkvæmt fjögurra ára áætlun um framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu sambýla fyrir fatlaða og verndaða vinnustaði.

Í dómsmálum er unnið að heildarendurskoðun dómsmálaskipunar landsins með það að markmiði að störfum á sviði dómsýslu og umboðsstjórnar verði ekki blandað saman. Þá hefur verið sett á fót sérstök samstarfsnefnd ráðuneyta um ávana- og fíkniefnavarnir. Áhersla verður lögð á að þetta verkefni leiði til árangurs við að bægja þeim vágesti frá sem fíkniefnin eru.

Tekin hefur verið ákvörðun um þjóðarátak um umferðaröryggi. Unnið er að endurskipulagningu á starfsemi Bifreiðaeftirlitsins og gert ráð fyrir að skoðun og skráning ökutækja verði að mestu flutt til

nýs hlutafélags er verði í eigu ríkis og helstu hagsmunaaðila á sviði bifreiðaþjónustu og umferðaröryggis.

Frjáls verðlagning skal vera meginregla í viðskiptum þar sem samkeppnisaðstæður leyfa. Löggjöf gegn hringamyndun og samkeppnishömlum og óeðlilegum viðskiptaháttum verður endurskoðuð. Dregið verður úr ábyrgð ríkisins og afskiptum af bankarekstri og lánastarfsemi. Stefnt verður að samruna banka. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu en tryggja jafnframt eðlilega samkeppni milli alhliða viðskiptabanka. *Ríkisstjórnin mun áfram fylgja þeirri grundvallarstefnu í utanríkismálum að taka virkan þátt í norrænu samstarfi, í samstarfi Evrópuþjóða, í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og vestrænu varnarsamstarfi á grundvelli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins við Bandaríkin.* Starf utanrrn. á sviði varnar- og öryggismála verður eflt enn frekar og höfuðáhersla á það lögð að íslensk stjórnvöld leggi fyrst og fremst sjálfstætt mat á öryggis- og varnarmál.

Málefni útflutningsverslunar, undirbúningur og framkvæmd viðskiptasamninga, skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök, svo sem Evrópubandalagið, Fríverslunarbandalagið og GATT, flytjast nú frá viðskrn. til utanrrn. Vonir eru bundnar við að þessi nýja skipan utanríkisviðskiptanna gefist vel. Vænst er náins samstarfs hinnar nýju utanríkisviðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs Íslands sem tók til starfa á fyrra ári. Aukin áhersla hlýtur að verða lögð á þennan þátt utanríkismála er snertir kynningu íslenskrar vöru og þjónustu á erlendri grund.

Á undanförnum missirum hefur gætt vaxandi áhuga aðildarríkja Evrópubandalagsins á að efla samstarf sitt og koma í framkvæmd þeirri hugsjón *sem lá að baki stofnunar bandalagsins á sínum tíma:* Að gera ríkin að svæði án landamæra í bókstaflegum skilningi. Jafnframt hefur bandalaginu vaxið ásmegin sem kemur fram í fjölgun aðildarríkjanna. Á síðasta ári bættust tvö mikilvæg viðskiptalönd okkar Íslendinga, Spánn og Portúgal, í hóp Evrópubandalagsríkjanna. Áður hafa verið uppi hugmyndir innan Evrópubandalagsins um að greiða frekar fyrir viðskiptum aðildarríkjanna innbyrðis, en þær hafa strandað þegar komið hefur að framkvæmdinni. Að þessu sinni er þó margt sem bendir til að hugur fylgi máli og að raunhæft sé að ætla að hin 12 ríki Evrópubandalagsins verði orðin að einni viðskiptaheild á árinu 1992 eins og að er stefnt. Í þessu felst m.a. að innan bandalagsins verða skattar og staðlar samræmdir, flutningur fjármagns og vinnuafls verður frjáls og innri tollmúrar lagðir niður. Markmiðið er að gera evrópsk fyrirtæki samkeppnishæfari á alþjóðlegum mörkuðum í samkeppni við helstu keppinautana, þar á meðal Bandaríkjamenn og Japana. Af þessum sökum er hyggilegt og nauðsynlegt að auka mjög verulega starf okkar Íslendinga er lýtur að samskiptum okkar við Evrópubandalagið, ekki síst með tilliti til þess að búast má við harðari og óvægnari viðskiptastefnu gagnvart ríkjum er standa utan bandalagsins. Stofnun sérstakrar skrifstofu í Brussel á sl. ári var áfangi í þessa átt. Einnig komum við til með að njóta EFTA-samstarfsins í þessu tilliti og mörkunar sameiginlegrar stefnu og stuðnings EFTA-ríkjanna við íslensk sjónarmið í viðræðum við Evrópubandalagið.

En fleira þarf til að koma. Breyttar aðstæður krefjast þess að brugðist verði við af hálfu okkar Íslendinga til að tryggja hagsmuni okkar til frambúðar. Þegar nánari samskipti Íslands og EFTA og *Evrópubandalagsins eru skoðuð staðnæmast menn óhjákvæmilega við tvö atriði:* Annars vegar kröfu Efnahagsbandalagsríkjanna um fiskveiðiréttindi í íslenskri fiskveiðilögsögu sem við getum aldrei á fallist og hins vegar smæð íslensks atvinnulífs sem vart mundi þola frjálst streymi vinnuafls. Við verðum þó að gera ráðstafanir til að laga okkur að nýjum viðhorfum og aðstæðum á þessu sviði. Annars vegar verðum við að tryggja íslenskum atvinnufyrirtækjum svipaða aðstöðu í efnahagslegu tilliti og fyrirtækin njóta á alþjóðlegum mörkuðum. Í þessu felst m.a. að tryggja verður stöðugleika í íslensku efnahagslífi, lágt verðbólgustig og aðgang að erlendu áhættufjármagni. Hins vegar verður í viðræðum við Evrópubandalagið, sem rétt er að undirbúa að hefja sem fyrst, að byggja áfram á þeim grunni sem lagður var í samningunum frá 1972 og tryggt hefur sérstöðu okkar Íslendinga í viðskiptum við ríki Evrópubandalagsins. Þennan samning verður að útvíkka í ljósi þeirra breyttu aðstæðna og aukinnar fjölbreytni í íslenskum útflutningi sem raun hefur orðið á.

Nokkrir hnökrar hafa verið í samskiptum Íslendinga og Bandaríkjamanna á undanförnum árum. Deilt hefur verið um siglingar milli ríkjanna og rétt okkar til að stunda hvalveiðar í vísindaskyni. Í *báðum tilvikum risu upp raddir er kröfðust endurskoðunar á varnarsamningi ríkjanna vegna framgöngu Bandaríkjanna gagnvart okkur Íslendingum.* Það er raunar ekki einsdæmi fyrir þessar deilur að slíkar kröfur komi fram, heldur virðist það vera orðin viðtekin venja í hvert skipti sem upp kemur ágreiningur við Bandaríkjamenn. Um slíkar deilur vil ég almennt segja þetta:

Varnarsamstarf Íslendinga og Bandaríkjanna hefur nú staðið hátt á fjórða tug ára og tekist vel í öllum aðalatriðum. Þetta samstarf er tilkomið með samningi beggja ríkjanna og lýtur aðeins að þessum eina þætti, nauðsynlegum landvörnum á viðsjárverðum tímum. Samningurinn var af okkar hálfu gerður vegna íslenskra hagsmuna og hann hefur ávallt notið stuðnings mikils meiri hluta þjóðarinnar. Þessi samningur hefur á hinn bóginn afmarkað efni og þess vegna er ekki aðeins óhyggilegt heldur getur það orðið þjóðhættulegt að rugla þar saman við alls óskyldum málum og hagsmunum. Við munum að sjálfsögðu gæta hagsmuna okkar og sæmdar í öllum samskiptum við Bandaríkjamenn og hvergi hvika þegar sjálfsákvörðunarrétturinn er í húfi. En varnar-

og öryggismál verða ekki gerð að verslunarvöru.

Á sl. ári var haldinn hér í Reykjavík fundur tveggja helstu leiðtoga heims, forseta Bandaríkjanna og leiðtoga sovéska kommúnistaflokksins. Það hefur síðan komið í ljós að á fundinum var lagður grunnur að því mikilvæga samkomulagi risaveldanna að útrýma heilli tegund kjarnorkuvopna, hinum svonefndu Evrópuflaugum. Slíkt samkomulag sem nú hillir undir markar vonandi upphaf að frekari niðurskurði kjarnavopna og samkomulagi um takmörkun vígbúnaðar. Íslendingar hljóta eins og aðrar þjóðir að láta sig varða svo mikilvæg mál og marka sér stefnu sem er hvort tveggja í senn ábyrg og raunsæ. Við erum lýðræðisþjóð sem hefur tekið sér stöðu með öðrum vestrænum lýðræðisríkjum. Samstaða og staðfesta þeirra ríkja hefur skipt sköpum við að ná þeim árangri sem nú virðist í höfn. Í afvopnunarmálum verður að leggja áherslu á raunsæi og að forsendur raunhæfs friðar eru aukin virðing fyrir mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Við fögnum því ef leiðtogar Sovétríkjanna breyta um stíl, en það þarf meira að koma til. Ég vil leggja áherslu á eftirgreind atriði varðandi samninga og umræður um afvopnunarmál:

1. Afvopnun á einu sviði má ekki leiða til vopnakapphlaups eða ójafnvægis á öðrum sviðum vígbúnaðar. Jafnframt samdrætti í kjarnorkuvígbúnaði verður því t.d. að tryggja jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar.

2. Umræður og hugmyndir um svonefnd kjarnavopnalaus svæði verða að vera liður í víðtæku samkomulagi kjarnorkuveldanna um afvopnun. Þá verður að gæta að því hvort slíkar hugmyndir séu vænlegur kostur fyrir öryggi og varnir landsins og séu til þess fallnar að auka stöðugleika og stuðla að slökun spennu í okkar heimshluta. Sérstaklega verður að huga að því hvort slíkar hugmyndir samrýmast þeim skuldbindingum sem Íslendingar hafa gengist undir með varnarsamstarfi lýðræðisríkjanna. Við aðhöfumst ekkert það sem dregið getur úr samningsstöðu þeirra. Takmörkun vígbúnaðar í okkar heimshluta hvílir á traustum samningamætti lýðræðisríkjanna.

3. Leggja verður ríka áherslu á að samningar á sviði afvopnunar og takmörkunar vígbúnaðar séu skýrir svo að ekki geti leikið vafi á um túlkun þeirra. Slíkir samningar verða að vera gagnkvæmir og tryggja verður virkt eftirlit með framkvæmd þeirra. Allar hugmyndir og tillögur í þessum efnum verða að taka mið af þessu. Við viljum tryggja frið, Íslendingar, til langframa, og því verðum við að leggja mikið upp úr traustum forsendum og varast alla sýndarmennsku.

Herra forseti. Við lifum á breytingatímum. Blikur eru á lofti í efnahagsmálum, en ríkisstjórnin hefur með aðgerðum af sinni hálfu lagt grundvöll að áframhaldandi stöðugleika. En um leið hefur verið lögð mikil ábyrgð á aðila vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin hefur ekki í hyggju að hverfa frá markmiðum sínum eða losa um þá umgjörð sem efnahagslífinu hefur verið sett, m.a. með gengisstefnunni.

Í lífi einstaklinga og þjóða skiptast á skin og skúrir. Við hvoru tveggju verður að bregðast á viðeigandi hátt. Eitt mesta hagvaxtarár í íslenskum þjóðarbúskap er senn liðið. Svo virðist sem þjóðartekjur muni ekki aukast á næsta ári. Það er raunveruleiki sem við verðum að laga okkur að ef við ætlum ekki að kasta framtíðarmöguleikum okkar á bál verðbólgunnar. Nú er tími raunsæis. Takist okkur að lifa og starfa í samræmi við það verður þetta líka tími bjartsýni og framfara. Þessi ríkisstjórn mun horfa til framtíðarinnar með þetta að leiðarljósi. Við erum fámenn þjóð og styrkur okkar býr í einhug og samtakamætti. Ógæfa okkar felst í sundurlyndi og úlfúð. Hugfestum því orð Jónasar Hallgrímssonar úr Fjölni:

„Óskandi væri Íslendingar færu að sjá að það er aumt líf og vesælt að sitja einn í hverju horni og hugsa um ekkert nema sjálfan sig og slíta svo sundur félag sitt og skipta sundur afli sínu í svo marga parta sem orðið getur í stað þess að halda saman og draga allir einn taum og hugsa fyrst og fremst um heiður og velgengni landsins sem öllum góðum Íslendingum ætti að vera í fyrirrúmi."

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hér talaði ungur forsrh. fyrir nýmyndaðri ríkisstjórn. Hvar kom fram í þessari ræðu eldmóður landnemans? Hvar voru nýjungarnar og framfarahugurinn? Hvar var sigurvissa samstæðrar sveitar sem er að byrja að taka á verkunum?

Svar: Það kom hvergi fram neitt af þessu tagi í ræðu forsrh., af því tagi sem kenna má við eld, neista, baráttu eða starfsgleði, nema helst þegar hann boðaði aukin umsvif útlendinga í atvinnulífi hér á landi. Í eina skiptið sem ráðherrann hvessir sig í ræðunni er þegar hann veitist að utanrrh. eigin ríkisstjórnar og kallar stefnu utanrrh. hvorki meira né minna en þjóðhættulega sýndarmennsku. Og vissulega eru skot forsrh. á utanrrh. í samræmi við annað það sem komið hefur frá stjórnarflokkunum undanfarna daga.

Stjórnin hefur lagt fram samtals hvorki meira né minna en tvö meiri háttar stjfrv. á Alþingi og um þau bæði er verulegur ágreiningur í stjórnarflokkunum. Ég tel að þessi stjórn geti ekki orðið langlíf ef hún heldur svo fram sem nú horfir. Vinnubrögðin innan stjórnarinnar eru með eindæmum. Þau minna mig á stjórnina 1978–1979 og ýta undir þá almennu skoðun að Alþfl. sé tæplega stjórnhæfur flokkur.

Það ber hins vegar að þakka að forsrh. talar oft fagurlega um menningarmál í ræðum sínum, en skammt duga orðin. Í stjórnmálum er spurt um efndir og athafnir. Dæmi: Innheimta skatts vegna Þjóðarbókhlöðunnar á að gefa 177 millj. kr. á næsta ári, en af þeirri upphæð eiga aðeins 50 millj. kr. að fara til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar. Hitt virðist eiga að renna í ríkissjóð. Þannig er langt frá orðum

til athafna í þessari ríkisstjórn og það er víðar en í menningarmálum eins og síðar verður að vikið.

Góðir hlustendur. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hélt í raun velli sl. vor að meðtöldum þm. Stefáni Valgeirssyni sem hafði stutt ríkisstjórnina, að ekki sé minnst á Borgaraflokkinn sem var tilbúinn til þess að framlengja síðustu ríkisstjórn algjörlega óbreytta og studdi því stefnu hennar. Þegar kosningaúrslitin lágu fyrir kom fram að Alþb. hafði tapað fylgi, svo og Sjálfstfl., en Kvennalistinn og Borgaraflokkurinn höfðu fengið verulegt fylgi. Niðurstaðan varð svo framlenging íhaldsstjórnarinnar. Breytingin er sú ein að inn í stjórnina koma þrír ráðherrar Alþfl.

Það er ljóst af kosningaúrslitunum 1983 og 1986 að íhaldsstjórn verður mynduð aftur og aftur í þessu landi nema Alþb. komi sterkt út úr kosningum. Eina leiðin til að koma í veg fyrir íhaldsstjórn er sterkt Alþb. Kvennalistinn jók verulega fylgi sitt í kosningunum sl. vor. Sú fylgisaukning dugði þó ekki til þess að koma í veg fyrir myndun íhaldsstjórnar, enda vandséð hvernig þverpólitísk samtök, sem hvorki eru til hægri eða vinstri, geta ráðið úrslitum í orrahríð íslenskra stjórnmála. Þar þarf fyrst og fremst öflugan flokk með einbeittan pólitískan vilja.

En hvað hefur breyst í fari stjórnarinnar með tilkomu Alþfl.? Hvað um kjaramálin? Þar er sagt að fylgt sé fastgengisstefnu. Hún byggist á því, sú stefna, að kaupmáttur kauptaxta verði óbreyttur á næsta ári. Það er stefna sem í rauninni er ekki hægt að líða. Það er ekki jafnaðarstefna í kjaramálum.

Er fylgt jafnaðarstefnu í skattamálum? Svarið er nei. Þar er byrjað á því að leggja skatt á matvörur, en það eru ekki lagðir skattar á vaxtatekjur, ekki lagðir skattar á stóreignir, ekki lagðir skattar á fjármagnseigendur eða þá sem hafa rakað saman gróða í góðærinu. Það er ekki jafnaðarstefna að byrja á því að leggja skatt á matvörur.

Það er ekki heldur jafnaðarstefna sem fylgt er t.d. í peningamálum þar sem ákveðið er að gefa peningamönnum kost á að kaupa erlend skuldabréf, en það munu vera þeir einu fjármagnseigendur í landinu sem hafa sérstaklega fagnað stefnu núverandi ríkisstjórnar og hafa tekið tappa úr kampavínsflösku til þess að skála fyrir Jóni Baldvini Hannibalssyni.

En í byggðamálum? Er fylgt jafnaðarstefnu þar? Nei, það er ekki því eini atvinnuvegurinn sem ríkisstjórnin leggur á skatta er sjávarútvegurinn og nemur sá skattur mörgum hundruðum milljóna króna og er sérstakur landsbyggðarskattur.

Er fylgt jafnaðarstefnu í uppeldis- og skólamálum? Svarið er nei því að ríkisstjórn sem byrjar á því að fella niður framlög til barnaheimila, strikar þau algjörlega út úr ríkissjóði, fellir niður framlög til tónlistarskóla, er ekki ríkisstjórn sem er sérstaklega vinsamleg menningunni né heldur börnunum og uppeldisskilyrðum þeirra.

Þannig er ljóst eftir aðeins þriggja mánaða stjórnarsetu að Alþfl. hefur yfirgefið jafnaðarstefnuna í verki og kosningaloforðin líka.

Í utanríkismálum hefur borið á því að farið er nýjar leiðir og það er fagnaðarefni, enda kom í ljós í skoðanakönnun í sumar að þjóðin fylgir í vaxandi mæli þeirri stefnu í utanríkismálum sem Alþb. eitt flokka hefur staðið fyrir og mun standa fyrir. En forsrh. kallaði stefnu Steingríms Hermannssonar áðan þjóðhættulega sýndarmennsku. Þannig er innan stjórnar sem Sjálfstfl. veitir forustu í fyrsta sinn grundvallarágreiningur um veigamikla þætti í utanríkismálastefnunni.

Þegar þessi ferill undanfarinna mánaða er skoðaður er hin pólitíska niðurstaða skýr:

1. Það verður mynduð hér íhaldsstjórn aftur og aftur uns Alþb. verður sterkt forustuafl í íslenskum stjórnmálum.
2. Alþfl. ber ekki fram í verki jafnaðarstefnu, hvorki í kjaramálum, skólamálum, menningarmálum, skattamálum, atvinnumálum né í byggðamálum.
3. Það er ljóst af umræðum undanfarinna mánaða að nú er lag til að fylkja þjóðinni um róttæka íslenska utanríkisstefnu.

Öll þessi verkefni kalla á Alþb. því reynslan sýnir að þverpólitísk samtök og miðjumoðsflokkar duga skammt.

Góðir hlustendur. Ég hef tekið eftir því undanfarna daga að andstæðingar okkar eru að gera sér vonir um að Alþb. liðist í sundur á landsfundi flokksins í næstu viku. Ég vil hryggja andstæðinga okkar með því að Alþb. mun koma heilt frá þessum landsfundi. Alþb. verður að styrkjast sem róttækur vinstri flokkur, flokkur sem er í senn trúr hugsjónum sósíalismans og hugsjóninni um frjálst og fullvalda Ísland. Verkefnin sem bíða Alþb. eru svo stór og möguleikarnir svo miklir að við megum engan tíma missa. Landsfundur okkar skiptir máli fyrir alþýðuhreyfinguna í landinu. Þar munum við búa okkur betur en áður til að sækja þá sigra sem við getum unnið. Þá verður til það róttæka afl í íslenskum stjórnmálum sem nú er kallað á úr öllum áttum, róttækt afl með skýra og afdráttarlausa vinstri stefnu, afl sem vísar veginn til betra samfélags, mannúðar og félagshyggju, samfélags sósíalisma, lýðræðis og jafnréttis.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það var einkennileg tilfinning að sitja hér og hlusta á ræðu forsrh. Ég segi einkennileg vegna þess að þrátt fyrir lengd ræðunnar, þrátt fyrir alla hugljúfa kafla hennar segir ræðan mér nánast ekkert um stefnu ríkisstjórnarinnar eða hvert raunverulegt ástand efnahagsmála er. Í öðru orðinu hælir ráðherra sér af síðustu ríkisstjórn, segir hana hafa komið á stöðugleika í efnahagsmálum, segir okkur búa við efnahagslega velsæld eins og hún best gerist. Í hinu orðinu segir hann hins vegar að vegna óstöðugleika í efnahagsmálum, erlendrar skuldasöfnunar og halla ríkissjóðs verði núverandi ríkisstjórn að grípa til róttækra ráðstafana.

Og hverjar eru svo þessar róttæku aðgerðir? Er þeim lýst í stefnuræðunni? Nei. En ef grannt er hlustað má finna innan um hugljúfu kaflana eina og eina setningu sem lætur ekki mikið yfir sér en segir þó svo mikið ef að er gáð. Eins og t.d.:

„Ríkisstjórnin mun koma á skattakerfi sem er einfaldara, réttlátara og skilvirkara."

Með þessari setningu er ráðherra m.a. að segja þjóðinni frá skattlagningu á matvöru og skattlagningu á bifreiðar öryrkja eldri en 67 ára. Ríkisstjórnin hefur nú þegar lagt skatt á hluta af matvöru, en 1. nóv. á að stíga skrefið til fulls, skattleggja allan mat. Vissulega einföld og skilvirk aðferð til að ná í peninga í ríkiskassann, en er hún réttlát? Er eitthvert réttlæti í því að leita aftur og aftur í ráðstöfunartekjur heimilanna til að borga óráðsíu stjórnvalda? Þessi skattlagning á eftir að bitna af fullri hörku á fjölskyldum landsins, ekki einungis í formi hækkaðs verðs á matvöru heldur líka í formi hækkunar á afborgunum verðtryggðra lána.

Það er kannski ekki nema von að í stefnuræðunni er ekki að finna aðrar skýringar á neysluskattunum en þessa einu setningu: „Ríkisstjórnin mun koma á nýju skattakerfi, einfaldara, réttlátara og skilvirkara." Það þarf fjári mikinn kjark og sterk rök til að réttlæta slíka aðgerð.

Og það eru aðrir þættir ráðstafana þessarar stjórnar sem ekki er farið mörgum orðum um í ræðunni. Um leið og hærri skattar eru lagðir á almenning er dregið úr eða felldir niður stórir þættir þeirrar þjónustu sem ríkið hefur fram að þessu veitt skattgreiðendum, fólkinu í landinu. Nokkur þjónustuverkefni, sem áður voru sameiginleg ríki og sveitarfélögum, eru nú alfarið færð yfir á sveitarfélögin. Þar getum við nefnt sem dæmi: heimaþjónustu við aldraða, hluta af málefnum fatlaðra, tónlistarkennslu barna og dagvistarstofnanir. Allt eru þetta verkefni sem ríkið hefur fram að þessu tekið þátt í að greiða, samfélagsleg verkefni sem fólkið í landinu greiðir fyrir með sköttunum sínum. Nú eykst skattlagningin, en á sama tíma dregur úr þjónustunni sem skattgreiðendur fá.

En til að mæta þessum kostnaði eiga sveitarfélögin að fá auknar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Að sögn ríkisstjórnarinnar fá þau mun hærri upphæð en sem nemur þeim kostnaði sem færist yfir á þau. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur ekki komið óskertur til úthlutunar undanfarin ár. Á síðasta ári var þar um stórkostlega skerðingu að ræða. Það er hins vegar ekki áætlað að bæta hana nema að hálfu leyti. Auk þess er lagt til að ýmis önnur þjónusta og framlög, sem sveitarfélögin hafa beint og óbeint notið góðs af, verði skorin niður eða felld út, eins og t.d. framlög til vatnsveituframkvæmda, rekstur landshafna, framlög í Félagsheimila- og Íþróttasjóð, framlög til ungmenna- og íþróttafélaga og síðast en ekki síst framlög til iðnráðgjafar.

Iðnráðgjafar hafa verið starfandi í nær öllum landsfjórðungum. Þetta er þjónusta sem sveitarfélögin og þeir einstaklingar sem hyggjast setja upp nýja atvinnustarfsemi úti á landsbyggðinni hafa mikið notað. Nú er áformað að leggja þessi störf niður. Hrædd er ég um að þegar allir þessir liðir ásamt mörgum öðrum, sem ég hef ekki talið upp, eru lagðir saman verði upphæðin hærri en svo að skertur Jöfnunarsjóður bæti það upp. Reyndin verði að eins og alltaf bitni þessar ráðstafanir harðast á minnstu sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni. Þeim verði gert ókleift að byggja og reka dagvistarstofnanir og að þar verði ekki heldur um neina tónlistarkennslu barna að ræða. Það að færa í auknum mæli verkefni og ákvörðunarrétt út til sveitarfélaganna er af hinu góða en það má hins vegar ekki gerast án þess að þeim séu um leið tryggðir auknir tekjustofnar. Verði það ekki gert mun bilið milli byggðanna í landinu, sú togstreita sem nú ríkir milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og forsrh. minntist á áðan, enn aukast.

Það kom berlega í ljós í síðustu kosningum að eitt aðaláhyggjuefni frambjóðenda, hvar í flokki sem þeir stóðu, var flóttinn frá landsbyggðinni á Stór-Reykjavíkursvæðið. Því hefði mátt ætla að það hefði verið eitt af forgangsverkefnum þessarar ríkisstjórnar að taka á þessu máli. En ekki gat ég heyrt í stefnuræðunni hér áðan neitt í þá áttina. Ekki var t.d. minnst á að jafna ætti orkukostnað landsmanna sem þó á stóran þátt í því misrétti sem við búum við. Í stefnuræðunni segir að efla eigi atvinnuvegina og stuðla að stofnun smáiðnaðarfyrirtækja. En er það best gert með því að draga úr ráðgjafarþjónustu iðnaðarins eða með því að auka skatta á fiskvinnsluna eða með því að hvetja bændur til að hefja störf við nýjar búgreinar um leið og lagt er til að framlög til landbúnaðar og ráðgjafarþjónustu á vegum hans verði stórskert? Er þetta leiðin til uppbyggingar fjölbreyttara og styrkara atvinnulífs, eða er það kannski, eins og boðað er í ræðunni, að fá erlenda aðila til að kaupa og reisa hér atvinnufyrirtæki?

Góðir tilheyrendur. Í umræðum fólks er algengt að heyra þá fullyrðingu að enginn munur sé á vinstri og hægri í stjórnmálum. Það sé sami rassinn undir þeim öllum, eins og svo gjarnan er sagt. Ég viðurkenni að þegar hlustað er á ræðu eins og ræðu forsrh. hér áðan hlýtur fólk að ruglast ofurlítið í ríminu. Vilja t.d. ekki allir taka undir hugljúfu kaflana um aukinn kaupmátt, bættan hag þeirra verst settu, draga úr verðbólgunni, búa heimilum og börnum aukið öryggi, draga úr fjárlagahallanum, gera skattakerfið réttlátara og elskum við ekki öll landið okkar, tungu og menningu? Jú, við getum öll tekið undir þetta. En það eru setningarnar innan um hugljúfu kaflana sem skipta hér máli, hvernig á að vinna að þessum verkefnum, hver á forgangsröðin að vera. Þar greinir á milli hægri og vinstri.

Alþb. vill ekki leysa halla ríkissjóðs með aukinni skattlagningu á brýnustu nauðsynjar. Við viljum ná í skatta þeirra sem alltaf hafa komist hjá því að greiða þá. Við viljum tryggja næga dagvistun fyrir öll börn sem á þurfa að halda. Við teljum að dagvistarmál séu samfélagslegt verkefni sem ríkinu beri að leysa.

Atvinnu á að efla með auknu innlendu fé og ráðgjöf en ekki með því að veita erlendum aðilum aðgang að því að kaupa íslensk fyrirtæki og koma hér upp fyrirtækjum í erlendri eign. En fyrst og síðast: Munurinn á hægri og vinstri í stjórnmálum er sá að við vinstri menn samþykkjum aldrei að þeir lægstlaunuðu í þjóðfélaginu skuli æ ofan í æ vera þeir sem látnir eru borga alls konar óráðsíu og stjórnleysi, svo sem eins og gífurlega óþarfaeyðslu við byggingu flugstöðvar eða Útvegsbankamálið margumrædda. — Góðar stundir.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að breyta orðum í athöfn er list skapandi stjórnmála. Með fjárlagafrv. og fylgifrv. þess er lagður grundvöllur að varanlegum umbótum í íslensku stjórnkerfi. Um nauðsyn þessara umbóta hafa menn úr öllum flokkum talað árum og áratugum saman. Nú er tími til kominn að breyta orðum í athafnir. Tímans vegna nefni ég aðeins tvö dæmi af mörgum, heildarendurskoðun á skattakerfinu og breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæði þessi stórmál hefur stjórnarandstaðan reynt að gera tortryggileg illu heilli og að ósekju. Er stjórnarandstaðan búin að gleyma skattsvikaskýrslunni frægu, þessari hérna?

Leyfist mér að rifja upp: Þann 3. maí 1984 fékk Alþfl. samþykkt á Alþingi að láta gera úttekt á umfengi skattsvika. Tæpum tveimur árum síðar, 18. apríl 1986, lagði þáverandi fjmrh. fram niðurstöður nefndarinnar, þessa skýrslu. Formaður nefndarinnar er Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Dagsbrúnar, nánasti samstarfsmaður Guðmundar J. Guðmundssonar, formanns Verkamannasambands Íslands, fyrrverandi aðstoðarráðherra Ragnars Arnalds og trúnaðarmaður Alþb. í nefndum og ráðum. Nautarnir að skýrslunni eru því góðir.

Og hvaða niðurstöður komu út úr starfi Þrastar og félaga? Að tekjutap ríkissjóðs vegna vangoldinna skatta megi áætla framreiknað til núvirðis á bilinu 5–6 milljarðar kr., þar af í söluskatti milli 2 og 3 milljarðar. Hvaða tillögur lagði nefndin fram til úrbóta? Rauði þráðurinn gegnum alla skýrsluna er þessi og þeir hamra á niðurstöðunni: Einföldun skattalaga og fækkun undanþága er forsenda allra umbóta í átt til réttláts og skilvirks skattakerfis.

Núverandi ríkisstjórn hefur tekið þessar rækilega rökstuddu umbótatillögur allar eins og þær leggja sig og gert að sínum. Allar. Það stendur svart á hvítu í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og því verður fylgt eftir. Þá bregður svo kynlega við að stjórnarandstaðan, jafnvel einstaka stjórnarliðar, mega ekki til þess hugsa að þessi nauðsynlega hreingerning á úreltu, ranglátu og götóttu skattakerfi nái fram að ganga. Hvernig væri að hin hagsýna húsmóðir tæki stjórnarandstöðuna, og gleymum nú ekki kvennalistakonunum, með sér í búðarleiðangur í venjulega verslun? Þær ættu að hafa skattsvikaskýrsluna með sér. Þær mættu gjarnan velta fyrir sér eftirfarandi spurningum t.d.: Hvernig er farið að því að skipta sölu í undanþegna sölu og skattskylda? Hvernig er farið að því að greina á milli sölu undanþeginna matvæla og sölu tilbúinna rétta? Hvernig á að greina á milli framleiðslu eða þjónustu sem er unnin innan fyrirtækis og aðfenginnar? Hvaða afleiðingar hafa handahófskenndar undanþágureglur, t.d. að vinna sem er unnin á byggingarstað er undanþegin en sömu verk ekki séu þau unnin á verkstæði?

Svo mættu menn gjarnan fletta upp í skattsvikaskýrslunni á bls. 38, en þar er söluskattskerfinu lýst í hnotskurn, með leyfi forseta:

„Mikil fjölgun undanþága og aukin sérhæfing í atvinnulífinu samhliða margföldun skatthlutfallsins veldur því að skattyfirvöld eiga í sívaxandi erfiðleikum með að koma á eðlilegri og réttlátri innheimtu skattsins. Gjaldendur eru í sífellt meiri óvissu um skattskyldu og markatilfellum fer ört fjölgandi. Það nálgast því að innheimta söluskatts í núverandi mynd verði óframkvæmanleg“ — óframkvæmanleg.

Þetta er niðurstaða tveggja ára rannsókna á söluskattskerfinu, langsamlega stærsta tekjustofni ríkisins, eftir að góðviljað Alþingi og ríkisstjórnir hafa borað á það þúsund göt á undanförnum áratugum. Það er alveg sama hversu lengi menn klappa þennan stein. Menn komast allir að sömu niðurstöðu og þeir sem skoðað hafa málið til botns. Núverandi söluskattskerfi er ónýtt. Svo einfalt er það.

Af því tilefni nokkrar spurningar til stjórnarandstöðunnar: Ætlar stjórnarandstaðan að stilla sér upp til varnar úreltu og ónýtu skattakerfi? Á það að verða hlutskipti formanns Alþb. eða leifanna af því, þess sem talaði áðan, í blóra við rökstudda greinargerð framkvæmdastjóra Dagsbrúnar? Hvað með Kvennalistann? Ætlar hann að leggja blessun sína yfir skattundandrátt sem nemur mörgum milljörðum króna? Býst stjórnarandstaðan virkilega við því að verða slegin til riddara vegna lýðskrums af þessu tagi?

Herra forseti. Hvað svo sem lýðskrumi stjórnarandstöðu og annarra líður mun þessi ríkisstjórn standa við áform sín um að hrinda tillögum skattsvikanefndarinnar í framkvæmd. Upp úr næstu áramótum verður undanþágum frá söluskatti fækkað, skattstofninn breikkaður og söluskattsprósentan lækkuð. Samtímis verða tollar á aðföng útflutnings og samkeppnisiðnaðar afnumdir og aðrir tollar lækkaðir. Þar með mun verð á u.þ.b. þremur fjórðu hlutum af neysluvörum almennings lækka í verði. Ríkissjóður mun jafnframt verja bróðurpartinum af auknum söluskattstekjum til að bæta þeim sem þess raunverulega þurfa með verðhækkunaráhrif vegna þeirra vara sem ekki verða lengur undanþegnar. Þetta verður gert með því að hækka skattfrelsismörk í staðgreiðsluskatti, með því að greiða út til barnmargra fjölskyldna barnabætur og tekjutengdan barnabótaauka ársfjórðungslega. Jafnframt verða bótagreiðslur almannatrygginga hækkaðar.

En hvað spyrja menn með þau áform ríkisstjórn-

arinnar að flýta hluta af þessum breytingum fram til 1. nóv. um leið og verðhækkunaráhrifin áttu að bætast með niðurgreiðslum á búvörum? Svarið við því fæst innan örfárra daga. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún sé reiðubúin að falla frá þeim áformum ef það mætti verða til þess að greiða fyrir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og launþegahreyfinguna í landinu um launastefnu á næsta ári innan ramma þeirrar heildarstefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað. Ég er hóflega bjartsýnn á að það kunni að takast.

Herra forseti. Kjarni málsins er þessi: Með staðgreiðslu beinna skatta einstaklinga frá og með áramótum, með breikkun söluskattsstofns, lægri söluskattsprósentu og tekjujöfnunaraðgerðum um leið, með lækkun tolla, fækkun frádráttarliða í tekjuskatti fyrirtækja og upptöku virðisaukaskatts áramótin 1988–1989, með öllum þessum aðgerðum er ríkisstjórnin að framkvæma róttækustu umbætur á skattakerfinu í anda þeirra tillagna sem skattsvikanefndin mælir með. Eftir þessar breytingar verður skattakerfið einfaldara, réttlátara og skilvirkara en það hefur verið hingað til.

Stjórnarandstaðan mætti gjarnan hugleiða það líka að svo lengi sem tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er í molum og ríkissjóður rekinn með sívaxandi halla mun verða þungt undir fæti að fá samþykkt hér á Alþingi hækkandi framlög til þeirra velferðarmála sem allir þm., hvar í flokki sem þeir standa, vilja gjarnan beita sér fyrir. Með þessum umbótum er þessi ríkisstjórn þess vegna að búa í haginn fyrir framtíðina.

Herra forseti. Annað stórmál sem vissulega má flokka undir varanlega stjórnarbót og ríkisstjórnin hyggst nú beita sér fyrir varðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Áratugum saman hafa sveitarstjórnarmenn og íbúar landsbyggðarinnar knúið á um valddreifingu til sveitarfélaga. Sá sem hér stendur þekkir það vel af eigin reynd sem sveitarstjórnarmaður í tæpan áratug í höfuðstað Vestfjarða. Það voru vissulega þung spor að þurfa sífellt að leita suður til nefnda, ráða og stofnana til að fá leyfi og mótframlög til framkvæmda í heimabyggð. Þetta er sú betlistafsbyggðastefna sem Samtök um jafnrétti milli landshluta vilja gjarnan kveða niður.

Á sl. vori tókst góð samstaða milli fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins um tillögur um breytingar á þessari verkaskiptingu. Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir framkvæmd þessara tillagna með samstarfi og í nánu samráði við samtök sveitarfélaga í tveimur áföngum, 1988 og 1989. Þetta er umbótamál landsbyggðarinnar og það á ekki að vera ágreiningsmál. Það er létt verk og löðurmannlegt en um leið illt verk og óþarft að vekja upp úlfúð og tortryggni um framkvæmd þessa máls að óþörfu.

Í fjárlagafrv. kemur fram að kostnaðarauki sveitarfélaga á næsta ári vegna þessa verkefnaflutnings verður bættur, ekki aðeins að fullu heldur miklu meira en það. Í undirbúningi eru breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Skerðing á framlögum til hans verður afnumin í tveimur áföngum. Sérstök deild mun starfa innan Jöfnunarsjóðsins, en tekjum hans verður varið til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna flutnings verkefna frá ríkinu. Það eru þess vegna hreint og sagt fráleit orð þegar menn eru að tala um að þessar tillögur þýði að ekki verði lengur byggð félagsheimili, ekki starfrækt dagvistarheimili og annað slíkt fjas. Þetta eru verkefni sem eiga með réttu heima á vettvangi sveitarstjórna og sveitarstjórnirnar munu ekki tapa á þessum viðskiptum. Þessar tillögur verðskulda vissulega velvild og stuðning allra þeirra sem af einlægni telja sig baráttumenn fyrir sjónarmiðum og hagsmunum hinna dreifðu byggða.

Herra forseti. Dæmi um ómótstæðilega löngun sumra til að slá sig til riddara eru brigslyrði sem látin eru falla um meintan skilningsskort á gildi íþrótta sem á að endurspeglast í fjárlagafrv. Staðreyndirnar eru þær að fyrir tilstuðlan laga sem Alþingi hefur samþykkt hafa fjárráð íþróttahreyfingarinnar a.m.k. fimmfaldast frá því sem var t.d. í fjármálaráðherratíð Alberts Guðmundssonar. Á þessu og næsta ári mun íþróttahreyfingin hafa úr að spila a.m.k. 113 millj. og 120 millj. hvort árið, en árin 1984 og 1985 voru þessi framlög 10½ og 19 millj. kr. hvort árið. Ekkert verkefni á fjárlögum hefur fengið svo stórkostlega bættan fjárhag. Það skiptir ekki máli hvaðan peningarnir koma, hvort þeir koma í framlögum á fjárlögum eða sem tekjur frá lottói. Það sem skiptir máli er að peningarnir séu til ráðstöfunar.

Herra forseti. Ríkisstjórnir eru ólíkrar náttúru. Íslendingar hafa fengið að reyna það á sjálfum sér ótæpilega á undanförnum áratugum hvernig þær ríkisstjórnir reynast sem þykjast í upphafi vilja vera öllum allt, sem vilja sitja, vilja vera en ekki gera. Þær hafa allar endað feril sinn á eina og sömu lund. Þær hafa reynst þeim verst sem þær þóttust vilja best. Dapurleg reynsla af ríkisstjórnarþátttöku Alþb. á liðnum árum er þar enn víti til varnaðar. Ég leyfi mér að vona, herra forseti, að þessi ríkisstjórn reynist þegar upp er staðið annarrar gerðar því að til þess eru vítin að varast þau.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þriggja herbergja 80 m^2 íbúð fjögurra manna fjölskyldunnar hafði farið á nauðungaruppboð. Fjölskyldan var sundruð. Faðirinn, sem að jafnaði vann 14 tíma á sólarhring, leigði eitt herbergi. Móðirin sem einnig vann úti bjó með börnin tvö hjá ættingjum. Fjölskyldufaðirinn var mættur í viðtalstíma félmrh. Þó í svipmóti hans öllu mætti greina uppgjöf horfði hann á mig hvössum augum þegar hann spurði: Hvort ráðleggur þú okkur að skilja til að konan mín hafi möguleika á verkamannabústaðaíbúð með börnin eða að fjölskyldan verði áfram sundruð í nokkur ár þangað til röðin kemur að okkur á biðlista Húsnæðisstofnunar?

Sá næsti í viðtalstímanum var fráskilin einstæð

móðir með tvö börn. Þegar búi þeirra hjóna var skipt kom í ljós að það nægði ekki fyrir skuldum. Hún hafði fengið inni með börnin sín tvö hjá móður sinni í tveggja herbergja íbúð. Hennar erindi til félmrh. var þetta: Þessar aðstæður hafa slæm áhrif á börnin mín. Þarf ég að bíða í tvö ár eftir láni hjá Húsnæðisstofnun?

Í bréfi til mín fyrir skömmu skrifaði sjómaður eftirfarandi: „Þyngsta skref sem ég hef stigið um ævina er að þurfa að leita á náðir félmrh., en ég er tilneyddur. Við hjónin erum að gefast upp.“ — Fjölskylda þessa sjómanns var í annað skipti að missa íbúð undir hamarinn.

Átta af hverjum tíu heimsóknum sem ég hef fengið í viðtalstíma í viku hverri sl. þrjá mánuði sem félmrh. eru erindi af þessum toga. Fjölskyldur eru að brotna niður. Upplausn á heimilum vegna aðstæðna í húsnæðismálum. Fólk sér ekki fram úr þungri greiðslubyrði húsnæðislána. Í húsnæðisfrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, er beðið um heimild fyrir húsnæðismálastjórn til að mega skerða eða hafna láni til þeirra sem eiga stórar skuldlausar eignir fyrir og eru að minnka við sig og þeirra sem eiga fyrir tvær eða fleiri íbúðir til að losa um fjármagn til þeirra verst settu. Nei, þetta er ekki hægt, segja sumir. Reglur þurfa að vera almennar, eins fyrir alla. Það má ekki skammta lánin, ómögulegt að setja málið í hendur Húsnæðisstofnunar, segja gagnrýnisraddirnar. Fyrir gagnrýnishópinn vil ég leggja tvær spurningar.

1. spurning: Í Byggingarsjóði ríkisins verða 6 milljarðar á næsta ári. Það er 1 milljarði meira en allur tekjuskattur einstaklinga. Þessir 6 milljarðar duga liðlega fyrir lánsloforðum til þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og þeirra sem eru að stækka við sig vegna fjölskyldustærðar. Hvar á að taka þá 2–3 milljarða sem vantar til þeirra 2000 umsækjenda sem þá eru eftir og húsnæðiskerfið veitir fyrirheit um lán til á hverju ári? Á að hækka skattana? Eða hvar á að taka peningana? 1 milljarð á núgildandi verðlagi þarf að fjórum árum liðnum til að greiða niður vexti til allra þeirra sem sjálfvirkt hafa nú aðgang að húsnæðiskerfinu. Það er sama upphæð og á næsta ári fer í Framkvæmdasjóð fatlaðra sem og rekstur á öllum stofnunum fyrir fatlaða í landinu.

2. spurning fyrir gagnrýnishópinn: Ef Húsnæðisstofnunin getur samkvæmt núgildandi lögum eftir eigin mati hafnað lánsumsóknum láglaunahópanna, af hverju er henni ekki treystandi til að leggja réttmætt mat á þegar hafna þarf eða skerða lán hjá þeim efnameiri? Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar má áætla að frá því að húsnæðislögin tóku gildi sé þessi hópur efnafólks um 700 manns sem taka til sín um 1 milljarð af fjármagni húsnæðiskerfisins. Það er sama fjárhæð og fer í allt félagslega húsnæðiskerfið á þessu ári. Þetta er álíka stór hópur og sá hópur láglaunafólks sem annaðhvort hefur verið synjað eða ekki fengið afgreiddar sínar umsóknir í nýja húsnæðislánakerfinu.

Hver eru önnur ákvæði húsnæðisfrv.? Jú, að það sé hægt af takmörkuðu fjármagni húsnæðiskerfisins að veita fjögurra manna fjölskyldu, sem býr í tveggja herbergja íbúð og þarf að stækka í þriggja herbergja íbúð, forgang fram yfir lán úr húsnæðiskerfinu til hjóna sem eru í raðhúsi og eru að fara í einbýlishúsið.

En hverjir eru þessir efnameiri í biðröðum Húsnæðisstofnunar? Er þetta ekki fólk sem hefur fengið lán áður úr lífeyrissjóðunum sínum til að kaupa íbúð, fólkið sem eignaðist húsnæði áður en lánin voru verðtryggð fyrir árið 1980, fólkið sem tilheyrir þeirri kynslóð, eins og ég og fleiri, sem áætla má að skuldaði nú 90 milljörðum meira í sínu húsnæði ef þeim hefðu verið búin sömu lánakjör og því fólki sem nú er að koma sér þaki yfir höfuðið og sem ekki má þó setja í forgang umfram þá efnameiri í biðröðinni?

Góðir áheyrendur. Ákvæði húsnæðisfrv. eiga ekki eingöngu að takmarka aðgang efnafólks að niðurgreiddu fjármagni húsnæðiskerfisins heldur einnig að koma í veg fyrir óeðlilega þenslu og verðhækkanir á fasteignamarkaðnum og að loka þurfi húsnæðiskerfinu á nýjan leik að nokkrum mánuðum liðnum. Ekki síst eiga þessi ákvæði frv. að skapa okkur svigrúm til að finna framtíðarlausn í húsnæðiskerfinu. Ég tel að almenna húsnæðiskerfið hafi fyrst og fremst skyldum að gegna við þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn og þá sem eiga litla íbúð fyrir og eru að stækka við sig af fjölskylduástæðum. Síðan þarf bankakerfið að vera í stakk búið til að taka við öðrum og bjóða upp á lengri lánstíma og betri lánakjör en nú tíðkast. Að þessu þarf að vinna.

Hvað félagslega kerfið varðar stefndi í að ekki yrði um neinar nýframkvæmdir að ræða í félagslegum íbúðum á næsta ári. Á fjárlögum er nú gert ráð fyrir að fjármagn til félagslegra íbúða tvöfaldist og hægt sé að hefja byggingu á 600–700 félagslegum íbúðum á næsta ári, þar með taldar kaupleiguíbúðir.

Með kaupleiguíbúðum er opnuð ný leið í húsnæðismálum hér á landi þar sem fólk getur valið milli leigu eða kaupa á íbúð. Hér er einnig um mikið hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða þar sem húsnæðisekla hefur staðið atvinnulífinu fyrir þrifum. Í könnun, sem félmrn. hefur látið gera um áhuga og þörf fyrir kaupleiguíbúðir, kom í ljós mikill áhugi sveitarfélaga og félagasamtaka á þessum valkosti. Um þriðjungur sveitarfélaga eða 80 sveitarfélög auk átta félagasamtaka sem tóku þátt í þessari könnun telja þörf fyrir rúmlega 2000 kaupleiguíbúðir á næstu þremur árum.

Mikilvægt er einnig að leysa vanda þeirra sem lent hafa í miklum greiðsluerfiðleikum vegna íbúðakaupa. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 300 millj. í þessu skyni. Einnig eru hafnar viðræður við forstöðumenn banka og sparisjóða um frekari úrlausn fyrir þessa hópa.

Á fjárlögum hafa framlög til málefna fatlaðra verið aukin verulega eða úr 639 millj. kr. í 968 millj. kr. sem er aukning um 51,4%. Undirbúningur er nú hafinn að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu á

framkvæmdum í þágu fatlaðra. Verður þar lögð sérstök áhersla á sambýli og verndaða vinnustaði.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því að stíga fyrsta skrefið í heildarendurskoðun verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á árinu 1988 með því að flytja nokkur verkefni til sveitarfélaganna. Við þetta er talið að um 200 millj. kr. útgjöld færist frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögunum verða jafnhliða tryggðar auknar tekjur sem þessu nemur.

Um nokkurra ára skeið hafa tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verið skertar. Á þessu þarf að verða breyting. Talið er að þessi skerðing hefði á næsta ári orðið rúmar 500 millj. kr. að óbreyttum reglum. Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1988 náðist sá áfangi að dregið er úr skerðingunni um helming eða 250 millj. kr. Í sambandi við flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga er nauðsynlegt að breyta reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að verulega auknu fjármagni verði veitt til jöfnunar milli sveitarfélaga. Styðja þarf minni og vanmegnugri sveitarfélögin þannig að þau geti haldið uppi eðlilegri félagslegri þjónustu við íbúa sína. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að störf kvenna hjá hinu opinbera verði endurmetin og unnið verði að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu. Að þessu er nú unnið.

Í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hefur einnig verið skipuð nefnd sem ætlað er að leita leiða til að stytta vinnutímann hér á landi án þess að tekjur skerðist.

Góðir áheyrendur. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er að finna mörg mikilvæg ákvæði sem eiga að auka jafnrétti og tryggja félagslegar umbætur og réttlæti í þjóðfélaginu. Þeirri stefnu þarf að fylgja fast eftir. — Góðar stundir.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Er ég heyrði stefnuræðu forsrh. rifjaðist upp fyrir mér lýsing sölumanns nokkurs á bíl sem ég ætlaði að kaupa. Af orðum þessa sölumanns að skilja átti bíllinn að vera búinn ákveðnum kostum og vera sem nýr og það áttu að vera hin bestu kaup að fjárfesta í þessum vagni.

Þegar nánar var að gáð kom í ljós að bíllinn var meira og minna ónýtur. Ryðblettir voru hér og hvar undir lakkinu sem sprautað hafði verið yfir til að fela ryðið. Þá kom í ljós að bíllinn gekk ekki á öllum kertunum og stýrisendar og legur voru í ólagi. Bíllinn hafði heldur ekki verið smurður lengi og rafkerfið var í megnasta ólestri.

Ástand þessa bíls lýsir vel núverandi ríkisstjórn. Allt virðist slétt og fellt á yfirborðinu, eins og ráðherrann hefur lýst hér, en þegar betur er að gáð koma fram ýmsir brestir.

Í síðustu viku var gerð tilraun til að hreinsa þetta ryð úr stjórnarsamstarfinu, en kom þá í ljós að á mörgum stöðum var það komið í gegn. Þrátt fyrir það var reynt að skrapa það upp og spartla þannig að stjórnin liti vel út þegar stefnuræðan yrði flutt.

Það hefur líka sýnt sig að gangtruflanir eru tíðar og segja má að bíllinn hafi verið óökufær í mestallt sumar. Andrúmsloftið hefur verið rafmagnað og sló Útvegsbankamálið út og sýndi hve grunnt er á því góða milli stjórnarflokkanna og hve lítið loft er í dekki hæstv. viðskrh. Hins vegar má segja um annan alþýðuflokksráðherra, hæstv. fjmrh., að of mikið loft sé í hans dekki þannig að varasamt er að keyra bílinn áfram vegna hættu á að dekkið springi og bíllinn fari út af veginum.

Þegar hlýtt er á stefnuræðu forsrh. er það áleitin spurning hvort ekillinn er að taka vinstri eða hægri beygju og hvort hann er að leiða þjóðina til gæfu eða glötunar. Það verður að segjast að það er háskalegt ökulagið sem hann sýnir þjóðinni ef honum tekst að ná því fram sem hann er að boða með skattpíningarstefnu sinni.

Í stefnuræðu forsrh. kemur aðeins óljóst fram hvert ferðinni er heitið og hvergi er minnst á það í hvaða gír keyra á „braggann“ eða hvenær ferðin skuli hafin. Hið eina sem er ljóst er að rekstrarkostnaðurinn er mjög mikill og búið er að tryggja að hinn almenni launþegi borgi þá hættuför sem fyrirhuguð er. Það hafa þeir gert þeir þrír sem sitja í framsætinu og einnig hinir átta sem hafa troðið sér í aftursætið. Hins vegar eru háværar raddir úr aftursætinu um ferðaáætlunina, hver kostnaður má vera við hverja ferð og hvaða staðir eru heimsóttir. Sérstaklega er hæstv. landbrh. óhress með þá stefnu sem honum er ætlað að framfylgja. Hann getur hvorki hugsað sér að minnka kjötfjallið né draga úr smjörfjallinu.

Afstaða landbrh. er ekkert einsdæmi. Hvar sem borið er niður sjáum við sama vandræðaganginn. Viðskrh. getur ekki gert upp hug sinn varðandi sölu á Útvegsbankanum. Félmrh. fær ekki stuðning við nýja húsnæðislánafrv. sitt. Utanrrh. fær ekki frið að greiða atkvæði með frystingu kjarnorkuvopna. Samgrh. getur ekki samið við heimamenn á Egilsstöðum um flugvallarbyggingu. Sjútvrh. getur ekki myndað nýja fiskveiðistefnu. Fjmrh. getur hins vegar boðað matarskatt í óþökk almennings. Aðrir ráðherrar hafa passað sig á því að gera ekki neitt.

Forsrh. ætti við fyrstu sýn að vera nokkur vorkunn að leiða ríkisstjórn sem ekki er hæf til að taka á málum, en þegar betur er að gáð mátti hann vita að ekki næðist samstaða um eitt eða neitt þegar við fæðingu þessarar stjórnar. Því er það ábyrgðarleysi af hans hálfu gagnvart þjóðinni að lengja lífdaga hennar öllu lengur því hún er alls ófær að njóta trausts þjóðarinnar á þeim viðsjárverðu tímum sem í hönd fara. Ríkisstjórnin er búin að glata því tækifæri sem hún hafði til að koma góðærinu inn á heimilin í landinu og nú blasir við stöðnun og harðvítugar deilur á vinnumarkaðnum. Fólkið í landinu krefst þess að þeir sem makað hafa krókinn síðustu árin taki þátt í samneyslunni og standi undir kostnaðinum við þá hættuför sem forsrh. hyggst nú leggja í. Þessi ferð er ekki skipulögð með hagsmuni heildar-

innar í huga heldur einstakra fárra og valdamikilla hagsmunahópa.

Góðir landsmenn. Borgaraflokkurinn var stofnaður sem brjóstvörn einstaklingsins. Borgaraflokkurinn stendur með einstaklingnum hvar sem einstaklingurinn þarf að heyja baráttu sína gagnvart kerfinu — ríkisvaldinu — eða þar sem ofríki eða ofstjórn eru í frammi höfð.

Borgaraflokkurinn á samleið með þjóðinni og þörfum hennar og þess vegna mótmælir Borgaraflokkurinn ákveðið og einarðlega aðför þessarar ríkisstjórnar að almenningi í landinu og hagsmunum hans.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Ef litið er á stefnuskrá Borgaraflokksins má ljóst vera að við hljótum að vera andvíg þeirri stefnu sem núverandi ríkisstjórn boðar og hyggst beita í náinni framtíð. Sumt af því sem þegar er komið til framkvæmda er ómanneskjulegt og bitnar á þeim sem síst skyldi. Ég nefni nýja bifreiðaskattinn sem innheimtur er af þeim sem eru 67 ára og eldri, þó að þeir séu öryrkjar fyrir. Ég nefni að nú er verið að senda öldruðum einstaklingum, sem höfðu niðurfellingu á síma, reikninga að nýju. Þetta eru harðneskjulegar aðfarir og Borgaraflokkurinn, sem er málsvari þeirra sem minna mega sín, mun beita sér gegn þessu með hverjum sem er, hvar sem er og hvenær sem er.

Af stefnuræðunni má ráða að ríkisstjórnin ætlar ekki að standa við þá kjarasamninga sem enn eru í gildi, samninga sem þessir sömu menn kölluðu þjóðarsátt í eina tíð. Allt tal um að forsendur þeirra hafi breyst er út í hött, auk þess sem hægt er með rökum að vefengja kjararannsóknir sem lagðar eru til grundvallar þeim kaupmætti sem talað er um. Kauptaxtar eru óbreyttir frá því sem samið var um.

Það sem skeð hefur er að sumir verktakar og atvinnurekendur hafa verið með yfirborganir og fólk hefur unnið mikla yfirvinnu, bæði til að bæta sinn hag og líka oft af hollustu og samviskusemi. Svo er það m.a. á sjúkrahúsum, hælum og elliheimilum. Samt eru hópar fólks sem verða að láta sér nægja strípaða taxta. Á þeim getur enginn lifað, það viðurkenna allir. Því segi ég: Það er mál til komið að góðærið margrædda sé notað til að stöðva þann ljóta leik að fólk, sem vinnur 8 stunda vinnudag, skuli þurfa að leita sér opinberrar hjálpar til að lifa. Það er hrein móðgun við þetta fólk að ætla því 7% launahækkun nú þegar búið er að dengja yfir það öllum þeim hækkunum sem gert hefur verið síðustu mánuði.

Af öllum þeim ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú kynnt er matarskatturinn illræmdastur, einkum sá síðari. Mér er sagt að 10% matarskattur hækki lánskjaravísitölu um 1,33% og þar með skuldir íbúðaeigenda um 1 milljarð og að aðrar skuldir hækki eftir því. Það hefði nú verið nær að fallast á tillöguna hans Alberts Guðmundssonar í fyrri ríkisstjórn og svæfa lánskjaravísitöluna um leið og aðrar lánskjaravísitölur voru svæfðar. Þá stæðu kannski ekki eins margir frammi fyrir nauðungaruppboðum og í dag. Hæstv. fjmrh. virðist loks orðið það ljóst að hann stendur höllum fæti með matarskattinn. Því ýjar hann að því nú að hann geti kannski samið um að fresta skattinum ef launþegar verði þægir og góðir og geri ekki hærri kröfur en hann fellst á.

Ég minni enn á að samningar eru í fullu gildi. Alþýðusamband Íslands er stofnað til að vera baráttusamtök erfiðismanna á Íslandi. Það eða einstök aðildarfélög þess geta ekki samið um að klípa af bita þeirra sem hafa of lítið fyrir. Það væri að brjóta grundvallarhugsjón samtakanna. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að það gerist.

Á fjórða áratugnum í miðri heimskreppunni sat hér að völdum ríkisstjórn sem kölluð var stjórn hinna vinnandi stétta. Ráðherrar voru aðeins þrír. — Eru þeir ekki nú 11 plús 11, fyrir utan fræðingastóðið? — Ráðherrar þá hétu Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson og Haraldur Guðmundsson. Þessi ríkisstjórn vann það þrekvirki að koma á alþýðutryggingum árið 1936. Ráðherra jafnaðarmanna var Haraldur Guðmundsson. Á bak við hann stóðu kempur eins og Jóhanna Egilsdóttir, Sigurjón Á. Ólafsson, Jón Axel Pétursson, Héðinn Valdimarsson og fleiri og fleiri.

Nú eru tveir einna valdamestu ráðherrar í ríkisstjórn jafnaðarmenn. Hvað gera þeir í mesta góðæri sem gengið hefur yfir þjóðina? Jú, hæstv. fjmrh. hrifsar með matarsköttum bitann af diski fátækra og kastar til þeirra sem ofgnægtir hafa. Og hinn, hæstv. viðskrh., býður þeim með breiðu bökin að fara óttalausir til útlanda og braska þar í kauphöllum. Finnst nú ekki fleirum en mér stutt á milli frjálshyggjudrengjanna og rósariddaranna nýju?

Ég spái að þessi ríkisstjórn verði skammlíf. Og eitt veit ég: Þegar hún kveður verður ekki um hana sagt í eftirmælum: „Hún átti ævina skamma — en göfuga."

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Við höfum nú fengið að verða þeirrar ánægju aðnjótandi að heyra stefnuræðu hæstv. forsrh. Sú ánægja er að vísu blendin. Fyrir margra hluta sakir er ræðan góð sem slík og flutningur í skárra lagi. En þegar kemur að innihaldi hennar fer minna fyrir ánægjunni og meira fyrir vonbrigðunum. Það er ekki heiglum hent að finna stefnu hæstv. forsrh. í ræðunni, enda ekki furða þar sem engin samstaða er um stefnu innan ríkisstjórnarinnar eins og alþjóð hefur orðið vitni að að undanförnu, sbr. fram lagt frv. til fjárlaga, sbr. fram lagt frv. til húsnæðismála, sbr. Útvegsbankamálið, sbr. málefni landbúnaðar, sjávarútvegs, íþrótta og hvað eina sem nafni ber að nefna. Það sem ríkisstjórnin hefur hins vegar náð fullkominni samstöðu um er skattpíningarstefna sú sem birtist í fjárlagafrv.

Matarskatturinn er sá minnisvarði sem þessi ríkisstjórn hefur þegar reist sér og mun ávallt verða

kennd við. Matarskatturinn er einhver lævíslegasta árás sem gerð hefur verið að láglaunafólki þessa lands, barnmörgum fjölskyldum, sjúkum og öðrum er minna eiga undir sér í veraldlegum gæðum. Samt segir hæstv. forsrh. í fyrstu setningunni í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. mun standa vörð um lífskjörin í landinu."

Er matarskatturinn og aðrar álögur, sem nú hafa verið lagðar á allan almenning í landinu, liður í því að vernda lífskjör almennings? Ég bara spyr. Hvernig stendur á því að stjórnvöld geta ekki þolað láglaunamanninum það að kaupmáttur launa hans hefur aukist? Um leið og það uppgötvaðist voru strax gerðar ráðstafanir til að lækka hann á næsta ári, reynt að svíkja gerða samninga og reynt að stilla mönnum upp við vegg með loðnum loforðum um að hugsanlega mætti fresta — athugið, fresta matarskattinum. Enda gerir ríkisvaldið kröfu til þess að almennar launahækkanir á árinu 1988 verði ekki meiri en 7%. Sjálfir fara þessir ágætu herrar ekki fram á mikið. Þeir skammta sjálfum sér aðeins 92% hækkun á launalið ríkisstjórnarinnar. Sem sagt: 7% hjá öllum almenningi jafngildir 92% hjá þeim. Var einhver að tala um jafnaðarmennsku? Svona birtist hún í sinni réttu mynd. Eða hvað sagði ekki hv. þm. Kjartan Jóhannsson í umræðum um stefnuræðu hæstv. þáv. forsrh., Steingríms Hermannssonar? Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ýmislegt bendir líka til þess að misréttið sé að aukast í þjóðfélaginu og byrðum sé misjafnlega skipt. Það er óbærilegt. Sú efnahagsstefna sem felur það í sér er ekki einungis ranglát, hún er líka röng og mun bresta."

Ef þessi orð áttu við þá er enginn vafi á því að þau eiga við nú. Því tel ég fullvíst að hv. þm. Kjartan Jóhannsson styðji stjórnarandstöðuna í baráttunni gegn því óréttlæti sem birtist almenningi í efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar.

Hinn nýi skattur, sem nú er lagður á eigendur bifreiða, hinn svokallaði kílóskattur, leggst þyngst á sömu hópa fólks og matarskatturinn en þó sýnu verr á fyrrverandi öryrkja. Ég segi fyrrverandi öryrkja vegna þess að gert er ráð fyrir því að öryrkjar þurfi ekki að greiða þennan skatt fyrr en þeir hafa náð 67 ára aldri þannig að það hlýtur að vera skilningur hæstv. fjmrh. að með því að ná 67 ára aldri hafi öryrki unnið bug á hverju því meini er gert hafi hann að öryrkja. Já, það er ekki bara í kýrhausnum sem margt er skrýtið.

Árás ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar á íþrótta- og æskulýðsstarf í landinu lýsir ótrúlegu skilningsleysi á mikilvægi slíkrar starfsemi í nútímaþjóðfélagi. Niðurfelling fjárframlaga til Íþróttasjóðs og þar með niðurfelling sjóðsins eru stóralvarleg tíðindi fyrir þá u.þ.b. 100 þúsund iðkendur íþrótta í landinu. Á móti þessu verður að berjast af fullri hörku. Gera mennirnir sér virkilega ekki grein fyrir því að íþróttir spara þjóðfélaginu stórfé á sviði heilbrigðismála, að íþróttir eru eitthvert albesta vopnið í baráttu gegn notkun fíkni- og ávanaefna, að íþróttir móta einstaklinga og skila þeim hæfari út í þjóðfélagið, að afreksmenn okkar á sviði íþrótta eru einhver albesta landkynning sem völ er á? Við eigum að stórauka framlög til íþrótta og viðurkenna mikilvægi þeirra eins og allar aðrar þjóðir heims gera.

Síðan kemur fjmrh. hér upp og talar digurbarkalega um aukinn fjárstuðning við íþróttahreyfingu landsins. Kallar hæstv. fjmrh. það mikla aukningu við íþróttahreyfinguna að skerða framlög úr 26 millj. niður í 14 millj.? Hann talar um að menn séu að slá sig til riddara hér. Hver er að slá sig til riddara á fölskum forsendum? Hver ber lottóið fyrir sig? Lottóið er engan veginn á vegum ríkisins eða ríkisvaldsins. Það eina sem það gerir er að veita lottóinu lögvernd.

Eins og Íþróttasjóður hefur Félagsheimilasjóður einnig verið lagður niður. Báðir eru lagðir niður samkvæmt stefnu stjórnvalda um tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Sú tilfærsla er ekki nánar útfærð nema að því leytinu að efla eigi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er ljóst að efla verður hann stórlega ef hann á að axla skuldbindingar Félagsheimilasjóðs og Íþróttasjóðs vegna framkvæmda sem mislangt eru á veg komnar. Samkvæmt fjárlögum ársins 1987 er um 185 aðila að ræða sem Íþróttasjóður einn er skuldbundinn við. Spurningin er því sú hvort verið sé að velta skuldbindingum ríkisvaldsins vegna þessara sjóða yfir á sveitarfélögin í landinu sem flest mundu alls ekki ráða við slíkt. Ef sveitarfélögin eiga að taka við verkefnum þessara sjóða verða þau að fá að byrja með hreint borð. Ég er ekki að mæla gegn tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. En það verður ekki gert í einu stökki frekar en að fjárlagahallanum verði eytt á einu ári. Það verður að segjast um hæstv. fjmrh. okkar að annaðhvort stígur hann harkalega á hemlana eða hann gefur allt í botn. Svona menn eiga ekki að hafa próf.

Landbúnaðarstefna ríkisstjórnarinnar er í fáum orðum sú að nú skuli ganga milli bols og höfuðs á landbúnaðinum í landinu og birtist hún mjög ljóslega í fjárlagafrv. Ekkert virðist eiga að taka á vanda landbúnaðarins, heldur þvert á móti virðist stefnan vera sú að auka heldur á hann.

En hvað vill Borgaraflokkurinn gera? Borgaraflokkurinn vill fyrir það fyrsta skora á ríkisstjórnina að falla nú þegar frá því að leggja fyrirhugaðan matarskatt á. Við viljum einnig að fallið verði frá bifreiðaskattinum, en verði ekki orðið við því krefjumst við þess að álagning hans verði leiðrétt þannig að hann verði ekki innheimtur af öryrkjum eða öðrum sem áður voru undanþegnir þungaskattinum. Við krefjumst þess að komið verði til móts við bændur og þeim sköpuð rekstrarskilyrði er skili þeim mannsæmandi launum. Við viljum berjast fyrir launafólk í landinu með það takmark að 40 stunda vinnuvika dugi fyrir framfærslu fjölskyldu. Verkefnatilfærsla frá ríki til sveitarfélaga er stefnuskráratriði Borgaraflokksins. Að því ber að stefna á sem

flestum sviðum. En til slíks má ekki kasta til hendinni eins og nú virðist vera að gerast. Þá er það sjálfsögð krafa að sveitarfélögin sjálf séu höfð með í ráðum. Borgaraflokkurinn vill berjast fyrir þá er minna mega sín. Þess vegna mótmælir hann þeirri skattpíningarstefnu sem nú er boðuð á allan almenning í landinu. Borgaraflokkurinn gerir einnig kröfu til þess að ríkisstjórnin hugsi fyrst um hag þegnanna, síðan sinn eigin.

Hæstv. forseti. Ég vil í lokin segja það að ekki er nú allt alvont sem ríkisstjórnin er með á prjónunum. En aðhaldi þarf hún á að halda og það mun Borgaraflokkurinn veita henni í viðleitni okkar fyrir betra Íslandi því að það er sameiginlegt takmark okkar allra.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Sú ríkisstjórn sem við tók 8. júlí sl. hefur feril sinn með viðureign við verðbólguna eins og reyndar flestallar ríkisstjórnir á undanförnum áratugum. Þetta er umhugsunarvert, ekki síst eftir þann góða árangur sem náðist á síðasta kjörtímabili. Verðbólga hefur aukist á ný og mun nú vera um 25% sem er að vísu ekki mikið borið saman við 1983, sem betur fer, en þó allt of mikið fyrir þjóðina að þola um lengri tíma. Auk þess eru hættumerkin augljós. Lítið þarf til að ný verðbólgualda hefjist. Til þess að koma í veg fyrir slíkt, og það verður að gera, er nauðsynlegt að skilja hvað veldur og uppræta meinin. Ætla ég að fjalla um það í nokkrum orðum.

Allt of mikil þensla er það svar sem við fáum og það er eflaust rétt en við hljótum þá einnig að spyrja: Hvað veldur þenslunni? Svarið er að finna á fyrstu síðu þeirrar þjóðhagsáætlunar sem dreift hefur verið hér á hinu háa Alþingi. Þar eru ástæðurnar taldar tekjuaukning í sjávarútvegi, hallarekstur ríkissjóðs, miklar erlendar lántökur og útþensla í bankakerfinu. Þá fyrstu, tekjuaukningu í sjávarútvegi, á ég erfitt með að samþykkja sem verðbólguvald. Eftir erfið undanfarin ár veitir sjávarútveginum ekki af auknum tekjum. Vafalaust er hins vegar að hin þrjú atriðin ráða mestu um þá miklu þenslu sem verið hefur upp á síðkastið og öll eru þau nátengd, þau eru öll peningalegs eðlis.

Í raun og veru segir þjóðhagsáætlun okkur í fáum orðum að fjármagnið hafi leikið lausum hala og til þess megi rekja þensluna sem ógnar efnahagslífinu öllu. Frelsið er gott, en því aðeins verður það til heilla að efnahagslífið sé nógu þróað til þess að þola það og einstaklingarnir nægilega þroskaðir til þess að beita því. Frelsið verður einnig að vera undir eftirliti ríkisvaldsins og þeirra stofnana sem til þess eru settar. Þetta virðist hafa brugðist.

Á þessu ári er talið að erlendar lántökur verði um 4,2 milljörðum kr. meiri en gert var ráð yfir. Þar af eru 2 milljarðar kr. vegna fjármögnunarleigu, sem síðasta ríkisstjórn heimilaði til þess að auðvelda kaup á meiri háttar framleiðslutækjum, en hefur á þessu ári losnað úr böndum. Því fer auðsýnilega fjarri að nægilegt jafnvægi sé orðið í efnahagsmálum þjóðarinnar eftir óðaverðbólgu undanfarinna ára og áratuga og við Íslendingar höfum enn sýnt að í góðæri störfum við meira af kappi en forsjá.

Úr þjóðhagsáætlun má einnig lesa að það eftirlit sem Seðlabanka er falið með lögum hafi brugðist. Fyrir tæpu ári voru vaxtaákvarðanir færðar til Seðlabankans, en þá með því skilyrði að vaxtamunur yrði hóflegur og raunvextir hér svipaðir og gerist í viðskiptalöndum okkar. Í október fyrir ári, segir í þjóðhagsáætlun, voru raunvextir u.þ.b. 5% en eru nú u.þ.b. 9% og langtum hærri en gerist í nágrannalöndum okkar. Vaxtamunur hefur og aukist og mun óvíða eða hvergi vera meiri en hér á landi. Þrátt fyrir lög sem gera bankaeftirlitinu skylt að hafa eftirlit með verðbréfasölu hefur það eftir því sem ég best veit ekkert verið og augljóslega ekki með fjármögnunarleigu eða erlendri lántöku bankanna. Einnig verður að viðurkennast að á meðan á kosningabaráttu og stjórnarmyndun stóð var ekki það eftirlit og aðhald af hálfu ríkisstjórnar sem nauðsynlegt er.

Eftir að Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu reynt flestar aðrar leiðir til stjórnarmyndunar var þess óskað að við framsóknarmenn tækjum þátt í myndun ríkisstjórnar ásamt þessum tveimur flokkum. Á það féllumst við en settum sem ófrávíkjanlegt skilyrði að hinni nýju verðbólguöldu yrði snúið við og jafnvægi skapað í efnahagsmálum þjóðarinnar. Til þess er nauðsynlegt að ríkissjóður verði hallalaus, dregið verði úr erlendri lántöku og hert á stjórn almennra peningamála.

Á tveimur fyrstu þáttunum er tekið með frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári og dregið úr erlendri lántöku um rúmlega 4 milljarða kr. Á þriðja þættinum, stjórn almennra peningamála, er einnig óhjákvæmilegt að taka og mun verða gert. Ég efast um að við verðbólguna verði ráðið ef vextir lækka ekki og fjármagnskostnaður.

Hallalausum ríkisbúskap á að ná bæði með niðurskurði og auknum tekjum. Hvort tveggja er að sjálfsögðu mjög viðkvæmt og eðlilegt að skoðanir um það séu skiptar. Við framsóknarmenn leggjum áherslu á að tekjuaukning ríkissjóðs verði sem mest með því að draga úr skattsvikum eins og að er stefnt. Þó mun ekki verða hjá því komist að skattar verði hækkaðir nokkuð enda hygg ég að orðið sé tímabært að horfast í augu við þá staðreynd að það velferðarkerfi sem við höfum skapað verður ekki rekið með skattheimtunni eins og hún er orðin, því miður. Við framsóknarmenn getum ekki fallist á að draga úr því öryggi og jafnrétti sem nú er veitt í gegnum tryggingar, heilbrigðisþjónustu, félagslega aðstoð og menntakerfið. Ekki verður heldur hjá því komist að gera átak í byggðamálum og nauðsynlegt er að búa vel að æsku þessa lands og heilbrigðum athöfnum eins og t.d. íþróttum. Einnig verður að leggja aukið fé til rannsókna og tilrauna, m.a. til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi og aukinnar framleiðslu á kom-

andi árum. Enda er þetta allt saman vandlega staðfest í þeim stjórnarsáttmála sem flokkarnir hafa gert. Slíkir þættir sem þessir verða að hafa forgang.

Á þenslutímum er skynsamlegast að draga úr framkvæmdum. M.a. efast ég um að rétt sé að gera ráð fyrir lánum til fleiri en t.d. 4000 nýrra íbúða á ári á meðan sú þensla er sem ríkir. Á samdráttartímum gegnir allt öðru máli. Þá á ríkissjóður að stuðla að auknum framkvæmdum. Ríkissjóði á að beita eins og kostur er til þess að skapa jafnvægi í efnahagslífinu. Við það verða menn að sætta sig. Ríkisstjórnin hefur jafnframt tekið þá ákvörðun að byggja á stöðugu gengi. Með því eru línurnar lagðar fyrir kjarasamningana sem fram undan eru. Ljóst er að með þessari ákvörðun er teflt á tæpasta vaðið.

Samkeppnisatvinnugreinar standa ýmsar í erfiðleikum, iðnaðurinn á og í erfiðleikum og fiskvinnslan þolir litlar verðhækkanir. Fram hjá því verður ekki horft að nauðsynlegt er að athuga hvort samkeppnisstöðu iðnaðarins megi bæta, t.d. með því að sporna gegn innflutningi undirboðsvarnings erlendis frá.

Þegar síðustu samningar um kaup og kjör voru gerðir í desember var gert ráð fyrir að kaupmáttur atvinnutekna ykist um sjö af hundraði. Nú er talið að sú aukning verði á árinu um 16 af hundraði að meðaltali og reyndar meiri hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna. Þjóðarframleiðslan hefur einnig aukist mikið eða um 6,5 af hundraði. Það er þó ekki nema rúmlega þriðjungur af kaupmáttaraukningunni. Hin mikla aukning kaupmáttar er því ekki nema að hluta byggð á innlendri framleiðsluaukningu. Að verulegu leyti byggist kaupmátturinn á þeirri erlendu lántöku sem ég hef áður rætt um. Sá kaupmáttur er með öðrum orðum byggður á sandi, því miður.

Ríkisstjórnin leggur til að nú verði staldrað við og áhersla lögð á að varðveita þann mikla kaupmátt sem hefur náðst. Að seilast eftir enn meiri kaupmætti er vonlaust og getur ekki leitt til annars en nýrrar verðbólguöldu. Það er einlæg von okkar framsóknarmanna að um þessa stefnu náist samstaða verkalýðshreyfingar, annarra launþega, atvinnurekenda og ríkisvaldsins. Það er áreiðanlega þjóðinni fyrir bestu.

Stuttur tími minn leyfir ekki umfjöllun um ýmsa aðra mikilvæga málaflokka sem ég hefði viljað ræða um. Í fáum orðum vil ég þó fjalla um þann málaflokk, sem ég hef nú með höndum, utanríkismálin.

Eins og fram kemur í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir að byggja áfram á þeirri grundvallarstefnu í utanríkismálum sem verið hefur á undanförnum áratugum. Í heiminum hafa hins vegar orðið miklar breytingar og um leið á stöðu okkar Íslendinga. Því er eðlilegt að framkvæmd stefnunnar breytist.

Nálægt helmingurinn af þjóðarframleiðslu okkar er fluttur úr landi. Við verðum með hverju ári háðari utanríkisverslun. Í því skyni að nýta utanríkisþjónustuna sem best í þágu þessa mikilvæga þáttar í okkar þjóðarbúskap er ákveðið að flytja útflutningsverslunina til utanrrn. þar sem þegar hefur verið komið á fót sérstakri deild sem um þetta á að fjalla. Trú mín er að þessi breyting muni reynast mikilvæg og farsæl. Þess má geta að Norðmenn eru nú að gera svipaða breytingu hjá sér.

Lögð verður áhersla á aukna aðild okkar Íslendinga að ýmsum mikilvægum ákvörðunum sem teknar eru innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta tengist m.a. og ekki síst þeim breyttu viðhorfum sem nú hillir undir í afvopnunarmálum og bættum samskiptum austurs og vesturs. Við Íslendingar eigum og munum beita okkur eins og við getum fyrir friði, fækkun og eyðingu kjarnorkuvopna og bættu ástandi heimsmála almennt. Við munum gera það með málflutningi og atkvæði okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, innan Atlantshafsbandalagsins og hvar sem við komum fram í samtökum þjóða og á opinberum vettvangi. Það er einlæg von mín að hin íslenska utanríkisþjónusta verði þrátt fyrir fámenni virk og viðurkennd bæði í þjónustu íslensks útflutnings og íslensks mannlífs og reyndar bætts mannlífs í heiminum öllum. Við megum ekki láta smæðina standa í vegi fyrir því að við beitum okkur af alefli hvar sem við getum til þess að þoka málum á betri veg.

Góðir Íslendingar. Hin nýja ríkisstjórn á mörg erfið málefni fram undan. Efnahagsmálin verða e.t.v. stærst en þau verða fleiri. Samkomulag verður að nást um trausta og skynsamlega stjórnun í sjávarútvegi og um búháttabreytingar í landbúnaði eftir þeim leiðum sem ákveðnar hafa verið og um hefur verið samið. Ná verður saman um skynsamlega framkvæmd í húsnæðismálum í samræmi við það sem okkur er fjárhagslega kleift, um uppstokkun verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og um yfirstjórn náttúruverndarmála á einni hendi svo eitthvað sé nefnt. Skiptar skoðanir munu reynast á milli manna og flokka um þessi mál en það er mín einlæg von að stjórnarflokkarnir beri gæfu til að vinna þannig saman að ríkisstjórnin sitji út kjörtímabilið. Þjóðinni er fátt nauðsynlegra en stöðugleiki í stjórnmálum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á stundu sem þessari er rétt að rifja það upp í örfáum orðum hvernig staðið var að stjórnarmyndun eftir kosningarnar á þessu ári.

Það kom fljótlega í ljós að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. töldu að erfitt væri að semja við framsóknarmenn. Áhuginn var mestur á að snúa sér að Kvennalista sem tilkynnti þeim með bros á vör að þær mundu selja sig dýrt. Það kom hik á þetta lið. Þeir leituðu ýmissa annarra leiða. Niðurstaðan varð sú að þeir gáfust upp í stjórnarmyndunarviðræðum og sáu að án framsóknar gætu þeir ekki myndað ríkisstjórn. En þeir vissu jafnframt að Framsfl. væri ekki til sölu. Þeir vissu að það þýddi mjög ákveðið að stefnumál Framsfl. yrði að virða í þeirri ríkisstjórn

sem tæki við.

Þá var mest lagt upp úr útlitinu. Menn trúðu því að ákveðnir ráðherrastólar gerðu menn stóra, aðrir ráðherrastólar mundu gera menn minni. Nú er það svo að ég hygg að sagan muni dæma það á þann veg að sumir ráðherrastólar stækki við það að ákveðnir menn sitja í þeim en öðrum ráðherrastólum hætti til að minnka ef mennirnir eru ekki nægilega stórir fyrir þá stóla sem þeir setjast í.

Seinasta ríkisstjórn skilaði Íslandi hagvexti og framförum. Hún skilaði einnig efnahagslegu jafnvægi. En nýgræðingurinn sem fór af stað í atvinnulegu tilliti í seinustu ríkisstjórn er ekki enn orðinn svo traustur að hann þoli að standa óstuddur. Þar á ég bæði við fiskeldið sem á eftir að færa þessari þjóð mikinn auð og einnig loðdýraræktina.

Ég vil ekki trúa því að óreyndu þrátt fyrir tillögur í fjárlagafrv. að Alþingi Íslendinga hiki við að sjá til þess að viðhalda vísindastarfsemi og rannsóknum til þess að tryggja framgang nýrra atvinnugreina í landinu. Ég trúi ekki öðru en að Alþingi tryggi slíkt hvað sem líður tillögum í fjárlagafrv.

Það eru viss hættuatriði sem blasa við í íslensku efnahagslífi. Sumir telja að þá sé aðalatriðið að binda sig fastan við viss markmið, vissa stefnu, og það er stagast á því að það eigi að vera fast gengi á íslenskri krónu. Það er nú svo að mikil mega þau völd vera hjá íslenskum ráðherrum ef þeir telja sig hafa alla þá þætti í hendi, stjórnunarlega séð, sem þarf til þess að tryggja fastgengisstefnu. Það eru *meiri völd en nokkrir ráðherrar annars staðar í* heiminum hafa. Ég vona að þeir geri sér grein fyrir þessu þegar þeir fara að skoða þetta betur.

Athyglisvert er að þegar borin er saman þróun lánskjaravísitölunnar og meðalgengis íslensku krónunnar frá 1979 til dagsins í dag kemur í ljós að lánskjaravísitalan hefur hækkað úr 100 stigum í tæp 1800 stig á sama tíma og meðalgengi krónunnar hefur tekið þeim breytingum að færast frá 100 upp undir 800. Hver mundi trúa því að þetta ætti eftir að gerast sem samþykkti lánskjaravísitölu á sínum tíma? Það hefði verið betra að bjóða gulltryggingu krónunnar en þá hringavitleysu sem þetta leiðir til.

Og þegar hæstv. félmrh. stendur upp ákveðinn og kvartar yfir því að erfiðleikar blasi við húsbyggjendum þessa lands væri hyggilegast að snúa sér að viðskrh. og fjmrh. og spyrja: Hvert ætlið þið með arðinn af fjármagninu? Hvað ætlið þið að fara hátt með vextina? Hvernig haldið þið að fari fyrir þeim einstaklingum sem þyrftu að borga 8,5% ofan á vísitöluna til þess að halda sínu húsnæði eða ganga að enn þá meiri afarkostum?

Nei, hún hefur þá báða Jónana til að tugta til og ég vona að hún dugi vel til þeirra hluta en vissulega ætlast ég til þess að mínir samflokksmenn í þingflokknum þoli það einnig þó að þar hvessi á milli.

Ég vil undirstrika að þessari ríkisstjórn stendur hætta af því hvað stjórnarandstaðan er léleg. Hættan stafar af því að harðskeytt stjórnarandstaða hefur löngum orðið til þess að berja stjórnarsinna saman. Það virðist hins vegar vera þannig ástandið núna að þeim stafi svo lítil hætta af stjórnarandstöðunni að þeir rífist óhóflega innbyrðis. Auðvitað er það svo að þegar sá stjórnarandstöðuflokkurinn sem hefur nú einna mestu reynsluna, Alþb., býr við það innanmein að slátra sínum foringja til heimabrúks samkvæmt lögum sem þeir hafa sjálfir sett sér og sitja uppi með harðvítugar deilur um hver eigi að taka við blasir það við þjóðinni að flokkur sem ekki fær stjórnað sjálfum sér er að sjálfsögðu óhæfur til að fara í ríkisstjórn.

En hvað sem því líður er það grundvallaratriði að þeir sem standa að þessari ríkisstjórn verða að gera sér grein fyrir að íslensk þjóð líður þeim sem fara með völd í þessu landi engan leikaraskap. Það verður að vinna að réttlætismálum og það verður að *ná sáttum í mörgum deilumálum milli þeirra aðila* sem mynda þessa ríkisstjórn. Það skyldi engan undra að jafnólíkir flokkar hafi ólíkar skoðanir. En ég hef ekki trú á að það verði þessum flokkum til gæfu eða gengis ef menn ekki reyna að stilla saman strengina og ná árangri til hagsbótar fyrir land og lýð. Þá hefði verið betra að standa ekki að ríkisstjórn ef menn ekki treysta sér til að vinna þannig og ég vil ekki trúa öðru um íslenska ráðherra en að þeir reyni að láta þetta stjórnarsamstarf verða til gæfu fyrir íslenska þjóð. — Lifið heil.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við hlýddum *áðan á stefnuræðu hæstv. forsrh., þá fyrstu eftir* kosningar sem skiluðu fleiri konum inn á Alþingi en nokkurn tíma áður. Konur eru nú rúmlega 20% af þingheimi. Það er vissulega skref í áttina en nær þó enn allt of skammt.

En hvaða boðskap var ráðherrann að flytja konum þessa lands? Það vantaði að vísu ekki fögur orð og fyrirheit en lítið fór fyrir því hvernig ríkisstjórnin hyggst hrinda þeim í framkvæmd. Eitt fyrirheit snerist um fjölskyldustefnu með velferð barna sérstaklega í huga. Þið heyrðuð hæstv. forsrh. segja að ríkisstjórnin ætli að gera átak til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Þetta eru falleg orð en aðgerðir ríkisstjórnarinnar undanfarið hafa verið í hróplegu ósamræmi við þessa yfirlýsingu. T.d. hefur ríkisstjórnin með fjmrh. í fararbroddi lagt skatt á matvæli. Það bitnar harðast á barnflestu fjölskyldunum. Við tökum líka eftir að framlag til dagvistarheimila hefur alveg gleymst í fjárlagafrv. Er þetta framkvæmd á þeirri fjölskyldustefnu sem hæstv. forsrh. er nú að tala um?

Nú boða sömu ráðherrar að ekki sé neitt svigrúm til launahækkana. Þeir ætla sér að festa láglaunastefnuna í sessi en sú óheillastefna bitnar fyrst og fremst á konum. Kvennalistinn hefur ítrekað lagt fram tillögur um skatt á hátekjur, stóreignir og eignatekjur. Á þær tillögur hefur ekki verið hlustað. Ætli slík tekjuöflun hefði ekki komið réttlátar niður en matarskatturinn? Ríkisstjórnin hefur sannarlega

skrýtnar hugmyndir um það hvernig koma eigi til móts við gjörbreyttar þarfir fjölskyldna í landinu.

Sagt er að kaupmáttur atvinnutekna hafi aldrei verið meiri en nú. En hvað þýðir það? Jú, að meðaltali hafa tekjur fólks hækkað og að meðaltali hefur kaupmáttur aukist. Á þessu ári hefur hver fjögurra manna fjölskylda að meðaltali rúmar tvær milljónir króna til einkaneyslu. Það er ótrúleg tala. Ég held það væri ríkisstjórninni hollt að líta á það hve margir lenda undir þessum meðaltalstölum sem alltaf er verið að veifa. Og hverjir eru það sem fá kjarabætur? Það eru ekki konurnar sem vinna í frystihúsunum eða á barnaheimilunum eða þá kennararnir sem eru að búa börnin okkar undir framtíðina. Það eru heldur ekki konurnar sem annast sjúka og aldraða. Þeir sem mest höfðu fyrir fá enn meira en þeir sem minnst höfðu eiga enn erfiðara með að láta enda ná saman. Af hverju er hækkun hæstu launanna ekki látin ganga niður allan launastigann?

Eftir kosningar í vor lögðu kvennalistakonur áherslu á hækkun lægstu launa. Þá lögðust allir á eitt um að sannfæra okkur um að verðbólgan mundi æða af stað ef lægstu launin yrðu hækkuð. Það var sama hvort talað var við fulltrúa frá Vinnuveitendasambandinu eða verkalýðshreyfingunni. Óframkvæmanlegt, var svarið. Á flestum bæjum er því launamunurinn álitinn lögmál sem ekki er hægt að breyta.

Nú á almenningur að sýna ráðdeild og spara til að geta keypt hlutabréf. Það væri fróðlegt að vita um hvaða hópa forsrh. er að tala. Hvaða fólk er það sem hann heldur að hafi svo mikinn afgang af launum sínum að það kaupi hlutabréf, ríkisskuldabréf, og fjárfesti síðan erlendis þegar það er búið að borga matarskattinn sinn?

Öruggt húsnæði ætti að teljast ein helsta undirstaða í velferðarþjóðfélagi. Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru sífelldar deilur um húsnæðismál. Nú virðist það sama ætla að endurtaka sig. Í stjórnarflokkunum er hver höndin upp á móti annarri eins og heyra mátti landshorna á milli frá umræðum hér á Alþingi í gær. Brýnt er að breyta áherslum í húsnæðismálum. Félagslegt húsnæði á að hafa forgang. Fólk verður einnig að geta valið um hvort það leigir eða festir kaup á húsnæði. Við verðum að afnema þá kvöð á fólki að það sé neytt til að verja bestu árum ævi sinnar í að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Hæstv. forsrh. kom vissulega víða við í ræðu sinni. Það vakti hins vegar athygli að umhverfismálunum gleymdi hann næstum alveg. Þó er nýlokið náttúruverndarþingi þar sem fólk var sammála um að ekki megi dragast að sameina helstu þætti umhverfismála í eitt ráðuneyti, málaflokka eins og almenna náttúruvernd, mengunarmál og skipulagsmál. Öll hin Norðurlöndin hafa stofnað sérstök umhverfisráðuneyti. Við kvennalistakonur lögðum ríka áherslu á umhverfismálin í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor. Sú ríkisstjórn sem mynduð var tregðast hins vegar við og það getur orðið afdrifaríkt fyrir umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu auðlinda.

Undanfarin ár og sérstaklega eftir fund leiðtoga risaveldanna í Reykjavík hafa Íslendingar fylgst með friðar- og afvopnunarmálum af enn meiri áhuga en áður. Íslendingar vilja að landið verði lýst kjarnorkuvopnalaust og telja vitfirrt vígbúnaðarkapphlaup ekki leið til friðar. Við kvennalistakonur fögnum því að svo virðist sem utanrrh. hafi verið að átta sig á þessu að undanförnu. Hann tekur nú undir ýmislegt af því sem Kvennalistinn og fleiri hafa haldið fram. Þannig er því nú slegið föstu að á Íslandi megi ekki staðsetja kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum, og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna styður Ísland tillögur um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar. Þessi stefnubreyting er góðra gjalda verð og vonandi bregða samstarfsflokkar í ríkisstjórn ekki fæti fyrir þessi ánægjulegu sinnaskipti. Þótt hugarfarsbreyting hafi orðið hjá utanrrh. kvað við annan tón í forsrh. hér áðan þegar hann talaði um kjarnorkuvopnalaus svæði. Hugmyndum þar að lútandi fann hann flest til foráttu.

Afstaða Íslands á alþjóðavettvangi skiptir miklu máli, en hitt er þó mikilsverðara að við stöndum þannig að málum á okkar eigin landi að við leggjum lóð á vogarskál friðar og afvopnunar. Áframhaldandi hernaðarframkvæmdir víða um land eru ekki slíkt framlag. Við bíðum því eftir stefnubreytingu utanrrh. einnig á þessu sviði.

Kvennalistakonur tóku þátt í að reyna að mynda ríkisstjórn sl. vor eftir mikinn sigur í kosningum. Það tókst ekki eins og alþjóð er kunnugt. Við vildum ekki starfa í ríkisstjórn þar sem kvennapólitísk sjónarmið voru ekki virt. Það er ekki nóg að fá fallega stóla til að sitja í og fallega mynd á forsíður dagblaðanna. Kvennalistakonur eru komnar til að hafa áhrif. Þær vilja enga sýndarmennsku. Við viljum aðra forgangsröð og aðrar áherslur. Á það hefur ekki verið hlustað. Fögur fyrirheit þeirra sem nú fara með völdin hrökkva skammt því að athafnirnar stefna í þveröfuga átt. Það er ekki endalaust hægt að fara með fólkið í landinu eins og tölur á blaði.

Góðir hlustendur. Þótt Kvennalistinn ynni góðan sigur í vor nægði hann ekki til að knýja fram þær breytingar sem við stefnum að. En sá tími kemur. Þá mun vora í samfélaginu fyrir konur og börn og um leið fyrir okkur öll.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þegar stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar lítur dagsins ljós vakna margar spurningar um það hvað í henni felist og hvaða leiðir verði valdar að þeim markmiðum sem hún setur sér.

Í öllum umræðum um það sem helst er við að glíma núna fara gjarnan saman orðin þensla og góðæri. Hin takmarkaða þýðing þeirra vill hins vegar gleymast. Þannig er þenslan staðbundið vandamál sem takmarkast við höfuðborgina og næsta nágrenni hennar. Helst mætti ætla að þeir sem

sífellt tala um þensluna í þjóðfélaginu hafi ekki komið út fyrir malbik í þó nokkurn tíma.

Góðærið margumtalaða takmarkast við þá fáu sem þess hafa notið, ekki þorra landsmanna. Þyngjur láglaunafólks eru enn léttar meðan kjör hinna betur megandi hafa stöðugt batnað. Á þessari stundu er ekkert sem bendir til þess að á þessu verði breyting á næstunni. Hugmyndaflug ríkisstjórnarinnar beinist að léttari þyngjunum með því að leggja skatt á brýnustu nauðsynjar. Eins og öllum er ljóst er stærsti hópur hinna lágt launuðu konur, konur sem vinnumarkaðurinn hefur kallað til sín vegna breyttra þjóðfélagshátta. Þannig eru konur uppistaðan í starfsstéttum sem m.a. tengjast umönnun, barnauppeldi, fræðslu og fiskvinnslu. Allir eru sammála um þá ábyrgð sem slíkum störfum fylgir, en annað er uppi á teningnum þegar meta skal þau til launa.

Þrátt fyrir síaukna þátttöku kvenna í atvinnulífinu gegna þær enn þá hinum lífsnauðsynlegu störfum inni á heimilunum. Í flestum tilfellum fellur það í þeirra hlut að sjá um viðurværi einstaklinganna, að fæða þá og klæða og skipta réttlátlega því sem til ráðstöfunar er. Þessi störf ásamt listum og menningu eru gjarnan lofuð á hátíðarstundum en stórlega vanmetin í dagsins önn.

Með sköpunargleði og hugvitsemi sínu hafa konur skapað listaverk en jafnframt búið til skjólgóðar flíkur. Þær hafa búið til mynstur sem hentar hverju einu, valið liti og raðað saman og gert sér grein fyrir hlutverki hinna fínustu þráða og litbrigða í þeirri heildarmynd sem þær vilja skapa. Þannig fær jafnvel hið smæsta notið sín. Þetta ásamt öðru hefur gefið konum þá yfirsýn sem nauðsynleg er þegar taka þarf tillit til margra mismunandi þátta sem eiga að mynda eina samstæða heild.

Hvað varðar hagsæld okkar og réttláta skiptingu þess sem þjóð okkar ber úr býtum stöndum við nú á krossgötum, ekki aðeins gagnvart skiptingunni milli einstaklinganna heldur einnig milli dreifbýlis og þéttbýlis. Við verðum að búa til gott og heilsteypt mynstur sem rúmar okkur öll og metur okkur að verðleikum.

Ríkisstjórnin lítur á það sem eitt af meginverkefnum sínum, eins og segir í stefnuskrá hennar, með leyfi hæstv. foseta, „að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni". Og hvernig ætlar hún að ná fram þessu mikilvæga markmiði? Stjórnvöld hafa á undanförnum árum misst niður allt of margar lykkjur í sínum prjónaskap. Það gengur ekki lengur að prjóna bara suðvesturermina. Ef svo fer sem horfir stefnir í skjóllitla flík sem yljar aðeins hluta landsmanna og það er skammgóður vermir.

Við kvennalistakonur höfum frá upphafi starfs okkar aðhyllst valddreifingu og ástundað hana með góðum árangri innan eigin raða. Við teljum því jákvætt skref stigið með því að dreifa valdi út til sveitarfélaganna og auka þannig sjálfstæði þeirra og ábyrgð. En það verður að vera tryggt fyrir fram hverjir verða í raun tekjustofnar sveitarfélaganna þannig að þau verði örugglega fullfær um að taka á sig þau verkefni sem til er ætlast. Enn liggur ekki nákvæmlega fyrir hvernig þetta verður framkvæmt né heldur hvernig geta minnstu sveitarfélaganna verður tryggð. Í fjárlagafrv. kemur heldur hvergi fram hvenær ríkið ætlar að gera upp skuldir sínar við sveitarfélögin, skuldir sem ná mörg ár aftur í tímann og eru að sliga mörg hinna minni sveitarfélaga.

Ein meginundirstaða blómstrandi byggðar í landinu er að boðið sé upp á sambærilega þjónustu t.d. á sviði menntunar og heilsuverndar um land allt. En það verður að ganga frá öllum lausum endum áður en nokkur afgerandi skref eru stigin. Á þessari stundu, þegar enn einu sinni eru skert lögbundin framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fer ekki hjá því að menn efist um raunverulegan vilja stjórnvalda í þessum efnum.

Bændur landsins hafa um árabil búið við mikla óvissu vegna þess samdráttar í framleiðslu sem nauðsynlegur er. Landbúnaðurinn er sú atvinnugrein sem hvað mesta þörf hefur fyrir nýsköpun. Ríkisstjórnin setur sér eftirfarandi markmið: „að treysta starfsskilyrði í landbúnaði og bæta hag bænda", jafnframt að „menntun, starfsfræðsla og rannsóknir verði efldar". Engum blandast hugur um nauðsyn menntunar og rannsókna í atvinnugrein sem stendur á þvílíkum tímamótum, en hvernig ríkisstjórnin ætlar að ná fram þessum markmiðum með stórfelldum niðurskurði til ráðunauta og rannsókna er með öllu óskiljanlegt.

Allir sem til þekkja vita hver lífæð hafnir landsins eru. Margar þeirra eru nú í alls óviðunandi ástandi. Stórskert framlag til hafnaframkvæmda styrkir því heldur ekki trúna á hina svokölluðu byggðastefnu ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. minntist í ræðu sinni á einhug og samtakamátt. Gerir hann sér í raun vonir um að einhugur geti ríkt í þeirri spillingu og neðanjarðarstarfsemi sem viðgengst í launakerfinu eða jafnvel að fólk finni til samtakamáttar við núverandi aðstæður? Það er forkastanlegt að hið opinbera skuli taka fullan þátt í þeim skollaleik yfirborgana undir borðið sem tíðkast þar sem laun fólks fara eftir ýtni þess sjálfs eða slyngni yfirmanna tiltekinna stofnana. Við byggjum ekki upp heilsteypt þjóðfélag á sérhagsmunum. Þar eð hæstv. fjmrh. hefur boðað mikla tiltekt í sínu ráðuneyti hlýtur það að verða eitt af hans fyrstu verkum að fara undir borðið og taka til hendinni og dreifa því fé sem þar finnst til allra.

Eins og fram kom í stjórnarmyndunarviðræðunum sl. sumar er það skýlaus krafa Kvennalistans að ekki séu greidd lægri laun fyrir fulla vinnu en svo að þau dugi til framfærslu einstaklings. Ekki náðist samkomulag um þetta og enn er langt frá því að þessu hóflega marki okkar sé náð. Það er til háborinnar skammar fyrir eina af ríkustu þjóðum heims. Hæstv. forsrh. sagði áðan að meðaltalskaupmáttur launa hefði aldrei verið meiri. Hitt vita allir að launabilið hefur aldrei verið stærra.

Góðir áheyrendur. Prjónauppskrift ríkisstjórnarinnar gengur ekki upp. Til þess að komast fyrir vitleysurnar þarf að rekja upp og prjóna nýtt. Við kvennalistakonur viljum nýtt verðmætamat og nýja lífssýn. Það teljum við vænlega uppskrift að skjólgóðri flík sem rúmar landsmenn alla.

Ég þakka áheyrnina. — Góða nótt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í stefnuræðu forsrh. og í stjórnarsáttmálanum segir að eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar sé að auka jafnrétti og koma á jafnvægi í byggðum landsins. Á óbeinan hátt víkur forsrh. víða að því mikla misrétti sem hér ríkir og alltaf færist í vöxt og vill að fólk sættist hvert við annað og við sín kjör, taki þegjandi við því sem valdhöfunum þóknast að það fái að halda eftir af því sem það aflar. Hvergi er þó komið að kjarnanum í því mikla vandamáli sem við þjóðinni blasir, en mörgum orðum eytt í að viðhalda blekkingarhulunni. Það er eins og eigi að nota öll fögru orðin og fyrirheitin sem snuð upp í almenning og fólk treysti á forræði og forsjá landsfeðranna og taki því með þögn og þolinmæði þótt ekkert bóli á aðgerðum í jafnréttisátt heldur þvert á móti.

Það er annað markmið öllu fyrirferðarmeira í stefnuræðu forsrh. og í stjórnarsáttmálanum, markmið sem er í beinni andstöðu við jafnrétti, frelsi fólks að taka ábyrgð á eigin lífi og samfélagi. Þessir landsfeður kalla þetta einstaklingsfrelsi sem byggir á rétti þeirra sem hafa sterkustu aðstöðuna að sölsa undir sig fjármagn og völd á annarra kostnað. Það fer ekki fram hjá neinum að fjármunir og völd eru sífellt að færast á færri hendur á kostnað landsbyggðar, á kostnað þeirra fjölmörgu sem hafa lökustu samkeppnisaðstöðuna. Það þarf ekki annað en fara um höfuðborgarsvæðið til að sjá hvert þeir fjármunir hafa farið sem framleiðslustéttirnar til lands og sjávar hafa unnið fyrir. Sjón er sögu ríkari.

Það kerfi sem við búum við byggist á sérhæfingu og samkeppni þar sem eigin hagsmunahyggja og takmarkað sjónsvið þeirra sem sitja á valdastólum leiðir til misréttis, skammsýni og að lokum ringulreiðar þar sem engin leið er að hafa yfirsýn yfir sviðið. Samtök jafnréttis og félagshyggju eru breytingarafl, hópur fólks sem sér að við verðum að fara nýjar leiðir til að ná raunhæfum árangri. Við sættum okkur ekki við að málefnin séu látin víkja fyrir annarlegum sjónarmiðum. Við sjáum að í núverandi ríkisstjórn er auðgildið sett ofar manngildinu. Jafnréttið, lagfæringar á aðstöðumun, hækkun lægstu launa, landsbyggðarstefna o.fl. á að bíða betri tíma þar sem ekki eru finnanlegir fjármunir til slíkra hluta — eða það segja forustumenn stjórnarflokkanna. Þetta segja þeir og það í mesta góðæri sem þjóðinni hefur hlotnast í langan tíma. Hvenær verða þá peningar finnanlegir til að jafna launin og minnka aðstöðumuninn í okkar þjóðfélagi eða vantar raunverulegan vilja hjá stjórnarliðinu til að halda uppi virkari byggðastefnu og hrinda í framkvæmd þjóðhagslegum aðgerðum til að vinna gegn vaxandi misrétti? Forustumenn ríkisstjórnarinnar virðast a.m.k. hafa gleymt hinum fleygu orðum og gildi þeirra: „Vilji er allt sem þarf."

Það var 1979 sem ég talaði fyrst um það á þingflokksfundi framsóknarmanna að ef ekki yrði tekið á málefnum landsbyggðarinnar á þann hátt að lífsaðstaða þar væri ekki miklu lakari en á höfuðborgarsvæðinu væri stutt í að uppstokkun yrði í öllum stjórnmálaflokkunum því landsbyggðarfólkið mundi ekki sætta sig til lengdar við að vera meðhöndlað sem annars flokks fólk með lakari launakjör og aðstöðu alla en byggðakjarninn á suðvesturhorninu. Ég hef endurtekið þessi aðvörunarorð oft og mörgum sinnum síðan, m.a. úr þessum ræðustól. Einu viðbrögðin sem ég hef orðið var við er að sumir þm. hafa kvartað undan því að ég skuli hafa slíkan málflutning í frammi. Það var talið illt verk að ýta undir togstreitu á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Eru þessir stjórnmálamenn svo blindir að þeir skilji ekki hvaða ástæður valda því að svo er nú komið að landsbyggðarfólkið er að rísa upp og krefjast réttar síns?

Fyrir kosningar var taugatitringur í flestum frambjóðendum í kjördæmum á landsbyggðinni, enda virtust þeir skilja þá hvernig kjördæmin á landsbyggðinni höfðu verið afskipt á liðnum árum, enda gat ekki fram hjá þeim farið hvernig staða t.d. strjálbýlisins er. Þar ríkir svartsýni og öryggisleysi, sérstaklega meðal þeirra sem leggja stund á sauðfjárbúskap. Í landbúnaði fer nú fram stórfelldari eignaupptaka en áður hefur þekkst í okkar þjóðfélagi. Margir eru þeirrar skoðunar að heil héruð verði yfirgefin þegar þeir bændur sem búa nú gefast upp sökum fátæktar og aldurs þar sem yngra fólkið sér nú enga möguleika til þess að hefja búskap að öllu óbreyttu, enda mundi það ekki sætta sig við þá aðstöðu og launakjör sem foreldrar þess búa við.

Þegar vel gengur í sjávarútvegi er góðæri í landinu og öfugt. Hinir mörgu og oft smáu þéttbýliskjarnar við sjávarsíðuna og það fólk sem þar býr eru burðarás þessa atvinnuvegar. Þessi byggðarlög og störf þessa fólks hafa ekki notið þeirrar viðurkenningar sem eðlilegt má telja og ég vil segja sem því ber. Ég tel að það sé eitt af höfuðverkefnum að bæta kjör fiskvinnslufólks og eitt mesta byggðamál okkar í dag. Það er blátt áfram til skammar hve litlu fjármagni er varið til hafnaframkvæmda miðað við ástand hafna. Skip eru í stöðugri hættu að verða fyrir tjóni ef eitthvað er að veðri inni í höfnunum. Þetta tómlæti og skilningsleysi um að viðhalda og byggja upp hafnirnar sýnir vanmat valdhafanna á aðstöðu sjómanna og útgerðar sem er sá atvinnuvegur sem færir þjóðinni mesta björg í bú.

Þá er það matarskatturinn. Um næstu mánaðamót er fyrirhugað að leggja 10% söluskatt á allar búvörur. Uppi eru hugmyndir um að hækka hann síðar upp í 18%. Sé reiknað með að salan verði lík á næsta ári og hún er í ár má reikna með að heildarsalan á búvörum verði um 13 milljarðar og þá 10% sölu-

skattur á ársgrundvelli 1,3 milljarðar. Ef skatturinn yrði 18% miðað við sömu forsendur ætti hann að skila til ríkissjóðs tæplega 2,4 milljörðum. Hér er eingöngu átt við söluskatt á innlenda búvöruframleiðslu. Athyglisvert er að ríkisstjórnin segir að söluskatturinn á búvörunum muni skila í ríkissjóð 150 millj. þessa tvo mánuði til áramóta þrátt fyrir að niðurgreiðslur verði auknar um 75 millj. þennan tíma. Framleiðsluráð telur að með óbreyttri neyslu gefi skatturinn 216 millj. a.m.k. Því virðist sem ríkisstjórnin geri ráð fyrir minni neyslu eða að verslunin skili ekki nema tveimur, þremur hlutum af innheimtum söluskatti. Getur það verið að ríkisstjórnin telji að ekki séu betri skil á innheimtum söluskatti yfirleitt?

Nú er gert ráð fyrir að þessi matarskattur verði síðan hækkaður upp í 18% og niðurgreiðslur aflagðar. Má vera að ef af slíkri skattheimtu verður náist það langþráða markmið sumra stjórnmálamanna sem þeir kalla raunhæfa byggðastefnu, þ.e. að greiða landbúnaðinum það þungt högg að það ríði honum víða að fullu.

En þessi skattheimta hefur fleiri neikvæð áhrif í för með sér. Um síðustu mánaðamót hækkaði allt kaup í landinu um 7,23%. Þeir sem höfðu í síðasta mánuði 28 500 kr. fengu hækkun um 2000 kr. Þetta er stærri hópur en sumir vilja viðurkenna, að stærstum hluta konur. Hinir tekjuhæstu fengu um 10–16 000 kr. hækkun og einstaka meira. Ráðherrar sögðu að kaupmáttur mundi skerðast um 2% af þessum sökum, en slík reikningskúnst er miðuð við meðaltal. Það fólk sem hefur lægstu launin fer með allt sitt kaup í mat og húsnæðiskostnað. 2000–3000 kr. hækkunin fer því að mestu leyti í þennan matarskatt og því er kaupmáttarskerðing þess margfalt uppgefið meðaltal. Og ætli kaupmáttur þessa fólks hafi hækkað mikið á þessu ári? Það er allt miðað við meðaltöl. Hins vegar mun kaupmátturinn hjá þeim tekjuháu ekki skerðast af matarskattinum nema um 1% og í sumum tilfellum minna. Þannig vinnur þessi ríkisstjórn að launajafnrétti í þjóðfélaginu eða hitt þó heldur. Það góða sem ríkisstjórnin segist ætla að gera, það gerir hún ekki. Því ætti almenningur að vera búinn að átta sig á.

Eitt dæmið enn er vaxtahækkunin. Í stjórnarsáttmálanum er talað um hóflega raunvexti og fyrir kosningar töluðu frambjóðendur stjórnarflokkanna um að vextir mundu lækka á þessu ári. Þegar gengið var til kosninga í vor voru vextir á óverðtryggðum lánum 21,5%, en nú eru þeir 31% og það var sagt í fréttum í dag að um mánaðamótin mundi a.m.k. einn banki hækka þá upp í 32,5%. Nú segja líka landsfeðurnir að búast megi við að vextir muni enn hækka í kjölfarið á þessum efnahagsráðstöfunum. Nú eru vextir á verðtryggðum skuldabréfum 9% og enn hærri á gráa fjármagnsmarkaðnum sem hefur engar skyldur og hefur með starfsemi sinni leitt til þess að vextir hafa verið og eru í raun og veru á uppboði. Vaxtastefnan, vaxtahækkunin er aðalverðbólguvaldurinn í þessu þjóðfélagi. Sem sagt er allt á sömu bókina lært hjá þessari ríkisstjórn.

Hér að framan hef ég lýst störfum ríkisstjórnarinnar og vegna verka hennar vilja samtök jafnréttis og félagshyggju enga ábyrgð á henni bera á neinn hátt, enda teljum við hana óréttlátustu ríkisstjórn sem setið hefur að völdum um langt árabil. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að umræður eru nú í gangi um að efna til ráðstefnu á landsvísu til að fjalla um stöðu landsbyggðar og til þess að sameinast um úrræði sem við á landsbyggðinni teljum árangursríkust til þess að landsbyggðarfólkið til lands og sjávar nái rétti sínum.

Við Íslendingar verðum að horfast í augu við að þetta er ekki eingöngu mál bændafólks, sjómanna eða fiskvinnslufólks heldur þjóðarinnar allrar. Hvar væri þjóðin stödd ef landbúnaður kæmist á vonarvöl eða fólk fengist ekki í fiskvinnslu? Þessar stéttir eru vanvirtar með því að bjóða þeim kjör sem fáir vilja líta við. Þessi störf eru svo mikilvæg fyrir heilbrigði okkar og afkomu. Í heimi vaxandi mengunar og ófriðarhættu ætti öllum að vera ljóst hvað mikilvægt er að við séum sjálfum okkur nóg um öflun matvæla. Á því gæti oltið spurningin um sjálfstæði okkar, menningu og afkomumöguleika. Þingmenn stjórnarflokkanna, er sóttu umboð sitt til landsbyggðarkjördæma, virðast ekki hafa neina burði til þess að hamla á móti frjálshyggjuöflunum. Fjárlög og efnahagsráðstafanir eru allar á einn veg, á kostnað landsbyggðar og lágtekjufólksins í landinu. Þeirri ósvinnu verður að linna og spurningin er: Nær landsbyggðarfólkið og láglaunafólkið samstöðu um leiðir til að ná rétti sínum? Tíminn mun leiða það í ljós.

Ég þakka áheyrnina.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum og stíga ný skref í frjálsræðisátt. Þessi markmið eru ekki valin af handahófi. Þau eru einföld en skýr og byggð á reynslu undanfarinna mánaða sem hafa verið einn mesti uppgangstími í sögu þjóðarinnar.

Þann mikla efnahagsbata sem birst hefur í bættum kjörum almennings að undanförnu má öðru fremur rekja til stöðugleika í efnahagslífinu og meira frjálsræðis en áður hefur þekkst. Þegar Sjálfstfl. tók þá ákvörðun að mynda ríkisstjórn eftir alþingiskosningarnar í apríl var það gert til að viðhalda þeim árangri sem náðst hafði og koma í veg fyrir að horfið yrði frá þeirri frjálsræðisstefnu sem fylgt hefur verið á síðustu árum.

Eins og komið hefur fram hjá öðrum ræðumönnum í kvöld getum við ekki vænst þess að ytri aðstæður þjóðarbúsins batni á næsta ári. Meginviðfangsefnið verður því að halda í horfinu, finna fótum okkar forráð og tryggja að sá lífskjarabati sem náðst hefur hverfi ekki í nýrri verðbólguöldu. Þetta þurfa ekki að vera voveifleg tíðindi þegar þess er gætt að kaupmáttur ráðstöfunartekna, þ.e. tekna þegar búið

er að greiða af þeim skatta, hefur vaxið á þessu ári um 16%. Það þýðir að launamaður með 50 þús. kr. á mánuði á nú 7 þús. kr. til ráðstöfunar eftir að hann hefur keypt þær vörur og þá þjónustu sem hann þurfti að verja öllum launum til í upphafi ársins. En þessi tíðindi þýða jafnframt að allar tilraunir til að knýja fram launahækkanir umfram verðlagsbreytingar hafa einungis í för með sér verðbólgu eins og jafnan þegar reynt er að skipta meiru en því sem til skiptanna er.

Í lýðræðisríkjum eru völd ríkisstjórna takmörkuð sem betur fer. Ísland er engin undantekning í þessu efni. Það er ekki á valdi ríkisstjórnarinnar einnar að viðhalda jafnvægi og vinna gegn verðbólgunni. Þeir sem gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún geri ein ráðstafanir til að koma í veg fyrir verðbólgu eru í raun að kasta frá sér ábyrgðinni og frelsinu og biðja um alræði stjórnarinnar. Verðbólgan er nefnilega ekki einkaóvinur ríkisstjórnarinnar. Hún er sameiginlegur óvinur allrar þjóðarinnar og vinnur þeim mest mein sem veikastir eru fyrir. Verðbólgan ræðst fyrst á þá lakast settu, á þá sem hafa lægstar tekjurnar, á aldraða og öryrkja og á unga fólkið sem þarf að koma yfir sig þaki. Þess vegna er mikilvægt að ekki aðeins ríkisstjórnin heldur einnig stjórnarandstaðan, vinnuveitendur, launþegasamtök og aðrir þeir sem áhrif hafa á gang efnahagslífsins taki þátt í baráttunni við verðbólguna og komi þannig í veg fyrir að árangurinn glatist.

Ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir sem ætlað er að stuðla að jafnvægi og hvetja til ráðdeildar og sparnaðar. Fjárlagafrv. er lagt fram án halla og boðaðar hafa verið margvíslegar aðgerðir í peninga- og lánsfjármálum. Þannig hefur ríkisstjórnin sett fordæmi fyrir aðra. Þessar ráðstafanir styrkja fastgengisstefnuna sem setur efnahagslífinu, þar á meðal aðilum vinnumarkaðarins, ákveðna umgjörð til að starfa innan. Genginu verður ekki breytt til að mæta innlendum kostnaðarhækkunum. Aðilar vinnumarkaðarins verða ekki leystir undan þeirri ábyrgð er á herðum þeirra hvílir.

Með heimild banka til að bjóða gengisbundna innlánsreikninga og með heimildum til kaupa á erlendum verðbréfum eru stigin ný skref í fjálsræðisátt. Efnahagslíf er opnað enn frekar og styrkt. Aukið frjálsræði í fjármagnsflutningum að og frá landinu tengir efnahag okkar umheiminum traustari böndum. Íslendingum gefst nú tækifæri til að kaupa skuldabréf ríkissjóðs og annarra íslenskra aðila sem gefin eru út á alþjóðlegum markaði. Með þessu eru Íslendingum boðin sömu kjör og erlendum lánardrottnum, en það dregur úr erlendum skuldum að sama skapi. Fyrirtækin hafa nú heimild til að afla sér erlends áhættufjár og íslenskur hlutabréfamarkaður gefur almenningi tækifæri til að eignast aðild að atvinnulífinu með beinum hætti. Þessi atriði fela í sér stefnu sem eflir atvinnureksturinn og leggur grundvöll að nýrri sókn til bættra lífskjara. Við verðum öll að gera okkur ljóst að betri lífskjör, félagsleg velferð og þróttmikið menningarlíf hvíla á aukinni verðmætasköpun atvinnulífsins.

Þó ekki sé búist við verulegum hagvexti á næsta ári er engin ástæða til að leggja árar í bát og horfa volandi í gaupnir sér. Við getum bætt stöðu okkar með ýmsum hætti. Við getum aukið framleiðni í atvinnufyrirtækjunum. Við getum undirbúið samvinnu við erlenda aðila um orkukaup til stóriðju. Við getum eflt nýjar og arðsamar atvinnugreinar. Við getum laðað til okkar áhættufjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu. Við getum dregið úr útgjaldafrekum ríkisafskiptum og eflt einkaframtakið. Og við getum undirbúið útflutningsgreinarnar til að taka þátt í markaðssókn á sameinuðum markaði í Vestur-Evrópu þegar hún verður einn viðskiptaheimur. Allt þetta og margt fleira getum við gert til að búa í haginn fyrir framtíðina ef við störfum saman af fyrirhyggju og bjartsýni. Forsendan er að jafnvægi haldist í efnahagslífinu og áfram verði haldið á frjálsræðisbraut.

Stjórnarandstöðunni hefur í þessum umræðum orðið tíðrætt um óeiningu innan ríkisstjórnarinnar. Þessi stjórnarandstaða samanstendur af þremur flokkum sem kusu að firra sig ábyrgð á stjórn landsins eftir síðustu alþingiskosningar. Kvennalistinn hefur valið það hlutverk að vera þrýstihópur en ekki stjórnmálaflokkur. Alþb. hefur misst tiltrú vegna upplausnar og innbyrðis átaka milli gömlu valdaklíkunnar og þverpólitísks fulltrúa miðjumoðsins, svo ég taki orðrétt upp úr ræðu núv. formanns Alþb. sem hann viðhafði um nokkra andstæðinga sína úr þeim flokkum sem Ólafur Ragnar hefur áður gist. Borgaraflokkurinn missti af lestinni í stjórnarmyndunarviðræðunum vegna klaufalegra yfirlýsinga og persónulegra sjónarmiða. Þessir stjórnarandstöðuflokkar eiga ekkert annað sameiginlegt en að vera í stjórnarandstöðu, heimta meiri útgjöld, minni skatta og ala á óánægju.

Hitt er svo annað mál, og á það höfum við sjálfstæðismenn ítrekað bent, að þriggja flokka ríkisstjórnir eru þyngri í vöfum en tveggja flokka stjórnir. Úrslit síðustu kosninga urðu á þann veg að ekki var unnt fyrir Sjálfstfl. að mynda ríkisstjórn með einum öðrum flokki. Það hlýtur því að vera keppikefli okkar að borgaralega sinnaðir menn sameinist í einni stjórnmálafylkingu. Viðsjár í alþjóðamálum og örlagaríkar ákvarðanir um í hvers konar þjóðfélagi við viljum lifa hér á landi krefjast sterks flokks sem byggir á sjálfstæðisstefnunni, stefnu einstaklingsfrelsis og einkaframtaks.

Sjálfstfl. hefur í þessari ríkisstjórn eins og jafnan áður lagt áherslu á aukið athafnafrelsi, frelsi ábyrgra einstaklinga sem skilja mátt samstöðunnar gegn upplausnaröflunum. Trúr þessari stefnu í verki mun Sjálfstfl. áfram vinna þjóðinni til heilla og framfara. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti, góðir Íslendingar. Í seinustu kosningum tók Sjálfstfl. sér kjörorðið „Á réttri leið!" Hver er leið Þorsteins Pálssonar? Í ræðu sinni áðan

fór hann fögrum orðum um fjölskyldustefnu stjórnar sinnar og umhyggju hennar fyrir börnum. En hverjar eru gerðirnar? Eitt fyrsta verk þessarar stjórnar var eins og allir þekkja að leggja 10% söluskatt á allan mat nema mjólkurvörur, kjöt, fisk og egg. Þetta hafa margir nefnt í umræðunum í kvöld og það er sannarlega engin furða. Þetta eru þungar álögur á flestar fjölskyldur í landinu og því þyngri sem tekjurnar eru lægri og börnin fleiri. Nú skyldu menn halda að nóg væri að gert. En þetta reynist aðeins byrjunin. Bráðum á líka að leggja 10% skatt á mjólkina, kjötið og fiskinn, þessar fáu vörur sem skildar voru eftir í sumar. Og þó er versta skvettan eftir sem allir hafa ekki áttað sig á. Um áramótin á að hækka matarskatta í þriðja sinn á hálfu ári og þá um mörg prósentustig yfir alla línuna.

Þorsteinn Pálsson talaði fjálglega hér áðan um byggðastefnu þessarar stjórnar. Það er eitt megineinkenni fjárlagafrv. að þar fá sveitarfélögin hvert kjaftshöggið af öðru. Landbúnaður og sjávarútvegur verða fyrir þungum búsifjum, annars vegar með minnkandi framlögum, hins vegar með stórauknum sköttum. Frumvarpið felur í sér enn forhertari andbyggðastefnu en sjá mátti hjá seinustu ríkisstjórn og er þá mikið sagt.

Og hvað um hin fögru orð sem Þorsteinn Pálsson viðhafði áðan um íslenska menningu? Var ekki holur hljómur í þeim orðum þegar haft er í huga að ráðgert er að leggja söluskatt á hvers konar menningarstarfsemi í landinu, tónleikahald, leiklist, söng og danslist?

Að sjálfsögðu vantar fleiri krónur í kassann. Það þekkjum við öll. Viðskilnaður seinustu stjórnar í fjármálum var með miklum endemum, og því verður vissulega að afla nýrra tekna. Hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson spurði hér áðan um afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna. Ég svara: Það voru aðrar skárri leiðir til. Þúsundir fyrirtækja skila miklum hagnaði og borga þó engan tekjuskatt. Skattur á stóreignir er mjög léttvægur hér á landi og vaxtatekjur skattfrjálsar. Hreingerning í skattkerfinu eins og hæstv. fjmrh. talaði um hér áðan er auðvitað höfuðnauðsyn, en hann byrjar á öfugum enda. Það er ekkert annað en lélegur brandari þegar reynt er að réttlæta þessa fráleitu skattlagningu á matvörur og menningu með því að verið sé að draga úr skattsvikum. Stórfelld fjölgun þeirra sem standa eiga skil á söluskatti hlýtur að auka skattsvik. Aðeins forhertasta hægri stjórn leyfir sér að skattleggja matvörur og menningu og skera niður framlög til íþróttamála, tónlistarfræðslu, leikskóla og dagheimila, svo að nokkur dæmi séu nefnd, á sama tíma og ekki er hreyft við tekjuhæstu aðilum efnahagslífsins sem áfram sleppa með sáralitla skatta.

Vafalaust væru býsna margir tilbúnir til fjárhagslegra fórna ef þeir tryðu því að þessar aðgerðir stjórnarinnar væru rétta leiðin til að ná niður verðbólgu og auka festu í efnahagslífi. Er þetta leiðin að því marki? Ekkert er frekar til þess fallið að ýta undir verðbólgu en einmitt skattur á matvörur. Hann hefur keðjuverkandi áhrif til hins verra út um allt hagkerfið. Vísitölur hækka, launakröfur hækka og sala á búvörum minnkar. Síðan bætist það við að stjórnin er einkar iðin við að hækka vexti sem bæði veldur stórauknum útgjöldum fyrir ríkissjóð og örvar verðbólgu. Enda hefur verðbólgan vaxið jafnt og þétt í tíð þessarar stjórnar. Miðað við tólf mánaða útreikning var verðbólgan 16% þegar kosningar fóru fram, verður 24% í næsta mánuði og stefnir hraðbyri yfir 30% eftir áramót.

Í tíð stjórnar Gunnars Thoroddsens mældu sumir ársverðbólgu út frá mánaðarlegum verðbólguhraða til að geta fengið fram sem allra hæstar tölur. Með sams konar reikningsaðferð verður verðbólgan í nóvember komin yfir 60%. Slíkar reikningskúnstir eru að vísu alltaf umdeilanlegar. En hitt er óumdeilt að verðbólgan æðir upp á við með vaxandi hraða og ýmsir stjórnarsinnar í hópi vinnuveitenda eru farnir að boða stórfellda gengisfellingu á næsta ári. Þó er eins víst að stjórnin bíði með að fella gengið þar til hún sér færi á að kenna öðrum um og vafalaust verður reynt eins og oft áður að skella skuldinni á samtök launamanna.

Manna á meðal er mikið um það rætt hversu lengi þessi stjórn muni endast. Stjórnin þykir þreytt og þó er hún aðeins sextán vikna gömul. Sumir spá því að hún springi bráðlega. Ekki veit ég hvort það er rétt. En hitt vita allir að stjórnarmyndunin gekk ekki þrautalaust. Eftir að samkomulag tókst um málefnasamning gerðust þau fádæmi að verðandi ráðherrar voru í tvær vikur að takast á um stólana og voru því óneitanlega nokkuð lúnir er þeir loksins komust í þá. Reyndar tókst ekki að berja saman þessa stjórn fyrr en ráðherrum hafði verið fjölgað í ellefu og varð þá að grípa til þess úrræðis að mjókka stólana þeirra og koma þeim fyrir á nýjum stað hér beint fyrir framan ræðupúltið — sem út af fyrir sig er ósköp hentugt þegar rekja þarf úr þeim garnirnar. — Eftir að stólaúthlutun lauk hófst harður slagur um stofnanir og bitlinga. Sjálfstfl. og framsókn slógust um það af óvenjulegri heift hvor fengi dánarbú Útvegsbankans í sinn hlut. Þar var ekki spurt um hagsmuni lands og þjóðar, aðeins um þrengstu flokkshagsmuni. Á meðan minnti bankaráðherra Alþfl. helst á hlutlausan dómara í skylmingakeppni í stað þess að taka af skarið og segja sem er að þessi banki er eign okkar allra, þjóðareign, og á að vera það áfram. Hins vegar mætti sameina ríkisbanka, tvo eða fleiri.

Í ræðu sinni hér í kvöld var Þorsteinn Pálsson aftur og aftur að boða að hleypa þyrfti útlendingum í íslenskt atvinnulíf. Er það gæfuleg leið? Samstarf við útlend fyrirtæki getur verið nauðsynlegt og leiðir stundum til minnihlutaaðildar að íslenskum rekstri. En sé dyrum almennt lokið upp fyrir meirihlutaaðild útlendinga er sannarlega farið inn á hættulega braut.

Þess gætir í auknum mæli að menn virðast ekki skilja gildi þess að þjóðin verndi sjálfstæði sitt. Gleyma því hvílíkur styrkur það hefur verið fyrir íslenskt atvinnulíf að landið er sjálfstæð efnahagsleg

eining. Nú heyrist æ oftar fullyrt að best væri fyrir okkur að fórna sjálfstæðu gengi krónunnar og hengja mynt okkar aftan í dollara eða pund.

Einu sinni var erfitt að finna Íslending sem mælti með varanlegri erlendri hersetu. Seinna samþykktu menn hersetu til bráðabirgða. Nú er aðstaða hersins í landinu aukin og bætt jafnt og þétt þótt öllum ætti að vera ljóst að herinn er hér ekki til að verja Ísland fyrir aðsteðjandi háska heldur kallar hann háskann yfir landið og dregur okkur inn í hugsanleg átök. Skref fyrir skref og ár frá ári hefur bandarískri herinn verið að breiða hér úr sér. Og eitthvað hliðstætt getur gerst í íslensku atvinnulífi ef útlendingar fá þar takmarkalítið svigrúm. Stóraukin eignaraðild útlendinga í atvinnurekstri væri auk þess augljóst skref í þá átt að undirbúa inngöngu Íslands í nýtt stórríki Evrópu sem nú er að fæðast.

Alþb. hefur ávallt lagt höfuðáherslu á sjálfstæðismál Íslendinga. Við höfum lagst af alefli gegn erlendri hersetu, erlendri stóriðju og meirihlutaeign útlendinga í íslensku atvinnulífi. Þessi mál hafa markað flokki okkar sérstöðu um árabil meðan aðrir flokkar hafa verið þverklofnir í afstöðu sinni.

Í nokkur ár hefur hægri bylgja gengið yfir Vesturlönd, rétt eins og kreppulægð úr vestri. Hægri flokkar hafa víðast ráðið ferðinni en félagsleg viðhorf látið undan síga. Einkenni þessarar hægri bylgju, sem oft er kennd við frjálshyggju, eru hávaxtastefna, stjórnleysi í ríkisfjármálum, sala ríkisfyrirtækja og forustuleysi í atvinnumálum. Reagan Bandaríkjaforseti hefur staðið fyrir miklum fjárlagahalla þar vestra og stefna Thatcher í Bretlandi hefur stóraukið atvinnuleysi þar í landi. Auðvitað hefur Ísland ekki losnað við áhrif þessarar hægri bylgju. Sjálfstæðismenn fóru strax að dæmi Reagans þegar þeir fengu færi á og stóðu fyrir gífurlegum hallarekstri ríkissjóðs ár eftir ár. Frjálshyggjan varð tískubóla um skeið og hún hefur líka togað til sín flokka sem verið hafa nær miðju. Ákafi Alþfl. og Framsfl. í að selja einkaaðilum ríkisbanka er einmitt dæmi þess hvernig hægri sinnaðir tískustraumar hafa leikið flokka sem eiga þó að heita félagslega sinnaðir.

Sem betur fer sjást þess mörg merki að frjálshyggjan sé að ganga sér til húðar. Almennt er viðurkennt að fjármálastjórn Reagans sé gjaldþrota. Kauphallarhrunið í New York nú á dögunum reynist tímabær aðvörun til Vesturlandabúa að láta ekki hægri öflin teyma sig öllu lengra út í fenið.

Hér á Íslandi sjá menn betur og betur að þjóðarskútan er ekki á réttri leið. Þúsundir Íslendinga, sem greiddu stjórnarflokkunum atkvæði í kosningunum í vor, gera sér grein fyrir því að íhaldsstjórnir færa þjóðina á villigötur.

Herra forseti. Ísland þarf nýja stjórnarstefnu þar sem félagsleg viðhorf sitja í öndvegi. Lífskjör þarf að jafna. Mat og menningu á ekki að skattleggja. Við þurfum raunverulega byggðastefnu. Á öllum sviðum verður að vernda sjálfstæði landsins. Þar vísar Alþb. veginn. Ég þakka fyrir.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Það var ljóst að loknum kosningum á liðnu vori að ekki yrði auðvelt að mynda landinu starfhæfa stjórn er hefði í senn hugrekki og afl til að takast á við vaxandi vanda í efnahagsmálum. Þjóðin fylgdist grannt með ítarlegum fréttum fjölmiðla af stjórnarmyndunartilraunum sem seint virtust ætla að bera árangur. En þar kom að mynduð var meirihlutastjórn þriggja stærstu flokkanna. Hinir flokkarnir þrír, sem nú eru í stjórnarandstöðu ýmist gátu ekki, þorðu ekki eða vildu ekki, nema allt væri það þrennt í senn. Og prjónakonur Kvennalistans sem sátu hérna niðri í miðbæ röktu upp jafnóðum allt það sem stöllur þeirra fitjuðu upp í stjórnarmyndunarviðræðunum.

Næstur á undan mér talaði fyrrv. formaður Alþb. og fjmrh. þess flokks. Hvaða úrræði hafði hann að leggja á borð með sér frá sínum flokki? Ég heyrði þau ekki og ég held að þið hafið ekki heyrt þau heldur. Flokkur hans átti þátt í að kynda mesta verðbólgubál Íslandssögunnar þegar hann var í stjórn.

Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. komu sér saman um myndun ríkisstjórnar. Ekki vegna þess að svo margt sameini okkur í þessum þremur flokkum heldur vegna þess að okkur var ljós sú ábyrgð sem því fylgir að taka þátt í stjórnmálum. Og þótt okkur greini á um eitt og annað þá er hitt sýnu fleira sem sameinar við það verk að skapa hér samfélag um mannúð og menningu í anda jafnréttis.

Stjórnarandstæðingar hafa haft uppi nokkra hávreysti um það að undanförnu að ágreiningur sé innan stjórnarliðsins. Það er vissulega rétt að stjórnarliðar allir, 41 talsins, eru ekki sammála um alla hluti og verða seint. Kannski er það helsti veikleiki allra ríkisstjórna með mikinn þingmeirihluta að einstakir stjórnarþingmenn með ríka sérstöðuþörf telja sér heimilt á stundum að hlaupast undan merkjum. Þetta er þekkt fyrirbæri og þarf engum að koma á óvart og segir í rauninni ekkert um innviði eða lífslíkur ríkisstjórnar.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var öllum ljóst að enginn annar raunhæfur stjórnarmyndunarmöguleiki var fyrir hendi. Því skiptir miklu að hún fái starfsfrið og eftir umræðunum hér í kvöld að dæma sýnist mér stjórnarandstaðan ekki líkleg til að valda mjög miklu ónæði.

Herra forseti. Alþfl. er aðili að þessari ríkisstjórn vegna þess að hann vill hafa hemil á verðbólgu og koma í veg fyrir að hér fari allt úr böndum, óðaverðbólga nái að festast í sessi að nýju með þeim afleiðingum sem allir þekkja og enginn vill aftur lifa. Þess vegna þarf nú að grípa til ýmiss konar ráðstafana sem ekki eru allar vinsælar en eiga það sameiginlegt að þær eru til þess gerðar að búa í haginn fyrir betri tíma. Þær þarf að gera til þess síðar að fá svigrúm til góðra verka.

Fyrir Alþingi liggur nú fjárlagafrv. sem þjóðin hefur heyrt að er umdeilt, en fjárlagafrv. sem markar tímamót. Og hvernig má það vera? Vegna

þess að þar er skýrari og öðruvísi stefnumótun í fjármálum ríkisins en áður hefur verið til staðar. Nýtt skattakerfi er í sjónmáli. Skattakerfi sem gerir það auðveldara að uppræta skattsvikin, þá miklu meinsemd sem allt of lengi hefur fengið að vaxa óáreitt. Að ráðast gegn skattsvikum hefur verið eitt höfuðbaráttumál okkar í Alþfl. um árabil og með nýju skattkerfi skapast skilyrði til að ná árangri í baráttunni gegn skattsvikum og ólögmætum undandrætti.

Ég nefni hér einnig til sögunnar að unnið er að nýskipan dómstólakerfisins í landinu, skilvirkara dómskerfi aðlagað kröfum og þörfum nýrra tíma mun leiða til aukins réttlætis í samfélaginu og á næsta ári og árum sameinumst við um þjóðarátak gegn umferðarslysum til bættrar umferðarmenningar. Þannig getum við aukið öryggið í þjóðfélaginu.

Þessi ríkisstjórn hefur það líka að markmiði að stuðla að eðlilegri byggðaþróun í landinu, varðveislu auðlindanna bæði til lands og sjávar og skynsamlegri hagnýtingu þeirra.

Undanfarin missiri hefur mikið verið talað um þenslu. Það er þensla í þjóðfélaginu, of mikil þensla, en hún er ekki í öllu þjóðfélaginu og ekki um landið allt. Þenslunni linnir þegar komið er upp í Kollafjörð og henni linnir líka þegar komið er suður fyrir Straum. Þenslan er fyrst og síðast á höfuðborgarsvæðinu sem undanfarin ár hefur dregið til sín fólk og fjármagn af landsbyggðinni. Það er því eitt af markmiðum þessarar ríkisstjórnar að breyta þessu. Hún ætlar að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar, með uppbyggingu atvinnulífs og bættri þjónustu á landsbyggðinni. Nú þarf og verður að beita sér í auknum mæli að því að rétta hlut landsbyggðarinnar sem farið hefur halloka að undanförnu.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er ítarlega fjallað um þessi mikilvægu mál og ég nefni örfá atriði: Auknar vegaframkvæmdir, aukna áherslu á tengingu þéttbýlisstaða með vegum með bundnu slitlagi. Bætt vegakerfi og betri samgöngur eru grundvallarforsenda þess að eitthvað vitrænt verði gert í byggðamálum á næstunni. Betri samgöngur og betri vegir eru forsenda byggðastefnu.

Í Vesturlandskjördæmi finnst okkur að það ætti að vera forgangsverkefni í vegamálum á næstunni að tengja Snæfellsnesbyggðirnar með nútímavegi um Mýrarnar við suðursvæðið, Borgarnes, Akranes og höfuðborgina.

Sérstök áhersla verði lögð á íbúðabyggingar á landsbyggðinni á vegum félagslega húsnæðiskerfisins. Vegna þróunarinnar að undanförnu er svo komið víða úti á landi að menn veigra sér við að fjárfesta í íbúðarhúsnæði. Þar verður félagslega íbúðakerfið að koma til skjalanna. Þar getur kaupleigukerfið verið mjög ákjósanleg lausn eins og raunar rúmlega 2000 óskir um slíkar íbúðir þegar sanna.

Enn eitt atriði er skýrari verkaskipting ríkis og sveitarfélaga þannig að saman fari framkvæmd, ákvörðun og ábyrgð. Einnig þetta er gamalt baráttumál okkar í Alþfl., en þess verður að gæta að skiptin fari þannig fram að ekki sé hallað á sveitarfélögin né þeirra hlutur fyrir borð borinn hvort sem það varðar íþróttamannvirki, tónlistarskóla eða félagsheimili. Og þess verður gætt eins og raunar kom ágætlega fram í ræðu fjmrh. hér áðan. En vegna ummæla fulltrúa Borgaraflokksins hér áðan er líka rétt að það sé ítrekað að það fjármagn sem íþróttahreyfingin nú hefur til umráða er u.þ.b. fimmfalt meira — og það er fyrir tilstilli hins opinbera — en var þegar hv. formaður Borgaraflokksins, Albert Guðmundsson, var fjmrh. (**HJ:** Það er rangt.) Á þessum vettvangi bíða okkar ótal verkefni. — Hv. þm. Borgaraflokksins geta einfaldlega flett upp tölum í fjárlögum til þess að ganga úr skugga um að þetta er rétt. — Á þessum vettvangi bíða okkar ótal verkefni. Misvægið sem hefur verið að skapast á löngum tíma verður ekki leiðrétt á einni nóttu. Það er brýnt að hefjast handa og ef við viljum ekki að landið haldi áfram að sporðreisast þá verðum við að snúa okkur að því af fullri alvöru að rétta hlut landsbyggðarinnar.

Engum dylst að við mikla erfiðleika hefur verið að etja í landbúnaði að undanförnu. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum að þar er nú stefnt að breytingum. Breytingum sem eiga að gera framleiðsluna hagkvæmari og ódýrari. Breytingum sem ættu bæði að bæta hag bænda og neytenda. Leitað verður allra leiða til þess að greiða enn fyrir frekari búháttabreytingum og auðvelda þeim bændum að hætta framleiðslu sem það vilja. Leggja ber aukna áherslu á vernd landsins og gróðursins. Áralöng óstjórn í skipulagsmálum búvöruframleiðslunnar og landbúnaðarins verður heldur ekki löguð í einni svipan og það kostar fé að koma þessum málum í skynsamlegra horf. Hér þarf líka að fara með gát. Reglustikuaðferðir blýantsbænda geta á stundum sjálfsagt verið góðar en þær geta líka verið hættulegar þegar verið er að fjalla um fólk, aleigu þess og ævistarf. Við skulum leggja á hilluna allt tal öfgamanna um óheftan innflutning á landbúnaðarafurðum. Það jafngildir því að leggja niður landbúnað á Íslandi og það mun Alþfl. aldrei samþykkja.

Nefndir sitja nú á rökstólum og fjalla um fiskveiðistefnu. Um það mál eru skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkum. Hér er um að ræða mál sem varðar landsbyggðina miklu, útgerðarstaðina þar sem verðmætin verða til. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, þar sem fjallað er um mótun fiskveiðistefnu, segir að m.a. skuli tekin afstaða til skýrt afmarkaðra atriða:

1. hvernig og hverjum skuli veita veiðiheimildir, hvort veiðiheimildir verði eingöngu bundnar við skip;
2. hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu;
3. hvers konar reglur skuli gilda um færslu veiðiheimilda milli aðila, þ.e. um kvótasöluna;
4. hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.

Öllum er ljóst að núgildandi kerfi hefur ótalmarga annmarka. Við alþýðuflokksmenn erum þeirrar skoðunar að rjúfa eigi tengslin milli skips og veiðileyfis. Mín skoðun er að auki sú að óheftur útflutningur fisks í gámum á erlenda markaði sé ekki aðeins hæpinn heldur beinlínis hættulegur. Öllum er okkur þó ljóst að einhvers konar stjórnun veiðanna er óhjákvæmileg. Það ber að viðurkenna. Hitt gefur svo auga leið að nú þegar tæpir tveir mánuðir eru til stefnu, þá er það vandkvæðum bundið að fullnægja þeim skilyrðum sem upp eru talin í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar verða menn að ætla sér rýmri tíma og tileinka sér snarpari vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Ég hef hér aðeins drepið á örfá mál. Þrennt vil ég undirstrika að lokum:

Í fyrsta lagi: Alþfl. starfar í þessari ríkisstjórn vegna þess að hann vill hafa hemil á verðbólgu og stuðla að jafnvægi og stöðugleika í þjóðfélaginu.

Í öðru lagi: Alþfl. tekur þátt í þessari ríkisstjórn vegna þess að hann vill stuðla að auknu réttlæti í skattamálum, húsnæðismálum og lífeyrismálum.

Í þriðja lagi, góðir tilheyrendur, störfum við alþýðuflokksmenn í þessari ríkisstjórn til þess að efla jafnrétti, treysta stöðu fjölskyldunnar og tryggja hag þeirra sem minna mega sín. — Góðar stundir.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Undir lok ræðu sinnar sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá leið, er hann vitnaði í gamla grein eftir listaskáldið góða frá öldinni sem leið, að menn ættu fyrst og fremst að hugsa um heiður og velgengni landsins sem hjá öllum góðum Íslendingum ætti að vera í fyrirrúmi. Við heyrðum hér hjá seinasta ræðumanni, hv. 3. þm. Vesturl., hvernig hann brást við í því efni er hann bar saman gerðir hæstv. núv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh., Alberts Guðmundssonar, varðandi fjárveitingar til íþróttamála. Þeir sem starfa á þeim vettvangi vita sannleikann. Meira þarf ekki að segja.

Árgæska til lands og sjávar hefur einkennt þjóðlíf okkar Íslendinga undanfarin missiri. Aflabrögð og viðskiptakjör hafa verið okkur hagstæð og friður á vinnumarkaði. Við Íslendingar erum þeirrar gæfu aðnjótandi að búa í gjöfulu landi „þar sem smjör drýpur af hverju strái“, eins og Þórólfur mælti forðum tíð og þar sem fiskimið eru fengsælli en víðast hvar annars staðar. Almenn menntun er hér á fremur háu stigi, verkþekking eigi síðri en með öðrum þjóðum. Heilsufar þjóðarinnar er gott, enda meðalaldur með því hæsta sem þekkist. Gróska er hér í fjölmiðlun og skoðanamyndun hröð.

Ríkisstjórn með styrkan þingmeirihluta, ef öllu væri til skila haldið, hefur sest að völdum og fengið góðan starfsfrið frá miðju sumri. Þingheimur og þjóðin öll hafa nú hlýtt á stefnuræðu hæstv. forsrh. um markmið og leiðir. Það er hlutverk virkrar stjórnarandstöðu að setja þau markmið undir mæliker og varpa ljósi á leiðirnar af heiðarlegri jákvæðri gagnrýni.

Ríkisstjórnin hefur tvívegis á stuttum ferli sínum gripið til svonefndra aðhaldsaðgerða, vitaskuld á grundvelli bráðabirgðalaga sem þó hefur ekki enn verið hirt um að leggja fyrir þingið. Það kemur því sjálfsagt lítið við. Uppistaða aðgerðanna hefur verið aukin skattheimta þar sem matarskattinn ber hæst. Fáa grunaði fyrir kosningar að sú yrði raunin, enda siðgæðismat skattmeistaranna á þann veg að kjósendum kæmi sú ætlan lítið við fyrr en þá að að því kæmi að þeim bæri að borga. Og þá á það vitaskuld að gerast möglunarlaust. Aukinn söluskattur á nýju skattþrepi, sérstakt bifreiðagjald, viðbótarskattur á innflutt kjarnfóður, ríkisábyrgðargjald hækkað og nýtt lántökugjald á erlend lán. Hækkun vaxta fylgdi að sjálfsögðu í kjölfarið. Endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs er fryst og verður í raun sérstakur landsbyggðarskattur. Innflutningsgjald af bifreiðum er hækkað og þar með verð bifreiða um allt að 15%. Og þau matföng, sem enn hafa sloppið undan söluskatti, hækka nú um 10% í þessari viku.

Hækkun söluskattsins hefur vitaskuld víðtæk áhrif. Hún veldur því t.d. að lánskjaravísitala hækkar, sem aftur veldur því að vísitölutryggðar skuldir almennings við íbúðalánakerfið hækka um röskan milljarð kr. við þessa einu aðgerð og þar með auðvitað greiðslubyrðin. Ranglæti lánskjaravísitölunnar kemur enn betur í ljós. Hæstv. forsrh. hliðraði sér hins vegar við því að nefna í ræðu sinni hvers vegna öll þessi ósköp dynja yfir nú. Hvergi minntist hann á að hann og allt hans föruneyti hefði verið á réttri leið þegar í þetta óefni stefndi. Þá miskunn sýnir hæstv. fjmrh. honum hins vegar ekki í forsendum fjárlagafrv. og segir þar umbúðalaust, með leyfi hæstv. forseta:

„Hagvaxtarskeiðið sem hófst 1984 hefur allt fram á þetta ár mátt rekja til mikillar framleiðsluaukningar í sjávarútvegi. Til að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið snerist upp í ofþenslu, verðbólgu og viðskiptahalla hefði þurft að grípa til strangra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum þegar í upphafi árs 1987. Sú staðreynd að ekki var gripið til aðgerða fyrr en með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar eftir mitt árið veldur því að vandinn sem við er að fást er verri viðureignar og kallar á stórtækari aðgerðir en ella hefði verið nauðsynlegt.“

Svo mörg eru þau orð. Er að furða þó að hæstv. forsrh. kjósi að leiða hugann og athyglina að öðru þegar nánasti samverkamaður hans við landsstjórnina gefur ríkisfjármálastjórn hans sjálfs þessa einkunn?

Borgaraflokkurinn er sammála því markmiði að stefna að hallalausum fjárlögum í góðæri, enda lagði Albert Guðmundsson, þáv. hæstv. fjmrh., fram frv. í október 1985 til fjárlaga 1986 án halla í þann mund sem núv. hæstv. forsrh. þóknaðist að ganga inn á sviðið eftir fræga vitrun í Stykkishólmi og hafa það markmið að engu. Nú skyldu menn ætla að við aðstæður sem í dag gengi ríkið á undan með góðu fordæmi og rifaði seglin á sama hátt og alþýðu manna er ætlað að gera. Lítum á staðreyndir um

ætlan ríkisstjórnarinnar í því efni.

Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir 7% almennri grunnhækkun launa á milli áranna 1987 og 1988 og verðlagsforsendur eru reistar á spá um að verðlagshækkun á mælikvarða vísitölu verði um 17–18% milli þessara sömu ára. Hækkun á fjárveitingum til höfuðstöðva nánast allra ráðuneytanna er hins vegar svo hrikaleg og svo úr samræmi við þau markmið sem almenningi og fyrirtækjum er ætlað að fylgja að engu tali tekur. Ég nefni sem dæmi: Hækkun fjárveitinga til aðalskrifstofu heilbr.- og trmrn. er 65%, til félmrn. 68%, dóms- og kirkjumrn. 72%, landbrn. 79%. Öllum er auðvitað ljóst að meira en tveir þriðju hlutar ríkisútgjalda tengjast launum. Og því tekur steininn úr þegar launaliður sjálfrar ríkisstjórnarinnar hækkar um 92% milli þessara sömu ára. Þeir verða trúverðugir í aðhaldspredikuninni hæstv. ráðherrar eftir að hafa hliðrað svo til fyrir sjálfum sér, eða hitt þó heldur.

Þetta er ekki fagnaðarefni, miklu fremur sorglegt, því að fátt skiptir í rauninni meira máli í lýðræðisríki en trúnaður og gagnkvæmt traust á milli almennings og ríkisstjórnar.

Borgaraflokkurinn er yngsta aflið á Alþingi. Hann er kominn til að vera og hann hefur sannarlega þegar í upphafi verk að vinna. Hann gagnrýnir vægðarlaust þessa kjötkatlapólitík ríkisstjórnarinnar. Hann gagnrýnir þá ætlan þessarar ríkisstjórnar að þveita í sveitarfélögin án nauðsynlegs undirbúnings þungum böggum án þess að minnst sé á óuppgerðar sakir ríkisins á verkum sem mörg hver eru í miðjum klíðum. Þetta á við um dagvistarmál, íþróttamál, félagsheimili, tónlistarskóla og svo sjálfsögð frumatriði eins og vatnsveitur.

Borgaraflokkurinn átelur viljaleysi ríkisstjórnarinnar til að leysa bráðan vanda einstakra byggðarlaga, sem ekki verður leystur án aðstoðar ríkisvaldsins. Ein gjöfulasta verstöð landsins, Vestmannaeyjar, sem öðrum fremur hefur malað gull í þjóðarbúið um ómunatíð býr nú við þann þrönga kost að rekstrargrundvöllur fjarhitunar í Eyjum er nánast brostinn af náttúrufarsástæðum. Þrátt fyrir markvissan undirbúning heimamanna hefur enn ekki tekist að laða fram þá lausn sem ein getur leyst þetta mál, þ.e. ákvörðun eðlilegs raforkuverðs þannig að rekstur veitunnar sé tryggður. En harðast gagnrýnir Borgaraflokkurinn þá vantrú á möguleikum íslenskra atvinnuvega, landbúnaðar, sjávarútvegs, iðnaðar og útflutningsverslunar sem öðru fremur einkennir stefnu ellegar öllu heldur stefnuleysi þessarar ríkisstjórnar. Sú vantrú mun reynast þjóðinni dýr. Hún mun koma þyngst niður á þróun landsbyggðarinnar og auka enn á byggðaröskunina. Hvergi örlar á raunhæfum vilja til að snúa þessari öfugþróun við. Skilin skerpast á milli þjóðanna tveggja í þessu landi, sem mörgum varð tíðrætt um fyrir síðustu kosningar. Það hlýtur að vera meginkrafa landsbyggðar til þjóðarheildarinnar að samgöngumálum og þá ekki síst hafnamálum verði gerð mun betri skil með stórátaki þar sem heimamenn fái tækifæri til þátttöku á jafnréttisgrundvelli. Því mun Borgaraflokkurinn ekki unna sér hvíldar í stjórnarandstöðu heldur gagnrýna stöðugt og án afláts það sem honum finnst miður fara og leggja til aðrar leiðir landi og þjóð til heilla.

Hæstv. forseti. Borgaraflokkurinn býður landsmönnum öllum góða nótt. Ég þakka fyrir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Hv. síðasti ræðumaður talaði um það að Borgaraflokkurinn ætlaði að veita ríkisstjórninni málefnalega stjórnarandstöðu. Mér finnst að hann ætti þá að hefja málflutning sinn á öðru en órökstuddum fullyrðingum eins og hann gerði hér í þessari ræðu sinni og mér virtist fátt standa upp úr þeim málflutningi sem hann hafði hér uppi.

Þegar úrslit alþingiskosninga í vor lágu fyrir var ljóst að ekki yrði auðvelt að mynda starfhæfa ríkisstjórn. Sú ríkisstjórn sem setið hafði við völd hafði misst þingmeirihluta sinn vegna þess að Sjálfstfl. klofnaði. Undir forustu formanns Framsfl. tókst fyrri ríkisstjórn að ná tökum á verðbólgunni, draga úr skuldasöfnun erlendis, efla atvinnulífið og auka kaupmáttinn. Í kosningabaráttunni lögðum við framsóknarmenn áherslu á að þennan árangur yrði að varðveita.

Langar stjórnarmyndunarviðræður, þar sem flest var reynt til að ganga fram hjá Framsfl. við myndun ríkisstjórnar, leiddu til þess að nú ríkir ekki sá stöðugleiki í efnahagsmálum sem var undir forustu Steingríms Hermannssonar. Innanflokksátök, forustuleysi og óraunsæ kröfugerðarpólitík núverandi stjórnarandstöðuflokka leiddi að lokum til þess að forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl. sáu að ekki var hægt að ganga fram hjá Framsfl. við myndun ríkisstjórnar, þeim flokki sem hefur verið og mun verða kjölfestan í íslenskum stjórnmálum.

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar er samstarfssamningur þriggja og um margt ólíkra stjórnmálaflokka. Samkvæmt þeim samningi munum við framsóknarmenn eins og ætíð vinna af fullri ábyrgð og heilindum, enda er markmið stjórnarsamstarfsins að auka jafnrétti, vinna að valddreifingu og félagslegum umbótum og treysta atvinnuöryggi allra landsmanna. Fyrstu verkefni þessarar ríkisstjórnar hafa verið á sviði efnahagsmála, enda e.t.v. aldrei mikilvægara en nú að ná aftur því jafnvægi og þeim stöðugleika sem var í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Hallalaus ríkissjóður, stöðugt gengi og minni þensla á lánamarkaði gegna mikilvægu hlutverki í því sambandi. En þó reynt sé að halda ríkisútgjöldum í skefjum verður einnig að gæta þess að slíkt bitni ekki á þeirri félagslegu uppbyggingu og þjónustu sem við ætlumst til að íslenskt þjóðfélag veiti þegnum sínum. Í stjórnarsáttmála er lögð áhersla á þessi markmið. Auk þess er sérstök áhersla lögð á byggðastefnu og samgöngumál.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 eru framlög til

menntamála, félagsmála og heilbrigðismála hækkuð hlutfallslega meira en almenn hækkun ríkisútgjalda. Þar hefur því ekki verið skorið niður. Og vegna síendurtekinna fullyrðinga um niðurskurð á opinberum framkvæmdum er rétt að benda á stóraukin framlög til vegamála og flugmála, sem hækka langt umfram verðlagsforsendur frv.

Hv. fulltrúi Kvennalistans sagði í umræðunum hér áðan að stórfelldur niðurskurður hefði verið á framlögum til hafnamála og hv. síðasti ræðumaður tók það einnig upp. Á fjárlögum síðasta árs voru framlög til hafnamála 74 millj. kr. Í fjárlagafrv. núverandi ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að verja til hafnaframkvæmda 250 millj. kr. Þetta er niðurskurðurinn sem þessir hv. þm. eru að tala um. Ég held að þeir ættu að kynna sér betur staðreyndir málanna.

Eitt af mikilvægustu verkefnum Alþingis á næstu vikum verður tvímælalaust mótun fiskveiðistefnunnar. Sjútvrh. hefur á undanförnum árum stjórnað þessum málaflokki af ábyrgð og festu og flestir hafa viðurkennt að honum hafi farist það erfiða verk einstaklega vel úr hendi. Þessi stefnumótun varðar hag og afkomu einstaklinga, fyrirtækja og þjóðfélagsins alls. Því er mikilvægt að um hana náist sem víðtækust samstaða. Ég tel farsælast að fylgja í aðalatriðum þeirri stefnu sem gilt hefur. Ég vara við róttækum breytingum sem leitt geta til mikilla átaka í þjóðfélaginu milli stétta, milli starfsgreina og milli byggðarlaga með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Í landbúnaði hefur markvisst verið stefnt að því að komast út úr þeim erfiðleikum sem offramleiðsla og breyttar markaðsaðstæður hafa valdið hér sem og erlendis. Nauðsynlegt er að sá grundvöllur, sem lagður var með búvörulögunum og samningum um afurðamagn, verði notaður sem best á aðlögunartímanum til nýrrar uppbyggingar og framfara. Honum má ekki raska með fljótfærnislegum breytingum og skyndiupphlaupum. Það er verið að vinna að mikilvægum en afar viðkvæmum skipulagsbreytingum í íslenskum landbúnaði. Til þess þarf bæði tíma og fjármuni svo afleiðingin verði ekki fjárhagslegt hrun og stórkostleg byggðaröskun.

Seinustu daga hefur nokkur skjálfti ríkt í þingsölum vegna fyrirhugaðra breytinga á húsnæðislöggjöfinni. Núverandi löggjöf gerir ráð fyrir því að allir eigi rétt á húsnæðisláni með niðurgreiddum vöxtum hvernig svo sem högum þeirra er háttað. Það gengur ekki. Sá sem selur stórt, dýrt og skuldlaust einbýlishús fyrir t.d. 8 millj. kr., kaupir minni íbúð, e.t.v. á 4 millj., á þá 4 millj. enn í afgang. Sá hinn sami á rétt á láni með niðurgreiddum vöxtum frá ríkinu sem hann getur ráðstafað ásamt eftirstöðvunum til kaupa á skuldabréfum með háum vöxtum. Þessu verður að breyta. Það sjá allir. Sú skylda hvílir hins vegar á ráðherra húsnæðismála og Alþingi að setja lög og almennar reglur um hvernig með þessi mál skuli fara þannig að ekki verði komið á fót pólitísku skömmtunarkerfi hjá Húsnæðisstofnun. Jafnframt þarf ráðherrann að tryggja að fyrirhugaðar breytingar raski ekki samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna um fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Um þetta snýst málið og það er skylda þm. og ráðherra að finna skynsamlega lausn í stað þess að eyða tíma í karp og stóryrði.

Virðulegi forseti. Framsfl. fer nú í fyrsta sinn með heilbrigðis- og tryggingamál síðan þau voru sett undir eitt ráðuneyti árið 1970. Ljóst er að í þessum málaflokki er að ýmsu að hyggja. Heilbr.- og trmrn. fer með rúm 40% af fjárlögum. Menntmrn., sem er næststærst, fer með 17%. Því er ekki óeðlilegt að litið sé til heilbrigðis- og tryggingamála þegar rætt er um aukið aðhald í ríkisbúskapnum. Sé hins vegar betur að gáð kemur í ljós að verulegur hluti þessara fjármuna er bundinn í svo föstum farvegi að varla verður við hróflað. Þar á ég við lífeyristryggingarnar, þ.e. elli- og örorkubætur. Í sjúkratryggingum og rekstri einstakra stofnana má hins vegar leita leiða til aðhalds og sparnaðar. Ég legg þó áherslu á að sú þjónusta sem nú er veitt verður ekki skert nema það sé liður í aukinni hagræðingu eða skynsamlegri verkaskiptingu milli stofnana. Áfram verður unnið að því að flytja sjúkrahús og vistheimili á svokölluð föst fjárlög til að auðvelda fjárhagslegt eftirlit. Í heilbrigðisþjónustunni hafa einstakir kostnaðarliðir hækkað meira en aðrir, svo sem lyfjakostnaður og sérfræðiþjónusta, og eru þau mál nú í athugun. Fyrirhugað er að endurskoða almannatryggingalöggjöfina með það að markmiði að gera hana einfaldari og auðskiljanlegri og til að jafna ýmiss konar misræmi sem nú er að finna í þeirri löggjöf. Tengsl hennar við önnur skyld lög, svo sem um málefni fatlaðra og aldraðra, þarf að athuga. Að lokinni endurskoðun laganna verður að huga að skipulagi Tryggingastofnunarinnar sjálfrar. Nefnd sem fær þetta verkefni er nú að hefja störf og vænti ég þess að hún geti skilað frá sér áliti síðari hluta næsta árs.

Lög um málefni aldraðra renna út í árslok 1988 en því fer víðs fjarri að öll þau verkefni sem sú löggjöf tekur til séu nú leyst. Þvert á móti tel ég eitt allra brýnasta viðfangsefni á sviði heilbrigðismála í dag vera frekari uppbyggingu á hjúkrunarheimilum og sjúkradeildum fyrir aldraða. Þetta heyri ég hvar sem ég fer og þó að sjálfsagt sé áhugaverðara fyrir heilbrigðisstéttir að takast á við ýmis sérhæfðari verkefni fremur en umsjón með öldruðum, þá virðist mér þó sem allir viðurkenni að hér sé um brýnt úrlausnarverkefni að ræða. Því er nú hafin vinna við að endurskoða þessa löggjöf og hugmynd mín er að setja fram fimm ára áætlun um uppbyggingu húsnæðis og þjónustu í þessum málaflokki. Það verður að vinna í nánu samráði við fulltrúa sveitarfélaganna vegna þess að ráð er fyrir gert að sveitarfélögin taki á sig hluta af þessari þjónustu.

Þá langar mig að koma enn að einu sem oft hefur komið upp í umræðum stjórnarandstæðinga hér á undan. Þeir tala stöðugt um niðurskurð á framlögum til dagvistarmála, tónlistarskóla, félagsheimila og fleiri þátta, en þeir viðurkenna ekki þá

staðreynd að þar er verið að tala um tilfærslu verkefna sem verður að eiga sér stað í samkomulagi og samráði við sveitarfélögin. Þetta vita auðvitað þessir hv. þm. Um þetta er búið að fjalla oft á undanförnum árum og lengi og það hefur verið gert í samráði og viðræðum við sveitarfélögin.

Hvað varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru uppi hugmyndir um að ríkið byggi og reki sjúkrahúsin en sveitarfélögin taki að sér heilsugæsluna. Þetta eru þeir málaflokkar sem snúa að heilbrrn. varðandi margumrædda verkaskiptingu. Hér er um flókið og vandasamt verkefni að ræða og verður undirbúningsvinna með fulltrúum sveitarfélaganna að hefjast hið fyrsta ef samkomulag á að takast fyrir næstu fjárlagagerð.

Sá sjúkdómur sem í dag veldur heilbrigðisyfirvöldum um allan heim mestum áhyggjum er alnæmi, eða eyðni. Áhyggjurnar stafa fyrst og fremst af því að engin lækning er enn þekkt. Fræðsla og upplýsingar til almennings um smitleiðir og varnir er því eina aðferðin sem yfirvöld geta beitt í þessu sambandi. Auk upplýsinga- og fræðslustarfsemi er verið að taka í notkun mjög fullkomna veirurannsóknastöð til að auðvelda eftirlit og auka rannsóknir á þessu sviði. Er það í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans um að nýta nýjustu tækni og framfarir í vísindum til að efla sérhæfðar lækningar.

Í stjórnarsáttmálanum er einnig gert ráð fyrir að auka forvarnir, heilsuvernd og sjúkdómaleit til að stemma stigu við sjúkdómum og slysum, svo og fræðslustarf um ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu. Þetta allt tel ég mjög mikilvægt og að því verður unnið á vegum heilbrrn. að samræma aðgerðir þeirra sem í dag vinna margvísleg forvarnarstörf, m.a. með því að setja fram neyslu- og manneldisstefnu og auka ráðgjöf um heilbrigða lífnaðarhætti.

Ég hef á undanförnum vikum heimsótt margar heilbrigðisstofnanir, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, og ég fullyrði að við búum við eitthvert fullkomnasta heilbrigðiskerfi í heimi og höfum á að skipa mjög vel menntuðu og hæfu starfsfólki til að sinna þessari þjónustu.

Að lokum vil ég leggja áherslu á þá grundvallarstefnu ríkisstjórnarinnar að þrátt fyrir nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum og ríkisfjármálum verður ekki vegið að þeim mikilvægu félagslegu þáttum sem velferðarþjóðfélag okkar byggir á. Um það mun Framsfl. framvegis sem hingað til standa vörð.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við kvennalistakonur áttum þess kost í vor að eiga aðild að ríkisstjórn ásamt Sjálfstæðisflokki og Alþýðuflokki, og var talsverður áhugi fyrir að sú stjórnarmyndun tækist og fast lagt að okkur „að axla þá ábyrgð“ eins og það er orðað. Hafi það vafist fyrir einhverjum í vor að skilja því við höfnuðum aðild að ríkisstjórn er nú kærkomið tækifæri til að útskýra fyrir þeim hinum sömu hverjar voru okkar ástæður. Þær liggja nú ljósar fyrir.

Við áttum ekki kost á öðru en að eiga aðild að sams konar stefnumótun og kom fram í máli hæstv. forsrh. Við vorum ósáttar við þær aðgerðir sem þá var stungið upp á líkt og við erum ósáttar við þær nú. Við vildum ekki þá frekar en nú leggja þyngri byrðar á launafólk. Við vorum og erum ósáttar við matarskatt og skatt á menningarstarfsemi. Við höfðum á reiðum höndum alls konar tekjuöflunarleiðir fyrir ríkissjóð sem allar miðuðu að því að færa fjármagn frá þeim efnameiri til hinna efnaminni.

Í vor var Alþfl. sammála okkur um þessar leiðir, en Sjálfstfl. stóð fast á sínu og svo mikið langaði Alþfl. í stólana að þeir gleymdu flestum fyrri áformum. Það er Jóhanna Sigurðardóttir sem stendur ein eftir með sín fyrirheit enda er nú ráðist að henni úr öllum áttum.

En það sem úrslitum réði var afstaða beggja viðræðuflokkanna til launamála. Kvennalistakonur gerðu það að úrslitaatriði að kjör hinna lægst launuðu, aldraðra og fatlaðra, yrðu bætt að mun. Við sáum ekki aðrar leiðir en lögbindingu lágmarkslauna sem miðast skyldu við framfærslu einstaklings sem okkur sýndist þá vera um 40 þús. kr. og skyldi sú hækkun líka ná til aldraðra og fatlaðra. Auk þess vildum við að á fjárlögum væri ákveðinni upphæð varið til að hækka launin sem koma þar næst fyrir ofan, stigminnkandi krónutala upp að t.d. 60 eða 70 þús. kr.

Við lýstum okkur líka fúsar til að ræða allar aðrar leiðir til að ná þessu marki ef þær fyndust. En þær fundust ekki, enda var ekki leitað að þeim. Þetta var afgreitt sem hin mesta firra sem þýddi varla að tala um, svo fráleit væri hún. Það voru kallaðir til allir helstu hagspekingar landsins og það stóð ekki á svörunum. Þeir féllust í faðma, þvert á flokksbönd, og lýstu því yfir hver um annan þveran að þetta væri óframkvæmanlegt og sönnunin sótt alla leið til Mesópótamíu, löngu fyrir Krists burð. Launamunurinn hefði þá verið sá sami þar og hann væri hér á landi nú og því sýnilegt að ekki væri hægt að breyta. Auk þess væri ekki hægt að reikna út lágmarksframfærslukostnað einstaklings því að eyðsla hans og neysla færi eftir því hvað hann hefði á milli handanna af ráðstöfunarfé. Ja, þvílík speki.

Samt segjast allir vilja draga úr launamun og þá sérstaklega milli kynja. Hæstv. forsrh. sagði áðan að það ætti að gera átak í því að koma á jafnrétti milli kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Hann nefndi hins vegar ekki hvers konar átak eða hvernig ætti að vinna að því. Ekki gat hann bent á leiðir í vor og því hlýtur maður að efast um að þessi yfirlýsing sé annað en orðin tóm. Hann hefur skipað nefnd til að kanna orsakir launamisréttis. Þetta er bara sýndarmennska. Það þarf ekki fleiri kannanir á því sem liggur í augum uppi. Þær eru til, bæði innlendar og erlendar, og allar sýna ótvírætt það sama. Misréttið er himinhrópandi. Það þarf aðgerðir en ekki kannanir.

Það þarf heldur ekki að kanna orsakirnar fyrir

launamisrétti. Þær eru endurspeglun á því vanmati og virðingarleysi sem konum og hefðbundnum störfum þeirra er sýnt, heima og heiman. Og ef hæstv. forsrh. vill leita leiða á hann bara að koma í smiðju til Kvennalistans. Við höfum þegar bent á margar leiðir sem mundu bæta kjör og aðstæður kvenna og um leið fjölskyldunnar sem er þessi hornsteinn sem honum verður tíðrætt um.

Hann og samstarfsmenn hans hafa haft tækifæri til að styðja mörg góð mál hér á Alþingi sem Kvennalistinn o.fl. hafa flutt, svo sem eins og frumvarp um endurmat á störfum láglaunahópa, um bindingu lágmarkslauna, um fæðingarorlof, miklu betra en það sem samþykkt var á síðasta þingi, um lífeyrissjóðsréttindi heimavinnandi húsmæðra, um launalaust frí frá störfum vegna umönnunar barna, um mat á heimilisstörfum til starfsreynslu, tillögur um samfelldan einsetinn skóla, um stórfellt átak í dagvistunarmálum o.fl. o.fl. Hvar var átaksáhuginn þá? Því miður víðs fjarri og átakið birtist okkur nú í allri sinni dýrð. Stofna nefnd, leita leiða.

Nei, þá er öllu háværari krafan um að draga úr neyslu og þenslu. Og víst er þörf á því. Og víst er verðbólgan vágestur. En það gengur ekki að ætla að biðja láglaunafólk einu sinni enn að taka á sig byrðarnar af að halda henni niðri með hófstilltum kröfum eða að kenna því um þensluna.

Það er ekki það sem er að eyða og spenna, fjárfesta og flytja inn, búa til viðskiptahalla, reisa verslunarhallir eða að taka fé að láni hjá fjármögnunarfyrirtækjum. Það gera þeir sem hafa til þess auraráð, og því þarf að minnka þau auraráð. Ekki leyfa þeim að eyða svo miklu að þjóðarbúið komi út með bullandi tapi þrátt fyrir góðæri. Þetta þarf að gera með skattlagningu en ekki með því að bjóða þeim bara gengistryggða reikninga eða verðbréfakaup erlendis, svo fýsilegt sem það kann að vera um þessar mundir, í von um að þeir fari að spara í stað þess að eyða.

Það er ekki hægt að leyfa helmingi þjóðarinnar að sigla þjóðarskútunni á slig og segja svo við hinn helminginn: Austu nú. Það dugir ekki að tala í meðaltölum um kaupmátt launa og neyslu. Meðaltöl gilda ekki um einstaklinga. Þar hefur hver og einn það sem hann ber úr býtum, sumir lítið, aðrir mikið og allt þar á milli, en meðaltal tekur enginn upp úr launaumslagi.

Hæstv. forsrh. varð tíðrætt um menningu, listir og vísindi í upphafi máls síns, en það var líkt og með launamisréttið, fögur orð, en fá fyrirheit. Það er að vísu boðuð endurskoðun á grunnskólalögum, frumvarp um framhaldsskóla og háskóla norður á Akureyri. Það er sæmst að vera ekki þungorður um það sem ekki hefur litið dagsins ljós en þó full ástæða til að hafa uppi varnaðarorð.

Sérstaklega er áhyggjuefni hvað virðist lítill áhugi á því sem sagt er að ekki verði í askana látið. Það eru uppi háværar raddir sem tala sífellt um hagnýta menntun og sá skilningur gjarnan lagður til grundvallar að menntun skuli miðast fyrst og fremst við atvinnulífið. En menntun á að hafa miklu víðtækara gildi, þ.e. að gera hvern og einn hæfari sem einstakling til að skilja og takast á við eigið líf og samfélag.

Á tímum óstöðvandi og yfirþyrmandi fjölmiðlunar er nauðsynlegt að gefa þegnunum veganesti sem geti orðið þeim viðnám við þeirri bylgju afþreyingar, lágkúru og ofbeldis sem hellist yfir í allt of ríkum mæli, þ.e. ef við viljum halda menningu okkar og sjálfstæði. Þar sem annað hefur ekki verið sagt opinberlega verður líka að bregðast við. Það dugir ekki að svokölluð óhagnýt fög séu á undanhaldi fyrir hagnýtum. Þjóð, sem ekki er vel að sér til munns og handa, þekkir ekki sögu sína og menningu, land og tungu, á fátt sér til bjargar. Því er höfuðnauðsyn að þeim greinum sem orðið geta til varnar sé gert hátt undir höfði. Ég hef rökstuddan grun um að svo sé ekki.

Það eru tvær leiðir vænlegastar til árangurs í þeirri vörn sem nú er nauðsynleg: Menntunin sem ég tæpti á og öflug menningar- og listastarfsemi þar sem allt er gert til að stuðla að innlendri sköpun og frjóum hugmyndum með þátttöku sem flestra. Og trúið mér, það skilar sér nokk í öflugri nýsköpun og framtaki í efnahags- og atvinnulífi. Til þess að svo megi verða þarf að styðja við lista- og menningarstofnanir einstaklinga og hópa af miklu meiri stórhug en nú er gert. Skal þó tekið fram að oft hefur það verið verra. En betur má ef duga skal.

Flestir listamenn landsins búa við skilyrði sem helst eru talin hæfa konum, þ.e. lág laun og lítinn efnahagslegan afrakstur verka sinna þótt rómuð séu á góðum stundum. Lífeyrissjóðsréttindi og eftirlaun eru þeim flestum fjarlæg, líkt og mörgum konum, og aðstaða þeirra til allrar sköpunar hin versta. Það dugir ekki að halda uppi nokkrum stofnunum sem reyndar eru ekkert of sælar af sínum fjárhag. Það verður líka og ekki síður að næra grasrótina með bættri aðstoð við listamenn, einstaklinga eða hópa, eftir því hvers eðlis verkefnin eru.

Minna en há markmið duga ekki ef það á fram að ganga sem hæstv. forsrh. boðaði í sinni ræðu þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Tilkall Íslendinga til sjálfstæðis byggist öðru fremur á tungu okkar og bókmenntaafrekum. En hver eru tilvistarrök þjóðarinnar ef hún hættir að skapa menningarleg verðmæti? Gullöld Íslendinga er að sönnu glæst en þjóðin lifir ekki á fornri frægð einni saman.“ Svo mörg voru þau orð.

Hæstv. forsrh. endaði á að tala um að við lifðum á tímum raunsæis. Það var og. Meira gaman hefði verið hefði hann sagt að við lifðum á tímum hugsjóna og glæstra drauma. En þá hefði hann talað sér þvert um hug. Líklega mælti hann líka fyrir munn margra, sérstaklega þeirra sem hallir eru undir köld efnahagsleg rök um alla hluti. Það erum við kvennalistakonur hins vegar ekki. Við gerumst meira að segja svo djarfar að tala um hugsjónir þó að mörgum þyki það hálfpúkalegt.

En raunsæi er ekki það sama og skynsemi, hugsjónir ekki það sama og óraunsæi. Hugsjónir eru

hið eina sanna raunsæi. Í hugsjónum felast draumar um breytta tíma, breytt þjóðfélag, breytt gildismat. Í hugsjónum felst líka kraftur og þor til breytinga.

Því ætlum við kvennalistakonur að vinna áfram eftir okkar leiðum og í samræmi við okkar hugsjónir. Þess vegna gátum við ekki tekið þátt í ríkisstjórn sem byggði á því „raunsæi" sem hæstv. forsrh. boðaði. Þess vegna öxluðum við þá ábyrgð að standa fast við hugsjónir okkar og markmið.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

NEÐRI DEILD

7. fundur, miðvikudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Aðför, 1. umr.

Frv. JM, 34. mál (aðfararstaður). — Þskj. 34.

Flm. (Jón Magnússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 19 frá 4. nóv. 1887, um aðför, 33. gr. þeirra laga. Á 109. löggjafarþinginu flutti ég sams konar frv., en það varð ekki útrætt.

Hér er lögð til sú breyting á aðfararlögunum að miðað er við að aðför hefjist að starfsstöð viðkomandi fógeta. Gerð er krafa um að gerðarþola sé birt áskorun um fyrirkall með a.m.k. sjö daga fyrirvara fyrir fyrirtökuna, en láti hann undir höfuð leggjast að mæta í fógetaréttinum megi gera fjárnám eða lögtak í þinglýstum eða skráðum eignum hans eða eignarréttindum. Sé fjárnám eða lögtak gert með þeim hætti er sú skylda lögð á fógeta að senda gerðarþola tilkynningu í ábyrgðarbréfi. Önnur efnisákvæði lagagreinar þessarar eru óbreytt frá núv. 33. gr. aðfararlaganna.

Þessi breyting, sem hér er lögð til, er sett fram í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og tímasóun við aðfarargerðir. Meginreglan skv. 33. gr. er sú að aðför skuli hefja á heimili gerðarþola sem hefur það í för með sér að fógeti, lögmaður og tveir vottar fara að heimili gerðarþola og gera aðför í flestum tilvikum í þinglýstum og skráðum eignum eða eignarréttindum hans. Þetta bakar gerðarþola ærinn kostnað, sérstaklega í dreifbýlinu þar sem þá þarf kannski að keyra hundrað eða hundruð kílómetra. Þess eru dæmi að kostnaður við aðfarargerð sé jafnvel margfaldur á við það sem gerðarþolinn þarf að greiða vegna höfuðstóls og vaxta, samanlagt, kröfunnar sem verið er að innheimta.

Nái þessi breyting fram að ganga mun það auðvelda störf fógeta og draga úr mannaflaþörf sýslumanna og bæjarfógetaembætta því að ljóst er að löng og tímafrek ferðalög starfsmanna þeirra embætta valda því að þeir sinna ekki öðrum störfum á meðan.

Ég vek athygli á því að með þessari breytingu er ekki dregið úr réttaröryggi gerðarþola. Ef eitthvað er eykst það. Nú er staðan sú að gerðarþoli veit iðulega ekki að gert hefur verið hjá honum fjárnám eða lögtak fyrr en löngu seinna, jafnvel ekki fyrr en komið er að uppboði á þeim eignum sem aðför hefur verið gerð í. Með þessari breytingu sem hér er lögð til fær gerðarþoli tilkynningu með tryggum og öruggum hætti um það hvenær aðför á að framkvæma. Réttarstaða hans er því betri nái þessi breyting fram að ganga.

Meginatriði málsins er því, eins og að framan greinir, að draga úr óþarfa tilkostnaði og tímasóun við aðfarargerðir, hvort heldur um er að ræða lögtak eða fjárnám, og færa þessi mál í nútímalegra horf.

Lög um aðför eru frá árinu 1887 og eiga bráðum 100 ára afmæli. Nauðsynlegt væri að taka þau í heild til endurskoðunar hið fyrsta og aðlaga þau breyttum aðstæðum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er þó löngu orðin tímabær og ég get ekkert séð því til fyrirstöðu að hún verði samþykkt áður en til heildarendurskoðunar kemur á aðfararlögunum. Fjölmargir hafa hvatt til þess að aðfararlögin yrðu tekin til endurskoðunar í heild sinni, m.a. samtök dómara og lögmanna. Af þeirri heildarendurskoðun hefur ekki orðið og óvíst er hvenær af henni verður. Væntanleg heildarendurskoðun laganna á þó ekki að hamla því að gerðar verði nú þegar brýnar breytingar á þeim eins og lagt er til.

Ég bendi á því til stuðnings ályktun aðalfundar Dómarafélags Reykjavíkur frá 26. nóv. 1986 sem borin var fram af stjórn félagsins, en ályktun Dómarafélags Reykjavíkur í því efni, sem hér ræðir um, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fundurinn skorar á dómsmrh. að beita sér fyrir því að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á aðfararlögum sem leiði til þess að

a. kröfur samkvæmt víxlum, tékkum og skuldabréfum verði aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar,

b. samhliða áðurnefndum breytingum verði fógeta heimilað að framkvæma aðfarargerðir á starfsstöð sinni að undangengnum tryggum boðunum til gerðarþola."

Frv. þetta er í samræmi við b-lið ályktunar Dómarafélags Reykjavíkur frá 26. nóv. 1986.

Að minni hyggju er um að ræða sjálfsagða og nauðsynlega breytingu á aðfararlögum sem mundi draga úr mannaflaþörf dómstóla, gera aðfarargerðir kostnaðarminni fyrir gerðarþola og tryggja betur hagsmuni þeirra.

Ég vænti þess að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi og mælist til þess að því verði vísað til allshn. Nd. að lokinni þessari umræðu.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Frv. sem liggur fyrir um breytingu á aðfararlögum er nú flutt, eins og fram kom, öðru sinni af hv. 1. þm. Reykv., en það varð ekki útrætt á síðasta þingi.

Það fer ekki milli mála að hér er hreyft þörfu máli. Frv. felur í sér einföldun á framkvæmd réttar-

fars ef að lögum yrði. En þegar frv. er lesið verður ekki séð að flm. hafi tekið mið af meðferð þess á síðasta Alþingi. Frv. var þá vísað til allshn. Nd. sem sendi það til umsagnar ýmissa aðila. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Alþingis bárust umsagnir frá réttarfarsnefnd, Neytendasamtökunum, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Sýslumannafélagi Íslands.

Í ítarlegri umsögn réttarfarsnefndar kom fram að um væri að ræða ákjósanlega breytingu á 33. gr. aðfararlaganna, þ.e. að heimila fógeta að boða dómfellda til framkvæmdar á aðfararaðgerð í sinni starfsstöð. Á frv. væru hins vegar annmarkar sem nauðsynlegt væri að bæta úr.

Réttarfarsnefnd samdi tillögur um þetta efni og fela þær í sér breytingar á þremur öðrum greinum aðfararlaganna en þeirrar sem frv. fjallar um, þ.e. breytingar á 25. gr., 34. gr. og 45. gr.

Í umsögn Lögmannafélagsins kom fram að stjórn þess og laganefnd væri samþykk þessum tillögum réttarfarsnefndar. Þar kom einnig fram það sjónarmið að vænlegra væri til réttarbóta að í stað sundurlausra breytinga á einstökum greinum aðfararlaganna færi fram heildarendurskoðun á þeim.

Í umsögnum stjórna Dómarafélagsins og Sýslumannafélagsins kom og fram það sjónarmið að fram þurfi að fara heildarendurskoðun aðfararlaga frá 1887 og einnig laga um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar frá árinu 1885. Frv., sem nú er til umræðu, var sem kunnugt er ekki afgreitt frá þingnefnd á síðasta þingi og dómsmrn. voru því ekki kynntar þá þessar umsagnir og athugasemdir. Hins vegar barst ráðuneytinu bréf frá Dómarafélagi Íslands 28. jan. 1987 þar sem stjórnin lagði til að fram færi heildarendurskoðun á aðfararlögum. Þetta bréf var sent réttarfarsnefnd til athugunar og umsagnar í apríl sl.

Ég vil taka það skýrt fram að ég tel rétt að hin gömlu aðfararlög, sem, eins og flm. þessa frv. benti á, eiga einmitt aldarafmæli þessa dagana, verði tekin til endurskoðunar. Ég mun fela réttarfarsnefnd það verk. Sú endurskoðun mun hins vegar óhjákvæmilega taka nokkurn tíma. Eins og hv. flm. tel ég ekki rétt að slík endurskoðun tefji þær breytingar á aðfararlögunum sem hér er gerð tillaga um, en að teknu tilliti til umsagnar réttarfarsnefndar og tillagna. Ég mun koma þeim tillögum á framfæri við þingnefndina sem um málið fjallar og legg til eins og flm. að nefndin taki það mál til meðferðar.

Flm. (Jón Magnússon):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir dómsmrh. við það frv. sem ég flyt um breytingu á aðfararlögunum.

Ég geri mér fullvel grein fyrir að æskilegt væri að breyta fleiri ákvæðum nú þegar og sjálfsagt í tengslum við breytingu á 33. gr. að breyta þá til samræmis nokkrum öðrum ákvæðum aðfararlaganna og tel reyndar eðlilegt að farið sé eftir ábendingum réttarfarsnefndar í því efni og tekið tillit til þess þegar málið kemur til skoðunar hjá allshn. sem ég vænti að það fari til.

Ég gat þess í framsöguræðu minni áðan að ég teldi nauðsynlegt að endurskoða aðfararlögin í heild, reyndar eins og mörg önnur lög sem varða framkvæmd réttarmeðferðar og dómsmála í landinu. Hitt er annað mál og það held ég að sé eitt það brýnasta, þ.e. að menn láti ekki væntanlega heildarendurskoðun, sem á að fara fram einhvern tíma í framtíðinni, tefja fyrir því eða verða þess valdandi að nauðsynlegar eða sjálfsagðar breytingar nái fram að ganga. Ég held að það sé aðalatriðið. Ég tel þessa breytingu, þ.e. þá efnislegu breytingu sem lögð er til þó að til þurfi að koma fleiri breytingar í kjölfar hennar, tvímælalaust vera til bóta og skildi orð dómsmrh. þannig að hann teldi það líka og vænti þess ítrekað því að ég vona að þessi tillaga fái framgang á þessu þingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Til þess að taka af öll tvímæli vil ég árétta það og ítreka að ég tel það þarft að sú efnisbreyting sem felst í frv. sem hv. 1. þm. Reykv. flytur verði nú gerð og án þeirrar tafar sem hljótast mundi af því að bíða þeirrar nauðsynlegu endurskoðunar á aðfararlögunum í heild sem ég tel að þurfi að fara fram.

Ég ítreka einnig að þessi breyting megi ekki eingöngu taka til 33. gr. í aðfararlögunum, heldur verði hún einnig að taka til 25., 34. og 45. gr. eins og fram kemur í áliti réttarfarsnefndar á fram komnu frv. sem er óbreytt frá því sem flutt var á síðasta þingi. En með þessum breytingum tel ég rétt að allshn., fái hún þetta mál til meðferðar, komi með frv. til deildarinnar að nýju eftir nefndarmeðferð með þeim kjarna sem felst í frv. hv. flm.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það undrar mig ekki að bæði hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. ráðherra þurfi að ítreka það sem átt hefur sér stað, enda er það nokkur nýjung. Ég vil vekja athygli hv. þm. og herra forseta á því að hér hefur það gerst sem ég hef ekki orðið vitni að hér í þingsölum fyrr í átta ára þingsögu minni, sem er að hæstv. ráðherra fellst á breytingu frá hv. þm. þó að fyrir dyrum standi heildarendurskoðun. Sú hefur nefnilega verið venja hér í þingsölum að frv. sem til bóta mega verða eru gjarnan, einkum ef þau koma frá stjórnarandstöðu og ég vænti þess að það hefði í þessu tilviki ekki breytt neinu þótt svo hefði verið, afgreidd með því að fyrir dyrum standi heildarendurskoðun og þess vegna hljóti viðkomandi breyting að bíða þess. Og ég vil minna hv. þm. og herra forseta á mál sem að vísu náði fram að ganga eftir mikla erfiðleika, þ.e. breyting á erfðalögum. Þá var talað um að fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á erfðalögunum og sú heildarendurskoðun hefur auðvitað ekki farið fram þó að liðin séu ein þrjú eða fjögur ár. Fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á almannatryggingalögum og þegar er búið að tala um úr ræðustólum að fyrir dyrum standi

heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni.

Ég vil þess vegna lýsa sérstakri ánægju minni með þau orð hæstv. dómsmrh. að hann muni þola það að breyting sé gerð á einstaka atriðum í löggjöf sem ráðuneyti hans varðar þó að fyrir dyrum standi heildarendurskoðun. Það er nýlunda hér í þingsölum sem ber að fagna og ég vænti þess að þessi vinnubrögð verði höfð í frammi í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. JM o.fl., 42. mál (áfengt öl). — Þskj. 42.

Flm. (Jón Magnússon):

Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Geir H. Haarde, Guðrúnu Helgadóttur og Inga Birni Albertssyni flutt frv. til laga um breytingar á áfengislögum, nr. 82/1969.

Varðandi ákvæði frv. er í 1. gr. lagt til að 3. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1969 falli brott. Með því að fella þessa grein brott úr áfengislögum fer innflutningur á áfengu öli fram með sama hætti og innflutningur á öðru áfengi. Í því sambandi má minna á lög nr. 63 frá 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, en þessu frv. er að sjálfsögðu ekki ætlað að raska þeim ákvæðum.

Með 2. gr. frv. er lagt til að sömu reglur gildi varðandi meðferð, tilbúning og sölu allra áfengra drykkja, og er þá haldið þeirri skilgreiningu áfengislaga að áfengi teljist hver sá vökvi sem hefur meira en 2¼% vínanda að rúmmáli.

Með 3. gr. frv. er lagt til að 15. gr. áfengislaganna verði breytt til samræmis verði 1. og 2. gr. frv. þessa samþykkt.

Þá er enn fremur lagt til að lög þessi taki ekki gildi fyrr en 1. október 1988 og verður sú tímasetning skýrð sérstaklega hér á eftir.

Í grg. gera flm. grein fyrir tilgangi með flutningi frv. þessa. En það er í fimm liðum og er þannig:

1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfina.

Ég tel óþarfa að rekja sérstaklega sögu bjórmálsins hér á landi eða þau lagafrv. og brtt. sem fluttar hafa verið frá setningu bannlaganna til þessa dags. Það er þó ástæða til að benda á að eftir að brennivínið tók yfirhöndina hvað áfengisneyslu snerti hér á landi upp úr 1730, fyrir tilstilli danskra stjórnvalda og kaupmanna, jókst drykkjuskapur ákaflega mikið. Ölneysla hafði þá um nokkurt skeið dregist saman en brennivínsneysla aukist. Þess ber einnig að geta að í upphafi aldarinnar, á meðan aðflutningur og sala sterks áfengis var verulega takmarkað en sala áfengs öls leyfð, minnkaði áfengisneysla nokkuð. Þessi tvö dæmi höfum við úr áfengissögu þjóðarinnar, varðandi áhrif áfengs öls. Samkvæmt þeim virðast drykkjusiðir batna og drykkjuskapur minnka hjá þjóðinni eftir því sem meira er neytt af áfengu öli í hlutfalli við sterk vín. Eitt dæmi höfum við varðandi þá viðleitni að draga úr neyslu áfengis og útrýma því úr landinu, en það var við setningu bannlaganna. Niðurstaðan af þeirri tilraun var einfaldlega sú að það er þýðingarlaust í áfengismálum að berjast gegn hlutum sem stór hluti þjóðarinnar vill. Jafnvel þó að meiri hluti þjóðarinnar sé andvígur áfengisneyslu þá var ekki fært að halda uppi þeim ákvæðum sem bannlögin studdust við.

Þessi dæmi skipta máli þegar reynt er að meta réttmæti þeirra staðhæfinga sem koma fram hjá flm. um að með þeirri skipan sem lögð er til í frv. þessu megi draga úr neyslu sterkra drykkja og að drykkjusiðir þjóðarinnar geti breyst til batnaðar. Bjór hefur verið bruggaður í mörg þúsund ár. Frá alda öðli var hann áfengi þeirra þjóða sem bjuggu svo norðarlega að þær gátu hvorki ræktað þrúgur né útvegað hunang til að laga vín. Sterkasti bjórinn sem bruggaður er í dag mun vera rúmlega 13% vínandi að rúmmáli. En sá bjór sem er algengastur og mest drukkinn er á milli 3,5 og 5% vínanda að rúmmáli. Í þýska sambandslýðveldinu er bjórneysla mest eða um 147 lítrar á mann á ári, í Danmörku er neyslan í kringum 130 lítrar á mann á ári, helmingi minni í Svíþjóð og örlitlu minni í Finnlandi en í Svíþjóð. Neyslan er síðan mun minni eða minnst af Norðurlöndunum í Noregi samkvæmt upplýsingum úr bókinni The World Guide of Beer, útgefin 1980.

Ég hygg að það sé óþarfi að rekja þær reglur um framleiðslu og sölu á bjór sem gilda annars staðar á Norðurlöndunum. Mörgum þm. eru sjálfsagt þær reglur kunnar. Það er þó ástæða til að minnast á Svíþjóð í þessu sambandi því hin síðari ár hafa iðulega alrangar fullyrðingar verið settar fram um stöðu bjórmála í Svíþjóð, sérstaklega þó af andstæðingum bjórsölu hér á landi. Af slíkum fullyrðingum hefur helst mátt ráða að bjór væri bannaður í Svíþjóð. En það er rangt eins og sést af því að í Svíþjóð eru drukknir um 60 lítrar á hvert mannsbarn í því landi. Og Svíar eru sautjánda mesta bjórneysluþjóð heims. Framleiðslu á bjór í Svíþjóð er skipt í þrjá flokka. Fyrsti flokkur, léttöl, hefur minna vínandainnihald að rúmmáli en 2,8%. Fram til 1977 var öðrum flokki skipt í tvo hluta, annan með bjór að styrkleika um 2,8%, en hinn að styrkleika um 3,6%. Árið 1977 voru þessir hlutar sameinaðir í einn og þá miðaðir við framleiðslu á bjór um 2,8%. „Mellanöllet" svokallaða, sem var um 3,6%, var þar með afnumið. En fram að þeim tíma hafði það verið mjög algengt. Það var selt mjög víða, var tiltölulega ódýrt og var um 65% af allri bjórneyslu í landinu. Sú

breyting sem þarna var gerð, þ.e. afnám „mellanöllets", hefur frá þeim tíma allt til dagsins í dag og verður sjálfsagt enn um hríð verið mjög til umræðu í Svíþjóð og menn greinir mjög á um hvort þetta hafi verið réttmæt breyting eða ekki. Þriðji flokkurinn af bjór sem seldur er í Svíþjóð inniheldur um 4,5% af vínanda að rúmmáli.

Þegar andstæðingar bjórsins hér vitna til Svíþjóðar máli sínu til stuðnings er ljóst að þeir gera það á fölskum forsendum því um leið og þeir hampa réttmæti þeirra breytinga sem gerðar voru á bjórlögum í Svíþjóð árið 1977, fyrir 10 árum, þá virðast þeir hinir sömu menn ekki gera sér grein fyrir því að þeir sem mæla fyrir bjór á Íslandi hafa lagt til að skipan bjórsölu á Íslandi yrði svipuð og gerist í Svíþjóð, þó jafnvel með enn takmarkaðri dreifingu en þar á sér stað.

Þó að ég nefni þessi dæmi þá vil ég alls ekki gera lítið úr ýmsum ábendingum þeirra sem eru á móti framleiðslu og sölu á áfengu öli. En á það ber samt að líta að flest ef ekki öll rök þeirra eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu og varða því bjórinn ekki sérstaklega öðruvísi en sem eina tegund áfengis. Menn eiga hins vegar aldrei að loka eyrunum fyrir rökum andmælenda sinna.

Þeir sem harðast leggjast gegn sölu bjórs hér á landi byggja höfuðröksemdir sínar á því að þeir óttist það að bjór muni sérstaklega auka drykkju unglinga. Sjálfur tel ég hæpið að svo muni verða. En þessi mótbára er tvímælalaust það veigamikil að grannt verður að fylgjast með því eftir að bjórinn hefur verið leyfður hvernig þróunin verður í þessu efni og kippa í taumana varðandi sölumeðferð og verðlagningu á bjór ef þessi staðhæfing reynist eiga við rök að styðjast.

Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að byrjunaraldur áfengisneyslu hefur lækkað töluvert á undanförnum árum. En nákvæmlega það sama gildir hér á landi. Byrjunaraldur áfengisneyslu er orðinn það lágur hér á landi að mjög svipar til þess sem gerist í nágrannalöndum okkar. Ég hygg því að tilkoma bjórs geti varla breytt hér til hins verra. Það skiptir máli varðandi drykkju unglinga að stjórnvöld marki skynsamlega áfengisstefnu, stórauki fræðslu meðal unglinga um áfengi, áfengisneyslu og skaðsemi hennar. Þessi fræðsla er ekki jafnöflug nú og hún þyrfti að vera. Það hefur hins vegar sýnt sig að þegar þeir sem gerst þekkja og best geta veitt slíka fræðslu hafa gert það í skólum landsins, þá hafa unglingarnir verið mjög reiðubúnir til að hlusta, mjög móttækilegir og hafa virt það sem þar hefur verið fram fært.

Önnur mótbára, sem ég hef heyrt varðandi sölu og bruggun á áfengu öli hér á landi, er sú að drykkja á vinnustöðum aukist. Það er mjög mismunandi eftir löndum hvort drukkið er á vinnustöðum og jafnvel þá á hvaða vinnustöðum. Hér á landi er það ekki algengt að drukkið sé á vinnustöðum og ég hef satt að segja enga trú á því að þarna sé um raunverulega hættu að ræða. Vinnubrögð hér eru almennt með þeim hætti að ég hygg að hættan sé hverfandi ef þá nokkur.

Sú röksemd þeirra sem eru á móti sölu og dreifingu á áfengu öli að bjórinn muni auka heildarneyslu þjóðarinnar á áfengi getur vel verið rétt. Það þarf þó ekki endilega að hafa tjón í för með sér eða auka ölvun eða alkóhólisma. Ég held því fram að jafnvel þó að til þess geti komið að heildarneyslan aukist eitthvað, þá geti drykkjusiðir batnað með bjórnum og að minna verði neytt af sterkum drykkjum. Í þessu efni sem og öðrum sem varða mótbárur gegn bjór skiptir mestu máli hvernig á hann er litið, hvernig verðlagningu er háttað og hvernig sölu og dreifingu er háttað. Um leið og bjór verður leyfður verður að móta samræmda stefnu í áfengismálum — og ætti í raun að vera búið fyrir löngu — freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar.

Mín skoðun er sú að heppilegast sé að ódýrasta alkóhóleiningin yrði í léttum vínum, næstódýrasta í áfengu öli, en dýrust í sterkum vínum. Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengisneyslu með verðstýringu. Því hærra verð sem er á áfengi, þeim mun minni neysla. Mér finnst það nokkuð öfugsnúið að hafa áfengislöggjöf sem bannar léttustu tegund þess vímugjafa, og að margra mati þá skaðminnstu, en leyfir það sterkasta og skaðmesta. Í þessu sambandi má benda á ýmsar greinar, en ég læt nægja að benda á grein sem birtist í Morgunblaðinu 26. apríl 1977, það er þýðing Halldórs Laxness á grein úr Süddeutsche Zeitung í München, með leyfi forseta, en þar segir í inngangi þýðingar:

„Hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið krímínaliséraður hjá okkur í tvær kynslóðir, það er að segja látinn jafnbrýna glæp allar götur síðan árið 1915."

Þessi ummæli eru mjög lýsandi um þau viðhorf og viðbrögð sem hér hafa lengst af verið ríkjandi gagnvart bjór. Bjórnum hefur æ ofan í æ verið lýst sem einu því hættulegasta sem komið gæti yfir íslensku þjóðina og svo hefur farið að ýmsir trúa þessu og neita algjörlega að skoða málið með opnum huga.

Bestu lýsingu sem ég hef fundið á afleiðingum þeirrar hörðu andstöðu sem hér hefur verið haldið uppi er að finna í bókinni Guðsgjafaþula eftir Halldór Laxness, en þar er því lýst, með leyfi forseta, að bátur skipaði upp farmi í Djúpvík. Grunur lék á og almannarómur taldi að smyglvarningur, m.a. bjór, væri í bátnum. Tveir menn létust þegar þeir neyttu efnis úr tunnu nokkurri sem þeir álitu að hefði að geyma bjór í föstu formi, en reyndist vera arsenik. Síðan segir í bókinni, með leyfi forseta:

„(Eftirmáli) Ég get ekki stilt mig um að prenta hér að lokum skeytaskifti milli Landssambands Kvenfélaga Í Sveitum Gegn Bjórflutníngi Til Íslands og ritstjóra Norðurhjarans á Djúpvík. Skeytið er sent áðuren leiðréttíng mín til Ríkisútvarpsins kom fram:

Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar, osfrv.

Herra ritstjóri, sakir voveiflegrar morgunfréttar í útvarpinu í dag, þess efnis að tveir verkamenn hafi orðið bráðkvaddir af bjór á ritstjórnarskrifstofu verkamannablaðsins Norðurhjarans á Djúpvík í morgun, leyfum vér oss að láta í ljós skelfingu vora útaf lífshættulegum drukk sem ógnar eiginmönnum vorum og sonum. Vér treystum yður að gefa í blaði yðar fullnægjandi skýringar á þessu voðalega atviki. Vér krefjumst þess í nafni heilsu og velferðar íslensku þjóðarinnar að þessum óttalega vökva verði helt niður í niðurhellíngarstöðinni á Akureyri. Undirskrift 25 kvenmannsnöfn.

Skeyti frá blaðinu Norðurhjara, Djúpvík, til formanns kvenfélagasambands bjórbindindiskvenna að Guðrúnarstöðum vestan Helkunduheiðar, pr Akureyri.

Háttvirtu frúr: Það var ekki bjór, heldur arsenik. Virðíngarfylst, ritstjóri Norðurhjarans, Djúpvík.

Svar frá Kvenfélagasambandinu, Guðrúnarstöðum, osfrv.

Til herra ritstjóra blaðsins Norðurhjara, Djúpvík. Guði sé lof það var bara arsenik. Stjórnin."

Þó að jafndramatískir og alvarlegir hlutir hafi sem betur fer ekki gerst þá sýnir þessi frásögn vel hvernig viðhorfin hafa orðið og álit ýmissa á skaðsemi bjórs er úr öllu samhengi við raunveruleikann. Þó að í frv. því sem hér ræðir um felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala bjórs verði heimiluð með þar til greindum skilyrðum er það skoðun flm. að verði frv. samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frv. um bjór þar sem tilgreind verði gjaldtaka ríkissjóðs af bjórframleiðslu, sett almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi, svo og skilgreiningar á flokkun bjórs eftir styrkleika hans. Við leggjum jafnframt til að gildistaka laganna verði ekki fyrr en 1. október 1988 til þess að innlendir framleiðendur fái nægilegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu og sölu bjórs. Til greina kemur einnig að okkar mati að leyfa einungis innlendan bjór fyrst um sinn. Nauðsynlegt er að reyna að tryggja sem mesta markaðshlutdeild innlendra framleiðenda og skapa þeim skilyrði til útflutnings. Þetta mundi skapa ný störf og efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu. Jafnframt því mundu tekjur ríkissjóðs aukast.

Ýmsir hafa talið eðlilegt, og frv. verið lögð fyrir Alþingi þar að lútandi, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um það hvort leyfa skyldi bjór eða ekki. Í því sambandi vil ég vekja athygli á að áfengisvarnaráð hefur sent, hér áður fyrr, bréf til Alþingis, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að við kjósum alþingismenn til að setja okkur lög, m.a. áfengislög og þeim ber að axla þá ábyrgð sem þjóðin ætlast til að þeir beri en skjóta sér ekki bak við almenning í máli sem varðar heill og hamingju yngstu kynslóðarinnar og raunar allrar þjóðarinnar."

Ég tel það þm. til vansa ef þeir, eftir alla þá umræðu sem um þetta mál hefur farið fram ár eftir ár, og málið er að mínu viti nánast rætt í botn, treysta sér ekki til að taka afstöðu til málsins. Skoðanakannanir hin síðari ár sýna allar að um þriðjungur landsmanna er á móti bjór. Um 30% þjóðarinnar ef eingöngu er tekið tillit til þeirra sem afstöðu taka. En tveir af hverjum þremur eða yfir 60% þjóðarinnar eru fylgjandi því að bruggun, sala og innflutningur á bjór verði leyfð. Ég tel þessar skoðanakannanir sýna í raun hver meirihlutavilji þjóðarinnar er í þessu máli. Niðurstöðurnar eru svo eindregnar og ótvíræðar að þó að tekið sé tillit til hugsanlegra skekkjuvalda, þá liggur þó fyrir að meiri hluti fólksins í landinu vill að leyfð verði sala á bjór. Jafnvel þó að meiri hluti fólks væri ekki fylgjandi sölu á bjór tel ég samt að leyfa ætti sölu hans og byggi það á því að þegar um er að ræða leyfðan vímugjafa þá eigi meiri hlutinn ekki að geta ráðið því hvort aðrir vilja hafa eitthvert annað form en hið viðtekna á þessari neyslu. Þetta er spurning um neyslumynstur almennings og ég álít að varðandi það atriði eigi meiri hlutinn ekki að geta sagt stórum minni hluta fyrir verkum. Ég lít á þetta sem spurningu um réttindi einstaklingsins og virðingu meiri hlutans fyrir skoðun og vilja minni hlutans sem er grundvallarundirstaða lýðræðisviðhorfa. Hitt er svo annað mál að allt bendir til þess að hér sé ekki um minni hluta að ræða, eins og ég sagði áðan, heldur mjög aukinn meiri hluta.

Af því sem hér er rakið tel ég því skynsamlegast að Alþingi móti nú þegar stefnu í bjórmálinu og samþykki frv. þetta í samræmi við það sem virðist vera meirihlutavilji fólksins í landinu.

Það sem knýr á um að Alþingi taki afstöðu er að bjórneysla á Íslandi er staðreynd í dag í töluverðum mæli og það þýðir ekki að loka augunum fyrir því. Ef við skoðum aðeins ástandið sjáum við hversu fráleitt er að taka ekki á þessu máli. Nú geta menn keypt létt vín sem eru að styrkleika álíka mikið eða örlítið meira en mundi verða um bjór ef hann yrði leyfður. Til viðbótar þessu er selt töluvert magn af ölgerðarefnum, en þá er ótalið það magn sem árlega er flutt inn af bjór. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér m.a. frá tollgæslunni voru fluttar inn til landsins 1979–1980 413 400 flöskur af bjór. Þarna er Keflavíkurflugvöllur ekki inni í myndinni, en þar er áætlað að geti munað um 10 000 flöskum. Ég tek fram að á þeim tíma var innflutningur bundinn við áhafnir flugvéla, en síðan hafa farþegar fengið að taka þennan mjöð með sér. Síðasta talan sem ég hef er frá árinu 1983, en þá voru fluttar inn löglega 1 milljón 360 þús. flöskur eða yfir 500 þús. lítrar af bjór. Það eru um sex flöskur á hvert mannsbarn í landinu og neysla rúmlega tveir lítrar á mann af bjór á ári. Það er ljóst að nú er þessi innflutningur enn meiri m.a. vegna þeirrar rýmkunar sem gerð hefur verið á innflutningi á íslenskum bjór. Þeir sem best þekkja áætla að löglegur innflutningur á bjór sé nú yfir 2 milljónir bjórflöskur á ári eða um 800 þús. lítrar af bjór yfir árið. Til viðbótar þessu vita margir að mjög miklu magni af bjór er smyglað til landsins,

en hvað það er mikið er erfitt að gera sér grein fyrir. Mér kæmi þó ekki á óvart að það væri annað eins magn. Þessu til viðbótar má benda á ferðamenn sem neyta bjórs erlendis og íslenska námsmenn og fleiri. Þá er ótalinn sá leki sem kemur frá varnarliðinu og erlendum sendiráðum. Þegar allt kemur til alls má áætla að bjórneysla hér á landi fyrir hvern íbúa geti verið um eða yfir 6 lítrar á ári eða um 10% af heildarneyslu Svía svo dæmi sé tekið, en Svíar eru sautjánda mesta bjórneysluþjóð heims.

Í dag er bjórneysla og neysla áfengis af sama styrkleika og bjór eða svipuðum staðreynd. Fyrir þessari staðreynd þýðir ekkert að loka augunum. Af þeim sökum verður að marka þá stefnu sem er í samræmi við tíðarandann. Það þýðir ekkert og ég hygg að það sé til skaða að berja höfðinu við steininn. Þegar stór hluti þjóðarinnar vill ákveðið neyslumynstur finnur fólkið þeirri neyslu farveg, jafnvel þó það sé ólöglegt. Þetta sýnir reynslan alls staðar, bæði á bannárunum hér á landi sem og annars staðar. Þetta sýna þær tölur sem ég hef hér rakið.

Í bókinni sem ég vitnaði til áðan, The World Guide of Beer, segir um bjórneyslu Íslendinga, með leyfi forseta:

„Fyrr á öldum þótti það sýna mikla gestrisni á Íslandi að bjóða gestum upp á bjór. Í dag eru hlutirnir því miður öðruvísi. Aðeins má selja öl sem ekki hefur meiri styrkleika en 2,25% vínanda að rúmmáli. Pólarbjórinn, sem framleiddur er í landinu, er bara til útflutnings.“ Og síðan kemur: „Í raun getur þó hver sá sem ætlar sér það komist yfir bjór ef hann vill það.“

Þetta var árið 1979, en síðan þá hefur bjórstreymið orðið enn meira til landsins. Stundum er sagt að glöggt sé gests augað, en þetta er það sem þeir er önnuðust útgáfu bókarinnar öfluðu sér upplýsinga um, staðreynd sem æðimargir skjóta sér undan að kannast við. Þessi tvískinnungsafstaða varðandi bjórinn þýðir því í raun að tekjur ríkissjóðs af bjór eru nær engar. Stór hópur fólks verður lögbrjótar með því að flytja inn og veita viðtöku smygluðum bjór. Innlendir framleiðendur eru að mestu leyti dæmdir úr leik. Þetta er afleiðing þess tvískinnungsháttar og þess að hið háa Alþingi hefur ekki treyst sér til að taka af skarið í þessu máli.

Ég vek athygli á því að það frv. sem hér er flutt er með nokkuð öðrum efnisákvæðum en frv. sem flutt var á 108. löggjafarþinginu af þeim Birni Dagbjartssyni og Stefáni Benediktssyni, m.a. vegna þess að í 1. gr. þess frv. er við það miðað að heimilt sé að flytja inn og selja áfengt öl eingöngu á styrkleikabilinu 4–5%. Mér finnst það með öllu óeðlilegt, ef gera á breytingar á áfengislögunum nú, að binda það á milli þessara prósentutalna, með öllu óeðlilegt. Ég sé engin rök mæla með því sérstaklega. E.t.v. er mesta vandamálið í sambandi við bjór það að ákveðinn hluti þjóðarinnar lítur ekki á bjór sem áfengi. E.t.v. var það rétt mat hjá Svíum á sínum tíma að afnema mellanöllet vegna þess að það var af þeim styrkleika sem almennt var litið á meira sem svaladrykk en áfengi. En það er mjög mikilvægt að undirstrika að bjór er að sjálfsögðu áfengi og ber að meðhöndla sem slíkt. Það er óheppilegt að binda þetta í þeirri prósentu sem þeir Björn og Stefán lögðu til í frv. sem ég vísaði til vegna þess að það er til þess fallið að fólk líti á bjór með öðrum hætti en þeim að um vímugjafa sé að ræða. Mér finnst eðlilegra, ef gerð er breyting á áfengislögunum, að það sé þá miðað við að bruggun og sala á öli sé heimil alveg frá núll komma eitthvað prósent og upp í þann styrkleika sem hægt er að brugga. Ef einhverjar takmarkanir ættu að vera ætti það að gerast gagnvart veikasta hluta bjórsins, þ.e. gagnvart því öli sem er örlítið sterkara en pilsnerinn okkar. Þar er hættan mest, að fólk líti ekki á sterkan drykk sem áfengi heldur sem svaladrykk.

Ég legg áherslu á brýna nauðsyn þess að vel sé unnið að vörnum gegn misnotkun áfengis, en það er ekki sérstakt mál í sambandi við þá brtt. á áfengislögunum sem hér liggur fyrir. Vandamálin eru nú þegar svo alvarleg að ríkisvaldið verður að láta meira af hendi rakna til fræðslu og forvarnarstarfs í þessum efnum svo og aðra aðstoð.

Í frv., sem flutt var á 108. löggjafarþinginu og ég hef hér minnst á, um breytingu á áfengislögum, frá þeim Birni Dagbjartssyni og Stefáni Benediktssyni, var ákveðið í 6. gr. að verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Í því frv. sem hér er flutt er þetta ekki lagt til. Í fyrsta lagi er ekki talið heppilegt að hafa um þetta ákvæði og marka þar með ákveðinn tekjustofn. Nauðsyn er jafnvel á hærri framlögum en gat um í 6. gr. frv. þeirra Björns og Stefáns. En það verður jafnan að vera á valdi stjórnvalda, fjárveitingavaldsins í landinu, hvernig það vill skipa þessum málum. Það er ekki hægt að afsala sér eða framselja það í eitt skipti fyrir öll og það er óheppilegt að setja upp fleiri markaða tekjustofna.

Ég ítreka það síðan að ég vona að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi og mælist til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til allshn. deildarinnar.

Umræðu frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 47.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Við höfðum rætt á síðasta fundi nokkuð um frv. til l. um breytingu á lögum un Húsnæðisstofnun ríkisins sem lagt hefur verið fram af hæstv. ríkisstjórn og mælt fyrir af hæstv. félmrh.

Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar á síðasta fundi deildarinnar farið lauslega yfir efnisatriði frv. og fjallað nokkuð um aðdraganda þess. En mig langar til að víkja örlítið nánar að fáeinum efnisþáttum í sjálfu frv.

Í fyrsta lagi ætla ég að fara yfir meginefni frv. þar sem í 1. gr. er opnuð heimild til handa húsnæðismálastjórn að takmarka lánamöguleika þeirra sem miklar íbúðareignir eiga fyrir. Hér er á ferðinni heimild til takmarkandi ákvæðis sem oft áður hefur verið rætt um og þá hefur gjarnan verið tekið svo til orða að efnahagur skyldi ráða nokkru um hvaða lánsmöguleika menn hefðu úr húsnæðislánakerfinu. Í frv. þessu hefur orðið niðurstaðan sú að miða eingöngu við íbúðareign eða skuldlítinn hlut í íbúðarhúsnæði. Það er út af fyrir sig galli, ef menn fara út í að skilgreina aðstæður manna á annað borð, að menn treysti sér þá ekki til að lesa meira út úr upplýsingum sem fáanlegar eru um almennan efnahag umsækjanda en það eitt hversu mikið íbúðarhúsnæði viðkomandi á. Ég tók fram að ég teldi þá hugsun sem lögð er til grundvallar rétta, þ.e. að láta þá sem eiga íbúðarhúsnæði, jafnvel stórt og skuldlaust, víkja fyrir öðrum sem eru í meiri þörf. Sú röksemd, sem hefur heyrst í þessari umræðu, að vegna þess að menn geti eftir sem áður náð sér í húsnæðislán með því að kaupa íbúð á hinum almenna markaði á hverri hvíldu lán frá byggingarsjóðunum er að mínu mati ekki haldbær í þessu efni, fyrst og fremst vegna þess að á meðan að útlánafé byggingarsjóðanna er takmarkað og biðtími er langur eru það næg rök í sjálfu sér til að reyna að forgangsraða þeim hópum sem sækja þar um aðstoð. Þar breytir engu um þó að það hafi lengi verið svo að menn sem ekki áttu lánsrétt samkvæmt úthlutunarreglum á lánum frá húsnæðismálastjórn gátu á hinum almenna fasteignamarkaði keypt íbúðir á hverjum hvíldu eldri lán, burtséð frá rétti þeirra sem einstaklinga til að taka slík lán. Við vitum einnig að jafnvel lífeyrissjóðslán, sem þó samkvæmt samþykktum og úthlutunarreglum lífeyrissjóðanna eiga að fylgja einstaklingum sem lánsréttinn höfðu, hafa gjarnan gengið á milli manna með húseignum. Þess eru ótal dæmi að við íbúðakaup hafi menn yfirtekið lán sem aðrir höfðu tekið hjá sínum lífeyrissjóðum. Þannig er hér í raun og veru ekki um nein ný rök í málinu að ræða. — Ég endurtek að það er hárrétt hugsun, ef menn þurfa að takmarka aðgengi að húsnæðislánasjóðunum á annað borð að reyna að lesa úr þá sem minnsta hafa þörfina fyrir slík lán og láta þá mæta afgangi.

Það hefur einnig heyrst í þessari umræðu, einkum frá aðilum sem tengjast lífeyrissjóðunum eða launþegahreyfingunni, að í raun felist í þessari takmarkandi reglu svipting lífeyrissjóðsréttinda vegna þess að með vaxandi þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun byggingarsjóðanna hafi þeir dregið úr lánum til sinna félaga og þar af leiðandi sé í gegnum þessar takmarkandi reglur verið að svipta menn lífeyrissjóðsréttindum. Ég held að þetta séu heldur ekki haldbær rök vegna þess að hér er um tvenns konar og ólíka lánafyrirgreiðslu að ræða, annars vegar lán úr byggingarsjóðunum með stórlega niðurgreiddum vöxtum, hins vegar voru þau lán sem félagsmönnum lífeyrissjóða stóð til boða að taka yfirleitt á háum vöxtum, markaðsvöxtum eða jafnvel hærri vöxtum en unnt var að fá sums staðar annars staðar á hinum almenna lánamarkaði. Slíkum stendur eftir sem áður til boða að taka sér lán hvar annars staðar sem er úti í þjóðfélaginu.

Ég hef heldur aldrei skilið það sem eitt af meginverkefnum lífeyrissjóða að stunda lánastarfsemi, hvorki til sinna félaga né annarra. Fyrsta boðorð lífeyrissjóðanna á að vera að ávaxta fé sitt og í öðru lagi tryggja þannig og í framhaldinu lífeyrisgreiðslur sinna félagsmanna. Það er grundvallaratriðið og meginhlutverk lífeyrissjóðanna, ekki hitt að standa í lánastarfsemi sem fyrst og fremst er komin til af þörf lífeyrissjóðanna til að ávaxta fé sitt. Þannig finnast mér þessi rök, sem beitt hefur verið, ekki haldbær. Ég hef því góða samvisku yfir því, hvort sem það snýr að félagsmönnum lífeyrissjóða eða öðrum, að styðja þá hugsun sem lögð er til grundvallar ákvæðum 1. gr. En ég tek fram, eins og ég hef þegar sagt, að ég tel það nokkurn galla á útfærslunni að menn skuli ekki reyna að líta til þess í víðara samhengi hvernig efnahagur umsækjanda er en bara þess að skoða eign viðkomandi á íbúðarhúsnæði.

Ég vék nokkuð í fyrri hluta ræðu minnar að 2. gr. frv. sem gengur út á að hefja útgáfu svonefndra lánshæfisbréfa eða hálfgildings lánsloforða eins og ég hef kosið að kalla það. Ég hef ekki miklu við það að bæta. Ég vara við þeirri hugmynd. Ég bendi á að nógu slæmt er að brask upphefjist þegar umsækjendur hafa fengið í hendur eiginleg lánsloforð frá húsnæðismálastjórn. Ég held að hálfgildings lánsloforð eða lánshæfisbréf séu ekki í eðli sínu það ólíkur pappír að ekki geti orðið um brask að ræða með þau engu að síður. Það er þó alveg ljóst að þau eru mönnum miklu minni trygging í hendi. Ég tel að nær væri að Húsnæðisstofnun færi í þveröfuga átt og er út af fyrir sig tilbúinn að standa að lagabreytingum ef menn telja þess þörf í þá veru að húsnæðismálastjórninni verði heimilt að gefa engar skuldbindandi yfirlýsingar fyrr en nær dregur þeim tíma er lánin eru veitt. Það er að mínu viti eina aðferðin til að koma í veg fyrir misnotkun og brask með slíka pappíra frá húsnæðismálastjórn. Ég teldi í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á rúmu ári af útgáfu lánsloforða að það væri nær að húsnæðismálastjórn sendi eingöngu frá sér móttökukvittun eftir að umsókn hefur verið móttekin, tilkynningu um að umsókn hefði verið móttekin og einhvers konar leiðbeiningu um hversu lengi umsækjandinn mætti vænta þess að bíða þangað til hann fái skuldbindandi svör. Að öðru leyti sendi stofnunin ekkert frá sér sem orðið gæti tilefni til einhvers konar brasks eða væntinga af hálfu umsækjendanna sem ekki standast þegar á hólminn kemur.

Í 3. gr. frv. er í raun á ferðinni viðleitni af sama tagi og um er fjallað í 1. gr. nema þar er gert ráð fyrir að aðstæður umsækjenda geti haft áhrif á röðun þeirra innbyrðis á biðlista eftir lánum. Hvað varðar það ákvæði greinarinnar að taka lán til viðbyggingar, endurbóta eða orkusparandi aðgerða fram fyrir í flokk með lánum til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn get ég einfaldlega lýst því yfir að ég er því sammála. Ég tel galla eins og þetta hefur verið á því ári sem lögin hafa verið reynd að lán til að mynda til orkusparandi endurbóta á húsnæði á þeim svæðum þar sem menn búa enn við olíukyndingu eða dýra rafmagnskyndingu lendi inni í biðlistanum og týnist þar, ef ég má taka svo til orða. Hér er ekki á ferðinni stór eða viðamikill lánaflokkur, en fyrir honum eru engu að síður mikil rök og ég tel fyllilega réttmætt að taka á þeim eins og frv. gerir ráð fyrir og þau njóti sama forgangs og lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Hvað varðar hins vegar þá heimild 3. gr. að öðru leyti að taka tillit til fjölskyldustærðar og aðstæðna þegar raðað er á biðlista þeirra sem eiga íbúð fyrir er alveg ljóst að sú gagnrýni er réttmæt að með þessu er verið að fá húsnæðismálastjórn í hendur vald sem í sjálfu sér er vandmeðfarið og ekki eftirsóknarvert. Ekki dettur mér í hug að neita því og reynslan af starfi G-lánanefndar, sem ég þekkti nokkuð til á meðan hún var og hét, segir mér að húsnæðismálastjórn verður ekki öfundsverð af sínu hlutverki hvað þetta varðar ef til kemur. Það er ekki eftirsóknarvert að fá heimildir til að draga fólk í sundur með þessum hætti, kannski á grundvelli tiltölulega óljósra leiðbeinandi reglna. En ég segi aftur: Viðleitni af því tagi er eðlileg með tilliti til ástandsins í húsnæðismálunum og í húsnæðislánakerfinu. Og mér finnst sjálfsagt og ég er tilbúinn að skoða vandlega hvort setja megi einfaldar reglur um þetta sem bjóði engu að síður ekki upp á allt of mikla túlkun í einstökum tilfellum.

Svo kem ég að 4. gr., herra forseti, þar sem í 1½ línu er fjallað um heimildarákvæði til handa ríkisstjórn að ákveða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks eða að endurgreiða vexti, hvort tveggja eftir nánari reglum er settar verða í reglugerð. Hér er að mínu mati á ferðinni erfitt verkefni. Það er kannski nauðsynlegt að menn geri sér strax í upphafi grein fyrir að það er fyrst og fremst erfitt að útfæra þetta verkefni vegna grundvallaruppbyggingar lánakerfisins í húsnæðissjóðunum. Það er þannig, eins og menn ugglaust þekkja til og þarf væntanlega ekki að fræða hv. þm. um, að lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins fylgja húsnæði. Þau fylgja þeim veðstað sem lánin lenda á í upphafi þó að þau séu tekin í upphafi af einstaklingum og vegna lánsréttar einstaklinga. Þannig er kerfið í raun sambland af kerfi sem byggir á lánsrétti einstaklinganna í upphafi og grundvallast á umsóknum þeirra, en lánin festast síðan á þeim veðstað sem þau eru í upphafi sett á. Þetta er sem sagt grundvallaruppbygging kerfisins. Þetta þurfa menn að hafa í huga þegar rætt er um möguleikana á því að taka upp breytilega vexti innan einstakra útlánaflokka vegna þess að það þýðir væntanlega að haldi menn eftir sem áður því kerfi að lánin fylgi veðstað þarf að reikna hlutina upp á nýtt og fara yfir þá upp á nýtt í hvert einasta skipti sem eigendaskipti verða á húsnæði á hverju hvíla lán frá byggingarsjóðunum. Engu að síður þurfa menn að fara yfir þessa hluti og athuga hvernig aðstæður einstaklinga breytast jafnvel þó svo þeir búi áfram á sama stað og lánin fylgja.

Nú er margt hægt með ofurtölvum nútímans og með því að ráða nógan mannskap, en ég bíð mjög spenntur eftir að heyra tillögur um einfalda útfærslu á því kerfi að fylgjast með því í fyrsta lagi í hvert einasta skipti sem eigendaskipti verða á íbúð sem hefur áhvílandi lán frá byggingarsjóðunum og í öðru lagi að fylgjast með því hvernig aðstæður einstaklinga breytast þannig að sanngjörn útfærsla verði til á því hversu háa vexti greiða skal af hverju og einu láni á hverjum tíma.

Mun einfaldara væri ef menn treystu sér til að gera þá grundvallarbreytingu á lánakerfinu að lægri vextir væru bundnir við fyrsta lán til einstaklings í hverju einstöku tilfelli og fylgdu honum síðan þannig að vextir væru fyrst og fremst mismunandi á grundvelli þess hvort um væri að ræða fyrsta lán eða síðara lán til viðkomandi einstaklings og síðan fylgdu lánin einstaklingnum sem þau tók í upphafi. Þá væri í sjálfu sér mjög auðvelt að fylgjast með því og tryggja að slíkar reglur kæmu sanngjarnt út. En um þetta atriði eru næsta fá orð í frv. og ég hef ekki í sjálfu sér heyrt neinar tillögur um útfærslu á þessu sem ég get í raun tekið afstöðu til.

Ég er ekki mótfallinn því að menn leiti einhverra leiða til að brúa vaxtamuninn með slíkum hætti því að öllum má vera ljóst að þar stefnir í hreint óefni ef ekki verður eitthvað að gert. Sá mikli munur sem orðinn er á vöxtum á þeim lánum sem byggingarsjóðirnir taka annars vegar og útlánum þeirra hins vegar og með jafnlitlu ríkisframlagi til sjóðanna og við upplifum á þessum árum gerir að verkum að það þarf ekki talnafróða menn til að sjá að þar stefnir í hreint gjaldþrot byggingarsjóðanna á tiltölulega stuttum tíma ef ekki verður gripið til einhverra ráðstafana.

Þær leiðir sem til greina koma í þessu efni eru fáar og skýrar og menn ættu að geta gert upp afstöðu sína til þeirra með einföldum hætti.

Það kemur í fyrsta lagi til greina að hækka vextina á öll útlán byggingarsjóðanna. Það er að sjálfsögðu langeinfaldasta og áhrifaríkasta aðferðin til að ná meiri peningum inn í byggingarsjóðina að minnka vaxtamuninn með því að hækka útlánsvexti byggingarsjóðanna. Frammi fyrir því standa menn og það geta menn gert upp við sig. Ég er því andvígur. Ég tel að ef einhvers staðar, fyrir utan e.t.v. námslán, sé ástæða til að reyna að halda vöxtum niðri í þjóðfélaginu sé það á lánum til að afla íbúðarhúsnæðis.

Annar möguleikinn er svo að hafa mismunandi

vexti eða breytilega vexti jafnvel innan sömu lánaflokka. Því fylgja þau vandkvæði sem ég hef þegar að vikið og ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þó að ég taki fram að ég ætla ekki að útiloka að menn reyni að finna einhverja færa útfærsluleið hvað þetta varðar.

Í þriðja lagi, og því vil ég að menn muni eftir í þessari umræðu, er svo möguleikinn á því að ákveða það sem lið í langtímastefnumörkun í húsnæðismálum að stórhækka ríkisframlagið, að niðurgreiða vextina og halda þessum mikla vaxtamun með því ósköp einfaldlega að hafa ríkisframlagið hærra þannig að tvennt gerist, að hærra ríkisframlag sé til ráðstöfunar á hverjum tíma til að greiða vaxtamuninn og að einhver hluti af útlánum byggingarsjóðanna á hverjum tíma sé þeirra eigið fé, einhver umtalsverður hluti útlánanna á hverjum tíma sé eigið fé byggingarlánasjóðanna. Þá vegur vaxtamunurinn minna og sjóðirnir standa sterkar með sitt eigið fé og sínar eigin tekjur til að bera þann vaxtamun til langframa.

Fjórði möguleikinn, sem mönnum finnst e.t.v. næstum guðlast að ræða hér en er þó óhjákvæmilegt að minna á, er sá að minnka vaxtamuninn úr hinni áttinni með því að reyna að lækka vexti í landinu, með því að reyna að leita eftir ódýrara lánsfjármagni til byggingarsjóðanna. Stærstur hluti vandans sem við stöndum frammi fyrir eru þeir okurvextir sem tíðkast í þjóðfélaginu. Ég er ekkert að ásaka forsvarsmenn lífeyrissjóðanna í landinu sem að sjálfsögðu leita hagkvæmustu ávöxtunar fyrir sína félaga og sína sjóði á hverjum tíma, en þeir gera það með tilliti til vaxtastigsins í þjóðfélaginu. Hverjir fara þar á undan með fögru fordæmi aðrir en hæstv. ríkisstjórnin sjálf? Það er hæstv. ríkisstjórn sem er að pína vaxtastigið upp í landinu með vöxtum á ríkisskuldabréfum og með ýmsum öðrum ákvörðunum í efnahagsmálum þannig að þetta er að verulegu leyti heimatilbúinn vandi hæstv. ríkisstjórnar. Ef vaxtastigið á Íslandi væri raunhæft, hóflegt, væri þessi staða í byggingarsjóðunum miklum mun léttbærari en raun ber vitni því að vaxtakröfur lífeyrissjóðanna á sitt fé taka mið af vaxtastiginu almennt, eins og ég hef þegar að vikið og allir gera sér væntanlega ljóst. Þannig er líka ástæða til að muna eftir því í þessari umræðu að ríkisstjórnin sjálf með ákvörðunum sínum í vaxta- og peningamálum ræður miklu um þennan enda málsins, hverjar vaxtakröfur þeirra sem leggja byggingarsjóðunum til fé eru á hverjum tíma. Þær hafa verið að hækka á undanförnum mánuðum. Byggingarsjóðirnir standa nú á grundvelli nýrra samninga frammi fyrir nýjum vanda, nýju gati upp á fleiri hundruð millj. kr. einfaldlega vegna þeirrar hækkunar á vöxtum sem lífeyrissjóðirnir kröfðust í framhaldi af hækkandi vöxtum úti í þjóðfélaginu.

Ég vil svo koma að einum þætti enn og það varðar ásókn í þessi lán. Það hefur gerst, eins og menn vita, að umsóknir hafa orðið fleiri og ásókn í lán hjá byggingarsjóðunum hefur orðið meiri en menn gerðu ráð fyrir þegar rætt var um kerfisbreytingar í húsnæðismálum á öndverðu ári 1986. Ég verð að segja alveg eins og er að það kemur mér á óvart að menn skuli vera hissa á þessu. Ég er hissa á að menn skuli ekki skilja og hafa áttað sig á fyrir löngu að öðruvísi gat þetta ekki farið. Það þarf enginn að vera undrandi á því þó að það sé mikil eftirsókn í lán hjá Húsnæðisstofnun, Byggingarsjóði ríkisins. Og hvers vegna er það nú? Fyrir því eru nokkrar ástæður og flestar væntanlega kunnar.

Í fyrsta lagi eru hér á ferðinni lán, mjög hagstæð lán. Í þjóðfélagi sem hefur einhverja hæstu vexti í heimi eru þarna á ferðinni lán með tiltölulega hóflegri raunávöxtun. Þetta segir um leið að betri ávöxtunarkjör bjóðast annars staðar í þjóðfélaginu, mun betri. Þar af leiðandi er það svo að fyrir einstaklingana er freistandi að ná í lánsfé hjá byggingarsjóðunum en ráðstafa sínu eigin fé annars staðar. Það er mjög freistandi.

Svo kemur það til í öðru lagi að með verðtryggingu fjárskuldbindinga í þjóðfélaginu og minni verðbólgu hefur steinsteypa sem slík, íbúðarhúsnæði eða önnur steinsteypa, að verulegu leyti misst gildi sitt sem ávöxtunaraðferð eða trygging á fjármagni. Þar af leiðandi er af þeim sökum einnig minni áhugi á því að binda eigið fé í íbúðarhúsnæði. Það kostar að eiga húsnæði og þegar auðvelt er orðið að verðtryggja fjárskuldbindingar annars staðar og fá fyrir þær mun hærri ávöxtun er eðlilegt að einstaklingar hafi minni áhuga á því en ella að leggja sitt eigið fé í byggingu íbúðarhúsnæðis.

Í þriðja lagi er húsnæði að verða dýrara að raungildi í landinu. Það er talið að fasteignaverð nú sé sambærilegt eða jafnvel hærra en það hefur hæst verið áður að raungildi á Íslandi. Það kemur því til viðbótar að menn þurfa af þeim sökum einum hlutfallslega meira fé til að komast yfir húsnæði.

Í fjórða lagi mega menn ekki gleyma þeirri sérkennilegu stöðu sem uppi er á Íslandi að mjög mikið af húsnæði í landinu er skuldlaust eða skuldlítið. Það eru gífurleg verðmæti bundin í hverju þjóðfélagi í íbúðarhúsnæði og sennilega hvergi í heiminum annað eins og hér á Íslandi, hjá okkur sem byggjum stórt og flott og dýrt og höfum byggt mikið á stuttum tíma. Það er ekki mikið um húsnæði hér, sem enn er notast við til íbúðar, sem er jafnvel margra alda gamalt eins og þekkist í ýmsum nágrannaþjóðfélögum. Obbinn af íbúðarhúsnæði á Íslandi er tiltölulega nýlegur og stór.

Síðan kemur það til að fyrir daga verðtryggingar og á tímum verðbólgu brunnu þau lán sem hvíldu á húsnæði mjög hratt upp. Þar af leiðandi er íbúðarhúsnæði, sem byggt var eða keypt eða með öðrum hætti skipti um eigendur fyrir tíma verðtryggingar, yfirleitt skuldlítið. Hafi það ekki skipt um eigendur síðan hvíla yfirleitt á því lítil lán. Þetta gerir að verkum að það er alveg geysilegt pláss fyrir lán í íbúðarhúsnæði landsmanna. Það er óhemjulegt magn af veðum til úti í þjóðfélaginu til að festa þessi lán á vegna þess að fyrir tíma verðtryggingarinnar

gufuðu upp þau lán sem tekin voru á þetta húsnæði á stuttum tíma. Nú gerist það að sögn fróðra manna að á fasteignamarkaði til að mynda í Reykjavík er ekki óalgengt að íbúðir skipti um eigendur á 7–10 ára fresti og það þýðir ósköp einfaldlega að á næstu 5–15 árum skiptir mjög mikið af íbúðarhúsnæði um eigendur og safnar upp á sig lánum því að stór hluti kaupendanna á hverjum tíma verður fólk sem hefur lánsrétt og fær lán frá byggingarsjóðunum. Þess vegna verður geysilegt útstreymi fjármagns úr byggingarsjóðunum í íbúðarhúsnæði á næstu árum og þar er til nóg pláss fyrir þessi lán, þar eru til nóg veð. En að þessum tíma liðnum má ætla að úr þessu útstreymi dragi þegar uppsöfnun lánanna í húsnæðinu er farin að valda því að minna og minna af því húsnæði sem gengur kaupum og sölum hefur pláss fyrir umtalsverð lán úr byggingarsjóðunum. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

M.ö.o.: það er verið að færa gífurlegt fjármagn úr lífeyrissjóðunum út í íbúðarhúsnæðið í landinu. Ég slæ á það á fingrum mínum án þess að hafa kannað það nákvæmlega að verðmæti íbúðarhúsnæðis í landinu geti hlaupið á 2–3 hundruðum milljarða kr. Það er alla vega ekki fjarstæðukennt. Og hvað þýðir það? Það þýðir að verðmæti íbúðarhúsnæðisins er jafnvel tvöfalt meira en allt það fé sem gert er ráð fyrir að streymi úr lífeyrissjóðunum inn í byggingarsjóðina á næsta aldarfjórðungi. M.ö.o.: svo mikið er plássið fyrir lán í íbúðarhúsnæði landsmanna, svo mikil veð eigum við í húsnæði sem ekki hvíla lán á.

Síðan væri fróðlegt, herra forseti, að segja nokkur orð um fasteignamarkaðinn á Íslandi því að ekki er hægt að gleyma honum þegar menn ræða um húsnæðismál og breytingar á húsnæðislánakerfinu. Það er orðið alveg ljóst og hefur reyndar lengi verið að fasteignamarkaðurinn á Íslandi er sérstakt fyrirbrigði. Svo virðist sem þessi fasteignamarkaður, ekki stærri en hann er, hafi þó bolmagn til þess, kannski vegna þess hvað hann er lítill, að gleypa allar tilraunir sem menn hafa haft uppi á undanförnum árum til að hækka lán og auka fyrirgreiðslu við íbúðakaupendur. Það verður ekki séð annað af þróun fasteignamarkaðarins síðustu missirin en að stór hluti eða verulegur hluti þeirrar fyrirgreiðslu, þeirrar hækkunar á lánum sem meiningin var að aðstoða íbúðakaupendur með hafi horfið, sogast út á þennan fasteignamarkað, bæði í formi raunhækkunar á íbúðaverði og í formi hærra útborgunarhlutfalls.

Ég er þeirrar skoðunar að eitt af því sem ekki tókst sem skyldi í ráðstöfunum í húsnæðismálum á árinu 1986 hafi verið að menn gleymdu að gera samhliða átak í félagslega íbúðabyggingakerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að menn nái aldrei tökum á húsnæðismálum á Íslandi nema taka á þeim öllum í samhengi. Það er ekki hægt að slíta almenna kerfið úr samhengi við annað og grípa þar til ráðstafana en ætla svo að geyma og sjá til og bíða með það í nokkur ár að skoða hinn enda húsnæðismálanna. Þetta hefur ósköp einfaldlega áhrif hvað á annað. Ég get nefnt sem dæmi að á Akureyri eru um 1500 nemendur í framhaldsskólum, þar af um helmingur utanbæjarfólk, og þegar þessi innrás, ef svo má að orði komast, dynur yfir bæinn á hverju hausti leiðir af sjálfu sér að í 15 þúsund manna bæjarfélagi veldur það mikilli breytingu á leigumarkaðnum. Leigan hækkar og fasteignaverðið hækkar einnig vegna þess að þetta tvennt hangir saman.

Ég held að ástand húsnæðismálanna og fasteignamarkaðarins í Reykjavík, þar með talið leigumarkaðarins, væri betra en raun ber vitni ef hér væri t.d. á stúdentagörðum húsnæði fyrir 1000 námsmenn, ef hér væri betur séð fyrir húsnæðismálum aldraðra, ef hér væri betur séð fyrir húsnæðismálum fatlaðra, ef hér væru jafnvel garðar fyrir farandverkafólk o.s.frv. Skyldi þá ekki ástandið á hinum almenna húsnæðismarkaði vera annað og betra? Skyldi ekki leigumarkaðurinn vera hóflegri o.s.frv.? Ég held að mönnum hafi verulega yfirsést í þessu efni þegar þeir ímynduðu sér að með því að hækka lán og auka fyrirgreiðslu í hinu almenna kerfi í gegnum Byggingarsjóð ríkisins tækist að leysa allan vanda vegna þess að þeir sem þar eiga ekki innangengt þurfa líka að búa í húsnæði og kjör þeirra hafa áhrif á þetta kerfi. Það er að mínu viti hinn mikli misskilningur að hægt sé að leysa þessi mál án þess að taka á þeim öllum í samhengi.

Að lokum þetta, herra forseti: Ég styð hæstv. félmrh. til allra góðra verka í húsnæðismálum. Ég vil gjarnan reyna að lagfæra þetta kerfi með hæstv. félmrh. Það eru að vísu á ferðinni í þessu frv. tiltölulega léttvægar breytingar sem litlu munu skipta um heildarútkomu og ásigkomulag húsnæðismálakerfisins. Það er kannski það versta, herra forseti, að allur þessi styrr og allar þessar umræður skuli þurfa að eiga sér stað um jafnléttvægar breytingar og raun ber vitni. Það væri miklum mun skemmtilegra að eyða tíma hins háa Alþingis í umræður um veigameiri og afdrifaríkari breytingar á húsnæðismálakerfinu sem maður gæti bundið vonir við að hefðu meiri áhrif til frambúðar og leystu meiri vanda en raun ber vitni.

Hæstv. ráðherra á greinilega á brattann að sækja með sín mál í hæstv. ríkisstjórn. Það hefur komið fram. Ég ætla ekki að fella dóma um hvernig vinnubrögðin hafa verið við undirbúning frv., það er ekki mitt hlutskipti, hvorki hvort nægjanlegt samráð hafi verið haft við hina ýmsu aðila, lífeyrissjóði eða verkalýðshreyfingu, og þaðan af síður ætla ég að gerast dómari um samstarfið innan hæstv. ríkisstjórnar um þetta mál. Ég segi það eitt að ég mun styðja þær af þessum breytingum sem ég tel til bóta og ég hef gert grein fyrir og ég hirði þá aldrei hvort þeir stjórnarliðar rífast um þær lengur eða skemur.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því í byrjun að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. félmrh. við upphaf 1. umr. um þetta mál hér í hv. þingdeild sl. mánudag. Því fer að sjálfsögðu víðs fjarri að þing-

flokkur sjálfstæðismanna hafi gert sig sekan um einhver óeðlileg vinnubrögð í þessu máli heldur hefur eingöngu verið gerð sú krafa að vinnslu þessa máls yrði lengra komið en raun ber vitni áður en það yrði lagt fram hér í deildinni. Þau vinnubrögð hefðu að sjálfsögðu verið affarasælli þó svo þingflokkurinn hafi heimilað framlagningu frv. með þeim fyrirvörum sem hæstv. félmrh. las úr bréfi þingflokksins sem er dagsett 20. þ.m. Og mér þykir einsýnt, herra forseti, að það hefði mjög greitt fyrir afgreiðslu málsins ef hæstv. ráðherra hefði farið sér ofurlítið hægar í máli þessu.

En úr því sem komið er eru þetta allt aukaatriði. Nú er málið komið fram og þingleg meðferð þess hafin og ég get fullvissað þingheim um að framlagning þessa frv. hefði aldrei verið heimiluð af hálfu þingflokks sjálfstæðismanna nema af því að menn voru þar vissir um að unnt mundi að ná samkomulagi um málið í þingnefnd. Ég vildi svo gjarnan mega láta útrætt um aukaatriði þessa máls og tilgangslausan ágreining um undirbúning þess en snúa mér að aðalatriðunum, þ.e. efni frv. og því hvernig best er að leysa úr þeim vandamálum sem menn telja vera fyrir hendi á þessu sviði.

Ég tel nauðsynlegt í því skyni að rifja örlítið upp aðdraganda hins nýja húsnæðislánakerfis og nokkrar upplýsingar um þá reynslu sem þegar er af því fengin.

Nýju húsnæðislögin voru samþykkt á Alþingi vorið 1986 í kjölfar samkomulags sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu sín í milli um þessi mál og grundvallaðist á frjálsu samkomulagi þeirra um að ráðstafa fjármagni lífeyrissjóðanna í landinu, sem þessir aðilar eiga að miklu leyti, í verulega auknum mæli til húsnæðismála. Hið nýja húsnæðiskerfi grundvallaðist á því að félagar í lífeyrissjóðunum, en þar eiga allir launþegar lögum samkvæmt nú að eiga aðild, fái framvegis lán til húsbygginga í gegnum hið opinbera húsnæðiskerfi í stað þess að fá þau beint frá lífeyrissjóðunum eins og áður var.

Kerfið byggir því á þeirri forsendu að með því að greiða í lífeyrissjóði, sem gert hafa samkomulag við Húsnæðisstofnun um að verja 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum stofnunarinnar, séu menn sjálfkrafa að öðlast lánsrétt hjá Húsnæðisstofnun og afsala sér þar með að mestu eða öllu lánamöguleikum hjá sjóðunum sjálfum. Þennan rétt eiga allir sjóðfélagar eðli málsins samkvæmt. Mér finnst augljóst mál að einhliða skerðing á rétti manna að þessu leyti geti ekki komið til álita af hálfu stjórnvalda nema að baki liggi samkomulag við sjóðina og eigendur þeirra um hvernig skuli með fara, t.d. um það hvort þeim sem verður fyrir skerðingu skuli veittur aukinn lánaréttur í sjóðunum í staðinn. Eða vilja menn kannski taka áhættuna af því að einstakir sjóðir, fleiri eða færri, dragi sig út úr þessu kerfi og byrji á nýjan leik að lána félögum sínum beint? Það kann vel að vera að einhverjum sjóðfélaga þyki betra að fá einhver lán með hærri vöxtum en fá engin lán með þeim vöxtum sem tíðkast í Húsnæðisstofnun.

Það var vitað mál á sínum tíma, þegar mál þetta var undirbúið í samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda vorið 1986, að við kerfisbreytinguna mundi eftirspurn eftir lánum húsnæðismálastjórnar aukast verulega sakir þess að hér er á boðstólum verulega niðurgreitt lánsfé. Auðvitað má alltaf búast við mikilli eftirspurn eftir niðurgreiddu fé. Ég geri raunar ráð fyrir að slík eftirspurn geti í eðli sínu verið óseðjandi eða endalaus, sbr. það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan, fyrir utan það að kerfið býður upp á að menn sæki án alls kostnaðar um lán til vonar og vara og það hafa auðvitað margir gert þannig að það kom engum á óvart að biðraðir skyldu myndast. Kerfi niðurgreiddra vaxta gerir beinlínis ráð fyrir þeim. En kerfið gerði líka ráð fyrir því að lengd biðraðarinnar hverju sinni takmarkaðist af því ráðstöfunarfé sem fyrir hendi væri. M.ö.o.: það færi eftir ráðstöfunarfénu hversu margir fengju lán á hverju ári en ekki eftir því hversu margir væru í biðröðinni. Þannig var þetta kerfi hugsað.

Spurningin núna er sú, Hvernig hefur þetta reynst í framkvæmd? Hvað er hæft í þeim fullyrðingum að þetta kerfi hafi þegar gengið sér til húðar, sé sprungið eða eitthvað þaðan af verra? Því miður verður að segjast að hæstv. núv. félmrh. og raunar ýmsir aðrir hafa ekki dregið af sér hvorki fyrir né eftir kosningar við að fullyrða að kerfið sé sprungið og neyðarástand nánast að skapast. Vitanlega hafa slíkar fullyrðingar ekki önnur áhrif en þau að ala á óvissunni og hvetja enn fleiri en ella til að senda inn lánsumsóknir, tryggja sér númer í biðröðinni þótt aðstæður knýi viðkomandi kannski ekki sérstaklega til að sækja um lán. Slíkir spádómar hafa tilhneigingu til að ýta sjálfkrafa undir að þeir rætist óháð raunverulegum aðstæðum.

En lítum aðeins á hvernig hin raunverulega staða er. Frá því að nýju húsnæðislögin tóku gildi 1. september í fyrra hafa borist um það bil 10 þúsund lánsumsóknir og enn berast um það bil 400–500 umsóknir á mánuði. Gera má ráð fyrir allt að 20% afföllum í þessum hópi. Af umsækjendum höfðu 6100 þegar fengið lánsloforð sín í hendur þegar afgreiðslu lánsloforða var hætt í mars sl. Í þeim hópi voru þó nokkrir sem ekki voru tilbúnir til að taka við lánum sínum þegar að þeim kom. En af þessum 6100 aðilum munu milli 3200 og 3500 fá lán sín að hluta eða að öllu leyti útborguð í ár en aðrir síðar. Um helmingur þessara aðila mun vera að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn. Þetta er nú öll hryllingsmyndin þegar grannt er skoðað.

Víst er biðröðin lengri en ráð var fyrir gert og sjálfsagt miklu lengri en verið hefði ef fyrstu mánuðir hins nýja húsnæðiskerfis hefðu ekki lent í miðri kosningabaráttu þar sem reynt var að gera þetta fyrirkomulag að skotspæni og menn máluðu skrattann á vegginn hverjir um aðra þvera. En því fer fjarri að ástandið sé þannig núna að það þurfi að valda þeim óróa og þeim æsingi sem orðinn er, enda hefur alltaf verið talið að það muni taka nokkur ár

fyrir þetta kerfi að leita jafnvægis, ná jafnvægi með minnkandi eftirspurn eftir lánum. Það sem hins vegar ber að tryggja og það rækilega og til frambúðar er sjálf fjárhagsstaða Byggingarsjóðs ríkisins nú þegar sýnt er að vaxtamunur milli tekinna og veittra lána stefnir fram úr þeim mörkum sem kerfið þolir, sbr. þær forsendur sem menn gáfu sér þegar frv. um þetta mál var lagt fram í þinginu vorið 1986.

Ég mun nú snúa mér að efni frv. sem hér liggur fyrir. Meginmarkmið þess mun vera að draga úr eftirspurn eftir lánum með því að draga úr sjálfvirkni og tryggja að lánsfé renni sem mest þangað sem þess er mest þörf. Einnig að treysta fjárhagsstöðu Byggingarsjóðsins. Auðvitað þarf enginn ágreiningur að vera um þessi markmið. En ég tel ekki augljóst að til þess að ná þessum markmiðum þurfi nauðsynlega allar þær lagabreytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að það megi einnig skoða í þessu sambandi hvort ekki megi breyta reglugerðinni um Byggingarsjóðinn og þeirri framkvæmd sem gilt hefur hjá húsnæðismálastjórn varðandi biðtíma annars vegar þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn og hins vegar þeirra sem sækja um lán en eiga íbúð fyrir. Það eru ákvæði í reglugerðinni þess efnis að það megi taka í forgangshópinn með þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð tiltekna aðila og ég vildi gjarnan fá það upplýst þegar að störfum þingnefndar kemur hvort þarna er ekki svigrúm til að rýmka heimildir án þess að breyta þessum lögum.

Sama er að segja um hitt atriðið. Það er í hendi stjórnar Húsnæðisstofnunar að skilgreina þann mun á afgreiðslutíma sem er gagnvart þeim sem eru að fá úthlutun í fyrsta sinn og þeim sem eiga íbúð fyrir. Þarna er um framkvæmdaratriði að ræða sem ég tel að gjarnan mætti skoða betur og hefði viljað fá skýringar á, ef ekki hjá ráðherra núna í umræðum þá í þingnefndinni.

En mig langar að gera frekar að umtalsefni þær leiðir sem frv. gerir ráð fyrir og sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur leyft sér að gera athugasemdir við og fyrirvara um.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að unnt verði að skerða eða synja um lán þegar tilteknar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. 1. gr. frv. Ýmsir aðilar hafa þegar bent á, nú síðast forseti Alþýðusambands Íslands í fjölmiðlum í dag og í gær, að hægur vandi yrði fyrir fólk að fara í kringum þessi ákvæði ef menn hefðu áhuga á slíku og þess vegna væri vafasamt hvort ákvæði greinarinnar næðu tilgangi sínum jafnvel þótt þau væru samþykkt. En það sem ég tel vera meginatriðið í þessu efni er sá réttur sem menn hafa skapað sér með lífeyrissjóðsgreiðslum sínum. Ég lét þess getið áðan að þann rétt væri óeðlilegt að skerða án samráðs við eigendur lífeyrissjóðanna, en ég get tekið undir það almenna sjónarmið hjá hæstv. félmrh. og fleirum sem hér hafa talað að það er óeðlilegt að menn sem eiga miklar eignir og búa að öðru leyti við góðan efnahag njóti niðurgreiddra húsnæðislána frá ríkinu um aldur og ævi. Ég tel líklegt og raunar víst að unnt sé að finna samkomulagsleið varðandi þetta atriði, en um þetta verður auðvitað líka að leita samkomulags við sjóðina. Samanburður ráðherra hins vegar um þetta atriði við þá sem synjað er um lán vegna ónógrar greiðslugetu er út í hött því slíkir aðilar eiga að sjálfsögðu aðgang að lánum hjá Byggingarsjóði verkamanna á mun hagstæðari kjörum en almennt gerist. Ákvæðið um þá er til þess ætlað að forða fólki frá því að steypa sér í óviðráðanlegar skuldir og reyna að stuðla að því að sem flestir geti staðið í skilum við sjóðinn.

Herra forseti. Ég sakna þess mjög að í grg. með frv. ráðherra skuli ekki koma fram hve mikið gera megi ráð fyrir að biðtími styttist í kerfinu og hvenær, komi ákvæði 1. gr. til framkvæmda. Þær upplýsingar hljóta að sjálfsögðu að skipta miklu máli. Ég hef heyrt menn sem þekkja til þessara mála tala um að biðtími muni styttast um nokkrar klukkustundir, svo léttvægar séu þessar breytingar. Það kemur raunar heim og saman við það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að segja í lok sinnar ræðu. En það vantar einnig allar upplýsingar um hve margir detti út úr biðröðinni, hve margir færist framar í henni og hve margir aftar. Ég vænti þess að upplýsingar um þetta geti legið fyrir í nefndarstarfinu.

Um 2. gr. frv. vil ég segja að ég tel að hún sé til bóta frá því sem nú er. Þessi grein snýr hins vegar að afgreiðsluskipan hjá húsnæðismálastjórn og ekki að raunverulegum kjarna þessa máls.

Ákvæði 3. gr. eru að *mínum dómi* að ýmsu leyti vafasöm, en þar er gert ráð fyrir þeim möguleika að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhluta í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir lánum. Þetta mál er að sjálfsögð náskylt efni 1. gr. Um það eiga við sömu athugasemdir og við þá grein.

Ég tel að þetta ákvæði geti líka verið erfitt í framkvæmd ef ekki óframkvæmanlegt og kalla á mjög víðtækt eftirlit Húsnæðisstofnunar með skattframtölum manna sem þó getur vart hafa verið hugmynd þeirra sem þetta frv. sömdu. Menn hafa sömuleiðis bent á þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi hjá fólki til að fara fram hjá ákvæðum sem þessu. — Og ég vil bæta því við í sambandi við þetta að staða manna breytist í tímans rás. Aðstaða manna sem búa við tiltekna stöðu þegar lánið er veitt eða þegar lánsloforð er gefið getur batnað eða versnað eftir atvikum á þeim tíma sem síðan líður, jafnvel á tímanum sem líður frá því að menn fá lánsloforð þar til þeir fá lánin útgreidd. Mér finnst því vanta að það komi fram nægilega skýrt hvernig þessu ákvæði ætti að beita og hvort það muni virkilega þjóna þeim tilgangi sem ráðherrann ætlast til.

Ég vík loks að ákvæði 4. gr. um breytilega vexti innan hvers lánaflokks. Ég vek athygli á að auðveldasta leiðin til að hafa áhrif á fjárstreymi innan þessa kerfis og eftirspurn eftir lánum er sú að breyta útlánsvöxtunum. En ákvæðið eins og það er núna er marklaust að mínum dómi eins og því er fyrir komið í frv., enda á samkvæmt frv. að ákveða þetta eins og

fjöldamargt annað í frv. í reglugerð sem engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig muni líta út. Ég tel raunar álitamál hvort nokkurrar lagabreytingar sé þörf vilji menn fara inn á þessa braut þar sem mjög rúmar heimildir til vaxtaákvarðana eru fyrir hendi í lögunum eins og þau eru núna. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar lýst því yfir að hann sé reiðubúinn að falla frá þessu ákvæði og semja um það með öðrum hætti. Þetta ætti þess vegna ekki að verða til þess að tefja þetta mál að öðru leyti.

Ég vil að endingu aðeins segja það, herra forseti, að ég mun beita mér fyrir því í hv. félmn. að viðunandi samkomulag náist um þetta mál og það þurfi ekki að verða tilefni frekari ýfinga manna á meðal, kannski þeirra sem síst skyldi, og ég vænti þess að aðrir aðilar þessa máls leggi sitt af mörkum í því skyni sömuleiðis.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við 1. umr. um þetta frv., en vegna þess hvernig hæstv. ráðherra hagaði orðum sínum þegar hún fylgdi frv. úr hlaði sé ég mér ekki annað fært en segja nokkur orð. Hæstv. ráðherra var ákaflega mikið niðri fyrir og þingheimur fékk að hlýða á málflutning hennar og fékk að sjá lipurð hennar og lagni. Ég verð að segja að mér finnst ráðherrann ekki fara vel af stað þegar hún fylgdi þessu máli úr hlaði.

Ég ætla ekki að elta ólar við sífur ráðherrans í minn garð og ég tek mér ekki nærri þau klögumál sem hún hafði uppi út af orðum sem ég hef viðhaft. Ég hef ekki verið með neinar árásir á ráðherrann. Það er fjarri því. Hins vegar hef ég látið það í ljós hvernig ég vildi vinna að þessu máli og gerði henni grein fyrir því. Ég teldi heppilegra að reyna að ná samstöðu um málið áður en það væri lagt fram. Og þá væri hægt að koma frv. fram með skjótum hætti í gegnum þingið lítið breyttu eða óbreyttu. Hæstv. ráðherra vildi ekki hlusta á það. Það var út af fyrir sig hennar mál. Hún vildi fá frv. fram eins og hún hafði hugsað sér að hafa það.

Ég tel rétt og óhjákvæmilegt að breyta lögunum um Húsnæðisstofnun. Það er fásinna að lána sama manninum æ ofan í æ til íbúðakaupa niðurgreitt fé. Ég er alveg sammála hugsuninni á bak við a-lið 1. gr. Mér finnst hann hins vegar ekki vera vel orðaður. Mér finnst hann klaufalega orðaður. Þar segir: „Umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð.“ Mér finnst eðlilegra að orða þetta: Umsækjandi á fyrir tvær íbúðir eða fleiri. Að vísu hefur forseti Alþýðusambands Íslands bent á að það sé auðvelt fyrir þá sem vilja komast fram hjá þessu að gera það og það er nokkuð til í því. Ég held að skynsamlegt sé að skoða vandlega hvort ekki væri mögulegt að binda lánin við fólk fremur en íbúðir.

Ég held að bæði b- og c-liður þurfi nánari útlistunar við. Ég er sammála hugsuninni, þ.e. ég er sammála því að það sé fjarstæða að eyða þessum niðurgreiddu peningum til þess að ryðja þeim í lán handa mönnum sem hafa ekkert með þau að gera. Ég held hins vegar að það þurfi að finna á þetta ákveðnara form, a.m.k. þurfi að liggja fyrir hvernig hæstv. félmrh. hefur hugsað sér að hafa reglugerð. Það er ekki aðgengilegt að samþykkja óútfyllta víxla um þetta efni.

Ég tel enn fremur að orðalag 2. gr., eins og ég skil niðurlag þeirrar greinar, sé óheppilegt. Þar segir: „Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.“ Ég held að það hljóti að vera hægt að orða þetta betur og ég held jafnframt að óeðlilegt sé að ganga út frá því að ekki megi afgreiða lán fyrr en ári eftir að svör hafa borist um lánsupphæð og afgreiðslutíma. Ég skil þessa setningu þannig að verið sé að slá því föstu að það skuli taka a.m.k. ár frá því að maður fær lánsloforð þangað til 1. hluti láns kemur til afgreiðslu. Ég vona, skilji ég þetta rangt, að ég verði leiðréttur og jafnframt verða þá tvímæli tekin af, ef einhver önnur hugsun liggur á bak við þetta orðalag.

Ég tel að nauðsynlegt sé að gefa fólki tækifæri til að sníða sér stakk eftir vexti og ég tel nauðsynlegt að lofa því að komast í eigið húsnæði án þess að það reisi sér hurðarás um öxl. Það má ekki haga löggjöfinni þannig að fólk píni sig til að byggja allt of stórt í byrjun. Þetta er mjög vandasöm löggjöf og mjög viðkvæm löggjöf. Ég tel það varhugavert að breyta henni í stórum dráttum án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Ég held að það sé fráleitt að reyna ekki að leita samráðs við lífeyrissjóðina því að það eru þeir sem borga brúsann og það þýðir út af fyrir sig lítið að setja lög ef lífeyrissjóðirnir vilja ekki kaupa skuldabréfin. Ég legg höfuðáherslu á að það verður að liggja fyrir að lífeyrissjóðirnir sætti sig við þá skipan mála sem upp verður tekin.

Það hefur verið unnið stórvirki í húsnæðismálum á undanförnum árum, en enn þarf að bæta í ljósi reynslu. Hítin er miklu stærri en menn gerðu sér grein fyrir og það verður að reyna að komast að samkomulagi um hvernig heppilegast sé að fylla hana.

Ég vil gjarnan hafa gott samstarf við hæstv. félmrh. um endurbætur á húsnæðislöggjöfinni. Það samstarf verður þó að sjálfsögðu að byggjast á því að við leitum samkomulags um þau atriði sem til ágreinings geta orðið. Ráðherrann má alls ekki búast við að hún fái allt sem henni dettur í hug. Ráðherrann er ný í starfi og hefur alla sína þingtíð hingað til verið í stjórnarandstöðu og haft þar svigrúm til að flytja mál eftir geðþótta sínum, en nú eru bara breyttir tímar. Hún er ekki að bera fram frv. sem stjórnarandstöðuþingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir. Hún er að bera fram frv. ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. (**SJS:** Er ræðumaður með kennararéttindi?) Hann hefur töluvert gott upplag til að kenna og gæti leiðbeint hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um eitt og annað ef við hefðum tækifæri til. Núna er ég hins vegar að beina orðum *mínum til* hæstv. félmrh. Og mig langar til að upplýsa hana um rétta boðleið eða þá boðleið sem ég tel vera rétta við

undirbúning stjfrv. Ef ráðherra hefur áhuga á því að bera fram frv. sem hann hefur látið semja eða samið sjálfur á hann að viðra það í ríkisstjórninni, við hina ráðherrana. Ef þeim þykir þetta frv. vera umræðuvert fara þeir með það inn í sína þingflokka þar sem málið er rætt. Þegar þingflokkarnir hafa tekið málið til ítarlegrar meðferðar verður að samræma þau sjónarmið sem ríkjandi eru þar. Þegar frv. hefur verið breytt í þá veru er það samþykkt í öllum þingflokkum stjórnarliðs. En fyrr en þetta hefur verið gert getur ráðherra ekki vænst þess að frv. sé á sléttum sjó. Fyrr en þetta hefur verið gert er ekki hægt að handjárna stjórnarliðið.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sjái sér fært að fara eftir þessari forskrift og ég vona ... (**SighB:** Viltu ekki sýna hér handjárnin líka, Páll?) Það getur verið að við fáum tækifæri til þess að láta finna fyrir þeim, Sighvatur, einhvern tímann seinna. Ég vona að hæstv. ráðherra þroskist og verði farsæl í starfi. Hún hefur mjög marga góða kosti og ég óska henni hins besta í embætti. Hún er vinnusöm og iðin svo að til fyrirmyndar er. Og ef hún temur sér virðingu fyrir skoðunum annarra og lipurð í samstarfi er ég viss um að hún á eftir að verða farsæll félmrh.

Ég vil leyfa mér að ráðleggja hæstv. félmrh. að heimsækja hæstv. samgrh. að sjúkrabeði og fá hjá honum ráðleggingar um hvernig hún eigi að undirbúa málflutning og hvernig hún skuli fylgja sínum áhugamálum úr hlaði. Því að með fullri virðingu fyrir öllum ráðherrum ríkisstjórnarinnar hygg ég að samgrh. sé öðrum ráðherrum snjallari að fá vilja sinn án þess að þurfa að beita yfirgangi.

Ég vona að félmn. hv. deildar takist að lagfæra þetta frv. og gera það þannig úr garði að það verði húsnæðislöggjöfinni til bóta og að við getum afgreitt það héðan frá Alþingi. Ég vænti þess og treysti því að hæstv. félmrh. hafi þá auðnu að hún taki þessari tilsögn og temji skap sitt. Hún þarf náttúrlega ekki að láta sér detta í hug að hægt sé að nauðga heilum stjórnmálaflokkum til þess að gera eitthvað allt annað en þeir vilja.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég varð mjög undrandi þegar ég heyrði hæstv. félmrh. mæla fyrir þessu frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég held að ég verði að taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. að mér þótti ráðherrann ekki fara vel af stað. Umræður hafa orðið miklar að undanförnu, á undanförnum mánuðum og jafnvel missirum, um þessa nýju húsnæðislöggjöf sem nú er við lýði. Flestir hafa verið þeirrar skoðunar að hana þyrfti að laga, það þyrfti að endurskoða hana og það þyrfti að gera það í ljósi einhverrar reynslu eftir ákveðinn tíma.

Ég held að hægt hefði verið að ná víðtækri samstöðu um slíka endurskoðun. Frv. sem lagt er fram er í rauninni um atriði sem líklega flestir eru að talsverðu leyti sammála um. Það er hins vegar komið fram að Framsfl. hefur að talsverðu leyti fyrirvara við framlagningu frv. Sjálfstæðismenn hafa fyrirvara. Forustumenn Alþýðusambandsins eru mjög óánægðir með frv. Forustumenn lífeyrissjóðanna eru óánægðir. Þá hlýtur maður að spyrja sig hvers vegna hæstv. félmrh. hefur ekki leitað víðtækara samstarfs áður en frv. var lagt fram. Lögin sem nú eru í gildi voru unnin í víðtæku samstarfi. Um er að ræða viðkvæmt mál og veruleg hætta er á að tafið sé fyrir nauðsynlegum endurbótum ef þannig er að máli staðið.

Ég er einn af þeim sem höfðu fyrirvara í þingflokki Framsfl. við framlagningu frv. Ekki vegna þess að ég væri ekki sammála flestum efnisatriðum þess, hafi ég skilið það rétt, heldur fyrst og fremst vegna þess að ég var engan veginn viss um að ég skildi þetta frv. rétt. Mér fannst það flaustурslega unnið og illa unnið. Þess vegna hélt ég að eðlilegt væri að reyna að vinna þetta svolítið betur og sjálfsagt verður að gera það í nefnd.

Mig langar að fara fáeinum orðum um frv. sjálft. Ég er sammála því sem stendur í 1. gr., að það sé eðlilegt að með lögum verði aflað heimildar til að skerða eða synja um lán ef ákveðnar ástæður eru fyrir hendi. Það er auðvitað ekkert vit í að við niðurgreiðum stórlega vexti til aðila sem ekki þurfa á því að halda á sama tíma og fjármagn til þessara lána er af svo skornum skammti. Það nær ekki nokkurri átt. Vandinn er hins vegar hvernig koma á þessum málum fram. Ég verð að taka undir með þeim sem segja að eignaviðmiðunin í þessari grein sé mjög vafasöm. Eins og forseti Alþýðusambandsins hefur réttilega bent á geta menn jafnvel átt togara þó að þeir skuldi mikið í íbúðinni sinni. Það er ekki óalgengt að menn fái lán út á sín atvinnufyrirtæki með því að veðsetja sín íbúðarhús eða íbúðir þannig að fyrirvararnir, sem þarna eru, eru tæplega nægilega vel hugsaðir. Ég hefði haldið að ef menn vildu ganga þessa braut hefði a-liðurinn átt fremur að vera svo: ef umsækjandi á fullnægjandi íbúðarhúsnæði — fremur en: eina íbúð og geti keypt aðra.

Í b-lið 1. gr. verð ég að segja að mér er alls ekki ljóst hvað átt er við með „mikil íbúðareign". Ég er líka ansi hræddur um að þó að menn eigi mikla íbúðareign, mikið einbýlishús og á því hvíli talsvert, geti menn verið glettilega miklir eignamenn þrátt fyrir það. Þessi lagagrein nái því alls ekki því markmiði sem hæstv. félmrh. er að reyna að ná. (**Félmrh.:** Það stendur „skuldlitla eða skuldlausa.") Það stendur „skuldlitla eða skuldlausa", félmrh. En maður, sem á kannski, við skulum segja eitthvert glæsilegasta einbýlishús landsins, getur hæglega átt útgerðarfyrirtæki jafnframt og skuldað mikið í húsinu. Húsið getur verið veðsett upp í topp. Þess vegna getur hann fengið lán þar eð hann fellur ekki undir það að eiga skuldlitla eða skuldlausa mikla íbúðareign. Þetta er hreinlega vanhugsað ef á að ná þessum markmiðum fram. Ég satt að segja spyr mig að því hvort c-liðurinn sé ekki í rauninni innifalinn í b-liðnum. Ég geri mér alls ekki grein fyrir því. Ég hefði haldið það. Í c-lið segir: „Fyrri íbúðareign

umsækjanda er skuldlítil og stærri en 180 m^2", þ.e. um er að ræða skuldlitla mikla íbúðareign. (**Félmrh.:** Og viðkomandi er að minnka við sig.) Og viðkomandi er að minnka við sig. Það er sem sagt alveg skýrt að ef hann er að stækka við sig má ekki skerða lánið eða synja honum.

Ég varpa þeirri spurningu fram hvort c-liðurinn er ekki innifalinn í b-liðnum vegna þess að b-liðurinn veitir heimild til að skerða lánið eða synja um það *hvort sem um er að ræða minnkun eða ekki*. Það getur vel verið að félmrh. hristi höfuðið, en ég bendi ykkur á að mörg vandamál í þessu þjóðfélagi okkar eru tilkomin vegna þess hve lög eru óskýr, hve þau eru illa unnin og það verður endalaus vinna fyrir lögfræðinga að skera úr því hvað löggjafarvaldið í rauninni hafi meint. Það er svo með okkur þm. að við treystum um of á stjfrv. og höldum að þau séu unnin af sérfræðingum, lesum þau kannski ekki nægilega nákvæmlega og fáum svo upp alla vega flækjur á eftir. Mér virðist þetta frv. vera illa unnið. Mér sýnist samkvæmt þessum skilgreiningum að við gætum hæglega fengið þá stöðu að aðili sem ætti 178 m^2 íbúð, skuldlausa eða skuldlitla, gæti skv. a-lið 1. gr. fengið lán þótt hann ætlaði að eiga hina íbúðina og þyrfti í rauninni ekki á þessari íbúð að halda. En samkvæmt c-liðnum gæti aðili sem ætti 182 m^2 íbúð og ætlaði að fá sér minni íbúð og selja þá sem hann ætti fyrir lent í skerðingu eða synjun. Jafnvel þó að það væri ellilífeyrisþegi sem þyrfti virkilega á því að halda að minnka við sig og hefði úr litlu að spila þegar fram í sækti væri hægt að skerða hans lán samkvæmt þessari heimild, en hinn sem ætti íbúðina fyrir og ætlaði að eiga hana áfram gæti fengið lán og engin heimild væri til að skerða hans lán.

Það er eðlilegt að menn velti þessum spurningum upp. Ég tek það skýrt fram að þetta er ekki bara orðaleikur, heldur er það meginmál hvernig á að skilja lög sem sett eru á Alþingi. Og það er auðvitað meginmál að þau búi ekki til fleiri vandamál en þeim er ætlað að leysa. (Gripið fram í.) Þetta er heimild, já. Og við vitum ekki hvernig þeim er beitt. Ég segi þess vegna að það er mjög mikið atriði að lög á borð við þessi séu vandlega unnin. Ef við förum yfir í 2. gr. verð ég að taka undir með hv. 1. þm. Norðurl. v. að ég skil ekki síðustu setninguna: „Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu." Þýðir þetta í reynd að alls ekki megi úthluta neinum lánum nema ári eftir að svar hefur borist? (**Félmrh.:** Útúrsnúningur eins og annað hjá þér.) Þetta er ekki útúrsnúningur. Því miður er ég hræddur um að ráðherrann hafi hugsað þetta illa. Ég óska eftir nánari skýringum á þessu. Það kann að vera að síðar, þegar fram í sækir, komi byggingarsjóðurinn til með að standa betur en hann gerir núna. Það getur vel verið að það verði hægt að úthluta mönnum láni kannski tveimur, þremur mánuðum eftir að þeir fá endanlegt svar. Ég hef tilhneigingu til að skilja þessa setningu þannig að það yrði bara bundið í lög að það mætti ekki. (**Félmrh.:** Hvað þýðir „eigi síðar"?) Ja, hvað þýðir „eigi síðar". Það þýðir að það verður að líða a.m.k. ár frá því að lokasvar berst þar til 1. hluti lánsins kemur til afgreiðslu. *Mér virðist sem sagt þetta frv. vera illa* hugsað og illa unnið.

Varðandi 3. gr. segi ég það: Þar er heimild til þess að úthlutun lána til þeirra sem byggja eða kaupa í fyrsta sinn geti gengið á undan öðrum. Nú er það svo í okkar þjóðfélagi að mörg ung hjón sem eru að byrja að búa byrja á því að kaupa sér litla tveggja herbergja íbúð vegna þess að það hentar þeirra fjölskyldustærð og það hentar þeirra fjárhag. Það er hagur allra, þeirra og þjóðfélagsins líka. Ef þau síðan, eins og þau hugsa sér, ætla sér að stækka við sig þá fara þau væntanlega aftur fyrir vegna þess að þau eiga íbúð fyrir. Ég þekki dæmi um ungt fólk sem veltir því fyrir sér hvort það verði ekki, fyrst svona er, að reyna að sprengja sig í það að kaupa fjögurra herbergja íbúð strax, jafnvel þó það ráði ekki við það, til þess að nýta möguleikann meðan það er í forgangsröð. Allt sýnir þetta vandann sem við er að glíma þegar svona lög eru sett. Til þeirra verður að vanda og því miður virðist vera sem félmrh. hafi farið mjög einförum við þetta og ekki haft samráð við þá sem áttu aðild að fyrri löggjöfinni.

Varðandi 4. gr. vil ég segja að ég er sammála því ef unnt er að koma því við að vextir verði mismunandi, en hvernig á að gera það er nokkurt vandamál. Og það er vandamál fyrir þm. að setja lög og samþykkja lög sem þeir vita ekkert hvernig verða í útfærslu. Ég hefði haldið að það væri einnig með tilliti til tíma sem heimildin þyrfti að vera, því um er að ræða niðurgreidda vexti, og ég nefni dæmi: Aðili sem fær lán, við skulum segja til þess að gera dæmið skýrara úr *Byggingarsjóði verkamanna*, til *kannski* 42 ára með 1% vöxtum og þarf virkilega á því að halda, hann gæti hæglega eftir fimm ár verið kominn í tölu vel efnaðra manna með góða stöðu en samt heldur þjóðfélagið áfram með takmörkuðu fjármagni að greiða niður fyrir hann vexti í ein 30 eða 35 ár í viðbót. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort þannig á að halda á málum. Hvernig þessu er best komið skal ég ekki segja. Það kann að vera að þessu sé betur komið í skattalöggjöf.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en vegna upphafsorða hæstv. félmrh. þegar mælt var fyrir frv. taldi ég nauðsynlegt að láta koma fram hvers vegna ég hafði fyrirvara við framlagningu þess, að hluta vegna þess að ég skildi það illa og tel að ef ég skil það illa þá muni vera margir fleiri sem skilja það illa og vegna þess að ég tel það vera illa unnið. Ég óttast dálítið að félmrh. hafi með því að fara einförum í þessu máli að hluta klúðrað því, þ.e. seinkað meðförum þess í gegnum þingið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga sem nú liggur fyrir er mikið hagsmunamál fyrir fólkið í landinu. Það hefur því vakið athygli að byrjunin á ræðu hæstv. félmrh. sl. mánudag hefur verið mjög til umræðu.

Þau orð sem þar voru höfð í frammi eru mjög einstök þegar haft er í huga að þeim var beint gegn samstarfsflokkum hæstv. félmrh. í ríkisstjórn. Við sem nú sitjum í stjórnarandstöðu erum mjög undrandi á þessu og sjáum fram á það að við þurfum ekki að hafa uppi mikið andóf gegn ríkisstjórninni því það mun hún sjálf gera.

Ég lýsi furðu minni á því að þetta frv. skuli kallast stjórnarfrumvarp eftir öll þau frýjuorð sem hæstv. félmrh. hefur látið falla í garð félaga sinna í stjórnarflokkunum. Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hljóta að svara fyrir sig og það hafa sumir þeirra raunar gert. Það sem vekur einnig alveg sérstaka athygli er að á meðan á ræðu hæstv. félmrh. stóð sl. mánudag höfðu aðrir ráðherrar ekki svo lítið við að hlusta á ræðu hæstv. félmrh. ef undan er skilinn hæstv. dómsmrh.

Þá vakti ræða hv. 1. þm. Vesturl. ekki síður athygli þar sem hann fjallaði í viðamiklu máli um efnisatriði frv. og málsmeðferð á því, samvinnuleysi og sambandsleysi milli stjórnarflokkanna. Af orðum hans er ljóst að hæstv. félmrh. nýtur ekki trausts Framsfl. og ef ummæli hæstv. félmrh. eru rétt skilin og taka á mark á þeim verður niðurstaðan sú að andstaða Framsfl. og Sjálfstfl. þýði afsögn hans. Þær yfirlýsingar Sjálfstfl. sem eru staðfestar með bréfi þingflokksins eftir framlagningu þessa frv. og samþykkt Framsóknarfélagsins í Reykjavík verða ekki misskildar. Frv. nýtur ekki stuðnings stjórnarflokkanna. Hv. 1. þm. Vesturl. ræddi um alvarlegt ástand í meðferð og samningum við lífeyrissjóðina vegna afstöðu hæstv. félmrh. Hann ræddi einnig um að húsnæðismálastjórn hefði ekki tekið afstöðu til þessa frv. Hann gagnrýndi einnig ákvæði til þrenginga á lánareglum. Síðan hafa hér farið fram miklar umræður um þetta mál og það hefur komið mjög greinilega fram að stjórnarliðar telja ekki hægt að samþykkja frv. eins og það er lagt fram og þar sem frv. þetta er ekki mjög mikið að vöxtum liggur ljóst fyrir að það hefur ekki fylgi stjórnarflokkanna.

Ég tel að þegar svo viðamikill lagabálkur, sem segja má að snerti hvert einasta heimili í landinu, er lagður fram í þinginu, þá hefði ríkisstjórnin átt að standa sameiginlega að því. Hún hefði átt að leggja fram frv. sem samstaða hefði verið um í ríkisstjórninni og það hefði verið hægt að fjalla um það út frá því.

Ég mun ekki hafa frekari orð um það en vil vekja athygli á því að bæði forseti ASÍ og varaforseti hafa tjáð sig um þetta frv. og þeir hafa farið mjög hörðum orðum um þetta þannig að það er alveg ljóst að hreyfing launafólksins í landinu styður ekki þetta frv. heldur.

Ég mun á þessu stigi ekki ræða málaflokka þessa frv. ítarlega og ég vil því ekki taka frv. frekar til efnislegrar umfjöllunar þótt hér sé um að ræða mjög viðamikið hagsmunamál fólksins í landinu. Ástæðan er sú að við í Borgarafl. höfum í smíðum nýtt frv. til laga um húsnæðismál og munum leggja það fram mjög fljótlega. Í því verður gripið á þessum málum á nýjan hátt sem við teljum að muni gjörbreyta þessum málum og þá til langrar framtíðar. Frv. þetta verður lagt fram mjög fljótlega hér á hæstv. Alþingi.

Hæstv. forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri um frv. þetta.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er hægt að hafa langt mál um frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hér liggur fyrir en það eru þó einkum tilteknir þættir sem ég hef áhuga á að ræða hér. Þá langar mig fyrst að fara nokkrum orðum um þær deilur stjórnarsinna sem hafa komið upp í tengslum við þetta mál.

Það tungumál sem þar hefur verið talað er þess eðlis að það verður að ætla að um alvarlegan trúnaðarbrest sé að ræða innan þessara flokka. Ég verð að segja það sem skoðun mína að t.d. ummæli hv. þm. Páls Péturssonar, sem jafnframt er formaður og talsmaður Framsfl., um hæstv. félmrh. eru fyrir neðan allar hellur. Í viðtali við fréttamann Bylgjunnar fyrir nokkru segir þessi hv. þm., og lætur fréttamann hafa eftir sér „að texti frv. sé óvenju illa unninn, orðalag sé óskýrt og að greinargerðin sem fylgi frumvarpinu sé að hluta til rugl.“ Þessi hv. þm. segir enn fremur sjálfur í viðtali við stöðina: „Félagsmálaráðherra er óskaplega ný í starfi. Þetta er hennar fyrsta þing og hún er ákaflega óþolinmóð.“ Mér finnst persónulega hér svo harkalega talað niður til hæstv. ráðherra að formaður þingflokks Framsfl. geti ekki verið þekktur fyrir svona munnsöfnuð. Ég leyfi mér að efa það að hann hefði talað í þessa veru ef hæstv. ráðherra hefði verið karlmaður.

Það hefur einnig komið fram hjá stjórnarsinnum að þetta frv. stríði gegn samningum við aðila vinnumarkaðarins sem ég dreg hins vegar stórlega í efa. Þeir hafa ekki fært rök fyrir þeirri staðhæfingu sinni og þótt þeir hafi fengið til stuðnings við sig forseta Alþýðusambands Íslands þá hygg ég að hann mæli ekki fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar.

Hv. stjórnarþingmenn sem hér hafa talað, einkum þó og sér í lagi hv. framsóknarmenn — og ég harma að þeir skuli taka þessa afstöðu því ég taldi þá sitja í félagshyggjuflokki, a.m.k. hafa þeir gefið sig út fyrir það að vera flokkur félagshyggju og samvinnu og að við ættum margt sameiginlegt í baráttunni fyrir þeim málaflokki sem hér um ræðir — þeir hafa látið orð um það falla að jafnvel lífeyrissjóðirnir gætu gripið til þess ráðs að draga í land með skuldabréfakaup „ef þeim finnst skjólstæðingum sínum mismunað“, eins og einn hv. þm. Framsfl. komst að orði. „Ef þeim finnst skjólstæðingum sínum mismunað.“ Svo mörg voru þau orð. Er verið að mismuna skjólstæðingum lífeyrissjóðanna ef reynt er að koma í veg fyrir að hátekjufólk og stóreignafólk fái lán úr Byggingarsjóði ríkisins? Þetta er spurning sem ég varpa fram.

Ég hygg að ef fram heldur sem horfir í þeim umræðum og deilum sem hér hafa hafist þá eigi menn að vera heiðarlegir gagnvart sjálfum sér og öðrum

og segja hreint út að núverandi ríkisstjórn geti farið að pakka saman, en ekki að vera að finna útgönguleiðir með þessum hætti. Mér finnst þetta mál vera komið á svo alvarlegt stig að menn verði að fara að hyggja að því yfir höfuð hvort einhver alvarlegasta og djarfasta tilraun sem gerð hefur verið um áratugaskeið til að koma skikk á efnahagsmál þjóðarinnar eigi að fara út um þúfur vegna þess að einstakir stjórnarþingmenn geta ekki komið sér saman um veigamikil hagsmunamál þjóðarinnar og þjóðfélagsþegnanna.

Mig langar aðeins, herra forseti, að fara nokkrum orðum um það sem mér finnst raunverulega skipta máli í allri þessari umræðu sem hér hefur farið fram og á eftir að fara fram. Við erum að tala um stórt og viðkvæmt mál. Við erum að tala um fleiri milljarða króna og ráðstöfun þeirra. Þetta er ekkert smámál. Auðvitað getur það komið fyrir að menn greini á um frv. af þessu tagi en það hefði verið eðlilegra að leysa þau ágreiningsmál inni í þingflokkunum. Ég vil benda á það sem hefur verið að gerast hér á landi á allra síðustu árum. Hvernig stendur á því að þessi málaflokkur er orðinn svona ofurviðkvæmur og erfiður viðfangs? Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú að hávaxtastefna sú, sem hér hefur verið fylgt, hefur haft þau áhrif að fólk leitar eftir niðurgreiddu fjármagni, eftir niðurgreiddum vöxtum. Ég hygg að eftirspurnin eftir húsnæðisstjórnarlánum sé nokkuð í réttu hlutfalli við það hvað vextir hafa verið að hækka á undanförnum árum. Það er svo komið að það dettur engum heilvita manni í hug að fara til síns eigin lífeyrissjóðs til að biðja um lífeyrissjóðslán sem nú ber 9% vexti ofan á verðtryggingu.

Ég lít svo á að fólk hafi á síðustu árum leitað óeðlilega mikið til Byggingarsjóðs ríkisins eftir lánum vegna þess hve fjármagnið á hinum almenna markaði hérlendis er orðið dýrt. Þetta er stóri vandinn og við þessum vanda verðum við að bregðast. Ég verð að segja það eins og er að mér þótti verulega notalegt að hlusta á hæstv. utanrrh. tala í útvarpsumræðunum í gær og lýsa þeirri skoðun, sem ég lýsti í þingræðu fyrir nokkru, að, eins og hann orðaði það með leyfi forseta, „fjármagnið hafi leikið lausum hala og til þess megi rekja þensluna sem nú ógnar efnahagslífinu öllu.“ Hann segir enn fremur að einnig megi lesa úr þjóðhagsáætlun að eftirlit það sem Seðlabanka var falið samkvæmt lögum hafi brugðist. Raunvextir væru hér mun hærri en í nágrannalöndunum eftir vaxtafrelsið en skilyrði þess hefði verið eðlilegur vaxtamunur og svipaðir raunvextir hér og í helstu viðskiptalöndum okkar. Vaxtamunurinn hefði hins vegar aukist og gerðist varla meiri en hér á landi.

Þetta er hárrétt hjá hæstv. utanrrh. Og væri nú ekki rétt af hinu háa Alþingi að leita skýringanna á hinum ört vaxandi vanda húsnæðiskerfisins einmitt í þessu og gæti það ekki dregið úr álaginu á húsnæðiskerfið ef menn stæðu upp og reyndu að lækka vextina á hinum almenna markaði í stað þess að stuðla stöðugt að hækkun þeirra?

Mig langar í þessu sambandi að minna á að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru fjármagnsgjöld ríkissjóðs, vextir, orðin 4,8 milljarðar kr. Þetta eru engar smátölur. Og það kemur fram enn fremur að þegar litið er á ráðstöfun tekna fara 8,1% af heildardæminu í vaxtagreiðslur. Ég held að þetta sé orðið svo stórfellt vandamál að ef menn skirrast við því að ræða hávaxtastefnuna og áhrif hennar á samfélagið í heild eru þeir að svíkjast um. Og mín skoðun er sú, og það vil ég segja hér hreint út, að ef menn hefðu ekki gengið inn á braut hávaxtastefnunnar hér á landi væri ekki þessi húsnæðisvandi fyrir hendi. Ásóknin í þetta ódýra fjármagn væri ekki fyrir hendi.

Við þetta bætist að sú lánskjaravísitala sem við notum nú er að mínu mati ranglega útreiknuð. Grundvöllur hennar er ranglega útreiknaður þannig að hún hefur hækkað óeðlilega miðað við aðra þætti í samfélaginu. Ég hygg t.d. að það gæti verið skynsamlegt að taka inn í reikningsgrundvöll lánskjaravísitölunnar skatta í þjóðfélaginu ef það gæti eitthvað dregið úr áhrifum hennar.

Ég hef fengið, hv. þm., útreikning á því hvernig lánskjaravísitalan hefur hækkað frá 1. júní 1979 miðað við ýmsa aðra þætti í peningamálum þjóðarinnar. Við skulum líta á það dæmi.

Til 14. þ.m. hefur lánskjaravísitalan átjánfaldast frá 1. júní 1979. Til samanburðar hefur verðgildi bandaríkjadollars 11,5-faldast. Verðgildi sterlingspunds hefur nífaldast, danskrar krónu svipað. Þýska markið hefur tólffaldast og íbúðaverð í Reykjavík þrettánfaldast. En hvað skyldu launin hafa margfaldast? Þau hafa fjórtánfaldast.

Með þessu er ég að segja við ykkur að lánskjaravísitalan hefur þotið upp miklu hraðar en flestir aðrir þættir sem við ættum raunverulega að miða við í okkar samfélagi. Þessi hækkun á lánskjaravísitölunni að viðbættum mjög örum og óeðlilega örum vaxtahækkunum að mínu mati, um 84% hækkun á vöxtum frá 1. jan. sl., hefur valdið því að almenningur leitar í æ ríkara mæli eftir lánum úr Byggingarsjóði ríkisins þar sem vextir eru niðurgreiddir. Þetta er hluti af þeim stóra vanda sem við stöndum núna frammi fyrir.

Ég bendi hv. þm. á mjög fróðlega grein sem birtist í Dagblaðinu í dag, eftir Brynjólf Jónsson hagfræðing, um áhrif hárra raunvaxta. Þetta ætti að verða kvöldlesning a.m.k. þeirra manna sem hafa prédikað hvað mest hávaxtastefnuna. Það er margt athyglisvert sem kemur fram í þessari grein.

Ég vil líka í þessu sambandi fara nokkrum orðum um þau ummæli sem hér hafa komið fram þess efnis að lífeyrissjóðirnir kynnu að draga að sér hendurnar og undirrita ekki samkomulag við Byggingarsjóð á grundvelli þeirra samninga sem þegar hafa verið gerðir. Að vísu komu hér fram tölur um fjölda eða fæð þeirra lífeyrissjóða sem hefðu undirritað þetta samkomulag, en sem betur fer hafa fleiri lífeyrissjóðir gert það en kom fram í umræðunum í fyrra-

dag. Mér finnst, það er persónuleg skoðun mín, lífeyrissjóðir hér á landi vera komnir út á býsna hálar brautir. Ég hygg að þeir verkalýðsforingjar sem fara með yfirráð lífeyrissjóðanna og hafa undirgengist það að laun hér á landi væru ekki vísitölutryggð hafi að vissu leyti borið sig rangt að þegar þeir eru með fulla lánskjaravísitölu á lánum úr lífeyrissjóðum, sjóðum fólksins í landinu og bæta þar ofan á hæstu lögleyfðu vöxtum. Ætli lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna séu ekki í annarri hverri nauðungaruppboðsauglýsingu sem birt er í blöðunum? Ég hygg að það sé vaxtakröfugerð þeirra sem á umtalsverðan þátt í því að nauðungaruppboðin fara fram. Mér finnst það skjóta skökku við að lífeyrissjóðirnir, sem fara með fjármuni verkalýðshreyfingarinnar og fólksins í landinu, skuli hafa um það forgöngu að lána fé með þeim hætti sem þeir gera.

Ég minnist þess að einn hv. þm., Guðmundur H. Garðarsson, gerði tilraun til þess í sínum lífeyrissjóði að fá vaxtastigið lækkað, en það tókst ekki. Ég vil auk þess benda á þá hörku sem lífeyrissjóðirnir sýndu í samningaviðræðum við ríkisvaldið. Ég hefði sagt við forustumenn þeirra lífeyrissjóða, sem þá voru að semja við ríkissjóð um skuldabréfakaup, að þeir gætu farið heim og hvílt sig. Ég mundi tala við þá sem ríkissjóður einhvern tíma seinna. Lífeyrissjóðirnir eiga nefnilega engan annan kost betri en ávaxta fjármagn sitt með kaupum á ríkisskuldabréfum. Og ég hygg að þeir hefðu komið aftur.

En hvað hefur gerst? Ríkissjóður varð að kaupa *þessi skuldabréf með tiltölulega háum vöxtum sem* hefur haft áhrif á allt heildarvaxtadæmið til hækkunar. Ég leyfi mér að fullyrða að lífeyrissjóðirnir hafi að vissu leyti gengið á skjön við sín meginmarkmið. Auðvitað eiga þeir að reyna að ávaxta fjármuni sína á þann hátt sem best er á hverjum tíma og þeirra forustumenn munu ugglaust gera það, en ég hygg að þeir séu komnir út fyrir öll skynsamleg mörk. Auðvitað fannst mér líka ótækt og verð að segja það sem skoðun mína hreina og klára að í forustu fyrir hluta af þessum lífeyrissjóðum skyldi vera, hinn ágætasti maður að vísu, en maður sem er um leið forustumaður eins stærsta verðbréfafyrirtækis á landinu, maður sem hlýtur að hafa af því hagsmuni að vaxtastig sé tiltölulega hátt í landinu. Ég er ekki að væna hann um að hann hafi misnotað aðstöðu sína, en í hans sporum hefði ég aldrei tekið þátt í þessum viðræðum. Og ég hefði óskað eftir því sem fjmrh. að hann viki sæti í þessum viðræðum.

Ég hygg að nauðsynlegt væri að skoða nokkuð starfsemi lífeyrissjóðanna í þessu landi, hvernig þeir hafa ávaxtað fjármuni sína, í hvað hafa þeir notað þá. Ég minni á að t.d. Lífeyrissjóður verslunarmanna kom talsvert við sögu núna fyrir skömmu vegna þess að hann gerði tilboð í Útvegsbanka Íslands. Hann hefur lánað fé í margs konar framkvæmdir sem ég hygg að séu kannski ekki alveg gulltryggðar. Spurningin er þessi: Er þetta peningalega vald, *lífeyrissjóðirnir í landinu*, komið út fyrir eðlileg mörk í starfsemi sinni? Hvernig stendur á því að þeir eiga þess engan kost núna að lána fjármuni til fólks? Það er vegna þess að fólkið vill ekki fá þessa fjármuni lánaða. Þeir eru of dýrir.

Í tengslum við þá umræðu sem hér hefur farið fram vil ég segja að það þarf engan að undra þótt komi til umtalsverðra átaka um húsnæðismálakerfið. Hins vegar finnst mér afskaplega óskynsamlegt af þm. stjórnarflokka að hafa í frammi þau orð sem þeir hafa mælt á undanförnum dögum í tengslum við þetta frv. Væntanlega eru þetta traustabrestir í samstarfi stjórnarflokkanna. En ef menn meina eitthvað annað með þessu eiga þeir að segja það berum orðum. Ef þeir eru að reyna að finna útgönguleið út úr þessu stjórnarsamstarfi eiga þeir bara að segja það, ekki að gera það á þennan hátt. Og ég hygg að það væri ekki verulega gæfulegt að láta slitna á máli af þessu tagi þar sem hæstv. félmrh. hefur fengið mjög afdráttarlausan stuðning feikilega fjölmenns hóps þjóðarinnar í þessu máli.

Það skýtur líka býsna skökku við að heyra hverja ræðuna á fætur annarri frá stjórnarandstöðuþm. þar sem þeir styðja þetta frv. að verulegu leyti með nokkrum málefnalegum athugasemdum en síðan stíga stjórnarliðar í stólinn og finna því allt til foráttu. Ég held að mönnum væri nær að reyna að setja niður þessar deilur og leysa þetta mál á skilmerkilegan og góðan hátt.

Ég hef leyft mér að fjalla um það hér, herra forseti, af hverju ég tel þennan vanda vera orðinn svona mikinn. Þetta er hluti af miklu stærra vandamáli, þ.e. þeirri stefnu sem rekin hefur verið í vaxtamálum hér á landi og vegna þeirra vandræða sem t.d. lánskjaravísitalan hefur valdið, og ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég hyggi það verulega tímabært að endurskoða reiknigrundvöll lánskjaravísitölunnar. Ég hygg að það ættu að koma fleiri þættir inn í hana, eins og ég sagði upphaflega, t.d. skattarnir, þannig að hún mundi ekki vega eins þungt og hún nú gerir.

Mig langar aðeins í lokin, herra forseti, að geta þess að það er almennt álit fróðra manna að áhrif hárra raunvaxta á fasteignalánum séu undanteknингarlítið þau að kaupgeta manna minnki. Það leiðir síðan aftur til þess að færra fólk býr í eigin húsnæði en áður og þar með hefur þessi hávaxtastefna gengið þvert á yfirlýstar skoðanir ýmissa manna sem vilja hag sjálfseignarstefnunnar sem mestan. Um þetta höfum við dæmi frá Bandaríkjunum, þar sem um 1 millj. fjölskyldna missti húseignir sínar þegar vextir fóru upp úr öllu valdi á árabilinu 1970–1980, og við höfum þessi dæmi víðar að. En eitt verður að liggja fyrir í þessu máli og það er að með þessu frv. er hæstv. félmrh., sem getur auðvitað svarað fyrir sig sjálf að öllu leyti, að finna leið til að koma húsnæðislánakerfinu í gang á nýjan leik. Hún vill líka fá svigrúm til að geta gert nauðsynlegar breytingar á þessu kerfi sem allir eru sammála um að þurfi að gera. Það er enginn vafi á því að bæði stjórn og stjórnarandstaða eru sammála um að það þarf að gera enn frekari breytingar á húsnæðislánakerfinu.

Ég hygg að það væri gæfulegast fyrir hv. þm. að gefa hæstv. félmrh. kost á því að koma þessum breytingum í framkvæmd þannig að kerfið geti farið að vinna aftur og tími vinnist til þess að breyta því til frambúðar, ef menn hafa þá hug á því, sem ég hygg að flestir hafi.

Ég hefði getað haft mörg fleiri orð um þetta mál, en hirði ekki um að lengja þessa umræðu sem mér finnst hafa snúist upp í líklega eitthvert leiðinlegasta mál sem stjórnarflokkarnir hafa orðið að fjalla um frá því að ríkisstjórnin var mynduð. Það hafa auðvitað komið upp fleiri ágreiningsmál innan stjórnarflokkanna af ýmsu tagi, en þetta er það alvarlegasta. Þetta er langalvarlegasta málið vegna þess að hér er verið að fjalla um hæstu fjárhæðirnar og hér er verið að fjalla um fólkið í landinu sem þúsundum saman bíður eftir að fá lausn sinna mála í húsnæðismálakerfinu. Ég hygg að menn gerðu rétt með því að reyna nú að setja niður þessar deilur og ná samkomulagi þannig að þetta fólk þurfi ekki að bíða miklu lengur eftir lausn á sínum málum. Allt sem verður til þess að tefja framgang þessa frv. er um leið á þann veg að það hlýtur að auka á vanda fólksins sem nú stendur uppi án þess að vita nokkurn skapaðan hlut hvað verður um þess umsóknir í nútíð og framtíð og hvað verður um þetta kerfi í það heila tekið. Ætla t.d. stjórnarsinnar að snúast gegn frv., við þurfum að fá að vita það, ef þeir koma ekki í gegn tillögum sem þeir hafa rætt um en ekki orðað fyllilega? Ég hef ekki heyrt menn tala um afgerandi brtt. á frv. Það sem ég hef heyrt eru útúrsnúningar að mjög verulegu leyti. Menn verða að reyna að finna það út hjá sjálfum sér hver og einn hvort þeir eru að snúast gegn þessu frv. af einhverjum óljósum ástæðum sem kunna að vera m.a. þær að þeir eru að reyna að finna útgönguleið úr stjórnarsamstarfinu. Mér fannst t.d., eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson talaði áðan, ekki standa steinn yfir steini í ummælum hans. Hann fór hverja hringferðina á fætur annarri. Hv. þm. Alexander Stefánsson hefur þó komið orðum að því sem hann vill breyta, en tillögurnar liggja ekki klárar fyrir, tillögurnar liggja hvergi nærri klárar fyrir.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það var kannski svolítið erfiður inngangur að ræðu minni sem kom úr forsetastól, en ég skal leitast við að vera ekki mjög langorður.

Eins og mönnum er kunnugt hafa fallið nokkuð stór og hörð orð í þessari umræðu hér á þingi og reyndar utan þings líka og verið veist að mér sýnist heldur ósmekklega að hæstv. félmrh. Mér finnst að menn verði að hafa í huga í þessu máli, jafnvel þó menn séu ekki sammála ráðherranum, að það bætir ekki málið að skiptast á fúkyrðum og það bætir heldur ekki hag þeirra sem bíða eftir úrlausn. Það er auðvitað meginmálið í þessari stöðu að fjöldi fólks bíður úrlausnar og ég held að menn geti ekki mótmælt því að núverandi ástand getur ekki varað öllu lengur. Núverandi ástand er það að kerfið er lokað. Það sem hæstv. félmrh. er að reyna að láta gerast er að það verði ekki lokað lengur.

Ég ætla að vona að menn séu bráðum búnir að tala sig niður í þessu máli og geti farið að snúa sér að þeirri vinnu sem fram undan er og komast að efnislegri niðurstöðu sem geti gagnast fólkinu í landinu sem best. Ég held að mönnum þurfi ekki að koma á óvart að hæstv. ráðherra bregðist nokkuð hart við þegar að honum er veist opinberlega með þeim hætti sem hér hefur gerst og það er býsna óvenjulegur háttur. Það getur vel verið að það hafi einhvern tímann gerst að ráðherrar hafi orðið fyrir ámóta árásum. Ég man ekki eftir því og ég hef spurt ýmsa þm. sem hafa setið hér lengi, en þeir muna heldur ekki eftir því að ráðherra hafi þurft að taka við ámóta kveðjum og núverandi hæstv. félmrh.

Ég sagði að kerfið væri lokað og spurningin sem menn standa fyrst og fremst frammi fyrir er þessi: Vilja menn hafa það lokað áfram? Ef menn vilja það ekki verða menn að finna leiðir til að opna það. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki unnt að hafa húsnæðismálakerfið lokað lengur. Ég hef hins vegar ekki heyrt, en ég skal viðurkenna að ég hef ekki hlustað á allar umræðurnar, neinar útfærðar tillögur um hvernig úr eigi að ráðast. Sumir segja, eins og hv. þm. Hreggviður Jónsson: Við komum með tillögur bráðlega um allsherjarendurskoðun og það er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En það er það sama og hæstv. ráðherra hefur sagt. Hann hefur efnislega sagt: Ég þarf að fá möguleika til opnunar á þessu kerfi, mér er það ljóst, og ég vil vinna að því að áfram verði haldið. Þetta er einungis áfangi.

Nú gerist það merkilega í þessari umræðu að mér heyrist næstum allir segja að þeir skilji að þegar menn hafi úr takmörkuðu fé að ráða geti þeir sem eiga miklar eignir ekki notið sams konar fyrirgreiðslu í niðurgreiddu lánsfé og aðrir sem standa verr. En þetta er einmitt aðalefnispunkturinn í því frv. sem hér er til umræðu hvað sem menn annars segja um útfærslu eða orðalag. Og þegar ég hlusta eftir því hvers konar tillögur menn eru með finn ég lítið fyrir þeim. Þegar menn gagnrýna að frv. sé óskýrt heyri ég heldur ekki neinar skýrari tillögur frá öðrum um hvernig þetta eigi að vera. Ég held að það sé ekki af því að menn langi ekki til þess að vera með skýrar og góðar tillögur. Ég held að þær komi ekki fram af því að menn hafi þær ekki, af því að málið er flókið, af því að málið er vandasamt og erfitt að ráða fram úr því. Og það er auðvitað það meginviðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir, hvernig eigi að koma þessu kerfi á varanlegan grundvöll. Ég held að það sé alveg ljóst að það verður núna að finna svigrúm til að mæta ákveðnum þörfum, brýnum þörfum sem hafa hlaðist upp af því að kerfið er lokað, og menn verði að opna kerfið og mæta þessum þörfum til að hafa svigrúm til þess að takast á við þetta kerfi í heild sinni. Þetta held ég að sé meginatriði málsins. Það að koma kerfinu á varanlegan grundvöll, á grundvöll sem dugar, er ekki bara mál ráðherrans, það er ekki mál stjórnarflokkanna

einna. Við höfum haft slík vandræði í húsnæðismálunum í svo mörg ár að það er beinlínis skylda allra stjórnmálamanna á Alþingi að leggjast á eitt um að ná varanlegum grundvelli, ná ákveðnum stöðugleika, koma fótum undir kerfið.

Mér finnst sumir segja: Við skulum bíða þangað til eftirspurnin er búin. Mér fannst jafnvel að hv. þm. Geir Haarde væri örlítið að tala í þá áttina í sinni ágætu ræðu að það væri von um það, en ef ég hlustaði eftir öðru sem hv. þm. sagði fannst mér það sem hann tilgreindi einmitt benda til þess að slíkt varanlegt jafnvægi væri ekki á leiðinni vegna þess, eins og hann sagði réttilega, að við erum líklega með allt að því óseðjandi eftirspurn vegna niðurgreiðslu á vöxtum. Og í annan stað sem ég legg mikla áherslu á: Um leið og er komin biðröð sækja menn um til vonar og vara. Ég held að biðröðin fæði sjálfa sig. Þetta eru atriði sem ég legg áherslu á, sem ég vek athygli á og sem ég veit að hæstv. ráðherra vill skoða.

Ég get farið í gegnum frv. grein fyrir grein eða þær hugmyndir aðrar sem t.d. komu fram hjá hv. þm. Geir Haarde, en ég ætla að segja það bara að sú efnislega stefna sem mjög margir hafa lýst stuðningi við hérna, jafnvel þó þeir hafi alls konar fyrirvara, er í rauninni fólgin í 1. gr. hvernig sem menn vilja orða hana og menn hafa margvísleg tækifæri til að orða hana með öðrum hætti í umfjöllun sinni í nefnd.

Um 2. gr. er það að segja að þar er um að ræða hugmynd sem ætlað er að verða til að draga úr braski. Ef menn hafa betri hugmyndir í þeim efnum er sjálfsagt að líta á þær, en þessi hugmynd er a.m.k. jafnmikillar skoðunar verð og hugmyndir sem ekki hafa komið fram. Ég held að það sé alveg ljóst.

Um vaxtagreinina, mismunandi vexti, er það að segja að þetta er hugmynd sem var rædd á síðasta þingi þar sem ákveðinn þm. Sjálfstfl. talaði fyrir þessu sem lausnarleið í þessu máli. Þetta var hv. þm. Friðrik Sophusson, núverandi hæstv. ráðherra, og það er fest í þingskjölum. Hv. þm. Geir Haarde sagði að menn gætu e.t.v. rýmkað forgangsheimildir með reglugerðum. Ég þykist minnast þess að hv. þm. Friðrik Sophusson hafi einmitt tekið þannig til orða að það þyrfti ekki lagabreytingar heldur varðandi vaxtaákvæði. Ég held að það sé rangt hvort tveggja. Ég held að það þurfi lagaákvæði ef menn ætla að beita þessum tækjum. En þó að hv. þm. Friðrik Sophusson, núverandi hæstv. ráðherra, hafi komið með þessa hugmynd sé ég marga annmarka á útfærslu eins og ég veit líka að hæstv. ráðherra gerir. A.m.k. er það svo að ef menn ætla að fara þessa leið held ég að það sé ekki hægt að binda þá formúlu í lög lið fyrir lið.

Það gildir svipað um 3. gr. Þar er verið að tala um ákveðinn forgang og ýmsir segja að sú grein sé óskýr. En svona forgangur er mjög vandasamt úrlausnarefni og þó tala menn um að það sé eðlilegt að þeir sem hafi brýnasta þörfina njóti forgangs. Það er mjög vandasamt úrlausnarefni. Ég held ekki heldur að það sé hægt að binda það nánar í lög hvernig það skuli útfært vegna þess að það verða svo mörg atriði sem verður að hafa í huga þegar á að velja slíkan forgang, m.a. jafnvægið á húsnæðismarkaðnum svo ég taki eitt dæmi. Það verður nefnilega ekki aðstaða þeirra sem eru að sækja ein sem getur ráðið öllu um forganginn, heldur verður líka að gæta að því að jafnvæginu sé ekki raskað á húsnæðismarkaðnum að óþörfu. Geta menn þá ætlast til þess að hæstv. ráðherra bindi þetta í ákveðna formúlu í lögum upp á punkt og prik? Nei.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta. Það er margt sem væri ástæða til að ræða í sambandi við húsnæðislánakerfið og það verkefni sem er fram undan í því og ég held að það sé mikilvægt að við horfum fram á veginn og horfum til þess hvers konar húsnæðislánakerfi við viljum fá, eins og ráðherra hefur gert að umtalsefni. Ég held að það sé alveg ljóst að þingið kemst ekki hjá því að skapa nú svigrúm til þess að unnt sé að mæta hinum brýnustu þörfum og til að skapa svigrúm til þess að geta unnið að heildarendurskoðun.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það hafa farið fram í þessu máli umræður um frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á þskj. 47, hinar furðulegustu umræður. Ég get ekki neitað því að ég harma að stjórnarliðar berja hver á öðrum. Það er bara til að skemmta okkur í stjórnarandstöðunni og gera okkar starf miklu auðveldara en kannski við var að búast í upphafi þó svo að við vissum öll, bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarliðar, að þessi stjórn var þannig saman sett að menn gætu aldrei komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. En það er óvanalegt að því leytinu til að umræður hefjast vanalega og á hefðbundinn hátt þannig að ráðherrar leggja fram stjfrv. og mæla fyrir þeim, en í þessu tilfelli kemur hæstv. félmrh. og mælir ekki fyrst fyrir frv. heldur svarar alls konar ummælum stjórnarliða innan þings og utan um frv. sem hún hefur nú lagt fram. Þannig fór ekkert á milli mála að það er djúpstæður ágreiningur milli stjórnarliða og miklu djúpstæðari en ég a.m.k. og við í Borgarafl. gerðum okkur grein fyrir þrátt fyrir að öllum var ljóst að um ágreining var að ræða.

Það er ekkert óeðlilegt að stjfrv. séu lögð fram með ákveðnum fyrirvara frá einstökum þm. stjórnarflokkanna og að sjálfsögðu tek ég það sem gefið mál að frv. hæstv. félmrh. hafi verið rætt í þingflokkunum á hefðbundinn hátt og eftir hefðbundna meðferð í ríkisstjórninni, eins og raunverulega kom fram í framsöguræðu hæstv. félmrh. Þannig kemur mér það ekki á óvart sem fyrrv. ráðherra að stjfrv. komi fram með athugasemdum. En að stjfrv. komi fram í slíkri andstöðu sem þetta frv. hefur hlotið, bæði í fjölmiðlum, frá stjórnarliðum og eins hér á Alþingi í umræðum, er óvanalegt.

En ég vil líka segja að það þurfti ekki að koma neinum landsmanni á óvart og síst af öllu þeim sem hafa verið á þingi með hæstv. ráðherra í nokkurn

tíma að hún hefði mjög ákveðnar skoðanir í húsnæðismálum og það kemur mér ekkert á óvart að hún beri þær fram og reyni að hrinda fram sínum skoðunum þegar hún hefur til þess tækifæri sem ráðherra. Þær skoðanir hafa ekki alltaf fallið í góðan jarðveg en hún var afskaplega krítísk, ef ég má orða það þannig, eða deildi hart á störf fyrrv. félmrh., en ég vil segja að það sem forveri hennar hæstv. gerði eða lagði til í húsnæðismálum naut stuðnings af minni hálfu á þeim tíma sem við vorum samráðherrar og gerir enn. Ég er því ekki sannfærður um að þær breytingar sem hæstv. núverandi félmrh. leggur til séu allar til bóta. En það er hennar sannfæring að þær séu til bóta og við verðum að virða hennar skoðanir. Og ég vil taka undir það með hv. þm. Árna Gunnarssyni að óeðlilega hefur verið að hæstv. ráðherra vegið. Hún hefur rétt á sínum skoðunum hvort sem hún fær aðra til að samþykkja þær sem algilda lausn á húsnæðismálunum eða ekki.

En það er ýmislegt sem ég hef þó við frv. að athuga eftir þær umræður sem hafa átt sér stað. Það er aðallega, að mér finnst þetta frv. vera stimplað af stjórnarsinnum sem þmfrv. en ekki sem stjfrv. Það er furðuleg uppákoma. Miðað við þá andstöðu sem frv. sjálft hefur fengið finnst mér það alveg furðuleg uppákoma að stjórnarþingmenn skuli tala þannig að stjfrv. sé alveg augljóslega ekki stjfrv. Það sem liggur í mínum orðum, og ég ætla ekkert að láta túlka þau sérstaklega, er að frv. sé þá lagt fram á fölskum forsendum samkvæmt umræðum sem hér hafa farið fram. Þetta er ekki stjfrv. Þetta er þmfrv. og þá þeirra þm. sem sitja í ríkisstjórninni en ekki flokkanna miðað við það sem fram hefur komið. Framsfl. hefur boðað brtt. við allar greinar. Sjálfstfl. hefur skýrt afstöðu sína til frv. í bréfi. — Til hvers veit ég nú ekki. Ég reikna með að það hafi verið til hæstv. ráðherra eða félmn. sem fær frv. til skoðunar. Ég veit það ekki, en a.m.k. eru það skiptar skoðanir svo þetta er ekki lengur að mínu mati stjfrv.

Hæstv. ráðherra veifaði bréfi úr ræðustól. Ég get veifað alls konar bréfum og það veit enginn ráðherra hvað stendur í þeim. Þetta er gömul aðferð til að blekkja. En hæstv. ráðherra var ekki að reyna að blekkja mig. Hann var að veifa bréfi sem þeir fá frá húsnæðismálastjórn sem ekki eru taldir geta staðið undir lánum. Það er fátækasta fólkið, ef ég man orð hennar rétt. Það er fólkið sem mest þarf á lánum að halda. Það fær neitun á þeim forsendum að það er ekki nógu tekjuhátt til að standa undir endurgreiðslu á lánunum. Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Ætlar hún að beita sér fyrir því að þetta fólk, sem sannanlega samkvæmt ráðgjöfum húsnæðismálastjórnar getur ekki staðið undir lánum vegna þess að það hefur ekki nógar tekjur, fái að koma sér í þá aðstöðu að skulda umfram það sem það ræður við að endurgreiða? Þetta finnst mér alvarlegt mál vegna þess að eins og málin standa í dag eru húsnæðislánin það þung að það er hrein blekking og alveg voðalegt slys, sérstaklega vil ég segja að það sé slys fyrir okkur — nú gleymi ég að ég er ekki lengur í Sjálfstfl. — sem erum sjálfstæðismenn og verðum það og höfum hvatt til þess í gegnum tíðina að ungir menn og konur taki húsnæðismálastjórnarlán til þess að verða sjálfstæðir íbúðareigendur. En hver er árangurinn af þessari prédikun okkar og starfi? Hann er sá, því miður, að þetta unga fók fer að trúa okkur. Og hvað hefur skeð? Í hvert skipti sem þessir sjálfstæðu íbúðarhúsaeigendur, sem við höfum gert að sjálfstæðum íbúðarhúsaeigendum, borga af sínum lánum, standa í skilum á réttum tíma, skulda þeir meira á eftir en þeir fengu að láni upphaflega.

Það er þessi blekking, sem er í húsnæðislánakerfinu, sem við verðum að hafa í huga þegar við erum að hvetja ungt fólk og hvern sem er til að taka lán á þeim forsendum að þau séu niðurgreidd, eins og kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv. Þetta er blekking. Þetta er hrein blekking! Ég vil segja alveg eins og er að þegar launavísitalan var tekin úr sambandi urðu um þetta miklar umræður í ríkisstjórninni. Ég sem fjmrh. lagði þá til að um leið og launavísitalan var tekin úr sambandi skyldi líka lánskjaravísitalan tekin úr sambandi. Þetta er bókað í ríkisstjórnarbókun. En það var ekki samþykkt. Og ástæðan til þess að ég gerði það að tillögu minni sem ráðherra fjármála að fella niður lánskjaravísitöluna líka var sú að ég vildi viðurkenna að þau verðmæti sem eru í einstaklingnum, í manninum sjálfum, þau verðmæti sem hann breytir úr orku, sem hann býr yfir, í peninga, sem eiga að standa undir lánunum, hefðu sömu vísitölu og hann varð að greiða öðrum sem höfðu þegar breytt orku sinni í peninga. En þessi skilningur var ekki fyrir hendi þá og hann er ekki fyrir hendi enn. Ef stjórn, mér liggur við að segja undir forustu Alþfl. um þessi mál — ég bið hæstv. forsrh. afsökunar — vill standa að þessari breytingu og létta þessari miklu kvöð af öllum þeim sem hafa skipt við lánakerfi ríkisins er Alþfl. „alþýðuflokkur", en ef hann ekki beitir sér fyrir þessum breytingum á þessu stigi, þegar húsnæðismálafrv. er í afgreiðslu á Alþingi, er hann ekki „alþýðuflokkur", þá er hann flokkur nýfrjálshyggju eins og ég hef áður skýrt.

Er það flokkur alþýðumanna sem með 10% matarskatti, óhugsað vonandi, hækkar lán til húsbyggjenda og húsnæðismála um 1,33%? Um leið og maturinn til almennings hækkar vegna matarskattsins hækkar líka sú upphæð sem fólkið skuldar vegna húsnæðismála vegna þess að það fór að ráðum okkar sem höfum prédikað að það skuli verða sjálfstæðir húseigendur. Það er gott og það er göfugt að hver og einn eigi þak yfir höfuðið og á Íslandi er það nauðsynlegt, en það er ekki þar með sagt að árangurinn af starfi okkar í þessum málaflokki sé göfugur þegar við höfum fjötrað alla þá sem við okkur hafa skipt. Ég tala þannig að ég er fullkomlega samábyrgur í þessu kerfi, en ég tala þannig líka að það á hverjum og einum að vera ljóst að þessu þarf að breyta. Ef við höfum gert eitthvað rangt verður að reyna að leiðrétta það. Og við höfum gert öllum þeim sem skulda mjög mikið rangt með því að auka á byrðar þeirra.

Í markmiðum frv., með leyfi hæstv. forseta, segir: „Með því frv., sem hér er lagt fram, er stigið fyrsta skrefið til að draga úr sjálfvirkni í húsnæðislánakerfinu með breyttum útlánareglum í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Meginmarkmið með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru eftirfarandi:

– að tryggja betur en nú er forgang þeirra til lána sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

– að draga úr þenslu á fasteignamarkaði og koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á verði íbúðarhúsnæðis.

– að takmarka sjálfvirkni í útlánum og draga úr fjárþörf húsnæðiskerfisins.

– að gera ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar kleift að gegna betur en hingað til því veigamikla hlutverki að láta umsækjendum í té leiðbeiningar og fara yfir kostnaðar- og greiðsluáætlanir með þeim áður en þeir ráðast í húsakaup til að reyna að forða greiðsluerfiðleikum.“

Er nokkur þm. hér inni sem ekki getur samþykkt þetta sem heiðarlegar tillögur og réttar tillögur? Það held ég ekki. Það getur enginn haft þau orð um hæstv. félmrh. sem hér hafa fallið eftir að hafa lesið þessi markmið.

Hv. 4. þm. Reykn. gat um það í sínu tali að það þyrfti að flýta málinu því að kerfið væri lokað. Ég segi bara, miðað við það sem ég hef sagt: Guði sé lof fyrir þá sem bíða eftir lánum. — En af hverju er það lokað? Er það ekki lokað m.a. vegna þess að það frv. sem hér liggur fyrir rýfur samninga sem gerðir hafa verið við lífeyrissjóðina um að þeir sem eru rétthafar til lána í lífeyrissjóðum skuli líka vera rétthafar til húsnæðisstjórnarlána vegna lána lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar? Er ekki verið að tala um að hefta lán, að flokka menn niður í eignaaðila og þá sem eiga minna þó svo að þeir eigi óskertan rétt til lána í lífeyrissjóðunum? Ég er ansi hræddur um að hér sé tillaga um að skerða rétt þeirra sem eru í lífeyrissjóðunum. Þess vegna er málið í þessari biðstöðu.

Ég er sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að ráðherra á ekki að þurfa að taka á móti kveðjum eins og hér voru viðhafðar. Það er engum til sóma. Við verðum að virða ráðherra Íslands. En ráðherra verður þá sjálfur að haga orðum sínum þannig að hann kalli ekki yfir sig slíkar kveðjur.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir að í frv. séu skýrar og góðar tillögur, eins og hann orðaði það. Ég verð þá, með leyfi forseta, að fara yfir frvgr., þær eru fáar, og vita hve skýrar þær eru. Það segir í 1. gr.:

„Ný 6. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef ríkar ástæður eru fyrir hendi vegna einnar eða fleiri af eftirfarandi ástæðum.“

Ekki er þetta nú mjög skýrt. Það er hægt að skerða, það má synja ef einhver ástæða er fyrir hendi, sem ekki er tilgreind, að mati húsnæðismálastjórnar. Við ætlum að setja lög sem segja ekki neitt annað en að húsnæðismálastjórn skuli ákveða hvað er skýrt og ekki skýrt. (**SJS:** Það er góð stjórn.) Víst er þar a.m.k. von um góða stjórn.

Ég er sammála 1. lið hérna, a-liðnum. Ef umsækjandi á fleiri en eina íbúð er sjálfsagt að taka það til greina. Það er sjálfsagt. En síðan kemur b-liður. „Umsækjandi á mikla íbúðareign, skuldlitla aða skuldlausa.“ Hvort á það að vera skuldlítil eða skuldlaus? Því á að setja skorður samkvæmt nánari reglum. Sem hver á að setja? Húsnæðismálastjórn eða ráðherra? Ákvæði skulu sett í reglugerð. Það er vonandi ráðherra sem setur þá reglugerð. Hér er ekkert skýrt. Hér er allt óákveðið. Hér eru engin lög. Það er bara verið að segja: Framkvæmdarvaldið skal vera framkvæmdarvald og vinna sem framkvæmdarvald. Hér er ekkert skýrt. Svo er talað um það í c-lið að hægt sé að skerða ef fyrri íbúðareign umsækjanda er skuldlítil og stærri en 180 fermetrar brúttó að frádregnum bílskúr og umsækjandi er að minnka við sig. Þetta er stórhættulegt ákvæði. Hugsið þið ykkur ekkju sem er í stóru húsi, á litla peninga. Hvernig á hún að koma sér fyrir annars staðar ef hún ekki fær nægan útborgun við sölu íbúðar sinnar?

Virðulegur forseti. Ég ætla að bíða á meðan hinum fundinum lýkur. Ég þakka virðulegum 1. þm. Vestf. fyrir að ljúka þeim fundi. Hann er byrjaður aftur. (**Gripið fram í:** Norðurl. v.) Vestra, já. Hann er byrjaður aftur. (**Gripið fram í:** Það eru vaxandi kærleikar þarna. Ég held að Árni þurfi ekki að skamma þau?) — Nú, ég vildi gjarnan fá nánari skýringar á þessu vegna þess að þetta ákvæði er ákaflega óljóst... Ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar. Ég ætla að fá að tala á þessum fundi. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að hafa hljóð á meðan ræðumaður lýkur máli sínu.)

Í 2. málsgr. segir svo, með leyfi forseta: „Umsækjendur sem uppfylla skilyrði til laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr. skulu innan þriggja mánaða frá því umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegan afgreiðslutíma láns.“

Hingað til hefur lánsloforð verið ákveðið og fólk hefur getað farið í banka og haldið áfram sínum framkvæmdum og komið yfir sig þaki. Þetta er eitt af þeim atriðum sem fyrrv. hæstv. félmrh., Alexander Stefánsson, barðist hvað mest fyrir til að flýta framkvæmdum hjá fólki. En hér á að gera hlutina svo óljósa að þau plögg sem hingað til hafa dugað í lánastofnunum til að flýta framkvæmdum eru einskis nýt gögn. Í framhaldi í þessari grein segir nefnilega: „Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.“ Það er ekkert ákveðið í þessu. Það er ekkert víst, þó svo viðkomandi lánsumsækjandi eigi allan rétt, að hann fái nokkurt lán. Það verður tekin ákvörðun endanlega síðar. Þetta er mjög stórt skref aftur á bak. En nú er

hæstv. félmrh. miklu betur inni í þessum málum en ég. Það getur verið að hún sé viljandi að koma í veg fyrir að fólk geti tekið lán út á lánsfyrirheit frá húsnæðismálastjórn til að koma í veg fyrir að menn ofkeyri sig og sínar tekjur. Það getur vel verið að *rétt sé að gera þetta svona, en ég álít að þetta sé spor* aftur á bak miðað við það sem er og hefur verið og alls ekki skýrt, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson orðaði það um þetta frv.

Í 2. mgr. 3. gr. segir: „Þegar um er að ræða þá sem eiga íbúð fyrir er heimilt að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhluta í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir lánum til þeirra innbyrðis þannig að þeir sem verr eru settir að þessu leyti gangi fyrir hinum."

Ég er alveg sammála þessu. En hver á að meta þetta? Er þetta skýrt? Þetta eru allt geðþóttaákvarðanir. Ég efast um að það sé rétt af Alþingi að setja svona óákveðin lög. Ég efast ekkert um góðan vilja hæstv. ráðherra, en ég er ekkert hissa á því að menn deili á svona orðalag.

Hérna vil ég líka staldra við og endurtaka það sem ég sagði um matarskattinn, 10%. Ég efast um að hæstv. ríkisstjórn hafi gert sér í hugarlund þegar hún var að hringla með söluskattinn og gera alla þá sem eiga að standa skil á honum hringlandi vitlausa, því að það veit enginn hvernig á að meðhöndla hann. Þetta er ekki skýrt.

4. gr., með leyfi forseta: „Heimilt er ríkisstjórninni að ákvarða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks."

Eftir hvaða reglum á að fara? Alþingi er að samþykkja að handhafavaldið megi taka ákvarðanir. En hver innan hvers lánaflokks á að njóta lágra vaxta eða lægri vaxta en aðrir? Það segir ekkert um það. Það hefur ekki komið nein skýring um það svo ég hafi hlustað á. Þannig vil ég biðja hæstv. ráðherra um að taka því ekki eins illa og hún gerði í upphafi að fram komi brtt. Það er ekkert óeðlilegt að framlagt frv. ráðherra og stjfrv. komi ekki fyrir Alþingi án athugasemda frá þingflokkunum. Það er ekkert nýtt og ráðherra þarf ekki að taka það illa upp. Aftur á móti gæti hún tekið það illa upp þegar frv. sem lagt er fram í nafni ríkisstjórnarinnar er gert að þmfrv. á þann hátt sem hér hefur verið gert. Og ég skil hæstv. ráðherra mjög vel.

Ég vara hæstv. ráðherra við öðru. Það var bent á að af 10 þúsund umsækjendum um húsnæðisstjórnarlán séu aðeins 40 sem eiga fleiri en eina íbúð. Ég veit ekki hvort þetta er rétt. Mér finnst þetta svo mikill munur á því sem sagt hefur verið í umræðum að fjöldinn væri svo mikill og þetta væri svo stór upphæð sem færi í þessa aðila, sem eiga fleiri en eina íbúð, að þetta væri stór upphæð sem skipti verulegu máli í öllu kerfinu. En ef þessar upplýsingar eru *réttar, sem hér hafa komið fram í umræðum*, að það séu aðeins 40 aðilar sem um er að ræða, og það eru innan við 0,4% af heildarútlánum, þá er það ekki til þess að nota í rökstuðningi til að brjóta niður heilt kerfi sem fyrir er. Þess vegna er þetta blekking hjá hæstv. ráðherra að tala svona og óþarfi því að allir þm. eru reiðubúnir til þess að taka þátt í að gera rétt. Ef hæstv. ráðherra kemur með það sem meiri hluti þingmanna telur vera rétt, þá skiptir það ekki máli hvort við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. Okkur ber hreinlega skylda til þess að eyðileggja ekki það sem meiri hluti Alþingis telur rétt að gera.

Ég ætla hvorki að taka þátt í þeim árásum né því orðaskaki sem orðið hefur á milli hinna ýmsu stjórnarliða. Það er þeirra mál. En ég held að ráðherra megi ekki taka það illa upp þó þessar athugasemdir mínar séu á vissan hátt undirtektir við fullyrðingar hv. 10. þm. Reykv. — ég vil ekki ganga það langt að segja að frv. sé illa unnið — en frv. hefði getað verið betur unnið, það hefði getað verið ákveðnara, það hefði getað verið skýrara, það hefði mátt hafa meira samráð, eftir þeim umræðum sem hér hafa verið, við ýmsa þá aðila sem hlut eiga að máli og þá náttúrlega sérstaklega stjórnarliðið.

Það var fróðlegt að heyra margt af því sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði. Ég man nú ekki hvað hann sagði að lánskjaravísitalan hefði hækkað mikið, en ég skrifaði niður aðrar hækkanir. (**ÁrnG:** Átjánfaldast.) Átjánfaldast meðan laun á þessu tímabili fjórtánfaldast sem þýðir að hér þarf að taka til hendi. Ég vil undirstrika að það væri Alþfl. til sóma ef þeir gerðu það og ég tek undir málflutning hv. 3. þm. Norðurl. e. Það eru að mörgu leyti orð í tíma töluð.

Hæstv. forseti. Ég hef talað miklu lengra mál en ég upphaflega hafði ætlað mér, en ég vil undirstrika það sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn. að Borgarafl., sem er ekki búinn að vera á þingi nema þessar fáu vikur sem þetta þing hefur lifað, er með lagabálk í undirbúningi sem ég held að verði þess virði að verða tekinn til skoðunar ásamt þessu frv. ef okkur tekst að koma því í gegnum þær flokksstofnanir hjá okkur sem með þarf til að frv. verði lagt fram til prentunar á Alþingi. Þar er ýmislegt sem ekki hefur séð dagsins ljós áður. Hvorki ég né aðrir eru komnir til með að segja að það sé betra en það sem fyrir er, en það er áreiðanlega þess virði að það verði skoðað í fullri alvöru. Að svo mæltu held ég að ég ljúki máli mínu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Mér þótti fróðlegt að hlusta á hv. 3. þm. Norðurl. e. Það vakti athygli mína að hann skyldi taka þannig til orða að forseti ASÍ talaði ekki fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við það sem komið hefur fram frá honum í fjölmiðlum um þessi mál. Og þá hlýtur það sama að gilda um varaforseta ASÍ.

En það sem vakti sérstaka athygli mína, og ég er honum alveg hjartanlega sammála um, var það sem hann sagði í sambandi við hávaxtastefnuna og ekki hvað síst í sambandi við lánskjaravísitöluna. Ég get vitnað til þjáningabróður míns í fyrrv. ríkisstjórn varðandi lánskjaravísitöluna. Við vorum sammála um að þar þyrfti að taka til hendinni, hún væri gölluð. Og ég tek alveg heils hugar undir það að mér

hefur alltaf fundist lánskjaravísitalan mæla allt hraðar, koma miklu hraðar fram með allar hækkanir í sambandi við lánamarkað hér á landi en eðlilegt væri. En það hefur ekki verið samstaða um það né meiri hluti í þingflokkum og stjórnarandstöðu að það væri eðlilegt og sjálfsagt að taka þennan þátt í sambandi við stefnuna í lánamálum til uppskurðar. Í leiðinni má minna á að það var jú Alþfl. sem barðist fyrir því að þetta form var sett á á sínum tíma.

En ég bað um orðið til þess að leggja áherslu á það, sem ég tel að hafi valdið þeim deilum og þeim þrengingum sem hæstv. félmrh. hefur lent í með þetta mál, það er vitlaus málsmeðferð. Það liggur alveg ljóst fyrir að núverandi húsnæðiskerfi byggir á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá febrúar 1986 og þeim samningum sem það samkomulag batt stjórnvöld við lífeyrissjóði landsins. Lífeyrissjóðirnir leggja til það fjármagn sem húsnæðiskerfið byggir á og ef þar er þverbrestur, þá er allt málið í hættu og þá er alveg sama hvað talað er um breytingar og annað slíkt, peningarnir koma ekki inn. Þetta er það sem ég vakti athygli á við 1. umr. málsins eftir að ég sá mig knúinn til að mótmæla málsmeðferð hæstv. félmrh. í upphafi máls, að leggja áherslu á að fara í karp við stjórnarsinna og Alþýðusambandið um málið áður en að því kom að tala fyrir frv.

Það sem ég held að verði að gerast, og hefur komið greinilega fram, er að þegar málið kemur til meðferðar þingdeildar þá verðum við að reyna að bæta úr þessu vandamáli að hæstv. ráðherra gleymdi því sem máli skiptir, að byrja á því að ná samkomulagi við aðila lífeyrissjóðanna og vinnumarkaðarins um hvaða breytingar menn vildu láta koma fram í þessari lotu meðan menn væru að fá svigrúm til þess að skoða þetta kerfi betur. Það var ekki gert og þess vegna er þetta vandamál, sem hefur komið fram bæði utan þings og innan, í sambandi við þetta mál. Ég mun beita mér fyrir því í félmn. að úr þessu verði bætt, haft verði samband við þessa aðila og reynt að finna lausn á því hverju Alþingi getur breytt í þessu máli sem verður húsnæðiskerfinu til góðs. Það hljótum við að gera.

Ég get heldur ekki tekið undir það að málum sé þannig háttað í dag að ekkert sé að gerast í Húsnæðisstofnun því það renna þar út tugir millj. króna á hverjum degi. Í síðasta mánuði voru afgreidd lán fyrir rúmar 500 millj. kr. í húsnæðiskerfinu og heldur áfram allt þetta ár og fram á næsta ár einnig því að fjármagnið er þegar tryggt fyrir árið 1988. En við skulum vanda okkur við þetta og a.m.k. reyna að forðast það að lenda í stríði við þá aðila sem eiga að koma með peningana í því kerfi sem við búum við.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég skal leitast við að svara ýmsu af því sem fram hefur komið í máli ræðumanna í dag um það frv. sem hér er til umræðu. Áður en ég sný mér að því hlýt ég að gera með nokkrum orðum grein fyrir hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þessa frv. vegna þess að það hefur borið hæst í máli stjórnarliða að illa hafi verið staðið að undirbúningi málsins og að ekki hafi verið leitað samráðs við aðila vinnumarkaðarins eða lífeyrissjóðanna. Þetta er alvarleg gagnrýni sem höfð er í frammi og ég hlýt að svara þessu nokkrum orðum.

Því er haldið fram, m.a. af hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, að félmrh. hafi farið einförum í undirbúningi þessa máls. Því er haldið fram að málið sé illa undirbúið, það sé rugl og talað um flaustursleg vinnubrögð og fleira í þeim dúr. Ég held að menn verði svolítið að gæta orða sinna og átta sig á því hvert þeir eru að beina spjótum sínum vegna þess að það er ekki bara félmrh. sem menn beina spjótum sínum að þegar þeir viðhafa þessi orð. Ég hlýt að rekja aðeins í örfáum orðum, herra forseti, gang þessa máls sem sýnir að menn eru líka að beina spjótum sínum að húsnæðismálastjórn, sem kjörin er hér á hv. Alþingi og í eiga sæti m.a. fulltrúar stjórnarflokkanna, tveir fulltrúar frá Alþýðusambandinu og frá Vinnuveitendasambandinu.

Það var í ágústmánuði sem ég óskaði eftir því við húsnæðismálastjórn, sem í eiga sæti allir þeir aðilar sem ég nefndi, að ég fengi tillögur um það hvernig breyta mætti afgreiðslu á röðun lána til þess einmitt að tryggja frekar forgang þeirra sem helst þurfa á lánum að halda. Það er ákvæði í reglugerð um Byggingarsjóð ríkisins sem kveður einmitt á um að slík endurskoðun ætti að fara fram ári eftir að þessi reglugerð var sett. Af hverju skyldi það ákvæði nú vera sett inn? Það er vegna þess að menn hafa einmitt ekkert verið öruggir á því þegar þetta ákvæði var sett hvernig það kæmi út í reynd. Ég vildi auðvitað uppfylla þetta ákvæði, sem þarna kom fram í reglugerðinni, ekki síst vegna þess að kerfið hafði verið lokað um nokkurra mánaða skeið og fyrirsjáanlegt að ef ekkert yrði að gert þá yrði nokkuð löng bið á lánum til þeirra sem væru í brýnni þörf. Því vildi ég gera þessa tilraun og óskaði eftir tillögum húsnæðismálastjórnar í þessu efni.

Ég bendi á það að í Þjóðviljanum í dag er einmitt viðtal við Sigurð E. Guðmundsson sem segir að það hafi verið fullt samráð haft við Húsnæðisstofnun í þessu máli. Þetta er byrjunin á því frv. sem hér liggur fyrir, að óskað er eftir tillögum frá húsnæðismálastjórn.

Húsnæðismálastjórn fjallaði um þetta mál og lagði til tillögur til mín um breytingar á þessari reglugerð. Jafnframt kom fram í bréfi frá húsnæðismálastjórn þegar mér var skilað þessum tillögum að húsnæðismálastjórn teldi að nauðsynlegt væri að setja brbl. til þess að ákvæði þetta í reglugerð næði þeim tilgangi sem að er stefnt. Ég kynnti þessa tillögu húsnæðismálastjórnar í ríkisstjórninni, að sett yrðu brbl., og lagði fram tillögur húsnæðismálastjórnar í þessu efni. Þetta var fyrri hluta septembermánaðar eða í kringum 10.–12. september. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var sett ráðherranefnd í málið sem í áttu sæti hæstv. iðnrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. Þessi ráðherranefnd hitti fyrir fulltrúa stjórnarflokk-

anna í húsnæðismálastjórn þar sem farið var yfir málið. Að því búnu, að ég best veit, voru þessar tillögur húsnæðismálastjórnar lagðar fyrir stjórnarflokkana, Framsfl. og Sjálfstfl. Að því er ég best veit einnig, mættu þessir fulltrúar stjórnarflokkanna í húsnæðismálastjórn á fund þingflokkanna til að ræða málið. Og ég vil undirstrika að þessir fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í húsnæðismálastjórn stóðu að þessum tillögum og breytingum þar sem fram kom ósk um að sett yrðu brbl. um málið.

Það var síðan 19. sept. sem málið var rætt á nýjan leik í ríkisstjórn. Þá var fallið frá setningu brbl. Þá hafði málið verið rætt í stjórnarflokkunum. Samþykkt var í ríkisstjórninni að félmrh. yrði falið að leggja málið fyrir í upphafi þings og málinu yrði hraðað á Alþingi en talið var að svo skammt væri til þings að betra væri að bíða þingsins. Talið var að hægt væri að afgreiða slíkt mál sem þetta á einni viku í gegnum þingið, annað eins hefði nú skeð áður. Jafnframt kom fram ósk frá samstarfsaðilum í ríkisstjórn um að tekið yrði á vaxtamálunum í leiðinni. Ég vildi hafa tillögurnar eins fáar og mögulegt var og binda þær við það lágmark sem hægt væri að reyna að ná samstöðu um, þannig að unnt væri að opna fyrir afgreiðslu lána og skapa það svigrúm sem þyrfti til þess að vinna að frekari undirbúningi þess sem stendur í stjórnarsáttmálanum, þ.e. að draga úr sjálfvirkninni í húsnæðislánakerfinu. Ég féllst því á það til samkomulags sem fram kom hjá samstarfsaðilunum, að skoða vaxtastefnuna í leiðinni, þó að ég teldi að það væru betri vinnubrögð að taka það sem næsta skref í málinu þegar Alþingi hefði samþykkt þær tillögur sem fram komu hjá húsnæðismálastjórn. Frá 19. sept. til 7. okt. var málið því áfram í nefnd sem í áttu sæti Gunnar S. Björnsson, fulltrúi frá húsnæðismálastjórn og fulltrúi Sjálfstfl. í húsnæðismálastjórn, starfsmaður Húsnæðisstofnunar, Hilmar Þórisson, Ásmundur Hilmarsson frá ASÍ sem hefur setið alla níu fundina. — Ég hygg að Ásmundur Hilmarsson sé kannski aðaltalsmaður Alþýðusambandsins í húsnæðismálum. Hann hefur setið alla þessa fundi. — Einnig átti Stefán Ingólfsson sæti í nefndinni. Þessi nefnd hélt níu fundi. Þar voru m.a. rædd þessi vaxtamál. Nefndin óskaði eftir því að ég kannaði hvort til þyrfti að koma lagabreyting ef stefnunni yrði breytt í vaxtamálum, grundvallarbreyting yrði gerð á vaxtastefnunni. Ég óskaði eftir því við ríkislögmann að hann segði álit sitt á því. Ríkislögmaður taldi að ekki væri hægt að breyta vaxtastefnunni nema með breytingum á lögunum.

Ég taldi það skyldu mína að fara að ósk samstarfsaðilanna í ríkisstjórn og taka á vaxtamálunum í leiðinni og taldi því rétt að leggja til að inn í þetta frv. kæmi einnig ákvæði um vextina.

Lögfræðingar sem um þetta mál fjölluðu, m.a. ríkislögmaður, töldu að ákvæðið í 1. gr., sem mikið hefur verið gagnrýnt í umræðunni hér, væri allt of opið eins og það kom fram hjá húsnæðismálastjórn. En þá var ákvæðið þannig:

„Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. gr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef ríkar ástæður eru fyrir hendi vegna fullnægjandi íbúðareignar og/eða efnahagsaðstæðna umsækjenda að öðru leyti að mati húsnæðismálastjórnar.“

Þetta er tillagan eins og hún var lögð fram af húsnæðismálastjórn og samþykkt þar með af fulltrúum Framsfl. og Sjálfstfl. Þetta töldu lögfræðingar of opið. Alþingi væri með þessu að veita framkvæmdarvaldinu, þar með talinni húsnæðismálastjórn, of mikið vald, of mikið mat á því hverjum ætti að hafna eða skerða lán hjá. Því var það að talið var rétt að reyna að skilgreina betur hjá hverjum hægt væri að beita þessum ákvæðum, hjá hvaða hópum, og að skilgreina þetta ákvæði mjög þröngt.

Varðandi það sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, að þetta mundi aðeins ná til 40 einstaklinga, og hv. þm. Alexander Stefánsson hefur haldið fram einnig, þá er það rangt. Ég spurði forstöðumann Byggingarsjóðs ríkisins hvað áætla mætti að hópurinn væri stór sem nú biði eftir afgreiðslu lána þar sem um væri að ræða annaðhvort að þeir ættu fleiri en tvær íbúðir eða stórar eignir og væru að minnka við sig. Á þessu var gerð úttekt og af þeim umsóknum sem liggja fyrir eru það um 8% umsækjenda, þ.e. um 300 manns, og ef áætla má að þessi 8% gangi yfir heildina, það er meðaltalið frá því að nýja húsnæðislánakerfið tók gildi, um 700 manns. Þessir 700 umsækjendur taka til sín 1 milljarð króna. (Gripið fram í.) Ég hef upplýsingar þessar frá forstöðumanni Byggingarsjóðs ríkisins og ég veit ekki betur en hv. þm. Alexander Stefánsson hafi yfirleitt talið það rétt sem frá forstöðumanni Byggingarsjóðs ríkisins kemur.

Það var sem sagt 7. okt. sem nefndin lauk störfum og þá voru tillögur nefndarinnar aftur lagðar fyrir ríkisstjórnina. Einnig, og það vil ég undirstrika, var Gunnari S. Björnssyni, fulltrúa í húsnæðismálastjórn, falið að kynna húsnæðismálastjórn aftur þær breytingar sem höfðu orðið á frv. og Ásmundi Hilmarssyni var falið að kynna ASÍ þessar tillögur. Ég hafði persónulega sjálf samband við formann Vinnuveitendasambandsins og Gunnar S. Björnsson kynnti síðan honum þær tillögur sem þá voru uppi. Ásamt því sendi ég formönnum þingflokka stjórnarinnar tillögurnar, frv. fullbúið, og óskaði eftir að málinu yrði hraðað. Það var 9. okt.

Ég gekk eftir því á þessum tíma að fá fram hvort stjórnarliðar hefðu einhverjar brtt. fram að færa við frv. með símtölum við ýmsa aðila í stjórnarliðinu, til þess að fá fram brtt. ef einhverjar voru. Þær komu ekki á þessum tíma þrátt fyrir að ég gengi ítrekað eftir því.

Ég óskaði einnig eftir því að Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. tilnefndu samráðsaðila í nefnd sem mundi vinna áfram að framgangi málsins, til að mynda útfærslu á vaxtastefnunni. Ég hef ekki enn fengið tilnefningu í þennan samráðshóp.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að draga þetta

fram í stuttu máli vegna þess að því er enn haldið fram, til að mynda í Þjóðviljanum í dag, að það sé flausturslegur undirbúningur á þessu frv., ekkert samráð hafi verið haft við Alþýðusamband Íslands o.s.frv. Þó hefur fulltrúi ASÍ átt sæti í þeirri nefnd sem hefur fjallað um málið á öllum stigum þess. Ég minni á það að fulltrúar ASÍ í húsnæðismálastjórn, sem samþykktu þær tillögur sem upphaflega voru lagðar fram.

Ég veit að stjórnarliðar, sem tala um slælegan undirbúning á þessu frv., hafa haft erindi sem erfiði vegna þess að því er haldið fram í fjölmiðlum núna og reynt að gefa þá ímynd af mínum vinnubrögðum að flausturslega hafi verið unnið að þessu, ekkert samráð haft við neinn og ég hafi farið einförum í þessu máli. Helst er að skilja að ég hafi bara setið ein við eldhúsborðið heima hjá mér og samið þetta frv. og lagt það svo fyrir Alþingi.

Í leiðara DV í dag er því t.d. haldið fram að það séu ótæk vinnubrögð hjá félmrh. að vinna frv. án samráðs við samstarfsflokkana í ríkisstjórn og aðila vinnumarkaðarins sem í upphafi lögðu grunninn að núverandi húsnæðismálakerfi. Ráðherrann geti ekki búist við að njóta stuðnings við eða skilnings á málstað sínum ef hún sýni samherjum í ríkisstjórnarsamstarfi algjört tillitsleysi.

Ég hlýt að vísa þessu á bug og vísa til þess sem ég sagði áðan um það hvernig undirbúningi var háttað í þessu máli.

Ég vil svo reyna að svara nokkrum af þeim spurningum sem fram hafa komið og geri það í eins stuttu máli og ég frekast get. Ég vísa til ræðu minnar líka þegar ég mælti fyrir þessu frv. sem svarar ýmsum af þeim spurningum sem fram hafa komið. Vík ég fyrst að nokkru af því sem fram kom í máli hv. þm. Alexanders Stefánssonar þegar mál þetta var fyrst tekið til umræðu.

Hv. þm. Alexander Stefánsson talaði fyrst um að það hefði verið að kröfu hæstv. ráðherra sem átti að setja bráðabirgðalög í haust, eins og hann orðaði það, „vægast sagt flausturslegar hugmyndir, en sem betur fer voru þær kæfðar í fæðingu áður en slys hlaust af". Ég hef svarað þessu þegar og ég hef svarað því hver það var sem óskaði eftir að bráðabirgðalög yrðu sett og ég hef svarað því líka hverjir unnu að þessum tillögum.

Hæstv. ráðherra talar um að það sé í núgildandi lögum, og þar gætir nokkurs misskilnings í máli hv. þm. og fyrrv. félmrh., að forgang til lána hafi þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og þeir sem af fjölskylduástæðum þurfa að stækka við sig íbúð eða flytjast til á milli svæða. Þetta er ekki rétt vegna þess að meginreglan er að þeir sem hafa forgang eru þeir sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Þeir sem eiga íbúð fyrir eru í þessum víkjandi hóp. Að vísu er það svo að ef umsækjandi á íbúð sem á hvílir mikil skuld og skuldin er það mikil að viðkomandi á ekki nema sem samsvarar 25% af hámarksláni má setja viðkomandi í forgang. Meginreglan er hins vegar sú að það eigi að setja þá í víkjandi hóp sem eru að kaupa í annað sinn.

Hv. þm. talar um að hámarksstærð íbúðar megi vera 180 fermetrar og að þeir sem byggi stærra fái ekki lán miðað við núgildandi ákvæði laga. Þetta er ekki alls kostar rétt vegna þess að í núgildandi lögum er kveðið á um að lán byrja að skerðast um 2% á hvern fermetra þegar íbúð, sem lánað er til, er stærri en 180 fermetrar. Þetta er því ekki alls kostar rétt hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni. Þetta er kannski einmitt það sem er verið að reyna að breyta sem hv. þm. Alexander Stefánsson heldur fram að sé í núgildandi lögum.

Hv. þm. talar um að — eins og orðað er hér, með leyfi forseta: „Vilja menn taka upp skömmtunarkerfi eftir einhvers konar efnahagsmati stjórnenda Húsnæðisstofnunar ríkisins með alls konar vottorðakerfi."

Ég benti á það og skal ekki hafa um það mörg orð, herra forseti, að þegar er fyrir hendi í húsnæðiskerfinu það að metinn er lánsréttur viðkomandi eftir efnahag, eftir tekjum, og það er þegar um láglaunahópana er að ræða. Ég hygg að Húsnæðisstofnun eigi eins að vera treystandi fyrir þessu ákvæði í 1. gr. varðandi efnameiri hópana og þá efnaminni.

Hv. þm. Alexander Stefánsson vísar í sínu máli í bréf frá Hallgrími Snorrasyni sem var formaður þeirrar nefndar sem samdi frv. á sínum tíma og núgildandi lög. Þar vísar hann í að Hallgrímur Snorrason hafi talið að þegar í hlut á fólk sem á alveg fullnægjandi húsnæði en vill minnka við sig megi breyta frv. þannig að húsnæðismálastjórn verði heimilað að stytta lánstíma og taka markaðsvexti af lánum. Hér vitnaði hv. þm. í Hallgrím Snorrason, sem segir að til þess að ná þessu markmiði, sem verið er að reyna að stefna að núna með 1. gr., megi stytta lánstímann og taka markaðsvexti af lánum. Og hv. þm. Alexander Stefánsson segir síðan, með leyfi forseta: „Þessa sjálfsögðu breytingu samkvæmt þessum lið er hægt að gera án lagabreytinga", þ.e. að beita markaðsvöxtum á þessa hópa. Hér er hv. þm. raunverulega að tala um mismunandi vexti innan lánaflokks. En síðar í sinni ræðu segir hv. þm. þegar hann ræðir um 4. gr. frv., þ.e. vaxtaákvæðið, með leyfi forseta: „Ég get ekki séð rökin fyrir misháum vöxtum innan hvers lánaflokks." Mér finnst þetta því nokkuð stangast á sem fram kemur í ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar um þetta efni.

Hv. þm. talar um að vonlaust mál sé að hafa svona mikinn vaxtamismun í húsnæðiskerfinu eins og er núna og hann geti ekki verið við lýði lengur. Þetta er út af fyrir sig rétt og ég kom mjög ítarlega inn á það í minni ræðu um daginn og skal ekki hafa um það mörg orð. Jafnvel þótt við förum með vextina upp um 2% er enn of mikill vaxtamismunur í kerfinu ef allir eiga að fá lán með þessum sjálfvirka hætti sem verið hefur.

Hv. þm. Alexander Stefánsson hefur lagt mikið upp úr samráði við aðila vinnumarkaðarins. Það er út af fyrir sig alveg rétt og ég tel mig hafa reynt að

gera það líka. Forseti ASÍ kom í útvarp í gær og minnti á að ASÍ hefði óskað eftir því í febrúarmánuði þegar hv. þm. Alexander Stefánsson var félmrh. að það yrði einmitt reynt að draga úr þessari sjálfvirkni í húsnæðiskerfinu og að erindi hefði verið sent til félmn. í því máli. Það er rétt. Það var gert. Það var sent erindi til félmn. frá ASÍ í febrúarmánuði að mig minnir. Þar kemur einmitt fram að Alþýðusamband Íslands leggur til að dregið verði úr sjálfvirkni. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson lagði fram brtt. þegar frv. Alexanders Stefánssonar, hæstv. páv. félmrh., var til umræðu hér í þinginu en brtt. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins ef umsækjandi á íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar."

Þessi tillaga var felld af páv. stjórnarliðum, framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. Frsm. nefndarinnar var Friðrik Sophusson og rökstuðningur hans fyrir að fella þessa tillögu var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í framsöguræðu minni fyrir nál. las ég bréf frá Alþýðusambandi Íslands þar sem minnst var á það mál sem hér er verið að gera tillögu um. Það er okkar skoðun í meiri hl. nefndarinnar að hægt sé með reglugerð að nota mismunandi vexti eftir því hverjum lánað sé og hægt að taka þannig tillit til þeirra efnisatriða sem þarna er minnst á. Hér er um að ræða nokkra grundvallarbreytingu frá því sem er í lögunum, en þar er gert ráð fyrir því að lífeyrisréttindi skapi rétt. Ég tel að þetta sé óþarft að hafa í lagagrein og segi nei."

Hér var alveg talið nóg, þó að beita ætti mismunandi vöxtum, að setja það í reglugerð. Þarna þurfti ekki að breyta lögunum til þess að beita mismunandi vöxtum. Mér finnst líka þau ummæli sem þarna koma fram skjóta nokkuð skökku við þegar þingflokkur Sjálfstfl. er einmitt að hnýta í það ákvæði sem er í frv. nú um að beita megi mismunandi vöxtum en þar er um heimildarákvæði að ræða. Eins og ég hef sagt eru vaxtaákvæðin í frv. einmitt ekki síst tekin inn í það vegna óska frá Sjálfstfl.

Ég skal fara að stytta mál mitt, herra forseti. Ég verð þó aðeins að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi ítarlega um hverja grein í þessu frv. og undir margt má taka sem fram kom í hans máli. Hann ræddi greinar frv. mjög málefnalega. Hann talaði um það sem fram hefur komið í máli sumra stjórnarliða að erfitt væri að sjá hverja ætti að útiloka og hverja ekki í 1. gr. frv. Ég vil í því sambandi benda á að 1980 var ákvæði svipað þessu sett í lög og þegar mælt var fyrir því ákvæði sagði sá sem þá mælti fyrir þessari breytingu, hæstv. núv. heilbr.- og trmrh., eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Heimild er opnuð fyrir húsnæðismálastjórn til að skerða lán til þeirra sem áður hafa fengið lán úr hinu almenna veðlánakerfi. Um slíka skerðingu þarf að setja nánari ákvæði í reglugerð og beita henni með mannlegri tillitssemi. Tilgangur slíkra takmarkana er að sjálfsögðu að hafa meira fjármagn til lánveitinga til þeirra sem enga íbúð eiga og hljóta að sitja í fyrirrúmi."

Hér var því um að ræða miklu opnara ákvæði en nú er lagt til að samþykkt verði og talað var um, eins og kom fram, að beita ætti þessu með mannlegri tillitssemi.

Þm. Sjálfstfl. virtust ekki vera sammála þessari leið og kom það fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni sem talaði þá fyrir hönd Sjálfstfl. Hann mælti gegn því að þetta væri lögfest og sagði, með leyfi forseta:

„Þá kem ég að 5. brtt. á þskj. 509. Hún er við 12. gr. og er um að 3. mgr. 12. gr. falli niður. Það koma fleiri brtt. á eftir, þar sem við leggjum til að það séu felldar niður mgr. og heilar greinar. Stundum er þetta af efnisástæðum, en oftast nær er þetta ekki af efnisástæðum, heldur af því að við teljum að það sé ekki eðlileg lagagerð að hafa þessi ákvæði í lögunum, það sé í hæsta lagi eðlilegt að hafa þau í reglugerð og stundum aðeins í auglýsingu og kannski þyrfti stundum ekkert um þau að hugsa fyrr en upp kæmi við framkvæmd málanna. Tillaga okkar um að 3. mgr. 12. gr. falli niður er ekki af efnisástæðum, heldur af þessum ástæðum og ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það."

Það var sem sagt nóg að hafa þetta í reglugerð samkvæmt því sem þarna kemur fram hjá talsmanni Sjálfstfl.

Þegar til þessa er litið sem ég hef greint frá er nokkuð erfitt að átta sig á þeim gagnrýnisröddum sem eru uppi varðandi ákvæði 1. gr. frv.

Að því er vaxtamálin varðar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um vísa ég til þess sem ég sagði í framsöguræðu minni um málið. Ég tel að þar komi margar leiðir til greina og á þessu máli verður að taka þegar þetta frv. hefur fengið afgreiðslu á þinginu.

Það er talað um að hafa verði samráð við lífeyrissjóðina í þessu máli. Það kom einmitt fram í Þjóðviljanum í dag. Þar er viðtal við Hrafn Magnússon, formann Sambands almennra lífeyrissjóða, og hann er spurður að því hvort ekki hafi verið haft samráð við lífeyrissjóðina um mótun þessa húsnæðisfrv. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hrafn sagðist ekki vilja dæma um það hvort það væri óeðlilegt að félmrh. ræddi ekki við lífeyrissjóðina við mótun húsnæðisfrv. „Ég veit ekki hvort lífeyrissjóðirnir geta blandað sér í þessa deilu. Við lánum fé í ýmsa aðra atvinnustarfsemi í landinu án þess að við blöndum okkur í það hvernig með það fé er farið."

Aðild lífeyrissjóðanna í húsnæðiskerfinu er til komin vegna tilmæla aðila vinnumarkaðarins og ríkissjóðs.

„Það var Alþýðusambandið og aðrir aðilar vinnumarkaðarins sem komu þessu kerfi af stað og áttu meginþátt í að móta það. Síðan komu tilmæli til

lífeyrissjóðanna um fjármögnun kerfisins."

Hér talar formaður Sambands almennra lífeyrissjóða og veit ekki hvort það er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir blandi sér í þetta mál og vitnar til þess að hér hafi fyrst og fremst verið um að ræða samkomulag aðila vinnumarkaðarins um þessa löggjöf.

Hv. þm. Geir H. Haarde hafði ýmislegt að athuga við þetta frv. Hann spurði hvort ekki væri nægjanlegt að breyta reglugerð til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með frv. Það var einmitt það sem ég reyndi þegar ég lagði málið fyrir húsnæðismálastjórn, að breyta þessu með reglugerð, en húsnæðismálastjórn taldi að það væri ekki nægjanlegt.

Hv. þm. Geir H. Haarde taldi að það væri ekki sambærilegt að vera að tala um að láglaunahópunum væri synjað úr kerfinu og þegar nú ætti að synja þeim efnameiri. Hann talaði um að láglaunahóparnir ættu þá að fá aðgang að félagslega kerfinu, en ég vil minna hv. þm. á að þegar láglaunafólkinu var úthýst og hefur verið úthýst á þessu ári, þá hefur það ekki fengið aðgang að félagslega kerfinu af því að það hefur einfaldlega ekki verið sett nægilega mikið fjármagn í félagslega kerfið til þess að þessir láglaunahópar hafi getað átt aðgang að því.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa miklu fleiri orð um þetta frv. enda sé ég að fáir þm. eru í salnum þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að vera að fara ítarlega út í það eða svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint þegar fyrirspyrjendur hafa ekki meiri áhuga en svo að hlýða hér á svörin að þeir ýmist eru ekki hér í salnum eða kannski farnir.

Ég tel, herra forseti, að það sem gagnrýnt hefur verið hérna, um að þessi ákvæði frv. séu of óljós og að of mikið vald eigi að setja í mat Húsnæðisstofnunar, sé ekki á rökum reist þegar mál þetta er allt skoðað. Það er mjög algengt að ákvæði séu sett í reglugerð um ýmis mál án þess að það hafi verið gagnrýnt á Alþingi þannig að ég tel ekki ástæðu til þess að gera mjög mikið úr því. Hér er fyrst og fremst að því er 1. gr. varðar, sem mikið hefur verið rætt um, um að ræða að þessu ákvæði verði beitt mjög þröngt eftir ákveðnum reglum sem settar verða. Ég vil segja það, herra forseti, að ég er ekkert viðkvæm fyrir því þó að menn séu með einhverjar brtt. um orðalag á þessari grein sem betur mætti fara. Ég spyr t.d. hvort menn séu tilbúnir að taka upp opnara orðalag eins og var í lögunum 1980 og eins og húsnæðismálastjórn lagði til. Hér talaði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um að það vantaði inn í að taka tillit til fleiri atriða en íbúðareignar, það ætti að taka tillit til efnahags og ég spyr: Verða menn ekki hræddir við það að taka tillit til efnahags, fara að athuga peningaeign hjá fólki, hvað það á mikið í verðbréfum og annað? Ég er hrædd um að þar væri um ansi mikið mat að ræða einnig.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég óska eftir því, herra forseti, að þetta mál fái hraða afgreiðslu hér í hv. Alþingi og legg áherslu á að það komist hið skjótasta til nefndar þannig að hægt verði að opna fyrir húsnæðislánakerfið á nýjan leik. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti af okkur hv. þm. ef það á að tefja málið mjög lengi hér í þinginu. Ég nefndi það þegar ég ræddi um þetta mál í minni framsögu að ef mikill ágreiningur er um ákvæðið í 4. gr. um vextina, þá er ég alveg tilbúin fyrir mitt leyti að beita mér fyrir því að það ákvæði verði tekið upp í sérstakt frv. og fellt út úr þessu frv. ef það má verða til þess að hraða afgreiðslu málsins. Ég minni á að það ætlaði ég að taka sem næsta stig í þessu máli þegar þetta frv. hefði verið afgreitt þó að samstarfsaðilar hefðu óskað eftir því að það væri tekið inn í frv. nú. En ýmsir í samstarfsflokkunum gagnrýna nú að það sé inni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara þessu frekar vegna þess að þeir eru hér farnir flestir hverjir sem hafa beint til mín spurningum, en legg áherslu á að málinu verði hraðað og því verði vísað sem fyrst til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

10. fundur, fimmtudaginn 29. okt., kl. 2 miðdegis.

Bann við geimvopnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og GA, 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 36 shlj. atkv.

Ráðstefna í Reykjavík um afvopnun á norðurhöfum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓRG, 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Símar í bifreiðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Frysting kjarnorkuvopna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GA o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um sölu fiskiskipa frá Suðurnesjum. Þessi umræða fer fram skv. fyrri málsgr. 32. gr. þingskapa.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu að farið er fram á umræður utan dagskrár um sölu fiskiskipa frá Suðurnesjum. Eins og kunnugt er af fréttum hefur Útgerðarfélag Akureyringa keypt Dagstjörnuna KE 3 frá Keflavík. Það er út af fyrir sig ekki umræðuefni að eitt skip skuli selt á milli útgerðarstaða. Hitt er alvarlegra að þetta er sjöundi togarinn sem seldur er frá Suðurnesjum. Á sama tíma hafa ekki komið önnur skip í staðinn. Og nú spyr ég: Er það stefna núv. ríkisstjórnar að leggja útgerð á Suðurnesjum og jafnvel á Reykjanesi endanlega í rúst?

Hvað sögðum við í Borgarafl. um þetta mál í kosningabaráttunni? Og hverju var svarað? Hæstv. fyrrv. forsætisráðherra sagði á framboðsfundi í sjónvarpinu með okkur hinum þm. Reykjaness að hann skildi ekki svona svartsýni þegar rætt var um hrun útgerðar á Suðurnesjum. Þetta var ekki svartsýni heldur hryggileg staðreynd. Það alvarlegasta við þessa sölu er það að vegna mismunar á kvóta til skipa sunnan og norðan norður–suður línunnar eru aðilar sunnan hennar ekki samkeppnishæfir um kaup á skipum. Sala Dagstjörnunnar er sláandi dæmi um þetta. Hún fær 550 tonna aukinn kvóta aðeins með því að flytjast norður. Þetta kemur síðan fram í minni kvóta á næsta ári hjá öllum flotanum því að fiskarnir í sjónum verða ekki fleiri. Þá er það ljóst að verðmæti hvers skips eykst um allt að 100 þús. kr. pr. tonn á kvóta sem fylgir skipinu. Þannig borga menn fyrir óveiddan afla í sjónum og sú stefna er röng.

Það er ljóst að núverandi kvótastefna hefur skaðað sjávarútveg víða sunnan umræddrar línu. Þetta hefur þó sérstaklega bitnað á Suðurnesjum sem einnig hafa orðið út undan vegna lánafyrirgreiðslu til sjávarútvegs á undanförnum árum.

Útgerðarmál á Suðurnesjum og á Reykjanesi eru verulegt áhyggjuefni. Á sl. fimm árum hafa 30 bátar verið seldir burtu af svæðinu en þrír komið í staðinn, auk sjö togaranna. Fyrir nokkrum vikum var stofnað félag til að efla útgerð á Suðurnesjum, Eldey hf. Verulegur áhugi kom fram á stofnfundinum og lýstu allir þm. Reykjaneskjördæmis stuðningi við hugmyndina. Þá vissu menn ekki um sölu allra þeirra fiskiskipa sem hafa verið seld núna undanfarið.

Auðvitað kunna að vera skýringar á sölu skipanna frá sjónarhorni eigendanna, herra forseti. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að standa þannig að þessum málum að Suðurnesjamenn sitji við sama borð og aðrir. Ég minni á að aflinn hefur stöðugt minnkað frá því að kvótinn var lagður á og hefur hann minnkað allt frá 32% 1970–74 í 18% af heildarkvóta landsmanna á þorski. Þá er ekki nokkur vafi á því að þetta hefur haft mikil áhrif á atvinnulífið þar. En í margar aldir hefur útgerð á Suðurnesjum verið öflugasta útgerð landsins. Ólafur Thors hefði aldrei látið fara þannig með Suðurnes.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti tjáði mér seint í gær að hv. þm. Hreggviður Jónsson hygðist kveðja sér hljóðs utan dagskrár til að leggja fyrir mig einhverjar spurningar. Ég spurðist fyrir um hverjar þær spurningar væru og fékk ekki svör um það. Ég fékk heldur engin svör í máli hv. þm. Hreggviðs Jónssonar. Hitt er svo annað mál að ég er ekki að gera lítið úr þeim vandamálum sem byggðarlög á Suðurnesjum standa frammi fyrir, en ég er ekki viss um að þau verði leyst í stuttum umræðutíma utan dagskrár á Alþingi.

Ég vildi minna á að auðvitað verður að beina hér ákveðnum spurningum fram. Hitt er svo annað mál að ýmislegt villandi kom fram í máli hv. þm. Það skip sem hér um ræðir, þótt ég þekki ekki þar nákvæmlega til, hefur lent í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem eru ástæðan fyrir sölu þess. Það hefur ekki skort, mér vitanlega, á fiskveiðiheimildir til handa þessu skipi. Menn verða að muna að það er öðruvísi fiskveiðimunstur á þessu landsvæði en norðanlands. Karfaafli er mun meiri á þessu svæði og þorskafli minni. Eg býst hins vegar við því að minni þorskafli sunnanlands — og veit það — er ekki fyrst og fremst afleiðing af kvótakerfinu heldur af þeirri einföldu ástæðu til kominn að þorskstofninn stendur að verulegu leyti saman af mjög smáum

fiski sem heldur sig mikið norðan við land, fyrir Vestfjörðum og Austurlandi. Það kemur fram í því að mun minna gengur af fiski sunnan við land.

Ég hygg að þetta sé nú aðalástæðan fyrir þeim miklu erfiðleikum sem víða hafa orðið á Suðurnesjum þótt ýmsar aðrar ástæður séu fyrir hendi. Það er því ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta skip fái 550 tonna aukningu. Það hlýtur að veiða mun minni karfa fyrir norðan land en á því svæði sem það var á.

Hitt er svo annað mál að það hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvernig þessum málum verði komið fyrir á næsta ári. Það er nægur tími til að ræða það og á eftir að ræða það þó sá tími styttist óðum sem til stefnu er. En það þarf að ræða hvernig aflaréttindum skuli jafnað á milli togaranna. Um það má að sjálfsögðu deila. Það er byggt á ákveðinni viðmiðun frá fyrri árum. Hins vegar hefur jöfnun átt sér stað tvívegis og þessi aflamörk verið færð saman. Hvort þau skuli færð meira saman skal ég ekki um segja nú, en í þeim tillögum og hugmyndum sem hafa verið lagðar fram er gert ráð fyrir því að aflahámark verði jafnframt sett á karfa með sama hætti og á þorsk.

Það er út af fyrir sig mjög slæmt að fyrirtæki á Suðurnesjum skuli hafa lent í margvíslegum erfiðleikum. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að menn skilgreini þannn vanda á réttan hátt ef á að takast að leysa hann. Ég tel að ekki hafi komið fram í máli hv. frummælanda neitt sem bendir til þess að hann hafi skilið þann vanda enn þá.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft máli sem ræða ber á Alþingi. Sala fiskiskipa frá Suðurnesjum undanfarin ár, og alveg sérstaklega nú síðustu vikurnar, veldur miklum áhyggjum. Það kemur æ betur í ljós að við óbreyttar reglur um framkvæmd kvótakerfisins verður ekki búið áfram. Ég ætla hins vegar ekki að rökstyðja þá fullyrðingu mína hér og nú. Í fyrsta lagi er ekki tími til þess á tveimur mínútum. Í öðru lagi er það ekki tímabært vegna þess að nú eru starfandi nefndir sem vinna að tillögugerð um framtíðarskipan þessara mála. En í þriðja lagi tel ég það ekki þjóna hagsmunum Suðurnesjamanna á nokkurn hátt að fara með þetta mál í umræðu á Alþingi með þeim hætti sem hv. þm. Borgarafl. gerir hér. Hann verður hins vegar að meta það sjálfur hvort það þjónar hagsmunum hans.

Ég vil skýra frá því að þm. Reykjaneskjördæmis hafa í sinn hóp rætt þau vandamál sem upp koma vegna sölu fiskiskipa frá Suðurnesjum. Við höfum rætt leiðir sem mögulegar kunna að vera til að aðstoða Suðurnesjamenn í þeirri viðleitni þeirra að reisa sjávarútveginn við á því svæði. Í þeim tilgangi höfum við mætt á fundum þeirra þar sem vandamálin hafa verð rædd. Í sameiningu höfum við þm. komist að niðurstöðu um fyrstu aðgerðir af okkar hálfu.

Sl. þriðjudag áttum við fund með undirbúningsnefnd að stofnun útgerðarfélagsins Eldeyjar. Á þeim fundi var ákveðið að skrifa hæstv. viðskrh. bréf og óska upplýsinga um hvort hagsmuna ríkisins hefði verið að fullu gætt við sölu togarans Dagstjörnunnar til Akureyrar. Þá var einnig ákveðið að biðja Byggðastofnun að taka saman upplýsingar um ýmis atriði sem fækkun fiskiskipa hefur í för með sér á þessu svæði. Fundinn með forustumönnum Eldeyjar hf. sátu m.a. þm. Borgarafl. í Reykjaneskjördæmi. Þeir þögðu hins vegar um það að þeir hefðu þá þegar beðið um utandagskrárumræðu um það mál sem við vorum í sameiningu að ræða og reyna að finna bestu leiðir til stuðnings við.

Við þm. kjördæmisins höfum á fundi í gær átalið þessi vinnubrögð Borgarafl. í kjördæminu og ég átel þau hér fyrir okkar hönd. Við höfum sagt þeim að þessar aðferðir séu nýjar í okkar hópi. Þær eru líklegar til að valda sundrung í stað sameiningar. Ef framhaldið hjá þessum hv. þm. verður í líkingu við upphafið á starfi þeirra í okkar hópi er ekki von á góðu. Ég vona samt að þetta frumhlaup þeirra skaði ekki þann málstað sem við hinir erum að berjast fyrir.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Að undanförnu hafa þm. Reykjaneskjördæmis staðið sameiginlega að viðræðum við forustumenn útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum um hagsmunamál Suðurnesjamanna í þessum mikilvægustu þáttum atvinnulífsins þar. Sérstaklega hefur verið fjallað um sölu á togaranum Dagstjörnunni frá Suðurnesjum til Akureyrar og þá óheillaþróun fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum sem sú sala er aðeins eitt viðbótardæmið um. Ég er þeirrar skoðunar að eins og mál stóðu, viðræður á milli þm. og útvegsmanna í miðjum klíðum og þm. kjördæmisins að vinna saman að ýmsum verkefnum sem þar var ákveðið að vinna að, sé mjög óeðlilegt að þm. Borgarafl. skuli nú og án alls samráðs við aðra þm. kjördæmisins efna til utandagskrárumræðu um þetta mál. Ég hef ekki kynnst þeim vinnubrögðum meðal þm. kjördæmisins fyrr. Það er að mínum dómi farsælla fyrir þau málefni sem að er unnið að menn vinni saman, ekki mun af veita.

Varðandi efnisþætti málsins, sem er tilefni umræðnanna, vil ég á þessu stigi og þessum vettvangi einungis leggja áherslu á að það er algerlega óviðunandi að munur sé gerður á þorskaflakvóta togara sem veiða eftir sóknarmarki eftir landshlutum eins og nú er gert, þ.e. að útgerðarmenn togara á svæðinu frá Látrabjargi norður og austur um land að Hornafirði hljóti 50–60% ríflegri heimildir til þorskveiða en þeir sem gera út á syðra svæðinu. Þetta leiðir til þess að við sölu á skipum t.d. á Suðurnesjum hafa þeir sem gera út á nyrðra svæðinu yfirburðaaðstöðu til að bjóða í skipin. Þeir geta boðið hærra verð en heimamenn vegna þess að þeim er tryggður meiri afli, meiri tekjur til að standa undir hærra kaupverði skipsins. Þessi ákvæði hafa ráðið miklu um að skip eru seld burtu af Suðurnesjum.

Þm. Reykjaneskjördæmis, Suðurlands, Reykjavíkur og Vesturlands eiga ekki að láta bjóða sér þessa reglu, þessa mismunun lengur og eiga að sameinast um að hnekkja henni við endurskoðun laga og reglna um stjórn botnfiskveiða. Til þess hafa þeir meiri hluta atkvæða á Alþingi og eiga að beita honum til að hnekkja því óréttlæti sem íbúar í kjördæmum þeirra hafa búið við í þessu efni.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að hv. 2. þm. Reykn. geti með neinum rétti talað um að við séum eitthvað að skera okkur út úr þingmannahópi Reykjaneskjördæmis. Við höfum sýnt fullan samstarfsvilja í þessu máli og það er hin mesta fjarstæða að það skaði eitthvað hagsmuni þessa máls þótt því sé hreyft hér á Alþingi. Ég held að það hefði verið tímabært fyrir löngu að tala um þetta mikilvæga mál með hliðsjón af því að nú er starfandi ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu þar sem allt virðist vera í háalofti og ekkert gengur eða rekur að komast að neinni niðurstöðu.

Mig langar til að minna á að þetta er ekki ný saga. Það er búið að vera sama ástand undanfarin fimm eða sex ár, að hvert skipið á fætur öðru hefur verið selt frá Reykjanesi. Ég held því að það sé löngu orðið tímabært að fara að tala um það í sölum Alþingis. Ég minni á að þegar Ingólfur var seldur frá Suðurnesjum til Hornafjarðar þurfti að færa þessa margfrægu norður-suður línu til þess að Hornafjörður yrði með í norðursvæðinu og togarinn fengi þar viðbótarkvóta. Það væri gaman að fá skýringar hæstv. sjútvrh. á því máli, hvernig stóð á því að þá var línan skyndilega sveigð frá Djúpavogi og suður fyrir Hornafjörð.

Það er fyrst og fremst norður-suður línan sem er að hleypa öllu í bál og brand og hana viljum við burt. Við viljum að það sé sams konar kvóti fyrir skip hvaðan sem þau eru gerð út á landinu. Ég held að þetta misræmi verði að leiðrétta hið fyrsta því annars fer allt á skjön. Hvernig er hugsunin hér á bak við? Á það að verða þannig að öll útgerð færist norður fyrir þessa línu? Á bara að leggja af útgerð á öllu Suðurlandi? Það hafa haft samband við okkur menn bæði af Suðurlandi, frá Vestmannaeyjum og víðar. Ég er ekki aðeins að tala fyrir munn útgerðarmanna af Suðurnesjum. Þetta varðar alla þá sem búa fyrir sunnan þessa línu. Þeir spyrja eðlilega: Á það að gerast á næstu árum að öll útgerð færist norður fyrir þessa línu? Eigum við þá kannski að sinna þjónustustörfum og verslunarstörfum? Svo er einhver að tala um byggðaröskun. Er það kannski það sem við viljum, að öll útgerð verði fyrir norðan þessa línu, en öll þjónusta og verslun þá hér á þessu svæði? Ég spyr: Er það það sem hæstv. sjútvrh. er að stefna að?

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þessi umræða er aðeins forskot á þá miklu umræðu og umfjöllun sem á eftir að fara fram á þinginu innan skamms um fiskveiðistefnu næstu ára. En það er einmitt fiskveiðistefna síðustu ára, kvótakerfið svokallaða, sem er meginorsök vandans á Suðurnesjum og skipasölumála þar. Vandinn á að vísu rætur að rekja lengra aftur í tímann þegar gífurleg uppbygging átti sér stað í sjávarútvegi út um alla landsbyggðina með stuðningi stjórnvalda í formi lánafyrirgreiðslu og hagstæðra kjara. Þeirrar fyrirgreiðslu fengu Suðurnesjabyggðir ekki að njóta. Byggðastefna þeirra tíma náði ekki til Suðurnesja. Þau drógust aftur úr í uppbyggingu og viðhaldi í útgerð og fiskvinnslu og voru þar af leiðandi vanbúin til að mæta afleiðingum kvótakerfis og breyttra aðstæðna í fiskvinnslu. Þetta kemur fram í háum meðalaldri skipa og hvers konar tækja í fiskvinnslunni. Ástandið er vægast sagt alvarlegt og hefur farið versnandi.

Fyrir tveimur árum stóðum við hér og ræddum stjórn fiskveiða sem þá var mótuð með lögum til tveggja ára. Þá ræddi ég sérstaklega áhrif kvótakerfisins á atvinnuástand og afkomuöryggi einstakra byggðarlaga. Þá sem nú voru Suðurnesin sérstaklega í brennidepli. Ég andmælti því þá að í frv. til laga um stjórnun fiskveiða væri ekki tekið á þeim vanda sem skapast við það að skip eru seld á milli landshluta og flytja með sér aflakvóta. Ég lýsti þeirri skoðun minni að svo mætti búa um hnútana að seld skip færu a.m.k. ekki með allan kvótann úr byggðarlaginu. Á þetta var ekki hlustað. Markaðslögmálin voru sett ofar öllu og m.a.s. búið svo um hnúta að útgerðarmenn á öðrum helmingi landsins geta aukið kvóta sinn með því að kaupa skip af hinum helmingnum.

Á þessu verður að taka við mótun fiskveiðistefnu næstu ára. Suðurnesjafólk hefur risið upp til varnar gegn þessari skipasöluvá sem er nánast á við náttúruhamfarir þar suður frá. Það er hörmulegt að einmitt núna þegar verið er að snúa vörn í sókn skuli skammtímaviðskiptafræði stuðla að brottflutningi atvinnutækjanna af svæðinu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég fagna því að hér skuli vera hafin og opnuð umræða um fiskveiðistefnuna þó það sé kannski með svolítið sérstökum hætti. Ég kom upp fyrst og fremst vegna ummæla hæstv. ráðherra um að það sem hér er verið að ræða um væri ekki að kenna þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. Ég held að hv. ráðherra hafi sannað það best með sinni eigin ræðu þar sem hann í fyrsta lagi sagði að við þyrftum að skilgreina af hverju vandamál útgerðar á Suðurnesjum væru slík sem þau væru. Og hann upplýsti einnig í ræðu sinni af hverju þau væru á þann veg. Hann sagði það: Ástand þorskstofnsins okkar er á þann veg í dag að nú veiðist ekki nema smáfiskur. — Hvað er þá verið að segja Suðurnesjamönnum? Það er verið að segja að það sé búið að ofveiða þann stofn sem Suðurnesjamenn hafa fyrst og fremst fiskað. Og hvernig er útkoman út úr því kerfi og þeirri fiskveiðistefnu sem við höfum búið

við sl. fjögur ár? Hún er þannig að veiðin umfram tillögur fiskifræðinga er rúmlega ársveiði. Útkoman er sú, sem ráðherra lýsti, að það er eingöngu smáfiskur sem við veiðum af þorski. Meðaltalsþyngd á þorski á síðasta ári frá því í september til áramóta var innan við 2 kg. Skyldu Suðurnesjamenn hafa þekkt slíka fiskstærð? Ég held að það sé af og frá. Við sem höfum fengist við útgerð og fiskverkun á unanförnum árum sjáum hver þróunin er. Sú þróun er ískyggileg. Það er verið að boða okkur núna að á komandi ári þurfum við að draga úr fiskveiðisókninni. Hvað hefur mistekist ef það er ekki fiskveiðistefna sem hefur verið í gildi undanfarin fjögur ár ef við eftir þessi fjögur ár þurfum að fara að draga úr þeim afla sem við flytjum að landi?

Ég skal upplýsa þm. um að sl. fjögur ár hefur verið aflað 366 þús. tonnum meira en Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Það er sem sagt svipaður afli og berst að landi í ár eða tæplega það. Það er búist við því að í ár verði það 390 þús. tonn, þ.e. um 60 þús. tonnum umfram það sem ráðuneytið lagði til. Fiskveiðistefnan hefur mistekist. Þess vegna eru vandamálin eins og þau eru á Suðurnesjum í dag.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Herra forseti. Enginn efast um að okkur ber að halda uppi stjórn á fiskveiðiheimildum, setja og framkvæma fiskveiðistefnu. Jafnvíst er að á þessu viðkvæma sviði verða menn að leggja sig í líma við að ná fram svo miklu réttlæti og því jafnræði sem frekast er kostur. Þess vegna hlýtur það að vera mönnum ofarlega í sinni, eins og raunar hefur hér komið berlega fram og er í rauninni tilefni til þessarar utandagskrárumræðu, að við endurskoðun laganna frá 20. des. 1985, um stjórn fiskveiða fyrir 1986 og 1987, og reglugerðar þeim tengdri er verið að sníða þá helstu agnúa af sem reynslan hefur leitt í ljós og kom ekki síst fram í ræðu síðasta ræðumanns hverjir eru. Mér sýnist augljóst að stærsti ókosturinn, mesta ranglætið hefur komið fram vegna ákvæðis 2. gr. þessarar reglugerðar um skiptingu landsins í tvö veiðisvæði, frá Eystrahorni, fyrra veiðisvæðið, vestur og norður um að Bjargtöngum og annað veiðisvæðið frá Látrabjargi norður og austur að Eystrahorni, og síðan misskiptingar þorskaflahámarks togara, þ.e. sóknarmarksskipa, á grundvelli þessarar svæðaskiptingar.

Vandinn sem hér er einkum gerður að umtalsefni hvað Reykjanes varðar á að mörgu leyti líka við um Suðurland. Ég get nefnt að frá einni verstöð, Þorlákshöfn, hafa á undanförnum árum verið seld skip eins og Bjarni Herjólfsson, Gissur ÁR 6, Ísleifur IV, Friðrik Sigurðsson, allt skip með mikinn kvóta sem hafa farið á Akureyri, Vopnafjörð, Hornafjörð og Ólafsfjörð. Hvers vegna? Vegna þessarar heimildar í reglugerðinni. Og hvað þýðir þetta í „praxis"? Það þýðir að aflamunurinn á skip, 500–550 tonnum meira sem menn fá á norður-austur svæðinu, er ca. 16 millj. kr. í aflaverðmæti á skip upp úr sjó. Tveir togarar í byggðarlagi: 32 millj. Í unnu verðmæti: 55–60 millj. kr. Ætli það muni ekki um það í viðkomandi byggðarlögum og ætli það muni ekki um það þaðan sem það fer?

Þó uppbætur á karfa og ufsa hafi e.t.v. verið grunnástæðan fyrir því að svæðaskipting þessi var tekin upp er sú tíð löngu liðin. Og ég fagna því alveg sérstaklega sem kom fram í orðum ráðherra í lokin. Þar var viljavottur til að breyta þessu. Og hafi þessi utandagskrárumræða orðið til að laða fram þennan viljavott, sem síðan kemur í framkvæmd frá þessu Alþingi, þá er vel.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það eru ummæli hv. 2. þm. Reykn. sem komu mér upp í ræðustól nú. Ég er honum sammála og þakklátur fyrir að hann skuli vera á þeirri skoðun að málið, sem hér er til umræðu, eigi að vera á dagskrá Alþingis þó það sé ekki tímabært að hans mati að það komi á dagskrá nú. Hann telur að það þjóni ekki kjördæminu. Ég tel að því sé þveröfugt farið. Hér þjóni það kjördæminu og hefði átt að koma á dagskrá fyrir lifandi löngu. Það þjónar ekki Sjálfstfl. sem hv. þm. hefur sofið fyrir í Reykjaneskjördæmi. Sjálfstfl. er að missa forustu í kjördæminu eins og hann er að missa forustu um land allt vegna aðgerðarleysis, eins og fram hefur komið í málflutningi hv. 2. þm. Reykn. Nú er hann á þeirri skoðun að sú stofnun sem hann stýrir, Byggðastofnun, skuli spurð og beðin um upplýsingar um eigið kjördæmi. Hvar hefur maðurinn sofið? Hefur hann sofið í kjördæmi eða hefur hann sofið í Byggðastofnun? Hann er forstöðumaður og formaður stjórnar Byggðastofnunar. (**ÓE:** Ég er það alls ekki.) Þú varst það. (**ÓE:** Ég hef aldrei verið það.) Nú, fyrirgefðu. Þá bið ég afsökunar. En þú ert í stjórn Byggðastofnunar. Er það rangt líka? (**ÓE:** Nei, nei.) Þá ertu í stjórn. Hvar hefurðu þá sofið? Það er sama hvort þú hefur sofið í Byggðastofnun eða í kjördæmi. Þú hefur sofið fyrir hönd Sjálfstfl. í starfi.

Og ég spyr: af hverju hafa þessar upplýsingar ekki komið fram fyrr? Að deila á Borgarafl. nú fyrir frumhlaup er rangt og á sér enga stoð. Flokkurinn er með nýjum og vakandi þm. að þjóna kjördæminu en ekki þörfum annarra flokka. Við komum hér upp sem sjálfstæðir menn og tökum vandamál þjóðarinnar sem við teljum rétt að ræða hverju sinni og við teljum þörf á að gera að umræðuefni. Rödd okkar mun heyrast. Hún heyrist í þessu máli og það fer í taugarnar á þeim sem hafa sofið. Þeir sem hér hafa talað og þá helst hv. 2. þm. Reykn. hafa ekki talað um vandamál kjördæmisins heldur hefur hann deilt á þm. Borgarafl. sem er aukaatriði í málinu. Atvinnuvandamál kjördæmisins er það sem hér er á dagskrá. Ég vísa á bug fullyrðingum og aðdróttunum hv. þm. Ólafs G. Einarssonar í þessu máli.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Já, það er sannast sagna að við búum við mjög erfitt ástand á Suðurnesjum eða í

Reykjaneskjördæmi. Það er augljóst að það er mikill skipaflótti af svæðinu. Ég bið þm., hvar í flokki sem þeir standa og fyrir hvaða kjördæmi sem þeir eru, að líta í eigin barm og hugsa um að byggðarlag í þeirra eigin kjördæmi yrði fyrir slíkri blóðtöku sem ég held að sé óhætt að segja að Suðurnesin hafi orðið fyrir í þessari atvinnugrein á undanförnum árum. Þetta er svo alvarlegt vandamál að þingið allt verður að sameinast um að reyna að taka á þessu og menn verða að skoða það út frá því sjónarhorni að það væri að gerast í þeirra eigin heimabyggð.

Það geta sjálfsagt verið ýmsar ástæður sem liggja til þessarar þróunar. Ein er byggðastefnan eins og hún var rekin á sínum tíma, önnur er fiskveiðistefnan, bæði ofveiði, sérstaklega á smáfiski, og að hinu leytinu er ég ekki í nokkrum vafa um að kvótakerfið eins og það hefur verið rekið og eins og það hefur verið upp byggt hefur hallað á Suðurnes. Það hefur reyndar hallað á Suðurlandið allt. Þeir aðilar sem hafa verið sunnan hinnar tilteknu línu hafa orðið undir í bardaganum, ef ég má orða það svo. Þetta verður auðvitað að leiðrétta. Það voru forsendur fyrir þessari skiptingu á sínum tíma í tvö svæði. Það var annars vegar reynsla tiltekinna ára sem var valin til viðmiðunar, hversu góð sem sú reynsla var sem viðmiðun, og hins vegar að á þeim tíma voru greiddar uppbætur á t.d. karfa- og ufsaveiðar. Nú eru þessar forsendur ekki fyrir hendi og þess vegna á að mínum dómi að endurskoða þetta. Það verður að tryggja að allir sitji við sama borð í þessu efni. Það verður að tryggja við útfærslu fiskveiðistefnunnar. Annað er óviðunandi. Við megum ekki rífa sundur landið og láta einstökum byggðum blæða út vegna þess að við finnum ekki réttan kúrs í fiskveiðistjórn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skil vel áhyggjur Suðurnesjamanna og þm. Reykjaneskjördæmis yfir þeirri stöðu sem uppi er á Suðurnesjum. Það er óskemmtilegt, bæði fyrir íbúana þar og þm. kjördæmisins, að sjá lífsbjörgina selda burtu eða sjá hana sigla burt með þeim hætti sem raun ber vitni.

Ég hef verið talsmaður þess að reyna með einhverjum hætti að binda aflamark við byggðarlög eða tryggja hagsmuni þeirra með einhverjum hætti og ég hygg að þetta dæmi, sú útreið sem Suðurnes hafa fengið, sanni réttmæti þeirrar hugsunar. Hins vegar er það svo að stjórnvöld, sem setja reglur á borð við veiðikvóta, verða auðvitað að axla ábyrgð af afleiðingum þeirrar stefnu.

Það er ekki tími hér til að hefja almennar umræður um fiskveiðistefnu og verður gert seinna á hinu háa Alþingi á þessum vetri, en það er auðvitað þannig að innan þess ramma sem stjórnvöld setja með mörkun fiskveiðistefnu reynir hver að sjá sínum hagsmunum borgið. Útgerðarfélag Akureyringa hefur um áratuga skeið verið eitt stærsta og um leið best rekna útvegsfyrirtæki í landinu. Fyrirtækið lagði fyrir nokkrum árum einum af togurum sínum, sem var þá gamall og úreltur, og hefur lengi haft hug á að fá skip í hans stað. Reyndar hefur það verið skoðun forráðamanna fyrirtækisins og eigenda þess að fyrirtækinu bæri réttur til að smíða annað skip í stað þess togara sem lagt var á sínum tíma.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram vegna þess tiltekna máls sem hér hefur orðið tilefni til umræðna og ekki að ástæðulausu.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þetta mál komi til umræðu á Alþingi, en hins vegar meira álitamál hvort það sé tímabært nú þegar endurskoðun fer fram á fiskveiðistefnunni með aðild allra þingflokka. Það er ekki með öllu rétt að þau vandkvæði sem hér hefur verið lýst séu bundin við Suðurnesin eða Suðurlandið eitt. Við þm. annarra landshluta þekkjum einnig dæmi um slíka hluti úr okkar kjördæmum. Sem dæmi má nefna að reynsla Patreksfirðinga af fiskveiðistjórnunarkerfinu er mjög svipuð reynslu þeirra á Suðurnesjum þannig að það er ekki með öllu rétt að þetta sé eitthvert einstakt fyrirbæri hvað varðar Suðurnes eða Suðurlandið. Við hinir þekkjum einnig dæmi um nákvæmlega sömu þróun.

Ég vil aðeins í lokin vekja athygli á því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. að hafi verndunarsjónarmiðið verið forsenda þess fiskveiðistjórnunarkerfis sem notað hefur verið sl. fjögur ár þá stenst sú forsenda ekki í ljósi reynslunnar því að eins og hann benti á hefur á þessum fjórum árum verið tekinn umframafli, umfram það sem Hafrannsóknastofnun lagði til, sem nemur u.þ.b. eins árs afla þannig að hafi forsendur fyrir þessu stjórnunarkerfi verið réttar þá ætti ástandið á miðunum að vera miklum mun alvarlegra en það er. Þessi meginforsenda stjórnunarkerfisins stenst því ekki dóm reynslunnar.

Að öðru leyti vil ég, hæstv. forseti, aðeins vekja athygli á því sem hv. 2. þm. Reykn. sagði hér áðan varðandi endurskoðun á þeirri fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið sl. fjögur ár. Hann sagði, og ég til taka undir þau orð hans, „þeirri fiskveiðistefnu verður ekki fylgt óbreyttri áfram“.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Mig langar að lokum að gera örstutta athugasemd varðandi sölu Dagstjörnunnar til Útgerðarfélags Akureyringa, en fram hefur komið að útborgun í skipið muni greiðast með skreið. 20 millj. kr. útborgun í skipið verður greidd með skreið sem Útgerðarfélag Akureyringa ætlar að afhenda fyrri eiganda skipsins. Þessi sami eigandi skipsins, sem nú er að selja skipið til Akureyrar, mun skulda Suðurnesjamönnum miklu hærri upphæðir fyrir skreið sem þeir hafa lagt inn til hans og falið honum til sölu. Það má vel vera að hér sé lagalega rétt að farið en ég vil bara vekja athygli á því að mér finnst þetta siðferðilegt hneyksli ef það er svo að hægt er að kaupa skipið með því að greiða fyrstu útborgun með skreið en sami aðili, sem er að selja skipið, skuldar heimamönnum á Suðurnesjum miklu hærri upphæðir fyrir skreið.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það hefur komið í ljós að þetta mál er tekið upp á réttum tíma. Það er ekki vanþörf á því að útgerðarmál Suðurnesja séu tekin hér til umræðu. Ég er með samantekt úr riti Fiskifélags Íslands, Útvegur 1986, og þar kemur mjög berlega í ljós að undanfarin ár hefur afli á Reykjanesi dregist verulega saman og það einnig á karfa. Árið 1977 veiddu Reyknesingar 67,27% af heildarafla af karfa, en veiða nú 37%. Hann hefur því minnkað um 30% af heildarafla landsmanna, þannig að það sést vel að full ástæða er til að taka þetta til umræðu nú.

Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvað hugsar ríkisstjórnin sér að gera til að byggja upp sjávarútveg að nýju á Suðurnesjum? Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að veita leyfi á ný fyrir sjö togurum og 27 bátum sem hafa horfið af svæðinu?

Við þm. Reykjaness viljum gjarnan fá svör við þessu. Við viljum gjarnan að sjávarútvegur sé settur í það öndvegi sem hann áður var í. Einnig viljum við gjarnan að fiskvinnsla á Suðurnesjum sé sett í það öndvegi sem hún var áður í því að það er veruleg brotalöm í þeirri atvinnugrein vegna þess að fjárskortur hefur háð henni mjög. Menn vita að þegar úthlutað var úr Byggðasjóði á sinni tíð þá fengu Suðurnesin ekki þá fyrirgreiðslu til að byggja upp sjávarútveg á sínu svæði sem önnur byggðarlög fengu og þess vegna drógust þau aftur úr. Aflatölurnar frá Fiskifélaginu sýna þetta mjög skýrt og flótti fiskibáta af svæðinu sýnir þetta mjög vel. Þau litlu byggðarlög sem eru á Suðurnesjum þola ekki svona áföll. Það mun vafalaust verða atvinnuleysi þar ef ekki verður strax gripið til einhverra ráða í þessu máli.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Aðeins út af því sem hv. 7. þm. Reykn. sagði um að færðar hafi verið til línur, þá er það rangt hjá honum og ósmekklegt af honum að vera með slíkar dylgjur hér. Ég vil einnig upplýsa hann um það að togarinn Ingólfur hefur ekki verið seldur til Hornafjarðar heldur mun hann hafa verið seldur til Vestfjarða og mér hafa borist spurnir af því að hann muni vera til sölu. Það var annar togari seldur til Hornafjarðar og hann hét Erlingur.

Ég vil minna á að einnig hefur verið seldur togari innan þessa svæðis frá Suðurnesjum og fyrir hátt verð. Hitt er svo annað mál að auðvitað er hér um vanda að ræða en ég fullyrði það að jafnvel þó að sá togari sem hér á í hlut hafi haft meiri fiskveiðiheimildir í þorski, þá hefur það ekki leyst hans mál. Það er aðalatriðið í þessu og það á ekki að vera að reyna að blanda óskyldum atriðum saman.

Ég vil einnig upplýsa hv. 6. þm. Suðurl. um að það eru alveg sömu reglur um báta á Suðurlandi og Norðurlandi, þar er enginn munur á. Það er enginn munur á þessu í bátaflotanum. Það sem hefur hins vegar gerst er það að mikil rækjuveiði hefur verið fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum og það hefur stuðlað að flutningi skipa. Í þessu sambandi vil ég minna á að ég hef legið undir miklu ámæli frá Vestfirðingum og Norðlendingum að ég skyldi leyfa mér það að heimila nokkrum aðilum á Suðurnesjum að vinna rækju af sínum bátum. Það hefur e.t.v. ekki farið fram hjá aðilum, sú gagnrýni sem þar hefur komið fram. Sannleikurinn í þessu máli er sá að hér er um viðkvæmt mál að ræða og hætta á verulegum deilum milli landshluta. Mér finnst þessi umræða sem hér hefur komið fram benda til þess að það sé jafnvel enn meiri hætta á ferðum. Í þessu sambandi verður að minna á að það eru nú þrátt fyrir allt þau landsvæði, Vestfirðir, Norðurland, Austurland og hluti af Vesturlandi sem eru langháðust fiskveiðum. Meginhluti þjónustunnar í landinu er rekinn hér á höfuðborgarsvæðinu. Og það er ekki óeðlilegt með tilliti til þess hversu mikil aukning hefur orðið á þjónustustarfsemi í landinu að þarna hafi orðið nokkur röskun. Ég held að það sé ekki heppilegt ef menn ætla að fara að festa þetta alveg í ákveðnar viðjar. Með því er ég á engan hátt að gera lítið úr miklum vandamálum byggðarlaga á Suðurnesjum, en mörg þessara byggðarlaga eru mjög svipuð öðrum sambærilegum byggðarlögum annars staðar í landinu.

Ég vil þakka fyrir þessa umræðu, hún hefur verið nokkuð fróðleg, en ég vara við því að fara að ala á einhverjum landshlutaríg í þessu máli.

Einnota umbúðir, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um notkun einnota umbúða hér á landi. Till. flytja ásamt mér hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Valgerður Sverrisdóttir og Salome Þorkelsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi."

Notkun einnota umbúða hefur stóraukist hér á landi undanfarin missiri. Hér er aðallega um að ræða aukna notkun á plastflöskum, ál- og plasthúðuðum pappaumbúðum og áldósum fyrir gos, öl og svaladrykki. Einnota umbúðir úr léttum efnum hafa að sjálfsögðu nokkurt hagræði í för með sér fyrir bæði neytendur og framleiðendur og gæti í fljótu bragði virst að það jákvæða væri yfirgnæfandi. Umbúðirnar eru léttar, taka oft minna pláss og það þarf ekki að geyma þær og síðan skila eins og t.d. glerflöskum. En það er full ástæða til að staldra við og athuga málið aðeins nánar. Það hefur oft gleymst þegar kostir einnota umbúða eru metnir að aukin

notkun þeirra hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir þá sem sjá um sorphirðu. Auk þess eykur það þörf fyrir landrými fyrir sorphauga en það er vaxandi vandamál bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Eitt þeirra vandamála, sem komið hafa upp hér á landi varðandi umbúðir, sérstaklega utan af drykkjarvöru, er að fólk fleygir þeim úti í náttúrunni án þess að hugsa um þá fyrirhöfn og þann kostnað sem það hefur í för með sér við hreinsun. Það þarf ekki að fara langt, ekki lengra en hér rétt út fyrir húsið til að sjá áldósir og pappaumbúðir á víð og dreif. En hvað er hægt að gera til að sporna við þessu?

Í nágrannalöndum okkar hafa víðast verið settar reglur um notkun, endurnýtingu og endurvinnslu umbúða. Áldósir eru t.d. alveg bannaðar í Danmörku. Ég tel alls ekki fráleitt að fara að dæmi Dana og banna einnig áldósir hér á landi en ef sú leið verður ekki valin tel ég nauðsynlegt að setja skilagjald á þær og jafnvel aðrar einnota umbúðir einnig.

Skilagjald er á flestum glerflöskum og ef gjaldið er nógu hátt safnar fólk þeim saman, skilar og fær gjaldið endurgreitt. Skilagjald verður því að vera það hátt að það hvetji fólk til að safna saman umbúðum og skila frekar en að fleygja.

Í skýrslu sænska umhverfismálaráðuneytisins um stjórn sorphirðu sem lögð var fyrir sænska þingið sl. ár kemur fram að eftir að tekið var upp skilagjald á áldósum þar í landi komu árið 1985 66% af keyptum dósum til baka sem verður að teljast góður árangur.

Einnig finnst mér eðlilegt að koma á einhvers konar framleiðslugjaldi sem yrði þá mishátt eftir eðli umbúðanna. Af þeim sem mestri mengun valda væri þá hægt að hafa hærra gjald og lægra af öðrum. Slíkt gjald mætti nota í þágu umhverfismála og til að stuðla að endurvinnslu og endurnýtingu.

Það er alveg ljóst að verð vörunnar með umbúðunum mundi hækka ef slík gjöld yrðu tekin upp. En við verðum að gera okkur ljóst að það þarf að greiða þessi gjöld og þau eru nú þegar greidd og hvorki framleiðandinn né neytandinn gerir það með beinum hætti á fyrstu stigum. En við verðum að gera okkur grein fyrir að nú er greitt hátt gjald vegna þessara umbúða. Spurningin er bara hvort gjaldtakan er á réttum stað. Nú verja sveitarfélög miklu til sorphirðu og sorpeyðingar sem við þurfum að sjálfsögðu að greiða úr sameiginlegum sjóðum. Enn meira fjármagni þyrfti að verja til hreinsunar því nú þegar eru einnota umbúðir á víð og dreif um allt landið okkur til háborinnar skammar. Það þarf að hreinsa þetta rusl og það getur kostað mikla fjármuni.

Undanfarin ár hafa margir lýst áhyggjum af þróun þessara mála hér á landi og sent frá sér yfirlýsingar varðandi einnota umbúðir. Á náttúruverndarþingum frá 1975 hafa þessi mál verið mikið rædd og á nýloknu náttúruverndarþingi var samþykkt áskorun til Alþingis um að setja sem fyrst lög og reglugerðir um notkun þessara umbúða. Margir fleiri hafa sent frá sér yfirlýsingar varðandi þetta vandamál. Í síðustu viku sendi Birgir Þórðarson hjá Hollustuvernd ríkisins mér drög að reglugerð um notkun einnota umbúða sem unnin hefur verið af fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Landvernd og Náttúruverndarráði. Mér líst vel á það sem þar kemur fram þótt ýmislegt þurfi nánari athugunar við. Í fyrstu grein þessara draga að reglugerð segir, með leyfi forseta:

„Reglugerð þessi gildir fyrir allar drykkjarvörur framleiddar hér á landi og innfluttar er flokkast sem öl (léttöl, maltöl og bjór), gosdrykki, þ.e. alla drykki sem innihalda kolsýru og aðra svaladrykki að undanskildum hreinum ávaxtasafa og grænmetisdrykkjum, mjólkurdrykkjum og hreinu vatni."

Ég skil vel að hikað sé við að stinga upp á að setja aukagjald á ílát undan hollustudrykkjum svo sem mjólk, ávaxta- og grænmetisdrykkjum en það verður að fara varlega og hafa reglur mjög skýrar svo ekki sé hægt að komast fram hjá þeim. Það má t.d. spyrja hve mikið þynntur ávaxtasafinn má vera til að hann sé undanskilinn ákvæðum reglugerðarinnar. Ég vara við of mörgum undanþágum í þessum efnum.

Mjög auðvelt er að byggja á þessum ágætu tillögum í áframhaldandi vinnu og vegna þess sem þegar er búið að gera ætti að vera hægt á skömmum tíma að breyta þeim lögum sem nauðsynlegt er og setja reglur um þetta mál. Ég tel eðlilegt að lög og reglur um einnota umbúðir hafi forgang en í framhaldinu er eðlilegt að samin verði heildarlöggjöf um allar umbúðir og notkun þeirra hér á landi.

Ef við hefðum haft umhverfismálaráðuneyti þá tel ég að við værum nú þegar búin að taka á þessu máli sem og öðrum brýnum mengunar- og umhverfismálum. Deildir og stofnanir sem um þessi mál fjalla eru nú dreifð á mörg ráðuneyti en það getur skapað ringulreið og óskilvirkni, auk þess sem ég held að það sé mikið dýrara. Það er því brýnt að sameina í eitt ráðuneyti þessar deildir og stofnanir nú þegar ef árangur á að nást. Það yrði bæði hagkvæmara og árangursríkara.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til allshn.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er lögð fram af þm. fimm flokka þáltill. um einnota umbúðir. Málefni umhverfisverndar eru illu heilli vandamál sem flestar þjóðir eiga við að stríða og telja höfuðnauðsyn að leysa. Þau eru ekki fagurfræðilegt hjal um óþarfa heldur nauðsynjamál sem sérhverri menntaðri þjóð ber skylda til að taka á. Við segjum gjarnan á hátíðarstundum að við viljum að komandi kynslóðir erfi landið í ekki síðra ástandi og helst betra en þær kynslóðir sem það byggja nú. Til þess að svo geti orðið duga ekki orðin tóm heldur þarf að eiga sér stað hugarfarsbreyting hjá hinum almenna borgara, skilvirkara eftirlit af hálfu sveitarstjórna og síðast en ekki síst löggjöf frá hinu háa Alþingi þar sem hana skortir.

Notkun einnota umbúða er á margan hátt þægileg og um margt jákvæð í nútímaþjóðfélagi. En vandamálin eru a.m.k. tvíþætt: Í fyrsta lagi þau náttúruspjöll sem af þeim hljótast úti í náttúrunni og hvar sem er þar sem þeim er hent frá sér og í öðru lagi erfiðleikarnir við að koma sumu af þessum varningi endanlega fyrir kattarnef.

Hér er ekki um neitt nýtt mál að ræða en það hefur aldrei verið brýnna en nú þar sem notkun einnota umbúða hefur farið stórlega vaxandi með tilkomu pökkunarvéla fyrir öl og gosdrykki í áldósir hér á landi. Í grg. Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Landverndar kemur fram að ekki sé ólíklegt að árleg sala á gosdrykkjum verði um 30 milljónir áldósa sem svarar til hátt í 400 tonna af áli. Það er því ljóst að einn ófögnuður hefur bæst við önnur spillingaröfl í íslensku umhverfi.

Við búum í fallegu landi stórbrotinnar náttúrufegurðar. Íslendingar ferðast í vaxandi mæli innanlands, hvort sem er í byggð eða óbyggð. Því miður hefður íslenskum uppalendum og skólakerfi ekki tekist að innræta þá sjálfsögðu skoðun í huga sérhvers einstaklings að fara um landið af skilningi og virðingu. Hver hefur ekki gengið fram á umbúðir, hvaða nafni sem þær kunna að nefnast, á fögrum sumardegi í borg eða bæ, sveit eða óbyggð og verið eins og stunginn í augun? Á leið minni frá bílaplani Alþingis yfir á skrifstofu, sem er um 50 m leið, sá ég einn morguninn 25 áldósir með því að horfa sæmilega í kringum mig.

Í 13. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, stendur, með leyfi forseta:

„Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli."

Þetta eru góð lög en því miður vantar nokkuð á að eftir þeim sé farið. Með leyfi forseta langar mig að vitna aftur í lög um náttúruvernd frá 1971, en þar segir í 15. gr.:

„Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert."

Það er mikil ábyrgð því samfara að eiga land, hvort heldur það er lóð í þéttbýli eða jörð í sveit. Sú siðferðislega skylda hlýtur að hvíla á eigandanum að hann gangi þannig um landið og haldi við mannvirkjum að ekki verði til ama fyrir þá sem um landið fara.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg framför víða til sveita í umgengni á bóndabýlum. Á það bæði við um ytra útlit útihúsa og frágang á hvers konar brotajárni. En því miður má enn sjá bílhræ og úreltar landbúnaðarvélar á áberandi stöðum, jafnvel uppi á hæstu hæðum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að það er gífurlega mikil vinna sem felst í því að snyrta og prýða og halda í horfinu á einu bóndabýli. Það er ekki ólíklegt að þar sé um a.m.k. hálft starf að ræða yfir sumarmánuðina ef standa á myndarlega að verki.

Á nýafstöðnu náttúruverndarþingi voru vandamál vegna sorpeyðingar og förgunar á brotajárni og öðrum málmum nokkuð til umræðu. Þar kom fram í máli manna að endurvinnsla væri æskilegasta leiðin og raunar sú eina sem auðvelt væri að sætta sig við frá sjónarhóli umhverfisverndar. Sú leið sem farin hefur verið í nokkrum mæli, þ.e. að urða þetta rusl, á sér ýmsa vankanta. T.d. hefur tilhneigingin verið sú að grafa ekki nægilega djúpt og hafa þá herlegheitin minnt á sig áður en mörg ár hafa liðið.

Herra forseti. Ég vil að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi: Málefni umhverfisverndar eru ekki fagurfræðilegt hjal um óþarfa, heldur nauðsynjamál í sérhverju hugsandi þjóðfélagi.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er hreyft miklu og góðu máli sem ég hygg að þm. hljóti allir að vera sammála um að sé rétt að hraða afgreiðslu á. Það sem hefur verið að gerast og hefur komið glögglega fram, m.a. í framsöguræðu 1. flm., er það að einnota umbúðir hafa orðið mjög vinsælar á undanförnum árum og notkun þeirra aukist gífurlega mikið.

Hér á landi hafa þær tekið land ef ég má orða það svo. Það má glögglega greina á öllu umhverfi sem við höfum fyrir augum okkar á hverjum degi, bæði í þéttbýli og eins í dreifbýli. Og ég held að þeir sem hafa farið um Ísland í sumar geri sér ljósa grein fyrir því að hér er á ferðinni mjög veruleg mengun bæði af völdum plastíláta og álíláta.

Ég vil láta það koma fram, herra forseti, að samtökin Landvernd hafa mikið fjallað um þetta mál ásamt Náttúruverndarráði og fleiri samtökum. Hollustuvernd ríkisins hefur gengið frá drögum að grg., sem er mjög ítarleg, um þetta mál. Ég vænti þess fastlega að sú grg. geti tekið gildi hið allra fyrsta. Þar er gert ráð fyrir að á einnota umbúðir, t.d. glerflöskur og áldósir, leggist skilagjald sem verði um 20% af útsöluverði sem muni hvetja mjög til þess að fólk safni saman notuðum umbúðum af öllu tagi og skili þeim. Einnig er gert ráð fyrir í

þessum drögum að reglugerð að á umbúðum sem ekki eru hæfar til endurnotkunar en hægt er að koma á endurnýjunarkerfi fyrir, t.d. áldósum, skuli einnig vera skilagjald sem framleiðandi leggi á vöruna. Skilagjald þetta skuli vera 20% af útsöluverði vörunnar.

Þegar þessi mál komu til umræðu í stjórn Landverndar var rætt við stærstu gosdrykkjaframleiðendur hér á landi og þeir tóku því ákaflega vel að eiga samvinnu um þetta mál og fagnaði ég því innilega hversu mikill vilji var í þeirra hópi til þess að koma til móts við þær kröfur sem náttúruverndarmenn lögðu fram. A.m.k. einn þessara framleiðenda hefur haft tiltekið frumkvæði að lausn þessa máls sem því miður hefur ekki náð fram að ganga.

Ég vil einnig minnast á það í sambandi við þessa tillögu sem liggur fyrir að það er annar og stór vandi sem steðjar að íslenskri náttúru og það eru bílhræ, hræ hvers konar véla og tækja sem liggja út um allt. Mig langar að benda á það að 1986 var bílaeign Íslendinga um 127 þús. bifreiðir og það ár voru afskráðar rösklega 5500 bifreiðir. Áætluð bílaeign okkar Íslendinga í árslok nú er um 150 þús. bifreiðir og áætlaðar afskráningar á þessu ári, ef þeim fjölgar ekki stórlega vegna nýs bílaskatts, verða um 7200–7500 bílar sem eru afskráðir og ónýtir. Þessi tala fer að öllum líkindum upp í 10 500 bíla árið 1988. Bílhræjunum mun fjölga mjög. Og nú er ástand þannig hér í landi, m.a. vegna hins lága verðs á járni og stáli, að það eru fáir sem hirða um að safna þessum hræjum saman og koma þeim í verð.

Mig langar að geta þess að Hollustuvernd ríkisins hefur reifað hugmyndir um það hvernig megi leysa þetta mál a.m.k. að hluta til og hafa mengunarvarnir Hollustuverndar lagt til að á hverja bifreið í landinu verði lagt árlegt gjald sem nemi um tveimur krónum á hvert kíló bifreiðar. Umtalsverður hluti eða mestur hluti, 95%, þessa gjalds fari til þess að standa straum af kostnaði við söfnun og endurnýjun bílflaka í brotajárn. Síðan er gert ráð fyrir því að 5% af þessu gjaldi renni í gegnum opinbera mengunarvarnastofnun sem þá hugsanlega væri til, til upplýsingamiðlunar, eftirlits og sérfræðilegra verkefna og upplýsingaöflunar á úrgangsmengunarvarnasviðum, eins og það er orðað í geysilega löngu orði á minnisblaði frá Hollustuvernd.

Hugmynd mengunarvarna er sú að ríkisvaldið og sveitarfélögin í sameiningu beiti sér fyrir stofnun hlutafélags sem sjái um alla söfnun og nýtingu og förgun — eins og það er orðað — bílflaka og brotajárns. Tekjur þessa hlutafélags yrðu þá af sölu brotajárns og 95% af förgunargjaldinu eins og ég hef áður nefnt.

Ég hygg að hér sé hreyft mjög merkilegri og athyglisverðri hugmynd sem vert sé að gefa gaum. En vandi okkar í öllum þessum mengunarmálum, hvort sem er á landi, í sjó eða í lofti, er sá að hér er ekkert ráðuneyti sem fjallar sérstaklega um mengunarmál. Það er ekkert umhverfismálaráðuneyti. Ég vil láta þess getið að hugmyndir, sem komið hafa fram m.a. um eftirlit með mengun í Norður-Atlantshafi og verða væntanlega reifaðar hér á þingi innan skamms, eru þeim annmörkum háðar að það er erfitt að finna það ráðuneyti sem um á að fjalla vegna þess að þessar mengunarvarnir tengjast ýmist landi, hafi, losun úrgangsefna á landi eða í hafi. Menn verða kannski að þvælast með sama málið á milli margra ráðuneyta. Mín skoðun er sú að vinda þyrfti bráðan bug að því að stofna til sérstaks umhverfismálaráðuneytis — það á fullt erindi inn í stjórnkerfið — og leysa okkur undan þeim þvælingi sem fyrirsjáanlega mun verða á hvers konar mengunarmálum sem verða tekin til umræðu og afgreiðslu. Því fyrr sem við getum prýst á um að a.m.k. einhver deild í einhverju tilteknu ráðuneyti taki að sér umhverfismálin, því betra. Ég vil, herra forseti, bara lýsa ánægju minni með þessa tillögu og auðvitað stuðningi mínum sem einn af flm.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni er hér hreyft ákaflega mikilvægu máli sem hlýtur að snerta okkur öll. Ég þakka flm., og hv. 1. flm. sem var framsögumaður fyrir þessari till., fyrir þeirra ábendingar sem hér koma fram.

Hitt verð ég að segja að ég er ofurlítið undrandi á því að drög að reglugerð um þessi mál, sem enn þá er í vinnslu hjá Hollustuvernd ríkisins og hefur ekki enn verið sýnd eða kynnt í heilbrrn., skuli vera notuð hér í umræðum og einnig að hluta til í grg., upplýsingar úr þessum hugmyndum sem enn þá hafa ekki, eins og ég segi, verið lagðar fram til neinnar umfjöllunar. Ég er ekki með því að gera neitt lítið úr þessu máli, síður en svo. Þetta sem er til umræðu í þessari þáltill., að undirbúa frv. til laga um framleiðslu, innflutning og notkun á einnota umbúðum, er afar mikilvægt.

Snemma á þessu ári hóf Hollustuvernd ríkisins athugun á notkun einnota umbúða hér á landi og beinist þessi athugun sérstaklega að umbúðum fyrir ýmsar drykkjarvörur sem þegar eru orðnar lýti á umhverfinu eins og við sjáum öll og hefur þegar komið fram í umræðum hér.

Stofnunin aflaði sér upplýsinga um magn umbúða ásamt því að fá gögn frá nágrannaþjóðum og lög og reglugerðir á þessu sviði. Það hefur orðið veruleg aukning á notkun einnota umbúða á síðustu árum og ekki síst á yfirstandandi ári. Á vegum Hollustuverndarinnar var vakin athygli á málinu í fréttatilkynningu á sl. sumri og almenningi bent á að betri umgengni væri nauðsynleg til þess að forðast umhverfisspjöll.

Jafnframt hóf stofnunin samstarf um málið við Náttúruverndarráð og Landvernd eins og einnig hefur verið bent á og menn auðvitað vita sem þar eiga sæti og hafa um fjallað.

Frá þessum aðilum kom síðan 1. september greinargerð og tillögur sem teknar voru fyrir í stjórn Hollustuverndar ríkisins í september sl. Fól stjórn

Hollustuverndarinnar mengunarvarnadeild stofnunarinnar að undirbúa drög að reglugerð um einnota umbúðir fyrir öl, gos og svaladrykki. Það voru einmitt þessi reglugerðardrög sem ég var að ræða um áðan. Þau voru lögð fram á síðasta fundi stjórnar stofnunarinnar og verða rædd þar á næsta fundi sem fyrirhugaður er í lok þessa mánaðar og þaðan síðan afgreidd til ráðuneytisins til umfjöllunar og þá auðvitað athugunar á því hvort ekki þarf jafnframt því að setja slíka reglugerð að breyta lögum.

Helstu atriði í þessum drögum eru m.a. framleiðslu- og markaðsleyfi, merking á umbúðum, þessi gjaldtaka sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, þ.e. bæði hugsanlega gjald vegna endurnotkunar og eins framleiðslugjald vegna einnota umbúða, og svo einnig hvort heimilt væri að nota þessi gjöld til umhverfismála sem sjálfsagt væri líka brýnt eða nauðsynlegt ef menn eru á annað borð sammála um að marka þannig tekjustofna til einstakra verkefna. Þó getur verið álitamál hvort rétt er að standa þannig að málum.

Eftir því sem ég best veit skortir í raun lagaheimildir til að krefjast þessara gjalda, þ.e. endurnotkunargjalds og framleiðslugjalds, á þessar umbúðir. Það eru a.m.k. ekki fyrirmæli um slíkt í lögum nr. 109 frá 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en í 3. gr. þeirra laga er einmitt að finna grundvallarákvæði íslenskra laga um mengunarvarnir. Í flestum nágrannalöndum okkar hafa verið settar reglur um notkun einnota umbúða og endurnýtingu þeirra og hvaða efni megi nota í slíkar umbúðir. Áldósir eru t.d. alfarið bannaðar í Danmörku sem öl- og gosdrykkjaumbúðir. Hér á landi eru engar reglur um framleiðslu né notkun einnota umbúða fyrir umrædda vöruflokka.

En það er, eins og fram kom reyndar, a.m.k. hjá hv. síðasta ræðumanni og sjálfsagt þeim öðrum sem hér hafa tekið til máls, fleira en þessar einnota umbúðir sem nú valda okkur nokkrum áhyggjum og kannski hugarangri varðandi verndun umhverfisins. Það eru einmitt bílhræin sem nú safnast upp, ekki síst í kjölfar stóraukinnar bílaeignar landsmanna. Söfnun og úrvinnsla þessa brotajárns er áhyggjuefni vegna þess að endurvinnsluverðmætið er of lágt til þess að geta staðið undir söfnuninni og endurnýtingu. Það hafa því einnig verið uppi umræður um það í heilbrrn. hvernig best yrði að þessu máli staðið og hvernig við getum tekið á því eða komið á skipulegri söfnun þessa brotajárns.

Ríkisstjórnin hefur nú þegar skipað nefnd til að fjalla um umhverfismál og hvort og hvernig megi koma þeim fyrir í okkar stjórnkerfi, hvort þau verði falin einhverju einstöku ráðuneyti sem deild eða hvernig best verði að því staðið. Ég teldi að þeim ákvæðum eða tilmælum sem við þurfum á að halda í lagasetningu varðandi bæði einnota umbúðirnar og annað það sem ég hef rætt væri best fyrir komið í lögum um yfirstjórn umhverfismála sem unnið er að á vegum þessarar stjórnskipuðu nefndar og henni hefur verið falið að gera tillögur um fyrir næstu áramót. Ég tel að þessi till. til þál., sem hér er lögð fram, sé einmitt gott innlegg í umræðuna og verkefni fyrir þá nefnd sem nú fjallar um yfirstjórn umhverfismála.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa máls sem hér hefur hlotið góða umræðu og undirtektir. Mig langar að koma fáeinum ábendingum á framfæri við umræðuna. Þetta mál hefur eðlilega komið í umræðu í samfélaginu í auknum mæli, nú þegar menn horfa fram á þá miklu mengun sem er af völdum einnota umbúða. Það eru mörg félagasamtök sem hafa ályktað um þetta og þrýst á um aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Ég nefni áhugasamtök um náttúruvernd á Austurlandi sem héldu aðalfund sinn í ágústmánuði sl. og ályktuðu sérstaklega um þetta mál. Þannig hefur rignt ályktunum um þetta, nú síðast á náttúruverndarþingi eins og fram hefur komið.

Hæstv. ráðherra fjallaði um þetta mál og ég þakka þann stuðning sem fram kom hjá honum og skilning á því að þarna væri aðgerða þörf. Mér fannst alveg ástæðulaust fyrir ráðherrann að finna að því þó að rætt væri um drög að reglugerð sem hefur verið unnið að á vegum áhugasamtaka, þar sem eru Landvernd, Náttúruverndarráð og Hollustuvernd ríkisins raunar sem þriðji aðili, og orðið hafa til drög að reglugerð á vegum Hollustuverndar. Ég sé ekki annað en að það sé fagnaðarefni einmitt að þetta mál skuli koma til umræðu hér á mótunarstigi þannig að bæði ráðuneyti og Hollustuverndin geti tekið mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma á Alþingi. Við megum ekki vera viðkvæm fyrir því þó að mál af þessu tagi færist hér inn á vettvang Alþingis þó svo að þau séu í meðferð hjá stofnunum í okkar stjórnkerfi. Ég held að hæstv. ráðherra eigi alls ekkert að vera sár yfir því, heldur þvert á móti fagna því að þau drög eru dregin inn í þessa umræðu. Það kann að vera, eins og ráðherrann hæstv. nefndi, að það skorti lagaheimildir fyrir álagningu endurnotkunargjalds og framleiðslugjalds sem er til umræðu í þessu samhengi og þá er að afla þeirra. Ég hygg einmitt að flutningur þessarar þáltill. geti orðið til þess að greiða fyrir slíkri lagasetningu, ef ráðherrann eða aðrir koma með tillögur þar að lútandi. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að hann hefði hug á að afla slíkra heimilda og ég hvet hann eindregið til þess að svo verði gert.

Hér voru einnig teknar inn í umræðuna að vísu ekki einnota umbúðir heldur bifreiðar sem úreldast þó tiltölulega fljótt og sú mikla mengun sem af þeim stafar. Þar sem hér eru stórir hlutir á ferðinni er þetta auðvitað enn augljósara en með umbúðir um drykkjarvörur, en fjöldinn er þó meiri þar eins og hér hefur komið fram. Ég held að það sé mjög skynsamleg hugmynd að leggja sérstakt gjald á bifreiðar til þess að tryggja förgun og endurvinnslu á því sem hægt er að nýta úr ónýtum bílum.

Í þessu samhengi vil ég minna á þá viðleitni sem

var hér frá árinu 1980, og reyndar löngu fyrr en hún tók á sig form sérstakrar lagaheimildar árið 1980 eða 1981, þ.e. að stofna stálbræðslu hér á Íslandi. Þetta mál var borið fram af Sveinbirni heitnum í Ofnasmiðjunni, þeim mikla dugnaðar- og áhugamanni sem barðist fyrir þessu fyrirtæki í gegnum áratugi. Iðnrn. tók þetta mál upp og aflaði lagaheimildar, eins og ég hef getið um, á þeirri tíð sem ég starfaði þar sem ráðherra. Þetta mál fór hins vegar, við getum sagt í vaskinn í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það fékk satt að segja hörmulega meðferð af þeim ráðherrum sem um það fjölluðu á þeim tíma, fjármála- og iðnrh. þeirrar ríkisstjórnar sem hér sat á síðasta kjörtímabili, og var það hin ömurlegasta saga sem rædd var hér í þingsölum á sínum tíma. Ég held að ef hugmyndin um endurvinnslugjald hefði verið komin til viðbótar við annað inn í þá umræðu hefði það orðið þessu máli til stuðnings. Þarna var ekki hugmyndin um ríkisfyrirtæki að meiri hluta til, heldur þvert á móti að styðja við einkaframtak sem ætlaði sér og var algerlega forgönguaðili í þessu máli. Það var komið svo langt að það var búið að afla loforða, það voru hafnar byggingarframkvæmdir, þegar botninn datt úr þessu vegna þess að ríkisstjórnin studdi ekki við málið með þeim hætti sem lögin, sem samþykkt höfðu verið á Alþingi, gerðu ráð fyrir. Þetta var mjög miður og nú er þetta mál úr sögunni a.m.k. í bili að ég best veit.

Hér hefur verið rætt um umhverfisráðuneyti og hæstv. ráðherra vék að því máli í tengslum við ákvæði í stjórnarsáttmála um umhverfismál. Mér fannst ekki koma fram í máli ráðherrans eindregin skoðun á því hvernig þessum málum bæri að skipa. Ég vona að hann verði stuðningsmaður þess innan ríkisstjórnar að færa helstu málaflokka umhverfismála saman í eitt ráðuneyti, sem þarf auðvitað að bera nafn umhverfismála, svo veigamikill málaflokkur sem hér er á ferðinni. Þar sem ráðherrann starfar við ráðuneyti sem hefur mjög þýðingarmikinn málaflokk af þessu tagi, þar sem eru mengunarmálin, hvet ég hann eindregið til þess að ljá því lið í ríkisstjórninni að þau verði látin fylgja. Það er mjög einföld stjórnkerfisbreyting og ekkert auðveldara en að halda aðgreindum heilbrigðisþættinum sem að sjálfsögðu er eðlilegt að sé undir heilbrrn. og hins vegar mengunarþættinum, þeim málum sem mengunardeild Hollustuverndar ríkisins hefur með höndum. Hæstv. ráðherra er eflaust kunnugt um að forstöðumaður mengunardeildarinnar, Ólafur Pétursson, er eindreginn stuðningsmaður þess að þetta mál verði fært undir umhverfismálin í stjórnkerfinu.

Ég bið hæstv. ráðherra að opna hug sinn í þessum efnum og láta ekki þá embættismenn sem eru mótdrægir slíkri tilfærslu ráða ferðinni en þá er að finna innan heilbrrn. eins og víðar í ráðuneytum þar sem hafa verið hindranir frá embættismönnum gegn því að ná fram alveg brýnum og nauðsynlegum stjórnkerfisbreytingum á þessu sviði. Ég þarf ekki að nefna nöfn. Hæstv. ráðherra þekkir þau sjónarmið, en hér er spurningin um pólitískan vilja og pólitíska aðgerð sem ekki má stranda á þvergirðingi embættismanna.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegur forseti, um leið og ég vænti þess sannarlega að þetta máli fái stuðning í þinginu og fái afgreiðslu sem fyrst. Þetta er að vísu margþætt mál en ekki flókið og ég trúi ekki öðru en að eindreginn vilji og stuðningur sé við þetta mál eins og það er lagt fyrir í þáltill. sem hér er rædd.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hvert það mál sem borið er fram á Alþingi og hefur það að tilgangi að stuðla að betri umgengni um landið okkar er Alþingi til góðs og Íslendingum til góðs. Með því er ekki sagt að besta leiðin sé nákvæmlega sú sem hverju sinni er bent á í viðkomandi þingskjali. Það er e.t.v. allra mikilvægast í þessum málum að vekja almenning og ekki síst hina yngstu til vitundar og skilnings sem verður til þess að umgengni um landið verður betri heldur en víða má sjá nú. Þess vegna er aðalatriðið að mínu viti ekki breytt skipan stjórnsýslu eða fyrirkomulag stjórnar á þessum málum heldur fjármunir sem ætlaðir eru til fræðslu um þær reglur sem nú gilda og framkvæmdar á þeim, fræðslu sem verður til þess m.a. að hinu unga fólki sem er í skólum landsins verði það ljóst hvers virði það er að ganga vel um landið sitt. Hér er einfaldlega um það að ræða að annast vel og hlúa að því sem okkur er annt um og þá þess heldur að landið sem við byggjum er í senn fóstra okkar og auðlind. Það er því siðferðislega rétt að sýna því umhyggju og það skiptir líka máli vegna þeirrar auðlindar sem felst í ómenguðu umhverfi á landi okkar.

Þetta eru aðeins tvær hliðar þessa máls. Hér á þskj. 23 er fjallað um enn eina hlið, þ.e. efnahagshliðina, þar er vikið í grg. að hugmyndinni um skilagjald og löggjöf sem flutningsmenn telja e.t.v. þurfa til að koma því á. Nú má út af fyrir sig velta því fyrir sér hvort slíku sé ekki hægt að koma á án allrar löggjafar. Ég get ekki séð hvað er á móti því að tekinn verði upp sá háttur að greiða fyrir skil bæði einnota umbúða og annarra umbúða sem menga umhverfið og þá þess heldur þegar um er að ræða umbúðir sem hægt er að endurnýta. Þetta gera ýmsar þjóðir með góðum árangri og mér er kunnugt um að t.d. hjá frændum okkar Svíum, sem eru afburða hreinlegir að þessu leyti að því er sagt er, hafði skilagjald fyrir gosdrykkjadósir og slíkt verið 2 sænskar kr. þar til nú í sumar er það var hækkað upp í 3 sænskar kr. og mér var tjáð að skilin á umbúðunum hefðu allt í einu þotið upp í 80–90%. Vitaskuld stendur oft svo á að ekki er unnt að endurnýta umbúðirnar. Tel ég að gera þurfi náttúruverndaryfirvöldum kleift að framfylgja þeirri lagaskyldu sem felst í 13., 14. og 15. gr. náttúruverndarlaganna þar sem segir ótvírætt að bannað sé að skilja eftir á víðavangi rusl og annað, umbúðir og slíkt, sem valdið geti óprýði í umhverfinu og slysahættu.

Ég er þeirrar skoðunar og styrktist í þeirri skoðun þegar ég gegndi embætti ráðherra náttúruverndarmála í menntmrn. að Náttúruverndarráð hefði ekki nægilegt fé til umráða til þess að sinna útbreiðslustarfsemi sem orðið gæti til þess að stuðla að betri umgengni um landið. Þess vegna er mjög þakkarvert það mikla og gagnlega framtak sem ýmis félagasamtök hafa sýnt og haft mikil áhrif í þá átt að fólk gangi betur um landið. Ég geri ráð fyrir að flestir bílstjórar muni eftir því að fyrir nokkrum árum stóð Lions-klúbbur fyrir því að afhentir voru ruslapokar í bíla á bensínstöðvum. Þetta var eitt dæmi og sitthvað fleira má til taka, bæði verk slíkra klúbba, skátafélaga, hverfafélaga í bæjum og kvenfélaga úti um byggðir landsins, svo nefnt sé nokkuð af slíkum hópum sem hafa lagt á sig mikið erfiði og haft mikil áhrif til þess að bæta umgengni um landið.

Menn kunna að segja: Hví er verið að tala um að meira fjármagn til Náttúruverndarráðs gæti skilað verulegum árangri í þessu? Það er sannarlega ekki að ófyrirsynju. Bæði ég og aðrir þeir sem eru komnir á minn aldur og jafnvel töluvert yngri muna eftir því hvernig skírskotað var til ábyrgðar okkar allra á þessu sjálfstæða landi og um leið hvatt til þess að fara vel með það, óprýða það ekki með rusli og valda ekki samborgurum sínum angri eða hættu með því að henda rusli á víðavangi. Þessi herferð held ég að hafi aldrei verið áhrifameiri en skömmu eftir lýðveldisstofnunina. En svo var um lýðveldiskynslóðina að við litum á þetta sem helga skyldu okkar. Ég vona að það hafi ekki elst af okkur og að það megi fylgja sem allra flestum kynslóðum þessa lands, þeim sem eftir eiga að koma, hvaða þýðingu það hefur fyrir alla mannvist í landinu og þær gersemar sem við sjáum víða í náttúru þess að því sé sýnd tilhlýðileg virðing og fólk leggi á sig það lítilræði að taka sjálft með sér á ferðalögum og koma fyrir á réttum stöðum þeim úrgangi sem til fellur og sjálfsagt er að menn leggi til hliðar þar sem sveitarfélögin ætlast til.

Meginmálið er að mínu viti þetta: Mikið og áhrifaríkt átak þarf til þess að fá alla landsmenn og ekki síst hina yngstu til að hafa það hugfast að við aukum fegurð og auð þessa lands með því að ganga hreinlega um það og skilja ekki eftir umbúðir eða annan úrgang á víðavangi.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls um þessa tillögu og ég vil sérstaklega þakka hæstv. heilbrrh. fyrir undirtektir og fagna því að það sé verið að vinna að þessu máli í ráðuneytinu.

Vegna orða Ragnhildar Helgadóttur, hv. 3. þm. Reykv., um aukna fræðslu í umhverfismálum vil ég benda á tillögu Kvennal. um umhverfisfræðslu sem er á þskj. 10. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins og á meðal almennings."

Ég gleðst yfir stuðningi hv. þm. við þetta mál þó að hún hafi kannski ekki heyrt þegar mælt var fyrir því núna í síðustu viku.

Varðandi það að talað var um að það þyrfti kannski að breyta lögum var mat þeirra sem leitað var ráðgjafar hjá að þess þyrfti en ef annað kemur í ljós þarf bara að setja reglugerð og er það þá allt í lagi.

Það væri kannski rétt að það yrði ekki einungis heilbrrn. sem mundi fjalla um reglugerð af þessu tagi, heldur yrði það þá væntanlega líka menntmrn. vegna þess að Náttúruverndarráð heyrir undir það og e.t.v. enn fleiri ráðuneyti þar sem umhverfis- og mengunarmál falla undir mörg ráðuneyti eins og fram hefur komið.

Vegna undirtekta við þetta mál vænti ég að við sjáum fljótlega fullbúna nýja reglugerð varðandi þetta mál og þá kannski breytingar á lögum, en það sem mikilvægast er að það verði einhver breyting til batnaðar á ástandinu vítt og breitt um landið vegna mengunar samfara notkun einnota umbúða.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sérstaklega út af því sem kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl. um það að hjá mér hefði gætt einhverra sárinda eða óánægju yfir því að drög að reglugerð skyldu vera komin inn í umræðurnar hér. Það var kannski fyrst og fremst það sem ég vildi lýsa, og hélt ég hefði gert, að ég var svolítið hissa á því að í umfjöllun væri plagg sem er enn þá innanhússplagg og hefur ekki fengið endanlega umfjöllun hjá stjórn stofnunarinnar og enn þá alls ekki verið kynnt hjá ráðuneytinu. Ég var svolítið undrandi á því. Ég er hins vegar mjög ánægður með að þessi mál skuli vera tekin til umfjöllunar. Ég tel að það sé eðlilegt og hef ekkert nema gott um það að segja og á hvaða tíma sem það er, eins og þessi hv. þm. benti á, að það væri gott að fá málið hér til umræðu einmitt á meðan það væri til umfjöllunar í ráðuneyti og stofnunum þess. Það er ekkert um það að segja nema gott, og ég tek undir það.

Ég vil líka þakka honum fyrir hvatningarorð til mín um það að standa á verði í sambandi við þessi umhverfismál sem við erum öll sammála um að eru afar mikilvæg og við megum síst af öllu missa úr böndunum hér í okkar fagra landi þar sem svo miklu máli skiptir að varðveita umhverfi, hreint land og loft.

Út af því sem einnig kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að hjá mér hefði ekki komið fram eindregin skoðun á því hvernig standa ætti að þessum málum, þá er það rétt að ég er þeirrar skoðunar að fela eigi þessi umhverfismál einu ráðuneyti, hugsanlega eigi að fela þau einni deild til umsjónar. Það sem ég er hins vegar ekki með fullmótaða skoðun á er hvar eigi að finna því stað. Það gæti verið í heilbrrn., það gæti sjálfsagt einnig verið í félmrn.

eða jafnvel einhverju enn öðru ráðuneyti. Ég er ekki tilbúinn til þess að kveða upp úr með það, en ég tel að þetta sé nauðsynlegt að gera. Það er alveg ljóst. Og eins tók ég sérstaklega fram að af hálfu ríkisstjórnarinnar er verið að vinna að málinu. Það er í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans og nefnd, sem hefur fengið það verkefni, á að skila áliti helst nú fyrir áramót. Ég nefndi aðeins að mér fyndist eðlilegt að þetta mál, sem hér er til umfjöllunar, félli inn í það nefndarstarf, að sú nefnd tæki þetta mál einnig til athugunar — og ég þykist nánast viss um að hún geri það — og þó einkum ákvæði sem gætu opnað lagaheimildir til að standa þannig að málum eins og rætt hefur verið hér, þ.e. að leggja skilagjald eða framleiðslugjald á þessar einnota umbúðir.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, biðjast afsökunar á því að ég nefndi það að efni úr þessum drögum að reglugerð væri jafnvel að finna í grg. með þáltill., en svo er ekki. Það var aðeins í umræðunum. Ég finn það ekki í grg. þegar ég les hana aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi, fyrri umr.

Þáltill. FÞ, 28. mál. — Þskj. 28.

Flm. (Friðjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 28, um könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi. Till. er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta fram fara samræmda könnun á jarðvarma og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Markmið slíkrar könnunar verði að safna upplýsingum um vatnsforða af heitu og köldu vatni er hagnýta megi m.a. í þágu fiskeldis, til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Till. þessi var flutt á síðasta þingi. Þá voru flm. auk mín alþm. Valdimar Indriðason og Sturla Böðvarsson. Tími vannst ekki til að fjalla um málið á því þingi. Því er till. endurflutt nú. Henni fylgdi grg. sem henni fylgir einnig nú, og vil ég leyfa mér að drepa á örfá atriði úr þeirri grg. og um málið almennt.

Það er alkunna að mikil byggðaröskun hefur orðið á landi hér á undanförnum árum og að þungur fólksstraumur hefur legið utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og Suðurnesja. Um þessar mundir er sérstök ástæða til að athuga þessi mál þar sem kvótareglur sníða mönnum þröngan stakk til sjávar og sveita svo að mörgum þykir hart við að búa. Því eru ríkar ástæður til þess að kanna ný viðhorf til úrbóta. Oft er rætt um nauðsyn þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins og efla hag þjóðarbúsins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þekkja landið sem best, náttúru þess, verðmæti og möguleika til landnýtingar. Margt er lítt kannað í þessum efnum og víða skortir frumrannsóknir. Það er mjög brýnt að slíkum rannsóknum verði flýtt eftir föngum svo að ljósara megi verða hverra kosta er völ.

Ýmislegt í þessari grg. er að sjálfsögðu byggt á heimildum m.a. frá Orkustofnun og upplýsingum sem komu fram á fundi sem haldinn var á vegum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi í september 1986. Sá fundur var haldinn í Borgarnesi. Þar voru mættir sveitarstjórnarmenn af Vesturlandi, sérfræðingar frá Orkustofnun, fiskræktarmenn og ýmsir áhugamenn um fiskeldi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að til fiskeldis þarf vatn sem er hreint og ómengað. Ferskvatn og jarðhiti eru því náttúrlegar forsendur fiskeldis. Það er ekki alltaf einfalt mál að afla ferskvatns né jarðhita og því er í mörg horn að líta.

Orkustofnun kemst m.a. svo að orði í einu af ritum sínum um þessi efni að „miklu máli skipti að traustra upplýsinga um náttúruskilyrði sé aflað áður en lagt er út í stórfelldar fjárfestingar í fiskeldisstöðvum". Þetta má öllum ljóst vera.

Að því er varðar jarðhita á Vesturlandi má segja að ýmislegt er vitað um hann frá fornu fari. Í Borgarfjarðardölum er eitt öflugasta lághitasvæði landsins. Þar hafa allmiklar rannsóknir verið gerðar og um það efni fjalla ýmis rit sem jarðhitadeild Orkustofnunar hefur látið frá sér fara. Annars staðar, svo sem í Dölum og á Snæfellsnesi, hafa litlar rannsóknir á jarðvarma farið fram þó að nokkrir jarðhitastaðir séu þekktir á því svæði. En þar eru margir áhugamenn um þessi mál, m.a. bændur, sem á eigin kostnað hafa lagt út í dýrar rannsóknir af þessu tagi á jörðum sínum, svo og aðrir atorkumenn, sem árum saman hafa unnið að fiskræktarmálum í stórum stíl, klaki, hafbeit og sjókvíaeldi, og eru nú reynslunni ríkari. Um skipulagðar rannsóknir á köldu vatni á Vesturlandi er fátt að segja. En allt eru þetta mjög áhugaverð efni og hagnýt. Þess má geta í þessu sambandi að í Bændaskólanum á Hvanneyri hefur fiskeldi og fiskrækt verið kennd í 30 ár. Þar hafa menn nú hug á að koma upp matfiskaeldi.

Það má margt segja um þessi mál og margt er að gerast í þeim efnum, sem betur fer. Til frekari útlistunar læt ég fylgja þessari till. grg. um sérverkefni Orkustofnunar tengd fiskeldi á Vesturlandi, sem fylgdu þessari till. í fyrra. En ég vil taka skýrt fram að þetta mál er jafntímabært og aðkallandi nú sem nokkru sinni áður þó að vitneskja fari að sjálfsögðu vaxandi ár frá ári. Þá má geta þess t.d. að sl. sumar var óvenjuþurrt og minnkaði þá eða þraut kalt vatn þar sem áður var talinn nægur vatnsforði. Og að því er varðar jarðhitaleit get ég ekki stillt mig um að benda á það að árangur nýlegra borana á

Hvalfjarðarströnd er skýrast dæmi um gagnsemi jarðhitarannsókna. Þar er enginn jarðhiti á yfirborði. Með fremur einfaldri leitartækni tókst Orkustofnun á sl. sumri að finna og kortleggja líkleg jarðhitasvæði, annað kringum Miðsand, hitt innan við Ferstiklu. Boranir báru þann árangur að nú fást yfir 10 l/sek. af rúmlega 130°C heitu vatni úr borholu Hvals hf., og 28 l/sek. af 83°C heitu vatni úr borholu á vestara svæðinu í landi Hrafnabjarga.

Á fylgiskjali má svo lesa nánar um helstu markmið með þessari könnun og hverju verkefnin skila í aðra hönd. Á undanförnum árum hefur farið fram víðtæk og ört vaxandi starfsemi að fiskræktarmálum á Vesturlandi, bæði í sjó með ströndum fram, allt frá Hvalfirði til Gilsfjarðar og á fjölmörgum stöðum við ár og vötn inn til landsins, allt til jökla. Þar hafa margir áhugasamir brautryðjendur verið að verki og enn fleiri bíða færis þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi og aukin reynsla og rannsóknir geta vísað veginn.

Ég vek athygli á því að hér er gripið á stóru og mjög margþættu máli sem ekki verður rætt hér til neinnar hlítar. En allar þær grunnrannsóknir, sem ég hef minnst á af þessu tagi, eru fjárfrekar. Þann þátt málsins verður því að athuga sérstaklega. Eðlilegt er að hið opinbera leggi fram fé til frumrannsókna á auðlindum lands og sjávar, þar á meðal á vatnsforða landsins og nýtingu hans.

Herra forseti. Ég skal ekki ræða þetta í lengra máli en geri það að tillögu minni að máli þessu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til síðari umr. og hv. atvmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið flutt till. sem ég vil leyfa mér að fagna. Ég held að ekki þurfi að endurtaka það sem hér var gerð mjög góð grein fyrir. Fyrir liggur mjög góð grg. um þessa till. og ég vil því lýsa yfir stuðningi mínum við hana. Þetta er mikil spurning um atvinnu- og byggðamál fyrir Vesturland. Það þarf að tryggja hlutdeild Vesturlands í þeirri miklu uppbyggingu sem nú fer fram t.d. í fiskeldi. Þetta er reyndar sú atvinnugrein sem við bindum miklar vonir við núna, ekki síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins. Þær litlu rannsóknir sem gerðar hafa verið á Vesturlandi hafa leitt í ljós niðurstöðu sem menn höfðu ekki gert sér í hugarlund og þess vegna tel ég að þetta mál sé mjög þarft.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðför (34. mál, aðfararstaður) 441.
Almannatryggingar (50. mál, örorkumatsnefnd) 350.
Áfengislög (42. mál, áfengt öl) 445.
Bann við geimvopnum (3. mál) 496.
Drengskaparheit unnin 350.
Einnota umbúðir (23. mál) 508.
Frysting kjarnorkuvopna (4. mál) 497.
Húsnæðisstofnun ríkisins (47. mál, skerðing lána, vextir o.fl.) 352, 452.
Könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi (28. mál) 521.
Rannsókn kjörbréfa 349.
Ráðstefna í Reykjavík um afvopnun á norðurhöfum (27. mál) 496.
Símar í bifreiðum (32. mál) 497.
Stefnuræða forsætisráðherra 381.
Umræður utan dagskrár 497 (sala fiskiskipa frá Suðurnesjum).

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 349, 350, 381, 497.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 380.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 381.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 442, 444.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 353, 400, 487.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 397.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 434, 514, 520.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 422.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 498, 507.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 409.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 405.
Albert Guðmundsson 480, 504.
Alexander Stefánsson 368, 486.
Árni Gunnarsson 472, 512.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 416, 523.
Eiður Guðnason 428.
Friðjón Þórðarson 521.
Geir Gunnarsson 500.
Geir H. Haarde 460.
Guðmundur Ágústsson 403.
Guðmundur G. Þórarinsson 467.
Guðrún Agnarsdóttir 352.
Guðrún Helgadóttir 444.
Hjörleifur Guttormsson 516.
Hreggviður Jónsson 470, 497, 507.
Ingi Björn Albertsson 406.
Jón Magnússon 441, 443, 445.
Júlíus Sólnes 501, 506.
Kjartan Jóhannsson 477, 504.
Kristín Einarsdóttir 414, 508, 519.
Kristín Halldórsdóttir 374, 501.
Margrét Frímannsdóttir 394.
Ólafur G. Einarsson 349, 499.
Ólafur Þ. Þórðarson 412.
Óli Þ. Guðbjartsson 431, 503.
Páll Pétursson 465.
Ragnar Arnalds 424.
Ragnhildur Helgadóttir 518.
Sighvatur Björgvinsson 506.
Skúli Alexandersson 502.
Stefán Valgeirsson 419.
Steingrímur J. Sigfússon 377, 452, 505.
Svavar Gestsson 350, 392.
Valgerður Sverrisdóttir 510.
Þórhildur Þorleifsdóttir 437.

EFRI DEILD

7. fundur, mánudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum á þskj. 62. Það er mál nr. 60. Með frv. þessu er lagt til að iðnaðarráðherra fái heimild til að veita undanþágu frá skilyrði iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í íslenskum iðnfyrirtækjum skuli vera eign manna búsettra á Íslandi. Heimild sambærileg þeirri sem lögð er til í frv. var í iðnaðarlögum frá 1921 til 1978 þegar ákvæðið féll úr lögum. Reyndar var undanþáguákvæðið orðað þannig frá 1971 til 1978 „að heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðinu ef sérstaklega stendur á", eins og það var orðað í lagagreininni. Í þessu frv. er stuðst orðrétt við orðalagið í iðnaðarlögum þeim sem í gildi voru frá 1927 til 1971, þ.e. að heimilt sé að veita undanþágu enda standi sérstaklega á.

Svo sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin markað þá stefnu í starfsáætlun sinni að lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi verði endurskoðuð og samræmd. Samkvæmt því er stefnt að því að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Í samræmi við þetta hefur forsrh. skipað nefnd til að vinna að almennri endurskoðun á lögum um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Sú nefnd starfar undir forustu Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns. Aðrir í nefndinni eru Björn Friðfinnsson, Brynjólfur Bjarnason, Eiríkur Tómasson, Margeir Daníelsson og Þorvaldur Gylfason.

Ástæða þess að frv. þetta er flutt nú er sú að á síðustu mánuðum hafa leitað til ráðuneytisins nokkur innlend fyrirtæki sem hyggja á samstarf við erlend fyrirtæki um iðnrekstur hér á landi. Í nokkrum tilvikum hafa erlendu aðilarnir sett það sem skilyrði að þeir ættu jafnan hlut á móti innlendu aðilunum eða meiri hluta. Slík skilyrði geta verið eðlileg, t.d. þegar hinn erlendi aðili leggur til þá framleiðslutækni sem iðnreksturinn byggir á eða hefur yfir að ráða sölukerfi á mörkuðum erlendis á því sviði sem fyrirhugað iðnfyrirtæki framleiðir. Í íslensku samstarfsfyrirtækjunum getur einnig verið nauðsyn að fá erlenda samstarfsaðila til liðs við sig, t.d. þegar um úrvinnslu afurða er að ræða sem ekki verður stofnað til nema aðgangur sé tryggður að framleiðslutækni eða mörkuðum. Í einu tilviki hefur jafnvel komið til tals milli aðila að ef ekki verði heimilt að stofna hér á landi iðnfyrirtæki í jafnri eign aðila verði fyrirtæki stofnað í heimaríki hins erlenda aðila.

Brýnt er að tryggja að mikilvæg nýsköpun í iðnaði geti komist á hér á landi, verði ekki flutt úr landi í tilviki sem þessu. M.a. af þessum ástæðum er frv. þetta flutt. Nauðsynlegt er að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir hið allra fyrsta og óháð þeirri heildarendurskoðun á reglum um erlendar fjárfestingar sem nú fer fram á vegum ríkisstjórnarinnar og hlýtur að taka nokkurn tíma.

Hingað til hefur meginreglan verið sú að erlends fjármagns hefur verið aflað með lántökum þegar undanskilin er þátttaka erlendra aðila í stóriðju. Það er hins vegar eðlilegt og æskilegt að við reynum einnig að stuðla að því að innlendir og erlendir aðilar taki upp samstarf í nýjum atvinnugreinum og við endurskipulagningu á starfsemi sem þegar er fyrir hendi. Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar, eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Samstarf innlendra og erlendra aðila í iðnfyrirtækjum getur aukið verulega fjölbreytni í útflutningi, flutt inn í landið nýja þekkingu, t.d. á sviði tæknimála, markaðsfærslu og stjórnunar. Síðast en ekki síst er það mikils virði að hinn erlendi samstarfsaðili beri hluta af fjárhagslegri áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.

Núgildandi iðnaðarlög, nr. 42/1978, veita hins vegar ekki fullnægjandi möguleika á því að árangursríkt samstarf geti tekist á milli innlendra og erlendra aðila á sviði iðnaðar og þarf að taka til athugunar fleiri ákvæði laganna í þeirri heildarendurskoðun sem nú fer fram.

Meðal annarra ákvæða iðnaðarlaga sem brýnt er að breyta má nefna eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: Skv. gildandi lögum er það skilyrði fyrir því að sameignarfélög og önnur slík félög þar sem einhverjir félagsmanna eða allir bera persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félags megi reka iðnað hér á landi að allir þeir sem ótakmarkaða ábyrgð bera séu íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Ég tel nauðsynlegt að horfið verði frá ríkisfangsskilyrði en þess krafist að meiri hluti þeirra sem ótakmarkaða ábyrgð bera skuli vera búsettir hér á landi. Hins vegar er eðlilegt að þess verði áfram krafist að allir þeir sem ótakmarkaða ábyrgð bera fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í 2.–6. gr. iðnaðarlaga varðandi einstaklinga.

Í öðru lagi: Mér sýnist eðlilegt að fellt verði niður það skilyrði í 2. tölul. 4. gr., sbr. 3. gr. laganna, að framkvæmdastjórar og stjórnendur félags með takmarkaða ábyrgð skuli vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Þess í stað má hugsa sér að þegar um hlutafélag eða annað félag með takmarkaða ábyrgð er að ræða skuli framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi. Eru þetta sömu skilyrði og sett eru í 50. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, þar sem ekki er lengur krafist íslensks ríkisfangs. Af sjálfu leiðir að stjórn-

armenn og framkvæmdastjórar þurfa jafnframt að fullnægja öðrum skilyrðum laga, eftir því sem við á, svo sem ákvæðum laga um hlutafélög sé um hlutafélög að ræða.

Í þriðja lagi er það mín skoðun að eðlilegt sé að erlent hlutafélag, sem veittur hefur verið réttur til að starfa hér á landi, sbr. XVII. kafla hlutafjárlaganna, nr. 32/1978, þ.e. með starfrækslu útibús, geti fengið leyfi til að reka iðnað hér á landi.

Í fjórða lagi þarf enn fremur að huga að breytingum á ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, en þar er að finna ströng skilyrði um íslenskt ríkisfang þeirra sem öðlast vilja eignarrétt og afnotarétt af fasteignum á landi hér.

Þykir ekki ástæða til að aðrar og víðtækari hömlur gildi varðandi rétt iðnrekstraraðila til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til hagnýtingar í þágu iðnrekstrar síns en gilda varðandi skilyrði sömu aðila til að geta fengið sjálft iðnrekstrarleyfið. Slíkar hugmyndir hafa áður verið reifaðar og hefur iðnrn. óskað eftir því að þessi fjögur atriði verði tekin til athugunar í nefnd þeirri sem annast heildarendurskoðunina undir forustu Baldurs Guðlaugssonar og áður var minnst á í þessari ræðu.

Það má bæta því við að flest nágrannaríki okkar hafa afnumið áskilnað um meirihlutaeign á hlutafé eins og iðnaðarlög okkar hafa að geyma. Í nýlegri lagasetningu erlendra ríkja hefur verið leitast við að greiða fyrir samstarfi erlendra og innlendra fyrirtækja á sviði iðnaðar. Þetta á ekki síst við um ríki annars staðar á Norðurlöndum, en þau leggja sívaxandi áherslu á slíkt samstarf og þá jafnframt fjárfestingu í atvinnurekstri sem fylgir í kjölfarið.

Á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs hefur verið unnið að því að auðvelda iðnaðarsamstarf milli Norðurlanda. Það frv. sem hér er flutt er í þeim anda þótt ákvæði þurfi að endurskoða svo sem fyrr er vikið að.

Skv. þessu frv. er gengið út frá þeirri meginreglu að landsmenn eigi sem hingað til meiri hluta í hlutafélögum sem leggja stund á iðnrekstur. Hins vegar felur frv. í sér mikilvæga undantekningu frá þessari meginreglu. Undantekningin er sú að ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði þegar sérstaklega stendur á.

Svo sem skýrt kemur fram í athugasemdum með frv. mun heimildarákvæði frv. fyrst og fremst koma til greina þegar ætla verður að starfsemi hlutafélags geti orðið mikilsvert framlag til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Hér yrði væntanlega um að ræða fyrst og fremst meðalstór og smærri fyrirtæki. Þegar um er að ræða stóriðjufyrirtæki gegnir öðru máli. Þá má gera ráð fyrir að lagasetning þurfi að koma til í hverju einstöku tilfelli, einkum vegna raforkusölu og skattamála.

Sú skoðun hefur verið sett fram af andstæðingum frjálsra viðskipta að í samstarfi við erlenda aðila í formi eignaraðildar að fyrirtækjum hér á landi felist afsal á íslensku forræði yfir fyrirtækjunum. Hér er um mikinn misskilning að ræða því að iðnfyrirtæki starfrækt hér á landi með erlendri eignaraðild lúta engu að síður íslenskri löggjöf og eru háð lögsögu íslenskra stjórnvalda og dómstóla. Forræði íslenskra stjórnvalda almennt yfir rekstri fyrirtækjanna er því óbreytt og á það við um skattlagningu, mengunarvarnir, hollustuvernd, öryggisbúnað á vinnustöðum, réttindi og skyldur starfsmanna, gjaldeyrismál, reglur um samkeppnishömlur og öll þau önnur mál er almenningsheill varða og íslensk löggjöf tekur til. Fullyrðingar um að íslenskt forræði glatist með þessari lagabreytingu fá því ekki staðist.

Með þessu er því alls ekki haldið fram að erlend eignaraðild að íslenskum iðnfyrirtækjum ráði úrslitum um þróun iðnrekstrar hér á landi. Auðvitað hlýtur iðnþróun hér á landi fyrst og fremst að byggja á hæfni og dugnaði íslenskra aðila. Hins vegar verður að kanna sem best alla þá möguleika sem bjóðast og það án fordóma. Í alþjóðlegu samstarfi á vegum Norðurlandaráðs innan EFTA og OECD er sífellt unnið að greiðari samvinnu fyrirtækja í mismunandi löndum. Íslendingar verða að fylgja þeirri þróun. Annars er hætta á að þjóðin dagi uppi, verði útkjálkaþjóð sem ekki er samkeppnisfær á vettvangi þjóðanna í því mikla umróti á sviði vísinda og tækni sem nú stendur yfir.

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir varðar brýnt hagsmunamál íslenskra fyrirtækja sem nauðsynlegt er að afgreiða sem fyrst. Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. iðnrh. hefur mælt fyrir lætur ekki mikið yfir sér. Þetta eru tvær efnisgreinar og lítur sakleysislega út, sérstaklega þegar hafður er sá formáli, sem hæstv. iðnrh. flutti áðan, að þarna væri í raun og veru verið að hverfa til sömu lagaskipunar og verið hefði í gildi á árunum 1921–1971 sem hefði svo breyst lítillega með lögum frá 1971 sem voru sett í tengslum við aðild okkar að Fríverslunarbandalaginu sem hefði síðan aftur verið breytt 1978. Í rauninni væri þetta smámál og auðvelt að afgreiða og þingið ætti að flýta sér með þetta.

Ég verð að segja varðandi málsmeðferðina að ég er algerlega ósammála hæstv. iðnrh. um hana. Ég teldi eðlilegt að iðnaðarlögin væru að þessu leytinu til skoðuð með hliðsjón af lagasetningu þeirri sem í gildi er um erlenda fjárfestingu í heild hér á landi og ég tel með öllu óeðlilegt að taka þetta mál út úr eins og hæstv. ráðherra gerir hér tillögu um og sé enga ástæðu til þess að þingið sé sérstaklega að hraða meðferð þessa máls, enda flutti ráðherrann engin rök í þeim efnum önnur en þau að erlend fyrirtæki hefðu óskað eftir samstarfi við íslensk fyrirtæki og óskað helmings- eða meirihlutaaðildar varðandi ákveðnar framleiðsluvörur, markaðssamstarf og þróunar- og rannsóknasamstarf geri ég ráð fyrir, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt. Hér mun vera átt við samstarfstilboð sem borist hefur fyrirtækinu Lýsi hf. og sagt er að liggi mikið á að ná að afgreiða en hefði auðvitað verið hægt að taka á sérstaklega frekar en

að reyna að hespa í gegnum þingið brotabroti þessa stóra máls sem er möguleikar útlendinga til að taka þátt í atvinnustarfsemi hér á landi.

Það er rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði, að lögunum var síðast breytt 1978. Þá var sett inn ákvæði í iðnaðarlög, í 4. gr. 3. tölul., sem hér á að breyta þannig að nú vill félag eða stofnun reka iðnað og skal þá svo með fara að það skilyrði verður að uppfylla að meiri hluti hlutafjár í viðkomandi hlutafélagi sé í eigu manna búsettra á Íslandi. Þegar hæstv. þáv. iðnrh. mælti fyrir frv. á þinginu 1977–1978, Gunnar Thoroddsen, var gerð grein fyrir þessu ákvæði í ræðu og grg. og umræður um málið urðu í raun og veru mjög litlar vegna þess að ég hygg að flestir sem þá voru hér á þeim tíma hafi verið sammála þeirri breytingu sem gerð var á iðnaðarlöggjöfinni 1971–1978. Það komu engar tillögur fram um að halda inni gamla ákvæðinu sem hæstv. ráðherra er hér að gera tillögu um að gangi aftur í lögum á nýjan leik. Það komu engar tillögur fram um það og við meðferð málsins á hv. Alþingi var mjög lítið um þetta sérstaka ákvæði rætt fyrir utan að hæstv. núv. sjútvrh. tók til máls um frv. og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Einnig er vert að íhuga það aðeins betur sem kemur fram í 4. gr. um skilyrði til þess að reka iðnað. Þar kemur fram að ef félag er hlutafélag, þá skuli enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi. Ég hygg að það mundi verða tryggara að það væri gerð krafa til þess að viðkomandi menn hefðu verið búsettir hér ákveðinn tíma, því að það er svo, að menn geta að vísu sest hér að og verið nýlega komnir hingað til landsins. Ég vildi aðeins varpa því fram að það væri rétt að íhuga hvort ekki bæri að gera það að skilyrði að viðkomandi aðilar hefðu búið hér ákveðinn tíma, t.d. tvö ár eða svo, þannig að það væri ljóst að menn væru raunverulega búsettir í landinu og ætluðu sér að búa hér."

Þetta var eina athugasemdin sem fram kom um 4. gr. frv. til iðnaðarlaga á þinginu 1977–1978, athugasemd sem gengur í raun og veru í þá átt að þrengja möguleika útlendinga frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Það kemur mér á óvart ef hæstv. sjútvrh. hefur skipt um skoðun í þessu efni því að hann er skoðanafastur maður eins og Framsfl. er og alþjóð veit og kæmi mér á óvart að hann hefði skipt um skoðun í þessu efni og engin ástæða til að ætla það út að fyrir sig, en ég bendi á þetta til að undirstrika að það var ótvíræður vilji löggjafans árið 1978, fulltrúa allra flokka sem hér sátu þá, að hér væri nægilega langt gengið til móts við hugsanlega aðild útlendinga að iðnrekstri hér á landi. Eina athugasemdin sem kom fram við frv. kom fram í þessari virðulegu deild þar sem bent var á að e.t.v. væri ástæða til að þrengja þetta enn þá frekar.

Þegar frv. að nýjum iðnaðarlögum 1978 var lagt fyrir þingið var gerð skilmerkileg grein fyrir því hvernig að málinu hafði verið unnið. Og hverjir ætli það hafi verið sem undirbjuggu frv. á sínum tíma og samþykktu samhljóða þann texta sem lagður var síðar fyrir Alþingi sem frv. og sem síðar varð að lögum? Það voru: Björgvin Frederiksen framkvæmdastjóri, Páll S. Pálsson samkvæmt tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Kristinsson samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðmundur Þ. Jónsson samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, Sigurður Guðgeirsson samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Þorvarður Alfonsson sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar og ritari nefndarinnar var Gísli Einarsson fulltrúi. Hér voru sem sagt kallaðir til allir þeir sem þekktu best til íslensks iðnrekstrar á þessum tíma og þeir lögðu til að heimildarákvæðið sem opnar fyrir undanþágu fyrir útlendinga yrði fellt niður úr lögunum frá 1971 til 1978 og sú tillaga þeirra var samþykkt samhljóða hér í þinginu og það kom engin athugasemd fram við þá tillögu nema sú sem ég gat um frá hæstv. sjútvrh. í þá veru að hérna ætti e.t.v. að ganga lengra í að þrengja möguleika útlendinga til að koma inn í íslenskan atvinnurekstur.

Ég satt að segja sé ekki og heyrði heldur ekki í ræðu hæstv. iðnrh. nein gild rök fyrir því að snúa til baka frá þeirri stefnu sem mörkuð var á árinu 1978 með samhljóða samþykkt Alþingis. Mér þætti fróðlegt að vita hvort þingflokkar stjórnarflokkanna hafa gert sér það ljóst allir með tölu að hér er verið að breyta þýðingarmiklu grundvallaratriði sem full samstaða var um með þjóðinni og þinginu á sínum tíma. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að menn átti sig á því að það kann að vera klókt hjá hæstv. iðnrh. að láta þetta mál líta út sem smámál með stuttum texta og lítilli grg., en það er kannski ekki að sama skapi drengilegt eða heiðarlegt gagnvart þessari deild að gefa í skyn að hér sé um að ræða smámál vegna þess að hér er um að ræða stórkostlega þýðingarmikið grundvallaratriði varðandi það hverjir og hvernig útlendingar tengjast atvinnurekstri hér á landi.

Nú vil ég taka það fram sem mína skoðun, virðulegi forseti, að auðvitað getur komið til greina við margvíslegar aðstæður sem ástæðulaust er að telja hér upp að það sé fullkomlega eðlilegt að íslensk fyrirtæki eigi samvinnu við útlendinga um tiltekin þróunarverkefni og markaðsfærslu svo að dæmi séu tekin. En um það eiga að gilda almennar en strangar reglur og það er varasamt, að ekki sé meira sagt, að taka út úr löggjöfinni þetta eina atriði á sama tíma og vitað er að lög um þessi efni almennt eru mörg hver mjög óljós og ósamstæð. Um þetta geta hv. þm. lesið sér til í skýrslu sem lögð var fyrir síðasta þing, skýrslu viðskrh. um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, þskj. 700 frá síðasta þingi, sem fékk ekki mjög mikla umræðu ef ég man rétt á síðasta þingi, en í þessari skýrslu koma fram fjöldamörg fróðleg atriði. Ég ætla að nefna dæmi úr þessari skýrslu til að sýna hvað lagaákvæðin um þátttöku útlendinga í atvinnulífi á Íslandi eru í raun

og veru óljós, óskýr og ósamstæð.

Að því er varðar einstakar atvinnugreinar, sem háðar eru sérlögum, er það niðurstaða t.d. höfunda þessarar skýrslu að útlendingar geti með beinum hætti átt fyrirtæki í landbúnaði án þess að um það sé sérstaklega fjallað á Alþingi eða í Stjórnarráði Íslands. Það er t.d. fullyrt í þessu plaggi að lögin um loðdýrarækt krefjist þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbrn. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til rekstrar í loðdýrarækt hér á landi.

Að því er varðar aðra þætti landbúnaðar er talið að jarðalögin og lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins útiloki útlendinga frá öðrum þáttum landbúnaðar. En hvernig er það með fiskveiðar? Jú, það eru skýr ákvæði um að einungis íslenskir ríkisborgarar mega stunda fiskveiðar í landhelgi við Ísland. Þetta kemur bæði fram í lögunum um fiskveiðar í landhelgi og í lögunum um skráningu skipa þar sem eru settar strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum. En hvernig er það með fiskvinnsluna? Eru skýr ákvæði um það í lögum að útlendingar megi ekki eiga hlut hér í fiskvinnslu? Svarið er nei. Þau ákvæði eru ekki skýr að mati höfunda þessarar skýrslu. Þar segir:

„Aðild útlendinga að fiskvinnslufyrirtækjum sem fullnægja þessu skilyrði virðist því geta komið til greina samkvæmt gildandi lögum."

Mikilvægur þáttur þessara mála er í námulögunum frá 1973. Þar eru mjög ströng ákvæði sem útiloka að útlendingar geti komið þar við sögu. Að því er varðar virkjun fallvatna og jarðhita, rekstur orkuvera og orku- og vatnsdreifingu er það niðurstaða skýrslunnar, sem lögð var fyrir þingið í fyrra, að það sé ekki útilokað að erlendir aðilar komi að rekstri almenningsrafveitna eða vatnsveitna, svo undarlegt sem það kann að hljóma, og þegar kemur að verslun eru þar ákvæði sem heimila ráðherra að opna fyrir útlendinga þegar sérstaklega stendur á, en það er sama orðalag og var í iðnaðarlögunum frá 1971 þegar Íslendingar urðu aðilar að EFTA.

Það er niðurstaða skýrsluhöfundanna að í samgöngum sé hvergi nærri útilokað að erlendir aðilar geti komið inn með mjög veigamiklum hætti. Það er þeirra niðurstaða að þetta eigi við t.d. um rekstur flugvalla, þetta eigi t.d. við um fólksflutninga með langferðabifreiðum, þetta eigi við samkvæmt lögunum um leigubifreiðar og þetta eigi við um veitinga- og gististaði. Niðurstaða skýrsluhöfundanna er þessi: Ekkert virðist því til fyrirstöðu samkvæmt þessum lögum að erlendir aðilar eigi hlut í slíku félagi. Hið sama er að segja um ferðaskrifstofur og þá tek ég fram, virðulegi forseti, að í þessum efnum öllum gilda að sjálfsögðu almenn ákvæði hlutafélagalaganna ef um félög af því tagi er að ræða.

Ef við lítum á t.d. fjármálaþjónustu, sem svo er kölluð, er alveg ljóst að um hana gilda sérstök lög að því er varðar sparisjóði og viðskiptabanka, en það er t.d. niðurstaða skýrsluhöfundanna að erlend eignaraðild að verðbréfamiðlun sé heimil. Og það er einnig þeirra niðurstaða að erlend fjárfesting í vátryggingarstarfsemi hér á landi sé opin líka og jafnvel í fiskeldi sem er nefnt í sérstökum kafla í skýrslunni.

Ástæðan til að ég nefni þetta, virðulegi forseti, er sú að þessi dæmi sýna að lög um erlenda aðild að atvinnurekstri á Íslandi eru óljós, dreifð og ósamstæð. Ég nefni eitt dæmi úr skýrslunni til að sýna hvað þetta eru ósamstæð lagaákvæði. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Við skoðun á þeim lagaákvæðum er lúta að erlendri fjárfestingu er áberandi hve lítið samræmi er milli einstakra ákvæða og hættan mikil á því að til árekstra geti komið milli einstakra stjórnvalda."

Hafi t.d. samgrh. veitt forsvarsmanni fyrirtækis, sem er að mestu leyti í eigu erlendra aðila, leyfi til hótelrekstrar, þá getur dómsmrh. komið í veg fyrir starfsemi hótelsins með vísan til laga um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Ef umrætt fyrirtæki er svo aftur hlutafélag starfrækt sem útibú frá erlendu fyrirtæki og þar með að öllu leyti í eigu erlendra aðila, þá vandast málið enn frekar þar sem þá er nauðsynlegt að sækja einnig um leyfi til viðskrh. til þess að útibúið megi starfrækja. Þetta dæmi sýnir ákaflega vel hvað þessi lagaákvæði eru flókin og misvísandi eins og þau eru.

Ég vil í tilefni af þessum umræðum, herra forseti, og þessari skýrslu frá í fyrra taka fram að ég mótmæli úr þessum ræðustól túlkun skýrslunnar á atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Skýrslan ber það fyrir sig aftur og aftur að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar séu með þeim hætti að það sé ekki heimilt að leggja aðrar kvaðir á aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi en þær sem þegar eru í lögum, en samkvæmt þeim textum sem ég veit að hæstv. iðnrh. þekkir um atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, sem er að finna t.d. í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, er þetta ákvæði að öllu leyti réttlægra en t.d. almenna eignarréttarákvæðið, enda er ljóst samkvæmt stjórnarskránni að skerðingu á atvinnufrelsi geta menn orðið að þola bótalaust þó að um slíkt sé ekki að ræða að því er varðar eignarnám á tilteknum eignum manna.

Í bók Ólafs Jóhannessonar um Stjórnskipun Íslands segir þetta, með leyfi forseta, á bls. 468:

„Réttarleg þýðing 69. gr. stjórnarskrárinnar er ekki ýkjamikil. Aðalþýðing hennar er sú að handhöfum framkvæmdarvalds er óheimilt að skerða atvinnufrelsi manna, en sennilega hefði sú regla verið talin gilda þó að ekki væri við þetta stjórnarskrárákvæði að styðjast. Eftir orðanna hljóðan eru löggjafarvaldinu einnig settar nokkrar skorður þar sem atvinnufrelsið má því aðeins skerða að almenningsheill krefjist. En þar er þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að löggjafinn ætti sjálfur fullnaðarmat um það hvort því skilyrði sé fullnægt, sbr. hæstaréttardóma VIII, bls. 332. Á meðan sú regla

gildir er fremur lítið hald í ákvæði þessu gagnvart löggjafanum. Eru þess fjölmörg dæmi í núgildandi löggjöf að lögð séu meiri eða minni höft á atvinnufrelsi manna. Væri því óneitanlega æskilegt að ítarlegri ákvæði væru sett í stjórnarskrána um atvinnufrelsið.

Í 69. gr. stjórnarskrárinnar felst þó almenn stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans. Sú stefnuyfirlýsing getur skipt máli við lögskýringu. Hún leiðir til þeirrar túlkunarreglu að í vafatilvikum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsi."

Þegar skýrsluhöfundar halda því fram að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar eigi einnig við útlendinga, eigi einnig við rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi, eru menn viljandi eða óviljandi að misskilja og rangtúlka stjórnarskrána því að auðvitað er atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar aðeins til að tryggja atvinnufrelsi Íslendinga en ekki útlendra aðila á Íslandi. Og þegar menn eru farnir að bera fyrir sig stjórnarskrá lýðveldisins Íslands til að tryggja útlendingum atvinnufrelsi og umsvifarétt hér á landi eru menn býsna langt leiddir, komnir býsna langt frá þeim veruleika sem ég hélt að stjórnarskráin sjálf ætti að tryggja. En ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að mótmæla þeirri túlkun á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sem fram kemur í skýrslu um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, þskj. 700 frá síðasta þingi.

Frv. hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnar krefst einnig nokkurra frekari skýringa. Hvað er átt við með „þegar sérstaklega stendur á", eins og hér segir? Hvað er það að sérstaklega standi á? Hvaða fyrirtæki á iðnrh. við? Auðvitað getur iðnrh. ekki — eða hvað? — upphafið ákvæði hlutafélagalaganna. Telur hann sig hafa heimild til þess? En þar eru mjög skýr ákvæði varðandi hlutafélögin og útlendinga. Þar stendur að meiri hluti stofnenda skuli hafa haft heimilisfesti á Íslandi tvö ár hið minnsta. Ef svo er, þá geti erlent fyrirtæki fengið leyfi til starfsemi hér á landi án þess að opna fyrirtæki og viðskrh. gefi þá heimild.

Hæstv. iðnrh. gat þess einnig í ræðu sinni áðan að öll lagaákvæði um umsvif útlendinga hér á landi væru til endurskoðunar. Það er búið að skipa nefnd í það mál. Og það er auðvitað eins og venjulega hjá þessari ríkisstjórn. Jafnvel þó að það sé verið að fjalla um 10–20 lagabálka dettur mönnum ekki í hug að kalla til það sem heitir stjórnarandstaða á Alþingi Íslendinga til að fara yfir þessi mál. Fjmrh. ætlar að flytja hérna átta skattafrv. á næstu dögum. Stjórnarandstaðan er auðvitað ekki höfð með í ráðum í sambandi við þau efni. Iðnrh. ætlar að breyta einum 10–20 lögum um eignaraðild útlendinga að fyrirtækjum á Íslandi og rekstrarheimildir þeirra. Stjórnarandstaðan? Nei, hún er ekki til, sleppum henni.

Þetta er nokkuð athyglisvert og vafalaust sagt og gert í trausti þess að ríkisstjórnin telji stjórnarandstöðuna tiltölulega lítið samstæðan hóp á þessu þingi og má kannski að einhverju leyti til sanns vegar færa. Hins vegar er alveg ljóst að svo getur farið hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að stjórnarandstaða í dag verði stjórn á morgun og það er eðlilegt til að tryggja samfellu í þýðingarmiklum þáttum löggjafarinnar að stjórnarandstaða á hverjum tíma og hverjir sem í henni eru sé kölluð til þegar verið er að endurskoða löggjöf eins og þá sem hér er núna verið að endurskoða. Þetta frv., þessi bleðill, er fyrsta frv. sem ríkisstjórnin leggur fram um atvinnumál á þessu þingi og heilagur amen, fyrsta frv. og eina. Þetta er flaggskipið fyrir atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar á þessu þingi. Mikið afrek. (**EgJ:** Hún er bara gömul.) Nei, nei. Hún er ekki gömul og ekki langt síðan þingið var sett, það er alveg rétt, þannig að það geta komið fleiri.

Það væri fróðlegt að vita hvort væri samstaða um þetta stjfrv. í stjórnarflokkunum. Það er kannski rétt að kalla menn til vitnis um það. Það má nú gera það í nefndinni líka þar sem við eigum báðir sæti, ég og hv. þm. sem ég sný mér að. Það mætti kanna þar hvort stjórnarflokkarnir standa allir að þessu frv. — eða er þetta kannski eins og fjárlagafrv. þar sem menn standa bara að helmingnum eins og hæstv. landbrh. eða eins og húsnæðisfrv. þar sem enginn stendur að málinu nema hæstv. félmrh.? Ég veit ekki um hina kataraðherrana. Þeir hafa ekki tjáð sig um málið, verið eitthvað fáorðir aldrei þessu vant.

Hvernig ætli sé með þetta frv.? Ætli stjórnarflokkarnir standi að þessu frv.? Það kemur í ljós og væri fróðlegt að vita. Það væri þá fyrsta frv. sem stjórnin næði saman um á þessu þingi og má segja að mjór sé mikils vísir. Hæstv. iðnrh. er greinilega til alls vís í flókinni stöðu á stjórnarheimilinu.

En það er ekki nóg með það, virðulegi forseti, að það sé verið að endurskoða þessi mál hér á Íslandi heldur hefur verið tekin saman ítarleg skýrsla um þessi mál á Norðurlöndum öllum, Industrisamarbete och direkta investeringar, skýrsla sem hefur verið send þm. og ráðherranefnd Norðurlandaráðs, ég held snemma á þessu ári, 1987. Fjármálaráðherrarnir norrænu hafa samþykkt skýrsluna fyrir sitt leyti og iðnaðarráðherrarnir sömuleiðis, að mér sýnist, á fundi sem þeir héldu í Kaupmannahöfn 20. mars sl. Þar er sem sagt verið að fara yfir þessi mál í heild og ég held að það væri ekki verra, þegar verið er að skoða þessi mál hér á landi, að við tækjum mið af hinum Norðurlandaþjóðunum í þessum efnum en þar gilda í rauninni alls staðar strangar takmörkunarreglur nema helst í Danmörku sem er aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Niðurstaða mín, virðulegi forseti, í málinu er því þessi:

1. Ég teldi réttast að endursenda ríkisstjórninni frv. og ákveða á Alþingi að skipa þingmannanefnd sem hafi með að gera tillögur um hvernig farið skuli með erlenda fjárfestingu og aðild útlendinga að fyrirtækjum hér á landi yfir höfuð. Það á að endursenda ríkisstjórninni frv.

2. Eðlilegt er að við athugun málsins á komandi vikum og mánuðum verði tekið mið af þeirri athug-

un sem í gangi hefur verið á Norðurlöndum varðandi iðnaðarsamstarf og beina fjárfestingu.

3. Ég vil, herra forseti, sérstaklega mótmæla túlkun skýrslunnar á atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég tel að þau beri að túlka þröngt gagnvart útlendingum og tel að það sé fráleitt að ætla sér að heimfæra atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar upp á útlendinga og starfsemi þeirra hér á landi.

4. Ég tel engin rök hafa komið fram sem mæla fyrir nauðsyn þess að taka þetta mál út úr, enda voru lögin sett á sínum tíma 1978 að yfirveguðu ráði og að bestu manna yfirsýn með samhljóða atkvæðum á hv. Alþingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi yfir efasemdum og áhyggjum vegna efnis þessa máls. Ég vil reyndar byrja á því að spyrja hæstv. ráðherra hvað reki hann til að flytja þetta mál sérstaklega nú þar sem það er í raun hluti af miklu stærra máli sem þarf að taka upp með heildarsýn í huga. Að vísu vék hv. 7. þm. Reykv. að þessu áðan, en mér þætti vænt um að það kæmi beint úr munni ráðherrans sjálfs sem hér flytur þetta mál.

Meginástæðan fyrir því að Kvennalistinn hefur áhyggjur af efni málsins er sú að við viljum gjalda varhug við of miklum afskiptum erlendra aðila af íslenskum atvinnurekstri. Það hefur reyndar verið viðhorf okkar alveg frá því að við komum inn á Alþingi. Við teljum að nauðsyn sé fyrir Íslendinga að standa vörð um eigin yfirráð yfir íslenskum atvinnuvegum og íslenskum auðlindum. Við erum fámenn þjóð á hjara veraldar, en við eigum aðgang að og yfirráðarétt yfir mjög verðmætum auðlindum sem aðrar þjóðir hafa haft og kynnu að hafa augastað á og nægir í því sambandi að nefna augljóst dæmi um fiskveiðilögsögu okkar.

Það er auðvelt fyrir erlendar þjóðir eða fjölþjóðafyrirtæki að ná mjög sterkum áhrifum og völdum í íslenskum atvinnurekstri og efnahagslífi í gegnum eignaraðild að íslenskum fyrirtækjum, jafnvel þó að það sé ekki meirihlutaaðild, og við höfum reyndar reynslu fyrir því. Kvennalistinn hefur ævinlega verið vel á verði þegar um er að ræða minnsta möguleika á afsali þessa mikilvæga yfirráðaréttar því að við teljum að tilvist okkar sem sjálfstæðrar þjóðar sé í hættu ef fjárfesting og eignaraðild erlendra aðila verður of víðtæk. Þetta hefur m.a. mótað afstöðu okkar til mála eins og stóriðju og nú nýlega eignaraðild erlendra banka að íslenskum bönkum. Það þýðir þó ekki jafnframt að við stöndum öndverðar gegn samvinnu og samstarfi við erlenda aðila, hvorki í nýsköpun í iðnaði né á neinum öðrum sviðum, og við verðum að hafa náin samskipti við umheiminn, en við verðum hins vegar að gæta okkar. Þjóðin er fámenn og ung og við lendum því mjög oft í hlutverki þiggjandans fremur en í hlutverki frumkvæðisaðilans. Við verðum að gæta þess vel að varðveita rétt okkar og frumkvæði á alþjóðavettvangi.

Erlendir aðilar geta meira að segja öðlast vissan íhlutunarrétt yfir íslenskum auðlindum og atvinnuvegum með óbeinni stýringu. Gefum t.d. gaum að því hve vel það hentar nú Efnahagsbandalagslöndunum að Íslendingar skuli moka ferskum fiski til Evrópulanda. Gefum líka gaum að því hver áhrif þetta hefur á meginatvinnuveg okkar til langframa ef við leyfum þessari óbeinu stýringu að ráða þróun mála hérlendis.

Nei, það er fyllsta ástæða, hæstv. ráðherra, til að vera vel á verði þannig að við getum sjálf ráðið þróun mála í eigin landi. Kannski telur ráðherrann sig vera að opna örlitla glufu fyrir örfáa aðila sem þykir það brýnt nú, en straumurinn verður þungur að utan og glufan kynni að verða að gjá fyrr en varir.

Ég lýsi sérstökum áhyggjum yfir því valdi sem hæstv. iðnrh. ætlar að taka sér í þessu afdrifaríka máli með því að rýmka heimild sína til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaganna um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi. Þarna tekur hann sér vald til að taka mikilvægar ákvarðanir sem hann þarf ekki að bera undir Alþingi. Það segir auðvitað ekkert í þessu máli hve oft hann hyggst gera þetta og hvenær. Þetta finnst mér vera atriði sem Alþingi á að taka ákvörðun um en ekki ráðherra einn. Ég lýsi enn fremur áhyggjum yfir því að hann skuli vilja rýmka réttinn enn frekar með því að krefjast ekki nauðsynjar á íslensku ríkisfangi til að tryggja þessa eignaraðild. Ég tel þetta hættulegt og að okkur beri að gjalda varhug við því.

Málið fer væntanlega til umfjöllunar í hv. iðnn. þessarar deildar sem ég hygg að við eigum ekki aðild að, Kvennalistinn, og vildi ég þess vegna biðja um áheyrnaraðild að nefndinni þegar málið fer þangað í umfjöllun því að ég tel mjög mikilvægt að fylgjast vel með þessu máli þegar fjallað verður um það í nefnd.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég byrja á að þakka þær umræður og þann áhuga sem hefur komið fram hjá hv. deildarmönnum þótt auðvitað séu skoðanir skiptar um efni þessa máls og er það afar skiljanlegt. Það er ekki ætlun mín að hefja almennar umræður um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi eða fjárfestingar íslenskra aðila í nágranna- og viðskiptalöndunum. Það er miklu stærra mál en svo að ástæða sé til þess vegna þess frv. sem hér liggur fyrir, en það sem hv. 7. þm. Reykv. nefndi aðallega í sínu máli er skýrsla sem var lögð fram á síðasta þingi. Það er verið að vinna úr þeirri skýrslu, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, og þegar frv. birtist um þau efni, sem eru fjölmörg og flókin, gefst nægur tími til að ræða almennt um stefnuna í þessum efnum.

Ég hef reynt að grafast fyrir um hvers vegna það ákvæði sem nú er verið að reyna að lögfesta aftur datt út úr lögum á sínum tíma. Í raun hafa engar

haldbærar skýringar komið fram. Mér er næst að halda að um mistök hafi verið að ræða, ekki síst í ljósi þess að vitað er að þetta ákvæði í lögunum, sem hafði verið í lögunum allt frá þriðja áratugnum, var talið vera ein af forsendum þess að við gætun gengið í EFTA á sínum tíma.

Vegna orða hv. þm. um hvort þetta sé stjfrv. stutt af ríkisstjórninni skal tekið fram að engin mótmæli hafa komið fram svo að ég viti nema síður sé um að þetta frv. nái fram að ganga og frv. er auðvitað stjfrv.

Það hafa komið fram fsp. hér, m.a. frá hv. 6. þm. Reykv. og reyndar frá hv. 7. þm. þess kjördæmis *enn fremur, um hvenær þessu ákvæði yrði beitt.* Ég vil aðeins segja það, sem stendur í athugasemdunum með frv., að hér er fyrst og fremst átt við það þegar um nýsköpun er að ræða, þ.e. þegar iðnfyrirtæki, fyrirtæki sem þurfa iðnrekstrarleyfi, eru að framleiða nýjar vörur, yfirleitt með nýrri tækni, t.d. líftækni, og þurfa á samstarfi við erlenda aðila að halda, aðila sem ráða yfir markaðsþekkingu og jafnvel tækniþekkingu þannig að samstarfsfyrirtækið geti verið íslenskt fyrirtæki en þurfi ekki að vera danskt fyrirtæki, sænskt, amerískt eða breskt. Ég held að það sé mikils virði fyrir okkur Íslendinga, ef við ætlum að fylgjast með, að átta okkur á því að lagareglur mega ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki geti stofnast um sölu og markaðsfærslu á ákveðnum vörutegundum sem eru framleiddar hér á landi verði útlend fyrirtæki vegna þröngsýni í íslenskum lögum.

Það er alveg rétt til getið hjá hv. 6. þm. Reykv. að eitt af þessum fyrirtækjum er Lýsi hf. sem hugsanlega gæti átt samstarf við erlent fyrirtæki sem ég kýs að nefna ekki í þessari ræðu minni, enda hef ég ekki heimild til þess því að það mál er enn þá á undirbúningsstigi. Það mál hefur hins vegar verið kynnt nokkrum ráðherrum og ég get sagt að ráðherrarnir eru sammála því að það beri að reyna að koma málum þannig fyrir að fyrirtækið gæti orðið íslenskt fyrirtæki en ekki fyrirtæki sem verður vistað í öðru landi.

Það getur vel verið að hv. 6. þm. Reykv. hafi miklar áhyggjur af því að núv. iðnrh. fari ekki vel með vald sitt ef hann fær þessa heimild til að veita undanþágu. Ég held að ég geti huggað hv. þm. með því að þetta vald verður ekki misnotað. Þetta ákvæði var í lögum í meira en 50 ár svo að það er ekkert nýtt lagaákvæði sem verið er að tala hér um. Ég kannast ekki við að það hafi orðið vandræði vegna þessa lagaákvæðis þegar það var í lögum.

Það sem rekur á eftir mönnum að lögfesta þetta atriði, sem auðvitað er rétt og kom fram hjá hv. þm. að er hluti af miklu stærra máli, er að það liggur á í vissum tilvikum að geta staðfest að fyrirtæki sem okkur þykir æskilegt að geti starfað hér á landi fái til þess heimild.

Sú umræða sem hér fer fram er í raun og veru umræðan um að hve miklu leyti við eigum að fá erlenda aðila til að taka þátt í áhættustarfsemi hér á landi eða hvort við eigum áfram að afla lánsfjár yfirleitt með ríkis- eða bankaábyrgðum til að setja á stofn framleiðslufyrirtæki hér á landi. Í mínum huga eigum við að reyna á sem flestum sviðum að eiga fyrirtækin ein, en stundum kann að vera okkar hagur að um samstarfsverkefni sé að ræða. Þá tek ég fram að mér finnst koma fyllilega til greina að Íslendingar eigi jafnframt í fyrirtækjum sem starfa annars staðar, ekki síst ef um er að ræða fyrirtæki sem kunna skil á tækniþekkingu og markaðsþekkingu.

Hv. 7. þm. Reykv. gat nokkuð um Norðurlandasamstarf á þessu sviði og sagði frá skýrslu sem gefin hefur verið út og heitir Industrisamarbete och direkta investeringar. Það er rétt að sú skýrsla kom út snemma á þessu ári. Fjármálaráðherrar og iðnaðarráðherrar Norðurlandaþjóðanna hafa tekið afstöðu til skýrslunnar og undirstrika það, sem er meginniðurstaða skýrslunnar, að Norðurlandaþjóðirnar og ráðherrarnir munu beita sér fyrir því að einfalda löggjöfina og greiða fyrir því að fjárfestingar geti gengið yfir landamærin. Þetta kemur ekkert á óvart. Það er einmitt þetta sem er að gerast í öllum löndum í kringum okkur innan EFTA. Þetta var rætt á fundum OECD. Þetta er talinn vera meginstyrkur Evrópubandalagsins sem er að verða einn mikilvægasti markaður okkar. Auðvitað getum við ekki setið eftir í þessum efnum ef við ætlum að halda uppi lífsskilyrðum sem eru sambærileg við þau sem gerast og ganga í okkar nágranna- og viðskiptalöndum. Ég vil aðeins minna á það að í ýmsum löndum í þriðja heiminum gerðist það á ákveðnu tímabili að heimamenn lögðu mest upp úr því að reka útlendinga og fjölþjóðafyrirtæki af höndum sér og óskuðu eftir því í nafni þjóðernishyggju að ráða fyrir þessum fyrirtækjum sem yfirleitt voru fyrirtæki á sviði frumframleiðslunnar. Fjölþjóðafyrirtækin drógu sig þess vegna út úr þessari starfsemi en byggðu afkomu sína fyrst og fremst á tækniþekkingunni og markaðsfærslunni sem þeir síðan seldu þessum fyrirtækjum. Þetta varð til þess að miklu minna af þeim ágóða, sem þó gat verið fyrir hendi, lenti í höndum þessara ríkja og flest þessara ríkja eða a.m.k. mörg hver hafa nú séð að sér í þessum efnum og efna til samstarfs sem auðvitað hlýtur að byggjast á gagnkvæmum hag, annars vegar heimaríkisins og hins vegar þeirra fyrirtækja sem öðrum fremur hafa sérhæft sig í markaðsfærslu eða hafa yfir að ráða góðri tækniþekkingu. Aðeins með slíku samstarfi getum við vænst þess, hér á landi eins og alls staðar annars staðar, að við verðum þátttakendur í því að bæta lífskjörin, og ég býst við því að hv. stjórnarandstæðingar, þeir þm. sem hér töluðu, geti tekið undir þau orð að full ástæða sé til að halda áfram að bæta lífskjör hér á landi.

Í þessari skýrslu, sem hv. 7. þm. Reykv. gat um, er sem sagt mjög skýrt kveðið á um hver stefnan sé hjá ráðherrunum — hvort sem það eru menn sem eru sósíaldemókratar og verða innan tíðar nokkurs konar flokksbræður hv. 7. þm. Reykv. þegar hann er búinn að lemja í gegnum landsþingið hjá sér

breytingum á stefnunni. En það vita allir að hann hefur nú tekið sinnaskiptum. Einn morguninn vaknaði hann upp við það að hann var orðinn krati, þannig að hann getur þá, ef það huggar hann eitthvað í þessu efni, áttað sig á því að sósíaldemókratarnir í Noregi og Svíþjóð, þ.e. hinir sósíaldemókratarnir, eru sammála þessu, sammála íhaldsmönnunum. Og kannski fer það svo eftir nokkurra nátta svefn að hv. 7. þm. Reykv., Svavar Gestsson, fer alla leið. Og auðvitað er alltaf gaman að því þegar mönnum fer fram. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Kallarðu það framfarir?) Ég kalla það framfarir þegar hv. þm. tekur sinnaskiptum. Ég læt hinni spurningunni ósvarað.

Það sem hins vegar gerðist á fundi í Osló fyrir rúmri viku síðan var að þetta sjónarmið var enn endurnýjað og á það var lögð mikil áhersla að áfram yrði unnið að því á grundvelli löggjafar hvers lands fyrir sig að gera hana einfaldari og greiða fyrir því að fjármagn geti farið þannig á milli landa. Þetta mál mun örugglega verða tekið upp á Norðurlandaráðsfundinum í Osló sem haldinn verður í mars nk. og ég skora á hv. þm. að fylgjast vel með þeim umræðum sem þá fara þar fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu öllu lengri. Ég tel að öll aðalatriði málsins hafi komið fram. Þetta er aðeins lítill hluti þess máls sem hér hefur verið rætt um og ég bið hv. þm. að greiða götu þessa máls. Almennar umræður um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi geta menn geymt sér því að frumvörp þar að lútandi hljóta að koma inn á þingið eftir nokkra mánuði og þá geta menn skemmt sér við langar ræður.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þær skýringar sem hann gaf í framhaldi af ræðum okkar hv. 6. þm. Reykv. og mín hér áðan, en vil engu að síður leyfa mér að fara nokkrum orðum um svör hans.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að hæstv. ráðherra umgangist þetta mál með nokkurri léttúð. Þó að hann geti vafalaust gefið yfirlýsingar fyrir sína hönd þá er það nú þannig að ekki eru verulegar líkur á því að hann verði iðnrh. um alla framtíð. Á því gætu orðið uppstyttur. Og jafnvel þó að hann hyggist fara vel með þetta vald, sem hér er verið að nefna, þá er ekki þar með sagt að það verði ævinlega svo. Hættan er auðvitað sú að þó að menn séu aðeins að tala um örfá fyrirtæki í dag, þá er í raun verið að opna fyrir stórfljót sem varla verði við ráðið, jafnvel þó að varkár iðnrh. ætti í hlut.

Fyrir allmörgum árum kom hér til umræðu frv. til l. um staðfestingu á samningum Íslands og Swiss Aluminium. Þar var lögð á það áhersla, bæði af Framsfl. og Alþb., að sá samningur yrði ekki að lögum nema að undangengnu þjóðaratkvæði vegna þess að hér væri svo stórt mál á ferðinni, stórt grundvallarmál, sem gæti opnað fyrir erlenda eignaraðild að fyrirtækjum hér í stórum stíl á þeim árum sem þá fóru í hönd. Því var svarað af talsmönnum Sjálfstfl. og Alþfl. á þeim tíma að hér væri um að ræða eitt einstakt mál sem hefði ekkert með að gera atvinnurekstur útlendinga á Íslandi að öðru leyti.

Auðvitað fór það engu að síður svo að í kjölfar þessara laga hafa verið samþykkt margvísleg lög á undanförnum árum sem hafa opnað útlendingum leið að íslenskum atvinnurekstri og fjármálalífi. Nýjasta dæmið í þeim efnum eru lögin um Útvegsbankann, sem voru samþykkt hér á síðasta þingi, og í lögunum um viðskiptabanka er sá möguleiki fyrir hendi að útlendingar geti verið þar minnihlutaaðilar að uppfylltum vissum skilyrðum.

Ég tel að þetta frv., sem hæstv. iðnrh. mælir fyrir, sé á sömu braut. Það er verið að opna fyrir það í stórauknum mæli, ef svo verkast vill, að útlendingar eigi hér aðild að fyrirtækjum og ég tel það misráðið og skammsýni að vera að opna lögin í svo veigamiklum mæli, jafnvel þó að fyrirtæki eins og Lýsi hf. eigi í hlut. Ég tel að á slíkum málum eigi að taka með sérstökum hætti þegar þau berast stjórnvöldum, en ekki eigi að brjóta niður löggjöfina með þeim hætti sem hér er verið að gera ráð fyrir.

Í öðru lagi er alveg ljóst að ef álhringur vildi setja niður fyrirtæki hér á landi og sættir sig við það verð á raforku og skattafyrirkomulag sem hér er að öðru leyti, óskaði með öðrum orðum ekki eftir sérlögum um sína starfsemi af neinu tagi, þá gæti iðnrh. skv. þessu frv. opnað fyrir slíka starfsemi jafnvel stóriðjuaðila hér á landi. Það er alveg ljóst. Iðnrh., sem væri tillitslaus við þingið og teldi brýnt að ná þessu máli fram, gæti á grundvelli þessara litlu lagabreytinga í rauninni sagt sem svo: „Setjið niður stóriðjuver hér á landi“, vegna þess að lögin um iðnað frá 1978 segja:

„Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru.“ Þetta er alveg ótvírætt.

Ég tel þess vegna að hér sé um að ræða miklu stærra mál en hæstv. iðnrh. vill vera láta. Hér er tillaga um valdaframsal Alþingis. Valdaframsal Alþingis til framkvæmdarvaldsins. Og það er ekki nýtt í tíð þessarar ríkisstjórnar sem heldur áfram á sömu braut og sú fyrri í þessum efnum. Fyrri stjórn ákvað að menn mættu ekki veiða fisk öðruvísi en að spyrja um leyfi með sérstökum hætti. Fyrri stjórn setti skriffinnskureglur í landbúnaði sem eiga engan sinn líka í samanlagðri skriffinnskusögu Íslendinga og er þá langt til jafnað. Núna er lagt til að iðnrh. eigin hendi geti, án þess að spyrja þingið, ákveðið hvaða erlend fyrirtæki koma hér við sögu í iðnaðarrekstri á Íslandi. Ég tel að hér sé uppi tillaga um valdaframsal Alþingis til framkvæmdarvaldsins þó að þetta frv. láti lítið yfir sér. Og ég skora á hv. þm. stjórnarliðsins sem hér eru að íhuga mjög vel þau grundvallaratriði okkar atvinnu- og efnahagsmálaskipunar sem þetta frv. snertir. Það getur vel verið að ástandið sé orðið þannig í stjórnarflokkunum að menn hendi frá

sér svona frumvörpum rétt eins og að drekka úr vatnsglasi, án þess að velta því fyrir sér hvaða rök liggi þar á bak við, án þess að athuga um leið að þetta snertir allt atvinnulífið í landinu eins og það leggur sig. Það getur vel verið að hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni og Halldóri Blöndal þyki það allt í besta lagi að iðnrh. fái að vaða inn með frv. af þessu tagi, frv. sem lítur sakleysislega út, án þess t.d. að velta því fyrir sér hvaða áhrif svona frv. í framkvæmd, ef að lögum verður, gæti haft fyrir atvinnulíf, segjum á Suðurnesjum eða í Norðurlandskjördæmi eystra. Ég held að það væri fróðlegt fyrir þessa menn að reyna að setja frv. eins og þetta í eitthvert almennt samhengi við atvinnuþróun og atvinnulíf í landinu. En ég mótmæli, herra forseti, þessari tillögu um valdaframsal sem hér er á ferðinni.

Í þriðja lagi, herra forseti, var það einkar athyglisvert sem hæstv. iðnrh. sagði, að lagasetningin 1978 hafi verið mistök. Hverjir ætli hafi nú staðið aðallega að þessari lagasetningu 1978? Það er náttúrlega hæstv. þáv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen. Það er nefnd manna úr iðnaði, atvinnurekstri og fulltrúar verkafólks einnig, Björgvin Frederiksen, Páll S. Pálsson, fulltrúi Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Kristinsson samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Axel Gíslason samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðmundur Þ. Jónsson samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, Sigurður Guðgeirsson samkvæmt tilnefningu ASÍ. Voru þessir menn — og Alþingi með samhljóða atkvæðum — að samþykkja mistök vorið 1978? Ég tel að það sé mjög eðlilegt að núv. forusta Sjálfstfl. fari yfir ýmsa þætti er varða sögu þess flokks. En að slá því föstu að allur þessi hópur, allur hópurinn hafi samhljóða atkvæðum haft rangt fyrir sér og gert tóma vitleysu vorið 1978, það er of stór biti í senn — jafnvel fyrir varaformann Sjálfstfl.

Herra forseti. Ég kann vel að meta hæstv. iðnrh. En ég segi það alveg eins og er að ég tek undir það sem fram kemur í svipnum á hv. þm. Halldór Blöndal sem var þetta: Það getur verið að hann hafi meiri yfirsýn, eða hitt þó heldur. (**Gripið fram í:** Þetta voru nú viðbrögð þm.) Þetta var að vísu túlkun á því sem mér sýndist á hv. þm. sem hafði gaman af því að velta þessu fyrir sér og bera saman annars vegar hæstv. iðnrh. og hins vegar þessa snillinga úr forustu atvinnulífs Sjálfstfl. á undanförnum árum og áratugum. Ég hygg að segja megi að ástæða sé til að draga það í efa að hæstv. iðnrh. geti á einu bretti sagt að þeir hafi verið að gera tóma vitleysu. Og ég hygg að hæstv. iðnrh. sjái það sjálfur þegar hann hugsar málið.

Í fjórða lagi kom það fram í ræðu hæstv. iðnrh. að hann teldi að þetta ákvæði væri einkar saklaust vegna þess að sams konar ákvæði hefði verið í lögum 1921–1971. Þá hefði það nú ekki valdið neinum óskunda. Út af fyrir sig er það allt rétt. En síðan hefur margt breyst. Síðan hefur það verið að gerast að fjármagnstilflutningar á milli landa eru miklu opnari núna en þeir voru á þessum árum þannig að það er fullkomin fjarstæða að bera saman þessa hálfu öld, 1921–1971, við þann tíma sem við búum á í dag. Um þetta vitna óyggjandi tölur sem ég ætla að nefna, með leyfi hæstv. forseta.

Talið er að erlend fjárfesting í heiminum hafi einmitt árið 1971 verið 160 milljarðar bandaríkjadala, en sambærileg tala fyrir árið 1984 hafi verið 600 milljarðar bandaríkjadala. Hér er m.ö.o. um að ræða fjórföldun á þessu 15 ára tímabili. Þessi vöxtur í erlendri fjárfestingu á þessum 15 árum er miklu hraðari en vöxtur þjóðarframleiðslu á áttunda áratugnum í aðildarríkjum OECD. Miklu hraðari vöxtur í þessari erlendu fjárfestingu. Uppspretta þessa erlenda fjármagns er nær öll í aðildarríkjum OECD. Stærsti hlutinn kemur frá Bandaríkjunum eða um 40% af þessum 600 milljörðum bandaríkjadala. Frá Bretlandi koma tæp 12% og talið er að samanlagt nemi hlutdeild sex annarra ríkja um 40% af beinni erlendri fjárfestingu. Þessi ríki eru Vestur-Þýskaland, Japan, Sviss, Holland, Kanada og Frakkland.

Einnig hefur verið kannað til hvaða ríkja þetta fé rennur og þá kemur í ljós að ¾ hlutar þess fara til iðnríkja Vesturlanda og að langstærstum hluta til Bandaríkjanna. Aðeins fjórðungur fjárins fer til svokallaðra þróunarríkja og á síðustu árum hefur hlutfallið raskast mjög þróunarríkjunum í óhag og erlendri fjárfestingu hefur í auknum mæli verið beint til aðildarríkja EBE eða Evrópubandalagsins og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Hverjir eru eigendur þessa fjármagns? Að langstærstum hluta svokölluð fjölþjóðafyrirtæki og er fjárfesting þeirra að ¼ hluta í vinnslu ýmiss konar jarðefna, annar fjórðungur fjárfestingar þessara fyrirtækja fer til bankatrygginga og annarrar þjónustustarfsemi, en helmingurinn fer í framleiðsluiðnað. Það er sem sagt alveg ljóst að það er vaxandi hreyfing á hinu alþjóðlega fjármagni í þessum efnum og þess vegna ástæða til þess fyrir okkur að athuga mjög vel okkar gang áður en tekin er um það ákvörðun að hleypa þessu frv. í gegn sem veitir iðnrh., hver svo sem hann er, jafnmikil völd og í frv. felast.

Hæstv. iðnrh. tók þannig til orða að þetta væri að gerast í öllum löndum og ef við ætluðum að halda í við aðrar þjóðir í lífskjörum, þá yrðum við að gera eins og aðrar þjóðir. Þetta er auðvitað alveg óskapleg röksemd að hlusta á þegar þess er gætt að við erum hér annars vegar í fyrirsvari fyrir þjóð sem telur 250 þúsund manns og hins vegar erum við að tala um viðskiptasambönd, fríverslun og jafnvel frjálsa fjármagnsflutninga gagnvart löndum sem eru með mörgum sinnum fleiri íbúa, 50 millj., 100 millj., og ríkjabandalög sem hafa miklu sterkari stöðu en við. Það er engu líkara stundum, þegar þessir frjálshyggjumenn eru að tala, eins og hæstv. iðnrh. sem vill báknið burt eins og kunnugt er, en að þeir haldi að þeir búi í milljónatuga þjóðfélögum. Og af því að þetta hafi gefist vel í Hong Kong eða Vestur-Þýskalandi eða Bandaríkjunum eigi að gera nákvæmlega eins hér í þessu landi. Auðvitað er engin

ástæða til þess fyrir okkur að vera með neina minnimáttarkennd gagnvart þjóðum sem telja milljónatugi en við skulum samt ekki haga okkur eins og við séum í fyrirsvari fyrir efnahagskerfi þar sem milljónatugir hafa um árabil á þróuðum, svokölluðum frjálsum markaði, tekist á um dreifingu vöru, þjónustu og framleiðslu lífsgæða. Það er algjör fjarstæða að ætla sér að setja þarna jafnaðarmerki á milli.

Ég vara þess vegna mjög eindregið, herra forseti, við þessu frv. Ég verð ekki í þinginu næstu daga þannig að ég mun ekki fjalla um þetta sérstaklega sjálfur fyrir hönd míns flokks en ég vænti þess að frv. verði hér um nokkurt skeið, því verði tryggð vönduð meðferð. Ég er sannfærður um að þingdeildarmenn vilja allir leggja sig fram um það. A.m.k. vil ég segja við hæstv. iðnrh. af minni hálfu: Mér dytti ekki í hug að flýta mér að afgreiða frv. jafnvel þótt ég fengi beiðni um það frá Lýsi hf.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Að gefnu tilefni tek ég það fram að hæstv. iðnrh. má ekki taka þetta persónulega til sín. Tortryggni mín beinist ekki að honum persónulega. Hér er fyrst og fremst um að ræða valdaframsal Alþingis til ráðherraembættis og þó að þessi hæstv. ráðherra kynni að vilja íslenskri þjóð allt hið besta og vera bæði víðsýnn og framsýnn er ekki þar með sagt að þeir sem í fótspor hans kynnu að feta þegar upp styttir, eins og hv. 7. þm. Reykv. hafði á orði, verði sama sinnis. Það er vegna slíks valdaframsals sem grundvallarreglu fyrst og fremst sem ég hreyfði málinu.

Hins vegar þætti mér gaman að spyrja ráðherrann: Hvers vegna í raun var þetta ákvæði fellt úr lögum? Hverjar voru ástæðurnar fyrir því að ákvæðið, sem nú er verið að taka upp, var fellt úr lögum?

Í öðru lagi væri fróðlegt að vita hvaða afstöðu hæstv. sjútvrh. hefur til þessa grundvallarmáls, þ.e. rýmkun heimilda fyrir erlenda aðila til þess að öðlast ítök í íslensku atvinnulífi og jafnvel yfirráð yfir íslenskum auðlindum og þá er ég ekki að tala um ákveðna fyrirgreiðslu við vænleg fyrirtæki því að vitanlega verðum við að styðja við bakið á nýsköpun í okkar atvinnulífi, gera götu þeirra sem greiðasta. Þegar hins vegar slík fyrirgreiðsla fer saman við opnun sem gæti orðið hættuleg atvinnulífinu í heild sinni verðum við fyrst og fremst að sýna varfærni. Ég vildi gjarnan fá að heyra afstöðu hæstv. sjútvrh. í þessum efnum, sérstaklega þar sem ég minntist bæði á fiskveiðilögsögu og ferskfiskútflutning.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef ekki fylgst nægilega vel með þessari umræðu en sem svar við þessari spurningu styð ég frv. sem hefur verið lagt fram og tel það nauðsynlegt og skynsamlegt skref miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það eru miklar tækniframfarir í heiminum. Það liggur alveg fyrir að við getum oft ekki notið þessarar tækni nema í samstarfi við erlend fyrirtæki og það hlýtur að vera okkur kappsmál að slík fyrirtæki séu starfrækt hér á landi en ekki annars staðar.

Þetta mál kemur fiskveiðum og starfsemi í sjávarútvegi í sjálfu sér ekkert við og ég vitna til þess sem ég hef áður sagt í þeim efnum. Það á sér nú stað endurskoðun á öllum ákvæðum sem varða þátttöku erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og ég tel nauðsynlegt að sú endurskoðun eigi sér stað. Ég vitna aðeins til þess sem ég býst við að allir séu sammála um hér á Alþingi að það má ekki standa þannig að málum að erlendir aðilar nái yfirráðum yfir okkar auðlindum. Ég tel að það skref sem hér er stigið sé mjög varkárt og með því sé verið að tryggja að atvinnustarfsemi geti farið fram hér á landi sem mundi ella ekki verða, að með þessu sé tryggt í mörgum tilvikum að ýmis starfsemi eigi sér stað eins og skýrt kom fram hjá hæstv. iðnrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Heilbrigðisfræðsluráð, 1. umr.

Frv. GA og DS, 61. mál. — Þskj. 63.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heilbrigðisfræðsluráð sem reyndar er mál sem er endurflutt frá árinu 1985 með smávægilegum breytingum. Frv. er nú flutt af tveimur þm. Kvennalistans í Ed., Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur. Ég ætla að lesa greinar frv. og athugasemdir við þær, með leyfi forseta:

„1. gr.: Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist heilbrigðisfræðsluráð."

Samræmda og skipulega fræðslu um heilbrigðismál vantar hérlendis. Heilbrigðisfræðsla hefur ekki verið aðalviðfangsefni eða á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra. Skortur á fjármagni til aðalstarfsemi þessara aðila hefur allt of oft leitt til þess að fræðsluhlutverkið hefur orðið út undan. Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á sl. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur orðið fyrst og fremst í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við og leggja ríkari áherslu á heilbrigð-

isfræðslu en áður. Slík áherslubreyting krefst þess að heilbrigðisfræðsla sé ótvírætt á ábyrgð einhvers eins aðila eða stofnunar sem hefur ekkert annað hlutverk. Þannig er tryggara að þessu brýna viðfangsefni verði sinnt sem skyldi.

Ágæt starfsemi hefur nýlega verið skipulögð hérlendis af hálfu heilbrigðisyfirvalda vegna samvinnuáætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum fram til aldamóta og var í raun lögð fram samvinnuáætlun um íslensk heilbrigðismál, íslensk heilbrigðisáætlun, í lok síðasta þings. Hún fékkst hins vegar ekki rædd né heldur samþykkt og mun væntanlega verða lögð aftur fyrir þetta þing.

Verkefni fyrir heilbrigðisfræðslu eru nær óþrjótandi og akurinn lítt plægður í þessum efnum. Það er því rúm fyrir margar hendur á plógi og nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla eigi sér vel skilgreinda lagalega stoð sem tryggir henni þann sess og þá fjármögnun sem henni ber.

„2. gr.: Heilbrigðisfræðsluráð skal annast heilbrigðisfræðslu sem miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys. Það skal samræma og skipuleggja heilbrigðisfræðslu fyrir almenning í landinu í samvinnu við stjórnendur heilbrigðis-, skóla- og félagsmála og önnur stjórnvöld. Það skal enn fremur koma á samvinnu milli allra þeirra sem annast heilbrigðisfræðslu.

Heilbrigðisfræðsluráð skal vera miðstöð þekkingaröflunar, miðlunar og sérkunnáttu á öllum sviðum heilbrigðisfræðslu þannig að ráðgjöf sé þar alltaf tiltæk fyrir heilbrigðis- og skólayfirvöld, áhugamannafélög og alla þá sem fást við heilbrigðisfræðslu."

Varðandi athugasemdir við 2. gr. hafa rannsóknir sl. ára leitt í ljós að margir þeir sjúkdómar sem mönnum eru skæðastir eiga rót sína að rekja til lifnaðarhátta og umhverfis og eru orsakir þeirra fjölþættar. Með því að breyta lifnaðarháttum og umhverfisþáttum er hægt að koma í veg fyrir marga sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla varðar því flesta þætti mannlegs lífs og hana þarf að skipuleggja í náinni samvinnu við marga aðila. Eðlilegt þykir að stjórnendur heilbrigðis-, mennta- og félagsmála — og nú brosir hv. 3. þm. Vesturl. því að hér eru konur einar saman komnar ýmist að tala eða hlusta, fyrir utan herra forseta. — En ég var komin þar í máli mínu sem ég minntist á það að eðlilegt þætti að stjórnendur heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eigi sérstaklega náið samstarf við skipulagningu slíkrar fræðslu þar sem þeir málaflokkar tengjast svo beint viðfangsefnum heilbrigðisfræðslu.

En fræðslan ein nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Honum verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld séu vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau taka ákvarðanir og móta stefnu sína. Jafnframt er mikilvægt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Margir ólíkir aðilar hafa haft með höndum heilbrigðisfræðslu á sl. árum og er vaxandi áhugi meðal almennings á heilbrigðu líferni og þörf fyrir slíka fræðslu. Það er því mikilvægt að tiltæk séu nauðsynleg kennslugögn og ráðgjöf í þessum efnum, bæði fyrir opinbera aðila, áhugamannafélög og aðra þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

„3. gr.: Heilbrigðisfræðsluráð skal ráðleggja um forgang viðfangsefna í heilbrigðisfræðslu á grundvelli bestu upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni.

Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að rannsóknum og könnunum um heilbrigðismál til að tryggja að nýjar upplýsingar og tölfræðilegar niðurstöður séu ávallt fyrir hendi.

Heilbrigðisfræðsluráð skal afla upplýsinga um framfarir á læknis-, farsóttar-, félags- og sálfræðilegu sviði og hagnýta þær í þágu starfsemi sinnar. Enn fremur skal ráðið reyna að meta árangur starfsemi sinnar með hliðsjón af framförum á þessum sviðum."

Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla á hverjum tíma sé byggð á sem réttustum og bestum upplýsingum. Það er því nauðsynlegt fyrir heilbrigðisfræðsluráð að fylgjast vel með framförum á mörgum ólíkum sviðum sem varða viðfangsefni heilbrigðisfræðslunnar. Enn fremur skal ráðið takast á hendur og styðja rannsóknir og kannanir hérlendis sem gefa upplýsingar og haldbærar niðurstöður um ástand mála á þeim sviðum sem heilbrigðisfræðsla nær til. Ráðið skal gefa út niðurstöður slíkra rannsókna eða kannana þegar það á við.

Nauðsynlegt er enn fremur að heilbrigðisfræðsluráð reyni að meta hvern árangur starf þess ber með því að fylgjast með sjúkdómatíðni, breytingum á lífsháttum, t.d. reykingum, og fleiru því sem hafa má til viðmiðunar.

„4. gr.: Heilbrigðisfræðsluráð skal standa að kynningu á einstökum málefnum, er varða heilbrigðisfræðslu, í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld eða aðra aðila eftir því sem við á. Það skal sjá um að safna upplýsingum, gera dreifirit, auglýsingaefni og efni til flutnings í hljóðvarpi eða sjónvarpi í kynningarskyni, svo og til annarrar starfsemi ráðsins. Ráðið skal enn fremur láta slík gögn af hendi við aðra þá er heilbrigðisfræðslu annast."

Um 4. gr. má segja að útbúa þarf fjölbreytt og gott námsefni og annað efni til dreifingar og auglýsinga um heilbrigðismál. Notkun myndbanda fer vaxandi til afþreyingar og kennslu og miklu varðar að sækja megi gott fræðsluefni um heilbrigðismál í eins konar gagnabanka sem hefur jafnframt það hlutverk að útbúa slíkt námsefni og safna því saman frá öðrum eða halda yfirlit yfir það sem á boðstólum er.

Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð gegni þessu hlutverki og sé í nánu samstarfi við skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, menntastofnanir, áhugamannafélög og aðra þá er heilbrigðisfræðslu sinna.

„5. gr.: Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að þjálfun og endurmenntun starfsfólks til að sinna heilbrigðisfræðslu og leiðbeina um hana. Jafnframt skal það gefa út rit sem á erindi til þeirra er starfa við heilbrigðisfræðslu."

Um 5. gr. vil ég segja að í lögum um Hollustuvernd ríkisins segir í 7. mgr. 13. gr., með leyfi forseta:

„Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum (mál er varða hollustuhætti) starfa í landinu."

Í 8. mgr. sömu gr. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila."

Þrátt fyrir þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að hvetja til og leiðbeina um þjálfun fyrir þá sem stunda heilbrigðisfræðslu, starfsfólk heilsugæslustöðva, kennara, áhugamenn og aðra en heilbrigðisfulltrúa. Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð hafi forgöngu um slíkt.

Ágætt tímarit, Heilbrigðismál, er gefið út af Krabbameinsfélagi Íslands og sinnir því hlutverki að miðla fróðleik um heilbrigðismál og hollustuhætti til almennings. Til greina kemur að heilbrigðisfræðsluráð yrði aðili að útgáfu þessa tímarits eða tæki við útgáfu þess og ætti það að styrkja starfsemina.

„6. gr.: Ráðið skal kalla saman samstarfshópa til að vinna að ákveðnum málefnum og leita ráðgjafar sérfræðinga um einstök mál. Laun starfshópa og ráðgjafa skulu ákveðin í samræmi við reglur þóknananefndar hverju sinni."

Um 6. gr. má segja að gert sé ráð fyrir því að fagleg vinna til undirbúnings heilbrigðisfræðslu um sérstök málefni sé unnin af sérfróðum aðilum í hvert sinn. Sömuleiðis verði leitað ráðgjafar sérfræðinga þegar með þarf. Þessum aðilum skulu greidd laun fyrir vinnu sína í samræmi við reglur þóknananefndar.

„7. gr.: Í heilbrigðisfræðsluráði eiga sæti 21 fulltrúi sem heilbrigðisráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: Áfengisvarnaráð, Félag heilsugæsluhjúkrunarfræðinga, Félag heilsugæslulækna, Félag íslenskra sjúkraþjálfara, félagsmálaráðuneytið, Fóstrufélag Íslands, Geðverndarfélag Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Hjartavernd, Bandalag kennarafélaga, Krabbameinsfélag Íslands, landlæknir, Læknafélag Íslands, manneldisráð, menntamálaráðuneytið, Ríkisútvarpið, Samtök aldraðra, Sálfræðideild skóla, Slysavarnafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Umferðarráð.

Ráðið skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári. Störf í heilbrigðisfræðsluráði eru ólaunuð en fulltrúar skulu sækja fundi sér að kostnaðarlausu.

Fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd. Heilbrigðisfræðsluráð skal ráða framkvæmdastjóra og starfsfólk eftir þörfum. Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu, þar með talin laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks.

Framkvæmdanefnd sér um að framkvæma áætlanir heilbrigðisfræðsluráðs í samvinnu við framkvæmdastjóra og annað starfsfólk ráðsins."

Um 7. gr. má segja að hlutverk heilbrigðisfræðsluráðs sé fyrst og fremst að móta stefnu og ákveða forgangsröðun í málefnum heilbrigðisfræðslu og sjá til þess að heilbrigðisfræðslu sé sinnt. Heilbrigðisfræðsluráði er því fyrst og fremst ætlað að koma með hugmyndir og ákveða hvaða viðfangsefni í heilbrigðisfræðslu séu brýnust í hvert sinn. Ekki er reiknað með því að heilbrigðisfræðsluráð þurfi að funda oft á ári og eru störf fulltrúa í ráðinu ólaunuð en skulu vera þeim að kostnaðarlausu þannig að ferðir á fundi og annar kostnaður sé greiddur ef þurfa þykir.

Þó að störf heilbrigðisfræðsluráðs varði málaflokka sem snerta svið flestra ráðuneyta þykir eðlilegt að það heyri undir heilbrigðisráðherra sem skipar það til fjögurra ára í senn.

Vandasamt er að velja heppilegan fjölda fulltrúa í slíkt ráð en jafnframt mikilvægt að tryggja að mörg ólík sjónarmið eigi aðgang að stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum efnum. Til þess að tryggja slíka valddreifingu finnst okkur nauðsynlegt að hafa þennan hóp fjölskipaðan. Reyndar má segja að þegar þetta frv. kom til kasta Nd. á sínum tíma var það sent út til umsagnar til allmargra af þeim aðilum sem nefndir voru til setu í ráðinu og við fengum margar jákvæðar umsagnir um málið en sumir komu þó með þá athugasemd að það kynni að vera vafasamt að hafa svo marga aðila í ráðinu, það yrði þungt í vöfum, það yrði erfitt að kalla það saman og ekki hægt að tryggja því þá virkni sem þyrfti.

Við veltum því talsvert mikið fyrir okkur þegar við sömdum þetta frv. hvort við ættum að hafa ráðið fámennt eða hvort við ættum að hafa það fjölskipað og vegna valddreifingarsjónarmiða og til þess að tryggja að sem flestar ólíkar skoðanir kæmust að þótti okkur réttast að halda þessari skipun, en gera jafnframt ráð fyrir því að framkvæmdanefnd ráðsins yrði hinn virki aðili sem stæði að því að koma hugmyndunum á framfæri, en nýtti frekar ráðsmenn eða fulltrúa í ráðinu sem hugmyndauppsprettu eða gagnabanka og um leið þá sem ákvarðanatökuaðila til þess að ákveða forgangsröðina hverju sinni.

Því verður meginstarfið áfram við framkvæmd heilbrigðisfræðslunnar í höndum þriggja manna framkvæmdanefndar sem fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi og framkvæmdastjóra er ráðið velur einnig. Þeim er ætlað að fylgja eftir hugmyndum ráðsins. Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu og fær framkvæmdanefnd greidd laun fyrir fundi og önnur störf sem unnin eru í þágu ráðsins. Ríkið greiðir einnig laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks ráðsins. Ljóst er að þörf fyrir heilbrigðisfræðslu er brýn og mikið starf óunnið á þeim

vettvangi.

Ætla má að nokkurn tíma taki að byggja upp starfsemi heilbrigðisfræðsluráðs og er því óvíst hver umsvif þess verða í fyrstu. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem fylgja mundi stofnun heilbrigðisfræðsluráðs má taka mið af Rannsóknaráði ríkisins til samanburðar.

Rannsóknaráði ríkisins voru ætlaðar tæpar níu milljónir króna á fjárlögum 1986. Þar störfuðu á skrifstofu sjö manns með framkvæmdastjóra. Auk launakostnaðar þeirra var innifalið í rekstrarkostnaði Rannsóknaráðs laun fyrir starfshópa, útgáfa skýrslna, upplýsingaþjónusta, fundahöld, erlend samskipti og margt fleira.

Búast má því við að kostnaður við stofnun heilbrigðisfræðsluráðs verði a.m.k. helmingi minni en sú upphæð sem ætluð er til reksturs Rannsóknaráðs, reiknað á verðlagi ársins 1986.

„8. gr.: Heilbrigðisfræðsluráð sendir heilbrigðisráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins."

Um 8. gr. má segja að greinin þarfnast í raun ekki skýringar.

„9. gr.: Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum ráðsins."

Það þykir rétt að ráðið sjálft geri tillögur um hvernig það hyggist starfa og sendi síðan ráðherra þær til umfjöllunar og leiðbeiningar.

„10. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og ég áður sagði var þetta frv. flutt á árinu 1985 og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum. Helstu efnisbreytingar í raun eru þær að í stað tveggja kennarafélaga, þ.e. Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags, hefur nú komið eitt, þ.e. Bandalag kennarafélaga. Í öðru lagi breyttum við fulltrúa frá læknadeild Háskóla Íslands *í fulltrúa frá Læknafélagi Íslands á þeim forsendum* að þar væru margir aðilar með sérmenntun sem henta þætti undirbúningi undir heilbrigðisfræðslu betur en jafnvel sú kennsla sem fram fer í læknadeildinni. Aðrar breytingar hygg ég að hafi ekki verið gerðar — og reyndar jú, þriðja breytingin á fulltrúum í ráðinu var sú að Hollustuvernd ríkisins var tekin inn í ráðið. En fulltrúarnir eru eftir sem áður 21.

Það verður flestum ljóst fyrr eða síðar á ævinni að heilbrigði er verðmæt auðlind sem ber að varðveita.

En hvað er heilbrigði?

Í stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1946 var heilbrigði skilgreint þannig í þýðingu Vilmundar Jónssonar, fyrrv. landlæknis: „Heilbrigði er fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferli, en ekki einungis firrð sjúkdóma og vanheilinda. Fagnaður fyllstu auðinnar heilbrigði telst til frumréttinda allra manna án tillits til kynflokka, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, fjárhags eða þjóðfélagsstöðu. Heilbrigði allra þjóða er frumskilyrði þess, að höndlað verði hnoss friðar og öryggis, og er komið undir fyllstu samvinnu einstaklinga og ríkja."

Þessi skilgreining, svo háleit sem hún er, telur heilbrigði til grundvallarmannréttinda, en þau hafa löngum verið viðfangsefni löggjafans. Íslensk löggjöf endurspeglar reyndar þessa hugmynd um mannréttindi og jöfnuð því að í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá 1983 segir, með leyfi forseta: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Mönnum er orðið æ ljósara hið margslungna orsakasamband sem veldur ýmsum algengum sjúkdómum, einkum samband heilbrigðis og félagslegra þátta.

Margir minnast þess t.d. enn hve ríkan þátt bættur aðbúnaður og bætt lífskjör áttu í útrýmingu berkla hér á landi. Sú skilgreining heilbrigðis sem hér er gefin og dæmið um berklana eru brot af þeirri vitneskju og reynslu sem renna stoðum undir þau nýju viðhorf í heilbrigðismálum sem nú ryðja sér til rúms, a.m.k. meðal þróaðra þjóða sem svo eru nefndar. Þessi viðhorf leggja áherslu á heilsugæslu og heilsuvernd. Kjörorð þeirra er: Betra er heilt en vel gróið. Sú vitneskja er að verða almennari að *orsakir margra þeirra sjúkdóma sem okkur eru* einna skæðastir megi í raun rekja til lifnaðarhátta umhverfis og næringar svo að eitthvað sé nefnt.

Meðal fátækra þjóða ríkja smit- og hörgulsjúkdómar en meðal ríkra þjóða er heilbrigðisvandinn oft afleiðing velmegunar eins og umhverfismengunar, kyrrsetu, ofnotkunar tóbaks, áfengis og annarra vímuefna ásamt slæmum matarvenjum.

Þessir þættir ásamt öðrum leiða svo til ýmissa þeirra sjúkdóma sem heilbrigðisþjónustan þarf að kljást við.

Samfélagsbreytingar á sl. áratugum hafa bæði orðið til þess að lengja meðalævi okkar Íslendinga, *sem nú er hin lengsta í heimi og jafnframt* bætt heilbrigði okkar, en sjúkdómsmyndin hefur sannarlega breyst. Í byrjun aldarinnar dóu um 80 af hverjum 100 manns úr smitsjúkdómum hérlendis, en nú eru helstu dánarorsakir hjarta- og æðasjúkdómar 47%, krabbamein 22%, slys 10%, lungnasjúkdómar 10% og aðrir sjúkdómar 11%.

Ævin hefur sem sé lengst og heilbrigði aukist að verulegu leyti vegna bættra lífskjara og forvarna eins og t.d. ónæmisaðgerða.

Á sama tíma verjum við eins og velflestar hinna efnaðri þjóða heimsins miklu fjármagni til að viðhalda og fullkomna stöðugt flóknara kerfi tæknivæddrar heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer hefur það oft leitt til þess að hægt er að greina og jafnvel lækna æ fleiri sjúkdóma.

Tæknivæðing hefur þó einnig verið gagnrýnd og stundum talin leiða af sér aukna notkun tækni án þess að nægilegrar gagnrýni hafi gætt eða að gætt hafi verið að því hvort tækninotkunin sé í samræmi við þau markmið sem heilsugæslan setur sér. Stofnunum heilbrigðisþjónustunnar hefur fjölgað og þær stækkað, starfslið aukist og kostnaður margfaldast. Heilbrigðisþjónusta er hjá velflestum velferðarþjóðfélögum orðin stjórnvöldum vaxandi áhyggjuefni

vegna aukins kostnaðar.

Ef miðað er við hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur þessi kostnaður hækkað hérlendis úr 3% árið 1950 í rúm 8% árið 1982. Þó að þetta hlutfall hafi verið um 10% sl. 3–4 ár er þó ekki um að ræða raunhækkun frá árinu 1982 heldur fyrst og fremst hækkun sem verður vegna minni þjóðarframleiðslu. Hlutfall kostnaðar vegna rekstrar sjúkrahúsa hefur farið hækkandi frá 37% 1953 í 52% á árinu 1980. Einungis lítið brot af heildarfjármagni til heilbrigðisþjónustunnar rennur til forvarna. Flestir mundu þó samþykkja að í forvörnum liggur vænlegasti fjárfestingarkostur framtíðarinnar.

Menntun flestra heilbrigðisstétta miðar fyrst og fremst að því að greina og bregðast við sjúkdómum, beinist með öðrum orðum mun meira að björgunarstarfi eða viðgerðarþjónustu en heilbrigðisfræðslu eða heilsuvernd. Þó hafa á sl. árum vaknað efasemdir um hvort þessi forgangsröð sé rétt og viðleitni ýmissa aðila innan sem utan heilbrigðisþjónustunnar hefur beinst að því að leggja meiri áherslu á heilbrigðisfræðslu og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir í því skyni að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu. Má í því sambandi geta þess að Íslendingar eru aðilar að Alma Ata yfirlýsingunni sem fjallar um frumheilsugæslu og má finna á fskj. I með frv. Sú yfirlýsing er í samræmi við meginstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1977 um *heilbrigði öllum til handa árið 2000*, á ensku: „Health for All by the Year 2000". Í framhaldi af því hafa Íslendingar gerst aðilar að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum og var sá samningur undirritaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 10. febr. 1984.

Með langvinnum sjúkdómum er átt við t.d. hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, slys, geðræna sjúkdóma, þar með talin áfengis- og fíkniefnaneysla, auk ýmissa annarra sjúkdóma.

Snar þáttur þessarar samvinnuáætlunar er almenn fræðsla og upplýsingar, svo og aukin menntun fólks í heilbrigðisstéttum og kennara og aukin fræðsla í skólum.

Langtímastefnumörkun í heilbrigðismálum hefur sárlega skort hérlendis.

Því er ástæða til að fagna aðild Íslendinga að þessari samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um varnir gegn langvinnum sjúkdómum sem fylgir meginstefnu þeirrar stofnunar um „Heilbrigði fyrir alla árið 2000".

Eins og ég gat um áðan var í lok síðasta þings lögð fram á Alþingi skýrsla um íslenska heilbrigðisáætlun og lýsir hún fyrirætlunum heilbrigðisyfirvalda í þessu samvinnuverkefni og markar jafnframt stefnu í heilbrigðismálum hérlendis til langs tíma. Áætlun þessi var þó hvorki rædd á þinginu né samþykkt, eins og ég sagði áðan. Hún var hins vegar rædd á aðalfundi Læknafélags Íslands sem haldinn var í síðasta mánuði og mun væntanlega verða rædd á þessu þingi sem nú stendur yfir og fæst þar vonandi fjallað um hana ítarlega, því stefnumörkun í heilbrigðismálum er afar mikilvægt og brýnt verkefni fyrir okkur.

Í skýrslunni er lögð meginhersla á forvarnir í formi heilsugæslu, heilbrigðra lífshátta og heilbrigðiseftirlits. Hins vegar er eitt að hafa stefnu og annað að framfylgja henni. Fé til forvarna hefur sárlega vantað hingað til. Það er afar brýnt að tryggja nægilegt fjármagn til ýmissa forvarnaraðgerða svo að meiri áhersla verði í raun lögð á að varðveita heilbrigði. Einungis þannig er hægt að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu sem lækning og meðferð sjúkdóma óhjákvæmilega er.

Nú þegar blasa við ýmis verkefni á sviði forvarna þar sem raunhæft er að ætla að markvissar aðgerðir mundu skila verulegum árangri. Þann árangur má mæla bæði í mannslífum, auknu heilbrigði, bættri líðan og miklum fjárhagslegum sparnaði.

Herra forseti. Ég á enn talsvert eftir af máli mínu og ég sé að *tími fundarins er kominn að lokum*. Þess vegna mundi ég gjarnan vilja gera hlé á máli mínu hér og hefja aftur máls um þetta frv. á næsta fundi.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

8. fundur, mánudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Aðför, frh. 1. umr.

Frv. JM, 34. mál (aðfararstaður). — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Útflutningsleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Frv. þetta um útflutningsleyfi er flutt á grundvelli samkomulags stjórnarflokkanna um að flytja útflutningsverslunina frá viðskrn. til utanrrn. Það hefur þegar verið gert með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, en krefst þess hins vegar að lögum um Útflutningsráð verði breytt, sem hæstv. viðskrh. hefur þegar mælt fyrir hér í deildinni, og flutt sérstakt frv. til l. um útflutningsleyfi þar sem heimild til að binda ákveðinn útflutning leyfi er flutt frá viðskrn. til utanrrn.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég held að það skýri sig nokkuð vel að sú þróun hefur verið undanfarin ár að utanrrn. hefur í vaxandi mæli haft afskipti af útflutningsversluninni og utanríkisversluninni almennt. M.a. var og er utanrrn. þátttakandi í Útflutningsráði sem sett var á fót fyrir einu ári og viðskiptafulltrúar hafa starfað nú um skeið hjá nokkrum sendiráðum, þ.e. í Kaupmannahöfn, í tengslum við sendiráðið í Þýskalandi en sá viðskiptafulltrúi situr að vísu í Frankfurt, viðskiptafulltrúi hefur verið í London nokkurn tíma, þó hann sé það ekki nú, og loks í New York.

Vafalaust er að nýta ber utanríkisþjónustuna í ríkara mæli en gert hefur verið í þágu útflutnings. Þannig hefur þetta þróast hjá mjög mörgum okkar nágrannalöndum. T.d. hafa Kanadamenn nú ákveðið að leggja niður viðskrn. og gera starfsemi þess að ráðuneyti í tengslum við utanríkisþjónustu þess lands. Mörg fleiri dæmi um slíkar breytingar gæti ég nefnt.

Með þessu móti verður utanríkisþjónustan, þar með talin sendiráðin, í beinum samskiptum við útflytjendur hér á landi og þessi mikilvægi þáttur verður þar með einn af mikilvægari þáttum í starfsemi utanrrn. og viðkomandi sendiráða.

Ég tek það fram að ætlunin er að þetta verði allt unnið með Útflutningsráði. Utanríkisþjónustan verður fyrst og fremst þjónustuaðili sem vinnur í mjög nánu samráði við Útflutningsráð. Það verður t.d. Útflutningsráð sem velur viðskiptafulltrúa sem sitja við sendiráðin.

Útflutningsleyfin eru þáttur sem fylgt hefur útflutningsversluninni. Þau eru að vísu ekki orðin almenn heldur tengjast þau í raun fyrst og fremst viðskiptum við Bandaríkin þar sem útflutningur á sjávarafurðum hefur verið háður leyfum. Ég vil geta þess nú að ég tel eðlilegt að halda útflutningi þangað í meginatriðum eins og verið hefur. Hins vegar er það staðreynd að fjölmargir minni aðilar hafa verið að hasla sér völl og margir með ýmsar sérgreinar og sérstaka framleiðslu og þurfa að fá beinni aðgang einnig að þeim markaði. Það mun verða athugað í þessu sambandi. Ég tel það mikilvægt að svo geti orðið, en það verður þó að gerast með heildarhagsmuni okkar í huga.

Herra forseti. Ég geri að tillögu minni að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni lítið og fremur sakleysislegt frv., enda var greinilegt að hæstv. utanrrh. virtist ekki gera ráð fyrir því að miklar umræður þyrftu að verða um þetta mál og taldi sig í sjálfu sér ekki þurfa að rökstyðja þessa kerfisbreytingu mjög mörgum orðum. Annað mál nátengt fór hér um deildina án verulegra umræðna að ég best veit fyrir nokkrum dögum.

Ég fór að kynna mér ofurlítið bakgrunn þessa máls og kanna hug ýmissa hagsmunaaðila úti í *þjóðfélaginu til þessara breytinga og ég verð* að segja, virðulegur forseti, að mér komu nokkuð á óvart þau viðbrögð sem ég varð víða var við. Þess vegna tel ég að það sé alveg nauðsynlegt að við bindum okkur ekki í þessari umræðu eingöngu við spurninguna um útflutningsleyfi sem slík. Það er tiltölulega einfalt praktískt atriði sem sjálfsagt þarf ekki að ræða mikið um. En sú kerfisbreyting sem þetta tengist, að flytja öll utanríkisviðskipti frá viðskrn. til utanrrn., þarf auðvitað að ræðast á hinu háa Alþingi. Þar er á ferðinni stórt og mikið mál og má merkilegt heita ef það fara mörg frumvörp hér í gegnum virðulega deild án þess að menn sjái ástæðu til að ræða það. Ég fagna því að hér situr einnig hæstv. viðskrh. og fylgist væntanlega með umræðunni og tekur e.t.v. þátt í henni síðar.

Ég verð að segja að helstu rökin sem færð eru fyrir þessari breytingu finnast mér í raun fremur léttvæg, þ.e. þau rök að með þessu fáist betri nýting utanríkisþjónustunnar, sendiráðin og utanríkisþjónustan nýtist betur til hagsbóta fyrir okkar utanríkisviðskipti með þessari breytingu. Þá er rökrétt að spyrja fyrst: Hefur utanríkisþjónustan verið vannýtt? Eru þar ekki næg verkefni? Ber að skilja þetta svo sem út um lönd og álfur sitji fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar í sendiráðum, viðskiptafulltrúar og aðrir slíkir, sem hafi ekki haft nóg að gera? Það kemur mér alveg spánskt fyrir sjónir. Þær heimsóknir sem ég hef átt í okkar sendiráð erlendis hafa bent til þess að önnur væri reyndin. Þar hefðu menn meira en nóg að gera.

Í öðru lagi er eðlilegt að spyrja: Hefur ekki verið gott samstarf milli viðskrn. og utanríkisþjónustunnar, milli útflytjenda og utanríkisþjónustunnar? Hefur þar eitthvað vantað upp á? Hafa menn ástæður af þeim sökum til að breyta hér um? Upplýsingar mínar benda til hins gagnstæða. Bæði í viðskrn. og hjá samtökum stærstu útflytjenda hafa menn ekkert upp á samstarfið við utanríkisþjónustuna að klaga, telja það vera gott. Það er mjög almennt eins og menn vita að beint samband sé á milli ýmissa útflytjenda og sendiherra okkar og konsúla og annarra slíkra trúnaðarmanna Íslands á erlendri grund, milliliðalaust samband á milli þeirra sem starfa í útflutningnum og fulltrúa Íslands í utanríkisþjónustunni. Þetta finnst mér því ekki rökstyðja

sérstaklega að mikil ástæða sé til þessarar kerfisbreytingar.

Ég hefði gjarnan viljað heyra einhver veigameiri rök fyrir því að gera þessa breytingu vegna þess, herra forseti, að það er önnur hlið á þessu máli og hún snýr að því að þessu geta fylgt vankantar. Því getur fylgt óhagræði að mínu mati að færa umsjá utanríkisviðskipta með þessum hætti inn í utanrrn. og binda þetta tvennt saman einfaldlega vegna þess að það fara ekki alltaf saman viðskiptahagsmunir okkar og utanríkisstefna og tök utanrrn. á ýmsum málum á hverjum tíma. Um það eru mýmörg dæmi og ég hygg að ég þurfi reyndar ekki að nefna þau vegna þess að þau eru til bæði nýleg og eldri.

Ég kemst þó ekki hjá því vegna þeirra afreka sem samningamenn Íslendinga hafa nýverið unnið í Austurlöndum hinum nyrðri eða austur í álfum. (Gripið fram í.) Dugar þessi landafræðiskýring fyrir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei. Samningamenn Íslands um síldarsölu unnu enn eitt afrekið að mínu mati í Sovétríkjunum á dögunum og þeir samningar eru dæmi um stóra pakkasamninga, þýðingarmikla viðskiptasamninga sem oft hefur þurft að vinna hörðum höndum að að ná fram. Þeir samningar eru gerðir á grundvelli annars og stærri rammasamnings um viðskipti íslensku þjóðarinnar við Sovétríkin. Við munum hvaða pólitísk átök urðu fyrir ekki mörgum árum vegna þeirra samninga. Og nú vil ég spyrja menn: Ef þau öfl sem mest hömuðust gegn viðskiptasamningum við Sovétríkin sumarið 1982 hefðu núna ráðið ríkjum í utanrrn. hefðu menn þá talið hagstætt að þetta sama utanrrn. væri yfir utanríkisviðskiptunum? Ég hef stórar efasemdir um að það hefði hjálpað mikið til við síldarsöluna á dögunum. Og ég gæti nefnt mörg önnur dæmi sem sneru á ýmsa vegu að því að sýna að viðskiptahagsmunir eru ekki alltaf samfara pólitískum áherslum og einstökum málum í utanrrn.

Við þekkjum annað nýlegra dæmi frá mismunandi afstöðu erlendra ráðuneyta gagnvart okkur Íslendingum og þar á ég við mismunandi afstöðu bandarískra ráðuneyta til hvalveiða og viðskipta okkar Íslendinga og samskipta á breiðum grundvelli. Ég tel því að það sé hægt að færa fyrir því veigamikil rök að því geti fylgt óhagræði að færa þetta tvennt saman. Þar af leiðandi þurfi rökin fyrir kerfisbreytingunni að vera mjög sterk og veigamikil ef þau eiga að duga.

Síðan vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hverjir eru helstu talsmenn, hverjir eru helstu áhugamenn um þessar breytingar aðrir en hæstv. utanrrh. og þeir aðilar sem sömdu um myndun ríkisstjórnar á sl. vori? Við vitum að þessi kerfisbreyting kom þar með einhverjum hætti allt í einu upp á borðið. Sumir segja í tengslum við stólaskipti, og að þurft hafi að færa til pund og pund svona hér og þar þannig að *menn væru nógu þungir hver á sínum stóli.* Um það er ekki mitt að dæma en ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaðan hefur komið þrýstingur á hæstv. ríkisstjórn um að gera þessa kerfisbreytingu? Er það t.d. frá útflutningsaðilum? En ég hygg að hagsmunir þeirra ættu í raun og veru að ráða mestu hér um.

Ég hef kannað það hvort þetta litla frv. og þessi kerfisbreyting hafi verið borin undir helstu samtök útflytjenda í landinu. Þeir aðilar mektugir, sem ég náði sambandi við, könnuðust ekki við það. Þeir könnuðust ekki við það. Ég hef ekki gert á þessu, virðulegi forseti, neina tæmandi könnun, en ég kannaði það hjá nokkrum stærstu samtökum útflytjenda, þar með talið Útflutningsráði, og þar hafði þetta mál ekki komið til umfjöllunar eða umsagnar. Ég tek það fram að á þeim bæ virtist gæta frekar jákvæðs hugarfars út í þessa breytingu, en aðrir töldu sig ekki reiðubúna til að tjá sig neitt um þetta mál, einfaldlega vegna þess að svo merkilegt sem það nú er þegar verið er að afgreiða frv. hér inni í Alþingi til að koma á þessari kerfisbreytingu strax um næstu áramót, þá virtust helstu samtök útflytjenda í landinu ekki kannast við að til þeirra hefði verið leitað um þetta mál.

Hér er dálítið alvöruefni á ferðinni, virðulegur forseti, vegna þess að það liggur fyrir tiltölulega nýleg afstaða stærstu samtaka útflytjenda í landinu til svona kerfisbreytingar. Það var nefnilega þannig að fyrir nokkrum árum síðan starfaði svonefnd stjórnsýslunefnd og hún kannaði viðhorf útflutningssamtaka, *sérstaklega sjávarútvegsins, til* þeirrar hugmyndar að utanríkisviðskipti yrðu lögð undir utanrrn. Ég hef undir höndum undirritaða samþykkt nokkurra stærstu samtaka á sviði útflutnings sjávarafurða þar sem þeirra afstaða til þessara hugmynda kemur fram, skýrt og skorinort á árinu 1983. Og með leyfi herra forseta, vil ég lesa bréf sem þessir aðilar sendu frá sér í tilefni af könnun stjórnsýslunefndar og er dagsett 26. okt. 1983.

„I tilefni könnunar stjórnsýslunefndar á viðhorfum útflutningssamtaka sjávarútvegsins til þeirrar hugmyndar að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanrrn., vilja undirrituð útflutningssamtök taka fram:

Við teljum að viðskrn. hafi á undanförnum áratugum *unnið mjög mikilvægt starf á sviði íslenskra* útflutningsmála svo sem við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga og samninga um tollamál. Í flestum viðskiptalöndum sem við eigum mest viðskipti við eru sjálfstæð viðskiptaráðuneyti sem koma fram sem slík í viðskiptasamningum við Íslendinga. Þar sem landið er háðara milliríkjaviðskiptum en nokkurt annað land sem okkur er kunnugt um teljum við það hagsmunamál útflutningssamtakanna að hér sé sjálfstætt ráðuneyti sem mætt geti til samninga við erlend viðskiptaráðuneyti á jafnræðisgrundvelli. Við leggjum því eindregið til" — ég endurtek — „við leggjum því eindregið til að íslenska viðskrn. haldi sjálfstæði sínu og sé þannig óháð öðrum ráðuneytum í starfi sínu á sviði útflutningsmála."

Undir bréfið er ritað f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Samlags skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefndar (Gunnar Flóvenz), Sölumiðstöðvar hraðfrystihús-

anna, Sambands ísl. fiskframleiðenda og Sölustofnunar lagmetis.

Þetta bréf var sent til stjórnsýslunefndar, forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu, Reykjavík. Og þar hafði starfsaðstöðu sína á þeim tíma núv. hæstv. utanrrh. þannig að ég geri ráð fyrir því að þetta álit allra sameinaðra stærstu samtakanna á sviði útflutnings sjávarafurða hafi ekki á þessum tíma farið fram hjá hæstv. þáv. forsrh. Enda var hljótt um þessa breytingu þaðan í frá og ekkert var við því máli hreyft að því mér er kunnugt frá því þetta álit útflutningsaðilanna kom fram seint á árinu 1983.

Ég hlýt því að spyrja og ítreka spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Hefur ekki verið könnuð afstaða samtaka útflytjenda til þessa máls síðan á árinu 1983? Og ef svo er er þá nokkur ástæða til að ætla að þar hafi orðið breyting á? Hvaðan kemur þrýstingur á hæstv. ríkisstjórn um að flytja þetta mál, ef hann er einhver, annars staðar en úr þeirra eigin herbúðum? Ég vil jafnframt spyrja hæstv. utanrrh. og einnig hæstv. viðskrh. ef hann skyldi taka þátt í umræðunni: Telja þeir ekki, m.a. með hliðsjón af áliti stærstu samtaka útflytjenda í landi, að vænlegra væri að stofna þá sjálfstætt utanríkisviðskiptaráðuneyti ef menn fara að hreyfa við þessum málum á annað borð? Það er umdeilanlegt hvort viðskiptamál sem slík eigi að kljúfa upp í fleiri en eitt ráðuneyti. Eftir sem áður verður starfandi viðskrn. sem fer með innanríkisviðskipti og ýmis önnur mál á sviði viðskipta, sem tengjast útflutningsviðskiptunum, þannig að upp kemur sú staða að taka þarf upp samstarf milli tveggja ráðuneyta um ýmsa þætti viðskiptamálanna þar sem eitt sjálfstætt ráðuneyti hefur áður sinnt hlutunum.

Ég tel líka, herra forseti, að þetta sé í raun andstætt anda laganna um Stjórnarráð Íslands þar sem það er skýrt tekið fram, sbr. grg. og framsögu með frv. til l. um Stjórnarráð Íslands á sínum tíma, að það skuli vera grundvallarregla í skiptingu verka á milli ráðuneyta að þau mál sem eiga saman heyri til einu og sama ráðuneytinu. Ég vil því jafnframt spyrja hæstv. utanrrh.: Telur hann að úr gildi sé fallinn sá rökstuðningur og sú afstaða sem uppi var á sínum tíma þegar lög um Stjórnarráð Íslands voru samþykkt?

Síðan, herra forseti, vitnaði hæstv. utanrrh. til þess að þessi breyting gengi til sömu áttar og málin væru að þróast í ýmsum nágrannalöndum. Já, það er nú það. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvar annars staðar en í Kanada er hliðstæð breyting á döfinni? Og hvar annars staðar en í Kanada og Danmörku er þetta fyrirkomulag viðhaft? Ég hef nefnilega kynnt mér það að t.d. í öllum EFTA-löndunum, þeim löndum sem Ísland er í eðli sínu viðskiptalega skyldast vegna stöðu okkar gagnvart Efnahagsbandalagi, vegna aðildar okkar að þessu Fríverslunarbandalagi og samstarfs við þau ríki, þá er ekki það fyrirkomulag á sem hér virðist eiga að fara að taka upp á Íslandi, heldur hið gagnstæða. Annaðhvort sjálfstæð viðskiptaráðuneyti eða sjálfstæð utanríkisviðskiptaráðuneyti.

Þess vegna hef ég, eftir að hafa kynnt mér málið, herra forseti, ýmsar efasemdir um það að þessi kerfisbreyting sé jafnsjálfsögð og menn virðast telja. Og mér sýnist ýmsum spurningum ósvarað. Ég get því haft mína síðustu spurningu til hæstv. utanrrh. þessa: Telur hann skynsamlegt að Ísland geri kerfisbreytingu á þessum málum þannig að hér verði allt annað fyrirkomulag varðandi meðferð utanríkisviðskipta en er hjá öllum öðrum EFTA-löndum, samstarfslöndum okkar í Fríverslunarbandalaginu? Ég hef mínar stóru efasemdir um það.

Herra forseti. Ég þarf þá ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef lagt fram ýmsar spurningar. Mér þætti einnig vænt um að heyra álit hæstv. viðskrh. á þessum kerfisbreytingum, rök hans með og á móti þessum breytingum, og ég vænti þess að hæstv. utanrrh. svari með greinargóðum hætti þeim spurningum sem ég hef fyrir hann lagt og ég geymi mér þá til síðari tíma í umræðunni að taka meira þátt í henni.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Sjálfsagt er að svara eins og ég get ýmsum spurningum frá hv. 4. þm. Norðurl. e.

Í fyrsta lagi þá sagði hv. þm. að öll utanríkisviðskipti hefðu verið flutt. Það er nú reyndar ekki svo. Útflutningsviðskiptin voru flutt. Ákveðið var að skilja innflutningsviðskipti eftir hjá viðskrn. Þau eru að vísu ákaflega lítið háð afskiptum ráðuneytisins, það er helst olíuinnflutningur og þess háttar frá Sovétríkjunum.

Utanríkisþjónustan vannýtt? Nei, ég tek undir það með hv. þm., ég get alls ekki sagt að utanríkisþjónustan hafi verið vannýtt. En ég sagði áðan og ég tel að hana megi nýta betur með því að tengja þetta fastar saman en áður hefur verið. Ég vek athygli á því að til að nýta hana betur þá er þegar búið að setja á fót í utanrrn. sérstaka deild sem fjallar um útflutningsviðskiptin. Í þessari deild verða samtals með skrifstofuliði líklega sex manns. Sumt af því kemur frá viðskrn. og annað frá utanrrn., en segja má að þar verði nokkur sérhæfing á þessu sviði. Yfirmaður þeirrar deildar er fyrrv. starfsmaður viðskrn., sem fyrir nokkru var kominn til utanrrn., Valgeir Ársælsson, og hefur sendiherranafnbót. Hann er að sjálfsögðu mjög kunnugur þessum störfum bæði innanlands og erlendis.

Ég held ekki að hægt sé að segja að menn kvarti undan samstarfi við viðskrn., ég tek undir það að ég hef ekki heyrt það. Viðskrn. hefur gert fjölmargt ágætt á þessum sviðum.

Hv. þm. rakti andmæli nokkurra stórra útflutningsaðila við hugmyndir sem ákveðin nefnd lagði fram sem starfaði á mínum vegum á síðasta kjörtímabili. Jú, það er alveg rétt. Skorin var upp herör og andmælt. En ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég átti bæði þá og hef átt síðan viðræður við ýmsa aðila sem þarna skrifuðu undir og ég hef ekki heyrt, leyfi ég mér að segja, að mikill hugur hafi í raun fylgt

máli. Menn eru stundum hikandi við að breyta til. Menn telja það gott sem er og vilja ekki breyta til. Ég hef t.d. rætt mjög ítarlega við formann Útflutningsráðs á mörgum fundum um þetta mál og skipulag og ég held ég megi fullyrða að þar er mjög ákveðinn stuðningur við málið, bæði hjá formanni og sömuleiðis framkvæmdastjóra Útflutningsráðs. Ég hef rætt við suma af þeim stóru aðilum sem nefndir voru og ég verð ekki var við annað en að ríkur vilji sé til samstarfs. Núna fyrir örfáum dögum var haldið upp á ársafmæli Útflutningsráðs og þar voru allir þessir aðilar mættir. Þar var þetta til umræðu. Ég flutti þar framsögu og gerði grein fyrir breytingum og ekki einn einasti aðili andmælti. Þvert á móti kom fram áhugi hjá mönnum á ýmsum þeim hugmyndum sem eru uppi um breytingar.

En það er hins vegar mjög eðlileg spurning: Hvers vegna er verið að breyta? Vel má vera að í þeim orðum sem ég sagði áðan hafi það ekki komið nægilega vel fram. Að sjálfsögðu er ekki eingöngu um að ræða, að því er ég vona, bætta þjónustu utanrrn. og sendiráða við útflytjendur, sem er víða verið að koma á fót. Ég nefni sem dæmi í Brussel þar sem sérstök skrifstofa hefur verið innréttuð fyrir sendiráð þar sem aðstaða verður fyrir útflytjendur að koma og sitja og njóta þeirra starfskrafta sem þar eru. Þar verður sérstakt herbergi til reiðu. Vitanlega má segja að svo hefði getað verið að óbreyttu, en auðveldara er um vik þegar greitt er af sama ráðuneyti. Þetta kostar að sjálfsögðu utanrrn. nokkuð að koma þessari aðstöðu á, bæði fundaaðstöðu, skrifstofuaðstöðu og ýmsa þjónustu í því sambandi. Það sama er nú verið að gera í Danmörku. Kvartað hefur verið undan því að línur væru ekki nógu skýrar, að viðskiptafulltrúi hafi verið utan við hina almennu starfsemi sendiráðsins, ekki verið nægilega tengdur inn í það. Með þessu mun að sjálfsögðu annað starfslið sendiráðsins, þar með talinn t.d. sendiherra, vera til reiðu í þessu sambandi sem ekki var eins mikið áður.

En það er fleira sem þarna kemur til. Nú er það svo samkvæmt lögum að utanrrn. fer með alla milliríkjasamninga og utanrrn. hefur tekið mikinn þátt í t.d. samningum við Sovétríkin. Sendiherra okkar í Moskvu hefur sömuleiðis verið þar lykilaðili þó að viðskrn. hafi að sjálfsögðu verið sá aðili sem farið hefur með málefnin.

Fram undan eru áreiðanlegar mjög miklar viðræður við Evrópubandalagið. Þar eru að gerast stórir hlutir, kannski varhugaverðir hlutir að sumu leyti fyrir okkur. Til þess er ætlast að sendiherra okkar í Brussel, og hans starfslið, fylgist mjög náið með því sem er að gerast þar og þar verði nánast stöðugar viðræður í gangi, eins og sagt er. M.a. er ráðgert að ég eigi fund með aðalframkvæmdastjóra Evrópubandalagsins nú í desember um þróun viðskiptamála þar. Núna kemst þetta á eina hendi. Nú er þetta hjá utanríkisviðskiptadeild utanrrn. þannig að ekki þarf að kalla aðra til. Vitanlega verður, eins og ég sagði áðan, náið samráð þá haft t.d. sérstaklega við Útflutningsráð. Það verður í raun hægri hönd utanríkisviðskiptadeildarinnar eða útflutningsviðskiptadeildarinnar í þessu sambandi.

Hv. þm. gerði nokkuð úr því að að samningar við Sovétríkin kynnu að hafa orðið erfiðari við aðrar aðstæður o.s.frv. Jú, ég hef heyrt þessi rök en ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég held að Sovétríkin hljóti að líta á íslensk stjórnvöld sem nokkurn veginn eina heild. Ef verið er að tala um að óvingjarnlegur, eða hvað við eigum að kalla það, utanrrh. kynni að valda vandræðum í viðskiptum, þá held ég satt að segja að erfitt sé að gera því skóna því að íslensk stjórnvöld hljóta að koma fram sem ein heild að þessu leyti og á þau litið sem svo. — Það gæti líka komið viðskrh. sem af einhverjum ástæðum væri ekki talinn velviljaður Sovétríkjunum.

Hv. þm. spurði hverjir væru hvatamenn þessarar breytingar. Ég gæti út af fyrir sig nefnt marga einstaklinga þó að ekki hafi verið leitað til stofnana. Ég nefndi áðan t.d. formann Útflutningsráðs sem hefur mikið samband haft við mig um þessi mál og allt skipulag. Ég lít svo á að hann, sem er líka forstjóri stórra útflutningssamtaka, sé mikill hvatamaður þessara breytinga. Og ef ég má orða það svo, þá hefur mér heyrst að allir séu það nema helst þessir stóru, SÍS og SH, þeir eru svo sjálfstæðir — það getur verið að hv. þm. beri þá fyrir brjósti — ég held að þeir telji sig ekki þurfa neitt ráðuneyti í raun og vilji helst fá að ráða þessum málum sem mest sjálfir.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að víðast erlendis eru utanríkisviðskiptin annaðhvort í sérstöku ráðuneyti eða ráðuneyti sem er mjög sjálfstætt en í nánum tengslum við utanríkisráðuneytið. Svo er í Svíþjóð, og hefur verið lengi. Svo er í Kanada, eins og hv. þm. sagði. Og nú er verið að breyta þessu þannig í Noregi með því að leggja niður viðskiptaráðuneytið. En það er rétt að þeir hafa sérstakan ráðherra yfir utanríkisviðskipti. Hins vegar hef ég einmitt rætt þetta töluvert við þá sem ég þekki orðið nokkuð vel í þessum löndum og mér er tjáð að þessir ráðherrar starfi í raun innan utanríkisráðuneytisins þótt skipt sé á tvo ráðherra, en samstarf þeirra sé náið og þeir nýti sameiginlega þá starfskrafta sem eru til taks í utanrrn. Reyndar var mér tjáð í fleiri af þessum löndum að utanrríkisviðskrh. væri sums staðar eins konar aðstoðarráðherra utanrrh.

Við höfum ekki talið kleift að fjölga ráðherrum hér og hljótum að treysta á þann sendiherra sem veitir þessari deild forustu. En þetta er góð spurning. Utanríkisverslun okkar vegur hátt í helming af þjóðarframleiðslunni, þ.e. hátt í helmingur af okkar þjóðarframleiðslu er fluttur úr landi og þjóðartekjur má rekja þangað. Því kæmi til greina að hafa þetta sjálfstætt ráðuneyti en þó í sterkum tengslum við utanrrn.

Hv. þm. dró í efa að þetta stæðist samkvæmt grundvallarhugsun stjórnarráðslaganna. Um þetta var mjög mikið fjallað bæði af nefndinni sem hv. þm. vísaði til og einnig nú. Það er rétt að það er eitt

grundvallarsjónarmið að skipta ekki verkefnum, en ég gat þess áðan að samningar erlendis eru tvímælalaust í höndum utanrrh. Hann gerir slíka samninga. Því má einnig segja að þessu hafi verið nokkuð skipt þegar utanrrh. fór með viðskiptasamninga en aðrir sáu svo um framkvæmd þeirra. Nú er verið að færa það á eina hendi, en hins vegar skipt á milli innanlandsviðskipta og utanríkisviðskipta. Ýmsir töldu það hreinni skiptingu en það sem áður var sem má segja að hafi gengið þvert á sviðin.

Ég vona að ég hafi svarað flestum spurningum hv. þm. Ég hef getið þess að nokkru hvar annars staðar þetta er svona og ég gæti reyndar nefnt fleiri lönd þar sem þetta er þannig. Á Ítalíu kynntist ég því nýlega t.d. að þannig er með mál farið. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki skoðað hin EFTA-löndin, en Noregur er að breyta í þessa veru og það er innan EFTA.

Allt orkar tvímælis þá gert er, eins og stundum er sagt, og ég tek skýrt fram að vitanlega hefur viðskrn. sinnt þessum málum með ágætum í samstarfi við utanrrn. En ég held ég megi fullyrða að yfir þessu hefur verið setið af fjölmörgum aðilum undanfarin fjögur ár. Ég fór gegnum þær umsagnir sem bárust og mér fannst vera yfirgnæfandi að menn teldu að þetta skref ætti að stíga.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi komið í ljós m.a. í svörum hæstv. utanrrh. að engin vanþörf er í sjálfu sér á að ræða þetta mál og fá ýmsum spurningum, sem óhjákvæmilega vakna í tengslum við þessa breytingu, svarað.

Ég tek fram til þess að menn misskilji ekki orð mín að ég er ekki talsmaður þess að allt eigi að vera óbreytt og ekki sé sjálfsagt að skoða og kanna á hverjum tíma hvernig við getum staðið sem best að okkar útflutningsstarfsemi og utanríkisviðskiptum, en ég tel að rökin fyrir þessari breytingu þurfi að vera nokkuð sterk vegna þess að það eru stór álitamál jafnframt í tengslum við þetta og ég tel að þessu geti líka fylgt óhagræði.

Ég tek sérstaklega fram að það er hægt að hugsa sér margs konar samstarf viðskrn. eða utanríkisviðskiptaráðuneytis og utanríkisþjónustu og utanrrn., enda hefur svo verið og er hjá öðrum löndum, en það er fremur sjaldgæft og þess eru fremur fá dæmi að þetta sé á einni og sömu hendinni án einhverrar verkaskiptingar. Þó svo utanríkisviðskiptaráðherrann sé í mjög nánu samstarfi við utanrrn., jafnvel starfi innan veggja þess ráðuneytis, er hann sjálfstæður ráðherra í ríkisstjórn og kemur fram sem slíkur, fer með þau mál og er fullmektugur aðili að ríkisstjórn í samskiptum við aðrar þjóðir. Það er líka ljóst, og kom ágætlega fram í máli hæstv. utanrrh., að samstarfið hefur verið með ágætum milli viðskrn. og utanrrn. og jafnframt milli ýmissa aðila á sviði utanríkisviðskiptanna og utanríkisþjónustunnar.

Mér fannst hæstv. utanrrh. svara því heldur stuttaralega og jaðraði við útúrsnúning þegar ég var að reisa spurninguna um hvort það sé ekki ljóst að stundum fari ekki vel saman viðskiptahagsmunir og stefna í utanríkismálum og tök á þeim efnum hins vegar. Ég hef heyrt þá efasemd hjá mjög mörgum reyndum mönnum á sviði utanríkisviðskipta að það séu veigamikil rök gegn þessari breytingu að því geti fylgt ótvíræðir kostir að sá aðili sem fer með yfirstjórn viðskiptamálanna sé sjálfstæður og óháður þeim efnistökum, þeirri stefnu sem rekin er í hinu pólitíska utanrrn. á hverjum tíma. Það er eðli sínu samkvæmt þannig að þegar viðskrh. sinnir sínum verkefnum liggur það miklu nær hinum faglega grundvelli og tengist meira praktískum hliðum málanna en þegar pólitískt kjörinn utanrrh. vinnur í krafti markaðrar pólitískrar stefnu ríkisstjórnar. Þetta ættu allir að skilja og er óþarfi að láta það villa sér sýn þó að ég taki tiltekin dæmi af samningum við sovétmenn um saltsíld. Ég hefði getað tekið mörg dæmi og vitnaði reyndar til þess að við þekkjum ákveðna hlið á þessum málum í samskiptum okkar við hitt stórveldið, Bandaríkin.

Hæstv. utanrrh. taldi sig hafa átt viðræður við fjölda málsmetandi einstaklinga á þessu sviði og þeir hefðu yfirleitt verið þessu meðmæltir. Nú get ég að sjálfsögðu lítt sagt gegn slíkum rökum þar sem ég hef ekkert í höndum og ekkert nema orð hæstv. utanrrh. fyrir því að hann hafi rætt þetta við fjöldamarga einstaklinga. Ég er ekki að gera lítið úr því né vefengja að þar hafi verið tekið jákvætt undir þessi mál. En ég hefði talið mjög farsælt með hliðsjón af fyrri afstöðu hinna stóru hagsmunaaðila í útflutningsviðskiptunum að eitthvað annað hefði legið á borðinu um þeirra afstöðu en algerlega neikvætt álit fjögurra ára gamalt. Ég verð að segja alveg eins og er að þegar maður les þessa samþykkt þeirra stóru aðila sem stunda útflutning á sjávarvörum staldrar maður við, herra forseti, og ég afgreiði það ekki jafnlétt og hæstv. utanrrh., einfaldlega með því að þessir stóru, SÍS og SH, vilji helst hafa sitt eigið ráðuneyti og vera bara sjálfstæðir.

Það er ekki af neinni sérstakri samúð eða inngróinni tilhneigingu hjá mér til að tala hagsmunum þessara aðila sem ég reisi spurningar í þessum efnum. Ég er hér fyrst og fremst að fjalla um viðskiptahagsmuni íslensku þjóðarinnar í víðu samhengi. En menn komast ekkert fram hjá þeim aðilum sem flytja út 70, 80, 90%, ég vil segja 99% af sjávarvörum frá Íslandi eins og þeir aðilar gera sem hér rita undir. Það er svo yfirgnæfandi meiri hluti útflutnings sjávarvörunnar sem fer um hendur þessara aðila að það er ekki hægt, held ég, að afgreiða álit þeirra með einni setningu. Frá þessum stofnunum liggur ekkert annað formlega fyrir en fullkomlega neikvætt álit fjögurra ára gamalt. Þess vegna tel ég alveg óhjákvæmilegt, herra forseti, að rækilega verði kannað í meðförum þingnefndar hvort einhver breyting hefur orðið á afstöðu þessara aðila. Ég verð að segja alveg eins og er að það munu renna á þann sem hér talar tvær grímur ef þar er enn um óbreytta afstöðu að ræða. Þar er á ferðinni fjöregg okkar sem

ekki er hægt að leika sér mikið með.

Ég gæti út af fyrir sig haft um það langt mál að fullkomin rök væru fyrir því, ef menn telja núverandi skipulag ekki nógu gott, að stofna þá frekar sjálfstætt utanríkisviðskiptaráðuneyti. Ég held að það sé öðru eins til kostað í íslensku þjóðfélagi eins og því þó að við settum á fót sértakt ráðuneyti sem sérhæfði sig í þessum viðskiptum. Hér er um svo gífurlega ríka hagsmuni fyrir íslenska þjóð að ræða, sem er háðari útflutningi og innflutningi en nokkur önnur þjóð í heiminum sem við þekkjum til, að menn hljóta að spyrja í fullri alvöru þeirrar spurningar: Er þá ekki nær að fela þessi viðskipti sérstöku ráðuneyti sem, eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh., nema næstum helmingi af þjóðartekjum Íslendinga?

Hvað varðar samskipti okkar við Evrópubandalagið, þá er það vissulega rétt að við þurfum að efla okkar starfsemi í Brussel til að geta fylgst þar með málunum. Ég tek það fram að hinir stóru, eins og hæstv. utanrrh. kallar þá, eru sjálfir daglega í því að fylgjast með þessum málum. Á þeim brennur eldurinn. Ég hygg að það sé einnig í þessu efni rétt að taka mið af því hvað þeir með sinni vitneskju telja skynsamlegast. Ég bendi á að þegar upp hófust á sl. sumri umræður um stefnu Efnahagsbandalagsins í tollamálum, hvernig markviss stefna Efnahagsbandalagsins í tollamálum miðar að því að auka útflutning af óunnum fiski frá Íslandi til Efnahagsbandalagsins. Hvaðan bárust okkur upplýsingar um þá hluti? Hverjir höfðu forgöngu um að koma því á framfæri? Það voru útflutningsaðilarnir. Mér barst t.d. í hendur trúnaðarskýrsla, sem þessum snillingum hafði með einhverjum hætti tekist að komast yfir í stöðvum Efnahagsbandalagsins, þar sem þessi tollastefna var útlistuð. Sú skýrsla kom ekki í mínar hendur, herra forseti, frá utanrrn. né viðskrn. né sendiráðinu í Brussel. Hún kom frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Þannig eru margar hliðar á þessu máli.

Það var ekkert minnst á í máli hæstv. utanrrh. kostnaðarhlið í þessu sambandi. Nú er það ekki svo að við eigum að horfa í krónuna, hvort þetta fyrirkomulag kemur til með að kosta okkur eitthvað meira en það sem við lýði hefur verið. Það getur verið fyllilega réttlætanlegt, en við hljótum að spyrja um árangur í samhengi við útgjöldin. Mér sýnist alveg ljóst að ný deild með yfirmönnum og starfsliði í utanrrn., þó að það valdi einhverjum samdrætti í viðskrn. á móti, muni koma til með að þýða vissa aukningu útgjalda. Þá er einnig nauðsynlegt að spyrja um árangur. Hefði t.d. verið hugsanlegt að ná meiri árangri með minni tilkostnaði, með einhvers konar aukinni sérhæfingu innan veggja viðskrn. eða er þá kannski orðinn lítill munur á útgjaldaaukanum og þótt stofnað hefði verið sjálfstætt ráðuneyti utanríkisviðskipta? Þetta væri fróðlegt að fá að heyra eitthvað um. Eins, herra forseti, hefði verið fróðlegt að fá að heyra álit hæstv. viðskrh. sem hér hefur setið og hlýtt á umræður.

Mér fannst hæstv. utanrrh. svara því stuttaralega hvernig þetta kæmi út í sambandi við samstarf okkar við hin EFTA-löndin. Hann sagði reyndar að hann hefði ekki kynnt sér það sérstaklega hvernig þessum málum væri fyrir komið hjá öðrum EFTA-ríkjum, en það er kannski ástæða til að fara aðeins ofan í saumana á því vegna þess að við Íslendingar stöndum að ýmsu leyti á vegamótum í okkar málum hvað þessa hluti varðar.

Sá sem hér talar telur að úr því sem komið er sé okkur langfarsælast að hafa sem best og mest samstarf við hin EFTA-ríkin og reyna í þeim félagsskap að hafa okkar sambúð við Efnahagsbandalag Evrópu sem farsælasta og okkar tök á utanríkis- og viðskiptamálum að öðru leyti, en fara varlega í þeim efnum að auka beint samstarf og bein samskipti okkar við Efnahagsbandalagið. Þess vegna held ég að við þurfum sérstaklega að horfa til þess, þegar við erum að ræða breytingar á skipulagsmálum utanríkisviðskipta, hvernig það snertir samstarf okkar við önnur EFTA-lönd og hvort það er til bóta einnig varðandi samskiptin almennt við aðra aðila.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það er að mörgu leyti nauðsynleg ráðstöfun sem hér er verið að gera. Það er verið að flytja utanríkisviðskipti frá viðskrn. yfir í utanrrn. Ég vona að þessi tilflutningur takist eins vel og stefnt er að. Það má segja að við séum hörmulega langt á eftir tímanum í okkar utanríkisviðskiptum með öll þau höft og bönn sem hafa verið og gert það að verkum, má segja, að Háskóli Íslands hefur menntað viðskiptafræðinga í langan tíma til að flytja inn í staðinn fyrir að auka útflutning frá Íslandi til annarra landa, en það er það sem þjóðirnar lifa á, samskipti við önnur lönd. Í okkar litla samfélagi, sem telur um 250 þús. íbúa skulum við segja, hafa öll stærstu lönd veraldar verslunarfulltrúa. Það er ekki til að græða stórfé heldur til að selja eitthvað pínulítið til allra landa og þegar þessi pínulitla pöntun kemur frá mörgum löndum í einu inn í heimalandið verður það að stóriðnaði sem gefur heima fyrir bæði mikla atvinnu og þjóðinni tekjur.

Því miður hefur farið svo að í því landi sem ég þekki kannski best til og þar sem ég á vini sem stjórna stórmörkuðum, sem telja á annað þúsund í Evrópu, var ekki eitt einasta íslenskt vörumerki, ekki ein einasta íslensk framleiðsluvara á boðstólum fyrir 3–4 árum þegar ég kynnti mér það síðast. Ekki ein vara. En það er skýring á því. Hún kemur kannski fram í þessu frv. í 1. gr. Með leyfi forseta ætla ég að lesa það upp. Þar stendur:

„Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfið getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynlegt þykir. Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar sem það óskar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda."

Í þessari grein koma fram slík skilyrði að það er

ekki hægt að gera nokkurn skapaðan hlut nema með leyfi ráðuneyta. Það er algert ófrelsi í öllu sem heitir athafnir á sviði verslunar þegar til útflutnings kemur, en það er alveg frjálst ef til innflutnings er stofnað.

Hér getur ráðuneytið ákveðið að heimila. Það er eins og að í prinsippinu sé allt frjálst en það er alrangt vegna þess að ráðuneytin notfæra sér seinni hlutann af 1. gr. þar sem þau setja á útflutningsbann nema með sérstökum leyfum. Það tel ég alvarlegt.

Síðan er seinni málsgreinin að útflytjendur eru skyldugir til að veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar sem beðið er um. Það er ekkert tekið fram um að þetta skuli vera trúnaðarmál. Ég hef sjálfur lent í því að vera með góð tilboð í íslenskar afurðir erlendis frá sem ég hef lagt fyrir ráðuneyti og annað fyrirtæki hefur tekið það upp við sömu aðila sem voru mjög miklir vinir mínir erlendis, í Frakklandi. Ég fæ svo upphringingu frá þessum vinum mínum þar sem þeir tilkynna mér að annar íslenskur aðili hafi fylgt eftir upplýsingum sem ég lét ráðuneyti í té. Svona vinnubrögð ganga ekki og ég ætla að beina því til þeirrar nefndar sem tekur þetta mál til athugunar að þar verði breyting á og að ráðuneytinu verði gert að skyldu að fara með allar upplýsingar sem algjört trúnaðarmál á milli þeirra sem þær gefa og ráðuneytisins. Það verði alveg útilokað að upplýsingar, sem einn gefur ráðuneytinu vegna lagaskyldu, fari í hendur á öðrum sem noti þær síðan.

Það er með 3. gr. eins og svo margt annað, ekkert er talað um hvaða viðurlög á að leggja á það opinbera ef það misnotar upplýsingar sem það fær frá einstaklingum, en hér eru þungar sektir, þungur dómur, á þá einstaklinga sem brjóta gegn kerfinu. Þessu á að breyta og þetta á að athuga miklu betur en það virðist ekki hafa verið skoðað eins og það liggur fyrir á þskj. 56.

Ég tek hins vegar undir þessa breytingu sem á að verða. Ég held að þessi tilflutningur sé þegar orðinn, þetta frv. sé til staðfestingar því sem þegar er búið að gera, að flytja utanríkisviðskipti frá viðskrn. yfir í utanrrn., og við förum að þjálfa menn sérstaklega til þess að gæta hagsmuna Íslands á viðskiptasviðinu því á því lifum við, að framleiða, selja og kaupa inn. Á því lifum við en ekki á því að lyfta glösum og fylgjast með alþjóðasamtökum á viðkomandi stöðum. Okkar utanríkisþjónusta er að þessu leytinu til úrelt fyrir löngu síðan.

Ég er ekki alveg sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um að það skorti rök fyrir þessum tilflutningi. Rökin hafa verið mikið í fréttum undanfarið. Það er ekki langt síðan — aðeins nokkrir dagar, ég fylgdist með fréttum — hin heföbundna sendinefnd í síldarsölu til Sovétríkjanna var að ræða við yfirmenn þessara mála í Sovétríkjunum, í Moskvu. Við fengum ítrekað, dag eftir dag, ógnvekjandi fréttir um að engir samningar mundu takast. Og hér var kvíði um land allt. Skyndilega birtist hæstv. utanrrh. á skerminum eins og „superman". Hann hafði talað við sendiherrann, undirmann þeirra sem sendinefndin var að tala við í Moskvu, og hótað honum því að önnur viðskipti þjóðanna gætu verið í hættu ef þeir ekki semdu og það eins og skot. Og niðurstaðan varð sú að þjóðinni létti. Það var eins og allir vörpuðu af sér þungu hlassi því að allt í einu var sendiherrann að fyrirskipan utanrrh. okkar að auka við magnið frá því síðast var keypt og hækka verðið um 11%. Ég held að þetta séu alveg nóg rök til þess að færa eina litla viðskiptadeild frá einu ráðuneyti til annars ef árangurinn verður í framhaldinu sá sami. Þetta eru góð rök fyrir frv. og ætti enginn maður að láta sér detta í hug að bregða fæti fyrir þessa breytingu.

Ég vek athygli aftur á því sem ég tel nauðsynlegt að breyta. Það er orðalagið á 1. gr. Ég vil að útflutningur sé frjáls nema ef utanrrn. eða kerfið svokallaða sér ástæðu til þess að hefta hann. Ég vil líka að allar upplýsingar sem ráðuneytið kann að fá frá væntanlegum útflytjendum séu algjört trúnaðarmál. Og ég vil líka fá í 3. gr. viðurlög, sekt á það opinbera ef það brýtur þann trúnað við einstaklinginn sem getur orðið til þess að sá sem hefur viðskiptin í sínum höndum, sá sem útvegar viðskiptin, verði fyrir tjóni vegna þess að hann gaf upplýsingar til hins opinbera. Það verður líka að verja einstaklinginn. Það er ekki allan tímann hægt að vera að verja þetta blessaða kerfi.

Virðulegur forseti. Ég held ég segi ekki meira um málið að þessu sinni.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram að sjálfsagt er, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að leitað verði umsagna og málið vandlega skoðað. Mér hefur aldrei dottið annað í hug.

Hv. þm. spurði um kostnaðinn. Í fjárlagafrv. eru ætlaðar 16 millj. kr. í þessa deild. Af fjórum, við getum kallað það sérhæfðum mönnum, koma tveir a.m.k. frá viðskrn. og ekki er ráðið með þann þriðja. Við teljum þetta að vísu æði lítið fjármagn miðað við margar og miklar ferðir og fundi.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Reykv. sagði vil ég taka undir með honum að mér finnst alveg sjálfsagt að krefjast trúnaðar. Hann á vitanlega að vera og ég hef alltaf litið á það sem sjálfsagt mál. 1. gr. var breytt í nokkru og hún orðuð þannig að það lægi betur í orðunum leyfi en undantekning. Utanrrn. getur ákveðið að leyfi skuli veitt, þ.e. útflutningur er ekki háður leyfum nema utanrrn. ákveði annað. Það var nú hugmyndin í þessu.

Ég vil geta þess sérstaklega, vegna þess sem hv. þm. sagði um viðræður mínar við sendiherra Sovétríkjanna, að heiðurinn af samningunum um sölu síldar eiga fyrst og fremst fulltrúar okkar sem þarna sömdu og stóðu sig með afburðum vel. Hitt er svo annað mál, að þegar komið er í slík vandræði sem þessi er það utanrrh. sem talar við viðkomandi sendiherra. Það gerði ég þennan morgun og gerði honum grein fyrir því sem ég taldi algjörlega ljóst, að ef ekki yrði af þessum viðskiptum hlyti það að hafa mjög mikil áhrif á heildarviðskipti landanna,

t.d. olíukaup og fleira. Ég hafði samráð við hæstv. viðskrh. um það og við töldum ljóst að viðræðum um olíukaupin yrði frestað.

Ég heimsótti Sovétríkin sem forsrh. í mars og átti þá mjög ítarlegar viðræður við forsrh. Sovétríkjanna um þessi viðskipti og forsrh., Ryskof, lagði á það mikla áherslu að jafnvægi væri í viðskiptum á milli landanna. Því var vitanlega mjög auðvelt fyrir mig að vekja athygli sendiherrans á því að ekki yrði jafnvægi milli landanna í viðskiptum ef úr síldarkaupum yrði ekki. Hvort þetta hefur haft einhver áhrif skal ég ekkert um segja.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. svaraði að nokkru því sem mér fannst heldur gáleysisleg ummæli hjá hv. 5. þm. Reykv. um þátt hans, þ.e. hæstv. utanrrh., í síldarsölusamningum. En látum það liggja á milli hluta. Það er að sjálfsögðu þannig að utanrrh. á hverjum tíma kemur inn í málin þegar um stóra og mikilvæga samninga er að ræða, hefur alltaf verið og mundi verða hvort sem þessi kerfisbreyting kæmist á eða ekki. Það eru að sjálfsögðu engin rök hvorki með né á móti henni sem slíkri.

Ég er ekki sammála hv. 5. þm. Reykv. um það að frammistaða Íslendinga á sviði útflutnings sé slök. Ég held að lífskjör þjóðarinnar sýni að það hefur tekist í heildina talið þokkalega að koma okkar framleiðslu á markað. Ég held að ekki sé hægt að mæla á móti því og þar hafa reyndar að margra manna dómi verið unnin afrek eins og þau að halda mun hærra verði og ná miklum samningum um vörur héðan árum saman í harðri samkeppni við aðra. En látum það sömuleiðis liggja á milli hluta.

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hafi verið þörf. Það er von mín að þeir hv. þingdeildarmenn sem hér hafa setið og fylgst með henni séu kannski einhvers fróðari um það sem mælir með þessum breytingum og sem mælir á móti þeim. Mín ástæða til að vekja hér spurningar var ekki síst sú að ég vildi fá fram rökin, hver þau væru og hversu veigamikil þau væru, vegna þess að mér fannst það ekki hafa komið fram í umræðunni áður.

Ég verð svo að segja að lokum að mér kemur tregða hæstv. viðskrh. til að taka þátt í þessari umræðu nokkuð á óvart. Ég beindi í tvígang til hans spurningum eða lýsti því yfir að ég teldi æskilegt að fá hans viðhorf fram undir umræðunni en það hefur ekki gerst. Sömuleiðis hefur ekki heyrst eitt orð frá öðrum samstarfsflokki hæstv. utanrrh., Sjálfstfl., og það vekur upp vissar spurningar um það hvort þetta sé hugsanlega sérstakt prívatmál hæstv. utanrrh. og áhugaefni.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að svara með örstuttri athugasemd því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín. Ástæðan til þess að ég stóð ekki upp fyrr er ákaflega einföld. Flest það sem segja þurfti um málið kom fram í framsögu hæstv. utanrrh. og í síðari skýringum hans.

Tilgangurinn með þessari breytingu á verkaskiptingunni milli ráðuneyta er augljós. Hann er sá að virkja starfskrafta Stjórnarráðsins enn betur til hagsbóta fyrir og í þágu útflutningsstarfseminnar. Breytingin sem nú er gerð orkar tvímælis eins og jafnan þá stjórnaraðferð er breytt. Þar er erfitt að vitna til — hvað á ég að segja — algildra meginreglna eða hugsjónamála. Þar verða menn að þreifa sig áfram og finna það sem best fram fer. Ég er ekki sannfærður um að við höfum fundið bestu lausnina, en þetta er áreiðanlega tilraun sem er þess virði að hún verði gerð. Að við færum þessi verk undir meginreglu stjórnarráðslaganna sem er sú að það sé utanrrn. sem fer með samninga Íslands við erlend ríki. Þar er ég kominn að því sem er kannski besta pólitíska röksemdin fyrir breytingunni. Hún er þessi: Á næstunni skiptir það afar miklu máli fyrir hagsmuni okkar, bæði pólitískt og frá sjónarmiði efnahags- og utanríkisverslunar, að ná sem hagstæðustum samningum og samstarfi við Evrópubandalagið. Þetta er meginröksemdin í mínum huga fyrir þeirri verkaskiptingarbreytingu sem nú hefur orðið. Þetta mál er svo samofið okkar utanríkisstefnu að þar þarf sá maður að hafa forræði sem um leið ber ábyrgð á framkvæmd utanríkisstefnunnar. Þetta er kjarninn í málinu eins og ég lít á hann. Ég tek hins vegar undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að þess þarf að gæta afar vel að við stillum okkar krafta, stillum okkar strengi vel saman við EFTA-löndin og gætum þess að samstarfið við þau verði sem allra best. Þar er áreiðanlega rétt ábendingin, sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., að sjálfstæð staða fyrir utanríkisviðskiptin innan utanrrn. er mjög æskileg, sem tengist reyndar því sem hv. 5. þm. Reykv. vék að í sínu máli. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv., að það er mikil þörf á því að auka frjálsræði í útflutningi, þar sem því verður við komið og markaðsaðstæður erlendis leyfa, eins og reyndar er á stefnuskrá þessarar stjórnar.

Ég vildi með þessum fáu orðum svara því að nokkru sem til mín var beint af hv. 4. þm. Norðurl. e. en ítreka að ég tel að þetta sé breyting sem geti leitt af sér góða hluti og við eigum svo sannarlega ekki að skirrast við að breyta þessu fyrirkomulagi þótt lengi hafi það verið í farsælum farvegi, það má lengi betur gera.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann hefur heyrt eitthvað illa það sem ég sagði. Ég var ekki á neinn hátt að gera lítið úr þeim aðilum sem hafa staðið í útflutningi eða gefa í skyn að þeirra starfsemi hafi verið slök á einn eða annan hátt. Ég fullyrði hins vegar vegna eigin reynslu að kerfið svokallaða, ríkisvaldið, hefur komið í veg fyrir eðlilega samkeppni einstaklingsins við þann útflutningsmáta sem við höfum hingað til búið við. Ég bið hv. þm. að leiðrétta mig ef rangt er með farið, að það séu

afskaplega fáir viðskiptafræðingar sem hafa komið út úr Háskóla Íslands, sem er æðsta menntastofnun okkar í bæði innflutningi og útflutningi og öðrum málum sem snúa að viðskiptum, og farið í útflutning á eigin vegum. Ég held að það séu afskaplega fáir. Ég veit ekki um einn einasta. Það getur vel verið að þeir séu til — það er rétt að hafa einhverja smugu þannig að maður loki sig ekki inni í fullyrðingum — en ég held að það séu afskaplega fáir sem hafa fengið til þess tækifæri þótt þeir hafi fengið menntunina. Þjóðin er búin að kosta miklu til í langskólanám fyrir þessa menn til þess að verða þjóðinni að gagni en þeir verða henni ekki að gagni að öðru leyti en því að þegar þeir verða sjálfstæðir einstaklingar snúa þeir sér að útflutningi annarra þjóða til Íslands, þ.e. innflutningi. Þetta er stóralvarlegt mál. Við erum að mennta á dýrasta máta í gegnum Háskóla Íslands útflytjendur annarra þjóða en ekki útflytjendur okkar. Og hvað skeður þá? Til þess að þeir geti þó unnið fyrir sér fara þeir inn í kerfið sjálft, vinna fyrir hið opinbera. Það er leiðin og það er alvarlegt.

Ég vil sem sagt að frv. sem liggur fyrir verði breytt þannig að ráðuneytið starfi hlutlaust en ekki sem eins konar skjöldur kerfisins sem búið er að byggja upp á löngum tíma. Ég vil að einstaklingurinn fái tækifæri til að sýna að hann getur útvegað sama verð eða jafnvel hærra verð og með sama öryggi og samtökin. Því það er vitað mál að það sem einstaklingurinn hefur að selja hér án mikillar fjárfestingar erlendis kemur allt til baka, en ágóðinn af því sem samtökin eru að selja erlendis, við skulum taka sölusamtökin í Bandaríkjunum, fær ekki að koma til baka vegna þess að útflutningur á peningunum sjálfum, ágóðanum, er ekki leyfður frá Bandaríkjunum. Við erum því að fjárfesta í vinnumarkaðinum þar með síaukinni starfsemi, verksmiðjustarfsemi o.s.frv. Við skulum átta okkur á því hvað er að gerast. Þess vegna væri betra að fullvinna vöru hér en að selja hráefnið til útlanda. Gefið einstaklingnum frelsi til að vera í samkeppni við kerfið en gerið ekki ráðuneytin, eins og í þessu tilfelli utanrrn., að einhvers konar skildi fyrir það sem gamalt er og löngu úrelt sölukerfi, sem við höfum, þó svo að það gangi sæmilega vel.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Leyfi til slátrunar, 2. umr.

Frv. MB o.fl., 43. mál (Sláturfélag Arnfirðinga). — Þskj. 43, n. 54 og 55.

Frsm. meiri hl. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Fyrir liggur nál. meiri hl. landbn. Nd. um frv. til l. um leyfi til slátrunar. Nefndin hraðaði störfum sínum eftir mætti, eins og lofað hafði verið, fjallaði um frv. á tveimur fundum og kallaði eftirtalda menn á sinn fund: Sigurð Sigurðarson yfirdýralækni, Ólaf Hannibalsson, formann Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal, Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Magnús H. Guðjónsson dýralækni, fulltrúa stjórnar Dýralæknafélags Íslands, Þórhall Halldórsson, forstöðumann heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna, og Jónas Bjarnason, formann Neytendasamtakanna.

Hjá fimm þessara manna kom fram alger andstaða gegn frv. og rökstuddu þeir hana með margvíslegum hætti. Gunnar Guðbjartsson vildi ekki taka afstöðu til þessa máls, en kvað ástandið í sláturhúsamálum afleitt. Ólafur Hannibalsson lýsti stuðningi við frv.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Undirritaðir nefndarmenn vilja að frv. verði fellt, en minni hl. leggur til að það verði samþykkt.

Afstaða meiri hl. byggist á eftirtöldum rökum:

1. Meiri hlutinn telur ekki eðlilegt að löggjafarvaldið, Alþingi, taki að sér hlutverk framkvæmdarvaldsins og veiti einstökum sláturhúsum vinnsluleyfi. Meiri hl. vill ekki ganga gegn gildandi lögum og reglugerðum sem eiga að tryggja heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti við matvælaframleiðslu.

2. Meiri hlutinn telur það alvarlegt og hættulegt fordæmi að ganga gegn ákvörðunum lögmætra yfirvalda og að eðlilegra væri í þessu tilviki að kanna með skipulegri rannsókn hvort embættismenn hafi gerst sekir um valdníðslu. — Herra forseti. Hér er átt við að eðlilegra hefði verið að flm. hefðu óskað eftir rannsókn til að leiða í ljós hvort viðkomandi embættismenn hefðu gerst sekir um valdníðslu.

3. Meiri hlutinn telur að það geti orðið alvarlegt áfall fyrir þær stofnanir og einstaklinga sem barist hafa fyrir bættum aðbúnaði og betri starfsháttum í heilbrigðiseftirliti með matvælaframleiðslu ef þetta frv. næði fram að ganga.

4. Meiri hlutinn telur að það geti skaðað sölu á íslenskum matvælum á erlendum markaði sem og innlendum ef frv. þetta yrði að lögum.

Meiri hlutinn tekur ekki afstöðu til ástands sláturhússins á Bíldudal umfram þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu Aðalsteins Sveinssonar héraðsdýralæknis frá því í ágúst sl. á fskj. I og fram komu hjá Sigurði Sigurðarsyni yfirdýralækni á fundi nefndarinnar. Sérstaklega hefur verið getið ýmissa ágalla á húsinu, mengunar vatns, sjá fskj. II, og ekki hafi fengist dýralæknir til starfa við húsið, sjá fskj. III, en þessi fskj. eru öll með nál.

Þá hefur komið fram að Sláturfélag Arnfirðinga óskaði eftir því 20. fyrra mánaðar að Framleiðsluráð landbúnaðarins sæi um slátrun á fé sem annars hefði verið slátrað á Bíldudal. Þessari beiðni var svarað

þegar morguninn eftir, sjá fskj. IV. Framleiðsluráð bauðst til að greiða fyrir slátrun á Patreksfirði og síðan hefur verið boðin fram margvísleg aðstoð til að greiða fyrir samkomulagi, m.a. á grundvelli hugmynda sem Ólafur Hannibalsson, formaður stjórnar Sláturfélags Arnfirðinga, gerði grein fyrir á fundi með landbn.

Það hefur verið eindregin skoðun meiri hl. nefndarinnar og væntanlega allra nefndarmanna að málið verði leyst með samningum. Meiri hl. hefur lagt sig fram um að greiða fyrir þeim samningum svo og margir fleiri aðilar. Meiri hl. gerir sér fulla grein fyrir þeim vanda sem Arnfirðingar eiga við að stríða og er kunnugt um aðdraganda þessa máls. Mætti jafnvel orða það svo að Sláturfélag Arnfirðinga hafi orðið blóraböggull í þeim sviptingum sem átt hafa sér stað vegna tilrauna til að koma á úrbótum í málefnum sláturhúsa á Íslandi.

Þá verður sú skoðun að koma fram að í þessu máli hafa stjórnvöld verið ærið svifasein. En meginatriði málsins er það að ástand í sláturhúsamálum hér á landi er óþolandi með öllu. Nauðsynlegt er að hraða endurskoðun á skipulagi sláturhúsa, m.a. með tilliti til þess hve fé hefur fækkað hér á landi eða um 200 þús. frá árinu 1978. Liðlega 30 sláturhús eru rekin á undanþágum. Heilbrigðisástand er í ólestri. Allt of víða er lélegt og lítt nothæft vatn og fjárveitingavaldið hefur brugðist þeirri skyldu sinni að veita fjármagn til úrbóta, sjá fskj. V og VI.

Í umfjöllun um þetta frv. hefur nefndin fengið margvíslegar ábendingar um atriði sem betur mega fara. Umræða um þetta frv. hnykkir á um nauðsyn þess að þegar verði tekið til við að ræða sláturhúsaskýrsluna sem alþm. hafa nú fengið í hendur.

Komið hefur fram gagnrýni á afskipti stjórnmálamanna af leyfisveitingum til sláturhúsa, svo og á það fyrirkomulag að héraðsdýralæknar skuli sjálfir þurfa að gera úttekt á sláturhúsum í eigin umdæmum og meta hvort þau eru hæf til slátrunar eða ekki. Þessi umræða verður því væntanlega til að knýja á um úrbætur í matvælaframleiðslu hér á landi.

Herra forseti. Undir þetta álit meiri hl. landbn. Nd. rita nöfn sín Árni Gunnarsson, Alexander Stefánsson, Ragnar Arnalds og Páll Pétursson.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

Frsm. minni hl. landbn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 54 og 55 varð landbn. eigi sammála um afgreiðslu þessa máls. Nefndin ræddi frv. allítarlega á tveimur fundum og kallaði til ýmsa aðila svo sem fram kemur í nál. bæði meiri hl. og minni hl.

Tilefni þessa málatilbúnaðar á hv. Alþingi er það að þegar frv. var flutt var alger óvissa um á hvern hátt yrði komið fram slátrun á sláturfé þeirra Arnfirðinga og leyfi hafði ekki fengist til slátrunar í húsi Sláturfélags Arnfirðinga. Skoðun hafði verið framkvæmd á húsinu ítrekað, svo sem lög gera ráð fyrir, en þrátt fyrir að Sláturfélag Arnfirðinga og bændur við Arnarfjörð hefðu lagt í verulegan kostnað til að bæta úr ýmsum þeim ágöllum sem á húsinu voru taldir vera var leyfi eigi veitt.

Í umræðum um þessi mál á hv. Alþingi við 1. umr. og utan dagskrár lýsti hæstv. landbrh. því yfir skýrt og skorinort að sláturleyfi yrði veitt ef dýralæknir fengist til að skoða kjötið hjá Sláturhúsi Arnfirðinga á Bíldudal. Það lágu því margar orsakir til þess að Sláturfélag Arnfirðinga gat í rauninni vænst þess að leyfi yrði veitt til slátrunar á þessu hausti, auk þess sem það var í algerri óvissu hvort fólk fengist til þess að annast slátrun á sláturfé Arnfirðinga ef slátrað yrði á Patreksfirði, sem þó að lokum tókst að ég ætla með verulegum eftirgangsmunum.

Við í minni hl. landbn., sem skrifum undir þetta nál., teljum að meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli hafi verið óviðunandi þannig að það sé ekki hægt að bjóða fólki upp á slík vinnubrögð. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það í þessu tilviki að sláturhúsið er tekið út svo sem lög gera ráð fyrir, þar er fundið að ýmsum hlutum sem talið er að sé ábótavant, þeir fáu bændur sem að húsinu standa leggja í verulegan kostnað við að lagfæra margt af því sem talið er ábótavant og síðan er gefið í skyn að leyfi muni verða veitt ef dýralæknir fáist til að skoða kjötið. Þegar svo til kastanna kemur er leyfi alls ekki veitt.

Það lítur út fyrir að það hafi verið fyrirsláttur af hálfu hæstv. landbrh. að dýralæknir fengist ekki til þessara starfa. Fulltrúi Dýralæknafélags Íslands, sem kom á fund nefndarinnar, lýsti því yfir að Dýralæknafélagið mundi senda mann vestur á Bíldudal ef leyfi yrði veitt. Hann lýsti því einnig yfir að Dýralæknafélagið væri óánægt með að ráðinn hafi verið maður, kunnur hestamaður og dægurlagasöngvari, til kjötskoðunar á Patreksfirði. Dýralæknafélagið lýsti því yfir að það mundi senda mann til kjötskoðunar á Patreksfirði þegar ráðningartími söngvarans rynni út. Sá fyrirvari sem hæstv. landbrh. kynnti í þessu efni, sem kæmi í veg fyrir að hann veitti sitt leyfi, var því í rauninni markleysa.

Þá er rétt að geta þess í sambandi við þær umræður sem orðið hafa um vatn á Bíldudal úr vatnsveitu þeirra Bílddælinga að annar af tveimur fulltrúum Neytendasamtakanna lýsti því yfir að vatnið í þessari vatnsveitu væri ekki verra en víða annars staðar. Það væri hvorki verra né betra en í allt að 40–50% af vatnsveitum landsins. Þetta er maður sem hefur þekkingu til að bera á þessu sviði vegna þess að fyrir fáum árum var hann yfirmaður Framleiðslueftirlits sjávarafurða og var því vel kunnugur því vatni sem notað var við matvælavinnslu á Íslandi á þeim tíma.

Ég tel að margt hafi verið sagt í þessum efnum og um þetta mál sem betur hefði verið ósagt, bæði af hálfu fagmanna um þetta efni og jafnvel af hálfu okkar þm. í þessum þingsal. En meginniðurstaða okkar í minni hl. landbn. var þessi: Meðferð þessa máls og meðferðin á því fólki sem stendur að þessu sláturhúsi er með þeim hætti að hún er að okkar

dómi óviðunandi. Þess vegna leggjum við til að frv. sé samþykkt svo sem fram kemur í nál. á þskj. 55. Undir það nál. skrifa auk mín Eggert Haukdal og Ingi Björn Albertsson.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Þegar þetta frv. var flutt var það tekið fram við 1. umr. málsins að það væri flutt af illri nauðsyn og væri mjög óvenjulegt. Það var ekki flutt fyrr en allt var komið í ótíma, slátrun var víðast hvar lokið á landinu en ólokið var að slátra fé í Arnarfirði og í Tálknafirði sem allir höfðu beðið með í trausti þess að stjórnvöld veittu undanþágu til eins árs eins og hefur verið gert við ⅔ af sláturhúsum sem annast hafa slátrun í landinu á sl. hausti.

Við tókum fram að ef einhver dráttur yrði á afgreiðslu málsins væri það auðvitað það sama og frv. væri að engu orðið. Talsmaður meiri hl. landbn. lýsti því yfir að hann hefði reynt að hraða málinu. Það kom fram í nál. á föstudegi og þingfundur var ekki fyrr en á mánudag, en þá var líka málið orðið svo aðkallandi að menn voru svínbeygðir undir kansellíið og þar með var frv. í raun og veru afgreitt. Það er ekki lengur nema á pappírnum. Það er gagnslaust með öllu því að það er sennilega um það bil að verða búið að slátra og þetta frv. gerði ráð fyrir að landbrh. gæfi út slíkt leyfi á þessu hausti. Þannig tel ég enga ástæðu til, herra forseti, að frv. gangi til atkvæða. Það hefði verið sjálfsagt ef nefndin hefði skilað áliti strax eins og við sögðum frá við 1. umr. málsins.

Við umræðu málsins tók ég fram að það væri mjög óeðlilegt að þurfa að fara slíka leið sem þessa. Það var búið að reyna friðsamlega leið á öllum sviðum. Það var búið að eiga viðræður við landbrh. í landbrn., við settan yfirdýralækni, við forustumenn þess sveitarfélags sem hér á hlut að máli og sláturfélagsins ásamt tveimur af þm. Vestfjarða sem sátu þennan fund. Þar var ekkert til fyrirstöðu því að ekki væri búið að standa við þær kröfur sem gerðar eru almennt til hollustuverndar við slíka starfrækslu og það stóð ekkert á ráðherra að veita slíkt leyfi. Ef dýralæknir fengist til að skoða kjötið, sagði ráðherra í umræðunum að leyfi mundi verða gefið út. En svo standa upp alþm. í deildinni, tala um saurgerla, éta það upp eftir settum dýralækni hver um annan þveran, ég hugsa að þeir hafi étið mikið af þeim meira að segja í leiðinni, og það stóðu líka upp menn sem skýrðu frá áliti Stéttarsambands bænda. Ég er eiginlega alveg undrandi á málflutningi þessara manna við afgreiðslu málsins. Einn hv. þm. fór að tala um salmonellu, eins og komu fram á einum stað á landinu, sem ég held að eigi ekkert erindi inn í þessar umræður. Sem betur fer hef ég ekki heyrt getið um að þessi padda hafi komist í kindakjöt, enda væri þá vá fyrir dyrum. Hins vegar vitum við allir að kólígerlar finnast víðast hvar í vatni. Eins og hv. talsmaður minni hl. landbn. gat um upplýsti annar fulltrúi neytenda að 40–50 vatnsveitur á Íslandi væru með svipuðum hætti og við margar vatnsveitur sem þannig er ástatt fyrir eru sláturhús sem fengið hafa leyfi.

Það get ég sagt hv. alþm. þessarar deildar að aldrei hefði mér dottið í hug að gagnrýna yfirdýralækni, héraðsdýralækni og landbrh. þó það hefði verið neitað um sláturleyfi í sláturhúsinu á Ísafirði. Það hefði ég ekki treyst mér til að gera eins og ástandið er þar. En ég þekki ekki nema örfá sláturhús svo að ég er ekki fær um að taka upp í mig meira en það sem ég þekki.

En út af því hve einn af þm. þessarar hv. deildar, sem jafnframt er í bændastétt, hafði gaman af því að lesa upp umsögn setts yfirdýralæknis til að fá inn í þingtíðindin þann óhróður allan sem þar kemur fram þykir mér tilhlýðilegt að lesa upp, svo að það komist einnig inn í þingtíðindin, símskeytið sem hreppsnefnd Bíldudals sendi forsrh. og er svohljóðandi:

„Hreppsnefnd Bíldudalshrepps mótmælir harðlega þeim einkennilegu ummælum sem settur yfirdýralæknir, Sigurður Sigurðarson, hefur haft um Bíldudal í fjölmiðlum. Þess er óskað að ríkisstjórn Íslands láti fara fram opinbera rannsókn á þeim rakalausu fullyrðingum sem Sigurður Sigurðarson hefur látið fara frá sér í fjölmiðlum um atriði eins og saurgerla, rottugang og matareitrun sem gefur alranga mynd af staðnum, Bíldudal, og íbúum hans til niðurlægingar. Ljóst er af síðustu yfirlýsingu Sigurðar Sigurðarsonar að hann hefur ekki fjallað um sláturhúsmálið á Bíldudal á faglegan hátt. Þess er óskað að landbrn. stöðvi nú þegar yfirlýsingar yfirdýralæknis Sigurðar Sigurðarsonar um Bíldudal. Jafnframt að upp verði gefið hvar kólígerlar hafa fundist í vatni hér á landi til að sýna hversu algengt þetta er.

Afrit af þessari ályktun verði sent Jóni Helgasyni landbrh. og Matthíasi Bjarnsyni, 1. þm. Vestf.

F.h. hreppsnefndar Bíldudals, Flosi Magnússon sveitarstjóri.“

Þetta skeyti mun hafa verið tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi þriðjudaginn eftir að það barst og ríkisstjórn Íslands tók mjög snöfurmannlega á þessu máli eins og við var að búast og komst að þeirri niðurstöðu að engum væri nú betur treystandi til að rannsaka þetta mál en hæstv. landbrh. og fól honum málið aftur, en þar hafði málið verið frá því að umsókn var send 24. ágúst. Þetta var mjög myndarlega gert og Arnfirðingar koma til með að þakka mjög innilega fyrir það, en það sýnir að hæstv. forsrh. ber óskorað traust til hæstv. landbrh. og treystir engum manni betur til að fara með þessi mál en honum.

Hitt er svo annað mál að ég treysti ekki hæstv. landbrh. að gera neitt í þessu máli, ekki nokkurn skapaðan hlut, eftir það sem á undan er gengið. Hann gat vel leyst þetta mál ef hann hefði viljað eða réttara sagt: Hann vildi það, en hafði ekki kjark. Landbrh. sagði hér í umræðum á dögunum: Það þýðir ekkert fyrir Bílddælinga að gefið sé út leyfi nema einhver vilji skoða kjötið. Og það ætlum við

að gera. Ef einhver fengist til að skoða kjötið mundi leyfið verða gefið út. Þá væri búið að fá dýralækni. Ekki einn heldur tvo. En þeir gáfust allir upp. Þeir fóru á fund einhvers eins manns og kjarkurinn var búinn þar á eftir alveg eins og hjá hæstv. landbrh. Það gerðist.

Ég verð að segja að það er rétt að þessi orusta er töpuð, en ég vil ekki jafnframt halda því fram að stríðið sé tapað þrátt fyrir það. Það verður vafalaust mikið gert í því að halda áfram að vinna að því að réttlát afgreiðsla verði viðhöfð í framtíðinni í þessum efnum.

Það er sorglegt til að vita að stéttarfélag bænda skuli láta frá sér fara í nafni stéttarsambandsins það bréf sem kom fyrir landbn. þessarar hv. deildar. Ég hef fyrir satt að stéttarfélag bænda hafi ekki haft nokkurt samband við félagsmenn sína á þessu svæði. Nei, þeir voru fyrir fram ákveðnir í því að gera rétt þeirra að engu. Þeir voru algjörlega á bandi stjórnvaldsins í þessum efnum og þá geta allir sagt sér það hvar þessir menn væru ef kansellíið væri enn þá við lýði. Þá lægju þeir hundflatir fyrir kansellíinu en ekki fyrir eigin félagsmönnum og félögum.

Menn töluðu við 1. umr. málsins um að virðing Alþingis væri í voða. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., sagði: Hverjir eru umboðsmenn fólksins ef það eru ekki þingmenn? Hverjir eiga að leita réttar fólksins þegar á það er ráðist ef það eru ekki þingmenn? Og þó ég sé ekki alltaf sammála þeim hv. þm. var þetta eins og talað frá mínu hjarta. Það var hárrétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði í þessum umræðum. Hvað mundu aðrir menn segja, bæði í þessari hv. þingdeild sem annars staðar, ef þau vinnubrögð væru viðhöfð að eigur væru skoðaðar, athugasemdir gerðar og sagt: Þetta þarf að gera, síðan er farið að framkvæma það sem skal gera og ekki einu sinni heldur tvisvar og þegar því er öllu lokið og búið er að eyða frá litlu félagi sem telur fáar bændafjölskyldur, meðal þeirra er ekkja sem lifir eingöngu á sauðfjárrækt, um 800 þús. kr., þá er sagt: Nei, þið skuluð bera þetta sjálf? Og það er táknrænt fyrir Kvennalistann að alltaf þegar einhver slík rangsleitni kemur upp tekur Kvennalistinn upp hanskann fyrir rangsleitnina, eins og ræða talsmanns Kvennalistans við 1. umr. bar greinilega vott um. (Gripið fram í.) Hv. 10. þm. Reykn. hefur ekki í fyrsta sinni ráðist að landsbyggðinni. Hann hefur gert það áður. Hann hefur talið eftir fjárveitingar til heilbrigðismála ef það hefur verið út á land. (**KH:** Þetta er ómaklegt.) Þetta er gert að flokksmáli í þessum svokallaða flokki sem ætti frekar að teljast sértrúarsöfnuður en stjórnmálaafl. Þetta eru rök fyrir því sem talsmaður Kvennalistans hafði fram að færa. Það er þá gott ef komið er einu sinni að því að talsmaður Kvennalistans kann að skammast sín.

Mér datt í hug hvernig haldið er áfram með störfin og stefnuna úti á landsbyggðinni. Það var að fara í eyði nyrsta jörð á Vestfjörðum. Það var birt samtal við bóndann þar. Hann segir í lok þessa samtals: „Kvótakerfið blinda tekur ekki heldur neitt tillit til slíkra aðstæðna um búsetuna. Vissulega hvarflar það að manni að ásetningur stjórnvalda sé einmitt sá að koma sveitunum við Djúpið í eyði þó enginn vilji samt við það kannast opinberlega. Ef þetta er rétt, þá geta viðkomandi menn og stofnanir fyrir sunnan nú fagnað miklum áfangasigri í orustunni gegn vestfirskum byggðum, hagsmunum þeirra og sjálfstæði, gegn sjálfri tilveru þeirra. Tyrðilmýri er eitt af skotmörkunum í þeirri orustu. Reykjanesskóli og sláturhúsið á Bíldudal eru líka þar á meðal."

Þannig er nú viðhorf manna til framkvæmda þessa máls.

Subbulegasta ritsmíð sem ég hef séð á ævinni birtist í DV 28. okt. undir yfirskriftinni „Bíldudalsbölið" eftir Dagfara. Ég held að það sé ekki hægt að hugsa sér meira níð og óþverra um einn stað en fram kemur í þessari blaðagrein. Ég kenni í brjósti um höfund þessarar greinar hver sem hann er. Hann telur sér hentugra að skýla sér en að koma fram í dagsljósið, en innræti þess sem þannig skrifar er ekki upp á marga fiska.

Ég veit ekki hvernig á því stóð að það komu upp í mínum huga eftir að hafa séð og heyrt bréf Stéttarsambands bænda og heyrt nokkrar ræður hér við 1. umr. nokkrar ljóðlínur úr kvæði Bólu-Hjálmars sem nefnt er Umkvörtun og þær eru svona:

> Félagsbræður ei finnast þar,
> af frjálsum manngæðum lítið eiga,
> eru því flestir aumingjar,
> en illgjarnir þeir, sem betur mega.

Rangsleitnin sem Bólu-Hjálmar varð fyrir barðinu á á sínum tíma lifir enn þá góðu lífi.

Frsm. meiri hl. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason lét að því liggja í ræðu sinni að þetta frv. hefði ekki náð fram að ganga vegna þess að landbn. deildarinnar hefði verið svifasein í störfum. Þetta er fjarstæða. Þetta er gjörsamlega órökstudd fullyrðing sem ég vísa algjörlega á bug. Þetta mál var til 1. umr. í hv. deild sl. miðvikudag. Þeirri umræðu lauk þá um kvöldið. Morguninn eftir klukkan níu kom landbn. Nd. saman til fundar. Hún hélt fund þá í þrjá klukkutíma og aðra tæplega þrjá klukkutíma að kvöldi sama dags. Föstudaginn eftir voru ekki deildarfundir í þingi. Meirihlutaálitinu var skilað hingað inn á Alþingi á laugardegi og það var tilbúið prentað í þinginu á mánudagsmorgni. Þannig verður ekki hægt að segja að landbn. deildarinnar hafi verið svifasein. Ég vísa þessu á bug og segi þetta vegna þess að ég vil að þetta komi í þingtíðindum. Þetta er rangt, hv. þm.

Mér finnst dálítið undarlegt í sambandi við þessa umræðu að eftir það nál. sem meiri hl. hefur látið frá sér fara skuli menn ekki ræða þann allsherjarvanda sem blasir við vegna þeirra upplýsinga sem koma fram í nál. meiri hl. þar sem er sagt berum orðum að ástandið í sláturhúsamálum hér á landi sé fyrir neðan allar hellur. Það er hárrétt, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði hér áðan, að við heyrðum það á

fundum nefndarinnar hjá umsagnaraðilum að 40% a.m.k. af vatnsveitum landsins væru með vatn sem væri ekki ögn skárra en það vatn sem sláturhúsið á Bíldudal getur haft og hefur til afnota, en með leyfi forseta langar mig að vitna í rannsóknarskýrslu Hollustuverndar ríkisins vegna vatnssýnis sem tekið var á Bíldudal: Vatnssýnið er móttekið 7. okt. sl. og í rannsókn kemur fram að kólígerlafjöldi í 100 ml vatns er 54 og saurkólígerlafjöldi í jafnmiklu vatnsmagni eða 100 ml er 54.

Þegar svo við bætist að fróður maður yfirlýsir á fundi nefndarinnar að 40% af vatnsveitum landsins hafi vatn sem sé af svipuðum toga þykja mér hlutir vera farnir að gerast alvarlegir. Og umræða varð um ástand sláturhúsa hér á landi almennt, um þrýsting stjórnmálamanna, um að sláturhús sem væru raunverulega óhæf til slátrunar fengju leyfi. Ég hygg að sök stjórnmálamanna í þessu kraðaki öllu sé talsverð. Ég minnist þess að yfirdýralæknir sagði aðspurður á fundi nefndarinnar að hann hefði verið beygður til að veita sláturhúsum leyfi. Þetta voru hans óbreyttu orð á fundi nefndarinnar. Hann hefði orðið að láta undan síga fyrir þrýstingi.

Herra forseti. Það er þetta mál sem við eigum að ræða hér, sóðaskapinn í matvælaframleiðslu á Íslandi. Við segjum í nál. meiri hl. að sláturhúsið á Bíldudal hafi verið blóraböggull og að stjórnvöld hafi verið svifasein. Að hluta til tökum við undir þá gagnrýni sem hefur komið fram. Og mér hefði þótt ástæða fyrir hv. þm. Matthías Bjarnason að nefna það. Það voru hins vegar önnur atriði þessa máls sem við vorum á móti, m.a. að málið væri óþinglegt, að þingið gæti ekki tekið fram fyrir hendurnar á framkvæmdarvaldinu í leyfisveitingum til einstakra sláturhúsa.

Herra forseti. Ég hygg að þetta mál þurfi að ræða í miklu víðara samhengi. Hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál í heilbrigðiseftirliti matvælaframleiðslu á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

11. fundur, þriðjudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 3. nóv. 1987:

„Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Ásmundur Stefánsson, formaður Alþýðusambands Íslands, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Ásmundar Stefánssonar. Það þarf athugunar við, rannsóknar í kjörbréfanefnd, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að koma saman og taka kjörbréfið til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ásmundar Stefánssonar sem er 1. varamaður Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi. Nefndin sér ekkert athugavert við kjörbréfið og var sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ásmundar Stefánssonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að Ásmundur Stefánsson hefur ekki setið áður á Alþingi vinnur hann drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ásmundur Stefánsson, 7. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ásmundur Stefánsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fjöldauppsagnir á Orkustofnun, ein umr.

Fsp. SJS, 36. mál. — Þskj. 36.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. iðnrh. fsp. varðandi uppsagnir starfsfólks á Orkustofnun nú nýverið og eru þær á þskj. 36 í þremur liðum. Ég spyr hæstv. iðnrh. fyrst og fremst

hvers vegna gripið er til þessara uppsagna með svo stuttum fyrirvara eða nær fyrirvaralaust, hvers vegna það er ekki gert í tengslum við neina stefnumörkun eða skoðun á starfsemi stofnunarinnar sem þó stendur fyrir dyrum. Það er einnig spurt að því hvað verði um þau verkefni sem þetta starfsfólk hefur sinnt og hvaða áhrif þessar aðgerðir muni hafa á framtíðarrannsóknir sem heyra til verksviði þessarar stofnunar. Enn frekar er spurt hvort vænta megi fleiri aðgerða af þessu tagi.

Ég tel, herra forseti, nauðsynlegt að menn átti sig á því í tengslum við þessa fsp. að starfsemi Orkustofnunar hefur dregist mikið saman á undanförnum árum. Þar hefur fækkað um 30–40 manns á sl. fáeinum árum. Það er í tengslum við minni verkefni á sviði virkjanarannsókna, en það er síður en svo að þörf fyrir starfsemi þessarar stofnunar sé gufuð upp, öðru nær. Orkustofnun á lögum samkvæmt að sinna mjög viðamiklum verkefnum á sviði upplýsingaöflunar og grunnrannsókna er tengjast hvers kyns orkuöflun og upplýsingasöfnun þar að lútandi í landinu.

Hæstv. fyrrv. iðnrh. Sverrir Hermannsson lét gera úttekt á starfsemi stofnunarinnar í eina tíð sem varð nokkuð fræg. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri óeðlilegt að rúmlega 120 manns störfuðu að þessum verkefnum, en það er nákvæmlega sá fjöldi sem var í störfum áður en þessar fyrirvaralausu uppsagnir komu til framkvæmda.

Ég hygg, herra forseti, að þessar harkalegu og fyrirvaralausu aðgerðir stjórnar stofnunarinnar lýsi nokkurri vanþekkingu á þörfum fyrir verk hennar og að það sé í raun og veru furðulegt, með hliðsjón af 2. gr. orkulaga í I. kafla, um hlutverk Orkustofnunar, að gripið sé til svo mikilla og skyndilegra uppsagna þar sem jafnmikil verkefni bíða úrlausnar í sambandi við upplýsingaöflun og grunnrannsóknir á sviði orkumála í landinu.

Það er svo að á meðan mest var umleikis hjá þessari stofnun ýttust nánast allar grunnrannsóknir í landinu til hliðar, viku fyrir þeim miklu verkefnum sem uppi voru í virkjunarrannsóknum á seinni hluta áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda. Þess vegna kemur það úr hörðustu átt að mínu mati, þegar um hægist hjá stofnuninni á þessu sviði og meira tóm ætti að gefast til að sinna grunnrannsóknum, að gripið sé til svo harkalegra og lítt rökstuddra aðgerða sem hér frá greinir. Ég bíð því spenntur eftir að heyra rökstuðning hæstv. iðnrh. fyrir nauðsyn þessa.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Svar við fyrstu spurningu á þskj. 36 frá hv. 4. þm. Norðurl. e. er þetta:

Orkustofnun hefur á undanförnum árum gegnt veigamiklu hlutverki í rannsóknum vegna undirbúnings virkjanaframkvæmda hér á landi. Er þar bæði um að ræða virkjanir á sviði vatnsafls og jarðhita.

Hlutur Orkustofnunar í þessum undirbúningi hefur verið mjög mismikill eða allt frá almennum athugunum á orkulindunum í heild til athugana á einstökum virkjunum og tilhögun þeirra eða vinnslutæknilegum úttektum á afmörkuðum sviðum svo sem útfellingum á hitaveituvatni.

Áherslur og rannsóknir á sviði orkumála hafa breyst á undanförnum árum. Nú er gert ráð fyrir hægari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana en áður og hitaveitur hafa verið lagðar í flesta þéttbýlisstaði þar sem heitt vatn er tiltækt. Rannsóknum til undirbúnings virkjunar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur að Nesjavöllum er að mestu lokið og framkvæmdir hafnar. Verkefni Orkustofnunar sem beint tengjast virkjunum á sviði vatnsafls eða jarðhita hafa því dregist mikið saman.

Á sl. tveimur árum vann stofnunin einnig að umfangsmiklum verkefnum fyrir varnarmáladeild utanrrn. sem nú er lokið. Tilraunir til að selja verkefni til útlanda hafa enn ekki borið teljandi árangur. Á þessu ári hefur Orkustofnun unnið að verkefnum tengdum vatnsöflun á heitu og köldu vatni vegna fiskeldis, en Alþingi hefur veitt fé sérstaklega til þessa verkefnis.

Auk þess sem áður er talið hafa ýmsar breytingar orðið að undanförnu, svo sem að Jarðboranir ríkisins sem nutu þjónustu Orkustofnunar voru gerðar að hlutafélagi og að Landsvirkjun yfirtók eignir Jarðvarmaveitna ríkisins sem áður voru í umsjá Orkustofnunar. Hér hafa viss verkefni verið flutt frá stofnuninni.

Í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir Alþingi er lagt til að draga úr fjárveitingu til stofnunarinnar og er tillaga um nánast óbreytta fjárveitingu að krónutölu frá því sem er á þessu ári. Þar er gert ráð fyrir fækkun starfsmanna.

Við þessar aðstæður hafa stjórnendur Orkustofnunar metið stöðuna svo að verulega muni draga úr sértekjum stofnunarinnar á næsta ári og að óhjákvæmilegt sé að draga starfsemina saman. Stjórnendur Orkustofnunar ákváðu því í lok september sl. að höfðu samráði við iðnrn. að segja upp 18 starfsmönnum í 16 ársverkum frá og með nk. áramótum. Uppsagnir þessar dreifast á allar aðaldeildir stofnunarinnar. Miðað var við að uppsagnir þessar tækju gildi um næstu áramót, enda hefði seinkun ákvörðunar, t.d. þar til fjárlög næsta árs hafa verið afgreidd um áramót, einungis valdið auknum kostnaði á næsta ári. Hefði það jafnvel getað leitt til þess að segja hefði orðið upp fleiri starfsmönnum til að ná endum saman. Auk ofangreindra uppsagna er ekki gert ráð fyrir að ráða í nokkur störf sem losna á næsta ári, þannig að um meiri samdrátt er að ræða en uppsagnirnar gefa beinlínis til kynna.

Eins og hér hefur verið lýst stafa uppsagnir þessar af aðstæðum sem þegar hafa skapast vegna samdráttar í verkefnum og þar með tekjum, bæði sértekjum og fjárveitingum. Þær eru því ekki í tengslum við athugun þá sem fyrirhuguð er á starfsemi stofnunarinnar og getið er um í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Svar við annarri spurningu: Reynt verður að láta ofangreindar breytingar á starfsmannahaldi hafa sem minnst áhrif á verkefni þau sem unnið er að, en að sjálfsögðu verður aldrei komið í veg fyrir að áhrifa gæti í einhverjum mæli. Athugun þeirri sem fyrirhuguð er á starfsemi Orkustofnunar er m.a. ætlað að meta framtíðarrannsóknir og starfsemi Orkustofnunar. Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga í dag, en ekki verður séð að um bein áhrif sé að ræða.

Svar við þriðju spurningu: Óhjákvæmilegt er að sníða hverri starfsemi stakk eftir vexti. Það er jafnan svo að þegar um aukningu á starfsemi er að ræða þykir hún sjálfsögð, en þegar um er að ræða samdrátt kemur hann því miður niður á einstaklingum og verður því mun tilfinnanlegri. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera rannsóknastofnanirnar rekstrarlega sjálfstæðar en það mun væntanlega hvetja meira til verkefnabundinna ráðninga og hærra sértekjuhlutfalls en nú er.

Með hliðsjón af fyrrgreindum aðstæðum hefur ráðuneytið talið nauðsynlegt að taka starfsáætlun stofnunarinnar fyrir 1988 til endurskoðunar í samstarfi við Orkustofnun og Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Leitað verður leiða til að draga sem frekast er unnt úr útgjöldum. Jafnframt verður óskað eftir hækkun fjárveitinga til að mæta að nokkru skerðingu sértekna. Takist þetta er þess vænst að ekki þurfi að koma til frekari uppsagna á næsta ári. Ekki er um að ræða tilsvarandi samdrátt hjá öðrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svörin. Ég get ekki lýst ánægju minni með þau. Ég tel að það hafi í reynd komið fram í máli hans hversu lítt ígrundaðar þessar hópuppsagnir voru og hversu óeðlilegt það er með öllu að gripið sé til þeirra á því stigi málsins sem raun ber vitni. Þó að það fréttist frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun eða frá fjmrn. að þar sé í smíðum fjárlagafrv. þar sem gert sé ráð fyrir einhverjum niðurskurði til stofnunarinnar tel ég ekki ástæðu til fyrir stjórnendur og yfirvöld sömu stofnunar að rjúka til og fara að segja upp fólki. Ef menn beittu þeirri vinnureglu í hvert skipti tel ég að þær uppsagnir sem gripið væri til á hverju hausti næmu þúsundum en ekki tugum eins og hér ber raun vitni. Við skulum gera okkur grein fyrir því að áður hafa sést niðurskurðartölur sem síðan hafa gengið til baka og þó að mikið sé rykti fjmrn. eða Hagsýslustofnunar er það þó Alþingi sem afgreiðir fjárlög. Ég tel að eðlilegra hefði verið að á það hefði verið látið reyna hvort þessi niðurskurður á fjárframlögum til Orkustofnunar nyti stuðnings á Alþingi áður en stjórnendur stofnunarinnar gripu til slíkra aðgerða.

Ég tel að það hafi einnig komið fram hjá hæstv. iðnrh., sem auðskiljanlegt er, að í raun og veru var fyrst gripið til uppsagnanna en síðan var farið að kanna hvaða áhrif það hefði hugsanlega á starfsemina, vegna þess að ekkert liggur fyrir um það. Þessar uppsagnir eru ekki í tengslum við neitt skipulag, ekki í tengslum við neina framtíðarkönnun á umfangi eða verkefnum þessarar stofnunar. Hér er því flaustурslega að hlutunum unnið og ég verð að segja það, herra forseti, að ég tel hæstv. iðnrh. byrja heldur báglega ef hann ætlar e.t.v. að taka upp aðferðir forvera síns að höggva fyrst og spyrja svo.

Ég tel að þetta mál gefi síðan tilefni til þess og það sé óhjákvæmilegt að ræða það betur við 1. umr. fjárlaga á morgun, herra forseti, og ég treysti því að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur til að taka þátt í þeirri umræðu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki tími til að gera langar athugasemdir við það sem hæstv. iðnrh. sagði. Mig langar þó til, á þessum stutta tíma sem mér er ætlaður, að harma það að hæstv. iðnrh. skuli beina athygli sinni að mestu leyti að málum innanlands, vegna þess að innanlandsframkvæmdir og innanlandsathuganir eru heldur minni en þær hafa verið í fortíðinni, en minna að því sem á að geta verið stórmarkaður erlendis.

Þegar ég lét af — var rekinn úr embætti iðnrh., má segja, voru samningar við Kína á leiðinni. Það voru samningar sem vísindamenn okkar á Orkustofnun hefðu getað unnið og áttu að vinna. Það voru gerðir samningar við Tíbet sem vísindamenn okkar áttu að vinna og voru að vísu byrjaðir að einhverju leyti. Það voru nemendur frá Kína, frá Tíbet, frá Kenýa sem áttu að koma hingað til þess að læra það sem við getum kennt í háskóla Sameinuðu þjóðanna og það voru mjög athyglisverðir samningar við Ísrael á leiðinni. Það er ekki tími til að skýra þessi mál, en sérstaklega vil ég þó leggja áherslu á þá samninga við Kenýa sem þegar hafa verið undirritaðir og undirbúnir og eru á framkvæmdastigi.

Ég vil líka minna á að það er á vísindalegu rannsóknarstigi nú sala á raforku héðan til Evrópu sem er miklu stærra mál en hægt er að ræða á svona stuttum tíma. Það eru nóg verkefni fyrir okkar vísindamenn og Orkustofnun og ég mótmæli því að mönnum þar sé sagt upp og þekkingin látin þar með fjara út.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér finnst nýr hæstv. iðnrh. ekki byrja vel í sambandi við þá stofnun sem ætluð er ráðgjöf við ríkisstjórnina á tilgreindu sviði lögum samkvæmt og ætlað mjög þýðingarmikið hlutverk í sambandi við undirstöðurannsóknir í landinu. Alveg sérstaklega eru ámælisverð þau vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi gagnvart starfsmönnum á þessari stofnun. Það er ekki annað hægt en að taka undir með fyrirspyrjanda og öðrum sem hér hafa talað að þar er mjög óeðlilega að staðið og miklu til hætt í rauninni að hrekja burt reynt starfslið áður en búið er að marka stefnu varðandi framtíðaráherslur á

þessu sviði. Ráðherrann hefur boðað endurskoðun á starfsemi Orkustofnunar og ekkert er við það að athuga og sjálfsagt að fara yfir starfsemi ríkisstofnana alltaf öðru hvoru og endurmeta þættina, en það á ekki að taka ákvarðanir um uppsögn og breytingar á starfsliði áður en slíkt hefur verið gert.

Ég minni á það, herra forseti, hér að lokum að í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens var búið að undirbúa endurskoðun á lögum varðandi öll helstu fyrirtæki og stofnanir á sviði orkumála og þau frv. voru lögð hér fram áður en sú stjórn fór frá völdum. Síðasta ríkisstjórn gerði ekkert í þessum efnum og stóð hins vegar fyrir handahófskenndum vinnubrögðum eins og hér hefur verið minnt á og það virðist ætla að verða framhald á því. Því hljótum við hér að mótmæla og gera kröfu um að þessi mál verði fyrst rædd hér á Alþingi og stefna mörkuð áður en framkvæmdarvaldið gengur fram með þeim hætti sem hér er gert.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir með þeim sem hér hafa talað að það er mjög óeðlilega staðið að þessum uppsögnum, sérstaklega með tilliti til þess að það virðist vera fyrst og fremst gert í frv. til fjárlaga sem alls ekki er búið að fjalla um í þinginu né heldur að samþykkja. Ég bendi á að það hefur verið talað um að mörg verkefni sem unnin hafa verið á Orkustofnun muni stöðvast vegna uppsagnanna og hefur verið bent t.d. á seiðaeldisverkefni stofnunarinnar þar sem þeir eru að athuga ferskvatn vítt og breitt um landið. Þó að hér eigi að vera að spara getur því vel verið að þegar upp er staðið verði fjárhagslega tjónið enn meira en ef haldið væri svolítið betur á málum og undirbúið örlítið betur það sem verið er að gera.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Reykv. vil ég segja að athugunum á verkefnum Orkustofnunar erlendis hefur verið haldið áfram. Því miður var árangur svokallaðra samninga ekki meiri en sá að okkur hefur ekki enn tekist að festa þau verkefni í sessi, en ég get sagt við hann að að því er unnið með nákvæmlega sama hætti og var gert í tíð hans sem iðnrh., sem hann reyndar veit ósköp vel, enda getur hann gengið eftir því hjá þeim starfsmönnum sem hann hafði þá í sinni þjónustu.

Nýlega fóru til Kína tveir sérfræðingar Orkustofnunar, þeir Einar Tjörvi Elíasson og Guðmundur Pálmason, og gerðu þar athuganir og ég bíð eftir að fá skýrslu frá þeim um hugsanleg verkefni þar. Enn hefur ekki orðið af frekari framkvæmdum, en vonandi tekst það innan tíðar. Sömuleiðis má minna á verkefni í Kenýa sem menn hafa beðið eftir að fá en enn hefur ekki tekist að afla. Þessi verkefni mundu verða unnin af Orkustofnun erlendis og sjálfstæðum íslenskum fyrirtækjum en snerta í raun og veru ekki beinlínis þau störf sem þeir starfsmenn vinna sem nú hefur verið sagt upp, eins og fyrrv. iðnrh. veit gjörla ef hann hefur kynnt sér málið.

Ég fagna áhuga fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar á stofnuninni. Það er skiljanlegt. En ég vil aðeins segja þetta að lokum: Þegar verkefni uxu í þessu landi, þegar olían hækkaði, hlutum við að stækka þessa stofnun, leggja áherslu á virkjanir, leggja áherslu á hitaveitur. Þegar saman dregst, verkefnum fækkar, verða menn að hafa kjark til að horfa framan í staðreyndir. Þeir menn sem hafa starfað í einkarekstri, sem hefur gengið illa stundum, orðið að segja upp fólki, geta ekki komið til ríkisvaldsins og beðið um hjálp. Við sem berum ábyrgð á þessari starfsemi verðum því miður að viðurkenna að þegar verkefni dragast saman ber okkur, m.a. skattborgaranna vegna, að draga saman seglin. Ég vonast til þess að það fólk sem nú hættir hjá Orkustofnun fái vinnu við sitt hæfi annars staðar í þjóðfélaginu, enda ber svo vel í veiði nú að um nægа atvinnu er að ræða víðast hvar í þjóðfélaginu. Þetta bið ég menn um að hafa í huga. Það er ekki skemmtiverk fyrir ráðherra að þurfa að segja upp fólki. Það er ekki gert vegna þess að það sé mönnum til skemmtunar. Það er gert vegna þess að það er skylda þeirra sem bera ábyrgð á verkefnum eins og þessum að halda þeim í því lágmarki sem kostur er, en bæta frekar við þegar á þarf að halda. Þetta vona ég að hv. þm. skilji.

Ég skil ósköp vel að þessar umræður komi upp í þinginu í dag, en ég bið um að menn geymi sér allar tillögur í þessu efni þangað til fjárlagafrv. verður til umræðu. (**SJS:** Má þá ekki geyma uppsagnirnar líka?) Nei, það er ekki hægt því að við yrðum þá að segja upp fleira fólki og það er engin ástæða til að geyma þessar uppsagnir. En það kemur út skýrsla næsta vor. Þá skulum við ræða þessi mál frekar. Og við getum enn fremur rætt það þegar fjárlagaumræðan fer fram á morgun eða síðar. En ef Alþingi þóknast að auka við rannsóknir sem þessi stofnun getur framkvæmt, eins og t.d. í Öxarfirði við fiskeldi, svo ég nefni eitt sveitarfélag sem er fyrirspyrjanda kært, verður ráðið fólk til þess. Ég minni á að sumt af þessu fólki er verkefnaráðið, það er bundið við sérstök verkefni, og er eðlilegt að slíkt fólk komi til tímabundinna starfa en sitji ekki ævilangt í þeim stofnunum sem það hefur einu sinni komið inn á. Þetta bið ég menn um að hafa í huga þegar þeir ræða um stofnanir ríkisins.

Fræðsla um kynferðismál, ein umr.

Fsp. KH, 38. mál. — Þskj. 38.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Í lok síðasta þings var samþykkt hér á Alþingi svohljóðandi till., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að efla veru-

lega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Samþykkt þessarar till. var okkur kvennalistakonum vissulega fagnaðarefni, en við höfum haldið þessu máli vakandi og reynt að ýta á framkvæmdarvaldið með fyrirspurnum og tillöguflutningi allt frá okkar fyrstu dögum á hv. Alþingi.

Þeim til upplýsingar sem e.t.v. hafa ekki kynnt sér þessi mál er hér um það að ræða að fá stjórnvöld til að framkvæma þann kafla laganna frá 1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir sem er í raun og veru undirstaðan undir síðari kafla laganna sem fjallar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Því miður er langt frá því að lögboðinni fræðslu og ráðgjöf hafi verið sinnt þó nú séu liðin meira en tólf ár frá setningu laganna og er það vitanlega með öllu óviðunandi.

Herra forseti. Ég kann því hálfilla þegar verið er að beina máli til hæstv. heilbrmrh. að hann hefur ekki frið fyrir samþingmönnum sínum. (**Forseti:** Ég vænti þess að hæstv. heilbrmrh. fylgist með því sem hér er sagt. Mér þykir ólíklegt að hæstv. ráðherra geri það ekki.)

Með samþykkt sinni frá sl. vori hefur Alþingi staðfest þann vilja sinn að við þessi lög verði staðið. Þar sem ekkert hefur frést af framkvæmd þessarar till. og ekki síður vegna þess að ekki verður séð að til þess sé ætlað fé í frv. til næstu fjárlaga hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um framkvæmd málsins og beini þeirri fsp. til hæstv. heilbrmrh. á þskj. 38: „Hvað líður framkvæmd þál. sem samþykkt var á Alþingi 19. mars sl. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. 38 hefur fyrirspyrjandi, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, beint til mín fsp. um hvað líði framkvæmd þál. sem samþykkt var á Alþingi 19. mars um fræðslu meðal almennings um kynferðismál. Hv. fyrirspyrjandi hefur einnig gert grein fyrir þessari þál. eins og hún hljóðar og því ástæðulaust að lesa hana aftur, en það er hins vegar rétt til glöggvunar að rifja upp skyldur heilbrigðisþjónustunnar um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir skv. lögum nr. 25/1975. Í þeim lögum segir svo:

„Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu."

Í lögunum segir enn fremur: „Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu."

Frá því þessi lög voru sett hefur landlæknisembættið í samvinnu við ráðuneytið kappkostað að gefa heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum kost á upplýsingaefni um kynlíf og barneignir og hefur á hverju *ári verið veitt lítils háttar fjárveiting í þessu skyni* undir fjárlagalið 08 399 140, Kostnaður vegna laga nr. 25/1975. Í fjárlögum ársins í ár er varið til þessa verkefnis 826 þús. kr. Þessari fjárupphæð hefur einkum verið varið til útgáfustarfsemi, til útgáfu bæklinga með upplýsingum til hlutaðeigandi og til fræðslu í skólum. Hefur landlæknir annast málið eða haft um það forgöngu og fengið lækna og læknanema til að fara í skólana og veita þar fræðslu eða halda fyrirlestra.

Landlæknisembættið stóð á sínum tíma að útgáfu þriggja bæklinga um lykkjuna, smokkinn og pilluna og hafa þessir bæklingar verið til á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og í apótekum undanfarin ár. Í tilefni af samþykkt þeirrar þál. sem minnst var á hér að framan var ákveðið að taka til endurskoðunar þessa þrjá bæklinga og er þeirri endurskoðun nú lokið og bæklingarnir komnir í prentun og munu koma út á þessu hausti. Dreifing þeirra er hugsuð með svipuðum hætti og áður hefur verið.

Þegar ljóst var að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir vegna alnæmisfaraldursins þótti ljóst að upplýsingar um varnir gegn honum og kynfræðsla almennt hlytu að fara saman og undanfarin þrjú ár hefur verið lögð áhersla, aðaláhersla í kynfræðslu á upplýsingar um alnæmi. Þannig hafa síðustu tvö ár verið gefnir út sérstakir bæklingar í tugum þúsunda eintaka sem ýmist hafa verið sendir til einstakra aldurshópa eða áhættuhópa og látnir liggja frammi á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og lækningastofum.

Þessa dagana er verið að bera til allra heimila í landinu síðasta fræðslubæklinginn um alnæmi sem er gjöf til þjóðarinnar frá Ísafoldarprentsmiðju hf., Almennum tryggingum hf. og fjölmörgum öðrum *aðilum sem hafa gefið alla sína vinnu og sitt framlag* til þessa verkefnis. Ber að virða það og þakka. Þetta er mikið átak. Bæklingur þessi er gefinn út í 90 000 *eintökum og á, eins og áður segir, að fara inn á öll* heimili. Enda þótt í þessum bæklingi sé alvarlega höfðað til fólks vegna hættu á alnæmissýkingu lítur ráðuneytið svo á að hér sé einnig um að ræða mjög verulegt framlag til fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Ráðgjafarþjónusta eins og lögin gera ráð fyrir er einnig veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og þá einkum í tengslum við mæðravernd og kvensjúkdómadeildir. Í 7. gr. laga nr. 25/1975 er gert ráð fyrir því að fræðsluyfirvöld í samráði við skólayfirlækni veiti fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífs í skólum landsins og þessa fræðslu skuli einnig veita á öðrum námsstigum. Heilbrmrn. gerir ráð fyrir því að menntmrn. hafi að sínum hluta annast þessa fræðslu svo sem lög gera ráð fyrir.

Þess má að lokum geta að yfirlæknir ráðuneytisins sem gegnir embætti skólayfirlæknis hefur verið ráðgjafi um þessi mál og hefur nú að undanförnu unnið að endurskoðun kennslugagna varðandi það sem

hér er um spurt í samráði við menntmrn.

Herra forseti. Ég vona að þetta hafi að nokkru svarað fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svör hans, en verð um leið að lýsa yfir að ég er ákaflega óánægð með hversu lítið hefur gerst í þessum efnum. Í raun og veru gefur svar hans ekki til kynna að mikið hafi gerst síðan ég fyrst spurðist fyrir um þetta haustið 1983. Það er reyndar líka athyglisvert hvað snertir það átak sem hann minntist á hér áðan um útgáfu bæklings sem fljótlega yrði dreift að kostnaður vegna hans er greiddur af fjölmörgum aðilum sem hann tiltók áðan. Það er út af fyrir sig ljómandi gott, en það eru sem sagt ekki stjórnvöld sem sjá um það, þau sem þó eiga lögum samkvæmt að sjá um framkvæmdina.

Eins og hæstv. ráðherra man höfum við setið saman í fjvn. í fjögur ár og þangað kemur landlæknir iðulega á fund nefndarinnar og ekki hefur hann nú verið ánægður með það sem hann hefur fengið til þessara mála. Hæstv. ráðherra minntist á grein í fjárlögum, kostnað vegna laga nr. 25/1975. Ef ég man rétt hefur sú upphæð sem þar hefur fengist að mjög litlu leyti nýst til fræðslu. Hún hefur farið til annarra hluta sem ég kann að vísu ekki að fara nákvæmlega með hérna núna, en það fengum við upplýst á fundi í fjvn. fyrir einu eða tveimur árum.

Það er út af fyrir sig jákvætt að stjórnvöld skuli hafa vaknað af nokkrum dvala hvað varðar fræðslu í sambandi við sjúkdóminn eyðni því að nú er þó nokkur upphæð merkt til þeirra hluta í frv. til fjárlaga, en það er hins vegar umhugsunarefni og að minni hyggju fremur sorglegt að menn skuli þá fyrst hreyfa sig að einhverju marki til fyrirbyggjandi aðgerða þegar það blasir við að fáfræði og ógætni í kynlífi geti valdið alvarlegum sjúkdómum og jafnvel dauða og að slíkt getur hitt alla fyrir, ekki aðeins ungar stúlkur. Ég vil leggja áherslu á það og ég vil ekki trúa því að hæstv. ríkisstjórn vilji ekki framkvæma vilja Alþingis í þessu máli og skora á hæstv. heilbrmrh. að vinna ötullega að því.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég hafði reyndar ekki beðið um orðið, en fyrst forseti var svo elskulegur að gefa mér það samt ætla ég að bæta við einni setningu sem ég reyndar gleymdi. Það kom fram í upphafi máls hv. fyrirspyrjanda að fjárlög gerðu ekki ráð fyrir framlögum til þessa verkefnis. Það má kannski segja að það sé ekki sérmerkt þeirri þál. sem fyrirspyrjandi vitnar til, en það má samt koma fram að fjárlagaliður sem ég gerði að umtalsefni áðan og nefnist „Kostnaður vegna laga nr. 25/1975“ hækkar úr 826 þús. kr. þessa árs í 1 millj. 71 þús. eða um 30% og fjárveitingar til aðgerða gegn kynsjúkdómum og eyðni hækka úr 5 millj. 350 þús. kr. í 10 millj. og 80 þús. kr. eða um 88%. Hlýtur það að teljast verulegt framlag í þágu þess sem hér er til umræðu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að gera örstutta athugasemd við þetta mál vegna þess að mér finnst illa að því staðið eins og reyndar verið hefur. Ef ég man rétt var lögð fram á þinginu í þinglok síðast íslensk heilbrigðisáætlun og þar var sérstaklega minnst á stefnumörkun í heilbrigðismálum í tengslum við fjárlög. Það var einnig sérstaklega minnst á mikilvægi forvarna í heilbrigðismálum til þess að forðast viðgerðarþjónustu á þeirri forsendu að betra væri heilt en vel gróið sem er meginstefnumark Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar núna. Það örlar ekki á stefnumótun í anda forvarna við gerð þessara fjárlaga. Ég hlýt að lýsa undrun og áhyggjum vegna slíkrar forgangsröðunar. Ég bendi hæstv. heilbrmrh. á að á Norðurlöndunum, nágrannalöndum okkar, þar sem veruleg áhersla hefur verið lögð á kynfræðslu á sl. árum, hefur ótímabærum þungunum unglingstelpna á aldrinum 15–19 ára fækkað verulega í kjölfar aukinnar kynfræðslu og þar af leiðandi einnig fóstureyðingum. Ég skora því á hæstv. ráðherra að berjast fyrir þessu máli við samráðherra í fjmrn. og fá aukið fé til kynfræðslu.

Norræni umhverfisverndarsamningurinn, ein umr.

Fsp. GHelg, 48. mál. — Þskj. 48.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Hinn 19. febr. 1974 undirrituðu fjórar Norðurlandaþjóðir, Danir, Norðmenn, Svíar og Finnar, samning um umhverfisvernd. Samningurinn tekur til gagnkvæmra aðgerða gegn umhverfisspjöllum, svo sem mengun frá landi, byggingum eða öðrum mannvirkjum, mengun vatns og sjávar, loftmengun eða mengun vegna geislavirkra efna og mengun sem verður frá mannvirkjum eða athöfnum á landgrunni samningsríkjanna. Er sérhverri þjóðanna skylt að koma í veg fyrir tjón eða spjöll á umhverfi í eigin landi, en einnig í hinum löndunum sem samningurinn tekur til. Séu einhverjar þær aðgerðir í gangi í einu landanna sem gætu haft í för með sér umhverfisspjöll í öðru er viðkomandi ríki heimilt að höfða mál til að stöðva þær framkvæmdir. En þar sem Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að samningnum er Ísland þarna undanskilið.

Mikil umræða fer nú fram um allan heim um umhverfismál, en enginn tími gefst til að gera þau að umræðuefni hér. Töluverð umræða hefur farið fram á hinu háa Alþingi um þau mál og margir þm. hafa sýnt þeim áhuga. Þá hafa íslenskir þm. borið fram tillögur á sviði umhverfisverndar á þingum Norðurlandaráðs. Það má því undarlegt teljast að Íslending-

ar skuli ekki hafa leitað eftir aðild að norræna umhverfisverndarsamningnum enn þá og ekki síst eftir að till. til þál. um að það yrði gert var samþykkt á síðasta löggjafarþingi. Þá tillögu fluttu þeir hv. þm. Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson og Valdimar Indriðason. Samþykkt hljóðaði þál. svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita eftir aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var 19. febr. 1974 og hefur þegar tekið gildi milli Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands."

Þessi tillaga var samþykkt í þessum sal 18. mars 1987.

Ég hef því, herra forseti, borið fram fsp. til hæstv. félmrh., en fsp. liggur frammi á þskj. 48. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987 um að ríkisstjórnin staðfesti aðild Íslendinga að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var milli Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur 19. febr. 1974?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, hefur borið fram fsp. til mín um hvað líði framkvæmd ályktunar sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987 um að ríkisstjórnin staðfesti aðild Íslendinga að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var milli Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur 19. febr. 1974.

Svar mitt er þetta: Þessi þál. barst félmrn. 22. okt. sl. frá utanrrn. Í bréfi utanrrn. dags. 20. okt. sl. kemur fram að utanrrn. telji rétt að hefja undirbúning að aðild Íslands að samningnum í samvinnu við félmrn. og biður ráðuneytið jafnframt að láta í té umsögn um hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að geta framfylgt ákvæðum samningsins hér á landi. Félmrn. mun að sjálfsögðu bregðast við þessari málaleitan utanrrn. fljótt og vel og að svo miklu leyti sem það er á þess valdi.

Ég nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir að ég sem félmrh. er eindregið fylgjandi aðild Íslands að umræddum samningi. Enda þótt félmrn. hafi með ríkisstjórnarsamþykkt á árinu 1978 verið falið að fara með mál er lúta að umhverfismálum er sú ráðstöfun aðeins í orði því að ábyrgð í umhverfismálum er nú dreift á ein sex ráðuneyti og því enginn ráðherra öðrum fremur talsmaður umhverfismála almennt.

Nú er þessum málum þannig háttað hér að heilbr.- og trmrn. fer með flesta mengunarþætti umhverfismála, menntmrn. fer með náttúruverndarmál, sjútvrn. með hvers konar mengun sjávar o.s.frv. Snertiflöt umhverfisverndarmála við þá málaflokka sem heyra undir félmrn. er fyrst og fremst að finna á sviði skipulagsmála, enda allt landið skipulagsskylt, svo og á sviði sveitarstjórnarmála almennt. Norræni umhverfismálasamningurinn frá 1974 brýtur á engan hátt í bága við gildandi skipulagslög, sveitarstjórnarlög eða önnur lög sem falla undir starfssvið félmrn. Þar þarf engu að breyta við aðild Íslands að samningnum. Önnur ráðuneyti sem fara með mengunar- og umhverfismál verða hins vegar að athuga sinn gang hvað þetta snertir.

Almenn lög um umhverfismál á Íslandi eru ekki til. Allt frá árinu 1975 hafa verið lögð fram þrjú umhverfismálafrumvörp sem öll hefur dagað uppi. En nú á að taka til höndum í þessu efni. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar segir að ríkisstjórnin muni samræma aðgerðir stjórnvalda að umhverfisvernd og mengunarvörnum með því að sjá um að sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti. Forsrh. hefur í samræmi við það skipað þriggja manna nefnd sem falið er að gera drög að frv. til laga um samræmda yfirstjórn umhverfismála og er nefndinni ætlað að ljúka störfum svo fljótt að hægt verði að leggja frv. fram fyrir nk. áramót.

Varðandi þá fsp. sem hér er fram borin er eins og fram kom í mínu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar hafinn undirbúningur að aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum og stefnt að því að leggja fram á yfirstandandi þingi umhverfisverndarsamninginn og tillögu um að Alþingi samþykki aðild Íslands að þessum samningi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég get aðeins þakkað hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og treysti því að hér verði vel að unnið og ekki líði langur tími þangað til Íslendingar gerast aðilar að þessum samningi.

Ég tek það sem góða og gilda vöru að þál. frá því í mars á síðasta þingi hafi farið einhverja krókaleið til félmrn. og hægt er að fyrirgefa það, en gleðilegt er að heyra að hér eigi að bæta úr.

En það er alveg rétt, sem hæstv. ráðherra vék að, að umhverfismálin hafa verið hálfgerð hornreka hér á landi vegna þess að þau heyra undir allt að sjö ráðuneyti. Og þó að einstaka stofnanir, eiginlega fyrir eigið frumkvæði fremur en nokkuð annað, hafi staðið sig mjög vel hver á sínu sviði, og nægir þar t.d. að nefna Siglingamálastofnun sem hefur unnið mjög gott starf varðandi umhverfismál, hefur vantað eitthvert sameinandi afl í þessum málaflokki. Við sem höfum unnið á vettvangi Norðurlandaráðs höfum fyllilega orðið vör við að það veldur erfiðleikum í samskiptum þjóðanna á þessum sviðum að við höfum ekki aðila sem er ábyrgur fyrir öllum þáttum umhverfismála. Það hlýtur því að vera gleðilegt að í undirbúningi séu lög um umhverfismál og að þessi mál verði sett undir einn aðila hvernig sem því verður komið fyrir.

En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa brugðist mjög vel við fsp.

Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum, ein umr.

Fsp. GHelg, 55. mál. — Þskj. 57.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. sem liggur frammi á þskj. 57 og hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum og annarri grimmilegri og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og refsingu?"

Samningurinn heitir „Convention Against Torture and Other Cruel Inhuman or Degrading Treatment." Samningur þessi var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. des. 1984 og hinn 4. febr. 1985 var hann undirritaður m.a. fyrir Íslands hönd, en 21 ríki undirrituðu hann þá. Að lokinni fullgildingu 20 ríkjanna tók hann gildi 26. júní 1987.

Nú hafa 40 ríki undirritað samninginn og 22 ríki fullgilt hann. Íslendingar hafa hins vegar ekki fullgilt samninginn. Engum ætti þó að standa það nær en okkur að berjast gegn líkamlegum og andlegum misþyrmingum á fólki þar sem slíkt athæfi er órafjarri hugmyndum okkar um velsæmi.

Við vitum hins vegar að um allan heim viðgengst óhugnanleg og skelfileg meðferð á fólki fyrir það eitt að hafa skoðanir sem ekki falla valdhöfum í geð. Karlar og konur víða um heim dveljast árum saman bak við lás og slá án þess að hafa komið fyrir dóm. Oftast hafa þau hvorki verið borin sökum formlega né leidd fyrir dóm af þeirri einföldu ástæðu að yfirvöld hafa engar sakargiftir fram að færa í máli þeirra. Margir eru í fangelsi vegna þess eins að þeir hafa setið í fráfarandi ríkisstjórn eða verið stuðningsmenn hennar.

Menn hverfa þúsundum saman um allan heim, eru myrtir eða haldið áratugum saman í fangelsum. Heimsþekkt dæmi um slíkt er Suður-Afríkumaðurinn Nelson Mandela sem setið hefur í fangelsi án dóms í 24 ár vegna baráttu sinnar fyrir jafnrétti svartra og hvítra í landi sínu.

Í skýrslum Amnesty International hreyfingarinnar er að finna mörg og skelfileg dæmi um örlög fólks sem ekkert hefur fyrir sér gert annað en það að krefjast þess frelsis til að skrifa og tala sem við teljum til sjálfsagðra mannréttinda. Ég tel því sjálfsagt og eðlilegt og raunar skyldu okkar Íslendinga að við leggjum okkar litla lóð á vogarskál jafnréttis og réttlætis og tökum þátt í því með öðrum þjóðum að berjast gegn pyndingum og illri meðferð á meðbræðrum okkar og systrum sem ekki njóta þeirra forréttinda að búa í sæmilegu samfélagi. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvað líði fullgildingu þessa samnings.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 13. þm. Reykv. spyr hvað líði undirbúningi að fullgildingu alþjóðasamnings um bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Þessi samningur var, eins og kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 10. des. 1984. Hinn 4. febr. 1985 var hann undirritaður, m.a. fyrir Íslands hönd. Þessi samningur hefur enn ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Með bréfi dags. 10. júlí 1987 fór utanrrn. þess á leit við dómsmrn. að það léti í té umsögn um það hvort annmarkar væru á staðfestingu samningsins gagnvart gildandi lögum. Í ágúst óskaði dómsmrn. eftir því við utanrrn. að fá frekari gögn og upplýsingar varðandi þennan samning og munu þau væntanleg innan skamms, en fyrir liggur frumþýðing á samningnum.

Helstu efnisatriði sem athugunar þurfa við eru þessi:

Í fyrsta lagi skal hvert aðildarríki skv. 4. gr. samningsins tryggja að hvers konar pyndingar teljist til afbrota samkvæmt refsilögum þess. Það sama skal gilda um hlutdeild og tilraun til pyndinga. Skilgreiningin í 1. gr. samningsins á því hvað teljist pynding er ekki fullskýr og ekki svo skýr að ljóst sé án ítarlegrar athugunar hvort íslensk hegningarlög veiti refsivernd gagnvart öllum tegundum pyndinga.

Í öðru lagi þarf sérstaklega að athuga hvort refsilögsaga skv. 5. gr. samningsins er í samræmi við íslensk lög.

Í þriðja lagi eru í 14. gr. samningsins ákvæði um bætur til þess sem sætt hefur pyndingum. Ákvæðið er ekki fullskýrt og því óljóst hvort breyta þurfi íslenskum lögum til að uppfylla þau skilyrði sem 14. gr. samningsins setur.

Auk þess sem að framan hefur verið nefnt er ljóst að við fullgildingu þessa samnings taka íslensk stjórnvöld á sig skyldur sem taka þarf afstöðu til hvernig fullnægja skuli. Ég ætla að nefna nokkur atriði.

Skv. 10. gr. samningsins á að tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði gagngert innifalin í þjálfun löggæslumanna, starfsfólks heilsugæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, varðhaldi eða fangelsun af nokkru tagi og að aðildarríkin skuli tilgreina þetta bann í þeim reglum eða fyrirmælum sem sett eru með hliðsjón af skyldum og verksviði allra slíkra starfsmanna. Það þarf að taka afstöðu til þess hvaða starfsstéttir koma hér við sögu og hvernig hægt er að taka framangreinda kennslu upp með beinum hætti í nám þeirra.

Skv. 11. gr. samningsins skulu aðildarríkin á kerfisbundinn hátt hafa eftirlit með yfirheyrslureglum og fyrirkomulagi á gæslu og meðferð manna sem sæta handtöku, varðhaldi eða fangelsun af nokkru tagi með það að markmiði að koma í veg fyrir að pyndingum sé beitt. Það þarf að taka afstöðu til þess hvernig þessu eftirliti verði hagað.

Ég fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að það vantar ekki vilja af Íslands hálfu til að fullgilda þennan

samning, en við viljum vanda vel til verksins.

Ég bendi á, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að 22 ríki hafa nú fullgilt samninginn. Fyrsta ríkið sem fullgilti hann var Svíþjóð í ársbyrjun 1986. Kanada og Danmörk fullgiltu hann um mitt þetta ár. Ég mun beita mér fyrir því að undirbúningi að fullgildingu samningsins verði hraðað eins og kostur er. Góð samvinna er um þetta við utanrrn., en utanrrh. hefur sett fullgildingu þessa samnings fremst í forgangsröð þeirra samninga sem Ísland hefur undirritað og bíða nú fullgildingar. Um þetta er ég honum algerlega sammála og ekki efa ég að hv. fyrirspyrjandi sé sama sinnis. Ég vona að það verði unnt að ganga frá fullgildingunni á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil einungis þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og vænti þess að vel verði að þessari vinnu staðið og samningurinn fullgiltur. Ég þakka þar með fyrir upplýsingarnar.

Leigutekjur af flugvél Landhelgisgæslunnar, ein umr.

Fsp. SkA, 56. mál. — Þskj. 58.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Á 108. löggjafarþinginu spurðum við, ég ásamt Guðrúnu Helgadóttur og Karvel Pálmasyni, þáv. dómsmrh. Jón Helgason um nokkra liði í sambandi við flugrekstur Landhelgisgæslunnar. Það voru reyndar tíu liðir sem við spurðum um og fengum skriflegt svar ráðherra við fsp. okkar. Þrír af þessum liðum snertu beint hugsanlegar tekjur og hagnað sem Landhelgisgæslan gæti haft af leigu TF-SYN til Flugleiða.

Fyrsta spurningin sem þetta mál snertir var á þessa leið, með leyfi forseta: „Hvaða ný tæki og búnaður verða sett í TF-SYN? Á hvers vegum verða þau sett í vélina og hvað munu þau kosta?"

Ráðherra svaraði þessari fsp. okkar á þennan veg: „Viðhaldsdeild Flugleiða er nú að framkvæma tíu ára skoðun á TF-SYN og er innifalin í því verki ísetning miðunarloftnets og hljóðnema, svonefnds svarts kassa. Tækja þessara hafði Landhelgisgæslan þegar aflað sér til ísetningar í flugvélina við þetta tækifæri og er hún því óháð leigu vélarinnar til Flugleiða. Á sama tíma verður settur í flugvélina jarðvari sem Flugleiðir leggja til. Kostnaður þessa tækis með ísetningu mun vera yfir 20 þús. bandaríkjadalir. Það er einnig í athugun ísetning á radartæki sem e.t.v. fæst að láni frá Kaupmannahafnarháskóla vegna áhuga þeirrar stofnunar á ísflugi norður af Íslandi. Ef úr því verður mun þetta tæki auka verulega á hæfni flugvélarinnar til eftirlits og leitarflugs."

Á annan veg spurðum við: „Að hvaða leyti er leigusamningur við Flugleiðir hf. hagstæður fyrir Landhelgisgæsluna?"

Svar hæstv. ráðherra var á þennan veg: „Leigusamningurinn við Flugleiðir gerir Landhelgisgæslunni mögulegt að endurbæta þyrlukost sinn sem mun gera henni kleift að beita þeirri þjónustu í sjúkra- og leitarflugi með þyrlum á sjó og landi."

Og í þriðja lagi spurðum við ráðherra viðvíkjandi þessari leigu: „Hvaðan kemur það fjármagn sem á milligjöfina vantar til viðbótar við söluverð TF-GRÓ?"

Og ráðherra svaraði: „Heimild til þyrluskiptanna var veitt að því tilskildu að eigi kæmi til sérstakrar fjárveitingar af því tilefni heldur yrði mismunur á verði þyrlanna fenginn af fjárveitingu yfirstandandi árs með tilfærslu á verkefnum eða með ráðstöfun eigin tekna. Fjármagn til greiðslu á milligjöf til viðbótar söluverði TF-GRÓ er væntanlega leigutekjur af TF-SYN og andvirði seldra varahluta úr eldri þyrlum, TF-GNÁ og TF-RÁN. Andvirði þeirra varahluta sem þegar hafa verið seldir nemur um 40 þús. bandaríkjadölum."

Svör þessara þriggja liða eru tilefni þeirra tveggja spurninga sem ég leyfi mér að beina til hæstv. dómsmrh., en mínar spurningar eru þannig:

„1. Hvað hafa Flugleiðir hf. greitt á árinu 1986 og í ár fyrir afnot af TF-SYN, Fokker Friendship-flugvél Landhelgisgæslunnar?

2. Hafa þær leigutekjur verið notaðar til kaupa á nýjum og bættum tækjakosti í TF-SYN eða á öðrum tækjum fyrir Landhelgisgæsluna?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fsp. sem hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín er tvíþætt. Í fyrsta lagi spyr hann: „Hvað hafa Flugleiðir greitt á árinu 1986 og á þessu ári fyrir afnot af TF-SYN, Fokker Friendship-flugvél Landhelgisgæslunnar?"

Ég get upplýst að leigugreiðslurnar frá Flugleiðum námu 6,7 millj. kr. á árinu 1986, en 750 þús. kr. það sem af er þessu ári eða samanlagt 7 millj. og 450 þús. kr.

Í öðru lagi spurði hv. fyrirspyrjandi: „Hafa leigutekjurnar verið notaðar til kaupa á nýjum og bættum tækjakosti í TF-SYN eða á öðrum tækjum fyrir Landhelgisgæsluna?"

Svarið er já. Áðurnefndum leigutekjum var að stærstum hluta varið til að greiða milligjöf vegna makaskipta á þyrlu af gerðinni Hughes 500-D og annarri af gerðinni AS 350-B sem er skrásett sem TF-GRÓ. Verðmunurinn á þessum tveimur þyrlum var 5,8 millj. kr., en aðalmunurinn á þeim er sá að hin nýja TF-GRÓ er burðarmeiri og getur flutt fjóra til fimm farþega eða tvo farþega og tvennar sjúkrabörur en sú eldri gat ekki flutt sjúkrabörur. Þá er nýja þyrlan með hreyfil af sömu gerð og er í stærri þyrlu Gæslunnar, TF-SIF, auk þess sem ýmis sérhönnuð verkfæri eru þau sömu fyrir báðar þyrlurnar og er að þessu augljóst hagræði.

Fyrir Fokkervélina TF-SYN voru keypt upptökutæki til skráningar á stjórn vélarinnar og fjarskiptum, svonefndur Flight Data Recorder og Voice Recorder, sem kostuðu 1,4 millj. kr. og er þá ekki meðtalinn kostnaðurinn við að setja þetta í vélina. Þannig má telja að samanlagt nemi þessi útgjöld ámóta fjárhæð og leigutekjurnar a.m.k.

Það hefur sýnt sig á undanförnum mánuðum og reyndar árum hversu flugvélakosturinn og þá ekki síst þyrlukostur Gæslunnar er mikilvægur fyrir björgunarstörf bæði á sjó og landi. Skemmst er að minnast giftusamlegrar björgunar uppi á Mýrum á laugardagskvöldið var og björgunar áhafnarinnar á Barða GK sem strandaði við Snæfellsnes í mars sl., en í báðum tilfellum voru aðstæður mjög erfiðar og þyrlurnar komu þar mjög vel til skjalanna.

Ég hef lagt áherslu á að tækjakostur Landhelgisgæslunnar verði bættur. Núna er verið að setja bógskrúfu á varðskipið Ægi og verið að athuga með hentuga ratsjá í TF-SYN til leitar á sjó. Einnig er unnið að því að bæta aðstöðu Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurflugvelli. Þar er næst á dagskrá að bæta aðstöðu flugmannanna, en flugskýlið þar sem viðhald og viðgerðarþjónusta fer fram er nú að komast í viðunandi horf.

Fsp. sem hér er á dagskrá gefur tilefni til að velta því fyrir sér hvort það sé leið að fjármagna tækjakost Gæslunnar að einhverju leyti með leigu á tækjum hennar, þ.e. flugvélum eða skipum. Að meginstefnu tel ég að þessa leið eigi ekki að nota. Hins vegar geta komið þau undantekningartilfelli að nauðsynlegt sé að Landhelgisgæslan taki að sér verkefni sem aðrir aðilar hérlendis geta ekki leyst af hendi, t.d. þegar svo stendur á að samgöngulaust verður vegna tækjabrests. Í þeim tilfellum þarf þó jafnan að vera tryggt að Landhelgisgæslan geti engu að síður fyrirvaralaust sinnt öllum brýnum verkefnum, ekki síst leitar- og björgunarflugi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið og þakka honum líka fyrir að hann skuli hafa lýst hér áhuga sínum á því að endurbæta og auka tækjakost Landhelgisgæslunnar. Ég tek undir orð hans um hvað þyrlan okkar hefur verið farsælt björgunartæki nú fyrir nokkrum dögum og ekki síður þegar henni tókst við mjög erfiðar aðstæður að bjarga heilli skipshöfn undan Snæfellsnesi í vor.

Svo þakka ég honum einnig fyrir þær upplýsingar sem hann gaf um tekjur af leigu TF-SYN. Mér finnst, þó ég hafi ekki beinar tölur til þess að bera saman, að út úr leigunni hafi ekki komið eins mikið og búist var við þegar þessi leiga var ákveðin. Það kemur m.a. fram í því að þau tæki sem átti að setja og talað var um að sett yrðu í TF-SYN eru ekki komin þangað enn þá. Þetta fjármagn hefur rétt dugað til að leysa erfiðustu vandamálin í kringum þyrlukaupin eins og þegar var áformað í upphafi. Eitt af því sem fyrrv. ráðherra nefndi að gert mundi verða við TF-SYN var að settur mundi verða í hana radar, þó að hann yrði fengin að láni frá Kaupmannahafnarháskóla, en samkvæmt upplýsingum ráðherra nú er þessi radar ekki í vélina kominn enn.

Ég vil undirstrika það, sem hér kom fram í umræðum þegar var verið að leigja TF-SYN, að mér finnst mjög vafasamt, og fagna því að ráðherra hafi tekið undir það líka, að leigja tæki Landhelgisgæslunnar, jafnvel þó í boði sé sæmileg leiga, nema til að þjóna einhverjum sérstökum tilfellum. Við verðum að vera menn til þess að skaffa Landhelgisgæslunni tekjur á annan máta en þann að nota tæki hennar til að afla stofnuninni tekna.

Kópavogshælið, ein umr.

Fsp. SvG og SJS, 58. mál. — Þskj. 60.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. heilbrmrh. fsp. um framtíð Kópavogshælis. Helstu ástæður þessarar fsp. eru þær að umræður hafa orðið um framtíð hælisins, sérstaklega á þingi Þroskahjálpar sem nýverið samþykkti ályktun að því lútandi að gerbreyta og nánast leggja niður starfsemi í núverandi mynd á Kópavogshælinu og byggja þá þjónustu upp annars staðar og með öðrum hætti.

Nú er það svo að í gangi hefur verið á Kópavogshælinu áætlun um fækkun vistmanna og uppbyggingu og endurbætur á aðstöðunni sem þar er. Stjórnendur stofnunarinnar hafa unnið samkvæmt þess konar ályktun og nýlegri samþykkt um skipulag Kópavogshælisins þar að lútandi. Þessi stefnumörkun, sem unnið hefur verið eftir, gengur í raun til sömu áttar, þ.e. að fækka vistmönnum, og er í samræmi við þá miklu áherslu sem nú er lögð á að fötluðum sé ekki safnað saman á stórar stofnanir heldur reynt að aðstoða þá í heimahúsum eða búa þeim athvarf á litlum sambýlum eða annað af því taginu. Ég held að út af fyrir sig sé engin deila um þessa stefnu. Hún er ríkjandi og ræður ferðinni í dag, en að hinu hljóta menn að spyrja hvort og þá í hve miklum mæli verði eftir sem áður þörf fyrir stofnun af tagi Kópavogshælisins þar sem vandi þeirra sem verst eru staddir er leystur.

Ég vil einnig sérstaklega taka fram að hvað varðar afstöðu ríkisspítalanna liggur fyrir að þó svo að dregið yrði úr þjónustu fatlaðra á Kópavogshæli er brýn þörf fyrir allt það húsnæði sem þar mundi losna fyrir aðra starfsemi ríkisspítalanna, svo sem þjónustu á sviði aldraðra. Sú starfsemi, sem ríkisspítalarnir inna af hendi á því sviði, er nú í leiguhúsnæði sem þegar hefur reyndar verið sagt upp.

Ég tel því að það komi ekki til greina og það eigi ekki að ræða þessi mál með það í huga að þó að húsnæði eða aðstaða losnaði á Kópavogshæli yrði það selt eða tekið undir annað. Ég tel að sú stofnun

sem þar stjórnar málum í dag, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, hafi nóg verkefni fyrir það húsnæði og þar af leiðandi eigi ekki að ræða málin með þeim hætti.

En ég tel nauðsynlegt í öllu falli að hæstv. heilbrmrh. lýsi sinni stefnu varðandi framtíð Kópavogshælisins. Það er nauðsynlegt fyrir starfsfólk og stjórnendur að vita hver er hin eiginlega stefna heilbrigðisyfirvalda hvað framtíðina varðar. Það er einnig mjög nauðsynlegt fyrir stjórnendur ríkisspítala og fjárveitingavald Alþingis sem þarf að taka afstöðu til þess hve miklum fjármunum skal veitt og hvernig þeim fjármunum verður ráðstafað sem renna skulu til Kópavogshælisins á næstunni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá síðari fyrirspyrjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, mun þessi fsp. vera fram komin vegna umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu og vegna ítarlegrar ályktunar frá landsþingi Þroskahjálpar nýverið um skipulag og framtíðarhlutverk Kópavogshælisins og svar mitt tekur þá væntanlega eitthvert mið af því.

Hv. fyrirspyrjandi þekkir nokkuð til þessara mála. Eins og fram kom hjá honum á hann sæti í stjórnarnefnd ríkisspítalanna og veit þess vegna nokkuð hvernig mál hafa þróast og hver hefur verið aðdragandi að stefnumótun fyrir Kópavogshælið.

Það hefur í mörg ár verið stefna heilbrigðisyfirvalda að allir sem af Kópavogshæli geta útskrifast flytji þaðan, annaðhvort á sambýli eða í annað húsnæði. Kópavogshæli er heilbrigðisstofnun og þar gilda sömu reglur og um aðrar heilbrigðisstofnanir. Þar skulu vistmenn ekki dvelja lengur en nauðsynlegt getur talist.

Fyrir tveimur árum eða nánar tiltekið 11. okt. 1985 var sett sérstök reglugerð fyrir Kópavogshælið. Samkvæmt þeirri reglugerð er það hlutverk Kópavogshælisins að taka til þjálfunar, uppeldis og vistunar vangefna sem sakir fötlunar sinnar verða að dveljast á sjúkrahúsum í skilningi laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, eða á öðrum deildum sem frekar eru skilgreindar í reglugerðinni og falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Í þessari reglugerð eru starfsemi, yfirstjórn og rekstur Kópavogshælis skilgreind allnákvæmlega svo og það sérmenntaða starfsfólk er á stofnuninni á að starfa. Þá er starfandi við stofnunina sérstakt ráðgefandi stofnunarráð sem í eiga sæti helstu sérmenntaðir starfsmenn stofnunarinnar en auk þess fulltrúi frá foreldra- og vinafélagi stofnunarinnar, frá starfsmannaráði og frá félmrn. og er honum, þ.e. fulltrúa félmrn., sérstaklega ætlað að gæta hagsmuna svæðisstjórnar skv. lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Kópavogshælið er undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn., en dagleg stjórn er undir faglegri stjórnarnefnd og forstjóra ríkisspítala svo og sérstökum framkvæmdastjóra sem sér um daglegan rekstur.

Í ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að á næstu tíu árum eftir gildistöku reglugerðarinnar eigi að útskrifa á sambýli eða aðrar viðeigandi stofnanir í heimabyggð a.m.k. 75 einstaklinga þannig að miðað við þann húsakost sem á hælinu er í dag verði þar í framtíð ekki meira en 100 einstaklingar. Á þeim tveimur árum síðan reglugerðin var sett hefur verið reynt að framfylgja þessu ákvæði, en bæði er það að sambýli til að taka við erfiðum einstaklingum af Kópavogshæli hafa ekki verið finnanleg og hitt að veruleg ásókn er úr þjóðfélaginu, bæði af sambýlum og frá öðrum stofnunum, um að koma vistmönnum inn á Kópavogshælið. Af þeim sökum hefur enn ekki orðið nein veruleg fækkun vistmanna á Kópavogshæli.

Af hálfu heilbr.- og trmrn. var vel vandað til þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir og hún sett að vel athuguðu máli. Sérfræðinga greinir nokkuð á um hversu margir og hversu fljótt vistmenn skuli eða geti útskrifast. Þar eru nefndar tölur, annars vegar í þessum tillögum frá Þroskahjálp sem ég nefndi áður, að útskrifa megi og fækka á 7–8 árum um 120 vistmenn og væru þá kannski ekki nema um 30 vistmenn þar eftir, 30–40. Hins vegar er ákvæði reglugerðarinnar, sem samin var í samráði við lækna Kópavogshælisins, þar sem gert er ráð fyrir útskrift og fækkunum um 50–60 manns á 9–10 árum. Hér munar miklu og skoðanir virðast nokkuð skiptar.

Hér kemur einnig mat á þáttum eins og því hvar einstaklingum sem lengi hafa vistast á Kópavogshæli muni líða best, annars vegar í umhverfi sem þeir þekkja eða hins vegar nýju umhverfi með færra sambýlisfólki.

Hvað sem öðru líður er ljóst að miklar breytingar verða á rekstri Kópavogshælisins á næstu tíu árum. Stefnt hefur verið að því að hælið verði eingöngu heilbrigðisstofnun. Þangað hefur t.d. nýverið verið ráðinn hjúkrunarforstjóri til að leggja áherslu á þessa stefnu. Hversu hröð sem þessi þróun kann að verða hafa ríkisspítalar mikla þörf fyrir húsnæði Kópavogshælisins, bæði fyrir öldrunar- og endurhæfingarþjónustu, strax og þar losnar pláss. Húsnæði öldrunarlækningadeildar í Hátúni, sem ríkisspítalarnir hafa haft afnot af, hefur t.d. verið sagt upp. Nýverið hefur í stjórnarnefnd ríkisspítala verið rætt um hugsanlega vistun heila- og mænuskaddaðra á Kópavogshælinu. Engar formlegar umræður hafa farið fram innan stjórnarnefndar ríkisspítalanna um hugsanlega sölu á hælinu eða lóðum, en hvernig svo sem mál hælisins þróast er ljóst að ríkisspítalar og heilbrigðisþjónustan almennt hafa mikla þörf fyrir bæði húsnæði og landrými.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar viðhorfsbreytingar í þjóðfélaginu til málefna fatlaðra og tel ég það mjög til góðs. Hugmyndir stjórnvalda og nýjar hugmyndir frá landssambandinu Þroskahjálp um þróun og skipulag á Kópavogshæli hníga að verulegu leyti í sömu átt. Mér finnst því sjálfsagt að taka allar ábendingar og tillögur til vinsamlegrar athugunar, en endanlegt svar mitt við þessu er það

að fyrst um sinn mun starfsemi og framtíð Kópavogshælisins markast af þeim starfsreglum sem í fyrrgreindri reglugerð um hælið er að finna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin og ég er miðað við aðstæður fyllilega sáttur við þau. Ég tel að á þessu stigi málsins sé naumast raunhæft að gera ráð fyrir öðru en að umtalsverð starfsemi, nálægt því að vera í svipuðu formi og undanfarið, verði áfram um sinn á Kópavogshælinu. Ég held að það hafi einnig komið fram að það er í sjálfu sér ekki ágreiningur um meginlínur í stefnumörkun hvað þetta varðar. Menn eru sammála um að æskilegast væri að geta útskrifað sem flesta og ljóst er að yfirvöld heilbrigðismála mundu ekki mæla með því að stofnun af þessari stærð og samsetningu yrði byggð í dag. En við þær aðstæður sem við búum við er nauðsynlegt að menn séu raunsæir gagnvart möguleikunum á því að draga þessa starfsemi hratt saman. Þess vegna tel ég líka nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að það má ekki koma til þess og þessi umræða má ekki verða til þess að Kópavogshælið verði svelt, að þar ríki einhvers konar afturför og stöðnun, vegna þess að þó að vistmönnum fækki eitthvað er engu að síður nauðsynlegt að halda þar vel við húsum og bæta aðbúnað og má þar miklu betur fara en gert er í dag. Í raun og veru er Kópavogshælið, miðað við þann mikla rekstur sem þar er, e.t.v. einhver sú stofnun sem einna mest olnbogabarn hefur lengi verið í heilbrigðismálum á Íslandi.

Ég vil svo að lokum taka það sérstaklega fram og undirstrika það, sem kom einnig fram í máli hæstv. heilbrmrh., að hina miklu húsnæðiseklu sem starfsemi ríkisspítalanna býr við, m.a. fyrir öldrunarlækningar og öldrunarþjónustu, verður að leysa á næstu árum vegna þess að því húsnæði, sem ríkisspítalar hafa leigt af Öryrkjabandalagi Íslands, hefur verið sagt upp. Þar kemur e.t.v. fyrst og fremst tvennt til. Annars vegar bygging deildar við Vífilsstaðaspítala, sem hefur verið til umræðu, eða að taka — og jafnvel hvort tveggja — að taka að einhverju leyti húsnæði sem kynni að losna á Kópavogshæli undir þessa starfsemi. Ég tel því að umræða um sölu lóða eða húsnæðis sé óraunhæf við þessar aðstæður.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svar hans í þessu máli. Þessi mál hafa verið til umræðu í fjölda ára og við sem höfum unnið að málefnum vangefinna gerum okkur grein fyrir því og teljum reyndar að ekki sé raunhæft að leggja Kópavogshælið niður. Menn mega ekki láta stefnur sem berast hingað frá útlöndum yfirgnæfa það sem er í reynd er hægt. Það er ekki hægt að útskrifa alla vistmenn, það er ekki hægt að leggja slíkar stofnanir niður. Ég hef farið víða erlendis og skoðað stofnanir af þessu tagi og hef séð að miðað við stærð þessara stofnana erlendis telst Kópavogshælið ekki mjög stórt.

Ég vil því endilega ítreka hér að fjárveitingar til sólarhringsstofnana verði auknar því að þær hafa verið í fjársvelti undanfarin ár. Ég nefni Kópavogshælið, Skálatúnsheimilið, Sólheima í Grímsnesi, sem eru allt stórar stofnanir á okkar mælikvarða og þurfa á auknu fjármagni að halda.

Ég vil að lokum þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp.

SAMEINAÐ ÞING

12. fundur, þriðjudaginn 3. nóv., að loknum 11. fundi.

Einnota umbúðir, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. FÞ, 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Páll Pétursson (A),
Eiður Guðnason (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Sverrir Hermannsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Varamenn:
Friðjón Þórðarson (A),
Guðrún Agnarsdóttir (B),
Alexander Stefánsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Salome Þorkelsdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A).

Framtíðarskipan kennaramenntunar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 46, um framtíðarskipan kennaramenntunar. Till. er flutt af mér og fjórum öðrum hv. þm. Alþb. Efni hennar er svofellt, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða inntak og skipan kennaramenntunar fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig.

Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum frá samtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun. Nefndin fjalli m.a. um

1. hvernig best verði hagað innbyrðis tengslum menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra, bæði til skemmri og lengri tíma,
2. hvernig tryggð verði nauðsynleg endurnýjun og endurskoðun einstakra greina í kennaranámi,
3. hvernig tengja megi nám í uppeldis- og kennslufræðum námi í væntanlegum kennslugreinum kennaraefna,
4. hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja endurmenntun og starfstengda framhaldsmenntun kennara og skólastjóra, svo og menntun annarra starfsmanna í skólakerfinu, og hvernig best verði séð fyrir þörfum landsbyggðarinnar í þessu tilliti,
5. hvert eigi að vera hlutverk kennaramenntunarstofnana í skólaþróun og nýbreytni í starfi skólanna,
6. hvernig bæta megi úr skorti á fræðilegum upplýsingum um þróun skólakerfisins og tengsl þess við samfélagið og hvernig tryggja megi nauðsynlegar rannsóknir á þessum efnum,
7. hvaða breytingar er æskilegt að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná þeim markmiðum sem nefndin gerir tillögur um.

Liður í störfum nefndarinnar verði að afla vitneskju um hvernig háttað er kennaramenntun erlendis, einkum í löndum OECD.

Nefndinni verði séð fyrir starfsliði og starfsaðstöðu og við það miðað að hún skili áliti fyrir 1. mars 1989.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Í grg. með þessari till., sem lögð var fram seint á síðasta þingi og rétt komst til nefndar, er að finna yfirlit um núverandi skipan kennaramenntunar þar sem rakið er m.a. að engin heildarlöggjöf er til um kennaramenntun á Íslandi og hver menntastofnun kennara starfar eftir sérstökum lögum. Allmörgum stofnunum er ætlað að sinna menntun kennara fyrir grunn- og framhaldsskólastig. Það er síðan rakið í grg. hvernig þessum málum er háttað við núverandi aðstæður, einnig varðandi endurmenntun kennara, sem er allsendis ónóg, og varðandi framhaldsmenntun, en þar birtist ástandið m.a. í því að ekki gefst kostur á því fyrir kennara að stunda hér á landi skipulegt framhaldsnám sem leiðir til magistersgráðu á sviði uppeldis- og kennslufræða.

Í grg. eru einnig raktar tilraunir til endurskoðunar laga varðandi kennaramenntun. M.a. er bent á þá staðreynd að frv. til nýrra laga um Kennaraháskólann var lagt fyrir 98. löggjafarþing fyrir 10 árum síðan, og síðan aftur ári seinna fyrir Alþingi, en varð ekki að lögum. Síðan hefur Alþingi í rauninni aldrei tekið á menntunarmálum kennara eða stöðu þeirra stofnana sem ætlað er að rækja menntun þeirra.

Í grg. er bent á ýmis álitamál sem upp hljóta að koma við endurskoðun á þessum málum og varðandi framtíðarskipan kennaramenntunar. Í framhaldi af því er að finna í grg. sundurliðaðar ábendingar varðandi verkefni nefndarinnar, varðandi hlutverk kennarans, umfang og uppbyggingu náms í kennslugreinum, tengsl kennslufræða og einstakra kennslugreina, tengsl fræðilegs og hagnýts náms, um kennaramenntun og nýbreytni í skólastarfi, um æfinga- og tilraunaskóla, um tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, um rannsóknir, þar á meðal um skólarannsóknir. Þá er í grg. einnig fjallað um grunnmenntun, framhaldsmenntun, endurmenntun og símenntun kennara, um vísindalega þjálfun þeirra, um fagmennsku og um stofnanirnar sem annast eiga kennaramenntunina.

Þar sem ég hef áður mælt fyrir þessari till. í nokkuð ítarlegu máli á síðasta þingi ætla ég ekki að dvelja lengi við efnisþætti till., en ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna hér í skýrslu sem getið er um í tillögutextanum frá Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, en sú skýrsla liggur nú fyrir í íslenskri þýðingu. Hún kom út fyrir 1½–2 árum síðan

að mig minnir. Eftir að hvatt hafði verið til þess og spurt um það hér á síðasta Alþingi hefur það ánægjulega gerst að menntmrn. hefur nú gengið frá íslenskri þýðingu af þessari umsögn þeirra aðila sem til voru kvaddir af OECD til að líta á menntastefnuna á Íslandi. Þar er fjallað allítarlega um stöðu kennara og aðstöðu þeirra og ég vil leyfa mér að nota tíma minn til þess að grípa aðeins niður í þeim þætti. Þar segir m.a.:

„Í mörgum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru yfirvöld menntamála þeirrar skoðunar að lykillinn að faglegri þjálfun kennara sé stöðug endurmenntun. Með endurmenntun má einnig festa í kennarastarfi hæft fólk sem, eins og algengt er á Íslandi, hefur hafið kennslu án tilskilinna réttinda þegar þörf var á kennurum. Nokkur endurmenntun fer fram við Kennaraháskólann, einkum stutt sumarnámskeið. Þá er verið að skipuleggja viðamikið B.A.-nám fyrir kennara sem þegar hafa aflað sér réttinda og reynslu í starfi. Þetta nám var upphaflega einungis ætlað kennurum þeirra barna sem þurftu á sérkennslu að halda, en virðist nú hafa þróast yfir í almennt nám þar sem ákveðin sjónarmið um notkun uppeldisfræðinnar í kennslu eru sett fram."

Síðar segir: „Kennarastarfið sem slíkt er í lægð. Okkur var tjáð að mikill meiri hluti þeirra sem ljúka kennaraprófi eða allt að 70% hæfu annaðhvort aldrei kennslustörf eða hyrfu fljótlega frá þeim í aðra vinnu. Í flestum skólum eru stöðug mannaskipti og upp á síðkastið hefur umsóknum um nám við Kennaraháskólann fækkað.

Mikill meiri hluti kennara virðist vinna of mikið, bæði með því að taka að sér yfirvinnu í skólanum og vinnu utan skólans til að auka tekjur sínar. Þetta verður til þess að þeir hafa lítil tækifæri eða þrek til að sinna kennslustarfinu vel og líta því á það sem hvert annað brauðstrit.

Innan skólans vantar allt sem heitir metorðastigi svo kennarar eiga litla möguleika á því að hækka í tign. Þetta slævir metnað til að bæta sig í starfi og mennta sig frekar. Of margir kennarar eru í hlutastarfi og sinna þar af leiðandi ekki starfinu af fullri athygli og þrótti.

Þessar kringumstæður valda því", segir í þessari umsögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar, „að mikið af þeirri framsýni og metnaði sem lögð er í kennaramenntunina fara forgörðum. Nýjar aðferðir og starfshættir sem þróast við Kennaraháskólann komast sjaldan til skólanna vegna þess að margir nýútskrifaðir kennarar koma ekki þangað til starfa eða hætta fljótlega kennslu. Þar að auki er fjöldi kennara sem ekki hafa lært nútímakennsluaðferðir. Þegar við þetta bætist ófullnægjandi aðstaða og húsnæðisvandi, ónóg hvatning og eftirlit af hálfu hins opinbera og einangrun sveitaskólanna, er erfitt að láta sögusagnir um slæman starfsanda meðal kennara sem vind um eyru þjóta. Höfuðvandinn er þó eflaust sá", segir hér enn fremur, „að kennarar fá litla umbun fyrir störf sín og önnur viðurkenning er lítil, sama á hvaða skólastigi er kennt. Lág laun kennara og eins reglur um launagreiðslur til þeirra eru gott dæmi um íslenska jafnréttisstefnu sem skipar kennslustörfum á bekk með hverri annarri venjulegri vinnu", segir þar.

Að lokum vitna ég í stuttan kafla þar sem segir:

„Virðingarleysið við kennarastéttina á e.t.v. síður rætur að rekja til jafnréttis innan þjóðfélags en til þess dúpstæða viðhorfs að til þess að geta kennt þurfi ekki annað en þrjóstvitið. Börnum hafi til skamms tíma verið kennt heima og kennarastarfið krefjist ekki sérstakrar menntunar. Í þessu sambandi má nefna grein í útbreiddasta dagblaði landsins (Morgunblaðinu) þann 22. febr. 1986, þar sem blaðamaðurinn hélt því fram að menntun kennara hefði ekki áhrif á árangur þeirra í starfi. Hér er í raun verið að viðra þá útbreiddu skoðun að andlegur þroski fólks og menning þess séu ekki háð gæðum skólanna eða tilvist þeirra. Þetta viðhorf skapaðist meðan foreldrar voru enn heima hjá börnum sínum og áður en Ísland gerðist þátttakandi í hagkerfi nútímans. Slíkt viðhorf gagnvart kennarastéttinni má ekki ríkja á tímum þar sem kennarar verði bæði að koma í stað foreldra og auk þess að miðla hinni gífurlegu færni sem komandi kynslóðir þurfa að tileinka sér. Að öðrum kosti getur svo farið að kennsla í skólum vinni íslenskri menningu tjón.

Til þess að kennarastéttin öðlist virðingu þarf á Íslandi sem annars staðar að ráðast að vandanum úr tveimur áttum. Samfélagið verður að læra að meta gildi menntunar og menntunin verður að batna til þess að standa undir aukinni virðingu. Það fyrsta sem kennarar á öllum skólastigum geta gert undir forustu Háskólans, menntamálaráðuneytisins og kennarasamtakanna er að hefja barátttu fyrir aukinni starfsmenntun."

Þetta var tilvitnun í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar í þýðingu menntmrn.

Ég nefni það hér að þegar mál þetta var rætt í Sþ. 3. febr. sl. talaði hæstv. þáv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, og tók mjög undir nauðsyn þess að tekið yrði á þeim málum sem um er fjallað í þessari till. og fór um hana góðum orðum. Hann vék að því þar að ráðuneytið hefði fengið Þórólf Þórlindsson úr félagsvísindadeild Háskólans að gera fyrir sig úttekt á Kennaraháskólanum og maður verður að ætla að einhver vinna sé í gangi á vegum menntmrn. í sambandi við málefni Kennaraháskólans. En eftir stendur það engu að síður að brýn nauðsyn er á að taka á framtíðarskipan kennaramenntunar, þar á meðal samvinnu þeirra stofnana sem ætlað er að mennta kennara.

Það þykir kannski í nokkuð ráðist að skipa nefnd af því tagi sem hér er lagt til og ætla henni starfslið og starfsaðstöðu. Ég tel hins vegar að það sé í rauninni alveg brýnt. Hér er um það stórt og vandasamt verk að ræða að það skiptir afar miklu að vel takist til. Það er æskilegt að hafa þessa nefnd sjálfa ekki fjölmenna, og nefni ég fimm til sjö manns sem eðlileg mörk í því efni, en þeim mun nauðsyn-

legra er að nefndin geti haft gott samstarf og samráð við þá sem mál þetta varðar einkum, stofnanir, samtök og einstaklinga. Það verður ekki gert svo vit sé í nema nefndinni verði búin góð skilyrði til starfa af hálfu menntmrn.

Gert er ráð fyrir því að nefndin fái um það bil eitt ár til starfa með þeirri aðstöðu sem hér er lagt til í till. þannig að við höfum undir höndum álitsgerð hennar þegar kemur fram á árið 1989 til þess að geta tekið vel á þessum málum með viðeigandi undirbúningi.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að eftir að umræðu um þetta mál hefur verið frestað verði málinu vísað til hv. félmn. þingsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara mjög náið út í efnisatriði þessarar till. en tek undir að það er þörf úrbóta í menntunarmálum kennara vegna þess að við þær fjölbreytilegu og síbreytilegu aðstæður sem við lifum í okkar þjóðfélagi þá hlýtur þessi menntun að þurfa að vera í sífelldri endurskoðun. Og það er eitt sem er einnig nauðsynlegt og það er að auðvelda kennurum, sem jafnvel nú þegar eru í starfi og kallast leiðbeinendur, að sækja þá menntun sem þeim er nú skylt að hafa.

Það er annar þáttur í þessu sem er ekki síst mjög nauðsynlegur og það er að gera kennurum hvar sem þeir búa á landinu kleift að sækja sér bæði símenntun og endurmenntun því að það er mikil næring fyrir starfandi kennara, en eins og fram kom í máli hv. flm. þá hefur verið heldur mikil deyfð og doði yfir kennarastarfinu undanfarin ár vegna þeirrar launabaráttu sem kennarar hafa átt í, og er reyndar ekki séð fyrir endann á enn þá, en allt slíkt, sem getur orðið kennurum lyftistöng í sínu daglega starfi, bætir þeirra hag og þá um leið auðvitað nemendanna í skólunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay. Með mér eru flm. að þessari till. hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Páll Pétursson og Guðrún Helgadóttir. Texti tillögunnar er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að bera fram formleg mótmæli vegna stækkunar endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Dounreay í Skotlandi."

Eins og menn heyra er þessi tillögutexti ekki langur, en hann er ákveðinn þar sem ríkisstjórninni er ætlað að bera fram formleg mótmæli vegna þeirra áforma sem uppi eru í nágrannalandi. Fyrir því eru sannarlega gild rök að till. þessi er hér fram borin af þm. úr fimm þingflokkum.

Það er mat okkar og þeirra sem fjallað hafa um þetta mál faglega að geislamengun norðlægra hafsvæða frá þessari endurvinnslustöð, ef reist yrði og stækkuð eins og áætlanir eru um, gæti ógnað lífríki sjávar, þar á meðal íslenskum fiskimiðum. Jafnframt er augljós hætta á því að umtal um mengun af völdum geislavirkra efna geti haft afar slæm áhrif á sölu sjávarafurða sem aflað er á þessum hafsvæðum.

Það er ástæða til að vekja á því sérstaka athygli að þau fimm ríki Efnahagsbandalags Evrópu sem áforma þátttöku í stækkun þessarar endurvinnslustöðvar í Dounreay eiga sjálf lítið sem ekkert á hættu í sambandi við þá mengun sem frá henni mun stafa og þeirri stórfelldu mengunarhættu sem henni tengist.

Þetta mál hefur áður komið hér inn á vettvang Alþingis. Það gerðist fyrir um það bil ári að hv. þm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir spurði hæstv. þáv. utanrrh. um þetta mál og við fengum síðan inn í þingið grg. um það, ítarlega grg. sem tekin var saman af Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun og Siglingamálastofnun ríkisins ásamt Magnúsi Magnússyni, prófessor við Háskóla Íslands. Þessi grg. er birt í heild sem eitt af fskj. með þessari till. og þar hafa menn svart á hvítu það mat sem ég túlkaði hér í orðum mínum áðan um hættuna frá þessari fyrirhuguðu stöð.

Vissulega er orkuframleiðsla á grundvelli kjarnorku til staðar í Dounreay og þar er einnig unnið úr brennsluefnum frá kjarnaofnum nú þegar, en það er í allt öðrum og minni mæli en fyrirhugað er. Frá 1980 munu hafa verið unnin 5–7 tonn af úrgangi frá kjarnaofnum í stöðinni, en stækkunin gerir ráð fyrir afköstum sem nema úrvinnslu úr 100 tonnum á ári af slíkum brennsluefnum kjarnaofna og segir það sitt um þá gífurlegu aukningu sem þarna er fyrirhuguð.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri hættu sem þegar stafar frá Dounreay. En það er alveg ljóst að sú gífurlega aukning sem þarna er ráðgerð og tilhögunin á þeim rekstri sem þarna er fyrirhugaður eykur stórfelldlega á þá hættu sem stafað getur frá þessum rekstri. Hugmyndin með endurvinnslunni þarna er að um geti orðið að ræða hagkvæman rekstur, en ekki tilraunastarfsemi eins og sumpart hefur verið í gangi á þessum stað í sambandi við endurvinnslu og framleiðslu á kjarnorku. Og það þekkjum við að þegar hagnaðarsjónarmið kemur inn í dæmið, þá er hættan á því að teflt sé á tvær hættur vissulega meiri og vaxandi.

Fram hefur komið og liggur fyrir í þeirri greinargerð sem ég nefndi áðan að menn meta að vísu að hættan frá daglegum rekstri þessarar endurvinnslustöðvar þurfi ekki að stofna íslenskum hafsvæðum í

mikla hættu. Það taki geislavirk úrgangsefni 4–6 ár að berast inn á íslensk hafsvæði og þau komi þá til okkar úr norðri. Þau geri fyrr vart við sig við Grænlandsstrendur en við Ísland, en það fari eftir styrk norðlægra hafstrauma hversu mikið og hversu ört slík efni berast inn á Íslandsmið. Það er hins vegar hættan á slysum sem er hið stóra í þessu máli og það ætti ekki að þurfa að hafa um það mörg orð nú, svo skömmu eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl í Sovétríkjunum, hvaða vá þar getur verið á ferðinni. Þar er um að ræða bæði hættuna af loftborinni mengun og einnig mengun sjávar.

Slík slys, eins og segir í greinargerð Geislavarna ríkisins og fleiri, gera ekki boð á undan sér og þar segir síðan orðrétt: „Vissulega er reynt með fræðslu, þjálfun og hönnun mannvirkja og tækjabúnaðar að draga úr líkum þess að slík slys geti átt sér stað og draga úr áhrifum þeirra, en eins og slysið í Tsjernóbíl í apríl sl. undirstrikar, þá er ekki hægt að útiloka að slys eigi sér stað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Áhrif slíks slyss í Dounreay gætu orðið tvíþætt hér á landi. Annars vegar vegna geislavirkra efna er kæmust út í andrúmsloftið og bærust hingað með vindum, og hins vegar vegna geislavirkra efna er rynnu í hafið og bærust hingað með hafstraumum.

Geislavirk efni geta borist hingað í andrúmsloftinu á skömmum tíma eftir slys," segir í þessari greinargerð, „ef veðurskilyrði eru þannig. Fjarlægðin frá Dounreay til Íslands er minni en fjarlægðin frá Tsjernóbíl til þeirra svæða í Svíþjóð er verst urðu úti eftir slysið vorið 1986.

Um geislavirk efni er færu í hafið við slys gildir það sama og um geislavirk efni sem fara í hafið við daglegan rekstur. Aukning geislavirkra efna í hafinu umhverfis Ísland yrði þegar tímar liðu mikil eða lítil eftir því hve mikið af efnum hefði farið í hafið við Dounreay.

Auknum umsvifum við kjarnorkustarfsemina í Dounreay mundu fylgja auknir flutningar geislavirkra efna á sjó, á landi og í lofti. Auknum flutningum fylgir aukin slysahætta með þeim afleiðingum að geislavirk efni komast út í umhverfið.

Það er álit okkar að fyrirhuguð staðsetning endurvinnslustöðvarinnar við Dounreay orki mjög tvímælis. Staðsetning við Dounreay eykur hættuna á því að lönd er ekki standa að stöðinni verði fyrir mengun af völdum geislavirkra efna frá henni á meðan áhrif á þau lönd sem stöðin á að þjóna gætu orðið mun minni eða jafnvel engin."

Þetta var tilvitnun í greinargerð Geislavarna ríkisins og fleiri stofnana sem ég nefndi og fylgja till. í sérstöku skjali.

Það má minna á að reynsla er þegar fyrir rekstri slíkra stöðva og mengunar frá þeim, þar sem er t.d. Sellafield-stöðin á vesturströnd Bretlands sem hefur valdið tilfinnanlegri og mikilli mengun í Írska hafinu. Það má líka minna á það, sem fram kemur í fskj. með þessari grg. sem er ræða formanns baráttusamtaka gegn fyrirhugaðri stækkun í Dounreay, baráttusamtaka sem starfa á Shetlandseyjum eða Hjaltlandi, að nú þegar hefur aukning orðið veruleg á hvítblæði í nánd við stöðina í Dounreay og enn meiri í grennd við Sellafield-stöðina þannig að hættan er meiri og er þegar til staðar í næsta nágrenni við þessar stöðvar.

Aðrar þjóðir við norðanvert Atlantshaf hafa þegar vaknað til vitundar um þá hættu sem þarna er á ferðinni. Norðmenn hafa borið fram mótmæli gegn þessu. Það er vaxandi andstaða um allan Noreg hjá fjöldasamtökum sem beita sér gegn fyrirhugaðri stækkun þessarar stöðvar. Sama gildir um Færeyjar. Færeysk stjórnvöld hafa mótmælt harðlega, og Danir fyrir þeirra hönd, áformunum í Dounreay og Danir eru einnig að taka við sér varðandi þetta mál.

Á fundum Vestnorræna þingmannaráðsins hefur þetta mál tvívegis verið til meðferðar, árin 1986 og 1987, í fyrra skiptið að frumkvæði Færeyinga, í seinna skiptið að frumkvæði íslenskra fulltrúa. Aðvörunarorð og mótmæli Vestnorræna þingmannaráðsins, sem einnig er með aðild Grænlendinga sem kunnugt er, gegn þessari fyrirhuguðu stækkun er birt sem fskj. III með þessari þáltill.

Þá bendi ég einnig á það að þessi mál hafa komið fyrir á þingi Norðurlandaráðs þann 26. febr. sl. vegna fsp. um Dounreay-endurvinnslustöðina og þar kom það í hlut hæstv. þáv. heilbrrh. að svara fyrir hönd umhverfisráðherra Norðurlanda varðandi þetta mál. Þau ummæli og þær umræður eru birtar sem sérstakt fskj. með þessari till. Þannig er reynt að halda til haga því helsta sem fram hefur komið í ályktunarformi varðandi þetta mál og tengist Íslandi sérstaklega.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að minna á frammistöðu Siglingamálastofnunar ríkisins undir forustu hæstv. fyrrv. samgrh., Matthíasar Bjarnasonar, en siglingamálastjóri sótti níunda ársfund svokallaðs Parísarsamnings, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, þann 9. júní 1987 og þar var af Íslands hálfu mótmælt sérstaklega losun geislavirkra úrgangsefna í sjó og samþykkt ályktun, sem tengist einmitt Dounreay. Því miður bar þessi fundur hins vegar ekki gæfu til að samþykkja tillögu Íra varðandi Sellafield-stöðina en íslenski fulltrúinn tók afstöðu með Írum í því máli á þessum fundi.

Það liggur því fyrir að þegar er mikil umræða meðal þjóða við norðanvert Atlantshaf vegna þessara háskalegu áforma sem þarna eru uppi um byggingu og stækkun þessarar endurvinnslustöðvar í Dounreay. Þegar hafa fallið aðvörunarorð og ráðamenn hafa lýst áhyggjum, en það þarf að fylgja þessu máli eftir af fullri ákveðni og einbeitni með því að Alþingi Íslendinga ályktí um þetta mál og með því að íslensk stjórnvöld beri fram formleg og ákveðin mótmæli vegna þessara áforma og haldi því vakandi hvar sem viðeigandi er að taka á þessu máli nú á næstunni.

Hér getur verið um að ræða mál sem snertir undirstöðuhagsmuni Íslendinga, bæði vegna raunverulegrar mengunarhættu og vegna þeirra óbeinu áhrifa sem umtal um hættu á geislavirkni og mengun

af völdum geislavirkra efna getur haft á sölu íslenskra fiskafurða og þarf ekki að hafa um það miklu fleiri orð hversu neikvæð slík áhrif gætu orðið.

Ég treysti því að á þessu máli verði tekið hér af yfirstandandi þingi. Ég legg til, virðulegur forseti, að máli þessu verði vísað til hv. utanrmn. sem ég tel eðlilegt að fjalli um það og að það komi síðan væntanlega frá nefndinni fyrr en seinna til frekari umræðu hér á hv. Alþingi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Tillagan sem hér liggur fyrir er um efni sem við erum öll sammála um, þ.e. aðalefnisatriðið er mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvarinnar við Dounreay í Skotlandi. Tillagan fjallar um það að skora á ríkisstjórnina að bera fram þessi mótmæli.

Ástæðan til þess að ég tek til máls er sú að það liggur fyrir að þetta mál er í gangi hjá ríkisstjórninni og var líka hjá síðustu ríkisstjórn þannig að margir ráðherrar beittu sér fyrir andmælum, hver á sínum vettvangi, út af þessu máli.

Það eru nokkur ár orðin síðan, það var 10. apríl 1984, hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason svaraði fsp. 1. flm. þessa máls um rannsóknir á mengun lofts og lagar. Þá kom fram mjög greinileg stefnumörkun í svari hæstv. þáv. ráðherra Matthíasar Bjarnasonar, hv. 1. þm. Vestf., mjög eindregin stefnumörkun í sambandi við þessi mál, m.a. varðandi eftirlit með mengun af völdum geislavirkni í hafinu. Þessari stefnu var svo fylgt eftir einmitt í sambandi við það kjarnorkuver sem hér hefur verið rætt um.

Þetta kom m.a. fram í svari hæstv. þáv. utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesens fyrir ári síðan. Hann lýsti því að þá hefði enn á ný verið leitað skýrslna og umsagna frá Hafrannsóknastofnun, sérfræðingi ríkisstjórnarinnar um kjarnorkumálefni, prófessor Magnúsi Magnússyni, hjá Geislavörnum ríkisins og forstöðumanni þeirrar stofnunar, dr. Sigurði M. Magnússyni, og hjá Siglingamálastofnun. Skýrslur þessara aðila voru svo lagðar til grundvallar þegar hæstv. samgrh. í síðustu ríkisstjórn, Matthías Bjarnason, undirbjó afstöðu Íslands á fundum um Parísarsamkomulagið um þessi efni og m.a. þeim fundi sem hv. 1. flm. gat um áðan og haldinn var í júní í Cardiff í Wales. Þar var tillaga Íslands um sérstakar ráðstafanir vegna nýrra endurvinnslustöðva fyrir brennsluefni kjarnaofna samþykkt með nokkrum breytingum. Það var auðvitað mikilvægur áfangi.

Ég undirstrika sérstaklega að það var mikill alvöruþungi í formlegum mótmælum umhverfisráðherra allra Norðurlandanna sem samþykkt voru á fundi þeirra í Finnlandi á sl. vetri í sambandi við þing Norðurlandaráðs. Tók ég þátt í þessum fundi fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar. Þau andmæli voru afhent umhverfismálaráðherra Breta, Nicholas Ridley. Þar var mótmælt staðsetningu endurvinnslustöðvarinnar og sérstaklega tekið fram að við teldum að þessi verksmiðja væri talin ógna fiskvinnslu Noregs, Íslands og Færeyja. Það var áhersluatriði íslensku ríkisstjórnarinnar, svo og stjórna Noregs og Færeyja.

Þá er ég komin að atriði sem ég tel vert að undirstrika mjög í sambandi við þetta mál en það er einmitt aðstaða okkar til þess að fylgjast með mengun í hafinu og þá sérstaklega af völdum geislavirkni. Þetta varðar sérstaklega viðskiptahagsmuni okkar og söluhagsmuni í sambandi við sjávarafurðir. Við kynntumst því vel eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl að í mörgum löndum voru gerðar mjög strangar kröfur um eftirlit og vottorð um það að fiskurinn sem héðan kæmi væri ómengaður af þessum sökum. Í framhaldi af því voru gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu Geislavarna ríkisins til þess að fylgjast með slíkri mengun og samkomulag var gert við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina sem hljóp undir bagga með aðstoð varðandi búnað í þessu skyni.

Við þurfum hins vegar að gá vel að því að íslenska ríkið standi líka við sitt að þessu leyti til því þetta hefur geysimikla þýðingu einmitt fyrir okkur og okkar sjávarafurðir. Eins og hv. flm. nefndi eru þær þjóðir, sem aðilar eru að Efnahagsbandalaginu, kannski sjálfar í minnstri hættu, eða þeirra framleiðsluverðmæti, vegna hugsanlegrar kjarnorkumengunar ef eitthvað bæri út af á þessum stað í Skotlandi. Aftur á móti verða þær þjóðir sem framleiða matvæli handa þessum löndum að vera í stakk búnar til þess að hafa viðhlítandi eftirlit og til þess að mæla hugsanlega hættu sem að þessum verðmætum okkar getur steðjað.

Þess vegna hvet ég sérstaklega til þess að við gerum hvað við getum til þess að stuðla að því að unnt verði að hafa mælingar í góðu lagi eins og nútímatækni býður upp á. Það getur orðið okkur mjög dýrt ef svo verður ekki. Til þess gæti hin dýrkeypta reynsla, sem ýmsar þjóðir urðu fyrir eftir slysið í Tsjernóbíl, hjálpað okkur og við gætum munað eftir því. Auðvitað er það sjálfsagt að ríkisstjórnin haldi áfram að mótmæla stækkun þessarar stöðvar í Skotlandi einmitt af þessum sökum og vegna staðsetningar hennar. Ég tek fram að ég hef aflað mér upplýsinga um að núverandi ríkisstjórn hefur þetta atriði einmitt til meðferðar og það hefur þegar verið sett á dagskrá heimsóknar hæstv. núv. iðnrh. til Bretlands en það verður í janúarmánuði nk. Á dagskrá hans þar er einmitt fundur með starfsbróður hans og Skotlandsmálaráðherra þar sem ætlunin er að bera fram mótmæli við þessu.

Þannig liggur það fyrir að Sjálfstfl. hefur þessa afstöðu og ráðherrar hans halda áfram þar sem hæstv. ráðherrar og fyrrv. ríkisstjórn höfðu verið að verki í sambandi við þetta og þeir munu ítreka mótmælin og halda þessu verki áfram. Okkur þótti því kannski svolítið skringilegt að fara að taka þátt í því að skora á ríkisstjórnina sem við vissum að var með þetta verkefni á borði sínu og hafði þegar uppi ákveðnar aðgerðir í þessu sambandi. Okkur þótti slík áskorun vera fullseint á ferðinni með því að

málið er í fullum gangi og þegar komið á skrið fyrir löngu.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka það sem fram kom í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur sem ég met sem efnislegan stuðning við þetta mál enda hefur hún, eins og ég rakti, komið að því máli áður. Ég efaðist ekkert um að það væri hugur hjá mönnum að taka á þessu máli. Mér þótti hins vegar miður að virðulegir þm. Sjálfstfl. skyldu ekki sjá ástæðu til þess að vera meðflytjendur þessarar tillögu. Mér finnst þess gæta svolítið hér á virðulegu Alþingi að menn rugli saman annars vegar framkvæmdarvaldinu og ríkisstjórninni og hins vegar þjóðþinginu og segi sem svo: Hvað er þjóðþingið að blanda sér í mál sem eru til einhverrar meðferðar á vettvangi ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma? Þetta finnst mér ekki í rauninni eðlilegur skilningur á hlutverki þingsins því að hvað sem kann að gerast á vettvangi ríkisstjórnar í sambandi við svona mál — og um það var ekkert upplýst, um það lágu engar upplýsingar fyrir hvaða stefnu málið tæki þar þegar þessi tillaga var lögð fram og það er fyrst nú sem hv. þm. greinir frá því að hæstv. iðnrh. ætli að taka þetta mál upp í janúar nk.

Ég vænti þess að allir þm. átti sig á því að það er auðvitað styrkur fyrir framkvæmdarvaldið og hæstv. iðnrh., eða hvaða ráðherra sem á þessu máli heldur innan ríkisstjórnarinnar, að hafa eindreginn og einbeittan vilja þjóðþingsins á bak við sig í máli sem þessu. Ég efast ekkert um að þetta mál fái góðan stuðning í þinginu og það einnig frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur sem á sæti í utanrmn. sem fær þetta mál til meðferðar. Raunar eiga þar sæti flm. þessarar tillögu aðrir en ég, bæði sem aðalfulltrúar og áheyrnarfulltrúar.

Ég þarf í rauninni ekki að orðlengja þetta frekar nema ég fagna því að það verður tækifæri til þess af hálfu íslensks ráðherra í opinberri heimsókn, eins og hér kom fram hjá síðasta ræðumanni, að taka þetta mál upp sérstaklega. Ég bendi þó einnig á að þetta mál varðar fleiri þjóðir en Breta. Hér eru fjórar aðrar þjóðir sem ætla sér að vera þátttakendur í þessari viðbótaruppbyggingu í Dounreay og auðvitað þarf að taka það mál upp einnig við þær. Ég hygg raunar að Efnahagsbandalag Evrópu væri ekkert óeðlilegt heimilisfang mótmæla og aðgerða af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessu sambandi enda kaupir Efnahagsbandalagið í vaxandi mæli fiskafurðir frá Íslandi þannig að þetta ætti að eiga skilningi að fagna og einhvern hljómgrunn a.m.k. meðal þeirra sem horfa eitthvað fram fyrir sig hjá þeim ágætu viðskiptaþjóðum okkar.

Ég treysti því að þetta mál fái þann byr, ekki aðeins hjá okkur, heldur hjá öðrum þjóðum sem í hlut eiga, að horfið verði frá þessum áformum um frekari uppbyggingu tengda kjarnorkuiðnaði í Skotlandi og að menn leiti annarra leiða jafnframt því sem við hljótum að ala þá von í brjósti að þjóðirnar átti sig á hættunni sem fylgir kjarnorkunni, ekki aðeins á hernaðarsviðinu, heldur einnig í friðsamlegum tilgangi sem svo er kallaður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

13. fundur, miðvikudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framtíðarskipan kennaramenntunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 46. mál. — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til utanrmn. með 40 shlj. atkv.

Fjárlög 1988, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Við gerum ráð fyrir að það verði fundarhlé um fjögurleytið í dag, hálftíma, og hv. þm. mega gera ráð fyrir að það verði fundur í kvöld því það er gert ráð fyrir að ljúka umræðunni á þessum fundi.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 sem lagt hefur verið fram á þskj. 1. Í kjölfar fjárlagafrv. verða lögð fram önnur frumvörp sem ætlað er að hafa áhrif á bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs og mæla fyrir um lántökur.

Framvinda efnahagsmála að undanförnu og horfur fyrir næstu missiri sýna vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla. Í starfsáætlun sinni hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að hún muni beita hagstjórnartækjum

með samræmdum hætti. Fjárlögum, lánsfjárlögum, peninga- og gengismálum verði markvisst beitt til þess að draga úr sveiflum og treysta jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir jönuði í ríkisfjármálum árið 1988. Lánsfjárlagafrv. stefnir að miklum samdrætti í erlendum lántökum. Auk þess hefur ríkisstjórnin þegar gripið til fjölþættra aðhaldsaðgerða á sviði fjármála og peningamála.

Þessar aðgerðir, sem gerðar eru í framhaldi af fyrstu efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar á liðnu sumri, eru nauðsynlegar til að treysta gengi krónunnar. Með þeim er ráðstöfunarfé þjóðarinnar beint að sparnaði en frá neyslu og innflutningi og þannig spornað við vaxandi viðskiptahalla. Brýna nauðsyn ber til að koma á betra jafnvægi á lánamarkaði og draga úr innstreymi erlends lánsfjár.

Ríkisstjórnin ítrekar þá stefnu að gengi krónunnar verði haldið stöðugu, enda er það ásamt aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum forsenda hjöðnunar verðbólgu. Ráðstafanir þær sem hér er lýst renna frekari stoðum undir gengisstefnuna.

Í starfsáætlun sinni hefur ríkisstjórnin sett sér eftirfarandi markmið í ríkisfjármálum:

Að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á næstu þremur árum, en vegna vaxandi útgjaldaþenslu seinustu mánuði er nauðsynlegt að herða tökin og stíga þetta skref til fulls þegar á næsta ári eins og boðað er.

Að ljúka heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins fyrir mitt kjörtímabil þannig að skattakerfið verði einfaldara, réttlátara og skilvirkara.

Að endurskoða útgjöld ríkisins þannig að skatttekjur nýtist sem best til verkefna á vegum hins opinbera.

Að bæta framkvæmd og eftirlit með skattalögum samkvæmt tillögum um aðgerðir gegn skattsvikum.

Þá hefur ríkisstjórnin einnig í starfsáætlun sinni boðað endurmat ríkisútgjalda í því skyni að halda aftur af vexti þeirra á næstu árum. Markmiðið er að útgjöld hins opinbera í heild vaxi ekki örar en þjóðartekjur. Forgangsröð viðfangsefna verði þannig að skatttekjur nýtist sem best í þágu almennings.

Helstu þáttum í endurmati ríkisútgjalda er þannig lýst: Dregið verði sem mest úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Framlög til einstakra verkefna og málaflokka verði ákveðin í fjárlögum sem mest án tengsla eða viðmiðunar við þjóðhagsstærðir og vísitölur. Sjálfstæði og rekstrarábyrgð ýmissa stofnana ríkisins, t.d. þeirra sem gagngert þjóna atvinnuvegunum, verði aukin og þeim gert að afla sér í auknum mæli tekna fyrir veitta þjónustu. Jafnframt verði fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda stofnananna meiri, m.a. á starfsmannahaldi og á launamálum starfsmanna. Árlega verði starfsemi tiltekinna opinberra stofnana og einstakir þættir ríkisútgjalda tekin til gagngerrar endurskoðunar í því skyni að bæta rekstur og draga úr kostnaði. Unnið verði að því að bjóða ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur almenningi til kaups þar sem henta þykir. Skipulega verði unnið að sparnaði og hagræðingu í opinberum rekstri og framkvæmdum.

Herra forseti. Fjárlagafrv. endurspeglar með skýrum hætti þá stefnu í ríkisfjármálum sem lýst er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Í frv. er að finna óvenjumörg stefnumarkandi nýmæli. Á það jafnt við um endurskoðun skattakerfisins, breytta forgangsröð útgjalda og margvíslegar umbætur á stjórnkerfi sem lengi hafa verið á dagskrá.

Undirbúningur lagasetningar um þessar áformuðu stjórnkerfisbreytingar hófst á vegum fjmrn. seinni hluta sumars og er þess að vænta að hin helstu þessara lagafrv. líti dagsins ljós á Alþingi á næstu dögum og vikum. Sérstök ráðherranefnd ríkisfjármála hefur fjallað um alla helstu stefnumarkandi þætti fjárlagafrv. til undirbúnings umræðu í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna.

Meginmarkmið fjárlagafrv. er sem fyrr segir að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári. Hallalaus fjárlög endurspeglast í minni lánsfjárþörf, svo sem sjá má af framlögðu frv. til lánsfjárlaga.

Stefnt er að miklum samdrætti í erlendum lántökum. Ríkissjóður tekur engin ný erlend lán á næsta ári. Erlendar lántökur opinberra aðila lækka úr 3 milljörðum kr. á yfirstandandi ári í 900 millj. kr. Jafnframt er dregið úr erlendum lántökuheimildum einkaaðila með sérstöku lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð. Heildarlánsfjáröflun allra opinberra aðila lækkar verulega á árinu 1988 eða um 3,6 milljarða kr. Í heild lækka erlendar skuldir ríkisins úr 18% af landsframleiðslu á árinu 1986 í 13% í árslok 1988.

Í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisafskiptum af atvinnurekstri hefur ríkisábyrgðum af lántökum fjárfestingarlánasjóða verið aflétt til að ýta undir sjálfstæðara áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Þrátt fyrir aukna áherslu á innlenda lánsfjáröflun er hlutdeid opinberra aðila á innlendum lánamarkaði heldur minni að raungildi en á síðasta ári ef frá eru skildir samningar byggingarlánasjóðanna við lífeyrissjóðina, sem þegar eru gerðir, vegna fjármögnunar húsnæðislánakerfisins.

Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóðanna. Horfið verður frá skiptingu þeirra eftir hefðbundnum atvinnugreinum þannig að nýjar greinar standi jafnvel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent áhættufjármagn í íslensku atvinnulífi. Með því er stefnt að því að áhættufé geti í vaxandi mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Samanborið við endurskoðaða áætlun 1987 lækkar lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á næsta ári um 3,6 milljarða. Helsta skýringin er sú að afkoma ríkissjóðs batnar úr um það bil 2,3 milljarða tekju-

halla 1987 í jöfnuð á árinu 1988. Af þeim 5,2 milljörðum kr. sem opinberir aðilar munu afla með lánum á næsta ári verða 4,3 milljarðar teknir að láni innanlands en einungis 900 millj. erlendis eins og áður sagði. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2250 millj. kr. Afborganir umfram erlendar lántökur opinberra aðila eru því áætlaðar 1350 millj. á árinu 1988.

Þrátt fyrir þessa aðhaldssemi í opinberum lántökum er heildarniðurstaðan samt sú að hreint innstreymi erlendra lána þjóðarbúsins í heild nemur 1800 millj. kr. Þetta er ekki nógu góður árangur eftir tveggja ára góðæri sem lýsir sér í örari hagvexti og meiri gjaldeyristekjum en nokkru sinni fyrr. Þetta aukna innstreymi erlends lánsfjár er þó fyrst og fremst á vegum einkaaðila. Þannig má segja að hið opinbera gangi að þessu sinni á undan öðrum með góðu fordæmi.

Mikill hagvöxtur liðinna ára ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar úr 47,1% af vergri landsframleiðslu 1986 í 40% á árinu 1987. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði þá um 35%. Staða þjóðarbúsins mun þó ekki batna eins mikið gagnvart útlöndum þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á næsta ári. Hrein skuldastaða við útlönd var 45,5% vergrar landsframleiðslu 1986, en er talin verða um 37% 1987 og 33% 1988.

Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst 24,3% á árinu 1984, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980–1984, lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæp 8% í ár og á næsta ári. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986, en er áætluð rúm 8% á þessu og næsta ári.

Fyrir utan það meginmarkmið fjárlagafrv. að stuðla að jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári er víða fitjað upp á stefnumarkandi nýmælum sem kalla á sérstaka löggjöf er koma mun til meðferðar á Alþingi.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er eitt veigamesta atriði hinnar nýju stefnu í ríkisfjármálum. Við undirbúning þeirrar löggjafar er í veigamiklum atriðum stuðst við tillögur sérstakrar nefndar er kannaði umfang skattsvika og fyrrv. fjmrh. kynnti Alþingi í sérstakri skýrslu þann 18. apríl 1986. Tilgangurinn er sá að gera skattakerfið einfaldara, skilvirkara og réttlátara í framkvæmd.

Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru: Verulega fækkun söluskattsundanþága og lækkun söluskattsprósentu sem aðdragandi að upptöku virðisaukaskatts um áramót 1988–1989. Lækkun og samræming tolltaxta og niðurfelling ýmissa smærri gjalda sem áformað er að geti komið til framkvæmda um næstu áramót. Lækkun tolla og söluskattsprósentu stuðlar að lækkun vöruverðs á meginhluta almennrar neysluvöru og aðfanga samkeppnisiðnaðar. Samtímis verður gripið til viðamikilla tekjujöfnunaraðgerða í formi persónuafsláttar í tekjuskatti, barnabótum og hækkunar lífeyrisgreiðslna til þess að vega upp á móti verðhækkunaráhrifum á þeim vöruflokkum sem hingað til hafa verið undanþegnir söluskatti.

Boðuð er endurskoðun á tekju- og eignarskattsálagningu atvinnurekstrar sem miðar að fækkun frádráttarheimilda en lækkun jaðarskatts. Enn fremur verða reglur um skattmeðferð fjármögnunarviðskipta endurskoðaðar. Skattlagning fjármagns- og eignatekna og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts og skatta af öðrum tekjum mun einnig koma til endurskoðunar.

Áformað er að fyrsti áfangi til samræmingar launaskatts komi til framkvæmda á næsta ári. Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð. Lagt verður sérstakt gjald á verktakafyrirtæki í varnarliðsframkvæmdum.

Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga verður tekin upp frá næstu áramótum eins og síðar verður vikið að. Sérstök milliþinganefnd hefur unnið að endurskoðun laga frá seinasta Alþingi um staðgreiðslukerfið og mun skila niðurstöðum mjög bráðlega.

Loks verður fyrsta skrefið í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Í undirbúningi eru ýmsar aðgerðir til að bæta framkvæmd skattalaga og eftirlit. Veigamikil forsenda þess er að skattakerfið verði einfaldara og undanþágum verði fækkað eins og kostur er. Jafnframt verði bókhaldseftirlit eflt bæði á vegum skattyfirvalda og innheimtuaðila. Stefnt yrði að því að eftirlitsstarfsemi ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra verði aukin. Þessu verður fylgt eftir með hertum viðurlögum við skattalagabrotum.

Umbætur í skattamálum kalla á aukna fjármuni og mannafla. Að hluta til er það nauðsynlegt vegna staðgreiðslu skatta sem hefst um nk. áramót og vegna undirbúnings virðisaukaskatts sem koma á til framkvæmda 1989. Einnig ber brýna nauðsyn til að efla eftirlit og skilvirkni í skattakerfinu eins og áður segir.

Á gjaldahlið frv. má einnig merkja stefnubreytingu. Fyrstu skrefin eru stigin til að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar eru boðuð stærri skref í þá átt og er þess vænst að ráðherrar flytji frv. til laga um það efni á næstunni hver á sínu sviði.

Tilraunir eru gerðar til að auka sjálfstæði og rekstrarábyrgð nokkurra ríkisstofnana og fjárhagslega ábyrgð stjórnenda um leið. Hert er á kröfum um auknar sértekjur opinberra þjónustustofnana.

Heimildir fjmrh. skv. 6. gr. fjárlaga til eftirgjafar aðflutningsgjalda og sölugjalds eru flestar felldar niður. Að því er stefnt að slíkar heimildir, teljist þær á annað borð nauðsynlegar, verði felldar inn í lög

um tolla og söluskatt eftir því sem við á.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnuyfirlýsingu er fylgt eftir í fjárlagafrv. með því m.a. að draga úr tilfærslum fjármagns til atvinnuvega og fyrirtækja. Þessa sér víða stað. Bein framlög til atvinnuvega lækka auk þess sem þeim er ætlað að bera stærri hlut opinberra gjalda til samneyslunnar. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi er t.d. helmingi lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Fjármagnstilfærslur og framlög til ýmiss konar starfsemi í tengslum við landbúnað og iðnað eru lækkuð. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru innan þeirra marka sem búvörusamningur kveður á um. Framlög skv. jarðræktarlögum lækka verulega og skyrkir skv. búfjárræktarlögum eru afnumdir. Til samræmis við hinn almenna samdrátt landbúnaðarframleiðslu er lagt til að ráðunautum á vegum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda í héraði, sem launaðir hafa verið af ríkissjóði, fækki um fjórðung. Framlög ríkisins til áburðarverksmiðju eru felld niður. Loks eru framlög til fjárfestingarlánasjóða afnumin.

Á sama tíma og dregið er úr millifærslum, styrkjum og rekstrargjöldum til stofnana í þjónustu atvinnuveganna er lögð aukin áhersla á fjárhagslegan stuðning við margvísleg velferðar- og byggðamál.

Ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna vex verulega, bæði af ríkisframlögum og með fjáröflun frá lífeyrissjóðunum. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar til félagslegra íbúðarbygginga, þar með talið kaupleiguíbúða, tvöfaldast. Sama á við um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins til almennra húsbygginga og íbúðakaupa. Félmrh. hefur nú lagt fram á Alþingi stjfrv. er gerir ráð fyrir breyttum útlánareglum til að draga úr sjálfvirkni útlána með lánsloforðum til langs tíma þannig að lánsfé nýtist betur þeim sem mesta hafa þörfina. Þá er gert ráð fyrir 150 millj. kr. framlagi í ár og á næsta ári til að koma til móts við þá er lent hafa í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðisöflunar á liðnum árum.

Til menntamála er varið auknu fé á ýmsum sviðum. Þannig er nú í fyrsta sinn ætlað fé til háskólakennslu á Akureyri. Háskóli Íslands er styrktur með fjölgun á starfsliði og verulega auknu fé til rannsókna. Á grunnskólastiginu eru framlög til stuðningskennslu og sérkennslu aukin mjög verulega. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar úr 928 millj. kr. í ár í 1478 millj. eða um 60%. Þannig er reynt að gæta samræmis milli framlaga sjóðsins og lántöku hans, en honum hefur árum saman verið ætlað að taka lán, erlend eða innlend, langt umfram greiðslugetu hans. Aukin áhersla er lögð á málefni fatlaðra með því að auka framlög til rekstrar heimila og dvalarstaða fyrir fatlaða og til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Bættar samgöngur á landi og í lofti eru þýðingarmikið atriði í byggðamálum. Því er nú lagt til að auknu fé verði varið til vegamála og flugvallagerðar. Framkvæmdamáttur framlaga til þessara málaflokka eykst um tæp 20% að raungildi. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu sem hefur lýst sér í manneklu og miklu launaskriði á höfuðborgarsvæðinu, aukin framlög til samgöngumála úti um landið, efling hins félagslega húsnæðislánakerfis og tilflutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga ásamt með tilflutningi tekjustofna á móti eru allt þættir í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að rétta hlut landsbyggðarinnar varðandi opinberar framkvæmdir og félagslega þjónustu.

Ríkisstjórnin vill leggja sitt af mörkum til að styrkja forvarnarstarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Framlög eru aukin í þessu skyni og er nú stefnt að samstilltu átaki allra ráðuneyta í fyrirbyggjandi starfi á þessum vettvangi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að unnið verði að því að bjóða ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum, sem stunda atvinnurekstur, almenningi til kaups eftir því sem henta þykir. Í samræmi við þetta fer nú fram á vettvangi einstakra ráðuneyta athugun á því hvort og þá með hvaða hætti staðið skuli að sölu á fyrirtækjum í ríkiseigu. Ljóst er að margháttaðra gagna verður að afla í hverju tilviki um rekstur og stöðu ýmissa þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir áður en af sölu getur orðið. Ekki ber að líta á sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréf í ríkiseign sem aðgerð til tekjuöflunar fyrst og fremst, heldur sem þátt í endurmati á hlutverki ríkisins í nútímavelferðarríki.

Það verður að teljast til nýmæla í þessu frv. að nú er riðið á vaðið með breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta er málefni sem lengi hefur verið til umræðu, reyndar áratugum saman, en minna orðið úr framkvæmdum en vonir stóðu til. Ríkisstjórnin hefur nú beitt sér fyrir því að fyrsta skrefið í heildarendurskoðun verkaskiptingar þessara aðila verði stigið á árinu 1988. Þannig er gengið út frá því að nokkur verkefni flytjist til sveitarfélaganna strax í upphafi næsta árs. Þetta tekur til dagvistarheimila, íþróttamála annarra en þeirra sem tengjast grunnskólastarfi, byggða- og minjasafna o.fl. Miðað er við að sveitarfélögin taki við tónlistarfræðslu haustið 1988, í upphafi nýs skólaárs.

Í þessum fyrsta áfanga er eingöngu gert ráð fyrir að þáttur sveitarfélaga í málefnum fatlaðra flytjist til ríkisins. Alls er talið að frá ríkinu færist kostnaður sem nemur um 200 millj. kr. á árinu 1988. Við mat á þessari fjárhæð hefur verið höfð hliðsjón af greinargerð nefnda ríkis og sveitarfélaga, sem fjölluðu um kostnaðaráhrif tilfærslna á verkefnum, og einnig hver framlög til þessara mála hafa verið á yfirstandandi ári. Síðari áfangi heildarendurskoðunarinnar er áformaður á árinu 1989 og tekur þá fyrst og fremst til heilbrigðis- og skólamála. Í þeim breytingum liggja mun hærri fjármunir en um er að tefla í fyrsta áfanganum, auk þess sem þess er að vænta að þá vegi þyngra verkefni sem færast frá sveitarfélögum til ríkisins.

Tvennt er það sem veldur mönnum áhyggjum um

þessar breytingar. Hið fyrra er hvernig sveitarfélögin fái borið uppi aukinn kostnað sem af breytingunni leiðir. Hið síðara varðar hvernig verður hagað tilflutningi verkefna t.d. þar sem framkvæmdir standa í miðjum klíðum.

Um fyrra atriðið er því til að svara að nú er ákveðið að endurskoða tekjuöflun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, svo og hlutverk hans. Um nokkurt árabil hafa tekjur sjóðsins verið skertar. Væri sama skerðing í gildi í frv. 1988 og á árinu 1987 næmu tekjur sjóðsins af söluskatti og tollum um 1135 millj. kr. Til að greiða fyrir verkefnatilfærslunni er nú miðað við að til sjóðsins renni alls 1485 millj. kr., þ.e. um 350 millj. kr. hærri tekjur en ef um skerðingu væri að ræða eins og í ár. Sú fjárhæð skiptist þannig að 250 millj. kr. er bein hækkun á tekjum sjóðsins og samsvarar það um helmingi af skerðingunni, en 100 millj. verða ætlaðar í sérstaka deild sjóðsins og varið til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna verkefnatilflutningsins.

Nú háttar þannig til að tekjustofnalög Jöfnunarsjóðs þarf að endurskoða óháð því hvort verkefni eru færð milli aðila. Er það vegna þess að tekjustofnar sjóðsins af aðflutningsgjöldum og sölugjaldi taka fyrirsjáanlega slíkum breytingum að annað er óhjákvæmilegt. Í því sambandi hefur félmrh. lýst þeirri skoðun sinni að sterklega komi til álita að efla nokkurs konar viðlagadeild í sjóðnum umfram þær 100 millj. sem ég áður gat um. Þá kemur til álita að slík viðlagadeild hefði m.a. það hlutverk að létta undir með sveitarfélögum vegna framkvæmda sem þegar eru hafnar, en ekki verða framar á vettvagi Alþingis og þar með ríkissjóðs.

Nú er talið að svonefndir „halar" í dagvistarheimilum, félagsheimilum og íþróttamannvirkjum nemi um 400–450 millj. kr. Með því að ætla 150 millj. kr. árlega í sérdeild Jöfnunarsjóðs ætti að mega jafna áhrif vegna þessarar verkefnatilfærslu á næstu þremur árum, en fullyrða má að mótframlög ríkisins hefðu ekki verið greidd sveitarfélögunum nema á mun lengri tíma ella.

Fjáröflun til Jöfnunarsjóðs 1988 er miðuð við 1485 millj. kr. eins og áður segir. Þá er miðað við að ríkissjóður taki þær tekjur eingöngu af söluskatti og að lögum verði breytt í samræmi við það. Hitt liggur ljóst fyrir að slík tilhögun getur einungis gilt til eins árs þar sem nauðsynlegt verður að taka tekjustofn sjóðsins til nýrrar athugunar þegar virðisaukaskattur tekur gildi í ársbyrjun 1989 eins og að er stefnt, auk þess sem enn önnur verkefni kunna þá að hafa flust á milli ríkis og sveitarfélaga og hagkvæmt kann að vera að beina nýjum verkefnum til sjóðsins til úrlausnar.

Fram hjá því er með öllu óeðlilegt að líta að sveitarfélögin muni í fyllingu tímans að sjálfsögðu bera uppi útgjöld hinna nýju verkefna rétt eins og þeirra sem þau nú annast af almennum skatttekjum sínum. Því verður að líta á álagningu sveitarfélaganna m.a. í ljósi þessa þegar fram í sækir.

Til þess að vinna að framgangi þessara mála hefur félmrh. nýlega skipað tvær nefndir með aðild hlutaðeigandi ráðuneyta og sveitarfélaga. Annarri nefndinni er ætlað að vinna að breytingu á lögum um Jöfnunarsjóð og hinni er falið að undirbúa síðara stig verkefnatilfærslunnar og leggja línur um eignatilfærslur og uppgjörsmál. Á miklu veltur að allur málatilbúnaður sé sem vandaðastur og að gagnkvæmur skilningur ríki á milli manna í þessu þjóðþrifamáli.

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, sem haldinn var þann 30. október sl., var af hálfu sveitarfélaganna lýst fullum vilja til samstarfs um framkvæmd á þessum tillögum. Í yfirlýsingu fundarins er því lýst yfir að aðilar muni nú þegar hefja undirbúning síðari áfanga sem fyrirhugað er að komi til framkvæmda á árinu 1989. Þar er einnig lögð áhersla á að hraða störfum nefnda er gera tillögur um flutning verkefna og uppgjör og eignatilfærslur er því tengjast.

Herra forseti. Á þenslutímum er það tvímælalaust hlutverk opinberrar fjármálastjórnar að hamla gegn umframeftirspurn og þeirri verðbólgu og viðskiptahalla sem af hlýst. Þetta ber að gera með því að reka ríkissjóð án halla og halda fram aðhaldssamri peningamálastefnu. Með frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga og almennum efnahagsaðgerðum þeim til styrktar hefur ríkisstjórnin reynt að rækja skyldur sínar í þeim efnum.

Mikill hagvöxtur er ekki einhlítur mælikvarði á velgengni í efnahagsmálum. Hagvaxtarskeiðið sem hófst 1984 hefur allt fram á þetta ár mátt rekja til mikillar framleiðsluaukningar í sjávarútvegi. Þetta leiddi til aukins útflutnings og bættrar stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Hagvöxtinn á yfirstandandi ári má hins vegar í mun ríkari mæli rekja til þenslu í verslunar- og þjónustugreinum, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur endurspeglast með skýrum hætti í umskiptum til hins verra á viðskiptajöfnuði.

Til þess að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið snerist upp í ofþenslu, verðbólgu og viðskiptahalla hefði að mínu mati þurft að grípa til strangra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum þegar í upphafi árs 1987. Tillögur um það efni voru uppi á haustinu 1986. Þær tillögur fólu í sér að staða ríkisfjármála yrði styrkt með lækkun ríkisútgjalda og aukinni tekjuöflun sem svaraði allt að 2–2½ af vergri landsframleiðslu. Tillögurnar miðuðu að því að draga í tæka tíð úr þenslu og halda aftur af vexti þjóðarútgjalda umfram þjóðartekjur. Sú staðreynd að ekki var gripið til aðgerða fyrr en með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar eftir mitt ár veldur því að vandinn sem við er að fást er nú verri viðureignar og kallar á stórtækari aðgerðir en ella hefði e.t.v. verið nauðsynlegt. (**HBl:** Hver var með þessar tillögur?)

Í grg. Þjóðhagsstofnunar frá 6. maí 1987, sem lögð var fram í stjórnarmyndunarviðræðum, var sett fram mat á þjóðhagshorfum á miðju ári. Meginbreytingin frá fyrri áætlunum fólst í því að kaupmáttur atvinnutekna í heild var metinn mun meiri en gert hafði

verið ráð fyrir. Afleiðingunum var lýst á þessa leið: Þjóðarútgjöld verða meiri en að var stefnt. Spáð var 7,5% aukningu þjóðarútgjalda eða 2,5 milljörðum kr. að raunvirði umfram fyrri áætlanir. Viðskiptahalli fór vaxandi. Í febrúar var gert ráð fyrir 950 millj. kr. viðskiptahalla, en í maí viðskiptahalla sem nam 2,5 milljörðum kr. Verðbólga færðist í aukana. Í febrúarspá var gert ráð fyrir 11,5% verðbreytingu frá upphafi til loka árs. Í maí stefndi í 15% verðbólgu á sama mælikvarða miðað við óbreytta gengisstefnu. Loks þótti ljóst að hert gæti að atvinnulífinu á síðari hluta ársins, sérstaklega vegna hækkandi raungengis og verulegra kostnaðarhækkana í kjölfar kjarasamninga. Við þetta bætist að fátt bendir til að hægt sé að búast við batnandi ytri skilyrðum þjóðarbúsins á næstunni. Því er spáð að hagvöxtur minnki verulega á næsta ári.

Meira en ⅔ hlutar ríkisútgjalda tengjast launum, lífeyris- og sjúkratryggingum, almennum rekstri, sem mjög er launatengdur, og vaxandi vaxtabyrði af skuldum. Breytingar á launum opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði eru þess vegna ákvarðandi þáttur um þróun ríkisútgjalda.

Í kjölfar kjarasamninga Alþýðusambandsins og vinnuveitenda í desember á sl. ári var reiknað með því að atvinnutekjur á mann yrðu að meðaltali 20–22% hærri á þessu ári en í fyrra. Raunin hefur hins vegar orðið sú að almennar launahækkanir á árinu hafa orðið mun meiri. Nú bendir allt til að atvinnutekjur á mann hækki að meðaltali um 38% milli áranna 1986 og 1987. Þessar miklu launahækkanir stafa ekki síst af þeirri eftirspurnarþenslu sem ríkt hefur í hagkerfinu á árinu og hefur m.a. leitt til mikillar spennu á vinnumarkaði. Eftir því sem á árið hefur liðið hafa horfur um verðbólgu þess vegna farið versnandi. Í ársbyrjun var því spáð, m.a. á grundvelli áætlana um launaþróun, að vísitala framfærslukostnaðar mundi hækka um 14½% frá meðaltali síðasta árs en um 11–12% frá upphafi til loka þessa árs. Nú eru hins vegar horfur á að hækkun vísitölunnar frá síðasta ári verði 18–19% en um 25% á árinu.

Þrátt fyrir meiri verðbólgu en spáð var í upphafi ársins er ljóst að aukning kaupmáttar á þessu ári fer langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í ársbyrjun. Þá var reiknað með að kaupmáttur atvinnutekna á mann yrði að jafnaði 7% hærri á þessu ári en í fyrra. Nú virðist hins vegar stefna í að aukningin verði um 16%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna gæti aukist enn meir vegna léttari byrði af beinum sköttum á þessu ári en í fyrra. Að langstærstum hluta kom þessi kaupmáttaraukning fram á fyrsta og öðrum ársfjórðungi og er reiknað með að kaupmáttur haldist því sem næst óbreyttur á síðari helmingi ársins.

Framvinda launa- og verðlagsmála á árinu 1987 hefur raskað verulega áætlun um afkomu ríkissjóðs á árinu og orðið ríkisbúskapnum og efnahagskerfinu í heild allmikil áraun. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir að tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 1987 yrði um 2,8 milljarðar kr. Framan af ári stefndi í mun meiri halla eða um 3,4 milljarða, en með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á miðju sumri tókst að draga talsvert úr hallanum. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar nú í þingbyrjun hefur staða ríkissjóðs styrkst enn. Nú er reiknað með því að hallinn verði 2,3 milljarðar kr. Í hlutfalli við landsframleiðslu er reiknað með því að halli á ríkissjóði 1987 verði þá rúmlega 1%.

Þjóðarútgjöld eru nú talin verða mun meiri á þessu ári en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri spám. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukinnar einkaneysluútgjalda vegna mikillar kaupmáttaraukningar á árinu. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fjárfesting verði töluvert meiri en í fyrri áætlunum.

Sú mikla kaupmáttaraukning sem átti sér stað á fyrri hluta ársins hefur m.a. komið fram í stórauknum einkaneysluútgjöldum heimilanna. Gert er ráð fyrir að heldur dragi úr þessari þenslu á síðari helmingi ársins, m.a. vegna minni kaupmáttaraukningar en á fyrri hluta árs og vegna þeirra aðhaldsaðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Á þessum forsendum er því spáð að fyrir árið í heild aukist einkaneysla um 12% að raungildi frá árinu 1986. Ekki er reiknað með neinum breytingum á fyrri áætlunum um samneysluútgjöld á þessu ári og er áfram búist við því að þau aukist um 4% að raungildi frá síðasta ári. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nokkru meiri fjárfestingu á árinu en áður, m.a. í ljósi mikils innflutnings á vélum og tækjum á fyrri hluta ársins. Í heild gæti því fjárfesting aukist um allt að 8% að raungildi frá síðasta ári. Samtals felst í þessum áætlunum spá um tæplega 10% aukningu neyslu- og fjárfestingarútgjalda að raungildi á þessu ári.

Efnahagsvandinn, sem við blasti þegar ríkisstjórnin tók við, er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar gætti meiri eftirspurnar í efnahagslífinu en góðu hófi gegndi. Það birtist m.a. í mikilli manneklu og launaskriði í einstökum atvinnugreinum og vaxandi verðbólgu. Á hinn bóginn eru horfur á miklu hægari hagvexti og vaxandi halla á utanríkisviðskiptum á næsta ári verði ekki að gert.

Í upphafi ferils síns greip ríkisstjórnin til marghátt aðra aðgerða til að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla og koma á betra samræmi á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna. Þessar aðgerðir voru einkum fólgnar í eftirfarandi: Undanþágum frá söluskatti var fækkað og tekinn upp sérstakur söluskattur með lægra hlutfalli af ýmsum matvælum og nokkrum greinum þjónustu. Lagt var á sérstakt bifreiðagjald sem innheimtist að hálfu leyti á þessu ári. Lagður var viðbótarskattur á innflutt kjarnfóður. Ríkisábyrgðargjald var hækkað og lagt á nýtt lántökugjald á erlend lán. Áætlað er að þessar aðgerðir skili ríkissjóði rúmum milljarði kr. á þessu ári en 3,7 milljörðum á næsta ári. Þessar aðgerðir voru því stórt skref í þá átt að jafna hallann á ríkissjóði. Jafnframt var gripið til tekjujafnandi aðgerða með hækkun lágmarksframfærslulífeyris einstaklinga og hækkun barnabótaauka, sem áætlað er að kosti

ríkissjóð um 190 millj. kr. í ár.

Þessum aðgerðum í ríkisfjármálum var fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á sviði peninga- og lánamála. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir. Fyrirhuguð endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs var lögð inn á bundna reikninga. Til að draga úr erlendum lántökum, sem hafa átt drjúgan þátt í þenslunni að undanförnu, setti viðskrn. reglur sem kveða á um aukna hlutdeild innlends lánsfjár í kaupum erlendis frá.

Þótt þessar ráðstafanir hafi verið til aðhalds og styrkt stöðu ríkissjóðs verulega dugðu þær ekki til að halda nægilega aftur af þjóðarútgjöldum og beina tekjum fólks og fyrirtækja að auknum sparnaði. Ríkisstjórnin ákvað því að bregðast strax við þessum vanda með sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum. Markmið þessara ráðstafana var tvíþætt: Í fyrsta lagi að hamla gegn þeirri eftirspurn í efnahagslífinu sem áður er lýst og í öðru lagi að treysta enn frekar jafnvægi í þjóðarbúskapnum á *næsta ári með hallalausum fjárlögum og aðgerðum* til að efla innlendan sparnað. Þannig var með samræmdum hætti dregið úr útlánaþenslu og innstreymi erlends lánsfjár og þar með lagður grundvöllur að hjöðnun verðbólgu og minni viðskiptahalla á næsta ári.

Til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs og draga úr innflutningi voru innflutningsgjöld af fólksbifreiðum hækkuð sem leiddi til hækkunar bílverðs um 5–15% eftir stærð. Um leið var verð á áfengi og tóbaki hækkað um 8% að meðaltali. Áformum um að flýta gildistöku söluskattsbreytinga að hluta til frá áramótum til 1. nóv. var frestað samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir væntanlegum kjarasamningum svo sem síður verður vikið að.

Þá var gripið til margvíslegra ráðstafana í peninga- og lánsfjármálum sem hafa þann tilgang að draga úr eyðslu og efla innlendan sparnað. Bönkum og sparisjóðum var heimilað að bjóða gengisbundna innlánareikninga og gefið svigrúm til að lána út með sambærilegum kjörum. Einstaklingum og fyrirtækjum var heimilað að festa kaup á erlendum verðbréfum. Ríkissjóður bauð gengisbundin spariskírteini til sölu á innlendum markaði og önnur spariskírteini til lengri tíma voru boðin með betri kjörum í samræmi við markaðsaðstæður. Vextir af ríkisvíxlum voru endurskoðaðir og ríkisvíxlar boðnir til lengri tíma en verið hefur. Til að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til þess að fresta áformum sínum og draga á *þann hátt úr innstreymi erlends lánsfjár* var því lýst yfir að gjald á erlendar lántökur yrði fellt niður við lok næsta árs.

Þá var því yfir lýst að við endurskoðun laga um tekju- og eignarskatt og ákvæði um skattlagningu eignatekna verði við það miðað að skattlagning verði samræmd og jafnframt tryggt að tekjur af hlutafjáreign almennings sæti ekki lakari meðferð en aðrar tekjur af eignum. Loks ákvað ríkisstjórnin að afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum atvinnuvegasjóða.

Vel verður fylgst með því á næstunni hvort þörf verður frekari aðgerða til að tryggja nægilegt aðhald í útlánum banka út þetta ár. Áætlanir benda til að lausafjárstaða bankakerfisins muni batna í upphafi næsta árs og verða gerðar ráðstafanir fyrir þann tíma til að tryggja hóflega þróun í útlánastarfsemi bankanna á því ári.

Þessar ráðstafanir höfðu það að markmiði að eyða þeirri óvissu sem gætt hefur í efnahagsmálum að undanförnu. Jafnframt var þeim ætlað að skapa forsendur fyrir auknu jafnvægi á lánamarkaði, en það er frumskilyrði þess að vextir fari lækkandi. Með því að eyða hallanum á ríkisbúskapnum er stigið stórt skref í þessa átt.

Eins og jafnan á þessum árstíma eru ýmsar mikilvægar forsendur spár um framvindu efnahagsmála á næsta ári óráðnar. Af innlendum forsendum ber fyrst að nefna að fiskveiðistefnan fyrir næsta ár hefur enn ekki verið mótuð og eykur það óvissu sem jafnan ríkir um væntanlegan sjávarafla. Þá gætir verulegrar óvissu um verðlags- og tekjuþróun á næstu missirum. Hækkun launa um rúmlega 7% um næstliðin mánaðamót og sú hækkun óbeinna skatta sem ákveðin hefur verið mun hvort tveggja stuðla að verðhækkunum næstu mánuði.

Fram undan eru *nýir kjarasamningar á almennum* vinnumarkaði fyrir næsta ár. Miklu skiptir að í þeim verði tekið mið af horfum um ytri skilyrði þjóðarbús á næsta ári og verður í því sambandi að hafa í huga þá miklu aukningu kaupmáttar sem orðið hefur að undanförnu og allir hljóta að vera sammála um að vilja varðveita.

Af erlendum forsendum má nefna að óvissa ríkir um áframhaldandi viðskiptakjarabata. Þessu valda jafnt almennar sem sérstakar aðstæður í umheiminum. Hagvöxtur í iðnríkjunum hefur verið fremur hægur undanfarin tvö ár og er ekki talið líklegt að á því verði breyting á næsta ári. Því má búast við tiltölulega lítilli aukningu almennrar eftirspurnar á helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur. Þótt eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum sé mismunandi, bæði eftir mörkuðum og tegundum, er líklegt að í besta falli verði unnt að halda þeirri miklu hækkun á verði sjávarafurða erlendis sem átt hefur sér stað undanfarin missiri. Afar ólíklegt er að búhnykkur í líkingu við stórfellda lækkun olíuverðs falli þjóðinni í skaut á næstunni. Á þessu ári hafa olíuverð á heimsmarkaði og vextir á alþjóðlegum lánamörkuðum farið heldur hækkandi og gæti sú þróun haldið áfram.

Miðað við óbreytta sjávarvöruframleiðslu á næsta ári gæti útflutningsframleiðslan í heild aukist um 1% að raungildi milli áranna 1987 og 1988 þar sem reiknað er með nokkurri framleiðsluaukningu í *útflutningsgreinum öðrum en sjávarútvegi*. Munar þar mestu um mikla aukningu í framleiðslu fiskeldisafurða. Einnig er reiknað með því að framleiðsla á áli og kísiljárni aukist um 2% frá þessu ári.

Á síðustu tveimur árum hefur afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi verið betri en mörg ár þar á undan. Að

mati Þjóðhagsstofnunar voru botnfiskveiðar og vinnsla í heild rekin með nokkrum hagnaði á síðasta ári. Áætlun, sem tekur mið af aðstæðum í októberbyrjun, benti til þess að vinnslan í heild væri rekin með hagnaði, einkum söltun. Rekstrarskilyrði frystingar hafa þó vafalítið versnað á síðustu vikum, ekki síst vegna lækkandi gengis bandaríkjadollars. Botnfiskveiðar eru hins vegar reknar með hagnaði við núverandi rekstrarskilyrði. Hagur rækjuvinnslu hefur versnað mjög á síðustu mánuðum vegna lækkunar á verði á erlendum mörkuðum. Þá er afkoma loðnuvinnslu slæm en loðnuveiða óviss.

Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er nú unnið að endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Sjútvrh. hefur skipað sérstakar ráðgjafarnefndir, sem skipaðar eru fulltrúum þingflokka annars vegar og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi hins vegar, til að vinna að þessu verkefni ásamt sérfræðingum. Á þessum vettvangi er m.a. fjallað um hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar, hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnunnar, hvers konar reglur skuli gilda um færslu veiðiheimilda milli aðila o.fl.

Ljóst er að íslenskur sjávarútvegur stendur nú að vissu leyti á tímamótum. Þar kemur margt til. Í fyrsta lagi virðist ljóst að sjávarútvegur getur ekki á næstunni vænst jafnhagstæðrar verðþróunar á mörkuðum og á síðustu árum. Í öðru lagi virðist ágreiningur lítill sem enginn um það að fiskveiðistjórnun eigi rétt á sér. Deilur standa hins vegar um hvernig stjórna skuli. Í þriðja lagi hafa fiskmarkaðir rutt sér til rúms og m.a. leitt til stórhækkaðs fiskverðs á fáum mánuðum. Í fjórða lagi hefur ný flutningatækni, aukin markaðssókn og sveiflur á innbyrðis gengi gjaldmiðla leitt til stóraukins útflutnings á ferskum og óunnum fiski jafnframt því sem nýir markaðir hafa opnast eða stóreflst, en aðrir dregist saman. Í fimmta lagi hafa fyrirtæki í greininni tekið miklum breytingum. Gamalgróin stórfyrirtæki hafa mörg eflst verulega, en minni fyrirtæki sérhæfa sig í auknum mæli. Loks má nefna að launakerfi það sem ríkjandi hefur verið í frystingu áratugum saman sætir nú vaxandi gagnrýni. Fátt eitt er hér upp talið, en ef breytingar og sviptingar eru mælikvarði á lífsmark og þróun einnar atvinnugreinar þurfum við Íslendingar litlu að kvíða um framtíð þessa burðaráss okkar atvinnulífs.

Sjávarútvegur er höfuðatvinnuvegur landsmanna og svo verður um langa framtíð. Sjávarútvegurinn stendur undir ¾ hlutum útflutningstekna Íslendinga. Hagur þessarar atvinnugreinar endurspeglar því mjög afkomu þjóðarbúsins sem heildar. Það skiptir höfuðmáli í nánustu framtíð og til lengri tíma litið hvernig aðsteðjandi vandamál þessarar atvinnugreinar verða leyst.

Ríkisstjórnin er nú gagnrýnd fyrir að ætla á næsta ári annars vegar að draga úr tilfærslum til sjávarútvegs vegna lækkunar á endurgreiðslu söluskatts og hins vegar vegna fyrirætlana um að leggja 1% launaskatt á þessa grein sem aðrar — á sama tíma og afkoma fer versnandi.

Fyrir liggur af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún er tilbúin til viðræðna við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um þessi mál. Þær viðræður mega ekki og munu ekki af ríkisstjórnarinnar hálfu snúast um tilflutning vandamála frá sjávarútvegi yfir á ríkissjóð. Þær hljóta m.a. að snúast um innri vandamál og uppbyggingu þessarar atvinnugreinar og leiðir til langtímalausna. Allir sem beinna hagsmuna hafa að gæta þurfa að leggja sitt af mörkum til þeirra lausna. Vandamál í sjávarútvegi eru engin nýlunda, en meðulin sem notuð hafa verið til lækninga hafa oft verið verri en sjúkdómurinn sjálfur. Gengisfelling er ekki á dagskrá. Nú þarf að leita nýrra leiða.

Óvissa ríkir um þróun þjóðarútgjalda á næsta ári sem m.a. má rekja til óvissu um væntanlega verðlags- og tekjuþróun. Þá er nokkrum erfiðleikum bundið að meta nákvæmlega áhrif þeirra aðhaldsaðgerða í fjármálum og peningamálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Einkaneysluútgjöld, sem vega langþyngst í þjóðarútgjöldum eða nálægt ⅔ hlutum, ráðast að verulegu leyti af ráðstöfunartekjum heimilanna. Hér er reiknað með að einkaneysluútgjöld heimila í heild aukist um ½% að raungildi milli áranna 1987 og 1988 á þeirri forsendu að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist ekki. Þessi forsenda um kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta ári er óviss, ekki síst þar sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir frá og með næstu áramótum. Á hinn bóginn er ljóst að ekkert svigrúm er fyrir almenna aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna á næsta ári ef ná á markmiðum um hjöðnun verðbólgu og viðskiptahalla á árinu 1988.

Veruleg óvissa er um þróun verðlags á næsta ári, en talsverð hækkun á verðlagi milli ársmeðaltala 1987 og 1988 er fyrirsjáanleg vegna örra verðhækkana á síðustu mánuðum ársins og í upphafi næsta árs. Nú er reiknað með að hækkun verðlags frá upphafi til loka árs verði samt innan við 10%.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði haldið óbreyttu frá því sem það nú er allt næsta ár. Á hinn bóginn er ljóst að á undanförnu missiri hefur verðlagsþróun hér á landi verið útflutnings- og innlendum samkeppnisgreinum óhagstæð auk þess sem viðskiptahalli hefur farið vaxandi. Í forsendunni um áframhaldandi fastgengisstefnu felst því að hratt dragi úr verðbólgu er líða tekur á árið 1988. Forsendur þess að slíkur árangur náist í baráttunni gegn verðbólgu er hvort tveggja í senn: aðhaldssemi í stjórn ríkisfjármála og peningamála á næsta ári og hófsamir kjarasamningar í vetur. Með þeim samræmdu aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum sem áður er lýst hefur ríkisstjórnin gert það sem í hennar valdi stendur til að eyða þeirri óvissu sem um of hefur sett svipmót sitt á efnahagsmálaumhverfi okkar að undanförnu.

Herra forseti. Tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 eru áætlaðar 59,6 milljarðar kr. og er það 24,6% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1987 að lokinni endurskoðun í september. Tekjuliðir hækka mjög

misjafnlega milli ára, einkum vegna þess að eftir eðli þeirra eru þeir á misjafnan veg háðir verðlagsbreytingum, en einnig vegna þess að á síðari hluta þessa árs hafa verið teknar ákvarðanir um breytingar í skattamálum sem breyta innbyrðis vægi tekjustofna. Áætlað er að um 8,2 milljarða eða 13,8% af tekjum ríkissjóðs verði aflað með beinum sköttum, 48 milljarða eða 80,7% með óbeinum sköttum. Ýmsar aðrar tekjur verði um 3,2 milljarðar eða 5,5% af tekjum ríkissjóðs.

Halli sá sem verið hefur á ríkissjóði síðustu ár stafar af viðvarandi misræmi milli þeirra tekna sem ríkissjóður gat aflað sér í óbreyttu skattakerfi og þeirra útgjalda sem stofnað hefur verið til með lögum frá Alþingi eða heimiluð hafa verið í fjárlögum. M.ö.o.: tekjurnar dugðu ekki lengur fyrir útgjöldum svo að grípa þurfti til sérstakra ráðstafana. Einnig var ljóst að útgjöld ríkisins yrðu ekki skorin niður í þeim mæli að dygði. Um það tókst ekki pólitísk samstaða milli þeirra stjórnmálaflokka er að ríkisstjórninni standa. Eini aðgengilegi kosturinn var því að auka tekjur ríkissjóðs allverulega. Hinn kosturinn var áframhaldandi skuldasöfnun innanlands sem utan með þenslu og verðbálseldsneyti í farteskinu.

Þær aðgerðir til tekjuöflunar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á árinu 1987 og þær sem gert er ráð fyrir að gangi í gildi um næstu áramót munu gefa ríkissjóði 5700 millj. kr. í tekjur á árinu 1988. Þessar viðbótartekjur sundurliðast þannig að breikkun söluskattsstofns og aðrar breytingar á honum ásamt breytingum á tollum og vörugjaldi munu gefa um 3200 millj. kr., bifreiðaskattar 950 millj., skattar á atvinnurekstur 600 millj. og ýmsir tekjustofnar, svo sem lántöku- og ábyrgðargjöld, kjarnfóðurgjald og arðgreiðslur um 950 millj. kr. Hluti þessara tekna eða 3700 millj. stafar af þeim breytingum sem ákveðnar voru við stjórnarmyndun á miðju þessu ári, 600 millj. vegna ráðstafana sem ákveðnar voru í október, en 1400 millj. eru vegna breytinga sem áætlað er að gangi í gildi um næstu áramót.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins er veigamikill þáttur í stefnu þessarar ríkisstjórnar eins og fram kemur í hennar starfsáætlun. Aðdraganda að heildarendurskoðun á skattkerfinu má rekja langt aftur í tímann, enda er langt síðan glöggir menn gerðu sér grein fyrir nauðsyn hennar. Einn gleggsti vitnisburður í þessu efni er skattsvikaskýrslan svokallaða. Í henni er einnig bent á að einn stærsti veikleiki núverandi kerfis sé sá að það er flókið og undanþágur allt of margar. Einföldun skattakerfisins, útrýming undanþága og sérreglna eftir því sem unnt er er forsenda allra annarra umbóta á skattakerfinu. Án slíkra breytinga verður skilvirkri framkvæmd og virku eftirliti ekki komið við svo að viðunandi sé. Ríkisstjórnin hefur haft þessi sjónarmið að leiðarljósi við þá endurskoðun á skattakerfinu sem nú er kappsamlega hafin.

Tilgangur endurskoðunar á tekjuöflunarkerfinu er að gera það í heild og einstaka þætti þess einfaldari, skilvirkari og réttlátari. Um þessi markmið er væntanlega ekki deilt, en stundum er á það bent að tiltölulega flóknar reglur, t.d. í skattalögum, hafa verið settar í þeim tilgangi að ná fram meira réttlæti í tekjuskiptingu eða öðrum markmiðum sem æskileg hafa verið talin. Sjálfsagt er rétt að tilgangurinn hefur verið góður, en því miður höfum við rekið okkur á það, eins og margar aðrar þjóðir sem nú vinna að einföldun skattkerfa sinna, að reynslan er ekki í samræmi við þessi upphaflegu góðu áform. Flókin skattkerfi með undantekningum, frávikum og sérreglum eru í reynd fyrst og fremst hagstæð þeim sem eru í þeirri aðstöðu hvað varðar tekjur, eignir og kunnáttu að þeir geta notfært sér sérákvæðin, auk þess sem eftirlit og framkvæmd í slíkum kerfum er ekki einungis erfiðleikum háð heldur eins og nú er komið sögu hjá okkur nánast ógerningur að framkvæma.

Breytingar á tekjukerfinu krefjast mikilla og í mörgum tilvikum flókinna lagabreytinga þar sem m.a. verður að taka tillit til þess að ekki sé með óeðlilegum hætti breytt forsendum sem einstaklingar og fyrirtæki kunna að hafa miðað við í fjárhagslegum ráðstöfunum sínum. Af þessum sökum ber fjárlagafrv. ríkisstjórnar með sér grófa mynd af þeim breytingum sem í vændum eru í þessu efni á næstu mánuðum og árum.

Þær breytingar sem unnið er að í skattamálum og öðrum tekjumálum ríkisins taka til meginþorra ríkisteknanna. Þessar breytingar snerta m.a. tekjuskatta einstaklinga og fyrirtækja, söluskatt, tolla, vörugjald og launaskatt.

Skv. því frv. til fjárlaga sem hér liggur fyrir eru tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 áætlaðar um 59,6 milljarðar kr. Þá hafa verið dregnar frá þær fjárhæðir sem aflað er gegnum tekjukerfi ríkisins en greiddar eru út til einstaklinga og sveitarfélaga án þess að vera nokkru sinni taldar til tekna ríkissjóðs í fjárlögum. Þar er um að ræða barnabætur og persónuafslátt sem gengur til greiðslu á útsvari, alls 3,4 milljarðar, og framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, tæplega 1,5 milljarðar kr. Alls er tekjuöflun eftir farvegi þessa kerfis því um 64,5 milljarðar kr. Af þeirri fjárhæð eru tekjuskattar 10,1 milljarður kr., sölugjald 26,3 milljarðar, tollar og vörugjald 6,6 milljarðar og launaskattur 2,6 milljarðar. Þeir tekjuliðir sem eru þegar í skipulegri endurskoðun gefa samkvæmt áætlun fjárlagafrv. 45,6 milljarða kr. í tekjur eða rúmlega 70% af því sem aflast með tekjukerfi ríkisins. Af þessum tölum má ráða að í mikið er ráðist við þessa endurskoðun.

Fyrsta skrefið í endurskoðun skattkerfisins var tekið á öndverðu þessu ári þegar samþykkt voru hér á Alþingi lög um staðgreiðslu opinberra gjalda og breyting gerð á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í þeim tilgangi að einfalda þau lög og gera þau aðgengilegri fyrir framkvæmd staðgreiðslu. Frá samþykkt laganna hefur verið unnið að undirbúningi framkvæmdar á vegum fjmrn. og embættis ríkisskattstjóra. Nefnd skipuð fulltrúum þessara aðila og

fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga var falið að hafa með höndum umsjón með undirbúningnum og annast samræmingu. Stofnuð var sérstök deild, staðgreiðsludeild, við embætti ríkisskattstjóra og að henni ráðnir starfsmenn. Hún vinnur nú að undirbúningi staðgreiðslunnar í samvinnu við Skýrsluvélar ríkisins, Ríkisbókhald og fleiri aðila og annast kynningu á málinu. Sérstakur vinnuhópur skipaður fulltrúum fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga hefur unnið að undirbúningi þeirra þátta sem snúa að móttöku og innheimtu gjaldheimtumála. Undirbúningur flestra þátta er vel á veg kominn og ekki ástæða til að ætla annað en að staðgreiðslu verði komið á í samræmi við upphaflega áætlun.

Fram kom á Alþingi á sl. vetri, þegar framangreind lög voru þar til umfjöllunar, að rétt væri að skipa nefnd með fulltrúum þingflokkanna og fleiri aðilum til að kanna nánar ýmsa þætti staðgreiðslumálsins og hinna breyttu laga um tekju- og eignarskatt m.a. í ljósi skattálagningar á þessu ári. Nefnd þessi var skipuð í sumar og hefur starfað að verkefnum sínum frá því í byrjun september.

Nefnd um staðgreiðslu fjallaði í upphafi starfs síns um ýmis tæknileg framkvæmdaatriði í lögum um staðgreiðslu sem hafði sýnt sig í undirbúningsvinnunni að ástæða væri til að lagfæra. Nefndin skilaði ráðuneytinu álitsgerð um þessi atriði og tillögum um breytingar á staðgreiðslulögunum. Innan fárra daga verður lagt fram frv. til laga með þessum breytingum og fleirum. Þessar breytingar eru eins og áður sagði fyrst og fremst um tæknileg framkvæmdaatriði en breyta ekki staðgreiðslulögunum í neinum meginatriðum og munu á engan hátt raska undirbúningi framkvæmdar.

Nefnd um staðgreiðslu vinnur nú að síðari hluta verksins, þ.e. að endurskoða og endurmeta það álagningarkerfi opinberra gjalda sem ganga á í gildi um næstu áramót og á að vera grundvöllur skattheimtu í staðgreiðslu. Hluti af þessu starfi er að fjalla um húsnæðisbætur, vaxtaafslátt, sjómannaafslátt, barnabætur, útborgun þeirra og fleiri atriði sem lögin fjalla um og koma til umræðu á Alþingi, þ.e. á grundvelli framtala fyrir árið 1986 og álagningar gjalda á árinu 1987 og með tilliti til þess að hvað skattlagningu varðar náist þau markmið sem sett voru fram við undirbúning laganna á seinasta þingi, þ.e. að kerfisbreytingin sjálf breyti ekki sjálfkrafa tekjum ríkissjóðs af skatti þessum né raski raunverulega dreifingu skattbyrði.

Að sjálfsögðu kunna ýmsir að telja ástæðu til að breyta öðru hvoru eða báðum þessum atriðum. Slík sjónarmið eiga fullan rétt á sér en fyrir skýrleika sakir þykir rétt að halda þeim aðgreindum frá ákvörðunum um kerfið sjálft og mat á því með hvaða stuðlum verði komist sem næst því að halda óbreyttu ástandi í þeim tveimur atriðum sem voru nefnd áðan. Umræður um breytingar á þessum atriðum eru eðlilegar í framhaldi af því mati sem nefndinni er ætlað að leggja fram en eru ekki í verkahring nefndarinnar sem slíkrar.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skattbyrði af tekjuskatti verði áþekk því sem áformað var að hún yrði á árinu 1987 við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár og þegar ákveðnar voru breytingar á tekjuskattslögunum. Mun athugun nefndar um staðgreiðslu væntanlega leiða í ljós hvort unnt verður að ná þeirri tekjuáætlun með því skatthlutfalli, 28,5%, og þeim persónuafslætti, 139 þús. kr. miðað við febrúarvísitölu 1987, sem nú eru í lögunum. Staðgreiðsla skatta ræðst þó ekki eingöngu af ákvörðunum ríkisins. Að óbreyttri álagningu munu um 60% skattheimtu með þessu kerfi renna til sveitarfélaga sem útsvar. Hefur hlutur þeirra heldur farið vaxandi á undanförnum árum. Skattbyrði einstaklinga ræðst því ekki hvað síst af ákvörðunum sveitarfélaga fremur en ríkisins.

Staðgreiðslukerfi skatta var komið á í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og ekki síst eftir óskum frá stærstu launþegahreyfingum landsins. Gerð kerfisins, eins og hún birtist m.a. í skatthlutfalli og ekki síst í skattleysismörkum, var framlag stjórnvalda til samkomulags um kjaramál á síðasta ári. Að ekki skuli allt hafa gengið eftir eins og þá var að stefnt verður kannski trauðla skrifað á reikning stjórnvalda einna, a.m.k. ekki á reikning skattkerfisbreytinganna. Mikilvægt er að í millum þeirra aðila sem að þessu máli hafa unnið haldist fullt traust og að í öllu verði staðið við þann ásetning sem uppi var í þessu efni á sl. vetri. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti lýst vilja sínum til þess að svo verði. Kemur það fram í áætlun fjárlagafrv. um tekjuskatt einstaklinga og mun sýna sig í tillögugerð stjórnarinnar um tekjuskattslögin í framhaldi af starfi nefndar um staðgreiðslu.

Ekki skal fullyrt um hverjir verða endanlegir stuðlar skattkerfisins fyrr en niðurstöður athugunar nefndar um staðgreiðslu liggja fyrir og Alþingi hefur á nýjan leik fjallað um þær ef tilefni verður til breytinga. Sú áætlun um tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga sem er í frv. til fjárlaga miðast við að skattar þessir verði svipað hlutfall af tekjum einstaklinga og þeir hafa verið. Var annars vegar höfð til hliðsjónar sú áætlun um skattbyrði af tekjuskatti sem fyrir lá þegar fjárlög fyrir árið 1987 voru sett, en hún er jafnframt sú áætlun sem miðað var við þegar staðgreiðslulögin voru sett á sl. vori. Hins vegar var litið til þeirrar skattbyrði sem varð í reynd á þessu ári, en hún varð verulegra lægri en áætlað hafði verið sökum þess að laun hafa hækkað milli áranna 1986 og 1987 langt umfram það sem áætlað var í lok síðasta árs. Tala fjárlagafrv. liggur þarna á milli, en hana verður að sjálfsögðu að endurskoða þegar ljóst er hver niðurstaða verður komin um skatthlutfall, persónuafslátt og annað það sem tengist staðgreiðslunni og ráða mun tekjum ríkissjóðs af þessum stofni.

Setning laga um staðgreiðslu hefur þann tilgang, auk einföldunar á kerfinu, að lækka jaðarskatt, m.a. með því að breikka skattstofninn og að hækka skattleysismörk sem gert var með mikilli hækkun persónufrádráttar. Samkvæmt lögunum eins og þau

liggja nú fyrir er tekjuskattshlutfallið 28,5%. Við það mun bætast útsvarshlutfall sem áætlað var að þyrfti að vera 6,25% þannig að í heild yrði skatthlutfallið 34,75%.

Með hliðsjón af verðlagshorfum má ætla að persónuafsláttur að óbreyttum skattalögum verði um 169 700 kr. á árinu 1988. Barnabætur með fyrsta barni yrðu þá um 15 525 kr. og aðrar bætur hækkuðu í hlutfalli við það. Gangi þessi áætlun eftir verða skattleysismörk á árinu 1988 þessi hjá eftirgreindum skattaðilum: Einstaklingur 488 695 kr. á ári eða 40 695 kr. á mánuði að jafnaði. Barnlaus hjón sem bæði afla tekna 976 690 kr. á ári eða 81 390 kr. á mánuði að jafnaði. Hjón með tvö börn, þegar annað hjóna aflar tekna, að upphæð 1 044 000 kr. á ári, verða skattleysismörkin 87 000 kr. á mánuði að jafnaði eftir að tekið hefur verið tillit til barnabóta. Einstætt foreldri með tvö börn og 819 600 kr. tekjur á ári nýtur þá skattfrelsismarka við 68 300 kr. á mánuði að jafnaði, að teknu tilliti til barnabóta. Eins og áður er sagt eru þessar tölur miðaðar við að álagningarreglum tekjuskatts verði ekki breytt frá því sem nú er í lögum og að útsvar til sveitarfélaga verði ekki hækkað.

Sveitarfélög landsins eru stór aðili að þessu máli. Ákvarðanir þeirra um álagningu útsvars skipta hér meginmáli. Samkvæmt þeim breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem ákveðnar voru í tengslum við staðgreiðsluna er sveitarfélögum landsins frjálst að ákveða útsvarshlutfall sitt allt að tilteknu hámarki sem er í reynd nokkru hærra en áður var. Þetta hámark er nú 7,5%. En samkvæmt þeim útreikningum sem gerðir voru nægir sveitarfélögunum u.þ.b. 6,25% útsvar til að halda því raungildi útsvarstekna sem þau hafa haft á undanförnum árum. Álagning útsvars á þessu ári staðfestir þá niðurstöðu og sýnir að lítið eitt lægri útsvarsprósenta en 6,25% hefði nægt sveitarfélögunum til að fá við staðgreiðslu sömu tekjur og þau hafa á þessu ári.

Félmrh. mun eins og lög kveða á um setja reglugerð um það hlutfall útsvars sem innheimt verður í staðgreiðslu. Slíka reglugerð skal setja að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og að teknu tilliti til áforma sveitarstjórna um útsvarsálagningu á komandi ári. Samband ísl. sveitarfélaga hefur þegar gert tillögu um að innheimtuhlutfallið verði í hámarki, þ.e. 7,5%. Gangi það eftir og verði álagningin í samræmi við það er hér um að ræða u.þ.b. 20% hækkun á raungildi útsvarstekna sveitarfélaga. Miðað við árið 1987 yrði þessi viðbótarskattur sveitarfélaga u.þ.b. 1,5 milljarðar kr. Þessi viðbótarskattheimta mundi auka skattbyrði beinna skatta ríkis og sveitarfélaga um meira en 1/10 eða úr u.þ.b. 11% í yfir 12% og hún mundi raska þeim forsendum, sem gengið var út frá við gerð staðgreiðslukerfisins, verulega. M.a. mundi hún hækka innheimtuprósentuna úr 34,75% í 36% og lækka skattfrelsismörkin um ca. 1400 kr. á mánuði eða sem svarar 17 þús. kr. á ári hjá einstaklingi og um 30–34 þús. kr. á ári hjá hjónum. Skattahækkunin hjá þeim sem eru ofan skattleysismarka yrði 1,25% af heildartekjum þeirra, en vegna þeirra sem eru neðan markanna legði ríkissjóður sveitarfélögunum til þá fjárhæð.

Ákaflega óheppilegt væri að sveitarfélög notuðu fyrsta ár staðgreiðslunnar til að auka skattheimtu sína svo verulega og ynnu þannig gegn þeim markmiðum sem stefnt var að með ákvörðun um staðgreiðslu á sl. vetri, þ.e. að halda skattbyrði óbreyttri í heild og að hækka skattfrelsismörk. Það verður að ætla að mat Sambands ísl. sveitarfélaga á álagningaráformum sveitarfélaganna sé e.t.v. ekki byggt á nægilega traustum talnalegum grunni.

Næstu skref í endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt eru annars vegar lagaákvæði um eignatekjur og hins vegar ákvæði um skattlagningu fyrirtækja. Unnið er að undirbúningi í báðum þessum málaflokkum, en nokkuð er enn í land að tillögur liggi fyrir.

Eignatekjur einstaklinga eru samkvæmt núgildandi lögum að verulegu leyti undanþegnar tekjuskatti. Tekur það til vaxta, affalla og gengishagnaðar af innistæðum í bönkum og sambærilegum stofnunum, svo og af verðbréfum, víxlum og sambærilegum kröfum. Einnig er arður af hlutabréfum skattfrjáls hjá móttakanda að ákveðnu marki, auk þess sem arðgreiðslan er frádráttarbær hjá fyrirtækinu, einnig að vissu marki. Enn fremur eru kaup á hlutabréfum að tiltekinni fjárhæð frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Þessar reglur íslenskra skattalaga eru mjög verulega frábrugðnar þeim sem almennt eru ríkjandi hjá grannþjóðum okkar. Aðrar tekjur sem eru í eðli sínu eignatekjur að fullu eða að hluta til eru hins vegar skattlagðar að fullu, svo sem leigutekjur, ýmsar arðgreiðslur, söluhagnaður o.fl.

Endurskoðun á skattlagningu eignatekna mun óhjákvæmilega snerta mjög skattlagningu eigna, skattlagningu fyrirtækja og skattlagningu einstaklinga með rekstur. Meginsjónarmiðið við umfjöllun eignatekna er að meðhöndla allar tekjur eins, án tillits til þess hvaðan þær koma. Slík sjónarmið stangast hins vegar á við sjónarmið þeirra sem vilja nota þennan þátt skatta til að þjóna öðrum markmiðum en tekjuöflun, svo sem að hvetja til sparnaðar eða örva eignamyndun í einu formi fremur en öðru. Þessi sjónarmið þarf að vega og meta, bæði með tilliti til þess hvort skattakerfið hafi í þessu efni raunveruleg áhrif þegar litið er til langs tíma og með tilliti til þess hvort þau áhrif eru þess virði sem þau kosta, bæði í sköttum, sem taka þarf þá með öðrum hætti, og með flóknara skattkerfi þar sem hætta á skattundanvikum er meiri en ella væri.

Verði farið út í almenna skattlagningu eignatekna að hætti flestra grannþjóða okkar verður ekki undan því vikist að koma á upplýsingamiðlun frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum svo og öllum sem versla með hvers lags verðbréf og fasteignir til skattyfirvalda og mætti þar gjarnan fara að bandarískum hætti. Án slíkra upplýsinga yrði öll skatthheimta af þessu tagi óörugg og eftirlit ófram-

kvæmanlegt.

Ákvæði skattalaga um fyrirtæki eru í endurskoðun. Um þau gilda að mörgu leyti sömu meginsjónarmið og um skattlagningu einstaklinga, þ.e. að undanþáguákvæði, sérreglur og misræmi veldur erfiðleikum í framkvæmd og takmarkar möguleika til virks eftirlits.

Auk þess sem skattaákvæði um fyrirtæki í heild eru í endurskoðun eru tiltekin atriði í sérstakri athugun, m.a. með tilliti til þess hvort rétt sé eða e.t.v. nauðsynlegt að gera á þeim breytingar áður en að hinni almennu endurskoðun kemur. Að hluta til er um að ræða atriði sem tengjast þeirri breytingu sem gerð hefur verið á skattlagningu einstaklinga, en önnur eru þess eðlis að ekki er í sjálfu sér þörf á að bíða heildarendurskoðunar.

Eitt þeirra atriða sem snerta skattlagningu einstaklinga er skatthlutfall fyrirtækja. Jaðarskattur fyrirtækja er nú 51%. Mismunur á því hlutfalli og því sem einstaklingur greiðir af jaðartekjum sínum er orðinn of mikill og getur leitt til tekjutilfærslna sem byggjast eingöngu á skattalegum forsendum. Til athugunar er að lækka hlutfall þetta jafnframt því að felld yrðu niður skattfríðindi framlaga í varasjóð og fjárfestingarsjóð og útborgaðs arðs.

Af öðrum atriðum sem eru í sérstakri athugun má nefna afskriftarreglur og flýtifyrningar, tap á útistandandi viðskiptaskuldum og mat á vörubirgðum. Enn fremur einkaneysla og fríðindi eigenda eða starfsmanna sem látin eru í té á kostnað fyrirtækja, draga úr skattgreiðslum þess og eru ekki talin njótendum til tekna. Stefnt er að því að hluti þessara breytinga geti tekið gildi á næsta ári og að jafnframt verði þá séð til þess að þær auknu tekjur af sköttum fyrirtækja, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, skili sér.

Ónefnt er eitt mál tengt skattareglum fyrirtækja þar sem eru fjármögnunarleigur. Sýnt þykir að uppgangur slíkra fyrirtækja á síðustu mánuðum stafi a.m.k. að hluta til af því að þjónusta þeirra er boðin og seld á þeirri forsendu að notandinn hafi af því verulegt skatthagræði. Hvort sem það hagræði er til lengdar eða aðeins í bráð, þ.e. skattfrestun, er óeðlilegt að skattfríðindi séu notuð sem söluvara og þessu formi fjárfestingar gert hærra undir höfði en öðru. Hins vegar á ekkert heldur að mismuna gegn þeim.

Samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar á nýsamræmd og einfölduð gjaldskrá aðflutnings- og vörugjalda að koma til framkvæmda á árinu 1988. Ríkisstjórnin áréttaði þessa stefnumörkun við afgreiðslu fjárlagafrv. þar sem jafnframt var ákveðið að þessi kerfisbreyting eigi að skila 100 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð á næsta ári.

Allt frá því að Íslendingar gengu í Fríverslunarbandalag Evrópu, EFTA, árið 1970 hafa almennir tollar farið lækkandi í samræmi við ákvæði samningsins við EFTA og síðan samninginn við Evrópubandalagið. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara tollalækkana hefur m.a. verið ríghaldið í háa tolla á þeim vörum sem ákvæði fríverslunarsamninganna náðu ekki til og jafnframt lögð margvísleg aukagjöld á sömu vörur. Þetta hefur aftur leitt til mikils misræmis milli innflutningsverðs og innlends vöruverðs og þar með óhjákvæmilega haft veruleg áhrif á neysluval innanlands, oft með heldur undarlegum hætti. Jafnframt hefur orðið að grípa til umfangsmikilla undanþága frá gjaldtöku af hráefnum, vélum og tækjum til iðnfyrirtækja til að jafna sem mest samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum aðilum. Allt þetta hefur síðan orðið til þess að torvelda mjög framkvæmd og eftirlit með álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda. Þess vegna verður að teljast löngu tímabært að samræma og einfalda álagningu aðflutningsgjalda. Það er megintilgangur þessarar kerfisbreytingar.

Kerfisbreytingin gerir ráð fyrir að tollkerfið verði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og vörugjaldi í einu eða tveimur þrepum, í stað margra stærri gjaldstofna. Þannig er ráðgert að fella niður eftirtalin gjöld: sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu, tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Jafnframt verða hæstu tollar lækkaðir, úr 80% í 30%, að tóbaki og bensíni undanskildu. Þá er gert ráð fyrir því að tollur á matvæli falli alveg niður. Loks er gert ráð fyrir að stíga lokaskrefið í átt til samræmingar í álagningu útflutningsgjalda á atvinnurekstur með því að fella niður alla tolla og vörugjöld af vélum, tækjum og varahlutum ýmiss konar til landbúnaðar og þjónustuiðnaðar. Í staðinn verður tekið upp nýtt samræmt vörugjald sem lagt verður bæði á neysluvörur og byggingarvörur með sem fæstum frávikum. Með þessu er stefnt að sömu álagningu á hliðstæðar vörur í stað þess sem nú er þar sem sumar vörur bera háa tolla og vörugjöld en aðrar sambærilegar vörur hvorki toll né vörugjald. Þannig er leitast við að tryggja sem mest samræmi milli innlends vöruverðs og innflutningsverðlags.

Þessi breyting mun hafa í för með sér talsverða röskun á verðhlutföllum hér innanlands frá því sem við höfum átt að venjast. Þess eru jafnvel dæmi að einstakar vörutegundir lækki um 40–50% í verði meðan aðrar hækka um 20–30%. Hjá þessu er erfitt að sneiða nema með því að ganga þvert á þann megintilgang breytingarinnar að einfalda álagninguna og bæta eftirlit með innheimtu aðflutningsgjalda og jafnframt samræma verðhlutföll á hliðstæðum vörum.

Það segir sig sjálft að áhrif svo umfangsmikilla tollbreytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölum framfærslu- og byggingarkostnaðar. Með þessum fyrirvörum má þó ætla að lækkun tolla og niðurfelling hinna ýmsu gjalda hafi í för með sér rúmlega 4 milljarða kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á næsta ári sem álagning vörugjalds í einu eða tveimur þrepum þarf þá að brúa.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því lýst yfir að undanþágum frá núverandi söluskatti verði fækkað í

áföngum sem aðdraganda að nýju virðisaukaskattskerfi. Fyrstu skrefin í þessu efni voru tekin á liðnu sumri með sérstökum 10% söluskatti á nokkra flokka matvöru og þjónustugreinar. Næsta skref er ráðgert um næstu áramót, en fallið var frá áformum um að flýta þeirri aðgerð til þess að greiða fyrir viðræðum um kjarasamninga sem eru væntanlega fyrir höndum.

Söluskatturinn er nú 25%. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að freisting til undandráttar frá þessum skatti, sem er svo hár, er allnokkur. Og er rétt að rifja upp að smá voru skrefin stigin í fyrstu þegar menn lögðu á á viðreisnarárunum 3% söluskatt. Við þetta bætist að undanþágur frá skattinum eru svo fjölskrúðugar að eftirlit með innheimtu og jafnvel álagning þessa skatts er illframkvæmanleg. Undanþágur frá sköttum eiga vafalaust flestar rétt á sér þegar þröngt er skoðuð hver einstök fyrir sig. Það er hins vegar mannlegt að leita að smugum í skattakerfinu. Undanþágufarganið og smugurnar verða um síðir svo margar og flóknar að brestir myndast í skattakerfinu í heild. Þannig er fyrir löngu komið fyrir söluskattskerfinu. Við þetta bætist að vegna uppsöfnunaráhrifa söluskatts er kerfið orðið dragbítur á framþróun og verkaskiptingu í atvinnulífi og á viðskipti á milli landa og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Brestir núverandi söluskattskerfis eru svo alvarlegir og ágallarnir svo augljósir og svo miklir að ekki er um annað að ræða en að byggja upp nýtt kerfi og taka upp virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur hefur á síðustu árum og áratugum verið tekinn upp í flestum löndum Vestur-Evrópu. Kostir þessa skattkerfis eru einkum þeir að skatturinn er hlutlaus gagnvart atvinnurekstri og neysluvali, hann hvorki ívilnar eða íþyngir einstökum aðilum. Frv. til laga um virðisaukaskatt hefur þrisvar verið lagt fyrir Alþingi en ekki náð fram að ganga. Efnisleg umfjöllun um málið hefur hins vegar verið lítil á stundum, m.a. á seinasta þingi þegar frv. þessa efnis var seinast lagt fyrir. Þá sætti umfang og eðli hliðarráðstafananna verulegri gagnrýni sem og skatthlutfallið sem þá var ráðgert 24%. Við undirbúning málsins er nú byggt á fyrra frv. en miðað við að skatthlutfallið verði mun lægra eða á bilinu 21–22% og verði ½–1% lægra en skatthlutfall í söluskatti.

Upptaka virðisaukaskatts markar þriðja og síðasta skrefið í umskipan söluskattskerfisins samkvæmt verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. Aðdragandinn felur hins vegar í sér verulegar breytingar á söluskatti með fækkun undanþága. Að þessu máli er unnið samhliða endurskoðun frv. um virðisaukaskatt. Reiknað er með því að söluskattur geti um næstu áramót lækkað í um 22% en söluskattur af þjónustu verði nokkru lægri.

Samhliða því að söluskattur verður lagður á fleiri vöruflokka en nú verður ráðist í allumfangsmiklar hliðarráðstafanir til þess að bæta þeim tekjulægstu áhrif söluskatts á matvöruverð. Í þessu skyni er m.a. ráðgerð sérstök hækkun á bótum lífeyristrygginga. En ríkisstjórnin væntir þess að öðru leyti að gott samstarf megi takast við aðila vinnumarkaðarins um undirbúning þessara ráðstafana. Í þessu sambandi kemur auðvitað sérstaklega til athugunar lækkun skatta í staðgreiðslukerfi, hækkun barnabóta og barnabótaauka, sem er tekjutengdur, og persónuafsláttar. Með staðgreiðslukerfinu opnast nýir möguleikar til tilfærslna til þeirra sem við rýrust kjör búa. Tekjutilfærslur um kerfi óbeinna skatta til tekjulágra þjóðfélagshópa munu alltaf missa marks að stórum hluta. Miklu vænlegra er að slíkar tilfærslur fari fram um tekjuskattskerfi eða fjölskyldubætur.

Verðlagsáhrif söluskattsbreytinga og breytinga á tollum og vörugjöldum er eðlilegt að skoða í einu lagi, enda ráðgert að þessar breytingar taki gildi samtímis. Auðvitað verður ekki sagt fyrir um þær með vissu fyrr en hliðarráðstafanir hafa verið endanlega skilgreindar, en reikna má með því að verðlagshækkun á mælikvarða framfærslukostnaðar svari til 1½–2%, en um ½% í vísitölu byggingarkostnaðar.

Af endurskoðunarverkefnum skal hér að lokum minnst á launaskatt. Markmið endurskoðunarinnar er að samræma þessa skatttöku í því skyni að eyða mismunun sem nú er í þessu efni á milli atvinnugreina. Ekki er nú greiddur launaskattur af launum fyrir sjómannsstörf né af launum í fiskverkun, iðnaði né heldur landbúnaði. Hins vegar er greiddur 3½% launaskattur af öllum öðrum launum og þóknunum. Fyrirhugað er að stíga fyrsta skref til samræmingar á næsta ári. Skv. frv. til breytinga á lögum um launaskatt, sem lagt verður fram hér á Alþingi innan fárra daga, verður gert ráð fyrir að frá og með næstu áramótum verði lagður 1% launaskattur á allar launagreiðslur sem nú eru undanþegnar skattinum nema laun vegna starfa í landbúnaði. Tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara breytinga er áætlaður 400 millj. kr. á næsta ári og eru tekjur ríkissjóðs af launaskatti þar með áætlaðar, eins og áður sagði, 2,6 milljarðar í heild á því ári.

Nýmæli er í fjárlagafrv. að fyrirtækjum ríkisins verði ætlað að skila nokkrum arði til eiganda síns, ríkissjóðs. Arður til eigenda vegna framlags til fyrirtækis er eðlilegur í atvinnurekstri. Fyrirtæki í eigu ríkisins, sem stunda ábatasaman atvinnurekstur, eiga ekki að vera nein undantekning í því efni. Með ábatasömum rekstri er átt við fyrirtæki í eigu ríkisins önnur en þau sem teljast velferðarstofnanir og byggðastefnufyrirtæki.

Fyrirtæki í B-hluta hafa ekki greitt arð í ríkissjóð nema um hefur verið að ræða sérstök tekjuöflunarfyrirtæki eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Fyrirtæki í eigu ríkisins njóta einnig þeirrar sérstöðu að eigandi þeirra er talinn fjársterkur og í stakk búinn til að leggja þeim til fjármagn ef áföll verða. Fyrir það er eðlilegt að þau greiði. Samkvæmt lögum eru ríkisfyrirtæki undanþegin tekju- og eignarskatti. Þau greiða aðeins gjöld til sveitarfélaga, launaskatt og óbeina skatta. Á þessum forsendum ætti að vera frekara svigrúm hjá ríkisfyrir-

tækjum til að greiða eðlilegan arð.

Fjölmargar aðferðir eru til að reikna út eðlilegan arð. Arð má reikna sem hundraðshluta rekstrarafgangs eða sem hlutfall af hreinni eign fyrirtækis. Áður en ríkið fer að krefja fyrirtæki sín um arð þarf að samræma uppgjörsmáta þeirra fyrirtækja sem til álita kemur að borgi arðinn. Afkoma ríkisfyrirtækja er oft háð gjaldskrárákvörðun stjórnvalda. Það hefur viljað brenna við að eðlilegar gjaldskrárbreytingar séu ekki leyfðar til að koma í veg fyrir vísitöluáhrif.

Þá er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að verktakafyrirtækjum í varnarliðsframkvæmdum verði gert að greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem áætlað er að skili a.m.k. 50 millj. kr. í tekjur. Ekki liggur nákvæmlega fyrir með hvaða hætti þessi skattur verður innheimtur, en vinna við þetta er u.þ.b. að hefjast í ráðuneytinu. Frv. þetta verður unnið í nánu samráði við utanrrn. Stefnt er að því að lögin geti tekið gildi um nk. áramót.

Herra forseti. Gjöld ríkissjóðs í frv. nema alls 59,5 milljörðum kr. Þetta er um 9,6 milljörðum hærri fjárhæð en talin er að verði lokaniðurstaða á árinu 1987 eða hækkun milli ára um 19,3%, hins vegar 30% hærra en niðurstaða samþykktra fjárlaga frá upphafi árs.

Ríkisútgjöldum má skipta í nokkra meginflokka með tilliti til þess hvernig þeim er ráðstafað. Í hagrænu tilliti er algengt að skipta útgjöldunum í fimm meginflokka.

Í fyrsta lagi samneysla ríkisins, þ.e. kaup ríkisins á vöru og þjónustu. Undir þetta falla launagreiðslur til ríkisstarfsmanna. Í frv. er talið að samneyslan aukist um 2,4% að raungildi. Hér ber margt við til skýringar: aukning í útgjöldum vegna nemendafjölgunar í skólum, aukin framlög til málefna fatlaðra, aukin verkefni í skattamálum, þensla í heilbrigðiskerfinu. Þetta er gjaldaþáttur sem sannanlega þarf að hafa gott auga með, en hér liggja um 44% ríkisútgjalda.

Í öðru lagi er að nefna hvers konar neyslutilfærslur til einstaklinga. Hér vega langþyngst lífeyrisgreiðslur, hvaða nafni sem nefnast, þ.e. öll þau útgjöld sem renna út úr ríkissjóði en er síðan ráðstafað af öðrum aðilum. Talið er að þessi liður aukist í raun um 2,7% og skýrist aukningin að verulegu leyti af fjölgun ellilífeyrisþega og auknum greiðslum vegna verðtryggingar á lífeyri í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

Í þriðja lagi er að nefna styrki til atvinnuvega. Undir þennan lið teljast útflutningsbætur, niðurgreiðslur, þar á meðal á áburðarverði, endurgreiðsla á söluskatti í sjávarútvegi, framlög til reksturs Skipaútgerðar ríkisins, svo nokkuð sé nefnt. Á þessum þætti kemur fram áherslubreyting ríkisstjórnarinnar því að talið er að þessi útgjöld dragist saman um tæplega 20%. Á hitt er þó að líta að hér er aðeins um að ræða 6,5% heildarútgjalda ríkissjóðs.

Í fjórða lagi eru framlög til fjárfestingar og fjármagnstilfærslu til sveitarfélaga eða annarra. Alls er 7,2 milljörðum kr. varið til þessa, en það er um 12,1% af heildarútgjöldum. Þegar á heildina er litið aukast þessi útgjöld að raungildi um rúm 9%. Yfirgnæfandi í þessum útgjaldaþætti eru framlög til húsbyggingarlánasjóðanna og til vegamála, enda eru þetta þeir liðir sem skýra aukninguna að mestu leyti.

Í síðasta lagi er að nefna að vextir ríkissjóðs taka sívaxandi rúm í ríkisfjármálunum. Nú er áætlað að vextir nemi 4,8 milljörðum kr. í frv., en það er 8,1% heildargjalda. Raunaukning þessa gjaldaliðar er 18,5%. Að viðbættum afborgunum af lánum ríkissjóðs þarf að inna af hendi rúmlega 9,4 milljarða kr. samanborið við tæplega 7,1 milljarð 1987 til afborgana og vaxtagjalda af skuldum. U.þ.b. 15,8% heildargjalda fara því í vexti og afborganir. Þykir þá ýmsum nóg um og þar á meðal þeim sem hér stendur og tími til kominn að linni hallarekstri ríkissjóðs og síbylju erlendra lána.

Hér gefst gott tækifæri til að fara nokkrum orðum um mikilvægi vaxtastigsins fyrir útgjöld ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild. Í frv. lætur nærri að meðalvextir á heildarskuld ríkissjóðs, innlendri og erlendri, nemi um 8–9%. Um þýðingu þeirra vaxta sem ríkissjóður þarf að greiða af skuldum sínum má nefna að 1% lækkun á breytilegum vöxtum erlendis er talin hafa í för með sér 100 millj. kr. lækkun ríkisútgjalda og um 300 millj. kr. heildarvaxtagreiðslu af öllum skuldum þjóðarbúsins út á við sem bera breytilega vexti.

Nú eru erlendar skuldir ekki nema hluti af öllum skuldum ríkisins. Það lætur nærri að heildarskuld ríkisins sé um 52 milljarðar í árslok 1987 og að útistandandi kröfur ríkissjóðs á móti nemi um 35 milljörðum. Í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer fram um vexti ríkisins af spariskírteinum og samningum t.d. við lífeyrissjóði fyrir húsnæðiskerfið, en þar var gefinn tónninn um ýmsar aðrar vaxtaákvarðanir, þá þýðir 1% hækkun á vöxtum á heildarskuld ríkisins um 520 millj. kr. í útgjöldum. Á móti mætti reikna til tekna 350 millj. kr. af veittum lánum. Engu að síður er hér um 170 millj. kr. útgjaldaauka að ræða.

Í athugun sem gerð hefur verið á því hvert stefni væri ríkissjóður rekinn með viðvarandi halla upp á 2–3 milljarða kr. um nokkurt árabil, svo ekki sé talað um hvaða áhrif það hefði til hækkunar á vöxtum, hefur verið bent á að ótrúlega fljótt kæmi að því að hreinar skuldir ríkisins færu úr því að vera 7% af vergri landsframleiðslu í yfir 20% á örfáum árum og að vaxtaútgjöld yrðu gersamlega óviðráðanlegur baggi á ríkissjóði ef þessi þróun yrði. Hver kannast ekki við þessa umræðu frá löndum eins og Bandaríkjunum og á seinni árum Danmörku og Svíþjóð og reyndar fleiri löndum?

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er litið á það sem meginverkefni að ná betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Í samræmi við það fyrirheit er ýmislegt lagt af mörkum á þessu sviði. Þannig er gert átak í vegamálum sem að margra dómi er eitt mesta hagsmunamál hinna dreifðari byggða. Framlög til vega-

mála hækka að raungildi um rúmlega 15% milli ára og framlög til mannvirkjagerðar í flugmálum þrefaldast í krónutölu og aukast mjög verulega að raungildi. Þá er lögð áhersla á íbúðarbyggingar á landsbyggðinni á vegum félagslega húsnæðislánakerfisins. Þetta er gert með því að tvöfalda útlánagetu Byggingarsjóðs verkamanna þannig að þar er til lánveitinga ætlað alls rúmlega 2300 millj. kr.

Veigamesta aðgerðin í byggðamálum mun þó þegar fram líða stundir verða talin sú sem felst í því að stíga fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þannig er nú strax á næsta ári lagt til að staðbundin verkefni eins og félagsheimili og dagvistir, safnamál og tónlistarfræðsla verði flutt til sveitarfélaganna. Sveitarstjórnir fá þannig aukinn rétt til ákvörðunar um ýmis hagsmunamál íbúanna samhliða því sem þau þurfa að axla ábyrgð á framkvæmdinni. Um aukið svigrúm sveitarfélaga til ákvörðunar um tekjustofna sína hefur þegar verið rætt.

Í þessu frv. eru ýmsar kerfisbreytingar í ríkisrekstri áformaðar. Nú er unnið að því hvernig færa megi þrjár rannsóknastofnanir frá ríkinu þannig að þær verði sjálfstæðari í athöfnum sínum en þær telja sig nú hafa haft möguleika til. Vonir eru bundnar við að stofnanirnar verði framsæknari en nú er og að þeim takist að virkja atvinnuvegina til aukinnar þátttöku í fjármögnun og stjórnun. Takist þessi tilraun vel, en það kemur tæpast í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum, tel ég sjálfsagt að athugað verði hvort fleiri stofnanir svipaðrar gerðar eigi ekki að fylgja í kjölfarið.

Unnið er að því að koma á samstarfi milli ríkis, tryggingafélaga og hagsmunaaðila bifreiðaeigenda um uppbyggingu og rekstur skoðunarstöðvar fyrir bíla. Það væri spor í rétta átt ef það tekst. Þá er til athugunar að hve miklu leyti rétt sé og eðlilegt að skipaeigendur greiði fyrir starfsemi Siglingamálastofnunar í auknum mæli. Þetta er dæmi um stofnun sem sinnir þjónustu fyrir tiltekna atvinnugrein og eðlilegast er að nánara samband komist á milli notenda og þeirra sem ætlað er að veita þjónustuna.

Í ályktun Alþingis er kveðið á um það að 0,7% af vergri landsframleiðslu skuli ætla til þróunaraðstoðar. Væri þessi tillaga Alþingis samþykkt þýddi það útgjöld í fjárlagafrv. ársins 1988 upp á 1700 millj. kr. Væntanlega hvarflar ekki að neinum að unnt sé að ná því marki í einu stökki. Hæstv. utanrrh. hefur metið það svo að flokka megi ýmsa útgjaldaþætti fjárlagafrv. undir þróunaraðstoð sem samsvarar 71 millj. kr. Þetta er athyglisvert fyrir ýmsar sakir, en þó fyrst og fremst vegna þess hvað stundum getur verið erfitt að framfylgja ályktunum sem Alþingi samþykkir einróma.

Á sínum tíma lét ríkið smíða skip til þróunaraðstoðar og greiddi smíðakostnað þess. Þá bundu menn vonir við að það framtak mundi færa okkur margföld verkefni í skipasmíðum og uppbyggingu á fiskveiðiaðstöðu í þróunarlöndum. Sú von hefur ekki ræst. Þó svo að landsmenn hafi vissulega skuldbindingar við íbúa Grænhöfðaeyja og nokkurra annarra Afríkuþjóða tel ég rétt að stjórnvöld láti nú fara fram á því rækilega athugun hvort þróunaraðstoð okkar, þótt lítil sé, sé á réttri braut.

Það skal viðurkennt að framlag til þróunaraðstoðar er lágt og í engu samræmi við ályktun Alþingis. Gaman þætti mér að heyra hvort einhver hv. alþm. leggur til að við ályktun Alþingis verði staðið. En ég held að þetta gefi tilefni til þess fyrir hið háa Alþingi að efna til sérstakrar skoðunar á því hvaða stefnu við ætlum að fylgja í framtíðinni að því er varðar þennan málaflokk.

Mikil umræða hefur farið fram að undanförnu um stöðu landbúnaðarins. Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um málefni atvinnugreinarinnar og aðild ríkisins að þeim málum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að um landbúnað gilda önnur lögmál en um flestar aðrar atvinnugreinar. Um nokkurt skeið hefur verið bent á það að atvinnugreinin eigi í erfiðleikum af ýmsum toga. Þannig fer ekki á milli mála að framleiðsla er meiri en markaðurinn hér innanlands fær torgað. Nú er viðurkennt af stjórnvöldum sem og málsvörum Stéttarsambands bænda að framleiðslupólitíkina þurfi að taka til gagngerrar endurskoðunar. Skref hafði verið stigið af fyrrv. ríkisstjórn með búvörusamningnum þar sem bændur féllust á að draga saman framleiðslu í áföngum. Það er aftur á móti deginum ljósara að það er álit míns flokks að nauðsynlegar breytingar hefðu getað gengið hraðar fyrir sig en að er stefnt með þessum samningi. Um þetta hefur verið, og er trúlega, verulegur pólitískur ágreiningur. Það verður að segjast eins og er. Samstaða hefur hins vegar náðst um það að við búvörusamninginn verði staðið, en að ýmsum aðgerðum verði flýtt þannig að framleiðsluminnkunin geti orðið sem allra hröðust.

Jafnframt vil ég geta þess að niðurstaða frv. ber þess einnig merki að ekki er gengið hart fram í breytingum á verðlagningu landbúnaðarvara. Þannig er nú gert ráð fyrir því að verja um 1360 millj. kr. til niðurgreiðslna á mjólk og kjöti. Áætlað er fyrir útflutningsbótum og framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í samræmi við gildandi lög, þ.e. að útgjöld ríkisins skuli nema 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara framleiðsluárið 1987–1988. Alls nema útgjöld vegna útflutningsbóta tæplega 500 millj. kr. Á þessi útgjöld ríkissjóðs er varla unnt að líta öðruvísi en þannig að þau skili okkur hvorki arði í nútíð né framtíð. Þetta er fyrst og fremst aðgerð til að viðhalda framleiðslukerfi sem þarfnast nauðsynlegrar endurskoðunar. Þá eru um 430 millj. ætlaðar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem renna til þess að stuðla að búháttabreytingum og flýta fyrir samdrætti í framleiðslu. Ég held að allir geti bundið nokkrar vonir við að þessir fjármunir skili landsmönnum afrakstri ef þeir eru notaðir til uppbyggingar á atvinnu sem getur staðið á eigin fótum. Um stóru línurnar í landbúnaðinum er ekki gerður ágreiningur í frv.

Á hitt verður varla fallist að ekki séu rök til að

draga saman útgjöld við ýmsar stoðdeildir atvinnugreinar sem sjálf þarf af nauðsynlegum ytri ástæðum að draga saman. Þannig er lagt til að framlög til Búnaðarfélags Íslands, tilraunabúa, héraðsráðunauta og mats á landbúnaðarafurðum séu lækkuð. Spyrja má: Á það að vera verkefni ríkisins að greiða fyrir eyðingu refa og minka og leggja fé til reiðhallar eða stóðhestastöðvar sem áhugamenn um hestaíþróttir og rokkhljómsveitir notfæra sér? Enn fremur styðst það varla við haldbær rök að ríkissjóði sé ætlað að greiða búfjárstyrki fyrir afburðagripi eða sýningar eða leggja fram fjármuni til þess að brjóta land til ræktunar og greiða niður áburð þar sem verið er að draga úr framleiðslu samkvæmt meginstefnu ríkisstjórnar. Að öllu samanlögðu hafa útgjöld í ýmsar stoðdeildir landbúnaðarins verið lækkaðar um tæplega 200 millj. kr. frá því sem er á árinu 1987. Þar af vegur niðurgreiðsla á áburðarverði langþyngst, milli 80 og 100 millj. Á móti þessu vil ég benda á að framlög til niðurskurðar á riðuveikifé eru í frv. tæplega 80 millj. kr. í stað tæplega 20 millj. í ár og framlög til Jarðasjóðs nema nú 15 millj. í stað 4 millj. í frv. yfirstandandi árs.

Eins og þm. er kunnugt um varð að samkomulagi að nefnd þm. stjórnarflokkanna fjallaði um þær breytingar sem kynntar eru í frv. og varða lækkun útgjalda til stoðdeilda landbúnaðarins. Markmiðið á að vera að leita leiða til lækkunar útgjalda til þess að markmið frv. nái fram að ganga en niðurstöður þeirrar umfjöllunar liggja ekki fyrir.

Sá þáttur velferðarkerfisins sem einna örast hefur vaxið á síðustu árum varðar málefni fatlaðra. Það er vel að svo sé. Fyrir 8–10 árum síðan var varla hægt að tala um að þessa mikilvæga málaflokks hafi verið getið í fjárlögum. Nú er svo komið að raunverulegur vöxtur útgjalda frá 1987 og 1988 er um 8–9% að raungildi. Samkvæmt þessu frv. er einnig lögð áhersla á uppbyggingu í þessum málaflokki. Þess má t.d. geta að nú er áætlað fyrir launum tæplega 80 nýrra starfsmanna og fjölmargra nýrra sambýla og annarrar aðstöðu fyrir fatlaða. Alls nema útgjöld ríkissjóðs til málaflokksins um 960 millj. kr. Á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum þarf að hafa uppi varnaðarorð. Útgjöld í þessum málaflokki eru sjálfvirkari en góðu hófi gegnir. Þannig eru framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lögbundin og að auki má nefna að Öryrkjabandalagið hefur eflst verulega vegna tekna af lottóhagnaði. Ríkissjóði er hins vegar gert að kosta rekstur þeirra stofnana sem á fót er komið og það getur haft í för með sér útgjaldaauka sem menn ekki átta sig á fyrir fram og kemur gjarnan flatt upp á menn.

Lánasjóður námsmanna er nú orðinn einn af stærstu sjóðum ríkisins. Þannig er nú gert ráð fyrir fjárútvegun til sjóðsins alls að upphæð 2160 millj. kr. á árinu 1988 samanborið við 1728 millj. kr. í ár. Það eru allar horfur á því að fjárhagsáætlun sjóðsins standist á þessu ári og ekki er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til lækkunar útgjalda sjóðsins á næsta ári. En eina þýðingarmikla breytingu vil ég nefna í fjármálum sjóðsins.

Um árabil hefur þessum sjóði verið ætlað að taka að láni fé langt umfram endurgreiðslugetu. Það er með öllu útilokað að sjóðurinn geti miðað við núverandi útlánareglur byggt upp heilbrigðan fjárhagsgrundvöll þannig að hætt verði hringlinu um lánsrétt námsmanna. Lánin eru veitt vaxtalaus. Þeir sem til þekkja telja að umtalsverðan hluta af veittum lánum megi afskrifa. Í frv. er lagt til að framlag ríkissjóðs nemi nú um 68% af heildarfjárútveguninni, tæplega 1500 millj. kr., í samanburði við 54% á yfirstandandi ári. Það er með öllu óviðunandi að vextir og afborganir sjóðsins af lánum, sem honum hefur verið gert að taka, fari árlega langt umfram það sem innheimtist.

Málefni flugstöðvar í Keflavík hafa verið í sérstakri skoðun. Ríkisendurskoðun vinnur nú að athugun á því hvernig það má skýra að framkvæmdakostnaður fer yfir milljarð kr. umfram áætlanir. Niðurstaða þeirrar skoðunar liggur því miður ekki fyrir en ég á von á því að hún verði lögð fram á næstunni. Það er að mínu mati gersamlega óviðunandi að þessi framkvæmd fari fleiri hundruð millj. kr. fram úr áætlun á þessu ári og ætlast sé til þess að fjármagn sé útvegað á árinu 1988 athugasemdalaust. Til þess að fjármagna óreiðuna er í frv. gert ráð fyrir að aflað verði 820 millj. til þess að gera upp við verktaka ýmsa þætti sem út af standa og til þess að greiða yfirdráttarskuldir í bönkum sem komið er að skuldadögum á. Það er með öllu óaðgengilegt að Alþingi verði gert að útvega lánsfé umfram þetta til áframhaldandi verka á árinu 1988 meðan ekki liggja einu sinni fyrir viðhlítandi skýringar. Því get ég ekki með neinu móti lagt til við Alþingi að heimild verði veitt til frekari framkvæmda við flugstöð á næsta ári.

Einn þáttur í því að gera fjárlögin markvissari í stjórn opinberra fjármála er að fella niður úr 6. gr. frv. ótal heimildarákvæði til handa fjmrh. að fella niður aðflutnings- og sölugjald. Það er kunnara en frá þurfi að segja að út á 6. greinar heimildir hefur verið veitt fjárfyrirgreiðsla sem oft kann að vera fyllilega réttlætanleg í einstökum tilvikum. Hinu er þó ekki að leyna að oft hefur fjmrh. verið gert erfitt fyrir um notkun á þessum heimildum. Þykir þá mörgum að ekki sé sama hvort þar á í hlut hinn frægi Jón eða séra Jón. Í fjárlagafrv. er lagt til að allar almennar undanþágur, sem taka til tiltekinna málaflokka eins og björgunarbúnaðar slysavarnasamtaka, verði felld inn í almenn tollalög og lög um söluskatt. (**ÓÞÞ:** Hvor Jóninn leggur það til?) Sá sem hér stendur. Það sem fram kæmi í 6. gr. fjárlagafrv. væru einungis heimildir sem tengdar væru einstökum tímabundnum og skilgreindum verkefnum, heimildir til kaupa og sölu á eignum o.s.frv. Um 6. gr. má e.t.v. segja að hún hefur verið aukafjárveitingaleiðin þegar allt annað þrýtur.

Til menntamála er nú veitt auknu fé á mörgum sviðum. Þannig eru ætlaðar 25 millj. kr. til háskólakennslu á Akureyri. Til Háskóla Íslands hækka framlög um 40 millj. kr. til eflingar á rannsóknum og

fjölgunar starfsmanna. Þá er að nefna að á grunnskólastigi er varið auknu fé sem nemur rúmlega 40 millj. kr. í aukningu til stuðnings- og sérkennslu og er þess þá vænst að fyrir þessum þætti skólastarfs sé dável séð.

Til rannsóknarstarfsemi í landinu er varið úr ríkissjóði á árinu 1988 1060 millj. kr. Til þessarar starfsemi teljast rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Háskólans að Keldum. Að auki er við hæfi að telja hér með Rannsóknasjóð og Vísindasjóð auk framlags til uppbyggingar á aðstöðu þessara stofnana. Í heild hækkar framlagið til þessa viðfangsefnis um 33%. Verður því tæpast sagt að rannsóknastarfsemin í heild sitji við skarðan hlut. Hitt er rétt að það kemur fram mikil stefnubreyting í framlögum til einstakra stofnana. Þannig verður veruleg raunlækkun á framlögum til Orkustofnunar, en heildarframlög til Veiðimálastofnunar og til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækka umfram það sem verðlagsforsendur gefa tilefni til. Þá má sérstaklega benda á það að 26 millj. er nú varið til að bæta aðstöðu Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Eitt þeirra mála sem fjallað er um í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er málefni lífeyrissjóða. Ríkisstjórnin mun vinna að framgangi þess máls í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðar og á grundvelli þeirra tillagna sem svokölluð 17 manna nefnd hefur lagt fyrir. Ekki er í fjárlagafrv. sérstakt tilefni til að fjölyrða um þetta mál, en það er ástæða til að víkja sérstaklega að einu atriði þessara tillagna sem snerta mun fjárhag ríkissjóðs mjög verulega á næstu árum. Þar er um að ræða bráðabirgðaákvæði um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt þessu ákvæði ber fjmrh. að semja við samtök opinberra starfsmanna um þær breytingar er þá snerta og skal þá miða þá samninga við að heildarkjör starfsmanna ríkisins raskist ekki. Náist slíkir samningar ekki skulu þau réttindi sem nú eru bundin í lögum haldast óbreytt, en gerðardómur meta og ákveða það iðgjald sem ríkissjóður skuli greiða lífeyrissjóðnum og nægja á til að standa undir þeim réttindum sem þegar hafa verið skilgreind.

Það hefur löngum verið ljóst að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru langt umfram það sem borið verður uppi af iðgjöldum eins og þau eru nú. Langt umfram það. Mismunurinn er greiddur með svokallaðri verðtryggingu atvinnurekandans, þ.e. ríkissjóðs, skattgreiðenda. Framangreint ákvæði úr lagafrv. 17 manna nefndarinnar þýðir einfaldlega að þessi mismunur skuli framvegis greiddur af ríkissjóði með hærra iðgjaldi eða í hærri launum ef um það semst að breyta réttindareglunum. Hvor leiðin sem farin verður mun það leiða til stórfelldra aukinna greiðslna úr ríkissjóði umfram það sem að óbreyttu hefði orðið. Þessi útgjaldaauki er tímabundinn og stafar af því að hinar hækkuðu iðgjaldagreiðslur koma til viðbótar við þá verðtryggingu sem þegar er greidd vegna þeirra sem hafið hafa töku lífeyris eða hefja töku lífeyris, sem þeir hafa unnið sér rétt til, fyrir gildistöku laganna. Tímabil þessarar tvöföldu greiðslubyrði verður því ærið langt.

Þar sem mat á viðbótariðgjaldi hefur ekki farið fram enn er ekki unnt að segja til um með nákvæmni hversu háa fjárhæð hér er um að ræða, en ekki kæmi á óvart að heyra tölu á bilinu 1–1½ milljarður á næsta ári fyrir utan þá verðtryggingu sem þegar er greidd. Í öllu falli er hér um slíka fjárhæð að ræða að óhjákvæmilegt verður að tryggja það að lífeyrissjóðurinn fjármagni lántökuþörf ríkissjóðs í meira mæli en gert hefur verið hingað til.

Herra forseti. Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 eru heildarlántökur, að frátöldum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, áætlaðar um 20,3 milljarðar kr. samanborið við 18 milljarða í lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Ráðgert er að afla 12,3 milljarða kr. innanlands á árinu 1988 og 8 milljarða með erlendum lántökum, að langsamlega stærstum hluta vegna þarfa atvinnulífs og fyrirtækja. Markverð breyting á lánsfjáröfluninni er fólgin í verulega aukinni áherslu á innlenda lánsfjáröflun. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar eykst talsvert milli ára eða um 6% sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun og verður 60%.

Af innlendum lántökum eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðum veigamest eða um það bil helmingur. Hinn helmingur innlendrar lánsfjáröflunar skiptist á sölu spariskírteina, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku. Aukning í innlendri lánsfjáröflun skýrist af sjálfvirkum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðunum.

Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða að raungildi á undanförnum árum. Því valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttaraukningu síðustu ára. Þá hefur breytingin á iðgjaldastofninum haft mikil áhrif. Nýverið voru undirritaðir samningar þessara aðila um kjör bréfanna á tímabilinu 1988–1990. Kjör þessara bréfa á árinu 1988 miða við fasta vexti 7% og 15 ára lánstíma.

Sala spariskírteina eykst úr 1500 millj. í ár í 3000 millj. 1988. Þessa miklu aukningu verður að skoða með hliðsjón af áætlaðri innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í nýjum bréfum. Áætluð innlausn eykst um rúmar 1500 millj. kr. milli ára þannig að hrein fjáröflun, sem ríkissjóður áformar að ná með sölu spariskírteina 1988, er svipuð og á yfirstandandi ári, einungis 250 millj. Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf og ríkisvíxla fyrir 1200 millj. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnananna á árinu. Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 millj.

Samkvæmt framansögðu hefur náðst samkomulag um nálægt helming innlendrar lánsfjáröflunar á næsta ári. Óumsaminn hluti innlendrar lánsfjáröfl-

unar er svipaður að krónutölu og gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum 1987. Því sýnist ljóst að ekki eru lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári af opinberri hálfu. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé, sem mun nema eitthvað um 4 milljörðum — óbundið, óumsamið fé lífeyrissjóða — búast má við mikilli samkeppni um það innlenda fjármagn og hefur það vafalaust veruleg áhrif á vaxtastig í landinu.

Höfuðforsenda aðhaldssamrar peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innanlands fari ekki úr böndum og vinni ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda og aðgerðum þeirra á innlendum fjármagnsmarkaði. Skref í þá átt var stigið í septembermánuði sl. með nýjum reglum viðskrn. um erlendar lántökur og kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga vegna innflutnings á vélum og tækjum.

Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði um 12 440 millj. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8,2 milljarðar. Lántökuáformin hafa því farið gersamlega úr böndunum á yfirstandandi ári. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lánum einkaaðila. M.a. er talið að fjármögnunarleigur taki erlend lán að fjárhæð rúmlega 2 milljarðar á þessu ári.

Afborganir af löngum erlendum lánum eru taldar verða 5750 millj. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6690 millj., tæpir 7 milljarðar. Það er um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar meðal skammtímahreyfinga hingað til en verða nú framvegis taldar með langtímalánum.

Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði um 2,4 milljarðar á árinu 1987 sem er 1,42% af landsframleiðslu yfirstandandi árs. Því er spáð að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og verði 4,4 milljarðar eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar, eins og áður sagði, 8 milljarðar og afborganir 6200 millj., og nettóinnstreymi erlendra lána umfram afborganir þjóðarbúsins í heild þar af leiðandi 1,8 milljarðar.

Fjármunamyndun hér á landi hefur verið um og yfir fjórðung af landsframleiðslu síðasta áratug og fram á þennan. Það er verulega hátt hlutfall á alþjóðlegan mælikvarða. Á allra síðustu árum hefur þetta hlutfall farið lækkandi og er áætlað um 17,6% í ár og 17,1% á næsta ári. Þrátt fyrir lækkun hlutfallsins á næsta ári eykst fjárfestingin að magni til um 1½% milli ára. Aukningin stafar af auknum innflutningi skipa. Gert er ráð fyrir að hin almenna fjármunamyndun dragist saman um hálft prósent á næsta ári en hún er talin hafa aukist um 6% á þessu ári.

Á árinu 1988 er talið að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 1,2%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús aukist um 7%. Aftur á móti er gert ráð fyrir að framkvæmdir hins opinbera dragist saman um 1,8%. Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 11,1 milljarður kr. á árinu 1988. Í því felst lítils háttar samdráttur samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs eða 1,8%. Á undanförnum árum hefur fjárfesting hins opinbera sveiflast mikið milli ára. Þannig er útlit fyrir að hún aukist um 7,2% í ár samanborið við 4,16% samdrátt á árinu 1986 og 8,5% samdrátt á árinu 1985. Leita þarf aftur til ársins 1984 eftir aukningu í opinberri fjárfestingu en þá jókst hún um 1,5% frá árinu á undan.

Hlutdeild opinberra framkvæmda í heildarfjárfestingu landsmanna hefur dregist verulega saman frá því sem var á áttunda áratugnum. Á þeim tíma voru opinberar framkvæmdir um þriðjungur framkvæmda en eru nú aðeins fjórðungur. Skýrist þetta einkum af minni hitaveitu- og raforkuframkvæmdum nú samanborið við síðasta áratug er þessar framkvæmdir voru hvað mestar.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnu er til skila haldið í þessu frv. og frv. til lánsfjárlaga 1988. T.d. verður ríkisábyrgðum af lántökum atvinnuvegasjóða aflétt. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo meginflokka. Annars vegar opinbera fjárfestingarlánasjóði, Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands. Hins vegar eru atvinnuvegasjóðirnir. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara tveggja flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lántökum.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnusjóðirnir annist sjálfir eigin lántökur. Fram hefur komið að stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmdasjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast.

Með þessu frv. er tekin upp breytt stefna í veitingu ríkisábyrgða. Miðað er við að þeir aðilar sem ekki njóta ríkisábyrgðar geti ekki sótt lánsfé sitt um Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Á þetta jafnt við fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga.

Á undanförnum árum hefur ríkissjóður þurft að taka yfir verulegar skuldbindingar af orkugeiranum. Því hefur valdið ýmist byggðastefna, seinheppni í fjárfestingum eða kjarasamningar. Nægir þar að nefna yfirtöku skulda á síðustu fimm árum, þ.e. byggðalínur, Kröfluvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða, Rafveita Siglufjarðar, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveita Akureyrar. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessara aðila nemur 8400 millj. kr. á núvirði í september 1987. Með yfirtöku ríkissjóðs á þessum skuldum er í raun verið að færa greiðslubyrðina af mannvirkjum frá

orkunotendum til skattgreiðenda sem reyndar eru í sumum tilvikum sömu aðilarnir, m.ö.o. verulegar fjárhæðir út úr orkuverðinu.

Ólíklegt er að fólk geri sér almennt grein fyrir hvað hér er um ótrúlega háar fjárhæðir að ræða. Frá ársbyrjun 1983 til ársloka 1986 þurfti ríkissjóður að greiða um 3 milljarða kr. í vexti og afborganir af þessum lánum. Á þessu ári nemur fjárhæðin 1,8 milljörðum kr. Greiðslubyrði ríkissjóðs af þessum skuldbindingum mun nema 1,9 milljörðum kr. á árinu 1988. Sé þetta sett fram sem val milli orkuverðs eða skattgreiðslna má skoða dæmið á eftirfarandi hátt:

Hefði ríkissjóður ekki yfirtekið lánin væri greiðslubyrði ríkissjóðs 1,9 milljörðum lægri og hefði mátt lækka tekjuskatt einstaklinga um þá fjárhæð eða um 20%. Ef orkugeiranum hefði verið afhent skuldasúpan, eða öllu heldur hann haldið henni, 8400 millj. kr. frá næstu áramótum, og miðað við að vextir væru 6,5% og lánstími 20 ár, sem má ætla að sé u.þ.b. meðallíftími mannvirkja, þyrfti að hækka gjaldskrá almennrar raforkunotkunar um fimmtung til að bera uppi þessi lán.

Allar þessar yfirtökur ríkissjóðs af orkugeiranum fela í sér að raforkuverð í landinu endurspeglar ekki þann kostnað sem liggur að baki þess. M.ö.o.: Raforkuverðið í landinu er falsað og þykir þó mörgum nóg um hversu hátt það er.

Að lokum þykir rétt að minna á að ekki er séð fyrir endann á yfirtöku ríkissjóðs af orkugeiranum. Nægir þar að minna á umtalsverða fjárhagsörðugleika ýmissa hitaveitna.

Í frv. til lánsfjárlaga er lögð aukin áhersla á þær skuldbindingar sem fólgnar eru í ríkisábyrgðum. Í 6. kafla þess er gerð ítarleg grein fyrir heildarskuldbindingum ríkissjóðs, bæði vegna eigin skulda sem og annarra sem hann hefur gengist í ábyrgð fyrir. Ríkisábyrgðir eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi eru skráðar ríkisábyrgðir sem eru veittar með formlegum hætti.

Í öðru lagi eru sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins vegna eignarhlutdeildar svo sem í atvinnuvegasjóði eða banka.

Í árslok 1986 námu heildarskuldbindingar ríkissjóðs um 115 milljörðum kr. eða um 70% af landsframleiðslu ársins. Þar af eru skuldir ríkissjóðs eins 44 milljarðar og ríkisábyrgðir um 71 milljarður af skuldbindingum annarra. Af þessu sést hve skuldbindingar ríkissjóðs eru orðnar gífurlegar.

Ástæða þess að lögð er aukin áhersla á þennan þátt í ríkisfjármálum eru þau áföll sem ríkissjóður hefur orðið fyrir á þessu ári og horfur á næstunni. Nægir þar að nefna tæpar 800 millj. kr. vegna Útvegsbankans í ár. Þá er útlit fyrir nokkur hundruð milljóna króna áfall í tengslum við sjóefnavinnslu á Suðurnesjum. Þess má geta að Ríkisábyrgðasjóður þurfti að leysa til sín 636 millj. kr. á árinu 1986 og er það hærri upphæð en nokkru sinni fyrr. Aukið aðhald í veitingu ríkisábyrgðar er brýnt. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn og sú ákvörðun að aflétta ríkisábyrgðum af atvinnuvegasjóðunum er skref í þessa átt og ber að skoða í þessu ljósi.

Herra forseti. Reynslan hefur sýnt okkur svo ekki verður um villst að við stjórn efnahagsmála verður að stilla saman fjármálaaðgerðir og peningamálaaðgerðir. Ekki alls fyrir löngu var ríkissjóði legið á hálsi fyrir óvarfærna ríkisfjármálapólitík sem birtist framar öðru í erlendum lántökum langt umfram áætlun. Þegar betur var að gáð kom hins vegar í ljós að allan þorra hinnar auknu erlendu lántöku mátti rekja til fyrirtækja og atvinnuvega. Opinberir sjóðir voru milligönguaðilar um lánsfjárútvegun en ekki lánnotendur. Í því felst að ríkissjóður verður með einum eða öðrum hætti gerður ábyrgur gagnvart útlendum lánardrottnum fyrir þeim lánum sem tekin eru með þessum hætti. Eitt er það að erlent lánsfjármagn til atvinnurekstrar renni um opinbera sjóði fremur en bankakerfið, svo sem vera ber, og annað að um það skuli leika vafi hver það er sem er að sniðganga og brjóta markaða stefnu um erlendar lántökur og ber ábyrgð.

Af þessu má ýmislegt læra. Ríkið þarf annars vegar að setja skorður við því hverjir annist lánsfjárútvegun til atvinnurekstursins og hins vegar efla stjórn á lánamálum ríkisins. Þetta á bæði við um ábyrgðarveitingar, sem vissulega eru umhugsunarefni fyrir alþm., og einnig hitt að með góðri stjórnun á skuldum ríkissjóðs og annarra opinberra aðila má jafna greiðslubyrði og í mörgum tilvikum létta ríkissjóði að standa undir greiðslum vaxta og afborgana. Viðskrh. setti ekki alls fyrir löngu nýjar reglur um lántökur og fjármögnun á innflutningi. Þetta eru almennar og einfaldar reglur til þess gerðar að draga úr sókn í erlent lánsfé.

Hluti af efnahagsaðgerðunum í október var að bjóða fjölbreyttari leiðir til sparnaðar innanlands. Eftirspurn er mjög mikil eftir lánsfjármagni og kann skattakerfið út af fyrir sig að eiga þar nokkurn hlut að máli. Því ríður á að efla innlendan sparnað til þess að mæta þörfum atvinnuvega og á hinn bóginn til þess að draga úr mikilli eftirspurn, m.a. eftir innfluttum vörum. Eins og fram hefur komið voru betri kjör en áður boðin á spariskírteinum til lengri tíma. Svo virðist sem fyrir þessi bréf sé nú góður markaður. Aftur á móti hefur enn ekki reynt á hvort nýjar aðferðir við sölu ríkisvíxla muni binda fé svo um munar. Þá er enn of fljótt að segja til um það hvernig til muni takast og almennur áhugi verði á því að binda fé í gengisbundnum innlánsreikningum.

Þýðing aukins sparnaðar er alveg ótvíræð. Á hinn bóginn er það íhugunarefni hvort fjármagnsmarkaður hér á landi hafi þróast svo að markaðsöfl, framboð og eftirspurn, geti á óvissutímum laðað fram viðunandi jafnvægi á lánamarkaði og þolanleg vaxtakjör.

Núverandi skipulag bankakerfisins er fjarri lagi hagkvæmt. Það er dýrt í rekstri, einingarnar eru of smáar og veikburða og eiginfjárstaðan er of slök. Afleiðingar þessa birtast m.a. í háum vöxtum og miklu vaxtabili. Vaxtakjör ráðast ekki síst af verð-

bólguvæntingum. Mikil óvissa í efnahagsmálum eða launamálum leiðir óhjákvæmilega við gildandi skilyrði til vaxtahækkunar. Aukin hagkvæmni í rekstri lánastofnana, stöðugleiki í efnahagsmálum, varanleg aukning sparnaðar, þetta eru helstu forsendur þess að vextir geti lækkað. Þessa mun fyrr en síðar gæta, m.a. vegna þess að verulega dregur úr lánsfjárþörf hins opinbera á lánamarkaðnum í samkeppni við fyrirtækin.

Herra forseti. Að undanförnu hafa málsvarar íþróttahreyfingar og ungmennafélaga legið ríkisstjórninni á hálsi fyrir það að draga úr framlögum til þeirrar starfsemi. Það er rétt að þessi framlög hafa verið lækkuð um helming til Íþróttasambands Íslands og um heldur meira til Ungmennasambands Íslands. Samanlagt má segja að ríkissjóður hafi lækkað útgjöld um 20 millj. kr. með þessum hætti. Þessi aðhaldsaðgerð í útgjöldum hefur verið gerð að umræðuefni í fjölmiðlum og talið að hér sé á ferðinni aðför að þýðingarmiklu uppeldisstarfi ungra manna og kvenna. Í þessu sambandi vil ég rifja upp nokkur atriði um nýja tekjulind sömu aðila. Þegar lottóinu svokallaða var komið á fyrir rúmu ári að frumkvæði Alþingis gerðu menn sér ekki hugmyndir um fyrir fram hve miklar tekjur það mundi færa eigendum sínum. Nýjustu upplýsingar eru þær að frá því í febrúar í ár, þegar fyrst var farið að greiða út hagnað, hafi verið greiddar út um 185 millj. kr. Varlega áætlað hefur verið talið að hagnaður á árinu 1988 nemi ekki lægri upphæð en 250 millj. sem skiptist þá þannig að til Íþróttasambands Íslands færu 120 millj. kr., til Ungmennasambands Íslands 30 millj. kr. og til Öryrkjabandalagsins um 100 millj. kr.

Þetta eru í hnotskurn staða þessa máls. (**AG:** Hver er rekstrarkostnaður íþróttahreyfingarinnar?) Hann er mikill, en hann mundi ekki lækka mikið við framlag upp á 20 millj. Hann hefur aldrei verið greiddur eða uppi borinn af ríkinu. En kjarni málsins er sá að það fé sem til ráðstöfunar er á árinu 1988 er að raungildi mjög verulega umfram það sem verið hefði þótt Alþingi hefði hækkað þessa fjárveitingu til jafns við verðlagsbreytingar eða jafnvel aukið hana að raungildi. (**AG:** Það er bara ekki í fjárlagadæminu.)

Herra forseti. Gagnrýnt hefur einnig verið að ekki skuli ætlaðar nema 50 millj. kr. til byggingar þjóðarbókhlöðu á árinu 1988. Þetta er svo þrátt fyrir að áætlaðar tekjur af sérstökum skatti, eignarskattsauka sem lagður var á 1986, eru áætlaðar tæpar 180 millj. kr. Rétt er að rifja upp í fáum orðum forsögu þessa máls og rökin fyrir þessari málsmeðferð.

Við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1987 varð að samkomulagi milli hæstv. þáv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. að lækka framkvæmdafé til bókhlöðunnar í 40 millj. kr. þrátt fyrir að tekjur væru þá taldar geta numið tæpum 150 millj. kr. Þessi niðurstaða fékkst vegna þess að þá var talið brýnna að veita framkvæmdafé til annarra verkefna, svo sem byggingar menntaskóla í Austurlandskjördæmi. Núverandi fjmrh. ber ekki ábyrgð á þessum samningum fyrrverandi ráðherra en telur þó rétt að þá samninga eigi að virða.

Að því er lýtur að árinu 1988 þá er það að segja að þensla í byggingariðnaði er mikil, einkum og sér í lagi hér á höfuðborgarsvæði, og það gagnrýnt og oft borið við að allt of mikið sé framkvæmt hér á suðvesturhorni landsins. Það er margt til í þessu en þegar þannig stendur á verða menn að vega og meta hvaða framkvæmdir eiga að njóta forgangs þrátt fyrir góðan ásetning og þörf verkefni. Gildi þjóðarbókhlöðunnar verður að sjálfsögðu ekki dregið í efa. Hitt er deginum ljósara að úr því að draga þurfti úr framkvæmdum hér á þessu svæði, þ.e. opinberum byggingarframkvæmdum, þá kom sterklega til álita að hafa sama hátt á og samkomulag varð um milli hæstv. ráðherra fyrrverandi ríkisstjórnar við svipaðar aðstæður á yfirstandandi ári.

Til hafnaframkvæmda eru í frv. ætlaðar 250 millj. kr. Þetta er lítils háttar hærri fjárhæð en í ár. Um það er engum blöðum að fletta að góð hafnaraðstaða fyrir fiskiskipaflotann er mjög brýnt mál sem verður að fá farsæla niðurstöðu. Með till. til þál. í fyrra, sem að vísu varð ekki afgreidd frá Alþingi, var lagður grundvöllur að breyttum vinnubrögðum til bóta að þessu leyti. Í till. fólst einkum tvennt:

Annars vegar skipulegri vinnubrögð en oft hefur verið við ráðstöfun þess fjár sem til hafnamála er varið. Af illri nauðsyn hefur fjvn. oft þurft að skammta úr hnefa lágar fjárhæðir þó svo að verkefnin hafi verið stór og brýn. Hjá því verður ekki litið að oft hafa fjármunir skilað mönnum skammt áfram vegna þess hve mikið hefur farið í sjálft sig en of lítið til verkefnanna sjálfra.

Í annan stað fól till. í sér að stórauka þyrfti framlag til hafnargerðar í landinu. Það er einfalt mál að segja en erfiðara að leysa við núverandi fjárhagsaðstæður. Óhjákvæmilega munu hafnarmálin koma til skoðunar hjá fjvn. að venju og þá þarf að meta hvaða niðurstaða í fjárframlögum getur verið ásættanleg en gjarnan vil ég láta það koma fram að þetta er það verkefni sem að mínu mati er hvað brýnast að fái vandaða umfjöllun í meðförum þingsins.

Herra forseti. Fjárlagafrv. það sem hér liggur fyrir markar að mörgu leyti tímamót. Þar vegur þyngst að með því er stefnt að hallalausum fjárlögum þegar á næsta ári. Með því að grípa jöfnum höndum til niðurskurðar ríkisútgjalda og aukinnar tekjujöfnunar tókst að eyða fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði sem að óbreyttu stefndi í um 4000 millj. á næsta ári. Enn fremur er í frv. kveðið á um róttæka endurskipulagningu sem snertir marga þætti ríkisfjármálanna. Með hallalausum fjárlögum er stigið mikilvægt skref í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Þetta markmið næst þó ekki með aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum einum saman. Ákvarðanir á vettvangi vinnumarkaðarins, á heimilum og í fyrirtækjum skipta ekki síður máli. Þá veltur mikið á þróun ytri skilyrða. Samræming allra þessara þátta sem á okkar valdi eru skiptir sköpum

fyrir afkomu þjóðarbúsins og lífskjör hvers og eins þegns okkar íslenska samfélags.

Ríkisstjórnin ítrekar þá stefnu sína að gengi krónunnar verði haldið stöðugu enda er það ásamt aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum forsenda hjaðnandi verðbólgu á næsta ári. Þessi stefna stendur aldrei til langframa ein og sér. Önnur stjórntæki efnahagsmála verða einnig að vinna að sama marki. Þetta sameiginlega markmið er að tryggja stöðugleika og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og að varðveita þann aukna kaupmátt sem áunnist hefur á yfirstandandi ári. Hér þarf allt að stefna að einu marki: Hallalaus rekstur ríkissjóðs, aðhaldssöm peningamálastefna og framgangur skynsamlegrar launastefnu.

Með frv. til fjárlaga og lánsfjárlaga og almennum efnahagsaðgerðum þeim til styrktar hefur ríkisstjórnin reynt að gera hreint fyrir sínum dyrum, reynt að skapa fordæmi öðrum til eftirbreytni.

Með samræmdri hagstjórn vill ríkisstjórnin tryggja framgang stefnu sem dregur úr verðbólgu, tryggir fulla atvinnu, viðunandi afkomu atvinnuvega og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Framganga þessarar stefnu er veigamesta forsenda þess að takast megi að treysta þann mikla kaupmáttarbata sem landsmenn hafa notið á síðustu missirum. Hlutur launafólks í þjóðartekjum er nú sem betur fer hærri en nokkru sinni fyrr. Misræmi í launaþróun er það vandamál sem nú þarf að takast á við og leysa án þess að það leiði til launahækkana sem flæði yfir allan vinnumarkaðinn, leiði til peningalaunahækkana án þess að nokkuð vinnist í kaupmætti, en valdi verðbólgu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir einstaklinga, heimili og atvinnulíf.

Við megum ekki tefla í tvísýnu þeim árangri sem þrátt fyrir allt hefur náðst. Það á að vera sameiginlegt markmið allra þeirra sem með helstu ákvarðanir fara á sviði efnahags- og kjaramála á næstunni.

Á síðustu árum hafa djúptækar breytingar átt sér stað á starfsháttum og baráttuaðferðum verkalýðshreyfingarinnar. Í kjölfar langvinnrar stöðnunar lífskjara hefur verkalýðshreyfingin tekið upp breytta starfshætti. Um langt árabil einkenndust samskipti stjórnvalda, verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda af því að einn kenndi öðrum um sameiginlegar ófarir. Eldar verðbólgu voru linnulaust kyntir til ómælds tjóns fyrir heimilin í landinu, atvinnulífið og þjóðarbúið allt. Laun hækkuðu um þúsundir prósenta en raunverulegur ábati var enginn. Krónurnar rýrnuðu að verðgildi jafnóðum og kaupmáttur féll.

Þessi saga, sem er ekki gömul, er hér rifjuð upp vegna þess að í moldviðrum líðandi stundar vill hún of oft gleymast. Það eru aðeins 20 mánuðir frá því að þjóðarsáttin margnefnda varð fyrst til. Ný vinnubrögð við samningagerð, samhliða miklum sjávarafla, hækkandi afurðaverði og lækkandi olíuverði, mörkuðu tímamót. Á örstuttum tíma, frá febrúar 1986 hafa meiri umskipti orðið á kjörum launafólks en allan áratuginn næsta þar á undan. Á síðustu 12 mánuðum hefur það gerst að lægstu laun hafa hækkað um 58% og um meira en fjórðung að raungildi. Á einu ári nemur raunhækkun atvinnutekna 16% og reynist hún tvöfalt meiri en miðað var við í kjölfar kjarasamninganna í desember. Hlutur launa í tekjum þjóðarbúsins er um þessar mundir meiri en hann hefur verið í langan tíma, yfir 70%.

Staldri menn nú við eitt andartak og hugleiði þessar staðreyndir. Staldrið við og berið saman árangur 20 mánaða og næstu 10 ára þar á undan. Staldri menn við og geri þetta dettur engum lifandi manni til hugar að taka upp gamla vinnulagið. Kjarasamningar eiga að snúast um kaupmátt en ekki krónur. Það er sá lærdómur sem menn hljóta að draga af upprifjun þessarar sögu.

Þótt nýir starfshættir hafi skilað miklum árangri hefur ófriðlega horft á vinnumarkaði á seinustu mánuðum enda ljóst að mikið misgengi hefur verið í launaþróun milli starfshópa og landshluta. Einstakir hópar launafólks hafa í litlum mæli notið launaskriðs eða sérsamninga. Miklu skiptir að í þeim kjarasamningum, sem nú eru u.þ.b. að hefjast, takist að rétta hlut þessara hópa. Það verður að tryggja það að launahækkanir skríði ekki upp allan launastigann.

Ríkisstjórnin hefur með afdráttarlausum hætti markað sína stefnu í efnahagsmálum. Hún hefur hafnað leið gengislækkunar. Gengisfellingarbrautin er breið og auðfarin í fyrstu en hún leiðir einungis í ógöngur. Um það er sagan ólygnust. Sú leið yrði láglaunafólki, húsbyggjendum, heimilum í landinu og þjóðinni allri dýrkeypt.

Ríkisstjórnin hefur í orði og verki sýnt vilja sinn til þess að taka á aðsteðjandi vanda með samræmdum ráðstöfunum á öllum sviðum efnahagsmála. Hún hefur á stuttum starfsferli staðið að margháttuðum aðgerðum sem margar voru seint fram komnar, sumar óvinsælar en að sama skapi algjörlega nauðsynlegar. Settar hafa verið skorður við gegndarlausum lántökum erlendis. Stefnan á sviði peningamála er aðhaldssöm þótt öllum ói hár fjármagnskostnaður sem af hlýst við núverandi skilyrði. Þá hefur ríkisstjórnin lagt fram fjárlagafrv. sem markar stefnu, frv. sem tryggir jafnvægi í ríkisbúskap og stórminnkuð umsvif ríkisins á lánamarkaði.

Engum, allra síst þeim sem hér stendur, kemur til hugar að þessar aðgerðir muni skapa mönnum vinsældir. Einar og sér munu þær heldur ekki skipta sköpum. Með þeim er hins vegar lagður grunnur sem unnt er að byggja á í komandi kjarasamningum.

Nú fremur en nokkru sinni þurfa landsmenn og þjóðin öll á því að halda að skynsemi og dómgreind og ábyrgðartilfinning ráði ferð í þeim ákvörðunum sem liggja utan sviðs ríkisstjórnar og löggjafarvalds. Af þessum sökum var það sjálfsögð ákvörðun ríkisstjórnar að verða við eindregnum tilmælum um að fresta aukinni skattheimtu um síðustu mánaðamót til þess að greiða fyrir þeim samningum sem nú standa fyrir dyrum. Þessi ákvörðun var tekin án nokkurra skuldbindinga eða skilyrða. En öllum má ljóst vera að ríkissjóði er nú fremur en áður mjög

þröngur stakkur skorinn. Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum er hallarekstur á ríkissjóði ótækur og einskis manns hagur. Ætla verður að aðilum vinnumarkaðarins sé þetta jafnljóst og öðrum.

Ríkisstjórnin vill fara þá leið sem bæði er vandrötuð og torsótt. Hún hefur gert aðilum vinnumarkaðarins ljóst að kjarasamningar verða að vera á þeirra ábyrgð og innan þeirra marka sem afkoma þjóðarbús og atvinnuvega setur. Þeirra er ábyrgðin á eigin samningum, þeirra er að leggja eigið mat á svigrúm til launahækkana, en öllum má vera ljóst að það hefur verið æðivel nýtt að undanförnu.

Ríkisstjórnin er á hinn bóginn reiðubúin til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins um mörkun raunhæfrar launastefnu sem tryggt geti kaupmátt en ekki verðlausar krónur. Ríkisstjórnin kýs leið verðbólguhjöðnunar en ekki verðbólgu og dýrtíðar. Hún væntir þess að geta átt samleið með verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum um þessi mál.

Vandamál efnahags- og kjaramála á líðandi stundu eru ekki vandamál harðræðis eða hallæris. Þau eru vandamál góðæris, einhvers mesta góðæris sem við Íslendingar höfum notið nokkru sinni. Spurningin sem við öll stöndum frammi fyrir og verðum að svara er sú hvort við höfum sama styrk til þess að leysa vanda af þeim toga og þann sem illkynjaðri er.

Herra forseti. Íslenska þjóðin á mikið undir því komið að sú grundvallarstefna sem boðuð er með þessu fjárlagafrv., um aðhaldssemi í ríkisfjármálum og jöfnuð í ríkisrekstri, nái fram að ganga. Ég vænti þess að ríkisstjórnin og þeir þingflokkar sem að baki henni standa, sem og alþm. allir, reynist reiðubúnir að axla þá ábyrgð sem á þeim hvílir. Menn verða að hafa pólitískt þrek til að vera sjálfum sér samkvæmir. Það stoðar ekki að gjalda jáyrði við nauðsyn aðhaldsaðgerða en setja síðan ótal fyrirvara og flytja endalausar tillögur um hundruð milljóna kr. aukaútgjöld sem ekki verða fjármögnuð nema með auknum erlendum lánum. Hér duga engir fyrirvarar, enginn undansláttur eða pólitískt kjarkleysi. Það dugar ekki að gagnrýna nauðsynlega tekjuöflun en flytja á sama tíma tillögur um stóraukin útgjöld. Lykilorðin eiga að vera ráðdeild og aðhaldssemi hvar sem því verður við komið án þess að reiða öxina að rótum trésins sem er það velferðarríki fólksins sem við öll viljum festa í sessi í okkar landi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjvn. Þakka áheyrnina.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt á eina lengstu hrollvekju sem nokkur fjmrh. hefur flutt svo lengi sem ég hef verið hér á þingi, það er síðan 1974.

Ég kem hér upp og ræði um þingsköp til þess að komast hjá væntanlegum misskilningi, ef um misskilning er að ræða, sem gæti haft alvarlegar afleiðingar. Því vil ég spyrja hæstv. forseta hvort þessari hrollvekju, eða þessari ræðu hæstv. fjmrh., verði ekki dreift á þessum fundi eins og hefð hefur skapast um — ég gerði það í minni tíð og aðrir fjmrh. frá því að ég kom á þing — til þess að við höfum ekki rangt eftir honum því að ég gat ekki betur heyrt en að hæstv. ráðherra væri að boða m.a. að kannað yrði nú þegar hvort fella eigi niður skattfrelsi af sparifé landsmanna, opna bankana fyrir upplýsingagjöf um einstaklinga, en það er vitað mál að það er helst gamla fólkið sem á sparifé. Það er óþarfi að hræða það. Þess vegna óska ég eftir því að ræðu hæstv. fjmrh. verði dreift nú þegar vegna þess að Borgarafl. er með opinn borgarafund í kvöld sem ég veit að verður fjölmennur og ég kem til með að halda þessu á lofti ef þetta reynist rétt. Þess vegna óska ég eftir því að fá afrit af ræðu hæstv. fjmrh.

Ég vil líka segja það að þessi fundur í sameinuðu þingi er ekki á hefðbundnum fundardegi og Borgarafl. var búinn að auglýsa fund í kvöld. Ég geri því ekki ráð fyrir að nokkur þm. Borgarafl. hafi tíma til að vera á þessum óvænta þingfundi í kvöld af þeirri ástæðu sem ég hef lýst og þar með er verið að útiloka Borgarafl. frá þátttöku í umræðu um fjárlagaræðuna á þessu stigi.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram í tilefni af því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði að það hefur aldrei verið að frumkvæði Alþingis sem framsöguræðu fjmrh. hefur verið útbýtt, en stundum hefur það verið að frumkvæði fjmrn. Þess vegna hefur Alþingi ekki gert neitt í þessu efni nú.

Um þennan fundartíma er þess að geta, í tilefni af því sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það var ákveðið fyrir um viku síðan að þessi fundur skyldi vera og fjárlagaumræðan fara fram á miðvikudegi. Það var borið undir formenn allra þingflokka á fundi með forseta Alþingis sl. fimmtudag og enginn gerði athugasemd og litið var á þetta sem samþykktan tíma.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð að gefnu tilefni. Þegar ég lagði af stað úr fjmrn. niður í Alþingi rétt fyrir kl. 2 var verið að byrja fjölföldun á þessum ræðustúf, en þar sem hún telst vera eitthvað um 90 lesmálssíður má vera að verkið þyki nokkuð seinlegt. Það er ætlun fjmrn. nú sem hingað til að fjölfalda þessa ræðu og afhenda hverjum þm. og mér þykir miður að það skuli ekki hafa tekist í tæka tíð. Ég hélt reyndar að þegar hefði verið búið að

dreifa henni meðan flutningur ræðu fór fram. Menn mega treysta því að það er þá aðeins tímaspurning hvenær menn fá ræðuna í hendur.

Að því er varðar fundartímann tek ég aðeins fram að upphaflega var gert ráð fyrir fundartíma á fimmtudegi, en samkvæmt þeim upplýsingum sem mér voru gefnar var það að ósk eins þingflokksins, sem nú stendur frammi fyrir landsfundi sínum á morgun, að orðið var við tilmælum um, og samkomulag varð á milli þingflokksformanna um, að færa daginn fram. Það var því til þess að greiða fyrir góðu samstarfi í þinginu. Að því er varðar efnisumræðu málsins ætla ég ekkert að segja. Þar talaði ég nægilega skýrt í ræðu minni. (**Forseti:** Það skal tekið fram að starfsmaður þingsins tjáði mér í þessu að aðeins muni líða ein eða tvær mínútur þar til fjárlagaræðan liggi fyrir.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég finn mig tilknúinn til þess að segja fáein orð um þingsköp. Ástæðan er sú að mér berst til eyrna sá orðrómur að mér sé kennt um það sem fjmrh. að hafa óskað eftir breytingum á fundardegi fyrir fjármálaumræðu og þannig útilokað Borgarafl. frá þátttöku í umræðunni. Þetta virðist ekki hafa komið nægilega skýrt til skila í þeim orðum sem fram komu áðan. Ég vil taka það alveg skilmerkilega fram og af öll tvímæli um það að þetta er rangt með öllu. Ástæðan fyrir breytingu á fundardegi frá fimmtudegi til miðvikudags er sú sem ég gat um: Samkomulag forustumanna þingflokka, þar með væntanlega þingflokks Borgarafl., um að taka tillit til landsfundarhalds Alþb. á morgun. Það er því við engan að sakast um útilokun þingflokks Borgarafl. frá því að gegna skyldum sínum hér á Alþingi og taka þátt í fjárlagaumræðu. Þeir hafa sjálfir ákveðið sinn fundartíma væntanlega vitandi um þessa frestun að því er Alþb. varðar.

Að lokum, herra forseti, get ég ekki orða bundist vegna þess að hæstv. fyrrv. fjmrh., hv. þm. Albert Guðmundsson, fer og ræðir við fréttamenn og rangtúlkar ræðu þá sem hann hlýddi á, með grófum hætti. Hann lætur hafa eftir sér að ég hafi í ræðu minni sagt að það ætti að hefja njósnir um inneignir gamals fólks í bönkum. (**Forseti:** Forseti vekur athygli á því að hv. þm. sem þessu er beint að er ekki í salnum. Er ekki rétt að hann komi og hlýði á þetta?) Ég tek tillit til þess, herra forseti, en þessum rangtúlkunum var auðvitað beint til annarra og er nauðsynlegt að kveða þær niður. Þær eru með öllu tilhæfulausar úr þessum ræðustól.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það sem hæstv. fjmrh. sagði hélt forseti að hefði þegar verið sagt og tekið fram. Það er allt rétt sem hæstv. fjmrh. sagði. Þessi breytti fundartími í dag fyrir fjárlagaumræðuna er vegna óska frá Alþb. vegna þess að landsfundur Alþb. hefst á morgun. Og það er altekin venja í Alþingi að taka tillit til slíkra óska. Í raun og veru er því miðað við aðstæður ekkert afbrigðilegt við þann fund sem hér er í dag.

Fjárlög 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Fyrir réttri viku hlustuðum við á stefnuræðu hæstv. forsrh., út af fyrir sig ágætisræðu þó ekki segði hún mikið um stefnu ríkisstjórnarinnar. Hér höfum við hins vegar fengið til 1. umræðu frv. til fjárlaga og þar birtist stefnan svört á hvítu. Við sjáum líka hver raunverulegur viðskilnaður síðustu ríkisstjórnar var, en hann er einn sá ljótasti sem um getur. Því má virða hæstv. fjmrh. það til nokkurrar vorkunnar að taka við og ætla að leysa vandann.

Í frv. sjáum við svo hvernig á að standa að því. Og þar komu vonbrigðin. Oft hef ég hlustað á hæstv. fjmrh. áður en hann tók við þessu embætti og oft hef ég lesið greinar hans þar sem hann lýsir skattastefnu Alþfl., og yfirleitt hefur þar borið hæst að það á að ná tangarhaldi á þeim sem svíkja undan skatti, koma í veg fyrir skattsvik almennt. Það væri stefna Alþfl. Þess vegna beið ég fjárlagafrv. með nokkurri eftirvæntingu. En hér er það og ekki eftirvæntingarinnar virði. Enn er leitað á sömu miðin. Enn á að leysa vanda ríkissjóðs með auknum álögum á almenning. Áfram sleppa stóreignamenn frá skattlagningu, enn sleppa skattsvikararnir, áfram á að fylla upp í göt fjárlaga með því að skerða og skera niður samfélagslega þjónustu. Og áfram skal haldið þeirri stefnu að færa byggð í þessu landi á suðvesturhornið.

Frv. gerir ráð fyrir hallalausum ríkissjóði í lok ársins 1988, gott markmið en leiðirnar að því þreyttar og lúnar. Í engu er svarað væntingum fólks um nýjar leiðir í skattlagningu og að tekið verði á skattsvikum þó að hæstv. ráðherra hafi sjálfur nefnt tölur um upphæðir sem á hverju ári er stungið undan skatti og að þær færu langleiðina með að rétta stöðu ríkissjóðs eftir heldur óskemmtilegan viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Þarna eru á ferðinni hærri upphæðir en þær sem fást fyrir aukna skattlagningu á mat og menningu. En það er megininntakið í skattastefnu þessarar ríkisstjórnar.

Neysluskattar þeir sem ríkisstjórnin lagði á sl. sumar og áformað er að stórauka á næsta ári bitna af fullri hörku á fjölskyldum í landinu, ekki einungis í formi hærra verðs á nauðsynjum heldur kemur þessi skattlagning að fullu út í verðlagið þannig að afborganir af verðtryggðum lánum hækka verulega. Það ásamt þeirri óheftu stefnu sem rekin er í vaxtamálum á eftir að bitna illa á landsmönnum. Það hefur verið erfitt fyrir fólk að halda húsnæði sínu og láta enda ná saman í fjármálum heimilanna á undanförnum árum, en það mun verða enn erfiðara á komandi ári verði ekki breyting á stefnu stjórnvalda.

En áfram með tekjuleiðir og leiðir að hallalausum ríkissjóði. Þær eru: aukinn neysluskattur, bifreiða- og bensíngjöld, launaskattur á ýmis fyrirtæki eins og

fiskvinnslu, niðurskurður á styrkjum til atvinnuvega, verkefni færð eftir hentugleikum yfir til sveitarfélaganna, skattur á menningu, niðurfelling og skerðing á framlögum til ýmissa málaflokka, eins og t.d. til áfengisvarnaráðs og til íþrótta- og æskulýðsmála. Það er óþarfi að telja fleiri liði. Allt er á sömu bókina lært. Hvergi er reynt að ná til þeirra sem peningana eiga heldur róið á sömu mið og áður. Hæstv. fjmrh. situr og dorgar í vasa almennings. Þar *er enginn kvóti. Þar er ekki rætt um ofveiði eða útrýmingarhættu.* Þau mið á að þurrka upp. Hefði nú ekki verið nær að draga fram tillögur sem hér hafa verið fluttar af Alþb. og jafnvel Alþfl., tillögur sem taka á skattsvikum, tillögur um álagningu skatta sem ekki velta beint út í verðlagið?

Og þá er það gjaldahliðin. Það sést að áætluð útgjöld hækka um 19,3% frá því sem nú er áætlað á móti tekjuaukningu upp á 24,6%. Stór hluti af útgjöldum ríkissjóðs eru vaxtagjöld eða um 8,1% á móti 7,3% þetta ár. Til samanburðar má nefna að vaxtagjöld námu 2,2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs árið 1982 sem sýnir í hve miklar ógöngur málin hafa þróast. Vaxtagjöldin eru áætluð um 4800 millj. kr. eða um 1 millj. 220 þús. aukning frá því sem nú er. Þetta þýðir að um tólfta hver króna af tekjum ríkissjóðs fer í vaxtagreiðslur, bein afleiðing af stefnu síðustu ríkisstjórnar og allhastarleg afleiðing þegar litið er til þess góðæris sem við höfum búið við. Þennan útgjaldalið var sem sé ekki möguleiki á að draga saman. En það á að gera á öðrum sviðum. Um leið og í frv. er viðurkennt og orðið við áætlaðri þörf allra ráðuneyta til verulegrar útgjaldaaukningar varðandi kostnaðarliðinn Yfirstjórn ráðuneyta, allt frá 60 og upp í 100%, er niðurskurður á framlögum til atvinnuveganna og stofnana sem vinna að rannsóknum á þeirra vegum. Þarna verða verst úti atvinnuvegir landsbyggðarinnar, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður. Endurgreiðslur söluskatts til sjávarútvegs á að skera niður um helming. Þær eiga að vera 350 millj., en þyrftu samkvæmt áætlun að vera yfir 700 millj. Launaskattur er lagður á fiskvinnsluna, dregið úr fjármagni til rannsókna, fiskileitar, markaðsöflunar og tilrauna í útgerð og fiskvinnslu. Harkalega vegið að einum helsta undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Í þessu sambandi má líka taka framlög til hafnamála. Það hefur komið berlega í ljós á síðustu vikum í samtölum fjvn. við sveitarstjórnarmenn að ástand hafna er víðast hvar í mjög slæmu ásigkomulagi. Beiðnir um fjárframlög í þennan málaflokk liggja á borði fjvn. og þar er um stórar fjárhæðir að ræða, nemur hundruðum milljóna kr. Fulltrúar sveitarfélaganna miða beiðnir sínar við till. til þál. um hafnaáætlun sem lögð var fram á síðasta ári en aldrei afgreidd, sýnd veiði en ekki gefin. Tillagan var þó í nokkru samræmi við framkvæmdaþörf. Áætluð fjárframlög til hafnamála á árinu 1988 eru í engu samræmi við þessa þáltill. og er ekki úr vegi að spyrja hér hver verði örlög hennar. Á að draga hana upp á borðið aftur og framreikna eða á að pakka henni niður? En þó illilega sé vegið að sjávarútvegi í frv. til fjárlaga fær þó landbúnaðurinn í raun enn verri útreið. Reyndar fær þessi atvinnugrein hrikalega meðferð ef tekið er tillit til þróunar síðustu ára.

Fyrir örfáum mánuðum, þegar núv. ríkisstjórn setti saman stefnuyfirlýsingu sína, mátti finna þar kafla sem ber millifyrirsögnina Starfsáætlun og fjallar um mikilvæga þætti í atvinnustefnunni. Þar segir um stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaði, með leyfi herra forseta:

„Nýjar búgreinar verði efldar og stærri hluti fjárveitinga til landbúnaðar renni til þeirra. Menntun, starfsfræðsla og rannsóknir í landbúnaði verði efldar. Jafnframt verði unnið skipulega að fjölgun nýrra starfa í sveitum landsins."

Svo mörg voru þau orð. Ekki er ég hissa þó hæstv. landbrh. hafi átt erfitt með að kyngja þeim tillögum sem birtast í frv. varðandi landbúnaðinn, hafandi svona stefnuyfirlýsingu í farteskinu.

Nú þegar bændur eru hvattir til að leggja stund á nýjar búgreinar, og reyndar eru það margir sem eiga ekkert val ef þeir ætla að búa áfram á jörðum sínum, þyrfti að stórauka rannsóknir og ráðgjafarþjónustu við þessa atvinnugrein. En ef ekki verður breyting á frv. í meðförum þingsins verða framlög til landbúnaðar, rannsókna og ráðgjafar á vegum hans stórlega skert. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur reyndar sent frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kemur að stjórnin telur að þetta frv. til fjárlaga brjóti í bága við þá stefnu sem mörkuð hefur verið á Alþingi um málefni landbúnaðarins og bendir m.a. á því til stuðnings að eitt meginmarkmið búvörulaganna er að stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum, að búháttabreyting í landbúnaðinum er eitt viðamesta verkefnið sem þessi atvinnugrein og þær stofnanir sem henni þjóna hafa tekist á við. Það liggur því í augum uppi að þörf landbúnaðarins fyrir rannsóknir og leiðbeiningar hefur sjaldan verið meiri en nú. Það skýtur því skökku við að framlög til þessara þátta eru dregin saman.

Iðnaður fær líka sinn skerf af niðurskurðinum. Þar ætla ég að nefna sérstaklega einn lið sem líklega bitnar hvað harðast á okkur sem búum úti á landsbyggðinni, en það er að framlög til iðnráðgjafarþjónustu *eru felld niður. Iðnráðgjafar hafa verið* starfandi í nær öllum landsfjórðungum og unnið þar mikið og gott starf. Þau eru ófá fyrirtækin úti á landsbyggðinni sem þeir hafa átt þátt í að koma af stað, auk þeirrar ráðgjafar sem þeir veita starfandi fyrirtækjum um rekstur og rekstrarafkomu. Það er því erfitt að taka þeirri tillögu að þessi störf skuli leggja niður, ekki síst nú þegar samdráttur er í atvinnugreinum landsbyggðarinnar og brýn þörf fyrir uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja, þörf á að leita nýrra leiða, ekki síst ef halda á byggð í öllu landinu. Það er því með öllu óskiljanlegt að áætlað er að hætta framlögum til starfsemi iðnráðgjafa.

Framlög til Iðntæknistofnunar, sem sinnt hefur sama hlutverki og iðnráðgjafar, eru líka skorin niður. Um það hafði Páll Pálsson, forstjóri Iðn-

tæknistofnunar, m.a. þetta að segja í samtali við blaðið Dag, með leyfi herra forseta:

„Þetta er ekki síst furðulegt þegar rifjað er upp hvernig forustumenn stjórnarflokkanna böðuðu sig í vísdómi og visku um það að sérstaka áherslu ætti að leggja á uppbyggingu á hinum ýmsu sviðum sem Iðntæknistofnun sinnir mest og er í nánustum tengslum við. Í einu orði sagt finnst mér þetta bara rugl og eftir svona meðferð get ég ekki treyst og borið virðingu fyrir þessari ríkisstjórn."

Seinna í sama viðtali um niðurskurð til Iðntæknistofnunar segir Páll:

„Þetta á hins vegar ekki aðeins við um okkur heldur virðist þetta vera bundið þessum atvinnuvegi því að það sama gerist með framlög til vöruþróunar og markaðsmála hjá Iðnlánasjóði og einnig með framlög til Rannsóknasjóðs ríkisins. Þessar þrjár einingar eru langt fyrir neðan meðaltalshækkun."

Þetta var um tillögur frv. um framlög til iðnaðar.

En það er ekki alls staðar skorið niður. Sums staðar er um verulega aukningu að ræða frá því sem áður var og er það vel. Þar má nefna Lánasjóð ísl. námsmanna, framlög til sérkennslu barna og til leiklistarstarfsemi. Reyndar er alls ekki víst að þessi auknu framlög til leiklistar nýtist að fullu því að menningarskatturinn leggst á leikhúsmiðana og getur orðið til þess að almenningur eigi erfiðara með að veita sér þá ánægju að fara á góða leiksýningu.

Enn á ég eftir helstu breytingar á tillögum til fjárlaga frá því sem áður var. Lengi hafa verið í gangi umræður um breytta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og loks liggja frammi tillögur nefndar sem fjallar um málið, tillögur sem á margan hátt eru skynsamlegar og eru í þá átt að færa aukin völd og ákvörðunarrétt út til sveitarfélaganna. Þetta er niðurstaða sem ég held að megi fullyrða að eigi meirihlutastuðning sveitarstjórnarmanna, en þó með þeim fyrirvara að um leið og aukin verkefni eru færð út til sveitarfélaganna séu þeim tryggðar auknar tekjur, enda kemur þetta skýrt fram í ályktun áðurnefndrar nefndar.

Nefndin um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga leggur enn fremur til að ekki sé nú flanað að neinu, undirbúningur verksins þurfi að vera góður, og því leggur nefndin til að tilfærsla verkefna verði um áramótin 1988–1989. Þannig gefist sveitarfélögum og ríkisvaldi nægur tími til undirbúnings og aðlögunar. En nú ber svo við að allt í einu án undirbúnings tekur hæstv. fjmrh. ákvörðun um einhliða tilfærslu verkefna, þ.e. hann tekur út úr tillögunni þau verkefni sem honum finnst henta að færa yfir á sveitarfélögin án þess að þau fái nokkurn aðlögunartíma og án þess að þeim séu tryggðir ákveðnir tekjustofnar eða tekin hafi verið ákvörðun um hvernig skuli staðið við uppgjör þeirra framkvæmda sem ríkið hefur nú þegar samþykkt og án þess að ríkið yfirtaki nokkuð af þeim verkefnum sem lagt er til að falli í hlut þess. Í þessu felst ekkert réttlæti og virðist hafa verið framkvæmt í einhverju bráðræðiskasti án umhugsunar og án sanngirni.

Af þeim verkefnum sem nú hafa verið færð yfir til sveitarfélaganna má nefna byggðasöfn, tónlistarskóla, heimaþjónustu við aldraða og rekstur dagvistarstofnana. Þessi verkefni og önnur sem ég mun koma að hér á eftir eru færð alfarið yfir á sveitarfélögin. Fullkomin óvissa ríkir um hvernig þeim er ætlað að mæta auknum útgjöldum sem tilfærslan hefur í för með sér. Aðeins er bent á að úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði aukin frá því sem var í ár eða réttara sagt: skerðing Jöfnunarsjóðs verður minni en í ár.

Ekki sé ég að þarna sé um neinn höfðingsskap að ræða. Aðeins er verið að láta sveitarfélögin hafa þær tekjur sem þau eiga samkvæmt lögum rétt á að fá. Burtséð frá allri verkefnaskiptingu eru þetta tekjur sem þau eiga og hafa átt að fá. Þarna er því hreint ekki verið að koma með aukna tekjustofna í samræmi við aukin verkefni sveitarfélaga, aldeilis ekki, og enginn sveitarstjórnarmaður tekur mark á þeim röksemdafærslum.

Tekjur Jöfnunarsjóðsins ættu samkvæmt frv. að vera 1 milljarður 655 millj. kr., en gert er ráð fyrir skerðingu þannig að sveitarfélögin fá af þessum lögbundnu tekjum sínum 1 milljarð 485 millj. kr. Hvergi er heldur í frv. gert ráð fyrir framlagi til að greiða þær skuldbindingar sem ríkið hefur nú þegar gert við sveitarfélögin og enn er allt í lausu lofti hvað varðar álagningarprósentu útsvars þannig að tekjur sveitarfélaga til að mæta auknum útgjöldum eru eins mikið í lausu lofti og hægt er. Því óttast ég að sú ákvörðun að færa strax verkefni yfir á sveitarfélögin eigi eftir að draga dilk á eftir sér og bitna harkalega á minnstu sveitarfélögunum úti á landi. Þar verði ókleift að halda uppi þeirri þjónustu sem nú er í gangi, svo sem dagvistun barna og tónlistarkennslu.

Það þarf heldur ekki að efast um að það á líka eftir að bitna á sveitarfélögunum sú tillaga að fella niður framlög til Íþróttasjóðs og Félagsheimilasjóðs eða niðurskurður til æskulýðs- og íþróttamála. Börn úti á landi búa víðast hvar ekki við sömu aðstöðu til íþróttaiðkana og það sem þekkist hér á höfuðborgarsvæðinu. Íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarnar hafa þó unnið þarna mikið og gott starf, oft í samvinnu við sveitarstjórnirnar. Skert framlög til þessara félaga þýða því ekkert annað en skerðingu á starfsemi þeirra í þágu barna og unglinga vítt og breitt um landið.

Sveitarfélögin fá líka í sínar hendur rekstur landshafna og framlögum ríkis í dýrar vatnsveituframkvæmdir er hætt þannig að sá liður færist af fullum þunga á sveitarfélögin. Hv. alþm. verða því að tryggja að frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 fari ekki í gegnum þingið án þess að tryggilega verði gengið frá málefnum sveitarfélaganna.

Að breyta orðum í athafnir, sagði hæstv. fjmrh. í umræðum í síðustu viku. Við viljum sjá þessa athöfn gagnvart tekjustofnum sveitarfélaga en ekki bara hafa fyrir því orð hæstv. ráðherra þótt dýrmæt séu.

Og það eru önnur framlög þar sem ekki er farið að samþykktum hv. Alþingis. T.d. var 1985 sam-

þykkt ályktun um að auka í áföngum framlög til þróunaraðstoðar. Sú aukning kemur þannig fram að 1987 eru þessi framlög 30 millj. kr. en hér er lagt til að þau verði 20 millj., niðurskurður um þriðjung á sama tíma og þjóðartekjur hækka. Kvikmyndasjóður fær líka í sinn hlut verulega skert framlög frá því sem áður var. Eitt sinn var samþykktur sérstakur skattur sem renna átti beint til byggingar þjóðarbókhlöðu. Ekki er farið að þeirri samþykkt heldur og ekki er að sjá annað en þeir peningar renni beint í ríkiskassann.

Og þá eru það húsnæðismálin. Byggingarsjóður fær í sinn hlut 1150 millj. Þar af fara til greiðslu erfiðleikalána 150 millj. Eftir standa til nýrra lána 1000 millj., sama krónutala og fyrrv. ráðherra lagði til fyrir ári og þótti þá ekki nóg. En í raun er þetta þó ekki sama upphæð því af þessum 1000 millj. skal ríkissjóður fá að láni 500 millj. þannig að eftir standa aðeins 500 millj. til útlána. Lítið framlag það miðað við þá gífurlegu þörf sem þarna er fyrir aukið fjármagn.

Herra forseti. Ég hef hér stiklað á stóru um þær athugasemdir og fyrirvara sem Alþb. gerir við frv. Við munum á seinni stigum umræðunnar koma með brtt. Ég vil að lokum aðeins segja að þó svo við höfum fyrir framan okkur tillögu að hallalausum fjárlögum eru í þessari tillögu svo margir lausir endar sem eftir á að hnýta. Efnahagsforsendur frv. eru ótryggar sem sýndi sig best dagana áður en frv. var lagt fram. Frv. var unnið í þeim fljótheitum að ekki kann góðri lukku að stýra. Úr því verður þó vonandi bætt í meðförum Alþingis af mönnum sem flýta sér hægt og vita að flas er ei til fagnaðar.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Frv. til fjárlaga 1988 er á þskj. 1 og lagt fram í Sþ. Frv. til lánsfjárlaga fyrir sama ár hefur verið lagt fram í Ed., 63. mál, og frv. til þjóðhagsáætlunar 1988 hér í Sþ., 22. mál. Öll þessi frumvörp og raunar lagasetningin sem af þeim mun leiða eru hagstjórnartæki og starfsáætlun sem ríkisstjórn mun beita til að reka ríkiskerfið í heild sinni. Í leiðinni er hér vitaskuld um að ræða tæki sem hefur ómæld áhrif á aðra þætti þjóðarhags okkar, svo sem verðlag, vexti, neysluna og tekjuskiptinguna að verulegu leyti ef ekki í heild.

Í fjárlagafrv. hverrar ríkisstjórnar og þá ekki síst nýrrar ríkisstjórnar eru því í rauninni kynnt meginmarkmið sem viðkomandi ríkisstjórn hefur væntanlega komið sér saman um að stefna að. Ég tel að veruleg framför hafi orðið á seinustu árum við undirbúning fjárlaga og lánsfjárlaga, a.m.k. miðað við það sem áður mun hafa tíðkast hér á hv. Alþingi. Þar á ég einkum við að nú eru frv. þessi öll lögð fram nánast samtímis og ætlast til að þau verði afgreidd frá Alþingi sem lög á sama tíma. Ég hef af því spurnir að þessi breyting eigi rót sína að rekja til ráðherratíðar fyrrv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar, formanns Borgarafl., og þykir mér sem talsmanni Borgarafl. ákaflega gott til þess að vita og gott til þess að hyggja. Í þessu er vafalítið fólgin veruleg breyting til batnaðar frá því sem áður var.

Einnig virðast margs konar upplýsingar, töflur og yfirlit fylgja greinargerð allra hluta fjárlagafrv. Mér finnst þau vera á þann veg gerð að þessar upplýsingar allar auðveldi mjög yfirsýn yfir ríkisbúskapinn í heild, ekki síst nýliðum, og sérstaklega stöðu einstakra þátta hans frá ári til árs. E.t.v. er þetta ekki sérstaklega þakkarvert á tölvuöld, en engu að síður ástæðulaust að láta framfarir á þessu sviði liggja í þagnargildi.

Það frv. til fjárlaga 1988 sem hér er til 1. umr. hefur sérstöðu um margt. Frv. er fyrsta fjárlagafrv. hæstv. fjmrh., fyrsta frv. hæstv. ríkisstjórnar í upphafi kjörtímabils. Þó ekki væri af annarri ástæðu hlýtur það að marka tímamót að því leyti. Að auki hefur sá verkstjórn á hendi sem áður öðrum fremur hélt uppi gagnrýni á fyrri vinnubrögð við fjárlagagerð undanfarin ár.

Þingmeirihluti hæstv. ríkisstjórnar er í stærra lagi og þess vegna ætti að vera auðveldara að ná fram meginmarkmiði sem nyti öflugs þingmeirihluta. En er nú svo raunin hér? Ég held ekki. Nú bregður hins vegar svo við að einn ráðherranna, sem að vísu telur ekki ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu, hæstv. landbrh., sá sem heldur um stjórnvöl í einum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, bókar andstöðu sína við einstaka þætti fjárlagafrv. og þá sérstaklega þá þætti frv. sem taka til þeirra verkefna sem í hans umsjá eru, þ.e. landbúnaðarmálanna. Hann lætur bóka andstöðu sína við afgreiðslu málsins í ríkisstjórn, gerir grein fyrir þessari afstöðu sinni í fjölmiðlum og ítrekar þá afstöðu sína í umræðum á hv. Alþingi. Leiðtogar stjórnarflokkanna, allir, og þá ekki síður flokksformaður í flokki hæstv. landbrh., hæstv. utanrrh., hafa hins vegar staðfest fylgi við meginstefnu fjárlagafrv. Engu að síður hefur þremur hv. þm. í stjórnarliðinu, eins og hæstv. fjmrh. tók fram í ræðu sinni fyrr í dag, verið falið að fjalla sérstaklega um þennan ágreining innan ríkisstjórnarinnar og verksvið þeirrar nefndar virðist vera það víðtækt að enn sem komið er hefur umfjöllun um þessi ágreiningsatriði nánast verið sleppt í þeirri undirbúningsvinnu sem þegar hefur farið fram í fjvn. Miðað við það hvaða hv. alþm. hafa valist í þetta nýja ráðuneyti, ef svo mætti að orði kveða, og afstöðu þeirra til landbúnaðarmála almennt hlýt ég að ályktа sem svo að fremur sé líklegt að tekið verði eitthvert tillit til sjónarmiða hæstv. landbrh. í þessu ágreiningsefni og því hlýt ég vitaskuld að fagna, ekki hvað síst hvað varðar rannsóknarverkefni ýmiss konar í þessum mikilsverða málaflokki.

Nú er vitaskuld ekkert eðlilegra en að frv. til fjárlaga breytist í meðförum þingsins, enda þótt yfirleitt sé það vart í meira mæli en sem svarar 2–3% útgjalda. Alsiða er og að einstakir stjórnarþingmenn áskilji sér rétt til sérstöðu um jafnviðamikið mál og afgreiðslu fjárlaga. Ekki síst þegar um stóran þingmeirihluta er að ræða. En að fagráðherra geri svo ákveðinn ágreining um sitt eigið sérsvið held ég að

heyri undantekninga til. Hér er því um að ræða aðra sérstöðu þessa frv. Að öllu eðlilegu hefði ágreiningur af þessu tagi átt að leysast með samstarfi innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar en ekki utan hennar.

En hver eru þá megineinkenni þessa frv. til fjárlaga? Eflaust er það það markmið að þurrka hallann á ríkisbúskapnum út á einu ári. Það markmið mun vafalítið mestum tíðindum sæta, ekki síst þegar tillit er tekið til þess að sá halli mun án efa verða yfir 2 milljarðar kr. á yfirstandandi ári, raunar 2,1 milljarður eins og segir í grg. með frv. og var þó þá gert ráð fyrir matarskattinum frá 1. nóv. sl. sem nú hefur verið frestað góðu heilli.

Enn er rétt að hafa í huga að við myndun núverandi ríkisstjórnar á sl. sumri var yfirlýst markmið að eyða þessum halla á þremur næstu árum og þá talið fullboðlegt verkefni og ærið. Og ég verð að segja að það hefur ekki komið hér fram, hvorki í ræðu hæstv. fjmrh. né í öðrum umræðum sem um þetta hafa farið fram hér þegar á þingi, hvað veldur þeim raunverulega mun sem þarna verður í mikilsverðri stefnu ríkisstjórnarinnar.

Það er yfirlýst stefna Borgarafl. að miða eigi við hallalaus fjárlög í góðæri eins og við búum við nú. Það þýðir hins vegar ekki að einu gildi með hvaða hætti þessu markmiði er náð. Vitaskuld verður því ekki náð nema með minnkun útgjalda eða aukningu tekna nema hvort tveggja eigi sér stað og sú er einmitt raunin með frv. sem hér liggur fyrir til fjárlaga. En það eru hins vegar aðferðirnar við að ná þessum markmiðum sem ég hef ýmislegt við að athuga og ég mun síðar koma að í máli mínu, en áður en ég geri það mun ég víkja aðeins að öðru.

Meginuppbygging fjárlagadæmisins er með hefðbundnu sniði. Heildartekjur áætlaðar 59,6 milljarðar, þar af óbeinir skattar 48,1 milljarður og því burðarásinn í tekjuöfluninni. Beinir skattar eru hins vegar samanlagt 8,2 milljarðar og aðrar tekjur 3,3 milljarðar. Nánari sundurgreining á þessum tekjum ríkissjóðs er á þann veg að söluskatturinn er 41,8%, innflutningsgjald 12,9%, beinir skattar aðeins 13,8%, vörugjald 5,0%, launaskattur 7,7%, vaxtatekjur 4,7%, hagnaður af Áfengis- og tóbaksversluninni 6,9% og ýmsir óbeinir skattar 7,2%.

En þegar athugað er hvernig tekjum þessum er ráðstafað, þessum 59,6 milljörðum kr., kemur þetta í ljós: 52,4 milljarðar eða 88% fara í rekstur báknsins. Þar af í samneysluna, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. fyrr í dag, 29,3 milljarðar, neysluog rekstrartilfærslur mínus sértekjur af ýmsu tagi 18,3 milljarðar, en vaxtagreiðslur ríkissjóðs einar sér nema 4,8 milljörðum kr. eða um 8% heildartekna ríkissjóðs. Það er ekkert lítið atriði að hafa í huga að áætlaður beinn tekjuskattur einstaklinga samkvæmt frv. er álíka upphæð eða um 5 milljarðar.

En það sem sérstaka athygli vekur er sá hluti ríkisteknanna sem ætlaður er til fjárfestingar. Það eru 7,2 milljarðar eða einungis 12% af heildartekjunum sem aftur skiptist í 3,7 milljarða í raunverulega fjárfestingu, 3,5 milljarða sem eru fjármagnstilfærslur til annarra aðila. Heldur þætti það nú slappur rekstur hjá sveitarfélagi sem skilaði ekki nema 12% tekna til fjárfestingar og uppbyggingar fyrir framtíðina. Algengt er að samsvarandi hlutfall á þeim vettvangi sé tvisvar ef ekki þrisvar sinnum hærra. Ég minnist þess af þeim vettvangi sem ég þekki best til að lægst hafi það farið niður í 19%, hæst upp í 43%. En hér eru það 12% sem fara til fjárfestingar til framtíðaruppbyggingar. Ég þóttist heyra það í máli hæstv. fjmrh. áðan að aukningin á milli ára í þessu efni væri um 9% og það er rétt að menn hafi verðlagsforsendur frv. í huga í því sambandi.

Annars er ein afdrifaríkasta breytingin samfara og óbeint í tengslum við þetta frv. til fjárlaga ákvörðun seinasta þings um staðgreiðslu opinberra gjalda. Tekjuskattur einstaklinga er að vísu ekki stór hluti í heildartekjum ríkisins eða tæpir 5 milljarðar nettó af þessum tæpum 60 milljörðum eða ca. 8% eins og ég minntist á áðan og vaxtagreiðslurnar eru álíka.

Breytingin í staðgreiðslu beinna skatta skiptir sveitarfélögin mun meira máli en ríkissjóð af þeirri einföldu ástæðu að útsvarið er yfirleitt um 50% af tekjum hvers sveitarfélags, en tekjuskatturinn eins og ég áðan sagði aðeins um 8% ríkisteknanna. Því gegnir það í rauninni furðu að sveitarfélögin og samband þeirra skuli ekki eiga neinn fulltrúa í þeirri milliþinganefnd sem undanfarið hefur fjallað um undirbúning að framkvæmd staðgreiðslulaganna. Miklu máli skiptir að menn hafi ríkulega í huga forsendurnar sem menn gáfu sér í mars sl. þegar setning þessara laga varð hér á hv. Alþingi. Þar skiptir langmestu máli sú skuldbinding að skattbyrði beinna skatta í heild verði svipuð og við var miðað þegar lögin voru sett, þ.e. svipuð og hún var á árinu 1986 að teknu tilliti til breytinga frá því sem ákvarðanir voru teknar um, þ.e. 300 millj. kr. lækkun tekjuskatts á fjárlögum 1987 og hækkun barnabóta samkvæmt bráðabirgðalögum í júlí 1987 sem enn eru að vísu auðvitað ekki farin að líta dagsins ljós á hinu háa Alþingi. Því nefni ég þetta að ýmislegt bendir til þess að einmitt þessar breytingar muni snerta önnur áform sem uppi eru höfð með fjárlagafrv. Mér fannst ég heyra það á orðum hæstv. ráðherra hér áðan að ýmislegt í þeim dúr er í bígerð.

Annars sakna ég þess stórlega í þessu frv. til fjárlaga 1988 að hvergi örlar á því meginverkefni, sem hæstv. fjmrh. lagði þunga áherslu á er hann gegndi hlutverki þm. í stjórnarandstöðu, þ.e. að stemma stigu við undanskoti og skattsvikum. Að vísu kveðst hann af þeim sökum vilja leggja matarskattinn á og breikka skattstofninn eins og hann nefnir svo og stefna síðan að virðisaukaskatti að ári. Mig minnir að hann hafi í umræðum hér á Alþingi fyrir fáum dögum minnst á skattsvikanefndina frá í fyrra sem komst að þeirri niðurstöðu að undanskot næmi um það bil 7% hér á landi gegnumsneitt. Látum svo vera. Jafnframt lagði hann á það þunga áherslu að meginniðurstaða nefndarinnar hefði verið að einföldun skattkerfisins væri lykillinn að betri

skilum á sköttum. Varla þarf að reikna með að undanskot sé minna í söluskatti en annars staðar í skattkerfinu nema síður sé. Þess vegna væri ekki lítils virði ef takast mætti að finna skilvirkara kerfi og einfaldara miðað við 26 milljarða söluskattsinnheimtu. Ef menn reiknuðu með að ná þar inn 7% væri það hartnær 2 milljarðar kr. svo eftir nokkru væri að slægjast.

En skilar virðisaukaskattur betri árangri? Er það alveg víst? Eru allir þm. stjórnarinnar sannfærðir um það, að ég tali nú ekki um stjórnarandstöðu? Ég er viss um að svo er ekki. Ég vil í því efni vitna til niðurstöðu um það efni í athugasemdum með frv. um virðisaukaskatt sem lagt var fram á hv. Alþingi á sl. ári. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Virðisaukaskattur hefur af mörgum verið talinn öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m.a. af því sjálfseftirliti sem talið er að myndist í kerfinu með frádráttarheimildinni. Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minna með tilkomu virðisaukaskatts."

Og í lok sömu umsagnar segir þetta: „Þegar á heildina er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í för með sér kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og gjaldendur."

Af þessum ástæðum m.a. hafa þm. Borgarafl. gert sérstaka athugun með aðstoð Þjóðhagsstofnunar á annarri leið í álagningu óbeinna skatta. Hún er í fáum orðum fólgin í álagningu söluskatts á fyrsta stig við innflutning inn í landið. Höfuðkostur þess kerfis er sá sem skattsvikanefndin lagði megináherslu á og hæstv. fjmrh. minnist á í máli sínu fyrir fáum dögum. Höfuðkostur kerfisins er einmitt einfalt kerfi sem næði mjög miklum árangri. Söluskattur í tolli væri án efa árangursrík leið og örugglega ódýrust í framkvæmd. Þessi innheimtuaðferð er þegar við lýði í okkar kerfi þegar um er að ræða vörur til eigin nota og innheimtuhlutfallið á þeim vettvangi er í dag hvorki meira né minna en 27,5%. Ekki veit ég annað en að skattheimtan á þessu stigi sé af öllum talin mjög örugg og undanbragðalaus. Borgarafl. teldi meira en ómaksins vert að kanna þessa leið betur ofan í kjölinn því óvíða í þjóðfélagi okkar bíða menn óþreyjufyllri eftir réttlæti en í framkvæmd skattalaganna.

Þegar menn eru að reyna að gera sér grein fyrir raunverulegri stöðu ríkissjóðs er fróðlegt að líta á skuldastöðuna og stöðu ábyrgða. Heildarskuldir bókfærðar nema um 44 milljörðum kr. og 173 millj. um sl. áramót sem eru um 27% af landsframleiðslu ársins á undan, 1986. Veittar ríkisábyrgðir nema hins vegar á þeim tíma, um sl. áramót, um 22 milljörðum og 740 millj. eða 13,7% af vergri landsframleiðslu ársins 1986. Sjálfvirkar ábyrgðir ríkissjóðs vegna ríkisbanka og fjárfestingarlánasjóða nema hins vegar 47 milljörðum 966 millj. eða 29% af vergri landsframleiðslu 1986. Þessar skuldbindingar í heild nema því 114 milljörðum rúmum eða tæpum 70% af vergri landsframleiðslu 1986. Óneitanlega eru þetta verulegar skuldbindingar sem hafa verður í huga þegar áform um lántökur á næsta ári eru metnar. Skv. frv. er nú ætlunin að taka 8000 millj. kr. í erlend lán á næsta ári. Það er svipuð fjárhæð og að var stefnt með lánsfjárlögum 1987. Reyndin varð hins vegar 12 milljarðar og 440 millj. að láni í ár svo að varlega ættu menn að taka áformum af þessu tagi.

Hæstv. fjmrh. gerir mikið úr því markmiði að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs erlendis. Engu að síður er ætlunin að taka að láni á þriðja milljarð kr. erlendis á vegum opinberra aðila og þá vitaskuld tengda ríkinu af þeim 8 milljörðum sem ætlað er að taka að láni. 12 milljarða og 250 millj. er svo ætlunin að taka að láni innanlands þannig að heildarlántökur árið 1988 verða röskir 20 milljarðar. Auk þessa er heildaraukning skatta talin nema hartnær 6 milljörðum. Í máli fjmrh. kom fram talan 5700 millj. sem ekki er ólíklegt að verði um 6 milljarðar þegar upp verður staðið sem auðvitað mun dreifast um allt kerfið og eira fáum. Stjórnarstefnan stuðlar þannig að því í leiðinni að hækka vexti í landinu og íþyngja þar með öllum atvinnurekstri, húsbyggjendum og almenningi öllum.

Gjaldahlið fjárlagafrv. ber með sér að fjölmargir rekstrarliðir, ekki síst í ráðuneytum, stórhækka og langt umfram verðbólgustig, a.m.k. miðað við meginverðlagsforsendur frv. Þar er býsna oft sjáanleg hækkunarprósentan 50–70% þó að verðlagsforsendur frv. segi 17–18%. Þetta heitir á máli hæstv. ráðherra áðan „ráðdeild og aðhaldssemi".

Kaupsamningar við opinbera starfsmenn eru í gildi út næsta ár og gera ráð fyrir 7% grunnkaupshækkun og greinilegt er að ríkisstjórnin ætlast til sams konar samninga af öðrum launþegasamtökum og það heitir „þjóðarsátt", hugtak sem menn hafa tæpast minnst á frá því í fyrra þegar við átti og sérstaklega þurfti á að halda. Eitt og annað hefur að vísu gerst í millitíðinni en það heitir launaskrið og á við allt aðra og á auðvitað ekkert að vera að blanda því saman við „þjóðarsátt".

Eitt megineinkenni á gjaldahlið þessa frv. til fjárlaga er flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Hér er um að ræða mörg verkefni og margvísleg, tónlistarskóla, byggðasöfn, dagvistarstofnanir, málefni fatlaðra, að vísu að hluta, landshafnir, að vísu til fárra staða, heimaþjónustu aldraðra, vatnsveitur að verulegu leyti, Íþróttasjóð og Félagsheimilasjóð. Þetta eru margvísleg verkefni sem sveitarfélögin standa auðvitað misjafnlega að vígi að sinna. Þau eru mörg í þessu landi, óvenjulega mörg, óvenjulega margbreytileg.

Ég hef hitt marga sveitarstjórnarmenn undanfarna daga og það fer ekkert á milli mála að hvarvetna, alls staðar er sama spurning á vörum manna: Hvernig ætlar ríkissjóður að standa við

skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélögum um þau verk og verkefni sem þegar eru unnin en þó að meira og minna leyti óuppgerð milli ríkis og sveitarfélaga? Hvernig á það uppgjör að fara fram? Það er ekki orð um það í fjárlagafrv. Menn hafa verið spurðir víðs vegar úr ríkisstjórnarliði. Það hefur hvergi komið fram annað en þetta atriði: Það á að bæta sveitarfélögum upp það að sveitarfélögin taka á sig auknar byrðar.

Það er fyrst í dag sem ég heyri nefnda þá nefnd sem hæstv. fjmrh. minntist á að hæstv. félmrh. mundi tilnefna í þessu efni. Það er röskur mánuður þangað til þessi mikilvæga lagabreyting á að vera komin í gegn. Það eru þrír flokkar sem standa að ríkisstjórninni. Það eru mörg sveitarfélög í þessu landi. Ég er ekki búinn að sjá að það verði hægt að vinna þessi verk svo í lagi væri á jafnskömmum tíma.

Menn spyrja hvort sveitarfélögin geti treyst fulltrúum ríkisins í þessu efni. Sporin hræða vissulega. Því er tæpast hægt að neita. Um svar við þessari meginspurningu er, eins og ég sagði áðan, hvergi stafkrók að finna í þessu frv. Þó að margir vilji gjarnan gleggri skil á milli ríkis og sveitarfélaga verður því tæpast mælt í mót að það hefði átt að standa á annan veg að verki en hér er gert.

Menn spyrja: Hvers vegna er ekki aðlögunartíminn meiri? Hvers vegna var ekki samráð? Hvers vegna var ekki kynning mála? Hvers vegna var ekki málinu þannig fylgt eftir að það væri hægt að búast við betri viðtöku af sveitarfélaganna hálfu? Hefði ekki verið nær að fara að ráði nefndarinnar, sem þó hefur lagt fram stofninn að þessum hugmyndum, og taka sér a.m.k. árs undirbúning til þessara verka? Ætli af hefði veitt? Ég býst ekki við því.

Þá er önnur spurning sem menn eðlilega spyrja. Það er bara hluti málsins. Hvernig á að gera upp það sem unnið er? Hverjir verða hinir auknu tekjustofnar sem jöfnunarsjóði eða sveitarfélögunum verða veittir til þess að takast á við þessi verkefni til nálægrar og fjarlægrar framtíðar? Það kemur hvergi fram. Það var þetta atriði sem mér fannst þó skína í gegn hjá hæstv. fjmrh. að væri eitt af þeim atriðum sem eru á floti varðandi staðgreiðslukerfi skatta. Og við skulum fyllilega gera okkur grein fyrir því að þar hafa ýmsar upplýsingar komið fram sem skipta máli og skipta ekki aðeins máli hér á Alþingi heldur fyrir hvert einasta heimili í landinu.

Í mars sl., þegar þessi umfjöllun fór fram á þinginu, var gert ráð fyrir um 20% tekjubreytingu á milli áranna 1986 og 1987 og skattprósentan bæði til ríkis og sveitarfélaga var við það miðuð í löggjöfinni og hefur víða farið um þjóðfélagið. Þegar verið er að athuga þessi mál núna á síðustu dögum kemur annað í ljós. Tekjubreytingin hefur ekki orðið 20% heldur 37,5%. Öll viðmiðun hefur auðvitað skekkst hvað þetta snertir og 36% heildarálagning þýðir náttúrlega allt annað miðað við þessar aðstæður eða við aðstæðurnar sem gengið var út frá í vor, í marsmánuði. Sem sagt: Það er ekki orð um þetta meginatriði í frv. og það sýnir hve allt þetta mál er á veikum grunni.

Einnig má spyrja og hefði það átt að liggja fyrir í frv.: Hvernig verður stjórn og ákvörðunarrétti háttað varðandi jöfnunarsjóðinn ef hann fær þetta nýja og þýðingarmikla hlutverk? Þannig mætti lengi spyrja.

Þau verkefni, sem hér er um að véla, eru vissulega mikil og margþætt. Þau snerta fjölda fólks í þessu landi og daglegt líf þess og það er vissulega ábyrgðarhluti að kasta höndum til í sambandi við breytingar á jafnviðamiklum og viðkvæmum vettvangi og hér um ræðir. Borgarafl. hvetur eindregið til þess að hér verði gengið fram með aðgát og gætni en ekki í flýti eða flaustri.

Hæstv. forseti. Hér er á ferð frv. til fjárlaga sem ber þau megineinkenni að skattar eru auknir um þúsundir milljóna kr. Engu að síður ætlar hæstv. ríkisstjórn að smokra verkefnum af ríkinu til annarra aðila án nægilegs og eðlilegs undirbúnings. En verst er þó að um þau markmið sem uppi eru virðast stjórnin og stjórnarliðið sjálfum sér sundurþykk í verulegum atriðum.

Borgarafl. lítur svo á að hlutverk sitt í stjórnarandstöðu sé fyrst og fremst að gagnrýna á rökstuddan hátt. Það munu fulltrúar hans gera eftir því sem þeir geta fram komið. Hins vegar eru fulltrúar Borgarafl. reiðubúnir til jákvæðs og eðlilegs samstarfs við fulltrúa ríkisstjórnar og annarra flokka í stjórnarandstöðu til að sníða verstu agnúa af því verki sem meira og minna sýnist vera hálfunnið. Þetta frv. til fjárlaga er greinilega því marki brennt.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þegar litið er yfir fjárlagafrv. sem hér er til umræðu blasir við í reynd stefna hæstv. ríkisstjórnar, sú stefna sem hún hyggst fylgja með stjórn á rekstri og framkvæmdum þjóðarbúsins. Og hvaða tíðindi birtir þetta lagafrv. fólkinu í landinu? Hver verða áhrif þess á líf og kjör þjóðarinnar í náinni framtíð? Hvaða afleiðingar hafa ákvarðanir þess á þá sem standa höllum fæti, aldrað fólk, öryrkja og sjúka? Hvernig kemur það við konur þessa lands og börnin okkar?

Við hljótum einnig að spyrja hvaða áhrif það hafi þegar til lengri tíma er litið því í því felast ákvarðanir um aðgerðir sem óhjákvæmilega hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir byggðarlög um land allt og margir bera kvíðboga fyrir. Hæstv. ríkisstjórn hefur það að grundvallarmarkmiði að afgreiða hallalaus fjárlög. Margir hafa uppi efasemdir um að því takmarki verði náð. En við hljótum þó fyrst og fremst að íhuga hvernig hún hyggst ná þessum ásetningi, hvaða leiðir hún velur að markinu.

Meginmarkmið þessa fjárlagafrv. er að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári svo sem segir í inngangi grg. með frv. Til þess þarf að sjálfsögðu stóraukna tekjuöflun og sparnað og hagræðingu í ríkisrekstrinum. Víða er reyndar talað um sparnað í fjárlagafrv. og hefur það oft heyrst áður hjá ýmsum ríkisstjórnum, en það á greinilega ekki að spara alls

staðar. Sums staðar á meira að segja að eyða og eyða drjúgum.

Þegar þetta frv. er borið saman við fjárlög yfirstandandi árs kemur í ljós að kostnaður vegna aðalskrifstofa ráðuneytanna hefur aukist stórlega og á næsta ári eiga þær að fá um 160 millj. kr. hærri framlög til yfirstjórnar en þær þyrftu til að fylgja verðlagsbreytingum. Kannski væri ekki þörf á að ganga eins hart að almenningi með skattheimtu og ætlað er ef stjórnvöld sjálf sýndu það aðhald og þá sparsemi sem þau ætla öðrum.

Kvennalistakonur ganga ekki að því gruflandi að afla þarf tekna til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum og rekstri og hafa margsinnis talað um nauðsyn þess að endurskoða og endurskipuleggja allt tekjuöflunarkerfi ríkisins. Okkur er hins vegar hreint ekki sama um hvernig að því er staðið. Og eins og þegar hefur komið fram í ályktunum Kvennalistans, í greinaskrifum og í umræðum á hv. Alþingi erum við langt frá því sáttar við þá stefnu sem núv. ríkisstjórn fylgir í þeim efnum. Yfirbragð þeirrar stefnu sést í þessu fjárlagafrv., yfirbragð harðneskju og ranglætis auk þess sem útfærslur eru óljósar svo að erfitt er að átta sig á hvort forsendur muni standast tímans tönn. En undarlegast er þó ósamræmið milli markmiða ríkisstjórnarinnar og gerða hennar þar sem eitt meginmarkmiðið er að draga úr verðbólgu, en flestar þær aðgerðir sem hún grípur til eru í raun verðbólguhvetjandi. Það er ljóst að ef ríkisstjórnin missir verðbólguna úr böndunum er bakbeinið brostið í allri hennar stefnu og þá er þetta fjárlagafrv. ónýtt plagg.

Hæstv. fjmrh. boðar nótt sem nýtan dag einfaldara, skilvirkara og réttlátara skattakerfi. Fyrstu aðgerðir hans í þá átt gengu svo sannarlega þvert á þá stefnu þar sem hann lagði 10% söluskatt á flestar matvörur, þyngdi með því framfærslu heimilanna og þá allra mest lágtekjufólks og gerði alla afgreiðslu flókna og óskilvirka þar sem reikna þurfti verð með þrenns konar hætti. Áfram vill hæstv. fjmrh. halda á þeirri braut að skattleggja nauðþurftir almennings og í næstu lotu yrði vissulega um nokkra einföldun að ræða því að þá yrðu engar matvörur undanþegnar söluskatti og þarf ekki að fjölyrða um áhrif þeirrar aðgerðar á afkomu heimilanna.

Enn skal ítrekað að ríkisstjórnin vinnur gegn eigin markmiðum með þessari stefnu sinni. Með hækkun neysluskatta eykur hún framfærslukostnað töluvert nú og enn meira um áramót þegar samræma á allan söluskatt. Frestun er frestun en ekki niðurfelling.

Ef taka á hliðsjón af boðuðum virðisaukaskatti og í ljósi fyrri kynningar á honum má ætla að það ágæta fólk í ríkisstjórninni ætli almenningi í landinu að greiða a.m.k. 20% söluskatt af matvörum sem og annarri vöru og þjónustu. Þetta þrengir mjög kost launafólks og hjá því fólki sem rétt hefur til hnífs og skeiðar er þetta margföldun á skattbyrði. Það er óþolandi valdníðsla að refsa fólki svo í fátækt sinni.

Sú stórkostlega hækkun framfærsluvísitölu sem af þessu leiðir herðir verulega á verðbólgu, keyrir upp skuldabyrði vísitölutryggðra lána og raskar öllum forsendum kjarasamninga sem og forsendum þessa frv. Þannig vegur þessi ríkisstjórn með svokallaða jafnaðarmenn innanborðs að lágtekjufólki í landinu og margfaldar skattgreiðslur hinna tekjulægstu, en útfærir ekkert bæturnar sem eiga að létta byrðar þeirra ef marka má loforð. Hversu hár á persónuafslátturinn að vera og hversu háar verða barnabæturnar og barnabótaaukinn? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bæta öryrkjum og lífeyrisþegum og öðrum, sem einskis njóta í hækkun persónuafsláttar og barnabóta, þessa stórkostlegu skerðingu?

Hér er rétt að minna enn einu sinni á þær leiðir sem Kvennalistinn hefur viljað fara til þess að afla aukinna tekna í ríkissjóð því það er ekki háttur kvennalistakvenna að gagnrýna eingöngu gerðir annarra án þess að benda á aðrar leiðir. Við viljum afla teknanna þar sem þær eru mestar fyrir. Við viljum skattleggja vaxtatekjur, hækka skatta á stóreignir, skattleggja hæstu tekjur umfram aðrar og sækja fé til fyrirtækja, einkum í verslun og viðskiptum, sem greiða óeðlilega lítið til samfélagsins. Og framar öllu viljum við gera stórátak til að ná inn umtalsverðum hluta af þeim 4–6 milljörðum sem skotið er fram hjá skatti og stýrt beint inn í einkaneyslu og fjárfestingu. Þetta síðasttalda hefur verið áhugamál Alþfl. um árabil, en þess sér lítinn stað að fulltrúi hans í stól fjmrh. ætli sér stóran hlut í þeim efnum á næstunni.

En áður en ég skil alveg við söluskattinn í þessari umfjöllun skal þess getið að kvennalistakonur voru sammála því að álagningu hans þyrfti að endurskoða og grisja undanþáguskóginn. En það hefur aldrei komið til minnstu álita hjá okkur að fella niður undanþágur frá söluskatti á matvælum. Við mótmælum þessari ráðstöfun og skorum á ríkisstjórnina að endurskoða áform sín.

Hvað varðar áætlaðar heildartekjur af söluskatti á frv. til fjárlaga næsta árs virðist þar vera um varlega áætlun að ræða miðað við þær forsendur sem höfundar frv. gefa sér og miðað við þá þenslu sem nú er í þjóðfélaginu. Annars er það eins og margt fleira í þessu frv. býsna opið og óljóst og illa útfært og erfitt að meta hvort niðurstöðutölur muni reynast vera í lagi.

Aðgerðir til að draga úr þenslu, t.d. frestun endurgreiðslu á söluskatti til aðila í sjávarútvegi, höft á útlán og aðgerðir til að þrýsta vöxtum upp, munu koma sér illa fyrir allan almenning og atvinnurekstur í landinu og einstaklega illa víðast hvar utan Reykjavíkursvæðisins þar sem þenslan kom ekki og vandamálin vegna hennar þar af leiðandi ekki heldur. Þegar best lét ríkti jafnvægi á nokkrum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins, en annars staðar var fremur um samdrátt en þenslu að ræða.

Þessar aðgerðir eru þeim mun alvarlegri í ljósi þess að dollarinn er orðinn mjög lágur og mun trúlega lækka enn. Tekjuhorfur fara því versnandi á sama tíma og líkur eru á hækkun olíuverðs og samdrætti á sjávarafla. Tekjur í sjávarútvegi lækka en

kostnaður hækkar um leið og lán til að fleyta sér yfir erfiðleika verða með hækkuðum vöxtum og þar með sífellt dýrari. Ríkisstjórnin þarf að vara sig. Hún er á rangri leið. Of harkalegar aðgerðir af þessu tagi búa til ný vandamál, jafnvel kreppu.

Ýmis teikn eru á lofti á erlendum hlutabréfamörkuðum. Verð hlutabréfa hefur fallið svo að nálgast hrun. Helstu ástæður þessa eru taldar vera halli á fjárlögum Bandaríkjanna ásamt óeðlilega háum vöxtum. Iðnríki heims vinna nú markvisst að því að lækka vexti og telja atvinnulíf og afkomu þjóða sinna undir því komið. Á sama tíma finnur íslenska ríkisstjórnin sig til þess knúna að þvinga fram hækkun á vöxtum með því m.a. að draga úr framboði lánsfjár hjá bönkum, hækka vexti á ríkisskuldabréfum og beina fé að innlenda markaðnum til útlanda svo að fátt eitt sé nefnt. Áhrif óeðlilega hárra vaxta eru söm hér sem annars staðar í heiminum. Það dregur úr vilja fjármagnseigenda til að ávaxta fé sitt í áhætturekstri og dregur einnig úr mætti fyrirtækja til að fara í arðbærar framkvæmdir. Háir vextir hindra því margs konar nýjungar í atvinnurekstri og draga úr möguleikum á hagvexti.

Það verður að teljast fremur vafasöm aðgerð að beina íslensku sparifé til útlanda. Við höfum fulla þörf fyrir það hérlendis. Peningar þessir kunna að glatast að einhverju leyti vegna áhættu, gengisþróunar eða annarra óhagstæðra skilyrða. Við höfum enga tryggingu fyrir því að þeir skili sér nokkurn tíma til landsins aftur. Hér vantar útfærslurnar eins og með svo margt annað í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Ein mikilvægasta ákvörðunin sem í frv. felst er fyrirhuguð breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Kvennalistinn hefur í stefnuskrá sinni lagt áherslu á nauðsyn þess að sveitarfélög séu sem sjálfstæðust og að efla beri getu þeirra til að ráða sjálf sínum málum. Hins vegar teljum við að langt sé frá að þessi breyting hafi verið nægilega undirbúin og margir þættir séu enn algerlega í lausu lofti hvað varðar framkvæmd þessa máls. Þegar á næsta ári er sveitarfélögum ætlað að fá í sinn verkahring að sjá um tónlistarfræðslu, byggingu dagheimila, heimaþjónustu aldraðra, þau taki við landshöfnum og rekstri þeirra og fleiri verkefni eru þeim ætluð. Talið er að þessi verkefnatilfærsla valdi sveitarfélögunum um 200 millj. kr. útgjöldum. Sú tala er hvergi útfærð og þótt leitað hafi verið eftir forsendum og rökstuðningi hafa engin svör fengist og ég hef efasemdir um að þessi tala standist. Mér þykir líklegt að hún reynist hærri.

Til þess svo að mæta auknum útgjöldum sveitarfélaganna á að koma framlag úr jöfnunarsjóði. Umfjöllun frv. á málefnum jöfnunarsjóðs er nú reyndar meiri háttar heilaleikfimi. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta, að „lögbundnar tekjur sjóðsins ættu að vera 1 milljarður 655 millj. kr. Um nokkurt árabil hafa tekjur sjóðsins verið skertar. Væri sama skerðing í gildi 1988 og er 1987 næmu tekjur hans 1 milljarði 135 millj. kr. samanborið við 984 millj. kr. skv. endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987. Í þessu frv. er við það miðað að til sjóðsins renni alls 1 milljarður 485 millj. kr. á árinu 1988, en það er 350 millj. kr. hærri upphæð en tekjur sjóðsins yrðu, væru þær skertar á sama hátt og í ár."

Ég bendi hv. þm. á að lesa vendilega þennan kafla. Það þarf að lesa hann oftar en einu sinni til að ná þeim þankagangi sem þarf til að setja tiltölulega einfalt efni fram á svona máta. Málið er, að væru tekjur sjóðsins eins og lög mæla fyrir væru þær 1 milljarður 655 millj. en verða 1 milljarður 485 millj. Skerðingin er 170 millj. með einföldum orðum. Orðalagið í allri þessari umfjöllun frv. er eins og ríkisvaldið ætlist til auðmjúks þakklætis fyrir að hafa þó ekki seilst dýpra í þessa gullkistu sem það hefur gengið ótæpilega í undanfarin ár. Enn fremur segir að endurskoða skuli tekjuöflun sjóðsins og hlutverk, en ekki er nánar tilgreint í hvaða augnamiði. Einnig er þess getið að fyrirhugað sé að tekjur sveitarfélaga verði auknar á annan hátt og vísað til breytinga sem unnið sé að á tekjuöflunarkerfi ríkis og sveitarfélaga og ákvarðana um álagningarhlutfall sveitarfélaga í staðgreiðslukerfi skatta ef svigrúm verði fyrir hendi. Jafnframt er sagt að ekki sé ljóst hvert þetta álagningarhlutfall þarf að vera til að afkoma sveitarfélaganna sé tryggð.

Það er deginum ljósara að við þessa mikilvægu breytingu eru allt of margir óvissuþættir. Raunar er allt í óvissu, auk þess sem margvíslegar lagabreytingar verður að gera til þess að koma þessari skipan á. Þar sem ekkert bólar enn á frv. í þá veru frá hæstv. ríkisstjórn óttast ég að tíminn verði naumur til afgreiðslu þeirra mála sem verða að liggja ljós fyrir áður en fjárlög verða afgreidd.

Kvennalistinn leggur áherslu á að ekki er hægt annað en átelja þau vinnubrögð sem koma fram í þessum kafla. Það er tæpast réttlætanlegt að leggja mál fram á þennan hátt. Verkefnunum er kastað til sveitarfélaganna og sagt: Hérna, gjörið þið svo vel. Og svo verðið þið látin fá eitthvað til að standa undir þessu.

Ekkert liggur fyrir í frv. um skuldaskil ríkis og sveitarfélaga. Þó er bágt að sjá hvernig hægt er að ganga fram hjá þessum lið við fjárlagagerð. Óvissan um afdrif þessara mála hlýtur að vera sveitarstjórnum verulegt áhyggjuefni og raunar öllum landslýð. Ég nefni hér aðeins einn lið um þau skil. Það er bygging dagvistarheimila. Kvennalistakonur hafa fregnir af að óskir menntmrn. um fé til þessa liðar hafi verið um 200 millj. Staðreynd er að ríkið er svo langt á eftir með sitt framlag að 83 millj. þarf á næsta ári til þess eins að greiða það sem gjaldfallið er. Og menn skyldu athuga að þá er ég ekki að tala um endanlegt uppgjör því sú regla er í gildi að ríkið greiði sinn hlut á fjórum árum. Verði svo fé skorið við nögl til þeirrar þjónustu og fræðslu sem sveitarfélögunum er ætlað að veita börnum og unglingum, svo sem dagvistunar- og tónlistarfræðslu, sé ég afleiðingarnar fyrir. Þjónustan hlýtur að koðna niður, einkum í

smærri sveitarfélögunum. Það er liður í byggðastefnu og sá sem ekki er minnst undir komið að fólk fái sem besta félagslega og menningarlega þjónustu. Sé ekki hlúð að þeim þáttum gefst fólk upp og flýr þangað sem betur er búið að börnunum. Það fer suður.

Virðulegi forseti. Nýrra viðhorfa gætir nú í heilbrigðismálum og þau ryðja sér til rúms, a.m.k. meðal þróaðra þjóða. Þessi viðhorf leggja áherslu á heilsugæslu og heilsuvernd. Kjörorð þeirra er: Betra er heilt en vel gróið. Íslendingar verja eins og velflestar hinar efnaðri þjóða heimsins miklu fjármagni til að viðhalda og fullkomna stöðugt flóknara kerfi tæknivæddrar heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer hefur það oft leitt til þess að hægt er að greina og jafnvel lækna æ fleiri sjúkdóma.

Stofnunum heilbrigðisþjónustunnar hefur fjölgað og þær stækkað, starfslið aukist og kostnaður margfaldast. Heilbrigðisþjónusta er hjá velflestum velferðarþjóðfélögum orðin stjórnvöldum vaxandi áhyggjuefni vegna kostnaðar. Ef miðað er við hlutfall þjóðarframleiðslu hefur þessi kostnaður hækkað hérlendis úr 3% árið 1950 í rúm 8% árið 1982. Þó að þetta hlutfall hafi verið um 10% sl. 3–4 ár er þó ekki um að ræða raunhækkun frá árinu 1982 heldur hækkun sem verður fyrst og fremst vegna minni þjóðarframleiðslu. Hlutfall kostnaðar vegna reksturs sjúkrahúsa hefur farið hækkandi frá 37% árið 1953 í 52% á árinu 1980.

Einungis lítið brot af meginfjármagni heilbrigðisþjónustunnar rennur til forvarna. Flestir mundu þó samþykkja held ég að í forvörnum liggur vænlegasti fjárfestingarkostur framtíðarinnar. Dægurþras stjórnmálanna glepur mörgum sýn og annríki. Það og einnig viðleitni manna til að halda þar sessi sínum leiða oft til skammtímalausna en langtímasjónarmiðin verða út undan. Langtímastefnumörkun í heilbrigðismálum hefur sárlega skort hérlendis. Ástæða er því til að fagna aðild Íslendinga að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum sem fylgi meginstefnu þeirrar stofnunar um heilbrigði fyrir alla árið 2000.

Í lok síðasta þings var lögð fram á Alþingi skýrsla um íslenska heilbrigðisáætlun. Hún lýsir fyrirætlunum heilbrigðisyfirvalda í þessu samvinnuverkefni og markar jafnframt stefnu í heilbrigðismálum hérlendis til langs tíma. Þessi skýrsla var þó ekki rædd, en mun áður en langt um líður lögð fyrir þetta þing. Í skýrslunni er lögð megináhersla á forvarnir í formi heilsugæslu, heilbrigðra lífshátta og heilbrigðiseftirlits. Í henni er sérstaklega tekið fram, með leyfi virðulegs forseta: „Árlega verði á Alþingi lögð fram stefnumörkun í heilbrigðismálum í tengslum við fjárlagafrumvarpið.“

En hvernig blasir svo þetta við í þeim fjárlögum sem hér eru til umfjöllunar? Hvar er að finna slíka stefnumótun í anda forvarna og heilsuverndar? Áfengisvarnaráð er skorið niður við trog og sama má segja um manneldisráð. Báðar eru þessar stofnanir mikilvægar á sviði forvarna. Og hvernig skýrir hæstv. ráðherra slíka forgangsröðun? Hvað með forvarnarstofnun þá sem hæstv. heilbrmrh. hefur sagt að hann muni koma á laggirnar? Hvar er að finna fjárveitingu til hennar?

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði fyrirspurn í þinginu í gær um framkvæmd þeirrar þáltill. um kynfræðslu sem Kvennalistinn flutti og fékk samþykkta á síðasta þingi. Hæstv. heilbrmrh. hafði engu við þær tölur að bæta sem birtust í fjárlagafrv., en þar hækkar framlag vegna laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr. 25/1975 úr 862 þús. kr. í rúma 1 millj. Þetta fé nægir hvergi til að efla þá kynfræðslu sem nauðsynleg er og ætti að vera hluti af grunnskóla- og framhaldsskólanámi barna og unglinga sem undirbúningur undir lífið.

Nei, virðulegi forseti, það örlar ekki á stefnumótun í anda forvarna við gerð þessara fjárlaga. Og ég hlýt að lýsa undrun minni og áhyggjum vegna slíkrar forgangsröðunar. Eitt er að hafa stefnu og annað að framfylgja henni. Fé til forvarna hefur sárlega vantað og þessu á nú að halda áfram. Ég hlýt að minna hæstv. ráðherra á að það er brýnt að tryggja nægilegt fjármagn til ýmissa forvarnaraðgerða svo að meiri áhersla verði í raun lögð á að varðveita heilbrigði. Einungis þannig er hægt að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu sem lækning og meðferð sjúkdóma óhjákvæmilega er. Slík ráðstöfun er ekki einungis sjálfsögð og skynsamleg frá heilbrigðissjónarmiði. Hún er einnig mjög hagkvæm frá fjárhagslegu sjónarmiði, einkum þegar til lengri tíma er litið.

Ég vil minnast á nokkra þætti frv. um landbúnað og iðnað. Í frv. er framlag til ráðunautaþjónustu landbúnaðarins lækkað og framlag til sex tilraunastöðva fellt niður. Ég veit eiginlega ekki hvaða orð á að hafa um þvílíkar ráðstafanir nú þegar heföbundinn búskapur bænda á í þeim þrengingum sem allir þekkja og þeim er lífsnauðsyn að snúa sér í auknum mæli að nýjum búgreinum. Aldrei hefur þeim verið meiri þörf á styrkri ráðgjafarþjónustu byggðri á vandaðri rannsóknastarfsemi. Ég nefni dæmi þessu til áréttingar. Ég minni á að í tilraunastöðinni á Möðruvöllum er m.a. unnið að rannsókn á frostþoli trjátegunda. Bændur eru hvattir til skógræktar og á sama tíma á að leggja þessa starfsemi niður. Það er ekki út í bláinn að gaumgæfa hvaða trjátegundir henta best íslenskri veðráttu því mistök eru dýr í þessari grein sem öðrum. Í tilraunastöðinni á Skriðuklaustri fara fram tilraunir með margvíslegan nytjagróður og ekki ætti að þurfa að minna á hve innlend fóðuröflun er mikilvæg og sparar rándýran innflutning. Sl. sumar var kornuppskera á Fljótsdalshéraði meiri á hektara en á Jótlandi og tilraunir á Skriðuklaustri benda til þess að kornuppskera muni vera árviss á svæðum austanlands og geti orðið bændum þar mikilvæg búgrein. Fleira er þar í rannsókn sem mun reynast til búbóta fyrir bændur og styrktar er þeir sæta skerðingu á þeim greinum sem þeir hafa áður búið við.

Þeim til upplýsingar sem e.t.v. ekki átta sig á hve mikilvæg þessi dreifða rannsóknarstarfsemi er vil ég segja þetta: Það er hreint ekki sama hvar á landinu ræktunar- og gróðrartilraunir fara fram því veður er mismunandi eftir landsvæðum. Þær jurtir sem gefa góða raun á Faxaflóasvæðinu þrífast e.t.v. ekki eins vel í öðrum landshlutum og öfugt. Þetta þarf að hafa í huga m.a. þegar niðurskurðarsveðjunni er brugðið.

Bændur hafa oft á liðnum öldum þurft að sæta þungum búsifjum af völdum veðurfars og náttúruafla, en nú á síðustu árum hafa þeir búið við harðindi af mannavöldum. Þeim er borið á brýn, svo ég fari með nokkrar tilvitnanir, með leyfi virðulegs forseta, að þeir séu „dragbítar á hagvexti þjóðarinnar", „þéttbýlið verður að borga með þessum hræðum í dreifbýlinu", þeir eru „sníkjudýr á meiði atvinnulífsins" og „gróðureyðing landsins er af þeirra völdum".

Ég hygg að aldrei í sögu okkar hafi verið unnið jafnmarkvisst að því að brjóta niður sjálfsvirðingu heillar stéttar þjóðfélagsins og gert hefur verið í garð bænda í blöðum og umræðum á síðustu árum. Því gladdist ég er ég las eftirfarandi málsgrein í starfslýsingu hæstv. ríkisstjórnar, með leyfi virðulegs forseta: „Menntun, starfsfræðsla og rannsóknir í landbúnaði verði efldar og jafnframt verði unnið skipulega að fjölgun nýrra starfa í sveitum landsins." — Er fjárlagafrv. ekki eitthvað á skjön við þessi fyrirheit?

Þegar rætt er um fjölgun nýrra starfa í dreifbýli er ekki úr vegi að drepa á annað mál og ég vil þá vitna til viðtals við forstjóra Iðntæknistofnunar sem birtist í dagblaðinu Degi á Akureyri fyrir nokkru. Hann lýsti þar óánægju sinni með þá meðferð sem Iðntæknistofnun hefur fengið í fjárlagafrv. og segir síðan, með leyfi virðulegs forseta:

„Iðntæknistofnun fékk á síðasta ári tæplega 54 millj. kr. framlag frá ríkinu. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að við fáum nú 64 millj. á næsta ári. Hækkunin er 19%. Verðbólga á þessu tímabili er hins vegar áætluð um 30% og þarna er að ræða um 10% samdrátt."

Aðspurður hvaða áhrif þetta hafi á starfsemi stofnunarinnar segir Páll: „Þetta þýðir fyrst og fremst það að við munum ekki geta sinnt þörfum lítilla fyrirtækja eins og við höfum gert hingað til. Við höfum verið reiðubúnir til að lækka taxta okkar verulega þegar við höfum unnið fyrir lítil fyrirtæki og til að mynda sleppa ferða- og uppihaldskostnaði starfsmanna okkar þegar þeir hafa unnið úti á landi. Til þess að standa undir þessu höfum við notað ríkisframlagið. Núna höfum við minna svigrúm til þessa og munum þurfa að gera auknar kröfur um sértekjur deildanna. Þetta hefur því í för með sér þá þróun, sem þegar er hafin, að við munum í vaxandi mæli sinna stórum fyrirtækjum og niðurskurðurinn bitnar verst á litlum fyrirtækjum á landsbyggðinni."

Til viðbótar þessu má geta þess að framlög til iðnráðgjafar eru alveg skorin af. Þessi ráðgjöf, sem verið hefur á vegum iðnþróunarfélaganna, hefur reynst landsbyggðinni ómetanleg. Fyrir tilstyrk hennar hafa risið upp fyrirtæki stærri og smærri á landsbyggðinni. Þar hafa skapast ný og fjölbreyttari störf, ekki síst fyrir konur. En einhæfni atvinnulífsins í dreifbýlinu kemur ekki síst fram í því um hve fábreytileg störf er þar að ræða fyrir konur og því var þessi þróun, sem ég hef lýst, til mikilla bóta. Það er illt til þess að vita að steinn sé lagður í götu atvinnuþróunar á þennan hátt, að því er virðist gegn yfirlýstri stefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Hv. þm. er væntanlega flestum kunnugt um hvern hug kvennalistakonur bera til þess sjóðs sem að þeirra dómi er eitt helsta skjól jafnréttis hér á landi, skjól sem við teljum okkur skylt að verja. Það er ekki spurning í okkar huga að Lánasjóður ísl. námsmanna á sinn stóra þátt í mikilli fjölgun kvenna í langskólanámi síðustu ár.

Allt síðasta kjörtímabil átti sjóðurinn í vök að verjast fyrir skammsýnum ráðherrum sem sáu ofsjónum yfir þeim framlögum sem sjóðurinn þarfnast *til að geta staðið við lög. Við afgreiðslu fjárlaga á* hverju ári hefur Kvennalistinn gert tillögur um að rétta hag sjóðsins, en mesta ólán hans er að honum hefur verið gert að taka stórfelld lán til að fjármagna útlán sín til námsmanna. Er nú svo komið að afborganir og vextir af teknum lánum nema nær 300 millj. á þessu ári og eru áætlaðar 567 millj. á næsta ári og sjá allir hversu heimskulega hér hefur verið staðið *að verki.*

Gegn þessari stefnu hafa kvennalistakonur talað á hverju einasta ári og við síðustu fjárlagagerð lagði Kvennalistinn til að beint framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna yrði hækkað um 200 millj., en lántökuheimild hans lækkuð á móti um 200 millj. Stjórnarliðar felldu þessar tillögur, en nú hefur hæstv. fjmrh. breytt stefnunni að þessu leyti og ber að meta það. Beint framlag ríkissjóðs er nú aukið um 59% frá þessu ári, en lántökuheimildin lækkuð nokkuð á móti þó vissulega sé um háa upphæð að ræða eða um 690 millj. kr.

Hitt er svo aftur vafamál hvort það ráðstöfunarfé sem sjóðnum er ætlað dugir til að mæta þörfinni fyrir námslán á næsta ári. Fulltrúar lánasjóðsins hafa enn ekki komið á fund fjvn. til að kynna sínar áætlanir, en að mínu mati er a.m.k. ljóst að miðað við tölur fjárlagafrv. hafa ráðherrar menntamála og fjármála engar áætlanir um að leiðrétta framfærslugrunninn sem námslánin eru nú miðuð við. Samkvæmt lögum eiga námslán að nægja til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði og eru nú byggð á margra ára gömlu framfærslumati sem á lítið skylt við raunveruleikann. Auk þess eru námslán nú aðeins um 80% af því sem eðlilegt væri miðað við þennan framfærslugrunn vegna þess að fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson frysti allar lánsupphæðir frá hausti 1985 til vors 1986 og hafa námsmenn ekki enn fengið leiðrétta þá skerðingu á framfærslugrunninum sem sú ráðstöfun hafði í för með sér. Þetta hefur komið mörgum námsmönnum

afar illa og fáist ekki leiðrétting þessara mála getur orðið um alvarlegar afleiðingar að ræða. Meira segi ég ekki um lánasjóðinn að sinni, en það má búast við að málefni hans verði oftar til umræðu á þessum stað ef að vanda lætur.

Við kvennalistakonur erum ánægðar með að menningarmál skipa hærri sess í ár en undanfarið og hafa nú náð um það bil sömu stöðu og var fyrir nokkrum árum. Þó finnst okkur ekki nóg að gert og við bendum á að það eru helst stofnanir sem hafa fengið sinn hlut réttan og veitti ekki af, en litlar áherslubreytingar er að finna í útdeilingu fjárins og grasrótin og landsbyggðin bera skarðan hlut frá borði. Ekki líst okkur á að setja söluskatt á menningarstarfsemi og torvelda þannig aðgang almennings að menningarviðburðum.

Öflug byggðastefna byggist á fleiru en atvinnu og efnahag. Ekki síður er hún fólgin í því að búa vel að félags-, mennta- og menningarmálum og því lýsum við okkur mótfallnar því að flytja rekstur tónlistarskóla og félagsheimila yfir á sveitarfélög. Reynslan sýnir að menningar- og félagsmál sitja gjarnan á hakanum þegar peningum er deilt á verkefni og því er hætta á að sveitarfélög, sérstaklega þau smærri, muni ekki sinna þessum „óarðbæru" verkefnum sem skyldi.

Það er betur gert við Háskóla Íslands en oft áður þó að lengi megi gera betur, en framlög til þessarar stofnunar hafa verið til skammar undanfarin ár. Ég lýsi ánægju með stofnun háskóla á Akureyri og get þess í leiðinni að þegar öldungadeild var stofnuð á Akureyri fyrir nokkrum árum var meiri hluti nemenda konur og hefur það hlutfall haldist síðan. Það er trú mín að líkt muni verða um háskólann þar, að hann muni ekki síst sækja konur sem fá þá tækifæri til að svala námslöngun sinni nær heimaslóðum.

Öruggt húsnæði hefur löngum verið talin ein helsta undirstaða velferðarþjóðfélags. Félagslegt húsnæði ætti þó að hafa forgang og reyndar sér þess aðeins stað í frv. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna hækkar milli ára og er það vel. En þegar litið er á framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins kemur í ljós að það hefur aðeins hækkað um 15% meðan hækkun til framkvæmda á næsta ári er áætluð 23%. Verulegur hluti af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar er fenginn að láni hjá lífeyrissjóðum landsmanna. Féð er síðan lánað til húsbyggjenda og kaupenda sem greiða lægri vexti, sem þó eru í hæsta lagi, en þeir vextir eru sem lífeyrissjóðirnir fá. Það er eðlilegt að ríkisvaldið komi til móts við fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið í formi niðurgreiddra vaxta og skattaívilnana. Hins vegar er óeðlilegt að ekki er gert ráð fyrir því í frv. að ríkið greiði þennan vaxtamun heldur er gengið á höfuðstólinn. Það þarf ekkert sérstakt fjármálavit til að sjá að þetta hlýtur að leiða til gjaldþrots og hér er ekki litið til framtíðar.

Virðulegi forseti. Enn eru fjölmargir liðir í frv. sem ástæða væri til að fjalla um, liðir sem kvennalistakonur hafa borið sérstaklega fyrir brjósti og ítrekað reynt að færa til betri vegar og hefur því miður ekki allt batnað í höndum hæstv. fjmrh. Má þar nefna fjárveitingu til Þróunarsamvinnustofnunar sem lækkuð er í frv. úr 30 millj. í 20 millj. kr. án nokkurrar skýringar. Þá má geta um árvissan niðurskurð á lögbundnu framlagi til ferðamála og fleiri liði af því tagi. Af ljósum punktum má hins vegar nefna að málefni fatlaðra fá betri útreið en á síðustu árum og var varla von til annars með Jóhönnu Sigurðardóttur í félmrn.

En hér verður látið staðar numið, enda eftir að fjalla um þetta allt í fjvn. á næstu vikum. Þó vil ég ekki ljúka svo máli mínu að minnast ekki á það sérstaklega hvernig þetta frv. horfir við konum þessa lands. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar eru mörg orð og fögur um að vinna að jafnrétti með sérstakri áherslu á launajafnrétti kynjanna. Hvar sér þess stað í frv.? Við kvennalistakonur hefðum viljað sjá á fjárlögum næsta árs sérstakt framlag sem varið skyldi til að hækka laun kvenna í þjónustu ríkisins. Þannig hefði ríkisstjórnin getað sett öðrum fordæmi. E.t.v. ætlar hæstv. ríkisstjórn sér að ná þessu markmiði með áróðri sem skili sér í hugarfarsbreytingu þjóðarinnar. Að okkar mati þarf hún þó fyrst að breyta eigin hugarfari.

Virðulegi forseti. Einföldun, réttlæti og skilvirkni eru nokkurs konar einkunnarorð hæstv. fjmrh. við gerð þessa frv. Við skulum hafa það í huga að einföldun er sjaldan réttlát og skilvirknin sýnist mér að komi helst fram í því hve hratt pyngjur alls þorra launafólks munu tæmast á komandi ári.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Í frv. því til fjárlaga sem hér er til 1. umr. eru svo sem oft áður ýmis stefnumarkandi nýmæli. Þrátt fyrir þetta er höfuðeinkenni þessa frv. þó að það er með rekstrarjöfnuði. Augljóst er að þessi meginniðurstaða fjárlagafrv. er jafnframt veigamikill þáttur í efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þá er einnig ljóst að um þessi meginmarkmið ættu flestir að geta verið sammála. Um það hvernig þau eru útfærð í einstökum atriðum er hins vegar eðlilegt geti verið skiptar skoðanir.

Hæstv. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð eftir nokkuð langan aðdraganda. Þá hafði staðið tímabil lítilla ákvarðana í stjórn landsins svo sem jafnan verður á meðan beðið er nýrrar ríkisstjórnar. Á þessu tímaskeiði höfðu komið í ljós ýmis hættumerki í íslensku efnahagslífi og hæstv. fjmrh. rakti í ræðu sinni í dag versnandi horfur í íslenskum þjóðarbúskap sem fram hefðu komið í áætlunum í maímánuði. Umsvif og fjárfesting fóru mjög vaxandi, einkum í þjónustu- og viðskiptagreinum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og ollu þenslu. Yfirborganir voru tíðar, ekki síst í byggingariðnaði, og launaskrið í opinberum rekstri. Ný verðbólgusveifla var yfirvofandi ásamt vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis. Að sumu leyti var hér um að ræða afleiðingar góðærisins, en að hinu leytinu meira inn-

streymi erlends lánsfjár var til landsins en góðu hófi gegndi.

Við þessum horfum brást hæstv. ríkisstjórn með ýmsum ráðstöfunum í efnahags- og peningamálum. Hún hefur lagt áherslu á að undirstaða hagsældar sé jafnvægi í efnahagsmálum og öflugt atvinnulíf. Hún hefur kynnt þá stefnu sína að halda gengi íslensku krónunnar stöðugu, veita verðbólgu öflugt viðnám og stefna að hallalausum viðskiptum við útlönd og þar með lækkun erlendra skulda. Öllum landsmönnum er mikilvægt að þessi markmið náist. Það er jafnframt augljóst að meginniðurstaða fjárlagafrv. um hallalausan ríkisbúskap er þýðingarmikill þáttur í því að þessi stefna geti orðið að veruleika. Enn fremur að hófsemi verði gætt við lántökuáform hins opinbera, einkum erlendar lántökur skv. lánsfjárlögum. Að þessu leyti geta fjárlög og lánsfjárlög verið áhrifamikið stjórntæki í efnahagsþróun landsmanna. Afgreiðsla þessara lagabálka á hinu háa Alþingi er því að sjálfsögðu stórmál ekki síður nú en endranær.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að halli á ríkissjóði er verulegur á þessu ári. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár fyrir tæpu ári var gert ráð fyrir að halli á fjárlögum ríkisins yrði 2,8 milljarðar kr. Nú er búist við að þessi halli verði um 2,1 milljarður. Mér þykir rétt að rifja upp hverjar eru veigamestu orsakirnar til þess að þessi halli myndaðist, en að honum var raunar stefnt af fráfarandi ríkisstjórn vitandi vits og þá um leið til að eiga þátt í því að leysa kjarasamninga tvisvar sinnum á árinu 1986, fyrst í febrúarmánuði en síðan í desembermánuði.

Í umræðum við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir tæpu ári, hinn 19. desember, sagði ég m.a. um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þessa fjárlagaafgreiðslu blasir við að tvisvar sinnum á árinu 1986, bæði í febrúarmánuði og í desemberbyrjun, hefur hæstv. ríkisstjórn stuðlað að því að náðst hafa hófsamir kjarasamningar á þann máta að taka miklar byrðar á herðar ríkissjóðs. Jafnframt er ljóst að ekki hefur tekist að ná fram auknum sparnaði eða niðurskurði ríkisútgjalda á móti þessum nýju útgjaldabyrðum og ekki hefur heldur verið horfið að því að afla nýrra tekna. Um leið og kaupmáttur launafólks hefur farið stórum vaxandi, góðæri hefur komið til launafólks í landinu, hefur hæstv. ríkisstjórn stuðlað að þjóðarsátt í landinu við gerð kjarasamninga á þann hátt að það hefur tryggt hagstæða efnahagsþróun, en vandanum hefur verið velt yfir á ríkissjóð. Afleiðingin birtist í halla er fram kemur við afgreiðslu þessa fjárlagafrv."

Fráfarandi ríkisstjórn tók þessar ákvarðanir og stuðningsflokkar hennar til að ná því markmiði að hófsamir kjarasamningar næðust og að tækist það sem kallað var þjóðarsátt í þjóðfélaginu. Þessi þjóðarsátt hafði það m.a. í för með sér að rauntekjur launafólks urðu meiri en jafnvel þá var gert ráð fyrir. Nú er vitað að á einu ári hefur kaupmáttur atvinnutekna hækkað um 16%. Þannig er vissa fyrir því að að meðaltali hefur góðærið skilað sér í rauntekjum til fólksins í landinu, atvinnutekjur þess og kaupmáttur atvinnutekna hafa farið hækkandi meira en nokkru sinni hefur áður gerst. En þetta olli því að taka varð byrðar á ríkissjóð, fyrst í febrúarsamningunum 1986 sem þá var metið að næmu um 1800 millj. kr. á því ári. Meginhlutinn af þessum byrðum gekk síðan aftur til útgjalda hjá ríkissjóði á þessu ári. Í desembersamningunum 1986 var talið að byrðar ríkissjóðs til þess að þeir samningar næðust saman með þeim hætti sem þá gerðist næmu yfir 2 milljörðum kr. Það þótti tilvinnandi til að ná friði á vinnumarkaði og ná þeirri hagsæld til launafólks og þeirri ró í efnahagslífinu sem kjarasamningarnir höfðu í för með sér.

Það þarf því engum að vera undrunarefni þó að þetta hafi haft í för með sér að hallarekstur var á ríkissjóði á þessu ári sem og raunar einnig var á árinu 1986. Þannig var hins vegar ekki hægt að halda áfram. Það er ekki hægt að halda áfram á þann máta að leysa kjarasamninga aftur og aftur, við skulum segja í þriðja eða fjórða sinn, með því að velta milljörðum yfir á herðar ríkissjóðs.

Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur hér lagt fram frv. til fjárlaga sem hefur þau megineinkenni að halli verði ekki á rekstri ríkissjóðs á árinu 1988. Enginn veit hvernig afgreiðslu frv. verður háttað. Að sjálfsögðu mun það taka einhverjum breytingum í meðförum Alþingis, e.t.v. beggja megin, bæði tekna- og gjaldamegin, en allt of snemmt er að spá um niðurstöður þrátt fyrir það að ég telji það afarmikið keppikefli stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstjórnar, raunar þjóðarinnar allrar, að það takist að afgreiða þetta frv. þannig að rekstrarafgangur verði eða a.m.k. sæmilegur jöfnuður.

Um þessar mundir standa kjarasamningar fyrir dyrum. Ég mun að sjálfsögðu ekki orðlengja um það hér hversu mikið er í húfi að þar verði hófsamlega að verki staðið. En bregðist það er hætt við að fastgengisstefna hæstv. ríkisstjórnar hrynji og að verðbólgan taki nýjan fjörkipp. En mér þykir ómaksins vert að draga fram í þessum umræðum hversu laun vega þungt í ríkisrekstri. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að bein launaútgjöld ríkisins á næsta ári verði 20,2 milljarðar kr. eða yfir þriðjungur allra ríkisútgjalda í A-hluta. Ýmsar tilfærslur fylgja alla jafna launum þegar launahækkanir verða, svo sem lífeyristryggingar. Í frv. er gert ráð fyrir að til lífeyristrygginga renni 8,6 milljarðar kr. Ljóst er því að 1% hækkun launa þýðir að bein launaútgjöld ríkisins hækka um 202 millj. kr., ef miðað er við launatölu fjárlagafrv., og jafnframt verður hækkun til lífeyristrygginga um 86 millj. kr. 1% launahækkun í þjóðfélaginu og hjá ríkisstarfsmönnum hefur því samtals áhrif á þessa tvo þætti ríkisútgjaldanna sem nemur 288 millj. kr. Þá eru ótalin önnur rekstrargjöld, ýmsir tilfærsluliðir, stofnkostnaður og viðhald, sem launahækkanir hafa misjafnlega mikil áhrif á. Að sjálfsögðu vaxa einnig tekjur ríkissjóðs á tekjuhlið fjárlaganna við launahækkanir, en eigi að

síður sést af þessu að áhrif launabreytinga á ríkisrekstur inn eru mjög afgerandi og um leið fyrir allt jafnvægi í efnahagslífinu.

Ég tel rétt að segja örfá orð í sambandi við skattamál vegna þess að í umræðunum hér að framan, ekki síst í ræðu hæstv. fjmrh., hefur verið mikið um þau fjallað. Ég mun þó ekki að sinni ræða þær breytingar á skattkerfinu sem gerðar hafa verið í tíð núverandi ríkisstjórnar og ekki heldur um það sem fram undan er í stefnu ríkisstjórnar varðandi skatta og skattkerfi. Ég vil þó að það komi fram, sem raunar er ljóst, að ýmsar hugmyndir hafa komið fram á starfstíma ríkisstjórnarinnar um frekari skattahækkanir en raun hefur orðið á og þær hafa strandað, eins og fram hefur komið, vegna andstöðu Sjálfstfl. Ég lít svo til að við þurfum að fara með mikilli varúð í skattahækkanir. Það haggar þó ekki því að við þurfum að halda áfram því starfi sem hafið var á síðasta kjörtímabili um skattkerfisbreytingar, en eins og vitað er voru þá lögfestar gagngerðar breytingar á skattkerfi með staðgreiðslu skatta.

Ég vil hins vegar minna á, þrátt fyrir það sem ég hef að framan sagt, að skattar eru tiltölulega lágir hér á landi. Þeir eru miklu lægri en í flestum nálægum löndum. Sömu sögu er raunar að segja um opinber útgjöld sem eru í raun réttari mælikvarði en skattar til ríkis og sveitarfélaga. Árið 1983 voru opinber útgjöld ríkis og sveitarfélaga hér á landi 35,2% af landsframleiðslu, en á hinum Norðurlöndunum var þetta hlutfall 50,6% að meðaltali og hæst í Svíþjóð, 61%. Það sjá allir að hér er um gífurlegan mismun að ræða og ég hef ekki fengið upplýsingar sem benda til þess að þessi mismunur hafi breyst verulega síðan 1983.

Auðvitað vilja allir að skattar séu sem lægstir þótt enn mikilvægara sé að þeir komi réttlátlega niður sem ábyggilega er og hefur verið misbrestur á. Það er því nauðsynjaverk, sem hæstv. ríkisstjórn vinnur að, að halda fram því verki, sem hafið var á síðasta kjörtímabili, að endurskoða skattkerfið.

Ég sagði í upphafi máls míns að skoðanir gætu verið skiptar um útfærslu á einstökum atriðum fjárlagafrv. Það er engin nýlunda. Í raun og veru er það jafnan svo. Það er heldur engin nýlunda að fulltrúar stjórnarandstöðu gagnrýni fjárlagafrv. sem raunar hefur verið gert hér. Og það er engin nýlunda að einstakir þm. stjórnarliðs á hverjum tíma vildu gjarnan sjá hærri fjárveitingar í einstökum liðum en fram koma í fjárlagafrv., jafnvel að útfærsla stefnuatriða sé með einhverjum öðrum blæbrigðum en þar kemur fram. Þetta hlýtur jafnan að verða svo.

Hér hefur verið til þess vitnað með réttu í umræðum að einn hæstv. ráðherra hefur haft fyrirvara um flest málefni síns ráðuneytis að því er varðar fjárlagagerð. Um þau mál er nú fjallað af sérstakri nefnd á vegum stjórnarflokkanna. Þetta er vissulega ekki venjuleg málsmeðferð, en við í fjvn. munum hafa náið samráð við þá nefnd sem fjallar um þennan málaflokk þegar sú nefnd er komin lengra í sínu starfi.

Það hefur einnig komið fram að fleiri hæstv. ráðherrar hafa fyrirvara um einstök mál, svo sem afar oft hefur gerst. Tíminn sem líður frá því að fjárlagafrv. fer í prentun og þangað til það er afgreitt er þá notaður til að ná samkomulagi um slík einstök atriði. Þessi mál öll og raunar fjárlagafrv. í heild eru nú til meðferðar hjá hv. Alþingi, hjá fjvn., og þar munu fulltrúar stjórnarflokkanna og e.t.v. nefndin í heild taka ákvarðanir um þær tillögur til breytinga á frv. sem lagðar verða fyrir hv. Alþingi við 2. og 3. umr. Ég á hlut í því starfi sem unnið er af fjvn. og ég mun þar leitast við að ná fram breytingum og eiga hlut að samkomulagi um þær breytingar sem við munum telja nauðsynlegar, en ég mun ekki við 1. umr. málsins gera einstök atriði frv. að umtalsefni.

Breytingar á fjárlagafrv. verða ævinlega nokkrar í meðförum Alþingis og þær hljóta eins og ég hef sagt að byggjast á samkomulagi og samstarfi þeirra flokka *sem að ríkisstjórn standa hverju sinni* og stundum með veigamikilli aðild frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, sem er þó breytilegt eftir aðstæðum. En það væri mjög óviturlegt af hálfu okkar sem þurfum að vinna þetta starf að hefja umræður um einstök slík mál við 1. umr. fjárlaga. A.m.k. mun ég ekki eiga þátt í því, það mun bíða betri tíma.

Að gefnu tilefni í þessum umræðum þykir mér þó rétt að leggja áherslu á eitt atriði, en það varðar tilfærslu nokkurra verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þær tillögur sem fyrir liggja og kynntar eru í fjárlagafrv. þurfa að sjálfsögðu sinn undirbúningstíma. En ég lít svo til að þessum tillögum, þessum hluta tilfærslna til sveitarfélaga a.m.k., hafi yfirleitt verið vel tekið og ég tel að það sé tímabært að stíga skref í þessa átt.

Þrátt fyrir það tel ég nauðsynlegt að tryggilega verði frá því gengið að sú deild, sem reiknað er með að setja á laggir við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með sérstöku fjármagni til sjóðsins, taki að sér að styrkja þau verkefni sem færð verða að þessu sinni yfir til sveitarfélaganna þannig að sveitarfélögin, a.m.k. þau fámennari þeirra, og sum þau verkefni sem ýmsir minni aðilar utan sveitarfélaganna hafa með höndum, svo sem ýmis íþróttafélög sem sótt hafa styrk sinn til Íþróttasjóðs, að þessir aðilar standi ekki lakar eftir en áður. Um þetta verður að móta reglur, sem að vísu er vandaverk. Að þessu starfi er unnið, en ég hlýt að vekja á því athygli að það er tiltölulega skammur tími til stefnu til að vinna þetta verk og ég legg á það áherslu að þessi undirbúningsvinna og niðurstöður hennar liggi fyrir eða séu a.m.k. fyrirsjáanlegar í byrjun næsta mánaðar þannig að ef þetta verk strandaði einhvers staðar og fjvn. þyrfti að taka þessi mál upp yrði hún að hafa til þess svigrúm.

Þessi orð eru hér einungis mælt til viðvörunar og til áherslu, ekki til gagnrýni á málsmeðferð því að verið er að vinna að þessum verkum, heldur aðeins til þess að vekja athygli á því að það þarf að hraða þessu starfi og ég hygg að það sé ekkert ofsagt að

Alþingi vilji vita hvernig að þessum málum verður staðið, hvernig þessi mál verða tryggð, af hálfu þeirrar deildar sem sett verður á fót af Jöfnunarsjóði áður en þau mál eru afgreidd héðan, bæði við afgreiðslu fjárlaga og eins við afgreiðslu einstakra laga sem afgreiða þarf til þess að þessar breytingar nái fram að ganga.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Framsfl. stendur að þessu fjárlagafrv. með venjubundnum hætti utan þess fyrirvara sem hæstv. landbrh. lagði fram á sínum tíma. Ég tel ástæðu til að taka þetta fram í upphafi míns máls. Við munum að sjálfsögðu vinna að mótun þess í fjvn. og hér á Alþingi af fullum heilindum, en ljóst er, ekki síst eftir að hafa hlýtt á yfirgripsmikla ræðu hæstv. fjmrh., að óvenjumikið og erfitt verk verður að ná saman fjárlögum og lánsfjárlögum að þessu sinni miðað við þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér um hallalaus fjárlög og niðurskurð á erlendum lántökum. Það mun því reyna á forustu þeirra flokka sem mynda og standa að þessari ríkisstjórn og raunar Alþingis í heild en ég hygg að hægt sé að segja að þjóðin krefjist þess að skynsamlega verði á þessum málum haldið.

Eins og kom fram í fjárlagaræðunni, ræðu hæstv. fjmrh., eru áform og markmið æðimörg og mikilvæg í þessu frv. Mér finnst ástæða til að taka sérstaklega undir það sem síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Norðurl. v., sagði í sambandi við halla á ríkissjóði á þessu ári sem kemur nú fram að er minni en áætlað var. En eins og allir vita gerði fyrrv. ríkisstjórn ráð fyrir þessum halla og eins og kom fram í máli hv. þm. var það gert í sambandi við þá þjóðarsátt í *þjóðfélaginu með kjarasamningum sem gerð var.* Enginn vafi er á að það var spor sem var rétt stigið því að eins og hv. þm. lýsti hefur það haft æðimikil áhrif í þjóðfélaginu síðan. Þó að deila megi um slíkt er það alveg ljóst að það hefur orsakað velsæld hér á landi það sem af er. Hins vegar var, eins og allir vita, við myndun hæstv. núv. ríkisstjórnar sl. vor eða sumar reiknað með að jafna þennan halla út á næstu þremur árum og þannig reiknað með að ekki þyrfti að ganga eins sterklega í þá átt að auka álögur til þess að jafna þennan halla út.

Auðvitað hlýtur öllum að vera ljóst að hallalaus fjárlög kalla á markvissar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Það er einnig ljóst, þegar við lítum á fjárlagafrv., að af tekjustofnum frv. eru 80% í raun og veru í endurskoðun hjá hæstv. ríkisstjórn. Að sjálfsögðu hefur það alltaf verið svo, þegar fjárlög hafa verið lögð fram í upphafi, að ýmsir endar hafa verið lausir, en þarna er um að ræða óvenjulegt ástand sem kallar á enn meiri kröfu um markvissa vinnu við að koma þessum málum saman.

Ég nefni breytta skipan söluskattskerfisins og afnám allrar undanþágu í söluskatti. Þessar tillögur eru í mótun. Ég nefni staðgreiðslukerfi skatta. Innheimtukerfið þar vegur mjög þungt og þar vegur þungt sú krafa sveitarfélaga t.d. að það verði gert ráð fyrir 7,5% útsvari í stað 6,25%. Þetta er að sjálfsögðu samningsatriði sem verður að byggja á raunhæfri úttekt og á staðreyndum. Það er ákaflega *mikilvægt að ríkisstjórnin nái þarna samkomulagi* við sveitarfélögin í landinu því að þetta er atriði sem vegur einnig þungt við áframhaldandi breytingar í verkefnakerfinu sem ég kem síðar að.

Breytingar á tekjuskattskerfinu, eins og hækkun barnabóta, fjölskylduafsláttar og húsnæðisafsláttar, eru afgerandi aðgerðir sem á eftir að leggja fram. Samt sem áður eru þetta mál sem vega þungt við afgreiðslu fjárlagafrv.

Nefna má vissa þætti vegna landbúnaðarins, sbr. þann fyrirvara sem hæstv. landbrh. lagði fram á sínum tíma, eins og í sambandi við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins og framlag til sjóða, niðurgreiðslur og útgjöld til stoðgreina landbúnaðarins sem voru lækkuð eða felld út. Það vita allir að það er sérstök þingmannanefnd sem vinnur að samkomulagi um meðferð þessa máls og ég a.m.k. trúi því að þarna fáist lausn sem allir geta vel við unað. Mér fannst að vísu ummæli hæstv. fjmrh. vera dálítið einhæf þegar hann lýsti því yfir áðan að það giltu önnur lögmál um landbúnaðinn en aðrar atvinnugreinar hér á landi. Ég er ekki frá því að slík ummæli þurfi einhverra nánari skýringa við.

Tilfærsla verkefna til sveitarfélaga er stórmál sem ég ætla aðeins að koma inn á áður en ég lýk máli mínu. *Mér finnst, í sambandi við hin ýmsu mál* sem hefur borið á góma í umræðunni, að það sé alveg ljóst að framlög til hafna þurfa að hækka verulega. Eins og allir hv. alþm. vita eru hafnirnar lífæðar fjölda staða um allt land og ég skil það svo að hæstv. fjmrh. hafi áhuga á að þetta mál verði skoðað sérstaklega í meðferð fjvn. og við munum að sjálfsögðu gera svo því að þessi þróun í byggingu hafna hefur gengið heldur hægt hin síðari árin.

Þá vil ég einnig nefna í þessu sambandi framlög til skólabygginga. Ég tel að við komumst ekki hjá því við meðferð frv. að skoða það mál alveg sérstaklega, ekki síst vegna þess að það liggur fyrir að gerðir hafa verið fjölmargir samningar um ný skólamannvirki, eins og íþróttahús og aðrar skólabyggingar, sem ekki lá ljóst fyrir fyrr á þessu ári. Því virðist sú aukning sem þarf vegna þessa í sambandi við tillögur ráðuneytisins ekki koma fram.

Þá er einnig lítandi á það að ríkið skuldar sveitarfélögum mjög stórar fjárhæðir, svo að vægt sé til orða tekið, einmitt í sambandi við skólamannvirki. Núna þegar við stöndum frammi fyrir því að fara að byrja verkefnatilflutning til sveitarfélaga verður hann frekari rök fyrir því en áður, og meiri þrýstingur verður frá hendi sveitarfélaganna en áður hefur verið, að fá þetta uppgjört. Þess vegna tel ég að skoða þurfi vandlega þennan þátt í sambandi við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Framlög til vegamála og flugmála hafa hækkað verulega og það er sannarlega jákvæð þróun. Ég held að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því að einmitt uppbygging á þessu sviði, í sambandi við

samgöngumál, vegamál og flugmál, eru eitt af þýðingarmestu byggðarmálum í okkar landi.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að fagna sérstaklega auknu fjármagni til málefna fatlaðra, en eins og allir vita hefur þessi málaflokkur verið í árlegri framþróun allt frá árinu 1982 og þegar hefur verið náð þeim mikilvæga áfanga í þessum málum að það er búið að byggja upp aðstöðu fyrir fatlaða í öllum landshlutum og vel á veg komið hér í þéttbýlinu að ná þar stefnu sem ekki verður stöðvuð, að búa þessu fólki eðlileg kjör, bæði að því er varðar húsnæði og launakjör í sambandi við verndaða vinnustaði sem best þekkist annars staðar í heiminum. Þetta þori ég að fullyrða miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið frá sérfræðingum sem hafa komið frá öðrum þjóðum. Sérstaklega ber að fagna því að þessum áfanga hefur verið náð og ekki síst núna með uppbyggingu og nýju húsnæði fyrir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er að fara í viðunandi aðstöðu væntanlega á þessu ári. Ég tel ástæðu til að undirstrika þetta sérstaklega. Þetta er eitt af þessum jákvæðu málum sem allir eru sammála um.

Ég vil einnig geta þess við þessa 1. umr. að eins og hæstv. fjmrh. hefur boðað gerir hann ráð fyrir miklum breytingum varðandi 6. gr. fjárlaga sem hefur verið nokkurs konar safnliður fyrir alla mögulega hluti í sambandi við undanþágur og fyrirgreiðslur ýmsar sem hafa jafnvel verið ein orsök þess hvernig aukafjárveitingar hafa oft stýrst kannski út úr eðlilegum farvegi. Þarna er gert ráð fyrir að leggja niður heimildir til að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjöld til ýmissa verkefna. Ég tel að þetta sé rétt málsmeðferð en hún kallar hins vegar á annað í sambandi við fjárlagagerðina og það var þess vegna sem ég vildi taka þetta mál sérstaklega upp. Hæstv. fjmrh. hefur boðað að þarna verði gerð breyting í sambandi við ný tollalög og ég held að það sé alveg ljóst að til þess að geta gengið frá þessum þætti í fjárlagagerðinni þarf að liggja nokkuð ljóst fyrir hvernig þetta er hugsað og hvaða verkefni koma þarna inn í breytingar á tollalögum til þess að það valdi ekki misskilningi eða óþarfa þrýstingi á síðustu dögum fjárlagagerðar þegar fjárlög verða afgreidd.

Ég nefni einnig eitt mál sem ég tel að þurfi að athuga vel, ekki síst með tilliti til þeirra erinda sem fjvn. hefur fengið undanfarna daga frá ýmsum aðilum. Þá á ég sérstaklega við rannsóknarverkefni fyrir atvinnuvegina í landinu. Ég tel að við þurfum að skoða það mál vandlega í samvinnu við hæstv. fjmrh., hvort ekki er hægt að gera þarna ákveðnar aðgerðir því að við vitum að styrkir til atvinnuveganna hafa verið að dragast saman í fjárlögum á undanförnum árum og í fjárlagafrv. núna er þetta um 18–20% samdráttur sem er vissulega áhyggjuefni. En ég held að við hljótum öll að vera sammála um gildi þess að efla atvinnureksturinn í landinu sem víða stendur höllum fæti. Mig langar að undirstrika sérstaklega það atriði sem varðar Rannsóknasjóð og það verkefni sem honum hefur verið ætlað sérstaklega, þ.e. tæknibreytingar í fiskiðnaði, sem stendur núna höllum fæti. Ég held að þetta hafi gífurlega mikla þýðingu fyrir þennan málaflokk og teldi að það væri mikilvægt fyrir ríkisstjórnina að geta þannig stuðlað að því að hefja þennan málaflokk meira upp en fyrir liggur því að allt rannsóknastarf í okkar landi og ekki síst fyrir atvinnureksturinn hlýtur að vera jákvætt og nauðsynlegt fyrir okkur. Hvað sem líður okkar efnahagsvanda er þetta ein af undirstöðugreinunum.

Ég hef einnig vissar áhyggjur af iðnráðgjafaþjónustunni í landshlutunum. Ég er ekki að halda því fram að sú skipan sem hefur verið á þessum þætti mála hafi endilega verið sú rétta, en ég tel að það þurfi að skoða hvernig er hægt að fella þetta inn í það heildarkerfi sem við erum með þannig að ekki falli niður þessi starfsemi í landshlutunum sem hefur augljóslega og ómótmælanlega stuðlað að fjölbreytni í atvinnulífi víðs vegar um landið á undanförnum árum. Ég er ekki að segja að það hafi alls staðar virkað jákvætt en víða.

Þá vil ég aðeins koma að tilflutningi verkefna til sveitarfélaganna sem hér hefur verið mikið til umræðu og er mikið til umræðu núna í þjóðfélaginu, e.t.v. ekki allt byggt á réttum upplýsingum. Ég vil segja það í sambandi við ræðu hv. 6. þm. Suðurl. að hann fór þar algjörlega með rangt mál, sem ég flokka náttúrlega undir það að hann hefur ekki kynnt sér málið á réttan hátt. Ég vil aðeins rekja það hér vegna þess að hann sagði að ekki hefði verið haft samráð um þessi mál og engin kynning farið fram o.s.frv. En mér þykir rétt að rekja aðdragandann að þessu.

Það var gerður samstarfssáttmáli á milli ríkis og sveitarfélaga fyrir þremur árum síðan þar sem ríkisstjórnin og Samband ísl. sveitarfélaga hafa samráð um helstu málefni er varða sveitarfélögin og ríkið, halda fundi reglulega og fjalla um stefnumörkun á báðum sviðum. Þetta hefur gefist það vel að þessi samningur hefur verið endurnýjaður, enda styðst hann við fyrirmynd frá Finnlandi sem hefur gjörbreytt málefnum að þessu leyti til þar í landi, bæði að því er varðar sveitarfélögin og ríkið. Þar hefur tekist heilsteypt samstarf sem hefur skilað landsbyggðinni og sveitarfélögunum í því landi miklum árangri.

Á grundvelli þessa samráðssáttmála skipaði fyrrv. ríkisstjórn nefnd — eða réttara sagt nefndir — til að gera ákveðnar tillögur um verkefnatilflutning og tekjutilflutning í samræmi við þau verkefni. Þessi nefnd vann mjög ötullega að þessu máli í samráði við samtök sveitarfélaga í landinu. Hún var sett á stofn 12. sept. 1986 og skilaði sínum verkefnum 19. mars sl. Þessar tillögur voru gefnar út í bók sem ber titilinn „Samstarf ríkis og sveitarfélaga". Hún var gefin út í apríl sl. og var send öllum sveitarstjórnarmönnum, bæði aðalmönnum og varamönnum, á Íslandi og öllum alþm. Kynning á henni var í höndum Sambands ísl. sveitarfélaga sem hefur hald-

ið reglubundna fundi um þetta málefni víðs vegar um landið. Á öllum fundum og þingum sveitarfélaga hefur þetta verið til umræðu og menn hafa kynnt sér það mjög rækilega. Þess vegna er það út í hött að menn skuli koma hér upp á hv. Alþingi og segja að þetta sé eitthvert leyniplagg sem sveitarstjórnarmenn, sem fyrst og fremst eiga að fjalla um þetta ásamt fulltrúum ríkisins, hafi ekki haft hugmynd um. Þetta er alrangt. Og vegna þess að ég er búinn að vera líklega í yfir 20 ár í ýmsum nefndum og ráðum, sem hafa verið að fjalla um þetta sama verkefni, get ég bætt því við að þetta er fyrsta raunhæfa tillagan sem kemur fram í fyrsta lagi um það hvaða verkefni komi til greina að flytja til og hvernig á að fjármagna það; hvernig á að standa að því bæði að því er varðar tekjuöflun og tilflutninginn sjálfan.

Hins vegar vil ég aðeins segja það í sambandi við þetta mál að auðvitað er ekki alveg sama hvernig farið er með þetta og það er alveg ljóst að fyrstu aðgerðir í þessu máli skipta mestu um framhaldið. Þess vegna er alveg lífsnauðsyn, ef ég má orða það svo, að fundin verði aðferð til að koma þessari verkaskiptingu á, sem ég tel mig hafa reynslu fyrir að sé *lífsnauðsynlegt að gangi í gegn, en það verði* gert þannig að sveitarfélögin sætti sig við það og að það skapi ekki fyrir fram tortryggni sem getur svo orðið dragbítur á áframhaldandi aðgerðir, að færa verkefni til sveitarfélaganna eða öfugt, til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Þess vegna vil ég leggja sérstaka áherslu á að þarna verði vandað til verka.

Nefndin hefur lagt ákveðnar línur í þessu máli. En ég get viðurkennt það hér að mér finnst að til mála hefði komið að átta sig á því hvaða verkefni það eru sem þarna voru valin sem snerta fleiri en sveitarfélögin sjálf. Þar kemur fyrst og fremst Íþróttasjóður við sögu því að eins og allir vita sem nálægt þessum málum hafa komið þá eru um ⅔ af verkefnum Íþróttasjóðs tilheyrandi öðrum en sveitarfélögum. Það eru íþróttafélögin og alls konar samtök um allt land sem þarna eiga hlut að máli. Þar af leiðandi var spurningin sú hvort ekki hefði verið eðlilegt — og ég set það hér fram vegna þess að við eigum eftir að fjalla um þetta sjálfsagt miklu meira í gegnum fjvn. — að Íþróttasjóður starfaði áfram að uppbyggingu íþróttamannvirkja en sveitarfélögin væru aftur þar fyrir utan. Ég held að með því móti gætum við fundið lausn á þessu máli til þess að trufla ekki þau áform sem við erum, a.m.k. allflestir sem hafa komið nálægt sveitarstjórnarmálum, sannfærðir um að eigi að ná fram að ganga.

Ég vil benda á það að nýju sveitarstjórnarlögin bera það með sér að þetta er auðveldara viðfangs nú. Einnig eru sveitarstjórnarmenn nú móttækilegri en nokkurn tíma áður fyrir slíka tilfærslu vegna þess að nýju lögin hafa opnað möguleika sem ekki voru áður fyrir hendi fyrir sveitarfélögin til að standa saman að stærri verkefnum en áður hefur tíðkast. Þetta er þróun sem er viðurkennd og víða í landshlutum núna farið að vinna skipulega að því að svo verði. Þess vegna vil ég ekki stuðla að því að þessi verkefnaflutningur mistakist, þó að hann sé aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir að taka í stærri verkefnum, það má ekki ske. Það verður að takast að gera þessa fyrstu tilfærslu. En ég vil segja það eins og er að mér finnst menn hafa e.t.v. vanmetið hvað þetta eru stórar fjárhæðir því að bara þau verkefni sem núna er gert ráð fyrir að vinna að í þessu fjárlagafrv. eru einhvers staðar á stærðargráðunni 500–700 millj. kr. Þess vegna þarf að skoða það mál vel, hvort sú fjármögnunaraðferð sem upp er sett í frv. skilar þessu máli nægjanlega fram.

Ég held einnig að sveitarstjórnarmenn almennt leggi gífurlega mikið upp úr því að uppgjör á þessum verkefnum liggi ljóslega fyrir þannig að menn í fyrsta lagi viti hvað það er sem við lok þessa árs hvílir á þessum sjóðum og ríkinu í sambandi við þau framlög, sem það á að inna af hendi, hversu stórar áhvílandi fjárhæðir á eftir að láta til sveitarfélaganna, og svo í öðru lagi og ekki síður að þau hafi tryggingu fyrir því að öll þau verkefni sem eru í gangi undir þessum fjárhagsramma ríkisins, að þau fái vitneskju um það og vissu fyrir því að staðið verði við að greiða hluta ríkisins eða þessara sjóða til loka *verksins eins og það kostar.*

Þetta er að sjálfsögðu hægt að gera með fleiri en einni aðferð. En alla vega verður að vera ljóst að sveitarfélögin geti gengið að því vísu að staðið verði við þau verk sem búið er að gera samning um og búið er að veita fjármagni til samkvæmt þessum lögum þannig að þau verði ekki skilin eftir. Svo verði byrjað með hreint borð. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt og ég þekki það af fyrri reynslu að sveitarstjórnarmenn leggja gífurlega áherslu á þetta mál.

Það hefur alltaf legið fyrir að sveitarfélögin gera kröfu um það að lögum um Jöfnunarsjóð verði breytt og þar með lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem voru komin á a.m.k. undirbúningsstig á sl. vori, þannig að Jöfnunarsjóður verði raunverulegur jöfnunarsjóður. Og ég vil benda á það að í mjög nákvæmum tillögum þessara nefnda eru formaðar þar aðferðir til þess að setja Jöfnunarsjóð þannig upp að hann verði raunverulegur jöfnunarsjóður. Þar með tryggi minni sveitarfélögin í landinu sig þannig að þau eiga að vera örugg um sinn hag. Inn í þetta kemur að sjálfsögðu, eins og ég nefndi hér fyrr, sú breyting sem verið er að gera núna á tekjuskattskerfinu, þ.e. staðgreiðslukerfið. Og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að reikna með því að sveitarfélögin verði í hærri kantinum fremur *en lægri í sambandi við ákvörðun um skiptinguna á* milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta verður eiginlega prófsteinn á það hverju sveitarfélögin eða sveitarstjórnarmenn vilja trúa. Þeir hafa bitra reynslu af verkatilflutningnum 1974 eða 1976, þið leiðréttið mig ef ég fer með rangt mál, en þá var sagt að breyta ætti tekjustofnum sveitarfélaga til þess að standa undir þeim tilflutningi, en það var aldrei staðið við það. Það er þetta sem gerir það að verkum — og ég

beini því til hæstv. fjmrh. — að ég held að það verði að finna aðferð til þess að sannfæra sveitarfélögin um það að ekki sé verið að fara aftan að þeim í sambandi við þessi fyrstu skref, vegna þess að þetta eru aðeins fyrstu skref, framhaldið verður að koma. Við stefnum m.ö.o. að því að færa verkefni til sveitarfélaga og losa þau aftur við önnur verkefni sem er eðlilegt að ríkið fari með og að það sé gert á öruggan hátt þannig að við eflum byggðir landsins með þessu og fáum nýtt andlit á þessi málefni svo að það ríki trúnaður og traust á því sem verið er að gera.

Ég held að ég hafi ekki þetta mál öllu lengra. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í ýmis efnisatriði frv. Ég er einn af fjvn.-mönnum og við leggjum okkur að sjálfsögðu fram um að reyna að vinna þannig að fjárlagafrv. að það skili þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Við munum reyna eftir megni að finna aðferðir til þess. Ég vænti þess að það verði gott samstarf við alla aðila um að ná þeim markmiðum því að við viljum auðvitað öll hér á hv. Alþingi fá fjárlög sem takandi er mark á. — [Fundarhlé.]

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að hæstv. fjmrh. væri hér í salnum. (**Forseti:** Forseti hefði vænst þess líka að hæstv. fjmrh. væri í salnum. En forseti spyr hvort það mundi nægja að hæstv. viðskrh., sem er hér, selflytji það sem hæstv. fjmrh. þarf að heyra af því sem ræðumaður kann að segja.) Já.

Ég geri ráð fyrir að allir hv. alþm. séu á einu máli um að það sé mjög æskilegt að afgreiða fjárlög hallalaus. Hitt er annað mál hvernig það er gert. Ef fjárlagafrv. er skoðað kemur í ljós hvaða stefna það er sem fjárlagafrv. boðar þjóðinni. Það er samdráttarstefna þrátt fyrir það að góðæri sé í landinu. Og þessi samdráttarstefna er fyrst og fremst á kostnað landsbyggðar og þó sérstaklega á kostnað strjálbýlisins í landinu. Það kemur kannski fáum á óvart að svo sé ef menn miða við þær ræður sem hæstv. fjmrh. hefur flutt á undanförnum árum um þessi málefni.

Ég ætla ekki að fara mikið inn á þessa liði vegna þess að það er verið að vinna í þessum málum og það er ákaflega erfitt að átta sig á því hvernig þetta verður leyst við 2. og 3. umr. Ég tók eftir því að t.d. hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði ráð fyrir því að þar yrðu einhverjar breytingar á.

En það er annað sem er athyglisverðara í þessu frv. og það er sú stefna sem boðuð er í framhaldi af þessu fjárlagafrv. sem er fyrsta skrefið sem er stigið í þá átt. Og þar á ég við söluskattinn á búvörur sem er boðað að verði settur á um áramót og manni skilst að þegar virðisaukaskatturinn verður settur á verði það sami skattur og á öðru sem þýðir þá, ef maður tekur mark á frv. fyllilega, 21–22%. En jafnframt er boðað að tollar á innfluttum matvælum verði af lagðir og tollar á ýmsu öðru verði lækkaðir úr 80% í 30%. Hvað er verið í raun og veru að boða hér? Það er verið að boða að það eigi að knýja fram neyslubreytingu í landinu, að þjóðin eigi í vaxandi mæli að lifa af innfluttum vörum, matvælum, þó það sé kannski ekki kjötvörur og þess háttar nema það sem smyglað er, og sýnilega er það líka stefnan að minnka eða afnema niðurgreiðslur á búvörur. A.m.k. í sambandi við þennan söluskatt er gert ráð fyrir að því sé mætt á þann veg að auka barnabætur, persónuafslátt og tryggingabætur. Sem sagt: Það liggur alveg fyrir að stefnan er sú að hækka landbúnaðarvörurnar en lækka innfluttar matvörur. Svona einfalt er það. Ég er alveg undrandi á því að þeir flokkar sem bera ábyrgð á þessari stefnu skuli ætla sér að skrifa á víxil hæstv. fjmrh. að þessu leyti.

Ég beini því sérstaklega til þeirra sem eru í fjvn. og raunar allra stjórnarþm. að hugleiða hvað er verið að gera. Hæstv. fjmrh. lét óánægju sína í ljós með að búvörusamningarnir skyldu ná svo langt, þ.e. til ársloka 1992, en það er alveg greinilegt að ef þeir verða ekki framlengdir þýðir það að strjálbýlið hrynur saman á stórum svæðum. Það verður ekki búið að byggja upp annan atvinnurekstur á þessu tímabili sem mundi koma í staðinn fyrir þá fækkun sem mönnum sýnist nú að muni fara fram á þessu árabili. Það sýnir hvað hæstv. fjmrh. skilur lítið í þessum málum að hann skuli halda því fram hér í sinni fyrstu fjárlagaræðu að það hefði þurft að vera miklu skemmri tími sem það tekur að minnka framleiðsluna. Ég get frætt hæstv. ráðherra á því að þó það sé nú ekki farið harðar í sakirnar er mikil spurning hvort t.d. þær byggðir sem eingöngu byggja afkomu sína á sauðfjárrækt standa þetta af sér nema það verði stóraukið fjármagn til að byggja upp annað. Og það er ekki nóg með það. Sumum þéttbýliskjörnunum verður hætt ef sveitirnar í kring hrynja. Ég ætla að láta þetta nægja um þetta atriði.

Það sýnir líka, þó að hæstv. fjmrh. hafi aðeins nefnt það, að við hafnirnar þurfi að gera átak. Inni í fjárlagafrv. eru til þess 250 millj., voru 218,5 millj. á yfirstandandi ári. Í sumar kom dýpkunarskip, mjög gott tæki, sem er að dýpka hafnir og það er mikil þörf á því víða. Ef það hefur ekki verkefni missum við það aftur úr landinu. Það þarf sérstaklega að huga að því. Ég varð vitni að því t.d. að það var að koma loðnuskip í eina höfn og það tók niðri nokkrum sinnum þegar það var að fara inn í höfnina. Ef ekki verður bætt úr þessu þýðir það að stærri skipin fara fram hjá þeim höfnum sem þannig er ástatt með.

Ástandið er líka víða þannig að skipin eru í stórhættu ef nokkuð er að veðri. Þetta eru dýr tæki og dýrt að standa þannig að málum að þau geti orðið fyrir miklu tjóni og jafnvel að hljótist mannskaðar af eins og hefur gerst nýlega, en ég ætla ekki að rifja það upp frekar hér. Hafnamálastjóri telur að það hefði þurft þrisvar sinnum meira fjármagn í hafnirnar og það í nokkur ár til að bæta úr því neyðarástandi sem víða er þannig að ég held að það sé alveg óhætt fyrir ekki einungis hæstv. fjmrh. heldur

þm. almennt að huga að þessum málum. Það hefur verið blátt áfram til skammar undanfarin ár hvernig staðið hefur verið að þessum málum. En þetta er svo sem ekkert nýtt. Það vil ég taka fram.

Við sjáum nú hvar fjármagnið safnast saman. Það er alltaf verið að tala um að það þurfi að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá miklu fólksflutninga sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Það er eins og menn átti sig ekkert á því hvers vegna þeir eiga sér stað. Það er vegna þess að framleiðslustörfin eru vanmetin. Þetta fólk hefur allt of lág laun og það nær ekki tekjum öðruvísi en vinna langan vinnudag sem nálgast að vera þrældómur. Það er ástæðan. Þess vegna fer það annað í þeirri von að það fái meiri laun og það er trú fólks að hér séu möguleikar á því. Það sem er að í þessu þjóðfélagi er fyrst og fremst hvernig fjármunum er skipt.

Ég var að þreifa á átakanlegu dæmi í dag. Bændurnir fá 15 kr. fyrir kg af kartöflunum núna. Búðirnar fyrir norðan selja kg á 36 kr. Hagkaup selur það á 39 kr., en Sláturfélag Suðurlands á 44,50 kr. ef það er í kílóapakkningum. Ef það er í 2 kg poka er það selt á 43,50 og ef það er í 3 kg poka á 41,50 kr. kg. En bændurnir fá 15 kr. Ef verslunin öll er svona er ekkert undarlegt þó að rísi upp hallir hér, þó að fólkið flýi þrældóminn af landsbyggðinni vegna þess að það getur ekki lifað öðruvísi en að vinna tvöfaldan vinnudag a.m.k. Þannig er nú þjóðfélagið í dag. Og svo segja menn hér, hæstv. fjmrh. m.a., að rauntekjur, kaupmáttur launa láglaunafólksins hafi vaxið um fjórðung. Hver trúir þessari vitleysu? Hver trúir því? Ekki ég. Mér dettur það ekki í hug. Ég fullyrði að það er erfiðara fyrir fólkið að lifa nú á þessum launum, rúmum 30 þús., en það eru margir sem hafa ekki meira, t.d. ýmsar konur sem eru að baksa einar með börn. Og það eru til líka ýmsir aðrir sem hafa ekki meira en lægstu laun. Þeir eru fleiri en menn vilja viðurkenna. Það sjá allir sem sjá vilja. Það getur hver og einn litið bara í eigin barm. Vilja menn lifa af svona launum? Telja þeir að það sé hægt að komast af miðað við t.d. húsnæðiskostnaðinn?

Það væri margt hægt að segja í sambandi við þessi mál og í sambandi við þá stefnu sem hæstv. fjmrh. boðaði án þess að nefna það. Það er auðvitað feimnismál að það skuli vera vegið að landsbyggðinni og sérstaklega strjálbýlinu. Ég er ekkert hissa á því. Menn tala um annað og reyna að sýna glansmyndir.

Svo er boðað að það eigi að hverfa t.d. ríkisábyrgð af atvinnulánasjóðunum. Finnst hv. alþm. ekki vera nógu háir vextirnir í landinu og á þessum sjóðum þó að ríkisábyrgðin á þessum sjóðum verði áfram? Hæstv. ráðherra boðaði að þeir ættu að taka fjármagnið sjálfir. Ef þeir fara á erlenda markaði fá þeir það ekki fyrir minna en a.m.k. 2% hærra en ríkisbankarnir geta fengið. Ég hef reynslu fyrir því. Og mér finnst þeir vera nógu háir. Það kann að vera að þeir sem styðja þessa ríkisstjórn séu annarrar skoðunar.

Ég ætla ekki að tefja tímann mikið meira. En hæstv. fjmrh. taldi upp ýmislegt í sambandi við landbúnaðinn sem væri verið að reyna að fella niður og sagði: Er þetta og hitt eðlilegt? Er eðlilegt að borga niður áburð? Hvað þýðir það ef hann er ekki borgaður? Það þýðir að mjólkið og kjötið hækkar. Er nokkur betri tekjujöfnunarleið en að borga niður þessar nauðsynjar, búvörurnar? Er hún til eða skilur ekki hæstv. fjmrh., eins einfalt eins og það er, að þá sem eyða öllum sínum fjármunum í matarkaup og húsnæðiskostnað munar auðvitað mest um það. Okkur munar kannski ekki mikið um það sem hér erum. En fátækara fólkið munar um það, tekjulága fólkið.

Nei, það er kannski eins gott að fara upp í Öskjuhlíð og tala þar við grjótið eins og að halda svona ræðu hér. Það er oft búið að tala við hæstv. fjmrh. um þessi mál. Ég ætla að geyma mér að lesa upp hans rökstuddu dagskrá sem hann flutti þegar búvörulögin voru hér til umræðu. Ég á hana í tösku minni og get gripið upp hvenær sem ég vil. Það er táknrænt fyrir þá hugsun sem þá var hjá hæstv. ráðherra og mér sýnist að lítil breyting hafi orðið á, a.m.k. ef á að marka ræðu hans.

Herra forseti. Ég ætla að segja það í lokin, ætla að endurtaka það, og segi það við hv. stjórnarþm.: Þið skuluð athuga að þið berið ábyrgð á afgreiðslu þessara fjárlaga og verðið dregnir til ábyrgðar ef það fer á þann veg sem mér sýnist í þessum málum.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég á örstutt erindi. Ég er stuðningsmaður þessa frv. í meginatriðum, ég er samþykkur meginstefnu þess, en ég hef fyrirvara á um einstök atriði og mjög sterkan um önnur, eins þau er lúta að því að ekki verði breytt frá þeirri stefnu, sem minn flokkur hefur fylgt, að við höldum áfram að byggja allt landið. Ég þykist enda þess fullviss að menn munu ekki hrökkva mjög við þótt stjórnarþm. hafi fyrirvara um einstök atriði fjárlagafrv. því að það leyfa sér nú sjálfir ráðherrarnir að hafa.

Ég ætla ekki að gera að umtalsefni nema örfá atriði. Ég hef auðvitað sterkan fyrirvara um ýmis menningarmálefni sem farið er sérkennilegum höndum um í þessari tillögugerð. En ég er ekki forustusauður í þeim efnum nú og hef enda fullt traust á þeim sem það hefur og ekki af þeim ástæðum ástæða til að fjölyrða mjög um þau í hans fjarveru. En auðvitað eru þar hlutir sem ekki eru ásættanlegir eins og fjárveitingar til grunnskóla og einstakra framhaldsskóla. Ég nefni tónlistarfræðsluna, eitt besta framtak sem gert var á sínum tíma af alþýðuflokksmanninum Gylfa Þ. Gíslasyni, hann hafði þar um alla forustu og hefur skilað gífurlegum árangri sem tómstundaiðn líka fyrir ungdóminn í landinu. Ég treysti ekki þeim aðferðum, sem nú á að viðhafa með þessari skyndingu, að færa það á herðar sveitarfélaganna. Það er ýmislegt annað sem við höfum áður rætt um að þyrfti að færa á hendur sveitarfélaganna. Þeir halda vafalaust áfram að gefa reikningana sína fyrir skólaakstrinum, oddvitarnir og hreppstjórarnir vítt og breitt um landið, og við vitum

hvernig þeir hafa hljóðað.

Ég lagði drög að því að fá alveg sérstaka ég segi ekki yfirlýsingu en umfjöllun hæstv. fjmrh. um þjóðarbókhlöðumálið. Ég hlustaði grannt á framsöguræðu hans og tók ekki eftir því sérstaklega að þar væri um margt misfarið um hluti, en ef einhver þýðingarmikil efni í ræðu hans hafa verið álíka í meðförum eins og þetta þarf hann að hafa sig við allan á næstu dögum að draga aftur það sem hann hefur látið í ljós. Og hann verður að athuga það, hæstv. ráðherra, að það er orðið breytt frá því sem hann var hér stjórnarandstöðuþingmaður og leyfði sér löngum og löngum að tala út og suður um menn og málefni án þess að nokkrum dytti í hug að taka mark á því. Nú er hann orðinn hæstv. ráðherra sem verður krafinn ábyrgðar fyrir verk sín og orð. (Gripið fram í.) Ég er heyrnartækislaus. Ef einhvern langar til að tala við mig verður hann að reyna að hafa hærra.

En það hlýtur að vera lágmarkskrafa til hæstv. ráðherra að hann kynni sér lög sem í gildi eru um málefni sem hann fjallar um. Ég er með nýsett lög í höndunum og fyrsta grein þeirra hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 skal lagður á sérstakur eignarskattur er renna skal óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar."

Þetta eru ekki fjármunir sem hæstv. fjmrh. hefur neitt vald yfir. Þetta eru ekki fjármunir sem eiga að renna í ríkissjóð. Þetta eru fjármunir sem lúta stjórn sérstaks sjóðs og þá stjórn mynda þrír menn. Formaður er seðlabankastjóri Jóhannes Nordal og meðstjórnendur ráðuneytisstjórarnir úr menntmrn. og fjmrn.

Ég tók eftir því og hef það raunar hér fyrir framan mig að hæstv. ráðherra telur að þá samninga sem fyrrv. ráðherrar, menntmrh. og fjmrh., gerðu eigi að virða. Það er vel. En hann misfer með öllu um innihald þeirra samninga. Þeir samningar sem gerðir voru voru um það að ríkissjóður tók að láni hjá Þjóðarbókhlöðusjóði fjármuni, sem taldir voru þegar samningar voru gerðir nema um 100 millj. kr., af þeim ástæðum að framkvæmdastjórn Þjóðarbókhlöðu var þess alls óviðbúin að taka við allt að 140 millj. kr., eins og þá var áætlað að þetta gerði í sjóðinn, skattlagningin, til framkvæmda á árinu 1987. Enn fremur vegna þess að hér þótti ærin spenna í byggingarmálum og menn vildu fyrir sitt leyti og af þessum ástæðum líka draga úr henni með því að ávaxta féð öðruvísi, en með engu móti að það hafi verið í samningunum að það ætti að renna í ríkissjóð og vera þar til meðferðar án þess að á því yrðu staðin skil með vöxtum og verðbótum. Þetta er samningurinn sem gerður var milli mín og fjmrh. og hæstv. núverandi fjmrh. hefði átt að leggja lykkju á leið sína og kanna hjá núverandi hæstv. forsrh. hvernig þessir samningar voru úr garði gerðir.

Það er alveg einsýnt að ef ekki fæst um þetta sæmilegt samkomulag dugar ekkert nema alveg fastur skriflegur samningur, fyrst annað dugar ekki, milli fyrirtækisins Þjóðarbókhlöðunnar og ríkissjóðs um hvernig þessi málum skuli skipað og þeim fyrir komið. Það er vel hægt að láta reyna á þetta fyrir dómstólum ef ekki vill betur til. Hér eru lögin svo tvímælalaus. Þetta eru ekki fjármunir sem í neinu falli eru til ráðstöfunar eða þá að fjmrh. hafi neina heimild til að gera tillögu þar um meðan þessi lög eru í gildi, þeim hefur ekki verið breytt eða Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um að fella þau úr gildi.

Þetta verður að vera alveg ljóst og má undarlegt vera að menn skuli efna til slíks ófriðar um þetta nýafgreidda mál á hinu háa Alþingi og með þeim hræmulega hætti og raunar dylgjum sem hæstv. fjmrh. leyfði sér, m.a. með því að þetta hefði verið gert í þeim tilgangi að það væri hægt að reisa menntaskóla á Egilsstöðum. Ekki nenni ég að elta ólar við slíkan málflutning, en það vil ég taka fram og ég vara við því að þetta mál hlýtur að verða sótt til fullra laga. Ég fellst fullkomlega á að sá samningur verði áfram í gildi sem við gerðum, fyrrv. ráðherrar, um þetta efni. Ég segi fyrir mitt leyti, ef þannig stendur á um áfangaskiptingu þjóðarbókhlöðu, að vel mætti hugsa sér að sjóðurinn keypti ríkisskuldabréf og ávaxtaði þannig sitt fé. Um það skal ég ekkert segja. Eitt er víst, að auðvitað ber ríkinu að standa skil á þessum fjárhæðum til sjóðsins með venjulegum viðskiptaháttum eins og tíðkast hjá ríkinu við viðskiptavini sína, eins og ríkið borgar auðvitað lánardrottnum sínum meðalvexti og verðtryggingu fulla eins og nú tíðkast. Þetta vil ég taka núna skýrt fram og mun enda snúa mér enn frekar til hæstv. menntmrh., þegar hann verður landfastur, um framkvæmd þessa máls.

Ég vil svo aðeins segja að einnig að þessu leyti til á ég ekki von á að menn hrökkvi við þó að breyta þurfi frá tillögum því það gera menn nú sem óðast og er það sem ég finn helst að að stefnufesta er furðu lítil, bæði varðandi skattlagningu og aðra ráðstöfun og gerð þessa frumvarps.

Jón Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, en eigi að síður vildi ég láta koma fram við 1. umr. fjárlaga örfá atriði um afstöðu mína til frv.

Ég styð meginforsendur þessa frv., en þær meginforsendur eru að afgreiða hallalaus fjárlög. Það hefur verið rakið hvers vegna slíkt er nauðsynlegt nú. Það er vegna þeirrar þenslu sem verið hefur í landinu á síðustu mánuðum og eftirspurnar og vaxandi viðskiptahalla. Fái slík þróun að halda áfram án þess að tekið sé í taumana leiðir hún til aukinnar verðbólgu sem er það versta sem fyrir getur komið í efnahagslífinu.

Það hefur verið ákveðið að sýna aðhald í ríkisfjármálum, afgreiða hallalaus fjárlög, en ég undirstrika að það er ekki nóg að hið opinbera sýni aðhald með þessum hætti. Einkaaðilar verða einnig að gæta hófs hver á sínum vettvangi og gæta þess að fjárfestingar og lántökur fari ekki úr böndunum í þeirra rekstri. Sú var nefnilega raunin á liðnu ári. Lántökur

einkaaðila fóru langt fram úr því sem upphaflega var áætlað og það er ein höfuðorsök þenslunnar í landinu. Þessar lántökur fóru að drjúgum hluta í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og gegndarlausan innflutning.

Ég er fyrir mína parta orðinn dálítið þreyttur á því þegar talsmenn einkaframtaksins kenna ríkisfjármálunum um allan ófarnað í efnahagsmálum. Þegar hagspekingar tala enda þeir gjarnan og byrja ræður sínar á því að fjárfestingar þurfi að skila arði. Einkum er þetta þegar þarf að gefa föðurlegar áminningar til þeirra sem starfa í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna. Sjálfsagt munu ýmsir halda því fram að stórbyggingar í verslunar- og skrifstofuhúsnæði skili miklum arði, en í því sambandi verður að vera ljóst hvað er verið að tala um. Verslunin í landinu býr við mikið olnbogarými í álagningu um þessar mundir meðan aðrar atvinnugreinar búa við strangar takmarkanir. Það er mikið vafamál hvort samkeppni er virk hér á landi og í raun hefur þessi atvinnugrein möguleika fram yfir allar aðrar í landinu til að velta kostnaðarhækkunum yfir í verðlagið. Það þarf ekki annað en að ganga hér út í bæ og sjá hinn óútskýranlega verðmun sem er í verslunum til að sannfærast um þetta. Sama er í raun að segja um þjónustustarfsemina. Útflutningsatvinnuvegirnir hafa ekki þessa stöðu. Þeir verða að búa við hinn kalda raunveruleika verðlags á erlendum mörkuðum og fast gengi. Það er því afstætt þegar menn tala um hvað er hagkvæmt og hvað er ekki hagkvæmt í þessum efnum.

Ég geri þetta að umræðuefni við 1. umr. fjárlaga af því það verður að gera kröfu til þess, ef það opinbera, ríkisvaldið, gengur á undan með aðhald, að einkaaðilar gæti hófs í lántökum og fjárfestingum sem leiða til hækkandi verðlags og þar með aukinnar þenslu. Sú skylda hvílir á stjórnvöldum að nota öll meðul sem tiltæk eru til að hamla gegn þessari þróun.

Ég get þess og styð það eindregið að leggja ber sérstaka áherslu á skattaeftirlitið í landinu svo allir greiði það sem þeim ber í hinn sameiginlega sjóð landsmanna. Ég tek undir það að einfaldara skattkerfi, einkum hvað söluskattinn varðar, er forsenda fyrir auknu eftirliti. Á þeim forsendum byggist stuðningur minn við að fækka undanþágum frá söluskatti þó ég leggi áherslu á það eins og fleiri að hækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum af þessu tilefni verður að bæta. Það er mín skoðun að auknar niðurgreiðslur séu einfaldasta leiðin til að ná þessu marki.

Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að stigið verði fyrsta skrefið til að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaganna. Í þessu sambandi vil ég minna á að það verður að hafa í huga að höfuðmarkmið þessa tilflutnings á að vera að bæta þjónustuna við fólkið og gera hana hagkvæma. Takmarkið á að vera að sveitarfélögin geti veitt jafngóða þjónustu og áður eftir breytinguna og helst betri en áður var. Hitt ber svo að undirstrika sérstaklega og það vil ég láta koma fram við þessa umræðu að sérstaklega verður að huga að aðstöðu minni sveitarfélaganna í þessu efni og búa svo um hnútana að þessar breytingar verði ekki til að auka enn mismuninn milli þéttbýlis og strjálbýlis, milli stærri og minni sveitarfélaga.

Hitt er eigi að síður staðreynd að eigi að verða af þessum tilflutningi, sem samstaða virðist vera um í þjóðfélaginu að þurfi að eiga sér stað, verður einhvers staðar að byrja. Það er búið að tala um þessi mál í áratugi, en ekki hefur orðið af framkvæmdum. Þetta breytir því þó ekki að þessi tilflutningur má ekki verða til að auka ójöfnuð í þjóðfélaginu.

Ég hef sömu fyrirvara um landbúnaðarþátt frv. og landbrh. hefur þegar haft og ég mun ekki lengja þessa umræðu með því að fjalla nánar um þann málaflokk. Hins vegar er annað sem ég vildi koma að við þessa umræðu og það eru fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar í landinu. Ég var einn af þeim sem unnu að setningu löggjafar um lottóið á sínum tíma og ég stóð í þeirri meiningu þá að samþykkt þeirrar löggjafar væri til að stórefla íþróttahreyfinguna í landinu. Vissulega hefur íþróttahreyfingin af lottóinu miklar tekjur og er það vel. Hins vegar er stórlega dregið úr þeim ávinningi með lækkun framlaga nú, einkum fyrir ungmennafélögin í hinum dreifðu byggðum landsins, ef frv. fer í gegn eins og það lítur út núna. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu að þetta mál verði leyst með viðunandi hætti áður en frv. verður að lögum.

Það kunna einhverjir að spyrja sem svo: Hvers vegna allt þetta upphlaup út af íþróttahreyfingunni? Hefur ekki verið skorið niður til ýmissa annarra mála sem eru þó þörf? Það er vissulega svo. Hins vegar veit ég ekki hvort hv. þm. er kunnugt um það mikla starf sem íþróttahreyfingin vinnur fyrir æsku þessa lands. Þó hygg ég að flestir hljóti að vita það ef grannt er skoðað. Margir hafa reynt það, annaðhvort persónulega eða fylgst með þátttöku fjölskyldu og vina í íþróttastarfseminni. Ég hygg að engin starfsemi komi við eins marga þjóðfélagsþegna, bæði æskuna og fullorðna. Þjóðfélagið er orðið þannig að víða eru tómstundir unglinga miklar og þeir búa yfir orku sem þarf að fá útrás. Ekkert er eins vel til þess fallið og íþróttir og þeir sem þær stunda eru einnig betur undir það búnir að takast á við lífið eftir að hafa fengið þá þjálfun og þá einbeitni sem fylgir íþróttaiðkunum. Ekkert er eins vel til þess fallið að halda unglingunum frá fíkniefnavoðanum og íþróttirnar og er tóbak og áfengi þar ekki undan skilið. Það er fullvíst að fjárframlög til íþróttastarfsemi eru beinn hagnaður fyrir ríkissjóð ef þessu fjármagni er skynsamlega varið þó auðvitað sé ekki nein könnun eða „statistík" bak við þessa fullyrðingu. Venjuleg skynsemi segir manni þetta.

Þetta starf kostar mikið fjármagn vegna þess að kröfurnar eru allt aðrar á þessum sviðum nú en áður var, bæði til íþróttamannvirkja og til skipulagningar íþróttastarfs. Starfið vekur ekki áhuga nema það sé öflugt og lifandi, það sé ætíð verið að keppa og

reyna með sér með tilheyrandi ferðalögum og skipulagningu. Það verður aldrei nógsamlega undirstrikað að nauðsynlegt er að fá sem flesta unglinga til að taka þátt og fá almennari þátttöku í hvers konar líkamsrækt, fullorðinna einnig. Þetta er besta forvarnarstarf í heilsugæslunni sem hugsast getur og á þeim vettvangi eru svo sannarlega tækifæri til sparnaðar. Það er langt frá því að það sé verið að slá sig til riddara með þessum orðum. Mér finnast rökin í þessu máli augljós og ég trúi því að hér verði gerð einhver bragarbót á.

Að lokum vil ég segja þetta: Við fjárlagagerð hefjast ætíð umræður í þjóðfélaginu um að skammarlega illa sé staðið að fjárframlögum til ýmissar opinberrar starfsemi. Heldur þá hver og einn fram einhverjum áhugamálum sínum sem snerta viðkomandi eða nánasta umhverfi hans. Á þetta við jafnt um félagasamtök sem einstaklinga. Flest af þessu er réttmætt, en sú skylda hvílir þó á okkur stjórnmálamönnum að hafa einhverja heildarsýn yfir þessi mál. Nú er nauðsynlegt að draga saman og menn verða að ganga í það verk þrátt fyrir allt. Mótsögnin við þessa umræðu alla er svo skattaumræðan í þjóðfélaginu þar sem þykir ganga guðlasti næst að borga sinn skerf til samfélagsins.

Ég er einn af þeim sem styðja að það sé gætt hófs í ríkisútgjöldum og ég styð nauðsynlega tekjuöflun til að standa undir bráðnauðsynlegri opinberri þjónustu og framkvæmdum sem eru í þágu fólksins í landinu. Ég er reiðubúinn til þess sem fyrr að leggja á mig óþægindi til að verja þau meginmarkmið sem þetta frv. byggist á, hallalaus fjárlög, því það er alveg rétt, sem hefur fram komið við þessa umræðu, að framkvæmd þess er ekki líkleg til vinsælda í bili þó að það verði e.t.v. síðar.

Aðalástæðan til að ég stóð upp er sú að mér finnst ekki við hæfi sá áróður sem dynur yfir frá einkaaðilum í þjóðfélaginu þess efnis að opinber útgjöld og opinber skattheimta séu ein aðalorsök efnahagsvandans í þjóðfélaginu og jafnvel sú eina. Einstaklingar og fyrirtæki hafa líka skyldur við þjóðfélagið og gangi ríkið á undan með aðhaldi er þeim skylt að fylgja í kjölfarið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. 4. þm. Austurl. sem nefndi málefni þjóðarbókhlöðu. Ég tek sannarlega undir að það er fremur hvimleitt þegar skattar eru lagðir á með þeim hætti sem gert var á sínum tíma til að ljúka afmörkuðu, tilteknu, tímabundnu verkefni, þar sem var og er bygging þjóðarbókhlöðunnar, og klára það mannvirki og koma því í not, að blekið skuli ekki þornað á slíkum gjörningum, lögum eða ákvörðunum, þegar farið er í raun að breyta vilja Alþingis með einhvers konar geðþóttaráðstöfunum úti í bæ þar sem slíkar ákvarðanir eiga ekki heima. Ef það hentar ekki æskilegum framkvæmdahraða við uppbyggingu þjóðarbókhlöðunnar að ráðstafa öllu því fjármagni jafnóðum og það berst inn af hinum markaða tekjustofni er vænlegra að geyma og safna upp í þann byggingarsjóð uns nóg er komið til að ljúka mannvirkinu og taka þá af skattinn með lögum eða ákveða að ráðstafa honum öðruvísi. En það skal þá líka gert á þeim hinum sama stað og skatturinn var settur á á sínum tíma og ber að ákvarðast lögum samkvæmt hér á hinu háa Alþingi.

Það hefur margt verið sagt hér við þessa umræðu, virðulegur forseti, um fjárlögin og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem ég ætla ekki að endurtaka. Þvert á móti ætla ég kannski að verða fyrstur ræðumanna til að segja hér einn hlut, þ.e. viðurkenna fúslega að hæstv. fjmrh. sýnir tilburði í rétta átt með fjárlagafrv. sínu. Og hvað á ég við með því? Ég á við það að hæstv. fjmrh. reynir það sem var löngu brýnt og tímabært að gera: Að ná utan um ríkisbúskapinn og reka ríkissjóð án halla. Hæstv. fjmrh. reynir að ná endum saman eftir óráðsíumeðferð hæstv. ráðherra Sjálfstfl. á ríkisfjármálum undanfarin fjögur ár, og var löngu tími til kominn. En hér er líka lokið þeim hluta ræðu minnar þar sem ég fer sérstaklega lofsamlegum orðum um hæstv. fjmrh. Því miður verða þau orð ekki öllu fleiri því að ég er mjög ósáttur við hvernig hæstv. fjmrh. fer að þessu. (Gripið fram í.) Og þar skilja leiðir með okkur, mér og hæstv. fjmrh.

Ég harma það að mörgu leyti að örlög þeirra ágætu fyrirrætlana sem hæstv. fjmrh. hafði á meðan hann var stjórnarandstöðuþingmaður og lét sér nægja það hlutskipti að vera formaður Alþfl. og þm. í stjórnarandstöðu og fara um landið og halda fundi og segja þjóðinni frá því á 100 fundum eða meir hvernig hann ætlaði að leysa ríkisfjárvandann með miklum umbótum í skattakerfi og með því að skattleggja þá ríku og með því að ná til þeirra sem peningana ættu. Þetta voru vissulega fönguleg fyrirheit og fögur, en harla lítið er nú orðið eftir af þeim þegar flett er fjárlagafrv. og farið er yfir stefnu hæstv. ríkisstjórnar og aðgerðir í skattamálum. Því miður. Vikið hefur verið að því hér áður hvernig hin miklu áform um stóreignaskatt og skattlagningu gróða þeirra sem fitnað hafa í góðærinu eru orðin að skatti á mat og menningu og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum, virðulegi forseti, að tilteknum liðum í fjárlagafrv. sem ég vil ræða lítillega nánar. Þá er það fyrst stofnun á vegum hins opinbera sem heitir Orkustofnun. Hún kom nokkuð hér til umræðu í fyrirspurnatíma í Sþ. og ég hafði vænst þess að hæstv. iðnrh. gæti verið viðstaddur þessa umræðu um fjárlög, en hann hefur tjáð mér að hann sé í opinberum önnum og geti ekki verið hér viðstaddur. Ég fellst að sjálfsögðu á það og virði og geri ekki kröfu til þess að hann mæti hér til svara. En ég ætla engu að síður að lýsa þeirri afstöðu minni að ég tel mjög óvarlega farið með málefni Orkustofnunar. Þar er ekki eingöngu við ráðherra að sakast eða hæstv. ríkisstjórn. Stjórnendur stofnunarinnar hafa upp á sitt eindæmi nánast tekið til þeirra

bragða að segja upp fólki hópum saman, fyrirvaralaust og bera fyrir sig væntanlega skerðingu á fjárveitingum til stofnunarinnar. Þessir stjórnendur virðast hafa frétt af því einhvers staðar úti í bæ í september sl. að um litla aukningu eða jafnvel enga aukningu á fjárveitingum til stofnunarinnar yrði að ræða í krónum talið miðað við það fjárlagafrv. sem þá var í smíðum og þeir drifu sig til, mennirnir, og sögðu um 20 manns.

Ég gæti rökstutt það ítarlega hvers vegna þetta er ógæfulega að farið. Það kom að nokkru leyti fram í umræðum á Alþingi í gær og ég vitna til þess. En ég vil þá bæta því við að Orkustofnun er lögum samkvæmt ætlað mjög mikilvægt og þýðingarmikið hlutverk: að rannsaka, afla upplýsinga um og halda til haga vitneskju um orkubúskap og orkuauðlindir landsmanna ásamt með því að gegna ýmiss konar hagnýtum verkefnum og sinna ýmiss konar þjónustu við einkaaðila og opinbera aðila á þessu sviði. Þessi stofnun hefur verið mjög önnum kafin, ef svo má að orði komast, um alllangt árabil. Þar var mikil þensla og mikil verkefni á seinni hluta 8. áratugarins og á fyrstu árum hins 9. vegna mikilla rannsókna á sviði virkjunarmála. Þar af leiddi að önnur verkefni stofnunarinnar viku til hliðar. Þeim var ýtt frá vegna þess að nánast allur mannafli stofnunarinnar var bundinn í þessum verkefnum. Það er því langt í frá að ýmsum grundvallarverkefnum stofnunarinnar á sviði rannsókna sé sinnt og hafi verið sinnt sem skyldi um langt árabil. Þar af leiðandi var það von þeirra, sem þekkja til og eru sæmilega að sér um verkefni þessarar stofnunar og þörfina fyrir þau, að þegar um hægðist á sviði virkjunarrannsókna og drægi þar úr verkefnum, þá kæmist stofnunin og starfsfólk þar til að sinna þeim grundvallarrannsóknum sem þeim er ætlað lögum samkvæmt. En ég sé ekki að sú verði reyndin ef stofnunin mætir ekki meiri skilningi og hennar verkefni en síðustu atburðir benda til.

Framlag til stofnunarinnar er nánast óbreytt í krónum talið, þ.e. um 160 millj. kr. framlag frá ríkinu og það þýðir að halda má vel á spöðunum ef ekki þarf jafnvel að segja upp enn fleira fólki en gert var nú á dögunum. Þessi stofnun fjármagnar þegar rekstur sinn með mjög háu hlutfalli sértekna. Í raun og veru er það stór spurning hvort ekki sé óeðlilegt að stofnun sem sinna á grundvallarrannsóknum, sem hefur á hendi verkefni eins og þau að reka Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og annað slíkt, fjármagni starfsemi sína að um 40 hundraðshlutum til með sértekjum. Ég held að menn verði að átta sig á því að þessari stofnun eru ætluð undirstöðuverkefni svipað og ýmsum deildum Háskóla Íslands hvað varðar grunnþekkingaröflun og varðveislu slíkrar vitneskju og það verður ekki gert með því að selja slík verkefni. Þar hlýtur hið opinbera að koma til og standa straum af slíkri starfsemi.

Eitt verkefni sem ég vil nefna sérstaklega er ferskvatnsrannsóknir, bæði á heitu vatni og köldu — sem þessi stofnun hefur mikinn hug á að sinna mun betur og leggja meira í en henni hefur verið gert kleift undanfarið — vegna þeirra miklu áforma sem uppi eru hér í þjóðfélaginu um fiskeldi og reyndar ýmsan annan matvælaiðnað sem byggir á þessari auðlind, fersku vatni. Með tilkomu fiskeldis hefur það einnig komið til að lághitinn, þ.e. það volga vatn og vatn með lægri hita, sem áður var í raun og veru ekki áhugi á að rannsaka, þ.e. sá hluti jarðhitans sem lá undir þeim mörkum sem var hagkvæmur til að nýta í hitaveitur, hann er núna orðinn að kannski ekki minni auðlind en allur háhitinn samanlagður vegna þess að það er jú það hitastig sem hentar best í fiskeldið. Um þennan hluta jarðhitans er mjög lítið vitað sem og um efnafræði ferskvatnsins. Á þessu sviði stöndum við í raun og veru áratugum aftar en við ættum að gera ef allt væri með felldu til þess að vera í stakk búin að nýta okkur þessa miklu auðlind sem ferskvatnið er.

Ég held að það sé því mjög nauðsynlegt að bæði Orkustofnun sem og Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og jarðfræðideild Háskóla Íslands fái aukið fjármagn til að sinna þessu verkefni á næstu árum. Það er að mínu mati mjög brýnt. Það mun koma til með að standa þróun bæði matvælaiðnaðar og fiskeldis fyrir þrifum ef ekki verður úr þessu bætt hið snarasta og læt ég þá lokið umfjöllun um það.

Ég vil svo aðeins ræða samgöngumál, herra forseti. Það hefur þegar verið minnst hér á þær fjárveitingar sem áætlaðar eru til hafnamála á næsta ári og þarf ég litlu við það að bæta. Ég held að það sé svo gersamlega úr takt við þá vitneskju sem alþm. hafa, hver frá sínu heima, um þarfirnar í þessum málaflokki að raunaukning fjárveitinga á þessu sviði er engin. Hún er minni en engin vegna þess að til liðarins Hafnarmannvirki og lendingarbætur eru ætlaðar 250 millj. á fjárl. 1988 í stað 218 millj. á þessu ári. Það er um 14% aukning og nær ekki reiknitölu fjárlaganna að öðru leyti. Þetta er gersamlega úr takt við raunveruleikann. Það er gífurleg þörf á framkvæmdum á þessu sviði, endurnýjun og endurbótum af ýmsu tagi og það hefur gerst annar hlutur, sem rétt er að hafa í huga í þessu efni, að sveitarfélög og þeir aðilar sem standa fyrir framkvæmdum hafa neyðst út í miklar lántökur á undanförnum árum, einfaldlega vegna þess að þörfin hefur sprengt af sér alla fjármálaramma í þessum efnum og ég fullyrði að skuldir skipta nú hundruðum millj. í þessum málaflokki og er í raun og veru ekki allt talið sem þar hefur verið gert af samþykktum verkefnum sem ríkinu ber að greiða tiltekið hundraðshlutfall af. Það mun koma á daginn að þar er að myndast langur hali vegna þess að þessar fjárveitingar eru úr öllum takti við raunveruleikann.

Ég held einnig að það sé afar hrakleg niðurstaða að Hafnabótasjóður, sem er ætlaður tiltekinn hluti af þessum verkefnum, skuli þrátt fyrir ákvæði laganna ekki eiga að fá nema 20 millj. kr. á næsta ári. Á bls. 78 í ræðu hæstv. fjmrh. víkur hann ofurlítið að þessu og ég verð að segja að það er einhver allra

aumlegasta lesning sem ég hef séð í nokkurri framsöguræðu, með leyfi þínu, herra forseti, þar sem hæstv. fjmrh. er að reyna að snúa sig út úr því að framlög til hafnaframkvæmda séu ekki meiri en raun ber vitni þrátt fyrir nýsamþykkta hafnamálaáætlun og leyfi ég mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, hluta af þessari umfjöllun hæstv. fjmrh. um hafnaframkvæmdir. Þar segir:

„Af illri nauðsyn hefur fjvn. oft þurft að skammta úr hnefa lágar fjárhæðir þó svo að verkefnin hafi verið stór og brýn. Hjá því verður ekki litið að oft hafa fjármunir skilað mönnum skammt áfram vegna þess hve mikið hefur farið í sjálft sig, en of lítið til verkanna sjálfra. Í annan stað fól tillagan" — þ.e. hafnamálaáætlunin — „í sér að stórauka þyrfti framlag til hafnargerðar í landinu. Það er einfalt mál að segja en erfiðara að leysa," segir hæstv. fjmrh. „Óhjákvæmilega munu hafnamálin koma til skoðunar hjá fjvn. að venju og þá þarf að meta hvaða niðurstaða í fjárframlögum getur verið ásættanleg."

Þetta er heldur snautleg niðurstaða, með leyfi hæstv. forseta. Ég held að hæstv. fjmrh. viti upp á sig skömmina þarna og vísar þá vandanum yfir á fjvn. sem er ekki stórmannlegt. Það að ætla að reyna að klúðra saman hallalausum fjárlögum en mæla svo fyrir þeim með þessum hætti er nú svona og svona. Hér er hæstv. fjmrh. í raun að viðurkenna að framlögin séu allt of, allt of lítil. Þessi niðurstaða sé í rauninni ekki ásættanleg eða hann hefur a.m.k. miklar efasemdir um það að þessi niðurstaða teljist ásættanleg hér á Alþingi.

Ég vil einnig nefna framlög til vegamála og flugmála. Hæstv. fjmrh. var nokkuð drýgindalegur þegar hann vék að þeim hluta samgöngumálanna og taldi að þar væri um raunaukningu að ræða. Þakka skyldi þó að um raunaukningu til flugmálanna væri að ræða þar sem nýsamþykkt lög um stórfellda skattlagningu til framkvæmda á því sviði eru nú farin að verka. Þar er nú frammistaðan þó ekki beysnari en svo að ríkisframlagið er núll. Það ríkisframlag sem gert var ráð fyrir að kæmi til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum og 10 ára áætlun um uppbyggingu flugsamgangnanna byggir á, það er núll. Hér er eingöngu skilað til framkvæmdanna þeim mörkuðu tekjustofnum sem aflað er með beinni skattlagningu á flugið sjálft. Það eru flugfarþegarnir í landinu sem tóku á sig auknar skattbyrðar til uppbyggingar í þessum málaflokki og ég held að hæstv. fjmrh. ætti ekkert að vera sérstaklega að hæla sér af því þó að þarna verði raunaukning fjárveitinga, þ.e. vera að hæla sér af því að láta þessa skatta í friði. Það er ekki sérstakt efni til.

Um vegina er hið sama að segja. Þar er í raun og veru langur vegur frá að staðið sé við langtímaáætlun um vegagerð. Til þess að svo væri þyrftu að renna líklega um 1400 millj. kr. úr ríkissjóði í formi framlaga til viðbótar hinum mörkuðu tekjustofnum og á því byggði fjögurra ára áætlun um vegamál sem hér var afgreidd á þingi á sl. ári. Þá var gengið frá áætluninni þannig að ríkisframlagið var núll á fyrsta ári, en síðan var reiknað með stórfelldum fjárveitingum strax á hinu næsta. Það fór sem ýmsa grunaði að lítið yrði úr þeim áformum og viðbótarfjárveitingar frá ríkissjóði eru sömuleiðis núll í þessum málaflokki. Þar af leiðir að ekki er heldur sérstök ástæða fyrir hæstv. fjmrh. til að hæla sér af því þó að nokkur raunaukning verði þarna á fjárveitingum. Sú raunaukning kemur einfaldlega til af þeirri veltuaukningu sem orðið hefur og skilar meiri tekjum í gegnum hina mörkuðu tekjustofna til vegamálanna.

Síðan vék hæstv. fjmrh. svolítið í sinni ræðu að þróunaraðstoð og það var sömuleiðis heldur snautlegur lestur sem þar kom. Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað að verja 20 millj. kr. á næsta ári til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Í heild sinni hygg ég að ráðherrann hafi sagt að um 71 millj. kr., sem finna mætti í fjárlögunum, mætti tengja þessu verkefni, þ.e. framlögum til þróunarsamvinnu. Og hvernig lítur dæmið þá út, herra forseti?

Eins og ráðherrann vék að samþykkti Alþingi ályktun um að auka þessi framlög í áföngum og koma þeim upp í það far á tilteknu tímabili sem við höfum skuldbundið okkur til að gera samkvæmt alþjóðasamþykktum. Þetta alþjóðlega takmark, sem fjöldi þjóða hefur nú þegar náð að uppfylla, líklega 10–20 þjóðir á næsta ári, er 0,7% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu. Nú er áætlað að verg þjóðarframleiðsla á næsta ári verði 234,2 milljarðar kr., þ.e. 234 000 millj. kr. Það vantar m.ö.o. lítið upp á það, herra forseti, að 1 millj. kr. falli í hlut hvers einasta mannsbarns í landinu í formi þjóðartekna. Þetta er dálagleg fúlga. Nánar tiltekið sýnist mér þetta vera um 975 þús. kr. á hvert mannsbarn og það þætti einhvers staðar býsna gott. Ég hljóp til og deildi með gengi dollars upp í þessa tölu og fékk út að þjóðartekjur á mann á Íslandi á næsta ári verði áætlaðar um 25 600 dollarar eins og gengið er í dag. Og hvað eru 25 600 dollarar á hvert mannsbarn? Ég spái því að það verði einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi á næsta ári. Síðast þegar ég fletti upp tölum um þessi efni fyrir nokkrum árum síðan, þá var Ísland með þjóðartekjur einhvers staðar á bilinu 12–15 þús. dollarar á mann þannig að hér hefur orðið myndarleg aukning. Hún hefur auðvitað orðið svona mikil vegna þess að bæði hefur gengi dollara lækkað og þjóðartekjur á Íslandi hafa vaxið mjög mikið. En á þessum tíma, einhvern tíma á árunum 1983 eða 1984, þá minnir mig að það hafi verið eitt eða tvö furstadæmi í Arabaheiminum sem mikið hafa af olíu til að selja, sem komust upp í þennan flokk, einhvers staðar á bilinu 20–25 þús. dollarar á mann í þjóðartekjur.

En hvernig eru svo þau lönd stödd sem við erum hér að ræða um að aðstoða þegar talað er um þróunaraðstoð? Jú, ég man líka hvaða tölur voru þar á ferðinni, t.d. í formi þjóðartekna á mann í ríkjum eins og Banglades og á Grænhöfðaeyjum. Þar var þetta stærðargráðan 100–150 dalir á mann á ári. Það er nú það. Fjögur, fimm, sex þús. kr. á hvert

mannsbarn á sama tíma og við erum að tala um 975 þús. Það eru þessi ríki sem búa við slíka örbirgð sem verið er að ræða um þegar fjallað er um þróunaraðstoð. Menn geta ekki skotið sér bak við vandann hjá sjálfum sér. Menn geta ekki gleymt því að við erum að tala um örbirgð af þessu tagi þegar rætt er um þróunaraðstoð Íslendinga. Við höfum m.a. verið að reyna að aðstoða eina fátækustu þjóð heimsins sem býr á Grænhöfðaeyjum og þjóðartekjurnar þar eru kannski nokkur hundruð dollarar á mann á ári.

Ef við stæðum við okkar takmörk um að verja 0,7% af okkar þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar þá væru það um 1650–1700 millj. kr. á næsta ári. 71 millj. gerir líklega rétt um 0,03%. Þetta er nú munurinn. Sú var tíðin að þetta hlutfall komst þó upp í 0,1% og rúmlega það, á þeim tíma sem verið var að byggja Feng og mestar fjárveitingar voru til annarra samningsbundinna verkefna, t.d. í Afríku, sem við stóðum þá að í samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir. Þá komst þetta vel yfir 0,1%. Horfurnar eru 0,03% á næsta ári. Í mesta góðæri Íslandssögunnar, þegar þjóðartekjurnar verða hærri en nokkurn tímann fyrr, sennilega einhverjar þær hæstu í heimi, á að bjóða íslensku þjóðinni upp á að verja sem svarar 0,03% af þjóðarframleiðslu sinni til þróunaraðstoðar. Hæstv. forsrh. spurði hvort hér væri nokkur maður sem legði til að staðið yrði við ályktun Alþingis frá 1985, um þróunaraðstoð. Já, hér er að minnsta kosti einn. Ég er tilbúinn að aðstoða hæstv. fjmrh. hvar og hvenær sem er við að leita leiða til að afla fjár í þennan málaflokk, hvort sem það yrði gert með sérstökum nefskatti eða með einhverjum öðrum ráðum. Það er okkur ekki sæmandi, það kemur ekki til nokkurra mála að okkur sé það sæmandi, þjóð sem fyrir tiltölulega fáum árum, svo að ekki sé nú talað um áratugum eða öldum síðan, var alin, var haldið lífinu í af útlendingum sem skildu þá neyð sem við bjuggum við þá en er núna einhver mesta velmegunarþjóð heimsins, okkur er það allra síst sæmandi að standa að málunum með þessum hætti.

Herra forseti. Það hefur verið fjallað hér nokkuð um samstarf ríkis og sveitarfélaga og samskipti þar á millum eins og þau birtast í þessu frv. og ég þarf ekki miklu við það að bæta. Ég vil bara minna á þá stöðu sveitarfélaganna í öllum þessum samskiptum sem mönnum ætti auðvitað að vera ljós, þ.e. að þau eiga í viðskiptum við löggjafarvald og ríkisstjórn. Og þess aflsmunar hefur ærið oft kennt þegar ríkisvaldið eða Alþingi t.d. skerðir lögbundin framlög sem sveitarfélögunum ber, t.d. í formi skerðingar á Jöfnunarsjóði, eins og verið hefur undanfarin ár. Þess vegna verð ég að segja að það er von og það er meira en von að sveitarfélögin séu óróleg þegar staðið er að hlutunum eins og nú er gert, að færa yfir á þau umtalsverð verkefni án þess að betur sé búið um hnútana hvað varðar fjáröflun á móti, tekjur sveitarfélaganna á móti. Ég verð að segja að ég gæti hugsað mér mun farsælla upphaf fyrir eina ríkisstjórn í samskiptum við sveitarfélögin en það að velta byrðum yfir á þau í formi nýrra verkefna svo nemur hundruðum milljóna króna en bjóða þeim í staðinn að stela pínulítið minna af lögbundnum tekjum þeirra úr Jöfnunarsjóði.

Sömuleiðis væri gaman að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um vaxtamál og fjármagnskostnað í þjóðfélaginu. Það gleymist ærið oft, held ég, þegar menn eru að ræða efnahagsmálin og stóra samhengið í þeim hlutum, hversu stórt hlutverk vextirnir og vaxtastigið leikur í hverju þjóðfélagi. Ég tala nú ekki um ef vaxtastigið er jafnhrikalegt og það er á Íslandi. Þá tekur nú steininn úr. Ég hygg að hæstv. ríkisstjórn hafi nú þegar fengið dæmin um það hversu sérkennilegur íslenski fjármagnsmarkaðurinn er og ætti að hugsa sinn gang, t.d. þegar ríkisstjórnin spennir upp vaxtastigið með hækkun vaxta á ríkisskuldabréfum og fær það svo aftur í hnakkann í formi meiri krafna um hærri vexti á þeim lánum sem ríkissjóður er að taka einhvers staðar annars staðar á sama tíma. Þessi hringrás hlýtur að valda hæstv. fjmrh. nokkrum áhyggjum stundum og sú staðreynd að þrátt fyrir einhverja hæstu vexti í heimi virðist ekkert slá á þensluna hér á Íslandi.

Það eru fleiri mótsagnir sem gaman væri að fjalla ofurlítið um í þessum efnum, en til þess er varla tími og e.t.v. lítill áhugi hjá hv. þm. að hlýða á langar hugleiðingar um slíkt. Ég segi það þó sem mína skoðun að eitt af stærstu vandamálunum við efnahagsstjórnun á Íslandi er auðvitað hið geigvænlega háa vaxtastig. Það er enginn efi á því í mínum huga að ríkisvaldið ætti að beita þeim möguleikum sem það hefur til að hafa áhrif á vextina, þ.e. í formi beinnar lagasetningar eða beinna stýringaraðgerða. Ég er ófeiminn við að játa mig fylgismann þess að ríkisvaldið, Seðlabanki og ríkisstjórn, grípi inn í með beinum ákvörðunum um vexti. Að mínu mati hefur vaxtafrelsið svonefnda sem var innleitt hér á sínum tíma sannað sig að ganga ekki upp á Íslandi. Það sýnir sig að þetta litla lokaða efnahagskerfi ræður ekki við það. Það þarf að stýra þeim hlutum og þykir mér a.m.k. ekki mikið. Það hefðu menn í raun átt að geta sagt sér fyrir að það kynni ekki góðri lukku að stýra að spenna þetta upp með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það hafa þegar komið fram í umræðunni og reyndar víðar í þjóðfélaginu mótmæli gegn þeirri meðferð sem atvinnuvegirnir fá í þessu fjárlagafrv. í raun og veru, sjávarútvegur í formi aukinnar skattheimtu og minni endurgreiðslna á söluskatti, iðnaðurinn fær líka sinn skerf frá hæstv. fjmrh., þó að landbúnaðurinn sé að vísu sá atvinnuvegur sem er langverst leikinn.

Ég held að það sé geysilegur misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að vandi sá sem við er að glíma í landbúnaðinum verði leystur með því að skera niður öll framlög til þróunarstarfsemi, til rannsókna og til ýmiss konar stoðaðgerða í landbúnaðinum. Þetta er alveg þveröfugt. Í raun og veru hefur engin atvinnugrein eins mikla þörf fyrir ýmiss konar stuðning, opinberan stuðning, og landbúnaðurinn akkúrat

núna vegna þeirra breytinga og þeirra aðstæðna sem þar eru. Þetta ættu glöggir menn að geta skilið. Og ég veit að ýmsir stjórnarliðar hafa áttað sig á þessu. Þeir hafa kannski ekki burði í sér til þess að benda hæstv. fjmrh. á þetta. Það er heldur dapurlegt ef svona mætir menn eins og Egill Jónsson og Friðjón Þórðarson og fleiri slíkir ætla bara að sitja og kyngja þessu því að ég veit að þeir vita betur.

Það er auðvitað þannig að í tengslum við þær aðgerðir sem verið er að grípa til og reyna að ná fram í formi framleiðslustjórnunar og breyttra búskaparhátta í landinu vex en ekki minnkar þörf atvinnuvegarins fyrir ýmiss konar stuðning, ýmiss konar ráðgjafarstarfsemi og þjónustu af því tagi. Hæstv. fjmrh. ætti að geta skilið þetta líka ef hann hugleiðir það stundarkorn. Hann er hér á algerum villigötum. Það getur vel verið að ástæða hafi verið til að færa það fjármagn sem ráðstafað er til landbúnaðarins talsvert til og verja því með ýmsum hætti öðruvísi. Ég tek sem dæmi framlög til aukinnar ræktunar. Ég held að allir séu sammála um að þegar heföbundinn búskapur er að dragast saman í landinu sé ekki ástæða til að grafa upp fleiri mýrar eða rækta stærri tún. Þá ætti að mínu mati að reyna að verja því fjármagni til annarrar og uppbyggjandi starfsemi, þannig að menn ynnu sig á styttri tíma og með betri og auðveldari hætti út úr þeim vanda sem þessi atvinnugrein á við að stríða og er mikill. (**EgJ:** Þetta er nú einmitt það sem er gert.) Er þetta það sem gert er í fjárlagafrv., hv. þm.? (**EgJ:** Er gert í jarðræktarlögunum.) Já, hv. þm. Egill Jónsson kemur kannski hérna upp fyrir okkur og ver fjárveitingar til landbúnaðarins eins og þær birtast í þessu fjárlagafrv. og þá er vel. Þá ætla ég að hlusta með athygli á þá ræðu.

Að síðustu, herra forseti, langar mig til að fjalla pínulítið um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þá ætla ég aftur að skelfa hæstv. fjmrh. með því að byrja á að hæla honum. Ég fagna því auðvitað mjög að bein framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna eru aukin. Fyrir því hef ég talað í mörg ár og reynt að benda mönnum á þá gífurlegu hættu sem fólgin væri í því að gera þennan sjóð smátt og smátt gjaldþrota með því að ýta honum í allt of miklum mæli út í óhagstæðar lántökur, jafnvel erlendar lántökur, á sama tíma og hann lánar út án vaxta og með fyrir fram gefnum afföllum á lánum svo nemur 15–25%, um það geta menn deilt og gera reyndar. Það er sem sagt ótvírætt mikil framför í því fólgin að auka framlög en minnka lántökur sjóðsins og því fagna ég. Hitt verð ég að segja að framlög og lántökur í heild sinni, þ.e. það fé sem sjóðnum er ætlað dugar engan veginn til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga um námslán og námsstyrki. Þau lög eru nefnilega einföld og skýr. Rétt eins og lögin sem hv. 4. þm. Austurl. vitnaði í um Þjóðarbókhlöðuna. Lögin um námslán og námsstyrki segja einfaldlega að það eigi að lána námsmönnum fyrir metinni framfærsluþörf að frádregnum hluta af þeim tekjum sem þeir geta aflað sér. Þessi lög eru svo einföld að það er ekki hægt að túlka þau neitt í öfugar áttir. Það ber að lána námsmönnum fyrir þessari framfærsluþörf.

Nú gerðist það hins vegar að hæstv. fyrrv. menntmrh. braut þessi lög. Hann setti á skerðingarákvæði með reglugerðum sem standast ekki anda laganna. Það er alveg morgunljóst. Sá óréttur er enn við lýði og honum hefur ekki verið hnekkt, því miður. Og það kemur auðvitað nokkuð spánskt fyrir sjónir vegna þess að talsmenn Alþfl. í tíð fyrri ríkisstjórnar tóku þátt í því með öðrum stjórnarandstæðingum á þeim tíma að gagnrýna þessar skerðingar og benda á að þær stæðust ekki anda laganna um námslán og námsstyrki og krefjast þess að þeim yrði hnekkt.

Nú bregður svo sérkennilega við að hæstv. fjmrh., frá sama Alþfl., virðist ætla að láta þessa skerðingu viðgangast áfram eins og ekkert hafi í skorist. Hún nemur um 20% á þeim lánum sem námsmenn ættu að fá. Þeir fá 80% í stað 100% af þessari framfærsluþörf. Þó er það þannig að sú þörf er örugglega vanmetin í mörgum greinum. Sá framfærslugrunnur sem notaður er við útreikning námslána er frá 1973 að stofni til. Svo að dæmi sé tekið eru námsmönnum, sem búa utan heimilis, leigja húsnæði eða búa í eigin húsnæði, ætlaðar tæpar 4000 kr. á mánuði til að greiða þann húsnæðiskostnað, eitthvað um 3900 kr. Hvað haldið þið, hv. þm., að námsmaður geri á húsnæðismarkaðinum í Reykjavík með 3900 kr.? Hvernig haldið þið að hýbýlið sé sem hann borgar með þeim peningum? Það segir sig held ég sjálft að þar eru mjög breyttir tímar og sú tala dugar engan veginn til. Skerðingin á þessum lánum er því að mínu mati mjög alvarlegur hlutur. Það er í tísku að tala um væl í námsmönnum og menn segja jafnvel hetjusögur af sjálfum sér þegar þeir unnu á nóttunni og lærðu á daginn og fóru þannig í gegnum skólann.

Ég held að menn verði að átta sig á að námsmenn eru fólk rétt eins og við hin og þeir gera eðlilega kröfu til þess að geta lifað eins og venjulegir borgarar í því samfélagi sem þeir eru uppi í. Námsmenn á framhaldsskólastigi, í háskólanámi víða, eru yfirleitt eða mjög oft fjölskyldufólk og þeir hafa því sömu þarfir að uppfylla á því sviði og við hin. Þess vegna er ekki hægt að líta á þá sem einhvern sérstakan hóp í þjóðfélaginu sem eigi að lifa upp á sult og seyru og hafi jafnvel bara gott af því. Það er gjörsamlega úreltur hugsunarháttur og hefur auðvitað aldrei átt rétt á sér.

Ég þekki það vel til haga ýmissa námsmanna, bæði innanlands og erlendis, að ég veit að þessi 20% skerðing kemur mjög illa við marga sem eru í námi. Hún gerir það ósköp einfaldlega vegna þess að það eru eðli málsins samkvæmt síðustu krónurnar af námslánunum sem menn hafa til að ráðstafa í eitthvað annað en bara allra brýnustu lífsnauðsynjar. Það eru akkúrat þessar krónur sem eru skornar af. Og þá er jafnvel minna eftir en menn í raun þurfa í mat, klæði og húsnæði. Ég fullyrði það að flestum námsmönnum erlendis, hafi þeir enga aðstoð utanaðkomandi, frá ættingjum eða með

einhverjum öðrum ráðum, duga námslánin í mjög mörgum tilfellum rétt aðeins tæplega fyrir fæði, klæði og húsnæði, og búið. Þannig að hlutir eins og bókakaup og annar slíkur aukakostnaður er leystur með einhverjum öðrum hætti. Þannig á það auðvitað ekki að vera. Það liggur fyrir að ef fjmrh. framtíðarinnar, næstu ára og framtíðarinnar, sýna jafnmikinn skilning á eðli Lánasjóðs ísl. námsmanna og hæstv. núv. fjmrh. gerir þó, hvað varðar nauðsyn þess að leggja sjóðnum til framlög en etja honum ekki út í lántökur, verður Lánasjóður ísl. námsmanna á tiltölulega stuttum tíma að verulegu leyti sjálfbjarga sjóður, þ.e. mínus þá þau afföll af lánum sem verða vegna útlána- og endurgreiðslureglna sjóðsins og menn hafa áætlað að gætu numið um 22%. Síðan getur komið til viðbótar einhver vaxtamunur vegna eldri lántaka og þeirra lántaka sem í gangi eru á hverjum tíma, en það er í öllu falli hægt að leyfa sér þá bjartsýni að segja að innan 10–15 ára yrði þessi sjóður að minnsta kosti að meira en hálfu leyti sjálfbjarga. Líka vegna þess að ætla má að fjölgun námsmanna sé u.þ.b. að stöðvast eða verði alla vega ekki neitt í líkingu við það sem hún hefur verið undanfarin ár. Það þýðir auðvitað að þeir sem eru þá að greiða inn í sjóðinn eru að hlutfalli miklu, miklu fleiri en þeir sem taka þar lán miðað við það sem nú er.

Þetta segi ég til þess að stappa stálinu í hæstv. fjmrh. að gera enn betur og reyna að láta nú á næstu vikum snöfurmannlega kanna það hver sé hinn raunverulegi framfærslukostnaður námsmanna. Hæstv. fjmrh. getur látið gera þetta sjálfur ef hæstv. menntmrh. hefur ekki döngun í sér til þess. Síðan á að miða fjárveitingar til sjóðsins við þetta.

Ég hvet að síðustu hæstv. fjmrh. til að lesa yfir lög frá 1982 um námslán og námsstyrki, kynna sér anda þeirra laga og þá veit ég að hann kemst að þeirri niðurstöðu að hann er að fremja lögbrot, nema hann sjái Lánasjóðnum fyrir nægilegum fjármunum til þess að uppfylla ákvæði þeirra laga eins og þau hljóða. (**Gripið fram í:** Í gegnum sérkennslu.) Hún kemur ekki mál við þetta.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Samflokksmenn mínir, hv. 4. þm. Suðurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e., hafa þegar talað í þessari umræðu og lýst ýmsum þeim sjónarmiðum sem ég er sammála af eðlilegum ástæðum og er auðvitað sammála flestum þeirra athugasemdum við þessi fjárlög sem hér eru nú til umræðu. Ég hyggst þess vegna koma að þessari umræðu frá svolítið öðru sjónarhorni vegna þess að ég held að það sé kominn tími til að hið háa Alþingi hugsi aðeins um hvernig fjárlög verða til og hvaða tilgangi þau þjóna.

Það er undarlegt þegar menn hafa setið hér árum saman að í hvert skipti sem fjárlög eru lögð fram liggur við að maður undrist hvar samhengið er í stjórnun landsins. Þjóðin kýs sér Alþingi og Alþingi setur henni lög. Og meiri hluti Alþingis setur saman ríkisstjórn, allvenjulegast. Síðan skyldi maður ætla að sú hin sama ríkisstjórn hverju sinni reyndi að fara að vilja Alþingis og fara að þeim lögum sem sett hafa verið. Það er hins vegar stundum afar erfitt að sjá hvernig þetta hangir saman og skal ég á eftir taka nokkur dæmi um það. Síðan heldur málið áfram að þróast á hinn undarlegasta hátt. Fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er síðan vísað til fjvn. og þá er líka dálítið erfitt að sjá hvernig sú góða nefnd lítur á sitt hlutverk. Þá upphefjast ferðalög hvaðanæva af landinu til nefndarinnar þar sem menn koma, alls kyns þrýstihópar, mjög svo tilviljanakennt að mínu mati og krefjast fjármagns í þetta og hitt. Þá fer það ekki alltaf saman við stefnu stjórnvalda hverju sinni hvernig því fjármagni er varið og e.t.v. er frekar unnið að því að hafa alla góða.

Þetta er ekki að stjórna ríki af nokkru skynsamlegu viti. Síst af öllu ríki sem er eins skrýtið í laginu og Ísland. Það er ekki sama hvort við erum að reka ríki eins og Ísland þar sem byggðir landsins eru dreifðar og fámennar eða ríki eins og t.d. Danmörku þar sem hvergi er hægt að vera á ferli án þess að sjá til næstu mannabyggðar. Þetta tvennt er gjörólíkt. Þess vegna held ég að menn ættu að byrja á því að hugsa upp á nýtt ýmsar þær klifanir sem maður heyrir næstum á degi hverjum. T.d. orð eins og „byggðastefna“. Hér er enginn maður með mönnum á hinu háa Alþingi nema hann segi: Ég er byggðastefnumaður. Og hvað skyldi nú þessi byggðastefna vera? Sú eina byggðastefna sem á nokkurn rétt á sér er að fara að íslenskum lögum og stjórna þessu landi á þann veg að allir þegnar þess búi við sem svipuðust skilyrði. Svo einfalt er það.

Það er ekki nein pólitík til eða frá að jagast hér dag hvern um hvort höfuðborgarsvæðið sé að mismuna svokölluðum „byggðum landsins“. Það vill einfaldlega svo til að hér er þéttbýlla. (**Gripið fram í:** Svokölluðum?) Ég sagði það. Reykjavík er byggð landsins alveg eins og aðrar byggðir og á því á ekki að vera nokkur munur hvað varðar réttindi til heilsugæslu, réttindi til skólagöngu, til framhaldsmenntunar, til allra þeirra réttinda sem íslenskir borgarar eiga að njóta. Ég held þess vegna að við ættum að reyna að hugsa þessi mál aðeins að nýju, vegna þess að þetta er orðið formfast og kemur á endanum, þegar fjárlög liggja fyrir, hreint ekki neitt við einni eða annarri stefnu. Hvorki ríkisstjórn né Alþingi hafa í raun og veru stjórn á því sem þau eiga þó að hafa stjórn á, sem er rekstur þessa þjóðfélags. Þetta er tilviljanakennt, enda æpa dæmin á okkur í sérhverri byggð landsins.

Menn tala um sjálfstæði sveitarfélaga. Jú, jú, auðvitað á fólk að hafa sitthvað um sín mál að segja í hinum einstöku byggðarlögum, en það segir sig sjálft að það verður að reyna að dreifa þjónustunni í landinu, atvinnutækjunum, á skynsamlegan hátt um byggðir landsins. Það er t.d. varla nokkurt vit í, svo aðeins eitt dæmi sé tekið, að hafa heilsugæslustöð fullbúna öllu því sem þeim tilheyrir bæði á Hellu og Hvolsvelli. Þetta er á engan hátt skynsamlegt. Ég held þess vegna að menn eigi að hætta að tala í

þessum vendingum að annaðhvort sé fólk landsbyggðarfólk eða Reykvíkingar eða hér af Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég held við verðum að reyna að hugsa þetta þjóðfélag í einu lagi. Það held ég væri fyrsta skrefið til skynsamlegra fjárlaga.

Ef við lítum á hvers konar stefnu má lesa út úr því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir hljóta ýmsar spurningar að vakna. Hér segir, herra forseti, á bls. 211, með leyfi:

„Miðað var við" — og er þar talað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga — „að tónlistarskólar frá upphafi skólaárs 1988 og 1989, dagvistarheimili, byggðasöfn, málefni fatlaðra, vatnsveitur, landshafnir og heimaþjónusta aldraðra færist að fullu yfir á verksvið sveitarfélaga."

Það er reyndar rangt, sem hér hefur margverið sagt, að hér sé verið að fremja einhver lögbrot. Auðvitað eru fjárlög lög og gera önnur lög að engu verði þau samþykkt. En skemmtilegri aðferð er að móta stefnu í slíkum málum með sérstökum lögum frá hinu háa Alþingi en að sletta ákvörðunum eins og þessum inn í fjárlagafrv. Hér eru nefnilega engin smámál á ferðinni, enda segir litlu síðar á bls. 223, með leyfi herra forseta:

„Vegna tilflutnings verkefna til sveitarfélaga þarf að endurskoða eftirfarandi lög: Lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, lög nr. 112/1976, um dagvistarheimili, lög nr. 107/1970, um Félagsheimilasjóð, lög nr. 49/1956, um Íþróttasjóð, lög nr. 52/1969, um Þjóðminjasafn Íslands (vegna ákvæða þeirra um byggðasöfn) lög nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, lög nr. 91/1982, um málefni aldraðra, lög nr. 23/1955, 38/1951 og 61/1966, um landshafnir, og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra."

Það er ekki lítið sem á að gera með þessu fjárlagafrv. Ég vil aðeins fara ofan í hvað hér er verið að tala um, herra forseti. Fyrir nokkrum árum gerðu verkalýðssamtökin í landinu samning við ríkisstjórn Íslands um tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana sem skyldu á tíu árum fullnægja ¾ af þörf fyrir slíkar stofnanir. Síðan árið 1982 fengum við nokkrir þm., og þar á meðal var, ef ég man rétt, hæstv. núverandi félmrh. meðflm. minn á því frv., það samþykkt hér á hinu háa Alþingi að gerð skyldi námsáætlun fyrir dagvistarstofnanir. Og þar með var það blað brotið að Alþingi Íslendinga viðurkenndi að dagvistarstofnanir væru uppeldisstofnanir, væru menntastofnanir. Ég hlýt því að spyrja þann eina hæstv. ráðherra sem hér er staddur reyndar, í fyrsta lagi: Hvar er ríkisstjórnin? Og í öðru lagi: Er hann tilbúinn til að svara mér því: Er núverandi ríkisstjórn að snúa þessum skilningi við? Eiga dagvistarstofnanir ekki lengur að vera uppeldisstofnanir, þær fáu dagvistarstofnanir sem við höfum upp á að bjóða? Eiga þær að vera geymslupláss fyrir óþekka krakka á meðan foreldrarnir eru að vinna? Það er gjörsamlega nýtt sjónarmið og eitthvert sorglegasta skref aftur á bak í uppeldismálum sem ég hef orðið vitni að hér í þingsölum. Áður var talað um að fóstrumenntun þyrfti að efla. Það var jafnvel talað um að fóstrumenntun ætti fullt erindi á háskólastig rétt eins og hjúkrunarfræðimenntun og önnur slík menntun þar sem þessi starfsstétt væri að undirbúa lítil börn undir skólavist framtíðarinnar, eins og svo fallega segir í þeim lögum sem hæstv. ríkisstjórn ætlar nú greinilega að endurskoða, sjálfsagt með því að taka út að efla eigi þroska sérhvers einstaklings o.s.frv.

Með því að segja „Sveitarfélögin taka nú við þessum stofnunum" eru afskipti ríkisins, afskipti menntmrn. sjálfsagt að mestu leyti úr sögunni. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að það verði einhver samræming í uppeldisstarfi þessara stofnana? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því? Höfum við tryggingu fyrir því að sárfátæk lítil sveitarfélög geti boðið upp á þá þjónustu sem við getum kannski fengið fyrir börnin okkar hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu? Það held ég sé aldeilis af og frá. Ég geri ráð fyrir að það yrði uppi ramakvein í þjóðfélaginu ef á þennan veg ætti að fara með skólakerfið. En hver er munurinn? Er þetta kerfi ekki eitt af því sem við erum öll sammála um að við viljum reka saman, þjónusta við uppeldi sem við viljum að öll börn landsins eigi rétt á, hvort sem þau búa á Dalatanga eða á Súðavík eða í Reykjavík? Það er aldeilis ómögulegt að skilja annað á þessu frv. en að hér sé verið að breyta þessu gjörsamlega, enda hefur þróunin verið að síga á ógæfuhliðina nú á allra síðustu árum. Það sýnir sig í því að það er minnkandi aðsókn að Fósturskóla Íslands. Þessi stétt var fyrir örfáum árum, þegar tíu ára áætlunin var samþykkt, þegar uppeldisáætlunin kom í kjölfar laganna um námsáætlun, full af bjartsýni um að nú ætti að fara að vinna þessi störf með sómasamlegum hætti, en auðvitað hefur síðan dregið úr áhuga ungs fólks að fara í þetta starf.

Að þessari uppeldisáætlun vann nefnd með færasta uppeldismálafólki landsins með frú Valborgu Sigurðardóttur í broddi fylkingar, sem hingað til hefur þótt vita töluvert um þessi mál, og auðvitað var einn þáttur starfs þessarar nefndar að reyna að tengja saman grunnskólann og forskólann. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. úr því að hæstv. menntmrh. er ekki landfastur, eins og hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan, hvort þetta sé virkilega stefna núverandi ríkisstjórnar.

Það er hægt að ganga í þessa málaflokka einn af öðrum. Telur núverandi ríkisstjórn að það sé til farsældar í þessu landi að skera niður Félagsheimilasjóð og Íþróttasjóð? Sé svo, þá hlýtur þingheimur að eiga rétt á að fá að vita hvort íþróttir séu óhollar ungu fólki. Hefur þessi hreyfing verið til ófagnaðar? Það verður að vera ástæða fyrir svo alvarlegum breytingum.

Þó tekur steininn úr þegar komið er að lögum um málefni aldraðra og fatlaðra. Hér stóðum við eins og eineggja tvíburar, hv. þm. Alþfl. og Alþb. og Kvennalistans eftir að hann kom til — líklega var hann ekki kominn til þegar þessi lög voru sett hvoru

tveggja. Með þessum tvennum lögum varð gjörbylting í landinu og þá einkum og sér í lagi með lögum um málefni fatlaðra. Það eru ekki nema u.þ.b. tíu ár síðan fólk utan Reykjavíkur, sem hafði á framfæri sínu fötluð börn, vangefin og börn sem þurftu sérþjónustu, var tilneytt að flytja til Reykjavíkur vegna þess að engin þjónusta var neins staðar í landinu annars staðar. Á tíu árum hefur orðið mikil uppbygging og menn geta lesið í fjárlagafrv. langa lista um þjónustustofnanir út um allt land. Fólk fékk að búa í friði þar sem það átti sér rætur og átti rétt á að fá að búa. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að voga sér að fara að stöðva þessa þróun því þar er mikið verk óunnið? Og ef hún hefur það í huga, en það er ógerningur annað en að líta svo á, krefjumst við skýringa.

Síðan getum við komið að einstökum verkefnum. Við höfum raunar dæmi um hvernig fór fyrir einum þætti og ekki veigaminnstum í þjóðlífi okkar. Málaflokkur sem einmitt varð fyrir barðinu á því að vera færður algjörlega yfir á sveitarfélögin, en það voru almenningsbókasöfnin í landinu. Líti menn í kringum sig. Auðvitað ráða lítil sveitarfélög ekkert við að reka nútíma almenningsbókasafn og sum þeirra eru satt að segja til háborinnar skammar. Ég hef tölur um að bókakaup eins árs hafa farið niður í tólf bækur. Hvað eftir annað hef ég spurt á hinu háa Alþingi hvort ekki standi til að setja ný lög um almenningsbókasöfn og hef oftlega vitnað í nefnd sem vann að tillögum, og þær liggja fyrir, um kerfi í þeim efnum. Það var að mestu leyti sótt til Noregs og þykir þar mjög til fyrirmyndar. Í öllum Noregi eru sjö stór fylkisbókasöfn sem síðan veita þjónustu hvert í sínu fylki út í hinar dreifðu byggðir. Aðstaða okkar er að sumu leyti ekki ólík og hjá þeim vinum okkar Norðmönnum. En á þetta er auðvitað ekkert hlustað og það hefur ekkert gerst í þessu annað en að almenningsbókasöfn í litlum sveitarfélögum hafa að sjálfsögðu drabbast niður. Síðan tala menn fjálglega um þjóðfélag framtíðarinnar, aukna menntun, þjóðfélag þekkingarinnar, fullorðinsfræðslu og annað slíkt. Og telja menn þá rétt að fyrsta skrefið að því sé að eyðileggja almenningsbókasöfnin í landinu, eyðileggja forskólann í landinu? Það er ekki, herra forseti, vit í þessu. Það er ekkert vit í þessu.

Setningar eins og þessa á bls. 211 má sjá þegar maður er búinn að lesa þessi ósköp, með leyfi herra forseta: „Sveitarfélögum verða tryggðir tekjustofnar til þess að takast á við aukin verkefni.“ — Hvernig það á að gerast og að hve miklu marki er auðvitað látið ósagt, enda segir sig sjálft hvernig það muni fara.

Herra forseti. Mér er ljóst að þm. fara að þreytast og ég skal reyna að stytta mál mitt. En strax á bls. 212 rekur maður sig aftur á þennan rugling á því hver á að gera hvað. Hér stendur um verðlagsforsendur frumvarpsins — með leyfi forseta les ég nokkrar línur: „Í fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að kjarasamningar annarra launþega [þ.e. annarra en opinberra starfsmanna], sem flestir eru lausir um eða jafnvel fyrir áramótin, verði á svipuðum nótum og samningar við opinbera starfsmenn.“

Hvaða leyfi hefur hæstv. ríkisstjórn til að lýsa þessu yfir? Þetta kemur henni ekkert við. Þessir kjarasamningar fara fram milli frjálsra verkalýðsfélaga. Hvað eru menn að gera? Fyrsta skilyrði til að gera eitthvað skynsamlegt er að vita hver á að gera hvað, enda sjáum við hvers konar stjórnleysi hér hefur verið viðhaft. Það dettur auðvitað aldrei nokkrum manni í hug, þegar við erum að ræða þetta þýðingarmesta frv. hvers þings, að ræða á heilbrigðan og skynsamlegan hátt hvað við getum lært af mistökum fyrri ára því þar er af nógu að taka. Auðvitað viðurkennir ekki nokkur maður að neitt hafi mistekist. Menn þegja þunnu hljóði yfir hneykslum sem kosta okkur milljarða á ári hverju í vexti og afborganir af ónauðsynlegum framkvæmdum sem landið er fullt af og nægir þar að taka stóra póstinn, virkjanaævintýri landsmanna, að ekki sé talað um flugstöð og annað slíkt.

Hér segir, með leyfi forseta, á bls. 215: „Nú er áætlað að vextir og afborganir nemi alls 7 milljörðum og 60 millj. kr. á árinu 1987 eða um 14,8% af heildartekjum ríkissjóðs. Í frumvarpinu er sambærileg fjárhæð 9 milljarðar 435 millj. kr. og hlutfallið 15,8%.“ Sér ekki hver heilvita manneskja hvernig hér hefur verið staðið að verki og er alveg útilokað að reyna að læra af mistökunum?

Hér er eitt mál ekki ýkjastórt og ekki stór póstur í þjóðarbúskapnum, en það stendur á bls. 222: „Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 millj. kr. á árinu 1988.“ — Hvað segir þetta okkur í raun og veru? Það segir okkur að hæstv. ríkisstjórn vill leggja íslenska kvikmyndagerð niður. Um það verður ekki villst. Það þarf meira fé, ekki lækkun heldur hækkun á framlögum í hana. Nú vill svo til að kvikmyndagerð getur vel verið arðvænlegur atvinnuvegur ef honum er komið af stað, en það er með hann eins og með önnur stórfyrirtæki að það þarf að setja peninga í þau í byrjun. Menn hafa verið ófeimnir við það hér að samþykkja myndarleg fjárframlög til alls kyns atvinnustarfsemi, en þegar um er að ræða listræna iðju manna er eins og buddan lokist sjálfkrafa. En þá eiga menn líka að segja heiðarlega og upphátt: Við teljum ekki ástæðu til að íslenskir kvikmyndagerðarmenn búi til kvikmyndir. Þá höfum við það alveg dagljóst. Því þetta þýðir það ef hv. þm. ekki vita það.

Hér kemur enn eitt mál á bls. 223, þetta verður auðvitað að vera í símskeytastíl: „Heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1988 í Reykjavíkurlæknishéraði.“ — Af hverju skyldi það nú vera? Það er af því að borgarstjórinn í Reykjavík vill ekki heilsugæslukerfi. Hvaða ástæður sjá a.m.k. tveir af ríkisstjórnarflokkunum til að láta

þessa dynti eftir borgarstjóranum? Reykvíkingar eiga rétt á heilsugæslu alveg eins og annað fólk vegna þess að Reykjavík er líka byggð og hefur sömu þarfir og önnur byggðarlög. En það er alveg greinilegt að það hafa komið skilaboð frá hv. borgarstjóra. Og trúið mér til. Hér kemur enn eitt frv. innan tíðar um að á þessu ári skuli ekki unnið að því að byggja upp heilsugæslukerfi í Reykjavík, enda er svo komið að Seltirningar verða að sjá Reykvíkingum fyrir heilsugæsluþjónustu á stóru svæði hér vestur á Melum og Högum.

Ég hlýt enn og aftur, eins og fleiri hafa gert hér, að taka undir orð hv. 4. þm. Austurl. um þjóðarbókhlöðu. Eru menn búnir að gleyma því að þjóðin gaf sér þjóðarbókhlöðu á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar? Þvílík reisn! Síðan er byggingarsaga þessa húss búin að vera slík hörmung sem allir þekkja.

Fyrrv. hæstv. menntmrh. gerði tilraun til að bjarga þessu máli, bjarga okkur frá því að verða okkur algerlega til skammar og lamdi okkur til hlýðni með því að leggja nýjan skatt á mannfólkið í landinu sem sérstaklega skyldi eyrnamerktur þjóðarbókhlöðu því hann sagði margsinnis réttilega og þar er ég hjartanlega sammála: Þessu húsi verður að ljúka. Það verður að ljúka við það og taka það í notkun, bæði til að rýma annað húsnæði, eins og t.d. háskólabókasafnið sem er til annarrar eins skammar, og koma einhverjum skikk á Þjóðskjalasafn og þessar stofnanir sem við öll þykjumst vilja reka. Og hvað er svo gert? Hér innheimtust á þessu ári 115 millj. Og hvað á að taka af því í þjóðarbókhlöðu? 50 millj. Hvað á að gera við hitt? Og ég endurtek það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði: Hver hefur leyfi til að gera nokkurn skapaðan hlut annað við þetta fé? Við samþykktum þetta hér, tilneydd að sjálfsögðu, en vegna þess að við vildum, flest okkar á hinu háa Alþingi, koma þessu húsi í notkun vegna þess að ekkert er eins óarðbært og hálfbyggt hús sem kemur engum að notum. Það mætti nú kannski finna margan grunninn hér og þar sem stendur árum saman, tómar sundlaugar sem voru byggðar til þess að hafa einhverja þrýstihópa góða og hafa svo ekki nýst nokkrum lifandi manni, og hefði verið nær að byggja eina byggingu og ljúka henni og byrja svo á þeirri næstu.

Ég skal reyna sem allra mest að stytta mál mitt, herra forseti. Fiskvinnsluskólinn, óskabarn íslensku þjóðarinnar, fiskvinnsluþjóðarinnar. Ekki er nú rausnin mikil þar. Rekstrarframlag til skólans hækkar um 39% sem er mun minna en til flestra annarra liða. Að mínu mati krefst þetta skýringa. Telja menn ekki að Fiskvinnsluskólann þurfi að efla í staðinn fyrir að draga úr starfsemi hans? Hefur það ekki verið stefna að bæta meðferð á íslenskum sjávarafurðum, kenna fólki að vinna fisk? Hvers vegna er þá ekki unnið að því að byggja þennan skóla upp sem margsinnis hefur látið vita af sér fyrir skort á fjármagni?

Og tónlistarfræðsla. Á síðustu árum hefur orðið bylting í tónlistarmenntun íslenskra barna sem ætti auðvitað löngu að vera komin inn í grunnskólakerfið. En sem betur fer hafa þó börn getað gengið í tónlistarskóla, þ.e. hafi þau átt sæmilega efnaða foreldra. Þeim sem ekki vita skal sagt það hér að vetrardvöl í reykvískum tónlistarskóla kostar fyrir eina unga stúlku vestur á Túngötu 40 þús. kr. Mér er stórlega til efs að allar mæður í bænum ráði við það, svo að ég hefði haldið að frekar þyrfti að ganga fram í því að jafna þann rétt en gera hann enn ójafnari.

Hér segir enn um héraðsskóla að skólarnir á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og að Laugarvatni muni hætta starfsemi haustið 1988. Gaman væri að vita um hugmyndir stjórnvalda um hvað eigi að gera við þann húsakost sem þarna er. Ég vænti þess að hann verði nýttur á einhvern skynsamlegan hátt og íbúum þessara héraða til góða.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka í þessu merkilega frv. til fjárlaga. Hér er talað um Þjóðminjasafn Íslands. Það er stofnun sem ekki hefur verið dekrað við í þessu þjóðfélagi, enda ber hún þess að sjálfsögðu merki. Nú eru miklir atburðir að gerast í sögu þeirrar stofnunar vegna þess að Listasafn Íslands er að flytja úr húsi Þjóðminjasafnsins. Þá skyldi maður nú ætla að þar með fengi Þjóðminjasafnið aukið húsnæði, aukna aðstöðu og bætta til að vera sú upplýsingastofnun og menntastofnun sem Þjóðminjasafnið á að vera. En þrátt fyrir þessa miklu breytingu á högum safnsins sjá yfirvöld ekki ástæðu til að hækka neitt sérstaklega framlög til þessarar stofnunar.

Norræn samvinna hefur verið hornreka á hinu háa Alþingi og við sem höfum tekið það hlutverk að okkur fyrir hönd hins háa Alþingis að sinna Norðurlandaráði höfum lítinn hljómgrunn fengið til að ræða þau mál. En ég vek athygli hv. þm. á því að á bls. 254 í frv. er talað um norræna samvinnu og er það ekki nema sex línur, en þar kemur fram að niður fellur viðfangsefnið Norræni sumarháskólinn. Hver hefur tekið þá ákvörðun? Hvar var sú ákvörðun tekin? Ekki á vettvangi Norðurlandaráðs. Þennan sumarskóla hafa rekið fimm Norðurlandaþjóðir — eða raunar átta ef við teljum þá Grænlendinga, Færeyinga og Álandseyinga með. Getur íslenska ríkisstjórnin, án þess að tala við kóng eða prest, lagt Norræna sumarháskólann niður? Ég vænti þess að það sé hægt að fá svar við því hvernig sú ákvarðanataka fór fram. Ég geri ráð fyrir að þetta beri að skilja svo að Íslendingar ætli að draga sig út úr þessu samstarfi. Ég ætla ekkert að fara að tala um hversu ágæt þessi starfsemi hefur verið og til gagns fyrir marga, bæði Íslendinga og norræna samborgara, en ákvarðanataka eins og þessi hlýtur satt að segja að vekja furðu.

Svo koma ljósir punktar eins og á bls. 258. Varnarmálaskrifstofa hækkar um 62% í rekstrarkostnaði. Og til hvers? „Mikil hækkun“, með leyfi hæstv. forseta, „er hins vegar á útgjöldum vegna yfirvinnu og áætlunar um nefndalaun.“ Það eru líklega byggingarnefndir flugstöðvar eða einhverjar álíka. Þar vantar ekki féð. Vegna yfirvinnu og

áætlunar um nefndarlaun. Maður biður guð að hjálpa sér.

Félagi minn, hv. 4. þm. Norðurl. e., hefur rætt þróunarmál og ég ætla að hlaupa yfir það og skal nær ljúka máli mínu, enda held ég að ég sé að mestu leyti komin í gegnum það sem ég ekki hnaut um heldur beinlínis datt um, en ég held að hæstv. ríkisstjórn, sem nú sýnist vera með öllu horfin, **(Gripið fram í:** Hann er hérna einn.) Tveir þó. — verði að setjast aðeins niður og huga að því hvaða stefnu hún er að reka í þessu þjóðfélagi því að samkvæmt því sem hér hefur verið reynt að segja sýnist mér hún gersamlega í lausu lofti og óskiljanleg öllu venjulegu fólki.

Hér hefur einn ráðherra, hæstv. félmrh., reynt að gera smálagfæringu á óréttlátu húsnæðiskerfi. Hvað hefur hún fengið fyrir? Hún er æst og ör og sjálfsagt bara frek kona. En rök? Nei. Hún hefur ekki fengið nein rök. Af hverju vill hún breyta því sem hún vill breyta? Það vill nefnilega svo til í þetta skiptið að aldrei þessu vant skil ég hvað einn hæstv. ráðherra er að reyna að gera. Það getur vel verið að finna megi einhverjar aðrar aðferðir, en það er þó a.m.k. skijanleg stefna. Það er það sem vantar í þetta frv. til fjárlaga. **(Fjmrh.:** Vantar þig stefnu?) Hæstv. fjmrh. spyr hvort mig vanti stefnu. Hann hefur greinilega ekki hlýtt á ræðu mína. — Jú, um það hefur löng ræða mín fjallað að ég finn enga stefnu út úr þessu frv. til fjárlaga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í vaxtamál og lánskjaravísitölu því að öll höfum við ótal sinnum talað um þá reginskyssu sem gerð var í ágústmánuði 1984 þegar svokallað vaxtafrelsi var leitt yfir þjóðina. Ég ætla heldur ekki að staglast á því einu sinni enn að lánskjaravísitala hafi farið fram úr öllu öðru í þessu þjóðfélagi og sé þess vegna ekki í neinu samræmi við það og skal svo sem láta máli mínu lokið.

Og nú á að eyða halla ríkissjóðs. Margra ára vanræksla í efnahagsmálum þjóðarinnar skal nú læknuð á einu ári. Og hverjir eiga svo sem að borga brúsann? Auðvitað þeir sem alltaf borga. Launafólkið í landinu sem ríkisstjórnin þykist geta sagt fyrir fram hvaða launahækkanir fái á árinu. Ég ætla að vona að íslenskir launamenn láti hæstv. ríkisstjórn ekki segja sér það. Til þess eru frjálsir samningar verkalýðsfélaga að ákveða það.

Herra forseti. Þetta frv. til fjárlaga er hin mesta ómynd og erfitt að vera sammála einu einasta atriði í því, en ég ítreka spurningar mínar til þessara tveggja hæstv. ráðherra sem hér eru og væri gaman að fá að vita hvar hinir eru. Ég spyr þá í fyrsta lagi hvort þær stefnubreytingar sem mér finnst mega lesa út úr þessu frv. séu virkilega staðreynd, enda sýnist mér á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að það þurfi ekki að undrast þó að við stjórnarandstæðingar skiljum ekki alveg stefnu hæstv. ríkisstjórnar, því að hér hefur komið einn stjórnarþm. eftir annan til að lýsa alls kyns fyrirvörum og spyrja alls kyns spurninga um hvað þetta frv. eigi raunverulega að þýða.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem hér er lagt fram hefur verið til umræðu úti í þjóðfélaginu um allnokkurn tíma. Réttara væri reyndar að segja að fjárlagafrumvörp þessarar ríkisstjórnar hafi verið til umræðu því að eins og menn muna er þetta ekki eina fjárlagafrv. sem þessi starfssama ríkisstjórn hefur samið. Það þekkja allir gang þeirra mála og ég ætla ekki að fjölyrða um að.

Hitt er svo annað mál, og það hefur réttilega verið á það bent, að það er alls ekki ljóst hvort kalla eigi þetta frv. stjfrv. eða þmfrv. Ég hallast að því síðarnefnda eftir að hafa orðið þeirrar ánægju aðnjótandi síðustu dagana hér á þingi að sjá og heyra að við í stjórnarandstöðuflokkunum eigum heilan flokk af haukum í horni þar sem eru óbreyttir sem æðri þm. í liði stjórnarflokkanna. Ætti að nægja að minna á andstöðu hæstv. landbrh. við gjaldahlið frv. sem hann telur sig ekki geta fallist á.

Minna má einnig á afstöðu hæstv. utanrrh. um skert framlög til íþróttamála. Samstaða er reyndar lítil eða jafnvel engin um stóra þætti eins og aðgerðir í efnahags- og húsnæðismálum, en það þykir vissum hv. sem hæstv. þm. stjórnarliðsins alveg sjálfsagt og eðlilegt. Og af hverju finnst þeim það? Jú, það er vegna þess að þeir hafa svo mikinn meiri hluta að það gefur olnbogarými fyrir óstýriláta þm. og er það vel að þeir fái aðeins að gjósa núna og að því látið liggja að slíkt mundi ekki líðast nema í skjóli mikils meiri hluta. Við aðrar aðstæður mundu þeir verða að haga sér skikkanlega eða eins og fyrir þá væri lagt, enda hefur það verið meginverkefni hæstv. forsrh. okkar að sætta hin ólíkustu sjónarmið innan stjórnarflokkanna og hefur hann verið svo upptekinn af því að eftir honum hefur ekki verið tekið á öðrum vettvangi. Væri óskandi að sú staða breyttist sem fyrst þannig að ekki aðeins forsrh. heldur einnig aðrir ráðherrar fái starfsfrið fyrir eigin flokksbræðrum og bandamönnum.

Hv. þm. og flokksbróðir Óli Þ. Guðbjartsson hefur gert frv. að nokkru skil og gert það vel eins og hans var von og vísa. Mun ég því fjalla um afmarkað svið innan frv., þ.e. málefni íþrótta, árásina á íþróttahreyfinguna í landinu. Ég ætla ekki að eyða orðum í mikilvægi íþrótta fyrir þjóðfélagið, enda tel ég mig þegar hafa gert því skil.

Með leyfi forseta vitna ég í ummæli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar við umræður um fjárlög fyrir árið 1987. Hann sagði:

„Ég styð eindregið þær tillögur sem komið hafa fram um varnir gegn fíkniefnum, en ég held að ein besta vörnin sé aukið æskulýðs- og íþróttastarf og þess vegna eigi hið opinbera, ríkið, að veita auknu fé í æskulýðs- og íþróttastörf, en það hefur verið hörmulega lítið eins og kunnugt er. Það er ein af kröfum tímans til þjóðfélagsins, til okkar þm., krafa sem við þurfum að fá svigrúm til að veita lið."

Herra forseti. Ég vil einnig fá að lesa upp úr merkilegu plaggi, þ.e. ályktun flokksþings Alþfl.

dags. 19. nóv. 1982. Það hljóðar svo:

„1. Alþfl. vill stuðla að eflingu íþróttastarfs í landinu. Innan íþróttahreyfingarinnar eru um 80 þús. félagar eða þriðjungur þjóðarinnar. Þeir iðka íþróttir sér til hressingar og heilsubótar. Svo er stór hópur ungmenna sem stefnir að afrekum, bæði á innlendum vettvangi og alþjóðamótum. Þess vegna er nauðsynlegt að efnilegt afreksfólk sé styrkt af almannafé til að geta stundað íþrótt sína eins og krafist er hjá öðrum þjóðum nú á dögum.

2. Alþfl. telur brýna nauðsyn bera til að öllum sé gert kleift að iðka íþróttir. Á tímum vaxandi tækniþróunar og kyrrsetu er hér um fyrirbyggjandi heilsugæsluatriði að ræða. Auka þarf áróður á þessu sviði.

3. Alþfl. leggur áherslu á að skipulega verði unnið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu undir forustu sveitarfélaga. Margt hefur verið vel gert en betur má ef duga skal. Íþróttasjóður ríkisins verði efldur verulega svo að hann geti sinnt hlutverki sínu betur en verið hefur.

4. Alþfl. telur þörf á auknum framlögum ríkisins til íþróttahreyfingarinnar þannig að hún geti sinnt mikilvægu hlutverki sínu betur í framtíðinni."

Hvað veldur þeim sinnaskiptum sem orðið hafa hjá alþýðuflokksmönnum gagnvart íþróttum? Stefna þeirra nú er í engu samræmi við stefnu þeirra fyrir aðeins einu ári, hvað þá fyrir 4–5 árum. Í fyrra sögðu kratar: Beinum auknu fé til æskulýðs- og íþróttamála, það sé hörmulega lítið, kröfur tímans til þjóðfélagsins og okkar þm. o.s.frv. Kratar í dag segja: 26 millj. í fyrra verða að 14 millj. í dag. Þetta, ágætu kratar, er í engu samræmi við orð ykkar. Og í guðs bænum hættið að slá ykkur til riddara á kostnað lottósins. Þið eigið engan hlut þar að máli annan en þann að taka þátt í að veita því lögvernd. Það var fyrir atbeina forseta ÍSÍ að lottóið varð að staðreynd eftir margra ára baráttu fyrir því og það er alvarlegt mál fyrir íþróttahreyfinguna ef letja á hana til frjálsrar fjáröflunar vegna hættu á að ríkið hegni henni fyrir eins og nú er gert.

Þá leiðir maður hugann að því hvar séu skilin milli þess að ríkið þjóðnýti fjáröflunarleiðir íþróttahreyfingarinnar og hvar ekki. Að sjálfsögðu eiga þessir aðilar að fá að njóta árangurs af þeim fjáröflunarleiðum er þeir finna upp án þess að það bitni á opinberum styrkjum á meðan fjárþörfin er eins mikil og raun ber vitni. Ég skora því á hæstv. fjmrh. að endurskoða hug sinn til þessa máls og veita íþróttahreyfingunni þær 31,5 millj. er hún fer fram á sem fjárstuðning fyrir árið 1988.

Þá vara ég við því að leggja Íþróttasjóð niður og tel reyndar að við eigum að stórefla hann. Ég hræðist það og efast um að það sé rétt að færa íþróttastarfsemina í landinu yfir á sveitarfélögin. Miklu frekar á að efla sjóðinn og vinna að heildarskipulagi íþróttamála í landinu. Að færa þennan lið yfir á sveitarfélögin á eftir að verða þess valdandi að smærri byggðarlög verða undir í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Byggð verða minni eða engin íþróttahús og má með rökum benda á að þetta mun valda enn frekari byggðaröskun vegna þess að hæfileikaríkir og metnaðarfullir einstaklingar á sviði íþrótta munu að sjálfsögðu leita þangað sem best aðstaða er fyrir hendi og það verður hún í stærri byggðarlögunum.

Þá má einnig spyrja hvernig ríkið ætli sér að taka á landssamböndum eins og t.d. Handknattleikssambandi Íslands eða Knattspyrnusambandi Íslands svo að einhver séu nefnd. Er ætlunin að Reykjavíkurborg greiði fyrir allar framkvæmdir er þau fara út í á höfuðborgarsvæðinu, framkvæmdir sem ekki eru einungis til afnota fyrir Reykvíkinga heldur allt landið?

Að miklu leyti má nota sömu rök til varnar fyrir tónlistarkennslu í landinu, en hana á einnig að færa yfir á sveitarfélögin. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp úr bréfi sem mér barst frá Samtökum tónlistarskólastjóra, enda tel ég að í því bréfi komi fram fullgild rök fyrir því að þessi þáttur menningarlífs okkar eigi að vera undir ríkisforsjá, en í bréfinu segir:

„Eftir ítarlegar umræður og athuganir á stöðu skólanna álítum við að afleiðingar lagasetningar verði á þessa leið verði þau samþykkt óbreytt:

1. Í litlum bæjarfélögum og þar sem nokkur smá og fjárvana hreppsfélög sameinast um rekstur eins tónlistarskóla er fyrirsjáanlegt að starfsemi skólans leggst niður.

2. Áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um að jafnvel stærri og efnameiri bæjarfélög muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa að rekstri tónlistarskóla af þeim myndarskap sem nú tíðkast.

3. Til að mæta aukinni hlutdeild sveitarfélaga og þar af leiðandi auknum kostnaði þeirra verður óhjákvæmilegt að stórhækka námsgjöld. Afleiðing verður sú að færri foreldrar hafa efni á að senda börn sín í tónlistarnám, þ.e. jafnrétti til náms verður stórskert.

4. Hætti ríkið fjárhagslegum stuðningi við tónlistarskólana slitna þeir úr tengslum við almenna menntakerfið. Í því sambandi má minna á að á undanförnum árum hefur samvinna tónlistarskólanna og framhaldsskólanna aukist með því að tónlistarskólarnir hafa tekið að sér tónlistarkennslu nemenda á tónlistarbraut. Jafnframt meta þeir árangur annarra sem kjósa sér tónlist sem valgrein.

5. Við gildistöku nýrra laga falla úr gildi lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þá verður að fara 25 ár aftur í tímann eða til tímabilsins fyrir 1963 til að finna sambærilegt ástand í tónlistaruppeldi þjóðarinnar, þ.e. enga löggjöf um tónlistarskóla né fjárhagslegan stuðning við þá.

Hugmyndir um að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga komi í stað fjárhagslegs stuðnings ríkisins eru óljósar og ómótaðar. Hversu góðar sem slíkar hugmyndir og áætlanir eru geta þær aldrei veitt tónlistarskólum þá réttarstöðu sem lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla gera nú.

Fyrstu lögin um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla 1963 fólu í sér stefnumörkun af hálfu

ríkisins í þá átt að gera almenningi kleift að stunda tónlistarnám óháð efnahag og búsetu. Þessi menningarstefna var enn skýrara mörkuð árið 1965 þegar hlutur hins opinbera var aukinn. Árangur þessarar löggjafar og þróunarinnar sem fylgdi í kjölfar hennar varð upphaf framfaraskeiðs í tónlist og sér þess víða merki í þjóðfélaginu. Lög þessi hafa vakið athygli og orðið fyrirmynd annarra þjóða sem líkt og við Íslendingar eru sífellt að bæta aðstöðu til menntunar. Þrátt fyrir framangreinda þróun erum við Íslendingar enn á bernskuskeiði í tónlistaruppeldi. Aðeins tólf ár eru liðin frá því að umrædd lög voru endurbætt og af reynslu annarra þjóða lærum við að gróðursetning og ræktun menningarverðmæta skilar sér aðeins á mun lengri tíma. Varast ber að líta á tónlistarnám sem of einangrað fyrirbrigði. Fæstir þeir sem hefja tónlistarnám leggja tónlist fyrir sig sem atvinnu, en athuganir sýna að áhrif þau sem einstaklingar verða fyrir í tónlistarnámi nýtast þeim við margs konar önnur viðfangsefni. Tónlist eykur alhliða þroska og hæfni þeirra sem hana stunda."

Svo mörg voru þau orð.

Þá vil ég einnig grípa niður í bréf sem mér hefur borist frá tónlistarskólakennurum, með leyfi forseta, en þar segir m.a.:

„Félag tónlistarskólakennara óttast að í kjölfar slíkrar lagasetningar leggist starfsemi minni tónlistarskóla niður og draga yrði úr starfsemi stærri skólanna. Til að mæta kostnaði við skólahald yrði óhjákvæmilega að hækka námsgjöld og jafnrétti til náms yrði stórskert. Menntmrn. hefur nú faglega yfirumsjón tónlistarskóla. Tónlistarskólar víða um land starfa í nánum tengslum við grunnskóla og framhaldsskóla og tónlistarkennarar sjá að langmestu leyti um tónlistarkennslu, ekki síst á landsbyggðinni. Einnig meta tónlistarkennarar árangur þeirra nemenda framhaldsskólanna sem kjósa sér tónlist sem valgrein. Fyrirséð er að hin farsælu tengsl grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla rofni ef ríkið hættir fjárhagslegum stuðningi sínum."

Frekari rökstuðningur er óþarfur og skora ég því á hæstv. fjmrh. að gera ekki þessa vitleysu.

Þrátt fyrir stórauknar skattbyrðar á herðar almennings hefur ríkisstjórnin einsett sér það að launahækkanir megi ekki verða meiri en 7% á næsta ári. Þrátt fyrir það er fullyrt að kaupmætti launa verði haldið. Hver trúir slíku? Á sama tíma er gert ráð fyrir því í frv. að afnotagjöld Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins hækki um 13% og afnotagjöld Pósts og síma um a.m.k. 10%. Trúa mennirnir því að auknar skattheimtur og hækkun ýmissa afnotagjalda á móti aðeins 7% launahækkunum á einu ári viðhaldi kaupmætti launa dagsins í dag? Ja, fyrr má nú vera auðtrúa.

Við skulum rétt sem snöggvast líta á hækkun launagjalda hjá hinum ýmsu ráðuneytum og höfum þá í huga þá 7% launahækkun sem ætluð er almenningi. Launaliður menntmrn. hækkar aðeins um 57%, landbrn. um 56%, iðnrn. um 44%, Hagstofu Íslands um 66%, ríkisstjórnar um 92%. Ætli þeir haldi kaupmættinum, þessir?

Það er margt fróðlegt að finna hjá blessuðum krötunum við fjárlagaumræður á síðasta þingi. Þá sagði hv. þm. Karvel Pálmason, með leyfi forseta:

„Eitt ljótasta dæmi í þessu er líklega embætti ríkislögmanns. Um það er getið í fjárlagafrv., með leyfi forseta: „Nýlegt embætti ríkislögmanns, sem áætlað er að kosti tæpar 5 millj. kr. á árinu 1987, er dæmi um hvernig embætti hafa tilhneigingu til að blómstra. Embættið var stofnað með lögum nr. 51 1985. Í fjárlagafrv. 1985 voru því áætlaðar 1 millj. 129 kr., þar af 907 þús. kr. í launakostnað. Í fjárlagafrv. þessa árs, þ.e. ársins 1986, var kostnaðurinn áætlaður 2 millj. 584 þús. kr., þar af laun 1 millj. 746 þús. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1987 nær tvöfaldaðist kostnaðurinn enn í 4 millj. 755 þús. kr. og þar af 4 millj. 208 þús. kr. í launakostnað. Þetta sýnir hvernig kerfið sjálft hleður upp á sig án nokkurrar stjórnunar." Vel mælt, hv. þm. Karvel.

Jæja, kratar. Nú hafið þið stjórnina. Og hvað gerið þið þá eftir öll stóru orðin? Jú, þið eruð sjálfum ykkur samkvæmir og hækkið þennan lið úr 4 millj. 881 þús. kr. í litlar 9 millj. 107 þús. kr. Svona hleður kerfið utan á sig án nokkurrar stjórnunar. (**KP:** Það er rétt.) Nú eruð þið með völdin. Af hverju gerið þið ekkert? Er ekkert að marka orðin frá því í fyrra? Það hefur víðar komið fram.

Hæstv. sjútvrh. hefur kynnt drög að fiskveiðistefnu. Í þeim drögum er gert ráð fyrir að bátar undir 10 brúttólestum fái aðeins 70 tonna kvóta sem þýðir að rekstrargrundvellinum er kippt undan fjölda smábátaeigenda. Allmargir þeirra hafa fjárfest í bátum sínum nýlega eða á tveim síðustu árum með algerlega löglegum hætti, engar reglur brotnar, boð eða bönn, í góðri trú á kerfið eða stefnuna eins og hún var sett af yfirvöldum. Það er engan veginn hægt og engan veginn réttlætanlegt að stjórnvöld geti með því einu að veifa hendi sett menn svona fyrirvaralaust á vonarvöl. Það er algert lágmark að gefa mönnum aðlögunartíma þegar svo stórtækar breytingar á að gera.

Ég ætla ekki að fjalla um stefnuna sem slíka á þessu stigi, enda gefst tækifæri til þess þegar frv. verður lagt fram, en ég get þó sagt það að meðferð sú og stefna í málefnum smábátaeigenda er með öllu óviðunandi og mun Borgarafl. berjast fyrir réttlátari stefnu til handa smábátaeigendum.

Hæstv. forseti. Fjárlagafrv. þetta á vafalaust eftir að taka allverulegum breytingum, enda virðist mér að það sé, eins og svo gjarnan er sagt um einn ákveðinn stjórnmálaflokk, opið í báða enda. Það er greinilegt að niðurstöðutölur bæði tekna- og gjaldamegin eru í meira lagi vafasamar og ber að skoða í því ljósi. Benda má á að allt er enn í lausu lofti varðandi staðgreiðslukerfi skatta, hvert prósentustigið verður og hverju því er ætlað að skila í ríkissjóð. Það getur varla verið þekkt staðreynd þegar meginforsenduna vantar inn í reikningsdæmið.

Mjög vafasamt er að þjóðarsátt náist um 7%

launahækkun á næsta ári. Hvað verður þá um gjaldahlið frv.? Það má tína til fjölmörg dæmi þess að þetta gengur einfaldlega ekki upp. Fjmrh. státar sig af því að leggja nú fram hallalaus fjárlög. Mér segir svo hugur að þau verði það ekki þegar fram í desember kemur.

Borgarafl. mun á seinni stigum koma með sínar hugmyndir og brtt. sem munu verða bæði raunhæfar og ábyrgar og taka til bæði tekju- og gjaldahliðar frv.

Herra forseti. Ég geri að lokaorðum mínum hér mjög athyglisverðar tvær setningar sem koma fram í frv. til l. um stjórn fiskveiða sem lagt var hér fram í dag, en ég tel að þau lýsi ágætlega fjárlagafrv. Þar segir: „Þessi munur er sem fyrr segir tölfræðilega marktækur, enda þótt hin tölfræðilegu próf sanni að vísu ekkert.“ — Þetta tel ég lýsa fjárlagafrv. mjög vel.

Ásmundur Stefánsson:

Herra forseti. Það hefur um nokkurn tíma verið lýðnum ljóst að það fjárlagagat sem blasir við gat ekki staðið til langframa. Og nú blasir við í fjárlagafrv. að sú staðreynd er líka orðin ráðamönnum ljós. Það kann kannski sumum að þykja óþarft að draga þetta fram með þessum hætti, en ég held að það sé ákveðin ástæða til vegna þess að fyrir kosningar var ekki að heyra að menn gerðu sér grein fyrir því að þeir ættu við vanda að etja.

Ég minnist þess að fyrir kosningar hélt ég því fram að eftir kosningar yrði gripið til nýrrar skattheimtu. Sú fullyrðing líkaði ekki á öllum bæjum, m.a. fékk ég nokkrar kveðjur í Staksteinum Morgunblaðsins. Ég vil hér, með leyfi forseta, leyfa mér að lesa kafla úr stuttri svargrein sem ég af því tilefni skrifaði í Morgunblaðið:

„Núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völd í fjögur ár. Ætlar Morgunblaðið að halda því fram að þeir séu nú skyndilega líklegir til að jafna hallann með niðurskurði? Sé svo tel ég réttmætt að kjósendur fái að vita fyrir kosningar hvað verður skorið niður. Reynslan kennir að opinber útgjöld verða ekki skorin niður um marga milljarða. Fjárlagahallinn stefnir öllum efnahagslegum markmiðum í hættu og honum verður að eyða, alla vega minnka hann verulega. Skattahækkun eftir kosningar blasir því við. Þetta veit Morgunblaðið og þar með talinn höfundur Staksteina. Þetta veit fjmrh. líka. Hvað þeir viðurkenna fyrir kosningar er önnur saga.

Spurningin er því ekki hvort, heldur hvernig staðið verður að skattahækkunum. Viljum við þá leið Alþb. að láta ganga til baka þá skattalækkun fyrirtækja sem sitjandi ríkisstjórn hefur knúið fram með auknum heimildum til að koma gróða undan skattlagningu með því að raða fé í ýmsa sjóði? Þær breytingar eru taldar spara fyrirtækjum um 2 milljarða á þessu ári. Viljum við þá leið Alþb. að ganga rösklega fram gagnvart skattsvikum sem ekki bara valda tekjutapi fyrir ríkissjóð heldur eru eitt alvarlegasta misréttismál í þjóðfélaginu? Það sem flestum svíður þegar þeir borga skattinn sinn er ekki hvað þeir þurfa að borga heldur hitt að horfa á alla þá sem geta allt en greiða ekkert til sameiginlegra þarfa.

Hin skatthækkunaraðferðin sem stjórnarflokkarnir hafa lagt fram tillögur um í tvígang á kjörtímabilinu er að láta söluskattinn ganga í formi virðisaukaskatts yfir allar vörur og þjónustu. Þannig mundu matvörur, sem nú eru undanþegnar, hækka um a.m.k. 20%, sömuleiðis margvísleg menningarstarfsemi og íbúðabyggingar, sem nú eru undanþegnar að hálfu, mundu hækka um 10%. Alþfl. hefur stutt þessar tillögur. Tillögurnar gera að vísu ráð fyrir ýmiss konar uppbótargreiðslum til að vega á móti, svo sem stórkostleg hækkun niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum. En hver trúir því að hringlið í tóma ríkiskassanum verði lengi að víkja slíkum tillögum frá?

Ég bendi kjósendum á að kosningar standa m.a. um það hvor skattahækkunarleiðin verður valin eftir kosningar. Ég veit að stjórnarflokkarnir munu ekki játa þessar staðreyndir fyrir kosningar en þeir komu ekki heldur til kjósenda fyrir kosningarnar síðustu og sögðu: Kjósið þið Sjálfstfl., Framsfl. og við skulum sjá til þess að þið missið fjórðu hverja krónu af kaupinu okkar. Þeir bara gengu þannig til verka eftir kosningar.“

Herra forseti. Ég hef lokið þessari tilvitnun, en vil gjarnan halda áfram.

Mér sýnist á öllu að fjárlagafrv. sé að sanna mitt mál. Það hefur verið valin röng leið. Ég er ekki í þeirri sömu aðstöðu og Guðrún Helgadóttir hér áðan að finna ekki stefnu í þessu frv. Mér finnst stefnan blasa við. Mér finnst ég sjá ranga stefnu.

Í haust var tekin ákvörðun, sem náði fram að ganga, að leggja hálfan söluskatt á stóran hluta matvara. 1. nóvember var ætlunin að stíga annað skref og láta söluskattinn ganga yfir þann hlutann sem eftir hafði verið skilinn. Ríkisstjórnin tók þó það mark á mótmælum verkalýðshreyfingarinnar að hún ákvað að fresta framkvæmd þeirra áforma. Hún ákvað að gera það sem ráðherrar hafa kallað að „gefa svigrúm fyrir viðræður“. Ég hef sagt fyrir hönd Alþýðusambandsins: Við viljum ekki matarskattinn. Ég vil endurtaka þá afstöðu hér. Ég tel að rétta næsta skref af hálfu ríkisstjórnarinnar sé að hætta alfarið við þau áform.

Sú ákvörðun að leggja söluskatt á matvörur kann að vera til nokkurrar einföldunar, en hún verður ekki að réttlæti, svo mikið er víst. Það er ljóst að margvíslegar fjölbreytilegar undanþágur valda vandamálum. Ég held satt að segja að þeim sem að málinu standa af hálfu ráðherra sé það jafnljóst og mér að vandamálið liggur ekki í matvörunum. Það liggur á öðrum sviðum. Það liggur fyrst og fremst í margvíslegri þjónustustarfsemi þar sem þeir aðilar sem í hlut eiga hafa kannski aðstöðu til að skammta sér meira, en hve þeir skila miklu af söluskattinum snýr að skattayfirvöldum í öllum þeirra samskiptum.

Ég vil aðeins minna á að þau áform sem uppi voru

varðandi 1. nóvember voru áætluð að mundu leiða til 1,3% hækkunar á framfærsluvísitölu og jafnframt þá til um það bil 2% hækkunar á framfærslukostnaði lágtekjuheimila. Áramótaáformin voru á sama hátt áætluð um 2,3% að meðaltali og um 3% útgjaldaauki fyrir heimili lágtekjufólks. Samanlagt erum við þess vegna að tala hér um rúmlega 3½% að meðaltali eða um 5% fyrir heimili lágtekjufólks.

Það er að vísu af hálfu ríkisstjórnarinnar allrar talað um að aðgerðir geti komið til til að vega hér upp á móti. Þar eru fyrst nefndar niðurgreiðslur. Niðurgreiðslur eiga að draga broddinn úr þeirri hækkun á matvöru sem yfir á að ganga. Ég held að ráðamönnum hljóti að vera það jafnljóst og mér að niðurgreiðslur munu ekki standa til langframa. Við höfum reynsluna af því í gegnum tíðina að til þeirra hefur verið gripið tímabundið. Þær hafa hins vegar aldrei verið varanleg lausn.

Það er líka nefnt að það megi hækka barnabætur og persónuafslátt. Ég kem að því frekar síðar. En ég minni á að slíkar aðgerðir hafa t.d. ekki áhrif á lánskjaravísitöluna þannig að lánin munu eftir sem áður hækka af þeim sökum.

Það er eðlilegt að spurt sé: Eru forsendur fyrir samninga á grundvelli sem þessum? Ég held að það blasi við að það er ærið vafasamt að þeir geti gerst á þeim forsendum sem þarna eru dregnar upp. Fjmrh. tók mjög skýrt fram, forsrh. sömuleiðis, þegar ákvörðun var tekin um það að fresta viðbótarmatarskattinum um síðustu mánaðamót, að sú frestun væri gerð án skilyrða. Ég tel þá yfirlýsingu mjög miklu skipta og ég leyfi mér að vona að næsta skrefið verði að hætta við.

Þessi skattlagning á matvörum er varin með því að þar sé á ferðinni skref að því að taka upp virðisaukaskatt og virðisaukaskattur kalli á að það sé ein og sama prósentan á öllum vörum og allri þjónustu. Hugmyndin um virðisaukaskatt er innflutt frá Efnahagsbandalaginu, að mér skilst upprunnin í Frakklandi. Það er þess vegna athyglisvert að spyrja: Um hvað snýst sú samræming sem er á leiðinni í dag í Efnahagsbandalaginu þar sem þeir eru að leggja drög að því að samræma það fjölbreytta virðisaukakerfi sem þeir búa að? Eru þeir að stefna að einni og sömu prósentunni yfir alla línuna? Svarið er ósköp einfaldlega nei. Í þeim samræmingarhugmyndum sem þar eru uppi er beinlínis við það miðað að það verði ekki sama prósentan yfir alla línuna. Það er beinlínis við það miðað að það verði ein prósenta fyrir nauðsynjar og önnur og hærri fyrir aðrar vörur og þjónustu. Í þessu efni er þess vegna greinilegt að ríkisstjórnin er kaþólskari en páfinn. Hún tekur trúarbrögðin alvarlegar en þeir sem trúarbrögðin boða.

Mig langar aðeins að víkja að þeim orðum hæstv. fjmrh. fyrr í dag að það sé illt í efni ef sveitarfélögin hækki útsvar sitt svo nemi 20% að raunvirði á milli ára. Ég er satt að segja alveg sammála fjmrh. í því efni. Ég held að það skipti miklu þegar staðgreiðslukerfi verður tekið upp, eins og hann réttilega minnti á, að gætt verði ýtrasta aðhalds þannig að kerfið fái fram að ganga á sem mildilegastan hátt. En það er eðlilegt þá um leið að spyrja: Hver er fyrirætlan fjmrh. sjálfs með það sem lýtur að tekjuskatti? Og þá vil ég, með leyfi forseta, fá að lesa hér örstutta tilvitnun í ræðu fjmrh. á bls. 34, en þar segir svo:

„Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skattbyrði af tekjuskatti verði áþekk því sem áformað var að hún yrði á árinu 1987 við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár og þegar ákveðnar voru breytingar á tekjuskattslögum."

Þetta eru ákaflega falleg orð og þeim er snyrtilega raðað saman, en mér sýnist af því sem ég hef heyrt af umræðum í dag að mönnum sé satt að segja ekki fullljóst hvað orðin þýða. Ég brá mér því í dag hér út í horn og ráðfærði mig við þá tæknimenn sem þar sátu til að reyna að komast að því hver merking orðanna væri. Ég mundi í rauninni bara það tvennt að tekjur ríkissjóðs höfðu orðið minni í ár en upphaflega var búist við og ég mundi einnig að tekjur einstaklinganna höfðu orðið allmiklu meiri. Og hver var niðurstaðan? Niðurstaðan var ósköp einfaldlega sú að það sem að væri stefnt í fjárlögum væri um það bil fjórðungshækkun á tekjuskatti, sem sagt að tekjuskattur á næsta ári yrði um fjórðungi hærri en hann er í ár, reiknað sem hlutfall af tekjum.

Hvað er það þá raunverulega sem verið er að bjóða? Það er verið að bjóðast til þess að einhverju leyti að hætta við að hækka samkvæmt fyrstu áformum. Það standa eftir áformin um að hækka söluskattinn. Það er hugsanlegt að þar komi aðgerðir á móti að hluta. Það standa eftir áform um að hækka ekki bara útsvarið eins og fjmrh. minnti á heldur einnig tekjuskattinn og það er hugsanlegt samkvæmt því sem fylgir að það megi nota hluta af söluskattshækkuninni til að milda afleiðingarnar þar af. Hér þarf að mínu viti að tala öðruvísi og það þarf líka að sjá til þess að vinnubrögðin og aðgerðirnar verði með öðrum hætti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um útgjaldahlið frv., en mig langar til að nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í frv. að framlagið til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði skert. Ég held að það þurfi ekki að rekja þá áherslu sem lögð hefur verið á það af hálfu verkalýðssamtakanna á liðnum árum að tryggja að þar sé staðið að með traustum hætti. Áform af þessu tagi hafa verið uppi áður, voru uppi við undirbúning síðustu fjárlaga, en þau áform voru þá lögð til hliðar og ég treysti því að svo verði einnig að þessu sinni.

Í öðru lagi vil ég nefna framlagið til almenna húsnæðiskerfisins. Ég byrja á því að nefna að framlagið úr ríkissjóði til félagslega kerfisins er á þessum fjárlögum aukið verulega og sú aukning skiptir auðvitað mjög miklu máli því að þar er ástandið erfitt og þar þarf að gera mikið. En almenna kerfið? Þar blasir hins vegar við að skera á fjárveitingu enn frekar niður. Það eru áætlaðar til almenna kerfisins 1150 millj. kr. Af því er áformað að 150 millj. kr. gangi til fólks í greiðsluerfiðleikum,

sem sagt ekki til hinna almennu útlána sem kerfinu er ætlað að sinna, þannig að til þeirra standa þá í rauninni aðeins eftir 1000 millj. Það er athygli vert að þessi tala, 1000 millj., er sama tala og hæstv. forsrh. notaði þegar hann var fjmrh. Þá var ekki tekið tillit til verðbólgu frá því sem miðað hafði verið við undirbúning fjárlagafrv. því að forsrh., sem þá var fjmrh., greip tölu úr skjölum þeirra sem undirbjuggu frv. um húsnæðismál. Þeir höfðu áætlað að a.m.k. þyrfti 1000 millj. í ríkisframlag á ári hverju til að kerfið gengi upp miðað þá við aprílverðlag 1986 og reyndar ekki miðað við þann mikla fjölda umsókna sem síðan kom í ljós að barst kerfinu. Þáv. fjmrh. tók ekki tillit til verðbólgunnar og hann tók ekki tillit til þess að umsóknir voru fleiri en ráð hafði verið fyrir gert. Núv. fjmrh. hegðar sér með sama hætti. Hann tekur mið af sömu krónutölunni greinilega og heldur henni til streitu hvað sem verðbólgu líður, hvað sem sókninni á kerfið líður.

Ég vil bæta því við að 1000 millj. kr. á verðlagi í apríl 1986 eru væntanlega eitthvað yfir hálfur annar milljarður, eitthvað yfir 1500 millj. kr. á komandi ári. Niðurskurðurinn sem við stöndum þarna frammi fyrir er þess vegna í grófum dráttum ⅓. Í reynd er niðurskurðurinn í þessu efni þó stærri því það kemur líka fram í fjárlagafrv. að það er ætlun þeirra sem ráða að taka helminginn af því ríkisframlagi sem ég þarna nefndi, því sem eftir stæði, 500 millj., að láni frá lífeyrissjóðunum, að láni af því fé sem lífeyrissjóðirnir kaupa af Húsnæðisstofnun til að efla það kerfi. Það er sem sagt í stuttu máli ætlunin að tryggja að það fjármagn verði ekki nýtt í húsnæðiskerfinu. Hið raunverulega framlag ríkissjóðs til húsnæðiskerfisins, þess almenna, er þar með orðið 500 millj.

Ég held að það þurfi ekki að rökræða að hér er rangt að staðið. Ég tel það fram, kannski að gefnu tilefni, að ég er ekki í deilu við félmrh. um að það sé rétt að takmarka sókn í lán frá Húsnæðisstofnun þó við deilum þar nokkuð um aðferðir. Þær umræður eiga heima undir öðrum lið. En ég vil leggja áherslu á það og ég held að öllum sé það ljóst að húsnæðiskerfið þarf sitt ríkisframlag. Ég vil kannski sérstaklega minna á að félagslega kerfið getur þá auðveldlega tekið við. Þar eru verkefnin stór og þar er þörfin brýn.

Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég ætla ekki að fara hér í umræðu um kjarasamninga á næsta ári, en ég vil þó leyfa mér að minna á tvennt: Í fyrsta lagi er öllum ljóst, væntanlega líka þeim sem semja fjárlagafrv., að þær forsendur, sem þar eru settar um hækkanir kaups á næsta ári, munu tæpast standast. Ég ætla ekki að fara frekar í rökræður um það efni, en ég held að öllum sé ljóst að það sem í fjárlagafrv. stendur hvað þetta snertir er einföld reiknitala og það þarf að taka tillit til þess þegar frv. er metið.

Í öðru lagi vil ég minna á að þau skattheimtuáform sem nú eru uppi eru ekki í samræmi við yfirlýsingar þær sem stjórnvöld gáfu við gerð kjarasamninga á síðasta ári. Þau áform hljóta að veikja traustið á ríkisstjórninni og þeim áformum þarf að breyta þannig að þau komi ekki til framkvæmda. Þeim þarf að breyta, ekki aðeins til þess að auðvelda kjarasamninga heldur og fyrst og fremst til að vernda hagsmuni þeirra sem minnst hafa.

Ríkisstjórnin viðurkennir að fjárlagagatið þarf að fylla, en hún velur ranga leið til að leysa málið. Ég mælist til þess að úr því verði bætt.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað grannt eftir málflutningi stjórnarandstæðinga í þessum umræðum. Ég hef ekki síst hlustað grannt eftir því sem þeir hafa látið ósagt.

Ég hef kannski fengið einhverja skýringu á því hvers vegna það er að sumir yfirlýstir stjórnarsinnar hafa komið hér upp í ræðustól og lýst fyrirvörum. Kannski þeir hafi séð ástæðu til að taka að sér að leika einhvers konar stjórnarandstöðu í stað þeirrar sem ella flutti hér sitt mál. Ég minni á að umræða um fjárlagafrv. er ekki bara umræða um frv. sem slíkt. Umræða um fjárlagafrv. er umræða um efnahagsmál í heild sinni þannig að hún gefur væntanlega kjörið tilefni til fyrir stjórnarandstöðuna að lýsa ágreiningi sínum við ríkisstjórn og ríkjandi stjórnarstefnu, koma á framfæri stefnu sinni, lýsa þeim leiðum sem hún hefði kosið að væru farnar í staðinn.

Einhver hv. þm. sagðist ekki sjá stefnu í þessu frv. Hv. þm. Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambandsins, sá stefnuna. **(Gripið fram í:** Hitt var hæstv. forseti.) Hitt var hæstv. forseti sem sá ekki. Kannski hæstv. forseti geti gengið í skóla til annars forseta, forseta Alþýðusambandsins, og kynnst stefnunni betur þó að ég treysti kannski ekki alveg túlkunum forseta Alþýðusambandsins hafandi heyrt hans mál.

Það kemur fram í máli stjórnarandstæðinga að ná eigi jöfnuði í ríkisfjármálum. Jú, það er gott út af fyrir sig. Það kom fram í máli seinasta hv. ræðumanns að hann sagði alveg eins og við fyrir kosningar: Það er verulegur innbyggður halli í ríkisfjármálum. Það er öllum nauðsynlegt að sá hallarekstur verði stöðvaður og það verður ekki gert nema með tveimur aðferðum, annaðhvort með lækkun útgjalda eða með öflun tekna eða hvoru tveggja sem er sú leið sem við höfum farið.

Menn geta út af fyrir sig sagt: Það er góðra gjalda vert að hafa jöfnuð í ríkisfjármálum og goldið því almennt jáyrði, en bætt svo við: Ja, við erum ekki sammála aðferðunum. Við viljum fara aðrar leiðir. Reyndar kom það fram í máli, held ég, tveggja ræðumanna í þessum umræðum af hálfu stjórnarandstöðunnar að þeir hefðu gjarnan viljað fara aðrar leiðir. Fulltrúi Kvennalistans lýsti því að þær kvennalistakonur hefðu viljað fara aðrar tekjuöflunarleiðir og nefndi til sögunnar stóreignaskatt, frekari skattlagningu á verslun og viðskipti og að uppræta skattsvik. Það hefur enginn flutt tillögur um

stóreignaskatt. Það gerðum við alþýðuflokksmenn á tveimur þingum, 1983–1984 og 1984–1985, till. til þál. um stigbreytilegan stóreignaskatt. Við endurnýjuðum ekki þær tillögur vegna þess að okkar hugmyndir beinast nú fremur að því að endurskoða í heild sinni, eins og ég lýsti mjög rækilega í minni ræðu, hugmyndir okkar um breytingar á skattlagningu á eignatekjum. Það kom skýrt fram í mínu máli að þessar tekjur eru að verulegu leyti skattfrjálsar í okkar þjóðfélagi. Það kom fram að það er með öðrum hætti með öðrum þjóðum. Það liggur fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar að þessu viljum við breyta. Ég rökstuddi mjög rækilega hvers vegna það verður ekki gert á stundinni, en lýsti þeim leiðum sem þyrfti að fara. Að þessu er unnið. Að þessu vinnur sérstakur starfshópur í fjmrn., að tæknilegri undirbúningsvinnu. Fleiri verða kvaddir til þegar það mál er komið betur á rekspöl.

Skattlagning á fyrirtæki. Já. Í máli forseta Alþýðusambandsins kom fram sú tala, sem ég veit nú út af fyrir sig ekki hvort er nákvæmlega rétt en oft hefur maður heyrt hana, að þær breytingar sem gerðar voru í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hafi leitt til lækkunar á sköttum fyrirtækja sem svarar kannski til 2 milljörðum. Ég gerði rækilega grein fyrir því í hverju tekjuöflunaráform þessarar ríkisstjórnar eru fólgin. Ég nefndi þar að skattar á atvinnurekstur næmu 600 millj. og var þá bara með í huga það sem áætlað er að fyrirtæki skili ríkissjóði í auknum tekjuskatti, launaskatti og verktakagjaldi. En skattlagning á fyrirtæki er líka fjölbreytilegri en þessi. Það eru skattar á erlendar lántökur, það er hækkun á ríkisábyrgðagjaldi, það er skattlagning á kjarnfóðurgjaldi, það er arðgjöf ríkisfyrirtækja í atvinnurekstri. Allt í allt má segja að af þeim 2 milljörðum kr. sem boðaðir eru með skattlagningu umfram það sem þegar kom fram í fyrstu aðgerðum ríkisstjórnar, þá lætur nærri að ⅔ komi í hlut fyrirtækja. Það fer ekkert milli mála að ríkisstjórnin er að leggja auknar byrðar á fyrirtæki. Svo geta menn deilt um hagfræðina og sagt sem svo: Ja, en fyrirtækin geta velt sköttum yfir á neytendur. Já, þau geta það að lokum í mismunandi miklum mæli, en að sumu leyti geta þau það ekki. Hins vegar er hver sá sem stendur upp og segir: Það er verið að hlífa fyrirtækjum, það er verið að byrja á öfugum enda, það er ekkert hróflað við fyrirtækjum, að fara með rangt mál. Sú fullyrðing stenst ekki.

Og í annan stað: Menn skyldu líka hafa í huga, af því að við erum að tala um stefnu, viðleitni ríkisstjórnarinnar til lækkunar á útgjöldum. Hvar bar hún niður? Var það í brýnustu velferðarmálum fólks? Var það í húsnæðismálum? Var það í málefnum fatlaðra? Var það í heilbrigðiskerfinu? Var það í menntakerfinu? Var það í framlögum til menntamála? Nei. Það var í því sem við kölluðum velferðarkerfi fyrirtækjanna. Það var í millifærslum, styrkjum og framlögum þar sem skattpeningur almennings að mestu leyti er reiddur fram til stuðnings við fyrirtæki og atvinnuvegi til að kosta stofnanir sem þjónustuatvinnuvegi o.s.frv., í millifærslum, styrkjum og framlögum til atvinnuvega. Á báðar hliðar, tekjuöflunarhlið og gjaldahlið, er þessi ríkisstjórn að leggja auknar byrðar á fyrirtæki og atvinnulíf sem kannski svarar nokkurn veginn til þeirra 2 milljarða eða svo sem af þeim var létt á síðasta kjörtímabili.

Ég hef bókað hjá mér mikinn sparðatíning eða öllu heldur, svo að við tölum nú virðulega, langan lista af ábendingum um að það vanti útgjöld í hitt og þetta. Það þurfi að hækka útgjöld í hitt og þetta. Það er gersamlega ólíðanlegt að útgjöld séu ekki hærri í hitt og þetta. Ef það væri allt saman talið saman nemur það nokkrum tugum, þær frómu óskir og tillögur. Ég rifja það upp um lækkun útgjalda frá upphaflegum útgjaldaáformum, t.d. þeim sem bárust frá fagráðuneytum til fjmrn. í lok ágústmánaðar, að ef litið er á þann lista í lækkun útgjalda nemur hann líklega rúmum 6000 millj. kr. Einhvers staðar sér þess stað þegar menn ætla eftir þessum leiðum að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og allir segja: Jú, það er út af fyrir sig gott svo langt sem það nær. Það er ágætt. Við erum bara ósammála um leiðir. En svo þegar kemur að leiðunum kemur það nefnilega á daginn að það benti enginn á aðrar leiðir.

Eru menn ósammála þeirri leið sem ríkisstjórnin valdi í lækkun útgjalda? Vildu menn kannski fremur en beina því átaki fyrst og fremst að styrkjum og framlögum til fyrirtækja beina því að einhverjum öðrum þáttum? Hefur einhver lýst því? Hefur einhver af hv. þm. stjórnarandstöðunnar lýst því hvar hann vildi láta lækka útgjöld? Og hefur yfirleitt nokkur lýst því í raun og veru heldur hvernig viðkomandi vilji ná hinu eftirsóknarverða markmiði um jöfnuð í ríkisfjármálum eftir öðrum leiðum tekjumegin?

Það fór fram í hv. Ed. um daginn ágæt umræða um till. sem Alþb. flytur um skattamál. Till. var í nokkrum liðum og henni fylgdi samantekt frá miðstjórn fremur en landsfundi Alþb. í tíu liðum. Ég las þessa till. upp í svarræðu þegar ég átti orðastað við formann Alþb., Svavar Gestsson, og af þeirri upptalningu var alveg ljóst að um öll atriði nema eitt var ekki minnsti ágreiningur okkar í milli, ekki nokkur. Ég fæ því út af fyrir sig ekki séð að það sé neinn ágreiningur um það. Hafi forseti Alþýðusambandsins farið í sinni kosningabaráttu og vakið athygli manna á því að viðvarandi hallarekstur á ríkissjóði mætti ekki standa til frambúðar og það kallaði á einhverja skattlagningu höfum við vafalaust verið að fara með svipað mál á svipuðum slóðum á svipuðum tíma.

Það kann vel að vera að okkur greini á að einhverju leyti um þann þátt í einföldun skattakerfisins sem lýtur að matvælum. Og þá vísa ég til þess að ég vildi mega vænta þess að forseti Alþýðusambandsins skoðaði sinn hug betur. Mín sannfæring fyrir þessu er djúp og sterk. Ég hef kynnt mér þetta mál eins rækilega og ég hef getað, ekki bara af málflutningi skattsvikaskýrslu, ekki bara af við-

ræðum við fjölda aðila sem eiga að framkvæma þetta skattakerfi, heldur líka af umsögnum og greinargerðum um framkvæmd skattakerfis í grannlöndum okkar, og ég er orðinn alveg gjörsamlega sannfærður um að það er engum manni ætlandi að framkvæma þetta kerfi eins og það er. Og lykilatriði í því er: Ein og sama álagningin án undanþágu einmitt og ekki hvað síst í almennum matvöruverslunum sem eru u.þ.b. fjórðungur af söluskattsstofninum.

Fyrir utan það sem vantaði, það sem ekki var rætt um, hvaða leiðir stjórnarandstaðan vildi fara til að ná hinum æskilegu markmiðum, þetta að ná niður hallarekstri á ríkissjóði sem stefndi í 4000 milljónir í byrjun september, þetta að draga verulega úr erlendum lántökum, að stöðva erlendar lántökur ríkisins, að draga úr lánaumsvifum ríkisins, öll sú aðhaldssemi sem birtist í lánsfjárlögum. Jú, jú, menn segja: Þetta er gott, þetta er gott, svona á þetta að vera. En þegar kemur að leiðunum þá vandast málið. Það var kannski kjarni ræðu minnar hér í dag, sem var býsna löng, að gera í smáatriðum grein fyrir því hvaða leiðir við vildum fara, því að ágreiningur í pólitík er ekki venjulega um einhver góð og göfug markmið, hann er venjulega þegar kemur að leiðunum. Ég held að við verðum ekki sakaðir um að það sé ekki nokkurn veginn skýrt og skilmerkilegt hvaða leiðir við höfum farið. Eins og ég var að lýsa völdum við þann kost að því er varðar lækkun útgjalda að það eru fyrst og fremst fyrirtækin sem bera byrðarnar og atvinnuvegirnir. Sumir segja langt um of. Þeir sem hafa sig mest í frammi í mótmælum eru a.m.k. forsvarsmenn fyrirtækja og atvinnuvegasamtaka. Það eru nánast líka að hluta til hinir sömu og komu og voru hvað háværastir og pöntuðu sína gengislækkun, sérstaklega í septembermánuði og byrjun ágústmánaðar, en fengu ekki.

Um tekjuöflunina segja þeir hinir sömu menn, og ágætt dæmi er hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem las hér upp úr bréfunum sem hann fær, það auðveldar heimastílagerðina við ræðuflutninginn. Hann hefur nokkrum sínum í ræðum sínum talað um skattpíningarstefnuna án þess að sjálfsögðu að hafa nokkurn tímann gert sér grein fyrir einni eða neinni stefnu um það mál af hálfu þess flokks. Það gerði þó hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson í einu atriði, ég kem að því á eftir. Skattpíningarstefnan annars vegar, það er gagnrýnt, of mikil tekjuöflun. En síðan koma langir listar um meiri útgjöld, meiri útgjöld, meiri útgjöld. Ég sá enga stefnu í þessum málflutningi, ekki nokkra. Síðan dekrið við sérhagsmunahópana, kröfugerðarhópana, það að taka ævinlega undir, slá sig svolítið til riddara með því að taka undir kröfur sem auðvelt er með einföldum málflutningi að leggja út á þann veg að þær séu sjálfsagðar, svona með því að gleyma staðreyndum, eða rangtúlka þær. (Gripið fram í.) Þetta er ósköp auðveldur málflutningur en um leið alveg skelfilega billegur og mundi auðvitað engum duga til nokkurra verka í pólitík ef á reyndi.

Lítum ögn á örfá mál. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Ég verð að segja eins og er að ég kunni vel að meta ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar í því máli. Þar talaði sveitarstjórnarmaður með 20 ára reynslu og það rifjaðist upp fyrir mér að fyrir ekki mörgum árum sat ég í sveitarstjórn í sjávarútvegsplássi úti á landi í ein átta eða níu ár, á uppgangstímum í sjávarútvegi. Það er góður skóli í pólitík. Sveitarstjórnarmenn eru að fást við mál sem spanna nærri því allt þjóðlífið. Það er alveg sama hvaða verkefni það er, hvort það er vatnsöflun, sorpbrennsla, dagvistarheimili, það að reisa stálþil eða viðlegukant í höfninni, smábátabryggja, gatnagerð, skipulagsmál, lóðaúthlutun, skólahald, skólabyggingar, framhaldsskólar, dvalarheimili fyrir aldraða, öll þessi verkefni sem sveitarstjórnir eru að fást við. Ég fékk alveg nægilega reynslu af því að það samskiptakerfi ríkis og sveitarfélaga sem við búum við er af hinu vonda. Um það hef ég alveg grunnmúraða sannfæringu.

Sveitarstjórnarmaður er sá lýðræðislega kjörinn fulltrúi sem stendur sínu fólki næst. Hann á að fást við verkefni þar sem hann er í það mikilli nálægð við sína umbjóðendur og hann þarf að hafa valdsvið á sínum verkum. Í nánast öllum málum sem máli skipta, stórum sem smáum, var það okkar reynsla í bæjarstjórn Ísafjarðar á þessum áratug, og er enn, að það þurfti að gera menn út suður til Reykjavíkur. Það þurfti að leggja málin fyrir í fjvn., það þurfti að fara í öll ráðuneytin, það þurfti að fara í stofnanirnar varðandi húsnæðismál, hafnarmál, vitamál, vegamál og það þurfti að fara í allt báknið. Það þurfti að knékrjúpa, það þurfti að biðja, það þurfti að fara með bænarskjöl, það þurfti að óska eftir leyfum og það þurfti að nudda í mótframlög. Sveitarfélagið var niðursetningur í þessu stjórnkerfi. Tölum ekki um sólundina og vitleysuna í þessu stjórnkerfi. Þegar bæjarstjórinn okkar, ráðinn embættismaður, var eitt árið búinn að eyða 155 flugdögum í Reykjavík, fyrir utan það að hafa verið þar veðurtepptur í eitthvað um 70 daga, þá sögðum við honum upp og komumst reyndar að þeirri niðurstöðu að nær hefði verið fyrir okkur að fá okkur sendiherra í Reykjavík, með fastan samastað. Þetta hefur ekkert breyst. Þetta er það sem ég kallaði betlistafsbyggðastefnu. Ég er andstæðingur þessarar byggðastefnu. Og svo er guði fyrir að þakka að sveitarstjórnarmenn vítt og breitt um landið eru það líka þrátt fyrir það að ungir menn séu að reyna að slá sig ögn til riddara með því að finna þessu af reynsluleysi sínu allt til foráttu.

Það var haldinn samráðsfundur sveitarfélaga og ríkisvalds núna þann 10. okt. Og hvað gerðist þar? Hann var haldinn á grundvelli samstarfssáttmála sem sveitarfélög og ríkisvald hafa gert með sér, þriggja ára gamall eins og kom fram í máli Alexanders. Þar kom fram að þetta mál er fjarri því að vera illa kynnt. Það er alveg laukrétt sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði og vísaði til reynslu sinnar sem félmrh. að þetta mál á sér langa forsögu, reyndar áratuga gamla, en það byggir á skýrslunni

frá því í apríl, þar sem lögð var mikil vinna í þessa verkaskiptingu eftir 25 ára umræður og kynningu þar sem það eru sveitarstjórnarmennirnir sem fyrst og fremst sækja á um breytinguna. Eftir 25 ára umræður koma loksins niðurstöður. Þetta er ein besta vinna sem unnin hefur verið í stjórnkerfinu. Tillögurnar voru þess eðlis að um þær var fullkomin sátt og samstaða. Þessar tillögur eru bæði að því er varðar verkaskiptinguna sjálfa og hinar fjárhagslegu breytingar samstöðumál, byggðastefnumál, réttlætismál, krafa um breytingu af hálfu þeirra aðila sem í sveitarstjórnum sitja og næst standa sínu fólki. Það er reginmisskilningur að þurft hafi að eyða mörgum árum í frekari kynningu. Hver einasti sveitarstjórnarmaður á landinu með einhverja reynslu þekkir þetta mál í þaula. Þess vegna eru það látalæti þegar jafnágætur og reyndur sveitarstjórnarmaður og hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson lætur sem svo að það sé eitthvert írafár á ferðinni eða að menn séu með flas við það að koma þessu máli fram. Það var vissulega kominn tími til að breyta orðum í athöfn. Og ég rifja upp að á þessum fundi, samráðsfundi sveitarfélaga og ríkisvalds, var niðurstaðan sú að t.d. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga lýsti því yfir að hann hefði ekki í annan tíma haft ánægjulegri samráðsfund en eftir viðræður um þetta mál. (**Gripið fram í:** Hver er það?) Hann er bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Menn lýstu því yfir að þeir óskuðu eftir því að nefndarstarfi sem lýtur að framkvæmdaatriðum málsins, um Jöfnunarsjóð og sérdeildina, verði hraðað en lýstu yfir ótvíræðum vilja sínum til að standa að framkvæmd þessa.

Þeir menn, sem eru að gera þetta mál tortryggilegt, eru þess vegna ekki að vinna í þágu sveitarstjórnarmanna og ekki í þágu byggðastefnu, þeir eru bara að slá pólitískar keilur. En það er slæmt því að málið er of gott til þess að gjalda þess konar málflutnings.

Það er búið að fara rækilega í efnisatriði þessa máls. Og rétt er það að öllum spurningum hefur ekki verið svarað. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að það á ekki að svara þeim fyrir fram fyrr en að loknu samráði við sveitarfélögin. Hins vegar er alveg ljóst að þetta byggist á þessu: Kostnaðarauki sveitarfélaganna er um 200 millj. kr. Sveitarfélögin fá í þessum fyrsta áfanga afnumda skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem samsvarar um 250 millj. kr. og 100 millj. kr. þar að auki. Því næst stendur opið og er í umræðu og könnun hvort sérdeild sem stofnuð verði við Jöfnunarsjóðinn þurfi á að halda meira fjármagni, en hún á að taka við því hlutverki sem nú hefur verið á vettvangi Alþingis og fjvn., og reyndar einstakra sjóða, að greiða eftirstöðvar, uppgjör á sameiginlegum framkvæmdum. Það er alrangt að láta sér detta í hug að það uppgjör verði greitt á einu ári. Það hefur aldrei gerst. Sveitarstjórnarmenn vita nákvæmlega að krafan um mótframlag vegna einhverra framkvæmda, sem sveitarfélagið er orðið á undan í, verður ekki greitt upp á einu ári. Menn voru prýðilega ásáttir við það ef við gætum mótað reglur um það að þessi endurgreiðsla gerðist á tveimur til þremur árum, jafnvel tveimur til fjórum, prýðilega ásáttir við það. En málið er svolítið flóknara. Næsti áfangi varðar nefnilega miklu stærri og þýðingarmeiri mál, sérstaklega t.d. heilbrigðismálin og skólamálin. Þar verður eignatilfærslan flóknari. Og það er ekki hægt að ljúka þessu uppgjöri í heild sinni fyrr en niðurstöður liggja fyrir. Þess var óskað að sú nefnd, sem fjallar um áfanga tvö, hraðaði störfum. Auðvitað væri mjög æskilegt ef niðurstöður gætu legið fyrir fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga, þó er það ekki endilega nauðsynlegt. Það sem þarf að liggja fyrir er skýrar reglur um sérdeildina að því er varðar fyrri áfanga, fyrra árið. Það þarf að liggja fyrir fyrir lok fjárlagaafgreiðslu. Og það þarf að liggja fyrir í stórum dráttum nýtt frv. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Því er einnig þannig farið að þegar fyrir liggur að breyta bæði söluskattslögum og tolltaxtalögum og stefnt er að upptöku virðisaukaskatts árið 1988–1989, þá geta ný lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ekki staðið nema eitt ár. Þegar liggur fyrir að það á að afnema skerðinguna að helmingi þegar á næsta ári, 250 millj. kr., þannig að löggjöf um framtíð Jöfnunarsjóðsins verður að koma aftur til endurskoðunar að loknu þessu ári.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Þessi mál eru rædd í þaula við sveitarstjórnarmenn. Þau hafa sennilega verið kynnt betur en nokkurt sambærilegt mál. Aftur með vísan til þess sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði: Skýrslan, greinargerðin, var send hverjum einasta sveitarstjórnarmanni. Það er ekkert um þetta mál að segja annað en það að auðvitað er hægt að spilla góðu máli með því að ala á tortryggni, með því að gera það tortryggilegt, með því að ala á hræðslu, með því að ala á óvild og illvilja, gera þetta að pólitísku keiluspili. En um leið er það ákaflega illt verk því að fyrir því liggur djúpstæð sannfæring hjá flestöllum sveitarstjórnarmönnum og landsbyggðarmönnum eftir 20 eða 30 ára baráttu að þetta er hið þarfasta mál.

Það er að æra óstöðugan að svara spurningum eins og þessari: „Eru þær tölur sem við blasa í fjárlagafrv. einhver sérstök árás á íþróttahreyfinguna á Íslandi?“ Staðreyndir málsins eru þessar: Fyrir atbeina Alþingis — og það er enginn að þakka sér það sérstaklega — fékk íþróttahreyfingin tekjuöflunartæki í hendurnar sem mun skila því margfaldlega þeirri upphæð sem íþróttahreyfingin gat átt von á að fá á fjárlögum. Ég nefndi tölurnar 220 eða 250 millj. kr., hvað sem það var, áætlað á árinu 1988, og í hlut íþróttahreyfingarinnar kemur upphæð sem trúlega er einhvers staðar á bilinu 100–120 millj. M.ö.o.: Peningarnir sem hún hefur til ráðstöfunar eru mun meiri en þeir voru í fyrra og meiri en þeir voru nokkurn tímann. Mun meiri. Þá geta menn sagt: „Já, en útgjöld íþróttahreyfingarinnar eru mikil, þau voru 500 millj. kr. í hittiðfyrra, 700 millj. kr. í ár, og verða kannski 900 millj. kr. næsta ár.“ Já, útgjöld hennar eru mikil. 10 millj. í þessu efni skipta

engu til eða frá. Engu. (Gripið fram í.) Það er ekki kjarni málsins. Alls ekki. Það breytir engu. Því að staðreyndin er sú að það er verið að gera betur við íþróttahreyfinguna í fjárhagslegu tilliti en áður var gert. Það er ekki umkvörtunarefnið. Menn geta hins vegar sagt: Íþróttahreyfingin, sem vinnur mikið og fórnfúst starf þar sem eru margar sjálfboðahendur á lofti við að vinna þarft starf, hún á skilið miklu meiri stuðning. Hver getur ekki út af fyrir sig tekið undir þau orð? En það sem við erum að ræða hér um í fjárlögum réttlætir ekki þetta upphlaup og þessi látalæti. Hvernig mundu þessir hv. menn standa ef þeir lentu einhvern tímann í öðrum stórræðum sem reyndu meira á en þetta?

Auðvitað er ekkert verið að hætta byggingu og rekstri félagsheimila, auðvitað er ekkert verið að hætta stuðningi við íþróttamannvirki á vegum félaga. Auðvitað er ekkert verið að leggja niður tónlistarskóla. Hvað er verið að segja? Það er verið að segja að sérdeild við Jöfnunarsjóðinn muni gegna því hlutverki sem þessir sérstöku sjóðir gegndu áður í uppgjörinu, samkvæmt reglum sem verða settar í samráði við sveitarfélagamenn, samkvæmt samstarfssáttmála við þá.

Tónlistarskóli? Það vill nú svo til að í byggðarlaginu sem ég minntist á áðan er kannski ja, ekkert kannski með það, alveg tvímælalaust frægasti tónlistarskóli í nokkru byggðarlagi á Íslandi af því að *hann hefur vakið alþjóðarathygli vegna starfs* þess fólks sem þar hefur unnið. Úr þeim skóla hefur útskrifast fjöldinn allur af ágætu tónlistarfólki og skólinn hefur skilið eftir sig djúp spor í þessum fæðingarbæ mínum. Það gerði hann fyrir frumkvæði þessara einstaklinga og þessa ágæta fólks áður en nokkur lög voru til um tónlistarskóla og áður en ríkið kom þar til aðstoðar. Það mun hann að sjálfsögðu gera enn.

Ég vara við því að segja sem svo: Ef verkefni eru flutt frá ríkinu heim í hérað, stutt þeim rökum að sum verkefni eru bara ósköp einfaldlega þess eðlis að það fer að öllu leyti betur á því að þau séu á vettvangi sveitarstjórna, þá er — eins og ég þóttist heyra á mæli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, umræða hennar um byggðastefnu og byggðir landsins, jú, gott og blessað, við erum ein þjóð vonandi í einu landi. En það var eins og um leið og nefnd eru minni sveitarfélög úti á landi að þar geti bara ekkert gott þrifist. Þar geti ekkert gott dafnað. Það geti bara gerst hér. (**GHelg:** Ekki sagði ég nú það.) Það er nefnilega sá undirtónn að það að færa verkefni yfir til sveitarfélaga sé sama sem að leggja þau af. Það sé enginn skilningur hjá fólki í hinum dreifðu byggðum á gildi tónlistarmenntunar. Hann er svo mikill hérna. *Hann er svo ofsalega mikill hérna.* Sagan afsannar þetta. Það vill svo til að í mörgum litlum byggðarlögum úti á landi hafa risið á legg ágætir skólar. Sumir með þeim bestu og fremstu í sinni röð. Ekkert síður en hér. Hvernig verður tónlistarskóli í litlu byggðarlagi til? Hann verður til fyrir það að það eru einhverjir í þessu byggðarlagi sem hafa einhvern skilning og einhverja hugsjón og einhvern vilja til þess að byggja upp slíkan skóla — og gera það. (**Gripið fram í:** Ókeypis?) Nei, þeir gera það ekkert ókeypis. (Gripið fram í.) En um leið og ríkið sem slíkt breytir þessum reglum, og verður reyndar við óskum um að færa þessi verkefni, þá er það ekki það sama og að öll tónlistarfræðsla sé lögð af fyrir vikið.

Það var vikið hér nokkrum orðum að þjóðarbókhlöðu og var svolítið þungt í sveitunga mínum, hv. 4. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, sem nú er horfinn á braut. Það vill svo til að ég er hér með í höndunum bréf frá 20. nóv. 1986 sem gekk milli þeirra ráðherranna og fóstbræðranna, þáverandi menntmrh. og fjmrh. Bréfið er stílað á menntmrn. og það er frá fjmrh., undirritað af ráðherra.

„Það staðfestist hér með að ráðuneytið samþykkir að byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu hafi ávísanareikning í Seðlabanka Íslands.“ — Já, já. Hann má hafa það. — „Jafnframt samþykkir ráðuneytið að næstu 12 mánuði frá dagsetningu bréfs þessa er sjóðnum heimilt að skulda allt að 11,5 millj. kr. á ávísanareikningi þessum.“ — Já, já. — „Ráðuneytið *mun sjá til þess að innborganir á ávísanareikninginn* verði í samræmi við framkvæmdarhraða við bygginguna. Þó verða heildargreiðslur aldrei hærri en markaður tekjustofn sjóðsins gefur tilefni til.“

Þetta var samkomulag á milli tveggja ráðherra í einni og sömu ríkisstjórn.

Í grg. með fjárlagafrv. 1987 stendur svo, með leyfi forseta, um þjóðarbókhlöðu:

„Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, skal á árunum 1987–89 lagður á sérstakur eignarskattur [eignarskattsauki er þetta nú] er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlöðu. Áætlað er að innheimta af álagningu ársins 1987 nemi 95 millj. kr.“ — Síðan segir: „Þrátt fyrir áætlaðar tekjur þá er áformað að verja eigi hærri fjárhæð en 45 millj. kr. til framkvæmda á árinu 1987 og eru framlög úr ríkissjóði miðuð við það.“

Þetta stendur í grg. með fjárlagafrv. ríkisstjórnar Sverris Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar hæstv. ráðherra, núverandi og fyrrverandi. Þetta stóð í fjárlagafrv. í fyrra. Af hverju reiddust ekki goðin þá? (**GHelg:** Goðin reiddust.) Goðin reiddust ekki ýkja mikið. Þá var nefnilega gert samkomulag. Samkomulagið var gert við hæstv. fyrrv. menntmrh. um að þrátt fyrir tekjurnar af eignarskattsaukanum skyldi þeim ekki öllum varið á því ári til byggingarframkvæmda, hv. þm. rifjaði m.a.s. upp rökin, þensla í byggingarstarfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Kannski var fjárveitingunum ekki einu sinni komið í lóg, byggingarhraðinn var ekki meiri. Það eina sem ég hef um þetta að segja er þetta: Það er nákvæmlega *sami háttur hafður á* og samkomulag var um í fyrra við hæstv. fyrrv. ráðherra, Sverri Hermannsson. Nákvæmlega sá sami. Mikið meira er ekki um það að segja.

Að því er varðar núverandi ríkisstjórn þá er þetta ákvörðun sem var tekin, og fyrir liggur í fjárlagafrv., af ríkisstjórninni. Fjárlagafrv. er nefnilega stjórn-

arfrv. og að þessu stjórnarfrv. stendur m.a. hæstv. núverandi menntmrh. Og rökin fyrir þessu voru m.a. þessi: Það er gífurlega mikil þensla og spenna í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu. Mjög mikil. Þess vegna var tekin um það ákvörðun að hafa sama hátt á. Þjóðarbókhlaðan mun vissulega rísa. Til hennar er varið 50 millj. Ég skal ekkert fullyrða um það hér og nú hvort hún hefur þörf fyrir meira fé í sínum byggingaráformum nú. Sitt sýnist hverjum um forgangsröð þeirra verkefna. Þágufallssíkið er nú ekki allra augnayndi. Látum vera. Þetta er markaður tekjustofn. Það er enginn að vefengja að þær tekjur renna til þjóðarbókhlöðunnar. Enginn. Þeir eiga rétt á þessu fé. Og með það verður farið eins og aðra markaða tekjustofna, þ.e. þeir fá aldrei meira en sem svarar þessum tekjustofni og það verður farið með greiðslur eftir byggingarhraða. Um það er ekki meira að segja.

Íslendingar voru í 1000 ár, var það ekki, húsnæðisleysingjar með sín handrit, þjóðlífið ferst ekki nú þegar þjóðarbókhlaðan er komin vel á veg, og rifjum upp hverjir studdu hæstv. fyrrv. menntmrh. dyggilega í að fá samþykktar grundvallarreglurnar um eignarskattsauka til þarflegra hluta. Þessum byggingarframkvæmdum verður haldið áfram með skikkanlegum hraða og þjóðarbókhlaðan mun rísa. Við skulum vona að hún verði okkur öllum til sóma þegar lýkur. Það er engin ástæða til sérstakra geðshræringa út af þessu máli.

Örfá mál önnur. Það var rætt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Og hann hældi fjmrh. fyrir tvennt. Það var elskulegt af honum. Ef hann hefði verið hér ögn lengur í ræðustólnum þá hefði hann sennilega gert það í þriðja sinn ef hann hefði ekki gleymt að tala um sérkennslumálin, en fjárveitingar til þeirra eru auknar um fjörutíu og eitthvað milljónir. Það var nefnilega mál sem var mikið til umræðu hér á hinu háa Alþingi á sl. vetri og hitnaði ögn í kolunum, m.a. milli hv. þm. og hv. þm. Sverris Hermannssonar, fyrrv. hæstv. menntmrh.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna. Já, það er rétt að ég beitti mér fyrir því að auka fjárveitingar til þessa sjóðs um hátt á sjötta hundrað milljóna af framlögum skattgreiðenda og stóð þar með við það sem ég hef sagt og áunnið mér til mikilla óvinsælda, en ég hef sagt: Það eru fjárglæfrar að fjármagna þennan sjóð með lánum. Það kemur ekki til nokkurra mála að ætla að fjármagna hann með erlendum lánum, a.m.k. ekki umfram það sem hann greiðir nú þegar af syndum fortíðarinnar, sem er ærið. Inn í þennan sjóð kemur lítið fé í endurgreiðslum frá námsmönnum. Sáralítið. (**Gripið fram í:** Enn þá.) Sáralítið, já, og verður sáralítið á næstu árum. Endurgreiðslukjörin eru reyndar þau að það er ekki bara að þessi lán séu vaxtalaus, endurgreiðslurnar eru stórlega skertar og munu verða það.

Fyrsta skrefið var náttúrlega það að koma þessum sjóði á fjárhagslega traustan grundvöll. Ég hef haldið því fram, og er eindregið þeirrar skoðunar, að það verði að linna einhvern tímann þessu eilífa hringli með lánsréttinn. Því verður einhvern tímann að linna. Eina leiðin til þess að gera það er að treysta fjárhagsgrundvöll sjóðsins og láta Alþingi, umboðsmenn almennings og skattgreiðenda, standa frammi fyrir því: Eruð þið reiðubúnir til þess að borga 2 milljarða næsta ár eða 2½ af skattpeningum almennings í þennan sjóð, án þess m.a.s. að gera kröfu um að þetta fé verði endurgreitt nokkurn tímann nema að litlum hluta?

Ég er þeirrar skoðunar að þær kröfur eigi að gera til námsmanna að þegar þeir ljúka sínu námi og taka til starfa í þjóðfélaginu eins og annað vinnandi fólk þá eigi að gera til þeirra a.m.k. sömu kröfur og gert er til verkamanna sem eru að kaupa sér íbúð í verkamannabústöðum. Þeir eigi að endurgreiða þetta fé með a.m.k. lægstu félagslegum vöxtum vegna þess að þetta er styrkur, námsaðstoð, fyrst og fremst tengd ákveðnu aldursskeiði. Við erum að færa til tekjur til fólks sem er ungt að afla sér menntunar og er ekki orðið aðilar að vinnumarkaðinum en þegar það hefur notið sinnar menntunar og er komið til starfa þá á það að endurgreiða þessi lán. Það getur gert kröfur til okkar um það að við leggjum þessum sjóði til nægilegt fjármagn til þess að eigin fjárhagur hans byggist upp, en hann mun ekki byggjast upp nema endurgreiðslurnar verði einhvern tímann einhverjar inn í þennan sjóð. (**KH:** Hvað eru félagslegir vextir?) Það er t.d. hjá íbúðakaupendum til verkamannabústaða, 1%. Og af því að það er verið að spyrja um reglur, þær eru ekki á verksviði míns ráðuneytis, það er verið að spyrja um lagaforsendur og lagabrot. Í 3. gr. laganna um Lánasjóðinn segir að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum skuli nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað o.s.frv. — Ef þetta er í lögum þá er þetta bull. Hvers konar lagatexti er þetta þegar tvítekið er þegar „eðlilegt“ tillit hefur verið tekið til, „eðlileg“ framfærsla? Hvað er þetta? Hver á að framfylgja svona lögum? Námsmenn reyna að sjá sér farborða annars vegar með því að vinna á sumrin og afla tekna, og hins vegar með því að þeir fá niðurgreidd lán meðan þeir stunda námið. Það er ekki til nein formúla fyrir því sem heitir „eðlileg framfærsla að teknu eðlilegu tilliti til einhvers“. Það býr enginn býrókrati til þá formúlu, enda er það út í hött.

Námsaðstoðin hefur sem betur fer, þrátt fyrir skerðingar, verið heldur rýmri hér en í flestum öðrum þjóðfélögum í kringum okkur. Við þurfum að halda í það einkenni íslensks þjóðfélags að menntamenn telji það sjálfsagðan hlut að vinna fyrir sér á sumrum. Meðan það ástand er í íslensku þjóðfélagi og við getum viðhaldið því að það verði áfram, þá er það gott — mjög gott. Við eigum ekki að búa hér til forréttindastétt menntamanna sem venst af því að afla tekna á sumrum og er síðan vanin

af því að endurgreiða lán sín. M.ö.o.: Ekkert dekur — en réttlæti.

Húsnæðismálin. Í máli hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríðar Sigurðardóttur kom fram nokkur viðurkenning á því að það væri jú verið að verja auknum peningum til húsnæðismálanna. Það var ekki svo skýrt að orði kveðið í máli hv. þm. Ásmundar Stefánssonar um það mál. Við skulum hafa það á hreinu hver breytingin er að því er varðar fjármögnunina. Það er rétt að framlag til Byggingarsjóðs ríkisins hækkar ekki mikið og hækkar ekki að raungildi, úr milljarði í 1100 milljónir. En ríkisframlögin í sjóðina báða hækka um 500 millj., 34%. Framlag í Byggingarsjóð verkamanna er tvöfaldað. En þetta er samt sem áður ekki það sem skiptir meginmáli. Við búum hér við löggjöf sem kveður á um skyldu lífeyrissjóða til þess að leggja fé inn í þessa sjóði. Það sem skiptir auðvitað sköpum er það að útlánageta Byggingarsjóðs ríkisins vex milli áranna úr 4355 millj. í rúma 6 milljarða eða um 38%. Útlánageta Byggingarsjóðs verkamanna eykst úr 1175 millj. í 2340 millj. Hækkun samtals á ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna beggja milli ára er úr 5530 millj. í 8341 millj. Hækkunin ein nemur 2800 millj. kr. Það er yfir 50% hækkun. Þetta er gífurlegt fjármagn og þetta er mikil aukning. Og þetta er skýr stefna um að það er verið að leggja stóraukna áherslu á félagslegar íbúðarbyggingar. M.a. til þess að gera það kleift að byrja framkvæmdir samkvæmt væntanlegum lögum um nýtt kaupleiguíbúðarkerfi.

Ég minnist þess ekki að það hafi verið gerðar svo geysilegar breytingar milli ára í húsnæðismálum eins og hér er lýst en ég leyni því heldur ekkert að ég hef ákaflega litla trú á því að þetta kerfi húsnæðisfjármögnunar sem við búum við fái staðist til lengdar. Ég hef ekki trú á því. En svo sjálfsagt sem það er að gera nú þær breytingar að því er varðar útlánareglur að reyna að sjá til þess að þetta fé nýtist fremur þeim sem mesta hafa þörfina — og mig furðar á því yfirleitt að það skuli vera umdeilanlegt, auðvitað geta menn haft efasemdir um skömmtunarskrifstofur en menn eru væntanlega allir á einu máli um það að þetta sé nauðsynlegt að gera.

Útgáfa lánsloforða með sjálfvirkum hætti til allra sem á annað borð hafa greitt tvö ár í lífeyrissjóð einhvers staðar, það er gjaldþrotastefna fyrir fram. Það er að búa til eftirspurn eftir lánsfé á niðurgreiddum vöxtum sem er gjörsamlega ótakmörkuð. Og af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði t.d. svolítið um vaxtamál, sem er auðvitað eitt af þeim málum sem við ættum gjarnan í þessari stofnun að ræða af meiri alvöru en verið hefur lengi, hvað mundi gerast í vaxtamálum ef allt hið mikla fé lífeyrissjóðanna væri allt í einu til frjálsrar ráðstöfunar á lánamarkaði, hvort heldur væri í bankakerfinu eða annars staðar, ef allt þetta gífurlega fjármagn, sem er meginið af skyldusparnaði þjóðarinnar, ef það væri falt á markaðnum, er ekki mjög líklegt að það mundi leiða til lækkunar vaxta? Og ég spyr að gefnu tilefni. Hv. þm. sagði: Ég skammast mín ekkert fyrir að segja sem svo að ég vil pólitíska íhlutun, ég vil lög og reglur um þetta, ég vil niður með vextina með handafli nánast — eins og við höfum reynslu á, það var gamla leiðin sem leiddi til þess að sparifé þjóðarinnar þvarr. Við erum eflaust ósammála um þetta vegna þess að við alþýðuflokksmenn börðust fyrir því á annan áratug að fá verðtryggingu á sparifé til þess að ráða bót á því. (**Gripið fram í:** Það er allt annar hlutur.) Það er annar hlutur, já, en sýnir samt sem áður hvað pólitískar ákvarðanir í höndunum á stjórnmálamönnum, sem eru heldur ístöðulitlir oft á tíðum, geta þýtt. Í gamla daga var þetta eitt og sama pólitíska kerfið, sem það er að sumu leyti enn, pólitískt kerfi og bankakerfi og vöxtum var haldið af ásettu ráði niðri sem stefnu til þess að færa til fjármagn í þjóðfélaginu. Ekki dugir það.

Ég hef ekki trú á handaflinu í þessum málum. Ég hef þá trú að við eigum að reyna að fara leið nútímalegra stjórnunarhátta, reyna að stjórna, stýra markaði — já, það er ekkert til sem heitir frjáls markaður, ekki til og hefur aldrei verið til. Það á að stýra markaði og það á að vera hlutverk ríkisvaldsins að gera það að ákveðnum markmiðum. Og hvað getur ríkisvaldið gert til þess að lækka vexti? T.d. þetta: Ef aukið framboð sparifjár kemur á markaðinn þá ættu vextir að lækka. Fyrst og síðast það að hætta að fjármagna ríkissjóð og sinn rekstur með halla og draga þannig úr umsvifum ríkissjóðs á lánamarkaði, skilja eftir aukið svigrúm fyrir atvinnulíf, fyrirtæki og fólk. Það er ein leiðin. Þriðja leiðin er svo að sjálfsögðu sú að taka um það pólitíska ákvörðun að þegar ríkið telur sér nauðsynlegt að hreinsa til í sínum fjármálum eða að afla tekna fyrir samneyslu af því við erum að byggja fleiri skóla eða betri heilsugæslu, m.ö.o. að bæta lífskjörin með óbeinum hætti — af hverju á aukin tekjuöflun í þessu skyni að leiða til hækkunar á gjaldabyrði húsnæðisskuldara? Af hverju eiga skattar með sjálfkrafa hætti, sumir þeirra, ekki allir, að leiða til hækkunar á vísitölu? Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki heil brú í því og því eigi að breyta. En það á þá að breyta því með því að gera það að almennri reglu.

Herra forseti. Það er svo sem af mörgu að taka. Ég er búinn að ræða um hafnamál. Það er enginn ágreiningur um það að hafnirnar eru lífæð þessarar þjóðar. Spurningin er þessi: Eru menn reiðubúnir til þess í umfjöllun þingsins að veita eitthvað, eftir því sem svigrúmið er, meiri peningum til hafnamála gegn því að menn ætli sér þá að standast þá freistingu að spreða peningum í allar áttir? Eru menn reiðubúnir til þess að mæta aukningu á framlögum til hafnamála með því að lækka útgjöld einhvers staðar annars staðar? Ef menn eru sammála markmiðinu um jöfnuð í ríkisfjármálum þá verðum við að tala í alvöru um það að við ætlum ekki að hlaupa eftir öllum dyntum, öllum óskum, ekki að hlaupa til og taka undir allt sem allir eru að segja. Við verðum að velja. Það er pólitík að setja

hlutina í forgangsröð, eins og þær segja vinkonur vorar. Það er rétt. Það er pólitík. Guð láti gott á vita að það reynist unnt.

Iðnráðgjafar. Já, það er skelfilegt mál að leggja af nokkra iðnráðgjafa. Það skiptir ekki máli hvaða skoðun ég hef á því út af fyrir sig. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið óttalega mislukkað kerfi og litlum árangri skilað, þó er það nokkuð persónubundið. Það segir nú ekki mikið um það þegar einhverjum mönnum er sagt upp hérna á almennum vinnumarkaði en það er alltaf voðalega mikið mál ef einhverjum opinberum starfsmanni í merkilegu og vernduðu umhverfi er sagt upp.

Ég er þeirrar skoðunar að við ættum að hafa þessa tilhögun öðruvísi. Hvers vegna er það ekki sjálfsagður hlutur að leita meira til iðnaðarins eða til byggðarlaga og samtaka, sem hafa trú á þessu fyrirtæki, um það að þau leggi eitthvað til þessarar starfsemi? Af hverju á að breyta öllu í einhverjar „ríkisfúnksjónir"? Ég þekki suma iðnráðgjafa sem aldrei hafa séð glaðan dag vegna þess að þeir fundu aldrei nein verkefni og þeir voru að eigra um einhvers staðar í einangrun í viðkomandi byggðarlagi, sáu aldrei til sólar, þekktu ekki neinn, vissu ekki neitt og gerðu ekki neitt!

Það hafa verið slegnar pólitískar keilur út af hækkunum á rekstrarkostnaði ráðuneyta. Ég ætla aðeins að árétta þar nokkrar staðreyndir. Tilefnið er að það birtist blaðagrein þar sem samanburðurinn er gerður um hækkunina annars vegar á fjárlagafrv., frumvarpstölunum frá því í desember 1987, og svo á fjárlagafrv. 1988 og þær tölur eru auðvitað gríðarlega háar, enda slitnar úr öllu samhengi við samanburðinn sem er í öllu frv. milli endurskoðaðra áætlana í september um raunveruleg útgjöld 1987 og 1988. Þegar réttur samanburður er gerður kemur á daginn að hækkunin að því er varðar laun og rekstrarkostnað, það er það sem við erum að tala um, í þessum blessuðum ráðuneytum er að meðaltali 33%. Og ef litið væri á það ráðuneyti sem ég á að heita að vera í forsvari fyrir nú þýðir það, þegar þessi samanburður er gerður milli endurskoðaðrar áætlunar í september og áætlunartölunnar 1988, lækkun um 9%. Þá verður líka að taka tillit til þess að inni í fjmrn. — svo að ég taki dæmi, það eru nefnilega til skýringar á ýmsu af þessu — er launadeildin og menn geta hækkað þetta upp ef þeir taka launadeild fjmrn. sem er þjónustustofnun fyrir allt stjórnarráðið og reyndar allt ríkisbáknið á Íslandi og heyrir ekki í reynd undir launakostnað fjmrn. Annað: Einhver hæsta talan sem nefnd var var um sjútvrn. En þegar maður skoðar þá tölu kemur á daginn að þar er verið að blanda saman stofnkostnaði við innréttingu á nýju húsnæði fyrir sjútvrn. í gamla útvarpshúsinu þannig að í reynd er aukningin í sjútvrn. 17%. Og ég vil láta það koma skýrt fram vegna þess að ég get staðfest það að húsbóndinn í sjútvrn. er kannski einhver ráðdeildarsamasti maðurinn í þessu kompanii. Ég segi ekki meira um þetta annað en það að ég tek mönnum vara við því að hlaupa eftir slíkum tölum. Skoðið þið skýringarnar að því er varðar hvert einstakt ráðuneyti eins og t.d. þessi tvö sem ég hef nefnt.

Ég gæti nefnt annað dæmi sem er rétt að koma til skila hérna. Við vorum að ræða um skattamálin og það er vissulega mikið sem þessi ríkisstjórn er að færast í fang við breytingar á skattalögum og öll þjóðin á mikið í húfi að þar takist sæmilega til og verkið verði sæmilega vandað. Í skattsvikaskýrslunni sem lögð var fram hér á Alþingi 1986 er það tekið sem dæmi um fáránleikann í íslensku stjórnkerfi að við tekjusvið fjmrn., sem á að valda þessari endurskoðun og verkstýra henni, starfa tveir menn, og allt í allt, við þetta mikla yfirráðuneyti sem er með öll hin ráðuneytin á herðunum, 17 hausar. Menn beri það saman við aðrar viðamiklar stofnanir í þessu þjóðfélagi, menn beri það saman við Seðlabankann, menn beri það saman við ýmis viðamikil einkafyrirtæki, t.d. á verðbréfamarkaðinum, menn beri það saman við Fjárfestingarfélagið. Yfirleitt býð ég mönnum upp á að gera samanburð við hvaða stofnun sem er, innanlands og utan, og fara ofan í saumana á því hvort hér sé haldið á málum af bruðli, hvort heldur varðar starfsmannahald, launakjör eða eitthvað annað.

Ég held ég fari að stytta þetta mál mitt. Ég held ég hafi engu sérstöku við að bæta um landbúnaðarmál í tilefni af ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Við erum áreiðanlega ekki eins mikið ósammála eins og hv. þm. heldur stundum. Kjarni málsins er sá að þessi lækkun á stoðdeildum landbúnaðarins styðst við mjög veigamikil rök og hún er lítilfjörleg. Helmingurinn af þessu er að hætta styrkgreiðslum til Áburðarverksmiðju ríkisins, verksmiðju sem þjóðin fékk gefins og framleiðir sínar vörur úr loftinu og hefur síðan tekist að halda þannig á málum að hún þarf 100 og 200 millj. kr. styrki af almannafé. Það er náttúrlega algjörlega út í hött. Þetta eru sjálfsagðar hreinsunaraðgerðir en þær eru svo litlar að því miður ætti heldur að biðjast velvirðingar á því hvað þetta er smátt. Auðvitað ætti að gera mun meira.

Þróunaraðstoð, það var eitt. Ég ætla að segja örfá orð um hana. Tvískinnungshátturinn og hræsnin í hv. Alþingi ríður ekki við einteyming í því máli. Já, menn gera ályktun. 1700 millj. skulu það vera og a.m.k. einn hv. þm., Steingrímur Sigfússon, sagði: Ja, ég er einn af þeim sem vilja bara gera þetta. Gjarnan hefði ég viljað heyra meira frá hv. þm. af hvaða útgjaldaliðum fjárlaga hann hefði viljað taka þetta eða hvort hann vill leggja það fyrir þjóðina í skattaálögum, kannski með loforði um að hún fái skrautritað skjal eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson reyndar lofaði í tilefni af þjóðarbókhlöðuskattinum. Auðvitað er þetta ekki upp í nös á ketti. Með því einmitt að vera ekkert að fikta við þessa tölu — hérna er hún, 20 millj. — sjá menn framan í það hvers konar hræsni þetta er. Nú finnst mér að hv. Alþingi Íslendinga geti bara tekið sig til og spurt sjálft sig: Meinar það eitthvað með því sem það er að samþykkja? Eru menn þá reiðubúnir til þess að

segja að Alþingi Íslendinga verji það ekki lengur fyrir samvisku sinni að fótumtroða sjálft sínar eigin samþykktir? Hefur það einhverja stefnu í þessu máli? Hafa stofnanir og íslensk stjórnvöld mótað einhverja stefnu í þróunaraðstoð? Menn geta væntanlega gert sér í hugarlund að það er ekki mjög einfalt mál. Það er ekki bara að kaupa eitthvert skip og senda meira og minna blindandi til Grænhöfðaeyja. Grænhöfðaeyjar njóta m.a. efnahagsaðstoðar frá 68 þjóðum, það er rétt að taka það fram, og er ekki sýnt enn að ástandið hjá þeim hafi batnað mikið við þessa aðstoð.

Mér finnst að menn ættu bara að horfast í augu við sjálfa sig og spyrja: Hvað vilja menn gera? Hverju vilja menn til fórna? Ég hef hlustað á það sem fjmrh. í þessu dvergríki að menn andmæla sköttum, tala um skattafár, skattaplagerí, og síðan hef ég hlustað á eitthvað um 30, 40, 50, 60 tillögur um aukin útgjöld og enginn af tillögumönnum flutti tillögur um tekjuöflun og enga tillögu heyrði ég um niðurskurð, ekki eina einustu. Ég verð að viðurkenna að þessi frammistaða stjórnarandstæðinga veldur mér vonbrigðum. Ég rifja upp að á þeirri tíð þegar við vorum í stjórnarandstöðu fluttum við seinast við fjárlagaafgreiðslu 1986 hundrað og eitthvað tillögur, þar af 76 við fjárlög og hitt við lánsfjárlög, tillögur sem gáfu til kynna, í stórum dráttum, þessa stefnu okkar í ríkisfjármálum, m.a. lækkun útgjalda í stórum stíl og skattaálögur. Blaðamenn kölluðu þetta önnur fjárlög, en við reyndum a.m.k. að vinna heimavinnuna okkar og ekki bara láta okkur nægja að slá okkur svolítið til riddara með því að nefna vinsæl mál og segja: Meiri peninga, meiri peninga. Við lögðum fram tillögur um annars konar fjármálastefnu. Og ég hefði kannski vænst þess að hagsýnar húsmæður og annað gott fólk gerði það. (**GHelg:** Ætli við gerum það ekki við 2. umr., hæstv. ráðherra?) Ég var að ávarpa hagsýnar húsmæður, hv. þm.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði í rauninni ekki ætlað mér að koma hér upp í dag, en orð hæstv. fjmrh. urðu til þess. Hann auglýsti eftir stefnu stjórnarandstöðu í sambandi við tekjuaukningu á móti útgjaldaaukningu sem hefur verið talað um. Það er kannski ekki meginmálið við þessa 1. umr. Við höfum ekki fengið að liggja yfir þessu fjárlagafrv. mjög lengi, en hitt er það að við munum leggja fram okkar tillögur á sínum tíma.

Stóra málið í þessu frv. er það að það er ekki tekið nema á smáu hlutunum. Það eru skorin niður alls konar smá framlög til lista og menningar, til íþróttamála, þjóðarbókhlöðu og annars slíks sem hefði kannski verið öllu skynsamlegra að láta vera áfram í fjárlögum. Ég minni hæstv. fjmrh. á að þegar hann fór að tala um íþróttahreyfinguna er ég hræddur um að hann þekki ekki mikið til þar. Það er þannig að stærsti hlutur þess starfs sem þar fer fram er ekki metið til fjár og ekki talað um þegar talað er um útgjöld hreyfingarinnar. Það sem er lagt til í fjárlögum er innan við 2% af heildarútgjöldum hreyfingarinnar og þá ekki meðtalið allt sem hún hefur lagt fram í sjálfboðavinnu á ýmsum sviðum. Það má fara aftur til 1914 til að finna eitthvað sambærilegt ef ég man rétt. Þetta er meginmálið. Ég er hræddur um að ef hv. þm. hefðu kynnst því að vera uppi í brekku í skíðalöndum helgi eftir helgi, eins og margir vinir mínir hafa gert og ekki tekið krónu fyrir það, bæði í kulda og trekk eins og þar stendur, og vinna þar fyrir unga fólkið í landinu mundi þeim kannski skiljast að það er töluvert mikið starf sem þar er unnið og sáralitlir fjármunir. Ég minni á, fyrst þetta kom á dagskrá, að ýmsir af okkar ágætustu afreksmönnum í íþróttum hafa undanfarin ár þurft að borga fyrir sig sjálfir. Þætti alþm. kannski súrt í broti ef þeir þyrftu að borga sínar ferðir sjálfir og uppihald.

Ég kem rétt að þessu vegna þess að ég er hræddur um að þeir menn sem hér sitja viti kannski ekki alveg um allt þetta starf. Það starf sem veitt er hjá þessari hreyfingu er kannski mikilvægara en öll dagheimili í landinu samtals. Flestir af forustumönnum hreyfingarinnar, ef ekki allir, hafa ekki tekið krónu fyrir. Þetta hefur aldrei verið metið til fjár og ef ríkið þyrfti að taka þennan rekstur að sér væru þar ógnvekjandi tölur.

Ég minni líka á annað í þessu sambandi og það er Íþróttasjóður. Alvarlegi hluturinn er ekki sveitarfélögin sem eiga þar inni, heldur eru það hin frjálsu félög sem eiga þar stærsta hluti. Þetta eru menn sem hafa aflað fjár, byggt mannvirki og keypt ýmis tæki. Mest er þetta fyrir fé sem þeir safna með ýmsum hætti en hafa treyst á að fá hluta greiddan frá ríkissjóði þó að ríkissjóður standi aldrei við þær prósentur sem hann ætti að borga vegna þess að þær eru borgaðar löngu á eftir og verða mjög rýrar. Ég held að menn verði að gera sér ljóst hvernig staðan er í þessu máli. Og þetta er mjög alvarlegur hlutur.

En svo eru það stóru hlutirnir í þessu frv. og kannski það stærsta, að það stenst ekki. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar stenst ekki. Hún er hrunin. Ég vil minna á að í sjónvarpinu í kvöld kom einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fram, Þórður Friðjónsson, og ræddi þar um fastgengisstefnuna sem mönnum er orðið ljóst að getur ekki gengið lengur. Hraðfrystihúsin í landinu ráða ekki við þær verðbreytingar sem hafa orðið erlendis og þá lækkun á dollara sem hefur orðið, þannig að sú stefna er hrunin. Það er ekki ýkja björt framtíð sem blasir við hjá þessum aðilum. Og það er ekki verið að panta neina gengisfellingu. Við ráðum ekkert ferðinni í þessu. Það eru þættir erlendis sem við verðum að sætta okkur við hvort sem okkur líkar betur eða verr. Og ein afleiðingin af þessari fastgengisstefnu er að hér hefur streymt inn erlent fjármagn sem er miklu ódýrara en innlent fjármagn vegna þess að lánskjaravísitalan hefur vaxið langt, langt fram úr genginu. Það hefur skarast svo gífurlega að það er margfalt ódýrara að vera með erlent

fjármagn. Þetta er ein meginástæðan fyrir þessari miklu spennnu á höfuðborgarsvæðinu sem menn hafa talað um að sé í atvinnulífi.

Ég held að menn hafi kannski ekki áttað sig á að ef þeir hefðu farið að bera saman verðbólgutölur núna, eins og þeir léku sér að þegar stjórn dr. Gunnars Thoroddsens var við lýði, væri verðbólgan núna komin yfir 60% samkvæmt þeim reikningsaðferðum sem voru notaðar þá, miðað við ár. Það er alvarlegur hlutur. Á sama tíma og ríkisstjórnin boðar að hún vilji helst leggja fjármagnið í erlend verðbréf og annað slíkt verður verðhrun í Wall Street. Það hefði verið gaman að sjá framan í þá menn sem hefðu átt stórfé þar og tapað þar miklum fjármunum. Við skulum segja að lífeyrissjóðirnir hefðu farið að fjárfesta í einhverjum fyrirtækjum og tapað svo stórfé. Það er alvarlegur hlutur. Við höfum held ég nóg að gera við okkar lánsfé hér og okkar fjármagn.

Það er líka einn hlutur í fjárlögunum sem er mjög alvarlegur og menn hafa áhyggjur af. Það er þessi mikla skattlagning sem er fyrirhuguð og hefur ekki orðið svo mikil um árabil. Ég er hræddur um að almenningur í landinu verði illa á sig kominn þegar skattarnir leggjast á á næsta ári. Ég er hræddur um að það verði einhver heimili sem eigi erfitt með að ná endum saman. Þetta eru alvarlegir hlutir.

Hér hefur verið talað um skattamál eins og það sé eitthvað einfalt, það sé verið að einfalda kerfið. Þvert á móti er ekki verið að einfalda kerfið, það er verið að flækja það. Það er verið að auka skattana og tilkostnaðinn við að rukka inn skattana og það er verið að auka báknið. Og það er meginniðurstaða þessara fjárlaga að stóru liðirnir vaxa, litlu liðirnir eru skornir niður við trog. Ég held að fróðlegt hefði verið að sjá einhvern af þm. Sjálfstfl. við þessa umræðu en þeir eru víst allir horfnir — **(Gripið fram í:** *Allir farnir að sofa.)* *sennilega farnir að sofa — því* að hér er merkur hlutur í frv. sem ég veit ekki hvort menn hafa áttað sig á. Þessi ríkisstjórn hefur tekið upp alveg nýja stefnu í skattamálum. Hún hefur nefnilega tekið aronskuna í framkvæmd. Hún hefur lagt skatta á Íslenska aðalverktaka sem er aronska. Ég hefði viljað sjá þá menn sem hafa staðið upp ár eftir ár og mótmælt þessari stefnu, ég hefði haft gaman af að heyra í þeim. Nú er þessi stefna tekin upp hér og ég er viss um að sumir munu náttúrlega fagna því. En þetta er engu að síður staðreynd.

Ég vil taka undir margt af því sem hv. 7. þm. Reykv. sagði. Það var margt rétt og satt og orð í tíma töluð. Ég held nefnilega að málið sé það að það er ekki hægt að versla við verkalýðshreyfinguna með því að þykjast ætla að leggja á skatta og segjast svo ætla að draga úr þeim í hinu orðinu, til þess að reyna að versla við þá. Það verður að vera hægt að stóla á að það sem ríkisstjórn gerir verði hún að standa við og fylgja þeirri stefnu mjög glöggt eftir.

Hér hefur verið mikið rætt um Jöfnunarsjóð og hæstv. fjmrh. hefur réttilega komið inn á að þetta er mjög illa unnið mál. Hann hefur sagt það óbeinum orðum. Það er nefnilega hvergi tekið fram núna hverjar tekjurnar verða, hve miklar í framtíðinni, hvernig þessum málum verður háttað og stjórnað hjá sjóðnum. Hvernig á að gera upp það sem er núna verið að framkvæma og liggur fyrir samþykkt. Það er hvergi neitt nákvæmlega til um þetta. Þessu hefur ekki verið svarað og hæstv. fjmrh. hefur reynt að vefja mál sitt hér í orðskrúði. Það kemur náttúrlega best í ljós í þessari löngu ræðu hans um fjárlög sem hann vafði hér upp á 84 síður, sem er mjög merkilegt. Samt sem áður hefur hvergi komið skýrt fram hvernig þessum málum verður skipað. Það á eftir að gera það, segir hann, það verður gert, það mun verða gert. Það er heila málið í þessu. Þetta frv. er illa unnið. Það hefur ekki verið lagt almennilega fram, enda hefur komið fram í máli stjórnarþingmanna gagnrýni á mjög marga þætti þess.

Ég undirstrika það að við þessa umræðu munum við ekki leggja fram sérstakar tillögur og við munum heldur ekki leggja fram hundrað og eitthvað tillögur eins og Alþfl. gerði á sínum tíma. Það hefur engan tilgang, það vita allir. Við munum reyna að gera einhverjar breytingar sem eru kannski raunhæfar, en það er ekki raunhæft að koma með ný fjárlög. Til þess höfum við ekki bolmagn. Og það er bara *sýndarleikur og blekking og í því ætlum* við ekki að standa.

Við munum leggja fram einhverjar tillögur í nokkrum atriðum sem við teljum að sé hægt að ná fram og séu raunhæfar. Ég held að þetta fjárlagafrv. boði slæma tíð og það verða engin blóm í haga á næsta ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulega frú forseti. Það er nú leitt til þess að vita hversu svefnþurfi hv. þm. eru, að þeir skuli ekki endast til þess að ræða þessi mál eins og eina stund *fram yfir lágnættið. Sérstaklega er illt til þess að vita* að enginn einasti hv. þm. Sjálfstfl. skuli ná að halda augunum opnum og fylgjast með þessari umræðu. Þakka ber þó hinum sem hér þrauka enn og ekki er rétt að hafa þá hætti prestanna að skamma þá fáu sem sækja kirkjurnar á sunnudögum eins og stundum brennur við.

Mig langar til að eiga örstutt orðaskipti við hæstv. fjmrh. varðandi tvö, þrjú efni sem hann kom að í ræðu sinni.

Fyrst langar mig, í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna, bara aðeins að fræða hæstv. fjmrh. um það að það er ekki í sjálfu sér við endurgreiðslureglur einar að sakast að innstreymi á fé til sjóðsins er mjög hægt enn sem komið er. Þar veldur mestu um einfaldlega það að stutt er síðan verðtrygging kom á námslán og þar af leiðandi eru enn, vegna þeirrar tafar sem er í kerfinu, tiltölulega fáir farnir að greiða af sínum námslánum samkvæmt hinu nýja verðtryggða útlánakerfi. Í öðru lagi kemur það til að vegna gífurlegrar fjölgunar stúdenta í lánshæfu námi, bæði vegna stærri árganga og vegna þess að fleiri framhaldsskólar hafa verið teknir inn í kerfi

Lánasjóðsins, hefur viðskiptavinum sjóðsins fjölgað gífurlega á síðustu árum og þeir sem þiggja lán eru því að hlutfalli miklu, miklu fleiri miðað við þá sem greiða lán en síðar verður. Þetta hefur í rauninni aðallega áhrif á það að endurgreiðslurnar þessi árin, sem að vísu fara vaxandi, eru á engan hátt marktækar eða dæmigerðar fyrir það sem síðar verður. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. skilur auðvitað þegar hann hugleiðir málið.

Ég held að það sé ekki hægt að fullyrða að þeim markmiðum, sem menn settu sér við endurskoðun laganna 1982 um að þegar endurgreiðsluhlutfallið væri komið í jafnvægi miðað við konstant fjölda námsmanna og aðrar hliðstæðar aðstæður mundi það nálgast 80%, hafi verið náð. Líklega nær það því ekki alveg en það verður ekki það langt undir því að mínu mati að það sé ástæða til að gera sér stóra rellu þar um. Og þetta er í sjálfu sér mjög eðlilegt hlutfall að mínu mati vegna þess félagslega hlutverks sem þessi sjóður gegnir. Við skulum ekki gleyma því í þessu sambandi að hluti af rýrnun endurgreiðslnanna stafar af ákvæðum í lögum sjóðsins sem heimila sjóðsstjórn að fella niður endurgreiðslur við tilteknar aðstæður, svo sem vegna andláts eða örorku eða annarra slíkra aðstæðna sem upp kunna að koma hjá viðskiptamönnum sjóðsins. Þetta eru sanngjarnar og félagslega séð mjög góðar reglur sem ég veit að stendur ekki á góðum jafnaðarmönnum að taka undir hvar sem þeir finnast.

Þetta held ég að hæstv. fjmrh. ætti að hugleiða aðeins og einnig það að dæma ekki öll lögin út frá því sem honum finnst kauðalegt orðalag í 3. gr. laga um námslán og námsstyrki. Þau orð sem þar standa vísa til annarra hluta sem koma fram bæði í reglugerð og starfssamþykktum sjóðsins. Þar er því nánar lýst hvað eigi að teljast eðlileg framfærsla og eðlileg lán. Það miðar við það að út frá tiltekinni framfærslu, sem er reiknuð út með ákveðnum reglum, skuli námsmaður fá 100% lán að frádregnum hluta af þeim tekjum sem hann aflar sér. Þetta er í sjálfu sér tiltölulega einfalt og langt í frá að vera jafnmikill bolaskítur og skilja mátti á orðum hæstv. fjmrh.

Um vexti: Það væri nú gaman og ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um það að nauðsynlegt væri að taka ærlega umræðu einhvern tíma um vaxtamálin. Þá vantar okkur m.a. hæstv. núv. utanrrh. sem á sinni tíð sem hæstv. forsrh. talaði mikið um það að vegna innstreymis erlends fjármagns í landið væri ekki unnt að halda vaxtastigi hér neitt að ráði lægra en næmi alþjóðlegum vöxtum eða vöxtum í okkar helstu viðskiptalöndum. Þetta var ekki svo vitlaus kenning í sjálfu sér á þeim tíma sem um helmingur eða jafnvel meira en helmingur af öllu lánsfé í landinu var af erlendum uppruna. En nú bara snýr dæmið þannig að vextir á Íslandi eru orðnir miklu hærri en þessir alþjóðlegu vextir, mun hærri, og hvar er þá hæstv. núv. utanrrh. með sína speki. Hann er einn af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar og maður hlýtur auðvitað að spyrja sig: Átti ekki í öllu falli að reyna að halda sig þá við þá grensu að hleypa vöxtunum innanlands ekki hærra en sem var óhjákvæmilegt vegna innstreymis erlends fjármagns og erlendra eða alþjóðlegra vaxta?

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði, að það eigi að beita miðstjórnarvaldinu til að reyna að halda vaxtastiginu niðri. Ég er ekki að tala hér um verðtryggingu á lánsfé annars vegar eða ekki verðtryggingu. Ég er að tala um raunvaxtastigið, að reyna að halda því hóflegu. Það hlýtur að vera keppikefli manna. Í öllu falli ætti það að vera keppikefli jafnaðarmanna sem eiga að vita það út frá sinni pólitísku lesningu að vextir eru tæki til að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari ef þeim er beitt með ósanngjörnum hætti. Þetta vaxtastig sem er hérna á Íslandi í dag er ekki heilbrigt, hæstv. fjmrh. Það er ekki nokkur leið að mæla því bót í raun og veru. Það er of hátt. Það er ekki hægt að réttlæta það með því að það þurfi að auka sparnað. Það þurfa ekki að vera okurvextir til þess að eðlilegur sparnaður eigi sér stað í einu þjóðfélagi. Og ég spyr: Til hvers eru ákvæðin í lögum um Seðlabanka Íslands? Til hvers hefur Seðlabankinn og ríkisstjórn lagalegar heimildir til aðæ grípa inn í með ákvörðunum um vexti ef ekki til þess að nota þær? Og hvenær á að nota þær ef ekki núna, þegar raunvaxtastigið hér á landi er eitt það hæsta í heiminum?

Um iðnráðgjafa: Mér fannst hæstv. fjmrh. fara heldur kuldalegum orðum um þessa stétt manna, iðnráðgjafa. Þvílík eyðimerkurganga sem hann lýsti hjá einhverjum kunningja sínum sem fæst við þessi störf. Ég þekki sem betur fer engan iðnráðgjafa í landinu sem er svona illa haldinn. Þetta er ekki alveg eins einfalt mál og hæstv. ráðherra lýsti.

Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af iðnþróun hér á höfuðborgarsvæðinu og ég hef ekki áhyggjur þar sem Iðntæknistofnun Íslands er með sínar höfuðstöðvar og frekari sérfræðileg þekking og þjónusta af ýmsu tagi. Ég hef heldur ekki t.d. stórar áhyggjur af jafnöflugum félagsskap og Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar sem fyrir löngu hefur sannað gildi sitt og rekur öfluga starfsemi studda af sveitarfélögum og öðrum aðilum á því svæði. Það munar þá litlu þó að út detti laun hálfs eða eins iðnráðgjafa í því félagi en það munar hin fámennu sveitarfélög miklu sem eru að reyna að burðast við að reyna að halda opnum einhverjum möguleikum á iðnþróun á sínu svæði við mjög erfiðar aðstæður. Þar munar um þar sem kannski eina starfsemin af þessu tagi í heilu byggðarlagi, jafnvel heilu kjördæmi, er þessi eini eða þessir tveir óburðugu iðnráðgjafar sem vissulega vinna við bág skilyrði og ná sjálfsagt ekki alltaf þeim árangri sem þeir gjarnan vildu. En þetta snýr einu sinni þannig víða úti um landið að þar er þetta nánast eina starfsemin, það eina sem menn hafa þó getað horft til, og þar munar um það og ég held að það sé mörg matarholan önnur sem hæstv. fjmrh. hefði átt að snúa sér fyrr að en því að höggva þetta af.

Að síðustu örfá orð um þróunaraðstoð sem ég hef stundum á tilfinningunni að mönnum finnist bara

eiginlega allt að því óviðeigandi að vera að ræða hér á hinu háa Alþingi, það sé bara einhver svona bisness sem sé næstum því neðan við virðingu þingsins að fjalla um eða stundum mætti a.m.k. halda það.

Ég get tekið undir það með hæstv. fjmrh. að það er kannski nauðsynlegt að við byrjum á að svara einni tiltekinni spurningu. Eigum við eitthvað að vera að þessu? Eigum við ekki bara að skrifa bréf til Sameinuðu þjóðanna og annarra slíkra alþjóðlegra stofnana og segja: Því miður, íslenska þjóðin vill að vísu vera sjálfstæð þjóð og ætlar að reyna að halda því áfram eitthvað enn um sinn, en hún hefur tekið þá ákvörðun að hún geti ekki staðið í þessari þróunaraðstoð eins og aðrar þjóðir hafa ákveðið að gera og við förum því fram á að verða leyst undan þeim skuldbindingum sem við höfum samþykkt og skrifað undir á alþjóðavettvangi hvað þetta varðar? Við mundum að sjálfsögðu reyna að þegja yfir því í þessu bréfi hversu rík við værum og hvernig lífskjör væru hér á landi, en ég held engu að síður að þetta væri dálítið erfitt bréf fyrir menn að senda.

Þetta snýr þannig, hæstv. fjmrh., að menn samþykktu ályktun eins og vitnað hefur verið til. Hún var ekki um það að strax á næsta ári eða strax á morgun ættu menn að borga 1700 millj. í þróunaraðstoð. Hún fjallaði um það að auka þessi framlög í áföngum og inni í ályktunni var talað um tiltekið tímabil. Ég er alveg viss um að það hefði notið skilnings á Alþingi og menn hefðu í sjálfu sér, misjafnlega sáttir, sætt sig við það þó að þetta hefði gengið hægt, þó að þessir áfagnar hefðu orðið smáir og menn hefðu orðið að sæta því að þau skref sem í upphafi var áætlað að taka alla leið í mark á sjö árum hefðu kannski orðið 17 ár eða 20 ár eða eitthvað þaðan af lengra, ef mönnum hefði þá miðað í rétta átt, ef menn hefðu þá sýnt þessari samþykkt Alþingis þá lágmarksvirðingu að reyna að standa við hana, feta sig áfram í þá átt. Þar hefði verið mikill munur á. Því miður fór þetta hlutfall lækkandi næstum því á hverju einsta ári sem hæstv. síðasta ríkisstjórn gerði fjárlög og nú ætlar hæstv. fjrmh. að halda áfram á sömu braut með því að lækka þetta hlutfall enn. Það verð ég að segja, það er allt annar *hlutur en sá þó að menn hefðu orðið að sæta því*, eins og reyndar með margar fleiri samþykktir Alþingis, að það hefði ekki gengið eins greitt að framfylgja þeim og menn hefðu kosið og samþykktirnar kveða á um.

Það getur vel verið að við eigum að svara þeirri spurningu líka hvort við eigum sjálf að reyna að standa *í einhverri þróunaraðstoð, hvort við eigum* kannski bara að senda ávísun til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna eða Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eða einhverra slíkra aðila sem við treystum, Rauða krossins eða kirkjunnar eða einhverra annarra aðila sem við treystum vel til að fara með það fé sem við viljum leggja þarna af mörkum. Ég er alveg til viðræðu um það. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, þingkjörin stjórn þeirrar stofnunar og allt sem því fylgir, sé í raun og eru að verða hjákátlegur hlutur í ljósi þeirrar fjárveitingar sem Alþingi ver til þessa verkefnis. Ég er reyndar þeirrar skoðunar. Auðvitað kemur að því, ef á að skera niður framlög hennar ár frá ári, að það verður ekki einu sinni orðið nóg til þess að borga stjórnarmönnunum þóknun og þá fer þessu að verða sjálfhætt, eða hvað?

Við skulum líka gá að því að raunveruleg þróunaraðstoð snýst ekki endilega um beinharða peninga. Hún hefur ævinlega verið, ekki síður, aðstoð í formi verkþekkingar, tækniaðstoðar eða jafnvel í formi vörusendinga og ýmissa annarra hluta sem þar koma til greina. Það var og hefur að sjálfsögðu verið hugmynd þeirra sem eitthvað hafa fjallað um möguleikana á því að Íslendingar leggi fátækum og *bágstöddum þjóðum lið, stór hluti af áformunum*, að sú aðstoð yrði t.d. í formi okkar sérþekkingar á sviði sjávarútvegs, í formi okkar sérþekkingar í sambandi við nýtingu jarðhita eða annarra slíkra hluta. Þar geta farið saman hagsmunir okkar í raun og veru, sú þekking sem við búum yfir og möguleikar jafnvel á að koma okkar framleiðsuvörum eða okkar þekkingu að einhverju leyti í verð. Ég er ekki einn af þeim sem er feiminn við að ræða um þá hluti. Það er ofur eðlilegur og náttúrlegur hlutur og ekkert við það að athuga þó að þróunaraðstoð sé að einhverju verulegu leyti á því formi að þjóðirnar nýti sína sérþekkingu og noti sér sterka stöðu sína á einhverjum tilteknum sviðum og veiti fyrst og fremst aðstoð sem þar tilheyrir.

Auðvitað er það svo að það fé og sú aðstoð sem er veitt nýtist misvel. Auðvitað hafa verið gerð mistök og verða gerð mistök og það er létt að benda á slíkt, hæstv. fjmrh. Það er mjög auðvelt að draga þetta allt saman niður í svaðið og koma óorði á allan heila bisnissinn með því að taka nokkur tiltekin dæmi um mistök sem gerð hafa verið á þessum sviðum og það er iðulega gert, og við þetta búa menn. En það breytir ekki hinu að það er mjög margt vel gert og það er gífurlegt starf unnið á þessu sviði. Bara hlutir eins og þeir að sjá þjóðum þirðja heimsins fyrir nothæfu drykkjarvatni, ómenguðu og hreinu drykkjarvatni, er stórverkefni sem varið er milljörðum og milljarðatugum til á hverju einasta ári og er kostað af fjölmörgum ríkjum og alþjóðastofnunum. Bara verkefni eins og það að tryggja alveg lágmarksheilsugæslu eða eftirlit með ungbörnum eða annað slíkt er annað stórt verkefni sem bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, barnahjálpin og *fjöldinn allur af öðrum slíkum aðilum leggur mikið í* á hverju einasta ári. Hér erum við ekki að tala um möguleika á að byggja upp atvinnulíf svipað því sem við erum að reyna að gera á Grænhöfðaeyjum. Hér erum við eingöngu að tala um það sem menn eru að reyna að leggja af mörkum til þess að rétt gera lífið bærilegt og þolanlegt fyrir fólk þannig að það geti svona dregið fram lífið við sæmilega þolanleg skilyrði. Á þessu plani er nefnilega þróunaraðstoðin

enn þá í stórum stíl, menn skulu ekki gleyma því. Og þá fer að verða erfitt, hæstv. fjmrh., að ætla að gera allan þennan bisness bara billegan og hlægilegan út af nokkrum mistökum og dæmum um misnotkun sem vissulega er hægt að tína til.

Að síðustu þetta, herra forseti: Ég sagði það áðan og ég get endurtekið það, og ég hef marg-, margsagt það hér á hinu háa Alþingi, að ég er tilbúinn til þess hvenær sem er að ræða sérstaka skattheimtu í þennan málaflokk. Ég get nefnt nokkra flokka af sköttum sem ég veit að hæstv. fjmrh. eru vel kunnugir, t.d. eins og stóreignaskatt. Ég teldi það virkilega skemmtilegt ef eigendur stóreigna á Íslandi geiddu alveg sérstaklega með sínum breiðu bökum fyrir því að við gætum lagt okkar af mörkum til þróunaraðstoðar. Ég gæti vel hugsað mér líka venjulegan nefskatt á hvern einasta íbúa í landinu, alveg burtséð frá efnahag, sem væri framlag þessarar þjóðar sem hefur 25 600 bandaríkjadali á ári í þjóðartekjur á hvern mann til bágstaddra aðila. Ég gæti með glöðu geði stutt t.d. skattlagningu á fjármagnsgróða í þetta verkefni o.s.frv. Ég held að það sé fyrst og fremst spurning um að menn setjist þá niður og reyni að ræða það. Það þarf enga þjóðaratkvæðagreiðslu til.

Alþingi hefur vald til þess og burði til þess og því ber skylda til þess að sjá fram úr þessu máli. Það hefur nefnilega þegar ákveðið það, hið háa Alþingi, m.a. með því að fullgilda ýmsar alþjóðlegar samþykktir sem að þessu lúta. Við þurfum enga hjálp til þess. Ég er alveg viss um að það stendur ekki á íslensku þjóðinni að standa á bak við Alþingi í því að reyna að leysa úr þessu verkefni. Það er því heldur ekki hægt að ýta þessu frá á þeim forsendum.

Það er hægt að afla tekna til þessa ef menn ekki treysta sér til þess að taka þetta úr ríkissjóði sem í sjálfu sér væri eðlilegast. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að merkja þessu verkefni skattstofn frekar en ýmsum öðrum útgjöldum en ef það mundi létta fyrir málinu er ég sannarlega tilbúinn til þess.

Ég ætla að skora á hæstv. fjmrh. að hann fylgi því þá eftir sem hann boðaði, gaf í skyn að hann væri í raun og veru að ögra mönnum með þessari lágu fjárveitingu, knýja menn til þess að svara áleitnum spurningum í sambandi við þetta verkefni, svara því hvort þeir vilji vera að þessu eða ekki og þá hvernig, að fylgja því þá eftir og koma þeirri vinnu af stað í hæstv. ríkisstjórn. Ég minni hann á hæstv. utanrrh. sem auðvitað hefði átt að vera hér og taka þátt í þessari umræðu með okkur. Hann hefur verið uppi með hugmyndir um bæði það að marka þessu verkefni sérstaka tekjustofna eða þá að leggja það í dóm þjóðarinnar í formi þjóðaratkvæðagreiðslu hvort og þá hvernig hún vilji standa að þessu verkefni að *fullgilda eða koma í framkvæmd þegar samþykktum* skuldbindingum Íslands á þessu sviði.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, enda er klukkan farin að ganga tvö.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

14. fundur, fimmtudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

EFRI DEILD

8. fundur, fimmtudaginn 5. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Norræni fjárfestingarbankinn, 1. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum í forföllum samstarfsráðherrans Matthíasar Á. Mathiesen, en ég gegni fyrir hann í veikindum hans.

Hér er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum, en eins og fram kemur í grg. með þessu lagafrv. er gert ráð fyrir að þetta hlutafé verði tvöfaldað.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Um það hefur verið mjög góð samstaða hér á landi, enda Norræni fjárfestingarbankinn gagnað okkur mjög vel í ýmsum málum. Hann hefur lánað hér til margra hluta og með aðild okkar að honum eigum við góðan aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum, en banki þessi er orðinn mjög traustur og er því í góðri samkeppnisstöðu til að fá fjármagn á alþjóðlegum mörkuðum.

Ég vísa að öðru leyti til grg. og athugasemda með frv. þessu og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. SP, 68. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 71.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á núgildandi hegningarlögum nr. 19/1940.

Í 1. gr. frv. er gerð tillaga um nýtt ákvæði er bætist við 202. gr. hegningarlaganna svohljóðandi:

„Sé brot sérstaklega stórfellt þá varðar það fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að sextán árum.“

Í 2. gr. frv. er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 203. gr., en hún verði svohljóðandi:

„Kynferðismök við persónu af sama kyni, þegar atvik að öðru leyti svara til þess, er í 194.–198. gr., fyrri mgr. 200. gr. og seinni mgr. 202. gr. segir, skulu varða þeirri refsingu er í þeim ákvæðum segir.“

Í 3. gr. frv. er síðan lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um kynferðisbrot og þá ekki síst gagnvart börnum og ljóst er að allur almenningur lítur þessi mál mjög alvarlegum augum. Túlka má þessa umræðu sem nokkurs konar ákall til íslenska réttarkerfisins og löggjafans um að bregðast ekki hlutverki sínu þegar slík afbrot eru annars vegar. Þess eru jafnvel dæmi að menn hafi haft tækifæri til að fremja fjölda kynferðisafbrota á löngu tímabili og getur slíkt haft það í för með sér að almenn virðing fyrir lögum þverri. Sé lögum ekki framfylgt eru þau gagnslaus til að varna afbrotum af því tagi sem efni laganna tekur til. Á þessu verður að taka og margir eru reyndar þeirrar skoðunar að of vægt sé tekið á málum sem snerta kynferðis- og eða nauðgunarmál almennt.

Það er alkunna að margvíslegar hvatir geta legið að baki afbrotum sem þessum og í sumum tilvikum hafa afbrotamennirnir sjálfir átt við mikla erfiðleika að stríða, eru jafnvel haldnir svonefndum persónuleikatruflunum. Samt sem áður hafa þessir menn verið metnir sakhæfir, þ.e. þeir gera sér grein fyrir verknaðinum og hugsanlegum afleiðingum hans og geta því tekið út refsingu.

Nú er augljóst að taka þarf tillit til margra sjónarmiða áður en dómur er upp kveðinn. Það fer þó ekki hjá því að viðurlög þykja á tíðum næsta væg, oft að hluta til skilorðsbundin, þ.e. þá er framkvæmd refsingar frestað. Með það í huga langar mig til að minna hv. þm. á ummæli föður eins fórnarlambsins í hljóðvarpinu fyrir skömmu þar sem ungur sonur átti hlut að máli. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Maður hlýtur að velta því fyrir sér hverja dómstólum er ætlað að verja í máli sem þessu, fórnarlambið eða afbrotamanninn.

Það er velþekkt sjónarmið að einstaklingur ber ábyrgð gagnvart samfélaginu á þeim athöfnum sínum sem skaða hagsmuni annarra. M.a. á þessu sjónarmiði byggja hegningarlögin tilveru sína. En er tilgangur þeirra einvörðungu sá að refsa mönnum fyrir brot á ákvæðum þeirra eða býr eitthvað meira að baki?

Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að vitna í inngang að þýðingu á hinu margfræga riti Frelsinu eftir John Stuart Mill sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út 1970. Þar er m.a. fjallað um löggjafarhugmyndir Jeremys Bentham er John Stuart Mill síðar nefndi nytjastefnu. Megininntak hennar varðandi refsingar og réttlætingu þeirra var sú að refsilög beri ekki að setja til þess að menn fái réttláta refsingu afbrota sinna heldur til þess að koma í veg fyrir þá hegðun sem við köllum afbrot. „Og nytjasiðfræðin gerir þá almennu kröfu að sérhver mannleg athöfn, hvort heldur lagasetning eða hver önnur athöfn sem er, sé réttlætt eða réttlætanleg á grundvelli afleiðinga sinna fyrir almenningsheill.“

Hegningarlögum er því ekki einungis ætlað að refsa fyrir afbrot heldur er þeim ætlað að hafa varnaðaráhrif, þ.e. koma í veg fyrir að afbrot séu framin, og sérhver breyting á þeim á að vera til bóta fyrir almenningsheill. Það er ekki síst með þetta sjónarmið í hug sem ég tel réttarbóta þörf.

Viðurlög gegn kynferðisbrotum hafa verið í íslenskri löggjöf um langan tíma allt frá elstu lögbókum. Viðurlög hafa þó verið mismunandi ströng og hafa vafalaust mótast nokkuð af hinu siðræna viðhorfi almennings á hverjum tíma.

Réttarþróunin hefur orðið sú að börn og ungmenni njóta nú orðið betri verndar en áður var. Sem dæmi má nefna 174. gr. eldri hegningarlaga frá 1869 þar sem það varðaði hegningarvinnu allt að átta árum ef maður framdi saurlífi með stúlkubarni undir tólf ára aldri. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 200. gr. núgildandi hegningarlaga sem fjallar um samræði við barn undir fjórtán ára aldri og viðurlögin eru þyngri eða fangelsi allt að tólf árum. Er það fyllilega í samræmi við þau umhyggjusjónarmið sem búa að baki slíkri löggjöf. Frv. þetta byggir að sjálfsögðu einnig á þessum sjónarmiðum.

Lagaákvæði þessa frv. eru í XXII. kafla hegningarlaganna og vil ég af því tilefni vekja sérstaka athygli hv. þm. á því að bæði XXI. kafli og XXII. kafli hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, hafa staðið óbreyttir í 47 ár eða allt frá árinu 1940 og má það merkilegt teljast. Engu er líkara en þessi afbrot hafi sætt svipaðri meðferð og óhreinu börnin hennar Evu, enginn mátti sjá þau né um tala.

En nú hefur lokinu verið lyft af. Mér er kunnugt um að svokölluð nauðgunarnefnd hefur verið starfandi skv. þáltill. frá árinu 1984. Henni er ætlað að endurskoða þau ákvæði XXII. kafla hegningarlaga sem fjalla um brot gegn kynfrelsi kvenna, þ.e. greinar 194–199, en ekki þær greinar sem frv. þetta fjallar um.

Vafalaust og vonandi verða bæði XXI. og XXII. kafli hegningarlaga endurskoðaðir í heild í náinni framtíð, svo sem þegar hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum. En að óbreyttum lögum tel ég mál þetta það brýnt að það þoli enga bið. Bæði er það að fjöldi þessara mála af alvarlegra taginu

virðist fara vaxandi og eins hitt að borgarar þessa lands standa hér ekki jafnir fyrir lögum.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega benda á 194. gr. hegningarlaga, um nauðgun, þar sem viðurlög eru fangelsi allt frá einu ári og upp í sextán ár eða jafnvel ævilangt. Það er þó einn galli á gjöf Njarðar. 194. gr. er kynbundin, sbr. upphaf hennar: „Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis... „ o.s.frv.

Fræðimenn í refsirétti segja lögjöfnun frá þessu ákvæði útilokaða. Samkvæmt gagnályktun njóta því karlar ekki þessarar refsiverndar né heldur þeir er verða fyrir kynferðisbroti þar sem samkynja persóna á hlut að máli, þ.e. homosexual mök. Þetta gildir jafnvel þótt verknaðurinn sé framinn með því ofbeldi eða nauðung sem 194. gr. gerir ráð fyrir. Þess má reyndar geta að nauðgunarákvæðið er ekki kynbundið á hinum Norðurlöndunum, að Finnlandi undanskildu. Frv. er ætlað að bæta úr þessu með því að sambærileg refsing verði lögfest, einnig í þeim tilfellum þegar um kynferðismök önnur en samræði er að ræða.

Í frv. segir í grg. um 202. gr. hegningarlaga, með leyfi hæstv. forseta, en hún er svohljóðandi:

„Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194.–201. gr. segir, gerst sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu."

Þetta orðalag, „vægari hegningu", er til refsilækkunar. Hins vegar er það ekkert skilgreint, hvorki í lögunum sjálfum né greinargerð, og enginn refsirammi tilgreindur. Það er því algerlega á valdi dómstóla að ákveða viðurlög við þessum afbrotum. Hins vegar má það teljast ljóst að kynferðismök önnur en samræði geta haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, sbr. m.a. rit prófessors Jónatans Þórmundssonar Um kynferðisbrot, inngangur, en þar segir á bls. 16, með leyfi hæstv. forseta:

„Hugtakið „holdlegt samræði" er hvorki skilgreint í lögum né greinargerð. Samræði hefur í fræðiritum og framkvæmd verið takmarkað við hefðbundnar samfarir karls og konu. Með þessu eru útilokuð kynmök samkynja persóna og mök karls og konu með öðrum hætti en notkun kynfæranna einna. Það kann þó að vera jafnalvarlegt ef brotaþola er misboðið kynferðislega með öðrum hætti að slepptri þungunarhættunni. Má þar nefna kynferðisathafnir er beinast gegn öðrum hlutum líkamans eða framkvæmdar eru með verkfærum."

Réttarþróun víða hefur hnigið í þá átt að endurmeta refsinæmi kynferðisbrota og þá ekki síður ýmsar kynferðisathafnir aðrar en samræði. Sem dæmi má nefna að hugtakið „sexual penetration" í hegningarlögum Illinois-ríkis tekur til hvors tveggja. Þá var það lögfest 1984 í Svíþjóð að jafna ýmsum kynferðisathöfnum við samræði ef þær veita eða eru til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. norsku hegningarlaganna varðar afbrot fangelsi allt að tíu árum fyrir „utugtig omgang" við barn undir fjórtán ára aldri, en það varðar fangelsi ekki skemur en eitt ár ef afbrotið felur í sér samræði. Hugtakið „utugtig omgang" virðist hér nokkuð víðtækt og felur því einnig í sér samræði. Í 2. mgr. þessarar sömu lagagreinar eru viðurlögin fangelsi allt að 21 ári ef afbrotið hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Hér er tekið fram að kynsjúkdómar falli undir þetta ákvæði. 2. mgr. 202. gr. hegningarlaganna er því nýmæli og hljóðar svo:

„Sé brot sérstaklega stórfellt þá varðar það fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að sextán árum."

„Sérstaklega stórfellt" tekur til þess hversu gróft brotið í heildinni er og verður ekki tæmandi talið. Hér fellur þó undir sú aðferð sem notuð er, svo sem ofbeldi eða frelsissvipting og fjöldi tilvika. Skaðlegar afleiðingar brots fyrir sálarheill og líkamlegt heilbrigði brotaþola falla hér einnig undir, t.d. ef verknaður hefur kynsjúkdóm eins og eyðni í för með sér, að uppfylltum ásetningskröfum.

Í frv. segir enn fremur í grg. um 1. mgr. 203. gr. hegningarlaga, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta ákvæði fjallar um kynferðismök við persónu af sama kyni og hefur falið í sér miklu lakari vernd en ákvæði er snerta önnur kynferðisbrot þegar litið er til refsimarkanna. Refsihámarkið hefur verið bundið við sex ára fangelsi sem er miklu minni refsing en lögbundið er, t.d. í 194. gr., sextán ár, og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna, tólf ár. Slíkt fær ekki samrýmst nútímaviðhorfum, hvorki efnislega né réttarfarslega. Hér er breytingar þörf og mótast sú þörf ekki síst af fjölda alvarlegra mála nú síðustu árin þar sem brotaþolar eru einatt ungir drengir og afbrotamaðurinn karlkyns.

Læknisfræðilegar líkur benda til þess að einmitt þessi tegund afbrota geti haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir brotaþola og er þá m.a. átt við kynsjúkdóm eins og eyðni. Því þykir full ástæða til þess, að lögum óbreyttum, að í lagaákvæði þessu sé einnig vísað til 2. mgr. 202. gr. svo sem getið er um í frv. Að öðru leyti vísast til framangreindrar grg. með 200. gr. hegningarlaganna."

Til frekari stuðnings þessu frv. um breytingu á hegningarlögum má leiða að því rök að brotaþolar, sérstaklega börn, eiga oft erfiðara með að sýna fram á það að þau hafi verið beitt nauðung eða ofbeldi við afbrot af þessu tagi þannig að 194. gr. eigi við. Almennt eiga þau erfiðara með að bera hönd fyrir höfuð sér og því er það skylda okkar að vernda þau gegn misneytingu af þessu tagi.

Hæstv. forseti. Það er ekki refsigleði er ræður gjörðum flm. í máli þessu heldur brýn þörf á réttarbót. Þessi afbrot eru almennt litin mjög alvarlegum augum og þau hljóta að snerta alla þjóðfélagsþegna. Enn fremur gætir þess misræmis í þessum kafla hegningarlaga að ekki verður lengur við unað. E.t.v. má finna hér nokkra skýringu á þeim tiltölulega vægu viðurlögum er beitt hefur verið í dómum síðustu ára. Ef löggjafinn hefur frumkvæði að því að samræma og herða refsilöggjöf við kynferðisbrotum felur það í sér vísbendingu til dómstóla um breytt

refsimat.

Að sjálfsögðu er ekkert eitt sjónarmið sem ræður ákvörðun refsingar fremur en setningu refsilaga. Meta skal þyngd refsingar hverju sinni eftir öllum atvikum máls og persónulegum högum sökunautar að því leyti sem máli getur skipt. Ég verð þó að skýra frá því hér, hv. þm., að núna í morgun frétti ég að búið væri að kveða upp dóm í kynferðisbrotamáli þar sem afbrotamaðurinn var karlmaður en fórnarlambið níu ára gamall drengur. Dómurinn hljóðaði upp á átta mánaða fangelsi, þar af sex mánuðir skilorðsbundið, sem þýðir í raun að afbrotamaðurinn mun aðeins sitja tvo mánuði í fangelsi svo fremi sem hann brýtur ekki skilorðið. Það skýtur því óneitanlega skökku við, svo að dæmi sé tekið, að dómar í ölvunarakstursmálum eru oft óskilorðsbundnir og munu almenn varnaðaráhrif ráða þar talsverðu um, þ.e. vegna þeirrar hættu sem slík brot hafa í för með sér. Án þess að gera lítið úr alvöru þeirra afbrota hlýtur að mega gera kröfu til þess að svipaðra sjónarmiða sé gætt við kynferðisbrot og þá ekki síst þau sem beinast gegn börnum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með flutning þessa máls og ég er sammála hv. flm. að það er sannarlega tímabært að taka á þessu máli. Eins og hún nefndi eru lög sem um þessi mál gilda síðan 1940. Endurskoðun þeirra er ekki síst brýn og nauðsynleg vegna þess að þau mál er lögin varða hafa komist svo mjög í umræðu á seinni árum og rannsókn þeirra hefur leitt í ljós að brot á þessum lögum eru mun tíðari en menn grunaði áður. Á ég þá bæði við nauðganir og sifskaparbrot, en dulin brotastarfsemi er snar þáttur í þeim brotum.

Ég tel bæði eðlilegt og sjálfsagt að samræma refsiákvæði og þá um leið refsivernd þeirra sem neyddir eru til samræðis gegn vilja sínum og finnst gilda sama hvort sem um er að ræða persónur af gagnstæðu eða sama kyni. Einnig þykir mér eðlilegt að leggja að jöfnu kynmök af öðru tagi og hefðbundið samræði. Það er vitað af rannsóknum sem gerðar hafa verið að í tilteknum fjölda nauðgana, og eru þessar rannsóknir bæði erlendar og hérlendar, t.d. athugun sem ég hef unnið á vegum þeirrar nauðgunarnefndar sem hv. flm. nefndi, þá hefur nauðgari samræði við brotaþola um önnur líkamsop en leggöng og getur á þann hátt eða annan fengið kynferðislega fullnægingu. En ofbeldisverknaðurinn getur haft jafnalvarleg áhrif á brotaþola þó að samræði fari ekki fram að hefðbundnum hætti. Það má heldur ekki gleyma því að rannsóknirnar hafa enn fremur sýnt að afdrifaríkustu afleiðingar nauðgunar eru einmitt hið andlega áfall sem brotaþoli verður fyrir. Flestum nauðgunum, a.m.k. hérlendis, fylgir ekki gróft líkamlegt ofbeldi. Það er því oftast og fyrst og fremst hið andlega áfall og afleiðingar þess sem verða flestum brotaþolum illbærastar og erfiðastar viðfangs. Af þessum sökum tel ég einmitt mjög nauðsynlegt að leggja að jöfnu hefðbundið samræði og svokallað samræði af öðru tagi.

Hvað varðar eyðni er vissulega rétt að það er viss hætta fólgin í smitun ef um nauðgun er að ræða og kannski ekki síst þegar um er að ræða samkynhneigða einstaklinga og þá fyrst og fremst karlmenn, en í þessum efnum gildir auðvitað það sama um allar tegundir nauðgunar og gerir brotið þess vegna áhættusamara og mun alvarlegra.

Ég vildi líka víkja orðum að heildarmynd þeirra afbrota sem hv. flm. minntist á. Hér er um að ræða félagslegt vandamál einnig og e.t.v. sjúkleika eða sköddun þar sem í er fólginn vítahringur. Sá er beittur hefur verið ofbeldi í bernsku hefur tilhneigingu til þess að beita aðra ofbeldi þegar hann vex upp. Þannig er mjög nauðsynlegt, auk þess sem þarf að laga löggjöfina, að taka á þessum vandamálum á heildstæðan hátt.

Ég vildi lítillega geta um þá nefnd sem hv. flm. minnti á. Hún var sett á laggirnar í kjölfar þál. Kvennalistans sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1984. Þessi þál. fjallaði um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála og dómsmrh. skipaði fimm manna nefnd í júlí 1984 til að sinna þessu verkefni. Í nefndinni hafa átt sæti Ásdís Rafnar lögfræðingur, Guðrún Agnarsdóttir læknir og alþm., Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur og Sigrún Júlíusdóttir yfirfélagsráðgjafi. Jónatan Þórmundsson á einnig sæti í nefndinni og hefur verið formaður hennar.

Þessi nefnd hefur nú unnið að nokkuð ítarlegum könnunum. Markmið nefndarinnar voru í raun tvíþætt. Það var í fyrsta lagi að gera fræðilega könnun á ákveðnum staðreyndum og síðan að sinna tillögugerð á þeim grundvelli. Það má segja að nefndin sé um það bil að ljúka störfum. Ég reikna með að hún skili af sér í byrjun næsta árs og þá munu fylgja bæði ítarlegar kannanir með áliti nefndarinnar og einnig tillögugerð þar sem gerðar eru tillögur til úrbóta.

Í þessum tillögum verður einmitt um að ræða breytingar á löggjöf og ég hygg að lagt verði til að ekki einungis verði um að ræða þær greinar er hv. flm. nefndi, þ.e. greinarnar í XXII. kafla frá 194.–199. gr., heldur hygg ég að það verði lagt til að fram fari endurskoðun á þessum köflum báðum, XXI. og XXII., í það minnsta XXII. kafla. Mér finnst að þær hugmyndir sem fram koma í því frv. sem hér var mælt fyrir eigi fyllsta rétt á sér og séu mjög gagnlegar hvort sem frv. nær fram að ganga áður en þessi endurskoðun fer fram eða verður hluti af þeirri endurskoðun. En ég styð þær hugmyndir sem í frv. koma fram og vona að þær fái eðlilegan framgang hér í þinginu.

Síðan langar mig, af því að tilefni gefst hér, að minna á það að í kvöld er haldinn fræðslufundur á vegum Orators, félags laganema, í Lögbergi kl. 8 og þar verður einmitt rædd meðferð kynferðisafbrotamála á Íslandi og spurt hvort breytinga sé þörf. Ég vek athygli hv. þm. á þessum fundi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Það mál sem hér er á dagskrá er svo sannarlega allrar athygli vert og ekki komið til að tilefnislausu. Það er rétt, sem hv. flm., 14. þm. Reykv., segir í greinargerðinni, að allur almenningur lítur kynferðisafbrot, ekki síst gagnvart börnum, mjög alvarlegum augum. Í frv. er tekið á atriðum í hegningarlögunum sem nokkur missmíði er á miðað við réttarvitund almennings.

Ég vil í þessu sambandi minna á, eins og hv. flm. reyndar gerði, að í samræmi við þál. frá árinu 1984 var í júlí það ár skipuð fimm manna nefnd sem fjallar um meðferð nauðgunarmála og á hún að koma með tillögur til úrbóta í því sambandi, þar á meðal að gera tillögur um þær lagabreytingar sem þörf þykir á að gera. Álitsgerð frá nefndinni er væntanleg í byrjun næsta árs, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv., og það er á verkefnaskrá dómsmrn. að ganga frá frumvörpum til breytinga á lögum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Eins og reyndar kom fram í þingmálaskrá sem fylgdi stefnuræðu forsrh. er ráðgert að leggja slíkt frv. fram eftir jólaleyfi.

Ég hef fullan hug á því að stuðla sem skjótast að lagabreytingum í þessu efni, en tel, eins og reyndar hv. 6. þm. Reykv., ráðlegast að láta taka ákvæði þessa frv. til athugunar við samningu þeirra frumvarpa sem í undirbúningi eru og ég nefndi áðan. Ég hef rætt þetta mál sérstaklega við formann nefndarinnar, prófessor Jónatan Þórmundsson, sem vitnað er til í grg. frv., og rætt við hann sérstaklega um þetta frv.

Ég er alls ekki með þessu að drepa málinu á dreif. Þvert á móti tel ég nauðsynlegt að vanda þessa lagasetningu sem best því að nokkur hætta kann að vera á ósamræmi ef Alþingi samþykkir á þessu þingi fleiri en ein lög til breytinga á sama sviði almennra hegningarlaga. Reyndar er ég sammála hv. flm. og 6. þm. Reykv. að það er fullkomin þörf á því að taka bæði XXI. og XXII. kafla hegningarlaganna til endurskoðunar og það mun reyndar vera á verkefnaskrá nefndarinnar sem til var vitnað áðan.

Ég vil líka koma því að hér að það sama á að nokkru leyti við um frv. sem hv. þm. í þessari deild, Salome Þorkelsdóttir, hefur flutt um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Ég á von á því að niðurstöður nefndarinnar sem fjallar um nauðgunarafbrotin muni einnig leiða til breytinga á þeim lögum. Í hegningarlögum og lögum um meðferð opinberra mála þarf að gæta fyllsta samræmis, en þau þurfa að sjálfsögðu að þróast í samræmi við breytingar á samfélaginu og breytingar á viðhorfum landsmanna.

Eitt af því sem við þurfum að mínu áliti ekki síst að taka til umfjöllunar er aðstaða brotaþolans í slíkum málum sem hér er um að ræða. Við erum líklega á því sviði orðnir á eftir ýmsum nágrannaríkjum okkar þar sem brotaþolarnir fá meiri aðstoð en hér tíðkast, bæði til þess að draga úr afleiðingum brotsins eftir því sem frekast er kostur og eins til þess að flýta gangi þeirra dómsmála sem af brotum kunna að leiða.

En í þessu efni þarf ekki aðeins að huga að dómstólameðferð og ákvæðum hegningarlaga. Ekki síður þarf að huga vandlega að því hvernig rannsókn mála er framkvæmd. Ekki síst þarf þarna að huga að sambandinu á milli barnaverndarnefnda í sveitarfélögum og lögreglu í þessum viðkvæma málaflokki. T.d. má nefna að yfirheyrsla á börnum í kynferðisafbrotamálum er ákaflega mikið vandaverk. Eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. er það ekki síst hið andlega áfall sem er ein alvarlegasta afleiðing brota af þessu tagi. Það þarf e.t.v. sérstaka ráðgjafa við rannsóknarlögregluna til að aðstoða við yfirheyrslur yfir börnum í þessum málum til að hlífa viðkvæmum barnssálum.

Þess vegna tel ég að mikil ástæða sé til að taka þetta mál til vandlegrar athugunar í hv. allshn. og leitað verði samráðs við nefndina sem skipuð var í samræmi við þál. frá 1984.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér aðeins til að lýsa stuðningi við þetta frv. og vil nota tækifærið til að þakka hv. flm. fyrir ágæta framsöguræðu og þann mikla fróðleik sem kom fram í hennar máli.

Það er alveg ljóst að nauðsyn er á að gera réttarbót í þessum efnum og eins og hefur komið fram í máli hv. þm. og hæstv. ráðherra eru þessi mál þess eðlis að þau þurfa endurbóta við.

Það sem kannski kemur mér til að koma hér í ræðustól er fyrst og fremst að minna líka á það sakleysislega frv. sem ég flutti á fyrsta fundi þessarar hv. deildar en fékk enga umfjöllun eða viðbrögð á þeim fundi sem var kannski ekki nema von þar sem þetta var fyrsti þingdeildarfundurinn á nýju þingi. En hvað um það. Ég minntist þar á að ég hefði undir höndum dæmi um sérstakt mál sem varðaði ungan dreng. Það mál væri búið að bíða í dómskerfinu í 1 ½ ár. Nú vill svo til að það er einmitt þetta tilgreinda mál sem hefur nokkuð verið fjallað um í fjölmiðlum að undanförnu, þ.e. í DV, og dæmigert um þessi mál að um leið og farið er að vekja athygli á þeim í fjölmiðlum eða annarri umfjöllun, m.a. kannski með flutningi mála á hv. Alþingi, er eins og menn taki við sér.

Það var skýrt frá því í gær á baksíðu DV að þar sé um að ræða kynferðisafbrotamál í hægagangi í kerfinu sem bíður enn dóms eftir heilt ár í sakadómi. Og síðan er frétt í dag um að það sé búið að dæma í málinu. Dómurinn sem sakborningur fær er sá sem hv. 14. þm. Reykv. sagði frá í sinni framsöguræðu, þ.e. tveggja mánaða fangelsi auk sex mánaða skilorðsbundið í fimm ár. Og þetta vekur mikla furðu þegar haft er í huga hvað liggur að baki.

Ég á engin orð yfir hversu lítils tillits virðist gæta til fórnarlamba í slíkum málum. Mér dettur í hug að nefna það hér varðandi þetta einstaka mál að sá níu ára gamli drengur sem þarna um ræðir, sem var níu

ára á þeim tíma, segir ekki frá þessu atviki heima hjá sér fyrr en hann brotnar niður eftir tíu daga eða tvær vikur og þá er svo langt um liðið að þrátt fyrir læknisrannsókn eru verksummerki ekki til sönnunar fyrir athæfi sakbornings. Það má gera sér ljóst að níu ára gamalt barn hefur litla hugmynd um hvernig samfarir homosexual karlmanna fara fram, en því lýsti hann sjálfur. En auðvitað neitar sakborningur að hafa fullframið sinn verknað. Það virðist vera að í þessu tilviki sé svo vægt tekið á máli eins og raun ber vitni vegna þess að ekki er hægt að sanna málið. En jafnvel þó svo hefði verið, að viðkomandi sakborningur hefði ekki fullframið sinn verknað, hefði mátt ætla að afbrotið væri svo alvarlegt að það væri ástæða til að taka á því með öðrum hætti en raun ber vitni um í þessu tilviki.

Ég vildi, herra forseti, aðeins nefna þetta hér vegna þess að ég tel að þessi tvö frv. séu svo þýðingarmikil mál að þau þurfi að fá ítarlega umfjöllun. Hvort það verður með þeim hætti að þau verði að bíða eftir framlagningu frv. sem hæstv. dómsmrh. gat um skal ég ekki dæma um, en ég tel a.m.k. að það þurfi að vinna strax að framgangi þessara mála.

Ég get tekið undir að það þarf vissulega að vanda lagasetningu, en sú breyting sem ég lagði til í umræddu frv. var mjög einföld og ekki flókin, aðeins sú að slík mál skuli hafa forgang í kerfinu og að dómur í undirrétti gangi innan átta mánaða frá ákæru nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þetta held ég að sé þýðingarmikið atriði og alls ekki flókið að mínu mati.

Hv. 6. þm. Reykv. minntist á fund sem er í kvöld. Mér er kunnugt um þennan fund þar sem ég er einn af framsögumönnum á þeim fundi til að fjalla um þessi mál. Ég tek undir að það getur verið fróðlegt fyrir hv. þm. að kynna sér frekar málin hjá þeim sem með þessi mál hafa að gera, fólki með sérfræðiþekkingu á þessum málum, sem eru einnig ræðumenn á fundinum.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er svo sannarlega hreyft máli sem tímabært er að taka til umræðu ef verða mætti til þess að leið fyndist til að stemma stigu við þeim afbrotum sem hér hefur verið rætt um.

Hv. 6. þm. Reykn. talaði hér og minntist á frv. sem flutt er á þskj. 5. Umræðan sýnir okkur að við höfum vaknað til meðvitundar um það alvarlega ástand sem ríkir í þessum málum og ég undirstrika rækilega að tímabært var að taka til umræðu.

Ég ætla ekki að tala langt mál. Ég þarf þess ekki vegna þess að þetta mál á þskj. 71 kemur til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í og mér gefst þar tækifæri til að koma skoðunum mínum á framfæri. En ég kem fyrst og fremst upp til að þakka það að þessum málum skuli hér vera hreyft og ég þakka sérstaklega flm. þessa frv. á þskj. 71 fyrir að vekja okkur til meðvitundar um það sem er að gerast í allra næsta nágrenni við okkur.

Flm. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. og dómsmrh. í máli þessu. Nú hef ég borið þessar tillögur mínar um breytingar á lagaákvæðum undir fræðimenn í refsirétti og jafnframt sakadómara og hefur komið í ljós að einmitt þessi ákvæði hafa valdið miklum erfiðleikum í málum af því tagi sem hér er um rætt, þ.e. kynferðisafbrotamálum.

Ég hef einnig rætt þetta við formann þessarar umtöluðu nauðgunarnefndar og virðist mér að þessi ákvæði muni ekki stangast á við þær tillögur sem nefndin muni gera. Ég get því ekki séð rök fyrir því að frv. fái ekki viðhlítandi afgreiðslu á Alþingi Íslendinga. Ég legg á það ríka áherslu að hér er um nauðsynlega réttarbót að ræða sem þolir enga bið.

Eins og ég sagði áðan er hlutverk nauðgunarnefndar fyrst og fremst að gera tillögur um breytingar á ákvæðum um brot gegn kynfrelsi kvenna en ekki á þeim ákvæðum sem frv. þetta fjallar um. Ef frv. hefur hins vegar þau áhrif að flýta fyrir endurskoðun á þeim lögum öllum er snerta kynferðisafbrot fagna ég því mjög. Þá er tilganginum náð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Heilbrigðisfræðsluráð, frh. 1. umr.

Frv. GA og DS, 61. mál. — Þskj. 63.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir) (frh.):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. heilbrmrh. skuli nú vera viðstaddur þessa umræðu en ekki gafst tækifæri til að kalla hann á fund deildarinnar þegar ég hóf mál mitt á síðasta fundi.

Ég hafði minnst á í ræðu minni þá skýrslu um íslenska heilbrigðisáætlun sem lögð var fram í lok síðasta þings hér á Alþingi, en hún lýsir fyrirætlunum heilbrigðisyfirvalda í því samvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem nefnt hefur verið „Heilbrigði fyrir alla árið 2000“ og markar jafnframt stefnu í heilbrigðismálum hérlendis til langs tíma. Áætlun þessi var þó hvorki rædd á þinginu né samþykkt og það sem verra er, það var ekki tekið tillit til hennar við þá fjárlagagerð sem hér var einmitt rædd í gær. En ég vil nefna að í áætluninni stendur einmitt: „Árlega verði á Alþingi lögð fram stefnumörkun í heilbrigðismálum í tengslum við fjárlagafrumvarpið“ og þá að sjálfsögðu í anda forvarna og heilsuverndar. Mér þykir mjög miður að það skuli ekki hafa verið vegna þess að við getum varla beðið lengur eftir því að skipta svolítið

um áherslur og leggja meira fé til forvarna. En í skýrslunni er einmitt lögð meginhersla á forvarnir í formi heilsugæslu, heilbrigðra lífshátta og heilbrigðiseftirlits.

Hins vegar er eitt að hafa stefnu og annað að framfylgja henni. Fé til forvarna hefur sárlega vantað hingað til. Það er að mínu mati afar brýnt að tryggja nægilegt fjármagn til ýmissa forvarnaraðgerða svo að meiri áhersla verði í raun lögð á að varðveita heilbrigði því að einungis þannig er hægt að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu sem lækning og meðferð sjúkdóma óhjákvæmilega er. Nú þegar blasa við ýmis verkefni á sviði forvarna þar sem raunhæft er að ætla að markvissar aðgerðir muni skila verulegum árangri. Þann árangur má mæla bæði í mannslífum, auknu heilbrigði, bættri líðan og miklum fjárhagslegum sparnaði. Sem dæmi má nefna slysavarnir. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heimi. Hins vegar höfum við hæstu tíðni barnaslysa af öllum löndum Evrópu. Þar eru algengust slys bæði í umferð og þó sérstaklega í heimahúsum þar sem eitranir eru tíðastar. Umferðarslys eru hér allt of algeng og valda ómældri mannlegri þjáningu og sorg, auk þess mikla kostnaðar sem af þeim hlýst. Önnur tegund slysa, sem er algengari hér en í nágrannalöndunum, eru sjóslys. Að vísu hefur öllum þessum málum þegar verið sinnt í einhverjum mæli en þarna er enn mikið verk óunnið og mál að hefja það.

Annað dæmi mætti taka um reykingar. Það er talið að engin ein ráðstöfun mundi skila meiri árangri til að bæta heilsufar manna og fækka ótímabærum dauðsföllum en einmitt verulega minnkuð tóbaksnotkun. Sem stendur eru þó einungis fjórir starfsmenn á vegum Krabbameinsfélagsins við fræðslu í skólum um skaðsemi reykinga. Og ef litið er á árangur þessa starfs má sjá að í aldurshópunum frá 12 ára til 16 ára hefur tíðni reykinga á árunum frá 1974 til 1986 minnkað stórlega ef miðað er við hundraðstölu. T.d. í aldurshópnum 12 ára hefur tíðni reykinga frá 1974 til 1986 lækkað úr 12% niður í 3% og í aldurshópnum 16 ára frá 54% niður í 31%. Þarna mætti verulega herða róðurinn til að halda áfram að styðja ungt fólk í því að taka ekki upp reykingar.

Einnig mætti t.d. minnast á tannskemmdir. Þær eru mun algengari í íslenskum börnum en börnum annars staðar á Norðurlöndunum. Hér hafa börnin bæði fleiri viðgerðar og skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum og stafar það að miklu leyti af sykuráti sem hér er meira en víða annars staðar, en einnig af lélegri tannhirðu. Þarna mætti t.d. beita verðstýringu gagnvart sykri og sætum vörum sem mundi stuðla að því að minnka ofneyslu hans og tannhirðu mætti sannarlega bæta með fræðslu.

Síðan er leit að sjúkdómum á byrjunarstigi sem bæði getur aukið lífslíkur og einnig komið í veg fyrir mikla vanlíðan. Þar má nefna leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna og einnig í meltingarvegi sem allar eru reyndar stundaðar af Krabbameinsfélagi Íslands. Áætlaður kostnaður á ári við hópskoðun á brjóstum íslenskra kvenna með röntgenmyndatöku er talinn jafngilda þeim kostnaði sem bundinn er við að reka um 5–10 sjúkrarúm á ári. Á hverju ári deyja um 25 konur úr brjóstakrabbameini, en nýlegar rannsóknir benda til þess að draga megi verulega úr þessari dánartíðni með því að uppgötva æxlið snemma.

Kvennalistakonur fluttu þáltill. um þetta efni sem reyndar var samþykkt á síðasta kjörtímabili og þáverandi heilbrmrh. hét því að þessu yrði komið á á árinu 1987. Í fyrra var nokkurri fjárhæð veitt til þessa verkefnis, en þó ekki öllu því sem Krabbameinsfélagið fór fram á. Ég vil því vekja athygli hæstv. heilbrmrh. á þessu mikilvæga máli og skora á hann að styðja það verkefni og sjá til þess að í ráðherratíð hans verði því veitt nægilegt fjármagn til að það geti haldið áfram og náð til kvenna víðs vegar um landið en ekki einungis á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Að lokum má nefna þann vágest sem nýlega hefur vakið ótta manna og umtal og var einmitt minnst á í umræðunni hér áðan, en það er sjúkdómurinn eyðni. Eyðni er sjúkdómur þar sem einmitt forvarnir eru í raun einu varnirnar sem duga og þeim verður að beita ef hindra á vaxandi útbreiðslu sjúkdómsins. Allt tal um ónæmisaðgerðir er í raun svo langt í framtíðinni hvað varðar framkvæmd að það eru tóm orð að tala um. Því er aðgæsla manna og aðgát það eina sem dugar til að verjast þessum sjúkdómi. En til þess að geta beitt slíkri aðgát verður að fræða fólk.

Að öllum þessum verkefnum og mörgum fleiri þarf að vinna og veita til þeirra fé. Fjármögnun þessara verkefna er í raun fjárfesting og mikil sparnaðarráðstöfun, einkum þegar til lengri tíma er litið.

Annar brýnn þáttur til forvarna er heilbrigðisfræðsla og snertir raunar þau atriði sem ég hef nefnt hér á undan. Snar þáttur þeirrar samvinnuáætlunar sem áður var nefnd er almenn heilbrigðisfræðsla og upplýsingar svo og aukin menntun fólks í heilbrigðisstéttum og kennara og aukin fræðsla í skólum. Það er mjög brýnt að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og veita henni þannig vel skilgreinda lagalega stoð og nægilega fjármögnun. Almennri heilbrigðisfræðslu hefur verið í ýmsu ábótavant hér á landi hingað til. Heilsufræði hefur verið kennd í skólum að vísu, en þó mjög misvel. T.d. hefur fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir í grunnskólum víða verið vanrækt, eins og fram kom í fsp. hv. þingkonu Kristínar Halldórsdóttur á síðasta kjörtímabili.

Á árunum 1984–1985 tók Ísland þátt í norrænu verkefni um heilbrigðisfræðslu í grunnskólum og gekk það undir nafninu SPIN-verkefnið og fór fram í tveim skólum. Markmið þess var að þróa heilbrigðisfræðslu í þátttökulöndunum og móta sameiginlega stefnu landanna í málefnum heilbrigðisfræðslu og

heilsuuppeldis. Mikil áhersla var lögð á að samþætta heilbrigðisfræðsluna öðru námi þannig að allir starfsmenn skólans væru virkir í heilsuuppeldi barnanna. Slíka fræðslu þarf að efla og slíkt uppeldi þarf vitaskuld einnig að fara fram á dagvistarheimilum og fyrst og síðast á heimilum af foreldrum sem eru meðvitaðir um heilbrigða lífshætti.

Nú vil ég gjarnan spyrja hæstv. heilbrmrh. hvort hann hafi fregnir af frekari þróun þessa verkefnis og hvað er fyrirhugað í þeim efnum. Ég veit að þetta fellur mun beinna undir hæstv. menntmrh., en það kynni að vera að þeir hefðu haft einhverja nasasjón af þessu í heilbrmrn. og þess vegna vil ég spyrja hæstv. heilbrmrh.: Hvað líður framhaldi þessa verkefnis?

Síðan er það viðhaldsfræðsla almennings um heilbrigðismál. Hún hefur verið handahófskennd. Ýmsar stofnanir eða embættismenn á vegum hins opinbera, áhugasamir einstaklingar, félög og samtök heilbrigðra og sjúkra hafa að vísu gefið út ágætis fræðsluefni og jafnvel fylgt því eftir með kennslu eða áróðri og það er sannarlega vert í þessu sambandi að lofa hið mikla og góða starf sem hefur verið unnið í þessum efnum. Hins vegar hefur samræmda og skipulega fræðslu vantað og hún hefur ekki verið á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur miklu fremur margra ólíkra aðila og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra, enda hefur hún oft setið á hakanum og verið látin mæta afgangi, sérstaklega þegar kemur að því að nýta það takmarkaða fé sem viðkomandi stofnanir hafa fengið til umráða á fjárlögum eða annars vegar.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1. júní 1983 er heilsuvernd skilgreind sem þjónusta er heilsugæslustöð á að veita, en ein af aðalgreinum heilsuverndar er þar talin heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi. Það er bæði eðlilegt og ágætt að heilsugæslustöðvar hafi þetta hlutverk, en þær eru enn of fáar og þangað sækja fáir sem heilbrigðir eru. Því nær fræðsla þeirra ekki til alls þorra almennings. Það er reyndar vitað af þeim könnunum sem gerðar hafa verið á því hverjir helst sækja heilsugæslustöðvar að það er ekki nema takmarkaður hluti íbúanna sem á erindi á heilsugæslustöðvar og það er svo sem alls ekki lakari hluti þeirra því það eru mest konur sem sækja þangað vegna barna sinna fyrst og fremst, vegna aldraðra sem eru á þeirra vegum eða búa hjá þeim og vegna annarra heimilismanna sem ekki gefa sér tíma eða hafa tíma til að sækja þangað. En það er spurning um hve mikilli fræðslu er hægt að koma til einungis takmarkaðs hluta íbúanna, fræðslu sem í raun á erindi til allra. Það hlýtur einnig að þurfa að beina fræðslu að ákveðnum áhættuhópum eftir því sem þörf krefur og ástæða er til.

Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50 frá 29. maí 1981 er ákvæði um að veita alhliða fræðslu og upplýsingar fyrir almenning um þau mál er varða hollustuhætti í umhverfi. Þetta fræðsluhlutverk er á höndum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa. Fræðsluhlutverk er nánar tiltekið síðar í sömu lögum í kafla um Hollustuvernd ríkisins, en þar eru ákvæði um fræðslu fyrir almenning, heilbrigðisfulltrúa og aðra þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.

Hollustuvernd ríkisins er ung stofnun og hefur átt við erfiðleika að etja vegna þess að deildir hennar hafa verið dreifðar víða um Reykjavík. Verksvið hennar er vítt og minna hefur orðið úr fræðsluhlutverki hennar en skyldi þar sem önnur verkefni hafa tekið mikinn tíma og fjármagn hefur skort. Nú nýlega, á síðasta þingi, var einmitt ein deild stofnunarinnar gerð sjálfstæð, Geislavarnir ríkisins, og tekin út af verksviði Hollustuverndar. Það kynni að gefa henni meira svigrúm til að sinna fræðsluhlutverki sínu að vísu, en það mælir þó ekki gegn þeim hugmyndum sem bornar eru fram í þessu frv.

Í ýmsum lögum eru svo ákvæði um fræðslu um tiltekin efni, t.d. um kynlíf og barneignir, í lögum nr. 25/1975, um tóbaksvarnir, í lögum nr. 74/1984, o.s.frv. Enn fremur segir í lögum um heilsuvernd í skólum, nr. 61/1957, með leyfi forseta: „Í reglugerð skal ákveðið um heilbrigðisfræðslu í skólum.“ Fræðsla um heilbrigðismál er afar víðtækt viðfangsefni og heyrir þar undir hvaðeina sem stuðlar að heilsuvernd og getur komið í veg fyrir slys og sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla hefur verið skilgreind sem sérhver fræðsla er hefur það markmið að einstaklingar taki sjálfviljugir þátt í því að auka heilbrigði sína. Slík fræðsla og sú vitneskja og leiðbeining sem hún veitir heyrir til mannréttinda. Hennar er æ meiri þörf í flóknu lífsmynstri tækniþjóðfélaga þar sem óhollusta steðjar að í margvíslegu gervi.

Fræðsla ein sér nægir þó ekki til að tryggja að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa því mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þau verða að vera sér vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau móta stefnu og taka ákvarðanir og gæta þess jafnframt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu. Þetta er mikilvægt einkum í ljósi þess sem við höfum séð undanfarið þegar leggja á skatt á matvæli manna. Og sá skattur sem ætlað er að leggja á matvæli manna fylgir ekki einu sinni neinni verðstýringu sem gæti samræmt heilbrigðissjónarmiðin, heldur er hann fyrst og fremst hugsaður út frá efnahagslegu sjónarmiði en ekki út frá heilbrigðissjónarmiði. Þetta segi ég án þess að mæla með þeim matarskatti sem hótað er af ríkisstjórninni.

Í seinni tíð hefur frumkvæði heilbrigðra einstaklinga til heilsuverndar og heilsuræktar farið vaxandi og aukinnar meðvitundar gætir um mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Það er því sennilegt að jákvæð viðhorf og áhugi á heilbrigðisfræðslu sé að aukast meðal almennings, skólayfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Slík fræðsla er þó enn of tilviljanakend og háð

framtakssemi fárra áhugasamra aðila sem hafa of lítil innbyrðis tengsl.

Það er skoðun flm. að brýnt sé að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og því sé nauðsynlegt að stofna heilbrigðisfræðsluráð.

Nú veit ég að ein af þeim tillögum sem koma fram í þeirri áætlun sem ég nefndi áðan er tillaga um að setja á laggirnar forvarnastofnun, þ.e. stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Ég vil lesa markmið 5 í þessari heilbrigðisáætlun, með leyfi forseta:

„Komið verði á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun annist ráðgjöf um heilbrigða lifnaðarhætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu.

Til þessarar stofnunar færist starfsemi áfengisvarnaráðs, tóbaksvarnanefndar, manneldisráðs, tannverndarstarfsemi og starfsemi CINDI-verkefnisins.

Til þess að stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum verður lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita. Samvinna verði hafin við skóla og félög um að þau taki þátt í herferð fyrir heilbrigðari lifnaðarháttum fjölskyldna og einstaklinga."

Nú vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra: Hvað ætlast ráðherra fyrir í sambandi við þá skýrslu sem áður hafði verið lögð fram af hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. um íslenska heilbrigðisáætlun? Hvað sérstaklega ætlast hann fyrir í sambandi við stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu? Og mun hann taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í því frv. sem ég mæli hér fyrir um heilbrigðisfræðsluráð þegar nánari skipulagning forvarna- og heilbrigðisfræðslustofnunar verður gerð?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað verður um áfengisvarnaráð og manneldisráð? Á þeim fjárlögum sem liggja fyrir þessu þingi fyrir næsta ár er ekkert fé áætlað til starfsemi þessara tveggja forvarnastofnana og það er enginn annar sem gegnir hlutverki þeirra í þjóðfélaginu nú eins og er. Þeim er þó ekki ætlað neitt fé til starfsemi sinnar fyrir næsta ár. Því vil ég spyrja hann: Hvað ætlast hann fyrir um starfsemi þessara tveggja forvarnastofnana, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs á næsta ári?

Ég hef svo lokið máli mínu, hæstv. forseti, fyrir þessu frv. og legg til að því verði vísað til hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar að lokinni umræðu og einnig vísað til 2. umr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þann áhuga sem fram kemur á heilbrigðisfræðslu og forvarnastarfi með flutningi þessa frv. með þeirri áréttingu og þeim áætlunum sem fram komu í framsöguræðu hv. fyrri flm. frv., 6. þm. Reykv.

Varðandi efni málsins að öðru leyti er gert ráð fyrir því að sett sé á fót stofnun sem nefnist heilbrigðisfræðsluráð og skal þetta ráð skipað 21 fulltrúa og velur síðan úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd. Heilbrigðisfræðsluráðið ræður síðan framkvæmdastjóra og starfsfólk eftir þörfum.

Starfsemi þessa ráðs á að kosta af ríkinu. Að vísu er ekki gert ráð fyrir að fulltrúarnir sjálfir séu launaðir. En auðvitað hlýst af þessu og starfsemi ráðsins kostnaður sem ekki er gert ráð fyrir í frv. eða fylgiskjölum hvað muni kosta.

Sem fylgiskjöl með frv. eru hins vegar birtar svokölluð Alma-Ata-yfirlýsing og grein eftir Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra í heilbrrn. sem birt er í Læknablaðinu 1983 þar sem gerð er grein fyrir samvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og nokkurra aðildarþjóða um forvarnastörf, greiningu langvinnra sjúkdóma og eftirlit með þeim.

Þegar litið er á fyrirhugað verkefni heilbrigðisfræðsluráðsins er ljóst að gert er ráð fyrir að starfsemi þess sé mjög víðtæk. Ráðið á að ráðleggja um forgang viðfangsefna í heilbrigðisfræðslu, það á að stuðla að rannsóknum og könnunum á heilbrigðismálum, það á að afla upplýsinga um framfarir á læknis-, farsótta-, félags- og sálfræðilegum sviðum til hagnýtingar í starfi sínu. Þá skal heilbrigðisfræðsluráðið, eins og hér er lagt til, stuðla að þjálfun og endurmenntun starfsfólks heilbrigðisstétta. Það er því ljóst að starfssvið heilbrigðisfræðsluráðs, eins og það er sett hér upp, er í raun meira heldur en heiti þess gefur til kynna, þ.e. að fjalla um heilbrigðisfræðsluna sem slíka. Hér er um að ræða ráð sem á að gegna mjög veigamiklu verkefni í sambandi við rannsóknir og kannanir og upplýsingaöflun.

Í lögum um heilbrigðisfræðslu, sem sett voru í apríl 1973, var gert ráð fyrir að sett yrði á stofn Heilbrigðisráð Íslands. Þetta ráð var þannig skipað að í því sátu fulltrúar frá læknadeild Háskólans, Læknafélagi Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, tryggingaráði, Atvinnuleysistryggingasjóði, samtökum heilbrigðisstétta og þar að auki skipaði ráðherra þrjá fulltrúa án tilnefningar. Formaður ráðsins var síðan landlæknir. Hlutverk Heilbrigðisráðs Íslands var að vera ráðgjafar- og umsagnaraðili um heilbrigðis- og almannatryggingamál. Það var heimilt að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum. Heilbrigðisráð Íslands var þrettán manna ráð og skipað til þriggja ára í senn.

Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru endurskoðuð 1983 var litið á hvernig starf Heilbrigðisráðs Íslands hefði verið á þessum tíu árum og niðurstaða þeirra athugana leiddi til að Heilbrigðisráð Íslands var fellt út úr lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú gilda vegna þess að þetta fjölmenna ráð hefði ekki náð að starfa eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Þetta tek ég til og tíni fram í umræðunni til þess m.a. að benda á það að ég held að reynslan af svo fjölmennum eða stórum ráðum, eins og hér er lagt til, sé ekki góð og tel því fyrirkomulag eins og hér er gert ráð fyrir í sambandi við stórn heilbrigðismála

ekki hagkvæmt. Ég held að það sé ekki skilvirkt og við ættum að finna aðra leið að þeim markmiðum sem þó eru sett fram í frv. og eru í sjálfu sér eins og ég sagði í upphafi góðra gjalda verð og er ástæða til að fagna þeim hugmyndum eða þeim áhuga sem frv. í raun sýnir á forvarnastörfum og fræðslu um heilbrigðismálin.

Í þessu sambandi langar mig einnig að minna á að í þeirri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram sem þingskjal á síðasta þingi og hv. frsm. greindi reyndar frá segir m.a. í markmiði 5 sem hv. 6. þm. Reykv. las upp úr. Mig langar aðeins að vitna í það líka. Þar segir:

„Komið verði á fót stofnun forvarna- og heilbrigðisfræðslu. Þessi stofnun annist ráðgjöf um heilbrigða lifnaðarhætti, gerð fræðsluefnis og endurmenntun starfsliðs í heilsugæslu.

Til þessarar stofnunar færist starfsemi áfengisvarnaráðs, tóbaksvarnanefndar, manneldisráðs, tannverndarstarfsemi og starfsemi CINDI-verkefnis." Það er verkefnið sem til er vitnað í fylgiskjali II með frv. til laga um heilbrigðisfræðsluráð, þessu frv. sem er til umræðu.

Enn fremur segir í markmiði 5:

„Til þess að stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum verður lögð á það áhersla að starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa fái grundvallarmenntun og kennslu í heilbrigðisfræðslu og kennslu í heilsufræði til þess að geta miðlað þeim sem þangað leita. Samvinna verði hafin við skóla og félög um að þau taki þátt í herferð fyrir heilbrigðari lifnaðarháttum fjölskyldna og einstaklinga."

Vegna fyrirspurnar hv. þm. um framhald þessa máls, þ.e. hvað verði gert varðandi þessa íslensku heilbrigðisáætlun og þær hugmyndir sem þar eru settar fram og ég hef vitnað til, var þessari áætlun dreift sem þingskjali í fyrra, ekki sem till. til þál. og ekki í frv.-formi, heldur sem skýrslu og aðeins til upplýsinga. Hún var ekki rædd. Mín hugmynd er að framfylgja ákvæðum sem nú eru í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, um að halda svokallað heilbrigðisþing. Þar segir að heilbrigðisþing skuli halda fjórða hvert ár, en það munu nú sjö ár liðin frá því að slíkt þing var síðast haldið. Stefnt er að því að halda heilbrigðisþing í febrúarmánuði nk., nánar tiltekið 5. febrúar, og þar er mín hugmynd að fjallað verði um þessa íslensku heilbrigðisáætlun, hún verði lögð til grundvallar í þeirri umræðu. Það er verið að hefja undirbúning að þessu heilbrigðisþingi og við höfum hugsað okkur að setja á fót nokkra starfshópa sem vinni að þeim undirbúningi og, eins og ég sagði, noti þessar hugmyndir sem hér eru settar fram og tillögur í heilbrigðisáætluninni sem útgangspunkta. Að þessu þingi loknu munu þær hugmyndir sem þar koma fram og niðurstöður þess þings verða lagðar til grundvallar við að endurskoða þessa áætlun og leggja hana þá á ný fyrir þingið. Ég hafði fremur hugsað mér að það gæti þá orðið í formi þáltill. sem ég vænti að þingið gæti samþykkt og yrði þá stefnuáætlun í heilbrigðismálum til næstu ára, e.t.v. til ársins 2000 sem hefur verið til viðmiðunar í þessari áætlun: „heilbrigði fyrir alla árið 2000". Það er vissulega rétt eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. að það er nauðsynlegt að setja sér markmið og móta stefnu í heilbrigðismálum okkar betur og meir en gert hefur verið.

Varðandi markmið 5 sem við höfum vitnað til í þessari áætlun, þar sem fjallað er um forvarnaráð eða stofnun, er nú í heilbrmrn. unnið að gerð lagafrv. til þess að hrinda í framkvæmd þessu markmiði. Ég vænti þess að frv. í anda þess verði lagt fyrir það þing sem nú situr. Þetta starf er þegar í gangi og ég get vel hugsað mér, eins og reyndar kom fram í lokaorðum frsm., að það frv. til laga sem liggur fyrir og er hér til umræðu verði tekið til athugunar í sambandi við það starf sem við erum að vinna í ráðuneytinu og skoðað hvort hægt er að samræma sjónarmið hvað það varðar, annars vegar okkar hugmyndir og hins vegar það sem hér er lagt til og þá einkum hvað varðar uppbyggingu ráðsins, hvort sem það heitir nú fræðsluráð eða forvarnaráð eða forvarnastofnun. Vegna þess sem ég gerði athugasemd við áðan, að mér fyndist þetta vera of fjölmennt ráð, of stórt og of þungt í vöfum og að reynslan segi okkur að það hafi ekki gefist vel, tel ég að stofnun sem annast heilbrigðisfræðslu og með því sniði sem gert er ráð fyrir í okkar tillögum, fámennari stofnun, sé vænlegri til að skila árangri en það fyrirkomulag sem lagt er til í frv. sem er til umræðu.

Hv. flm. frv. spurði mig um þróun svokallaðs SPIN-verkefnis sem á að fjalla um heilbrigðisfræðslu í skólum. Þá verð ég að segja þingheimi það og viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér framgang þess verkefnis og mér er ekki ljóst á hvaða stigi það er í dag. Reyndar mun það hafa verið fyrir þremur eða fjórum árum síðan sem Íslendingar voru þátttakendur í þessu verkefni. Ég veit hins vegar að yfirlæknir ráðuneytisins, sem jafnframt gegnir embætti skólayfirlæknis, hefur verið að vinna í samráði við menntmrn. að endurskoðun á námsefni um heilsufræði eða heilbrigðisfræðslu í grunnskólunum. Ég mun afla mér upplýsinga um það frekar á hvaða stigi það er og hvernig þetta verkefni sem var vitnað til gæti komið inn í þá endurskoðun sem þar er í gangi.

Flm. spurði mig líka um málefni áfengisvarnaráðs og manneldisráðs og afdrif þeirra í meðferð fjárlagafrumvarpsins. Því er til að svara að að vísu er ekki svo langt gengið að engar fjárveitingar séu til áfengisvarnaráðsins. Það er reyndar nokkur upphæð sem ég hef þó ekki fyrir framan mig hver er og man ekki. En það er vissulega rétt að þar hefur verið dregið úr fjárveitingum. M.a. hygg ég að það hafi komið til vegna umræðu um þessa fyrirhuguðu forvarnastofnun. Ljóst er að hún verður ekki til nú um áramót og trúlega ekki á næsta ári og jafnvel þótt við kæmum frv. inn í þingið á þessum vetri og fengjum það samþykkt er ekki líklegt að starfsemi slíkrar stofnunar yrði mjög virk á næsta ári. Mér þykir því sýnt að fjárveitingar til áfengisvarnaráðsins verði að endurskoða í meðferð Alþingis á fjárlaga-

frv. Hvað manneldisráð varðar er það svo með nokkra fjárveitingaliði sem hafa verið settir undir safnlið í heilbrmrn. að mér er sjálfsagt ætlað, eða okkur þar, að kosta starfsemi ráðsins af sameiginlegum óskiptum lið. Sjálfsagt er það eins og með svo marga aðra fjárveitingarliði að þar er smátt skammtað og við vildum gjarnan hafa meira til ráðstöfunar en þar er. Það mun hafa verið meiningin við uppsetningu fjárlagafrv. að fjárveitingar til manneldisráðs féllu undir þennan óskipta safnlið en ekki að starfsemin væri lögð niður vegna þess að fjárveiting væri ekki sérmerkt. Þetta vona ég að svari a.m.k. að nokkru fsp. hv. flm. frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara um þetta öllu fleiri orðum. Ég ítreka aftur að ég fagna í sjálfu sér þeim hugmyndum sem hér eru fram settar um það að heilbrigðisfræðslu og forvarnarstarfsemi þurfi að efla. Ég hef lagt á það áherslu í mínum málflutningi þær vikur sem ég hef gegnt embætti heilbr.- og trmrh. að mikilvægur þáttur í okkar heilbrigðisþjónustu sé að efla forvarnarstarf. Auðvitað er forvarnarstarf sem slíkt afar víðtækt og víðfeðmt viðfangsefni og ég veit að starfsfólk í heilbrigðisstéttum greinir nokkuð á um mikilvægi þess. Má kannski í því sambandi minna á blaðaskrif í sumar og haust þar sem starfsfólk heilbrigðisstétta hefur skipst á skoðunum um þetta mál. Ég hef reyndar heyrt það líka frá einstaklingum í þessum störfum að þeirra viðhorf væru mjög misjöfn. Mér hefur verið bent á það t.d. að bættar samgöngur og bætt vegakerfi séu liður í forvarnarstarfi og það er vissulega rétt. Eftir því sem vegir eru betri er minni hætta á slysum og í því er fólgin mikilvæg forvörn. Þetta er því kannski bara dæmi um það hvað hugtakið sem um er að ræða getur spannað yfir vítt svið.

Ég legg aftur á það áherslu að í heilbr.- og trmrn. er verið að vinna að undirbúningi frv. um forvarnaráð og forvarnastofnun og mér þætti eðlilegt að það frv. sem er til umræðu og meðferðar væri tekið til athugunar í heilbrmrn. af þeirri nefnd sem vinnur að undirbúningi lagafrv. og athugað hvort ekki mætti samræma sjónarmið.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra jákvæð viðbrögð hans við frv. um heilbrigðisfræðsluráð sem ég hef lokið að mæla fyrir. Ég þakka honum einnig svör hans við þeim fsp. sem ég bar fram.

Ég vil þá fyrst víkja að því sem hann nefndi að við flm. hefðum ekki gert neina áætlun um hver kostnaður kynni að vera vegna þessa ráðs ef það væri stofnað. Reyndar fylgir slík áætlun í frv. í athugasemd um 7. gr. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á því að frv. var prentað upp vegna þess að það vantaði allar athugasemdir við greinar frv. En í athugasemdum um 7. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Ætla má að nokkurn tíma taki að byggja upp starfsemi heilbrigðisfræðsluráðs og er því óvíst hver umsvif þess verða í fyrstu. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem fylgja mundi stofnun heilbrigðisfræðsluráðs má taka mið af Rannsóknaráði ríkisins til samanburðar.

Rannsóknaráði ríkisins eru ætlaðar tæplega níu milljónir króna á fjárlögum 1986. Þar störfuðu á skrifstofu sjö manns með framkvæmdastjóra. Auk launakostnaðar þeirra var innifalið í rekstrarkostnaði Rannsóknaráðs laun fyrir starfshópa, útgáfa skýrslna, upplýsingaþjónusta, fundahöld, erlend samskipti o.fl.

Búast má við að kostnaður við stofnun heilbrigðisfræðsluráðs verði a.m.k. helmingi minni en sú upphæð sem ætluð er til reksturs Rannsóknaráðs."

Síðan geta umsvif þess að sjálfsögðu orðið meiri eftir því sem starfsemin vex. En eins og hæstv. ráðherra tók fram er ekki ætlað að launa þá 21 aðila sem í ráðinu sitja, heldur að þeir sæki fundi sér að kostnaðarlausu ef þeir t.d. eru búsettir utan Reykjavíkur.

Ég vil gjarnan, herra forseti, að athygli hæstv. ráðherra sé óskipt meðan ég ræði við hann sérstaklega. (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.) Eins og ég sagði var gert ráð fyrir því í frv. að þessir 21 fulltrúar sem eiga sæti í ráðinu séu ólaunaðir en sæki fundi sér að kostnaðarlausu, þannig að þá yrði einungis um ferðakostnað að ræða ef þeir búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Við veltum því lengi fyrir okkur, flm., hvort bæri að hafa ráðið stórt eða lítið, vel meðvitaðar um þá gagnrýni sem gjarnan beinist að þeim ráðum eða nefndum sem eru mjög stórar. Hins vegar fannst okkur skipta geysilega miklu máli, og það kom reyndar fram í máli mínu þegar ég byrjaði að mæla fyrir frv. á fyrri fundi deildarinnar, að þarna yrði ríkjandi valddreifingarsjónarmið, að sem flestir fengju að koma að við þessa stefnumótun. Hún yrði ekki þröng og ekki á fárra höndum, heldur væri þessi stóri hópur fyrst og fremst hugsaður sem gagnabanki, ef svo mætti kalla, sem hefði tækifæri til að leggja sín sjónarmið og þekkingu fram og taka ákvörðun í sameiningu um forgangsröðun. Síðan höfðum við hugsað okkur framkvæmdanefndina og þá með framkvæmdastjóra sem hið raunverulega heilbrigðisfræðsluráð frá degi til dags, sem mundi annast alla daglega starfsemi ráðsins. Yrði það nánast eins og lítil nefnd, ef svo mætti segja, en ætti greiðan aðgang að stórum hópi aðila þar sem væri tryggt að margar ólíkar hugmyndir kæmu fram og jafnvel að þessi nefnd ætti kost á því, lagalega skilgreindan kost, að sækja sér víða í þann sjóð sem hún þyrfti að móta stefnu sína úr. Eins og ég sagði, þessar skoðanir okkar réðu úrslitum, að valddreifingarsjónarmiðið og það að ólík sjónarmið ættu aðgang að stefnumótun væri veigameira en hin svokölluðu hnitmiðuðu og markvissu vinnubrögð því að við töldum að við hefðum gert ráð fyrir þeim með framkvæmdanefndinni.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að leggja frekari áherslu á þessi mál með því að halda heilbrigðisþing í febrúarmánuði nk. Ég fagna því líka að hann vilji taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram

koma í þessu frv. þegar starfstilhögun forvarnastofnunar verður mótuð og lofa einhverjum þessara sjónarmiða að njóta sín þar. Ég legg enn fremur ríka áherslu á það að þau sjónarmið sem fram koma í febrúar, þegar þessi áætlun verður rædd, fái líka að koma til áður en samningu frv. er lokið. Ég tel það vera mjög mikilsvert vegna þess að þessi skýrsla um íslenska heilbrigðisáætlun hefur að mjög litlu leyti farið í umræðu meðal heilbrigðisstarfsfólks enn þá. Það var rétt núna á aðalfundi Læknafélags Íslands sem hún var rædd í fyrsta sinn og það voru greinilega mjög skiptar skoðanir um hana þar. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk fái tækifæri til þess að láta sín sjónarmið í ljós því að þessi stefnumótun varðar starf þess miklu.

Varðandi forvarnarstarf og þann ágreining sem hæstv. ráðherra vitnaði til og hefur komið fram í dagblöðum undanfarnar vikur og mánuði kann að vera að það ríki ágreiningur um ýmislegt sem varðar forvarnir milli hópa og einstaklinga meðal heilbrigðisstarfsfólks. Hins vegar taldi ég upp ákveðna þætti þar sem enginn vafi er á að aukið starf og þar með aukin fjármögnun skilar strax miklum árangri. Ég nefndi slysavarnir, ég nefndi reykingar, ég nefndi t.d. leit að sjúkdómum á byrjunarstigi og síðan tók ég reyndar dæmi af sjúkdómnum eyðni. Mig langar lítillega að minnast á það sem við ræddum í sameinuðu þingi í fyrradag, en það er einmitt kynfræðslan. Ég vil ítreka það enn í þessari umræðu að reynsla nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum hefur sýnt að aukin kynfræðsla dregur verulega úr tíðni ótímabærra þungana hjá unglingsstúlkum og þar með fóstureyðingum hjá þessum aldurshópi. Það var hér nýlega á ferðinni danskur læknir sem vann við heilsugæsluumdæmi í Kaupmannahöfn og hann sýndi fram á með tölum hversu snarlega hefði dregið úr bæði tíðni ótímabærra þungana og fóstureyðinga hjá unglingsstúlkum eftir að sérstakt átak var gert í kynfræðslu meðal unglinga. Það er því enginn vafi á að sum atriði í forvörnum eru hafin yfir alla gagnrýni eða ágreining. Síðan getur verið ýmislegt sem fólk greinir á um í sambandi við lifnaðarhætti og annað. En það eru þessi atriði sem ég áðan nefndi sem t.d. skipta verulegu máli og það sem er brýnt, til þeirra hefur ekki verið varið fé sem skyldi. Það er kannski fyrst og fremst það sem við eigum að beita okkur fyrir, einhverju sem við vitum að muni skila árangri. Það er engin afsökun fyrir okkur að gera það ekki.

Ég lýsi áhyggjum yfir því hve lítill skilningur fjármálayfirvalda virðist vera á mikilvægi forvarnarstarfs í heilbrigðismálum því að það kemur berlega í ljós í þeim fjárlögum sem liggja fyrir þessu þingi núna. Þykir mér mjög miður að ekki skuli gæta ríkari skilnings í þeirri forgangsröðun sem þar er sýnd. Ég vona hins vegar að hæstv. heilbrmrh. geti vegna áhuga síns og skilnings í þessum efnum miðlað einhverju til samráðherra sinna þannig að næstu fjárlög beri allt annað yfirbragð og sýni það að stórnvöld skilji hversu mikilvæg þessi sjónarmið eru og hversu mikilvægt er að veita fé til þeirra.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Það er góður hugur að baki frv. en ég verð að lýsa mínum efasemdum um hvort slíkt ráð, heilbrigðisfræðsluráð sem gert er ráð fyrir, sé rétta leiðin. Hér er um umfangsmikið ráð að ræða með 21 fulltrúa. Staðreyndin er sú að það hefur ekki verið lögð nægjanleg áhersla á hvers konar forvarnarstarf í heilbrigðiskerfinu. Hún er réttmæt sú gagnrýni sem oft heyrist um að vegna takmarkaðs fjármagns geti aðilar ekki sinnt þeirri fræðslu og forvarnarstarfi sem hinum ýmsu aðilum ber að gera. Það er spurning hvort ekki væri hætta á að það mundi skarast eitthvað ef slíkt heilbrigðisfræðsluráð væri sett á laggirnar ef fleiri aðilar færu að sinna þessum verkefnum. Margir aðilar, eins og reyndar eru nefndir í upptalningunni, hafa þetta verkefni að sinna slíkri fræðslu og forvarnarstarfi. En augljóst er að það þarf að efla allt forvarnarstarf í heilbrigðisþjónustunni. Ég hef einhvern tímann sagt það áður og endurtek nú að ef lögð væri á það meiri áhersla með fjárveitingum væri hægt að stoppa í fjárlagagötin, það er staðreynd. Það væri hægt að minnka þann kostnað sem lýtur að heilbrigðiskerfinu bæði vegna slysa og ýmissa sjúkdóma sem væri hægt að koma í veg fyrir með slíku forvarnarstarfi.

Ég legg áherslu á og tek undir það að efla þarf alla fræðslu eins og hv. 6. þm. Reykv. nefndi áðan, t.d. kynlífsfræðslu. Þetta þarf auðvitað að gerast alveg frá grunnskóla og upp úr. Hvers konar fræðslu sem lýtur að þessum málum þarf að efla innan skólanna og innan fræðslukerfisins.

Ég vildi aðeins láta heyra í mér varðandi flutning þessa máls og þakka hv. flm. fyrir allan þann fróðleik sem hefur komið fram í hennar framsögu, kom fram á síðasta fundi þar sem framsagan var svo löng að það dugðu ekki minna en tveir fundir.

Ég á sæti í heilbrigðisnefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Það verður því væntanlega skoðað þar og leitað umsagna. Ég veit ekki betur en að frv. hafi á sínum tíma verið sent til umsagnar margra aðila en fáir skiluðu inn umsögnum. Það hlýtur því að verða að leita eftir þeim á nýjan leik.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Reykn. orð hennar og góðar undirtektir undir þetta mál.

Ég ítreka þau orð mín sem ég sagði um ástæðurnar fyrir því hvers vegna við völdum að hafa ráðið svo stórt, það væri fyrst og fremst hugsað sem gagnabanki. Ég legg líka áherslu á að þetta er hugsað fyrst og fremst til þess að samræma og skipuleggja heilbrigðisfræðslu, hafa yfirumsjón og ábyrgð með því að þessu hlutverki sé sinnt en það sé ekki handahófskennt og bundið áhuga, jafnvel tímabundnum áhuga, og getu ákveðinna óskilgreindra aðila að sinna þessu í þjóðfélaginu. Alls ekki til þess að kæfa niður frumkvæði annarra, miklu fremur til þess að finna þeim sameiginlegan farveg, þannig að átakið

til fræðslunnar í þjóðfélaginu nýtist og verði samvirkt, en ekki til að bæla aðra niður eða reyna að koma í staðinn fyrir þá þar sem eitthvað er verið að gera. Það er kannski fyrst og fremst meginatriði þessa frv.

Það var rétt hjá hv. þm. að það barst ekki nema hluti af þeim umsögnum sem beðið var um og ein af ástæðunum var kannski sú að það var rétt fyrir þinglok sem frv. var flutt og fékk umfjöllun á þinginu, þannig að það var mjög naumur tími sem mönnum gafst til að skila umsögnum og hafa e.t.v. ekki talið þess þörf þegar þingi var lokið. Ég vona, þar sem þing er nú rétt nýhafið, að umsagnir verði sendar út fljótlega. Þá ætti mönnum að gefast gott svigrúm til að svara. Sérstaklega þar sem við eigum von á frekari umræðum um stefnumótun í heilbrigðismálum í febrúar getum við sannarlega unað okkur við það á þessu þingi að renna stoðum undir frekari stefnumótun, langtímaáætlun í heilbrigðismálum sem sárlega hefur vantað í íslensku samfélagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

9. fundur, fimmtudaginn 5. nóv.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga, sem er að finna á þskj. 33, um jarðhitaréttindi, en það er flutt af mér og fjórum öðrum hv. þm. Alþb.

Þetta frv. tekur til alls jarðhita og með því er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Meginstefnumörkun frv. felst í því að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því að 100 m dýpi, en umráð alls jarðhita, hvort sem er á landsvæðum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 m dýpi, skuli vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Með frv. er einnig lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign skv. lögunum og að sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi, svo og um leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er í frv. lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 m í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu einnig hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðum, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Í frv. er lagt til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Í frv. er einnig lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita og inn í frv. er tekið núverandi ákvæði orkulaga um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

Þetta er, herra forseti, meginefni þessa frv. Þetta mál hefur áður verið flutt og þeir sem setið hafa í þessari virðulegu deild á fyrri þingum kannast við þetta mál. Það var upphaflega flutt sem stjfrv. í ársbyrjun 1983 af þáverandi ríkisstjórn með vissum fyrirvörum af hálfu sjálfstæðismanna sem stóðu að þeirri stjórn. En með frv. er tekinn upp þráður sem hófst á Alþingi 1937 þegar gerð var fyrsta tilraunin til að setja heildarlög um jarðhita. Nú er helstu ákvæði um þetta efni að finna í vatnalögum og í orkulögum og þar er ekki að finna skýr ákvæði sem varða eignarhaldið á jarðvarmanum. Það er löngu, löngu brýnt að löggjafinn taki á þessu máli og skeri úr um það hver skuli vera nýtingarréttur einkaaðila og hversu vítt almannarétturinn skuli ná varðandi þessa auðlind. Hér eru mörkin dregin við 100 m dýpi. Allur jarðhiti sem sóttur er neðar verði almannaeign en einkarétturinn gildi niður að þeim mörkum. Þegar á þessu máli hefur verið tekið af öðrum í sambandi við þessi efni þá hefur gjarnan verið miðað við 100 m dýpi en auðvitað er það matsatriði hvar sú lína nákvæmlega er dregin.

Í umræðum um mál þessu skyld, sem hafa verið færð inn á Alþingi, hefur vissulega verið rætt og deilt um það hvort lagasetning af þessu tagi brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekki að mati flm. þessa máls talið að svo sé og við styðjum okkur þar við löglærða menn sem um þetta hafa fjallað og vitnað er til í grg. Þar er vitnað til Ólafs Lárussonar prófessors en einnig er vitnað til álitsgerða Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar fyrrverandi forsætisráðherra og formanna í stórum og öflugum stjórnmálaflokkum. Báðir þessir stjórnmálamenn og lögspekingar töldu að lagasetning af því tagi sem hér er gerð tillaga um bryti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Ég vísa til bls. 6 í grg. þar sem raktar eru niðurstöður Ólafs Jóhannessonar um þetta efni, en hann telur eðlilegt að sett séu ákvæði í lög um náttúruauðæfi af þessu tagi og að það brjóti ekki gegn eignarréttarákvæðum.

Ég bendi á að á bls. 7 í þessu frv. er rakið í grg. hvernig skipan þessara mála er í ýmsum löndum sem eiga yfir slíkri auðlind að ráða sem er jarðvarmi og þar er almannarétturinn mjög víðtækur í löndum eins og Noregi, og það á reyndar við um auðæfi í jörðu, ekki jarðvarma þar sérstaklega, heldur olíuauðæfin. Í Danmörku hefur verið sett löggjöf sem varðar hráefni neðanjarðar og einnig varðandi olíulindir. Í Bandaríkjunum, landi einkaframtaksins sem stundum er kallað, hafa verið sett lög um jarðhita þegar árið 1970 og 1974, þar sem verðmæti í jörðu eru undanskilin sölu landareigna og í Bandaríkjunum er langmestur hluti jarðhita í umsjá ríkisins. Sama gildir um Nýja-Sjáland. Þar var sett löggjöf 1953 um jarðvarma sem kveður á um að hann sé almannaeign án bóta til landeigenda og þar er um mjög víðtæka og almenna löggjöf að ræða.

Ég nefni þetta til þess að draga fram varðandi þetta mál að við erum með þessu ekki að ganga gegn því sem almennt hefur verið lögfest í löndum sem virða þó einkaeign býsna víðtækt en hafa undanskilið auðlindir, olíulindir, jarðefni og jarðvarma frá einkaeignarréttinum og lýst það almannaeign.

Menn spyrja: Er nauðsynlegt að setja slíka löggjöf? Hvað knýr á? Það er margt. Það er í fyrsta lagi réttlætismál. Það er í öðru lagi þörfin á að nýta þessar auðlindir til almannaheilla án þess að greiða þurfi of fjár fyrir slík réttindi. Og það er rannsóknarþörfin, það eru möguleikarnir á að ganga óhindrað fram til að rannsaka þessa auðlind okkar sem við vonumst til að geta hagnýtt okkur í auknum mæli. Einkaeignarrétturinn og landamörk sem sumpart liggja þvert gegnum jarðhitasvæði hafa komið í veg fyrir og standa í vegi fyrir eðlilegum rannsóknum á jarðvarmanum.

Menn þekkja dæmin um það hvaða verði sveitarfélög hafa verið að kaupa jarðvarmaréttindi og er skemmst að minnast kaupanna á Ölfusvatni í Grafningi af hálfu Reykjavíkurborgar þar sem um 60 milljónir voru greiddar, 1985 mun það hafa verið, fyrir landskika sem að fasteignamati var metinn á 400 þús. kr. Þetta sýnir mat sem ég tel vera óeðlilegt, að nokkur geti átt auðlind sem er fólgin í iðrum jarðar, auðlind sem auk þess fylgir ekki landamörkum, eins og ég hef þegar getið um, og spyr ekki um landamörk.

Ég vil að endingu, herra forseti, nefna ábendingu sem virtur jarðeðlisfræðingur kom á framfæri við mig nýlega í sambandi við þetta mál. Hann sagði: Ég á mjög bágt með að skilja það hvernig þjóð í eldfjallalandi eins og Íslandi telur annars vegar rétt að bæta tjón af völdum eldvirkni, af völdum jarðelds í sínu landi, eins og við höfum gert og samstaða er um, en að hinu leytinu er samfélaginu ætlað að greiða stórfé til aðila sem eru taldir eiga tilkall til auðlindar sem er rakin til þessa sama jarðelds og er af sömu rót.

Það er heilbrigð skynsemi að mínu mati sem þarna liggur að baki þessum orðum jarðvísindamannsins. Það er ekki gott að Alþingi Íslendinga skuli ekki hafa tekið á þessu máli með lagasetningu og því er þetta frv. enn flutt í von um að nýtt þing vilji færast í fang það verkefni að skera hér úr með lögum.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til hv. iðnn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JM o.fl., 42. mál (áfengt öl). — Þskj. 42.

Birgir Dýrfjörð:

Herra forseti. Enn þá einu sinni er komið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi frv. til l. um breytingu á áfengislögum eða bjórfrumvarp eins og það er almennt nefnt manna á meðal. Í grg. með frv. segir m.a. um tilgang flm. að hann sé að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja, að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar.

Með þessum markmiðum hafa flm. skipað sér í raðir þeirra sem styðja áfengisstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en hún heldur því fram á grundvelli rannsókna að aukin neysla áfengis sé ávísun á aukið heilsufarslegt, efnahagslegt og félagslegt tjón. Og stofnunin leggur til við þjóðir heims að þær marki sér áfengisstefnu sem minnki þetta óumdeilda tjón, þ.e. minnki áfengisneyslu þegnanna. Kunnug eru viðbrögð stórveldanna sem hafa hert mjög áfengislöggjöf sína og gert aðgengi að áfengi miklu torveldara en áður var.

Ég dreg ekki í efa að flm. gangi gott eitt til með frv. þessu og þann tilgang þeirra styð ég af heilum hug, að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar og draga úr neyslu sterkra drykkja.

Hér er mikið í húfi og því mannleg skylda okkar að fara með þetta mál af alvöru og gætni. Því að ef sala áfengs öls á Íslandi næði ekki þeim tilgangi flm. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar heldur snerist í ranghverfu sína, þá yrði hún samkvæmt alþjóðarannsóknum ávísun á aukið heilsufarslegt, efnahagslegt og félagslegt tjón. Og þá höfum við tekið tappann úr þeim legg sem hýsir þá plágu sem við öll óttumst og enginn getur bætt. Það er nú svo þegar áfengi er annars vegar að það er oft auðvelt að taka tappann úr en erfiðara að setja hann í aftur.

Ekkert okkar vill valda aukinni drykkju. En við höfum ekki reynslu af frjálsu áfengu öli. Okkur ber því að afla gagna hjá þeim sem þá reynslu hafa. Og ef reynsla annarra þjóða býður okkur ótvírætt að hafna áfengu öli þá má ekkert okkar vera svo

lítilmótlegt að láta persónulegar tilhneigingar ráða afstöðu sinni. Ég trúi því að hver og einn þm. hafi nægan manndóm til að ráða við slíkar tilhneigingar jafnvel þó áleitnar verði.

Herra forseti. Ég mun hér á eftir vitna til staðreynda af reynslu annarra og okkur menningarlega skyldra þjóða af áfengu öli — og ég endurtek staðreynda, herra forseti, ekki kenninga.

Þó vil ég að vísu fyrst vitna í íslenska stofnun. Þjóðhagsstofnun hefur gert áætlun um hver áfengisneyslan verði ef bjórstefnan verður ofan á. Niðurstaðan er 33% aukning vegna áfenga ölsins. Og þá spyr maður: Er ekki líklegt að 33% auking á áfengisneyslu færi okkur frá tilgangi frv. um að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar? Við getum þó huggað okkur við að þetta er aðeins útreikningur og það frá Þjóðhagsstofnun sem ýmsir hv. þm. gera að vísu lítið með. Í stað útreikninga skulum við því leita staðreynda sem ekki þarf um að deila.

Það er oft vitnað í Danmörku sem fyrirmyndarland um áfengisneyslu, en þar drekka menn aðallega öl og veik vín. Þó jókst drykkja þar á árunum 1966–1982 um 98% á sama tíma og á bjórlausu Íslandi um 34,7%. Finnar aftur á móti leyfðu á þessum árum sölu á áfengu öli sams konar og lagt er til í okkar frv. og hjá þeim jókst neyslan um 146,2%. Þetta eru óhrekjandi staðreyndir sem okkur er skylt að skoða og spyrja í framhaldi af því: Erum við örugg um að það sama gerist ekki hér og ef við erum ekki örugg, er áfenga ölið þá áhættunnar virði?

Á árunum 1958–1978 fjórfaldaðist drykkja í Danmörku og niðurstöður rannsókna sýna nú að alvarlegustu fylgisjúkdómar drykkju, þ.e. skorpulifur og briskirtilsbólga, fjórfölduðust einnig, en dánarlíkur af þessum sjúkdómum eru svipaðar og gerist um flestar tegundir krabbameins. Þetta eru ekki kenningar, hv. þm., heldur staðreyndir sannaðar með mannslífum. Gleymum því ekki. Við hljótum að spyrja: Gæti þetta einnig gerst hér eða er það öruggt að við séum öðruvísi en aðrar þjóðir?

Í skýrslu tryggingastofnunar danska ríkisins fyrir 1980 kemur fram að 52% þeirra karla sem eru öryrkjar í Kaupmannahöfn eru það eingöngu vegna drykkjuskapar. Gæti það gerst hér eða erum við örugg um að verða öðruvísi?

Áfengisneysla kvenna hefur aukist gífurlega og nú er svo komið fyrir Dönum að áfengisneysla móður á meðgöngutíma er orðin jafnalgeng orsök fávitahátt ar eða algengari en mongólismi hefur nokkurn tíma verið. Gæti það gerst hér eða erum við öðruvísi?

Danir eru sú þjóð sem hefur hvað flest sjúkrarúm á hverja þúsund íbúa, en í meira en helmingi sjúkrarúma í Kaupmannahöfn er fólk með mein vegna áfengisneyslu. Ég endurtek: Meira en helmingur sjúkrarúma í Danmörku fer undir alkóhóltengda sjúkdóma. Gæti það gerst hér eða erum við kannski öðruvísi en Danir?

Við getum svo sannarlega margt lært af Dönum og staðreyndum þeirra um öldrykkju. Í Danmörku er öldrykkja ekki aðeins vandamál á fjölda vinnustaða. Ofneysla bjórs er algeng meðal barna þar í landi og ofdrykkja skólabarna stórfellt vandamál. Við rannsókn sem danskir geðlæknar stóðu fyrir kom í ljós að ölkær skólabörn 14 ára drekka nú meira en nokkru sinni fyrr. Sérfræðingar þessir gera af þessum ástæðum ráð fyrir að 10% úr hverjum aldursflokki muni verða fyrir alvarlegum heilaskemmdum af þessari ölneyslu. Tíundi hver unglingur í þessum aldursflokki mun verða fyrir alvarlegum heilaskemmdum af þessari ölneyslu.

Það er augljós staðreynd að áfengt öl bætir ekki drykkjusiði þessa eyðilagða unga fólks. Hvað íslensku æskufólki við kemur spyr ég: Er öruggt að það sé öðruvísi en danskir unglingar? Er áfenga ölið áhættunnar virði? Er ósanngjarnt að óska eftir því að þau okkar sem í ölið langar greiði atkvæði gegn löngun sinni ef það mætti verða til þess að einhver hluti íslenskrar æsku hljóti ekki þessi voðaörlög og ástvinir komist hjá þeirri þjáningu, kvöl og sorg sem fylgir?

En við skulum skoða staðreyndir víðar en frá Danmörku. Á ýmsum vinnustöðum í Þýskalandi fær það fólk hærri laun sem ekki drekkur öl yfir vinnudaginn. Þannig reyna Þjóðverjar að verjast því sem við enn erum laus við. Háskólinn í Hamborg lét í sjö ár rannsaka áfengismagn í blóði manna sem lentu í vinnuslysum þar. Af þeim voru 85% með 1,5% eða meira af áfengi í blóðinu. Gæti þetta gerst hér eða erum við örugglega öðruvísi en þetta fólk?

Árið 1985 birtu þrír franskir vísindamenn grein um rannsókn sína á áfengisneyslu og skorpulifur. Sú niðurstaða af rannsókn þeirra sem kom hvað mest á óvart er að öldrykkjumenn virðast í meiri hættu að fá þennan banvæna sjúkdóm en þeir sem neyta víns og sterkra drykkja. Erum við örugg að Íslendingar séu öðruvísi, að þetta geti ekki einnig gerst hér?

Í Belgíu eru 95% allra drykkjusjúklinga öldrykkjumenn, þ.e. menn sem drekka helst ekki aðra áfenga drykki en öl, og 66% í Bretlandi. Það er nefnilega þannig að það er uppi sú kenning og búin að vera lengi að alkóhólismi, áfengissýki, komi af því að menn drekki sig ofurölvi. Gömlu góðu heiðarlegu íslensku fylliríin séu svo hættuleg. En staðreyndin er sú að það er sídrykkjan, það er litli daglegi skammturinn sem er langsamlega varasamastur og hættulegastur. Þess vegna eru niðurstöður Belgíumanna að 95% af ofdrykkjumönnum þar eru öldrykkjumenn. Sama er í Bretlandi.

Þessar staðreyndir frá Belgíu og Bretlandi eru alvarleg viðvörun til okkar. Og ég spyr: Er áfenga ölið áhættunnar virði? Sala milliöls, sama öls og við erum að fjalla um hér, var leyfð í Svíþjóð 1965. Þeir sem fyrir því börðust þar trúðu því, eins og hv. flm. þessa frv. hér, að áfengt öl drægi úr neyslu sterkra drykkja og breytti drykkjusiðum til batnaðar. Reynslan varð þveröfug. Unglinga- og barnadrykkja jókst gífurlega og sænska þingið bannaði framleiðslu og sölu milliöls af illri reynslu. Getum við treyst því að Íslendingar séu öðruvísi en Svíar? Ef ekki, er

áfenga ölið þá áhættunnar virði? Hefur nokkur íslenskur þm. burði til að axla þá ábyrgð að loka augunum fyrir þessum staðreyndum — ekki kenningum, staðreyndum?

Vísindamenn við Karólínsku stofnunina í Svíþjóð hafa rannsakað afleiðingar sem ég vil kalla árangur af milliölsbanni Svía. Drykkja barna og unglinga í 6.–9. bekk grunnskóla minnkaði um 20–39%. Er okkur ekki skylt að hafa þess staðreynd í huga?

Færeyingar leyfðu sölu áfengs öls 1980 á tveim stöðum í Færeyjum. Þeirra reynsla var söm og annarra. Áfengisneysla jókst gífurlega.

Finnar leyfðu 1968 sölu á áfengu öli, sams konar og við erum að fjalla um hér. Á sex árum jókst áfengisneysla þeirra um 146% á öli og sterkum drykkjum. Gæti það gerst hér? Gæti það gerst hér með samykkt þessa frv.?

Þeim sem börðust fyrir sölu áfengs öls í Finnlandi gekk það sama til og flm. okkar frv., þ.e. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja og breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar. Uppskeran varð harmleikur heillar þjóðar. Erum við öðruvísi en Finnar? Er það öruggt? Er okkur ekki skylt að hafa þessa staðreynd í huga þegar við greiðum atkvæði?

Í Noregi er reynslan sú sama og þaðan höfum við þær skelfilegu staðreyndartölur að fjórði hver táningur sem neytir öls leiðist yfir í neyslu á harðari vímuefnum, svo sem hassi. Og í öllum þessum löndum er það reynslan að það er ölvíman sem opnar öðrum efnum leið, svo sem hassi, kók, spítti og hvað það nú er. Yrði það örugglega öðruvísi hér? Hvaða ábyrgð erum við að axla?

Herra forseti. Okkur sem finnst áfenga ölið ekki áhættunnar virði, okkur sem þorum ekki að horfa fram hjá staðreyndum um reynslu þeirra þjóða sem reynt hafa að breyta drykkjusiðum til batnaðar með sölu áfengs öls, okkur er ákaflega oft borin á brýn forræðishyggja. Alþingi er löggjafarsamkunda og lög eru forræði. Og ég spyr: Hvenær tapar einstaklingurinn tíðast forræði sínu samkvæmt lögum hins háa Alþingis? Það er þegar hann neytir þess efnis sem hér er um fjallað, áfengis. Ýmsar daglegar athafnir verða saknæmar, eiðar hans, vitnisburðir og samningar ógildir.

Ég vék að því í upphafi að ég styð af heilum hug þann tilgang flm. frv. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja og breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar. Ég vék einnig að því að þar sem við hefðum ekki reynslu af sölu á áfengu öli yrðum við að kynna okkur staðreyndir um reynslu annarra þjóða, þeirra þjóða sem hafa aðhyllst þau rök sem flm. þessa frv. leggja til grundvallar fyrir að leyfa sölu áfengs öls. Eftir að hafa kynnt mér þær staðreyndir varðar engu hvort mig langar í bjór eða ekki. Ég rís ekki undir þeirri ábyrgð að gera tilraun með það að við Íslendingar séum svo mikið öðruvísi en aðrar þjóðir að við losnum við þær hörmungar sem yfir þær hafa gengið vegna aukins aðgengis að áfengu öli vegna samþykktar sambærilegs frv. við það sem hér liggur frammi, lagt fram í góðri meiningu svo sannarlega.

Herra forseti. Þó tilgangurinn sé talinn góður get ég ekki greitt þessu frv. atkvæði mitt. Mér finnst svo yfirgnæfandi líkur að það fari fyrir okkur Íslendingum á sama veg og hjá þeim þjóðum sem reynt hafa bjórinn. Ég þori ekki að treysta því að við séum öðruvísi en þær og legg því til að frv. verði fellt.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er að vísu leiðinlegt þegar varamenn á þingi varpa fram stórmálum og fá síðan leyfi til þess í tímaþröng að ryðja úr sér framsögu og eru síðan horfnir, leiðinlegt að geta ekki numið þá nefi þegar til andsvara kemur og eiga orðastað við fjarstadda menn. En við öllu verður ekki séð.

Hér erum við að fást við gamlan uppvakning sem hefur gengið hér aftur æ ofan í æ. Ég fyrir mitt leyti hef ekki átt í útistöðum við hann í þingsölum fyrr. Ekki af því sem það er ekki *langt síðan ég snerist* gegn því að leyft yrði lögum samkvæmt að brugga áfengt öl. Það eru liðin í ár 30 ár síðan. Það var þegar ég var boðinn til Danmerkur af dönsku verkalýðssamtökunum að kynna mér verkalýðsmál á því landi og væri hægt að segja langar sögur af þeirri reynslu sem var gróflega dapurleg og kom mér í opna skjöldu. En núna hafa upplýsingar, tiltölulega nýjar fyrir mér, gert það að verkum að nú vil ég reyna að spyrna við fæti þótt veikur sé. Og ég verð að segja að eftir að mönnum ætti að vera ljós hættan sem í boði er þykir mér í daprara lagi að sjá unga lagajúrista úr mínum flokki setja saman slíkar rökleysur eins og getur að líta í grg. með þessu frv., menn sem ég hef töluvert afhald af og mun reyndar hafa, því ég er sannfærður um að þeir muni komast til rétts ráðs áður en lýkur.

Menn geta haldið áfram að berja höfðinu við steininn og fullyrða að bruggun og sala áfengs öls muni ekki valda aukinni áfengisneyslu. Menn geta haldið þessu áfram að vild sinni berjandi höfðinu við steininn, neitandi staðreyndum úr öllum löndum heims þar sem þetta hefur verið rannsakað, köldum staðreyndum þar sem svo er að sjá, eins og í Finnlandi, að þetta hafi skipt sköpum um stórkostlega aukna drykkju og neyslu áfengis. En nýju upplýsingarnar sem gera það að ég hlýt að snúast ákaflega hart gegn þeirri tillögugerð sem hér getur að líta í frv. eru þær að reynslan hefur sannað, vísindamenn hafa sannað að áfengisneysla er undanfari frekari vímuefnaneyslu. Næstum því í öllum tilvikum er það svo að til ofneyslu áfengis megi rekja áframhaldandi neyslu vímuefna, annarra og stórhættulegra, vegna þess að alkóhólið er að sínu leyti ekki mjög háskasamlegt eitur. En það leiðir til þess arna. Og bjórinn er undanfari allrar frekari áfengisneyslu. Það er líka sannað. Það er hættan og háskinn sem ungdómnum er búinn þess vegna. Ofneysla áfengis er gífurleg sjálfsblekking. Samfara henni er gífurleg sjálfsblekking sem menn halda í fram af brúnunum og niður í hyldýpið. Og Íslandsmaðurinn,

það þekki ég af eigin raun, er haldinn þeirri sjálfsblekkingu að hann sé ekki að neyta áfengis þegar hann er að drekka bjór. Ég hef hitt margan manninn eggfullan, dansandi á eyrnasneplunum, sem hefur lýst því yfir að hann hafi ekki smakkað dropa, bara bjór. Ekki bætir úr skák þetta viðhorf Íslendingsins til þessa alvarlega máls.

Ég hvet hv. þm. til að verða sér úti um skýrslu sem lögð var fyrir ríkisstjórn, mér er dagurinn minnisstæður, 16. okt. 1985, um ástand þessara mála, vímuefnaneyslu ungdómsins í Reykjavík á skólastiginu. — Og hrynja nú glösin sem ættu ella að verða undir bjórinn þegar hv. þm. Geir Haarde hefur fengið hann samþykktan á Alþingi. — Ég hvet menn til að kynna sér þessa skýrslu. Hún kom mér í opna skjöldu. Mér bauð ekki í grun að ástandið væri eins og það er. Og hvað halda menn að tæki þá við þegar við höfum bætt við áfengisneysluna með þeim hætti sem hér er lagt til að gert verði? Við skulum hætta þessum blekkingaleik um að hér þýði þetta ekki aukna áfengisneyslu. Því verða menn að hætta. *Það er ekki boðlegt fyrir fullvita fólk að að því sé* haldið slíkri röksemdafærslu þar sem færðar hafa verið sönnur á hið gagnstæða.

Ég held að það sé alveg ljóst og ég er sannfærður um að hver einasti hv. þm. mun taka undir að ekki sé á bætandi ástandið í áfengismálum á Íslandi. Mér dettur ekki í lifandi hug að einn einasti þm. finnist sem ekki er sammála því að við þurfum að bæta ástandið og megum ekki hætta á neitt að það versni. Ég hef sagt, þó að ég dragi slíkar yfirlýsingar við mig nú, en löngum eftir að ég hafði breytt um skoðun í þessu efni af reynslu minni í Danmörku hef ég sagt að ég skyldi greiða atkvæði með leyfi til bruggunar öls *ef einhver gæti sýnt mér fram á*, þó ekki væri nema með veikum rökum, að ég gæti átt von á því að það bætti ástandið í áfengismálum. Þetta hef ég sagt. En þessu er þveröfugt varið. Sannanir liggja fyrir óhrekjanlegar. Og það er dapurlegt. Og ég get því miður ekki tekið undir með síðasta hv. ræðumanni að hv. flm. gangi eitthvað gott til. Þetta er bara glæfraspil og ég óttast því miður að í bland sé einhvers konar þjónkun við hugsanlega kjósendur og menn þori helst ekki að standa í þessu ástaði líka *vegna þess að hætta sé á að útlendingar geri grín að* Íslendingum fyrir að hafa ekki leyft að brugga þennan drykk. Ég get ekki tekið undir að þetta sé í góðum tilgangi gert, a.m.k. glæfraspil, og röksemdafærslan tekur næstum því engu tali og er auðvitað afskaplega lík því þegar lögfræðingar eru að verja og sækja vont mál. Ég veit að hv. þm. kannast við aðfarirnar þegar svo stendur á.

Hér segir, með leyfi forseta, að tilgangur flm. sé að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja. *Sannanir liggja fyrir um að þetta eykur áfengisneysl*una þegar líður lengra á, líka drykkju sterkra drykkja og svo til viðbótar, sem nýjar upplýsingar liggja fyrir um, neyslu vímuefna annarra og bráðhættulegra.

Þeir vilja í öðru lagi breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar. Sala og almennur aðgangur að bjór mundi þýða að unglingar mundu í stórauknum mæli neyta áfengis. Það mundi þýða það sem ég sá með eigin augum í Danmörku út um öll foldar ból, á hverjum vinnustað þar sem verkamennirnir voru í hlutkesti um það allan daginn hver ætti að gefa næsta umgang. Það mundi hafa þær afleiðingar í för með sér, sem ég sá með eigin augum, að það sem *híft var síðast upp úr lestunum á Gullfossi* við Islandsbrygge í Kaupmannahöfn voru drukknir Danir — fordrukknir Danir í einni bendu — eftir að hafa drukkið „bara öl" allan guðslangan daginn. Þessi breyting verður á drykkjusiðum þjóðarinnar. Svo mega menn meta hvort það er til batnaðar eða ekki.

Svo kemur þriðja, og það er synd að hann skuli ekki vera staddur hér, hæstv. fjmrh. Þeir ætla að afla ríkissjóði tekna. Þetta er blákalt borið fram og fyrstu tveir flm. eru lagajúristar úr Sjálfstfl. (**GHH:** Bara annar.) Er ekki Jón Magnússon lagajúristi? (**GHH:** Jú, en ekki hinn.) Nú, hvað er þetta! Ég reiknaði *bara með því* því að flestir af okkar þm. eru þetta hvort sem er. Ég biðst margfaldrar afsökunar eða öllu heldur: Ég er feginn að heyra þetta.

Að afla ríkissjóði tekna! Og að hvaða staðreyndum komum við þá í þessu máli? Það er alveg lágmark að hyggju þeirra sem rannsakað hafa að það kosti tvöfalt meira hið opinbera vegna sjúkdóma og afleiðinga áfengisneyslu en það þénar á áfengissölunni. Og allt upp í fjórfalt meira hafa þeir þóst komast að raun um. Það mundi nú verða stærra gatið eða fleiri götin á gatasigtinu hæstv. fjmrh. ef þetta hefði verið leyft á liðnum árum. Auk þess slær manni auðvitað fyrir brjóst af þeirri röksemdafærslu að ætla að hætta þann veg til að auka neyslu, ég tala ekki um unglinga, með þessum hætti á áfengi og í framhaldi af því öðrum vímuefnum. Þó að það gæfi milljarða í ríkissjóð er þetta auðvitað brjálæðisleg röksemdafærsla. Sem það ekki gerir heldur er það þveröfugt!

Það á að efla íslenskan iðnað. Mér er sem ég sjái það á tímum frelsisins þar sem allt á að vera galopið og erlendir menn eiga að fá að kaupa hér upp banka. Auðvitað er það góðra gjalda vert því að þeir eru á hrakhólum hvort sem er. En þá er mér sem ég sjái að Carlsberg gamli verði ekki mættur hérna um leið og leyft er að brugga öl. Mér er sem ég sjái það. Raunar veit ég vel um það að þeir eru í startholunum þarna úti og voru hér um árið þegar menn áttu von á því að hið háa Alþingi mundi samþykkja leyfi til að brugga öl. Og það eru engir fjármunir hér til að hamla gegn því, enda eru menn þeirrar kenningar að nú megi þetta allt vera galopið. Þótt Efnahagsbandalagslöndin verji sig í líf og blóð með tollmúrum *himinháum og sína landbúnaðarframleiðslu* skilst mér að það sé nokkurn veginn í þeim startholum að fella niður allt slíkt og galopna þetta hér.

Svo á að samræma með þessu áfengislöggjöfina og mér sýnist einhvers staðar hér aftar að samræmið sé þá helst í því fólgið að sveigja drykkjuvenjurnar til,

að menn verði þá allan daginn fullir af öli í staðinn fyrir að drekka sig á helgum, eins og hér er að vísu landlægur siður, drukkinn — og á helgum sem stundum vilja verða fulllangar. Það er þetta samræmi sem mér skilst að þetta hljóti þá að stefna að.

Síðan eru hér uppi röksemdir um að það sé hér svo mikið öl í landinu. Þetta er fráleit röksemdafærsla. Enda þótt mig minni að það séu tólf flöskur sem hver maður fær að kaupa í tollvörubúðinni á Keflavíkurflugvelli þegar hann kemur til landsins er það eins og einn dagskammtur danska verkamannsins. Það hef ég líka séð, hver er dagskammtur hans. Og áfengt öl er ekki aðgengilegt ungu fólki. Þó að það sé hægt að telja fram að hér muni vera allmikið af sterku öli á markaði jafnvel er fráleitt að halda því fram að það sé aðgengilegt, að ég ekki tali um skólaæskunni. Svo er ekki. Það eru falsrök og rangar upplýsingar.

Þetta frv. á að verða til þess að samræma Ísland tíðarandanum eins og það heitir. Við getum ekki verið sér að þessu leyti. Tíðarandinn krefst þess. Skólafólk hefur kynnst þessu úti í löndum og þess vegna þurfum við að hafa það hér. Hvernig voru þeir útlits, vinir mínir, sem ég hitti í fyrsta skipti eftir að við höfðum verið saman í skóla, sumir hverjir, í Kaupmannahöfn þegar ég þangað kom 1957? Hvernig ætli ástandið hafi verið á sumum bæjum þá og af hverju? Þeir voru ekki að drekka vín. Þeir voru „bara" að drekka öl og átti mestan þátt í að sumir þeirra luku aldrei námi og aðrir veltust í því miklu fleiri ár en þörf hefði verið á. Þetta þekkja allir menn og eru ekki ný sannindi.

Hér er slegið ýmsu föstu sem stangast á við rannsóknir og staðreyndir, eins og þetta, sem er allt málið: Eykur það eða minnkar drykkju, neyslu áfengis, alkóhóls? Og sannanirnar liggja fyrir á borðinu.

Svo segir hér, og viljið þið nú hlusta á samsetninginn, herra forseti, með hans leyfi: „Flm. telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls án þess þó að það valdi aukinni ölvun eða drykkjusýki." Það er einmitt! Lesi menn þessa setningu fyrir sér og líti nú á allt innihaldið. Þeir telja að þetta geti komið til, en það verður enginn fullur af þessu. Allt tóm, talað út í vindinn gegn betri vitund.

Og þetta á að gera með verðstýringu. Er það þá þann veg að skilja að þetta eigi að gera með því að okra á ölinu? Hvað segja frjálshyggjumennirnir um það? Á ekki markaður að fá að ráða? Hvenær kom þetta til, að eigi nú að fara að miðstýra ölverðinu þegar við ætlum að fara að opna landið fyrir gamla Carlsberg og lofa honum að flytja hér inn og allt er opið fyrir þessa vöru? Hvernig dettur mönnum í hug að ætla að fara að verðstýra þessu með einhverju okri og með leyfi að segja: Hver er reynslan af sölu áfengisins? Þetta breytir engu. Fyrstu vikuna eftir að áfengi hefur verið stórhækkað í Áfengisverslun ríkisins finna menn á þessu örlítinn mun, en síðan eftir það engan, aldrei nokkru sinni, hversu há og mikil sem hækkunin hefur verið. Og menn gera þetta til að rétta af ríkissjóð. Ég er innilega sammála því að okra á þessu undir drep því að það borgar sig þó að það verði ekki nema til þess að draga úr eina helgi að menn drekki frá sér vitið.

Það er sagt hér að því hærra verð á áfengi, þeim mun minni neysla. Allt eru þetta falsrök og því miður ekki óviljandi. „Miðað við þessar forsendur", segir hér, „er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum." Ég hef sagt ykkur frá því sem ég sá með eigin augum þegar ég var boðinn að læra verkalýðspólitík á danskri grund og ég var leiddur dögum saman á milli vinnustaða, m.a. í kaupfélögin í Kaupmannahöfn, við Njálsgötu, hitti þar „tillidsmand" Jensen sem fór með mig um þau gömlu og miklu húsakynni. Honum var auðvitað ekki nóg að stansa í kjallaranum þar sem vín var blandað heldur lét hann taka frá fyrir sig þegar hann lagði upp í förina með morgninum. Fyrst drakk hann fjórar flöskur meðan ég var að tala við hann uppi í matsalnum og svo lét hann kokkinn setja kassa með tíu flöskum undir borðið hjá sér í skrifstofunni og svo fór hann af stað og endaði auðvitað með mig í vínkjallaranum og þá var „tillidsmand" Jensen orðinn afskaplega alúðarfullur í garð Íslendinga án þess að ég ætli að rifja það frekar upp.

„Raunar er ólíklegt", segir enn, „að áfengisneysla geti svo nokkru nemi frá því sem nú er náð til yngri aldurshópa." Frá því sem nú er? Hvað er átt við? Það er ekki svo, sem betur fer, að skólaæskan sé öll að drukkna í áfengi. Það er ekki svo. Ef þeir eiga við að það sé ekkert á bætandi þar. En ef þeir eiga við að þetta auðveldi ekki aðgang ungs fólks og auki hættuna á því að það neyti áfengis eru það vísvitandi ósannindi, stangast á við alla reynslu sem menn hafa heyjað sér í öðrum löndum.

Og svo tekur steininn úr og hér er að vísu á ferðinni fyndni, þó mér sé ekki hlátur í hug, sem er greinilega hægt að hlæja að með öllum kjaftinum, þar sem segir að menn þurfi kannski ekki að óttast að menn drekki hér mikið því að hér sé vatnið svo gott og fullt af óáfengum svaladrykkjum. Ég hef engu við þessa röksemdafærslu að bæta.

Það er svo mikið framboð af ódýrum og ókeypis svaladrykkjum, segir hér. Og vatnið. Til að mynda vatnið er þannig að Íslendingar munu aldrei leggja sér til munns erlenda vatnið. Hér heima er þetta þannig að menn munu náttúrlega hætta að drekka áfengi og fara út í vatnsdrykkju, ef maður á að taka eitthvað af þessu alvarlega sem maður ekki gerir í þessu falli.

En hvað segja sérfræðingar? Ég ætla ekki að leiða marga fram til vitnis: Það eru sérfræðingar sem hafa rannsakað þessi mál. Og það eru engar bindindishetjur úr IOGT sem ævinlega eru dæmdar af fyrir ofstæki sitt í þessum málum. Og varla er hætta á því að sá sem hér stendur verði kenndur við bindindisofstæki svo að þess vegna þarf ekki að dæma orð hans dauð og ómerk eins og mönnum hættir til að

gera þegar Halldór á Kirkjubóli t.d. tekur til máls.

Ég hef undir höndum tilvitnanir í sérfræðinga á þessu sviði, t.d. að taka Jóhannes Bergsveinsson, yfirlækni meðferðardeildar ríkisins fyrir áfengissjúklinga. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Reynsla annarra þjóða af því að leyfa sölu áfengs öls hefur hvarvetna orðið sú að það hefur leitt til meiri neyslu vínanda og aukins skaða af hans völdum."

Vilja menn dæma af sem einskis nýtan þennan vitnisburð þessa sérfræðings og öfgalausa manns sem hefur séð hörmungina sem áfengisneyslan hefur leitt yfir fólk og veit hvað í boði er í þessu falli?

Jóhannes segir enn fremur: „Virka efnið í áfengi er vínandi og skiptir engu máli hvort um er að ræða brennda drykki, vín eða áfengt öl. Áhrif vínandans eru ætíð hin sömu."

Hér er leiddur til vitnis Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ. Hann tekur í sama streng að öllu leyti.

Það hefur verið unnið að rannsóknum á áfengismálum hér á landi síðan 1967 og þar er talið að hæst beri rannsóknir á vegum Háskóla Íslands undir stjórn dr. Tómasar Helgasonar prófessors í geðlæknisfræði og forstöðumanns geðdeildar Landspítalans. Tómas heldur því fram og leiðir að því margvísleg rök að neysla muni aukast verði bjór leyfður í landinu. Hann segir svo, með leyfi forseta, og það kom reyndar fram í máli hv. fyrra ræðumanns:

„Þjóðhagsstofnun hefur gert áætlun um hver áfengisneysla verði ef bjórstefnan verður ofan á. Í stað þess að minnka um fjórðung, eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur nauðsynlegt, mun hún aukast um þriðjung."

Það var ekki öðruvísi! Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur eftir rannsóknir sem fram hafa farið hér á landi að nauðsynlegt sé að minnka áfengisneysluna um fjórðung, en álítur hins vegar það þveröfuga, að hún muni aukast um þriðjung ef sterkt öl verður hér aðgengilegt fyrir allan almenning. Og það þarf ekki að tala um hvert áfall það yrði okkur Íslendingum að brjóta svo gegn augljósum niðurstöðum virtrar alþjóðastofnunar.

Ég get haldið áfram að leiða miklu fleiri til vitnis um það. Pétur Pétursson, heilsugæslulæknir á Akureyri, segir svo, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar sannfæring mín að með tilkomu áfengs öls á borð og í búðir landsmanna muni áfengisneysla ungmenna og dagdrykkja þjóðarinnar aukast að miklum mun og vitna ég þar til reynslu Finna sem fyrir áratug rýmkuðu áfengislöggjöf sína" og lýst var hér með skýrum dæmum af hv. síðasta ræðumanni.

Ég læt hér staðar numið við tilvitnanir að þessu leyti. Það er af nógu að taka. Ég verð að segja að það mundi valda mér gífurlegum vonbrigðum eftir þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, og þá einkum og sér í lagi þessar nýju köldu staðreyndir um að áfengið sé undanfari hinnar ógnarlegu eiturlyfjaneyslu, ef hið háa Alþingi teldi nú vera kominn tíma til að breyta til í þessu efni. Mér er það hreint og beint óskiljanlegt og það getur ekki verið fyrir annað en sofandahátt að menn vilja ekki opna augun fyrir þessum staðreyndum sem hægt er að tefla fram og hvarvetna liggja á lausu ef menn hirða um að kynna sér það.

Og eins og ég segi, herra forseti: Ég vil ýmislegt á mig leggja til þess að svo mætti ekki verða vegna þeirrar sannfæringar minnar sem ég hef eignast um það að hér séum við að hætta gífurlega miklu til, að hér sé hreint glapræði á ferðinni. Menn sletta í góm og segja: Hinn saklausi bjór. Hvað eru menn að taka svona djúpt í árinni? Hvað eru menn að kveða svona fast að orði þegar í hlut á hinn saklausi bjór? Þetta er ekki svona. Staðreyndirnar tala allt öðru máli. Hvað ætli þeir hugsi, sem ætla sér nú að hleypa þessari skriðu af stað, eftir eins og tíu ár þegar það þarf ekki spámann til að segja það fyrir að rannsóknir muni færa okkur heim sanninn um að það hafi flætt yfir skólaæskuna í landinu hinn saklausi bjór eins og Íslandsmaðurinn því miður hefur afstöðu með þeim hætti til?

Ég ætla enga spádóma að hafa uppi um afstöðu hins háa Alþingis. Ég sé að fjölmiðlar eru farnir að greiða atkvæði um málið. Ég vonast hins vegar til þess að hægt verði að opna augu hins háa þingheims fyrir þessum staðreyndum því að það er sjaldan sem hinu háa Alþingi hefur legið annað eins á að koma staðreyndum fram og haga sér eftir þeim og í þessu máli.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég efa ekki að hv. 4. þm. Austurl. talar af býsna mikilli reynslu í þessum efnum og sjálfsagt af meiri þekkingu en ýmsir aðrir innan þings og utan sem aðeins þekkja til bjórsins af lestri bóka. Ég efa ekki að það hefur verið líf í tuskunum í kjallaranum hjá „tillidsmand" Jensen þegar hann og verkalýðsforingi Hermannsson voru þar báðir saman komnir árið 1957. En það kemur þessu máli harla lítið við.

Ég tel að það sé tvennt öðru fremur sem skiptir máli varðandi þetta frv. Í fyrsta lagi sú rökleysa, sem ég vil kalla, að leyfa landsmönnum tiltölulega greiðan aðgang að sterkum áfengum drykkjum en meina þeim um aðgang að hinum veikustu. Heimila aðgang að hinum hættulegustu, en meina um aðgang að hinum hættuminnstu. Og í öðru lagi skiptir miklu máli að mínum dómi það misrétti sem viðgengst í þessum málum í dag og orsakast af því að hið svokallaða bjórbann núgildandi áfengislaga er dauður bókstafur gagnvart þeim fjölda Íslendinga sem getur orðið sér úti um áfengt öl eftir leiðum sem yfirvöld heimila, annaðhvort með því að kaupa hann í Fríhöfninni í Keflavík, ef um ferðamenn eða flugliða er að ræða, eða koma með hann til landsins sem hluta af tollfrjálsum varningi ef um skipverja er að ræða. En aðrir geta ekki orðið sér úti um þessa tegund áfengis nema eftir leiðum sem ólögmætar eru.

Víkjum aðeins að fyrra atriðinu. Þannig háttar nú til að veikasta áfengistegundin sem á boðstólum er í

verslunum ÁTVR er 7% að alkóhólstyrkleika, en áfengi bjórinn, sem hægt er að fá keyptan í Fríhöfninni í Keflavík, er 7,2%, eða a.m.k. ein tegund sem þar er á boðstólum, og sterkasti innlendi bjórinn sem þar er seldur er 6,5%. M.ö.o.: allir sem vilja drekka 7% áfengi geta gengið inn í áfengisverslanir ríkisins og fengið það keypt. Ef menn hins vegar vilja drekka 7,2% áfengan bjór verða þeir fyrst að fara til útlanda áður en þeir geta fest kaup á honum. Ég tel að það standist ekki og sé órökrétt að gefa fólki kost á að belgja sig út af sterkum drykkjum þegar hverjum og einum býður svo við að horfa en banna jafnframt með lögum — þó að sá lagabókstafur sé nú eins og hann er — almenningi að komast yfir veikustu tegundina eftir eðlilegum leiðum.

Ég vil benda á varðandi síðara atriðið, sem ég nefndi, að nú eru fluttir inn í landið árlega um 750 000–1 000 000 lítrar af áfengu öli í gegnum Fríhöfnina í Keflavík og ég efast ekkert um að hv. 4. þm. Austurl. á sinn skerf í þeim lítrum eins og við margir aðrir hér inni. Það sem síðan bætist við með innflutningi farmanna er vafalaust drjúgur skammtur til viðbótar, að ekki sé talað um það sem gera má ráð fyrir að komi inn í landið með ólögmætum hætti þrátt fyrir góða og trausta viðleitni tollgæslunnar.

Kunnur útvarpsmaður í Reykjavík setti nýlega smáauglýsingu í dagblað og óskaði eftir því að fá keyptan bjór. Hann gaf upp símanúmer sem seljendur gætu hringt í. Útvarpsmaðurinn skýrði síðan frá því í þætti sínum hverjar viðtökur hefðu verið. Í sem stystu máli linnti ekki látum í símanum hjá honum þar sem verið var að bjóða til kaups ýmsar tegundir af áfengum bjór af ýmsum styrkleika og við ýmsu verði, mjög fjölbreytilegu. Þetta framtak útvarpsmannsins sýnir kannski þetta ástand í hnotskurn þó svo að hv. 4. þm. Austurl. kannist ekkert við að hér sé bjór fáanlegur hverjum þeim sem hafa vill.

Lögin um bjórbann eru nefnilega orðin tóm gagnvart fjölda Íslendinga, dauður bókstafur fyrir hvern þann sem á annað borð er reiðubúinn að bera sig eftir því að verða sér úti um bjór og er tilbúinn að borga fyrir hann það verð sem upp er sett.

En hvaða tilgang skyldi það hafa að hafa slíkan bókstaf á lögbókum landsins? spyr sá sem ekki er sérlega kunnugur í lögum og hefur ekki staðið í því að setja lög jafnlengi og hv. 4. þm. Austurl. Auðvitað engan annan tilgang en þann að grafa undan virðingu manna fyrir öðrum lögum og reglum samfélagsins, ýta undir smygl, svartamarkaðsbrask og aðra ólöglega starfsemi sem að sínu leyti kemur í veg fyrir að hið opinbera hafi eðlilegar tekjur af þessari sölu og geti haft með henni eðlilegt og sjálfsagt eftirlit. Þetta ástand hvetur menn til afbrota, kemur í veg fyrir að innlend framleiðsla og útflutningur á þessu sviði nái að þróast svo að nokkru nemi og leggur óþarfa tálmanir í veg þeirra sem hér hafa af veikum mætti reynt á undanförnum árum að byggja upp ferðamannaiðnað og alþjóðlegt ráðstefnuhald sem uppfyllir ýtrustu kröfur.

En skyldi það ástand sem nú ríkir hafa orðið til þess að það sé minna drukkið á Íslandi en ella? Skyldi ástandið vera betra, skyldi vera minna áfengisvandamál en ella? Ætli það sé til bóta fyrir unglingana í landinu að verða sér úti um áfengt öl sem komið er í umferð með þessum hætti? Mér er það mjög til efs. Þeir sem eru andvígir bjórnum eru það einmitt vegna þess að þeir óttast að drykkja í landinu muni aukast með tilkomu hans og áfengisvandamálið versna. Og vissulega eru það eðlilegar áhyggjur. Það er fullkomlega eðlilegt að menn velti því fyrir sér. En veit nokkur svarið við því í raun og veru? Ég tel ekki að nokkur maður geti fullyrt það með neinni vissu að áfengisneysla muni stóraukast og versna við þessa breytingu.

Það er eflaust rétt að heildarneysla muni eitthvað aukast. En er ekki jafnframt líklegt að innbyrðis samsetning muni breytast og neysla sterkustu drykkjanna dragast saman um leið og bjórneyslan eykst? Ég er hér í höndunum með upplýsingar frá Noregi frá því á árunum 1949–1954 eftir að farið var að selja þar svokallað export-öl, sterkan bjór. Á þessu árabili jókst ölneyslan, en að sama skapi minnkaði neysla sterkra drykkja.

Ég veit ekki svarið við þessari spurningu þó svo ég hafi nefnt þetta dæmi og þeir sem hér hafa talað gegn bjórnum vita það auðvitað ekki heldur. Svarið fæst ekki nema menn séu tilbúnir að gera þessa tilraun. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að henni fylgi ákveðin stefna varðandi sterku drykkina og ég tel að Alþingi geti ekki skotið sér undan því að takast á við það áfengisvandamál sem við stöndum frammi fyrir í dag og hefur ekki skapast af ofneyslu öls heldur af ofneyslu hinna sterkari drykkja.

Menn gera því skóna að á Íslandi sé mestur alkóhólismi þó svo að minnst sé drukkið af áfengi. Og ef það er svo, eins og margir halda fram, skyldi þá ekki eitthvað vera bogið við þá áfengisstefnu, sem hér hefur verið fylgt, sem gerir mönnum kleift að belgja sig út af sterkum drykkjum en meinar þeim að neyta þeirra veikustu? Skyldi þá ekki vera eitthvað athugavert við það ástand sem hér hefur ríkt?

Mig langar, herra forseti, að gera að umtalsefni hvernig ýmsir menn taka afstöðu til þessa máls. Sumir líta eingöngu í eigin barm þegar mál þetta ber á góma og spyrja sig hvort þeir mundu sjálfir drekka áfengan bjór eða ekki væri hann fáanlegur með eðlilegum hætti. Og ef menn svara þeirri spurningu játandi eru menn gjarnan fylgjandi því að leyfa áfengt öl. Þeir sem á hinn bóginn svara þessari spurningu neitandi eru oftast á móti því að leyfa bjórinn, *móti því bæði fyrir sjálfa sig og aðra.* En þeir eru einnig til sem sjálfir hafa mikla ánægju af því að neyta áfengs öls, drekka það jafnvel ótæpilega þegar þeir hafa aðstöðu til innanlands eða utan, en eru samt andvígir breytingum á núgildandi lögum vegna þess að þeir telja að það sé gott fyrir aðra. Slíkir menn, sem margir hverjir hafa aðstöðu til þess að kaupa sér oft áfengan bjór, hafa aðstöðu til að versla í Fríhöfninni og sjást þar iðulega rogast með

bjórkassana sína í gegnum tollinn, eru kannski uppfullir af umhyggju gagnvart náunganum og vilja koma í veg fyrir að hann geti keypt sér bjór þótt það sé allt í lagi að þeir kaupi hann sjálfir. Þetta viðhorf er ekkert annað en tómur tvískinnungur og hræsni.

En málið snýst einfaldlega ekki um hvað hverjum og einum finnst. Það snýst ekki um drykkjusiði eða bindindisvenjur einstakra manna. Það snýst um hvort menn eru þess umkomnir að ákveða fyrir aðra menn hvernig þeir haga sinni áfengisneyslu ef þeir á annað borð kjósa að neyta áfengis. Það snýst um hvort menn geta bannað fólki að drekka veikustu og skaðminnstu drykkina og beina þeim þar með í hina sterkari og hættulegri. Það snýst um að hafa hér í landinu rökrétta áfengislöggjöf sem ekki mismunar þegnunum og gerir sumum kleift að neyta áfengistegunda sem öðrum er bannað að neyta. Það er kjarni málsins, en ekki það hvort einhver einn einstaklingur hyggist sjálfur drekka bjórinn eða ekki. Það kemur málinu ekkert við.

Ég vil taka fram að gefnu tilefni og vegna þess að margir gera því skóna að hér sé verið að stefna í sama horf og þekkist t.d. í Danmörku, þar sem hver og einn getur gengið í matvöruverslanir og keypt sér þar allt það áfenga öl sem hann kærir sig um og raunar einnig annað áfengi, að það er ekki hugmynd flm. frv. Það er ekki gert ráð fyrir öðru í frv. en að með áfengt öl verði farið eins og annað áfengi og það selt í verslunum ÁTVR og á vínveitingahúsum þar sem áfengir drykkir eru á boðstólum í dag. Ég tel rétt að leggja sérstaka áherslu á þetta þar sem reynt er að villa um fyrir mönnum með því sí og æ að nefna Danmörku sem eitthvert dæmi og fyrirmyndarland í þessum efnum. Ég tel að Danmörk sé síður en svo neitt fyrirmyndarríki í þessum efnum.

Mig langar einnig, herra forseti, að víkja nokkrum orðum að hugmyndum manna að vísa þessu máli til þjóðaratkvæðagreiðslu eins og sumir telja rétt. Í því sambandi vil ég, með leyfi forseta, vitna í grein frá áfengisvarnaráði sem birtist í Morgunblaðinu 8. október sl., en þar segir m.a.:

„Banni því sem nú er í gildi við innflutningi og sölu áfengs öls á Íslandi var ekki komið á eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort afnema skyldi bannlögin fór fram haustið 1933. Þátttaka var mjög lítil en meiri hluti þeirra sem kusu eða fjórðungur kosningabærra manna greiddi atkvæði með afnámi bannsins. Alþingi samþykkti áfengislög rúmu ári síðar. Í umræðum um það kom fram tillaga fjögurra þm., Péturs Ottesens, Garðars Þorsteinssonar, Bjarna Bjarnasonar og Þorbergs Þorleifssonar, um að banna innflutning, sölu og framleiðslu áfengs öls. Rök flm. voru einkum þau að öl yrði drukkið á vinnustöðum og börn ættu greiðari leið að því en öðru áfengi. Tillagan var samþykkt með miklum atkvæðamun. Það er því Alþingi sem hefur ákveðið þá skipan mála að banna áfengt öl."

Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Aðeins þrisvar hefur verið gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi. Árið 1916 voru greidd atkvæði um hvort þegnskylduvinna yrði í lög tekin. Í hin tvö skiptin voru greidd atkvæði um áfengisbann, 1908 um hvort koma skyldi á banni við innflutningi og sölu áfengis og 1933 um hvort afnema skyldi bannið. Aðrar ákvarðanir um áfengismál hefur Alþingi tekið án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu."

Síðan segir: „Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á þann veg, svo sem undanþága frá bannlögunum 1922, en hún fól í sér heimild til innflutnings veikra vína, samþykkt nýrra áfengislaga 1954, en þá var rekstur vínveitingahúsa heimilaður og breytingar á áfengislögum 1986 um heimildir fjmrh. til að veita öðrum aðilum en ÁTVR leyfi til að framleiða áfenga drykki. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur því einungis farið fram um grundvallaratriðin, bann eða ekki bann, en aldrei um einstaka þætti áfengislaga."

Ég er sammála áfengisvarnaráði í þessu efni. Það er reyndar stofnun sem ég tel ástæðu til að bera mikla virðingu fyrir þó svo að ég sé ekki sammála afstöðu ráðsins í því máli sem hér er til umræðu. Hér er um að ræða breytingu á tilteknum lögum sem Alþingi hefur sett. Alþingi getur ekki vikið sér undan ábyrgðinni á lagasetningu í landinu hvað þá þegar um er að ræða tiltölulega litla breytingu á núgildandi lögum. Alþingi er því bæði rétt og skylt að takast á við þetta mál, eins og reyndar varð niðurstaða hv. allshn. síðast þegar um þetta mál var fjallað hér í þinginu, enda verður ekki með sanni sagt að hér sé á ferðinni slíkt stórmál að þinginu beri að vísa því til þjóðarinnar, hvað þá þegar ekki er fyrir hendi hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum þegar um er að ræða hin stærri mál þjóðarinnar.

Ég vil benda á þessu til viðbótar og biðja menn að hugleiða hvort það sé siðferðilega rétt að skjóta máli sem þessu til þjóðaratkvæðis. Þetta mál er að miklu leyti þess eðlis að það snertir einkahagi manna og einkaneyslu. Ég fæ ekki séð að það sé eðlilegt að meiri hlutinn, ef hann væri andvígur bjórneyslu, ætti að geta bannað minni hlutanum hana. Ég tel að mál sem fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ættu helst að vera þess eðlis að þau snúist um málefni sem óhjákvæmilega nái til allra, málefni sem ekki sé hægt að skipta, stjórnarskrá sem allir eða enginn verða að búa við o.s.frv. En ég tel að mál sem varðar í raun og veru einkaneyslu en ekki allsherjarreglu eigi ekki erindi til þjóðarinnar eins og sumir þm. halda. **(ÓÞÞ:** Gildir þetta bæði um hass og heróín?)

Herra forseti. Aðalatriðin í þessu máli eru skýr. Ef menn fallast ekki á þær röksemdir sem fluttar eru fram máli þessu til stuðnings eiga þeir hinir sömu ekki annars úrkosti en að beita sér fyrir því að núverandi ástandi verði aflétt og allir landsmenn sitji við sama borð. Og ég skora hér með á hv. þm., þá sem kunna að vera andvígir þessu máli, að þeir séu þá sjálfum sér samkvæmir og beiti sér fyrir breytingum á því ástandi sem nú er. Annaðhvort eru menn á móti bjórnum eða ekki. Og ef menn eru á móti honum eiga þeir að beita sér fyrir breytingum á núverandi ástandi þannig að allir sitji við sama borð

og að sá vottur af stéttaskiptingu sem fyrirfinnst í dag með því ástandi sem nú er fyrir hendi hverfi. Þá eiga menn að beita sér fyrir því að afnumin verði þau hlunnindi sem farmenn, flugliðar og ferðamenn njóta í þessu efni. Annað undirstrikar eingöngu þann tvískinnung sem er ríkjandi í þessu máli.

Varðandi innskot hv. 2. þm. Vestf. eiga rök mín varðandi þjóðaratkvæði að sjálfsögðu ekki við eiturefni eins og þau sem hann nefndi, enda eru þau ekki leyfð í landinu. Það gegnir auðvitað allt öðru máli um þau en áfenga drykki sem heimilað er að nota í landinu.

Ég vil að lokum, herra forseti, mælast til þess með 1. flm. málsins að þessu máli verði hraðað í þingnefnd þeirri sem fær málið til meðferðar, væntanlega hv. allshn. Það er skammt um liðið síðan þetta mál var til umfjöllunar síðast á Alþingi. Allar upplýsingar sem máli skipta liggja fyrir. Það liggur allt fyrir um þetta mál í umsögnum og erindum, sem borist hafa, sem máli skiptir. Þingnefndinni og þingheimi öllum raunar á því ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka fljótt afstöðu til málsins.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs þegar frummælandi, hv. þm. sem var varaþm. þá, Jón Magnússon, mælti fyrir þessu máli, en mér blöskraði þegar hann flutti blásaklaus enn á ný rökin sem hljóðuðu svo: „Tilgangur þessa frv. er í fimm liðum og er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfina."

Mig langar til að byrja á því að víkja að þessum röksemdum hverri fyrir sig.

Fyrsta röksemdin stenst að mínu viti alls ekki. Hvernig má það vera að það dragi úr hinni miklu neyslu áfengis að auka áfengi sem á boðstólum er? Hvernig má það vera — og þá mun ég fjalla um röksemd nr. tvö af hálfu flm. um leið — að það breyti drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar og þar með að það ráði að einhverju leyti bót á þeim mikla áfengisvanda, sem því miður er víða við að etja í okkar þjóðfélagi, að auka á orsökina? Áfengi er þá áreiðanlega eina fyrirbrigðið í þjóðfélaginu sem svo stendur á um ef það veldur vanda sé minnkun á vandanum fólgin í því að auka á orsökina, þ.e. áfengisneysluna í þessu tilviki. Þetta bið ég hv. þm. að hugleiða vandlega því að þetta eru röksemdir sem standast alls ekki og þetta eru röksemdir sem óneitanlega bera vott um afskaplega dapurlega krókaleið að þeirri niðurstöðu sem hv. flm. vilja fá.

Hv. flm. gera sér auðvitað grein fyrir því að meiri hluti þjóðarinnar vill draga úr áfengisvandanum. En ég tel að það séu fullkomin falsrök að bera það á borð fyrir almenning að leiðin til að draga úr áfengisvandanum sé að auka heildarneyslu áfengis. Hv. 17. þm. Reykv., sem hér lauk máli sínu, gat þess að vísu að við vitum það auðvitað ekki. Það er rétt að við vitum ekki um heildarneysluna í lítrum talið, en ótal rannsóknir víða um heim, framkvæmdar af færustu vísindamönnum á þessum sviðum, leiða til þeirrar niðurstöðu að það er algerlega ljóst að ein gerð áfengis til viðbótar eykur heildarneysluna. Það er líka ljóst að aukin heildarneysla leiðir til aukins áfengisvanda.

Ef það er algerlega ljóst að heildarneyslan eykst og þar með að það skiptir ekki máli hvort bjórneysla dregur úr neyslu sterkra drykkja eða ekki vil ég líka taka þá röksemd sérstaklega til athugunar í þrengstu merkingu þess sem hér er vikið að, neyslu sterku drykkjanna sjálfra. Ég hef enga trú á því að bjór á markaðnum mundi draga úr neyslu sterkra drykkja og kannski sérstaklega hjá ungu fólki, eins og hv. frsm. vék að og er væntanlega skoðun flm. Ég er þeirrar skoðunar að það liggi alveg ljóst fyrir að sá sem drekkur áfengi til að komast sem fyrst í áfengisvímu drekkur auðvitað sterkt áfengi hvort sem bjór er á markaðnum eða ekki. Það kemur ekkert því máli við. Ef hann kærði sig ekki um að komast í slíka vímu mundi viðkomandi snúa sér að léttu víni sem er á markaðnum. Þess vegna held ég að aukið framboð á bjór mundi tvímælalaust fjölga áfengisnotendum og það sem meira er: Það mundi gera áfengisneysluna miklu algengari. Það yrði um meiri hversdagsneyslu að ræða. Léttu vínin eru e.t.v. ekki eins mikill hversdagsdrykkur og hætta er á að bjórinn yrði. Léttu vínin eru borin fram oft við hátíðlegar kringumstæður í fallegum glösum, en menn mundu flýta sér að kneyfa bjór úr krúsum, sem ekki væru eins viðkvæmar og léttvínsglösin, og þó ekki væri annað en þetta yrði strax kominn annar svipur á þá neyslu.

Þetta er auðvitað ekki aðalatriði í sambandi við það að bæta drykkjusiði þjóðarinnar. Ég er alveg sammála flm. þar sem þeir tala um að verðstýring geti orðið til að bæta drykkjusiði þjóðarinnar. Ég er mjög hrædd við þá pólitík, sem stundum hefur gert vart við sig og menn hafa stundum talið að mundi auka tekjur ríkissjóðs, að lækka verðið á brennivíninu en hækka verðið á léttum vínum. Þessa stefnu tel ég ómenningarlega og hættulega heilbrigði manna. Þeir peningar sem e.t.v. koma í ríkiskassann fyrir svona aðgerðir kunna að vera fljótteknir, en afleiðingarnar eru langtum kostnaðarsamari og það kostar meira að bæta þær afleiðingar en nemur upphæðum sem inn koma fyrir áfengið.

Hv. flm. andmæla því ekki að drykkja þjóðarinnar kynni eitthvað að aukast og það sé auðvitað mál hvers einstaklings fyrir sig að ákveða hvað hann lætur ofan í sig. Víst er það mál hvers einstaklings fyrir sig að ákveða hvað hann lætur ofan í sig. Það er rétt. Þess vegna hef ég stundum verið þeirrar skoðunar, og reyndar alltaf þegar þetta mál hefur verið borið undir atkvæði Alþingis, að þjóðaratkvæðagreiðsla gæti verið rökrétt. Ég er hins vegar

komin á aðra skoðun nú. Ég tel að Alþingi eigi ekki að skjóta sér undan því að taka afstöðu til þessa máls. Ég geri mér ljóst að það hefur verið vænlegt til vinsælda upp á síðkastið að tjá sig meðmæltan hinu svonefnda bjórmáli sem í margra augum er stórmál. Ég tel að þm. komist ekki hjá því að horfast í augu við hrein og klár rök þessa máls og hliðra sér ekki hjá því að horfast í augu við staðreyndir. Í þessu máli gildir ekki sú regla að þar sé allt í einu ekki að marka niðurstöður ótal vísindalegra kannana og þeirra sem við sérstaklega kjósum á alþjóðavettvangi til að reyna að móta samræmda stefnu í mörgum löndum í þessum málum. Þess vegna held ég að þarna eigum við að stöðva aukningu áfengisneyslunnar og það sé ekki til góðs að bæta að þessu leyti til við tegundirnar í áfengisvöruflokknum. Hins vegar þarf að draga úr neyslunni.

Menn geta sagt: Ja, er það ekki óeðlilegt og er það ekki rökleysa að lög leyfi sumum þegnum þjóðfélagsins og öðrum ekki að kaupa bjór? Þetta segir hv. 17. þm. Reykv. Það má vel vera að það sé rökleysa, en lítum svolítið nánar á þetta. Er þá ekki sams konar rökleysu að finna afskaplega víða í löggjöf okkar? Er þá ekki þessi rökleysa víðar í áfengislöggjöfinni? Það er svo að lög leyfa bara sumum þegnum þjóðfélagsins að kaupa áfengi yfir höfuð. Lög leyfa bara sumum veitingahúsum að selja áfengi og öðrum ekki. Við komumst ekki hjá því að það er skipting manna í hópa í þjóðfélaginu að þessu leyti til og ef við teljum það skynsamlegt hlýtur það að vera vegna þess að við viljum ekki auka áfengisflæðið í landinu. Sú röksemd á við í þessu máli líka.

Hv. 17. þm. Reykv. vitnaði til þess að þeir flm. hefðu undir höndum upplýsingar frá Noregi um að þar hefði bjórneysla, að því er þeir telja, leitt til þess að neysla sterkra drykkja hefði farið minnkandi. Þeir sem hafa öðru hvoru komið til Noregs á því tímabili sem hér um ræðir kannast við að þar eru aðrar ástæður sem hafa orðið til þess að dregið hefur úr neyslu sterkra drykkja. Þar er einfaldlega með aðferð sem mörgum þykir óskemmtileg, vissum aðgangstakmörkunum, dregið úr neyslunni. E.t.v. hafa einhverjir hér inni upplifað að fá sér góðan hádegisverð á hóteli í Oslóborg og ætlað að panta koníak með kaffinu á eftir á sunnudegi. Það gengur ekki þar í landi. Þar eru ekki seldir sterkir drykkir á veitingahúsum á tilteknu tímabili dagsins eða t.d. alls ekki á sunnudögum fyrr en eftir tiltekinn tíma, ekki fyrr en eftir kl. 6 má ég segja. Aðgangstakmarkanir af þessu tagi eru þar mjög tíðkaðar. Þetta er eitt af því sem er alveg ljóst að er til þess að draga úr neyslu sterkra drykkja og hefur enda gert það. Þess vegna er það að kanna þarf fleiri hliðar þessa máls en rætt hefur verið um af hálfu flm.

Menn tala um að það kunni að vera eitthvað bogið við áfengisstefnuna hér og þeir sem sjálfir kaupa sér bjór geti varla verið þess umkomnir að ákveða fyrir aðra að þeir skuli ekki hafa aðgang að bjór. Við viljum rökrétta áfengislöggjöf, segja flm. Víst á löggjöfin að vera rökrétt og ekki bara áfengislöggjöfin. Við verðum að athuga að áfengislöggjöfin felur í sér ýmsar takmarkanir og það að leyfa bruggun og sölu áfengs bjórs í landinu gerir ekki áfengislöggjöfina rökrétta. Það gerir enn þá síður heildarlöggjöfina sem snertir áfengisdrykkju og sérstaklega afleiðingar hennar rökréttar. Þess vegna leyfi ég mér að segja að þeir sem eru þess umkomnir að rýmka aðgang almennings að áfengi á þennan veg verða líka að sjá til þess að það sé séð við afleiðingunum.

Ríkið íslenska hefur því miður ekki verið í stakk búið til að ráða við afleiðingar áfengisdrykkju svo vel sé, ekki svo nægilega vel sé, í mörg herrans ár. Þetta veit hæstv. dómsmrh. sem situr hér fyrir framan mig. Þá á ég ekki aðeins við heilsufarsafleiðingarnar. Það er geysilegur vandi sem við er að etja fyrir þá sem sjálfir eiga við áfengisvanda að stríða. Margir fá lækningu og aðrir ekki. En það eru heilu fjölskyldurnar og það er tjón á lífi og eignum. Og halda menn að það dragi úr ölvunarakstrinum? Á þessu landi okkar er það því miður svo að umferðarslys og ölvunarakstur veldur alvarlegra tjóni og tíðara en í fjölmörgum öðrum löndum, af hverju sem það stafar. Ég held að Alþingi væri nær að bregðast við þeirri vá og þeirri sorg og koma í veg fyrir þá sorg sem slíkt veldur og það tjón en að auka á vandann með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég leyfi mér að draga þessi atriði sérstaklega fram þegar menn setja fram svo einfalda röksemd að þetta afli ríkissjóði tekna. Það getur vel verið að það sé hægt að sýna tekjudálkinn með svolítið stærri tölu eitthvert ár af þessum sökum, en ég er alveg viss um að það verður margföld hækkun sem þarf í gjaldahliðinni af þessum sömu sökum, svo að vikið sé að röksemd flm. nr. 3.

Röksemd nr. 4 er að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum. Ég hélt að þetta frv. fjallaði um áfengt öl en ekki gosdrykki. Mér finnst þarna vera blandað saman tvennu og það ber því miður að sama brunni og með hinar fyrri röksemdir að í þessu birtist nokkur tvískinnungur. Þarna er verið að setja svolítinn glassúr á kökuna í því skyni að gera hana lystugri. Þarna er verið að tína fram einhverjar röksemdir sem menn telja að almenningi finnist jákvæðar í þeim tilgangi að þm. verði varir við þrýsting til að samþykkja frv. En ég hvet hv. alþm. til að standast allan slíkan þrýsting og fara eftir þeim beinhörðu upplýsingum sem fyrir liggja.

Ég vék áðan að röksemd nr. 5, sem var að samræma áfengislöggjöfina, og ræddi þá einnig um aðra löggjöf, að það væri ekki samræmi í því að flytja frv. sem eykur áfengisvandann og vera svo ekki í stakk búinn til að ráða við afleiðingarnar.

Ég vek athygli hv. þm. á því að í febrúar sl. var útbýtt í þinginu miklu nefndaráliti frá áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar. Það var gríðarmikil nefnd sem hafði starfað lengi, með nokkrum hléum þó, að

mjög vönduðu verki til að leggja grunn að áfengisstefnu ríkisstjórnarinnar. Í þessu riti koma fram mjög gagnlegar upplýsingar og vel framkvæmanlegar tillögur margar og þar er vikið að þeim vanda m.a. sem hv. 4. þm. Austurl. vék að áðan, tengslunum milli áfengis og annarra vímuefna. Ég undirstrika í því sambandi að ég held að það sé afar útbreiddur og hættulegur misskilningur þegar fjallað er um þessi mál á þann veg að áfengi sé tiltölulega meinlaust eiturefni. Ég held að það þurfi ekki margra vitna við til þess að sjá að það er mjög hættulegt eiturefni og það ber að umgangast það sem slíkt. En auðvitað fer það allt saman eftir magninu og þess vegna er þetta frv., sem eykur magnið, afar neikvætt.

Ef menn aðhyllast það sem röksemd, þegar menn vita að bjór er útbreitt áfengi í landinu án þess þó að vera almennt lögleyft; ef menn aðhyllast þá röksemd að hver og einn eigi að ákveða það sjálfur hvaða eitur hann lætur ofan í sig, á þeim grundvelli væntanlega að ein hlið lýðræðisins sé sú að hver einstaklingur hafi rétt til þess jafnvel, ef svo ber undir, að fara í hundana ef honum sýnist svo, þá er það ekki alveg svo einfalt, því það eru aðrir sem þurfa að taka afleiðingunum. Það eru aðrir sem bíða líka tjón. Það sem við erum hér að fjalla um eru aðrir. Alþingi tekur í allri löggjöfinni ákvarðanir fyrir aðra, eftir sinni sannfæringu, en fyrir aðra. Þess vegna er ekki hægt að skjóta sér á bak við þessa röksemd. En ef menn aðhyllast þessa röksemd er þá ekki orðið stutt í þá röksemd að segja: Hvað væri við það að athuga að leyfa hass ef við leyfum ekki kókaín, ef við höldum að þá minnki hætta á kókaínneyslu ef menn hafa aðgang að hassi? Menn eru að segja blákalt og grafalvarlegir hvað eftir annað: Það minnkar trúlega neyslu á sterkum vínum ef menn hafa aðgang að bjór. Ég leyfi mér að hafna þessari röksemd algjörlega sem rangri og hættulegri.

Þessi afstaða, bæði mín og áreiðanlega ýmissa annarra sem eru svipaðs sinnis, kemur ekkert því við hvort okkur sjálfum þykir bjór góður eða ekki. Það sem við erum að hugsa um er að við viljum sporna gegn auknum vanda. Það á við í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum og ég held að Alþingi væri nær að snúa sér að því að láta koma betur til framkvæmda þá hugsun sem er í tilteknu ákvæði áfengislaganna og fjallar um Gæsluvistarsjóð, að hann verði þess megnugur að standa undir þeim afleiðingum sem við þurfum að berjast gegn á þessu sviði.

Enn á ný vil ég beina máli mínu sérstaklega til hæstv. dómsmrh. Ég vék lítillega að því áðan að hann hefði vafalaust kynnst því vel við hvern vanda er að etja. Það vantar sárlega staði þar sem hægt er að koma þeim mönnum sem orðið hafa brotlegir við lög landsins, í afar mörgum tilvikum vegna neyslu áfengis, til þess að geta tekið þátt í hinu eðlilega lífi löghlýðinna borgara. Á þessu sviði hefur félagsskapur eins og t.d. Vernd og fleiri aðilar unnið mikilsvert sjálfboðaliðastarf. Slíkar stofnanir er lögum samkvæmt skylt að reisa og reka, en íslenska ríkið hefur ekki haft ráð á því. Ég held að slíkan vanda eigi Alþingi að sameinast um að leysa. Alþingi ætti að afgreiða sem fyrst bjórmálið, svo við lendum nú ekki í flækju með það rétt einu sinni á seinasta degi þings, eins og oft hefur orðið og Alþingi til athlægis. Við skulum afgreiða það sem fyrst og fella það.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Aðför (34. mál, aðfararstaður) 552.
Almenn hegningarlög (68. mál, kynferðisbrot) 751.
Áfengislög (42. mál, áfengt öl) 776.
Drengskaparheit unnið 578.
Einnota umbúðir (23. mál) 600.
Fjárlög 1988 (1. mál) 612, 656, 750.
Fjöldauppsagnir á Orkustofnun (36. mál) 578.
Framtíðarskipan kennaramenntunar (46. mál) 601, 612.
Fræðsla um kynferðismál (38. mál) 584.
Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum (55. mál) 591.
Heilbrigðisfræðsluráð (61. mál) 544, 760.
Húsnæðisstofnun ríkisins (47. mál, skerðing lána, vextir o.fl.) 552.
Iðnaðarlög (60. mál, hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum) 525.
Jarðhitaréttindi (33. mál) 773.
Kosning í Norðurlandaráð 600.
Kópavogshælið (58. mál) 596.
Könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi (28. mál) 600.
Leigutekjur af flugvél Landhelgisgæslunnar (56. mál) 593.
Leyfi til slátrunar (43. mál, Sláturfélag Arnfirðinga) 569.
Mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay (52. mál) 605, 612.
Norræni fjárfestingarbankinn (70. mál) 750.
Norræni umhverfisverndarsamningurinn (48. mál) 588.
Rannsókn kjörbréfs 577.
Um þingsköp 654.
Útflutningsleyfi (54. mál) 553.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 577, 578, 612, 654, 655.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 567, 591, 594, 757.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 589.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 612, 654, 726.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 585, 587, 597, 765.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 525, 536, 579, 583.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 543, 750.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 553, 558, 566.
Albert Guðmundsson 564, 568, 582, 654.
Alexander Stefánsson 683.
Árni Gunnarsson 570, 576.
Ásmundur Stefánsson 721.
Birgir Dýrfjörð 776.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 605.
Geir H. Haarde 786.
Guðrún Agnarsdóttir 535, 543, 544, 588, 755, 760, 769, 772.
Guðrún Helgadóttir 588, 590, 591, 593, 707.
Hjörleifur Guttormsson 582, 601, 605, 611, 773.
Hreggviður Jónsson 599, 741.
Ingi Björn Albertsson 716.
Jón Kristjánsson 694.
Kristín Einarsdóttir 583.
Kristín Halldórsdóttir 584, 587.
Margrét Frímannsdóttir 656.
Matthías Bjarnason 573, 578.
Málmfríður Sigurðardóttir 668.
Óli Þ. Guðbjartsson 661.
Pálmi Jónsson 571, 678.
Ragnhildur Helgadóttir 609, 791.
Salome Þorkelsdóttir 758, 772.
Skúli Alexandersson 593, 595.
Sólveig Pétursdóttir 751, 760.
Stefán Guðmundsson 759.
Stefán Valgeirsson 689.
Steingrímur J. Sigfússon 553, 561, 567, 578, 581, 596, 599, 697, 744.
Svavar Gestsson 528, 539.
Sverrir Hermannsson 692, 780.

SAMEINAÐ ÞING

15. fundur, mánudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tilkynning frá forsetum Alþingis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal tekið fram:

Frá og með deginum í dag eru gerðar breytingar á fundatíma Alþingis og dagskrárgerð.

Sameinað þing verður á mánudögum og ætlaður tími til kl. 17, en deildafundir verða á þriðjudögum. Miðvikudagar eru ætlaðir þingdeildum svo sem verið hefur. Fimmtudagar verða fyrir sameinað þing sem fyrr, en með veigamiklum breytingum frá því sem verið hefur.

Fyrirspurnafundir verða að morgni fimmtudags og hefjast kl. 10 og í framhaldi af þeim verða venjulegir þingfundir sameinaðs þings.

Þá er sú nýbreytni tekin upp að þingfundir þriðja fimmtudag hvers heils starfsmánaðar falla niður, en á föstudegi næstu viku á eftir verða fundir í sameinuðu þingi sem hefjast kl. 14.

Samkvæmt þessu verða þannig ekki fundir í sameinuðu þingi fimmtudaginn 19. þessa mánaðar. Þess í stað verður þingfundur föstudaginn 27. þessa mánaðar. Hliðstæð skipan er fyrirhuguð í febrúar, mars og apríl og verða hv. þm. minntir á það með góðum fyrirvara. Hins vegar verður þessu ekki til að dreifa í desember og janúar þar sem Alþingi situr ekki að störfum þá mánuði alla.

Við dagskrárgerð þingfunda verða nú tekin upp ný vinnubrögð. Munu forsetar leitast við að taka á dagskrá einungis þau þingmál sem ætla má að hægt sé að taka til umræðu á viðkomandi þingfundi. Með þeim hætti má eyða óvissu hv. þm., sem oft hefur verið fyrir hendi, um hvaða mál verði tekin fyrir þegar fjöldi mála er á dagskrá og kylfa kann að ráða kasti um hvaða mál forseti tekur til umræðu hverju sinni.

Jafnframt hefst nú notkun svonefnds dagskrárskjals sem er vinnuplagg handa hv. þm. en ekki þingskjal í merkingu þingskapa. Hér er um algert nýmæli að ræða. Í dagskrárskjali er prentuð dagskrá hvers þingfundar og það efni þingskjala sem til afgreiðslu er á fundinum. Dagskrárskjöl eru í sérlit til aðgreiningar frá þingskjölum. Þm. hafa nú á borðum sínum dagskrárskjal.

Auk annars hagræðis af dagskrárskjölum má ætla að nú megi fremur en áður verða komist hjá hinum miklu skjalabunkum á borðum hv. þm. svo að hin fagurgerðu nýju borð í þingsölum fái betur notið sín en ella. Þykir fara vel á því að nú verði meiri breytingar á fundartíma Alþingis og dagskrárgerð en átt hefur sér stað í marga áratugi í sama mund og tekin eru í notkun ný borð og sætaskipan í þingsölum eftir meira en hálfa öld.

Reynslan mun skera úr um notagildi og hagkvæmni þeirrar nýbreytni sem nú heldur innreið sína. Og allt hlýtur þetta að vera áfram til athugunar eins og annað í stöðugri viðleitni okkar til að bæta vinnubrögð Alþingis svo að hv. þm. megi sem best gegna skyldum sínum og þingstörfum.

Forsetar hafa ákveðið þá breytingu sem nú hefur verið greint frá. Það hefur verið gert í samráði við þingflokkana og að bestu manna yfirsýn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti hefur lýst breytingum á vinnureglum þingsins og vil ég fagna því. Ég held að þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsgögnum, sem hann minntist á, komi til með að reynast vel þó svo ég leggi áherslu á að það vantar bréfakörfur til viðbótar við þær sem þegar eru komnar. Það er óþægilegt að þær skuli ekki vera fleiri.

Það sem ég vil segja og fagna er sú dagskrá sem hefur verið lögð hér fram. Ég hef frá því að ég kom á Alþingi 1974 gert athugasemdir við þau vinnubrögð sem hafa verið. Ég var hér þingsveinn fyrir stríð, kringum 1935–1938, og þá var fyrirkomulagið þannig að dagskrá með öllum skjölum var borin heim til allra þm. degi fyrir þingfundi þannig að þm. höfðu heima hjá sér kvöldið áður en til þingfundar var boðað öll þau skjöl sem til þurfti á viðkomandi þingfundi. Ég tel að sú breyting sem nú hefur verið gerð sé mikið til bóta og eiga forseti og starfsfólk þingsins þakkir skildar.

Einnig vil ég geta þess, sem ég hef líka gert áður, að ég held að það hljóti að vera mjög stórt spor aftur á bak frá því sem áður var að inn fyrir fremri dyr hér komu aldrei neinir aðrir en þm. og starfsfólk skrifstofu þingsins, en í dag vaða hér um blaðamenn og hverjir sem vilja utanaðkomandi eftir því sem hverjum og einum dettur í hug. Það getur bæði verið hættulegt og það er mjög til óþæginda og ég vona að við þessar góðu breytingar, sem forseti hefur nú kynnt, verði frekari reglu komið á Alþingi.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Fyrst farið er að ræða um aðstöðu þm. undir liðnum þingsköp taldi ég rétt að koma upp og nefna smámál sem ég hef nefnt hér í nokkur ár í sambandi við starfsaðstöðu þm. Ég hef beðið um að á skrifstofu mína í þinginu fengi ég síma svo hægt væri að ná í mig og hafa samband við mig á öðrum tímum en skrifstofutímum Alþingis. Því miður hefur þetta ekki gengið enn og ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort von sé til þess að úr þessu verði bætt eftir að búið er að gera svo vel við okkur í hv. sölum, bæði Sþ. og beggja deilda, sem raun ber vitni um. Ég hef jafnframt frétt að nú sé í undirbúningi að aðstoða menn við bílasíma, veita þeim ýmsa þjónustu í sambandi við það. Ég tel það af hinu góða. En ég vænti þess að úr hinu litla atriði sem ég hef beðið um undanfarin ár verði bætt hið bráðasta. Sú aðstaða að menn geti haft venjulega símaþjónustu á

hvaða tíma sólarhringsins sem er í skrifstofum sínum hlýtur að vera lágmarkskrafa hvers alþm.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka undirtektir hv. 5. þm. Reykv. og 4. þm. Vesturl. undir það sem greint var frá hér áður um ákvarðanir sem forsetar þingsins hafa tekið varðandi skipan mála og vinnubrögð í þinginu.

Það verður munað eftir því sem þessir hv. þm. minntust á, það sem vangert væri. Og ég bið menn að hafa í huga að það er fjarri því að allt sé svo fullkomið hér sem forsetar vildu. Það ræður að líkum þar sem við erum að berjast við margs konar aðstöðuleysi og þrengsli sem við væntum að verði síðar bætt úr.

Allar hugmyndir sem koma fram um úrbætur verða athugaðar af forsetum þingsins. En það er ekki ástæða til þess að ræða einstök framkvæmdaatriði hér á þingfundi. Við forsetar munum ræða á fundum okkar þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 6. nóv. 1987:

„Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Láru V. Júlíusdóttur.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 6. nóv. 1987:

„Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Sturla Böðvarsson bæjarstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 9. nóv. 1987:

„Jón Helgason, 2. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Unnur Stefánsdóttir fóstra, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Unnar Stefánsdóttur.

Bréfinu sem ég var að lesa næst á undan fylgdi — ég tók það ekki fram — kjörbréf Sturlu Böðvarssonar ásamt yfirlýsingu frá 1. varamanni, Valdimar Indriðasyni.

Þá hefur loks borist svohljóðandi bréf, dags. 9. nóv. 1987:

„Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar.

Með því að kjörbréf þurfa athugunar hv. kjörbréfanefndar er þess óskað að nefndin taki bréfin nú til meðferðar, en á meðan verður fundinum frestað í tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað þau kjörbréf sem vísað var til hennar. Í fyrsta lagi er það kjörbréf Unnar Stefánsdóttur sem er 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. Í öðru lagi kjörbréf Sturlu Böðvarssonar sem er 2. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, en jafnframt barst nefndinni bréf frá Valdimar Indriðasyni þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki sökum anna tekið sæti á Alþingi næstu vikur sem varamaður Friðjóns Þórðarsonar, 2. þm. Vesturl. Í þriðja lagi kjörbréf Láru V. Júlíusdóttur sem er 1. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi. Og í fjórða lagi kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar sem er 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi.

Kjörbréfanefnd var sammála um það að mæla með því að kjörbréf allra þessara fjögurra varamanna verði tekin gild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Unnar Stefánsdóttur samþ. með 32 shlj. atkv.

Kjörbréf Láru V. Júlíusdóttur samþ. með 34 shlj. atkv.

Kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar samþ. með 34 shlj. atkv.

Kjörbréf Sturlu Böðvarssonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Lára V. Júlíusdóttir, 15. þm. Reykv., Unnur Stefánsdóttir, 2. þm. Suðurl. og Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Unnur Stefánsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Jónas Hallgrímsson hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Sturla Böðvarsson, Unnur Stefánsdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Jónas Hallgrímsson eru öll boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Dreifing sjónvarps og útvarps, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 66. mál. — Þskj. 69.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. á þskj. 69, sem ég er 1. flm. að, um dreifingu sjónvarps og útvarps, en tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að á næstu þrem árum (1988, 1989 og 1990) verði nægjanlegt fjármagn tryggt svo að koma megi upp þeim búnaði sem þarf til þess að allar útsendingar Ríkisútvarpsins frá stöðvum þess í Reykjavík náist hvar sem er á landinu."

Í grg. segir:

„Sú staðreynd blasir við að enn hefur ekki tekist að dreifa hljóðvarps- og sjónvarpssendingum til allra landsmanna. Stendur víða svo á að fólk sem býr á ákveðnum svæðum fær ekki notið sjónvarps og nýtur mjög lélegra hlustunarskilyrða hljóðvarps. FM-kerfið hefur ekki komið að þeim notum sem til var ætlast og almenningur gerði sér miklar vonir um. Dreifikerfi sjónvarps er ekki síður áfátt þegar farið er að kanna það mál.

Flutningsmenn hafa upplýsingar um það frá Ríkissjónvarpinu sjálfu að um 80 sveitabæir á landinu séu sjónvarpslausir eða búi við mjög slæm móttökuskilyrði og fjöldi sveitabæja búi við léleg hljóðvarpsskilyrði, ekki síst hvað varðar rás 2. Um það eru mjög mörg dæmi að útvarpsnotendur heyri alls ekki sendingar hennar.

Þetta ástand er ekki viðunandi, enda í andstöðu við þá mörkuðu stefnu í útvarpsmálum að Ríkisútvarpið skuli vera útvarp allra landsmanna. Sú stefna hlýtur að gilda um allar aðalsendingar á vegum Ríkisútvarpsins, hvort heldur er hljóðvarpið með sínar tvær rásir eða sjónvarpið.

Ríkisútvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu, enda standa allir landsmenn undir kostnaði við rekstur þess, beint eða óbeint. Ríkisútvarpið er samkvæmt tilgangi sínum sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar og aðalfréttamiðill sem ætlað er að ná til landsins alls. Því er ekki hægt að segja að Ríkisútvarpið standi fyllilega undir nafni meðan dreifikerfið er eins og raun ber vitni. Verður auk þess að telja þetta varhugaverða framkvæmd á þeirri meginstefnu Ríkisútvarpsins að vera útvarp allra landsmanna þegar samkeppni um útvarpsrekstur fer harðnandi í landinu. Í rauninni þarf Ríkisútvarpið að sinna landsbyggðinni því betur sem þessi samkeppni í útvarpsrekstri á sér fyrst og fremst stað í þéttbýli. Ríkisútvarpið verður að skera sig úr að þessu leyti miðað við aðrar útvarpsstöðvar, leggja áherslu á að senda út efni sem ætlað er öllum landsmönnum og vinna ötullega að uppbyggingu dreifikerfisins.

Ef til vill þykir einhverjum sá kostnaður, sem fullkomið dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps leiðir af sér, mikill. Þessi kostnaður er þekktur. Flutningsmenn hafa heimildir fyrir því að það muni kosta um 65 millj. kr. að bæta úr ágöllum dreifikerfisins. Með skipulegum áætlunum og viðeigandi áherslum við röð framkvæmda hjá Ríkisútvarpinu er ekki mikið vandamál að ná því takmarki sem þessi þingsályktunartillaga stefnir að.

Ríkisútvarpið mun minnast 60 ára afmælis síns eftir þrjú ár. Færi vel á því að stofnunin setti sér það mark að hafa lokið við dreifikerfið þegar 60 ára afmælið rennur upp árið 1990.

Alþingi og ríkisstjórn þurfa að láta þetta mál til sín taka, enda er það tilgangur þessarar þingsályktunartillögu að svo megi verða."

Herra forseti. Nú loks hillir undir það að Ríkisútvarpið komist í eigið húsnæði sem rúmar starfsemi þess alla. Til þessara framkvæmda hefur farið mikið fé og enn skortir þar á svo að starfsemin verði öll undir sama þaki sem æskilegt hlýtur að teljast. Verði þessi þáltill., sem hér er til umfjöllunar, samþykkt er það ljóst hvað fjárhagshliðina varðar að málið er vel framkvæmanlegt og á ekki að raska stórlega fyrri áformum um uppbyggingu hjá Ríkisútvarpinu.

Það er mikið réttlætismál að sjá svo um að landsmenn allir fái notið þess að heyra og sjá

útsendingar Ríkisútvarpsins að því ógleymdu hversu mikið öryggistæki Ríkisútvarpið er.

Ég veit satt að segja ekki hver það er sem hefur tekið sér það umboð að ákveða hver skuli geta horft á sjónvarp og hver ekki, hver skuli geta hlustað á útsendingar hljóðvarps og hver ekki. Það er af þessu tilefni m.a. sem þessi tillaga er flutt. Alþingi þarf hér að koma til og kveða skýrt á um að Ríkisútvarpið skuli áfram sem hingað til vera útvarp allra landsmanna og að allir skuli jafnsettir hvar sem þeir búa á landinu.

Herra forseti. Ég vænti þess að þetta mál fái vinsamlega afgreiðslu hér á Alþingi. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og félmn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Í fjarveru menntmrh. og sem starfandi menntmrh. nú um nokkurra daga skeið langar mig til að taka fram nokkur atriði í þessum umræðum.

Ég vil í fyrsta lagi segja að það er ekki óeðlilegt að till. eins og þessi sjái dagsins ljós og menn velti því fyrir sér með hverjum hætti hægt sé að flýta fyrir þeirri þróun að koma útvarps- og sjónvarpsefni sem víðast um landið. Ég held að það sé ómótmælanlegt að fáum strjálbýlum löndum í heiminum hefur tekist að ná sama árangri og Íslendingum í að koma þessu efni til skila vegna tiltölulega hraðrar uppbyggingar á dreifingu sjónvarps og útvarps.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu og Póst- og símamálastofnun munu nú vera um 80 sveitabæir á landinu sem ekki ná sjónvarpi eða hafa léleg móttökuskilyrði. Þetta eru allt bæir sem liggja illa við sjónvarpsdreifingu og því kostnaðarsamt að koma sjónvarpi til þeirra. Áætlað er að kostnaður sé að meðaltali um 500 þús. kr. á bæ eða alls um 40 millj. kr. Til þess að dreifing rásar 2 verði svipuð og sjónvarps nú er talið að setja þurfi upp 25 minni og stærri stöðvar til viðbótar þeim sem nú eru í notkun. Kostnaður er áætlaður að meðaltali um 1 millj. kr. á stöð eða samtals ekki minna en 25 millj. kr.

Ríkisútvarpið hefur náð langt í uppbyggingu og þéttingu dreifikerfisins á undanförnum árum og stefnir að því að ná til allra landsmanna. Ákveðinni stefnu hefur verið fylgt um dreifingu sjónvarps. Auk styrkingar og endurbóta á kerfinu mörg undanfarin ár hefur sjónvarpsmerki árlega verið komið til nokkurra bæja í sveitum eftir því sem fjármagn og framkvæmdageta hefur leyft. Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins stendur undir allri fjárfestingu til þess. Verkefni hans á næstu árum er að ljúka innréttingu útvarpshússins og tækjavæðingu ásamt endurnýjun langbylgjustöðva á Suðurlandi og Austurlandi. Jafnframt þessu verður eftir megni reynt að ná til afskekktra sveitabýla og sjómanna á miðum umhverfis landið. Undir þau áform fellur FM-dreifing rásar 1 og rásar 2.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram við 1. umr. þessa máls í fjarveru hæstv. menntmrh.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að lýsa yfir stuðningi við þá tillögu sem hér hefur verið lögð fram. Hér er um að ræða mikið réttlætismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem eins og allir aðrir landsmenn leggja sitt af mörkum, ekki bara til reksturs heldur einnig til dagskrár Ríkisútvarpsins.

Í útvarpslögum frá 1985 segir m.a. í 16. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Eins og fram kom í máli hv. flm. vantar enn þá nokkuð á að þessi lagagrein sé komin í framkvæmd. Þannig sitja íbúar í hinum ýmsu landshlutum ekki við sama borð og stærsti hluti landsmanna hvað varðar afnot af þeim mikilvæga menningar-, fræðslu- og fréttamiðli sem Ríkisútvarpið er.

Ég vil að lokum ítreka það að við kvennalistakonur styðjum þessa tillögu en hefðum reyndar viljað sjá þessa lagfæringu á dreifikerfinu komast á á skemmri tíma en hér er stungið upp á þannig að slagorðið um Ríkisútvarpið sem útvarp allra landsmanna eigi í raun við.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég fyrir mitt leyti tek undir þessa tillögu og styð hana. Ég tel að það sé orðið mjög tímabært að sjónvarps- og útvarpsefni nái til allra landsmanna. Í leiðinni langar mig að nota tækifærið og vekja athygli á frv. til breytinga á útvarpslögunum sem ég mun flytja í efri deild en þar er eiginlega gert ráð fyrir að notendur fái heimild til þess sjálfir að reyna að leysa sín mál þar sem það er hægt. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að ef notendur fá að koma sér upp svokölluðum loftnetsfélögum til þess að auðvelda móttöku á sjónvarps- og útvarpsefni, bæði frá íslenska ríkissjónvarpinu, útvarpinu og öðrum útvarpsstöðvum, gætu notendur leyst þetta vandamál sjálfir að verulegu leyti. Ég viðurkenni að víða er um að ræða afskekkta bæi þar sem er ekki um annað að ræða en að koma við þráðlausum sendingum.

Ég vek þá athygli á því að það er markvisst unnið að því að tengja allar símstöðvar landsins með svokölluðum ljósleiðurum og með því kerfi verður hægt að koma öllum sjónvarps- og útvarpsmerkjum í hverja einustu símstöð á landinu þegar fram líða stundir. Þaðan er síðan hægt að flytja merkin áfram með staðbundnum strengkerfum sem gætu í mörgum tilvikum verið á vegum notenda sjálfra. Ég vænti því þess að hv. flm. till. muni taka undir brtt. sem ég hef boðað á útvarpslögum.

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir við till. sem sýna okkur að hér er hreyft við tímabæru máli. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans orð og vil að það komi hér skýrt og rækilega fram, sem kom fram

einnig í hans máli, að þær umbætur sem hér er lagt til að verði gerðar á dreifikerfinu verða vitaskuld til þess að bæta úr aðstöðuleysi íslenskra sjómanna hvað varðar afnot af þessum fjölmiðli. Ég tek mjög undir það og hér hefur það oftar en einu sinni verið til umræðu á Alþingi.

Ég kom fyrst og fremst hér upp til að þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið og ég vænti þess svo sannarlega að málið fái greiða leið í gegnum Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Endurvinnsla úrgangsefna, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 71. mál. — Þskj. 74.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurvinnslu og fullnýtingu úrgangsefna. Tillagan er flutt af öllum þingkonum Kvennalistans og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að endurvinnsluiðnaði sem nýti meiri hluta þess sem til fellur af endurvinnanlegum og fullnýtanlegum úrgangsefnum. Samhliða því verði leitað leiða til að styrkja endurvinnsluiðnað sem fyrir er í landinu."

Öllum ætti að vera löngu ljóst að jörðin er ekki óþrjótandi nægtabúr og að neysluþensla undanfarinna ára hefur leitt til þess að sífellt er gengið á auðlindir jarðar. Löngu er orðið tímabært að móta langtímastefnu í nýtingu þeirra. Hingað til hafa skammtímasjónarmið ráðið ferðinni, allt skal gert á sem „hagkvæmastan" hátt, en ekki hugsað til framtíðar.

Mikil verðmæti eru fólgin í því ógrynni úrgangs sem til fellur. Háum fjárhæðum er nú varið til eyðingar á sorpi og úrgangi með ýmsum aðferðum. Þessu er brennt, það er urðað eða því jafnvel sökkt í sæ án þess að hugsað sé um hvaða áhrif það hefur á lífkerfið. Eðlilegra og farsælla er að reyna að vinna samkvæmt lögmálum náttúrunnar, en þar ríkir jafnvægi sem viðhaldið er af eðlilegri hringrás efna. Úrgangur úr einni deild er nýttur sem hráefni fyrir aðra.

Til að stuðla að bættri nýtingu auðlinda verður að stefna að eins mikilli endurnotkun efna og hægt er, t.d. með því að nota plast- og glerílát aftur og aftur. Einnig þarf að fullnýta og endurvinna efni í miklu meira mæli en nú er gert.

Hér á landi hefur endurvinnsluiðnaður átt erfitt uppdráttar. Endurvinnslufyrirtæki hafa lent í margs konar erfiðleikum. Erfitt og kostnaðarsamt hefur t.d. verið fyrir Sindra-Stál að safna saman bílhræjum til brotajárnsvinnslu. Verðið sem þeir fengu fyrir brotajárnið var það lágt að í maí í vor ákváðu þeir að hætta að safna og taka við bílhræjum eftir að hafa pressað samanlagt 14 500 bíla frá árinu 1982 og sent til bræðslu erlendis. Bílhræjum frá höfuðborgarsvæðinu er því hent á haugana í Gufunesi, eða það sem verra er, þeir skildir eftir hingað og þangað með þeim óþrifnaði og mengun sem því fylgir.

Kostnaður sveitarfélaganna vegna söfnunar og urðunar bílhræja er umtalsverður, auk þess sem þau taka mikið pláss. Haugarnir verða því fljótt fullir og leita þarf að nýju landi fyrir sorphauga sem verður að teljast vafasöm landnýting. Eðlilegt er því að sveitarfélög greiði endurvinnslufyrirtækjum þá upphæð fyrir söfnun og eyðingu úrgangs eins og ónýtra bíla sem þau annars eyddu sjálf til þess.

Í mörgum löndum greiðir fólk ákveðið gjald við kaup á bifreiðum sem ætlað er til förgunar þegar bifreiðin er talin ónýt. Þegar fólk skilar bifreiðinni til eyðingar í brotajárnsvinnslu fær það gjaldið að hluta endurgreitt. Þessu er ætlað að tryggja að bílflök séu ekki skilin eftir á víðavangi.

Þótt bílhræ séu vaxandi vandamál einmitt nú og brýn nauðsyn á úrbótum er ekki úr vegi að kanna aðeins nánar þau verðmæti sem við fleygjum á haugana. Í könnun, sem Skúli Þór Ingimundarson viðskiptafræðingur gerði fyrir Íslenska járnblendifélagið árið 1984 á möguleikum á endurvinnslu úrgangstimburs, kom í ljós að áætlað magn timburs sem kom á Gufuneshaugana á ári var a.m.k. 16 000 tonn. Timbur berst í tiltölulega hreinum förmum á haugana og er því hentugt til endurvinnslu. Áætlaður urðunarkostnaður er u.þ.b. 600 kr. á hvert tonn. Ef þessum 16 000 tonnum af timbri væri forðað frá urðun mundu sparast tæplega 10 millj. kr. árlega bara í urðunarkostnað. Þetta eru oft upphæðir sem vilja gleymast þegar hagkvæmni endurvinnslu er metin.

Notkun áldósa fyrir öl, gos og aðra drykki hefur aukist mjög hér á landi undanfarin missiri. Árleg neysla er nú u.þ.b. 30 milljónir áldósa, en það eru nær 400 tonn af áli sem fara í þær dósir. Þarna er endurvinnsla nauðsynleg því auk hráefnabruðls fylgir áldósum mikill sóðaskapur.

Við fleygjum einnig miklu af pappír á haugana. Hátt á fjórða tug þúsunda tonna árlega bara á höfuðborgarsvæðinu. Þarna eru fólgin mikil verðmæti. Endurvinnsla á pappír hefur verið reynd hér á landi án þess að það hafi reynst hagkvæmt í þröngri merkingu þess orðs.

Í Garðabæ er nú rekið fyrirtæki sem framleiðir eggjabakka úr afgangspappír. Framleiðsla þessa fyrirtækis er um 50 tonn á ári og framleiðsluverðmæti um 5 millj. kr. Þetta fyrirtæki, sem nýtur engrar opinberrar aðstoðar, berst nú í bökkum og verður að hætta framleiðslu ef ekkert verður að gert. Við flytjum inn um 250 tonn af pappír í formi eggjabakka á meðan við getum hæglega framleitt þá innanlands úr afgangspappír. Þetta er aðeins lítið

dæmi. Skógar eru undirstaða pappírsframleiðslu og þrátt fyrir tiltölulega stuttan endurnýjunartíma miðað við mörg önnur hráefni er stöðugt gengið á skóglendi jarðar. Við framleiðslu á einu tonni af pappír fara um 5 tonn af viði.

Hin síðari ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir þýðingu fullnýtingar og endurvinnslu. Það er því líklegt að margir verði fúsir til að flokka sorp frá heimilum sínum og koma t.d. pappír, málmum og gleri á ákveðna staði í gáma í hverfamiðstöðvum eða fyrir utan stórverslanir. Þannig mætti á ódýran hátt safna miklum hluta af heimilisúrgangi.

Víða erlendis tekur almenningur virkan þátt í slíkri söfnun og þeim fer sífellt fjölgandi sem vilja jafnvel greiða hærra verð fyrir pappírsvörur ef þær eru unnar úr notuðum pappír. Slík flokkun heimilissorps er mikilvæg ekki síður vegna þess að það vekur fólk til umhugsunar um þau verðmæti sem fólgin eru í því sem fleygt er.

Stærsti hluti sorpsins kemur hins vegar frá fyrirtækjum. U.þ.b. ⅔ sorpsins í Gufunesi er svokallað iðnaðarsorp sem er tiltölulega lítið blandað óhreinindum og því vel fallið til endurvinnslu. Það ætti því ekki að vera miklum vandkvæðum bundið að fyrirtækin skili úrgangsefnum á ákveðna staði þar sem endurvinnslufyrirtæki hirða þau í stað þess að keyra þau á haugana.

Það er fleira en pappír, brotajárn og timburúrgangur sem hægt er að nýta betur og endurvinna. Gler, gúmmí, vefnaðarvörur, plast, smurolía, slóg og fiskúrgangur eru dæmi um úrgangsefni sem hægt er að endurvinna og fullnýta á ýmsan hátt.

Ýmsum hættulegum efnum er fleygt sem síðan menga og eitra umhverfið. Efnin menga jarðveg og geta borist í grunnvatn og þar með neysluvatn með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þessum efnum er nauðsynlegt að safna saman, endurvinna og endurnota til að minnka mengunarhættu.

Útreikningar og hagkvæmni endurvinnsluiðnaðar eru flóknir og hætta á að ekki séu allir þættir teknir inn í dæmið. M.a. verður að taka mið af því við hagkvæmnisútreikninga að samfélagið ver umtalsverðu fjármagni í sorphirðingu og sorpeyðingu og verðmætt land er tekið undir sorphauga. Erfitt er að meta hver kostnaður samfélagsins er af hirðingu sorps sem fleygt er á víðavangi. Einmitt þessar staðreyndir valda því að opinberir aðilar og sveitarfélög verða að eiga hlut að undirbúningi endurvinnsluiðnaðar. Einstaklingar eiga oft erfitt með að leggja mat á málið í heild og hagnaður í þröngri merkingu er ekki endilega í sjónmáli.

Til að endurvinnsluiðnaður eigi betri möguleika hér á landi í framtíðinni er eðlilegt að hann njóti bestu kjara á flestum sviðum. Þar má nefna skattaívilnanir og orku á hagstæðu verði utan álagstíma. Einnig má skylda fyrirtæki, þar sem til fellur mikill úrgangur, til að skila honum til endurvinnslufyrirtækja án endurgjalds, leggja endurvinnslugjald á vöru sem æskilegt er að fullnýtist í stað þess að farga og skattleggja mengandi iðnað. Eðlilegt er að sveitarfélög styðji slíkan iðnað því hann dregur úr kostnaði þeirra við sorphirðu og eyðingu.

Verkefni eins og þetta væri eðlilegt að fela því ráðuneyti sem fer með umhverfismál. Meðan ekki er til sérstakt umhverfisráðuneyti er eðlilegt að gera ráð fyrir samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta um verkefnið. Þar þyrfti að koma til iðnrn., heilbrrn., og félmrn. Nauðsynlegt er einnig að hafa gott samstarf við sveitarstjórnir um þetta mál.

Þótt endurnotkun og endurvinnsla og fullnýting úrgangsefna sé venjulega tengd því vandamáli að losa sig við óæskileg efni og frekar litið á úrgang sem vandamál vil ég leggja áherslu á hið gagnstæða. Eins og ég sagði í upphafi eru mikil verðmæti fólgin í sorpi. Miklir möguleikar til iðnaðar eru því fólgnir í að breyta úrgangi í verðmæta vöru, um leið vinna gegn auðlindaþurrð og leysa vanda sorpeyðingar.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til atvmn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem oft hefur verið um rætt og eðlilegt að sé tekið fyrir á hinu háa Alþingi. Um þessi mál var sérstaklega rætt í stjórnarmyndunarviðræðum rétt áður en ríkisstjórnin tók við. Og reyndar hefur þetta mál verið rætt á ríkisstjórnarfundum jafnframt. Málið hefur verið til umræðu á hinum og þessum fundum í landinu að undanförnu. Ég tók það upp á Akureyri í sumar, á iðnaðarráðstefnu sem þar var haldin. Enn fremur hafa bæði Landvernd og Náttúruverndarráð rætt þetta mál sérstaklega og ályktað um þessi efni.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Athugað verði hvernig auka megi endurvinnslu á úrgangi.“ Ljóst er að ýmsir aðilar hafa reynt fyrir sér í þessu efni. Ég tel þó ástæðu til að nefna sérstaklega forráðamenn Sindra-Stáls, einkum og sér í lagi Ásgeir Einarsson, sem hefur, af hugsjón fyrst og fremst, safnað saman ýmsu brotajárni og flutt til útlanda því að á þessu starfi fyrirtækisins hefur verið stórfellt tap undanfarin ár. Það er athyglisvert að víða á Norðurlöndum eru bifreiðaeigendur látnir borga ákveðið gjald í upphafi sem þeir fá síðan ekki endurgreitt fyrr en þeir hafa skilað bifreiðum á ákveðna staði, svokallaða bílakirkjugarða. Þá fæst þetta gjald sem þeir greiða við kaup á bifreiðinni endurgreitt.

Þá held ég að ástæða sé til að nefna það líka sem kom fram í ræðu hv. 1. flm. og frsm. fyrir þáltill. að fyrirtækið Ísold hefur starfað að því að safna saman úrgangspappír. Fyrirtækið er starfrækt í Garðinum en ekki Garðabæ eins og kom fram. (**KE:** Það er annað.) Nú, er það annað? Ég biðst afsökunar á því. Þá er það mál sem ég þekki ekki, þetta sem minnst var á, en fyrirtækið í Garðinum þekki ég hins vegar og veit um þá erfiðleika sem þar hafa komið upp vegna þess að pappír er ekki flokkaður hér þegar hann fellur til sem úrgangspappír. En pappírsúrgangur er í mismunandi verði eftir því hversu hreinn hann er. Það má kannski geta þess að til eru dagblöð

sem eru eingöngu unnin úr, og mörg hver reyndar, eingöngu unnin úr slíkum endurvinnslupappír. Það þekktasta er líklega Financial Times, en bleiki liturinn á því er einmitt tilkominn vegna þess að það er verið að leggja áherslu á að um endurvinnslu sé að ræða á þeim pappír, og þannig vill þetta merka blað leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Varðandi þetta mál er full ástæða til að taka undir ýmislegt sem kemur fram í grg. með þáltill. Ýmsar þjóðir hafa farið mismunandi leiðir. Nefna má að í Bandaríkjunum er hægt að fá endurgreiddar nokkrar upphæðir fyrir að skila inn áldósum og mun það talin aðalástæðan fyrir því að lítið er um slíkan úrgang í Bandaríkjunum. Ýmsir leggja sig eftir því að hirða slíkan úrgang og koma honum til skila, enda er þar hægur vandi að vinna úr slíkum úrgangi.

Það sem hins vegar rak mig í ræðustólinn er að segja frá því að í samræmi við stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar hef ég í samvinnu við heilbrrh. ákveðið að skipa nefnd manna til að kanna hvernig auka megi endurvinnslu á úrgangi. Ætlunin er að nefndin semji grg. um það hvernig unnt verði að safna slíkum úrgangi og fá hann endurunninn eða honum ráðstafað þannig að komist verði hjá umhverfisspjöllum svo sem kostur er. Þess er vænst að nefndin kanni einnig fjárhagshlið þessa máls og hvort nauðsyn verður á sérstakri lagasetningu í því sambandi. Ég vil geta þess að það er gert ráð fyrir að sveitarstjórnarmaður taki þátt í störfum nefndarinnar.

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, að kæmist til skila við þessa 1. umr. málsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu merkasta máli með flutningi þáltill. og ég þakka það frumkvæði sem Kvennalistinn hefur haft um þennan málflutning og þá grg. sem fylgir sem dregur saman í mjög skilmerkilegu máli aðalatriðin sem tengjast þessu, bæði út frá víðtækum sjónarmiðum, varðandi auðlindir jarðarinnar, og eins það sem snýr að okkur sjálfum, og möguleika sem hér ættu að vera til að taka þessi mál öðrum og betri tökum en gerst hefur til þessa.

Það er ánægjuefni að hæstv. ríkisstjórn er að taka við sér í þessu máli. Mér sýnist að flm. hafi þegar haft nokkurt erindi af sínu erfiði því að oft er það þannig að þegar stjórnarandstaða hreyfir málum hér á Alþingi verður það til þess, þó með óbeinum hætti sé, að koma málum á dagskrá hjá framkvæmdarvaldinu þó að þau kannski fái ekki formlegt samþykki hér á hv. Alþingi. (**Iðnrh.:** Þetta er í stjórnarsáttmálanum.) Hæstv. ráðherra minnir á að þetta sé í stjórnarsáttmála og kannski hefur eitthvert gott fólk komið því á dagskrá í stjórnarmyndunarviðræðum í vor.

Eins og hæstv. ráðherra gat um hafa samtök látið þessi mál til sín taka nú nýverið og reyndar hafa áhugamannasamtök alllengi hvatt til aðgerða á þessu sviði. Aðalfundur Landverndar, sem stóð núna um þessa nýliðnu helgi, fjallaði sérstaklega um þetta mál og hv. 12. þm. Reykv. sem mælti fyrir till., Kristín Einarsdóttir, vitnaði til erindis sem þar var flutt af Skúla Þór Ingimundarsyni viðskiptafræðingi, þar sem dregnar eru fram gagnmerkar upplýsingar um þetta efni. Ég leyfi mér aðeins að grípa niður í þessu erindi hans til að vekja enn frekari athygli á því en orðið er þar sem hann fjallar um arðsemi greiningarstöðvar fyrir iðnaðarsorp í Reykjavík. Ég vænti að herra forseti leyfi tilvitnun í þetta erindi:

„Fyrirmynd slíkrar stöðvar er nýbyggð greiningarstöð í Frederiksund í Danmörku. Svo að ég lýsi þeirri stöð nánar, þá kostaði hún fullbúin rúmlega 30 millj. ísl. kr. Stöðin getur afkastað nærri 15 þús. tonnum á ári og er þá miðað við að hún sé eingöngu starfrækt 8 klst. á dag 5 daga vikunnar."

Síðan er þessu nánar lýst, en í framhaldinu er vikið að úttekt Skúla Þórs Ingimundarsonar á rekstrargrundvelli flokkunarstöðvar sem þessarar og hann segir þar:

„Gerði ég ráð fyrir að hin ýmsu efni sem flokkuð væru yrðu seld úr landi til endurvinnslu. Meginuppistaða efnanna yrði pappír í ýmsum gæðaflokkum, þó mest í lélegustu gæðaflokkunum, þ.e. blandaður pappír. Þetta yrði fyrsta skrefið í átt að markvissri endurvinnslustarfsemi hérlendis, þar sem á þennan hátt mundi fást reynsla í meðhöndlun úrgangsefna, svo og upplýsingar um raunverulegt magn og umfang endurvinnanlegra efna.

Þegar þessi athugun var gerð voru verð á úrgangsefnum, þ.e. pappír, mjög lág í Evrópu. Því eru forsendur um verð raunhæfar því lítillar bjartsýni gætir þar. Niðurstaða athugunar minnar á rekstrargrundvelli sorpgreiningarstöðvar, sem hér hefur verið lýst, er eftirfarandi fyrir eins árs starfsemi." — Ég ætla ekki að vitna beint í erindið frekar en hann dregur þar fram að í fljótu bragði virðist dæmið ekki geta gengið upp fjárhagslega, a.m.k. ekki við það söluverð sem miðað er við, en bendir síðan á að sé tekinn inn í útreikning og færður til tekna sá kostnaður, sem sparast vegna minnkaðrar urðunar sem svarar 9200 tonnum, gæti þarna verið um að ræða 5,5 millj. kr. og þá snýst dæmið við. Þá verður niðurstaðan jákvæð, beinn hagnaður 3,8 millj. kr.

Þetta dæmi finnst mér lýsa vel því sem kemur fram í grg. með þessu máli að ekki er allt sem sýnist varðandi rekstrargrundvöll slíks endurvinnsluiðnaðar því að þarna verjum við nú þegar stórum upphæðum til kostnaðar við förgun, sem er þó allsendis ófullnægjandi, fyrir utan þá sóun á landi sem telja má að fari undir sorphauga, og staði þar sem þessu er fargað — fyrir nú utan allt saman sem liggur á víðavangi til óþrifa og óprýði og menn þekkja jafnt í þéttbýli og dreifbýli.

Ég vil, herra forseti, nefna hér áður en ég lýk máli mínu örlög máls sem ég átti hlut að sem ráðherra í ríkisstjórn fyrir nokkrum árum að bera fram og fá samþykkt hér á Alþingi, en það voru lög um stálbræðslu. Þau fólu í sér ákveðnar heimildir fyrir ríkisvaldið til að styðja við það mál með ríkisábyrgð.

Lögin voru samþykkt um vorið 1981 og þá átti þetta mál 10 ára aðdraganda. Sveinbjörn Jónsson, framkvæmdastjóri Ofnasmiðjunnar, hafði barist fyrir þessu máli um a.m.k. 10 ára skeið og margar athuganir höfðu verið gerðar. Iðnrn. tók sig til 1980 og reyndi að styðja við þetta. Þá var gerð úttekt á hráefnisöflun, m.a. af Almennu verkfræðistofunni, fyrir ráðuneytið og gert ráð fyrir að söfnun og vinnsla brotajárns gæti á nokkurra ára bili vaxið upp í 10 þús. tonn og síðar í 15 þús. tonn ef til svona iðnrekstrar kæmi. Þarna voru sem sagt lagðar til grundvallar ákveðnar forsendur varðandi brotajárn sem til fellur í landinu og arðsemisútreikningur gerður á úrvinnslu þess í steypustyrktarjárn.

Örlög þessa máls urðu þau að í tíð síðustu ríkisstjórnar datt þetta mál dautt. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma. Hér er ekki tími til þess. Þetta mál var til umræðu í sameinuðu þingi 18. febr. 1986 af tilefni fsp. sem fram var borin af mér og fleiri hv. þm. og má segja að málið hafi af stjórnvalda hálfu formlega verið jarðsungið í þeirri umræðu, að því er snýr að Alþingi. Það kom sem sagt í ljós að ríkisstjórnin sá sér ekki kleift að styðja við málið með þeim hætti að þeim framkvæmdum sem hafnar voru á Vatnsleysuströnd eða hér suður með sjó yrði fram haldið. Forráðamenn þessa fyrirtækis, sem er einkafyrirtæki, töldu líkur á því að von væri á gildu hlutafjárframlagi ef ríkisvaldið tæki jákvætt undir þær óskir um ríkisábyrgð sem þarna voru fram bornar af þeirra forsvarsmönnum. Valdamenn, ráðherrar þáv., hæstv. fyrrv. iðnrh., Sverrir Hermannsson, hafði gefið mjög sterklega í skyn að stutt yrði við þetta fyrirtæki en úr efndum varð ekkert. Út á þær vonir hófu forgöngumenn þessa fyrirtækis framkvæmdir sem síðan strönduðu og nú er þetta fyrirtæki gjaldþrota og líklega uppgert án þess að ég vilji fullyrða nákvæmlega um stöðu þess.

Þarna var sem sagt reynt að gera stórt átak varðandi endurvinnslu málma sem til falla hér í landinu. Þrifnaðarmál og atvinnumál. En ég tel að stjórnvöld hafi ekki staðið við sinn hlut, því miður, og því erum við enn í sömu sporunum hvað þennan þátt snertir. Og eins og hér kom fram hefur Sindri gefist upp við söfnun og útflutning á brotajárni sem það fyrirtæki hafði stundað um árabil.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir gat þess að við iðnað af þessu tagi þurfi að styðja með ýmsum hætti og þar eru margar leiðir sem hún vék að í sínu máli. Ein þeirra er m.a. ákveðin verndun fyrir þennan iðnað. Þar eru stjórnvöld og hafa verið afskaplega hikandi og ekki tekið undir með þeim hætti sem þyrfti. Varðandi undirbúning stálbræðslunnar t.d. þá lágu engin loforð fyrir af hálfu viðskrn. um að standa gegn undirboðum á steypustyrktarjárni, innfluttri framleiðslu, ef til kæmi. Við erum allt of ragir að beita þeim heimildum sem fyrir liggja samkvæmt alþjóðasamningum að bregðast við slíku og það snertir m.a. möguleikana á því þrifamáli sem hér er flutt og varðar okkur og er reyndar hluti af miklu stærra máli sem snertir heimsbyggð alla.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. og fagna því að hér er kveðið mun fastar að orði en í þeim stjórnarsáttmála sem gerður hefur verið um sama efni. Hvort hugmyndin er komin inn í stjórnarsáttmálann eftir þeirri leið sem hv. 2. þm. Austurl. lét skína í veit ég ekki, en hvaðan sem hún er komin þá er hún góð. En alvara málsins er mikil. Það blasir nefnilega við að þeir aðilar, sem farið hafa af stað með tilraunir til að koma á endurvinnsluiðnaði, hafa margir hverjir búið við þær aðstæður að þar stefnir í gjaldþrot hafi það ekki þegar átt sér stað. Hvaða álit sem menn hafa haft á þeim samningum sem Stálfélagið var búið að gera erlendis þá finnst mér að menn hljóti að geta sameinast um það að járnbræðsla hér á landi hlýtur að eiga rétt á sér, m.a. af umhverfisverndarsjónarmiðum.

Hæstv. iðnrh. ruglaði saman tveimur fyrirtækjum sem vinna að endurvinnslu á pappír og eiga sennilega bæði sameiginlegt að vera nú í mjög miklum rekstrarerfiðleikum. Það er ekki aðeins það að pappírinn hafi ekki verið „sortéraður", heldur einnig hitt að þau kjör á fjármagni, sem þessum aðilum hefur verið boðið upp á, eru á þann veg að endurvinnslufyrirtækið á pappír sem er í Garðinum hefur lent í verulegum vandræðum. Hitt er aftur á móti viðskiptalegs eðlis hvernig á því stendur að þeir aðilar, sem hafa verið að framleiða eggjabakka og eru í Garðabæ, sitja nú uppi með það að innflutningur virðist vera hagkvæmari en þeirra framleiðsla. Það má svo meta það út frá þjóðhagslegu sjónarmiði hvort vit er í slíku.

Ég vænti þess að þetta verði til þess að hraða þeirri starfsemi sem hæstv. iðnrh. hefur sett af stað og verki á hann eins og þegar góður gæðingur heyrir í hófaskellum fyrir aftan sig — að hann bæti ögn við ferðina og fari nú að framkvæma eitthvað af því sem menn hafa verið að hugsa um að athuga.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. og hæstv. iðnrh. við tillögunni og lýsi ánægju minni yfir að ráðherra hafi ákveðið að vinna að þessu máli og stofna nefnd til að reyna að reikna út og athuga hvort þetta muni borga sig. En ég vil samt benda á að við hagkvæmnisútreikninga verður að líta á hagkvæmni í víðum skilningi. Það má ekki vera allt of þröngt þegar verið er að athuga þetta. Við verðum nefnilega að muna að auðlindir jarðar eru langt frá því að vera óþrjótandi, sumar eru reyndar þrotnar, og við verðum líka að hugsa til þeirra sem á eftir koma. Þeir þurfa ekkert síður á þessum hráefnum að halda en við.

Ég ætla að taka það fram að það er sama hvaðan gott kemur. Það er jafnnauðsynlegt að taka á þessum málum hvaðan sem hugmyndin er komin. Hvaðan hún er komin inn í stjórnarsáttmálann skiptir engu máli. Það er þar og það er m.a.s. mjög

gott ef ríkisstjórnin ætlar að taka svona vel á öllu sem stendur í stjórnarsáttmálanum. Ég vona það alla vega því að það er margt gott sem þar stendur þó að kannski ... (**Iðnrh.:** Vill ekki þm. lýsa bara yfir stuðningi við stjórnarsáttmálann eins og hann liggur fyrir?) Alla vega þessu orði sem stendur þar. Ýmislegt gott er þar þó að ég sjái kannski ekki alveg þess merki að það eigi að efna allt sem þar stendur, a.m.k. miðað við það sem hingað til hefur komið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógrækt á Fljótsdalshéraði, fyrri umr.

Þáltill. JK o.fl., 76. mál. — Þskj. 79.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Agli Jónssyni. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a. ræktunar nytjaskóga,

b. viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er,

c. flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins til Hallormsstaðar.

Við gerð áætlunarinnar um ræktun nytjaskóga og hirðingu skóglendis skal höfð samvinna við Skógrækt ríkisins, Búnaðarsamband Austurlands og skipulagsstjóra ríkisins. Miðað skal við að flutningur aðalstöðva Skógræktar ríkisins verði í áföngum í samráði við skógræktarstjóra og starfsmenn stofnunarinnar."

Tildrög þess að þessi till. er flutt eru þau að á Fljótsdalshéraði eru ein bestu skilyrði til skógræktar hér á landi og a.m.k. hef ég horft á skóginn vaxa þar og dafna á undanförnum árum og verða að það viðamiklum trjám að sýnt er að þar er nytjaskógrækt möguleg. Þetta veit ég líka að meðflm. mínir hafa séð og reynt sjálfir.

Eins og kemur fram í grg. er einnig á stóru svæði samfelldur birkiskógur á Fljótsdalshéraði og þær skógarleifar eru einar þær mestu hérlendis. Samkvæmt landnýtingaráætlun, sem var gefin út í maí 1986, eru skógræktarskilyrðin best á Upp-Héraði og mjög góð á Út-Héraði ef frá eru talin þau svæði sem liggja næst Héraðsflóa.

Það er löng hefð fyrir skógrækt á Fljótsdalshéraði. Skógrækt ríkisins hefur haldið uppi starfsemi á Hallormsstað í 80 ár. Fyrstu fjóra áratugina beindist starfsemin aðallega að friðun og umhirðu birkiskóga og nú er, eins og ég sagði áður, gróskumestu birkiskóga landsins að finna á Héraði.

Þar hafa líka löngum verið gerðar tilraunir með erlendar trjátegundir og má geta þess í því sambandi að þar var t.d. árið 1938 gróðursett innflutt lerkifræ þar sem er nú Guttormslundur. Það var gert af Guttormi Pálssyni sem þar var skógræktarstjóri og ber lundurinn nafn hans. Þessi tré eru nú löngu komin yfir það að vera nothæf til þess að saga úr þeim borðvið og það hefur reyndar verið gert nú þegar.

Reynslan af þessu starfi bendir ótvírætt til þess að á Fljótsdalshéraði innan Egilsstaða megi rækta sumar trjátegundir með arðsemi og á það sérstaklega við um ræktun lerkis eins og ég nefndi. Ætla má að á þessu svæði skili hver hektari lands 4–5 teningsmetrum viðar árlega miðað við 80–100 ára vaxtartíma sem er sambærilegt við þær kröfur sem gerðar eru til nytjaskógræktar í nágrannalöndum okkar í norðanverðri Skandinavíu.

Ég get getið þess svona í framhjáhlaupi að fyrir nokkrum árum var ég staddur í Norður-Svíþjóð nálægt Luleå og Kiruna. Þar var gróðurfar mjög svipað að sjá eins og einmitt á Fljótsdalshéraði, en þarna er mjög mikið skógarhögg og er það drjúg atvinnugrein þar, eins og menn vita sem þarna hafa komið.

Skógræktin á Hallormsstað núna gefur drjúgar tekjur. Þar eru ræktuð jólatré. Það eru grenitré sem margir hafa séð og keypt. Þar er framleiddur eldiviður, stauraviður o.fl. og hefur þessi framleiðsla farið vaxandi á síðari árum. Tekjur af þessari framleiðslu eru áætlaðar 8,5 millj. á þessu ári, eins og kemur fram í grg., og nemur sú upphæð 60% af áætluðum rekstrargjöldum skógræktarinnar á Hallormsstað.

Það hefur löngum verið draumur skógræktarmanna og margra bænda að nytjaskógrækt geti orðið atvinnugrein í sveitum landsins. Árið 1969 voru nokkrir framsýnir menn sem reyndu í Fljótsdal í samvinnu við bændur í hreppnum að gera þessa atvinnugrein að veruleika og voru gróðursett þar tré og gerð áætlun, sem var nefnd Fljótsdalsáætlun, um ræktun nytjaskógar á bújörðum. Nú er stunduð ræktun nytjaviðar á átta jörðum á alls 368 hekturum lands og er lokið við að gróðursetja í helming þess svæðis. Áhugi er nú hjá bændum á Héraði að halda þessu starfi áfram og kemur fram í grg. að áhugi er á því hjá sextán bændum á Upp-Héraði að hefja ræktun á 432 hekturum lands.

Menn kunna að segja að þessar áætlanir byggist á bjartsýni og þetta muni ekki skila neinu fyrr en eftir einhverja áratugi, einhvern tíma í framtíðinni. Ég get sagt það hér að ég var viðstaddur þegar fyrsta tréð í þessari áætlun var gróðursett og ég kom aftur í þennan skógarlund eftir tíu ár, þegar þessi áætlun átti tíu ára afmæli, og þá var kominn þar vöxtulegur skógur. Þannig er árangurinn af skógrækt nokkuð sem hver og einn þarf að upplifa. Áður en ég fluttist austur á Fljótsdalshérað hafði ég ekki ýkjamikla trú á skógrækt, að hún gæti verið raunhæf hér og gæti

verið raunhæf sem atvinnugrein, en þetta breytist þegar maður kemst í snertingu við þessa starfsemi.

Því miður hefur framgangur þessarar áætlunar ekki orðið sem skyldi og fjármagn til hennar hefur ætíð verið skorið við nögl svo ekki sé meira sagt. Ekki hefur því orðið eins mikið úr framkvæmdum og æskilegt hefði verið. Ég hlýt úr þessum ræðustól að mótmæla þeirri stefnumörkun sem kemur fram í fjárlagafrv. núna þar sem framlög til þessarar áætlunar eru felld niður. Þó að hér hafi ekki verið um mikla fjárhæð að ræða og ekki fjárhæð sem skiptir sköpum í þessu sambandi hlýtur þó þarna að vera viss stefnumörkun að baki þar sem fjárhæðir til nytjaskóga vaxa ekki að sama skapi. Hér verður því að reisa merkið og til þess m.a. er þessi till. flutt.

Í sambandi við áhuga bænda á skógrækt má geta þess að nú eru viss þáttaskil á Fljótsdalshéraði. Þar hefur verið skorinn niður vegna riðu fjöldi fjár og eins og kemur fram í grg. verður þar eitt besta skógræktarland á Íslandi fjárlaust um sinn, þ.e. Norður-Vellir og Skógar. Það væri vert að kanna þá hugmynd hvort bændur á þessu svæði séu tilbúnir til að taka upp skógrækt sem atvinnugrein og leggja niður sauðfjárrækt. Það er vert að kanna þessa möguleika. Einnig er ég alveg viss um að skógrækt getur verið arðvænleg hliðargrein hjá mönnum sem stunda hinn hefðbundna búskap því að þvert á það sem margir hafa haldið fram getur þetta tvennt vel farið saman og er að aukast skilningur á þessum hlutum nú.

2. liður till. fjallar um viðhald skóglendis, en nauðsynlegt er að huga að þeim málum. En hér er um heljarmikið verk að ræða og ekki síst vegna þess hve þetta er mikið verk er nauðsynlegt að huga að hvernig að því verður staðið. Þarna er um að ræða hreinsun og grisjun á birkiskógunum, en þeir eru víða erfiðir yfirferðar og mikið af kalviði og slíku sem heftir umferð um þá. Þessir skógar eru að hluta í einkaeigu, hluti er í eigu Skógræktar ríkisins og hluti er í eigu þéttbýlissveitarfélaga. Það ber nauðsyn til að það takist samstarf með öllum þessum aðilum um hvernig að þessum málum verði staðið í framtíðinni, en það er nauðsynlegt að forustan og ráðgjöfin sé í höndum Skógræktarinnar sem hefur mikla reynslu í þessum málum, hvernig á að hirða þá skóga sem fyrir eru.

Síðasti liður þáltill. fjallar um flutning Skógræktar ríkisins til Hallormsstaðar eða höfuðstöðva hennar. Tillögumönnum er fullljóst að um þetta atriði eru skiptar skoðanir og m.a. eru skiptar skoðanir um það hjá starfsmönnum Skógræktar ríkisins. Á síðasta þingi var flutt þáltill. um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað. 1. flm. var Guðrún Tryggvadóttir, sem sat hér á þingi sem varamaður þá, og var ég meðflm. að þeirri till. hennar. Það mál hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Málið er vegna þess endurflutt hér, en í nokkuð víðara samhengi.

Það hlýtur að teljast eðlilegt, þegar fjallað er um framtíð skógræktar á Fljótsdalshéraði, að efling starfs Skógræktar ríkisins á Hallormsstað komi inn í þá umræðu. Það er vel við hæfi að höfuðstöðvar þeirrar starfsemi séu á Hallormsstað þar sem skógrækt byggir á langri reynslu og ríkri hefð.

Ég minntist á að þetta mál væri ekki nýtt hér í Alþingi. Það hafa áður verið flutt um það frv. og till. Mig minnir að það hafi verið 1968 sem Kristján Ingólfsson, sem þá var varaþm. hér, flutti um þetta mál þingmál. Í þeim umræðum má lesa þær skoðanir að Hallormsstaður sé afskekktur og þess vegna sé ekki mögulegt að hafa þessar aðalstöðvar þar og m.a. má lesa þær skoðanir í þeim umræðum að á Austurlandi sé ekki hægt að taka á móti erlendum gestum. Ég rak augun í það. Það hafði einhver þm. haldið því fram. Ég fullyrði að Hallormsstaður er ekkert svo afskekktur að þar sé ekki hægt að halda uppi þessari starfsemi. Við Skógrækt ríkisins eiga þeir erindi sem hafa áhuga á skógrækt og þurfa að fá ráðgjöf í því efni og þá ráðgjöf er best að veita á Hallormsstað. Þar geta menn séð árangur þessa starfs í 80 ár. Samgöngurnar austur eru orðnar þannig að það á ekki að valda neinum vandkvæðum. Það er flogið tvisvar á dag allan ársins hring á Egilsstaði. Það er kominn vegur með varanlegu slitlagi í Hallormsstað. Símasambandið er þannig við þennan stað að það á ekki að valda neinum vandkvæðum í þessu efni. Og þar er áreiðanlega hægt að taka á móti erlendum gestum jafnvel og annars staðar á landinu ef ekki betur. Þessi rök eru því léttvæg þó að ég nefni þau til að sýna hvernig þessi umræða hefur verið á liðnum árum. En ég tel að hér sé um stefnumarkandi mál að ræða. Ef það er meint eitthvað með tali um flutning ríkisstofnana er tiltölulega auðvelt að flytja aðalstöðvar þessarar stofnunar. Ef það er ekki hægt er tómt mál að tala um dreifingu valds og flutning ríkisstofnana um landið.

Hins vegar er flutningur stofnana viðkvæmt mál og við skiljum vel sjónarmið starfsmanna þessarar stofnunar sem e.t.v. líta til þess með kvíða ef þessar aðalstöðvar eru fluttar. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þarna aðlögunartíma og hafa gott samráð við þá sem málið snertir og till. gerir ráð fyrir því.

Eins og kemur fram í grg. er áhugi fyrir þessu máli á Austurlandi. Samband sveitarfélaga á Austurlandi ályktaði á aðalfundi sínum, sem haldinn var á Fáskrúðsfirði dagana 27. og 28. ágúst í sumar, til stuðnings þessu málefni þannig að það sýnir áhuga manna heima fyrir á þessu máli.

Við flm. þessarar till. vonum að till. fái skoðun í nefnd og höfum ekki á móti því að hún verði skoðuð þar vandlega og verði kallað á þá sem hlut eiga að máli. Við erum að sjálfsögðu til viðræðu um hvers konar lagfæringar á tillögugerðinni sem til greina koma eftir þær viðræður.

Að lokinni þessari umræðu fer ég fram á að málinu verði vísað til atvmn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við till. og jafnframt þeirri skoðun minni að svona átök þyrfti

að skipuleggja víðar um landið. Auðvitað ættu bændur að gera það sjálfir fyrst og fremst, en þá þyrftu þeir að eiga vísan stuðning Alþingis í fjárframlögum.

Ég vek líka athygli á þeim þætti sem snýr að því þegar bændur verða nú að sæta skerðingu á sínum hefðbundnu búgreinum og eru hvattir til nýrra búhátta. Þá er nauðsynlegt að þeim sé gert auðveldara fyrir um ýmsa hluti svo sem eins og skógrækt. Og þeir hafa verið hvattir til skógræktar sem er vel. En þá má ekki gleyma einum þætti þess máls og það er rannsóknastarfsemi sem þetta þarf að byggjast á og þá vil ég enn minna á að nú er verið að leggja niður tilraunastöðina á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem hefur verið rannsakað t.d. frostþol trjáa og ýmislegt í sambandi við hentugar trjátegundir til að rækta hér. Ég minni á þetta í leiðinni.

En ég vek líka athygli á þeim þætti þessarar till. sem snýr að því að flytja höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins austur á Hallormsstað. Það liggur fyrir viljayfirlýsing frá Alþingi um að flytja ríkisstofnanir út á landið og þarna reynir á það hvort þeim stöðvum sem eiga sínar dýpstu rætur á landsbyggðinni verði gert fært að vera þar sem þær ættu eðli málsins samkvæmt að vera. Ég fagna því ef höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins verða fluttar þangað.

Í aldamótaljóði sínu segir Hannes Hafstein: „Menningin vex í lundi nýrra skóga". Hann sér það fyrir sér á þessari öld og það hefur nú sannast að segja ekki farið mjög mikið fyrir þessum nýju skógarlundum, en þeir eru þó í örum vexti og nú virðist verulegur áhugi fyrir að það verði svo í framtíðinni. En það er ekki bara að menningin vaxi í lundi nýrra skóga, því vissulega gerir hún það, en búmenning okkar vex við það að rækta nýja skóga.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil sem 2. flm. þessa máls þakka hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur fyrir hennar orð og stuðning við þetta mál. Hún vísaði til þess að átak af því tagi sem hér er verið að leggja til þyrfti að gerast víðar en eingöngu á Fljótsdalshéraði og ég tek alveg undir það að þó að við tökum það hér út úr, þm. Austurlands þrír, er það ekki vegna þess að við teljum ekki að það þurfi að sinna skógrækt víðar og skógvernd. Sannarlega er þörf á því.

Hv. þm. Jón Kristjánsson gerði svo glögga grein fyrir þessu máli hér í framsögu að ég hef litlu þar við að bæta. Ég vil þó árétta að þörfin á því að stutt verði við mál af þessu tagi er sérstaklega brýn í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á búháttum í landinu og á þessu tiltekna svæði, Fljótsdalshéraði innanverðu, þar sem er nú kjörið tækifæri til að gera átak í þessum efnum. Það væru meiri háttar mistök ef ekki yrði greitt fyrir því að það landsvæði sem við vísum hér til, sem er mikill hluti Héraðsins austan fljóts, ofan Egilsstaða, að Skriðdal þó undanteknum, yrði tekið undir skógrækt að verulegu leyti. Girðingarkostnaður er sem kunnugt er mikill upphafskostnaður í sambandi við friðun lands og nú er tækifæri til að friða þarna stórt landsvæði, að sjálfsögðu í samvinnu við landeigendur, þá bændur sem eru að leggja niður tímabundið sauðfjárbúskap og eru áreiðanlega mjög opnir fyrir því að taka stórt á í þessum efnum og horfa til skógræktar sem framtíðarbúgreinar ef stutt er við það með eðlilegum hætti.

Skógrækt sem atvinnurekstur verður ekki stunduð nema honum séu búin góð skilyrði. Ávöxtunin af þeirri fjárfestingu kemur ekki fyrr en að alllöngum tíma liðnum. En tilraunirnar að Hallormsstað með nytjaviði sanna það ótvírætt og sú reynsla sem þar er fengin á þessari öld að þar er ekki verið að kasta neinu á glæ. Þarna eru raunhæfir möguleikar til nytjaskógræktar.

Hinn þátturinn, sem er í b-lið þessarar till., um viðhald og hirðingu skóglendis, er tímabær að okkar mati. Ég bendi alveg sérstaklega á að þetta svæði er eitt hið veðursælasta á Íslandi, ekki síst sumarveðráttа, eftirsótt af sumarferðamönnum og þar er nú þegar til staðar eftirsókn til útivistarnota, bæði byggingar orlofshúsa og einkasumarbústaða, og það er sjálfsagt að greiða fyrir því að almenningur geti notið þeirra hagstæðu skilyrða til útivistar sem þarna er að finna og þar skiptir skóglendið sannarlega miklu máli.

Það er ljóst að ekki er unnt að ætla sér að grisja birkiskógana í heild sinni eða hirða þá þannig að þeir verði ræktaðir upp sem grisjaðir skógar þó að sjálfsagt sé að gera tilraunir með slíkt, en þó ekki væri nema greiða götu fólks um slík skóglendi með gangstígum, með því að höggva og leggja gangstíga um skóglendi og leyfa því að vaxa í náttúrlegu horfi að öðru leyti er það til mikilla bóta og til mikils unaðar fyrir þá sem geta notið þess og farið um slík svæði.

C-liður till. er, eins og flm. nefndi hér, gamall kunningi á Alþingi því miður. Það er langt síðan fluttar voru tillögur um að flytja höfuðstöðvar þessa þáttar austur á Hérað, en enn hefur ekki orðið úr aðgerðum. Öll viðleitni í þá átt er góðra gjalda verð þó í áföngum sé og því minnum við á þetta enn í okkar till.

Minnt var á það af hv. þm. Jóni Kristjánssyni að niður er felldur skv. fjárlagafrv. stuðningur við skógræktaráætlun í Fljótsdal. Það er sannarlega miður farið og ég vænti þess að leiðrétting fáist á því við þá vinnu sem nú fer fram í fjvn. Alþingis. Hins vil ég þó geta, sem gott er og er tengt skógræktinni, að skv. fjárlagafrv. fær Skógrækt ríkisins skárri meðferð og jafnvel betri en hægt er að segja um marga þætti í sambandi við fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Meðalhækkun til skógræktarstarfsemi skv. frv. er um 56%. Það er að vísu prósentuhækkun sem að nokkru leyti skýrist á niðurskurði liðinna ára, þá er hægt að hækka með minni tilkostnaði í prósentum reiknað, en þetta er þó gert samkvæmt áætlun sem unnin hefur verið á vegum Skógræktarinnar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og það er góðra gjalda vert og við væntum þess að þessi

þáttur, sem snýr að skógrækt í Fljótsdal og stuðningi við skógrækt á vegum bænda þar, fái endurskoðun og jákvæða meðferð við afgreiðslu fjárlaga.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir við till. sem hér er flutt. Ég tek undir það, sem reyndar hefur þegar komið fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að að sjálfsögðu er þörfin víðar fyrir hendi. Þó að við flytjum till. sem aðeins tekur til Fljótsdalshéraðs vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar eru um þessar mundir og þeirrar forsögu sem er í þessu máli er áreiðanlega þörf víðar að rækta skóg og sem betur fer eru skilyrði víðar á landinu til þess og þessi skógrækt bætir landið mjög.

Ég legg megináherslu í mínu máli á að hér er ekki um neina bjartsýni að ræða. Árangurinn hefur þegar sýnt sig austur á Fljótsdalshéraði og það eru einmitt rök til þess að þar séu höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins að þar sjá menn með eigin augum árangurinn af þessu starfi síðustu áratugina og þar er svo sannarlega að finna lundi nýrra skóga þó að þeir lundir mættu vera enn þá fleiri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launakostnaður við mötuneyti framhaldsskólanna, fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 77. mál. — Þskj. 80.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 80 um launakostnað við mötuneyti framhaldsskólanema. Flm. tillögunnar auk mín eru Málmfríður Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ingi Björn Albertsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að launakostnaður starfsfólks í mötuneytum framhaldsskólanna verði greiddur úr ríkissjóði.“

Með stofnun nýrra framhaldsskóla víðs vegar um landið á undanförnum árum hafa aðstæður til náms batnað til muna. Enn þá vantar þó nokkuð á að möguleikar fólks til náms eftir búsetu og efnahag séu jafnir. Hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Ein af frumþörfum hvers og eins er að nærast reglulega. Á vinnustöðum fullorðinna þykir sjálfsagt að hafa mötuneyti þar sem boðið er upp á heitar máltíðir. En það er ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað sínum.

Vinnudagur framhaldsskólanema er æðilangur og þeir sem sækja skóla langt að eiga reyndar ekki annarra kosta völ en að borða í skólanum hvernig svo sem aðstæður kunna að vera, en þær eru mjög mismnandi í hinum ýmsu skólum og bera reyndar vott um visst skilningsleysi á þörf nemenda. Sem dæmi langar mig að nefna einn skóla sem ég þekki til í, en það er Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi sem er í raun orðinn ellefu ára gömul stofnun og þjónar öllu Vesturlandi, en hann sækja einnig nemendur úr öðrum landshlutum. Á þessari önn eru rúmlega 500 nemendur við skólann og þar af rúmlega 200 utanbæjarnemendur. Núverandi mötuneyti skólans tekur 30 nemendur.

Ef svo fer sem horfir í fjárlagafrv. er ekki fyrirsjáanlegt að á þessu verði breyting, en vonandi verður það eitt af því sem breytist í þessu fjárlagafrv. í meðförum þingsins.

Við flesta skólana eru einhvers konar mötuneyti eða vísir að þeim þar sem hægt er að fá heitar máltíðir eða brauð og mjólkurmat á matmálstímum, en við suma skólana eru einungis skyndibitar eða sælgæti á boðstólum.

Fyrr á tímum bjuggu Íslendingar oft við skort á fæðu og þjáðust af ýmsum kvillum þess vegna. Nú höfum við meira en við getum í okkur látið, en reyndin er sú að til eru þeir einstaklingar sem þjást af næringarskorti.

Í grein sinni „Mataræði námsfólks fyrr og nú“ í Morgunblaðinu 4. nóv. segir Margrét Þorvaldsdóttir m.a., með leyfi forseta:

„Úr góðri og fjölbreyttri fæðu koma efni sem sjá um eðlilega endurnýjun og viðhald fruma í vefjum. Stuðlar hún þannig að heilbrigði einstaklingsins. Slæm fæða og einhæf getur aftur á móti raskað öllu eðlilegu efnajafnvægi í líkamanum og valdið honum skaða. Viðurkennt er að mannslíkaminn er viðkvæmastur fyrir skakkaföllum vegna ónógrar og rangrar fæðu á vaxtarskeiðinu.“

Það hlýtur því að vera afar mikilvægt að gera það að eðilegum og sjálfsögðum hlut að allir nemendur geti neytt góðrar fæðu í skólanum.

Fram til þessa hefur sá háttur verið hafður á við mötuneyti framhaldsskólanna að nemendur sjálfir hafa borið allan launakostnað vegna þeirra. Miðað við verðlag og laun má ætla að greiða þurfi a.m.k. 90 þús. með hverjum framhaldsskólanemanda í fullu fæði þetta skólaárið. Þar af er áætlað að launakostnaðurinn sé milli 30 og 40%. Þessi gífurlegi kostnaður er þungur baggi á þeim fjölskyldum sem þurfa að senda börn sín í heimavist, ekki síst þegar við bætist hinn hái bókakostnaður sem námi í framhaldsskóla fylgir, svo og húsaleiga. Fyrir marga er þetta svo þungur baggi að margir unglingar eiga þess vart kost að afla sér framhaldsmenntunar. Hér er því um að ræða mikið hagsmunamál nemenda og foreldra, ekki síst þeirra sem í dreifbýli búa.

Síbreytilegar og æ flóknari aðstæður í þjóðfélagi okkar krefjast þess að fólk verður í sífellt ríkara mæli að auka við menntun sína að grunnskólaprófi loknu. Það er því ein af skyldum samfélagsins að gera fólki slíkt kleift án tillits til efnahags eða búsetu. Algengt

er og þykir sjálfsagt að ríkið greiði launakostnað í mötuneytum starfsmanna sinna. Fullorðnir telja sig ekki hafa úthald án þess að fá næringu á matmálstímum.

Í Iðnskólanum í Reykjavík hagar svo til að nemdendur og kennarar borða í sama mötuneytinu nákvæmlega sama matinn. Ríkið greiðir launakostnað í mötuneyti kennara þannig að fyrir fiskmáltíð greiðir kennarinn 125 kr. en nemandinn 175 kr. Mismunur er þar 50 kr. á máltíð. En fyrir góða kjötmáltíð greiðir kennarinn 175 kr. en nemandinn 250 kr. Þar er mismunurinn 75 kr. Það er ljóst að pyngjur allmargra nemenda eru það léttar að þeir fara ekki inn í mötuneytið á hverjum degi. Þeir fara í sjoppuna og kaupa eitthvað sem í bili virðist ódýrara en er að sjálfsögðu mun óhollara og hefur lítið næringargildi.

Á undanförnum árum hafa augu fólks opnast fyrir gildi góðs mataræðis fyrir heilsufar fólks og heilbrigðisyfirvöld boða nú aukna áherslu á forvarnir, ekki síst með tilliti til bættrar neyslu- og manneldisstefnu. Mikilvægur liður í slíkum áætlunum hlýtur *því að vera að ala uppvaxandi kynslóð upp við heilbrigða lífshætti.*

Með lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, sem samþykkt voru á Alþingi 1972, var í raun viðurkenndur aðstöðumunur nemenda í dreifbýli til náms gagnvart nemendum í þéttbýli, en sá dreifbýlisstyrkur, sem úthlutað er, er aðeins örlítið brot af þeim kostnaði sem nemendur úr dreifbýli þurfa að bera.

Sú till. sem hér er fram borin er brýnt hagsmunamál allra framhaldsskólanemenda, ekki síst nemenda í dreifbýli og fjölskyldna þeirra. Sá launakostnaður sem nemendur hafa hingað til þurft að bera er stór hluti af tekjum hvers heimilis en fyrir heildina hlýtur hann að teljast léttvægur.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi við till. sem hér er flutt af þm. úr þremur þingflokkum og hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir hefur gert glögga grein fyrir. Hér er um að ræða verulegt hagsmunamál fyrir þá nemendur sem í hlut eiga og aðstandendur þeirra. Hér er einn þáttur af byggðamálum á ferðinni og möguleikum fólks til að tryggja framhaldsmenntun sinna barna á landsbyggðinni. Það er kostnaður sem tekur í hjá þeim sem í hlut eiga. Þó að nemendurnir sjálfir vinni að hluta fyrir honum er það engan veginn einhlítt, langt frá því, og leggst því sem kostnaður á viðkomandi heimili og fyrir nú utan að þarna er um að ræða allt aðrar aðstæður fyrir þá sem þurfa að sækja framhaldsskóla en þá sem hafa aðstæður til þess í þéttbýli að sækja námið heiman frá.

Ég treysti því að þetta ágæta mál fái jákvæðar undirtektir hér og þyrfti í rauninni að birtast í breytingum í frv. til fjárlaga sem nú er til meðferðar þannig að um aðgerðir verði að ræða strax á næsta ári.

Flm. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, 2. þm. Austurl., og stuðning við þessa till., en eins og kom fram í máli hans er hér um mikið hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða því að hvar sem maður kemur um hinar dreifðu byggðir landsins eru það menntunarmál barnanna sem heitast brenna á fólki, að þau geti haft sömu möguleika til að afla sér menntunar og þeir sem í þéttbýli búa.

Hv. 2. þm. Austurl. minntist líka á tekjur nemenda, en eins og fram kom í máli hans duga þær hvergi nærri fyrir framfærslu þeirra yfir veturinn og það er eitt af stóru vandamálunum í menntakerfi okkar núna að nemendur bæta stöðugt á sig vinnu með námi og það skilar sér í lélegri námsárangri. Þetta er því mjög brýnt mál í alla staði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðlagsrannsókn, fyrri umr.

Þáltill. BDýr o.fl., 81. mál. — Þskj. 84.

Flm. (Birgir Dýrfjörð):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um verðlagsrannsókn á þskj. 84. Meðflm. mínir eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason og Karvel Pálmason. Í ályktun þessari segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram rannsókn á þeim verðhækkunum sem átt hafa sér stað á líðandi ári með það að markmiði að leiða í ljós hverjar orsakirnar séu, þar á meðal hvort verslunar- og þjónustufyrirtæki séu að ætla sér aukinn hlut í ágóða eða til þess að standa undir óhagkvæmri fjárfestingu.“

Viðkomandi þessu atriði má vísa til ummæla forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar í sjónvarpi 30. okt. sl. þar sem hann ræddi um að auðvelt væri að velta vaxtakostnaði út í verðlagið.

Ég segi svo hér í grg. þessu viðkomandi, með leyfi forseta:

„Þá eru kunn dæmi um vörukaupalán með himinháum vöxtum og sölu á greiðslukortanótum með afföllum. Vegna reglugerðar ríkisvalds um frjálsa álagningu getur verslunin velt þessum okurvöxtum og afföllum út í verð á vöru og þjónustu og yfir á herðar neytenda“, en eins og fram kom áðan vísaði ég til ummæla forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar um að þetta væri ákaflega auðgert í því kerfi sem nú er við lýði.

Áfram segir í þáltill., með leyfi forseta: „Jafnframt verði verðmyndun í innflutningsverslun athug-

uð sérstaklega."

Því er ómótmælt að vöruverð er verulega hærra hér en í nágrannalöndum okkar. Á sínum tíma lét þáv. félmrh., hv. þm. Svavar Gestsson, gera athuganir á innkaupsverði á vörum erlendis. Við þá könnun kom í ljós að langt var frá að keypt væri á hagstæðasta verði inn og kenndu menn þá ákvæðum um hámarksálagningu um. Þar sem lagt væri á eftir hundraðshluta væri tilhneiging að kaupa inn vörur á hærra verði til að ná fleiri krónutölum út úr þeim prósentum sem heimilt var að leggja á vöruna.

Nú hefur álagning verið gefin frjáls en vöruverð sennilega aldrei hærra og aldrei hækkað meira. Í DV nú á föstudaginn var mátti lesa frétt, ég ætla ekki að lesa úr henni, en þar var skýrt frá því að almenn hreinlætisvara hafi hækkað og hækki sem nemur þreföldu verði sínu „í hafi".

Áfram segir í þessari ályktun, með leyfi forseta: „Sömuleiðis verði kannað að hve miklu leyti takmörkun á samkeppni leiði til óhóflegs verðs á vörum og þjónustu."

Samkeppni getur takmarkast af ýmsum ástæðum. Algengasta ástæðan í okkar samfélagi er hvað byggðaeiningar eru smáar og bera ekki miklar verslanir. Við getum farið í huganum yfir landið og við sjáum eina stóra verslun og svo kannski kaupmann lítinn sem hringir út í stóru búðina og spyr hvað varan kosti þar og hann selur hana e.t.v. einhverjum krónum ódýrari. En þetta er auðvitað engin samkeppni þannig að forsendur eru víða mjög hæpnar og engar fyrir samkeppni.

En það er fleira sem kemur til en skortur á samkeppni. Það kemur einnig víða til álagningarstýring. Ég minnist nýskeðs atviks sem varð í mínu kjördæmi, Norðurlandi vestra. Þar er verslun í bæjarfélagi sem selur þekkt erlent vörumerki. Þangað kom fólk úr nágrannabyggðinni og skoðaði þessar vörur, hafði orð á því hvað þær væru miklu ódýrari en í búðinni heima hjá því. Nokkrum dögum síðar hringdi innflytjandi vörumerkisins og spurði í þessari verslun þar sem varan hafði verið skoðuð og var þetta ódýrari: Hvað leggið þið á vöruna frá mér? Og það er nú orðið svo að fólk er hætt gjarnan að tala í prósentum. Það var svarað 1,8. Það þýðir 80% álagning. Það er allt of lítið, sagði maðurinn. Þú verður að leggja a.m.k. á 2, þ.e. þú verður að leggja a.m.k. á 100%. Guð minn góður, sagði konan sem átti verslunina. Það er svo skelfilega dýrt. Það skiptir ekki máli. Ég sel mikið af þessari vöru í stærri verslanir í byggðunum í kringum þig. Þær neita að vera með hana nema þú farir upp með þitt verð.

Þetta er það sem ég kalla álagningarstýringu og það er fullt af svona dæmum.

Ég minni á nýlega umfjöllun í fjölmiðlum um samræmda verðskrá hjá þjónustuaðilum þar sem kom fram að hjólbarðaverkstæði hafa samræmt verðskrár sínar. Menn eru að tala um frjálsa samkeppni, en það er auðvitað frjáls samstaða.

Áfram segir í ályktuninni, með leyfi forseta, að einnig verði þar á meðal sérstaklega könnuð flutningsgjöldin og hvort slíkar aðstæður gefi tilefni til að beita ákvæðum um hámarksverð og hámarksálagningu. Í sambandi við flutningsgjöld yfir hafið eða flutninga yfir hafið, hér er fyrst og fremst við það átt, má segja að þeir sem ráða flutningaleiðum yfir hafið hafi nánast tolltökuaðstöðu á erlend aðföng og útflutning þjóðarinnar. Þessi þáttur í viðskiptum okkar þarf því að vera undir stöðugri aðgát og rannsakast vel. Þarna er e.t.v. komin skýringin á því sem ég sagði frá áðan með hreinlætisvöruna sem þrefaldaðist í hafi og fleira og fleira. Það er einnig viðurkennt almennt, þó ekki hafi það verið staðfest með neinum rannsóknum, að eftir að samkeppni Hafskips lauk hér á flutningaleiðum hafa fragtgjöld hækkað langt umfram allar eðlilegar hækkanir í reksturskostnaði eins og olíu, launum, tryggingu eða öðru.

Ég segi í grg. að óæskilegt sé að hagsmunaaðilar í verslun og þjónustu eigi að miklu leyti sjálfdæmi um þann veigamikla þátt í kaupmætti sem verð á vörum og þjónustu er. Þetta sjálfdæmi felst í frjálsri álagningu á vörur og afar frjálsri verðákvörðun á þjónustu. Og vegna þessa fyrirkomulags ræðst kaupmáttarstig launa mjög af því hvað þessum hagsmunaaðilum tekst að hemja hagnaðartilhneigingu sína. Við skulum gera okkur grein fyrir að kaupmáttarstig í landinu ræðst ákaflega mikið af því hvað þessum til þess að gera fáeinu aðilum tekst að hemja það sem ég kalla hagnaðartilhneigingu sína.

Og áfram segir í grg., með leyfi forseta: „Tilburðir til að örva samkeppni með verðkönnunum og auglýsingum um hæsta og lægsta verð á vöru eru tilviljunarkenndar og ómarkvissar aðgerðir og gagnslitlar nema í örfáum undantekningartilvikum." Og það er vissulega til þar sem samkeppnismöguleikar eru fyrir hendi, enda segir auglýsing á vöruverði ekkert um það hvort álagning á vöruna er t.d. 60, 80 eða 100% eða meira og mjög víða um landið eru engar forsendur fyrir samkeppni. Að því vék ég m.a. áðan.

Á sínum tíma voru verðlagsákvæði afnumin og álagning gefin frjáls og þar flýtti fyrir sú athugun sem þáverandi félmrh., hv. þm. Svavar Gestsson lét gera og kom í ljós að innkaup erlendis voru á óhagstæðu verði, háu. Þá kenndu menn álagningarákvæðunum um og trúðu því að allt illt væri þeim að kenna. Síðan var þetta gefið frjálst og allt hefur hækkað, ekkert lækkað svo manni sé kunnugt um af erlendum aðföngum. Samkeppni í matvöru hefur verið dálítil, það vitum við, og sums staðar er samkeppni til staðar. En reynslan og stærðirnar sýna að það virðist vera hagnaðartilhneiging einstaklinga sem ræður því á hvaða verði við kaupum vöruna og hefur þar með verulega mikil áhrif á kaupmáttarstig þeirra launa sem fastgengisstefnan berst við að halda sem lægstum.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem beðið er um að það sé framkvæmd rannsókn þessu viðkomandi, þannig að við höfum staðreyndir á borðinu, og kannað hvort í framhaldi af því sé

ástæða til að setja hér aftur á ákvæði um hámarksálagningu og eða hámarksverð í einhverjum þáttum viðskiptalífsins.

Ég legg síðan til að þessari þáltill. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ásmundur Stefánsson:

Herra forseti. Vegna þáltill. sem hér er komin fram þá vil ég segja það í örstuttu máli að ég get tekið undir efnislega allt sem í henni stendur og ég hef reyndar á öðrum vettvangi lýst þessum sjónarmiðum til býsna margra ára. Ég held það sé hins vegar rétt að gera sér grein fyrir því að það er afar einföld ástæða fyrir því að það hefur ekki verið unnið með öllu í takt við það sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ástæðan er ósköp einfaldlega sú að það hefur skort fjármagn til að vinna þannig. Við fórum t.d. í tengslum við síðustu kjarasamninga í allumfangsmikla herferð til að veita upplýsingar um vöruverð og vorum þar með mjög harðar kröfur gagnvart Verðlagsstofnun um að leita meira eftir því að ná upp upplýsingum með samanburðarkönnunum og öðrum slíkum hætti. Það hefur síðan dragnast niður aftur vegna þess að það hefur skort fjármagn til að vinna það. Ég er ekki að tala á móti þessari till., en ég bendi á að það hefur verið fullur vilji, hygg ég að megi segja, í Verðlagsstofnun líka til að sinna þeim verkefnum sem þarna er verið að gera tillögu um að sé sinnt. Það sem hins vegar hefur skort er fjármagn til að fara fram með þær ráðagerðir. Leiðin til að skila árangri í þessu efni á skilvirkan og skikkanlegan hátt er því einfaldlega sú að auka fjárveitingar til þess verkefnis sem við hér erum um að ræða. Ég dreg þetta fram hér vegna þess að fjárlög eru nú til umfjöllunar og mér finnst nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum þá skýrt á framfæri til þeirra sem þar koma til með að vinna að málinu. Hvað snertir flm. vill það vel til að bæði fjmrh. og viðskrh. eru samflokksmenn hans þannig að ég treysti því að hann hafi aðstöðu til þess að fylgja málinu eftir á ríkisstjórnarheimilinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

9. fundur, þriðjudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 69. mál (útvarp um streng o.fl.). — Þskj. 72.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á útvarpslögum sem ég flyt ásamt meðflm. mínum Guðmundi Ágústssyni. Ýmsum kann að þykja það vera töluvert óðagot að fara nú að flytja frv. til l. um breytingu á útvarpslögum þar sem þau eru ekki orðin þriggja ára gömul og um það var rætt að þau skyldu endurskoðuð að liðnum þriggja ára reynslutíma, en það er svo að það bólar ekkert á þeirri endurskoðun. Annað er að ég tel að í einni grein útvarpslaganna frá því um vorið 1985 hafi orðið á mikil mistök við lagasetninguna þar sem fjallað er um útvarp um þráð sem ég hef nú kosið að kalla heldur útvarp um streng í samræmi við óskir Póst- og símamálastofnunar sem telur að það eigi að nota hugtakið strengur þegar talað er um útvarp eftir þræði.

Í lögunum frá 1985 er í 5. gr. talað um útvarp um streng. Með leyfi forseta hljóðar 5. gr. svo:

„Fyrir útvarp um þráð gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.:

1. Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.

2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni útvarpsstöðva óbreyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar. Samgrn. skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og hafa eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

3. Útvarp um þráð er ekki háð skilyrðum 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr. sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri sem eru innan samfellds svæðis. Sama gildir innan stofnunar, t.d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss eða vinnustaðar."

Þessi lagagrein hefur verið túlkuð með þeim hætti að hún banni lagningu svokallaðra strengkerfa þar sem dreift er viðstöðulaust útvarps- og sjónvarpsefni til notenda án þess þó að um eiginlegan útvarpsrekstur sé að ræða. Lagagreinin er túlkuð með þeim hætti að til þess að megi dreifa viðstöðulaust til notenda útvarps- og sjónvarpsefni beri að fela það rekstraraðila sem hafi til þess útvarpsleyfi.

Hér er raunverulega um að ræða þrengingu á dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis um streng frá því sem var áður en útvarpslögin voru sett. Í raun og veru eru menn ekki á eitt sáttir um hvernig beri að túlka 5. gr. Sumir telja að það megi lesa út úr henni að dreifing útvarps- og sjónvarpsefnis um streng til notenda sé ekki hluti af útvarpsrekstri, en aðrir telja að það orki ekki tvímælis að hér sé um útvarpsrekstur að ræða.

Þessi túlkun, að það sé ekki heimilt að dreifa útvarps- og sjónvarpsefni um streng til notenda, hefur orðið til þess að tefja framþróun á svokölluðum upplýsinga- og boðveitukerfum sem hafa mikið verið til umræðu hér undanfarin ár. Slík þróun hefur hins vegar verið mjög ör í nágrannalöndunum og það er ekki nokkur vafi á því að hér er verið að tala um framtíðina, þ.e. upplýsinga- og boðveitukerfin, sem koma í kjölfarið á sjónvarpsdreifikerfum. Til að skýra þessi mál og taka af öll tvímæli um hvað sé útvarpsrekstur og hvað sé dreifing á sjónvarps- og útvarpsefni til notenda er þessi brtt. okkar flutt.

Eins og segir í grg. hefur upplýsinga- og tölvuöld hafið innreið sína á Vesturlöndum og samfara henni eru auknar kröfur um meiri og betri fjarskipti. Tölvutæknin hefur líka haft gífurleg áhrif og hún hefur þegar valdið því að það er að verða grundvallarbreyting á símakerfum á þann hátt að þau byggja nú á svokölluðum stafrænum kerfum sem aftur eru byggð upp á tölulegum boðum andstætt því sem áður gerðist, án þess að ég skýri það frekar hér.

Loftnetskerfi hafa lengi verið í notkun, löngu áður en útvarpslögin frá 1985 voru sett. Nægir þar að tala um loftnetskerfi fjölbýlishúsa og loftnetskerfi sem hafa verið byggð t.d. í Hafnarfirði og í Grafarvogi hafa verið lögð loftnetskerfi sem eru ætluð til þess að dreifa útvarps- og sjónvarpsmerkjum til notenda samtímis.

Breiðbandskerfi er strengkerfi sem hefur þann eiginleika að geta flutt mikið magn upplýsinga samtímis á breiðu tíðnisviði fram og til baka. Breiðbandskerfin opna leiðir til nýrra fjarskipta þar sem verður hægt að senda tölvuboð og alls kyns stafrænar upplýsingar fram og til baka ásamt símtölum, hljóðvarps- og sjónvarpsmerkjum frá einum stað til annars. Eins og segir í grg. eiga þau eftir að valda byltingu í öllum mannlegum samskiptum í okkar tíð.

Ég get nefnt sem dæmi hvernig ég sé fyrir mér notkun slíkra breiðbandskerfa. Um breiðbandskerfi má t.d. reka öflugt og fullkomið brunavarnakerfi. Þannig væri hægt að koma fyrir brunaboðum í íbúðum sem eru tengdar við breiðbandskerfi og merki frá brunaboðum mætti síðan flytja á einn stað, t.d. hjá slökkviliðinu, þar sem á tölvuskjá kæmi fram ef brunaboði væri virkur í einhverri íbúð eða einhverju húsi. Þar með gæti samstundis farið fram eftirlit á staðnum, hvort eitthvað sé að. Á sama hátt væri hægt að reka þjófavarnakerfi þannig að nemar í íbúðum og húsum og skrifstofubyggingum gætu verið tengdir við slíkt breiðbandskerfi og skilað merkjum til lögreglustöðvar í því hverfi þar sem breiðbandskerfið er. Þannig væri á sama hátt hægt að koma á tölvuskjá hjá lögreglunni upplýsingum um að þjófavarnabúnaður hafi orðið virkur og síðan hægt að senda strax á staðinn eftirlitssveit til þess að fylgjast með því hvað er um að vera.

Ýmislegt fleira er á döfinni. Með breiðbandskerfinu er ætlað að hafa ýmis mannleg samskipti, svo sem flæði upplýsinga fram og til baka. Við skulum segja að notandi tengdur við breiðbandskerfið gæti pantað upplýsingar frá tölvubanka eða tölvumiðstöð og síðan gæti hann fengið margvíslegar upplýsingar frá bæði bæjarfélögum og ýmsum fleiri aðilum.

Það er reiknað með því að þegar fram líða stundir muni bæði símkerfin og þessi upplýsingakerfi renna saman í eina heild og þá um leið sjónvarps- og útvarpsdreifikerfi þannig að breiðbandskerfi mun í framtíðinni raunverulega leysa allar þessar þarfir samtímis.

Sú tækni sem gerir kleift að byggja hin svokölluðu breiðbandskerfi eru ljósleiðarar sem hafa komið á markað á seinni árum. Á vegum Póst- og símamálastofnunar er verið að leggja ljósleiðara um allt land. Það markmið sem Póst- og símamálastofnun vinnur að er að tengja saman allar símstöðvar landsins með slíkum ljósleiðarastrengjum. Það má segja að það yrði burðarásinn í breiðbandskerfi framtíðarinnar því ljósleiðararnir hafa þann eiginleika að þeir geta einmitt flutt mikið magn upplýsinga fram og til baka. Með ljósleiðarakerfinu væri hægt að senda samtímis síma-, sjónvarps- og hljóðvarpsmerki og tölvuboð á breiðu tíðnisviði, það er nóg plass á ljósleiðarakerfinu.

Sveitarfélögin hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Sumarið 1986 var skipuð samstarfsnefnd sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Póst- og símamálastofnunar til að huga að því hvernig ætti að standa að uppbyggingu breiðbandskerfis fyrir höfuðborgarsvæðið. Hugmynd þessara aðila, þessi nefnd starfaði töluvert seinni hluta árs 1986, var þá sú að komið yrði upp breiðbandskerfi fyrir höfuðborgarsvæðið sem yrði allt í senn, símakerfi og sjónvarps- og útvarpsdreifikerfi. Vegna túlkunar á 5. gr. núgildandi útvarpslaga stoppaði þetta mál og nefndin hætti störfum um áramótin 1986–1987 á þeim forsendum að hún rakst á ákvæði útvarpslaganna eins og þau eru túlkuð og taldi að meðan þau væru óbreytt væri ekki hægt að halda lengra áfram á þessari braut.

Ef horft er til nágrannalandanna er lagning slíkra strengkerfa, sem hér hefur verið lýst, hafin af miklum krafti. Þar eru menn ekki í nokkrum vafa um að það sem kemur til með að ryðja brautina fyrir upplýsingakerfið, þ.e. breiðbandskerfið, er einmitt sjónvarpsdreifingin. Það má segja að það er sjónvarpsdreifingin, aðgangur að auknu sjónvarpsefni, sem vekur áhuga almennings til að taka þátt í þeim kostnaði sem óneitanlega er því samfara að byggja þessi breiðbandskerfi.

Danska þjóðþingið samþykkti árið 1985 lög um breiðbandskerfi, svokallað „hybridnet“ á dönsku, sem er ætlað að tengja saman notendur um alla Danmörku. Fyrsta verkefnið sem á að leysa með danska breiðbandskerfinu er einmitt að taka á móti erlendum sjónvarpsdagskrám og dreifa þeim um landið til notenda.

Í Danmörku hafa loftnetsfélög tíðkast um árabil. Þó má minna á að dönsku útvarpslögin eru enn miklu strangari en hér og frjáls útvarpsrekstur á langt í land í Danmörku miðað við það ástand sem komið er á á Íslandi. M.a., einkum á suðureyjunum og Jótlandi, voru byggð slík loftnetskerfi til að ná sendingum þýska sjónvarpsins. Í heilu bæjunum á Suður-Jótlandi og suðureyjunum hefur fólk sem þar býr komið sér saman um að byggja loftnetskerfi til að ná þessum sendingum og nú hafa þessi loftnetskerfi fengið heimild til að taka á móti sjónvarpssendingum frá gervitunglum. Í því breiðbandskerfi sem póst- og símamálastofnunin danska er nú að byggja í samvinnu við þessi loftnetsfélög er einmitt lögð höfuðáhersla á að dreifa erlendri sjónvarpsdagskrá. Það má segja að þetta erlenda sjónvarpsefni sé

einmitt sá hvati sem þarf til að koma þessu kerfi á.

Svíar hafa leyst þetta á mjög svipaðan hátt. Þó má segja að málin þar séu enn lausari í reipunum en gerist í Danmörku. Þar hafa loftnetsfélög fengið að starfa mjög frjálst og sænska póst- og símamálastofnunin, þ.e. Televerket í Svíþjóð, hefur reyndar tekið að sér sem verktaki að leggja sjónvarpsdreifikerfi fyrir loftnetsfélög sem geta verið bæði í einkarekstri þar sem notendur slá sér saman til að mynda slík félög eða sveitarfélög og notendur í félagsskap standa að slíkum kerfum.

Eins og ég hef getið um hafa menn mjög horft til þess sjónvarpsefnis sem nú er völ á gegnum gervitungl og sýnt því mikinn áhuga að fá tækifæri til að dreifa sjónvarpsdagskrám erlendra sjónvarpsstöðva um loftnetskerfi til neytenda. Mikill fjöldi erlendra sjónvarpsrása er nú aðgengilegur fyrir íslenska sjónvarpsáhorfendur ef þeim væri heimilað að setja upp þessi kerfi.

Þá má ekki síst benda á að nú þegar er hægt að ná velflestum sjónvarpsdagskrám Norðurlandanna á Íslandi. Bæði norsku og sænsku sjónvarpsdagskrárnar eru aðgengilegar nú þegar á Íslandi og tilraunasendingar danska sjónvarpsins eru hafnar. Í ágúst sl. var skotið á loft gervitungli á vegum samtaka póst- og símamálastofnana Evrópulandanna þar sem danskasjónvarpið hefur fengið á leigu sjónvarpssendi til að geta dreift dönsku sjónvarpsdagskránni til Færeyja og Grænlands. Þessar tilraunasendingar eru þegar hafnar og munum við auðveldlega ná þeim hér á Íslandi. Þannig gætum við nú þegar náð því marki, sem mikið hefur verið rætt um undanfarin ár, að komast í beint samband við hinn norræna menningarheim. Við gætum auðveldlega náð þessum norrænu sjónvarpsdagskrám, en ég minni á að fyrir nokkrum árum var mikið um það rætt að Norðurlandaþjóðirnar kæmu sér sameiginlega upp sjónvarpsgervitungli, svokölluðu Nordsat-tungli, í þessu skyni. Nú er búið að leysa þetta á miklu einfaldari og auðveldari hátt þannig að það er, má segja, þegar búið að leysa það verkefni að dreifa helstu dagskrám norrænu sjónvarpsstöðvanna um öll Norðurlönd.

Skv. útvarpslögunum frá 1985 er einstaklingum heimilt að setja upp búnað til móttöku á sjónvarpsefni frá gervitunglum, svo og stofnunum og allt að 36 íbúðum sem geta samtímis tekið við slíkum sendingum séu þær á samfelldu svæði. Þessi búnaður er mjög dýr og er aðeins á færi efnafólks að kaupa og setja upp slíkan búnað. Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða einstakling eða 36 íbúðir samtímis. Ef á að dreifa þessu fyrir fleiri en eina íbúð samtímis þarf mjög flókinn og dýran aukabúnað þannig að kostnaður fyrir t.d. 36 íbúðir er mjög svipaður og fyrir einstakling þannig að það skiptir ekki öllu máli hvort hver íbúð kaupir sjálfstætt sjónvarpsmóttökuloftnet og nauðsynleg tæki samfara því eða hvort 36 einstaklingar slá sér saman. Kostnaðurinn verður mjög svipaður.

Miklu hagkvæmara væri að sjálfsögðu að leysa þetta verkefni með sameiginlegu loftnetskerfi. Þá kem ég aftur að breiðbandsnetinu sem við sjáum þegar vísi að með ljósleiðarakerfi Póst- og símamálastofnunar. Í raun og veru er hægt að hafa allt Ísland sem eitt loftnetskerfi og mætti setja upp eitt loftnet fyrir hverja sjónvarpsrás á þeim stað á landinu þar sem móttökuskilyrði eru best og dreifa því þaðan um allt land. Þegar lokið verður því verki að tengja allar símstöðvar landsins með ljósleiðarakerfinu er hægt að setja upp staðbundin loftnetskerfi sem taka við öllum sjónvarpsmerkjum í viðkomandi símstöð.

Póst- og símamálastofnun hefur sýnt mikinn áhuga á því að tilraunir verði gerðar með slík kerfi á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur beinast við. Í samvinnu við áhugamenn á Seltjarnarnesi, en þar hefur verið unnið mikið að þessum málum, var hugað að því að setja upp tilraunakerfi sem yrði tengt við símstöðina úti á Seltjarnarnesi. Póst- og símamálastofnun ætlaði að setja upp móttökubúnað við Múlastöðina og senda merki þaðan með ljósleiðarakerfinu út á Seltjarnarnes. Þetta átti síðan að vera undanfari þess að hægt væri að leysa dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis fyrir allt höfuðborgarsvæðið með þessum hætti.

En tvær greinar útvarpslaganna frá 1985, 5. og 6. gr., hafa verið túlkaðar á þann hátt að þær banni lagningu slíkra loftnetskerfa nema það sé á vegum útvarpsstöðva sem hafi fengið leyfi til útvarpsrekstrar. Við flm. teljum að með þessu sé komið í veg fyrir eðlilega framþróun á sviði upplýsingatækni á Íslandi sem hins vegar sé komin á hraðferð í öllum nágrannalöndum okkar. Það getur ekki hafa verið ætlunin með nýju útvarpslögunum að þrengja möguleika okkar á móttöku útvarpsefnis frá því sem áður var og því flytjum við þetta lagafrv. til breytinga á útvarpslögum til að leiðrétta þennan misskilning.

Um athugasemdir við einstakar greinar frv. er eftirfarandi að segja:

1. gr. er endursögn á upphaflegu 5. gr. sem er í útvarpslögunum frá 1985, en þar er leitast við að skilgreina betur hvað skuli teljast útvarpsrekstur og hvað ekki þegar talað er um dreifingu á útvarpsefni um streng til notenda.

Loftnetskerfi, þar sem dreift er útvarps- og sjónvarpsefni viðstöðulaust til notenda án þess að þar fari fram nokkur dagskrárgerð, er ekki talin heyra til útvarpsrekstrar.

Þá höfum við bent á að í 6. gr. útvarpslaganna frá 1985 er talað um að móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva sé háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum sé óheimil móttaka slíkra sendinga. Þessi grein í útvarpslögunum frá 1985 er væntanlega til komin vegna þess að á þeim tíma var ekki um að ræða að það væru neinar sendingar sem væru aðgengilegar fyrir almenning. Þá var aðeins um að ræða tilraunasendingar um gervitungl, um svokölluð fjarskiptagervitungl sem eru alfarið rekin á vegum Samtaka póst- og símamálastofnana Evrópulandanna. Í dag,

þ.e. tæplega þremur árum síðar, hefur orðið gífurleg þróun og breyting á þessu þannig að þær sjónvarpsdagskrár, sem nú eru sendar um fjarskiptagervitungl, hafa verið opnaðar til móttöku fyrir allan almenning. Það er eiginlega búist við því að hin eiginlegu sjónvarpsgervitungl, sem voru ætluð til þess að dreifa sjónvarpsefni til almennings, muni vart koma úr þessu, heldur verði lögð áhersla á það að nýta fjarskiptagervitungl til þessara hluta. Þannig hafa Samtök póst- og símamálastofnana Evrópulandanna samþykkt að falla frá allri gjaldtöku vegna þessara sendinga og fyrir sitt leyti hefur Eutelsatfélagið, þ.e. Samband póst- og símamálastofnana Evrópulandanna, fallist á að þessar sendingar séu aðgengilegar fyrir hvern sem er, að því tilskildu að viðkomandi hafi aflað sér leyfis viðkomandi útvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar sem sendir dagskrána um gervitunglið. Þess vegna höfum við talið eðlilegt að 6. gr. útvarpslaganna frá 1985 verði einnig breytt þannig að hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Öllum er heimil móttaka dagskrárefnis sem sent er um gervitungl gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing á dagskrárefni, þráðlaust eða um streng sem komið er til móttökustöðvar um gervitungl, er óheimil nema með samningi við þá útvarpsstöð sem sendir út dagskrárefnið."

Í raun og veru er þetta orðið eina skilyrðið sem þarf að uppfylla, þ.e. að samið sé við viðkomandi útvarpsstöð sem sendir efnið um sjónvarpsgervitunglið.

Að lokum vil ég geta þess að við teljum sjálfsagt og eðlilegt að strengkerfi sem lögð eru, hvort sem það er á vegum einkaaðila, sveitarfélaga eða opinberra aðila, verði háð lögum um fjarskipti og samgönguráðuneytið setji reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og hafi eftirlit með þeim. En það er sú venja og sú regla sem hefur viðgengist í nágrannalöndunum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að hreyft skuli vera við einstökum efnisþáttum í útvarpslögunum. Þau lög voru á sínum tíma mjög umdeild hér í þinginu og athyglisvert þegar við vorum að berjast í því að koma þessum lögum áfram hversu hörð andstaðan innan Alþfl. var gegn frjálsum útvarpsrekstri og frjálsri fjölmiðlun. Það er eftirminnilegt hvernig þeir kúventu í þessu máli frá því sem áður hafði verið og skal ég ekki fara út í að rekja þá sögu nema til þess að undirstrika að þessi lög voru mjög umdeild. En það er auðvitað algjörlega út í bláinn hjá hv. 7. þm. Reykn. að halda því fram að með þessum lögum hafi verið þrengdir möguleikar til útvarpsrekstrar frá því sem áður var. Ég held nú satt að segja að þegar hann kom að þeim kafla í ræðu sinni þá hafi hann mistalað sig og ætlað að segja að möguleikarnir hafi ekki verið opnaðir eins mikið og hann hefði kosið, sem er auðvitað allt, allt annað mál, eins og kom fram í öðrum köflum í hans ræðu þegar hann talar um önnur atriði.

Ég vil ekki, herra forseti, fara út í efnislegar umræður almennt um fjarskipti né nýjungar á sviði fjarskipta. Til þess hef ég ekki tæknilega þekkingu og fylgist satt að segja ekki nægilega vel með. Mér skilst að vísu að það sem kallað er ljósleiðarakerfi sé skilgreint með þeim hætti að það sé eins konar þjóðvegur fyrir boðmiðlun með rafsegulöldum. Þetta þýðir á mæltu máli að með þessum breiðbandsnetum opnist ótal margir möguleikar, eins og hér var rakið áðan, til þess að koma boðum á milli, hvort sem það er sjónvarpsefni, notkun á tölvum, símaþjónusta eða hvað eina sem um er rætt. Auðvitað er það rétt sem fram kom í máli hv. þm. að í lögum, sem fjalla um tæknibúnað, hættir okkur til að setja of þröngar skorður vegna þess hversu hröð þróunin er og eðlilegra að slík ákvæði séu sett í auglýsingar eða reglugerðir því að auðvitað verðum við að fylgja alþjóðlegum samningum um slík atriði. Ég ætla því ekki að taka afstöðu til þess sem hv. þm. sagði um þau efni að öðru leyti en því að ég er honum sammála um það að ef hér á landi verður sett upp móttökustöð fyrir sjónvarpsefni frá gervihnöttum þá geti slík stöð hvort sem heldur er verið rekin af Pósti og síma, opinberum aðilum eða einkaaðilum. Um þetta er ekki ágreiningur okkar á milli.

Hins vegar vakti það athygli mína þegar hv. þm. gerði grein fyrir sínu frv. að hann vék ekki einu einasta orði að því sem er kjarninn í hans tillöguflutningi, nefnilega sá að brjóta niður þá reglu að skylt sé að láta íslenskan texta eða endursögn þular á íslensku fylgja sjónvarpsefni sem dreift er. Eins og hv. þm. setur þetta mál fram, þá telur hann sjálfsagt að öllum sé heimil móttaka dagskrárefnis sem sent er um gervitungl gagngert til dreifingar til almennings og hann talar um loftnetskerfi fjölbýlishúsa, svo og loftnetskerfi fyrir bæi eða bæjarhluta þar sem dreift er viðstöðulaust útvarpsefni frá innlendum og erlendum útvarpsstöðvum. Slíkt útvarpsefni á ekki að heyra til útvarpsrekstrar í skilningi laganna um útvarpsefni.

Það er undarleg hugsun að slá því föstu að sjálfsagt sé að erlendar stöðvar eigi að hafa frjálsari hendur um dreifingu sjónvarpsefnis á Íslandi en þær sjónvarpsstöðvar sem hafa fengið leyfi til sjónvarpsrekstrar hér á landi.

Þegar útvarpslögin voru sett var enginn ágreiningur um 2. tölul. 3. gr. laganna þar sem segir:

„Óheimilt er að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%." — Um þetta var fullkomið samkomulag.

Ég held líka að það muni fleiri þm. en ég hika við að samþykkja lagaákvæði sem fela það í sér að íslenska sjónvarpið, hvort sem það er Ríkissjónvarpið eða Stöð 2, skuli þurfa að kosta háum fjárfúlgum til að mega endursenda erlent sjónvarpsefni, þar sem þessar tvær sjónvarpsstöðvar eru bundnar því skilyrði að þurfa að láta texta fylgja á íslensku eða endursögn þular á hinu erlenda sjónvarpsefni, ef svo

einhverjir aðrir aðilar eiga að fá að senda erlenda sjónvarpsefnið viðstöðulaust. Auðvitað eru það þá engin rök í því máli að þessi viðstöðulausa endursending, ef ég má nota það orð, skuli einungis ná til bæjarhluta eða bæja. Bæir í þessari merkingu hlýtur t.d. að þýða allt Stór-Reykjavíkursvæðið eins og það leggur sig. Það eru bæir. Og ef heimild yrði skv. þessum 4. tölul. 1. gr. að senda slíkt erlent sjónvarpsefni viðstöðulaust áfram til allra bæjanna hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þá vaknar sú spurning: Af hverju má þá ekki senda viðstöðulaust til héraða, byggðarlaga þó það séu ekki kaupstaðir eða kauptún? Við getum auðvitað ekki fallist á orðalag af þessu tagi.

Nú veit ég að fyrir hv. þm. vakir ekki mismunun með þessum hætti. Ég veit að hann er mikll áhugamaður um frjálsan útvarpsrekstur og virði hans áhuga. Ég skil vel ákafa hans í þessum tillöguflutningi en ítreka það sem ég sagði áðan: Ef við viljum stíga það skref að gefa erlendum sjónvarpsstöðvum opna heimild til þess að endurvarpa sínu efni yfir íslenska notendur í gegnum sérstakar endurvarpsstöðvar *án þess að skilyrðunum um íslenskan texta* eða endursögn þular á íslensku sé fullnægt, þá hljótum við um leið og samtímis að falla frá þessum skilyrðum gagnvart Ríkissjónvarpinu og Stöð 2. Þetta hangir auðvitað algjörlega saman.

Ég get á hinn bóginn kannski sagt: Ef hinar erlendu stöðvar mundu uppfylla þessi skilyrði um íslenskuna, að þeir létu íslenskan texta fylgja sínum sendingum um gervihnött, þá hef ég ekkert við það að athuga að þessar erlendu stöðvar geti komið inn á hinn íslenska markað vegna þess að ég er unnandi frjáls útvarpsrekstrar. Og ef erlendar þjóðir vilja leggja í slíkan kostnað fyrir okkur Íslendinga þá yrði ég bara feginn því. En ég get ekki fellt mig við að erlendar stöðvar að þessu leyti sitji við annað og hærra borð en Íslendingar sjálfir sem hafa fengið leyfi til útvarpsrekstrarins.

En þá skulum við víkja að hinu. Er það úrelt hugsun að við skulum leggja áherslu á íslenskuna í sambandi við útsendingu á sjónvarpsefni? Það má velta þessu fyrir sér. Mér skilst að a.m.k. sumar sjónvarpsstöðvar í Frakklandi og Þýskalandi séu svo einarðar í ást sinni á móðurmálinu að það sé sett *franskt og þýskt tal inn á sjónvarpsefni frá þessum* stöðvum og ugglaust er það gert víðar. Ég er ekki nógu kunnugur til að ég þori með það að fara. Þetta er farið að gera með barnaefni hér á landi. Ég er ekki að halda því fram að við eigum að ganga svo langt. En ég hlýt á hinn bóginn að segja að ef tilgangurinn með þessum frumvarpsflutningi er fyrst og fremst sá að opna möguleikana fyrir því að sjónvarpsefni verði hér sýnt án íslenska textans, þá er best að segja það umbúðalaust því að það er ótrúlegur kostnaður, bæði rekstrarkostnaður við þýðinguna jafnóðum og líka tæknibúnaður, kostnaður við tækjabúnað, sem því fylgir að texta hið erlenda sjónvarpsefni. Ég vil, herra forseti, að þetta komi alveg skýrt fram til þess að afstaða mín a.m.k. sé ljós varðandi þetta frv.

Þetta mál kemur eflaust til meðferðar í menntmn. deildarinnar. Þá geta þm. auðvitað rætt þetta nánar, hvort þeir telja eftir atvikum að þessi stranga krafa um íslenskuna sé of ströng, hvort þm. séu þeirrar skoðunar að ástæðulaust sé að texta erlent sjónvarpsefni eða láta endursögn þular á íslensku fylgja. Við getum rætt það í menntmn. hvort við viljum láta hin erlendu tungumál flæða yfir okkur hömlulaust með þeim rökstuðningi þá að við verðum sem fyrst að búa okkur undir það sem óhjákvæmilegt verður innan tiltölulega skamms tíma. Þetta er efnisatriði sem rétt er að ræða ofan í kjölinn og ég er reiðubúinn að gera það þegar þar að kemur. En á hitt get ég undir engum kringumstæðum fallist að erlendu stöðvarnar eigi að sitja við annað og hærra borð en þær íslensku. Að einungis ef stöðin sem sendir út efnið er erlend, þá megi viðstöðulaust senda erlent sjónvarpsefni yfir landslýðinn, en það megi ekki gera ef íslensk sjónvarpsstöð sendir efnið. Þetta er auðvitað algjörlega óaðgengilegt og ég geri ekki ráð fyrir að á það verði fallist í deildinni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorður um þetta frv. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við það og lýsa nokkurri furðu minni yfir sumum ummælum hv. þm. Halldórs Blöndals þar sem mér finnst hann eiginlega ræða málið á nokkuð öfgafullan hátt ef maður skoðar það ofan í kjölinn. Ég hef t.d. aldrei verið sannfærður um að það ákvæði, sem hann vitnar til, um að skylda skuli sjónvarpsstöðvar til þess að hafa íslenskan texta á öllu efni, að það ákvæði væri tæknilega framkvæmanlegt. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að þetta ákvæði væri óraunhæft og það er raunverulega óframkvæmanlegt þegar maður skoðar það til hlítar. Þess vegna finnst mér það fyrirsláttur að lýsa yfir andstöðu við fram komið frv. sem felur í sér sjálfsagt frelsi manna til þess að nýta þá möguleika sem framtíðin býður upp á á sviðum fjarskipta í sambandi við sjónvarpsefni.

Það hefur ekki verið gerð athugasemd við það hingað til á Íslandi að menn gætu hlustað á erlendar útvarpsstöðvar og heldur hafa ekki verið gerðar *ráðstafanir til þess að trufla það að menn gætu* hlustað hér á danskar útvarpsstöðvar, enskar, bandarískar eða hvað þær heita — ég tala nú ekki um þær rússnesku sem flæða hér yfir landið á hverju kvöldi á enskri tungu þar sem verið er að reyna að troða áróðri inn í þá sem skilja ensku, en flestir Íslendingar sem hafa stundað framhaldsnám eiga mjög auðvelt með það. Það eru ekki gerðar athugasemdir við það né gerðar ráðstafanir til þess að trufla slíkar útvarpssendingar sem hljóta að vera skaðlegar, alla vega fyrir þá sem skilja það sem þar fer fram eða eru opnir fyrir þeim áróðri sem þessar stöðvar flytja.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að það sem þetta frv. fjallar um er staðreynd.

Það er staðreynd í hinum vestræna heimi að víðast hvar, sérstaklega á meginlandi Evrópu — ég tala nú ekki um í Bandaríkjunum — á allur almenningur aðgang að sjónvarpsefni með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er svo annað mál og stærra hvernig við ætlum að vernda íslenska tungu og íslenska menningu. Ég held að við verðum að leita annarra leiða í þeim efnum en þá að girða fyrir það að fólk geti nýtt sér þá tækni sem fram undan er í fjarskiptum. Í þeim efnum held ég að menn verði þá að leggja meiri rækt við þjóðernismetnað, þjóðernisvitund og almenna menntun Íslendinga og innrætingu um það hvað það er að vera Íslendingur, og kemur þá fleira til en það efni sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég minni á að hér tala menn á hv. Alþingi og víðar um það að sjálfsagt sé að fá erlenda aðila inn í íslenskt viðskiptalíf og íslenskt atvinnulíf — ég vil hafa allan fyrirvara í þeim efnum ekki síður en í því efni sem hér um ræðir — og er það örugglega miklu stærra mál heldur en það hvort Íslendingar geti horft á eina eða fleiri sjónvarpsstöðvar í framtíðinni. Hins vegar er það rétt að leggja ber áherslu á að það efni sem kemur inn í landið sé þess eðlis að það skaði ekki það fólk sem býr í landinu.

Á sínum tíma átti ég nokkurn þátt í breytingum í frjálsræðisátt í sambandi við útsendingu hljóðvarps og sjónvarps á Íslandi og ég vil segja það að framkvæmd þeirra breytinga hefur verið með ýmsum hætti og kannski ekki alveg eins og margir hefðu óskað. En hvað sem því líður hefur aukin samkeppni haft það í för með sér að t.d. Ríkissjónvarpið og Ríkisútvarpið hefur tekið sig mjög á um það að vanda meir til efnis og áhrif stjórnmálamanna eru ekki eins mikil og þau voru áður fyrr í sambandi við þennan veigamikla og sterka fjölmiðil.

Ég vil þess vegna mótmæla því að sjónarmið stjórnlyndis og afskipta af hálfu kerfiskarla eða stjórnmálamanna eigi að koma hér til skjalanna í þessu máli frekar en orðið er. Ég legg þess vegna áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga og lýsi yfir fullum stuðningi við það.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkrar athugasemdir vegna þess frv. sem hér hefur verið lagt fram. Fæstum blandast hugur um mikilvægi fjölmiðla í nútímasamfélagi. Fjölmiðlar gegna stöðugt mikilvægara hlutverki í skoðanamyndun og félagsmótun almennings auk þess að vera mikilvægur miðill listsköpunar, menningar og afþreyingar. Því má segja að fjölmiðlar séu áhrifavaldar á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Þingkonur Kvennalistans lögðu fram frv. til útvarpslaga árið 1984. Í því var gert ráð fyrir einkarétti ríkisins til útvarpsreksturs en jafnframt miklum endurbótum á Ríkisútvarpinu. Það fól í sér að útvarpið yrði í raun útvarp allra landsmanna sem allir ættu góðan aðgang að. Við töldum og teljum að það frelsi, sem mest var talað um í tengslum við frjálsa fjölmiðlun, væri frelsi sem aðeins felur í sér réttindi en ekki skyldur. Réttindi þeirra sem fjármagn hafa til þess að stofna útvarpsstöðvar en hafa engum skyldum að gegna gagnvart tjáningarfrelsi allra einstaklinga. Þær skyldur uppfyllir einungis útvarp allra landsmanna.

Með frv. þessu er enn boðað aukið frelsi í fjölmiðlun. Með hliðsjón af því hversu sterkir áhrifavaldar fjölmiðlar eru á öllum sviðum þjóðfélagsins þykir okkur kvennalistakonum rétt að staldra við og hvetjum við til þess að menn athugi sinn gang áður en allar flóðgáttir eru opnaðar.

Samkvæmt núgildandi útvarpslögum skulu útvarpsstöðvar stuðla að eflingu íslenskrar menningar og tungu. Engum blandast hugur um mikilvægi fjölmiðla í þessum efnum og ef allar gáttir eru látnar standa opnar gefur auga leið að bæði íslenskri menningu og tungu er hætta búin. Ég vil því taka undir orð hv. 2. þm. Norðurl. e. varðandi það sem hann sagði um íslenskuna. Það er engin ástæða til að erlendar sjónvarpsstöðvar þurfi ekki að uppfylla sömu skyldur og íslenskar stöðvar varðandi íslenskan texta eða tal.

Nú er svo komið að kennarar margra ungra barna verða varir við að börnin nota erlend orð og hugtök í stórum stíl án þess að gera sér grein fyrir að þau eru ekki að tala íslensku. Og það er vandséð hvernig við getum haldið tungu okkar sæmilega ómengaðri ef við ættum þess kost að horfa á erlent efni án íslensks texta eða tals allan sólarhringinn, en það er reyndar brot á textalögunum. Það er m.a.s. oft ekki nóg að hafa eingöngu íslenska texta, þ.e. í barnaþáttum þar sem flestir áhorfendur eru börn sem eru enn ekki orðin læs. Í slíkum þáttum er alls ekki nóg að hafa einungis textana, heldur þyrfti líka að tala inn á myndirnar.

Það er reynsla þeirra þjóða sem leyfa beinar sendingar erlendis frá, t.d. Svía, að málvitund manna slævist. Síðustu vikurnar hefur mikið verið fjallað um versnandi kunnáttu íslenskra skólanemenda í móðurmálinu og er fjölmiðlum m.a. kennt um. Hvort sem satt reynist eður ei megum við aldrei gleyma þeirri meginskyldu fjölmiðla að sýna gott fordæmi með málfari sínu og stuðla þannig stöðugt að verndun íslenskrar tungu. Hvar værum við Íslendingar, 250 þús. sálir, án tungu okkar, við sem stöðugt stærum okkur af glæstri menningu og ekki síst því að geta enn þann dag í dag lesið fornsögurnar.

Þá ber einnig að hafa í huga að erlendis gilda allt aðrar reglur um auglýsingar, sem eru mikill áhrifavaldur í daglegu lífi okkar, ekki síst barna og unglinga. Í erlendum sjónvarpsstöðvum þykir sjálfsagt og eðlilegt að auglýsa bæði áfengi og tóbak, og margar aðrar auglýsingar brjóta í bága við íslensk lög, t.d. jafnréttislög. Þá er með öllu ógerlegt að koma í veg fyrir að börn horfi á ofbeldis- og klámmyndir sem samræmast engan veginn lögum um vernd barna og unglinga, en útvarpsstöðvar hér á landi bera að sjálfsögðu ábyrgð í þeim efnum.

Við teljum því nauðsynlegt að aðgát sé höfð þegar talað er um að opna hér fyrir sendingar um gervihnetti og við teljum nauðsynlegt að fyrst og fremst sé haft í huga að fjölmiðlar eiga að vera menningarmiðill til allrar þjóðarinnar og það er nauðsynlegt að þeir byggi á íslenskri menningu fyrst og fremst. Ég vil að lokum, með leyfi forseta, vitna í greinargerð Kvennalistans sem fylgdi frv. okkar til útvarpslaga 1984:

„Hin öra tækniþróun, sem átt hefur sér stað í dreifingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis, hefur skapað margvíslega möguleika, m.a. til móttöku erlends efnis. Það má þó aldrei verða stefna Íslendinga að nota tæknina tækninnar vegna og verða þannig þrælar hennar, heldur ber að nota tæknina í þjónustu íslenskrar menningar."

Og ég vil líka aðeins nefna að það kom fram í umræðum í gær um útvarpsmál að litið var á þetta sem hugsanlega bót á dreifikerfi úti á landsbyggðinni, en ég held að mörg hinna minni sveitarfélaga hafi e.t.v. alls ekki efni á slíkum tækjakaupum og að hvorki landfræðilega né efnahagslega sé hægt að bera saman Seltjarnarnes og Dalasýslu.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að afsaka að mér láðist í framsögu minni að leggja til að málinu yrði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og geri ég það hér með.

Ég vil segja það að sjálfur er ég enginn sérstakur áhugamaður um sjónvarp. Ég hef miklu meiri áhuga á hinum þætti málsins, sem ég hef lagt mikla áherslu á í frv., þ.e. upplýsinga- og boðveitan sem ég sé opnast möguleika fyrir með því að veita þessa heimild. Það er ekki nokkur vafi á því, og það hafa tæknimenn Póst- og símamálastofnunar tjáð mér, að meðan það ástand varir að ekki er heimilt að dreifa hér á Íslandi erlendu sjónvarpsefni frá gervitunglum, þá verður ekki nein upplýsinga- eða boðveita lögð hér. Í nágrannalöndunum er það einmitt sjónvarpsdreifingin sem ryður brautina fyrir breiðbands- og upplýsingakerfið.

Hvað varðar textunina er það alveg rétt að ég kom ekkert inn á hana. Ég get hins vegar fjallað um hana, sbr. það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. gat um í ræðu sinni áðan. Ég er algjörlega sannfærður um að það er einmitt þessi textunarskylda sem gerir það að verkum að höfuðáhersla er lögð á að dreifa hér ódýru, lélegu, amerísku sjónvarpsefni. Það er fyrst og fremst slíkt efni sem borgar sig að þýða. Hins vegar er okkur þar með meinað að horfa á ýmiss konar menningarefni. Með því að fá að taka á móti erlendum sjónvarpssendingum væri t.d. hægt að fá að horfa á franskt sjónvarpsefni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi síbylja amerísks afþreyingarefnis með íslenskum texta er það sem er að eyðileggja íslenska tungu en ekki það að leyft yrði að horfa á vandað franskt, ítalskt og þýskt menningarefni óþýtt. Það mundi ekki valda neinu tjóni á íslenskri tungu fyrir utan það að sá kostnaður sem fer í það að texta erlent sjónvarpsefni væri miklu betur kominn til þess að efla íslenskukennslu í grunnskólunum. Það er þar sem að kreppir í sambandi við íslenskukunnáttu okkar, það er ekki nógu góð íslenskukennsla hér, hvorki í grunnskóla né framhaldsskóla. Þar kreppir skóinn að en ekki í því að texta erlent sjónvarpsefni.

Ég tel alveg sjálfsagt að eftir sem áður verði allt sjónvarpsefni textað sem er hér sýnt hjá íslenskum sjónvarpsstöðvum og ég tel það best gert með því að hafa hvatningarákvæði í lögunum um það að leitast skuli við að senda allt erlent sjónvarpsefni með íslenskum texta þegar því verður við komið. En það segir sig sjálft að því verður ekkert við komið þegar ætlunin er að horfa t.d. á erlendar sjónvarpsfréttir í beinni útsendingu frá erlendum sjónvarpsgervitunglum.

Við getum eflaust tafið þá þróun að almenningur á Íslandi geti horft á erlendar sjónvarpssendingar með því að banna lagningu strengkerfa til þess að notendur geti á ódýran hátt náð í erlendar sjónvarpssendingar. Við getum í hæsta lagi tafið það í nokkur ár. En þegar fram líða stundir mun móttökuútbúnaður verða eitthvað ódýrari þannig að hver og einn setur þá einfaldlega upp sjónvarpsmóttökuloftnet við sína íbúð eða við sitt heimili. Það þýðir þá einfaldlega að bæir og byggðarlög á Íslandi verða einn óhræsilegur loftnetsskógur sjónvarpsloftneta, með diskloftnetum við hvert hús. Nú þegar geta hinir efnameiri í þjóðfélaginu veitt sér að setja upp sjónvarpsmóttökudisk fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar og enginn amast við því. Og hvað er þá verið að tala um? Er verið að tala um það að þeir sem hafa ekki efni á því að kaupa sér móttökuloftnet fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar megi ekki horfa á þær af því að þeir hafa ekki efni á því, af því að þeir geta ekki leyst þetta sameiginlega? Mótsagnirnar í þessu eru svo miklar að þær taka engu tali.

Ég vil ítreka það enn einu sinni að við getum í besta falli tafið þessa þróun um nokkur ár og það sem gerist er að sú tæknibylting, sem ég lýsti í grg. með frv., þ.e. boðveitan, upplýsingaveitan, verður líka tafin um jafnlangan tíma því að hún kemur ekki nema sjónvarpsdreifingin fylgi með. Það er reynsla nágrannalandanna.

Ég vil að lokum ítreka að íslenskunni verður betur bjargað með því að efla íslenskukennsluna í skólakerfinu en með því að texta lélegt, amerískt afþreyingarefni sem flæðir hér yfir markaðinn til þess að rugla íslenskukunnáttu allra sem á það horfa.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess í minni fyrri ræðu að sú nefnd sem á að endurskoða útvarpslögin hefur þegar verið skipuð þó svo að enn sé drjúgur tími þangað til slíkri endurskoðun laganna á að verða lokið eða rúmlega ár. Útvarpslögin tóku gildi 1. jan. 1986 en í lögunum er gert ráð fyrir því að endurskoðun verði lokið fyrir 1. jan. 1989. Þessi nefnd hefur verið skipuð þannig að ég fæ nú

ekki séð að það sé við ráðherra að sakast ef einhver seinagangur hefur orðið í þeim efnum heldur við þingið sjálft fyrir að setja þennan þriggja ára frest.

Ég ætla lítið að segja um málin að öðru leyti. Ég varð svolítið undrandi á ræðu hv. 14. þm. Reykv., Guðmundar H. Garðarssonar. Hann hefur greinilega ekki hlustað á það sem ég sagði áðan, en kjarninn í minni ræðu var sá að tækninni fleytti svo fram að það gæti vel verið að óraunhæft væri að setja sér þá stefnu að íslenskar útvarpsstöðvar skyldu setja íslenskan texta á endursent efni eða láta endursögn þular fylgja. Ég tók það einmitt sérstaklega fram og sagðist vera reiðubúinn til að ræða það í þingnefnd hvort ástæða væri til að falla frá því, og gefa þá eftir varðandi íslensku, þannig að Ríkisútvarpið og Stöð 2 gætu endursent efni beint án íslenska textans og án endursagnar þularins. Því að auðvitað er óhugsandi að hugsa sér það sem hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan að einungis lélegt, amerískt afþreyingarefni megi fara í gegnum Ríkisútvarpið en hins vegar megi franskar úrvalsmyndir fara í gegnum einhverjar endurvarpsstöðvar sem séu af öðrum reknar. Auðvitað verður Ríkisútvarpið að hafa sömu möguleika og aðrir, og líka Stöð 2, til þess að láta Íslendinga njóta úrvalsefnis annars staðar frá. Ég geri ráð fyrir því að þetta muni ekki verða ásteytingarsteinn okkar á milli og við hljótum að geta orðið sammála um það hér í deildinni að ástæðulaust sé að setja þessum tveim sjónvarpsstöðvum strangari skilyrði um útsendingu efnis en öðrum. Ég vil a.m.k. vænta þess.

Herra forseti. Ég vil ítreka að ég tel eðlilegt að menntmn. taki þetta mál upp. Ég er opinn fyrir öllu en ég vek athygli á því, eins og kom raunar fram hjá hv. fyrsta flm. í síðari ræðu hans hér áðan, að kjarninn í frv. er sá að það eigi að opna möguleika á því að hér sé hægt að setja upp endurvarpsstöðvar fyrir erlent sjónvarpsefni sem megi senda viðstöðulaust til notenda án íslenska textans og án þess að íslenskur þulur komi þar nokkurs staðar nærri. Hinar erlendu stöðvar eiga með þessum hætti að geta flætt yfir landið, en á hinn bóginn eigi Ríkisútvarpið og Stöð 2 að vera bundin við textunina, við þau skilyrði að verða að texta sínar myndir og, eins og hv. þm. sagði, þó svo það hafi í för með sér að sjónvarpsefni þeirra hljóti kostnaðarins vegna að verða ömurlegra, lélegra, verða annars flokks. Auðvitað getum við ekki fallist á það að binda þannig hendur íslenska rekstraraðilans að hann sé ekki að þessu leyti samkeppnisfær við hinn erlenda.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

10. fundur, þriðjudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum, 1. umr.

Frv. SJS og KE, 65. mál. — Þskj. 68.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þetta er 65. mál á þskj. 68. Hér er um endurflutning á frv. að ræða sem var lagt fram seint á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frv. er lítillega breytt frá þeirri útgáfu sem þá var lögð fyrir þingið og eins og vera ber var tíminn notaður sl. sumar til að endurbæta þingmálið og fara yfir það og auka lítillega við það sem á þótti vanta. Ný grein hefur bæst við frá fyrra ári og er nú 11. gr. frv.

Frv. þetta til laga um friðlýsingu lands og lögsögu fyrir kjarnorkuvopnum og eiturefnavopnum er þannig til komið að vegna þeirrar miklu umræðu sem verið hefur á undanförnum árum um kjarnorkuvá, bæði vegna kjarnorkuvopna og eins vegna annarrar beislunar kjarnorku, hafa ýmis lönd og ýmsar þjóðir og hópar þjóða tekið sig saman um reglur. Friðlýsing af einhverju tagi fyrir kjarnorkuvopnum og jafnvel strangar reglur um kjarnorkunotkun yfir höfuð hefur verið lögfest í nokkrum löndum eða hópum landa. Er þar nýlegasta dæmið um Nýja-Sjáland sem á síðasta þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington lögfesti frv. sem var flutt af forsætisráðherra landsins, David Lange, um friðlýsingu Nýja-Sjálands fyrir kjarnorkuvopnum. Það frv. sem hér er lagt fram er að hluta til sniðið eftir hinu nýsjálenska frv., enda hófst vinnan að samningu þessa frv. með því að afla hinna nýsjálensku gagna og láta þýða þau að hluta til yfir á íslensku.

Helstu ástæður fyrir flutningi frv. eru tíundaðar í grg., en fyrst og fremst er það vegna þess að það er yfirlýst stefna á Íslandi að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn og því þykir eðlilegt og rökrétt í framhaldi af því að festa það í lög landsins. Það er jafnframt skoðun fyrri flm. a.m.k. að eðlileg næstu skref að slíkri lögfestingu væru almenn ákvæði í stjórnarskrá þar sem þetta væri enn þá betur bundið. Þetta er samanber ályktun Alþingis frá því í maí 1985 þar sem ítrekuð er sú stefna að á Íslandi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Einnig vil ég nefna yfirlýsingu hæstv. fyrrv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar frá 16. apríl 1985 um að þessi stefna okkar Íslendinga taki einnig til komu herskipa inn í íslenska lögsögu, inn í íslenska landhelgi og komu þeirra eða heimsókna til íslenskra hafna. Þá vil ég enn fremur nefna yfirlýsingu sem kom fram á Alþingi fyrir nokkrum dögum þegar hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson ítrekaði héðan úr þessum virðulega ræðustól ummæli sem hann hafði áður haft í fjölmiðlum

þess efnis að þessi stefna, um að hér skyldu ekki vera kjarnorkuvopn, skyldi bæði ná til friðar- og ófriðartíma, þ.e. að vera altæk og án fyrirvara eða undanþága. Þar með tel ég, virðulegur forseti, að í raun sé rækilega yfirlýst orðið að Ísland á heimavelli sé kjarnorkuvopnalaust og kjarnorkufriðlýst svæði. Öðruvísi verður þessi stefna, þegar hún hefur bæði fulltingi Alþingis og ríkisstjórna og þessar yfirlýsingar tveggja hæstv. utanrrh., ekki túlkuð að mínu mati. Það sem þá vantar á að hægt sé að tala um Ísland sem kjarnorkufriðlýst svæði í hefðbundnum skilningi er hin alþjóðlega réttarstaða sem slík svæði eða lönd hafa aflað sér í tengslum við slíkar yfirlýsingar. Þetta frv. gerir ráð fyrir að slíkra yfirlýsinga, slíkrar alþjóðlegrar stöðu, réttarstöðuyfirlýsingarinnar verði aflað.

Eins og ég sagði, herra forseti, er þetta frv. í meginatriðum óbreytt frá síðasta þingi og þar af leiðandi gildir framsaga fyrir því í öllum meginatriðum og þarf í raun og veru ekki að hafa þar aðra fyrirvara á en sem ég hef þegar rakið, að nýsjálenska frv. er nú orðið að lögum, en það er nær óbreytt frá hinu upphaflega frv. og flm. sáu ekki ástæðu til að láta þýða hina endanlegu gerð laganna þar sem þau eru nánast samhljóða frv. sem er fyrsta fylgiskjal með þessu.

Síðan er það þessi nýja 11. gr. sem fjallar um flutninga á kjarnakleyfum efnum eða kjarnorkuúrgangi og bannar hann innan hins friðlýsta svæðis og bannar stranglega alla losun kjarnorkuúrgangs og geislavirkra efna hvort sem þau teljast lággeislavirk eða hágeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, innan hins friðlýsta svæðis. Þetta ákvæði er m.a. sett vegna þeirra umræðna sem verið hafa undanfarið um losun kjarnorkuúrgangs í sjó og hættu á geislamengun hafanna. Og þó að í gildi séu alþjóðlegir samningar sem takmarka þetta verulega og banna í flestum tilvikum eru þeir samningar, eins og Lundúnasamningurinn, ekki afdráttarlausir, auk þess sem það er ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar setjum okkur sjálfir sérstök og ströng ákvæði um þetta í okkar eigin lögum. Það eru í gildi á Íslandi ákveðin lög sem þetta snerta, en þau taka t.d. ekki afdráttarlaust til orða hvað varðar mismunandi skaðlegan úrgang.

Herra forseti. Ef ég renni í örstuttu máli yfir frv., þá felur það í sér í 1. og 2. gr. í raun markmiðssetningu laganna, þ.e. að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu. Þetta er nokkurn veginn samandregið megininntak laganna. Þeir sem ekki vilja lesa mikið lengra fá í raun og veru nokkra hugmynd um hvað frv. snýst um af lestri 2. gr. 3. gr. fjallar um þær skilgreiningar sem í raun er óhjákvæmilegt að hafa innan slíkra laga, þ.e. hvað sé átt við með orðunum kjarnorkuvopn, hvað sé átt við með orðinu eiturefnavopn, hvað sé átt við með hinu friðlýsta svæði sem er, eins og segir í 3. gr.:

„Íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsaga og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.“ Hið „friðlýsta svæði“ merkir hið sama og Ísland eða íslensk lögsaga í þessu efni.

Varðandi skilgreininguna á kjarnorkuvopnum er í raun nægjanlegt að vísa til hefðbundinnar alþjóðlegrar skilgreiningar í þessum efnum sem er í stuttu máli sú að kjarnorkuvopn séu einungis sprengihleðslan sjálf og ekki flutningstækið svo fremi sem hægt sé að skilja þetta tvennt að. Þetta sé sem sagt þröng skilgreining sem nái eingöngu til sjálfrar sprengihleðslunnar. „Eiturefnavopn“ er hér látið ná yfir nánast allar hugsanlegar tegundir lífrænna orsakavalda sem nota má sem vopn.

Hvað varðar svo skilgreininguna á því hvað skal teljast kjarnorkuvopnað farartæki er nærtækast, sbr. 13. gr. og skýringar við hana, að vísa til þeirrar skilgreiningar sem stórveldin notast við í sínum samskiptum svo sem eins og í SALT-samningunum þar sem það er rækilega útskýrt hvað skuli teljast kjarnorkuvopnað farartæki eða stöð. Í 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr. frv. eru í raun tíundaðar þær kvaðir sem lögin setja á íslenska ríkisborgara og íslenska ríkið og aðra þá aðila sem hér falla undir, svo sem eins og menn sem eru í þjónustu íslenska ríkisins, hvort sem þeir eru hér á landi eða annars staðar, og í 12. gr. eru undanþáguákvæði sem óhjákvæmilegt er að hafa í lagasetningu af þessu tagi vegna þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist m.a. í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt friðsamlegrar umferðar farartækja í gegnum landhelgina. Þó er það skýrt tekið fram í 12. gr. að nær landinu en að 12 sjómílna mörkum og lofthelginnar þar uppi yfir skuli engar undanþágur af neinu tagi leyfðar, engin umferð kjarnorkuvopnaðra farartækja, engar heimsóknir kjarnorkuknúinna farartækja o.s.frv.

Það kunna að vera uppi þjóðréttarleg álitamál um það hvort 12 sjómílna landhelgin og lofthelgin þar uppi af haldi hvað þetta ákvæði varðar, en það er skoðun margra, sem ræðumaður hefur rætt við um þetta efni, að lagasetningin af Íslands hálfu sé grundvölluð á þeirri skilgreiningu okkar að við teljum ekkert friðsamlega umferð farartækja sem bera kjarnorkuvopn eða eru kjarnorkuknúin sem kemur nær landinu en upp að 12 sjómílna mörkum. Hér er frv. talsvert frábrugðið hinu nýsjálenska sem í raun dregur þessi mörk við 3 sjómílna landhelgi og lofthelgi.

Í 13. gr. er fjallað um heimsóknir herskipa eða herloftfara og kafbáta inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi og þar er einfaldlega tekið fram að engar slíkar heimsóknir skuli leyfðar nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum skv. lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila sem völ er á til að

byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

Hér er e.t.v. komið að þeirri grein frv. sem einna vandmeðförnust gæti orðið í framkvæmd vegna þess að á þetta ákvæði er líklegt að mundi reyna oft og iðulega eða í tengslum við velflestar heimsóknir herskipa og herloftfara til landsins. Ég vísa aftur í skilgreiningar afvopnunarsamninga stórveldanna þegar ákveða skal hvaða farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem kjarnorkuvopnuð.

14. gr. lýtur að því hvernig skal leitast við að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar með bindandi samningum grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir. Þetta er í samræmi við það sem gert hefur verið í Suður-Ameríku með kjarnorkufriðlýsingu Antarktíku, með kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafs, með kjarnorkufriðlýsingu Nýja-Sjálands og í fleiri hliðstæðum tilfellum, enda gerir lokaályktun aukaþings Sameinuðu þjóðanna, sem fjallar sérstaklega um kjarnorkufriðlýst svæði, ráð fyrir að þannig sé staðið að málum. Einnig er í 14. gr. fylgjandi ákvæði um að íslensk yfirvöld skuli leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari. Þetta er sömuleiðis í samræmi við önnur hliðstæð tilfelli.

15. gr. er refsiákvæðagrein og er hliðstæð þeirri sem er í nýsjálensku lögunum.

16. gr. felur forsrh. framkvæmd þessara laga, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanrmn. Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 15. gr. laganna nr. 52/1985, sem eru lög um þingsköp Alþingis og skilgreina hlutverk utanrmn. Síðan segir að forsrh. sé heimilt að fela utanrrh. eða samgrh. eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

Það má ugglaust ræða hvort það sé einboðið að fela þessa framkvæmd forsrn. eða forsrh., en flm. telja það eðlilegt og það er í samræmi við nýsjálensku lögin og það er að mörgu leyti í samræmi við aðra málsmeðferð sem eðlileg má teljast í þessu tilfelli. Síðan er gert ráð fyrir að allnokkur tími líði þar til lögin taki gildi sem er í raun og veru nauðsynlegt til þess að nægur tími vinnist til að undirbúa gildistöku þeirra og framkvæmd með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Ég hef lítillega, og í eins stuttu máli og mér er í raun unnt, farið yfir meginefni frv., enda er það í sjálfu sér ekki mjög langur lestur og hv. þm. verða ekki lengi að kynna sér það með því einfaldlega að lesa það yfir. Ég teldi einnig gagnlegt fyrir marga hv. þm., sem eru þá ekki þegar vel að sér um alþjóðlega stöðu þessara mála og þá hreyfingu sem hefur verið á þessu sviði, að kynna sér mörg fylgiskjalanna. Ég nefni sem dæmi samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku sem er einn fyrsti samningur þar sem mörg ríki tóku sig saman og lýstu yfir kjarnorkuvopnaleysi og hófu að afla slíkri yfirlýsingu alþjóðlegrar viðurkenningar. Þróun þess samnings er að mörgu leyti einnig lýsandi fyrir það hvernig slík kjarnorkuyfirlýsing ríkis eða ríkja getur í framhaldinu greitt fyrir víðtækari alþjóðlegri viðurkenningu og hvernig hægt er að afla slíku svæði smátt og smátt traustari stöðu, samanber þá viðaukasamninga sem gerðir hafa verið við Suður-Ameríku-samninginn, Tlatelolco-samninginn, en þeir eru nú orðnir tveir eða þrír og tryggja betur stöðu svæðisins og afla því víðtækari viðurkenningar m.a. með því að önnur ríki undirrita slíka viðaukasamninga og skuldbinda sig til að virða yfirlýsinguna. Það er einmitt gert ráð fyrir að slík yrði tilhögun mála hér og lögin fela beinlínis framkvæmdaaðilum málsins að afla slíkra viðurkenninga.

Herra forseti, ég ætla svo í lokin að víkja lítillega aftur að rökunum fyrir því að flytja slíkt frv. og rökstyðja einnig þar með þá ósk mína og okkar flm. að utanrmn. Alþingis og gjarnan hæstv. utanrrh. í samvinnu við hana taki frv. til ítarlegrar og vandaðrar skoðunar, enda er það, eins og segir í grg., ekki síst lagt fram til kynningar, til að hefja umræðuna um þetta efni, þó að frv. sé út af fyrir sig það vel á veg komið og hafi verið það mikið unnið að það ætti að geta myndað nokkuð brúklega beinagrind að slíkri friðlýsingarlöggjöf þegar hún verður sett.

Rökin eru að mínu mati þau í fyrsta lagi að hér er í raun og veru eingöngu lagt til að lögfest verði yfirlýst stefna þjóðarinnar í þessum efnum. Í jafnviðamiklu og örlagaríku máli og sambúð manna við kjarnorkuvopn og kjarnorkuvá er tel ég varla verjandi að ganga ekki tryggilegar frá hnútum en svo að brúkast þar eingöngu við yfirlýsingar og viljayfirlýsingar og stefnuyfirlýsingar einstakra hæstv. ráðherra, með fullri virðingu fyrir þeim að sjálfsögðu, herra forseti. Það er væntanlega öllum ljóst að sjálfstæð lagasetning um málið er miklum mun traustari umgjörð um slíka stefnu en við höfum í dag.

Ég vil einnig ítreka, herra forseti, að ég tel að þetta frv. sé í raun og veru eingöngu beint framhald af yfirlýstum vilja þjóðarinnar sem hvað eftir annað hefur komið fram í skoðanakönnunum og í umræðum þar sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar lýsir sig fylgjandi hugmyndum um kjarnorkufriðlýsingu, um kjarnorkuvopnalaus svæði, og get ég vitnað þar til endurtekinna kannana félagsvísindadeildar Háskóla Íslands á þessu efni. Ég vil einnig sérstaklega leggja áherslu á umhverfisþátt þessa máls. Frv. er ekki síst ætlað að vera liður í því, sem er sömuleiðis yfirlýst stefna okkar, að reyna með öllum tiltækum ráðum að draga úr hættunni á því að hér verði óhöpp eða slys í tengslum við kjarnorku eða kjarnorkuvopn.

Margir fyrrv. hæstv. utanrrh. hafa ítrekað þetta bæði heima fyrir og erlendis. Hæstv. fyrrv. utanrrh., Geir Hallgrímsson, hefur varið löngum hluta af ræðum sínum, bæði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðstefnu um umhverfismál og

víðar, til þess að ítreka þessa stefnu okkar Íslendinga. Því er frv. sérstaklega ætlað að taka á þessum þáttum. Það gerir frv. með ákvæðum um takmörkun á umferðarrétti kjarnorkuknúinna farartækja, með banni við losun geislavirks úrgangs og með því að banna til að mynda flutninga með kjarnakleyft eldsneyti í gegnum íslenska lögsögu nema að uppfylltum mjög ströngum skilyrðum.

Sá möguleiki er fyllilega fyrir hendi að flutningar með kjarnakleyf efni gætu innan tíðar átt sér stað um íslenska lögsögu ef ekki verður að gert, hvort heldur er kjarnorkuúrgang eða hráefni til vinnslu í kjarnorkuverum. Ég held að það sé beinlínis skylda okkar og það hljóti að leiða af sjálfu sér að við reynum að búa sem allra tryggilegast um hnútana hvað þetta efni varðar. Og það held ég að verði best gert með slíkri kjarnorkufriðlýsingu og með mjög ströngum ákvæðum um sambúð okkar við kjarnorku yfirleitt.

Herra forseti. Ég kýs að hafa ekki fleiri orð um þetta í ljósi þess að frv. er tiltölulega ljóst og öll þau gögn sem ég tel að menn þurfi til að kynna sér efni þess og taka afstöðu til þess er að finna í fylgiskjölum eða eru handhæg og aðgengileg annars staðar. Ég nefni til að mynda rit Öryggismálanefndar sem hefur sent frá sér ýmislegt efni sem þessu tengist þó að sérútgáfa þeirrar nefndar um kjarnorkuvopnalaus svæði sé reyndar þegar orðin að nokkru úrelt vegna þess að hlutirnir gerast nú mjög hratt á þessu sviði. Þriggja, fjögurra ára gömul skýrsla er í raun og veru þegar orðin verulega úrelt hvað þetta varðar.

Ég ítreka óskir mínar, herra forseti, um að þetta frv. fái vandaða meðferð í utanrmn. og ég ítreka óskir mínar um að hæstv. utanrrh. tjái sig einnig um efni þess og fylgist með framgangi þess þar. Hér er að vísu á ferðinni frv. flutt einungis af tveimur hv. þm., en það breytir ekki því að efni þessa frv. er viðamikið og að það snertir lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar sem hér er verið að fjalla um í bráð og lengd. Við höfum nýleg dæmi um þá gífurlegu ógn sem manninum og auðlindum jarðarinnar getur stafað af kjarnorkuvánni, hvort heldur er á ferðinni vopn eða friðsamleg nýting. Sá tími er löngu liðinn að menn geti leyft sér að halda að Ísland sé eyja langt úti í hafi sem þurfi ekki að hafa áhyggjur af beislun eða notkun kjarnorkunnar. Nýleg dæmi hafa sýnt að öll jörðin er þar undirlögð. Og við eigum kannski þjóða mest í húfi að það takist að setja tryggilegar reglur um þessi efni og stuðla að kjarnorkuafvopnun sem er auðvitað mesta málið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. utanrmn. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Ég viðurkenni fúslega að hér hefur ræðumanni orðið á. Það er þá væntanlega einhvers konar allsherjarnefnd eða „apparat" af því tagi sem við notumst við hér í virðulegri neðri deild til þess að fjalla um svona mál sem ekki verða vistuð með góðu móti annars staðar. En það er vissulega lakara að utanrmn. sameinaðs þings, sem auðvitað fjallar um allra veigamestu þætti utanríkismálanna, skuli ekki geta, skipulagsins vegna, sinnt þessu efni. Taki menn þó ekki orð mín svo að ég vantreysti þeim ágætu hv. nefndarmönnum sem hljóta þá að fá þetta frv. til meðhöndlunar.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. flutning þessa frv. Ég er þeirrar skoðunar að það sé fyllilega tímabært að Íslendingar setji í lög ákvæði um þau atriði sem er um fjallað. Ég hygg hins vegar að lagafrv. af þessu tagi þurfi nokkuð víðtækrar athugunar við og mikillar umhugsunar og það er mikið atriði að vel sé um þetta og vandlega fjallað og vélað í þeirri nefnd sem um frv. á að ræða.

Meginmarkmið frv. er að því er mér skilst annars vegar að staðfesta með lögum að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn eða eiturvopn, hins vegar að draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við landið. Allt er þetta góðra gjalda vert, en svona við fljótan yfirlestur á frv. koma í hugann nokkrar spurningar. Frv. fjallar um að bannað sé að koma fyrir innan hins friðlýsta svæðis kjarnorkuvopnum, bannað að flytja kjarnorkuvopn um friðlýsta svæðið og bannað að gera tilraunir með kjarnorkuvopn. Þegar hins vegar er talað um að bannað sé að búa til eiturvopn af nokkru tagi innan friðlýsta svæðisins og að flytja þau um svæðið. Ekki veit ég hvort flm. hugsa það sem svo að það sé þá heimilt að gera tilraunir með eiturvopn. Það kann að virðast sem einhvers konar útúrsnúningur að velta því fyrir sér. Það er þó tekið fram með kjarnorkuvopnin, en ekki með eiturvopnin, varðandi tilraunirnar og sérstakri grein varið til þess að fjalla um þetta málefni í frv.

Annað sem ég hegg eftir við fljótan yfirlestur er líka að í þessu frv. er sérstaklega tekið fram að losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna, hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, er með öllu óheimil innan friðlýsta svæðisins. Þarna eru enn á ný sérstök ákvæði í lagafrv. varðandi losun geislavirkra efna en ekki samsvarandi ákvæði varðandi eiturvopnin eða eiturúrgang sem tengist þeim vopnum. Mér virðist því kannski ekki alveg fyllilega samhengi í frv. milli þess þegar fjallað er annars vegar um kjarnorkuvopn og kjarnakleyf efni og hins vegar um eiturefnin og eiturefnavopn. Hvort það er með ráði gert hjá flm. veit ég ekki. Þeir kunna að hafa einhverjar skýringar á því. En þetta getur valdið misræmi og e.t.v. misskilningi.

Ég er ekki alveg viss um hvort 10. gr. er of fortakslaus, að sérhverju farartæki sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði. Að vísu eru undanþágur í 12. gr. Við vitum að þróun kjarnorku til að knýja farartæki er mikil og það þarf ekki endilega að vera í framtíðinni að kjarnorkuknúið farartæki sé knúið með kjarnakleyfum efnum. Ef flm. hafa í þessu sambandi sérstaklega í huga geislavirkni vegna kjarnorkuknúinna farartækja er ég ekki viss um að hún þyrfti að vera til staðar í öllum tilvikum ef um

væri að ræða kjarnorkuknúið farartæki sem ekki væri sérstaklega knúið með kjarnakleyfum efnum. Hins vegar er greinin alveg fortakslaus að þessu leyti. Öll umferð, segir í 11. gr., farartækja sem flytja kjarnakleyf efni er bönnuð. Og þá vaknar auðvitað sú spurning: Hvað eru kjarnakleyf efni? Sjálfsagt eru til í náttúrunni mörg geislavirk efni og mörg efni sem út af fyrir sig eru kjarnakleyf, notuð í ýmsum tilgangi, þó ekki til vopnaframleiðslu eða slíks, þannig að það veltir aðeins upp spurningunni hvað við sé átt.

Herra forseti, ég tel að frv. sé góðra gjalda vert. Ég held að það sé þarft framlag hér á Alþingi Íslendinga. Ég bendi hins vegar á að ýmislegt í þessu er hlutir sem þurfa athugunar við og verða vonandi skoðaðir nánar í nefnd.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Sem annar flm. frv. þakka ég undirtektir hv. 10. þm. Reykv. og er sjálfsagt að taka til athugunar ábendingar um frekari útfærslu á frv. sem hér liggur fyrir.

Hv. 1. flm. hefur gert ágæta grein fyrir ástæðu fyrir flutningi frv. og hef ég þar litlu við að bæta. Þó vil ég benda á að allt frá stofnun Kvennaframboðsins og síðan Kvennalistans höfum við unnið að því og stutt að svæði væru lýst kjarnorkuvopnalaus. Í stefnuskrá Kvennalistans stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við viljum tryggja að kjarnorkuvopn verði aldrei leyfð á Íslandi. Við viljum að íslensk efnahagslögsaga verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Við mótmælum harðlega losun kjarnorkuúrgangs og eiturefna í hafið vegna þeirrar hættu sem öllu lífríki og þar með fiskistofnum er búin með slíku athæfi."

Við hljótum öll að stefna að því að eyða kjarnorkuvopnum af jörðinni allri. Sérhvert skref í átt til afvopnunar er spor í áttina. Borgarfulltrúi Kvennalistans í Reykjavík flutti vorið 1986 tillögu í borgarstjórn um að Reykjavík og Reykjavíkurhöfn yrðu lýst kjarnorkuvopnalaus og hér á Alþingi hafa þingkonur Kvennalistans ítrekað flutt tillögur í þessa átt. Alþingi og ríkisstjórnin hafa lýst því yfir að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn og ef marka má skoðanakannanir vilja um 90% Íslendinga að Ísland verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Þetta frv. sýnir hvernig hægt er að standa að að festa í lög þennan vilja þjóðarinnar og Alþingis að hér skuli aldrei verða staðsett kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka flm. fyrir að flytja þetta mál inn á hv. Alþingi og að fá það til meðhöndlunar. Þetta er mjög stórt mál, ekki bara hér, heldur alls staðar í veröldinni.

Ég vil aðeins gera athugasemd við 1. gr. Ég held að hún yrði betri ef við bönnum líka í 1. gr. „að framleiða". Orðalagið yrði þá, með leyfi forseta, á þessa leið. 1. gr. hljóðaði þá svo: Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að framleiða ... Síðan heldur greinin áfram óbreytt, koma fyrir, staðsetja eða geyma o.s.frv. Ég ætla ekki að fara í gegnum greinar þær sem fylgja. 1. gr. er út af fyrir sig alveg nóg. Frekari skýringar og frekari greinar eru óþarfar. En af því að hv. 10. þm. Reykv. gerði athugasemd við 11. gr. og taldi hana of fortakslausa vil ég segja að í þessum málum held ég að ekkert sé til sem er of fortakslaust á meðan kjarnorka er ekki þekkt til annars en hernaðar og útrýmingar. Því í almenn farartæki veit ég ekki til að kjarnorka eða klofin efni á þann hátt séu notuð til mannflutninga. Ég er að reyna að rifja upp hvort það er í járnbrautum, hvort það er í flugvélum, hvort það er í bílum, — það er ekki í gangandi fólki — eða á annan hátt. Ég minnist þess ekki að það sé komið á það stig enn þá að það sé talið það hættulaust að hægt sé að hafa það almennt í umferðinni. Ég held því að það sé rétt af flm. að hafa 11. gr. eins fortakslausa og hún er.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir, athugasemdir, sem voru þarfar, og spurningar. Ég er út af fyrir sig sammála hv. 5. þm. Reykv. Það væri eðlilegt að svo veigamikill hluti af friðlýsingarákvæðunum eins og að taka af öll tvímæli um framleiðslu kæmu inn í 1. gr. þar sem hún á að vera almenn skilgreiningargrein um helstu ákvæði frv. Það er að sjálfsögðu feimnislaust af minni hálfu að viðurkenna að ýmislegt þarf að athugast betur í frv., enda eðlilegt. Eins og hv. þm. eflaust vita er hvorugur flm. það ég best veit lögfræðingur eða þjóðréttarfræðingur og auðvitað eru geysilega stór og viðamikil efni sem þarf að skoða þegar reynt er að setja löggjöf af þessu tagi sem þarf að vera í samræmi við og má ekki brjóta í bága við fjöldamarga alþjóðasamninga og lög. Það hafa flm. og höfundur frv. reynt að skoða eftir bestu getu og m.a., eins og ég sagði í upphafi máls míns hér áðan, var reynt að nota sumarið til að endurbæta frv. og fara yfir ýmis atriði sem vissulega geta verið álitamál um. Það er einnig ljóst að alþjóðleg staða málsins er sú að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki verið fullgiltur af allt of mörgum þjóðum, þar á meðal sumum stærstu herveldum heimsins, sem vegna ágreinings, ekki síst um umferð herskipa og ýmislegt af því tagi, hafa ekki fullgilt hafréttarsamninginn. Þó er það þannig að frv. er í öllum meginatriðum sniðið í samræmi við ákvæði hans og í umsögnum um einstakar greinar geta menn flett upp á því hvaða ákvæði frv. þarf að skoða í samræmi við tiltekna kafla hafréttarsamningsins. Vilji menn athuga ákvæði frv. í samræmi við hafréttarsamninginn finna þeir það í athugasemdum við einstakar greinar, svo sem eins og fimmta hluta samningsins, 55.–57. gr., og sjötta hluta, 76. gr. Þetta eru ákvæði sem eðlilegt er að skoða sérstaklega.

Ég bendi einnig á að menn þurfa að kynna sér lög

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands, lög nr. 41/1979, og í sambandi við spurningar hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar ber einnig að nefna að varðandi ýmis ákvæði, svo sem um losun úrgangs, hvort sem heldur er efnaúrgangs eða kjarnorkuúrgangs, eru í gildi alþjóðasamningar sem Ísland hefur fullgilt með lögum. Það eru einnig í gildi ein sérstök lög um bann við losun hættulegra efna í sjó sem eru bara hluti af lagasafni Íslands og eru sérstök lög sem við höfum sett okkur í þessum efnum. Það eru lög nr. 20/1973. Síðan er í gildi Lundúnasamningurinn svonefndi frá 29. des. 1972. Hann var fullgiltur með lögum frá Alþingi strax á árinu 1973. Það eru lög nr. 53 frá því ári. En því eru nú sérstök ákvæði sett inn í frv. engu að síður að Lundúnasamningurinn hefur verið gagnrýndur, m.a. fyrir að taka ekki af öll tvímæli um lággeislavirkan úrgang. Hann snýr fyrst og fremst að þeim hluta kjarnorkuúrgangsins sem hefur verið talinn allra hættulegastur, en er ekki nógu ótvíræður að mínu mati a.m.k. hvað varðar ýmislegt annað.

Ég get reynt að svara ofurlítið betur spurningum hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, hvers vegna tilraunir með kjarnorkuvopn eru sérstaklega teknar fram en ekki eiturefnavopn. Það er e.t.v. vegna þess að það hefur verið sérstakur þrýstingur á í heiminum að stöðva allar tilraunir með kjarnorkuvopn og það er pólitískt mál af allt öðrum toga en einhverjar tilraunir með eiturefni kynnu að vera. Það er kannski í og með þess vegna, vegna þess að frv. er í senn praktísk útfærsla á þessu friðlýsingarverkefni en um leið ákveðið pólitískt framlag af Íslands hálfu, sem samanber skilgreiningar ber að skoða með þeim hætti. Síðan er dálítið annað að hafa eftirlit með hvers kyns efnatilraunum. Hluti af þeim efnum sem kynnu að falla undir eiturefni, væru þau samansett og hugsuð sem vopn, er í umferð og notkun í tilraunastofum, jafnvel til lækninga, í dag.

Það má reyndar segja — og kem ég þá að næstu spurningu varðandi geislavirku efnin — að þar bíði einnig tiltekið skilgreiningarverkefni sem er að draga í sundur þau náttúrlegu geislavirku efni og hráefni, jafnvel til lækninga og tilrauna sem er auðvitað ekki meiningin að banna með frv. Það skal ég fúslega viðurkenna að frv. er ekki nógu skýrt eða kveður ekki á um hvernig skal draga þar mörkin. Ég vil því sem 1. flm. leggja til þann skilning að þar sem er fjallað um kjarnakleyf efni sé fyrst og fremst verið að tala um kjarnakleyf efni í umtalsverðu magni sem eru ætluð til magnvinnslu til að framleiða orku eða gera tilraunir eða notast í vopn eða eitthvað af því tagi. En sá skilningur hlýtur að liggja fyrir eða þurfa að liggja fyrir að hráefni til meðferðar í tilraunastofu í friðsamlegu skyni eða til lækninga eða annarra slíkra hluta verði undanþegin. Það gefur held ég nokkurn veginn auga leið.

Hvort 10. gr. er of altæk vegna þess að í tækniþróun framtíðarinnar kunni að liggja þeir möguleikar að einhvers konar kjarnorkuknúin farartæki að hluta eða að öllu leyti geti orðið það án nokkurrar umhverfishættu treysti mér ekki til að fella dóm um á þessum stað og þessari stundu, en hér eru fyrst og fremst höfð í huga þau hefðbundnu kjarnaknúnu farartæki, þ.e. skip og kafbátar, sem við þekkjum í dag. Það er vitað, þó að upplýsingum um þá hluti sé reyndar haldið leyndum í flestum tilfellum, að allt of mikill, gífurlegur fjöldi, liggur mér við að segja, óhappa hefur orðið á undanförnum áratugum bæði í kjarnorkuknúnum kafbátum og kjarnorkuknúnum skipum. Ekki færri en sex eða átta stykki af kjarnorkuknúnum kafbátum liggja nú á hafsbotni hvors hafsins um sig, Atlantshafsins og Kyrrahafsins. Og þess skulu menn minnast þegar vikið er að t.d. kjarnorkuknúnum kafbátum að þar er á ferðinni 90 sinnum sterkara eldsneyti en notast er við í venjulegum kjarnorkuverum. Þó að þar sé ekki um mikið magn að ræða getur þar legið gífurleg hætta í sokknum kjarnorkukafbátum sem eru þegar teknir að ryðga sundur, t.d. suður í Atlantshafi, og hver getur sagt hvað það þýðir þegar þeir liðast í sundur eða ryðga sundur og golfstraumurinn tekur til við að flytja innvolsið úr þeim út um hafið.

Það var e.t.v. eitthvað fleira sem hv. þm. vék að, en ég hef reynt að svara því helsta. Ég þakka honum fyrir hans ábendingar og spurningar. Þær lutu vissulega allar að hlutum sem þarf að skoða mjög vel í sambandi við frv. Ég legg enn og aftur á það mikla áherslu að það er einlæg ósk okkar og von að þetta fái rækilega umfjöllun og menn taki á þessu máli í samræmi við alvöru þess og líti þá fram hjá öðrum hlutum hvort sem þeir eru pólitísks eðlis eða af einhverjum öðrum toga.

Mér hefði þótt vænt um, virðulegur forseti, ef þeir hæstv. ráðherrar sem hafa heiðrað okkur með nærveru sinni, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., hefðu verið tilbúnir að lýsa einhverri skoðun eða viðbrögðum við frv., hæstv. utanrrh. sem sá hæstv. ráðherra sem fer með þennan málaflokk, en ég vek aftur athygli á því að forsrh. er ætluð framkvæmd þessara laga og það væri því eðlilegt einnig að hann hefði á því skoðun a.m.k. hvort sú tilhögun er eðlileg, þ.e. hvort það er eðlilegt fyrirkomulag, sem hér er lagt til, að forsrh. sé yfir framkvæmd laganna.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég efast ekki um góða meiningu flm. þessa frv., en hér er í rauninni um mál að ræða sem hefur verið til umfjöllunar undir öðru nafni áður hér á þingi. Það hefur verið talað um að koma upp kjarnorkuvopnalausum svæðum og þá sérstaklega á norðurhveli jarðar. Alþingi hefur í rauninni mótað afstöðu sína til þeirrar hugmyndar og sú afstaða er sú að til álita komi að vera þátttakandi í kjarnorkuvopnalausu svæði í samhengi við slökun í Evrópu og alþjóðasamninga af víðtækara tagi. Ég held að sú grundvallarafstaða Alþingis sé óbreytt. Í þeirri afstöðu felst jafnframt að menn telji ekki skynsamlegt að gefa út einhliða yfirlýsingar. Það muni ekki skila þeim árangri sem vakir væntanlega fyrir þeim sem eru flm. þessa frv. Þetta vildi ég

árétta á þessari stundu vegna þess að efnislega er þetta frv. um að lýsa tiltekið svæði, Ísland, eitt sér kjarnorkuvopnalaust.

Um efnisatriði frv. tel ég þess vegna ekki ástæðu til að fjalla, en ég efast um að framsetning af því tagi sem hér er sé að því gagni sem menn ætla og sé ekki t.d. að viðurlög eins og hér er gert ráð fyrir séu mjög sannfærandi. Hverjir mundu hugsanlega koma „færandi hendi" með kjarnorkuvopn eða kjarnorkuknúin farartæki eða á hverra vegum væri það? (**SJS:** Þú ættir að lesa athugasemdir við 5., 6. og 7. gr.) Það væri væntanlega á vegum þeirra sem stýra stórveldunum. Og ákvæði um tíu ára fangelsisvist á Gorbatsjoff eða Reagan held ég að sé ekki sérlega raunhæf aðgerð.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessari umræðu vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Það hlýtur að vekja athygli okkar, sem höfum hlýtt hér á mál manna og þögn manna, að það er hv. fulltrúi Alþfl. sem tekur að sér *það hlutskipti að svara fyrir ríkisstjórnina í þessu* máli hugsanlega. A.m.k. sitja tveir hæstv. ráðherrar þegjandi og hljóðir í þessu máli. Og hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem situr í utanrmn. Alþingis, talar væntanlega fyrir þann flokk og vandast nú málið fyrir hæstv. utanrrh. því að sýnilegt er að það er hann sem hefur oddaaðstöðu í þessu máli. Þeir eru ekki í þeirri aðstöðu, þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl., að ráða úrslitum í máli sem þessu. Hæstv. utanrrh. hefur verið að gefa okkur til kynna á Alþingi undanfarnar vikur að hann standi fyrir breyttri stefnu í utanríkismálum, alveg sérstaklega að því er kjarnavopn snertir. Hann hefur lýst þeirri skoðun sinni og ítrekað orð *sín sem féllu í sjónvarpsviðtali* 13. júní sl. um að á Íslandi skuli hvorki vera kjarnavopn á friðar- né ófriðartímum. Hann hefur nánast lýst Ísland kjarnavopnalaust svæði í skilningi ríkisstjórnarinnar og með því tekið undir vilja þingsins úr þál. sem hér var samþykkt samhljóða 23. maí 1985. En það er einkennilegt ef hæstv. utanrrh. vill ekki höggva á þennan hnút og lýsa yfir fylgi við frv. efnislega, kjarna þess.

Ég hef borið fram fsp., sem liggur fyrir sameinuðu þingi og væntanlega kemur til umræðu fljótlega, um það hvernig hæstv. ráðherra hyggist standa við þá stefnu undantekningarlaust að ekki komi hingað í *hafnir eða inn í íslenska lögsögu skip knúin eða búin* kjarnavopnum. Við eigum eftir að heyra svar hæstv. ráðherra þegar þar að kemur. Það er í rauninni það eina sem hann á eftir að svara þinginu um í þessum efnum ef við eigum að taka orð hans gild sem hann mælir væntanlega fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. En hér sitja tveir hæstv. ráðherrar, formenn stærstu flokkanna, og láta sér það lynda að fulltrúi Alþfl. komi hér upp og telji sig vera að svara, ja, væntanlega fyrir núverandi ríkisstjórn sem Alþfl. á aðild að. Og hvað sagði hv. þm. Kjartan Jóhannsson? Það hefur ekkert breyst. Það verða engar einhliða yfirlýsingar gefnar. Orð utanrrh., sem féllu hér á þingi um daginn, eru ómerk. Þau eru ekki gild. Þetta var hv. þm. að segja okkur efnislega. Þetta er mjög sérkennileg staða í afdrifaríku og örlagaríku máli. Og menn hljóta að heyra um land allt þögn utanrrh. í þessu máli. Ef hann er að hugsa sig um og er á leiðinni að réttri niðurstöðu þá er það vel. Þá er ég ekki að knýja á um svar í dag því við hljótum að heyra það þá á morgun.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Mér þótti síðasta ræða nokkuð undarleg. Ég þarf ekki að ítreka mín fyrri ummæli, bæði hér á hinu háa Alþingi og annars staðar. Ég lít svo á að samþykkt Alþingis frá maí 1985 sé afgerandi. Hún lýsir Ísland kjarnorkuvopnalaust og það er afdráttarlaust og engir fyrirvarar þar gerðir.

Ég skal viðurkenna að ég er ekki búinn að lesa grg. með frv. sem mjög var vísað til. Hún er ekki með þeim þingskjölum sem liggja hér á borðinu. Ég þarf að kynna mér hana. En ég get með ánægju staðfest að það markmið sem frv. lýsir er mjög að mínu *skapi. Ég vil ekki hafa hér kjarnorkuvopn, hvorki á* landi, sjó né í lofti. Ég verð hins vegar að taka undir svo að segja hvert orð sem hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan. Það eru ýmsar efasemdir sem þarf að skoða miklu betur í þessu máli.

Ég vil líka láta koma fram að ég legg á það höfuðáherslu, sem lá í orðum að því er mér fannst hv. þm. Kjartans Jóhannssonar hér áðan, að við vinnum á alþjóðlegum vettvangi að því að kjarnorkuvopnum verði fækkað og helst útrýmt. Við tökum t.d. þátt núna í viðræðum Norðurlandanna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Við höfum lagt á það áherslu í þeim viðræðum í samræmi við samþykkt Alþingis að slík ákvörðun, *ef tekin verður* sameiginlega af Norðurlöndunum, nái einnig til hafsins í kring. Við höfum nýlega hafið þátttöku í svokallaðri kjarnorkuáætlunarnefnd Atlantshafsbandalagsins þar sem við leggjum einnig áherslu á hið sama. Við tókum þátt í samþykkt sem gerð var þar um daginn þar sem fagnað var þeim skrefum sem nú er verið að taka til að fækka kjarnorkuvopnum. Þannig held ég að við séum búnir að marka okkur mjög ákveðna stöðu í þessum málum sem betur fer og erum að vinna að því á alþjóðavettvangi.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að ég þarf að *kynna mér grg. og fleira í þessu máli töluvert nánar* áður en ég get sagt álit mitt á því hvort skynsamlegt er að setja einhliða lög. Ég er ekki alveg viss um það. Ég verð að athuga það betur áður en ég kveð upp úr fyrir mitt leyti um það. Það þýðir ekkert annað en viðurkenna þá staðreynd að við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og við erum að reyna að vinna þar að því að þoka þessum málum á betri veg. Ég vona að við getum haft þar slík áhrif. Þá vakna einnig spurningar um það hvort æskilegt er á þessari stundu að setja lög. En ég endurtek að ég er mjög hlynntur efninu, markmiðinu, og hef ætíð

lýst yfir andstöðu við kjarnavopn hvar sem ég hef um málið talað.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það er örstutt. Fyrst varðandi refsiákvæði frv. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn., taldi nú — ja, ég veit ekki hvort á að segja brosleg en alla vega ekki mjög trúverðug. Það lýsir kannski bara því að hann hefur komið illa lesinn í tíma eins og e.t.v. fleiri. Refsiákvæðin eru sérstaklega sett inn vegna þess að hluti frv. leggur ábyrgð á herðar einstaklinga, þ.e. ábyrgðin á því að virða friðlýsinguna er að hluta til einstaklingsbundin, sbr. 4. gr. þar sem segir, með leyfi forsseta:

„Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari, sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis, má búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi“ og síðan eru þær kvaðir tíundaðar sem lagðar eru með þessari friðlýsingarlöggjöf einnig á herðar einstaklinga.

Það er augljóst mál að herskip eða flugvélar verða ekki sett í fangelsi sem slík til að sitja af sér refsingu, hvorki í tíu ár né annan tíma, en aðilar sem bera ábyrgð á ferðum slíkra farartækja gætu komið þar til greina og svo til að mynda allir þeir einstaklingar sem taldir eru upp í 10. gr. Það er ekki á nokkurn hátt óeðlilegt þótt eitthvert refsiákvæði sé sett inn í frv. af þessu tagi. Þessu veit ég að hv. þm. áttar sig á þegar hann skoðar frv. (**KJóh:** Reagan og Gorbatsjoff eru ekkert utan við þetta.) Ekki ef þeir kæmu inn í þessa lögsögu og færu að brjóta gegn ákvæðum laga sem af þessu leiddu.

Varðandi umræður um einhliða yfirlýsingu, herra forseti, þá er það svolítið villandi tal og mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja það, en ég tel að það lýsi aftur því að menn séu ekki nógu vel lesnir, jafnvel hreinlega illa upplýstir um þessi mál. Staðreyndin er sú að kjarnorkuvopnalaust svæði, sbr. t.d. lokaályktun aukaþings Sameinuðu þjóðanna frá 1978, er ekki einangrað fyrirbrigði í heiminum heldur er þar beinlínis gert ráð fyrir tiltekinni málsmeðferð, tilteknum „prósess“ eins og nú er sagt á fínu máli sem felur auðvitað í sér tengsl við ytra umhverfi slíkra svæða. Það er beinlínis gert ráð fyrir því að á grundvelli viljayfirlýsingar hinna Sameinuðu þjóða verði tiltekin málsmeðferð viðhöfð við að afla slíkum svæðum viðurkenningar. Það er nákvæmlega það sem gert hefur verið t.d. varðandi Suður-Ameríkusvæðið og sú yfirlýsing er orðin allgömul. Það væri mjög skynsamlegt fyrir hv. þm., eins og t.d. áhugamann um utanríkismál, hv. 4. þm. Reykn., að kynna sér þá hluti, kynna sér t.d. sögu Tlatelolco-samningsins um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku. Hann er á bls. 28 í fskj. með þessu frv.

Í samþykkt sem allar stærstu friðarhreyfingar á Norðurlöndum gerðu um útfærslu á því hvernig mætti koma á kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, þetta er mjög vönduð samþykkt sem var unnin af færum alþjóðlegum sérfræðingum og hefur m.a. orðið mjög hjálpleg við samsetningu þessa frv., er vikið að því á bls. 26 hvernig ætti að vinna að frekari útvíkkun þess svæðis, þ.e. þá er miðað við að það sé í upphafi sett á afmarkað við tiltekið landsvæði, en hugsunin er frá byrjun sú að leitast við að útvíkka það svæði. Þar er einnig gert ráð fyrir ákveðnum aðgerðum til að afla svæðinu alþjóðlegrar viðurkenningar, t.d. viðbótarsamningum, og um það er fjallað á bls. 23 í frv., skuldbindingum kjarnorkuveldanna sem reynt yrði að afla við slíkt svæði. Það er fjallað um það á bls. 22 o.s.frv., herra forseti. Hér er alveg greinilega talsvert lesefni sem hv. þm. þyrftu að kynna sér vel áður en við ljúkum umfjöllun um frv.

Tal um einhliða yfirlýsingar í þessu sambandi er villandi og lýsir í raun og veru misskilningi. M.a. þess vegna er gert ráð fyrir að gildistaka laganna yrði miðuð við dagsetningu alllangt fram í tímann þannig að sá tími sem ynnist frá því að slíkt frv. yrði að lögum og þangað til það tæki gildi er hugsaður beint í þessu samhengi til að afla svæðinu viðurkenningar og tryggja það í sessi.

Ég verð að segja að ég skil ekki almennilega hæstv. utanrrh., hvernig hann getur næstum að segja í sömu setningunni tekið undir hvert einasta orð með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. (**Utanrrh.:** Hv. 10. þm. Reykv. tók ég undir með.) Nú, afsakið. Þá hef ég misheyrt eða misskilið. Það gleður mig stórlega að hæstv. utanrrh. var ekki að taka undir með hv. 4. þm. Reykn. því það fer að mínu mati illa saman að vera með þessa fyrirvara og tala um að einhliða yfirlýsingar komi ekki til greina og styðja síðan meginmarkmið frv. Þetta er ekki sambærilegt með þessum hætti. Hér er í raun og veru um aðra hluti að ræða.

Ég vil svo í lokin aðeins minna menn líka á hvað er að eiga sér stað, ekki bara í rétta átt þar sem er um að ræða væntanlega samninga milli stórveldanna um kjarnorkuafvopnun á tilteknu sviði, sem eru vissulega fagnaðarefni. Sömuleiðis má nefna þá miklu umræðu og miklu hreyfingu sem er á þessum málum, t.d. á Norðurlöndum, og þá mjög vaxandi andstöðu almennings við yfirgang kjarnorkuveldanna sem er vissulega mikill í heiminum. Og þá er ég ekki bara að tala um stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin. Mesta kjarnorkuofbeldisþjóð heimsins eru Frakkar. Þessi mikli yfirgangur, sem m.a. felst í því að gera tilraunir eins og þessum löndum sýnist, og margt fleira mætti tilnefna, sætir nú vaxandi andstöðu í heiminum. Það er alveg greinilegt. Þeim ríkjum fjölgar stöðugt sem friðlýsa sitt land fyrir kjarnorkuvopnum. Þeim sveitarfélögum fjölgar stöðugt í heiminum, jafnvel innan NATO-ríkjanna, sem lýsa því yfir að þau séu kjarnorkuvopnalaus svæði og landsvæði gera það einnig. Þannig hófst sú þróun í Nýja-Sjálandi sem nú hefur leitt til þess að landið allt og landhelgin eru friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Hún hófst með því að sveitarfélög og landeigendur byrjuðu að lýsa yfir kjarnorkuvopnaleysi sinna svæða og síðan áfram.

En því miður eru líka ýmsir váboðar uppi sem við þurfum að hyggja að. Ég nefni þá hættu, sem oft hefur verið rætt um að undanförnu, að afvopnun á landi leiði til fjölgunar vígtóla eða kjarnorkuvopna í höfunum. Sú hætta er vissulega uppi og um hana var rætt á varnarmálafundi NATO-ríkjanna í Monterey í Kaliforníu fyrir skömmu. Það er lítið gleðiefni okkur Íslendingum ef þessi afvopnun á landi í Evrópu leiðir til stórkostlegrar vígvæðingar á höfunum í kringum okkar.

Við megum heldur ekki gleyma því, herra forseti, að fyrir þetta, þegar eru sem sagt uppi áform og reyndar ákvarðanir yfirmanna heraflanna, bæði í Sovétríkjunum og NATO-löndunum, um að auka vígbúnað á höfunum. Þessi áform liggja fyrir í dag. Til viðbótar kemur svo sú hætta, sem margir hafa bent á, að samningar um takmörkun vopna eða afvopnun á landi gæti leitt til aukins þrýstings á vígbúnað í höfunum. Í þessu samhengi vil ég því líka gjarnan að menn ræði alvöru þess máls sem hér er til umræðu.

En ég fagna að sjálfsögðu með þeim orðum sem ég hef þó um það haft þeirri yfirlýsingu hæstv. utanrrh. að hann sé mjög hlynntur þeirri hugsun eða þeim markmiðum sem þetta frv. er grundvallað á og ég vona að það verði til að auka líkurnar á því að það fái rækilega skoðun allra þeirra aðila sem er málið skylt.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. hefur nokkrum sinnum í þessari umræðu látið þau orð falla að aðrir þátttakendur í umræðunni séu illa lesnir í frv. Nú hefur hv. flm. gert örstutta athugasemd sem lýtur að því að frv. feli ekki í sér einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði. Það gefur tilefni til að allt þetta mál sé skoðað og íhugað mjög vendilega því að auðvitað skiptir þessi yfirlýsing hv. flm. afar miklu máli ef það er nú hans skoðun að frv. feli ekki í sér einhliða yfirlýsingu og enn fremur að það sé rétt stefna af Íslands hálfu, svo sem fylgt hefur verið, að taka ekki þátt í einhliða yfirlýsingum af þessu tagi.

Ég hygg að um meginmarkmið í afstöðu til kjarnorkuvopna séu Íslendingar sammála. Við sem smáþjóð hljótum að leggja afar ríka og þunga áherslu á útrýmingu kjarnorkuvopna. Við hljótum að fylgja fram stefnu í þeim efnum sem líklegust er til að skila árangri sem fyrst. Hér eru ekki kjarnorkuvopn og verða ekki. Ísland er kjarnorkuvopnalaust land. Þau eru ekki á Íslandi og verða ekki á Íslandi nema með samþykki íslenskra stjórnvalda. Íslendingar hafa ótvíræðan fullveldisrétt í þessu efni sem öðrum og munu auðvitað ekki undir neinum kringumstæðum láta hann eftir.

Við höfum hins vegar tekið þá afstöðu að vænlegasta leiðin til að útrýma kjarnorkuvopnum séu gagnkvæmir samningar og einhliða yfirlýsingar, sem rýra möguleikana á gagnkvæmum samningum um útrýmingu kjarnorkuvopna, eru þess vegna varhugaverðar og öll þátttaka okkar í umræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði hlýtur því að tengjast þessu markmiði. Að sjálfsögðu er ekki hægt að útiloka eða skella skollaeyrum við umræðum um kjarnorkuvopnalaus svæði, en þau hljóta undir öllum kringumstæðum að tengjast þessu markmiði, tengjast viðtækari alþjóðlegum samningum um fækkun og útrýmingu kjarnorkuvopna. Þeirri meginstefnu hefur verið fylgt. Nú veit ég ekki gerla hvernig á að skilja yfirlýsingu hv. flm., en það er fagnaðarefni ef hann er nú kominn til þeirrar skoðunar að við eigum ekki að fara inn á braut einhliða yfirlýsingar, ef þetta frv. er þess eðlis, og þá er rétt að það verði skoðað í þeirri hv. nefnd sem fær það til meðferðar. Að öðru leyti tek ég undir þau sjónarmið að öll umræða um þessi efni er gagnleg og þarfleg.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það er svo sem ekki nýtt að alþýðubandalagsmenn séu betur að sér en allir aðrir að eigin dómi og hinir séu fullir af vanþekkingu og smáir að vitsmunum, eins og virtist liggja í orðum hv. þm. Steingríms Sigfússonar. Það liggur við að mönnum sé sagt að þeir nenni ekki að lesa eða séu jafnvel ekki læsir. En þannig er nú samt, ef þessi lög væru samþykkt, að það eru lögin sem gilda en ekki einhverjar greinargerðir. Þess vegna á mönnum að geta dugað að lesa lögin til þess að komast að því hvað í þeim felst. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef ekki lesið þessa löngu grg. nákvæmlega.

En víkjum þá að því að hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði: Það er reginmisskilningur að í þessu felist einhliða yfirlýsing um að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er tvennt sem hann er hér að gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi er það orðið „einhliða". Ég sé ekki betur en það standi í 1. gr. að Ísland taki þessa ákvörðun einhliða. Það stendur afdráttarlaust að Ísland tekur þessa ákvörðun eitt og sér og tekur þessa ákvörðun einhliða. Og það er ekkert í gildistökuákvæðunum um að þessi lög taki ekki gildi nema einhver skilyrði séu uppfyllt. Mér skildist að þegar hv. þm. var að tala um kjarnorkuvopnalaus svæði skyldu menn tala um það út frá skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna og ef þannig er getur Ísland orðið kjarnorkuvopnalaust svæði samkvæmt þeirri skilgreiningu ef uppfyllt er það sem sett er sem stefnumið í 14. gr. En ef það gerist ekki verður Ísland samkvæmt þessari skilgreiningu bara yfirlýst kjarnorkuvopnalaust en ekki kjarnorkuvopnalaust svæði. Svona hárfín sýnist mér að túlkunin þurfi að vera samkvæmt því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að bera á borð.

Ég held að það sé alveg óþarfi að vera með svona — ja, ég vil kalla útúrsnúninga. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir hver efnisleg meining þessa frv. er. Hin efnislega meining þess er nákvæmlega sú sama og ég rakti í fyrstu ræðu minni. Ég sagði það reyndar þá að ég efaðist ekkert um góða meiningu þeirra sem hefðu flutt frv. En ég tók það líka fram að Alþingi hefði markað viðhorf sitt til slíkra hluta og

mín sannfæring væri sú að sú stefnumörkun stæði óbreytt.

Það er reyndar svo að það er ótiltekið varðandi það sem ég gerði að lokaorðum mínum fyrr í ræðu minni að hver sá sem brýtur gegn þessum lögum, hvort heldur hann er íslenskur ríkisborgari, hár eða lágur í útlöndum eða innlendis, er ekkert undanskilinn þessu tíu ára fangelsi. Það sem ég sagði um Gorbatsjoff og Reagan hlýtur því að halda fullu gildi sínu.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er kannski ekki til að uppbyggja umræðuna, sem hefur að öðru leyti verið efnisleg og málefnaleg, að við förum að sakast á mikið um útúrsnúninga á orðum hvers annars, hv. þm. Hafi ég sagt eitthvað sem skilja mátti sem svo að ég væri að saka hv. þm. um greindarskort eða eitthvað af því tagi er það stórlega vítavert og ég biðst þá afsökunar, en tek fram að forseti hefði átt að víta mig ef slíkt lá í mínum orðum. Það var ekki meiningin. En hitt segi ég án þess að skammast mín fyrir það, að ef ég stend í umræðum við hv. þm. og mér sýnist á málflutningi þeirra að þeim hafi yfirsést við lestur frv. greinar sem skýra tilefni deilunnar vek ég á því athygli og mun halda því áfram.

Það er ekki rétt að ég hafi hér sagt að það fælist alls ekki í þessu frv. einhliða yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust svæði á Íslandi. Það sem ég sagði og margendurtók var að það er villandi að fjalla um þetta frv. með þeim hætti vegna þess að það felur meira í sér. Frv. er miklu víðtækara en bara einhliða yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust Ísland, punktur. Í sjálfu frv., í sjálfum væntanlegum lagagreinum þess, eru ákvæði um það hvernig skal vinna að öðrum hlutum, margþættum ráðstöfunum til að tryggja svæðið. Þar með tel ég að þetta frv. sé meira og miklu víðtækara plagg en bara ein setning um að lýsa einhliða yfir kjarnorkuvopnalausu svæði á Íslandi. Hafi menn eitthvað efast um skoðun ræðumanns er hún auðvitað sú að hver einasta ferð verði að byrja á einu skrefi. Ég er ekki feiminn við að það skref yrði einhliða yfirlýsing Íslands um kjarnorkuvopnalaust svæði. En sjálf grundvallarhugsunin, eins og hv. 4. þm. Reykn. vakti athygli á, um kjarnorkuvopnalaust svæði, gerir ráð fyrir miklu víðtækari málsmeðferð. Þetta frv. er, eins og í framsögu var margundirstrikað, í fullu samræmi við yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þetta efni frá 1978 og alla aðra alþjóðlega stöðu málsins sem felur í sér mjög víðtæka málsmeðferð og framhald á því að ríki ákveði að yfirlýsa sig kjarnorkuvopnalaus. Það er þetta samhengi sem ég vil að menn muni og hafi í huga og þess vegna endurtek ég það, herra forseti, að það er villandi að fjalla um þetta frv. eitt sem ekkert annað en einhliða yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði. Það breytir því hins vegar ekki, eins og ég sagði, að menn komast aldrei langt að heiman frá sér ef þeir eru ekki tilbúnir að taka fyrsta skrefið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Þjóðhagsstofnun, 1. umr.

Frv. HG og SJS, 64. mál. — Þskj. 67.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 54 frá 1974 um Þjóðhagsstofnun en með mér er flm. að þessu frv. hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon.

Efni tillögunnar kemur fram í 1. gr. þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. tölul. 2. gr. laganna komi nýr liður sem orðist þannig:

Að safna þjóðhagslegum upplýsingum eftir kjördæmum og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, m.a. um tekjur og útgjöld ríkissjóðs, hlutdeild kjördæma í landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun og um innlán og útlán innlánsstofnana."

Þetta er efni 1. gr. Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, ef hæstv. forsrh., sem er húsbóndi þessarar stofnunar, væri gert viðvart um að málið sé komið á dagskrá.

Ég vil rifja upp að lög um Þjóðhagsstofnun, sem sett voru 1974, skilgreina í 2. gr. verkefni Þjóðhagsstofnunar og þar segir, til að ég komi þessu í samhengi við gildandi lög, í 2. gr.:

„Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almenningssjónir eftir því sem kostur er."

Það er á eftir þessum málslið, 3. málslið 2. gr., sem lagt er til að sá texti komi sem fram kemur í 1. gr. frv. Í framhaldi er 4. liður svohljóðandi í gildandi lögum:

„4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og

Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.

5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir eftir því sem um semst."

Þetta er gildandi 2. gr. laga um Þjóðhagsstofnun *um verkefni hennar. Þá sjá menn samhengið sem* þessari breytingu á lögunum er ætlað að falla inn í.

Það vakti athygli okkar flm. þessa máls á síðasta þingi, þegar fram voru bornar fsp. til þriggja ráðherra um ákveðnar þjóðhagsstærðir, að ekki komu nema mjög ófullkomnar upplýsingar frá þeim og var því borið við að upplýsingar vantaði, upplýsingagrunnur væri ekki til staðar þannig að hægt væri að ganga frá viðunandi svörum við því sem um var spurt, en tvær þessara fsp. eru birtar ásamt svörum sem fylgiskjöl með frv. Þriðja fsp. sem kom fram á síðasta þingi frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er birt sem fskj. III, en skriflegt svar við henni barst ekki fyrir þinglok.

Mig langar að rökstyðja þetta mál svolítið með því að vitna til nokkurra þátta í þessum fsp. og geta um viðbrögð ráðuneytanna, benda hv. þm. á hvernig þau birtust okkur sem um þetta spurðum og alþm. væntanlega öllum sem fengu þessi svör.

Það var í fsp. til forsrh. spurt um skiptingu aflaverðmætis, útflutningsverðmætis sjávarafurða, gjaldeyrisöflun og landsframleiðslu eftir kjördæmum. Í svari ráðherrans komu að vísu fram upplýsingar um aflaverðmæti og löndun afla og hlutfallslega skiptingu aflaverðmætis en þó ekki eftir kjördæmaskipan í landinu, heldur eftir þeirri greiningu sem Fiskifélag Íslands hefur á sinni gagnaöflun en Fiskifélagið skiptir landinu talsvert öðruvísi en kjördæmaskiptingin er, eins og tekið er fram í svari.

Enn ófullkomnara varð málið þegar kom að svörum við 3. og 4. lið í þessari fsp. þar sem spurt var um framlag hvers kjördæmis í gjaldeyrisöflun landsmanna á ákveðnu tímabili og beðið var um heildargjaldeyristekjur af útflutningi og hreinar gjaldeyristekjur eftir því sem upplýsingar leyfðu. Varðandi þennan þátt fsp. var svarið á þessa leið, með leyfi forseta, það er að finna á bls. 3, neðst, í fskj. með frv.:

„Upplýsingar um þetta atriði eru hvergi fyrirliggjandi og miðað við tiltæk gögn er heldur ekki hægt að afla þeirra. Gildir þetta um hvort tveggja heildargjaldeyristekjur og hreinar gjaldeyristekjur."

Og síðan er því bætt við að út af fyrir sig sé gjaldeyrisöflunin ekki einhlítur mælikvarði því að framleiðsla sem er gjaldeyrissparandi komi inn í svipað samhengi og undir það er út af fyrir sig hægt að taka og auðvitað æskilegt að greina á milli þessara þátta.

Í 4. lið þessarar fsp. var spurt: Hvert má áætla að hafi verið framlag hvers kjördæmis til landsframleiðslunnar í heild og á vinnandi mann á sama tímabili, þ.e. á árunum 1981 til 1986. Og svarið, sem er að finna efst á bls. 4, í fskj., er svohljóðandi:

„Þjóðhagsreikningagerð hér á landi er ekki enn komin á það stig að unnt sé að svara spurningum af þessu tagi. Til þessa hefur Þjóðhagsstofnun lagt áherslu á skýrslugerðina fyrir landið í heild og reynt að bæta hana og treysta eftir föngum. Við skiptingu landsframleiðslunnar eftir kjördæmum koma hins vegar upp ýmis ný álitamál, en fullyrða má að skýrslugerð af því tagi gæfi mun betri mynd af þætti hvers landshluta í þjóðarbúskapnum en gjaldeyristekjur eins og vikið er að í svari við þriðju spurningu."

Þetta eru viðbrögð ráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar við þessu máli og eins og þarna kemur ljóslega fram vantar þessa gagnaöflun. Upplýsingaöflun hefur ekki verið miðuð við kjördæmaskipan í landinu eða einstaka landshluta að þessu leyti þótt viðurkennt sé að gagnlegt væri að fá slíkar upplýsingar að mati Þjóðhagsstofnunar. Þetta varðaði fsp. til hæstv. þáv. forsrh. og svar hans.

Borin var fram fsp. til hæstv. viðskrh. um innlán og útlán innlánsstofnana eftir kjördæmum og sú fsp. og svar er birt sem fskj. II. Þar komu fram gloppur af margháttuðu tagi varðandi það sem um var spurt en það var m.a. um stöðu og þróun innlána í innlánsstofnunum, flokkað eftir tegundum sparnaðarforma og kjördæmum á ákveðnu tímabili og það sama varðandi útlán svo og heildarútlán flokkuð eftir kjördæmum á sama tímabili frá innlánsstofnunum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarlánasjóðum. Þarna var að vísu leitast við af hæstv. viðskrh. að leysa úr þessu máli á þeim tíma sem til umráða var og það komu fram í svörunum ýmsar gagnlegar upplýsingar, en með fyrirvörum um upplýsingagrunninn, þar eð ekki hefur verið haldið til haga upplýsingum um þessa þætti á grundvelli kjördæma.

Eins og ég gat um barst ekkert svar við þriðju fsp. til hæstv. þáverandi fjmrh. en fsp. var um tekjur og útgjöld ríkissjóðs eftir kjördæmum á fimm ára tímabili, sundurliðað í ákveðna þætti eins og menn geta séð á bls. 14 í fylgiskjali og spurt var um útgjöld ríkissjóðs einnig eftir kjördæmum sundurliðað á útgjaldaflokka, þar á meðal framlög til samneyslu og margt fleira sem þarna er til tínt, svo og fjármunatilfærslur milli kjördæma gegnum ríkisfyrirtæki eða sjóði í B-hluta fjárlaga.

Þetta vildi ég draga fram sem rökstuðning fyrir þessari tillögu um breyt. á lögum um Þjóðhagsstofnun. Við bendum á það í stuttri grg. með þessu frv. að um sé að ræða undirstöðuatriði til að unnt sé að átta sig á mikilvægum þáttum byggðamála og framlagi einstakra kjördæma til þjóðarbúsins en eins og hv. alþm. þekkja úr umræðum um byggðamál hefur mikið verið fjallað um málin út frá þessu sjónarhorni svo sem ofur eðlilegt er en því miður ekki með þann talnagrunn fyrir framan sig sem æskilegt er að hafa til að styðjast við varðandi slíka umræðu. Því er það von okkar flm. að úr þessu verði hið bráðasta bætt, eða eins og frekast er kostur, með því að Þjóðhagsstofnun verði falið að rækja þessa heim-

ildasöfnun.

Við gerum ráð fyrir að fyrirmæli frv. gildi frá og með árinu 1988 sem þýddi að upplýsingar um þetta bærust þá frá Þjóðhagsstofnun á árinu 1989.

Ég hef rætt þetta lítillega við núverandi framkvæmdastjóra eða forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Þórð Friðjónsson, og hann hefur tjáð mér að að hans mati væri um mjög gagnlegt verkefni að ræða og fróðlegar upplýsingar sem fengjust með þessu en hins vegar væri álitamál hvort núverandi starfslið Þjóðhagsstofnunar gæti rækt þetta verkefni svo fullnægjandi væri og augljóslega þyrfti að bæta gagnagrunn og breyta til um gagnaöflun til þess að unnt væri að draga fram viðkomandi heimildir, viðkomandi undirstöðuþætti. Hann fyrir sitt leyti vildi stuðla að því að þetta yrði gjörlegt ef samþykkt yrði.

Við höfum sett ákveðið svigrúm inn í frv. með því að taka fram í grg. varðandi 1. gr. þess að ekki er um tæmandi upptalningu að ræða á þeim upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun er ætlað að safna og birta. Það er gert ráð fyrir að starfsmenn stofnunarinnar hafi svigrúm til að auka við þá gagnasöfnun eftir eigin mati og óskum sem fram kunna að koma.

Ég vil svo, herra forseti, nefna það að Byggðastofnun er vissulega ætlað að fylgjast með byggðaþróun og fjalla um áhrif opinberra aðgerða á hana. Og eins og segir í 8. gr. laga um Byggðastofnun frá 1985, með leyfi forseta:

„Stofnunin skal afla upplýsinga, er hún þarf á að halda vegna starfsemi sinnar, í samráði við Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands og aðra aðila sem hliðstæðum upplýsingum safna."

Þetta var tilvitnun í gildandi lög um Byggðastofnun varðandi starfsemi stofnunarinnar, en það er enginn sem fæst við þessa heimildasöfnun sem hér er um fjallað.

Ég ætla ekki, herra forseti, að gera þetta frv. að tilefni til víðtækrar umfjöllunar um byggðamál. Slík umræða hefur farið fram hér á Alþingi og væntanlega gefst tilefni til þess áður en langt um líður að ræða þau efni af tilefni annarra þingmála, m.a. mála sem ég hyggst koma hér á framfæri við hv. þingdeild eða Sþ. eftir atvikum. Ég vísa til þess sem fyrir liggur um þá þróun sem í gangi er í landinu og blasir við öllum sem hafa augun opin og liggur fyrir staðfest, m.a. um flutning fólks og atvinnuþróun í landinu, í gögnum frá Byggðastofnun, eins og „Byggð og atvinnulíf árið 1985" sem barst okkur í fyrra og yfirlit um útgerðarstaði í landinu sem nýlega er fram komið og eins atvinnuvegaskýrslur Byggðastofnunar sem vissulega eru gagnlegar upplýsingar. Ég vísa til þess og ætla ekki að hefja hér almenna umræðu um þá þróun sem þarna er í gangi.

Ég treysti því hins vegar að það sé skilningur hjá hv. þm. á nauðsyn þessa máls og mér þætti ánægjulegt ef hæstv. forsrh. vildi tjá sig um efni þessa frv. en hann er, svo sem lög kveða á um, húsbóndi Þjóðhagsstofnunar. Ég nefni að þetta mál tengist vissulega stórum málum eins og spurningunni um ný stjórnskipunarlög fyrir landið, um hugmyndir manna um að skipta landinu upp í héruð eða fylki. Það er auðvitað undirstöðuatriði að menn hafi ljósan talnagrunn og upplýsingar um þjóðhagsstærðir fyrir sér þegar verið er að ræða um efnahagshliðar slíkra mála og því hlýtur að vera víðtækur áhugi á því að koma því í verk sem hér er lagt til.

Ég legg svo til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. sem mér finnst eðlilegt að fjalli um mál af þessu tagi.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þessa frv., sem hér er til umræðu og hv. 2. þm. Austurl. hefur mælt fyrir, vil ég segja að það er um margt æskilegt að fá sundurgreindar upplýsingar, eins og hér er rætt um, eftir kjördæmum. Frv. gerir ráð fyrir að slíkar upplýsingar yrðu sundurgreindar að því er varðar útgjöld ríkissjóðs, landsframleiðslu og gjaldeyrisöflun, innlán og útlán innlánsstofnana.

Vafalaust er það svo að tæknilega er misjafnlega auðvelt að afla þessara upplýsinga eða sundurgreina þær upplýsingar sem fyrir hendi eru. Hér kemur vafalaust til vandasamt mat um það hvernig framleiðsluverðmætin verða til og mat um á hvaða stigi verðmætin verða. Við vitum að keðja framleiðslunnar frá hráefnisöflun til þess að verðmæti fást greidd á erlendum mörkuðum er löng og vafalaust þarf að leysa úr ýmsum flóknum tæknilegum álitaefnum að þessu leyti. En það girðir auðvitað ekki fyrir að æskilegt er að fá upplýsingar af þessu tagi. Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir þá nefnd sem fær þetta til meðferðar að fá tæknilega umsögn um þessa möguleika og hvernig og á hvaða forsendum á að meta skiptingu milli einstakra framleiðsluþátta. Jafnframt held ég að það hljóti að koma til athugunar hvort rétt sé að fela Þjóðhagsstofnun þetta hlutverk þar sem hugsanlega þarf að koma til vandasamt mat. Ég varpa því hér fram til umhugsunar að það gæti eins komið til álita að fela Byggðastofnun að framkvæma sundurgreiningu á slíkum upplýsingum. Allténts er ljóst að ef þetta á að gera þá þarf til þess sérstakan og aukinn mannafla og að sjálfsögðu þarf að huga að kostnaðarþáttum slíks máls í meðferð frv. í hv. nefnd.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er að vissu leyti góðra gjalda vert. Hér er um það að ræða að fela Þjóðhagsstofnun að afla gagna um ýmsar þjóðhagsstærðir og vinna úr þeim á nákvæman og sundurgreindan hátt, sem í sjálfu sér getur verið mjög gott og þarft. Þó finnst mér ekki hægt að taka undir þessa till. athugasemdalaust.

Það er þá kannski fyrst að nefna að eitt þeirra verkefna sem talin eru upp í frvgr. á væntanlega betur heima annars staðar. Á ég þá við síðasttalda verkefnið, að afla upplýsinga um innlán og útlán innlánsstofnana og birta þær opinberlega einu sinni á ári í aðgengilegu formi, eins og stendur í 1. gr. Þetta verkefni finnst mér í öllu falli eðlilegra að fela

Seðlabanka. Enda kemur fram í svari í fskj. með frv. að upplýsingar, sem þar var óskað eftir, fengust hjá Seðlabanka. Mér finnst ekki ástæða til þess að stuðla að skörun í kerfinu eða flækingi á milli stofnana.

Öðrum upplýsingum er hins vegar eðlilegt að leita eftir hjá Þjóðhagsstofnun, a.m.k. meðan hún er við lýði, en eins og hv. þm. vita þá eru alls ekki allir svo sannfærðir um tilverurétt þeirrar stofnunar. Sú sem hér stendur fyllir reyndar flokk þeirra sem gjarna vildu láta endurskoða tilverurétt og umfang þeirrar stofnunar og hvort ekki væri unnt að hagræða og samræma í kerfinu og fela verkefni Þjóðhagsstofnunar t.d. Hagstofu, Byggðastofnun, hagdeild Seðlabanka og e.t.v. fleiri aðilum. Þetta vildi ég gjarna sjá athugað þó að í mínum huga sé reyndar ekki um neitt sáluhjálparatriði að ræða.

En svo að við snúum okkur aftur að frv. og efni þess og tilgangi, þá er í stuttri grg. sagt að hér sé um að ræða undirstöðuatriði til að unnt sé að átta sig á mikilvægum þáttum byggðamála og framlagi einstakra kjördæma til þjóðarbúsins. Það veltist reyndar nokkuð fyrir mér að hvaða beinu gagni upplýsingar sem þessar komi. Það er auðvitað ekki spurning að niðurstöður slíkrar vinnu, sem hér er verið að tala um, yrðu afar fróðlegar og hefðu umtalsvert upplýsingagildi. Það er hins vegar svolítil spurning í huga mér hvert yrði notagildi slíkra upplýsinga og þrátt fyrir ræðu hv. fyrsta flm. fannst mér ekki koma þar fyllilega fram hverjar væru hugmyndir flm. í þessu efni og þætti vænt um að fá það betur skýrt. Ég sé það sem sagt ekki alveg í hendi mér hvert notagildið mætti vera. Mér þykir heldur ótrúlegt að hv. flm. séu hér að hugsa um t.d. að leggja það til að fjárveitingar til einstakra byggðarlaga færu að einhverju leyti eftir því hvern þátt þau eiga í gjaldeyrisöflun og varla þá heldur að það ætti að refsa þeim sem ekki eru jafnfiskin í þeim efnum.

Ég bið hv. flm. að taka þetta ekki illa upp. Ég ætla þeim ekki að hafa þessar forsendur fyrir tillögum sínum en mér finnst verða að skýra þetta ögn betur. Mér skilst að þessi verkefni mundu kosta umtalsverðan tíma og fyrirhöfn og mannafla og þar með peninga þar sem sú skýrslugerð sem nú er innt af höndum er ekki í því formi að slík gagnasöfnun sé nánast framkvæmanleg. Og nú er ég bara að vitna til þess sem hagfræðingar hafa sagt mér. Sjálf er ég heldur illa kunnug skýrslugerðum og hagfræðivinnu.

Ég bið hv. flm. að skilja ekki orð mín svo að hér sé verið að mæla gegn þessu frv. Það er ég alls ekki að gera á þessu stigi. En tilgangurinn verður að vera ljós og notagildið helst þekkt stærð ef á að auka verkefni Þjóðhagsstofnunar á þann veg sem hér er lagt til.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir jákvæðar undirtektir efnislega við þetta mál. Ég tók orð hans svo að hann teldi að hér væri um verðugt verkefni að ræða sem hann þá væntanlega mundi stuðla að sem húsbóndi þessarar stofnunar, Þjóðhagsstofnunar, eða annarra aðila sem fengju þetta verkefni því hæstv. forsrh. ræður einnig ríkjum í Byggðastofnun lögum samkvæmt þannig að það reynir þá einnig á þann sem gegnir forsætisráðherrastarfinu að hafa yfirumsjón með þætti sem þessum eða hafa áhrif á það hvernig hann er ræktur.

Ég vil taka það fram strax að mig skiptir í rauninni ekki miklu hvar verkefni af þessu tagi er vistað, hvort það er innan Þjóðhagsstofnunar, innan Seðlabanka eða innan Byggðastofnunar. Allt getur það vissulega komið til álita. Aðalatriðið er það að upplýsingar af þessu tagi séu dregnar fram og liggi fyrir í aðgengilegu formi með sem minnstum tilkostnaði, sé unnið á sem hagkvæmastan hátt. Og ef það yrði niðurstaða eftir skoðun í nefnd að hægt væri að taka á einhverjum þáttum sem hér eru tilgreindir, eins og varðandi innlán og útlán innlánsstofnana skipt eftir kjördæmum, annars staðar en í Þjóðhagsstofnun þá hefði ég ekkert við það að athuga og tel það sjálfsagt verkefni við frekari athugun málsins á vegum þingsins hvar best væri að koma þessu fyrir. Hins vegar sýnist mér miðað við gildandi lög um Þjóðhagsstofnun og heimildasöfnun og útgáfu, sem við hv. alþm. þekkjum, að þessum verkefnum væri vel komið þar, það komi fyllilega til greina í öllu falli með þorra þeirra verkefna sem hér er verið að fjalla um. Ég vitnaði til tiltekinnar greinar í lögum um Byggðastofnun og benti á að þar er vísað til Þjóðhagsstofnunar þannig að samvinna milli þessara aðila er auðvitað nauðsynleg og sjálfsögð. Það er kannski ekki síst Byggðastofnun sem ætti að njóta afrakstursins af svona starfi í þeirri stefnumótun og stuðningi við byggðastefnu í landinu sem þeirri stofnun er ætlað að rækja.

Þetta vildi ég segja almennt um þetta atriði. Ég get ekki ímyndað mér að það verði ágreiningsefni í sambandi við þetta mál og tók þess. En í stuttu samtali sem ég átti við núverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar komu ekki sérstakar athugasemdir við þetta, en hann hafði vissulega ekki fjallað neitt náið um málið, ég kynnti honum þetta aðeins símleiðis, og væntanlega verður hans álits og annarra starfsmanna í Þjóðhagsstofnun aflað af hv. fjh.- og viðskn.

Þá er það sá þáttur sem hv. 10. þm. Reykn., Kristín Halldórsdóttir, vék að: Hvert er markmiðið? Hvert á að vera notagildi upplýsinga af þessu tagi? Ég er viss um að hv. þm. áttar sig á hvaða þýðingu það hefur að hafa sem skýrastar upplýsingar af þessu tagi fyrirliggjandi við stefnumörkun um byggðaþróun í landinu. Varðandi ráðstöfun fjármagns til verkefna og einstakra svæða, sem er jú spurning um byggðaþróunina, ein af stóru spurningunum sem við þurfum að svara í sambandi við byggðaþróun. Það fólst kannski í ábendingum hv. 10. Reykn. að ekki væri eðlilegt að fara að skammta úr sameiginlegum sjóði eftir þeim mælikvörðum sem hér ætti að draga fram, eins og gjaldeyrisöflun. Ég vil ekki vera að

gera hv. þm. upp skoðanir að þessu leyti, en ég minni á að vissulega hafa hugmyndir af því tagi komið fram og heyrst hér á Alþingi. Og ég er í þeim hópi sem telur að það þurfi að líta á þennan undirstöðuþátt í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, hvar við öflum tekna til útgjalda. Við lifum jú að miklu leyti á innflutningi. Við búum að verulegu leyti að innflutningi í okkar landi, meira en við þyrftum að gera, vissulega. Það væri sjálfsagt unnt að haga því með öðrum hætti ef menn væru samtaka um það. En það er undirstaðan fyrir okkar eyðslu, undirstaðan fyrir okkar neyslu í landinu að allverulegu leyti. Og þess vegna þurfum við að sjálfsögðu að treysta þá undirstöðu ef við ætlum ekki að hverfa hér að sjálfsþurftarbúskap, en um það hef ég ekki heyrt tillögur hér á Alþingi. Ég tel að ein meginskekkjan í okkar þjóðarbúskap núna felist í því að það er ekki gert nógu vel við þessa undirstöðu. Það er ekki gert nógu vel við frumframleiðsluna í landinu og það fólk sem að henni starfar. Ekki í samanburði við þá sem mest eyða í samfélaginu og ekki heldur miðað við þá eyðslu sem fer í afleidda starfsemi, eins og við stundum orðum það, þjónustustarfsemi af margvíslegu tagi — það er vítt og rúmt hugtak, þjónustustarfsemi — og eyðslustarfsemi, eyðslu í þjóðfélaginu sem birtist okkur í framkvæmdum sem sannarlega eru umdeildar, a.m.k. umdeilanlegar út frá eðlilegum, þjóðhagslegum markmiðum.

Þetta er spurning um pólitískt mat og það er verkefni okkar þingmanna að meta þjóðfélagsþróunina, efnahagsstefnuna í landinu út frá eigin hyggjuviti og viðhorfum til þess hvað sé eðlilegt í þeim efnum. Þarna tel ég nauðsynlegt að draga fram þá þætti sem hér eru taldir og fleiri og fleiri.

Sú tilfærsla fólks í landinu og tilfærsla í byggðinni í landinu á sér stað vegna þess hvert fjármagninu er ráðstafað. Menn spyrja kannski hvað sé upphafið í þeim efnum. Er það vilji fólksins að flytja sig til eða er það vegna þess að það eru skapaðar aðstæður í krafti fjármagns til nýrra verkefna? Og þróunin í þjónustu og á menningarsviðum til menningarlegs lífs er sköpuð á ákveðnum svæðum en verður eftir á öðrum. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu hér en ég vek athygli á því að þetta er meginatriði, tilfærsla fjármagnsins, hvernig við miðlum því um æðar þjóðarbúsins og það er ekki síst það sem við höfum verið að leita eftir.

Ég tók orð hv. 10. þm. Reykn. sem vinsamlegar ábendingar og veit að hún þekkir talsvert til þessara mála sem fulltrúi í sínum þingflokki í byggðanefnd þingflokkanna sem skilaði áliti líklega 1985. Þar hefur þessi mál eflaust borið á góma og ég veit um stuðning hv. þm. við það sjónarmið sem ég hef borið hér fram, bæði í þáltill. og í frv., brtt. við sveitarstjórnarlögin, að deila landinu upp í sjálfstjórnareiningar, millistig í stjórnsýslunni, héruð. Til þess að það verði gert með skikkanlegum hætti og þeim falin verkefni við hæfi þurfum við að hafa svona gögn í höndunum. Það er kannski ekki undirstaðan ef pólitískur vilji er til staðar, en við þekkjum það, það er oft verið að hengja hatt sinn á skort á upplýsingum og menn segja: Við tökum ekki ákvarðanirnar vegna þess að við þekkjum ekki nógu vel til málsins, okkur vantar upplýsingar. Þær á að draga fram hér og það verður verkefni þeirra sem væntanlega fá það lögum samkvæmt eftir skoðun frv. og samþykkt laga þar að lútandi að leggja þær á borðið, en ég er hvenær sem er fús til frekari viðræðu um undirstöðuþætti þessa máls og markmiðið sem liggur að baki frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. HG og GHelg, 75. mál (fulltrúar í opinberum nefndum). — Þskj. 78.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég sé að nú þegar ⅔ af fyrirhuguðum fundartíma þessarar deildar eru liðnir er enn vel setinn bekkurinn. Hér er a.m.k. góðmennt og ég gleðst sérstaklega að sjá hæstv. félmrh. hér á meðal okkar þegar tekið er til umræðu frv. til laga um breyt. á lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ég vek athygli virðulegs forseta á því að kannski átta menn sig ekki á því að nýtt mál sé komið á dagskrá, en hugsanlega hefur virðulegur forseti gert mönnum viðvart með hringingu að svo sé. Ég vænti þess að þetta sé áhugamál fleiri af mínu kyni en hér sitja á bekkjum þó að allir séu þeir — ekki er við þá að sakast eins og virðulegur forseti Sþ. minnir okkur oft á þegar hann finnur að fjarvistum manna, að hann sé ekki með tiltal til þeirra sem viðstaddir eru. (**Forseti:** Ég ætla, af því að hv. flm. minnti á það, að gefa merki um að annað mál sé komið á dagskrá. Það hafði ég ekki gert. Væntum við þess að einhverjir muni hlýða þessu kalli sem ég veit að eru hér í húsinu þó að þeir sitji ekki hér á bekkjum.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir að hafa tekið undir mitt ákall um það því að við vitum það þm. að það getur verið gott að átta sig á þegar þáttaskil verða hér í umræðum.

Réttindabarátta kvenna á öldinni, sem við lifum á, sýnir okkur að hún verður ekki farsællega til lykta leidd með lögum einum saman, hvað þá í hátíðaræðum. Þó viljum við ekki missa lögin og það skjól sem þau veita. Sannarlega marka lög áfangann í baráttu fyrir ákveðnum málum og málefnum í okkar samfélagi. Þegar konur fengu fyrst viðurkenndan kosningarrétt til Alþingis árið 1915 var hann miðaður við 40 ára aldur, en það aldursmark átti að lækka um eitt ár árlega og konur að ná jöfnum rétti á við karla að 15 árum liðnum, en þá var almennur kosningarréttur miðaður við 25 ára aldur.

Ég sé ástæðu til þess að rifja upp þetta ákvæði sem

er að finna í stjórnskipunarlögum um breytingu á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands sem samþykkt voru 1915. Það var ætlaður, sem sagt, 15 ára aðlögunartími fyrir konur undir fertugu til þess að hafa vit væntanlega að mati þáverandi valdamanna í samfélaginu til þess að taka þátt í kosningum til Alþingis og fá jafnrétti á því sviði á við karla. Þetta þykir sjálfsagt undarleg lagabót svona horft til baka, svo sjálfsagður sem jafn kosningarréttur kynjanna þykir nú á dögum. Samt eru konur aðeins um 20% þm. í aðalsætum á Alþingi Íslendinga, en varamannabekkurinn vekur vissulega vonir um að einnig á þessu sviði geti verið betri tíð í vændum þótt hægt gangi.

Árið 1961 voru sett fyrstu heildarlögin um launajöfnuð kvenna og karla og 12 árum síðar, 1973, lögin um Jafnlaunaráð, en samkvæmt þeim skyldu konum greidd jöfn laun á við karla fyrir sambærileg störf og atvinnurekendum gert óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Sannarlega voru þetta lagabætur. En blasir ekki óréttlætið og mismununin gagnvart konum hvað skýrast við í launamun, duldum og sýnilegum, á vinnumarkaðinum? Miðað við þá einstaklinga í okkar samfélagi sem vinna heilan vinnudag liggja fyrir um það tölulegar upplýsingar að munurinn á launum, launafúlgunni sem rennur annars vegar til karla og hins vegar til kvenna, sé hlutfallslega 40%. Þetta hefur verið dregið fram í könnun sem mikið var rekið á eftir hér á Alþingi og *nú er búið að setja nýja nefnd, sem er góðra gjalda* vert, til þess að reyna að átta sig á því hvernig í ósköpunum stendur á þessu. Hvernig stendur á þessu? Við vitum ekki svörin við því enn. Við höfum þau ekki fyrir framan okkur. Lögin um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 eru og voru einnig talin réttarbót eins og endurbótin sem á þeim var gerð undir lok kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna með samþykkt laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt síðasttöldu lögunum, þeim sem nú eru í gildi, er tilgangurinn með lagasetningunni „að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum", eins og það heitir í texta laganna og heimilaðar eru sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna og koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna.

Ég minni, herra forseti, á þessa áfanga í lögformlegri réttindabaráttu kvenna um leið og ég mæli fyrir breytingu á einni grein jafnréttislaganna sem við köllum svo, laganna frá 1985, til að leggja áherslu á það viðhorf að bókstafurinn er eitt og framkvæmdin annað. Lög eru aðeins viðspyrna og lítils virði nema þeim sé fylgt eftir með pólitískum vilja til framkvæmda og í þau sé blásið lífsanda af þeim sem ætlað er að njóta þeirra. Annars er hætt við að þau verði *dauður bókstafur*.

Frv. sem ég flyt ásamt hv. 13. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, er breyting á lögunum nr. 65 frá 1985, efnislega fyrst og fremst viðauki við 12. gr. laganna, sem gerð er tillaga um að orðist svo með leyfi forseta:

„Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu fulltrúa beggja kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Í nefndum, stjórnum og ráðum, sem skipuð eru beint af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja, skulu ekki vera færri en 40% af hvoru kyni. Gildir það bæði um aðalmenn og varamenn.

Því aðeins er heimilt að gera undanþágu frá þessari reglu að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem geri það augljóslega ósanngjarnt að miða við slíka skiptingu og skal rökstuðningur þar að lútandi liggja fyrir Jafnréttisráði þegar ákvörðun er tekin.

Sveitarfélög skulu tilkynna Jafnréttisráði um nefndir, stjórnir og ráð sem kosin eru eða tilnefnd á þeirra vegum. Jafnréttisráð sendir sveitarstjórn athugasemdir ef það telur að ekki séu uppfylltar kröfur samkvæmt þessari grein. Sveitarstjórn getur að fengnum athugasemdum Jafnréttisráðs kosið eða tilnefnt á ný enda gangi það ekki gegn ákvæðum í öðrum lögum."

Þetta er aðalgrein frv. sem ætlast er til að öðlist þegar gildi eftir að hafa hlotið samþykki.

1. mgr. skv. 12. gr. frv. er óbreytt frá gildandi lögum nema felld eru niður í lok málsgreinar orðin „þar sem því verður við komið". Þetta er varnagli sem miðað við undanþáguákvæði sem hér eru byggð inn telst vera óþarfur að mati okkar flm.

Meginákvæði frv. eru að koma inn lagastoð til að *tryggja aukinn hlut kvenna í stjórnum, nefndum* og ráðum frá því sem nú er. Í þeim tilgangi er kveðið á um að ekki skuli vera færra en 40% af hvoru kyni þegar ráðuneyti, opinberar stofnanir og fyrirtæki geta haft úrslitaáhrif á samsetningu í slíkum nefndum eða ráðum. Að sama marki á að stefna á vegum sveitarfélaga, m.a. með bættum samskiptum sveitarstjórna og Jafnréttisráðs og íhlutunarrétti Jafnréttisráðs eins og fram kemur í tillgr.

Skv. 3. mgr. er heimild til undanþágu ef sérstakar og gildar ástæður eru fyrir hendi. Þá er m.a. haft í huga varðandi hugsanlegar undanþágur að vinnumarkaðurinn er mjög kynskiptur. Það gæti t.d. talist ósanngjarnt að karlar væru full 40% í nefnd sem fjalla ætti um málefni sem nær eingöngu snertu starfsvettvang eða aðstöðu kvenna. Ég nefni til kynskiptar starfsgreinar eins og hjúkrunarstarfsmenn þar sem konur eru í yfirgnæfandi meiri hluta, nánast 100%, tæp þó ef allt er talið. Frá slíkum frávikum ber hins vegar að skýra opinberlega og kynna Jafnréttisráði málavöxtu áður en ákvörðun er tekin.

Ég vil geta þess, herra forseti, að við mótun frv. sem hér er til umræðu horfðum við flm. talsvert til norskra lagaákvæða um hliðstætt efni, ákvæða sem tekin voru upp í norsku jafnréttislögin sem samþykkt voru 1978, en þessi nýju ákvæði, sem varða einmitt efnislega hið sama og hér er gerð tillaga um, voru samþykkt á árunum 1981 og 1983. Þar er t.d. gert ráð fyrir að í nefndum með fjórum fulltrúum eða fleiri eigi hvort kyn a.m.k. tvo fulltrúa. Það er

nánast það hlutfall sem hér er lagt til grundvallar. Samkvæmt norsku lögunum er einnig undantekningarlaust gert ráð fyrir að í öllum nefndum eigi bæði kyn fulltrúa. Þar er einnig að finna undantekningarákvæði ekki ósvipað og hér er gerð tillaga um og þessi ákvæði gilda ekki varðandi nefndir eða ráð sem samkvæmt lögunum eiga aðeins fulltrúa kosna af samkundum sem kosið er til með beinum hætti. Væntanlega er það Stórþingið norska sem þar er átt við og kannske hliðstæðir aðilar. Ákvæði varðandi sveitarfélög eru ekki ósvipuð í norsku lögunum en ég er ekki að rekja það hér sérstaklega. Þetta er 21. gr. norsku jafnréttislaganna sem hv. þm. hafa færi á að kynna sér og sú þingnefnd sem ég legg til að fái þetta mál til meðferðar.

Í grg. og fylgiskjölum með frv. er rakin staða kynjanna varðandi núverandi hlut þeirra í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum ríkis og sveitarstjórna, svo og í stjórnum launþegasamtaka og hjá atvinnurekendum, þ.e. hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og nokkrum félögum innan þess. Í þessum efnum liggja fyrir nýlegar upplýsingar og samantektir frá Jafnréttisráði sem kynntar hafa verið opinberlega ekki alls fyrir löngu. Tilefni þeirrar upplýsingaöflunar er m.a. að kanna framkvæmd á áðurnefndum ákvæðum 12. gr. gildandi jafnréttislaga og einnig er þar gerður samanburður á þróun sl. áratug, þ.e. frá árinu 1976 að telja.

Í grg. er rakið í samþjöppuðu formi það sem kemur fram ítarlegar í fylgiskjölum með þessu frv. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á að lesa það upp í einstökum atriðum vegna þess að áhugi er sýnilega á því að ræða þetta mál en minni á það að samkvæmt yfirliti Jafnréttisráðs voru hjá ríkinu ekki nema 12% fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum kosnum af Alþingi konur og hlutur kvenna hafði batnað óverulega frá árinu 1976 að telja, samanburður að vísu ekki óyggjandi í þessum efnum vegna ákveðinna breytinga á forsendum, en sem sagt, ekki í raun marktækur munur svo að teljandi sé.

Varðandi hlut kvenna í nefndum og stjórnum á vegum borgar- og bæjarstjórna er gerður samanburður við árið 1974. Þar er vissulega hjá Reykjavíkurborg og 22 kaupstöðum eða bæjarfélögum, sem yfirlit er gefið um, um verulega fjölgun að ræða, marktæka, nánast tvöföldun, úr 14% í 27,4%, varðandi fulltrúa í þessum nefndum en í tæplega helmingi nefnda var alls engar konur að finna. Það kemur fram mjög áberandi greining eftir málaefnaflokkum sem út af fyrir sig þarf ekki að teljast mjög óeðlilegt.

Það er einnig athyglisvert að hlutur kvenna í nefndum sem kosnar eru af bæjarstjórnum og borgarstjórn í Reykjavík er mun lægri í nefndum og ráðum en í stjórnunum sjálfum. Konur eiga þó orðið í þessum 23 sveitarfélögum á bilinu 37–40% fulltrúa sem er auðvitað veruleg framför frá því sem var fyrir áratug. En fjöldi fulltrúa í nefndum og ráðum sem kosnar eru af viðkomandi bæjarstjórnum er verulega lægri eða á bilinu 24–32%. Það er auðvitað ánægjuefni fyrir mig að sjá það í þessum talnagögnum að mín heimabyggð er talin í nokkrum sérflokki varðandi þessa stöðu, ánægjuefni og ánægjuefni ekki, þ.e. að sú staða liggur fyrir að þar eru þessi mál í skaplegu horfi, konur í meiri hluta nú í bæjarstjórn í Neskaupstað og hlutur þeirra í ráðum og nefndum yfir 40% að mig minnir, eða yfir því marki sem hér er lagt sem mælikvarði, en það er hins vegar ekki ánægjuefni að hluturinn skuli vera jafnlakur víða annars staðar og raun ber vitni. Alveg sérstaklega hlýt ég að vísa til þess hversu hlutur kvenna er rýr í því sem kallast æðri stöður eða embætti á vegum sveitarfélaganna og það er það sem liggur fyrir í okkar samfélagi almennt. Tölurnar einar, höfðatalan, segja ekki hálfa sögu í þessum efnum ef litið er til þess á hvaða valdapóstum, svo notað sé kannski ekki mjög vandað orðfæri, karlarnir sitja í samfélaginu og völd þeirra og áhrif þar af leiðandi miklu meiri en svarar til þeirra hlutfallstalna sem ég er hér að nefna.

Það er í grg. einnig vísað til stöðunnar hjá launþegasamtökunum og Vinnuveitendasambandinu og kemur fram að hjá launþegasamtökunum eru þessi mál misjafnlega á vegi stödd, mjög þokkalega hjá Bandalagi háskólamanna og BSRB, heldur lakar ef litið er til ASÍ, þó þokkalega í stjórnum einstakra sambanda innan Alþýðusambandsins, en ekki að sama skapi í stjórnum og ráðum innan Alþýðusambandsins. Þar er hluturinn lakari en svarar til hlutfalls kvenna í stjórnum svæðasambanda innan Alþýðusambandsins.

Ef litið er til Vinnuveitendasambands Íslands er nánast um eyðimörk að ræða á þessu sviði og kemur kannski ekki alveg á óvart þeim sem hér talar miðað við valdaáhrifin, völd karla í samfélaginu og sérstaklega á því sviði sem horfir til fjárráða og fjármagnsins og yfirstjórnar þess, sem eru kannski lykilatriðin í þessu samfélagi þegar allt kemur til alls.

Ég minni á það, herra forseti, að staða kvenréttindamála eða viljum við kalla það kvenfrelsismála og jafnréttis kynjanna var rædd talsvert hér á Alþingi sl. vetur. Tilefnið var m.a. skýrsla félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála, þáv. félmrh. Alexanders Stefánssonar, og skýrsla hans um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu, svo og skýrsla sama ráðherra, væntanlega fyrir hönd þáv. ríkisstjórnar, um framkvæmdaáætlun þeirrar stjórnar eins og hún lagði hana fyrir til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Flm. þessa frv. og þm. Kvennalistans gagnrýndu margt í þessum umræðum að ég man. Ég var í hópi þeirra sem töldu framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar allt of veikburða og ómarkvissa, en þó voru vissulega þar inni ýmis atriði sem horfðu til bóta og hæstv. núv. félmrh. hefur tekið þau upp í erindi sem kynnt er í fskj. með þessu frv., í sérstöku erindi til ríkis, til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins, og er þar að finna á bls. 18–19 og kem ég aðeins að því á eftir. Það sem þar kemur fram, í bréfi hæstv. ráðherra frá 22. júlí 1987, er vissulega góð viðleitni

og ég vona að hlutaðeigandi, þ.e. konur sem ætlað er að njóta þess sem þar er lagt til, eigi eftir að uppskera nokkuð af þeirri áherslu sem þar er lögð af framkvæmdarvaldsins hálfu á að bæta stöðuna án þess að til lagaboða komi. Ég vænti sannarlega að svo verði í reynd og ég hef enga ofurtrú á lagabókstaf einum saman, en hins vegar tel ég tryggara, og ég vænti að hæstv. ráðherra sé mér sammála um það, enda þekki ég það af málflutningi ráðherrans á meðan hún var óbreyttur þm. í þessari deild og í sameinuðu þingi að áherslur hennar féllu mjög í þá átt einmitt, að styrkja lagagrunninn í jafnréttismálum.

Í niðurlagi þessa erindis frá hæstv. ráðherra, sem ráðherrann kannski víkur sérstaklega að hér og er ástæðulaust fyrir mig að fara um mörgum orðum, kemur fram sérstök ósk til þeirra sem bréfinu er beint til að gert verði átak til að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í þessu erindi og ætlunin að fylgja því máli eftir.

Ég vil, herra forseti, áður en ég lýk senn máli mínu minna á ákvæði alþjóðasamningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samnings sem samþykktur var af Alþingi 13. júní 1985 og staðfestur af ríkisstjórn nokkrum dögum síðar. Þessi samningur hefur lagagildi hérlendis. Í 2. og 4. gr. hans er að finna atriði sem tengjast því máli sem hér er flutt. Þar segir m.a., með leyfi forseta, að gert sé ráð fyrir að „aðildarríkin hlutist til um án tafar að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema misrétti gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana og fyrirtækja og gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til að breyta og afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum". Í 4. gr. þessa samnings er m.a. kveðið á um svonefnda jákvæða mismunun sem sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miði að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti kvenna og karla náist. Ég hef reynt að ýta á eftir úttekt á þessum samningi og að við ákvæði hans sé staðið með markvissu starfi hjá okkur og ég minni á að Ísland var meðflutningsaðili að tillögu sem samþykkt var í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland á sæti í sem fulltrúi Norðurlanda, líklega síðasta árið núna, að skv. þeirri till. lagði efnahags- og félagsmálaráðið sérstaka áherslu á í samþykkt vorið 1986 að aðildarríkin standi stranglega við skuldbindingar sínar skv. samningnum. Ísland er í hópi flytjenda. Ég held að það skorti ansi mikið á að það starf sé í gangi sem þyrfti að vera til að uppfylla þær kvaðir sem þessi samningur, sem hér var samþykktur samhljóða að tillögu utanrmn., að það starf sé í gangi þó að við skulum vænta þess að eitthvað sé verið að sinna því og ég treysti hæstv. félmrh. sannarlega til að gefa þeim málum gaum.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum minna á það, sem hér hefur komið fram í mínu máli, að allt of hægt miðar að því að tryggja aukin áhrif kvenna á opinberum vettvangi og þess vegna er frv. hér flutt sem eitt af mörgum tækjum sem beita þarf til þess að komast þar úr sporum. Með ákvæðum frv. er leitast við að auka áhrif kvenna á stefnumörkun á ýmsum sviðum og á framkvæmd opinberra mála. Okkur flm. er þó ljóst að slík formleg aðild ein saman hrekkur skammt og jafnhliða þarf m.a. hlutur kvenna í ábyrgðarstöðum að vaxa til mikilla muna frá því sem nú er.

Aðstaða kvenna til virkrar þátttöku í félagsstörfum er enn mun lakari en karla, m.a. vegna þess að samfélagið tekur ekki nema mjög takmarkað tillit til móðurhlutverksins og ójöfn verkaskipting á heimilum gerir konum yfirleitt erfitt um vik að helga sig félagsmálum til jafns á við karla. Það er skoðun okkar að vinna beri að því að auka áhrif og réttindi kvenna á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Sem jöfnust þátttaka kynjanna á opinberum vettvangi er mikilvægt markmið sem stuðningur fengist við með lögfestingu þessa frv.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn. þessarar deildar.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en umræðunni verður fram haldið vil ég geta þess að það er ætlunin að fundir deilda á þessum degi standi að öllum jafnaði ekki lengur en til kl. 5 nema sérstakar annir séu. Það er langt frá því að ég sé að minna á þetta vegna þess að ég sé að takmarka umræður um þetta mál, þær munu að sjálfsögðu ganga sinn gang, en þessari reglu mun eigi að síður verða haldið í dag. Þó að fjórir séu á mælendaskrá í þessu máli mun vera nægur tími í þessari deild á morgun til að ljúka umræðunni ef henni lýkur ekki nú kl. 5.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Nú held ég að veiti ekki af að nota skammelið og hækka sig aðeins.

Menn hafa verið að gamna sér við það stundum að nota samlíkingar þar sem þeir bera saman Alþingi og leikhús. Sjálfri hafa mér ekki fallið þessar samlíkingar mjög vel og tel ómaklega að leikhúsinu vegið með slíkum samlíkingum, en ég get þó ekki stillt mig um að... (**AG:** Forseti. Ég mótmæli svona umræðum.) Ég gæti rökstutt, Albert, hvað ég á við. Ég gæti gert það. (**AG:** Þetta er óverðskuldað.) (**KH:** Þm. er á mælendaskrá.) Hann bætir bara um betur. Ég get þó ekki stillt mig um að nota þessa samlíkingu aðeins núna.

Við búum við það í leikhúsinu að þegar of margir hverfa af vettvangi, sem þeir gera aldrei í leyfisleyfi, getur maður ef vill náð eyrum fleiri en viðstaddir eru; þá hefur maður aðstöðu til þess að fara í hljóðnemann og kalla: Allir á svið! Og það er brugðist hart við. Hér býr maður ekki við það að geta kallað: Allir í sal! og þm. birtist.

Aðra samlíkingu má líka nota. Stundum falla leiksýningar, það er ekki aðsókn að þeim og það er vanalega talið að til þess liggi tvær orsakir eða önnur tveggja. Það er annaðhvort að sýningin sé einfald-

lega vond, léleg eða leiðinleg og nái þess vegna ekki hylli áhorfenda, eða hún sé að einhverju leyti svo framúrstefnuleg að áhorfendur séu ekki enn þá móttækilegir fyrir því sem þar kemur fram. Slíkt mætti kannski halda um það mál sem nú er hér til umfjöllunar.

Við kvennalistakonur viljum þakka flm. þessa frv. og teljum okkur auðvitað bæði ljúft og skylt að taka til máls í tilefni þess.

Það eru margar spurningar sem vakna við lestur þeirrar skýrslu sem er hvati þessa frv. um breytingar á lögum um jafnan rétt karla og kvenna nr. 65/1985. Í fyrsta lagi hversu sá munur sem er á hlutfalli kynja kjörinna fulltrúa og því hlutfalli sem blasir svo við í nefndum og ráðum er mikill. Það er lítið samræmi þar í milli, þó finna megi undantekningar þar á, jafnvel þar sem engar konur eiga sæti, t.d. í sveitarstjórnum, en skipa nefndarsæti, en hitt er miklu algengara að hlutfall kvenna í nefndum og ráðum sé langt undir hlutfalli kjörinna kvenna. Það er sama hvort litið er til Alþingis og þeirra nefnda sem það kýs, skipar eða tilnefnir í eða bæjar- og sveitarstjórna, félagasamtaka. Niðurstöður eru svipaðar. Þetta misræmi blasir alls staðar við þó greina megi blæbrigðamun.

Um tölulegar niðurstöður þessarar skýrslu ætla ég ekki að fjölyrða, þær tala sínu máli, en snúa mér aðeins að verkaskiptingunni. Hún kemur svo sem ekki á óvart. Konur fá að vera með við að sinna heilbrigðis-, mennta-, menningar- og félagsmálum, en karlarnir eru næstum einráðir við að sýsla með peninga, atvinnuvegi, samgöngur og stjórnun. Að maður tali nú ekki um stjórnunarstörfin svokölluðu. Þar eru konur oftast fjarri góðu gamni. Þetta lýsir auðvitað hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna vel og áhugasviðum býst ég við að sumu leyti líka, en þó eru alltaf uppi raddir sem segja að kyn skipti ekki máli, hæfileikar og dugnaður eigi að skera úr. Hvar sér þess stað í þessari skýrslu?

Forvitnilegt hefði verið að vita aðeins meira um það af hverju niðurstöður skýrslunnar eru eins og þær eru. Í fyrsta lagi er ljóst að hinn almenni kjósandi treystir konum. Það hefur mér vitanlega ekki staðið nokkrum framboðslista fyrir þrifum að þar væri of margar konur að finna. Heldur mætti finna dæmi um hið gagnstæða. En karlarnir, starfsfélagar þessara kjörnu kvenna, treysta þeim verr en þjóðin og sannast kannski það sem oft er haft á orði að íhaldssömustu öfl þjóðfélagsins sé að finna í stjórnkerfinu og því hærra sem dragi í valdapíramídanum, því ljósari verði íhaldssemin og afturhaldið. Og taki þeir til sín sem eiga.

Ef ég hef rangt fyrir mér um vantraust karla á konum getur ástæðan hugsanlega verið einhvers konar valdafíkn. Það er valdafíkn þeirra sem fyrir eru í fleti og eru sko ekki á þeim buxum að víkja um fet þó að vilji kjósenda segi annað. Þessa skýringu skil ég betur en hina fyrri. Það er sjálfsagt erfitt skref fyrir marga að afsala sér af fúsum og frjálsum vilja þeim völdum sem þeir hafa og telja sig oft og tíðum eiga. Til þess þarf skilning og þroska sem er ekki öllum ætlandi. Ef skýringin er þessi sannar hún það, sem margar konur halda fram, að karlmenn ætli að spyrna við fótum eins lengi og þeir geta, þó þeir fæstir viðurkenni það í orði, og standi saman um að varðveita þau völd sem þeir hafa. Sú samstaða er svo sannarlega þverpólitísk. En það mun að sjálfsögðu fara fyrir þeim eins og öllum sem ætla sér að reyna að stöðva tímann, snúa við sögunni eða hindra þróun. Þeir eru dæmdir til að tapa. Konur sækja á brattann og skynsamlegra væri körlum að rétta þeim hjálparhönd og létta þeim gönguna.

Margir munu eflaust bera fyrir sig að konur vilji ekki, þær finnist ekki eða hafi ekki enn nægilegt vit og reynslu til að sinna störfum þar sem karlar eru nærri einráðir. Væri gaman að gerð væri könnun þar sem slíkt yrði rannsakað. Finnast mörg dæmi þess að konur skorist undan að takast á hendur störf sem eru boðin eða gefi ekki kost á sér eða vilji ekki eða finnast ekki nægilega margar konur með viðunandi menntun, reynslu eða þekkingu? Og í framhaldi af því: Gildir þá sama um þau störf þar sem konur eru fjölmennari? Vilja karlarnir ekki þau störf, skorast þeir undan, hafa þeir ekki þekkingu og reynslu eða treysta konur þeim ekki til að vinna þau störf? Við þessum spurningum væri fróðlegt að fá svör. Jafnvel væri það þess virði að fela Jafnréttisráði að kanna orsakir verkaskiptingar í nefndum, stjórnum og ráðum, hvort þar ræður áhugi hvers og eins kjörins fulltrúa eða hvort fulltrúum er stillt upp á lista á þennan veg, hvort upphaflegar tilnefningar eru í samræmi við útkomu o.s.frv.

Við kvennalistakonur vitum vel að það liggur mjög nærri konum að sinna hinum svokölluðu mjúku málum, kvennamálum, og síst viljum við að konur láti af afskiptum þeirra mála. En hitt vitum við líka að útdeiling fjármagns, ákvörðun forgangsraðar og vægi málaflokka eru ákveðin annars staðar og því mikilvægt að sjónarmið kvenna séu líka sýnileg og heyranleg þar sem málum er ráðið. Þess vegna segjum við að öll mál séu kvennamál og viljum ekki trúa því fyrr en á reynir að þetta hlutfall í nefndum og stjórnum og ráðum endurspegli vilja og áhuga kvenna eða öllu heldur vilja- og áhugaleysi, teljum að það endurspegli fremur afstöðu karla og vilja. Því munum við að sjálfsögðu styðja þetta frv. þó að segja megi að það sé hálfgerð nauðungarsamþykkt. Það er hart að slíkt skuli þurfa, en það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn. Staðreyndirnar tala sínu máli.

Þegar þetta er útkoman þrátt fyrir stóraukna stjórnmálaþátttöku kvenna, þegar orsakirnar liggja í kerfinu sjálfu en ekki hjá hinum almenna kjósanda, verður að grípa inn í. En hart er að þurfa að koma lögum yfir karlmenn svo þeir standi ekki á móti lýðræðislegri þróun. Oftast endurspegla lög ríkjandi ástand og hugarfar en stundum eru lög á undan sinni samtíð, þ.e. þeim er ætlað að virka hvetjandi til að flýta fyrir þróun. Svo er vafalaust um jafnréttislögin. Það er marklaust að ætla lögum að þvinga fram

hugarfarsbreytingu hjá þjóð en þegar sú hugarfarsbreyting gerist hraðar hjá þjóðinni en kjörnum fulltrúum hennar og embættismönnum verður að grípa inn í.

Við kvennalistakonur munum því styðja þetta frv. eins og áður sagði og skorum á hið háa Alþingi að samþykkja það og gera þannig bragarbót sjálft og ganga á undan með góðu fordæmi. En við vonum þó að sú lagabreyting, sem lögð er til í þessu frv., verði óþörf sem allra fyrst og munum þá með gleði taka undir lagabreytingartillögur til að fella hana og helst öll lögin úr gildi. Það verður þá kannski komin þjóðarbókhlaða og þar verða þessi lög höfð til sýnis undir gleri og foreldrar og kennarar munu koma með börn og unglinga þangað sem munu skemmta sér og undrast að slík lög skyldu einhvern tímann hafa verið nauðsynleg.

Lára V. Júlíusdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um breyt. á l. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hér er um að ræða viðbót við 12. gr. laganna sem fjallar um það að leitast skuli við að hafa sem jafnasta tölu kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Viðbót, sem felur í sér að í nefndum, stjórnum og ráðum sem skipuð eru beint af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja skuli ekki vera færri en 40% af hvoru kyni.

Svo sem fram hefur komið í könnun, sem Jafnréttisráð hefur nýlega látið gera, hefur þrátt fyrir núgildandi ákvæði lítil hreyfing orðið í jafnréttisátt ef stjórnir og ráð innan einstakra ráðuneyta eru borin saman með tilliti til skiptingar kynja á 10 ára tímabili. Þótt þróunin hafi verið sú að konum hafi aðeins fjölgað í nefndum á árabilinu frá 1976–1985 er enn mjög langt í land með að því verði náð sem kalla má jafnrétti hvað þetta varðar. Aukningin er úr 3% 1976 í 10% 1985. Þetta er þróun sem varð á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna þegar sérstakt átak átti að gera til að bæta stöðu kvenna í heiminum.

Segja má að konur á Íslandi hafi fyrir löngu náð lagalegu jafnrétti. Konur fengu kosningarrétt til Alþingis 1915 og ýmis lagaleg réttindi til jafns við karla fengust snemma á öldinni. Við löggjöf í jafnréttismálum hér á landi ríkti á margan hátt framsýni og voru Íslendingar framarlega í lagasetningu borið saman við aðrar þjóðir. Þrátt fyrir lög hefur hér gengið illa að ná jafnrétti í reynd. Hlutdeild kvenna á þingi hefur lengst af verið lítil. Einungis 17 konur höfðu verið kosnar á þing frá árinu 1915 og fram til síðustu alþingiskosninga. Launamunur kynja er verulegur og þannig má áfram telja.

Áhrif kvenna eru ekki eins mikil á Íslandi og ætla mætti þegar litið er til lagalegrar jafnstöðu. Við sjáum dæmin allt í kringum okkur. Á árinu 1960 vann fimmta hver gift kona utan heimilis. Í dag vinna fjórar af hverjum fimm giftum konum utan heimilis. Samt sem áður miðar skólakerfið enn við það að mamman sé heima að sinna barninu sínu í hádeginu. Skólar eru tvísetnir ef ekki þrísetnir og enn hefur samfelldum skóladegi ekki verið komið á alls staðar. Ekki þarf að fjölyrða um það ástand sem nú ríkir í dagvistarmálum og eru þetta lýsandi dæmi um að lítið hefur verið gert til að koma til móts við breyttar þarfir fjölskyldunnar. Hvers vegna? spyrja menn. Jú, uppeldi barnanna hvílir á konunum jafnvel þótt þær hafi farið út að vinna. Konur eru ekki þar sem ráðum er ráðið. Úrlausn þessara mála hefur ekki haft neinn forgang. Til að breyta þessu þarf að auka völd kvenna. Ein leiðin til að tryggja völd þeirra er að auka á hlutdeild þeirra í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir berum orðum að kjör kvenna og aðstaða barna verði bætt og áhrif kvenna í þjóðlífinu aukin. Til að fylgja eftir þessari stefnu hefur félmrh. með bréfi til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins beint þeim tilmælum til þeirra að sérstakt átak verði gert til að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust. Í athugun er í ráðuneytinu hvernig enn frekar megi fylgja þessu eftir, þar á meðal hvort lagabreyting komi hér til greina. Hefur sérstaklega verið litið til hugmynda sem fram hafa komið um að þegar beðið sé um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli nefna karl og konu. Sé það ekki gert skuli veita Jafnréttisráði skriflega rökstudda greinargerð um ástæður þess.

Má í þessu sambandi nefna að í Danmörku voru sett lög þessa efnis 1985, það eru lög nr. 157/1985. Og þó að þessi lög hafi nýlega tekið gildi, þau eru tveggja ára gömul, þá hafa þau þegar haft töluverð áhrif þar til að auka hlutdeild kvenna í opinberum nefndum. Á fyrsta árinu sem þau voru í gildi jókst tala kvenna í nefndum og ráðum úr u.þ.b. 11% í 30%.

Eitt af helstu baráttumálum kvenna um heim allan á síðasta áratug hefur verið að tryggja með lögum heimild til sérstakra aðgerða til hagsbóta konum. Hinn 13. júní 1985 samþykkti Alþingi till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum. Í 4. gr. þess samnings segir, með leyfi forseta:

„Geri aðildarríki sérstakar bráðabirgðaráðstafanir, sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist, skal það ekki talið misrétti eins og það er skilgreint í samningi þessum en skal ekki á neinn hátt hafa í för með sér að ójöfnum eða ólíkum skilyrðum sé við haldið. Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð."

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 65/1985, segir í 3. gr. að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil. Þó kemur fram í lögunum að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á

jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, teljist ekki ganga gegn lögunum. Heimild til tímabundinna aðgerða til hagsbóta konum hefur verið til staðar í lögunum í tvö ár. Enn fer ekki mikið fyrir slíkum aðgerðum. Þó hefur nú á allra síðustu mánuðum orðið töluverð umræða um þetta ákvæði og hefur framkvæmdanefnd um launamál kvenna tekið málið til sérstakrar umfjöllunar. Skipta má þessum aðgerðum í tvo hópa eftir eðli þeirra, annars vegar þvingandi aðgerðir, svo sem kvóta eins og lagður er til í frv. sem hér liggur fyrir, hins vegar jákvæðar aðgerðir, styrki, verðlaun, hvatningu til þeirra sem sýna viðleitni til að breyta ástandi til betra horfs. Deilt er um það hvora leiðina sé betra að fara.

Svo sem ég hef rakið er ekki andstætt lögum að ráðast í séraðgerðir í þágu kvenna. Jafnréttisráð hefur nú til umfjöllunar tillögur hóps sem vann að útfærslu á þessari heimild en Jafnréttisráði er, svo sem kunnugt er, ætlað samkvæmt lögum að marka stefnu í jafnréttismálum. Áður en farið verður að breyta jafnréttislögum í þá átt sem hér er lagt til tel ég að fyrst verði að láta á það reyna hvernig unnt verði að notfæra sér 3. gr. laganna, um tímabundnar aðgerðir til hagsbóta konum, og huga að breytingu á 12. gr. á þá leið sem gert hefur verið í Danmörku. 40%-kvóti í þessu tilviki er göfugt markmið en það verður að ætla að erfitt sé að ná því fram með hlíðsjón af stöðu jafnréttismála hér á landi í dag. Ég vil heldur sjá lögum breytt og reglugerðir settar þannig að líkur séu til að hægt sé að framfylgja þeim heldur en að setja lög sem engin leið er að framfylgja. Lögin verða að endurspegla réttarvitund manna en ekki vera einhvers konar óljós framtíðarsýn. Ég sé ekki að unnt sé fyrir Jafnréttisráð að framfylgja þeim ákvæðum sem hér er um rætt af nokkru viti og tel að undanþágur verði reglan þar sem hér er lagt til að lögbinda 400% aukningu á þátttöku kvenna í nefndum. Ég treysti því nefnilega ekki að allir karlmenn séu jafnmiklir jafnréttissinnar og hv. flm. þessa frv.

Hér á landi hefur heimildin í 3. gr. jafnréttislaga sama og ekkert verið notuð. Þar tel ég að sé opin leið í flestum tilvikum að tryggja þann kvóta sem hér er lagður til með löggjöf. Með stjórnvaldsaðgerðum er hægt að koma á kvóta sem tryggir aukna hlutdeild kvenna. Við kosningu í stjórnir og skipanir í nefndir og ráð á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka tel ég að oft gleymist að konur séu til eða eins og oft er: Ein kona er sett í hópinn með körlunum. Ef sú leið verður farin að nefna bæði karl og konu við tilnefningar væri minnt á tilvist alls þess fjölda frambærilegra kvenna sem stöðugt er sniðgenginn þegar verið er að útdeila völdum hér á landi.

Þótt ég sé í hjarta mínu sammála því markmiði sem frv. stefnir að þá hef ég efasemdir um þá leið sem hér er lögð til. Ég tel að farsælla sé í fyrsta lagi að nýttar verði þær heimildir sem gildandi jafnréttislög veita til að tryggja konum aukna hlutdeild í stjórnum og nefndum, og í öðru lagi að kannað verði hvort ekki sé rétt að lögbinda þá reglu að nefna skuli bæði karl og konu við tilnefningar í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga áður en ráðist verður í svo róttækar breytingar á nýlegum jafnréttislögum sem hér er lagt til.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér er til umræðu. Það verður þó að teljast önugt að við þurfum að vera að fjalla um það hér á hinu háa Alþingi árið 1987 að setja í lög ákvæði sem reyna að tryggja að konur hafi áhrif í ráðum og nefndum ekki síður en karlar. Konum er ýtt til hliðar þar sem ráðum er ráðið eins og m.a. kemur fram í könnun Jafnréttisráðs sem vitnað hefur verið til. Niðurstaða könnunarinnar kemur alls ekki á óvart því svo virðist vera að karlarnir spyrni strax við fótum ef konur vilja hafa áhrif. Þeim finnst oftast allt í lagi að hafa þær með svona meðan þær eru góðar. En ef þær vilja fara að ráða einhverju — nei, þá þarf að gera eitthvað í málinu. Það er jafnvel allt í lagi að hafa þær með í ríkisstjórn en ekki til að hafa of mikil áhrif.

Áður fyrr hafði ég miklar efasemdir um það að jákvæð mismunun væri konum til góðs og það örlar enn á þessum efa hjá mér. Ástæðan fyrir mínum efasemdum var sú að karlaveldið bregst alltaf við með kjafti og klóm gegn allri viðleitni til að rétta hlut kvenna.

Í Noregi var fyrir þó nokkrum árum ákveðið að ef tveir jafnhæfir einstaklingar, karl og kona, sæktu um stöðu þá skyldi konan, eða karlinn, fá stöðuna ef það kyn var í minni hluta í þeirri stétt sem staðan tilheyrði. Reynsla þeirra kvenna sem sóttu um stöðu við háskólann í Osló var ekki skemmtileg. Í stað þess að viðurkenna að kona og karl sem sóttu um sömu stöðu væru jafngóð eða konan jafnvel betri var forsendum fyrir stöðuveitingu breytt eftir hentugleikum þannig að í flestum tilfellum fékk konan vottorð upp á það að hún væri bara svona léleg og karlinn fékk stöðuna. Sömu sögu er að segja frá fleiri háskólum. Það hefur líka komið í ljós að konur sem eru lausráðnar við háskólann í Osló eru miklu betur menntaðar en þeir karlar sem eru í föstum stöðum við sama skóla. Það mætti spyrja hvernig ástandið væri ef ekki hefði gilt þar jákvæð mismunun við stöðuveitingar.

Fyrir nokkrum árum var ég að ræða við prófessor við Háskóla Íslands um ákveðna stöðuveitingu þar sem karl var tekinn fram yfir konu sem ég taldi vera hæfari en hann. Prófessornum fannst ekkert vafamál að karlinn hefði verið hæfari þótt hann hefði minni menntun en konan því hann hafði svo langa kennslureynslu sem væri mjög mikilvægt. Stuttu seinna barst talið að annarri stöðu sem karl hafði að sjálfsögðu líka hlotið og spurði ég hann hvers vegna hann teldi að karlinn hefði fengið stöðuna frekar en konan. Auðvitað verður að taka tillit til þess að karlinn er með meiri menntun og á því frekar að fá stöðuna en konan þótt hún sé með miklu lengri kennslureynslu. Það tók prófessorinn því ekki nema

u.þ.b. 10 mínútur að skipta um skoðun á því hvaða forsendur áttu að liggja til grundvallar við stöðuveitingu. Það er hægt að velta því fyrir sér hvort það hefði verið meðvitað eða ómeðvitað að prófessorinn fann rök gegn konu í bæði skiptin.

Það sem einnig veldur mér áhyggjum er að undanfarin ár hefur það reynst þeim konum sem stunda kvennarannsóknir og konum sem hafa verið bendlaðar við kvennapólitík æ erfiðara að komast áfram. Í Bandaríkjunum t.d. eru konar farnar að forðast að starfa í kvennahópum ef þær vilja komast áfram í karlaheiminum og gildir það jafnt í pólitík sem annars staðar. Hér á landi hefur einnig borið á þessu. Það er ekki langt síðan hæstv. þáverandi menntmrh. réð karl í stöðu við Háskólann þótt Háskólinn hefði mælt með konu í starfið. Það skyldi þó aldrei vera að það hefði haft áhrif á ákvörðun ráðherrans að konan stundaði rannsóknir í kvennabókmenntum? — Nei, karlasamstaðan birtist í mörgum myndum.

Þótt það sé vissulega sorglegt að þurfa að setja í lög að konur eigi að hafa sama rétt og karlar í þjóðfélaginu þá er það e.t.v. það eina sem þeir skilja. Þó er það nú svo að þrátt fyrir þetta ákvæði í lögum hefur það skilað konum ákaflega litlu. Ég styð þó alla viðleitni til að rétta hluta kvenna. Þess vegna stend ég hér sem fulltrúi Kvennalista.

Það er einnig ánægjulegt að karl skuli vera fyrsti flm. þessa frv. og skora ég á aðra þingkarla, þó að þessa stundina séu einungis tveir hérna eftir fyrir utan fyrsta flm., að koma í ræðustól og segja skoðun sína á áhrifaleysi kvenna í þjóðfélaginu og hvað þeir vilja gera til að breyta því ef þeir telja þá breytinga þörf. Og hvar eru allir karlarnir í ríkisstjórninni núna með stjórnarsáttmálann í farteskinu en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Kjör kvenna og aðstaða barna verði bætt og áhrif kvenna í þjóðlífinu aukin.“ — Og síðar: „Átak verður gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Störf kvenna hjá hinu opinbera verði endurmetin. Við þetta endurmat verði m.a. höfð hliðsjón af mikilvægi umönnunar- og aðhlynningarstarfa og starfsreynslu á heimilunum.“

Hvernig á að ná þessum markmiðum? Það er ekkert um það í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar. Það er e.t.v. eina vonin um úrbætur að kona er í embætti jafnréttisráðherra.

Það frv. sem hér er til umræðu er skref í áttina ef það nær fram að ganga. En betur má ef duga skal.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er ekki oft sem konur eru í meiri hluta í þessari hv. deild en þær eru það ævinlega þegar verið er að fjalla um jafnréttismálin, ekki síst þegar verið er að fjalla um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en þau lög eru æ oftar til umræðu hér á hv. Alþingi.

Markmið þess frv. sem hér er til umræðu er að reyna að tryggja að með lögum verði aukinn hlutur kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þetta markmið er ekki nýtt vegna þess að það er bæði að finna í núverandi jafnréttislögum og það er einnig að finna í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem lögð var fyrir síðasta Alþingi.

Í stefnu og starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar er að finna ýmis ákvæði þar sem áherslan er lögð á jafnréttismál. Ég nefni að fram kemur í stefnuyfirlýsingunni að lögð er áhersla á að áhrif kvenna verði aukin í þjóðlífinu. Þar er lögð áhersla á að átak verði gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Þar er lögð áhersla á að störf kvenna hjá hinu opinbera verði endurmetin. Og þar er að finna ákvæði um að unnið verði samkvæmt framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Með vísan til alls þessa sem ég hef vitnað til þá virðist sem vilji sé fyrir hendi til að auka hlut kvenna í þjóðfélaginu í áhrifastöðum og í stjórnum, nefndum og ráðum þó að vissulega sé hægt að benda á margt sem sýnir okkur að svo er ekki í reynd. T.d. tala skýru máli þær niðurstöður sem finna má sem fskj. með þessu frv. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Guðrúnar Helgadóttur, en það er skýrsla sem tekin var saman af Jafnréttisráði um hvernig hlutur kvenna og karla er í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Sú skýrsla sýnir okkur ljóslega að það er langt í land með að jafnrétti ríki að því er varðar hlut kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins.

Í fskj. með frv. sem hér er til umræðu er birt bréf sem félmrn. sendi 22. júlí til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Ástæða þess að þetta bréf var sent á sínum tíma var sú að fylgja eftir því sem fram kemur í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Einnig kemur fram í því bréfi að félmrn. muni fylgja þessu máli eftir með könnun á framkvæmd og stöðu mála innan ráðuneyta og ríkisstofnana. Þar er talað um og lögð áhersla á að átak verði gert í því að ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust. Þar er lögð áhersla á að ráðuneytið vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum og þar er lögð áhersla á að ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnri þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífi.

Með þessu er gerð tilraun til þess, án þess að til komi lagaboð, að fara þess á leit við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins að þau vinni að því sem fram kemur í jafnréttislögunum, og fari að ákvæðum þeirra, og því sem fram hefur komið í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Hvernig til tekst skal ekki um sagt hér, en vonandi ber þetta einhvern árangur.

Til þess að fylgja þessu enn frekar eftir hefur félmrn. skipað nefnd sem í eiga sæti fulltrúi úr félmrn., einn fulltrúi úr fjmrn. og formaður Jafnréttisráðs. Hlutverk þessarar nefndar er í samræmi

við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að vinna að tillögugerð um hvernig best sé að standa að endurmati á störfum kvenna hjá hinu opinbera. Nefndin á einnig að kanna hlunnindagreiðslur, þ.e. bílastyrki og fasta yfirvinnu hjá hinu opinbera, en í ljós kom hér á Alþingi fyrir nokkrum árum að þar er hlutur kvenna mjög rýr. Ef ég man rétt var hlutur kvenna þar um 5% í þessum hlunnindagreiðslum meðan hlutur karla var um 95%. Verkefni þessarar nefndar verður enn fremur að leita leiða til að tryggja jafnstöðu karla og kvenna við ráðningar og stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Þessi liður sem ég nefndi síðast kemur að nokkru leyti inn á það mál sem hér er til umræðu. Vænti ég þess að nefndin taki það einmitt til umræðu hvort ástæða sé til þess að tryggja betur í lögum en nú er gert hlut kvenna í ábyrgðarstöðum, þ.m.t. í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins.

Hv. flm. þessa frv. ræddi um það að ég sem hér stend hefði einmitt talað fyrir því að beitt væri lagaboðum í jafnréttismálum og ekki skal ég neita því. Ég minni einmitt á í því sambandi að ég var flm. að frv. á árinu 1984 um breytingu á jafnréttislögunum, en fyrsti flm. að því frv. var hv. þm. Svavar Gestsson og einn flm. þess var einnig sá sami og er annar flm. frv. sem hér er til umræðu, hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þar er ákvæði einmitt til að ná þessu sama markmiði og hér er leitast við að tryggja, en þar er farin nokkuð önnur leið. Í því frv. kom fram, með leyfi forseta:

„Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið. Þegar beðið er um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal nefna karl og konu. Sé það ekki gert skal veita Jafnréttisráði skriflega, rökstudda greinargerð um ástæðu þess. Við skipun skal þess síðan gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast."

Hér er farin önnur leið að sama marki og frv. sem hér er til umræðu stefnir að.

Ég fagna því að þetta frv. er fram komið þannig að um þetta mál verði fjallað á Alþingi. Það er ekki síst ánægjuefni þegar jafnréttismálunum er hreyft að frumkvæði karlmanna hér á þingi. Ég vil ekki útiloka að lagabreytingu þurfi til þess að ná því markmiði sem að er stefnt með frv., en ég er ekki sannfærð um að einmitt sú leið sem er lögð til í þessu frv. sé sú rétta og hef bent á t.d. aðra leið sem ég tel að komi fyllilega eins til skoðunar í þessu máli.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þjóðhagsstofnun, frh. 1. umr.

Frv. HG og SJS, 64. mál. — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég trúi því vart að ég sé einn um það í hv. deild að undrast nokkuð tilhögun þingstarfa hér þann mánuð sem liðinn er síðan Alþingi var sett. Hér gerist það að settur er fundur í hv. Nd. og ríkisstjórn Íslands er fjarverandi. Það er enginn ráðherra úr ríkisstjórninni viðstaddur á þessum fundi. Það eru tólf stjórnarliðar sem mættir eru í hv. þingdeild. Það er kannski ekki ástæða til að kvarta eins og ég heyrði hér úr horni.

En það er fleira sem athygli vekur á þessum degi og varðandi liðna daga. Hæstv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi sem fylgiskjal með stefnuræðu forsætisráðherra lista yfir 104 fyrirhuguð stjfrv. Inn í þingið eru komin nú, þegar mánuður er liðinn frá upphafi þings, sjö stjfrv. af 104. Það eru ekki líkur á því að úr þessu rætist mikið í dag eða alveg á næstu dögum því fjarverandi þingstörf eru sex ráðherrar úr ríkisstjórninni, þar af fimm erlendis og fjórir þeirra með varamenn inni í þinginu þannig að ekki mun það flýta fyrir endurkomu þeirra hér í þingsali. — Ég bið hv. varaþm. ekki að taka þetta sem aðfinnslu að þeirra viðveru hér á fundi því að fáir sitja betur fundi en varamenn sem koma inn í þingið og oft eru þeir í meiri hluta í þingsal.

Tveir hæstv. ráðherrar hafa boðað fjarveru af þeim fimm sem gætu verið hér, hæstv. forsrh., sem ég ætlaði að óska eftir að væri viðstaddur upphaf þingfundar til að svara fyrir um þau mál sem ég vík hér að undir þingskapaumræðum, og hæstv. utanrrh. er einnig með fjarvistarleyfi, en það eru þó þrír aðrir ráðherrar sem eru einhvers staðar, líklega utan þinghúss, án leyfis, hæstv. iðnrh., hæstv. félmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh., og það er varla að maður muni hver á heima í hvaða þingdeild því þeir sitja ekki svo fast í sætum sínum á þingfundum að það festist manni í minni á nokkrum vikum.

Við þetta bætist að formenn tveggja stærri stjórnarþingflokkanna eru erlendis með fjarvistarleyfi, hv. þm. Páll Pétursson og Ólafur G. Einarsson, og mér er sagt að varaformaður þingflokks Framsfl. sé

einnig utan þings svo það eru svo sem ekki miklar líkur á að úr rætist í sambandi við stjfrv. alveg á næstunni þegar þessi mynd er dregin upp og við virðum hana fyrir okkur. (**MB:** Það er nú kominn einn ellefti af ríkisstjórninni.) Einn ellefti mættur. Það er þó nokkuð. Ég fagna alveg sérstaklega viðveru hæstv. heilbr.- og trmrh. hér á fundi. Hann er kominn kortér yfir ráðgerðan fundartíma. En það eru aðrir sem að hafa lakari „kladda" en hann enn.

Þegar sameinað þing kom saman sl. mánudag höfðu fimmtán þm. boðað fjarvist, ýmist fjarverandi eða veikir, og ég taldi á fingrum mér hér eina tólf sem lesnir voru upp í upphafi fundar, ég er ekki viss um að talan sé nákvæm sem hæstv. forseti las upp fyrir okkur um fjarvistarleyfi þm. úr þessari deild.

Það er vakin sérstök athygli á því, herra forseti, að ráðherrum fjölgar hér. Það eru komnir ⅔ af þeim sem gætu verið viðstaddir þingfund samkvæmt upplýsingum skrifstofu þingsins og því sem hefur verið tilkynnt. (**Forseti:** Vegna orða hv. þm. vil ég geta þess að hæstv. iðnrh. hafði samband við mig rétt fyrir fund og mun vera væntanlegur í salinn eftir fáeinar mínútur. Ég vil láta það koma fram.) Herra forseti. Það gleður vort hjarta. Ég reyndi að ná hæstv. iðnrh. kl. 1.30 símleiðis til að gera honum viðvart að ég ætlaði að ræða um þingstörfin eftir að hafa leitast við að ná í hæstv. forsrh., en fékk svo upplýsingu um að hann hefði fjarvistarleyfi í dag. Senn verður því kollheimt, þrír elleftu af ríkisstjórninni viðstaddir.

Ég ætlaði ekki að fjargviðrast sérstaklega út af fjarveru ráðherra. Hún auglýsir sig sjálf. Það er skiljanlegt að þeir ráðherrar sem heima sitja hafi fangið fullt því þeir gegna fyrir aðra, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. En enginn veit hvernig menn skipa ráðuneytum þegar menn eru fjarverandi því það er ekki tilkynnt hér og ég efast um að Lögbirtingablaðið hafi fyrir því að tilkynna.

En mig langaði til að vekja athygli hv. þingdeildar og alveg sérstaklega hæstv. forseta vors á stöðunni varðandi þau mál sem þó hafa komið fyrir í þinginu. Og ég vil leyfa mér, til þess að rökstyðja að þetta er tekið til umræðu um þingsköp, að vitna í 11. gr. þingskapa Alþingis þar sem segir, með leyfi forseta:

„Forsetar hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Þeir skipa fyrir um fasta fundartíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. Þeir halda skrá um þingmál sem til nefndanna hefur verið vísað og fylgjast með gangi mála svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð."

Og í 15. gr. segir varðandi nefndir m.a.: „Fastanefndir þingsins skulu leitast við að skipa afgreiðslu þingmála í tímaröð svo að verkefni þingfunda í sameinuðu þingi og þingdeildum megi, eftir því sem við verður komið, dreifast sem jafnast á þingtímann." — Dreifast sem jafnast á þingtímann.

Ég veit að ég þarf ekki að fara að lesa þetta oftar. Ég veit að hæstv. forseti kann þetta og hv. þingdeildarmenn að sjálfsögðu einnig. En mér sýnist að þingstörfin beri þess ekki merki að þessar greinar þingskapa Alþingis séu hafðar í heiðri.

Ég vil aðeins fara yfir þau þingmál sem hafa komið fyrir hér í þinginu til umræðu. Það er sjö stjfrv. af boðuðum 104, þar af þrjú í hv. Nd. — og ég tek fram að ég ætla eingöngu að ræða um störf þessarar deildar en ekki að víkja að starfi sameinaðs þings. Það er ekki eðlilegt á þessum fundi, að mínu mati, að draga það mikið inn í umræður né heldur hv. Ed. þar sem messufall er nú að verða reglan eins og í dag. En þessi þrjú stjfrv., sem hafa verið rædd hér í Nd. og eru komin til nefndar, eru: Frv. til laga um Útflutningsráð Íslands, komið frá viðskrn. og vísað til fjh.- og viðskn. 21. okt. Það hefur enginn fundur verið í nefndinni um þetta þingmál. Annað skylt mál, 54. mál, er um útflutningsleyfi, flutt af utanrrn., vísað til fjh.- og viðskn. 2. nóv., enginn fundur verið haldinn um það mál heldur í fjh.- og viðskn. Að vísu er það mál til umræðu, en ekki í þingnefnd heldur í símtölum milli ráðherra á milli landa. Það er verið að þinga um málið af ríkisstjórnarinnar hálfu í símtölum á milli landa, milli hæstv. viðskrh., hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Það er sú málsmeðferð sem uppi er höfð varðandi þetta efni. En þingnefndin er ekki kvödd saman, enda nefndarformaðurinn í útlöndum þessa stundina þannig að ekki verður ráðin bót á í bili — eða mig minnir að hv. þm. Páll Pétursson leiði þá nefnd sem fyrr. Það er þó eitt mál sem hefur verið fjallað um í nefnd, á einum fundi að ég hygg. Það er um Húsnæðisstofnun ríkisins, eitt stjfrv., sem vísað var 2. nóv. til félmn. sem mun hafa haldið einn fund um málið. Það er sú undantekning sem sjálfsagt er að geta hér um. Ég get nefnt að svipað er uppi í Ed., án þess að fara út í þá sálma, þar sem stjfrv. liggja óræddd í nefndum sem ekki eru kallaðar saman.

Frá stjórnarliðum hafa borist sex þmfrv., tvö í Nd. sem vísað hefur verið til nefndar en þrjú eru enn þá til umræðu. Eitt þeirra er um aðför og er í allshn. Nd. frá 11. nóv. Enginn fundur hefur verið haldinn í þeirri nefnd um þetta mál.

Svo að ég víki að þmfrv. frá stjórnarandstæðingum, þá hafa verið flutt hér fimmtán slík frv., þar af níu verið lögð fram í Nd. og rædd. Þar á meðal eru mál eins og eignarréttur íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotns sem vísað var til allshn. Hvenær halda hv. þm.? 14. okt. Mér er sagt af skrifstofu þingsins að enginn fundur hafi verið haldinn um þetta mál í nefndinni. Frv. um jarðhitaréttindi var vísað til iðnn. 5. nóv. Enginn fundur verið kvaddur saman í þeirri nefnd um það efni mér vitanlega. Frv. um framhaldsskóla var vísað til menntmn. Nd. 21. okt. Enginn fundur hefur verið kvaddur saman í menntmn. deildarinnar. En undantekningar finnast þó þar sem er frv. til l. um almannatryggingar sem vísað var til heilbr.- og trn. Þar hefur þó verið haldinn fundur um málið, en málið fór þangað um miðjan október.

Þetta er, herra forseti, svipurinn á þingstörfunum á þessum degi og á liðnum dögum þessa þinghalds.

Ég nefni það svo aðeins til upplýsingar að í Sþ. hafa komið fram sjö þáltill. frá stjórnarliðum og átján þmtill. frá stjórnarandstæðingum í Sþ., en ég ætla ekki á þessum fundi að ræða stöðu þeirra mála eða störf Sþ. þar sem við erum að þinga í hv. Nd.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ýmsu hefur maður vanist á undanförnum þingum sem ég hef setið. Síðasta þing var með mjög einkennilegum hætti, þinghaldið í fyrra, framan af hvað snerti málafylgju af hálfu ríkisstjórnar, en nú keyrir öruggleg um þverbak. Og eins og ég gat um eru horfurnar varðandi úrlausn af hálfu ríkisstjórnar í sambandi við hennar mál ekki mjög bjartar nú alveg á næstunni eins og fjarvistum ráðherra og ferðalögum er háttað. Það er einn ráðherrann í ríkisstjórninni sem maður er búinn að gleyma í rauninni að eigi þar sæti. Hann er búinn að vera einar þrjár vikur erlendis, að ég hygg. Ég veit ekki hvenær hann birtist hér. Ekki greiðir það fyrir þingstörfum, enda hlaðast fsp. upp hjá hæstv. menntmrh. Það fer að verða ástæða til að lýsa eftir honum sérstaklega.

Og ég vil segja við hæstv. forseta: Hvernig heldur hann að verði háttað vinnulagi í þessari hv. deild þegar kemur fram í desembermánuð? Er hæstv. forseti farinn að gera sér grein fyrir því hvernig líkurnar séu á að þingstörfum verði háttað þegar kemur fram í desember? Nema hæstv. ríkisstjórn ætli bara að sofa á þessum málum og það er kannski það besta. Og það geta hæstv. viðstaddir ráðherrar, hæstv. félmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh., e.t.v. eitthvað upplýst um, hvort búið sé að endurskoða þennan lista 104 stjfrv. sem var lagður hér fyrir fyrir nokkrum vikum. Ekki mundum við syrgja það og ekki syrgjum við það út af fyrir sig, stjórnarandstæðingar hér, a.m.k. ekki í mínum þingflokki, að hér er ágætur tími til að ræða okkar mál. En ég gagnrýni harðlega að málefni sem vísað er til nefnda, málefni stjórnarandstöðunnar, skuli ekki vera tekin fyrir og fá eðlilega meðferð í þingnefndum. Það er nefnilega oft svo, virðulegur forseti, að menn reyna að bjarga andliti Alþingis með því að segja: Það er ekki að marka að horfa á þingsalinn því að það er unnið svo mikið í nefndum, það fer svo mikið af störfum þingsins fram í nefndum. Ég hef lengi haft grun um það og þóst sjá það og reyna að ekki er allt sem sýnist í sambandi við þessi nefndastörf þingsins. Þau þyrftu sannarlega athugunar við eins og svo margt annað í þinghaldinu og er ég þá ekki að hallmæla þeim tilraunum til endurbóta á störfum þingsins sem hafa verið uppi hafðar og við m.a. reynum á þessum dögum þegar verið er að taka upp nýja fundatíma og fleira sem til bóta horfir. En hér er það hins vegar málsmeðferðin, starfshættir þingsins sem við hljótum að hafa miklar áhyggjur af eins og horfir. Ég treysti hæstv. forseta þessarar deildar til að taka á þessum málum við sína starfsbræður, hæstv. forseta Sþ. og hæstv. forseta Ed., og mér sýnist að það væri ekki vanþörf á að ræða þetta aðeins við forustuna í ríkisstjórninni líka, t.d. þá ráðherra sem boða að hingað eigi að koma 20 stjfrv., eins og hæstv. dóms- og kirkjumrh., og ekki eitt einasta farið að sjást.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að taka meiri tíma í umræður um þetta, en ég vænti þess að þessi orð mín verði til þess að það verði eitthvað hugað að vinnulaginu hér á næstunni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Vegna orða hv. þm. um þingsköp vil ég geta þess að að sjálfsögðu verður rætt við viðkomandi ráðherra um þau stjfrv. sem væntanleg eru. Forsetar hafa vissulega rætt þessi mál og hafa áhyggjur af því er líður á þingtímann því að reynslan sýnir að hér er mikið annríki þegar líður að áramótum þannig að þessi mál verða tekin upp og hafa reyndar þegar verið rædd.

Hvað varðar nefndafundi hefur það verið til siðs á undanförnum þingum af forseta hálfu að halda fundi með formönnum nefnda með nokkrum fresti til þess að fylgjast með gangi mála í nefndum og mun það verða gert nú eins og áður og fylgst með því hvað gengur í nefndastarfinu.

Skrá um fasta fundi nefnda er nú tilbúin og er í prentun, en það hefur dregist nokkuð að koma henni á og er ástæðan fyrir því þær breytingar sem hafa verið gerðar á fundatíma þingsins. Það var ekki hægt að ganga endanlega frá skrá um fasta fundi nefndanna fyrr en þær breytingar voru ákveðnar, en sú skrá er nú í prentun. En það breytir því ekki að nefndirnar eiga að hafa góðan tíma til starfa núna. Ég vil, og tala þar áreiðanlega fyrir munn forseta Sþ. og forseta Ed. einnig, vænta þess að nefndirnar snúi sér að sínum störfum skarplega þannig að við komumst hjá því mikla annríki sem verið hefur í desember, en þó veit ég að það annríki verður mikið.

Þetta vildi ég láta koma fram áður en lengra er haldið.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Aðeins út af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að því að ekki hefur verið haldinn fundur í iðnn. sem ég gegni formennsku í. Það er svo að það mun hafa verið vísað máli til hennar fyrir viku eða svo. Það er fyrirhugaður fundur í næstu viku, en eins og kom fram í máli hæstv. forseta hefur á undanförnum dögum ríkt nokkur óvissa um fundartímann. Það vill einmitt svo til um þessa nefnd að hennar fasti tími var á fimmtudögum kl. 11, en það er nú orðinn fundartími Sþ. eins og kunnugt er. Af þessum orsökum þótti mér ekki rétt að boða til fundar fyrr en leyst hefði verið úr því hvenær fundir yrðu haldnir. En það er fyrirhugað að fundur verði haldinn í næstu viku. Til þessarar nefndar hefur verið vísað einu máli sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson reyndar er 1. flm. að. Þetta vildi ég upplýsa, herra forseti.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kem ekki upp til að kvarta undan fjarveru ráðherranna. Ég harma það ekkert þó að þeir tækju sér lengra frí en þeir hafa kannski

ætlað sér að gera, en ég sé að starfsfyrirkomulag ríkisstjórnarinnar virðist vera orðið þannig að helming má telja til eins konar útlagastjórnar sem stjórnar í gegnum síma eftir upplýsingum sem frummælandi gaf og hinn helmingurinn sé eins konar heimastjórn sem hefur ákveðið að sitja heima og gera ekki neitt ef marka má orð frummælanda. Hvoru tveggja þessara ráðstafana get ég svo sannarlega samþykkt miðað við það sem ríkisstjórnin hefur gert frá því að hún tók við, sem hafa verið nýir skattar og hærri skattar, meiri álögur, niðurfelling þeirra hlunninda sem gamalt fólk hefur haft og nú ráðgera þeir að leggja enn nýja skatta á sparifé og eignatekjur fólks sem aðallega er þá gamalt fólk. Af hverju erum við svo, stjórnarandstaðan, að kvarta yfir fjarveru eða aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar ef hún einhvern tíma tekur sér frí frá slíkri iðju sem hingað til hefur borið mest á í hennar afgreiðslum? Það skil ég ekki.

En er það rétt að núna, 11. nóvember, þegar rúmur mánuður er til jólafrís, skuli eiga eftir að koma fram um 100 boðuð frv.? Hv. frummælandi gat þess að ríkisstjórnin hefði boðað 107 stjfrv. og sjö væru komin fram og það eru um það bil 30–35 vinnudagar eftir til jóla. Við skulum segja að þeir séu 40. Það er alveg útilokað að ríkisstjórnin geti ætlast til þess að stjórnarandstaðan taki þátt í slíku kapphlaupi við tímann eins og ríkisstjórnin er að bjóða upp á rétt fyrir áramót eða í desember eins og hv. frummælandi tók til orða. Ég vara við þessum vinnubrögðum. Það hafa komið kvartanir af minni ástæðum en þessari, sem liggur fyrir, til þeirra ríkisstjórna sem á undan þessari ríkisstjórn hafa verið. Ég get ekki skilið hvers vegna mál koma ekki fyrir þingið og fyrir þingnefndir á sama tíma sem flokkarnir eru beðnir um að skipa menn í sérnefndir, ríkisstjórnar eða ráðherra, til að skoða einstök mál sem eiga svo eftir að koma fyrir þingið og síðan fyrir þingnefndir. Þessi vinnubrögð eru alveg furðuleg.

Ég vil líka gera athugasemdir við það, og er ekki sá fyrsti sem geri þá athugasemd, hvers vegna við tökum þátt í starfi Norðurlandaráðs eða Norðurlandaþings á þeim tíma sem erfiðast er fyrir Alþingi að missa menn út af þingi? Hvers vegna? Hvað á þetta að þýða? Ég hef mætt á þessum fundum Norðurlandaráðs og ég sé ekki meira gagn í að fara þangað fyrir land og þjóð en sitja sem kjörinn þm. og ræða um áríðandi mál fyrir land og þjóð heima á þjóðþinginu.

Nei, ég tek undir allt það sem frummælandi sagði og vara ríkisstjórnina við þessari málsmeðferð. Það er engin afsökun til fyrir því hvernig þingið er nú leitt. Það eru ágætar upplýsingar sem koma frá hv. formanni iðnn., en það eru ekkert annað en upplýsingar. Það vita allir að sameinað Alþingi hefur tekið þingnefndarfundartíma. Auðvitað verður þá nefndin að breyta um fundatíma. Og það að breyta einum nefndarfundatíma á ekki að taka fram í næstu viku að ákveða. Það getum við gert strax á nokkrum mínútum. Það er enginn vandi. Ég er reiðubúinn að mæta á iðnaðarnefndarfund í dag ef formaðurinn boðar fund eða á morgun ef það er þægilegra eða hvaða dag sem er þegar aðrir nefndarmenn eru lausir. Við erum hér til að þjóna þinginu en ekki einhverjum öðrum aðilum, hvort sem þeir heita Norðurlandaráð eða tímaleysi þm. sem eru í nefndum vegna þess að þeir eru uppteknir utan þings. Þetta er fullt starf. Það er bara yfirklór að benda á að sameinað Alþingi hafi tekið upp nefndartímann.

En ég tek eindregið undir og þakka frummælanda fyrir að hafa vakið athygli á því sem fram undan er því að það er ekkert lítið verk sem bíður okkar þegar loksins ríkisstjórnin ákveður að stíga á bensínið ef þeir finna það. (**MB:** Það kom eitt stjfrv. á meðan þm. talaði.) Má ég þakka fyrir upplýsingarnar. Það var bent á það úr sal, til þess að það sé skráð hér, að það hafi borist stjfrv. Það er eins og þrekvirki hafi skeð! Mér liggur við að biðja þingheim um að standa upp og hrópa ferfalt húrra, en ég ætla ekki að gera það.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar málshefjandi, hv. 2. þm. Austurl., hóf mál um þingsköp í þessari hv. deild, og verð ég að biðja hann afsökunar á því. En ég heyrði hann líka segja frá því að hann hafi gert iðnrh. viðvart að hann ætlaði að ræða þetta mál hér eða reynt það. Hann gerði mér ekki viðvart. Kannski hefur hann reynt það. Ég veit það ekki. En hann hefur e.t.v. líka vitað að það væri ekki þörf á því því að ég hef mætt býsna vel í þingsali. Ég held að ég megi fullyrða að ég hafi setið hvern einasta þingdag frá því að þing kom saman í haust utan einn þegar ég af óviðráðanlegum ástæðum varð að biðja um fjarvistarleyfi. Það getur hent alla að svo gerist. Að öðru leyti held ég að ég hafi reynt að mæta nokkuð vel.

Hitt er svo rétt að það hafa ekki komið fram enn þá til deildar eða fyrir þingið frv. sem lögð verða fram af heilbrmrh., en það hafa valdið því, eins og stundum vill verða, tafir í þingflokkum og reyndar er það svo með mál sem þar er búið að samþykkja, frv. til læknalaga, sem er væntanlegt að ég vona þessa dagana, að því hafa valdið aðrar tæknilegar ástæður.

Af þeim málum sem ég hef hugsað mér að leggja hér fram er reyndar ekki mjög brýnt að nema 2–3 verði afgreidd fyrir áramót. Það er svo sem engin afsökun fyrir því að þau skuli ekki þegar vera komin fram og ég hef lagt á það áherslu og reynt að ýta eftir því í mínu ráðuneyti að það gerðist, að málin fengju þar skjóta vinnslu þannig að það væri hægt að koma þeim hér inn, m.a. vegna þess að við höfum séð að það hefur lítið verið á dagskrá.

Ekki veit ég hvað mörg af þessum boðuðu 104 málum þarf að afgreiða fyrir áramót, en samkvæmt reynslu er viðbúið að álag verði hér mikið fyrir jólin og það er auðvitað ekki gott vinnulag. Um vinnulag í þinginu sjálfu hef ég ekkert með að gera eða segja. Hæstv. forseti þessarar deildar hefur nú gert grein

fyrir því hvernig hann hugsar sér að reyna að ýta á eftir því sem hér er nú þegar til meðferðar.

Varðandi þátttöku okkar í Norðurlandaráði held ég að hún sé mikilvæg og við eigum að taka þátt í því starfi. Það er ekki nýtt að mikill hluti þingmanna hefur þurft að fara á haustdögum til nefndarstarfa þar. Það hefur gerst á hverju hausti. Og vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns um að þetta væri ekki vel valinn tími er ég honum ekki sammála. Ég held að einmitt þessi tími núna sé þó einna skástur til að sækja þessa fundi, þ.e. nokkru eftir að þing hefur komið saman en líka töluvert áður en kemur að því að við þurfum að taka þá lokatörn sem ævinlega er í þingstörfum fyrir áramótin. Ég sé ekki hvaða tími væri annar betri til þessara nefndarstarfa en einmitt núna. Og það vita auðvitað hv. þm. allir að það eru ekki aðeins óbreyttir þm. sem þar hafa sótt fundi heldur ráðherrar einnig. Þeir þurfa og eiga að taka þátt í nefndarstörfum þar til undirbúnings Norðurlandaráðsþinginu.

Hv. síðasti ræðumaður nefndi að ríkisstjórnin hefði lítið annað gert en verk sem hefðu gjarnan mátt vera óunnin. Það er hans pólitíska skoðun og hann verður að fá að hafa hana í friði. Ég er að sjálfsögðu ekki sammála því. Og varðandi það atriði sem hann nefndi og snertir heilbrmrn., að niður hefðu verið felld hlunnindi gamals fólks, þá kannast ég ekki við það. Ég veit ekki hver sú fullyrðing er og vil segja honum og öðrum hv. þm. að þar hefur þvert á móti verið unnið að því að bæta kjör eftirlaunaþega og öryrkja. Á haustmánuðum, 1. sept., hækkuðu eftirlaunagreiðslur verulega, milli 12 og 13% til sumra þeirra. Að vísu var það misjafnt, kom misjafnlega við einstaka bótaþega, eftir aðstæðum þeirra, af því að hækkunin kom ekki á alla bótaflokkana heldur aðeins suma. Síðan voru eftirlaun aftur hækkuð 1. okt. Þetta er mönnum kunnugt og þarf ekki að rekja það.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram, að mál hafi gengið of seint fyrir þingið frá ríkisstjórninni og mér er kunnugt um það að alveg þessa dagana koma mörg mál sem hafa verið afgreidd í þingflokkum stjórnarflokkanna núna. Við getum sjálfsagt sagt að það sé 2–3 vikum of seint. Þau hefðu þurft að vera fyrr á ferðinni. En ég hygg að þetta sé því miður ekki nýtt. En batnandi mönnum er best að lifa.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Út af þeim orðum sem hér hafa fallið, t.d. frá hv. frummælanda, hygg ég nú að ráðherrar sem eru fjarverandi hafi eðlilega fjarvist og lögmæt forföll. Hér talaði hv. þm. Albert Guðmundsson og hafði um það mörg og stór orð hve slælega gengi að leggja fram stjfrv. og má það út af fyrir sig satt vera. Það kom eins fram í orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Ég hygg að það sé regla á hverju þingi að stjórnarandstaðan gagnrýni bæði störf þingsins og seinagang í framlagningu stjfrv. eins og hér hefur verið gert. Ég hygg að þetta sé reglan á hverju þingi og býst við að hv. málshefjandi hafi einnig hlustað á slíka umræðu frá stjórnarandstöðu þegar hann var í ríkisstjórn.

Ég skal út af fyrir sig ekki mæla því bót að hér hafa eingöngu verið lögð fram átta stjfrv. af 104 sem boðuð hafa verið. Hv. þm. Albert Guðmundsson gagnrýndi mjög að hér væri einungis búið að leggja fram átta frv. af um 104 sem afgreiða ætti fyrir jól. Ég hygg að það sé misskilningur því hér er um að ræða lista yfir frv. sem ríkisstjórnin hyggst leggja fram bæði fyrir jól og eftir jól, eða á yfirstandandi þingi. Berum líka saman, af því að hv. þm. Albert Guðmundsson hafði um þetta stór orð, hvernig það var þegar hann sat í stól fjmrh. Það lét ég athuga fyrir mig. Á þessum sama tíma, í nóvember, eða á einum mánuði eftir að þing var sett þegar hann sat sem fjmrh. á árunum 1984–1985 hafði þessi þm., sem þá var fjmrh., einungis lagt fram eitt frv., þ.e. fjárlagafrv., þannig að ég hygg nú að það sé að sumu leyti verið að kasta steini úr glerhúsi.

En ég ætla ekkert að mæla því bót að hér hafi ekki verið lögð fram fleiri stjfrv. Sú gagnrýni er réttmæt og ég hef tekið undir hana þegar ég hef verið í stjórnarandstöðu og slíkt hefur komið fram. Og ég get alveg tekið undir að sú gagnrýni sem hér hefur komið fram á fyllilega rétt á sér og hefði verið æskilegt að fleiri stjórnarþingmál hefðu komið fram. Það er ánægjulegt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson saknar þess að ekki skuli vera komin fleiri stjfrv. inn í þingið. En ég vænti þess að hér verði gerð bót á vegna þess að það eru allmörg stjfrv. nú á lokastigi í undirbúningi og hafa mörg hver verið lögð fyrir stjórnarflokkana til lokaafgreiðslu. Ég hygg að þau muni verða lögð fyrir þingið núna næstu daga og að þm. þurfi ekki að kvíða því að verða verklausir vegna skorts á stjfrv. á næstu dögum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið vegna þessarar umræðu að forsetar þingsins hafa rætt það a.m.k. við suma ráðherra eftir því sem það hefur komið upp að leggja frv. fram í deildum þannig að jafnræði sé á. Það mun verða athugað sérstaklega á næstunni að jafnræði sé á milli deilda. Oft hefur viljað verða nokkur mismunur á hvað hver deild hefur mikið annríki.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Í máli frummælanda, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, kom fram að meðal þeirra atriða sem hann taldi ámælisverð væri að til menntmn. hefði verið vísað einu frv. og þar hefði ekki verið haldinn fundur. Mig langar til að gefa á þessu máli skýringu.

Til menntmn. hefur verið vísað einu máli, þ.e. frv. til l. um framhaldsskóla. Við umræður í deildinni um þetta mál upplýsti menntmrh. að innan tíðar væri von á frv. frá stjórninni um nákvæmlega sama mál. Ég mat það þá svo sem formaður þessarar nefndar

að eðlilegt væri og reyndar best starfsskipan að fjalla um þessi frumvörp bæði í einu, þar sem þau fjalla bæði um nám á framhaldsskólastigi, um nákvæmlega sama mál, enda hafði ég ástæðu til að álíta að stutt yrði frá framlagningu þess fyrra þar til það seinna kæmi fram. Að vísu getur menn greint nokkuð á um verklag og hversu skuli halda á málum, en það er eindregið mín skoðun að í þessu tilviki, þar sem um er að ræða nákvæmlega sama málið, væri eðlilegt að fjalla um bæði frv. í einu ef stutt er á milli þess að þau koma fram. Ég tel ekki rétt að nota tíma nefndarmanna til að ræða hvort frv. um sig sérstaklega og þá annað vitandi að hið síðara á eftir að koma fram, án þess að vita hvað í því kemur fram, þegar um er að ræða lagasetningu um nákvæmlega sama mál, nám á framhaldsskólastigi.

Þetta er skýring mín á því hvers vegna menntmn. hefur ekki verið kölluð saman til að fjalla um þetta mál. Ég tel þá skýringu fyllilega eðlilega. Það eina sem ég get sagt í framhaldi af því er að ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að þetta frv. fái sem ítarlegasta og besta umfjöllun í nefndinni, en árétta að ég tel þetta verklag eðlilegast.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki um hvort við stjórnarandstæðingar eða hv. þingdeildarmenn yfirleitt söknum þess svo óskaplega að fá ekki inn í deildina fleiri stjfrv. af því að við búumst við því að þau verði svo góð eða hvort við séum fegnir því að þau komi ekki vegna þess að við óttumst að þau verði slæm. Það sem liggur einfaldlega fyrir hér er það að ýmist eru þegar fyrirliggjandi til afgreiðslu eða væntanleg mörg mjög stór mál. Auk þess liggur fyrir langur listi frá hæstv. ríkisstjórn um frv. sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að fá afgreidd á þessu þingi, þar af allmörg fyrir áramót.

Í lista sem var fskj. með stefnuræðu forsrh. í október sl. eru þessi mál fram talin. Þar kemur til að mynda fram að hæstv. dómsmrh. ætlar sér að leggja fyrir ekki færri en 20 frv. á yfirstandandi þingi, þar af níu fyrir áramót og fá þau afgreidd fyrir áramót. Fyrsta frv. var dreift á borð hv. þm. við mikinn fögnuð fyrir nokkrum mínútum, fyrsta frv. af níu sem þessi hæstv. ráðherra ætlar sér að fá afgreidd fyrir áramót. Hæstv. viðskrh., sem er nú erlendis eins og útvarpshlustendur vita, ætlar sér að fá afgreidd fimm frv. fyrir áramót og er hann þá væntanlega á leiðinni heim einhvern tímann á næstunni. Hæstv. fjmrh. er hér með 18 frv. á skrá. Tvö eru komin fram, þau sem óhjákvæmilega þurfa að vera það eðli málsins samkvæmt, fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga.

Síðan liggur það fyrir, virðulegur forseti, og ég tel ástæðu að vekja sérstaka athygli þingdeildarmanna og virðulegs forseta á því, að stórmál eru væntanleg inn í þingið á næstunni. Þau hljóta að afgreiðast fyrir áramót. Þetta eru frv. um fiskveiðistjórnun og frv. um staðgreiðslukerfi skatta. Það er óhjákvæmilegt að þau mál verði gerð að lögum vegna þess einfaldlega að málin standa þannig. Þetta eru mál sem liggur fyrir að verður mikil umræða um.

Fyrir er í deildinni t.d. mál hæstv. félmrh. um breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem þegar hefur kostað langa umræðu og mun ábyggilega gera það áfram. Ekki síst þurfa hv. stjórnarliðar að skiptast ofurlítið á skoðunum um það.

Hér er fyrst og fremst um að ræða verkstjórnaratriði. Það eru ýmis mál á þessum lista sem eru þess eðlis að ekki er ástæða til að ætla að um þau þurfi að verða mikill pólitískur ágreiningur. En þau þurfa tíma og meðferð á virðulegu Alþingi engu að síður. Þar getur verið um að ræða tæknileg atriði. Þar er um að ræða jafnvel endurskoðun laga eða endurnýjun laga sem renna út o.s.frv. Það er þeim mun bagalegra að nota þá ekki tímann til að afgreiða slík mál á meðan beðið er eftir hinum stóru.

Ég vek athygli á því einnig í sambandi við breytingar á fundatíma Alþingis, sem nú er verið að reyna í fyrstu viku, að þær breytingar koma niður á fundatíma nefnda þar sem fimmtudagsmorgunn fellur nú í raun og veru niður sem nothæfur formiðdagur til nefndarstarfa. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. verði spenntir fyrir því að sitja nefndarfundi á morgnana þegar þingfundir eiga að hefjast kl. 10 að morgni. Væntanlega veitir mönnum þá ekki af þeim stundum til að undirbúa sig undir væntanlegan þingdag. Þar með er í raun einum morgninum færra fyrir nefndarfundi þannig að hv. formenn nefnda ættu þá þeim mun frekar að reyna að nota þann tíma sem laus er.

Ég vil svo segja, virðulegur forseti, að hér voru afgreiddar fyrir líklega tveimur árum breytingar á lögum um fundasköp Alþingis. Í tengslum við þessa lagabreytingu varð hér mikil umræða um hvernig ætti að reyna að koma í veg fyrir þá samþjöppun mála sem ævinlega hefur leitt til annríkis og jafnvel öngþveitis á síðustu þingdögum fyrir jól og síðustu þingdögum að vori. Þá var gerð að því gangskör að reyna að koma í veg fyrir þetta með bættum vinnubrögðum, sérstaklega í ríkisstjórn. Þá voru settir inn í þessi þingsköp frestir til að fyrirbyggja að mál væru lögð fram á síðustu stundu o.s.frv. Ég sé ekki annað en það þurfi að taka þessa umræðu alla saman upp á nýtt eða a.m.k. að taka hæstv. ríkisstjórn í kennslustund og skýra henni frá því hvað þarna var rætt og til hvers það átti að leiða.

Síðan er það að lokum tvennt, virðulegur forseti, sem ég vil nefna. Hið fyrra er að fjárlög eru til afgreiðslu á virðulegu Alþingi. Mér sýnist alveg nauðsynlegt, þrátt fyrir það að ekki viljum við nú auka útgjöld ríkisins meira en óhjákvæmilegt er, að við ræðum við meðferð fjárlaga hvort ekki þurfi að bæta við tveimur stöðugildum hjá hinu opinbera, þ.e. í fyrra lagi embætti verkstjóra í ríkisstjórn og svo er hitt löngu ljóst, virðulegur forseti, að það vantar þar embætti sáttasemjara.

Svo vil ég enn bæta við vegna þess að hér hefur borið á góma frv. sem hæstv. utanrrh. flutti um útflutningsleyfi og var til umræðu í þinginu fyrir

nokkrum dögum. Þó að það sé nokkuð annað mál vil ég nota þetta tækifæri, herra forseti, til að mótmæla formlega því að hæstv. viðskrh. skuli hafa beitt því valdi sem hann enn hefur á síðustu dögum til að úthluta útflutningsleyfum án þess að skýra Alþingi frá því að slíkt væri væntanlegt þegar þetta mál var til umræðu á Alþingi. **(Forseti:** Ég vek athygli ræðumanns á því að hér eru eingöngu þingsköp til umræðu.)

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég endurtek það, sem é hef reyndar áður sagt í tilefni þessarar umræðu, að að sjálfsögðu verður efni þessarar þingskapaumræðu komið áleiðis og rætt við ráðherra og við formenn nefnda. Þingforsetar munu sjá til þess að það verði gert.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir að hefja umræður um stöðu mála í þinginu. Það er sannarlega ekki vanþörf á því og væntanlega ekki heldur óþarft með öllu ef við megum nú búast við því að stjfrv. feykist hér inn í þingsali eins og henti áðan. Maður spyr auðvitað hvað valdi þessari töf á öllum þeim aragrúa stjfrv. sem hafa verið boðuð. E.t.v. er orsökin samkomulagið á stjórnarheimilinu og sá tími sem þingmálin þurfa til athugunar í þingflokkunum. En þeir sem hafa reynslu, stutta eða langa eftir atvikum, af þingstörfum hérna eru vitaskuld farnir að hugsa með hryllingi til desembermánaðar, hvernig hann verður, þegar við fáum þennan stutta tíma til að fjalla um ýmis stór mál. Ég get ekki neitað því að þetta kemur við húsmóðurhjartað í þeirri sem hér stendur. Það er kannski ekki að ófyrirsynju að manni dettur í hug ráðið góða sem einhverjir fundu upp um það að fresta jólunum.

Við eigum sannarlega eftir að fjalla um stór mál og mjög flókin mál, sem mér skilst að ætlast sé til að verði fjallað um fyrir þinghlé, og af eðlilegum orsökum er það í sumum tilvikum nauðsynlegt. Ég nefni fiskveiðistefnu næstu ára og skattalagabreytingarnar, sem eru hvort tveggja mjög umdeild mál og stór mál og flókin mál, sem verður eðli málsins vegna að samþykkja og afgreiða fyrir þinghlé. Þetta er ekki bara vandamál þm. stjórnarandstöðunnar heldur alls þingheims því við þurfum öll að ná samstöðu um þetta. Það væri mjög nauðsynlegt, og ég beini því til hæstv. forseta, að fá upplýsingar um hvaða mál það eru í raun og veru sem verður að afgreiða fyrir þinghlé. Það er ljóst að það verður mjög erfitt að verða við ýtrustu óskum í þessu efni frá ríkisstjórninni en það væri nauðsynlegt að fá sem nákvæmastan lista yfir það hvaða mál þetta eru. Því það er alveg ljóst að það verður ekki gert nema í góðu samstarfi við þingið. Ég held, herra forseti, að það sé ekki nóg að ræða um hlutina og hafa áhyggjur af stöðu mála, það þarf eitthvert stórt átak til þess að þetta geti gengið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Það er fróðlegt fyrir þann nýliða sem nú stendur hér í stól að hlusta á þá umræðu sem hér fer fram. Bæði er það fróðlegt en eins veltir þetta líka upp ýmsu sem maður hefur verið að bræða með sjálfum sér eftir mánaðar veru hér í þessum sal. Ég náttúrlega get ekki haft í frammi neina samanburðarfræði um hvort ástand mála hér er verra eða betra nú en það hefur verið áður, hvort frv. eru færri eða fleiri. Ég gæti sjálfsagt flett því upp en það er alltaf betra að fólk tali um slíka hluti af reynslu. En hitt verð ég að viðurkenna að eftir skamma setu hér þá er margt sem kemur manni mjög spánskt fyrir sjónir í störfum Alþingis. Ég tek það fram að ég ætla ekki að hafa í frammi neinn dóm um það hvort það sem kemur manni spánskt fyrir sjónir er rétt eða rangt, því þar skortir mig kannski rök til að skilja af hverju hlutir eru eins og þeir eru, en ég get samt ekki stillt mig um aðeins að tæpa hér á nokkrum málum í sambandi við þinghald sem eru ólík vinnubrögðum sem maður á að venjast annars staðar. Sú eina samanburðarfræði sem ég get haft í frammi er samanburður við hinn almenna vinnumarkað, það að hafa unnið hér og þar í þjóðfélaginu og verða svo vitni að því að hér virðast að mörgu leyti vera gerðar aðrar kröfur en gilda á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég var mjög undrandi t.d. á því hve fáir sátu kyrrir í þingsölum og hvað það var auðvelt að mæta ekki til þings. Við gerum þær kröfur til annarra þegna þjóðfélagsins að þeir mæti til sinnar vinnu. Við gerum þá kröfu til nemenda að þeir mæti í sinn skóla. Og við höfum m.a.s. í frammi alls konar refsikerfi til þess að koma í veg fyrir að fólk svíkist um. Nú veit ég að þetta kannski kann að horfa öðruvísi við hér, menn þurfa að sinna ýmsum erindum o.s.frv., en það breytir því ekki að mér skilst að hér sé samt mætingarskylda. En hún virðist ekki vera erfiðari en svo að menn bara tilkynna að þeir ætli ekki að mæta. Eins dugir að mæta og vera svo ekki viðstaddur. Og hvort menn eru þá einhvers staðar inni í þingherbergjum eða fara úr húsinu það er mér ekki kunnugt um. Það getur vel verið að þetta hafi alltaf viðgengist og það getur vel verið að einhverjir geti upplýst mig um nauðsyn þess að þetta gangi svona. En mér finnst þetta dálítið undarlegt. Það er annað í því sambandi sem líka hefur vakið athygli mína og ég hef gert smákönnun sjálf í því sambandi. Það hefur þó nokkrum sinnum komið fyrir að ég hef talið fleiri konur í þingsal heldur en karlmenn og erum við þó í miklum minni hluta. Ég get náttúrlega ekki neitað því að það gleður að vissu leyti hjarta mitt að maður skuli fá svona óræka vitneskju um, ja, að maður vonar, samviskusemi kvenna.

Það eru aðrir hlutir sem mér hafa fundist skrýtnir líka. Eins og t.d. það að maður skuli ekki fá dagskrá Alþingis með lengri fyrirvara. Mér finnst eitthvað sérkennilegt við það að maður fái hana svo seint að maður sé næstum því dæmdur til að mæta illa undirbúinn nema maður búi að langri reynslu þar sem maður getur alltaf farið í eigin sarp til þess að hafa

skoðanir á málum. Það er ekki auðvelt fyrir þá sem hér eru að stíga sín fyrstu spor að fá dagskrá þingsins sama morgun. Þetta er annað sem ég held að mundi ekki ganga á hinum almenna vinnumarkaði, að fólk vissi ekki fyrr en á síðustu stundu hvað það ætti að gera þann dag. Við erum jú alls staðar á vinnumarkaði að reyna að hagræða, auka afköst, vera skilvirkari o.s.frv. Þarna kunna aftur að liggja ástæður sem ég skil ekki. En mér er óskiljanlegt af hverju hér liggur ekki fyrir dagskrá næstu viku á fimmtudögum þegar við yfirgefum þing. Ég vona svo sannarlega að hægt sé að ráða þarna bót á og ég býst við að fleiri, sérstaklega nýir þingmenn og varaþingmenn og aðrir slíkir sem ekki hafa hér mikla reynslu, hljóti að vera sammála mér um óhagræði þessa og þá óvissu og það óöryggi sem það skapar.

Í sambandi við nefndarfundi var mér bæði bent á og ég svo sem hafði heyrt og vissi kannski, þegar maður undrast hversu fámennt er hér í salnum og auðvelt að vera fjarri, að þá heyrir maður einmitt þetta: Það er unnið í nefndum. Og ég segi það satt að ég beið eiginlega í ofvæni eftir því að fara að vinna í nefndum. Þar hlyti þetta virkilega að fara í gang og menn færu að fara ofan í málin og ræða þau af alvöru. Ég hef ekki komið á einn einasta nefndarfund enn þá. Ég sit í tveim nefndum og ég hef ekki verið boðuð, — ja, það er ekki alveg rétt hjá mér, ég hef verið boðuð á einn fund í hvorri nefnd. Hvor fundur stóð innan við tíu mínútur og var til þess að kjósa stjórn viðkomandi nefnda.

Nú hefur einmitt frv. um framhaldsmenntun verið vísað til menntmn. neðri deildar, en þar á ég sæti, og mér fannst sú skýring hv. 10. þm. Reykv. mjög einkennileg að þar sem frést hefði af öðru frv. þá væri ekki ástæða til að tala um þetta frv. Ég hélt að við byggjum í lýðræðisþjóðfélagi. Ég hélt að þessi samkunda hér væri hin lýðræðislega samkunda þar sem einmitt umræður um öndverðar skoðanir færu fram. Og ég hélt ekki að fyrir fram hefði skoðun eins meira vægi heldur en annars. Aftur skortir mig vitneskju um hefðir. Það getur vel verið að stjórnarfrv. hafi þann forgang að þeim sé kippt fram fyrir. Þetta vissi ég ekki. En ef svo er þá vona ég að einhver upplýsi mig um það þannig að ég sé þá ekki að hafa fyrir því að taka andköf aftur yfir ummælum eins og hér voru höfð í frammi.

Jafnframt hélt ég að þegar búið væri að skipa í nefndir og kjósa stjórn þá væru haldnir nefndarfundir reglulega. Ég hélt nefnilega að hægt væri að ræða fleira í nefndum en bara fram komin frv. Það hlýtur að vera hægt að nota tímann þar til upplýsingaöflunar, viðtals þar sem aðrir gætu komið og upplýst hv. þm. um ýmislegt sem aflaga fer og þeir vildu kannski láta breyta eða bæta. En aftur kann það að vera á móti öllum venjum. En einhvern veginn svona hafði ég ímyndað mér að þetta gæti gengið. Þannig að þið sjáið að þau eru mörg áföllin sem maður verður fyrir þegar maður kemur hérna inn. Ég býst við að flestir hafi nú gengið í gegnum þetta sama þó sumir séu kannski búnir að sitja svo lengi að þeir hafi þegar gleymt því hvernig það var að vera nýr.

En þetta, hvað allt útlit virðist vera fyrir að hér verði lögð fram mörg frv. á stuttum tíma, þetta er nokkuð sem almenningur úti í bæ heyrir á hverju ári og heyrir í hvert skipti viðbrögð stjórnarandstöðu við þessu frumvarparegni sem hér upphefst í skammdeginu og aftur þegar daginn fer að lengja. Á hverju ári heyrir maður þetta gagnrýnt og maður situr heima hjá sér og veltir vöngum og segir: Já, þetta hef ég nú heyrt oft áður. Og maður kannski veltir því ekki svo óskaplega mikið fyrir sér af hverju þetta gerist eða af hverju þetta virðist vera eitthvað sem gerist á hverju ári og er alltaf mótmælt. Kannski er þetta eðlilegt ástand á fyrsta ári stjórnar. — Það er a.m.k. miklu frekar hægt að skilja þetta þegar ríkisstjórn er ný og hefur sjálfsagt ekki veitt af tímanum til þess að marka sér stefnu og finna síðan hvar þarf að koma þeirri stefnu í framkvæmd, hverju þarf að breyta til þess að hún nái fram að ganga o.s.frv. Maður dregur a.m.k. þá ályktun að kannski sé þetta eðlilegt á fyrsta ári stjórnar. — En þegar þetta gerist ár eftir ár hlýtur maður náttúrlega að velta fyrir sér af hverju. Og þá læðist að manni sá grunur að það þyki ágætt að það sé ekkert allt of mikil umræða um mál. Og þá kemur maður aftur að hlutverki þingfunda: Af hverju eru þm. ekki hérna? Og af hverju þurfa þm. ekki að sitja hérna svona nokkurn veginn meðan þingfundur stendur? Því að málþing er jú eitthvað sem er og á að vera eitt helsta einkenni lýðræðis. Þ.e. að kjörnir fulltrúar skiptist á skoðunum með þeim hætti að öllum öðrum sé heimill þar aðgangur til þess að hlusta á og fylgjast með. Ef skoðanir annarra eru ekki merkilegri en svo að maður nennir ekki að hlusta á þær eða gefur sér ekki tíma til að hlusta á þær, þá spyr maður sjálfa sig að því hvort þetta sé bara einhver leikur sem hafður er í frammi án mikillar alvöru. Eða eru menn svo staðfastir í sínum skoðunum, eru þær svo fyrir fram mótaðar og eru þær svo óhagganlegar, að það sem aðrir kunna að hafa að segja um málin skipti þar harla litlu máli? Þessi grunur læðist að manni og þetta er eitt af því sem veldur manni vissum vonbrigðum þegar maður kemur hingað.

Ég ætla að enda á lítilli lífsreynslusögu. Ég gegni embætti sem formaður þingflokks Kvennalistans og mæti auðvitað sem slíkur á formannafundi. Þar var tilkynnt með miklu írafári fyrir tæpum þrem vikum að það ætti að kjósa í allar nefndir og ráð sem Alþingi kysi í. Ég frétti þetta reyndar af tilviljun vegna þess að það var hringt í mig í öðrum erindagjörðum þó og þetta svona kom upp í samtalinu. Ég náttúrlega hrökk við og hugsaði eitthvað á þá leið: Guð minn góður. Nú hef ég aldeilis misst af einhverju og hvernig gat þetta farið fram hjá mér. Síðan kem ég hér í þingsalinn og hitti þar aðra formenn. Það virðist koma jafnflatt upp á a.m.k. stjórnarandstöðuformenn að þetta standi fyrir dyrum og það er ákveðið að sótt verði um frestun. Það er eiginlega gert óformlega hér frammi í hliðarher-

bergi að við stjórnarandstöðuþingflokksformenn ræðum við stjórnarþingflokksformenn. Í byrjun voru þeir nokkuð tregir til að fresta kosningunum. Þetta væri orðið nokkuð seint og það hefði verið samkomulag um það að reyna að flýta kosningum o.s.frv., en af almennilegheitum, þar sem þeir skildu að þetta hefði verið með nokkuð skömmum fyrirvara fyrir stjórnarandstöðu, þá féllust þeir á að fresta kosningum fram til mánudags. Það var, held ég, á þriðjudegi sem þessi umræða var og kosningar stóðu til á fimmtudegi.

Við náttúrlega bregðumst hart við og af því að við erum nú grasrótarhreyfing og viljum ævinlega hafa samband við okkar félaga, þá höfum við náttúrlega ekkert minna við en það að við leggjum undir heilan sunnudag, sem margir eru að reyna að halda nokkurn veginn hreinum til að geta sinnt einhverju af öðrum skyldustörfum, en við náttúrlega drífum á fund, við hringjum út um allt land, við hringjum til útlanda og allt gengur á til að gefa nú öllum félögum okkar kost á að segja sína skoðun eða koma með tillögur, taka sæti í nefndum o.s.frv. Í þetta fór heill sunnudagur fyrir utan tímann sem fór hjá mér persónulega í það að ræða við aðra formenn stjórnarandstöðunnar. Jæja, ég mæti hér á mánudegi aftur á formannafund, heldur hróðug, með snyrtilega vélritaðan lista þar sem við höfum mannað allar nefndir af fyllstu samviskusemi. Og eins og ævinlega þegar manni finnst maður hafa staðið sig vel þá er maður dálítið borubrattur. Nei, það var nú ekki aldeilis! Það var tilkynnt um hverja nefndina á fætur annarri: „Nei, við höfum ekki mannað hana. Nei, við höfum ekki mannað hana.“ Og það segir enginn orð! Þá var þetta ekkert einasta mál að fresta og hafði enginn tekið þetta alvarlega að það ættu að fara fram kosningar — nema ég. Þarna er náttúrlega óttalegur byrjandabragur á. En það er ekki góð lexía að læra í byrjun starfsferils að það sé allt í lagi að svíkjast um.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég ekki, og átel það, að að talað sé um það hér í þingsölum að þm. séu að svíkjast um. Ég hef ekki ástæðu til að ætla það. Þingfundir eru hér frá 2–4 að öllum jafnaði, frá 2–5 á mánudögum. Hér er viðveruskylda og þm. eiga að tilkynna forföll ef þeir hafa ekki aðstöðu til að koma á þingfundi. Að öðru leyti eru þeir ekki skyldir til að sitja hér í stólunum þó að ætlast sé til að þeir séu hér við og við atkvæðagreiðslur. En ég hef ekki ástæðu til að ætla að þeir séu að svíkjast um þó að þeir sinni einhverjum málum hér á meðan þingfundur stendur yfir. Ég vildi láta þetta koma fram.

Hvað dagskrá snertir þá hefur það verið rætt hvernig koma megi dagskrá fyrr til þingmanna. Dagskrá fyrir daginn liggur ævinlega fyrir að morgni. Það hefur verið svo og er. Eins og fram hefur komið hefur dagskráin verið bætt. Á dagskrá eru þau mál sem tekin eru fyrir þann dag og vonum við að það sé til mikilla bóta. Hvað það snertir að ganga frá dagskrá fyrir nokkra daga fram í tímann eða viku fram í tímann, þá er það miklum vandkvæðum bundið að ganga frá endanlegri dagskrá vegna þess að sú endanlega dagskrá fer eftir gangi mála hér á þingfundum. Margt óvænt getur komið upp og tími þingsins getur m.a. farið í umræður um þingsköp — t.d. hefur þessi umræða nú staðið í klukkutíma og 20 mínútur — þannig að skv. eðli máls getur dagskrá vart legið fyrir í endanlegu formi fyrir viku fram í tímann.

Þetta vildi ég láta koma fram. En við höfum rætt það og munum reyna eins og möguleikar eru til að fyrir liggi hvaða mál verða til umræðu á næstu dögum og að skrifstofa þingsins hafi um það upplýsingar. En ég á tæpast von á því að hægt sé að ganga frá prentaðri dagskrá viku fram í tímann — og það er reyndar alveg útilokað af þeim ástæðum sem ég nefndi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir það að þetta sé þörf umræða þó að ég sé kannski ekki að öllu leyti á sama máli. Ég held að t.d. hefði verið betra að sum þeirra stjfrv., sem hafa verið lögð fram, hefðu ekki komið strax — eins og þau eru úr garði gerð. En hitt er annað mál að ég held að það verði eitthvað skrýtin vinnubrögð ef mjög mörg frv., sem eiga eftir að koma fram, verður að afgreiða fyrir áramót.

Ég er nú búinn að vera formaður tveggja og þriggja nefnda sl. 16 ár. Það sem eiginlega hafa verið venjuleg vinnubrögð er að þegar frv. kemst til nefndar þá er haldinn fundur eins fljótt og verða má og frv. send til umsagnar. Og það líður venjulega minnst hálfur mánuður frá því að þau eru send til umsagnar þangað til nefndin fer að vinna að þessum frv. að ráði.

Í sjálfu sér þarf að vera búið að leggja stjfrv. fram fyrir 1. nóv., ef vinnubrögð eiga að heita forsvaranleg, til að hægt sé að ætlast til að þau verði afgreidd fyrir áramót. Eftir því sem frv. er fyrirferðarmeira og vandasamara er þetta auðvitað erfiðara og ekki hægt að ætlast til að það sé gert á nokkrum dögum, enda hafa orðið slys. Það hefur þurft t.d. að taka upp lög eftir tvö til þrjú ár vegna þess að ekki hafa verið viðhöfð nógu vönduð vinnubrögð. Þetta vildi ég nú segja um það.

Ég fullyrði að það á ekki vel við sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði þegar hann fór úr ræðustól að batnandi mönnum væri best að lifa. Ég held að það eigi við um þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð þennan mánuð að lengi getur vont versnað. Ég held að það eigi við alveg fyllilega, ekki einungis um framlagningu þingmála, heldur frágang þeirra, blátt áfram, þannig að ef ætti að reyna að stefna að því að þetta ætti við, batnandi manni er best að lifa, verður áreiðanlega að taka til höndunum.

Mér dettur ekki í hug að spyrja um það nú hvaða frv. þurfi að afgreiða fyrir áramót. Eftir þeim vinnubrögðum sem hafa verið fram að þessu veit það ekki nokkur lifandi maður. Það er alveg sýni-

legt. Mér finnst það í raun og veru alveg dæmalaust að nokkrum skuli detta það í hug. (**Gripið fram í:** Ætli það sé ekki bjórinn?) Ja, það er helst líklega bjórinn. A.m.k. virðist áhuginn vera mestur fyrir honum, bæði í blöðum og jafnvel meðal þm. En við skulum tala um bjórinn undir öðrum lið.

Það er alveg rétt að samkomulagið í ríkisstjórninni er með þeim eindæmum að það er þörf á meira en einum sáttasemjara. Þeir þyrftu að vera þrír. Mér er nær að halda að þessi vinnubrögð og seinagangur á málum séu vitnisburður um að það veiti ekkert af að fá eins og þrjá sáttasemjara. (**MB:** Það nægir að fá Ólaf Ragnar t.d.) Ja, ég veit það ekki. Það getur vel verið að ef fyrrv. ráðherra Matthías Bjarnason tæki að sér formennsku mundi það vera til bóta í slíkri nefnd. Ég veit líka að hann er sammála mér í því að *það þarf að bæta vinnubrögðin.*

Ég ætla ekki að hafa þetta öllu meira. En ég held að það taki nokkurn tíma að afgreiða sum þau frv. sem liggja fyrir nú og ef þau eru mjög mörg, sem við vitum náttúrlega um sum þeirra, sem þarf að afgreiða fyrir áramót, verða nokkrar vökunætur í desember hjá hv. þm. ef það á að takast skammlaust.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það hefur sýnt sig að sú umræða sem hér var hafin í byrjun fundar um þingsköp hefur verið nauðsynleg. Hér hefur margt komið fram sem væntanlega verður forustu þingsins að gagni og hæstv. ríkisstjórn til nokkurrar áminningar í sambandi við þingstörfin og það hefur margt flotið með sem er íhugunarefni. Það er t.d. fróðlegt að heyra viðhorf *nýrra* þm. til starfshátta þingsins eins og komu fram í máli hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur. Ég er búinn að sitja allnokkur þing, en ég hef enn áhyggjur af því hvernig Alþingi birtist okkur sem erum að starfa hér svo að ekki sé nú talað um fólkið í landinu sem fær svona sýnishorn öðru hvoru af því hvernig Alþingi starfar. Ég er ekki að segja að það sé alltaf rétt mynd sem þar er dregin upp. Það er svo önnur saga. En á sumu eigum við sök sem sitjum hér á Alþingi. Margt mætti þar til langtum betri vegar færa og það hlýtur að vera markmið okkar allra að svo megi verða.

Ég held að eitt af því sem ætti að athuga vegna þeirrar reynslu sem við höfum orðið fyrir á þessu þingi og síðasta þingi, eftir að þingsköpum var breytt, sé að setja eindaga á framlagningu frv. af hálfu ríkisstjórnar, frv. sem ætlast er til að þingið afgreiði fyrir jólaleyfi, að það verði gert svipað og nú er í þingsköpum varðandi framlagningu mála sem ætlast er til að fái afgreiðslu fyrir þinglok. Er það ekki 15. apríl eða 1. apríl? Ég man ekki alveg dagsetninguna en þar er ákveðinn eindagi og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að taka slíkt upp varðandi mál sem ætlunin er að ljúka afgreiðslu á fyrir jól. Þar sýnist mér að dagsetning eins og 15. nóv. sé í raun-inni eðlilegur eindagi, ef ekki fyrr, ef mál eiga að fá eðlilega þinglega meðferð.

Það var getið um það réttilega í umræðunni að það eru mörg mál sem þurfa ekki að vera pólitískt ágreiningsefni þótt þau komi frá ríkisstjórn. Þau taka hins vegar tíma í meðferð þingsins því að þingið má auðvitað ekki kasta til höndum við afgreiðslu mála. Það eru slík mál sem ætti að vera lágmark að lægju fyrir strax í þingbyrjun, framlenging á gildandi lögum, gjaldamál af ýmsu tagi sem ekki þurfa að vera stór ágreiningsefni og annað af slíku tagi, þannig að það sé þá eðlilegt rúm fyrir hin stærri málin sem þurfa að fá ítarlega umræðu og sérstaklega vandaða meðferð.

Hér hafa störf nefnda verið rædd, herra forseti, með mismunandi hætti. Ég ætla ekki að fara að taka við skýringum þeirra nefndarformanna sem hafa tekið til máls. Ég var ekki sérstaklega að veitast að formönnum tiltekinna nefnda í mínu máli, en ég hlýt þó að gera ákveðna athugasemd við ummæli hv. 10. þm. Reykv. sem ég sé ekki hér í þingsal þessa stundina. Ég leyfi mér samt að mæla orð til hans þótt hann sjái ekki ástæðu til að sitja hér undir umræðu. Það er aldeilis furðulegt sjónarmið hjá þm. að það eigi ekki að taka mál, sem búið er að vísa til nefndar, til meðferðar á hennar vegum vegna þess að einhver ráðherra hafi látið orð falla um það að hann ætli sér að leggja fram mál um sama efni, í þessu tilviki um skipan framhaldsskóla í landinu. Við höfum nú svo oft, sem höfum verið hér á mörgum þingum, heyrt ráðherra hafa það við orð að mála sé að vænta frá þeim að um það hljóta allir sem reynslu hafa af að setja fyrirvara. Það hafa komið yfirlýsingar um mál sem sé von á fyrir næstu mánaðamót, en það hafa liðið ár og ekki bara eitt heldur tvö ár og ekki hafa málin sést og jafnvel ekki á heilu kjörtímabili. Þannig gæti farið um þetta marglofaða frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar um framhaldsskóla án þess að ég vilji hafa uppi nokkrar fullyrðingar um það. Ég veit ekki hvar vinnslu þess er komið. En að það geti verið sjónarmið gagnvart þingnefnd af hálfu formanns nefndar að það eigi að bíða með mál frá stjórnarandstöðu vegna þess að ríkisstjórnin hafi látið til sín heyra að hún ætli að flytja frv. um sama efni, slíkar röksemdir eru fyrir neðan allar hellur eins og einhver hv. þm. raunar vék að í sínu máli.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að þessi umræða verði til góðs fyrir þingstörfin því að það hlýtur að vera okkar markmið allra, stuðningsmanna ríkisstjórnar sem stjórnarandstæðinga hér í hv. deild, og við reynum að leggjast saman á árar um það með forsetum og forustu þingsins að það verði hægt að ráða bót á því hörmungarástandi sem hér hefur ríkt í sambandi við þingstörfin undanfarnar vikur eða frá því að þetta þing var sett.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. MI, 92. mál (skattafsláttur barna o.fl.). — Þskj. 96.

Flm. (María E. Ingvadóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingar á 68. og 83. gr. laga nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þessu frv. er ætlað að færa skattalögin einu skrefi nær því að mismuna ekki heimilum eftir því hver aflar tekna. Í 68. gr. ofangreindra laga er fjallað um skattafslátt, þ.e. þann persónuafslátt sem rennur til greiðslu álagðra gjalda.

Nú er það svo að ef annað hjóna eða sambýlisfólks nýtir ekki þennan skattafslátt, t.d. vegna þess að viðkomandi vinnur ekki utan heimilis eða aflar lítilla tekna utan heimilis, færist ónýttur hluti hans til þess aðilans sem hærri hefur tekjurnar.

Fyrir 50 árum voru þeir unglingar færri sem lögðu í langskólanám en hinir sem fóru út á vinnumarkaðinn. Þetta hefur snúist við. Nú afla flestir unglingar sér framhaldsmenntunar enda í takt við þær þjóðfélagslegu breytingar sem orðið hafa.

Laun unglinga fyrir sumarvinnu þeirra duga skammt til bókakaupa og annars er til skóla þarf og þurfa þá foreldrar að hlaupa undir bagga utan þess að sjá um framfærslu barna sinna. Foreldrar barna eldri en 16 ára njóta ekki barnabóta vegna þeirra þrátt fyrir að kostnaður vegna þessara barna er einna mestur á unglingsárunum.

Sú breyting sem hér er mælt fyrir er ekki síst mikilvæg fyrir einstæða foreldra sem oft og tíðum standa að mestu einir straum af kostnaði vegna uppeldis og menntunar barna sinna. Því er lagt til í frv. að aftan við 68. gr. um skattafslátt bætist við: „Heimilt er framteljanda að nýta óráðstafaðan skattafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili eiga hjá framteljanda."

Þetta má gera á svipaðan hátt og yfirfærsla ónýtts skattafsláttar milli hjóna og sambýlisfólks, þ.e. eftir að öll álögð gjöld hafa verið dregin frá.

Í frv. þessu er einnig kveðið á um breytingu við 83. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 7 frá 1984 og lög nr. 72 frá 1986, en sú grein er um eignarskattsútreikning. Í núgildandi lögum er það svo að allar eignir hjóna eða sambýlisfólks mynda eignarskattsstofn sem síðan er skipt til helminga. Frá hvorum helmingi fyrir sig er síðan dregin sú upphæð sem nemur skattleysismörkum hverju sinni. Þessi skattleysismörk voru 1 millj. 525 þús. kr. fyrir gjaldárið 1987 fyrir hvern einstakling og voru þar með 3 millj. og 50 þús. kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk.

Þegar talað er um fjölskyldu í dag er ekki lengur hægt að hafa aðeins í huga það fjölskylduform sem algengast var áður fyrr. Sú þróun hefur orðið að þeim heimilum fjölgar þar sem aðeins er ein fyrirvinna. Ungt menntað fólk stofnar sín heimili, stundum í sambýli með öðrum, stundum með barni sínu eða börnum eða þá eitt sér. Stofnkostnaður húsnæðis og gjöld vegna þess eru nokkurn veginn þau sömu hvert sem fjölskylduformið er.

Eftir skilnað verða til tvö heimili úr einu og þyngist þá eignarskattsbyrðin á báðum heimilum frá því sem hún var þegar um eitt heimili var að ræða. Við lát maka hækkar gjaldskyldur eignarskattsstofn þess sem eftir lifir um helming þess frádráttar sem hjónin nutu áður.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skattleysismörk hverrar fjölskyldu verði þau sömu, þ.e. að einstaklingar njóti sama frádráttar frá eignarskattsstofni og hjón og sambýlisfólk. Þessi breyting hefði það einnig í för með sér að færa skattalögin nær því að mismuna ekki fjölskyldum eftir því hvernig þær eru saman settar.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. HG og GHelg, 75. mál (fulltrúar í opinberum nefndum). — Þskj. 78.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að þakka hv. frummælanda, Hjörleifi Guttormssyni, 2. þm. Austurl., fyrir þá framsýni sem hann sýnir í þessu jafnréttismáli. Þetta eru orð í tíma töluð að menn geri ráð fyrir að einhvern tíma verði þörf á því fyrir okkur karlmenn að þessari prósentu, sem hér er um getið og er sú sama og er í Alþb., að karlmönnum verði tryggður aðgangur að nefndum og störfum í félögum, eins og hér segir, á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka. Ég lít því á þetta sem svona fyrsta spor, fyrstu viðleitni, af hálfu karlmanna til að verjast þeirri sókn sem kvenfólk hefur farið í undanfarin ár. Ég held að karlmenn ættu að taka hann sér til fyrirmyndar. Þó svo að ekki sé nú margt úr stefnuskrá og skipuritum Alþb. sem ég hefði áhuga fyrir, þá er þetta eitt af því, að tryggja kynjum jafnan rétt til þátttöku í öllum þessum stofnunum á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka, 40% þátttöku. Þar fyrir utan vona ég að honum takist með góðri aðstoð frá öðrum karlmönnum að sjá til þess að pólitísk samtök verði á sama hátt opin fyrir 40% af hvoru kyni fyrir sig.

Virðulegi forseti. Ég mun styðja framgang þessa frv. á hv. Alþingi.

María E. Ingvadóttir:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að jafnréttismál skuli rædd á þessum vettvangi og mér finnst það eiga einkar vel við. Ég tel æskilegt að kannaður verði betur áhugi kvenna á ábyrgðarstöð-

um og ábyrgðarstörfum og ef áhuginn er fyrir hendi hvaða ástæður liggja þá að baki því að konur skuli ekki vera enn fúsari til að taka að sér slík störf. Þar held ég að Kvenréttindafélagið gæti tekið að sér og unnið mjög gott verk.

Ég er sammála því að ekki hefur tekist að framfylgja jafnréttislögum sem skyldi og enn viðgengst launamisrétti, en jafnframt finnst mér kvótafyrirkomulag ófýsilegur kostur til að bæta stöðu kvenna. Kvóti er ekki það sama og jafnrétti. En við erum að berjast fyrir sama rétti og sömu skyldum. Konur vilja auðvitað fyrst og fremst sitja í ábyrgðarstöðum vegna eigin verðleika. En er ekki hætt við að öðruvísi verði litið á konu í ábyrgðarstöðu ef hún er þangað komin vegna kvótafyrirkomulags? Jafnvel er hætt við að þar með verði hennar vægi minna og þá erfiðara fyrir hana að sanna hæfni sína, en það yrði hún að gera ef hún sæti þar fyrst og fremst til að uppfylla einhvern kvóta.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem orðið hefur um þetta þingmál, um frv. til l. um að breyta ákveðnu atriði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Mér finnst að ýmislegt mjög gagnlegt hafi komið fram í þessari umræðu fyrir utan þann ákveðna stuðning sem þar hefur komið fram, sérstaklega af hálfu þm. Kvennalistans sem töluðu hér, hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur og Kristínar Einarsdóttur, og einnig frá hv. þm. Albert Guðmundssyni því ég leyfði mér að taka hans orð alvarlega þó að sumt væri af gamansemi mælt í hans stuttu ræðu áðan eins og ég skildi orð hv. þm.

Ég vík hér, herra forseti, að fáeinum atriðum sem fram komu í máli þm. og þá kannski fyrst að því þar sem efasemda gætti í sambandi við réttmæti þess að breyta jafnréttislögunum með þeim hætti sem hér er lagt til, en þær efasemdir komu frá hv. þm. Alþfl. sem töluðu við umræðuna, frá hv. 15. þm. Reykv. Láru Júlíusdóttur og frá hæstv. félmrh. sem einnig tók til máls í gær. Ég óska báðum hv. varaþm. til hamingju með þær ræður sem þeir fluttu við þessa umræðu og sérstaklega hv. 15. þm. Reykv. sem notaði tækifærið til að flytja sína fyrstu ræðu af þessu tilefni. Ég veit að hennar hugur er eindreginn í sambandi við jafnréttismál og frelsisbaráttu kvenna. Hún hefur sýnt það á þeim vettvangi þar sem hún hefur starfað að hún er þar í fararbroddi. Það voru mér því viss vonbrigði að hún komst í ræðu sinni að þeirri niðurstöðu að það væri ekki rétt að styðja þetta mál eins og það lægi hér fyrir. Hún taldi að það væri rétt að láta fyrst reyna á möguleika á að ná fram breytingum með stjórnvaldsaðgerðum án þess að til lagabreytinga þyrfti að koma, að láta reyna fyrst á 3. gr. í gildandi lögum og bíða með breytingar á lögunum eftir að séð verði hvort það næist fram með stjórnvaldsaðgerðum sem hún sérstaklega ræddi um að gætu skilað okkur þarna áfram.

Ég tók fram í minni framsögu fyrir þessu máli að það væri ekkert kappsmál af minni hálfu að breyta lögum ef hægt væri að ná árangri eftir öðrum leiðum, ef menn hefðu trú á því og gætu sannfært sjálfan sig um það, og reynslan skæri þar síðan úr. En ég ítreka það hér vegna þeirra efasemda sem fram komu frá hv. þm. að ég tel að það geti í fyrsta lagi ekki spillt að setja inn þann varnagla og það ákvæði sem hér er lagt til í lögum og það geti ekki spillt fyrir jákvæðum aðgerðum af hálfu stjórnvalda til að vinna að sama marki. Ég hygg að trú hv. þm. á möguleika stjórnvaldsins, framkvæmdarvaldsins, í þessum efnum sé ríkari vegna þeirrar aðstöðu sem hún er í í tengslum við núv. ríkisstjórn sem aðstoðarmaður hæstv. félmrh., að hún beri það traust til núv. ríkisstjórnar og kannski alveg sérstaklega til þess ráðherra sem hún starfar náið með, hæstv. félmrh., að það megi á þeim tíma sem þær hafa til stefnu í félmrn. ná fram jákvæðum árangri á þessu sviði. Betur að satt væri og ég vil ekki vera með neina svartsýni fyrir fram í þeim efnum. En ég nefni hins vegar að þetta einkennir dálítið þá sem eru í stjórnaraðstöðu hverju sinni, eru með hönd með einhverjum hætti á framkvæmdarvaldinu. Þeim hættir til að ofmeta þá möguleika sem til staðar eru á þeim vettvangi, því miður. Því miður sýnir reynslan oft að svo er. Þess vegna tel ég að rök hv. þm. séu ekki ýkjaþung í þessu efni þó ég óski henni og alveg sérstaklega hæstv. félmrh. alls góðs í viðleitni þeirra til að ná fram breytingum til bóta.

Ég tel að þau sjónarmið sem komu fram hjá talsmönnum Kvennalistans í þessari umræðu hljóti að vera umhugsunarefni fyrir konur og karla sem láta sig þessi mál skipta. Þær telja að að athuguðu máli sé hér um eðlilegt skref að ræða þó að talist gæti jafnvel nauðungarkostur eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir orðaði það, að mig minnir eitthvað í þá átt, að þurfa að beita lagaþvingun til að þoka málum í rétta átt. Það fannst mér vera mjög athyglisverð niðurstaða og eins það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir líka lagði áherslu á í sínu máli og rökstuddi með dæmum frá nágrönnum okkar í Noregi þar sem uppskeran úr viðleitni stjórnvalda án lagastöðu hefur ekki skilað því sem menn væntu og hún dró fram í því dæmi sem hún rakti frá stöðuveitingum á háskólastigi þarlendis.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir velti því fyrir sér í sinni ræðu hverjar væru ástæðurnar fyrir því hversu hægt miðaði í sambandi við jafnréttisbaráttu kvenna. Ég ætla ekkert að skera úr í þeim efnum. Ég bý ekki yfir neinni endanlegri visku á því sviði hvort teljast skuli vantraust karla á konum eða valdafíkn sú valdabarátta sem fer fram innan þess sem oft er kallað karlveldið í umræðum þess máls, kannski sambland af hvoru tveggja, en auðvitað þær aldagömlu og árþúsunda hefðir sem liggja að baki og enn sitja þrátt fyrir miklar breytingar í samfélaginu bæði innra með okkur og ég tala nú ekki um í samfélagsgerðinni og valda afskaplega miklu um það hversu andstaðan er hörð, hversu vantrúin er rótgróin á möguleikum, hæfni kvenna til eðlilegrar virkrar þátttöku.

Ég rakti í máli mínu í gær dæmið frá lagasetningu 1915 þegar konur fengu sinn takmarkaða kosningarrétt í fyrsta sinn til Alþingis þar sem þeim var ætlaður 15 ára aðlögunartími, þeim sem yngri væru en fertugar til þess að fá að nota kjörseðilinn til jafns við karla. Var það ekki dæmigert? En er ekki hugsunarhátturinn enn að sumu leyti óbreyttur og þá var hjá þeim sem stóðu að þeim breytingum á stjórnskipunarlögum Íslands 1915, vantrúin eins og hún birtist okkur þar sem framkvæmdarvaldið á að halda um stjórann, t.d. í sambandi við stöðuveitingar þegar að þeim málum kemur að skera úr um hverjum skuli hleypt áfram í samfélaginu, falinn aukinn trúnaður og aukin ábyrgð? Er það ekki dæmigert hvernig þar er yfirleitt staðið að málum? Og jafnvel jafnréttislög, sem við köllum svo, duga oft skammt, þau ákvæði þeirra laga sem eiga að veita ákveðna viðspyrnu. Ég held að þarna vanti skýrari fyrirmæli í lög af opinberri hálfu en nú er til að girða fyrir þá misbeitingu valds sem við erum stöðugt að verða vitni að gagnvart konum í sambandi við trúnað til starfa í okkar samfélagi.

Vissulega væri góðra gjalda vert, eins og hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vék að í sínu máli, að kanna enn frekar ástæður misskiptingarinnar, ástæður mismununarinnar, ástæður valdníðslunnar gagnvart konum í landinu. Ég lagði það til í tengslum við alþjóðasamninginn um afnám mismununar gagnvart konum að það yrði einmitt notað sem tækifæri til að fara ofan í saumana á ýmsum þáttum. Ekki vegna þess að ég hafi neina oftrú á slíkum könnunum og ekki vegna þess að málin liggi ekki fyrir á mjög mörgum sviðum og óréttlætið blasir við hverjum sem sjá vill heldur vegna þess að við verðum að beita öllum tiltækum ráðum og draga fram þekkingu og upplýsingar um stöðu þessara mála.

Ég óttast ekki það, sem kom fram hjá hv. þm. Maríu Ingvadóttur í hennar ræðu áðan, að konur sem færu inn í ráð og nefndir á 40% kvótareglunni, sem hér er lögð til, yrðu taldar annars flokks. Auðvitað yrði það notað af einhverjum. En konur standa fyrir sínu þar sem þær fá trúnað. Ég hef enga trú á því að það sé hægt að nota það sem árangursríkt vopn til lengdar þó að svona regla yrði lögfest eins og hér er gerð tillaga um. Ég tel að reynslan af aukinni þátttöku og sókn kvenna núna síðasta áratuginn hafi fært okkur heim sanninn um það með svo ákvarðandi hætti hvað þær megna í æðstu trúnaðarstöðum í samfélaginu að það er ekki hægt fyrir nokkurn að bera þar á móti eða segja: Vegna þess að þið eruð komnar hérna formsins vegna eruð þið bara á lægri bekk. Það held ég ekki.

Við lifðum þá ánægjustund 1980, er það ekki rétt munað hjá mér?, að kona hélt til Bessastaða sem forseti Íslands. Var ekki vantrúin ríkjandi í hugum margra ljóst og leynt? En stuðningurinn nægði samt. Það var ekki meirihlutastuðningur þá, en ég þarf ekki að spyrja hvernig hugur þjóðarinnar stendur í því máli og hvaða dómur liggur þar fyrir nú, sjö eða átta árum síðar. Ég tel að vissulega hafi sá árangur og sú niðurstaða sem fékkst með kjöri Vigdísar forseta til æðsta embættis í landinu haft hvetjandi og þýðingarmikil áhrif fyrir stöðu kvenna og sókn og ég tel einnig að sá árangur sem málflutningur kvenna, aukin þátttaka, þó að hægt gangi, á vettvangi Alþingis hafi lagst á sömu sveif og skilað sínu með mjög ákvarðandi hætti upp á möguleikana í framtíðinni. En þetta gengur bara allt of hægt og þess vegna þurfum við að setja inn hvetjandi ákvæði í lögum til að bæta stöðuna og tryggja að þróunin verði örari, að réttlætið megi sigra á meðan við erum þátttakendur í þessari baráttu sem hér stöndum nú.

Hæstv. félmrh. tók ekkert ákvarðandi til orða þegar hún lýsti efasemdum varðandi þetta mál. Ég skildi hæstv. ráðherra svo að hún væri opin fyrir því, væri reiðubúin að athuga hvort rétt væri að setja lög af þessu tagi og vildi ekki vísa því frá þó að hún sé að reyna að vinna á sínum vettvangi sem ráðherra jafnréttismála og þoka málum áleiðis. Ég vona að þær efasemdir sem hafa komið fram í umræðunni séu ekki svo ákvarðandi að þetta mál fái ekki góða meðferð í þinginu, frekari umræðu og afgreiðslu, hugsanlega með breytingum því að ég er alls ekki að segja að hér sé verið að vísa hina einu réttu leið þó að við flm. þessa máls teljum að hún sé boðleg, hún sé jákvæð og skapi aukna viðspyrnu í þessu einu stærsta réttlætismáli í landinu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem fundartíma deildarinnar er nú svo gott sem lokið og enn eru tveir á mælendaskrá er sýnt að þessari umræðu lýkur ekki á þessum fundi og er því umræðunni frestað. Það eru aðeins tvær mínútur eftir af fundartímanum og ég reikna ekki með að ræðumenn ljúki á þeim tíma sínu máli. (Gripið fram í.) Ef ræðumaður vill nota þessar tvær mínútur er það heimilt ef hann vill slíta sundur sitt mál.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka veitt leyfi til að taka til máls. Ég vil gjarnan gera það vegna ummæla hv. þm. Maríu Ingvadóttur áðan þegar hún talaði um að kanna áhuga kvenna á ábyrgðarstöðum. Í fyrsta lagi vantar okkur alla skilgreiningu á ábyrgðarstöðu og kunna skilgreiningarnar að vera mismunandi eftir því hvað maður leggur til grundvallar.

Í öðru lagi væri líka fróðlegt að vita hvað hv. þm. á við. Býst hún við að mjög mörgum konum hafi verið boðnar svokallaðar ábyrgðarstöður og þær neitað þeim? Hafa þær skorast svona mikið undan? Það gæti líka verið fróðlegt, fyrst við erum að tala um kannanir, að kanna hvort margar konur, t.d. ef þær neita eða ef þær víkjast undan eða sækjast ekki eftir ábyrgðarstöðum, gera það vegna þess hve þær gegna miklum ábyrgðarstöðum, hvað flestar konur skynja það þunga og mikla ábyrgð að bera ábyrgð á heimili sínu, börnum og fjölskyldu. Vegna þess hve þær eru oft einar um það og taka þær skyldur alvarlega hafa þær ekki á öxlunum rúm fyrir mikið meira en það þó að axlir kvenna séu nú oft ærið breiðar.

Talandi um að svona kvóti gæti hleypt konum óverðskuldað að, þá liggur kannski í orðunum: Eru þær sem ekki hafa komist í nefndirnar ekki þar vegna þess að þær verðskuldi ekki setu þar? Þegar ég talaði í gær var ég ekki að gefa nein endanleg svör við af hverju þetta væri, en ég var aðallega að lýsa áhyggjum í sambandi við þá skýrslu sem var hvati þessa frv., þ.e. mitt áhyggjuefni er fyrst og fremst þegar stjórnkerfið, þ.e. Alþingi, bæjar- eða sveitarstjórnir, er svo langt á eftir þegnum þessa lands sem treysta þessum konum til trúnaðarstarfa á vegum t.d. hins opinbera, þegar starfsfélagar þeirra innan kerfisins treysta þeim verr en kjósendur. Aðalástæðan fyrir bollaleggingum mínum í gær um ástæður var þessi skýrsla en ekki almenn staða kvenna. Ef það eru ekki fleiri konur sem verðskulda setu í nefndum og ráðum, þó þær hafi þegar verið kjörnar, hlýtur að vakna sú spurning: Voru þær kjörnar óverðskuldað á þing eða í bæjar- og sveitarstjórnir?

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

16. fundur, fimmtudaginn 12. nóv., kl. 10 árdegis.

Fréttastofur Ríkisútvarpsins, ein umr.

Fsp. IBA, 37. mál. — Þskj. 37.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Fsp. er ég legg fyrir hæstv. menntmrh. á þskj. 37 um rekstur fréttastofa Ríkisútvarpsins, sjónvarpsins og kostnað við fréttaöflun er í samræmi við þá ábyrgð, er ég tel að m.a. hvíli á herðum okkar alþm., að benda á hvar hugsanlega megi betur fara í rekstri, hvar hugsanlegt sé að samræming verkefna geti orðið til hagræðis, hvar megi ná fram sparnaði o.s.frv. í ríkisreknum fyrirtækjum. Þó ber að varast að breyta aðeins breytinganna vegna.

Ég tel að víðar megi beita hagræðingu og sparnaði en nú er gert hjá ríkisfyrirtækjum. Stór liður í að ná fram meiri sparnaði á rekstrarkostnaði fyrirtækja í umsjá ríkisins er að gera starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi þess að spara. Í því sambandi mætti vel hugsa sér einhvers konar keppnisform milli fyrirtækja eða deilda innan fyrirtækja, keppni í hagræðingu og sparnaði, því ekkert er eins hvetjandi og kitlar metnað fólks meira en samkeppni og samanburður við aðra.

Alls staðar í ríkisgeiranum á að gera starfsfólk ábyrgara og gera því að standa skil á hugsanlegri ofnotkun á vörum og tækjum í þess umsjá. Gera þarf úttekt á því hvers eðlis notkun tækja og hluta sé innan viðkomandi fyrirtækis eða deilda innan fyrirtækis og miða síðan aðhald og eftirlit við það. Með þessu móti má áreiðanlega ná árangri á sviði sparnaðar.

Fsp. sú er ég legg fram er tilkomin m.a. með ofangreint í huga.

Ég tel að hugsanlega megi beita meiri hagræðingu á sviði fréttaflutnings og ná meiri sparnaði þar. Sú hagræðing er ég sé fyrir mér er fólgin í því að samræma fréttastofur Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps.

Ég fæ ekki séð að með eins lítinn markað og við erum með sé nauðsynlegt að halda úti tveim fréttastofum og tel reyndar að ein ætti að duga. En það skýrist væntanlega í svari hæstv. menntmrh. hér á eftir eða staðgengils hans, hæstv. iðnrh.

Þarna má hugsanlega spara á sviði vinnuafls og í sambandi við kostnað við tæki og aðkeyptar fréttir. Sameiningarvottur er reyndar farinn að sjást og á ég þar við að t.d. eru nú fluttar útvarpsfréttir í dagskrárlok sjónvarpsins og nú er í undirbúningi samvinna íþróttafréttamanna þessara tveggja fréttastofa. Þetta er vel og sýnir að menn eru að vakna upp við það sem eðlilegt hlýtur að teljast, þ.e. að óþarfi sé að aðskilja þessar tvær fréttastofur svo algjörlega sem verið hefur. Auðvitað verður alltaf einhver aðskilnaður milli deildanna en yfirbyggingin á að vera ein og hin sama.

Spurt er einnig um kostnað við fréttamenn og fréttaöflun erlendis frá. Það er gert með það í huga að það telst varla eðlilegt að mínu mati að halda úti fréttamönnum erlendis þaðan sem við kaupum allar helstu fréttir frá þarlendum fréttastofnunum eða alþjóðafréttastofnunum. Það er hins vegar ekkert við það athuga að senda út fréttamenn þegar tilefni gefast.

Ég vil í lokin, herra forseti, lesa fsp. eins og hún liggur frammi fyrir þingheimi:

„1. Er nauðsynlegt að Ríkisútvarpið, sem rekur útvarpsstöð með tveim rásum og eina sjónvarpsstöð, haldi úti tveim fréttastofum?

2. Hvað kostar fréttaöflun frá erlendum fréttastofnunum?

3. Hver er kostnaðurinn af fréttamönnum er starfa erlendis á þeim stöðum þaðan sem keyptar eru fréttir, annaðhvort frá þarlendum fréttastofum eða alþjóðlegum fréttastofnunum?“

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Þar sem hæstv. menntmrh. er ekki við í dag og ljóst er að fyrirspurnatími verður ekki nk. fimmtudag þótti eðlilegt að ég gerði tilraun til að svara þessari fsp. í stað hans.

Ég tel ástæðulaust að endurflytja þær fyrirspurnir sem koma fram á þskj. 37 en vegna þeirra leitaði menntmrn. eftir umsögn útvarpsstjóra og svar mitt byggist á þeim upplýsingum sem frá honum koma. Mun ég svara öllum þremur fyrirspurnunum í senn.

Þegar sjónvarpið hóf rekstur sinn árið 1966 var útvarpið eini ljósvakamiðillinn í landinu. Það var álit manna þá að fréttastofa útvarpsins hefði gott af því

að fá samkeppni frá annarri fréttastofu ljósvakamiðils og algjör samstaða var um það hjá yfirstjórn Ríkisútvarpsins og útvarpsráði og viðkomandi ráðuneytum að önnur fréttastofa yrði sett á laggirnar. Reynslan sýndi að þessi ráðstöfun átti fullan rétt á sér. Nú má segja að viðhorfin séu önnur að því leyti að nú er samkeppni frá fleiri ljósvakamiðlum. Hvað sem því líður verður ekki fram hjá því horft að öflun frétta og enn frekar úrvinnsla frétta er með allt öðrum hætti fyrir sjónvarp en útvarp þannig að ekki eru horfur á að teljandi sparnaður næðist við að sameina fréttastofurnar.

Samvinna fréttastofanna hefur farið vaxandi í seinni tíð. Má þar nefna að áskrift að erlendum fréttastofum — þá er átt við Reuter og norrænar fréttastofur — er sameiginleg og þess eru ýmis dæmi að fréttamaður frá annarri hvorri fréttastofunni er fenginn til þess að sjá um fréttir fyrir báða aðila. Þegar öll starfsemi Ríkisútvarpsins verður komin saman í einu húsi eru líkur á að enn meiri samvinna verði hagkvæm.

Árið 1986 var kostnaður við fréttaöflun frá erlendum fréttastofum eins og hér verður greint frá:

Í fyrsta lagi er það fréttastofa útvarpsins. Þar voru greidd til fréttastofu Reuters 608 þús. kr. Fréttastofa sjónvarps greiddi í fyrsta lagi áskrift að fréttamyndum Visnews og síðan World Television News, samtals 5 millj. 755 þús. kr. Síðan voru greidd gjöld á árinu 1986 vegna gervihnattasendingar og fyrir það greiddi fréttastofa sjónvarps 6 millj. 321 þús. kr. Önnur þjónusta sem greitt var fyrir af hálfu fréttastofu sjónvarps, þ.e. þjónusta frá erlendum fréttastofum, var 606 þús. kr. Samtals hafa þessar fréttastofur þess vegna greitt vegna fréttaöflunar frá erlendum fréttastofum á árinu 1986 12 millj. 682 þús. kr.

Fréttamaður sjónvarpsins í Kaupmannahöfn er eini fastráðni fréttamaður Ríkisútvarpsins erlendis. Aflar hann frétta frá öllum Norðurlöndunum. Heildarkostnaður vegna starfs fréttamanns sjónvarps í Kaupmannahöfn nam 3 millj. 84 þús. kr. árið 1986. Allmargir Íslendingar við nám eða störf erlendis senda fréttastofu útvarpsins pistla um erlend málefni sem sérstaklega snerta íslenska hagsmuni og tíðindi er áhugaverð þykja hér á landi en hinar alþjóðlegu fréttastofur gera lítil sem engin skil. Enn fremur flytja fréttaritararnir frásagnir af stórtíðindum í viðkomandi löndum þegar þess er sérstaklega óskað.

Í fyrra, þ.e. á árinu 1986, áttu 14 fréttaritarar erlendis þátt í þessari tegund fréttaöflunar en framlag þeirra var mismunandi mikið. Greitt er fyrir hverja frétt samkvæmt mati. Heildarútgjöld vegna þessarar þjónustu námu 4 millj. 114 þús. kr. hjá fréttastofu útvarps.

Fréttastofa sjónvarpsins greiddi hins vegar 1251 þús. kr. vegna fréttaöflunar íslenskra fréttaritara erlendis, aðallega vegna frétta frá Bandaríkjunum.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta svar sem byggist á upplýsingum frá útvarpsstjóra og vonast ég til að fyrirspurnunum hafi hér með verið svarað en ég vil þó nota tækifærið til að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, eins og kom fram í hans máli, að auðvitað hefur samkeppni á milli ljósvakamiðla gjörbreytt þessari stöðu og leitt til hagræðingar eins og kom fram í máli hans.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka ágæt svör sem ég hef fengið við fsp.

Það má að vissu leyti færa rök fyrir því að eðlilegt sé að samkeppni sé innan ákveðins ríkisfyrirtækis eins og hæstv. iðnrh. kom inn á að hefði talist eðlilegt innan fréttastofa Ríkisútvarpsins þegar þetta var sett á laggirnar en tíðin er önnur í dag. Það hefur bæst við fjöldinn allur af útvarpsstöðvum og ein sjónvarpsstöð þannig að samkeppnin er til staðar utan frá í dag. Ég tel því enn að vissulega megi skoða það hvort ekki sé ástæða til að samræma þetta.

Það kemur fram, ef ég náði réttum tölum, að kostnaður við fréttamenn á Norðurlöndum sé samtals um 7,2 millj. kr., lausráðnir plús fastráðnir. Þetta þykja mér allverulegar tölur, sérstaklega þar sem stórtíðindi gerast ekki á hverjum degi á Norðurlöndum og væri sjálfsagt hægt að spara í því að senda menn út í hvert og eitt skipti þegar það á við.

Að öðru leyti þakka ég fyrir skýr svör.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Heildarkostnaður vegna starfs fréttamanns sjónvarpsins í Kaupmannahöfn er liðlega 3 millj. kr. en samtals hjá öllum fréttariturum útvarpsins hvort sem þeir eru á Norðurlöndum eða ekki var hann hins vegar 4,1 millj. kr. Inni í þessari síðari tölu eru því enn fremur greiðslur til fréttaritara sem eru annars staðar en á Norðurlöndunum.

Náttúrufræðisafn, ein umr.

Fsp. HG, 49. mál. — Þskj. 49.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 49 ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. menntmrh. um byggingu yfir náttúrufræðisafn. Hún hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi að byggingu yfir náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu?"

Ég vil rifja það upp í tengslum við þessa fsp. að á þinginu 1984–1985 lagði ég ásamt þm. úr öðrum flokkum — ég hygg að við höfum verið 12 talsins — fram till. til þál. um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Efni hennar var svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, m.a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu

yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu. Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum."

Mál þetta var rökstutt í grg. með þessari till. og rakin saga þessa máls, sem liggur býsna langt til baka, sú hrakningasaga sem einkennt hefur aðstöðu náttúrugripasafns hér á höfuðborgarsvæðinu undanfarna áratugi og seint virðist ætla að rætast úr. Mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, skipaði nefnd í málið nokkrum mánuðum eftir að till. þessi var fram lögð og af þeim sökum hef ég ekki fylgt málinu eftir með tillöguflutningi á Alþingi en nú er hæstv. menntmrh. spurður hvað líði undirbúningi.

Eftir að fsp. þessi var lögð fram hér á Alþingi var haldið 6. náttúruverndarþing 1987 og það ályktaði um þetta með svofelldum orðum:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 skorar á stjórnvöld að hlutast til um að byggt verði náttúrufræðihús, en bygging þess verði komin vel á veg á aldarafmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags 1989 og ríkið efni þannig 40 ára gamalt loforð sitt við félagið."

Þetta nefni ég í samhengi við þessa fsp.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda skipaði þáv. menntmrh. fyrir tveimur árum nefnd til að gera tillögur um tilhögun og uppbyggingu náttúrufræðisafns og er hún nú u.þ.b. að ljúka störfum. Að sögn formanns nefndarinnar, sem er Ævar Petersen, deildarstjóri í Náttúrufræðistofnun Íslands, er nefndin sammála um að reisa beri safnhús eins fljótt og auðið er. Einnig er nefndin einhuga um að því væri best kosinn staður í Reykjavík á svæðinu norðan við gamla Tívolí, austan við þann hluta Njarðargötu sem var lagður niður fyrir allmörgum árum.

Þar eð endurskoðun aðalskipulags höfuðborgarinnar var á lokastigi við upphaf nefndarstarfsins taldi nefndin rétt að koma áliti um framtíðarlóð á framfæri við borgaryfirvöld sem ákváðu að gera ráð fyrir náttúrufræðisafni á áðurnefndri lóð. Hins vegar geta borgaryfirvöld að sjálfsögðu ekki úthlutað lóðinni fyrr en séð er fyrir gatnagerðargjöldum og nánari ákvarðanir yfirvalda og Alþingis um safnið liggja fyrir. Áhersla er lögð á að safnið verði þjóðarsafn svo sem er hlutverk Náttúrufræðistofnunar nú, sýninga- og fræðslustarf verði fært í nútímalegra horf og aukið verulega. Einnig er lagt til í þessu væntanlega nefndaráliti að komið verði á formlegum tengslum við önnur náttúrugripasöfn í landinu. Hugmyndir nefndarinnar lúta að því að ríki og Reykjavíkurborg og e.t.v. aðrir aðilar standi að byggingu og rekstri náttúrufræðihúss.

Eins og fram kom áðan í svari mínu hafa endanlegar tillögur nefndarmanna ekki enn borist menntmrn. og því ekki um það að ræða að teknar hafi verið ákvarðanir um frekari meðferð málsins og þá ekki heldur um hvort unnt verður að koma þessu húsi upp þannig að safnið taki til starfa á árinu 1989, eins og kom fram sem hugmynd frá hv. fyrirspyrjanda, en það er að sjálfsögðu undir Alþingi komið, fjárveitingarvaldinu og öðrum þeim aðilum sem kosta munu bygginguna og því að nefndin ljúki störfum og sendi sínar tillögur til menntmrn. sem þá mundi koma því erindi áleiðis til hv. Alþingis.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hafa tveir hv. þm. — og hvorugur er fyrirspyrjandi — óskað eftir að taka til máls. Það skal vakin athygli á því að ekki er skv. þingsköpum gert ráð fyrir umræðum um fyrirspurnir. Það er gert ráð fyrir orðaskiptum milli fyrirspyrjenda og viðkomandi ráðherra, en þingsköp heimila að það sé gefið leyfi til stuttra athugasemda fyrir aðra þm. Þá er átt við að það sé ef það þurfi að leiðrétta eitthvað eða gefa einhverjar upplýsingar sem eru mjög þýðingarmiklar fyrir það sem er á dagskrá. Ég vænti þess að hv. þm. virði þetta. Þetta var oft tekið fram fyrir tveim árum, þegar núgildandi þingsköp voru tekin upp, þar sem um nýjung var þá að ræða. En með því að hér er um nýja þm. að ræða, sem biðja nú um orðið, þykir rétt að endurtaka þetta.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Þó það sé kannski mjög augljóst vildi ég leggja áherslu á slíkt safn í tengslum við umhverfisfræðslu því það er mjög mikilvægt að efla hana bæði í skólum og á meðal almennings. Þess vegna ætla ég að skora á hæstv. menntmrh. að vinna ötullega að þessu máli. Það er alveg rétt að þetta mál er búið að velkjast mjög lengi í kerfinu og góð orð eru ágæt, en það þarf fleira en orð eins og hæstv. ráðherra kom að einnig.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Örstutt athugasemd. Mig langar að greina þingheimi frá því að á vegum Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar er starfandi samstarfsnefnd um skipulag háskólalóðar. Staðsetning náttúrugripasafns hefur komið upp á borð þessarar nefndar og mér er ljúft að greina frá því að húsinu hefur verið valinn endanlegur staður. Það er búið að marka húsinu lóð, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. iðnrh., við Njarðargötuna sem verður nú flutt og tekin upp aftur sem aðalaðkomubraut fyrir háskólasvæðið. Við hliðina á þessari lóð er gert ráð fyrir fjögurra hektara griðlandi sem verður friðað og er hugmyndin að þar verði hægt að fylgjast með fuglalífi, þ.e. í mýrinni við endann á Tjörninni. Það hafa komið upp hugmyndir þess efnis að það sé vel hægt að hugsa sér að Náttúrugripasafnið og vissar stofnanir Háskólans geti e.t.v. haft samnýtingu á þessu svæði. Ég vek athygli á þeim hugmyndum og það væri hægt að hugsa sér að Náttúrugripasafn og

ýmsar stofnanir Háskólans fengju þarna inni í sama húsinu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):
Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. starfandi menntmrh. við þessari fsp. Það er leitt að nefndin, sem skipuð var 1985, skuli ekki komin á leiðarenda í þessu máli, en vonandi rætist fljótlega úr því. Það má ekki gerast að mínu mati að ekki liggi fyrir ákvörðun um þetta mál hið fyrsta og framkvæmdir hefjist a.m.k. áður en afmælisárið rennur upp 1989. Það er vissulega spor í áttina að búið er að ákveða lóð fyrir þessa stofnun, en eins og hæstv. ráðherra sagði er það auðvitað Alþingis að tryggja að framkvæmdir geti hafist og fjármagn verði fram reitt í þessu skyni. Efndirnar varðandi þjóðarbókhlöðuna, sem hafa verið ræddar hér á Alþingi, lofa því miður ekki sérlega góðu og sá markaði tekjustofn sem til hennar skyldi renna, en Alþingi á þess kost að breyta til um það efni. Ég nefni það hér vegna þess að það tengist byggingu annars safnhúss sem er langt komið en vantar þó talsvert á að hægt sé að taka í notkun.

Ég gleðst yfir því að það er ætlunin, eftir því sem ráðherra upplýsti, að tengja aðalsafn náttúrufræða í landinu náttúrufræðisöfnum úti á landsbyggðinni. Ég hef lagt áherslu á það í umfjöllun um þetta mál og vann raunar að því máli hér á árum áður. Ég treysti því að hæstv. iðnrh., sem svaraði hér fyrir menntmrh., fylgi þessu máli eftir innan ríkisstjórnarinnar. Hann var einn af tillögumönnum á þeirri þáltill. sem ég gat um í tengslum við þetta mál.

Ég þakka undirtektir annarra hv. alþm. sem hafa tekið þátt í umræðunni og undirstrika það sem hér kom fram frá hv. 12. þm. Reykv., þýðingu safna af þessu tagi fyrir umhverfisfræðslu og náttúruvernd í landinu.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):
Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég mun að sjálfsögðu koma til skila þeim viðhorfum sem hafa birst í ræðum hv. þm., ekki síst 12. þm. Reykv. um umhverfisfræðsluna, og minna á, eins og kom fram í svari mínu áðan, að ætlunin er að sýninga- og fræðslustarf verði aukið verulega við safnið. Þá vil ég enn fremur þakka hv. 7. þm. Reykn. fyrir þær upplýsingar sem komu fram í hans máli og staðfesta það sem kom fram í mínu svari við þessari fsp. Jafnframt finnst mér það ánægjulegt og vil lýsa yfir stuðningi mínum við þá tillögu, sem hann lýsti og byggingarnefnd Háskólans hefur fjallað um, að gera Vatnsmýrina eða hluta hennar að nokkurs konar vin hér í Reykjavík. Það finnst okkur Reykvíkingum vera vel til fundið.

Að lokum vil ég segja það vegna ummæla hv. 2. þm. Austurl. að sú var tíðin, eins og við munum báðir, að hægt var að fara á Landsbókasafnið og sjá þar jafnframt Náttúrugripasafnið. Ég tek undir með honum að vonandi gerist það innan tíðar að þessi tvö söfn og fleiri verði flutt í stærri, vistlegri og betri húsakynni einmitt á þeim stað sem eðlilegast er í tengslum við æðstu menntastofnun þjóðarinnar.

Lánasjóðir iðnaðarins, ein umr.

Fsp. MI, 73. mál. — Þskj. 76.

Fyrirspyrjandi (María E. Ingvadóttir):
Herra forseti. Í lögum um Iðnlánasjóð kemur fram að sjóðnum er ætlað mikilvægt hlutverk við eflingu og uppbyggingu íslensks iðnaðar. Honum er ætlað að veita iðnfyrirtækjum lán til endurskipulagningar og til að ná betri hagræðingu. Einnig að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Tekjur sínar hefur Iðnlánasjóður af iðnlánasjóðsgjaldi sem reiknað er af aðstöðugjaldsstofni iðnfyrirtækja, en iðnlánasjóðsgjaldi þessu hefur verið skipt þannig: Vöruþróun og markaðsdeild 4/7, Útflutningsráð Íslands 2/7 og fjárfestingalánadeild 1/7. Framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs á að vera jafnt 4/7 hlutum iðnlánasjóðsgjalds, en var skert bæði árið 1986 og árið 1987. Á árinu 1987 var hlutur vöruþróunar og markaðsdeildar, þ.e. 4/7 Iðnlánasjóðsins 48 millj. kr., en framlag ríkissjóðs aðeins 25 millj. kr. eða samtals 72 millj. kr. Áætlaður 4/7 iðnlánasjóðsgjalds á árinu 1988 eru 62 millj. kr. þannig að um beina lækkun er að ræða upp á 10 millj. og er þá ekki tekið tillit til kostnaðarbreytinga. Því fjármagni sem veitt hefur verið til Iðntæknistofnunar og Útflutningsráðs Íslands hefur verið varið til að efla vöruþróun og auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja, þ.e. aðgerðir sem leiða eiga til betri vöru á hagstæðu framleiðsluverði. Beinir styrkir Iðnlánasjóðs til ýmissa sérverkefna Útflutningsráðs hafa beinlínis gert það mögulegt að ráðast í þau.

Markaðsmál eru mikilvægur þáttur sem lögð hefur verið aukin áhersla á síðustu ár. Þar er enn mikið óunnið og með aukinni þekkingu og reynslu mun það fjármagn og sú vinna sem lögð hefur verið í þann þátt skila sér að fullu. Nú þegar má sjá árangur af samvinnu Útflutningsráðs og þeirra fyrirtækja sem vinna skipulega að auknum útflutningi eða eru að undirbúa sig undir það. Samvinna Iðnlánasjóðs, Útflutningsráðs og Iðntæknistofnunar hefur verið til fyrirmyndar og á sinn þátt í því að ráðist hefur verið í stór og árangursrík verkefni. Í fjárlögum fyrir árið 1988 er stefnt að því að fella niður framlag ríkissjóðs til sjóða iðnaðarins. Það gefur auga leið að við þurfum á einhverju öðru að halda en því að draga úr uppbyggingu íslensks iðnaðar og því að kynna íslenskar iðnaðarvörur á erlendum mörkuðum. Það er nauðsynlegt að styðja við bakið á öllu því er getur orðið til eflingar íslenskum útflutningi íslensku efnahagslífi til góða. Lög um Iðnlánasjóð skulu endurskoðuð á næsta ári, en það þýðir ekki að draga úr

starfsemi sjóðsins á meðan sú endurskoðun fer fram.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Fyrsta fsp. hv. fyrirspyrjanda hljóðar þannig: „Hvenær má vænta frv. um breytingar á lögum um Iðnlánasjóð sem um getur í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1988?“

Í fjárlagafrv. er lögbundið framlag ríkissjóðs til þróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs alveg fellt niður, eins og kom fram í máli fyrirspyrjanda, en framlag þetta var að upphæð 25 millj. kr. í ár, en hefði átt að vera 48 millj. kr. ef gildandi lagaákvæðum væri fylgt.

Í lögum um Iðnlánasjóð er kveðið á um að framlag ríkissjóðs skuli að lágmarki vera jafnhátt ⅘ af iðnlánasjóðsgjaldi sem innheimt er af iðnaðinum til sjóðsins. Í athugasemdum með fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta, að leita verði „heimildar í lánsfjárlögum til að fella framlagið niður á árinu 1988“. Slík tímabundin skerðingarákvæði hafa að undanförnu verið sett inn í lánsfjárlög. Hefur ákvæði um það verið tekið upp í frv. til lánsfjárlaga sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Í athugasemdunum með fjárlagafrv. segir enn fremur, með leyfi forseta: „Ætlan stjórnvalda er að fella niður sem mest af lögbundnum framlögum og tekjustofnum og í samræmi við það verður stefnt að breytingum á lögum um Iðnlánasjóð.“ Orðalag þetta er frá fjmrh. sem leggur fjárlagafrv. og lánsfjárlög fram og var ekki borið sérstaklega undir iðnrh. fremur en önnur atriði í athugasemdum með fjárlagafrv.

Hér er, eins og fram kemur í textanum, rætt um að fella niður sem mest af lögbundnum framlögum og draga þannig úr sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins eins og lögð er áhersla á í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Framlag það sem lagt er til að fellt verði niður að fullu rennur, eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs en ekki til fjárfestinga eins og margir virðast telja. Tilgangur vöruþróunar- og markaðsdeildar er að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, örva nýsköpun og auka útflutning. Hlutverk sitt rækir sjóðurinn m.a. með lánveitingum til vöruþróunar, hönnunar og útflutningsstarfsemi og enn fremur með framlögum og styrkjum til nýrrar útflutningsstarfsemi og þróunar og rannsókna í iðnaði. Þá hefur sjóðurinn heimild til að kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum og taka þátt í stofnun nýrra fyrirtækja.

Framlag til vöruþróunar- og markaðsdeildar sjóðsins er nánast eina opinbera framlagið til nýsköpunar og þróunar í iðnaði. Niðurfelling þess í einu lagi er mjög tilfinnanleg fyrir fjárhag sjóðsins og tiltölulega mun meiri skerðing en tíðkast á framlögum til annarra atvinnugreina, svo sem eins og sjávarútvegs og landbúnaðar.

Í lögum um Iðnlánasjóð, er sett voru árið 1984, eru ákvæði þess efnis að endurskoða skuli ýmis ákvæði laganna, þar á meðal ákvæði um framlag ríkissjóðs fyrir árslok 1988. Af því tilefni hef ég beint því til stjórnar Iðnlánasjóðs að hefja endurskoðun laganna í ljósi fenginnar reynslu. Munu tillögur um breytingar væntanlega verða lagðar fyrir Alþingi eftir áramót.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta: Starfsháttum og stjórn fjárfestingalánasjóða verður breytt, einkum með því að hverfa frá skiptingu þeirra sem miðuð er við hefðbundnar atvinnugreinar, þannig að nýjar greinar standi jafnar að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé.“

Sérstök nefnd er starfandi á vegum ríkisstjórnarinnar til að undirbúa þetta mál og munu tillögur hennar væntanlega liggja fyrir snemma á næsta ári.

Þá vík ég að síðari fsp. hv. fyrirspyrjanda: „Hvernig er fyrirhugað að bregðast við tekjumissi Iðnlánasjóðs frá næstu áramótum og þar til lögin hafa verið endurskoðuð?“

Samkvæmt áætlun stjórnar sjóðsins var gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs yrði 1988 alls um 150 millj. kr. Skiptist það þannig að um 26 millj. kr. eru innheimtir vextir og afborganir af eldri lánum, 62 millj. kr. eru ⅘ iðnlánasjóðsgjalds sem rennur til vöruþróunar- og markaðsdeildar skv. lögum um Iðnlánasjóð og á framlag ríkissjóðs að nema að minnsta kosti jafnhárri upphæð eins og áður sagði. Ráðstöfunarfé deildarinnar í ár er um 110 millj. kr. Verði framlag ríkissjóðs alveg skorið niður á næsta ári mun ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári verða 88 millj. kr. Sé tekið tillit til verðbreytinga á milli ára samkvæmt forsendum fjárlagafrv. þýðir þetta samdrátt um rúm 30% frá því sem er á þessu ári. Mun það leiða til þess að draga verður úr stuðningi við ýmis aðkallandi verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt.

Ég vil láta það koma fram að ég hef tekið þetta mál upp við fulltrúa í fjvn. og lagt til að framlag ríkisins á næsta ári verði a.m.k. hliðstæð upphæð og var á þessu ári. Mál þessi verði síðan endurmetin fyrir árslok 1988 eins og lögin um Iðnlánasjóð gera ráð fyrir. Það er von mín að samkomulag náist við endanlega afgreiðslu fjárlaga um það að sjóðurinn fái fjárveitingu á árinu 1988.

Fyrirspyrjandi (María E. Ingvadóttir):

Herra forseti. Ég þakka greinargóð svör hæstv. iðnrh. Ég vona bara að hans tillögur nái fram að ganga.

Útsendingar rásar tvö, ein umr.

Fsp. DS, 74. mál. — Þskj. 77.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Fyrr í þessari viku hafa orðið umræður hér á Alþingi um Ríkisútvarpið, hlutverk þess

og skyldur við landsmenn alla. Það er staðreynd að enn hefur ekki tekist að koma útsendingum Ríkisútvarpsins, hvorki sjónvarps né útvarps og þó einkum rásar 2, inn á heimili allra landsmanna. Eins og fram kom í grg. með þáltill. hv. 3. þm. Norðurl. v. og átta annarra þm. Framsfl. eru um 80 sveitabæir í landinu með öllu sjónvarpslausir eða búa við afar léleg skilyrði. Það er vitað að allmargir búa einnig við léleg hlustunarskilyrði eða heyra alls ekki í rás 2. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh. sem staðgengil hæstv. menntmrh.:

1. Hversu margir af notendum Ríkisútvarpsins geta enn ekki náð útsendingum rásar tvö og á hvaða landsvæðum búa þeir?

2. Hvenær má vænta þess að landsmenn allir sitji við sama borð gagnvart útsendingum Ríkisútvarpsins?

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Vegna þessarar fsp. hefur verið leitað til Ríkisútvarpsins og aflað upplýsinga og mun svarið byggjast á þeim upplýsingum, en jafnframt vil ég taka fram að þetta mál var einnig að nokkru leyti til umræðu vegna þáltill. frá nokkrum framsóknarmönnum og við þær umræður lét ég í té nokkrar upplýsingar um mál þessu skylt.

Nákvæmar mælingar á FM-dreifingu rásar 1 og rásar 2 liggja ekki fyrir. Í dreifikerfi rásar 1 eru 65 sendar en 44 í dreifikerfi rásar 2. Áætlað er að með 25 sendum til viðbótar í dreifikerfi rásar 2 náist til allra landsmanna. Hér er um að ræða bætta dreifingu til þeirra sem hafa slæma eða enga móttöku fyrir.

Talið er að allt að 2000 hlustendur rásar 2 búi við þessi bágu móttökuskilyrði en fái góða úrlausn með framangreindri þéttingu dreifikerfisins. Eyður í dreifikerfi rásar 2 eru að einhverju leyti í öllum landsfjórðungum en þó mestar á Norðurlandi þar sem dreifing er einna erfiðust.

Ríkisútvarpið stefnir að því að koma útsendingum sínum til allra landsmanna. Fjárfesting Framkvæmdasjóðs fer þó eftir ákveðinni forgangsröð. Önnur verkefni sjóðsins eru fullnaðarfrágangur útvarpshússins og endurnýjun tveggja langbylgjustöðva sem ljúka þarf á allra næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka greinargóð svör við þessari fsp. minni af hálfu hæstv. iðnrh. en það kemur greinilega fram í svari hans að enn vantar nokkuð á í þessum efnum og hér er fyrst og fremst um íbúa dreifbýlisins að ræða. Það er hins vegar óverjandi að enn skuli ekki liggja fyrir endanleg áætlun um það hvenær dreifikerfið mun í raun ná til allra landsmanna.

Ég vil vekja athygli á því að nú hafa ýmsir dagskrárliðir verið færðir af rás 1 yfir á rás 2, þættir sem fólk í dreifbýli hefur einnig getað notið en hafa nú verið teknir af því. Samkvæmt upplýsingum innheimtustjóra Ríkisútvarpsins greiða þeir notendur sjónvarps sem búa við léleg skilyrði hálft gjald og þar sem sendingar eru taldar alls ónothæfar er gjaldið fellt niður. Hins vegar er enginn afsláttur gefinn af afnotagjaldi hljóðvarps hvernig svo sem skilyrðin kunna að vera.

Ég vil minna á hið mikilvæga hlutverk Ríkisútvarpsins hvað varðar listsköpun, menningu og afþreyingu. Íbúar í dreifbýli eiga yfirleitt óhægar um vik að sækja menningarviðburði eða afþreyingu af ýmsu tagi en íbúar þéttbýlis og það er því enn brýnna að þeir geti notið þess sem Ríkisútvarpið hefur fram að færa. Einnig vil ég benda á að fólk á landsbyggðinni leggur sitt af mörkum bæði til reksturs og dagskrár Ríkisútvarpsins og því er alveg nauðsynlegt að þessi fjölmiðill okkar sé fyrir alla landsmenn og vonandi kemst lagfæring dreifikerfisins sem fyrst efst í forgangsröð í framkvæmdum Ríkisútvarpsins.

Snjóflóðahætta, ein umr.

Fsp. HG, 80. mál. — Þskj. 83.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 83 hef ég borið fram svofellda fsp. til hæstv. félmrh. um mat á snjóflóðahættu og fjárveitingar til snjóflóðavarna. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hversu langt er komið mati á snjóflóðahættu á byggðum svæðum?

2. Hvert er mat ráðuneytisins og ofanflóðanefndar á fjárþörf til snjóflóðavarna?

3. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar í snjóflóðavarnir á vegum ráðuneytisins og ofanflóðanefndar?

4. Eftir hvaða reglum er fjármagni úthlutað til snjóflóðavarna?

5. Hvað liggur fyrir af umsóknum frá sveitarfélögum og öðrum um fjárstuðning við snjóflóðavarnir?“

Hér á Alþingi voru samþykkt lög 4. júní 1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem skapa þann lagagrundvöll sem er til aðgerða á þessu sviði og fjárstuðnings af hálfu stjórnvalda. Skriður fór að komast á umræðu um þessi mál eftir mesta áfall sem menn hafa orðið fyrir hérlendis síðustu áratugi í sambandi við snjóflóð, en það voru snjóflóðin í Neskaupstað í des. 1974. Þetta leiddi til lagasetningar, að vísu 11 árum síðar, varðandi snjóflóðavarnir og meðferð þessara mála. Samkvæmt þeim lögum var þá stofnuð svokölluð ofanflóðanefnd — nafn sem mér hefur alltaf þótt dálítið sérkennilegt, en nota að sjálfsögðu lögum samkvæmt — og hér er innt eftir hennar störfum og tillögum og ég veit að hæstv. ráðherra mun reiða hér fram svör um þetta efni.

Hér er um mjög stórt mál að ræða fyrir mörg

byggðarlög í landinu sem búa við snjóflóðahættu varðandi svæði sem þegar eru byggð, en stóra málið fyrir framtíðina er auðvitað það að tryggja að mat liggi fyrir á snjóflóðahættu og menn fari ekki með byggingar og mannvirki út á veruleg hættusvæði í sambandi við snjóflóð og eftir atvikum skriðuföll að svo miklu leyti sem menn geta metið þá hættu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sú fsp. sem hér er til umræðu, um mat á snjóflóðahættu og fjárveitingar til snjóflóðavarna, er í fimm liðum.

Í fyrsta lagi er spurt: Hversu langt er komið mati á snjóflóðahættu á byggðum svæðum? Svar við þessum fyrsta lið fsp. er eftirfarandi:

Söfnun upplýsinga um þekkt snjóflóð og færslu þeirra á kort hefur miðað eins og hér segir: Á Súðavík lýkur korta- og skýrslugerð nú í lok nóvembermánaðar og þar hefur verið sett á stofn snjómælistöð. Á Ísafirði og í Hnífsdal lýkur korta- og skýrslugerð í janúar á næsta ári. Þar hefur verið sett á stofn snjómælistöð. Á Flateyri er korta- og skýrslugerð það vel á veg komin að búist er við að henni ljúki í apríl á næsta ári. Þar er starfrækt snjómælistöð. Á Siglufirði er korta- og skýrslugerð lokið og þar er rekin snjómælistöð. Á Seyðisfirði mun korta- og skýrslugerð væntanlega ljúka fyrir áramót og þar er fylgst með snjóalögum. Í Neskaupstað er til hættumat sem gert var af norskum sérfræðingum, og þar er fylgst með snjóalögum. Samfara þessari vinnu hefur verið lokið við forrit fyrir álagsútreikninga og gerð tillaga að reglum til að meta hættu byggðar þegar fyrir liggur kort um flóðasvæði og álag vegna snjóflóða. Eins og ég hef rakið þá er hér um mjög viðamikið verkefni að ræða, en stefnt er að því að hættumat á þessum svæðum liggi fyrir á næsta ári.

Í öðru lagi er spurt: Hvert er mat ráðuneytisins og ofanflóðanefndar á fjárþörf til snjóflóðavarna?

Því er til að svara að enn er of snemmt að meta fjárþörf til snjóflóðavarna þar sem einungis fá sveitarfélög hafa sótt um framlög úr ofanflóðasjóði í samræmi við lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þó er greinilegt að kostnaður við snjóflóðavarnir er mikill, skiptir milljónum þegar um varnir fyrir einstök mannvirki eða fá hús er að ræða, en tugum milljóna ef verja þarf heil hverfi sem byggð hafa verið á hættusvæðum.

Í þriðja lagi er spurt: Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar í snjóflóðavarnir á vegum ráðuneytisins og ofanflóðanefndar? Svar við því er eftirfarandi:

Þegar þær 3 millj. sem eru til snjóflóðavarna á fjárlögum fyrir árið 1987 hafa verið greiddar í ofanflóðasjóð, auk u.þ.b. 10 millj. úr Viðlagatryggingu, verða í sjóðnum um 23 millj. kr. Af þeim er búið að heimila greiðslu á 5,1 millj. kr. til Siglufjarðar og Ísafjarðar, en þær fjárhæðir hafa enn ekki verið greiddar.

Í fjórða lagi er spurt: Eftir hvaða reglum er fjármagni úthlutað til snjóflóðavarna?

Í samræmi við lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum gera Almannavarnir ríkisins tillögur um úthlutun úr ofanflóðasjóði eftir að ofanflóðanefnd hefur fjallað um umsóknir um styrk úr honum. Félmrh. þarf að staðfesta tillögur Almannavarna ríkisins til að þær öðlist gildi.

Og loks er í fimmta lið spurt: Hvað liggur fyrir af umsóknum frá sveitarfélögum og öðrum um fjárstuðning við snjóflóðavarnir?

Aðeins tvær umsóknir hafa borist Almannavörnum sem eru í samræmi við fyrrgreind lög, önnur frá Ísafirði til varnar Holtahverfi og nemur 3,3 millj. kr., en hin er frá Siglufirði til varnar hitaveitustöð í Skútudal að upphæð 1,5 millj. kr. Þessar fjárhæðir hafa enn ekki verið greiddar. Auk þess er til athugunar umsögn frá Flateyrarhreppi um ótilgreinda upphæð. Umsókn barst frá Ólafsvík um fjárstuðning til varnar mannvirkjum sem reist voru fyrir gildistöku laganna. Var veittur styrkur út á þann hluta þessara mannvirkja sem Almannavarnir töldu fullnægjandi. Borist hafa fsp. frá Súðavík um möguleika á styrk til að verja fyrirhugaða byggð sem skipulögð hefur verið á hættusvæði. Þeirri fsp. var vísað frá á þeim forsendum að hættumat hefði ekki verið gert fyrir svæðið. Einnig hefur borist beiðni um styrk til rannsókna á jarðfalli og rofi sjávar í nágrenni Húsavíkur, en jarðrask af því tagi heyrir ekki til ofanflóða samkvæmt lögum.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi með þessu svarað öllum atriðum fsp.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. Þau voru skýr og greinileg. Það er ánægjulegt að verið sé að vinna að þessum málum, mati á hættu og hættusvæðum. Mig undrar nokkuð að ekki skuli vera meiri þrýstingur frá sveitarfélögum á fjármagn úr þeim sjóði sem þegar er til staðar, 23 millj. sem hæstv. ráðherra upplýsti að væru tiltækar í þessu skyni. En eins og fram kom í máli ráðherrans þá skýrist það væntanlega af því að því hættumati sem um er að ræða er ekki lokið á viðkomandi stöðum. Þó veit ég að slíkt mat fór fram í Neskaupstað á árunum 1975 og 1976 og tillögur voru gerðar af Geoteknisk Institut í Osló um aðgerðir, byggingu varnarvirkja.

Ég hygg að það skorti nokkuð á að sveitarfélög hafi haft upplýsingar um það fjármagn sem til ráðstöfunar gæti verið í þessu skyni og m.a. af þeim sökum var þessi fsp. fram borin, svo og sú staðreynd að hér er um mjög dýrar framkvæmdir að ræða þannig að það er í rauninni vonlítið fyrir sveitarfélög að ætla sér að ráðast í þær. Þá á ég við byggingu varnarvirkja til að verja þá byggð sem þegar er risin en þær framkvæmdir geta skipt tugum milljóna fyrir tiltölulega lítil byggðasvæði. Þess vegna er mjög brýnt að ríkisvaldið leggi af mörkum eða hafi tiltækt fjármagn til þess að fjármagna, eins og 11. gr. laga um snjóflóðavarnir getur um, það mikinn hlut, að framkvæmdir strandi ekki á fjármagni eftir að skynsamlegum undirbúningi er lokið.

Í 11. gr. laga um snjóflóðavarnir segir, með leyfi forseta:

„Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats.
2. Greiða má allt að 4/5 hlutum af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og fasteignum vegna varna telst með framkvæmdakostnaði.
3. Greiða má allt að 4/5 hlutum kostnaðar við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna á snjóalögum með tilliti til snjóflóðahættu.

Félmrh. ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins."

Herra forseti. Hér kemur fram að ríkinu er heimilt að greiða um 80% af kostnaði við varnarvirki gegn snjóflóðum og það er vissulega góð heimild, en fjármagn þarf að vera til staðar. Ég vænti að þessi fsp. og upplýsingar leiði til þess að sveitarfélög sem í hlut eiga svo og ríkisvaldið taki á þessum málum eins og brýn nauðsyn er á.

SAMEINAÐ ÞING

17. fundur, fimmtudaginn 12. nóv., að loknum 16. fundi.

Endurvinnsla úrgangsefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 71. mál. — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Skógrækt á Fljótsdalshéraði, frh. fyrri umr.

Þáltill. JK o.fl., 76. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til atvmn. með 39 shlj. atkv.

Launakostnaður við mötuneyti framhaldsskólanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. DS o.fl., 77. mál. — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 40 shlj. atkv.

Verðlagsrannsókn, frh. fyrri umr.

Þáltill. BDýr o.fl., 81. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti.

„Þægilegu mennirnir frá Ameríku koma þegar líður nær miðnætti, þeir eru hættir að skilja eftir yfirhafnirnar sínar í fordyrinu, en gánga beint inntil bóndans; og ef þeir rekast á vinnuþý í anddyrinu klappa þeir okkur á bakið og taka upp sígarettur og jórturleður. Þeir stóðu vanalega stutt við. Þegar þeir voru farnir kom forsætisráðherrann einsog áður, síðan einhverjir fleiri ráðherrar, mæðuveikistjórinn, nokkrir alþingismenn, heildsalar og dómarar, blýgrái sorglegi maðurinn sem gaf út blað um að við yrðum að selja landið, biskuparnir, lýsisherslustjórinn. Þeir sátu oft á fundum leingi nætur, ræddust við hljóðlega og fóru furðu ódrukknir."

Þetta er tilvitnun í bók sem skrifuð var á árunum 1946 og 1947 og ber heitið Atómstöðin. Útkoma þessarar bókar olli miklu fjaðrafoki í íslensku samfélagi hjá góðborgurum þessa lands og hægri pressunni í landinu. Baksvið hennar var Keflavíkursamningurinn sem gerður var á Alþingi 1946 um haustið og olli stjórnarslitum þar sem sósíalistar gengu út úr ríkisstjórn. En það var aðeins upphafið. Á eftir kom innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið og koma bandarískra hersins hér með leynd á vormorgni 7. maí 1951.

Það sem þá var sagt um þessi mál af vinstri mönnum á Íslandi og andstæðingum herstöðvanna var stimplað sem kommúnistaáróður, ómaklegar árásir á þáverandi valdamenn í landinu. En nú 40 árum síðar eru dregin fram í dagsljósið gögn erlendis sem bera þess ljós vitni að það sem sagt var af andstæðingum herstöðvanna á Íslandi á þessum árum var ekki orðum aukið. Þvert á móti, þar var ekki allur sannleikur sagður.

Við höfum orðið áheyrendur frásagna af niðurstöðum norsks sagnfræðings, Dag Tangens, sem hefur stundað rannsóknir á samskiptum bandarískra stjórnvalda og bandarískrar leyniþjónustu við stjórnmálamenn í Noregi og alveg sérstaklega

norsku verkalýðshreyfinguna. Fyrir tilviljun rakst sagnfræðingurinn á gögn, innan um norsk skjöl úr safni vestur í Bandaríkjunum, Truman-safninu, sem snertu Ísland og íslenska sögu og það eru þau sem við höfum fengið fréttir af.

Þetta voru aðeins fáein blöð sem þarna lágu og sagnfræðingurinn leitaði eftir því að fá frekari gögn úr söfnum, þar á meðal úr Eisenhower-safninu, en honum var neitað og hann fullyrðir að skjöl varðandi Ísland og íslensk utanríkismál séu harðlega læst inni, að miklu erfiðara sé að nálgast þau en skjöl varðandi hliðstæð mál sem snerta aðrar þjóðir. Hvers vegna? Hann hefur svarað því að ástæðan hljóti annaðhvort að vera að Ísland sé metið hafa miklu meiri hernaðarlega þýðingu fyrir Bandaríkin en t.d. Noregur eða þá, sem hann hefur einnig vikið að, að þrýstingur hafi komið utan frá um það að halda þessum gögnum undir lás og slá.

Ég nefni það, herra forseti, að Bandaríkin búa við lög sem skylda stjórnvöld þarlend til þess að skila inn gögnum eftir 30 ár og til þess að birta gögn varðandi utanríkismál landsins og samskipti við aðrar þjóðir að 35 árum liðnum. Í því samhengi komu út í byrjun þessa árs gögn sem snerta samskipti íslenskra stjórnvalda, alveg sérstaklega íslenska utanríkisráðuneytisins, við bandarísk stjórnvöld á árinu 1951 í aðdraganda þess að hingað kom bandarískt herlið. Þessi gögn hef ég fengið vestan um haf. Þau voru til umræðu hér í dagblöðum, að vísu aðeins í einu vikublaði sérstaklega í fyrravetur en það þýddi hluta af þessum gögnum, það var Helgarpósturinn. Þessi gögn eru aðgengileg fréttamönnum og þau bera ekki íslenskum valdamönnum á þessum tíma gott vitni fremur en skjölin sem verið er að draga fram upp úr safni norsks sagnfræðings úti í Noregi. Þarna er dregin upp dökk mynd, sérstaklega af íslensku utanríkisþjónustunni og utanríkisráðherra þessa tíma, síðar formanni Sjálfstfl., Bjarna heitnum Benediktssyni.

Í umræðu um skýrslu utanrrh. í fyrra vék ég að þessu máli og skoraði á hæstv. þáv. utanrrh. að sjá til þess að gögn úr íslenska utanrrn. sem tengjast þessu tímabili yrðu dregin fram og birt, yrðu öllum opin. Ráðherrann svaraði þessari ósk minni með svofelldum orðum í Sþ. 11. mars sl.:

„Þá vék þingmaðurinn að því sem hefur verið að birtast að undanförnu, gögnum frá tímanum 1951 varðandi hervarnarsamninginn og það sem þá var að gerast. Vissulega þurfa að koma í ljós, þegar sagan verður skrifuð, þau hin réttu gögn í þessum efnum og ég efast ekkert um að þegar að því verður hugað í utanrrn. á þeim tíma sem það er talið eðlilegt og skynsamlegt verði þau gögn birt."

Þetta er hluti af svari ráðherrans, ég ætla ekki að lesa það til enda.

Ég gekk eftir þessu í utanrmn. sl. vor, fékk þau svör að mál þetta væri í athugun. Nú spyr ég hæstv. núv. utanrrh.: Mun hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson tryggja að gögn íslenska utanrrn. varðandi íslensk öryggismál, meðal annars á þessu tímabili, 1946–1951, verði dregin fram í dagsljósið og gerð öllum aðgengileg? Hvenær er þess að vænta að svo geti orðið? Mun ráðherrann einnig beita sér fyrir því að gögn úr bandarískum söfnum, sem snerta samskipti Íslands og Bandaríkjanna á þessu tímabili, verði kölluð heim, að eftir því verði óskað að þau verði afhent Íslendingum og íslenskum stjórnvöldum svo unnt sé að leiða í ljós sannleikann í þessum málum og hreinsa sumpart æru þeirra manna sem liggja undir aðdróttunum úr þessum erlendu gögnum þar sem verið er að skrifa Íslandssöguna vestan hafs?

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég svara fyrst síðustu spurningu hv. þm. Ég mun gera ráðstafanir til þess að sendiráð Íslands í Washington fái aðgang að þeim gögnum sem hér er um fjallað.

Eins og hv. þm. munu vita gilda ákveðnar reglur um birtingu slíkra skjala í Bandaríkjunum. Hluti slíkra skjala mun samkvæmt þeim reglum vera aðgengilegur eftir 25 ár en það nær ekki til allra trúnaðarskjala í vörslu stjórnvalda í Bandaríkjunum. Mér er tjáð svona við fyrstu eftirgrennslan að í þessum gögnum, sem umræddur norskur maður fékk, hafi m.a. verið skjal sem sé í síðari flokki, sem eigi ekki að birta. En nú skal ég viðurkenna fyrstur manna að ég er ekki nógu vel kunnugur þessum reglum til að geta sagt um þetta nokkuð ákveðið en ég svara spurningunni játandi: Það mun verða gengið eftir því að fá þessi gögn í hendur.

Ég hef sömuleiðis lýst þeirri skoðun minni að ég tel að hér eigi að gilda einhverjar ákveðnar reglur um birtingu skjala og ég mun ræða það í ríkisstjórninni hvort ekki er rétt að ríkisstjórnin semji slíkar reglur. Ég get ekki á þessari stundu sagt nákvæmlega hvernig þær eigi að vera en ég vil leggja á það ríka áherslu að komandi kynslóðir eiga að hafa tækifæri til að byggja sinn dóm á opinberum gögnum sem liggja fyrir og það á ekkert að fara í felur með það. Það er hins vegar eðlilegt að nokkur tími líði þar til slík skjöl eru birt, t.d. eitthvað svipað og við erum að tala um í Bandaríkjunum, 25–30 ár eða þar um bil.

Varðandi það fjaðrafok sem orðið hefur við birtingu þessara gagna, sem umræddur Norðmaður hefur fengið, vil ég segja það að ég treysti langtum betur ummælum t.d. Eysteins Jónssonar, sem birtast í Þjóðviljanum í dag, en sendimönnum erlendra ríkja. Við ritskoðum ekki það sem þeir kunna að setja niður á blað og ég held að þar sé verið að meta menn og málefni á máta sem er í mörgum tilfellum algjörlega óviðunandi og ekki réttur. Ég er sannfærður um að þeir menn sem um ræðir höfðu hagsmuni Íslands í huga. Það kemur greinilega fram í orðum þess mæta manns Eysteins Jónssonar að hjá þremenningum þeim sem fóru til Bandaríkjanna 1949 var aldrei lýst nokkurri hræðslu við byltingu hér á landi eða yfirtöku kommúnisma eins og virðist hafa verið inntakið í skýrslu hins erlenda sendi-

manns. Og ég verð að segja með fullri virðingu fyrir Nóbelsverðlaunaskáldinu að ég treysti jafnvel betur manni eins og Eysteini Jónssyni til að lýsa rétt því sem gerðist. Hann er því miður eini eftirlifandi maðurinn af þeim sem um ræðir. Ég vefengi ekki hans orð og ég hef enga ástæðu til að halda að aðrir þm. geri það. Ég slæ því þennan varnagla að við skulum fara varlega í að dæma menn og atburði sem gerðust fyrir mörgum árum á grundvelli frásagna erlendra sendimanna.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú umræða sem er hafin um birtingu skjala löngu liðinna tíma er á margan hátt merkileg. Við sem höfum litið til baka og hugað að sögunni vitum að þetta tímabil var mjög umdeilt. Það voru mjög harðar umræður hér og þetta var mjög erfitt tímabil í íslenskri sögu. Skjöl erlendis munu sjálfsagt verða birt og ég vil taka undir það sem hæstv. utanrrh. segir að við getum ekki alveg treyst öllu því sem erlendir sendimenn skrifa um okkur og hvernig þeir meta okkar menn. Og ég fullyrði að þeir menn, sem eru reyndar flestir látnir, sem stóðu að þessum hlutum á sinni tíð fyrir okkur voru einvörðungu með hagsmuni Íslands í huga. Það hefur sýnt sig að sú stefna sem þeir mótuðu hefur skipt sköpum fyrir okkur. Við höfum búið við frið síðan, við höfum búið í góðri samvinnu við Vesturlönd og við höfum tryggt okkur það að okkar mál eru vel komin og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af okkar öryggi eins og margar aðrar þjóðir hafa þurft.

Stofnun Atlantshafsbandalagsins á sinni tíð og koma hersins hefur rennt stoðum undir mesta blómaskeið Íslandssögunnar, bæði efnahagslega og á margan hátt menningarlega. Ég held að það að fara að dæma menn eða annað slíkt sé afskaplega hæpið.

Ég hef látið mér detta í hug að það væri fróðlegt að fá skýrslur um svipað efni frá Sovétríkjunum. Það yrði kannski eitthvað annað mat þar.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega undirstrika það að við förum varlega í sakirnar og látum ekki tilfinningarnar ráða heldur það sem raunverulega skiptir máli.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er lítill sem enginn aðgangur að skjölum og skýrslum sem varða íslensk utanríkismál, þ.e. það er enginn aðgangur að þeim hér á landi. Eins og fram hefur komið hafa Bandaríkjamenn vissar skyldur til að opinbera skjöl eftir ákveðinn árafjölda. Við fáum því upplýsingar um samskipti okkar við erlend ríki í gegnum þarlend sjöl og þarlendar túlkanir. Það getur því verið tilviljunum háð hvað er birt og hvað ekki varðandi okkar samskipti við önnur lönd.

Það hlýtur því að vera krafa okkar að úr þessu verði bætt. Við getum ómögulega sætt okkur við að saga Íslands verði skrifuð frá útlöndum. Það sem haft er eftir Eysteini Jónssyni, fyrrv. ráðherra, í dagblaði í morgun um að sumar af þeim upplýsingum sem fram hafa komið séu andstæðar sannleikanum eru m.a. rök með því að settar verði hér reglur um upplýsingaskyldu íslenskra stjórnvalda um samskipti Íslands og annarra landa. Það er ekki nóg að hafa bara skjöl frá útlöndum.

Það er vissulega mikilvægt að varpa ljósi á það sem gerðist á árunum kringum 1950 þegar bandaríkjaher settist hér að. Þá er ekki síður mikilvægt að þeir sem eru að taka ákvarðanir í dag um okkar utanríkismál fái það aðhald sem m.a. felst í því að upplýsingar um samskipti við aðrar þjóðir verði ekki gleymdar og grafnar um aldur og ævi. Það er nauðsynlegt lýðræðislegt aðhald.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem þegar hafa fallið í þessari umræðu vil ég eindregið skora á hæstv. utanrrh. að hann geri gangskör að því að setja reglur og lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, um trúnað og afléttingu trúnaðar. Og vegna þess sem hann sagði um söguna langar mig einmitt að leggja mikla áherslu á að sagan verði skrifuð af Íslendingum meðan þeir lifa. Þeim sem tóku þátt í framvindu sögunnar og réðu framvindu hennar að miklu leyti. Það kom einmitt fram að nú er einungis einn þeirra lifandi sem fóru til Bandaríkjanna á sínum tíma. Hann er einungis einn til frásagnar. Ég tel mjög mikilvægt að þessi saga verði skrifuð og ekki síst í ljósi þess að þessar ákvarðanir voru teknar utan Alþingis af þingmönnum og flestir þeirra sem þarna komu að máli þeir hafa lítið sem ekkert minnst á þetta í ævisögum sínum og frásögnum.

Það hvílir ótrúlega mikil leynd yfir þessu tímabili í þeirri sögu sem þegar hefur verið skrifuð á Íslandi og þessi leynd er til þess fallin að vekja tortryggni þeirra sem nú lifa og mun trúlega einnig vekja tortryggni þeirra sem eftir koma ef ekki verður betur á málum tekið.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel undir að skjöl séu birt sem sýna staðreyndir og að það séu settar reglur um þá hluti, hvernig með skuli fara. Hins vegar verð ég að lýsa vanþóknun minni á því að minnisblað sem norskur sagnfræðingur hefur fengið frá Bandaríkjunum, minnisblað útlendings, hefur orðið tilefni til árása á látna menn hér á landi, menn sem gegndu störfum fyrir íslensku þjóðina af fyllstu samviskusemi og með mikilli prýði. Gerð hefur verið atlaga að minningu Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra, sem þá var, í tilefni af þessu minnisblaði sem er að því er Eysteinn Jónsson segir fleipur eitt og án þess að segja sannleikann.

Ég tel að gera þurfi meira en hv. málshefjandi óskaði eftir. Hann óskaði eftir að gögn úr bandarískum söfnum yrðu birt. Ég mundi ætla að það væri fróðlegt að fá frásagnir rússneska sendiráðsins af viðtölum og samráði forustumanna Sósíalistaflokksins, forvera Alþb., á þessum tíma. Ég er viss um að

þar kæmi margt forvitnilegt í ljós sem er nauðsynlegt fyrir komandi kynslóðir að vita, svo fremi sem menn ætla að taka mark á minnisblöðum útlendinga. Og sú spurning situr eftir hjá mér og hlýtur að gera það hjá öðrum: Skyldu þeir sem þar mökkuðu hafa verið að gæta hagsmuna Íslendinga?

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það fer að verða gaman að þessu þegar menn standa upp og verja annars vegar — að mér finnst liggja í orðunum — Rússa og hins vegar Bandaríkjamenn. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að það væri fróðlegt að fá upplýsingar um samskipti Íslendinga við Rússa á því tímabili sem um er rætt, ekki síður en Bandaríkjamenn. En ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur lofað því úr þessum ræðustól í sameinuðu Alþingi að gögn íslenska utanríkisráðuneytisins verði dregin til birtingar fyrir almenning, en þó með vissum fyrirvara sem ríkisstjórnin á að setja. Ég mótmæli því. Það er Alþingi sem á að taka þessa ákvörðun. Það er Alþingi sem tekur ákvörðun um það ekki einstakir þm. þó þeir tímabundið gegni embætti ráðherra. Sendiráðið verði sett í málið. Ég óska eftir því að sendiráðið verði sett í málið strax. Það verði ekki látið sofna í höndum utanrrn., ríkisstjórnar eða sendiráðsins.

Umræður um þessi mál eru viðkvæmar. Þær eiga ekki að fara fram fyrir opnum tjöldum. Umræður eiga að fara fram í sameinuðu Alþingi á lokuðum fundi. Þetta er ekki mál sem hægt er að fleygja fram á dagskrá Alþingis eða í fjölmiðla fyrirvaralaust. Við verðum að átta okkur á því hvað við erum að gera. Og ég held að ríkisstjórnin eigi ekki að setja reglur. Það er Alþingi sem á að gera það.

Það er fróðlegt að fá upplýsingar um samskipti Bandaríkjanna og Íslands sem hafa leitt til þess öryggis sem við höfum búið við. Það er talað um þetta mál eins og það sé búist við einhverju óheiðarlegu frá forverum okkar sem nutu sama trausts þjóðarinnar og við njótum með setu okkar hér. Ég tala ekki um þetta sem væntanlegt vantraust. Það er hægt að gera allar aðgerðir tortryggilegar ef þær eru skoðaðar úr samhengi við tímana sem mennirnir lifðu. Ég treysti betur skjölum sem finnast og hafa ekki verið vefengd en minni jafnvel ágætismanna eins og Eysteins Jónssonar. En það er ekki þar með sagt að það eigi að nota slík skjöl til að taka hlutina úr samhengi og gera þá tortryggilega.

Ég taldi mig þekkja nokkuð vel, þó ekki persónulega, þann stjórnmálamann sem nú hefur verið dreginn fram og nafngreindur í þessu máli. Það hefði aldrei hvarflað að mér eða nokkrum öðrum samtíðarmanni þessa stjórnmálamanns að hann gæti hafa aðhafst eitthvað sem við hefðum í dag getað stimplað hann fyrir fjarverandi og fallinn frá sem óheiðarlegan. Óheiðarleikinn felst í okkar dómi sem mér finnst vera að falla með ummælum.

Ég segi alveg eins og er að það var hér á landi ótti við nasista í stríðsbyrjun. Það var hér ótti við kommúnisma á þeim tíma sem við erum að ræða um. Og þessi ótti við kommúnismann er enn þá. Þess vegna er hér vestrænn her. Þess vegna er skipulögð fylking vestrænna manna á móti því sem hugsanlega getur komið fram. Og það er kommúnisminn sem við viljum ekki að flæði yfir vestræn lönd og vestræna menningu.

Ég legg mikla áherslu á það, hæstv. forseti, að utanrrh. gangi rösklega til verka og að sameinað Alþingi fyrir lokuðum dyrum ræði þessi mál áður en nokkuð fer út til fjölmiðla frá Alþingi um málið.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir að það er eðlilegt að settar verði reglur um birtingu skjala eins og þeirra sem hér eru til umræðu. Og skal ég líka staðfesta að það hefur verið rætt í utanrmn. eins og einn af hv. ræðumönnum gat um. Ég veit að að þessu máli verður unnið. Hvort það á síðan að afgreiða á lokuðum fundi í sameinuðu þingi eða annars staðar, t.d. í ríkisstjórn, þingflokkum og þá utanrmn., sem eðlilegt er að fjalli um slík mál lögum samkvæmt, skal ég ekki leggja á dóm. Það er ekki meginatriðið. En reglur þarf að setja um þetta. Ég get heldur ekki metið það hér og nú hverjar þær reglur eigi að vera, hve snemma beri að birta slík skjöl.

Þar að auki kveð ég mér hljóðs til að vekja á því athygli að þegar þessi skjöl frá Noregi, sem eru talin svo merkileg, komu hér fyrst til umræðu er farið að drótta nánast landráðum að látnum manni, Stefáni Jóhanni Stefánssyni, og síðan er nefnt nafn Bjarna Benediktssonar héðan úr þessum ræðustól og sagt að dregin hafi verið af honum dökk mynd. Að vísu vitnað til þess að það sé gert í Bandaríkjunum. En nafn hans skal dregið inn í umræðuna. Hins vegar, af eðlilegum ástæðum, er nafn Eysteins Jónssonar ekki nefnt. Hann er á lífi sem betur fer, getur þess vegna sagt frá því hvað gerðist á þessum árum því það voru einmitt þessir þrír menn sem báru hita og þunga baráttunnar. Þótt ég væri þá ungur að árum fylgdist ég ærið náið með því sem var að gerast um þetta leyti og þá fyrst og fremst með kynnum af Bjarna Benediktssyni og ég mótmæli því að það sé verið að drótta að honum sérstaklega og hverjum þessara manna sem er einhverju óheiðarlegu eða óheilbrigðu í þessum störfum. Það er ósæmandi.

Auðvitað verður þessi saga skrifuð. Og það er verið að skrifa sögu. Þór Whitehead skrifaði t.d. þá merku bók Ófriður í aðsigi, fyrstu bók sína í ritsafninu. Þar fáum við rétta mynd af leiðtogum íslensku þjóðarinnar á árunum fyrir stríð, rétta mynd auðvitað af mönnum eins og Hermanni Jónassyni, Eysteini Jónssyni og öðrum þeim sem þá stóðu á verði gegn nasismanum þótt við hefðum enga hugmynd um hvernig þeir fóru að því. Auðvitað fáum við þessa mynd. Og enginn þessara manna hefur nokkurn tímann svikið hinn íslenska málstað. Þeir hafa allir staðið á verði. Allt umtal um eitthvað annað er ósæmandi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að furðulega er þunnt á mönnum skinnið, þegar þessi mál ber á góma, enn þann dag í dag. Hér rjúka menn upp í ræðustól og tala um dóma eða sakfellingu þegar einfaldlega er rætt um að birta þurfi allar heimildir sem þetta tímabil snertir til að fá sannleikann fram í dagsljósið.

Einn hefur verið fylgifiskur hersetunnar og aðildar að Atlantshafsbandalaginu frá upphafi og það er leyndin. Aðdraganda þeirra samninga var haldið leyndum bæði fyrir þjóðinni og Alþingi. En nú, 35 eða 40 árum síðar, sé ég ekki haldbær rök fyrir því að halda sagnfræðilegum heimildum um þetta tímabil leyndum nema þar sé eitthvað til að leyna. Og ég hlýt að benda þeim mönnum á, sem hér koma upp og rökstyðja þann góða málstað sem þeir vilja meina að þar hafi ráðið ferðinni, að þar með er í beinu framhaldi eðlilegasta krafan af þeirra hálfu að draga allar upplýsingar fram í dagsljósið. Við skulum ekki gleyma því að nú eru að birtast samtímaheimildir frá þessum atburðum, en hér uppi á Íslandi liggja og rykfalla í kössum okkar eigin samtímaheimildir um þessa hluti. Og ég segi aftur: Ég sé ekki að það sé ástæða til að halda þeim hlutum leyndum. Það á ekki að vera og það eiga ekki að vera að mínu mati neinar leyndarreglur til um íslensk skjöl — eða er hér yfirleitt eitthvað til þess að leyna? Ég held að það sé barnalegt og jaðri við að vera hlægilegt að tala um fundarhöld Alþingis fyrir luktum dyrum þó settar séu almennar reglur um birtingu íslenskra skjala. Ég sé ekki ástæðu til að loka þingsölum Alþingis fyrir fjölmiðlum þó það sé til umræðu.

Og ég segi bara að lokum: Það er um það að ræða hér að fá sannleikann fram í dagsljósið, ekki að dæma einhverja einstaklinga lífs eða liðna fyrir fram. Eða á hér ekki enn við það fornkveðna, sem Ari fróði setti á skinn, fyrstur manna, að skylt skuli að hafa það sem sannara reynist?

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessar umræður eru um margt athygli verðar. Þær lúta annars vegar að mikilvægum ákvörðunum sem teknar voru á sínum tíma og ollu miklum deilum, á hinn bóginn að formlegri meðferð skjala á vegum stjórnsýslunnar. Það er rétt að mínu mati að það er skortur á reglum um þau efni og það er nauðsynlegt fyrir stjórnsýsluna að starfa við þau skilyrði að fastmótaðar reglur gildi um meðferð skjala og meðferð trúnaðarmála. Ég get greint frá því hér að ég hef fyrir skömmu falið hópi manna að gera tillögur um hvernig fara skuli með trúnaðarskjöl sem eru til meðferðar á vegum stjórnvalda, en auðvitað þarf að huga að miklu víðtækari reglum um upplýsingaskyldu og birtingu trúnaðarskjala á síðari stigum máls. En umræðunni hefur verið varpað hér fram og hún hefur af hálfu málshefjenda verið felld í gamalkunnan farveg.

Frá því að ákvarðanir voru teknar um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi við Bandaríkin hefur markvisst verið unnið að því af hálfu andstæðinga þessara samninga og aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu að varpa rýrð á forustumenn Íslendinga, gera þá tortryggilega, jafnvel gefa til kynna að þeir hafi verið óþjóðhollir í störfum sínum, látið undan þrýstingi erlendra stórvelda. Í upphafi máls síns las málshefjandi úr frægu skáldverki sem einmitt var skrifað í þeim tilgangi að varpa slíkri rýrð á stjórnendur landsins, á forustumenn þjóðarinnar, og segir svo í lokin: Til þess að losa menn undan þessum áburði þarf að birta skjöl.

Hér er hinn gamli hugsunarháttur: varpa fram ásökunum um sekt og svo eiga aðrir að sjá um að afsanna sektina. Þetta er hið alvarlega í þessari umræðu, hinn alvarlegi undirtónn í ræðu hv. málshefjanda og í ýmiss konar umfjöllun um þetta mál að undanförnu, og reyndar er málflutningur af þessu tagi ekki nýr af nálinni. Sannleikurinn er sá að þegar mál þessi voru til meðferðar á hinu háa Alþingi á sínum tíma voru lögð fram þau rök fyrir þessum ákvörðunum sem þáverandi stjórnendur landsins studdust við. Þær umræður fóru fram í þingsölum og hafa reyndar farið fram í áratugi.

Reynslan hefur svo sýnt umfram allt annað að þeir sem voru í forustu á þessum tíma og höfðu forgöngu um mótun utanríkisstefnunnar með þessum hætti hafa varðað veginn vel fyrir sjálfstæði og öryggi Íslands. Það er umfram allt sú staðreynd sem skiptir auðvitað höfuðmáli. Og þegar rætt er um minningu þessara manna, sem hér hefur verið fjallað um, er það þetta sem skiptir höfuðmáli. Við sem lifum í dag njótum þess að þessir menn höfðu víðsýni til þess að móta utanríkisstefnuna með þessum hætti og tryggja öryggi og frelsi landsins með þeim ráðstöfunum sem þeir beittu sér fyrir á sínum tíma. Þetta er höfuðatriðið. Reynslan hefur sýnt að á þennan veg höfum við best tryggt öryggi landsins. Reynslan hefur sýnt að aðildin að Atlantshafsbandalaginu, samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins hefur þar að auki betur tryggt frið í okkar heimshluta en nokkur önnur skipan mála. Og áður en menn varpa hér fram grunsemdum, sem þeir ætlast til að verði afsannaðar, er ástæða til að hafa þessa meginstaðreynd í huga af því að umræða um það hvaða form á að hafa á birtingu skjala hefur leitt til endurtekinna ásakana af því tagi sem hér hafa komið fram.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Menn þurfa ekki að leita í erlend skjöl til að finna landráðabrigsl í garð íslenskra stjórnmálamanna, reyndar hvorki þeirra sem á lífi eru né þeirra sem liðnir eru. Þeir sem muna þessa daga, þá tíð og þær djúpu geðshræringar sem bærðust í brjósti Íslendinga þegar teknar voru mikilvægar ákvarðanir eins og um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið minnast þess enn í dag. Það kemur mér þess vegna ekkert á óvart þó að t.d.

dagblaðið Þjóðviljinn þurfi ekki að láta efna til neinnar sögulegrar rannsóknar í þessu tilviki.

Þjóðviljinn hafði löngu gert það upp við sig að ekki aðeins fyrrv. forsrh. Stefán Jóhann Stefánsson heldur þeir þremenningar sem mótuðu þá utanríkisstefnu, sem við höfum fylgt síðan, væru allir landráðamenn. Það var hin viðtekna söguskoðun þess tíma í þessu blaði og hafi menn lesið það blað og lagt trúnað á það trúa þeir því væntanlega enn í dag, enda segir í þessu blaði í dag, með leyfi forseta, undir spurningu dagsins: „Koma þér á óvart tengsl fyrrv. forsrh. Stefáns Jóhanns Stefánssonar við leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA?“ — Og menn eiga síðan að svara.

Það er þegar búið að slá því föstu hver þessi tengsl voru og það er ekkert nýtt í því því að þetta blað hefur haldið því fram áratugum saman að allir þessir menn hafi gengið erinda erlendra hagsmuna.

Þeir hinir sömu sem ritstýra þessu blaði og voru á landsfundi sínum að gera upp sögulega reikninga geta hins vegar treyst því að skjöl um viðræður þeirra við fulltrúa sovéska sendiráðsins eða KGB eða annarra fulltrúa sovésks ríkisvalds, sem þeir voru auðvitað í nánum tengslum við á þeim tíma, verða ekki opinberuð, ekkert á næstunni.

Í alræðisríkjum er ekki nóg að stjórna athöfnum manna og orðum, heldur líka hugsunum. Og það er ekki nóg. Þar er það líka til siðs að endurskoða söguna við valdhafaskipti. Enn í dag mun það vera svo að menn sem létu hvað mest að sér kveða í sovéskum stjórnmálum, þeirra nöfn eru jafnvel ekki enn til í hinni sovésku alfræðiorðabók. Heimildir um menn eru þurrkaðar út. Þeir voru jafnvel ekki til ef valdhöfum er það miður þóknanlegt. Við ætlum ekki að hafa þennan framgangsmáta.

Dómur sögunnar verður ekki kveðinn upp úr þessum ræðustól og hann er ekki algildur. Ég hygg hins vegar að það sé óhætt að slá því föstu að það sé samdóma álit mikils meiri hluta íslensku þjóðarinnar að þeir þremenningar sem hér um ræðir og áttu mestan þátt í því að móta þá utanríkisstefnu sem við höfum fylgt hafi af verkum sínum verið dæmdir sem landsins bestu synir. Ég held að dómur sögunnar sé sá að þeir hafi mótað stefnu sem hefur tryggt okkur frið og öryggi og verið í fullu samræmi við íslenska þjóðarhagsmuni. Auðvitað kunna menn að hafa aðrar skoðanir á því og menn eru frjálsir að því að hafa hana. En salómonsdómurinn eða hinn endanlegi sögulegi sannleikur verður ekki kveðinn upp með einhverjum orðum úr þessum ræðustól því að seint verða menn með orðum vegnir.

Hið einfalda mál að við eigum að setja okkur reglur um birtingu og meðferð skjala frá þessum tíma er lítið mál og þarf ekki að eyða mörgum orðum að því. Það er sjálfsagt og við eigum að fara í því efni eftir viðteknum venjum. Síðan er það sagnfræðinga að leggja mat á sögulegt samhengi þessara skjala. Og við skulum minnast þess að það sem sett er á blað af erlendum sendimönnum er ekki hinn endanlegi sögulegi dómur, jafnvel þótt einstaka innlendum mönnum henti í sínum áróðri að líta svo á.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Í umræðum um skýrslu utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesens á síðasta þingi lagði ég ríka áherslu á að menn tækju sig nú til og settu reglur um birtingu skjala íslenskra stjórnvalda og gerðu gangskör að því að taka upp úr kössunum í Stjórnarráði Íslands til þess að Íslandssagan væri ekki skrifuð erlendis eins og verið er að gera með birtingu heimilda án þess að hafa til staðar íslensk samtímagögn frá viðkomandi tímum. Það hefur ekkert gerst í þessu máli svo að ég viti frá því að ég bar þessa kröfu fram 11. mars sl. Og ég ætla að vona sannarlega að þessi umræða hér leiði til þess að það verði nú tekið til hendinni um að gera aðgengileg þau skjöl sem þarna ræðir um, um að setja reglur og setja lög á Alþingi Íslendinga um birtingu á gögnum og heimildum stjórnvalda. Auðvitað á það að vera verk Alþingis að móta slíkar heimildir, en síst er ég á móti því að stjórnvöld og ríkisstjórn á hverjum tíma hjálpi til um þau efni.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir hans við þetta efni, en ég bendi hæstv. ráðherra á að hann hefur ekki mikinn tíma til að láta til skarar skríða, til að standa við þær yfirlýsingar sem hann í rauninni gaf hér vegna þess að við þurfum á því að halda við athugun þessara mála að sem fyllstar heimildir liggi fyrir og að hægt sé að draga sannleikann fram að svo miklu leyti sem unnt er, litið til baka.

Ég minni á að í gildi eru lög um Þjóðskjalasafn Íslands og þau hafa nýlega verið endurskoðuð, á árinu 1985. Samkvæmt þeim lögum ber ráðuneytum m.a. að afhenda safninu að ákveðnum tíma liðnum gögn sín, gera þau aðgengileg og skrá þau eftir þeim kröfum sem safnið setur. Þessu safni hafa ekki verið búin þau skilyrði sem skylt ætti að vera fyrir söguþjóð. Ég bar fram fsp. hér í Sþ. á síðasta Alþingi til fjmrh. og menntmrh., en þeirri fsp. fékkst ekki svarað. Það var hæstv. núv. forsrh. sem ekki lagði til sinn hluta í svari við þeirri fsp. sem sneri að aðbúnaði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands. Hvað veldur því að menn búa ekki þessu safni þau skilyrði sem skylt er?

Ég vil segja um þá umræðu sem hér hefur farið fram að hún er út af fyrir sig efni í skáldsögu. Hún leiðir margt kynlegt í ljós í viðhorfum til sögulegrar skoðunar. Hún leiðir í ljós að menn rísa hér upp upptendraðir og fara af þessu tilefni að verja ákveðna hluti úr fortíðinni sem við erum ekki í aðstöðu til að leggja endanlegt mat á vegna þess að okkur skortir heimildir. Ég vil að heimildir séu dregnar fram um hvað eina sem snertir samskipti Íslands við aðrar þjóðir, hvort sem það er í austri eða vestri. En vissulega vill það svo til að samskipti Íslands sem leitt hafa til afdrifaríkra ákvarðana snertu Bandaríkin alveg sérstaklega og það er þess vegna sem þessi umræða er nánast inni í kvikunni enn á núlifandi stjórnmálamönnum.

Ég get ekki tekið undir það að mál af þessu tagi þurfi að ræða á lokuðum fundum Alþingis. Hér á ekkert að vera að fela. Við þurfum á því að halda að umræða sem þessi fari fram fyrir opnum tjöldum. Við þurfum á því að halda að það sé hægt að þróa athugun íslenskra utanríkismála í ljósi sögunnar. Það skortir mjög mikið á að það sé kleift.

Ég er mjög undrandi á ummælum eins og komu hér frá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Ég held að hann ætti nú að fara í læri hjá honum föður sínum, hæstv. fjmrh., og láta hann segja sér frá því hvernig samskiptin voru við þá menn sem eru til umræðu í þessu samhengi, hvernig samskiptin voru innan Alþfl. sem hæstv. fjmrh. er formaður fyrir. Ég held að hann gæti ýmislegt af því lært, og hv. fyrrv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur látið til sín heyra í blöðum um þetta efni síðustu daga. **(Forsrh.:** Hv. þm. gæti nú líka lært af Hannibal.) Ég gæti eflaust lært af Hannibal. Ég er alveg reiðubúinn til þess líka að gera það og ég er reiðubúinn að taka þátt í opinni umræðu hvar sem er og hvenær sem er um þessi efni.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi viðlíka langan ræðutíma og hæstv. forsrh. **(Forseti:** Hv. ræðumaður hefur þegar talað eins lengi og forsrh.) Ég hef ekki mælt það, virðulegur forseti. Ég skal senn ljúka máli mínu. En ég verð að segja að það er nokkuð sérkennilegt mat sem menn eru að leggja á síðustu áratugi og staðhæfa það hér að blómgun í íslensku efnahagslífi og íslensku menningarlífi, friður og öryggi sé allt því að þakka hvaða ákvarðanir voru teknar í íslenskum utanríkismálum fyrir 3–4 áratugum. Það er mikil einföldun og mikill barnaskapur sem fram kemur í slíkum ummælum. Ég ætla ekki að gera þau að umtalsefni hér. Til þess er ekki tími.

Ég vænti þess að þessi umræða verði til þess að gögn verði leidd fram til þess að unnt sé að leggja hlutlægt mat á atburði liðinnar tíðar og eftir atvikum að hreinsa æru þeirra manna sem verið er að bera þungum sökum **(EKJ:** Hver er að því?) af erlendum sendimönnum. Ég er að gera kröfu um það, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að það verði mögulegt að leggja mat á þessa hluti í ljósi heimilda.

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög, en ég vil fullvissa hv. þm. um að þetta mál mun ekki sofna í utanrrn., eins og orðað var svo áðan, fremur en önnur mál. Ég get hins vegar ekki tryggt að við fáum skjótan aðgang að ýmsum upplýsingum í Bandaríkjunum sem við viljum fá. Það fer eftir lögum og reglum og kerfinu þar, en þessu mun verða hraðað eins og frekast er kostur. Ég mun einnig ræða þetta mál í utanrmn. að sjálfsögðu.

Ég hygg að rétt sé, sem hér hefur komið fram, að aðgangur að skjölum í stjórnarráðinu er ekki góður, langt frá því. Hins vegar vil ég upplýsa út af orðum hv. fyrirspyrjanda um kröfu þá sem hann mun hafa gert hér í marsmánuði að ég lét hreinsa til í gamla stjórnarráðinu fyrir tveimur árum. Ég man ekki hvort það voru tveir eða þrír stórir sendiferðabílar sem var farið með upp í Þjóðskjalasafn af mörgum hinum athyglisverðustu skjölum sem lágu þar uppi á háalofti og höfðu gert sum allt frá aldamótum ef ekki lengur.

Því miður er Þjóðskjalasafnið hins vegar þannig í stakk búið nú að þar er ekki hægt að veita góðan aðgang að þessum skjölum. En mjög mikilvægt skref var tekið til að bæta úr þessu á síðasta kjörtímabili í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar Þjóðskjalasafninu var útvegað gott húsnæði að því mér er tjáð í þessu skyni. Þetta stendur því til bóta eftir því sem fjárveitingar Alþingis leyfa.

Ég vil einnig láta koma fram, af því að töluvert hefur verið minnst á Eystein Jónsson, að ég ræddi við Eystein Jónsson um þetta mál. Eysteinn Jónsson byggir ekki aðeins á góðu minni. Hann byggir á góðu skjalasafni sem ég hugsa að sé aðgengilegra en skjalasafn stjórnarráðsins að sumu leyti ef ekki öllu. Eysteinn Jónsson tjáði mér að skýrsla Bandaríkjamanna um ferð þeirra þremenninganna 1949 hafi verið birt 24. mars 1976. Hann segir mér að skýrsla íslensku nefndarinnar hafi verið birt skömmu síðar. Hann segist hafa hana, ef við finnum hana ekki. Að lokum vil ég segja að þessi umræða er ekki efni í skáldsögu, alls ekki, og má ekki vera efni í skáldsögu. Hún á að vera efni í einn kafla af sögu þessarar þjóðar.

Æfingaflugvöllur á Selfossi, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 72. mál. — Þskj. 75.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um æfingaflugvöll á Selfossi. Till., sem ég er flm. að ásamt hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni, Guðna Ágústssyni og Eggert Haukdal, er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort ekki sé hagkvæmt að stuðla að því að framtíðaraðstaða fyrir æfinga- og kennsluflug á Suðvesturlandi verði á Selfossflugvelli.

Í grg. segir m.a. að nauðsynlegt sé að létta af Reykjavíkurflugvelli umferð vegna innlendra smáflugvéla og er þá fyrst og fremst átt við umferð vegna æfinga- og kennsluflugs.

Það er ljóst að á undanförnum árum hefur umfang og umferð vegna skipulegs áætlunarflugs innanlands stóraukist og vex enn samfara bættum skilyrðum. Jafnframt því að vera aðalflugvöllur okkar fyrir áætlunarflug innanlands hefur á Reykjavíkurflugvelli verið ein helsta aðstaða fyrir smáflugvélar og æfinga- og kennsluflug hér á landi. Á síðustu árum

hefur smáflugvélum í einkaeign farið fjölgandi og það hefur óhjákvæmilega haft í för með sér aukna umferð þeirra um flugvöllinn sem getur skapað vandamál gagnvart umferð áætlunarvéla. Það hefur því átt sér stað umræða um að létta af Reykjavíkurflugvelli umferð smáflugvéla og í því sambandi hafa ýmsir kostir verið skoðaðir. Helst hafa augu manna beinst að Sandskeiði þar sem nú þegar er nokkur aðstaða til flugs fyrir hendi, en þar er jafnframt aðstaða fyrir svifflug. Á síðustu vikum hefur það svo heyrst og m.a. komið fram í fréttum Ríkissjónvarpsins að uppi eru hugmyndir um að byggja upp aðstöðu fyrir smáflugvélar og æfinga- og kennsluflug í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar. Ekki skal lagður á það dómur hér hversu heppilegir þessir staðir, Sandskeið og Kapelluhraun, eru fyrir þessa starfsemi, en óneitanlega hljóta þeir báðir vegna nálægðar sinnar við Reykjavík og Keflavík að lenda meira og minna inni á flugstjórnarsvæði þessara staða.

Við flm. þeirrar till. sem ég tala hér fyrir álítum að þegar rætt er um að koma upp nýrri aðstöðu fyrir æfinga- og kennsluflug sé eðlilegt að skoða hvort ekki komi aðrir staðir til greina en þeir sem hér voru nefndir og þá ekki síst hvort nú þegar eru til staðar flugvellir sem með tiltölulega litlum kostnaði mætti bæta þannig að þar fáist fullkomin aðstaða fyrir þessa starfsemi. Og þá er komið að kjarna málsins.

Fyrir nokkrum árum hóf á Selfossi hópur áhugamanna um flug, sem seinna varð Flugklúbbur Selfoss, að byggja upp aðstöðu fyrir flug rétt við Selfosskaupstað í landi Sandvíkurhrepps. Þar er nú í dag ágætisaðstaða fyrir smáflugvélar, flugvöllur með tveimur brautum, önnur er 1100 m löng og hin er 800 m löng. Báðar flugbrautirnar hafa verið undirbyggðar fyrir bundið slitlag. Lengri brautin er með fullkomnum sjálfvirkum ljósaútbúnaði sem er, eftir því sem ég best veit, sá eini sinnar tegundar á landinu. Einnig hefur verið lokið við og undirbyggt fyrir bundið slitlag um 600 fermetra stæði fyrir flugvélar. Stæðið rúmar með góðu móti 30–40 smáflugvélar. Heitt og kalt vatn er á staðnum, rafmagn, sími og fjarskiptatæki. Meðlimir í Flugklúbbi Selfoss hafa reist á sinn kostnað tvö flugskýli sem rúma sjö vélar. Þriðja skýlið, sem er í einkaeign, er í byggingu og annarri aðstöðu er verið að koma upp. Þarna hafa menn einnig unnið að gerð framtíðarskipulags fyrir allt svæði vallarins.

Þó mikið hafi verið unnið af heimamönnum, félögum í Flugklúbbi Selfoss, hefur á undanförnum árum verið veitt til flugvallarins fé frá ríkinu. Það hefur oft verið haft á orði að þeim peningum ríkisins hafi verið vel varið og þá hve vel þeim Selfyssingum hefur tekist að nýta þá.

Í dag er töluverð umferð um Selfossflugvöll og þá ekki hvað síst vegna æfinga- og kennsluflugs, enda hafa margir hverjir sem sjá um flugmálin hér á landi, m.a. flugráðsmenn, haft á orði að flugvöllurinn væri vel fallinn til þess að taka við æfinga- og kennsluflugi. Það er alveg ljóst að sá kostnaður, sem leggja þarf í til að fullgera Selfossflugvöll þannig að þar verði fullkomin aðstaða fyrir þessa starfsemi, er aðeins brot af kostnaði við að koma upp nýrri aðstöðu annars staðar. Og það er ekki svo lítið atriði á tímum aðhalds og sparnaðar. Með þetta í huga og þá staðreynd að Selfossflugvöllur er í dag mikið notaður til æfinga- og kennsluflugs fyrir það svæði sem tillagan fjallar um, þ.e. Suðvesturland, telja flm. tillögunnar rétt að kannað verði hvort Selfossflugvöllur geti ekki í framtíðinni þjónað þessu hlutverki.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. atvmn.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er lögð fram þáltill. sem ekki lætur mikið yfir sér en er stærri í sniðum og raunhæfari ef grannt er skoðað. Málið lítur kannski í svipinn út sem kjördæmapot nokkurra hv. þm., en svo er ekki fáist menn á annað borð til að hugsa um hag þjóðarinnar, peningalegan sparnað, og hafa þá í huga fámenni þessarar litlu þjóðar. Enn fremur verða menn, og þá ekki síst hv. alþm., að hafa það í huga að í okkar þjóðfélagi gengur það ekki að setja mestalla þjónustu á eitt landshorn, Reykjavíkursvæðið. Við sem úti á landi búum sækjum afar margt á þetta svæði og raunar stefnir sú miðstýring í hættulega átt, en við kvörtum ekki þó um langvegu sé að fara. Þó spyrja eðlilega margir: Hvað gengur þetta lengi? Það þarf viðnám og skilningur verður að vakna á því að fólkið á landsbyggðinni þarf að fá til sín hluta af fjölbreyttri þjónustu nýverkefna.

Hverjir eru kostir þessarar tillögu og í hverju liggur sparnaðurinn sem ég var að minnast á?

Nú er það ætlan manna hér að ráðast á Kapelluhraunið, þar sem ekkert er fyrir í dag. Þetta mun vera við einhverja Óbrynnishóla. Það mun kosta hundruð milljóna að gera þar æfingavöll og þá aðstöðu sem fyrir hendi þarf að vera. Ef Selfoss yrði valinn fyrir þessa þjónustu þarf þar tiltölulega litlar úrbætur eins og fram hefur komið í máli 1. flm. Það þarf að gera sáraódýrar úrbætur miðað við Óbrynnishólana. Margt væri hægt að gera í þágu flugsins í landinu fyrir mismuninn sem sparaðist. Ég fullyrði að þeir peningar mundu nýtast til að gera stórt átak á mörgum verstu flugvöllum landsbyggðarinnar. Oft var þörf en nú er nauðsyn að slíkt eigi sér stað, segja allir þeir sem unna flugi og vilja auka öryggi flugsins í landinu.

Enn fremur vek ég athygli á því að nú þegar er iðkað æfinga- og kennsluflug í stórum stíl á Selfossflugvelli, ekki bara heimamanna heldur héðan af þessu svæði, þ.e. höfuðborgarsvæðinu. Þær munu í dag margar einkaflugvélarnar leita austur fyrir heiði í því bjarta og fagra veðri sem nú er úti. Selfoss er í jaðrinum á þessu svæði. Vegalengd ekki svo miklu lengri en suður í Hafnarfjarðarhaun á bifreið. Eins og ég sagði voru í dag margar smávélar á leiðinni austur. Það er aðeins 15 mínútna flug, sem nýtist lærlingum bæði í reynslu og tíma. Það hafa sagt mér ýmsir byrjendur í flugi að svæðið fyrir austan fjall

henti vel. Þeir eru fjarri þeirri umferðarþvælu sem Reykjavík og Keflavík skapa á svæðinu hér í kring. Við hæstv. forsrh., sem eins og allir aðrir ráðherrar landsins reyndar er horfinn úr þessum sölum eins og oft áður, við erum þeirrar skoðunar að Suðurlandsundirlendið sé, eins og Friðrik orðaði forðum, heilt konungsríki. — „Þar akur ei blettar, þar skyggir ei tréð," sagði skáldið. — Þar er gott æfingasvæði fyrir byrjendur.

Það sem þyrfti að gera á Selfossi, yrði sú skynsamlega ákvörðun tekin af stjórnvöldum að suðvesturhorn landsins hefði þetta æfinga- og kennsluflug þar, væri nýr stjórnturn, yfirlag á völlinn og síðan blindflugstæki. Og enn fremur stöðugildi fyrir flugvörslu á svæðinu. Takið eftir. Þetta allt mun hvort sem er verða að koma á Selfossi innan tíðar — og mun koma þar innan tíðar. Ég tel flugvörslu þar mikilvæga nú þegar vegna þess mikla æfinga- og kennsluflugs sem þar fer fram.

Það er söguleg staðreynd að svæðið á bökkum Ölfusár væri trúlega miðstöð flugs á Íslandi hefði ekki hent lítið atvik sem breytti öllum áformum þar um. Þegar Bretarnir voru í Kaldaðarnesi höfðu þeir byggt þar og voru með miklu stærri áætlanir um flugaðstöðu þegar Ölfusá réðist að þeim og flæddi yfir svæðið, en þá varð breska herveldið hrætt og flúði staðinn. En ég vil taka það fram að það svæði sem nú er flugaðstaða á er miklu ofar með Ölfusá og þess vegna ekki í flóðahættu.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum beina orðum mínum til alþm. og ríkisstjórnarinnar, sem hefur á stefnuskrá sinni sparnað og vill stuðla að skipulagi og góðri meðferð á skattpeningum almennings. Þessi þáltill. er athyglisverð og ég efast ekki um að margir hv. alþm. taka undir þau sjónarmið sem fram koma í henni. Það mælir allt með því að þessi þáltill. sé raunhæfur kostur, raunhæf sparnaðarleið í litlu þjóðfélagi sem þarf á miklum peningum að halda til að byggja upp flugvelli og fjárfesta í öryggistækjum í þágu flugsins á næstunni, raunhæf leið vegna þess að mjög þarf að auka og efla aðstöðu til kennslu- og æfingaflugs, raunhæf leið vegna þess að í þessu efni er Selfoss nánast í hlaðvarpanum á þessu svæði. Eins og ég sagði áðan er vegalengdin í bifreið austur á Selfoss um 50 mínútna akstur, í flugvél aðeins 15 *mínútna flug. Þetta er raunhæf leið vegna þess* að allar aðstæður fyrir austan fjall eru þess eðlis að það er hættulítið bæði vegna landslags og fjarlægðar svæðisins frá umferðarþvælu suðvesturhornsins að stunda og staðsetja þar miðstöð æfinga- og kennsluflugs hér sunnan fjalla. Ég bið því hv. alþm. að skoða þessa till. sem raunhæfan og skynsamlegan kost.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mig langar til að taka undir þessa þáltill. með örfáum orðum. Það kemur margt til, fleira en það að Suðurlandsundirlendið sé nokkuð sjálfvalinn staður fyrir flugvöll þegar maður lítur á Íslandskortið og óvíða er nú plássið meira fyrir flugvelli. Mér sýnist till. skynsamleg og ég held að hún væri góð ráðstöfun núna í upphafi þeirrar 10 ára áætlunar sem áformað er að hrinda í framkvæmd við uppbyggingu flugvalla og flugsamgangna á Íslandi. Ég held að það sé ævinlega skynsamlegt að freista þess að láta á það reyna hvort ekki er hægt að notast við hluti sem fyrir eru frekar en að byggja upp aðra nýja ef um þetta tvennt er að velja. Mér þykir heldur óráðlegt, eins og reyndar má lesa út úr áætlunum Flugmálastjórnar, að setja peninga í uppbyggingu flugvallar, annaðhvort í Kapelluhrauni eða á Sandskeiði, án þess að það sé kannað til þrautar hvort t.d. Selfossflugvöllur, sem þegar er að mestu leyti uppbyggður og tilbúinn, gæti þjónað þessu hlutverki. Báðir þeir staðir aðrir sem nefndir hafa verið til sögunnar, Sandskeið og Kapelluhraun, hafa sína galla. Á Sandskeiði er þegar fyrir svifflugsstarfsemi og í Kapelluhrauni þyrfti að byggja frá grunni alla aðstöðu, auk þess sem fram kom í ræðu framsögumanns að þessir staðir hafa annmarka hvað varðar fluglínur til Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

En ég vil fyrst og fremst undirstrika að það væri skynsamleg ráðstöfun að láta á þetta reyna, kanna það fyrst hvort þessi uppbyggði flugvöllur á Selfossi geti þjónað þessu hlutverki. Það er gífurlegt verkefni fram undan í uppbyggingu flugsamgangnanna, 2–2½ milljarðs kr. áætlun liggur þegar fyrir um uppbygginguna á næstu 10 árum og eru þá ekki inni í þeirri tölu ýmis stór mannvirki eins og flugstöð á Reykjavíkurflugvelli o.fl. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar og gerst talsmaður þess oftar við umræður sem snerta flugsamgöngur að menn leitist við að nýta sem best þau mannvirki sem þó eru fyrir í landinu og á það við hvort heldur sem um varaflugvöll eða æfingaflugvöll er að ræða. Ég tek þess vegna undir efni þessarar till. mjög eindregið, herra forseti, og legg til að hún fái skjóta afgreiðslu hér á Alþingi vegna þess að það er nauðsynlegt að þessi könnun liggi fyrir sem fyrst, í öllu falli áður en farið verður að ráðstafa fé til annarra hluta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting á kartöflum, fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 83. mál. — Þskj. 86.

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér er lögð fram skýrir sig að mestu sjálf. Ég vænti þess að hv. alþm. þekki það vandamál sem hefur ríkt í þessari atvinnugrein nú um nokkurt skeið. Það samræmist kannski ekki anda þessarar tíðar að flytja till. um nýtingu á auðæfum, hvort heldur eiga í hlut matvæli eða veraldlegir hlutir. Bruðlið og sóunin í okkar heims-

hluta kann að verða mannkyninu hættuleg áður en yfir lýkur.

Íslendingar hika ekki við að leyfa innflutning á matvælum og bjóða hann til sölu þótt dagstimpill sé löngu fallinn úr gildi eins og menn hafa væntanlega séð með eigin augum eða þá í ágætum fréttatímum í Ríkissjónvarpinu. Við flytjum inn matvörur jafnvel með rotvarnarefnum sem ekki standast okkar hollustulög. Bruðl okkar birtist ekki bara í því að henda kartöflum, heldur einnig í því, eins og fram kom í blaði í gær, að kaupa dýr fíkjutré, tvö tré í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir 1700 þús. kr. með lömpum og fylgidýrum. Milljóna króna gróðurævintýri í innflutningi á fíkjutrjám og enn fremur á kartöflum þrátt fyrir það að allar geymslur séu fullar.

Í umræðunni um hið mikla kartöflumagn og nýtingu á þessum verðmætum hefur verið bent á möguleika sem ber að kanna frekar. Fyrir liggja kannanir og Iðntæknistofnun hefur þegar hafið vinnu við framleiðslu á réttum úr kartöflum til manneldis og lofar það góðu.

Þessi tillaga beinist fyrst og fremst að því að ríkisstjórnin láti kanna sérstaklega þær ábendingar um nýtingu sem hafa komið fram nú í haust og við bendum þar á fjórar leiðir:

Að vinna kartöflur og nýta þær til fóðurs.

Að nýta kartöflur til iðnaðar.

Að framleiða úr kartöflum ýmsa rétti til manneldis eins og þegar mun vera í þróun hjá Iðntæknistofnun.

Að kanna hvort útflutningur geti komið til greina og þá hvernig staðið yrði að honum með sem hagkvæmustum hætti. Nokkur lönd hafa verið nefnd í þessu sambandi, svo sem Svíþjóð, Norður-Noregur og Finnland, þá með matarkartöflur í huga.

Enn fremur veltum við upp þeirri hugmynd, sem einnig er rædd og kartöflubændur munu nú vera að skoða, að reyna stofnrækt og útflutning á útsæði, jafnvel á þessum vetri, sem ekki er útilokuð hugmynd.

En af því að ég minnist á þessar leiðir, þá hefur ágætur maður í haust skrifað í Morgunblaðið greinar af þekkingu um hvað mætti gera við kartöflur til að nýta þær og, með leyfi forseta, ef ég má vitna í greinar Eriks Klonofsky sem er pólskrar ættar. Hann er verkfræðingur og hefur unnið að þessum málum hér. Hann segir um iðnaðarframleiðsluna að kartöflur séu víða mikið notaðar í etanól eða vínanda, kartöflumjöl, kartöflusýróp o.fl. Við þekkjum það að áfengislögin banna hér framleiðslu á því þannig að þessi möguleiki er kannski ekki fyrir hendi í dag, en frá þessari framleiðslu, ef um vínandaframleiðslu væri að ræða, þá kemur úrgangur sem er gott fóður fyrir búpening.

Önnur tegund iðnaðarframleiðslu sem hann minnist á er kartöflumjöl og kartöflusterkja. Kartöflur eru einnig notaðar til framleiðslu á kartöflusýrópi sem er notað í sælgætisiðnaði, í sultugerð, líkjöraframleiðslu o.fl. Einnig er framleiddur þrúgusykur úr kartöflum og er hann notaður í vefjariðnaði, límframleiðslu og efnaiðnaði.

Kartöflur til fóðurs eru orkuríkar og hafa hátt fóðurgildi, en nota þarf þær með öðrum fóðurefnum til þess að jafnvægi ríki milli eggjahvítu og kolvetnis í fóðrinu. Þær meltast vel hjá svínum eftir suðu, en ekki þarf að sjóða þær fyrir jórturdýr nema hætta sé á eitrun í kartöflunum. Þarna er athyglisverð leið að nýta þær hér í svín og sem dæmi mundu 4000 tonn af kartöflum, ef þau væru nýtt í svín, gefa af sér kjöt af 4000 grísum sem væru 100 kg hver þannig að þarna er leið til að nýta kartöflur og spara innflutt fóður.

Enn fremur hef ég nýlega heyrt að menn sem hafa stofnað áburðarverksmiðju þar sem lífrænn áburður verður framleiddur af möðkum á Hvolsvelli telji það grundvöll að nýta kartöflur til eldis á möðkunum.

Kartöflur til almennrar neyslu eru kannski stærsti kosturinn sem við eigum eigi að síður og eigum að íhuga mjög. Iðntæknistofnun hefur bent á leiðir og það er vitað mál að hér er mikið flutt inn af snakki og ýmsum vörum sem iðnaðarframleiðsla úr kartöflum gæti komið í staðinn fyrir. Eins er það þurrkuð kartöflustappa sem er seld í pökkum og enn fremur að setja kartöflur í duft. Það er möguleiki. Og síðan ýmsir réttir, kartöflulummur o.fl., sem gætu orðið hér vinsælir ef vel tækist til.

Ég tel að hér sé um stórmál að ræða vegna þess að samstaða bændanna sem hafa stundað þessa ræktun, eins og kemur fram í grg., hefur brostið í góðærinu og þeir standa nú veikir fyrir. Auðvitað er það spurningin, ef skipulagsleysið ríkir áfram, hvort þeir halda áfram við þessa iðju. Það væri þá illa farið ef þeir ágætu matvælaframleiðendur hyrfu frá sínum búskap.

Enn fremur er það íhugunarefni, og ég vonast til að hæstv. ríkisstjórn hafi manndóm til að taka á því, eins og kemur fram í grg., að nú eru flutt inn 2000–3000 tonn af kartöflum til framleiðslu á „frönskum kartöflum". Það mundi muna miklu ef þessi innflutningur yrði takmarkaður um sinn og íslenskar gæðakartöflur nýttar í þessu skyni. Ég skil raunar ekki ástæðu þess að menn skuli ekki meta meir hagsmuni bændanna sem þarna eiga í hlut en heildsalanna sem kannski beita þar miklum þrýstingi og hafa áhrif á að þetta fær að viðgangast. Ég hygg að fæstar þjóðir í veröldinni mundu líða það að fluttar væru inn erlendar kartöflur ef allar geymslur þeirra væru fullar af kartöflum samtímis. Þó viðgengst það eins og er hér að innflutningur á sér stað sem nemur þetta miklu magni.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. sést hér í salnum sem foringi ríkisstjórnarinnar. Ég treysti honum til að beita sér í ríkisstjórninni fyrir því að þetta mál verði tekið til skoðunar. Ég veit um hug hæstv. landbrh. til þessa máls. Það eru miklir hagsmunir þjóðarinnar í veði, ekki síst í kjördæmi hæstv. forsrh. Heilt þorp hefur byggst þar upp í kringum þessa atvinnugrein og þetta hefur einnig orðið aðal- og aukabúgrein hjá mörgum ágætum bændum þar sem víðar.

Ég vænti þess að þessi þáltill. fái skjóta meðferð í

þinginu og hún mæti skilningi og velvilja hæstv. ríkisstjórnar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. forsrh. er viðstaddur þessa umræðu vegna þess að þessi mál eru komin á það stig að það þarf af hendi stjórnvalda að athuga þau og bregða skyndilega við. Það gerðist í gærkveldi, eftir að búið var að senda sýnishorn af kartöflum til Noregs, að óskað var eftir því að samninganefnd kæmi þangað til að semja um sölu á kartöflum. Vitað er að Norðmenn vantar margfalt það magn sem við höfum til sölu. Vandinn er auðvitað verðið. Norskir bændur fá t.d. nú, þrátt fyrir mjög lítið framboð af kartöflum, ekki nema 1,53 kr. norskar fyrir kg og ef ekki verður breyting á er gert ráð fyrir því að þeir fái eftir áramótin 1,74 kr. norskar.

Skeytið sem barst í gær er til komið vegna þess að fyrir viku var sent sýnishorn af kartöflum til Suður-Noregs sem líkaði ákaflega vel og þeir sendu í gærkveldi telex um að þeir hefðu áhuga á að kaupa allar þær kartöflur sem hér væru fáanlegar. Þetta mál kemur þannig upp að sýnilegt var að uppskeran í haust yrði helmingi meiri en við hefðum möguleika á að neyta hér innanlands að öllu óbreyttu. Það veit enginn hvað þetta magn er mikið hér, því miður. Agnar Guðnason upplýsir mig um að það séu sennilega 20 000 tonn af neyslukartöflum en vill ekki taka ábyrgð á því. Hann telur hugsanlegt að við getum selt 8000–10 000 tonn hér innanlands. Þá er hann með í huga að 2000 tonn verði unnin í verksmiðjunum á Svalbarðseyri og í Þykkvabæ. En það er líka talið að ef hægt væri að stöðva innflutning á unnum kartöflum tæki markaðurinn hér allt að 3000 tonnum meira. Ef við stæðum frammi fyrir að gera það eða henda kartöflunum ella verða stjórnvöld að hugleiða þau mál vel. Ýmis rök má færa fyrir því að fara varlega í að flytja inn kartöflur eða annað frá þeim löndum sem við skiptum við þar sem er mjög mikil mengun og meira en helmingur af skógunum t.d. er að deyja. Mér er spurn: Er fylgst með því í hvað ástandi þessar vörur eru þegar þær eru fluttar inn? Það er a.m.k. í skjóli þess áreiðanlega hægt að tefja eða jafnvel stoppa innflutning á ýmsu grænmeti og þar með kartöflum.

En ég vil geta þess hvers vegna ég veit um þetta. Kartöfluframleiðendur í Eyjafirði komu til Búnaðarbankans í haust þegar auðséð var hvernig horfði með þessi mál og óskuðu eftir því að hann athugaði möguleika á sölu á kartöflum, sérstaklega á Norðurlöndum og jafnvel í Evrópu. Fyrir þremur árum tæpum var tekin upp sú nýbreytni í Búnaðarbankanum að við réðum þar mann sem hefur verið að kanna ýmsa möguleika á sölu á okkar afurðum víða um heim. Sumt er það með mjög góðum árangri sem ég ætla ekki að fara inn á hér, en gæti gert það síðar. Síðan komu þessi mál upp eftir að ýmis mistök höfðu orðið hjá öðrum í sambandi við að reyna þetta og ætla ég ekki að fara inn á það. Það voru félög kartöflubænda sem óskuðu eftir því að Búnaðarbankinn héldi þessari tilraun áfram. Nú hefur það líka gerst að Finnar eru að biðja um sýnishorn. Ef þeim líkar sýnishornið vel, það verður sent út á morgun, eru þeir að tala um að fá einn skipsfarm strax. En málið er að það hlýtur að verða dýrara að koma vörunni þangað á markað en til Noregs og á það verður að líta.

Kannski verður hægt að koma verðinu eitthvað upp fyrir það sem ég nefndi áðan. Ég vona það, en veit ekki hvort það tekst. Það er annað að vona en vita og þess vegna vil ég ekki staðhæfa það. Það sem Norðmenn eru t.d. að biðja um er visst magn á mánuði fram til vors. Hvort hægt er að ná samningum er tryggja hærra meðalverð en þetta veit ég ekki. En það þarf að reyna að setja einhvern veginn verðjöfnunargjald á kartöflur því að vegna þurrotsins sem er sums staðar verður ekki leyft að flytja út frá þeim stöðum þar sem það er og það þarf heilbrigðisvottorð um kartöflurnar. Það er trygging fyrir þá sem ekki mega flytja út, eftir því sem minnkar um kartöflur hér á innlendum markaði, að þeir geti selt sitt.

Enn fremur þyrftu að fást með einhverjum hætti einhverjar útflutningsbætur. Það þarf kannski ekki mjög mikið. Auðvitað veit ég að í sambandi við búvörusamningana er búið að ráðstafa öllum útflutningsbótum. En sama er. Þessir kartöflframleiðendur leggja töluvert til í þennan sjóð og það er um það að ræða í þessu tilviki að þeir lifi þetta af og þarf að taka tillit til þess.

Ég hef von um að það sé hægt að semja um mjög lág fargjöld t.d. til Noregs. Ég get ekki sagt hvað lág, en ég hef von um það ef þessi leið væri möguleg.

En ég treysti því að hæstv. forsrh. taki þessi mál til íhugunar vegna þess að það er ekki hægt að ganga frá samningum fyrr en það liggur fyrir hvernig verður staðið að þessum málum hér. Varan verður að fara út á þriðjudaginn kemur því að það eru aðrir möguleikar sem Norðmenn hafa til að tryggja sér kartöflur þó að sennilega verði lítið um þær þegar kemur fram á veturinn.

Ég hefði viljað, þar sem tími er takmarkaður hér, fá aðeins að ræða við hæstv. forsrh. um þessi mál. Heimir Hannesson hefur verið fyrir okkur í þessu og mun fara út á þriðjudagsmorgun. Það getur vel verið að nauðsynlegt sé að hann hafi tal af einhverjum í ríkisstjórninni áður en sú ferð verður farin.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Þessi till. vekur athygli á því ófremdarástandi sem ríkt hefur í málefnum kartöfluframleiðenda sl. ár. Góð uppskera á þessum árum hefur enn aukið vandann sökum skipulagsleysis. Undir einokun Grænmetisverslunarinnar voru þessi mál komin í mikið óefni, en með setningu búvörulaganna tók við af einokuninni taumlaust frelsi og það hefur síður en svo leitt til góðs heldur enn aukið á ófarnaðinn. Það er hagsmunamál framleiðenda og neytenda að komið verði skipulagi á þessa fram-

leiðslu. Til þess þarf margar samræmdar ráðstafanir. Það getur þurft að koma til einhver niðurgreiðsla af hálfu ríkisvaldsins til að halda kartöflunum innan kerfisins. Það þarf að sjá um að nýta umframframleiðsluna til að framleiða íslenska vöru úr þeim. Þessi till. fjallar um þessi mál og ég vona, eins og aðrir ræðumenn sem hafa beint máli sínu til hæstv. ríkisstjórnar, að hún taki þetta mál til alvarlegrar athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Björgunarþyrla, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 90. mál. — Þskj. 94.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. á þskj. 94, 90. máli, um björgunarþyrlu. Flm. ásamt mér eru Guðmundur Ágústsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að keypt verði fullkomin björgunarþyrla fyrir Landhelgisgæsluna."

Það á ekki að þurfa að hafa langt mál um till. þessa og ætti ekki í raun að þurfa að flytja mikinn rökstuðning með henni, svo sjálfsagt mál er hér á ferðinni að mati okkar sem að till. stöndum. Það hefur gjarnan verið sagt að þyrlur séu sjúkrabifreiðar sjómannanna og vissulega er það rétt. Þess vegna skýtur það nokkuð skökku við í þessari samlíkingu að þær sjúkrabifreiðar sjómannanna sem til eru í dag hafa mjög takmarkað notagildi, og er ég þá engan veginn að gera lítið úr þeim þyrlum sem Landhelgisgæslan hefur nú til afnota heldur að benda á að þær ráða ekki við að skapa sjómönnum það öryggi sem nauðsynlegt er.

Hvernig litist okkur landkröbbunum á það ef sjúkrabifreiðar okkar gætu aðeins ekið á malbiki, aðeins að sumarlagi og aðeins tekið meðalmann að þyngd? Því er nefnilega þannig varið að þær þyrlur sem nú eru í eigu Landhelgisgæslunnar hafa takmarkað flugþol, þær hafa ekki afísingarbúnað og burðargeta er takmörkuð. Það er algert skilyrði að þyrlan sé með afísingarbúnaði, enda sér það hver heilvita maður að við aðstæður eins og við búum við verður slíkur búnaður að vera til staðar og er hægt að benda á fjölmörg dæmi því til stuðnings. Ég veit að slíkt er óþarfi hér, en bendi þó á greinargerðina með till. þar sem tekið er dæmi þessu til stuðnings.

Benda má á að það sparar t.d. gífurlegan tíma að þurfa ekki að fljúga með ströndinni þegar farið er í útkall til Akureyrar og ísing er í lofti. En það þurfa þyrlur okkar að gera. Það vita allir að þegar þyrlu er þörf er því miður oftast um sjúkra- eða slysatilfelli að ræða og hefst þá kapphlaup við tímann og það getur skipt sköpum að vinna slíkt kapphlaup.

Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein okkar og því eigum við að leggja metnað okkar í að standa sem best að öryggismálum þeirrar stéttar. Annars má hafa langt mál um öryggismál sjómanna, en ég ætla að halda mig við efni þessarar till. en get þó sagt að á frekari öryggismálum sjómanna mun ég taka síðar.

Ég trúi því ekki að hér inni sé nokkur maður er geti í móti mælt þessari till., ekki með neinum eðlilegum rökum alla vega. Vera má að bent verði á að farið er fram á að ríkið leggi í mikinn kostnað, en við slíku er aðeins eitt svar, þ.e. að á mannslíf setjum við ekki verðmiða. Það er hins vegar skylda okkar að huga sem allra best að öryggismálum allra þegna landsins. Það gerum við á flestum sviðum vel. En betur má ef duga skal. Þess vegna er þessi till. fram komin.

Því má bæta við hér að það er álitið að í vissum tilfellum hefði slík þyrla sparað okkur mannslíf. Ég mun hins vegar ekki nefna ákveðin dæmi um það af tillitsemi við aðstandendur. En við skulum hafa gamla málsháttinn í huga: Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

Kaup á slíkri þyrlu á ekki að raska hinum hallalausu fjárlögum sem nú nemur þar sem áætlaður afgreiðslutími er talinn vera í það minnsta eitt og hálft ár og innborgun við staðfestingu pöntunar getur ekki verið af þeirri stærðargráðu að við stöndum ekki undir henni. Því má segja að hæstv. fjmrh. hafi e.t.v. um eitt ár til að finna leið til að fjármagna kaupin.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í lokin hvetja þingheim til að taka vel á þessu máli. Hér er vissulega um stórmál að ræða, ekki aðeins fyrir sjómenn, heldur fyrir íslensku þjóðina alla.

Að umræðu lokinni leyfi ég mér að fara fram á að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við þessa þáltill. Hún er tímabær og kemur inn á mál sem varðar að sjálfsögðu alla þjóðina þó að það sé fyrst og fremst öryggismál fyrir sjómannastéttina í heild. Ég tel þess vegna tímabært að Alþingi samþykki slíka ályktun til ríkisstjórnarinnar því að allt tekur sinn tíma og ekki síst þegar um er að ræða dýrt tæki eins og slík björgunarþyrla er vissulega.

Ég vil skýra frá því að á fundi í fjvn. fyrir nokkrum dögum, þar sem forstjóri Landhelgisgæslunnar og aðrir sérfræðingar í þeirri stofnun báru upp sín erindi, lagði ég þá fyrirspurn fyrir forstjórann hvort farið væri að huga að undirbúningi kaupa á stærri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og óskaði eftir að fá að vita hvernig það mál stæði. Það kom fram að aðeins hefði verið hugað að þessum málum og ég fékk senda inn í fjvn. kostnaðaráætlun um slíka þyrlu en hins vegar hefur stofnunin sem slík ekki lagt fram neinar ákveðnar tillögur um þetta mál. Það er ljóst að fullkomin þyrla, sem mundi

skapa það öryggi sem menn tala um og menn eru almennt sammála um að verði að koma hér á landi, mun kosta eitthvað um 400–600 millj. að lágmarki. Þetta er hins vegar svo stórt og þýðingarmikið mál að ég tel sjálfsagt að fylgja því eftir með samþykkt á slíkri tillögu hér inni á hv. Alþingi.

Það hringdi til mín ungur maður í gærkvöldi sem er skipstjóri á litlum togara. Hann sagði mér að þeir hefðu verið í ofsaveðri úti fyrir Vestfjörðum fyrir þremur sólarhringum og allt í einu kom hnútur á skipið og höggið var svo mikið að vélarnar stöðvuðust og skipið lagðist á hliðina. Þarna hefði getað farið illa. Heppnin var með þeim, þarna voru um 14 menn um borð. Þótt ekki sé sagt frá mörgum svona tilfellum vekur það mann til umhugsunar um hvað hefði skeð ef verr hefði farið. Þetta var í ofsaveðri. Að vísu var ekki mikið frost en samt sem áður leiðir þetta hugann að því hvað við eiginlega stöndum illa í þessum málum sem snerta öryggi okkar sjómanna sem vissulega eru í þessum hættustörfum og eru svo þýðingarmiklir fyrir okkar þjóðarbú, fyrir utan allt hitt.

Ég tel þess vegna að þetta megi ekki dragast. Það er löngu orðið viðurkennt að sú ágæta þyrla sem við eigum í dag fullnægir ekki þeim nauðsynlegu kröfum sem þarf að gera til slíks tækis í sambandi við okkar fiskiskipaflota sem verður að sækja á djúpmið í vaxandi mæli og sækja þannig sjóinn að það er ekkert verið að spekúlera í hvernig aðstæður eru. Veðráttan hér á norðurhjara er slík að það gerir ekki boð á undan sér er þær aðstæður breytast og þess vegna verðum við sem þjóð að leggja metnað okkar í að skapa möguleika til að kaupa tæki sem fullnægja þessum sjálfsagða öryggisþætti fyrir íslenska sjómannastétt. Þess vegna styð ég þessa tillögu. Hún er spor í rétta átt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mér sönn ánægja að taka undir efni þessarar tillögu. Ég hafði sjálfur hugleitt það og við höfðum rætt það í þingflokki Alþb. að taka með einhverjum hætti upp málefni Landhelgisgæslunnar, þá jafnvel í víðara samhengi en eingöngu hvað varðar flugvélakost hennar en þar er auðvitað brýnasta verkefnið sem oft hefur verið rætt um á undanförnum missirum að kaupa stærri og öflugri björgunarþyrlu. Ég held að enginn vilji hugsa þá hugsun til enda, sem atvik bjóða upp á að gætu orðið, að vegna þess hversu núverandi þyrla Landhelgisgæslunnar er lítil gæti þurft að skilja eftir hluta áhafnar í bráðum lífsháska einfaldlega vegna þess að vélin bæri ekki alla áhöfnina. Það er engu að síður staðreynd sem menn verða þá að horfast í augu við að svoleiðis gæti komið upp á.

Það er einnig mjög nauðsynlegt að fá hingað flugvél sem er tæknilega betur búin en sú sem við eigum nú. Þar er bæði um afísingarbúnað og reyndar ýmis fleiri tæki að ræða.

Ég nefni svo að það er auðvitað ekki nóg fyrir Landhelgisgæsluna að fá tækið eitt sér. Það þarf fleira til. Eins og menn eflaust kannast við úr umræðunni undanfarna mánuði hefur Landhelgisgæslunni gengið nógu erfiðlega að halda úti í eðlilegum rekstri þeirri þyrlu sem þó er til í dag. Hér á ég við rekstrarfé og starfsmannaheimildir. Við gerum auðvitað lítið gagn með tækjum ef viðkomandi stofnanir hafa ekki aðstæður til að starfrækja þau með eðlilegum hætti. Þess vegna þarf að sjálfsögðu að tryggja það jafnframt að Landhelgisgæslunni verði búin aðstaða til að sinna þessu björgunarhlutverki, hafa nægan mannafla og fjármuni til að láta standa sólarhringsvaktir árið um kring.

Ég nefni einnig í þessu samhengi annan þátt þessa máls sem er staðsetning björgunartækjanna. Ég hef rætt við sjómenn og margir sjómenn hafa rætt við mig af norðan- og austanverðu landinu. Þeirra áhyggjur eru ekki síst þær að miðað við núverandi flugvél og vegalengdir tæki það óhemjulangan tíma að koma björgunarþyrlu héðan af Reykjavíkursvæðinu og norðaustur fyrir landið, ef þar bæri nú eitthvað upp á. Menn hafa vissulega rætt þann kost að staðsetja aðra af tveimur þyrlum, ef um þær væri að ræða, einhvers staðar nálægt norðausturhorni landsins, til að mynda á Egilsstöðum eða Akureyri, sem mundi muna miklu í þessu sambandi. Það kann að virðast bjartsýni að reikna með að á næstu árum treysti menn sér til að verja nægu fé til þess að halda úti og manna björgunarþyrlur jafnvel á fleiri stöðum en í Reykjavík einni, en það geta vel fundist mun ódýrari lausnir á því en þær að hafa flugmenn á vakt allan sólarhringinn. Ég bendi á að á Akureyri er sólarhringsvakt á sjúkraflugi hjá flugfélagi sem þar er staðsett og væru þar til flugmenn með þyrluflugmannsréttindi kynni þetta að geta farið saman.

Ég vil í öllu falli taka mjög sterklega undir það að mikil framför frá núverandi aðstæðum væri ef öflugri, hraðfleygari og stærri þyrla með afísingarbúnaði væri til staðar í landinu. Það heyrist stundum sú skoðun að við getum falið öðrum aðila, sem er ekki langt í burtu frá okkur, þetta hlutskipti, við Íslendingar, og eigum ekkert að vera að leggja á okkur sjálfir í þessum efnum. Þetta er nú heldur lágkúrulegur málflutningur, herra forseti, fyrir nú utan það að reynslan hefur sýnt að við getum ekki treyst neinum jafnvel og okkur sjálfum í þessum efnum. Íslenskir björgunarmenn, bæði þyrluflugmenn Landhelgisgæslunnar og ýmsir aðrir, hafa hvað eftir annað unnið afrek á þessu sviði sem ég held að sanni það og sýni að ekkert getur komið í staðinn fyrir staðkunnugleika og þekkingu á aðstæðum sem okkar menn hafa og er ekki til að dreifa hjá öðrum.

Ég vil gjarnan að rætt verði í tengslum við umfjöllun um þessa þáltill. að það þarf að huga að málefnum Landhelgisgæslunnar almennt, búa henni betri starfsaðstöðu en hún býr við í dag til síns almenna rekstrar og mannahalds. Ég varpa fram þeirri hugmynd í lokin, vegna þess að menn koma auðvitað að því fyrr eða síðar að þetta kostar peninga, að ég er alveg viss um að aðilar á sviði sjávarútvegs mundu taka þeirri niðurstöðu með

mikilli ánægju að hluta af þeim uppsafnaða söluskatti sem ríkisstjórnin hyggst nú hætta að endurgreiða til sjávarútvegsins yrði varið til þessa verkefnis. Ég veit að þó að það séu kannski ekki beint sjómennirnir sem þar hafa lagt mest af mörkum eru hagsmunir allra sem á þessu sviði starfa svo samtengdir að það mundi að mínu mati vera ráðstöfun sem allir mundu fyllilega sætta sig við og fagna ef einhverjum af þeim fjármunum yrði varið til þessa verkefnis. Ég legg það hér inn í umræðuna.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég er meðflutningsmaður að þeirri þáltill. sem hér hefur verið lögð fram, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að kaupa fullkomna björgunarþyrlu. Ég þakka þeim tveim hv. ræðumönnum, sem hér töluðu á undan, fyrir undirtektir þeirra og vona að sá skilningur sem þeir hafa sýnt sýni fylgi þeirra flokka líka.

Ég sakna þess mjög þegar svona brýnt mál er tekið fyrir hér á hinu háa Alþingi að ekki skuli vera fleiri hér í salnum.

Það mál sem hér er tekið fyrir er eitt brýnasta hagsmunamál sjómanna. Sjómannasamtökin hafa barist fyrir því mörg undanfarin ár að svona þyrla verði keypt því sjómenn telja að eins og málum er háttað núna sé þeirra öryggismálum stefnt í mikinn voða. Raunar hefur lítið eða ekkert verið gert í málefnum sjómanna á undanförnum árum og hafa sjómenn verið annars flokks þegnar miðað við aðra sem búa hér á landi. Þeir sem starfa í landi eru verndaðir og eiga hægt með að leita sér læknisaðstoðar beri slys að höndum og greiðan aðgang að aðstoð lendi þeir í háska. Um slíkt er ekki að ræða hvað snertir sjómenn. Lítið hefur verið gert í öryggismálum þeirra og lítið hugað að þeirri sjálfsögðu réttlætiskröfu að þeir eigi kost á flutningi úr háska ef slys ber að höndum eða verða fyrir þeirri ógn sem hafið er.

Þessi þáltill. er m.a. sett fram til að við Íslendingar metum störf sjómanna að þeim verðleikum sem þeir eiga svo sannarlega kröfu á. Það er von okkar að tillaga þessi verði samþykkt og Alþingi sýni með því sjómönnum að það kann að meta störf þeirra og hvað borgarar þessa lands eru mikils metnir þegar um öryggismál er að ræða.

Þessi þyrla mundi ekki aðeins koma sjómönnum vel, heldur einnig öðrum landsmönnum og þá sérstaklega þeim sem búa á afskekktum stöðum úti á landsbyggðinni. Sum býli og jafnvel heil héruð eru nánast útilokuð marga mánuði á ári og ætti því þessi þyrla að koma þar að notum.

Þyrla búin þessum tækjum sem talað er um, afísingarbúnaði og leitartækjum, er mjög dýr eins og fram hefur komið. En þrátt fyrir það er svo mikil nauðsyn á henni að ég tel að kostnaðurinn skipti ekki miklu máli. Vonast ég því eftir og aðrir flm. þessa máls að þáltill. þessi verði samþykkt sem fyrst því afgreiðslutími er mjög langur og því fyrr, því betra.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið frá þeim sem hafa stigið í ræðustól.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á að við gætum átt á hættu að þurfa að skilja eftir hluta áhafnar úti á reginhafi. Málið er jafnvel enn alvarlegra en það því við getum lent í þeirri stöðu að við náum alls ekki út til skipanna vegna lítils flugþols þeirrar þyrlu sem nú er í eigu Landhelgisgæslunnar, stærri þyrlunnar. Hv. þm. vjáði að því að við hefðum hingað til getað leitað til varnarliðsins um aðstoð. Það gildir ekki í þessu máli einfaldlega vegna þess að þeir hafa ekki afísingarbúnað. Þeir geta því ekki leyst verkefni þar sem slíks búnaðar er þörf. Þeir hafa hins vegar eitt umfram þyrlurnar okkar: þeir geta tekið bensín á flugi. Það er vissulega mikilvægur kostur og ef við hefðum slíkt væri kannski spurning um hvernig við staðsetjum varðskipin okkar í kringum landið. Yfirleitt eru þau öll staðsett hérna í Reykjavík. Það má velta því fyrir sér hvort ekki megi dreifa þeim víðar um landið þar sem þau yrðu þá fljótari á slysstað ef óhöpp yrðu.

Ef slík þyrla verður keypt verðum við að sjálfsögðu að sjá til þess að rekstrarlegur grundvöllur sé tryggður. Það segir sig sjálft að við kaupum ekki þyrlu til að stilla henni upp sem sýningargrip.

Hv. þm. kom með ákveðna tillögu um hvernig við ættum að standa undir þessu. Ég tel hana góðra gjalda verða og skora á hæstv. ríkisstjórn og fjmrh. að skoða þá hugmynd vel. Það eru vissulega fleiri hugmyndir en ég ætla ekki að fara nánar út í það. Hins vegar veit ég að þessi tillaga nýtur ábyggilega stuðnings meiri hluta þjóðar og menn væru örugglega tilbúnir í að reyta nokkrar krónur í púkk til að standa undir þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Björgunarþyrla (90. mál) 943.
Dreifing sjónvarps og útvarps (66. mál) 801.
Drengskaparheit unnin 801.
Endurvinnsla úrgangsefna (71. mál) 805, 921.
Fréttastofur Ríkisútvarpsins (37. mál) 907.
Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum (65. mál) 840.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (75. mál, fulltrúar í opinberum nefndum) 866, 902.
Launakostnaður við mötuneyti framhaldsskólanna (77. mál) 819, 921.
Lánasjóðir iðnaðarins (73. mál) 914.
Náttúrufræðisafn (49. mál) 910.
Nýting á kartöflum (83. mál) 938.
Skógrækt á Fljótsdalshéraði (76. mál) 813, 921.
Snjóflóðahættа (80. mál) 918.
Tekjuskattur og eignarskattur (92. mál, skattafsláttur barna o.fl.) 901.
Tilkynning frá forsetum Alþingis 797.
Um þingsköp 882 (þingstörf og fjarvera ráðherra og þingmanna).
Umræður utan dagskrár 922 (um birtingu heimildar um öryggismál Íslands).
Útsendingar rásar tvö (74. mál) 916.
Útvarpslög (69. mál, útvarp um streng o.fl.) 825.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 799.
Verðlagsrannsókn (81. mál) 822, 922.
Þjóðhagsstofnun (64. mál) 858, 882.
Æfingaflugvöllur á Selfossi (72. mál) 934.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 797, 799, 801, 912.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 872, 886, 890, 893, 897.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 855, 862, 929.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 879, 889, 919.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 930.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 888.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 803, 808, 908, 910, 911, 913, 915, 917.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 852, 924, 933.
Albert Guðmundsson 798, 847, 886, 902, 927.
Alexander Stefánsson 944.
Ásmundur Stefánsson 825.
Birgir Dýrfjörð 822.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 804, 819, 822, 835, 916, 917.
Eggert Haukdal 942.
Eyjólfur Konráð Jónsson 928.
Guðmundur Ágústsson 947.
Guðmundur H. Garðarsson 834.
Guðmundur G. Þórarinsson 846, 890.
Guðni Ágústsson 936, 938.
Guðrún Agnarsdóttir 926.
Halldór Blöndal 831, 838.
Hjörleifur Guttormsson 809, 817, 821, 851, 858, 863, 866, 882, 899, 903, 910, 913, 918, 920, 922, 932.
Hreggviður Jónsson 925.
Ingi Björn Albertsson 907, 910, 943, 948.
Jón Kristjánsson 813, 819.
Júlíus Sólnes 804, 825, 837, 912.
Karl Steinar Guðnason 926.
Kjartan Jóhannsson 850, 856, 886.
Kristín Einarsdóttir 805, 812, 847, 878, 912, 925.
Kristín Halldórsdóttir 862, 893.
Lára V. Júlíusdóttir 875.
Margrét Frímannsdóttir 934.
María E. Ingvadóttir 901, 902, 914, 916.
Matthías Bjarnason 800.
Málmfríður Sigurðardóttir 816.
Ólafur Þ. Þórðarson 812.
Skúli Alexandersson 798.
Stefán Guðmundsson 801, 804.
Stefán Valgeirsson 898, 941.
Steingrímur J. Sigfússon 840, 848, 853, 857, 891, 929, 937, 945.
Þórhildur Þorleifsdóttir 872, 894, 906.

SAMEINAÐ ÞING

18. fundur, mánudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 13. nóv. 1987:

„Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

Æfingaflugvöllur á Selfossi, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 72. mál. — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er oft mjótt mundangshófið þegar meta skal til hvaða nefndar tillögu er vísað og að sjálfsögðu má eins vísa till. til allshn. eins og atvmn. Það fer vel á því að sams konar tillögum sé vísað til sömu nefndar. Ef enginn hefur á móti því leyfi ég mér að bera það upp á ný til hvaða nefndar fyrsta dagskrármálinu er vísað. Ég geri það nú að tillögu minni ef engin athugasemd er við það, að till. sé vísað til allshn.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv.

Nýting á kartöflum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 83. mál. — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Björgunarþyrla, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 90. mál. — Þskj. 94.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 59. mál. — Þskj. 61.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 61 og er 59. mál þingsins, en það er till. um rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík. Meðflutningsmenn mínir að þessari till. eru hv. þm. Albert Guðmundsson, Guðmundur Ágústsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir og Svavar Gestsson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við borgaryfirvöld í Reykjavík um að ítarlegar rannsóknir fari fram á áhrifum byggingar ráðhúss í Tjörninni á lífríki hennar áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971."

Herra forseti. Trúlega eru allir landsmenn sammála um það að Tjörnin í Reykjavík og umhverfi hennar séu hið eiginlega hjarta höfuðborgarinnar. Sú lifandi náttúra sem þar þrífst í miðri hringiðu borgarlífsins hefur verið sú vin sem dregið hefur að sér unga og gamla í önn dagsins árið um kring. Fjölskrúðugt fuglalífið hefur glatt börn borgarinnar sumarlangt og á vetrum hefur Tjörnin verið vettvangur hollrar útivistar við leiki og íþróttir. Gömlu húsin við Tjarnargötu hafa myndað umgjörð um Tjörnina sem samræmist vel kyrrlátri fegurð hennar þó að stórslys hafi orðið í skipulagi Vonarstrætis með byggingu Oddfellow-hússins sem mjög raskar rósemi þessarar annars rólegu götumyndar. Og nú stendur til að byggja ráðhús út í Tjörnina.

Tillagan sem ég mæli fyrir fjallar þó ekki um skipulagsmál eða hvort sú bygging skuli rísa eða ekki þó að víst hafi ég á því skoðun, heldur hitt, að lífríki Tjarnarinnar verði varðveitt svo sem kostur er.

Við hér í höfuðborginni höfum ekki af að státa merkum fornum byggingum eins og margar aðrar höfuðborgir. En við höfum það sem þær hafa ekki,

við höfum náttúruminjar sem varla eiga sinn líka í nokkurri höfuðborg. Ein þeirra og sú sem stendur næst hjarta hvers einasta Reykvíkings er Tjörnin og Vatnsmýrarsvæðið með því iðandi fuglalífi sem ungir og aldnir borgarbúar líta á sem órjúfanlegan þátt daglegs lífs í borginni. Það þarf því enginn að undrast að Reykvíkingum sé annt um Tjörnina og fuglalífið þar og að þeir vilji að það fái að þrífast og að ekkert verði gert sem stefnt geti því lífríki í hættu.

Nú stendur fyrir dyrum að hefja byggingu ráðhúss í Reykjavík og það er alveg ljóst að framkvæmdir þar munu verulega raska Tjarnarsvæðinu um árabil. T.d. þarf vafalítið að þurrka upp stórt svæði í Tjörnini meðan á framkvæmdum stendur.

Við flm. þessarar till. viljum ekkert um það segja hver áhrif ráðhúsbyggingin út í Tjörnina kann að hafa á lífríki hennar og það er ekki hægt að ætlast til þess að við vitum mikið um það vegna þess að rannsókn á því hefur ekki farið fram. Flm. þessarar till. vilja einfaldlega benda á að samkvæmt lögum nr. 47 frá 1971, um náttúruvernd, ber borgaryfirvöldum að leita álits Náttúruverndarráðs á því þar sem Tjörnin og Vatnsmýrin eru á náttúruminjaskrá. Og ég vil ítreka það: Tjörnin og Vatnsmýrarsvæðið eru á náttúruminjaskrá. Í 29. gr. náttúruverndarlaganna segir svo:

„Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts og lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samræmi við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkvæmt þessari grein setur menntmrn. í reglugerð."

Í 36. og 37. gr. reglugerðar nr. 205 frá 1973, um náttúruvernd, er þetta ákvæði enn ítrekað.

Nú er ljóst að álits hefur ekki verið leitað hjá Náttúruverndarráði. Tillaga um samkeppni um hönnun ráðhússbyggingar var samþykkt í borgarstjórn á sl. ári og hún auglýst. Í hönnunargögnum var þátttakendum gert að hafa húsið við Tjörnina, en um byggingarstað þess var ekki bókað sérstaklega í borgarstjórn Reykjavíkur. Í umræðum í borgarstjórn mun hafa verið rætt um þennan stað og í Kvosarskipulagi er gert ráð fyrir ráðhúsi á lóð þeirri sem enn er að finna við Tjörnina, en landlínunni var ekki breytt. Í Kvosarskipulagi er því ekki gert ráð fyrir að ráðhúsið verði byggt út í sjálfa Tjörnina. Ég ítreka þetta vegna þess að þetta er kannski óskýrt hér í greinargerð þar sem segir að í Kvosarskipulaginu sé gert ráð fyrir ráðhúsi á þeim stað sem nú er ákveðinn. Það er ekki alveg rétt. Það var ekki gert ráð fyrir að byggingin næði út í Tjörnina. Vissulega hefði verið full ástæða til að efna til atkvæðagreiðslu um staðsetninguna svo að formlega væri frá því gengið, en það var aldrei gert. Samkeppnin fór síðan fram og verðlaun voru veitt.

Hinn 15. sept. sl. var tillaga borin fram í borgarráði um að byggt skyldi ráðhús eftir tillögu þeirri sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni og afgreiðslu hennar vísað til borgarstjórnar. Þar varð ágreiningur um málið og Alþýðubandalagsfulltrúar í borgarstjórn lögðu til að fram færi almenn atkvæðagreiðsla í borginni um þessa byggingu og staðsetningu hennar, en Alþfl. og Kvennalistinn vildu að aðrar framkvæmdir hefðu forgang. Vitanlega var ekkert tillit tekið til skoðana þessara minnihlutaflokka og tillaga meiri hlutans var samþykkt á fundi borgarstjórnar 1. okt. sl.

Þegar sú till. sem hér liggur fyrir var komin fram lagði borgarfulltrúinn Elín G. Ólafsdóttir fram tillögu í borgarstjórn svo til samhljóða þeirri till. sem við höfum borið fram. Þá er leitað umsagnar Þórðar Þ. Þorbjarnarsonar borgarverkfræðings vegna tillögu Elínar um lífríki Tjarnarinnar og var sú umsögn lögð fram í borgarráði. Af hverju borgarverkfræðingur var beðinn um þá umsögn er auðvitað öllum óskiljanlegt því að ekki er vitað sérstaklega til þess að hann sé kunnáttumaður um líffræðileg málefni. Þar er hins vegar staðhæft að þó að væntanlegt ráðhús verði aðallega byggt í Tjörninni hafi bygging þess ekki áhrif á lífríki hennar þar sem hún skerði Tjörnina aðeins um 1%.

„Það er ekkert sem gefur tilefni til að rannsaka lífríki Tjarnarinnar þó hún skerðist um 1% og engar líkur til að bygging ráðhússins hafi meiri áhrif á það heldur en þegar Iðnó eða Dómkirkjan voru byggð við Tjörnina á sínum tíma," sagði Davíð Oddsson borgarstjóri samkvæmt umsögninni, en í umsögn borgarverkfræðings segir að þó að skerðing Tjarnarinnar yrði um 2% benti ekkert til þess að slíkt hefði áhrif á lífríki hennar.

Síðan sagði borgarstjórinn: „Og þegar því er slegið fram verður ekki komist hjá að álykta að menn séu að misbeita vísindalegum hugtökum í því skyni að andæfa áformum sem þeir eru af pólitískum ástæðum andvígir."

Það er satt að segja alveg furðulegt hvernig þetta mál hefur verið afgreitt. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík hefur að engu lög um náttúruvernd og segir að ekki sé minnsta ástæða til að leita álits Náttúruverndarráðs vegna þess að skerðing Tjarnarinnar sé ekki meiri en þetta. Ég veit ekki hvort borgarverkfræðingurinn í Reykjavík veit það að síðan 1876 hefur Tjörnin í Reykjavík verið skert um hér um bil 25%. Það segir sig sjálft að þegar þessi bygging er komin þarna langt út í Tjörn þarf auðvitað að skera af Tjörninni miklu meira en hér er talað um vegna þess að það liggur í augum uppi að þær götur sem liggja að þessu húsi geta auðvitað ekki hugsanlega tekið við þeirri umferð sem skapast þegar byggingin er risin.

Borgarfulltrúinn Sigrún Magnúsdóttir, sem átti sæti í dómnefnd um þessa byggingu, sagði vegna tillögu Elínar G. Ólafsdóttur, með leyfi forseta:

„Þegar ég samþykkti byggingu ráðhúss benti ég jafnframt á að rétt væri að hefjast ekki handa fyrr en eftir eitt til tvö ár. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að flýta sér hægt og m.a. fá álit sérfræðinga hvort bygging sem tekur 1–2% af Tjörninni raski eitthvað lífríki hennar.“ Það er einmitt það sem við erum með till. þessari að fara fram á.

Hér í þskj. 61 eru fylgiskjöl og m.a. bréf dr. Árna Einarssonar til borgarskipulags Reykjavíkur frá 28. mars 1987. Ég leyfi mér, herra forseti, að geta þeirra atriða sem hann leggur þar áherslu á. Hann segir:

„1. Ráðhús af þeirri stærð sem um er rætt í samkeppnislýsingu (3375 m^2 auk bílageymslu) mun óhjákvæmilega gerbreyta þeirri samfelldu og stílfögru götumynd sem Tjarnargata, Vonarstræti og Fríkirkjuvegur mynda. Ráðhúsið mun standa framar í Tjörninni en flest önnur hús við hana og mun þess vegna verða yfirgnæfandi.

2. Á fyrri hluta aldarinnar var flatarmál Tjarnarinnar rýrt um fimmtung með uppfyllingu. Við byggingu ráðhússins mun verða gengið enn eitt skref á þeirri braut og engin trygging verður fyrir því að framhald verði ekki á þeirri þróun. Skerðing vatnsflatarins mun rýra fegurð Tjarnarinnar.

3. Skerðing Tjarnarbotnsins mun hafa neikvæð áhrif á fuglalífið. Á hverju ári klekjast við Tjörnina 500–600 andarungar. Þeir lifa fyrstu vikurnar á dýrum úr botnleðju Tjarnarinnar. Skerðing á botninum mun leiða til beinnar fækkunar anda.

4. Bílastæði af þeirri gerð, sem fyrirhuguð eru í húsinu, munu valda talsvert aukinni bílaumferð við Tjörnina. Slík aukning mun spilla þeirri friðsæld sem Tjörnin býr yfir.

5. Tjörnin skipar sérstakan sess í hugum borgarbúa. Hún er gluggi að hinni lifandi náttúru og þar fá menn tilfinningu fyrir gangi árstíðanna. Tjörnin er útivistarsvæði þar sem fjöldi manna kemur til að njóta þess unaðar sem landslag og fuglalíf veitir. Nauðsynlegar breytingar á umhverfi Tjarnarinnar eiga að vera í samræmi við þetta — auðvelda fólki að njóta hennar. Með byggingu ráðhúss í Tjörninni væri verið að ýta miðbæjarbyggðinni enn frekar út í Tjörnina en orðið er og það væri í andstöðu við nýtingu Tjarnarinnar sem útivistarsvæðis.“

Árið 1968 skilaði náttúruverndarnefnd Reykjavíkur þessu áliti um Tjörnina, og vil ég lesa það upp, með leyfi forseta:

„Þá mætti að lokum geta þess að nefndin telur ástæðu til þess að haft sé eftirlit með Tjörninni og umhverfi hennar, að ekki sé skert flatarmál hennar, hreinlæti vatnsins sé ekki spillt og að fuglar hafi þar friðland og sérstaklega sé kríunni helgaður hólminn og yfirleitt sé dýralíf og gróður Tjarnarinnar varðveittur.“

Í náttúruverndarnefnd Reykjavíkur áttu þá sæti þrír þjóðkunnir menn: Ármann Snævarr, sem var formaður nefndarinnar, Kristján Eldjárn og Sigurður Þórarinsson.

Í fylgiskjölum með till. okkar er einnig að finna skemmtilegt yfirlit um sögu Tjarnarinnar sem Páll Líndal hefur tekið saman og ég vil ráðleggja hv. þm. að lesa þá grein, hún hefur ekki birst áður á prenti, en Páll Líndal, fyrrverandi borgarlögmaður, lánaði okkur hana góðfúslega.

Einu sinni var borgarstjórinn í Reykjavík ungur og skemmtilegur og þá stóð hann ásamt öðrum að frægri hljómplötu sem hét Matthildur. Um það leyti var mikil umræða um verndun gamalla húsa og verndun miðbæjarins. Þeir bráðskemmtilegu þremenningar lögðu þá til að sett yrði matarlím í Tjörnina og hún flutt upp í Árbæ. Tillögur á borð við það hafa áður komið fram, eins og segir í greininni eftir Pál Líndal:

„Árið 1882 ritaði Luders nokkur múrarameistari bréf til bæjarstjórnar og bauðst til að fylla upp í Tjörnina fyrir 7112,50 kr.“

Og Tjörnin virðist endalaust þurfa að vera vettvangur fyrir hugmyndir af þessu tagi, að hún skuli skert, og það skýtur skökku við í borg sem hefur yfir eins miklu landrými að ráða og Reykjavíkurborg að ganga skuli þurfa á svæði eins og Tjarnarsvæðið í Reykjavík.

Það væri hægt að rekja hér í löngu máli alla þá formgalla sem á þessu máli hafa verið í meðferð borgarstjórnarinnar í Reykjavík, en til þess gefst ekki tími.

Á fjölmennum útifundi, sem haldinn var hér í gær til verndunar Tjarnarinnar, mátti heyra sárindi manna út af meðferð þessa máls.

Tilgangur okkar, flm. þessarar till., er að reyna að fá borg og ríki til að taka höndum saman um þær náttúruminjar sem hér um ræðir og eru ekki einkaeign Reykjavíkur heldur eign þjóðarinnar allrar samkvæmt náttúruminjaskrá. Við treystum á hv. þm. að standa saman um að koma í veg fyrir að hér verði gerð mistök sem aldrei verður hægt að bæta.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef auðvitað ekkert á móti því að till. eitthvað í þessa veru sé hér til umræðu og væntanlega þá síðar til afgreiðslu, en ég vil þó vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við borgaryfirvöld í Reykjavík um ítarlegar rannsóknir o.s.frv. á áhrifum byggingar ráðhúss. Auðvitað hlýtur það að vera svo að Reykvíkingar fyrst og fremst og reykvísk yfirvöld munu ráðstafa því hvar og hvenær ráðhús verði byggt, en ekkert er þó úr vegi að hafa þessar rannsóknir sameiginlega á vegum borgar og ríkisins ef menn telja það eðlilegt.

En það var ekki þetta mál sem ég ætlaði sérstaklega að ræða einskorðað því mér finnst það standa miklu nær okkur hv. þm. að ræða annað mál sem vissulega er að mínum dómi miklu, miklu alvarlegra en bygging þessa fyrirhugaða ráðhúss eða þess sem verið er að ræða um nú. Það er bygging þessa hroðalega þinghúss. Hér var laumað inn við 3. umr. fjárlaga að ég held 12 millj. kr. til að hanna hús sem Alþingi hefur aldrei samþykkt að byggja og mun vonandi aldrei samþykkja að byggt verði. Það er

tímabært að stöðva þær rannsóknir sem nú fara þar fram því það er virkilega svo. Við ættum að geta sameinast um, þeir sem hafa þá kynnt sér þessar teikningar og fyrirætlanir, að sú bygging má alls ekki hér í Kvosinni rísa. Það verður að haga húsnæðismálum Alþingis með allt öðrum hætti. Það má byggja hér við hliðina gjarnan lítið og laglegt hús.

Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði áðan, að það má kalla það slys þegar Oddfellowhúsið var byggt. Það stendur nú þarna. Sjálfsagt verður það einhvern tímann rifið. Ég get vel hugsað mér að húsnæðisvandamál Alþingis um sinn mætti leysa með því annaðhvort að kaupa eða leigja það hús ef falt væri eða eitthvert annað hús hér í nágrenninu. Við þurfum svolítið meira húsrými fyrir skrifstofu Alþingis. Það er rétt. Við þurfum enga stóra sali fyrir fundi nefnda. Þær eru fámennar yfirleitt og það nægir mjög takmarkað húsnæði til þess.

En þetta tækifæri gat ég ekki annað en notað til að vekja á þessu athygli því ég á von á því að nú komi til þess aftur við 3. umr. fjárlaga að reynt verði að knýja fram fjármagn til að hrinda þessari byggingu eitthvað áfram, en ég tel það frumskyldu mína sem alþm., og þá ekki síst sem þm. Reykvíkinga, að stöðva það ef ég get að þessi bygging rísi. Það voru 12 atkv. gegn þessu í fyrra, ef ég man rétt, í nafnakalli. Ég vona að það verði 50–60 atkv. nú a.m.k. og helst öll atkvæðin sem koma í veg fyrir það. Ég vil segja: Ef það var hneyksli með Oddfellow, þá er það margfalt hneyksli sem nú er verið að undirbúa. Það ber okkur þm. að stöðva.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. þm. skyldu hafa í huga grundvallaratriði þingskapa. Til þess eru sett á dagskrá ákveðin mál að þau séu rædd en ekki þau mál sem ekki eru á dagskrá. (**EKJ:** Það er nú málfrelsi enn þá.) Og það verður hægt undir öðrum kringumstæðum — af því það er vegið að Alþingi með orðum hv. 8. þm. Reykv. — að svara missögnum og öfgum hv. þm. um það mál sem hann gerði að umræðuefni hér.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég styð að sjálfsögðu þá till. sem hér um ræðir, enda einn af flm. till. Þessi till. fjallar um að rannsókn fari fram á lífríki Tjarnarinnar áður en áformaðar byggingarframkvæmdir í og við hana hefjast, eins og 1. flm. hefur gert grein fyrir.

Nú er mest rætt um byggingu ráðhúss við norðurenda Tjarnarinnar sem áætlað er að skerði stærð hennar um tæp 2%. Þetta gæti í fljótu bragði virst óverulegt, en lítum aðeins nánar á málið.

Á fyrri hluta aldarinnar var flatarmál Tjarnarinnar skert um nær fjórðung með uppfyllingu og standa m.a. Alþingishúsið og Dómkirkjan á þeirra uppfyllingu. Skerðing nú um 2% er því áframhald af þeirri skerðingu. En það er ekki aðeins húsið sjálft sem vert er að hafa áhyggjur af. Í húsinu er áætlað að hafa bílastæði og það hlýtur að vera miðað við að fólk þurfi að komast að og frá akandi. Ég hef því ekki síður áhyggjur af áframhaldinu. Nú er miðað við að aðkoma að húsinu verði frá Tjarnargötu, en mér er til efs að hún þoli meiri bílaumferð en nú er og óttast ég að innan fárra ára verði talið óhjákvæmilegt að breikka Tjarnargötu og e.t.v. Fríkirkjuveg einnig. Er ég þá hrædd um að rýrnun á flatarmáli Tjarnarinnar verði orðin dálítið meiri en 2%.

Skerðing Tjarnarbotnsins mun hafa neikvæð áhrif á fuglalífið sem ekki síst gefur Tjörninni gildi sem útivistarsvæði. Andarungarnir lifa fyrstu vikurnar á lirfum og öðrum smádýrum úr botnleðjunni. Skerðing á botninum mun því hafa bein áhrif á lífslíkur unganna eftir að þeir klekjast. Brauðgjafir skipta litlu máli fyrir ungana sem og fuglalífið almennt þótt margir haldi að það hafi veruleg áhrif.

Það er engin bót að búa til nýja tjörn og reyna þannig að bæta fyrir það sem tekið er því að endurnar þurfa ekki bara vatn til að synda á heldur lifandi tjarnarbotn til að nærast.

Sunnan Hringbrautar eru leifar af Vatnsmýrinni sem stöðugt er verið að ganga á. Þar eru mikilvægar varpstöðvar tjarnaranda og fjölda mófugla. Frekari skerðing á mýrinni gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fuglalífið auk þess sem það hefði væntanlega varanleg áhrif á vatnsbúskap Tjarnarinnar. Ég hef því ekki síður áhyggjur af byggingarframkvæmdum í Vatnsmýrinni en Tjörninni sjálfri fyrir lífríkið.

Tjörnin skipar sérstakan sess í hugum fólks vegna lífríkisins, en ekki síður vegna menningarsögulegs gildis hennar og umhverfisins. Reykjavík er höfuðborg landsins og skipar því ákveðinn sess í hugum allra landsmanna. Þótt sumir Reykvíkingar telji sig e.t.v. geta breytt að eigin vild öllu sem er innan borgarmarkanna tel ég það vera mál landsmanna allra þegar breytingar eru gerðar sem geta valdið svo mikilli röskun sem hér hefur verið talað um. Það er því lágmarkskrafa að rannsókn fari fram á hugsanlegum áhrifum byggingarframkvæmda á lífríkið áður en framkvæmdir hefjast. Ég tel, eins og ég sagði áðan, það ekki eingöngu mál Reykvíkinga heldur landsmanna allra.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að benda hæstv. forseta á að ef hann ætlar að hefja rökræður við einhvern þm. á hann að víkja sæti og taka til máls án þess að sitja í forsetastóli eða vera þar, eins og gerðist áðan. Ég fór ekkert út fyrir það sem hér er verið að ræða. Hér var rætt um aukna umferð vegna ráðhúss o.s.frv. Við erum að ræða um nákvæmlega þetta svæði hér. Það var algerlega eðlilegt að ég kæmi inn á þetta efni nákvæmlega eins og hér er verið að tala um umferðargötur og hverfið allt í heild, Kvosina sjálfa. Það liggur í hlutarins eðli. En ég hef ekkert á móti því að hefja rökræður við hæstv. forseta beint um byggingu — eða vonandi ekki byggingu — nýs þinghúss með þeim hætti sem fyrirhugað er. En ég bendi forseta á að þá á að gera það án þess að hann sitji í forsetastóli.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Út af orðum hv. 8. þm. Reykv. skal tekið fram að forseti sagði það eitt sem er skylda hans að segja ef á þarf að halda til að benda mönnum á hvað eru þingsköp og hvað ekki. Forseti rökræddi ekkert við hv. 8. þm. Reykv. (**EKJ:** Það var nú helst.) enda gáfu orð hans forseta ekki ástæðu til að rökræða við hann. Ef forseti hefði ætlað það hefði hann vikið sæti.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég tek undir orð Kristínar Einarsdóttur, hv. 12. þm. Reykv., að Tjörnin og skipulag höfuðborgarinnar varðar okkur öll, hvort sem við eigum heima í Reykjavík eða utan höfuðborgarinnar. Höfuðborgin er okkur kær og okkur er ekki sama um hvernig skipulag hennar tekst til.

Ég kem hér upp til þess að vekja athygli á því sem ég hef ekki síður áhyggjur af, en það eru gífurleg umferðarmannvirki sem eru fyrirhuguð við hinn enda Tjarnarinnar. Þar er á teikniborðinu umferðarmaskína sem minnir helst á það sem maður sér í stórborgum erlendis. Liggur mér við að segja að það líkist mest því sem ég hef séð t.d. í borg eins og Los Angeles, eins hræðilegt og það lítur nú út. T.d. er fyrirhugað að fjórföld gata verði lögð meðfram Tjörninni, væntanlega til að koma bílunum þá í kjallarann á fyrirhuguðu ráðhúsi, þ.e. Sóleyjargata og Lækjargata. Ég hygg þá að það eigi að koma fjórföld gata inn að ráðhúsinu eftir Vonarstræti. Með þeirri umferðarmaskínu sem er fyrirhuguð við hinn enda Tjarnarinnar, þ.e. þar sem núverandi Hringbraut liggur, sé ég ekki betur en það sé endanlega búið að eyðileggja allt lífríki Tjarnarinnar, með byggingu ráðhússins og svo þeim umferðarmannvirkjum sem eru fyrirhuguð. Ég held að það sé því orðið fyllilega tímabært að huga að því að sett verði sérstök lög um Tjörnina og umhverfi hennar og hún friðlýst og sett á náttúruminjaskrá.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að þessar umræður koma mér nokkuð á óvart. Ég hefði talið að þessar umræður, sem hér eru, ættu að fara fram í borgarstjórn Reykjavíkur en ekki á Alþingi Íslendinga. Hér er svo sannarlega verið að fjalla um mál Reykvíkinga fyrst og fremst. Ég að minnsta kosti hef það álit á Reykvíkingum sjálfum að þeir séu fyllilega færir til þess að koma sér saman um og leysa á eðlilegum vettvangi hvar þeir byggja yfir sína starfsemi.

Það má endalaust deila um hvaða áhrif þetta kunni að hafa á lífríki Tjarnarinnar eða hvort þetta muni eyða Tjörninni svo og svo mikið. Hv. 1. flm. sagði hér 1%, en svo sagði hann 1–2% eða allt að 2%. Það er mikill munur þar á milli. Við erum að tala hér um 1% án þess að ég ætli að fara að fjalla beint faglega um þetta mál. Í sjálfu sér finnst mér þessi bygging stílhrein og falleg sem sómir sér þarna mjög vel ef ég má segja mitt álit á því.

Það kom fram í fréttum í gær að samtökin sem nefna sig „Tjörnin lifi“ eru með það á prjónunum að fara út í þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort þetta hús eigi að standa þarna við Tjörnina eða ekki. Þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég vil spyrja hv. alþm. og þá sem hefja þessa umræðu: Ætli þeir myndu nú ekki leggja kollhúfur ef ég hefði hreyft því máli að ég óskaði eftir því við Alþingi og ríkisstjórn að þeir mundu hafa áhrif á þær ætlanir bæjarstjórnar Sauðárkróks hvar ætlað væri að byggja yfir starfsemi Sauðárkróksbæjar? Það er mikill munur á Sauðárkrók og Reykjavík. Það veit ég. En mér finnst þetta fáránleg umræða, herra forseti, og hún á alls ekki hér heima.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Vegna þess að þm. úr landshlutum sem liggja allfjarri Reykjavík eru farnir að blanda sér í umræðu um þetta mál, og raunar kom þm. Reykn. í ræðustól áðan, þá vil ég að það sjónarmið komi fram af minni hálfu að þetta mál snertir að sjálfsögðu alla landsmenn. Verndun á lífríki, verndun á viðkvæmum stöðum, verndun á stöðum sem settir hafa verið á náttúruminjaskrá af þar til bærum yfirvöldum snertir að sjálfsögðu alla landsmenn. Ég veit ekki hvaðan í ósköpunum sú hugsun er komin í koll hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að þetta sé bara mál sem varði Reykvíkinga. Af hverju erum við að setja lög og reglur um verndun náttúruminja og verðmætra staða í landinu og fjalla um það hér á hv. Alþingi ef það kemur ekki öllum við? Við höfum sett lög um verndun Mývatnssvæðisins. Ég held að þm. allra kjördæma hafi tekið þátt í þeirri ágætu löggjöf. Hér var flutt þáltill. af hv. þm. Eiði Guðnasyni og fleirum um stofnun þjóðgarðs við Gullfoss og Geysi, eins og tillagan var upphaflega, vegna þess að þessar náttúruperlur eru þjóðinni kærar og þekktar langt út fyrir landsteina sem kunnugt er. Það er því alveg út í hött að ætla að fara að hengja sig á formsatriði skipulagslaga eingöngu í þessu máli þó svo að við tökum auðvitað tillit til þess sem þar er kveðið á um, um formlega meðferð máls. En það þarf einnig að taka tillit til annarra laga og annarra sjónarmiða þegar fjallað er um mál sem þetta, þar á meðal laga um náttúruvernd. Og það er á grundvelli þeirra laga, sem Tjörnin og Vatnsmýrin hafa verið sett á náttúruminjaskrá.

Ég vona að svona skammsýni sé ekki í hugum margra eins og hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það væri kannski rétt af mér sem þm. Reykv. að biðja virðulega alþm. afsökunar á því að tefja mikilvæga starfsemi þingsins með málefnum höfuðborgarinnar eða Reykvíkinga yfirleitt. En það er nú ekki oft sem Reykvíkingar koma með sérmál sín inn á Alþingi. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, enda held ég að hann sé

fagmaður á því sviði sem hér er til umræðu núna, að verndun lífríkis hvar sem er — ef náttúrufyrirbæri er þess virði að um það sé rætt og jafnvel rætt um að vernda það með lögum til að fyrirbyggja að af mannanna völdum verði troðið á því sem náttúran hefur gefið okkur, af mönnum sem bera ekki kennsl á eða hafa ekki tilfinningar til náttúruauðæfa, þá er rétt að ræða það hér og fyrirbyggja skemmdarstarfsemi, viljandi eða óviljandi, sem ekki verður aftur tekin.

Tjörnin í Reykjavík er eitt af þessum fyrirbærum og eitt af því sem við Reykvíkingar a.m.k. höfum montað okkur af, hvernig sem taugarnar liggja hjá þeim sem ekki eru Reykvíkingar, að vera eins konar perla höfuðborgarinnar, eins konar náttúrufyrirbæri sem hefur sett þannig svip á höfuðborgina að útlendingar hafa sagt að hún væri falleg áður en þeir hafa séð eitthvað meira af henni. Þetta viljum við nú vernda. Og til þess að lögvernd fáist þarf að ræða málin á Alþingi og um það þarf að greiða atkvæði á Alþingi. Alþm., fulltrúar þjóðarinnar, hvaðan sem þeir koma sem slíkir til funda hér í höfuðborginni, þá þurfa þeir að taka þátt í að ræða þessi mál og það er það sem við erum að gera núna.

Það eru lög um verndun lífríkis og við erum að tala um að þau séu látin gilda og ég held að það eigi fullkomlega rétt á sér hér inn á Alþingi. Ef aftur á móti Alþingi treystir sér ekki til að taka ákvörðun í þessu máli frekar en bjórmálinu, þá verður að fara með það eins og bjórmálið, að setja það út í allsherjaratkvæðagreiðslu, þ.e. þjóðaratkvæði.

En það er annað sem ég vil segja. Ef þm., sem ekki hafa þegar gefið sér tíma til að fara upp í Hallgrímskirkjuturn, vilja nú gera það og horfa yfir miðbæinn og sjá hvað þetta er lítið undirlendi. Hvað þetta er undarlega lítið undirlendi. Þegar maður er uppi í Hallgrímskirkju og horfir niður í Kvosina, niður í miðbæinn, þá er maður alveg undrandi yfir því hvað mikið er búið að hlaða á þetta litla undirlendi sem við höfum hér niðri í Kvosinni. Það er með ólíkindum. Hér er eiginlega allt það sem dregur mestu umferðina að sér. Það er tollstjóraskrifstofan, það er skattstjóraskrifstofan, það eru höfuðstöðvar allra þjóðbankanna og hinna frjálsu banka líka, það er Alþingi, það er borgarstjórn, það er miðstöð Strætisvagna Reykjavíkur fyrir allt Suðurlandsundirlendið má segja, það er Stjórnarráð Íslands, það er Menntaskólinn, það er Háskólinn, það eru veitingahús og það eru hótel. Allt á þessu litla svæði.

Ég verð að segja alveg eins og er að ráðhús í Reykjavík finnst mér að ætti að standa frjálst og hafa í kringum sig nóg land fyrir bílastæði, ekki þannig að byggja þurfi fyrir hundruð millj. kr. niður í jörðina nokkur bílastæði fyrir eitt hús. Það verða að vera bílastæði sem þjóna miklu fleirum en bara fólkinu sem vinnur í húsinu. Þetta hús, ráðhús höfuðborgarinnar, er fyrir þjóðina alla og þó náttúrlega fyrst og fremst fyrir þá sem þurfa mest á því að halda sem eru þeir, sem búa í nágrenni við ráðhúsið. Og það eru fleiri en Reykvíkingar. Þess vegna á þetta að vera áberandi hús. Það á að vera fallegt hús og það á að setja svip á borgina. Það á að setja svip á land og þjóð. Það á að gefa útlendingum til kynna hvers konar menning það er sem höfuðborgin og landsmenn búa við. Það verður ekki gert með því að setja það niður við Tjarnarendann inni í þríhyrninginn á Tjarnargötu og Vonarstræti, þar sem aðkoma er aðeins frá tveimur hliðum og báðar þessar hliðargötur eru þröngar. Þeir alþm., sem eru á móti því að byggja ráðhús annars staðar, við skulum segja með því að byggja ráðhús þar sem það er hugsað nú af borgarstjórn Reykjavíkur, ættu að kynna sér framtíðarskipulag og framtíðarumferðaræðar um höfuðborgina, um miðborgina, hvernig umferðaræðarnar eiga að liggja frá austri alla leið til vesturs og hvernig umferðaræðarnar eiga að liggja frá Skúlagötunni inn í gegnum Lækjargötuna og hringinn út að Hringbraut. Þeir ættu taka ábendingum hv. þm. Júlíusar Sólnes sem komu fram áðan og skoða þau gríðarlega miklu mannvirki sem fyrirhuguð eru þegar Hringbrautin verður færð niður fyrir tannlæknahúsið á Landspítalalóðinni til þess að Landspítalinn fái samfellda lóð alveg niður að nýju Hringbrautinni. Hún liggur í boga frá Miklatorgi og niður Sóleyjargötuna, a.m.k. fjórar akreinar, og gríðarlega mikil umferðarslaufa fyrir neðan Landspítalann sem beinir umferðinni niður þessa nýju Hringbraut og vestur úr og inn í miðbæinn gegnum Sóleyjargötuna. Þegar þessi umferð er öll komin beggja handa frá, þá er ráðhús til viðbótar við það sem er fyrir í miðbænum of mikið fyrir miðbæinn sjálfan.

Um lífríkið sjálft ætla ég ekki að tala vegna þess að til þess hef ég ekki vit á þeim hlutum. En ég trúi því að náttúrufyrirbæri eins og Tjörnin í Reykjavík, þetta náttúrufyrirbæri sem við höfum montað okkur af og kallað perlu höfuðborgarinnar, sem hefur sett svip sinn á höfuðborgina og sem hefur hingað til tekið svo vinalega með sínu fuglalífi á móti útlendingum og líka þeim sem koma utan af landi, ég trúi því að hún sé þess virði að hún sé vernduð til frambúðar. Ég harma það ef niðurstaðan verður sú að það þurfi þjóðaratkvæði til að koma til þess að hafa vit fyrir borgarfulltrúum í Reykjavík. Og þetta segi ég ekki að ástæðulausu. Ég er búinn að vera borgarfulltrúi það lengi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér efnislega að ráði um það mál sem hér er til umræðu. Ég tel að bygging ráðhúss og áhrif þess á lífríki Tjarnarinnar sé e.t.v. út af fyrir sig skoðunarvert. En ég er hins vegar ekki sammála þeim sem hér hafa talað um að þetta umræðuefni eigi ekki heima hér á Alþingi. Okkur kemur við hver pollur í landinu ef grannt er skoðað og þar að auki kemur Alþingi sem stofnun það að sjálfsögðu mjög mikið við hvort þarna rís stórbygging við enda Tjarnarinnar og í næsta nágrenni lóða Alþingis. Þingstaðurinn sem slíkur verð-

ur ekki eins aðgengilegur og ef ráðhúsi væri valinn annar staður. Ég held að þegar af þeirri ástæðu komi Alþingi þetta mál mjög við og ég vil beina því til forseta þingsins að þeir fylgist grannt með framvindu þess.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Þessar umræður hafa orðið allsérkennilegar. Hér er það lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að hefja viðræður við borgaryfirvöld í Reykjavík um að fram fari líffræðilegar rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar áður en framkvæmdir hefjast við ráðhús höfuðborgarinnar. Hér er um það að ræða, samkvæmt lögum sem hið háa Alþingi hefur sett, að þegar náttúruminjum er að einhverju ógnað skuli leita umsagnar Náttúruverndarráðs. Tjörnin og Vatnsmýrin í Reykjavík eru á náttúruminjaskrá eins og þetta rit frá Náttúruverndarráði frá 1984 ber með sér. Í nýrri útgáfu sem er í handriti er enn frekar ítrekað að undirbúin verði friðlýsing á Tjörninni og Vatnsmýrarsvæðinu.

Ég held að ég verði að útskýra fyrir hinu háa Alþingi hvað náttúruminjaskrá er. Í náttúruminjaskrá, sem innan skamms kemur út og er í handriti frá Náttúruverndarráði Íslands, segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Náttúruminjaskrá. Það hefur lengi verið álit manna að gera þurfi heildaryfirlit yfir þau svæði eða staði sem ekki hafa verið friðlýst enn, en hafa eitthvað það til að bera sem þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða ekki verður bætt sé því raskað. Slíkri skrá er m.a. ætlað að marka stefnu í friðlýsingarmálum og undirbúa jarðveginn fyrir viðræður við rétthafa um þau efni. Það er og mikilvægt fyrir þá sem leggja á ráðin og taka ákvarðanir um ný mannvirki og hvers konar breytingar á landi að vita hvar síst má raska náttúrunni. Um leið er skránni ætlað að vera leiðarvísir varðandi skipulag og notkun lands.

Hér er m.a. átt við þau svæði sem fólki þykja vistleg til dvalar í frístundum, tilkomumikil og fögur, t.d. vegna óvenjulegrar fjölbreytni í landslagi og litafari. Ekki er síður um að ræða þá staði sem geyma vitnisburð um myndun og mótun landsins og sjaldgæf tilbrigði um náttúrufar þess. Með því að tengja saman hugmyndir um landþörf til útilífs og náttúruskoðunar, vísindaiðkana og fræðslu um líf og land gera menn sér grein fyrir einni af auðlindum landsins sem gegnir miklu hlutverki í þjóðlífinu og þarfnast verndar og umhyggju ekki síður en þær sem standa undir tekjuöflun."

Þá vita menn til hvers er verið að gera náttúruminjaskrá.

Vist mætti ræða langt mál um það byggingarmagn sem til stendur að setja hér á svæðið, en sú umræða á heima annars staðar. Um það er ég sammála hæstv. forseta. En það er furðulegt að heyra hv. þm. halda því fram hér í þingsal að málefni sem varða náttúruminjar í Reykjavík komi ekki Alþingi við. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan. Vitaskuld látum við Reykvíkingar okkur varða umhverfi Gullfoss og Geysis eða Dimmuborga eða Hallormsstaðaskógar. Um hvað eru menn að tala hér? Hafa hv. þm. ekki uppgötvað það enn þá að Reykjavík er á Íslandi og að það eru líka náttúruminjar í Reykjavík sem við viljum fá aðstoð hins háa Alþingis við að vernda? Ég vonast til að heyra slíka röksemdafærslu aldrei aftur hér í þingsal.

Ég vil minna hv. Alþingi á að á sjötta náttúruverndarþingi fyrir mánuði síðan var samþykkt ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 vekur athygli á því að mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki og næringarefna- og vatnsbúskap Reykjavíkurtjarnar. Telur þingið ástæðu til að vara við stórframkvæmdum í Tjörninni og á vatnasviði hennar áður en áhrif þeirra á lífríkið hafa verið metin."

Náttúruverndarþing sá ástæðu til þess að vara við að hefja þarna framkvæmdir án þess að lífríki Tjarnarinnar væri rannsakað.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. skal sagt það að ástæða var fyrir þeim mun sem fram kom í máli mínu á 1% eða 2% skerðingu Tjarnarinnar. Ástæðan fyrir þeirri fullyrðingu minni er sú að húsbyggingin mun skerða Tjörnina um 2%. Hins vegar hafa borgaryfirvöld rætt um að búa til tjörn sem tekur yfir 1%, en það mundi verða gervitjörn að baki hússins með dauðum botni og lífríkislaus þar með. En með því væri hægt að halda því fram að Tjörnin hefði aðeins verið skert um 1% vegna þess að vatnspollur væri kominn í stað lifandi lífríkis. Ég vil hér með upplýsa þetta.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklu meiri tíma í að rökræða þetta mál. Það er alveg ljóst að hér er um mál að ræða sem snertir mjög tilfinningar Reykvíkinga og að ég hygg fjölmargra annarra landsmanna. Það hlýtur að vera krafa Reykvíkinga og landsmanna raunar allra, þar sem hér er um að ræða höfuðborg landsins, að svo afdrifaríkar framkvæmdir í hjarta höfuðborgarinnar fari þá fyrst af stað þegar lögum um náttúruvernd hefur verið framfylgt. Ef til röskunar kæmi á lífríki Tjarnarinnar verður slíkt ekki bætt.

Ég vil engan dóm leggja á uppdráttinn að þeirri byggingu sem verðlaunin hlaut. Það kann að vera hin fegursta bygging. En við viljum einfaldlega með þessari till. vara við að hér sé farið af stað með svo miklu offorsi að hugsanlega komi til að lífríki Tjarnarinnar verði skaðað.

Það er erfitt að sjá hvers vegna svo mikið liggur á að koma þessari byggingu af stað að borgaryfirvöld virðast forðast að leita til þeirra manna sem vísast hafa vit á þessum hlutum. Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og borgarstjórinn virðast einir og sjálfir geta ákveðið hvenær þessar framkvæmdir hefjast. Því hlýtur Alþingi að mótmæla og vitaskuld ber ríkisstjórninni að sjá um að farið sé að lögum hver sem í hlut á.

Meginröksemdin fyrir þessari till. er sú að hér hefur ekki verið farið að lögum. Það bar að leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. lögum um nátt-

úruvernd. Þess vegna held ég að það sé ástæðulaust að ræða hér mikið um framtíðarskipulag borgarinnar. Það væri efni í aðra langa og mikla umræðu.

Ég get tekið undir með hv. 5. þm. Reykv. að vitaskuld verður miklu meira svæði tekið þarna vegna þess að umferðaræðar að þessari miklu byggingu eru allt of litlar og þær yrði að breikka. Þær ákvarðanir koma vitaskuld seinna. Við erum ekki að tala í neinni alvöru um 2% skerðingu heldur verður skerðingin miklu meiri. Það liggur í hlutarins eðli.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, og ég þakka þeim sem hér hafa komið í ræðustól og tekið undir þessa till. Ég treysti því að hún fái skjóta afgreiðslu, vegna þess að ég hygg að fjölmargir Reykvíkingar bíði eftir afgreiðslu hennar og grannt verði fylgst með því hvernig henni reiðir af hér á hinu háa Alþingi, og vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, óska eftir að hv. allshn. Sþ. fái hana til umfjöllunar.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég heyri að mönnum er mikið í mun að þetta mál fái afgreiðslu hér. En orð mín hafa þó ekki verið til einskis sögð ef þau hafa orðið til að bæta andrúmsloftið í Alþb., en þau virðast hafa orðið til þess.

Ég er ekki kominn hingað í ræðustól til að tala sem málsvari meiri hluta Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég vænti þess að enginn hafi skilið orð mín svo. En ég segi það enn að ég treysti réttkjörnum borgarfulltrúum hér í Reykjavík til að fara með þetta mál, réttkjörnum fulltrúum Reykjavíkur til að leysa þetta mál og önnur miklu stærri sem þeir þurfa að fást við. Ég efast ekkert um að öllum reglum verði framfylgt sem að þessu máli lúta. Það hefur heldur ekkert komið fram sem bendir til annars en að svo verði ekki gert. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að það eigi að troða á rétti einhvers. Það er þungamiðjan í þessu máli. Það er svo vandamál þeirra fulltrúa sem hér tala að hafa ekki komist inn í borgarstjórn Reykjavíkur til að geta haft áhrif þar á málefni borgarinnar. Það er þeirra vandamál en ekki mitt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessari till. og því sammála erindi hennar. Vitanlega skipta málefni höfuðborgarinnar alla landsbúa máli og þau náttúruverðmæti sem tekin eru á náttúruminjaskrá skipta auðvitað einnig alla landsmenn máli. Hér er um að ræða mál sem í reynd er umhverfisverndarmál. Sú mikla umferð sem líklegt er að beinist að fyrirhuguðu ráðhúsi við horn Tjarnarinnar mun hafa áhrif á lífríki hennar. Fyrirhuguð þinghúsbygging mun einnig hafa mikil áhrif á umferðarþunga og auka hann. Þess vegna er eðlilegt að minnast á þá byggingu, eins og hv. 8. þm. Reykv. gerði, því hún er hluti af þeirri heild sem er ætlað að umlykja þá náttúruperlu sem Tjörnin er.

Ég hef í höndum almenna starfsemislýsingu um fyrirhugaða þinghúsbyggingu og ég vek athygli hv. þm. á því sem hér segir — og ég bið hv. þm. að taka vel eftir. Þar er talað um aðkomu bifreiða og gönguleiðir. Og ég vitna, með leyfi forseta, blaðsíðunúmerið er S 2:

„Aðkoma bifreiða að lóð Alþingis er frá aðliggjandi götum, þ.e. Kirkjustræti, Templarasundi, Vonarstræti og Tjarnargötu. Samkvæmt skipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir lítilli umferð en þó mögulegri aðkomu bifreiða við Kirkjustræti og þar geti verið nokkur skammtímabifreiðastæði. Gert er ráð fyrir að einstefnuakstur verði um Tjarnargötu en tvístefnuakstur með þrem akreinum við Vonarstræti.“ — Ég endurtek, „tvístefnuakstur með þrem akreinum við Vonarstræti.“

Hvar mun rými fyrir þetta verða tekið? Verður húsið Þórshamar rifið? Verður hús Oddfellow rifið eða verður tekið af Tjörninni til að koma fyrir tvístefnuakstri með þrem akreinum? Við skulum gæta að okkur því að eitt leiðir af öðru. Byggingar sem byggðar verða munu mynda nýjar þarfir og flestar stofnanir hafa tilhneigingu til að vaxa, sérstaklega opinberar stofnanir. Af því hafa margir reynslu hér inni. Ég bið menn að íhuga þetta og ég bið menn að vara sig. Þessar tillögur sem ég vitnaði til eru einmitt runnar frá borgarskipulaginu þannig að það hefur greinilega gert ráð fyrir ýmsu sem tengist þessum tveimur húsum. Það er ekki hægt annað en hafa áhyggjur af eða telja ástæðu til að gæta að þessu viðkvæma lífríki, sem marga hefur glatt. Það verður heldur ekki hægt að bæta, ef illa fer, því að enginn fer niður að Tjörn með börnin sín til að gefa gulum öndum úr plasti. Þær borða ekki brauð.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. 1. flm., 13. þm. Reykv., að þetta mál snertir mjög tilfinningar sumra og þegar það er komið á það stig að gular endur úr plasti er framtíðarsýn manna á því andalífi sem verður á Tjörninni, ef ekki er stöðvuð sú bygging sem ætlunin er að rísi þarna, þá vil ég taka undir með hv. flm. að þetta snertir svo sannarlega tilfinningar. Mér er ljóst að þeim hlýtur að líða illa sem hafa þá framtíðarsýn. Ég hefði ekki áhuga á því að sú breyting yrði að það yrðu allir fuglar drepnir á Tjörninni.

En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var sú að hv. 2. þm. Austurl. hóf hér siðabótaræðu. Hann talaði um það sem fáheyrðan hlut að þm. utan af landi teldi eðlilegt að Reykvíkingar réðu þessu máli. Kannski er hægt að sættast á að þeir ráði meira um þetta mál en aðrir. En hvar er samræmið í málflutningi hv. 2. þm. Austurl. sem boðar að héruðin eigi að fá meira sjálfstjórnarvald en þau hafa í dag, en telur jafnframt að skipulagsréttindin, sem eru aðalatriði í réttindum sveitarfélaga, verði af sveitarstjórnunum tekin og færð til annarra? Hvar er samræmið í þessum málflutningi?

Ég vænti þess ekki að hér hafi það gerst að menn

líti svo á að ef sveitarstjórn er að taka ranga ákvörðun eigi Alþingi að vera eins og stóri pabbi og svipta hana réttinum til að taka ranga ákvörðun. Það er nefnilega grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því að réttkjörin sveitarstjórn hefur rétt til að taka ranga ákvörðun. Þegar við erum komin á það stig að við viljum svipta réttkjörna sveitarstjórn þeim rétti að taka ranga ákvörðun erum við farin að vega að rótum lýðræðisins. Þá erum við að leggja til að lýðræðisleg réttindi séu fótum troðin. Ég met þau meir en svo að ég geti tekið þátt í slíku. Ég vænti þess að mönnum sé ljóst að auðvitað hljóta alltaf að vera átök um skipulagsmál. Það verður aldrei samstaða um slíka hluti.

Þá ætla ég að víkja að hinni röksemdafærslunni, sem hefur komið fram hjá flm., að það sé verið að brjóta lög. Þetta er stór fullyrðing ef hún er rétt. Hvert á að fara með slík mál, hv. 13. þm. Reykv.? Er Alþingi orðið að dómstól eða á að virða þrískiptingu valdsins, þ.e. skiptinguna í framkvæmdarvald, í dómsvald og í löggjafarvald? Eru menn að leggja til að dómsvaldið verði afnumið og Alþingi taki að sér að dæma í málum sem þessum? Auðvitað ber hv. 13. þm. Reykv. siðferðileg skylda til að láta kæra borgarstjórnina í Reykjavík ef hún er að brjóta lög, vinna að því að hún verði kærð. Það hlýtur að vera hennar siðferðilega skylda. En að leggja til að dómsvaldið verði flutt til er alveg fráleitt.

Ég tel að réttur sveitarstjórna til að ráða sínu skipulagi sé svo stór hluti af þeirra sjálfsákvörðunarrétti að allar hugmyndir um að hreyfa við því séu ákvarðanir um að auka miðstýringuna í þessu landi. Ég tek ekki þátt í því.

Ég vænti þess einnig að menn gangi ekki svo langt í málflutningi að þeir álíti að þeir séu yfir höfuð til hér í Reykjavík sem ekki þykir vænt um Tjörnina. Ég held að það sé rétt metið hjá 1. flm., hv. 13. þm. Reykv., að það er almennt litið svo á að þetta sé hjartað úr borginni. Eru menn að halda því fram að menn hafi tekið ákvörðun um að leggja til að borgin verði hreinlega tekin af með því að ráðast á eigin hjarta eða eru menn komnir út á svo hálan ís í tilfinningalegum málflutningi að það stendur ekki steinn yfir steini af eðlilegri rökhyggju?

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér finnst hreint ekkert óeðlilegt að þetta mál sé rætt í þingsölum vegna þess að þetta varðar fleiri en Reykvíkinga og kannski varðar þetta Alþingi líka töluverðu, eins og hér hefur raunar komið fram, og ég tek undir þau tilmæli sem hér hafa komið fram um að forsetar þingsins fylgist með framvindu þessa máls vegna þess að hér er verið að byggja ofan í þingstaðinn og allt finnst mér þetta orka tvímælis svo að ég segi eins og er.

Hins vegar furðar mig svolítið á allri þeirri umræðu sem hér er um lífríki Tjarnarinnar og heyrist nú helst að þeir þm. sem mest tala um það hafi kannski mest lítið komið nálægt Reykjavíkurtjörn. Ég held ekki að það stofni lífríki Tjarnarinnar í svo stórkostlega hættu þó að hún sé skert um 1, jafnvel 2 eða 3%. Það er allt annað sem stofnar lífríki þessarar tjarnar í hættu og nú skal ég segja hv. þm. svolitla sögu.

Fyrir tveimur árum eða svo mætti ég æðarkollu á Skúlagötunni sem var að berjast undan norðanrokinu með sex unga. Með aðstoð lögreglunnar var henni og ungunum komið á þessa tjörn. Þá voru þeir sex. Morguninn eftir var einn eftir og daginn þar á eftir var enginn eftir. Við höfum nefnilega raskað jafnvægi lífríkisins með því að sjá veiðibjöllunni fyrir kræsingum með því að fjölga fýlnum t.d. en aðallega þó veiðibjöllunni sem lifir á ungunum á Tjörninni. Það eru ekki hin beinu mannanna verk eða umferðin í kringum Tjörnina sem andarungunum þar stafar háski af heldur af varginum sem étur áreiðanlega 80–90% af ungunum sem koma á Tjörnina. Þetta vita þeir sem fylgjast með.

Satt best að segja furðar mig á því að það skuli heldur ekki hafa komið fram í þessari umræðu hvað Reykjavíkurborg hefur sýnt Tjörninni lítinn sóma. Hafa menn gengið hringinn í kringum Tjörnina t.d. sl. sumar? Hvernig er vesturbakkinn? Hann er ekkert nema illgresi. Hvernig var norðurbakkinn? Hann var hruninn ofan í Tjörnina. Hvernig var suðurbakkinn, þessi perla, þetta hjarta? Þessu var svona sinnt. Menn tala ekki um þetta hér. Gengu menn fram með suðurtjörninni, Litlu Tjörninni sem kölluð er, í sumar, á sumarkvöldi? Þaðan lagði rotnunarpest svo að það var nánast ekki hægt að ganga þar um bakkana.

Ég held að þeir hafi ekki komið nálægt Reykjavíkurtjörn sem tala hér mest um lífríki Tjarnarinnar, ekki kynnt sér hvernig staðan er þar. Það hefði verið ástæða til þó fyrr hefði verið að hreyfa þessum málum vegna þess að það hefur verið til háborinnar skammar hvernig borgaryfirvöld í Reykjavík hafa hugsað um Reykjavíkurtjörn. Og það er ekki bara mál borgarbúa einna. Það er mál okkar allra eins og þessi höfuðborg er.

Og ég læt það verða mín síðustu orð hér að taka undir tilmæli til forseta Alþingis um að fylgjast gjörla með framvindu þessa máls. Það er sjálfsagt að láta rannsaka lífríki Tjarnarinnar, en við þurfum að gera ýmislegt annað meira ef við ætlum að standa að þessu eins og Tjörnin verðskuldar og það líf sem þar er.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það voru ummæli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem féllu hér áðan, sem urðu til þess að ég bað aftur um orðið. Ég undrast ef hv. þm. skilur lög í landinu þannig að það séu aðeins ein lög sem gildi í sambandi við meðferð á landi, þ.e. skipulagslögin, og það beri ekki að taka tillit til almennra ákvæða í öðrum lögum, svo sem í náttúruverndarlögum. Ég er vissulega talsmaður valddreifingar og sjálfræðis landshluta og sveitarfélaga um eigin málefni, en þó ekki þannig að þau fái almennt alræðisvald um hvaðeina þó að eðlilegt sé að íbúar

hafi öðrum fremur áhrif á sín heimamálefni. Til þess erum við að setja almenn lög í landi að tillit sé tekið til þeirra og þau gildi þrátt fyrir ákvæði ýmissa annarra laga, svo sem skipulagslaga, sem ég þó vitnaði til í mínu máli að hlytu að vera mjög ráðandi í sambandi við formlega meðferð þessa máls. Um það getur vart verið ágreiningur.

Ég vil auk þess benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á það að Reykjavík hefur nokkra sérstöku meðal sveitarfélaga á Íslandi og það hefur raunar komið fram hér í umræðunni. Reykjavík er höfuðstaður landsins og skiptir því fólk um allt land meira máli en t.d. okkar heimabyggðir. Ég er ekki að segja að það liggi fyrir sérlög um Reykjavík, ég þekki ekki til þess, í sambandi við skipulagsmál eða annað, en það er eðlilegt að gerðar séu aðrar kröfur til höfuðstaðar landsins í sambandi við skipulag og meðferð mála sem því tengjast en til annarra sveitarfélaga í landinu. Ég held það væri út af fyrir sig athugunarvert fyrir þingið að ræða í fullri alvöru hvort það þurfi ekki að marka ákveðnari farveg varðandi málefni höfuðstaðarins miðað við allt það sem hér er sett niður og sem Reykjavíkurborg nýtur sem höfuðstaður landsins því það er ekkert lítið.

Hingað fara menn flestir viljugir til erinda en þó stundum nauðugir til þess að reka sín erindi, tengjast þessum stað þannig meira en öðrum sveitarfélögum á Íslandi. Það er eðlilegt að tekið sé tillit til þessa þegar verið er að ræða mál sem þessi, en við höfum sem betur fer almennar reglur sem vísað er til í þessari till.

Síðan vil ég aðeins taka undir þau orð, sem hér hafa fallið frá hv. þm. Páli Péturssyni fyrst í þessari umræðu, að þetta mál snertir Alþingi. Raunar kom það fram að ég hygg í máli hv. 8. þm. Reykv. einnig að þetta mál snertir Alþingi vegna nálægðar við þinghelgina hér, vegna nálægðar við athafnasvæði Alþingis sjálfs. Því finnst mér mjög eðlilegt að forsetar þingsins taki sérstaklega þetta mál til umræðu og greiði fyrir því að þesssi tillaga fái skjóta afgreiðslu í þinginu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Hvaða skoðun sem fólk kann að hafa á því hvort beri að byggja ráðhús eða hvort beri að byggja það á þessum stað eða öðrum ætla ég ekki að gera að umræðuefni hérna heldur að fá svar við því hvort það er minn misskilningur eða einhverra annarra hvernig þetta mál er að snúast hérna. Ég sé ekki betur en að þáltill. gangi út á að farið sé að 29. gr. náttúruverndarlaganna. Það er Alþingi Íslendinga sem setur þessi lög og þess vegna getur það ekki staðið neinum nær en Alþingi Íslendinga að sjá til þess að að þeim lögum sé farið. Í náttúruverndarlögum er ekki bara talað um lífríki. Það er líka talað um að landið breyti varanlega um svip, að náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts og lagar. Stór mannvirki falla líka undir þessa grein. Ég get því ekki áttað mig á því af hverju þetta er ekki mál sem Alþingi, burtséð frá því hvar einstakir þm. Alþingis eiga búsetu, á að taka á og finnst undarlegt ef umræða um landslög þarf að snúast upp í umræður um dreifbýli og þéttbýli. Ég hélt ekki að til væru nokkur lög sem takmörkuðu réttindi eða skyldur þm. eftir landshlutum til að hafa áhuga á að landslögum sé fylgt og bregðast við ef grunur leikur á að svo sé ekki. Snúist málið hins vegar um það hvort bygging ráðhúss falli undir 29. gr., hverjum ber þá að úrskurða hvort svo sé? Brjóti svo bygging ráðhúss á einhvern hátt í bága við landslög eða hvernig að þeim málum er staðið ber borgarstjórn að fara að landslögum, en komi í ljós að svo sé ekki er það mál borgarstjórnar að ákveða hvort þessi bygging skuli rísa eða ekki þó um það megi svo deila hvort ekki færi betur á því fyrir borgarstjóra og borgarstjórn, eins og aðra kjörna fulltrúa, að hlusta eftir röddum þjóðarinnar.

Sólveig Pétursdóttir:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að sinni að gera efnislegar athugasemdir við þáltill. þessa. Í sjálfu sér er nauðsynlegt að huga að öllum umhverfisþáttum áður en bygging sem þessi er reist og hygg ég að um það ríki enginn ágreiningur. Þó hafa þau orð fallið sem ástæða er til að gera athugasemdir við.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir tók svo efnislega til orða að það væri fjöldi formgalla á þessu máli í borgarstjórn. Ég get ekki séð að hún hafi fært sönnur á það og raunar er furðulegt að hugsa sér að bera á bæði borgarstjórn og embættismenn borgarinnar slík embættisafglöp.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði í sinni ræðu áðan að svo virtist sem sumir Reykvíkingar teldu sig geta breytt því sem þeir vildu innan borgarmarkanna. Ég hlýt að skilja orð hennar á þann hátt að hér sé átt við virðulegan borgarstjóra og borgarfulltrúa. Nú er það svo að þetta eru löglega kjörnir fulltrúar Reykvíkinga sem starfa samkvæmt lögmætu umboði þeirra. Það eru einmitt borgaryfirvöld í Reykjavík sem hafa ræktað hér græn svæði og gróðursett og skapað þannig aðstöðu fyrir borgarbúa til að njóta útivistar. Tjörnin og umhverfi hennar hafa fallið þar undir og það er sjálfsagt að gæta þess.

En hvers vegna falla svo þung orð í garð borgaryfirvalda? Er það vegna þess að sjálfstæðismenn eru þar í meiri hluta eða eru þetta eingöngu ásakanir um röng vinnubrögð? Svari hver sem vill.

Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. telja að hér sé um háalvarlegt mál að ræða og er það vafalaust í augum margra. Þess vegna er það því brýnna að á þessari till. verði tekið málefnalega en ekki tilfinningalega eða af flokkspólitískum hvötum.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég verð að taka undir með þeim sem hafa lýst þeirri skoðun sinni í dag að þessar umræður hafi verið býsna sérkennilegar. Menn tala hér andaktugir um endurnar á Tjörninni og lýsa ástandinu þar, þó af mismikilli andagift sé eða andríki.

Ég verð að segja, þó að það sé kannski óvenjulegt að maður sé í félagsskap með hv. 2. þm. Vestf. í ýmsum málum eða hv. 3. þm. Norðurl. v., að ég tek undir það sem þeir hafa sagt. Hér er á ferðinni mál sem á fyrst og fremst heima í réttkjörinni borgarstjórn Reykjavíkur. Ég treysti réttkjörnum borgarfulltrúum mætavel til að fara í einu og öllu eftir ákvæðum laga og reglna sem snúa að þessum málum og ekkert síður þeim þáttum þessa máls sem snerta lífríki Tjarnarinnar.

Nú er búið að eyða u.þ.b. einum og hálfum tíma, dýrmætum tíma þingsins, í umræður um mál sem ætti réttilega heima í borgarstjórn Reykjavíkur. Ég legg til að menn reyni að stytta þessar umræður sem þar að auki bera það með sér eins og till. sjálf að vera ætlað að koma höggi á meiri hlutann í borgarstjórn Reykjavíkur.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég harma að athugasemdin skuli þurfa að vera stutt, en skal að sjálfsögðu verða við tilmælum um það.

Tillöguflutningur sem þessi á sér gjörsamlega eðlilegar forsendur. Hæstv. félmrh. fer með skipulagsmál og hæstv. menntmrh. fer með náttúruverndarmál. Við afgreiðslu þessa máls í borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekki verið farið að lögum sem skyldi, mér gefst því miður ekki tími til að skýra það nánar, hef gert það að nokkru leyti hvað varðar náttúruverndarhliðina, og þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að ríkisstjórninni sé falið að taka upp viðræður við borgarstjórn Reykjavíkur. Ég tel það ærið miklu skemmtilegri máta en að rjúka í að kæra Reykjavíkurborg. Það er strax dálítið annað. Ég get hins vegar tilkynnt hv. þm. að ég yrði ekkert hissa þó að þetta endaði með kæru ef þetta mál nær ekki fram að ganga hér.

Það hefur ýmislegt komið fram sem ástæða væri til að svara, svo sem þessi fáránlega umræða um sjálfstæði sveitarfélaga sem virðast eiga að vera svo sjálfstæð að þau þurfi ekki að lúta landslögum. Mér þætti gaman að spyrja hv. 2. þm. Vestf. hvort það væri goðgá að Reykvíkingar kynnu að skipta sér af því ef sveitarstjórn á staðnum ákvæði að eyðileggja Snorralaug í Reykholti eða eitthvað álíka. Þessi rök eru út í hött og ætti ekki að fara með þau á hinu háa Alþingi.

Ég held að hér sé ekki tími til að gera annað en að biðja hv. þm. að hugsa ráð sitt vel og ekki síst hv. þm. Reykvíkinga. Ég held að sú fullyrðing ýmissa þeirra sem hér hafa talað að við tölum hæst um Tjörnina sem ekkert vitum um hana sé ekki rétt. Töluvert tel ég mig nú hafa komið nálægt þeim stað. Hér hafa í dag talað tveir hv. þm. sem eru líffræðingar að menntun, hv. 2. þm. Austurl. og hv. 12. þm. Reykv. Ég hygg að þessu máli hafi því verið betur borgið faglega en ýmsum öðrum sem hér hafa verið rædd.

En ég bið að lokum menn að veita þessu máli brautargengi. Ég lagði til, herra forseti, áðan að málið yrði falið hv. allshn. til fyrirgreiðslu. Ég held að það sé ekki eðlilegt eftir nánari athugun og vil leyfa mér að leggja til að málið verði sent til hv. félmn. sem fer með, ef ég man rétt, bæði mál er varða félmrn. og menntmrn. Þess vegna hygg ég að eðlilegra sé að málið verði þar.

Ég tel að menn þurfi einfaldlega að gera upp við sig hvort þeir vilja eiga það á hættu, dýpra vil ég ekki taka í árinni, að lífríki Tjarnarinnar verði raskað. Ég veit ekki hvort það gerist við byggingu þessa ráðhúss, en ég legg til að það verði kannað áður svo að ekki þurfi að enda byggingarframkvæmdina með minnismerki um öll litlu börnin sem stóðu þarna og horfðu hugfangin á fuglana á Tjörninni sem í mörgum tilvikum voru fyrstu dýrin sem þau sáu í lifanda lífi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur þróast á allsérstæðan hátt. Hv. 2. þm. Austurl. telur að það sé athugunarefni hvort Reykvíkingar eigi að hafa sama rétt í skipulagslögum og önnur sveitarfélög hafi því hér sé um höfuðborg landsins að tefla og því eigi þjóðin öll að hafa þar umsagnarrétt og þetta sé mikið athugunarefni. Ég verð að segja að ég vildi gjarnan að hv. 2. þm. Austurl. formaði þessa hugsun sína og flytti þetta í lagafrv. þannig að það lægi þá einu sinni ljóst fyrir en ekki í neinni Austfjarðaþoku hvað hann meinar í málinu. Og ég skora á hann að gera það. (**HG:** Kannski leita ég meðflm.) Það liggur alveg ljóst fyrir að ég yrði ekki stuðningsmaður till., en eftir þeirri umræðu sem hér hefur farið fram sýnist mér að það sé útlit fyrir að hann fái mikið af stuðningsmönnum.

Hv. 18. þm. Reykv. kom með þau rök að þar sem Alþingi setti þessi lög, þ. e. lögin um skipulagsmál. (**ÞÞ:** Nei, lögin um náttúruvernd.) Lögin um náttúruvernd. Það setur líka hin lögin. (**ÞÞ:** Ég var ekki að tala um þau.) Þessi lög, var orðalagið. Það var óljóst að átta sig á því. En hvort heldur sem er. Alþingi setur þessi lög. Það stendur því engum nær en Alþingi að sjá til þess að þessum lögum sé framfylgt. (**GHelg:** Að hvetja ríkisstjórnina til þess.) Er hv. 18. þm. Reykv. með þessum orðum að halda því fram að það eigi framvegis að vera verkefni Alþingis að sjá til þess að öllum lögum í landinu sé framfylgt? (**GHelg:** Þetta er rangfærsla.) Hv. 13. þm. Reykv. hefur fullkomlega tækifæri til að flytja hér mál sitt og er meira að segja búin að koma með örstuttar athugasemdir. Ég verð að segja eins og er að mér þykir það hart, forseti, ef hv. þm. fær fyrst sérstakan bjölluhljóm til að fá hljóð í þingsölum og getur svo ekki sjálfur þagað þegar aðrir tala.

Ég undirstrika að það fær alls ekki staðist að Alþingi taki að sér hlutverk framkvæmdarvaldsins. Þá eru menn að leggja til allt aðra uppbyggingu en þá sem við búum við, þ.e. þrískiptingu valdsins. Auðvitað væri hugsanlegt að hafa þetta þannig, hafa ekkert framkvæmdarvald og láta Alþingi sjá um að

öllum lögum væri framfylgt.

Nei, svona rökleysa byggist á því að menn hafa verið að ræða um þessa hluti af tilfinningahita en ekki hitt að þeir vilji að lögum sé framfylgt. Hver vill ekki að lögum sé framfylgt? En hv. 13. þm. Reykv. vill ekki kæra. Það skyldi þó ekki vera að ástæðan væri sú að hún vildi ekki að það kæmist í almæli að hún tapaði slíku máli. (**GHelg:** Nei, það er ekki ástæðan. Þetta er vingjarnleg sáttfýsi við borgaryfirvöld.) Ekki efa ég að kærleikur er ærinn á milli hv. 13. þm. Reykv. og þeirra sem fara með æðstu stjórn þessarar borgar. En það er aftur á móti spurning hvort sú framsetning á þeim tilfinningum er rétt eins og hér er lagt til.

Ég ætla aðeins í lokin að víkja að því atriði að skipulagsmál þessa svæðis eru að sjálfsögðu stórmál. Á því höfum við mjög misjafnar skoðanir. Ég játa fúslega að eitt og annað sýnist mér stefna í óefni varðandi umferðarþunga í þessari borg. Það breytir engu um að ég tel að það sé mjög varhugavert ef menn snúast þannig við slíkum málum að þeir telji að það eigi að fara að færa vald frá sveitarstjórnum yfir til Alþingis af þeirri ástæðu. Þeir sem héldu sinn útifund óskuðu eftir því að það yrði kannað hver væri hugur Reykvíkinga til þessa máls. Félagsvísindastofnun Háskólans gæti auðveldlega unnið það verk. Það teldi ég í anda lýðræðisins.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég efast ekki um að það hafi hugur fylgt máli hjá 1. flm., hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur, þegar hún sagði að sér gengi einungis vingjarnleg sáttfýsi til með þessari tillögugerð, enda sjáum við á meðflm. að hún hefur valið þá í samræmi við þá sem hún veit að liggur best orð til hins virðulega borgarstjóra og eru kannski í nánustum tengslum við hann. Er ég þá að tala um innfædda Reykvíkinga einvörðungu.

Það er margt athyglisvert í umræðum um þessa till. Í fyrsta lagi er af ýmsum þm. verið að ýja að því að með ákvörðun sinni um byggingu ráðhúss við Tjörnina séu borgaryfirvöld vísvitandi og vitandi vits að brjóta gegn lögum um náttúruvernd, 29. gr., og í áróðursskyni er því mjög á loft haldið að nauðsynlegt sé að Alþingi grípi inn í með almennri þáltill. til að koma í veg fyrir lögbrot af því tagi sem þar er lýst. Nú er það svo í lögum um náttúruvernd að gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð geti krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið. Það er sú aðferð sem löggjafinn hefur farið til að tryggja að haldið verði við ákvarðanir Náttúruverndarráðs samkvæmt þessum lögum. Ef einstakir þm. eru nú þeirrar skoðunar að aðferð löggjafans til að tryggja að við þessi lög verði staðið sé ekki fullnægjandi, að Náttúruverndarráð sé annaðhvort þannig valið eða frá því gengið í lögunum að því sé ekki treystandi til að fylgja sínum málum eftir með þeim hætti sem segir í lögunum, þá er hin þinglega aðferð sú að flytja brtt. við náttúruverndarlögin og kveða þá nánar á um hver skuli vera eftirlitsaðilinn. Eins og þessi till. liggur fyrir er engin vísbending um það en á hinn bóginn ljóst að einstakir þm. leggja á sig sérstakan krók og taka sér í munn orð eins og lagabrot til þess með þeim hætti að hafa, að þeir halda, meiri áhrif í fjölmiðlaumræðunni en ef þeir tækju efnislega á málinu.

Ég vil í annan stað segja að umræðan eins og við heyrðum hana hér í dag minnti að sumu leyti á gamlar umræður í borgarstjórn Reykjavíkur. Það voru tveir fyrrverandi borgarfulltrúar sem greinilega höfðu mest til málanna að leggja og kannski ekki að ástæðulausu. En maður getur kannski velt því fyrir sér hvort t.d. hv. 5. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, hefði verið flm. að till. eins og þessari á þeim tíma sem hann stóð að meiri hlutanum í borgarstjórninni og væri kannski vegur að rifja upp ýmis ummæli sem hv. þm. hafði á þeim tíma þegar honum þótti hallað á meiri hluta borgarstjórnar eða hallað á þann sjálfsákvörðunarrétt sem hann taldi að borgin ætti að hafa, taldi að afskiptasemi einstakra alþm. gagnvart borginni væri kannski fullmikil. Með sama hætti gæti maður velt því fyrir sér hvort sennilegt væri að formaður Alþb. væri á þáltill. sem fjallaði um að binda með einhverjum hætti hendur bæjarstjórnarmeirihlutans á Neskaupstað.

Vangaveltur af þessu tagi segja okkur auðvitað undir eins að við mundum hafa um það okkar efasemdir sem hefðum fylgst með stjórnmálaumræðu og fjölmiðlum svo áratugum skiptir. Auðvitað er umræðan á þinginu öðrum þræði til þess fallin að reyna að gera tortryggilegt það sem pólitískir andstæðingar okkar hafast að og auðvitað kemur það engum á óvart, á svipuðum tíma og hv. 5. þm. Reykv. lýsir því yfir að hann muni verða í fararbroddi síns flokks í nýjum borgarstjórnarkosningum, að hann skuli þá nota fyrsta tækifæri á hinu háa Alþingi til að veitast að þeim manni sem stendur í fyrirsvari fyrir borgarstjórnarmeirihlutann þó svo að ég muni eftir því að úr þessum ræðustól hafi einmitt þessi sami þm. áfellst þm. vinstri flokkanna fyrir að veitast að borgarstjóranum án þess að hann hafi tækifæri til að svara fyrir sig úr þessum sama stóli. Þetta er bara leikur stjórnmálanna og ég er síður en svo að hafa neitt að því þótt menn með þessum hætti reyni taktískar brellur og tali eins og hagkvæmast er hverju sinni. Þetta verður mörgum á og þetta er hluti af þeim leik sem við erum að leika í þessum sal. Hitt vitum við líka að um leið og við erum að tala um sjálfstæði sveitarfélaga og aukin áhrif þeirra gerum við það vegna þess að þar erum við að tala um annað almannavald en Alþingi sem sækir traust sitt til fólksins sem byggir það sveitarfélag sem borgin markar hér, sem borgarstjórnin starfar á, og auðvitað ber borgarstjórnin að síðustu ábyrgð gagnvart Reykvíkingum. Að því leyti er það léttvægt sem menn segja um innri mál Reykjavíkur úr öðrum kjördæmum að þeir þurfa ekki að standa ábyrgir fyrir þeim sem þar búa sérstaklega, þó þeir með fylgi sínu og atfylgi á Alþingi reyni að setja stein í götu borgarstjórnarmeirihlutans, og ætla ég ekki að gera

skipulagsmál Reykvíkinga að jafnmiklu umræðuefni og fyrrverandi borgarfulltrúar hafa hér gert og hafa kunnáttu til að gera. Það ætla ég mér alls ekki.

En eitt vakti líka athygli mína og verður skemmtilegt að fletta því upp í gömlum Alþingistíðindum, hvort allir þeir sem mest hafa talað um umferðaröngþveitið vegna ráðhússins við Tjörnina hafi þá greitt atkvæði gegn hönnun Alþingishússins fyrir einu ári. Miklu stærri og meiri bygging er það en ráðhúsið og auðvitað holur hljómur í þeirri rödd að vilja annars vegar byggja mikið og voldugt alþingishús niðri í Kvosinni, eins og nú heitir niðri í miðbænum, magna með þeim hætti umsvifin hér, en finna svo að hinu leytinu að því að borgarstjórinn vilji beita sér fyrir ráðhúsi, og má þá raunar líka spyrja hvort þeir menn, sem nú tala um að þeir vilji ráðgast sem mest við borgarstjórann um ráðhúsið, hafi viljað beita sér fyrir því fyrir einu ári að rætt yrði við borgina um hvernig hagað yrði uppbyggingu nýs alþingishúss. Ef þetta fer svo mjög saman sem mér er sagt er auðvitað eðlilegt að skyldurnar séu á báða bóga. Ef við óttumst að of mikil umferð og umsvif fylgi nýju ráðhúsi hljótum við um leið að óttast þá umferð sem fylgir uppbyggingu nýja og stóra alþingishússins. Þannig verðum við að tala um öll þessi mál í heild og skjóta engu undan.

Umræðu frestað.

Sjávarútvegsskóli í Vestmannaeyjum, fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 93. mál. — Þskj. 97.

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 97 sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni, Óla Þ. Guðbjartssyni, Margréti Frímannsdóttur og Egggert Haukdal. Till. er um sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum."

Stofnun sjávarútvegsskóla hefur alllengi verið til umræðu. Þann 1. jan. 1986 skipuðu sjútvrh. og menntmrh. starfshóp sem var ætlað það verkefni að gera tillögu um stofnun sjávarútvegsskóla sem starfi á framhaldsskólastigi og heyri undir menntmrn. Í áliti starfshópsins, sem lauk störfum nýlega, kemur fram að æskilegt sé að sameina að einhverju leyti þá þrjá skóla sem nú eru starfandi á þessu sviði, þ.e. Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Jafnframt kemur fram að bæta þurfi við nýjum námsbrautum, svo sem fiskeldisbraut og endurmenntunardeild. Hlutverk sjávarútvegsskólans yrði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk og gæti einnig orðið leið nemenda til háskólanáms ef þeir vilja fara út í framhaldsnám.

Starfshópurinn telur að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur búinn til þess að takast á við verkefni sín. Þá megi ætla að betur verði séð fyrir fjárfestingum til skólans njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Eðlilegt væri að sjávarútvegsskólinn félli undir ákvæði væntanlegra framhaldsskólalaga. Þar til slík löggjöf tekur gildi getur hins vegar reynst nauðsynlegt að setja sérstök lög um skólann svo að framgangur málsins tefjist ekki um of.

Fyrir sjávarútveginn er afar brýnt að betri skipan komist á menntunarmál atvinnuvegarins þannig að alltaf sé kennt það sem nýjast er og hagkvæmast á sviði sjávarútvegs. Í nýjum sjávarútvegsskóla þyrfti auk náms í skipstjórnarfræðum og fiskvinnslu að koma til fiskeldisbraut, námskeið fyrir matsveina, endurmenntunardeild í öllum greinum er tengjast sjávarútvegi og annað er tengist útgerð og stjórnun. Tryggja þarf tengsl væntanlegs sjávarútvegsskóla við hið almenna skólakerfi svo og við hinar ýmsu greinar sjávarútvegsins.

Í tillögum starfshópsins, sem áður er vitnað til, er gert ráð fyrir að starfandi verði fræðsluráð sjávarútvegsins. Það verði faglegur tengiliður milli skólans og atvinnuvegarins. Hlutverk fræðsluráðs yrði að vera menntmrn. til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulags í sjávarútvegsfræðslu. Þetta tel ég að gæti orðið góð leið til að tryggja hagkvæmt skipulag skólans, samþættingu námsins og náin tengsl hans við atvinnugreinina.

Ljóst er að staðsetning sjávarútvegsskólans skiptir mjög miklu máli. Hann þarf að vera í nánum tengslum við atvinnugreinina sjálfa. Einnig þurfa nemendur og kennarar skólans að eiga greiðan aðgang að öllum greinum sjávarútvegsins.

Í Vestmannaeyjum er stærsta verstöð landsins eins og öllum er kunnugt. Þar starfa fyrirtæki í flestum greinum útgerðar, svo sem í fiskiðnaði, útflutningi, skipasmíðum, skipaviðgerðum og fyrirtæki sem framleiða og versla með útgerðarvörur. Nemendur skólans ættu því greiða leið að flestum þáttum hins lifandi starfs í sjávarútvegi. Vart er því völ á ákjósanlegri jarðvegi fyrir væntanlegan sjávarútvegsskóla.

Í Vestmannaeyjum er þegar nokkur grunnur á að byggja í þessu efni, en þar starfa nú stýrimannaskóli og vélskólabraut við framhaldsskólann þar. Horfur eru á því að skólahúsnæði losni á næstunni þegar viðbótarhúsnæði grunnskólans verður tekið í notkun.

Herra forseti. Ég hef rakið nokkra þætti sem nauðsynlegt er að hafa í huga við val á staðsetningu sjávarútvegsskóla Íslands. Þess má geta að atvinnumálanefnd Vestmannaeyja ályktaði á fundi sínum 9. júlí sl. að mæla með því við bæjarstjórn að hún beiti

sér fyrir stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum. Því virðist ljóst að hinum nýja sjávarútvegsskóla yrði tekið tveimur höndum í Vestmannaeyjum, enda er þar margt fyrir hendi nú þegar sem auðveldar slíkt skólahald.

Ég vænti þess að hæstv. ríkisstjórn láti hið fyrsta kanna möguleika á stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum. Með því að ákveða staðsetningu skólans þar væri einnig stigið mikilvægt skref til jafnvægis í byggðamálum eins og fyrirheit er gefið um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til félmn. með 44 shlj. atkv.

Opinber ferðamálastefna, fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 108. mál. — Þskj. 112.

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 112 sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, Guðna Ágústssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Inga Birni Albertssyni, Salome Þorkelsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni. Tillagan er um mótun opinberrar ferðamálastefnu og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að mótun opinberrar ferðamálastefnu. Í því skyni verði hraðað störfum nefndar sem skipuð var í júní 1987 til þess að undirbúa slíka stefnumörkun."

Ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein hér á landi. Á síðasta ári komu rúmlega 113 þúsund erlendir ferðamenn til landsins og hefur aukningin verið um 15% milli ára síðan 1980. Miðað við að þróunin verði svipuð fram til næstu aldamóta er gert ráð fyrir að erlendir ferðamenn verði þá orðnir um 400 þúsund á ári.

Þá hafa ferðalög Íslendinga innanlands aukist á síðustu árum, svo og ferðir Íslendinga til útlanda.

Ljóst er að til þess að geta tekið við þessari gífurlegu aukningu ferðamanna þarf að verða mikil uppbygging á öllum sviðum ferðaþjónustunnar á allra næstu árum. Það er því orðið mjög brýnt að við Íslendingar mótum okkar ferðamálastefnu og lítum á ferðaiðnað sem raunverulega atvinnugrein. Þess má geta að á þessu ári er gert ráð fyrir að 5% af vinnuafli í landinu séu bundin við ferðaþjónustu og að laun og tengd gjöld við ferðaþjónustu nemi 7–8% af heildarlaunagreiðslum í landinu.

Gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðamönnum hafa farið hraðvaxandi á undanförnum árum og námu á síðasta ári 4,6 milljörðum kr.

Að frumkvæði Ferðamálaráðs og með fjárstyrk frá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna var bandarískt fyrirtæki fengið til þess að vinna tillögur að ferðamálastefnu á árunum 1972–1975. Tillögur þessar hlutu ekki náð fyrir augum stjórnvalda. Í framhaldi af því starfi voru samþykkt lög um skipan ferðamála, nr. 68/1976. Þessi lög voru síðan endurskoðuð árið 1985.

Árið 1981 skipaði þáv. samgrh. nefnd til að gera úttekt á þjóðfélagslegu gildi íslenskrar ferðamannaþjónustu og spá um þróun hennar á næstu árum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Ferðamálaráðs, Framkvæmdastofnunar ríkisins og samgrn. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í apríl 1983 þar sem m.a. eru gerðar tillögur um ákveðna ferðamálastefnu.

Í grg. þessarar nefndar kom fram að hún leit á skýrsluna sem áfanga í starfi sínu. Ljóst væri að einstakar tillögur hennar þyrfti að vinna í smáatriðum. Það verk taldi nefndin þó ekki ástæðu til að vinna fyrr en fyrir lægi „ákveðin viljayfirlýsing stjórnvalda um þá ferðamálastefnu, sem nefndin gerir tillögu um", eins og segir í inngangsorðum skýrslunnar.

Vorið 1986 var síðan samþykkt á Alþingi ályktun þar sem samgrh. er falið að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum og gera áætlun um úrbætur á grundvelli þeirrar úttektar. Verk þetta skyldi unnið í samráði við ferðamálasamtök í landinu. Skýrsla ráðuneytisins var gefin út í mars sl. Þessi skýrsla er mjög gagnleg heimild um stöðu ferðamála í landinu, en áætlun um úrbætur hefur ekki enn verið gerð.

Í skýrslunni er m.a. birtur úrdráttur úr skýrslum ferðamálasamtaka í einstökum landshlutum um stöðu ferðamála og möguleika til frekari uppbyggingar. Segja má að áherslan á nauðsyn þess að móta opinbera ferðamálastefnu sé eins og rauður þráður í skýrslunum frá ferðamálasamtökunum. Það ber að hafa í huga að þar tala þeir sem eru í nánustum tengslum við hið lifandi starf og gleggst skil kunna á því hvar skórinn kreppir.

Hin mikla aukning, sem orðið hefur á ferðalögum í heiminum eftir síðari heimsstyrjöldina, hefur gert það að verkum að stjórnvöld hinna ýmsu landa hafa ekki komist hjá því að móta stefnu í ferðamálum, ekki síst hjá þeim þjóðum sem hafa verulega atvinnu og gjaldeyristekjur af útlendum ferðamönnum.

Ef gera á alvöru úr því að nýta í miklum mæli möguleika Íslands sem ferðamannalands og aðseturs fyrir alþjóðlegt ráðstefnuhald verður vart lengur undan því vikist að Alþingi móti skýrari stefnu í þessum málaflokki. Í skýrslu samgönguráðuneytisins frá því í mars og í skýrslu nefndarinnar frá 1983 eru fyrir hendi upplýsingar sem byggja má slíka stefnumörkun á.

Í ferðamálum þarf m.a. að marka stefnu varðandi stuðning hins opinbera við fjárfestingar á sviði ferðamála og skipulag slíkra fjárfestinga, fræðslumál atvinnugreinarinnar og kynningarmál. Einnig þarf

að taka afstöðu til verndunar viðkvæmra landsvæða og annarra þátta er snerta umgengni um landið. Þá þarf að stuðla að æskilegri dreifingu ferðamanna um landið með því að opna nýjar ferðaleiðir og nýta ýmislegt sem ferðamenn hafa yfirleitt ekki aðgang að nú. Áherslu þarf að leggja á að lengja ferðamannatímann og auka ráðstefnuhald og afmarka þarf starfssvið Ferðaþjónustu bænda.

Eins og áður er að vikið er reiknað með mikilli fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi næstu árin. Til þess að hægt sé að taka við þessum aukna fjölda ferðamanna þarf að verða mikil uppbygging í ferðaþjónustu á öllum sviðum.

Mikil breyting hefur orðið til batnaðar í þessum efnum undanfarin ár, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Langflestir ferðamenn eiga fyrstu og síðustu viðdvöl í Reykjavík og nágrenni og er þessi mikla uppbygging þar því lykill að uppbyggingu sem verða þarf annars staðar á landinu.

Til þess að koma í veg fyrir örtröð á fjölsóttustu ferðastöðunum, svo sem í uppsveitum Árnessýslu og á Mývatnssvæðinu, þarf í auknum mæli að beina ferðamönnum til annarra landsvæða, sem sum hver hafa ekki síður aðdráttarafl en þau svæði sem nú eru fjölsóttust. Má þar nefna Borgarfjörð og Snæfellsnes, Breiðafjarðarsvæðið, Skaftafellssýslur, Vestmannaeyjar og Fljótsdalshérað. Stuðla þarf að uppbyggingu ferðaþjónustunnar á þessum svæðum og skapa með því skilyrði til bættrar nýtingar og lengingar á ferðamannatímanum.

Einn af kostum ferðaþjónustu er hversu atvinnuskapandi hún er. Mikilvægt er að hugað sé að menntunarmálum þess fólks sem vinnur við ferðaþjónustu. Þar má nefna nám í hótel- og veitingagreinum og menntun fólks sem annast móttöku, leiðsögn og skipulag ferðamála. Kanna þarf möguleika á því að fjölbrautaskólar landsins bjóði nemendum sínum nám í þessum greinum. Næsta haust mun Menntaskólinn í Kópavogi bjóða nemendum sínum nám í ýmsum greinum ferðaiðnaðar og á Kirkjubæjarklaustri er ráðgert að námsbraut í ferðaiðnaði verði tekin upp við framhaldsskóla þar næsta haust.

Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir atvinnugreinina að námsframboð og námsskipulag á þessu sviði verði samræmt fyrir landið allt sem fyrst. Þá þarf við mótun ferðamálastefnu að taka afstöðu til verndunar viðkvæmra landsvæða og annarra þátta er snerta umgengni um landið.

Í gildandi lögum um skipan ferðamála er gert ráð fyrir að 10%-gjald af vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík verði ráðstafað óskertu til ferðamála. Við þetta ákvæði laganna hefur ekki verið staðið. Ljóst er að gífurlegt fjármagn þarf til uppbyggingar ferðaþjónustu á næstu árum. Því þarf að leita nýrra leiða til þess að tryggja fjármagn, leiða sem full samstaða getur orðið um og tryggt er að verði staðið við.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu leitast við að rökstyðja það hversu þýðingarmikið er að marka stefnu fyrir þessa ungu atvinnugrein og koma með því í veg fyrir mistök í skipulagi og fjárfestingum sem reynst gætu dýrkeypt.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að þessari till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. atvmn.

Umræðu frestað.

Samgöngur á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. JHall, 103. mál. — Þskj. 107.

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 107 um samgöngur á Austurlandi og hljóðar tillagan svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsóknir á möguleikum til að koma á vegasambandi milli byggða á Austurlandi, sem samræmist þörfum og kröfum nútíðar og framtíðar, og gera áætlun um framkvæmdir, einkum við þá fjallvegi um miðbik Austurlands, sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, m.a. með því að beita nútímatækni í jarðgangagerð. Byggðastofnun verði falið að hafa forgöngu um þessar rannsóknir og áætlanagerð í samráði við samtök sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Vegagerð ríkisins og aðra þá sem hafa þekkingu á þessum málum. Við mat framkvæmda verði tekið fullt tillit til ávinnings atvinnulífs og félagslegrar þjónustu af bættum samgöngum."

Herra forseti. Eins og fram kemur í tillögunni er hér á ferð gífurlega mikið hagsmunamál fyrir austfirskar byggðir. Það er okkur, sem sl. 10–15 ár höfum haldið fram fastmótuðum skoðunum um lausn tiltekinna örðugleika í samgöngum, mikil og óblandin ánægja að verða þess varir að merkja megi á allra síðustu árum nokkra hugarfarsbreytingu meðal þeirra sem um þessi mál fjalla innan stjórnsýslugeirans. Þessi breytta og batnandi afstaða lýsir sér m.a. í því að umræðan hefur tekið á sig meiri alvörublæ og að menn vilja taka valkosti eins og jarðgöng, vegsvalir og yfirbyggingu tiltekinna erfiðra vegkafla til skoðunar og samanburðar við hefðbundnar lausnir. Þessu ber vissulega að fagna.

Þá er vert að geta í þessu sambandi hinnar jákvæðu afstöðu sem lýsti sér í skipan svokallaðrar nefndar um jarðgangaáætlun sem fyrrv. samgrh. beitti sér fyrir, en skýrsla þeirrar nefndar kom út í mars á þessu ári og er að flestu leyti til fyrirmyndar.

Einnig er rétt að benda á ágæta og greinargóða skýrslu um jarðgöng á Vestfjörðum sem út kom á vegum Byggðastofnunar í júní á þessu ári, en höfundur hennar er Björn Jóhann Björnsson jarðfræðingur sem einnig er verkfræðingur að mennt. Þessa skýrslu Byggðastofnunar og samráðsaðila tel ég vera til hinnar mestu fyrirmyndar og að þær rannsóknir og lausnir sem þar koma fram séu það

ítarlega og vel unnar að samgönguyfirvöld og fjárveitingavaldið megi treysta og geti farið eftir í meginatriðum. Frá eldri tíma liggja fyrir ýmsar aðrar skýrslur og gögn í aðgengilegu formi sem varða þetta mál og of langt yrði upp að telja hér.

Það er á sama hátt eindregin skoðun mín að vandamál byggðaþróunar á miðausturlandi og tenging þess við Vopnafjarðarsvæðið verði ekki leyst til frambúðar með öðru móti en gert er ráð fyrir á Vestfjörðum, þ.e. með gerð jarðganga. Þrátt fyrir sáralitlar staðbundnar jarðfræðirannsóknir má þó hiklaust gefa sér þær forsendur að jarðgangagerð sé vel framkvæmanleg á Austurlandi og að kostnaður þurfi ekki að fara úr hófi fram. Menn greinir að vísu á um kostnaðarþáttinn. Svokallaðir sérfræðingar hafa til skamms tíma haldið því fram að óheppileg gerð berglaga, og þar af leiðandi meiri kostnaður, allt að því útilokaði þennan möguleika. Þessum rökum hefur að mestu verið hnekkt upp á síðkastið og úrtölu- og efasemdarmönnum vil ég benda á að skoða reynslu Færeyinga í þessu efni. Af löngum kynnum mínum af aðstæðum í vegagerð þar í landi hef ég fyrir margt löngu sannfærst um að þeirra leiðir til lausnar þessara vandamála gætu í flestum tilfellum líka verið okkar lausnir eða hvers vegna í ósköpunum ættu aðstæður að vera með svo ólíku sniði hér þegar einungis u.þ.b. 300 sjómílur skilja þessi tvö lönd að?

Það þykir vitaskuld ekki við hæfi á hinu háa Alþingi að væna eina stétt manna eða starfsgrein um sofandahátt í starfi eða að embættismenn leyni eða neiti augljósum staðreyndum. Á hitt vil ég benda, og það með nokkrum rétti, að vissulega er svokölluðum sérfræðingum, og þar með taldir vegagerðarmenn, nokkur vorkunn þar sem þeir kunna að hafa haft af því áhyggjur að ef verulegum fjármunum yrði ráðstafað til jarðgangagerðar kæmi það niður á uppbyggingarhraða varanlegrar vegagerðar eða lagningar bundins slitlags umhverfis landið. En auðvitað er slíkur þankagangur allsendis út í hött. Hér þarf að sjálfsögðu að afmarka hæfilega tekjustofna til hvors verkefnis um sig. Því miður er ég þess sannfærður að neikvæð umræða og afstaða ráðandi manna í þessu efni fyrr hefur valdið miklum skaða á undanförnum árum, jafnvel svo að ýtt hefur undir að fólk flytjist burt af svæðinu. Það að sjá ekki fram á að komast frá heimkynnum sínum, t.d. frá Seyðisfirði eða Neskaupstað, á næsta flugvöll í annars vegar 26 km fjarlægð og hins vegar 70 km fjarlægð svo jafnvel dögum skiptir er að sjálfsögðu óverjandi nú á dögum.

Við fáum aldrei ungt fólk í nokkrum mæli til að sætta sig við þetta ástand og því síður að úrbætur komi e.t.v. eftir 20–25 ár eins og gengið er út frá í upphafi texta skýrslu nefndar um jarðgöng frá í mars 1987. Ósjálfrátt verður manni á að hugsa til lausnarinnar, sem svo oft er bent á af þeim sem ekki vita hvaðan verðmætin koma eða á hverju Íslendingar lifa almennt, að flytja þetta „afdalafólk“ eða „vesalinga“ utan af landi bara í eina stóra blokk á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar með væri vandamálið úr sögunni. Og hér er vissulega komið að kjarna málsins. Hvað mundi slík byggðaröskun, ef af yrði, í rauninni þýða og hver ætti að fjármagna atvinnuuppbyggingu og afkomu þessa fólks í hinum nýju heimkynnum að ógleymdum yfirgefnum verðlausum eignum í heimabyggðinni?

Ég vek athygli á því að slíkir óheillahlutir hafa gerst á Íslandi og þeir geta endurtekið sig fyrr en varir sé ekki full aðgát höfð. Það að tryggja góðar samgöngur innan þessa svæðis yrði mesta bylting til bóta í aðstöðu almennings og atvinnulífs sem hægt væri að hugsa sér. Ég legg þunga áherslu á að hér er ekki um kjördæmapot að ræða heldur réttláta kröfu um nútímaleg vinnubrögð. Arðsemi þessara framkvæmda má undir engum kringumstæðum mæla í sparnaði umferðar, heldur ekki síður í hagkvæmum áhrifum á byggðaþróun, aukinni hagkvæmni atvinnufyrirtækja, dreifingu og notkun á vöru og þjónustu, sparnaði sem leiddi af sameiginlegri félagslegri þjónustu og þá ekki síst heilbrigðisþjónustu. Enginn vafi er á að þessi breyting mundi hafa í för með sér stórbætta aðstöðu til fjölþættrar menntunar og menn fengju notið sameiginlegra menningarviðburða án þess að þurfa að vera svo mjög háðir duttlungum náttúruafla á fjöllum uppi eins og nú er raunin.

Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að lögð sé mikil áhersla á arðsemi framkvæmda í ákveðinni forgangsröð. Þetta á ekki síður við um vegaframkvæmdir en aðrar framkvæmdir. En við mat á arðsemi vegaframkvæmda er mér tjáð að notað sé afar einfalt kerfi. Reiknaður er sparnaður umferðar af vegabótum annars vegar og sparnaður Vegagerðar ríkisins hins vegar. Með þessu móti tel ég að ekki mælist nema hluti arðseminnar og e.t.v. minni hlutinn.

Tilgangur vegagerðar er í mínum huga að þjóna atvinnulífi og félagslegum þörfum fólks. Meginhluti arðseminnar ætti því að skila sér í sparnaði til handa atvinnulífi og félagslegri þjónustu. Það eru til mýmörg dæmi um mikla arðsemi á þessum sviðum sem komið hefur í ljós þegar samgöngur hafa verið stórbættar milli staða. Því er lögð áhersla á að þessi atriði verði skoðuð vel þegar framkvæmdir þær sem hér er um fjallað verða metnar til arðsemi. Hvers vegna skyldu menn ekki taka inn í arðsemisþáttinn beinan sparnað við endurbyggingu og viðhald dreifikerfis rafmagns og síma og hugsanlega samnýtingu annarra veitukerfa, sparnað við styttri og auðveldari lagnir rafmagns, fyrirsjáanlega lögn ljósleiðara með gífurlegum kostnaði ef fara á yfir fjöll og firnindi, dreifingu hljóðvarps og sjónvarps o.s.frv.?

Jafnframt þurfa menn að hafa í huga að það sem var talið fjarstæðukennt og útilokað í gær gæti verið orðinn fýsilegur kostur í dag, svo örar eru tækniframfarir nútímans og þar er jarðgangagerð ekki undanskilin.

Eins og till. ber með sér er lagt til að Byggðastofnun verði falið að hafa forgöngu um rannsóknir þessar og gerð framkvæmdaáætlunar. Má í því

sambandi vísa til sambærilegra vinnubragða sem viðhöfð voru og útfærð sameiginlega af þeirri stofnun og Fjórðungssambandi Vestfirðinga við gerð skýrslunnar um jarðgöng á Vestfjörðum á sl. vetri, svo sem fyrr er fram komið.

Byggðastofnun er sem kunnugt er ekki tæknileg sérfræðistofnun á sviði vegamála. Byggðamál og byggðaþróun verða þó ekki slitin frá efnahags- og félagsmálaþætti og má því ætla að þessi stofnun hafi meiri skilning og yfirsýn en e.t.v. aðrar sérhæfðar ríkisstofnanir, enda ætti Byggðastofnun að búa yfir meiri þekkingu og færni til að meta aðstæður og möguleika á að ráða fram úr vandamálum þessa landsvæðis, enda sérfræðistofnun á því sviði. Þá ætti ekki að spilla reynsla ýmissa starfsmanna í hvers konar áætlunargerð. Ég tel því að með því að hafa samráð við aðrar opinberar stofnanir og þá aðra sem veitt geta þekkingu, ráðgjafa og sérfræðinga, innlenda og erlenda, á þessu sviði sé Byggðastofnun best til þess fallin að meta raunverulega arðsemi og gagnsemi þessara nauðsynlegu umbóta í samgöngum á Austurlandi sem segja má að snerti flesta þætti mannlegs samfélags.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til atvmn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur ekki reynt á hvort langan tíma tæki að ljúka hér umræðu um 4. dagskrármálið og mér finnst eðlilegt að freista þess að málinu megi ljúka þannig að þeir þm. sem eru á mælendaskrá geti talað í beinu samhengi en komi ekki eins og álfur út úr hól einhvern tímann síðar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræðunni hefur verið frestað, og það hefur fleiri umræðum verið frestað hér í dag. Það hefur verið frestað umræðu sem hefur staðið í nær tvo tíma í dag. Forseti metur það svo að best fari á því að það væri hægt að ljúka þeirri umræðu og hann mun freista þess að svo megi verða. Hin málin voru tekin til umræðu af sérstökum ástæðum og forseti þarf ekki að endurtaka hvers vegna.

Það er þeim mun eðlilegra að ljúka máli hinnar löngu umræðu á þessum fundi þar sem það er vika þar til fundur verður í sameinuðu Alþingi næst nema við kjósum að hafa kvöldfund í kvöld og ég geri ráð fyrir að menn óski ekki sérstaklega eftir því. Með tilliti til þessa verður nú freistað að ljúka umræðunni um 4. dagskrármálið og verður tekin til umræðu á ný till. til þál. um rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík, frh. umræðu. Það skal tekið fram að það er ekki verið að takmarka umræður af hálfu forseta. Það eru hins vegar tilmæli til þeirra sem eru á mælendaskrá um að leitast við að ljúka umræðunni ef mönnum sýnist að það sé betra en að hafa kvöldfund. Það eru fjórir hv. þm. nú á mælendaskrá.

Umræðu frestað.

Rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 59. mál. — Þskj. 61.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Umræðan hefur nokkuð kólnað, þessi umræða um 4. málið, enda margir farnir úr salnum sem tóku þátt í henni áðan. En þegar hún stóð sem hæst datt mér í hug að menn gerðu mikið úr því að tilfinningar kynnu að liggja að baki málflutningi þeirra sem hafa áhyggjur af lífríki Tjarnarinnar. Þó fannst mér heitastar tilfinningar ólga í máli þeirra sem mest lögðu áherslu á málefnalegan málflutning. Og síðan hvenær gera hv. þm. það hér á Alþingi að rjúfa tengsl heila og hjarta í málflutningi sínum? Ég minni hv. þm. á að það voru heitar tilfinningar sem lágu að baki þeim þáltill. sem vörðuðu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, án þess að ég ætli að jafna því máli og þessu. Þá þótti engum vansi að því að hafa heitar tilfinningar með í spilinu. Nei, við skulum ekki vanmeta hlutverk eða sess tilfinninga í máli okkar og baráttu fyrir þeim málum sem við teljum réttlætismál. Hins vegar hafa tilfinningarnar ekki borið ofurliði stuðningsmenn þessa máls né haft slæm áhrif á málefnalega umræðu þeirra að mínu mati.

Ýmsir hv. þm. hafa dregið í efa að væntanleg bygging ráðhúss við Tjörnina muni hafa áhrif á lífríki hennar. Má ég þá vitna efnislega til orða hv. borgarstjóra sjálfs í útvarpsþætti fyrir skemmstu. Þar lýsti hann yfir því að hann hefði áhyggjur af því hve lítið væri vitað um aðdraganda þeirra vatna sem renna í Tjörnina og það þyrfti sannarlega að rannsaka. Vitanlega er þetta vatn hluti að og reyndar undirstaða fyrir lífríki Tjarnarinnar. Hann fullyrti sem sagt sjálfur að ekki væri vitað um grundvallaratriði í sambandi við þessa tjörn og það sem heldur uppi lífríki hennar.

Síðan var vikið að öðru máli og það var fylling Tjarnarinnar, en fnykurinn af þeirri fyllingu fór fyrir brjóstið á hv. 3. þm. Vesturl. og væntanlega fleirum. Hvort sem það var í þágu hans eða annarra vildi hv. borgarstjóri grafa ofan í Tjörnina til þess hún fylltist ekki upp og þornaði. Náttúrufræðingar höfðu áhyggjur af því og ráðlögðu frá því vegna þess að þeir sögðu að það mundi líklega taka þrjú ár fyrir Tjörnina að fyllast á ný. Borgarstjóri vissi það ekki heldur í raun hve lengi Tjörnin yrði að jafna sig en hann tók áhættuna af því að hann er djarfur maður. Hann tók áhættuna á því að grafa ofan í Tjörnina og dýpka hana. Og viti menn: Sérfræðingarnir sem héldu að það tæki þrjú ár fyrir hana að fylla sig hljóta að hafa verið undrandi. Borgarstjóri vissi ekki heldur hvað það tæki langan tíma, en Tjörnin fylltist á þrem dögum. Þetta sýnir hve lítið er vitað um lífríki Tjarnarinnar.

Bara þetta, sem kom fram í málflutningi borgarstjóra sjálfs, eru nægilegar ástæður fyrir því að rannsaka lífríki Tjarnarinnar. Hann kemur með sterkustu rökin fyrir því sjálfur.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég kem aðallega upp þar sem ég er einn af flm. þáltill. og til að svara því sem hér hefur komið fram varðandi stjórnskipun og annað er varðar þetta mál.

Hér hefur verið mikið rætt um hverjir eigi að taka á þessu máli, hvort það eigi að vera sveitarstjórnir og Reykjavíkurborg þá eða hvort þetta á að vera í höndum ríkisvaldsins eða ríkisstjórnarinnar. Þegar ég skrifaði undir að vera meðflm. að þessari þáltill. leit ég þannig á að hér væri verið að athuga hvort sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, væri að fara rétt að málum með tilliti til 29. gr. laga um náttúruvernd. Og það er einmitt kjarni þessa máls. Hann er sá stjórnskipunarlega hvort Reykjavíkurborg hafi farið eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett sveitarstjórnum sem öðrum að fara eftir. Það er ein af grundvallarreglum Alþingis að sjá til þess að framkvæmdarvaldið fari ekki út fyrir það starfssvið sem það hefur og það bitni á borgurum þessa lands, Reykvíkingum sem öðrum landsmönnum.

Það er Tjörnin sem hér er aðallega til umræðu, en því miður hefur umræðan farið langt út fyrir það og kannski langt út fyrir velsæmismörk oft og tíðum.

Í 29. gr. laga um náttúruvernd ákvað Alþingi að setja þeim sem spilla vildi ákveðnum náttúruminjum ákveðin mörk að leita álits Náttúruverndarráðs um breytingar ef þær náttúruminjar mundu skipta um svip. Þetta er í mínum huga aðalatriði þessa máls en ekki hvort einstakir fuglar þrífist þarna eða ekki og lífríkið í Tjörninni.

Ég held að þetta sé kjarninn í till., að Alþingi feli ríkisstjórninni og þá félmrh. sem æðra stjórnvaldi yfir sveitarstjórnum að komast að samkomulagi um þessi atriði. Ég vil sem sagt taka undir það sem hér hefur komið fram í þá veru.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það eru ummæli hv. 2. þm. Norðurl. e. sem komu mér upp í ræðustól aftur. Hann gaf í skyn að vegna þess að ég fæ ekki lengur að vera í Sjálfstfl. sé auðséð og auðheyrt að ég hafi skipt um skoðun á því máli sem hér er til umræðu, þ.e. staðsetningu ráðhúss á svæði sem er lögverndað að mati margra sem hér hafa talað. Ég vil upplýsa hv. Alþingi og þá sérstaklega hv. 2. þm. Norðurl. e. um að það bar enginn annar borgarfulltrúi Sjálfstfl. í Reykjavík fram tillögu um ráðhússbyggingu eftir að ráðhús hafði verið samþykkt á sínum tíma samkvæmt tillögu fyrrverandi borgarstjóra, Gunnars Thoroddsens, og staðsett í tjarnarendanum þar sem nú er talað um að setja nýtt ráðhús. Það ráðhús sem fyrrverandi borgarstjóri fékk samþykkt var samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum í borgarstjórn, en borgarbúar komu í veg fyrir staðsetninguna. Eftir það bjóst ég ekki við að ágreiningur yrði aftur meðal borgarbúa um staðsetningu á ráðhúsi á sama stað og borgarbúar höfðu þegar hafnað þrátt fyrir einróma afstöðu borgarstjórnar á sínum tíma.

Ég kom með tillögu um ráðhúsbyggingu í Reykjavík og ég vissi ekki til þess að það væri neitt við það að athuga af hendi Sjálfstfl. á sínum tíma. Við höfum verið sammála um að það þyrfti að reisa ráðhús í Reykjavík. Það datt engum í hug að staðsetja ráðhúsið á þeim stað sem Reykvíkingar höfðu þegar hafnað.

Ég get þess líka að það var enginn annar borgarfulltrúi en ég sem kom með tillögu, sem var samþykkt bæði í Sjálfstfl. og í borgarstjórn, um að laga í kringum Tjörnina. Það gekk svo langt að þegar vinstri meiri hlutinn náði völdum í borgarstjórn ætlaði hann að byrja framkvæmdir í Tjörninni, ekki við Tjörnina sjálfa, að laga kantana og umhverfið eins og ég hafði gert ráð fyrir, heldur að fylla hana af alls konar skrauti, tréplönkum og dóti sem ég vissi aldrei hvernig átti að vera, en alla vega stóð til að fylla Tjörnina slíku tréverki. Sem betur fer varð aldrei úr því.

En ég vil upplýsa hv. 2. þm. Norðurl. e. um að tillögur um ráðhúsbyggingu og tillögur um lagfæringu Tjarnarinnar komu frá mér hvað eftir annað í borgarstjórn og það var enginn ágreiningur í Sjálfstfl. þegar ég var þar.

Ég vísa því heim til föðurhúsanna að gripið sé til þannig málflutnings vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram sé verið að veitast að borgarstjórn eða forustu borgarstjórnarmeirihlutans án þess að hann sé viðstaddur til að taka upp hanskann eða verja sig. Þetta er svo lágkúrulegt að það er varla svaravert. En úr því að það er komið fram er best að taka upp málið og spyrja: Hvers vegna hagar borgarstjóri málflutningi sínum eins og hann gerði í lokuðum útvarpsþætti fyrir nokkrum dögum um þetta mál? Ég hef ekki gert mér far um að kynna mér hvað hann hefur sagt í borgarstjórn, við höfum ekki sem þingmenn aðgang að þeim vettvangi til að verja okkur, en í útvarpsþættinum sagði hann: Hvað eru þingmenn Reykvíkinga að skipta sér af þessu máli? Þeir hafa aldrei komið nálægt málum Reykvíkinga og þeim kemur þetta ekkert við.

Ég verð að segja alveg eins og er að alþm. Reykvíkinga kemur við allt sem snertir Reykjavík og ekki bara Reykjavík heldur langt út fyrir það.

Ég mótmæli því að það sé hægt að kalla það, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að setja stein í götu borgarstjórnarmeirihlutans að vera ósammála honum. Skárra væri það nú ef ætti að lögbinda það að menn mættu ekki vera ósammála borgarstjórnarmeirihlutanum. Það á kannski að lögsetja það að menn megi alls ekki vera ósammála þessum nokkru hræðum sem enn þá eru eftir í Sjálfstfl. á Alþingi!

Nei, ég fagna því og mun styðja borgarstjóra í þeim verkum sem við vorum sammála um og snerta ráðhús í Reykjavík. Ég veit að hann sem djarfur ungur maður á eftir að byggja ráðhús í Reykjavík þó svo að Reykvíkingar mótmæli þessari staðsetningu. Það ráðhús sem hann á eftir að byggja verður áreiðanlega glæsilegt ráðhús sem setur svip sinn á höfuðborgina. Ég treysti fáum betur en honum í það. Þetta er röskur maður, skemmtilegur og mjög gaman að starfa með honum. Ég lít á hann sem félaga minn í pólitík þó við séum í mismunandi sjálfstæðisflokkum, skulum við segja, í dag.

En hv. þm. talaði líka um alþingishús. Ég var með tillögu í borgarstjórn sem snertir alþingishúsið. Hún var svo kolfelld af þáverandi hæstvirtum forseta sameinaðs Alþingis sem var Eysteinn Jónsson. Hann sá ástæðu til að hlaupa til og samþykkja einmitt að alþingishús skyldi byggt hér á þessum stað strax og sú tillaga kom fram. Tillaga mín var fólgin í því að alþingishúsið yrði byggt annars staðar í Reykjavík en hér í Kvosinni. Ég var helst með í huga fallegt svæði fyrir alþingishús, ósnortið svæði sem væri hægt að byggja upp á mjög fallegan og nýtískulegan hátt. Það var Rauðavatnssvæðið. Og einmitt í framhaldi af því var ég með þá hugmynd að Alþingishúsið gæti orðið ráðhús, Reykjavíkurborg keypti Alþingishúsið og Alþingishúsið gæti orðið ráðhús Reykvíkinga. Ef ekki, þá a.m.k. safnahús. Þá yrði Reykjavík að byggja sitt ráðhús og Alþingi að byggja sitt alþingishús annars staðar þar sem pláss er fyrir starfsemina.

Sem sagt, það er ekki ágreiningur um að byggja ráðhús, ég styð borgarstjóra í því, en það er ágreiningur um staðsetninguna. Ég vil endurtaka það að tillaga um ráðhús og Tjörnina var flutt af mér hvað eftir annað í borgarstjórn og þá samþykkt án ágreinings í Sjálfstfl. og ég veit ekki til þess að við séum ósammála um það. Þegar ég segi að ég hafi flutt hvað eftir annað tillögu um ráðhús er það ekki rétt, það var einu sinni gert, en hvað eftir annað tillaga um lagfæringu á Tjörninni og Tjarnarumhverfinu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði mjög gjarnan viljað láta það afskiptalaust og geta látið það afskiptalaust með öllu og leyfa mér að hafa á því nákvæmlega enga skoðun hvar Reykvíkingar byggja hús yfir sína starfsemi.

Tvennt gerir það að verkum að mér finnst fyllilega eðlilegt og réttmætt að taka þetta mál upp hér á Alþingi. Hið fyrra er að fyrirhuguð staðsetning ráðhússins snertir umhverfisvernd. Það að vernda náttúru og lífríki er sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, ekki einstakra sveitarfélaga. Tjörnin og næsta nágrenni hennar hér í Reykjavík er sennilega annað af tveimur mestu sérkennum dýralífs og náttúru innan marka höfuðborgarinnar en hitt væru þá Elliðaárnar, laxgengar ár inni í miðri höfuðborginni. Ég held að náttúruverðmæti sem eru á náttúruminjaskrá og setja jafnsterkan svip á sitt umhverfi eins og Tjörnin gerir heyri til sameiginlegra verðmæta allrar þjóðarinnar og það er að sjálfsögðu fyllilega eðlilegt að hv. þm., úr hvaða kjördæmum sem þeir annars eru, hafi á því skoðun.

Hið síðara sem gerir það að verkum að það er bæði tímabært og eðlilegt að ræða svolítið þessa fyrirhuguðu ráðhúsbyggingu hér í Kvosinni er auðvitað hin mikla opinbera starfsemi sem er á svæðinu til viðbótar þessu. Það stendur nú einmitt þannig á, virðulegur forseti, eins og ég veit að virðulegum forseta er manna best kunnugt, að þar hafa menn verið að taka ákvarðanir eða eru að undirbúa ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á þetta svæði, Kvosina. Stjórnarráð Íslands og ýmis ráðuneyti hafa verið að festa kaup á húsnæði hér í nágrenninu sem auðvitað þýðir að verið er að búa þeirri starfsemi framtíðarstað hér á svæðinu. Nýlega er búið að byggja yfir Seðlabanka þjóðarinnar, ekkert smáhýsi, og þar verða fleiri opinber embætti eða opinberir aðilar með sína starfsemi. Svo er að síðustu en ekki síst áform Alþingis um byggingu hér á þessari lóð.

Ég held að það sé misskilningur hjá Halldóri Blöndal, hv. 2. þm. Norðurl. e., að stilla málunum upp eins og hann gerði í sinni ræðu. Það stendur ekki til að fara að flytja Alþingi og starfsemi þess hingað í Kvosina. Hér hefur Alþingi verið og starfað í talsvert á annað hundrað ár eins og hv. þm. væntanlega veit. Hann talaði eins og Alþingi hefði verið á Þingvöllum og það stæði til með nýrri byggingu að fara að flytja starfsemi þess í Kvosina. Hún er hér fyrir. Með ráðhúsið gegnir hins vegar öðru máli vegna þess að ég hef skilið það svo, þó ég sé ekki vel að mér um innri málefni Reykjavíkurborgar, að talsverð starfsemi sem fer fram annars staðar eigi að flytjast hingað í hið nýja ráðhús. Þar af leiðandi myndi þessi uppbygging þýða að umferð sem áður hefur beinst að öðrum stöðum í borginni dregst hingað niður í Kvosina. T.d. á öll sú starfsemi sem er inni við Höfða eða inni í Borgartúni væntanlega að koma hingað í hið nýja ráðhús. Það er nákvæmlega þetta sem ég held að Alþingi og forsetar Alþingis, fyrir hönd Alþingis, eigi að ræða við borgarstjórn Reykjavíkur. Er það ekki meiningin að Alþingi verði til húsa og starfi hér á þessi svæði? Og er ekki líklegt að ef ein stórbygging, eins og ráðhús hér við Tjörnina, mætir svona mikilli andstöðu verði andstaðan tvöfalt meiri ef hér eiga að fara að rísa tvær stórbyggingar svo að segja samtímis á þessu viðkvæma svæði?

Ég legg því til, virðulegur forseti, að hugað verði að því, á meðan tími vinnst til, að ræða þessi mál í samhengi og við borgarstjórn og borgarstjóra Reykjavíkur. Ef ekki sýnist mér miðað við áætlaðan framkvæmdahraða hjá borginni og þann mikla kraft sem virðist nú allt í einu eiga að setja í þessa ráðhússbyggingu, á sama tíma og hv. Alþingi fer sér rólega, sem eðlilegt er, og vill vanda til við úrlausn á sínum húsnæðismálum, að við hv. alþm. stöndum frammi fyrir gerðum hlut, þetta ráðhús verði þegar komið af stað þegar til þess kemur að taka ákvörðun um frekari uppbyggingu hér á Alþingi. Og þá fer kannski svo að það kemur í hlut Kópavogs eða annarra nágrannasveitarfélaga að leggja fleirum til land undir höfuðstöðvar sínar en Sambandinu einu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

EFRI DEILD

10. fundur, þriðjudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1988, 1. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 66.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga sem er 63. mál þessa þings. Lögum samkvæmt ber að leggja fram fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. samtímis. Það mun vera í anda þeirra laga að um ríkisfjármálin sé fjallað í heild sinni, enda eru lánsfjárlög óhjákvæmilega eðli málsins skv. mjög mótuð af niðurstöðum fjárlaga. Forsendur lánsfjárlagafrv. mótast m.ö.o. af því meginmarkmiði fjárlagafrv. að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári.

Hallalaus fjárlög endurspeglast þegar í minni lánsfjárþörf, svo sem sjá má af þessu frv. til lánsfjárlaga. Þar er stefnt að miklum samdrætti í erlendum lántökum. Ríkissjóður tekur þannig engin ný erlend lán á næsta ári. Erlendar lántökur opinberra aðila í heild lækka úr 3 milljörðum kr. á yfirstandandi ári í 900 millj. kr. skv. lánsfjárlögum 1988. Jafnframt er dregið úr erlendum lántökuheimildum einkaaðila með sérstöku lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð. Heildarlánsfjáröflun allra opinberra aðila lækkar verulega á árinu 1988 eða um 3,6 milljarða kr. Í heild lækka erlendar skuldir ríkisins úr 18% af landsframleiðslu á árinu 1986 í 13% samkvæmt áætlun í árslok 1988 gangi þessar áætlanir eftir.

Í samræmi við þá stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar að draga úr ríkisafskiptum af almennum atvinnurekstri hefur ríkisábyrgðum af lántökum fjárfestingarlánasjóða verið aflétt til að ýta undir sjálfstæðara áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Þrátt fyrir aukna áherslu á innlenda lánsfjáröflun er hlutdeild opinberra aðila á innlendum lánamarkaði heldur minni að raungildi en á síðasta ári ef frá eru skildir samningar byggingarlánasjóðanna við lífeyrissjóðina vegna fjármögnunar húsnæðislánakerfisins.

Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Markmiðið er að hverfa frá skiptingu þeirra eftir hefðbundnum atvinnugreinum þannig að nýjar greinar standi jafnvel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur að frumkvæði hæstv. forsrh. til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent áhættufjármagn í íslensku atvinnulífi. Að því er stefnt að áhættufé, innlent eða erlent, geti í vaxandi mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Í samanburði við endurskoðaða áætlun árið 1987 lækkar lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á næsta ári sem fyrr segir um 3600 millj. kr. Helsta skýringin á því er sú að afkoma ríkissjóðs batnar úr u.þ.b. 2,3 milljarða tekjuhalla 1987 í áformaðan jöfnuð á árinu 1988. Af þeim 5200 millj. kr. sem opinberir aðilar munu afla með lánum á næsta ári verða 4,3 milljarðar teknir að láni innanlands en einungis 900 millj. kr. erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2250 millj. kr. Afborganir umfram erlendar lántökur opinberra aðila eru því áætlaðar 1350 millj. kr. á árinu 1988. Þrátt fyrir þessa aðhaldssemi í opinberum lántökum er heildarniðurstaðan samt sú að hreint innstreymi erlendra lána þjóðarbúsins í heild nemur 1800 millj. Það getur ekki talist nægilega góður árangur eftir tveggja til þriggja ára góðæri sem hefur lýst sér í örari hagvexti og meiri gjaldeyristekjum en nokkru sinni fyrr. Þetta aukna innstreymi erlends lánsfjár er þó fyrst og fremst á vegum einkaaðila. Þannig má segja að með þessu lánsfjárlagafrv. gangi hið opinbera á undan með góðu fordæmi að því er varðar lánsfjáröflun.

Mikill hagvöxtur liðinna ára ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar mjög verulega. Það lækkar úr 47,1% af vergri landsframleiðslu, eins og það var 1986, í 40% á árinu 1987, en áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði þá um 35%. Því miður er það þó svo að staða þjóðarbúsins mun ekki batna jafnmikið og þessar tölur segja til um gagnvart útlöndum þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt, en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á árinu 1988. Hrein skuldastaða við útlönd var 45,5% vergrar landsframleiðslu árið 1986, en er talin verða um 37% á yfirstandandi ári og 33% á árinu 1988.

Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst 24,3% á árinu 1984 en hefur lækkað síðan, bæði vegna aukins útflutnings og vaxandi gjaldeyristekna og hins vegar vegna vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána voru á bilinu 10–12% á árunum 1980–1984 en lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæplega 8% á yfirstandandi ári og því næsta. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986, en er áætluð rúmlega 8% á yfirstandandi ári og því næsta.

Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 eru heildarlántökur, að frátöldum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, áætlaðar 20 300 millj. kr. samanborið við 18 000 millj. í lánsfjárlögum 1987. Ráðgert er að afla 12,3 milljarða kr. innanlands á árinu 1988 og 8 milljarða kr. með erlendum lántökum. Markverð breyting á lánsfjáröfluninni er fólgin í aukinni áherslu á innlenda lánsfjáröflun. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar eykst töluvert milli ára eða um rúmlega 6% sem hlutfall af heildarlántökum af lánsfjáráætlun og verður um 60%. Af innlendum lántökum eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða af bygg-

ingarsjóðunum veigamest eða um helmingur. Hinn helmingur innlendrar lánsfjáröflunar skiptist á sölu spariskírteina, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku.

Aukning í innlendri lánsfjáröflun skýrist af sjálfvirkum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðum. Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að raungildi á undanförnum árum. Þessu valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttarauknингu síðustu þriggja ára. Þá hefur breyting á iðgjaldastofninum haft mikil áhrif.

Nýlega voru undirritaðir samningar þessara aðila um kjör bréfanna á tímabilinu 1988–1990, kjör þessara bréfa á árinu 1988 miðað við fasta vexti 7% og 15 ára lánstíma.

Sala spariskírteina eykst úr 1500 millj. kr. í ár í 3000 millj. 1988. Þessa miklu aukningu verður að skoða með hliðsjón af áætlaðri innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé er talið að skili sér aftur í nýjum bréfum. Áætluð innlausn eykst um rúmar 1500 millj. kr. milli ára þannig að hrein fjáröflun sem ríkissjóður áformar að ná með þessum hætti á árinu 1988 er svipuð og á yfirstandandi ári eða aðeins 250 millj. kr.

Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf og ríkisvíxla fyrir 1200 millj. kr. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnana á árinu. Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 millj. kr.

Samkvæmt framansögðu hefur náðst samkomulag um nálægt helming innlendrar lánsfjáröflunar á næsta ári. Óumsaminn hluti innlendrar lánsfjáröflunar er svipaður að krónutölu og gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum 1987. Því sýnist ljóst að ekki virðast vera lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé og annað innlent fjármagn og hefur það óhjákvæmilega áhrif á vexti.

Höfuðforsenda aðhaldssamrar peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innanlands fari ekki úr böndunum, eins og reyndin varð á yfirstandandi ári, og vinni þannig ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda og aðgerðum þeirra á innlendum fjármagnsmarkaði. Skref í þá átt var stigið í septembermánuði sl. með nýjum reglum viðskrn. um erlendar lántökur og kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga vegna innflutnings á vélum og tækjum.

Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur þjóðarbúsins til lengri tíma en eins árs verði um 12 440 millj. kr. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8215 millj. kr. Hér er verið að tala um árið 1987. Það er því ljóst að lántökuáformin fóru mjög verulega úr böndunum. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lántökum einkaaðila. M.a. er talið að fjármögnunarleigur muni taka erlend lán að fjárhæð rúmlega 2 milljarðar kr. á árinu 1987.

Afborganir af löngum lánum eru taldar nema 5750 millj. kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6690 millj. kr. Það er um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar með skammtímahreyfingum hingað til, en verða nú framvegis taldar með langtímalánum.

Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði a.m.k. 2400 millj. kr. á yfirstandandi ári sem er um 1,42% af landsframleiðslu ársins. Reiknað er með að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og er hann nú áætlaður 4,4 milljarðar kr. eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar 8 milljarðar kr. en afborganir eins og áður sagði 6,2 milljarðar kr.

Fjármunamyndun hér á landi hefur verið um og yfir fjórðung af landsframleiðslunni síðasta áratug og fram á þennan. Það er verulega hátt hlutfall á alþjóðlegan mælikvarða. Á allra seinustu árum hefur þetta hlutfall farið lækkandi og er áætlað um 17,6% á yfirstandandi ári og um 17,1% á árinu 1988. Þrátt fyrir lækkun hlutfallsins á næsta ári eykst fjárfestingin að magni til um 1,5% milli ára. Aukningin stafar af auknum innflutningi skipa. Gert er ráð fyrir að hin almenna fjármunamyndun dragist saman um 0,5% en hún er talin aukast um hvorki meira né minna en 6% á yfirstandandi ári.

Á árinu 1988 er talið að fjárfesting atvinnuvega aukist um 1,2%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhúsnæði aukist um 7%. Aftur á móti er gert ráð fyrir að framkvæmdir hins opinbera dragist saman um 1,8%.

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 11 milljarðar 160 millj. kr. á árinu 1988. Í því felst lítils háttar samdráttur samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 1,8% eins og áður sagði.

Á undanförnum árum hefur fjárfesting hins opinbera sveiflast nokkuð milli ára. Þannig er útlit fyrir að hún aukist um 7,2% á yfirstandandi ári borið saman við 4,6% samdrátt á árinu 1986 og um 8,5% samdrátt á árinu 1985. Leita þarf aftur til ársins 1984 eftir aukningu í opinberri fjárfestingu, en þá jókst hún um 1½% frá árinu þar á undan, 1983.

Hlutdeild opinberra framkvæmda í heildarfjárfestingu landsmanna hefur dregist verulega saman frá því sem var á 8. áratugnum. Á þeim tíma voru opinberar framkvæmdir um þriðjungur framkvæmda en eru nú u.þ.b. fjórðungur. Þetta skýrist einkum af minni hitaveitu- og raforkuframkvæmdum nú samanborið við síðasta áratug þegar þessar framkvæmdir voru hvað mestar.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum fari minnkandi. Þessari stefnu er til skila haldið í þessu frv. og frv. til fjárlaga 1988. T.d. verður ríkisábyrgðum af lántökum atvinnuvegasjóða aflétt til að ýta undir sjálfstætt áhættumat og auknar

arðsemiskröfur. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða eins og fyrr sagði.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo aðalflokka. Annars vegar er um að ræða opinbera fjárfestingarlánasjóði, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands. Hins vegar er um að ræða atvinnusjóði. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lántökum. Í þessari áætlun er miðað við að atvinnusjóðirnir annist eigin lántökur. Fram hefur komið að stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántöku sjóðanna við Framkvæmdasjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár, að vísu innan ramma lánsfjárlaga, að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem þeim tekst að nýta sér.

Með þessu frv. er tekin upp breytt stefna í veitingu ríkisábyrgða. Miðað er við að þeir aðilar sem ekki njóta ríkisábyrgðar geti ekki sótt lánsfé í Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Þetta á jafnt við um fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga.

Á undanförnum árum hefur ríkissjóður þurft að taka yfir verulegar skuldbindingar af orkugeiranum. Því hefur valdið ýmist byggðastefna, seinheppni í fjárfestingum eða kjarasamningar. Nægir þar að nefna yfirtöku skulda á síðustu fimm árum, þ.e. byggðalínur, Kröfluvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða, Rafveita Siglufjarðar, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveita Akureyrar. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessara aðila nemur 8400 millj. kr. á núvirði í sept. 1987. Með yfirtöku ríkissjóðs á þessum skuldum er í raun verið að færa greiðslubyrði af mannvirkjum frá orkunotendum til skattborgara. M.ö.o.: Verulegar fjárhæðir út úr orkuverðinu.

Ólíklegt er að fólk geri sér almennt grein fyrir hvað hér er um ótrúlega háar fjárhæðir að ræða. Frá ársbyrjun 1983 til ársloka 1986 þurfti ríkissjóður að greiða um 3 milljarða kr. í vexti og afborganir af þessum lánum. Á þessu ári einu nemur fjárhæðin um 1,8 milljörðum. Greiðslubyrði ríkissjóðs af þessum skuldbindingum nemur 1,9 milljörðum kr. á árinu 1988.

Sé þetta sett fram sem val milli orkuverðs eða skattgreiðslna má skoða dæmið á eftirfarandi hátt: Hefði ríkissjóður ekki yfirtekið lánin væri greiðslubyrði ríkissjóðs 1,9 milljörðum lægri og hefði þá mátt t.d. lækka tekjuskatt einstaklinga um þá fjárhæð eða um rúmlega 20%. Ef orkugeiranum yrði afhent þessi skuldasúpa, 8,4 milljarðar frá næstu áramótum, og reiknað væri með 6,5% vöxtum og 20 ára lánstíma, sem má ætla að sé varlegt mat á meðallíftíma mannvirkja, þyrfti að hækka gjaldskrár almennrar raforkunotkunar um fimmtung, 20%, til að bera uppi þessi lán. Allar þessar yfirtökur ríkissjóðs af orkugeiranum fela í sér að raforkuverðið í landinu endurspeglar engan veginn þann kostnað sem liggur að baki þess. M.ö.o.: Raforkuverðið í landinu er falsað og þykir þó mörgum það áreiðanlega nógu hátt. Þetta segir sína sögu um þann árangur sem fengist hefur í opinberum fjárráðstöfunum og fjárfestingum innan orkugeirans.

Að lokum þykir rétt að minna á að ekki er séð fyrir endann á yfirtökum ríkissjóðs á orkugeiranum. Nægir þar að minna á umtalsverða fjárhagsörðugleika ýmissa hitaveitna.

Í frv. til lánsfjárlaga er lögð aukin áhersla á þær skuldbindingar sem eru fólgnar í ríkisábyrgðum. Í VI. kafla frv. er gerð ítarleg grein fyrir heildarskuldbindingum ríkissjóðs bæði vegna eigin skulda sem og annarra sem hann hefur gengist í ábyrgð fyrir. Ríkisábyrgðir eru tvíþættar. Í fyrsta lagi eru skráðar ríkisábyrgðir sem eru veittar með formlegum hætti. Í öðru lagi eru sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins vegna eignarhlutdeildar svo sem í atvinnuvegasjóðum eða bönkum. Í árslok 1986 námu heildarskuldbindingar ríkissjóðs um 115 milljörðum kr. eða um 70% af landsframleiðslu ársins. Þar af eru skuldir ríkissjóðs sjálfs 44 milljarðar og ríkisábyrgðir um 71 milljarður. Af þessu sést hve skuldbindingar ríkissjóðs eru orðnar gífurlegar.

Ástæða þess að lögð er aukin áhersla á þennan þátt í ríkisfjármálum eru þau áföll sem ríkissjóður hefur orðið fyrir á þessu ári og horfur á næstunni. Nægir þar að nefna tæpar 800 millj. kr. vegna Útvegsbankans á yfirstandandi ári. Þá er útlit fyrir nokkuð hundruð millj. kr. áfall í tengslum við sjóefnavinnslu. Þess má geta að ríkisábyrgðasjóður þurfti að leysa til sín 636 millj. kr. á árinu 1986 og er það hærri fjárhæð en nokkru sinni fyrr. Aukið aðhald í veitingum ríkisábyrgða er því brýnt. Oft hefur sú þörf verið brýn en nú er orðin mikil nauðsyn á því.

Af þessu tilefni vil ég leyfa mér, herra forseti, að vekja sérstaka athygli hv. alþm. á þeim kafla í grg. með fjárlagafrv. þar sem fjallað er um ríkisábyrgðir, en það er á bls. 328 og fram úr. Þar er sundurliðað hverjar þessar ábyrgðir eru, hvernig þær hafa vaxið, hverjum ríkissjóður hefur veitt ábyrgðir, hvernig vanskil hafa farið vaxandi og er alveg sérstök ástæða til að vekja athygli hv. alþm. á því að við höfum oft á tíðum á undanförnum árum teflt á tæpasta vaðið. Sjálfsagt er það svo að við hverja einstaka ákvörðun í þessu efni eru menn ekki að hugsa til heildaráhrifanna, en þessar upplýsingar benda til þess að nú þurfi menn að stinga við fótum og það sé því rétt stefna að reyna að draga úr pólitísku forræði og pólitískum ábyrgðarveitingum í peninga- og lánakerfinu, hvort heldur um ræðir fjárfestingarlánasjóði eða bankakerfið.

Herra forseti. Hér að framan hefur verið lýst stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar að því er varðar ríkisábyrgðir atvinnuvegasjóða en það er stefnubreyting sem stefnir í þá átt að hverfa frá auknum ríkisábyrgðum.

Reynslan hefur sýnt okkur svo ekki verður um

villst að við stjórn efnahagsmála verður að stilla saman fjármálaaðgerðum og peningamálaaðgerðum. Ekki alls fyrir löngu var ríkissjóði legið á hálsi fyrir óvarfærna ríkisfjármálapólitík sem birtist framar öðru í erlendum lántökum langt umfram áætlanir. Þegar betur var að gáð og metin reynslan á yfirstandandi ári kom hins vegar í ljós að allan þorra hinnar auknu erlendu lántöku mátti rekja til atvinnuvega og fyrirtækja. Opinberir sjóðir voru hins vegar milligönguaðilar um lánsfjárútvegun, en í mjög mörgum tilvikum ekki lánnotendur. Í því felst að ríkissjóður verður með einum eða öðrum hætti ábyrgur gagnvart útlendum lánardrottnum fyrir þeim lánum sem tekin eru af einkaaðilum. Eitt er það að erlent lánsfjármagn til atvinnurekstrar renni um opinbera sjóði fremur en um bankakerfið, sem væri hinn eðlilegi farvegur, og annað að um það skuli ríkja vafi hvenær verið er að sniðganga og brjóta markaða stefnu og yfirlýsta áætlun stjórnvalda um erlendar lántökur. Af þessu má ýmislegt læra. Ríkið þarf annars vegar að setja skorður við því hverjir annist lánsfjárútvegun til atvinnurekstrarins og hins vegar að efla stjórn á lánamálum ríkisins. Þetta á bæði við um ábyrgðarveitingar, svo sem fyrr er að vikið, og enn fremur hitt að með góðri stjórnun á skuldum ríkissjóðs og annarra opinberra aðila má jafna greiðslubyrði og í mörgum tilvikum létta ríkissjóði að standa undir greiðslum vaxta og afborgana.

Viðskrh. setti ekki alls fyrir löngu nýjar reglur um lántökur og fjármögnun á innflutningi. Þetta eru almennar og einfaldar reglur til þess gerðar að draga úr sókn í erlent lánsfé.

Hluti af efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í október var að bjóða upp á fjölbreyttari leiðir til sparnaðar innanlands. Eftirspurn er mjög mikil hér á landi eftir lánsfjármagni og því ríður á að efla innlendan sparnað til þess að mæta þörfum atvinnuveganna. Á hinn bóginn einnig til að draga úr mjög mikilli eftirspurn, m.a. eftir innfluttum vörum, ekki síst nú þegar horfur um þróun viðskiptajafnaðar virðast vera mjög uggvekjandi.

Eins og fram hefur komið voru betri kjör en áður boðin á spariskírteinum til lengri tíma. Svo virðist sem sala þessara bréfa sé í allgóðu lagi, að fyrir þau sé viðunandi markaður. Aftur á móti hefur enn ekki reynt á hvort nýjar aðferðir við sölu ríkisvíxla muni binda fé svo um munar. Þá er enn of fljótt að segja til um það hvernig til muni takast og hvort almennur áhugi verði á því að binda fé á gengisbundnum innlánsreikningum.

Þýðing aukins sparnaðar er ótvíræð. Á hinn bóginn er það íhugunarefni hvort fjármagnsmarkaður hér á landi hafi þróast svo að markaðsöfl, framboð og eftirspurn, geti á óvissutímum lagað fram viðunandi jafnvægi á lánamarkaði og þolanleg vaxtakjör. Um það verð ég að játa að ég hef verulegar efasemdir. Núverandi skipulag bankakerfisins er fjarri lagi hagkvæmt. Það er dýrt í rekstri. Einingarnar eru allt of smáar og veikburða og eiginfjárstaðan of slök. Afleiðingar þessa birtast m.a. í háum vöxtum og miklu vaxtabili. Vaxtakjör ráðast ekki síst af verðbólguvæntingum. Mikil óvissa í efnahagsmálum eða launamálum leiðir óhjákvæmilega til vaxtahækkunar við ríkjandi skilyrði. Aukin hagkvæmni í rekstri lánastofnana, stöðugleiki í efnahagsmálum og varanleg aukning sparnaðar eru helstu forsendur þess að vextir geti lækkað. Þess mun fyrr en síðar gæta, m.a. vegna þess að verulega dregur úr lánsfjárþörf hins opinbera samkvæmt því lánsfjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram.

Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara við 1. umr. ítarlega út í einstaka liði frv., einstaka framkvæmdaliði eða annað þess háttar. Ég tel eðlilegt að það verði gert að lokinni umfjöllun í nefnd. Ég leyfi mér að lokum að mælast til þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Ásmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í umræðunum um fjárlögin benti ég á að það væri ekki ágreiningur um það að jöfnuður á fjárlögum er nauðsynlegur. Deilan stendur um hvaða leiðir sé rétt að fara til þess að ná þeim jöfnuði.

Ég vil ítreka það í upphafi þessarar umræðu að ég tel ekki að valin sé rétt leið. Ég tel leiðina ekki eiga að vera matarskatt með hugsanlegum gagnaðgerðum. Mér þykir heldur ekki rökrétt sú leið að hækka tekjuskattinn um 25–26% um leið og sveitarfélögunum er álasað fyrir að hækka útsvör um 20%. Þótt einhver hluti söluskattsins verði hugsanlega notaður þar til að milda, þá tel ég að leiðin sé ekki rétt. Það sem á að gera að mínu mati er tiltölulega einfalt. Ég tel að það eigi að skattleggja fyrirtækin í meira mæli en gerðar eru tillögur um og vil í því sambandi minna á það frv. sem liggur fyrir þessari deild og Svavar Gestsson talaði fyrir hér í deildinni fyrir stuttu. Sömuleiðis vil ég minna á skattlagningu á stórum eignum sem hefur stundum verið til umræðu áður. Ég ætla ekki að fara frekar í þá umræðu hér, enda á hún eflaust betur heima á öðrum stað. En ég vildi í upphafi minna á það að sú stefna sem ríkisstjórnin kaus sér er ekki sú rétta.

Umræðuefnið núna eru lánsfjárlög og það er kannski rétt hjá fjmrh. að ekki sé ástæða til mikilla ræðuhalda um það efni í 1. umr. Menn munu eflaust benda á að plaggið hefur reynst marklítið. Plaggið byggist í grundvallaratriðum á tveimur þáttum, þ.e. annars vegar þjóðhagsáætlun og hins vegar á fjárlögum, og um báða þessa þætti á það sterklega við um þessar mundir að óvissan er yfirgnæfandi.

Ef við lítum aðeins á þjóðhagsáætlunina þá er þar ekki bara óvissa um forsendur hvað snertir verðlag og laun. Það vantar pólitískar ákvarðanir til þess að hægt sé að setja saman stærsta póstinn í þjóðhagsáætluninni, þ.e. aflamagnið sem áformað er að veiða á komandi ári. Ákvörðun um það hefur enn ekki verið tekin og ég er auðvitað ekki til frásagnar um það hvenær hún muni verða tekin. En á meðan

er óvissan mikil, ekki bara vegna þess að menn viti ekki hver verður hagvöxtur í heiminum, menn geti ekki metið hvert verði gengi dollarans, heldur vegna þess að það skortir nauðsynlegar pólitískar ákvarðanir sem leggja verður til grundvallar.

Í umræðum um þessi mál núna að undanförnu hefur svartnættið verið yfirgnæfandi í spádómum, hvort sem við tökum stjórnarsinna eða þá stofnanamenn sem helst hafa um málið fjallað. Það er í sjálfu sér ekki nýtt þegar kjarasamningar eru í uppsiglingu að þannig sé á málum haldið og kemur kannski engum á óvart. En ég vil hins vegar benda á að ef þær svartnættisspár ganga eftir, þá er fjárlagafrv. líka allt í maski, þá gengur þar fátt eftir. Og það á við hvort sem við tölum um tekjuhliðina, sem auðvitað raskast ef þær forsendur ganga úr lagi, eða lánsfjárþörfina.

Ég hef ekki mikla reynslu í þingstörfum hér þannig að það er kannski ekki mitt að gefa leiðbeiningar um það hvernig taka eigi á málum. En mér kemur það satt að segja nokkuð undarlega fyrir sjónir að fjárlög og lánsfjárlög skuli með þeim hætti sem raun ber vitni vera í sitt hvorri meðferðinni á Alþingi vegna þess að hér er um að ræða mál sem tengjast mjög náið og annað verður raunverulega ekki afgreitt nema sem afleiðing hins. (**Fjmrh.:** Laukrétt.)

Í öðru lagi vil ég benda á að það er ekki gert yfirlit eftir á yfir hvað komið hefur út úr lánsfjárlögunum á sama hátt og gert er með fjárlögin sjálf í ríkisreikningi. Það teldi ég að væri eðlilegt til þess að gefa fólki betri yfirsýn yfir það hvað raunverulega hefur gerst.

Ég vil líka benda á það að lánsfjárlögin gefa ekki nema takmarkað yfirlit yfir peningamarkaðinn sem er þó kannski meginumfjöllunarefni lánsfjárlaganna og þeirrar greinargerðar sem þeim fylgir. Það vantar þar inn í bæði bankakerfið og verðbréfasöluna og um það ætla ég aðeins að fjalla betur á eftir.

Í lánsfjárlögunum eru ýmis framlög til sjóða skert verulega. Ég ætla þó ekki að fjalla um það í einstökum atriðum hér. Ég held það sé rétt að fylgja ráðum fjmrh. um það að halda sig frekar við það almenna í þessari fyrstu umferð, hitt eigi frekar heima í umræðunni eftir að málið hefur gengið í gegnum nefndir.

Ég vil hins vegar skjóta hér inn athugasemd við eitt atriði. Stærsti liðurinn í lánsfjármögnuninni, eins og kom réttilega fram hjá fjmrh. hér áðan, eru kaup lífeyrissjóðanna og má kannski segja, eins og hann gerði hér áðan, með sjálfvirkum hætti af húsnæðiskerfinu. Hann sagði þó í ræðu sinni núna að það væri gert samkvæmt samningum milli byggingarsjóðanna og lífeyrissjóðanna og það vil ég sérstaklega taka undir vegna þess að það gengur nokkuð á snið við það **sem** fjmrh. sagði í fjárlagaumræðunni í fyrri viku. Ég vil aðeins, með leyfi forseta, koma hér með stutta tilvísun í síðari ræðu hans það kvöld. Þar sagði hann um kaup lífeyrissjóðanna af byggingarsjóðunum:

„Við búum hér við löggjöf sem kveður á um skyldu lífeyrissjóða til að leggja fé inn í þessa sjóði."

Svipuð hugsun virðist nokkuð hafa verið ríkjandi víðar því að ef marka má t.d. ræðu félmrh. undir stefnuræðu forsrh. þá var þessu fjármagni jafnað við tekjuskatt eða sem skattheimtu ríkissjóðs. Þess vegna finnst mér mjög nauðsynlegt að draga það fram að hér er ekki um lögbundin kaup að ræða, heldur er um kaup að ræða sem fara fram samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið milli lífeyrissjóðanna og húsnæðiskerfisins.

Af ýmsum ástæðum er kannski rétt að ég endurtaki að ég er ekki ósammála hæstv. félmrh. um að rétt sé að takmarka sjálfvirkni húsnæðiskerfisins þó að ég hafi sett fram mjög eindregnar efasemdir um að þær tillögur sem hæstv. ráðherra hefur sett fram nái þeim tilgangi sem að er stefnt. En ég gerði í fjárlagaumræðunni athugasemd við fjárveitinguna til almenna kerfisins. Ég benti þar á að þó að þakkarvert sé að aukið er framlag til félagslega kerfisins, þá er framlagið til almenna kerfisins raunverulega skorið allverulega niður.

Á síðasta ári var fjárveiting til almenna kerfisins 1 milljarður kr. sléttur og var raunar sama krónutala og þeir sem undirbjuggu frv. höfðu reiknað með að þyrfti að lágmarki til að kerfið gæti staðið undir sér til lengdar, og þá miðað við aprílverðlag 1986, sem mun á verðlagi komandi árs væntanlega vera eitthvað yfir 1500 millj. kr. Í fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram eru 1150 millj. kr. settar til almenna kerfisins jafnhliða því sem ákveðið er að verja 150 millj. kr. til greiðsluerfiðleikalána þannig að það eru raunverulega 1000 millj. sem ganga inn í almenna kerfið. En þetta er hins vegar ekki öll sagan því að eins og ég benti á í umræðunni um fjárlögin, þá er ætlan ríkissjóðs að taka 500 millj. kr. að láni af því fé sem inn í húsnæðiskerfið gengur.

Ég vil í þessum umræðum vara við því að tólfta hver króna, sem kemur samkvæmt hinum samningsbundnu kaupum lífeyrissjóðanna til húsnæðiskerfisins, verði fryst í ríkissjóði. Það er ekki skynsamleg ráðstöfun. Það er satt að segja beinlínis óskynsamleg ráðstöfun. Það er rétt, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh., að mikil aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé húsnæðiskerfisins. Það er hins vegar rangt að það sé fyrir sérstakt frumkvæði hins opinbera. Þvert á móti er það samkvæmt ákvörðun sem samningsaðilar tóku í fyrra og gerðu um samkomulag við ríkisvaldið. Ég vil líka ítreka að það samkomulag byggði á því að lífeyrissjóðirnir hver fyrir sig væru tilbúnir til að standa að því.

Það er kannski rétt að draga það fram sérstaklega í þessum umræðum að það gekk ekki allt af sjálfu sér í undirbúningi málsins innan okkar vébanda, ósköp einfaldlega vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru sér mjög meðvitandi um að það er gerð krafa til þess að þeir ávaxti sitt fé á sem hagkvæmastan hátt. Það er gerð krafa til þess að þeir leitist við að tryggja ellilífeyrisþegunum þann lífeyri sem lífeyrissjóðirnir gefa vilyrði um að þeir muni veita — og reyndar

liggja fyrir í dag rannsóknir á því sem sýna að það muni reynast lífeyrissjóðunum mjög erfitt, sem auðvitað eykur kröfuna um að þeir veiti fullt aðhald í því hvernig þeir koma fé sínu fyrir og tryggi að það sé jafnan á hinum bestu vaxtaskilmálum. Þar er því ekki um að ræða fé sem ríkisvaldið hefur ráðstöfunarrétt yfir. Það er reyndar rétt að taka það sérstaklega fram að þar er heldur ekki um að ræða fé sem heildarsamtökin á okkar vettvangi, t.d. í Alþýðusambandinu, geta ráðstafað að vild sinni. Sjóðirnir eru sjálfstæðir aðilar sem taka sínar ákvarðanir hver fyrir sig.

Hins vegar er rétt að taka undir það að fjármagnið hefur vaxið mjög með kaupmáttaraukningu og breyttum iðgjaldagrunni. Og það er kannski rétt að minna þingheim á það að þegar lögin voru til umfjöllunar, þegar samkomulag okkar í verkalýðshreyfingunni við stjórnvöld var í bígerð á síðasta ári, þá gerðum við raunar ráð fyrir því að það fjármagn sem til viðbótar kæmi með þessu samkomulagi inn í húsnæðiskerfið kæmi inn í lífeyrissjóðina aftur með breyttum iðgjaldagrunni þannig að lífeyrissjóðirnir hefðu að fjögurra ára aðlögunartímanum liðnum sambærilegt fjármagn getum við sagt, ef við miðum við óbreytt verðlag eða óbreytt laun, svipað fjármagn og þeir höfðu áður en samningurinn var gerður vegna þess að það var áætlað að iðgjaldagrunnurinn mundi auka ráðstöfunarféð um 40% á fjórum árum.

Hins vegar má skjóta því inn, þó að ég ætli ekki að rekja smáatriði í því efni, að það stingur líka nokkuð í stúf þegar borið er saman að í lánsfjárlögunum er ekki gert ráð fyrir nema 7% aukningu húsbygginga á milli ára þrátt fyrir það að kerfið sé að mati ríkisstjórnarinnar svo ofhlaðið peningum að ekki sé óhætt að leyfa því að fá alla peningana. Það er beini rökstuðningurinn sem notaður er í fjárlögunum, reyndar með þeim fyrirvara að gangi kjaraskerðingar eftir í þeim mæli að ekki verði mikið inni í sjóðunum, þá megi kannski víkja þar frá. Ég held að þetta hljóti að vera til umhugsunar vegna þess að það minnir e.t.v. á að það gæti verið skynsamlegt einmitt í húsnæðiskerfinu bæði að auka hinar félagslegu byggingar og eins hugsanlega að veita almenn framkvæmdalán til þess að stuðla að frekari íbúðabyggingum til að mæta sveiflunni þegar hún gengur í kerfinu frá eldri íbúðum yfir í nýjar. Ég ætla ekki að segja meira um það.

Þegar menn horfa á lánsfjárlögin hljóta menn að byrja á því að spyrja sig: Hvernig hefur árið í ár komið út í samanburði við það sem gert var ráð fyrir þegar lánsfjárlög voru kynnt hér síðast? Og þá sjá allir að þar hefur raunveruleikinn vikið óravegu frá þeim lánsfjárlögum sem samþykkt voru á liðnum vetri. Og satt að segja bendir allt til þess að fram undan sé ekki minna frávik.

Verðbólguhorfurnar eru ekki þær sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. 1. nóv. mældist verðbreyting yfir einn mánuð 3,2%, reyndar verður helmingur af því eða 1,6% með beinum hætti rakið til opinberra ákvarðana. Verðbólgan er í dag væntanlega u.þ.b. 2% hærri en hún var þegar fjárlagafrv. var undirbúið. Þó stuttur tími sé liðinn, þá er frávikið orðið þetta stórt. Og þá tek ég tillit til þess að matarskatturinn hefur þó þrátt fyrir allt ekki enn gengið yfir, en ef hann fer fram þá leiðir hann væntanlega af sér um 3½% hækkun á verðlagi og þá u.þ.b. 5% hækkun á framfærslukostnaði lágtekjufólks. Hvaða gagnaðgerðir kynnu þar að koma til ætla ég að láta liggja á milli hluta. Verðbólguspáin er þannig að mestu út í bláinn.

Það er líka fullkomlega ljóst, og kannski ástæða til að ítreka það hér, að launahækkanir verða tæplega í takt við það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir eða þær forsendur sem lánsfjárlögin byggja á.

Það sem í lánsfjárlögum snýr að lántökum einkaaðila virðist nánast vera frómar óskir. Á þessu ári t.d. verður eitt stórt frávik þar sem fjármögnunarleigur reyndust skyndilega hafa tekið tvo milljarða að láni erlendis, að því er virðist án þess að nokkur hafi vitað af. Það virðist sem það hafi uppgötvast í kerfinu núna í októbermánuði, öllum að óvörum. Fjármögnunarleigurnar eru dæmi um nýtt form á þessum markaði sem hefur verið stutt skattahagræði. Það er í rauninni ekki frjálsa samkeppnin sem þar er að fara fram með þeim þunga sem gerst hefur, heldur er raunverulga það að gerast að nýtt form er að ryðja sér til rúms fyrir forgöngu hins opinbera vegna þess skattahagræðis sem forminu er samfara. Það er kannski verið að gera ráðstafanir til að draga úr þessu núna, en það er augljóst að það er þetta sem hefur verið að gerast að undanförnu.

Verðbréfamarkaðirnir eru annað dæmi um þetta. Ef við lítum til þess hvernig bankar verða að standa að sínum málum, þá liggur fyrir að þeir verða að leggja 13% af innistæðunum inn á reikning í Seðlabankanum, reikning sem ávaxtaður er með fullri verðtryggingu en án vaxta. 13% af þeim innistæðum sem koma í bankana er þannig fryst í Seðlabanka vaxtalaust. Til viðbótar ber þeim að kaupa í ríkisbréfum eða hliðstæðum pappírum fyrir 8%, og ætli vextir á þeim vígstöðvunum séu ekki 4–5%, þannig að samanlagt er bönkum gert að kaupa með beinum ákvörðunum hins opinbera fyrir 21% af innlánsfé sínu, binda það á lágum vöxtum.

Ef við til samanburðar lítum til verðbréfamarkaðanna, þá gengur þar allt í gegn á toppvöxtum og þar eru engar kvaðir. Ég vil draga það fram hér að þar er um mjög hraðvaxandi hluta peningakerfisins að ræða og satt að segja svið þar sem ekki er á nein opinber stjórn. Það er aðeins um að ræða takmarkað eftirlit. Mig minnir að fjmrh. hafi sagt í fjárlagaumræðunni að það væri í rauninni ekkert til sem héti frjáls markaður. Spurningin snerist bara um það hvernig markaðinum væri stýrt. Ég dreg þetta fram vegna þess að það er ástæða til að vekja athygli á því að hér er um að ræða nýtt svið á peningamarkaðinum sem hefur, ef svo má segja, verið keyrt upp af opinberu frumkvæði með því að gefa því forgangsstöðu í samanburði við bankakerfið.

Sigurður B. Stefánsson hélt ræðu á aðalfundi Sambands almennra lífeyrissjóða núna fyrir stuttu og þar dró hann fram sitt mat á því hverjar stærðirnar væru í þessu efni. Áður en ég nefni þær tölur held ég að rétt sé að fram komi að Sigurður hefur á sínum tölum mjög stóra fyrirvara vegna þess að upplýsingaöflun um þetta efni er mjög ófullkomin, sem segir auðvitað eitt til viðbótar um það hvernig stjórnunin er á þessu sviði. Hann áætlar að árið 1983 hafi ný skuldabréfaútgáfa á vegum verðbréfamarkaða verið innan við 100 millj. kr., á árinu 1984 hafi talan hins vegar verið komin upp í 300–500 millj., á árinu 1985 í 800–1000 millj. og á árinu 1986 í 1500–2000 millj. Á þessu ári áætlar hann síðan að heildarútgáfa á vegum verðbréfamarkaðanna verði á bilinu 3000-4000 millj. Velta verðbréfamarkaðanna er auðvitað nokkru meiri en þessu nemur. Hann áætlar þannig að það hafi verið innan við 1000 millj. á árinu 1984, 1500–2000 millj. 1985, 4000–5000 millj. 1986 og verði á þessu ári á milli 6 og 8 milljarðar. Innan þessa sviðs hefur mjög hratt vaxið fyrirbæri sem heita verðbréfasjóðir, sem Sigurður áætlaði að í árslok 1985 hefðu verið með bundnar um 360 millj. kr. en hafi í maí á þessu ári verið komnir í 1600 millj. Ef við höldum áfram að vinna út frá þessum tölum þá getum við væntanlega reiknað með því að verðbréfasjóðirnir muni í árslok á þessu ári verða með í kringum 2 milljarða innan sinna vébanda eða á sínum vettvangi. Og ef ég á að áætla hvað muni í heild vera útistandandi á vegum verðbréfamarkaða tel ég að það gæti verið í kringum 8 milljarðar kr. núna í árslok. Ég vil til samanburðar nefna að áætlað er að heildarinnistæður bankanna verði í árslok í kringum 70 milljarðar þannig að nú þegar liggur fyrir að verðbréfamarkaðirnir eru komnir með um tíunda hluta peningamarkaðarins, eins og hann mælist að þessu leyti, yfir til sín. Og það er alveg ljóst að á stuttum tíma mun þar færast enn meir yfir til verðbréfamarkaðanna.

Ástæðan til þess að ég dreg þetta fram er í rauninni tvíþætt: Annars vegar að við horfum þarna á að vaxandi hluti af peningamarkaðinum verður stjórnlaus og hins vegar að lánsfjáröflunin, sem gert er ráð fyrir í lánsfjárlögunum bæði hjá ríkissjóði beint og eins hjá atvinnuvegasjóðunum, sú lánsfjáröflun hlýtur að mæta harðnandi samkeppni á þessum markaði.

Spariskírteini ríkissjóðs voru lengi með sérstöðu á markaðinum og hafa auðvitað þá sérstöðu enn að vera eignarskattsfrjáls. Sérstaðan verður hins vegar minni, m.a. vegna þess að fólk er ekki heldur meðvitað um þann mun sem er á því öryggi sem felst í kaupum skuldabréfa af hálfu ríkissjóðs og þess óöryggis sem raunverulega er búið við þegar skipt er við verðbréfasjóðina. En vaxtamunurinn er í dag mjög verulegur. Ef við gerum ráð fyrir því að spariskírteinin séu seld með 8½% vöxtum umfram verðtryggingu, sem mér skilst að sé í dag, bankabréf, eins og þau gerast, svona á milli 9 og 10%, þá eru verðbréfasjóðirnir hins vegar með bréf sem bera 11–14% vexti. Þegar svo er komið að ný verðbréfaútgáfa á vegum verðbréfasjóðanna er orðin tvöfalt meiri en sú skuldabréfaútgáfa sem fram fer á vettvangi ríkissjóðs, þá er öryggið um það að menn geti reiknað með að fá sjálfvirkt allt inn til sín aftur sem út gengur, eins og gert er ráð fyrir í lánsfjárlagafrv., þá er sú forsenda augljóslega ekki allt of gáfuleg.

Það vekur spurningar um það hvort ríkissjóður muni í reynd ná til sín því fé sem hann ætlar með sölu spariskírteina og það vekur líka spurningar um það hvað muni verða um lánsfjáröflun atvinnuveganna á komandi ári. Og við gætum auðvitað bætt við spurningunni: Hvert stefnir þá vaxtabyrði, ekki bara ríkissjóðs heldur líka atvinnuvegasjóðanna?

Ég vil líka skjóta því inn að það er alveg fullkomlega ljóst að ef svartnættisspárnar, sem nú ganga yfir, ganga eftir þá kemur ekki fram sá sparnaður sem gert er ráð fyrir á lánsfjárlögum. Þá mun það fjármagn ósköp einfaldlega ekki verða til.

Það sem einkennir lánsfjárlögin eru óvissa og takmörkuð yfirsýn. Það vantar bankamarkaðinn, það vantar verðbréfamarkaðinn og það vantar líka að gera grein fyrir því að verðbréfamarkaðurinn er í reyndinni stjórnlaus. Seðlabankinn horfir bara á hann og fylgist reyndar takmarkað með því hvað þar gerist.

Ég lagði til líklega fyrir tveimur eða þremur árum að það yrði sett einhvers konar binding á verðbréfaveltuna með hliðstæðum hætti og er í dag í bankakerfinu þannig að þeir sem velta á milli sín verðbréfum væru skuldbundnir til þess að kaupa skuldabréf annaðhvort af Seðlabanka eða ríkissjóði á vægum vöxtum.

Ef við gerum ráð fyrir veltu á næsta ári upp á 10 milljarða mundi hliðstæð binding og nú er í bankakerfinu í rauninni gefa ríkissjóði eða Seðlabankanum um 2 milljarða í vaxtalitlu fé. Með því yrði einnig náð stjórn á peningamarkaðinum og það mundi nást jafnvægi á milli banka og verðbréfasjóða sem ég held að skipti mjög miklu máli ef við ætlum ekki að yfirfæra nánast allan peningamarkaðinn yfir á þetta nýja svið.

Ég endurtek að lánsfjárlögin eru í mikilli óvissu. Ég endurtek að flest bendir til þess að þjóðhagsáætlun muni ekki verða sú sem hefur verið kynnt. Það hefur verið boðað að hún verði endurskoðuð á næstu vikum en það vantar enn ákveðna stóra pólitíska ákvörðun til þess að sú endurskoðun geti farið fram. Ég vil líka ítreka að það bendir flest til þess að fjárlög muni enda í verulegum halla og ég hef ekki trú á að tekjuhliðin muni standast eins og hún er fram sett.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um málið að sinni.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Við þessa fyrstu umræðu um lánsfjárlög höfum við ekki í hyggju að koma með miklar athugasemdir eða langa ræðu því að þetta á

eftir að fara sína leið í gegnum þingið og margt á eftir að koma fram sem ekki er rétt að fjalla um á þessu stigi umræðunnar.

Ég held að við getum þó tekið undir með hæstv. fjmrh. að markmið sem hann hefur sett sér eru ákaflega skynsamleg. Ég held að allir geti verið sammála um að draga beri úr erlendri skuldasöfnun ríkissjóðs og stefna að hallalausum fjárlögum. Það hlýtur að vera af hinu góða þó að við höfum okkar efasemdir að það muni ekki reynast eins auðvelt og hæstv. fjmrh. setur dæmið fram, bæði í fjárlögunum og þeirri lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir.

Það var annars mjög fróðlegt að hlýða á ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann rakti syndir fyrri ríkisstjórna. Var það nánast hrollvekjandi að hlusta á hvernig fyrri ríkisstjórnir, allar ríkisstjórnir gömlu flokkanna, hafa haft ríkisfjármálin með þeim hætti — ja, ég veit ekki hvernig á að lýsa því — þetta virðist nánast hafa verið eitt allsherjar sukk. **(Gripið fram í:** Og einnig í fjármálaráðherratíð formanns Borgarafl.?) Í fjármálaráðherratíð formanns Borgarafl., Alberts Guðmundssonar, komst þó aðeins lag á ríkisfjármálin. Það var aðeins ljós í því myrkri sem hefur verið í ríkisfjármálunum yfir mjög langan tíma. Ég minnist þess að hann lagði fram fjárlög fyrir árið 1985 sem voru hallalaus en það þótti mönnum slæmt. Var þá skipt um fjmrh. en hann kom síðan með önnur fjárlög og niðurstaða þeirra varð mikill halli á ríkissjóði og þannig hefur verið alla tíð síðan.

Boðaðar leiðir til þess að ná hallalausum ríkisrekstri eru ákaflega vafasamar. Þær byggja fyrst og fremst á því að það eru skornar niður smáfjárveitingar til sjóða og ótal aðila sem eiga að fá fjárframlög úr ríkissjóði en látið hjá líða að ráðast á stóru liðina og þá fyrst og fremst heilbrigðisgeirann. Með 10% sparnaði í heilbrigðisgeiranum mætti jafna fjárlagahallann í einu höggi.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að fara að halda langa ræðu um lánsfjáráætlun á þessu stigi málsins. Mig langar til að koma með nokkrar athugasemdir varðandi tekjuhlið fjárlagafrv. Þar segir að sala spariskírteina sé áætluð 3 milljarðar á árinu 1988 og er þar raunverulega á bak við að ætlað er að leysa inn gömul spariskírteini fyrir 2,7 milljarða rúmlega, þ.e. eins og hæstv. fjmrh. gat um í ræðu sinni er ekki ætlað að ríkissjóður hafi tekjur af sölu spariskírteina umfram u.þ.b. 250 millj. Síðan er talað um aðra innlenda lánsfjáröflun að upphæð 1600 millj. kr. Það eru engar skýringar gefnar á þeirri lánsfjáröflun aðrar en þær að það er svona ýjað að því að lífeyrissjóðirnir muni þarna einnig koma til og hjálpa upp á fjármál ríkisins.

Ég spyr: Þegar ríkið ætlar að afla svo mikils fjár á innlendum lánamarkaði; hvað verður eiginlega um lánakerfið, þ.e. bankakerfið, og atvinnuvegina? Hvar á að vera til lánsfé handa atvinnurekstri landsmanna? Mér sýnist að ríkið hafi nánast þurrkað upp allt það lánsfé sem verður til reiðu á landinu á næsta ári þannig að atvinnurekstrinum verður þá bara væntanlega vísað — ja, ég veit ekki hvert — til stórfells samdráttar.

Þá er annað sem má lesa út úr þessu og það er einfaldlega, eins og kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að spurt er: Hvað verður um vextina þegar á að selja eða afla svona mikils lánsfjár á innlendum markaði meðan hér starfa verðbréfamarkaðir sem bjóða mönnum til kaups ýmiss konar bréf með háum vöxtum? Það er alveg ljóst að ríkissjóður verður að vera í samkeppni við þessa verðbréfamarkaði. Það er engin önnur lausn á þessu en að vextir hljóta að skrúfast upp úr öllu valdi. Þeir eru nú þegar orðnir um 9% af útlánum, 9% raunvextir umfram verðtryggingu. Með þeirri lánsfjáröflun á innlendum markaði sem hér er stefnt að er óhjákvæmilegt að vextir hljóta að hækka verulega frá því sem nú er. Ég bið bara guð að hjálpa atvinnurekstri landsmanna þegar raunvextir eru komnir vel yfir 10% eins og greinilega stefnir að með þeim áætlunum sem hér liggja fyrir.

Ég held ég láti þetta nægja í bili en mundi þó óska eftir að fá frekari skýringar á því hvernig fyrirhugað er að afla 1600 millj. kr. með annarri innlendri lánsfjáröflun.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi til umræðu frv. til lánsfjárlaga og meginhersla þess er að það skuli mæta þeirri kröfu sem gerð er í fjárlögum, þ.e. að þau séu hallalaus og að lánsfjáröflun skuli að meginhluta til vera með innlendri lántöku. Heildarlántakan er áætluð um 20 milljarðar 250 millj. kr., erlend lántaka þar af 8 milljarðar og innlend lántaka 12 milljarðar 250 millj. kr.

Kvennalistinn hefur ævinlega lagt áherslu á það að hverfa frá erlendri lántöku og er í sjálfu sér fylgjandi því að beitt sé innlendri lánsfjáröflun. Hins vegar efumst við mjög um áhrif og árangur svo mikillar og skyndilegrar breytingar. Við óttumst það sem komið hefur fram í máli þeirra sem hér hafa áður talað að samkeppni um lánsfé verði svo mikil á innlendum lánsfjármarkaði að ríkissjóður standist ekki snúning því að stjórnvöld undanfarinna ára hafa dekrað við og hlúð að verðbréfamörkuðum, fjármögnunarleigum og öðrum fyrirbærum sem hafa frelsi en bera ekki ábyrgð eða skyldur og verður ekki stjórnað af ríkisvaldi en er að verða stærri og stærri þáttur af íslenskum peningamarkaði. Við þetta þarf nú soltinn ríkissjóður að keppa og stendur þar höllum fæti í raun. Það er mikill þrýstingur til að hækka vextina og þar með rekstrarkostnað fyrirtækja sem hefur bein áhrif í gegnum vöruverð og óbein áhrif með samdrætti og minnkuðum framkvæmdum á einstaklingana og heimilin. Til umhugsunar er að þegar gengi dollarsins lækkar er þrengt að með hækkun vaxta, en dollarinn er í raun veigamesta viðskiptamynt okkar og þar með getur orðið um lækkun tekna þeirra útflutningsgreina að ræða sem selja í dollar.

Iðnríkin keppast nú um að lækka vexti í löndum

sínum til að styrkja hlutabréfamarkaði og efla nýsköpun og hagvöxt. Þessi ríkisstjórn leggur hins vegar stjarfa hönd á möguleika til hagvaxtar og stuðlar e.t.v. í raun að samdrætti og kreppu því þó að þensla hafi verið mikil sl. sumar og fram á haust eru reyndar öll merki þess að alvarlega muni draga saman í vetur og að á næsta ári, jafnvel strax í upphafi árs, þurfi síst af öllu að draga úr þenslu. Þess vegna má segja að e.t.v. eru þessar aðgerðir ekki í takt við tímann, þ.e. í takt við þá framtíð sem við komum til með að horfast í augu við á næsta ári, *jafnvel þótt þær kunni að hafa átt við í sumar þegar* grundvöllur var lagður að þessum plöggum.

Það má minna á að í raun kom þenslan heldur alls ekki um allt land og þess vegna munu þær aðgerðir sem miða að því að draga úr þenslu bitna mjög harkalega á þeim stöðum þar sem engin þensla varð og við erum hér ekki að ræða um nein smásvæði heldur í raun meiri hluta landsbyggðarinnar og dreifbýlisins því að eins og allir hv. þm. vita þá varð þenslan fyrst og fremst á suðvesturhorninu. Og það getur orðið að árangurinn af sölu ríkisskuldabréfanna verði fremur hækkun vaxta á almennum markaði en aukin sala þegar kemur að því að keppa við aðra fjármagnsaðila.

Við skulum hyggja að því hve líklegt er að þetta plagg standist. Ef við berum það saman við svipað plagg síðasta árs, þ.e. frv. til lánsfjárlaga, átti áætlunin þar um erlend langtímalán fyrir árið 1987 að vera 8 millj. 215 þús. en varð í raun 12 millj. 440 þús., þ.e. hækkunin varð um 4 millj. 225 þús. eða um rúm 51% af upphaflegu áætluninni. Halda menn að frekar sé að marka þessa áætlun sem hér er fjallað um með tilliti til þeirra breytilegu aðstæðna sem við horfumst í augu við? Og hvað verður með sveitarfélögin? Hvað verður með þann þrýsting sem nú er á sveitarfélögin til þess að taka við auknum framkvæmdum og það á eigin kostnað? Munu ekki aukast kröfur um lántökur frá sveitarfélögum ef þau eiga að fara að standa á eigin fótum og ekki er reynt að gera upp skuldirnar við þau? Og hvað verður með lántökur einkaaðilanna í þjóðfélaginu, því við skulum ekki gleyma því að einkaneyslan vegur sem gildir ⅔ af þjóðarútgjöldunum og hún skiptir auðvitað langmestu máli? Og bara til að minna hv. þm. á er einkaneyslan metin á rúmar 2 millj. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu á ári, 2,2 millj., og hún er frekar vanáætluð en ofáætluð og þessi tala, upp á 2,2 millj. kr. einkaneyslu á hverja fjögurra manna fjölskyldu, er í raun betra dæmi um ójöfnuðinn í landinu en nokkuð annað því að hv. þm. geta ímyndað sér hve tölurnar þurfa að vera háar sem hífa meðaltalið svona hátt upp og það gefur einmitt hugmynd um hve mikil einkaneyslan er.

Það eru líkur á því að vegna lækkandi vaxta erlendis og lækkandi gengis dollars verði í raun lægri kostnaður af erlendum lánum og jafnvel hagstæðara hlutfall erlendra lána af þjóðartekjum en verið hefur. En í fyrsta lagi vantar í þessu plaggi algjörlega mat á veigamiklum þáttum peningamarkaðarins þar sem eru bankar og verðbréfamarkaðurinn, en það hefur áður komið fram að hann er í raun stjórnlaus og dregur til sín í vaxandi mæli fé landsmanna. Forsendur um peningamarkað eru því óraunhæfar og hvað verðbólguáætlanir varðar tel ég að sú áætlun að ríkja muni 10% verðbólga frá upphafi til loka ársins 1988 sé mjög óraunsæ og það má benda á að spár ætla að verðbólga snemma á næsta ári verði a.m.k. 18%. Einnig má benda á það að verðbólga á þessu ári hefur verið um 25% að meðaltali og var reyndar um 30% sl. þrjá mánuði. Þarna eru áhrif *hárra vaxta mjög verðbólguhvetjandi* og stýrandi. Þau eru reyndar eins og falinn eldur í efnahagskerfinu. Neysluskattar, auk hækkaðra vaxta, munu einnig auka framfærslukostnaðinn og í raun er ríkisstjórnin að vega að sínum eigin markmiðum með því að setja á hærri neysluskatta. Hún eykur þannig framfærslukostnaðinn talsvert meira en nú er og enn meira ef hún í raun ætlar að koma þeim á og samræma allan söluskatt um næstu áramót. Líka má nefna nýja kjarasamninga og óhjákvæmilega endurskoðun samninga við BSRB því að þeir eru bundnir til loka næsta árs og þeir munu einnig gera þessar forsendur mjög ólíklegar.

Kvennalistinn vildi sannarlega fara aðrar leiðir til þess að afla aukinna tekna í ríkissjóð en þær sem hér eru boðnar því að það er ekki rétt að gagnrýna án þess að benda á einhverjar aðrar leiðir. Við höfum ævinlega viljað afla teknanna þar sem þær eru mestar fyrir. Við höfum viljað skattleggja vaxtatekjur, við höfum viljað hækka skatta á stóreignir, skattleggja hæstu tekjur umfram aðrar og sækja fé*ð til fyrirtækjanna einkum* þar sem best hefur verið hlúð að og mest hefur verið fjárfest í verslun og viðskiptum. Þessir aðilar greiða óeðlilega lítið til samfélagins. Framar öllu höfum við viljað gera stórátak til að ná inn umtalsverðum hluta af þeim 4–6 milljörðum sem áætlað er að skotið sé fram hjá skatti og stýrt reyndar beint inn í þá einkaneyslu sem ég nefndi áðan og fjárfestingu. Þetta hlýtur að hræra jafnaðarhjarta hæstv. fjmrh. því að ég man eftir honum tala þessi sömu orð þó að ekki væri í þessum stóli. (**Fjmrh.:** Spurningin er hvernig, hv. þm.?) Það eru ýmsar leiðir til og við kunnum að fara ítarlega út í þær við aðra umræðu þessa máls því að ég vildi einungis reifa nokkur aðalatriði úr þessum stól við fyrstu umræðu.

Hins vegar kemst ég ekki hjá því að minnast lítillega á nokkur atriði sem reyndar geta ekki skrifast á reikning hæstv. núv. fjmrh. Það eru atriði sem hafa fengið forgang á undanförnum árum og bara til að nefna eitt nefni ég Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er slík munnfylli að heilan þingtíma þyrfti til að ræða. Ég bendi bara á það sem stendur á bls. 13 í þessu frv. þar sem beðið er um 820 millj. kr. til flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vegna umframeyðslu. Og ekki nóg með það, önnur innlend fjáröflun til sama fyrirtækis er 680 millj. kr. Þetta mun láta nærri 1½ milljarði. Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur beðið um skýrslu um þetta mál. Það hafa

einnig þm. Kvennalista, Borgaraflokks og Alþb. gert og þá reyndar utanrrh. um útgjöld og kostnað vegna þessarar byggingar. Hún er kannski eitt besta dæmið um kolranga forgangsröð í þessu þjóðfélagi.

Það er annað atriði sem ég vildi nefna líka sem varðar forgangsröð og það snertir reyndar þá stefnu sem taka á í sjóðum atvinnuveganna og mér þykir ískyggileg. Það er sú stefna að þeir eigi að standa á eigin fótum og spjara sig. Í þeim tilgangi eru t.d. skornar niður fjárveitingar til Iðnlánasjóðs en það virðist ekki vera gert með samþykki iðnrh. því ef ég má vitna í umræður á þingi, sem birtar voru í Morgunblaðinu nú nýlega en eru ekki enn prentaðar í þingtíðindum, með leyfi forseta, kemur fram í svari hæstv. iðnrh. við fsp. frá Maríu Ingvadóttur um lánasjóði iðnaðarins, þar sem hún spyr hvort vænta megi frv. um breytingar á lögunum um Iðnlánasjóð og hvernig fyrirhugað sé að bregðast við tekjumissi sjóðsins frá næstu áramótum og þar til lögin verði endurskoðuð, að lögbundið framlag ríkissjóðs til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs væri alveg fellt niður í fjárlagafrv. en það væri 25 millj. kr. í ár og ætti að vera um 48 millj. kr. ef lögum væri fylgt. Í athugasemdum með fjárlagafrv. segði m.a.:

Ætlan stjórnvalda er að fella niður sem mest af lögbundnum framlögum og tekjustofnum og í samræmi við það verður stefnt að breytingum á lögum um Iðnlánasjóð.

Iðnrh. sagði þetta orðalag vera frá fjmrh. og hefði það ekki verið sérstaklega borið undir hann. Framlag það sem verið væri að fella niður að fullu rynni til vöruþróunar- og markaðsdeildar en ekki til fjárfestinga eins og margir virtust telja. Tilgangur þeirrar deildar væri að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, örva nýsköpun og auka útflutning. Þetta framlag væri nánaast eina opinbera framlagið til nýsköpunar og þróunar í iðnaði. Niðurfelling þess í einu lagi væri mjög tilfinnanleg fyrir fjárhag sjóðsins og tiltölulega mun meiri skerðing en tíðkast á framlögum til annarra atvinnugreina, svo sem sjávarútvegs og landbúnaðar. Í lögum um Iðnlánasjóð væru ákvæði þess efnis að endurskoða ætti ýmis ákvæði, þar á meðal ákvæði um framlög ríkissjóðs fyrir lok ársins 1988. Iðnrh. sagðist af þessu tilefni hafa beint því til stjórnar Iðnlánasjóðs að hefja endurskoðun laganna í ljósi fenginnar reynslu. Tillögur um breytingar mundu væntanlega verða lagðar fyrir Alþingi eftir áramót.

Varðandi síðari lið fsp. sagði iðnrh. að ef framlag ríkisins yrði alveg fellt niður mundi það þýða 30% samdrátt á ráðstöfunarfé sjóðsins frá því sem væri á þessu ári. Það mundi leiða til þess að draga þyrfti úr stuðningi við ýmis aðkallandi verkefni er sjóðurinn hefði styrkt. Hann hefði því tekið þetta mál upp við fjvn. og lagt til að framlag ríkisins á næsta ári yrði a.m.k. hliðstæð upphæð og væri á þessu ári. Mál þessi yrðu síðan endurmetin fyrir árslok 1988 eins og lögin um Iðnlánasjóðinn gerðu ráð fyrir.

Hæstv. iðnrh. ætlast því til þess að Alþingi lagi fyrir hann það sem fjmrh. sker niður og fjmrh. virðist ekki hafa talað við iðnrh. um þetta mál. Og ég vek athygli á því að rannsóknasjóður Rannsóknaráðs hefur fengið í það minnsta helmingi fleiri umsóknir á hverju ári en hann hefur getað sinnt. Margar þessar umsóknir eiga heima á sviði iðnaðar. Þær fjalla um nýjungar í tækni og nýsköpun í iðnaði. Sjóðurinn hefur einungis haft til umráða um 50 millj. kr., sem var reyndar fjölgað við síðustu fjárlög upp í tæpar 70, og hefur því ekki getað sinnt öllum þessum beiðnum og mörgum þeirra hefur einmitt verið vísað til Iðnlánasjóðs.

Það vita allir að forsendur efnahagsstefnu framtíðarinnar liggja í tækni og nýsköpun og tækni og nýsköpun hvílir vitanlega á menntun og vísindum. Þar þarf að fjárfesta en ekki að skera niður. Þess vegna undrar mig forgangsröðunin ef þessum sjóðum, sem í raun bera ábyrgð og skyldur, er ekki veitt það frelsi og það fjármagn til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum sem því opinbera ber skylda til að styðja. Mér finnst þetta óhugnanleg þróun.

Í annan stað vil ég nefna lítillega Fiskimálasjóð því að hann er þarna nefndur líka og mig langar til þess að vitna til ályktunar sem samþykkt var á 60. fundi Rannsóknaráðs ríkisins sem haldinn var á þessu ári. Það kann að vera að hæstv. fjmrh. hafi ekki borist þessi ályktun og þá langar mig til að lesa hana fyrir hann en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Rannsóknaráð ríkisins ályktar á 60. fundi sínum 29. júní 1987 að leggja til við ríkisstjórnina að á næstu þrem árum verði varið 60 millj. kr. á ári af opinberri hálfu til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu. Leggur ráðið til að helmingi þessa fjár verði veitt í Rannsóknasjóð til að styðja rannsókna- og þróunarverkefni eftir umsóknum sem metnar verða á faglegum forsendum. Áhersla yrði lögð á samvinnu milli fyrirtækja og stofnana um verkefnin. Lagt er til að hinum helmingnum verði veitt í Fiskimálasjóð sem misst hefur tekjustofn sinn en þyrfti að geta veitt fyrirtækjum áhættulán eða styrki til vöruþróunar, vinnslutilrauna og markaðsaðgerða í tengslum við vinnslunýjungar. Reiknað er með að á móti þessum opinbera stuðningi komi eigið fé fyrirtækja og framtalsfé frá fjármagnsfyrirtækjum sem nemur a.m.k. 120 millj. á ári."

Ég legg mikla áherslu á það, án þess að ég lesi frekari tilvitnanir eða ræði þetta mál í meiri smáatriðum, að þarna er afskaplega röng stefna á ferðinni að mínu mati. Það þarf að styrkja bæði undirstöðuatvinnugreinar okkar og alla nýsköpun á sviði iðnaðar til þess að við getum orðið samkeppnisfær í framtíðinni. Það þýðir ekki að fleygja þessu út á hinn svokallaða frjálsa markað og ætlað því að spjara sig eða deyja. Það gengur ekki.

Mig langar enn að vitna í framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins þar sem segir:

„Atvinnuvegasjóðirnir eins og Framleiðnisjóður landbúnaðarins og markaðs- og vöruþróunardeild Iðnlánasjóðs eiga fyrst og fremst að styrkja þróunarverkefni og umbótastarf innan einstakra fyrirtækja.

Þeir eiga að greina og byggja mat sitt á hagkvæmni og líkindum fyrir meiri og/eða betri framleiðslu eða sterkari samkeppnisaðstöðu. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á að sjávarútvegurinn stendur nú höllum fæti eftir að Fiskimálasjóður var lagður niður í þeirri miklu sjóðarassíu sem gerð var á síðasta ári. Ekki eru horfur á því að Fiskveiðasjóður taki við þessu hlutverki því að hann veitir hvorki lán eða styrki til þróunar- eða markaðsverkefna í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn er því afskiptur að þessu leyti þótt þar sé nú mikil þörf og áhugi á nýsköpun. Úr þessu þyrfti að bæta."

Ég ætla ekki að orðlengja mjög um þetta frv. til lánsfjárlaga nú. Það væru mörg önnur dæmi sem ég vildi taka, en það er ekki meiningin að ræða ítarlega einstök dæmi við 1. umr. Hins vegar ítreka ég enn að ég efast um að niðurstöður og áætlanir í þessu plaggi muni standast vegna þess að forsendurnar sem það er byggt á eru mjög óvissar. Það eru margir þættir sem ekki eru teknir inn í við athugun málsins og erfitt er að spá um. Það er því mjög mikilvægt að þetta mál fái ítarlega umfjöllun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þar á Kvennalistinn ekki fulltrúa og því vil ég fara fram á að við fáum áheyrnarfulltrúa í nefndinni þegar umfjöllun þessa máls verður nú á næstu dögum.

Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu um lánsfjáráætlun. Ég get þó ekki orða bundist undir þeim ræðum sem hv. deild hefur setið, sérstaklega hvað lýtur að því hver þáttur atvinnulífs er og þeirra sem þar starfa í sambandi við meðferð fjármuna.

Mér finnst því miður umræðan einkennast of mikið af því að menn vantreysti þeim mönnum sem bera rekstrarlega ábyrgð á fyrirtækjum úti í atvinnulífinu og einnig finnst mér umræðan þar af leiðandi einkennast of mikið af því að það beri að treysta ákveðna miðstýringu og forsjá hins opinbera. Þessu hlýt ég að mótmæla, sérstaklega í ljósi þess að ef menn skoða sögu Íslands, sögu íslensks atvinnulífs, var það ekki að frumkvæði hins opinbera, ekki að frumkvæði hv. Alþingis eða einhverra kerfismanna, sem Íslendingar byggðu upp sitt atvinnulíf með þeim hætti sem við þekkjum, heldur var það fyrir frumkvæði þess fólks sem tók þá áhættu að vera ekki verndað af ríkinu, hvorki í rekstrarlegum skilningi, þ.e. hvað eignarform áhærir, né með tilliti til þess hvar menn störfuðu sem launþegar og tóku áhættuna af því. Nægir í því sambandi að vekja athygli á því að meginþorri landsmanna í íslensku atvinnulífi býr ekki við jafnverðtryggðan og öruggan ellilífeyri og þær þúsundir sem starfa hjá hinu opinbera. Það er þetta fólk ásamt þeim sem bera rekstrarlega ábyrgð á fyrirtækjunum eignalega og annað sem við erum að tala um öðrum þræði þegar við erum að fjalla um lánsfjáráætlun. Það er þetta fólk sem á mikið undir því hvernig hv. Alþingi fjallar um þetta mál með tilliti til þess hvernig fjármunum er ráðstafað.

Ég segi þetta vegna þess að það hefur margkomið fram og kemur fram í lánsfjáráætlun að um helmingur þeirra fjármuna sem hér eru til umræðu eru peningar sem eiga að koma úr sjóðum fólksins, ég segi sjóðum alþýðunnar, og sjóðum þeirra fyrirtækja sem menn vilja helst ekki að komi til sögu þegar á að ráðstafa peningunum aftur til að undirbyggja forsenduna fyrir því að við hér, hv. alþm., erum að tala yfirleitt um lánsfjáráætlun. Helmingurinn af þeim 12 milljörðum sem við erum að tala um að eigi að ráðstafa í lánsfjáráætlun kemur úr sjóðum atvinnulífsins og sérstaklega lífeyrissjóðunum, rúmlega 6 milljarðar ef ég man það rétt, án þess að fara að tíunda það upp á einseyring.

Þess vegna finnst mér það mjög leiðinlegt, svo að ekki sé meira sagt, hvernig talað er til þeirra aðila sem bera ábyrgð á því hvernig þetta fé verður til. Ég nefni sem dæmi: Hér er talað um verðbréfasjóði og fjármálafyrirtæki alls konar eins og þau séu af hinu vonda. Það er einnig sagt að þessir sjóðir, þessi fyrirtæki, dragi fé frá þörfum hlutum og eiginlega gefið í skyn í sumum ræðum að hér sé um einhver vafasöm viðskipti að ræða. Þá er mér spurn: Hverjir eru viðskiptamenn þessara fjármálastofnana? Hverjir eru það sem eiga þessa verðbréfasjóði? Ég get svarað þeirri spurningu, virðulegi forseti. Það vill svo til að það eru til skrár yfir þetta allt saman sem eru hjá verðbréfaþingi og hjá þessum sjóðum sjálfum og þá kemur í ljós, ef maður skoðar samsetningu þessara sjóða, að meginstofninn í sjóðunum eru ríkisskuldabréf. Þetta eru ekki bara skuldabréf sem eru búin til vegna þess að einhverjir einstaklingar koma og eru að braska með peninga. Þarna er um að ræða tilfærslu á skuldabréfum, ríkisskuldabréfum, bankaábyrgðarbréfum o.s.frv. Að meginstofni eru þetta þess konar bréf. Einnig er þarna mikið um bréf sem fyrirtæki gefa út og selja. Um hvaða fyrirtæki erum við að tala? Við erum að tala um frystihús, við erum að tala um iðnfyrirtæki o.s.frv. o.s.frv. Ég held að það sé misskilningur hvernig ýmsir hv. þm. tala um þessi mál. Ég tek það skýrt fram að ég á ekki eitt einasta skuldabréf, ekki eitt einasta verðtryggt, þannig að ég get talað frjálst um þetta. Ég tek það einnig skýrt fram að mér finnst alrangt að um þetta sé fjallað eins og hér sé á ferðinni eitthvað svona vafasamt fólk í íslensku þjóðlífi. Meginstofninn í þessu er eldra fólk sem notar sína sparipeninga en það er líka rétt. Það tekur kannski út peninga af reikningum í bönkum og kaupir ríkistryggð skuldabréf, annaðhvort í gegnum þessi fjármálafyrirtæki eða í gegnum banka. Síðan er þetta fólk að „realisera" þessi skuldabréf eða breyta til, kaupa bréf í ár með því að selja bréf sem það keypti fyrir 10 árum. Svona skilst mér að þessi viðskipti fari fram. En það er auðvitað hægt að gera ráðstafanir til þess að upplýsa hv. þm. betur um það síðar í 2. umr. til þess að allt liggi hér á borðinu.

Það er einnig rétt að verðbréfasjóðirnir eru greini-

lega nýtt form sem færir til sparifé, þ.e. það er bundið meira í öðrum eignum en áður. Ég geri varla ráð fyrir því að það væri neitt fagnaðarefni, hvorki fyrir hv. þm. né hæstv. fjmrh., ef drægi úr kaupum á ríkisskuldabréfum. Ég minnist þess að hér fyrir nokkrum vikum var auglýst að Byggðasjóður hefði verið að bjóða lífeyrissjóðunum skuldabréf með 9,2% vöxtum ef ég man rétt. Þarna er aðili sem kemur mjög sterkt inn á markaðinn og er að ýta undir vaxtahækkanir þannig að þegar við erum að skoða þetta verðum við að gera okkur grein fyrir hverjir eru kaupendur og seljendur. Stærstu kaupendur á þessum markaði eru auðvitað að verða lífeyrissjóðirnir. Það liggur í augum uppi. Þar er raunverulega hinn eini skipulagði grundvallarnettósparnaður sem Íslendingar geta litið til. Og er þá rétt að skoða nokkuð nánar hvernig menn hyggjast nálgast það.

Hv. þm. þekkja þá umræðu sem hefur verið undanfarin ár um Húsnæðisstofnun og húsnæðismálakerfið. Það hefur verið sagt af hálfu þeirra sem bera ábyrgð á því kerfi að það vantaði alltaf fé og mun það vera rétt. Það hefur vantað mikið fé í húsnæðismálakerfið til þess að það gæti svarað þeirri eftirspurn sem þar hefur verið fyrir hendi. Við skulum einnig huga að því að ein þjóð notar ekki meginhlutann af sparifé sínu bara í það að byggja íbúðir þó að þær séu nauðsynlegar og mikið hafi verið byggt á Íslandi á undangengnum árum. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að í meðferð sparifjár verðum við að gera það upp við okkur í eitt skipti fyrir öll að ríkið eða íbúðaþáttur þjóðarinnar getur ekki sogað til sín allt sparifé landsmanna. Sparifé verður að fara einnig út til atvinnuveganna. Það hefur komið fram í ræðum hv. þm. og síðast hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að það væri verið að skera niður það fé sem færi í mjög þarfa og nauðsynlega sjóði vegna atvinnulífsins og voru Iðnlánasjóður og Fiskveiðasjóður sérstaklega nefndir. Ég get tekið undir þau orð.

Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan að við verðum að taka afstöðu til þess að þetta nýmyndaða sparifé, sem er í lífeyrissjóðunum og sem mun verða mjög mikið á næstu árum, verður einnig að fara að stórum hluta út í atvinnulífið aftur. Við megum ekki einblína á það sem einhverja allsherjarlausn í sambandi við lánsfjáráætlun eða íbúðabyggingar hérlendis, enda hefur það þegar komið fram í þessari lánsfjáráætlun, sem hv. þm. hafa e.t.v. ekki tekið nægjanlega vel eftir, að á sama tíma sem fyrir Alþingi liggur frv. til laga um breytingar á núgildandi húsnæðislöggjöf, þar sem hæstv. félmrh. leggur mikla áherslu á það að hann geti ekki sinnt skyldum sínum sem ráðherra þar sem þær breytingar ná ekki fram að ganga sem hæstv. ráðherra leggur áherslu á í formi frv. og þar af leiðandi sé ekki hægt að afgreiða lán samkvæmt þeirri þörf sem fram kemur í umsóknum hjá húsnæðismálakerfinu, kemur það fram hér í lánsfjáráætlun að ríkissjóður hyggst frysta hluta af því fé sem húsnæðismálakerfið tekur að láni í lífeyrissjóðunum. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr þskj. 1 þar sem segir um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna þessu tengt:

Horfur eru á að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði mun meira en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun ársins og stefnir í að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins verði 875 millj. kr. hærri árið 1987 en ráð var fyrir gert. Af því fé er nú ákveðið að ráðstafa 150 millj. á árinu 1987 til þeirra húsbyggjenda sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum en afgangurinn, 675 millj., verður bundinn í sjóði í árslok. Þá er miðað við að 150 millj. af því fjármagni verði varið í sama skyni árið 1988. Miðað er því við að í árslok 1988 verði 500 millj. kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins, það má segja í vörslu ríkissjóðs. Er þetta m.a. gert vegna þess að veruleg aukning er á ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna og hætta á að vaxandi þenslaýti undir hækkun íbúðaverðs. Ákvörðun þessi getur komið til endurskoðunar ef forsendur breytast verulega, t.d. ef ráðstöfunarfé lífeyrissjóða reynist vera undir áætlun eða ef verðlag rýrir framkvæmdarmátt.

Ég vek athygli á öðru í sambandi við þetta þar sem segir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, og finnst mér það hörmuleg niðurstaða ef hægt er að draga slíka ályktun eins og ég ætla að leyfa mér að gera hér nú:

Útgjöld ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri opinberra starfsmanna árið 1988 eru áætluð 861 millj. kr. eða — ég vil ekki segja svipuð upphæð en það er þó hægt að segja það vegna þess að ég geri ráð fyrir að þessar 500 millj. sem á að frysta þarna verði meira en 500 millj. — það má segja að hér sé um svipaða upphæð að ræða sem á að frysta í ríkissjóði af lántöku húsnæðissjóðs hjá almennu lífeyrissjóðunum árið 1988 og á að greiða vegna lífeyris opinberra starfsmanna. Þarna finnst mér raunverulega verið að nota óbeint lántöku í almennu lífeyrissjóðunum til þess að létta af hinu opinbera þeirri greiðslubyrði sem er í sambandi við lífeyri opinberra starfsmanna.

Auðvitað er rangt að draga ályktun svona, en þetta stingur í augað þegar maður horfir á þetta hvort tveggja í sama plaggi. Sérstaklega þykir mér það alvarlegt þegar haft er í huga að það fólk sem þessi lántaka hvílir á býr allt meira og minna við takmarkaðan verðtryggðan ellilífeyri. Og við höfum ekki enn þá, hv. þm., fundið leið til að tryggja þessu fólki sambærileg ellilífeyriskjör og þeim sem eru hjá hinu opinbera. Ég get þess vegna ekki orða bundist og vek athygli á því að mér finnst þarna verið að fara bakdyramegin að lántöku hjá almennu lífeyrissjóðunum. Það á ekki að nota peningana í það kerfi sem menn leggja áherslu á að efla, sumir hverjir, heldur finnst mér að þarna sé verið að létta á hinu opinbera.

Í lánsfjáráætlun segir m.a. að fjárfestingarlánasjóðir gegni þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Þetta er hárrétt og ég get tekið undir

þessar röksemdir, enda styðja þær það sem hér hefur áður verið skýrt frá að þeir sem fara í áhætturekstur verða að búa við þær aðstæður að þessi skilningur ríki jafnframt því sem menn verða að viðurkenna það að áhætturekstur á Íslandi, þ.e. hið frjálsa atvinnulíf hefur orðið að treysta meir og meir á önnur form, aðra möguleika í sambandi við fjármögnun og uppbyggingu fyrirtækja en áður var, þ.e. þessi viðskipti hafa færst meira frá bönkum og yfir til þessara fjárfestingarlánasjóða og að vissu marki þeirra nýju fjárfestingarfyrirtækja sem upp hafa risið í tengslum við flestalla banka á Íslandi, hvort sem það eru einkabankar eða ríkisbankar.

Þá er það grundvallaratriði, sem segir einnig í fskj. 1 með lánsfjáráætlun og á fjárlögum, að í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir annist eigin lántökur. Stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðinum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántöku sjóðanna við Framkvæmdasjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast.

Þetta er gott svo langt sem það nær, en ég vek athygli á því að ef við viljum telja okkur frjálsa þjóð, ef við viljum vera tengd vestrænum ríkjum viðskiptalega með þeim hætti að við séum frjáls og sjálfstæð þjóð og getum átt viðskipti á þeim grundvelli sem við höfum gert hingað til, þá verðum við að viðurkenna að það gerist ekki nema að íslenskt fjármagn fái að njóta sín í íslensku atvinnulífi og að afskipti hins opinbera séu sem minnst. Þetta er grundvallaratriði sem við hljótum að viðurkenna. Svo er það annað mál hvernig við ætlum að fullnægja sameiginlegum þörfum þjóðarinnar í hinum opinbera geira. Um það er hægt að tala í löngu máli en ég læt þetta nægja, virðulegi forseti.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni. Ég vil aðeins vekja athygli á því í sambandi við þau ákvæði sem varða Byggðasjóð að ekki virðist gert ráð fyrir því að hann fái neinar heimildir til þess að lána til skipasmíðaverkefna, en það hefur verið svo nú um nokkurra ára skeið að Byggðasjóður hefur lánað skipasmíðastöðvum til þess að þær geti tekið að sér meiri háttar endurbætur eða viðhaldsverkefni. Til þessara verkefna hefur verið lánað misjafnlega mikið úr Fiskveiðasjóði eftir því um hvað er að ræða hverju sinni en við það hefur verið miðað að heildarfjárhæðin verði um 80%. Nú liggur það fyrir að í Byggðasjóði er nokkur fjöldi umsókna um lánafyrirgreiðslu af þessu tagi.

Það er yfirlýst í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að hún vilji jafna þann aðstöðumun sem er vegna óheilbrigðrar samkeppni milli innlendra atvinnugreina og erlendra og er skipasmíðaiðnaðurinn sérstaklega nefndur í því sambandi. Við vitum líka að skipasmíðastöðvarnar hafa haft af því mikið hagræði að geta vísað sínum viðskiptavinum í Byggðasjóð. Þessi lán hafa verið tekið í erlendri mynt til fimm ára og sett fyrir þeim, ekki aðeins fullgildandi veð, heldur einnig greiðslutrygging þannig að innheimtan var síðast þegar ég athugaði það rétt um 95%. Það má því segja að þetta fjármagn hafi komist fullkomlega til skila og má í rauninni líta þannig á að þarna sé um hringrás að ræða. Það kemur inn álíka mikið fé og lánað er þannig að þarna er eingöngu verið að tala um reglulega starfsemi.

Ástæðan fyrir því að þessi þjónusta við skipasmíðastöðvarnar var tekin upp var sú að hinar erlendu skipasmíðastöðvar hafa ekki aðeins getað boðið upp á niðurgreitt erlent fjármagn heldur hefur reynslan sýnt að viðskiptabankarnir hafa orðið að hjálpa útgerðarmönnum sem hafa lent í greiðsluvandræðum erlendis vegna þess að skipin hefðu að öðrum kosti ekki fengist leyst, en á hinn bóginn hafa innlendu stöðvarnar oft orðið að semja um mislanga greiðslufresti.

Það kann auðvitað að vera að ýmsum detti í hug, og það ekki að ástæðulausu, að ég hreyfi þessu máli vegna þess að það varðar mitt kjördæmi mjög. Skipasmíðaiðnaðurinn er mjög snar þáttur í atvinnulífinu sérstaklega á Akureyri en einnig víða annars staðar um land. Ég vil í þessu samhengi líka minna á það að fyrir nokkrum árum efndi Bandalag háskólamenntaðra manna til ráðstefnu um lífskjör á Íslandi og þar var einmitt vakin athygli á því að það stæði járniðnaðinum fyrir þrifum hversu lítið væri hér af nýsmíðaverkefnum, en aðallega viðhalds- og viðgerðarverkefnum. Nú er það svo um mörg af þessum verkefnum í endurbótum að þau koma mjög inn á járnsmíðarnar, þarna er um mikla þekkingu að ræða hér á landi sem er í hættu, verkþekkingu, og ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að skipasmíðaiðnaðurinn haldi sinni stöðu. Ekki hefur verið farið fram á það af hálfu skipasmíðaiðnaðarins, a.m.k. ekki með neinum þunga, að lánin yrðu niðurgreidd með opinberu fé en nú má vera að hæstv. fjmrh. hafi það í huga að skattleggja þá nýsmíði eða þær skipaviðgerðir sem fara fram erlendis í stöðvum, sem við vitum að njóta niðurgreiðslu opinbers fjár, til að jafna með þeim hætti aðstöðuna. Ég veit ekki hvort einhverjir þankar af því tagi hafa komið upp en ég vil sem sagt spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann vilji um þetta almennt segja, þá fyrirgreiðslu sem nú síðustu árin hefur verið í Byggðasjóði til skipasmíðastöðvanna. Og ég legg áherslu á að þessi lán hafa verið til skamms tíma, fimm ára, og þau hafa verið endurgreidd að fullu. Það hefur verið sett greiðslutrygging fyrir þeim þannig að þarna hafa ekki safnast upp vanskil.

Þá vil ég í annan stað nota þetta tækifæri til að fagna því að fyrir forgöngu samgrh. hafi ríkisstjórnin nú staðfest að ráðist verði í göngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla á næsta ári. Ég saknaði þess að ekkert þar að lútandi var í frv. til lánsfjárlaga, en nú er sem sagt komin niðurstaða á það mál og ríkisstjórnin hefur staðfest bókun fjvn. um það að í þetta

verði ráðist á næsta ári og haldið áfram viðstöðulaust, eins og þar stendur, því auðvitað nær það engri átt að hætta í miðjum klíðum þegar um svo fjárfreka framkvæmd er að ræða.

Ég vil í síðasta lagi, herra forseti ... (**Gripið fram í:** „Herra" forseti?) Varð mér á í messunni? (Gripið fram í.) Ég vil taka því mjög ljúfmannlega ef mér hafa orðið á mistök ... (**Forseti:** Önnur mistökin.) og biðjast velvirðingar á því að veita hæstvirtum forseta ekki nægilega athygli þar sem hann situr í stólnum, en ég vil lýsa því yfir að mér þykir það sjálfsagt að hæstvirtur forseti sitji fundi fjh.- og viðskn., eins og hann fór fram á áður í sinni ræðu, þegar lánsfjárlögin verða þar til umræðu, eins og verið hefur.

Og nú vil ég spyrja af þessu tilefni, ég man eftir því að þegar Eysteinn Jónsson sat í forsetastóli þá gaf hann þann úrskurð að maður ætti ævinlega í ræðustóli að segja „hann" þegar alþingismenn væru ávarpaðir, hvort sem þeir væru konur eða karlar. Nú væri fróðlegt að vita hvort hæstvirtur forseti hafi sömu skoðun á því að það eigi að ávarpa alla hv. þm. sem „hann" en á þeim tíma sem ég er að rifja upp man ég eftir að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir fékk þrívegis áminningu frá hæstvirtum forseta fyrir að segja „hún" um hv. þm. Svövu Jakobsdóttur.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Að gefnu tilefni þá vil ég taka það fram að ég vil gjarnan gera mitt besta til að taka þátt í störfum þingsins og greiða fyrir þeim á allan veg en hins vegar uni ég því ekki að meðan ég sinni því þá sé ég karlkennd. Ég er kona og get því aldrei orðið „herra". Eysteinn Jónsson er eflaust merkilegur maður, en hann er ekki almáttugur og því úrskurður hans ekki einhlítur. Það hlýtur hver að þurfa að gera upp við sig hvernig hann ávarpar konu og hvernig hann ávarpar karl. Sjálf hef ég valið ef kona er ráðherra t.d. að segja ævinlega „hún", mér finnst eðlilegra að kvenkenna konur og karlkenna karla og er það hvorugu til hnjóðs að mínu mati. (**HBl:** Þá liggur það fyrir.)

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil til að byrja með þakka fyrir þessa hófsamlegu umræðu um mikilsverð málefni. Í umræðunni hafa komið fram ýmsar umhugsunarverðar ábendingar, gagnrýni sem jafnvel er jákvæð og ég get tekið undir margt sem fram kom í ræðum manna, einkum vil ég þó segja það um ræðu hv. þm. Ásmundar Stefánssonar þótt ekki séum við sammála í mati okkar á meginatriðum í stefnu ríkisstjórnarinnar að svo stöddu.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum í tilefni af athugasemd hv. þm. sem hér talaði seinastur, 2. þm. Norðurl. e., um fjármögnun viðhalds- og endurbótaverkefna á skipaflotanum. Það er rétt að rifja það hér upp hver hefur verið farvegur fyrir fjármögnun til þessara verkefna á undanförnum árum. Verkefnin hafa verið bæði innanlands og erlendis og spurningin er hér um hvernig við viljum fara að því að mæta samkeppnisstöðu í formi viðbótarlána til innlendra aðila sem taka að sér þessi verkefni. Venjulega gengur þetta fyrir sig á þann veg að fyrst er leitað tilboða í lagfæringu skips með útboði, venjulega bæði innanlands og erlendis. Fiskveiðasjóður samþykkir tilboð þegar eftir er leitað og gefur upp hve mikið í hundraðshluta sjóðurinn muni lána af kostnaði. Þetta hefur verið misjafnt á umliðnum árum, á bilinu 50–80%. Því næst reyna viðskiptabankar að útvega skipseiganda skammtímalán, bráðabirgðalán, til þess að fjármagna verkið á framkvæmdatíma. Yfirleitt útvega bankarnir bráðabirgðalán í samræmi við það sem Fiskveiðasjóður mun tryggja sem endanlega fjármögnun. Þegar viðgerð eða endurbótum á skipi lýkur, hvort heldur er innan lands eða utan, þá er endanlegt kostnaðarverð reiknað út í Fiskveiðasjóði. Viðskiptabanki tekur endanlegt langt erlent lán, venjulega til 5–7 ára, og greiðir upp erlenda skammtímalánið en viðskiptabankinn er sjálfur skuldbundinn gagnvart útlöndum fyrir láninu. Fiskveiðasjóður skrifar upp á skuldabréf í viðskiptabanka sem skuldbindur sjóðinn til að greiða í samræmi við erlenda skuldbindingu viðskiptabankans. Skipaeigandinn skrifar upp á skuldabréf frá Fiskveiðasjóði fyrir sambærilegri upphæð, en með 15–17 ára lánstíma og vexti í samræmi við útlánakjör sjóðsins en í dag eru þau 8,75% vextir og verðtrygging í svonefndri RFI-einingu sem er myntkarfa á skuldum Fiskveiðasjóðs.

Fyrir liggur beiðni Félags dráttarbrauta og skipasmiðja til þessa verkefnis sem nemur um 300 millj. kr. lántökuheimild um Byggðastofnun. Sú fjárhæð er hugsuð þannig að verið er að tryggja skipeiganda 80% lánsfjármögnun af verkefni sé það framkvæmt innanlands. Í rökstuðningi félagsins er því haldið fram að verið sé að jafna aðstöðumun milli þess sem erlend skipasmíðafyrirtæki bjóða upp á til að laða til sín verkefni. Fram hefur komið í ósk félagsins að þetta feli ekki í sér auknar erlendar lántökur heldur aðeins tilflutning úr lántökum atvinnuvega í lántökur fjárfestingarlánasjóða. Þetta kann að vera rétt ef það hefur ekki í för með sér aukna ásókn í slík verkefni, ef auðsótt er að fá lánsfé til framkvæmdanna, jafnframt því að verið er að veita ríkisábyrgð fyrir lántökum atvinnufyrirtækja sem í mörgum tilvikum geta með eðlilegum hætti verið áhættusamar.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1988 er miðað við svipaðar framkvæmdir og lántökur til viðhalds og endurbóta verkefna á skipum og í ár. Á þessu ári hafa verið miklar endurbætur á skipum. Auk þess er fyrir séð að mikið kemur af nýjum skipum vegna kaupa á skipum á næsta ári. Út af fyrir sig er erfiðleikum bundið að nefna tilteknar tölur um viðhald og endurbætur í áætlunum næsta árs, m.a. vegna þess að þetta er mjög háð niðurstöðum útboða sem geta haft mikil áhrif og það er því aðeins að þeim loknum sem menn raunverulega geta gert sér nákvæma grein fyrir kostnaði við þessi verkefni.

Þó má geta þess að nefnd hefur verið talan 1½ milljarður þegar menn hafa reynt að áætla þessi verkefni.

Það má nefna sem dæmi að í áætluninni fyrir árið 1988 er miðað við 300 millj. kr., t.d. vegna breytinga á þremur af fimm Japanstogurum í Póllandi.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. að ekki er gert ráð fyrir því að þessi fjármögnun fari áfram um farveg Byggðasjóðs. Þetta kann að vera álitamál. Þetta er ekki fyrst og fremst byggðaverkefni heldur er þetta iðnaðarverkefni og samkeppnisverkefni. Á ríkisstjórnarfundi í dag var þetta mál rætt. Þar var iðnrh. og viðskrh. falið í samráði við sjútvrh. og fjmrh. að undirbúa bókun á næsta ríkisstjórnarfundi og þá fæli málið það í sér að þetta færi um þann farveg að eigendur skipa, sem leita eftir þessum verkefnum, leiti eftir heimildum langlánanefndar til að útvega erlend lán og að fyrir liggi fyrirheit um að slík lán verði veitt með eðlilegum skilmálum að því tilskildu að útboð hafi farið fram og um sé að ræða samkeppnishæf verð. Niðurstaðan er því sú að menn vilja að sjálfsögðu greiða fyrir þessu og menn vilja tryggja það með föstum og reglubundnum hætti að innlendur skipasmíðaiðnaður verði þannig samkeppnishæfur, en telja ekki rétt að það fari um farveg Byggðasjóðs. Með þeim hætti er líka verið að taka undir það að ekki er um það að ræða að þetta hækki erlendar lántökur þar sem um er að ræða tilfærslu milli aðila.

Að gefnu tilefni vil ég einnig láta þess getið að því er varðar Ólafsfjarðarmúla, að mér hefur skilist af orðspori að menn hafi talið að núverandi ríkisstjórn hafi í einhverju fallið frá því verkefni. Það er ekki. Hitt er rétt að ekki er gert ráð fyrir erlendri lántöku í lánsfjárlögum vegna þessa verkefnis, en á ríkisstjórnarfundi í dag var staðfest að ríkisstjórnin muni að sjálfsögðu standa við yfirlýstan vilja Alþingis um að hefjast handa um verkefnið og þá hina miklu áætlun sem menn þurfa að gera sér um jarðgangagerð á næstu árum. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að fé muni verða tryggt til þess, en þó verði ekki leitað erlendrar lántöku fyrir þeim hluta sem utan vegáætlunar kemur. En niðurstaðan er skýr. Það verður ráðist í verkið. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að fjár verði aflað þótt það verði ekki með erlendum lánum á árinu 1988.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að því að í þessum umræðum hefði skort á skilning manna á því að atvinnulífið sjálft er uppspretta peninganna og það hefði gætt helst til mikillar geldrar forsjár og forræðishyggju sumra ræðumanna í afstöðu þeirra til atvinnulífsins. Ég hygg að það sé dálítið til í þessu hjá hv. þm. En ég vil leggja á það áherslu að í þeirri stefnumörkun sem liggur til grundvallar starfsáætlun ríkisstjórnar, fjárlagafrv., lánsfjáráætlun, þá er þetta ekki svo. Hér er einmitt verið að benda á ískyggilegar afleiðingar pólitískrar forsjárhyggju af þessu tagi sem lýsir sér í ráðsmennsku á liðnum árum á vettvangi fjárfestingarlánasjóða og bankakerfis og hefur leitt til þeirrar hrikalegu niðurstöðu sem ég hef verið að reyna að vekja athygli hv. þm. á og lýsir sér í óheyrilega miklum ríkisábyrgðum. M.ö.o.: Þegar líka er um að ræða vaxandi vanskil slíkra ríkisábyrgða þá eru afleiðingarnar af þessari ráðsmennsku þær að fyrr eða síðar er verið að vísa á herðar skattgreiðenda, launþega ef menn vilja orða það svo, venjulegs fólks sem greiðir skatta sína og gjöld til ríkisins, í vaxandi mæli afleiðingum af ábyrgðaryfirtöku á fjárfestingum fyrirtækja sem ég tel að nóg sé komið af. Að öðru leyti skal ekki staldrað við fleiri atriði í hans ræðu nema þó eitt. Hv. þm. tók undir með gagnrýni hv. þm. Ásmundar Stefánssonar þegar kemur að því ákvæði er varðar fjármögnun húsnæðislánakerfisins að þar eru 500 millj. kr. frystar að svo stöddu. Hér er um að ræða hluta af því fé sem er áætlað aukið ráðstöfunarfé umfram fyrri samninga á yfirstandandi ári og reyndar engir samningar fyrirliggjandi um að þetta fé verði af hendi reitt við byggingarlánasjóðina. Það er einfaldlega ekki fé í hendi. Það er nokkurri óvissu undirorpið hvort þetta fé fæst. En af því að þetta olli hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni verulegum áhyggjum, þá skal það tekið fram og upplýst að við afgreiðslu fjárlaga var orðið við eindregnum óskum forustumanna þingflokks hv. þm. um að hafa þennan hátt á að svo stöddu með þeim fyrirvörum sem þó koma fram í fjárlagafrv., þ.e. ef forsendur kunna að breytast, þá verði þetta fé nýtt.

Herra forseti. Ég biðst afsökunar. Virðulegi forseti. Ég biðst innilega afsökunar. Ég tek undir með forseta í þeim úrskurði sem hún kvað upp á forsetastóli um það hvernig ávarpa bæri þingmenn. Ég er ósammála þeim ágæta manni Eysteini Jónssyni í því efni.

Hv. þm. Júlíus Sólnes lýsti þeirri skoðun sinni og þá væntanlega þeirra borgaraflokksmanna að þau markmið sem sett væru með þessari lánsfjáráætlun væru jákvæð og þeir væru sammála markmiðunum en ekki sammála leiðunum. Hann benti fyrst og fremst á aðra leið til sparnaðar, að vísu ekki að því er varðar lánsfjáráætlun, heldur að því er varðar fjárlög, nefnilega þá að skera niður útgjöld í heilbrigðisgeiranum um svo sem eins og 10%. Þetta finnst mér athyglisverð skoðun og vildi gjarnan að hv. þm., sem að vísu er fjarstaddur nú, eða þá þingbróðir hans úr nefndum flokki, hv. þm. Guðmundur Ágústsson, útskýrði fyrir þingheimi ögn betur hvað felst í hugmyndum þeirra og tillögum um lækkun útgjalda um 10% til heilbrigðismála, hvort þetta á að vera í rekstrarkostnaði í sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum eða hvort þetta á t.d. að vera í lækkun á sjúkratryggingagjöldum eða sjúkrasamlagsgjöldum, nú eða hvort þetta á t.d. að vera í því formi að draga úr hlut ríkisins við verðmyndun lyfja, eða hvaða önnur góð ráð þeir hefðu fram að færa í þessu efni. Mér væri mikil forvitni á að heyra um þetta og ég veit fleirum. Hverju orði er það sannara að útgjaldaaukinn í heilbrigðiskerfinu hefur verið mikill og ég tek undir það. Það ber að hafa þar kostnaðargát eins og á öðrum sviðum. Þess vegna tel

ég að hv. þm. beri nánast skylda til að skýra frá því — ég geri ráð fyrir því að á bak við þetta liggi einhver vinna og athuganir — hvaða tillögur hann hefur að gera um lækkun tilkostnaðar á þessum mjög svo viðamiklu útgjaldasviðum. (Gripið fram í.) Vera má. Virðulegur forseti er læknisfræðilega menntaður en ekki ég, svo að ég treysti mér ekki til þess að leggja dóm á þessa skoðun hv. þm.

Hv. þm. Júlíus Sólnes spurðist sérstaklega fyrir um það hvað væri á bak við töluna 1600 millj. kr., sem fram kemur í lánsfjárlögum og varðar aðra innlenda lánsfjáröflun, og lýsti um leið áhyggjum sínum af því að innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs væri svo mikil að með henni væri verið að efna til of mikillar samkeppni við atvinnulíf, fyrirtæki og einkaaðila um takmarkað lánsfé og það kynni að hafa neikvæð áhrif á vexti, þ.e. áhrif á vexti til hækkunar.

Í fyrsta lagi kom það rækilega fram í minni ræðu að í þessu lánsfjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að draga mjög verulega úr lánsfjárumsvifum ríkisins og opinberra aðila sem svarar hvorki meiru né minnu en 3,6 milljörðum kr. Í annan stað, þrátt fyrir áherslubreytinguna frá erlendum lánum yfir til innlendrar lántöku, er það samt svo að þegar við tökum frá þann þátt innlendrar lántöku sem er þegar umsaminn og varðar lán til húsnæðismála, þá er afgangurinn, innlend lánsfjáröflun til opinberra aðila, hlutfallslega minni að raungildi en ráð var fyrir gert í áætlun yfirstandandi árs. Það er því verið að draga úr lánaumsvifum ríkisins í heild og það er ekki verið að leggja aukið álag á innlendan lánsfjármarkað. Þvert á móti er megintilhneigingin sú að ríkið er með því að rétta af hallarekstur sinn og draga úr lánaumsvifum að reyna að auka svigrúm fyrir atvinnulíf, fyrirtæki og fólk á lánamarkaði, enda er einmitt ein af helstu leiðunum, sem ríkið getur farið til að hafa áhrif á vaxtastig til lækkunar til langs tíma, sú að draga úr hallarekstri og skuldasöfnun og reyna að fjármagna útgjöld sín í vaxandi mæli með eigin skatttekjum frá ári til árs.

En af því að hv. þm. bað sérstaklega um skýringar á þessum 1600 millj. umfram þessar almennu skýringar, þá er rétt að geta þess að skipting þessa fjár er með þessum hætti:

Til sveitarfélaga er varið 100 millj. kr. Í hlut Byggingarsjóðs ríkisins koma 50 millj. kr., sem er skyldusparnaður ungmenna nettó. Til Byggðastofnunar er varið 250 millj. kr., til Fiskveiðasjóðs er varið 400 millj., til Iðnlánasjóðs er varið 300 millj., til Iðnþróunarsjóðs er varið 50 millj., til Útflutningslánasjóðs er varið 50 millj., og að því er varðar fjármögnunarleigur, leiguformið, þá er þar um að ræða 400 millj.

Þetta fjármagn er að stærstum hluta lántökur sjóða eða um 1450 millj. kr. af ofangreindum 1600 millj., en sambærileg fjárhæð var 1060 millj. árið 1987. Áhyggjur vegna atvinnufyrirtækja sýnast því í ljósi þessara upplýsinga ekki eiga við rök að styðjast.

Virðulegi forseti. Ég treysti mér ekki í fljótu bragði og óundirbúið til að setja alveg í samhengi þá gagnrýni sem borin var á þessa lánsfjáráætlun og stefnu hennar af málsvara Kvennalistans. Ég hygg að ég þyrfti að setja mig betur inn í innri rökvísi og hugarfar sem á bak við býr áður en því verði svarað svo skynsamlegt væri. Ég staldraði sérstaklega við þá skarplegu áætlun, sem hv. þm. lýsti, að sennilega væri þetta allt byggt á röngum forsendum af því að það hefði verið mikil þensla ríkjandi á seinni hluta árs 1987, en það væri bara margt sem benti til þess að hún yrði lítil, kannski engin, kannski samdráttur á árinu 1988 sem mundi kannski gerast af sjálfu sér, nú eða fyrir tilstilli æðri máttarvalda, mér er það ekki alveg ljóst.

Hv. þm. hafði áhyggjur af sveitarfélögum og vaxandi lánsfjárþörf þeirra vegna þess, að því er mér skildist, að það stæði á einhverju skuldauppgjöri við sveitarfélög sem hefði þá áhrif á lánsfjárþörf. Það er ljóst að fjárhagur sveitarfélaga batnaði allverulega á þessu ári ef við lítum á þeirra hlut í útsvarsálagningu yfirstandandi árs. Það er líka ljóst af umræðunni um verkaskiptinguna að fjárhagur sveitarfélaga styrkist mjög verulega af þeim sökum. Það var rækilega áréttað á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga í gær að á móti útgjaldaauka, sem er raunsætt metinn um 200 millj. kr. vegna þessarar verkefnatilfærslu á árinu 1988, þá komi í hlut sveitarfélaganna auknir fjármunir, a.m.k. sem svarar 740 millj. kr. þannig að nettóstyrking á fjárhag sveitarfélaga af þessum sökum einum væri um 540 millj. Að því er varðar uppgjör á skuldum, þá er væntanlega átt við mótframlög sem ríkissjóður á að inna af hendi á byggingartíma opinberra mannvirkja, þá er ráð fyrir því gert að það verði gert upp á þremur árum sem er áreiðanlega mun fyrr en verið hefði við óbreytta verkaskiptingu og miða ég þá við reynslu sveitarfélaganna af slíkum uppgjörum og framkvæmdahraða.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir ræddi nokkuð um einkaneyslu og fór réttilega orðum um það að hún væri mikil. Ein meginástæðan fyrir vaxandi einkaneyslu er að sjálfsögðu sú kaupmáttarþróun sem orðið hefur, þ.e. að kaupmáttur atvinnutekna hefur á þessu ári að því er talið er vaxið um a.m.k. 16–17% og það lýsir sér að sjálfsögðu m.a. í aukinni neyslu. En hafi hv. þm. áhyggjur af þessu, sem mér skildist vera, þá þætti mér einkum fróðlegt að heyra hvaða hugmyndir hv. þm. gerir sér um skyldu stjórnvalda til að draga úr þessari einkaneyslu, hvort þm. er þar með tillögur um að draga úr henni með því að leggja á auknar skattálögur í þágu samneyslunnar til þess að bæta opinbera þjónustu sem ekki kom kannski nægilega skýrt fram. En sé það rétt ályktað hjá mér að málsvari Kvennalistans vari við á þenslutímum of mikilli einkaneyslu, þá mun það væntanlega fela í sér hugmyndir um að draga úr henni með tiltækum ráðum, sem væru þá m.a. aukin skattheimta.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Agnars-

dóttur og reyndar í máli hv. þm. Ásmundar Stefánssonar að bæði lýstu áhyggjum sínum af verðhækkunaráhrifum af þeim söluskattskerfisbreytingum sem ríkisstjórnin hefur boðað. Reyndar nefndi hv. þm. Ásmundur Stefánsson sérstaklega tölur í því efni þar sem hann komst svo að orði að fyrirhugaður matarskattur hefði í för með sér um 3½% verðhækkunaráhrif sem mundu mælast sem allt að 5% hækkunaráhrif í framfærsluvísitölu. Ég vil leyfa mér að andmæla ... (**ÁsS:** Framfærsluvísitölu lágtekjuheimilanna.) Lágtekjuheimilanna. Það er einmitt það. Ég vil leyfa mér af þessu tilefni, til þess að ekkert fari milli mála, að upplýsa hv. þm. um það hvernig þessi mál standa nú eftir því sem best er vitað.

Eins og kunnugt er er fyrir dyrum mjög veruleg og róttæk endurskoðun á hvoru tveggja, tolltaxtalögum og öðrum þeim gjöldum sem því fylgja, þ.e. vörugjaldi sem og öðrum minni sköttum og söluskatti, og aðalatriðin í þessum breytingum eru einfaldlega þau að það er stefnt að verulegri lækkun tolla. Það er stefnt að því að lækka tolla sem nú eru allt að 80% niður í 30% og það er stefnt að því að fella niður með öllu tolla í fyrsta lagi á matvælum og í annan stað á aðföngum af vélum og tækjum, varahlutum, og aðföngum öðrum til iðnaðar, jafnt útflutningsiðnaðar, þjónustuiðnaðar og landbúnaðar. Jafnframt þessu eru lögð niður mörg gjöld, sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu sem er 24 og 30%, vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu 7% og 17%, tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald, fyrir utan það sem ég áður sagði um lækkun hæstu tolla úr 80% niður í 30%, að undanskildu þó óhollustunefni nokkru, sem heitir tóbak, og bensíni.

Í staðinn kemur síðan, til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs af þessari umfangsmiklu tollalækkun, eitt samræmt vörugjald upp á 17%, jafnframt hugsanlega með álagi á ýmsar þær vörur sem mönnum þóknast að kalla óhollustuvörur ef niðurstaðan yrði sú að framfylgja einhverri slíkri manneldisstefnu í tollamálum.

Hver er niðurstaðan af þessu að því er varðar verðlagsáhrif ef við leggjum síðan saman þessa breytingu og söluskattsbreytinguna fyrirhuguðu? Hún er fólgin í því að fækka undanþágum í söluskatti allverulega, breikka þannig skattstofninn og lækka söluskattsálagningarprósentu á allt að ⅘ hlutum af þeim varningi og þjónustu sem almenningur í landinu nýtur. Á móti því vega hins vegar verðhækkunaráhrif af þeim tiltölulega litla hluta almennrar neysluvöru sem eftir er án söluskatts. Ef við tökum fyrst tolltaxtabreytingarnar fela þær í sér að með þessari breytingu á tolltöxtum og vörugjaldi lækkar framfærslukostnaður heimila alveg afdráttarlaust. Þannig lækkar verð á matvælum almennt um tæplega 3% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Verð á öðrum neysluvörum lækkar, en þó minna, eða um rúmlega 0,5% þegar á heildina er litið. Að öllu samanlögðu gæti framfærsluvísitalan því lækkað um allt að 1% við þessa breytingu. Þessi meðaltöl leyna þó töluverðum sveiflum í verði einstakra vörutegunda.

Þegar saman fara þessar breytingar á tolltöxtum og vörugjaldi og þær söluskattsbreytingar sem ég hef síðan lýst má gera ráð fyrir að verðhækkunaráhrif verði rétt rúmlega 1% á heildina litið. Þeim verður hins vegar mætt með mjög verulegum tekjujafnandi aðgerðum að því er varðar þá hópa sem tekjulægstir eru, þannig að það er allt útlit fyrir að þessum aðilum verði bætt þessi verðhækkunaráhrif að fullu. Ég vil því nota tækifæri til þess að andmæla þeim fullyrðingum sem hér hafa komið fram að með þessum aðgerðum sé verið að stefna að umtalsverðum verðhækkunum sem almenningur eigi að mæta bótalaust.

Virðulegi forseti. Mér skildist á málflutningi Kvennalistans, hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, að henni þætti óhugnanleg sú stefnubreyting sem í því felst að fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna standi á eigin fótum. Þetta sem hv. þm. finnst óhugnanlegt er sennilega einhver mesta hreinsunaraðgerð sem hægt er að gera í fjármálalífi þjóðarinnar fyrir utan ýmsar þarfar ábendingar um nauðsyn aukinnar stýringar á verðbréfamarkaði.

Skýringarnar á framlögum af skattfé almennings til þessara lánasjóða atvinnuveganna, þ.e. þessara tekjutilfærslna frá almenningi til eigenda fjármagns, voru þær að um mjög langt skeið var af opinberri hálfu og með löggjafarvaldsaðgerðum héðan frá hinu háa Alþingi verð á peningum niðurgreitt, þ.e. vextir af lánum voru neikvæðir, þannig að fyrir utan það að fé var þannig fært frá sparifjáreigendum til atvinnurekenda voru til viðbótar lagðar álögur á almenning og þær látnar renna í farvegi þessara sjóða í formi framlaga til atvinnurekenda. Þetta eru einhverjar mestu tekjutilfærslur frá almenningi í landinu til fjármagnseigenda sem átt hafa sér stað í íslensku þjóðfélagi. Þegar þetta er afnumið, fyrst með því að verðtryggja fjármagnið, því næst með því að reka a.m.k. jákvæða raunvaxtastefnu og loks með því að afnema ríkisábyrgð almennings á þessum sjóðum, lýsir hv. þm. Kvennalistans því yfir að þetta sé óhugnanlegt. Ég verð að játa það að, eins og ég sagði í upphafi, mér er ekki alveg ljóst hvernig þær kvennalistakonur hafa innbyrðis rökvísi í sínum málflutningi eða sínum þankagangi um efnahagsmál. Ég hef oft heyrt það að þær eru miklar ríkisforsjárkonur, oft á misskildum forsendum, en þó vona ég, satt að segja í lengstu lög, að þessi skoðun sé á einhverjum misskilningi byggð.

Loks er að gera þá almennu athugasemd að því er varðar skattastefnu sem hv. þm. Ásmundur Stefánsson og Guðrún Agnarsdóttir gerðu athugasemdir við, þótt ekki sé hún beinlínis til umræðu hér, að bæði töldu að ekki væri nægilega langt fram gengið í skattaáætlunum núv. ríkisstjórnar í skattálögum á fyrirtæki. Í því sambandi vil ég geta þess að af þeim 2 milljörðum kr. sem lagt er til að aflað verði í formi aukinna tekna til ríkissjóðs í fjárlagafrv. á næsta ári er óhætt að fullyrða að um 1600–1650 millj. kr. eru

lagðar á fyrirtæki. Það er fyrst og fremst í fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar frá miðju sumri og síðan að því er varðar söluskattsbreytinguna sem um er að ræða aukna áherslu á neysluskatta, en að öðru leyti er hér fyrst og fremst um að ræða skatta á fyrirtæki og það er alls ekki rétt, ef það er skoðað nánar, að það liggi fyrir að þessum skattbyrðum geti fyrirtæki velt af sér öllum saman. Að einhverju leyti verður það, það er óhjákvæmilegt, en alls ekki öllum saman, fjarri því, og alls ekki þegar í stað, þannig að það er langt síðan nokkur ríkisstjórn hefur gengið jafnmikið fram í því að jafna hlutina milli einstaklinga, fólks og fyrirtækja, að því er varðar hlut hvors um sig í skattheimtunni. Reyndar er því haldið fram af hálfu forsvarsmanna atvinnulífsins að þarna sé allt of langt gengið, sérstaklega að því er varðar rökvísina í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að reyna að treysta stöðugleika í gengi, þá sé of langt gengið í að leggja launaskatt á t.d. ýmsar greinar í sjávarútvegi eða að ætla að halda aftur af endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi. Þetta er auðvitað sjónarmið sem styðst við ákveðin rök, en þó vil ég t.d. geta þess, af því að það var nefnt að sérstaklega ætti að sækja fé til sumra greina, þ.e. verslunar og þjónustu, að að því er varðar launaskatt er álagningarhlutfallið þar 3½% á verslun og þjónustu í samanburði við 1% á aðrar greinar atvinnulífsins.

Að því er varðar skattaprógrammið að öðru leyti og af því að hv. þm. Ásmundur Stefánsson nefndi sérstaklega frv. það sem hv. forveri hans, Svavar Gestsson, hefur hér haft forgöngu um að flytja um skattamál rifja ég það upp af þeirri umræðu að í grg. þess eru dregin saman í eitthvað um 10 punkta meginatriðin í þeirri skattastefnu sem þar er boðuð. Við þær umræður gafst mér tækifæri til að fara yfir það lið fyrir lið og komst ég að þeirri niðurstöðu að við værum alveg gjörsamlega sammála um þetta skattaprógramm að öllu leyti nema einu, sem var spurningin um stóreignaskatt eins og lagt var til að það mál yrði meðhöndlað í þessu frv. og kannski hugsanlega spurning um þann þátt framkvæmdar skattakerfisins sem varðar sérstakan skattadómstól, en að öðru leyti var enginn ágreiningur um það.

Þá fer ég, virðulegi forseti, að lokum örfáum orðum um ýmsar ágætar ábendingar sem fram komu í máli hv. þm. Ásmundar Stefánssonar. Ég segi fyrir mína parta að mér finnst margt athyglisvert sem hv. þm. sagði um þróun verðbréfamarkaðar á Íslandi, ekki einasta staðreyndir sem raktar voru samkvæmt heimildum Sigurðar B. Stefánssonar um vöxt þessa markaðar, heldur samanburðurinn á verðbréfamarkaðinum við bankakerfið vegna þess að ég er eindregið þeirrar skoðunar að af hálfu opinberra aðila eigi ekki að mismuna rekstrarformum í fyrirtækjarekstri og það eigi ekki með opinberri mismunun að ýta undir eitt form öðru fremur.

Í annan stað hef ég lýst því áður, gerði það í fjárlagaræðu, að ég héldi að tímabært væri að við færum að dæmi annarra þjóða, og þá átti ég einkum og sér í lagi við Bandaríkin, í því að gera kröfu til mun meiri upplýsingaöflunar um verðbréfamarkaðinn og flokka það alls ekki undir hnýsni eða njósnir um einkahagi, heldur værum við að leita eftir nauðsynlegum upplýsingum sem eru forsenda fyrir ákvörðunum stjórnvalda um þróun þýðingarmikilla efnahagsstefna.

Ég nefndi sem dæmi að þegar núv. ríkisstjórn tók við á miðju sl. sumri var mjög fljótlega byrjað að leita eftir því við Seðlabankann að fá upplýsingar um vöxt og viðgang hins nýja lánaforms sem við kennum við fjármögnunarleigu. Staðreyndin er sú að það liðu a.m.k. tveir mánuðir frá því að fyrst var eftir þeim leitað þar til upplýsingar bárust. Af þessu tilefni vil ég taka það alveg sérstaklega fram að því er varðar reynslu manna af framkvæmd lánsfjáráætlunar á yfirstandandi ári og liðnum árum að sú reynsla er til þess að læra af henni. Það er ljóst að það eru mjög alvarlegar veilur í því sem við getum kallað opinbert stjórnkerfi að því er varðar peninga- og lánsfjármál. Margir standa í þeirri trú að stjórnun þessara mála sé á vettvangi Seðlabankans, en hafi menn haldið það er það mikill misskilningur. Það eru gerðar áætlanir að frumkvæði stjórnvalda í upphafi árs um heildarstærðir sem við köllum lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. Síðan kemur á daginn að það er enginn einn aðili í þessu stjórnkerfi sem er ábyrgur fyrir því að fylgjast með þróun markaðarins, grípa inn í ef hlutir ætla að fara úr böndunum, í tæka tíð en ekki eftir á, m.ö.o. annast samskipti þeirra sem áætlunina gera að frumkvæði ríkisstjórnar við þýðingarmikla aðila í þessu kerfi, svo sem eins og fjármagnsmarkaðinn, fjárfestingarlánasjóðina, bankakerfið. Það er alveg ljóst að þetta stjórnkerfi er í molum og hafi menn haft uppi stór orð um það að ríkisfjármálahallinn væri mikill verðbólguvaldur á undanförnum árum sýnir reynslan ekki síður og reyndar held ég í ríkara mæli að það er peningamálamarkaðurinn sem er orðinn meiri brotalöm í stjórnkerfi íslenskra efnahagsmála en ríkisfjármálin ef þær áætlanir ganga fram sem hér hefur verið lýst í ríkisfjármálum og á forsendum fjárlagafrv.

Virðulegi forseti. Það er rétt að þrátt fyrir aðgerðir ríkisstjórnar, þrátt fyrir umtalsverðar aðgerðir í rétta átt í ríkisfjármálum, þrátt fyrir það að lagt hefur verið fram frv. sem gerir ráð fyrir jöfnuði í ríkisfjármálum sem er auðvitað mjög mikil breyting frá sl. ári, þrátt fyrir aðhaldssamt lánsfjárlagafrv. og þrátt fyrir aðrar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar sem miða að því að auka stöðugleika gengis og draga úr óvissu dettur mér ekki í hug að neita því að það er í svipinn óvissuástand í íslenskum efnahagsmálum. Og það er þrátt fyrir að ríkisstjórnin hefur gert nánast það sem í hennar valdi stendur til að eyða óvissu. Ríkisstjórnin hefur svarað því fyrir sitt leyti að hún hafnar gengislækkunarleið. Hitt er jafnrétt að það er ekki bara á valdi ríkisstjórnar. Það ræðst að sjálfsögðu mjög af mörgum öðrum þáttum, breytingum á utanaðkomandi skilyrðum og aðgerðum annarra aðila hvort heldur eru í fyrirtækjum eða á vettvangi vinnumarkaðarins.

Það sem er sameiginlegt vandamál er þetta að ef menn telja að eitthvað sé á sig leggjandi fyrir stöðugleika í efnahagslífinu, hvort heldur er út frá sjónarmiðum atvinnulífs eða út frá pyngju og kaupmáttarhagsmunum einstaklings, þarf að komast á meiri samstaða um markmið og leiðir milli þessara aðila en fengist hefur hingað til. Fall dollarans er auðvitað lóð á þá vogarskál að auka óvissuna. Hitt er svo annað mál að ef menn hafa áhyggjur af vaxandi verðbólgu á næsta ári og meina eitthvað með því sem þeir segja eru þeir væntanlega um leið að leggja okkur lið á þeirri vandasömu og torsóttu leið sem er sú að tryggja þennan stöðugleika, ná því að kæla niður ofhitað efnahagskerfi og gera sér síðan vonir um þann árangur að á grundvelli stöðugs gengis megi það takast að ná verðbólgu niður á næsta ári, vegna þess að öllum má ljóst vera að ef við lendum í kollsteypuaðferðinni einu sinni enn eru þessi markmið öll fokin út í veður og vind. Þá mun íslenskt atvinnulíf ekki njóta stöðugleika. Þá er ég hræddur um að baráttan fyrir verndun kaupmáttaraukningar, sem þrátt fyrir allt hefur áunnist á þessu ári, verði til lítils. Þannig að þeir sem gagnrýna núv. ríkisstjórn fyrir þá leið sem hún hefur valið, aðhaldsleið í ríkisfjármálum, aðhaldsleið í peningamálum og lánsfjármálum, byggt á voninni um samstarf og samstöðu hinna ýmsu þjóðfélagshópa og valdahópa um stöðugleika í gengi — ja, ég á bágt með að sjá hvaða leið aðra en leið upplausnar, óreiðu og vitleysu er verið að boða í raun og veru.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að þessi umræða hafi verið málefnaleg, fróðleg og gagnleg. Ég mun sérstaklega staldra við þann þátt gagnrýninnar sem lýtur að verðbréfamarkaðinum. Þó verð ég að nefna eitt gagnrýnisatriði, að að því er varðar lánsfjáráætlun væri hún ekki gerð upp, reynslan metin með sama hætti og gert er í ríkisreikningi um fjárlög. Þetta er ekki alls kostar rétt. Ég vil vekja athygli á því að fjmrh. gefur að venju skýrslu um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar á ári hverju. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi 18. mars 1987 seinast. Þessari venju verður að sjálfsögðu haldið. Auk þess vil ég vekja athygli á því að þótt ekki sé sérstök skýrsla enn á þessu ári um reynsluna af útkomu lánsfjáráætlunar 1987 hefur aldrei verið gerð jafnrækileg grein fyrir því eins og gert er í hinum almennu athugasemdum með fjárlagafrv. nú. Ég held því reyndar fram að starf þess embættismanns sem þar hefur unnið að sé hið merkasta því að þar er mjög rækilega farið ofan í saumana á framkvæmd lánsfjáráætlunar, vakin athygli á alvarlegum hlutum eins og þróuninni að því er varðar ríkisábyrgðir og í raun og veru lagt fram í hendur alþm. mjög mikið upplýsingaefni, þar á meðal skýringar á því hvers vegna og af völdum hverra lánsfjáráætlun fór úr böndunum, þannig að e.t.v. má festa þessi vinnubrögð betur í formi, en ég hygg að það verði ekki undan því kvartað að þm. hafi ekki fengið viðhlítandi upplýsingar a.m.k. að því er varðar þetta ár, enda er það vissulega sjálfsagður hlutur.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Til að leiðrétta misskilning var það ekki neitt sérstakt metnaðarmál fyrir þingmenn Norðurl. e. að erlent lánsfé kæmi í Múlagöngin. Mér er út af fyrir sig alveg sama um það þó að við fáum framlag til þeirra á fjárlögum eða hvernig það verður. Aðalatriðið er að í tengslum við það frv. sem er til umræðu verður auðvitað farið ofan í það mál.

Ég vil í annan stað segja að ég er mjög ánægður yfir því, eins og ég skildi hæstv. fjmrh., að ríkisstjórnin skuli nú ætla að búa þannig um hnútana varðandi innlendu skipasmíðastöðvarnar að þær eigi að fá greiðari aðgang að fjármagni en áður og að fullkomlega verði fyrir því séð að þær geti unnið viðstöðulaust að sínum verkefnum. Það var fróðlegt að heyra það sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan um Fiskveiðasjóð. Það var ágæt upprifjun. Það hefði mátt bæta einhverju við þá lýsingu til þess að þm. fengju alveg fullkomna lýsingu á því hvernig Fiskveiðasjóður starfaði. Það hefði auðvitað verið mjög gagnlegt. En ég hafði ekki áhyggjur af því heldur hinu, þ.e. viðbótarfjármagninu, og nú heyri ég það sem sagt á hæstv. fjmrh. að búið er að koma vandamálum skipasmíðaiðnaðarins í líknandi hendur, hversu margra ráðherra man ég nú ekki hvað hann sagði, en það þýðir þá það að þær þurfa ekki lengur að bíða eftir fjármagninu. Auðvitað er mjög ánægður yfir því og mun óska eftir því að fá afgreiðslu ríkisstjórnarinnar þegar hún kemur þannig að maður þurfi ekki að vera í neinum vafa um það. Ég vil fyrir hönd okkar áhugamanna um skipasmíðaiðnaðinn lýsa yfir sérstöku þakklæti yfir þessu og skal ekki að þessu sinni tefja umræðurnar með því að útskýra fyrir hæstv. fjmrh. hversu mikla þýðingu skipasmíðaiðnaðurinn hefur fyrir byggðirnar utan Reykjavíkur almennt séð, bæði rekstur stöðvanna sem slíkur og sú þjónusta sem þær veita, sérstaklega fiskiskipaflotanum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. fjmrh. þar sem ég hafði rætt um frystingu 500 millj. kr. af því fé sem húsnæðismálakerfið á að fá samkvæmt lánsfjáráætlun á grundvelli þeirra samninga sem væntanlega takast milli lífeyrissjóðakerfisins annars vegar og húsnæðissjóðs hins vegar, vil ég taka það fram af gefnu tilefni þar sem hæstv. ráðherra segir að þessi frysting hafi verið gerð að ósk forsvarsmanns þingflokks Sjálfstfl. — ég vona ég hafi tekið rétt eftir og hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef svo hefur ekki verið — að reynist það rétt, sem ráðherra sagði, að þetta hafi verið gert að ósk forsvarsmanns þingflokks Sjálfstfl. verð ég að leyfa mér að segja að ég kannast ekki við það sem þátttakandi í þingflokki Sjálfstfl. að þessi ósk hafi verið sett fram að höfðu samráði við þingflokkinn. Viðkomandi aðili hefur þá gert það án þess að sú umræða hafi farið fram í

þingflokknum, a.m.k. ekki að mér viðstöddum. En það skal tekið fram að sá sem hér talar hefur verið erlendis undanfarnar vikur þannig að það kann að hafa farið fram umræða um það í þingflokknum að honum fjarverandi.

Hafi svo verið breytir það engu um mína afstöðu. Þingflokkurinn bindur ekki mínar skoðanir í þessu efni. Ég tel þetta ranga aðferð. Ég hefði talið eðlilegra og sjálfsagðara að í stað þess að frysta þessa peninga með þessum hætti hefði verið ákveðið að breyta því atriði í samningum aðila vinnumarkaðarins við ríkisvaldið sem sett var í lög á sl. vetri og lýtur að kaupskyldu lífeyrissjóðanna. Í lögum um Húsnæðisstofnun segir að til þess að sjóðfélagar innan lífeyrissjóðanna sem eiga viðskipti við húsnæðismálakerfið eigi 100% rétt skuli sjóðirnir kaupa fyrir 55% af árlegu ráðstöfunarfé. Það hefði verið eðlilegra, þar sem hér var umframfé sem nemur 500 millj., að lækka kaupskylduna. Þá hefði þurft að lækka hana úr 55% í ca. 50%. Við það hefðu lífeyrissjóðirnir fengið betra svigrúm til að lána eða eiga viðskipti við fjárfestingalánasjóðina, en það er, eins og hv. þm. vita, eitt af grundvallaratriðum og meginstefnumörkun lánsfjáráætlunar. Áætlunin byggist á því einmitt að hinn frjálsi markaður eigi sem mest bein viðskipti við þá aðila sem hafa fé til ráðstöfunar. Þannig er það alveg í samræmi við það grundvallaratriði sem hæstv. fjmrh. undirstrikaði áðan í ræðu sinni þar sem segir að stefna ríkisstjórnarinnar sé að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þetta hefði verið spor í þá átt.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, en í sambandi við það sem hæstv. ráðherra sagði um miklar brotalamir á peningamarkaðnum í tengslum við þau viðskipti sem þar fara fram vil ég taka undir þau orð að það sé nauðsynlegt og beri að setja ákveðnar leikreglur um hvernig þessi viðskipti skuli fara fram og einnig um upplýsingaskyldu á þessu sviði. Þetta er sjálfsagt og á auðvitað að gerast með lögum og í reglugerðum. Ég styð eindregið að Alþingi taki það mál upp og taki það föstum tökum á þessu þingi.

Ég verð að segja eftir að hafa heyrt og lesið ummæli ákveðinna þm., að vísu ekki í þessari deild, þar sem var verið að ræða vaxtastefnu og vaxtamál, að sumir hv. þm. ættu að láta af þeim ósið að láta að því liggja að þeir sem fjalla um peninga eða fjármál úti á hinum frjálsa markaði — hvort sem það eru bankamenn, forsvarsmenn lífeyrissjóða eða almenningur sem er að kaupa og selja sín skuldabréf eða yfirleitt fólk sem einhverra hluta vegna hefur teknalega séð eitthvað meira aflögu en aðrir, og mætti nefna þar ýmsar sérhæfðar stéttir sem alveg eins líka vinna hjá ríkinu, hámenntað fólk í háum stöðum með mikil laun — séu eitthvað óheiðarlegri og óvandaðri en þeir sem fjalla um þessi mál á hv. Alþingi. Hann er nú farinn út úr deildinni hv. þm. sem átti að fá að heyra þessi orð, hann er í annarri deild, en slík afstaða dæmir sig sjálf og er forkastanleg. En ég tek skýrt fram að enginn hv. þm. sem hefur talað hér í dag um þessi mál hefur verið með slíkar aðdróttanir eða talað með þeim hætti og er það þeim til sóma.

Hér hefur verið mjög vönduð og öfgalaus umræða um vandasamt mál, sem eru peninga- og fjármál, og ég vænti þess að við í þessari deild getum átt þátt í því að setja lög og reglur í þessum efnum þannig að allir hafi sóma af.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstvirtur forseti. Þegar menn hlusta ekki grannt eftir skilja þeir ekki það sem sagt er. Það kom fram í máli mínu áðan, hæstv. fjmrh., að Kvennalistinn er hlynntur skattaálagningu á þá sem mest eiga fjármagn og þetta hlýtur reyndar hæstv. ráðherra að vita síðan á síðasta kjörtímabili og ekki síður síðan í vor þegar við sátum saman í stjórnarmyndunarviðræðum. Þá kom þetta skýrt fram og ef ég man rétt var hæstv. núverandi ráðherra sama sinnis þá. Þeir sem hæsta hafa einkaneysluna eru jafnframt best aflögufærir í þeim efnum.

Hvað varðar sjóði atvinnuveganna og hlutverk ríkisins í að fjármagna þá kom það einnig skýrt fram í máli mínu að ég áleit það skyldu hins opinbera að stuðla fyrst og fremst að því að tryggja nýsköpun og rannsóknir í gegnum þessa sjóði. Það væri meginhlutverkið. Og hvað varðar fullyrðingar hans og það að hann geri lítið úr spám mínum fyrir næsta ár t.d., en viðurkennir síðan sjálfur þá óvissu sem við blasir, bæði í efnahagskerfi hérlendis og eins erlendis, því að í því eru auðvitað stærðir sem við höfum enga stjórn yfir og eru ráðandi í okkar litla, opna efnahagskerfi, þá þykir mér þetta ekki sanngjarn málflutningur nema hann vilji e.t.v. vísvitandi gera lítið úr málflutningi Kvennalistans, en við skulum bíða og sjá hvernig spinnst úr framvindunni.

Hvað varðar sveitarfélögin langar mig að vitna í málflutning hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur þar sem hún talaði fyrir hönd Kvennalistans um fjárlögin, en hún segir svo um útgjöld sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Til þess svo að mæta auknum útgjöldum sveitarfélaganna á að koma framlag úr Jöfnunarsjóði. Umfjöllun frv. á málefnum Jöfnunarsjóðs er nú reyndar meiri háttar heilaleikfimi. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta, að „lögbundnar tekjur sjóðsins ættu að vera 1 milljarður 655 millj. kr.“ Um nokkurt árabil hafa tekjur sjóðsins verið skertar. Væri sama skerðing í gildi 1988 og er 1987 næmu tekjur hans 1 milljarði 135 millj. kr. samanborið við 984 millj. kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987. Í þessu frv. er við það miðað að til sjóðsins renni alls 1 milljarður 485 millj. kr. á árinu 1988, en það er 350 millj. kr. hærri upphæð en tekjur sjóðsins yrðu væru þær skertar á sama hátt og í ár.“

Síðan heldur áfram: „Ég bendi hv. þm. á að lesa vendilega þennan kafla. Það þarf að lesa hann oftar en einu sinni til að ná þeim þankagangi sem þarf til

að setja tiltölulega einfalt efni fram á svona máta. Málið er að væru tekjur sjóðsins eins og lög mæla fyrir væru þær 1 milljarður 655 millj. en verða 1 milljarður 485 millj. Skerðingin er 170 millj. með einföldum orðum."

Ég vil líka ítreka að hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir var ekki sú eina sem var uggandi yfir því hvernig sveitarfélögin eiga að mæta þessari nýju verkaskiptingu hvað varðar fjármögnun ýmissa liða sem ég hirði ekki um að telja til að lengja ekki umræðuna. Það eru afskaplega margir sem eru uggandi yfir hag sveitarfélaganna í framtíðinni, hvernig þau eiga að mæta þessu.

Ásmundur Stefánsson:

Frú forseti. Ég skal vera afar stuttorður. Mig langar að byrja á því að þakka fjmrh. fyrir þá undirtekt sem var í hans máli við þær athugasemdir sem ég gerði í sambandi við verðbréfamarkaðinn og ég treysti því að hann komi ræðu minni með sínum meðmælum til viðskrh., í síðasta lagi vil ég segja þegar hún birtist í þingtíðindum.

Ég vil hins vegar nota tækifærið til að gera tvær örstuttar athugasemdir. Í fyrsta lagi vil ég benda á að ráðherra leiðrétti ekki þær tölur sem ég fór með áðan um hvað matarskatturinn þýddi, hvaða afleiðingar hann hefði fyrir framfærslukostnað. Hann dró það hins vegar fram að það væri mat ráðuneytisins að ýmsar aðrar aðgerðir til lækkunar á öðrum sköttum, hugsanlegar niðurgreiðslur og hvað hann kann að vera með í dæminu, kunni að samsvara 2,5% í minni skattheimtu þannig að heildarútkoman verði 1% skattaukning. Matarskatturinn mun hafa 3,5% hækkun framfærslukostnaðar í för með sér fari hann fram. Ég skal hins vegar ekki leggja mat á gagnaðgerðir.

Í öðru lagi vildi ég draga það sérstaklega fram, sem raunar kom fram í máli Guðmundar H. Garðarssonar áðan, að það er ekki um að ræða mér vitanlega neina nýja samninga um breytt kauphlutfall af lífeyrissjóðunum, eins og mátti skilja af orðum ráðherra í hans máli áðan. Niðurstöðutalan í lánsfjárlögunum og í fjárlögunum, eins og gerð er grein fyrir henni þar, er ósköp einfaldlega niðurstaðan af því að lífeyrissjóðirnir kaupi fyrir 55% af sínu ráðstöfunarfé. Það er af þeirri tölu, miðað við hið fasta viðmiðunarhlutfall, 55%, sem ríkissjóður ætlar sér að taka 500 millj. að láni og leyfa því ekki að fara til húsnæðiskerfisins. Ef ég hef misskilið eitthvað í þessu held ég að væri rétt að fá leiðréttindu þar á.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Mér skilst að hæstv. fjmrh. hafi óskað eftir leiðsögn af minni hálfu um hvernig ætti að reyna að ná sparnaði í hinum stóru málaflokkum ríkisútgjaldanna, það er að segja heilbrigðiskerfinu, menntamálakerfinu með meira. Nú veit ég ekki hvort tími vinnst til þess að skýra út fyrir honum með hvaða hætti væri hugsanlegt að ná slíkum sparnaði. Það eru ekki nema 5 mín. eftir af þeim fundartíma sem okkur var ætlaður. En það sem vakir fyrir mér er fyrst og fremst að hæstv. fjmrh. taki nú í gegn þessa stóru málaflokka. Ég geri þó ráð fyrir að honum hafi ekki unnist tími til að vinna það verk á þessu hausti, en ég ætla honum að halda því verki áfram á næstu árum ef hann situr svo lengi í þessu embætti.

Ég mundi vilja gefa honum það veganesti að rannsaka nánar þá miðstýringu sem er komin á í þessum höfuðmálaflokkum ríkisútgjalda. Öllu er stýrt héðan úr Reykjavík og útgjöldin eru nánast orðin sjálfvirk. Þau vaxa og vaxa eins og þetta sé orðið óstöðvandi krabbamein. Það er nánast alveg sjálfvirkt að þessar stofnanir, sem sækja allt sitt til miðstýringarvaldsins í Reykjavík, reyni að eyða og eyða öllum þeim peningum sem þær geta náð sér í. Ég held að ein leið til að reyna að draga úr útgjöldum vegna þessara stóru málaflokka væri að reyna að gera allar þessar stofnanir sjálfstæðari, draga úr miðstýringunni. Hér erum við komin að meginkjarna hins íslenska stjórnkerfis. Spurningin er einfaldlega sú: Væri ekki hægt að ná miklum sparnaði með því að fela landshlutunum að fara með þessi mál þannig að yfirstjórn landshlutanna tæki að sér að reka þessi dýru kerfi? Hún fengi einfaldlega sinn hluta af því fé sem er ætlað til viðkomandi málaflokks og myndi síðan ráðstafa því fé eins og henni þætti eðlilegast? Ég er ekki í nokkrum vafa um að það væri hægt að ná verulegum sparnaði með þessu móti.

Ég átti viðræður fyrir nokkru við einn ágætis fyrrverandi embættismann ríkisins, fyrrverandi fræðslustjóra á Norðurlandi eystra, sem var mjög í fréttum á síðasta ári. Hann fræddi mig á því að grunnskólahaldið í Norðurlandskjördæmi eystra hefði kostað um 300 millj. kr. á árinu 1986. Hann sagði: Hefðum við og fræðsluráðið fengið að ráðstafa þessu fé á þann veg sem við hefðum talið heppilegast hefði ég treyst mér til að reka grunnskólakerfið í Norðurlandskjördæmi eystra fyrir 270 millj. kr. og fá út úr því miklu betri þjónustu og miklu betra skólahald en raunin varð á. Ég hefði þannig getað skilað ríkisvaldinu 30 millj. til baka.

Ég held að þetta sé kjarni málsins og ég gef hæstv. fjmrh. þessa hugmynd eftir til frekari úrvinnslu og vona að honum takist vel til.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum síðasta hv. ræðumanns vil ég ekki metast á við hann um höfundarrétt á hugmyndum, en einhvern veginn kannast ég við orðalagið. Orðalagið er komið beint upp úr samstarfsáætlun núverandi ríkisstjórnar. Þar er lögð á það mikil áhersla að því er varðar endurskoðun á hlutverki ríkisins og endurmat ríkisútgjalda að á hverju ári fari fram til undirbúnings fjárlagagerð róttæk heildarendurskoðun á einum mikilvægum málaflokki a.m.k. á hverju ári. Að því leyti er ég alveg sammála hv. þm.

Að því er varðar sólund, Parkinsons-lögmál get-

um við sagt, í miðstýrðu embættismannakerfi af því tagi sem við búum við í veigamiklum greinum, þá kann að vera nokkuð til í því að aukin valddreifing og aukin ábyrgð forsvarsmanna í hinum smærri einingum væri rétt leið til að stuðla að meiri ráðdeild, minni sólund. Það er nákvæmlega þessi hugsun sem býr á bak við vilja núverandi ríkisstjórnar til að framkvæma áratuga gamalt baráttumál sveitarstjórnarmanna um að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og er í því fólgið að færa verkefni frá miðstjórnarvaldi ríkisins til hinna smærri eininga, sveitarstjórna, hafa reglurnar um samskipti þessara aðila hreinar og klárar þannig að saman fari framkvæmdafrumkvæði og fjárhagsleg ábyrgð hvors aðilans um sig. Og af því að sérstaklega var nefnt dæmið um grunnskólana er það einmitt meginviðfangsefnið í öðrum áfanga þessarar verkaskiptingarstefnu að þá verða það einmitt fleiri verkefni sem færast úr farvegi flókinna samskiptareglna sveitarfélaga og ríkis að hluta til, eins og grunnskólinn, algjörlega yfir til sveitarfélaganna samkvæmt þeim tillögum sem sveitarstjórnarmenn hafa sjálfir lagt til, en þá hins vegar hluti af heilbrigðiskerfinu, eins og t.d. sjúkrahús, yfir til ríkisins. Hafi hinn ágæti fræðslustjóri í Norðurlandi eystra treyst sér til að reka grunnskólakerfið þar með 30 millj. kr. hagkvæmari hætti og betri þjónustu er það ágætt dæmi, ef það stenst, um ágæti þeirrar stefnu sem núverandi ríkisstjórn er að framkvæma.

Að því er varðar þá athugasemd hv. þm. Ásmundar Stefánssonar að ég hafi ekki leiðrétt þær tölur sem hann nefndi um verðhækkunaráhrif af matarskatti, þá fer það eftir því hvaða forsendur hann gefur sér. Var hann að meta afleiðingar af áformuðum 10% matarskatti 1. nóv. eða var hann að leggja mat á verðhækkunaráhrif af þeirri heildarendurskoðun sem fram fer á kerfi óbeinna skatta, þ.e. tolltaxtakerfinu og söluskattskerfinu? (**ÁsS:** Af því að taka mat undir sama skatt og annað.) Já, svarið við því er ósköp einfaldlega það að þá eru upplýsingar hans, þótt þær kunni að vera réttar svo langt sem þær ná, villandi því auðvitað ber að líta á heildaraðgerðirnar og þá sérstaklega lækkun tolltaxta og breytingarnar á söluskattskerfinu. Þá eru þessar verðhækkanir eins og ég sagði 1%, ekki 3,5%, og því næst er um að ræða að meta tekjujöfnunaraðgerðirnar líka.

Að því er varðar athugasemdir hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur vil ég aðeins staldra við fá atriði. Sé það vilji þm. að þeir sem eiga stærstan hlut í einkaneyslunni beri stærstan hlut í sköttum til ríkisins skil ég það svo að það sé stuðningur við þá stefnu núverandi ríkisstjórnar að leggja aukna áherslu á neysluskatta vegna þess að þá ræður hver sem neytir hvað hann leggur á sig stóran hlut og þeir sem meiri hafa fjárráðin neyta meira og greiða þar af leiðandi meira til ríkisins.

Að því er varðar spurninguna um fjárfestingarlánasjóði var það enginn misskilningur að hv. þm. var að mælast til þess að af fjármunum almennings væru lögð fram meiri framlög til sjóða. Það er öndvert við þá stefnu sem þessi ríkisstjórn fylgir. Sjóðirnir eiga sem mest að ávaxta sig sjálfir. Þetta kemur rannsóknum ekkert við vegna þess að það er að sjálfsögðu stefna þessarar ríkisstjórnar að leggja fram fjármuni til grunnrannsókna og ýmissa hagnýtra rannsóknarverkefna, ekki endilega með því að reka ríkisstofnanir í því miðstýrða kerfi sem hv. þm. Júlíus Sólnes var að nefna heldur með því að efla sjálfstæði rannsóknastofnana en kaupa heldur verkefni og þjónustu eftir því sem tilefni gefst til.

Að lokum, virðulegi forseti. Það var ekki annað að skilja á málflutningi hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur en að hún væri að taka undir kröfur um að sveitarfélögum væri nauðsyn á að hækka útsvar. Af því tilefni vil ég bara segja þetta: Sé þetta rétt er hv. þm. að lýsa stuðningi sínum við það að skattbyrði í hinum nýja tekjuskatti beinna skatta verði aukin um 1700 millj. kr. á næsta ári sem þýðir aukin útgjöld vegna aukinnar skattheimtu sveitarfélaga, 7000 kr. á hvern einasta einstakling eða á bilinu 25–30 þús. kr. fyrir hverja vísitölufjölskyldu í landinu. Ef þetta er skattastefna Kvennalistans óska ég þeim til hamingju með það. Þetta er ekki mín skattastefna.

Það er rétt að geta þess í leiðinni varðandi útsvarið að hinn nýi staðgreiðsluskattur er nú þannig að staðgreiðsluútsvarið leggst á tekjur frá núll krónum þannig að það er ekki heldur um það að ræða að skattfrelsismörkin séu einhver. Þau voru þó 24 þús. kr. á yfirstandandi ári. Ef þessari stefnu væri framfylgt þýddi það líka að skattfrelsismörk í tekjuskatti til ríkisins mundu einnig lækka sem samsvarar 1500 kr. á mánuði fyrir einstakling sem eru veruleg útgjöld. Ef þetta er sú skattastefna sem Kvennalistinn er að boða verð ég að játa að ég er henni eindregið ósammála.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Athugasemdin verður örstutt. Hæstv. fjmrh. dregur rangar ályktanir um stefnu Kvennalistans.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Dagvistun barna á forskólaaldri, 1. umr.

Frv. ÁsS, 106. mál. — Þskj. 110.

Flm. (Ásmundur Stefánsson):

Frú forseti. Ég sé á svipmóti þeirra þm. sem eftir sitja að það er ljótur leikur að ryðjast með þessum hætti fram og lengja fundardaginn. Það er reyndar

til siðs að þeir sem eru gestkomandi hér í þessu þingi flytji till. til þál. og frv. til laga eða eitthvað slíkt þann tíma sem þeir sitja. Þegar það var í bígerð að ég kæmi hér inn voru auðvitað ýmis mál á döfinni eins og oftast og það sem vakti mesta athygli manna þann tíma var umræða um sláturhús á Bíldudal. Ég var þess vegna að velta því fyrir mér áður en ég kom hér inn hvort ekki væri rétt að ég flytti till. til breytinga á lögum um skoðun bifreiða þar sem ég færi fram með heimild til þess eða kvöð kannski öllu heldur gagnvart bifreiðaeftirlitsmönnum að þeim væri skylt að hleypa bifreið minni í gegnum skoðun þó svo að hemlar eða annar öryggisútbúnaður uppfyllti ekki þeirra kröfur. Ég er viss um að ef ég hefði valið slíkan kost hefði ég fengið í fyrsta lagi mikla fjölmiðlaumfjöllun og ég er nokkuð sannfærður um að það hefðu fleiri setið í salnum en gera það núna.

Ég valdi hins vegar ekki þennan kost, kannski að hluta til vegna þess að ég hef dagfarslega nokkuð sæmilegt fjölmiðlaljós og þarf kannski ekki mest á því að halda, en líka vegna þess að mér er satt að segja nokkuð annt um líf og limi annarra og taldi því ekki rétt að standa í slíkum leik. Ég valdi í staðinn að bera fram frv. sem ég tel að skipti efnislega miklu máli.

Ég hef lengi unnið að því að leita leiða til að auka dagvistarþjónustu og það frv. sem hér er lagt fram er unnið upp úr þeim hugmyndum sem ég setti fram á fjölmennum fundi Kvenréttindafélags Íslands fyrr á þessu hausti. Ég fagna þess vegna því tækifæri sem gefst til að flytja málið hér á þingi og ég vona að alþm. sýni þessu máli sama áhuga og þeir hefðu örugglega gert ef ég hefði flutt tillögu um sérstaka meðferð við skoðun bifreiða.

Í íslensku þjóðfélagi er aðstaðan sú að flestir fullorðnir vinna utan heimilis. Sú fjölskyldugerð sem ég ólst upp við, og ég er fæddur 1945, að faðir afli tekna og móðir gæti bús og barna, er að heitið getur úr sögunni. Faðirinn vinnur að vísu enn utan heimilis. Vinnutíminn hefur væntanlega styst nokkuð frá minni barnæsku. Við höfum ekki upplýsingar um vinnutíma fyrr en upp úr 1960, en þá var hann töluvert yfir 60 stundir á viku þannig að hann hefur vissulega styst nokkuð síðan. En hann hefur ekki styst á undanförnum árum. Hann hefur haldist hjá ófaglærðum karlmönnum og faglærðum milli 52 og 54 stundir í grófum dráttum hin síðari ár og kannski að undanförnu verið vaxandi. Það sem hefur breyst er að móðirin er farin að vinna. Giftu konurnar hafa ekki haldið sig við heimilisverkin og barnagæsluna sem sitt eina starf hin síðari ár. Þær hafa sótt út á vinnumarkaðinn. Margar sóttu fyrst í hlutastarf og síðan fullt starf.

Virk atvinnuþátttaka giftra kvenna var árið 1963 nokkuð innan við 30%. Með virkri atvinnuþátttöku er þá í grófum dráttum miðað við að unnið sé sem svarar þremur mánuðum að lágmarki. Árið 1971 var talan komin aðeins yfir 40%, árið 1980 var hún í 60% og árið 1985 í 75%. Við höfum ekki upplýsingar langt aftur á bak um starfshlutfall giftra kvenna, en við vitum að frá árinu 1980 hefur starfshlutfallið vaxið samhliða því sem virkum konum á vinnumarkaði hefur fjölgað. Það liggur þannig fyrir að árið 1980 var það innan við ¼ kvenna sem vann fjórðungsstarf eða minna. Það var innan við helmingur sem vann hálft starf eða minna, ef við leggjum það allt saman, þannig að talan var 47,8%. Það var því liðlega helmingur, 52,2%, sem vann meira en hálft starf, þar af tæplega 35% fullt starf eða a.m.k. ¾ úr starfi. Árið 1985 höfðu þessar tölur breyst þannig að giftar konur sem unnu fjórðungsstarf og minna voru orðnar tæplega 15% og það voru samanlagt aðeins um 36% þeirra giftu kvenna sem voru úti á vinnumarkaðnum sem unnu hálft starf eða minna. 64% unnu sem sagt fullt starf eða a.m.k. ¾ úr starfi.

Þetta eru miklar breytingar á mjög stuttum tíma og það blasir við okkur að börnunum er í dag komið fyrir með mismunandi hætti og sum þeirra eru nánast á vergangi stóran hluta sólarhringsins. Það er auðvitað gömul tugga að segja að börnin séu framtíðin, en það er engu að síður satt. Þannig er það. Og börnin bera þunga bagga vegna atvinnuþátttöku beggja foreldra. Ég óttast að þau muni ekki öll standa undir þeirri byrði. Með aðgerðarleysi, með sinnuleysi erum við að fórna börnunum. Barnanna vegna og ekki síður okkar sjálfra vegna verðum við að snúa við blaði.

Þörfin fyrir dagvistarheimili hefur aukist mjög hratt. Það sýndu þær tölur sem ég rakti áðan um aukna atvinnuþátttöku giftra kvenna, um þá grundvallarbreytingu sem orðið hefur á stuttum tíma frá því að faðirinn var fyrirvinna fjölskyldunnar og yfir í að foreldrarnir báðir eru virkir á vinnumarkaðnum. Þó það hafi orðið veruleg aukning á dagvistarþjónustu á undanförnum árum sýnist mér flest benda til þess að vandinn hafi aukist og það séu fleiri og fleiri foreldrar sem eigi í vanda með að koma börnum sínum fyrir á meðan þeir eru úti í starfi.

Nú hafa nánast aðeins svonefndir forgangshópar í Reykjavík aðstöðu til að koma börnum sínum á dagheimili og það eru innan við 20% 2–6 ára barna sem njóta slíkrar þjónustu í Reykjavík í dag. Það eru hins vegar um 40% barna í þessum aldursflokki sem njóta þjónustu leikskólanna.

Leikskólarnir gátu á vissan hátt áður þjónað miklu hlutverki í þessu, en ég held að segja megi að í dag séu þeir í vaxandi mæli hlutalausn eins og tölurnar sem ég rakti áðan um aukið starfshlutfall sýndu greinilega.

Ég vil reyndar aðeins nota tækifærið hér til að leiðrétta meinlega prentvillu, sem er hér á bls. 2 í grg., þar sem stendur á miðri síðunni: „Leikskólar eru mun dýrari en dagheimili.“ Þar hefur fallið niður eitt ó því að auðvitað á að standa þar: Leikskólar eru mun ódýrari en barnaheimili. Ég vil koma því hér á framfæri ef aðrir skyldu ekki taka eftir því.

Ég ætla ekki í rökræður um mismunandi dagvistarform. Ég ætla ekki að fara í umræður um það heldur hvers konar dagvistarheimili við viljum. Það

sem ég vil hins vegar gera með þessari umræðu, með þessari tillögu er að benda á leið sem getur tryggt það fjármagn sem þarf til að rekstur dagvistarheimila geti orðið að raunveruleika.

Þær tilraunir sem hafa verið gerðar hingað til til að bæta úr brýnni og vaxandi þörf fyrir dagvistun barna hafa ekki skilað fullnægjandi árangri. Þannig samdi Alþýðusambandið 1980 við ríkisvaldið um mikið átak í þessum efnum sem aldrei var raunverulega staðið við eins og til stóð. Ríkisvaldið gæti auðvitað vísað til þess sér til afsökunar að það hafi ráðið hluta málsins, þ.e. því hefur borið samkvæmt lögum að greiða hluta byggingarkostnaðar dagheimila. En sú afsökun er í rauninni mjög lítils virði því það var af hálfu ríkisvaldsins aldrei staðið við það að sjá fyrir því fjármagni sem þar þurfti til. Þannig að það reyndi í rauninni ekki á það hvort sveitarfélögin hefðu verið reiðubúin að ganga lengra. Framlagið til byggingar dagvistarheimila á fjárlögum á síðasta ári var ef ég man rétt 43 millj. kr. Það var ekki til mikils í uppbyggingu á landinu öllu.

Það kunna ýmsir að spyrja og það spyrja ýmsir: Af hverju sviku stjórnvöld það samkomulag sem gert var við verkalýðssamtökin? Ég held að svarið sé ofur einfalt. Það hefur vantað nægilegan þrýsting. Það hefur einfaldlega ekki undanfarin ár verið sú almenna umræða sem þarf að vera um málið til að stjórnvöld beri af því þann ótta að þau þori ekki annað en standa við sitt. Hér verður að verða á breyting. Fjárlögin og lánsfjárlögin eru kannski skýrasta sönnunin fyrir því að það er ekkert tryggt til frambúðar nema stöðugt sé þrýst á. Það sjáum við af þeim niðurskurði á fjárlögum á ýmsum lögbundnum framlögum til brýnna félagslegra verkefna. Það sýnir okkur að það þarf ekki bara þrýsting einu sinni heldur alltaf ef við viljum koma félagslegum málefnum af þessu tagi í höfn. Okkur er ljóst, ég held raunar að ekki sé um það deilt, að það eru börnin sem eru fórnarlömb ófullkominnar þjónustu og að við erum með því að hafa þjónustuna jafnófullkomna og raun ber vitni að láta þau axla hættulega stóran hluta af kostnaðinum við atvinnuþátttöku beggja foreldra.

Umönnun barna er enn almennt verkefni kvenna á íslenskum heimilum. Þó auðvitað séu börnin á ábyrgð beggja foreldra er því augljóst að vandinn brennur beinna og sárar á konum ef á heildina er litið. Ófullnægjandi dagvistunarþjónusta veldur ekki aðeins sálarangist og kvíða heldur truflar hún augljóslega eðlilega atvinnuþátttöku kvenna. Á tímum örra breytinga skiptir samfelld atvinnuþátttaka miklu og augljóslega hamlar það jafnstöðu karla og kvenna á vinnumarkaði ef þær eru utan vinnumarkaðarins þann tíma sem flestir karlar nota til að leita fyrir sér í starfi og ná starfsþjálfun, finna sitt spor ef það má orða það þannig. Dagvistarþjónusta er því eitt stærsta jafnréttismálið.

Það frv. sem hér er lagt fram er tillaga um átak í aukinni dagvistarþjónustu. Það er tillaga um öfluga uppbyggingu dagvistarþjónustu. Það er hins vegar ekki tillaga um byggingarframkvæmdir og það felur ekki í sér valdboð um rekstur. Þar fer hins vegar tillaga um trausta rekstrarforsendu þannig að sveitarfélögin hafi bolmagn til að halda rekstrinum úti.

Þegar kostnaðarhlutföll eru skoðuð kemur í ljós að af heildarkostnaði á barn í almennri dagvistun, sem er um 24 þús. kr. á mánuði, er rekstrarkostnaðurinn um 19 þús. kr. og fjárfestingarkostnaðurinn um 5 þús. og raunar e.t.v. heldur minni. Framlag til bygginga er því ekki varanleg lausn þó augljóst sé að byggingarframlag getur skipt minni sveitarfélögin mjög miklu máli þar sem hugsanlega er um eitt heimili að ræða. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það sérstaklega með tilvísun til þessa að í þeim fjárlögum sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að fella niður það framlag sem hefur verið á fjárlögum undanfarinna ára til byggingar dagvistarheimila. Þar er farið út á hættulega braut og það þarf að gera ráðstafanir til þess að gefa sveitarfélögunum aðgang að langtímalánum til að dreifa byggingarkostnaði yfir lengri tíma samhliða því sem framlögin eru aukin á öðrum sviðum ef þær hugmyndir fara fram. En það sem mestu skiptir er augljóslega að rekstrarforsendan sé tryggð til frambúðar.

Kostnaður við dagvistun er mikill. Í grg. með frv. leiði ég að því líkur að hann geti verið í heild um 4 milljarðar kr. á ári ef þjónustunni er ætlað að mæta þörf. Framlag ríkissjóðs til verkefnisins var eins og áður sagði 43 millj. kr. á síðustu fjárlögum. Í dag hvílir kostnaður því nánast alfarið á sveitarfélögum og aðstandendum barnanna.

Ég vil taka sérstaklega fram að viðmiðunartalan sem ég nota í grg. um greiðslu foreldra er frá því í október. 1. nóvember hækkuðu dagvistargjöld í Reykjavík í 7 þús. kr. eða raunar nákvæmlega reiknað 7250 og tæplega 5 þús. kr. fyrir forgangshópa eða nákvæmlega reiknað 4750 kr. Kostnaður hefur hins vegar tæplega umturnast svo að sveitarfélögin bera þá í reynd heldur minni kostnað en grg. gerir ráð fyrir. Að öðru leyti standa þær tölur væntanlega fyrir sínu. Það þýðir, ef við tökum mið af hinum almennu foreldrum, þ.e. þeim sem ekki eru í forgangshópunum, og ég vil leggja áherslu á að viðbótin í þjónustunni hlýtur að snúa að þeim fyrst og fremst, að foreldrarnir borga í dag, ef við tökum mið af Reykjavíkurtölunni sem getur verið misjöfn eftir hinum ýmsu sveitarfélögum, um 7 þús. en sveitarfélagið 17 þús. ef við gerum ráð fyrir því að það greiði það sem á vantar rekstrarkostnaðar og fjárfestingarkostnaðinn allan eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ef dæmið skiptist þannig greiða foreldrarnir 29% en sveitarfélagið 71%.

Það frv. sem ég legg fram gerir ráð fyrir því að ríkisframlagið á barn nemi ⅓ af kostnaðinum, mundi sem sagt miðað við óbreytt hlutfall að öðru leyti, óbreyttar tölur, leiða til þess að foreldrar greiddu áfram 29%, sveitarfélögin 38% en ríkissjóður greiddi 33%.

Frv. gerir ráð fyrir fastri krónutölu sem tekur mið af heildarkostnaði. Ég er þeirrar skoðunar að slík

aðferð sé heppilegri en styrkur sem miðist við fjárfestinguna eina þar sem fjárfestingin er eins og ég rakti áður aðeins um 20% af heildarkostnaðinum. Rekstrarkostnaðurinn er því stærsti hlutinn þó auðvitað verði að vera aðstaða til þess að dreifa fjárfestingarkostnaði yfir lengra tímabil.

Skv. því frv. sem ég legg hér fram verður sveitarfélagið að leggja að sér ef það vill fá þann styrk sem frv. gerir ráð fyrir. Það liggur líka fyrir að sveitarfélögin geta sparað sér útgjöld með hagkvæmum rekstri. Ef þau spara útgjöldin sín megin án þess að bregðast því að vera með viðunandi rekstur skerðist ríkisstyrkurinn ekki og þau ná sparnaðinum til sín. Slík aðferð hlýtur að örva frekar til hagkvæmni en sú prósenturegla sem almennt gildir í samskiptum ríkis og sveitarfélaga eða hefur gilt þar sem ríkissjóður greiðir ákveðið hlutfall af heildarkostnaði.

Það er eðlilegt að spyrja hvort rökrétt sé að verkaskiptingin sé sú að sveitarfélögin sjái um rekstur dagvistarheimila. Ég er fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar að svo sé. En ég er ekki á þeirri skoðun að það sé rétt, eins og ýmsir virðast gera ráð fyrir, að sveitarfélögin greiði kostnaðinn en ríkið taki þar engan þátt. Til rökstuðnings því hef ég í grg. dregið fram tölur um skattgreiðslur maka sem fer út á vinnumarkaðinn. Ég hef látið vinna fyrir mig tölur um það hvað maki með 30 þús., 40 þús. og 50 þús. kr. tekjur mundi greiða mikið annars vegar til sveitarfélaga og hins vegar til ríkis. Þær tölur eru ósköp einfaldlega þannig að séu tekjurnar um 30 þús. má reikna með því að skattgreiðslan til sveitarfélaganna sé um 2 þús. kr. Óbeinir skattar til ríkisins og þær tilfærslur sem koma á móti frá ríkinu vegast hins vegar upp þannig að þar er ekki um neina beina greiðslu að ræða. Dæmið gagnvart ríkinu stendur á sléttu, og heildargreiðslan til hins opinbera verður um 2 þús. kr. Ef tekjurnar eru hins vegar 40 þús. kr. verður greiðslan til sveitarfélagsins 3 þús. og til ríkisins 8 þús. Ef tekjurnar eru 50 þús. má gera ráð fyrir 4 þús. kr. skattgreiðslu til sveitarfélags og 17 þús. kr. til ríkisins eða samanlagt 21 þús.

Það sem við sjáum á þessum tölum er að það er langt innan við 40 þús. kr. tekjur, líklega við 34 000–35 000 kr. tekjur sem greiðslan er jöfn til ríkis og sveitarfélags. Strax og tekjurnar fara upp fyrir 34 000–35 000 eru greiðslurnar til ríkisins hærri en greiðslurnar til sveitarfélagsins. Ég tel að þessar tölur sýni að það er fráleitt að sveitarfélögin axli allan kostnað af dagvistuninni því ríkið fær það stóran hlut af þeim tekjum sem sú þjónusta gefur möguleika á að aflað sé.

Ef ríkið greiðir ⅓ af heildarkostnaði við dagvistun er það um 1300 millj. kr. á ári miðað við að þörfinni sé fullnægt ef ég tek mið af þeim forsendum sem ég gef mér í grg. Það verða eflaust ýmsir til að segja að talan sé há en ég held að rétt sé að hafa í huga að afli maki 50 000 kr. tekna þá skilar hann þó meira en tvöfaldri þessari tölu í skattgreiðslu beinna og óbeinna skatta til ríkissjóðs. Hann skilar miðað við þessar forsendur 17 000 kr. á meðan kostað er til 16 000 kr. vegna gæslu tveggja barna á almennu dagvistarheimili. Krafan um 8000 kr. greiðslu vegna hvers barns mánaðarlega er því réttlát þó hún kosti töluvert. Dæmið sýnir reyndar líka að hugmyndin um að greiða fólki fyrir að halda sig utan vinnumarkaðar og gæta barna sinna heima fyrir, sú hugmynd tekur væntanlega ekki fullt tillit til þess kostnaðar sem verður með óbeinum hætti hjá því opinbera. Hún tekur væntanlega ekki tillit til þess kostnaðar sem verður vegna tekjumissis hins opinbera ef fólk víkur af vinnumarkaði til að sinna börnum sínum heima fyrir og tekur þá ekki heldur tillit til þeirra erfiðleika sem slíkt mundi valda á vinnumarkaði. Þó að heimildin til að taka greiðslu fyrir að vera heima væri opin fyrir bæði kyn mundu áhrifin koma fyrst og fremst á þeim sviðum þar sem konur eru fjölmennar vegna þess að það má með fullri vissu segja að konur mundu verða til að nýta sér þann möguleika í mun meira mæli en karlmenn.

Ég ætla ekki að fara í rökræður um það hvaða áhrif það hefði á stöðu kvenna á vinnumarkaðinum, eins og ég ýjaði að áðan, ef þær væru langdvölum frá vinnumarkaðinum einmitt á því tímaskeiði ævinnar sem karlmenn nota almennt til að koma sér fyrir í starfi.

Þegar dagheimilisþjónusta er veitt, eins og kerfið er í dag, er verið að veita tvennt í einu, þ.e. þjónustu og styrk til þess að nota sér þjónustuna. Ein af þeim spurningum sem vaknar er hvort styrkurinn eigi að vera tekjutengdur. Mér finnst það koma til greina. Ég vil þó hins vegar um leið segja að ég tel að það sé afar nauðsynlegt, ef það er gert, að sú mismunandi greiðsla sem þá yrði um að ræða kæmi ekki fram í samskiptum foreldra eða aðstandenda við dagvistarheimilin heldur væri hún afgreidd, ef svo má að orði komast, í samskiptum við skattayfirvöld eða hliðstæða aðila. En undir öllum kringumstæðum er ljóst að ef fara á einhverjar slíkar leiðir þarf að vera um samræmdar reglur að ræða.

Ég vil leggja áherslu á það að 1300 kr. framlag verður ekki nauðsynlegt á næsta ári og tæplega eftir fjögur ár þó að frv. næði fram að ganga. Það get ég sagt með tilvísun til þess að t.d. hér í Reykjavík þyrfti að fjölga almennum dagvistarheimilum tvisvar og hálfu sinni til þess að ná því marki að fullnægja því sem þar er miðað við. En það er ljóst að slíkt gerist ekki á augabragði og það segi ég ekki til hnjóðs þeim sem ráða hér í Reykjavík. Vandinn við að taka á móti breyttum reglum af þessu tagi yrði eflaust ekki minni á ýmsum öðrum stöðum á landinu.

Það er einnig ljóst að ef hrinda á í framkvæmd þeirri uppbyggingu dagvistarheimila sem ég geri ráð fyrir með þessu frv., þá þarf að grípa til aðgerða víðar og ekki aðeins til þess að koma upp nýjum húsum heldur einnig til að ná starfsfólki til að sinna þeim verkefnum sem þarna blasa við.

Ég vil líka nefna að það er augljóst að dagheimili þurfa að mæta fjölbreyttri þörf. Þörf vaktavinnufólks. Þörf fólks með mislangan vinnudag. Og ég

legg áherslu á það að vandinn er ekki leystur þegar forskólaaldrinum lýkur þó að frv. miðist einvörðungu við þann hóp. Vandinn er ekki frá þegar skólaganga hefst. Það vantar mikið á að skóladagurinn sé samfelldur. Flestir foreldrar þekkja hversu erfitt það getur verið að fá miða heim með börnunum um að það sé frí í dag. Þann miða hafa börnin kannski átt að rétta foreldrunum nokkrum dögum áður. Það er ekki alltaf mikið til bjargar í þeirri aðstöðu. Og í löngu skólafríunum er ekki alltaf auðvelt að sinna skyldu sinni sem foreldri. Ekki síst af því að þau skólafrí koma stundum á tímabilum þar sem miklar athafnir eru úti í atvinnulífinu. En ég ætla ekki að fjalla um þau mál að sinni.

Ég er að tala hér fyrir átaki í dagvistarmálum, í málum barna á forskólaaldri. Ég er með tillögu um það að ríkisútgjöld til þess málaflokks verði raunhæf miðað við það verkefni sem við okkur blasir. Fyrsta árið gætu útgjöld, miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir, orðið kannski 150–200 millj. kr. og farið síðan vaxandi í 1300 millj. á einhverju árabili.

Það verða eflaust ýmsir til að segja að svo há tala kalli á sérstakan skattstofn. Ég tel mig hins vegar hafa sýnt fram á að ríkissjóður hefur mjög miklar skatttekjur af þessari þjónustu í dag, eða öllu heldur af þeirri tekjuöflun og ráðstöfun sem dagvistunin gerir mögulega. Fyrir mér er það réttur barnsins til viðunandi uppvaxtarskilyrða sem er meginmálið. Ég vil komast hjá því að þau verði fórnarlömb og beri byrðarnar af atvinnuþátttöku beggja foreldra. Börnin eiga rétt á viðunandi þjónustu. Ef við veitum hana ekki mun framtíðin verða að gjalda það dýru verði. Í trausti þess að skilningur sé hjá hinu háa Alþingi á því að styðja málið, þá legg ég það hér fram og ég legg til að því verði vísað til menntmn. að umræðu lokinni.

Frú forseti. Ég vil reyndar gera athugasemd við þá tillögu mína. Ég leitaði við upphaf þessarar umræðu ráða hjá nokkrum þm. Þar sem málið fellur undir menntmrn. er mér sagt að það sé eðlilegt að það falli undir menntmn. og tillaga mín er í samræmi við það. Aðrir hafa hins vegar bent á að það gæti verið eðlilegra að það félli undir félmn. Í þriðja lagi hefur mér verið bent á að þar sem um verulegt fjárhagsmál sé að ræða þá kæmi til greina að vísa því til fjh.- og viðskn. Þannig að hafi forseti við það að athuga að málinu verði vísað til menntmn. þá legg ég það í hennar vald að gera þar breytingu á.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Forseti. Ég vil fyrir mitt leyti fagna því frv. til laga sem hér hefur verið lagt fram og lýsa yfir fullum stuðningi við efni þess. Jafnframt vil ég minna á frv. um sama efni sem flutt var af Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, þingkonu Kvennalistans á síðasta kjörtímabili, þar sem hún lagði til að tímabundið skyldi a.m.k. 0,8% af A-hluta fjárlaga hvers árs varið til byggingar dagvistarheimila fyrir börn þar til þörf yrði fullnægt.

Þá vil ég einnig fagna því að hv. flm., 7. þm. Reykv., hefur komið auga á betri leið til að leysa þennan vanda en að semja um slíkt sjálfsagt réttlætismál í kjarasamningum, einhvers konar þjóðarsátt. Hann ætti í starfi sínu að hafa komist að því fyrir löngu að sjaldnast er staðið við þær.

Hann vitnaði í grg. til ákvæðis í samkomulagi við ríkisstjórnina frá 1980 um tíu ára áætlun til uppbyggingar dagvistarheimila. Samkvæmt henni var áætlað að leggja þyrfti fram ýmist 30 eða 50 millj. kr. árlega eftir því út frá hvaða forsendum var gengið. Þessar tölur voru miðaðar við verðlag 1980. Strax á fyrsta ári þessa kjarasamnings var þetta ákvæði þverbrotið með aðeins 11 millj. kr. framlagi. Í janúar 1983 hefði framlagið miðað við upphaflega áætlun um 30 millj. átt að vera 48,9 millj. kr., framreiknað, en það árið fengust aðeins 27 millj. kr. í þetta verkefni. Árið 1984 var veitt til dagvistarmála 31 millj. 640 þús. kr., sem á þeim tíma hefði átt að vera 75,8 millj. kr., og sú tala er einnig miðuð við þessa forsendu um 30 millj. kr. þörf. Stjórnvöld hafa þannig þverbrotið gefin loforð æ ofan í æ og enn eru óuppgerðar skuldir ríkisins við sveitarfélögin vegna byggingar dagvistarheimila himinháar.

Í grg. hv. flm. um það hve stór hluti af tekjum útivinnandi maka, sem í langflestum tilfellum eru konur, fer beint í ríkissjóð, þá vil ég ítreka það sem skoðun mína að m.a. með hliðsjón af þessu þá hlýtur það að vera skylda ríkisins að taka sinn þátt í þessum kostnaði. Hv. flm. sagði líka að konur hefðu sótt út á vinnumarkaðinn. Það er að hluta til rétt, en ég vil gjarnan líka fá að breyta setningunni í þolmyndarsetningu og segja: Konur hafa verið sóttar út á vinnumarkaðinn bæði af efnahagslegum ástæðum og vegna þarfa vinnumarkaðarins. Allir vita að fæstum nægir ein fyrirvinna til að framfleyta fjölskyldu. Um leið og vinnumarkaðurinn kallar æ fleiri konur til sín, þá eykst til muna þörfin fyrir aukið dagvistarrými. Nú er svo komið að neyðarástand og algjört öngþveiti ríkir í þessum málum.

Það er ekki hægt að minnast á dagvistunarmálin án þess að minna um leið á hin löku starfs- og launakjör þeirra sem á barnaheimilum starfa. Það þarf að gera átak í að meta að nýju störf þeirra stétta sem sinna mikilvægum uppeldis- og umönnunarstörfum. Þau eru allt of lágt metin til launa.

Íslenskt nútímasamfélag gerir svo sannarlega ekki ráð fyrir börnum. Vegna hins óheyrilega langa vinnutíma flestra vinnufærra Íslendinga gefst foreldrum lítill tími til samveru með börnum sínu. Vonandi breytist þetta þó þegar áætlanir hæstv. ríkisstjórnar um styttingu vinnutímans komast í framkvæmd, sem vonandi verður sem fyrst. Nú er því miður enginn fulltrúi ríkisstjórnarinnar hér inni að því er ég best fæ séð. En það hefði verið ágætt ef þeir hefðu heyrt þessa hvatningu mína um að þessar áætlanir komist í framkvæmd hið allra fyrsta. Það er ekki hægt að leggja ómældar áhyggjur af öryggi og velferð barna ofan á óhóflegt vinnuálag foreldra og á sama hátt er alls ekki hægt að ætla ungum börnum að ganga sjálfala í samfélagi okkar.

Þá vil ég líka benda á að það ætti að vera sjálfsagt val foreldra að geta sent börn sín á dagheimili, a.m.k. hluta úr degi, hvort sem báðir foreldrar vinna úti eða ekki. Því það er í langflestum tilfellum jákvæð lífsreynsla fyrir börn að taka þátt í leik og starfi með öðrum jafnöldrum. Okkur hættir um of til að vilja aðeins lifa hér og nú, án þess að hugsa um framtíðina. En hún er einmitt börnin sem eru að alast upp í landinu. Það er því nauðsynlegt að vel sé búið að öllum einstaklingum í þjóðfélagi okkar á þeim mikilvægu mótunarárum sem fyrstu æviárin eru.

Talandi um framtíðina leyfi ég mér að lokum að vitna í grein Kristínar Sigtryggsdóttur í DV í gær, 17. nóvember, þar sem hún fjallar um dagvistarvandann og segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er ekki skrýtið að barneignum skuli fækka því hver vill búa við slíkt óöryggi sem ríkir í dagvistarmálum hér?" Þetta er umhugsunarefni fyrir þá sem mestu ráða um forgangsröð verkefna hér á landi í dag.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fyrsti flm. þessa frv., hv. 7. þm. Reykv., sagði hér í upphafi að þetta frv. skipti miklu máli efnislega. Hann rakti þróunina sem orðið hefur á undanförnum áratugum og sagði sem svo að hann hefði alist upp við aðrar aðstæður en börn nú gera varðandi þessi mál. Ég get tekið undir það að ég m.a.s. ólst upp við sömu aðstæður og hv. 7. Reykv., og ekki bara það, börnin mín ólust einnig upp við þær aðstæður, þ.e. aðrar aðstæður en eru í dag. Þá var þörfin fyrir dagheimilin eða dagvistarstofnanir barna ekki orðin slík eins og hún er í dag. Þróunin hefur verið ör, þessar breytingar í þjóðlífinu á undanförnum árum sem hafa leitt til þess að uppeldi og gæsla barna hefur færst frá foreldrum yfir á aðra í auknum mæli, þ.e. dagvistarstofnanir og skóla. Þetta eru staðreyndir sem ekki er hægt að líta fram hjá, alveg án tillits til þess hvort menn telja þessa þróun góða eða slæma. Og til þess að mæta henni verða réttir aðilar að bregðast við og skapa þau skilyrði að foreldrar hafi sem flesta valkosti til að leysa þessi mál.

Eins og hér hefur komið fram þá verður að líta jöfnum höndum á konur og karla sem aðalfyrirvinnu heimilisins og þess vegna verður á svo mörgum sviðum að taka tillit til breyttra aðstæðna og bregðast við þeim.

Ég vil koma inn á svolítið annan þátt, sem a.m.k. kom ekki fram sem þungamiðja í máli hv. frummælanda, en það eru kjarasamningar á vinnumarkaðnum, það þarf að leggja meiri áherslu á þessi mál í frjálsum samningum vinnuveitenda og launþega, þ.e. að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar. Í því sambandi má nefna að gefinn sé kostur á sveigjanlegum vinnutíma, þar sem því verður við komið, og gert sé ráð fyrir fjarvistum foreldra ungra barna. Það mætti einnig gera ráð fyrir því í kjarasamningum að foreldrar geti tekið tímabundið hlutastarf þegar þörfin er mest fyrir umönnun og að þeir geti jafnvel tekið launalaust leyfi í stuttan tíma ef það hentar þeim betur. Að sjálfsögðu verða ríki og sveitarfélög að ganga á undan og bæta möguleika foreldra með þessum hætti.

Í frv. eru lagðar til ákveðnar leiðir sem ætlað er að bæta úr þessari brýnu þörf í átaki dagvistarmála. Og þar er ríkinu ætlað að greiða ákveðna fjárhæð vegna hvers barns, eins og hér hefur komið fram, til sveitarfélaganna. Nefnd er talan 8000 kr. á mánuði fyrir almennt dagheimili og svo hlutfallslega skilst mér varðandi vöggustofur og leikskóla. Og þar er ég komin að kjarna málsins sem ég vildi aðeins ræða hér, þ.e. samskipti ríkis og sveitarfélaga, varðandi verkefni sem betur væri komið í höndum annars aðilans.

Ég tel og hef talið að bygging og rekstur dagheimila eigi að vera alfarið í höndum sveitarfélaga, þeirra sem standa þessum verkefnum næst og þekkja best til þarfa á hverjum stað. Þetta eru staðbundin verkefni þar sem aðstæðurnar eru misjafnar og þörfin mismunandi eftir byggðarlögum. Sums staðar er þessi þörf mikil, annars staðar er hún lítil eða jafnvel engin. En við þekkjum það að núverandi fyrirkomulag skapar oftar en ella erfiðleika eins og hér kom reyndar fram í máli flm. frv., hv. 7. þm. Reykv., þar sem ástæðan er sú að fjárhagsgeta samskiptaaðilanna fer ekki saman. Sveitarfélögin lenda í erfiðleikum, t.d. vegna þess að þau byggja hraðar en samið hefur verið um og ríkissjóður lendir þar af leiðandi í erfiðleikum með að standa við sínar skuldbindingar og safnar skuldahala sem erfitt reynist að losna við. Þetta þekkjum við bæði fyrr og síðar. Þetta er verkefni sem á að færa yfir til sveitarfélaganna á ábyrgð þeirra — og ég vil taka skýrt fram að sjálfsögðu með tekjustofni, það er grundvallaratriði, tel ég að þessum málum yrði miklu betur sinnt og meiri möguleikar yrðu á sveigjanleika í rekstri eftir því sem hentar á hverjum stað.

Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur verið til athugunar og umræðu árum eða áratugum saman. A.m.k. minnist ég þess að í þá tvo áratugi og liðlega það sem liðnir eru frá því að ég tók fyrst þátt í sveitarstjórnarmálum, þá hafa þessi mál verið á dagskrá. En það hefur orðið minna úr framkvæmdum þar til nú að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv., eins og hér hefur komið fram, að þetta verði eitt af þeim verkefnum sem fari alfarið yfir til sveitarfélaganna. Það dapurlega við þetta er hins vegar að í hvert sinn sem ríkið ætlar sér að verða við þessum kröfum sveitarfélaganna — og reyndar allra sem um pólitík tala, ég held að allir stjórnmálaflokkar hafi það á sínum stefnuskrám að dreifa valdinu, að færa valdið heim í hérað og það er einmitt það sem verið er að tala um núna — rísa alltaf upp einhverjir aðilar sem telja að hagsmunum þeirra sé hætt komið, má segja, ef verkefnið fari frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. Það er kannski ekki að ástæðulausu að þarna

ríkir viss tortryggni á milli vegna þess að menn treysta því ekki að ríkið tryggi þeim tekjustofnana jafnhliða verkefnunum. Og ég vil svo sannarlega taka undir að það er grundvallaratriði að það verði tryggt með tilfærslu verkefna.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem snýr að hagsmunum foreldra ungra barna. Og ég vil bæta öðrum hagsmunaaðila við, því ég tel að þetta sé ekki síður hagsmunamál aðila vinnumarkaðarins eins og ég nefndi hér áðan. Þetta hlýtur að vera mál sem ástæða er til að semja um í kjarasamningum, svo brýnt er það, bæði fyrir atvinnurekendur og foreldra barnanna. Það þarf að skapa meiri sveigjanleika í rekstrarformi og hvetja fyrirtæki til að koma upp dagvistun fyrir börn starfsmanna sinna og skapa fyrirtækjunum skilyrði til þess. Og þá kem ég að opinbera aðilanum sem ég tel að eigi að vera sveitarfélögin, að þau eigi að styrkja þá aðila, hvort sem það eru einstaklingar, félagasamtök og ekki síst atvinnurekendur, sem vilja koma upp dagvistun fyrir börn starfsmanna sinna. Auðvitað verður að gera þetta með ákveðnum skilyrðum og ákveðnum kröfum, en ég get ekki séð að það þurfi að vera af hinu vonda, nema síður væri, að velta þessari ábyrgð yfir á aðila vinnumarkaðarins frekar en á ríki eða sveitarfélög, nema að sjálfsögðu að því marki sem þau þurfa að sinna þessum verkefnum, en við vitum að það eru stórir hópar sem eiga þar ríkra hagsmuna að gæta því að bæði ríki og sveitarfélög eru líka vinnuveitendur. En þar sem fyrirtæki hafa aðstöðu til og áhuga á að sinna þessum verkefnum til þess að laða til sín gott starfsfólk á að gera þeim það kleift með því að styrkja þau til þess.

Ég þykist þekkja slíkt dæmi í mínu kjördæmi, í útgerðarbæ á Suðurnesjum rekur fyrirtæki dagheimili, það heitir Gullvíkin og er í Grindavík. Þetta fyrirtæki rekur dagheimilið með miklum myndarbrag og miklum sóma enda hefur það verið þannig að biðlisti er eftir því að komast í vinnu á þessum stað vegna þeirrar góðu aðstöðu sem þar er boðið upp á. Sveitarfélagið styrkir þetta fyrirtæki að vissu marki fyrir börnin sem þar dvelja.

Mér fannst rétt, hæstv. forseti, að koma aðeins inn á þetta atriði. Ef þetta frv. fer til hv. menntmn. þá á ég sæti í þeirri nefnd og fæ tækifæri til að fjalla nánar um það þar. Ef því verður hins vegar vísað til hv. fjh.- og viðskn. þá hef ég ekki tækifæri til að fjalla um málið í nefnd og þess vegna vildi ég aðeins láta í mér heyra varðandi þetta þýðingarmikla mál. Ég tel það af hinu góða að hv. flm. hreyfir þessu máli en ég veit að hann þekkir þarfirnar vel þar sem hann er forustumaður í verkalýðshreyfingunni og veit sjálfsagt hvað hann er að tala um. En ég sé ekki alveg með hvaða hætti ríkið ætti að leggja fram það fjármagn sem hér er gert ráð fyrir beint úr ríkissjóði eins og mér sýnist frv. gera ráð fyrir. Ég hefði talið æskilega leið að bæta hag foreldra, styrkja þá í þessu skyni, t.d. í gegnum barnabætur með því að hækka þær og gefa þar með foreldrum kost á að velja sjálfir hvaða form þeir vilja hafa á gæslu sinna barna. En ég vil einnig láta það koma fram að ég tel nauðsynlegt að endurskoða lög og reglur um dagvistarmál til þess að kanna hvers konar tálmanir eru í vegi fyrir örari uppbyggingu þeirra en verið hefur, hvort það er fleira en fjármagnið. Mín afstaða byggist fyrst og fremst á því að reynslan er sú að ríkið hefur ekki staðið við sínar skuldbindingar, ekki vegna þess að það sé af vondum huga eða áhugaleysi, heldur vegna þess að það hefur ekki haft bolmagn til þess fjárhagslega séð. Við vitum að þörfin er mikil. Það kemur fram í frv. hversu háar fjárhæðir hér er um að ræða og ég sé ekki fram á hvernig ríkið ætlaði sér að bæta úr því nema þá að það væri í gegnum sjóði í tryggingarkerfinu.

Þetta er það sem mér er efst í huga á þessari stundu, hæstv. forseti. Það er orðið áliðið dags og hér eru, eins og hv. flm. frv. gat um, fáir áheyrendur í salnum og það er dapurlegt að hugsa til þess. En við megum hins vegar ekki ætla mönnum að það sé af áhugaleysi, heldur gæti það frekar verið vegna þess að menn hafi kannski af eðlilegum ástæðum verið búnir að ráðstafa tíma sínum eftir kl. 5 í dag. Ég vil vera jákvæð og skýra málið frekar með þeim hætti.

Unnur Stefánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég gleðst yfir því að hv. 7. þm. Reykv. skuli flytja frv. til l. vegna dagvistunar barna á forskólaaldri frekar en taka fyrir annað mál, svo sem eins og það hvernig eigi að haga skoðun bifreiða, eins og hann minntist á hér áðan. Ég hef reyndar oft furðað mig á því hversu mikla umfjöllun ýmis mál fá hér á Alþingi og í fjölmiðlum, eins og t.d. sláturhúsamálið á Bíldudal. Svo virðast mál sem varða t.d. börnin okkar hverfa oft í skuggann fyrir ýmsum öðrum málum sem þykja stórvægilegri.

Þetta frv. er ítarlega unnið, en ég er ekki alveg sammála um þær leiðir sem hv. 7. þm. Reykv. fer varðandi þessi mál. Hann sagði í inngangsorðum sínum eitthvað á þessa leið: Móðirin er farin að vinna. Ég hef ekki vitað til annars en þess að mæður hafi alla tíð unnið og ekki síður hér fyrr á árum. Yfirleitt voru konur þá með mörg börn á sínum heimilum og margt fólk í vinnu, og ég held að þær hafi unnið þar manna mest þannig að ég er ekki alveg ánægð með þetta orðalag að móðirin sé farin að vinna. Ég held að mæður hafi alltaf unnið mikið.

Samkvæmt fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin verði sjálfstæðari varðandi ýmsa málaflokka, m.a. að þau taki alfarið til sín byggingu og rekstur dagvistarheimila. Um leið á að tryggja þeim ákveðið fjármagn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem á að gera kleift að byggja upp dagvistarheimili, svo og ýmsa aðra þætti. Hins vegar hef ég svolitlar áhyggjur af því hvernig fer fyrir minni sveitarfélögum þegar þessi ráðstöfun verður komin á vegna þess að þau hafa minna fjármagn en þau stóru. Ég er hrædd um að fjármagnið verði ekki nægilegt frá Jöfnunarsjóði til þess að þau leggi í það

að byggja dagvistarheimili og það finnst mér mjög miður.

Hér hefur verið rætt um ýmiss konar rekstrarform á dagvistarheimilum. Ég tel að það mætti gjarnan endurskoða og hef tjáð mig um það, m.a. í greinaskrifum, að rekstur leikskóla sé orðið úrelt fyrirbæri og er reyndar hissa á því að ekki skuli vera búið að breyta því fyrir löngu síðan. Eins og hv. 7. þm. Reykv. kom inn á áðan eru 64% giftra kvenna orðnar útivinnandi, þ.e. í fullu starfi, og það að fólki skuli enn þá vera boðin þessi þjónusta að vista börnin hálfan daginn, meðan sú breyting hefur orðið sem ég nefndi, finnst mér ekki vera í takt við tímann.

Mig langar aðeins til að benda á það að við ríkisspítalana, þar sem ég reyndar vinn, er opnunartími dagvistarheimila 12 stundir alla virka daga, auk þess 8 stundir á laugardögum. Við höfum í dag pláss fyrir 253 börn og vegna þess að við höfum opið svona langan tíma, sem er reyndar í framhaldi af því að fólkið sem nýtur þessarar þjónustu er vaktavinnufólk, þá komum við að til viðbótar 79 börnum vegna þessarar lengingar opnunartíma og vegna þess að fólkið hefur líka möguleika á því að hafa börnin þann tíma sem það er í vinnu, hvort sem það er í 40% vinnu, 60%, 80% eða 100%, þannig að 253 pláss höfum við en getum bætt við 79 börnum vegna þessa. Þetta finnst mér atriði sem sveitarfélögin þyrftu virkilega að fara að velta fyrir sér, hvort ekki sé hægt að nýta þessi heimili miklu betur.

Mín skoðun er sú varðandi dagvistarmál að ég tel að fólkið hafi í dag ekki nægjanlegt val um það hvar börn þess eru, þ.e. börn á forskólaaldri. Varðandi þetta frv., sem hv. 7. þm. Reykv. hefur lagt fram, finnst mér að ef ríkissjóður tekur þátt í þessum kostnaði með því að styrkja hvert dagvistarpláss, eins og þarna kemur fram, þá verði fólki mismunað varðandi það að við vitum að mörg börn í þéttbýli njóta ekki dagvistunar enn þá og fá börn í dreifbýli. Mér finnst því frekar koma til greina ef ríkið fer að taka þátt í þessum kostnaði, eins og það ætti kannski að gera, einhvers konar fjölskyldubætur eða fjölskyldulaun, þannig að ákveðin upphæð væri borguð frá ríki með hverju einstöku barni. Þannig hefðu foreldrar meira val um það hvort þeir væru einhvern tíma heima með barni sínu á forskólaaldrinum, einhverja mánuði eða ár, eða borguðu dagvistargjald. Hins vegar tel ég á móti að hækka mætti dagvistargjöldin um allt að 30%, þ.e. um ⅓ af því sem foreldrar borga nú af þessum kostnaði. Ég tel að það mætti hækka dagvistargjöld um allt að 30% og það mætti kannski hugsa sér að sveitarfélagið verði þessari prósentuhækkun til að byggja upp fleiri dagvistarheimili innan sinna vébanda. Það er sannarlega þörf á því. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi ekki að halda áfram þeirri uppbyggingu því að ég tel að börnin hafi mikla þörf fyrir það að komast á dagvistarheimili.

Hins vegar er kannski allt of lítið um það rætt hvert uppeldishlutverk dagvistarheimila er. Ég tel orðið mjög tímabært að samin verði einhvers konar rammalöggjöf um kennslu og uppeldisstarf á dagvistarheimilum, kannski eitthvað í líkingu við það sem er kveðið á um varðandi grunnskólana. Ég held að foreldrar hljóti að gera þær kröfur til dagvistarheimilanna að þar fari fram markvisst uppeldisstarf og að því eigum við að stefna. Því er mikilvægt að rammalöggjöf um uppeldisstarf dagvistarheimila verði sett.

Að lokum, herra forseti, legg ég áherslu á það að foreldrar þurfi að hafa eitthvert val um það hvort þeir geti komið börnum sínum í dagvistun eða hvort þeir hafa einhver tök á því að vera með þeim heima.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Fram hefur komið að hér er hreyft máli sem sjálfsagt allir stjórnmálaflokkar lýsa stuðningi við meira og minna, hver þegn í þjóðfélaginu. En það kemur einnig fram, miðað við það hvað margir eru hér samankomnir í salnum þegar við erum að fjalla um þetta mál, að áhuginn er kannski svolítið mismikill þó að sú staðreynd að klukkan er nú farin að ganga sjö geti haft viss áhrif á það hverjir eru hér enn. Sama má segja í sambandi við áhuga fjölmiðla á umræðu um málið. Ég gerði það að gamni mínu að skjótast hér upp á fjölmiðlastofuna og líta á hvort þar væru ekki einhverjir eftir. Það var reyndar einn þar og ég held að það sé rétt að fram komi hver það var. Það var blaðamaður Tímans sem situr þar enn þá og fylgist með þessari umræðu af áhuga.

Það kom bæði fram í ræðu flm. og hv. 6. þm. Reykn. að ákveðin þróun hefur átt sér stað á undanförnum árum sem er þess valdandi að það er æ meiri þörf fyrir þjónustu á þessu sviði. Ég held að reyndar sé ansi langt síðan komið var að þeim mörkum að það þyrfti að gera stórátak í uppbyggingu og rekstri barnaheimila, jafnvel strax á þeim árum þegar hér settist að völdum ríkisstjórn sem taldi það alveg nauðsynlegt að breyta um stefnu í dagvistunarmálum, þ.e. að hverfa frá því sem lagt er til með þessu frv., að ríkið taki þátt í rekstri dagvistunarheimila. Þetta var ríkisstjórnin sem sat að völdum 1975–1976. Um áramótin 1975–1976 — ég held að ég fari örugglega rétt með ártöl — voru felld niður framlög ríkisins til reksturs dagheimilanna sem var helmingur kostnaðar við reksturinn. Og eins og nú er verið að gera í sambandi við uppbyggingu dagvistunarheimilanna var það gert í nafni þess að auka frelsi sveitarfélaganna og gefa sveitarfélögum aukin og ný verkefni.

Ætli það fari ekki eins nú og þá, nú þegar boðað er með þeim fjárlögum sem er verið að fjalla um í fjvn. að fella eigi niður framlög til uppbyggingar dagvistunarstofnana? Ætli endurtaki sig ekki sama sagan og gerðist þá, að fellt var niður framlag til reksturs dagvistunarheimila og tekjurnar sem sveitarfélögin áttu að fá skiluðu sér ekki? Það virðist stefna í sömu átt núna. Okkur er sagt að það eigi að bæta stöðu sveitarfélaganna með því að draga úr skerðingu Jöfnunarsjóðs en sú minnkun er ekki

meiri en sú skerðing sem átti sér stað á síðasta ári úr Jöfnunarsjóði þannig að það liggur beint fyrir strax að enn er verið að færa sveitarfélögunum hið svokallaða frelsi án þess að frá hendi sveitarfélaganna fylgi neinn möguleiki til að notfæra sér það frelsi.

Hér hefur ýmislegt verið nefnt í sambandi við það hvernig skuli leysa fjárhagsmálin í sambandi við rekstur dagvistunarstofnana. Hv. 6. þm. Reykn. taldi mjög æskilegt að fyrirtæki væru styrkt til þess að reka dagvistunarheimili og hv. síðasti ræðumaður í þessum ræðustól á undan mér áleit rétt að fara inn á það svið að auka barnabætur í staðinn fyrir að koma á kerfi svipuðu og lagt er til í þessu frv. Það væri eðlilegra að láta þessar greiðslur ganga beint til foreldra en að slíkt kerfi væri byggt upp sem hér er lagt til. Ég er mótfallinn báðum þessum þáttum. Það er vitaskuld alveg sjálfsagt og ekki hef ég á móti því að fyrirtæki komi upp dagvistunarstofnunum fyrir sitt starfsfólk, en að það sé að einhverju leyti tengt opinberum rekstri held ég að sé ekki rétt þróun. Og varðandi hitt, að einstaklingunum sé veitt fjármagn úr hinum sameiginlega sjóði í því augnamiði að létta þeim byrðina að kosta börn sín á dagvistunarstofnanir, tel ég ekki rétt að setja þann krók á þá fjárveitingu. Sú fjárveiting á að ganga beint til sveitarfélagsins eða þeirrar opinberu stofnunar sem á að annast rekstur þessara stofnana.

Einnig kom fram að vafasamt væri að ríkið gæti staðið við þann þátt að greiða þetta fjármagn með hverju barni. Það sannaði staðan undanfarandi ár því að safnast hefðu upp skuldir hjá ríkinu. Ríkið hefði ekki staðið við sinn hlut í uppbyggingu dagvistunarstofnana. Þetta er alveg rétt. En ég held að þarna hafi fyrst og fremst skort viljann til að sinna þessu hlutverki. Á sama tíma og ríkið hefur ekki staðið í stykkinu gagnvart uppbyggingu dagvistunarstofnana hefur verið hægt að hefjast handa um alls konar framkvæmdir. Nægir að nefna flugstöðina sem byggð hefur verið á undanförnum árum og ansi miklum peningum eytt í. Þó að ekki hefði verið tekið nema brot af þeirri sóun sem hefur átt sér stað þar, *þá hefði verið hægt að standa að fullu í skilum* við sveitarfélögin á síðustu árum.

Ég vil sem sagt undirstrika það að ég fagna þessu frv. Það er gaman að því að forseti íslenskra erfiðismanna skuli koma hingað inn á Alþingi í hálfan mánuð og flytja frv. sem þetta. Ég vænti þess að frv. fái hér góðan byr þó að athafnir núv. ríkisstjórnar bendi kannski ekki beinlínis til þess að hún sé mjög félagslega sinnuð eða vilji leysa málin á þann máta sem hér er lagt til.

Ég tel að þetta verkefni megi ekki hverfa úr höndum ríkisins. Það er mjög hættulegt að vísa þessu eingöngu yfir á sveitarfélögin, ekki síst vegna þess að það er hætt við því að sveitarfélögin verði alltaf frekar vanmegnug til að sinna þessum störfum nema til komi ákveðinn stuðningur frá ríkissjóði.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vildi aðeins geta þess að ég hef leitað ráða hjá skrifstofu Alþingis um hvaða nefnd væri heppilegust fyrir þetta mál. Sjálf mundi ég álíta að það ætti heima í hvaða nefnd sem væri, svo mikið snertir það alla þætti atvinnulífsins og þeirra mála sem hér er um fjallað. En skrifstofa Alþingis og forseti geta vel fellt sig við uppástungu flm. um að málið verði sent til menntmn.

Flm. (Ásmundur Stefánsson):

Frú forseti. Ég þakka það og er mjög sáttur við þá málsmeðferð.

Mig langar aðeins að nota tækifærið til þess að fara yfir örfá atriði sem hafa komið fram í þessum umræðum. Ég vil byrja á því að þakka þeim sem eftir sátu að sinna þessu máli á þann veg sem raun ber vitni. Ég er satt að segja mjög þakklátur fyrir að ekki skyldi vera staðar numið við mína ræðu og síðan allir gengið úr salnum eins og klukkan á veggnum benti til að gæti orðið. Ég þakka fyrir það.

Hv. 6. þm. Vesturl. sagði í máli sínu hér áðan að ég ætti að hafa öðlast þá reynslu af samskiptum mínum við stjórnvöld sem samningsaðili að þar sé til lítils að eiga við mál. Ég vil vegna þeirra orða segja að ég hlýt að sjálfsögðu á þeim vettvangi að vinna eins og ég tel skynsamlegast hverju sinni og ég hlýt raunar líka sem einstaklingur að reyna að vinna þeim málum, sem ég tel mikilsvert að nái fram að ganga, stuðning og framgang á öllum þeim vígstöðvum þar sem ég hef aðstöðu til að ýta á eftir þeim. Þó að ég flytji hér frv. á Alþingi um að þessum málum sé sinnt, þá lít ég alls ekki svo á að á þessum málum megi ekki taka á vettvangi samningsaðila. Ég get út af fyrir sig tekið að verulegu leyti undir það sem hv. 6. þm. Reykn. sagði um það.

Ég vil líka ítreka að það er ekki rétt að verkalýðshreyfingin hafi alltaf samið í tilgangsleysi við stjórnvöld. Ég ætla ekki að fara að rekja alla þá þætti tryggingarmála og hinnar ýmsu löggjafar sem þannig hafa orðið til. Ég gæti minnt á atvinnuleysistryggingarnar. Ég gæti raunar líka minnst á *fæðingarorlof, bætur lífeyristrygginga og ótalmargt annað.* Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu frekar, en þetta þótti mér nauðsynlegt að draga fram.

Ég vil taka undir það með hv. 6. þm. Reykn. að við stöndum hér frammi fyrir þjóðfélagsbreytingum sem eru staðreynd alveg eins og hún réttilega sagði: Hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um það hvernig við bregðumst við þeim breytingum sem orðið hafa. Við höfum reynt, svo að ég svari aftur sem samningsaðili, að taka tillit til þarfa fjölskyldunnar í kjarasamningum. Við höfum m.a., svo að ég minni á það atriði sem hv. 6. þm. Reykn. nefndi sérstaklega, samið um fráveru vegna veikinda barna. Það hefur ekki tekist að ná samningum um launalaus leyfi nema á mjög afmörkuðum stöðum, og þau eru í sjálfu sér ekki komin til af þessum hvötum, og það eru heldur ekki fyrir hendi almennar reglur til hlutastarfs. Má kannski minna á það í leiðinni að

réttur fólks til þess að halda sínu starfi er samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert satt að segja bundinn við það eitt að fá sitt uppsagnarbréf með réttum fyrirvara, þannig að rétturinn í þessu efni er kannski lítill í ýmsu öðru en bara þessu.

Það kom fram í máli þeirra sem hér hafa talað, að undantekinni ræðu síðasta ræðumanns, að þetta verkefni eigi að vera alfarið í höndum sveitarfélaganna — að vísu er ég þó væntanlega ekki að fara rétt með varðandi hv. 6. þm. Vesturl. — þetta sé mál sem ríkið eigi ekki að skipta sér af. Ég ætla að víkja að því betur á eftir, en vil aðeins segja nokkur orð um fyrirtækjadagheimili sem hér hafa verið nokkuð til umræðu.

Ég hef kannski ekki alveg eins afdráttarlausa afstöðu gegn því að veittir séu styrkir til dagvistarheimila á vegum fyrirtækja eins og mér fannst koma fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. Mér finnst að það sé leið sem megi skoða, en ég sé hins vegar á henni ýmsa galla. Ég sé kostinn þann að með því er betri aðstaða til þess að aðlaga rekstur dagvistarheimilisins að þörfum fyrirtækisins, eins og bent var á í sambandi við dagvistarheimili sjúkrahúsanna, en það er auðvitað gallað líka að þar verður hópurinn nokkuð einlitur. Ég held að það skipti líka máli að með því væri í reynd verið að leggja nokkra byrði á þau fyrirtæki sérstaklega sem hafa konur í sinni þjónustu. Þetta vil ég ítreka vegna þess að þetta virðist vera eitt af því sem megi ekki segja. En það er staðreynd, sem ég vakti máls á í minni framsögu, að verkaskiptingin á heimilunum í dag er enn þá þannig að umsjónin með börnunum er á ábyrgð kvennanna á heimilunum. Það er hin almenna regla á íslenskum heimilum. Sú regla gerir ósköp einfaldlega það að verkum að þetta mundi leggjast þyngra á þau fyrirtæki sem eru með konur í starfi en þau fyrirtæki sem eru með karla í starfi og mér finnst að það sé ekki rökrétt. Mér finnst að þessum kostnaði eigi að dreifa á okkur öll. Við berum þarna öll sömu ábyrgðina.

Hv. 2. þm. Suðurl. gerði athugasemd við það að ég segði að móðirin væri farin að vinna. Það er hins vegar grundvallarmál. Hún er farin. Það er hún. Og það er út frá þeirri forsendu sem við erum að tala um málið. Hún er ekki lengur á heimilinu. Við getum í sjálfu sér látið orð fara í taugarnar á okkur, en ég held að við eigum engu að síður að reyna að venja okkur af því og tala um hlutina nákvæmlega eins og þeir eru, eftir því sem aðstaða er til. Þetta tel ég að eigi jafnt við þegar við tölum um þá verkaskiptingu sem við raunverulega búum við og þá þjóðfélagsbreytingu sem gengið hefur yfir. Ég tel að þetta sé lykilmál og þess vegna legg ég áherslu á það fyrir mitt leyti að ég tel hér um sérstakt hagsmunamál kvenna að ræða. Eins og verkaskiptingin er í dag leiðir ábyrgðin á heimilinu til þess að þjónustuskorturinn kemur meira niður á konunum en karlmönnunum. Breytingin er auðvitað líka sú að það eru konurnar sem hafa farið út að vinna frá heimilunum, þar voru þær meira áður. Með því er engan veginn verið að ýja að því að þær hafi ekkert gert.

Það er dálítið sérstakur málflutningurinn í sambandi við fjárskortinn. Það er sagt að það sé erfitt að finna peninga fyrir þessu hjá ríkinu, og um leið hafðar uppi þær röksemdir að raunverulega eigi ríkið alls ekki að greiða styrk til dagvistarþjónustu heldur eigi það að borga öllum sömu greiðslu, hvort sem þeir njóta dagvistarþjónustu eða ekki. Ég reyni í grg. minni að draga það fram hversu miklar tekjur hins opinbera eru raunverulega af því þegar báðir framfærendur heimilisins eru úti á vinnumarkaðinum.

Ég vil líka segja fyrir mitt leyti, og það mega þeir sem vilja túlka sem forræðishyggju, að ég tel það grundvallarmál að framlög í þessu efni tengist því að verið sé að veita þjónustu. Ég er ekki á þeirri skoðun að það eigi að greiða skólastyrk og svo eigi foreldrar að ráða því hvort börnin fari í skóla eða ekki. Og ég er satt að segja á nákvæmlega sömu skoðun varðandi dagvistunarþjónustuna. (**Salþ:** Hefur einhver þá skoðun?) Nei, það hefur sennilega enginn þá skoðun með skólana. En það virðast ýmsir hafa þá skoðun með dagvistarheimilin. Ég held að það sé rangt að hugsa málið út frá því sjónarmiði vegna þess að kjósi foreldrarnir greiðsluna, en noti hana svo til annars en veita barni sínu fullnægjandi dagvistunarþjónustu, þá kemur það niður á okkur öllum í framtíðinni. Og við berum ábyrgð á því að málið fari ekki á þann hátt.

Ég held líka að reynslan sýni okkur að tekjuaukning tryggir ekki að foreldrar ráðist í verkefni af þessu tagi. Þá væri málum satt að segja öðruvísi komið í íslensku þjóðfélagi í dag. Ég held því að það sé nauðsynlegt og að það sé grundvallarmál að framlagið tengist þjónustunni eins og raunar er um að ræða með flesta opinbera þjónustu af eðlilegum, skiljanlegum og rökréttum ástæðum. (**Salþ:** Það má ekki vantreysta foreldrum til að annast forræði barna sinna.) Ef ekki þarf að vantreysta foreldrum þá verður enginn munur á niðurstöðunni hvort sem fólkið fær frelsið eða ekki. Þá er staðan ósköp einfaldlega eins og haft var eftir Henry Ford á sínum tíma: Fólk má velja sér hvaða lit á bílinn sinn svo lengi sem það velur svart. (Gripið fram í.) Það er akkúrat það sem málið snýst um. Allir þurfa að geta notið þessarar þjónustu. (**Forseti:** Forseti vill undirstrika að hv. 7. þm. Reykv. hefur orðið.) Já, en ég kann ekki illa við samtöl svo að ég er alveg sáttur við að það sé gripið fram í.

Þess vegna legg ég áherslu á að ég tel mjög nauðsynlegt að það sé einmitt greiddur styrkur úr ríkissjóði. Við getum út af fyrir sig litið á þann styrk sem sérstakan tekjustofn fyrir sveitarfélögin vegna þess að með því frv. sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir því að reksturinn sé í höndum sveitarfélaganna. Hins vegar fái þau ekki styrki nema þau veiti þá þjónustu sem hér um ræðir.

Ég held, og það skulu vera mín lokaorð, að málið snúist alls ekki um það hvort við höfum efni á því að veita styrki til málefna af þessu tagi eða ekki. Ég

held að við höfum alls ekki efni á því að gera það ekki. Auðvitað getum við rökrætt um það hvort þar eigi að koma til sérstakir tekjustofnar. Ég ætla hins vegar ekki að hefja þá rökræðu. En ég vil endurtaka það sem ég sagði í minni framsögu hér áðan: Ég tel mig hafa sýnt fram á það að tekjur ríkissjóðs af þeirri vinnu, sem verður til þegar báðir foreldrar ganga út á vinnumarkaðinn, eru þegar svo miklar fyrir að það er ósköp einföld réttlætiskrafa að börnin fái þar einhvers notið á móti.

Ég vil að lokum þakka forseta sérstaklega þá vinsemd sem hún sýnir með því að leyfa umræðum að hafa sinn gang þó að klukkan haldi áfram að tifa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. MI, 92. mál (skattafsláttur barna o.fl.). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Sjóðir og stofnanir, 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 104.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Lagafrv. það sem hv. deild hefur fengið til meðferðar fjallar um svokallaða opinbera sjóði. Frv. var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt með tveimur breytingum.

Hér er um nýsmíði að ræða í löggjöf, en lengi hefur þótt skorta samræmda löggjöf um þetta efni. Það hefur tíðkast um langan aldur að staðfesta skipulagsskrár opinberra sjóða og stofnana hér á landi og hefur vald þjóðhöfðingjans í því efni verið talið eins konar framlenging á valdi einvaldskonungs fyrr á tíð. Það hafa myndast um það í sögunnar rás verklagsreglur, hvaða skilyrðum skipulagsskrárnar þyrftu að fullnægja til þess að öðlast staðfestingu, en þær reglur styðjast ekki við lög.

Alþingi hefur fyrir nokkrum áratugum fest í lög reglur um reikningslegt eftirlit með fjármunameðferð umráðaaðila slíkra sjóða og það er góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Miklar breytingar hafa hins vegar átt sér stað í þjóðlífinu og verðmæti í sjóðum hafa raskast á ýmsan hátt, þannig að margir þeirra þjóna nú engum tilgangi og ákvæði skipulagsskráa þeirra um ávöxtun fjárins standast engan veginn. Þessu hefur þó ekki verið hægt að breyta sökum þess að lagaheimildir hefur skort til þess að breyta starfsgrundvelli sjóðanna til samræmis við breyttar aðstæður. Fé þeirra hefur í mörgum tilvikum rýrnað svo í hlutfalli við verðlag að þeir eru augljóslega vanmegnugir að valda verkefnum samkvæmt stofnskrá.

Reglum þeim sem mótaðar eru með þessu frv. er ætlað að gefa færi á að taka með raunsæjum og skipulegum hætti á þessum vanda, þannig að unnt verði bæði við stofnun sjóða af þessu tagi og á síðara stigi að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru. Ríkisendurskoðunin hefur farið með reikningslegt eftirlit opinberra sjóða og eru starfsmenn hennar þess mjög hvetjandi að lög verði sett um málefni þeirra. Þetta frv. er samið í samráði við Ríkisendurskoðun.

Ég sagði í upphafi að breytingarnar sem gerðar hafa verið á frv. frá þeirri gerð sem lögð var fyrir síðasta þing væru tvær.

Í fyrsta lagi hefur verið sett inn ákvæði um uppfærslu á lágmarksfjárhæð stofnfjár í sjóðunum í samræmi við verðlag. Í öðru lagi er nú lögð sú skylda á Ríkisendurskoðun að hún haldi sérstaka skrá um tekjur, gjöld, eignir og skuldir allra sjóða og að frjáls aðgangur sé að skránni. Ekki er gert ráð fyrir því að skráin verði birt á prenti en hins vegar varðveitt þannig, væntanlega á tölvuskrá, að hver sem þess óskar geti fengið upplýsingar um tekjur, gjöld, eignir og skuldir slíkra sjóða.

Í frv. eru e.t.v. ekki jafnítarlegar reglur um vörslu og starfsemi sjóðanna og víða tíðkast með öðrum þjóðum. En hér er um frumsmíði í löggjöf að ræða sem taka mætti til endurskoðunar eftir að reynsla væri fengin af framkvæmd lagann. Það er heldur ekki talið rétt að reyna að byggja upp umfangsmeira eftirlit með sjóðunum en hægt er að ráða við með óbreyttu starfsliði í viðkomandi stjórnsýslustofnunum ríkisins. Þess skal getið að víða um lönd hefur verið komið upp sérstökum stofnunum eða eftirlitsskrifstofum sem annast eftirlit með sjóðunum sem hafa fengið opinbera staðfestingu.

Frv. leiðir líka hugann að því að hér skortir almenna löggjöf um sjálfseignarstofnanir og félög sem ekki eru stofnuð til þess að hafa með höndum atvinnurekstur en hafa engu að síður með höndum ýmiss konar rekstur og starfsemi. Hver er ábyrgð félagsmanna í slíkum félögum á skuldbindingum sem félagsstjórn hefur tekist á hendur? Hver er t.d. fjárhagsleg ábyrgð hvers félagsmanns í stjórnmálaflokki, í Ferðafélagi Íslands eða í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur? Nýlega var á fundi í Lögfræðingafélagi Íslands nefnt sem dæmi að aðili sem hugðist fara í dómsmál við Stangaveiðifélagið hefði e.t.v. þurft að stefna öllum félagsmönnum þess til þess að þola

dóm. Málið leystist hins vegar sem betur fer án málaferla svo það kom ekki til þess arna.

Ég er auðvitað kominn dálítið út fyrir framsögu fyrir frv. sem liggur fyrir en það leysir úr vanda sem að nokkru leyti er þessum skyldur.

Ég vona að frv. fái skjóta meðferð hér í deildinni og það verði afgreitt sem lög frá þessu þingi. Ég legg því til að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna frv. sem lagt hefur verið fram um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Það er svo að ég hef um langan aldur haft með nokkra slíka sjóði að gera og það hafa satt að segja verið vandræði með þá oft og tíðum, bæði með hvernig eigi að ávaxta fé, eins og ráðherra kom réttilega inn á. Einnig ef þurft hefur að breyta þeim eða leggja niður. Oft er það svo að þeir hafa verið stofnaðir af miklum myndarskap fyrr á árum en síðan hefur eign þeirra orðið rýr og lítil og menn hafa orðið að halda inni smáupphæðum ár eftir ár þótt það hefði verið raunhæft að fella suma þeirra niður. Ég fagna því mjög þessu frv. og vona að það fái skjóta afgreiðslu eins og hæstv. ráðherra hefur komið inn á.

Hann ræddi einnig um sjálfseignarstofnanir. Mér er ekki ókunnugt um þær heldur. Ég held að það gegni töluvert öðru máli um þær því að það eru margar ágætar stofnanir sem eru sjálfseignarstofnanir. Ábyrgð þeirra, held ég megi segja, er yfirleitt nokkuð mikil að því leyti að allar þær sjálfseignarstofnanir sem ég þekki til hafa starfað mjög vel og haft sterka eiginfjárstöðu. Og þær hafa ekki verið þannig komnar að hætta væri á að þær gætu ekki greitt skaðabætur ef til þess kæmi.

Ég undirstrika það að ég fagna frv. og vona að það fái skjóta meðferð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JM o.fl., 42. mál (áfengt öl). — Þskj. 42.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vekur nokkra athygli að af fjórum flm. er aðeins einn viðstaddur, tveir viðstaddir (**Gripið fram í:** Þrír.). Þeim hefur fjölgað. Þeim hefur fjölgað, það eru þrír viðstaddir. Aðeins 1. flm. er fjarstaddur. (**Iðnrh.**: Enda er hann varamaður en aðalmaður er mættur í hans stað og styður frv.) (**Gripið fram í:** Þá eru þeir fjórir.) Það er upplýst og væri ráð fyrir hv. skrifara að bóka það strax (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að gefa hljóð.) að hæstv. iðnrh. styður frv.

Þá erum við komin að því sem gert er að aðalatriði í frv., að þetta sé atvinnuvegur sem verði til blessunar fyrir land og lýð. Það er gert ráð fyrir að ríkið fái meiri tekjur, íslenskur almenningur fái atvinnu og það verði að sjálfsögðu betra þjóðfélag eftir að bjórinn hefur verið innleiddur. Það er nú svo.

Ég vil geta þess að ég hlustaði á mjög góða ræðu sem hv. 5. þm. Vesturl. flutti um íþróttamál og nauðsyn þess að æska vors lands hefði holla iðju. Ég efa ekki að það er líka nauðsyn að æska annarra landa hafi holla iðju. Þess vegna bið ég hann að bregða sér með mér í stutta ferð til Bretlands og huga að því hvað gerðist þegar áhangendur eins knattspyrnuliðs héldu yfir Ermarsund til þess að fylgja sínu liði eftir til sigurs.

Það gerðust alvarlegir hlutir og það vakti athygli ekki alls fyrir löngu að forsætisráðherra Bretlands skipaði að það bæri að framselja þessa menn til dómstóla í Evrópu. En Bretar gerðu meira. Þeir lokuðu bjórkrám í nágrenni við knattspyrnuvelli á vissum svæðum. Allt þetta vona ég að sá ágæti ungi maður, sem skrifaði upp á þetta frv., hafi hugleitt því að ég efaði það ekki eftir að hafa hlustað á hans ræðu um íþróttamál að það væri í góðri meiningu sem hann lagði þar heilbrigðu lífi lið.

Ég ætla heldur ekki að leggja honum til neinar annarlegar hvatir þegar hann skrifar upp á þetta frv. Hins vegar er spurning hvort hann seinna sem fullorðinn maður — segjum að frv. verði samþykkt — horfir yfir liðinn veg og skynjar að það hafi verið með stærstu glappaskotum síns lífs að skrifa upp á. Þá verður ekki nóg að hugsa sem svo: Öllum getur yfirsést. Það er nefnilega í fullu gildi það sama og gerðist við Waterloo og Napóleon endurtók alla sína ævi eftir að hann hafði tapað: „Bara að ég fengi að gera þetta aftur.“ Hann fékk bara einu sinni að stýra liðinu til sigurs eða taps í þeirri orustu þrátt fyrir óskir um að mega gera það aftur.

Hv. næstaftasti flm. þessa frv. er ekki beint þekktur fyrir rökhyggju og verður að fyrirgefast mikið. Það er og í samræmi við Biblíuna og hennar boðskap. Ég ætla ekki að fara með þessa umræðu niður á það tilfinningasvið.

Svo kemur að ungum manni sem var aðstoðarmaður fjmrh., hv. 17. þm. Reykv. Ég vona að hann misvirði það ekki við mig að ég ætlast bæði til rökhyggju af honum og eins hins að hann stundi ekki neinar sjálfsblekkingar eða geri tilraunir til að blekkja aðra hér í þingsalnum. Hann vill halda því fram að drykkjuskapur muni ekki aukast, en engu að síður muni ríkið fá auknar tekjur. Hvernig gengur þetta upp, hv. 17. þm. Reykv.? Það er ekki trúlegt að menn fari að leggja hærri skatt á hvert magn af hreinu alkóhóli í bjór en í sterkum drykkjum. Ef eitthvað væri mundu menn leggja hærri skatt á ákveðið magn af alkóhóli í sterkum drykkjum en í

veikum. Hvernig fær það þá staðist stærðfræðilega rökhyggju að drykkjan aukist ekki en tekjur ríkissjóðs verði meiri? Ef menn eru að láta að því liggja að þetta byggist á því að það sé svo miklu smyglað af bjór til landsins eða að það sé svo mikið af bjór flutt með löglegum leiðum og að þetta magn komi þess vegna til neyslu er nauðsyn að víkja að því að menn hafa rétt til að taka sinn skammt í Fríhöfninni einnig af sterkum drykkjum. Það er ekkert sem bendir til þess að menn muni ekki eftir sem áður halda öllum sínum heimildum til sama innflutnings til landsins í gegnum Fríhöfnina eða sem starfsmenn á farþegaskipum eða flutningaskipum. Menn munu halda sínum rétti til að taka inn í landið ákveðið magn af áfengi. Ef það verður ekki bjór verður það meira magn af öðru. Það eru þess vegna engin rök fyrir því að ríkið fái meiri skatttekjur vegna hins löglega innflutnings eins og hann er í dag.

Þá er komið að hinu: Halda menn að það dragi úr smygli? Hver trúir því? Ætli það verði ekki svipað ástand og verið hefur? Og eitt er víst, að ef eitthvað gerist í þessari þróun verður þetta heldur til að auka brugg en til að draga úr því. Það er nú einu sinni svo að mönnum þykir það dálítið hart, þeim sem drekka, að sitja uppi með að ríkið skuli ávallt vilja hafa af þeim tekjur í hvert skipti sem þeir ná í áfengi. Það þykir mönnum ansi hart. Þess vegna vilja menn bæði fá að ná í áfengi með því að smygla, hafi þeir tök á því, og eins að brugga.

Eitt mál er enn órætt við hv. 17. þm. Reykv. sem hefur horft á það í sínu starfi sem aðstoðarmaður fjmrh. að þarfir heilbrigðiskerfisins fyrir fjármuni hafa vaxið hraðar en nokkuð annað í þessu landi. Það væri hægt að sýna í línuritsformi að þar kæmi með sama áframhaldi að hver einasta króna í fjárlögunum færi til heilbrigðismála.

Jú, þá situr ein hugsun eftir svo háfleyg að það er erfitt að nálgast hana. Það er þetta mannlega frelsi sem vesturlandabúar tala um. Ætlar þú að skerða mitt frelsi? Eru það ekki voðalegir menn sem láta sér detta það í hug? Það hljóta að vera voðalegir menn.

Ég treysti mér nú ekki til að viðhafa neina háfleyga dæmisögu í þessu sambandi, en ég minnist þess að sem ungur skólasveinn þurfti ég að lesa bók eftir Boga Ólafsson. Það var kennslubók í ensku og þar var mikið af sérstæðum sögum. Ein sagan greindi frá því að það var maður sem gekk eftir stræti og sveiflaði staf í kringum sig og barði næsta mann í hausinn með stafnum. Það kom til orðahnippinga á milli þeirra. Sá sem veifaði stafnum sagði með réttu: Ég er frjáls maður í frjálsu landi og má gera það sem ég vil. Hinn svaraði: Þar sem nefið mitt byrjar endar þitt frelsi.

Það er nú einu sinni svo (Gripið fram í.) að það má lengi deila um það, hæstv. iðnrh., hvar nefið byrjar og hvar það endar, en ég veit ekki hvort Iðntæknistofnun gæti veitt viðkomandi aðila lið í þessu þannig að við þyrftum ekki að taka sérstaka umræðu um það hér í salnum.

Kjarni málsins er sá: Er rökrétt að ákveðinn hópur manna geti farið fram á að við breytum lögum í landinu á þann veg að það muni auka kostnað við heilbrigðiskerfið að verulegum mun í nafni frelsisins og sagt svo: Þetta er okkar krafa í nafni frelsisins. Okkur kemur ekkert við þó menn hafi engan áhuga á því að borga þennan kostnað.

Ég hef ekki orðið var við það að flokkur hv. 17. þm. Reykv. leggi til skattahækkanir. Gerir hann sér grein fyrir því að með þessu frv. er hann að leggja til skattahækkanir í landinu? Annaðhvort er hann að leggja til að önnur þjónusta verði skorin niður eða hann er að leggja til skattahækkanir.

Nú vík ég aftur að stærðfræðinni og rökhyggjunni. Bæði stórveldin, Bandaríkjamenn og Rússar, hafa látið skoða hvað þau fá mikið í tekjur fyrir áfengi og hvað það kostar þessar þjóðir í útgjöld. Niðurstaðan er sú að fyrir hverja eina einingu sem þau fá í tekjur þurfa þau að gjalda þrjár til fjórar í útgjöld. Þess vegna er þetta frv. ákvörðun um annaðhvort hærri skatta á þegna landsins eða minni þjónustu í þessu landi. Þá er ekki nema von að spurt sé: Hvort er það sem flm. er að leggja til? Er hann að leggja til hærri skatta eða er hann að leggja til að ákveðin þjónusta verði skorin niður og þá hvaða þjónusta?

Hv. 1. flm. þessa frv. er ekki hér á þingi í dag. Ég sakna þess vegna þess að hann hefur ávallt vandað sig mjög við allan málflutning í þessu sambandi. Ég las með athygli það sem hann sagði um þetta mál seinast þegar hann flutti það, þ.e. ekki núna heldur áður. Þá tók hann ákveðna hetju úr fornsögunum sem fyrirmynd í þeim efnum hvernig ætti að neyta áfengis. Það var Egill Skallagrímsson. Auðvitað vakti hann athygli á því hvað hann hefði ungur byrjað og haldið mikilli líkamshreysti. Ég minnist þess að í þeirri góðu bók, Egils sögu, er sagt frá því að gestgjafi einn hafði haldið mjög fast miðinum að Agli. Egill sá fram á að hann yrði ófær ef svo héldi fram sem horfði. Hann tók það ráð að hann stóð upp og ældi yfir gestgjafann og gestgjafinn undi þessu illa, en hinn kvað það nánast ósvífni að gera athugasemdir við það háttalag þó hann losaði sig við eitthvað af þessu.

Mér þótti það nefnilega merkilegt að núna hafði hv. 1. flm. algjörlega fellt út úr ræðu sinni þennan kafla um hinn fullkomna drykkjumann. Ekki veit ég hvort ástæðan er sú að hann hafi lesið Egils sögu ögn betur eða hitt að hann hafi ekki talið nauðsyn á að vitna til þessa aðila, en mig undraði að hann skyldi þá ekki koma með einhver önnur dæmi um hinn fullkomna drykkjumann fyrst búið var að varpa þessu goði af stalli.

Mér er ágætlega ljóst að það eru mjög margir menn sem geta neytt áfengis sér að skaðlausu. Þeir eru að því leyti hættulegri en aðrir í áfengisdrykkju að það eru svo margir sem telja að fyrst þessi maður geti það hljóti þeir einnig að vera færir um að leika það eftir. Samt er það svo að yfirleitt hafa menn viljað hæla sér af því, orðnir vel slompaðir og kannski örlítið leiðinlegir, að þeir séu hófdrykkju-

menn. Það er á því stigi sem þeir fara yfirleitt að hæla sér af því hvað þeir eru færir um að standa skynsamlega að drykkju. Þetta er einmitt hópurinn sem kvartar mest undan því að rónarnir séu búnir að koma óorði á brennivínið.

Auðvitað vitum við það öll sem hér erum inni að við útilokum ekki áfengi úr þessu þjóðfélagi. Spurningin er aðeins hvort við teljum að við þurfum ekkert mark að taka á þeim stofnunum og þeim mönnum sem mest hafa unnið að áfengisvörnum í þessu landi og erlendis. Þeirra samdóma álit er að þeim mun meiri sem heildarneyslan verði, þeim mun kostnaðarsamara verði áfengisbölið. Við vitum af eigin reynslu í þessu þjóðfélagi að það kostar ærnar fjárhæðir í dag.

Ég hygg að það sé kannski eitthvert það vonlausasta verk sem nokkrum manni detti í hug að standa í þessum ræðustól, eins og ég geri nú, og ætla að hafa áhrif á hvernig menn greiða atkvæði í þessu máli. Ég hygg að menn séu svo rökheldir að það væri alveg sama hvort ég flytti góða ræðu eða lélega. Það mundi ekki hafa áhrif á einn einasta mann. Ég hygg að þeir sem hér eru inni líti velflestir á sig sem algera sérfræðinga á því sviði hvað eigi að gera í þessum efnum.

Því segi ég þetta hér og nú að mér finnst dálítið skrýtið að þó þetta mál hafi ár eftir ár fengið þær umsagnir manna sem átt hafa að vinna í mestu návígi við áfengið að þetta sé ekki skynsamlegt er farið á flot með þetta mál aftur og aftur. Og menn segja: Samkvæmt skoðanakönnunum vill meiri hluti íslensku þjóðarinnar að það verði leyft að neyta bjórs í þessu landi, óheft í alla staði. Það er nú svo. Ef við færum eftir skoðanakönnunum og hættum að fara eftir eigin dómgreind brytum við það drengskaparheit sem við höfum undirritað öll sem hér erum inni þegar við gerðumst þingmenn. Þá undirrituðum við drengskaparheit þess efnis að virða stjórnarskrá. Þar er skýrt tekið fram að það eru ekki skoðanakannanir sem eiga að segja okkur fyrir verkum. Það á að vera okkar eigin samviska. Ég vona því að menn veifi ekki svo ódýrum rökum að þeir séu hér mættir til að sigla undan vindinum hvert sem hann blæs. Ég vona að það búi svo mikið af „hrafnistumönnum“ í þeim sem hér eru inni að þeir þori að sigla á móti vindinum ef sannfæring þeirra býður upp á það.

Ég hef ekki hugsað mér að flytja langt mál um þetta. Hins vegar vil ég hvetja hvern einasta þm. til að hugleiða mjög vel í einrúmi hvort hann er að gera þjóð sinni eitthvað gott með því að samþykkja þetta frv. eða hvort hann er e.t.v. að stuðla að því að drykkjuskapur unglinga muni færast enn neðar og e.t.v. líka að stuðla að því að drykkjuskapur á vinnustöðum, þar sem menn margir hverjir þurfa að vinna langan vinnudag til að sjá fyrir sér og sínum, hefjist hér á Íslandi. Hann er í svo litlum mæli að ég segi að sá drykkjuskapur hefjist hér á Íslandi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, við erum enn farin að fjalla um þennan gamla „uppvakning“ sem kemur með jöfnu millibili inn á Alþingi Íslendinga. Og þó að það hafi tekist fram að þessu að kveða hann niður bendir ýmislegt til þess, ef marka má þær skoðanakannanir sem er sagt að hafi farið fram, að nú eigi þessi ósköp yfir okkur að ganga ofan á annað böl sem leiðir af notkun vímuefna af ýmsu tagi.

Ég ætla mér ekki að halda langa ræðu. Það hefur litla þýðingu. En ég er með í höndum skýrslu sem er samin af nefnd sem ríkisstjórnin skipaði á sínum tíma til að gera úttekt á þessum málum og koma fram með tillögur til úrbóta, þ.e. að marka stefnu í áfengismálum þjóðarinnar. Þessi skýrsla mun hafa komið til alþm. — þegar hún kom út á sínum tíma — sem þá voru hér. Í þessari nefnd voru mjög margir menn sem ættu að hafa og hafa eflaust mikla þekkingu á þessum málum. Því vil ég beina máli mínu til hæstv. forseta, þar sem hér er margt af nýjum þm., og óska eftir að séð verði um að þessi skýrsla komi á borð þm. áður en þetta mál verður útrætt á hinu háa Alþingi.

Ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa upp hverjir þetta voru. Ég treysti því að það verði orðið við þessari beiðni minni. En þessi nefnd starfaði í nokkur ár og ég ætla að lesa, með leyfi forseta, tvær til þrjár málsgreinar úr þessari bók sem hljóða þannig:

„Markmið laganna [þ.e. áfengislaganna] er að hafa heildarstjórn á áfengismálum og þannig að draga úr neyslu áfengra drykkja vegna þess heilsutjóns sem hún veldur og þess skaða sem hún getur valdið einstaklingum, fjölskyldum og þjóðfélaginu í heild. Í því er nauðsynlegt að fella undir ein samræmd lög öll ákvæði er varða innflutning, sölu og meðferð áfengis.“

Og svo segir hér í b-lið, áfengt öl: „Áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar er falið að gera tillögur í samræmi við markaða stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem er m.a. að minnka áfengisneyslu um fjórðung. Kemur því ekki til greina að bæta nýjum gerðum af áfengi við þær sem fyrir eru.“

Annað ætla ég ekki að lesa upp úr þessari bók, en endurtek beiðni mína um að það verði séð um að hv. alþm. fái hana til lestrar.

En ég er líka með opið bréf til ríkisstjórnar og alþm. um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis. Bréfið hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilsuvernd sem byggir á hollum lífsvenjum er grundvöllur heilbrigðis og langlífis. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt fram stefnuskrá þar sem bent er á markmið og leiðir til þess að stuðla að heilbrigði fyrir alla árið 2000. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt þessa stefnuskrá. Meðal þeirra markmiða sem stofnunin telur nauðsynlegt að ná er að fyrir þann tíma hafi allar þjóðir minnkað heildaráfengisneyslu sína a.m.k. um fjórðung. Ástæða þessa er að öll vandamál sem tengjast áfengi vaxa

margfalt með aukinni heildarneyslu. Áfengissýkin er aðeins einn þáttur þessara vandamála. Aðrir sjúkdómar fólks á starfsaldri eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar áfengis. Sama er að segja um slys. Hvort tveggja veldur þjáningu og örorku, auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu og meiri dánarlíkum. Lítill vafi er á að aukin áfengisneysla á sinn þátt í vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu á undanförnum aldarfjórðungi. Í umræðum um ólögleg vímuefni gleymist allt of oft að leggja áherslu á að áfengisnotkun er jafnan samfara notkun þeirra. Áfengisneysla er og í flestum tilvikum undanfari annarrar vímuefnanotkunar.

Félagslegar afleiðingar ofnotkunar áfengis eru ekki síður uggvænlegar og aukast einnig margfalt með vaxandi heildarneyslu. Hér má minna á vinnutap, heimilisböl ýmiss konar, svo sem hjónaskilnað, ofbeldi á heimilum, andlegar og líkamlegar misþyrmingar á maka og börnum. Enn fremur ber að minna á hættuna sem stafar af ölvunarakstri og ýmissi annarri óábyrgri hegðan sem leiðir af því að áfengi slævir dómgreind manna. Annað og oft óviðkomandi fólk getur þannig verið í verulegri hættu.

Sérstök ástæða er til þess að minna á að samfara ölvun er tíðni tilviljunarkenndra eða óráðstafaðra kynmaka mun meiri en ella. Af þessu kunna að hljótast alvarlegir sjúkdómar sem geta verið banvænir.

Með hliðsjón af framansögðu viljum við undirritaðir hér með skora á ráðherra og aðra alþm. að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar."

Og hverjir haldið þið nú að skrifi undir þetta plagg? Það eru Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ólafur Ólafsson landlæknir, Ásmundur Brekkan, forseti læknadeildar, Haukur Þórðarson, formaður Læknafélags Íslands, Björn Önundarson tryggingalæknir, Gunnar Þór Jónsson, prófessor í slysalækningum, Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, Hjalti Þórarinsson, prófessor í handlækningafræði, Hrafn Tulinius, prófessor í heilbrigðisfræði, Tómas Helgason, prófessor í geðlæknisfræði, Þórður Harðarson, prófessor í lyflæknisfræði, og Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði.

Með þessu bréfi kom einnig tillaga frá aðalfundi Læknafélags Íslands 1987 sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsing um stuðning við opið bréf til ríkisstjórnar og alþm. um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis.

Í desembermánuði 1986 sendu tólf læknar opið bréf til ríkisstjórnar og alþm. um ofangreind málefni. Í bréfinu er vísað til stefnuskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 og sett fram rök fyrir nauðsyn minnkunar heildarneyslu áfengis. Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Reykjvík 21.–22. sept. 1987, lýsir fullum stuðningi við erindi tólfmenninganna og tekur undir áskorun þeirra til ráðherra og alþm. að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar."

Ýmis önnur gögn hef ég í höndum og bréf frá ýmsum aðilum sem ég ætla mér ekki að eyða tíma til að lesa hér upp að öðru leyti en því að mér þykir réttara að lesa upp það sem hefur verið tekið upp af aðilum sem safna saman úrklippum um ýmis efni. Þessi ummæli komu fram í Morgunblaðinu fimmtudaginn 16. okt. 1987. Þau mælti Árni Einarsson. Ég tel áríðandi að þessi ummæli verði birt í þingtíðindum því þau eru þess eðlis þó ég hafi litla von um að það muni breyta mikið afstöðu hv. alþm. í þessu máli. Ég segi því miður. Með leyfi forseta hef ég lesturinn:

„Á undanförnum árum hafa lífleg skoðanaskipti verið um áfengan bjór hér á landi og fullyrðingar viðhafðar á bæði borð. Álitamálið er hvaða áhrif áfengur bjór hefur á áfengismál þjóðarinnar. Eykur bjórinn heildarneyslu áfengis? Eykst áfengisneysla unglinga? Aukast eða minnka vandamál vegna áfengis með tilkomu bjórsins? Endanleg svör fást auðvitað aðeins að fenginni reynslu, en um hana er sem sé ekki að ræða hér. Því er eðlilegt að litið sé til reynslu annarra þjóða, en ætla má að ekki sé ýkjamikill munur á okkur og t.d. frændþjóðunum annars staðar á Norðurlöndum.

Deila má um hvað mestu skiptir hvað bjórinn varðar, en ofarlega hlýtur að vera spurningin um hvort tilkoma hans muni auka heildarneyslu áfengis eða ekki. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin heldur því fram á grundvelli rannsókna sinna að aukin neysla áfengis sé ávísun á aukið heilbrigðislegt, efnahagslegt og félagslegt tjón. Þessu treysta fáir sér til að mæla á móti með rökum. Því ætti að vera ljóst að aukinni áfengisneyslu fylgir aukinn kostnaður fyrir þjóðina. Hafa verið leiddar að því líkur að margfalda megi hagnað af áfengissölu með 2 til 4 til þess að fá úr því skorið hvert tjónið er.

En eykur bjórinn áfengisneysluna? Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur á því engan vafa. En hvað um þá Íslendinga sem einkum hafa hönd á áfengismálapúlsinum starfa sinna vegna, svo sem lækna og lögreglumenn?

Lítum fyrst á þá sem standa að meðferð drykkjusjúkra. Jóhannes Bergsveinsson, yfirlæknir meðferðardeildar ríkisins fyrir áfengissjúklinga, segir í Morgunblaðinu 26. febrúar 1985:

„Reynsla annarra þjóða af því að leyfa sölu áfengs öls hefur hvarvetna orðið sú að það hefur leitt til meiri neyslu vínanda og aukins skaða af hans völdum."

Jóhannes segir enn fremur: „Virka efnið í áfengi er vínandi og skiptir engu máli hvort um er að ræða brennda drykki, vín eða áfengt öl. Áhrif vínandans eru ætíð hin sömu."

Í viðtali við Helgarpóstinn 31. jan. 1985 segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ: „Enda þótt dragi úr neyslu á sterku áfengi fyrst í stað mun heildarneyslan aukast."

Þórarinn segir einnig í umræddu viðtali að hann sé sannfærður um að fjöldi þeirra sem þyrftu á aðstoð að halda vegna drykkju mundi aukast.

Unnið hefur verið að rannsóknum á áfengismálum hér á landi síðan 1967. Hæst ber þar rannsóknir á vegum Háskóla Íslands undir stjórn doktors Tómasar Helgasonar, prófessors í geðlæknisfræði og forstöðumanns geðdeildar Landspítalans. Tómas heldur því fram að neyslan muni aukast verði bjór leyfður í landinu. Það styður hann m.a. á eftirfarandi hátt í Morgunblaðinu 9. apríl 1986:

„Þjóðhagsstofnun hefur gert áætlun um hver áfengisneysla verði ef bjórstefnan verður ofan á. Í stað þess að minnka um fjórðung, eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telur nauðsynlegt, mun hún aukast um þriðjung. Slíkt væri mikið áfall, ekki aðeins fyrir heilsu Íslendinga heldur og fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina af því að Ísland, sem er þekkt velferðarríki sem ætti að vera auðvelt að upplýsa um heilsuvernd, yrði fyrsta ríkið til að ganga gegn stefnu stofnunarinnar."

Höldum áfram með prófessorana. Í bók sinni Lyfjafræði miðtaugakerfisins, sem út kom árið 1984, segir doktor Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði:

„Ef lögleiða á neyslu áfengs bjórs hér verður það einungis gert vitsmunalega með því að hefta flæði annars áfengis þannig að heildarflæði aukist ekki. Þetta er meginatriði sem stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn og aðrir, sem móta vilja skoðanir fólksins í landinu, skyldu síst gleyma."

Þorkell telur það vera óskhyggju að bæta megi drykkjusiði Íslendinga með áfengum bjór eða draga með því úr neyslu annars áfengis. Hann segir: „Áfengur bjór er jafnskaðlegur og aðrar áfengistegundir."

Almennir læknar þekkja áfengismálin vel ekki síður en þeir sem vitnað er í hér að framan. Jósep Ó. Blöndal, heilsugæslulæknir á Patreksfirði, segir m.a. í grein í Morgunblaðinu 21. maí 1985 og er þar að fjalla um reynslu sína af starfi við meðferðarstofnanir í Danmörku:

„En möguleikar manns til að halda sér þurrum, svo ekki sé minnst á hófdrykkju, þegar hann hverfur undan verndarvæng stofnunarinnar, eru hverfandi því bjórinn er alls staðar."

Jósep segir einnig: „Um þrennt er ferill hins danska áfengissjúklings frábrugðinn ferli hins íslenska þjáningabróður hans. Hann drekkur svo til eingöngu bjór. Drykkjuskapur hans hefur og þróast á vinnustaðnum og erfiðleikar hans við að halda sér þurrum eftir meðferð eru miklu meiri vegna hins gífurlega framboðs á þessari lúmskustu tegund áfengra drykkja."

Í erindi um daginn og veginn í Ríkisútvarpinu 29. apríl 1985 segir Pétur Pétursson, heilsugæslulæknir á Akureyri:

„Það er hins vegar sannfæring mín að með tilkomu áfengs öls á borð og í búðir landsmanna muni áfengisneysla ungmenna og dagdrykkja þjóðarinnar aukast að miklum mun og vitna ég þar til reynslu Finna sem fyrir áratug rýmkuðu áfengislöggjöf sína. Jafnframt þessu munu Íslendingar að sjálfsögðu halda við hinum ævaforna þjóðlega sið að drekka sig æra af brennivíni um helgar, en þær geta raunar orðið ærið langar á stundum."

Guðsteinn Þengilsson læknir er sama sinnis og framangreindir starfsbræður hans. Hann segir í Dagblaðinu 24. apríl 1985:

„Ekki hefur enn verið unnt að benda á það land í veröldinni þar sem sterkt öl hefur dregið úr áfengisneyslu heldur virðist það bætast við."

Hann segir enn fremur: „Fróðlegt væri að heyra álit skattgreiðenda á því hvort þeir vilji bæta öldrykkju óviðkomandi fólks ofan á allt annað sem þeir verða að greiða í þessu sambandi."

Að öðrum ólöstuðum þekkja lögreglumenn líklega einna best hverjum skráveifum áfengi veldur samfélaginu. Í tilkynningu Lögreglufélags Reykjavíkur, sem birtist í Morgunblaðinu 11. júní 1985, er réttilega að þessu vikið. Lögreglumennirnir fara ekki í grafgötur með áhrif bjórsins. Tæpast er umdeilanlegt að með tilkomu bjórsins muni neysla áfengis aukast og þar með eftirlitsþáttur lögreglunnar. Benda lögreglumennirnir á að allverulegur þáttur í starfi þeirra sé að leysa málefni sem tengjast notkun áfengis. Benda þeir einnig á að reynsla annarra þjóða sé sú að unglingar sækja í áfengan bjór sem þá verður viðbót við aðra neyslu áfengis.

Hér hafa lauslega verið tíundað ummæli nokkurra þeirra sem ættu best að þekkja til áfengismála Íslendinga hver með sínum hætti og því geta þeir gert sér nokkra hugmynd um hver áhrif bjórs yrðu ef hann yrði leyfður hér. Bjórinn eykur heildarneysluna. Þessi niðurstaða þeirra hefur ekki verið hrakin með rökum, en óskhyggjan kemur málinu ekkert við. Til þess er of mikið í húfi. Getur verið að áhugafólk um áfengan bjór telji hann svo ómissandi að engu skipti þó áfengisneysla aukist og samfara því önnur vandræði vegna áfengisneyslu?

Ég sé það að hv. þm. flýja salinn þegar vitnað er í svona ummæli. Það eru ekki undur, a.m.k. ekki fyrir þá sem vilja stuðla að því að auka áfengisneyslu í landinu. Ég hafði samband við lækni, sem ég þekki vel, úti í Svíþjóð í gærkveldi og spurði hann hvað hann segði um bjórinn þar. Hann sagði að það væri ekki neinn vafi að bjórinn þar væri aðalslysavaldurinn á þjóðvegunum í Svíþjóð. Frá Finnlandi heyrir maður svipaðar sögur.

Á borðum þm. liggur frv. frá ríkisstjórninni sem má e.t.v. tengja þessum málum. Með leyfi forseta er 1. gr. þannig:

„Við 2. málsgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsl. svohljóðandi: Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á."

Með þessu frv. á að heimila hæstv. iðnrh. að veita undanþágu frá skilyrðum í 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra hér á Íslandi. Kannski við eigum að fá Carlsberg eða einhverjar aðrar verksmiðjur hingað til lands, að það sé það sem er verið að fara ofan á ýmislegt annað sem bólar á þessa dagana?

Herra forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu. Ekki fyrir það að það væri af nógu að taka til að færa fram sem rök gegn því lítt hugsaða máli að bæta hér við bjór ofan á önnur vímuefni. Það er mikill ábyrgðarhluti af þeim sem að því ætla að standa. Ég vil segja að lokum að þeir sem vilja og ætla að standa að því að leyfa hér sölu á áfengum bjór ættu að hugleiða að ef hlutirnir ganga eins og t.d. þeir læknar, þeir sérfræðingar sem ég hef vitnað til, segja, sem er einnig reynsla annarra þjóða í þessum málum, þá er þeirra ábyrgð mikil. Og standa þessir menn undir þeirri ábyrgð? Því verður hver að svara fyrir sig. En þetta verður ekki síðasta orðið, jafnvel þó það sé leyfður bjór á Íslandi. Það á eftir að ræða um það á næstu árum, eins og hefur gerst í hinum löndunum sem hafa stigið það óheillaspor að leyfa bjór ofan á allt annað.

Hitt get ég tekið undir, að það er blátt áfram til skammar hvernig er staðið að þessum málum í sambandi við ferðamenn og aðra. Hv. alþm. ættu að manna sig upp og taka á þeim málum með öðrum tökum en gert er. En á mörgum málum í þjóðfélaginu eru vettlingatök. Ég ætla ekki að benda á það í þessu sambandi, en ég á eftir að gera það.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er allþversagnakennt að við skulum á hinu háa Alþingi vera að ræða frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem heimilar bjórframleiðslu og aukið magn af áfengi í umferð hér á landi þegar flestar þjóðir veraldar, a.m.k. hinar vestrænu, eru að reyna að draga úr áfengismagni í umferð á öllum sviðum. Við þekkjum mörg dæmi um tilraunir t.d. stórveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, til að draga úr áfengismagni í umferð, til að draga úr og minnka aðgengi að áfengi o.s.frv. En þá stöndum við upp, þm. Íslendinga, og viljum auka við vandamál þjóðarinnar í þessum efnum.

Hér hefur mikið verið sagt eins og venjulega þegar bjórmál hefur verið á dagskrá. Ég vil segja það fyrst, herra forseti, að sú grg. sem fylgir því frv. sem hér er til umræðu er nánast með eindæmum. Hún er svo þversagnakennd að það er ekki eins og nokkur viti borin vera hafi komið nálægt skrifum hennar eða yfirlestri áður en hún var lögð fram hér á þingi. Mig langar að nefna um þetta nokkur dæmi og fá að lesa úr grg. nokkrar setningar, með leyfi forseta.

Hér segir m.a. í III. kafla: „Það er því ekki vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á þessa þróun án þess að móta löggjöf sem er í samræmi við tíðarandann og er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki.“ Löggjöf sem er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki!

Allar vísindarannsóknir sem fram hafa farið, m.a. á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, á vegum heilbrigðisstofnunar Bandaríkjanna, á vegum danska læknasambandsins, á vegum finnska læknasambandsins, á vegum sænska heilbrigðisráðuneytisins, sýna fram á það, og ég mun nefna dæmi um það hér á eftir, að áfengisneysla eykst gífurlega eftir því hve mikið magn af áfengi er í umferð, hve aðgengi er auðvelt o.s.frv. Það eru því engin rök sem styðja það að bjór muni draga úr áfengisneyslu, áfengissýki og alvarlegum afleiðingum áfengisneyslu, þvert á móti.

Þá segir hér í IV. kafla, með leyfi forseta: „Flm. telja að samræmi verði að vera í áfengislöggjöfinni. Það er óneitanlega óeðlilegt að heimila sölu á sterku áfengi en banna það léttasta og að margra mati þá tegund áfengisneyslu sem hefur minnst tjón í för með sér fyrir líf og heilsu fólks.“

Ég vil benda á það, herra forseti, að skýrslur vísindamanna, rannsóknastofnana og heilbrigðisráðuneyta margra þjóða sýna einmitt hið þveröfuga, að hjá áfengissjúkum þar sem bjór er leyfður er bjórinn langstærsti hluti þess áfengismagns sem menn innbyrða. Ég vil líka benda á það, sem hefur komið fram hér í umræðunum og er auðvitað athugunarvert og menn ættu að hugleiða svolítið, að flm. þessa frv. láta að því liggja að það sé einhver munur á bjór og öðru áfengi. Bjór er ekkert annað en áfengi. Alkóhól er alkóhól hvort sem það er drukkið í formi bjórs, víns eða brenndra drykkja.

Síðan segir hér, með leyfi forseta, í V. kafla: „Þá mun áfengt öl valda því að minna verði neitt af sterkum drykkjum sem er vafalaust skaðlegasta tegund áfengisneyslu.“ Þetta gengur þvert á niðurstöður allra rannsókna sem gerðar hafa verið á áfengisneyslu og mun ég koma að því síðar.

Í þessum sama kafla segir enn fremur: „Flm. telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls án þess þó að það valdi aukinni ölvun eða drykkjusýki.“

Þvílíkar þversagnir! Það er margsannað að það er samræmi á milli aukinnar áfengisneyslu og aukinnar áfengissýki. Þessum staðreyndum hefur ekki verið haggað og verður ekki.

Síðan segir, með leyfi forseta: „Miðað við þessar forsendur er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum, aukinnar drykkju unglinga eða valdi því að unglingar hefji drykkju yngri en nú gerist.“ Enn á ný gengur þetta þvert á allar vísindalegar niðurstöður.

Það er engin einasta niðurstaða vísindamanna eða rannsóknastofnana sem ég hef séð, og á þó stóra bunka af þessum rannsóknum, sem sýna að þetta sé rétt. Þvert á móti er þetta alrangt.

Þá segir hér, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir mjög litla heildarneyslu áfengis miðað við aðrar þjóðir

hefur komið í ljós að misnotkun áfengis og drykkjusýki *er hér með því hæsta sem þekkist í veröldinni.*" Þetta gengur þvert á niðurstöður sem fram koma í skýrslum okkar bestu sérfræðinga um þessi mál. Þetta er ekki rétt.

Ég vil með þessum orðum, herra forseti, benda á að staðhæfingar flm. þessa frv. um áhrif bjórneyslu eru í grundvallaratriðum rangar og að því leytinu er þetta frv. mjög illa unnið og ætti þess vegna að gera á því stórfelldar breytingar.

Það hefur farið svo um okkur og er ekki óeðlilegt að við tölum stundum um þetta mál af fullmikilli tilfinningasemi. Ég hef hins vegar reynt að móta mína afstöðu til þessa máls á grundvelli bestu upplýsinga sem fáanlegar eru. Þessar upplýsingar hef ég í höndum. Ég gæti staðið hér og lesið marga klukkutíma upplýsingar hæfustu og bestu vísindamanna þjóða Vesturlanda og jafnvel austrænna *þjóða sem sýna fram á að bjórdrykkja er verri* áfengisdrykkja en flest önnur. Hún hefur miklu víðtækari áhrif út í samfélagið. Bjór er drukkinn víðar. Mönnum þykir það ekki tiltakanlega mikið mál að fá sér einn „öllara" eins og það heitir, en það er heldur meira mál að fá sér brenndan drykk eða vín.

Við erum að ræða þessi mál hér í fullri alvöru á meðan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sendir frá sér hverja samþykktina á fætur annarri þar sem hún varar aðildarþjóðir sínar við því að auka aðgengi að áfengi eða auka áfengi í umferð og leggur fram ýmsar tillögur um hvernig eigi að draga úr hvoru tveggja. Þetta er í raun og veru alveg óskiljanlegt athæfi. Ég hygg að þeir menn sem standa að þessu frv. og hafa staðið að fyrri frv. um leiðir til bruggunar áfengs öls hér á landi geri sér ákaflega *litla grein fyrir áhrifunum á heilbrigðiskerfið, á* kostnaðinn við heilbrigðiskerfið upp til hópa og vanmeti áhrifin og afleiðingarnar fyrir þjóðfélagið í heild. Nú kann að vera að einhverjum þyki það vera bæði íhaldssamur og púkalegur maður sem talar á borð við mig. Ég hygg að svo sé ekki af þeirri einföldu ástæðu að það sem ég segi við þessa umræðu er byggt, eins og ég hef áður sagt, á bestu fáanlegu upplýsingum um áhrif áfengs öls á drykkjusiði, sem menn nefna svo títt að eigi að batna, áhrif áfengs öls á drykkjusýki, á kostnað heilbrigðiskerfisins o.s.frv. Allar eru afleiðingarnar af neikvæðum toga spunnar. Það er engin einasta sem ég hef rekist á jákvæð. Það er af þessum ástæðum að ég er algerlega andsnúinn því frv. sem hér er til umræðu.

Við skulum einnig átta okkur á því að þessi vandi nær langt út fyrir iðnríkin og þau ríki sem við gjarnan nefnum Vesturlönd. Vandi vegna bjórdrykkju er um þessar mundir kannski hvað mestur í löndum þriðja heimsins. Og af hverju skyldi það nú vera? Það er m.a. vegna þess að það hefur verið hert nokkuð að bjórframleiðslunni í iðnríkjunum með þeim afleiðingum að framleiðendur hafa orðið að finna sér nýja markaði. Og hvar hafa þeir gert það? Þeir hafa gert það í þróunarlöndunum. M.a. er talið að sala á áfengu öli í Afríku einni hafi aukist um um *það bil 300% á síðustu fjórum árum.* Áfengisauðvaldið þarf nefnilega að fá sína peninga og er sama hvar það tekur þá. Þetta er einn þátturinn í þessu stóra máli sem allt of lítið er rætt.

Mig langar að nefna nokkrar staðreyndir af því að ég hef verið að vitna til þeirra. Við getum tekið hið fræga dæmi um sölu á milliöli sem var leyfð í Svíþjóð 1965. Þeir sem komu sölunni á milliöli í framkvæmd, fengu því til leiðar komið að framleiðsla yrði hafin, héldu því fram að neysla öls mundi draga úr neyslu sterkra drykkja. Reynslan varð gersamlega þveröfug. Tölulegar upplýsingar sýna að unglinga- og barnadrykkja jókst gífurlega og það svo að sænska þingið sá sér ekki annað fært en að banna framleiðslu og sölu milliöls frá 1. júlí 1977. Þetta var reynsla Svía.

Á fyrsta árinu eftir milliölsbannið í Svíþjóð *minnkaði áfengisneysla Svía um 10%* miðað við hreinan vínanda. Neysla öls minnkaði um 24% miðað við áfengismagn. Þetta var eftir að bannið tók gildi. Á milliölsáratugnum, eins og hann hefur verið kallaður í Svíþjóð, jókst áfengisneysla um 39,5%. Á sama árabili til samanburðar jókst neysla á Íslandi um 26,1%. Þarna er umtalsverður munur eða um 13,4%. Þá, þegar milliölið var bannað í Svíþjóð, leyfði félmrh. Svía sér að segja um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ég er eindregið þeirrar skoðunar að á nýliðnu tíu ára tímabili milliöls í Svíþjóð hafi grunnur verið lagður að drykkjusýki sem brátt muni valda miklum vanda."

Þessi orð reyndust á rökum reist. Þessi vandi kom fram 3–4–5 árum eftir að bannið tók gildi. Það verður auðvitað nákvæmlega það sama sem gerist hér.

Ég vil líka benda á það, vegna þess að væntanlega berum við flest umhyggju fyrir börnum okkar, að einn þekktasti læknir í félagslækningum í Svíþjóð, Gunnar Ågren, sagði um hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkju á milliölsáratugnum að þær væru að koma í ljós. Þær kæmu einkum fram í auknum heilaskemmdum hjá unglingum. Þær gerðust miklu tíðari meðal fólks á þrítugsaldri en verið hefði, einkum þó meðal þeirra sem komnir voru undir þrítugt. Einkennin voru minnisleysi og ýmsar taugatruflanir, lifrarmein og flogaveiki. Og menn skyldu ekkert gera grín að þessum sjúkdómum vegna þess að þeir eru einhverjir dýrustu sjúkdómar sem samfélagið fæst við. Og ég verð að skjóta því hér inn í, herra forseti, sem mér finnst oft þegar menn mæla fyrir frelsi af öllu tagi eins og því sem hér um ræðir, berja sér á brjóst heilbrigðir og hraustir og segja: Hér er ég. Ég á mitt líf. Ég á minn líkama. Ég get gert við hvort tveggja það sem ég vil. Þeir sömu menn, sem lenda í þeim háska, þeim vanda að verða áfengissýkinni að bráð, koma vesælir menn og eiga bágt þegar þeir banka upp á hjá samborgurunum og segja: Hér er ég. Ég get ekki meir. Nú verður þú að taka við. Og hver er það sem tekur við? Það er

skattborgarinn. Hér komum við að því hugtaki sem nú er lagt til grundvallar þeirri heilbrigðisstefnu sem fylgt er yfirleitt í heiminum. Hún er sú að hver maður á í raun að bera ábyrgð á sínu lífi, heilbrigði sinni og líkama sínum í miklu ríkara mæli en verið hefur.

Nokkrar staðreyndir til viðbótar, herra forseti. Í Finnlandi var sala áfengs öls gefin frjáls 1968. Þá var áfengisneysla Finna minni en annarra norrænna þjóða að Íslendingum undanskildum. Eftir að sala áfengs öls hófst jókst drykkja gífurlega. Nú eru það aðeins Danir sem drekka meira áfengi en Finnar. Hins vegar telja margir, og ég held að við séum öll sammála um það, að drykkjuvenjur Finna líkist okkar drykkjuvenjum meira en hjá nokkurri annarri þjóð.

Á tímabilinu 1969–1974 jókst áfengisneysla Finna um 52,4%. Á sama tíma jókst neysla hérlendis um 35%. Það má bæta því við að þegar sala áfengs öls hafði verið leyfð í rúm tvö ár í Finnlandi hafði ofbeldisglæpum og árásum fjölgað um 51%.

Þá eru það fleiri staðreyndir. Á árabilinu 1966–1982 jókst áfengisneysla Íslendinga um 34,7%, Dana um 98% og Finna, en ölsalan varð frjáls 1969, um 146,2%. Svo berja menn sér á brjóst og segja í fullri alvöru í grg. með frv. af þessu tagi að áfengisneysla muni ekki aukast! Hvað erum við ólíkir Finnum sem nemur því að áfengur bjór muni ekki hafa sömu áhrif hér? Eða Svíum? Ég vil að menn dragi upp staðreyndir og bendi á þær þegar þeir fullyrða, eins og þeir gera í greinargerð með þessu frv., að þetta muni engin áhrif hafa eða nánast engin. Það muni kannski auka drykkjuna eitthvað en ekki áfengissýki eða alvarlegar afleiðingar áfengisdrykkjunnar.

Þá vil ég nefna að háskólarnir í Hamborg og Frankfurt rannsökuðu fyrir nokkrum árum áfengisneyslu ökumanna og ölvun við akstur í Þýskalandi. Rannsóknin leiddi í ljós að skaðvaldurinn, ef við getum orðað það svo, við þurfum ekki einu sinni að nota þessi leiðinlegu orð, er bjórinn, en um helming allra óhappa í umferðinni mátti rekja til hans.

Í Belgíu, ef ég má nefna fleiri dæmi, herra forseti, eru yfir 70% alls áfengis sem neytt er sterkt öl. Þar eru um það bil 95% allra drykkjusjúklinga öldrykkjumenn.

Ég gæti, herra forseti, rakið endalaus dæmi um rannsóknir af þessu tagi. Það er til þvílíkur ótölulegur fjöldi af skýrslum, af rannsóknum og niðurstöðum sem sýna að þetta er óvit, slíkur fjöldi að það ætti engum skynsömum manni að detta í hug að bæta þessari áfengistegund í áfengisforðabúr Íslendinga.

Ég minni á, herra forseti, að sérfræðingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem hafa fjallað um áfengið sem eitt mesta heilbrigðisvandamál þessarar aldar í öllum iðnaðarríkjum, hafa mælst til þess við aðildarríkin að þau taki í áfengismálastefnu sinni mið af nauðsyn á ýmiss konar hömlum, því miður. Í þessum efnum hygg ég sem og margir aðrir að hömlur séu nauðsynlegar, hömluleysið sé heimskulegt. Þessi tilmæli eiga rót að rekja til þess að sérfræðingar þessarar stofnunar eru komnir á þá skoðun að aðgerðunum verði að beina gegn áfenginu sjálfu en ekki aðeins gegn ofneyslu þess. Það er í fullu samræmi við þær niðurstöður rannsókna undanfarinna ára að tjón er áfengisneyslu fylgir margfaldist ef heildarneysla eykst. Hér er verið að biðja um að þingið samþykki frv. sem tvímælalaust mun auka áfengisneysluna.

Ég hef sagt við ýmsa sem hafa verið að grínast með að ég skuli vera andstæðingur bjórsins: Ég skal tala við ykkur eftir 3–4 ár þegar afleiðingarnar af bjórneyslunni hafa komið fram. Þá skal ég ræða við ykkur. Þá skulum við ræða hvaða áhrif þetta hefur haft, hvaða kostnað þetta hefur haft í för með sér fyrir heilbrigðiskerfið. Og hvaða nauðsyn ber til þess að bæta þessari áfengistegund við allt það safn sem við höfum nú yfir að ráða? Ég vildi að einhver gæti svarað þessari spurningu, en það hefur enginn gert það. Menn segja: Þetta er mildara áfengi. Þetta er bara öl. Það er miklu betra að krakkarnir drekki þetta en brennivín. En hættan er einfaldlega sú að krakkarnir byrji fyrr að drekka ölið en brennivínið.

Í Danmörku hefst áfengisneysla unglinga í aldursflokkum sem eru fjórum árum neðar en rannsóknir hafa sýnt að áfengisneysla hefjist hér að einhverju ráði. Af hverju skyldi það nú vera? Getur ástæðan verið sú að það þyki ekki verulega mikið mál að fá sér einn „öllara“? Er það hugsanlegt? Ég vil líka benda á þá staðreynd að það hefur sýnt sig að áfengisneysla og einkum ölneysla meðal unglinga hefur leitt miklu frekar til neyslu á hassi og öðrum vímugjöfum en nokkuð annað. Þetta eru líka staðreyndir sem flm. þessa frv. verða að hugleiða þegar þeir flytja rök sín. Þetta er ekki bara sniðugt kosningamál eða vinsældamál. Það á ekki að vera það. Þetta er miklu alvarlegra mál en svo að menn geti tekið afstöðu til þess vegna þess að þeir telji að þetta sé vel til vinsælda fallið. Það gæti farið svo að þær vinsældir dvínuðu eitthvað innan örfárra ára þegar afleiðingarnar kæmu í ljós.

Herra forseti. Nokkrar staðreyndir í viðbót. Ég skal reyna að lengja ekki þessa umræðu. Það hefur mikið komið hér fram sem er bæði rétt og satt og ástæðulaust að þusa mikið um það. En ég bendi á eina staðreynd til viðbótar. Árið 1983 var gerð könnun á Borgerstad-sjúkrahúsinu í Porsgrunn í Noregi. Það ár voru 860 drykkjumenn og aðrir vímuefnaneytendur lagðir inn í þetta sjúkrahús. Sérstaklega var athugað hvers konar vímuefna þeir neyttu að jafnaði og vildu helst. Hver var niðurstaðan? Hún var sem hér segir: 54% vildu helst áfengt öl, 35% vildu helst sterka drykki, 11% vildu önnur vímuefni en áfengi.

Nú sýnir ný bresk rannsókn, svo að ég bæti einni staðreyndinni við, herra forseti, sem fram fór á vegum læknasamtaka sem vinna gegn áfengisböli og kallast Action on Alcohol Abuse, að meira en ⅔ drykkjumanna í Bretlandi drekka einkum bjór.

Ein staðreynd enn. Læknadeild háskólans í Hamborg lét rannsaka áfengismagn í blóði 103 manna sem lentu í vinnuslysum við höfnina þar á árabilinu 1976–1983. Niðurstöður urðu þær að 82,5% voru með í blóði sínu meira magn en 1,5 prómill áfengis, aðeins 5,8% voru með minna en 0,5 prómill áfengis í blóði.

Hér erum við komin að áhættuþættinum gagnvart vinnunni. Þetta er t.d. í Danmörku einhver mesti slysavaldur sem þar er fyrir hendi fyrir utan allt vinnutapið. Og nú er ég ekki að fullyrða og halda því fram að bjórdrykkja verði algeng í vinnu hér á landi. Það er yfirleitt ekki skoðun mín.

Ég hafði svolítið gaman af því að við vorum að deila hóflega í einni útvarpsstöðinni hér um daginn, ég, einn af hv. flm. þessa frv., einn stuðningsmaður til viðbótar og einn andstæðingur sá fjórði. Þá hringdi ungur maður, þetta var þáttur sem opinn var hlustendum, og hann var spurður að því hvort hann væri með eða móti bjór. Hann sagði: Ég er á móti honum. Hann var spurður hvers vegna? Jú, ég skal segja ykkur það, sagði hann. Ég vann á reiðhjólaverkstæði í Danmörku og þar var ástandið þannig — við vorum þrír — að einn var alltaf úti að kaupa bjór, annar var úti að kasta af sér vatni, sá þriðji var að vinna. Þetta er sagt til gamans. Engu að síður fylgir þessari sögu mikil alvara vegna þess að það eru til tölulegar upplýsingar um hversu mikill vinnuleiði læðist að þeim mönnum sem hafa drukkið nokkra „öllara“ í hádeginu.

Ég hygg líka að mörgum hv. þm., sem hafa t.d. í samstarfi sínu innan Norðurlandaráðs komið í Snafsetinget í þinghúsinu í Kaupmannahöfn, hafi kannski brugðið eitthvað í brún þegar hv. kollegar eru að gæða sér á einum „öllara“ og kannski einum „gammeldansk“ um áttaleytið á morgnana. Þar þykir þetta ekki afréttari heldur eðlilegur hluti af daglegri neyslu.

Þá vil ég, herra forseti, nefna eina staðreynd enn. Niðurstaða rannsóknar sem fram kom í erindi tveggja bandarískra vísindamanna, annar þeirra heitir dr. Jack Durrell og hinn dr. Cheryl Perry, sem þeir fluttu í Kanada. Þar kom fram að rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að því fyrr sem unglingar byrja að neyta áfengis, þeim mun meiri hætta er á að þeir hefji neyslu annarra vímuefna. Þetta er rannsókn bandarískra vísindamanna. Ég held að við höfum vanmetið þennan þátt málsins þegar við höfum verið að ræða hann, þ.e. afleiðing notkunar eins vímugjafa yfir í að nota annan. Það eru læknisfræðilegar staðreyndir að maðurinn leitar alltaf eftir meiri vímu eftir því sem hann neytir fleiri og meiri vímugjafa.

Eitt dæmi enn um milliölsástandið í Svíþjóð. Þar kom fram að eftir að milliölið var bannað í Svíþjóð minnkaði áfengisneysla unglinga í 6. og 9. bekk grunnskóla um 20–39%. Eitthvað hefur verið farið að ganga á.

Herra forseti. Ég hygg að eitthvað af þessu, sem ég hef rakið hér, hljóti að leiða hugann að því að þeir menn erlendir sem um þetta hafa fjallað kunni að hafa eitthvað fyrir sér í því þegar þeir vilja reyna að draga úr heildaráfengisneyslu í löndum sínum. Og ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að það skýtur skökku við að á sama tíma og aðrar þjóðir eyða milljónum kr. og milljörðum kr. í að reyna að draga úr heildaráfengisneyslu erum við hér á Alþingi að leggja fram og ræða frv. um hvernig við eigum að auka heildaráfengisneyslu þjóðarinnar.

Um þetta mál þýðir ekki að tala af neinni tilfinningasemi að nokkru leyti. Menn verða að gera svo vel að byggja afstöðu sína á þeim staðreyndum sem liggja fyrir og fram hafa komið hér við umræður og menn geta fengið ef þeir óska eftir þeim. Í mínum huga er þetta ekki tilfinningamál og ég mun aldrei taka þátt í þeim leik sem heitir að gera eitthvað fyrir kjósendur vegna þess að ég reikni með tilteknum vinsældum fyrir bragðið. Mér finnst margt af því sem hefur komið fram hjá stuðningsmönnum frv. lykta af þessari tilhneigingu.

Það er ljóst að afstaða okkar til þessa máls fer eftir reynslu okkar. Hún fer eftir því sem við höfum séð, heyrt og reynt á erlendri grund þar sem menn hafa haft áfengan bjór kannski í árhundruð en eru nú að reyna að draga úr neyslu hans. En ég hygg að það sé mikið satt í því sem prófessor Tómas Helgason segir í formála að fyrirlestri sem hann flutti um rannsóknir á áfengisneysluvenjum Íslendinga. Þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Áfengi og áfengismisnotkun er eitt af meiri háttar þjóðfélagsvandamálum í flestum löndum. Flestir eiga mjög erfitt með að taka afstöðu til áfengis á hlutlægan og ópersónulegan hátt. Annaðhvort mótast afstaða manna af því að þeir vilja gjarnan hafa aðgang að áfengi sjálfir en er ljóst að það veldur ýmsum öðrum vanda og jafnvel miklu heilsutjóni, en hins vegar af ákveðinni andstöðu gegn áfengi og telja menn þá að það sé alltaf af hinu illa og enginn viti hvenær það verði til skaða og því beri að banna alla áfengisnotkun.

Áfengisvandamálið má skoða frá mörgum hliðum. Meginvandi er að móta stefnu í áfengismálum sem obbinn af þjóðfélagsþegnum getur unað við og hægt er að framfylgja. Þessi stefnumörkun hefur að sjálfsögðu áhrif á neyslu almennt. Í orði kveðnu er tilgangur áfengismálastefnu yfirleitt sá að draga úr neyslunni þó að óneitanlega séu aðgerðirnar oft fálmkenndar.“

Herra forseti. Ég minni á að undanfarin ár hefur verið unnið í stórri nefnd að því að reyna að móta áfengismálastefnu. Rauði þráðurinn í henni, grunntónninn er sá að stefna að því að draga úr aðgengi að áfengi, reyna að draga úr heildarneyslu o.s.frv. Allt miðar þetta að því að minnka notkun áfengis hverrar tegundar sem áfengið er. Þetta byggir m.a. á þeirri niðurstöðu sem ég hef oft nefnt í ræðu minni og komið hefur fram í ræðum margra annarra hv. þm. á undan, þ.e. yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem við Íslendingar erum aðilar að og höfum kosið að fylgja, a.m.k. í þeim málum sem

við skrifum undir, þ.e. þær samþykktir sem við skrifum undir, og ekki erum við aðilar að þessum samtökum til að ganga þvert gegn þeirra eigin vilja sem við höfum sjálfir undirritað.

Ég vil ljúka þessu, herra forseti, með því að lýsa þeirri skoðun minni að í ræðum hv. flm. frv. og stuðningsmanna hafa ekki komið fram nein rök, ekki ein einustu rök sem mæla með því að bruggun áfengs öls verði leyfð hér á landi. Það hefur ekki bólað á nokkrum sköpuðum hlut í máli þeirra sem gæti rennt stoðum undir að við ættum að samþykkja frv. Ég held að það væru meiri háttar heimskupör af þessari virðulegu stofnun að samþykkja frv. Það gengur gegn heilbrigðri skynsemi. Það gengur gegn öllum rökum sem komið hafa fram um áfengisneyslu.

Það væri auðvitað hægt að fara miklu fleiri orðum um afleiðingar ofneyslu áfengis hér á landi og í öðrum löndum en gert hefur verið hér. En hún snertir hverja einustu fjölskyldu í þessu landi, beint eða óbeint, og það getur enginn leyft sér að taka afstöðu til máls af þessu tagi án þess að íhuga mjög gaumgæfilega hvað hann er að gera. Og ég vil segja það aftur sem ég sagði áðan og hef notað sem svar við það góða fólk sem bendir mér á að það sé tóm vitleysa hjá mér að standa gegn frv. Ég hef sagt við það: Ég tala við ykkur eftir 3–4 ár. Þá skulum við athuga hver uppskeran verður og ef einhver lætur sér detta í hug eitt andartak að það sér rökstudd ástæða til að samþykkja frv. að bjór verði aðeins seldur í áfengisverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er það alger rökleysa vegna þess að það breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut um aðgengið. Það þýðir bara að það koma sendiferðabílar og kaupa þennan bjór, aka honum hvert sem menn vilja hafa hann alveg eins og gert hefur verið við dreifingu á bjór fram að þessu sem komið hefur til landsins eftir löglegum og ólöglegum leiðum. Það verður engin breyting þar á. Aðgangurinn verður sá sami. Sú röksemdafærsla hrífur mig því ekki.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af fjórum flm. að þessu frv. til l. til breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969. Hv. 1. flm. Jón Magnússon og hv. þm. Geir H. Haarde hafa fært fullgild rök fyrir frv. þessu og ætla ég því ekki að eyða dýrmætum tíma hv. Alþingis í að endurtaka þau rök sem þeir hafa fært fyrir lagabreytingu þessari. Þó vil ég ítreka nokkur þeirra.

Það er óviðunandi mismunun sem á sér stað hér á landi þegar bjór er annars vegar. Af hverju eiga flugmenn, flugfreyjur, farmenn, viðskiptamenn, embættismenn og aðrir er mikið þurfa að ferðast að fá að kaupa og njóta bjórs en ekki aðrir? Það eru ekki bara þessir aðilar sem njóta bjórsins heldur einnig fólkið í kringum þá og er því um verulegan fjölda fólks að ræða.

Á síðasta ári voru seldir á sjöunda hundrað þúsund lítrar í Fríhöfninni einni. Þann 15. okt. sl. var búið að selja á áttunda hundrað þúsund lítra þar. Það þýðir ekkert að horfa fram hjá þessari staðreynd. Bjór er staðreynd á Íslandi. Hér er nóg af bjór ef menn nenna að bera sig eftir honum. Almannarómur segir og hann lýgur víst sjaldan að bjór sé smyglað hér inn í stórum stíl og hann leki út hér og þar. Og er þá ekki nær að forða fólki frá lögbrotum, sem það fremur með því að kaupa smyglaðan bjór, og er þá ekki nær að þessar tekjur renni í lasburða ríkiskassann? Er nokkur ástæða til að láta þessar skattfríu tekjur í hendur smyglurum?

Hér í verslunum eru seld öll þau efni er þarf til bruggunar á bjór ásamt nákvæmum leiðbeiningum. Hvað er þetta annað en tvískinnungsháttur?

Menn tala af föðurlegri og móðurlegri umhyggju fyrir vesalings fólkinu sem nú á að fara að ota bjórnum að. Það er talað um að börn og unglingar komi til með að vera meira og minna drukkin alla daga. Það er engu líkara en tillagan hljóði upp á að skipta eigi út skólamjólkinni fyrir bjór. Síðan tala þessir frömuðir um rökleysu flm. Sérhver er nú rökleysan!

Það er ekki amast við því að í hverjum söluturni og hverri verslun er hægt að kaupa þrælsterkt áfengi. Það vita allir sem vilja vita að í slíkum verslunum er selt sælgæti með hinum ýmsu áfengistegundum í fljótandi formi og það er notað af þannig innstilltum mönnum sem afréttari á slæmum morgnum. Við þessu er ekki hreyft þó þarna sé verið að fremja lögbrot beint fyrir framan nefið á mönnum.

Herra forseti. Ég leyfði mér að labba inn í næsta söluturn og keypti sýnishorn af þessu sem þingheimur getur séð. Hér er t.d. tegund með fljótandi koníaki inni í, þrælsterku áfengi. Þetta er eina áfengið í dag sem börn og unglingar geta keypt löglega. Við því er ekki amast.

Ég dreg enga dul á að í mínum huga mun tilkoma bjórs inn á markaðinn auka neyslu áfengis í landinu. En ég er ekki þeirrar skoðunar að tilkoma hans muni auka neitt verulega áfengisvandamál þjóðarinnar. Ég treysti alveg Íslendingum til að fara af skynsemi með bjórinn og er þess fullviss að svo verði.

Hins vegar eru auðvitað þeir sem í sér hafa þann veikleika að falla fyrir Bakkusi og gerast ofneyslumenn á áfengi. Þessir menn lenda held ég í allflestum tilfellum út á þeirri ógæfubraut hvort sem hér er bjór á markaðnum eða ekki.

Hér er sýknt og heilagt verið að taka dæmi frá hinum ýmsu löndum, eins og t.d. Danmörku og Þýskalandi, og því lýst hvernig menn hafa upplifað nokkrar stundir í þeim löndum. Þær lýsingar eru á einn veg, að allir séu þar útúrfullir allan daginn og einu umræðurnar manna á milli séu þess eðlis að rifist sé um hver fari næst út í búð eftir bjór. Þarna er á ferðinni enn ein rökleysan. Flm. gera ráð fyrir að bjórinn verði seldur í verslunum ÁTVR, ekki úti í næstu matvöruverslun. Hví eru menn þá að reyna að draga upp mynd af bjórmarkaði sem alls ekki hefur verið nefndur og aldrei gert ráð fyrir? Jú, það er vegna þess að rök þeirra eru fá og veikburða.

Það er sagt að við höfum ekki fengið reynslu af bjórneyslu. Spyrja má: Hvernig öðlast menn yfirleitt reynslu á nokkru sviði ef ekki með því að reyna? Og hvernig á að skilja orð hv. þm. Birgis Dýrfjörðs þegar hann segir í ræðu sinni hér um daginn, með leyfi forseta, að gömlu, góðu, heiðarlegu fylliríin séu hættuleg? Hvað meinar hann með „gömlu, góðu, heiðarlegu fylliríin?" Eru það þau sem hér er verið að takast á um? Má ég þá frekar biðja um bjórinn. Ég dreg einnig í efa þá fullyrðingu þm. að 25% Norðmanna séu eiturlyfjaneytendur vegna ölneyslu.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson kallar það fráleita röksemdafærslu að mikið öl sé í landinu, enda þótt það liggi á borðinu að neysla öls sé nálægt 2 millj. lítra á ári. Hann neitar einnig að viðurkenna þá staðreynd að áfengt öl sé aðgengilegt og kallar það falsrök og rangar upplýsingar. Ég held að ef nokkrar fráleitar röksemdafærslur hafi verið færðar í þessu máli sé það í máli hv. þm. Sverris Hermannssonar og reyndar fleiri sem hafa talað í dag og verð ég að segja að ræða hans var með slíkum eindæmum að hún mun mér seint úr minni líða. Það hýtur að vera krafa á jafnábyrgan þm. að hann geri annað tveggja, flytji frv. til l. er banni allan bjór í landinu eða öllu nær að hann flytji frv. til l. í samræmi við málflutning sinn er banni algerlega sölu áfengra drykkja í landinu.

Ég tek undir það, sem fram hefur komið, að það sé ekki spurning um hversu sterkur drykkur sé í alkóhóli mælt. Það nægir að um alkóhól sé að ræða til að hætta sé á ferðum. Þá má spyrja: Hvers vegna má flytja inn á frjálsan markað drykkjarvöru sem hefur alkóhólinnihald allt að 2,25%? Og hver er munurinn á 2,25% og 2,26 samkvæmt þessum rökum? Er þá ekki óhæfa að flytja inn drykkjarvörur með 2,25% alkóhólinnihaldi? Annaðhvort er að banna að flytja alkóhól inn á frjálsan markað eða ekki.

Herra forseti. Ég gerði mér vonir um málefnalegar umræður um frv. þetta, en þær vonir hafa brugðist og mér þykir það miður. Andstæðingar frv. hafa kosið að fara leið hræðsluáróðurs en látið minna fara fyrir rökum sem þeir þó eiga í fórum sínum, eins og hv. þm. Birgir Dýrfjörð sýndi.

Ég get tekið undir að tilkoma bjórs muni auka drykkju en ekki endilega að sama skapi drykkjuvandamál. Ég ætla ekki að mæla í mót þeim tölulegu staðreyndum sem hér hafa verið nefndar varðandi reynslu annarra þjóða af bjór, en ég er ekki jafnviss um að þær eigi við hér. Ekki skal ég efast um þær ályktanir er fram koma úr ýmsum áttum, eins og frá fulltrúum heilbrigðis- og bindindismála. Það er að sjálfsögðu skylda þeirra að senda slíkar ályktanir frá sér.

Önnur rök hafa ekki komið fram gegn frv. En ég ítreka að þeir sem nú mæla gegn frv. þessu verða að vera sjálfum sér samkvæmir og standa að lagasetningu þess eðlis að allir Íslendingar sitji við sama borð hvað bjórinn varðar.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kom mjög ósmekklega inn á þann mikla harmleik sem átti sér stað á Heysel-leikvanginum í Brussel og reyndi að ýja að því að þar ætti bjór þá væntanlega einhver ítök í. Mér fannst þarna frekar lágt slegið og sennilega fyrir neðan beltisstað. (**SvH:** Hvað skeði?) Að blanda saman íþróttum og áfengi hefur ekki verið gert hingað til og ég sé það ekki fyrir mér í framtíðinni heldur og vona að svo verði ekki. (**ÓÞÞ:** Var það ekki gert á þessum leikum?) Það skal ég ekkert segja um hvort einhverjir hafa verið þar drukknir, en það var um almenna múgæsingu að ræða þar og það hefur þm. væntanlega séð sjálfur í sjónvarpinu.

Annars má spyrja: Hvenær lýkur bernskuárunum og hvenær taka fullorðinsárin við? Alþingi hefur samþykkt lög sem gera það að verkum að fólk ályktar að það sé orðið fullorðið við 18 ára aldur. Því er þá treyst til að kjósa fulltrúa á Alþingi t.d. Fólk er talið nógu fullorðið 20 ára til að versla í Áfengisverslun ríkisins. Þar á að selja bjórinn og hvergi annars staðar. Ef hann fer hins vegar í yngra fólk er eitthvað að löggjöfinni og lögregluyfirvöldum sem eiga að fylgja þeim lögum, sem sett eru í landinu, eftir.

Þm. talar um glappaskot lífs míns. Ég vona að guð gefi að þetta sé ekki glappaskot lífs míns. En ég get alveg horft björtum augum til framtíðarinnar þegar ég verð gamall og sit með bjórglas í hendi og les þingtíðindi um þessar umræður.

Ég vil heldur sjá æskuna í landinu, ef hún á annað borð ætlar sér að fara að fikta við áfengi, með bjór í hendi en sterka drykki.

Þm. talar um að þetta muni auka bruggun. Ég get ekki séð með hvaða rökum hann færir slíkt í tal.

Þm. vill heldur ekki taka mark á meiri hluta þjóðarinnar. Er hann að segja að ef við færum út í þjóðaratkvæði mundi hann ekki taka mark á því?

Um drykkjuskap á vinnustað vil ég helst hafa sem fæst orð því hann miðast við þann málflutning að hér megi kaupa bjór úti í næstu matvöruverslun.

Stefán Valgeirsson talaði um að banna ætti nýjar tegundir. ÁTVR hleypir inn nýjum tegundum alltaf af og til og stýrir með því neyslunni. Er skemmst að minnast drykkjar sem hét Twenty One, eða tuttugu og einn, fyrir nokkrum árum og var ekkert annað en bland í flösku og varð geysivinsæll meðal ungs fólks. ÁTVR hefur því varðað veginn í því að auka drykkju í landinu, m.a. með verðstýringu, en fyrir nokkrum árum hélt ÁTVR niðri verði á vermútdrykkjum sem olli því að vermút varð ódýrara en venjulegt kók á skemmtistöðum og fólk fór að blanda með því í staðinn. Er það þetta sem menn vilja?

Árni Gunnarsson talar um vinsældir og kosningamál. Er Árni Gunnarsson að boða til kosninga fljótlega? Ég get ekki séð að þær séu fram undan þó ég voni að þær verði sem fyrst.

Ellert Eiríksson:

Herra forseti. Hér er enn einu sinni hreyft á hv. Alþingi gömlu deilumáli svo sem sjá má á þskj. 42, um breytingar á áfengislöggjöfinni.

Breytingin skal fela í sér heimild til ríkisstjórnarinnar um að leyfa bruggun og sölu öls hér á landi með hærra vínandainnihaldi en 2,25% að rúmmáli eða með öðrum orðum að áfengur bjór verði framleiddur á Íslandi til dreifingar í útsölum ÁTVR.

Hv. 1. flm. frv., varaþm. Jón Magnússon, fylgdi frv. úr hlaði með grg. þar sem m.a. var nánar skilgreindur tilgangur flm. og með leyfi forseta vil ég aðeins renna yfir grg. Á bls. 2 í grg. segir svo um tilganginn:

„1. Að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,

2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,

3. að afla ríkissjóði tekna,

4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,

5. að samræma áfengislöggjöfina."

Vil ég, hæstv. forseti, fara nokkrum orðum um þessa fimm meginþætti.

Í fyrsta lagi er sagt: að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja hér á landi.

Ef við lítum á bls. 5 í grg. segjast flm. sjálfir telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls. Neðar á sömu blaðsíðu segir eftirfarandi:

„Frá árinu 1951 til ársins 1981 jókst heildarneysla áfengis á Íslandi úr 1,4 l af hreinu áfengi á íbúa í 3,2 l. Þrátt fyrir þessa aukningu neyta Íslendingar minnsts áfengis allra Evrópuþjóða. Neysla á áfengistegundum hefur einnig breyst á undanförnum árum. Þannig hefur sala á sterku áfengi hlutfallslega minnkað frá 1974."

Að sjálfsögðu getur neysla sterkra drykkja aukist frá núverandi neyslu í lítrum talið þó svo hlutfall þess minnki í heildarneyslu áfengis með tilkomu áfengs öls og vaxandi áfengisneyslu. Meðaltalið og hlutfallið dugar ekki til að benda mönnum á að neysla sterkra drykkja muni minnka í lítrum talið þó hún geri það að hlutfalli.

Lítum þá á í samhengi við það sem hér hefur áður verið sagt samkvæmt þeirra eigin sögn staflið þrjú, en þar segir: „að afla ríkissjóði tekna".

Eins og hér hefur komið fram er óljóst með hvaða hætti það skal gerast. Í fljótu bragði séð er aðeins hægt að ná því marki með rándýru öli þannig að hvert alkóhólprósent verði tvöfalt dýrara í áfengu öli en sterkum drykkjum og færu þá að rýrna möguleikar á samdrætti í neyslu sterkra drykkja, sbr. tilgang samkvæmt 1. lið. Á hinn bóginn má hækka sterka drykki og um leið selja mikið magn af hæfilega dýru öli og má þannig ná tekjum í ríkissjóð og að öllum líkindum er það ætlan flm.

En hvað verður þá um hið göfuga markmið í staflið 2, en þar segir: að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar? Vonandi tekst það. En halda hv. flm. að bjórkrár og ölmenning verði ánægjuauki og siðbætandi þáttur í lífi þjóðarinnar?

Herra forseti. Ég tel líkt og margir aðrir sem á undan hafa talað að greinargerð með frv. sé flaustурslega unnin. Þar stangast hvert markmiðið á annars horn og verður lítt raunveruleikanum samkvæmt ef til framkvæmda kemur.

Miðað við núverandi ástand í framkvæmd áfengislaga hvað varðar sölu á áfengum bjór ætti að vera kappnóg að setja eina línu í markmið flm. með frv. og ég hef heyrt það á þeirra málflutningi að þeim líst ekki svo illa á það. En hún gæti verið svohljóðandi: „að jafna aðstöðu landsmanna til kaupa á áfengu öli". Það er grunntónninn í þessum málflutningi.

Persónulega hef ég aldrei keypt áfengt öl á ferðalögum í útlöndum, því hér hafa menn verið að vitna um eigin notkun, eða við heimkomuna í Fríhöfninni í Keflavík og ég hef lítinn áhuga á öldrykkju, en undir það markmið að jafna aðstöðu landsmanna til ölkaupa get ég heils hugar tekið.

Það ófremdarástand, sem ríkt hefur á undanförnum árum og hefur verið margítrekað í umræðunum, að um helmingur landsmanna geti á löglegan hátt keypt áfengt öl og komið með inn í landið en á sama tíma er hinum helmingi landsmanna gert slíkt ókleift, þ.e. þeim sem ekki komast til útlanda það árið eða svo gott sem, er löngu orðið óþolandi og hæstv. Alþingi til lítils sóma.

Ef ég man rétt var það fyrir nokkrum árum að einn af broddborgurum þjóðarinnar lét með aðstoð fjölmiðla sverfa til stáls í Fríhöfninni í Keflavík, keypti sér áfengt öl og hugðist taka með sér inn í landið. Að sjálfsögðu tóku tollverðir ölið af viðkomandi svo sem lög buðu, en hann lét sér ekki segjast og höfðaði til réttar síns á við flugliða og sjómenn hvað varðaði innflutning á sterku öli. Vísaði hann á ákvæði í stjórnarskránni um að allir skuli jafnir fyrir lögunum. Yfirvöld beygðu sig fyrir þessum málflutningi og hefur bjórinnflutningur ferðamanna viðgengist síðan.

Herra forseti. Ég ítreka afstöðu mína í þessu máli. Ég tel að samræmi eigi að vera í áfengislöggjöfinni. Annaðhvort mega allir landsmenn, sem til þess hafa aldur, kaupa sömu tegundir áfengis, þar með talið áfengt öl, eða þá að þær gerðir áfengis sem eigi eru heimilar verði öllum landsmönnum bannvara.

En þá kemur að öðrum þætti þessa máls og hann er: Hvar á ákvarðanatakan að fara fram um það hvort landsmönnum verði heimiluð bruggun og kaup á áfengu öli? Er það hér á hv. Alþingi eða er það hjá landsmönnum í þjóðaratkvæðagreiðslu? Í öllum kaupstöðum landsins þar sem ekki eru áfengisútsölustaðir ÁTVR fer fram af og til umræða meðal bæjarbúa um hvort æskja skuli slíks útsölustaðar eður ei. Ávallt hefur það verið mikið deilu- og hitamál í viðkomandi sveitarfélögum og sitt sýnst hverjum. En úrskurðar er ávallt leitað í allsherjaratkvæðagreiðslu á viðkomandi stað. Niðurstöður eru oftast í engu samræmi við áfengisneyslu og

neysluvenjur kjósenda. Viðhorf manna til framkvæmdar á áfengislöggjöfinni skiptir þar oft meira máli en þeirra eigin neysluvenjur. Á sama hátt tel ég að mál þetta, bjórmálið, eigi að ákvarðast í þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnt og sveitarstjórnir, skv. lögum, fela bæjarbúum ákvarðanatöku í héraði á Alþingi að fela landsmönnum að ákvarða fyrir heildina.

Með leyfi forseta vil ég lesa stuttan kafla úr Morgunblaðinu frá sunnudeginum 26. október sl. á bls. 40, úr þingbréfi, en þar segir:

„Þjóðaratkvæðagreiðsla er ekki á hverjum degi hér á landi. Fyrir tæpum 80 árum, árið 1908, gengu Íslendingar til þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem enn setur mark sitt á almenna umræðu í landinu. Þeir voru ekki á eitt sáttir þá frekar en fyrri daginn eða þann síðari. 4900 sögðu já, 3218 sögðu nei. Meiri hlutinn þá lýsti sig samþykkan aðflutningsbanni á áfengi sem kom til framkvæmda árið 1912. Eftir 1914 var síðan innflutningur, framleiðsla og sala áfengis lögbönnuð hér á landi. Þetta var síðan afnumið að undangenginni nýrri þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1933. 15 884 kjósendur vildu afnema bannið, 11 624 halda því. Áfengisbannið var afnumið með lögum árið 1935, þ.e. gagnvart öllum tegundum alkóhóls nema þeirri veikustu, bjórnum. Bjórbannið sem Íslendingar hafa þráttað um í marga áratugi er eftirhreytur frá áfengisbanninu 1912."

Með því að skjóta þrætumáli þessu til úrskurðar landsmanna í þjóðaratkvæðagreiðslu sýna hv. alþm. víðsýni og tryggja frekar sátt um niðurstöður en ella. Ég hvet hv. flm. til að taka inn í frv. ný ákvæði og breyta því á þann veg að landsmenn hafi síðasta orðið. Að fenginni niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu ætti eftirfarandi að gerast:

1. Verði hún jákvæð hafa allir landsmenn rétt til kaupa á áfengu öli hvar sem er.

2. Verði hún neikvæð falli allar heimildir úr gildi til innflutnings áfengs öls til landsins. Þá verði ekkert verið að tvínóna við þetta, málið er afgreitt.

Herra forseti. Jafn réttur þegnanna fyrir lögunum er grundvallarmannréttindi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við það að hér hafa ræðumenn talað um tvískinnunginn í áfengismálum. Ég vildi bara koma hér upp og bjóða þeim að vera meðflm. að banna innflutning á öllum bjór til landsins ef þeir vilja manna sig upp í það. Ekki skal standa á mér. En þegar ég hlustaði á hv. þm. Árna Gunnarsson og hans góðu ræðu kallaði hann fram þetta sem ég setti á blað:

> Margur varð af aurum api
> með ölkollurnar sér við hlið
> og hætt er við þeir trausti tapi
> sem tigna erlend sjónarmið.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja mjög þessa umræðu, aðeins víkja að örfáum atriðum sem fram hafa komið og þá sérstaklega í máli þeirra stuðningsmanna frv., flm., hv. þm. Geir H. Haarde, og annars reyndar, hv. 5. þm. Vesturl. Ég hygg að það sé ekki um auðugri garð að gresja.

Það hefur verið mikið um það rætt og lögð þung áhersla á hina miklu mismunun sem þegnum þjóðfélagsins væri búin með því að menn gætu keypt sterkt öl, hvað er það, tólf flöskur á mann, við að koma til landsins, og einhverja hagsmuni hafa siglingarmenn okkar talið sér í því að fá að flytja bjór tollfrítt til landsins í takmörkuðum mæli. Þetta er rétt að vissu leyti, en þetta skiptir svo til engu máli í sambandi við þetta vandamál sem við erum að ræða um. Til að mynda veldur þetta ekki því að unglingar eigi neinn aðgang að sterku öli. Mismununin er þá helst fólgin í því, þar sem flestir landsmenn leggja leið sína til útlanda hvort sem er, að unglingar nái ekki til bjórsins. En ég er tilbúinn til þess auðvitað, ef menn vilja leggja það til, að allir sitji við sama borð ef það er einhver lausn vandans og eitthvert meginatriði. Auðvitað snertir það ekki nema að örlitlu leyti það vandamál sem við stöndum frammi fyrir, það vandamál sem er fólgið í því að við hættum öllu til að ástandið stórversni frá því sem nú er og þykir þó mörgum nóg um. Að þessu hafa verið leidd vísindaleg rök. Svo standa ungir menn hér upp, borgaraflokksmenn, sem eru „bissnesmenn", og það ber mjög á því að borgaraflokksmenn gætu heitið „bissnesmannaflokkur" því allt vilja þeir selja. Ég held að þeir vilji versla með varnirnar t.d. og einhver „bissnes" mun vera fólginn í frv. uppi í Ed. um að hætta textun erlends efnis í sjónvarpi. Og hér er „bissnes" á ferðinni. Auðvitað er þetta „bissnes" því Carlsberg gamli verður kominn hér og einhverjir hafa umboð fyrir hann þegar þar að kemur. — Þeir koma hér upp og hrópa að hér hafi engin rök verið færð fram, enda þótt það hafi verið kallaðir til autores af öllum löndum sem allir eru sammála um hverjar afleiðingar verði, ekki kunni að verða heldur verði af því ef við breytum til frá því sem nú er. Hverjar halda menn að séu ástæðurnar fyrir því að þrátt fyrir allt, hina vondu drykkjusiði okkar, er samt svo að við drekkum minnst á persónu af áfengi af öllum Evrópuþjóðum? Skyldi það vera af því sem þetta er eina landið þar sem ekki er leyft að brugga og selja sterkt öl? Að sjálfsögðu er það.

Þeim bar ekki saman, flm. Ég hafði bókað eftir hv. 17. þm. Reykv. að hér mundu vera fluttir inn einhverjir 800 þús. lítrar til 1 milljón. Þetta bókaði ég hér. (**GHH:** Gegnum Fríhöfnina, já.) En hann bætti um betur, hv. 5. þm. Vesturl., og fór upp í 2 millj. lítra. Við skulum taka milljónina fyrst. Þá eru þetta 4 lítrar á höfuð á Íslandi — eða hvað, 6 eða 10, ég kann ekki að reikna það, og skiptir ekki máli, bjórflöskur á höfuð. Það er ekki dagskammtur danska verkamannsins. Þessi ársskammtur sem þessir menn tala um er ekki dagskammtur danska verkamannsins. En ég tók eftir því að hv. 17. þm. Reykv. vildi ekki taka Danmörku sem fyrirmynd. Hvers vegna eru menn að vitna í Danmörku? sagði hann. Danmörk er ekkert fyrirmyndarland. Nei,

menn mega ekki vitna í ódæmin verstu, að sjálfsögðu ekki. Þess vegna eiga menn að velja eitthvað annað. En þá sjá menn hvað það eru fáfengileg rök að láta sem svo að hér sé bjór öllum aðgengilegur. Ég fullyrði að bjór er engum unglingi að kalla aðgengilegur, unglingnum á hættualdrinum, á grunnskólaaldrinum sem hóf að þreyta drykkjuna af kappi í Svíþjóð þegar „mellanölið" var leyft um árið. Það er þess vegna fjarri öllu lagi að lögin sem banna að brugga sterkt öl séu orðin tóm. Þau hafa úrslitaþýðingu að þessu leyti. En við skulum samræma lögin og banna þetta allt saman.

Báðir flm., hv. þm., sögðu að ekki væri vitað hver niðurstaðan yrði hér, hver reynslan yrði hér og þess vegna ættu menn að gera tilraunina. Þetta er að neita bláköldum staðreyndum því að allar rannsóknir af öllum löndum færa okkur heim sanninn um hvað skeður. Það þýðir ekki að tala eins og við óvita börn, að hér eigi annað við. Að sjálfsögðu á ekkert annað við. Við skulum reyna, segja þessir hv. þm. Það er ekki vitað hvort sama yrði uppi á teningnum hér á Íslandi. Það tekur engu tali og er fyrir neðan virðingu hins háa Alþingis að ræða saman á þessum nótum eins og menn leyfa sér hér.

Reynsla allra annarra þjóða færir okkur heim sanninn. Og það sem meira er og verra er: Menn eru að hræða almenning með drykkju sterkra drykkja. En það er niðurstaða vísindalegrar rannsóknar að þetta er lúmskasta áfengið, þetta er lúmskasta tegund áfengis sem á borð er borin.

Og þessi fáfengilegi fyrirsláttur um að þetta verði ekki aðgengilegt öllum mönnum eftir að það er leyft að brugga þetta af því sem það þurfi að leggja leið sína, ja alla leið inn á Lindargötu eftir bjórkassanum. Hér verði ekki vinnustaðadrykkja af því það sé svo langt að sækja þetta. Hvenær hefur drykkjumaðurinn sparað sporin ef hann hefur þurft að ná sér í dramminn sinn?

Hér berja menn höfðinu við steininn í öllum efnum. Það er ekki heil brú til í þessu. Öll rök, vísindalega sönnuð um allar álfur ganga þvert á tal og röksemdafærslu sem þeir kalla svo, þessir menn. Það er ekkert undarlegt þó að þessi frumvarpssmíð sé slík ómynd sem hún er.

Hér voru hv. þm. og ræðumenn að ræða um að þetta hefði þurft að vera betur úr garði gert. Hvernig má það vera og hvaða máli skiptir það? Hvernig geta menn sett saman haldgóð rök að frv. þegar málstaðurinn er með þeim hætti sem hér gefur raun dæmi um?

Ég elti ekki ólar við þessar fáránlegu fullyrðingar og upphrópanir eins og þær að menn óski þess frekar að sjá unglinginn með sterka ölið sitt í höndunum en sterkt vín. Vita menn þá hver styrkleiki er í dönskum bjór t.d., þessu sem við getum keypt hérna á vellinum? Hann er meiri en í tvöföldum vodkadrammi. Þetta geta menn gengið úr skugga um ef þeir vilja. Og það er eins og vant er hjá Íslandsmanninum. Hann hefur ekki smakkað dropa heldur bara öl þó að geiflan hangi niður í fang af fylliríinu.

Í öllum fimm liðum aðalröksemda þessa frv. frá hv. flm. er farið með öfugar staðreyndir. Það má kannski segja að það sé ekki út í hött að samræma áfengislöggjöfina. Það er þá það eina sem nokkurt einasta hald er í. Svo fáránlegir eru fyrstu þrír liðirnir að engu tali tekur af því sem allt þetta stangast á við alla reynslu, allar rannsóknir og allar umsagnir allra sem nokkurt vit hafa á og kynnt sér hafa málin. Það er auðvitað ekki boðlegt að bjóða hv. þm. upp á annað eins.

Ég er ekki þar með að segja að allar þær röksemdir sem færa heim sanninn um þessa ófæru nái eyrum hinna hv. alþm. og því er verr. Ég hef ekki verið fylgismaður þess að leita til þjóðarinnar um allsherjaratkvæðagreiðslu í málum. Ég held að það þurfi ákaflega mikið til til þess að á það ráð sé brugðið. En ég er ekki fjarri því að hér sé um slíkt alvörumál að tefla að ég gæti hugsað mér að fylgja því í þetta skiptið. Mér er það hér um bil óbærileg tilhugsun að hinu háa Alþingi verði það á og beri á því eitt ábyrgð að á þetta ráð sé brugðið. Afleiðingarnar verða jafnhörmulegar þótt þjóðin sjálf kalli þetta yfir sig, en það er þó bærilegra en að þessari virðulegustu stofnun þjóðarinnar verði slík ókjör á. Þess vegna hljóta menn að huga að þessu líka.

En ég legg áherslu á það, og það verður ekkert gefið eftir í því við þá hv. nefnd sem fær frv. til meðferðar, sem trúlega er allshn., að það verði leitað umsagnar allra dómbærra aðila í þjóðfélaginu. Ef sú nefnd hefur eitthvað um það verður um það séð með öðrum hætti. (**Gripið fram í:** Eru ekki allir með kosningarrétt?) Allra dómbærra aðila sem við þessi mál fást — og jafnvel hv. fyrrv. formanns fjvn. — allra dómbærra aðila því þeir eru fjölmargir sem sitja uppi með miklar og haldgóðar upplýsingar í þessu máli. Og þá skulum við fara yfir þær niðurstöður og þá verða þeir kallaðir til, sem fara með falsrökin í þessu máli, að afsanna þær upplýsingar og þær niðurstöður rannsókna og önnur þau rök sem þar koma fram þegar eftir þessu verður leitað og þetta liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Nú er spurning hvort maður á að tala sér til vinsælda eða ekki. Flm. hafa flutt hér frv. um að leyfa bruggun á áfengi og á bjór og sölu á áfengum bjór. Allt er þetta byggt á vinsældum, byggt á því að þeir halda að þeir fái atkvæði út á það, byggt á því að þeir telja að í skoðanakönnun sé núna ljóst að meiri hluti þjóðar sé með þessu máli.

En erum við hér til að njóta vinsælda? Erum við hér til að taka ábyrga afstöðu eða til að taka rétta afstöðu? Það hefur reynst mörgum manninum erfitt að reyna alltaf að vera vinsæll og það er töluverð ábyrgð sem fylgir því að taka bara afstöðu eftir vinsældum. Ég hef komið nálægt áfengismálum í a.m.k. yfir 20 ár — eða öllu lengur, 30 ár eru það víst — og þekki mikið til þeirra mála. Ég hef farið erlendis og kynnt mér málin, ég hef lesið gamlar

skýrslur og greinargerðir og ég hef hlustað á málflutning manna hér. Það er athyglisvert að í dag hafa flm. lítið setið hér til að hlusta á rök þeirra sem hafa talað í móti og getur þó verið að þeir hafi hugsað sér að þeir þyldu ekki þau rök því að þeir mundu breyta um skoðun.

Nú er spurningin: Á ég ekki að vera vinsæll og taka afstöðu með því að leyfa sölu áfengs bjórs og að brugga áfengi og brugga áfengt öl? Ég segi nei. Ég er eins og laxinn. Ég vil heldur fara á móti straumi. Ég get ekki gengið fram hjá því þegar allir helstu sérfræðingar þjóðarinnar um þessi mál og öll læknastéttin sendir áskorun um allt annað. Er nú komið að því að alþm. þykist vita miklu betur en allir læknar landsins í þessu? Ég spyr bara. Eru menn orðnir svo vitrir? Hafa þeir ungu menn sem flytja frv. kannski meiri þekkingu á þessum málum? Ég spyr bara. Eigum við kannski ekki að taka mark á öllum þeim ágætu mönnum sem sendu okkur yfirlýsingu og hv. 6. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, las mjög vel upp? Eigum við kannski ekki að taka mark á þessu? Er þetta bara bull? Við höfum fyrir framan okkur áskorun frá Læknafélagi Íslands um þessi mál. Og ég spyr flytjendur og ég spyr þm.: Vita þeir meira en þessir menn?

Hér hafa verið tíundaðar mjög gaumgæfilega niðurstöður rannsókna alls staðar að úr heiminum og það hefur verið tíundað nákvæmlega að niðurstöður allra þessara rannsókna benda í eina átt og sýna sömu niðurstöðu. Þær sýna að sala á áfengum bjór mun auka áfengisneysluna, áfengisvandamálið. Og ég spyr: Eru þm. betur í stakk búnir en allir fremstu vísindamenn heimsins, ekki einn heldur allir, á þessu sviði til að vita betur eða ætla þm. að segja mér að þeir viti betur en allir þessir vísindamenn, allar þessar rannsóknir sem koma hvaðanæva úr heiminum? Það er sama hvort það er fyrir vestan haf eða austan tjald eða í Evrópu, hvort það er frá víndrykkjulandi eða þar sem bjór er leyfður. Allar niðurstöður segja það sama. Og ég spyr: Ef þm. eru svo viti bornir að þeir vita miklu betur en allir aðrir, til hvers erum við þá að hafa alla þessa vísindamenn?

Hér hefur langt mál verið flutt um þetta. Hér hefur verið lögð fram grg. með frv. Ég held það væri eiginlega betra að lesa hana á hvolfi því svo ómerkileg er hún. Þar úir og grúir af rökleysum. Ég er viss um að ef maður læsi hana á hvolfi gæti maður e.t.v. fundið eitthvað rétt í henni.

Við erum að tala um erfitt vandamál og við erum að tala um ábyrgð. Hver skyldi bera ábyrgð á því ef hér verður samþykkt að leyfa sölu á áfengum bjór? Eru það þm.? Vilja þeir gerast ábyrgðarmenn á því? Ég held að þeir sem hafa kynnt sér áfengismálin og orðið vitni að allri þeirri ógæfu sem áfengið veldur og séð alla þá aumu menn sem hafa lent í þeirri ógæfu geti ekki samvisku sinnar vegna staðið hér upp og sagt: Ég vil meira.

Gömlu verkalýðsforingjarnir höfðu kynnst þessu. Ég man vel að þeir stóðu einhuga, verkalýðshreyfingin á sinni tíð, gegn þessu. Ég sakna þess að sjá enga ráðherra hér og sérstaklega ekki ráðherra Alþfl. Ég man þá tíð að Jóhanna Egilsdóttir stóð hörð gegn þessu máli og hún barðist hart gegn því. Og ég man að þegar ég var í skóla sagði sonur hennar, Sigurður Ingimundarson, við okkur í tíma í Verslunarskólanum: Nú ætla ég að vera á réttum tíma niðri í Alþingi því að ég ætla að greiða atkvæði gegn bjórnum. — Ég hef farið víða um lönd og skoðað þessi mál. Ég hef skoðað áfengishæli. Ég hef skoðað þetta frá mörgum sjónarhornum og alls staðar er niðurstaðan sú sama.

Menn tala um frelsi. Það er afskaplega gaman að tala um frelsi því að menn tala hæst um frelsi sem vilja helsi. (**GHelg:** Þm. hefur nú verið áhugamaður um ýmislegt frelsi að vísu.) Ég hef áhuga á frelsi já, en ekki á helsi. Þetta bindur fólk til vana á áfengi og bindur fólk til vana á fíkniefnum. Þær rannsóknir liggja fyrir. Og ef einhver þm. hér inni treystir sér til að vefengja allar þær rannsóknir sem hafa verið lagðar fram af vísindamönnum, þar á meðal okkar færustu vísindamönnum, t.d. dr. Tómasi Helgasyni, hans rannsókn á þessum málum, og niðurstöður allra þeirra lækna sem hafa sent okkur yfirlýsingu er ég tilbúinn að styðja þetta. Geta menn sýnt fram á að þeir hafi farið með falsrök? Ég hef ekki heyrt einn einasta mann geta fært rök að því að allar þær skýrslur og rannsóknir, sem hér hafa verið tíundaðar, séu rangar, ekki ein einasta, því að það er ekki hægt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur margsinnis lýst yfir hver hennar skoðun sé og það eru ekki neinir aukvisar sem þar eru í forustu. Það eru færustu vísindamenn heimsins. Ef menn þykjast vita betur en þeir skulu þeir styðja frv.

Ég hef tekið eftir því að það hefur verið hart staðið á móti áfengisvörnum á þessu landi. Fjárveitingar á fjárlagafrv. eru skornar niður til áfengisvarnaráðs og til bindindisstarfsemi. Og hver skyldi vera ástæðan til þess? Er það tilviljun eða eru það ákveðin öfl sem reyna að koma í veg fyrir að fræðsla og þekking á þessu sviði nái til eyrna þjóðarinnar?

Ég minnist þess að fyrir 200 árum var skrifað af einum frægasta rithöfundi fyrr og síðar, skáldjöfrinum Goethe, um þessi mál. Hver var niðurstaða hans? Þetta var mikill hugsuður. Hann hafði fyrir 200 árum séð hvernig þessi mál mundu þróast og hvaða afleiðingar bjórneysla hefði. Ég mun kannski við tækifæri lesa fyrir þm. þessa klausu. En hann fjallaði líka um tóbaksmál á þessum tíma og reykingar og komst að sömu niðurstöðu. Hann var mjög merkilegur maður og framsýnn. Þegar maður les svona ádrepu, sem var samin fyrir 200 árum, undrast maður framsýni þessara manna sem höfðu ekki jafnmikið til að byggja á og við.

En ég undrast meira 200 árum síðar, með allar þessar rannsóknir og vísindaþekkingu og allar niðurstöðurnar, sem allar benda á hið sama, að menn skuli voga sér að standa hér upp og halda öðru fram. Þetta er ögrun við tilveruna. Þetta er ögrun við þá þekkingu sem við höfum aflað okkur í rás aldanna.

Við getum haft þá skoðun að við viljum bjórinn, en þá eigum við að segja það hreint og beint að við viljum auka áfengisneysluna og hafa meira vandamál því að okkur sé alveg sama um það. Og þá geta menn staðið hér og sagt: Við erum með. En þeir geta ekki staðið hér upp og sagt að það valdi ekki meira vandamáli. Fyrir því liggja vísindalegar niðurstöður og skoðanir allra fremstu vísindamanna í heimi. Þeir sem leyfa sér annað eru að fara með rangt mál.

Ég hef farið á margar ráðstefnur um þetta og ég hef rætt við marga menn um þetta, bæði þá sem hafa drukkið, fyrrverandi drykkjumenn, og þá sem hafa ekki gert það. Fyrir nokkrum árum voru menn taldir öfgamenn ef þeir héldu fram einhverju um þessi mál af því að þá lágu ekki fyrir vísindalegar niðurstöður. Ég ætla að fara 100 ár aftur í tímann því að ég hef lesið það sem þessir menn skrifuðu þá. Þá byggðu menn það ekki á þekkingu heldur á sínu hyggjuviti. Þá voru menn taldir öfgamenn af því að þeir byggðu ekki á vísindalegum niðurstöðum. Núna eru vísindalegu niðurstöðurnar komnar. Læknafélag Íslands, *Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og allir færustu* vísindamenn í heiminum komast að sömu niðurstöðu. Og hvað ætla menn að gera þá? Þeir ætla að neita staðreyndum. Hún er mikil viska þessara manna.

Menn hafa kannski komið á vinnustað í Danmörku. Ég hef komið á vinnustaði þar og það var ömurlegt, enda eru vinnustaðaslys afskaplega tíð. Meira að segja á skrifstofum í Danmörku getur orðið ömurleg aðkoma. Ég minnist minna ferða í félmrn. í Danmörku. Ég gleymi þeim dögum aldrei er ég kom þar því það var svo ömurlegt að koma þar og sjá menn vel hálfa og fulla bæði að morgni til og verri í lok vinnudags, óvinnuhæfa.

Ég held að við getum ekki neitað staðreyndum. En við getum ákveðið að leyfa bjór og segja þá: Okkur er alveg sama um þó að ástandið versni. Okkur er alveg sama um þó það verði fleiri drykkjumenn. Þá getum við staðið að því. En við getum ekki neitað staðreyndum. Við getum ekki neitað staðreyndum sem liggja fyrir og menn hafa tíundað mjög gaumgæfilega. Ég vil sérstaklega minna á málflutning hv. 3. þm. Norðurl. e. sem flutti mjög góða tölu um þetta og vitnaði í ótal rannsóknir og niðurstöður um þetta. Ég held að við getum ekki gengið fram hjá því. Ef við viljum ganga fram hjá þessum niðurstöðum erum við vísvitandi að fara með rangt mál, að gera rangt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa að einu leyti gerst alveg einstakir atburðir. Það voru sannanlega eftir talningu þegar þessi umræða hófst þrír flm. frv. hér inni og hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að hann væri fullmektugur fulltrúi flm. Ég verð að fara fram á við forseta að þessir menn séu kallaðir inn. Það er nefnilega alveg einstök ósvífni að telja sig yfir það hafinn að þurfa að gera grein fyrir máli sínu. Það er varpað spurningum til þessara manna. Það fást engin svör. Það er bara flótti úr salnum. Það er þó einn maður sem verst. Það er hægt að virða slíkt. (**Forseti:** Ég vil segja hv. ræðumanni að hv. 13. þm. Reykv. kom að máli við mig áðan og þurfti að víkja úr salnum af persónulegum ástæðum sem eru óviðráðanlegar.) (**SvH:** Hvaða persónulegu ástæður taka menn yfir þingfund? Þú verður að vita það.) (**Forseti:** Ég veit það. Það voru ástæður sem ég tók fullkomlega gildar og hafa ætíð verið teknar gildar hér.) Herra forseti. Við erum einnig alveg sáttir við að taka persónulegar ástæður gildar og fresta umræðunni og fá manninn til að svara, en við erum ekki sammála því að menn leggi á flótta á harðahlaupum út úr þingsalnum og komi sér undan því að gera grein fyrir máli sínu. Það getur orðið heldur ófriðvænlegt ef það eru vinnubrögðin sem á að taka upp og ég óska skýrra svara frá hæstv. forseta í þessum efnum. Er hæstv. iðnrh. þá til staðar til að gera grein fyrir þeirri greinargerð sem hér hefur verið kynnt sem svo vitlaust plagg að það megi lesa hana aftur á bak? (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að aðrir flm. komi í salinn og mun freista þess að kalla þá að beiðni ræðumanns hingað.) Það er rétt að ég geri örlítið hlé á ræðu minni og fái við því skýringar hvort eitthvað af því liði mætir.

Það er til þess að nota tímann rétt að ég byrji á að víkja orðum mínum til þess ræðumanns sem ég virði fyrir það að hann hefur tekið einarða afstöðu til að standa með því máli sem hann hefur skrifað upp á. Það er hv. 5. þm. Vesturl. Auðvitað er það virðingarvert. Hann hefur staðið upp og haldið því fram að það hefðu engin rök komið fram héðan úr ræðustól af þeim mönnum sem hafa talað gegn málinu. Menn hafa líka sagt hér: Það hafa engin rök komið af viti með þessu.

Í fyrsta lagi taldi hann mjög ósmekklegt af minni hendi að minnast á atburð á knattspyrnuvelli og ég gat ekki annað skilið en hann fullyrti að ekki leikmenn heldur áhorfendur hefðu þar allir verið ódrukknir. Ég gat ekki skilið á annan veg. Að mínu viti gerast þau undur almennt ekki að svo stór hópur komi saman að þar sé enginn undir áhrifum. Mér hafði verið sagt frá þessum atburðum á annan veg. Nú er þetta þó nokkuð langt í tíma og rúmi frá okkur og ég ætla ekki að gera þetta að aðalatriði þessa máls. Hins vegar finnst mér það merkilegra en allt annað, sem hér hefur komið fram, þegar menn standa upp og vilja halda því fram að við fáum aldrei nein svör við þessu nema reyna þetta. Eini möguleikinn til að fá svör við því hvað muni gerast sé að prófa þetta. Þetta má vera merkileg þjóð á marga vegu. En við skulum gera hér örlitla skoðanakönnun.

Það var varpað kjarnorkusprengju á sínum tíma á Hírósíma og afleiðingarnar voru ægilegar. Efar það nokkur að geislavirkni verki eins á Íslendinga og Japani? Er nokkur hér inni sem efar að geislavirkni verki eins á Íslendinga og Japani? Það er ekki einu sinni nein athugasemd úr hornstólnum, sem er

skiljanlegt því þar er enginn staddur eins og er, og aðrir hugleiða málið.

Við getum tekið fleira fyrir og spurt: Verkar það öðruvísi? Verka reykingarnar eitthvað öðruvísi á Íslendinga en aðrar þjóðir? Ekki er það komið fram. Við erum nú einu sinni komnir frá Norðurlöndum og Írlandi að ætt og uppruna. Hvaða breyting skyldi hafa orðið á þessum kynstofni í þessu landi á þessu tímabili sem gerir það að verkum að ekki sé sennilegt að við munum bregðast svipað við og þessar þjóðir? Engu að síður er blákalt sagt við okkur að það sé raunverulega ekki hægt að öðlast þessa reynslu. Auðvitað er óbeint verið að segja við þá menn sem eru ekki neytendur víns: Þetta er hlutur sem þið getið ekkert talað um. Þið hafið aldrei drukkið ykkur fulla. Það er alveg eins hægt að segja við mig: Þú veist ekkert um saltsýru. Ég hef aldrei drukkið hana.

Þessi rök ganga ekki upp. Það blasir við að allt skólakerfið byggir á því að reyna að yfirfæra reynslu ákveðinna manna og þekkingu yfir til æskunnar til þess að hún þurfi ekki öll að upplifa þessi reynsluskeið. Hitt er út af fyrir sig hárrétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að það er ekki samræmi í því að banna sölu á bjór í áfengisverslunum landsins og leyfa innflutning með farþegum og með starfsmönnum hjá flugfélögum eða á millilandaskipum þó með takmörkunum sé. Það er ekki samræmi í þessu. Hins vegar þýðir honum alls ekki að snúa sér að þeim sem nú tala gegn og skamma þá prívat og persónulega fyrir að þetta samræmi er ekki. Það er málflutningur sem einfaldlega gengur ekki upp. Hann hefur ekkert fyrir sér í því að þessir menn vilji hafa þetta á þennan veg. Og það hefur komið hér fram að menn eru reiðubúnir að skoða það að breyta þessu.

Ég aftur á móti vil halda öðru fram, að jafnvel þó að við tækjum okkur til og segðum við farmenn: Þið megið þetta ekki, og einnig við áhafnir á flugvélum, þá yrðu til menn sem segðu: Það er ekkert samræmi í íslensku áfengislöggjöfinni. Þið leyfið sterka drykki, en þið leyfið ekki veika. Þessi málflutningur um skort á samræmi hefur dunið á mönnum svo lengi sem þessi umræða hefur staðið og hann mun endalaust dynja á mönnum. Það er alltaf hægt að koma hér upp. Það seinasta var að draga upp konfektmola og segja: Í þessum konfektmola er koníak. Ég ætla ekki að rengja það.

Spurningin er: Hefur einhver af þeim sem hafa talað á móti þessu frv. haldið því fram að þessir gagnrýnisþættir, sem 5. þm. Vesturl. vakti athygli á, séu til fyrirmyndar og þannig eigi þetta að vera? Ég veit ekki til þess. Hann segir að það verði þá að efla löggæsluna og lögregluna. Hvað hyggur hann að það þurfi að efla löggæslu mikið á Íslandi til að koma í veg fyrir að það verði aldrei framið morð í landinu? Hefur hann hugleitt þetta? Hvað hyggur hann að það þurfi að efla hana mikið til að það verði aldrei smyglað flösku af víni inn í landið? Hefur hann hugleitt þetta? Sennilega mundi það ekki duga til, það er alvarlegast af því öllu, þó að við settum allt liðið í þetta. Nei, þessi rök halda ekki heldur, því miður.

En hann fór að einu leyti snilldarlega í þessa yfirferð sína því að hann afgreiddi með einni setningu allt það lið sem menn hafa verið að kalla hér fram og talið að mest væri mark takandi á, þ.e. læknana. Hann orðaði þetta eitthvað á þann veg að þeir yrðu að sjálfsögðu að koma með þessar tillögur. Þetta væri nánast hluti af þeirra starfi, embættisleg skylda nánast að taka svona á málinu. (**Forseti:** Ég vil geta þess í sambandi við flm. þessa máls að þeir munu vera viknir úr húsinu og næst ekki til þeirra að sinni. Þar sem enn eru tveir á mælendaskrá mun þessari umræðu verða frestað kl. 5, en að sjálfsögðu er ræðumanni heimilt að nota tímann þangað til hvort sem hann lýkur máli sínu eða ekki.)

Herra forseti. Ég ætla að halda áfram með það sem ég var með. Hann orðaði þetta á þann veg að það væri nánast skylda þeirra að gera grein fyrir því hverjar afleiðingarnar yrðu, þ.e. læknastéttarinnar. Ef við höfnum því að taka mark á áliti okkar lærðustu manna á þessu sviði, manna sem hafa meiri þekkingu en flm., margfalt meiri þekkingu en ég, ef við ætlum að hafna því að taka mark á þessum mönnum er mér spurn: Í smiðju til hvaða sérfræðinga gengu þessir menn? Var þetta andlegur innri innblástur sem kom yfir þá á stjörnubjartri vetrarnóttu eða hvaðan komu sérfræðingarnir sem sögðu þeim hið eina sanna, sögðu þeim sannleikann, hvað væri rétt í þessu máli? Hvaðan eru upplýsingarnar komnar? (Gripið fram í.) Ég tel að það sé skylda flm. að upplýsa þá þingheim um hvaðan þeim komi sérfræðivitneskjan ef þeir vita svo miklu betur en allir þeir sem eru álitnir sérfræðingar á þessu sviði.

Herra forseti. Ég var búinn að varpa fram mjög mörgum spurningum til 2. flm. þessa máls og vænti þess að hann svari þeim og ég ætlast til þess að því verði komið til skila til hv. 17. þm. Reykv. að það eru almennar venjur í þingsölum að menn svari athugasemdum við frv. þegar þeir eru flm. að þeim og athugasemdir koma fram.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

19. fundur, miðvikudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 16. nóv. 1987:

„Ásmundur Stefánsson, 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna get ekki setið lengur á þingi í fjarveru Svavars Gestssonar, 7. þm. Reykv., leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Álfheiður Ingadóttir blaðamaður, taki sæti á Alþingi í minn stað.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Guðrún Agnarsdóttir,
forseti Ed.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Álfheiðar Ingadóttur. Það þarf athugunar við og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir bréf frá Ásmundi Stefánssyni, 1. varamanni Alþb. í Reykjavík, þar sem hann skýrir frá því að vegna anna þurfi hann að hverfa af þingi og óskar eftir því að 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Álfheiður Ingadóttir, taki sæti á Alþingi í hans stað. Þá hefur kjörbréfanefnd farið yfir kjörbréf Álfheiðar Ingadóttur, 2. varamanns Alþb. í Reykjavík, og sér ekkert athugavert við það og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Álfheiðar Ingadóttur samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Álfheiður Ingadóttir, 7. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Álfheiður Ingadóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

11. fundur, miðvikudaginn 18. nóv.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Dagvistun barna á forskólaaldri, frh. 1. umr.

Frv. ÁsS, 106. mál. — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 18. nóv.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. HG og GHelg, 75. mál (fulltrúar í opinberum nefndum). — Þskj. 78.

Lára V. Júlíusdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Flm. leggja til breytingu á 12. gr. laganna í þá veru að í nefndum, stjórnum og ráðum, sem skipuð eru beint af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja, skuli ekki vera færri en 40% af hvoru kyni. Gildi það bæði um aðalmenn og varamenn.

Þegar ég tók til máls í fyrra skiptið um þessa tillögu taldi ég að sú leið sem hér er lögð til væri ekki sú heppilegasta þrátt fyrir að ég telji að nauðsynlegt sé að tryggja réttindi kvenna með lögum og nauðsynlegt sé með löggjöf að styrkja sókn kvenna og þá tel ég að sókn þeirra í nefndir, stjórnir og ráð sé hvað mikilvægust.

Flm., hv. 2. þm. Austurl., taldi að í ræðu minni hefði ég lagt oftrú á framkvæmdarvaldið og teldi að breytingar á lögum væri ekki þörf og ég teldi ekki nauðsyn á skýrari fyrirmælum í lögum. Ég tel að í máli mínu hafi ég gert grein fyrir afstöðu minni. Hún er sú í fyrsta lagi að ég tel að það eigi að láta á það reyna að 3. gr. jafnréttislaga, þar sem kveður á um heimild til tímabundinna aðgerða í þágu kvenna, verði útfærð frekar til að tryggja jafnan rétt karla og kvenna og í öðru lagi verði athugað að gerði verði breyting á 12. gr. jafnréttislaga í þá veru sem gert hefur verið í Danmörku og rætt var á sínum tíma þegar jafnréttislög voru hér til umræðu fyrir tveimur árum, þ.e. að sú leið yrði farin að þegar beðið sé um tilnefningu í stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli nefna karl og konu. Sé það ekki gert skuli veita Jafnréttisráði skriflega, rökstudda grg. um ástæður þess. Þessi leið, eins og ég sagði, var farin í Danmörku fyrir tveimur árum og hefur skilað þar býsna góðum árangri. Þarna er ekki verið að þvinga fram einhvers konar kvóta með ákveðinni prósentu heldur gerð tilraun til að vekja athygli á frambærilegum konum í nefndir. Ég tel að þetta sé leið sem við ættum að íhuga hér. Það er verið að kanna möguleika á því að fara þessa leið í félmrn. þessar vikurnar.

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hvert skref sem stigið er á hinu háa Alþingi í átt til aukins jafnréttis karla og kvenna er þýðingarmikið fyrir okkar litla þjóðfélag. Íslendingar eiga að sýna sem víðast í verki að þeir gangi á undan í jafnréttismálum. Þetta á að eiga við á öllum sviðum þjóðfélags okkar, ekki síst í atvinnulífinu og ekki síður við skipan nefnda og stjórna opinberra aðila.

Leiðir að marki jafnréttis eru hins vegar margar og misgreiðfærar og menn eru ekki á eitt sáttir hvaða leiðir á að fara. Það frv. sem hér er á dagskrá ber vott um meira kapp en forsjá og jafnvel vantrú á þann málstað sem mælt er fyrir. Engu að síður undirstrikar það vaxandi kröfur um jafnrétti. Með breyttum þjóðfélagsháttum, aukinni þjónustu á sviði dagvistunar og skólamála hafa konur sótt meira á vinnumarkaðinn og þá ekki síst í þjónustu og opinbera stjórnsýslu þar sem vöxtur hefur orðið hvað mestur í atvinnulífinu.

Frv. gerir ráð fyrir því að settur sé kvóti á kjör í nefndir, ráð og stjórnir. Kvótasetning í þessum efnum er óeðlileg og get ég ekki fallist á slíka lagasetningu. Ég tel hana ekki þjóna tilgangi jafnréttis og muni skapa meiri vanda en þann sem henni er ætlað að leysa. Kjör í nefndir og ráð á vegum sveitarfélaga, sem eiga að ná til verkefna ákveðinna svæða, valda oft vandkvæðum. Við kjör í slík ráð þarf að gæta margs konar jafnvægis sem ég tel ekki líklegt að Jafnréttisráð eigi hægt með að meta ef máli er skotið til þess svo sem frv. gerir ráð fyrir að gert sé.

Engu að síður er það skoðun mín og það vil ég ítreka að í fulltrúavali sem öðru á að gilda jafnrétti svo sem fært er, en jafnrétti næst ekki með því einu að tryggja ákveðna skiptingu kynjanna sem hér er gert ráð fyrir. Það sem gildir er uppeldi á heimilum og í skólum, uppeldi sem virðir rétt beggja kynja og kveður niður fordóma og forneskju í verkaskiptingu kynjanna og starfsvali. Í því bæjarfélagi sem ég þekki best til í hefur ekki þurft kvóta til þess að konur næðu því að verða í meiri hluta í bæjarráði og í forustu í atvinnulífinu á staðnum.

En í þessum málum sem öðrum vinnur tíminn með okkur og með virku og jákvæðu starfi Jafnréttisráðs má ná árangri við það að rétta hlut kvenna fremur en með lagasetningu svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ljóst að ég hef misskilið hv. þm. Láru V. Júlíusdóttur, hennar orð við fyrri umræðu. Ég tók þannig eftir að hún væri ekki að mæla með breytingu á lögum, en það hefur komið enn skýrar fram í hennar máli að hún telur þörf á því til að styðja við breytingar til bóta varðandi stöðu kvenna í nefndum og ráðum. Ég held að það sé í öllu falli ekki okkar á milli neinn ágreiningur um markmið og eins og ég sagði í framsögu fyrir þessu máli er sjálfsagt að leita þeirra leiða sem vænlegastar þykja og ég sem annar flm. þessa máls er fyllilega reiðubúinn að hlusta á önnur sjónarmið. Aðalatriðið er að sem fyrst verði breyting til bóta í þessum efnum.

Það má vera að sá árangur sem náðst hefur í Danmörku með þeirri reglu sem hv. þm. nefndi í sínu máli geti skilað sér. Ég tel hins vegar að við höfum ekki langan tíma til að tryggja þarna umtalsverðar breytingar og þess vegna er frv. sniðið með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Ég vil líka vegna orða hv. þm. Láru V. Júlíusdóttur nefna að ég tel að það verði engin vandkvæði á að manna þær nefndir með þessu hlutfalli sem þarna um ræðir. Hæfar konur eru að sjálfsögðu jafnmargar og karlar til þess að skipa þar sæti. Um það getur varla verið ágreiningur.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Fagna ber því að umræða á borð við þá sem hér fer fram um jafnrétti kvenna og karla í íslensku samfélagi er í gangi og mun án efa vekja ýmsa hlutaðeigandi til umhugsunar um að hlutur kvenna, m.a. við ýmsar stöðuveitingar, virðist fyrir borð borinn. Nægir í því efni að minna á nýlega könnun Jafnréttisráðs sem leiddi í ljós hversu lítinn hlut konur áttu í stjórn þjóðfélagsins þrátt fyrir að þær eru helmingur þegnanna og hafa menntun og starfsreynslu í ríkum mæli á flestum sviðum atvinnulífsins.

Ég verð þó að benda hv. flm. frv. á að varhugavert getur verið að binda með lögum tiltekið hlutfall kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, enda þótt með því sé fyrirhugað að raungera þá hugsun sem býr að baki jafnréttislögunum svokölluðu, sbr. 1. gr. þeirra laga, en þessi lög voru samþykkt á hinu háa Alþingi 19. júní 1985 og hlutu staðfestingu þann 28. júní sama ár. Sú tiltekna lagagrein er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum."

Um leiðir til þess að ná þessu markmiði er kveðið á í 2. gr. sömu laga:

„Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar."

Í 3. gr. laganna er tekið fram að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil og jafnframt að sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem miði að því að ná settu marki, gangi ekki gegn lögunum.

Á það er vert að minna að jafnréttislögunum, sem nú hafa verið í gildi í rúm tvö ár, var ætlaður reynslutími til fimm ára því í 23. gr. laganna er tekið fram að þau skuli endurskoða að þeim tíma liðnum. Hefur þá væntanlega verið haft í huga að þá hafi verið leitað allra tiltækra leiða innan ramma laganna til að stuðla að jöfnum rétti kvenna og karla. Lögin hafa því aðeins verið í gildi í rúm tvö ár.

Stjórnvöld hafa það í hendi sér við stöðuveitingar á þeirra vegum, ef bæði kynin sækja um stöðu og

teljast jafnhæf, að veita konu frekar en karli stöðuna til að jafna metin á milli kynjanna og stuðla að því að markmið ofangreindra laga náist. Geta má hér um þá verklagsreglu sem vel hefur gefist til að ná árangri að þessu leyti hjá nágrannaþjóðum. Sú regla felst í því að þegar tilnefna skal í stjórn, nefnd eða ráð á vegum hins opinbera er tilnefnd tvöföld sú tala manna sem skipa á, jafnmargar konur og karlar, og síðan er valið úr þeim hópi. Þessi vinnuregla hefur notið vaxandi vinsælda þar sem hún hefur verið viðhöfð því jafnt og þétt eykst sá fjöldi kvenna sem fer til forustustarfa og kynin njóta þar jafnréttis á grundvelli hæfni og þekkingar.

Það getur hins vegar verið varhugavert að lögbinda tiltekinn fjölda kvenna eða karla því að sú staða getur komið upp að ekki séu fyrir hendi hæfir einstaklingar af öðru hvoru kyni þegar tilnefning fer fram. Það gildir jafnt um karla sem konur og getur m.a. ráðist af því hversu kynin hafa raðað sér ólíkt á menntunar- og starfsbrautir.

Í 2. mgr. frv. segir: „Í nefndum, stjórnum og ráðum, sem skipuð eru beint af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja, skulu ekki vera færri en 40% af hvoru kyni."

Það verður að skoðast lítillækkandi hvort sem karl eða kona á í hlut að öðlast stöðu eða annan frama á sviði þjóðfélagsins út á það eitt að vera af tilteknu kyni. En á sama hátt er það lítillækkandi að vera hafnað af þeirri ástæðu.

Til að ná sem fyllstum jöfnuði kvenna og karla og veita kynjunum tækifæri til að endurnýja og umskapa samfélagið í krafti mismunandi reynslu og stuðla að því að forustusveit þjóðfélagsins endurspegli gerð þess er auðvitað fyrsta skilyrðið til þess að svo megi verða að veita þegnunum jöfn tækifæri til athafna á grundvelli hæfni og verðleika. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða á borð við að lögbinda tiltekinn fjölda af hvoru kyni hlýtur að vera skynsamlegt að leita leiða sem geta skilað svipuðum árangri en hlíta betur lögmálum um persónufrelsi manna. Þetta tel ég ekki fullreynt.

Á hinn bóginn má ekki gleyma því að ef ráðamenn þjóðarinnar sýna ekki vilja til að fullnusta markmið jafnréttislaganna og koma á raunverulegu jafnrétti kvenna og karla í íslensku þjóðfélagi nútímans er hugsanlegt að lagabreyting sem þessi verði talin réttlætanleg og þá sem tímabundin aðgerð til að jafna metin.

Ég legg enn á það áherslu að fagna ber því tilefni sem hér hefur gefist til að ræða jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla og hvað líði framkvæmd laga um þau efni. Hér er stórt mál á ferðinni sem snertir kviku þjóðlífsins. Þróun á sviði stjórnmála hér á landi undanfarin ár færir Íslendingum heim sanninn um að við svo búið má ekki standa. Það getur varla talist heppileg né eðlileg þróun þegar fólk skipar sér í stjórnmálaflokk eftir kyni.

Jafnréttisráð, sem starfar á grundvelli jafnréttislaganna, stendur að markverðum könnunum og athugasemdum í krafti þeirra laga. Því miður sýna þessar kannanir að of hægt hefur miðað í ýmsum jafnréttismálum þrátt fyrir að konur hafa sótt fram á ýmsum sviðum þjóðlífsins. M.a. hafa fleiri konur en karlar lokið stúdentsprófi á síðustu árum.

Það er nú stjórnvöldum í sjálfsvald sett að þau sýni vilja til að fara að þeim lögum sem hið háa Alþingi hefur samþykkt og viljinn má ekki einungis felast í orðum heldur einnig í athöfnum.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum minna á það, sem sagan sýnir, að þegar saman fer jafnrétti manna og umbun til þeirra sem fá notið hæfileika sinna og atorku miðar þjóðfélaginu sem heild hraðast fram á veg.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þetta frv. er eitt mesta vantraust á íslenska þjóð sem ég hef séð. Það er vantraust á þjóð sem hefur kosið sér forseta sem er kona. Það er vantraust á sveitarstjórnir út um allt land. Það er vantraust á nefndir og ráð. Nema þá hugsunin sé þveröfug og að hv. 1. flm. hafi horft á það með slíkri skelfingu að konum fjölgaði í nefndum og ráðum að hann hafi hugsað sér sem hershöfðingi að verjast við 40%.

Átta menn sig ekki á því hvílík forsjárhyggja liggur í þessu? Skilja menn ekki hvílíkur sjálfsrembingsháttur er á bak við þá hugsun að ætla að fara að segja öðrum fyrir verkum eða hafa menn ekkert áttað sig á því hvaða þróun er að eiga sér stað í íslensku samfélagi? Sem betur fer þróast hér allt í átt til jafnréttis milli kynja og aðalatriðið í þeim efnum er hvað gerist í íslenska skólakerfinu. Svo einfalt er það.

Á þeim tíma þegar miklu færri konur fóru til mennta var hlutur þeirra miklu minni í valdakerfi landsins. Núna er svo að það stunda fleiri konur nám í menntaskólum en karlar. Á fyrsta ári í Háskólanum eru fleiri konur við nám en karlar. Ég fæ ekki betur séð en sú eðlilega þróun muni gerast að um leið og þeim fjölgar í ýmsum þeim stéttum sem hafa krafist mikillar menntunar muni allt útlit vera fyrir að án þess að á niðurlægjandi hátt geti einhver staðið hér upp, barið sér á brjóst og sagt: Það er mér að þakka að það eru konur komnar í svona margar nefndir og svona mörg ráð, þá gerist þetta af sjálfu sér.

Ég verð að segja eins og er að mig undrar sú forsjárhyggja að ætla að hafa vit fyrir öllum öðrum í þessum efnum eins og hér birtist. Auðvitað hlýtur annaðhvort að vera frjáls kosningarréttur í þessu landi og frjáls ákvörðun þeirra sem kjöri ná til að stjórna eða að menn eru með þessu móti að leggja til að hann skuli bundinn eftir ákveðnum formúlum og það alvitlausasta sem mönnum gæti dottið í hug væri að binda hann eftir prósentum.

Ég verð að segja eins og er að það er margt sem menn vilja vinna sér til frægðar til að geta auglýst sín afrek í blöðum og annars staðar og þetta er ágætt dæmi um sjálfbirgingsháttinn í þá áttina að vilja með einhverju móti gerast senuþjófur í þeirri þróun sem

er að eiga sér stað, auglýsa sjálfa sig sem einhverja sérstaka postula í jafnréttismálum þrátt fyrir að enginn maður hafi orðið var við að svo sé í raun og veru.

Ég er hissa á því að menn flytji svona frv. og lýsi með því vantrausti á Íslendinga eins og hér er verið að gera. E.t.v. er svo langt á milli þeirrar hugsunar sem ætlar mönnum, ef þeir eru kjörnir til einhverra starfa, að þeir eigi að starfa eftir eigin dómgreind og þeirrar hugsunar sem ætlar mönnum að hafa skriflegan leiðarvísi laga yfir sér til eftirlits í ákvarðanatöku. Kannski er svo langt á milli að ég get ekki skynjað hvað býr á bak við jafnfáránlegan tillöguflutning.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef ekki rétt nema til örstuttrar athugasemdar þar sem ég hef talað þrisvar við umræðuna, en ég þakka fyrir að fá orðið. Ég vil aðeins segja það vegna þeirrar ræðu sem hér var flutt áðan að það hlýtur að vera mjög verðmætt fyrir Alþingi og reyndar þjóðina að lýst sé inn í þann hugarheim sem birtist í orðum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. GGÞ, 41. mál (undanþágur). — Þskj. 41.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þinginu á 41. þskj. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Þó að mál þetta láti ekki mikið yfir sér á þskj. er hér um að ræða nokkuð viðamikið og stórt mál.

1. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 hljóðar svo:

„Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það sem undanþegið er í 6. og 7. gr."

Það er ljóst að á undanförnum árum hafa fjármálaráðherrar mjög gripið til þessarar heimildargreinar og hæstv. núverandi fjmrh. gerði þetta atriði að umræðuefni fyrir nokkrum árum á Alþingi, reyndar undir öðrum formerkjum og úr annarri átt. Í svörum við fsp. sem hann lagði fram á Alþingi þá kom fram að á árunum 1974–1985 hefði þessi heimild verið notuð um 23 sinnum. Ég hygg að óhætt sé að segja að þessi heimild hafi verið notuð mörgum tugum skipta, ég hef flett því í gegn, ég hef ekki lagt það á mig að telja það saman eða rannsaka sérstaklega, enda er frv. ekki flutt hér til að höggva að einstökum ráðherrum eða embættisverkum þeirra heldur miklu fremur sem stefnumarkandi atriði.

Ég held að það sé alveg ljóst í fyrsta lagi að það sem segir í lagagreininni, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sé ákaflega erfitt matsatriði. Túlkun á þessum orðum getur orðið nokkuð persónubundin. Flm. telur að þessi heimild hafi verið notuð frjálslega á undanförnum árum og mikið. Með því er ég ekki að segja í rauninni að margar þær undanþágur sem gerðar hafa verið hafi ekki átt rétt á sér. Það hafa þær átt margar hverjar þó að sumar orki nokkuð tvímælis.

Það sem hér er um að ræða er ekki hvað síst það sem oft hefur verið í umræðunni áður, valdaframsal Alþingis til ráðherra eða ríkisstjórnar. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir alveg skýrt:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum."

Mér virðist því að ljóst sé af túlkun stjórnarskrárinnar að þessi heimild laganna stangist á við stjórnarskrána.

Það má í rauninni segja að eins og umræðan er nú ráðgerir ríkisstjórnin og hefur kynnt þær fyrirætlanir sínar að breyta lögum um söluskatt í upphafi næsta árs, þ.e. að undanþágur verði nánast afnumdar og sami söluskattur falli á alla vöru og þjónustu. Því hljóti einmitt þetta heimildarákvæði og framkvæmd laga við þá breytingu að koma til umræðu hér á Alþingi. Þess vegna er frv. sem hér er flutt að nokkru leyti eins konar forspil að þeirri breytingu sem þá verður gerð og af minni hálfu áréttingþess, ef svo kann að reynast að þessi lög sem slík eigi ekki langa lífdaga vegna slíkra breytinga, að ég tel óeðlilegt að Alþingi framselji á þennan hátt rétt sem stjórnarskráin beinlínis uppáleggur Alþingi að fara með.

Rétt er í þessu sambandi að benda á að sjálfsagt er það svo í mörgum lögum og mörgum lagagreinum að Alþingi hefur framselt valdsvið sitt til ríkisstjórnar og ráðherra þó að ekki sé ég viss um í hve mörgum tilvikum það má beinlínis túlka sem brot á ákvæðum stjórnarskrár. En ég bendi á sérstaklega í þessu sambandi að þessi heimild hefur verið skilin þannig og framkvæmd þannig að í þeim tilvikum sem ráðherra hefur fellt niður söluskatt hafi hann einnig heimild til að leggja á á ný. Þannig hefur ráðherra samkvæmt þessari lagagrein heimild til að breyta sköttum, taka þá af og leggja á.

Frv. sem hér er flutt tekur á engan hátt til laganna um sérstakan söluskatt sem var lagður á með bráðabirgðalögum, 10% söluskattinn. Um hann fjalla sérstök lög. Hér er eingöngu um að ræða breytingu á lögum nr. 10/1960 um hinn almenna söluskatt. En í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á að þau bráðabirgðalög sem þá voru sett og fjalla um sérstakan söluskatt heimila fjmrh. að leggja þennan sérstaka 10% söluskatt á vöru og þjónustu með ýmsum hætti án þess að ég reki það

sérstaklega hér, en í 12. gr. þeirra laga er málið síðan meðhöndlað á þann hátt að þar segir, með leyfi forseta: „Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sérstakan söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum“ o.s.frv.

Nú kann að vera að mönnum komi spánskt fyrir sjónir að ég gagnrýni hér að fjmrh. skuli heimilt að fella niður sérstakan söluskatt af þessum vörum, en hundurinn liggur grafinn þar að fjmrh. er heimilt að leggja söluskatt á það sem hann hefur fellt af. Því er það svo að samkvæmt þessum sérstaka söluskatti og reyndar samkvæmt söluskattslögunum sjálfum er fjmrh. heimilt að leggja söluskatt á matvæli án þess að það komi fyrir þingið. Ég tel að hér sé um að ræða allt of viðamikla heimild, allt of mikið inngrip í líf alþýðu manna, allt of áhrifamikla skattlagningu til þess að einn ráðherra geti farið með slíkt vald án þess að leggja það fyrir þingið. Því tel ég að í bráðabirgðalögunum um sérstakan söluskatt hefði verið eðlilegra, og þau eiga eftir að koma hér til umfjöllunar á þinginu, að þessar vörur væru beinlínis undanþegnar með lögum, talið upp hvar söluskatturinn kæmi ekki á þær matvörur sem þarna er um að ræða og ef ríkisstjórn eða ráðherra af einhverjum ástæðum vildi síðar leggja þennan söluskatt á yrði hann að sækja það til þingsins. En samkvæmt bráðabirgðalögunum eins og þau liggja fyrir virðist mér augljóst að fjmrh. geti lagt sérstakan söluskatt á matvæli án þess að hreyfa það í þinginu fari bráðabirgðalögin óbreytt í gegn eins og þau liggja fyrir vegna þess að þau eru í rauninni sérstakur söluskattur á allar þessar vörur með heimild til að fella hann af matvörum sem samkvæmt þeirri túlkun sem mér virðist vera fyrir hendi heimilar fjmrh. aftur að leggja söluskattinn á.

Ég tel lagasetningu með þessu marki mjög umhendis. Ég skal fúslega fyrstur manna játa að til að gera stjórnsýslu ekki of þunga í vöfum verður framkvæmdarvaldið að hafa nokkurt vald og nokkur áhrif og nokkra möguleika til að stjórna landinu, en hér er um að ræða allt of víðtækar heimildir og ég vek athygli alþm. á því að lagasetning er um of farin að gerast á þann hátt að ráðherrar hafa í rauninni heimildir til að leggja á skatta eða taka af, kannski eftir eigin geðþótta, og enn ítreka ég að ég er ekki að höggva að einstökum ráðherrum í þessu sambandi heldur er ég sérstaklega að gera að umræðuefni vinnubrögð þingsins varðandi lagasetninguna almennt og í rauninni spurninguna um heimild þingsins til að framselja vald í þessum mæli jafnvel þvert á stjórnarskrána.

Ég lít svo á að þær heimildir sem samþykktar hafa verið á hverju ári í 6. gr. fjárlaga séu nokkuð sérstaks eðlis. Venjulega eru það heimildir sem fjmrh. aflar sér með ákveðnum hætti og eiga við í ákveðnum málum og er þá þess vegna fjallað um í þinginu sjálfu og alþm. samþykkja að heimildir séu veittar í ákveðnum tilvikum eða ákveðnum málum. Slík heimild getur í mörgum tilvikum jafnast á við lagasetningu. Ég tel að ef frv. verður að lögum beri að líta svo á að þær undanþáguheimildir sem hingað til hafa verið veittar séu í gildi samkvæmt lögum. Þær eru veittar samkvæmt heimildum í lögum og eru því lögmæt aðgerð og eru þess vegna áfram í lögum og í gildi. Hins vegar yrðu breytingar sem menn vildu gera á söluskatti eftir að þetta frv. yrði að lögum að fara fyrir þingið.

Ég vona, herra forseti, að mér hafi tekist í stuttu máli að gera grein fyrir aðalatriðum þessa máls. Ég ítreka það að þó að frv. sé ekki stórt í sniðum er málið glettilega viðamikið ef á það er litið úr hinum ýmsu áttum. Mér virðist að flutningur frv. sé mjög í samræmi við málflutning hæstv. fjmrh. á undanförnum missirum og árum. Kæmi mér því á óvart ef hann teldi ekki að einmitt breyting í þessa átt væri í anda þess sem hann hefur talað fyrir á undanförnum árum. Væri gott ef við gætum náð að verða sammála um þetta atriði.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Með þessu frv. til laga er lagt til að 1. málsgr. 20. gr. söluskattslaganna falli brott. Það er meginmál frv.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að það er margyfirlýst og ítrekuð stefna núverandi ríkisstjórnar að beita sér fyrir breytingum á söluskattslögunum. Þær breytingar hníga allar í sömu átt, að fækka undanþágum frá söluskatti og breikka skattstofninn og breyta því næst söluskattsálagningarprósentum. Þetta kemur berlega fram í grg. með frv. til fjárlaga þar sem m.a. er lagt til að heimild til fjmrh. samkvæmt svokallaðri 6. gr., um að fella niður í ýmsum tilvikum söluskatt og reyndar einnig aðflutningsgjöld og tolla af hinum og þessum tilteknum verkefnum, verði felld niður, þannig að heimild til fjmrh. verði ekki í fjárlögum af þessu tilefni, heldur verði slíkar sérstakar undanþágur skilgreindar og færðar inn í lagatextann sjálfan. Ekki fer því milli mála að flm. þessa frv., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, virðist vera á sömu skoðun og hafa sömu afstöðu og ríkisstjórnin hefur yfir lýst og stefnir að. Um það út af fyrir sig er ekki ágreiningur. Spurningin er hins vegar sú hvaða afleiðingar það hefði ef þetta frv., eins og það er hér lagt fram, næði fram að ganga sem lög.

Það er ástæða til fróðleiks að rifja upp fyrir hv. þm. hvaða helstu undanþágur frá söluskatti eiga rætur sínar að rekja til nefndrar 20. gr. laga. Ég nefni hér nokkra vöruflokka og tek það fram að þeir eru alls ekki tæmandi:

1. Heitt vatn,
2. auglýsingatekjur blaða og tímarita,
3. fólksflutningar,
4. skóla- og námskeiðagjöld,
5. afnotagjöld útvarps og sjónvarps,
6. sala happdrættismiða,
7. heimtaugagjöld,
8. vélavinna við ræktunarframkvæmdir o.fl.,
9. sala veitingahúsa á hráefni til matargerðar,

10. sala verðbréfa,
11. svartolía og gasolía, svo og kol og koks til iðnaðarframleiðslu,
12. vélar og tæki til notkunar í fiskvinnsluhúsum,
13. frystivélar og annar vélbúnaður fyrir frystihús,
14. allar helstu vélar og tæki til notkunar í hefðbundnum landbúnaði,
15. björgunar- og öryggisnet,
16. viðgerðir á veiðarfærum,
17. upp- og útskipunargjöld,
18. rafmagn til hitunar húsa og laugarvatns,
19. aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, sundstöðum, gufubaðstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstöðvum, kappreiðum og góðhestakeppni,
20. skipa- og loftfaraleiga,
21. prentun dagblaða og hliðstæðra blaða,
22. hafna-, vita- og lendingargjöld,
23. iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna millilandaflutninga, slysatryggingum og mörgum öðrum tryggingum,
24. vélbinding heys,
25. leiga skýrsluvéla,
26. aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrum,
27. aðgangseyrir að íslenskum kvikmyndum og útisamkomum.

Ég endurtek: Þessi listi er ekki tæmandi. En hér er um að ræða kannski veigamestu undanþágurnar sem eiga stoð í nefndri 20. gr. sem frv. gerir ráð fyrir að verði nú felld niður. Þá er spurningin sú: Hvaða afleiðingar hefði það ef þessi grein væri felld niður? Það er skoðun flm. að eftir sem áður stæðu þær undanþágur sem veittar höfðu verið með stoð í 20. gr. en um það eru menn engan veginn sammála. Það er t.d. mat lögfræðinga fjmrn. að um þetta geti orðið mikil óvissa verði umrædd heimild í 1. málsgr. 20. gr. felld niður. Þá skapist mikil óvissa um gildi þeirra undanþága sem sækja stoð sína til þessa ákvæðis. Reyndar er það mat lögfræðings fjmrn. að líklegast sé að umræddar undanþágur verði taldar úr gildi fallnar vegna skorts á lagastoð. Það er einnig mat þeirra lögfræðinga að hugleiðing í grg. í þá veru að þær skuli halda gildi sínu geti ekki talist næg í því efni. Það eitt að menn velkist í vafa um skattskyldu í þessum efnum, verði frv. að lögum, er þess eðlis að ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til þess að mæla með því að frv. nái fram að ganga, ekki vegna þess að ég sé ósammála röksemdum flm., um það virðumst við vera algjörlega sammála, heldur vegna mats á því hvað við tæki, tæknilega séð, ef reynt yrði að leysa málið með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Að mati lögfræðinga fjmrn. verður umrætt heimildarákvæði ekki afnumið nema Alþingi taki um leið í formi eiginlegrar löggjafar afstöðu til þess hvað af þeim undanþágum, sem hér um ræðir, skuli halda gildi sínu.

Þá er þess auðvitað að geta að eins og boðað hefur verið hefur frá því í ágústmánuði sl. verið lögð mikil vinna í það af hálfu fjmrn. að undirbúa ný söluskattslög. Og þar er þessum spurningum rækilega svarað. Það verða gerðar tillögur um það hvað af þessum upptöldu undanþágum skv. 20. gr. skuli vera áfram í lagatextanum með lagaheimildum til undanþága. En að því er stefnt að afnema með öllu allar heimildir fjmrh. til ákvörðunar um slíkt. Að vísu mun það vera svo að fjmrh. mun yfirleitt ekki hafa tekið slíkar ákvarðanir upp á eindæmi, heldur verður það að skoðast á ábyrgð ríkisstjórnar yfirleitt og þá gjarnan rætt í ríkisstjórn og þingflokkum viðkomandi stjórnarmeirihluta.

Sérstök ástæða er til að taka það fram að matvælaundanþágan í 25%-söluskatti á ekki rætur að rekja til 20. gr. laganna. Hún sækir lagastoð sína í 6. gr. laga nr. 121 frá 1971, um kjaramál, sem kveður á um heimild fjmrh. til að fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum og drykkjarvöruflokkum. Sama er að segja, eins og fram kom í máli flm., um 10% sérstakan söluskatt. Þar er um að ræða sérstök lög sem eru óháð lögum nr. 10/1960 um söluskatt. Samkvæmt þeim eru öll matvæli sem undanþegin eru 25%-söluskattinum skattskyld. Ráðherra getur hins vegar á sama hátt og samkvæmt lögum um kjaramál, þ.e. gildandi lögum, undanþegið tilteknar matvörur skattinum ef hann telur þörf á, en afnám 1. mgr. 20. gr. söluskattslaga hefur engin áhrif til eða frá á skattskyldu eða skattfrelsi matvæla.

Herra forseti. Það er ljóst að að því er varðar yfirlýst markmið gengur umrætt frv. mjög í sömu átt og stefna ríkisstjórnarinnar að því er varðar endurskoðun á söluskattslögum. Flm. og sá sem hér stendur eru einnig sammála um það að að því beri að stefna að afnema sérstakar heimildir til ráðherra til veitingar á undanþágum í þessum lögum, skattalögum, sem og virðast menn vera sammála um það að sú almenna regla eigi að gilda að ef Alþingi vill viðhalda einhverjum sérstökum undanþágum eigi að finna því stað í viðeigandi lögum. Að þessu er nú unnið. Það er ekki langt í það að þetta frv. verði lagt fyrir Alþingi sem stjfrv. Meginatriði þess hafa verið kynnt nú þegar í ríkisstjórn og þau koma til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna mjög fljótlega.

Meðan sú óvissa ríkir sem ég hef nú lýst um hvað af mundi hljótast ef þessari aðferð yrði beitt, þ.e. það yrði einfaldlega samþykkt að fella niður 1. mgr. 20. gr. laganna án þess að í staðinn komi ný lög þar sem Alþingi lýsir vilja sínum í því efni hvað af undanþágunum eigi að vera áfram í lögum, treysti ég mér ekki að svo stöddu til þess að mæla með því að þessari aðferð verði beitt.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir hans jákvæðu undirtektir. Ég sé að við erum út af fyrir sig sammála í þessu máli. Það er alveg rétt sem hann segir og við skiljum það báðir þannig að stefna

núverandi ríkisstjórnar sé að fækka undanþágum og þar af leiðandi stefnir þetta kannski að vissu leyti í sömu átt. Mér fannst af upptalningu fjmrh. á þeim málaflokkum þar sem þessari heimild hefði verið beitt að menn hlytu að sjá að þarna er um auðugan garð að gresja. Þessar heimildir hafa verið notaðar mjög víðtækt og það hlýtur enn á ný að vekja upp spurninguna um túlkunina, að þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi geti ráðherra beitt þessari heimild. Ég held að upptalningin á því sem hann kallaði veigamestu undanþágurnar sýni að þessi lagagrein er of víðtæk til þess að Alþingi geti sætt sig við hana. Um þetta finnst mér kannski að við fjmrh. séum sammála.

Hann flytur hins vegar þau boð inn í þingið að lögfræðilegir ráðunautar hans telji að nokkur vandkvæði séu á málinu vegna þess að ef heimildin sé felld úr lögum kunni svo að vera að söluskattur komi aftur á allar þær vörur og þjónustu sem heimildin hefur verið notuð til að fella söluskattinn af. Ég er í öllum grundvallaratriðum ósammála því. Ég held að það sé alveg ljóst í okkar landi að lög geta ekki orðið afturvirk á þann hátt. Það er alveg ljóst að Alþingi hefur samþykkt heimild til ráðherra á þennan hátt. Á því leikur enginn vafi. Sú lagaheimild hefur verið í lögum. Það er líka ljóst að ráðherrar ýmsir hafa notað þessa lagaheimild. Þeim hefur verið það fyllilega löglegt. Það hefur verið lögmæt stjórnarákvörðun sem þeir hafa tekið samkvæmt þessari heimild. Þess vegna hafa þær undanþágur sem hingað til hafa verið veittar verið lögmætar og hljóta að vera í gildi og í samræmi við þau lög sem voru í gildi þegar undanþágurnar voru veittar.

Ég get þess vegna alls ekki — og er reyndar leikmaður í lagatúlkun — fallist á að unnt væri að skilja það svo að þessar undanþágur féllu úr gildi. Þá værum við að tala um afturvirk lög vegna þess að undanþágurnar eru samkvæmt lögum sem í gildi eru. Út af fyrir sig eru ekki nein vandkvæði á þessu máli vegna þess að eins og fjmrh. veit hefur hann lista yfir alla þessa hluti sem ekki er söluskattur á og undanþágan hefur verið notuð til. Það er langtum einfaldara fyrir okkur hér á þinginu að fá það einfaldlega inn í lagagrein, ef það væri tekið inn í nefndarvinnu, en að leita að því í ýmsum ritum til að finna út í reglugerðum hvar þetta er og hvar ekki. Einfaldur listi yfir þetta gæti hreinlega komið með, felldur inn í söluskattslögin, og þar með væri heimildin úr sögunni sem slík. Ég ítreka það að ég er ekki sammála þessum skilningi lögfræðinganna, alls ekki. Og ég tel að úr þessu, ef menn vildu taka af tvímæli, væri þarna ekki um nein vandkvæði að ræða.

Enn á ný ítreka ég að það sem um er að ræða með flutningi frv. er út af fyrir sig ekki bara það sem frv. fjallar beint um, heldur tel ég alveg nauðsynlegt að sú skoðun mín komi hér fram á þinginu með flutningi þess að valdaframsal Alþingis til ríkisstjórnar og ráðherra hefur gengið of langt að undanförnu og ég tel alveg nauðsynlegt að Alþingi við lagasetningu í framtíðinni endurskoði þá afstöðu sína.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hér er frv. sem ég er ekki alveg viss um að sé eins mikil hreinsun og hv. flm., 10. þm. Reykv., lætur skína í. Ég hef ekki langa reynslu sem ráðherra í störfum, en hún er þó nægjanleg til þess að ég vil nota hana til að vara hv. alþm. við því að embætti ráðherra verði ekki það trúnaðarembætti sem það hefur verið að mínu mati, að sníða ráðherrum ekki það þröngan stakk í störfum að þeir geti ekki verið ráðherrar, þeir hafi ekki svigrúm til þess að láta sína persónu endurspeglast í sínum embættisverkum, að lagabókstafurinn geri viðkomandi ráðherra, hversu hæfir sem þeir eru eða hversu vanhæfir sem þeir eru, að sama tréhestinum, að hann hafi ekki svigrúm til að hreyfa sig. Mitt mat á þeim sem ráðleggja ráðherrum er að ráðherrar hafa yfirleitt mjög hæft, gott og samviskusamt fólk til að ráðleggja sér. Ef upp koma einhverjar þær aðstæður sem ráðherra metur sérstakar og kalla á afbrigðilegar afgreiðslur frá kannski daglegum störfum hafa þeir ráðgjafa sem þeir fara eftir. Það er mitt mat á þeim ráðherrum og því starfi sem ég hef kynnst í ráðherradómi.

Það eru margar þær aðstæður sem kalla á afbrigðilegar afgreiðslur hjá ráðherrum í öllum ráðuneytunum, það eru ekki bara í fjmrn. En það er kannski mest legið á fjmrn., ekki bara af fólki sem er í vanda og þarf að sækja til fjmrh., heldur frá öðrum ráðherrum líka sem hafa afbrigðilegar afgreiðslur að færa fram til þess að geta gegnt starfinu betur fyrir land og þjóð.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég treysti hæstv. núv. fjmrh. og ég treysti hæstv. fyrrv. fjmrh. fullkomlega til þess að taka vitrænar ákvarðanir undir þeim bókstaf sem hér stendur ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Það er ekki þar með sagt að neinn af þessum hæstv. ráðherrum treysti mér til þess að gera það. Þetta er svo einstaklingsbundið. Mín skoðun var sú þegar ég var fjmrh. að ég væri þjónn fólksins og að embættið væri öllum opið, hvenær sem var. Það er ekki víst að allir séu þeirrar skoðunar. Það er persónan sem gegnir embætti hverju sinni sem verður að hafa svigrúm til þess að setja sinn svip á daglegar afgreiðslur. Mál eru að koma upp, eins og hjá fyrirtækjum, frá einum klukkutíma til annars, með þarfir fyrir mismunandi afgreiðslumáta. Það stendur svo mismunandi á hjá einstaklingum eða fyrirtækjum sem leita til opinberra aðila. Að ætla að setja ráðherra í hvaða embætti sem er í þá stöðu að geta bókstaflega ekki tekið ákvörðun — hann verður bara að segja: Ja, lagabókstafurinn gerir mér ekki kleift að starfa eins og ég álít að sé best og mín samviska býður mér.

Ég skil ekki í því að neinn ráðherra, hvorki fjmrh. eða aðrir, hafi tekið ákvörðun sem hann ekki hefur lagalega heimild til að taka. Það tekur enginn ráðherra ákvörðun fyrr en hann hefur kynnt sér í gegnum ákaflega hæfa embættismenn hvort hann hefur heimild eða ekki heimild til að gera það sem hann vill gera til þess að afgreiða mál á þann hátt

sem hann telur kannski ekki alltaf æskilegast heldur nauðsynlegast. Það fer ekki alltaf saman vegna þess að þarfirnar eru svo einstaklingsbundnar. Ég man t.d., þegar ég sat í borgarstjórn og við vorum að afgreiða skattamál einstaklinga þar, að borgarritarinn þáverandi — mig minnir, þó veit ég ekki hvort ég fer rétt með það, að hv. flm., 10. þm. Reykv., hafi verið í borgarráði eða í borgarstjórn á þeim tíma — sat og lagði saman hvað tillögur mínar höfðu kostað borgina frá einum fundi til annars í niðurfellingu á gjöldum á fólki, fátæku fólki sem réð ekki við skattana sína eða útsvörin vegna veikinda og af mörgum ástæðum. Það er oft sem fyrirvinnan fellur frá vegna veikinda og getur ekki skaffað sínu fólki nauðsynjar, hvað þá staðið í skilum með skatta eða útsvör af tekjum síðasta árs, árs sem hann var fullfrískur og vann mikla eftirvinnu. Þá verður að vera svigrúm fyrir embættismenn til að taka ákvörðun með tilliti til sérstakra aðstæðna og þetta er ekkert öðruvísi hjá ríkinu. Það er ekkert öðruvísi á svo mörgum sviðum.

Ég hélt því fram þegar ég var fjmrh. að það væri allt of mikið af heimildum á mörgum sviðum til handa ráðherra, en það má passa sig á að fara ekki í hina áttina í öfgum, að gera ráðherra að einhverjum tréhesti eins og ég sagði áðan, þannig að hann hafi ekki svigrúm til þess að hans persóna endurspeglist í embættisverkum hans. Síðan verður hann, eins og ég og fleiri, að taka afleiðingum af sínum gjörðum, *af sinni ákvarðanatöku, en ég fullyrði að ráðherra* hafi aldrei tekið ákvörðun án þess að hafa heimild til þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir var á þskj. 4 og var fjórða mál síðasta þings og er nú flutt öðru sinni. Er það var lagt fram í fyrra voru meðflm. mínir hæstv. núv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir, hv. fyrrv. þm. Kristín S. Kvaran og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Af ástæðum sem ekki þarf að kynna eru meðflm. mínir nú aðrir, en þeir eru hv. þm. Árni Gunnarsson og reyndar er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson jafnframt flm. nú.

Frv. þetta hlaut nokkra meðferð á síðasta Alþingi. Það var sent til umsagnar allvíða og umsagnir bárust og voru margar jákvæðar enda urðu hv. þm. varir við áhuga á þessu máli. Ég hef kosið að birta kafla úr umsögnum í þskj. svo að menn geti kynnt sér hvað hinir ýmsu aðilar höfðu um frv. að segja sem ég að sjálfsögðu gerði mér grein fyrir að menn kynnu að gera brtt. við.

Eins og fram kom í ræðu minni á síðasta þingi er þetta frv. sniðið að nokkru eftir norsku lögunum um umboðsmann barna en sniðið að nokkru að staðháttum hér í okkar landi. Eins og fram kemur í umræddri ræðu frá síðasta þingi vil ég enn geta þess að hv. þáv. þm. Haraldur Ólafsson var mjög hjálplegur við samningu frv. og þakka ég enn framlag hans til þess.

Vegna þess að hér eru allmargir nýir hv. þm. held ég að nauðsynlegt sé að renna aðeins augum yfir greinar frv. Ég skal þó mjög reyna að stytta mál mitt og vísa þá frekar til þeirrar ræðu sem ég flutti við framlagningu frv. á síðasta ári sem finna má á bls. 94 í 1. hefti Alþingistíðinda 1986.

Meginefni frv. er að sett verði lög til að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Í því skyni er gert ráð fyrir að sett verði á stofn embætti umboðsmanns barna og frv. gerir raunar ráð fyrir að sá embættismaður sitji í dómsmrn. Nokkur gagnrýni hefur komið fram á þá hugmynd, og vitaskuld erum við flm. fullkomlega fúsir til að hlusta á þá gagnrýni og samþykkja breytingar ef menn óska.

Ástæðan til þess að við töldum rétt að embættið yrði þar staðsett var í raun og veru gömul og góð íslensk sparsemi. Við vorum hrædd við að leggja til nýtt sjálfstætt embætti sem krefðist eigin húsakynna, ritara, tækja og annars slíks. Það kynni að verða til þess að tefja og jafnvel fella frv. Ég er hins vegar efnislega sammála því sem ýmsir umsagnaraðilar hafa sagt, að æskilegast sé að þessi embættismaður sé algjörlega sjálfstæður. Menn hafa stungið upp á þeirri breytingu að hann eigi frekar heima á vegum barnaverndarráðs og ég skal aðeins víkja að athugasemdum mínum við það hér síðar.

Þá gerir frv. ráð fyrir því að dómsmrh. skipi sjö manna ráð til fjögurra ára í senn sem skuli verða umboðsmanni til ráðgjafar eftir tilnefningu ákveðinna aðila sem voru eftir vandlega yfirferð valdir eins og segir í frv. En auðvitað gildir sama um það og hvar umboðsmanninum yrði valinn staður: Vitanlega erum við fús til þess að taka við brtt. um hvaða aðilar eigi að hafa þarna fulltrúa.

Ýmsir hafa gert athugasemd við og óttast að frv., ef að lögum yrði, mundi skarast við lög um vernd barna og unglinga og yrði erfitt að sjá hvor aðilinn ætti að annast þau atriði sem hér er sérstaklega lögð áhersla á, þ.e. að hafa augun á stjórnvaldsaðgerðum og hver áhrif þær hafi á réttindi og aðstöðu barna í samfélaginu.

Það er að vissu leyti rétt að til eru atriði sem er að finna í báðum lagabálkunum en ég held að hvert mannsbarn í þessu landi viti að Barnavernarráð Íslands hefur um árabil svo til eingöngu fengist við að leysa úr flóknum og erfiðum einkamálum sem

barnaverndarnefndir hafa orðið að vísa til ráðsins. Barnaverndarráðsmenn vita það mætavel sjálfir að þeir hafa haft lítið afl til að annast aðra þætti barnaverndarmála svo sem eins og einmitt þá sem hér er um getið. Nákvæmlega sama reynsla var fyrir hendi í Noregi og er raunar ástæðan fyrir því að frv. kom fram um sérstakan umboðsmann barna sem ætti fyrst og fremst að huga að stöðu barna í samfélaginu almennt. Vitanlega yrði slíkur embættismaður að taka við hvers kyns kvörtunum og erindum sem til hans bærust, frá einstaklingum jafnt sem sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum slíkum, en það er skýrt tekið fram í grg. með frv. að þessum umboðsmanni er ekki ætlað að vinna sjálfum faglega að lausn vandamála. Hann mundi hins vegar geta vísað þeim sem í einhverjum vandkvæðum eiga til réttra aðila og verið til styrktar því að sá fengi lausn sinna mála. Þess vegna er engin krafa gerð um það að fagfólk í barnaverndarmálum yrði ráðið í sambandi við þetta embætti ef að lögum yrði.

Embætti umboðsmanns barna hefur áður verið nefnt hér á hinu háa Alþingi þó að ekki yrði úr því fyrr en á síðasta ári að lagt væri fram frv. um stofnun þess. Eins og segir í grg. fluttu þm. Alþfl. árið 1978 till. til þál. um umbætur í málefnum barna í tilefni barnaárs og í grg. með henni var m.a. lagt til að slíkt embætti sem hér er lagt til yrði stofnað. Fyrsti flm. þessarar till. var Árni Gunnarsson, hv. þm., en till. varð ekki útrædd. Hv. þm. hefur nú sýnt mér þessa gömlu till. og við fórum lauslega yfir hvað hefði verið gert varðandi þau atriði sem hann þar taldi upp, sem eru fjölmörg, og ég get ekki betur séð en sama ástæða sé í dag til að leggja þær till. fram.

Sannleikurinn er nefnilega sá að það hefur verið ákaflega erfitt að fá hið háa Alþingi til að taka málefni barna alvarlega. Ég held þó að menn séu í æ meira mæli að opna augun fyrir því hvernig staða barna er í raun og veru í íslensku þjóðfélagi. Ég hika ekki við að segja að aðstaða barna sé verri núna, að börn hafi verri uppeldisskilyrði í þessu velferðarþjóðfélagi sem við nú lifum í en þau höfðu fyrir við skulum segja 20–30 árum. Ég held að það geti ekki verið æskileg aðstaða til þroskandi uppeldis að börn séu meira og minna alein heima daglangt meðan foreldrar vinna langt fram á kvöld báðir tveir, og helsta iðja þessara barna er e.t.v. að horfa á útlent myndbandaefni, oftlega ekki einu sinni með íslenskum texta. Þessi börn koma úr skólanum, 6–10 ára gömul, stuttu eftir hádegi og hafa engan við að tala fyrr en einhvern tíma seint á kvöldin. Þetta held ég að séu ekki æskileg uppeldisskilyrði. Vinnudagur foreldra er allt of langur, dagvistunarrými allt of fá, skóladagheimili og dagvistarstofnanir fullkomlega ófærar um að sinna þeim þörfum sem börnin eiga rétt á, skólakerfið hvergi nærri nógu gott og svona mætti lengi telja.

Ástæðan fyrir þessu kann að vera sú að börn séu samkvæmt hinu harða gildismati þjóðfélagsins óarðbærir þegnar þess og sama gildir um gamla fólkið, og það skyldi nú aldrei vera þess vegna að einmitt þessir hópar hafa orðið úti í hinu nýja þjóðfélagi. Við skulum ekkert horfa fram hjá því að breytt staða kvenna í þjóðfélaginu hefur einnig haft gífurleg áhrif. Það er löngu kominn tími til að við konur horfumst ískalt í augu við að þegar gerð er grundvallarbreyting, ef við viljum ekki kalla það byltingu, á stöðu karla og kvenna í þjóðfélaginu, eigum við að þora að líta á þær hliðarverkanir sem það hefur haft. Margt hefur unnist vel í þeim efnum en ýmislegt hefur orðið eftir og aðrar breytingar hafa ekki orðið samferða hinum.

Ég skal, herra forseti, reyna að stytta mál mitt. Ég get notað ræðutíma minn aftur ef þetta mál skyldi koma úr nefnd og koma til 2. umr. Sá tími kemur að þau börn sem nú eru að vaxa úr grasi á Íslandi verða arðbært atvinnuafl og svo kann að fara að þegar vinnuafl fer að vanta í þjóðfélaginu vakni menn til vitundar um að ekki hafi verið gætt sem skyldi uppvaxtarskilyrða þeirra barna sem nú eru að alast upp. Ég held að við hér á hinu háa Alþingi ættum að reyna að taka í taumana. Það er tómt mál að tala um þjóðfélag þekkingarinnar, ný atvinnutækifæri, eins og menn hafa kosið að kalla það, nýjar atvinnugreinar og allt hvað heiti hefur ef við sinnum ekki þeirri grundvallarskyldu okkar að rækja þá einu sönnu menntun sem hlýtur að vera undirstaða alls þess sem síðar kemur, sem er uppeldi fyrstu ára barnanna og þeirra viðkvæmustu. Ég held að það veiti ekkert af að einn embættismaður með kannski nokkrum öðrum starfsmönnum hafi það embætti eitt og sér að koma í veg fyrir að hver stjórnvaldsaðgerðin eftir aðra verði beinlínis börnum landsins til skaða og verra lífs.

Í Noregi hefur reynslan af þessu embætti verið mjög góð. Þar hafa ekki komið upp þau vandamál sem ýmsir óttast, að embættismaður barna komi inn í störf barnaverndarnefnda og barnaverndarráða. Þvert á móti hefur sá embættismaður, sem er kona, einbeitt sér að því að líta á samfélagið í heild og aðstöðu barna almennt. Og það er það sem þessum embættismanni er ætlað að gera. Ég held að því fé væri vel varið sem lagt væri í að bæta hag barnanna í þessu samfélagi. Okkur hættir stundum til að horfa á einstaka þætti samfélagsins en hirðum minna um að líta á þróun mála í heild. Ég vil þess vegna eindregið skora á hv. þingheim að skoða vel hvað fyrir okkur flm. vakir með þessu frv. og veita því brautargengi á því þingi sem nú stendur yfir.

Ég skal ljúka máli mínu að sinni, herra forseti.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá 1. flm. frv. var þetta frv. flutt á síðasta þingi og reyndar, eins og flm. gat einnig um, var sömu eða svipuðum hugmyndum hreyft árið 1978 í till. til þál. sem Árni Gunnarsson og fleiri þm. Alþfl. þá fluttu.

Flm. benda réttilega á að börn og unglingar innan 15 ára aldurs séu rúmur fjórðungur landsmanna og þeir benda líka á þau vandamál sem þessum stóra

hópi séu búin og það þarf vissulega að vinna ötullega að lausn þeirra vandamála. Ég heyrði að hv. 1. flm. fellst ekki á þá skoðun að börn séu arðlaus. Hún er sem betur fer ekki ein um þá skoðun. Það er t.d. frægt sem Winston Churchill sagði stuttu eftir stríðið, með leyfi hæstv. forseta: „Það er ekki til betri fjárfesting en að gefa börnum mjólk.“ Og þetta er enn satt, bæði í bókstaflegri og yfirfærðri merkingu, og umönnun hinnar uppvaxandi kynslóðar er svo sannarlega stærsta skylduverk hinna vöxnu.

Spurningin er hins vegar hvort stofnun sérstaks embættis umboðsmanns barna muni koma að tilætluðu gagni. Mun hún ná þeim tilgangi sem flm. gera ráð fyrir? Það kom fram hjá hv. 1. flm. að hugmyndin um embætti umboðsmanns barna sé upprunnin í Noregi. Ég vil leyfa mér að benda á að þar eru aðstæður að mörgu leyti aðrar en hér, m.a., eftir því sem mér er sagt, að því leyti að þar er ekki starfandi barnaverndarráð sem tekur til alls landsins. Barnaverndarráð hér á landi hefur hins vegar lykilhlutverki að gegna í málefnum barna samkvæmt lögunum um vernd barna og ungmenna.

Starfsaðstaða barnaverndarráðs hefur sem betur fer batnað á síðustu árum og það hefur komið fram í öflugra starfi þess, bæði við úrlausn einstakra mála og eins í fræðslustarfi sem ráðið hefur m.a. staðið fyrir í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég heyrði að 1. flm. gerir sér ljóst að verkefni barnaverndarráðs og lögin sem ég nefndi um vernd barna og ungmenna skarast að nokkru leyti við efni frv. sem hér liggur fyrir. Ég heyrði líka röksemdir 1. flm., og hlýddi á þær af mikilli athygli, fyrir því að kannski væri betra að stofna sérstakt embætti. En ég verð að segja að ég er ekki fyllilega sannfærður um að það sé rétt.

Ég er sammála flm. um að það sé vafalaust enn hægt að gera betur í starfi barnaverndarráðs og sinna betur því mikilvæga hlutverki að annast vel hina uppvaxandi kynslóð, og gildir þá einu hvort börn hafa lent í einstaklingsbundnum vandamálum, eins og einkum koma fyrir barnaverndarnefndirnar og barnaverndarráðin, eða almennt, eins og flm. vék réttilega að. En sú spurning vakir enn í mínum huga hvort ekki sé skynsamlegra að efla barnaverndarráð frekar en það ráðuneyti sem mér hefur verið falin forstaða fyrir, og þá einkum þannig að upplýsingastarf og áróðursstarf í þágu málefna barna og starf til þess að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra við löggjöf og aðrar stjórnvaldsákvarðanir, eins og segir í 1. gr. frv. sem við erum hér að ræða. Mér finnst að það kunni að vera heppilegri leið að efla barnaverndarráðið, fela því verkefni af þessu tagi, í stað þess að setja á fót sérstakt embætti eins og hér er lagt til og ég vænti þess að þingnefndin sem fær þetta mál til meðferðar taki þetta til athugunar.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ekki algengt að málefni barna komi til umræðu í þessari virðulegu stofnun og líklega er áhuginn á þessum málaflokki heldur takmarkaður ef t.d. marka má þann fjölda hv. þm. sem situr í þessari virðulegu deild undir þessari umræðu.

Frv. sem hér er flutt er bæði gagnlegt og gott og umræðan sem mun fylgja frumvarpsflutningnum kemur að verulegum notum.

Hugmyndin um umboðsmann barna hefur komið fram áður eins og 1. flm. gat réttilega um, kom m.a. fram í till. til þál. sem þm. Alþfl. fluttu á 100. löggjafarþingi 1978, þar sem var getið 16 atriða sem breyta mætti til batnaðar í málefnum barna hér á landi, og var flutt í tilefni af því að árið á eftir, 1979, var ár barnsins. Mig langar, með leyfi forseta, að fá að lesa hluta af grg. sem fylgdi þessari till. og ég hygg að sé í fullu gildi enn þann dag í dag. Þar segir m.a. á þessa leið:

„Á þessu ári hafa átt sér stað talsverðar umræður um barnið og samfélag þess. Þetta er ekki síður mikilvægt á Íslandi en í öðrum löndum. Það er ekki fátækt né hungur er steðjar að íslenskum börnum. Það er miklu frekar umhyggjuleysi sem stafar af hinni gífurlegu vinnu er foreldrar og umráðamenn barna leggja af mörkum. Fyrir þetta líða mörg börn stórlega og má segja að nokkurt málmhljóð hafi mátt heyra í umræðu um lausn á uppeldismálum barna á undanförnum árum.

Nútímaþjóðfélagið virðist í framfaravilja sínum hafa gleymt hinum mannlega þætti í uppbyggingu þjóðfélagsins. Það hefur verið andsnúið börnum að vissu leyti. Má t.d. benda á þá öfugþróun að í flestum tilvikum eiga fjölskyldur og foreldrar barna í mestum fjárhagsörðugleikum þegar börnin eru yngst og þurfa á mestri umhyggju að halda. Þetta á við um þá sem stofna heimili, standa í íbúðabyggingum eða íbúðakaupum. Á því tímabili er mest vinna lögð af mörkum og minnstur tími gefst til að sinna barnauppeldi. Þjóðfélagið hefur ekki reynt að létta byrði þessa samfélagshóps og er vert að gefa þessum þætti gaum á ári barnsins.“

Þessi till. var flutt 1978. Ég hygg að lítil breyting hafi orðið til batnaðar á þessu tímabili og eins og 1. flm. nefndi réttilega renndum við augum yfir þær 16 hugmyndir sem fram komu í tillögunni til þess að aðgæta, gaumgæfa, hvað af því sem þar er nefnt hefði komist til framkvæmda og urðum þess kyrfilega vör að fátt af því hefur gerst. Mín skoðun er sú að staðan í málefnum barna á þessu tímabili hafi ekki batnað, því er nú verr og miður. Ég held að hún hafi versnað.

Í þessari till. sem lögð var fram 1978 og mætti vissulega flytja á nýjan leik, eins og hefur verið nefnt, er m.a. nefnd löggjöf um tíu daga leyfi á ári á fullum launum vegna veikinda barna. Það er talað um að banna framleiðslu, innflutning og sölu á stríðsleikföngum. Það er talað um embætti umboðsmanns barna og nefnd þar ýmis verkefni sem hann ætti að hafa á hendi. Það er talað um að tryggja eigi að allar konur njóti fæðingarorlofs. Það er talað um launalaust leyfi vegna fæðingar barna umfram það

sem í lögum var þá í gildi, að endurskoða tollaálagningu á ungbarnafæðu, barnavögnum og öðrum varningi fyrir börn, setja löggjöf um foreldrafræðslu og fjöskylduráðgjöf. Það er talað sérstaklega um foreldralaus eða vanrækt börn og lausn á þeirra málum, fósturheimili undir eftirliti, dagvistunarstofnanir, stöðu þroskaheftra barna, almenna fræðslu um réttindi og skyldur hvers einstaklings í íslensku þjóðfélagi. Það er talað um að gera úttekt á almennri réttarstöðu barna í okkar samfélagi og einnig að endurskoða þágildandi lög um vernd barna og ungmenna.

Allt var þetta flutt í nafni þeirra setningar sem einhver sagði, orðaði það svo að fátt væri nútímabörnunum nauðsynlegra en að fá foreldra sína aftur. Ég held að það hljóti allir að vera mér sammála um það að þetta er jafnnauðsynlegt í dag og það var 1978.

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu og ég get að vissu leyti tekið undir það sem hæstv. dómsmrh. sagði að það mætti huga að því með einhverjum ráðum að efla áhrif og völd og auka verksvið barnaverndarráðs þannig að það gæti komið meira og sterkar inn í þennan verkahring sem er býsna víðfeðmur og víða þarf að bera niður. Í umræðunni um þetta lagafrv. mætti því huga betur að þessari hugmynd, en öll þessi umræða er af þeim toga að vert er að gefa henni mjög umtalsverðan gaum. Ég lýk þessum orðum mínum, herra forseti, á því að segja, eins og ég sagði í upphafi, að umræður um málefni barna hér inni á hinu háa Alþingi eru allt of litlar, fara allt of sjaldan fram og málefni barna eru allt of lítt gaumgæfð í þessari virðulegu stofnun.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek sannarlega undir síðustu orð hv. síðasta ræðumanns og ég þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta mál og gefa þar með tilefni til umræðu um málefni barna sem svo sannarlega mætti vera oftar á dagskrá.

Ég þakka einnig hv. 1. flm. fyrir framsögu hennar sem var fróðleg og áminnandi. Enn þá fróðlegri og enn þá meira vekjandi var hún reyndar á síðasta þingi þegar flm. mælti í fyrsta sinn fyrir þessu máli, en hana má lesa í þingtíðindum.

Ég tek undir flest af því sem hún sagði. Það var eitt atriði sem snart mig á vissan hátt þar sem hún vék að því hvað foreldrar væru hart keyrðir af vinnu og teygðir út af heimilunum og hvatti okkur konur til að horfast með ísköldu augnaráði, ef ég man rétt, í augu við ýmsar þær hliðarverkanir sem aukin atvinnuþátttaka kvenna hefur. Það er vissulega ágætt og þarft að brýna konur. Það veitir kannski ekki af því. Ég vil þó meina það að flestar konur horfa með mjög ísköldu augnaráði á þessar staðreyndir og gera sér fyllilega grein fyrir afleiðingum þessa. Þær hafa sannarlega ekki látið sitt eftir liggja að reyna að vekja athygli á þessu ástandi og hvetja til þess að þjóðfélagið og ráðamenn taki á þeim vandamálum sem fylgja aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Ég held að konur geri sér þetta almennt ljóst, það séu aðrir sem þurfi að skerpa sjónirnar frekar. Við megum ekki gleyma því að mjög margar konur hafa ekkert val um það hvort þær eru heima hjá ungum börnum eða eldri börnum. Þær einfaldlega verða. Og það er þessu þjóðfélagi til lítils sóma hvað það hefur lítið komið til móts við þarfir fjölskyldunnar vegna þessa.

Ég sagði fáein orð um þetta mál sem er á dagskrá þegar það kom fyrir á síðasta þingi og hef raunar ekki miklu við það að bæta. Við kvennalistakonur höfðum velt þessum málum mjög mikið fyrir okkur og vorum raunar að leita leiða til þess að ná þeim sömu markmiðum og stefnt er að með þessu frv., en hugmyndir þess hóps, sem mest hefur fjallað um þessi mál, höfðu beinst í nokkuð annan farveg en ætlað er með því frv. sem hér er fram borið, raunar meira í þann farveg sem hæstv. dómsmrh. vék að í orðum sínum áðan.

Ég gerði örlitlar athugasemdir við frv. á síðasta þingi um leið og ég tók heils hugar undir þau markmið og sjónarmið sem koma fram í því. Ég fagnaði framlagningu frv. þá og geri það enn. Í umsögnum, sem birtar eru í fylgiskjali með frv. og eru einmitt þarfar og upplýsandi, má lesa athugasemdir sem eru einmitt samhljóða mörgu af því sem við höfðum verið að velta fyrir okkur. Ég bendi sérstaklega á það, sem raunar hefur komið fram áður, að í umsögn barnaverndarráðs kemur fram það álit þess að það þurfi sérstaklega að huga að því hvernig hlutverk umboðsmannsins samræmist núgildandi lögum um barnavernd. Ég tek undir það og veit að sjálfsögðu að svo muni verða gert í nefnd.

Það er hér framhaldsumsögn frá barnaverndarráði þar sem kemur fram hvaða breytingar ráðið telur þurfa að gera á frv. og þar er sérstaklega ítrekað að það þurfi að marka skýrt stöðu og verkefni umboðsmanns og athuga lög um vernd barna og ungmenna til samræmis við lög um embætti umboðsmanns barna. Það kemur einnig fram í umsögn Félags háskólamenntaðra uppeldisfræðinga að félagið vill leggja áherslu á sjálfstæði þessa embættis ef af verði og undir það vil ég einnig taka.

Það er kannski ekki rétt álit og markast e.t.v. af einhverri tilfinningasemi eða áhyggjum út af stærð þessa máls, en það hvarflar að manni að þetta væri fullkomlega ofviða einni manneskju með þennan titil, þetta væri verkefni sem heilli deild bæri að starfa að, og enn fremur læðist að manni sú hugsun hvort með stofnun embættis af þessu tagi drægi e.t.v. úr því að hv. þm. t.d. veltu þessum málum fyrir sér. Þeir hefðu e.t.v. tilhneigingu til þess að treysta á þetta embætti og héldu ekki vöku sinni á sama hátt og þeim ber að gera.

Þessar athugasemdir má ekki taka svo að ég sé að tala gegn frv. Ég endurtek það að við erum sammála markmiðum og tilgangi frv. og væntum þess að sú umfjöllun sem það fær í nefnd verði til góðs.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þetta er hið mætasta mál sem er á dagskrá og vel að Alþingi ræði um stöðu barna í samfélaginu.

Það munu vera fordæmi fyrir því að umboðsmaður barna sé starfandi eins og hér er lagt til á landsvísu. Ég hygg að ég muni það rétt frá umræðum um þetta mál í fyrra að þannig er t.d. í Noregi. Engu að síður hefur það leitað mjög á minn hug hvort þetta verkefni sé ekki eitt af því sem eigi heima hjá sveitarstjórnunum í öllum aðalatriðum. Það er nálægð þeirra við börnin sem ýtir á þá skoðun.

Ég hygg að það gæti t.d. orðið um lítil samskipti þeirra barna sem eru í mestri fjarlægð við umboðsmanninn. Segjum að þau séu austur á landi eða fyrir norðan. Hann ætti erfitt með að ná tökum á því viðfangsefni miðað við þá möguleika sem þau hefðu ef þetta væri á sveitarstjórnarstigi. Stundum hef ég hugleitt hvort þetta ætti eitthvert erindi í tengslum við fræðsluskrifstofurnar ef þetta yrði sett upp.

Ég játa það að ég hef ekki fullmótaðar skoðanir í þessu efni, það er langt í land, en ég tel þeim tíma vel varið hjá þinginu sem við ræðum þetta. Það blasir nefnilega við, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að þeim börnum fækkar stöðugt hlutfallslega sem eiga heima í skjóli fjölskyldu. Þeim fjölgar sem eru einstæð og það er stöðugt meira og meira rót á okkar samfélagi sem gerir þeim lífið erfiðara á margan hátt. Það fer t.d. ekki á milli mála að hið gífurlega tengslarof sem á sér stað hjá börnum vegna mikilla flutninga, frá einu hverfi til annars í Reykjavík, frá stöðum utan af landi og suður eða öfugt, gerir það að verkum að þó að foreldrar haldi sínum vinum og kunningjum er það oft þannig að börnin tapa sínum bestu vinum, eru alltaf að tapa þeim aftur og aftur, sem skapar þeim óöryggi, og þurfa að byggja upp ný tengsl.

Ég tel þess vegna að sú hugsun sem er á bak við frv. sé af hinu góða en hef spurt sjálfan mig, eins og ég sagði hér áðan, hvort meginverkefni þessara laga sé ekki aftur á móti mjög gott dæmi um það sem ætti að vera á sveitarstjórnarstigi eða þá í verkahring fylkja verði þau stofnuð á Íslandi.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég sé að tími okkar hér er þrotinn svo að ég kem hér einungis upp til þess að þakka þeim hv. þm. sem hafa komið í ræðustól og stutt hugmyndina að frv. Vitanlega erum við flm. fullkomlega viljug til að hlusta á aðrar tillögur um embættisstofnun til að sinna þessu verkefni. Ég get alveg tekið undir það að e.t.v. væri það enn þá betri aðferð að til yrði deild t.d. í félmrn. sem hefði þetta verkefni. En frv. hefur verið vel tekið og á síðasta ári tók hæstv. þáv. félmrh. mjög vinsamlega undir það og eins og ég nefndi áðan var hæstv. núv. félmrh. þá meðflm. frv.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði að þetta ætti að vera heima hjá sveitarstjórnunum. Við höfum nærtækt dæmi fyrir okkur hvernig málum þar er sinnt. Ætli borgarstjórinn í Reykjavík hafi spurt litlu börnin í borginni hvort eigi að byggja ráðhús ofan í Tjörnina og þurrka helminginn af henni upp næstu árin? Ég held ekki. Ég held að flestar sveitarstjórnir og sveitarstjórar gleymi gjörsamlega að taka það atriði inn í ákvarðanir sínar. Það er einmitt það sem þessum embættismanni er ætlað að gera, að fylgjast með t.d. skipulagi. Það eru byggð og skipulögð heilu hverfin án þess að minnsta tillit sé tekið til skóla, útivistarsvæða, vegir eru ekki lagðir með þau sjónarmið í huga hvort þessi vegalagning sé hættuleg börnum eða ekki. Það er það síðasta sem litið er til þegar verið er að skipuleggja ný svæði. Vitanlega eru börnin ekki í stakk búin til að sjá um sín mál. Þess vegna vantar umboðsmann barna.

Ég endurtek þær áhyggjur mínar, sem hv. þm. Árni Gunnarsson einnig lýsti, að ég tel að við séum komin á ystu nöf ef við ætlum ekki að snúa við þeirri þróun sem nú á sér stað í uppeldi barna.

Fyrir nokkrum dögum var viðtal við ungan kennara hér í sjónvarpi sem hafði áhyggjur af málþroska sjö ára barna. Hún tók dæmi um það að þegar hún rétti börnunum eitthvað sem dytti í gólfið segðu þau: Thank you, og ef hún byði þeim eitthvað segðu þau: yes, please. Ensk tunga er orðin þessum börnum jafntöm og íslenska. Menn halda kannski að þetta séu ýkjur en ég vildi þá að þeir hefðu hlustað á dæmin sem hún tók úr samskiptum sínum við sjö ára börn í grunnskólum í Reykjavík. Og ég held að þetta verðum við að taka alvarlega og ég tek þar með undir ýmislegt af því sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan.

Spurningin um að gera börn að þroskuðum einstaklingum er ekki bara að þau hafi svo og svo mörg prósent dagheimilisrýmis eða að grunnskólarnir séu sem bestir, sem vitanlega skiptir þó máli. Manneskjuleg nærvera skiptir börn miklu meira máli og málþroska öðlast börn hvorki í skólum eða á dagheimilum. Börn læra ekki íslenska tungu nema með því að hlusta á margt fólk á ýmsum aldri. Þess vegna lærðum við að tala að málið var fyrir okkur haft.

Auðvitað er um að ræða viðamiklar breytingar á þjóðfélaginu sem gera þarf til þess að þessi mál komist í sæmilegt lag. En það er ýmislegt hægt að gera á meðan það verkefni stendur yfir því að það tekur langan tíma eins og nú er komið. Vitanlega þurfum við að vinna að öllum þeim atriðum sem hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist á hér áðan. Á meðan hann las atriðin 16 sem hann lagði til á ári barnsins uppgötvaði ég þó mér til gleði að eitt atriðið hefur tekið breytingum. Það er staða þroskaheftra í þessu samfélagi og ber það auðvitað að þakka hæstv. þáv. heilbrmrh., hv. þm. Svavari Gestssyni, sem kom í gegnum þingið á sínum tíma lögum um málefni fatlaðra. (**Forseti:** Ég bendi hv. ræðumanni á að tími okkar er útrunninn en þar sem enn hafa bæst hv. þm. á mælendaskrá lýkur þessari umræðu ekki í dag.) Ég á sáralítið eftir af ræðu minni, herra forseti, og mun ljúka henni hér og nú. Satt að segja fagna ég því ef menn sjá ástæðu til að lengja þessar umræður.

Ég vildi ég hefði vitað það áður en ég talaði fyrir þessu máli í dag vegna þess að þá hefði ég flutt miklu lengri og ítarlegri ræðu og það getur vel farið svo að ég geri það síðar vegna þess að ég held að hér sé mál á ferðinni, og á ég þá við málefni barna almennt, sem er kannski þýðingarmesta málið sem fjallað verður um á þessu þingi með virðingu fyrir öllum öðrum.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Áfengislög (42. mál, áfengt öl) 1051.
Björgunarþyrla (90. mál) 950.
Dagvistun barna á forskólaaldri (106. mál) 1030, 1085.
Drengskaparheit unnið 1085.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (75. mál, fulltrúar í opinberum nefndum) 1086.
Nýting á kartöflum (83. mál) 949.
Lánsfjárlög 1988 (63. mál) 987.
Opinber ferðamálastefna (108. mál) 975.
Rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar (59. mál) 950, 982.
Samgöngur á Austurlandi (103. mál) 978.
Sjávarútvegsskóli í Vestmannaeyjum (93. mál) 973.
Sjóðir og stofnanir (100. mál) 1049.
Söluskattur (41. mál, undanþágur) 1091.
Tekjuskattur og eignarskattur (92. mál, skattafsláttur barna o.fl.) 1049.
Umboðsmaður barna (53. mál) 1099.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 949, 1084.
Æfingaflugvöllur á Selfossi (72. mál) 949.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 949, 955, 957, 981, 1084, 1085.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 1013, 1046.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 1049, 1102.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 987, 1013, 1028, 1094.
Albert Guðmundsson 958, 983, 1098.
Árni Gunnarsson 1061, 1103.
Ásmundur Stefánsson 994, 1027, 1030, 1046.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1037.
Eiður Guðnason 965.
Ellert Eiríksson 1073.
Eyjólfur Konráð Jónsson 954, 956.
Geir H. Haarde 968.
Guðmundur Ágústsson 983.
Guðmundur H. Garðarsson 1007, 1024.
Guðmundur G. Þórarinsson 1091, 1096.
Guðrún Agnarsdóttir 963, 982, 1002, 1026, 1030.
Guðrún Helgadóttir 950, 961, 969, 1099, 1107.
Halldór Blöndal 971, 981, 1011, 1024.
Hjörleifur Guttormsson 958, 966, 1087, 1091.
Hreggviður Jónsson 1051, 1078.
Ingi Björn Albertsson 1069.
Jónas Hallgrímsson 978.
Júlíus Sólnes 957, 1000, 1027.
Kristín Einarsdóttir 955.
Kristín Halldórsdóttir 1105.
Lára V. Júlíusdóttir 1086.
Ólafur Þ. Þórðarson 964, 970, 1051, 1081, 1090, 1107.
Páll Pétursson 960.
Salome Þorkelsdóttir 1039.
Skúli Alexandersson 1044.
Sólveig Pétursdóttir 968, 1088.
Stefán Guðmundsson 957, 963.
Stefán Valgeirsson 1075.
Steingrímur J. Sigfússon 985, 1085.
Sturla Böðvarsson 1087.
Sverrir Hermannsson 1075.
Unnur Stefánsdóttir 973, 975, 1042.
Þórhildur Þorleifsdóttir 967.

SAMEINAÐ ÞING

20. fundur, mánudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 20. nóv. 1987:

„Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Finnur Ingólfsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Finns Ingólfssonar. Það þarfnast athugunar og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til meðferðar, en á meðan verður þingfundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað það kjörbréf sem vísað var til hennar, sem er kjörbréf Finns Ingólfssonar, 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík. Jafnframt hefur nefndinni borist bréf Guðmundar G. Þórarinssonar, 10. þm. Reykv., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum.

Kjörbréfanefnd var sammála um að mæla með því að kjörbréf Finns Ingólfssonar verði tekið gilt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Finns Ingólfssonar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Finnur Ingólfsson, 10. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Finnur Ingólfsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Áður en lengra er haldið áfram með dagskrá skal tekið fram að milli kl. 3 og 4, væntanlega um kl. hálffjögur, fara fram kosningar sem fram eiga að fara í ráð og nefndir samkvæmt dagskrá fundarins.

Það skal tekið fram að kosningu skv. 10., 11., 16. og 30. dagskrármáli verður frestað.

Veiting leyfa til útflutnings á skreið, hvort leyfð skuli.

Beiðni um skýrslu GHG o.fl., 119. mál. — Þskj. 124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 42 shlj. atkv.

Opinber ferðamálastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 108. mál. — Þskj. 112.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til atvmn. með 40 shlj. atkv.

Jarðgangaáætlun, fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 91. mál. — Þskj. 95.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 95, um jarðgangaáætlun. Flm. með mér að þessu máli er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan er stutt, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir yfirstandandi þing fullmótaða langtímaáætlun um gerð jarðganga."

Í grg. með till. er vísað til tillögu sem flutt var á 107. og 108. löggjafarþingi um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð, en þeirri tillögu var vísað samkvæmt tillögu atvmn. Sþ. þann 9. apríl 1986 til ríkisstjórnarinnar með ákveðinni umsögn.

Þessi tillaga sem upphaflega var flutt á 107. þingi af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Sveini Jónssyni var síðan endurflutt á 108. löggjafarþingi, þá af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Jóni Krist-

jánssyni, Sighvati Björgvinssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Sverri Sveinssyni og Helga Seljan. Samkvæmt þeirri tillögu var ríkisstjórninni falið að láta Vegagerð ríkisins, í samstarfi við aðra sérfróða aðila, gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna. Í tillögunni var fjallað um það með hvaða hætti ætti að standa að vinnu við þessa áætlun og vísa ég til fskj. I á bls. 2 með till. um þá tilhögun sem þar var gert ráð fyrir.

Eins og ég gat um áðan afgreiddi atvmn. Sþ. mál þetta til þingsins 9. apríl 1986 með sérstöku nál. þar sem tekið var undir þessa tillögu, vitnað til umsagna, m.a. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og frá Vegagerð ríkisins. Þessa umsögn er að finna sem fylgiskjal á bls. 16 með þessari þáltill.

Í umsögn Vegagerðar ríkisins kemur fram að hún sé samþykk þeirri meginhugmynd sem fram kom í tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar o.fl., þ.e. að gerð skuli langtímaáætlun um jarðgangagerð sem falli að og verði hluti langtímaáætlunar í vegagerð. Vegagerðin bendir og á mikinn kostnað við jarðgangagerð og að miðað við hina miklu þörf fyrir endurbætur á vegakerfinu sé því ekki óeðlilegt að svo dýrar lausnir sem jarðgöng eru sitji nokkuð á hakanum, eins og segir í nefndarálitinu.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta álit atvmn. skrifuðu hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Garðar Sigurðsson, Eggert Haukdal, Björn Dagbjartsson og Kristín Halldórsdóttir.

Það gerðist síðan í þessu máli eftir að því hafði verið vísað til ríkisstjórnar að hæstv. fyrrv. samgrh. Matthías Bjarnason skipaði nefnd til þess að gera tillögur um jarðgangagerð. Sú nefnd var sett á fót 6. nóv. 1986 og hennar verkefni skyldi vera að gera langtímaáætlun um jarðgöng til samgöngubóta á þjóðvegakerfi landsins. Tiltekin voru ákveðin markmið slíkrar áætlunar og verkefni nefndarinnar voru skilgreind í bréfi. Þessi nefnd vann verk sitt hratt og skilaði áliti, að vísu ekki fullmótuðu áliti, en á átta bókuðum fundum nefndarinnar var fjallað um málið og skilað var tillögum til samgrn. og þær gefnar út í sérstakri skýrslu nefndar um jarðgangaáætlun sem gefin var út í mars 1987.

Megintillögur þessarar nefndar eru birtar á bls. 16–18 í fylgiskjali með þáltill. og ég vil leyfa mér, herra forseti, að fara yfir þessar megintillögur. Það er ekki mjög langt mál, en ég tel eðlilegt að þær komi hér fram.

Ég vil þó geta þess áður en ég vík að þeim að í tillögunni, sem flutt var af Steingrími J. Sigfússyni og fleirum tvívegis hér á þingi, var alltaf gert ráð fyrir að Ólafsfjarðarmúli yrði fyrsta verkefni í langtímaáætlun um vegagerð og samkvæmt fjögurra ára vegáætlun sem fjallað var um á síðasta þingi staðfesti þingið þetta með því að ætla fjármagn til jarðganga undir Ólafsfjarðarmúla með 10 millj. kr. fjárveitingu á yfirstandandi ári og um 50 millj. kr. fjárveitingu á næstu þremur árum. Um það mál hefur verið fjallað nýlega í ríkisstjórn og staðfest að við það álit skuli staðið og ráðist skuli í þessa framkvæmd.

Í tillögum nefndar samgrn. segir svo m.a.:

„Það er niðurstaða nefndarinnar að allmörg byggðarlög verði ekki tengd við vegakerfi landsins og/eða við önnur nærliggjandi byggðarlög með fullnægjandi hætti nema með jarðgöngum, yfirbyggingum og öðrum álíka mannvirkjum.

Nefndin leggur til að byggðarlög þau, sem tengjast um eftirtalda fjallvegi, eigi að hafa forgang við slíka mannvirkjagerð, og sé röð verkefna sem hér segir:

1. Ólafsfjarðarmúli.
2. Botnsheiði og Breiðadalsheiði.
3. Fjarðarheiði og Oddsskarð.

Aðrir fjallvegir, sem nefndin hefur skoðað (Hálfdán, Hellisheiði), koma að hennar mati þá fyrst til greina með jarðgöng“ — ég vil bæta því við að hér mun átt við Hellisheiði eystra í Norður-Múlasýslu — „eða önnur álíka mannvirki þegar ofangreindum samgöngutálmum hefur verið rutt úr vegi.

Nefndin lítur á Botnsheiði og Breiðadalsheiði sem eitt samfellt verkefni. Fjarðarheiði og Oddsskarð eru á hinn bóginn tvö aðskilin verkefni, en nefndin telur ekki unnt á þessu stigi að taka afstöðu til þess hvor framkvæmdin eigi að vera á undan. Verður nánar vikið að því síðar.

Á meðfylgjandi töflu er yfirlit um lengd jarðganga og hæð yfir sjó samkvæmt þeim hugmyndum um lausnir sem liggja nú fyrir. Enn fremur er sýndur áætlaður kostnaður og verktími, svo og kostnaður á ár.“

Ég vísa til þeirrar töflu sem er í fylgiskjali á bls. 17 þar sem er að finna yfirlit yfir þessa þætti, þar á meðal kostnaðinn, en áætlaður kostnaður við gerð þeirra jarðganga sem þarna er um rætt er nálægt 4600 millj. kr. á þágildandi verðlagi og heildarlengd jarðganga samkvæmt áætluninni um 30 km. Áætlaður framkvæmdatími er 22 ár og árlegur kostnaður um 200 millj. kr.

Síðan segir í þessum tillögum: „Þær lausnir sem hér eru settar fram hafa verið valdar úr nokkrum úrbótaleiðum sem hafa verið skoðaðar lauslega og bornar saman. Lausnir þessar eiga það sammerkt að þær leysa samgönguþörf milli byggðarlaga vel en eru dýrar. Ekki má líta á þessar hugmyndir að lausnum sem neinar endanlegar tillögur um tilhögun mannvirkja. Nefndin leggur áherslu á að rannsaka þarf aðstæður allar ítarlega áður en unnt er að gera slíkar tillögur. Við þær rannsóknir beri m.a. að leita lausna sem ódýrari séu en leysi þó samgönguþarfir með viðunandi hætti.

Verktími og kostnaður“, segir í álitinu, „er hér miðaður við hefðbundna tækni í jarðgangagerð, þ.e. áfangaborun og sprengingar, eins og hún gerist best um þessar mundir. Mikil þróun hefur verið á þessu sviði undanfarið og má búast við að svo verði áfram. Mun hún væntanlega leiða til aukinna afkasta og

lækkandi kostnaðar. Þá hefur ný tækni (heilborun) rutt sér til rúms unanfarið. Enn sem komið er hefur hún þó fyrst og fremst haft í för með sér aukin afköst en í minna mæli haft áhrif á kostnað. Hin nýja tækni hefur lítt eða ekki verið reynd við svo óreglulegar jarðfræðilegar aðstæður sem víðast eru á Íslandi og er því ekki ljóst hvort hún hentar hér. Það er þó skoðun nefndarinnar að fylgjast beri vel með þróun þessarar tækni og athuga nánar möguleika hennar ef ráðast á í samfellda jarðgangagerð hér á landi.

Nefndin varpar fram nokkrum hugmyndum um leiðir til fjármögnunar. Skipta má þessum leiðum í þrennt:

a. fjárveitingar á vegáætlun,
b. sérstakur skattur vegna jarðgangagerðar,
c. gjaldtaka af vegfarendum um jarðgöng (veggjald).

Það er mat nefndarinnar að skoða beri alla þessa kosti frekar og vænlegast sé að nýta þá saman til að fjármagna jarðgangagerð. Af sérstökum sköttum telur hún helst koma til greina fast gjald á hverja bifreið eða fastan orkuskatt á eldsneyti. Lántökur eru eðlilegar að því marki sem tekjur af veggjaldi geta endurgreitt þær. Vegna þess að hér er um samfellt langtímaverkefni að ræða, sem ekki skilar öðrum beinum tekjum í ríkissjóð, ættu lántökur ekki að fara fram úr því marki.

Loks vekur nefndin athygli á því að rannsókna- og undirbúningstími við jarðgangagerð er langur. Er því nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar með góðum fyrirvara og jafnframt sé útvegað fjármagn til rannsókna og annars undirbúnings."

Þetta er það sem eru beinar tillögur frá þessari nefnd samgrn. og hv. þm. Matthías Bjarnason á heiður skilið fyrir það sem ráðherra að hafa brugðist svo fljótt við með skipan þessarar nefndar. Þótt tillögur hennar séu engan veginn endanlegar var það ánægjuefni að fá þetta álit svo fljótt í hendur. Nú er það þingsins að tryggja að mörkuð verði hið allra fyrsta stefna um þennan geysilega mikilvæga þátt samgöngumála.

Varðandi fjármögnun til jarðgangagerðar ætla ég ekki hér að taka afstöðu til þeirra hugmynda sem nefndin setti fram, en ég bendi á það, sem fram kemur í grg. okkar flm., að nýlega hafa verið auknar álögur og skattheimta af innflutningi bifreiða og bensíni og eðlilegt er að slíkar álögur á umferðina renni til samböngubóta og þá sérstaklega til þess þáttar sem hér er til umræðu. Þar er um að ræða stórar upphæðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á og ákveðið með sérstökum brbl. 10. júlí sl. Það eru álögur sem nema hvorki meira né minna en nærfellt 1 milljarði kr., samkvæmt upplýsingum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar 950 millj. kr. Það sundurliðast þannig samkvæmt upplýsingum hagsýslustjóra að af svokölluðu þungagjaldi eða bifreiðagjaldi sem lagt var á með brbl. 10. júlí 1987 er áætlað að tekjur á næsta ári nemi 600 millj. kr. og af hækkun innflutningsgjalda á bifreiðar að söluskatti meðtöldum er gert ráð fyrir tekjum sem nema 250–300 millj. kr. Þarna eru komnar 900 millj. kr. Síðan er smáhluti af bensíngjaldi og dísilgjaldi sem ætlað er að taka í ríkissjóð, 50 millj. kr. Samtals 950 millj. kr. á næsta ári vegna þessara álaga af hálfu ríkisvaldsins. Ég tel að þessum tekjum beri að skila til brýnna framkvæmda í vegamálum og þar eigi að sérmarka þær til jarðgangagerðar á komandi árum en ekki að nota slíkt til að bæta stöðu ríkissjóðs sérstaklega. Það verður að leita annarra og eðlilegri leiða til þess að mínu mati og getur þar verið af mörgu að taka.

Ég er ekki þar með að hafna þeim hugmyndum sem fram eru settar í nál. nefndar samgrn. sem ég kynnti hér áðan. Það er sjálfsagt að líta einnig á það því að hér er um fjárfrek verkefni að ræða.

Mál þetta varðar vissulega öðru fremur ákveðna hluta landsins sem eru þannig staddir landfræðilega séð að ekki verður leyst úr samgöngumálum þeirra með viðunandi hætti nema til komi jarðgöng. Þar er, fyrir utan Mið-Norðurland og Ólafsfjörð sérstaklega, þar sem ákvörðun liggur nú fyrir um jarðgöng, um að ræða Vestfirði og Austfirði. Þær tillögur sem fyrir liggja frá nefndinni held ég að falli mjög að sjónarmiðum manna í þessum landshlutum þannig að togstreita um framkvæmdaröð á ekki að þurfa að draga úr mönnum að taka ákvarðanir í þessum efnum. Ég held að Austfirðingar t.d. unni Vestfirðingum þess vel að þeir fái nefnd jarðgöng sem tillaga er um undir Botnsheiði og Breiðadalsheiði, áður en röðin komi að jarðgöngum eystra undir Fjarðarheiði og Oddsskarð. Væri þó vissulega æskilegt að hægt væri að vinna á báðum þessum stöðum samtímis, en það er ekki ástæða til að ætla þingi og fjárveitingarvaldi þann stórhug í þessum efnum, enda aðalatriðið að hér verði hafist handa og unnið í samfellu að lausn þessara mála þannig að íbúar viðkomandi landshluta viti á hverju þeir mega eiga von í samgöngubótum sem varða samt landið allt, því að það er yfirlýst stefna allra flokka að því er ég best veit að landið allt skuli vera byggt og það gerist ekki nema samgöngumálin verði leyst með viðunandi hætti.

Það er búið að vinna mikið að þessum málum undanfarin ár á vegum heimamanna sem hafa lagt sig fram um að kynna sér stöðu þessara mála m.a. í grannlöndum okkar. Þekkja menn vel umræður um þessi efni varðandi jarðgangagerð í Noregi og ekki síður í Færeyjum þar sem stórvirki hafa verið unnin sem við hljótum að horfa mjög til og kannski líta menn nokkrum öfundaraugum til hvernig þar hefur til tekist. Í sérstöku fylgiskjali með þessari till., virðulegur forseti, er að finna, á fylgiskjali III., bls. 18, hugleiðingu um samgöngumál eftir 2. flm. þessarar till. þar sem gerð er skilmerkileg grein sérstaklega fyrir stöðu mála í Færeyjum og vísað til þeirrar reynslu sem við getum þangað sótt. Einnig eru raktar í öðrum fylgiskjölum athuganir sem fram hafa farið á Austurlandi og Vestfjörðum um þessi efni. Ég vísa til þess yfirlits sem er að finna á bls. 4 með till. um skýrslur sem fram hafa komið. En síðan hafa bæst ýmsar við, þar á meðal skýrsla samgöngunefnd-

ar Vestfjarða frá febrúar 1985 og önnur skýrsla varðandi Vestfirði, það er að vísu um Önundarfjörð, Súgandafjörð og Ísafjarðardjúp, sem er frumathugun á jarðfræðilegum aðstæðum, unnin af starfsmönnum Vegagerðar ríkisins að ég hygg og gefin út í september 1985. Og enn hefur komið greinargott yfirlit frá Vestfirðingum þar sem er skýrsla um jarðgöng á Vestfjörðum eftir Björn Jóhann Björnsson, jarðfræðing og verkfræðing, gefin út af Byggðastofnun nýverið. Þannig liggur gott yfirlit fyrir um þessi mál, tiltölulega gott varðandi Vestfirði, þó að mikið rannsóknastarf sé þar enn óunnið.

Varðandi Austurland hefur einnig verið mikið að þessu máli unnið á vegum heimamanna sem átt hafa þátt í skoðun mála í grannlöndum og ýtt á eftir athugunum. M.a. er Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi að gera sérstaka athugun á félagslegu gildi jarðgangagerðar sem er auðvitað geysimikið fyrir viðkomandi byggðarlög en getur verið erfitt að meta í beinhörðum peningum.

Ég vil, virðulegur forseti, um leið og ég mun stytta mál mitt andmæla því viðhorfi að það sé hægt að líta á þessi mál, jarðgangagerðina, út frá þröngu arðsemismati eins og það er tíðkað í sambandi við framkvæmdir og við m.a. getum lesið um í blöðum síðustu daga, að því er haldið fram að eitt sé arðsamt og annað ekki. Sá mælikvarði er allt of þröngur og alls ekki viðunandi. Hér er um að ræða að leysa undirstöðumál ákveðinna byggða, þar sem eru samgöngumálin, og þar getur þröngt arðsemissjónarmið eitt saman ekki ráðið niðurstöðu. Þetta veit ég að allir hv. alþm. skilja og þekkja til og þarf ég ekki að ítreka það sérstaklega.

Að lokum þetta, virðulegur forseti: Framkvæmdir í jarðgangagerð eru stórmál sem snerta meir en nokkuð annað byggðaþróun í viðkomandi landshlutum. Heimaaðilar, sem hafa látið málin til sín taka, hafa unnið gott starf, en það þarf fleira að koma til. Það þarf fjármagn til og aðstoð þeirra stofnana ríkisins sem að þessum málum vinna. Og það er brýnt, eins og lagt er til í þessari till., að þegar á þessu þingi verði unnt að taka afstöðu til fullmótaðra hugmynda um jarðgangagerð, þar á meðal um framhaldsrannsóknir, bæði varðandi forgangsröðun og fjármögnun framkvæmda.

Ég vænti þess að þetta mál fái góðan byr í þinginu og legg til að að lokinni umræðunni verði till. vísað til hv. atvmn. sem fjallaði um hliðstætt mál hér á þingum áður.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fyrir minn hlut taka undir flest það sem fram kom í máli flm. um ágæti þessarar till. Ég held að hér sé í rauninni hreyft máli sem í sjálfu sér gegnir furðu hversu seint hefur gengið að vinna að hér á landi, a.m.k. miðað við sams konar verk í næstu grannlöndum. E.t.v. er ástæðan sú að yfirleitt erum við heldur vanþróuð hvað samgöngumál snertir. Við búum fá í mjög stóru landi og e.t.v. er sú skýringin. En ég held að það sé meira en orðið tímabært að menn farið að vinna að því af festu og áræði að gera áætlun um gerð jarðganga.

Ég átti þess kost fyrir fáum vikum að koma til Færeyja ásamt nokkrum öðrum þm. héðan úr þinginu og ég verð að segja að mig grunaði ekki fyrir fram hversu stórkostlega þeir Færeyingar eru komnir fram úr okkur á þessu sviði. Þeir eru ekki margir og þeir búa að vísu ekki í stóru landi og ég gleymi því heldur ekki að fjórðung fjárlaga sinna fá þeir að, Færeyingar. Engu að síður er það aðdáunarvert hversu langt þeir eru komnir. Ég er ansi hræddur um að mönnum hnykkti við hér á landi ef þeir færu í gegnum nýjustu jarðgöngin þeirra til tiltölulega fámennrar byggðar, en þau breyta gjörsamlega öllu lífi í viðkomandi byggð eftir að þau eru staðreynd.

Hér á landi er snjómokstur sum árin ekki lítill þáttur af rekstri Vegagerðarinnar. Það er alveg víst að jarðgöngin mundu skipta sköpum á landsvæðum eins og Austurlandi og Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi ef eitthvað af þeim draumum sem menn eru hér að lýsa yrði að veruleika. En aðalatriðið er þó það, sem flm. lagði mikla áherslu á, að okkur ber að byggja þetta land allt vegna þess hvernig landgæðin eru hér að öðru leyti og okkur tekst ekki til langrar framtíðar að byggja landið allt á viðunandi hátt öðruvísi en að samgöngumálunum verði mun betri skil gerð en í dag er. Það verður ekki hægt öðruvísi en jarðgöng komi til.

Eins og þið vitið er það svo að flugvöllur þeirra Færeyinga, nánast sá eini, í Vogi, er ekki í góðu samgöngusambandi við Þórshafnarsvæðið, en þá hika þeir ekki við að gera um það áætlun, sem þeir ætla að hrinda í framkvæmd, að leggja jarðgöng undir atlantsála frá Vogi til Straumeyjar um 7 km leið. Fjárhagsáætlun heyrði ég þar í haust að væri um 500 millj. kr. danskar sem væri álíka upphæð og þeir Færeyingar nota á einu ári til utanlandsferða. Þetta sýnir manni hvernig í næsta nágrenni er á málum af þessu tagi tekið.

Ég heiti fyrir minn hlut á alla sem hér eiga hlut að máli að bregðast ekki í því að veita þessu máli brautargengi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Sú tillgr. sem hér er til umfjöllunar er ekki löng, sem sagt svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir yfirstandandi þing fullmótaða langtímaáætlun um gerð jarðganga."

Ástæðan fyrir því að tillgr. er ekki lengri er einfaldlega sú að málið er á því stigi að það þarf ekki fleiri orð um það að hafa. Þetta mál á sér þann aðdraganda og er orðið þannig unnið af hálfu ýmissa aðila að mönnum er ekkert að vanbúnaði að taka um það ákvörðun. Það liggja fyrir að mínu mati öll þau gögn sem þurfa að liggja fyrir þegar löggjafinn gengur endanlega frá sinni langtímastefnumörkun í þessu efni. Þá er spurningin kannski fyrst og fremst sú: Telja menn þörf á því að um þetta sé mörkuð

langtímastefna eða ekki? Ég er þeirrar skoðunar og mér hefði þótt vænt um ef maður hefði heyrt frá fleiri hv. þm., hvort þeir finnast ekki eitthvað fleiri en þeir sem hafa talað í umræðum um þessa till. Ég held jafnframt að málið liggi þannig að ef ekki næst samstaða um langtímastefnumörkun á þessu sviði er allt verkið í hættu. Þetta er eðli sínu samkvæmt svo stórt verkefni að það er varla hægt að reikna með því að framkvæmdir verði í gangi á sviði meiri háttar jarðgangagerðar nema á einum stað á landinu í einu. Til þess að tryggja þá sæmilegan frið og sæmilega samstöðu um slíka verkáætlun verða menn að binda hana til langs tíma þannig að þeir sem verða að sætta sig við að bíða geti sett traust sitt á markaða langtímastefnu sem segir að röðin komi að þeim.

Þetta þekkja hv. þm. frá því menn voru að undirbúa og ganga frá fyrstu langtímaáætlunum um vegagerð og ég er þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag hafi sannað ágæti sitt. Ég er þess vegna alveg viss um að hafi hv. þm. Vestfirðinga og hv. þm. Austfirðinga áhuga á því að röðin komi að þeim þegar framkvæmdum við Ólafsfjarðarmúla lýkur, sem vonandi verður eftir þrjú ár, ættu þeir að gerast eindregnir talsmenn þess að Alþingi gengi frá því með því að setja niður langtímastefnumörkun á þessu sviði sem um gæti skapast pólitísk samstaða og friður.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um nytsemd þess að menn taki á á þessu sviði. Þau hef ég margoft haft hér um þetta mál í fyrri tillöguflutningi. Ég stilli mig þó ekki um að nefna, vegna þess að ýmsar nýjar upplýsingar hafa komið fram þar um, að þegar verið er að þrátta um arðsemi samgöngubóta samanborið við eitthvað annað í þjóðfélaginu kemur ævinlega í ljós að menn vanmeta arðsemi samgöngubótanna þrátt fyrir allt. Þó að menn hafi þann frasa gjarnan á vörunum, eins og sagt er, að engin fjárfesting sé jafnarðbær og samgöngubætur kemur engu að síður í ljós að yfirleitt vanmeta menn gildi þess að byggja upp góðar samgöngur. Það sem menn verða að muna eftir alveg sérstaklega, þegar reynt er að bera saman þær aðstæður sem mundu skapast þegar jarðgöng væru komin t.d. um miðbik Vestfjarðanna og Austfjarðanna, er að taka inn í myndina allt það óhagræði sem er af núverandi ástandi. Menn gleyma gjarnan öllum þeim mikla kostnaði sem því er samfara að baksa við að halda opnum fjallvegum og þeim takmörkuðu afnotum sem menn hafa af vegum sem ekki eru opnir nema kannski einn dag í viku. Menn gleyma jafnvel að taka svo augljóst mál sem orkusparnaðinn af því að keyra nokkurn veginn láréttan veg í gegnum fjöllin í staðinn fyrir að lyfta allri umferðinni fleiri hundruð metra upp í loftið með tilheyrandi orkukostnaði og sliti á ökutækjum. Þetta gera frændur okkar Færeyingar, sem hér hafa verið nefndir til sögunnar, og þeir leggja svo mikla áherslu á þetta að þeir eru að fara út í jarðgangagerð á vegarkafla þar sem fyrir er fínasti malbikaður vegur. Ástæðan er fyrst og fremst sú að sá vegur, leiðin frá Vestmannaeyjum til Þórshafnar, liggur á einum stað upp í nokkur hundruð metra yfir sjó og það er þessi fjallvegur sem þeir vilja taka af með jarðgöngum til að losna við snjómokstur, til að spara orku o.s.frv. Einhvern tíma, kannski eftir 20 ár, verðum við Íslendingar vonandi komnir svo langt að skilningur á þessum hlutum leyfi að við náum að hugsa svona.

Ég er þeirrar skoðunar að íslenska þjóðin sé miklu fátækari en hún heldur sig vera ef hún hefur ekki efni á því að verja í framkvæmdir á þessu sviði sem svarar 120–150 millj. kr. á ári og ef hún gerir það næstu 20 árin er brýnasti vandinn á þessu sviði leystur. Það er allt og sumt sem til þarf. Þá mætti leggja ca. 1,5 km af jarðgöngum á hverju ári og ef við gerðum það í 20 ár og lengd jarðganga væri komin í 30 km hygg ég að þær framkvæmdir sem menn tala mest um á miðju Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum væru orðnar að veruleika. Þetta mál er í raun og veru ekki stærra en þetta þrátt fyrir allar draugasögurnar um hinn óhemjulega kostnað sem sé samfara jarðgangagerð. Það kemur enda í ljós, þegar málið er skoðað, að þetta yrði hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem menn ráðast í fjárfrekar framkvæmdir á sviði samgöngumála á Íslandi. Eðli málsins samkvæmt hljóta ákveðin verkefni þar að vera dýrari en önnur og það eru auðvitað jarðgöngin. En þau breyta líka miklu fyrir þá sem þeirra eiga að njóta.

Ég legg á það mikla áherslu, herra forseti, að þetta mál verði afgreitt og ég vona að sú nefnd sem fær það til umfjöllunar og hv. þm. geri upp hug sinn í þessum efnum. Það er búið að tala nóg. Það er búið að afla allra upplýsinga sem til þarf. Það er ekkert annað eftir en að taka ákvörðun.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræður um þetta mál, en ég vil nota tækifærið til að taka mjög undir málið sem heild. Ég tek mjög undir það sem hv. síðasti ræðumaður lagði til í þessu máli. Ég held nefnilega að þm. almennt, kannski ekki þjóðin heldur, geri sér ekki grein fyrir hve samgöngumálin eru stór þáttur í þjóðlífinu, ég tala nú ekki um á þeim svæðum sem menn hafa hér nefnt, Mið-Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég er þeirrar skoðunar að það vanti kannski pólitískt þrek til að taka ákvörðun um þessa hluti.

Ég fullyrði það a.m.k. að undangengnar margar kosningar hafa á Vestfjörðum snúist um samgöngumálin númer eitt, samgöngu- og byggðamál. Þetta tvennt verður ekki sundur skilið. Þetta fer saman. Byggð verður ekki við haldið öðruvísi en samgöngurnar séu í lagi. Lítið hefur þokast í þessum efnum. Þó skal það ekki vanmetið sem gert hefur verið, en það nægir lítt. Og ég fullyrði að ef ekki verður þegar horfið frá þeirri stefnu sem hefur verið uppi verður ekki ýkjalangt í að byggðir á Vestfjörðum grisjist miklu frekar hér eftir en hingað til. Og ef menn ekki vilja taka á þessu máli á pólitískan hátt eiga menn líka að þora að segja það. Þeir eiga þá að þora að

segja að það séu ekki til peningar í þennan þátt. Ég hef ekki orðið var við að stjórnvöld hafi vílað fyrir sér að taka tugi milljarða til láns til raforkuframkvæmda víðs vegar. Og ég fullyrði, hversu mikið sem menn meta raforkugildið, að samgönguþátturinn, samgöngurnar, er ekki minna virði, að koma því í lag.

Það hefði vissulega verið ánægjulegt að hafa þó ekki væri nema einn hæstv. ráðherra, helst að þeir væru tveir, bæði hæstv. samgrh. og fjmrh., til að heyra hljóð í mönnum, hvað menn hyggjast fyrir, þeir sem nú ráða ferðinni í þessum efnum. Ég held, hversu góð sem þessi till. er og þarft að marka stefnu strax, að það sé full þörf á því nú þegar að ráðstafa fjármagni til þessara framkvæmda. Það er þannig komið á Vestfjörðum að það þarf a.m.k. 30 millj. kr. fjárveitingu fyrir næsta ár til að vinna að málinu áfram. Slíka ákvörðun á auðvitað að taka nú. Ef menn geta ekki tekið slíka ákvörðun meina menn ekkert með þessu byggðatali. Ég hefði þess vegna viljað sjá framan í þá hæstv. ráðherra báða, samgrh. og fjmrh., því að trúlega fara fyrst og fremst ákvarðanatökurnar um hendur þeirra.

Ég fullyrði að það er löngu tímabært að taka ákvörðun eins og hér er lagt til að gert verði. Það hefði fyrir löngu átt að vera búið að gera það. Ég tek líka undir að öllu því fjármagni sem tekið er af umferðinni sé skilað til hennar aftur. En þetta á nánast við um allar ríkisstjórnir, líka ríkisstjórnina sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sat í. En þetta á ekki að vera svona. Menn eiga að hafa sömu skoðun um sama mál bæði innan og utan ríkisstjórnar. En þess vegna er nú komið sem komið er að menn tala oft tveim tungum í þessum sem og öðrum efnum. Í þessu vantar miklu meiri áherslu en verið hefur. Og ég tek mjög undir það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði. Menn tala um að arðsemin sé ekki nógu góð í þætti samgöngumála. Þessu er haldið fram við okkur af þeim spekingum mörgum hverjum sem um málin fjalla, þykjast þekkja og þykjast vita en vita þó ósköp lítið þegar á reynir.

Ég hygg að það sé ein mesta arðsemin fólgin í úrbótum í samgöngumálum á þeim svæðum sem hér hefur verið um rætt. Ég styð því þessa tillögu. En ég vil ganga lengra. Ég vil að fjárveitingavaldið taki þá ákvörðun að leggja fé í þetta strax þannig að menn sjái að ekki sé aðeins verið að tala um málið, menn séu líka að meina það sem þeir segja og ætli að gera alvöru úr því.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil ekki að þessari umræðu ljúki svo að ég þakki ekki þær undirtektir sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Fyrir utan meðflm. minn, sem hér talaði, vil ég þakka hv. 6. þm. Suðurl., Óla Þ. Guðbjartssyni, fyrir hans eindregnu undirtektir í þessu máli og hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ég hefði gjarnan kosið að heyra í fleiri stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar um þetta mál hér við umræðuna og segi það kannski með einhverjum fyrirvara þegar ég tala um stuðningsmenn ríkisstjórnar. Ég sé að hv. síðasti ræðumaður kinkar kolli.

Auðvitað skiptir miklu hvaða viðhorf er ríkjandi hjá stjórnarliðinu í landinu hverju sinni til mála sem þessara, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að í sínu máli. Það er vissulega ekki góður svipur á því að þegar rædd eru mál af þessu tagi skuli ekki vera einn einasti ráðherra úr ríkisstjórn landsins í sæti sínu. Ég er ekki að gera kröfu til þess að þeir séu hér vegna tiltekinna mála, en það er sannarlega heldur snautlegt að ekki einn einasti ráðherra úr ríkisstjórninni skuli sjá ástæðu til að sitja undir umræðum í Sþ. Ég hef að vísu séð einn á flökti í hliðarherbergjum og hann birtist nú í gættinni. Ég vænti þess og tel fullvíst að hann beri góðan hug til þessa máls, en hann telur kannski að hann eigi að horfa til annarra þátta fremur en samgöngumálanna. En auðvitað reynir á ríkisstjórn í sambandi við mál af þessu tagi þó að við séum að leita eftir því hér að þingviljinn komi í ljós. Það er það sem um er beðið, stuðningur þingsins við þetta mál til að þrýsta á framkvæmdarvaldið. Ég vona að þessu þingi ljúki ekki svo að ekki liggi fyrir stefnumörkun, langtímaáætlun um jarðgangagerð þannig að menn geti horft til þessa þýðingarmikla þáttar í ljósi stefnumörkunar af hálfu þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta, fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 94. mál. — Þskj. 98.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta. Flm. ásamt mér eru Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Hér á landi eru nokkur hundruð manns sem annaðhvort hafa búið við heyrnarleysi frá fæðingu eða hafa svo litlar heyrnarleifar eða af völdum slysa eða sjúkdóma búa við mjög skerta heyrn og ekki hafa getað tileinkað sér þetta tjáningartæki, tungumálið, þannig að þeir geti í rauninni haft eðlileg samskipti við aðra þegna þjóðfélagsins, hvað þá heldur að þeir geti nýtt sér þá fjölbreytilegu þjónustu sem þjóðfélagið hefur upp á að bjóða.

Nú er það svo að það eru komin til fjölmörg hjálpartæki fyrir þetta fólk sem eiga að geta auðveldað því lífið, en skortir kannski á að hið opinbera hafi þar komið til móts við þetta fólk þannig að viðunandi sé. Því er till. hér flutt um þjónustumiðstöð

fyrir heyrnarskert fólk, kalla ég það, vegna þess að það nær yfir fleiri en þá sem eru heyrnarlausir.

Eitt af þeim tækjum sem þetta fólk hefur átt kost á nú síðari ár eru svokallaðir textasímar. Þetta er ekki flókið tæki. Það sendir prentaðan texta milli síma. En sá hængur er á að það eru fáir sem hafa svona síma nema þeir heyrnarlausu sjálfir og nýtist hann þess vegna ekki til almennrar upplýsingaöflunar eða þjónustu í þjóðfélaginu.

Það má segja að eðlilegt væri að allar helstu stofnanir landsins hefðu slíkan síma. Það þarf enga sérkunnáttu til að svara í svona síma eða tala í þá. En meðan svo er ekki og jafnvel þó svo væri er brýn þörf fyrir einhvers konar miðstöð sem þetta fólk getur hringt í og prentað þar sín skilaboð og viðkomandi þjónustumiðstöð rekið þau skilaboð áfram fyrir þetta fólk. Ég tilgreini í grg. nokkur dæmi um það sem okkur finnst eðlilegt að gera með því að geta lyft símtóli og hringt, aflað okkur upplýsinga, spurt spurninga. Slíka þjónustu gæti þetta fólk nýtt sér í gegnum þjónustumiðstöð.

Einnig ber að tala um það öryggisleysi sem þetta fólk býr við og mætti tilgreina nokkur dæmi um slys þegar töf hefur orðið á því að ná í hjálp vegna þess að viðkomandi hefur ekki getað nýtt sér síma og hefur þurft að leita hjálpar eftir öðrum leiðum sem tekur mismunandi langan tíma. Ef sjúkdóma eða slys ber að höndum er þetta fólk oft bjargarlaust sé enginn nærri sem hefur heyrn.

Það er í framhaldi af því líka talað hér um túlka vegna þess að í svona miðstöð þyrftu líka að starfa túlkar fyrir heyrnarlausa. Nú er það svo að það er ekki mjög langt síðan táknmál var viðurkennt sem tungumál og því kannski ekki fullur skilningur fyrir því að táknmál er fyrsta tungumál heyrnarlausra, en íslenskan er annað tungumál. Nú hafa nokkrir hlotið menntun sem túlkar í táknmáli og a.m.k. ein stúlka er í námi núna til að læra túlkun. Fyrir utan að túlka er þetta fólk líka að vinna mjög þarft verk því að það er að auka og bæta orðaforða táknmálsins. Það þarf sífellt að finna ný tákn og aðlaga hverju tungumáli og finna tákn yfir nýyrði eða það sem ekki hefur komið til við skulum segja tals í táknmáli áður. Heyrnarlausir hafa getað nýtt sér þessa túlka, en það er undir hælinn lagt hver borgar þá þjónustu. Oft er það borgað af hinu opinbera eða félagasamtökum eða einhverjum slíkum þar sem heyrnarlausir þurfa á túlkum að halda, en mjög oft þurfa þeir að borga þessa þjónustu úr eigin vasa. Hún er nokkuð dýr eins og önnur sérfræðiþjónusta og þar að auki eru túlkar fáir þannig að það eru ekki mikil brögð að því að fólk nýti sér slíka túlka til almennrar þjónustu.

Núna eru þó nokkrir sem stunda framhaldsnám með aðstoð túlka og sú þörf vex sjálfsagt með auknum menntunarkröfum. Sjálfsagt mundi hún líka aukast ef kostur væri á fleiri slíkum túlkum. En það er nánast forsenda fyrir því að fólk leggi þetta nám fyrir sig að það sé einhver aðstaða fyrir hendi til vinnu þegar heim kemur.

Í samhengi við þessa till. er önnur sem ég mun flytja á eftir. Ég vil samt nefna hana hér nú. Svona þjónustumiðstöð, þar sem textasímaþjónusta væri rekin, þyrfti ekki að vera opin allan sólarhringinn því að það er til mjög einföld lausn. Þjónusta á Landsímanum gæti hugsanlega tekið við, sbr. tillögu sem ég mun flytja hér á eftir.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta, nema ég vil rétt geta þess hér að ég hef haft talsverð samskipti við heyrnarlaust fólk og þykist ég fara með rétt mál þegar ég segi að þetta sé sú þjónusta sem það helst skortir og sem það helst óskar eftir núna. Ég hef borið till. undir öll þau félög og þá aðila sem starfa við hjálp við heyrnarlausa og nokkra heyrnleysingja líka og allir þeir aðilar sem ég hef leitað til hafa lýst mikilli ánægju yfir till. og í trausti þess að hún fái álíka undirtektir hjá hv. þm. legg ég hana fram til umræðu og óska eftir því, virðulegi forseti, að að umræðu lokinni verði henni vísað til félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Hér er vissulega hreyft mikilvægu máli sem er málefni heyrnarlausra. Fagna ég því sérstaklega að þau skuli vera tekin til umræðu hér í sölum Alþingis.

Ég held að það sé ljóst að málefni þessa fólks hafa verið nokkuð afskipt þrátt fyrir miklar framfarir á undanförnum árum í málefnum fatlaðra. Ég held að áhrifa laganna um málefni fatlaðra hafi í engu eða a.m.k. í mjög litlum mæli gætt í málefnum eða aðbúnaði heyrnarlausra. Á því gæti eflaust verið sú skýring að heyrnarlausir eru mjög einangraður hópur sem hefur átt erfitt með að koma sínum málum á framfæri. Ég held að það sé nokkuð ljóst að málefni þessa hóps hafa ekki verið skoðuð sérstaklega hjá svæðisstjórnum sem fjalla um málefni fatlaðra eða hjá stjórnarnefnd málefna fatlaðra. Ég taldi því fulla ástæðu til að þessi mál yrðu sérstaklega tekin fyrir í félmrn.

Um síðustu mánaðamót, að mig minnir, var boðað til fundar í félmrn. með heyrnarlausum og forsvarsmönnum þeirra ásamt fulltrúa frá menntmrn. Þar kom margt mjög athyglisvert í ljós í málefnum heyrnarlausra og er ljóst að ýmislegt þarf að laga í þeirra málum sem þarf ekki að vera ýkja kostnaðarsamt. Í mörgum málum er fyrst og fremst um það að ræða að hrinda þeim í framkvæmd.

Ég tel ástæðu til þess að geta nokkurra af þeim málum sem var hreyft á þessum fundi þar sem heyrnarlausir komu með aðstoð túlka sínum sjónarmiðum á framfæri.

Það sem er heyrnarlausum efst í huga er það sem kemur fram í þáltill. sem eru til umræðu, þ.e. að mennta túlka og bæta túlkaþjónustuna. Það kom fram hjá þeim að það vantar námsstjóra við táknmálskennslu í Heyrnleysingjaskólanum. Það kom fram hjá þeim mikil óánægja með fréttatíma sjónvarps og hvernig stöðugt væri verið að breyta fréttatíma þeim sem heyrnarlausir geta notið án þess

að nokkurt samráð væri haft við Félag heyrnarlausra. Það sem ég var nokkuð undrandi á og ég hygg að ekki sé öllum ljóst er að Félag heyrnarlausra þarf sjálft að borga fyrir þessa þjónustu sem sjónvarpið veitir þeim og að greiða laun þess sem flytur þeim táknmálsfréttirnar.

Einnig kom mjög glöggt fram, eins og í þáltill. sem hér er til umræðu, þörfin fyrir textasímaþjónustu. Er þar vissulega um mikilvægt hjálpartæki að ræða fyrir heyrnarlausa. Ég tel ástæðu til þess við þessa umræðu að vitna aðeins til grg. sem lögð var fram á þessum fundi frá Félagi heyrnarlausra þar sem kemur fram hve mikilvæg þessi textasímaþjónusta eða textamiðstöð er fyrir heyrnarlausa. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hér á landi er nokkuð stór hópur fólks sem er heyrnarlaust eða það heyrnardauft að það getur ekki notað venjulegan síma á sama hátt og þeir sem hafa eðlilega heyrn. Þetta er fólk sem ýmist hefur misst heyrn á efri árum eða fólk sem er heyrnarskert frá fæðingu. Vegna fötlunar sinnar eru heyrnarlausir einangraðir frá þeim þægindum og mikilvæga öryggi sem síminn óneitanlega er hinum almenna borgara. Þetta er sérstakt áhyggjuefni þegar haft er í huga að tilkynningar og fréttir í útvarpi ná ekki til heyrnarlausra og gagn þeirra af sjónvarpi er takmarkað. Það er því ekki ofmælt þegar sagt er að um mjög mikla einangrun getur verið að ræða.

Fyrir nokkrum árum hófst innflutningur á svokölluðum textasíma fyrir heyrnarlausa. Með tilkomu hans breyttist að nokkru sú einangrun sem þeir höfðu mátt búa við fram til þessa. En textasíminn gerir heyrnarlausum kleift að hafa símasamband sín á milli. Þessi möguleiki nær þó aðeins til þeirra aðila sem hafa textasíma. Textasíminn er tiltölulega einfalt tæki. Hann samanstendur af þremur aðaleiningum."

Síðan er því lýst í þessari grg. Einnig kemur þar fram um textasímamiðstöð, sem þessi tillaga fjallar aðallega um, að notkun textasímanna sé takmörkuð við þann hóp heyrnleysingja sem eiga þessi tæki.

„En eftir sem áður eru heyrnarlausir einangraðir frá þeirri mikilvægustu þjónustu sem hinn almenni sími er öllum almenningi til viðskipta og upplýsingaöflunar. Til þess að rjúfa að einhverju leyti þessa einangrun og gefa heyrnarlausum möguleika á að njóta þeirrar þjónustu og öryggis sem síminn veitir hefur hugmyndin um textasímamiðstöð verið sett fram. Slíkar miðstöðvar hafa verið settar upp víða erlendis og eru þær mikið notaðar.

Textasímamiðstöð má að sumu leyti líkja við gömlu símstöðvarnar en þær störfuðu sem alhliða tengi- og boðveitur innan símakerfisins. Markmiðið með textasímstöð er að gefa heyrnarlausum möguleika á að hafa símasamband við hvern þann sem hefur venjulegan síma. Miðstöðin tengir saman notendur textasíma og venjulegs síma með aðstoð símavarðar. Til að hún komi að fullum notum verður hún að vera opin allan sólarhringinn.

Í textasímamiðstöð þarf ekki mörg tæki eða dýran búnað en þar verður að minnsta kosti að vera einn textasími, tveir venjulegir símar og að sjálfsögðu símavörður. Miðstöðin vinnur þannig að þegar hringt er í stöðina með textasíma svarar símavörður með textasímanum og tekur á móti skilaboðum um að hringja í eitthvert ákveðið númer. Símavörður hringir í þetta númer og tilkynnir að hann sé með samtal yfir textasíma og nú textar og talar símavörðurinn samtalið á milli. Símavörður er þarna sem eins konar túlkur sem flytur eða túlkar samtalið á milli notendanna. Þessi þjónusta er tvívirk, hvort sem er frá textasíma yfir miðstöð og í venjulegan síma og öfugt. Einnig getur miðstöðin unnið sem boðveita og hjálpað við að koma ákveðnum stuttum skilaboðum áfram þótt það sé ekki gert í einu símtali og gefið almennar upplýsingar. Sem öryggistæki er textasímamiðstöð afar mikilvæg, sérstaklega gagnvart lögreglu, slökkviliði og læknaþjónustu hvers konar, auk þess sem hún er mjög gagnleg fyrir öll styttri þjónustusamtöl, t.d. vegna leigubíla, veðurfrétta, fundarboða o.s.frv."

Virðulegi forseti. Ég held að fram komi í þessari grg. hve mikilvæg þessi textasímamiðstöð er sem um er fjallað í þáltill. sem er til umræðu og sýnir glöggt að um mikilvægt öryggistæki er að ræða fyrir heyrnarlausa.

Á þessum fundi, sem haldinn var að tilhlutan félagsins, kom einnig fram að nauðsynlegt væri að koma á fót sambýli fyrir heyrnarlausa, einnig að heyrnarlausir virðast ekki njóta tollaniðurfellingar af myndböndum frá Norðurlöndum, svo sem samþykkt Norðurlandaráðs gerir ráð fyrir. Þar kom einnig fram að afnotagjöld af símum eru ekki felld niður hjá heyrnarlausum eins og á sér stað hjá t.d. blindum mönnum, svo og hjá félagsmönnum, sumum hverjum hjá Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra, en um það hafa verið heimildir í fjárlögum. Það kom einnig fram á þessum fundi að heyrnarlausir eru sex sinnum lengur að koma sömu skilaboðum í gegnum síma en heyrandi og því er augljóst að kostnaður þeirra við símanotkun er mjög mikill. Í framhaldi af þessum fundi var síðan skipuð nefnd til þess að vinna sérstaklega að úrbótum á þeim málum sem þarna komu fram. Í nefndinni sem ég hef skipað eiga sæti tveir fulltrúar frá Félagi heyrnarlausra og skólastjóri Heyrnleysingjaskólans á einnig sæti í henni ásamt fulltrúa menntmrn. og fulltrúa í félmrn.

Það kom fram á þessum fundi áhugi fyrir því að gera úttekt á félagslegri stöðu heyrnleysingja og tel ég það mikilvægt. Er rætt um að slík könnun gæti farið fram hjá félagsvísindadeild Háskólans og að úttektin mundi ná þá til stöðu heyrnleysingja í þjóðfélaginu almennt, fjölda, aldurs, aðstæðna, atvinnumöguleika, félagslegra tengsla og möguleika þeirra almennt til félagslegra samskipta. En það kom einnig fram að þegar Heyrnleysingjaskólanum sleppir er lítið vitað um hvað verður um þetta fólk eða stöðu þess almennt.

Ég vildi láta koma fram við þessa umræðu að að þessu er unnið. Mér er kunnugt um að nefndin hefur

fullan hug á því að leita eftir viðræðum í fyrsta lagi við fulltrúa menntmrn. um hvernig hægt sé að efla túlkaþjónustuna og vinna að menntun túlka. Í öðru lagi hefur nefndin hug á að leita eftir viðræðum við samgrn. um að koma á slíkri textasímaþjónustu fyrir heyrnarlausa eins og um er rætt í þessari till.

Ég ítreka það að ég fagna því að þessi mál eru tekin hér til umræðu en taldi nauðsynlegt að láta það koma fram, þar sem verið er að fjalla um þessi mál, að þau hafa verið til skoðunar í félmrn. og einmitt á því sviði sem fjallað er um í báðum þeim till. sem eru til umræðu. Ég vil láta það koma fram, sérstaklega að því er varðar þá till. sem er til umræðu um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta, að ég tel eðlilegt að slík þjónustumiðstöð sé rekin af Félagi heyrnarlausra, t.d. í félagsmiðstöð heyrnarlausra á Klapparstígnum þar sem húsnæði er fyrir hendi, og að eðlilegra væri að Félag heyrnarlausra fengi sérstakan fjárhagsstuðning frá hinu opinbera til að reka slíka þjónustumiðstöð fremur en að komið væri upp sérstakri þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta sem ég tel að yrði dýrara. En engu að síður er þetta mikið þarfamál.

Unnur Stefánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að hérna sé hreyft mjög þörfu máli sem hv. 18. þm. Reykv. flytur ásamt fleiri mönnum. Það er margt ótrúlegt sem viðgengst í okkar þjóðfélagi svo sem eins og ýmis málefni sem snerta heyrnarskerta og það hefur einmitt komið fram í máli þeirra sem hafa talað.

Það hefur komið fram að heyrnarskertir hafa haft textasíma í þjónustu sinni líklega í allt að tíu ár, en þeir búa við mikið óöryggi varðandi ýmsa þjónustu. M.a. hafa þeir ekki þá aðstöðu að geta náð í lækni, lögreglu eða slökkvilið þegar á þarf að halda vegna þess að þessi símaþjónusta er ekki fyrir hendi þannig að þeir geti náð í þetta fólk eins og við hin getum gert sem erum heyrandi. Ég get sagt ykkur frá einu dæmi frá því í haust. Íþróttafélag heyrnarskertra var að fara til útlanda og þar sem ekki var möguleiki á að hringja til að segja hópnum sem átti að fara hvenær flugvélin færi varð einn fulltrúi félagsins að keyra til allra sem áttu að fara í þessa ferð til að segja þeim hvenær flugvélin ætti að leggja af stað. Þið getið ímyndað ykkur hvað það getur verið mikil vinna að koma boðum um svona sjálfsagðan hlut eins og okkur finnst sem erum heyrandi.

Ég fagna því að hæstv. félmrh. hefur skipað nefnd til að vinna að málefnum heyrnarskertra og vona að þeim verði ýtt áfram og það hið fyrsta. Ég styð till. hv. 18. þm. Reykv. og vona að málefnum heyrnarskertra verði unninn framgangur.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls og stutt þetta mál, ekki síst hæstv. félmrh. Allt sem hún las úr grg. þeirri sem hún hafði í höndum styður að úrbóta þurfi að leita fyrir þetta fólk eins fljótt og kostur er. Það er líka rétt sem hæstv. félmrh. sagði að heyrnarlaust fólk býr sjálfsagt við meiri einangrun en flestir aðrir fatlaðir sem á annað borð hafa þá möguleika á því sökum fötlunar sinnar að halda uppi eðlilegum samskiptum við fólk eða lifa nokkurn veginn eðlilegu lífi. Manni verður ljóst þegar maður talar við þetta fólk hversu gífurlega mikilvægt það er fyrir hvern og einn að þroska sína hugsun í gegnum mál. Fólk sem aldrei getur tileinkað sér tungumál á mjög erfitt með að koma skoðunum sínum og þörfum á framfæri vegna þeirra takmarkana sem þetta setur þeim.

Eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. er þessari nefnd greinilega ætlað að taka á fjölmörgum fleiri málum sem snerta heyrnarlausa. Er það vel því það er víða pottur brotinn og margt sem hægt er að gera þeim til aðstoðar sem þarf ekki að kosta mikla peninga. Hæstv. félmrh. ræddi t.d. um túlkun í sjónvarpi sem þeir bera að nokkrum hluta sjálfir kostnað af og ég veit að áhugi er á því hjá heyrnarlausum að Sjónvarpið geri t.d. einu sinni í viku einhvers konar yfirlitsþátt yfir fréttir vikunnar þar sem túlkun væri fyrir hendi þannig að þeir gætu fengið betra og heillegra yfirlit einu sinni í viku en þeir fá í þessum nokkurra mínútna fréttum sem þeir fá á hverjum degi.

Þetta mál er flutt í formi þáltill. en ekki í formi frv. einmitt til þess að útiloka ekki aðrar leiðir en þá að opna þjónustumiðstöð sem félli undir félagsmálalöggjöfina eins og hún er núna, einmitt til þess að hafa samráð við heyrnarlausa sjálfa um hvernig þeir teldu að þessum málum væri best hagað, og það var að nokkru leyti í samráði við þá sem þessi niðurstaða varð.

Eins mætti nefna táknmálskennslu í skólum sem væri hið þarfasta mál. Hún gæti í rauninni þjónað viðtækari tilgangi en þeim að börn lærðu táknmál því þetta er mjög tjáningarríkt mál. Þetta væri skemmtilegur og örvandi leikur fyrir börn að læra táknmál og þau mundu sjálfsagt vera mjög snögg að því. Sjálf lék ég mér mikið við heyrnarlaus börn þegar ég var barn og maður var farinn að tala þetta mál í rauninni áður en maður vissi af en auðvitað gleymdi maður því jafnfljótt vegna þess að maður gerði sér heldur ekki grein fyrir því að þetta væri neitt mál. Maður var bara svona að hafa samband við krakkana. En það er ekki erfitt að tileinka sér það svo að gagni geti komið.

Það er náttúrlega ekki vansalaust að þessir textasímar, eins einfaldir og þeir eru, skuli ekki vera á flestum stofnunum. Það mætti sjálfsagt beina því til annarra ráðherra að gangast nú í að örva þær stofnanir sem undir þá heyra til að koma sér upp svona síma því að það þarf enga, eins og ég sagði áðan, sérstaka menntun eða sérstakan starfskraft til þess að sinna þeim málum sem mundu koma í gegnum slíka síma, þau yrðu ekki svo mörg á hverjum stað.

Ég ætla rétt í lokin að minna á fund sem Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg — mig minnir að ég fari rétt með það — stóðu að í fyrra til að kynna sín mál og sumir hv. þm. sátu. Á þeim fundi flutti kór

heyrnarlausra þeim kvæði og þá voru náttúrlega tungumálaerfiðleikarnir slíkir að hv. þm. þurftu túlk til þess að skilja kvæðið. Í von um að það hafi fest einhverjum í minni ítreka ég ósk mína um að málið fari til hv. félmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að lýsa ánægju minni með þessa till. til þál., sem hefur verið borin fram af Þórhildi Þorleifsdóttur og fleiri þm. Kvennal., og jafnframt yfir því, sem ég heyri að hæstv. félmrh. hefur sagt, að hún hafi nú þegar undið sér í þetta mál til að vinna að framgangi þessa málaflokks. Ég hygg að við, sem urðum þeirrar ánægju aðnjótandi að vera á kosningafundi með þessu fólki, höfum gert okkur grein fyrir því að þörf þess sé mikil til að hafa boðskipti og einmitt það að textasíma sé komið á fyrir allflesta hefur mikið að segja. Ýmis málefni sem varða þennan hóp hafa greinilega orðið út undan eins og hæstv. félmrh. nefndi. Ég vona að úr því verði bætt því mér er ljóst að þessi hópur hefur orðið mjög afskiptur, hann hefur átt erfitt með að koma málum sínum á framfæri. Ég er alveg sannfærður um að það þarf ekki að kosta neinar stórar fjárhæðir og það má jafnframt bæta hag þessa fólks töluvert. En það þarf að geta tjáð sig eins og við, sem getum tjáð okkur með því að tala í síma dagsdaglega. Og við vitum að það yrði slæmt ef við misstum símann. Við getum ímyndað okkur hvernig við stæðum þá, hvað þá að þetta fólk skuli ekki hafa möguleika á að koma sínum boðum á milli, en það mundi gjörbreyta lífi margra þessara manna og kvenna sem þannig er ástatt um.

Ég vil þakka hæstv. félmrh. og flm. fyrir að hreyfa þessu máli.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Textasímaþjónusta, fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 95. mál. — Þskj. 99.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég kem hér aftur til að mæla fyrir till. til þál. um textasímaþjónustu og þá á örlítið öðrum grunni en sú sem rætt var um áðan. Flm. með mér að þesari till. eru þeir sömu og á hinni fyrri og sökum tímaskorts mun ég ekki fara að telja þá upp aftur.

Það þarf þá ekki að tíunda meira nauðsyn á að þessari þjónustu, sem hér hefur verið rætt um, verði komið upp og það þarf hvorki nefndir eða kostnað eða nokkurn skapaðan hlut til þess að þessari þjónustu sé komið á, það þarf að kaupa einn síma og setja hann í samband niðri á Landssíma og þó að sú þjónusta væri vonandi opin allan sólarhringinn þá yrði hún sjálfsagt ekki mikið notuð nema utan þess tíma sem þjónustumiðstöð væri opin. Sjálfsagt yrði annríkið meira til að byrja með því ég vona sannarlega að hæstv. samgrh. gangist í þetta mál strax, að koma upp þessari símaþjónustu.

Til þess að tefja ekki tímann lengur mælist ég til að þessi þáltill. verði tekin fyrir í allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37:1 atkv.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 64 2. júní 1981, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Pétur Sigurðsson fyrrv. alþm. (A),
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir alþm. (B),
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (A),
Gylfi Ingvarsson vélvirki (A).

Varamenn:

Valdimar Indriðason fyrrv. alþm. (A),
Kolbrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri (B),
Jón Á. Eggertsson framkvæmdastjóri (A),
Erna Gunnarsdóttir verkakona (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í flugráð, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1991, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Árni Johnsen fyrrv. alþm. (A),
Jóhann Albertsson lögfræðingur (B),
Páll Pétursson alþm. (A).

Varamenn:
Viktor Aðalsteinsson fyrrv. flugstjóri (A),
Kristinn H. Gunnarsson skrifstofustjóri (B),
Hallgrímur Sigurðsson flugumferðarstjóri (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1986, um breytingu á lögum nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gunnar Helgason forstöðumaður (A),
Jón Gunnarsson heildsali (B),
Þráinn Valdimarsson framkvæmdastjóri (A),
Rannveig Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Kristín Jónsdóttir kennari (B),
Gunnar S. Björnsson byggingameistari (A),
Hákon Hákonarson vélvirki (A).

Varamenn:
Kristín S. Kvaran fyrrv. alþm. (A),
Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur (B),
Atli Ásmundsson skrifstofumaður (A),
Georg Tryggvason lögfræðingur (A),
Ingibjörg Daníelsdóttir kennari (B),
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson lögfræðingur (A),
Grímur S. Runólfsson skrifstofumaður (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Benedikt Blöndal hrl. (A),
Jón Oddsson hrl. (B),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (A),
Baldvin Jónsson hrl. (A),
Brynhildur Flóvenz laganemi (B).

Varamenn:
Baldur Guðlaugsson hrl. (A),
Arnmundur Backman hrl. (B),
Gestur Jónsson hrl. (A),
Þorsteinn Eggertsson hdl. (A),
Valgerður Bjarnadóttir félagsráðgjafi (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sólrún Jensdóttir deildarstjóri (A),
Úlfur Hjörvar rithöfundur (B),
Áslaug Brynjólfsdóttir fræðslustjóri (A),
Gunnar Eyjólfsson leikari (A),
Helga Kress dósent (B).

Varamenn:
Halldór Blöndal alþm. (A),
Gunnar Bachmann kennari (B),
Eysteinn Sigurðsson (A),
Helga K. Möller kennari (A),
Olga Guðrún Árnadóttir rithöfundur (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur (A),
Andrés Magnússon læknir (B),
Helga Jónsdóttir lögfræðingur (A),
Jón Sæmundur Sigurjónsson alþm. (A),
Guðrún Agnarsdóttir alþm. (B).

Varamenn:
Steinunn Lárusdóttir lögfræðingur (A),
Helgi Seljan fyrrv. alþm. (B),
Theodór A. Jónsson forstöðumaður (A),
Óttar Guðmundsson læknir (A),
Sigríður Lillý Baldursdóttir eðlisfræðingur (B).

Kosning sjö manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárlögun til listamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. laga nr. 29 29. apríl 1967, um listamannalaun.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Bessí Jóhannsdóttir kennari (A),
Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari (B),
Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri (A),
Bolli Gústavsson sóknarprestur (A),
Sölvi Óskarsson kaupmaður (B),
Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Gunnar Stefánsson dagskrárgerðarmaður (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur (A),
Bríet Héðinsdóttir leikari (B),
Markús Á. Einarsson veðurfræðingur (A),
Guðni Guðmundsson rektor (A),
Magdalena Schram blaðakona (B),
Magnús Erlendsson fulltrúi (A),
Ásta R. Jóhannesd. dagskrárgerðarmaður (A).

Varamenn:
Haraldur Blöndal hrl. (A),
Rúnar S. Birgisson markaðsstjóri (B),
Gerður Steinþórsdóttir kennari (A),
Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur (A),
Sigrún Halldórsdóttir kennari (B),
Davíð Stefánsson laganemi (A),
Inga Þyri Kjartansdóttir snyrtifræðingur (A).

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1988 til 31. des. 1989 skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881 um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Líndal prófessor (A),
Sigurður Hróarsson sagnfræðingur (B),
Magnús Már Lárusson fyrrv. háskólarektor (A).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið skv. ályktun Alþingis 19. des. 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Friðjón Þórðarson (A),
Óli Þ. Guðbjartsson (B),
Alexander Stefánsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Danfríður Skarphéðinsdóttir (B).

Varamenn:
Pálmi Jónsson (A),
Ingi Björn Albertsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Eiður Guðnason (A),
Guðrún Helgadóttir (B),
Málmfríður Sigurðardóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigurður Helgason sýslumaður (A),
Gísli Sigurðsson skrifstofustjóri (B),
Hjörtur Hjartarson forstjóri (A),
Ari Bogason bóksali (A),
Hrafnhildur Borgþórsdóttir framkvstj. (B).

Varamenn:
Pétur Blöndal forstjóri (A),
Guðríður Guðbjartsdóttir verslunarmaður (B),
Páll Björnsson sýslumaður (A),
Ásbjörn Guðjónsson bifvélavirki (A),
Oddfríður Ingvadóttir fóstra (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson hrl. (A),
Páll Hlöðversson tæknifræðingur (B),
Jóhann Sigurjónsson skólameistari (A),
Freyr Ófeigsson héraðsdómari (A),
Sigríður Guðjónsdóttir fóstra (B).

Varamenn:
Guðmundur Þ. Benediktsson bæjargjaldkeri (A),
Gunnar Frímannsson rafvirki (B),
Magnús Þorvaldsson tryggingamaður (A),
Ólafur Erlendsson framkvæmdastjóri (A),
Hólmfríður Jónsdóttir bókavörður (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Halldór Þ. Jónsson bæjarfógeti (A),
Sigurður Hansen bóndi (B),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (A),
Gunnar Þ. Sveinsson bankamaður (A),
Ásgerður Pálsdóttir bóndi (B).

Varamenn:
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Vignir Einarsson kennari (B),
Magnús Sigurjónsson verslunarmaður (A),
Stefán Gunnarsson smiður (A),
Inga Jóna Stefánsdóttir bóndi (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Guðjón Steingrímsson hrl. (A),
Hjörleifur Gunnarsson fulltrúi (B),
Þórður Ólafsson lögfræðingur (A),
Vilhjálmur Þórhallsson hrl. (A),
Óskar G. Hallgrímsson viðskiptafræðingur (B).

Varamenn:
Páll Ólafsson bóndi (A),
Unnur Steingrímsdóttir náttúrufræðingur (B),
Sigríður Jósefsdóttir (A),
Gunnlaugur Ó. Guðmundsson yfirdeildarstj. (A),
Gísli Ólafur Pétursson kennari (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jón G. Tómasson borgarritari (A),
Kristján J. Gunnarsson fyrrv. fræðslustjóri (B),
Skúli Pálmason hrl. (A),
Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur (A),
Borghildur Maack hjúkrunarframkvstj. (B).

Varamenn:
Hjörtur Torfason hrl. (A),
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. (B),
Ásta R. Jóhannesd. dagskrárgerðarmaður (A).
Sigrún Benediktsdóttir lögfræðingur (A),
Gylfi Birgisson lögfræðingur (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björgvin Bjarnason skrifstofustjóri (A),
Birkir Friðbertsson bóndi (B),
Björn Teitsson skólameistari (A),
Ágúst Pétursson skrifstofumaður (A),
Ólafur Ögmundsson vélstjóri (B).

Varamenn:
Ólafur Helgi Kjartansson skattstjóri (A),
Aðalbjörg Sigurðardóttir kennari (B),
Kristjana Sigurðardóttir verslunarstjóri (A),
Daði Guðmundsson sjómaður (A),
Höskuldur Guðmundsson bifreiðarstjóri (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kristján Torfason bæjarfógeti (A),
Már Ingólfsson símaverkstjóri (B),
Pálmi Eyjólfsson fulltrúi (A),
Stefán Ármann Þórðarson fulltrúi (A),
Magnús Aðalbjarnarson fulltrúi (B).

Varamenn:
Jakob Havsteen hdl. (A),
Kristín Þórarinsdóttir bókhaldari (B),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (A),
Guðmundur V. Ingvarsson garðyrkjumaður (A),
Bjarni Þórarinsson kennari (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gísli Kjartansson lögfræðingur (A),
Steinunn Ingólfsdóttir verslunarmaður (B),
Páll Guðbjartsson framkvæmdastjóri (A),
Sveinn Kr. Guðmundsson fyrrv. bankastjóri (A),
Gunnar Elíasson kjötiðnaðarmaður (B).

Varamenn:
Guðjón Ingvi Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (B),
Björgvin Bjarnason fyrrv. bæjarfógeti (A),
Daníel Oddsson deildarstjóri (A),
Sigurður Kristinsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Við kosninguna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Ólafur G. Einarsson alþm. (A),
Hjörleifur Guttormsson alþm. (B),
Steingrímur Hermannsson utanrrh. (A).

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ef ég skil rétt er kosningu lokið og þessum dagskrárliðum fullnægt. Stjórnarandstaðan hefur verið beðin um að flýta sinni vinnu í sambandi við val á mönnum í það sem hér hefur verið afgreitt. Stjórnarandstaðan hefur orðið við þeirri beiðni og stendur ekki á henni í því kjöri sem hefur farið fram og sem á eftir að fara fram samkvæmt dagskrá sem liggur prentuð fyrir þessum fundi. En ég sé að það eru nokkrir liðir óafgreiddir. Ég bjóst við að þeir yrðu afgreiddir í dag. Ég hef enga skýringu á því sem forustumaður Borgarafl. hvers vegna ekki var gengið frá 10. lið, þ.e. kosningu í áfengisvarnaráð, hvers vegna var ekki gengið frá 11. lið, þ.e. stjórn Byggðastofnunar, og 16. lið, stjórn ríkisspítalanna. Ég hef skýringu á hvers vegna ekki var gengið frá 30. lið. — Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan fá skýringu á þeim töfum sem eru á afgreiðslu þessara liða.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að stjórnarandstaðan hefur ekki óskað eftir frestun á þeim dagskrárliðum sem hann tiltók. Hins vegar hefur verið óskað eftir frestun á þessum dagskrárliðum og er viðtekin regla hjá forseta að verða við líku án þess að spyrja hvað valdi þeirri ósk sem fram hefur komið. Það er gert ráð fyrir að þegar beðið er um slíka frestun verði það frestun til næsta fundar eða svo.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það svar sem hæstv. forseti hefur gefið. Það er fullnægjandi. Ég vek athygli á því að það er stjórnarliðið sjálft sem ekki getur staðið við að afgreiða málin þegar stjórnarandstaðan er beðin um að hraða afgreiðslum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal aðeins áréttað að það kemur oft fyrir að óskað er eftir frestun kosningar og þá er venja að verða við þeirri ósk.

Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði, fyrri umr.

Þáltill. EH o.fl., 107. mál. — Þskj. 111.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Á þskj. 111 flytjum við nokkrir þm. till. til þál. um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Unnur Stefánsdóttir, María E. Ingvadóttir og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði. Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið."

Á árunum 1969–1972 var vegurinn austur yfir fjall, eins og gjarnan er sagt hér í Reykjavík, byggður upp úr snjó og lagður slitlagi. Áður hafði Keflavíkurvegurinn verið endurbyggður og lagt á hann slitlag. Þetta voru fyrstu stórvirki síðari tíma í samgöngumálum og undirbúin af þáv. samgrh. Ingólfi Jónssyni.

Eftir það var nokkur hægagangur á lagningu slitlaga og hófst ekki að ráði fyrr en um og eftir 1980 þegar farið var að vinna eftir langtímaáætlunum. Eftir það fóru menn að sjá stóra áfanga í vegagerð víða á hringveginum og í öllum landshlutum. Í tíð fyrrv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar gerðust stórvirki og hefðu þó getað orðið miklu meiri ef stjórnarliðar hefðu stutt betur tillögur hans í fjáröflun til vega. Nú er fyrirhuguð aukning á vegafé, en þyrfti þó við endanlega afgreiðslu fjárlaga að verða miklu meiri.

Eftir að farið var að leggja bundið slitlag á þjóðvegi landsins hefur umferðin aukist. Nú er það orðið miklu minna mál að ferðast langar vegalengdir en áður var þegar menn urðu eingöngu að hristast á misslæmum malarvegum á milli staða. Sennilega er fátt sem eins stuðlar að því að byggð haldist í öllu landinu og gott vegakerfi því að það minnkar landið

í reynd og færir okkur nær hvert öðru þegar það tekur styttri tíma að ferðast á milli staða.

Með bundnu slitlagi eykst hraði umferðarinnar og menn gera kröfu til þess að geta haldið sama hraða þótt akstursskilyrði breytist, svo sem vegna slæms skyggnis eða náttmyrkurs. Með auknum hraða getur hættan á slysum einnig aukist og hætt er við því að slysin verði alvarlegri. Þetta á sérstaklega við séu akstursskilyrði ekki upp á það besta, en hættan er sú að menn taki ekki nægilegt tillit til þess og haldi svipuðum hraða og þeir eru vanir við betri skilyrði.

Lýsing á þjóðvegum dregur mjög úr slysahættu og gerir alla umferð greiðari. Kröfur um lýsingu á hættulegustu köflum þeirra hljóta því að verða háværar. Því er nauðsynlegt að farið verði að huga að þessu máli svo að menn geti gert sér grein fyrir því hversu kostnaðarsamt verk er hér um að ræða og hvernig það verði leyst á sem hagkvæmastan hátt. Rétt er að kynna sér hvernig þetta hefur verið gert í þeim löndum þar sem þróunin er komin miklu lengra áleiðis en hjá okkur.

Eðlilegt er að athuga fyrst þá vegarkafla þar sem umferðin er mest og þar sem akstursskilyrði geta orðið slæm. Hér er vegurinn austur fyrir fjall einn sá fyrsti sem athuga þarf sökum veðurskilyrða og hinnar miklu umferðar sem sífellt er vaxandi. En einnig er vert að leggja áherslu á fleiri vegi og má þá benda á veg upp í Mosfellssveit og um Reykjanes. Ég vil leggja áherslu á að hér verður að vera um sérstakt fjármagn að ræða og ekki má taka það frá öðrum framkvæmdum í vegamálum.

Að lokum vil ég vitna til greinargerðar sem tillögunni fylgir, með leyfi forseta:

„Svo sem kunnugt er, er Suðurlandsvegur um Hellisheiði aðalsamgönguæð frá Reykjavík til hinna fjölförnu og blómlegu byggða Suðurlandsundirlendisins, auk þess að vera kafli af hringveginum með miklum umferðarþunga. Síaukin samskipti Stór-Reykjavíkursvæðisins og Suðurlands eykur nauðsyn þess að vegurinn sé alltaf opinn. Með tækni og framförum nútímans er vegurinn orðinn hár, beinn og breiður með bundnu slitlagi. En vegna hæðar yfir sjó og náttúrufars eru gjarnan, sérstaklega í skammdeginu, mörg veðrabelti á leiðinni. Fyrirvaralaust skapast oft hættuástand, enda hafa orðið mörg alvarleg umferðarslys, sérstaklega á leiðinni úr Hveradölum og niður í Kamba. Því væri æskilegt að fyrsti áfangi í lýsingu vegarins yrði á þessum kafla. Nýta ber þá reynslu sem fyrir liggur um gerð ljósa sem sjást vel í lélegu skyggni.

Hin geysilega fjölgun ferðamanna á leið um Suðurland og lenging ferðamannatímans ýtir á þessa framkvæmd. En fyrst og fremst er það hin stöðuga ferða- og flutningaþörf til og frá Suðurlandi, í hvaða veðri sem er, sem knýr á um að þetta verði framkvæmt sem allra fyrst."

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu vil ég leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir þá till. sem hér er flutt og í leiðinni að þakka ágætum flm. frumkvæði þeirra. Ég býst við að ég hefði verið meðal þeirra ef ég hefði verið á landinu þegar málið var undirbúið, en vil ekki láta hjá líða að láta í ljós skoðun mína. Ég tel þetta hið gagnmerkasta mál.

Bráðum verður öld liðin frá því að lokið var fyrstu framkvæmd sem nafni getur nefnst í samgöngumálum á Íslandi, þ.e. byggingu Ölfusárbrúar. Þess afmælis verður minnst 1991. Ekki væri úr vegi að sú framkvæmd sem hér er um að ræða væri orðin að veruleika á því afmæli.

Suðurland hefur sérstöðu um margt, þá mesta þó að vera hafnlítið landsvæði og það svæði landsins sem á mest undir samgöngum á landi. Það fer ekki milli mála að sá fjallvegur sem þarna er verið að tala um, Hellisheiðin, er fjölfarnastur hér á landi, auðvitað vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið. Það þykir ekki tiltölumál hér niðri í byggð þó að upplýst sé á milli byggða um langar vegalengdir. Þess vegna er það í rauninni ekkert tiltökumál að sinna því að lýsa þá fjallvegi upp sem fjölfarnastir eru eins og Hellisheiðin.

Það kemur fram í grg. flm. að veðrabelti eru mörg á þessari leið. Það þekki ég vel. Ég hef farið um heiðina í mörg ár og ekki síst nú þessa ágætu veðurdaga í haust. En ég vil leggja áherslu á að það veður á þessari leið sem mér er einna leiðast er þokan. Þess vegna held ég að það verði ekki of mikil áhersla lögð á það atriði í grg. flm. að hér er um að ræða slysavörn í verulegum atriðum. Og í lokin sakar ekki að geta þess að orkan sem um er að ræða kemur þó alltént af Suðurlandi.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir og vil leggja áherslu á, sem kom ekki nógu skýrt fram í mínu máli, að til vegamála verður að koma aukið fé. Það er ekki meiningin með þessari till. að taka fé frá þeim þáttum sem að er unnið. Þess vegna verður ekki of oft lögð áhersla á það við gerð fjárlaga að það þarf stóraukið fé til vegamála í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Samanburður á tekjum á Íslandi og í nágrannalöndum, fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 109. mál. — Þskj. 113.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt ásamt öllum öðrum þm. Borgarafl. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd hlutlausra sérfræðinga til þess að rannsaka tekjumyndun og skiptingu þjóðartekna á Íslandi. Nefndin athugi sérstaklega dagvinnulaun, vinnutíma og heildarlaun nokkurra markhópa launafólks á Íslandi og beri þau saman við kjör sambærilegra hópa í nágrannalöndum okkar. Könnunin nái einnig til þeirra er njóta tryggingabóta. Leita skal skýringa á þeim mun sem könnunin sýnir. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þjóðartekjur Íslendinga eru með þeim hæstu í heiminum. Þær tekjur sem koma á hvern einstakling samkvæmt meðalútreikningi eru í engu samræmi við þá launataxta sem samið er um fyrir dagvinnu. Ég tók hér með mér til samanburðar tekjur tveggja verkamanna árið 1985 og 1986 teknar úr skattaframtali. Báðir hafa starfað yfir 15 ár hjá sama fyrirtæki og vinna fullan vinnudag. Annar hefur í árslaun 1985 213 þús. kr. og 1986 310 þús. kr. Hinn, sem gegnir ábyrgðarstarfi, ber úr býtum árið 1985 378 þús. kr. og árið 1986 495 þús. kr. Báðir þessir menn eru yfir meðaltali í sínu stéttarfélagi, en eru þó svo langt frá meðaltali sem þjóðartekjur sýna á hvern mann. Það styður það sem margir ætla. Í landinu er mikið launamisrétti og verra en þessar tölur sýna.

Ef venjulegur launamaður ber úr býtum sæmileg laun er um óhóflegan vinnudag að ræða. Spurningin er: Eigum við Íslendingar ekki meira þjóðarstolt en svo að við sættum okkur við meiri vinnuþrælkun og lægri laun en almennt gerist í Vestur-Evrópu? Það þýðir ekkert að afsaka þetta með því að við höfum þó sloppið við atvinnuleysi. Það er þakkarvert en ekki endalaust fært að réttlæta sig með þeim rökum. Verðlag er líka hærra hér en í nálægum löndum, einkum á matvöru. Ég bendi á verðkönnun sem Alþýðublaðið birti 14. nóv. sl. þar sem kom í ljós að t.d. verkamaður í Hollandi var í 3 klukkutíma að vinna fyrir matarkörfu sem verkamaður á Íslandi er 11 klukkutíma að vinna fyrir.

Ýmsir aðilar, bæði atvinnurekendur og launþegasamtök, hafa stundað kjararannsóknir og samanburð á launum við önnur lönd. Oftast er vitnað til kjararannsóknanefndar sem er helmingaskiptafélag Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ég hef oft vakið athygli á því að ég tel þessar rannsóknir ekki nógu trúverðugar og skal nú rökstyðja það frekar.

Haustið 1983 fóru verkakvennafélagið Framsókn og starfsmannafélagið Sókn fram á að ríkisstjórnin léti rannsaka hvað væru raunveruleg laun félaga í þessum félögum, en þau laun, sem þá voru talin meðallaun, fundum við ekki hjá okkar fólki. Páv. forsrh., núv. hæstv. utanrrh., brást vel við og óskaði eftir að kjararannsóknanefnd tæki verkefnið að sér. Nefndin skoraðist undan því og taldi sig hvorki hafa fé né mannafla til að sinna þessu verki. Ríkisstjórnin veitti þá aukafjárveitingu til verksins sem mörg fleiri láglaunafélög víðs vegar um landið tóku þátt í. Þessi könnun var að ég tel gagnleg og skilaði merkilegum upplýsingum, en stóð aðeins yfir í stuttan tíma og lauk í nóvember 1983.

Þeir launþegar sem vinna hjá ríki og borg og sjálfseignarstofnunum hafa ekki verið með í rannsóknum kjararannsóknanefndar og grunur leikur á að fleiri láglaunastéttir séu utan dyra. Það er því meira en lítið vafasamt að líta á þessar rannsóknir sem einhvern stórasannleik og eru þær þó sennilega þær víðtækustu sem völ er á hér á landi.

Það skal tekið fram að nú á síðustu vikum hefur fjmrn. skilað upplýsingum um laun meðlima Alþýðusambands Íslands til kjararannsóknanefndar og er þar um framför að ræða.

En hvað sem því líður er það staðreynd að mikil tortryggni er ríkjandi milli hagsmunaaðila um launakjör á Íslandi. Það er því brýn nauðsyn, ef skapa á grundvöll fyrir traustari kjarasamninga, að fyrir liggi hlutlaus og víðtæk könnun um launatekjur landsmanna. Í nútímaþjóðfélagi á það að vera sjálfsagt að þeir sem sækja lífsframfæri til Tryggingastofnunar ríkisins njóti sama réttar og séu tryggð sömu lífskjör og öðru launafólki.

Borgarafl. trúir að miðað við hinar miklu þjóðartekjur á mann á Íslandi þurfi að skýra betur en gert hefur verið hvers vegna hinum lægra launuðu í þjóðfélaginu nægi ekki 8 stunda vinna fyrir lífsviðurværi. Er það vegna þess að þjóðartekjur skiptast svo ójafnt milli þjóðfélagsþegnanna? Eru þeir fáir sem fá mikið í sinn hlut en margir sem skipta litlu á milli sín? Borgarafl. vill láta hlutlausa aðila kanna málið með hagsmuni heildarinnar að markmiði. Því er þessi þáltill. flutt.

Hæstv. forseti. Að umræðunni lokinni óska ég eftir að þáltill. verði vísað til félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

EFRI DEILD

12. fundur, þriðjudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Meðferð einkamála í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 135.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum

um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 frá 23. júní 1936, sem hér liggur frammi, var lagt fyrir síðasta Alþingi en varð þá ekki útrætt. Ég endurflyt það nú óbreytt. Þetta frv. var samið af réttarfarsnefnd en sú nefnd starfar að endurskoðun laga um málsmeðferð fyrir dómstólum og hefur á undanförnum árum skilað ýmsum tillögum um þau efni sem síðar hafa verið lögfestar.

Ég nefni tillögur sem lutu að breytingum á einkamálalögum, með lögum nr. 28/1981, sem tóku gildi 1. jan. 1982. Með þeim breytingum var málsmeðferð í einkamálum gerð einfaldari og skilvirkari og afgreiðsla dómstóla þar með greiðari. Síðan hafa komið fram ýmsar ábendingar um frekari endurbætur á einkamálalögunum í því skyni að einfalda málsmeðferð og auka virkni dómstólanna. Þótti því réttarfarsnefnd tilefni til þess að fá álit dómenda og stjórnar Lögmannafélags Íslands um núgildandi löggjöf á þessu sviði. Jafnframt var leitað eftir ábendingum og tillögum um þær breytingar á lögunum sem þættu gagnlegar.

Þetta frv. er samið í ljósi þessara álitsgerða og með hliðsjón af ýmsum öðrum atriðum sem réttarfarsnefnd taldi ástæðu til að endurskoða. M.a. er hér lagt til að ákvæðin um svokölluð áskorunarmál í lögum nr. 97/1978 verði felld inn í einkamálalögin sem XX. kafli þeirra laga. Breytingarnar, sem lagðar eru til með þessu frv., eru í 24 efnisgreinum, auk þess koma svo breytingar sem leiða af því að lagaákvæðin um áskorunarmálin, sem ég nefndi, verða felld inn í lögin. Ég ætla nú að rekja í örstuttu máli einstakar greinar frv. til frekari skýringar á því fyrir hv. þingdeild.

1. gr. fjallar um breytingu á því hvar setudómara sé heimilt að kveða upp dóm í máli, en breytingin leiðir einfaldlega af því að dómari er ekki alltaf búsettur í því lögsagnarumdæmi þar sem hann gegnir aðalstarfi á okkar tíð.

2. gr. þrengir skilyrðin til þess að menn geti fengið skipun í dómarastarf, en breytingin er lögð til með hliðsjón af breyttri embættaskipan í landinu og þörfinni á því að þeir sem skipaðir eru til dómarastarfa hafi aflað sér nægilegrar reynslu og þekkingar með störfum þar sem reynir á lögfræðilegar úrlausnir. Þannig gagnast nú ekki lengur bankastjórastörf, sendiráðsstörf, forsetaritarastörf eða störf í embætti þar sem áskilin er hagfræðimenntun til embættisgengis til dómarastarfa. Ég nefni þetta til marks um það í hverju þessi efnisbreyting er fólgin. Hún bindur skilyrðin þar með frekar við lögfræðileg embættisstörf.

3. gr. fellir niður heimild til að setja ólöglærða menn í störf héraðsdómara, en heimildin var sett í lög meðan skortur var á löglærðum mönnum. Á þeim er nú enginn hörgull lengur og heimildin því óþörf.

4. gr. fjallar um áminningarvald forstöðumanna dómaraembætta. Það þykir rétt að taka af öll tvímæli um áminningarvald forstöðumanna dómaraembættanna gagnvart öðrum dómurum hjá embættinu. Á sama hátt er forseta Hæstaréttar veitt vald til þess að áminna forstöðumenn dómstóla. Þessi breyting er gerð til samræmis við sjálfstæði dómsvaldsins sem eins af þremur þáttum ríkisvaldsins, en haggar þó ekki rétti ráðherra til þess að áminna dómara og dómarafulltrúa þegar það á við skv. lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Agavald forstöðumanna dómaraembættanna á yfirleitt við í öðrum tilvikum en þeim þegar grípa þyrfti til agavalds ráðherrans vegna alvarlegra brota í starfi. En tilgangurinn með þessum formlegu ákvæðum og þessum nýju ákvæðum er auðvitað endanlega sá að bæta verkstjórn og skilvirkni dómstólanna til þess að hraða gangi mála.

5. gr. í frv. er í samræmi við 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, en hún kveður á um tvímælalausa skyldu til þess að halda dómþing í heyranda hljóði þótt undantekningar séu leyfðar frá því við alveg sérstakar aðstæður.

6. gr. kveður á um fækkun þingvotta úr tveimur í einn þegar einn maður situr í dómi. Réttarfarsnefnd telur einn vott nægja og horfir þetta til hagræðis og sparnaðar.

7. gr. er tilkomin vegna aukinnar notkunar ljósritunartækni, en rétt þykir að taka fram skyldu til þess að framvísa frumritum skjala fyrir dómi ef þau eru á annað borð tiltæk.

8. gr. fjallar um skýrari reglur en nú gilda um það tilvik þegar fleiri en einn eiga óskipt réttindi, skyldu og sakaraðild, en réttaróvissa um þetta atriði getur í einstökum tilfellum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Hér er lögð til sú breyting að eigi sé skylt að vísa máli frá dómi enda þótt allir samaðilar taki ekki þátt í málshöfðun. Hins vegar verður það óbreytt að vísa ber máli frá dómi ef þeim er ekki öllum veittur kostur á að svara til sakar.

9. gr. hefur að geyma smávægilegar breytingar á þeim ákvæðum, sem nú gilda um efni og gerð stefnu fyrir dómi, en ákvæðin eru til þess gerð að auðvelda stefndum að átta sig á kröfum og málsástæðum stefnanda og að auðvelda dómara að átta sig á efni málsins. Ákvæðin um það hvað skuli greina í stefnunni hafa tvímælalaust greitt fyrir meðferð dómsmála síðan þau voru í lög leidd. Breytingin sem hér er gerð tillaga um gæti enn bætt gerð stefnuskjalanna og þar með greitt fyrir gangi dómsmála.

Í 10. gr. eru ýmis nýmæli sem eru til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum og reyndar í fleiri löndum, en hún fjallar um heimild til að höfða sérstakt vitnamál fyrir dómi. Slík heimild getur komið í veg fyrir óþörf dómsmál þegar upplýsingar allar liggja fyrir eða þá að upplýsingarnar leiði til þess að menn sjái að réttast muni að sættast án málsóknar. Þetta nýmæli gæti vonandi fækkað dómsmálum og væri það vel.

Í 11. gr. er eingöngu fólgin umorðun á núgildandi grein í því skyni að gera hana skýrari.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði til þess að eyða réttaróvissu, eins og nánar er skýrt í grg., og eykur m.a. heimildir Hæstaréttar til þess að breyta úrskurðum

varðandi frávísunarkröfur frá dómum.

Í 13. gr. er staðfest sú meginregla sem nú er fylgt að málflutningur skuli vera munnlegur fyrir dómi.

Í 14. gr. er orðalagsbreyting til samræmis við þetta ásamt því sem hún nú miðar að því að auka líkur á sáttum og stuðlar að greiðari málsmeðferð. Í henni er fjallað um breytingu sem leiðir af ákvæðum 13. gr. um munnlegan málflutning. Þá er þar nýmæli um þinghald eftir greinargerð stefnda og rétt dómara að krefja aðila um útreikninga fyrir kröfum sínum til frekari rökstuðnings þeim, en á það hefur þótt skorta að dómarar gætu krafist slíkra gagna.

15. gr. fjallar um undirbúning aðalréttarhalds í máli, en það nefnist nú aðalmeðferð. Það er mikilvægt að aðilar og vitni mæti þá til þess að gefa skýrslur og vitnisburð. Síðan fer fram málflutningur meðan efni skýrslna og vitnisburða er enn ferskt í hugum manna.

16. gr. kveður á um það að eftir að svokölluð aðalmeðferð var tekin upp í meðferð einkamála hafi liðið mun skemmri tími frá þingfestingu þeirra til dómsuppsögu. Hér er bætt við því nýmæli að í upphafi aðalmeðferðar gefi dómari sækjanda og verjanda kost á að gera stuttlega grein fyrir málinu. Meginreglan er sú að málflutningur er munnlegur, en málflutningur getur þó enn í undantekningartilfellum verið skriflegur.

Í 17. gr. er fjallað um rétt sækjanda til að fella mál niður og er hann nokkuð rýmkaður frá núgildandi ákvæðum.

Í 18. gr. er heimilað það nýmæli að kveðja megi einn matsmann til þess að meta minni háttar hagsmuni sem um er deilt. Er þetta lagt til í sparnaðarskyni fyrir aðila, en matskostnaður getur í sumum tilfellum orðið hærri en þau verðmæti sem um er deilt þegar tilkvaddir eru tveir matsmenn.

19. gr. er samin sökum þess að nú hafa orðið þær breytingar á framkvæmd skattamála að niðurjöfnunarnefndir eru ekki lengur lögskyldar og kemur þá skattstjórinn í stað formanns niðurjöfnunarnefndar þar sem það á við.

Í 20. gr. er fjallað um heimild til þess að dæma vexti af málskostnaðarkröfum. Í athugasemdum er einnig tekið fram að eðlilegt virðist að dómari geti metið verðrýrnunartjón aðila frá því er féð var útlagt og þar til dómur er upp kveðinn.

Í 21. gr. er fjallað um heimild til að dæma refsimálakostnað ef réttarfarsreglur eru freklega brotnar á þann hátt að settar eru fram rangar kröfur í því skyni að tefja framgang réttlætisins.

Í 22. gr. er að finna þau ákvæði sem líklega eru ein veigamesta breytingin sem í frv. felst, en þar er lögð sú skylda á héraðsdómara að hann láti forsendur fyrir úrskurði sínum fylgja, sé dómsmál kært til Hæstaréttar, þótt hann hafi ekki bókað þær við uppkvaðningu úrskurðarins.

Sömuleiðis skal héraðsdómari í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum bóka forsendur sínar fyrir ákvörðunum er fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefni. Þetta er auðvitað gert til þess að auka réttaröryggi og draga úr réttaróvissu, sem m.a. getur leitt til tilefnislausrar áfrýjunar auk þess sem þetta mun greiða fyrir gangi mála fyrir Hæstarétti ef áfrýjun er leyfð.

Í 23. og 24. gr. eru eingöngu smávægilegar orðalags- og tilvísunarbreytingar sem eru skýrðar í grg.

Og með 25. gr. eru lögin um áskorunarmál sem ég nefndi í upphafi felld í heilu lagi inn í einkamálalögin með fáeinum orðalags- og fyrirkomulagsbreytingum.

Þess má hér geta að hin skjóta meðferð einfaldra mála sem felst í áskorunarmálum hefur, síðan hún var tekin upp, sparað aðilum kröfumála og dómstólunum ótaldar fjárhæðir.

Hæstv. forseti. Ég hef nú í stuttu máli rakið efni þessa frv. Í því er hreyft við mörgum framkvæmdaratriðum varðandi gang einkamála fyrir dómstólum og auk þess gerðar tillögur um nokkur nýmæli. Ég vil nefna sérstaklega heimild til að höfða vitnamál fyrir dómi án þess að um eiginlegt dómsmál sé að ræða og um skyldu héraðsdómara til að láta forsendur fylgja úrskurði um kæru til Hæstaréttar og fyrir lokaúrskurðum í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum. Réttarfarsnefnd telur ótvírætt að frv., ef það verður að lögum, muni greiða mjög fyrir meðferð einkamála fyrir dómstólum landsins.

Þá vil ég nefna að heimildin til að fækka þingvottum og matsmönnum mun án alls efa leiða til sparnaðar, bæði fyrir dómskerfið og almenning. Með vaxandi umsvifum í þjóðlífinu hefur dómsmálum fjölgað verulega og því verður að mæta annars vegar með reglum sem stuðla að greiðari meðferð þeirra fyrir dómstólum og hins vegar með því að búa betur að dómstólunum. Ég vil því hvetja til þess að frv. fái skjóta meðferð hér á Alþingi og leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. skyldi vera tekið upp og flutt. Ég fagna innilega hverju því frv. sem leiðir til einföldunar, bæði er varðar dómstóla og aðrar stofnanir. Sérstaklega vil ég fagna þessu frv. því að ég tel að í meginatriðum felist í því breytingar til batnaðar frá því sem gildir skv. núverandi lögum. Þau lög sem gilda um meðferð einkamála í héraði eru að stofni til frá 1936, en þeim var breytt í meginatriðum með lögum nr. 28/1981. Í þeirri breytingu fólst aðallega að mál skyldi í heilu lagi vera rekið og á sama degi, bæði vitnaleiðslur og málflutningur.

Þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir leiða til þess að framkvæmdin verður skjótvirkari og einfaldari en nú er. Þó get ég ekki orða bundist og vil hér og nú gera athugasemdir við einstakar greinar frv. En þetta verður ekki heildarathugasemdin sem ég kem til með að gera og áskil mér frekari rétt til á síðari stigum málsins.

Í framsöguræðu sinni vék hæstv. dómsmrh. ekki

oft að því hvernig lögin eru í dag og hvaða breytingar er verið að gera. Að vísu sagði hann: Í 6. gr. er mælt fyrir um að það skuli vera einn þingvottur og að í 8. gr. sé verið að breyta svokallaðri samlagsaðild, en ég held að alla vega varðandi 8. gr. þurfi að athuga breytinguna nokkuð betur.

Varðandi 9. gr., sem mundi vera breyting á 88. gr. laganna, sakna ég þess að þar þarf ekki skv. þessu frv. að tiltaka í stefnu að nafnnúmer viðkomandi þurfi að fylgja. Það er þannig í þessu tölvuvædda þjóðfélagi að nafnnúmerin eru orðin meira virði en nöfnin og þar sem margir eru með sama nafn held ég að það sé nauðsyn á að tiltekið sé nafnnúmerið. Hins vegar skapar þetta oft og tíðum nokkra vinnu, en ég held að með tilliti til réttaröryggis beri að krefjast þess að nafnnúmer sé tiltekið á eftir nafni. Þetta á einnig við, að því er mér sýnist, varðandi breytingu á 25. gr. er fjallar um áskorunarmálin.

Í 20. gr. bætist við 175. gr. ný málsgr. um að vextir skuli falla á málskostnað 15 dögum eftir dómsuppsögu og fagna ég því. Hins vegar sýnist mér þetta ekki vera nógu skýrt að því er varðar áskorunarmálin. Þar er ekki tiltekið hvort sama regla eigi að gilda. Vil ég því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort svo eigi að vera. Í j-lið 25. gr. er ekki tiltekið um málskostnað eða vexti af málskostnaði. Þar segir aðeins að stefna skuli eftir áritun vera aðfararhæf frá dagsetningu en ekki eins og nú er sjö dögum eftir dagsetningu. Ég vona að ég fái svar við þessu.

Varðandi 25. gr. fagna ég því að þarna er kannski komin regla sem mundi geta komið í veg fyrir óþarfamál og að lögmenn geti haldið uppi málþófi. Ég fagna henni sem sagt.

22. gr. fagna ég einnig út af því að mér hefur fundist að í mörgum úrskurðum hafi vantað forsendur. Oft og tíðum áfrýja menn til að fá þann rökstuðning sem þeir vilja. Eins og staðan er í dag er hægt að fá úrskurði í fógetaskipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum ef farið er fram á það sérstaklega þannig að þarna er ekki veigamikil breyting. En í frv. er lögð sú skylda á dómara að hafa það með þeim hætti að ávallt skuli fylgja forsendur.

Að fella áskorunarmálin inn í lögin um meðferð einkamála í héraði tel ég að sé af hinu góða. Þó svo það skipti kannski ekki meginmáli er ágætt að hafa þetta á einum stað því að þetta er fyrir sama dómstóli og málin eru dæmd af sömu dómurum.

Hins vegar sýnist mér varðandi nýja grein, sem verður 222. gr., að undir þessa meðferð sé verið að fella fleiri mál en nú er. Þar segir í 2. mgr. að endurgjald fyrir veru, viðurgerning, flutning á mönnum og munum, tryggingar, auglýsingar og leigu lausafjár falli allt undir áskorunarmál, en ekki er það í dag.

Varðandi önnur framkvæmdaatriði um útbúning og gerð áskorunarstefnu verður manni litið á c-lið 25. gr. Það er sem sagt 224. gr. Þar segir að eitt eintak stefnu skuli vera á löggiltum skjalapappír. Ég veit því miður ekki hvort þetta er breyting eða ekki á núgildandi lögum, en ég held að þetta sé alger óþarfi þegar litið er á aðrar greinar laganna og þá sérstaklega á h-lið 25. gr., en þar segir: „Við þingfestingu máls skal stefnandi leggja fram tvö frumrit stefnu.“ Þar er hvergi sagt til um löggiltan pappír. Það er ekki samræmi í þessu tvennu.

En ég fagna þessu frv. og ég mundi fyrir mitt leyti geta samþykkt flestöll þau atriði sem þarna koma fram nema kannski þau sem ég hef minnst hér á.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil einvörðungu vekja á því athygli, sem segir raunar í grg., að mál þetta var flutt í fyrra og er endurflutt nú. Mér finnst að Alþingi hafi á undangengnum árum kannski ekki nægilega sinnt einmitt umfjöllun um dómsmálakerfi landsins, afgreiðslum hjá dómstólum og þar með náttúrlega réttarfarsatriðum. Ég vil leggja á það áherslu að sú nefnd sem fær mál þetta nú til umfjöllunar verði við þeim óskum hæstv. dómsmrh. að reyna að hraða störfum sínum þannig að frv. þetta geti orðið samþykkt sem lög á þessu þingi. — Kannski ekki óbreytt. Ég er ekki dómbær á það. Þótt ég sé reyndar hæstaréttarlögmaður hef ég lítið stundað lögfræðistörf í alllangan tíma. Síst hef ég kannski mikið vit á réttarfarsreglum í smáum dráttum. Hitt vita allir landsmenn að það er mikil og kannski vaxandi umræða um að hér sé pottur brotinn í okkar dómsmálakerfi og þá er illa farið í réttarríkinu ef almenningur getur ekki nokkuð vel treyst meðferð mála fyrir dómum þó að auðvitað verði alltaf einhver ágreiningur um dómsniðurstöður.

Þessi umræða er kannski vakin ekki síst vegna nýútkominnar bókar þar sem deilt er á dómara. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að þessi umræða sé af hinu góða og hún muni geta kveikt þann neista hér á Alþingi eða bál úr þeim neista að þessi mál verði meira í sviðsljósinu í löggjafarþinginu sjálfu þar sem þessi skipan er endanlega ákveðin og ábyrgðin þess vegna mikil af Alþingis hálfu að fjalla um þessi mikilvægustu mál réttarríkisins.

Ég endurtek að ég þakka fyrir að frv. þetta skuli nú vera flutt að nýju og legg á það áherslu að um málið verði alvarlega og ítarlega fjallað í nefnd og leitast við að lögfesta nýjar reglur eða breyttar reglur í þessu efni á þessu þingi en ekki bíða til hins næsta.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir athugasemdir og ábendingar. Ég vil víkja örfáum orðum að tveimur eða þremur þeirra atriða sem hv. 11. þm. Reykv. drap á í sinni ræðu.

Hann nefndi að í 9. gr., þar sem lýst er gerð stefnu, hafi því nú verið breytt að ekki sé lengur vitnað til nafnnúmers. Ástæðan fyrir því er einföld. Hún er sú að nafnnúmerin eru á leið út úr kerfinu. Í þeirra stað mun koma önnur tala, kennitala svonefnd, heiti sem e.t.v. hefur enn ekki unnið sér fastan sess eða formlegan. Þess vegna þótti ekki

ástæða til að festa nafnnúmerið í lög, sem eiga að gilda nokkur ár a.m.k., og nafn nægi og í skráningarkerfi nútímans muni jafnan fylgja nafni rétt númer og þá líklega ekki nafnnúmer heldur önnur auðkennistala.

Þetta vildi ég hafa nefnt til að skýra að þessi breyting er ekki tilviljun, en að öðru leyti er það rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. að breytingin sem gerð er á 88. gr. gildandi laga um meðferð einkamála í héraði er að öðru leyti eingöngu fólgin í breytingu á d-lið þeirrar greinar, en þar er aukið við orðum. Áður hljóðaði d-liður svo: „Málsástæður, svo og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna". Nú hefur þarna bæst við: „Málsástæður sem sækjandi byggir málsókn sína á, svo og önnur atvik sem þörf er að greina samhengis vegna. Lýsing þessi skal vera stuttorð og gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er."

Þessar tvær viðbætur eða fleygar eru áreiðanlega tilkomnar vegna reynslu dómaranna af því hvernig stefnur hafa verið gerðar.

Þetta var aðalatriðið. Hvað varðar nafnnúmerið vona ég að því verði vel til skila haldið í framtíðinni, en er alveg sammála hv. 11. þm. Reykv. um að það sé rétt að huga vandlega að þessu og öðru í nefnd.

Þá er það ábendingin um að hugsanlega sé misræmi á milli 20. gr. með nýju vaxtaákvæðunum og því sem segir í j-lið 25. gr., sem verða á 231. gr., í kaflanum um áskorunarmál, um það hvernig vaxtareikna skuli kröfur. Ég tel að þarna þurfi að athuga vel að ekki sé munur á. Það er ekki meiningin að þarna sé gerður munur. Vaxtareikningurinn á að vera eins eðli málsins samkvæmt. Vel mætti þó hugsa sér að lögjafna þarna á milli kaflanna eftir að áskorunarmálin eru orðin kafli í sömu lögum, en ekki ætla ég að teljast lögfróður í þessu efni. Þetta vildi ég þó nefna.

Ég tel sjálfsagt að nefndin líti á ábendingar hv. 11. þm. Reykn. um löggilta pappírinn eins og allt annað sem í málinu vakir og vildi að endingu taka undir með hv. 8. þm. Reykv. að mikil þörf sé á því að Alþingi sinni réttarfarsmálefnum af röggsemi og skörungsskap. Það er eftir því spurt í þjóðfélaginu og við þeirri spurn þarf Alþingi að kunna svör.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 131. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 136.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög, sem ég mæli hér fyrir, er að mestu leyti efnislega samhljóða samnefndu frv. sem lagt var fyrir 109. löggjafarþing, en þá varð málið ekki útrætt, enda stóð það þing stutt. Breytingar á fyrra frv. hafa m.a. verið gerðar með hliðsjón af umræðum og niðurstöðum á málþingi Lögfræðingafélags Íslands fyrir skömmu.

Frv. er í meginatriðum árangur af starfi nefndar sem viðskrh. skipaði í byrjun árs 1984 til að endurskoða m.a. lögin um hlutafélög og koma með tillögur um nauðsynlegar úrbætur með hliðsjón af fenginni reynslu af framkvæmd laganna, einkum hvað varðar hin smærri hlutafélög. Formaður þessarar nefndar var Árni Vilhjálmsson prófessor og er frv. þáttur í heildarendurskoðun félagalöggjafarinnar. Endurskoðun á lögunum um hlutafélög er einnig í samræmi við ályktun Alþingis frá því í ársbyrjun 1982 um að fela ríkisstjórninni að standa að slíkri lagaendurskoðun.

Í almennum athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir helstu breytingum á gildandi lögum verði þetta frv. samþykkt. Tillögur nefndarinnar um helstu breytingar eru taldar upp í endi almennu athugasemdanna, en síðari tillögur í upphafi þessara sömu athugasemda. Ein veigamesta breytingin á lögunum sem nefndin gerði tillögu um er sú að íslensk lög verði samræmd lögum nágrannalandanna um kröfur að því er varðar fjölda stofnenda og hluthafa í félögum. Hér er því lagt til að lágmarksfjöldi þeirra sem þarf til að stofna hlutafélög og eiga hluti í slíku félagi lækki úr fimm í tvo. Þá er einnig lagt til að stjórn í hlutafélagi megi skipa einn maður eða tveir ef hluthafar eru fjórir eða færri, en skv. gildandi lögum skulu minnst þrír menn skipa stjórn í hlutafélagi. Með þessu er stuðlað að fækkun málamyndahluthafa og þar með að aukinni hagræðingu við stofnun hlutafélaga og í rekstri þeirra. Þess er rétt að geta að í sumum nálægum löndum er heimilt að stofna til rekstrar með takmarkaðri ábyrgð þótt eigandi sé aðeins einn. Það var hins vegar ekki tillaga nefndarinnar að ganga svo langt í málinu hér.

Þá er lagt til í frv. að lágmarksfjárhæð hlutafjár við stofnun hlutafélags verði hækkuð úr 20 þús. kr. í gildandi lögum í 400 þús. kr. Fjárhæðin hefur staðið óbreytt frá setningu laganna um hlutafélög um mitt ár 1978, en lögin gengu í gildi 1. janúar 1980. Hér er að miklu leyti miðað við breytingar á lánskjaravísitölu, en þó ekki alveg til fulls og hefur verið tekið nokkurt tillit til fjárhæðar lágmarkshlutafjár í löggjöf nálægra landa, einkum Norðurlandanna. Þá skulu fjárhæðirnar hér eftir breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu samkvæmt ákveðnum reglum sem greinir í frv.

Þá er lagt til að sett verði í lögin ákvæði sem bæti stöðu hluthafa þegar stjórn hefur synjað hluthafa um leyfi til að selja hlut sinn. Er þá gert ráð fyrir því að hluthafinn geti krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem það synjar um sölu á.

Í frv. eru líka ýmsar brtt. sem stefna að því að fella

ákvæði hlutafélagalaganna að þeim breytingum sem hafa orðið á reikningsskilareglum hér á landi á síðustu árum og gera auk þess ýmsar breytingar á gildandi reglum um ársreikninga. T.d. yrði skv. frv. skýrsla stjórnarinnar ekki hluti ársreikningsins eins og nú er heldur sjálfstætt skjal. Enn fremur er í frv. lagt til að ráðherra hafi einungis heimild til að veita almennan aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem engar hömlur leggja á heimild hluthafanna til meðferðar á sínum hlutum, þ.e. til að selja þá eða ráðstafa þeim á annan hátt, í stað þess að nú getur ráðherra veitt aðgang að ársreikningum allra hlutafélaga. Þessi takmörkun þykir heppileg, m.a. með tilliti til þess hversu smá hlutafélög eru hér á landi yfirleitt. Þá eru líka gerðar nokkrar tillögur um breytingar á reglum sem varða slit á hlutafélögum.

Helstu breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögum nefndarinnar sem samdi stofninn að frv. fela af eðlilegum ástæðum í sér ekki síst hækkun á lágmarksfjárhæð hlutafjárins. Þá er með frv. lagt til að heimild verði til útgáfu hlutabréfa án atkvæðisréttar. Nokkru strangari kröfur eru gerðar um úrlausn mála sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, þ.e. takmörkun á afgreiðsluheimildum þegar mál eru tekin fyrir án þess að þau hafi verið tilkynnt fyrir fram.

Skylda til að skila ársreikningum er ekki lögð fortakslaust á öll hlutafélög eins og verið hefur, heldur einungis þau sem engar hömlur leggja á heimild hluthafanna til að versla með eða ráðstafa hlutabréfunum. Þó má kalla eftir ársreikningum allra annarra hlutafélaga ef ástæða þykir til. Þá skulu hlutafélögin auk venjulegra tilkynninga senda hlutafélagaskrá sérstakar tilkynningar um nöfn stjórnarmanna o.fl. miðað við 1. júní ár hvert til þess að auka áreiðanleika þeirra upplýsinga sem skráin veitir og er á þessu mikil þörf. Loks er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir tímabundnum möguleika til að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en nú er unnt.

Ég ætla nú að skýra nokkru nánar hinar nýju brtt., þ.e. þær sem komnar eru inn í frv. frá þeirri gerð sem var kynnt á síðasta þingi.

Tillagan um heimild til að gefa út hlutabréf án atkvæðisréttar er nýmæli því samkvæmt gildandi lögum skal hverjum hlut fylgja atkvæðisréttur. Að vísu er nú heimilt að gefa út hlutabréfaflokka með aðeins 10% atkvæðisrétti á við almenn hlutabréf. Ég vil geta þess að hlutabréf án atkvæðisréttar eru mjög vinsæl víða í viðskiptalöndum okkar, t.d. í Frakklandi, á Ítalíu og í Þýskalandi. Rétt þykir að skapa með lagaákvæðum farveg fyrir nýja ávöxtunarleið hér á landi til að örva atvinnulífið og viðskipti með hlutabréf auk þess sem fyrirtæki þyrftu þá síður að leita eftir innlendu eða erlendu lánsfé. En hlutabréf án atkvæðisréttar fela einmitt í sér ávöxtunarform fyrir þá sem eingöngu vilja festa sparnað sinn í hlutabréfaformi án afskipta af rekstrinum.

Þá er, eins og ég nefndi áðan, gert ráð fyrir að mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar megi ekki taka til úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra mættra hluthafa, en jafnframt er þess krafist að hinir atkvæðisbæru fundarmenn, sem samþykki veita, fari með minnst ¾ hluta atkvæða í félaginu. Þetta er mikilvægt ákvæði þótt það láti ekki mikið yfir sér og er hér m.a. höfð hliðsjón af athugasemdum lögmanna um þetta atriði sem fram komu á ráðstefnunni sem ég vitnaði til í upphafi máls míns, en einnig af löggjöf nágrannalandanna þar sem jafnvel eru gerðar enn strangari kröfur. M.ö.o., þar er sums staðar beinlínis krafist samþykkis allra hluthafa. Í 72. gr. gildandi laga um hlutafélög nægir samþykki ⅔ hluta mættra hluthafa án tillits til atkvæðamagns og er það öldungis óviðunandi þannig að stjórnir í félögunum geta þá komið óvænt með mál á hluthafafundi og ráðið þeim til lykta án þess að í raun og veru sé tryggur meiri hluti fyrir því í félaginu.

Þá er ákvæði til bráðabirgða sem ég líka nefndi áðan sem bætt hefur verið við hið fyrra frv. Þar er byggt á tillögum skiptaráðenda og gert ráð fyrir að mögulegt verði nú um nokkurra ára skeið, nokkurs konar umþóftunarskeið, að slíta hlutafélögum á einfaldari hátt en samkvæmt gildandi lögum. Nokkur hluti þeirra um 6000 hlutafélaga, sem skráð eru hér á landi, hefur í raun og veru hætt starfsemi sinni og verður að telja það til bóta að hægt sé að slíta þeim með tiltölulega einföldum hætti. Þetta mun án efa geta haft í för með sér verulegan sparnað, bæði fyrir hluthafa viðkomandi félags og hið opinbera.

Herra forseti. Ég hef rakið í grófum dráttum helstu atriði hlutafélagalagafrv. og leyfi mér að vísa að öðru leyti til hinna prentuðu athugasemda með því og fyrri umræðna á þinginu. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Á Alþingi 1977–1978 voru geysimiklar umræður um félagamálefni og sérstaka nýja hlutafélagalöggjöf sem í undirbúningi var og síðan lögfest sem lög nr. 32/1978. Ég hygg að sú löggjöf sé með hinum merkustu í hlutafélagalöggjöf nágrannalandanna. Þar var höfð hliðsjón af miklu starfi sem samnorræn nefnd hafði unnið að með samræmingu á Skandinavíurétti og rétti hvers einstaks ríkis. Margt í þessari merku löggjöf er þangað sótt en þó höfð mjög hliðsjón af bandarískum rétti eða engilsaxneskum þannig að ýmiss konar frjálsræðisákvæði sem nú eru í lögum voru þangað sótt. Ég hygg að sjaldan hafi fjh.- og viðskn. hv. Alþingis síðan ég kynntist því unnið meir að einu máli en einmitt því.

Ég er ekki viss um að allar þær brtt. sem nú eru fluttar eigi rétt á sér og séu til bóta á núgildandi löggjöf. Sumar eru það vafalaust. Nú er komin nærri því áratugar reynsla á þessi hlutafélagalög. Þau geta þess vegna kannski talist vera orðin gömul þó að þau hafi vissulega falið í sér miklar nýjungar þegar þau voru sett, t.d. bann við því að takmarka meðferð hlutabréfa þar sem hluthafarnir eru af ákveðinni

tölu. Þannig var fyrirbyggt að menn gætu hindrað sölu þessara verðmæta bara til þess að tryggja sín eigin réttindi. Þar var afnumið t.d. að stjórnir félaganna mættu fara með atkvæðamagn fyrir hlutafé sem félögin sjálf áttu, sem hafði verið tíðkað hér, og tekin voru upp ákvæði um hlutfallskosningar og margfeldiskosningar, sem var nýtt í íslenskum lögum þá, sótt í engilsaxneskan rétt, og svona mætti lengi telja. Mig minnir að það hafi verið eitthvað á milli 70 og 80 brtt. sem voru fluttar af nefndinni eftir að undirbúningur hafði verið gífurlega vandaður af mörgum okkar bestu lögfræðingum um langt skeið eins og ég áðan vék að.

Ég fagna því hins vegar að frv. skuli nú vera flutt aftur með áorðnum breytingum. Lögmenn hafa margir hverjir um það fjallað og komið með ýmiss konar ný atriði sem vissulega voru rædd og þrautrædd á þessum tíma, t.d. það hvort einn maður mætti stofna hlutafélag. Nú er talað um tvo. Okkur þótti nú gamla reglan alveg nægja, að fimm væru lágmark. Það samræmist varla íslensku tungutaki að tala um félag nema mennirnir séu þrír, fjórir eða fimm og það háir mönnum ekkert að stofna hlutafélög þó að einstaklingarnir þurfi að vera fimm. Þetta er auðvitað algjört aukaatriði. Ég skal ekki ræða um það frekar. Ég hygg að öll þessi atriði sem í frv. eru, þar á meðal um atkvæðisréttarlaus hlutabréf, megi framkvæma eftir núgildandi lögum, en það er ekkert á móti því að taka það skýrt fram. Og eins er skuldabréfaútgáfa þar sem heimilt er fyrir hluthafana síðar meir að breyta sínum skuldabréfum, sínum lánum til félaganna í hlutabréf, í hlutafé, ef félagið hefur gengið vel og menn vilja eignast hluti í því þá geti þeir breytt sínum skuldabréfum í hlutafé. Það auðvitað ætti að hvetja menn til þess að nálgast slík félög með þeim hætti að hafa nokkurn veginn trygg skuldabréf en þar að auki að hafa réttinn til að breyta þeim í hlutafé ef félagið hefur verulega hagnast. Margt af þessu er einmitt sótt í bandarískan rétt þar sem frjálsræði í hlutafélagastarfsemi er miklu meira eða hefur verið í gegnum tíðina en í ýmsum Evrópulöndum þar sem yfirvöld hafa takmarkað völd félaganna. Það er auðvitað gömul saga að þó að hlutafélögin séu gífurlega merkilegt fyrirbæri og hafi allar götur frá 17. öld og lengur raunar, 16. öld, verið undirstaða að verulegri atvinnuuppbyggingu, t.d. í Hollandi og Bretlandi, á veldistíma þessara þjóða, og mikil auðlegðarsöfnun, komu auðvitað upp vankantar á þessu félagaformi á 18. og 19. öldinni sem varð til þess jafnvel að þetta félagaform var meira og minna bannað eða heft í störfum um skeið. En síðan hafa menn auðvitað lært af reynslunni.

Kannski er merkilegasta almenningshlutafélag sem sögur greina einmitt íslenskt, þ.e. Eimskipafélag Íslands. Þar var atkvæðisréttur hluthafa mjög takmarkaður og dreifður. Það voru nánast allir landsmenn hluthafar í félaginu upphaflega. Hins vegar varð niðurstaðan sú mjög fljótlega að menn gengu ekki eftir arðgreiðslum. Þetta var mikið til gert af hugsjónastarfsemi og þegar menn fengu ekki arð og byrjuðu jafnvel að týna sínum bréfum tók tiltölulega fámennur hópur af sjálfu sér völdin þarna. Menn voru endurkosnir til stjórnarstarfa og síðan hélt það áfram að skattlagning var sett á arðgreiðslur með þeim hætti að það var varla í hag hluthafanna að fá neinn arð. Það var sem sagt ekki nógu góð reynsla af því að þarna væri almenningur raunverulega við stjórnvölinn nema fyrstu árin og það voru stjórnvöld sem þar gripu inn í illu heilli, menn skildu ekki mikilvægi þessa félagsforms á þessum árum, mörg önnur merkileg íslensk hlutafélög eins og Sjóvátryggingafélag Íslands og svo mætti lengi telja. Ég er ekki að fara út í það. En atvinnulíf á Íslandi var byggt upp á fyrstu áratugum aldarinnar með svona samtökum. Þar komu svo samvinnufélögin til líka og þess vegna á að huga að breytingum á þessum lögum alltaf á hverjum tíma og aðlaga þau breyttum aðstæðum.

Því tek ég til máls að ég legg áherslu á það að nú verði unnið að því á Alþingi að fara í gegnum þessar tillögur og sjá hvað af þeim er nýtilegt og hvað þar er til bóta. Sumt er fremur til að hamla þessari starfsemi, hygg ég, en allt þarf það að ræðast og yfirvega. Ég á sæti í þeirri hv. þingnefnd sem málinu verður væntanlega vísað til og mun þar koma á framfæri mínum athugasemdum að sjálfsögðu af því að ég hef haft mjög mikinn áhuga á einmitt þessari starfsemi um langt skeið. Hér höfum við engin öflug almenningshlutafélög en það er grundvallaratriði fyrir velmegun og framförum í þjóðfélaginu og réttlæti og réttri eignaskiptingu að fjármagn dreifist meira á meðal landsmanna allra og að sem flestir geti orðið þátttakendur í meiri háttar félögum, þeir sem þá ekki reka sín eigin minni félög. Og auðvitað eiga líka landsmenn allir að eiga svo og svo mikið af skuldabréfum, skuldabréfum sem t.d. ríkið gefur út og jafnvel auðug bæjarfélög eins og t.d. okkar ríka borg. Fólkið á auðvitað að geta aðstoðað við opinbera uppbyggingu með öðrum hætti en þeim að vera svipt alltaf eignarráðum á fjármununum. Þeir koma að sama gagni þótt þeir séu lánaðir til ríkisvaldsins eða bæjarfélaga eins og tíðast er erlendis. Þar fjármagna opinberir aðilar ákveðnar framkvæmdir, ekki með því að svipta fólk eignarráðum með ofurþungum sköttum, heldur með því að leyfa mönnum að halda eignarráðunum eða að þessar stofnanir borgaranna sjálfra fái ákveðin yfirráð yfir peningunum á meðan þeirra er þörf og gefi þó ávísanir á þann gífurlega auð sem er auðvitað á opinberum höndum, bæði hér á landi og annars staðar.

Þetta miðar allt að bættu skipulagi þessara mála. Hugsunin hjá þeim sem staðið hafa að þessum brtt. er nákvæmlega sú sama og mín, en ég hygg ekki að endilega þurfi að samþykkja allt sem þessir menn leggja fram til breytinga á þessari merku löggjöf, heldur verði að skoða það í hverju einstöku tilfelli. Það er hins vegar gott að málið er komið til umræðu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að taka undir orð hæstv. viðskrh. að lögin nr. 32/1978, um hlutafélög, þarfnist breytinga. Hins vegar er það mikil spurning hvort þær breytingar sem fram koma í frv. séu þær breytingar sem mest eru aðkallandi í dag.

Frv. sem samið var 1976–1978 tók mest mið af dönsku lögunum, en þar eru í gildi tvenns konar lög, annars vegar um stór hlutafélög og hins vegar um lítil hlutafélög, og því miður tóku íslensku höfundarnir meira mark á lögunum um stóru hlutafélögin en þau litlu og nánast þýddu þau beint. Þetta hefur skapað mikinn vanda þar sem hlutafélög hér á landi eru að meginstofni til lítil og lögin um hlutafélög eiga ekki nema að takmörkuðu leyti við. Mætti þar nefna ýmis ákvæði.

Í mínum huga, en ég hef starfað við stofnun hlutafélaga og haft með þessi mál að gera, er þrennt sem ég hefði viljað leggja aðaláhersluna á. Það er stofnunin í upphafi, að ekki eigi að vera hægt að stofna svokölluð gervifélög, félög þar sem einn einstaklingur fær til liðs við sig fjóra aðila til að stofna pappírsfyrirtæki.

Í öðru lagi hefur mér fundist að áríðandi væri að athuga mjög vandlega tilkynningarskyldu og koma á betri tilkynningarskyldu en nú er frá félögunum til hlutafélagaskrár og öfugt þannig að vel sé fylgst með þessum félögum, að þau starfi eftir lögum og reglum.

Í þriðja lagi hefði ég kosið að ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum yrði aukin, bæði skaðabótaábyrgð og refsiábyrgð því allt of oft hefur það komið upp að menn skýla sér á bak við hlutafélagalögin og formið hlutafélag þegar eitthvað kemur upp á. Ég þekki a.m.k. mörg dæmi þess að hlutafélög eru stofnuð um ákveðinn rekstur. Síðan safnar þetta hlutafélag upp söluskatti. Svo þegar á að innheimta söluskattinn er fyrirtækið gert gjaldþrota og nýtt fyrirtæki er stofnað á grundvelli þess gamla cg nýr söluskattur fellur á og enginn söluskattur er borgaður í kannski eitt til tvö ár. Þetta er hættan.

Ég tel það ekki til bóta að fækka hluthöfum. Samkvæmt núgildandi lögum eru það fimm aðilar sem þarf til að stofna hlutafélag, en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að þeir séu tveir. Ég held að þetta sé ekki til bóta þó að í nágrannalöndunum hafi þetta orðið ofan á. Miðað við það sem ég sagði áðan er hættan þessi gervifélög og sú takmarkaða ábyrgð sem menn hafa með því að stofna félög. Þá er það bara ákveðið hlutafé sem þeir bera ábyrgð á.

Í annan stað væri ég fylgjandi því að hækkuð yrði krafan um stofnfé þannig að það yrði jafnvel 1 millj. kr. Við þurfum að líta til þess, Íslendingar, að þetta er lítið samfélag og öðruvísi þarfir en úti í hinum stóra heimi. Þótt ekki sé litið lengra en til Danmerkur eru hlutafélög, ábyrgðir og annað allt öðruvísi en hér á landi. Hér á landi eru því miður stofnuð hlutafélög, jafnvel um rekstur eins manns, sem æskilegra væri að væru í formi einkafyrirtækis, en vegna þeirra takmarkana á ábyrgð sem hlutafélagsformið hefur finnst mönnum öruggara að stofna hlutafélög og fá þá yfirleitt konuna, börnin og einhverja frændur til að vera með sér í hlutafélögunum.

Ég vil því aðallega að þetta þrennt komist hér að. Ég fer ekki ofan í einstaka liði eða einstakar greinar þessa frv. Mér sýnist það vera að einhverju leyti til bóta. En ég held að þessi þrjú atriði séu mest aðkallandi í dag.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það þarf ekki að vera nema örstutt athugasemd til leiðréttingar. Það er mesti misskilningur að lögin frá 1978 séu þýðing úr skandinavískum rétti. Það er alveg reginmisskilningur. Ég verð þá líklega að segja frá því að ég kynnti mér svolítið bandaríska rétt í þriggja mánaða frí sem við blaðamenn höfðum þá og höfum víst enn á fimm ára fresti. Þegar ég hafði verið fimm ár ritstjóri árið 1965 var ég einmitt í bókasafni Alþjóðabankans og Alþjóðafjármögnunarstofnunarinnar, International Finance Corporation, þar sem ég hafði mjög góðan og greiðan aðgang bæði að munnlegum upplýsingum og eins á þessu safni og kynnti mér það. Þó tíminn væri stuttur nýttist hann sæmilega til að kynna sér svolítið þennan bandaríska rétt. Ég fór síðan einmitt til Kaupmannahafnar þegar önnur fimm ár voru liðin, 1971. Það hafði ósköp lítið gerst í skandinavískum rétti og hann var mjög þröngur. Hitt er svo annað mál að lögin frá 1921, sem hv. þm. hefur kannski átt við, voru nánast þýðing á dönskum lögum. En þessi lög okkar eru með allt öðrum hætti en löggjöf í Skandinavíu var á þeim tíma, hvort sem þeir hafa svo eitthvað nálgast þýskan og bandarískan hlutafélagarétt meira nú í seinni tíð. Það hygg ég að sé en ekki hitt að við höfum apað eftir þeim. Þar er staðreyndunum snúið gersamlega við.

En það er ekki meginmálið heldur hitt að við þurfum að finna hinn gullna meðalveg. Ég er eiginlega sammála þeim athugasemdum sem hv. þm. gerði við frv. sem nú er lagt fram. Það orkar allt tvímælis sem þarna er fram lagt. En einmitt þetta er í mjög örum breytingum í nágrannalöndunum, m.a. vegna þess sem er að gerast, að Vestur-Evrópuríkin eru meira og minna að sameinast í efnahagslega heild. Menn hefðu varla trúað að slíkt væri á næsta leiti, en ég trúi nú, eftir að fara þangað í viku heimsókn með utanrmn. Alþingis og heyra og sjá hvað er að gerast, að þetta sé raunverulega á næsta leiti. Samræming á hlutafélagalögum allra þessara ríkja verður auðvitað mjög ofarlega á baugi. Það eru að vísu 300 atriði, sem nefnd eru í þessari svokölluðu hvítu bók, eða White paper, sem á að framkvæma, vera búið að koma í gagnið 1992 að mestu leyti, en eitt af því er samræming slíkrar löggjafar. Ég hygg að þá getum við Íslendingar einmitt hugað að því að reyna að ná sem nánastri samstöðu með þessum réttarreglum.

Ég hygg að ef þetta gerist í Evrópu, og ég sagði ef en ég er sannfærður um að þetta er að gerast, hvort sem það verður 1992, 1994 eða 1995, muni aðrar lýðræðisþjóðir líka reyna að samræma sína löggjöf löggjöf þessara ríkja. Eins verður t.d. um alla

mögulega staðla. Það er eitt af því mikilvægasta í samstarfi Evrópuríkja að samræma þá. Heimurinn er að minnka og vestræn ríki munu hafa meira og minna svipuð lög, vona ég, á sviði atvinnurekstrar yfirleitt. Þó að séraðstæður séu í hverju ríki fyrir sig og aldrei verði um fullkomna samræmingu að ræða er engin skömm að því að þiggja réttarreglur frá öðrum ríkjum ef þær henta okkur.

En í efnahagsmálum og atvinnumálum hefur að mínum dómi ekki verið líklegast að sækja reglurnar til Skandinavíuþjóðanna á undangengnum áratugum. Mér hafa fundist höftin og bönnin þar vera að sumu leyti enn þá meiri en hjá okkur og frekar ætti að sækja til þeirra ríkja þar sem löggjöf er frjálsleg. Því miður hef ég enga þekkingu til þess að geta nefnt það hvernig t.d. er háttað japanskri löggjöf. Hitt veit ég þó að þar stuðlar ríkisvaldið að því að borgararnir sem allra flestir geti eignast hlutdeild í þjóðarauðnum með því að taka þátt í kaupum á skuldabréfum. Þar er jafnaðarlega — og kannski rétt að rifja það upp núna þegar verið er að tala um halla hjá okkur o.s.frv. — 5 eða 6% af þjóðartekjum, sem núna er víst kallað landsframleiðsla, veitt til borgaranna á hverju ári. Þeir geta síðan notað þessi skuldabréf sín til að kaupa hlutabréf í stórfyrirtækjum. Þarna gerist svipað og gerðist í Þýskalandi í þýska undrinu þegar t.d. Volkswagenverksmiðjurnar voru gerðar að almenningshlutafélögum og notaðar jafnvel sem fjölskyldubætur. Þeir sem höfðu litlar tekjur fengu bréfin með stórfelldum afslætti. Þá var takmarkað hvað hver mætti eiga. Það sama var gert með þýska stálhringinn. Þetta var undirstaðan að þýska undrinu og þar kom í kjölfarið mjög frjálsleg löggjöf, miklu frjálslegri, ítarlegri og merkilegri löggjöf en við höfðum í Skandinavíuríkjunum þá.

Ég held að það væri fyrir t.d. unga lögfræðinga mjög merkilegt að reyna að kynna sér þessa japönsku löggjöf, hvernig hún virkar einmitt til að jafna út auðinn og skapa þá miklu velmegun sem þar hefur orðið á örfáum árum. Það er eitthvað svipað að gerast þar og við þýska undrið. Einkennilegt er það að þjóðirnar sem biðu ósigurinn í hildarleiknum mikla og voru maskaðar niður rifu sig þó upp. En hvernig gerðu þær það? Með auknu frjálsræði, minni afskiptum hins opinbera valds, með því að dreifa þjóðarauðnum. Ég held að við getum ýmislegt lært í félagarétti af þessum þjóðum og þess vegna er gott að fá þessar umræður.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég vil fara örfáum orðum um þær athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið í máli hv. þingdeildarmanna, 8. og 11. þm. Reykv.

Ég get fullvissað hv. 8. þm. Reykv. um að það er ekki tilgangur þessa frv. að hamla starfsemi hlutafélaga. Þvert á móti er það til þess hugsað að greiða fyrir starfsemi þeirra, en gera hana um leið öruggari og ábyrgari gagnvart almenningi og eigendum hlutafjárins.

Ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykv. að lykillinn að því að almenningur vilji eiga hlutabréf er samræmi í skattlagningu eignatekna, að þær verði allar skattlagðar eins af hvaða eign sem þær koma. Fyrr en við gerum það munum við ekki ná því markmiði, sem hv. 8. þm. Reykv. lýsti, að dreifa eignarhaldi yfir þjóðarauðnum og atvinnutækjunum eins og unnt væri að gera í ríkari mæli ef við hefðum slíka skattalöggjöf. Þetta er enda á starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þetta vildi ég hafa nefnt.

Ég vil líka þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir þá yfirlýsingu að hv. fjh.- og viðskn. muni fara vandlega yfir frv. og koma með ábendingar um það sem betur má fara því það er vissulega rétt að þarna orkar margt tvímælis. Svo ég taki dæmi má nefna fækkun félaga í hlutafélögum. En það er einmitt tilgangur þeirra sem þá tillögu gera að stuðla að fækkun málamyndahluthafa, þ.e. stuðla að fækkun málamyndafélaga. Þá verður auðveldara að greina hverjir eru í raun og veru eigendur og ábyrgðarmenn félagsins ef þar eru eingöngu taldir þeir sem eru raunverulegir hluthafar.

Þetta er aftur á móti eitt af þeim atriðum sem hv. 11. þm. Reykv. nefndi sem athugunarvert og varhugavert, þ.e. að fækka félögunum. Þetta atriði tel ég að þurfi að athugast mjög vel því þarna togast á sjónarmið um hvort það sé heppilegra að hafa fjölmenn málamyndarfélög eða fámenn raunveruleg félög. Þetta er ekki svona einfalt, en þarna er ekkert eitt satt og ég tek undir það með hv. þingdeildarmönnum að þetta atriði þurfi að athuga sérlega vel. En það er, eins og kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv., ekki stóra málið í frv. Það þarf þó eins og annað vandlegrar skoðunar við.

Hv. 11. þm. Reykv. nefndi réttilega að fyrir utan ákvæði sem lúta að stofnun hlutafélaga þurfi að gaumgæfa sérstaklega vel og búa vel um hnúta hvað varðar skráningu á hlutafélögum, alla skráningu á öllu því sem að þeim lýtur. Ég tek undir þetta og tel að það sé ekki síst tilgangur frv. að gera þær reglur og þann umbúnað allan sem hentugastan en þó öruggastan. En þar er vafalaust fjölmargt sem athugunar þarf við og ég vona að fjh.- og viðskn. þessarar deildar muni gera það vandlega.

Þriðja atriðið sem hv. 11. þm. Reykv. nefndi og taldi að sérstaklega þyrfti að huga að var ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum, að þar þyrfti að kveða skýrar á og gera hana ríkari. Það má vera, en þó mundi ég telja að það dæmi sem hv. 11. þm. Reykv. tók í sínu máli hafi áreiðanlega varðað einhver önnur lög en hlutafélagalögin því þar var lýst málamyndagerningum sem voru beinlínis skattsvik ef ég skildi málið rétt. Það má ekki blanda því saman við hlutafélagalöggjöfina. Ekki þar fyrir að það er svo sannarlega rétt að þarna þarf að búa vel um hnútana.

Um fjárhæð stofnfjár kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að hann teldi að 400 þús. kr. væru helst til lágt en 1 millj. væri hæfileg tala. Um þetta er heldur ekki hægt að hafa neina meginreglu eða grundvallar-

skoðun. Ég býst við því að á þetta megi líta frá tveimur hliðum. Frá sjónarmiði litla mannsins sem vill stofna félag er 1 milljón býsna mikið fé. Og hugsanlega má setja á fót ýmiss konar rekstur, sem stæði þó vel undir ábyrgð, með 400 þús. kr. Ég er ekki að halda því fram að þetta ætti að vera einhlítt sjónarmið, en vildi nefna það um leið að þetta er ekki bara trygging fyrir þá sem eiga skipti við félagið heldur er þetta líka þröskuldur fyrir þá sem vilja hefja atvinnurekstur með takmarkaðri ábyrgð. Þess vegna þurfa menn að kunna sér hóf í að setja háan þröskuld þótt ábyrgðarhliðin á málinu, sem hv. 11. þm. Reykv. réttilega nefndi, sé ákaflega mikilvæg.

Ég vildi svo að endingu taka sterklega undir það, sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv., að það er engin minnkun að því að þiggja réttarreglur frá nálægum löndum hvorki á þessu sviði né á ýmsum öðrum. Þvert á móti er það þjóðarnauðsyn því á þessu sviði stefnir í aukið samstarf landa og þjóða á milli og þá þurfum við að marki að hafa samræmt okkar reglur um atvinnurekstur og skipulagsform hans, þar með lögin um félög og hlutafélög. Ég er ekki að segja að við eigum eingöngu að herma það sem aðrir hafa, en við megum heldur ekki gleyma því að við þurfum að vera samstarfshæfir og við eigum að greiða fyrir samstarfi með eðlilegum hætti, þar á meðal með því að haga okkar löggjöf nokkuð í hátt við það sem tíðkast með þeim þjóðum sem við höfum mest samskipti við og gerum gjarnan samanburð við um lífskjör og atvinnuhætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 132.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum nr. 46 frá 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 10. júlí sl., um sérstakt grunngjald á innfluttar fóðurvörur.

Síðustu áratugi hefur orðið gífurleg aukning á kornuppskeru í heiminum. Það er einkum að þakka mikilli tæknivæðingu við framleiðsluna og stórstígum framförum í jurtakynbótum. Fundist hafa uppskerumeiri stofnar sem henta vel við ólíkar aðstæður. Þetta hefur haft í för með sér að margar þjóðir, sem áður fluttu inn mikið magn af kornvörum, eru nú orðnar sjálfum sér nógar og jafnvel orðnar útflytjendur á korni. Svo er t.d. með fjölmennustu þjóðirnar, Indverja og Kínverja. Um leið hafa útflutningsþjóðirnar misst stóra markaði fyrir sína framleiðslu með þeim afleiðingum að hjá þeim hafa safnast fyrir gífurlegar kornbirgðir sem fara stöðugt vaxandi. Má þar nefna Bandaríkin og lönd Evrópubandalagsins. Til að mæta þessari þróun hafa þær gripið til þess ráðs að verja gífurlegum fjármunum í að greiða niður útflutningsverð á birgðum sínum í harðnandi samkeppni við framleiðslu þeirra þjóða sem ekki hafa bolmagn til slíks eða standa á annan hátt verr að vígi.

Á þingum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðafundum eru menn sammála um að slíkar aðgerðir eru alvarlegasta ógnunin við vöxt og viðgang landbúnaðar í þróunarlöndunum og af þeim ástæðum sé nauðsynlegt að hverfa frá þessari stefnu. Ljóst er hins vegar að það verður ekki gert í einu vetfangi heldur þarf langan aðlögunartíma. Á þingi Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar í Róm fyrir hálfum mánuði gerði landbrh. Bandaríkjanna tillögu um að gerð yrði tíu ára áætlun til að ná þessu markmiði. Aðrir draga í efa að það geti gerst á svo stuttum tíma. A.m.k. er staðan sú nú að aldrei hefur verið gengið eins langt í verðlækkun og að undanförnu. Af þeirri ástæðu var innflutningsverð hér á landi á fóðurkorni á fyrri hluta þessa árs orðið svo lágt að það var ekki í neinu samræmi við framleiðslukostnað á innlendu fóðri. Augljóst var að ef þannig hefði haldið áfram hefði það raskað samkeppnisstöðu búgreinanna með afdrifaríkum afleiðingum.

Til að koma í veg fyrir það var ákveðið við myndun núv. ríkisstjórnar að leggja sérstakt grunngjald, allt að 4 kr. á kg, á innflutt kjarnfóður og er það í samræmi við þau grundvallaratriði búvörulaganna að innlend aðföng nýtist sem best við framleiðslu búvara. Í því sambandi er rétt og skylt að benda á að sífellt eru að koma fram meiri möguleikar og kostir til innlendrar framleiðslu. Á þessu ári var byggi sáð í yfir 200 ha og uppskeran mun a.m.k. vera fast að 500 tn og er það meira en nokkru sinni fyrr. Er nú farið að nota íslenskt bygg í ríkara mæli en áður í innlendar fóðurblöndur. Kemur skýrt í ljós að það er betra fóður en það sem innflutt er, enda erfitt að vita hversu lengi er búið að geyma erlent fóður og hvaða meðferð það hefur fengið að öðru leyti. Þar að auki er hætta á að í það sé bætt ýmsum óæskilegum efnum sem ekki eru í innlendu fóðri.

Hér er því um að ræða gífurlegt hagsmunamál fyrir íslenska neytendur því að að sjálfsögðu fara gæði afurðanna mjög eftir því fóðri sem notað er við framleiðslu. Af þeim ástæðum eru víða erlendis risnar upp öflugar hreyfingar meðal neytenda fyrir því að greiða hærra verð fyrir matvæli sem eru framleidd úr heilbrigðu fóðri. Það er því sameiginlegt hagsmunamál neytenda og framleiðenda að hér á landi sé jafnan á boðstólum sem fjölbreyttast úrval matvöru sem á rætur sínar í íslenskum jarðvegi.

Ekki má láta tímabundnar aðgerðir ríkustu þjóða

heims til verndar sínum landbúnaði verða til að koma í veg fyrir að það geti tekist. Er næsta undarlegt að láta slíkt viðgangast á sama tíma og þessar sömu þjóðir verja sig með tollmúrum og innflutningsbönnum á framleiðsluvörur íslensks landbúnaðar.

Þetta sérstaka fóðurgjald rennur beint í ríkissjóð og því eru þessi brbl. einnig liður í að styrkja stöðu hans. Innflutningur á kjarnfóðri var milli 60 og 70 þús. tn árlega, en með þeirri stefnubreytingu sem varð við samþykkt búvörulaganna hefur dregið úr þeim innflutningi svo að á síðasta ári mun hann ekki hafa verið nema rúm 50 þús. tn. Þetta gjald ætti þá að gefa rúmlega 200 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

14. fundur, þriðjudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 120.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til læknalaga á þskj. 120, 116. máli Nd.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frv. til nýrra læknalaga. Frv. var að mestu leyti samhljóða tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem fékk það hlutverk að endurskoða gildandi læknalög nr. 80 frá 1969, með síðari breytingum, en lögin eru að stofni til frá 1932. Frv. fékk ítarlega umfjöllun í heilbr.- og trn. Ed. og voru gerðar á því nokkrar breytingar í samráði við heilbrigðismálaráðuneytið, Læknafélag Íslands og læknadeild Háskóla Íslands. Var frv. þannig búið lagt fyrir Nd. rétt fyrir þinglok en ekki vannst tími til að ræða það í deildinni. Hér er frv. því lagt fram á nýjan leik að höfðu samráði við áðurgreinda aðila, með smábreytingum frá því sem það kom til Nd., að fengnum tillögum landlæknis. Um er að ræða breytingar er varða síðustu mgr. 2. gr. þar sem láðist að geta landlæknis sem matsaðila og 19. gr. þar sem hnykkt er á eftirlitsskyldu landlæknis með ávísun lækna á ávana- og fíknilyf. Í þessari umræddu 2. gr. er breytingin í seinasta málslið sem segir:

„Óheimilt er að veita manni læknaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða nefnd skv. 3. mgr. telur hann óhæfan“ o.s.frv.

Þarna hafði láðst að geta landlæknis eftir þær breytingar sem gerðar voru á 2. gr. í meðförum Ed. á frv. á síðasta þingi. Mun ég gera nánar grein fyrir þeirri breytingu hér á eftir.

Og varðandi hina breytinguna, sem einnig er nefnd, þ.e. í 19. gr. Þar var bætt við 1. mgr. í þeirri grein sem hljóðar nú svo: „Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf“ og er þar, eins og kom fram hér áður, hert á eftirlitsskyldu landlæknis.

Að öðru leyti var frv. óbreytt frá því sem það var afgreitt frá Ed. á síðasta Alþingi rétt fyrir þinglok.

Í nefnd þeirri sem falið var að gera tillögur að nýjum læknalögum áttu sæti: Ólafur Ólafsson landlæknir, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur í heilbr.- og trmrn., Ólafur Bjarnason prófessor, sem tilgreindur var af læknadeild Háskóla Íslands, María Pétursdóttir skólastjóri, sem tilgreind var af Samtökum heilbrigðisstétta, og Guðmundur Oddsson læknir, sem tilgreindur var af Læknafélagi Íslands. Við endurskoðun laganna hugaði nefndin sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

1. Reynslunni af framkvæmd gildandi læknalaga sem að stofni til eru frá 1932, eins og áður segir, og hafa lítið breyst frá þeim tíma.

2. Áhrifum af tilkomu annarra heilbrigðisstétta á framkvæmd læknalaga. Nú njóta milli 20 og 30 heilbrigðisstéttir lögverndunar en þær voru sárafáar 1932.

3. Breytingum á læknalögum annarra Norðurlanda. Ísland hefur frá 1979 verið aðili að norrænum samningi um sameiginleg starfsréttindi lækna á Norðurlöndum þannig að löggjöf einstakra Norðurlanda hefur bein áhrif á framkvæmd þess samnings.

Nefndin lauk störfum í byrjun árs 1983 er hún lagði fyrir ráðuneytið tillögur í búningi lagafrv. Náði nefndin samstöðu um flest efnisatriði og byggði frv. það sem lagt var fram í fyrra á þeim atriðum sem ekki var ágreiningur um, með örfáum undantekningum. Læknafélag Íslands, Samtök heilbrigðisstétta og læknadeild Háskóla Íslands fjölluðu um frv. á meðan það var í smíðum og kom fram stuðningur við það og ábendingar sem margar voru teknar inn í tillögur nefndarinnar.

Geta má þess að nýlega barst heilbrmrn. bréf frá Læknafélagi Íslands þar sem skorað er á ráðherra að leggja frv. fram að nýju. Í þessu bréfi, sem dags. er 9. okt. 1987, segir, með leyfi forseta:

„Á aðalfundi Læknafélags Íslands í fyrra mánuði var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Reykjavík 21.–22. sept. 1987 skorar á ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála að leggja að nýju fram frv. til læknalaga á næsta Alþingi. Væntir stjórn félagsins þess að frv. verði lagt fram sem fyrst.“

Þetta er til áréttingar því að um frv. eins og það var hér til meðferðar á seinasta Alþingi var sam-

staða við þessa aðila.

Frv. fjallar um réttindi og skyldur lækna og má í stuttu máli segja að eftirtaldir þættir lýsi inntakinu best:

Annars vegar er fjallað um réttindi lækna sem skiptast í réttinn til að stunda almennar lækningar, til að nota aðstoðarfólk, til þess að skorast undan að framkvæma aðgerð sem ekki er unnin í lækningaskyni og réttinn til að ávísa lyfjum. Hins vegar eru skyldur lækna sem eru fólgnar í upplýsingaskyldu gagnvart sjúklingi eða aðstandendum og greina frá undantekningum frá reglum um upplýsingaskyldu, ábyrgð læknis vegna réttar sjúklings til þess að skorast undan aðgerð og skyldu læknis til hjálpar, þagnarskyldu og ábyrgð læknis vegna mistaka eða vanrækslu í starfi.

Helstu nýmæli frv. eins og það liggur fyrir hér eru:

1. Nýskipan mála við mat á lækningaleyfum, sbr. 2. gr. frv., sem ég vitnaði aðeins til áðan, og vísa jafnframt í athugasemdir í grg. á bls. 7 þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Ed. á síðasta þingi. En í 2. gr. er fjallað um eftir hvaða reglu skuli veita leyfi þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands og viðbótarnámi frá heilbrigðisstofnunum hér á landi *samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum* læknadeildar Háskóla Íslands. Breytingin sem gerð var á þessari grein á síðasta þingi var í þá veru að lögð er til breyting á 2. gr. þannig að landlæknir verði ekki aðili að umfjöllunarnefnd um lækningaleyfi heldur sérstakur umsagnaraðili og að nefndin verði skipuð einum fulltrúa Læknafélags Íslands og tveimur fulltrúum læknadeildar Háskóla Íslands. Í þessu er fólgin nokkur breyting miðað við hvernig frv. var í upphafi lagt fram.

2. Hér er um að ræða skýrari ákvæði um mat á menntun og um kröfur sé menntun fengin erlendis.

3. Starfi læknanemi sem læknir, þ.e. með tímabundnu lækningaleyfi, skal hann starfa með fullgildum lækni.

4. Skýrari ákvæði eru um réttindi lækna og í hverju þau skulu fólgin, sbr. það sem ég hef áður sagt hér á undan.

5. Hnitmiðaðri ákvæði eru um skyldur lækna og þeim deilt niður eftir viðfangsefnum. Meðal nýmæla er ótvíræð tilkynningarskylda læknis til landlæknis verði hann var við mistök og eða vanrækslu sem rekja má til starfa heilbrigðisstétta.

6. Miklu ítarlegri ákvæði eru um þagnarskyldu.

7. Önnur skilgreining er á hugtakinu „skottulækningar“, þ.e. það nái aldrei til lækna.

8. Lækni er óheimilt að leggja nafn sitt við lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

9. Lækni er óheimilt að reka sjálfstæða lækningastarfsemi eftir 75 ára aldur nema að fengnu leyfi ráðherra. Þetta ógildir ekki lækningaleyfið sem slíkt.

10. Hægt er að svipta lækni lækningaleyfi tímabundið, en samkvæmt gildandi lögum er einungis heimilt að beita sviptingu að fullu.

11. Frv. gerir ráð fyrir að læknalög taki svo til eingöngu til lækna en ekki annarra heilbrigðisstétta nema þar sem ákvæði hljóta samkvæmt eðli starfanna að verða þau sömu. Í dag taka læknalög að meira eða minna leyti til allra heilbrigðisstétta.

12. Þáttur Læknafélags Íslands, þ.e. afskiptaréttur af starfsemi lækna og skipulagningu starfsins, er tryggður, en í gildandi lögum er hann enginn.

Auk þess sem ég hef áður talið upp eru ákvæði læknalaga færð í nútímalegra horf og til samræmis við önnur lög sem sett hafa verið á undanförnum árum á sviði heilbrigðismála. Má þar nefna sérstaklega lög um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1983.

Ég sé ekki ástæðu til að tíunda frekar efnisatriði frv. heldur vísa til ítarlegrar grg. með frv. sem Ingimar Sigurðsson lögfræðingur og einn af nefndarmönnunum tók saman. Þar er m.a. fjallað um lagasetningu um réttindi og skyldur lækna og helstu nýmæli frv. eins og í grg. birtist sem lögð var fram með frv. í fyrra.

Mig langar þó að geta að auki athugasemda sem borist hafa frá tryggingayfirlækni og Ríkisendurskoðun eftir að frv. var lagt hér fram. Þær athugasemdir varða breytingartillögur við tvær greinar frv. Er talað um að 2. mgr. 11. gr. frv. orðist svo:

„Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis, tryggingayfirlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.“

Hér er tryggingayfirlækni bætt inn í upptalninguna og rökstuðningur með þessari tillögu er svo: „Flest þau vottorð sem rituð eru af læknum fara um hendur lækna Tryggingastofnunar ríkisins. Hér er nánast alfarið um að ræða vottorð sem með einum eða öðrum hætti hafa í för með sér útgjöld hins opinbera eða annarra aðila, svo sem lífeyrissjóða. Segja má að lagt sé mat á nálega öll þessi vottorð af læknum *Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga*. Það þykir því bera brýna nauðsyn til að tryggingayfirlæknir geti haft hönd í bagga með gerð og reglum sem varða útgáfu læknisvottorða.“

Síðari athugasemdin er við 18. gr. Þar er lagt til að eftirfarandi mgr. bætist við:

„Tryggingayfirlækni skal heimilt að skoða sjúkraskrár vegna krafna um greiðslur á hendur almannatryggingum.“

Rökstuðningur með þessari brtt. er svohljóðandi: „Það er almennt viðurkennd regla að hið opinbera skuli hafa rétt til eftirlits með greiðslum vegna *læknisverka, útgáfu vottorða, lyfseðla og annarra* gagna sem hafa í för með sér miklar greiðsluskuldbindingar. Með öðrum hætti er vandséð hvernig hægt er að tryggja hagsmuni hins opinbera og þar með hins almenna skattborgara. Í samningum sem nýlega voru gerðir milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur um sérfræðilæknishjálp er gert ráð fyrir að tryggingayfirlæknir hafi heimild til að fara á stofur sérfræðinga og skoða sjúkraskrár með tilliti til samanburðar við reikninga. Í samningi Tryggingastofnunar ríkisins við heimilislækna er

einnig samsvarandi ákvæði. Þannig ríkir einhugur á milli læknasamtakanna og Tryggingastofnunar ríkisins um það atriði að eftirlit sé nauðsynlegt. Sú nauðsyn sem talin hefur verið á því að hreyfa þessu máli hér er að brýnt þykir að ótvíræð lagaheimild sé fyrir hendi af þessu tagi."

Ég kem þessum athugasemdum hér á framfæri þó að ekki hafi unnist tími til að taka þær til athugunar varðandi gerð frv. sjálfs, en ég óska eftir því að heilbr.- og trn. taki þær til athugunar einnig þegar hún að öðru leyti tekur frv. til meðferðar.

Herra forseti. Ég legg á það áherslu að frv. þetta nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, enda er samdóma álit landlæknis, Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands að nauðsyn endurskoðunar læknalaga sé brýn. Jafnframt ítreka ég að náðst hefur samstaða með þessum aðilum og ráðuneytinu um frv. eins og það kemur hér fram. Ég sé því ekki að til efnislegs ágreinings þurfi að koma og ætti því frv. nú að geta fengið tiltölulega hraða afgreiðslu á Alþingi. Þeir starfsmenn heilbr.- og trmrn. sem unnu að samningu frv. eru að sjálfsögðu reiðubúnir að veita fulltrúum í heilbr.- og trn. nánari upplýsingar og aðstoða eftir því sem um verður beðið eða eftir því leitað.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera tekið aftur hér fyrir, en það er hérna örlítil athugasemd við 2. gr. frv. sem ég vildi koma á framfæri á þessu stigi málsins. Í 1. mgr. 2. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands."

Ef þetta er borið saman við núgildandi læknalög, sem eru frá því 1969, stendur þar, með leyfi forseta, í 2. gr.:

„Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands, svo og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum" og síðan kemur það sem breytt er í frv.: „sem læknadeild setur og heilbrigðisráðherra staðfestir."

Ég tel þetta vera mjög veigamikla breytingu á þessari grein þar sem um er að ræða að annars vegar setur ráðherra reglur um hverjir fá læknaleyfi, en hins vegar er það læknadeild sem setur reglurnar. Ég tel miklu eðlilegra að læknadeild setji þessar reglur því að það hlýtur að vera engum betur ljóst hvaða kröfur eigi að gera til þeirra sem hljóta læknaleyfi en læknadeild, þ.e. hverjir eru til þess hæfir.

Í athugasemdum við 2. gr., sem er á bls. 13 í þskj., stendur, með leyfi forseta:

„Í 2. gr. er lögð til nýskipan mála varðandi almennt lækningaleyfi, þ.e. í stað læknadeildar og landlæknis meti nefnd skipuð landlækni, fulltrúa læknadeildar HÍ og fulltrúa Læknafélags Íslands umsóknir þeirra sem lokið hafa námi frá deildinni."

Ég tel þetta náttúrlega mikið til bóta, en það er ekki talað um það hvers vegna þessu er breytt, af hverju þessi veigamikla breyting er núna gerð á þessari grein. Ég tel þetta geta verið varhugaverðar breytingar og vil beina því til heilbrmrh. hvers vegna þessar breytingar hafa verið gerðar. Þetta gildir á vissan hátt líka um 5. gr., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands" — það er að vísu miklu strangara þar — „og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með leyfinu."

Ég set því ýmsar efasemdir við þessa grein og tel að þessi breyting sé til hins verra.

Í umsögn Læknafélags Íslands um þetta frv. sem barst heilbr.- og trn. Ed. í fyrra er mælt gegn þessari breytingu og segir þar að félagið vilji að það sé læknadeild Háskóla Íslands sem setji þessar reglur og heilbrmrh. staðfesti. Ég tel því þetta vera breytingu til hins verra. Ég hef ekki kannað þetta frv. mikið að öðru leyti en vonast til að fá tækifæri til þess að vera áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn., þar eð Kvennalistinn á ekki sæti í þeirri nefnd, þegar fjallað verður um þetta frv.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal játa að ég hef ekki haft tækifæri til að grannskoða þetta nýja frv. til læknalaga. Það má vel vera að það sé til bóta, en það sem kom mér hingað upp í ræðustól voru þær tillögur að breytingum sem hæstv. ráðherra kynnti um, að mér sýnist, verulega aukin umsvif tryggingayfirlæknisembættisins, sem ég vildi fá úr skorið hvort í raun og veru stangist ekki á við lög um almannatryggingar. Ég hef ekki orðið vör við að í þeim lagabálki sé sú skylda lögð því embætti á herðar að vera eins konar yfirlögregla yfir öllum læknum landsins. Ég held að menn verði að gera ráð fyrir að þeir séu færir um að bera ábyrgð á því sem frá þeim kemur til Tryggingastofnunar ríkisins án þess að bókstaflega sé yfir þeim staðið. T.d. sé ég í þessum tillögum að þar er gert ráð fyrir að 2. mgr. 11. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis, tryggingayfirlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða."

Ég dreg það stórlega í efa að minnsta ástæða sé til þess að vera að blanda tryggingayfirlæknisembættinu í útgáfu læknisvottorða í landinu. Mér sýnist þá að embætti hans sé farið að nálgast ískyggilega embætti landlæknis og vil spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkur minnsta ástæða sé til þess að þenja þetta embætti enn frekar út en þegar er orðið og

enginn endir virðist á.

Þegar lög um almannatryggingar voru sett var embætti tryggingayfirlæknis einfaldlega að hafa umsjón með að örorkuvottorð frá starfandi læknum í landinu væru þannig að Tryggingastofnun gæti sætt sig við þau. Síðan hefur þetta embætti þanist út frá því að vera tvær eða þrjár manneskjur til að ég held að ég megi segja að í þessu embætti eða þessari deild, sem í raun og veru er ekki deild, vinni nú allt að 17 manns. Mér er þetta mál allkunnugt. Það vill nú svo til að í lögum um almannatryggingar er Tryggingastofnun ríkisins skipt í deildir — með lögum — og það er ekki eitt einasta aukatekið orð um að þar skuli vera „læknadeild" eins og menn tala nú um í Tryggingastofnun ríkisins. Nákvæmlega ekki eitt einasta orð. Með leyfi forseta, segir í 3. gr. laganna:

„Ráðherra skipar og skrifstofustjóra," — þegar búið er að tala um að hann skipi forstjóra — „tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs og tryggingalækni að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis." Um langt skeið voru þarna tveir menn. Síðan urðu þar þrír læknar starfandi. Nú er þetta orðin ein öflugasta deild í stofnuninni án þess að fyrir því sé nokkur lagakrókur. Ég vil vara við útþenslustefnu af þessari gerð og undrast satt að segja að tryggingaráð skuli hafa látið þetta yfir sig ganga um árabil.

Ég held að það væri full ástæða til að rannsaka hvernig þessi stofnun hefur þanið sjálfa sig út og þá ekki síst þessi umrædda deild. Þegar ég kom til starfa í þessa stofnun árið 1973 voru 32 umsóknareyðublöð notuð í stofnuninni. Í þeirri deild sem ég veitti forstöðu, sem var nú aldrei stór og þandist ekkert út þau 10 ár sem ég var þar, komum við þessum 32 umsóknareyðublöðum niður í eitt og saknaði enginn hinna 31.

Það leið ekki á löngu þar til „læknadeildin" svokölluð, sem ekki er til, var búin að búa til umsóknareyðublöð sem tóku öllu öðru fram sem áður hafði þekkst í stofnuninni. Ég vil því gera hæstv. ráðherra þann vinargreiða að biðja hann að hafa aðeins auga á þessu, því að það er einmitt þetta sem við erum oft að reyna að stemma stigu við, að einstakir embættismenn nái að þenja sjálfa sig út yfir lönd og álfur án þess að nokkur virðist fá rönd við reist. Ég vil vara við því að fara að rugla saman skyldum landlæknis, borgarlæknis og annarra slíkra embætta sem eiga að hafa yfirumsjón með störfum annarra lækna og tryggingayfirlæknis sem á ekki að gera nokkurn skapaðan hlut annað en sjá um að Tryggingastofnun ríkisins greiði ekki örorku nema þeim sem örorku eiga sannanlega skilið og aðrar sjúkra- og slysabætur í stofnuninni. Mér vitanlega er það hvergi bókfast að hann eigi að fara að verða einn allsherjarrannsóknarréttur yfir læknum landsins. Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekkert að tala persónulega um einn eða neinn hér, en ég held að það sé mikilvægt í þessu okkar litla landi að við vitum hver á að gera hvað þannig að allir mögulegir og ómögulegir aðilar séu ekki að vasast í málefnum allt annarra embættismanna sem málaflokkurinn heyrir undir.

Ég vil þess vegna, herra forseti, hafna því alfarið — hafi einhverjum dottið það í hug eins og hér er, að vísu ekki í þskj. en í tillögu að breytingu við frv. til læknalaga, sem ég heyrði ekki gjörla frá hverjum eru komnar — að tryggingayfirlækni skuli heimilt að skoða sjúkraskrár vegna krafna um greiðslur á hendur almannatryggingum. Mér finnst þetta móðgun við starfandi lækna í landinu. Ef þeir eru ekki færir um að gefa út reikninga sína nokkurn veginn hjálparlaust held ég að það sé þá málefni landlæknis að athuga hvort þeir séu þá yfirleitt starfshæfir eða ekki.

Ég hlýt að vara við þessu, herra forseti, og bið hæstv. ráðherra að taka það til athugunar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi athugasemdir hv. 12. þm. Reykv. um frv. vil ég aðeins vísa nánar til athugasemda sem því fylgja og benda jafnframt á að því miður hafa athugasemdir við einstakar greinar ekki verið prentaðar með þessu nýja þskj., þskj. 120, og verð því að vísa til athugasemda við einstakar greinar í þskj. 178 frá síðasta þingi, sem var 168. mál Ed., en þar eru athugasemdir við einstakar greinar. Grg. er sú sama og í því þskj. sem hér er prentað upp í þetta nýja þskj. Ég bið hv. þm. velvirðingar á því að athugasemdir við einstakar greinar hafa ekki fylgt þar með, en það ætti að vera auðvelt að fá þær. Heilbr.- og trn. ætti að eiga auðvelt með að fá þær athugasemdir til að vinna upp úr og hafa til hliðsjónar þegar farið er yfir frv. í nefndarstörfum. Að öðru leyti tel ég sjálfsagt og eðlilegt að nefndin taki þær athugasemdir, sem komu fram frá þeim hv. þm. eins og öðrum hér, til skoðunar við sitt verk.

Varðandi athugasemdir hv. 13. þm. Reykv. vil ég í fyrsta lagi leiðrétta það að ég kynnti ekki brtt. Ég kynnti aðeins athugasemdir, sem höfðu borist heilbr.- og trmrn. frá Ríkisendurskoðun og tryggingayfirlækni, við þetta frv. eftir að það var lagt hér fram. Af því að hv. þm. spurði hvaðan þessar athugasemdir og tillögur til breytinga, eins og þær bera hér yfirskriftina, væru komnar er því til að svara að þær eru frá Ríkisendurskoðun og tryggingayfirlækni.

Hv. þm. spyr hvort þessar breytingar kunni að stangast á við lög um almannatryggingar, svo og verksvið tryggingayfirlæknis. Ég vil aðeins vísa aftur til þess sem ég sagði áðan að heilbr.- og trn. taki þessar ábendingar til skoðunar þegar nefndin fer yfir frv. og þá að sjálfsögðu hvort það kunni að stangast á við önnur lög og gera málið flóknara en það virðist þó í fyrstu. En ég bendi á það í sambandi við athugasemdir hv. þm. að í rökstuðningi með þessum brtt., sem hér er greint frá, segir m.a., eins og ég las

reyndar upp áðan og ætla að gera aftur:

„Í samningum sem nýlega voru gerðir á milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur um sérfræðilæknishjálp er gert ráð fyrir að tryggingayfirlæknir hafi heimild til að fara á stofur sérfræðinga og skoða sjúkraskrár með tilliti til samanburðar við reikninga. Í samningi Tryggingastofnunar ríkisins við heimilislækna er einnig samsvarandi ákvæði. Þannig ríkir einhugur á milli læknasamtakanna og Tryggingastofnunar ríkisins um það atriði að eftirlit sé nauðsynlegt." Það eftirlit sé þá jafnframt í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta vildi ég bara ítreka, það koma reyndar fram í framsögu minni áðan. Hugmyndin sem hér er sett fram er aðeins sú að þetta sé gert að ótvíræðri lagaheimild.

Varðandi það hvort læknar séu einfærir um að gera eða skrifa sína reikninga, þá efast ég ekki um að þeir séu það. Hættan er kannski fremur sú að sumir þeirra séu of liprir við að skrifa reikninga og það sé e.t.v. ástæða til þess að í lögum sé skýrt ákvæði um það að Tryggingastofnunin og þá tryggingayfirlæknir eða annar embættismaður stofnunarinnar, sem ég hygg að geti varla verið annar en tryggingayfirlæknir, hafi heimild til að endurskoða eða skoða sjúkraskrár og bera saman við reikninga. Mér er kunnugt um að af þessari ástæðu auðvitað er þessi tillaga fram komin frá tryggingayfirlækni og frá Ríkisendurskoðun.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða á þessu stigi um lagaákvæði almannatryggingalöggjafarinnar. Ég býst við því að til þess gefist næg tækifæri síðar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram, þó að skýringar hafi komið fram frá hæstv. ráðherra í sambandi við það sem þarf að fylgja þessu frv., þá vil ég nota tækifærið og taka undir skoðanir og viðvörunarorð hv. 13. þm. Reykv. í sambandi við embætti tryggingayfirlæknis hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ég vænti þess að þegar fram kemur frv., sem raunar hefur verið boðað, um endurskoðun á tryggingalöggjöfinni, þá komi þetta mál frekar til umræðu. En mér finnst ástæða til að taka undir þau orð sem hv. þm. viðhafði í sambandi við þetta mál. Það hefur verið rætt áður í þessari þingdeild að þarna er um að ræða embætti sem ég tel að sé löngu tímabært að taka til rækilegrar endurskoðunar í sambandi við tryggingalöggjöfina almennt.

Þetta embætti hefur þanist út og hefur haft allt of mikil og neikvæð afskipti af ýmsum viðkvæmum málum í okkar þjóðfélagi, ekki aðeins sjúklingum og þolendum til tjóns heldur einnig heilbrigðiskerfinu í heild. Ég tel þess vegna að það sé tímabært að taka þetta til alvarlegrar endurskoðunar og ég skora á hæstv. heilbrmrh. að fylgja þessu máli eftir og taka þetta til rækilegrar skoðunar í sambandi við þau áform sem uppi eru um að endurskoða tryggingalöggjöfina í heild.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, ég vildi nota tækifærið til þess að láta þessa skoðun mína hér í ljós í sambandi við þær umræður sem hér hafa farið fram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst að það sé að mörgu leyti tímabært að menn ræði hér á hinu háa Alþingi um þá stéttarmúra sem stéttarfélög gjarnan hlaða sér til hagsbóta.

Það hefur orðið mjög almennt að lagt er á það mikið kapp að lögvernda bæði starfsheiti og réttindi og skyldur. Ég verð að segja eins og er að einir af þeim aðilum, sem mér finnst að hljóti að búa yfir það mikilli þekkingu fram yfir hinn almenna mann að þeir ættu ekki að þurfa á mikilli lögvernd að halda, eru læknar. Manni finnst það dálítið skrýtið ef úr þeirra hópi væri einhver ótti við það að einhver annar, sem ekki hefur til þess menntun, teldi sig vera færan um að gegna þeirra starfi. Ég fæ varla séð hvernig það má eiga sér stað. Mér er það minnisstætt að hingað kom læknir sem hafði starfað í útlöndum, en honum gekk mjög þunglega að fá að starfa hér á landi. Það var eins og mikil tregða væri að veita mönnum starfsréttindi hér nema því aðeins að þeir hefðu stundað nám í Háskóla Íslands. Ég er ekki viss um að við værum ákaflega spenntir fyrir því, Íslendingar, ef aðrar þjóðir gerðu mikið af því að hlaða slíka múra í kringum það menntakerfi sem þeir væru með þó ég geri það ekki að aðalatriði míns máls nú.

Það sem ég vildi ræða hér númer eitt er 8. gr. þessara laga. Mér er vissulega ljóst að það sé ekki óeðlilegt að í lögum sé ákvæði eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Lækni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans, séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni."

Það er nú svo að í skýringum er ekki farið mikið út í þetta mál. Þó er hér vikið að því í skýringunum að m.a. sé átt við það að læknir geti neitað að framkvæma fóstureyðingu, ef hún er af félagslegum ástæðum.

Mér sýnist að eins og þetta er sett upp hljóti það að vera eðlilegt að Alþingi gangi þannig frá þessum lögum að inn í lækningaleyfi hvers og eins verði skráð, þegar hann fær það, hvaða atriði það eru af trúarlegum eða siðferðilegum ástæðum sem hann treystir sér ekki til að framkvæma því það gæti verið mjög bagalegt þó ekki sé meira sagt ef þannig atvikaðist, við skulum setja dæmið þannig upp, að slíkur maður yrði skipaður yfirlæknir yfir fjórðungssjúkrahúsi eða yfir Landspítalanum sem hefði á þessu svo ákveðnar skoðanir að af trúarástæðum væri hann ekki reiðubúinn að framkvæma þau lög sem væru í landinu. Mér finnst þess vegna ekkert óeðlilegt þó að þetta sé hér upp tekið og vakin á því athygli. Það hlýtur þá að vera eðlilegt að þetta sé sett inn í lækningaleyfið þannig að það komi til álita við veitingu embættis hvort ákveðinn aðili er fær um að taka við

því af trúarlegum eða siðferðilegum ástæðum.

Mönnum finnst kannski skrýtið að þetta sé gert hér að umræðuefni, en þó er vitað að þetta hefur verið allmikið í umræðunni. Mönnum hefur sýnst sitt hverjum. Mér finnst að það sé dálítið í lausu lofti hver sé réttarstaða þeirra sem þurfa að leita til læknis undir þeim kringumstæðum.

Ég skil þetta samt svo að menn geti ekki af siðferðilegum ástæðum neitað að vinna á sunnudögum. En vafalaust er hugsanlegt að umræða um slíkt gæti farið fram. Ég skil þó að þarna sé fyrst og fremst átt við ákveðin störf en ekki hvenær þau séu unnin.

Ég taldi rétt að heilbrmrh. fengi þessi viðhorf mín hér og nú því að við erum að framkvæma endurskoðun á þessum lögum og ekki víst að við þeim verði hreyft á næstunni ef þau fara í gegnum þingið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem varð hér áðan vildi ég mega beina þeirri ósk til forseta að hann fari fram á að þingskjalið, sem við vorum að afgreiða rétt í þessu, verði prentað upp með athugasemdum við einstakar greinar. Ég held að það mundi létta nefndinni störf og vil því fara þess á leit.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Athugasemd þm. verður góðfúslega tekin til greina, enda hafði það raunar komið fram í máli ráðherra fyrr.

Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir liggur nú frv. til l. um embætti umboðsmanns barna og er það 53. mál þingsins. Flm. eru eftirtaldir hv. þm.: 13. þm. Reykv., 3. þm. Norðurl. e. og 2. þm. Austurl.

Mál þetta var til umfjöllunar sl. miðvikudag í Nd. Í þeirri umræðu er þar átti sér stað kom m.a. fram sú skoðun hv. flm. að aukin vinna foreldra utan heimilis komi mjög niður á börnum, jafnvel að þjóðfélag okkar væri barnfjandsamlegt og kalli því á löggjöf af þessu tagi. Í grg. segir enn fremur á bls. 3, með leyfi virðulegs forseta:

„Fjölskyldan, með heimahúsmóður sem hlynnti að börnum og hinum öldruðu, leið undir lok í þessu nýja þjóðfélagi þegar húsmæður voru kallaðar til launavinnu utan heimilisins, en samfélagið kom einungis að mjög litlu leyti til móts við nýjar og áður óþekktar þarfir hinna „óarðbæru" hópa, barnanna og hinna öldruðu. Þar hafa stjórnvöld brugðist, og svo er enn."

Þetta eru vissulega stór orð og vafalaust grundvölluð nokkuð á þeirri staðhæfingu, sem fram kemur einnig í grg., að íslenska þjóðin hafi tekið stærra stökk til gerbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Það má e.t.v. til sanns vegar færa að börn geta ekki myndað þrýstihóp eins og ýmsir aðrir þjóðfélagshópar. Það er hins vegar lagaleg skylda foreldra og annarra forráðamanna að hugsa um þarfir barna sinna og skapa þeim öruggt heimili og þroskavænlegt samfélag og yfirleitt má segja að hagsmunir fjölskyldumeðlima fari saman. Þessu hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir, sbr. stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, en þar segir m.a. á bls. 20, með leyfi virðulegs forseta:

„Fram mun fara athugun á fyrirkomulagi sérkennslu. Kannað verður hvernig grunnskólinn geti betur rækt umönnunar- og uppeldishlutverk við hlið fræðslustarfs. Unnið verður að því að koma á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum fyrir börn á grunnskólaaldri."

Enn fremur á bls. 22: „Unnið verður að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum. Í samráði við samtök vinnumarkaðarins og sveitarfélög verður leitast við að taka meira tillit til þarfa fjölskyldunnar og þess að foreldrar beri jafna ábyrgð á börnum sínum, m.a. með sveigjanlegum og styttri vinnutíma og bættri dagvistarþjónustu."

Ég tel einnig ástæðu til að vekja athygli á þeirri nefnd er hæstv. forsrh. hafði forgöngu um að skipa, en henni er ætlað að gera tillögur um úrbætur til að treysta stöðu fjölskyldunnar.

Af þessu ætti að vera ljóst að ríkisstjórnin hefur fullan vilja til þess að treysta stöðu fjölskyldunnar og þar með barna í þessu samfélagi og er það von mín að sá vilji sjáist í verki.

Til að tryggja réttindi barna þarf því að byrja á að styrkja hæfni foreldranna og þau félagslegu úrræði sem gera barninu það mögulegt að þroskast innan síns eigin heimilis.

Því er hins vegar ekki að neita að það er margt sem betur mætti fara í okkar samfélagi varðandi réttindi barna. Það er ótrúlega skammt síðan sú hugarfarsbreyting átti sér stað að börn ættu almennt einhvern rétt eins og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Frú Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari ritaði mjög merka grein í Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 1976, um barnaréttindi, en þess má geta að barnaréttur er sérstök fræðigrein sem kennd er við lagadeild Háskóla Íslands. Í þessari grein hæstaréttardómarans segir á bls. 11, með leyfi virðulegs forseta:

„Allt fram á 20. öld kom fram í löggjöf takmarkaður áhugi á því hvernig foreldrar færu með börn sín og hin eina lagavernd sem börn höfðu gegn misþyrmingum foreldranna var í refsilöggjöfinni. Skv.

norskum lögum 1687 var börnum aftur á móti refsað með arfsmissi og þrælkunarvinnu ef þau töluðu ótilhlýðilega til foreldra sinna eða bölvuðu þeim. Ef börn réðust á foreldra sína áttu þau dauðarefsingu á hættu.

Það er ekki lengra síðan en 1836 að Hæstiréttur Noregs dæmdi tvö börn í lífstíðarþrælkunarvinnu fyrir að tala ótilhlýðilega við móður sína. Í tilskipun um húsaga 3. júní 1746, 8. gr., er foreldrum heimilað að leggja hendur á börn sín og refsa þeim með hrís og í dönsku lögum 6–5–6 er hjónum heimilað að refsa börnum sínum fyrir óhlýðni. Aftur á móti var tekið ákaflega léttilega á því að foreldrar misþyrmdu börnum sínum."

Þetta er ófögur lýsing og hygg ég að réttindi barna hafi verið töluvert fyrir borð borin þó nokkuð langt fram á þessa öld, t.d. hvað skólagöngu varðaði og ýmis lagaleg réttindi. Úr þessu hefur þó verið bætt á margvíslegan hátt, t.d. með löggjöf um barnavernd. Þau fyrstu voru sett 1932, en núgildandi lög um vernd barna og unglinga eru nr. 53 frá 1966. Þessi lög fela í sér ítarleg fyrirmæli um skipan og hlutverk barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs. Þar segir m.a. í 2. mgr. 2. gr., með leyfi virðulegs forseta:

„Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði sem stuðli að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldistakmarki."

Enn fremur segir í 3. mgr.: „Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæslu og félagsmála og aðra þá sem fjalla um málefni barna og ungmenna."

Hér er það eftirlits- og varnaðarkerfi til staðar sem mælt er fyrir í frv. er hér um ræðir og gætu verkefni því skarast. Þess ber þó að gæta að hugmyndin um umboðsmann barna er ekki ný af nálinni, eins og áður hefur komið fram í umræðum um þetta mál. M.a. er hans getið í fskj. II með frv. til barnalaga er lagt var fyrir Alþingi árið 1980 og varð að lögum árið eftir. Sifjalaganefnd telur þar að slíkar hugmyndir séu athyglisverðar og verðskuldi gaumgæfilega athugun og umræðu. En ef til þess kæmi þyrfti m.a. að marka umboðsmanni stöðu og verkefni gagnvart öðrum yfirvöldum sem fjalla um málefni barna og ungmenna, þar á meðal barnaverndarnefndum og -ráði.

Ég tel að það geti orðið réttarstöðu barna til verulegra bóta ef þeim væri skipaður sérstakur talsmaður, t.d. í forræðismálum, þ.e. þegar foreldrar eða aðrir deila um forræði barna. Hugsanlega er þess einnig þörf í ættleiðingar- og fósturmálum.

Guðrún Erlendsdóttir segir í fyrr tilvitnaðri grein á bls. 14 með leyfi virðulegs forseta:

„Ef barn er aðili að einkamáli verður að skipa því talsmann. Barnið ætti miklu fremur að fá skipaðan talsmann í máli þar sem verið er að ákvarða dvalarstað þess og í raun alla framtíð. Því á að mínu áliti að skipa barni talsmann í forræðismálum. Foreldrarnir og aðrir þeir aðilar sem um forræði deila hafa sína lögfræðinga og engan veginn er víst að hagsmunir falli hér saman."

Enn fremur segir á bls. 23: „Við höfum ítarlegar reglur um lögráðamenn og yfirlögráðanda þar sem reynt er að vernda fjárhagslegan rétt barns á sem tryggilegastan hátt. Það er kominn tími til að velferð barnsins að því er snertir persónuleg málefni verði sýndur samsvarandi áhugi af hálfu löggjafans."

Ég hef verið formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur síðustu tvö ár og er henni að sjálfsögðu ætlað að starfa með velferð barna númer eitt að leiðarljósi. Það fer þó ekki á milli mála að þegar sumir foreldrar deila um forræði kemur það fyrst og fremst niður á barninu sjálfu. Það verður að reyna að koma á þeirri hugarfarsbreytingu hjá foreldrum að það að gera kröfu um forræði barns er ekki það sama og að innheimta víxil. Sifjalaganefnd hefur nú til athugunar þann möguleika að foreldrar geti sótt um svokallað sameiginlegt forræði og er vonandi að sú breyting hefði jákvæð áhrif í þessa átt.

Það er að mínu mati ekki spurning um að full þörf er á sérstökum talsmanni eða umboðsmanni barna, en hvert á verksvið hans að vera og hvar á hann að starfa? Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að umboðsmaður með sérþekkingu í uppeldismálum starfi í dómsmrn. og skv. 3. gr. að hann hafi sjö manna ráð sér til ráðgjafar. Ég held að e.t.v. sé heppilegra að viðkomandi sé löglærður og starfi í tengslum við Barnaverndarráð Íslands sem hefur yfirumsjón með barnaverndarstarfi í landinu. Það sem að mínu mati skiptir þó mestu máli er að umboðsmaður starfi sjálfstætt. Hann má ekki týnast í kerfinu né heldur vera í þeirri aðstöðu að geta orðið fyrir pólitískum þrýstingi. Verksvið umboðsmanns verður að vera skýrt afmarkað og verður að tryggja að á hann sé hlustað. Jafnframt verður að efla þau barnaverndaryfirvöld sem fyrir eru, t.d. með fækkun barnaverndarnefnda. Ég held að þau séu nú um eða yfir 200 talsins og hætta er á að starfsemi þeirra verði ekki nógu markviss og sérhæfð í fámennum byggðarlögum. Enn fremur er brýnt að unnt verði að hraða gangi mála, t.d. með fjölgun starfsmanna. Það verður að gera Barnaverndarráði Íslands kleift að gegna markvisst sínu lagalega hlutverki. Allt þetta er nú til athugunar hjá þeirri nefnd er hæstv. fyrrv. menntmrh. skipaði í apríl sl. til að endurskoða lög nr. 53 frá 1966, um vernd barna og ungmenna. Tel ég því eðlilegt að nefndin fái frv. þetta til umfjöllunar og tengi það þeirri heildarendurskoðun sem nú fer fram og hraða ber eftir föngum.

Hæstv. forseti. Ræða mín hefur e.t.v. verið í lengra lagi, en hér er um málefni barna að ræða sem að margra áliti hafa komið allt of sjaldan til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Ég vil því þakka hv. flm. fyrir þá umræðu sem frv. þeirra hefur skapað. Það er skylda okkar, bæði gagnvart börnum og þjóðfélaginu, að brúa bilið sem er á milli mannréttinda fullorðinna og barna.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil nýta þann litla tíma sem ég á eftir í þessari umræðu til að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðum um frv. og eins og ég hef áður sagt erum við flm. vitaskuld opin fyrir því að það taki einhverjum breytingum í meðferð nefndar.

Vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns vil ég einungis benda á að allir stjórnmálaflokkar hafa ár eftir ár samið góða stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar, bæði minn flokkur og aðrir, og ég efast ekki um góðan vilja núv. ríkisstjórnar til að efla málefni fjölskyldunnar. Það er hins vegar dálítið erfitt, þegar litið er yfir frv. til fjárlaga, að sjá hvað stendur til að gera í þeim efnum. Ekki stendur til að efla dagvistarstofnanir, ekki stendur til að hækka laun kennara, það á einungis að fela þeim aukið uppeldishlutverk, ekki á að bæta aðstöðu kennara til endurmenntunar né að sýnilegt sé að annað það eigi að gera sem megi verða til farsældar börnum landsins. En um þetta eigum við sjálfsagt eftir að eiga orðastað seinna.

Það sem ég held að hér skipti máli er að staða barna í þjóðfélaginu, rúmlega fjórðungs landsmanna, verði verulega styrkt. Til þess er frv. flutt að börnin fái talsmann sem, eins og segir í 6. gr. frv., hefur rétt til að gera athugasemdir við hvað eina sem brýtur í bága við hagsmuni barna í samfélaginu og, með leyfi forseta: „tekur sá réttur til skipulagsmála, dagvistar- og kennslumála, umhverfismála, umferðarmála, heilbrigðismála, menningarmála og hverra þeirra málefna sem varða uppvaxtarskilyrði barna."

Mönnum verður tíðrætt, og eðlilega, um að verkefni barnaverndarnefnda og Barnaverndarráðs Íslands og hins nýja umboðsmanns kunni að skarast. Ég held að ef vel er á málum haldið ætti hinn nýi umboðsmaður einungis að vera þessu ráði og nefndum til styrktar. Við vitum öll að bæði barnaverndarnefndir og Barnaverndarráð Íslands fást svo til eingöngu við erfið einkamál sem þessum nýja umboðsmanni er ekki ætlað að sinna, heldur er honum ætlað að sinna málefnum barna almennt. Ég held að það sé alveg ljóst að sáralítill tími gefist fyrir bæði barnaverndarnefndir og Barnaverndarráð Íslands að sinna málefnum barna í samfélaginu almennt. Þess vegna held ég að þessir aðilar hljóti að fagna þeim nýja starfskrafti sem þarna yrði til.

Ég er alveg hjartanlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um að æskilegt er að umboðsmaður starfi sjálfstætt og ég hef áður sagt það hér að ástæðan fyrir því að við komum honum fyrir í dómsmrn. var e.t.v. fyrst og fremst sparnaður. Ég væri fús til að leggja þann sparnað af og gefa umboðsmanni tækifæri til að hafa eigin skrifstofu með eigin starfsliði og starfa gjörsamlega sjálfstætt, en þarna var verið að koma í veg fyrir að menn gætu veifað því að verið væri að búa til nýtt bákn í samfélaginu. Það hlýtur einungis að gleðja okkur ef menn eru tilbúnir til að veita meira fé til þessa nýja embættis og gera það enn sjálfstæðara en hér er gert ráð fyrir.

En herra forseti. Ég er víst að taka of mikinn tíma miðað við það sem ég hef áður haft tækifæri til að segja hér og vil því ljúka ræðu minni með því að fara fram á að frv. þetta fari að lokinni umræðu til hv. allshn. eins og á sl. ári. Og ég treysti því að hv. þm. leggi vinnu í að skoða þetta frv. mjög vel og veita því brautargengi á hinu háa Alþingi á þessu þingi.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Síðast þegar þetta mál var til meðferðar á hv. Alþingi lýsti ég yfir stuðningi mínum við frv. og tel það raunar eitt af meiri háttar málum. Ég legg áherslu á að það eru vissulega mörg þýðingarmikil mál, er varða fjölskylduna í okkar þjóðfélagi, sem þyrfti að endurskoða og taka til rækilegrar umfjöllunar í þjóðfélaginu sjálfu og ekki síst hér á hv. Alþingi. Við erum að vakna til meðvitundar um að ýmsir þættir þessara mála eru miklu þýðingarmeiri og hafa fengið miklu minni umfjöllun en æskilegt er í okkar nútímaþjóðfélagi, sem við viljum gjarnan kalla svo, og þess vegna er mál af þessu tagi, eins og frv. til l. um embætti umboðsmanns barna, eitt af þeim þýðingarmeiri í þessari umræðu. Ég nefni framfærslulögin. Við búum við mjög gömul og úrelt framfærslulög sem varða mörg þessi mál og grípa inn í fjölskyldumálin almennt. Þarna er um að ræða löggjöf sem hefur valdið árekstrum í meðferð þessara mála í okkar þjóðfélagi, bæði í smærri og stærri einingum ef má orða það svo.

Sem betur fer stendur nú yfir víðtæk endurskoðun á framfærslulögum og má vænta þess að í byrjun næsta árs fari að sjást merki þess, árangur af starfi þeirrar nefndar sem er að vinna að þessum málaflokki.

Ég nefni þetta til að minna á hvað við stöndum í raun og veru laklega í þessum málum miðað við e.t.v. margar aðrar þjóðir í kringum okkur. Ég legg þess vegna mjög mikla áherslu á að þetta mál fái nú ítarlega meðferð á hv. Alþingi. Hvort sem það verður tengt annarri endurskoðun eða unnið sem sjálfstætt mál hefur það sitt gildi að ræða það og vanda vel meðferð þess á hv. Alþingi og ég styð eindregið að svo verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. RA, 78. mál (sameiginlegt forval o.fl.). — Þskj. 81.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Eins og flestir munu þekkja gengu í gildi ný kosningalög haustið 1959. Þá var sú breyting gerð að við talningu atkvæða, sem hver frambjóðandi var talinn fá, var aðeins tekið tillit til þriðja hvers atkvæðis þar sem breyting var gerð á röðun

lista. Áður en þessi breyting var gerð sumarið 1959 kom það oft fyrir að kjósendur breyttu röð frambjóðenda á þeim lista sem þeir kusu, en eftir þessa breytingu hefur það aldrei gerst. Síðan hefur það blasað við að kjósendur ættu ekki í raun neinn kost á að ráða neinu um röð frambjóðenda á þeim listum sem þeir kjósa. Listarnir eru lagðir fram raðaðir og þótt kjósendur reyni að breyta röðinni eru aðstæður þannig og ákvæði laganna einnig að það gerist ekki í reynd og hefur ekki gerst í rúma þrjá áratugi.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir fjallar um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Þar er ég fyrst og fremst að leggja til breytingar á kosningalögum er geti stuðlað að auknu persónuvali kjósenda og þá er ég fyrst og fremst með það í huga, sem ég hef nú rakið, að kjósendur hafa í raun enga möguleika til að breyta röð frambjóðenda á listum sem þeir kjósa. Rétt er að geta þess að eftir að ný kosningalög tóku gildi fyrir seinustu kosningar má hiklaust segja að það sé orðið enn erfiðara en áður var að koma fram breytingum á framboðslistum.

Til að bæta úr þessu hafa stjórnmálaflokkar efnt til prófkjörs eða forvals, ýmist fyrir flokksmenn, fyrir yfirlýsta stuðningsmenn sína eða kjósendur almennt. Ég hygg að það hafi fyrst og fremst verið á sjöunda áratugnum að opin prófkjör hjá stjórnmálaflokkunum fóru nokkuð að tíðkast og þetta varð enn algengara á áttunda áratugnum. En menn sáu fljótlega að þessi opnu prófkjör voru því marki brennd að stórir hópar kjósenda tóku þátt í prófkjörum stjórnmálaflokkanna án þess að ætla sér að styðja viðkomandi flokk í komandi kosningum. Ég hygg að það sé fyrst og fremst af þessari ástæðu að hin opnu prófkjör hafa bersýnilega verið á verulegu undanhaldi nú í seinni tíð. Án þess að rökstyðja það frekar, vegna þess að ég hygg að allir geti verið mér sammála um þessa fullyrðingu mína, má benda á að Sjálfstfl., sem varð einna fyrstur til að taka upp opin prófkjör, hefur greinilega verið að breyta vinnubrögðum sínum í þessum efnum. Nú er miklu algengara hjá þeim flokki að forval eða prófkjör fari fram meðal flokksmanna eða yfirlýstra stuðningsmanna þótt vissulega sé þetta sett í vald kjördæmisráða og geti verið ýmis gangur á þessu. Sama sýnist gilda um Alþfl. sem á seinasta áratug tók upp opin prófkjör um allt land. Þessi opnu prófkjör á vegum Alþfl. virðast nú miklu færri en áður var. Ég hygg að það sé ekki ofmælt að þróunin hefur verið sú nú í seinni tíð að opin prófkjör hafa verið mjög á undanhaldi.

Flokkarnir hafa líka reynt prófkjör meðal stuðningsmanna sinna og hafa þá haft þann háttinn á að menn hafa verið til neyddir að skrifa undir sérstakar stuðningsyfirlýsingar við viðkomandi flokk til að mega taka þátt í prófkjörinu. Ég tel að þessi háttur hafi ekki verið gallalaus og satt best að segja má færa talsverð rök að því að með söfnun slíkra yfirlýsinga sé í raun verið að brjóta gegn ákvæðum kosningalaganna sem banna stjórnmálaflokkunum að safna fleiri meðmælendum sér til styrktar en sem nemur ákveðinni tölu sem nefnd er í kosningalögunum. Staðreyndin er sú að þau eru æðimörg dæmin um að stjórnmálaflokkar hafa fengið fleiri atkvæði greidd í prófkjörum af þessu tagi en síðan hafa skilað sér í kosningum skömmu síðar. Gæti ég nefnt mörg dæmi þessu til sönnunar. Þó er ljóst að allir stuðningsmenn flokksins hafa að sjálfsögðu ekki átt þess kost að taka þátt í prófkjörinu af ýmsum ástæðum og því verður sá hópur enn stærri sem bersýnilega var að hafa áhrif á skipan framboðslistans hjá viðkomandi flokki án þess að ætla sér að styðja flokkinn.

Þriðja tegund prófkjöra, sem oft hefur reyndar verið kennd við forval, hefur einkennst af því að einungis flokksmenn hafa mátt greiða atkvæði, jafnvel aðeins kjörnir trúnaðarmenn. Þar er um miklu þrengri hóp að ræða og mjög óvíst að sá hópur sem þannig tekur ákvörðun sé hvað skoðanir snertir í miklu samræmi við kjósendur flokksins almennt.

Ég held að augljóst sé að það verði að finna nýjar leiðir til að gefa kjósendum kost á að velja frambjóðendur flokksins sem teljast ná kosningu af þeim listum sem þeir greiða atkvæði. Ég held það þurfi að finna nýjar leiðir sem bæði henta kjósendum og stjórnmálaflokkunum og þess vegna flyt ég þetta frv. að í því eru tvær leiðir opnaðar. Annars vegar er gerð tillaga um sameiginlegt forval stjórnmálaflokkanna. Hins vegar er gerð tillaga um óraðaða lista.

Ég vil strax taka fram að sjálfur á ég sæti í stjórnarskrárnefnd og hún hefur fjallað rækilega um þetta efni í mörg ár, einmitt um aukið persónuval í kosningum. Hún hefur hins vegar enn ekki komist að niðurstöðu og enn ekki skilað áliti og óvíst með öllu hvenær það verður. Segir sig sjálft að ég fer með þetta mál inn á vettvang Alþingis fyrst og fremst til að hvetja til umræðna um málið, bæði meðal alþm. og meðal kjósenda almennt, því að hvort tveggja mun að sjálfsögðu auðvelda stjórnarskrárnefnd störf sín og ýta á eftir því að hún skili áliti um þetta mál. Í nefndinni hafa komið fram ýmsar hugmyndir og tillögur, jafnvel frumvarpsdrög, en það skal tekið fram að það frv. sem ég hef hér lagt fram er ekki byggt sérstaklega á gögnum nefndarinnar heldur hef ég samið frv. fyrst og fremst út frá þeim sjónarmiðum sem ég hef lengi aðhyllst um þessi mál.

Ég vík þá fyrst að tillögunni um sameiginlegt forval flokkanna. Þar er gert ráð fyrir að um leið og boðað er til alþingiskosninga skuli stjórnmálasamtökum sem hyggjast bjóða fram lista gefast kostur á að taka þátt í sameiginlegu forvali til að undirbúa skipan framboðslista, eins og segir í 1. gr. frv. Þar segir líka að sameiginlegt forval fari því aðeins fram í kjördæminu að a.m.k. þrjú framboð eða stjórnmálasamtök sem fengu samanlagt meira en helming atkvæða í kjördæminu í seinustu kosningum taki þátt í forvalinu. Þetta ákvæði er sett í frv. vegna þess að ríkið greiðir kostnaðinn við forvalið og annast framkvæmd kosninganna og af þeirri ástæðu er sjálfsagt og eðlilegt að gera kröfu um ákveðna lágmarksþátttöku í forvalinu. Mér þykir ekki eðlilegt að ef t.d. aðeins einn flokkur óskar eftir því að efna til forvals

eða taka þátt í slíku forvali sé ríkisvaldið að bjóða fram atbeina sinn til að framkvæma forvalið, enda nær þá forvalið ekki tilgangi sínum. Þá er ljóst að um er að ræða forval af svipuðu tagi og verið hefur og ekkert því til fyrirstöðu að kjósendur annarra flokka komi við sögu hjá þeim flokki sem stendur að forvalinu. Aftur á móti minnka líkurnar á þessu ef flokkarnir eru margir sem taka þátt í forvalinu.

Það má vissulega deila um hvaða kröfu á að gera um lágmarksþátttöku. Ég hef hér sett fram þessa ákveðnu kröfu að það séu annaðhvort þrjú framboð eða þá stjórnmálasamtök sem fengu meira en helming atkvæða í seinustu kosningum, en ég viðurkenni að vel mætti hugsa sér einhverja aðra viðmiðun.

Af sjálfu leiðir að sameiginlegt forval ætti að fara fram samtímis um land allt og það þyrfti að fara fram eigi síðar en viku áður en framboðsfresti lýkur.

Ég vek hins vegar á því athygli að í þessu ákvæði er reynt að tryggja frelsi flokkanna til að haga þessum málum eftir því sem flokkarnir sjálfir ákveða eins og nokkur kostur er. Í 1. gr. er m.a. sagt að „stjórnmálasamtök sem taka þátt í sameiginlegu prófkjöri ákveði sjálf hvaða skilyrðum frambjóðendur verða að fullnægja til viðbótar almennum skilyrðum þessara laga."

Eins og kunnugt er setja kosningalög frambjóðendum ákveðin skilyrði, t.d. um aldur, en það er vel hugsanlegt að flokkarnir vildu setja frekari skilyrði, þar á meðal að frambjóðendur flokksins væru flokksbundnir, og þá verður auðvitað að lúta því. Það skilyrði er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt og má sem sagt hugsa sér að flokkarnir setji ýmis skilyrði sem ekki flokkast undir almenn skilyrði kosningalaga. Annað dæmi er að það sé eitthvert ákveðið hlutfall milli kynja sem tengist uppsetningu framboðslistans og þannig má vafalaust nefna ýmis önnur dæmi.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annist framkvæmd forvalsins með sama hætti og í alþingiskosningum. Kjósandinn merkir þá við nöfn frambjóðenda með tölustöfum í þeirri röð sem hann vill að þeir skipi framboðslista. Þess er sérstaklega getið í 1. gr., þó kannski þyrfti varla að taka það fram, en það er nú gert til öryggis, að auðvitað má kjósandinn aðeins velja á milli manna á einum framboðslista.

Ég vek á því athygli enn að í þessu ákvæði er reynt að tryggja stjórnmálaflokkunum frelsi til að haga framkvæmd forvalsins eins og þeim best þykir henta. Almennt má segja að það einkenni frv. að stjórnmálaflokkunum er í sjálfsvald sett hvort þeir reyna þessar leiðir. Þeim ber engin skylda til að taka þátt í sameiginlegu forvali. Sama gildir um það ákvæði sem ég mun hér gera grein fyrir á eftir, en það er um óraðaða lista. Mér er kunnugt um það, og ég býst við að flestir geri sér grein fyrir því, að það eru mjög skiptar skoðanir um hvernig eigi að haga persónuvali í kosningum. Ég er því hér að leggja til að sem flestum leiðum sé haldið opnum og síðan sé reynslan látin skera úr um hvað best hentar kjósendum og flokkunum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það séu sem sagt opnaðar samtímis margar leiðir í þessum efnum. Þess vegna legg ég til í einu og sama frv. að hægt sé að efna til sameiginlegs forvals, en eftir sem áður geti flokkarnir komið með óraðaða lista.

Rökin fyrir því eru m.a. þau að það er alls ekki víst að kjósendur hafi komist að endanlegri niðurstöðu eftir að prófkjör hefur verið haldið hjá stjórnmálaflokki. Það má vel vera að frambjóðandi sem hefur orðið efstur í prófkjöri standi sig svo illa í kosningabaráttunni og reynist svo óheppilegur frambjóðandi að öllu leyti að kjósendum snúist hugur og þeim þyki betra að breyta röðinni þegar út í kosningarnar sjálfar er komið og því gildi prófkjörið fyrst og fremst um kosningabaráttuna en síðan eigi kjósandinn lokaorðið á kjördegi og hann ákveði þá að veita öðrum frambjóðanda brautargengi. Þetta eru rök fyrir því að halda báðum þessum leiðum opnum og ég sé í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu.

Um óraðaða lista vil ég segja að öðru leyti að þar er gömul hugmynd á ferðinni. Þar er sannarlega ekki verið að koma með neitt nýtt. Það hafa verið fluttar tillögur hér á Alþingi nokkuð margar sem ganga í sömu átt. Þetta er margrædd hugmynd, en hún hefur aldrei verið reynd hér á landi. Ég geri sem sagt tillögu um það hér að hún verði reynd, að vísu þannig að það er ekki skylda stjórnmálaflokkanna að bera fram óraðaða lista eins og oft hefur verið tillaga manna á Alþingi. Ég hygg að oftast þegar þessi till. hefur verið flutt á Alþingi hafi beinlínis verið gert ráð fyrir að það væri skylda stjórnmálaflokkanna að leggja fram óraðaða lista. En ég geri ekki tillögu um það hér. Ég tel að enn í þessu tilviki eigi stjórnmálaflokkarnir að hafa óbundnar hendur. Þeir geti valið um hvort þeir leggja fram raðaðan lista eða óraðaðan lista og ef listinn er óraðaður á aðeins að taka það sérstaklega fram um leið og listanum er skilað til yfirkjörstjórnar og listinn á að vera í stafrófsröð þegar hann er afhentur, en síðan hlutar yfirkjörstjórn um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á listanum. Síðan er gert ráð fyrir að þeir sem greiða atkvæði setji tölustafi sína framan við nöfnin á listanum í samræmi við skoðanir sínar á því hvernig listinn eigi að raðast.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir tillögum mínum hér. Ég er ekki að halda því fram að þessar tillögur séu endilega hinn eini sannleiki þessa máls. Það eru margir möguleikar sem koma til greina. Það er hægt að haga þessum málum á margan veg. Mér finnst aðalatriðið að við alþm. förum að taka þessi mál föstum tökum, að stjórnarskrárnefnd fjalli um málið og að menn reyni að komast örugglega að niðurstöðu í þessu máli fyrir næstu alþingiskosningar. Ég geri hér ákveðnar tillögur, en ég er um leið þeirrar skoðunar að með því fyrirkomulagi sem tekið yrði upp ætti ekki að loka fyrri leiðum, það eigi að halda sem flestum leiðum opnum og að endanlega muni væntanlega reynslan skera úr um hvaða leið fellur forustumönnum stjórnmálaflokka

og kjósendum best í geð.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til hv. allshn.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það vekur mér nokkra undrun að hv. þm. skuli flytja þetta frv. þar sem hann situr í stjórnarskrárnefnd. Mér hefði þótt eðlilegra að hann hefði beitt áhrifum sínum innan stjórnarskrárnefndar til að kynna þessi sjónarmið. Ég tel hins vegar að það sé margt vel um frv. Þó við höfum afgreitt á sl. vori kosningalög, og ég kom m.a. þar að, eru þau kosningalög gölluð og það er öllum ljóst. Það er reynt í þeim kosningalögum að samræma tvö ósættanleg sjónarmið. Það var gengið út frá því að ákveðið misræmi yrði á milli atkvæðavægis á milli kjördæma, en samt er sóst eftir fullum jöfnuði á milli flokka. Þetta sjá menn að getur ekki gengið upp, ekki bæði þessi atriði, og þetta varð til þess að kosningalög sem við nú búum við eru nokkuð flókin og ekki þægilegt að sjá fyrir hver úrslit verða.

Ég er sammála hv. flm. um að prófkjör eins og þau hafa verið tíðkuð undanfarið eru orðin úrelt og það er nauðsynlegt að breyta til. Það er engin leið að halda áfram á sömu braut. Þetta er allt komið út í vitleysu, a.m.k. hjá sumum flokkum, hvernig þessi prófkjör hafa þróast. Fjármunir og auglýsingatækni eru farin að spila allt of mikið inn í úrslit prófkjöra, a.m.k. í stærstu kjördæmunum, og þau eru gengin út í öfgar.

Sú hugmynd hefur lengi verið á lofti og átti talsvert fylgi, a.m.k. um tíma, að hafa sameiginlegt prófkjör fyrir marga flokka á sama degi. Það eru viss rök fyrir því. Hér er ekki gengið út frá því. En Alþb., ef ég man rétt, hefur verið heldur andstætt þessari hugmynd fram að þessu. A.m.k. hefur það verið svo þegar þetta hefur verið prófað fyrir bæjarstjórnarkosningar í kjördæmi okkar hv. þm. Ragnars Arnalds. Þá hefur Alþb. ekki viljað taka þátt í þess háttar prófkjöri.

Ég verð að segja að ég sé galla á ef ekki allir flokkar taka þátt í prófkjöri því stuðningsmenn þeirra flokka sem ekki taka þátt í prófkjörinu geta hreinlega riðið baggamuninn og stillt upp fyrir aðra flokka. Það er ekki siglt út fyrir það. Ef ekki er gert að skyldu að allir flokkar taki þátt fá menn ekki tryggingu fyrir því að kjósendur flokksins einir ákveði framboðslistann.

Ég er miklu hrifnari af hugmyndinni um óraðaðan framboðslista. Ég var einu sinni mjög á móti henni, en eftir því sem tímar hafa liðið og maður hefur fengið reynslu af þeim aðferðum sem notaðar hafa verið er ég orðinn inni á því að skásta leiðin sé að hafa óraðaða framboðslista þar sem kjósandinn með þátttöku sinni, með því að kjósa listann, öðlast rétt til að raða á hann. Mér finnst að það sé sá aðgöngumiði sem kjósandinn þarf að greiða til að fá að hafa áhrif á uppröðun á listann. Þess vegna held ég að óraðaður listi skv. 2. gr. sé miklu heppilegri en að fara þá leið sem lagt er til í 1. gr. frv. Þá ná þeir einir kosningu sem hafa stuðning kjósenda þess flokks sem kosinn er.

Ég held að við eigum að stefna að því, og ég vil heita á hv. 1. flm. frv. að berjast fyrir því í stjórnarskrárnefnd að sá háttur verði upp tekinn, að hafa óraðaða lista þar sem kjósendur ákveða í kjörklefanum hvernig upp verður raðað.

Þetta hefur hins vegar ákveðna galla fyrir frambjóðendurna sjálfa. Kosningabaráttan verður frambjóðendunum erfiðari en réttur kjósandans verður hins vegar meiri. Við erum að sækjast eftir því að auka valfrelsi kjósenda og það held ég að verði best gert með þessu móti.

Hér segir bæði í grg. og eins í ræðu flm. að kjósendur eigi þess skv. gildandi kosningalögum tæpast kost að ráða neinu um röðun frambjóðenda á þeim listum sem þeir kjósa. Þetta er misskilningur og ég kvaddi mér einkum hljóðs til að leiðrétta hann. Meiri hluti kjósenda, þ.e. helmingur kjósenda plús einn, getur breytt röð á lista skv. gildandi kosningalögum þannig að sé meiri hluti fyrir breytingu á lista getur hann komið henni fram. Það finnst mér ekkert óeðlilegt ákvæði. Hins vegar þarf meiri hluta til. Minni hluti ræður ekki við að breyta listanum. Ef meiri hluti kjósenda, þ.e. helmingur kjósenda plús einn, fellir sig ekki við röð t.d. á fyrsta og öðrum manni á listanum getur þessi meiri hluti annaðhvort breytt númeraröð á milli þeirra og þá skipta þeir um sæti, sá sem var annar á lista verður fyrsti og öfugt, ellegar, ef meiri hluti kjósenda sættir sig alls ekki við þann mann sem efstur er á listanum, getur hann strikað hann út og þá fellur hann. Þó að 49,9% kjósenda kjósi hann fellur hann út af listanum ef 50,1% óskar eftir því að losna við hann.

Þessi útstrikunarákvæði finnast mér ekki óeðlileg og reyndar miklu eðlilegri en ef t.d. þriðjungur kjósenda eða fjórði partur hefði það á valdi sínu að breyta röðun á lista. Ég held að þau ákvæði skv. áður gildandi kosningalögum um breytingar á listum, sem nokkrum sinnum reyndi á, þó fyrst og fremst í bæjarstjórnarkosningum, með tilheyrandi flokkadráttum og illindum, séu ákvæði sem við ættum ekki að taka upp aftur og séu góðu heilli horfin. Réttur meiri hlutans er tryggður skv. gildandi lögum og ég sé enga ástæðu til að breyta því.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir á þá leið að þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa hafi orðið ásáttir um að endurskoða kosningalögin almennt. Í framhaldi af því skrifaði forsrh. stjórnarskrárnefnd og óskaði eftir því að hún tæki að sér að vinna að endurskoðun kosningalaganna. Hefur þegar verið haldinn um það einn fundur í stjórnarskrárnefndinni. Á þeim fundi var formanni nefndarinnar falið að ráða mann til að vinna að frumdrögum að kosningalögum. Það hefur þegar verið gert og sá maður er fyrir nokkrum vikum byrjaður á því starfi. Munu fyrstu frumdrög verða lögð

fyrir þegar þau eru til og stjórnarskrárnefnd þá kölluð saman.

Hér er um að ræða algera endurskoðun kosningalaganna, ekki eingöngu þann hlutann sem endurskoðaður var og lög samþykkt um á síðasta þingi heldur er hér um að ræða ýmsar tæknilegar breytingar sem ekki hafa verið gerðar í langan tíma. Allt þetta tekur nokkurn tíma, en að því er stefnt að frv. verði tilbúið þannig að það verði hægt að senda það til ríkisstjórnarinnar sem tekur þá ákvörðun um framlagningu þess þegar þing kemur saman, væntanlega seint í janúarmánuði. Að þessu er stefnt, en hvort það tekst skal ég ekki fullyrða á þessu stigi. Það er margt, sem þarf að breyta, sem ekki er í takt við tímann eða í takt við þær samgöngur sem nú eru eða voru, framboðsfrestur og fleira sem þarf að ræða. Ég ætla ekki að fara að tala um þau afmörkuðu atriði sem þetta frv. fjallar um. Þar kemur margt inn í. Ég ætla heldur ekkert að lýsa yfir þeirri skoðun minni hvort það sé rétt eða rangt að flytja frv. á þessu stigi. Það gerir í sjálfu sér ekkert til þó að slíkt frv. liggi hér fyrir. Ég sé ekkert athugavert við það. En það eru til mörg gögn og margt er búið að vinna og er verið að framkvæma og væntanlega gengur vinnan eftir þeirri áætlun sem hefur verið gerð. Ég vildi aðeins að þessar upplýsingar kæmu fram, en ég bíð með að tala efnislega um málið þangað til síðar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. fyrir að bera þetta mál hérna inn á Alþingi. Ég get ekki fallist á að neitt sé athugavert við að koma með það hér inn þó að um slík mál sé verið að fjalla í sérstakri nefnd, þ.e. stjórnarskrárnefnd. Það er ekki svo heilög nefnd að ekki megi fjalla um þau mál á Alþingi og ég endurtek þakkir mínar til flm. fyrir að gera það því að þetta er merkilegt og spennandi mál. Hér er verið að hreyfa máli sem hefur oft verið til umhugsunar og umfjöllunar, bæði í nefndum og víðar, og ástæðan er vafalaust sú fyrst og fremst að prófkjör hafa ekki reynst sú bragarbót og sá réttindaauki hins almenna kjósanda sem menn höfðu vonast til og ætlast til. Menn hafa sem sagt rekið sig á ýmis horn í fyrirkomulagi prófkjara og er þar satt að segja ekkert slíkt öðru betra.

Ég held að þá væri e.t.v. til bóta það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frv., þ.e. ef menn endilega vilja hafa prófkjör eða forval. Því er ég reyndar ekkert sérstaklega hlynnt í sjálfu sér og hirði svo sem ekki um að styðja það sérstaklega með rökum. Mér finnst reynslan hafa dæmt prófkjörin og gallarnir hafa kaffært kostina. Með þessu frv. er hugsanlega um bót að ræða en þó svo væri er ég a.m.k. ekki fullkomlega sátt við prófkjörin sem slík. Það er þá frekar hugmyndin um óraðaða lista, sem kemur fram í 2. gr., sem er að mínu viti áhugaverð eins og prófkjörin eru kannski í rauninni líka, þ.e. þetta virðist bjóða upp á aukin áhrif almennra kjósenda. Þessi hugmynd hefur oft skotið upp kollinum áður, eins og hv. flm. kom inn á áðan. Gallinn við allt slíkt er að við höfum ekki nokkra einustu tryggingu fyrir því að slíkir óraðaðir listar verki svo sem neitt betur en prófkjörin hafa gert. Það fylgja sömu agnúarnir að miklu leyti og bjóða upp á innbyrðis kapphlaup um athygli kjósenda. Það koma til þar yfirburðir kunnuglegra andlita gamalkunnugra stjórnmálamanna eða fjölmiðlaímynda. Ég undraði mig ekki á því þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti því yfir að hann hefði orðið æ hrifnari af þessari hugmynd eftir því sem árin liðu. Það er mjög eðlilegt að gamalreyndir stjórnmálamenn sjái þann kost sem er við slíkt val. Því þekktari sem þeir verða þeim mun líklegra er að kjósendur setji sitt merki við þau nöfn sem þeir þekkja, annaðhvort úr stjórnmálunum eða, eins og gjarnan vill verða, úr fjölmiðlunum. Þetta býður upp á sömu ókostina sem eru við það innbyrðis kapphlaup samflokksmanna sem oft hefur leitt til heldur illvígra og leiðinlegra átaka.

Mér hugnast að mörgu leyti vel sú tillaga sem kemur fram í 4. og 5. gr. þar sem kjósendum er gefinn kostur á að hafa áhrif á röðun frambjóðenda á lista hvort sem þeir eru raðaðir eða óraðaðir og ég vil einmitt fagna því að hér er um val að ræða, það væru ekki allir skyldaðir til að hafa óraðaða lista eða allir að hafa raðaða lista. Ég held að það sé mjög gott. Ég held að með þessu væri opnaður möguleiki til breytinga ef um nokkuð almenna og mikla óánægju kjósenda væri að ræða með þá röðun sem fyrir væri ef um röðun væri að ræða og þeir sem tækju þátt í slíku gerðu það vafalaust af mjög mikilli sannfæringu.

Á það var bent áðan að það er möguleiki fyrir því í núgildandi lögum að hafa áhrif á röðun á lista með útstrikunum. Ég verð að viðurkenna það, þó ég hafi setið í nefnd og fjallað um lögin og lesið þau, en þau eru alltaf að breytast og eru töluvert flókin, að ég man ekki nákvæmlega hvernig þau líta út og virtist við fyrstu sýn eins og hér væri um rýmkun að ræða, en það má vel vera að svo sé ekki, eins og mér heyrðist koma fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég held að þessi breyting væri til bóta, en það eru fyrst og fremst fyrri frumvarpsgreinarnar sem ég hef svolitlar efasemdir um. Þær mundu e.t.v. herða baráttu milli persóna þannig að áherslan yrði minni á málefnum eins og oft vill verða í kosningum.

Ég fagna sérhverri umræðu um þessi mál. Slík umræða mætti vera oftar og meiri. Og ég er alls ekki að mæla gegn þessu frv. Mér finnst mikill kostur við það hvað þar er allt rýmilegt og frjálslegt og mjög freistandi að leggja það undir dóm reynslunnar.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. og formaður stjórnarskrárnefndar hefur lýst því í ræðu að í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans sé nú hafinn undirbúningur að því í nefndinni að endurskoða ríkjandi kosningalög. Hann lýsti því einnig yfir að það væri stefnt að því í nefndinni að sú endurskoðun hefði farið fram þegar Alþingi kemur saman að nýju

eftir jólaleyfi.

Ég verð, herra forseti, að lýsa þeirri skoðun minni að ég efast um að það takist því allmiklu meiri tíma hafa menn þurft að gefa sér en þann, en vil líka láta það koma fram jafnframt að þó svo að þetta starf sé hafið í nefndinni finnst mér það síður en svo vera til þess fallið að ekki eigi að leggja fram frv. eins og það sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur lagt fram í þessari deild. Þvert á móti finnst mér mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt að einhver umræða um þessi mál geti farið fram á Alþingi jafnhliða starfi stjórnarskrárnefndar þannig að nefndin eða þeir sem eru að vinna á hennar vegum hafi einhverja hugmynd um hverjar ætla megi að skoðanir Alþingis séu á þeim málum sem verið er að fjalla um. Þó svo að þetta frv. hljóti ekki afgreiðslu á þessu þingi tel ég það engu síður gera mikið gagn, það gagn að það opnar þá umræðu sem hér er hafin.

Einn af ráðherrum íslenska lýðveldisins sagði einhverju sinni á fundi í útlöndum að á Íslandi ríkti „democrazy". Mér hefur oft dottið þetta í hug því þetta orð, sem á íslensku mætti þýða „lýðæði" í staðinn fyrir „lýðræði", á oft mjög vel við okkur Íslendinga. Okkur hættir oft til þess að taka í nafni lýðræðisins ákvarðanir sem í sjálfu sér eru andlýðræðislegar og oftar en ekki vegna þess að okkur liggur svo lifandis ósköp mikið á. Við erum svo uppnæm fyrir öllum nýjungum að ef einhver nefnir orðið „frjálst" hlaupa allir upp til handa og fóta og segja án umhugsunar: Þetta hlýtur að vera gott. Þetta hlýtur að auka lýðræðið í landinu.

Lýðræði grundvallast vissulega á skoðanafrelsi, prentfrelsi og málfrelsi, en lýðræði það, sem við iðkum, grundvallast einnig á því að hópur fólks sem hefur sömu meginafstöðu til þjóðmála tekur sig saman um, annaðhvort í formlegum eða óformlegum samtökum, að velja einn úr sínum röðum eða fleiri til framboðs í embætti sem kosið er í. Það er framkvæmdin á lýðræði því sem við þekkjum að þessi skoðanahópur, sem er samstiga í grundvallaratriðum, velur einhvern úr sínum hópi til að vera fulltrúa sinn á Alþingi eða í sveitarstjórn. Menn hljóta að sjá það, ef menn hafa fyrir því að hugsa á annað borð, að það hlýtur að vera í andstöðu við þessi meginatriði ef fólk sem ekki aðhyllist umræddar grundvallarskoðanir ræður e.t.v. úrslitum um hvaða aðili er valinn af þessum tiltekna hópi. Menn hljóta að sjá, ef þeir aðeins hugsa málið, að það getur ekki verið að svona aðferð til vals á frambjóðanda sé í samræmi við lýðræðið eins og við viljum túlka það. Þetta er ekki lýðræði. Þetta er það sem hinn ágæti ráðamaður Íslendinga kallaði á fundi í útlöndum „democrazy". Þetta gengur ekki upp, hvorki við almenna skynsemi né þau grundvallaratriði í stjórnmálum að þeir flokka sig saman, hvort sem það er í formlegum stjórnmálaflokki eða óformlegum samtökum, sem hafa sömu grundvallarafstöðu til þjóðmála og úr sínum hópi velja þeir sína fulltrúa. Fulltrúarnir starfa á þeirra ábyrgð og í þeirra umboði.

Það má síðan endalaust deila um hvernig vali hópsins á að vera hagað. Ég skal fúslega lýsa þeirri skoðun minni að ég tel það hafa verið orðið mjög óeðlilegt eins og að því var staðið á sínum tíma þegar mjög þröngur hópur úr hverjum flokki eða samtökum réði fyrir alla hina hver úr hópnum eða samtökunum var valinn til framboðs. En fyrr má nú rota en dauðrota. Aðferðin til að laga það, aðferðin til að auka lýðræðið í flokkunum og hinum óformlegu samtökum er alls ekki sú að ganga þannig frá reglum að jafnvel þeir sem opinberlega lýsa sig andstæða þeim sjónarmiðum sem verið er að velja fulltrúa fyrir skuli hafa úrslitavald um hver valinn er.

Þegar þessi sjónarmið voru kynnt í umræðum á þinginu á sínum tíma, fyrir nokkrum árum, og sagt að þetta væri lýðræði, það að fela úrslitavald til vals á fulltrúa fyrir ákveðna hópa í hendur þeim sem ekki töldu sig tilheyra viðkomandi hópi, var sagt sem svar við ábendingum um þetta: Menn verða að treysta fólkinu. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að treysta fólkinu, en vandinn er sá að frambjóðendur og stuðningsmenn þeirra fara jafnan offari í þessum efnum og þeir biðja gjarnan fólk um að gera það sem það mundi ekki hafa gert af eigin frjálsum vilja. Ég veit að margir þekkja dæmi um slíkt. Sjálfur þekki ég það af eigin raun. Ég hef verið beðinn um það, alþm. fyrir Alþfl., að taka þátt í prófkjöri fyrir annan flokk. Þegar ég svaraði því að að sjálfsögðu gerði ég það ekki því mér væri það óheimilt var spurt: En getur ekki konan þín farið? — M.ö.o.: þessar starfsaðferðir eru orðnar svo fráhverfar lýðræði, eins og við þekkjum það a.m.k., sem framast má verða.

Flokkarnir hafa reynt að sjá við þessu, ef svo má segja, með ýmsum hætti, m.a. þeim hætti að þeir kjósendur sem taka þátt í forvali eða prófkjöri séu látnir undirrita yfirlýsingu um að þeir hyggist styðja flokkinn. Eins og hv. þm. Ragnar Arnalds tók fram áðan er slíkt í hæsta máta óeðlilegt. Það brýtur ekki aðeins þau ákvæði kosningalaga að takmarka fjölda meðmælenda með hverju framboði. Það brýtur einnig að mínu viti í bága við það ákvæði stjórnarskrár að kosningar skuli vera leynilegar því að með slíkri yfirlýsingu eru menn raunar að tjá sig um það opinberlega hvernig þeir ætla að greiða atkvæði í næstu kosningum. Það er óeðlilegt að stjórnmálaflokkur, sem á að standa vörð um lýðræðið og um stjórnarskrá þess lands sem hann starfar í, geri þá kröfu til þeirra sem taka þátt í forvali eða kosningum að þeir brjóti þannig í raun og veru í bága við grundvallaratriði sjálfs lýðræðisins í landinu, stjórnarskrána sem er starfað eftir. Aðferðirnar sem stjórnmálaflokkarnir sjálfir hafa reynt að beita til að koma í veg fyrir að aðilar sem eru í andstöðu við viðkomandi flokka hafi úrslitaáhrif á val þeirra á framboðum, hafa því ekki verkað. Jafnvel eru dæmi til þess að aðilar sem síðar hafa komið í ljós á öðrum framboðslistum hafi gert sér lítið fyrir og tekið þátt í forvali annarra flokka og undirritað yfirlýsingu um að að sjálfsögðu teldu þeir sig vera stuðningsmenn

þess flokks sem þeir væru að taka þátt í prófkjöri hjá. Ég veit að ýmsir þeir sem hafa álíka langan þingferil að baki og ég muna eftir einum ágætum starfsmanni þessarar stofnunar sem sagði við okkur nokkra fyrir nokkrum árum að hann teldi það vera lítið lýðræði hjá einum tilteknum stjórnmálaflokki í Reykjavík að hafa meinað honum að taka þátt í prófkjöri hjá sér eftir að hann hefði á sama vorinu tekið þátt í prófkjöri hjá öllum hinum þremur. Ég get ekki, herra forseti, dregið þá niðurstöðu af slíkum ummælum að þetta sé í anda þess lýðræðis, sem við þekkjum: Að fólki skuli finnast eðlilegt að taka þátt í forvali, ekki hjá einum flokki, ekki hjá tveimur flokkum, heldur hjá öllum þeim flokkum sem fram bjóða í viðkomandi kosningum og undirrita yfirlýsingu um stuðning við þá alla. Þetta er ekki leiðin til að treysta grundvallarviðhorf í lýðræði með þjóðinni.

Ég veit ekki til þess, herra forseti, að nokkurs staðar í víðri veröld sé haft það fyrirkomulag um val á frambjóðendum flokka og samtaka sem prófkjörin og forvölin eru hér. Fyrir nokkrum árum, þegar þetta mál var mest á dagskrá, gafst mér kostur á að kynna mér sérstaklega fyrirkomulag þessara mála í Bandaríkjunum. Það er e.t.v. tímabært að koma með þær ábendingar fram núna, þegar liðin eru nokkur ár frá því að þessar ákvarðanir voru teknar, vegna þess að það gæti verið að menn gæfu sér tíma til að hugsa núna tíu árum seinna.

Í Bandaríkjunum eru þessi ákvæði þannig að sérhver borgari, sem hefur rétt til að taka þátt í kosningum og ætlar að greiða atkvæði í kosningum, verður að láta skrá sig hjá viðkomandi yfirvöldum í hverju ríki sem kjósandi. Þar verður hann að gefa upp nafn sitt og heimilisfang og aðrar persónulegar upplýsingar. Þar á meðal verður hann að upplýsa hvort hann telur sig fylgismann einhvers tiltekins stjórnmálaflokks eða ekki. Menn eru þar ekki aðeins skráðir á kjörskrá með nafni og heimilisfangi heldur með upplýsingum viðkomandi um hvort hann telur sig demókrata, repúblikana eða tilheyrandi einhverjum öðrum flokkum og samtökum eða utan flokka. Þegar forkosningarnar eru háðar í Bandaríkjunum mega ekki aðrir taka þátt í forkosningum demókrata en þeir sem í kjörskrá eru skráðir sem stuðningsmenn Demókrataflokksins. Aðrir mega ekki taka þátt í forkosningum repúblikana en þeir sem í kjörskrá eru skráðir stuðningsmenn Repúblikanaflokksins.

Þegar ég kannaði þessi mál á sínum tíma, mér gafst kostur á því, spurði ég sérstaklega fulltrúa ýmissa minnihlutahópa, sem voru mjög sterkir í tilteknum bæjarhverfum: Hvernig stendur á því að þið veljið ekki heldur þá leið að bjóða fram sérlista til að fá ykkar fulltrúa kjörna í sveitar- og bæjarstjórnum, þar sem þið eigið möguleika á því, en að greiða öðrum flokkum og framboðum atkvæði? Svarið sem ég fékk var þetta: Þarna verðum við að vega og meta. Ef við bjóðum fram sérlista með okkar fólki eigum við ekki möguleika á að taka þátt í forvali hjá stóru flokkunum og ráða e.t.v. úrslitum um hver velst til framboðs af þeirra hálfu. Þess vegna — þetta voru blökkumenn sem ég talaði við — veljum við heldur þann kost að láta skrá okkur sem demókrata og bjóða ekki fram eigin lista til þess að geta tekið þátt í prófkjöri demókrata sem við ella værum útilokaðir frá. Hvergi í víðri veröld, jafnvel ekki í Bandaríkjunum sem menn hafa þóst sækja þessi fordæmi til, viðgangast því þær aðferðir sem við Íslendingar höfum viðhaft í þessu efni. Og ég sé ekki annað en að þeim flokkum og framboðum sem á seinni árum hafa komið nýir og ekki hafa viðhaft þessar aðferðir til vals á frambjóðendum hafi farnast mjög vel í kosningum og ég sé ekki að íslenskir kjósendur hafi látið þessa flokka gjalda þess að þeir skuli ekki viðhafa sömu reglur og gömlu flokkarnir hafa um val á frambjóðendum.

Svo er það öfugmæli þegar menn í gömlu flokkunum eru að tala um það í öðru orðinu að nauðsynlegt sé að efla og styrkja flokkana og segja í hinu orðinu við flokksmenn þessara sömu flokka og samtaka: Þið skuluð taka á ykkur allar þær skyldur sem því fylgir að vera yfirlýstur stuðningsmaður einhvers tiltekins flokks, en réttindin eru engin sem skyldunum fylgja umfram þau réttindi sem allir Íslendingar hafa til áhrifa á starf okkar og stefnu.

Herra forseti. Vissulega er þetta frv., sem flutt er hér, langt í frá að vera tæmandi og væri áhugavert að fá að sjá hvaða leiðir koma til greina til að veita kjósendum fullt valfrelsi um þá einstaklinga sem þeir vilja velja til setu á Alþingi og í sveitarstjórnum án þess að því þurfi að fylgja þeir atburðir sem hafa siglt í kjölfar forvals og prófkjöra. Það er hægt að hugsa sér ýmsar aðrar aðferðir til þess en koma fram í þessu frv. Það er hægt t.d. að hugsa sér þá aðferð að það séu bókstaflega engin sérstök framboð viðhöfð heldur að allir Íslendingar sem kjörgengi hafa séu með jafnan rétt til að hljóta kosningu og kjósendur velji þá ekki úr hópi einhverra fárra frambjóðenda heldur þá meðal þjóðarinnar sem þeir helst kjósa að gegni þessum embættum. Það er einnig vel hægt að huga sér, og það er framkvæmt í mörgum löndum, að kjósendur þurfi ekki endilega að binda sig við einn flokk eða einn framboðslista þegar þeir velja fulltrúa sína til setu á Alþingi eða í sveitarstjórnum heldur sé þeim frjálst að velja af framboðslistunum jafnmarga og kjósa á af eins mörgum framboðslistum og menn kæra sig um, t.d. einn mann sem þeir treysta vel af þessum lista og annan af hinum. Þetta á sér stað og er víða framkvæmt og er vissulega lýðræðislegt.

Einnig koma þær hugmyndir til greina sem hreyft er í þessu frv., en ég ítreka að það væri áhugavert að fá að sjá á blaði hvaða hugmyndir til aukins valfrelsis kjósenda í kosningunum sjálfum koma til greina þar sem ekki er verið að spila með kjósandann og ekki verið að spila með einfaldar leikreglur í lýðræðisþjóðfélagi heldur verið að gera kjósandann ábyrgan fyrir atkvæði sínu og skoðun sinni, en jafnframt frjálsari að því hvaða einstaklinga hann velur til þess

að vera fulltrúa sína á Alþingi eða í sveitarstjórnum en ekki til að vera fulltrúar einhverra annarra, einhverra skoðanahópa sem hann sjálfur ekki aðhyllist.

Ég ítreka, herra forseti, að ég tel að þessi umræða sé vissulega tímabær og þó að þetta sé fyrsta ár af fjórum á kjörtímabilinu er ekki ástæða til að bíða með að menn hefji umræður um breytingar á kosningalögum. Ég tel vissulega að það frv. sem hér er lagt fram sé þarft í því skyni að koma þeirri umræðu af stað.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er lagt fram af hv. flm. Ragnari Arnalds. Það er að sjálfsögðu svo að þessi mál hljóta alltaf að vera til umræðu hér. Frá því að ég man eftir mér hafa menn rætt um ýmsar leiðir í sambandi við kosningar og val stjórnmálaflokka á fulltrúum á lista þeirra. Það er svo að það verður sjálfsagt aldrei samkomulag um neina eina leið. Menn geta velt þessu fyrir sér fram og til baka, fundið ýmsar leiðir til að breyta og jafnvel fundið betri leiðir. Menn hafa það gjarnan í flimtingum að þeir vilji gera þetta til að auka valfrelsi fólksins eða lýðræðið en það má deila um það. Það má líka heyra á mæli sumra að það er e.t.v. svo að menn eru að hugsa um hvort þeir ná meiri árangri sem stjórnmálamenn í framtíðinni.

Ég hef ekki þá skoðun að það eigi að vera sameiginlegt forval allra flokka og mér sýnist að það sé hugmyndin að reyna að koma kostnaðinum yfir á fólkið í landinu með því að hafa tvennar kosningar. Fyrst með forvali, sem yrði þá væntanlega jafndýrt og kosningar, og síðan kosningar á eftir. Ég tel að það væri ekki til bóta að hafa tvo kosningadaga í landinu.

Hér hefur verið komið inn á ýmislegt. Hv. 5. þm. Vestf. kom inn á marga merkilega hluti og er ekki að efa að margt af því er rétt, en öðru var ég reyndar ekki sammála. En það má velta því fyrir sér, þegar maður er að hugsa um þetta, að þegar er talað um að með því að gefa yfirlýsingu um að menn styðji viðkomandi flokk samræmist það ekki kosningalögunum. Það mætti eins hugsa sér að það samrýmist ekki kosningalögum yfir höfuð að vera í stjórnmálaflokki. Ef stjórnmálaflokkurinn er nægilega stór væri það brot á stjórnarskránni að vera í honum. Það er alveg það sama. Það eru ýmis svona atriði sem menn geta velt fyrir sér. Hitt verður vafalaust alltaf svo, að hver stjórnmálaflokkur og þeir menn sem eru í honum velja sér þær leiðir sem þeir óska eftir í sambandi við val á frambjóðendum.

Ég hef mikla trú á prófkjörum sem slíkum og ég hef mikla trú á því að ef þau eru opin öllum muni þau skila réttri niðurstöðu fyrir flokkinn — og hef séð það. Ég hef mikla trú á fólkinu, að það komi á kjörstað til að kjósa flokkinn og hann þurfi ekkert að biðja um yfirlýsingar um að það muni kjósa flokkinn í næstu kosningum. Ég tel að þessi hræðsla um að það komi einhverjir vondir menn úr öðrum flokkum, eins og hér hefur verið komið inn á, og breyti niðurstöðum í prófkjörum sé ástæðulaus. Það geta laumast með nokkrir aðilar sem skipta ekki máli í niðurstöðunni.

Það er alveg ljóst að erfitt verður að finna réttar leiðir, bæði í kosningalögum og öðru sem lýtur að kosningum. Ég fagna því sem hv. formaður stjórnarskrárnefndar kom inn á. Hann sagði að sú nefnd væri tekin til við að fjalla um þetta mál. Ég mundi óska eftir því að nefndin flýtti sér ekki um of. Þessi mál hafa æðioft verið hér til umræðu og æðioft verið til umræðu meðal fólksins og sýnist sitt hverjum.

Það er tvímælalaust svo að það verður ekki hægt að finna eina leið sem er alveg fullkomin. Ég er þó á því og hef lengi litið hýru auga til þeirrar aðferðar, eins og hér kom fram, að menn kjósi menn af mörgum listum frekar en að menn kjósi listana. Ég er sannfærður um að e.t.v. væri það lýðræðislegast að menn gætu kosið menn af mörgum listum ekkert síður en listana. Þetta hefur verið, eins og réttilega hefur verið komið hér inn á, gert víða og hefur gefið allgóða raun.

En það verður alltaf niðurstaðan engu að síður að menn eru ekki á eitt sáttir með þær leiðir sem á að fara, hvort eigi að velja einstaka stjórnmálaflokka, hvort eigi að velja þá leið að það séu heldur stórir flokkar eða litlir flokkar eða hvort yfir höfuð eigi að velja frambjóðendur af öðrum en fámennum hóp. Ég man eftir mörgum leiðum sem hafa verið farnar en alltaf eru það átök um völd. Menn eru auðvitað að berjast um völd. Það fer ekki hjá því. Menn eru að berjast fyrir skoðunum og völdum í þjóðfélaginu. Menn eru að reyna að koma sínum skoðunum á framfæri og reyna að komast til valda í þjóðfélaginu til að ná sínum skoðunum fram. Þetta gengur að sjálfsögðu allt út á það.

Það er mjög erfitt að finna, eins og ég kom inn á áðan, einhverja eina leið sem menn gætu sameinast um. Við sáum síðustu breytingu sem var gerð fyrir kosningarnar síðast. Þar þóttust menn hafa fundið nýja leið og betri, en strax núna eru menn farnir að efast um að það sé rétt leið. Ég er smeykur um að hér blandist saman við hvort menn telji að þeirra hlutur hafi verið nægilega góður eða ekki. Alltaf þegar hafa verið fluttar tillögur um breytingar hefur það verið stórt atriði. Það var réttilega komið inn á áðan að sú breyting sem síðast var gerð var um val á milli tveggja meginmarkmiða, annars vegar jöfnuð á milli flokka og hins vegar að reyna að jafna atkvæðisréttinn. Það er erfitt að segja um hvort hægt er að gera hvort tveggja án þess að það komi niður á öðru hvoru. Ég held þó að að það megi jafna atkvæðisréttinn án þess að það komi niður á jöfnuði á milli flokka. En það er þó erfitt að segja um það. Þessi sjónarmið eiga bæði rétt á sér. Menn geta reiknað til og frá og breytt kjördæmaskipun, breytt fjölda þm. og reiknað þetta upp og niður. Engu að síður verður alltaf að komast að niðurstöðu. Ég er ekkert viss um út af fyrir sig að það fáist önnur niðurstaða þó að kosningalögum verði breytt ef það verður gert eins og er í þessari tillögu. Þetta mál hlýtur að vera alltaf

til endurskoðunar og menn hljóta að líta á það. Ég tel ekki að prófkjör hafi þá vankanta sem menn eru að tala um og held að sú leið sé einna réttlátust. En hitt er annað mál að með því að hafa sérstakt prófkjör, eins og hér kemur fram, er ég alfarið á móti. Ég tel að við eigum ekki að skella meiri kostnaði yfir á ríkið í þessu sambandi.

Ég vil þó fagna þeirri umræðu sem hér er hafin og þakka aftur hv. flm. fyrir að leggja þetta mál fram. Ég held að það sé tímabært að menn ræði um það hér ekki síður en í stjórnarskrárnefnd. Þetta verður alltaf til umræðu og menn munu vafalaust finna nýjar leiðir og e.t.v. betri leiðir í framtíðinni til að gera svo best sé fyrir land og þjóð.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og mér finnst að hafi verið í megindráttum frekar jákvæðar þótt auðvitað sé öllum ljóst alveg jafnt og mér að með þessu frv. hefur kannski ekki verið sagt seinasta orðið í þessum efnum heldur verður að skoða hina ýmsu kosti sem í boði eru. Tilgangurinn með flutningi frv. var einmitt sá að vekja umræður um málið. Það kom fram í máli hv. þm. Páls Pétursson áðan að þar sem ég ætti sæti í stjórnarskrárnefnd hefði verið eðlilegra að ég léti nægja að ræða þetta mál þar. Sem betur fer hafa ýmsir ræðumenn orðið til að andmæla þessu sjónarmiði sem að sjálfsögðu er fráleitt. Ég get vitnað um það að þessi mál hafa verið til umræðu í stjórnarskrárnefnd í fimm ár. Ég sé ekki að það sé alveg að líða að því að nefndin afgreiði þessi mál frá sér og ef þeir sem sitja í stjórnarskrárnefnd ættu þannig árum saman að binda hendur sínar og ættu ekki að eiga kost á því að ræða mál af þessu tagi hér á Alþingi vegna þess að þeir sitja í nefndinni væri að sjálfsögðu illa farið.

Það var líka einkennileg athugasemd hjá hv. þm. Páli Péturssyni að Alþb., sem er minn flokkur eins og flestir vita, hefði verið andvígt sameiginlegum prófkjörum. Ég held að þessi fullyrðing hv. þm. hafi verið á misskilningi byggð. Alþb. hefur oft tekið þátt í sameiginlegum prófkjörum til undirbúnings sveitarstjórnarkosninga þó að hitt megi vel vera að í einstaka tilvikum hafi Alþb. ekki viljað taka þátt í slíkum kosningum á einhverjum stöðum á landinu. Það er auðvitað einungis til marks um að þessi sameiginlegu prófkjör hafa vissulega verið umdeild, bæði í mínum flokki og öðrum.

Hv. þm. taldi að eðlilegt svigrúm væri fyrir hendi til að breyta röð á lista því að ef meiri hluti kjósenda, þ.e. helmingur kjósenda að einum viðbættum, strikaði út efsta mann á lista breyttist röðin. Auðvitað er þetta alveg rétt, þannig er þetta í teoríunni. En hitt vitum við að þannig verður þetta ekki í reynd. Það þarf bæði mikil samtök til að tryggja það að helmingur kjósenda ákveðins flokks greiði allir atkvæði á sama veg, þ.e. að útstrikun þeirra sé hjá öllum með sama hætti, en auðvitað yrði það að vera ef þetta ætti fram að ganga. Staðreyndin er sú að þeir mörgu kjósendur, sem láta sig röðun listans engu skipta og hafa því engin áhrif á röðun listans, fylla að sjálfsögðu hóp þeirra sem mundu vera andvígir breytingunni og það er það sem gerir það að verkum að svona breytingar eiga sér aldrei stað með útstrikunum og hafa aldrei átt sér stað í 30 ár og enn síður eftir seinustu breytingu á kosningalögunum.

Hv. þm. Matthías Bjarnason gat þess áðan að stjórnarskrárnefnd væri að undirbúa tillögur um breytingar á kosningalögum og ég held að það hafi sannarlega verið á sínum stað að hann kom með þær upplýsingar hér inn í þessa umræðu. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson túlkaði að vísu ummæli hans þannig að ætlunin væri að skila þessum tillögum frá nefndinni strax að jólaleyfi loknu. Ég tók ekki eftir að hv. þm. Matthías Bjarnason kæmist þannig að orði. Ég hygg að sú túlkun hljóti að hafa verið á einhverjum misskilningi byggð. Ég er sannfærður um, hvernig sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur hagað orðum sínum, ég vil ekki alveg fullyrða um það, að það er ekki von á frv. um ný kosningalög frá nefndinni strax að jólaleyfi loknu. Það mun taka miklu lengri tíma og satt best að segja efast ég ekkert um að nefndinni er það hollt að þessi mál séu rædd víðar en í sjálfri nefndinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er fram haldið umræðu sem hefur átt sér stað nokku lengi í þessu þjóðfélagi um það hvernig beri að tryggja hinum almenna manni möguleika til að hafa áhrif á uppröðun á lista hjá stjórnmálaflokkum án þess að það þurfi nauðsynlega að koma fram hvar hann sé í stjórnmálum og ég fagna því að menn skuli hér viðra sínar hugmyndir í þessu efni.

Það liggur ljóst fyrir að þau prófkjör sem framkvæmd hafa verið á undanförnum árum eru með nokkrum alvarlegum annmörkum. Í mesta þéttbýlinu er annmarki þeirra kannski fyrst og fremst sá að 51% af stuðningsmönnum ákveðins flokks geta grúppað sig saman og ráðið nánast listanum öllum ef þeim býður svo við að horfa og hinn hópurinn, þessi 49% þá, geta lent undir og ekki komið neinu fram. Þess vegna vil ég vekja á því athygli hér að ef þessi regla yrði upp tekin hlýtur það að vera mikil spurning hvernig eigi að standa að því að telja í fjölmennum kjördæmum þar sem vitað er að sami stjórnmálaflokkur er líklegur til að fá marga þm. kjörna. Það liggur nefnilega ljóst fyrir að eina réttlætið í því er nánast það að einhvers konar listakosning innan þess hóps eigi sér stað. Mönnum finnst kannski skrýtið að ég skuli vekja athygli á þessu, en þetta er eitt af því sem blasir við að hefur átt þátt í því að fjölga flokkum á Íslandi.

Annað atriðið sem ég vil sérstaklega vekja athygli á og tel að aftur á móti þetta frv., ef að lögum yrði, taki nokkuð vel á er það atriði að það hefur löngum verið uppi sá orðrómur að sumir hafi svo gaman af

að taka þátt í prófkjörum að þeir vilji helst taka þátt í flestum prófkjörum sem eru á viðkomandi svæði. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það hvort það er satt eða ekki. (**AG:** Sem frambjóðendur?) Ekki sem frambjóðendur, það voru ekki mín orð, heldur sem kjósendur. Ég hygg að hægt sé að finna þess dæmi að það blasi við að menn hafi verið þátttakendur í nokkrum prófkjörum.

Hér er lagt til að þetta verði gert á þann hátt að um sameiginlegt prófkjör sé að ræða. Þá yrði þessi möguleiki úr sögunni og hver aðili hefði aðeins möguleika til að hafa áhrif á einn lista og jafnframt, sem ekki er síður mikilvægt á minni stöðum, gætu menn óhræddir farið og tekið þátt í prófkjörinu án þess að það leiddi til neinnar umræðu um það hvar þeir yfir höfuð væru í pólitík. Og við megum ekki gera lítið úr því ákvæði stjórnarskrárinnar sem telur það grundvallaratriði mannréttinda og lýðræðis að menn geti tekið þátt í kosningum án þess að það sé upplýst hvern þeir kjósa. Ég tel þess vegna að þetta sé mjög mikilvægt, á smærri stöðum sérstaklega, að menn átti sig á því að prófkjör eins og þau hafa verið rjúfa að nokkru leyti þessa þögn eða þá leynilegu stöðu sem menn hafa verið í.

Auðvitað er það svo að okkar gagnmerka stjórnarskrárnefnd, sem hefur í gegnum tíðina átt á að skipa hinum virðulegustu mönnum og starfað mjög lengi, unir því illa að menn séu að flytja mál sem snerta stjórnarskrána án þess að þau séu áður viðruð innan þeirrar nefndar. Ég hef reyndar litið svo á að þessi stjórnarskrárnefnd sé andvana fædd. Ég segi ekki að það sé föst regla að menn kveðji hana aðeins á einn veg en mér sýnist að það liggi ljóst fyrir að við fáum aldrei stjórnarskrá ef við viðhöfum þau vinnubrögð að láta standa að þeirri vinnu eins og verið hefur. Ef nokkurs staðar þyrfti að setja sólsetursákvæði og skammta mönnum vinnutíma þar til þeir skila af sér er það í þessari blessaðri stjórnarskrárnefnd.

Mér er ljóst að hér væri hægt að hafa langt mál um þá hluti og þeir eru vafalaust til hér í þinginu sem telja enga þörf á því að við setjum okkur aðra stjórnarskrá, notumst við þá sem við höfum, en ég hef verið í þeirra hópi sem telja að mjög brýnt sé að breyta stjórnarskránni. Mér hefur virst að það væri þó nokkur hópur í þinginu sem hefði áhuga á að breyta stjórnarskránni. E.t.v. er það svo að menn vilja breyta henni hver á sinn veg þannig að samstaðan sé ærið lítil.

Einu sinni var umræðan þó komin á það stig að menn töluðu nánast um það að ef stjórnarskrá yrði samþykkt hér í þinginu yrði það fyrst og fremst til að auka hróður eins manns og aldrei að vita nema stjórnarskráin yrði við hann kennd ef hún yrði samþykkt. Það eitt virtist vera nægilega mikilvægt til að koma í veg fyrir að menn héldu áfram með það verk sem þá var lengra komið en nokkurn tíma áður. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé ekki óeðlilegt að menn leggi fram frv. hér á Alþingi sem miði að því að breyta stjórnarskránni. Menn geta aftur á móti varla gert ráð fyrir að það verði samþykkt á fyrsta þingi að nýafstöðnum kosningum vegna þess annmarka sem á slíku er, að þá er það ákveðið þar með að kosið verði í landinu. En það breytir engu um það að þetta frv. sem hér er lagt fram hlýtur að vekja þá umræðu hvort samstaða næst á Alþingi Íslendinga um að vinna að því að alþýða manna í þessu landi hafi meiri möguleika en hún hefur í dag til þess að ráða hverjir fara í framboð fyrir flokkana. Sem stuðningsmaður lýðræðis hef ég verið hlynntur því að alþýðan eigi þarna meira val.

Ég vil jafnframt geta þess að ég hef aldrei verið svo viss um að það væri neikvætt að sami maður ætti möguleika á því að velja menn til þingsetu þó að þeir væru ekki allir úr sama stjórnmálaflokki. Það er nú einu sinni svo að menn eru að kjósa menn á þing og það er hætt við að þegar menn gleyma því og fara bara að kjósa flokka sé fyrirsjáanleg veruleg gengisfelling á því mannvali sem situr á Alþingi Íslendinga.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. var lagt fram. Ég reikna með að hv. flm. hafi fyrst og fremst gert það til þess að fá umræðu um þessi mál og ég held að það sé af því góða. Það hefur verið mikið rætt í þjóðfélaginu um þessi prófkjör og skoðanakannanir og það verður nú að segjast eins og er að ég held að flestir flokkarnir hafi verið búnir að fá alveg nóg af þeim eins og framkvæmdin hefur verið á þessum skoðanakönnunum og prófkjörum. Það er engin launung að á vissum stöðum í landinu hafa farið fram skoðanakannanir eða prófkjör þar sem fjórir flokkar hafa fengið mikið yfir helminginn af atkvæðum kosningarbærra manna. Þannig er auðséð að stór hópur af íbúunum hefur jafnvel tekið þátt í skoðanakönnunum hjá öllum flokkunum. Þetta fyrirkomulag sem hefur verið haft býður upp á þetta.

Ég samdi fyrir einum átta árum frv. um skoðanakannanir sem ég lagði aldrei fram vegna þess að félagar mínir, sem ég var þá með, báðu mig að gera það ekki. Það var um það að þessar skoðanakannanir ættu að fara þannig fram að þær væru í raun og veru alveg eins og kosningar. Ákveðið væri á ákveðnum degi fyrir framboðsfrest hvenær þessi skoðanakönnun færi fram ef listarnir kæmu sér saman um það, eða meiri hluti þeirra, þannig að alveg væri komið í veg fyrir það að sami maður gæti greitt nema einum flokki atkvæði.

Ég held að það fyrirkomulag sem við höfum haft gangi ekki. Auðvitað má deila um það hvort það á að vera eins og hv. þm. Ragnar Arnalds leggur til, en æskilegt væri að ef slíkar skoðanakannanir færu fram eða prófkjör færu þær fram alls staðar á sama tíma vegna þess að annars er hætt við að þær hefðu áhrif annars staðar ef þetta væri ekki á sama tíma.

Ég er nú þeirrar skoðunar að það verði erfitt að ná samkomulagi um þessi mál, en þetta er mikilvægt atriði fyrir lýðræðið í landinu hvernig þetta verður leyst. Ég segi því að það var gott verk að frv. er lagt

fram og það þyrftu að verða um það veruleg skoðanaskipti, enda gæti þá sú nefnd sem fjallar um þetta mál haft hliðsjón af þeim skoðanaskiptum þegar hún kemur fram með endanlegar tillögur í þessu máli, en ekki þætti mér líklegt að það yrði á árinu 1988 eða jafnvel 1989.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Frv. IBA og HJ, 84. mál (bankastjórar). — Þskj. 88.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 88, 84. máli, um breytingu á lögum nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Flm. ásamt mér er hv. þm. Hreggviður Jónsson.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa frv. en það hljóðar svo:

„1. gr. 11. gr. laganna orðist svo:

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka, skipuð þremur bankastjórum, hefur með höndum framkvæmdastjórn bankans.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Lausar stöður bankastjóra ríkisviðskiptabanka skulu ávallt auglýstar til umsóknar í Lögbirtingablaði og dagblöðum með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Með umsókn skulu fylgja rækilegar upplýsingar um menntun og fyrri störf umsækjenda.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Í lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, segir í 1. málsgr. 5. gr., með leyfi forseta:

„Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn."

Með 5. gr. laga nr. 38/1954 eru sett almenn ákvæði um málsmeðferð við stöðuveitingar á vegum ríkisins. Engu að síður hefur löngum verið um það ágreiningur hvort þessi grein laganna taki til stöðuveitinga ríkisbankanna, þ.e. þegar um er að ræða veitingu bankastjórastöðu.

Það er engan veginn hægt að lesa það út úr þessum lögum að bankastjórastöður ríkisbankanna falli ekki í einu og öllu undir ákvæði þeirra. Einu hópar opinberra starfsmanna sem eru beinlínis undanþegnir þessum ákvæðum eru starfsmenn utanríkisþjónustunnar.

Það er skoðun flm. að allir starfsmenn ríkisbanka, þar með taldir bankastjórar, séu opinberir starfsmenn. Því ætti 5. gr. laga nr. 38 frá 1954 einnig að taka til þeirra. En þar sem nokkurs konar hefð hefur skapast fyrir því að svo sé ekki, heldur hafa stjórnmálaflokkar ráðskast með þessar stöður að eigin vild, þykir rétt að breyta lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, þannig að ekki leiki nokkur vafi á að auglýsa verði lausar stöður bankastjóra við ríkisviðskiptabankana til umsóknar.

Þá er það mikilvæg breyting að umsækjandi verður að gefa upplýsingar um menntun og fyrri störf, líkt og gerist hvarvetna annars staðar úti í þjóðfélaginu þegar sótt er um starf, enda hlýtur það að vera meginforsenda fyrir ráðningu að viðkomandi hafi þann grunn sem nauðsynlegur er til að geta sinnt slíku starfi. Það á ekki að duga að vera með rétt flokksskírteini upp á vasann, það á ekki að duga að vera þingmaður, það á ekki að nota bankastjórastöður ríkisbankanna til að verðlauna menn fyrir gott starf í þágu flokksins. Það á að ráða í þessar stöður þá menn sem hæfastir eru til að gegna þeim hverju sinni.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. munu væntanlega leiða til þess að fleiri hæfir einstaklingar sækist eftir þeim stöðum auk þess sem raunhæfir möguleikar þeirra á að hljóta stöðurnar aukast að mun. Það þekkja allir sem hér eru hvernig gangur mála hefur verið að undanförnu í þessum efnum. Skipting stjórnarflokkanna er svo augljós að það tekur því varla að benda á hana. Sjálfstfl. og Framsfl. fá sinn manninn hvor í Landsbankann, Alþfl. fær Búnaðarbankann. Enda þótt jafnvel séu nokkur ár þangað til stöður losna eru stjórnarflokkarnir búnir að skipta þeim upp bróðurlega á milli sín.

Í Dagblaðinu Vísi þann 26. október sl. segir Pétur Sigurðsson, formaður bankaráðs Landsbankans, með leyfi forseta: „Sverrir Hermannsson er kandídat Sjálfstfl. sem næsti bankastjóri Landsbankans og ég styð hann heils hugar." Seinna í sama viðtali segir hann: „Það kemur ekki til mála að ég, Pétur Sigurðsson, gagnrýni Val Arnþórsson í starf bankastjóra Landsbankans. Ég mun styðja hann."

Það er alveg ljóst af orðum hans að enginn kemur til greina annar en sá er tilnefndur er af gömlu stjórnarflokkunum, enda segir hann seinna í greininni að hann muni að sjálfsögðu fylgja því sem þingflokkur Sjálfstfl. óskar. Það eru einmitt þessi vinnubrögð sem við áteljum og viljum stöðva og er frv. liður í því að reyna að sporna við fótum.

Það er ekki einu sinni litið í áttina að starfsmönnum bankanna, þar sem vitað er um marga mjög hæfa menn í bankastjórastöðurnar sem ég fullyrði að séu ekki síður hæfir en flest þau pólitísku bankastjóraefni sem nú er rætt um, hvað þá að litið

sé til annarra aðila úti í þjóðfélaginu sem allt hafa til brunns að bera annað en það að vera innstu koppar í búri einhvers af stjórnarflokkunum, hinnar heilögu þrenningar.

Með því að auglýsa stöðurnar lausar til umsóknar og krefjast upplýsinga um menntun og fyrri störf er engan veginn verið að útiloka stjórnmálamenn frá þessum störfum. Hér er einfaldlega um réttlætismál að ræða þar sem farið er fram á að opinberir starfsmenn og aðrir umsækjendur sitji við sama borð. Þetta þýðir líka það að meiri líkur eru á að sem hæfastur umsækjandi verði ráðinn. Það hlýtur að vera mikils virði fyrir bankann og eigendur hans, fólkið í landinu, að til slíkrar ábyrgðarstöðu sé leitast við að ráða hæfasta umsækjandann sem í boði er hverju sinni.

Hv. þm. Matthías Bjarnason, fyrrv. viðskrh., með meiru, hefur eftirfarandi að segja um þennan málaflokk í viðtali við Helgarpóstinn fimmtudaginn 12. nóvember, með leyfi forseta. Blaðamaður spyr: „Staða ríkisbankanna er nú mjög á dagskrá. Hver er þín afstaða í þeim málum?“ Og Matthías svarar: „Að þessu sinni ætla ég ekki að fjölyrða um þau mál í heild en láta nægja að viðra skoðanir mínar um einn þátt þessara *mála sem að vísu er nú í brennidepli*. Það hefur löngum þótt sjálfsagt mál að stjórnmálaflokkar tilnefndu menn í bankastjórastöður í ríkisbönkunum. Reynslan í þróun bankamála síðustu árin, ólán í rekstri Útvegsbankans, Hafskipsmálið og fleira og fleira, hefði átt að kenna okkur að nú er nauðsynlegt, næstum óhjákvæmilegt að taka upp ný vinnubrögð. Við höfum á þessum síðustu árum sett nýja og að mörgu leyti góða bankalöggjöf þótt einstök atriði þurfi ævinlega að vera til endurskoðunar. Það hefur myndast harðnandi samkeppni milli bankanna. Ég tel því mun meiri nauðsyn á því að bankarnir séu undir faglegri stjórn. Það er því umbúðalaust mín skoðun að ríkisbankarnir eigi að velja hæfa menn innan bankakerfisins í stöður bankastjóra. Ekki endilega alfarið að það eigi alltaf að vera menn innan sama banka því það gæti verið hollt að það væri hreyfing á mönnum milli banka líka. Flestir bankarnir eiga tvímælalaust fullhæfa menn til þessara starfa innan sinna vébanda. Þetta gildir ekkert síður innan ríkisbankanna. Ég sé því síður en svo nokkra þörf á því að sækja til uppgjafarstjórnmálamanna eða kaupfélagsstjóra til að manna æðstu stöður þessara mikilvægu stofnana.“

Þarna talar hæstv. fyrrv. viðskrh. Ég leyfi mér að taka fullt mark á því sem hann segir. Hann talar um bitra reynslu af núverandi ráðningakerfi. Hann talar um að innan bankakerfisins séu hæfir menn í stöður bankastjóra. Um þetta tvennt er ég honum sammála og það er starfsfólk Landsbanka Íslands einnig, en á áttunda hundrað starfsmanna bankans hafa skrifað undir áskorun til bankaráðs um að næsti aðalbankastjóri Landsbankans verði valinn úr hópi núverandi starfsmanna.

Hæstv. fyrrv. viðskrh. segir einnig að vegna harðnandi samkeppni bankanna telji hann nú munu meiri nauðsyn á að þeir séu undir faglegri stjórn. Þarna er ég honum einnig sammála.

Síðast en ekki síst skal vakin sérstök athygli á því að hæstv. fyrrv. viðskrh. sem hefur áratuga reynslu úr heimi stjórnmálanna sér ekki nokkra þörf á því að sækja uppgjafarstjórnmálamenn eða kaupfélagsstjóra til að manna þessar stöður. Mikið er ég honum sammála.

Eftir sem áður verður það bankaráð viðkomandi banka sem ræður í stöður bankastjóra. Þannig er hætt við því að lítil breyting verði á þótt frv. verði samþykkt. Þó er það alveg ljóst að með samþykkt þessa frv. skapast visst aðhald á bankaráðin þannig að meiri líkur verði á að faglegt hæfnismat ráði við val bankastjóra.

Ég tel að með samþykkt frv. sé stigið skref í jafnréttisátt í þessum málum. Ég hvet því þm. til að taka máli þessu vel.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur lýsum stuðningi við framkomnar breytingar á lögum um *viðskiptabanka. Í fullu samræmi* við valddreifingarhugmyndir okkar erum við mjög mótfallnar of miklum pólitískum afskiptum af innri málefnum hvers konar stofnana, fyrirtækja eða félaga. Við álítum að þar eigi fagleg sjónarmið að ráða og þess gæti allt of oft að stjórnmálaflokkar misnoti aðstöðu sína til að hafa áhrif á gang innri mála og rekstur eða a.m.k. tryggi sér þá aðstöðu þótt auðvitað sé alls ekki alltaf um misbeitingu eða ofríki að ræða. En aðstaðan er allt of víða fyrir hendi til að geta gripið inn í og beitt flokkspólitískum þrýstingi. Stundum er þetta aðstaða fyrir flokka til að geta hyglað sínum umbjóðendum, kjósendum eða flokkssystkinum eða útilokað óæskilegt fólk eða sjónarmið. Í þessu skyni eru flokkspólitísk ráð, nefndir eða stjórnir settar yfir alls konar stofnanir í krafti þess að um sé að ræða ábyrgðarfulla umsjón, þ.e. að Alþingi setji lög og útdeili fé og því beri sömu aðilum að sjá til þess með yfirsetu að farið sé að lögum og vel haldið á fjármunum.

Við kvennalistakonur leggjum áherslu á það í stefnuskrá okkar að leggja eigi niður flokkspólitísk ráð og nefndir og starfsmönnum og þeim sem hafa fingur á púlsinum treyst fyrir rekstri og framkvæmd. Ef þannig er á málum haldið að óeðlilegt þyki hvað varðar meðferð fjármuna eða í öðrum rekstri kemur það í ljós í ársreikningum, skýrslum og árangri öllum. Þá er hægt að grípa inn í með öðrum ráðum en þeim að setja flokkspólitískt gæslukerfi yfir allt. Því hvarflar að manni að það séu ekki endilega hagsmunir viðkomandi stofnana sem ráði þessari skipan mála, heldur hagsmunir flokkanna.

Því hefur verið haldið fram með nokkrum rökum að of mikil pólitísk afskipti af t.d. bankarekstri, þar sem faglegra sjónarmiða er ekki gætt, standi eðlilegum rekstri og lánastarfsemi þeirra fyrir þrifum,

m.ö.o., miðstýringin sé neikvæð, valddreifing nauðsynleg.

Þótt þetta frv. sem hér liggur til umræðu gangi ekki svo langt að leggja bankaráð í núverandi mynd niður og tryggi því á engan hátt að við ráðningar bankastjóra gildi fagleg sjónarmið en ekki flokkspólitísk er það þó spor í rétta átt. Með því að auglýsa stöður bankastjóra og krefjast upplýsinga um menntun og fyrri störf opinberast þó hvernig staðið er að málum. Ljósara verður fyrir alla aðila, bankana, almenning og stjórnmálamenn, ef önnur sjónarmið en fagleg vega þyngst. Það verður ekki eins auðvelt að ganga fram hjá mönnum sem ættu vegna menntunar sinnar eða reynslu að hafa forgang. Og þetta útilokar ekki aðgang fyrrv. alþm. eða flokksgæðinga hvers konar. Þeir verða þá bara að sækja um og láta síðan vega kosti sína og hæfni til starfsins eins og aðrir. Á meðan flokkspólitísk bankaráð standa að því mati þurfa þeir kannski ekkert að óttast. Umbunarúthlutun verður hins vegar erfiðari.

Eins er ákvæðið um sex ára ráðningartíma, sem ætti auðvitað eðli málsins samkvæmt að vera til fjögurra ára, viss trygging fyrir því að menn gætu ekki í gegnum setu á Alþingi eða flokkslega tryggð keypt sér ævilangt öryggi. Hvorki þingmennska eða flokksmennska á að vera stökkpallur til efnahagslegs öryggis eða stöðu. En það má vel vera að of mikið öryggi, of löng seta, t.d. á Alþingi, dragi úr kjarki manna til að hverfa aftur út í atvinnulífið og þurfa þar að hlíta sömu skilyrðum og aðrir launþegar. Ráðið við því er náttúrlega að sitja ekki of lengi, en það er e.t.v. annað mál.

Með fyrirvara um bankaráð og ráðningartíma styðjum við frv. því að þótt það tryggi ekki, eins og ég sagði áðan, að fagleg sjónarmið komi í stað flokkspólitískra og valddreifing í stað miðstýringar má þó segja eins og skáldið: Þeir sætu í hægara sæti án þess.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig ekkert út á frv. að setja eins og það er úr garði gert. Mig langar hins vegar til að leiðrétta þann misskilning sem fram hefur komið að það sé einhver trygging fyrir því að það sé t.d. meira pólitískt vald í ríkisbönkunum en í hinum bönkunum. Ég held að það sé alveg öfugt. Ég held að mikið frekar sé farið eftir pólitískum línum í hlutafélagsbönkunum en í ríkisbönkunum. Það er líka vegna þess að þarna sitja menn úr mörgum flokkum, í ríkisbönkunum. Og þeir eiga samkvæmt lögum að hafa eftirlit með bönkunum. Eftir nýju lögunum bera þeir verulega ábyrgð ef illa til tekst. Þeir eru nokkurs konar gæslumenn bankanna. Auðvitað er hægt að koma þessu fyrir á ýmsan hátt. Ég er ekki að segja að þetta sé hin eðlilegasta eða besta leið. En ég fullyrði að þær ákvarðanir sem eru teknar í bankaráðum ríkisbankanna eru minna af pólitískum toga en í einkabönkunum. Það er kannski málið.

Þegar verið er að velja bankastjóra og það er verið að tala um faglega þekkingu — faglega þekkingu á hverju? Hvað þarf bankastjóri að hafa til brunns að bera sem á að stjórna t.d. Landsbankanum eða Búnaðarbankanum? Er það endilega að vinna bankastörf? Er það það sem menn halda? Er það ekki fyrst og fremst það að hann kunni skil á atvinnulífinu í þessu landi? Þessi maður, bankastjórinn í svona banka, vinnur ekki bankastörf. Hann ákveður hvernig á að skipta því fjármagni sem hann hefur. Það er allt annað að vera sparisjóðsstjóri í litlum sparisjóði og þurfa að vinna öll verk en að vera bankastjóri í ríkisbanka. Ef bankastjóri, sem er valinn frá bankamönnum, hefur aðeins unnið í banka en þekkir ekki atvinnulífið í landinu þarf enginn að segja mér að hann sé jafnfær og t.d. góður kaupfélagsstjóri eða stjórnmálamaður eða maður sem hefur rekið stór fyrirtæki. Þetta gefur alveg auga leið.

Ég held að þegar er verið að tala um þessi mál átti menn sig ekki á í raun og veru vanda og kjarna þessa máls. Hitt er allt annað mál að það geta verið menn í bönkunum sem hafa hvort tveggja til brunns að bera. En það er ekki trygging fyrir því. Í þeim banka sem ég er kunnugastur get ég sagt að það eru til menn sem ég mundi treysta, en þeir eru ekki margir. Þeir eru alls ekki margir sem hafa þetta sjónsvið sem ég er að tala um — sem er aðalatriðið. Það að auglýsa bankastjórastöðu er alveg sjálfsagt að mínum dómi og hefur alltaf verið. En ef færa á þetta vald, að velja bankastjóra, inn í bankana t.d., ef menn halda það þá er það röng stefna að mínu mati, alröng stefna. Hitt getur verið álitamál hver á að velja.

Í sambandi við þingkjörnar nefndir eins og í einu bankaráðanna þá þurfa menn alls ekki að fara eftir flokkunum. Þeir eru ekki samkvæmt stjórnarskránni bundnir af neinu nema sannfæringu sinni. Ekki af neinu. Og sumir hafa unnið þannig. Hafa ekki látið stjórna sér.

Umræðan um þessi mál hefur oft og tíðum verið þannig að það hefur verið talað af lítilli þekkingu. Raunar kem ég núna bara í ræðustól í sambandi við þessar umræður vegna þess að ég hef allt aðrar hugmyndir en hafa komið hér fram. Ég vona að ég hafi talað nógu skýrt þannig að menn skilji hvað ég er að fara.

Kannski væri ástæða til að taka fleira til varðandi bankana en ég geri hér, en þar sem nú eru fáir í salnum og ekki þeir inni við sem þyrfti að skjóta á í því sambandi, þá held ég að ég láti það vera. Hins vegar vil ég segja sem eina setningu að þó að sagt sé að bankaráðin ráði vaxtastefnunni þá er það rangt. Það er ríkisstjórnin sem ræður henni með þeirri stefnu að hækka alltaf vextina til þess að reyna að ná fjármununum frá bönkunum og frá almenningi, en það er of langt mál og ekki ástæða til þess að ræða það frekar. En að gefnu tilefni vil ég segja að það eru ekki bankarnir sem ráða því heldur, þó það sé í orði kveðnu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Fundartími þarf ekki að lengjast mikið vegna þess sem ég þarf að bæta við umræðu um þetta frv. sem hér er á dagskrá. Það er ekki nein stórvægileg breyting á bankalögum sem lögð er til með þessu frv. en ég tel engu að síður rétt að lýsa því hér yfir að ég tel að þessar breytingar yrðu til bóta. Þegar maður veltir því fyrir sér hvers vegna sú tilhögun hafi ekki verið við lýði sem hér er til lögð, þ.e. að þessi mikilvægu og valdamiklu störf væru auglýst samkvæmt föstum reglum eins og gjarnan er með önnur hliðstæð, þá satt best að segja furðar maður sig nokkuð á því að svo skuli ekki vera. Ég held að það sé óumdeilanlega miklu eðlilegra fyrirkomulag að leitað sé eftir hæfum mönnum til þessara starfa með því að auglýsa þau laus til umsóknar fyrir alla. Og þá er eðlilegt að í framhaldinu gefist umsækjendum færi á því að leggja fram ítarlegar upplýsingar um menntun sína og fyrri störf þannig að hægt sé að meta alla þá sem sækja á grundvelli bestu fáanlegra upplýsinga um þessa hluti. Ég er ekki að segja að það muni breyta mjög miklu um það hverjir koma til með að verða ráðnir bankastjórar í ríkisbönkunum á næstu árum eða áratugum þó að þessi tilhögun verði lögfest, en enginn getur held ég borið á móti því að það sé eðlilegra, hvað sem öðru líður, að viðhafa svona málsmeðferð. Það verður auðvitað þeirra sem valdið hafa að meta það, eins og verið hefur, hverjir séu hæfastir umsækjenda til að gegna þessum störfum. Við skulum a.m.k. gera því skóna að það sé á grundvelli slíks mats sem niðurstaða fæst í málin þegar ráðnir eru bankastjórar. Ég held að það sé út af fyrir sig allt í lagi, en það er varla efni til að ræða mikið tilhögun þessara mála í einkabönkunum eða hlutafélagabönkunum þar sem hér er eingöngu lögð til breyting á þessum ákvæðum er snerta ríkisbankana. Það getur vel verið, eins og síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Norðurl. e., sagði hér áðan, að þar sé í raun og veru ekkert síður um pólitíska íhlutun að ræða. Það er vissulega rétt að í sumum einkabankanna er hægt að finna augljós dæmi um valdasamþjöppun, bæði pólitísks valds og fjármálavalds. Í bönkum eins og Samvinnubankanum og Iðnaðarbankanum kann vel að vera að þetta sé enn þá lengra gengið en nokkurn tíma í ríkisbönkunum. En það breytir ekki hinu að það sé eðlilegt að reyna að taka upp það fyrirkomulag sem menn hafa mesta trú á og þykir eðlilegast og heilbrigðast við val þessara starfsmanna ríkisbankanna.

Það sem manni hefur fundist mjög ankannalegt í umræðum um þessi mál á undanförnum árum er þegar það gerist æ ofan í æ, eins og ég hygg reyndar að hafi komið fram hér í framsöguræðu, að það er tekið að velta vöngum yfir því, jafnvel árum áður en bankastjórastarf losnar, hver eigi nú þann stól, á hvers kvóta það sæti verði, og hvaða maður, hvaða gæðingur viðkomandi flokks fái þá að setjast í þann bankastól. Þetta er auðvitað óeðlilegt vegna þess að þarna virðast vera löngu fyrir fram valdir út tilteknir einstaklingar áður en nokkuð liggur fyrir um það hverjir aðrir kynnu að hafa áhuga á þessu starfi. Í öðru lagi finnst mér frekar óeðlilegt að það skuli ekki vera einhver fastari ákvæði um það hvenær skipt er um þessa embættismenn, hvenær þeir láta af störfum og þeirra starf sem losnar sé þá með eðlilegum hætti auglýst laust til umsóknar.

Herra forseti, ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel að þessar breytingar yrðu til bóta og því sé sjálfsagt að styðja framgang þessa frv. Það breytir svo auðvitað engu um það að það kynni að vera fjöldamargt fleira sem ástæða væri til að breyta og taka til meðferðar í málefnum viðskiptabankanna en það er þó rétt að minna á og muna það að ekki er langt síðan heildarendurskoðun þessara laga fór fram þó að þessi atriði hafi sloppið í gegn án þess að mikil umræða yrði um, ef ég man rétt.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að styðja það frv. sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur mælt fyrir, frv. til laga um breytingu á l. nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Meðflm. hans er Hreggviður Jónsson.

Ég held að það fari ekki á milli mála að það er meiri pólitísk veiting og pólitísk afstaða sem tekin er um ríkisbankana en einkabankana. Við getum kallað það pólitíska afstöðu sem tekin er í einkabönkunum þar sem alræði hinna fáu ræður ríkjum en það er ekki pólitísk afstaða á sama hátt og við tölum um eða hugsum um þegar við notum orðið pólitík yfir stjórnmál og stjórnmálalega, flokkslega afstöðu. Það er allt önnur pólitík sem rekin er í einkabönkunum og miklu, miklu, miklu hættulegri fyrir land og þjóð en nokkurn tíma sú afstaða sem tekin er af stjórnmálalegum ástæðum og flokkslegum ástæðum. Ég held að það sé löngu tímabært úr því að það kom upp í þessum umræðum að umræður fari fram um þau atriði sem snerta einkabankana og einkafyrirtæki og valdastrúktúr, valdauppbyggingu í þjóðfélaginu í gegnum kapítalið, hvernig það liggur, hvernig það liggur frá einu fyrirtæki, stóru fyrirtæki í litlu þjóðfélagi yfir í annað þar sem allir þræðirnir má segja eru í sömu höndum til hægri, til vinstri, upp og niður. Þar eru stórmál sem þarf að rannsaka. Því tala ég ekki um þau mál hér og nú öðruvísi en að ég bendi á að Borgarafl. hefur einmitt flaggað mikið með alræði hinna fáu í öllum sínum málflutningi til að vara við því sem er að gerast í þjóðfélaginu, því sem er að verða áberandi en hefur verið að grafa um sig í langan tíma.

Hvað er það annað en pólitísk veiting þegar þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi telja sig eiga ráðstöfunarrétt á bankastjórastöðum ríkisbankanna þegar þær losna og jafnvel áður en stöðurnar losna? Hvað er það annað en pólitísk yfirlýsing þegar pólitískt kjörinn formaður Landsbanka Íslands lýsir yfir að hann muni styðja tillögur og ákvarðanir Sjálfstfl. um ákveðinn bankastjóra, ákveðinn þingfélaga okkar hér, í bankastjórastöðu þegar kjörtímabil er nýhaf-

ið? Hvað er það annað en pólitísk ákvörðun þegar það kemur fram að Framsfl. gerir kröfur til þess að ákveðinn kaupfélagsstjóri verði bankastjóri ríkisbankans löngu áður en staðan losnar? Hvað er það annað en pólitísk ákvörðun þegar Alþfl. tilkynnir einn þingmann sem verðandi bankastjóra Búnaðarbankans löngu áður en staðan losnar þar? Auðvitað er þetta ekkert annað en pólitísk ákvörðun.

Það er þetta sem frv. er að reyna af veikum mætti að koma í veg fyrir, ekki með því að breyta svo miklu, því að í lögum um viðskiptabankana og um ríkisbankana segir að bankaráðin ráði bankastjórana. Bankaráðin eru ábyrg gagnvart Alþingi. Og bankaráðin hafa vissum eftirlitsskyldum að gegna. Bankastjórarnir eru ráðnir af bankaráðunum, segja lögin. En lögin eru bara ekki virt. Það hefur gerst. Og úr því að hér er skotið inn í að lögin hafi stundum verið virt, þá vil ég segja það að þann tíma sem ég var bankaráðsformaður í Útvegsbankanum kom upp ráðning bankastjóra og staðan var auglýst. Það kostaði mig leiðindi sem bankaráðsformann og ágreining við einn af þeim stjórnmálaflokkum sem þá réðu ríkjum sem meirihlutaþátttakandi í ríkisstjórn, en það varð ofan á að sú staða var auglýst og fagmaður, starfsmaður sem að vísu hafði yfirgefið bankann en verið í ábyrgðarstöðum, trúnaðarstöðum innan bankans á öllum sviðum, kom aftur til baka með sína reynslu inn í stofnunina. Ég held að það hafi verið vel ráðið.

Auðvitað getur alþm. haft faglega þekkingu á atvinnulífinu. Alþm. er ekki alls varnað þó sumir haldi kannski að svo sé. Margir alþm. eru ákaflega hæfir en það er ekki þar með sagt að þeir séu hæfir bara af því að þeir eru með prófskírteini úr einhverri grein í Háskólanum. Mikið langt í frá. Sjáið einlita hjörð Sjálfstfl., þar sem allir eru úr lagadeild Háskólans, má segja úr sama gagnfræðaskóla, sama menntaskóla, sama háskóla og beint inn í pólitík. Þetta er fólk sem er eins og búið til úr sama mótinu. (**ÓÞÞ:** Stöðluð framleiðsla.) Þetta er stöðluð framleiðsla. Akkúrat það sem ég ætlaði að segja. Það er ekki þar með sagt að það séu bestu bankastjórarnir. Það vantar að vísu „úniform" en það kemur eflaust með nýfrjálshyggjunni þegar hún er komin á næsta stig.

Ég vil segja að þær ráðningar sem við sjáum blasa við eru hápólitískar og þó að þetta frv. geri ekki annað en að draga athygli að vinnubrögðunum þá hefur það sinn tilgang. Það sem hér er til viðbótar við það sem lögin segja er að stöðurnar skuli auglýstar. Þær stöður, sem ráðstafað er á vegum ríkisins, skuli auglýstar og það skuli vera fyrir opnum tjöldum því að ríkið er ekki bara ákveðinn flokkur. Og fólkið sem hefur flokksskírteini er ekki bara með réttinn, það eiga allir landsmenn að hafa sama rétt.

Ég tek undir það sem kemur fram í grg. um vinnubrögð: „Kveður nú svo rammt að í þessu efni að tekið er að ráðstafa bankastjórastöðum mörgum árum áður en núverandi bankastjórar hætta störfum. Gildir þá flokksskírteinið oft meira en menntun og hæfni bankastjóraefnisins." Þetta er rétt og það er hörmung til þess að vita.

Ég tek einnig undir næstu setningu, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa frv. er að sporna við misnotkun valds og aðstöðu við veitingu þeirra áhrifamiklu starfa sem hér um ræðir og leitast við að fagleg sjónarmið verði sett ofar flokkslegum."

Þetta er heila málið. Það er ekki af því að þetta frv., sem flm. mæla fyrir og flytja og við hin í Borgarafl. styðjum, sé eins konar uppfinning á hjólinu. Það er langt í frá. Við erum bara að reyna að taka svolítið til í stjórnmálunum eftir moldviðri sem þyrlað hefur verið upp og á eflaust eftir að halda áfram.

Ég tek líka undir það sem kemur fram í grg., með leyfi forseta: „Í annan stað leiðir opinber auglýsing um þessi embætti væntanlega til þess að úr fleiri hæfum umsækjendum verður að velja. Síðast en ekki síst er með þessu reynt að sporna við leynimakki og baktjaldasamningum stjórnmálamanna sem viðgengist hafa varðandi veitingu slíkra starfa." Við vitum öll að þetta er rétt. Ég trúi því að yfir 90% Íslendinga, ef ekki nær 100%, jafnvel þó Sjálfstfl. sé þar með stóran hluta, samþykki hvert orð sem hér er og þá hugsun sem þar liggur á bak við.

Hæstv. forseti. Ég vona, þó að flm. hafi ekki trygga stuðningsmenn bak við það frv. til l. sem þeir flytja hér, hafi ekki tryggan fjölda stuðningsmanna til að koma því í gegn, þá gefi þm. sér tíma til að hugsa málið og leggja því lið, eins og 1. flm. sagði í sínum lokaorðum, því þetta er ein af þeim hreinsunaraðgerðum sem virkilega eru nauðsynlegar í þjóðfélaginu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu sýnist mér fyrst og fremst hafa þrjú meginmarkmið. Fyrsta markmiðið er að bankastjórar skuli aðeins starfa í sex ár án endurráðningar, í öðru lagi að staðan skuli vera auglýst og í þriðja lagi að hægt sé að víkja þeim frá fyrirvaralaust og án launa.

Nú er það svo að þessi þrjú markmið sýnast mér að sumu leyti stangast á. Einu markmiðinu er ég alveg sammála, þ.e. því markmiði að þetta starf skuli auglýst. Það er ekkert sem mælir á móti því. Ég vil trúa því í það minnsta um framsóknarmenn að þeir hafi ekki áhuga á því að vinna að því að koma framsóknarmanni í bankastjórastöðu sem þeir ekki telji að standist allan samanburð við aðra umsækjendur. En ef við víkjum svo aftur að hinu atriðinu, hvort það sé skynsamlegt að þeir skuli aðeins starfa í sex ár, hljótum við að spyrja einnar spurningar: Erum við að gera mennina veikari gagnvart pólitíkinni í landinu eða sterkari með tiltækinu? Hvor bankastjórinn skyldi vera veikari fyrir pólitískum þrýstingi, sá sem er ráðinn til að starfa ævilangt eða hinn sem er ráðinn til að starfa í sex ár? Hvor skyldi vera sterkari? Hvor skyldi eiga auðveldara með að segja nei ef formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins heldur á hans fund og segir við hann: Ég vil

að þessu stórfyrirtæki sé lánuð þessi fjárhæð, maðurinn sem er æviráðinn eða hinn sem þarf að leita undir bankaráðið eftir eitt ár til endurráðningar? Hvor er sterkari? Liggur það ekki alveg ljóst fyrir? Endurráðning eftir sex ár væri mikil veiking á þessum mönnum til að standast pólitíska þrýsting. (**AG:** Þetta er í lögunum.) Það má vel vera, en ég vil undirstrika að ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við að þessir menn séu æviráðnir. Ég set miklu meiri spurningu við hitt, hvort það sé hægt að ætlast til þess að þeir haldi líkamlegu og andlegu þreki til að gegna þessari stöðu þar til þeir eru orðnir sjötugir eða 67 ára. Það er miklu meiri spurning.

Ég spyr einnig að því hvort einstaklingurinn þurfi nauðsynlega að vera í veikari stöðu en þeir sem hafa ráðið hann í vinnu gagnvart því ef honum er vikið úr starfi. Undir þeim kringumstæðum er ekki óeðlilegt að líta svo á að oft geti það verið mikið matsatriði hvort maðurinn hafi brotið af sér eða ekki. Þessi maður mun að sjálfsögðu leita álits dómstóla á því, ég geri ráð fyrir að þarna sé álitamál, hvort hann hafi brotið af sér eða hvort hann hafi verið beittur órétti með því að víkja honum fyrirvaralaust úr starfi. Með því að taka þá ákvörðun skilyrðislaust að þessi réttur án launa sé til staðar erum við að færa að mínu viti kannski hluta af dómsvaldinu yfir þessum manni í hendurnar á bankaráðinu. Mér finnst að hann eigi að hafa jafnan rétt gagnvart dómstólunum á við bankaráðið og það sé ekki óeðlilegt að íslenskir dómstólar skeri úr því hvort maðurinn hafi brotið af sér eða ekki og þá verði á því máli tekið hvort hann sé sviptur launum frá þessum tíma eða hvort hann eigi rétt á launum einhvern ákveðinn tíma áður en hann víkur. Ég tel nefnilega að það sé skilyrðislaust hægt að líta svo á að í heimi átaka og stjórnmála sé ekki fyrir fram hægt að slá því föstu að bankaráðið sé óskeikult á þann hátt að það setji mann því aðeins af að hann hafi brotið af sér. Það getur verið að þeir setji hann af vegna þess að þeir telji að hann hafi brotið af sér, en þarna sé kannski um ágreining við manninn að ræða út af ýmsu öðru.

Það hefur verið í þessari umræðu vikið dálítið að því hvort hið pólitíska vald sé hið illa í þessum efnum. Það er fyrst og fremst tvenns konar vald sem stjórnar þessum heimi. Það er annars vegar fjármálavald og hins vegar pólitískt vald. Fjármálavaldið hefur löngum viljað koma óorði á pólitíska valdið, koma þeirri skoðun á framfæri að pólitíska valdið sé af hinu illa. Þessi orusta er búin að standa lengi. Hún er búin að standa jafnlengi og átökin hafa staðið um hvort lýðræðið sé skynsamlegt stjórnarfyrirkomulag eða ekki. Það eru margir sem telja lýðræðið ekki skynsamlegt stjórnarfyrirkomulag og er ekkert við því að segja. Lýðræðið gerir nefnilega ótal vitleysur svo grátlegar að það er erfitt stundum að verja það sem gerist. En spurningin er hvort menn hafi þá á hendinni annað vald sem er betra í ákvarðanatökunni. Þá er það fyrst og fremst fjármálavaldið.

Ég fagna því að það var ekkert hik á hv. 5. þm. Reykv. þegar hann lýsti þeirri skoðun sinni á þessum átökum á hvorum staðnum átökin væru grimmari og hættulegri. Ég lít þess vegna ekki svo á að frv. sem hér er flutt sé nein aðför að ríkisbönkunum. Frv. er fyrst og fremst flutt, að því er mér sýnist, til að koma þar á betri skipan mála að dómi flm. Þess vegna undirstrika ég það hér, sem ég sagði í upphafi máls míns, að það sem mér finnst fyrst og fremst horfa hér til bóta er ákvæðið um að þessar stöður skuli auglýstar. Ég tek undir það heils hugar þó að ég setji stærri spurningarmerki við hina hlutina, en ég hef ekki athugað nákvæmlega hvernig þetta er orðað í núgildandi lögum og að því leyti getur verið að sumt af því sem er í þessari grein og ég hef gert að umræðuefni sé engin breyting frá því sem þar er. En ég hef þó aðeins lýst skoðunum mínum á þeim atriðum án þess að það komi frv. beinlínis við.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þm. sem hafa tekið til máls og lýst stuðningi við fram komið frv. til l. um breytingu á lögum um viðskiptabanka.

Ég vil segja vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e., og ég vona að hann hafi ekki misskilið þetta, að hér er ekki verið að gera neina aðför að bankaráði og þaðan af síður er verið að alhæfa að bankastarfsmenn séu eitthvað betri en aðrir. Þarna er eingöngu verið að opna möguleika fyrir þá sem aðra þegna að sækja um þessar stöður. Það er ekki verið að veitast að einum né neinum í raun og veru.

Það hefur aðeins verið talað hér um pólitískt vald og pólitíska veitingu og ég tel að hv. 5. þm. Reykv. hafi farið mjög vel í gegnum það og þurfi ekki að eyða orðum í það. Hins vegar vil ég aðeins segja vegna orða hv. 2. þm. Vestf. að hann bæði skilur og misskilur. Eina breytingin á lögunum er um að auglýsa skuli stöðurnar lausar til umsóknar. Það sem hv. þm. skipti upp í þrjá liði er sumt inni í þeim lögum sem nú eru í gildi. Svo er um sex ára ráðningartímann. Ef hv. þm. vill gera breytingu er honum það í sjálfsvald sett. Sama má segja um frávikningu bankastjóra úr starfi. Það er einnig í núgildandi lögum og er það gert í samráði við bankaráð og ráðherra. Ég tel að þeim málum sé ágætlega skipað í dag.

Að öðru leyti er ég svo sem ekkert hissa á því þótt stjórnarflokkarnir vilji reyna að vernda gullið sitt. En það er ekkert verið að ráðast að því. Þetta er nánast jafnopið eftir sem áður, en það opinberast hins vegar kannski hverjir verða settir út í kuldann þegar um umsóknir er að ræða.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að gera athugasemdir við að hér sjást nú engir fulltrúar núv. hæstv. ríkisstjórnar, engir ráðherrar. Hefði verið fróðlegt að hafa a.m.k. viðskrh. viðstaddan þessa umræðu. Ég óska eftir að þessari umræðu verði frestað svo að það mætti ná í viðskrh. til að vera viðstaddur. Ég tel að þetta mál varði hans ráðuneyti og eigi að gera

kröfu um að hæstv. viðskrh. sé viðstaddur. Það hefði að vísu mátt gera það miklu fyrr, en ég tel að hæstv. ráðherra eigi að vera viðstaddur umræður um bankamál. (**Forseti:** Ég vildi fara þess á leit við hv. þm. að hann gerði aðeins betur grein fyrir því hvort hann óskaði eftir því að málinu yrði frestað meðan beðið yrði eftir ráðherra.) Já, ég mundi óska eftir því eða þá að málið yrði tekið upp á næsta þingfundi. (**ÓÞÞ:** Hlýtur ekki ráðherra að birtast strax og menn gera honum orð eða hefur hann fjarvistarleyfi?)

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að athuga hvort ráðherra gæti komið hingað til fundar og meðan þess er beðið að það liggi fyrir af eða á verður málinu frestað og umræðunni. En enda þótt langt sé liðið fram yfir venjulegan fundartíma tel ég að það sé rétt að við nýtum tímann a.m.k. til að halda áfram með dagskrána.

Umræðu frestað.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JM o.fl., 42. mál (áfengt öl). — Þskj. 42.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Það stendur ekki á okkur óbreyttum þm. að halda áfram fundi og þar sem sá aðili er í þingsalnum, hv. 17. þm. Reykv., sem ég beindi til allmörgum spurningum þykir mér rétt að óska þess eins að hann svari þeim spurningum, vona að hann hafi kynnt sér þær í minni ræðu svo að ég þurfi ekki á nýjan leik að flytja þær hér. En ég gagnrýndi mjög harkalega þegar þetta mál var á dagskrá að svo virtist sem menn hefðu áhuga á því að umræðum lyki án þess að mjög alvarlegum spurningum, sem beint var til flm., væri svarað. Þær snerust, eins og hann vafalaust hefur kynnt sér með því að lesa þær ræður sem hér voru fluttar, um þá grg. sem fylgdi frv. og hreinlega gekk ekki upp þannig að hún var ósamkvæm sjálfri sér þegar athugað var það sem þar er sagt um tekjur sem af þessu mundi leiða og jafnframt þegar minnst er á að þetta auki á engan hátt drykkju. Annað atriðið hlaut að vera rangt og þess vegna var það eindregin ósk mín að svör bærust og eins að menn gerðu almenna grein fyrir þeirri afstöðu sem kom fram í öðrum spurningum sem varpað var til flm.

Nú má segja sem svo að þar sem hér er ekki um 1. flm. að ræða sé þetta kannski ekki að öllu leyti sanngjarnt, en það er dálítið erfitt að tala í þessu máli og beina spurningum til 1. flm. þegar hann er ekki í þinginu. Vænti ég þess að hv. 17. þm. Reykv. taki það ekki illa upp þó ég hafi beint spurningunum til hans í stað 1. flm. Þó að hæstv. iðnrh. hafi látið svo sem hann væri reiðubúinn að gera grein fyrir þessu einnig fannst mér sem það væri eiginlega fyrst og fremst við atkvæðagreiðslu sem hann væri reiðubúinn að tjá sig en ekki með efnislegri umræðu um þetta mál.

Ég ætla ekki að lengja þetta, herra forseti, en vænti þess að það standi, sem ég sagði hér áðan, að ég þurfi ekki að tvítaka mína ræðu heldur að það liggi ljóst fyrir að hv. 17. þm. Reykv. hafi kynnt sér þær umræður sem fóru fram um þetta mál.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er svo langt um liðið síðan ég bað um orðið að ég get ekki svarið að ég muni nákvæmlega allt sem ég hafði hugsað mér að leggja inn í þessa umræðu, ekki svo að skilja að það væri neitt sérstaklega mikið. Ég ætlaði samkvæmt venju að lýsa afstöðu minni til þessa máls í nokkrum orðum þegar það er flutt á Alþingi. Þetta er gamalkunnugt þingmál og þeir sem sátu á hv. Alþingi á síðasta kjörtímabili er ekki óvanir því að taka þátt í fundum, sem dragast jafnvel nokkuð á langinn, þar sem þetta mál er til umfjöllunar.

Ég ætla ekki að endurtaka allt það sem sagt var um nákvæmlega hliðstætt frv. um að leyfa hér á Íslandi bruggun og neyslu á áfengu öli sem flutt var á síðasta kjörtímabili. Þær röksemdir sem ég setti þá fram eru enn í fullu gildi að mínu mati. Ég hef verið í þeim hópi sem hefur ekki haft óskaplega heita sannfæringu til eða frá um hvort leyfa ætti eða ekki leyfa og þá hvernig neyslu á áfengu öli á Íslandi einfaldlega vegna þess að ég held að það mál sé ekki í svarthvítum litum. Það má finna mörg rök gegn því óeðlilega fyrirkomulagi sem er á þessum málum, sem vissulega er ekki til fyrirmyndar, en það er líka jafnfráleitt að ræða þetta mál og horfa algerlega fram hjá þeim hættum sem því geta verið samfara að leyfa hér áfengt öl.

Það hafa margir mótmælt röksemdafærslu flm., sem fram kemur í grg., þar sem því er m.a. haldið fram að tilgangur þessa frv. sé að draga úr neyslu sterkra drykkja. Það hefur auðvitað margsýnt sig og hefur verið vitnað fram og til baka í ýmsa sérfróða aðila, bæði innlenda og erlenda, sem bera hið gagnstæða. Það er mér vitanlega ekki til nein einasta könnun sem styður það eða sannar að tilkoma áfengs öls dragi úr neyslu sterkra drykkja, en þær eru ófáar sem sýna hið gagnstæða, jafnvel viðurkennd reynsla heilla þjóða, eins og frænda okkar Finna, sem reyndar eru að mestu óskyldir okkur en stundum nefndir svo vegna þess að þeir eru ein af Norðurlandaþjóðunum. Þeir hafa af þessu býsna magnaða reynslu þar sem samhliða því að leyft var áfengt öl í Finnlandi jókst mjög neysla á hvoru tveggju, ölinu og sterkum drykkjum. Það er athyglisvert og umhugsunarvert fyrir þá sem taka þátt í þessari umræðu að kynna sér að núna þessa mánuðina stendur yfir í Finnlandi mikil umræða um að

banna framleiðslu og neyslu á ákveðnum styrkleikaflokkum áfengs öls. Niðurstaða Finna af áratuga sambúð við þetta form áfengis er einfaldlega sú að það stefnir í að áfengislöggjöfinni finnsku verði breytt með það í huga að banna vissa styrkleikaflokka áfengs öls. Um þetta vitna nýlegar blaðagreinar, sem ég hef orðið mér úti um, frá Finnlandi. Það er þá fyrst og fremst milliöl sem þeir horfa til í þessu sambandi.

Það er eitt af því sem ég gagnrýndi við forvera þessa frv. og geri jafnframt við þetta frv. að hér er ekki gert ráð fyrir neinni flokkun ölsins. Það er gert ráð fyrir að allt áfengt öl sé leyft á einu bretti án þess að gerð sé tilraun til að flokka það upp í mismunandi styrkleikaflokka hvað þá heldur að setja einhverjar reglur sem taka á þeirri flokkun.

Ég hef sagt, virðulegur forseti, að ef ég ætti að styðja að þeirri breytingu að leyfa áfengt öl á Íslandi vildi ég gera það í tengslum við að heildarstefna væri mörkuð í áfengismálum, þar sem bjórinn væri einungis eitt af viðfangsefnunum, og þar sem mjög ákveðnar reglur yrðu settar um styrkleikaflokkun ölsins, sem væri í samhengi við áfengisstefnumörkun að öðru leyti, og að niðurstaðan af þessu öllu saman yrði sú að menn teldu það virkilega trúverðugt að þessa breytingu væri unnt að gera án þess að hún leiddi til aukinnar áfengisneyslu. Málið er svo einfalt í mínum huga, virðulegur forseti, að ég treysti mér ekki til að standa að breytingu á íslensku áfengislöggjöfinni sem mér þykir sýnt að leiði til aukinnar áfengisneyslu. Ef menn geta hins vegar sýnt mér fram á aðferð til að leyfa þennan valkost með einhverjum þeim hætti að það sé virkilega trúverðugt að af því þurfi ekki að leiða aukna neyslu mundi ég treysta mér til að standa að þessari breytingu. Svo einfalt er málið í mínum huga, herra forseti. Á þessu viðfangsefni, á þessum hluta málsins taka hv. flm. alls ekki. Þeir gera ekki minnstu tilraun til að gera það trúverðugt að þessi breyting geti átt sér stað án þess að af því leiði aukna áfengisneyslu.

Ég þarf ekki að bæta neinum orðum í þann belg sem hér hefur þegar verið þaninn um þær hættur sem því eru samfara og þau miklu vandamál sem mundu óhjákvæmilega fylgja í kjölfarið á aukinni heildarneyslu áfengis í landinu. Það er öllum kunnugt sem eitthvað hafa kynnt sér þennan málaflokk.

Það er enn fremur gagnrýnivert að mínu mati að þetta frv. er ekki sett í trúverðugan búning hvað varðar framkvæmd á málinu. Ekki er sýnt fram á með neinum rökum hvernig væri unnt að leyfa bjórinn án þess að það þýddi stórkostlegar breytingar á útsöluformi, jafnsjálfsagt mál og að ræða hvernig eigi að tryggja öllum landsmönnum sæmilega jafnan aðgang að þessari vöru ef hún verður leyfð á annað borð. Á því er ekki tekið hér. Ég sé ekki annað en að vegna þyngdar og umfangs vörunnar, sem hér er til meðferðar, hlyti óhjákvæmilega að verða þrýstingur á að leyfa afgreiðslu á vörunni á miklu fleiri stöðum á landinu en nú er. Ég held að það segi sig nokkuð sjálft að það gegnir öðru máli að panta með póstkröfum eina, tvær eða fáeinar flöskur af sterku áfengi og fá það sent í flugfragt. Það gegnir öðru máliu um kassa af öli, bæði kostnaðarins vegna og fyrirferðarinnar.

Ég held að það sem skipti þó mestu máli og mér virðist menn sneiða furðumikið hjá að ræða í umfjöllun um þetta sé ósköp einfaldlega hvort með tilkomu bjórsins yrðu leyfðar hér krár eða ölstofur, þ.e. hvort hér yrði leyfður fjöldi afgreiðslustaða á þessu áfengisformi þar sem menn gætu gengið inn af götunni og keypt eingöngu áfengið og fengið það afgreitt sem slíkt. Það er það sem hér skiptir mestu máli. Sjálfur er ég persónulega þeirrar skoðunar að tilkoma áfengs öls í áfengisútsölum ríkisins í kassatali mundi tiltölulega litlu breyta um drykkjusiði Íslendinga ef það eitt yrði á ferðinni að menn gætu farið í áfengisútsölur ríkisins og keypt þar þessa tegund áfengis eins og aðrar. En það sem mundi valda straumhvörfum og hafa í för með sér stórfelldar breytingar á áfengisneyslunni og neysluforminu hér á landi yrði ef hér yrðu leyfðar ölstofur eða krár á öðru hverju götuhorni þar sem áfengi væri afgreitt án þess að menn þyrftu t.d. að kaupa sér mat eða með öðrum hætti að dvelja þar lengur við.

Ef við horfum til þess með hverjum hætti frændur vorir Svíar leyfa áfengt öl er það mjög mikilvægur þáttur í þeirra áfengisstefnumörkun, sem er vel að merkja framfylgt vegna þess að þar er lögunum framfylgt, að þar geta menn ekki gengið inn af götunni og keypt eingöngu áfengt öl á matsölustöðum sem hafa hins vegar leyfi til að selja mönnum ölið með mat. Þessu er þar stranglega framfylgt. Það þekki ég af reynslu þaðan sem ferðamaður. Það gerir að verkum að ölstofur eða krár, sem selja gestum og gangandi, eru þar ekki á hverju götuhorni. Þar finnast vissulega hótelbarir og aðrir slíkir afgreiðslustaðir þar sem hægt er að kaupa eingöngu öl, en það er ekki hinn almenni afgreiðslumáti á ölinu.

Ég hef ekki heyrt neinn af flm. frv. tala hreint út um hver er þeirra meining í þessu efni. Er t.d. meiningin að binda afgreiðslu ölsins við flöskur og við heila og hálfa kassa, eitthvað af því taginu, út úr áfengisverslunum ríkisins eingöngu eða er meiningin að áfengt öl af öllum styrkleikaflokkum, sem hér er meiningin að leyfa, yrði jafnframt afgreitt af hverjum einasta bar og á hverjum einasta matsölustað í landinu og jafnvel einnig út af krám eða ölstofum sem hefðu heimild til að selja ölið annaðhvort á kútum eða í flöskum án þess að menn keyptu mat eða hefðu önnur viðskipti við viðkomandi staði? Þetta er grundvallarspurning sem miklu máli skiptir að liggi ljóst fyrir ef menn afgreiða frv. og gera að lögum um að leyfa áfengt öl. Ég endurtek að það mundi valda miklu meiri straumhvörfum og vera miklu meiri breyting en það eitt þyrfti að verða í sjálfu sér að leyfa sölu áfengs öls úr áfengisverslunum ríkisins.

Það er fjölmargt fleira sem hefði út af fyrir sig verið fróðlegt að ræða hér, t.d. spurninguna um

hvort leyfa á óheftan innflutning á þessari vöru eða hvort menn hyggjast setja einhverjar reglur sem takmarki hann og styrki þá stöðu innlendra framleiðenda ef til kemur. Það væri líka gaman að heyra flm. fjalla um þann þrýsting sem næsta örugglega yrði á löggjafarvaldið í framhaldi af því að áfengt öl yrði leyft í upphafi að opna og rýmka meira fyrir um löggjöfina á þessu sviði. Mín tilfinning er sú að jafnvel þó að menn leyfðu eingöngu sölu ölsins út úr áfengisverslunum ríkisins mundu mjög fljótlega í kjölfarið koma kröfur, þrýstingur um að afgreiðsla vörunnar yrði leyfð víðar og kröfur um að það yrði rýmkað um og áfengisleyfi veitt til handa ölstofum eða krám o.s.frv. Spurningin er því sú: Er trúverðugt að það verði á annað borð ráðið við þróunina ef ölið verður leyft?

Og að lokum, herra forseti. Menn hafa mikið notað sem röksemdir fyrir því að það sé best að skella sér í að leyfa hér áfengt öl að ástandið eins og það er nú sé svo niðurlægjandi fyrir þjóðina og óviðunandi. Nú getur það vel verið rétt og ég tel reyndar að það sé langt frá því að vera til fyrirmyndar að sá hluti þjóðarinnar sem ferðast til útlanda hafi aðgang að þessu og megi taka með sér inn í landið en ekki aðrir. En þetta eru ekki rök að mínu mati fyrir því að leyfa áfengt öl frekar en þetta eru rök fyrir því að banna það. Það má segja að þessi rök eigi nákvæmlega við um að banna þann takmarkaða innflutning sem nú á sér stað. Ég held að þeir sem komast að þeirri niðurstöðu að þeir vilji ekki leyfa áfengt öl eigi þá að vera sjálfum sér samkvæmir og vera tilbúnir að banna þann innflutning sem nú á sér stað. Það er ræðumaður.

Ég treysti mér ekki til að standa að því að leyfa áfengt öl á Íslandi með þeim hætti sem hér er flutt tillaga um og er þess í stað reiðubúinn að taka þátt í að afnema þann ólöglega innflutning sem ég tel að eigi sér stað inn í landið á grundvelli hæpinna reglugerðarákvæða sem að mínu mati fá ekki staðist í anda áfengislaganna. Væru þá allir jafnir fyrir lögum og málið stæði þá þannig að annaðhvort hefðum við hér á Íslandi áfengt öl eða ekki.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er kominn klukkutími fram yfir venjulegan fundartíma og það eru ekki margir inni í hv. deild þannig að mér finnast það vera mjög óeðlileg vinnubrögð að halda þessari umræðu áfram undir þeim kringumstæðum. Ég veit ekki hvort þetta mál á að hafa sérstakan forgang. Það virðist vera ef á að halda þessu áfram. Ég fyrir mitt leyti er á mælendaskrá, en var búinn að gera ráðstafanir og verð að víkja af fundi.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er nú eitthvað annað en þetta mál hafi haft einhvern sérstakan forgang í þinginu. Ég sé í þeim gögnum sem mér hefur verið trúað fyrir sem skrifara þessarar hv. deildar að máli þessu var útbýtt í þinginu 21. okt. Það hefur verið á dagskrá 26. okt., 28. okt., 2. nóv., 5. nóv., 17. nóv., 18. nóv. og loks í dag. Ef þeir þm. sem mest hafa talað gegn þessu máli una því ekki einu sinni að málinu sé komið til nefndar með þinglegum hætti geta þeir engum frekar um það kennt en sér sjálfum. Ég fer fram á það, herra forseti, að reynt verði að ljúka þessari umræðu og það sem fyrst.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef hvorki lagst gegn því að þetta mál væri rætt né gegn því að það færi til nefndar. Og mér finnst að forseti hafi það í hendi sér að skipa þessu máli svo framarlega á dagskrá að það sé vansalaust að taka það fyrir og afgreiða það. Það er mikil spurning hvort það sé rökrétt hjá forseta að setja málið seinast og slíta þannig í sundur umræðuna eins og gert hefur verið.

Ég tel aftur á móti að það sé mikil spurning hvort þingfundum eigi að halda áfram þegar svo virðist sem aðeins örlítill hluti þm. sé eftir í húsinu á hverjum tíma. Við könnumst við að þetta hefur oft verið gert og ég er ekki að ámæla þeim forseta sem nú situr í forsetastól, en mér finnst að það sé ekki eðlilegt að gera meiri kröfur til þingsetu almennra þm. til að vera við hér en ráðherrar séu við og gegni sinni þingskyldu þegar mál þeim skyld eru á dagskrá.

Ég ætla ekki að færa fram neinar kröfur á hendur forseta um vinnubrögð, en ég mótmæli því að eitt eða neitt hafi verið gert hér af hálfu þeirra manna sem hafa talað gegn þessu máli í þá átt að koma í veg fyrir að það færi til nefndar. Það er svo fráleitur áburður að hann nær engri átt. Auðvitað fer málið til nefndar.

Ég vek líka á því athygli að ég tel að það hafi ekki verið fluttar langar ræður um þetta mál ef menn kynna sér það. Menn hafa aftur á móti haft margir hverjir áhuga á að tjá sig um þetta mál. Það er allt annað og ekki nema eðlilegt þegar viðkvæmt deilumál er til umræðu á Alþingi.

En að sjálfsögðu dettur engum annað í hug en að málið fari til þingnefndar, hljóti þar afgreiðslu og fari í atkvæðagreiðslu í þinginu eins og verið hefur þegar það hefur verið á dagskrá.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Því hefur verið lýst af hv. 17. þm. Reykv. hversu oft þetta mál hefur verið hér á dagskrá. Ég efast um að nokkurt annað mál, sem er til meðferðar í þessari hv. deild, hafi verið jafnoft á dagskrá og þetta mál. Þau ár sem sambærileg mál hafa verið á ferð hér í þingsölum hef ég verið áhorfandi en ekki þátttakandi. Ég verð að segja eins og er að það er ekki með öllu vansalaust hvernig á þeim málum hefur verið haldið á Alþingi og hversu erfiðlega það virðist ganga að alþm. taki ákvörðun af eða á í máli eins og þessu. Ég er einn af fáum þm. sem ekki hafa látið skoðun í ljós um þetta mál, ég mun gera það þegar það kemur í þá nefnd sem málið fær til meðferðar, en mér finnst alveg fráleitt annað

en að þm. standi þannig að verki, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að menn greiði fyrir því að málið geti komið til meðferðar í þingnefnd svo að hægt sé að standa að afgreiðslu þess, hvernig svo sem sú afgreiðsla fer, með eðlilegum hætti og án þess að það þurfi til þær miklu málalengingar sem hafa verið um þetta og sambærileg mál á umliðnum árum. Það hefur í augliti áhorfandans, alveg laust við hvaða skoðun hann hefur á málinu, ekki aukið virðingu Alþingis hversu erfiðlega virðist hafa gengið að fá ákvörðun um mál eins og þetta. Ef alþm. ráða ekki við ákvörðun í svona máli ráða þeir ekki við ákvörðun í stærri málum en þetta er.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég stend upp til að mótmæla því sem hv. 17. þm. Reykv. heldur fram. Það mál sem er til umræðu hefur ekki verið tafið heldur er nú annað. Það er alveg öfugt. Þetta mál fékk algjöran forgang í þinginu fram yfir öll önnur mál og mjög óeðlilegan forgang. Flm. fékk að flytja það án þess að nokkur annar fengi að taka til máls þann dag. Það eru óeðlileg þingsköp. Síðan hefur það verið bútað niður og verið síðast á dagskrá. Því hefur verið haldið fram að þeir sem væru á móti þessu máli væru að tefja það. Það er alrangt. Það er alveg öfugt. Það hefði átt að gefa þessu máli þingfund einu sinni og þá hefði það verið afgreitt og væri komið í nefnd. Ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að málinu var þannig komið fyrir í byrjun að það fékk algjöran forgang fram yfir mörg önnur mál sem það hefur ekki hlotið afgreiðslu í nefnd. Ég tel að mikilvægt sé að það fari í nefnd sem fyrst og hefði talið eðlilegt að mál væru afgreidd á þann hátt að þau væru tekin til einnar umræðu og afgreidd síðan í nefnd á eftir en ekki að þau væru bútuð í marga hluta.

Ég geri athugasemd við það, sem hefur verið haldið fram með óréttu eins og ég kom að áðan, að hér væri verið að tefja málið. Það er alrangt. Hefði það verið hefði ég ekki farið fram á áðan að það væri frestað umræðu um annað mál af sömu orsökum, þ.e. um bankamálið sem var til umræðu áðan. Ég tel að virðing Alþingis, eins og hv. 5. þm. Vestf. kom inn á áðan, sé sú að þm. sitji og ráðherrar sitji þingfundi.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta, en það er hrein fjarstæða hjá hv. 11. þm. Reykn. að þetta mál hafi haft einhvern forgang. Það var farið að þeim venjum sem eru í þinginu þegar um er að ræða varamenn sem eru hér að flytja mál. Það er alsiða, eins og þm. ætti að vera kunnugt, að þegar varamenn eru hér með mál er þeim gefinn kostur á að mæla fyrir þeim áður en þeir víkja af þingi. Það er slík fjarstæða að vera að tala um einhvern forgang í því sambandi að það nær auðvitað engri átt.

Ég vil segja að það hefur verið í samráði a.m.k. við mig og ekki í óþökk annarra flm., að því að ég best veit, að þessu máli hefur verið skipað á dagskrá svo sem verið hefur. Við höfum ekki gert kröfu til þess að mál annarra þingmanna vikju á meðan þetta mál væri afgreitt, auðvitað í trausti þess að að því kæmi að mál þetta fengi eðlilegan framgang við 1. umr. og það mundi reynast unnt að koma því til þingnefndar án þeirra tafa sem á því hafa orðið. Það er alls ekki svo að við höfum verið að ýta öðrum málum til hliðar eða troða þessu máli framar á dagskrá en verið hefði. Auðvitað hefur það verið í trausti þess að málið fengi eðlilegan framgang.

Ég vek athygli á því að helstu andstæðingar þessa máls, nokkrir hverjir a.m.k., hafa þegar talað í tvígang og mér finnst skjóta ærið skökku við ef það á að fresta þessari umræðu núna vegna þess að einn þm., sem þegar hefur lokið tveimur ræðum, óskar eftir því að fá að gera örstutta athugasemd á eftir. Ég beini því til forseta að hann ljúki þessu máli þó svo að það sé fátt í deildinni. Annað eins hefur gerst á Alþingi að það sé talað yfir tómum sölum.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstvirtur forseti. Ég var að enda við að falla frá orðinu en það er allt í lagi að koma upp engu að síður.

Út af orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. vildi ég gjarnan fá að fara í gegnum ræðuna hans og bið menn að afsaka ef þetta er eitthvað sundurslitið.

Hann byrjaði á því að vitna til Finnlands þar sem þeir hafi víst slæma reynslu af þessu og séu núna að undirbúa það jafnvel að banna bjórinn að nýju. Ég get kinnroðalaust sagt ef sú verður reyndin hér eftir tíu ár að þetta sé sá harmleikur sem mótmælendur hafa verið að lýsa er ég alveg tilbúinn til að skoða slíka tillögu. Ekki skal standa á mér.

Hann talar um að í grg. komi fram að einn tilgangur frv. sé að draga úr neyslu áfengis. Ég hef hvergi borið á móti því að þetta muni auka drykkju. Ég hef þvert á móti sagt í mínum ræðum að ég telji að þetta muni auka drykkju, en ég sé ekki jafnsannfærður um að það auki vandamáladrykkju. Það er tvennt ólíkt.

Um grg. í heild sinni verð ég að segja það, því það er mikið vitnað í hana, að ég tók ekki þátt í að barna hana, en ég styð bjórinn og ég styð þetta frv. til laga engu að síður. Það er meginmálið fyrir mig og fyrir því hef ég leitt rök, m.a. þau hvað mikið misrétti er í þjóðfélaginu gagnvart þessari tegund áfengis og einnig því að það er mikið af bjór í landinu.

Hv. þm. kom inn á styrkleikaflokk. Í 3. gr. frv. er ætlast til þess að dómsmrh. setji reglugerð um sölu áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla. Ég hef gengið út frá því að hérna sé um að ræða það sem kallað er yfirleitt „export"-öl erlendis sem er 5% að styrkleika. Ég geri ekki ráð fyrir því að flm. séu að leggja fram frv. um sterkari bjór.

Hann kemur inn á breytingu á útsöluformi. Það er nú þannig útsöluformið í dag að áfengisverslunin ræður ekki einu sinni við að hafa það áfengi sem til sölu er í landinu í búðum sínum, hvað þá bjór. Þó að ekki væri bjór þyrfti hvort sem er að laga það. Bjór-

inn yrði sjálfsagt seldur í kassatali og tekur sitt pláss. Þá verður að gera ráðstafanir varðandi það.

Hv. þm. kom inn á „pöbba". Það er hvergi nokkurs staðar talað um „pöbba". Það er hins vegar gert í málflutningi andstæðinga. Þeir lýsa því nánast svo að þetta sé úti í næstu matvöruverslun sem er alrangt og menn vita vel. Hér er verið að tala um að selja ölið í Áfengisverslun ríkisins eins og annað áfengi. Það er ekkert annað. Og það er nákvæmlega jafnerfitt fyrir unglinga að ná í bjórinn inn í áfengisverslun eins og vínið. Þannig er alls ekki verið að leggja það til og þyrfti að gera miklu meiri breytingar á lögum til að svo yrði og mun ég ekki standa fyrir því. Ég get sagt það.

Spurningin er hins vegar sú: Hvernig er lögum framfylgt í þessu landi? Hvað gerir lögreglan þegar hún horfir upp á unglingana hérna með brennivínsflösku í hendi? Hún gerir nákvæmlega ekki neitt. Hún hirðir þá loksins upp þegar þeir liggja „steindauðir" einhvers staðar.

Það er talað um að áfengismagn skipti ekki máli, hvort það er 1% eða 5%. Hér er leyfður innfluttur bjór upp að 2,25%. Af hverju er hann leyfður? Af hverju ekki 3%, af hverju ekki 4%, af hverju ekki 5%?

Ég sýndi fram á um daginn að eina áfengið í landinu sem börn og unglingar geta keypt er í formi líkjöra og koníaks. Ég sýndi það hér á fundinum og gaf meira að segja nokkrum að smakka. Það er þrælsterkt áfengi. Það er eina áfengið sem börn og unglingar geta keypt úti í búð. Það eru hrein og bein brot á íslenskum lögum. En það er ekkert gert við því frekar en við unglingana með brennivínið hérna úti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu. Ég fagna því ef ég er í raun síðastur á mælendaskrá. Það þýðir að þetta kemst þá til nefndar.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Eins og hér hefur komið fyrr fram bað hv. 6. þm. Norðurl. e. um orðið fyrr á fundinum. Hann hefur að vísu talað tvívegis fyrr í þessum umræðum, hafði hins vegar ekki aðstöðu til að tala á þeim tíma sem honum gafst kostur á á fundinum og gerði grein fyrir því. Með því að forseti lítur svo á, enda þótt málið sé mjög umdeilt, að fátt sé þýðingarmeira en að þm. fái fullt frelsi til að tjá sig um mál af hvaða tagi sem er þessari umræðu frestað og málinu þess vegna ekki lokið í dag. (**GHelg:** Má ég spyrja forseta hvort margir séu á mælendaskrá). Einn er á mælendaskrá. (**GHelg:** Mikil er mildi forseta.)

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þingsköp gera ráð fyrir að í hverri umræðu í deild geti hver þm. talað tvisvar og síðan, ef sérstaklega stendur á, gert örstutta athugasemd ef forseti leyfir. Þá gera einnig reglur Alþingis ráð fyrir því að þm. séu við störf í þinginu á meðan dagskrá krefst. Þeir þm. sem standa við það eiga ekki að gjalda fyrir að aðrir þm. geta af einhverjum ástæðum ekki sinnt störfum sínum. Málið á ekki heldur að líða fyrir það né framgangur mála á Alþingi að einhverjir tilteknir þm., sem hafa lokið sínum ræðutíma og eru upp á náð og miskunn forseta komnir um hvort þeir fá að gera örstutta athugasemd, hafi tíma til að gera það ef þeim þóknast eða ekki. Þm. sem biðja um orðið með þessum hætti verða að vera reiðubúnir að tala þegar forseti gefur þeim orðið. Miðað við mína þingreynslu vara ég mjög við því fordæmi sem verið er að gefa hér því að miklu stærri og erfiðari mál eiga eftir að koma til afgreiðslu í þinginu og menn mega ekki geta leikið þann leik í því sambandi að tala tvívegis, óska síðan eftir því að fá að gera örstutta athugasemd en tilkynna að því miður geti þeir ekki gert það á þeim tíma sem forseti gefur þeim orðið því þeir þurfi að víkja af fundi og þá fresti forseti framgangi málsins.

Hugsið ykkur ef það væri fjárlagafrv. sem hér ætti að fara að afgreiða og menn beittu slíkum aðferðum og forseti með því fordæmi sem hér er verið að gefa féllist á það. Við eigum eftir að ræða þetta sama mál í tveimur umferðum í hv. deild og ég vil einlæglega skora á hæstv. forseta, gjörsamlega án þess að ég sé að taka efnislega afstöðu til málsins, að endurskoða þessa ákvörðun sína því það er aðeins einn þm. á mælendaskrá, sá þm. sem búinn er að tala tvisvar, á það undir forseta hvort honum heimilast að gera örstutta athugasemd, gat gert það þegar hann var staddur í þinginu, en lýsti því þá yfir að sá tími hentaði honum ekki og óskaði eftir frestun á framgangi málsins þar af leiðandi.

Herra forseti. Þetta er ekki fordæmi sem er æskilegt fyrir starfsemi þingsins og ég bið hæstv. forseta að endurskoða þá afstöðu sína án þess að í þeirri beiðni felist nein afstaða af minni hálfu til efnisatriðis þessa máls.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að sá ljóður var á hans ráðabreytni í lok reglulegs fundartíma þessarar hv. deildar, kl. 5, að honum láðist að tilkynna hversu langt væri ætlað að halda áfram fundi og það atriði gefur margnefndum hv. þm. óneitanlega þann rétt sem forseti vill alls ekki af honum taka.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ítreka að enginn þm. hefur rétt á að tala nema tvisvar. Það er undir forseta komið hvort forseti heimilar honum að taka til máls í þriðja skiptið. Þar sem mér virðist svo sem forseti ætli að standa á sínum fyrri úrskurði fer ég þess á leit við hann að hann beiti sér fyrir því að þetta mál verði fyrsta mál á dagskrá þessrar hv. deildar á næsta fundi hennar.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Vegna þessara orða hv. þm. vil ég taka það fram að forseti hefur á því fullan vilja og mun ekki spara sig í því efni eftir því sem geta hans leyfir.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

21. fundur, miðvikudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 25. nóv. 1987:

„Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég að læknisráði get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Borgarafl. í Reykjavík, Benedikt Bogason verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Benedikts Bogasonar.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 25. nóv. 1987:

„Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Óli Þ. Guðbjartsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Níelsar Árna Lund.

Þau kjörbréf sem hér hafa borist þurfa athugunar við og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki bréfin til meðferðar nú þegar. Fundinum verður frestað í sjö mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Benedikts Bogasonar, 1. varamanns Borgarafl. í Reykjavíkurkjördæmi, en óskað er eftir að hann taki sæti á Alþingi í forföllum Alberts Guðmundssonar, hv. 5. þm. Reykv. Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt. Þá hefur nefndin einnig haft til athugunar kjörbréf Níelsar Árna Lund, 1. varamanns Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, en óskað er eftir að hann taki sæti á Alþingi í fjarveru Steingríms Hermannssonar, hæstv. utanrrh. og 3. þm. Reykn. Kjörbréfanefnd leggur einnig til að það kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Níelsar Árna Lund samþ. með 36 shlj. atkv.

Kjörbréf Benedikts Bogasonar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Benedikt Bogason, 5. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Benedikt Bogason hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Benedikt Bogason og Níels Árni Lund eru boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

13. fundur, miðvikudaginn 25. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ráðstafanir í fjármálum, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 142.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Frv. það sem hér er lagt fram er frv. til l. um ráðstafanir í fjármálum og er það lagt fram til staðfestingar brbl. nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, sem gefin voru út af forseta Íslands þann 10. júní sl.

Svo sem mælt er fyrir í 28. gr. stjórnarskrár ber að leggja brbl. fyrir Alþingi til staðfestingar er nýtt þing kemur saman. Þar sem hér er um staðfestingarfrv. að ræða er frv. lagt fyrir þingið í óbreyttri mynd. Af hálfu ríkisstjórnar er þó fyrirhugað að leggja til ýmsar breytingar á efni þess. Ber þar helst að nefna hækkun sérstaks söluskatts um 10% af ýmsum matvælum og þjónustu sérfræðinga þar sem áformuð breyting hljóðar upp á hækkun úr 10 í 12%.

Ráðstafanir þær í ríkisfjármálum sem frv. þetta felur í sér eru þingheimi kunnar frá lokum stjórnarmyndunarviðræðna og birtingu brbl. á liðnu sumri. Ég mun þess vegna aðeins stikla á helstu meginatriðum þeirra.

Í I. kafla er gert ráð fyrir innheimtu bifreiðagjalds af vélknúnum ökutækjum, þar með töldum hvers kyns bifreiðum og fjórhjólum. Gjald þetta hefur

þegar verið lagt á vegna tímabilsins frá 11. júlí sl. til 31. des. nk., sbr. ákvæði brbl. nr. 68/1987.

II. kafli mælir fyrir um álagningu 10% söluskatts á matvæli og þjónustu sérfræðinga. Tiltekin matvara, þar með talið mjólkurvörur, egg, kjöt og fiskur, er þó undanþegin skattinum samkvæmt fyrirmælum í reglugerð. Skattlagning þessi er af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrsta skrefið í þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar að fækka undanþágum frá söluskatti sem aðdraganda að nýju virðisaukaskattskerfi. Ríkisstjórnin mun síðar gera annað tveggja, að leggja fram brtt. við 10. gr. frv. og leggja þá til að skatturinn verði hækkaður um 12% eða flytja sérstakt frv. um það efni.

Þar sem framangreindar breytingar á söluskattskerfinu leiddu óhjákvæmilega til hækkunar á útgjöldum heimila var jafnframt ákveðið að verja um 100 millj. kr. til hækkunar sérstaks barnabótaauka sem fyrst og fremst kemur barnmörgum fjölskyldum með lágar tekjur til góða. Minna má á í því samhengi að jafnframt voru á liðnu sumri gerðar ráðstafanir til að hækka sérstaklega elli- og örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbætur að því marki að þessar greiðslur ásamt greiðslum úr lífeyrissjóðum og öðrum tekjum yrðu ekki lægri en lágmarkslaun í landinu frá 1. sept. sl. þannig að lágmarksframfærslueyrir einstaklinga með heimilisuppbót yrði við það 28 þús. kr. á mánuði í stað 25 þús. sem áður hafði verið.

III. kafli frv. fjallar um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt til hækkunar barnabótaaukans sem ég gat um áðan, en með þeim var barnabótaauki á þessu ári færður úr rúmum 25 þús. kr. í um 30 þús. kr.

Til þess að draga úr þenslu í efnahagslífi er í IV. kafla frv. gert ráð fyrir upptöku sérstaks skatts á erlendar lántökur. Áætlað er að skattur þessi skili af sér 230 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári. Stefnt er að því að fella skattinn niður í lok næsta árs til að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til að fresta áformum sínum.

Í V. og VI. kafla er að finna breytingar á lögum um ríkisábyrgðir á á þann hátt að áhættugjöld eru hækkuð, auk þess sem sérstakt gjald er nú lagt á aðila sem hingað til hafa verið undanþegnir, svo sem ríkisviðskiptabankarnir, Útvegsbankinn, ýmsir lánasjóðir, Landsvirkjun og fleiri aðilar. Gert er ráð fyrir að árlegar tekjur af ríkisábyrgðagjaldi hækki um 130 millj. kr. við þessar aðgerðir.

Að lokum er í VII. kafla lagt til að tollur á fjórhjól hækki úr 10% í 90%.

Herra forseti. Ég hef nú rakið helstu efnisatriði frv. og legg að lokum til að því verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni 1. umr. í hv. Ed.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál um þann dagskrárlið sem hér er til umræðu, en vil eigi að síður segja örfá orð við 1. umr. málsins.

Það er hv. þingdeildarmönnum væntanlega ekkert launungarmál að ég er andvígur sumum af þessum þáttum og þá fyrst og fremst svokölluðum matarskatti og mun ekki standa að afgreiðslu þess þáttar þessa máls. Það er út af fyrir sig rétt að Alþfl. hefur haldið fram þeirri stefnu að afnema skuli undanþágur í söluskatti en jafnhliða að lækka söluskattsprósentu. Slíkt liggur ekki fyrir það ég best veit og meðan slíkt liggur ekki fyrir er ég ekki reiðubúinn að taka upp sérstaka skattheimtu á matvæli sem kemur til með að bitna fyrst og fremst á þeim sem ég tel verst setta. (**HBl:** En er þm. sammála matarskatti í prinsippi?) Það er ekki um neitt prinsipp að ræða fyrr en maður veit hvað á að koma á móti. Þetta eru meginrök mín fyrir því að ég er andvígur þessum þætti frv. Þetta hefur legið ljóst fyrir og kemur engum á óvart.

Vel má vera að áður en þessu máli lýkur á Alþingi í afgreiðslu verði komin upp ákveðin svör við því hvað skal gera í framhaldi af þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að afgreiðsla á þennan hátt sé ekki til að greiða fyrir væntanlegum eða hugsanlegum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins sem þegar standa fyrir dyrum. Þar þyrftu aðgerðir ríkisvalds fremur að leiða til þess að greiða þá götu en setja fætur gegn því sem þarf að gera. Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn ætti að endurskoða afstöðu sína í þessu máli í þá veru að hætta annaðhvort við þessa fyrirframskattheimtu á almenning í landinu, og þá fyrst og fremst launafólk, eða þá að koma með ótvíræðar tillögur í þá átt hvað skal koma á móti fyrir það fólk sem þessa byrði á að bera. Ég geri a.m.k. kröfu til þess, þar sem Alþfl. á hlut að máli, að menn leggi þau spil á borðin áður en endanlega verður gengið frá þessu máli hér.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. þm. lýsti þeirri skoðun sinni að hann væri andvígur þessum ráðstöfunum, þ.e. útvíkkun á skattstofni söluskatts með fækkun undanþága að því er snertir matvæli, ef þeim fylgdu ekki jafnhliða tekjujöfnunaraðgerðir á móti. Af því tilefni er ástæða til að rifja upp aftur, sem fram kom í minni ræðu, að við þessar aðgerðir, sem lýst var í brbl. og hér er flutt frv. til staðfestingar á, var þess sérstaklega gætt að jafnframt var gripið til sérstakra hliðarráðstafana, þ.e. það var varið tæplega 200 millj. kr. annars vegar til að hækka barnabótaauka til barnmargra fjölskyldna sem og gerðar sérstakar ráðstafanir, um 100 millj. kr., til að hækka bótagreiðslu almannatrygginga. Þessar ráðstafanir voru að mati ríkisstjórnarinnar taldar nokkurn veginn duga til að mæta verðhækkunaráhrifum af þessum aðgerðum á liðnu sumri að því er varðaði verðhækkunaráhrif sem snertu þessa tekjulágu hópa. Þessi aðgerð út af fyrir sig fullnægði því þeim skilyrðum, sem hv. þm. sagði að gera bæri réttilega, að jafnhliða yrði gripið til tekjujafnandi aðgerða til að bæta verðhækkunaráhrif.

Að því er varðar framhald málsins er þetta um málið að segja:

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að til að greiða fyrir viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins frestaði hún upphaflegum áformum sínum um flýtingu á næsta áfanga í breytingu á söluskatti sem koma átti til framkvæmda 1. nóv. sl. Hins vegar liggur ljóst fyrir um upphafleg áform um róttæka breytingu á söluskattskerfinu að að því er stefnt að þau komi til framkvæmda um næstu áramót. Það kallar á viðamiklar lagabreytingar.

Þær lagabreytingar snúast um endurskoðun á tollskrá, þ.e. tolltöxtum tollskrárlaga. Í öðru lagi breytingar að því er varðar vörugjöld, niðurfellingu á um það bil fimm ýmiss konar gjöldum sem nú eru við lýði, en álagningu samræmds vörugjalds til að mæta tekjutapi ríkissjóðs við verulega og umfangsmikla lækkun tolla. Í þriðja lagi er síðan um að ræða söluskattsbreytingu sem felur í sér nokkra útvíkkun til viðbótar á söluskattsstofninum með fækkun undanþága en jafnframt lækkun söluskattsprósentunnar.

Eðlilegt er að spurt sé hvar sé á vegi staddur undirbúningur að þessum málum. Því er til að svara að í fyrstu gerð hafa frumvörp um öll þessi efni verið lögð fram og rædd í ríkisstjórn á nokkrum ríkisstjórnarfundum og greinargerðir um þau hafa verið teknar saman, þ.e. um grundvallaratriði og helstu meginatriði, og afhentar þingflokkum stjórnarsinna. Því til viðbótar er þess að geta að þingflokkar þeir sem styðja ríkisstjórnina hafa tilnefnt fulltrúa sína til að vinna með fjmrn., fjmrh. og embættismönnum hans við lokafrágang þessa máls og ljóst er nú að þess er að vænta innan fárra daga að þessi frumvörp verði lögð fyrir.

Þá er spurningin um hver áhrif þessi róttæka breyting á kerfi óbeinna skatta hefur í för með sér fyrir almenning í landinu. Fyrsta atriðið er að hér er um að ræða verulegar tollalækkanir. Um það er að ræða að færa hæstu tolla úr 80–90% niður undir um það bil 30%. Í öðru lagi að fella niður með öllu tolla *á aðföngum, vélum, tækjum og hráefnum til íslensks* iðnaðar, samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar. Þessar breytingar hafa verið lengi á döfinni og lengi í undirbúningi. Frv. um endurskoðun á tollskrá voru að hluta til samþykkt og gerð að lögum á seinasta þingi, en þrátt fyrir boðaðar breytingar féll seinasta hæstv. ríkisstjórn frá áformum sínum um að endurskoða tolltaxtana til enda þannig að þess er nú freistað á ný. Málið hefur verið tekið til heildarendurskoðunar og í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnar *og stjórnarsáttmála verður þess freistað að leggja* þetta fyrir þing og fá það afgreitt sem lög fyrir næstu áramót.

Ef spurt er hvaða verðháhrif þessar breytingar hafa liggur ljóst fyrir að tollalækanirnar sem slíkar munu þýða tekjutap fyrir ríkissjóð sem áætla má u.þ.b. 4500 millj. kr. Til að mæta því tekjutapi verður lagt á sérstakt samræmt vörugjald sem verður 17% og er þá jafnt bæði á innlenda framleiðslu sem innflutta. Á því stigi sem nú er rætt um málið er auk þess áformað að leggja vörugjaldsálag á tiltekna vöruflokka sem flokka má ef menn vilja undir manneldisstefnu. Þessir vöruflokkar eru fáir, það er aðallega sælgæti, og raskar þó ekki verðhlutföllum að því er þessa flokka varðar af því að þeir bera hærra vörugjald nú þegar en ýmsir aðrir.

Heildaráhrifin af þessari tollalækkun og afnámi tolla og álagningu þessa vörugjalds eru þau að verð á yfirgnæfandi meiri hluta neysluvarnings og reyndar aðfanga atvinnuveganna lækkar verulega þannig að áhrif þessa á mælikvarða framfærsluvísitölu væri lækkun á framfærslukostnaði sem svarar um 3%. Þegar dæmið er síðan skoðað í heild sinni, lækkun og afnám tolla, nýtt vörugjald og lækkun söluskattsprósentu úr 25 í 22%, þýðir þetta í heild sinni að ætla má að verðbreytingar á mælikvarða neysluvöruverðlags og á mælikvarða framfærslukostnaðar verði einhvers staðar á bilinu 1–1,4%.

Jafnframt er boðað í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að þessum aðgerðum verði fylgt eftir með mjög umfangsmiklum aðgerðum til að bæta þessi verðhækkunaráhrif sem mælast upp á rúmlega 1,4%. Núverandi áform eru þau að u.þ.b. 1700 millj. kr. verði varið í þessu skyni. Það skal tekið fram að enn hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir við undirbúning þessara frv. um hvaða leiðir verði farnar í þessu skyni. Ástæðan er einmitt sú, sem hv. síðasti ræðumaður vék að, að menn vilja gjarnan tengja saman, þegar menn ræða um skattkerfisbreytingar og skattbyrði, annars vegar þau frv. *sem nú er verið að leggja fram, hið fyrsta þegar fram* komið, um staðgreiddan tekjuskatt, og svo hins vegar þessar tekjujöfnunaraðgerðir sem eru til þess ætlaðar að koma til móts við þá hópa sem helst er ástæða til, þ.e. bótaþega almannatrygginga, barnmargar fjölskyldur, einstæð foreldri o.s.frv. Þessi mál eru til vinnslu í meðförum ríkisstjórnar og þingflokkum stjórnarliða og koma hér fram hvert á fætur öðru næstu daga.

Til að draga saman að gefnu tilefni það sem hv. þm. lagði áherslu á er það þetta:

Á undanförnum árum á liðnu kjörtímabili lagði Alþfl. á það megináherslu í öllum málflutningi sínum, þar á meðal í stefnuyfirlýsingu sinni fyrir kosningar, að nauðsyn bæri til að endurskoða tekjujöflunarkerfi ríkisins í heild sinni. Það bæri að gera að því er varðar neysluskatta út frá þeim meginreglum að fækka undanþágum, breikka skattstofn, lækka álagningarprósentu. Þetta var sérstaklega rökstutt með vísan til tillagna skattsvikaskýrslunnar svokölluðu sem unnin var undir verkstjórn framkvæmdastjóra Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, en í þeirri skýrslu var lögð sérstök áhersla á að aðferðin til að bæta skattaskil og skattaframkvæmd og draga úr undandrætti í skattheimtu væri fyrst og fremst sú að fara þessa leið. Þannig er það sem hér er gert að sjálfsögðu í fullkomnu samræmi við málflutning Alþfl., stefnumörkun hans fyrir kosningar og að sjálfsögðu í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og almenna stefnuyfirlýsingu.

Það atriði er rætt að þess verði að gæta sérstaklega

að ekki verði gripið til breytinga á neysluskattakerfinu nema jafnframt verði gripið til hliðarráðstafana til að bæta ýmsum þjóðfélagshópum upp verðlagsáhrif. Þess hefur verið gætt og þess verður gætt. Þannig fæ ég ekki betur séð en að þær lagabreytingar sem er verið að byrja að kynna séu í fullkomnu samræmi, ekki aðeins við málflutning Alþfl. fyrir kosningar, stefnumörkun hans, heldur einnig í fullkomnu samræmi við það samkomulag sem tókst milli stjórnarflokkanna um endurskoðun á skattakerfinu.

Það er sérstök ástæða til að nefna að sú leið sem núverandi ríkisstjórn hefur boðað í efnahagsmálum, sem byggir á því þrátt fyrir nokkuð háværa andstöðu að halda fast við fastgengisstefnu þrátt fyrir að mörgu leyti versnandi horfur, á mikið undir því hvernig þessi efnahagsrammi er skilinn og hvernig honum er tekið af aðilum, ekki aðeins þeim sem á þingi sitja heldur og aðilum utan þings. Þessi leið er vandfarin, vandrötuð og erfið. Vonin um árangur byggist á því að við verðum ekki fyrir meiri háttar áföllum að því er varðar ytri skilyrði, sem gætu raskað mjög starfsskilyrðum atvinnuvega, og hún byggir á því að um það geti tekist sæmileg samstaða, að það takist kjarasamningar sem miða að tvennu, að kauphækkanir í krónutölu verði ekki umfram þann tiltölulega þrönga ramma sem þjóðarbúinu er nú sniðinn vegna fyrirsjáanlega versnandi kjara á næsta ári, einkum og sér í lagi vegna breyttra forsendna í fiskveiðistefnu, og í annan stað að það takist í slíkum kjarasamningum að leiðrétta tekjuskiptinguna innbyrðis þannig að þeir hópar launafólks sem ekki hafa notið fastlaunasamninga, ekki hafa notið launaskriðs fái kjör sín bætt. Meginatriðið er m.ö.o. að varðveita þann kaupmáttarauka, sem hefur áunnist á þessu ári og nemur ekki minna en 16–17% að meðaltali, fremur en horfa upp á að hann eyðist í nýrri verðbólgukollsteypu sem yrði óhjákvæmilegur fylgifiskur gengisfellingar við óbreytt skilyrði.

Þetta er að mínu mati kjarni málsins. Það eru tvær athugasemdir sem hér eru gerðar. Annars vegar er athugasemd um að erfitt væri að styðja hreinsunaraðgerðir í skattakerfinu sem miða að því að draga úr skattundandrætti og gera menn jafnari fyrir skattalögum nema því aðeins að þeim fylgdu tekjujöfnunaraðgerðir. Því skilyrði verður fullnægt. Og í annan stað er lögð áhersla á að þess verði gætt við mörkun þessarar stefnu í skattamálum að leita eftir fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins um að reyna að stilla í hóf skattbyrði, sem hefur að sjálfsögðu veruleg áhrif á kaupmátt og lífskjör, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir kjarasamningum sem gætu þjónað þessum tveimur markmiðum, að launahækkanir færu ekki upp allt sviðið, að leiðréttingar fengjust fyrst og fremst fyrir þá sem verst eru settir, en heildarlaunabreytingar yrðu innan ramma þess sem íslenskt atvinnulíf og íslenskur þjóðarbúskapur getur undir risið nú í ljósi þess að horfur fram undan á næsta ári eru versnandi. Þetta er allt í samræmi við marglærðar lexíur þjóðarinnar af efnahagsmálastjórn undanfarinna ára og áratuga.

Ég vil að lokum einungis, herra forseti, leggja áherslu á að ég læt í ljós þá einlægu von og ósk að ekki aðeins hv. Alþingi, stjórnarmeirihluti, heldur einnig aðilar vinnumarkaðarins, forsvarsmenn atvinnulífsins og þjóðin í heild beri gæfu til að vinsa kjarnann frá hisminu í þessari umræðu, láta ekki villa sér sýn, að þjóðin reynist hafa þolgæði og þrek til að fara hina vandfarnari leið, þótt það kunni að líða nokkur tími áður en árangur næst, fremur en að fara hina gamalreyndu leið efnahagskollsteypunnar sem mun að fenginni reynslu alveg óvefengjanlega kasta á glæ þeim árangri sem þrátt fyrir allt hefur náðst og væri því miður engum til hagsbóta.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Við þm. höfum nú einu sinni enn orðið vitni að upphlaupi meðal stjórnarþm., þ.e. að einn stjórnarþm. kemur hér í ræðustól til að gagnrýna heiftarlega stjfrv. sem flokksbróðir hans, hæstv. fjmrh., er að leggja fram og mæla fyrir. Þetta er ekkert nýtt. Svona hafa þingstörfin verið allt frá því að þing hófst 10. október.

Í Morgunblaðinu í morgun er haft eftir hv. 8. þm. Reykv. að í þingflokki Sjálfstfl. hafi ekki fengist nein samþykkt á fjárlagafrv. og áskilji þm. Sjálfstfl. sér allan rétt til að gagnrýna og fella jafnvel einstaka hluta þess. Mér er þá mjög til efs hvort yfirleitt sé um að ræða stjfrv. sem verið er að leggja fram af hæstv. ráðherrum núv. ríkisstjórnar. Er ekki miklu frekar verið að leggja fram þmfrv. þeirra þm. sem tímabundið, vonandi mjög stutt, gegna því hlutverki að vera ráðherrar í ríkisstjórn Íslands? Það er þá aftur spurning hvort þessi stjfrv. eigi nokkurn rétt á því að vera sett fremst á dagskrá. Hvort ekki eigi að láta þau fá eðlilega meðferð sem önnur þmfrv.

Annars væri mjög fróðlegt að fá skýrari svör hjá hv. 3. þm. Vestf. um það hvort hann er stjórnarsinni eða ekki.

Hæstv. fjmrh. beitir fyrir sig jafnaðarmennskunni. Hann segir að það eigi að reyna að leggja jafnan söluskatt á allt. Og það er út af fyrir sig stefna. Það er hægt að taka undir að það er jafnaðarmennska í orðsins fyllstu merkingu að reyna að ná jöfnum söluskatti á alla hluti í þjóðfélaginu.

Matarskattinum margfræga var frestað fram yfir áramót. Það er öllum ljóst eða ætti að vera orðið það nú þegar að hann verður lagður á með fullum þunga á altari jafnaðarmennskunnar og má þá búast við að það verði u.þ.b. 20% matarskattur á öllum matvörum eftir áramót. Matvara á Íslandi er með því dýrasta sem þekkist í víðri veröld. Eftir að matarskattur u.þ.b. 20% er kominn á allar helstu matvörur og nauðsynjavörur landsmanna verður það ekki bara láglaunafólkið sem á erfitt uppdráttar hér. Ég held að 90% allra landsmanna muni kikna undan því einfaldlega að geta haft lífsviðurværi hér og borðað. Þetta er alveg með ósköpum.

Þetta er allt afsakað með því að þetta eigi að vera

undanfari þess að tekinn sé upp virðisaukaskattur á Íslandi. Ég spyr: Er ekki miklu nær að leggja fram frv. um virðisaukaskatt strax og íhuga það og kanna hvort sé þingmeirihluti fyrir virðisaukaskatti en að vera með þessar blekkingar um að jafna söluskatt á öllum hlutum til þess að það sé auðveldara að koma virðisaukaskattinum í gegn? Ég bið þá frekar um að strax verði lagt fram frv. um virðisaukaskatt svo það megi hefja þá umræðu og kanna hvaða meðferð það fær.

Það er talað um tollalækkanir sem eru boðaðar í frv. sem á að leggja fram samfara sérstöku vörugjaldi sem á að leggja á. Allt miðar þetta að því að auka álögur, tolla og skatta á almenningi, þannig að *ég býð ekki í það að vera þjóðfélagsþegn á Íslandi* hér á vormánuðum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það virtist ekki muna miklu að það gerðist hér að aðeins töluðu flokksbræðurnir hæstv. fjmrh. og hv. 3. þm. Vestf. um frv. sem liggur fyrir til umræðu og er staðfesting á brbl. eða fyrstu verkum núv. ríkisstjórnar. Eins og kom fram hjá þeim sem var að halda síðustu ræðu er það einkenni á umræðum nú á hv. Alþingi að í gangi er umræða á milli stjórnarsinna, gagnrýnandi hver annars frv., en það hefur ekki gengið það langt fyrr en nú að innanflokksátökin í stjórnarflokkunum komi fram í ræðustólum á hv. Alþingi.

Það frv. sem við erum að fjalla um verður fyrst og fremst frægt fyrir það að þetta er fyrsta frv. Alþfl. og verður fyrst og fremst frægt fyrir matarskattinn. Fyrstu ráð Alþfl. til að breyta fjármálastöðu í þjóðfélaginu voru að leggja á almennan matarskatt.

Um þetta frv. og um þessa hluti urðu miklar umræður í hv. þingi í upphafi þingtímans þannig að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka mikið af því, en ég undirstrika að það munu sjálfsagt lengi í minnum höfð þessi fyrstu skref Alþfl. í núv. ríkisstjórn.

En það sem mér fannst sérstakt við þessa umræðu nú var að hæstv. fjmrh. kom upp til að svara hv. 3. þm. Vestf. og hann svaraði ekki með beinum rökum *í sambandi við það frv. sem hér liggur frammi heldur* með því sem er væntanlegt inn í hv. Alþingi og hélt langa ræðu um það sem koma skyldi, um þau frv. sem Alþfl. væri nú að leggja fyrir samstarfsflokkana í ríkisstjórn og væri verið að vinna þar.

Ég spurði sessunaut minn, hv. 8. þm. Reykv., hvort hann kannaðist mikið við þetta úr Sjálfstfl. Hann gaf lítið út á það. Fyrst hv. þm. er ekki inni ætla ég ekki að segja stærri orð um hans viðbrögð en þetta. Þannig virðist sem jafnvel þessi mál, sem hæstv. fjmrh. var að boða sem lagfæringu og leiðréttingu á skattakerfi þjóðarinnar, séu ekki komin lengra en svo að vera í undirbúningi hjá hæstv. fjmrh. Við megum kannski eiga von á að það sem hann er að boða og er að leggja fram sem rök gegn gagnrýni flokksbróður síns komi fram sem yfirlýsing frá fjmrh. en ekki stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar. Það væri gaman að heyra frá fulltrúum Sjálfstfl. og Framsfl. hér — þeir eru nú fáir framsóknarmennirnir — hvernig þessi mál eru undirbúin í stjórnarflokkunum og hvort það sem hæstv. fjmrh. er að boða er raunverulegt og sé eitthvað af því sem við megum búast við að ríkisstjórnin standi sameiginlega að.

Sá málflutningur sem hér hefur átt sér stað er sérstakur, að tilkynna mönnum um frv. sem komi á næstu dögum. Ég tel að það hefði verið miklu eðlilegra, ef það hefði þurft að fylgja umræðu um þetta frv., að umræðan um það hefði beðið og við hefðum getað tekið *sameiginlega á þessum málum* eða ekki með miklu bili á milli.

Hæstv. fjmrh. fór um það mörgum orðum hvað ætti að gera og nefndi ýmsar tölur sem erfitt er að henda reiður á og eðlilegra og betra hefði verið fyrir hv. þm. að hafa á milli handanna í frv., nefndi t.d. að það ætti að lækka tolla úr 80–90% í 30%. Af hvaða vörutegundum er þetta? Það á að leggja á 17% vörugjald. Það fer ekki að verða mikill munurinn á 25% söluskatti og 17% vörugjaldi og við vitum ekki hver söluskatturinn verður eftir að búið er að lækka hann eins og verið er að tala um og jafna hann út. Hæstv. ráðherra upplýsti reyndar að eftir útreikningum og kokkabókum ráðuneytis mundi þarna verða um 1,5% munur, verðhækkanir, og mundi þyngja framfærsluna. Ekki voru neinar tillögur um hvernig ætti að jafna þá stöðu. (**Fjmrh.:** 1700 millj. kr. tekjujöfnun.) Já, það var ekki útfært hvernig það ætti að gerast. Það má vel vera að ráðherra hafi sagt þetta, en við umræðu eins og þessa er erfitt að henda reiður á fullyrðingum og lýsingum á þessu dæmi öðruvísi en hafa fyrir sér þau frv. sem um þetta fjalla.

En allt þetta góða sem hæstv. ráðherra boðaði mundi ekki ganga upp nema við yrðum ekki fyrir ytri áföllum. Heyrt hefur maður þetta áður þegar rætt hefur verið um efnahagsmál á Íslandi. Óskaplega er þetta líkt íhaldssetningunum um að menn þurfi að verjast ytri áföllum og slíku. (**Gripið fram í:** Hv. þm. kannast við það.) Við gerum okkur alveg grein fyrir því að ytri áföll geta á ýmsan máta haft áhrif á efnahagsþróun og gera það. (**Gripið fram í:** Útgerðarmenn kannast við það.) Útgerðarmenn kannast við það, enda nefndi hæstv. fjmrh. það ekki síst. (**Forseti:** Ég vil áminna menn um að vera ekki með samtöl í deildinni.) Eigi skemmir það nú. — En hæstv. ráðherra nefndi að það væri eitt sérstaklega, hann nefndi aðeins eitt, sem blasti við af ytri áföllum og það væri að við mundum þurfa að sækja minni fisk í sjó á komandi ári. Við höfum heyrt það frá Þjóðhagsstofnun og annars staðar frá að það blasti við minnkandi kaupmáttur meðal þjóðarinnar vegna þess að við blasti minnkandi aflasókn. Þarna þarf ekki að kenna hrefnunni um, eins og hæstv. sjútvrh. var að boða að gerði mikinn usla í fiskistofnunum okkar á þingi Farmanna- og fiskimannasambandsins. Því miður er sjútvrh. ekki í salnum.

En staðreyndin er sú að málin blasa við okkur á þann veg að sú fiskveiðistefna sem við höfum búið

við á undanförnum árum er að kalla yfir okkur versnandi þjóðarhag. Sú fiskveiðistefna sem okkur var boðað að skyldi verða sú stefna sem mundi byggja upp fiskstofnana og við færðum æ aukinn afla að landi er að skila okkur því núna að hún er að afhenda hæstv. fjmrh. ytri áföll á fyrstu stjórnarmánuðum hans vegna þeirrar stefnu sem rekin hefur verið í sambandi við íslenska fiskveiðistefnu og íslenska fiskveiðisókn. Um þetta mál mætti fjalla þó nokkuð mikið, en það var nokkuð sérstakt að þetta var það sem kom í hug hæstv. fjmrh. fyrst af ytri áföllum sem gætu blasað við okkur á komandi tímum. Það var að við byggjum við þannig lagaða fiskveiðistefnu og það væri búið að skerða fiskstofnana okkar á þann veg að á næsta ári yrði greinilega rýrnandi kaupmáttur vegna þess að við þyrftum að sækja minna í sjóinn en við hefðum gert á undanförnum árum. Þannig er búið að fara með þennan þátt góðærisins er við höfum búið við á undanförnum árum. Það er ekki aðeins búið að sóa gjaldeyrissjóðum okkar. Það er ekki aðeins búið að fjárfesta á hinn furðulegasta hátt víða í þjóðfélaginu. Það er líka búið að ganga á þessa líftryggingu og þennan stofn, fiskstofnana okkar í sjónum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég held ég verði að taka undir þau orð, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að nauðsynlegt væri að vinna ötullega að því að endurskoða og laga tekjustofnakerfi ríkissjóðs. Við erum alveg sammála um það, ég og hæstv. fjmrh. Síðasta ríkisstjórn beitti sér mjög fyrir nýskipan einmitt í tekjuöflunarkerfinu og eins og þm. muna var frv. um virðisaukaskatt lagt fyrir síðasta Alþingi og voru lengi horfur á að það yrði afgreitt á því þingi, en niðurstaðan varð sú að virðisaukaskattinum var ýtt til hliðar og látið sitja fyrir að taka upp staðgreiðslukerfi á beinum sköttum í staðinn, en of flókið mál var talið af skattstjórum og ríkisskattstjóra að gera hvort tveggja í senn, umbylta skattkerfi beinna og óbeinna skatta. Þetta er skýringin á því að ný tollskrá hefur beðið og það hefur beðið að lögfesta ný lög um virðisaukaskatt.

Ég held að það sé nauðsynlegt að þessi athugasemd komi fram vegna þeirrar miklu áherslu sem hæstv. fjmrh. lagði á það í sinni ræðu að hér værum við að framkvæma einhverja sérstaka stefnu Alþfl. með þeirri lagfæringu sem nú fer fram á tekjuöflunarkerfinu. Þetta er auðvitað alls ekki rétt. Við erum að vinna áfram að þeim umbótum í opinberu peningakerfi sem hafnar voru af fyrri ríkisstjórn. Ég vil segja fyrir hönd míns flokks: Við erum auðvitað ánægðir yfir því að fá svo röskan mann sem hæstv. fjmrh. til að hjálpa okkur að vinna þau verk sem nauðsynleg eru í þessu skyni.

Ég held að hv. 4. þm. Vesturl. hafi gert of mikið úr því að það væri mikill ágreiningur innan stjórnarliðsins. Það hefur oft verið svo og við þekkjum það báðir af sögunni, að þegar þingmeirihluti er rúmur vill það brenna við að einstakir þm. leyfa sér ýmislegt sem síður er tilfellið þegar naumasti meiri hluti er á Alþingi. Þetta er einu sinni þannig og um þær breytilegu áherslur sem eru á einstökum þáttum efnahagslífsins og hafa komið fram í umræðunni var okkur löngu kunnugt áður. Sá opni ágreiningur hv. 3. þm. Vestf. við flokksbræður sína lá fyrir og einnig hefur það legið fyrir að hv. 8. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur viljað ganga lengra í frjálsræðisátt en meirihlutafylgi hefur verið við hér á landi og hefur ekki viljað ganga jafnlangt í álagningu opinberra gjalda og nú er stefnt að.

Þessi ágreiningur hefur verið öllum ljós og er alls ekki nýr af nálinni og ég vil leyfa mér að halda því fram að báðir hv. þm. hafi mikið til síns máls. Sérstaklega vil ég segja um hv. 3. þm. Vestf. að miðað við sögu Alþfl. og hversu duglegur Alþfl. var fyrr á tímum að leggja niður matarskattana er það augljóst með jafnþráan mann og þennan hv. þm. að hann fer ekki af þeirri línu undir eins og vill reyna að halda í þá gömlu rós Alþfl. sem var niðurlagning matarskatta. Það skil ég afskaplega vel. En við í gamla íhaldinu erum miklu ánægðari yfir því að vera búnir að fá hæstv. fjmrh. yfir til okkar sem virðist skilja það nú, sem alþýðuflokksmenn áttu erfitt með að skilja hér áður, að auðvitað er allt eftirlit með álagningu og innheimtu söluskattsins erfiðara eftir því sem undanþágurnar eru fleiri. Um þetta er ég alveg sammála hæstv. fjmrh. og hefði kannski verið betur að þeir í Alþfl. hefði komið auga á þetta miklu fyrr því þá hefði ekki verið nauðsynlegt að gera þá hreingerningu núna sem hann stendur fyrir, en það hefur einmitt torveldað mönnum að lögfesta virðisaukaskattinn að menn hafa séð ofsjónum yfir því að matarskattar verði á lagðir þó svo fyrir liggi að sums staðar séu breytilegar prósentur einnig í virðisaukaskattinum. Þetta vil ég að fram komi.

Ég tek undir með hæstv. fjmrh. að það er auðvitað kvíðvænlegt að sá mikli hagvöxtur sem verið hefur skuli ekki halda áfram og hvernig gengisþróun hefur verið. Ég deili áhyggjum með honum yfir því hver þróun mála verði í kjaramálum. Það er öldungis ljóst, ef samið verður um miklar krónutöluhækkanir, að gengið þolir það ekki. Útflutningsatvinnuvegirnir þola það ekki. Þetta vitum við sem hér erum inni og tökum undir áhyggjur hans að því leyti, um leið og ég legg áherslu á að festa bæði í ríkisfjármálum og öðru sé nauðsynleg við þau skilyrði sem við búum nú við.

Ég ætla ekki að fara að tala við hv. 4. þm. Vesturl. mikið um fiskveiðistefnuna. Sú umræða verður síðar. En ég held á hinn bóginn að það sé algerlega rangt hjá hv. þm. að mismunandi fiskgöngur í sjónum eigi rætur sínar að rekja til þess. Við erum auðvitað sammála um að nauðsynlegt sé að hafa stjórn á fiskveiðunum. Við getum sagt að útgerðaraðilar í einstökum byggðarlögum hafi mismunandi sjónarmið. Það eru hagsmunir sem stangast á og við munum síðar skiptast á skoðunum um hvernig hægt sé að standa að fiskveiðistefnunni, en erfiðleikar okkar nú eru að því leyti ekki ytri aðstæður heldur

innri aðstæður að það er takmarkað sem við getum sótt í sjóinn. Við hljótum að takmarka sóknina, eins fullkominn og veiðibúnaðurinn er orðinn og eins stór og flotinn er orðinn. Þetta setur okkur í vissan vanda og veldur erfiðleikum í atvinnuuppbyggingunni, ekki síst úti á landi.

Ég held að það sé ekki ástæða, herra forseti, til að fara frekari orðum um þetta mál. Ég ítreka það, sem ég sagði, að hæstv. fjmrh. þarf ekki að vanda sig svo mikið þegar hann gerir grein fyrir nýskipan skattamálanna að segja: Stefna Alþfl. og stefna ríkisstjórnarinnar. Þetta lá allt saman fyrir áður en kosið var, í stjórnarmyndunarviðræðunum og síðar. Allir þrír stjórnarflokkarnir gerðu sér grein fyrir því að nauðsynlegt var að umbylta tekjustofnakerfinu.

Ég veit ekki hvort það er ástæða til að fara aðeins út í virðisaukaskattinn út af þeim ummælum hv. 4. þm. Vesturl. þegar hann var að gera lítið úr þeirri breytingu og ætti hann þó sem útgerðarmaður einmitt að fagna því ef virðisaukaskatturinn yrði tekinn upp vegna þess að hann miðar öðrum þræði að því að bæta stöðu útflutningsframleiðslunnar, útflutningsgreinanna, og hins vegar að því að jafna skattbyrðina þannig að ekki komi upp misræmi eða misvægi milli einstakra fyrirtækja í sömu greinum eftir stærð. Ókosturinn við uppsafnaðan söluskatt, ókosturinn einmitt við að leggja söluskatt á hvað eina er sá að hann safnast upp mjög misjafnlega eftir eðli fyrirtækjanna. Þannig er t.d. enginn vafi á því að ákvæðið um að leggja sérstakan söluskatt á bókhaldsþjónustu leggst miklu þyngra á smáfyrirtækin en risa eins og SÍS. Þetta vita allir sem hafa fengist við skattamál. Það er einmitt til að draga úr slíku óþolandi misræmi sem nauðsynlegt er að koma virðisaukaskattinum á, jafna byrðarnar milli fyrirtækjanna þannig að rekstrarformin skipti ekki máli heldur það sem aðhafst er og gert í hinum einstöku fyrirtækjum og til þess líka að bæta stöðu útflutningsframleiðslunnar og samkeppnisiðnaðarins þannig að hér geti starfað heilbrigður rekstur.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér hafa spunnist nokkrar umræður vegna þess að ég tók til máls áðan og þykir mér það einkennilegt. (**Salþ:** Hafa menn ekki málfrelsi?) Að sjálfsögðu. Ég hélt það.

Aðeins fyrst út af því sem hv. þm. Júlíus Sólnes spurði um áðan, hvort ég væri stjórnarsinni eða ekki. Auðvitað á það ekki að vera í mínum verkahring að upplýsa þennan nýkjörna þm. um skyldur þm. Þær á hann að vita sjálfur. Ég tala nú ekki um jafnsprenglærður og hann kvað vera. Skyldur þm. eftir að hann er kjörinn eru að undirrita eiðstaf á Alþingi. Eiðstaf um hvað? Samkvæmt stjórnarskránni að fylgja sannfæringunni. Menn eiga ekki að haga sér svo í byrjun á þingferli að þykjast vera að spila sig frítt, vita ekki. Þetta er það eina sem þm. á að gera samkvæmt stjórnarskránni, að fylgja sannfæringunni. Hér kemur upp fulltrúi flokksins sem kallar sig flokk mannsins á götunni og aðalerindið er að tveir þm. úr sama flokki, Alþfl., eru ekki nákvæmlega á sama máli. Ja, hvílíkt raunsæi er innan veggja Borgarafl. ef þetta á að vera fylgifiskur þeirra áframhaldandi, svo fremi sem sá flokkur heldur áfram. Er það virkilega svo að menn í sama flokki geti ekki haft mismunandi skoðanir, geti ekki skipst á skoðunum með eðlilegum hætti án þess að menn finni sérstaklega þörf hjá sér til að tala um það á Alþingi? (**HBl:** Menn eiga náttúrlega að vera flokksþægir.) Það má vel vera og því veit ég að hv. þm. Halldór Blöndal hefur kynnst. Hann hefur trúlega kynnst því að vera flokksþægur og kannski er hann kominn svona langt í mannvirðingarstiganum vegna þess. Kannski það. En það eru ekki allir jafnflokksþægir, hv. þm. Halldór Blöndal.

Ég veit ekki hvort ég á að tala um það þegar hv. þm. Skúli Alexandersson er að tala um innanflokksátökin. Guð hjálpi manninum. (**Gripið fram í:** Þau eru víða, glerhúsin.) Já, trúlega veit hv. þm. hvar þau eru, einnig. En að úr þeim herbúðum séu menn að tala um innanflokksátök annars staðar. Ja, guð hjálpi þeim mönnum. Nei, Alþfl. er frjór. Menn mega vonandi hafa þar skoðanir á málum hvort sem þær eru samþykkar skoðunum forustunnar eða ekki. Það eru frjóir flokkar þar sem einstaklingnum leyfist að hafa skoðun og geta haldið henni fram án þess að hlaupa fyrir borð og stofna annan. Þetta þykir sumum afskaplega skrýtið og ég er ekki hissa á þeim fulltrúum sem hér hafa talað um þetta — ég tala nú ekki um úr eldri flokkunum — sem þykir það skrýtið að hér skuli menn geta skipst á skoðunum með eðlilegum hætti þótt samflokksmenn séu.

Ekki kveinka ég mér undan því nema síður sé að ég sé bendlaður við gamla forustuliðið í Alþfl. Það er síður en svo að menn þurfi að kveinka sér undan því. Ég átti nánast ekki von á því að ég nyti þess heiðurs að vera bendlaður við gömlu foringjana úr Alþfl. sem lyftu merkinu, báru það fram til sigurs oftar en einu sinni. (**Gripið fram í:** Frjálslyndi og vinstri flokkurinn var líka til sölu.) Það er rétt, það var sama stefnan, og menn eiga að fylgja stefnunni, hugsjóninni, sannfæringunni.

En það eru fleiri sem hafa haft þessa skoðun að því er varðar matarskattinn af því að hv. þm. Halldór Blöndal vék að því. Var ekki nýverið haldið þing Landssambands verslunarmanna? Hverjir ráða þar ferðinni? Það veit hv. þm. Halldór Blöndal. Hverjir ráða ferðinni þar? Og hvað sagði það þing um matarskattinn? Það hefur engin samkoma, mér vitanlega, sem haldin hefur verið síðan sá skattur var á lagður eða talað var um að leggja hann á, mótmælt honum jafnharkalega og þing Landssambands verslunarmanna. Kannski eru þeir allir sammála mér. En ég minni á að það hefur verið stefna allrar verkalýðshreyfingarinnar og er enn, það ég best veit, að vera andvíg skattlagningu á matvörur. Þetta hefur verið stefna hreyfingarinnar í gegnum mörg ár og á meðan hún breytir henni ekki hlýtur hún að halda sig við hana. Ef menn eru orðnir annarrar skoðunar eiga þeir líka að segja það og viðurkenna. Þessari

stefnu hefur ekki verið breytt. Hún er í fullu gildi og menn vilja halda sig við hana.

Ég held ég hafi komist svo að orði áðan út af matarskattinum að enn sæi ég ekki fyrir það sem koma ætti á móti. Ég hygg að ég fari efnislega rétt með það. Mín skoðun hefur verið sú — og þá tala ég sem jafnaðarmaður eins og ég raunar geri alltaf — að um leið og lagður væri söluskattur á alla hluti ætti söluskattsprósentan að lækka. Og meira en það. Það er ekki nóg að ná inn söluskattinum. Það þarf líka að setja reglur til þess að honum sé skilað til ríkisins sem á að fá hann.

Ég hlustaði á hæstv. menntmrh. í útvarpinu í gær þar sem hann minntist einmitt á söluskattinn og þær breytingar sem þar væri verið að gera en sagði jafnframt, og ég hugsaði mig um eftir það svar: „Meiningin var að lækka þá söluskattsprósentuna, en líklega verður lítið úr því.“ Og ef á að leggja söluskatt á allar matvörur en sama prósenta á að halda sér, hvað eru menn þá að gera? Ég vona að það sé ekki svo sem menn eru að tala um.

Ég tel að með þessu skrefi séu menn að byrja á öfugum enda. Við jafnaðarmenn höfum undanfarandi kjörtímabil gagnrýnt harðlega söluskattssvikin þar sem stolið er undan, löglega eða ólöglega, upp á milljarða króna. Það hefur engin breyting átt sér stað þar, en ég vona að hún verði. Ég er ekkert að segja um það að það kunni ekki að verða. Þessi ríkisstjórn hefur ekki setið æðilengi að völdum. Margar hafa setið miklu lengur en skilað minna. Við skulum því ekkert slá því föstu að hér geti ekki orðið á breyting. En þarna hefði átt að byrja að ná til þeirra sem undangengin ár hafa stolið undan skatti. Almenningur í landinu er orðinn tortrygginn á að það sé alltaf sagt: Það er verið að athuga þetta eða hitt. Við ætlum að reyna að gera þetta eða hitt og það kemur að þessu eða hinu. Því miður hefur almenningur í landinu fengið þá reynslu af stjórnvöldum, ríkisstjórnum, hvaða flokkar sem þar hafa átt hlut að máli, að þau hafa brugðist og það gefur almenningi í landinu ekki miklar vonir þegar slíkt hefur átt sér stað oft áður.

Þó að sú skattkerfisbreyting sem á að eiga sér stað nú um áramót nái fram að ganga verður engin breyting að því er fyrirtækin varðar, að því er þá varðar sem ætla að stela undan og hafa stolið undan. Það sýnist mér verða óbreytt þrátt fyrir að skattkerfisbreytingin nái fram að ganga nema eitthvað annað komi þá til.

Það er einmitt þetta sem ég er að tala um og ég bið menn að rifja upp, ég tala nú ekki um hv. þm., hvort það er eitthvað nýtt fyrir þá að heyra þessi viðhorf mín. Þetta lá fyrir strax fyrir myndun hæstv. ríkisstjórnar þannig að menn eiga ekkert að koma að tómum kofanum í þeim efnum. Þetta var ljóst og varð öllum ljóst, enda hef ég yfirleitt fengið það á mig, sem betur fer, að ég tali yfirleitt hreinskilnislega og menn viti hvar þeir hafa mig, það fari ekkert á milli mála. (**HBl:** Og erfitt að koma tauti við þig.) Já, stundum er það. En það er líka stundum gott að ekki sé verið að hringla í mönnum. Þetta er engin ný skoðun frá mér og er hún a.m.k. öllu alþýðuflokksfólki kunn, og þá hæstv. fjmrh. ekki síst.

Ég er þeirrar skoðunar að ákvörðun um matarskatt núna um áramót undir þeim kringumstæðum sem við stöndum frammi fyrir verði ekki til að greiða götu farsælla samninga. Ég bið menn líka, þegar menn eru að tala um — væntanlega segja menn — minnkandi aflamagn, verulega hækkaðar launatekjur, að hugleiða: Hvar lentu þær launatekjur? Hjá hverjum lentu þær? Ég held að það sé nokkuð ljóst, og um það eru menn nokkuð sammála, að þeir sem minnst höfðu fyrir hafa fengið minnst af launaskriðinu hafi þeir fengið nokkuð. Þeir hafa fengið minnst af því hafi þeir fengið nokkuð. Hinir sem nánast hafa getað tekið sér þetta fram hjá öllum eðlilegum leikreglum hafa fengið launaskriðið fyrst og fremst. Og ég segi það hér og segi það enn, hæstv. fyrrv. ríkisstjórn, hæstv. fyrrv. fjmrh. hleypti þessari skriðu af stað fyrir síðustu kosningar með samningunum við opinbera starfsmenn, sem nánast svik við Alþýðusamband Íslands og þau félög sem voru nýbúin að semja áður. Það var aldrei meiningin og aldrei um það talað, nema síður sé, að þetta gerðist í kjölfar jólaföstusamninganna í fyrra. Í framhaldi af þessu hafa síðan vinnuveitendur sjálfir síhækkað kaup þeirra tekjuhæstu með eigin ákvörðunum. Svo eiga hinir að sitja á botninum. Og ég bið menn að hugsa um það hvort raunverulega er hægt að ætla láglaunafólkinu að sitja enn í þessu sama fari. Ég held að ekki verði undan því komist að áður en kemur til eðlilegra kjarasamninga, ef menn vilja orða það svo, til heildarkjarasamninga, verði að leiðrétta laun fyrir þá sem ekki hafa notið launaskriðsins. Fyrr er ekki hægt að ganga til eðlilegra samninga. Ég held að menn verði að gera sér þetta ljóst. Undan þessu verður ekki vikist.

Ég vænti þess hins vegar fastlega af hæstv. ríkisstjórn, þá undir forgöngu hæstv. fjmrh., hins dugandi manns, að meira komi, að við fáum að sjá að það sé þá líka tekið á hinum sem hafa verið með undandráttinn undangengin ár í skatti og að tollurinn sé tekinn af þeim ekki síður. Því verður ekki unað öllu lengur að alltaf sé byrjað á launamanni en hinum sleppt. Ég vara menn mjög við því, ef menn á annað borð vilja af heilindum greiða götu eðlilegra kjarasamninga, að stíga áfram á þessari braut áður en menn hafa gert sér grein fyrir hvað það kann af sér að leiða.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara langt út í umræður um einstakar tölur varðandi t.d. breytingar á tollalögum, nýtt vörugjald og nýjar skattaálögur. Við verðum auðvitað að sjá þessa útreikninga og þessar tölur fyrir okkur áður en við getum endanlega gert upp okkar skoðanir í þessu efni.

Ég vil aðeins geta þess að í upphafi ferils fyrrv.

ríkisstjórnar var unnið mjög ítarlega að því að reyna að ganga frá tollskrárbreytingum þannig að engir tollar yrðu hærri en 30%, en þeir eru oft, eins og menn vita, allt upp í 80%, jafnvel hærri, plús svo ýmiss konar smágjöld. Sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. vann ég mjög mikið með ráðuneytismönnum að þessu þann fyrsta vetur og við gerðum okkur vonir um að eitthvað af þeim tillögum sem fram voru bornar mundu sjá dagsins ljós. Svo varð þó ekki.

Það má gjarnan geta þess að áður en sú stjórn var mynduð gerði ég það að algjöru skilyrði fyrir stuðningi við hana að í fyrsta lið svonefndra mildandi aðgerða stæði að tollar og skattar sem leggjast með miklum þunga á brýnustu nauðsynjar yrðu mjög lækkaðir. Þetta samþykktu allir þm. Sjálfstfl. og Framsfl. og þess vegna studdi ég þá ríkisstjórn.

Eins og ég sagði var framan af skammt gengið í þessu efni. Hins vegar varð á breyting eins og menn muna 1986 þegar loksins var gengið til móts við alþýðu með því að ríkið slakaði á klónni og linaði á sköttum og kom til móts við t.d. verkalýðssamtök og reyndar atvinnurekendur þá líka. Þannig náðust heilbrigðir samningar sem urðu til þess að verðbólga hjaðnaði mjög og ástandið í þjóðfélaginu batnaði.

Ég hef verið á móti ofsköttunarstefnu sem ég hef kallað svo í núna ein níu ár. Ég hef skrifað gegn þeirri stefnu sem ég tel að hafi síðasta hálfan annan áratug valdið okkar vandræðum, verðbólguvanda og ýmiss konar vanda öðrum. Þær eru orðnar æðimargar, mínar greinar og ræður um það og það þarf enginn að fara í grafgötur um mína skoðun í því efni að ég tel ekki rétt að hækka skatta, kannski síst neysluskatta, eins og nú horfir og þess vegna hef ég alla fyrirvara á stuðningi við hugsanlegar nýjar skattheimtur en ég vil sjá tölurnar á borðum áður en ég get gert mér grein fyrir því hvort þær muni leiða þær nýju tillögur sem voru uppi.

Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs vegna þess að mér er skylt að svara spurningu frá hv. þm. Júlíusi Sólnes um það hvort ég hafi á flokksráðsfundi Sjálfstfl. á laugardaginn var sagt að þessi nýju fjárlög, eins og þau voru lögð fram í þingi þriðjudaginn 13. október, hafi verið samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. Svo var ekki af þeirri einföldu ástæðu að það var ekki einu sinni búið að prenta þau. Það var ekki búið að ganga frá þeim í einstökum liðum. Þannig minnast menn þess kannski að hæstv. fjmrh. vakti alla aðfaranótt mánudagsins næsta á eftir til að ganga frá frv. Ég sá það auðvitað fyrst eins og aðrir þm. hér á borðum þann 13. og þó að einhverjir í þingflokki Sjálfstfl. eða Framsfl. hefðu viljað samþykkja frv. óséð kom það aldrei til. Okkur var einungis skýrt frá því að það væri horfið frá þeim fyrirætlunum að ná svokölluðum halla á fjárlögum niður á þremur árum, það ætti að gera á einu. Ég lýsti því yfir að ég teldi að það dæmi gengi aldrei upp. Það hlyti að enda með átökum, verulegum verðlagshækkunum að sjálfsögðu og til ófarnaðar. Því miður óttast ég það enn að svo fari ef þessu verður þannig framfylgt.

Vonandi hef ég rangt fyrir mér, en reynslan segir að ég hafi rétt fyrir mér. Þess vegna vil ég skoða málin öll nánar. Við í þingflokknum fengum að vita um þessar fyrirhuguðu breytingar föstudaginn 9. október, daginn fyrir þingsetningu, síðan á þingflokksfundum 10. og aftur mánudaginn 12. var málið ekki rætt og þar af leiðandi gat enginn samþykkt það.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þau fleygu orð eru höfð eftir öldnum stjórnmálaleiðtoga að stjórnmálaflokkur sé skipulögð skoðun. Þessi aldni stjórnmálaleiðtogi, ef hann mætti nú líta upp úr gröf sinni, mundi vafalaust skipta um skoðun sem og þeir fræðimenn aðrir sem hafa talið að hann hafi haft rétt fyrir sér. Vera má að flokkar nú til dags séu skipulagslausar skoðanir eða skipulagður skoðanaóskapnaður. Það gengur stundum erfiðlega að láta dæmið ganga upp.

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ástæða til þess að rifja upp fyrr hv. þingheimi um hvað við erum að ræða. Við erum að ræða frv. til laga um ráðstafanir í fjármálum sem er til staðfestingar á brbl. frá liðnu sumri. Þessar ráðstafanir voru um það að fækka undanþágum frá söluskatti, í fyrsta lagi að því er varðaði aðallega innflutt matvæli, í annan stað ýmsar greinar þjónustu, svo sem eins og lögfræðiþjónustu, fasteignasölu, endurskoðunarþjónustu, bókhaldsþjónustu, þjónustu verkfræðinga og arkitekta o.fl. Einhvern tímann, ef mig brestur ekki minni, hefði það verið nánast eins og músík í eyrum hv. 3. þm. Vestf. ef úrvalshópar menntamannastéttarinnar hefðu loksins átt að fara að bera skatta fyrir þjónustu sína.

Í annan stað var hér um að ræða að leggja gjöld á bifreiðaeign landsmanna. Í þriðja lagi var um að ræða skattlagningu á innflutt kjarnfóður. Í fjórða lagi var lagt ríkisábyrgðargjald á þá aðila, bæði opinbera aðila og einkaaðila, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á lántökum. Í fimmta lagi var lagður sérstakur skattur á lántökur fyrirtækjanna. Því næst fylgdu peningamálaaðgerðir og þessu var síðan fylgt eftir með því að það sem var að mati manna verðhækkun af söluskattsbreytingu var að fullu bætt með hliðarráðstöfunum í þágu þessara sérstöku hópa sem ég nefndi áðan, bótaþega almannatrygginga og barnmargra fjölskyldna.

Umræðan af hálfu þeirra sem hér hafa talað hefur mestan part farið út um víðan völl en þó hafa menn fyrst og fremst tönnlast á einhverju sem þeir kalla matarskatt, sem er ekki hér til umræðu, en næg tækifæri gefast til að ræða. Hér er verið að ræða um fyrstu aðgerðir ríkisstjórnar í fjármálum sem skiluðu ríkissjóði að því að talið er um 1 milljarði kr. á þessu ári, en áætlað er að skili ríkissjóði um 3,7 milljörðum á næsta ári. Til þessara aðgerða var gripið vegna þess að menn horfðu á þessu sumri fram á það að halli, að verulegu leyti kerfisbundinn halli í ríkisfjármálum á næsta ári gæti farið í 7,5 milljarða.

Með þessum aðgerðum var honum komið niður í 4 milljarða. Með öðrum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem birtust í fjárlagafrv. var að því stefnt að ná þessum 4 milljarða halla niður á núll.

Og af því að það var verið að spyrja hvort stjórnmálaflokkur kynni að vera skipulögð skoðun, þá spyr ég einnar spurningar: Hvað ætli hefði heyrst í málsvörum landsbyggðarinnar hér á hinu háa Alþingi ef lagt hefði verið fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 með fjögurra, ég tala nú ekki um sjö milljarða halla? Hvers konar niðurskurð halda hv. þm. að þeir hefðu orðið að horfa framan í? Ég tala nú ekki um í vegamálum, í samgöngumálum, í framkvæmdum á landsbyggðinni. Mér kemur ekkert á óvart að heyra skoðanir hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Ég þekki þær skoðanir, enda á hann heiður skilið fyrir að hafa barist fyrir þeim lengi, skýrt þær og varið í ræðu og riti, jafnvel gefið út um það bækur, barist fyrir því innan síns flokks. Ég er alls ekki að öllu leyti ósammála hv. þm. Ég er það að sumu leyti. Það er málefnalegur ágreiningur en mér kemur ekkert á óvart hans afstaða. Hún er í rökréttu framhaldi af því sem hann hefur áður haldið fram. Og vera má að honum sé líka ekkert svo ósárt um það að ríkissjóður kunni að vera rekinn með halla, hann ver það með sínum rökum. En það eru ekki rök sem ég átti von á að heyra frá mönnum sem vilja láta kenna sig við það að vera talsmenn landsbyggðarinnar hér á hinu háa Alþingi.

Í annan stað: Hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmason, sagði: Það er a.m.k. skilyrði fyrir því að ég styðji slíkar skattbreytingar í samræmi við stefnu Alþfl. að því fylgi samtímis tekjujöfnunaraðgerðir. Og hann komst svo að orði að hann sæi ekki fyrir hverjar þær yrðu. Hv. þm. ætti að sjá aftur. Við erum hér að tala um staðfestingu á brbl. sem sett voru á sl. sumri. Og með því að líta til baka fær hann það staðfest að gripið var til tekjujöfnunaraðgerða um leið og þessar aðgerðir í heild sinni voru leiddar í lög með brbl. til þess að bæta að fullu umræddum tekjuhópum þau verðhækkunaráhrif sem fylgdu.

Við erum hér að ræða staðfestingu á brbl. um fyrstu aðgerðir ríkisstjórnar sem eru liðin tíð. En vegna þess að menn láta eins og þeir þekki ekki boðaðar breytingar á skattakerfinu þá varð það mér tilefni til að rifja upp meginþættina til þess að staðfesta það að það er m.a. ætlunin að verja mjög verulegum upphæðum til þess að bæta þessum nefndu tekjuhópum upp að fullu þau verðhækkunaráhrif sem eru miklum mun minni en hv. þm. vilja vera láta af þessari skattahreinsun, þessari aðgerð gegn því kerfi sem allir hafa nú fallist á að sé í molum eða sé hrunið.

Hv. 3. þm. Vestf., Karvel Pálmason, sagði: „Mér þykir vera byrjað á öfugum enda. Nær hefði verið að ná í söluskattssvikara frá liðinni tíð.“ Um hvað er hv. þm. yfirleitt að tala? Hvernig á fjmrh. að ná til skattsvikara í söluskatti frá liðinni tíð? Hann byrjar að sjálfsögðu í samræmi við starfsáætlun og stefnuyfirlýsingu síns flokks og ríkisstjórnar að leggja fram tillögur um breytingar á skattakerfinu, m.a. í samræmi við tillögur skattsvikanefndar. En það er forsenda fyrir því að hægt sé að beita árangursríkum aðferðum til þess að innheimta álagðan söluskatt. Ég hvet hv. þm., hafi hann ekki gert það þegar, að kynna sér til hlítar þann dómsáfelli sem skattsvikaskýrslan er yfir þessu ónýta skattakerfi og skilja hvers vegna menn eru að reyna að útrýma þessum undanþágum. Það er nefnilega til þess að tryggja að álagður söluskattur verði innheimtur, en til þess eru engin önnur ráð, hv. þm., hvernig sem menn láta.

Ég held og ráðlegg hv. þm. að ræða við þá fulltrúa launþega sem falið hefur verið við hin verstu skilyrði að framkvæma þau gatónýtu skattalög sem hv. Alþingi hefur sett og ætlað þessum mönnum að framfylgja. Það liggja fyrir yfirlýsingar þeirra og það liggur fyrir skattsvikaskýrslan um að það er ekki á mannlegu valdi í óbreyttu kerfi. Það er ekki að vera sjálfum sér samkvæmur, það er skipulagslaus óskapnaður að heimta aðgerð gegn skattsvikum en ætla síðan að slá pólitískar keilur af því að það er til vinsælda fallið í augnablikinu og þarf engan kjark til. Neita síðan þeim leiðum sem ábyrgir stjórnmálamenn þurfa á sig að taka til þess að ná fram þeim markmiðum.

Hv. þm. sagðist heldur ekki sjá hvað mundi koma á móti. Þessi mál eru þaulrædd. Þaulrædd innan þingflokks Alþfl. Ég rifja upp að á þeim tíma sem stjórnarmyndunarviðræður stóðu yfir þá hélt þingflokkur Alþfl. ekki færri en 17 þingflokksfundi. Þar var hvert einasta skjal sem lagt var fram í þessum stjórnarmyndunarviðræðum lagt fyrir þm. jafnóðum og rætt í þaula. Og þingflokkurinn komst að sjálfsögðu að sameiginlegum niðurstöðum. Niðurstöðum sem voru byggðar á stefnumörkun og á málflutningi flokksins fyrir kosningar. Sá maður, sem hefur allar þær upplýsingar með höndum og sem hefur allar þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fyrir þingflokk Alþfl. nú, veit að sjálfsögðu nákvæmlega að hverju er stefnt um hliðarráðstafanir í öllu þessu máli. Hitt er auðvitað laukrétt að þessi umræða, um þessi staðfestingarfrv., er að sjálfsögðu ekki staðurinn né stundin til þess að ræða þau. Það eru ekki nema fáeinir dagar eftir þangað til hér streyma inn þau frv. sem því miður hafa ekki verið lögð fyrir Alþingi fyrr. Æskilegt hefði verið að það hefði gerst með betri fyrirvara. Ég viðurkenni það.

En að því er varðar t.d. staðgreiðsluna þá erum við að ræða í annarri hv. deild, neðri deild, fyrsta frumvarpið af einum fimm eða sex sem því fylgja. Annars vegar er það um tæknileg atriði og framkvæmd staðgreiðslukerfisins. Frv. nr. 2 verður um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og varðar þær ákvarðanir sem skipta sköpum um stillingu á skattbyrði í hinum nýja staðgreidda skatti. Þriðja lagafrv. er síðan um gildistöku í staðgreiðslu. Það fjórða verður um breytingar á svokölluðum húsnæðissparnaðarreikningum og hið fimmta verður um framkvæmdina að því er varðar gjaldheimtur. Því næst, þegar þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafa

lokið afgreiðslu sinni á málum, eru væntanleg frv. til laga um ný tolltaxtalög, frv. til laga um nýtt vörugjald, frv. til laga um nýskipan söluskatts ásamt með annaðhvort nýju frv. um hliðarráðstafanir því tengdar eða brtt. við áður framlögð frv., og þá brtt. við frv. til laga um breytingu á tekju- og eignarskatti.

Þetta eru meginfrumvörpin, þaulrædd fyrir kosningar, þaulrædd í stjórnarmyndunarviðræðum í öllum efnisatriðum, þaulrædd í okkar þingflokki. Þannig að það eru alger pólitísk látalæti ef menn segja sem svo — og ég hlýt að álykta að það eigi við um stjórnarflokkana alla — að þeim séu þessi mál ókunn.

Ég vil taka það fram vegna umræðna um vinnubrögð og um samskipti aðila í stjórnarflokkunum að þrátt fyrir viðurkenndar kenningar um það að ríkisstjórn sé fjölskipað stjórnvald og ráðherrar hver á sínu sviði hafi ótvírætt húsbóndavald í þeim málum sem undir þá heyra, þá hefur þessi ríkisstjórn tekið upp þau vinnubrögð að skipa samstarfsnefnd ráðherra. Þannig hefur verið skipuð sérstök samstarfsnefnd í ríkisfjármálum, skipuð þremur ráðherrum. Í henni hafa starfað ásamt með mér hæstv. iðnrh. fyrir hönd Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. fyrir hönd Framsfl. Þessi nefnd byrjaði að koma saman í ágústmánuði. Ég hef ekki á reiðum höndum tölu yfir fjölda funda þessarar nefndar, en þeir hafa verið býsna margir. Hvert einasta stefnumarkandi atriði við undirbúning fjárlaga var rætt í þessari nefnd. Það var gert í þeim yfirlýsta tilgangi að ekki færi milli mála að allur undirbúningur að stefnumótun að því er varðar fjárlagafrv. og lánsfjárlög yrði lagður fyrir og tilefni gæfist til umræðu í þingflokkum stjórnarflokkanna jöfnum höndum. Þannig að ef menn eru að gagnrýna að þeim sé af einhverjum ástæðum ókunnugt um mál eða hafi ekki fengið að fylgjast nægilega vel með málum sem allir þm., sem eiga aðild að stjórninni, eiga að sjálfsögðu kröfu á, þá vil ég segja þetta til þess að vísa því á bug, að ég vil ekki taka á mig þá gagnrýni. Ég tel að ég fyrir mína parta hafi gert allt sem í mínu valdi stóð til þess að reyna að hafa þau samskipti í lagi og koma upplýsingum á framfæri í tæka tíð við rétta aðila.

Herra forseti. Það var beint til mín einni málefnalegri spurningu frá hv. þm. Júlíusi Sólnes og hún var þessi: Hvers vegna ekki að vinda sér beint að því að taka upp virðisaukaskatt? Og svarið við því er einfalt, auðskilið og augljóst hverjum sem um málið hugsar. Það er ekki hægt með þeim undirbúningstíma sem þessi ríkisstjórn og þessi fjmrh. sem hér er hafði, það er ekki hægt með þeim undirbúningstíma að koma í framkvæmd virðisaukaskattskerfi á sama tíma og þetta fáliðaða vanmannaða skattakerfi okkar er að koma í framkvæmd þeirri miklu byltingu sem er staðgreiðslukerfi skatta. Það var bara hreinlega ekki hægt. Þannig að þess var enginn kostur að fara þá leið þó að fyrir því megi færa mörg rök. Þessu til viðbótar er þess að geta að hver ríkisstjórnin á fætur annarri á undanförnum árum hefur gert atrennu að því að koma á virðisaukaskatti. Fyrir liggja a.m.k. fjórar ítarlegar skýrslur og úttektir og fram hafa verið lögð frv., en þau frv. hefur dagað uppi hér á hinu háa Alþingi. Þannig að það er hvort tveggja sem þarf til. Það þarf miklu vandaðri undirbúning en tíminn leyfði til þess að koma á með árangursríkum hætti virðisaukaskattskerfinu. Það tekur til miklu, miklu fleiri aðila í innheimtu á skattinum og það er það mikil breyting að kerfið hefði ekki annað því á sama tíma og verið er að koma fram staðgreiðslukerfinu. Og í annan stað: Það er algjör nauðsyn að kynna miklu betur en gert hefur verið áður nauðsynina á virðisaukaskattinum, ekki síst fyrir forsvarsmönnum í atvinnulífinu sem margir hverjir hafa notið — ég tala ekki um í verslun og þjónustu — undanþágu í söluskatti. Aðrir, og þá einkum og sér í lagi í ýmsum samkeppnisgreinum, iðnaðargreinum, hafa hins vegar fundið hversu söluskattskerfið með sínum uppsöfnunaráhrifum er íþyngjandi, hversu skaðlegt það er fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Engu að síður spretta menn ævinlega upp í þessu þjóðfélagi í biðröðum til mótmæla af því að þeir hafa ekki heildarsýnina, skilja ekki nauðsynina. En hver sá sem hefur notið undanþága fer auðvitað ævinlega upp á dekk með það að hann vill viðhalda sínum undanþágum. Í öllu þessu ómerkilega og yfirborðskennda tali um matarskatta er ástæða til þess fyrir menn að staldra við.

Var það til einhverrar sérstakrar fyrirmyndar að skapa erlendum framleiðendum, hvort heldur var á matvælum eða öðrum hlutum, einhverja sérstaka samkeppnisaðstöðu í þessu þjóðfélagi með því að láta þá njóta skattfríðinda? Með því að breyta þessu söluskattskerfi, sem fæli í sér fækkun undanþága en lækkun söluskattsprósentunnar, — sem vissulega verður líka og hv. þm. er fullkunnugt um — með því er ekki verið að raska innbyrðis hlutföllum. Það er ekkert verið að raska hlutföllum innbyrðis milli annars vegar hefðbundinna landbúnaðarafurða eða fiskafurða eða annarra þeirra afurða sem voru undanþegnar. Heldur ekki að því er varðar innflutt matvæli sem eru samkeppnisvörur vegna þess að það leggst á þau sami söluskatturinn.

Herra forseti. Þessar umræður hafa, eins og ég segi, farið út um víðan völl og koma í raun og veru umræðuefninu sem hér var á dagskrá lítið sem ekkert við. Við vorum að ræða um liðna tíð. Við vorum að ræða um aðgerðir sem voru þess eðlis að þær voru ekkert matarskattur, þetta voru fjölþættar aðgerðir fluttar með brbl. af brýnni efnahagslegri nauðsyn ríkisstjórnar sem tók við ríkisfjármálum í miklum vanda. Það liggur alveg ljóst fyrir að þess var gætt að um leið og undanþágum var fækkað að því er matvæli varðaði, aðallega innflutt matvæli, þá var verðhækkununum mætt þegar í stað með tekjuráðstöfunum, með tekjujöfnunaraðgerðum. Þannig að ég fæ ekki séð að sú gagnrýni sem hér var flutt sé af neinu tilefni flutt. En það gefst að sjálfsögðu tilefni til að ræða það betur þegar þessi frv., sem ég var að lýsa áðan, líta dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í málefnalegar þrætur við hæstv. fjmrh. um söguna. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði hér áður: Ástæðan fyrir því að síðasta ríkisstjórn hætti við það að láta lögfesta virðisaukaskattinn á síðasta Alþingi var einfaldlega sú að ákveðið var að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, eins og ég vék að áðan. Og það er ástæðulaust að vera að gefa neitt annað í skyn um þau efni. Það lá þá fyrir, eins og raunar kom fram í ummælum hæstv. fjmrh., að það var ekki starfslið til að gera hvort tveggja í senn og talin ofrausn að gera hvort tveggja í senn, að taka upp virðisaukaskattinn og staðgreiðslukerfið. Virðisaukaskatturinn var því látinn bíða. Svo einfalt var það.

Ég vil í annan stað segja að það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að ríkisfjármálin voru í vissum vanda við stjórnarskiptin, sem m.a. átti rætur sínar að rekja til þess að verulegar skattalækkanir voru samþykktar á hinu háa Alþingi vegna febrúarsamninganna til þess að reyna að ná verðbólgunni niður og meiri stöðugleika í efnahagslífinu en áður. Þessi meginmarkmið tókust í stórum dráttum en það var þó aldrei gert ráð fyrir því að þær ráðstafanir sem þá voru gerðar til að berja verðbólguna niður mundu standa um aldur og ævi. Þetta vil ég taka fram í öðru lagi.

Í þriðja lagi vil ég aðeins segja, vegna þess sem hér hefur verið sagt um fjárlagafrv., að þingflokkur Sjálfstfl., eins og aðrir þingflokkar, gaf sínum ráðherrum umboð til þess að fjárlagafrv. yrði lagt fram þó svo að ekki ynnist tími til þess að fylgjast með þeim breytingum sem gerðar voru á síðustu stundu vegna hins bráða vanda sem blasti við um mánaðamótin september–október. Það er ástæðulaust að gera stórt mál úr því. Ég vil á hinn bóginn taka það fram að eins og við vitum allir hv. þm. er alltaf viss ágreiningur um einstök atriði í fjárlagafrv., t.d. hversu miklu fé skuli varið til hafnaframkvæmda og þar fram eftir götunum. Um það verðum við auðvitað að ná samkomulagi fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga. Því held ég að á milli stjórnmálaflokkanna sé ekki neinn sá djúpi ágreiningur um fjárlagafrv. sem sumir vilja vera láta.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður. Mér fannst engin ástæða til fyrir hæstv. fjmrh. að fara svo geyst eins og hann gerði hér áðan. Hann talaði um að þm. hefðu farið út um víðan völl í umræðu. Ég veit ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi sjálfur teygt lopann hér í byrjun. Og er það óeðlilegt þegar verið er að tala um ráðstafanir eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þó að vísu brbl. séu, að talað sé um þann skatt sem mest hefur verið á vörum fólks undanfarið af því að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að setja hann á 1. nóv.? Er það óeðlilegt að tengja það mál þeim umræðum sem hér eru? Ég held ekki. Það er kannski óvinsælt fyrir einhverja að fá slíkt hér inn í umræður og þá eiga menn bara að viðurkenna það. En það er ekki mikill hetjuskapur að vísa því á dyr.

Ég spyr menn: Var það engin búbót fyrir launafólk þegar söluskattur af matvöru var felldur niður á sínum tíma? Var það bara gert út í loftið? Ég hygg ekki. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hversu miklu hefur verið náð inn af söluskatti gildandi laga? Breytir það öllu hvort bætt er við söluskatti á matvöru til þess að ná öllu inn ef ekki hefur verið hægt að ná inn núna nema tiltölulega litlum hluta, allt hitt hverfur? Nei, hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég hefði að sjálfsögðu þurft að vera nokkru orðlengri en það gefst væntanlega tími til þess. Það er á engan hátt óeðlilegt, hæstv. ráðherra, að menn tengi þessi mál í umræðu á þann veg sem hér hefur verið gert. Það er ósköp eðlilegt og hlýtur að teljast sjálfsagt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

15. fundur, miðvikudaginn 25. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umboðsmaður barna, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. RA, 78. mál (sameiginlegt forval o.fl.). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil bara minna hæstv. forseta, sem hyggst nú taka fyrir 4. dagskrármálið, á þau ummæli sem hann viðhafði hér í gær um að þess yrði

freistað að ljúka 3. dagskrármálinu, sem var frestað, að mínum dómi ranglega, í gær, og að það yrði tekið fyrir strax í upphafi fundar. Ég vænti þess að forseti hyggist standa við orð sín að þessu leyti.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Vegna þessara ummæla hv. 17. þm. Reykv. skal það fram tekið að eins og fram kemur á dagskránni er það mál sem hv. þm. minnist á, 3. dagskrármálið, um áfengislög. Það var ætlun forseta að taka það í þessari röð en að beiðni hæstv. menntmrh. er 4. dagskrármálið tekið fyrir. Það er gert ráð fyrir að um það verði mjög stutt umræða og þess vegna mun ég standa við það sem ég sagði við menntmrh. áðan. Hins vegar skal það tekið fram að 3. dagskrármálið verður þar á eftir.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá, en væntanlega verður um það örstutt umræða. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru á sl. vori, en í aðfaraorðum þeirra brbl. segir, með leyfi forseta:

„Menntmrh. hefur tjáð mér að komið hafi í ljós að sá aðdragandi að skipun Vísindaráðs, sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí n.k."

Það var sem sagt gert með þessum brbl. Lögin tóku gildi 1. júlí og eru nú komin til framkvæmda.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. JM o.fl., 42. mál (áfengt öl). — Þskj. 42.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Út af þeim ummælum sem komu fram hér um þingsköp vil ég segja að ég tel að forseti hafi farið rétt að vegna þess að það var ekki tilkynnt á fundinum í gær að fundi yrði fram haldið eftir venjulegan fundartíma, þannig að þau ummæli sem kastað var fram til forseta áðan eru alveg út í hött.

Mér er það ljóst að ég hef ekki nema örstuttan tíma og mun ekki níðast á góðsemi hæstv. forseta, en ég vil aðeins minna á það bréf sem ég las hér upp um daginn frá 11 prófessorum við læknadeildir Háskólans ásamt ráðuneytisstjóranum Páli Sigurðssyni. Ef menn treysta sér til þess að vefengja þeirra umsögn, þá er ég hissa og ef menn telja þrátt fyrir þessar umsagnir að það sé sem sagt ekkert með þær að gera. En af því að þeim mönnum, sem standa að þessu bjórfrv., er mjög mikið niðri fyrir, þá vil ég aðeins segja þetta:

Í fyrsta lagi óska ég eftir því að nefndin sem fær þetta frv. til umfjöllunar afli sér upplýsinga um hvaða íslenskir aðilar hafi tryggt sér umboð hjá erlendum bjórverksmiðjum og dreifingarfyrirtækjum sem annast bjórsölu og hvenær þeir fengu umboðið. Þetta er með ólíkindum, þessi hamagangur að reyna að koma þessu frv. í gegn og það er best að þetta liggi fyrir.

Ég óska einnig eftir því að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess að allshn. fái tækifæri til að fara til Grænlands og Finnlands til þess að kynna sér hvernig áfengismálin eru þar komin og sérstaklega með það í huga að athuga hvaða áhrif bjórinn hefur haft þar að áliti þessara þjóða. Ég held að það væri lærdómsríkt. Alþm. hafa farið af minna tilefni til útlanda heldur en það að kynna sér þetta mál sem að mínum dómi er eitt það alvarlegasta sem hér er á Alþingi.

Ég bið forseta afsökunar að þetta var lengra en ég ætlaði og lýk máli mínu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Sóknargjöld, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 133.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er flutt vegna þess að nauðsynlegt er að gera breytingar á tekjustofnum sókna og trúfélaga í tengslum við gildistöku laganna um einföldun og staðgreiðslu opinberra gjalda. Með tilkomu hins nýja staðgreiðslukerfis er ekki lengur gert ráð fyrir því að sóknargjöldin verði innheimt beint af sóknarbörnunum.

Skattkerfisbreytingin, sem ég vitnaði til, felur það í sér að lagður verður á einn tekjuskattur til ríkisins sem kemur í stað núv. tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds, en frv. sem hér er flutt fjallar einmitt um sóknargjöldin.

Þegar löggjöfin um staðgreiðslu opinberra gjalda var í undirbúningi var jafnan gengið út frá því að kerfisbreytingin hefði ekki áhrif á tekjumöguleika sóknanna. M.a. sagði í grg. með frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að miðað væri við það að hlutdeild sóknanna í skattheimtunni yrði hin sama og verið hefði.

Á sl. sumri var skipuð nefnd til þess að semja frv. til l. um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld sem tæki mið af skattkerfisbreytingunni. Í þessari nefnd áttu sæti tveir menn tilnefndir af kirkjuráði, einn frá fjmrn. og einn frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin hafði í sínu starfi samráð við og fékk upplýsingar frá embætti ríkisskattstjóra, Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands um einstaka þætti þessa máls.

Nefndin varð svo sammála um niðurstöðu. Frv. sem nefndin samdi var lagt fyrir kirkjuþing í byrjun októbermánaðar. Kirkjuþing gerði á því nokkrar smávægilegar breytingar og í þeirri gerð sem það kom frá kirkjuþingi er það hér flutt. Ég ætla nú að fara nokkrum orðum um einstaka kafla frv.

Í I. kafla er fjallað um hlutdeild safnaða og trúfélaga í tekjuskattinum. Meginbreytingin frá gildandi lögum, eins og ég nefndi áðan, er sú að gjaldendur greiða nú ekki skatt sinn beint til sóknanna. Þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands, vegna þeirra manna er standa utan trúfélaga, fá hins vegar hlutdeild í hinum nýja sameinaða tekjuskatti. Þessi hlutdeild í tekjuskattinum er ákveðin í frv. í samræmi við álögð sóknargjöld á árinu 1987, en samtals nema þessi álögðu sóknargjöld rúmlega 312 millj. kr., en þau eru 299,7 millj. ef eingöngu er miðað við hinar venjulegu álagningarheimildir skv. 2. gr. gildandi laga um sóknargjöld, þ.e. þegar búið er að draga frá þá fjárhæð sem byggist á því að nýta sérstaka álagningarheimild skv. 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld, sem er háð sérstöku leyfi dóms- og kirkjumálaráðherra. Við útreikning á hlutdeild sóknar og trúfélaga og Háskólasjóðs í hinum nýja tekjuskatti er miðað við töluna 299,7 millj. Í þá tölu er svo deilt fjölda þeirra manna sem eru 16 ára og eldri í árslok 1986. Með því er fundin ákveðin grunntala sem notuð er til þess að ákveða hlutdeild einstakra sókna, trúfélaga og Háskólasjóðsins í tekjuskattinum framvegis. Þannig mun gjaldið fylgja sjálfkrafa breytingum sem kunna að verða á fjölda þeirra manna sem náð hafa 16 ára aldri og tilheyra hverjum slíkum söfnuði. Auk þess er gert ráð fyrir því að gjaldið fylgi þeim breytingum sem verða kunna síðar á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tveggja síðustu ára á undan gjaldári. Fjárhæðinni, sem þannig fæst, er skipt milli þjóðkirkjusafnaðanna, trúfélaganna og háskólasjóðsins í hlutfalli við fjölda manna sem eldri eru en 16 ára í hverjum söfnuði. Þetta er einföld regla og leiðir til jöfnunar milli safnaða í landinu. Þetta mun hafa í för með sér að þeir söfnuðir þar sem tekjur eru lægri á hvern mann fá úr þessu heldur meiri tekjur. Jafnframt auðveldar þetta að sjálfsögðu söfnuðunum að áætla tekjur sínar. Ríkisbókhaldið mun framvegis annast skiptingu gjaldenda skv. upplýsingum um fjölda sókna og trúfélaga frá Hagstofu Íslands og þar með fæst einföld aðferð til að skipta fénu á milli þeirra.

Í II. kafla frv. er komið að öðru mikilvægu nýmæli, en það er að stofnaður verði Jöfnunarsjóður sókna. Sjóðnum er m.a. ætlað að mæta fjárþörf þeirra safnaða sem ætla má að annars mundu hafa notað heimildina sem er í 3. gr. gildandi laga um sóknargjöldin, um sérstaka hækkun þess. En þessum sjóði er ætlað meira hlutverk. Honum er líka ætlað að styrkja fámennar og fátækar sóknir, að auðvelda stofnun sókna þar sem byggð er að breytast og að styrkja kirkjulega, félagslega og menningarlega starfsemi á vegum safnaðanna. En ekki hvað síst er þessum nýja sjóði ætlað að standa að hluta til undir rekstri og viðhaldi kirkna sem ég vil kalla landskirkjur. Þar á ég við Hóladómkirkju, Dómkirkjuna í Reykjavík, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Skálholtskirkju. Loks er svo þessum sjóði ætlað að veita framlög til ýmissa kirkjulegra verkefna sem til þessa hafa fengið fjárframlög úr ríkissjóði. Stjórn Jöfnunarsjóðs sókna verður í höndum kirkjuráðs. Með stofnun þessa sjóðs er fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar nokkuð aukið, en jafnframt ábyrgð kirkjuráðsins.

Það er þess vegna kirkjuráðið sem á að hafa með hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna. Kirkjuráðinu er ætlað að semja árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og kynna hana dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar á hverju ári þannig að unnt verði að taka tillit til þeirrar fjárhagsáætlunar við gerð fjárlagabeiðna frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þessa áætlun um fjárhag Jöfnunarsjóðsins á líka að kynna á kirkjuþingi árlega.

Reikningshald þessa sjóðs á að vera hjá Biskupsstofu, en endurskoðun hjá Ríkisendurskoðuninni. Eftir að þessi sjóður hefur verið stofnaður er einnig lagt til að bein framlög á fjárlögum úr ríkissjóði til einstakra kirkna falli brott, en í þeirra stað geti komið framlög úr Jöfnunarsjóðnum.

Þá kem ég að III. kafla frv. en þar eru ákvæði um héraðssjóði, sem eru í öllum meginatriðum hin sömu að efni til og ákvæði gildandi laga um sóknargjöld. Við umræður um þetta frv., eða drögin að því áður en það var lagt fram á þingi, hefur heyrst að með því sé verið að eyrnamarka kirkjunni hluta af tekjustofni ríkissjóðs sem sé andstætt hinni mörkuðu meginstefnu í fjármálastjórn sem er að hverfa frá fyrri aðferð. Ég vil af þessu tilefni taka skýrt fram að söfnuðirnir hafa reyndar haft sjálfstæðan tekjuskatt og í frv. er eingöngu fundin aðferð til þess að hann

haldist áfram hjá þeim, en vegna einföldunar í skattakerfinu vegna staðgreiðslunnar var ekki fundin önnur aðferð betri en sú sem hér er gerð tillaga um og þess vegna verður að taka þetta fé af óskiptum tekjuskattinum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég legg áherslu á að það fái skjóta meðferð hér í hv. þingdeild, enda tengist það gildistöku staðgreiðslu skatta í byrjun næsta árs og gerð fjárlaga fyrir það ár.

Ég legg að lokum til að þessu frv. verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 131.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til staðfestingar á brbl. um breyt. á l. nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Lagt er til að 2. mgr. 2. gr. þessara laga orðist svo:

„Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, tímabundið leyft slátrun í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til 1. júní 1988."

Þegar lög nr. 30 frá 1966 voru samþykkt var í þeim slík tímabundin heimild til ráðherra að veita undanþágur til slátrunar í ólöggiltum sláturhúsum og síðan hefur Alþingi með svipuðum lagabreytingum og hér í þessum brbl. framlengt það nokkrum sinnum. Ákvæði þess efnis hafa þó alltaf gilt í takmarkaðan tíma. Að þessu sinni er einungis leitað undanþáguheimildar til eins árs eða til 1. júní á næsta ári. Því er nauðsynlegt að Alþingi marki á þessu þingi framtíðarstefnu í málefnum sláturhúsa að þessu leyti.

Að undanförnu hafa miklar umræður farið fram um sláturhús og skipulagningu þeirra og má m.a. rekja þær til skýrslu sem svokölluð sláturhúsanefnd skilaði á sl. sumri. Þá nefnd skipaði ég 27. febr. 1985 skv. ályktun Alþingis frá 8. maí 1984, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga hvernig bæta megi rekstrargrundvöll sláturhúsa, m.a. með því að tryggja sláturhúsunum önnur verkefni svo að lengja megi nýtingartíma þeirra. Enn fremur verði kannað hvort hagkvæmt sé að endurbæta eldri sláturhús svo að viðunandi sé eða ráðast í nýbyggingar."

Í nefndinni áttu sæti Margeir Daníelsson hagfræðingur og var hann formaður nefndarinnar, Egill Bjarnason ráðunautur og Ari Skúlason hagfræðingur. Með nefndinni vann einnig Gunnar Þorsteinsson, þáv. forstjóri teiknistofu Sambands ísl. samvinnufélaga. Nefndin skilaði áliti í júní í vor og hefur því verið dreift til alþm. Kann ég nefndinni bestu þakkir fyrir hennar störf.

Svo sem ég hef þegar gert grein fyrir gilda brbl. sem gefin voru út í sumar aðeins fyrir yfirstandandi framleiðsluár. Ég legg hins vegar áherslu á að þetta mál verði í heild sinni tekið til gaumgæfilegrar athugunar í hv. landbn. og að þar verði gerðar á því breytingar sem ná lengra fram í tímann og séu í samræmi við þá stefnu sem Alþingi vill að mótuð verði til frambúðar í þessu máli. Skýrsla sláturhúsanefndarinnar svokölluð, og ég hef áður gert grein fyrir, er við það þýðingarmikið gagn og mun auðvelda Alþingi að móta afstöðu sína.

Eitt af meginsjónarmiðum í tillögugerð nefndarinnar var betri nýting á því fjármagni sem þegar er bundið í sláturhúsum og tilheyrandi véla- og tækjabúnaði, samhliða lágmarkskostnaði við endurbætur. En einnig mótuðust tillögur nefndarinnar af eftirfarandi atriðum sem vissulega þarf að hafa í huga.

1. Fækkun sauðfjár í landinu.
2. Breytingu á afurðasölufyrirkomulagi.
3. Bættum samgöngum.
4. Auknum kröfum um hollustuhætti.

Þetta eru allt atriði sem taka verður tillit til.

Áður en lengra er haldið tel ég rétt að rifja upp til viðbótar nokkur atriði úr sögu og þróun slátrunar hér á landi, enda nauðsynlegt að Alþingi hafi heildaryfirsýn yfir gang þeirra mála þegar framtíðarstefna er ákveðin.

Árið 1907 voru fyrstu sláturhúsin hér á landi byggð og var það nauðsynleg forsenda þess að útflutningur á söltuðu dilkakjöti gæti átt sér stað. Með tilkomu þeirra jókst útflutningur á saltkjöti en upp úr 1930 fer frosið dilkakjöt að láta að sér kveða á mörkuðum erlendis. Brugðist var myndarlega við þeirri þróun með byggingu frystihúsa og eftir 1935 var meiri hluti dilkakjöts fluttur út frosinn.

Fyrstu lög sem kveða á um slátrun og meðferð sláturafurða voru sett árið 1912. Þau voru síðan endurskoðuð nokkrum sinnum, síðast 1943. Með nýjum lögum og reglugerðum frá árinu 1949 var í fyrsta sinn gert ráð fyrir því að allt kjöt sem ætlað er til sölu og neyslu innanlands skuli vera af sláturdýrum sem slátrað hefur verið í löggiltum sláturhúsum og sömuleiðis að frysting fari þar fram. Þessi ákvæði eru endurtekin í l. nr. 30/1966 og þar er einnig ákvæði að finna um að heilbrigðisskoðun fari fram á öllu sláturfé sem slátrað er í þessum húsum. Þessi lög gilda enn óbreytt að undanskilinni 2. gr. þeirra sem hefur til þessa heimilað ráðherra að veita undanþágu eins og bráðabirgðalögin.

Reglugerð nr. 442/1977, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, og reglugerð nr. 205/1967, um búnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða, byggja á þessum lögum og eru enn í gildi. Þróunin hefur orðið sú að sláturhúsum hefur fækkað á landinu síðustu áratugi, enda eðlilegt í kjölfar aukinna krafna til þeirra um meðferð sláturfjár og sláturafurða. Þar við bætist að húsin hafa orðið fullkomnari og afkastameiri og samgöngur batnað til muna sem auðveldar flutning sláturfjár.

Ég vil halda því fram að þróun í þessa átt sé rétt. Hún leiðir til betri meðferðar á sláturafurðum og gerir slátrunina hagkvæmari. Af þeim ástæðum ítreka ég að rétt sé nú að Alþingi fjalli um þessi mál og marki framtíðarstefnu til að vinna eftir.

Árið 1955 voru starfandi 120 sláturhús í landinu og var í þeim slátrað 480 þúsund fjár. Árið 1965 voru sláturhúsin 83, en í þeim slátrað 770 þúsund fjár. Árið 1975 var tala sláturhúsa komin niður í 60 hús, en sláturfé um 960 þúsund. Árið 1985 hafði sláturhúsum enn fækkað og var það ár slátrað í 49 húsum um 820 þúsund fjár. Alls hafði því sláturhúsum fækkað á 30 árum um 71 hús þrátt fyrir að sláturfé fjölgaði. Sums staðar hefur þessi fækkun orðið með þeim hætti að fleiri en einn sláturleyfishafi hafa rekið sama sláturhúsið eða einn sláturleyfishafi hefur einnig tekið að sér slátrun fyrir annan með sérstökum samningi.

Svo sem rakið er í skýrslu sláturhúsanefndarinnar var það ekki fyrr en upp úr 1960 að skriður komst á uppbyggingu fullkominna sláturhúsa sem gætu verið fær um að verka kjöt til útflutnings eftir þeim reglum sem viðskiptaþjóðir okkar settu þar um. Haustið 1966 skipaði Framleiðnisjóður nefnd þriggja manna sem gera átti tillögur um framtíðarskipan þessara mála sem gæti orðið sjóðnum að gagni við ákvarðanir um fyrirgreiðslu. Nefndin gerði tillögu um samruna sláturhúsa og staðsetningu 18 framtíðarsláturhúsa. Fleiri nefndir voru skipaðar í kjölfar þessa 1969, 1973 og 1979 og eins og áður sagði skipaði ég síðan þriggja manna nefnd árið 1985 sem lokið hefur störfum sínum. Í niðurstöðum nefndarinnar segir svo, með leyfi forseta: „Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að í löggiltum sláturhúsum á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi sé hægt að anna þeirri sauðfjárslátrun sem um verður að ræða í náinni framtíð miðað við ríkjandi markaðsaðstæður fyrir kindakjöt og það magn samninga sem nú liggja fyrir milli Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnar Íslands um verðlagningu á kindakjöti. Á Austurlandi verður ekki hjá því komist að gera úrbætur varðandi aðstöðu til slátrunar á sauðfé."

Nefndin gerir síðan ákveðnar tillögur um hvaða sláturhús skuli verða starfrækt í framtíðinni. Alls eru það 18 hús sem skiptast þannig: Fjögur á Suðurlandi, tvö á Vesturlandi, fjögur á Vestfjörðum, fimm á Norðurlandi og þrjú á Austurlandi.

Þá gerir hún einnig grein fyrir því hvaða sláturhús hún telji að eigi að hætta slátrun og hvenær. Alls eru það 31 sláturhús sem nefndin telur að leggja eigi niður starfsemi hjá frá árinu í ár til ársins 1997 og vísa ég um þau í álit nefndarinnar og aðrar niðurstöður hennar, t.d. hvað varðar fyrirkomulag slátrunar, skiptingu slátursvæða og tillögu um úreldingarsjóð sláturhúsa.

Í niðurlagi skýrslunnar segir svo, með leyfi forseta: „Nefndin er jafnframt þeirrar skoðunar að fenginni reynslu að lögbinda beri fyrirhugaða fækkun sláturhúsa. Á þann hátt verður best tryggt að nauðsynleg breyting geti átt sér stað. Framtíðarstefnan í þessum málum hlýtur að vera að fá fáein fullkomin sláturhús sem geta nýtt sér alla kosti hagræðingar og framleitt góða vöru gegn sanngjörnu endurgjaldi."

Ég hef hér að framan gert nokkuð ítarleg skil þeirri þróun sem átt hefur sér stað í sláturhúsamálum Íslendinga og þeim tillögum sem settar hafa verið fram um fyrirkomulag þessara mála fyrr og nú. Ég vil hins vegar benda á að þrátt fyrir tillögur og markmið sem fyrr hafa verið sett um endurbætur eða uppbyggingu sláturhúsa hefur þeim ekki verið náð. Einkum skortir á að kröfum hafi verið fullnægt hjá elstu húsunum og ýmsar ástæður eru þar að baki. Má þar nefna að sláturleyfishafar hafa reynt að halda niðri sláturkostnaði með því að framfylgja einungis lágmarkskröfum. Einnig hafa undanþágur sem veittar hafa verið til slátrunar í ólöggiltum húsum orðið til þess að erfiðara hefur verið fyrir heilbrigðisyfirvöld að gera miklar kröfur til þeirra húsa sem betri eru.

Á þessu hausti fór fram slátrun í 47 sláturhúsum í stað 49 á fyrra ári. Af þeim fengu 27 undanþágu til slátrunar og er ljóst að þau þarfnast mikilla endurbóta í byggingu og búnaði til að öðlast löggildingu. Í skýrslu sláturhúsanefndarinnar kemur fram að ef öll 49 sláturhúsin, sem fram til þessa hausts hafa fengið leyfi til slátrunar, mundu hljóta löggildingu þyrftu þau að leggja út í fjárfestingu sem næmi um einum milljarði króna á núgildandi verðlagi. Það hefði í för með sér að sláturkostnaður yrði að hækka um 22,50 kr. á hvert kíló eða 32,8% sem augljóslega getur ekki gengið. Við hljótum að leita leiða til þess að slátrun verði sem ódýrust og sem hagkvæmust enda sláturkostnaður þegar orðinn stór liður sláturafurða.

Hér fara saman sem oft áður hagsmunir framleiðenda og neytenda. Jafnframt hljótum við nú og í framtíðinni að gera þá kröfu að slátrun og meðferð sláturafurða fari fram með fullgildum hætti og eftir þeim kröfum sem gerðar eru til bættrar aðstöðu í sláturhúsum og taka til bættrar meðferðar á sláturdýrum, sláturafurðum og heilbrigðiseftirliti.

Framtíðarstefna þessara mála hlýtur að mótast af því að þau hús sem uppfylla ekki lágmarkskröfur og augljóst er að þurfa að kosta miklu fjármagni til nauðsynlegra endurbóta hætti starfsemi sinni. Nauðsynlegt er hins vegar að vita hversu mikið er hægt að notast við þá aðstöðu sem fyrir er í landinu og að reynt verði að halda frekari fjárfestingu í lágmarki

en samt sem áður að uppfylla þær kröfur sem nauðsynlegar eru í sambandi við afköst við slátrun og meðferð sláturafurða. Þetta er sjónarmið sem liggur til grundvallar í skýrslu sláturhúsanefndarinnar. Mikil uppbygging mundi óhjákvæmilega leiða til stóraukins sláturkostnaðar sem þýddi hærra söluverð.

Mér virðist eðlilegast að fyrsta skrefið í átt til þess að fullnægja kröfum til slátrunar væri að heimildir til undanþágu væru alls ekki fyrir hendi í lögum til húsa sem væru innan ákveðinnar fjarlægðar frá löggiltu húsi en að öðru leyti kvæðu lögin ekki á um það í fyrsta áfanga. Þar með væri tekið tillit til þess hversu auðvelt væri að koma fyrir flutningi sláturfjár og líka hversu langt væri hægt að ætlast til að fólk geti sótt vinnu. Bent skal á í því sambandi að víða sækir fólk daglega vinnu um eða yfir 50 km vegalengd enda aðstaða til þess breyst til muna á síðari árum með bættum vegasamgöngum.

Það er að sjálfsögðu matsatriði hversu hratt eða langt skal gengið í því að stefna í þá átt að öll sláturhús séu löggild og einnig geta menn deilt um hvaða kröfur eigi að gera til sláturhúsa. Ég vil þó í því sambandi vitna til svars Páls Agnars Pálssonar yfirdýralæknis er hann ritaði til sláturhúsanefndarinnar og fram kemur í nefndaráliti hennar. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Um búnað þessara sláturhúsa og tilhögun þeirra, aðbúð starfsfólks o.s.frv. gildir reglugerð nr. 205 1967. Er þar um að ræða lágmarkskröfur miðað við það sem gerist í grannlöndum okkar. Þrátt fyrir það hafa ekki öll sláturhús enn getað uppfyllt þær kröfur sem reglugerðin gerir ráð fyrir og starfa þau því á undanþágu ár frá ári. Er slíkt með öllu óviðunandi. Ég sé ekki fram á að unnt sé að slaka á þeim kröfum sem núverandi lög og reglugerðir geyma varðandi sláturhús og kjötgeymslur ekki síst þegar tekið er tillit til sívaxandi krafa neytenda um auknar hreinlætis- og hollustukröfur varðandi matvæli."

Ég vil ítreka að stöðugt er verið að gera meiri kröfur til þeirra húsa og staða sem annast matvælavinnslu í hvaða formi sem hún er. Umræður síðustu mánuðina um þetta málefni hafa tvímælalaust ýtt meira undir það en oft áður. Þess má geta að á þessu hausti kom hingað til lands, eins og á hverju ári, fulltrúi frá Evrópubandalaginu til þess að skoða þau hús sem hafa fengið leyfi til útflutnings þangað. Að þeirri skoðun lokinni sagði hann að viðhald og endurbætur á þessum húsum hefðu ekki verið nægjanlega miklar þannig að við gætum ekki haldið áfram að fá leyfi til útflutnings til Evrópubandalagsins nema úr væri bætt og að við værum að dragast aftur úr í sambandi við þær kröfur sem gerðar eru annars staðar til aðstöðu á þessu sviði.

Þessar viðhorfsbreytingar eiga rætur að rekja til aukinnar vitneskju um hollustuhætti og síðast en ekki síst þess að óumdeilanlega hefur mengunarhætta í umhverfinu aukist til muna á síðari árum og þarf því betri aðstæður til að verjast skaðvænlegum áhrifum hennar. Má í því sambandi benda á hversu mengunarhætta við slátrun fugla hefur látið illilega til sín taka og lítur út fyrir að ekki sé unnt að koma algjörlega í veg fyrir hana heldur þurfi að stefna að því að halda henni í lágmarki. Þar við bætist einnig að breytt meðferð á matvöru, t.d. það að kjöt er látið hanga langan tíma til að gera það ljúffengara, krefst þess að varan sé í eins góðu ástandi og kostur er áður en til slíkrar meðferðar kemur.

Sú framleiðslugrein sem ekki gætir þess að fylgjast nægilega vel með á þessu sviði mun bíða lægri hlut í hinni síharðnandi samkeppni á markaðinum. Því verður ekki neitað að sláturkostnaður hér á landi er ærið mikill og stafar m.a. af stuttum nýtingartíma sláturhúsanna og einnig því að afköstin eru ekki eins mikil og best verður á kosið þar sem mannaskipti við sláturstörf eru tíð.

Það er augljóst að viðamiklar breytingar á núverandi fyrirkomulagi slátrunar verða ekki gerðar í einu vetfangi enda margvísleg sjónarmið sem þarf að hafa í huga. M.a. kemur þar inn atvinnusjónarmið einstakra byggðarlaga eins og ég hef að framan drepið á. Af þeim sökum hef ég sérstaklega óskað eftir því við Byggðastofnun að hún reyni að meta þau áhrif sem fyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar hefðu í för með sér á atvinnustarfsemi viðkomandi héraða miðað við skýrslu sláturhúsanefndarinnar. Niðurstaða af athugun Byggðastofnunar hefur ekki borist enn þá en landbn. hv. Nd. mun fá hana strax og hún berst.

Vafalaust gæti tillaga sláturhúsanefndarinnar um sérstakan úreldingarsjóð greitt fyrir æskilegri breytingu á þessu sviði en þá er gert ráð fyrir að sláturleyfishafar sem hætta fái greiddan mismun á fjárfestingarkostnaði og því sem fæst fyrir mannvirki þegar þau þarf að taka til annarra nota.

Herra forseti. Undanþáguákvæði í lögum hafa leitt til þess að leyfi hafa verið veitt til slátrunar í húsum sem alls ekki hafa fullnægt settum reglum um slátrun og meðferð sláturafurða. Ég ítreka þá skoðun mína að slíkt gangi ekki til frambúðar og því beri Alþingi að takmarka þessa undanþáguheimild frá og með næsta sumri innan ákveðins ramma og mótist hún af stefnu í sláturhúsamálum sem Alþingi ákveður til frambúðar.

Ég legg að lokum áherslu á að hv. landbn. taki þetta til ítarlegrar athugunar og í störfum sínum kalli hún til liðs við sig hagsmunaaðila þessa máls. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem liggur fyrir og er staðfesting á bráðabirgðalögum er náttúrlega sjálfsagt mál. Ég kveð mér hljóðs vegna þeirrar skýrslu sem hæstv. landbrh. gat um sem er verk nefndar sem ráðherra skipaði. Þessi skýrsla er kannski dæmi um það hvernig útkoman getur verið þegar skrifstofumenn í Reykjavík eru látnir fjalla um mál og þekkja hvorki aðstæður eða annað. Ég harma það að það skyldu ekki vera menn sem hafa þekkingu á þessum

málum sem sátu í nefndinni því að a.m.k. í sumum atriðum er hún að mínum dómi fráleit. Ég tek sem dæmi t.d. norðausturhornið þar sem ætlast er til að bændur í Vopnafirði keyri með sitt fé til Kópaskers. Það er yfir 200 km leið, mjög leiðinlegur vegur mikið af leiðinni. Ég held það sé ekki einn einasti metri t.d. af bundnu slitlagi og sumt er yfir heiði að fara og hálsa. Það fer auðvitað eftir atvikum hvort þetta er bara framkvæmanlegt. Og mér kemur það ákaflega á óvart ef þessir aðilar gangast undir slíkt. Þetta hefði verið mikið betur staðsett t.d. á Þórshöfn. Hitt er annað mál að þar er ekki gott hús, það viðurkenni ég. En að ætla sér að fara með sláturfé á þriðja hundrað kílómetra vegalengd yfir þessa vegi finnst mér a.m.k. algjörlega fráleitt. Það er allt annað mál þar sem vegir eru komnir með bundið slitlag, kannski alla leiðina. Það mætti vera helmingi lengri leið að mínum dómi en á hinum stöðunum.

Ég verð að segja það líka í sambandi við slátrun við Eyjafjörð að það á ekkert sláturhús að vera þar og á að fara með féð frá byggðum Eyjafjarðar, allt frá Ólafsfirði og dölunum, annaðhvort til Skagafjarðar eða Húsavíkur, en aðalmarkaðurinn á Norðurlandi er einmitt Eyjafjarðarsvæðið. Vegalengdirnar eru aðrar. Þær eru miklu minni þrátt fyrir allt. Þær eru kannski ekki mikið minni frá Ólafsfirði en samt eru þær styttri og vegirnir allt aðrir. En að ætla sér að keyra fénu frá Eyjafjarðarsvæðinu og svo afurðunum til baka — ég held að það verði erfitt að sætta menn við það. Ég tek þessi dæmi vegna þess að ég þekki þau best og af því að þetta mál er hér til umræðu langar mig bara að vekja athygli á því og skora á hv. landbn. að taka þessi mál til umfjöllunar og a.m.k. taka ekki þessa skýrslu nefndarinnar sem plagg sem væri hægt að fara alveg eftir. Ég held að það þurfi að endurskoða þau vinnubrögð öll. Hitt er annað mála að það þarf auðvitað að fækka sláturhúsum eins og komið er, en það verður að gera það af meiri þekkingu og meira viti en mér sýnist þetta nefndarplagg hafa að geyma.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til laga um staðfestingu á brbl. sem gefin voru út í sumar og voru samkvæmt venju flutt til þess að bjarga því að hægt yrði að slátra á liðnu hausti í mörgum húsum sem ekki gátu fullnægt öllum skilyrðum þar um. Það vekur auðvitað athygli að frv. gerir einungis ráð fyrir að heimilt verði að veita undanþágur fram á mitt næsta ár. Það verður því eðlilega fyrsta spurningin sem vaknar við umfjöllun um þetta mál hvort sá frestur dugi nú miklu betur en sá sem var í gildi næstur þar á undan og hvort það sé ekki í raun svolítið vandræðalegt fyrir löggjafann að afgreiða frv. til staðfestingar á brbl. sem í raun og veru hlýtur að kalla yfir sig aftur ný brbl. á næsta sumri og jafnvel og svo framvegis einhver ár. Þess vegna er kannski eðlilegast að spurt sé í fyrsta lagi: Er það til einhvers að afgreiða svo stuttan frest, veita hæstv. landbrh. svo stutta heimild til að veita undanþágur frá þessum ákvæðum?

Það er þarft og skylt að leita leiða til þess að hagræða rekstri sláturhúsa og ná betri nýtingu og betri húsum, betri vinnuaðstöðu á því sviði. Í því skyni starfaði þessi sláturhúsanefnd, sem svo er nefnd, og hefur lagt fram mikið álit sem alþm. hafa fengið í sín pósthólf.

Mér er ekki alveg ljóst, virðulegur forseti, hvernig málið er samt lagt fyrir hér af hálfu hæstv. landbrh., hvort hæstv. ráðherra er í raun að gera tillögur sláturhúsanefndarinnar að sínum, hvort þær eru stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum, eða ekki. Ég hefði talið mjög nauðsynlegt, þegar þetta mál berst í tal hér á hinu háa Alþingi, að bændum landsins og öðrum sem hér eiga hagsmuna að gæta yrði það alveg ljóst af umfjöllun um málið hver væri hin eiginlega stefna ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðaði.

Er það hugmynd hæstv. landbrh. að taka upp skýrslu sláturhúsanefndarinnar og til að mynda fresta gildistöku þeirra tillagna sem þar eru settar fram um eitt til tvö ár en framkvæma þær síðan að öðru leyti? Og ef svo er hver er þá munurinn?

Ég hef talsverðar efasemdir eins og hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Norðurl. e., um ýmsa hluti í þessari skýrslu sláturhúsanefndar. Ég held að sú skrifborðsskipulagning sem þar er í raun og veru viðhöfð sé ekki að fullu í samræmi við aðstæður í landinu. Hún er góðra gjalda verð eins og öll önnur áætlanavinna og tilraun til að skipuleggja þessa hluti, en þegar til kastanna kemur er það samt alltaf veruleikinn sjálfur sem menn verða að beygja sig fyrir, ekki hvað fer fallega á pappír. Ég er ansi hræddur um að menn hafi stundum verið bornir ofurliði af þeirri löngun í vinnu þessarar sláturhúsanefndar til að skipuleggja hlutina þannig að þeir færu vel á pappír. Ég tek undir t.d. það dæmi sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði til um tilhögun þessara mála á norðausturhorni landsins. Þar er ekki bara um langar vegalengdir og mikinn akstur að ræða heldur verða menn líka að minnast þess að þeim mun lengur sem sláturtíð stendur í þeim húsum sem eftir verða færast menn nú nær misjöfnum veðrum, ekki síst á því landshorni.

Ég hef einnig miklar efasemdir um að það sé vænleg leið og skynsamleg leið að fara út í lögbindingu af einhverju tagi, þ.e. lögbinda niðurskurð sláturhúsanna og þar með í raun og veru afhenda með lögum þeim aðilum sem útvaldir eru og eftir verða nánast lögverndaðan einkarétt á allri slátrun í landinu. Ég held að menn verði virkilega að hugleiða að ein af afleiðingum þeirrar aðgerðar yrði auðvitað þetta. Þá vakna ýmsar spurningar, bæði um að þessir aðilar sætu þá einir að slátruninni og þeir aðilar sem þar tækju við vörunni fengju þá líka einkarétt á því að ráðstafa henni áfram.

Það mun líka sýna sig að því geta fylgt erfiðleikar að ætla að safna allri slátruninni saman af stórum landsvæðum í stór sláturhús í fámennum byggðarlögum eða á fámennum stöðum. Það hefur verið

heimafólk í hverju byggðarlagi sem hefur borið uppi vinnuna í sláturhúsunum vítt og breitt og þar gildir næstum að segja þegnskyldusjónarmið. Þar ríkir það viðhorf að menn verða að ganga í þetta og menn hjálpast þá gjarnan að. Það er mikið um að menn séu þarna vægast sagt lausráðnir, hlaupi í skarðið þegar vantar fólk og bændur skiptast á eftir því sem þeir eru lausir frá því að smala kindum og sinna öðrum störfum að hausti til. Ég held að menn mundu reka sig á að það er ekki hægt að gefa sér að það gangi jafngreiðlega að manna sláturhúsin þegar búið er að safna fé saman af stórum landsvæðum til að slátra því í stórum húsum í fámennum byggðarlögum. Þá getur orðið annað uppi á teningnum.

Ég vil sérstaklega að lokum spyrja hæstv. landbrh. um tímasetningu í þessu skyni. Ég tel nefnilega að jafnsjálfsagt og ýmislegt af þeirri hagræðingu er sem lagt er til í tillögum sláturhúsanefndar, og ég tek fram að ég tel þar margt horfa til bóta, tel ég hitt augljóst að það þarf nokkurn tíma til að koma hinu nýja fyrirkomulagi á. Ég bendi á að víða þyrfti að stokka algerlega upp félagslega aðild framleiðenda að sláturhúsunum eða afurðasölufélögunum. Í mörgum tilfellum er gert ráð fyrir því í tillögum sláturhúsanefndar að fé verði flutt af einu afurðasölusvæði yfir á annað. Spurningin er þá hvort ekki þarf að vinnast tími til að stofna ný félög eða stokka þann félagsskap upp með einum eða öðrum hætti. Þau mál verða ekki hrist fram úr erminni á einni eða tveimur vikum, jafnvel ekki á einu eða tveimur árum. Ég vil því sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra hvað standi til að hraða mikið framkvæmd skýrslunnar og hver sé stefna hæstv. landbrh. í þeim efnum.

Það er ekki mikið meira um þetta að segja. Þetta mál er í sjálfu sér ekki stórt. Það er það sem hangir á spýtunni, herra forseti, sem er stórt, þ.e. uppstokkun alls skipulags í þessum efnum, uppbygging sláturhúsanna og endurskipulagning þeirra mála í heild sinni. Reyndar verður það mál ekki heldur slitið úr samhengi við enn stærra mál sem er heildarskipulag landbúnaðarframleiðslunnar, en það er e.t.v. mál sem er betra að bíða með til seinni tíma að ræða á hinu háa Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér langt út í þessa umræðu, en vil vekja á því athygli að ár eftir ár hefur þurft að gefa út brbl. svo að hægt sé að slátra í um helmingi af þeim húsum sem slátrun fer fram í. Ég verð að segja eins og er að mér finnst mjög óeðlilegt að þannig sé að málum staðið. Það er á mörkunum að það standist skv. stjórnarskránni að láta þingið ekki fjalla um þessi mál fyrr en eftir á heldur að menn láti sér það stöðugt koma á óvart á miðju sumri að nú sé ekki hægt að slátra. Það hlýtur að vera miklu eðlilegra þar sem þau lög sem eru nú í gildi eru svo úr takt við þann raunveruleika sem við búum við að heimildarákvæði í lögunum verði framlengt til nokkurra ára og það lagt fyrir í þskj. á Alþingi og til umræðu hvað mönnum sýnist í þeim efnum. Höfuðgallinn við núverandi fyrirkomulag er sá að það er miklu æskilegra að menn fái að vita strax eftir slátrun í hinum lélegri húsum hvort þeir geti búist við að mega slátra í þeim næsta haust en það sé ekki staðið þannig að verki að e.t.v. gerist það síðla sumars að menn rjúki til og ætli nú að fara að leysa úr brýnasta vanda en sitja svo uppi með að þeir eru jafnfjarri því að hafa rétt til að slátra í húsinu og áður. Mér finnst að það sé eðlileg vinnuregla að menn fái þann lengsta frest sem hugsanlegur er til að gera þær úrbætur sem nauðsynlegar eru.

Ég er ekki með þessu að hefja einhverjar stórar umræður um að mér sýnist kröfurnar svo fráleitar sem uppi eru. Hins vegar hef ég litið svo á og fer ekki dult með þá skoðun mína að Efnahagsbandalag Evrópu hafi beinlínis notað heilbrigðisyfirvöld sem nokkurs konar grýlu eða tollvernd til að útiloka viðskipti til þessara landa. Ég held að það þýði ekkert að blekkja sig á því að þetta er alveg afbragðs leið til að loka slíku. Það væri hægt að nota sömu aðferð hér á landi gagnvart innflutningi á ýmsum landbúnaðarvörum ef mönnum sýndist svo, heimta að það væri miðnætursól t.d. sem hefði skinið á þessar plöntur svo að það mætti neyta þeirra hér á landi.

Mér finnst þess vegna ekki að við getum að öllu leyti hlaupið eftir þeim leikreglum með öll hús á Íslandi, en ég ætla ekki að gera lítið úr því að það þarf að standa þannig að slátrun og meðferð sláturafurða að til fulls sóma sé fyrir þessa þjóð hvað hreinlæti snertir. En ég undirstrika að mér þætti sanngjarnt að hæstv. ráðherra legði fyrir það Alþingi sem nú er sínar hugmyndir um hvernig eigi að standa að þessum málum núna kannski þrjú ár fram í tímann og þá væri hægt að taka upp eðlilegar umræður um stöðu þessara mála, en ekki hitt að það liggi jafnóljóst fyrir og nú hvort ráðherra hyggst leita eftir heimild næsta sumar til að hafa það vald að geta gefið undanþágur. Ef hann leitar ekki eftir heimildinni dettur nefnilega allur húsafjöldinn sjálfkrafa út og aðeins hin löggiltu hús verða með rétt til slátrunar.

Herra forseti. Ég vona að forseti misvirði ekki þó ég hafi með þessum orðum mínum að sumu leyti farið út fyrir það frv. sem hér er til umræðu því það fjallar aðeins um brbl. sem í sjálfu sér er ekki um annað að ræða en að samþykkja því að það mundi trúlega engu breyta þó við færum að fella þau á þessari stundu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég hef líklega ekki talað nógu skýrt í máli mínu áðan því að mér finnst að ýmsar spurningar hafi komið fram sem ég hefði viljað a.m.k. að hefði verið hægt að finna svör við.

Í fyrsta lagi var sláturhúsanefndin að störfum á sl. ári og þá vænti ég þess að hún mundi ljúka þeim fyrr en raun varð á þannig að það yrði hægt að leggja

málið fyrir síðasta þing, en það stóð stutt eins og allir vita og því var þess ekki kostur. En úr því að það varð að gefa út brbl. til að fá þessar heimildir fyrir haustið í haust var fráleitt að þau brbl. giltu lengur en til þessa hausts. Það hefði verið óeðlilegt ef hefði verið gengið lengra því að Alþingi hafði vissulega tóm til að fjalla um málið fyrir síðari tíma. Brbl. verður að sjálfsögðu að leggja fram eins og þau voru gefin út. En það sem ég var að reyna að leggja áherslu á í máli mínu var að landbn., og ég mun að sjálfsögðu reyna að hafa gott samstarf við hana, móti þá stefnu fram í tímann sem gefi það tóm sem ræðumenn hafa hér bent á sem er nauðsynlegt að sé fyrir hendi í þessu máli til aðlögunar og nauðsynlegra breytinga.

Ég held að það verði ekki bundið í lög hver má slátra og hver má ekki slátra. Það sem Alþingi getur gert er að meta hvað það vill víkja lengi og í miklum mæli frá þeim kröfum sem allir sem til þekkja eru sammála um að þurfi að gera til þessarar starfsemi. Það var þess vegna m.a. sem ég sagði í máli mínu að ég teldi eðlilegt að fyrsta skrefið væri að alls ekki væri í lögunum heimild til undanþágu fyrir hús ef innan ákveðinnar fjarlægðar væri löggilt hús til staðar sem hægt væri að flytja til. Þá eru ekki rök fyrir slíkri undanþágu. En hversu hratt er gengið í frekari sameiningu er matsatriði og ég beindi því sérstaklega til hv. landbn. að vega það og meta og kalla til hagsmunaaðila. Ég mun reyna að hafa gott samstarf við landbn. um þá stefnumótun.

Ég vil líka leggja áherslu á að ég tel að skýrslan sé ekki eitthvað sem Alþingi beri að löggilda heldur séu þarna fyrst og fremst mjög gagnlegar upplýsingar og ábendingar fyrir það til að vinna eftir og móta sína stefnu. Hins vegar held ég að þeir nefndarmenn hafi unnið mjög vel og samviskusamlega sitt verk. Sjálfsagt þekkja þeir misjafnlega til á landinu, en ég veit að sumir þekkja vel til víða og þeirra aðstoðarmaður var sá sem teiknað hefur líklega öll nýrri sláturhúsin og þekkir því mjög vel til. En eitt af því sem liggur þarna á bak við er að reyna að draga úr sláturkostnaðinum, halda honum í lágmarki. Það er atriði sem hlýtur að skipta bændur ákaflega miklu máli því að miðað við hvernig markaðsaðstæður eru hlýtur það að mótast af verði hversu vel gengur að selja og eftir því sem sláturkostnaður er hærri má búast við að minna geti a.m.k. til lengdar komið í hlut bóndans. Þarna er því um sameiginlegt hagsmunamál neytenda og framleiðenda að ræða.

Ég vonast til þess að ég hafi svarað fyrirspurnum og ég hef reynt að gera ljóst hvernig ég tel að nauðsynlegt sé að afgreiða þetta mál hér á Alþingi.

Níels Á. Lund:

Herra forseti. Hér er til umræðu að hluta til skýrsla sláturhúsanefndar sem alþm. hafa fengið og er til umræðu vegna framlengingar brbl. sem raunar hafa verið endurnýjuð ár frá ári langan tíma, eins og hér hefur komið fram í máli manna.

Hér er um nokkuð stórt mál að ræða þó að brbl. séu kannski hin sömu ár frá ári og staðreyndin er sú að í þessu máli hefur verið hrópað „úlfur, úlfur", en síðan hafa menn treyst á að ekkert kæmi á eftir og alltaf hafa brbl. verið samþykkt ný og hin sömu í langan tíma án þess að gengið væri eftir því við viðkomandi sláturleyfishafa að fullnægja þeim kröfum sem þeim eru þó settar.

Ég held að stóra spurningin í þessu máli, sem Alþingi þarf að svara í vetur trúlega, sé hvaða kröfur við eigum að gera varðandi slátrun á okkar sauðfé. Þetta er sú spurning sem við þurfum að svara. Þess vegna að mínu mati er það sem hæstv. landbrh. setur það einmitt fram að hann óskar eftir því að brbl. taki einungis gildi til miðs næsta árs þar sem hann ætlast til að fyrir þann tíma verði Alþingi búið að móta framtíðarstefnu í þessum málum og þar held ég að heilbrigðiskröfurnar hljóti einmitt að ráða mestu.

Það kemur fram í áliti nefndarinnar, í áliti Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis, að þær kröfur sem við erum að gera til sláturhúsa eru algerar lágmarkskröfur og hann undirstrikar það í sínu áliti. Þetta eru algerar lágmarkskröfur miðað við það sem er í grannlöndum okkar. Og það er spurning sem við þurfum að svara: Ætlum við að framfylgja þeim hér á landi eða ætlum við ekki að gera það? Það er ekki verið að ýta að mínu mati neinu sláturhúsi til hliðar sjálfkrafa heldur einungis verið að varpa því til viðkomandi sláturleyfishafa að annaðhvort þurfi hann að fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem settar eru eða þá að hætta slátrun. Ég veit ekki nema svipaðar kröfur gildi yfirleitt í fjölmörgu, burtséð frá öllum sláturhúsum og slátrunum, að mönnum sé gert að uppfylla ákveðin atriði til að fá leyfi til að vera með ákveðna starfsemi á höndum.

Það má ekki gleyma hlut neytenda sem er afskaplega stór. Það eru sívaxandi kröfur, ekki einungis varðandi slátrun heldur meðferð á hvers konar neysluvörum almennings. Það er verið að fara fram á auknar merkingar á neytendaumbúðum hvers konar, það er verið að gera síauknar heilbrigðiskröfur við matvælaframleiðslu. Þetta tel ég rétt og eðlilegt. Mér finnst það hljóta að liggja fyrir að eins verði gert með slátrun þessara dýra að þar séu settar reglur sem farið er eftir.

Ég gat ekki skilið ræðu hæstv. landbrh. á annan veg en svo að hann væri með þessu að leita eftir því við hv. Alþingi að það markaði stefnu til framtíðar í þessu máli og þess vegna væri ekki óskað eftir að brbl. tækju lengri tíma. Enn kemur samt fram í máli þm. að þeir búast við að beðið verði um frest og það er þá líklega vegna þess að þeir gera ekki ráð fyrir því að sláturleyfishafar ætli sér nokkuð frekar nú en undanfarin ár að gera nokkuð í því að framfylgja þeim reglum sem settar eru varðandi heilbrigði og annað varðandi slátrun þessara dýra.

Ég held að í þessu máli sé nauðsynlegt að hv. alþm. líti til þeirrar staðreyndar að hér er ekki verið að dæma eitt eða neitt hús úr leik fyrir fram, að mínu mati, heldur verið að gera þá einföldu kröfu til þeirra sem vilja annast slátrun að þeir fullnægi þeim

lágmarkskröfum sem settar eru við slíka framleiðslu.

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um það frv. sem hér er til meðferðar sem er frv. til staðfestingar á brbl. Ég vil þó við þessa umræðu undirstrika það að í fyrsta lagi tel ég að auðvitað eigi ekki að draga úr kröfum um heilbrigðiseftirlit eða þau atriði sem snúa að því í sláturhúsum. Síður en svo. Hins vegar vil ég nefna það að sláturhúsaskýrslan svokallaða hefur verið mjög mikið gagnrýnd og margt í henni orkar mjög tvímælis, t.d. það að í henni skuli vera lagt til að leggja niður rekstur í nýbyggðum sláturhúsum sem þeir hinir sömu höfundar sláturhúsaskýrslu hafa jafnvel nýlokið við á teiknborðum sínum. Slík vinnubrögð eru náttúrlega afar hæpin og erfitt að sætta sig við þau.

En ég vildi leggja á það áherslu að þau sláturhús sem uppfylla kröfur dýralækna fái leyfi til slátrunar þrátt fyrir það að lagt sé til að þau séu lögð niður í svokallaðri sláturhúsaskýrslu. Annað væri mjög óeðlilegt og getur ekki verið í samræmi við venjur í okkar landi um afvinnufrelsi.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Hér er til umræðu staðfesting á brbl., en skv. þeim má ekki veita undanþágu nema til 1. júní 1988. Sjálfsagt er við afgreiðslu í nefnd að framlengja undanþáguna lengur til að reyna að koma í veg fyrir að nýr darraðardans í þessum málum hefjist næsta haust. Sú umræða sem var í haust skaðaði vissulega þessi mál, bæði með tilliti til neytenda og bænda og hefði aldrei þurft að koma til ef litið hefði verið með meiri sanngirni á þau hús sem fyrst og fremst var þá um deilt. Verri hús en þau sem deilan stóð um fengu þá sjálfkrafa leyfi.

Það er eðlilegt að fólkið vilji halda atvinnunni sem næst sér. En meðan þetta ástand varir að húsin eru ekki fullkomin liggur jafnframt fyrir að úr þeim kemur góður varningur, góðar afurðir, fyrst og fremst vegna þess að fólkið sem við þetta vinnur kann til verka og skilar þeim verkum vel við þröngar aðstæður. Á þetta ber að líta.

Sláturhúsaskýrslan nýja er að sjálfsögðu ekki heilög bók og kemur ekki til mála að eftir henni verði farið og hún gerð að lögum. Það þarf að taka þau mál og skoða með miklu meiri sanngirni en þar liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 110. mál. — Þskj. 114.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Flm. auk mín eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Frv. hljóðar svo:

„1. gr. Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 58/1985) kemur ný grein er orðast svo:

Heimavinnandi húsmæður sem ekki gegna öðru starfi, svo og þær heimavinnandi húsmæður sem eru í minna en hálfu starfi utan heimilis, skulu öðlast aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hverrar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af launum skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, eins og þau eru á hverjum tíma, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu upphæð.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingu á orðalagi.

Frv. þessu er ætlað að leiðrétta kjör heimavinnandi húsmæðra, þeirra sem enn ekki hafa öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði og er þannig leitast við að tryggja hag þeirra betur á efri árum.

Með hugtakinu heimavinnandi húsmóðir er í fyrsta lagi átt við konur sem ekki gegna öðru starfi en umsjón heimilis og í öðru lagi þær sem hafa heimilisumsjón að aðalstarfi en vinna minna en hálft starf utan heimilis. Hugtakið nær vitaskuld á sama hátt til þeirra karla sem húsmóðurstörfum gegna.

Hvað fyrri hópinn varðar er ætlunin að ríkissjóður greiði þau 6% af iðgjaldi sem atvinnurekanda er skylt að greiða, en viðkomandi sveitarfélög greiði þau 4% sem eru hluti launþegans. Iðgjaldsgreiðslan er miðuð við laun skv. 9. launaflokki Verkamannasambands Íslands og skal þessi viðmiðun viðhöfð þar til mat liggur fyrir á störfum húsmæðra. Þetta er engan veginn endanlegt mat á verðmæti þeirra starfa sem um ræðir. Iðgjaldið greiðist til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Stofnun sameiginlegs lífeyriskerfis allra landsmanna er nú í undirbúningi. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan lífeyrismála þar sem búast má við að nokkur ár líði áður en sú breyting kemst á.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir í þá átt að lagfæra réttleysi húsmæðra til lífeyris. Breyting á l. nr. 55/1985 er áfangi á þeirri leið, en nær aðeins til takmarkaðs hóps, þ.e. þeirra húsmæðra sem hverfa frá launuðum störfum um stundarsakir og þá yfirleitt vegna barnsburðar eða til að

annast fjölskyldu og heimili.

Fjölskyldan er grunneining hvers þjóðfélags og ábyrgðin og umönnun hennar og rekstur heimilisins hefur undantekningarlítið hvílt á herðum kvenna. Þá hefur þeim verið treyst til að stjórna, enda er starfið ekki metið til launa og því er það að þegar þær konur, sem eingöngu eða að mestu leyti hafa stundað þessi störf, koma á eftirlaunaaldur njóta þær ekki greiðslu úr lífeyrissjóðum.

Ég held að hv. þm. ættu að hugleiða hvílíkar upphæðir heimavinnandi konur spara þjóðfélaginu með því að ala upp börn, annast sjúka og aldraða, vanheila og þroskahefta og að reka þá einingu sem heimilið er. Öll koma þessi störf samfélaginu til góða og þegar eitthvað bjátar á, konan veikist eða fellur frá, þá sést hvers virði þau eru í beinhörðum peningum. Í ljósi þeirrar staðreyndar sýnist eðlilegt að ríki og sveitarfélög sjái um greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi heimavinnandi húsmæðra því að sú upphæð gæti aldrei orðið nema brot af því sem dagvistun og barnagæsla fyrir þær kostaði ásamt því að greiða fyrir það fólk á stofnunum sem annast er um í heimahúsum.

Þetta mál er mannréttindamál. Það er krafa um viðurkenningu á gildi starfa sem unnin hafa verið í kyrrþey án greiðslu. Hér er tekið á réttindaleysi heimavinnandi fólks, þeirra kjara sem heimavinnandi fólk býr við. Heimavinnandi húsmóðir, móðirin, vinnur störf sín án þess að krefjast launa. Heimavinnandi húsmæður þessa lands eru þeir þegnar sem gefa vinnu sína. Þær annast börnin sín og heimili í kyrrþey og fyrir það að ala upp nýja kynslóð og vera máttarstólpar þjóðfélagsins í því að varðveita fjölskylduna fá þær ekki neitt í áþreifanlegum verðmætum. Í skýrslum um þjóðarframleiðslu er hlutur þeirra einskis metinn.

Ég hef reynt að komast eftir því hversu margar heimavinnandi húsmæður eru í þessu landi í því skyni að meta hvern kostnað lífeyrisgreiðslur til þeirra kynnu að hafa í för með sér. Þetta reyndist mér ekki unnt. Skýrslur af þessu tagi liggja hvergi fyrir. Það eitt sýnir hve þessu fólki er lítill gaumur gefinn að innan kerfisins er atvinnustaða þess ekki til. Síðan þegar eitthvað kemur fyrir, húsmóðir veikist eða fellur frá, kemur í ljós hvers virði vinnan er. Fengju húsmæður laun fyrir störf sín eins og fóstrur, félagsráðgjafar, hjúkrunarkonur, matsveinar og ræstingarkonur, þá væru það miklar upphæðir og það ekki endilega vegna þess að þessi störf séu svo vel launuð, heldur hvílíkt magn vinnustunda liggur að baki. Húsmóðurstörf taka ómótmælanlega til allra þessara starfsgreina og margra fleiri og raunar á öllum tímum sólarhrings. Húsmæður eiga fáar frístundir og þær hafa viðveruskyldu allan sólarhringinn.

Ég vék að því áðan að hlutur heimavinnandi fólks kæmi ekki fram í skýrslum um þjóðarframleiðslu. Sá þáttur hefur lítt eða ekki verið rannsakaður hér mér vitanlega. En í löndum þar sem reynt hefur verið að komast eftir því hver hann væri hefur komið í ljós að hlutur heimavinnandi húsmæðra nemur fjórðungi til þriðjungi af þjóðarframleiðslu. Sé þetta rétt og sé það metið til fjár hér á landi kemur í ljós að þetta gæti numið 25–30 milljörðum. Í því vitna ég til orða hv. fyrrv. þm., Gunnars Schram, sem hann lét falla hér í þessum sal á síðasta þingi, með leyfi hæstv. forseta:

Hér er því ekki verið að fara fram á neina gjöf. Það er farið fram á staðfestingu þess að þessu fólki beri að fá lífeyrisréttindi vegna vinnuframlags síns til þjóðfélagsins. Hið göfuga móðurhlutverk er hafið til skýjanna í afmælisgreinum og eftirmælum oft og tíðum, en þegar til þeirra kasta kemur að meta störf mæðranna þannig að það verði þeim til hagsbóta, áþreifanlegra hagsbóta, þá verður fátt um framkvæmdir. Ótrúlega margt hefur orðið þeim málum að fótakefli. T.d. hefur reynst erfitt að finna þeim stað í lífeyrissjóðakerfinu og sá þröskuldur sem fyrri tilraunir til þess hafa staðnæmst við er hvernig og hver ætti að annast iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóða. Það má þó vera augljóst að það fólk sem engin laun þiggur greiðir tæpast eitt eða neitt.

Talað hefur verið um að eiginmaður eða sambýlismaður greiði lífeyrissjóðsiðgjald vegna konu sinnar eða sambýliskonu en ég held að málinu sé stefnt inn á varhugaverða braut og þar með umræðunni um fjölskylduna yfirleitt með því að líta á heimilisföður sem atvinnurekanda. Það hugtak virðist mér vera andstætt grundvallarhugmyndum um fjölskylduna. Einnig er vert að hafa í huga nú þegar viðurkennt er að ein fyrirvinna dugi sjaldnast til að framfleyta heimili, að iðgjaldsgreiðsla í lífeyrissjóð vegna maka, alls 10% af launum einnar fyrirvinnu, er þá umtalsverð skerðing á tekjum heimilisins sem alls ekki allir hafa efni á að greiða þó að þeir vildu. Þessu frv. er ætlað að höggva á þann hnút á þann hátt að ríki og sveitarfélög greiði lífeyrissjóðsiðgjöld fyrir heimavinnandi húsmæður til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Ég vil minna á í leiðinni hve mikilvæg þessi réttindi eru hverjum einstaklingi. Lífeyrisréttindi eru fólki mikilsverð á fleiri máta en þann að fá greiðslu úr lífeyrissjóðum í ellinni. Ég minni þar á rétt manna til lána úr lífeyrissjóðum í sambandi við íbúðakaup o.fl.

Herra forseti. Eg hef nú dregið fram nokkur af þeim rökum sem styðja þetta mál. Í ljósi þeirra vil ég árétta að við teljum rétt að ríkissjóður og sveitarfélög annist þessar greiðslur vegna heimavinnandi húsmæðra. Störf þeirra við uppbyggingu og varðveislu fjölskyldunnar er vissulega í þágu þjóðfélagsins alls og þannig ber að skoða þau.

Að lokinni umræðunni, herra forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til hv. félmn.

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég vil við þessa umræðu lýsa yfir stuðningi við tilgang þessa frv. en tel þó að vanti í það veigamikil framkvæmdaatriði. Það er löngu tímabært að Alþingi viðurkenni störf heimavinnandi

húsmæðra og meti vinnuframlag þeirra að verðleikum. Húsmæður eiga að fá þann rétt til lífeyrissjóðsmála sem aðrir landsmenn hafa.

Í skattalegu tilliti hefur heimavinnandi fólk og makar þess borið mjög skarðan hlut frá borði. Með staðgreiðslulögunum sem taka gildi um næstu áramót verður þó bætt hér úr með því að heimilt er að færa ónýttan persónuafslátt, allt að 80%, til þess sem ber skatt af launum sínum.

Í frv. segir m.a., með leyfi forseta: „Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hverrar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af launum skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, eins og þau eru á hverjum tíma, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu upphæð."

Vegna þessa ákvæðis, að sveitarfélögin skuli greiða 4% hlut launþega, vil ég benda á að hér er um að ræða nokkur útgjöld fyrir sveitarfélögin sem ég tel eðlilegt að komi til nánari skoðunar í tengslum við þau verkefni sem ætlað er að færa til sveitarfélaganna frá ríkinu.

Með ákvörðun hæstv. félmrh. um að útsvarsprósentan við staðgreiðslu verði einungis 6,7% í stað 7,5%, svo sem sveitarfélögin höfðu talið þurfa, er ljóst að sveitarfélögin geta ekki tekið við fleiri verkefnum en verkaskiptatillögurnar gera ráð fyrir nema til komi verulega auknar tekjur. Til viðbótar er fullvíst að hugmyndir fjmrh. um að bæta sveitarfélögum yfirtöku verkefna með hluta þess sem þau kosta mun ganga mjög nærri fjárhag sveitarfélaganna og auk þess stefna í hættu áformum um verkaskiptingu.

Þrátt fyrir að ég mæli hér með efni þessa frv. sem til umræðu er má ljóst vera að Alþingi getur ekki samþykkt aukin útgjöld sveitarfélaga á sama tíma og gengið er á tekjustofna þeirra. Þrátt fyrir þessa fjárhagslegu annmarka er ekki óeðlilegt að sveitarfélögin sjái um þennan þátt í lífeyrissjóðsgreiðslum þessa hóps á sama hátt og sveitarfélögin greiða til orlofs húsmæðra. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að endurskoða og breyta formi á orlofi húsmæðra þannig að hver heimavinnandi húsmóðir fái það framlag greitt að hluta eða að öllu leyti beint. Ég hefði talið það eðlilegt að í þessu frv. væri tekið á því máli.

Ég vænti þess að í meðförum þingsins verði gerð athugun á því hvort með löggjöf megi færa þessa þætti, lífeyrismál og orlof húsmæðra svo og sjúkrasjóðsréttindi sem nú eru komin í flesta samninga, til sama vegar sem er hjá öðrum launþegum í landinu.

Framkvæmd frv. getur orðið mjög flókin. T.d. er óljóst hvernig meta eigi rétt þeirra sem eiga að njóta þess sem frv. gerir ráð fyrir. Að mínu mati getur hann ekki orðið ótakmarkaður eða miðast við það eitt að viðkomandi sé tekjulaus á heimili. Rétt hlýtur að vera að miða við störf á heimili, við uppeldi barna eða umönnun öryrkja, aldraða eða sjúklinga.

Herra forseti. Ég vil endurtaka að ég lýsi stuðningi við aðaltilgang frv. en tel það ekki fullmótað og að skýrari ákvæði þurfi um framkvæmd þess svo að skapa megi heimavinnandi húsmæðrum fullkominn lífeyrisrétt.

Umræðu frestað.

Kirkjugarðar, 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 134.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir að hafa tekið tillit til þess sem ég tel greiða fyrir eðlilegu starfi þingnefnda, að gefa kost á að mæla fyrir þessum frv., annars vegar um sóknargjöld og hins vegar um kirkjugarðsgjöld, á einum og sama fundinum, þannig að nefndin geti fengið þau bæði til meðferðar í einu lagi.

Frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um kirkjugarða er flutt af sömu ástæðu og frv. til laga um sóknargjöld sem ég gerði grein fyrir fyrr á þessum fundi, þ.e. vegna gildistöku laga um einföldun á staðgreiðslu opinberra gjalda frá næstu áramótum er nauðsynlegt að gera breytingar á tekjustofnum kirkjugarðanna. Sama nefndin og samdi frv. sem ég fyrr nefndi hefur samið frv. til laga um kirkjugarðsgjöldin. Frv. sem hér liggur fyrir var kynnt á kirkjuþingi sem gerði á því óverulega breytingu og ég flyt það í þeirri gerð sem kirkjuþing gekk frá því.

Samkvæmt gildandi lögum eru kirkjugarðsgjöldin lögð á sem tiltekinn hundraðshluti af útsvarsfjárhæð og aðstöðugjöldum. Þessi hundraðshluti er nú 1,5% ef venjulega er á lagt en þó allt að 4% með sérstakri heimild til hækkunar. En staðgreiðsla opinberra gjalda mun eingöngu taka til útsvars en ekki til aðstöðugjalda.

Í frv. er því gert ráð fyrir að ákvæði laga um kirkjugarðsgjöld, sem nú eru reiknuð af aðstöðugjöldum, haldist óbreytt. Hins vegar er með frv. gerð sú tillaga, og það er meginefni frv., að sá hluti kirkjugarðsgjaldsins, sem nú reiknast af útsvari, verði framvegis hluti af hinum sameinaða tekjuskatti eins og hann verður þegar staðgreiðslukerfið hefur tekið gildi. Samtals nemur þessi hluti kirkjugarðsgjaldsins á árinu 1987 145,6 millj. kr. ef eingöngu er miðað við 1,5% álagningu.

Í áætlunum frv. hefur verið bætt við þessa fjárhæð 1,5%. Þeirri viðbót er ætlað að koma að nokkru á móti þeim tekjumöguleikum sem stjórnir kirkjugarðanna hafa hingað til haft samkvæmt gildandi lögum til að hækka gjaldið. Sú heimild fellur hins vegar úr gildi verði frv. að lögum.

Við útreikning á kirkjugarðsgjaldinu samkvæmt þessari nýju aðferð er því miðað við töluna 147,8

millj. kr. fyrir landið allt. Þá er deilt í þá fjárhæð með þeim fjölda manna sem eru 16 ára og eldri og þannig fundin ákveðin grunntala eða nefgjald sem framvegis verður notuð til þess að ákveða hlutdeild kirkjugarðanna í tekjuskattinum.

Þá er gert ráð fyrir að þetta nefgjald fylgi þeim breytingum sem verða kunna á meðtalstekjuskattsstofni einstaklinga tvö síðustu árin á undan gjaldári. Öll önnur framkvæmd, álagning og úthlutun þessa fjár, mun fara eftir sömu vinnuaðferð og varðandi sóknargjöldin sem ég lýsti áður.

Samkvæmt gildandi lögum ber nú að greiða til kirkjugarðasjóðs 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að hækka þetta framlag í 8%. Það er megintilgangur þessa sjóðs að jafna aðstöðuna milli kirkjugarðssvæða og veita þar aðstoð sem tekjur kirkjugarðsins sjálfs hrökkva ekki fyrir nauðsynlegustu útgjöldum. Með auknu framlagi til sjóðsins ætti hann að vera betur í stakk búinn að gegna þessu hlutverki.

Í frv. er einnig breytt ákvæðum um stjórn sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum fer skipulagsnefnd kirkjugarða með stjórn hans, en í frv. er gerð sú tillaga að kirkjuráð kjósi þriggja manna stjórn fyrir kirkjugarðsjöfnunarsjóðnum. Þá eru í frv. fáein nýmæli um hlutverk sjóðsins. Þessar breytingar varðandi kirkjugarðasjóðinn eru að öllum aðalatriðum til samhljóða tillögum er kirkjuþing samþykkti á árinu 1986. Um nánari útlistun á þessum breytingum, sem allar eru smávægilegar og horfa til almennrar skynsemi og bættrar framkvæmdar í þessu starfi, vísa ég til prentaðrar grg. með frv.

Að endingu, herra forseti, legg ég áherslu á að frv. hljóti skjóta meðferð á þinginu, enda tengist það, eins og ég nefndi í upphafi, gildistöku staðgreiðslu skatta í byrjun næsta árs. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

22. fundur, fimmtudaginn 26. nóv., kl. 10 árdegis.

Milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta, ein umr.

Fsp. ÓÞG, 35. mál. — Þskj. 35.

Fyrirspyrjandi (Óli Þ. Guðbjartsson):

Herra forseti. Fsp. sú sem liggur fyrir er á þskj. 35 til hæstv. fjmrh. og hljóðar svo:

„Hvers vegna var Sambandi ísl. sveitarfélaga ekki gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta og mál tengd henni?“

Eins og mönnum er kunnugt skilaði þessi nefnd nýlega af sér störfum og álitsgerð sem allir þm. hafa fengið í hendur. Skipan nefndarinnar var með þeim hætti að allir þingflokkar áttu í henni fulltrúa, auk þess ASÍ, VSÍ og fjmrn. Þess utan störfuðu fulltrúar frá ríkisskattstjóra með nefndinni.

Verkefni nefndarinnar var í fyrsta lagi að yfirfara og endurmeta álagningarreglur sem settar voru í tengslum við staðgreiðsluna með sérstakri umfjöllun um skattbyrðina, sem er ekki minnsti þáttur þessa máls, og í annan stað átti nefndin að fjalla um aðrar breytingar á lögunum sem til álita kemur að gera. Samband ísl. sveitarfélaga fékk hins vegar ekki fulltrúa í þessa nefnd þó að tvívegis væri eftir leitað. Spurning sú sem hér liggur fyrir til hæstv. fjmrh. er því um það hvers vegna fulltrúar sveitarfélaganna fengu ekki að taka þátt í hinu mikilvæga starfi þessarar mikilvægu nefndar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Mitt svar við þeirri spurningu hvers vegna Samband ísl. sveitarfélaga hafi ekki gefist kostur á að tilnefna fulltrúa í milliþinganefndina er mjög einfalt. Eftir því var aldrei leitað við mig. Samkomulag um skipun milliþinganefndar tókst við lokaafgreiðslu löggjafarinnar um staðgreiðslukerfi skatta á seinasta þingi og var frá því gengið áður en ég tók við embætti fjmrh. á þeim forsendum að hér væri um að ræða milliþinganefnd sem skipuð væri fulltrúum þingflokkanna og hins vegar sérstaklega fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Eftir því var sérstaklega leitað af hálfu þessara samtaka þá þegar, en eins og kunnugt er og menn minnast létu þessir aðilar staðgreiðslu opinberra gjalda sig miklu varða við gerð kjarasamninga í desember árið 1986. Eftir því sem ég best veit var ekki eftir því leitað af hálfu annarra samtaka.

Á hitt er svo að líta að auk milliþinganefndarinnar, sem lokið hefur störfum eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, hafa verið starfandi tvær aðrar nefndir, sérstök samræmingarnefnd ríkis og sveitarfélaga sem fjallaði um framkvæmd staðgreiðslunnar, en formaður þeirrar nefndar er Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, og þáv. formaður sambandsins, Björn Friðfinnsson, átti einnig sæti í þeirri nefnd. Í annan stað hefur verið starfandi sérstök nefnd sem fjallað hefur um gjaldheimtumál og móttöku staðgreiðslufjár. Í henni starfaði af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga formaður sambandsins, en Páll Halldórsson tók síðan sæti hans. Á báðum þessum sviðum hafa fulltrúar ríkis og sveitarfélaga átt mikið og gott samstarf um ýmislegt sem að staðgreiðslunni lýtur og ég veit ekki af því samstarfi annað en það hafi gengið snurðulaust og hafi verið með ágætum.

Eins og fram hefur komið hefur milliþinganefndin nú þegar lokið störfum. Hún hefur skilað ítarlegri álitsgerð og auk þess hefur nú þegar verið lagt fram fyrsta frv. af fimm sem að verulegu leyti byggir á störfum nefndarinnar.

Fyrirspyrjandi (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans sem mér að vísu komu ekki með öllu á óvart. Það er rétt, sem fram kom í máli hans, að ýmsar nefndir hafa verið að störfum á þessum vettvangi. Engu að síður er mér kunnugt um að það var rétt, sem ég sagði í upphafi, að tvívegis var eftir því leitað af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga að fá fulltrúa í þessari nefnd. Hvort það var við núv. fjmrh. eða ekki skal ég ekki um segja.

Hins vegar er aðalatriði þessa máls að kerfisbreytingin í innheimtu beinna skatta er víðtæk aðgerð sem miklu skiptir að takist vel, en mikilvægi þess skiptir sveitarfélögin vitaskuld miklu meira máli en ríkið vegna þess að vægi þeirra tekna sem koma úr beinu sköttunum er miklu meira fyrir sveitarfélögin en ríkið. Það er gert ráð fyrir að milli 5 og 6 milljarðar kr. verði tekjur ríkisins á þessum vettvangi af ca. 60 milljarða kr. heildartekjum, þ.e. einungis um 8%. Sveitarfélögin hins vegar fá af þessum vettvangi um 50% tekna sinna. Það er þess vegna verulegt atriði að sveitarfélögin hefðu á öllum stigum þessa máls haft þarna fullgilda fulltrúa, ekki síst þegar um er að ræða skattbyrðina sjálfa sem verið er að fjalla um og aðra tæknilega þætti í þessu sambandi sem verulegu máli skiptir að fari vel í upphafi næsta árs.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Því til staðfestu að ríkisstjórn er fullljóst mikilvægi útsvarsstofnsins fyrir tekjur sveitarfélaga er rétt að árétta að af hálfu fjmrn. hefur því verið yfir lýst við samtök sveitarfélaga að við erum reiðubúnir að reyna að eyða allri óvissu um framkvæmd innheimtu á fyrsta ári í staðgreiðslu með því að tryggja sveitarfélögunum innheimtuárangur miðað við gefnar forsendur, eins og sérstaklega hefur komið fram í bréfum frá nefndum á vegum ráðuneytisins til Sambands ísl. sveitarfélaga. Því hefur verið sérstaklega fagnað og um þetta mál er hið besta samkomulag eftir því sem best er vitað.

Verðlagsmál, ein umr.

Fsp. JM, 45. mál. — Þskj. 45.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Í fjarveru hv. varaþm. Jóns Magnússonar flyt ég fsp. til hæstv. viðskrh. um verðlagsmál. Með leyfi forseta ætla ég að lesa fsp. Hún er svohljóðandi:

„1. Hafa verið gerðar kannanir á því nýlega:

a. hvers vegna almennt vöruverð er hærra hér á landi en í nágrannalöndunum,

b. hvort samkeppnishömlur eða samráð söluaðila og framleiðenda um verðlagningu valdi hækkun verðs á þeim vörutegundum sem frjáls álagning gildir um,

c. hvort farmgjöld á flutningum til landsins eru eðlileg miðað við farmgjöld í nágrannalöndunum?

2. Hafi þær kannanir sem um getur í 1. tölul. a–c verið gerðar, hverjar eru þá niðurstöðurnar? Sé svo ekki, er þá ekki full ástæða til að láta slíkar kannanir fara fram hið fyrsta?"

Ég vil gera nokkra grein fyrir því hvers vegna fsp. er fram komin. Verðlag á nauðsynjavörum er eðlilega ætíð mikið áhugamál almennings, ekki síst nú vegna umræðna um hugsanlegar álögur á matvæli. Kannanir Verðlagsstofnunar hér og í nágrannalöndunum virðast gefa til kynna að vöruverð kunni að vera hærra hér á landi. Þó eru um það nokkuð skiptar skoðanir. Samkvæmt könnunum þessum virðist innkaupsverð vara hér oft vera hærra, opinber gjöld vera hærri en álagning sýnist þó ekki hærri að sama skapi.

Komið hafa fram ábendingar í þá átt að samkeppni í flutningum til landsins sé lítil og geti e.t.v. átt sinn þátt í háu vöruverði.

Eftir að verðlagning í verslunum var loksins að mestu gefin frjáls var þess vænst að samkeppni mundi leiða til lækkunar vöruverðs. Kannanir Verðlagsstofnunar benda hins vegar til þess að á þessu kunni að hafa orðið einhver misbrestur og er því haldið fram af þeirra hálfu að verslanir hafi samráð sín á milli um verðmyndun. Ástæða þykir til þess að kanna hvort aðgerð sem leiða átti til lægra vöruverðs neytendum til handa hafi mögulega brugðist. Það er álit margra að frjáls samkeppni og stöðugt verðlag örvi verðskyn neytenda og verði seljendum nauðsynlegt aðhald.

Nú er í vinnslu endurskoðun á tollskrá sem væntanlega verður lögð fram innan skamms. Enn fremur er verið að endurskoða álögð vörugjöld og mun fyrirhugað að útvíkka mjög þann gjaldstofn sem bera muni vörugjald. Vonandi bera stjórnvöld gæfu til að hafa hagsmuni neytenda að leiðarljósi við samningu þessarar tollskrár.

Hæstv. forseti. Þær kannanir sem farið er fram á í 2. lið þessarar fsp. hljóta að koma öllum jafnt til góða, innflytjendum, kaupmönnum og neytendum. Þær hljóta því að teljast bæði eðlilegar og réttmætar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í fsp. er leitað eftir svörum við tveimur eða þremur spurningum og ég mun leitast við að gera nokkra grein fyrir svörunum í sömu röð.

Það er fyrst spurt hvort kannað hafi verið hvers vegna almennt vöruverð sé hér hærra en í nágrannalöndum. Svarið er já. Slíkar athuganir hafa verið gerðar. En hvað efnið í spurningunni varðar er erfitt

að svara því í stuttu máli, en athuganir Verðlagsstofnunar hafa leitt í ljós að fullyrðingin, sem felst í spurningunni, er rétt. Almennt vöruverð er hér yfirleitt hærra en í nágrannalöndunum þótt finna megi undantekningar frá því.

Það má skipta verðmyndun á innfluttum varningi í fjóra þætti: innkaupsverðið, flutningsgjöldin, opinber gjöld og svo álagningu. Það virðist sem innkaupsverð til Íslands sé nær undantekningarlaust hærra en í nágrannalöndunum. Hér koma vafalaust til áhrif minni vöruveltu, en hér þarf fleiri skýringar. Það veldur nokkrum vonbrigðum að álagning í formi umboðslauna erlendis þekkist enn hjá sumum fyrirtækjum þrátt fyrir að alllangt sé nú liðið frá því að verðlagningin var gefin frjáls. Þessi umboðslaunataka hefur þó smám saman farið minnkandi. Flutningskostnaður á innfluttum vörum er hár og á án efa sinn þátt í óhagstæðu vöruverði þegar borið er saman við verð á vöru í framleiðsluríkinu eða í nágrannalöndum þess. Flutningar á vörum með skipum eru nú að langmestu leyti í höndum tveggja aðila þar sem annar aðilinn er mjög stór. Slíkar aðstæður skapa varla umhverfi fyrir verðsamkeppni milli skipafélaganna, en hún er hins vegar miklu meiri þegar um er að ræða svokallaða stórflutninga þar sem fleiri skipafélög keppa um viðskiptin.

Þetta get ég sagt um innkaupsverðið og flutningskostnaðinn. Opinber gjöld hér á landi hafa mikil áhrif á vöruverðið en þau gjöld leggjast á vörusölu með meiri þunga hér á landi en að jafnaði í okkar nágrannalöndum. Íslenska skattkerfið er einfaldlega öðruvísi en skattkerfi nágrannalandanna. Hér skipta óbeinu skattarnir meira máli. En hvað álagninguna varðar virðist hún ekki ein og sér valda hér hærra vöruverði þegar á heildina er litið þótt til séu dæmi um hærri álagningu í einstökum vöruflokkm.

Í öðru lagi var spurt hvort samkeppnishömlur eða samráð söluaðila og framleiðenda um verðlagningu valdi hér hækkun á verði á þeim vörutegundum sem frjáls álagning gildir um. Svarið er að þetta hefur verið athugað, en við þessari spurningu er ekki til einhlítt svar. Samráð söluaðila og framleiðenda um verðlagningu er oftast skaðlegt neytendum, en það má þó finna dæmi um að það megi réttlæta það með aðstæðum í viðkomandi grein og að stjórnvöldum beri þá að láta það afskiptalaust eða afskiptalítið. Verðlagsyfirvöld hafa haft afskipti af nokkrum slíkum málum þar sem talið hefur verið að skaðlegt samráð væri á ferðinni og þar hafa aðilar fengið fyrirmæli um að hætta slíku samráði. Ég get ekki tjáð mig um það á þessu stigi hvort þessi afskipti hafa haft umtalsverð áhrif á verðlagsþróun, en það er ljóst að á næstu árum hlýtur starfsemi verðlagsyfirvalda í vaxandi mæli að beinast inn á þá braut að fjalla um mál af þessu tagi fremur en bein afskipti af verðlagi.

Ég held að almennt megi segja að hér á landi sé nokkuð hörð samkeppni um sölu á innlendri framleiðslu og sé þar bæði keppt um gæði og verð, en verðlagning á landbúnaðarvörum hefur hér sérstöðu eins og kunnugt er og eins og mátt hefur greina í fréttum síðustu vikna hefur verið t.d. um að ræða vandamál af þessu tagi í eggjaframleiðslunni þar sem menn ráða ráðum sínum til að minnka framleiðslu og framboð á eggjum og hækka verðið stórlega. Samkeppni milli einstakra vinnslustöðva í landbúnaðinum er því yfirleitt lítil hvað verðlagið varðar öfugt við það sem tíðkast í mörgum okkar grannlöndum. Framleiðslukostnaðurinn í vinnslustöðvunum er þó mismunandi, en hér kemur líka til sú mikla verðjöfnunarstefna sem ræður í okkar landbúnaði. Ríkisstjórnin hefur reyndar í sinni starfsáætlun ákveðið að endurskoða sölu- og verðmyndunarkerfi á búvörum. Eg hef líka í hyggju að láta gera yfirlitsrannsókn á samkeppnisaðstæðum í öllum greinum íslensks atvinnu- og viðskiptalífs til að auðvelda framkvæmd laga um verðlag, samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti.

Í þriðja lagi var spurt um hvort athuganir hefðu verið gerðar á farmgjöldum á flutningum til landsins. Verðlagsstofnun hefur ekki gert slíka athugun. Full ástæða virðist þó til að gera hana og reyna að bera saman við það sem tíðkast í okkar grannlöndum.

Önnur spurningin var um hverjar niðurstöðurnar af þessum könnunum væru hefðu þær verið gerðar. Ég hef að nokkru leyti svarað því. En ég mun jafnframt halda þessum könnunum áfram og í okkar starfsáætlun er einmitt ákvæði um að veita aðhald að verðmyndun í innflutningsverslun með slíkum samanburði. Ég hef falið Verðlagsstofnun að vinna skipulega að slíkum athugunum á sem flestum sviðum viðskipta í samráði við samtök neytenda og samtök verslunarinnar þannig að öruggar upplýsingar megi fá um þetta og sem jafnastar. Ég hef rætt þessi mál við samtök verslunarinnar og Neytendasamtökin. Ég tel að slík athugun eigi að fara fram á skipafélögunum.

Að lokum vil ég taka fram að verðlag á vöru og þjónustu er reyndar bara einn þáttur af þeim sem ráða kjörum fólksins í landinu. Við verðum að taka tillit til miklu fleiri þátta þegar við berum lífskjör saman milli landa. Þetta á við um tekjur og þann tíma sem fer til að afla þeirra. Full þörf er á því að gera víðtæka könnun á lífskjörum hér á landi og annars staðar þar sem tekið verður tillit til allra þessara þátta. Hér má ekki eingöngu líta á verðlagið vegna þess, sem ég nefndi, að skattkerfi okkar er með öðrum hætti en grannlandanna.

Námslán, ein umr.

Fsp. SJS, 51. mál. — Þskj. 51.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):
Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera upp

spurningu til hæstv. menntmrh. varðandi námslán. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hyggst menntmrh. beita sér fyrir endurskoðun á lögum um námslán og námsstyrki á næstunni, og ef svo er: Hvernig mun hann haga þeirri endurskoðun?

2. Ætlar menntmrh. að afnema þá skerðingu námslána sem varð á árunum 1984–1986 með breyttum vísitöluviðmiðunum og útgáfu skerðingarreglugerða og veldur því að lánin eru nú nálægt 20% lægri en ella hefði verið?

3. Er menntmrh. reiðubúinn til að beita sér fyrir því að raunverulegur framfærslukostnaður námsmanna hérlendis og erlendis verði kannaður þar sem sú framfærsluviðmiðun, sem notast hefur verið við hér innan lands, er frá árinu 1973 — og er langt frá því að endurspegla raunveruleg útgjöld námsmanna — og svipuð gagnrýni hefur komið fram á framfærsluviðmiðun námsmanna erlendis?“

Fyrsta spurningin skýrir sig sjálf, en varðandi aðra spurninguna, um skerðingu námslána, er rétt að minna á að á þeim tíma, frá hausti 1985, þegar námslán voru um 19 þús. kr., hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 55% en námslánin á sama tíma einungis um 30%. Það er þessi mismunur eða skerðing upp á um 20% sem námsmenn gera nú kröfu til og hafa lengi gert kröfu til að yrði afnumin. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi orðið varir við kröfur, óskir og tilmæli námsmanna, bæði heima og erlendis, um að þessari skerðingu verði aflétt og námslánin reiknuð út samkvæmt þeirri viðmiðun sem var í gildi áður en skerðingar hófust á árinu 1985.

Varðandi framfærslugrunninn, þá er, eins og fram kemur í fsp., framfærsluviðmiðunin hér innan lands allt frá árinu 1973 að stofni til og sjá allir sem hana skoða að hún er langt frá því að endurspegla raunverulegan framfærslukostnað námsmanna í dag. Til að mynda eru námsmanni sem býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði úti á hinum almenna markaði ætlaðar 3391 kr. til að standa straum af húsnæði. En 8 m^2 herbergi á Nýja Garði, sem er líklega ódýrasta húsnæði sem námsmenn eiga völ á, kostar 6 þús. kr. á mánuði. Einungis lítið brot námsmanna fær inni á görðum. Þeir sem þurfa að sækja út á hinn almenna markað búa gjarnan við þau kjör að leigja herbergi á 10–12 þús. kr. á mánuði eða litla íbúð á 20 þús. kr. og jafnvel meira. Þá sjá allir, einnig hv. þm. sem eru gjarnan tölvísir, að 3991 kr. duga skammt.

Það mætti nefna fleiri hliðstæða liði úr framfærslugrunninum, til að mynda bækur og ritföng. Í þann lið eru ætlaðar tæpar 1400 kr. á mánuði, en samkvæmt upplýsingum frá bóksölu stúdenta er sú tala nálægt því að vera algengt verð á einni einustu kennslubók. Sjá þá allir að lítið er orðið eftir af þeim lið þegar búið er að kaupa bækur og ritföng til vetrarins.

Sama mætti segja um fæði, fatnað og annað það sem lagt er til viðmiðunar í þessum bráðum 15 ára gamla grunni sem notast er við. Það er rétt að hafa í huga, þegar hæstv. menntmrh. svarar þessari fsp., að nú nýlega hefur meiri hlutinn í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hafnað óskum fulltrúa námsmanna þar um að þessi framfærslugrunnur verði leiðréttur og skerðingin afnumin og því beinast augu manna mjög að hæstv. menntmrh. þegar hann svarar þessum spurningum.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hyggst menntmrh. beita sér fyrir endurskoðun á lögum um námslán og námsstyrki á næstunni og ef svo er, hvernig hyggst hann haga þeirri endurskoðun?“

Svar: Í kaflanum um menningar- og menntamál í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir: Endurskoðun fari fram á lögum og reglum um námslán og námskostnað í samráði við samtök námsmanna. Í samræmi við þetta hyggst ég beita mér fyrir endurskoðun á lögum og reglum um námslán og námskostnað. Að undirbúningi þess verks er unnið í menntmrn. Ég tel miklu skipta að fyrir liggi skýrt og greinilega, þegar hin eiginlega endurskoðun hefst, hver markmið hennar eiga að vera og mun leitast við að ná um það samstöðu innan ríkisstjórnarinnar. Að mínu mati hlýtur endurskoðunin að miðast við að tryggja fjárhagslegan grundvöll lánasjóðsins með það í huga að hann geti áfram gegnt því hlutverki sínu að tryggja jafnan rétt allra til náms. Málið hefur þegar verið rætt í ríkisstjórninni og ákvörðunar er að vænta innan skamms. Ég mun óska eftir tilnefningu stjórnarflokkanna í nefnd sem endurskoðunina mun hafa með höndum. Einnig verður leitað eftir tilnefningu fulltrúa frá samtökum námsmanna.

Önnur spurning: „Ætlar menntmrh. að afnema þá skerðingu námslána sem varð á árunum 1984–1986 með breyttum vísitöluviðmiðunum og útgáfu skerðingarreglugerða og veldur því að lánin eru nú nálægt 20% lægri en ella?“

Svar: Það er umdeilanlegt hve mikil skerðingin er. Í upphafi árs 1985 fyrir tæpum þremur árum ákvað þáv. menntmrh. að framfærslutölur þær sem Lánasjóður ísl. námsmanna miðar útreikning námslána hér á landi við skyldu taka breytingum með hliðsjón af vísitölu ráðstöfunartekna sem sérfræðingar Þjóðhagsstofnunar reiknuðu út. Áður hafði verið miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Hugmyndin að breytingunum mun hafa verið sú að kjör námsmanna breyttust í samræmi við ráðstöfunartekjur almennings í landinu. Í þessu sambandi má nefna að frá ársbyrjun 1982 og fram til ársloka 1984 hækkaði kaupmáttur námslána á meðan kaupmáttur launa lækkaði.

Það kom síðar í ljós að þessi nýi mælikvarði var ótraustur og því var aftur horfið að því ráði haustið 1985 að taka mið af framfærsluvísitölu. Í janúar 1986 ákvað þáverandi menntmrh. með reglugerð að framfærslutölur sjóðsins skyldu ekki breytast þar til annað yrði ákveðið. Þetta var gert við aðstæður þar sem fjárhagsmál lánasjóðsins voru í mikilli óvissu og því brýn ástæða til að sýna ýtrustu gætni í öllum ákvörðunum er vörðuðu útgjöld hans.

Í júlí sama ár var gefin út reglugerð þar sem á ný var tekinn upp sá háttur að framfærslutölur lánasjóðsins voru ákveðnar með hliðsjón af breytingum á vísitölu framfærslukostnaðar. Ef framfærslutölur lánasjóðsins hefðu allar götur frá því í ársbyrjun 1985 breyst í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar væru framfærslutölur nú 17,1% hærri en þær eru. Raunveruleg skerðing er hins vegar mun minni þegar tekið er tillit til þess að á tímabilinu hafa verið gerðar ýmsar breytingar á úthlutunarreglum lánasjóðsins sem eru námsmönnum verulega í hag. Þær tekjur sem námsmenn og makar þeirra afla sér í leyfum koma nú t.d. í miklu minna mæli til frádráttar námsláninu en áður var. Ráðstöfunartekjur námsmanna hafa aukist vegna þessarar breytingar. Það er jafnvel ekki ólíklegt að breytt tekjumeðferð hjá lánasjóðnum hafi unnið upp hina umræddu skerðingu námslána frá 1985 og 1986 að verulegu leyti.

Ég tel rétt að það komi skýrt fram að í lögum um námslán og námskostnað eru engin fyrirmæli um að miða skuli útreikninga lánasjóðsins við vísitölu framfærslukostnaðar eða aðra tiltekna vísitölu. Ef framfærslutölur væru nú hækkaðar um 17,1% þýddi það aukin útgjöld lánasjóðsins um upphæð allt að 200 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er framlag ríkisins til sjóðsins 1 milljarður 478 millj. kr., en ráðstöfunarfé sjóðsins alls 2 milljarðar 168 millj. kr. Til lánveitinga eru áætlaðar 1 milljarður 683 millj. kr. Ekki eru líkur á því að aukin fjárveiting fáist í þessu skyni. Ég tel því ekki rétt að hækka lánin nú almennt og stofna þar með fjárhag sjóðsins á næsta ári í hættu.

Upphæðir námslána hér á landi eru annars sem hér segir á mánuði svo að nokkur dæmi séu nefnd og ég miða þá við tímabilið desember og fram í febrúar á næsta ári:

Fyrir einstakling í foreldrahúsum 19 271 kr., fyrir einstakling í leiguhúsnæði 27 530 kr., fyrir námsmann í hjónabandi með eitt barn 34 412 kr. eða 68 824 kr. ef bæði hjónin eru námsmenn, fyrir námsmann í hjónabandi með tvö börn 41 295 kr., fyrir námsmann í hjónabandi með þrjú börn 48 177 kr. og ef makinn er einnig í námi er upphæðin 96 354 kr. Einstætt foreldri með tvö börn fær 55 060 kr. og einstætt foreldri með þrjú börn 68 825 kr.

Þriðja spurning: „Er menntmrh. reiðubúinn að beita sér fyrir því að raunverulegur framfærslukostnaður námsmanna hérlendis og erlendis verði kannaður þar sem sú framfærsluviðmiðun sem notast hefur verið við hér innan lands er frá árinu 1973 — og er langt frá því að endurspegla raunveruleg útgjöld námsmanna — og svipuð gagnrýni hefur komið fram á framfærsluviðmiðun námsmanna erlendis?“

Svar: Það er miklum erfiðleikum bundið að framkvæma framfærslukönnun af því tagi sem samtök námsmanna hafa óskað eftir og verður ekki gert í neinni skyndingu, enda mörg vafaatriði um framkvæmd og viðmiðanir. Á vegum stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur verið starfandi sérstök framfærslunefnd þar sem námsmenn eiga fulltrúa og hefur hún unnið að forathugun á því hvernig framfærslukönnun geti farið fram. Ég get fallist á að núverandi framfærsluviðmiðanir lánasjóðsins kunna að vera úreltar og ástæða sé til að leita eftir samstöðu um nýjar viðmiðanir. Ég hef því ritað stjórn lánasjóðsins bréf þar sem ég óska eftir því að hún taki upp viðræður við Hagstofu Íslands um leiðir sem færar eru í þessu augnamiði. Jafnframt hef ég óskað eftir því að samráð verði haft við samtök námsmanna um þessa vinnu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin þó þau væru ekki sérlega upplífgandi sum hver. Ég vil í sambandi við svar hans við 1. spurningu spyrja: Er meiningin að leita til stjórnarandstöðunnar einnig um fulltrúa í nefnd sem starfi að endurskoðun laganna? Hæstv. ráðherra nefndi stjórnarflokkana og samtök námsmanna, en sú var tíðin að stjórnarandstaðan var einnig höfð með í ráðum í þessum efnum.

Í sambandi við 2. liðinn endaði hæstv. ráðherra á því eftir langan talnalestur að segja nei. Það stendur sem sagt ekki til að afnema þessa skerðingu. Viðbárur hæstv. ráðherra varðandi það að breytt tekjuviðmiðun kæmi þar upp í að einhverju leyti eru nú næsta óburðugar. Það hjálpar að sjálfsögðu ekki hinum sem ekki hafa möguleika á því að bæta sér upp skerðingu námslána með aukinni vinnu eða einhverjum öðrum hætti þó að einhverjir kunni að geta gert það.

Eitt gott við lögin um námslán og námsstyrki er að þau eru skýr. Þau kveða að vísu ekki á um einhverja tiltekna vísitöluviðmiðun, en þau kveða skýrt og afdráttarlaust á um að það beri að lána námsmönnum 100% miðað við metna framfærsluþörf og sú metna framfærsluþörf hlýtur að eiga að byggjast á bestu fáanlegum upplýsingum um raunverulegan framfærslukostnað námsmanna. Það er ekki hægt að skilja þessi lög öðruvísi.

Það er alveg ljóst, og það kom fram í svari hæstv. menntmrh., að þrír hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. í menntamálum hafa hringlað fram og aftur með þessar viðmiðanir og það var ekki fallegur lestur. Einu sinni átti að miða þetta við ráðstöfunartekjur, svo kom annar ráðherra sem frysti þetta allt með reglugerðum og nú er kominn þriðji hæstv. menntmrh. frá Sjálfstfl. sem er með enn eina hugmyndina um hvernig er hugsanlega hægt að hafa þetta. Það er meiri stefnufestan sem þessi flokkur hefur í þessum málum. Það er engin leið að lesa lögin öðruvísi og skilja þau öðruvísi en svo að það er brot á lögunum að lána ekki samkvæmt framfærsluþörf, bestu fáanlegum upplýsingum um hana, 100%. Það er ljóst að hér hafa átt sér stað stórfelld lögbrot á undanförnum árum. Ég vil enn minna á að þegar samkomulag var gert á árinu 1982 milli námsmannahreyfinganna og Alþingis og lögin voru sett voru

endurgreiðslureglur hertar gegn því að lánin væru 100%.

Varðandi framfærslukönnunina taldi hæstv. ráðherra að það væri erfitt mál í framkvæmd. Ég held að það skipti ekki máli í sjálfu sér hvort það er auðvelt eða erfitt. Það er verk sem einfaldlega verður að framkvæma. Ég lýsi efasemdum um að það sé skynsamleg ráðstöfun að vísa því alfarið til stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, sbr. viðbrögð íhaldsmeirihlutans í þeirri stjórn sem hefur með frægri bókun frá 5. nóvember í raun og veru sagt að þetta sé allt í himnalagi. Það er ekki hægt að sleppa því, herra forseti, að lýsa megnustu óánægju með störf þessa meiri hluta Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ekki stendur í stykkinu, þ.e. reynir ekki með störfum sínum að tryggja að hægt sé að framfylgja lögum um námslán og námstyrki á viðunandi hátt.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera örstutta athugasemd og harma að þingsköp leyfa ekki ítarlega umræðu um þetta mál. En ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og lýsa því yfir að mér er reyndar með öllu óskiljanlegt hvers vegna menn vefja það svo fyrir sér að kanna þetta ástand og endurskoða framfærslugrunninn. Það er alveg ljóst að ástandið er misjafnlega slæmt. Sums staðar komast menn sæmilega af á námslánum, annars staðar rétt skrimta menn og sums staðar er ástandið raunverulega mjög slæmt, jafnvel í sumum tilvikum lífsháskalegt, og þá á ég við námsmenn erlendis þar sem menn eru farnir að spara við sig í sambandi við húsnæðismál, þurfa jafnvel að leigja í óíbúðarhæfu húsnæði, heilsuspillandi og innan um misindismenn. Um þetta hafa orðið alvarleg dæmi og á því berum við ábyrgð. Það er að mínum dómi fullkomið ábyrgðarleysi ef menn þrjóskast við að kanna þetta mál og tryggja farsæla lausn þess.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. um hvernig staðið verði að endurskoðun á lögum og reglum um námslán, þá lýsti ég því í upphafi að ég hef reiknað með að það séu stjórnarflokkarnir sem fyrst og fremst bera ábyrgð á þessari endurskoðun í samráði við samtök námsmanna og stjórnarandstaðan komi auðvitað til með að fjalla um málið þegar það kemur fyrir hv. Alþingi.

Það er alger rangtúlkun á lögum um námslán að brotin séu lög með þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Metin framfærsluþörf er hvergi orðuð í lögunum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. segir. Það hefur verið allur gangur á framkvæmd þessara laga. Það er ekki fyrr en tiltölulega nýlega sem 100% svokölluð þörf var viðurkennd. Við höfðum t.d. nokkuð langan tíma alþýðubandalagsmenn bæði í starfi menntmrh. og í starfi fjmrh. Ekki heyrðust þessar raddir þá frá hv. þm. eða flokksbræðrum hans. Það var ekki fyrr en aðrir tóku við stjórn þessa málaflokks að námslán og styrkir til íslenskra námsmanna komust í þokkalegt horf.

Ég vil segja að auðvitað vilja menn alltaf meiri peninga í hendi. Það er ósköp skiljanlegt og það geta allir skilið. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða af þeim kynnum sem ég hef haft af fyrirgreiðslu annarra ríkja til námsmanna að við Íslendingar gerum betur við okkar námsmenn en nokkur önnur þjóð sem ég þekki til. Lánasjóður ísl. námsmanna hefur í raun haft algeran forgang í fjárveitingum, þ.e. bæði heimildum til lántöku og í fjárveitingum frá ríkinu, miðað við önnur útgjöld til íslenska menntakerfisins á undanförnum allmörgum árum. Sú gagnrýni, sem haldið er uppi á Lánasjóð ísl. námsmanna og hvernig lög og reglur um það kerfi eru framkvæmd, er því mjög óréttmæt. Við ætlum á fjárlögum á næsta ári 1,4 milljarða í þennan málaflokk. Við t.d., svo að ég noti nokkrar tölur til samanburðar, reiknum með 177 millj. í allar framkvæmdir til Háskóla Íslands. Í fjárlagafrv. eru um 200 millj. í framkvæmd allra grunnskólabygginga. Það eru 900 millj. ætlaðar til alls reksturs Háskóla Íslands. Af þessum viðmiðunum má sjá hversu Lánasjóður ísl. námsmanna nýtur forgangs í fjárveitingum af hálfu íslenska ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að gera stutta athugasemd. Það er ekki smekklegt af hæstv. menntmrh., sem veit að ég hef lokið ræðutíma mínum, að koma með rangfærslur og ásakanir í garð ríkisstjórnar sem starfaði fyrir mörgum árum. Staðreyndin er sú og það ætti hæstv. menntmrh. að vita, sem við skulum gera ráð fyrir að þekki til sögu námslána, að á þeim árum sem Alþb. var í ríkisstjórn var einmitt sú löggjöf sett sem nú er unnið eftir eða ætti að vinna eftir og á þeim árum voru námslánin að hækka stig af stigi í 100%. Það var svo fyrsti menntmrh. í samstarfi við hv. Sjálfstfl. sem byrjaði á því að fresta þeim áföngum.

Ég vil svo nota þetta tækifæri til að mótmæla nú þegar því ef ekki er meiningin að hafa fulltrúa frá stjórnarandstöðunni í samstarfi um endurskoðun námslána. Á sínum tíma var það samstarf unnið og þá var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Fulltrúi hans, Friðrik Sophusson, var með allan tímann sem unnið var að endurskoðun laganna sem leiddi til lagasetningarinnar 1982. Ég lýsi formlega mótmælum fyrir hönd Alþb. ef ekki er meiningin að hafa stjórnarandstöðuna með í þessu samstarfi frá upphafi.

Stytting námstíma til stúdentsprófs, ein umr.

Fsp. GHH, 57. mál. — Þskj. 59.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. til menntmrh. á þskj. 59:

„Hefur menntmrh. uppi einhver áform um að beita sér fyrir því að námsfólk geti lokið stúdentsprófi á styttri tíma en nú er og geti þannig almennt hafið háskólanám á sama aldri og gengur og gerist í nágrannalöndunum?“

Tilgangurinn með þessari fsp. skýrir sig að mínu dómi sjálfur. Mér leikur hugur á að vita hvort ráðherrann hefur í hyggju að beita sér fyrir breytingum í þessu efni, sbr. fyrirætlanir forvera hans sem í fyrra mun hafa lýst því yfir að hann hygðist taka það sér fyrir hendur að stytta þennan námstíma.

Það hefur löngum verið haft á orði, herra forseti, að íslenskir námsmenn ljúki almennt stúdentsprófi eða sambærilegu prófi 1–2 árum síðar en algengt er í nágrannalöndunum. Í ljósi þessa og sömuleiðis hins, að hin síðari ár hefur nokkuð verið til þess tekið að hægt væri að nýta betur tímann í skólakerfinu hérlendis, ekki síst kannski í fyrri hluta grunnskólans, vildi ég forvitnast um viðhorf ráðherrans til þessa atriðis. Ég tel að hér sé um að ræða málefni er varðar námsfólk sem einstaklinga og möguleika þess á að ljúka góðri almennri menntun, sem er undirstaða hvers kyns framhaldsnáms, bæði háskólanáms að sjálfsögðu og sömuleiðis sérhæfðs náms eftir framhaldsskóla, fyrr en nú er. En þetta er ekki síður málefni þjóðfélagsins í heild og spurning um að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til menntunar og skólamála og flestir virðast sammála um að mættu verða meiri og þarf að reyna að nýta sem best.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í hinu ágæta framtaki Kennarasambands Íslands, skólastefnu sambandsins, sem nýlega hefur verið gefin út, er vikið að þeim þjóðfélagsbreytingum sem orðið hafa á síðustu árum með aukinni þátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu og þörfinni á einsettum skóla eða samfelldum skóladegi. Þar er vakin athygli á því, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 13 að skapast hafi þörf fyrir aðstöðu fyrir nemendur í lengri tíma en skólinn getur veitt við núverandi aðstæður. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta: „Börn verða að hafa þroskavænlegan samastað meðan foreldrar þeirra eru í vinnu“. Ég tel að einmitt þetta atriði knýi á og gefi jafnframt færi á að nýta betur þann tíma sem til ráðstöfunar er snemma á skólagöngualdri barna sem komi síðan fram þegar lengra líður skólagöngunni og komið er upp í framhaldsskóla. Ég vildi vekja athygli á þessu samhliða því sem ég hef áður sagt.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það vekur óneitanlega athygli að nemendur ljúka stúdentsprófi eldri hér á landi en víðast annars staðar í okkar nágrannalöndum. Á Norðurlöndum t.d. taka menn stúdentspróf að loknu 12 ára námi frá byrjun grunnskóla, en hér að loknu 13 ára námi. Því er ekki að neita að í viðræðum við skólamenn eru mjög skiptar skoðanir um hvort rétt sé að gera gangskör að því að breyta þessu fyrirkomulagi.

Ýmsar skýringar eru tilgreindar á lengra námi hér á landi, t.d. að árlegur skólatími á Íslandi sé styttri en annars staðar þar sem sumarleyfi séu lengri á Íslandi. Sú skýring á við í samanburði við sum lönd en önnur ekki. Þó að sumarleyfi séu styttri víðast hvar koma lengri vetrarfrí hjá ýmsum þjóðum á móti.

Önnur skýring er sú að sérhæfni í námi byrji mun fyrr, t.d. í Englandi, og í námskröfum sé sleppt ýmsu sem telst til almennrar menntunar sem hins vegar er lögð áhersla á í námsefni í íslenskum skólum. Slík sérhæfni á unga aldri gerir að verkum að erfiðara er að breyta um námssvið síðar á námsbrautinni ef áhugasvið breytast. Skólamenn sem þekkja menntakerfið í Englandi hafa t.d. sagt í mín eyru að þar byrji sérhæfing við 11 ára aldur og að nemandi t.d. á stúdentsprófsaldri sem vilji breyta úr raungrein yfir í grein hugvísinda verði að byrja að nýju frá þeim aldri.

Enn ein skýring er sú að tíminn hafi ekki nægilega verið nýttur í skólanum. Sumir bekkir grunnskóla séu t.d. of léttir, a.m.k. fyrir duglegri nemendur.

Enn aðrir segja að við Íslendingar eyðum svo miklum tíma í tungumálanám sem okkur sé nauðsynlegt vegna smæðar okkar og þess vegna sé okkar nám lengra en í öðrum löndum.

Ég vil engan dóm kveða upp í þessu efni. Hins vegar er hér um mjög mikilvægt mál að ræða, en einnig mjög viðamikið. Ég tel að það sé brýnt að kanna hvernig grunnskólinn og framhaldsskólinn skili hlutverki sínu og hvort þörf sé á breytingum í þá átt sem fsp. fjallar um. Ég hef því ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem athugi þessi mál. Öll skólastigin hafi þar aðild, þ.e. grunnskóli, framhaldsskóli og háskóli, og auk þess fulltrúar kennarasamtaka og ráðuneytis.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör við þessari fsp. og fagna því sérstaklega að hann hyggst beita sér fyrir könnun á þessu atriði með því að setja á laggirnar sérstakan starfshóp í þessu skyni. Ég gat þess áðan að Kennarasamband Íslands hefði beitt sér fyrir ágætu framtaki varðandi nýja skólastefnu. Ég teldi eðlilegt að haft yrði samráð við hagsmunasamtök kennara þegar haldið verður áfram frekari könnun á þessu sviði.

Þetta mál er ekki einfalt, eins og fram kom í svari ráðherra, og ekki endilega víst að allir séu sammála um að það sé rétt stefna að stytta námstíma til stúdentsprófs almennt. En það tengist fleiru, eins og t.d. því málefni sem hér var til umræðu á undan, vegna þess að það getur haft áhrif á hvort námsmenn almennt bíða með að stofna fjölskyldur þangað til háskólanámi er lokið eða hvort það verður almennt ofan á, eins og er nú í mörgum tilfellum í dag, að fólk byrjar að stofna fjölskyldur og hefur af því mikinn framfærslukostnað og lánsfjárþörf þegar í upphafi háskólanáms og er með sínar fjölskyldur á

framfæri, jafnvel í löngu námi, langt fram eftir þrítugsaldri. Allt hefur þetta áhrif.

En ég fagna því að menntmrh. ætlar að láta skoða málið á breiðum grundvelli.

Ráðning í stöðu þjóðgarðsvarðar, ein umr.

Fsp. KH, 62. mál. — Þskj. 64.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Atvik hafa hagað því svo að þessi umræða er miklu seinna á ferðinni en ég hefði viljað og eðlilegt hefði verið. Ég óskaði eftir umræðum utan dagskrár um þetta mál skömmu eftir að það kom upp og vildi fá það rætt í vikunni fyrir þing Náttúruverndarráðs, eins og eðlilegt hefði verið, þ.e. áður en hæstv. ráðherra skipaði formann og varaformann Náttúruverndarráðs fyrir næsta tímabil. Því miður var kvótinn fyrir utandagskrárumræður upp urinn þá viku og allt frá þeim tíma hefur hæstv. menntmrh. verið fjarri í fyrirspurnatímum. Það hefur því dregist langt um of að fá svar við þeim spurningum sem fram koma á þskj. 64.

En þótt langt sé um liðið og e.t.v. farið að fyrnast yfir málið í hugum margra er ekki ástæða til að láta kyrrt liggja því að hér er um að ræða spurningar um grundvallaratriði og vinnubrögð og þetta tiltekna mál er stefnumarkandi og fordæmisgefandi þar sem hér er um að ræða fyrstu ráðningu Náttúruverndarráðs í stöðu þjóðgarðsvarðar.

Forsaga þess er í örfáum orðum sú að í ágúst sl. auglýsti Náttúruverndarráð stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli lausa til umsóknar. Um stöðuna sóttu sex manns, þar af þrír með mikla reynslu af landvörslu og náttúruverndarstarfi. Tveir umsækjenda eru með líffræðimenntun og annar þeirra reyndar með háskólagráðu í umhverfisfræðum auk þess að hafa kynnt sér sérstaklega skipulag þjóðgarða víða erlendis. Einn umsækjandi er með lögfræðimenntun og sérmenntun í umhverfisrétti og hefur skrifað mikið rit um Skaftafell.

Þegar gengið var frá ráðningu Náttúruverndarráðs í stöðuna fyrir rúmum mánuði urðu nokkur blaðaskrif um málið og fram komu mótmæli m.a. frá stjórn Landvarðafélagsins þar sem með þessari ráðningu þótti freklega gengið fram hjá faglegri menntun og starfsreynslu. Því spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 64 að því hvort hæstv. ráðherra hafi kynnt sér þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við ráðningu í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og hvort hann geti upplýst um hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar þeirri ráðningu og til hve langs tíma ráðningin er og enn fremur hvort ráðherra sé samþykkur því mati Náttúruverndarráðs sem lýsir sér í vali þess úr hópi sex umsækjenda um stöðuna.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur menntmrh. kynnt sér vinnubrögð Náttúruverndarráðs við ráðningu í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli?“ Svarið er já. Menntmrh. hefur kynnt sér vinnubrögð Náttúruverndarráðs við ráðningu þjóðgarðsvarðarins í Skaftafelli og gerir ekki athugasemdir um þau.

Í reglugerð um þjóðgarð í Skaftafelli nr. 319/1984 segir í 3. gr.: „Náttúruverndarráð ræður þjóðgarðsvörð til þess að fara með daglega stjórn í þjóðgarðinum, bæði gagnvart starfsmönnum hans, gestum og þeim aðilum sem annast þar rekstur. Náttúruverndarráð setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í Skaftafelli.“

Þess ber að geta að ekki eru gerðar sérstakar kröfur umn menntun þjóðgarðsvarðarins í reglugerð.

Starfið var auglýst laust til umsóknar síðari hluta ágústmánaðar og var umsóknarfrestur einn mánuður. Í auglýsingunni var tekið fram að auk þess að þjóðgarðsvörður hefði umsjón með allri starfsemi þjóðgarðsins útheimti starfið m.a. haldgóða þekkingu á náttúrufræði, en þar var að sögn Náttúruverndarráðs vitaskuld átt við náttúrufræði þjóðgarðsins og héraðsins. Sjö umsóknir bárust um starfið, en ein þeirra var síðar dregin til baka og einn óskaði nafnleyndar. Hinir fimm voru: Finnur Torfi Hjörleifsson lögfræðingur, Haraldur Antonsson búfræðikandidat, Jón Hjartarson skólastjóri, Sigrún Helgadóttir líffræðingur, Stefán Benediktsson arkitekt.

Á fundi Náttúruverndarráðs 25. sept. sl., daginn sem umsóknarfresturinn rann út, var skýrt frá umsóknunum sjö sem bárust og þær voru ræddar. Formanni Náttúruverndarráðs, framkvæmdastjóra og einum ráðsmanna eða þeim sem skipa Skaftafellsnefnd Náttúruverndarráðs var þá falið að ræða við alla umsækjendur fyrir næsta ráðsfund. Þetta gerði Skaftafellsnefnd og var málið síðan lagt fyrir næsta fund Náttúruverndarráðs 13. okt. sl. Þar voru allar umsóknir ræddar ítarlega, einkum fyrri störf, reynsla og menntun umsækjenda, með hliðsjón af starfslýsingu fyrir þjóðgarðsvörð í Skaftafelli og var einnig skýrt frá viðræðum við umsækjendur.

Á fundi Náttúruverndarráðs hinn 14. okt. sl. var þessum umræðum fram haldið. Á þeim fundi ráðsins var ákveðið að greiða atkvæði skriflega um það hvern hinna sex umsækjenda skyldi ráða í stöðu þjóðgarðsvarðar. Við þá atkvæðagreiðslu fékk Stefán Benediktsson hreinan meiri hluta atkvæða og var þar með ákveðið að ráða hann í starfið frá næstu áramótum. Af framansögðu sést að allar umsóknir um stöðu þjóðgarðsvarðar hlutu vandlega umfjöllun af hálfu Náttúruverndarráðs og ákveðið með leynilegri atkvæðagreiðslu á lýðræðislegan hátt hver umsækjendanna sex skyldi hljóta stöðuna. Úrslitin voru skýlaus og ótvíræð.

Í öðru lagi er spurt: „Getur ráðherra upplýst hvaða forsendur lágu til grundvallar þeirri ráðningu

og til hve langs tíma ráðningin er?"

Vegna 2. tölul. í fsp. hv. þm. er rétt að vísa að nokkru leyti til svars við 1. tölul. hér að framan. Því til viðbótar er rétt að reifa í grófum dráttum starfslýsingu fyrir þjóðgarðsvörð í Skaftafelli sem Skaftafellsnefnd Náttúruverndarráðs gerði drög að fyrir tveimur árum og sem Náttúruverndarráð hefur fjallað um og endurbætt. Tilefni þess að þessi starfslýsing var gerð voru þær breytingar sem óhjákvæmlega myndu verða er núverandi þjóðgarðsvörður, Ragnar Stefánsson, léti af starfi. Helstu þættir starfslýsingar fyrir þjóðgarðsvörð í Skaftafelli eru þeir að honum ber að annast rekstur þjóðgarðsins, eignavörslu á svæðinu, hafa umsjón og eftirlit með öllum framkvæmdum í þjóðgarðinum, taka þátt í vinnu við gerð skipulags í þjóðgarðinum, hafa á hendi starfsmannahald og verkstjórn, hafa umsjón með fræðslu fyrir þjóðgarðsgesti, svo sem með gerð auglýsingabæklinga, upplýsingaskilta o.s.frv., og annast tengsl Náttúruverndarráðs við Suðausturland. Náttúruverndarráði var ljóst að erfitt mundi reynast að fá til starfans umsækjanda er hefði jafngóða þekkingu, menntun og starfsreynslu á öllum þessum sviðum þó það væri æskilegt. Hinn nýi þjóðgarðsvörður í Skaftafelli verður fyrst ráðinn til eins árs til reynslu eins og venja er, en síðan áfram til fimm ára í senn gangi allt að óskum.

Í þriðja lagi er spurt: „Er ráðherra samþykkur því mati Náttúruverndarráðs sem lýsir sér í vali þess úr hópi sex umsækjenda um stöðuna?"

Ég vil fyrst leggja áherslu á að það er Náttúruverndarráð sem ræður í þessa stöðu en menntmrh. kemur þar hvergi nálægt. Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið erfitt að gera upp á milli þeirra umsækjenda er sóttu um stöðuna þar eð allir umsækjendur höfðu menntun og starfsreynslu sem hefði að einhverju leyti nýst í starfi þjóðgarðsvarðar, en þar sem einn umsækjenda hafði hlotið atkvæði meiri hluta þeirra er sitja í Náttúruverndarráði er það mat mitt að ekki hafi verið hjá því komist að ráða þann umsækjanda í starfið sem meiri hluti ráðsmanna hafi talið hæfastan. Sjálfur tel ég reyndar að þar hafi verið vel valið. Við það ráðslag Náttúruverndarráðs hef ég ekkert að athuga, enda benda vinnubrögð Náttúruverndarráðs við umfjöllun málsins til þess að ákvörðun um ráðningu í starfið hafi verið tekin að vandlega yfirveguðu ráði.

Þess má geta að á nýafstöðnu Náttúruverndarþingi var lögð fram tillaga um þetta mál sem hljóðaði þannig:

„6. Náttúruverndarþing harmar að ekki skuli hafa verið tekið tillit til menntunar og faglegrar þekkingar á náttúruverndarmálum við ráðningu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli."

Bæði sú nefnd sem fjallaði um málið á þinginu og náttúruverndarþingið í heild samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða að vísa tillögunni frá á þeim forsendum að Náttúruverndarráð hefði á allan hátt staðið eðlilega að þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka vissulega hæstv. menntmrh. fyrir svör hans þó að ég sé, af eðlilegum ástæðum langt frá því ánægð með þau. Ég bjóst raunar ekki við því að fá þá réttlætingu á þessum málum sem ég gæti sætt mig við, en það er auðvitað spurning um mat.

Hæstv. ráðherra minntist á minnispunkta um helstu starfsþætti þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og las nokkra þeirra upp. Það væri vissulega ástæða til þess að lesa þá alla, það er mjög upplýsandi, að skoða þessa þætti og ég vil aðeins lesa hérna upp einn punkt sem þar kemur fram, að þjóðgarðsvörður eigi „að sinna því að hafa yfirlit yfir náttúrufræðirannsóknir í héraðinu og jafnframt ástunda eigin rannsóknir í þjóðgarðinum eða nágrenni hans".

Ég skil vissulega aðstöðu ráðherra, mér finnst sjálfri erfitt að fjalla um svona mál á opinberum vettvangi. Mönnum hættir til að persónugera í tilvikum sem þessum sem er að sjálfsögðu alrangt. Það má fyrir alla muni ekki villa okkur sýn. Þetta er spurning um grundvallaratriði og vinnubrögð.

Við 3. lið fsp. fékkst í sjálfu sér svar þegar hæstv. ráðherra endurskipaði formann og varaformann Náttúruverndarráðs fyrir næsta starfstímabil, en þessar spurningar voru samdar áður en það gerðist og eins og ég lýsti áðan hafði ég hug á því að ræða þetta áður en til þingsins kæmi.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, minnast á enn einn þátt þessa máls sem er sá að sá umsækjandi sem mesta menntun og starfsreynslu hefur er reyndar kona og gafst því Náttúruverndarráði gulltryggt tækifæri til að sýna að konur þyrftu ekki á sérstökum stjórnvaldsaðgerðum að halda til að fá notið hæfileika, menntunar og reynslu. Þetta tækifæri var látið ónotað. Hér var því ekki eingöngu um það að ræða að mínu mati að faglegum forsendum væri ýtt til hliðar heldur gæti hér verið um að ræða brot á jafnréttislögum og sýnir þetta betur en nokkuð annað að við setjum ekki lög um hugarfar. En þessi þáttur málsins er í athugun á réttum vettvangi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt þegar svona mál er rætt, um stöðuveitingar eftir að staða hefur verið veitt, að það sé ljóst að það er ekki verið að gagnrýna þann sem hefur verið valinn til starfsins. Ráðningin er á ábyrgð Náttúruverndarráðs og ráðherra tók undir að það hefði verið staðið rétt að máli. Hann gat um afstöðu náttúruverndarþings. Ég tel að þar hafi kannski ekki öll sagan verið sögð varðandi afgreiðslu tillögu á þinginu.

Ég vil að það mat mitt komi fram að ég tel að forsendurnar fyrir þessari ráðningu til þjóðgarðsvarðarstarfa, hvort sem er í Skaftafelli eða annars staðar, hafi ekki verið rétt fyrir lagðar af Náttúruverndarráði. Ég er þeirrar skoðunar að forgang til slíkra starfa eigi að hafa menn sem hafa öðlast náttúrufræðilega menntun af einhverju tagi, há-

skólapróf helst í þeim greinum, vegna eðlis starfsins, vegna þess að þjóðgarðarnir eru svæði sem eru sett á laggirnar til að vernda lífríki þeirra og jarðmyndun. Það er að sjálfsögðu miklu tryggara að þeir sem eiga að gæta þess að svo sé hafi tilskilda undirstöðumenntun. Þetta vona ég að verði haft í heiðri í framtíðinni þegar ráðið verður í slík störf og ég tel að það sé í rauninni sýs af hálfu Náttúruverndarráðs að hafa ekki skýrt forsendur fyrir ráðningunni sérstaklega.

Þetta er ekki gagnrýni á þann sem var valinn til starfsins. Hans er ekki nein sök í þessu máli. Hann var ráðinn með réttum hætti af réttum aðila og gagnrýnin beinist ekki að honum. Ég hef þegar boðið hann velkominn til starfa.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að ég tel að hér hafi verið farið að á allan hátt eins og vera bar við ráðningu þjóðgarðsvarðar. Ég vil hins vegar benda hv. 2. þm. Austurl. á þá staðreynd varðandi þann þjóðgarð sem hann ber ábyrgð á, sem er þjóðgarðurinn á Þingvöllum, að þeir sem honum stjórna hafa ekki séð ástæðu til að ráða líffræðimenntaðan þjóðgarðsvörð. Sá sem þeim þjóðgarði stýrir er prestur. (**HG:** Það eru lög sem mæla svo fyrir.)

Verðtrygging, ein umr.

Fsp. KH, 67. mál. — Þskj. 70.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 70 beini ég þeirri fsp. til hæstv. viðskrh. hvort hann hafi einhver áform um að endurskoða samsetningu lánskjaravísitölu eða taka upp aðra viðmiðun við verðtryggingu.

Ástæðan fyrir því að ég ber þessa fsp. fram nú er svo sem ekkert sérstakt tilefni heldur er hér um gamalt og mætti e.t.v. segja sígilt mál að ræða. Það er spurningin um hvað leggja skal til grundvallar verðtryggingu fjár sem lánað er milli manna því að það er vitaskuld ekki gefið mál að sú viðmiðun sem notuð er í dag sé réttust og sanngjörnust. Þeir komu a.m.k. ekki auga á réttlætið sem lentu í misgenginu margumræddu eftir að stjórnvöld bönnuðu vísitölubindingu launa um mitt ár 1983 en leyfðu lánskjaravísitölunni að æða áfram óáreittri. Margir af þeim ráðherrum sem stóðu að því háttalagi hafa raunar viðurkennt að það voru mikil mistök og sakna ég nú sessunautar míns sem er einn þeirra sem það gerðu á mjög áhrifaríkan hátt héðan úr þessu ræðustól. Svo var reyndar um fleiri og það gerir kannski málið enn óskiljanlegra í ýmissa augum að menn skyldu sjá ljósið og viðurkenna mistök sín, en hafa ekki döngun í sér til að leiðrétta það.

Við kvennalistakonur lögðum fram till. á þingi fyrir þremur árum um breytta viðmiðun verðtryggingar langtímalána vegna náms eða húsnæðiskaupa og vildum miða við vísitölu kauptaxta. Meginhugsunin á bak við það var sú að launafólki væri mikið öryggi í því að vita að endurgreiðsla lána yrði alltaf svipuð í vinnustundum talið. Það gæti sem sagt reiknað með því að þurfa að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu lánsins og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið.

Hefði þessi leið verið valin 1983 er ljóst að gjaldþrot launþega hefðu ekki orðið jafnmörg og þau urðu. Nú hefur ástandið vissulega breyst eins og okkur er fullkunnugt, en ég er reyndar enn þeirrar skoðunar að það sé í sjálfu sér alltaf réttlátast að miða við þróun launa fyrst og fremst varðandi lán til einstaklinga.

Vel má þó hugsa sér aðra viðmiðun, svo sem byggingarvísitölu eða þá að lánskjaravísitalan sé endurskoðuð, grunnur hennar, og endurbætt. Svo er vitanlega sú leið að fella verðtryggingu algerlega niður og hafa vextina í takt við þróun verðlags, en þá þyrftu aðstæður e.t.v. að vera aðrar en nú er.

Hvað sem öllu líður þurfa þessi mál að vera í stöðugri endurskoðun og þess vegna fannst mér rétt að kanna hvort slíkt væri á döfinni hjá hæstv. ríkisstjórn.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykn. spyr mig hvort ég hafi einhver áform um að endurskoða samsetningu lánskjaravísitölunnar eða taka upp aðra viðmiðun við verðtryggingu. Fyrirspyrjandi nefndi líka að á undanförnum árum hafi verðtrygging fjárskuldbindinga miðuð við þessa lánskjaravísitölu sætt töluverðri gagnrýni úr ýmsum áttum. Hún hefur meira að segja verið uppnefnd ránskjaravísitala iðulega.

Tilefni þessarar nafngiftar og sumra athugasemda fyrirspyrjandans er auðvitað að á árunum 1983 og 1984 hækkaði lánskjaravísitalan verulega umfram almenn laun þannig að greiðslubyrði af verðtryggðum lánum hækkaði í hlutfalli við tekjur. Á síðustu árum hefur þetta hins vegar snúist við, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda, þannig að laun hafa að undanförnu hækkað mun örar en lánskjaravísitalan. Nú er svo komið að svokallað misgengi verðlags og launa á árunum 1983 og 1984 hefur gengið til baka og heldur betur en það. Af þessum sökum virðist nú minna tilefni til að gagnrýna lánskjaravísitöluna með þessum hætti en var fyrir nokkrum árum, eins og kom reyndar fram hjá fyrirspyrjanda.

Ég vildi segja það skýrt að ég hef að svo stöddu ekki ákveðin áform uppi um að breyta samsetningu þessarar vísitölu eða að taka upp aðra almenna vísitölu algerlega í hennar stað. Hins vegar tel ég að það komi mjög til álita að liðka til um lagaheimildir þannig að viðmiðun verðtryggingar í lánssamningum verði samningsatriði á milli aðila á sama hátt og vextirnir sem eru hinn meginþáttur lánskjaranna. Slík rýmkun felst reyndar í þeirri ákvörðun ríkis-

stjórnarinnar að heimila stofnun gengisbundinna innlánsreikninga sem koma munu til framkvæmda á næstu vikum.

Málið um lánskjaravísitöluna var athugað vandlega árið 1983. Þá varð niðurstaðan sú að lánskjaravísitalan nyti fullrar réttarverndar sem þáttur í fyrirliggjandi lánssamningum. Ný viðmiðun fyrir verðtryggingar hefði því haft í för með sér fjölgun vísitalna því ekki þótt fært að svipta þessum lögum til hliðar í fyrirliggjandi lánssamningum. Aðilar sem þetta mál varðar miklu, einkum stjórnir lífeyrissjóðanna sem mikið til eru skipaðar sömu mönnum og stjórnir verkalýðsfélaganna, mæltu eindregið gegn því (Gripið fram í.) að flækja viðmiðanir með fjölgun vísitalna. Þá var horfið frá áformum af þessu tagi og látið við það sitja að reikna út lánskjaravísitöluna mánaðarlega í stað ársfjórðungslega áður.

Þetta var niðurstaðan 1983, en því er hins vegar ekki að neita að það má finna ýmsa meinbugi á lánskjaravísitölunni. Hún er samsett af framfærsluvísitölu að ⅔ og byggingarvísitölu að ⅓ og endurspeglar á þann hátt almenna verðlagsþróun eins og til er ætlast. En hún bætir auðvitað ekki úr þeim vanköntum sem eru á vísitölunum sem hún samanstendur af.

Ég ætla að benda á tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi liggur það í eðli verðvísitalna af því tagi sem hér um ræðir að þær kunna að ofmeta almennar verðlagsbreytingar þegar litið er til langs tíma. Eina ráðið við þessum vanda er að láta ekki of langan tíma líða milli þess að grundvöllur vísitalnanna sé endurskoðaður, en á því hefur stundum orðið misbrestur. Þannig er grundvöllur núverandi framfærsluvísitölu byggður á neyslukönnunum frá 1978 og 1979. Þetta stendur nú til bóta og innan tíðar verður tekinn upp nýr grundvöllur. Fyrr á þessu ári var reyndar tekinn upp nýr grundvöllur fyrir byggingarvísitölu. Það er því mikilvægt að í framtíðinni verði grundvöllur þessara verðvísitalna endurskoðaður reglulega þannig að þær endurspegli sem best þær verðbreytingar sem ætlunin er að mæla.

Í öðru lagi kemur sú spurning hvort breytingar á óbeinum sköttum eigi að hafa áhrif á lánskjaravísitöluna. Er það t.d. eðlilegt að hækkun á söluskatti eða aðflutningsgjöldum leiði til hækkunar á verðtryggingum skulda? Þetta mál þarf að athuga rækilega og mun ég láta slíka athugun fara fram. Hér er komið að afar mikilvægu máli því verðvísitölurnar gegna stóru hlutverki í íslensku efnahagslífi og stærra en í flestum öðrum löndum því að auk þess sem fjárskuldbindingar eru að stórum hluta verðtryggðar hafa vísitöluviðmiðanir lengi verið algengar í kjarasamningum. Þegar við það bætist að óbeinir skattar eru hér mikilvægara stjórntæki en í öðrum löndum verður niðurstaðan sú að hagstjórn hér á landi hafa verið settar þröngar skorður. Ég tel mikilvægt að þetta mál verði athugað í víðu samhengi og það verður gert. En ég vildi vara við því að ráðast gegn verðtryggingunni. Verðtryggingin er ekki vandamálið. Vandamálið er verðbólgan.

Ég vildi að endingu beina þeirri ósk til hv. 14. þm. Reykv. að hann gerði skýrari grein í stuttri athugasemd fyrir því sem hann vildi fram færa með frammíkallinu áðan.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þó að ég hefði e.t.v. vonast eftir jákvæðari viðbrögðum. Það eru mér nokkur vonbrigði að það skuli ekki vera nein ákveðin áform um að taka á þessu máli sérstaklega. Málið er einfaldlega þannig vaxið að hinn almenni lántakandi vill geta skilið og vill sjá réttlætið í því þegar lánið, sem hann tók til að standa undir húsnæðiskaupum eða annarri langtímafjárfestingu og hafði áætlað út í hörgul hvernig hann mundi greiða það lán, fer svo allt í einu að vaxa í höndunum á honum og verður e.t.v. þungbærara en áður miðað við þau laun sem hann fær. Þetta er einfaldlega málið og þarf ekki að minna á títtnefnd dæmi um það þegar verðgildi húsnæðislánanna hækkar við það að kaffið hækkar í Brasilíu eða að stjórnvöld telja sig þurfa að græða svolítið á áfengisneyslu landsmanna.

Menn vísa til verðbólgunnar, eins og hæstv. ráðherra gerði áðan, og kenna henni gjarnan um alla hluti, en að mínu viti er þetta einn af þeim þáttum sem kynda undir verðbólgu, þ.e. öryggisleysi manna í sambandi við lántökur. Þeir geta ekki treyst því að aðstæður breytist ekki ár frá ári, jafnvel frá einum mánuði til annars. Við vitum t.d. að fæstir þeirra sem lentu í erfiðleikum, jafnvel gjaldþrotum á síðustu árum vegna húsnæðiskaupa höfðu reist sér hurðarásinn fræga um öxl af eigin asnaskap. Þeir höfðu sannarlega gert sínar áætlanir um endurgreiðslur, en þær stóðust ekki vegna aðgerða ríkisstjórnar og inngripa í þróun launa og lánskjara.

Hæstv. ráðherra minnti á hver þróun þessara viðmiðunarvísitalna hefur verið á undanförnum árum og hefur þar gengið í ýmsum skrykkjum. Ég hef tölur yfir hver hækkun þessara vísitalna hefur verið í prósentum talið frá því í maí 1983 þegar efnahagsaðgerðir þáv. ríkisstjórnar komu til framkvæmda. Þróunin er sú að framfærsluvísitalan hefur hækkað um 285%, byggingarvísitalan um 257%, lánskjaravísitalan um 297% og launavísitalan 298%.

Að lokum, herra forseti, fordæmin hráða og þess vegna verðum við öll að halda vöku okkar. Þessi mál verða að mínum dómi að vera í sífelldri endurskoðun.

Úrgangsefni frá álverinu í Straumsvík, ein umr.

Fsp. KE, 97. mál. — Þskj. 101.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Allt frá byggingu álversins í Straumsvík hafa margir haft áhyggjur af þeirri mengun sem frá verksmiðjunni stafar. Á fyrstu árunum var aðallega talað um flúormengun, en fljótlega kom einnig í ljós að veruleg mengunarhætta gat stafað af úrgangsefnum úr bræðslukerum verksmiðjunnar. Þessi úrgangsefni eru venjulega nefnd kerbrot.

Í kerbrotum eru cyan-sambönd, þ.e. blásýrusölt, sem eru mjög hættuleg lífverum, jafnvel í mjög litlu magni, auk annarra minna hættulegra efna. Það er því ekki að ástæðulausu að 1975 gerði ég ásamt nokkrum öðrum náttúrufræðingum nokkra athugun á því hvernig háttað væri eyðingu þessara hættulegu úrgangsefna. Þá kom í ljós að þeim hafði m.a. verið hent á ruslahaugana í Hafnarfirði sem var þá talin óviðunandi lausn vegna hættu á mengun grunnvatns.

Ein aðferð við að losna við kerbrotin og það var gert í upphafi var að henda þeim á fjörur, en að sjálfsögðu var það ekki talin fær lausn. Rökin fyrir því að láta sjóinn leika um kerbrotin var að flúoríð mundi falla út sem kalsíumflúoríð og að súlfat sjávarins mundi gera cyan-samböndin óskaðleg.

Seinni fullyrðingin fannst okkur mjög einkennileg og við leituðum til ýmissa aðila, þar á meðal efnafræðinga, og gat enginn gefið svör um hvernig þetta ætti að geta átt sér stað. Erlendis hafa eigendur víða verið skikkaðir til að flytja öll kerbrot í oxunarverksmiðjur til að gera cyan-jónina óskaðlega.

Vegna þess hve mikilvægt ég tel að hættuleg efni berist ekki út í náttúruna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum hef ég leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. heilbrmrh. á þskj. 101 og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig er háttað förgun kerbrota og annarra úrgangsefna frá álverinu í Straumsvík?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 12. þm. Reykv. um hvernig háttað sé förgun kerbrota og annarra úrgangsefna frá álverinu í Straumsvík er að mestu leyti byggt á upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins sem hefur haft eftirlit með þessu máli að því er varðar eftirlit stjórnvalda. Í upplýsingum þeirra er að finna reyndar nokkrar stærðfræði- og efnaformúlur sem ég ætla að hliðra mér hjá að reyna að lesa. Ég veit ekki hvort ég kann einu sinni að lesa úr því svo vel fari. En ég er hins vegar tilbúinn til þess að afhenda þær fyrirspyrjanda á eftir og ég þykist þess fullviss að fyrirspyrjandi sé færari um að lesa og skilja þessar formúlur en ég.

Ál er framleitt úr áloxíð eða bauxít með rafgreiningu. Álið safnast að neikvæða skautinu, katóðu sem er fóðring í rafgreiningarkerum. Neikvæða skautið eyðist ekki, ólíkt jákvæða skautinu, en með tímanum safnast fyrir ýmis úrgangsefni sem draga úr virkni. Þess vegna er nauðsynlegt að skipta reglulega á ca. fjögurra ára fresti um neikvæð skaut. Við það myndast fastur úrgangur, svokölluð kerbrot, þegar neikvæða skautið eða fóðringin er brotin innan úr kerunum. Magn þessa úrgangs er um það bil 13 kg pr. framleitt tonn. Efnasamsetning kerbrotanna getur verið mjög mismunandi, en aðallega er um að ræða kolefni, flúor, natríum og ál. Lítils háttar af cyanid finnst einnig í kerbrotunum, frá 0 og upp í 0,3%.

Förgun kerbrota í flæðigryfjur í sjávarmáli er þekkt víða við álver. Við álverið í Straumsvík hefur þessari aðferð verið beitt, en með samþykkt mengunarvarnaráðila, síðan hætt var að urða kerbrot í hrauninu upp af verksmiðjunni í Straumsvík. Frágangur á förgunarstað er þannig að gerður er grjótgarður sjávarmegin. Sjór á greiðan aðgang í gegnum garðinn og því gætir flóðs og fjöru í flæðigryfjunni. Sjórinn skolar með tímanum öllum uppleysanlegum efnum úr kerbrotunum, en grjótgarðurinn kemur í veg fyrir að kerbrotin dreifist.

Þau efni í kerbrotunum sem helst eru hættuleg lífríkinu eru cyanid, flúor og ál. Efni þessi geta verið verulega skaðleg í ferskvatni en mun síður í sjó. Ástæður þess eru eftirfarandi: Bæði ál og flúor finnast í sjó og eru þannig náttúrleg efni í sjávarumhverfi. Í sjó er einnig mikið af kalsíumjónum og leysimargfeldi kalsíumflúoríðs er mjög lítið. Í sjó eru skilyrði þannig að líklegt er að ál komi fyrir sem álhýdroxíð. Leysimargfeldi þess er einnig mjög lítið. Þetta veldur því að styrkur áls og flúors í sjó getur aldrei orðið mikill, ekki einu sinni staðbundinn. Cyanid getur orsakað ákveðna eitrun í lífverum við förgunarstaðinn, en þar sem cyanid eyðist fljótt í sjó og magnið í kerbrotunum er tiltölulega lítið, eins og áður greindi, er ólíklegt að um vandamál geti orðið að ræða.

Árið 1976 voru framkvæmdar efnagreiningar á sjó í og við flæðigryfjur þar sem kerbrotum frá álverinu í Straumsvík var fargað. Magn flúors reyndist innan eðlilegra marka fyrir sjó og magn cyanids var undir mælanlegum mörkum. Sú breyting varð fyrir rúmu ári á förgun fasts úrgangs frá álverinu í Straumsvík að hætt var að brjóta neikvæðu skautin úr kerunum eins og gert var meðan stálbyrðingurinn var endurnýttur. Nú er kerunum fargað í heilu lagi á sama hátt og kerbrotunum áður.

Álverið í Straumsvík leitaði áits mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins á þessari breytingu áður en framkvæmdir hófust. Mengunarvarnir töldu ekki ástæðu til að leggjast gegn breytingunni út frá mengunarvarnarsjónarmiðum, enda eru öll þau efni sem umhverfishættuleg geta talist í kerbrotunum og um breytingu á förgunaraðferð hvað þau varðar er ekki að ræða.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þetta hafi að mestu svarað og vonandi komið fram hér það sem hv. fyrirspyrjandi leitar eftir með fsp. sinni.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir hans svör þó að ég sé alveg undrandi á því sem

kemur fram í svari hans því að það er alveg greinilegt að ekkert hefur breyst. Ég er eiginlega enn meira undrandi á því að mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafi samþykkt að láta henda kerum í heilu lagi eða kerbrotum, það skiptir ekki máli hvort heldur er, og láta sjóinn leika um þau vegna þess að auðvitað fer mengunin út í sjó hvort sem maður sér hana eða ekki. Það er alveg ljóst að ef mengunin er sett á fjörur beint sjá allir að það er eitthvert rusl þarna og gera sér grein fyrir því að þetta geti eitthvað hættulegt verið. Eins og kom fram áðan er cyanid stórhættulegt efni í mjög litlu magni. Ég skil ekki hvernig það getur verið að Hollustuverndin skuli láta sér nægja að taka mark á einni mælingu frá 1976. Það er alveg stórmerkilegt. Ef það er rétt að þeir sem þetta skrifa og þeir sem hafa fjallað um þetta mál hafi einhverjar hugmyndir um að cyanjónin eyðist í sjónum held ég að þeir ættu að koma með þær upplýsingar upp á yfirborðið vegna þess að efnafræðingar og aðrir sem hafa reynt að kynna sér þessi mál hafa ekki hugmynd um hvernig í ósköpunum það á að geta átt sér stað. Þeir ættu ekki að lúra á þessum góðu upplýsingum því að eins og ég sagði áðan er þetta mikið vandamál víða erlendis og álverksmiðjur eru látnar verja heilmiklu fé í að eyða kerbrotum í oxunarverksmiðjum. Þess vegna væri stórfróðlegt fyrir þær að vita hvernig í ósköpunum sjórinn á að geta eytt þeirri stöðugu jón sem þarna er um að ræða.

Ég ítreka að þetta getur alls ekki gengið og það gildir alls ekki hérna að lengi taki sjórinn við. Það er þó oft sagt. Ég rifja upp að í sjónvarpsfréttum í gær voru sýndar myndir sem voru teknar fyrir 19 árum í Norðursjó. Þar var þá um fjölskrúðugt lífríki að ræða. Núna, 19 árum seinna, lifa þar einungis ormar og bakteríur. Ég held að við viljum alls ekki hafa þetta þannig.

En ef við ætlum að vera eins andvaralaus í mengunarmálum og við höfum verið hingað til sýnir þetta dæmi það ekki síður en mörg önnur að illa getur farið og þetta er svo sem alls ekki eina mengunin sem vert er að hafa áhyggjur af. Ég held líka að ef við hefðum umhverfisráðuneyti eða eitt ráðuneyti sem tæki á þessum málum væri auðveldara að hafa einhverja yfirsýn yfir þessi mál.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og ég tek undir þau orð sem frá henni féllu áðan því að ég tel að hér sé staðið að af andvaraleysi. Það er alveg ljóst að þau efni sem þarna eru á ferðinni hverfa ekki, þau fara í sjóinn, og það er lágmark að það sé fylgst með þessum málum reglubundið með mælingum ef á að hafa þann hátt á, sem þarna er, að farga þessu á sjávarströnd, en jafnframt að leita annarra leiða. Og ég vil hvetja hæstv. heilbrmrh. til að beita sér fyrir því að teknar verði upp reglubundnar athuganir á þessum málum og athugað um aðrar leiðir.

Ég skoðaði álver í Noregi 1975 á vegum Náttúruverndarráðs, nýlegt álver í Lista á suðurströnd Noregs. Þar höfðu menn miklar áhyggjur m.a. af kerbrotunum. Þar voru kerfisbundnar athuganir á talsvert stóru svæði í kringum förgunarstaði. Þetta vildi ég nefna hér.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu taka undir ábendingar hv. 12. þm. Reykv. og 2. þm. Austurl. og athuga þeirra athugasemdir hvað þetta mál varðar. Það kann líka að vera, eins og kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv., að þarna kunni að vera um sjómengun að ræða, þ.e. umhverfismengun af úrgangi sem liggur á fjörum, og þá þarf að athuga það sérstaklega. Reyndar var ekkert í fyrra svari mínu við þeim þætti málsins. Er sjálfsagt að líta á það mál eins og svo margt annað í okkar umhverfi. Við höfum reyndar rætt um það fyrr varðandi önnur dagskrárefni á hinu hv. Alþingi. Það er nýlega búið að skipa nefnd sameiginlega á vegum hæstv. iðnrh. og heilbrmrh. sem á að taka þau mál sérstaklega til umfjöllunar. En ég vil aðeins ítreka það, sem fram kom hér í fyrra svari mínu vegna athugasemda hv. fyrirspyrjanda, að hér segir að mjög lítið magn af cyanidi sé í þessum kerbrotum, frá 0 og upp í 0,3%, og jafnframt segir að þó cyanidið geti orsakað ákveðna eitrun í lífverum við förgunarstaðinn eyðist það fljótt í sjó og magnið í kerbrotunum sé tiltölulega lítið. Ég vildi aðeins árétta þetta sem reyndar kom fram áður.

En það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að hafi ekki mælingar farið fram síðan 1976 er sannarlega tímabært að endurtaka það.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Það hefur kannski ekki verið nógu skýrt hjá mér áðan, en áður fyrr var kerbrotunum hent á fjörur. Þá sást mengunin. Þá höfðu menn áhyggjur af því. Nú sést hún ekki lengur heldur fer sama mengun í sjóinn og ég hef ekkert síður áhyggjur af því. Það er fyrst og fremst það sem var e.t.v. ekki nógu skýrt hjá mér áðan.

Jöfnun á námskostnaði, ein umr.

Fsp. SBöð, 102. mál. — Þskj. 106.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 106 ber ég fram fsp. í tveimur liðum til hæstv. menntmrh. um framkvæmd laga nr. 62 frá 1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Það er mat margra að ein af ástæðum fyrir óæskilegri byggðaþróun í landinu sé mikill aðstöðu-

munur ungmenna til að sækja framhaldsnám. Þessi munur er í senn félagslegur og fjárhagslegur og hefur valdið því að heilu fjölskyldurnar hafa valið þann kost nauðugar að fylgja námsmönnum til höfuðborgarinnar vegna þess mikla kostnaðar sem því er samfara að búa fjarri heimili. Til þess að draga úr þessum mun voru sett lög um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Þegar frv. að þeim lögum var til umræðu í þinginu sagði þáv. menntmrh. í framsögu fyrir frv., með leyfi forseta:

„Í 1. gr. frv. er því lýst yfir að ríkið veiti námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum."

Og síðar segir ráðherrann: „Markmið þessa lagafrv., sem hér er lagt fram, er að ná sem fyllstum jöfnuði, að jafna þann aðstöðumun til náms sem búsetan að öðrum kosti skapar."

Við þessa umræðu tók einnig til máls hv. þm. Pálmi Jónsson og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Frv. það, sem nú er til umræðu, er flutt með það markmið fyrir augum að ná fram jafnrétti á milli þeirra nemenda sem búa í strjálbýli og þeirra sem í þéttbýli búa að því er námsaðstöðu snertir. Þetta var og mjög ítarlega fram tekið í ræðu hæstv. menntmrh. nú áðan. Ég vil lýsa því yfir að ég tel að þetta frv. sé þýðingarmikið og eðlilegt skref."

Síðar segir þm., með leyfi forseta: „Jöfn menntunaraðstaða er eitt hið mesta réttlætismál og hagsmunamál byggðarinnar í landinu því að aðstaða til menntunar hefur einnig sitt hagræna gildi, það gildi að ef menn hafa ekki aðstöðu til þess að hljóta sambærilega menntun á einum stað sem annars staðar, þá mun búsetan raskast."

Það sem hér hefur verið vitnað til er allt í fullu gildi enn. Ég tel nauðsynlegt að vitna til umræðna frá því að lögin voru sett til þess að meta hvort tilgangi laganna hafi verið náð. Námsmenn og foreldrar þeirra sem þurfa að sækja nám fjarri heimilum hafa kvartað mjög undan kostnaði við námið og að námsstyrkur hafi rýrnað á undangengnum árum. Því er svohljóðandi fsp. borin fram til hæstv. menntmrh.:

„1. Hversu hár var námsstyrkur til hvers nemanda árin 1975–1987? Styrkfjárhæðir verði færðar til verðlags í nóvember 1987 með vísitölu framfærslukostnaðar.

2. Hver verður styrkurinn árið 1988?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. spyr í fyrsta lagi: „Hversu hár var námsstyrkur til hvers nemanda árin 1975–1987? Styrkfjárhæðir verði færðar til verðlags í nóvember 1987 með vísitölu framfærslukostnaðar."

Svar: Meðalupphæð á styrkþega á verðlagi í nóvembermánuði 1987 var sem hér segir á þessu tímabili — og nú kemur mikil talnaröð: 1975 26 490 kr., 1976 25 428 kr., 1977 24 930 kr., 1978 23 737 kr., 1979 22 035 kr., 1980 21 122 kr., 1981 20 039 kr., 1982 19 480 kr., 1983 17 593 kr., 1984 15 416 kr., 1985 13 982 kr., 1986 12 503 kr., 1987 12 496 kr.

2. spurning: „Hver verður styrkurinn árið 1988?"

Því er til að svara að í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir 20 millj. kr. til jöfnunar á námskostnaði. Ekkert bendir til þess að styrkþegar á árinu 1988 verði færri en í ár að óbreyttum úthlutunarreglum. Meðalupphæð á styrkþega verður því væntanlega svipuð og árið 1987, þ.e. á nóvemberverðlagi 1987, ef upphæðin verður ekki hækkuð í meðförum Alþingis.

Lög um jöfnun námskostnaðar eru frá árinu 1972, en áður hafði þó verið úthlutað styrkjum til námsmanna úr dreifbýli árin 1970 og 1971. Reglugerð með lögunum var sett haustið 1973 og hefur verið starfað samkvæmt henni síðan. Mikil breyting hefur orðið á aðstöðu námsmanna með fjölgun framhaldsskóla og námsbrauta. Vinnureglur námsstyrkjanefndar hafa í stórum dráttum verið óbreyttar allan tímann en hafa þó verið aðlagaðar breyttu skólakerfi eftir föngum.

Þrjár ítarlegar skýrslur hafa á liðnum árum verið gerðar um úthlutun styrkjanna. Sú fyrsta tekur til áranna 1970–1971, önnur fjallar aðeins um úthlutun á árinu 1972 og í hinni þriðju og síðustu er rakin þróun áranna 1973–1975.

Oft hefur verið um það rætt að tímabært sé að endurskoða þennan þátt skólamála og sl. vetur skipaði þáv. menntmrh. nefnd til að vinna það verk. Í henni eiga sæti Tómas Ingi Olrich, menntaskólakennari á Akureyri, Haraldur Ólafsson, háskólakennari í Reykjavík, og Þórður Skúlason, sveitarstjóri á Hvammstanga, en hann mælti einmitt á sl. vetri fyrir lagafrv. um þetta mál sem lagt hafði verið fram af hv. þm. Ragnari Arnalds. Nefndin hefur þegar unnið talsvert að verkefni sínu ásamt starfsmanni ráðuneytisins en hefur ekki lokið störfum.

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör við fsp. minni. Af svari hans kom fram að árangur af lagasetningunni hefur ekki orðið sá sem til var ætlast og er það miður. Námsstyrkur hefur fallið að raungildi frá því að vera árið 1975 26 490 kr. til þess sem er núna 12 496 kr. Fjárveitingar hafa ekki verið nægjanlegar til þess að halda verðgildi framlaga, hvað þá að þau hafi aukist.

Það er vart hægt að ætla að í upphafi hafi framlög verið talin svo rífleg að ástæða hafi verið til þess að skerða þau svo mjög sem orðið hefur. Sætir furðu að námsstyrkjanefnd skuli hafa sætt sig við að úthluta styrkjum svo mjög sem þeir hafa rýrnað í höndum nefndarinnar og Alþingis frá því að þeir fyrst voru veittir. Nefndarmenn hljóta að hafa gert sér grein fyrir hvert stefndi því að þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um námskostnað nemenda. Frá árinu 1975 hefur nemendum fækkað sem notið hafa styrkja, en það má vafalaust rekja til þess að mjög víða hafa komið upp menntaskólar og fjölbrautaskólar úti á landi og er það auðvitað mjög jákvætt og

jafnar þessi met.

Ég vil fagna því sem kom fram í svari ráðherra að starfandi er nefnd sem endurskoðar þessi mál og vænti ég þess að störfum hennar verði hraðað.

Í fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu er ætluð sama fjárhæð til námsstyrkja og er á þessu ári. Ég treysti hæstv. menntmrh. til þess að fá þá fjárhæð hækkaða svo að rétta megi hag þeirra námsmanna sem mestan kostnað hafa af námi sínu.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það sætir satt að segja furðu hvernig þessum málum er komið. Til upplýsingar skal þess getið, eftir að við höfum hlýtt á þær tölur sem námsmenn fá úr þessum sjóði árlega, að kostnaður við dvöl í heimavistinni við Menntaskólann á Akureyri er núna nær 200 þús. kr. yfir árið. Það segir sig sjálft hvernig það er fyrir foreldra sem þurfa að kosta börn sín burt af heimilinu að bera slíkan kostnað, hvernig fyrir þessu fólki er komið.

Ég vil því fara fram á það við hv. fjvn. að menn taki til raunverulegrar athugunar hvort þessar 20 millj. nýtast að nokkru eða ekki. Það liggur við að það sé næstum því betra að nota þessa peninga til einhvers annars heldur en að vera að úthluta þessu fólki sem fyrir slíkum kostnaði verður 12 eða 15 þús. kr. Það bjargar engu. Mér er fullvel kunnugt um að bókakostnaður menntaskólanemanda á hausti hverju er langt umfram þá upphæð sem verið er að úthluta árlega. Ég vil því fara þess á leit við bæði hæstv. ráðherra og hv. fjvn. að íhuga vandlega hvort þessi fjárhæð leysir nokkurn vanda. Ég held að við ættum þá að reyna frekar að nýta hana til einhvers sem kemur að betra gagni en þessi fjárhagsaðstoð.

Mælingar á geislavirkni á Íslandi, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 104. mál. — Þskj. 108.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Herra forseti. Það vekur athygli í fjárhagstillögum fyrir árið 1988 að þar er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi Geislavarna ríkisins þó rík þörf sé á auknum fjárveitingum nú. Bæði er það að nauðsyn á reglubundnum mælingum í umhverfi er mikil og aðkallandi og hitt að Alþjóðakjarnorkustofnunin er nú að leggja Íslendingum til tækniaðstoð til að geta sinnt mælingum í umhverfi á viðunandi hátt. Það sem Íslendingar þurfa að leggja til er húsnæði, starfsmaður og rekstrarkostnaður. Ef þarna kemur ekki til breyting munu Geislavarnir ríkisins ekki geta sinnt þessu verkefni og þar af leiðandi líklega ekki geta þegið þessa aðstoð. Þörf Geislavarna ríkisins mun nú vera umfram það sem áætlað er á fjárlögum u.þ.b. 3 millj. kr. til þess að geta mætt þessu verkefni.

Í lögum um Geislavarnir ríkisins nr. 117/1985 segir svo:

„Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkrar geislunar.

Með jónandi geislun er átt við geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislum eða aðra geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.“

Í reglugerð 356/1986 segir í 8. tölul. 2. gr. að Geislavarnir skuli annast eftirlit með og rannsóknir á geislavirkni í umhverfi, matvælum o.fl.

Það þarf auðvitað ekki í dag að fjölyrða um nauðsyn þess að halda uppi virku eftirliti með geislavirkni, slík er váin allt í kringum okkur. Tsjernóbílslysið var, ef kaldranalega er tekið til orða, holl áminning. Allt í kringum okkur eru þessi efni í ríkum mæli og þó að nú berist að vísu góð tíðindi um afvopnun, þá er ekki þar með sagt að það sé ekki langt í land með að hættu af kjarnorku sé bægt frá. Hér allt í kringum okkur eru bæði kjarnorkuknúin farartæki, farartæki með kjarnorku ýmiss konar innanborðs, bæði í formi vopna og annars, og ekki síst kjarnorkuúrgangur sem verið er að flytja fram og til baka um heiminn í leit að stöðum til þess að losna við þennan úrgang. Það þarf ekki mikið út af að bera til þess að af geti hlotist alvarleg slys og fyrir okkur, sem eigum allt okkar undir öryggi og hreinu umhverfi, er ákaflega mikilvægt að fylgja þessum málum eftir þannig að við getum treyst því að hag þjóðar og lands sé ekki stefnt í voða.

Það er athyglisvert, herra forseti, að hér kemur upp hver fsp. á fætur annarri um mengun og varnir gegn mengun alls staðar í umhverfi okkar. Þetta er ein hlið þess máls. Allt þetta ætti að undirstrika þörfina fyrir Íslendinga að fara að taka myndarlega á þessum málum. Við erum afskaplega illa á vegi stödd víða.

Þess vegna leyfi ég mér að bera upp fsp. til hæstv. heilbrmrh. um hvort haldið sé uppi reglubundnum mælingum á geislavirkni í umhverfi og ef svo er, hvort komið hafi fram einhverjar breytingar. — En fyrirspurnin hljóðar svo:

„1. Eru gerðar reglubundnar mælingar á geislavirkni í umhverfi á Íslandi?

2. Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þeirra?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. í tveim liðum um reglubundnar mælingar á geislavirkni á Íslandi.

Á árunum 1956–1960 fóru fram tilraunir með kjarnorkuvopn í andrúmsloftinu, m.a. á norðurhveli jarðar. Vegna þessa varð veruleg aukning á geislavirkni í umhverfinu.

Reglubundnar mælingar, sem framkvæmdar voru af Raunvísindastofnun Háskólans í samvinnu við

Geislavarnir ríkisins, leiddu í ljós að hér á landi mældist mun meiri geislavirkni í lofti og úrkomu en t.d. í Danmörku á þeim tíma. Á árunum eftir 1960 var fyrrgreindum tilraunum með kjarnavopn hætt. Eftir það sýndu mælingar að geislavirkni minnkaði jafnt og þétt. Mælingum var haldið áfram í nokkur ár, en var síðan hætt 1967. Eftir það hafa ekki farið fram reglubundnar mælingar á geislavirkni í umhverfinu á Íslandi.

Á fundi fyrrv. ríkisstjórnar 23. maí 1986 var tekin ákvörðun um að hafnar skyldu reglulegar mælingar á geislavirkni í umhverfinu og í matvælum. Geislavörnum ríkisins var falið að hefja undirbúning þessa máls. Að undirbúningi hefur verið unnið m.a. í samvinnu við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, en hún hefur ákveðið að veita Íslandi tækniaðstoð í þessu skyni. Geislavarnir ríkisins hafa nú þegar fengið tækniaðstoð að upphæð um 25 þús. bandaríkjadala til kaupa á mælitækjum sem væntanleg eru á næstunni. Einnig hefur Alþjóðakjarnorkumálastofnunin greitt hluta kostnaðar vegna þjálfunar starfsmanna. Eftir viðræður við sérfræðing frá stofnuninni, sem kom hingað til lands og dvaldi hér dagana 10.–12. ágúst sl., liggur fyrir eftirfarandi áætlun um framkvæmd tækniaðstoðar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar við geislavarnir.

Vegna þjálfunar starfsfólks, vegna vísindaferða og vegna heimsókna erlendra sérfræðinga er gert ráð fyrir að verja á árinu 1988 20 þús. dollurum og vegna tækjabúnaðar 69 þús. dollurum, samtals 89 þús. dollurum á næsta ári, og til kaupa á tækjabúnaði á árinu 1989 36 þús. dollurum. Samtals er því tækniaðstoð stofnunarinnar á tveimur næstu árum 125 þús. dollarar. Sá kostnaður sem stofnunin hefur þegar lagt í er annars vegar tækjabúnaður, sem ég nefndi áðan og er áætlaður um 25 þús. dollarar, og þjálfun og námskeið um 5 þús. dollarar þannig að samtals er þessi tækniaðstoð á árunum 1987–1989 áætluð 155 þús. dollarar.

Sé miðað við þann afslátt sem stofnunin fær við tækjakaup, innlendan kostnað hér o.fl., má áætla að verðmæti tækniaðstoðarinnar fyrir Geislavarnir ríkisins sé í íslenskum krónum talið um 11 millj. kr. Geislavarnir hefðu því þurft á fjárveitingu er nemur þeirri upphæð að halda hefðum við ætlað að bera þennan kostnað allan sjálfir.

Fram hafa farið ýmsar mælingar á geislavirkni í umhverfinu og í matvælum í samvinnu við innlenda og erlenda aðila þó ekki væri um reglubundnar mælingar að ræða. Hér hefur verið um að ræða einstakar mælingar því aðstaða til reglubundinna mælinga er ekki enn fyrir hendi eins og áður sagði.

Vegna eigin öryggis, verndunar heilbrigðis og almenns eftirlits, m.a. vegna útfluttra sjávarafurða, er mikilvægt að fylgst sé með geislavirkni í umhverfinu með reglubundnum mælingum. Þetta hefur verið gert í nágrannalöndum okkar sl. 30 ár en ekki nema að litlu leyti hér á landi eins og kom fram í upphafi.

Reglulegar rannsóknir tryggja einnig að ávallt sé hægt að auka mælingar gerist þess þörf, m.a. vegna hugsanlegs kjarnorkuslyss. Útflytjendur sjávarafurða þurfa nú í auknum mæli á að halda vottorðum vegna geislavirkra efna, en reglulegar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að gefa út slík vottorð.

Geislavarnir ríkisins hafa fengið hentugt húsnæði undir starfsemi sína að Laugavegi 118d og munu flytja þangað eftir næstu áramót. Þar verða sérstakar rannsóknarstofur ætlaðar til alhliða mælinga á geislavirkni í lofti og á úrkomu, sjó og sjávarafurðum, landbúnaðarafurðum og öðrum matvælum. Eins og fyrr sagði mun Alþjóðakjarnorkumálastofnunin leggja fram megnið af þeim dýra tækjabúnaði sem þarf, auk aðstoðar við þjálfun starfsfólks, en ýmis smærri tækjabúnaður og fylgihlutir, svo sem vegna sýnatöku, verða að greiðast af ríkissjóði. Á móti tækniaðstoðinni hafa stjórnvöld samþykkt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tækniaðstoðin nýtist á tilætlaðan hátt. Þetta var staðfest við heimsókn aðalforstjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, dr. Hans Blix, sem hingað kom til landsins á sl. sumri. Tækniaðstoðin er þegar hafin og er fyrsti hluti tækjabúnaðarins væntanlegur til landsins í byrjun næsta árs eins og áður sagði.

Til þess að tækniaðstoðin nýtist á tilætlaðan hátt, þ.e. að fyrrgreindar mælingar geti hafist, þá er það rétt sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda að það þarf að verja um 2,5 millj. kr. í kaup á stofnbúnaði og a.m.k. 750 þús. kr. vegna stöðu eðlisfræðings hjá Geislavörnum ríkisins á árinu 1988. Því miður er þessar tölur ekki að finna í fjárlagafrv. en ég hef nú þegar óskað eftir leiðréttingu við fjvn. Alþingis og tel nauðsynlegt að sú leiðrétting fáist og að þessar upphæðir komi inn í fjárlög næsta árs.

Við verðum að koma þessum reglubundnu mælingum á og jafnframt að standa við okkar hlut, sem verður að teljast tiltölulega lítill hluti af heildarkostnaði, til þess að geta nýtt þessa mikilvægu tækniaðstoð Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á tilætlaðan hátt.

Herra forseti. Ég vona að þessar upplýsingar mínar, sem greina frá ástandi og stöðu mála, geti talist fullnægjandi svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svarið, en því miður kom þar fram, eins og ég reyndar vissi, að nauðsynleg fjárveiting til þess að geta nýtt sér þessa miklu tækniaðstoð og aðra aðstoð sem á að leggja Íslendingum í té er ekki fyrir hendi. En ég óska honum góðs gengis í því að reyna að ná þeirri leiðréttingu fram í fjárlögum. Mér er kunnugt um að þessi liður var inni í fjárlögum þangað til í síðustu endurskoðun. Þá féll hann þar út.

Það þarf í rauninni ekki að ítreka það hvað það er nauðsynlegt fyrir okkur að hafa samband við önnur lönd varðandi þessi mál því að mengun og ekki síst mengun af völdum kjarnorku eða kjarnorkuúrgangs þekkir engin landamæri.

En það er tvennt sem við þurfum að hafa í huga og sem við getum ekki ráðið við með nokkru móti og styður það að við verðum að halda þessum mælingum uppi. Það er annars vegar ófullkomleiki mannsins, þ.e. hann kann að ráða nokkurn veginn 100% við tæknilega hlið mála og tæknilegt eftirlit, en meðan hann er nú enn þá gæddur tilfinningum og skynjunum og háður sveiflum líkama og sálar og er ekki ódauðlegur, ræður hann ekki við slys vegna mannlegra mistaka. Og í heimi þar sem máttur markaðarins er slíkur að það virðist sett ofar öllum markmiðum og verðmætum að trufla ekki lögmál hans eða gengið út frá því að hagur markaðarins sé ávallt hinn sami og hagur fólks og þjóða, er ekki hægt að treysta því að mengunarvarnir hvers konar séu ekki í lágmarki. Oft er reynt að fara í kringum lög, losa sig á hagkvæman hátt við hættulegan úrgang með sem minnstum tilkostnaði. Og því er það eins og oft áður spurning um forgangsröð og gildismat. Því er leitt ef í fjárlögum endurspeglast sama gildismat og forgangsröð.

Það sem ekki verður í askana látið á oft minna fylgi að fagna en hitt sem talið er að rati þangað. Ef við vanrækjum eftirlit með umhverfi okkar og fiskimiðum kann að fara svo að fiskarnir okkar rati nú ekki lengur í askana.

Samfélagsþjónusta sem úrræði í viðurlagakerfinu, ein umr.

Fsp. SalÞ, 112. mál. — Þskj. 116.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Það má segja að jöfnun aðstöðumunar hafi náð hér inn í sali Alþingis þar sem hér er komið hið ágætasta skammel fyrir þá sem þess þurfa að njóta hér í ræðustóli og ber að þakka það.

Á síðasta þingi, nánar tiltekið 5. mars 1987, var samþykkt þál. um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu. Eins og till. var samþykkt hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð semji hún frv. um nauðsynlegar lagabreytingar sem lagt verði fyrir Alþingi."

Hér er um að ræða afar þýðingarmikinn þátt sem snýr að stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu. Fangelsismál hafa öðru hvoru komið á dagskrá hér á hv. Alþingi á undanförnum árum, enda ljóst að fangelsismál hér á landi þurfa breytinga og úrbóta við.

Margir eru þeirrar skoðunar að það sé ekki mannbætandi að sitja í fangelsi og mörgum reynist erfitt að koma aftur út í samfélagið eftir að refsivist lýkur og taka upp þráðinn sem nýtir þjóðfélagsþegnar þar sem frá var horfið. Þá er það ekki síður slæmt hve langur tími líður oft frá því að dómur fellur og þar til afplánun hefst.

Samfélagsþjónusta sem viðurlagategund hefur víða verið reynd og gefist vel t.d. í Englandi og Noregi. Norsk yfirvöld telja að tugir milljóna kr. sparist árlega í rekstri fangelsa vegna samfélagsþjónustunnar. Sum afbrot eru auðvitað þess eðlis að samfélagsþjónusta kæmi vart til greina, en með því að beita henni í þeim tilvikum sem við á mætti hjálpa mörgum afbrotamönnum til að verða nýtir þegnar á ný.

Ég tel mikilsvert að það verði kannað hvort koma mætti slíkri vinnuþjónustu á hér á landi í ljósi reynslu annarra í þeim efnum. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 116 til hæstv. dómsmrh. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur verið skipuð nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma? Sé svo, hvað líður störfum nefndarinnar?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fsp. sem til mín er beint er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er spurt hvort skipuð hafi verið nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma. Í öðru lagi er spurt hvað líði störfum nefndarinnar.

Svarið við fyrri spurningunni er já. Ég skipaði í þessari viku slíka nefnd. Í skipunarbréfi hennar er m.a. vísað til þál. frá 5. mars 1987, um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu, sem hv. fsp. vísaði til. Ég hef falið nefndinni að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma í fangelsi. Í nefndinni eiga sæti Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður hennar, Ragnheiður Bragadóttir aðjúnkt, Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi, Margrét Heinreksdóttir fulltrúi, Kristján Guðmundsson bæjarstjóri og Þorsteinn A. Jónsson deildarstjóri sem verður ritari nefndarinnar.

Í öðru lagi spurði hv. fyrirspyrjandi hvað liði störfum nefndarinnar, en af eðlilegum ástæðum ætla ég fátt um það að segja. Það er of snemmt að segja til um hvenær hún kunni að ljúka störfum. Ég treysti því hins vegar að nefndin muni vinna rösklega að sínu verkefni. Í þessu efni er áreiðanlega gagnlegt að kynnast og kynna okkur reynslu Dana, Norðmanna og Breta, en allar þessar þjóðir hafa í nokkrum mæli beitt slíkum viðurlögum. Reyndar er það í Noregi, að því er ég hef spurt, í tilraunaskyni. En það er líka rétt að kynnast viðhorfum annarra nágrannaþjóða eins og t.d. Svía sem ekki hafa beitt samfélagsþjónustu sem refsiviðurlögum og hafa virst mjög hikandi við að taka hana upp.

En það sem mestu máli skiptir er að það hlýtur að verða hlutverk þessarar nefndar að gera grein fyrir

þeim aðstæðum hér á landi sem kynnu að mæla með og þeim sem kynnu að mæla gegn því að við tækjum upp þetta nýmæli sem viðurlög í stað afplánunar fangelsisdóma.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans og fyrir að hafa brugðist skjótt við fyrirspurn minni og skipað þessa nefnd. Af eðlilegum ástæðum er ekki hægt að skýra frá hvað líður störfum hennar, en væntanlega hraðar nefndin störfum eftir því sem kostur er.

Ég vil geta þess að í nýjasta hefti Tímarits lögfræðinga er mjög athyglisverð og góð umfjöllun einmitt um samfélagsþjónustu hjá ýmsum þeim þjóðum sem hafa tekið hana upp.

Ég ítreka að hér er um þýðingarmikinn þátt, sem snýr að stöðu refsivistar í viðurlagakerfinu, að ræða og það er vissulega full ástæða til að kanna þá leið ásamt öðrum nauðsynlegum úrbótum á fangelsismálum hér á landi.

Tryggingar farþega, ein umr.

Fsp. JE, 113. mál. — Þskj. 117.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 117 að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh., með leyfi forseta:

„1. Hvernig er háttað tryggingum, þ.e. slysa-, örorku- og dánartryggingum, hjá þeim sem kaupa sér far með flugvélum, bifreiðum, skipum?

2. Stendur til að samræma þessar tryggingar?"

Ástæðan fyrir því að ég ber fram þessa fsp. er blaðaviðtal sem ég sá við ungan mann í Morgunblaðinu fyrir nokkru. Þessi ungi maður hafði lent í flugslysi fyrir nokkru og lýsti vandræðum sínum í því blaðaviðtali, þá ekki síst afleiðingum slyssins, sem ég ætla ekki að ræða hér, en auk þess hinum ýmsu vandkvæðum sem hann hafði lent í hvað snertir tryggingarfélög og lög um tryggingar farþega.

Það kemur í ljós þegar maður fer að kynna sér þessi mál að það er alls ekki sama hvort maður verður fyrir því óláni að lenda í slysi í bíl, flugvél eða skipi. Menn geta verið tryggðir fyrir allt að 20 millj. kr. niður í tæpar 500 þús. kr., allt eftir því í hvaða farartæki þeir verða fyrir slysi, enda er það svo að maður kaupir sér farseðil og getur þurft að nota öll þessi farartæki til þess að komast til áningarstaðarins og þá er það kannski mikil tilviljun í hverju maður lendir. Það er náttúrlega alvarlegt mál, burtséð frá hinum alvarlegu afleiðingum slysa og líkamlegs tjóns, að menn lendi síðan í verulegum annmörkum og breytingar verði á högum vegna þess að tryggingar eru svona misskiptar.

Það kemur líka í ljós þegar maður fer að kynna sér þetta að jafnvel börn eru ekki tryggð. Í einum lögunum er m.a. tekið fram að börn innan eins árs aldurs teljist ekki farþegar. Ég verð að segja að það kemur mér mjög einkennilega fyrir sjónir. Ég bjó á Ísafirði um tíma og þvældist mikið á milli staða með lítil börn með mér og alltaf þurfti að borga lítils háttar gjald fyrir farþegana, litlu börnin, og mér var sagt að þetta væri tryggingargjaldið. Maður borgaði ekki neitt fargjald þegar maður héldi á farþeganum, einungis tryggingargjald. Sem betur fer kom aldrei neitt fyrir mig eða mína fjölskyldu í þessum ferðalögum, en ég tel að það sé ástæða til að vekja athygli löggjafarsamkomunnar á því hvernig þessum málum er háttað og þess vegna ákvað ég að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. Jafnframt tel ég nauðsynlegt að þessi mál verði tekin til gaumgæfilegrar skoðunar og vænti þess að í svari ráðherrans komi fram hvernig hann hyggst taka á þessum málum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hér er beint fsp. til heilbr.- og trmrh. um tryggingar farþega, en það háttar svo til að tryggingaákvæði er að finna í loftferðalögum, í umferðarlögum og í siglingalögum hvað varðar þá þætti sem hér er einkum talað um, þ.e. tryggingar í flugvélum, bifreiðum og skipum, og heyra þar með þau mál undir þau ráðuneyti og þá ráðherra sem fara með þessa málaflokka. Ég mun þrátt fyrir það reyna að gera stuttlega grein fyrir því sem fram kemur í lagaákvæðum um þessa þætti og byggi það svar reyndar að verulegu leyti á upplýsingum frá Ragnhildi Hjaltadóttur, deildarstjóra í samgrn.

Sem svar við fyrri spurningunni, þar sem talað er um tryggingar varðandi þessa tilgreindu fararmáta, segir fyrst um flugvélar: „Ákvæði um ábyrgð flytjenda eru í IX. og X. kafla loftferðalaga nr. 34/1964. Skv. 113. gr. laganna ber flytjandi ábyrgð á því ef farþegi lætur lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum atburðar sem gerist í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því. Í 118. gr. sömu laga eru ákvæði um sérstaka takmörkun bótaábyrgðar. Hámark á ábyrgð flytjanda vegna hvers einstaks farþega eru 36 500 gullkrónur sem nú eru nálægt 830 þús. kr. Semja má um hámark ábyrgðar. Reglur loftferðalaga koma og fram í reglum um vátryggingu vegna loftferða nr. 116 1965."

Um bifreiðar segir: „Í lögum nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, og í lögum nr. 36/1970, um leigubifreiðar, er ekki að finna ákvæði um ábyrgð flytjanda. Vátryggingafjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja skv. 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31/1980, eru 38,8 millj. kr. fyrir hvert vélknúið ökutæki sem flytja má fleiri en tíu farþega, en 19,4 millj. kr. fyrir önnur, sbr. auglýsingu nr. 87/1987."

Um skip segir: „Ákvæði um flutninga á farþegum og farangri eru í V. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

Skv. 137. gr. er farsala skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi lætur lífið eða slasast meðan á ferð stendur ef tjónið byggist á sök hans eða manna sem hann ber ábyrgð á. Í 141. gr. laganna er fjallað um sérstaka takmörkun á ábyrgð farsala, en lögin skilgreina farsala sem þann sem í atvinnuskyni eða gegn þóknun í viðskiptaaugnamiði tekur að sér eftir samningi að flytja með skipi farþega eða farþega og farangur. Ábyrgð farsala skv. 141. gr. skal ekki fara fram úr 100 000 SDR fyrir hvern farþega sem hefur látist eða slasast eða um 5 millj. ísl. kr. Eru þar ekki meðtaldir vextir eða málskostnaður. Með samningi farþega og farsala er heimilt að hækka ábyrgðartakmörkin.

Í IX. og X. kafla siglingalaga eru ákvæði um ábyrgð útgerðarmanns og um almenna takmörkun bótafjárhæðar. Almenn er takmörkunin kölluð til aðgreiningar frá sérstakri takmörkun bótaábyrgðar, t.d. farsala skv. 141. og 142. gr. Í 177. gr. eru ábyrgðartakmörk útgerðarmanns vegna þess að farþegi skipsins andast eða slasast. Samkvæmt því eru ábyrgðarmörkin 46 666 SDR eða um 2,3 millj. ísl. kr. sem margfölduð er með hæstri leyfilegri farþegatölu samkvæmt vottorðum skipsins, þó að hámarki 25 millj. SDR eða 1250 millj. ísl. kr. Vegna annarra krafna, sem rísa út af líkamstjóni, eru ábyrgðarmörkin 330 þús. SDR eða um 16,5 millj. kr.

Ákvæði 177. gr. siglingalaganna varða almenna takmörkun bótafjárhæðar. Það reynir því ekki á 177. gr. siglingalaganna nema mikið slys á farþegum hljótist af einstökum atburði, t.d. ef skip ferst sem flytur eða flytja má 20 farþega.

Kröfur vegna 20 farþega takmarkast eftir 1. mgr. 141. gr. við 20 sinnum 100 þús. SDR eða alls 2 millj. SDR sem er um 100 millj. ísl. kr. Heildarábyrgð útgerðarmanns vegna farþega yrði hér ekki takmörkuð við 2 millj. SDR heldur 20 sinnum 46 666 SDR eða alls 933 þús. SDR sem er um 47 millj. ísl. kr. Reglan um sérstaka takmörkun í 1. mgr. 141. gr. víkur fyrir ákvæði 177. gr., um almenna takmörkun."

Þetta er mikil tilvitnun í lagabálka og lagagreinar, en ég vona að þegar menn fá þetta prentað fyrir framan sig sé þetta auðveldara að átta sig á og skilja.

Sem svar við 2. spurningunni, sem hljóðar svo: „Stendur til að samræma þessar tryggingar?", vil ég segja að tryggingar á farþegum í lofti og á sjó eru bundnar ákvæðum í loftferðalögum og siglingalögum. Loftferðalög og siglingalög heyra undir samgrn. Í samgrn. er nú unnið að endurskoðun trygginga vegna loftflutninga. Í umferðarlögum eru ákvæði um ábyrgðartryggingar vélknúinna ökutækja og heyra þau undir dómsmrn. Samræming trygginga farþega í flugvélum, bifreiðum og skipum heyrir því undir önnur ráðuneyti en trmrn. sem hefur yfirumsjón með tryggingarstarfsemi og tryggingarskilmálum.

Eins og fram kemur í þessu svari við 2. spurningu hv. fyrirspyrjanda er það því í höndum annarra ráðherra að láta endurskoða tryggingaupphæðir og leita samræmingar. Ég vil hins vegar láta þá skoðun mína í ljós að ég tel á því brýna þörf, einkum hvað varðar tryggingar farþega í flugvélum. Ekki má þó gleyma því að einstaklingarnir sjálfir, sem eru að ferðast, verða að gæta að öryggi sínu og tryggingum og þeir geta sjálfir keypt sér ferða- og slysatryggingar. Það virðist hins vegar landlægt hjá okkur Íslendingum að hugsa fyrst um eignir áður en hugað er að lífi og limum, þ.e. kaupa fyrst tryggingar á húsið, á bílinn, bátinn, innbúið o.s.frv. áður en hugað er að líftryggingu eða slysatryggingu einstaklingsins. Verst er hins vegar ef menn vita ekki um tryggingar sínar og ábyrgð svo og ábyrgð annarra og telja sig e.t.v. betur og öðruvísi tryggða en raun ber vitni og búa þannig við falskt öryggi, eins og reyndar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda.

Herra forseti. Ég vona að upplýsingar mínar hafi að mestu svarað fsp. þó efnislega heyri málið, sem um er fjallað, undir aðra ráðherra.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og ég geri mér grein fyrir því að mér hefur kannski orðið á í messunni að spyrja hann þessara spurninga, en eins og kom fram í máli hans í lokin ber heilbr.- og trmrh. að hafa yfirumsjón með tryggingarmálum í landinu og leysti hann vel úr spurningum mínum. En svör hans gefa líka tilefni til að beina þeim eindregnu tilmælum til þeirra ráðherra allra sem fara með þessi mál að reyna að taka þessum málum tak. Það er ekki viðunandi að þetta sé svona. Og það er alveg rétt, sem ráðherra sagði í lokin líka, og ég hugsa að menn geti litið í eigin barm þegar þeir fara upp í flugvél eða til útlanda eða hvert sem menn eru að ferðast, að menn kaupa gjarnan farangurstrygginguna en gæta ekkert að því á hvern hátt þeir eru sjálfir tryggðir. Ég held líka að bæði flutningafyrirtækin og reyndar tryggingarfélögin hafi ekki gert nægilega mikið í því að upplýsa fólk um stöðu þess í þessum málum.

Að lokum þakka ég ráðherranum fyrir svör hans og beini þeim eindregnu tilmælum til allra ráðherra sem málin heyra undir að þessi mál verði nú reynt að samræma og upplýsa fólk um hver réttarstaða þess er í þessum málum.

Veiting útflutningsleyfa á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna, ein umr.

Fsp. GHG, 118. mál. — Þskj. 122.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 122 er ég með fyrirspurn til viðskrh. um veitingu útflutningsleyfa á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna. Fyrirspurnin er

svohljóðandi:

„1. Hvaða efnisleg nauðsyn knúði ráðherra til að veita sex nýjum aðilum tímabundið útflutningsleyfi á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna í byrjun nóvember?

2. Með hvaða hætti hyggst ráðherra tryggja það að óskipulagður útflutningur frystra sjávarafurða inn á Bandaríkjamarkað skaði ekki gott álit neytenda á áreiðanleik í viðskiptum við Íslendinga með frystar sjávarafurðir með sérstöku tilliti til gæða?“

Segja má að ástæður þessara fsp. séu margþættar. Í fyrsta lagi vekur það furðu að núv. viðskrh. skuli rjúka í að veita umrædd leyfi þegar fyrir hv. Alþingi liggur frv. til laga um að færa þennan þátt í starfsemi viðskrn. yfir í utanrrn. Það var atriði í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar sl. sumar. Varlega sagt er hátterni hæstv. viðskrh. mjög óvenjulegt og ekki alveg í samræmi við drengileg samskipti milli samstarfsaðila.

Í öðru lagi er verið með þessum leyfisveitingum að leggja drög að grundvallarbreytingum í útflutningi og sölu frystra sjávarafurða til Bandaríkjanna. Allir vita að tvö íslensk stórfyrirtæki hafa á liðnum áratugum varið hundruðum milljóna kr. til að byggja upp sterka stöðu Íslendinga í sölu frystra sjávarafurða á þessum mikilvæga markaði. Vegna stærðar sinnar og frumkvæðis hafa Íslendingar verið markaðsráðandi og þar af leiðandi sjálfstæðari í verðlagningu afurðanna en ella. Með því að fjölga útflytjendum er verið að brjóta þetta fyrirkomulag upp og færa það nær erlendum umboðsaðilum sem munu þegar tímar líða fá meira vald yfir sölumálum íslenskra afurða erlendis. Stefna núv. hæstv. viðskrh. er því fráhvarf frá sjálfstæðisstefnu Íslendinga í eigin málum á erlendum mörkuðum eða á erlendri grund, liður í því að verða háðari erlendum umboðsaðilum í meðferð íslenskra afurða erlendis. Sjálfstæði Íslendinga í þessum efnum byggist á sameinuðu átaki fárra stórra fyrirtækja í eigu Íslendinga sjálfra.

Í þriðja lagi: Leyfisveitingar hæstv. ráðherra eiga ekkert skylt við viðskiptafrelsi eða samkeppni. Á hinum hörðu samkeppnismörkuðum heimsins gildir að vera sterkur. Í þeim efnum þarf smáþjóð á samtakamætti að halda. Að dreifa kröftunum með þessum hætti mun skaða hagsmuni Íslendinga, því miður, þegar yfir lengri tíma er litið. Erlendis keppum við við erlenda aðila um markaðsstöðuna en ekki við okkur sjálfa. Erlendir aðilar, sem selja víða um heim, gera sér fulla grein fyrir þessari staðreynd. Ég nefni sem dæmi að stærstu matvælafyrirtæki heimsins veita einkaumboð um allan heim, m.a. á Íslandi. Til hvers? Til að fyrirbyggja undirboð, lægra verð og lakari viðskiptakjör. Nú ætlar hæstv. viðskrh. að opna þessar gáttir á erfiðum og viðkvæmum markaði og veikja þar með stöðu Íslendinga.

Í fjórða lagi: Hæstv. viðskrh. gerði ekki svo lítið að ræða við þá aðila sem hafa byggt upp þennan markað með mikilli fyrirhöfn og kostnaði á liðnum áratugum. Hann einn — ég endurtek: hann einn var þess umkominn að taka ákvarðanir um grundvallarbreytingu á framkvæmd mála sem tefla í hættu hagsmunum og afkomu þúsunda manna svo að ekki sé talað um eignahagsmunum.

Því miður er erfitt að kalla stjórnmálamenn til ábyrgðar þegar illa fer um framkvæmd mála vegna stjórnunarlegra aðgerða í skjóli laga og reglna og þess valds sem ráðherra hefur. Það eru aðrir sem bera hitann og þungann af þessum málum og ábyrgðina alla. Það er fólkið sjálft í atvinnulífinu en ekki þeir stjórnmálamenn sem taka ákvarðanir með þessum hætti. En vonandi mun geðþóttaákvörðun hæstv. viðskrh. ekki valda þeim skaða sem margir óttast.

Þess er að vænta að framleiðendur þessara afurða og það fólk sem starfar hjá þeim standi saman í sterkum íslenskum fyrirtækjum sem geta mætt hinni hörðu erlendu samkeppni. (**Forseti:** Ég vek athygli hv. ræðumanns á að hann hefur þegar farið mjög ríflega fram úr ræðutíma sínum.) Já, hæstv. forseti. Ef ég fæ ekki að ljúka þessu hlýt ég að leita réttar míns með öðrum hætti. En málið er þess eðlis að maður hlýtur að fá að ljúka sínu máli. (**Forseti:** Það er ekki ástæða fyrir þau orð sem hv. ræðumaður viðhafði hér. Hann veit og allir þm. eiga að vita að það gilda jafnt þingsköp fyrir hvaða þm. sem er.) Ég virði það, hæstv. forseti, og skal þá ljúka máli mínu.

Því miður leyfir tíminn ekki að ég fjalli nánar um fleiri atriði þessu máli viðkomandi og lýk ég því máli mínu.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þessi fsp. gefur mér kærkomið tækifæri til að skýra ástæðurnar fyrir því að ég hef ákveðið að auka nokkuð frjálsræði til útflutnings á freðfiski til Bandaríkjanna. Ég vísa ásökunum fyrirspyrjandans um ókurteisi við utanrrh. eða ódrengilega framkomu við hann eða aðra samráðherra mína til föðurhúsanna. Það hvorki var né verður ætlunin að viðskrn. væri algerlega aðgerðalaust þar til málefni utanríkisviðskipta hafa verið flutt með lögum frá því, enda væri slíkt óviðunandi með öllu. Utanrrh. fylgdist með málinu frá því síðsumars og leyfisveitingarnar komu hvorki honum né forsrh. á óvart. Ég vona bara svo sannarlega að utanrrh. beri gæfu til að halda vesturgluggunum opnum.

Það er reyndar rétt, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að um langt árabil var sú regla í gildi að aðeins tveir aðilar, þ.e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, fengu leyfi til að flytja út frystan fisk til Bandaríkjanna. Þetta var væntanlega í upphafi ákveðið til að gefa þessum aðilum tækifæri á því að byggja upp dreifingar- og vinnsluaðstöðu á markaðnum án þess að þeir lentu í harðri samkeppni við aðra íslenska útflytjendur á meðan. Fyrirtækin hafa fyrir löngu komið ár sinni vel fyrir borð í Bandaríkjunum og þau hafa nú yfirburðaaðstöðu þar vestra fram yfir

nýja útflytjendur frystra sjávarafurða á þennan mikilvæga markað.

Stjórnendur þeirra vilja auðvitað að fyrirtækin verði áfram ein um hituna og þeir berjast af fullri hörku gegn því að fleiri aðilum verði veitt heimild til að flytja út frystar sjávarafurðir til þessa lands. Engu að síður hefur tveimur öðrum aðilum á undanförnum árum verið veitt heimild til útflutnings á frystum fiski til Bandaríkjanna. Þar er annars vegar um að ræða Íslensku umboðssöluna hf., sem hefur haft slíka heimild í nokkur ár, og fyrirtækið Kirkjutorg hf. sem fyrirrennari minn í starfi veitti slíkt leyfi í maí á þessu ári.

Fljótlega eftir að ég tók við starfi viðskrh. bárust þrjár nýjar umsóknir um sams konar heimild. Ég taldi rétt að taka þær til efnislegrar úrlausnar og með tilvísun til þeirrar meginreglu í opinberri stjórnsýslu að jafnræði skuli ríkja með þegnunum gat ég ekki fundið nein rök sem leiða mundu til synjunar á þessum umsóknum. Ég gat ekki betur séð en fyrirtækin þrjú hefðu allar sömu forsendur til sölu frystra sjávarafurða á Bandaríkjamarkað og Íslenska umboðssalan hf. og Kirkjutorg hf. (Gripið fram í.) Ég bið hv. fyrirspyrjanda að geyma orð sín til þess að hann hefur tíma í ræðustól.

Ekkert þessara fyrirtækja, sem um leyfin sóttu, þurfti reyndar að byggja upp sölukerfi í Bandaríkjunum frá grunni þar sem þau fluttu þangað þegar ferskan fisk og aðrar afurðir, þar á meðal rækju, humar og hörpudisk. Synjun umsóknanna hefði því falið í sér geðþóttamismunun. Reyndar tel ég orka tvímælis að binda eigi leyfi til útflutnings yfirleitt slíkum skilyrðum.

Ég tel reyndar líka að hin stóru sölusamtök, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og SÍS, geti ekki litið á einkasöluaðstöðu sína í Bandaríkjunum sem eitthvert náttúrulögmál. Þau hafa lengi notið forréttinda varðandi útflutning á frystum fiski þangað og ættu að hafa komið sér nægilega vel þar fyrir til að standast samkeppni við nýja útflytjendur héðan án þess að njóta sérstakrar ríkisverndar. Ef það er ekki, þá er eitthvað athugavert við reksturinn.

Þá er það staðreynd að Bandaríkjamarkaður er svo stór að sölusamtökin tvenn munu aldrei geta sinnt öllum þörfum hans né leitað þar uppi öll hagkvæm tækifæri til viðskipta, ekki síst hvað varðar sérunna framleiðslu. Þróun síðustu ára með vaxandi eftirspurn eftir fiski og breyttri samgöngu- og samskiptatækni gefur einnig smáum söluaðilum tækifæri til að sinna ýmsum sérþörfum á markaðnum betur en stóru sölusamtökin geta. Í þessu sambandi verða menn einnig að hafa í huga að nær ógerlegt er að koma í veg fyrir sölu frystra sjávarafurða frá Íslandi á Bandaríkjamarkað eftir krókaleiðum sem m.a. gætu legið í gegnum milliliði á meginlandi Evrópu og hefur reyndar átt sér stað.

Ég ritaði því hinn 11. september sl. utanrrh. og sjútvrh. minnisblað, sem einnig var sent forsrh., þar sem ég skýrði frá umsóknum fyrirtækjanna þriggja sem öll eru vel virt á sínu sviði, en það eru fyrirtækin Íslenskur gæðafiskur hf. í Njarðvík, Vogar hf. í Vogum og Marbakki hf. í Kópavogi. Ég gerði þar grein fyrir skoðunum mínum á málinu og sagðist hafa í hyggju að veita fyrirtækjunum tilgreinda útflutningsheimild á frystum sjávarvörum til Bandaríkjanna og yrði gengið úr skugga um það í hvert skipti sem leyfi yrði veitt að verð væri sambærilegt við það sem gerðist hjá öðrum útflytjendum á þennan markað. Ég rifjaði líka upp að þetta væri í samræmi við stefnu stjórnarinnar um frjálsræði í viðskiptum, jafnt út á við sem inn á við.

5. nóvember sl. ritaði ég svo annað minnisblað til sömu ráðherra þar sem ég skýrði frá þremur umsóknum til viðbótar um útflutningsleyfi til Bandaríkjanna á frystum fiski. Þau voru frá fyrirtækjunum Stefni hf. í Reykjavík, Íslensku útflutningsmiðstöðinni hf. í Reykjavík og G. Ingasyni hf. á Seltjarnarnesi. Ég greindi þeim frá því að ég teldi mér ekki annað fært en að veita þessum fyrirtækjum einnig útflutningsleyfi, en allar heimildirnar yrðu takmarkaðar við sex mánaða tímabil í senn, m.a. með tilliti til þess að stjórnarfarslegt forræði útflutningsmála kynni bráðlega að flytjast til annars ráðuneytis.

Þá taldi ég æskilegt að á næstunni yrði stofnað til fundar með öllum þeim sem áhuga hefðu á freðfiskútflutningi til Bandaríkjanna til að ræða framtíðarskipan þessara mála af opinberri hálfu.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég fá að ljúka máli mínu með örfáum orðum. Málið var rætt innan ríkisstjórnarinnar og voru um það skiptar skoðanir, eins og reyndar hefur komið fram, en ég taldi mig ekki geta staðið að því að mismuna útflytjendum með því að neita sumum um sams konar leyfi og aðrir höfðu fengið hjá fyrirrennurum mínum og ég sá ekki þá að það vekti upp stóryrt mótmæli. Ég veitti því leyfin og vil taka það skýrt fram að um málið hefur verið fjallað af fyllstu tillitssemi við hæstv. utanrrh. og sjútvrh. og að forsrh. var einnig kunnugt um málið.

Leyfisveitingin hefur síðan orðið tilefni ýmissa ómaklegra og óviturlegra ummæla. Málið snýst um frelsi eða einokun. Það snýst um jafnræði fyrirtækjanna eða séraðstöðu hinna útvöldu. Valið þar á milli var og verður mér mjög auðvelt. Ég vil í stuttu máli rifja upp mín rök fyrir þeim leyfisveitingum sem hér eru gerðar að fyrirspurnarefni.

1. Það er skoðun mín að jafnræði fyrirtækja eigi að koma í staðinn fyrir einkaaðstöðu útvaldra.

2. Bandaríkjamarkaður er miklu stærri en svo að fá fyrirtæki geti þar fundið og hagnýtt öll hentug tækifæri sem bjóðast.

3. Það er hvort eð er ógerningur að koma í veg fyrir útflutning á frystum sjávarvörum frá Íslandi á Bandaríkjamarkað ef milliliðir í öðrum ríkjum koma þar við sögu.

4. Ég tel að sölusamtökin tvenn hafi þegar fengið nægan tíma til að byggja upp öfluga aðstöðu í Bandaríkjunum og að lokum vil ég minna hv. fyrirspyrjanda á að einokun í viðskiptum hlýtur ávallt að vera undantekning en ekki jafngildi náttúrulögmáls.

Hv. fyrirspyrjandi spyr einnig með hvaða hætti ég

hyggist tryggja að óskipulagður útflutningur, eins og hann kallar það, á frystum sjávarvörum inn á Bandaríkjamarkað skaði þar ekki gott álit neytenda og áreiðanleika í viðskiptum við Íslendinga með frystar sjávarafurðir með sérstöku tilliti til gæða. Fyrst vil ég segja að ég tel það misskilning af hálfu fyrirspyrjanda að það sé hlutverk ríkisins að tryggja gæðin, að tryggja þetta sem hann nefnir. Það er ekki þeirra hlutverk sem með ríkisstjórnina fara. Það er fyrirtækjanna og samtaka þeirra. Ég tel ástæðulaust að ætla að þeir útflytjendur sem hér um ræðir muni ekki uppfylla öll þau skilyrði sem gerð eru um gæði vöru á Bandaríkjamarkaði. Þessi fyrirtæki hafa stundað útflutning á vörutegundum sem eru afskaplega vandmeðfarnar, kannski næmari fyrir gerlum en fryst flök. Ég nefni hörpudisk, humar og rækju, auk þess sem flest þeirra eða öll hafa fengið að flytja það sem viðkvæmast er af öllum fiskvörum, nefnilega ferskan fisk, með flugvélum til Bandaríkjanna. Jafnframt hlýt ég að treysta því að vel hæfir starfsmenn Ríkismats sjávarafurða og verkstjórarnir í frystihúsunum, sem margir eru menntaðir úr Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði, og þrautþjálfað starfsfólk í frystihúsum muni sjá til þess að útflutningsvaran sem hér um ræðir muni hér eftir sem hingað til bera íslenskri framleiðslu góðan vitnisburð á erlendum vettvangi. Að gefa annað í skyn, eins og gert er í fsp., er bæði ómaklegt og órökstutt.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég kem hingað til að lýsa sérstakri ánægju minni með þær leyfisveitingar sem átt hafa sér stað. Þar er brotið upp það sölukerfi sem verið hefur, sölukerfi sem markast hefur af einokun en aðrir látnir sitja til hliðar. Ég tel að með þessu verði aðstaða okkar á Bandaríkjamarkaði sterkari og hugvit og dugnaður einstaklinga muni njóta sín betur en áður.

Það veldur mér vonbrigðum að hv. 14. þm. Reykv., þm. Sjálfstfl., skuli nú, eftir að hafa gerst aðili að samþykktum á flokksfundum Sjálfstfl. um aukið frelsi í viðskiptum, bregðast svona við. Nú er verið að losa um hömlur, auka frelsið, og þá vill hann skila því aftur. Svona er það á fleiri sviðum er varðar forustu Sjálfstfl. Má þar nefna frjálst fiskverð.

Tíma mínum er víst lokið, en ég bendi á að það hefur komið fram að það er skröksaga að ekki hafi verið haft samráð við forsrh. og utanrrh. um þessar leyfisveitingar. Ég vil einnig að það komi fram að ég veit að einn aðili af þeim sem fengu þetta leyfi hefur um nokkurt skeið selt frystan fisk til Bandaríkjanna í gegnum Belgíu. Mér finnst mun eðlilegri háttur að losa um útflutningshömlur hér á landi.

Ég lýsi enn vonbrigðum mínum með málflutning sjálfstæðismanna í þessum efnum. Þar virðast vera steinrunnin nátttröll á ferð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka upp þetta mál. Ég tel fulla ástæðu til að ræða nokkuð svo sérkennileg vinnubrögð hæstv. viðskrh. í þessu máli. Ég vil sérstaklega gagnrýna og það mjög harðlega að hæstv. ráðherra sat hér hljóður og þegjandi undir umræðum um frv. sem snerti nákvæmlega þetta mál og er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi, frv. til l. um breytingar á útgáfu útflutningsleyfa. Ég innti hæstv. viðskrh. hvað eftir annað eftir afstöðu hans í því máli, en lítil svör komu þegar hæstv. utanrrh. mælti fyrir því máli. Nú megum við hins vegar ræða þetta stórpólitíska mál í símskeytastíl í fyrirspurnatíma.

Efnislega vil ég segja örfá orð um þetta, herra forseti, og þau eru að ég tel að hér sé full ástæða til að fara með gát. Ég er ekki uppnæmur fyrir ræðuhöldum um frelsisvaðal þegar verið er að fjalla um lífsafkomu íslensku þjóðarinnar. Hvert er markmiðið með útflutningi vöru héðan? Það er væntanlega að fá sem hæst verð, bæði þegar vel gengur og eins þegar miður gengur að selja okkar vörur. Ég held að það sýni sig að aukin samkeppni felur í sér fyrst og fremst eina hættu, þá hættu að hún skili lægra verði til kaupandans. Það er varla markmiðið með útflutningi vöru hér að reyna að skapa kaupendunum, þeim sem við eigum viðskipti við, sem lægst vöruverð. Þvert á móti hið gagnstæða, að reyna að halda uppi sem jafnhæstu verði fyrir íslenskar útflutningsvörur, bæði þegar vel gengur og eins þegar miður gengur að koma okkar vörum í verð. Þess vegna þurfa menn ekki bara að huga að stundargróðanum og þeim möguleikum sem margir hafa þegar sæmilega vel árar á þessu sviði heldur líka hinu að tryggja stöðugleika og sem jafnhæst verð í gegnum tíðina. Þar hafa stóru sölusamtökin og heildarsamtök eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Sölumiðstöð og Samband sýnt og sannað gildi sitt um áratuga skeið.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur H. Garðarsson):

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en brosað. Það vill svo til að sá sem hér stendur er fæddur í bæ sem heitir Hafnarfjörður og lifði það að vera ungur maður og unglingur í Hafnarfirði þegar veldi kratanna var sem mest. Þegar þessir ágætu menn fara að tala um frelsi get ég ekki annað en brosað.

Það er svo mikil hræsni og sýndarmennska í því tali sem hér hefur farið fram af hálfu fulltrúa Alþfl. að það þyrfti langt mál og mikinn tíma til að fjalla um það og fara yfir þeirra sögu í sambandi við frelsi og samkeppni. Ég kannast ekki við að Alþfl. hafi verið flokkur samkeppninnar eða frelsisins í íslensku atvinnulífi eða viðskiptalífi. Það getur vel verið að það henti þeim í dag því að flokkur sem á sér engan grundvöll leitar á öll mið, góð og vond. En það eru líka til skítfiskar, sem menn veiða, en ekki góðfiskar eins og aðrir hafa veitt í gegnum árin. Og verði þeim að góðu! En ég segi vegna íslensku þjóðarinnar: Hér er verið að fjalla um lífshagsmuni og miklu alvarlegri en hv. þm. Alþfl. hafa gert sér grein fyrir og tek

undir orð hv. þm. Steingríms Sigfússonar áðan um það. Við erum að tala um hvað endanlega kemur í hlut Íslendinga við sölu þeirra afurða sem við erum að fjalla um.

Að tala um einkasölu og einokun er ósæmilegt af hæstv. viðskrh. Að tala þannig um samtök framleiðenda, sem eru samsett af þúsundum manna, bæði í samvinnufélögum og einkafyrirtækjum, er ósæmilegt. Hvorki Sölumiðstöðin né Sambandið eru í þeirri merkingu sem hér er um fjallað einokunarfyrirtæki. Þetta eru fyrirtæki sem hafa barist fyrir Íslendinga við erfiðar aðstæður við að tryggja sölu afurða á mjög erfiðum erlendum mörkuðum. Að tala um frelsi frá hinum útvöldu, að það hafi verið útvaldir menn sem hafi staðið að sölumálum Íslendinga í gegnum árin, er fáránlegt og ósæmilegt. Það er ekki að vera útvalinn sérstaklega að þurfa að standa í því að selja íslenskar afurðir á erlendum mörkuðum, en það er e.t.v. að vera útvalinn að afhenda þetta í hendur erlendum mönnum til meðferðar í framtíðinni og minnka þar með hlutdeild Íslendinga í þeirri arðsemi sem fæst af sölu og markaðssetningu. Það er annað mál.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Það gefst vonandi tími til þess síðar. En ég minni hv. þm. Alþfl. á að meðal þeirra manna sem stóðu að þessum svokölluðu einokunarsamtökum á sínum tíma voru fyrrv. þm. þess flokks. Guðmundur Í. Guðmundsson samdi lög Sölumiðstöðvarinnar og tók þátt í stofnun fyrirtækisins og meðal annarra stuðningsmanna og baráttumanna fyrir þessu fyrirkomulagi voru fyrrv. ráðherrar Emil Jónsson og Gylfi Þ. Gíslason. Ég líki ekki saman störfum og mati þessara manna á fyrirkomulagi útflutningsmála og því sem núv. þm. Alþfl. leggja á borðið í þessum efnum fyrir íslensku þjóðina á hv. Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þau orðaskipti sem hér hafa farið fram um veitingu útflutningsleyfa á frystum fiski til Bandaríkjanna hafa óneitanlega á sér býsna kynduga hlið. Hér hafa ýmsir þeir, og þá fyrst og fremst hv. fyrirspyrjandi, sem telja sig boðbera frjálsræðis og frelsis, nánast rétthafa þess hugtaks, hamast gegn frjálsræði og jafnræði þegnanna. Hvar hefðu þeir staðið í deilunum um afnám konungsverslunar hér á landi fyrir 200 árum eða þegar víðtækt verslunarfrelsi var innleitt hér fyrir rúmri öld? Ég spyr. Menn hljóta nú að vera í vafa um það. Það er eins og þessir menn séu ekki enn búnir að læra það sem Jón Sigurðsson forseti sagði fyrir meira en 140 árum, með leyfi hæstv. forseta, en hann sagði:

„Versluninni er eins háttað á Íslandi eins og annars staðar að því frjálsari sem hún er, því hagsælli verður hún landinu.“

Berum þetta saman við það sem hv. fyrirspyrjandi, 14. þm. Reykv., sagði hér áðan. Þetta er öll verslun, mínir kæru þm.

Við skulum nú segja sem svo að ég vitni þá í Þjóðviljann, með leyfi hæstv. forseta, frá 11. þ.m. þar sem hv. fyrirspyrjandi sagði að kratar mundu axla mikla ábyrgð ef þeir haldi svona áfram eða er það kannski stefna þeirra að rífa allt íslenskt þjóðfélag upp með rótum? Það er ekki spurt um lítið. En ég hygg að þm., sem barist hefur fyrir auknu frelsi á ýmsum sviðum, hafi steingleymt því hugtaki þegar hróflað var við hagsmunum þess fyrirtækis sem hann hefur lengi við starfað. Hann vill greinilega halda ríkisforsjánni og óttast að jafnaðarmenn vilji afnema hana. Afnám ríkisforsjár á jafnræði fyrirtækja virðist vera það sem þm. kallar að rífa allt íslenskt þjóðfélag upp með rótum. (GHG: Hvað hefur ríkið gert?) Fyrirgefðu, hv. 14. þm. Reykv., en ég hef nú orðið.

Alþfl. er ekki aðeins flokkur jafnréttis. Hann er líka flokkur frelsis og framfara og það er grundvallaratriði í hans stefnuskrá að allir séu jafnir gagnvart lögum og reglum. Af orðum fyrirspyrjanda má hins vegar álykta að hann telji ríkisforsjána forsendu þjóðfélagsins og þar nái frelsið aðeins til hinna útvöldu. Frelsishugtakið virðist einskorðast við einkasölufyrirtækin. Ég held reyndar að hv. 14. þm. Reykv. hafi dottið eitthvað út af línunni og ég sting upp á því að hann leiti til hins lærða heimspekings síns flokks, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar.

Ég vil út af þeim ummælum sem hér komu fram frá hv. 4. þm. Norðurl. e. minna á að í umræðum um frv. um útflutningsleyfi hér á Alþingi 2. nóv. sl. tók ég til máls að áskorun hans og sagði reyndar í þeirri ræðu, eins og ræðupartur þingtíðindanna ber vitni, að það væri sérstök ástæða til þess að huga að auknu frjálsræði í útflutningsversluninni.

Umræða þessi er næsta fróðleg. Hún hefur fært okkur heim sanninn um að það fara ekki alltaf saman orð og gerðir. Það er t.d. næsta undarlegt að hlusta á hv. 14. þm. Reykv., sem á undanförnum árum hefur talið sig sérstakan málsvara frjálsra viðskipta, nú í því hlutverki að fordæma að reynt er að koma á eðlilegri samkeppni í útflutningsverslun. Hann hefur talið sér það helst til gildis að hafa barist fyrir frjálsum útvarpsrekstri í landinu, að lífeyrissjóðirnir eigi sjálfir og án nokkurra afskipta ríkisvaldsins að ráðstafa sínu fé og að frelsi og lýðræði væru sín pólitíska hugsjón. En þegar verið er að aflétta af útflutningsversluninni einokun og höftum á frelsið ekki lengur við, einungis af því að það snertir hagsmuni þess fyrirtækis sem hann hefur lengi við starfað og verið talsmaður fyrir. Þá fylgja verslunarstefnunni, verslunarfrelsinu hætturnar við hvert fótmál.

Sannleikurinn er sá að þeir einu sem eru raunverulega á móti frjálsum viðskiptum eru stórfyrirtæki sem í skjóli sinnar einkaaðstöðu og oft undir verndarvæng ríkisins búa við algera yfirburðaaðstöðu á markaði. Um þetta eru mörg dæmi, ekki bara hér á landi heldur um víða veröld.

Ég hef áður rifjað upp að í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er sérstaklega kveðið á um að afskipti ríkisins af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækj-

um verði sem minnst og með almennum aðgerðum verði skapaðar aðstæður fyrir tækniþróun, aukinn útflutning og fjölbreytni í atvinnulífinu. Ég fæ ekki séð annað en á stærsta neytendamarkaði heims í Bandaríkjunum séu allar aðstæður til þess að fullt frelsi geti ríkt í viðskiptum. En svo er ekki að heyra á ræðu hv. 14. þm. Reykv. Er þetta e.t.v. stefna Sjálfstfl. sem hann er að túlka? Ég veit ekki betur en hv. fyrirspyrjandi hafi samþykkt stjórnarsáttmálann, sem ég vitnaði til, og eigi því eins og aðrir stjórnarþm. að vera eindreginn stuðningsmaður þess sem ég hef nú framkvæmt.

Rödd hv. þm. í þessum umræðum hljómar ekki sannfærandi, ekki síst með tilliti til þess að það er að renna upp fyrir fleirum og fleirum að frelsi í viðskiptum bætir lífskjör þjóðarinnar og fjölbreyttur aðgangur Íslendinga að mörkuðum er undirstaða efnahagslegs sjálfstæðis okkar í framtíðinni. Ég vona að sú leyfisveiting sem framkvæmd var verði til að styrkja og auka samkeppni á milli íslenskra fyrirtækja og á þann hátt fáist sem hæst verð fyrir þessa þýðingarmiklu útflutningsvöru sem bæði hv. 14. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. vitnuðu til að mikils væri um vert að fólkinu í landinu yrði sem allra mestur matur úr. Það er svo sannarlega tilgangurinn með þeim ákvörðunum sem ég hef tekið í málinu og ég vona að sú viðskiptaþekking, sem þessi fyrirtæki hafa yfir að ráða, verði þannig til þess að renna styrkari stoðum undir íslenskt efnahagslíf og að forustumenn verslunarmanna í landinu verði ekki til þess að hefta athafnafrelsi verslunar. Fyrir því máli mæla ekki nein almannarök. Við þurfum að halda vesturgluggunum opnum.

Löggæslumál, ein umr.

Fsp. SalÞ, 120. mál. — Þskj. 125.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 125 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um úrbætur varðandi löggæslu í umdæmi lögreglunnar í Hafnarfirði.

Það er ekki að ástæðulausu að þessum málum er hreyft hér einu sinni enn á hv. Alþingi, svo brýn er þörfin á úrbótum. Tvisvar hef ég flutt till. til þál. um lögregluvarðstöð í Mosfellshreppi, nú Mosfellsbæ, sem ekki hafa fengið afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Einnig hef ég flutt áður fsp. um sama efni, bæði vegna Mosfellsbæjar og Garðabæjar, en úrbætur láta á sér standa.

Með ört vaxandi byggð og auknu þéttbýli á þeim svæðum sem lögreglu Hafnarfjarðar er ætlað að þjóna hefur þörfin fyrir aukna löggæslu aukist mikið á undanförnum árum. Á sl. tíu árum hefur íbúum á þessum svæði fjölgað um 35% og fjölgun ökutækja í umdæminu er slík að nærri lætur að bíll sé á hverja tvo íbúa. Umferðarþunginn er því orðinn gífurlegur eins og geta má nærri og á það reyndar við um allt höfuðborgarsvæðið. Allt kallar þetta á aukna löggæslu, en fjölgun í lögreglu Hafnarfjarðar er hins vegar sáralítil.

Það gefur auga leið að við núverandi aðstæður er það útilokað, þó lögregla Hafnarfjarðar sé öll af vilja gerð, að hún geti svo viðunandi sé sinnt því víðfeðma svæði sem tilheyrir umdæminu og nær alla leið inn í Hvalfjarðarbotn. Þó að lögreglan sinni eftirliti í nágrannabyggðarlögunum eftir bestu getu verður það aldrei fullnægjandi fyrr en viðunandi aðstaða, þ.e. varðstöð fyrir lögreglumenn, verður fyrir hendi í byggðarlögum eins og Garðabæ og Mosfellsbæ. Bæjarstjórnir Garðabæjar og Mosfellsbæjar og hreppsnefndir upphreppanna, Kjalarness og Kjósar, hafa ítrekað ályktað um þessi mál og krafist úrbóta með sérstökum lögregluvarðstöðvum í heimabyggðum og t.d. hefur bæjarstjórn Garðabæjar boðið upp á endurgjaldslaust húsnæði fyrir varðstofu.

Á sl. sumri... (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég hef reynt að halda mig við þingsköp, en mér hefur virst að á þessum fundi hafi tími ræðumanna farið úr böndum svo að ég vænti þess að hæstv. forseti sýni mér umburðarlyndi. (**Forseti:** Það skal tekið fram að það er engin ástæða að segja að eitthvað hafi farið úr böndum á þessum fundi. Það hefur ekkert farið úr böndum og hv. ræðumaður hefur ekki farið minna fram úr sínum tíma en aðrir.) Ég átti ekki við að stjórn fundar hefði farið úr böndum, hæstv. forseti, heldur tími ræðumanna eins og ég tók sérstaklega fram.

En þar var ég komin máli mínu að ég ætlaði að geta þess að á sl. sumri við hátíðahöld þegar Mosfellsbær öðlaðist kaupstaðarréttindi kom það fram í hátíðarræðu nýskipaðs sýslumanns Kjósarsýslu að lögð yrði áhersla á úrbætur varðandi löggæslu í hinum nýja bæ. Rétt er að geta þess að lögreglubifreiðin er oftar á ferðinni en áður, ekki síst eftir að alvarleg umferðarslys urðu á Vesturlandsvegi í nánd við Brúarland á sl. sumri, en viðunandi þjónusta verður ekki tryggð fyrr en lögregluvarðstöð verður komið upp í Mosfellsbæ sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum, ekki síst þegar höfð er í huga fjarlægð þessa svæðis frá höfuðstöðvum lögreglunnar í Hafnarfirði. Því er þessi fsp. fram komin. Hún er á þskj. 125 í tveimur liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að efla löggæslu í þeim byggðarlögum sem heyra undir lögregluna í Hafnarfirði og hvenær má vænta þess að komið verði upp lögregluvarðstöð í Mosfellsbæ sem þjóni jafnframt Kjalarness- og Kjósarhreppum?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni vil ég þakka hæstv. forseta fyrir góða fundarstjórn á þessum

fundi sem öllum öðrum fundum.

Í fsp. hv. þm. er spurst fyrir um tvennt. Í fyrsta lagi hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar til að efla löggæslu í byggðarlögum sem heyra undir lögregluna í Hafnarfirði og í öðru lagi hvenær vænta megi að komið verði upp lögregluvarðstöð í Mosfellsbæ sem þjóni jafnframt Kjalarness- og Kjósarhreppum.

Hér er sannarlega hreyft þörfu máli. Á árinu 1985 voru uppi ráðagerðir af hálfu þáv. dómsmrh. að sameina löggæsluna á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Var þar byggt m.a. á skýrslu norskra ráðgjafa um lögreglumál sem fengnir voru til að fjalla um skipulag lögreglunnar í Reykjavík og tengsl hennar við löggæslu á öðrum stöðum. Í tillögum þeirra var fyrirhugað að löggæslan á Seltjarnarnesi, Mosfellssveit, Kjósar- og Kjalarneshreppum yrði felld undir lögreglustjórann í Reykjavík og sett yrði upp varðstofa, annars vegar í Mosfellssveit og hins vegar á Seltjarnarnesi. Það yrði svo haldið uppi löggæslu að deginum á varðstofum, en auk þess yrði haldið uppi löggæslu með eftirlitsbifreiðum allan sólarhringinn í þessum byggðarlögum.

Eins og mörgum alþm. er enn í minni var ætlunin árið 1985 að leggja fram frv. um sameiningu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu, en af því varð ekki þá. Ráðuneytið hefur nú ákveðið að efla löggæslu í byggðarlögunum sem heyra undir lögregluna í Hafnarfirði á þann hátt að á Seltjarnarnesi verði löggæsla undir stjórn lögreglustjórans í Reyjkavík frá því í byrjun næsta árs. Það er enn ekki búið ákveða nákvæmlega hvaða dag það verður. Þar verði tveir lögreglumenn áfram starfandi, en auk þess verði Seltjarnarnes eitt af þeim varðsvæðum þar sem haldið verði uppi skipulegu eftirliti með eftirlitsbílum.

Í Mosfellsbæ hefur frá 1. maí sl. verið aukin verulega löggæsla með dvöl tveggja lögreglumanna í bænum 10–18 klukkustundir á sólarhring. Í fjárlagafrv. 1988 er lagt til að heimilaðar verði tvær nýjar stöður lögreglumanna í lögregluliði Hafnarfjarðar, en þær eru ekki bundnar við tiltekinn stað. Ætlunin er að sett verði upp varðstofa en ekki lögreglustöð í Mosfellsbæ á næsta ári og þar verði starfandi 1–2 menn að deginum en þess utan verði þar eftirlitsbílar á ferli líkt og ætlunin er um Seltjarnarnes. En þetta ætti þá líka við um Kjósar- og Kjalarneshreppa á öllum tímum sólarhrings. Sú löggæsla yrði þá líka undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík og er ráðgert að þetta fyrirkomulag byrji næsta vor þegar hentugt húsnæði er tilbúið til notkunar, en núverandi aðstaða er ófullnægjandi.

Dómsmrn. hélt fund í þessari viku með sveitarstjórum Seltjarnarness- og Mosfellsbæja og voru þeim þar kynntar þessar fyrirhuguðu breytingar, en þar var tekið fram að heppilegast þætti að framkvæma þær í tveimur áföngum þar sem sá fyrri yrði nokkurs konar reynslutími í eitt ár en síðari áfanginn yrði þá væntanlega lagafrv. um sameiningu löggæslunnar á þessu svæði sem leggja þyrfti fyrir Alþingi að liðnum reynslutímanum.

Þegar lögreglan í Hafnarfirði hættir að sinna almennri löggæslu í Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi og Seltjarnarnesi mun hún auðvitað hafa betri möguleika til að sinna vel þeim byggðarlögum sem þá verða í hennar umdæmi, þ.e. Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi, og reyndar var á sl. vetri tekin í notkun ný lögreglustöð í Hafnarfirði sem er sérstaklega vel staðsett til að sinna útköllum í alla þessa hreppa, en hitt málið er þá ætlunin að reyna að leysa með því að sameina löggæsluna þar lögreglunni í Reykjavík.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þennan fund, en ég vil aðeins þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér og fyrir það hve skjótt hann hefur nú brugðist við þegar þessu máli hefur verið hreyft hér og hefur rætt við bæjarstjórana, sem hann tilgreindi hér, bæði í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi. Ég fagna því ef það er stutt í að við sjáum fram á þær úrbætur sem byggðarlögin gera kröfu til. Þá hef ég ekki síst í huga Mosfellsbæ og þörfina fyrir sérstaka lögregluvarðstofu þar eins og hann nefndi það. En það er rétt, eins og ég sjálf nefndi í mínu máli, að löggæslan hefur verið aukin frá því á sl. sumri. Það hefur verið gert með því að bílarnir sjást meira upp frá en áður. Ég skal ekki segja hvort þeir eru 10–18 klukkutíma stöðugt í bænum, a.m.k. sjáum við þá ekki svo stöðugt þar upp frá, en það skiptir ekki máli. Meginmálið er að íbúarnir viti af því að það er löggæsla til staðar í byggðarlaginu til að tryggja öryggi þeirra.

SAMEINAÐ ÞING

23. fundur, fimmtudaginn 26. nóv., að loknum 22. fundi.

Úrelding bifreiða, fyrri umr.

Þáltill. GHG o.fl., 115. mál. — Þskj. 119.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skilatryggingu vegna úreldingar bifreiða.

Meðflm. mínir eru hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., og Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn. Till. hljóðar sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um skilatryggingu vegna úreldingar bifreiða.“

Á síðustu árum hefur bifreiðum fjölgað mikið hér á landi og er fyrirsjáanlegt að á næstu árum muni tugir þúsunda bifreiða úreldast. Það er áætlað að árlegur fjöldi þessara bifreiða verði 10–20 þúsund. Nú þegar er það orðið alvarlegt vandamál víða um land að koma þessum bifreiðahræjum fyrir. Víða má

sjá þessar ónýtu bifreiðar þar sem þær liggja í algjöru hirðuleysi öllum til ógagns og skapa auk þess ákveðnar hættur fyrir börn og unglinga, svo að ekki sé talað um náttúruspjöll. Er brýnt að nú þegar verði gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að fyrirbyggja frekari neikvæða þróun í þessum efnum og skylda bifreiðaeigendur til þess að gera viðeigandi ráðstafanir við að koma gömlum og ónýtum bifreiðum til úreldingar.

Það er eðlilegt að þetta sé gert með skilatryggingargjaldi sem lagt verði á við kaup nýrra bifreiða. Sá háttur tíðkast víða erlendis hjá þjóðum sem komnar eru lengra í unhverfisverndarmálum en Íslendingar. Við þurfum ekki að leita lengra en til Noregs til að sjá hve gott skipulag er á hlutunum þar. Þar greiða bílaeigendur skilatryggingargjald við kaup á bílum. Skilatryggingargjald er ætlað til að kosta eyðingu bifreiðarflaks í brotajárnsvinnslu og til að tryggja að eigandinn skili bifreið á réttan stað þar sem hann fær helming upphæðarinnar endurgreiddan.

Auk þess má segja að skilatrygging geri eftirfarandi gagn:

1. Brotajárni er skilað á hagkvæmari hátt til endurvinnslu.
2. Bifreiðaflök og annað brotajárn verður ekki skilið eftir á víðavangi. Ef svo er þá getur einhver tekið bifreiðarflakið og innheimt skilagjaldið.
3. Í þessu felst ákveðin hugarfarsbreyting hjá almenningi.

Hér er um hluta af mun stærra vandamáli að ræða sem er söfnun og endurvinnsla brotajárns almennt. Þessum málum hefur lítið verið sinnt af hálfu hins opinbera til þessa. Hins vegar hafa einkaaðilar, svo sem fyrirtækið Sindra-Stál hf. í Reykjavík, komið hér við sögu á liðnum árum og unnið merkilegt brautryðjendastarf í þessum efnum. Með skipulögðu átaki er unnt að gera mun meira í endurvinnslu úrgangsefna, í þessu tilfelli úreltra bifreiða.

Skilatryggingargjaldið væri hvatning til eigenda að skila úreltum bifreiðum til eyðingar. Í því felst einnig óbein skipulögð söfnun tugþúsunda ónýtra bifreiða til þeirra sem mundu annast eyðingu þeirra.

Við flm. leggjum áherslu á ómengað umhverfi, hreint og fagurt land. Efni þessarar till. stefnir að því markmiði. Flm. vænta þess að till. fái góðar undirtektir. Að lokinni umræðu leggjum við til að henni verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Verndun ósonlagsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁI o.fl., 132. mál. — Þskj. 137.

Flm. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Við Íslendingar búum í ríku og gjöfulu landi. Þótt tekjum okkar og neyslu sé vissulega misskipt erum við ein af neyslufrekustu þjóðum heims. Það sýna okkur og sanna tölur um sykurneyslu, um bílaeign og margt fleira. Síðasti ræðumaður í þessum stól gat þess að hér söfnuðust fyrir 10–20 þús. bílhræ á ári. Í gær var mér sagt hér í þinghúsinu að við ættum nýtt heimsmet, að þessu sinni í plastnotkun: 20 kg á mann á ári.

Það er öllu hent og hús brotin, nýtt keypt og byggt í staðinn. Þetta eru einkenni neyslusamfélagsins. Það er sóknin eftir skammtímagróða og svokölluðum lífsgæðum sem ræður ferð. Við vitum hverjar afleiðingarnar eru ef ekki verður tekið upp nýtt verðmætamat á þessari jörð. Vanþekking er ekki sú afsökun sem við berum við, heldur hitt hversu fáir og smáir við erum. Sóun okkar á auðlindum náttúrunnar sé svo lítið brot af sóun mannkyns, mengun af okkar völdum svo lítill hluti af mengun fjölmennra iðnaðarþjóða. Þetta ásamt fjarlægð okkar frá helstu mengunaruppsprettum í austri og vestri er afsökun okkar fyrir því að hér á landi er umræða um alþjóðlega umhverfisvernd enn á frumstigi og þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi þar um nær engin.

Ég mæli hér fyrir till. til þál. um verndun ósonlagsins sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni. Till., virðulegi forseti, miðar að því að við Íslendingar öxlum ábyrgð okkar í samfélagi þjóðanna og leggjum okkar litla skerf af mörkum til þess að stöðva vaxandi þynningu ósonlagsins sem nú stefnir lífsskilyrðum á jörðinni í stórfellda hættu.

Till. er á þskj. 137 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að gera nú þegar ráðstafanir til að draga úr notkun ósoneyðandi efna hér á landi,
2. að hefja án tafar þátttöku í sameiginlegu átaki annarra Norðurlandaþjóða sem hafa sett sér það takmark að minnka notkun ósoneyðandi efna um 25% fyrir árið 1991 og um a.m.k. 50% fyrir árið 1999,
3. að efna til samstarfs opinberra stofnana og sérfræðinga í viðkomandi iðngreinum til að gera áætlun um hvernig draga megi úr og hætta notkun þessara efna hér á landi,
4. að staðfesta svo fljótt sem við verður komið Montreal-samninginn um verndun ósonlagsins frá 16. september 1987 og Vínarsáttmálann frá 22. mars 1985, um sama efni."

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í útlistun á eyðingu ósonlagsins, né heldur afleiðingum þess ef ekkert verður að gert. Það var gert ágætlega á síðasta þingi þegar Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir þáltill. sinni og fleiri þm., um bann við innflutningi og notkun ósoneyðandi efna.

Í grg. með till. þeirri sem er á dagskrá, svo og í

fylgiskjali I, sem er erindi Sigurbjargar Gísladóttur, deildarefnafræðings hjá Hollustuvernd ríkisins, er einnig gerð ítarleg grein fyrir staðreynd málsins sem er þessi:

Úrgangsefni frá efnaiðnaði á jörðu niðri eru smám saman að eyða ósonlaginu sem verndar jarðarbúa fyrir skaðlegum útfjólubláum geislum sólar. Þynningin sl. átta ár nemur 4–5%. Meira en helmingur þeirrar þynningar er talinn vera af völdum freona og halona, en það eru lofttegundir sem stíga upp í heiðhvolfið úr úðabrúsum, svampi, frauðplasti, slökkvitækjum og kælikerfum.

Það var árið 1974 að bandarískur efnafræðingur, Sherwood Rowlands að nafni, benti á þá hættu sem í stefnir með notkun þessara lofttegunda í iðnaði. Enginn dró í efa kenningu hans um keðjuverkandi niðurbrot ósons í tilraunastofum, en vísindamenn voru ekki á einu máli um hvort þessa gætti uppi í heiðhvolfinu sjálfu. Um það hver áhrifin yrðu ef svo væri efaðist hins vegar enginn.

Sem fyrr sagði verndar ósonlagið jarðarbúa fyrir skaðlegum útfjólubláum geislum sem valda m.a. húðkrabbameini hjá mönnum og dýrum. Útfjólublá geislun er einnig skaðleg gróðri í sjó og á landi. Einkum er þörungasvifið, undirstaða lífkeðju sjávar, viðkvæmt fyrir útfjólublárri geislun.

Aukin losun halona, freona og annarra úrgangsefna í andrúmsloftið veldur líka hækkandi meðalhita á jörðu niðri. Úrkomubelti og vindakerfi geta breyst og sjávarstaða hækkað með bráðnun jökla. Það er því ekki aðeins líkamleg heilsa manna sem hér er í veði, heldur lífsviðurværi þeirra og aðbúnaður allur. Áhyggjur manna vegna þessarar skelfilegu framtíðarspár hafa farið vaxandi eftir því sem vísbendingar þessari kenningu til stuðnings hafa hrannast upp.

Það var þó ekki fyrr en sl. haust, þegar Geimferðastofnun Bandaríkjanna kynnti nýjar niðurstöður rannsókna yfir Suðurskautslandinu, að fyrir lágu gögn sem staðfestu hana. Gatið í ósonlaginu yfir suðurhveli hefur aldrei verið stærra. Ósonmagnið þar hefur minnkað um helming, eða um 50%, frá árinu 1979. Jafnframt mældist þar nú hundraðfalt meira magn af freonum en í tempraða beltinu og telja menn nú engan vafa leika á samhenginu þarna á milli.

Í mars 1985 gekkst Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir alþjóðaráðstefnu í Vínarborg þar sem 35 þjóðir undirrituðu sáttmála um verndun ósonlagsins. Þeirra á meðal voru Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland. Þegar árið 1986 leið án þess að í augsýn væri raunverulegur árangur og frekari samkomulagsumleitanir virtust vonlitlar tóku þessi fjögur lönd sig saman, ákváðu að bíða ekki lengur heldur hefjast handa upp á sitt eindæmi.

Á þingi Norðurlandaráðs á þessu ári, nánar tilgreint þann 25. febr. 1987, héldu umhverfismálaráðherrar þessara fjögurra landa fund sem markaði tímamót. Þar var ákveðið að hvert land gerði úttekt á notkun sinni á freonum á árinu 1986, miðað við innflutning á hreinu efni. Jafnframt skyldi svara spurningunni um það hvort unnt yrði að minnka notkunina um fjórðung fyrir árið 1991.

Það var skipuð sérstök vinnunefnd á vegum embættismannanefndar um umhverfismál til þess að fylgja þessum verkum eftir. En embættismannanefndin sjálf hefur tvívegis komið saman frá því í febrúar, fyrst 18. júlí og svo aftur 18. nóv., þ.e. á fimmtudegi fyrir réttri viku. Íslendingar eiga þrjá fulltrúa í þessari embættismannanefnd. Enginn þeirra mætti á þá tvo fundi sem haldnir hafa verið síðan 25. febrúar 1987.

Á meðan þessu starfi fór fram á Norðurlöndum, nema hér á Íslandi, var hafinn undirbúningur nýrrar ráðstefnu um verndun ósonlagsins á vegum hinna Sameinuðu þjóða. Ráðstefnan var haldin í Montreal í Kanada um miðjan september sl., og 16. september undirrituðu 24 þjóðir ásamt Efnahagsbandalagi Evrópu þar samning sem miðar að því að iðnaðarþjóðirnar minnki notkun sína á freonum um 20% fyrir 1994 og um 50% fyrir 1999, miðað við ársnotkun 1986.

Vart hafði blekið þornað á Montreal-samningnum þegar Geimferðastofnun Bandaríkjanna kynnti þær niðurstöður sem ég hef þegar rakið. Hvort sem sú er eina ástæðan eða ekki hafa þær raddir orðið æ háværari sem telja Montreal-samninginn ganga of skammt. Meðal þeirra sem tekið hafa í þann streng er Birgitta Dahl, umhverfismálaráðherra Svía.

Þannig var staðan þegar ráðherranefnd um umhverfismál hittist á ný hinn 7. okt. sl. Íslenski samstarfsráðherrann í þessum málaflokki, félmrh., sat ekki þann fund og reyndar enginn íslenskur ráðherra. En þar lágu fyrir svör frá hinum löndunum fjórum. Notkun á freonum hafði verið könnuð og hún var á árinu 1986 0,5 til 1 kg á mann. Ég vil í þessu sambandi vísa til töflu II sem er að finna í grg. þessarar till. á bls. 3. Þar kemur fram að sameiginlega nota þessi lönd ríflega 15 þús. tonn af hreinum freonum. Það er ekki stór hluti heimsframleiðslunnar sem er um 1 millj. tonna.

Svarið við spurningunni um hvort 25% niðurskurður væri mögulegur á næstu þremur árum var já frá löndunum öllum. Og það má segja að í svörunum sumum hafi falist: Já, það er enginn vandi.

Niðurstaða ráðherrafundarins, hinn 7. okt. sl., var að Norðurlönd halda fast við fyrri áætlun um niðurskurð á notkun þessara efna, enda þótt Montreal-samningurinn hafi verið gerður í millitíðinni. Hins vegar hvetur ráðherranefndin til þess að löndin staðfesti hann hið fyrsta og mælir með öðrum aðgerðum sem raktar eru á bls. 3 og 4 í grg. þessarar till.

Í fylgiskjali II, sem er samþykkt ráðherrafundarins ásamt fylgigögnum, má einnig sjá hvernig hvert land hyggst draga úr notkun sinni, en það er nokkuð misjafnt eftir aðstæðum. Alls staðar er stefnt að því fyrst að hvetja til og gera samninga um minni notkun, en dugi það ekki til að ná settu marki eru löndin reiðubúin til þess að beita öðrum ráðum svo sem lagaboði eða skattlagningu á umrædd efni.

Það er miður, virðulegi forseti, að þurfa að segja það hér að Íslendingar hafa þrátt fyrir samstarfið í Norðurlandaráði ekki tekið þátt í þessu undirbúningsstarfi, ekki safnað saman eða skilað inn upplýsingum um notkun þessara efna hér á landi, né heldur áætlun um hvernig draga megi úr henni. Hvernig getur staðið á þessu? Sú skýring sem nærtækust er og mér kemur fyrst í hug er að hér á landi fer enginn ráðherra öðrum fremur með umhverfismál. Kannski síst hæstv. félmrh. sem þó er samstarfsráðherra á þessu sviði. Umhverfismálin, þessi mikilvægi málaflokkur, er dreifður og þar með hornreka í nær öllum ráðuneytum. Umhverfismálin eru munaðarlaus í stjórnkerfi okkar.

Fyrri ríkisstjórn hafði uppi mikil fyrirheit um bót og betrun í þessum efnum eins og reyndar svo mörgum öðrum þótt lítið yrði um efndir. Í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar er einnig ákvæði um, með leyfi forseta, að „sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti".

Sú staðreynd að samstarfi um umhverfismál á vegum Norðurlandaráðs var hætt eftir að þessi ríkisstjórn tók við gefur litlar vonir um efndir þessa ákvæðis í stjórnarsáttmála. Því það dugir ekki að líta á Ísland sem einangrað eyland fjarri öðrum mannabyggðum þegar umhverfisvernd er annars vegar. Þær hættur sem nú steðja að andrúmslofti og lífsskilyrðum allra jarðarbúa eru svo miklar og fjölþættar að þær krefjast sameiginlegs átaks allra þjóða. Þar mega Íslendingar ekki lengur sitja hjá. Við vitum það líka af reynslunni af gerð Hafréttarsáttmálans að rödd Íslands á alþjóðavettvangi getur skipt máli.

Ég tel mig, virðulegi forseti, hafa rökstutt tvo liði till., nr. 2 og 4, þ.e. annars vegar um að við sláumst í hóp Norðurlandaþjóðanna og setjum okkur sama mark og þær við niðurskurð á notkun þessara efna hérlendis og hins vegar að við staðfestum Montrealsamninginn og Vínarsáttmálann sem hann byggir á.

Það er hins vegar nauðsynlegt að byrja á tiltektinni heima hjá sér áður en maður fer að setja út á heimili annarra. Ég nefndi í upphafi míns máls að við Íslendingar værum meðal neyslufrekustu þjóða heims. Og það er því miður ekkert sem bendir til þess að framlag okkar til eyðingar ósonlagsins sé minna á mann en framlag milljónaþjóðanna, þvert á móti. Það er lítið vitað um notkun þessara efna sem hráefna eða blandaðra efna í iðnaðarframleiðslu hér á landi, hvað þá um magn þeirra í fullbúnum iðnaðarvörum. Þó hefur einn maður, Páll Lúðvíksson vélaverkfræðingur, gert tilraun til þess að taka saman upplýsingar um þessa notkun. Sl. sumar dró hann út úr innflutningsskýrslum 1986 töluna 208 tonn af kælivökva. Ef þetta væri hið eina sem hér væri notað af freonum, sem það er örugglega ekki, jafngilti það 0,85 kg á hvert mannsbarn á landinu eða meira en á hinum Norðurlöndunum öllum að Danmörku undanskilinni þar sem notkunin 1986 var 1 kg á mann. Það er þó kostur í þessu sambandi að það er ekkert sem segir að okkur ætti að vera erfiðara en hinum Norðurlandaþjóðunum að draga úr notkun þessara hættulegu efna eins og 1. gr. till. gerir ráð fyrir.

Ég vil vísa til grg. á bls. 4 þar sem raktar eru í fimm liðum nokkrar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin gæti beitt til þess að draga strax úr notkun ósoneyðandi efna hér á landi.

Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin stuðli að aukinni notkun CFC-22 í stað CFC-12 — og ég ætla ekki að fara mikið nánar út í þessi heiti á tilbúnum freonum, en þetta eru tveir freonar — þar sem því verður við komið í kælikerfum og varmadælum. CFC-22 hefur aðeins 9% eyðingarmátt á við CFC-12. Það er ljóst að kælikerfi ýmiss konar eru útbreidd og mikilvæg hér á landi vegna fiskiðnaðarins. Og þótt varmadælur séu ekki mjög útbreiddar fer notkun þeirra vaxandi. Annars staðar á Norðurlöndunum eru 13–25% allrar freon-notkunar bundin við kælikerfi og eru þá ísskápar og frystikistur í heimahúsum undanskildar nema í Noregi. Búast má við svipuðum eða jafnvel hærri hlutfallstölum hér á landi.

Það er talið að auka megi notkun þessa óvirkara freons, sem er nr. 22, í stað þess nr. 12, en CFC-22 er enn sem komið er hvergi á bannlista. En það er brýnt að þróa aðferðir til þess að nota hættuminna efnið í fiskiðnaði okkar þar til hættulaust efni finnst.

Í öðru lagi: Að banna innflutning og framleiðslu á úðabrúsum sem innihalda freon sem úðunarefni.

Árið 1978, fjórum árum eftir að fram var sett kenningin um eyðingu ósonlagsins af völdum freona, þá bönnuðu Bandaríkjamenn notkun á þessu efni á úðabrúsa. Kanadamenn, Svíar og Norðmenn hafa einnig bannað ósoneyðandi efni á úðabrúsum. Þannig hafa stórir markaðir lokast fyrir framleiðendum alls kyns úðunarefna og þeir hafa einfaldlega brugðist við með því að nota önnur úðunarefni í staðinn. Það er því gjörsamlega sársaukalaust að banna innflutning og notkun þessara efna á úðabrúsum hér á landi. Nær öll efni, lyf jafnt sem hreinsiefni og lökk, eru nú til á úðabrúsum sem ekki innihalda freon og þetta hlýtur að teljast eðlilegt fyrsta skref til þess að koma í veg fyrir að grípa þurfi til alvarlegri aðgerða síðar meir.

Í þriðja lagi: Að stuðla að betri nýtingu og endurnotkun ósoneyðandi efna í plastiðnaði og auðvelda framleiðendum að taka í notkun önnur hættuminni blástursefni til svamp- og einangrunargerðar.

Í fjórða lagi: Að tryggja uppsöfnun, endurvinnslu og örugga förgun eða bruna ósoneyðandi efna þar sem þau eru notuð sem leysiefni í iðnaði og fatahreinsun.

Í fimmta lagi: Að auka ekki frá því sem nú er innflutning á halonum til notkunar í eldvarnarkerfum.

Hvað síðasta liðinn varðar vil ég vekja athygli á því að með mikilli og aukinni notkun tölvukerfa hefur notkun á halon-slökkvitækjum einnig aukist gífurlega hér á landi. Mér er kunnugt um að í einu húsi hér í borg eru yfir 100 slík tæki sem innihalda

a.m.k. 400 kg af haloni. En menn telja sársaukalaust að auka ekki við þann innflutning frá því sem nú er og þess ber að geta að Eldvarnareftirlit Reykjavíkurborgar hefur mælt mjög gegn aukinni útbreiðslu þessara slökkvitækja.

Hvað 3. lið tillögunnar varðar, um að efna til samstarfs opinberra stofnana og sérfræðinga í viðkomandi iðngreinum til að gera áætlun um hvernig draga megi úr og hætta notkun þessara efna hér á landi, er óþarft að hafa mörg orð. Það er nánast eðlilegt að kalla til sérfræðinga frá Orkustofnun, Iðntæknistofnun og viðkomandi iðngreinum til þess að geta framkvæmt þetta mikilvæga efni.

Frú forseti. Í lok grg. með þessari till. er bent á að samdráttur í notkun freona í kælikerfum og bann við notkun úðabrúsa með freoni gæti orðið til þess að innflutningur og notkun þessara hættulegu efna drægist saman um fjórðung hér á landi. Það hlýtur að vera lágmarksframlag okkar Íslendinga á næstu þremur árum til viðhalds lífi á þessari jörð því að eins og góður málsháttur frá Kenya segir: Við höfum ekki fengið jörðina til eignar frá foreldrum okkar. Við höfum fengið hana að láni frá börnum okkar.

Við skulum reyna, Íslendingar, að haga okkur í samræmi við þetta og ég vil leggja til að till. fái, að lokinni þessari fyrri umræðu, umfjöllun í hv. félmn. Sþ.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar góð tillaga um verndun ósonlagsins, flutt af þremur hv. þm. Alþb. Á síðasta þingi var þetta mál einnig til umfjöllunar, þá flutt af hv. varaþm. Framsfl., Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, eins og kom reyndar fram hjá flm., en málið fékk því miður ekki afgreiðslu þar sem svo langt var liðið á þingtímann. Það kom mér því óneitanlega svolítið á óvart að hv. 7. þm. Reykv., Álfheiður Ingadóttir, skyldi velja sér mál til flutnings hér á hinu háa Alþingi sem er svo nýlega tekið upp af þm. annars flokks þótt eflaust sé hún þar í fullum rétti. Ég hafði hugsað mér að endurflytja málið en þar sem við framsóknarmenn eigum nú ráðherra sem mál þetta heyrir undir og ég vissi að hann var þegar farinn að vinna í málinu í samráði við Hollustuvernd ríkisins lét ég það ógert. En aðalatriðið er að sjálfsögðu það að hérna er um gífurlega mikilvægt mál að ræða sem varðar okkur öll hvar í flokki sem við stöndum og hvar á jarðkringlunni sem við búum.

Það er ótrúlega stutt síðan menn uppgötvuðu ósonlagið og gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess fyrir lífið á jörðinni. Mælingar benda til þess að ósonlagið minnki ár frá ári þannig að allir hljóta að sjá að í óefni stefnir verði ekki að gert.

Hv. flm. hefur í sinni tillögu skipt máli þessu í fjóra flokka sem raunar bera allir að sama brunni, þ.e. að gera ráðstafanir til þess að minnka notkun ósoneyðandi efna. Það er minnst á norrænt samstarf í þessu sambandi og þess vegna vil ég segja fyrir mitt leyti að ég hef nýverið verið skipuð í félags- og umhverfismálanefnd Norðurlandaráðs, en undir þá nefnd heyra þau mál sem hér eru til umfjöllunar. Ég mun kynna mér hvort og þá á hvern hátt væri hægt að vinna málinu framgang á þeim vettvangi, en ég veit að verndun ósonlagsins hefur verið þar til umfjöllunar og eins og kemur fram í grg. hafa umhverfismálaráðherrar Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands ákveðið að vinna sameiginlega að því að hætta notkun ósoneyðandi efna á Norðurlöndum eins fljótt og mögulegt er.

Hæstv. forseti. Ég tek að síðustu undir það með hv. flm. að það sem stendur okkur Íslendingum fyrir þrifum nú eins og svo oft áður er það að umhverfismálin heyra ekki undir eitt og sama ráðuneytið, en það er annað mál en engu að síður mikilvægt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Ég hef litlu við greinargóða framsöguræðu hv. 1. flm. að bæta. Þar var rökstutt, að mínu mati, mjög rækilega hvers vegna fyllsta ástæða er til að taka þetta mál upp hér á Alþingi og nauðsynlegt að Íslendingar grípi til aðgerða. Vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég bara segja að ég held að þar gæti nokkurs misskilnings að það sé með nokkrum hætti óeðlilegt að mál sé tekið upp þó að það hafi áður verið flutt hér inni á Alþingi. Skiptir þá í raun ekki máli hverra flokks menn hafa gert það. Þess fyrra þingmáls sem hún vitnaði til er að góðu getið hér í till. og þar af leiðandi því frumkvæði, sem þá var sýnt, haldið til haga með því að geta þess að málinu hafi verið hreyft hér og hvernig því hafi verið hreyft. Sú tillaga náði enda ekki fram að ganga, dagaði uppi á síðasta þingi. Þar af leiðandi náði flutningur hennar ekki tilgangi sínum og það er í fyllsta máta eðlilegt að málinu sé hreyft áfram.

Hér er líka á ferðinni miklu víðtækari till. sem gerir ráð fyrir að fela ríkisstjórninni víðtækari ráðstafanir en sú tillaga gerði ráð fyrir og svo er það þannig að það er nauðsynlegt að hv. þm. Framsfl. geri sér grein fyrir, einmitt líka vegna þess að það skeður svo sjaldan, að þó að þeir detti niður á jákvæð og góð mál endrum og sinnum þýðir það ekki þar með að þeirra flokkur hafi fengið einkarétt á þeim um aldur og ævi og að þeir geti þar með í raun slegið einhvers konar eignarhaldi sínu á málið, öðru nær, enda á að vera sama hvaðan gott kemur.

Ég fagna því ef hæstv. heilbrmrh., sem er framsóknarmaður eins og þm. eflaust vita, er farinn að sinna málinu, en eins og fram kom í framsöguræðu hefur frammistaða hæstv. ríkisstjórnar ekki verið mjög beysin í þessu máli fram að þessu, þannig að það veitir ekki af að einhver hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni vakni til lífsins. Stóll Íslands hefur verið auður það sem af er þessu kjörtímabili þegar ríkisstjórnir, hvort sem það er á Norðurlöndunum eða annars staðar í heiminum, hafa sent fulltrúa sína til að fjalla um þessi mál.

Að síðustu er það auðvitað augljóst að svo mikið er að gerast í þessu máli, svo miklar upplýsingar eru

að koma fram á þessum síðustu mánuðum, að það er alveg nauðsynlegt að skoða málið og taka á því í því ljósi. Ég nefni sérstaklega nýjar upplýsingar um skaðsemi freon-efnanna og það hversu hratt gengur á ósonlagið, svo og þá hreyfingu á því að að grípa til aðgerða á alþjóðavettvangi, bæði á vettvangi Norðurlandaþjóðanna og eins alþjóðlega á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Ég vona því að þessi till., sem rækilega hefur verið rökstutt að mikil nauðsyn er á að flytja og afgreiða og framkvæma, fái jákvæða og rösklega umfjöllun og í öllu falli má treysta því að ekki standi á stuðningi hv. þm. Framsfl. við að koma henni áleiðis.

Flm. (Álfheiður Ingadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir undirtektirnar og ég leyfi mér að láta þá ósk í ljós að hún og aðrir þm. Framsfl. beiti afli sínu innan ríkisstjórnarinnar til þess að þetta mál fái framgang.

Ég hafði vænst þess að geta átt hér orðastað við nokkra þá hæstv. ráðherra sem með þessi mál fara í ríkisstjórn landsins. Svo er ekki eins og menn sjá og það eru eðlilegar skýringar á þeirra fjarveru, er ég sannfærð um. En það er nauðsynlegt, meðan við ekki höfum umhverfismálaráðuneyti í þessu landi, að ráðherrar sem með einstaka málaflokka fara setji þau verk í forgang. Þar á ég við að félmrh. þarf auðvitað, að mínu viti, að taka strax aftur upp samstarf um umhverfismál á vegum Norðurlandaráðs. Þar á ég líka við það að heilbrmrh. þarf hið fyrsta að fela Hollustuvernd ríkisins eða öðrum aðilum að gera gangskör að því að kanna notkun þessara efna hér á landi. Þar á ég við að utanrrh. má gjarnan líta á bunkann, sem liggur í ráðuneytinu, af óþýddum alþjóðlegum samningum sem flestir hverjir fjalla um mengunarvarnir af ýmsu tagi. Þeir munu vart færri en 30 talsins. Þar á ég líka við að hæstv. iðnrh. má gjarnan hvetja til þess að stofnanir sem undir hans ráðuneyti heyra, svo sem eins og Orkustofnun og Iðntæknistofnun, fái bætta aðstöðu til þess að sinna málum af þessu tagi og öðrum málum sem varða losun úrgangs út í náttúruna og andrúmsloftið.

Ég vænti þess eins og meðflm. minn að till. fái skjótan framgang hér í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Byggingarsjóður námsmanna, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 138. mál. — Þskj. 146.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er að finna á þskj. 146 og er 138. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson og Valgerður Sverrisdóttir. Till. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna í samvinnu við námsmannasamtökin, þ.e. stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema, byggingarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir námsmenn. Byggingarsjóðurinn verði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn og verði í vörslu Seðlabanka Íslands.

Byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðurinn verði til að byrja með í eigu ríkisins og námsmannasamtakanna. Tekjur sjóðsins verði leigutekjur af húsnæði í eigu sjóðsins og greiði námsmenn innan námsmannasamtakanna ákveðið hlutfall af árlegum skólagjöldum sínum til byggingarsjóðsins. Fyrstu 10 árin greiðir ríkissjóður árlega þrefalda þá upphæð til sjóðsins sem námsmenn greiða. Þegar tekjur sjóðsins standa undir eigin framlagi sjóðsins við fjármögnun bygginga afhendi ríkið samtökunum eignarhlut sinn í sjóðnum.“

Hæstv. forseti. Með þessari till. er lagt til að farin verði ákveðin leið til að leysa það ófremdarástand sem er á hverju hausti í húsnæðismálum námsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Könnun, sem Félagsstofnun stúdenta lét gera árið 1982 á húsnæðisaðstöðu stúdenta við Háskóla Íslands, sýndi að 4,6% stúdenta bjuggu á stúdentagörðum en 40% stúdenta bjuggu í leiguhúsnæði.

Í des. 1986 gerði Lánasjóður ísl. námsmanna könnun á húsnæðisaðstöðu námsmanna sem voru í lánshæfu námi hér á landi. Sú könnun sýndi að 50% námsmanna bjuggu í leiguhúsnæði og í dag búa innan við 4% stúdenta við Háskóla Íslands á stúdentagörðum.

Rannsókna eða kannana á ástandinu er því ekki þörf. Nú er aðgerða þörf. Daglegar auglýsingar, og það í tugatali, í dagblöðum í ágúst og september á ári hverju, þar sem námsmenn auglýsa eftir húsnæði og heita hárri fyrirframgreiðslu, segja sína sögu um ástandið. En hvernig námsmenn geta heitið hárri fyrirframgreiðslu er óskiljanlegt.

Framfærsla Lánasjóðsins í dag er 25 þús. kr. á mánuði og þar af er ætlað tæplega 4 þús. kr. til greiðslu á húsnæði. Ég hef fengið það staðfest af starfsmanni Húsnæðismiðlunar stúdenta að algengasta verð á mánuði fyrir eitt herbergi var 8–12 þús. kr., 20–25 þús. kr. fyrir tveggja herbergja íbúð og 30–35 þús. kr. fyrir þriggja herbergja íbúð. Þetta leiguverð er ekki greitt af námsmönnum sjálfum nema að hluta til. Auðvitað lendir það á foreldrum, vinum eða venslamönnum að aðstoða námsmenn í þessum efnum.

Að enn skuli vera 40 manns á biðlista eftir húsnæði hjá Húsnæðismiðlun stúdenta 1½ mánuði eftir að skólar eru almennt byrjaðir lýsir ástandinu. Ég veit að hv. alþm. kannast margir við raunasögu námsmanna og annarra við leit að húsnæði. Mig

langar til að segja eina sem ég tel að lýsi því ástandi sem nú ríkir á leigumarkaðinum. Hjón norðan úr landi töldu sig vera búin að tryggja sér tveggja herbergja íbúð hér í Reykjavík í vetur fyrir 20 þús. kr. á mánuði. Þegar þau mættu á staðinn með búslóðina tilbúin til að hefja námið hafði íbúðin verið leigð öðrum sem borgaði 30 þús. kr. á mánuði. Þessi hjón eru enn húsnæðislaus og á biðlista hjá Húsnæðismiðlun stúdenta. Búslóðin er geymd í bílskúr og þau búa hjá ættingjum, viku í senn á hverjum stað. Þessi hjón þekkja ástandið á húsnæðismarkaðinum í höfuðborginni.

Fullyrða má að þótt fjöldi námsmannaíbúða í Reykjavík á næstu fimm árum verði þrefaldaður muni enn skorta á til að leysa brýnasta vandann. Félagsstofnun stúdenta er nú að byggja nýja hjónagarða. Það er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi þeirra verði tekinn í notkun árið 1988, sem munu vera 20 íbúðir, og síðan verði teknar í notkun 73 íbúðir fram til ársins 1990. Þetta mun aðeins létta undir með námsmönnum við Háskóla Íslands. En við megum ekki gleyma því að það eru fleiri námsmenn en bara þeir sem stunda nám við Háskólann.

Innritaðir stúdentar í Háskóla Íslands árið 1987 eru 4233. Félagsmenn í Bandalagi ísl. sérskólanema eru 3000. Þau samtök hafa ekkert húsnæði til útleigu fyrir sína félagsmenn. Þeir verða því eingöngu að treysta á leigumarkaðinn. Auk þessa verða hundruð, jafnvel þúsundir námsmanna sem stunda nám á framhaldsskólastigi, þ.e. í mennta- og fjölbrautaskólunum, einnig algjörlega að treysta á húsaleigumarkaðinn.

Ef sú tillaga, sem hér er mælt fyrir, verður að veruleika mætti hugsa sér að á næstu tveimur árum mætti fjárfesta í námsmannaíbúðum fyrir 200 millj. kr. með því að námsmenn sem skráðir eru í Háskóla Íslands og félagsmenn í Bandalagi ísl. sérskólanema greiddu 1000 kr. hver í sérstakt framlag til Byggingarsjóðs og ríkissjóður kæmi með þrefalda þá upphæð á móti og einnig með því að lán fengist hjá Byggingarsjóði verkamanna fyrir 80% af byggingarkostnaði. Fyrrv. félmrh. beitti sér fyrir því með lagasetningu á Alþingi að hægt væri að lána námsmönnum og öðrum félagslegum samtökum 80% af byggingarkostnaði leiguhúsnæðis fyrir þessa hópa. Það gekk erfiðlega til að byrja með að fá Byggingarsjóð verkamanna til að lána til þeirra bygginga sem nú eru í gangi á vegum Félagsstofnunar stúdenta. Það var ekki fyrr en á árinu 1985 að fyrrv. félmrh. ritaði stjórn Húsnæðisstofnunar bréf þar sem hann óskaði eindregið eftir því að Félagsstofnuninni yrði lánað til þessara framkvæmda og nú eru þær framkvæmdir í gangi. Því er það í raun alger forsenda fyrir því að hægt sé að fara út í mjög miklar byggingarframkvæmdir, eins og lagt er hér til, að lán komi frá Byggingarsjóði verkamanna.

Fyrir utan það sem hér hefur verið nefnt um húsnæðisaðstöðu eða reyndar aðstöðuleysi námsmanna vil ég nefna hér nokkur atriði enn sem ég tel að vegi þungt í rökfærslu fyrir því að byggingarsjóður sem þessi fyrir námsmenn sé nauðsynlegur.

Í fyrsta lagi: Eftir því sem framboð og húsnæði fyrir námsmenn verður meira, því minni verður námskostnaður nemenda. Leigan mun verða lægri í námsmannahúsnæðinu en á hinum almenna leigumarkaði.

Í öðru lagi mun lægri námskostnaður draga úr kröfum námsmanna um hækkun á framfærslukostnaði frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er þjóðfélagslega hagkvæmara að fjármagna félagslegar íbúðabyggingar fyrir námsmenn en að fjármagna húsnæðiskostnað þeirra á almennum markaði.

Í þriðja lagi er hægt með fjölgun námsmannaíbúða að draga úr aðstöðumun milli landsbyggðar og höfuðborgar hvað menntun varðar.

Í fjórða lagi getur hátt leiguverð haft áhrif á varanlega búsetu fólks. Foreldrar námsmanna eða þeir sjálfir bregðast oft við húsnæðisvandanum með því að fjárfesta í íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Í fimmta lagi er öflugur byggingarsjóður fyrir námsmenn framtíðarlausn á húsnæðisvanda þeirra.

Hæstv. forseti. Húsnæðismál námsmanna hafa áður komið til umræðu hér á hv. Alþingi. Þáltill. hv. þm. Stefáns Guðmundssonar um að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega á hvern hátt megi bæta úr þeim mikla húsnæðisvanda sem námsmenn utan Reykjavíkur búa við var samþykkt hér á Alþingi 1984, en því miður hefur okkur lítið skilað fram á við á þessu sviði.

Ég trúi því að með samstilltu átaki námsmanna sjálfra og ríkisvaldsins sé hægt að koma fastri stjórn á húsnæðismál námsmanna fyrir framtíðina því við þær aðstæður sem námsmenn búa í dag er útilokað að búa til lengdar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að aflokinni þessari umræðu að þáltill. þessari verði vísað til félmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Viðskiptabann á Suður-Afríku, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 140. mál. — Þskj. 148.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um viðskiptabann á Suður-Afríku. Þetta efni, viðskipti okkar Íslendinga við Suður-Afríku, hefur fyrr borið á dagskrá á þessu Alþingi þegar hæstv. utanrrh. svaraði fsp. varðandi þetta efni. Í þeirri umræðu kom fram að viðskipti okkar við Suður-Afríku fara nú aftur vaxandi eftir að úr þeim dró um tíma í kjölfar mikillar umræðu og ákvarðana stjórnvalda um að beina tilmælum til aðila viðskiptalífsins um að

draga úr þessum viðskiptum.

Það kom einnig fram að Íslendingar hafa, a.m.k. að nafninu til, í þessu efni eins og fleiri verið aðilar að norrænu samstarfi á þessu sviði, en nú hefur það því miður skeð að Íslendingar hafa dregist aftur úr hinum Norðurlandaþjóðunum og ekki fylgt þeim eftir í að grípa til harðari ráðstafana til að mótmæla hinni ómanneskjulegu kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda hvíta minni hlutans í Suður-Afríku. Það kemur m.a. fram í fskj. með þessari þáltill. að þrjár Norðurlandaþjóðanna hafa lýst yfir á þessu ári meira og minna altækum viðskiptabönnum á Suður-Afríku.

Í skýrslu svonefndrar Sérstöku nefndar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni kemur fram í kafla þar sem fjallað er um aðgerðir einstakra þjóða að Svíþjóð, Noregur og Finnland hafa öll á þessu ári sett viðskiptabann á Suður-Afríku. Þetta kemur fram í fskj. I með tillögunni.

Í mars 1987, þ.e. í mars á þessu ári, setti norska þingið lög um efnahagslegar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku og Namibíu og þau lög tóku gildi 20. júlí 1987. Meðal annars felst í þessum lögum almennt bann á innflutning og útflutning til Suður-Afríku. Sömuleiðis í mars á þessu ári lagði sænska ríkisstjórnin fyrir þingið frv. til l. um aðgerðir gegn Suður-Afríku og þar er sömuleiðis um viðskiptabann að ræða. Finnar settu í júní á þessu ári sambærileg lög sem banna með öllu innflutning varnings frá Suður-Afríku og útflutning þangað. Síðan er það svo að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa Norðurlandaþjóðirnar reynt að koma fram sem hópur og svo skemmtilegt eftir atvikum sem það er kom það í hlut Íslands að mæla fyrir hinu sameiginlega áliti Norðurlandaþjóðanna þegar fram fóru atkvæðaskýringar varðandi ályktun Sérstöku nefndarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnunna. Þessi atkvæðaskýring Norðurlandaþjóðanna flutt af Íslandi er fskj. II með þessari tillögu. Þar er einmitt kveðið mjög sterklega að orði um nauðsyn þess að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna grípi til harðra aðgerða gegn Suður-Afríku.

Svona er nú staðan, herra forseti, og í framhaldi af orðaskiptum sem fóru fram á þinginu fyrr í vetur, þegar hæstv. utanrrh. svaraði fsp., er það skoðun okkar þm. Alþb., sem flytjum þessa till., að ekki sé eftir neinu að bíða að Ísland sláist í hóp þeirra Norðurlandaþjóða sem sett hafa viðskiptabann á Suður-Afríku. Það hefur sýnt sig hér eins og reyndar annars staðar að tilmæli stjórnvalda og almennur áróður duga ekki til. Viðskiptahagsmunir og gróðavon ráða ferðinni hvað sem öllum fögrum fyrirheitum um annað líður.

Nýlega barst mér í hendur vitneskja um dæmi sem er nokkuð lýsandi fyrir ástand þessara mála hér uppi á Íslandi. Þrátt fyrir allan áróðurinn, þrátt fyrir tilmæli stjórnvalda eykst innflutningur varnings frá Suður-Afríku og kannski ekki alveg að ástæðulausu. Það er nefnilega svo að í annarri af tveimur sjónvarpsrásum landsmanna hefur núna í þrígang á stuttum tíma verið sýnd auglýsing um varning frá Suður-Afríku.

Stöð 2 hefur í þessum mánuði, dagana 5., 10. og 18. nóvember, sent út alllanga leikna auglýsingu um ávexti frá Suður-Afríku. Þar er auglýst vörumerkið Del Monte og ég hef með mér sýnishorn af þessum varningi. Þetta er perudós frá Del Monte fyrirtækinu. Þeir sem til þekkja vita að stór hluti af framleiðslu og markaðsvörum þessa fyrirtækis er einmitt ættaður frá Suður-Afríku. Þeir sem horfa á auglýsingu frá Stöð 2 geta daginn eftir labbað út í verslun á Íslandi og keypt sér svona dós, niðursoðnar perur, í sýrópi vel að merkja, og á bakhlið sendur: South African Reserving Cooperation, Cape Town, South-Africa. Það þarf ekki frekari vitna við. Það er ekki um að villast.

Ég ætla sannarlega að vona fyrir hönd forráðamanna Stöðvar 2 að hér hafi einfaldlega átt sér stað slys, að þeim ágætu mönnum hafi ekki verið ljóst að þeir væru að senda út auglýsingu um suður-afrískar vörur, því að ég trúi því ekki að siðferðisstig forráðamanna þar á bæ sé á því stigi að þeir mundu gera þetta vitandi vits. Ég hafði samband við auglýsingadeild þessarar stofnunar í morgun og sá fulltrúi sem ég fékk þar samband við fullyrti að a.m.k. hefði sér verið ókunnugt um að þeir hefðu undanfarna daga verið að senda út sjónvarpsauglýsingu um vörur frá Suður-Afríku. En svona er nú málunum komið. Auðvitað er það síðan innflytjandi þessa varnings sem gengur svo langt þrátt fyrir tilmæli stjórnvalda og yfirlýsta stjórnarstefnu á Íslandi að reyna að draga úr viðskiptum við þetta land að kaupa sérstaka sjónvarpsauglýsingu og láta senda hana út jafnvel án þess að gera ráðamönnum sjónvarpsstöðvarinnar grein fyrir því hvaða varning hann er að fara fram á að þeir auglýsi. Þeirra er mest skömmin og ég ætla að leyfa mér að lýsa því yfir að það er von mín og einlæg ósk að almenningur í landinu dragi úr viðskiptum við þetta fyrirtæki, við þennan innflytjanda sem þeir geta aflað sér upplýsinga um í firmaskrá hver er.

Síðan er það svo að menn gera oft lítið úr því að viðskipti við Suður-Afríku skipti svo miklu máli. Þau séu svo lítill hluti af innflutningi til Íslands. En er það rétt ef við skoðum málið? Er ríki sem er einhvers staðar á milli 30. og 40. sætis hvað varðar innflutning varnings til landsins mjög lítið? Þetta er þjóð sem flytur inn til Íslands næstum því jafnmikið af vörum og frændur okkar Færeyingar t.d. Er hægt að segja að það séu einhver smávægileg viðskipti sem ekki skipti máli, að þau gefi ekki tilefni til að taka siðferðislega afstöðu? Ég segi nei. Sú staðreynd að það má finna mörg Evrópulönd sem flytja inn jafnmikið eða jafnvel minna af vörum til Íslands en Suður-Afríka gerir að verkum að við getum ekki afsakað okkur og þvegið hendur okkar með því að þetta séu svo lítil viðskipti.

Ég hef tekið fyrir októberhefti Hagtíðinda, talið þar saman þau lönd sem við kaupum meira frá og

minna frá en Suður-Afríku. Mér teljast það vera 36 lönd sem við eigum meiri viðskipti við, en 80–90 lönd sem við eigum minni viðskipti við en Suður-Afríka. Suður-Afríka gæti í þessu tilfelli, hvað varðar innflutning varnings á þessu ári mánuðina janúar–september, verið einhvers staðar nálægt 37. sæti. Og eins og ég segi má finna mörg jafnvel nágrannalönd okkar sem við verslum minna við. Þetta eru því engin rök og jafnvel þó að þessi innflutningur væri miklu minni og þessi viðskipti væru miklu minni eigum við samt að taka siðferðislega afstöðu sem á ekki að ráðast af magni viðskiptanna eða viðskiptahagsmunum.

Ég held að því miður sé alveg sýnt, þrátt fyrir áróður stjórnvalda, þrátt fyrir aðgerðir verkalýðshreyfingar og ýmissa fleiri aðila, þrátt fyrir viðtæka samstöðu úti í þjóðfélaginu um að reyna að takmarka þessi viðskipti, að gróðahagsmunir verslunarinnar ráði ferðinni. Það þýðir þá ekki annað en koma fyrir þá menn vitinu með lögum. Ég skora því á hv. alþm. að styðja framgang þess að annaðhvort með lagasetningu eða með því að setja allan varning frá Suður-Afríku á bannlista verði komið í veg fyrir að vörur verði fluttar hingað frá þessu ríki. Sjálfum er okkur í lófa lagið og með einföldum hætti getum við afnumið okkar viðskipti eða okkar útflutning þangað sem er reyndar hverfandi lítill.

Ég hygg að það þurfi í sjálfu sér ekki að taka á þessu máli á fleiri sviðum. Mér er ekki kunnugt um menningarsamskipti eða samskipti á sviði íþrótta við Suður-Afríku. Ég held að fjárfestingar íslenskra aðila í Suður-Afríku séu ekki af því tagi að það sé ástæða til að hafa áhyggjur, en ég vek á því athygli að þær þjóðir sem átt hafa í gegnum tíðina meiri viðskipti og samskipti við þetta land, eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar, hafa líka lagt hömlur á eða jafnvel bannað þessa hlið viðskiptanna.

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta fleiri orð. Málið talar fyrir sig sjálft. Staðreyndirnar tala sínu máli. Ég lít svo á að það sé pólitísk samstaða um það á Íslandi að grípa til aðgerða af þessu tagi til að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og reyna að hnekkja henni. Þátttaka okkar Íslendinga í samnorrænum aðgerðum, margyfirlýst stefna íslenskra ríkisstjórna, bæði þeirrar er nú situr og fyrri ríkisstjórna, um að draga úr þessum viðskiptum og samskiptum liggur fyrir. Það eina sem þarf að gera er að tryggja að hún sé framkvæmd, þessi stefna, tryggja að hún nái fram að ganga. Ég þykist hafa sýnt fram á að hún geri það ekki nema gripið verði til miklu róttækari aðgerða en menn hafa hingað til verið að reyna. Þess vegna sýnist mér einboðið að ekkert annað en viðskiptabann á Suður-Afríku nái þar með tilgangi sínum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 32 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Áfengislög (42. mál, áfengt öl) 1211, 1245.
Byggingarsjóður námsmanna (138. mál) 1325.
Drengskaparheit unnið 1113, 1222.
Framleiðsla og sala á búvörum (127. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1163.
Hlutafélög (131. mál, heildarendurskoðun) 1153.
Jarðgangaáætlun (91. mál) 1114.
Jöfnun á námskostnaði (102. mál) 1292.
Kirkjugarðar (129. mál, kirkjugarðsgjöld) 1266.
Kosning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 1132.
Kosning í flugráð 1132.
Kosning í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 1133.
Kosning í landskjörstjórn 1133.
Kosning í menntamálaráð 1134.
Kosning í tryggingaráð 1134.
Kosning í úthlutunarnefnd listamannalauna 1135.
Kosning í útvarpsráð 1135.
Kosning í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 1136.
Kosning fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðið 1136.
Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis 1137.
Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra 1137.
Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra 1138.
Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis 1138.
Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar 1139.
Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis 1139.
Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis 1140.
Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis 1140.
Kosning í Þingvallanefnd 1141.
Kosningar til Alþingis (78. mál, sameiginlegt forval o.fl.) 1180, 1244.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra (110. mál) 1262.
Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði (107. mál) 1142.
Læknalög (116. mál, heildarlög) 1165.
Löggæslumál (120. mál) 1313.
Mat á sláturafurðum (126. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1249.
Meðferð einkamála í héraði (130. mál, áskorunarmál o.fl.) 1146.
Milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta (35. mál) 1267.
Mælingar á geislavirkni á Íslandi (104. mál) 1295.
Námslán (51. mál) 1272.
Opinber ferðamálastefna (108. mál) 1114.
Ráðning í stöðu þjóðgarðsvarðar (62. mál) 1281.
Ráðstafanir í fjármálum (135. mál) 1222.
Samanburður á tekjum á Íslandi og í nágrannalöndum (109. mál) 1144.
Samfélagsþjónusta sem úrræði í viðurlagakerfinu (112. mál) 1299.
Sóknargjöld (128. mál, heildarlög) 1246.
Stytting námstíma til stúdentsprófs (57. mál) 1278.
Textasímaþjónusta (95. mál) 1131.
Tryggingar farþega (113. mál) 1301.
Um þingsköp 1141, 1244.
Umboðsmaður barna (53. mál) 1175, 1244.
Úrelding bifreiða (115. mál) 1316.
Úrgangsefni frá álverinu í Straumsvík (97. mál) 1288.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 1113, 1221.
Veiting leyfa til útflutnings á skreið (119. mál) 1114.
Veiting útflutningsleyfa á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna (118. mál) 1304.
Verðlagsmál (45. mál) 1269.
Verðtrygging (67. mál) 1285.
Verndun ósonlagsins (132. mál) 1318.
Viðskiptabankar (84. mál, bankastjórar) 1199.
Viðskiptabann á Suður-Afríku (140. mál) 1328.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (121. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1245.
Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta (94. mál) 1124.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1113, 1141, 1142, 1221, 1222.
Forseti Nd. Óli Þ. Guðbjartsson 1175, 1211, 1219, 1220, 1245.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 1146, 1152, 1154, 1161, 1246, 1266, 1270, 1286, 1300, 1306, 1311, 1314.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1126.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1222, 1224, 1238, 1268, 1269.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 1165, 1172, 1289, 1292, 1296, 1302.
Landbrh. Jón Helgason 1163, 1249, 1258.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 1245, 1274, 1277, 1279, 1282, 1293.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 1145.
Albert Guðmundsson 1141, 1206.
Alexander Stefánsson 1173, 1180.
Álfheiður Ingadóttir 1318, 1325.
Eggert Haukdal 1142, 1144, 1261.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1152, 1156, 1160, 1236.
Finnur Ingólfsson 1325.
Geir H. Haarde 1215, 1217, 1244, 1279, 1280.
Guðmundur Ágústsson 1150, 1159.
Guðmundur H. Garðarsson 1304, 1310, 1316.
Guðni Ágústsson 1113.
Guðrún Helgadóttir 1170, 1175, 1179, 1285, 1295.
Halldór Blöndal 1231, 1243.
Hjörleifur Guttormsson 1114, 1123, 1284, 1291.
Hreggviður Jónsson 1131, 1193, 1210, 1217.
Ingi Björn Albertsson 1199, 1210, 1218.
Jóhann Einvarðsson 1301, 1304.
Júlíus Sólnes 1228.
Karl Steinar Guðnason 1309.
Karvel Pálmason 1122, 1223, 1233, 1243.
Kristín Einarsdóttir 1169, 1289, 1290, 1292.
Kristín Halldórsdóttir 1187, 1277, 1281, 1284, 1285, 1288.
Matthías Bjarnason 1186.
Málmfríður Sigurðardóttir 1262.
Níels Á. Lund 1259.
Ólafur G. Einarsson 1221.
Ólafur Þ. Þórðarson 1174, 1196, 1208, 1211, 1216, 1257.
Óli Þ. Guðbjartsson 1119, 1144, 1267, 1269.
Páll Pétursson 1185.
Ragnar Arnalds 1180, 1195.
Salome Þorkelsdóttir 1299, 1301, 1313, 1316.
Sighvatur Björgvinsson 1188, 1216, 1219, 1220.
Skúli Alexandersson 1229.
Sólveig Pétursdóttir 1175, 1269.
Stefán Valgeirsson 1198, 1203, 1215, 1246, 1254.
Steingrímur J. Sigfússon 1120, 1205, 1212, 1255, 1272, 1276, 1278, 1309, 1324, 1328.
Sturla Böðvarsson 1261, 1264, 1292, 1294.
Unnur Stefánsdóttir 1129.
Valgerður Sverrisdóttir 1323.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1124, 1129, 1131, 1202, 1295, 1298.

SAMEINAÐ ÞING

24. fundur, mánudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jóhannes Bergsveinsson læknir (A),
Helgi Seljan fyrrv. alþm. (B),
Sigrún Sturludóttir húsfrú (A),
Hörður Zophaníasson skólastjóri (A).

Varamenn:
Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi (A),
Þorvaldur Sigurðsson skrifstofumaður (B),
Hafdís Sigurgeirsdóttir kennari (A),
Birgir Dýrfjörð rafvirki (A).

Kosning fjögurra manna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 20. des. 1987, skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Stefán Friðbjarnarson blaðamaður (A),
Svavar Gestsson alþm. (B),
Þorsteinn Húnbogason viðskiptafræðingur (A),
Kjartan Jóhannsson alþm. (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Geir H. Haarde alþm. (A),
Jóhanna Eyjólfsdóttir bókari (B),
Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri (A).

Samgöngur á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall, 103. mál. — Þskj. 107.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð um liðið síðan var mælt fyrir þeirri þáltill. sem hér er til umræðu og ég þarf í raun ekki að lengja umræður um hana mikið, bað reyndar um orðið undir þeirri umræðu en vegna tímaskorts þurfti að fresta henni eins og gengur hér. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til að undirstrika mikilvægi þess máls sem hér er um að ræða. Það kom kannski ekki nægilega vel fram í ræðu flm., og er hógværð hans kannski þar um að kenna, að þetta mál er ekki flutt af neinni tilviljun. Það er búin að fara fram löng umræða á Austurlandi um margra ára skeið um jarðgangagerð og vegamál og lausnir með þessum hætti og flm. þessarar tillögu hefur vissulega verið brautryðjandi í umræðu þeirri á Austurlandi og leitt hana. Ég vildi láta þetta koma fram hér við umræðu um þetta mál.

Það er þannig að flm. tillögunnar þekkir af eigin raun sem atvinnurekandi á Austurlandi og þátttakandi í sveitarstjórnarmálum um margra ára skeið hvaða þýðingu góðar samgöngur hafa og hve slæmar samgöngur geta dregið úr því hvaða árangri atvinnureksturinn nær í fjórðungnum. Slæmar samgöngur geta verið mikill akkillesarhæll í félagslegu og atvinnulegu tilliti.

Hér er um stórverkefni að ræða, sem þessi till. gerir ráð fyrir, og er eðlilegt að horft sé á afmarkað verkefni í þessu efni. Tillagan gerir ráð fyrir að það sé litið á þennan þátt á Austurlandi. Hún gerir ráð fyrir að það sé litið á þennan þátt í þessu kjördæmi og það séu metin efnahagsleg og félagsleg áhrif stórframkvæmda á borð við þessar á framgang mála í fjórðungnum og framfarir almennt.

Það er eðlilegt að Byggðastofnun komi inn í þennan þátt eins og till. gerir ráð fyrir, því að það verður að telja eðlilegt verkefni stofnunarinnar að meta þessi félagslegu og efnahagslegu áhrif. Það er ekki um neitt vantraust á Vegagerð ríkisins að ræða þó að Byggðastofnun sé tekin inn í.

Það hafa verið fleiri tillögur á ferðinni um þetta mál, en þær hafa verið á landsvísu. Þær eru góðra gjalda verðar og öll umræða um þessi stóru mál í samgöngumálunum er nauðsynleg og þarf að vanda þennan undirbúnng sem mest þegar horft er yfir lausnir til lengri tíma.

Það er oft talað um að stórframkvæmdir í vega-

gerð komi fáum að haldi og það er oft verið að tala um að það séu lagðar brýr og byggðir dýrir vegir fyrir örfáar hræður og eru menn þá að tala um fólk sem býr í hinum dreifðu byggðum þegar þannig er talað. Það er þannig þegar litið er yfir málin að vegaframkvæmdir í landinu þjóna öllum landsmönnum en ekki aðeins þeim sem búa við vegarendann. Það kemur berlega í ljós þegar þessar framkvæmdir eru búnar og þegar stórvirki hafa verið unnin á þessu sviði.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira, vona að þessi tillaga fái þinglega meðferð og verði afgreidd frá hv. Alþingi því að ég tel hana mjög til bóta.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú till. sem hér er til umræðu er vissulega góðra gjalda verð. Hún snertir einn landshlutann sem býr við mjög erfiðar samgöngur og þar er þörf átaks. Ég tel hins vegar að það sé nauðsynlegt að líta á þetta út frá landinu í heild því að við þekkjum að það er ekki mikil von um stórar úrbætur í einum landshluta nema til komi átak sem varði landið allt og sem stjórnvöld marka og beita sér fyrir hverju sinni.

Ég vil síst af öllu draga úr nauðsyn þeirra framkvæmda sem vísað er til í þessari till. sérstaklega, en ég minni á mál sem ég flutti hér nýlega varðandi jarðgangaátlun, stefnumótun um langtímaáætlun í jarðgangagerð sem snertir m.a. Austurland og ekki síst Austurland ásamt Mið-Norðurlandi og Vestfjörðum. Það er slíkt átak sem þarf að marka stefnu um hér á Alþingi fyrr en seinna.

Það sem liggur eftir fyrri ríkisstjórn í þessum efnum er svo sannarlega ekki eins og skyldi þar sem dregið var stórkostlega úr þeim framkvæmdahraða sem gert var ráð fyrir í vegáætlun sem rædd var á Alþingi 1983. Í stað þess að verja 2,47% af þjóðartekjum til samgöngumálanna rýrnaði þetta framlag ár frá ári þannig að það var komið niður í 1,4% af þjóðarframleiðslu í góðærinu miðju á síðasta ári. Ég gat þess hins vegar, þegar ég ræddi þessi mál í Sþ. um daginn, að fyrrv. hæstv. samgrh., Matthías Bjarnason, tók vel undir þá ályktun sem vísað var til ríkisstjórnar og stóð að áætlunargerð, að vísu frumdrögum, í sambandi við jarðgangagerð og það er að mínu mati verkefni þingsins nú að taka á því máli og marka um það stefnu, stilla saman einstaka landshluta, áhugamál og verkefni í einstökum landshlutum þannig að við þurfum ekki að horfa fram á þá öfugþróun sem hefur blasað við nú um langt skeið. Það er öðru fremur verkefni þingsins og ég treysti því að hv. þingheimur taki á því máli á yfirstandandi þingi, en það verður ekki gert nema lagt verði fjármagn til þessara mála. Síðasta hæstv. ríkisstjórn gerði ráð fyrir að veita um 1450 millj. kr. beint úr ríkissjóði til vegamála. Þess sér því miður ekki mikið stað í þeim áætlunum sem nú liggja fyrir, en á því væri sannarlega þörf.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að margir taki ekki undir með hv. síðasta ræðumanni að það sé helst að opinberum framkvæmdum að finna að lítil áhersla hafi verið lögð á vegamál. Ég held þvert á móti að flestir séu sammála um að þar hafi grettistaki verið lyft margsinnis og á mörgum stöðum og að ástand vega sé ólíkt betra yfir höfuð að tala en verið hefur. Ég skil hins vegar vel að þeir Austfirðingar hafi mikinn áhuga á að bæta samgöngur milli byggðarlaga austur þar sem eru vægast sagt mjög ófullkomnar og veikburða sums staðar.

En ástæðan fyrir því að ég stóð upp er sú að ég vil biðja þá þingnefnd sem tekur þessa þáltill. til athugunar að athuga að það er jafnþýðingarmikið að huga að því hvernig hægt sé að treysta samgöngur milli Austurlands og Norðurlands og hitt að treysta samgöngur innan byggðarlaga og héraða í þessum landshlutum báðum og tel tímabært að farið verði að huga að því hvernig hægt sé að haga vegagerð milli Austurlands og Norðurlands þannig að sæmilega tryggt samband haldist yfir vetrarmánuðina. Ég vek m.ö.o. athygli á þessu atriði um leið og samgöngumál Austurlands eru hér á dagskrá.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég tek undir þá till. sem hér er til umræðu og bendi á að hér kemur nú hver tillagan á fætur annarri sem fjallar um það mikilsverða mál, þ.e. vegasamgöngur í þessu eða hinu kjördæminu. Þær eru komnar tvær frá Austurlandi. Það bendir einmitt á hvar skórinn kreppir frekast í byggðamálum.

Það sem kom mér til að koma upp í sambandi við þessa umræðu var þó ekki fyrst og fremst að taka undir þessa till. heldur að benda á að það var hverju orði sannara, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að það hafa í síauknum mæli verið minnkaðar framkvæmdir í vegamálum. Mér datt í hug að flytja þingheimi þær upplýsingar frá hæstv. samgrh. sem hann upplýsti á sveitarstjórnarfundi í Stykkishólmi nú um helgina. Þær upplýsingar voru að á síðustu árum, á síðasta tímabili vegáætlunar hefði skerðing á beinu vegafé, miðað við áætlað framlag til vegamála skv. langtímavegáætlun, verið 1,6 milljarðar. Það væri rúmlega það sem ætlað er til framkvæmda á árinu í ár. Það er ekki nema eðlilegt að stjórnarsinnar vilji þá koma upp í ræðustól hæstv. Alþingis og lýsa því yfir að hér hafi allt gengið að óskum þegar ekki er staðið betur við áætlanir í vegamálum en þetta.

Hæstv. samgrh. kom ekki eingöngu vestur til að segja okkur frá því að allt væri á hinn verri veg þó hann væri ekkert að draga það undan, sbr. þessar upplýsingar hans. Hann sagði einnig að það hefði komið í ljós, og reyndar nun það hafa verið hv. 1. þm. Vesturl. sem upplýsti það, að það mundi vera til í sjóðum fé af sértekjum Vegagerðarinnar fyrir árið í ár á milli 150 og 200 milljónir sem væri óráðstafað. Þarna er sem sagt pínulítill ljós punktur í sambandi við þá umræðu að hlutirnir hafi allir farið á hinn

verri veg. Við eigum í sjóði á milli 150 og 200 milljónir af sértekjum til vegagerðar frá árinu í ár til ráðstöfunar í vegagerðarframkvæmdir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 39 shlj. atkv.

Flugfargjöld, fyrri umr.

Þáltill. HG, 117. mál. — Þskj. 121.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 121 um athugun á flugfargjöldum. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á flugfargjöldum hjá íslenskum flugfélögum með sérstöku tilliti til hárra fargjalda í innanlandsflugi. Jafnframt verði gerður samanburður á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda, svo og milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomu í Keflavík. Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi ekki síðar en haustið 1988."

Þetta er efni till. Tilefni þess að hún er flutt er ærið að *mínu mati*. Hún gerir ráð fyrir því að sérstök athugun fari fram á fargjöldum sem einum af þeim þáttum sem snúa að viðskiptavinum flugfélaganna. Síðan á að gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum þeirrar könnunar innan eins árs.

Í þessari till. er staðhæft að fargjöld á innanlandsleiðum séu há og það er vissulega mat flm. En það er best að láta tölur tala sínu máli. Frá 3. nóvember sl. voru fargjöldin hjá Flugleiðum á helstu flugleiðum innan lands eins og fram kemur í grg. á bls. 2. Ég nefni þar örfá dæmi:

Flugfargjöld fram og til baka frá Akureyri eru tæp 7000 kr., 6836 kr. nákvæmlega að meðtöldum 200 kr. flugvallarskatti. Til Egilsstaða eru flugfargjöldin 9060 kr. fram og til baka. Til Ísafjarðar eru fargjöldin 6396 kr. Til Norðfjarðar 9344 kr. Til Vestmannaeyja, sem er ein af styttri flugleiðunum innan lands, er fargjald fram og til baka 4508 kr. Taxtar annarra flugfélaga en Flugleiða eru mjög svipaðir, þeirra sem hafa einkaleyfi á öðrum leiðum innan lands og þar sem vegalengdir eru sambærilegar. Þetta hefur haldist í hendur á undanförnum árum í aðalatriðum.

Við þessar tölur er því að bæta að fyrir farþegann bætist við ferðakostnaður að og frá flugvöllum hverju sinni. Með sérleyfisbifreiðum nemur hann á lengri leiðum um og yfir 1000 kr. Það er tekið dæmi af sérleyfisleiðinni Neskaupstaður–Egilsstaðir þar sem fargjaldið var ekki alls fyrir löngu 1240 kr. Og menn þekkja leigubílataxtana að og frá flugvelli hér í Reykjavík þar sem er varlega áætlað meðaltalstalan 1000 kr. Hér kemur þegar saman er lagt fargjald fyrir farþega sem á hvað lengsta leið frá landsbyggðinni til Reykjavíkur sem nemur um eða yfir 11 000 kr.

Hér er um að ræða gífurlegan toll á íbúa landsbyggðarinnar, gífurlega byrði sem kemur sannarlega þyngst niður á þeim sem fjærst búa höfuðstaðnum. Íbúar sem búa á norðausturhorni landsins greiða enn hærri gjöld en hér hefur verið talið og þurfa að millilenda á Akureyri. Þar er fargjaldið eitt saman frá Vopnafirði, svo dæmi sé tekið, 10 206 kr. Og það er ekki svo að það sé einhver *lítill hluti* flugfarþega sem þarf að standa undir slíkum gjöldum. Samkvæmt upplýsingum Flugleiða er það nær helmingur farþega sem ferðast á þessum almennu töxtum, nákvæmlega talið að þeirra mati 45% sem samkvæmt úrtaki ferðuðust á þessum fargjöldum veturinn 1986–1987. Vissulega eru til taxtar með lægri gjöldum á þessum leiðum, bæði fjölskylduafsláttur, afsláttur fyrir íþróttafólk og svokallaður apex-afsláttur, en það er mikill minni hluti sem notfærir sér þessa taxta, þá hina lægstu. Raunar er umhugsunarefni hversu fáir notfæra sér svokallaða apex-taxta í innanlandsflugi, en þeir eru líka miklum takmörkunum háðir í sambandi við bókanir og tímaáætlanir.

Ég hef rætt þetta mál við forsvarsmenn Flugleiða við undirbúning þessarar till. Vissulega reiða þeir fram ýmsar skýringar varðandi þau háu fargjöld sem hér tíðkast og bera sig saman við það sem gerist erlendis. Við hljótum hins vegar að horfa til þess hversu flugið er snar og mikilvægur þáttur í samgöngum hér innan lands á lengri leiðum. Það er engan veginn sambærilegt við það sem gerist á flugleiðum erlendis þar sem farþegar eiga kost á *fjölmörgum öðrum möguleikum*, sérstaklega með rútubílum eða járnbrautum þar sem fargjöldin eru þeim mun minni.

Ég hef ekki tekið inn í þennan samanburð þann mikla tíma sem fer í þessi ferðalög því ef ætti að reikna vinnutap fólks sem þarf að fara erinda sinna til höfuðstaðarins eða á öðrum leiðum innan lands verða tölurnar vissulega langtum hærri.

Ég hef fengið hjá Flugleiðum samanburð á tekjum þeirra miðað við flogna kílómetra og almennt og hef látið það fylgja til upplýsingar í fylgiskjölum með þessari till. Ég tel að við athugun á þessu máli, verði till. samþykkt sem ég vona að gert verði, þurfi sannarlega að fara ofan í einstaka þætti þessara mála og meta það af fyllstu sanngirni, einnig í ljósi erfiðari skilyrða á margan hátt til innanlandsflugs hér en gerist í ýmsum löndum sem við þó erum að bera okkur saman við.

Ég vek athygli á því sem fram kemur í grg. á bls. 3 þar sem dregnar eru fram kostnaðartölur í sambandi við flug yfir Norður-Atlantshafið. Þar kemur fram sú sérkennilega staðreynd að farþegi sem kaupir farmiða á leiðinni New York–Lúxemborg greiðir sem almennt fargjald 14 530 kr. fyrir farið, en farþegi sem flýgur sömu leið út frá Keflavík greiðir nær

40 000 kr. eða þrefalda þessa upphæð, nákvæmlega talið 39 690 kr. Þetta hafa stundum verið kallaðir átthagafjötrar í sambandi við fargjöld. Ég tel að hér sé sannarlega á ferðinni umhugsunarefni sem við hljótum að ræða á hv. Alþingi og sem sá aðili sem falið yrði að fara ofan í þessi mál þyrfti að taka tillit til.

Við blasir að geysileg hækkun hefur orðið á fargjöldum í innanlandsflugi á þessu ári. Þessi hækkun nemur hvorki meira né minna en 33% það sem af er ársins. Fargjaldahækkunin í utanlandsflugi er heldur minni eða nálægt 30%. Þetta eru tilfinnanlegar hækkanir sem snerta þá mest sem hæst gjöldin þurfa að bera og mest þurfa að nota flugið.

Eins og ég gat um áðan er hér öðru fremur um að ræða bagga fyrir íbúa landsbyggðarinnar, þá sem lengst búa frá höfuðstað landsins, Reykjavík. Og það er umhugsunarefni með hvaða hætti eðlilegt sé og fært sé að bæta stöðu þessa fólks með einum eða öðrum hætti, bæði einstakra sérhópa sem þurfa að ferðast á þessum leiðum og eins annarra sem leið leggja til höfuðstaðarins. Ég er ekki með mótaðar tillögur í þessum efnum, hvorki í sambandi við niðurgreiðslur né styrki til einstakra hópa, en ég tel þó mjög eðlilegt að á þau mál sé litið við athugun þessara mála.

Ég vil ekki draga neina dul á það að ég tel að mjög margt hafi verið vel gert í íslenskum flugmálum og af hálfu íslenskra flugfélaga. Þau hafa starfað um margt við erfið skilyrði í landi þar sem veðrátta er rysjótt og skilyrði til flugs eru lök og alveg sérstaklega þar sem af opinberri hálfu hefur ekki verið búið að fluginu með endurbótum á flugvöllum og öryggisbúnaði eins og þörf hefði verið á. Þetta þarf að sjálfsögðu að taka með í reikninginn. En það er gífurlegt hagsmunamál fyrir íbúa þessa lands að fargjöld, bæði innan lands og ekki síður í samgöngum á milli landa, séu með þeim hætti að því megi treysta að þar sé kostnaði haldið í lágmarki og þar sé ekki verið að efna til óþarfa kostnaðar eða safna óeðlilegum gróða í þágu þeirra sem fá einokunarleyfi á viðkomandi flugleiðum.

Við skulum minnast þess að hér er ekki í raun um beina samkeppni að ræða. Hér er um að ræða einokun þeirra sem fá leyfi til flugrekstrar á viðkomandi leiðum. Ég tel að eitt af því sem þurfi að athuga séu kostir þess og gallar að halda uppi því kerfi, sem hér viðgengst, að úthluta einstökum flugfélögum slíkum einokunarleyfum án þess að um raunverulega beina samkeppni sé að ræða.

Það er tillaga mín, sem felst í þessari þáltill., að óvilhallir aðilar annist þá athugun sem till. felur í sér þannig að við fáum hér til umræðu á Alþingi innan árs hlutlæga niðurstöðu sem unnt verði að byggja á meðferð og umræðu hér á Alþingi um hvernig hægt verði að taka á þessum málum, notendum flugsins til hagsbóta og auðvitað einnig með eðlilegu tilliti til þeirra sem stunda þann rekstur sem hér á í hlut.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til hv. atvmn. þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Könnun á mikilvægi íþrótta, fyrri umr.

Þáltill. FI o.fl., 139. mál. — Þskj. 147.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra sem er að finna á þskj. 147 og er 139. mál þingsins. Flm. með mér að till. þessari eru Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson og Guðni Ágústsson.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands kanna efnahagsleg áhrif og mikilvægi íþrótta fyrir þjóðlífið. Með könnuninni skal stefnt að því að fá heildaryfirlit yfir íþróttastarfsemina og hvaða efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu hlutverki hún gegnir með beinum og óbeinum hætti fyrir þjóðlífið. Allur kostnaður við könnunina greiðist úr ríkissjóði og skal henni lokið fyrir árslok 1990."

Hæstv. forseti. Tilgangurinn með þáltill. þessari er sá að á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem út úr þessari könnun mun koma verði hægt að móta í landinu heilsteypta íþróttastefnu. Íþróttahreyfingin geti notað könnunina til að móta sína stefnu, hagað störfum sínum eftir því sem út úr könnuninni kemur, geti metið hvaða áherslu hún á að leggja á einstaka þætti í sínu starfi, hvernig hún eigi að fara að því að laða unglinga til þátttöku í íþróttum, hvernig hún geti haldið unglingunum við íþróttaþátttöku fram yfir ákveðin aldursskeið og hvernig íþróttastarfsemin geti skilað sem mestu fyrir framtíðina, bæði fyrir íþróttahreyfinguna í heild og þjóðfélagið. Fyrir opinbera aðila á þessi könnun að geta orðið til þess að þeir geti metið hvaða aðstöðu þeir vilji skapa íþróttahreyfingunni og íþróttafólkinu í landinu og hvaða fjárstuðning þeir telji rétt að veita íþróttastarfseminni og um leið til hvers megi ætlast af íþróttahreyfingunni varðandi uppeldi barna og unglinga og í baráttunni fyrir fyrirbyggjandi heilsugæslu.

Í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir Alþingi er um gríðarlegan niðurskurð að ræða á fjárveitingum til íþróttahreyfingarinnar í landinu. Sá niðurskurður er rökstuddur með því að íþróttahreyfingin hafi fengið svokallaðan lottógróða. Framsfl. hefur mótmælt þessum niðurskurði. Það hefur hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., gert því þessi niðurskurður er til kominn vegna vanþekkingar á íþróttahreyfingunni og vanmati á störfum íþróttahreyfingarinnar. Það er

staðreynd að íþróttastarf meðal barna og unglinga stuðlar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði sem er mikilvægur bandamaður heilbrigðisþjónustunnar í baráttunni gegn langvinnum sjúkdómum, svo sem hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, tannskemmdum, geðsjúkdómum, beina- og vöðvasjúkdómum og slysum.

Erlendar rannsóknir sýna að unglingar sem stunda íþróttir neyta mun síður ávana- og fíkniefna en þeir sem engar íþróttir stunda. Í Iowa-fylki í Bandaríkjunum var gerð könnun á þessu árið 1977. Sú könnun sýnir sterka neikvæða fylgni milli reykinga og áfengisneyslu annars vegar og þátttöku í íþróttum hins vegar. M.ö.o.: það gætir sterkrar hneigðar í þá átt að því meiri sem þátttaka unglinga er í íþróttum, því minna reykja þeir og því minna drekka þeir.

Því miður hafa litlar rannsóknir farið fram á þessu hér á landi. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein úr Samfélagstíðindum, blaði þjóðfélagsfræðinema við Háskóla Íslands, sem er rituð af Þórólfi Þórlindssyni. Þar greinir hann frá könnunum sem gerðar voru á árunum 1978–1983 og lutu að íþróttafélagslegu gildi íþrótta unglinga. Í könnuninni frá 1981 og 1983 kemur fram að því meiri sem íþróttaiðkun unglinga er, því minna reykja þeir og því minna drekka þeir.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að áhrifamáttur íþróttastarfsins í baráttunni gegn fíkniefnanotkun er breytilegur eftir því hvernig íþróttastarfið er skipulagt. Þjálfarar og leiðbeinendur barna og unglinga eru í lykilstöðu til að hafa áhrif á framgang mála. Leggi þeir mikla áherslu á skaðsemi ávana- og fíkniefna í daglegu starfi sínu við þjálfun íþrótta verður allt íþróttastarfið áhrifameira í baráttunni gegn þessum vágesti. Samanburður á íslensku og bandarísku könnununum segir okkur að það séu mjög sterk tengsl bæði hér og erlendis á milli þess að eftir því sem unglingar stunda íþróttir meira, því minna munu þeir reykja og því minna munu þeir drekka. Þannig, með leyfi forseta, kemst Þórólfur *Þórlindsson að orði í fyrrnefndri grein:*

„Þessi munur var einkum mikill hvað varðar áfengisneysluna. Er það hugsanlegt að íslenskir þjálfarar og leiðbeinendur leggi ekki jafnmikla áherslu á skaðsemi áfengis og tóbaks fyrir frammistöðu unglinga og bandarískir starfsbræður þeirra? Þegar á það er litið að íslenskar kannanir sýna að íþróttir eru langfyrirferðarmesti þátturinn í tómstundastarfi unglinga á aldrinum 12–15 ára blasir það við að fáir hafa betri aðstöðu en þjálfarar og leiðbeinendur til að hafa heillavænleg áhrif á unglinga í þessum efnum."

Í könnun sem hér var gerð 1983 kemur einnig fram að það er mjög sterkt samband milli þátttöku unglinga í íþróttum og námsárangurs. Því hefur verið haldið fram að þátttaka skólabarna og unglinga í íþróttum geti orðið til þess að námsárangur þeirra verði slakur, svo mikill tími fari frá náminu í íþróttastarfið að námsárangur verði slakur. Það kemur greinilega í ljós í þessari könnun að svo er ekki heldur er sterk fylgni þarna á milli.

Með þessar vísbendingar, sem ég hef hér lagt áherslu á, er það enn óskiljanlegra af hverju slíkur niðurskurður kemur fram í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþingi. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel hann stafa af því að það er vanmat og vanþekking á því starfi sem íþróttahreyfingin og æskulýðshreyfingin í landinu vinnur. Ég tel óhjákvæmilegt að leiðrétta þann niðurskurð sem fram kemur í fjárlagafrv.

Það er lagt til í þessari till. að Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands verði falið að framkvæma þessa könnun. Ástæðan fyrir því er sú að í Háskóla Íslands er til mikil þekking og reynsla við framkvæmd kannana sem þessarar og ekki kannski síður að þar er um óháða aðila að ræða sem munu örugglega setja traust sitt á niðurstöður þessarar könnunar.

Ég vil víkja hérna að nokkrum þeim þáttum sem ég tel rétt að þessi könnun taki til og um er getið í grg.

Í fyrsta lagi hver sé hlutur íþróttastarfseminnar í efnahagslífinu, hve mikið fjármagn ríkisvaldið, sveitarstjórnir, fyrirtæki og neytendur leggi íþróttahreyfingunni til og hvaða tekjur þessir sömu aðilar hafa af íþróttastarfseminni. Með þessari rannsókn er leitast við að finna út hverjir tekjustraumarnir eru, hversu mikið ríkið lætur af hendi rakna eða opinberir aðilar til íþróttahreyfingarinnar og hversu miklar tekjur ríkisvaldið hefur af íþróttastarfseminni.

Í öðru lagi hver hin óbeinu áhrif eru sem íþróttastarfsemin hefur á efnahagslífið og hvaða tilfærsla fjármuna eigi sér stað með óbeinum hætti innan efnahagskerfisins. Sérstaklega þurfi að meta hina miklu sjálfboðavinnu sem fram fer innan íþróttahreyfingarinnar og hina fjölbreyttu þjónustustarfsemi sem tengist íþróttunum. Auðvitað verður mjög erfitt að meta þessa sjálfboðavinnu. Staðreyndin er sú að það eru hátt á annað hundrað þúsund iðkendur og þátttakendur í íþróttastarfinu í landinu, það sýna skýrslur Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, og langstærstur hluti af því starfi sem þarna fer fram er sjálfboðavinna.

Íþróttastarfsemin hefur ýmiss konar áhrif út í þjóðfélagið. Hún skapar grundvöll fyrir ýmiss konar þjónustustarfsemi, eins og t.d. í iðnaði, í fataiðnaði, í veitingarekstri og ferðamannaþjónustu svo fátt eitt sé tínt til.

Í þriðja lagi með hvaða hætti auka megi beinar og óbeinar skatttekjur opinberra aðila, t.d. með því að gera íslenska íþróttastarfsemi áhugaverða fyrir erlenda ferðamenn, og með því að gera sérþekkingu íslenskra íþróttamanna eftirsóknarverða erlendis. Hér kemur að ýmiss konar uppbyggingu sem opinberir aðilar ættu að beita sér fyrir. Má þar nefna skíðasvæðið í Kerlingarfjöllum, heitu pottana, sem eru sérfyrirbrigði á Íslandi og geta laðað að erlenda ferðamenn, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í fjórða lagi hver hin jákvæðu og neikvæðu áhrif eru sem íþróttirnar hafa á líf og heilsu einstakling-

anna og hvort ekki megi draga úr útgjöldum til heilbrigðismála vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem líkamsrækt og íþróttir hafa til langframa á heilsu manna og endurhæfingu sjúkra og fatlaðra. Hæstv. heilbrmrh. Guðmundur Bjarnason hefur lýst því yfir, og það gerði hann um síðustu helgi á ráðstefnu Ungmennafélags Íslands sem haldin var í tilefni af 80 ára afmæli þess félags, að hann ætlaði að skipa samstarfsnefnd heilbrmrn. og íþróttahreyfingarinnar í landinu til þess einmitt að leita leiða hvernig hægt sé að nýta þá miklu starfskrafta sem fyrir eru í íþróttahreyfingunni til að draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna.

Í fimmta lagi hver eru áhrif af þátttöku unglinga í íþróttum og hugsanleg áhrif hennar á skólastarf og námsárangur og hvert sé samband íþróttaiðkana unglinga og notkunar þeirra á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum. Rannsóknum sem gerðar hafa verið hef ég hér lýst áður, en þær eru mjög ófullkomnar og takmarkaðar og þarf mun víðtækari rannsóknir.

Í sjötta lagi hvert sé uppeldislegt gildi íþróttanna og hver sé ástæðan fyrir því að stór hluti unglinga hættir íþróttaiðkun á aldrinum 14–18 ára. Þetta atriði eitt og sér væri rannsóknarefni af þeirri ástæðu að það sýnir sig að unglingar á aldrinum 14–18 ára, sem hafa kannski frá fimm eða sjö ára aldri alltaf stundað íþróttir, hætta íþróttaiðkun á þessum aldri. Það er alls ekki vitað hvaða ástæður liggja þarna að baki. Slík könnun ætti að geta leitt það í ljós þannig að íþróttafélögin gætu þá brugðist við með viðeigandi hætti.

Í sjöunda lagi hvaða ástæður liggja að baki mismikilli þátttöku karla og kvenna í íþróttum eins og vísbendingar eru um og með hvaða hætti hægt sé að koma þar jafnvægi á. Í þeim könnunum sem gerðar voru hér 1981–1983 kom í ljós að þátttaka kvenna í íþróttum var mun minni en karla, en hins vegar fékkst ekki svar við því hvaða ástæður lægju þar að baki.

Hæstv. forseti. Gildi íþrótta í nútímasamfélagi er mjög margþætt. Þær veita stórum hópum fólks hina mestu ánægju, bæði þeim sem iðka þær sem tómstundagaman og eins þeim sem njóta þeirra sem skemmtiefnis í fjölmiðlum eða á vettvangi. Á síðustu árum hefur athygli manna mjög beinst að gildi íþróttaiðkunar fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði og benda rannsóknir til þess að líkamsrækt og íþróttir séu veigamikill þáttur í nútímaheilsugæslu. Þá benda rannsóknir til þess að íþróttir hafi einnig uppeldislegt gildi.

Eins og sjá má á þessari upptalningu er gildi íþrótta í nútímasamfélagi mikið. Það verður ekki betur séð af því sem að framan er sagt en að þeim fjármunum sem varið er til íþróttastarfsins sé vel varið. Þeir skila sér að öllum líkindum margfalt til baka í bættri andlegri og líkamlegri heilsu.

Þeir sem ætla að standa að niðurskurði á fjárveitingu til íþróttahreyfingarinnar í þeim fjárlögum sem nú liggja fyrir Alþingi eru ekki menn sem eru í tengslum við nútímasamfélag heldur mótast þeirra afstaða af fordómum og þröngum efnahagslegum skammtímasjónarmiðum.

Hæstv. forseti. Að aflokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til hv. félmn. Sþ.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þáltill., sem hér er borin fram af Finni Ingólfssyni o.fl., og tel hana mjög tímabæra. Við sem höfum gert það að lífsstarfi okkar að vinna að íþróttamálum í sjálfboðavinnu vitum að það er vel þess virði. Við vitum hvað það er mikilvægt í nútímaþjóðfélagi að íþróttir séu fyrir sem flesta. Við höfum löngum undirstrikað það, sem hér kom fram, að íþróttir eru mjög hollar, þær bæta heilsuna og draga úr sjúkdómum. Hreyfing nú til dags er orðin mjög nauðsynleg fyrir þá sem vinna skrifstofustörf og störf sem bjóða upp á litla hreyfingu. Við höfum lengi vitað að iðkun íþrótta dregur úr reykingum og drykkjuskap. Þetta er óhjákvæmilega afleiðingin af því að stunda íþróttir því það vita allir að til að ná árangri í íþróttum þarf að stunda hollt líferni. Það hefur einnig sýnt sig að þeir sem stunda íþróttir hafa meiri aðgæslu við fleira, eins og hvíld og mataræði. Allt þetta kemur fram í bættri heilsu og bættum hag fyrir þjóðarheildina.

Ég tel að íþróttir séu eitthvert ódýrasta uppeldistæki sem til er. Ég hef séð það margoft, t.d. í skíðalöndunum. Þegar þúsundir unglinga eru þar á skíðum dag hvern er manni ljóst hvað þetta er óskaplega mikið uppeldisatriði. Á sama tíma sem það kostar stórar fjárhæðir að reka ýmsa aðra þætti sem lúta að unglingum og börnum eru íþróttir mjög ódýrt tæki til að veita þeim ánægju og stuðla jafnframt að hollustu.

Við höfum séð hvað snertir íþróttahreyfinguna að það hefur verið lagt til í fjárlögum að skera framlög niður til hennar. Ég minntist á í ræðu hér á Alþingi að það væri um það bil 2% eða minna af rekstri íþróttahreyfingarinnar sem væri ætlað til hennar á fjárlögum. Ef við reiknuðum líka það sem sjálfboðaliðar leggja fram í forustustörfum er ég hræddur um að þessi tala yrði enn þá minni. Ég held að það megi fara aftur til 1914 til að sjá jafnlítið áætlað til íþrótta á fjárlögum frá Alþingi.

Íþróttir eru fyrir alla og við höfum séð aukna þátttöku almennings í íþróttum, bæði yngri og eldri. Þetta hefur mikla hollustu í för með sér og mikla ánægju. Ég tek undir það, sem flm. sagði um nútímaþjóðfélag, að það væri nauðsyn á íþróttum í nútímaþjóðfélagi og þeir sem gerðu sér ekki grein fyrir því væru langt á eftir tímanum. Ég vil líka segja að þátttaka karla og kvenna hefur oft verið mismikil, en síðustu árin hefur þátttaka kvenna farið mjög vaxandi í íþróttum almennt. Ég tel að það hafi fyrst og fremst verið svo að áður fyrr voru íþróttir ekki taldar við kvenna hæfi. En þetta hefur breyst mjög mikið. Ég get sagt t.d. að í skíðaíþróttinni munu vera fleiri konur þátttakendur en í öðrum íþróttum. Þær ná ekki síður árangri og hafa ekki síður ánægju af en karlar.

Ég vil að öðru leyti ekki lengja mál mitt mjög, en vil taka sterklega undir það sem hér kemur fram. Ég er sannfærður um að efnahagslegt gildi íþrótta er mjög mikið. Þær hafa mikil áhrif til uppeldis og þroska. Íþróttirnar eru nauðsynlegar í nútímaþjóðfélagi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa máls, Finnur Ingólfsson, gat þess undir lok ræðu sinnar að það væri til mikils vansa hvernig staðið væri að fjárveitingum til íþróttamála og ekki skal úr því dregið. Það er vissulega gott þegar hv. stjórnarandstæðingar koma upp í ræðustól og brýna raustina með þeim hætti sem hv. flm. gerði. Það væri ástæða til þess að hann gerði það sem oftast á meðan hann á þess kost í þingflokki Framsfl. að minna þá hv. þm. sem eru meðflutningsmenn hans að þessu máli um könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra að þeir litu aðeins í eigin barm og litu til þess hvernig þeir sem valdaaðilar í þessu samfélagi standa að fjárveitingum til íþróttamála.

Ég vil sannarlega ekki misvirða það þegar hv. þm., hvort sem það eru aðalmenn sem eru að jafnaði á Alþingi eða varaþm., koma með till. og benda á athugun á þörfum málum. Slíkt er eflaust gert af góðum hug. En þeir hinir sömu verða, finnst mér, að átta sig á því inn í hvaða samhengi þeir eru að tala, málsvarar hvers konar stjórnvalds, hvers konar ríkisstjórnar þeir eru, eins og í þessu tilviki ríkisstjórnar sem gengið hefur fram með niðurskurði til íþróttamála með þeim hætti sem við blasir og með þeim hætti að skera niður Íþróttasjóð og þau framlög sem lögð hafa verið til í gegnum hann til örvunar á framkvæmdum við íþróttamál í landinu. Það þarf sannarlega dálitla kokhreysti til að koma hér upp með till. af þessu tagi, eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson, og mæla með sérstakri athugun á gildi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra þegar hann horfir á það hvernig flokksbræður hans ásamt öðrum aðilum að ríkisstjórn standa í ístaðinu í þessum málum.

Ætli við þurfum mjög miklar athuganir til að átta okkur á því að það eru ekki síst framlög til þessara mála, það eru fjárveitingarnar úr sameiginlegum sjóði til endurbóta og uppbyggingar á aðstöðu til þessara mála sem skipta mestu. Það er ágætt að menn brýni raustina í sölum Alþingis um þessi efni, en ég teldi enn þá þýðingarmeira að hv. þm. talaði hátt og snjallt niðri í þingflokksherbergi Framsfl. um þessi efni og brýndi sína menn þar á því að standa í ístaðinu gagnvart þeim aðilum sem halda um fjárveitingarvaldið í landinu. Þar er auðvitað Framsfl. hluti af heild þriggja flokka sem á þessum málum halda. Það verður ekki hjá því komist að benda á þetta samhengi hér þegar við ræðum um mál sem þessi sem eflaust eru flutt af góðum hug.

Hv. þm. gat um ráðstefnu sem haldin var af hálfu Ungmennafélags Íslands um síðustu helgi þar sem haldið var upp á og minnst 80 ára afmælis þess félagsskapar. Þar voru ýmis ágæt erindi haldin til að vekja athygli á gildi íþrótta og gildi þeirrar starfsemi sem Ungmennafélag Íslands hefur staðið fyrir um langt skeið. Það vafðist ekki fyrir þeim sem sátu þá ráðstefnu hversu illa við stöndum að málum í flestum greinum hvað varðar hlut hins opinbera til íþróttamála. Á þessari ráðstefnu var gestur frá dönsku ungmennahreyfingunni, Bjarne Ibsen, maður sem hefur gert sérstaka úttekt á framlögum til íþróttamála þar í landi, stöðu þeirra og gildi þeirra fjárveitinga sem þar er um að ræða. Hann vakti m.a. athygli á því hversu þýðingarmikið væri að frjáls félagasamtök héldu uppi merki, eins og gert er þar í landi, með sjálfboðaliðastarfi, en hann gat þess einnig hversu mikið er lagt af mörkum af hálfu danskra yfirvalda og raunar á öðrum Norðurlöndum en Íslandi til þessa málaflokks. Og það var ekki með sérstöku stolti sem hægt var að sitja sem Íslendingur undir þeirri tölu og þeim samanburði sem þar var fram reiddur. Ég verð að segja að ég hefði talið að hv. flm. og meðflm. hans hefðu þurft að tala með skýrari hætti við undirbúning fjárlagagerðar og í sambandi við meðferð þeirra mála hér á Alþingi þegar um þessi mál er rætt, svo góð sem könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra sannarlega er og athugunarefni sem ber vissulega að fara ofan í saumana á.

Einn af þeim ræðumönnum sem talaði á ráðstefnunni í Norræna húsinu um síðustu helgi var Þórólfur Þórlindsson prófessor. Hann lagði á það sérstaka áherslu í sínu máli að það væri aðstaðan til íþróttaiðkana fyrir fjöldann sem skipti mestu máli um þátttökuna, að hafa möguleika til þess að taka þátt í íþróttastarfsemi hverju nafni sem nefnist án þess að vera reyrður inn í allt of fast skipulag. Það hentar í íþróttafélögum og fyrir fólk á ákveðnu aldursskeiði, en þess utan skiptir það áreiðanlega hvað mestu máli að fólk geti, þegar því hentar tímans vegna, gengið inn í sómasamlega aðstöðu til íþróttaiðkana, hvort sem það eru íþróttir iðkaðar úti eða inni. Á þetta ber að leggja áherslu og þarna er vöntunin mikil og brýn og að þessu ættu framsóknarmenn og aðrir, sem áhrif hafa á stjórn landsins, að beina sjónum sínum öðru fremur og þar gæti Finnur Ingólfsson áreiðanlega byrst raustina og talað máli svo að gagni gæti orðið ef hann vill það við hafa og ég efast ekkert um góðan hug hans til þessara mála.

Ég tek út af fyrir sig alveg undir þá till. sem hér er flutt um þörf á athugun þessara mála, en sumir þættir og það sem snýr að fjárveitingum til þessara mála þurfa ekki langrar eða mikillar athugunar við. Þar gætum við tekið til höndum núna fyrir jólin, á þeim mánuði sem eftir er og tæplega það af starfstíma Alþingis.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sú till. sem liggur hér fyrir er flutt af góðum hug vafalaust. Það tíðkast mjög að flytja till. um hvers konar athuganir og skýrslugerðir. Ég tel að almennt viti menn um gildi íþrótta, mikið gildi

þeirra fyrir þjóðina, þjóðfélagið, fólkið, sérstaklega unga fólkið, og það sé spurning hvort ástæða sé til að eyða milljónum í að skrifa skýrslur um þá hluti. Það er meinlaust vissulega og því ástæðulaust að amast við þessari till.

Hitt er annað mál að í máli flm. kom fram að hann fullyrti að utanrrh. hefði sérstaklega mótmælt því að framlög til íþróttamála hefðu verið skert. Það mun hafa birst í einhverju dagblaði, sem heitir Tíminn, að svo hafi verið, en skömmu eftir að það birtist þar birti fjmrh. leiðréttingu og benti á að þau mótmæli *hefðu aldrei komið fram í ríkisstjórn, hvar vettvangurinn ætti að vera.* Það hefði aldrei komið fram þar og fjárlagafrv. hefði verið samþykkt af ráðherrum ríkisstjórnarinnar til framlagningar.

Ég bendi á að þegar menn skera niður fjármuni í fjárlagafrv. er það gert með það að leiðarljósi að ákveðnar upphæðir eru til og síðan er þeim dreift á milli þeirra þátta sem nauðsynlegastir teljast. Við getum glaðst yfir því að aldrei fyrr hefur þjóðin veitt íþróttum aðra eins fjármuni og nú og er ég einn þeirra sem gleðjast yfir því.

Hitt er annað mál að ég tel það til óheiðarleika í stjórnmálum þegar ráðherrar í ríkisstjórn eru blaðrandi um það í fjölmiðlum að þeir meini hitt eða þetta, en segi svo ekki frá því á þeim vettvangi þar sem þeir eiga að berjast fyrir þeim hlutum sem þeir eru að tala um. Það er mjög miður. Reyndar mun sannleikurinn vera sá að þegar fjárlagafrv. var afgreitt var ráðherra erlendis, en síðan, að því er aðrir ráðherrar segja, hafi hann ekki minnst á þessi mál í ríkisstjórninni. Væntanlega verður breyting á því.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir með flm. að íþróttir eru mjög mikilvægar og ég held að það sé ekki nokkur einasti vafi á því. Það er alltaf spurning hvort þarf að gera miklar kannanir og ég get tekið undir með þeim sem hér hafa talað að það er alltaf spurning hversu mikið maður á að leggja í að kanna hluti sem kannski allir eru sammála um að séu augljósir, eins og t.d. það hversu mikilvægar íþróttir eru. Ég held fyrir mína parta að það sé allt of mikil áhersla lögð á keppnisíþróttir og það sé t.d. ein af ástæðunum fyrir brottfalli kvenna úr íþróttum. Hv. þm. Hreggviður Jónsson sagði áðan að það væri mikil þátttaka kvenna í skíðaíþróttinni. Það held ég að sé alveg rétt hjá honum, sérstaklega í svokallaðri almenningsíþrótt varðandi skíðin, ekki endilega svo mikið í keppni. Ef menn fara í sund eru konur þar mjög margar og einnig ef farið er út að hlaupa. Konur taka yfirleitt mikinn þátt í almenningsíþróttum. Ég held að það eigi að leggja miklu meiri áherslu á almenningsíþróttir fram yfir keppnisíþróttir.

Ég vek athygli flm. á 7. lið þessarar till. þar sem hann talar um hvaða ástæður liggi að baki mismunandi þátttöku karla og kvenna, en síðan setur hann unglinga í einn hóp. Ég held að þetta byrji miklu fyrr. Íþróttir fyrir stráka eru t.d. bæði fótbolti og handbolti. Þeir sem eiga bæði stráka og stelpur kvarta mjög yfir því að það sé miklu auðveldara að koma drengjum í íþróttir, t.d. í fótbolta, það er mjög algengt, en stelpur eru yfirleitt ekki hrifnar af fótbolta og það er miklu erfiðara fyrir þær að komast í þær íþróttir sem þeim henta betur, svo sem fimleika og annað. Þar er aðstaðan miklu verri. Ég held að það byrji miklu fyrr og er e.t.v. ein skýring á mismunandi þátttöku karla og kvenna. Þessi liður höfðar meira til þess að maður sé orðinn fullorðinn þegar þetta fer að breytast. Þetta gerist miklu fyrr. Það er ekki aðalánægjan að komast á verðlaunapallinn heldur að taka þátt. Þess vegna eru íþróttir mjög mikilvægar fyrir almenning. Þó hitt geti vel verið rétt, sem kom hér fram, að keppnisíþróttir séu fyrirmynd fyrir hina og það kannski örvi, er aðstaða fyrir okkur hin, sem ekki erum endilega að keppa að því að komast á verðlaunapall, miklu mikilvægari.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að taka undir orð ýmissa þm. sem talað hafa hér á undan og lýsa yfir ánægju minni yfir þáltill. Ég tel till. gagnmerka og af hinu góða og tel að athugunin sem till. gerir ráð fyrir þurfi og eigi að fara fram. Þótt við vitum að íþróttir hafi mikla þýðingu fyrir íslensku þjóðina er einnig gott að hafa það í skýrsluformi og að vel athuguðu máli hvert raunverulegt vægi íþrótta er í íslensku þjóðfélagi almennt.

Þúsundir ungmenna iðka íþróttir ár hvert og þar fer fram mjög jákvætt starf, bæði í sjálfboðaliðsvinnu sem og með stuðningi hins opinbera og sveitarfélaga. *Það er Íslendingum mjög mikilvægt* að íþróttahreyfingin sé efld og allt íþróttastarf í landinu því það stuðlar að andlegu og líkamlegu heilbrigði. En það sem skiptir kannski ekki síður máli fyrir smáþjóð eins og Íslendinga er að íþróttir efla þjóðarmetnað og það er mjög mikilvægt fyrir sjálfstæðisvitund þjóðarinnar þegar unga fólkið tekur þátt í keppni og gerir það fyrir hönd Íslands. Það er kannski eitt af þeim atriðum sem við þurfum að huga betur að í sambandi við það hvernig við viljum vernda íslenskt sjálfstæði og íslenskt þjóðerni í framtíðinni.

Auðvitað skiptir meginmáli hverjar eru fjárveitingar til íþróttamála á hverjum tíma og hefur verið staðið vel að þeim málum í gegnum árin almennt, bæði af hálfu hins opinbera með beinum og óbeinum hætti gegnum fjárlög eða með öðrum hætti eins og lög og reglur segja til um. Ég vil einnig vekja athygli á að Reykjavíkurborg hefur í gegnum tíðina veitt íþróttahreyfingunni mikinn stuðning og eflt allt íþróttastarf á Reykjavíkursvæðinu. Nægir að benda á hin stóru og miklu íþróttamannvirki sem Reykjavíkurborg hefur staðið að með þeim hætti sem sveitarfélag getur veitt stuðning í þeim efnum. Er það allt til mikillar fyrirmyndar og mikils sóma, bæði fyrir borgina sem og íþróttahreyfinguna sem hefur tekið við þessum íþróttamannvirkjum og notað þau jafnframt því sem íþróttafélögin hafa lagt ómældar fjár-

hæðir í þau mannvirki og þá starfsemi sem þar fer fram.

Ég vil þess vegna lýsa yfir stuðningi við þáltill. og einnig vil ég undirstrika enn á ný að þótt í fjárlögum í ár séu ekki háar upphæðir vegna íþróttamála og hefðu mátt vera hærri er með öðrum hætti reynt að efla íslenska íþróttahreyfingu fyrir tilstuðlan annarra laga og reglna eins og kunnugt er.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykn. hélt því fram að aldrei fyrr hefði þjóðin lagt meira til íþróttahreyfingarinnar en í dag og réðist mjög ómaklega að hæstv. utanrrh. í því sambandi og talaði um að hann blaðraði um þessi mál úti í bæ en ekki á þeim vettvangi sem hann ætti að tala á.

Ég vil ekki blanda mér í þessa umræðu, en mér finnst þetta ekki beinlínis skipta máli í sambandi við þetta mál því það mikilvægasta er að ástundun íþrótta hefur mikil áhrif. Staðreyndin er sú að Alþingi hefur aldrei lagt minna til íþrótta en í dag, til íþróttahreyfingarinnar. Staðreyndin er líka sú að með því að leggja niður Íþróttasjóð ríkisins verður mjög óhægt um vik fyrir hina frjálsu íþróttahreyfingu sem er mikilvægasti hlekkurinn. Án hinnar frjálsu íþróttahreyfingar væru engar íþróttir iðkaðar í landinu og það væri ekki búið að byggja mikið af íþróttamannvirkjum því hún er undirstaðan undir að hér sé öflugt íþróttastarf.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því að ef hin frjálsa hreyfing hefði ekki unnið svo ötullega að þessum málum hefðu mörg af okkar helstu mannvirkjum aldrei risið jafnvel þó þau hafi verið myndarlega styrkt af bæ og bæjarfélögum og ríkinu sem ber að meta. En þrátt fyrir allt er það hin frjálsa íþróttahreyfing sem hefur borið hitann og þungann af þessari starfsemi. Hafa margir mikilhæfir forustumenn verið þar að verki, lagt dag við nótt og aldrei tekið krónu fyrir. Flestir þeirra hafa líka haft töluverð útgjöld af því að vera í forustu fyrir íþróttahreyfinguna. Ég held að menn ættu að gera sér grein fyrir því að sú starfsemi er byggð á öflugum grunni, þessum öfluga vilja mannsins til að koma upp betri aðstöðu fyrir fólkið í landinu.

Hv. 11. þm. Reykv. minntist á að það ætti að leggja áherslu á almenningsíþróttir en ekki keppnisíþróttir. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast út af því, en staðreynd er að ef aldrei hefðu verið keppnisíþróttir hefðu aldrei verið almenningsíþróttir heldur. Það er sama að segja um þetta, að forustumenn keppnisíþróttanna og keppnismennirnir hafa staðið í eldlínunni, komið upp íþróttamannvirkjunum, komið með nýjungar sem hafa orðið til þess að það hefur komið upp aðstaða fyrir almenning.

Ég hef sem forustumaður í Skíðasambandi Íslands í fjölda ára staðið fyrir öflugu starfi fyrir almenning. Við höfum lagt mikla áherslu á þátttöku almennings í skíðaíþróttinni og við höfum beitt okkur eins mikið og við höfum getað fyrir aðstöðu fyrir almenna borgara til að iðka skíðaíþróttina en ekki aðeins fyrir keppnismennina. En þrátt fyrir allt hefði aldrei nein þessi aðstaða orðið til ef keppnismennirnir hefðu ekki beitt sér fyrir því. Þeir hafa staðið tímunum saman hér uppi í fjöllum og byggt skíðamannvirkin flest hver. Staðið dögum saman við mótahald og sett á laggirnar mót fyrir almenning, sem hefði aldrei annars náð fram að ganga. Þetta er nefnilega það sem er mjög mikilvægt í þessu sambandi.

Ég er ekki viss um að menn geri sér grein fyrir hve mikið starf hefur verið innt af hendi í hinum fjölmörgu íþróttum út um allt land. Það þætti alþm. víst lítil laun fyrir þau störf sem margir ágætir menn um allt land hafa innt af hendi í þessu sambandi, menn sem hafa eytt ævi sinni, orku og frítíma í það að koma þessum málum áfram.

Og af því að hv. 11. þm. Reykv. minntist á þátttöku kvenna í íþróttum, þá vil ég segja að þátttaka þeirra hefur farið vaxandi, eins og ég kom inn á áðan. Það byggist fyrst og fremst á því að það er breyting á hugsunarhætti. Ég fullyrði það að á mörgum sviðum standa þær jafnfætis í iðkun íþrótta, þar á meðal á skíðunum, vegna þess að áhugi þeirra hefur verið mikill fyrir íþróttinni og er vaxandi. Það er það sem skiptir máli. Ég held að það sé ekki hægt að ganga fram hjá því að það er fyrst og fremst áhuginn fyrir íþróttinni sem skiptir máli en ekki hvort einhver mismunandi aðstaða sé fyrir kynin. Ég held að það sé ekki meginatriðið í þessu.

Hv. 14. þm. Reykv. taldi mikilvægt að efla þjóðarmetnaðinn með því að við kepptum fyrir hönd lands okkar erlendis. Það er rétt. En ég er ekki viss um að allir þm. geri sér ljóst að fjölmargir af okkar keppnismönnum í mörgum íþróttagreinum hafa um árabil greitt fargjöld og lagt út kostnað við uppihald úr eigin vasa til að taka þátt í þessum mótum. Þeir hafa greitt það úr eigin vasa vegna þess að íþróttahreyfingin hefur ekki verið þess megnug að styrkja þessa menn sem hafa margir verið mjög frambærilegir á erlendan mælikvarða.

Það er svo að þó að einhverjar smáupphæðir renni til hinna frjálsu félaga, þá eru það afskaplega litlar upphæðir á þann mælikvarða sem íþróttahreyfingin hefur eytt, ef maður getur sagt það, og lagt fram sjálf. Ég kom inn á það áðan að innan við 2% af fjármunum íþróttahreyfingarinnar hafi verið lögð fram á fjárlögum. Ég held að það væri nú töluvert annar bragur á mörgum íþróttagreinum ef íþróttamenn okkar hefðu fengið jafnmyndarlegan styrk og félagar þeirra á Norðurlöndunum.

Það er ekki nokkur vafi á því að það sem íþróttahreyfingin hefur gert er mjög mikilvægt og það er einnig rétt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði að Reykjavíkurborg og mörg bæjarfélög hafa lagt mikið til íþróttanna í mannvirkjagerð og stuðningi og því ber að fagna. Ríkið hefur lagt til mun minna, en ég vona að það eigi eftir að aukast í framtíðinni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þessa till. Ég mun styðja hana þó að ég aftur á móti haldi

að hún skipti ekki höfuðmáli í því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Ég held að það verði nú að segja að ríkið hafi aldrei stutt við hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu eins og vert væri. Það er kannski tímanna tákn að nú skuli hafa komið fram, skv. skoðanakönnun Dagblaðsins, að það sé meiri hluti hér á Alþingi fyrir bjór. Ég held að það verði ekki sagt um þetta þing þó að þetta verði framkvæmt að það sé hið merkasta mál. En það gæti farið svo að það yrði minnst á þetta þing, ef fram fer eins og horfir að menn ætli að samþykkja bjórinn. Sem sagt: Bjór í stað íþrótta. En það er það sem blasir við okkur hér í dag.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri till. sem hér liggur frammi og vil taka undir hana, enda tel ég að öll umræða um íþróttamál sé til góðs. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á niðurskurð á framlögum til íþróttamála og tel það harmleik mikinn ef svo fer sem horfir í dag. Einnig vil ég taka undir gagnrýni á að leggja niður Íþróttasjóð og tel að sú verkefnaskipting sem þar er farið fram á, að færa það yfir á sveitarfélögin, eigi ekki rétt á sér þar sem íþróttir séu mál þjóðfélagsheildarinnar en ekki einstakra sveitarfélaga og eigi ekki að vera komið undir geðþóttaákvörðunum einstakra sveitarstjórna. Ég tel að með því væri verið að stofna íþróttalífi í landinu í verulega hættu.

Það var komið hér inn á keppnisíþróttir og að hlutur kvenna væri of lítill vegna þeirra. Það er nú einfaldlega þannig að kynin eru misjafnlega af guði gerð og falla misjafnlega vel að hinum ýmsu íþróttum þannig að það er ekkert óeðlilegt að það skiptist mikið, enda er það svo. Kvenfólk einokar ákveðnar greinar á meðan karlmenn einoka hinar og verður kannski bið á því að við sjáum kvenfólk t.d. stunda box.

Almennt talað gengur þetta þannig fyrir sig, t.d. í knattspyrnunni, að þar er tekið við ungum börnum, 5–6 ára byrja þau að koma. Þeim er strax kennd stundvísi, hreinlæti, snyrting, að klæða sig vel, þeim er kennt mataræði, þeim er kennt að þau þurfi á góðum svefni að halda, þeim er kennd virðing fyrir andstæðingnum, þeim er kennt að starfa í hóp, þeim er kennt að treysta hvert öðru, þeim er kenndur viðbragðsflýtir, agi, hlýðni. Allt þetta skilar okkur góðum og nýtum þegnum út í þjóðfélagið þannig að ég hlakka til að sjá niðurstöður þessarar könnunar. Ekki síst hlakka ég til að sjá þær tölur sem koma út úr því þegar metið er hvað sjálfboðavinna er mikið atriði innan íþróttahreyfingarinnar.

Það hefur ekkert verið talað um það hér, og ég hefði gjarnan viljað sjá það í þessari till. metið til fjár, hvers virði landkynningin er okkur. Það má nefna menn eins og formann Borgaraflokksins, Albert Guðmundsson. Hvers virði var hann okkur í landkynningu? Hvers virði er Ásgeir Sigurvinsson, Bjarni Friðriksson í júdó, Einar Vilhjálmsson í spjótkasti o.fl. o.fl.? Þetta hefði ég mjög gjarnan viljað sjá líka reiknað út. Þarna er um verulega stóran póst að ræða.

Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að innan íþróttahreyfingarinnar reykja unglingar minna, þeir neyta minna áfengis, það er minni hætta á vímuefnanotkun og þeir skila sér betur í námi þannig að allt stefnir þetta á einn veg: Íþróttir skila góðum og nýtum þegnum út í þjóðfélagið.

Ég vil ekki eyða tíma þessa fundar meira. Ég hef áður fjallað mikið um íþróttamálin, en ég fagna þessari till. og styð hana.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram í sambandi við gildi íþrótta og þarf ekkert við það að bæta. Ég fagna þessari tillögu og tel hana hafa sitt gildi og það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. suma sem hér hafa komið fram að vera að finna að því að stjórnarþm. flytji þarfar ábendingar til Alþingis í sambandi við veigamikil mál.

En það sem kom mér til að standa hér upp var í sambandi við Íþróttasjóðinn, vegna þess að menn voru með duldar meiningar um það hvernig staðið væri að þeim málum. Ég vil aðeins minna á það í þessari umræðu að við 1. umr. fjárlaga, sem fór hér fram í haust, lýsti ég þeirri skoðun minni að það væri ekki tímabært að leggja Íþróttasjóð niður og ég lagði til að hann yrði áfram en kæmi til greina að sveitarfélögin tækju sinn hlut til sín þannig að Íþróttasjóður yrði áfram eingöngu til styrktar íþróttahreyfingunni í heild í landinu. Þetta held ég að sé nauðsynjamál og ég get sagt það hér og nú að ég mun vinna að því í fjárlagagerðinni, og hef þegar tilkynnt það, að þessi stefna verði ofan á. Ég tel að það væri glapræði að leggja Íþróttasjóð niður. Hann gegnir það viðamiklu hlutverki. Þó að hann hafi ekki skilað hinum ýmsu íþróttafélögum stórum fjárhæðum á hverju ári þá er hann viss tryggingarsjóður fyrir íþróttastarfsemina í landinu, enda var hann á sínum tíma lögleiddur með það í huga að efla íþróttir meðal landsmanna og það hefur sannarlega tekist, eins og margir hafa tíundað hér. Þess vegna er ástæðulaust að rífa niður það kerfi sem hefur skilað jafnjákvæðum árangri og Íþróttasjóður hefur gert.

Ég tel að Alþingi Íslendinga hafi í gegnum Íþróttasjóð mesta möguleika til þess að halda áfram því uppbyggingarstarfi og brautryðjendastarfi sem íþróttahreyfingin hefur í okkar landi. Þess vegna vildi ég láta það koma fram að fjárlögin verða ekki afgreidd öðruvísi en formleg tilraun og tillaga verði gerð um það að Íþróttasjóður starfi áfram.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Ég hef sannfærst um það eftir að hafa hlustað á umræðurnar að könnun sem þessi er nauðsynlegri en ég hélt áður en ég fór að mæla fyrir þessari þáltill. þar sem mér finnst að það þurfi að breyta viðhorfum margra þm. sem hér hafa talað, a.m.k. tveggja, hv. 2. þm. Austurl. og hv. 9. þm.

Reykn. Þeir hafa gengið út frá því sem vísu í þessari umræðu að þær fjárveitingar sem íþróttahreyfingin í landinu hefur haft á undangengnum árum hafi verið nógar. Hv. 9. þm. Reykn. fullyrti að þjóðin hefði aldrei lagt meira til íþrótta en einmitt núna. Ég hugsa að það sé alveg rétt að þjóðin hafi aldrei lagt meira til íþrótta en núna. En menn verða líka að gera sér grein fyrir því að það eru skyldur sem opinberum aðilum eins og ríki og sveitarfélögum eru lagðar á herðar í þeim efnum. Stórkostlegum niðurskurði til íþróttastarfsemi hefur verið mótmælt af þm. Framsfl. Það gerði hæstv. utanrrh.

Mér fannst ósmekkleg þau orð sem hv. 9. þm. Reykn. viðhafði um hæstv. utanrrh. Hv. 9. þm. Reykn. til fróðleiks þá er það nú svo að utanrrh. hefur gert athugasemdir inn í ríkisstjórn við niðurskurð á fjárveitingum til íþróttahreyfingarinnar og á morgun munu þessi mál aftur verða til umfjöllunar í ríkisstjórn þannig að þetta er alls ekki frágengið.

Og hv. 2. þm. Austurl. til fróðleiks — þá er það dálítið merkilegt að varaþm. sem hér stendur skuli þurfa að skýra það fyrir hv. 2. þm. Austurl., sem búinn er að vera á þingi í mörg ár, að það er talsverður munur á fjárlagafrv. og fjárlögum. Þarna er talsverður munur á og staðreyndin er sú að í gegnum árin hefur þetta verið þannig, og líka í tíð þeirra ríkisstjórna þar sem Hjörleifur Guttormsson hefur setið, að fjárveitingar til íþróttahreyfinganna, bæði Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, hafa verið skornar niður milli ára í fjárlagafrv. sem slíku, en það hefur verið fjvn. Alþingis sem síðan hefur hækkað fjárveitingar til þessarar starfsemi. Ég trúi því og treysti að svo muni einnig verða í ár. Og því getur hv. 2. þm. Austurl. treyst að ég er talsmaður þessara hluta í þingflokki framsóknarmanna. En ég vil leggja áherslu á það að þetta fjárlagafrv. er ekki frágengið og það er mikill munur á því sem kemur fram í fjárlagafrv. eða fjárlögum eins og þau munu síðan endanlega verða samþykkt.

Að lokum vil ég þakka aftur einstökum þm. fyrir þátttöku í þessari umræðu.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Mitt erindi í ræðustól áðan var að segja sannleikann hvað viðvíkur meðferð á fjárlagafrv. Þar stangast á orð. Væntanlega væri hægt að vísa í bókanir í ríkisstjórn en þær fást ekki lagðar fram hér. En það mun rétt vera að mótmæli hæstv. utanrrh. munu einungis hafa komið fram í fjölmiðlum. En það er kannski minni háttar mál. Það er spurning samt um heiðarleika.

Hitt er annað að mér finnst ástæðulaust að gera lítið úr því að Alþingi hefur samþykkt happdrætti eða lottó sem íþróttahreyfingin nýtur mjög góðs af. Það er Alþingi sem samþykkir þá hluti. Það er eitt af framlagi Alþingis til íþróttahreyfingarinnar. Ég minni á það að þýðingarmikil samtök sem búa við fjárkreppu, Þroskahjálp, sem gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu fá ekki krónu af þessum peningum. Og það eru fleiri sem sækja í þessa peninga og þyrftu að fá miklu meira fé en fá ekki. Á meðan er vanþakkað það fé sem þannig kemur til íþróttahreyfingarinnar. Því miður er það svo að margur þarf að una við minna.

Ég er einn þeirra sem telja mjög þýðingarmikið að íþróttahreyfingin hafi sem allra mesta fjármuni. En það er ástæðulaust að bera það á borð fyrir menn að ekki skipti máli sá gífurlegi stuðningur sem Alþingi hefur veitt íþróttahreyfingunni með því að lögleiða lottó.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég missti að hluta af ræðu hv. frummælanda fyrir þessari till. en heyrði þó að hann var að vekja vonir um að það fengist veruleg leiðrétting á framlögum til íþróttastarfsemi í landinu við afgreiðslu þess fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar hér á Alþingi. Ég ætla að vona að þessi orð hv. þm. gangi eftir. Ég ætla að vona að þar verði eitthvað sem máli skiptir á ferðinni og þökk sé honum sem öðrum sem leggja þar sitt af mörkum.

Ég ætla ekki að munnhöggvast við hv. þm. frekar um það sem gerst hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það blasir við hverjum manni. Mótmælin dynja yfir utan af landsbyggðinni og af öllu landinu gegn þeim breytingum sem gerðar hafa verið af stjórnvöldum í sambandi við tekjutilfærslu frá ríkissjóði til sveitarfélaga, niðurlagningu Íþróttasjóðs og skerðingu þeirra bráðnauðsynlegu framlaga sem þar er um að ræða. Kannski er það leiðrétting á því sem við eigum von á að sjá af hálfu meiri hl. fjvn. og ráðandi meiri hluta hér á Alþingi. Batnandi mönnum skal best að lifa þar sem annars staðar og við eigum eftir að sjá hvað eftir gengur.

Ég vildi aðeins nefna það að þessum málum hefur oft verið hreyft hér á hv. Alþingi á undanförnum þingum. Einn af þeim sem fluttu tillögu um skipulegan stuðning hins opinbera við ungmenna- og íþróttahreyfinguna fyrir fáum þingum var hv. þm. Helgi Seljan ásamt tveimur öðrum þm. sem fluttu mál á 107. löggjafarþinginu um þetta efni. Því miður hlaut sú tillaga þá ekki þann stuðning sem vert hefði verið að mínu mati en hún fjallaði efnislega um ekki ósvipaða þætti og hér er rætt um nema þá með markvissari hætti þar sem gert var ráð fyrir stuðningi við fjöldahreyfingar á þessu sviði og samstarfi við fjöldahreyfingar í íþróttastarfi.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram vil ég aðeins segja að ég tel að það sem skiptir allra mestu fyrir íþróttastarfsemi í landinu sé að bæta aðstöðu til almenningsíþrótta. Ég ætla ekki að vanmeta það sem gert er í sambandi við keppni og keppnisaðstöðu. Vafalaust getur slíkt virkað hvetjandi og á fullan rétt á sér að skapa kappsömum ungmennum aðstöðu til þátttöku og þau hafa sýnt það, íslensk ungmenni, að þau eru gjaldgeng á alþjóðamælikvarða. Hitt skiptir þó mestu fyrir þjóðina sem heild að hún hafi aðstöðu til þess að rækta heilbrigðan líkama með þeim sálarbótum sem því fylgja. Að menn hafi þar greiðan aðgang og geti

tekið þátt í íþróttastarfi, almenningsíþróttum með tilliti til sinna aðstæðna, helst án þess að það þurfi að ganga inn í mjög stífan stundaramma. Ég nefni þar sundið sem dæmi þar sem aðstaða víða á landinu, engan veginn þó alls staðar, er með þeim hætti að fólk getur eftir aðstæðum tekið þátt í sundiðkun. Ég nefni aðstöðu til skíðaiðkana sem víða fer batnandi á landinu þar sem almenningi skapast slíkir möguleikar. Og vegna þess sem vikið er að af hv. flm. um aðstöðu kynja í þessu sambandi þá held ég að það skipti kannski ekki minnstu máli fyrir konur í landinu einmitt að skapa slíkar sveigjanlegar aðstæður vegna þess hvernig þeirra skyldustörfum er háttað.

Ég vænti þess svo að þessi umræða ásamt flutningi verði til þess sem flm. og meðflm. eflaust stefna að. Og ég bið hann að vanvirða ekki þá gagnrýni sem hér hefur fallið af minni hálfu á bakgrunn þessa máls, það á ekki við góðan hug sem ég efast ekki um að búi að baki þessum tillögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Könnun á launavinnu framhaldsskólanema, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 142. mál. — Þskj. 150.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 150 leyfi ég mér að flytja till. til þál. um könnun á launavinnu framhaldsskólanema. Meðflytjendur mínir eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Sturla Böðvarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Stefán Valgeirsson. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna hvernig háttað er vinnu framhaldsskólanema meðfram námi. Kannaðir verði eftirfarandi þættir:

a. fjöldi vinnustunda á viku,
b. hvenær sólarhrings störfin eru unnin,
c. kjör og réttindi námsmanna í launavinnu,
d. ástæður þess að nemar vinna launuð störf með námi."

Herra forseti. Vissulega væri fróðlegt og gagnlegt að hafa fleiri þætti með í þessari könnun, á það hefur mér verið bent eftir að þessi till. er fram komin, og vil ég biðja hv. nefndarmenn sem munu fjalla um þetta till. að hafa það í huga. Ég nefni t.d. atriði eins og það hvers kyns nemandinn er, á hvaða aldri, hversu há laun hann hafði fyrir sumarvinnu sína, hversu miklu fé hann eyðir á viku að jafnaði og e.t.v. að fá það eitthvað sundurgreint. Þetta síðasttalda fellur e.t.v. nokkuð sjálfkrafa undir d-lið tillögunnar. Hvað aldur og kyn snertir þá fannst mér það reyndar svo sjálfsagt að ég sá ekki ástæðu til þess að nefna það í tillögugreininni.

Ástæðurnar fyrir því að þessi till. er borin fram nú hér á hv. Alþingi liggur væntanlega nokkuð í augum uppi. Það er að okkar dómi verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni að svo virðist sem launavinna framhaldsskólanema færist sífellt í vöxt. Skyndikannanir í einstökum skólum benda til þess að í efstu bekkjunum vinni allt að 70% nemenda meðfram námi, og hafa reyndar heyrst hærri prósentutölur, nokkrir þeirra jafnvel meira en 20 klst. á viku, og þarf ekki að fara í grafgötur með það hvaða áhrif það hlýtur að hafa á námsárangur og þátttöku í félagslífi skólanna.

Gerðar hafa verið skyndikannanir í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem ég hef hér undir höndum. Tvær þeirra voru gerðar í Menntaskólanum í Kópavogi, sú fyrri í febrúar 1986 og sú síðari í febrúar 1987. Í fyrri könnuninni bárust svör frá 220 nemendum af 350 eða tæplega 63% nemendanna. Skýringin á því að ekki tóku fleiri þátt í þessari könnun er sú að könnunin var gerð í kennslustund sem hófst klukkan 10 að morgni og þá voru ekki allir nemendur komnir í skólann samkvæmt sinni stundaskrá. Sumir voru reyndar í leikfimi og einhverjir voru fjarverandi vegna veikinda eða vinnu. Könnunin sýndi að 42% aðspurðra stunduðu einhverja launaða vinnu en það samsvarar 10 nemendum í 24 nemenda hópi. Helstu niðurstöður í einstökum árgöngum leiða það í ljós að 25% nemenda í fyrsta bekk Menntaskólans í Kópavogi stunduðu launavinnu og vinnustundir voru að meðaltali 12 á viku hjá þeim sem vinna. Í öðrum árgangi var hlutfallið 37% og vinnustundir sömuleiðis að meðaltali 12 á viku eins og í fyrsta bekk. Í þriðja árgangi var hlutfallið komið upp í 53% og enn var vinnustundafjöldinn um 12 klst. á viku en þegar komið var upp í fjórða árgang þá var vinna nemenda utan skóla orðin miklu meiri eða um 73% og vinnustundafjöldinn um 15 klst. á viku. Skiptingin nokkuð jöfn eftir kynjum.

Útkoman í könnuninni í febrúar á þessu ári er sú að það er rúmlega helmingur nemenda sem vinnur meðfram námi. Hvað einstaka árganga varðar þá fer vinna nemenda meðfram skólanámi vaxandi eftir því sem ofar dregur í skólanum. Sem dæmi má nefna að það eru átta nemendur sem vinna 11–20 stundir á viku eða 22,8% sem vinna þetta margar vinnustundir á viku. Í þeim hópi eru sjö stúlkur og einn piltur. Þrjú vinna meira en 20 stundir á viku, tvær stúlkur og einn piltur.

Í Menntaskólanum við Sund var gerð könnun 10. nóv. sl. Spurningalisti var lagður fyrir alla nemendur skólans sem eru 795. Þar af svöruðu 713 nemendur eða 89,7%. Það sem stingur í augu þegar litið er á niðurstöður þessarar könnunar er sú staðreynd að á öllum aldursstigum vinna stúlkurnar talsvert meira

en strákarnir enda þótt þeir eyði svo samkvæmt könnuninni töluvert meira fé að jafnaði vikulega heldur en stúlkurnar. Þetta minnir okkur á þá staðreynd að stúlkur eiga yfirleitt síður kost á vel launaðri sumarvinnu og verða því hugsanlega að bæta sér það upp á þennan hátt.

Niðurstöður könnunarinnar eru þær að í fyrsta bekk vinna 34,8% piltanna með náminu en 48,6% stúlknanna. Í öðrum bekk eru hlutföllin þau að 43,2% strákanna vinna með námi og 63,5% stelpnanna. Í þriðja bekk eru það 51,5% stráka og 65,6% stelpna. Í fjórða bekk eru það orðin 46,4% stráka og 78,6% stelpnanna. Það er enn fremur mjög athyglisvert að á annað hundrað nemenda vinna meira en 12 klst. á viku. Það eru 12 strákar og 17 stelpur sem vinna á milli 20 og 40 klst. á viku og yfir 40 tíma á viku eru það 3 strákar og 2 stelpur.

Það er ýmislegt fleira sem kemur fram í þessari könnun sem er fróðleg og skemmtilega unnin eftir því sem ég hef vit á. Það var félagsgreinadeild í 4. bekk sem vann úr könnuninni með aðstoð kennara, Pétrúnar Pétursdóttur. En þessar niðurstöður hljóta að teljast ískyggilegar og sé þetta ástand dæmigert fyrir marga framhaldsskóla er vissulega ástæða til einhverra viðbragða.

Tímasókn og heimavinna í framhaldsnámi er flestum ærin vinna og jafnast á við fulla dagvinnu að viðbættri auka-, helgar- og jafnvel næturvinnu þegar svo stendur á. Það er þó vissulega engin nýlunda að námsmenn vinni launuð störf meðfram námi í lengri eða skemmri tíma og geta ýmsar ástæður legið þar að baki, tímabundin fjárþörf eða bágar heimilisástæður. Slíkt hefur þó fremur heyrt til undantekninga og hlýtur að teljast óæskilegt með öllu.

Sú tíð er liðin að menntun var forréttindi fárra og blásnauðir unglingspiltar grúfðu sig niður á milli þúfnakollanna þegar ríkismannasynir riðu hjá á leið í Latínuskóla. Á þeim tíma leyfðu stúlkurnar sér ekki einu sinni að fella tár yfir slíku svo fjarlægt var að þær nytu réttinda til mennta. Nú á dögum á menntabrautin að vera öllum aðgengileg, óháð kyni, búsetu eða efnahag. Það er því í flestra augum fremur ótrúlegt að knýjandi ástæður reki mikinn fjölda framhaldsskólanema til launavinnu með námi. En hverjar sem ástæðurnar eru er nauðsynlegt að vita þær og reyna að bregðast við þessari þróun með einhverju móti.

Ef það er raunin að til séu þeir framhaldsskólanemar sem vinna allt að 30 eða 40 stundir á viku með fullu námi þá skila þessir nemendur um 70 vinnustundum á viku og getur þá hvorki gefist mikill tími til heimanáms né þátttöku í félagslífi sem einnig stuðlar að þroska og lífsfyllingu þessara ungmenna. Eitthvað hlýtur undan að láta og það vill þá oft verða námið. Stundum flosna þessir einstaklingar upp frá námi en oftar verða afleiðingarnar þær að námið tekur lengri tíma en ella þyrfti, mikið verður um endurtekna áfanga eða að nemendur rétt ná að skríða í gegnum próf og koma því illa undirbúnir til náms í öðrum skólum eða til starfa á öðrum vettvangi. E.t.v. má skoða slakan árangur á fyrsta ári í Háskóla Íslands að einhverju leyti í ljósi þessara staðreynda. Það er háskólamönnum verulegt áhyggjuefni hversu há fallprósenta er orðin í sumum greinum. Árið 1986 féllu t.d. 63% á fyrsta ári í viðskiptafræði og 55% árið 1987. Í almennri sálarfræði féllu 72% nemenda á fyrsta ári árið 1986 og 71% árið 1987. Í almennri lögfræði féllu 80% nemenda í fyrra en 71% sl. vor, en það er rétt að geta þess að þeir sem ekki mæta í próf eru taldir fallnir og fá einkunnina núll. Ef hins vegar er skoðuð fallprósentan hjá þeim sem þreyttu prófið í almennri lögfræði þá er hún 74% árið 1986 en 59% árið 1987. Háskólamenn telja það vaxandi vandamál að nemendur komi of illa undirbúnir til háskólanáms og við hljótum m.a. að leita orsakanna í því hversu mjög launavinna framhaldsskólanema meðfram námi hefur færst í vöxt.

Það má leiða getum að því hverjar séu helstu orsakir þessarar þróunar. T.d. er nokkuð augljóst að mat samfélagsins á menntun hefur áhrif á viðhorf ungs fólks. Menntun er heldur lítils metin til launa og í seinni tíð hefur lítið farið fyrir umræðum um lífsfyllingu í starfi heldur er gildi þess fyrst og fremst mælt í krónum. Þó er nú prófskírteinið talið nauðsynlegur aðgöngumiði að ýmsum leiðum í starfi og námi en óþarft þykir að fórna til þess öllum lífsins lystisemdum. Enda dynja áreitin á unga fólkinu úr öllum áttum, kröfur um tískufatnað, hljómflutningstæki, ferðalög, jafnvel bíla. Fordæmin skortir svo sannarlega ekki. Fullorðið fólk hlýtur að líta í eigin barm og íhuga hvort neyslukapphlaup hinna eldri hafi smitað svo ungmennin að þau telji nauðsynlegt að vinna allt að 30 klst. á viku með skólanámi til þess að fjármagna óhófseyðslu sem foreldrar þeirra eru skiljanlega ekki tilbúnir að greiða fyrir þau. Sé svo þá er eitthvað meira en lítið bogið við það verðmætamat sem við innrætum ungu kynslóðinni og þá er ástæða til að staldra við og hugsa sinn gang.

Í tillögunni og grg. er ekki sérstaklega fjallað um tilhögun þeirrar könnunar sem við leggjum til né kostnað í því sambandi. Að okkar mati væri eðlilegt og sjálfsagt að fela verkið Félagsvísindastofnun Háskólans. Samkvæmt mjög lauslegri áætlun gæti kostnaðurinn verið um 300 þús. kr. eða í hæsta lagi nálægt 400 þús. kr. Besta ráðið væri að tengja slíka könnun svokölluðum spurningavagni Félagsvísindastofnunar með viðbótarúrtaki úr aldurshópnum 16–20 ára. Þyrfti þar að koma til að öllum líkindum 600–800 manna úrtak í þessum aldurshópi en framhaldsskólanemar eru áætlaðir 14 208 talsins í vetur. Næsta könnun Félagsvísindastofnunar eða spurningavagn verður líklega í febrúar nk. og svo annar næsta vor en þeir eru tvisvar til þrisvar á ári.

Herra forseti. Okkur hlýtur að vera kappsmál að fá að vita hvað rekur stóran hluta framhaldsskólanema til þess að vinna launavinnu meðfram námi og þess vegna er þessi till. borin fram á Alþingi. Flm. telja einnig nauðsynlegt að fá fram í dagsljósið hvort þessir einstaklingar njóta kjara og réttinda í sam-

ræmi við vinnuframlag sitt eða hvort hér er verið að ganga á lagið og notfæra sér ódýran vinnukraft. Það hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að tengja saman skólanám og atvinnulíf og e.t.v. álíta þessir sívinnandi skólanemar sig vera að svara kröfum nútímans að þessu leyti. Sennilegast er þó að í fæstum tilfellum sé um nokkur eðlileg tengsl að ræða milli launavinnunnar og námsins. Er t.d. bágt að sjá að afgreiðsla á bar fram eftir nóttu sé að neinu leyti stuðningur við nám í menntaskóla eða að sjoppuafgreiðsla sé í nokkrum tengslum við tækninám.

Herra forseti. Ég held að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um ástæður fyrir því að þessi tillaga sé borin fram og ég leyfi mér að vona að henni verði vel tekið, enda borin fram af fulltrúum allra stjórnmálaafla í þinginu, og ég vona að fámennið hér í þingsal sé ekki vitnisburður þess að þm. hafi ekki áhuga á þessu máli. Þegar niðurstöður könnunarinnar eru ljósar verður að meta hvort og hvernig unnt er að bregðast við þeirri þróun sem að mati flm. er veruleg ógnun við þau markmið framhaldsskólanna að skila hæfum og vel menntuðum einstaklingum út í þjóðfélagið og til enn frekara náms.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Lagning vegar með suðurströnd Reykjaneskaga, fyrri umr.

Þáltill. NL og GuðnÁ, 153. mál. — Þskj. 165.

Flm. (Níels Árni Lund):

Herra forseti. Á þskj. 165 er að finna þáltill. sem er 153. mál Alþingis og ég flyt ásamt hv. 5. þm. Suðurl., Guðna Ágústssyni, og hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar. Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta ári.“

Í mínum huga er ekki spurning um hvort greiðfær vegur verður lagður þessa leið heldur miklu fremur hvenær. Sannfæring mín er sú að hann muni skila arði og breyta ýmsum þáttum í búsetu og afkomumöguleikum íbúa á Suðurnesjum og á Suðurlandi til hins góða, auðvelda og auka samskipti milli þessara byggðarlaga og leggja grundvöll að nýrri atvinnustarfsemi.

Vegalengdin milli Grindavíkurvegar og Þrengslavegar mun vera upp undir 70 km sé farið með suðurströnd Reykjanesskaga. Þar er nú að nafninu til akfær leið, annars vegar um Ísólfsskálaveg nr. 427 og svo um Krísuvíkurveg nr. 42. Þessi vegur er lítið sem ekkert farinn, enda alls ekki í því horfi að bjóði upp á mikla umferð. Vegurinn er að stórum hluta niðurgrafinn, krókóttur og ófær langan tíma ársins vegna snjóa og aurbleytu. Fullyrða má að góður vegur á þessari leið yrði mikið notaður og að hann mundi skapa nýja möguleika í samgöngu- og atvinnumálum, ekki aðeins fyrir íbúa næsta nágrennis heldur einnig fyrir stóran hluta annarra landsmanna. Má í því sambandi benda á eftirfarandi:

Innan tíðar verður tekin í notkun brú yfir Ölfusárósa. Hún mun valda miklum breytingum í samgöngum á Suðurlandi. Örstutt verður á milli útgerðarstaðanna Stokkseyrar, Eyrarbakka og Þorlákshafnar eða um 15–20 km í stað 40–45 km sem nú er. Mun þessi breyting skapa nýja og fjölbreytta möguleika í samvinnu þessara staða og er þegar farin að hafa áhrif á mótun framtíðarstefnu þeirra í ýmsum málum. Með greiðfærum vegi milli Þorlákshafnar og Grindavíkur mundu opnast nýir samgöngumöguleikar á svæðinu og ýmsar leiðir styttast til muna.

Sem dæmi má nefna að Grindavík–Þorlákshöfn um Reykjavík er nú um 110 km. Sú leið yrði aðeins um 60 km og mundi styttast um 50 km væri farið með suðurströnd Reykjanesskaga. Leiðin Hveragerði–Keflavík um Reykjavík er um 95 km. Sú leið mundi styttast um 25 km eða niður í um 70–80 km. Leiðin milli Suðurlandsundirlendis og Suðurnesja mundi styttast að öllu jöfnu um 30–50 km.

Sé horft til þeirrar miklu umferðar sem er á milli þessara landsvæða er vart sjáanlegt annað en að vegur sem mundi stytta þessa leið svo mikið væri hagkvæmur. Það skal þó tekið fram að erfitt er að reikna nákvæmlega út þessar vegalengdir, en við lauslega athugun sem gerð hefur verið er talið að stytta megi leiðina um allt að 10 km eða niður fyrir 60 km með breytingu á vegarstæði frá því sem nú er og fælist m.a. í því að gatnamót á Þrengslavegi yrðu nær Þorlákshöfn ámóta við þann veg sem liggur nú að Ölfusárbrú. Það þarf þó að meta hvort æskilegt sé út frá náttúruverndarsjónarmiðum og öðrum þáttum sem upp kunna að koma.

Þá má það koma fram í þessari umræðu að raddir hafa verið innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um möguleika á gerð þessa vegar, svo og lagningu vegar af Grindavíkurvegi við Svartsengi til Njarðvíkur. Slíkur vegur mundi stytta leiðina milli Grindavíkur og Keflavíkursvæðisins og vera liður í að þétta byggð og auka samvinnu milli þéttbýlisstaðanna á Suðurnesjum. Sömuleiðis er mikið rætt um lagfæringu á vegi frá Grindavík að sjóefnavinnslunni á Reykjanesi. Þar hafa verið gerðar miklar vegabætur á hluta leiðarinnar og má segja að vanti aðeins herslumuninn á að ljúka þar greiðfærum vegi milli þessara staða og þar með alla leiðina frá Grindavík að Höfnum. Þótt þáltill. fjalli ekki um þessa leið er sjálfsagt að minna á hana í þessari umræðu.

Víst er að greiðfær vegur af Suðurlandsvegi við Hveragerði til Suðurnesja með suðurströnd Reykjanesskaga yrði mikið notaður af þeim sem erindi eiga milli þessara byggðarlaga. Hann yrði styttri, fljótfarnari og jafnvel greiðfærari á vetrum en leiðin yfir Hellisheiði og um Reykjavík til Suðurnesja þar sem hann lægi með sjó fram og ekki eins hátt og vegurinn yfir Hellisheiði.

Suðurlandsvegur um Kamba er aðalsamgönguæð Suðurlands og mikils hluta Austurlands til Reykjavíkur. Um þennan veg fara nú um 3000 farartæki á dag að jafnaði. Þá verða þeir sem aka milli þessara landshluta Suðurnesja að aka í gegnum höfuðborgarsvæðið og Reykjanesbraut eða Keflavíkurveg eins og hann er jafnan nefndur. Það er í reynd eina samgönguæðin til og frá Suðurnesjum og daglega fara um hann um 4000 bílar. Með gerð vegar um suðurströnd Reykjanesskaga væri því dregið úr þeirri miklu umferð sem nú liggur um Reykjanesbraut og þegar er orðin mun meiri en brautin getur þjónað með öruggu móti svo sem dæmi sanna. Með þessari vegarlagningu væri því gengið skref til móts við réttmætar kröfur landsmanna um aukið öryggi á þessari leið. Einnig mundi vegurinn draga úr umferðarþunga á Reykjavíkursvæðinu sem ekki er vanþörf á.

En fleiri rök má nefna. Aðalflugvöllur landsins er á Suðurnesjum og um hann fer allt áætlunarflug til og frá landinu. Fjöldi fólks af Suður- og Austurlandi á leið til og frá Suðurnesjum af þeim ástæðum án þess að eiga nokkurt annað erindi til Reykjavíkursvæðisins. Sömuleiðis fer allur út- og innflutningur varnings með flugvélum fram um Keflavíkurflugvöll. Með styttri leið milli þéttbýlisstaðanna á Suðurlandi og flugvallarins opnuðust nýir möguleikar til slíkra hluta. Þá er nú þegar hafin samvinna milli Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss við fiskmarkað Suðurnesja. Fullvíst er að sú samvinna mun verða öflugri og fjölbreyttari ef gert verður auðveldara að flytja fisk landleiðis milli þessara byggðarlaga en nú er. Allir sjá að leið sem er um 30 km styttri en sú sem nú er farin mundi greiða fyrir slíkri samvinnu.

Einn er sá þáttur sem ekki má vanmeta, en það er að með þessum vegi opnast ný leið fyrir ferðamenn og þá aðra sem kjósa að aka um og skoða landið. Enginn vafi er á að margir erlendir ferðamenn mundu vilja hefja ferðir sínar í hópferðum, bílaleigubílum eða á annan máta á vit Gullfoss og Geysis og annarra staða frá Keflavíkurflugvelli eða hótelum á því svæði. Fyrir slíka er leið með suðurströnd Reykjanesskaga ekki síður áhugaverður kostur en að aka Reykjanesbraut. Má í því sambandi m.a. minna á Krísuvíkursvæðið sem er athyglisvert til skoðunar. Fyrir þá sem standa stutt við og ekki hafa möguleika á langri ferð um landið er kynnisferð umhverfis Reykjanesskagann álitlegur kostur sem margir mundu án efa nýta sér ef unnið væri að.

Þá má til viðbótar nefna allan þann fjölda fólks á höfuðborgarsvæðinu og í næstu byggðum sem á frídögum og í annan tíma kýs að aka um og virða fyrir sér landið. Suðurströnd Reykjanesskaga er fjölbreytileg í náttúrulegu tilliti sem vissulega má vekja meiri athygli á en nú er gert. Það hlýtur að vera eitt af markmiðum okkar allra að sem flestir þekki landið og njóti þess.

Enn má nefna að ýmsir telja næsta fullvíst að eftir að Krísuvíkurheimilið verður tekið til notkunar fyrir vímuefnasjúklinga muni þurfa að endurbæta að verulegu leyti þann veg sem þangað liggur nú. Með gerð þess vegar sem hér hefur verið rætt um tengdist Krísuvík góðum vegi. Sömuleiðis tengdi þetta byggðina í Selvogi betur helstu umferðaræðum.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi míns máls er það ekki spurning í mínum huga hvort þessi vegur verður lagður heldur miklu fremur hvenær. Við þekkjum öll hve miklar breytingar hafa orðið á samgöngum hér á landi síðustu árin. Þar hefur ekki einasta ráðið aukið bundið slitlag á vegi heldur einnig uppbygging nýrra vega og leiða sem illfærar voru. Áhrif þessa hafa orðið margþætt, en fullyrða má að við það hafi skapast nýir möguleikar fyrir samvinnu sveitarfélaga og fyrirtækja sem áður voru óhugsandi.

Markmiðið með lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga er einmitt hvað helst það að greiða fyrir samskiptum þeirra staða sem við það nálgast og opna með því nýja möguleika fyrir íbúa þeirra til að treysta sinn hag. Það eru því mörg og sterk rök sem liggja til grundvallar því að hagkvæmt sé og eðlilegt að lagður verði greiðfær vegur milli Grindavíkurvegar og Þrengslavegar eins og hér hefur verið vikið að. Svo unnt sé fyrir Alþingi að taka ákvörðun um lagningu hans þurfa að liggja fyrir kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir og því er lagt til að samgrh. láti gera þær og leggja niðurstöðurnar fyrir Alþingi á hausti komanda.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Ellert Eiríksson:

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem margir hafa haft mikinn áhuga á á þessu landsvæði, sem er Reykjanesskaginn, suðurlandsundirlendi, og í þennan hóp ættu ekki síst að bætast Reykvíkingar. Það liggur ljóst fyrir, eins og hefur komið fram á hv. Alþingi, að þm. Reykjavíkur og við sem eigum leið um höfuðborgarsvæðið finnum sífellt fyrir hinum gífurlega vaxandi umferðarþunga sem er einn af fylgifiskum vaxandi bílaeignar í landinu.

Eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. í grg. þar getur hann þess að hin nýja staðsetning muni stytta leiðina milli Suðurnesja og Suðurlandsundirlendisins. Með því að stytta og gera þessa leið greiðfærari er augljóst mál að þá mun linna töluvert og lina umferðarþunga og umferð Reyknesinga í gegnum Reykjavík eða Sunnlendinga aftur á móti þegar þeir fara suður á Suðurnes gegnum Reykjavík með sama hætti.

Þetta mál hlýtur því að vera töluvert atriði fyrir

Reykvíkinga þegar þeir kvarta sáran yfir umferðarþunga sem hvílir á höfuðborgarsvæðinu og þeim gífurlegu umferðarmannvirkjum sem þeir þurfa að leggja og fjárfesta í til að ná þar ýmsum úrbótum sem þeir stefna að.

Eitt atriði kom ekki fram hjá hv. flm., en það er öryggið af vegi með suðurströnd landsins frá Reykjanesskaganum og austur fyrir land. Með suðurströndinni má segja að menn komist helst eftir þessum slóða ef þeir ætla að fara aðra leið en gegnum höfuðborgina og yfir Hellisheiði. Reykjanesskaginn er eldstöð og svæði þar sem náttúruhamfarir geta komið upp á hvaða tíma sem er og þá eiga íbúar ekki margar aðrar leiðir greiðfærar en Reykjanesbrautina til að fara um ef þeir ætla að yfirgefa svæðið.

Eins hefur verið bent á náttúruhamfarir sem verða þess valdandi að menn þurfa að komast frá Reykjavík. Það er með sama hætti að verða verulegt áhyggjuefni.

Þá skal líta sérstaklega til nýrrar mannvirkjagerðar í samgöngum. Tala ber um að það eigi að setja brýr á gatnamót og brýr á vegi, sérstaklega hvað varðar þá sem þurfa að komast frá Hafnarfirði gegnum Garðabæ og Kópavog og síðan áfram inn úr. Mikið af þessari mannvirkjagerð fer eftir einni ákveðinni línu, en gatnamót, þ.e. brýr, eru ekki í sama plani. Við jarðskjálfta eða aðrar náttúruhamfarir verður þessi gerð gatnamóta mjög erfið umferðar og jafnvel ófær og liggur í augum uppi að þegar ein lína er burðarásinn í samgöngunum er ekki spursmál að menn þurfi að líta til næsta kosts sem er að hafa fleiri vegi, svo sem þarna með suðurströndinni.

Ég vil einnig vekja athygli á að það hefur komið berlega í ljós með fiskeldisstöðvar, sem nú raða sér á Reykjanesskagann, sérstaklega hvað varðar suðurströndina, alla leið frá Höfnum og til Grindavíkur og þaðan austur fyrir Festarfjall til Ísólfsskála og halda jafnvel áfram, að þeir sem að þessum fiskeldisstöðvum standa eru sífellt með óskir um bættar samgöngur.

Þá kemur það fram að í þessari till. er gert ráð fyrir að vegurinn nái til Grindavíkur, en eins og flm. benti réttilega á eru áskoranir frá atvinnurekendum um að það verði tekinn fyrir vegarkaflinn frá Grindavík að Reykjanesvita. Ég tek undir að það verði sett inn í kostnaðar- og framkvæmdaáætlun að sá vegarkafli sem liggur þar verði tekinn sérstaklega til meðhöndlunar.

Fiskmarkaður er eitt af því sem kemur inn í í atvinnulegu tilliti. Það var sagt frá því að nú væri ekki samstarf lengur milli Suðurlands og Suðurnesja heldur kominn einn fiskmarkaður, sem er með aðild Sunnlendinga að fiskmarkaði Suðurnesja, er heitir núna fiskmarkaður Suðurlands. Ef áætlanir þeirra ágætu aðila, sem að þessu standa, ganga fram liggur ljóst fyrir að fiskflutningar fram og til baka frá Suðurnesjum og austur fyrir fjall eða frá Þorlákshöfn og þar í kring og suður eftir munu stóraukast. Það er enn þá frekari rökstuðningur fyrir því að Reykvíkingum og þeim sem hér búa er mikil nauðsyn að losna undan þeim vaxandi þungaflutningi sem er fyrirsjáanlegur.

Herra forseti. Ég tel hreyft gagnmerku máli og ég mun gera allt sem ég get til að styðja það og treysti að aðrir hv. þm. geri slíkt hið sama.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðar samgöngur eru forsenda byggðar og nýrrar byggðaþróunar. Stundum er sagt að vegir séu æðakerfi þjóðarlíkamans. Þeir ráða þrótti og framgangi héraðanna. Séu vegirnir lélegir fækkar ferðum um héruðin, ekki síst eftir að fólk hefur vanist hinum fullkomnu vegum. Sú ástæða er ein oft næg til þess að fólk yfirgefur jafnvel gjöfular byggðir eins og dæmin sanna.

Sú hugmynd sem hér er kynnt og farið fram á að Alþingi feli samgrh. að gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um veg með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þorlákshafnar og Grindavíkur er mikilvæg framtíðarinnar vegna. Ég er sannfærður um að af mörgum ástæðum er hér hreyft mikilvægu máli sem ekki einungis er til að þjóna ferðalöngun fólks heldur yrði í eðli sínu vegur sem vegna legu sinnar og samtengingar mikilla útgerðarstaða yrði hagkvæmur sé horft til framtíðar, eins og fram kom í máli hv. 1. flm. og hv. 1. þm. Reykn.

Með tilkomu Ölfusárbrúar við Óseyrarnes kemst í framkvæmd margvísleg samvinna á svokölluðu árborgarsvæði á öllum sviðum. Það má ætla, verði vel að verki staðið heima fyrir, að þetta svæði verði mikið hagsældarsvæði og muni verða í stakk búið til að takast á við ný verkefni og margvísleg og muni veita höfuðborgarsvæðinu verulega samkeppni um mannafla og atvinnufyrirtæki á næstu árum og áratugum sem yrði byggðaþróun í landinu til heilla.

Því er þetta nefnt að þegar er ákveðin þróun hafin, eins og hér hefur komið fram, þar sem er stofnun fiskmarkaðar á Suðurlandi sem mun tengjast í nánu samstarfi við fiskmarkað Suðurnesja. Enn fremur má hugsa sér að þessi vegagerð mundi skapa það að menn nýti hafnirnar í enn ríkari mæli með hagkvæmni í huga, Suðurnesjabátar landi í Þorlákshöfn og öfugt og aflanum verði ekið á milli staða. Eins og fram kemur í tillögunni mundi þessi vegur stytta leið á milli Suðurlandsundirlendis og Suðurnesja um 30–50 km sem er mikil vegalengd.

Enn fremur gæti aukið samstarf Sunnlendinga og Reyknesinga fætt af sér margt fleira sem yrði byggðaþróun í landinu til farsældar. Má þar t.d. nefna ef þessi byggðarlög sameinuðust um t.d. inn- og útflutningshöfn. Hér hefur komið fram í umræðunni að þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í grein sem mun hafa mikil efnahagsleg áhrif, vonandi til heilla á Íslandi. Þar á ég við fiskeldið.

Staðhættir með Reykjanesskaganum til Þorlákshafnar eru þannig að vegur meðfram ströndinni yrði tiltölulega ódýr. Vegarstæðið er gott og undirbygging yrði ódýr. Ég álít að ef og þegar í þessa

framkvæmd verður ráðist eigi vegurinn að liggja sunnan Selvogsheiðar með sjónum til Þorlákshafnar. Selvogsheiðin er snjóþung og í rauninni eini staðurinn á þessari leið sem er það, en fyrir sunnan heiðina og fyrir neðan er snjólétt eins og annars staðar þarna um slóðir. Enn fremur mundi vegur sunnan heiðarinnar stytta leið úr Selvogi til Þorlákshafnar um helming, yrði aðeins 13–14 km, en mun nú vera um 30 km. Það er brýnt þar sem brátt mun Selvogshreppur tilheyra Ölfushreppi. Athyglisvert er að brátt er Selvogurinn í auðn verði ekkert aðhafst, en í gegnum aldirnar var Selvogurinn byggðarlag þar sem menn komust bærilega af og byggðin var bæði þétt og fjölmenn. Það má ætla að enn væri gróska og uppgangur í Selvogi ef byggðin væri í góðu vegasambandi austur og vestur.

Vegur meðfram Reykjanesi er enn fremur líklegur til að þjóna miklum tilgangi í ferðamálum Íslendinga, ekki síst í sambandi við Keflavíkurflugvöll. Vegurinn yrði láglendisvegur, mun hættuminni hvað hálku og ófærð varðar en Reykjanesbrautin svo ég tali nú ekki um Hellisheiði og Þrengslaveg. Því er spáð að fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands muni fjórfaldast á næstu 15 árum, verði um 400 þús., og í vaxandi mæli koma jafnar á öllum árstíðum, ekki síst ef við förum að vekja athygli á hinni raunverulegu náttúru landsins og þeim sérstöku aðstæðum sem hér eru til útivistar, ekki síst að stunda útiveru í stórbrotinni náttúru hálendisins, í skíðaferðum, vélsleðaferðum, fjalla- og jöklaferðum á þeim tíma árs þegar náttúra landsins þolir best slík ferðalög.

Því má ætla að þessi vegur muni þjóna vel og gera kleift að erlendir ferðamenn komist eftir auðum og öruggum vegi beina leið þangað sem ferðinni er heitið. Hvers vegna eiga allir ferðamenn sem til landsins koma endilega að byrja ferð sína með því að fara til höfuðborgarinnar þegar fyrst og fremst er kannski ætlunin að fara til staða á Suðurlandi sem landið er þekktast af, þar á ég við Gullfoss og Geysi og Vestmannaeyjar og fleiri staði?

Eins og fram kemur í grg. mundi þessi vegur draga úr umferð um Reykjanesbraut og einnig úr umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu sem nú er full þörf á. Sunnlendingar sem fara til útlanda mundu fara þessa leið suður með sjó og talsvert stór hópur erlendra ferðamanna færi beinustu leið á áfangastaðina í upphafi ferðar sinnar, eins og ég hef þegar getið.

Ég tel að reyndar þurfi Íslendingar að íhuga með hvaða hætti þeir ætla að mæta þeirri gífurlegu fjölgun ferðamanna sem spáð er og hér hefur verið nefnd. Þar verður að gera áætlanir um fleira en hótel. Vegir og samgöngur vega þar þungt.

Ég ítreka að sú vegagerð sem hér eru gerð áform um er af mörgum ástæðum bæði mikilvæg og ekki síður hagkvæm. Þar eru í mínum huga hin félagslegu atriði sem vega þyngst, aukið samstarf þéttbýlisstaðanna á Suðurlandi og á Reykjanesi sem þegar reyndar á sér stað og er áformað um. Hagnaðurinn yrði fólginn í sparnaði í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu, gæti jafnvel sparað það að leggja annan veg meðfram Reykjanesbrautinni eins og oft er nefnt, og mundi jafnvel skapa aukin ferðalög útlendinga til landsins, ekki síst stuttar ferðir þar sem flugfélög og ferðaskrifstofur byðu upp á ferðir beina leið að svæðunum sem best hafa selt landið og gert það að ferðamannalandi.

Því bið ég þm. að skoða þessa þáltill. með þessi og mörg önnur atriði fyrir augum og átta sig á þeirri hagkvæmni sem í þáltill. er fólgin ef í vegagerð verður ráðist.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mjög mikið, en ég tel að hér sé hreyft slíku máli að það sé full ástæða til að lýsa yfir stuðningi við það. Þetta er sennilega einhver mesta bragarbót á umferð á Suðurnesjasvæðinu sem hægt er að hugsa sér fyrir utan að tvöfalda Reykjanesbrautina sjálfa.

Staðreyndin er sú að eftir Vestmannaeyjagosið hér um árið hafa menn syðra vaknað til umhugsunar hvað mundi ske ef slíkt óhapp skeði á Suðurnesjum. Við höfum að vísu mikinn bátaflota ef við yrðum jafnheppnir og Vestmanneyingar að gott væri veður og bátar í höfn til þess að komast í burtu. Ég er hins vegar viss um að ef fara þyrfti eftir vegunum yrði umferðaröngþveiti á Reykjanesbrautinni og ég tala nú ekki um á Reykjavíkursvæðinu eins og þegar hefur komið fram hérna.

Burt séð frá þessu öryggisatriði, sem líka gagnast að sjálfsögðu fyrir Reykvíkinga og jafnvel fyrir Suðurlandið því þar geta skeð óhöpp líka, held ég að þarna yrði mikil samgöngubót. Það er búið að nefna hér ferðamálin. Ég skal ekki ítreka þau. Samvinna um fiskmarkað var nefnd. Þá má nefna til viðbótar þann mikla útflutningsmöguleika sem hlýtur að skapast við aukið fiskeldi á þessu svæði, bæði á Suðurlandinu og á Suðurnesjasvæðinu. Svona mætti halda áfram að telja lengi vel.

Ég vil þó taka undir alveg sérstaklega þau orð, sem féllu hjá flm., að það er í raun ekki alveg nóg að taka þennan veg einan. Það þarf að taka líka veginn og þær hugmyndir sem verið hafa uppi um að leggja veg með hitaveitulögninni frá Svartsengi að Fitjum í Njarðvík. Það mundi enn styrkja samvinnu sveitarfélaganna á Suðurnesjum, en eins og allir vita hafa Grindvíkingar verið nokkuð afskiptir vegna fjarlægðar og þeir talið að ýmsu leyti tormerki á samstarfi þó það hafi að öðru leyti tekist mjög vel.

Ég held að það þurfi ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta. Ég tel að hér sé hreyft slíku máli að það geti hugsanlega frestað tvöföldun á Reykjanesbrautinni, en ég er jafnframt alveg sannfærður um að það eyðir ekki þeim möguleika, sem við verðum að kanna mjög fljótlega, að búa til nýja akrein við hlið gamla Keflavíkurvegarins.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég styð þessa till. og skora á aðra alþm. að taka undir það.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég tel að í þessari þáltill. felist hið ágætasta mál og vil ekki láta undir höfuð leggjast að láta í ljós ánægju mína með að það skuli vera flutt á Alþingi. Ég er sannfærður um að vegargerð á þeim slóðum sem gert er ráð fyrir samkvæmt till. mundi vera til mikilla hagsbóta bæði fyrir Suðurland og Reykjanes. Það þarf ekki að hugsa til eldgoss eða ferðamannastraums einu sinni í því sambandi, atvinnulega séð mundi þetta skipta miklu máli. Samgöngulega séð fyrir byggðirnar og til að tengja þær saman er þetta áreiðanlega mikilvægt verk.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um málið, en ég tel að hér sé hreyft hinu ágætasta máli og að það sé sjálfsagt að taka þetta inn sem einn af þeim valkostum sem við þurfum að hyggja að í sambandi við samgöngumál á suðvesturhorni landsins á komandi árum.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til að lýsa stuðningi við till. Ég vek athygli á því að þetta er ekki tillaga um að byggja veg heldur að gera athugun eða kostnaðaráætlun á byggingu vegar og framkvæmdaáætlun og vænti ég þess að fljótt og vel verði að því staðið.

Vegakerfi Reyknesinga hefur yfirleitt verið talið gott og farið batnandi reyndar, en það er margt sem eftir er að gera og vissulega í mörg horn að líta. Það áhyggjuefni sem kannski stendur þm. Reykjaneskjördæmis næst þessa dagana er umferðin nálægt höfuðborgarsvæðinu. Ég get sagt það sem dæmi að ég er oft jafnlengi frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og frá Keflavík til Hafnarfjarðar þó að það sé mun styttri vegalengd um að ræða, þ.e. frá Keflavík til Hafnarfjarðar. Það sýnir að hin þunga umferð sem á veginum er frá Hafnarfirði til Reykjavíkur er til mikils baga vegna þess hversu vegakerfið er vanbúið.

Það hefur verið rætt hér líka um fleiri vegi en þennan. Þessi vegur kemur til með að gera margt gott og því betur sem lengra líður og hefur það verið rakið hversu samskipti Suðurlands og Reyknesinga hafa vaxið að undanförnu og fara mjög vaxandi einkum nú þegar fyrirhugað er að tengja fiskmarkaði Suðurnesja og Suðurlands saman. Nokkuð hefur verið um fiskflutninga frá Þorlákshöfn til Suðurnesjasvæðisins og mundi vegur sem þessi stytta þá vegalengd allverulega.

Árið 1980 gerði bæjarstjórn Keflavíkur samþykkt um nauðsyn þess að gera nýjan veg frá Fitjum til Grindavíkur, þ.e. meðfram hitaveituleiðslunni. Sá vegur er til svo að segja. Það vantar að setja á hann bundið slitlag. Það mundi stytta leiðina þar á milli allverulega og gera auðveldara um samgöngur milli byggðarlagana þar af leiðandi.

Ég vænti þess að af þessari kostnaðar- og framkvæmdaáætlun geti orðið sem allra fyrst og styð heils hugar þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hingað til að taka heils hugar undir það sem felst í þessari till. til þál. um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar við lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga. Ég held að þetta sé mjög þörf og góð tillaga og ég verð að segja að það kæmi mér á óvart ef sú könnun sem lagt er til að hér verði gerð leiddi ekki í ljós að hér væri um verulega arðbæra framkvæmd að ræða.

Rökin hafa nú þegar komið fram hér í umræðunni og ég tek undir þau. Rökin felast einfaldlega í því að líta á landakortið og skoða hvernig það lítur út. Ég held að það fari ekkert milli mála að ef það verður gerður góður vegur á þessari leið yrði það veruleg lyftistöng fyrir þau héruð sem þarna eiga hlut að máli. Minnst hefur verið á hérna í umræðunni þá samvinnu sem orðin er á milli þeirra staða sem eru nefndir í tillögunni og góður vegur þarna á milli mundi vissulega efla verulega það samstarf og eins og ég sagði áðan verða veruleg lyftistöng atvinnulífi beggja vegna. Það er einnig og ekki síður mjög mikilvægt að stytta leið Sunnlendinga til okkar eina alþjóðlega flugvallar og sömuleiðis, eins og hér hefur komið fram, gæti þetta orðið til að létta þann vanda sem við okkur blasir í umferðarmálum á þessu landshorni.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að koma þessum vegarkafla inn í umræðuna og þakka hv. flytjendum þessa máls fyrir að bera það hérna inn á Alþingi. Það væri svo óneitanlega gaman að heyra í öðrum en Reykjanesþingmönnum um þetta mál.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með framlagningu þessarar þáltill. Ég hafði raunar skoðað þetta vegarstæði í sumar. Einum þremur, fjórum sinnum hef ég farið þessa leið í sumar og var að skoða einmitt þetta vegarstæði sem er á mjög skemmtilegu landsvæði, bæði hvað varðar útivist og einnig með tilliti til ferðamanna. Það er ekki aðeins það að hér tengist saman tvö atvinnusvæði, Suðurland og Suðurnes. Það mundi væntanlega ekki aðeins opna ýmsa möguleika á atvinnulífi, heldur er um mjög arðbæra framkvæmd að mínu mati að ræða og jafnframt öryggisatriði eins og hér var nefnt.

Þessi leið liggur að hluta til í hrauni sem er væntanlega ekki mjög erfitt að ýta upp til að gera gott vegarstæði. Góður vetrarvegur þarna opnar líka möguleika á útivist að vetri til. Ef við lítum á kortið er ekki mjög löng leið á Bláfjallasvæðið og upp á Heiðina há þangað sem skíðagöngumenn sækja mikið á veturna. Ég hef sjálfur rennt mér á skíðum alveg niður að Selvogi nokkrum sinnum. Ég held að vetrarvegur þarna mundi opna meiri og fjölbreyttari möguleika til útivistar en áður hefur verið.

Þetta svæði er líka sem sumarsvæði afskaplega áhugavert fyrir náttúruunnendur þó að víða sé óhægt að komast þarna um hraunið. Vegarstæði sem mundi taka mið af þessum sjónarmiðum væri vafalaust til mikilla bóta fyrir þá sem hafa áhuga á

útiveru og jafnframt mundi það auka öryggi og samgöngurnar á milli.

Ég er því mjög ánægður með að þetta skuli koma hér fram og lýsi stuðningi mínum við það og vona að þetta mál muni hafa góðan framgang þegar það kemur til umræðu aftur og verði væntanlega tekið inn í vegáætlun í framtíðinni. Ég held að þetta sé einmitt mjög góð lausn á hluta umferðarvandans og muni styrkja atvinnulífið, eins og ég sagði áðan, bæði á Suðurnesjunum og á Suðurlandi. Með tengingu við hina nýju brú yfir Ölfusá muni þetta breyta þessu svæði í atvinnulegu tilliti. Ég vona því að framkvæmd á þessu hefjist mjög fljótlega.

Flm. (Níels Árni Lund):

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið á hv. Alþingi. Að vísu sakna ég þess að það skuli ekki hafa fleiri þm. af Suðurlandi talað í þessari umræðu, en það kemur að því vonandi að svo geti orðið. Að sjálfsögðu þakka ég mínum meðflm. sem hér talaði og flutti gott mál og sýndi fram á mörg rök til viðbótar því sem kom fram í mínum málflutningi, varðandi gagnsemi og jafnvel nauðsyn þessa vegar. Þm. Reykjaness hafa hér staðið upp hver á fætur öðrum og lýst yfir stuðningi við þessa tillögu og fyrir það er ég mjög þakklátur.

Ég vænti svo að þessi till. nái fram að ganga á hv. Alþingi í vetur og vona þar með að hún fái skjóta úrlausn í nefnd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

EFRI DEILD

14. fundur, miðvikudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Norræni fjárfestingarbankinn, 2. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73, n. 156.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur orðið ásátt um það eftir athugun að mæla með samþykki frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það er lagt fyrir hv. Alþingi vegna þess að í tengslum við kjarasamninga er tókust með félögum ASÍ og vinnuveitenda 26. febr. 1986 var samið um tvö atriði er snertu starfsemi lífeyrissjóða.

Í fyrsta lagi skyldu lífeyrissjóðirnir lána verulegan hluta ráðstöfunarfjár til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í öðru lagi skyldi greiða iðgjald til lífeyrissjóða af öllum launatekjum starfsmanna í stað dagvinnulauna. Breyting þessi á að gerast í áföngum á árunum 1987–1989. Í samræmi við nefnd samningsákvæði breyttu flestir lífeyrissjóðir landsins reglugerðum sínum á síðasta ári og hefur fjmrn. staðfest þær breytingar.

Lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 95/1980, eru sniðin eftir reglugerðum lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, SAL. Stjórn söfnunarsjóðsins, sem m.a. er skipuð skv. tilnefningu Sambands almennra lífeyrissjóða, Landssambands lífeyrissjóða og stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er einhuga um það að eðlilegt sé að lögum verði breytt til samræmis við þær reglur sem nú gilda um iðgjöld til sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða og landssambandsins. Réttur félaga í söfnunarsjóðnum til lífeyris er tryggður með sama hætti og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum að frátöldum sjóðum opinberra starfsmanna. Telja verður eðlilegt að breyting sú sem frv. felur í sér nái fram að ganga. Ég skora því á hv. þm. að veita frv. þessu brautargengi og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Launaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum. Í þessu frv. er lagt til að greiða beri frá og með 1. jan. nk. 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum sem greidd eru í iðnaði og fiskvinnslu, svo og

af launum sjómanna á fiskiskipum.

Eins og fram hefur komið er markmiðið með þessari endurskoðun á launaskattslögunum að stíga fyrsta skref í átt til samræmingar milli einstakra atvinnugreina á þessu sviði í samræmi við ákvæði starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar um að koma þessari samræmingu á í áföngum. Það er mikils virði að koma á meiri jöfnuði milli einstakra atvinnugreina en nú er, jafnt í skattamálum sem á öðrum sviðum, því að það er ein af forsendunum fyrir arðbærum atvinnurekstri.

Að þessu sinni var ekki talið fært að koma á fullu samræmi heldur er lagt til að einungis verði lagður 1% launaskattur á þær atvinnugreinar sem nú eru undanþegnar skattinum, aðrar en landbúnað, meðan aðrar greinar bera 3,5% launaskatt.

Launaskattur var fyrst á lagður með brbl. á árinu 1964. Hann var ákveðinn 1% og lagðist á öll vinnulaun og þóknanir aðrar en tekjur af landbúnaði. Skatturinn rann í upphafi allur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag. Síðla árs 1970 var skatturinn hækkaður úr 1% í 2,5% og rann hækkunin öll í ríkissjóð. Á árinu 1973 voru tekjur sjómanna á fiskiskipum svo og hlutráðinna landmanna undanþeginn skattinum. Skatturinn var síðan hækkaður tímabundið í 3,5% hinn 1. apríl 1974. Þar af skyldu 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins en 1,5% í ríkissjóð. Þó svo hækkun hafi verið tímabundin voru ákvæði um hana árlega framlengd þar til 1978 er hinu hækkaða skatthlutfalli var veitt viðvarandi lagagildi. Með lögum nr. 5/1982 var skatthlutfall af launum í fiskverkun og iðnaði lækkað í 2,5%. Launaskattur af þessum greinum var loks felldur niður með lögum nr. 3/1986. Athygli skal vakin á því að hlutdeild Byggingarsjóðs í tekjum af launaskatti var afnumin með lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Eins og áður segir felur frv. í sér að framvegis skuli greiða 1% launaskatt af þeim launum og þóknunum sem nú eru undanþegin launaskatti öðrum en launum í landbúnaði. Við afmörkun á gjaldskyldunni er lagt til að atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar verði lögð til grundvallar. Í samræmi við þetta er í 1. gr. frv. kveðið á um að 1% launaskatt skuli greiða af vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem upp er talin í 1., 2. og 3. flokki atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands. Af öðrum vinnulaunum ber hér eftir sem hingað til að greiða 3,5% launaskatt.

Rétt þykir þó að vekja athygli á því að til þessa hefur verið greiddur 3,5% launaskattur af greiðslum fyrir yfirstjórn í fiskveiðum. Ástæðan fyrir þessu er sú að undanþágan varðandi laun í útgerð í gildandi lögum hefur takmarkast við laun sjómanna og hlutráðinna landmanna. Afmörkun gjaldskyldunnar með framangreindum hætti leiðir hins vegar til þess að greiða ber 1% launaskatt vegna yfirstjórnunar í þessari starfsemi. Breyting þessi verður að teljast eðlileg auk þess sem hún leiðir til samræmingar og einföldunar í framkvæmd.

Nokkur umræða hefur spunnist um þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja umræddan launaskatt á fyrirtæki í sjávarútvegi. Sjálfsagt er að líta aðeins nánar á það mál. Fyrsta spurning er þá sú um hvaða fjárhæðir er hér verið að ræða. Skv. áætlun fjárlaga frv. er gert ráð fyrir að viðbótartekjur á næsta ári verði um 400 millj. kr. vegna þessarar víkkunar á launaskattsstofninum. Um það bil helmingur þeirrar fjárhæðar kemur frá sjávarútvegsgreinum, en hinn helmingurinn frá almennum fyrirtækjum fyrir utan þau fyrirtæki sem þegar greiða 3,5% launaskatt. Þetta segir ekki alla söguna. Ef við lítum aðeins á heildarrekstur í þessum greinum þá kemur í ljós t.d. í frystingunni að henni væri gert að greiða nálægt 45 millj. kr. í launaskatt á næsta ári skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar. En af hve miklum tekjum? Samkvæmt sömu heimildum má áætla tekjustofninn á bilinu 15–15,5 milljarða kr. Launaskatturinn svarar því til u.þ.b. fjórðungs úr prósentu af heildartekjum greinarinnar. Á mælikvarða fiskverðs svarar launaskatturinn til tæplega 0,5%. Þetta eru því ekki hlutir sem frystingin mun standa eða falla með. Þetta finnst mér nauðsynlegt að draga hér fram til þess að menn velkist ekki í vafa um stærðargráður í þessu efni. Mönnum hættir stundum til að einblína svo mikið á einstök tré að þeir taki ekki eftir skóginum. Með þessu vil ég þó á engan hátt gera lítið úr vanda frystiiðnaðarins í dag. Hann er verulegur. Ég er aðeins að vekja athygli á því að launaskattur, sem áformaður er í þessu frv., skiptir þar ekki sköpum.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Einhvers staðar stendur sú gullvæga setning að mjór sé mikils vísir. Einhvern veginn hef ég tilfinningu fyrir því að varðandi þá álagningu, sem hæstv. fjmrh. var að útlista hér á sjávarútveginn, og sem eftir því sem hann sagði mundi ekki skipta sköpum fyrir sjávarútveginn, sé aðeins um upphafið að ræða, enda felur frv. það raunverulega í sér að þetta er áfangi að því að jafna launaskattinn þannig að hann sé lagður jafnt á alla atvinnuþætti í landinu. Ráðherra upplýsti að heildartekjur frystingarinnar í landinu væru 15,5 milljarðar og það þýddi að hér væri aðeins um að ræða fjórðung úr prósenti á þær heildartekjur. Ég geri ráð fyrir því að hér sé verið að ræða um veltu, söluveltu fyrirtækjanna og það gefur auga leið að hér er ekki um svo lítið að ræða við þá stöðu sem þessi atvinnugrein býr við í dag.

Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar kemur hvað harðast niður á sjávarútveginum og ekki þá síst frystingunni sem hæstv. ráðherra tók hér til viðmiðunar. Aðilar sjávarútvegsins hafa mótmælt þessari álagningu og bent hefur verið á það að hér sé verið að hverfa frá þeim samningum sem gerðir voru við fiskvinnsluna eða Vinnuveitendasambandið og ASÍ í sambandi við þjóðarsáttina á árinu 1986. Er það

náttúrlega miður að frá þeim grundvallarsamningum sé horfið á þann veg sem hér er lagt til.

Til viðbótar við það að sjávarútvegurinn á undir högg að sækja í sambandi við gengisskráningu hefur það verið upplýst að minnkandi sjávarafli muni koma niður á efnahag landsins sem raun ber náttúrlega vitni um og við þurfum ekkert að efast um og fyrst og fremst kemur hann þyngst niður á grunngreinarnar, framleiðslugreinarnar sjálfar. Okkur er boðað það að við verðum að taka tillit til þess í sambandi við efnahagsþróun komandi árs að það verði a.m.k. 10% skerðing á bolfiskafla eða þorskafla, það kemur til viðbótar svona smákroppi eins og ráðherra sagði að þetta væri.

Það er líka verið að boða það að haldið skuli áfram óbreyttri fiskveiðistefnu. Og hvað þýðir það? Það þýðir að áfram skuli vera sá verðmætisauki í sjávarútveginum sem við vitum að við höfum búið við undanfarin þrjú ár, að það er allt að því tvöfalt verðmæti sem fiskvinnslan verður að standa undir í sambandi við fjármagnskostnað fiskiskipa. Hver þátturinn á fætur öðrum er lagður á þennan grunnatvinnuveg. Það er ekki uppbyggileg stefna sem hæstv. ríkisstjórn leggur þessum grundvallaratvinnuvegi til þess að byggja á.

Ég vil undirstrika það að ég tel að það hafi ekki átt að fara út í þessa álagningu. Þau rök að atvinnugreinarnar þurfi að standa jafnar fyrir gjöldum held ég að eigi ekki við þarna og síst af öllu að velja til þess þann tíma sem við nú búum við, þar sem sjávarútvegurinn á undir högg að sækja á flestum sviðum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Í sambandi við það frv. til laga sem hér hefur verið lagt fram þykir mér rétt að taka fram eftirfarandi:

Kvennalistinn hefur alla tíð litið svo á að jafna skuli aðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina, að jafna skuli þau skilyrði sem þær búa við. Sú skattlagning sem hér er lögð til, þ.e. launaskattur á allar atvinnugreinar nema landbúnað, er hins vegar vafasöm mjög á þessari stundu. Ég fagna hins vegar þeirri ákvörðun sem fram kemur í frv. um að ekki skuli skattleggja landbúnaðinn vegna þess að sú úlfakreppa sem hann er kominn í er auðvitað fyrst og fremst stjórnvöldum og handahófskenndum aðgerðum þeirra og niðurskurði að kenna á liðnum árum.

Meginástæður þess að við kvennalistakonur getum ekki stutt álagningu launaskatts á sjávarútveginn núna eru einkum tvær: Í fyrsta lagi er hér nánast um hreinan dreifbýlisskatt að ræða og mér er spurn: Heldur fólk að dreifbýlið þoli enn eitt áfallið ofan á það aðgerðarleysi eða öllu heldur þá aðför sem stjórnvöld ætla sér að gera enn einu sinni að íbúum landsbyggðarinnar? Allir sem til þekkja vita að víða úti á landsbyggðinni er almenn og sjálfsögð þjónusta, menntun, menning, húsnæðis- og atvinnumál í molum, svo að eitthvað sé nefnt, eftir sinnuleysi og aðgerðarleysi stjórnvalda í málefnum landsbyggðarinnar á undanförnum árum.

Í því fjárlagafrv. sem nú hefur verið lagt fram er ekkert sem bendir til að ríkisstjórnin ætli að ráða bót á þessu, en það er nú reyndar ótrúlegt hve minni manna nær skammt eftir allt landsbyggðartalið fyrir kosningar sl. vor.

Í öðru lagi ber að hafa í huga að enn er ekkert um það vitað hvernig fiskveiðistefna næstu ára verður. Öllum ber saman um að draga verði úr veiðum en sá samdráttur mun auðvitað fyrst og fremst koma niður á þeim stöðum og því fólki sem nú er verið að leggja auknar byrðar á án þess að neitt komi á móti.

Herra forseti. Það er ekki hægt að fjármagna sóun og stöðugan halla á ríkissjóði undanfarin ár með skattlagningu sem þessari. Við kvennalistakonur erum, eins og ég gat um áðan, hlynntar því að allar atvinnugreinar búi við sem jöfnust skilyrði, að einni sé ekki hyglað umfram aðra, en þetta er ekki rétti *tíminn til þess að gera þá breytingu sem hér er lögð* til.

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Hér er komið fyrsta frv. af langri runu sem hæstv. fjmrh. fór með fyrst við framlagningu fjárlagafrv. fyrir tæpum mánuði og svo aftur hér í síðustu viku þegar matarskatturinn kom til umræðu af öðru tilefni. Það er athyglisvert að breytingar á launaskatti voru þær síðustu í upptalningu hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðunni, enda trúlega þær veigaminnstu peningalega séð. Stóru málin, matarskatturinn, tollarnir, lækkun söluskatts, breytingar á vörugjaldi og virðisaukaskatturinn, allt er þetta óséð enn og reyndar allt á huldu.

Í fjárlagaræðunni sagði hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin ætlaði að grípa til samræmdra aðgerða til þess að eyða þeirri óvissu sem nú ríkti í efnahagsmálum. Síðan er liðinn mánuður, en óvissan hefur aldrei verið meiri í ríkisfjármálunum en einmitt nú og kannski ekki síst vegna síðbúins upphlaups krata varðandi stjórnun fiskveiða og ágreining stjórnarflokkanna um einstök atriði fjárlagafrv. Það er greinilegt að áætlun ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög mun ekki standast og forsendur fyrir framvindu efnahagsmála á næsta ári eru enn á huldu. Á meðan eru einstaka ráðherrar með yfirlýsingar eða eigum við að kalla það auglýsingar um að það þurfi að koma 300 millj. í þennan málaflokkinn og 300 millj. í hinn málaflokkinn. Tíminn er hins vegar að renna út. Það eru aðeins eftir tvær heilar vikur af starfstíma þingsins. Og í þessari stöðu kemur svo hæstv. fjmrh. og mælir fyrir frv. um hækkun launaskatts sem er í rauninni brotabrot af því sem hann hefur boðað.

Það er í sjálfu sér þakkarvert að eitthvað kemur frá hæstv. ríkisstjórn og ráðherra, en þetta frv. skiptir ekki sköpum hvað ríkisfjármálin varðar né eyðir það þeirri óvissu sem er uppi um framvindu þeirra mála heilum mánuði eftir framlagningu fjárlagafrv. og þremur vikum fyrir jólaleyfi þm.

Ég sagði hækkun launaskatts, en hæstv. ráðherra talar hins vegar um samræmingu á launaskatti.

Hann hefur uppi sömu rök og eru notuð af hálfu ríkisstjórnarinnar, m.a. fyrir matarskattinum og fyrir virðisaukaskattinum. Hér er um að ræða samræmingu samræmingarinnar vegna. Kjörorðið virðist vera: Vond samræming er betri en engin. Þess vegna, vegna samræmingarinnar, ætlar ríkisstjórnin að leggja 10% söluskatt á öll matvæli um næstu áramót, nauðþurftir jafnt og lúxus. Þess vegna ætlar ríkisstjórnin nú að leggja 1% launaskatt á fiskveiðar og á iðnað. Þess vegna ætlar ríkisstjórnin nú að leggja 1% launaskatt á fiskirækt og fiskeldi þó hæstv. ráðherrar tali hátt á tyllidögum um dásemd þessa nýja vaxtarsprota í atvinnulífi landsmanna.

Í ræðu sinni áðan ítrekaði ráðherra að þetta væri fyrsta skrefið í átt til samræmingar á launaskatti. Ég tel þetta furðulega ráðstöfun í meira lagi og reyndar tel ég að fjmrh. sé í þessum efnum að vinna eftir mjög svo úreltum hugmyndum. Það er nefnilega ekkert sjálfgefið réttlæti í því að leggja einn og sama neysluskattinn á allar vörur, nauðþurftir jafnt og lúxusvörur, og það er heldur ekkert sjálfgefið réttlæti í því að leggja sama skatt á vinnu við allar atvinnugreinar. Mannlífið er nú einu sinni flókið og sama mælistika verður ekki lögð á allar athafnir manna nema óréttlæti fylgi.

Gott dæmi um málflutning ráðherra og hversu úreltur hann er, er virðisaukaskatturinn þar sem nauðsyn samræmingar hefur helst verið höfð á orði.

Efnahagsbandalagið hefur nýlega gert tillögur um samræmingu virðisaukaskatts í aðildarlöndum sínum og þar er, herra forseti, gert ráð fyrir tvenns konar prósentu virðisaukaskatts, annars vegar 4–6% álag á matvörur og hins vegar 14–17% á aðrar vörur og þjónustu. Eina land Efnahagsbandalagsins sem hefur einn og sama virðisaukaskattinn á alla skapaða hluti er Danmörk, en einmitt þangað fór sendinefnd frá fjmrn. þegar menn fóru til þess að leita að hugmyndum og tillögum varðandi virðisaukaskattinn. Ég tel að áður en ráðherra gengur frá nýju frv. um virðisaukaskatt væri rétt að senda nýja sendinefnd frá ráðuneytinu, í þetta sinn til Efnahagsbandalags Evrópu og til Írlands og Bretlands þar sem virðisaukaskattur er ekki lagður á matvæli. Þannig gæti ráðuneytinu og þar með kannski ráðherra lærst að það er ekkert sjálfgefið að það þurfi eitt yfir alla að ganga, allar vörur, þjónustu eða atvinnugreinar í þessu efni fremur en öðru.

Ég er sem sé algerlega andvíg þeirri forsendu sem þetta frv. byggir á sem er samræming samræmingarinnar vegna. Ef tilgangurinn væri hins vegar sá að auka tekjur ríkissjóðs um þær 400 millj. sem hér er um að ræða, þá er Alþb. svo sannarlega til viðræðu um það. Það nægir að minna hér á skattafrv. sem Svavar Gestsson og fleiri þm. Alþb. hafa lagt fram í þessari deild og er nú til umfjöllunar í hv. fjh.- og viðskn. Alþb. er nefnilega tilbúið til þess að leggja á skatta, ekki til samræmingar, heldur til tekjujöfnunar og til stýringar í atvinnulífinu. Við viljum til að mynda skattleggja gróða fyrirtækjanna og við viljum skattleggja stórar eignir. Þetta var í orði stefna Alþfl. fyrir síðustu kosningar, en hún er hins vegar núna týnd og tröllum gefin.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja tvær spurningar fyrir fjmrh. Sú fyrri er: Hvaða álögur í krónum talið er það sem fiskirækt og fiskeldi eiga að bera — grein sem á að vera einn helsti vaxtarsprotinn í atvinnulífi landsmanna og mun væntanlega verða það á komandi árum ef ríkisvaldið reynir að hlúa að þeirri atvinnugrein en ekki plokka af henni það litla sem þar er enn til skipta? Og í öðru lagi: Hvenær koma frumvörpin sem eftir er beðið og ráðherra hefur talið upp oftar en einu sinni og oftar en tvisvar?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Að því er varðar þær áhyggjur manna að mjór sé mikils vísir og að áform séu uppi um að hækka launaskattinn vil ég aðeins segja þetta: Í starfsáætluninni var gert ráð fyrir því að taka upp samræmdan launaskatt sem yrði fremur lágur, sem hefði hins vegar falið í sér að lækka launaskatt einmitt í verslun og þjónustu sem fyrirferðarmest er hér á suðvesturhorni landsins. Það þótti ekki fært við ríkjandi skilyrði, þenslu á þessu svæði. Þess vegna var ákveðið að taka þetta í áföngum. Áformin voru um launaskatt 1–1½% fyrir atvinnulífið í landinu í heild án mismununar. Þetta er skýringin að það skref var ekki stigið að sinni. Áform um hækkun eru hins vegar ekki.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér í almennan eldhúsdag að þessu sinni um þjóðarsátt, um gengisstefnu eða fiskveiðistefnu. Til þess munu gefast næg tækifæri á næstunni. Til mín var beint tveimur spurningum. Annars vegar um það hvaða álögur væru lagðar á fiskirækt og fiskeldi. Því miður hef ég þær tölur ekki handbærar og verð því að láta mér nægja að lofa því að svara þeirri spurningu eftir einhverja skoðun. En hitt er rétt að komi fram að þær launafjárhæðir sem hér hefur verið miðað við eru miðað við árið 1988, endurskoðaða áætlun frá 25. nóv., 11 milljarðar að því er varðar fiskveiðar og 9 milljarðar að því er varðar fiskvinnslu. En 1% skattur af þessum fjárhæðum næmi þá í heild 110 millj. að því er varðar fiskveiðar og 90 millj. að því er varðar fiskvinnslu. Nánari tölur hef ég ekki um það, en lofa hv. fyrirspyrjanda að kanna það sérstaklega og koma þeim upplýsingum á framfæri.

Í annan stað var spurt hvenær væri að vænta annarra þeirra frumvarpa er varða tekjuhlið fjárlagafrv. og boðuð hafa verið. Þegar hafa verið lögð fram nokkur þeirra, þ.e. frv. til laga um staðgreiðslu og frv. til laga um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem við getum sagt að sé það frv. sem markar skattbyrðina í hinum nýja staðgreidda tekjuskatti og verður væntanlega lagt fram á hinu háa Alþingi í dag. Frv. um launaskatt er hér fram lagt. Frumvörp um endurskoðun tollskrár hafa lengi verið til umfjöllunar í ríkisstjórn og eftir bestu vitneskju er þess vænst að sjálft frv. um tollskrána

verði fullbúið nk. mánudag. Þetta er eins og hv. þm. er kunnugt frá fyrri tíð viðamikið verk og mun vera einhvers staðar á bilinu 350–400 blaðsíður. Á grundvelli þess verða síðan lögð fram tvö önnur frumvörp sem bæði eru í umfjöllun ríkisstjórnar, þar af annað í umfjöllun þingflokka stjórnarflokkanna, þ.e. um vörugjald og samræmdan söluskatt. Ég þori ekki að fullyrða á hvaða degi almanaksins þessi frumvörp verða afgreidd endanlega af stjórnarflokkunum í heild til framlagningar á Alþingi, en vænti þess að það verði einhvern hinna næstu daga.

Önnur frumvörp sem einnig eru tilbúin og hafa verið lögð fram til kynningar í ríkisstjórn og hjá stjórnarflokkum eru frv. til laga um breytingu á svokölluðum húsnæðissparnaðarreikningum, frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. til laga um sérstakt gjald af verktökum ásamt með tveimur öðrum frumvörpum, þar á meðal eitt sem reyndar hefur þegar verið lagt fram hér og varðar Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef að gefa á þessu stigi máls um það hvar þessi frumvörp eru stödd.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þessi frv. eru síðbúin og hefði gjarnan kosið að þau hefðu verið lögð fram fyrr. Á hitt er að líta að það er ekki lítið verk að endurskoða löggjöf sem varðar kannski 70–80% af tekjuöflun ríkisins á tiltölulega skömmum tíma, á sama tíma og um er að ræða mesta álagstíma í fjmrn. við undirbúning fjárlagafrv. og lánsfjárlaga. Þegar því er síðan við að bæta, þrátt fyrir allt tal um Parkinson í ríkisrekstri, að þeir starfsmenn sem að þessu hafa unnið á undanförnum vikum, reyndar dag og nótt og allar helgar, eru ekki nema 4–5 talsins.

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin og vænti þess að upplýsingar um fyrirhugaðar álögur á fiskeldi og fiskirækt muni koma hið fyrsta til hv. fjh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta frv. til umfjöllunar.

Það er eins og manni bauð í grun að það er enn djúpt á stóru málunum hjá hæstv. ríkisstjórn. Ef tollafrv. kemur fyrst fram hér í Alþingi nk. mánudag, þá er mjög stuttur tími eftir fyrir alþm. og fyrir Alþingi til þess að fjalla um það einmitt á þeim sama álagstíma og fjmrh. nefndi þegar verið er að afgreiða fjárlög og mörg önnur stórmál. En við því er kannski bara eitt að gera og það er að hæstv. fjmrh. feti í fótspor Castros og fresti jólunum eða alla vega áramótunum um sinn. Ég held að það mætti að skaðlausu láta þetta frv., sem hér liggur fyrir, bíða fram yfir þá dagsetningu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 176.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 176. Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn 18 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. frv. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa síðustu ár.

Þá liggja fyrir í ráðuneytinu nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem ekki uppfylla að öllu leyti þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar og verða þessar umsóknir sendar þingnefndinni.

Ég legg áherslu á að þetta frv. fái afgreiðslu fyrir jólaleyfi. Sú aðferð sem tíðkast hefur á undanförnum árum að afgreiða frv. af þessu tagi aðeins einu sinni á ári, í lok þings að vori, er að mínum dómi óheppileg að því leyti að úrlausn á þessu mikilvæga málefni einstaklinga sem hér er um að ræða dregst þannig úr hófi fram. Ég áforma hins vegar ef þetta gengur eftir að flytja annað frv. af þessu tagi eftir jólaleyfi, eftir því sem tilefni gefst til.

Tillagan sem ég hér geri er sú að þeir sem uppfylla öll skilyrði sem Alþingi hefur sett til að hljóta íslenskan ríkisborgararétt hljóti hann nú með samþykkt þingsins fyrir jól.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 1. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 149.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 33 frá 1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Meðflm. minn er Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingkona Kvennalistans. Ég fer fram á það að hæstv. menntmrh. verði sóttur á þennan fund. Hann bað sérstaklega um það að fá að vera viðstaddur og ég geri því hlé á máli mínu þangað til hann kemur. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstaf-

anir til þess að ná í hann og hann kemur innan tíðar.) Ég vil þá mæla fyrir þessu frv. áfram.

1. gr. frv. hljóðar svo: „Úr 6. gr. laganna falli brott orðin „og gilda til ársloka 1987"."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þetta frv. er flutt til þess að lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33 23. mars 1983, falli ekki úr gildi við árslok 1987. Þau tímatakmörk eða „sólarlagsákvæði" sem sett voru í lögin komu til vegna brtt. sem fram komu við umræður um málið hér á þinginu. Forsendur tillögunnar voru þær að varasamt gæti verið að beita ritskoðun eða bönnum í menningarmálum. Slíkt gæti haft alvarleg áhrif á listsköpun. Einnig var bent á það að hin nýja myndbandabylting, sem einmitt var tilefni til flutnings frv., byði upp á sérstakar aðstæður sem kynnu að breytast þegar meira jafnvægi kæmist á. Flm. brtt. féllust þó á það að full ástæða væri til þess að samþykkja slík lög, en rétt væri að endurskoða þau að nokkrum árum liðnum. Mig langar að vitna lítillega til umræðunnar sem átti sér stað um þetta frv. á þinginu 1983, með leyfi forseta, þegar þáverandi menntmrh., Ingvar Gíslason, mælti í 2. umr. fyrir málinu. Hann sagði:

„Ég vil taka það fram, eins og ég gerði þegar ég flutti framsöguræðu fyrir þessu máli, að vissulega er hér um mjög alvarlegt mál að ræða, þegar til þess ráðs er gripið að hvetja til ákveðins banns á slíkum kvikmyndum, vegna þess að það er nokkurn veginn sannað mál að þessar kvikmyndir, sem hér er um að ræða, hafa mjög ill uppeldisleg áhrif á börn og jafnvel eldra fólk sem þær sér. Ég held því að það sé mikil nauðsyn að grípa inn í þetta.

Hitt vil ég reyndar taka fram, að það er mjög alvarlegt í sjálfu sér að þurfa að grípa til slíkrar ritskoðunar, ef svo má til orða taka. Vissulega er þetta „sensúr", eins og það heitir á útlendum málum, en eigi að síður kann það stundum að vera eðlilegt að beita slíkri hörku í lagaframkvæmd. En ég vil taka það fram að með þetta vald verður vissulega að fara með mikilli gát, og það má alls ekki líta svo á, að hér sé verið að fara út í að ritskoða kvikmyndir af engu tilefni. Ég vil að það komi mjög skýrt fram, enda veit ég að hv. menntmn. er mér sammála um það. Ég hef lagt á það mikla áherslu að hér hlýtur að vera um undantekningaratriði að ræða, en eigi að síður hef ég fallist á þau rök sem fram hafa komið í ítarlegum viðræðum margra áhugaaðila og uppalenda hér í landinu þar sem ég hef verið viðstaddur, að það sé nauðsynlegt að grípa til kvikmyndaskoðunar með þessum hætti."

Brtt. kom fyrst og fremst frá Vilmundi heitnum Gylfasyni og ég vil vitna í orð hans vegna þess að þetta eru sannarlega athugasemdir og mótbárur í málinu sem eiga rétt á sér, en þegar um undantekningaratriði er að ræða þá getur verið að það þurfi að líta fram hjá þeim, en ég vil gjarnan að þessi sjónarmið komi fram. En Vilmundur sagði í sínu máli, með leyfi forseta:

„Ég vildi aðeins að þau sjónarmið kæmu fram við þessa umr. að ég er einn af þeim sem er og vil vera og tel að við eigum að vera ákaflega feimin í öllum slíkum lagasetningum, þar sem verið er að leggja til boð og bönn. Ég undirstrika þó að mér er fullkunnugt um að hér er átt við mjög sérstakt vandamál, þ.e. að vegna algerra tækninýjunga í því sem kallað hefur verið vídeó hefur komið inn í landið eftirlitslaust og hafa verið sýndar börnum og unglingum kvikmyndir af því tagi að vitaskuld mundu ekki teljast boðlegar undir nokkrum kringumstæðum í tengslum við neitt það sem siðmenning getur kallast. Vegna þessara sérstöku aðstæðna og vegna þess að tæknibylting hefur farið fram má út af fyrir sig leiða að því gild rök, eins og bæði hv. frsm. og hæstv. menntmrh. hafa raunar gert, að hér sé um tímabundna nauðsyn að ræða.

En engu að síður, vegna þess og til undirstrikunar því hvað þessar brautir geta verið hættulegar, og þegar menn eru að setja lög af þessu tagi hafa þeir í huga tilteknar kvikmyndir, margar reyndar, sem eru víst svo andstyggilegar að orð fá vart lýst, mega menn aldrei gleyma að lagasetning af þessu tagi felur í sér hættur."

Síðan heldur hann áfram: „En ég viðurkenni þó um leið þetta frv. Þar er verið að taka á tilteknum vanda. Menn hafa tiltekið efni í huga þegar lögin eru sett. Hvergi skal úr því dregið að það er beinlínis viðurstyggilegt, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum. Mundi ég þó telja æskilegt að vandlega væri athuguð milli 2. og 3. umr. þessa máls, ef um það næðist samkomulag, hvað hér er verið að fjalla um hættulegt prinsipp, þó að það vefjist ekki fyrir nokkrum manni að hin tímabundna nauðsyn er til staðar hvort ekki sé skynsamlegt einmitt í málum af þessu tagi að um leið og lögin eru sett sé í þeim ákvæði um að þau vari t.d. til fimm ára, að lögin falli úr gildi að fjórum eða fimm árum liðnum og hv. Alþingi þurfi þá að endurnýja lögin ef ástæða þykir til."

Mig langar enn að vitna í fylgiskjal sem fylgdi með frv. þegar það var lagt fram. Það er ályktun norrænna kvikmyndaeftirlitsmanna um ofbeldis- og fíkniefnamyndir, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi ályktun var samin og samþykkt af fulltrúum kvikmyndaeftirlitsstofnana Norðurlanda og lögð fyrir alþjóðlega ráðstefnu kvikmyndaeftirlitsmanna í London 22.–26. mars 1982. Í fyrsta skipti í sögunni hittast kvikmyndaeftirlitsmenn 28 þjóðlanda og fjögurra kanadískra fylkja til ráðstefnu í London í boði breska kvikmyndaeftirlitsins. Meðal hinna fjölmörgu efna sem við höfum rætt olli eftirfarandi okkur sérstökum áhyggjum. Vaxandi ofbeldi í heiminum gerir okkur órótt og einnig hversu fjölmiðlar fjalla um það á ágengan hátt og í smáatriðum. Þetta gildir bæði um raunverulegt ofbeldi í stríði, hryðjuverk og glæpi og ofbeldi sem sýnt er í afþreyingarskyni í kvikmyndum, á myndböndum og í sjónvarpi.

Þótt það sé fyrst og fremst afþreyingarofbeldi sem kvikmyndaeftirlitsmönnum er ætlað að fylgjast með

viljum við ekki loka augum fyrir því að tengsl geti verið milli þessara tveggja sviða ofbeldis. Við teljum að við stöðuga fóðrun á afþreyingu af ofangreindu tagi geti almenningur sljóvgast svo gagnvart ofbeldi í ýmsum myndum að neikvæð viðbrögð hafi veikst þegar staðið er frammi fyrir ofbeldi hins raunverulega lífs. Þessi vandi er sérstaklega alvarlegur þegar um er að ræða börn og ungmenni á því aldursskeiði sem þau eru viðkvæmust fyrir utanaðkomandi áhrifum.

Annað atriði sem veldur fulltrúunum áhyggjum er vaxandi fjöldi kvikmynda þar sem fíkniefnanotkun er sýnd. Nýr þáttur þeirrar þróunar birtist í fjölda mynda þar sem notkun þessara efna er sýnd undir spaugilegum kringumstæðum en í venjulegu og viðurkenndu umhverfi. Hvort sem um er að ræða ofbeldi eða fíkniefnanotkun, þá höfum við mestar efasemdir um atriði sem gætu haft þau áhrif að hvetja til eftirlíkingar og mætti taka sem fordæmi til eftirbreytni. Og enn skal ítrekað að hér höfum við fyrst og fremst ungmenni í huga.

Þar til fyrir skömmu hafa hörðu fíkniefnin sem svo eru stundum nefnd valdið mönnum mestum áhyggjum, en nú eru kannabisefni í miðju umræðunnar um skaðleg áhrif fíkniefna.

Dæmi eru um það að aðhaldssemi í kvikmyndaeftirliti hafi leitt til þess að ekki hafi þótt svara kostnaði að flytja inn kvikmyndir með grófu ofbeldisefni. Ef fleiri lönd bætast í hóp þeirra sem nú þegar beita takmörkunum gagnvart efni af þessu tagi mun það leiða til þess að fjárhagslegur ávinningur af framleiðslu slíkra kvikmynda minnki. Fulltrúarnir eru sammála um að beita sér fyrir því eftir því sem starfssvið þeirra framast leyfir að hamla gegn vaxandi ofbeldi og fíkniefnamisnotkun í heiminum."

Þegar þetta stjfrv. lá fyrir þinginu var einnig á sama þingi flutt frv. til laga um breyt. á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna. Það frv. fluttu hv. þm. Eiður Guðnason og Kjartan Jóhannsson. Fjallaði það um breytingar sem gera átti á þeim lögum og þá sérstaklega hvað varðaði sýningu kvikmynda. Þar voru hugmyndir sem voru að mörgu leyti frábrugðnar þeim sem komu fram í stjfrv. en í umfjöllun í nefnd var tekið tillit til þeirra hugmynda að einhverju leyti og þær reyndar settar inn í þau lög sem síðar voru samþykkt og vildi ég geta þess í máli mínu.

Þær forsendur sem lágu til grundvallar þegar lögin voru samþykkt og bæði þessi frv. voru flutt eru í raun enn þá í fullu gildi. Það er jafnrík ástæða nú eins og þá til þess að vernda börn og ungmenni gegn skaðvænlegum áhrifum grófs ofbeldis. Það er reynsla og álit margra að framboð á slíku efni sé reyndar síst minna nú en þegar lögin nr. 33 frá 1983 voru sett. Þegar þessi lög voru sett voru jafnframt lagðar auknar skyldur á herðar Kvikmyndaeftirlitsins en ég hef grun um það að fjárhagur og aðstaða Kvikmyndaeftirlitsins hafi ekki að sama skapi verið bætt. Reyndar hef ég af þeim ástæðum borið fram fyrirspurnir um málefni þess, en grunur minn er sá að það hafi ekki reynst í stakk búið til að sinna þessum auknu verkefnum sem því voru falin og því hafi aukist ólöglegur innflutningur ýmissa myndbanda sem Kvikmyndaeftirlitið mundi ekki hafa samþykkt.

Þann 18. febr. 1985 gerði lögreglan könnun hjá myndbandaleigum á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af myndbandalista frá Kvikmyndaeftirlitinu. Á honum voru um 70 titlar mynda sem Kvikmyndaeftirlitið hafði úrskurðað óhæfar til sýningar vegna ofbeldis eða kláms. Í þessari könnun fundust hundruð bannaðra myndbanda að sögn lögreglunnar.

Þann 22. des. 1986 var síðan aftur gerð leit í myndbandaleigum og þá á suðvesturhorni landsins af lögreglu og dómsmrn. Voru þá gerð upptæk meira en 10 þúsund myndbönd sem voru ólöglega innflutt og brutu í bága við lög um höfundarrétt, hegningarlög eða voru á bannlista Kvikmyndaeftirlitsins vegna ofbeldis eða kláms.

Ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um þau skaðvænlegu áhrif sem ofbeldi er talið hafa á viðkvæman barnshuga sem er í mótun. Ég held ég þurfi heldur ekki að orðlengja eða ítreka það hversu íslensk börn eru oft afskipt vegna mikillar vinnu foreldra, hversu mikið þau þurfa að hafa ofan af fyrir sér sjálf og hversu oft þau sitja ein fyrir framan myndbandstæki án þess að nokkur sé með þeim til þess að skýra út fyrir þeim, hvað þá að banna eða þá til þess að ræða við þau á eftir um það sem þau sjá. Og skynjun og skilningur ungra barna er allt annar en fullorðinna. Ég held að ég þurfi ekki að orðlengja eða ítreka frekar hversu óheillavænleg þessi áhrif eru á börnin okkar.

Að lokum vil ég nefna að í ljósi þess sem ég hef þegar sagt þykir okkur flm. rétt að þessi lög haldi enn gildi sínu. En vitanlega þarf að fara fram frekari athugun á því hvert það ofbeldi er sem börnum er boðið upp á í hinum ýmsu ljósvakamiðlum.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. menntmn. Ed. og 2. umr.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. á þskj. 149, um breyt. á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum, en flm. eru hv. 6. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Vesturl.

Það er frá því að segja að stuttu áður en frv. var lagt fram hér á hv. Alþingi var það ákveðið í menntmrn. að leggja samhljóða eða svipað frv. fram hér á Alþingi, en þegar ég sá að þetta frv. var hér fram komið þótti mér ekki ástæða til þess, heldur væri unnt að nota það frv. sem hér liggur fyrir sem grunn að ákvörðun Alþingis í þessu máli.

Samkvæmt orðanna hljóðan, þ.e. skv. 6. gr. laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, sem voru samþykkt á Alþingi 1983, eiga þau að falla úr gildi við árslok 1987, þ.e. í lögunum er svokallaðað sólarlagsákvæði. Hv. þáv. menntmrh. skipaði þann 22. apríl sl. nefnd til þess að endurskoða þessi lög. Í þeirri nefnd eiga sæti Haraldur Johannessen, lög-

maður hjá embætti ríkislögmanns, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjmrn., og Þórunn Hafstein, deildarstjóri í menntmrn., sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndinni hefur miðað nokkuð áfram í störfum sínum, en þó hefur starfið dregist á langinn. Hún hefur átt viðtal við fjölmarga aðila sem þessi mál snerta eins og Kvikmyndaeftirlit, Samtök rétthafa að myndböndum, Samband myndbandaleiga og barnaverndarráð. Sú skoðun er m.a. uppi í nefndinni að æskilegt sé að fella saman lagaákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og lagaákvæði um skoðun kvikmynda, en slík ákvæði eru nú í lögum um vernd barna og ungmenna. Þau lög eru einnig í heildarendurskoðun.

Þá er það enn fremur álit nefndarmanna að heppilegt væri að koma á samstarfi tollgæslu og kvikmyndaeftirlits, þannig að innfluttar kvikmyndir komist ekki í umferð fyrr en þær hafa verið skoðaðar af Kvikmyndaeftirlitinu, en slíkt mun tíðkast í ýmsum nágrannalöndum okkar.

M.ö.o., þessi vinna að endurskoðun þessara laga er ekki það langt á veg komin að líkur séu á að frv. um endurskoðuð lög verði lagt fyrir þetta þing það snemma að Alþingi geti verið búið að afgreiða það fyrir næstu áramót. Ég tel samt sem áður nauðsynlegt að lög af þessu tagi séu í gildi. Hins vegar hefði ég talið æskilegt að sólarlagsákvæði væri í þessum lögum áfram þannig að í staðinn fyrir orðin „til ársloka 1987" kæmu orðin „til ársloka 1988" í þeirri von að þá hefði frv. verið lagt fyrir Alþingi og Alþingi hefði samþykkt lög um þetta efni. Ég held að í því sé fólgið visst aðhald auk þess sem, eins og hv. 1. flm. orðaði, þarna leikast á tvö mjög viðkvæm sjónarmið, annars vegar ritskoðunarsjónarmiðið og hins vegar mál- og tjáningarfrelsissjónarmiðið og finnst mér þess vegna nauðsynlegt að hafa hitann í haldinu að því er varðar endurskoðun þessara laga.

Ég tel ástæðulaust að flytja formlega brtt. um þetta efni, en vænti þess að um það gæti náðst samkomulag í hv. menntmn. Ed. og samkomulag á Alþingi um það að framlengja gildistíma þessara laga um eitt ár. Ég vil beina því til hv. nefndar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum taka undir með hv. flm. Ég sé enga ástæðu til þess að ofbeldiskvikmyndum verði hleypt inn í þetta land núna um áramótin. Hafi verið þörf fyrir þetta ákvæði í lögunum árið 1983 álít ég að það muni vera nauðsyn nú.

Ég býst við að það geti verið rétt að frá listfræðilegu sjónarmiði geti þetta bann verið til trafala, en hitt skiptir okkur meira máli að vernda börnin og unglingana gegn skaðvænlegum áhrifum sem grófar ofbeldiskvikmyndir geta haft í för með sér.

Hitt er svo ekki síður áhyggjuefni, hversu slælega virðist hafa tekist til um eftirlit með myndbandaleigunum eins og kemur fram í grg. Þar virðast vera fáanlegir myndatitlar sem hafa verið úrskurðaðir óhæfir af Kvikmyndaeftirlitinu og auk þess þúsundir titla sem fluttir hafa verið inn ólöglega og hafa því aldrei farið fyrir dóm Kvikmyndaeftirlitsins.

Herra forseti. Ég vildi bara að það kæmi fram að ég er innilega sammála hv. flm. að þetta ákvæði í lögunum verði að gilda áfram eftir áramótin og ég lýsi ánægju með undirtektir hæstv. menntmrh. hvað þetta snertir.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. 1. flm. flutti ég þetta mál hér á þinginu á sínum tíma ásamt öðrum hv. þm. Nokkru síðar lagði hæstv. þáv. menntmrh. fram stjfrv. svipaðs efnis og sú varð niðurstaðan að ýmis atriði úr því frv. sem ég hafði flutt voru tekin inn í stjfrv. og um þetta náðist ágætt samkomulag og málið var afgreitt.

Nú hefur í þessu frv. verið á það bent að lögin munu að óbreyttu falla úr gildi um áramót og því þarf auðvitað að bregðast við. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fá þetta mál til meðferðar og ég lýsi eindregnum stuðningi við þá tillögu sem hæstv. menntmrh. bar fram hér áðan. Raunar greindi hann frá því að í menntmrn. hefði verið unnið að því að búa til svipað frv. og er nú til umræðu. Tillaga hans var hins vegar sú að gildistími þessara laga sem verið er að endurskoða verði enn framlengdur nokkuð, um eitt ár. Mér finnst það vera afar eðlileg málsmeðferð, ekki að framlengja lögin ótímabundið, heldur að framlenging um eitt ár tryggi enn þá betur að endurskoðað frv. verði lagt hér fram á hinu háa Alþingi. Ég mun beita mér fyrir því að sú skoðun verði flutt inn í menntmn. þessarar hv. deildar. Ég tel það skynsamlegri kost en að gera þetta með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir þó að ég sé auðvitað sammála þeirri grundvallarhugsun sem þar er á bak við, að þetta bann megi ekki falla úr gildi. Þess vegna flutti ég mitt frv. á sínum tíma til þess að hreyfa því máli hér inni á Alþingi í fyrsta skipti að börn og ungmenni nytu verndar gegn þessu.

Hitt er svo aftur annað mál, eins og hér hefur verið minnt á, að hér telja menn að rekist á að ýmsu leyti verndun og ritskoðun og ritskoðunarsjónarmið. Ég er hins vegar ekkert sannfærður um að svo sé þó að þar sé auðvitað mjótt mundangshófið. Þegar verið er að tala um ritskoðun skil ég það þannig að verið sé að meina mönnum að koma skoðunum eða hugmyndum á framfæri. Í þessu tilviki er ekki um það að ræða, að mínu mati. A.m.k. er það þá hrein undantekning. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gert sér far um að skoða eintök af því efni sem hér um ræðir. Kvikmyndaeftirlit ríkisins efndi á sínum tíma til sýningar inni í Borgartúni 6, þangað sem ýmsum þm. var boðið, til að sjá efni sem hafði verið gert upptækt. Ég get ekki fallist á að það eigi skylt við ritskoðun, eins og ég skil það orð, þegar verið er að sýna það sem ég kalla klám, þegar verið er að sýna fólk sagað í sundur og skorið í bita, mér finnst það ekki vera listræn tjáning. Ég held að þarna — það er kannski hægara um að tala en í að

komast — sé það kannski fyrst og fremst heilbrigð skynsemi sem ætti að beita vegna þess að mér sýnist að þetta eigi ekki við ritskoðun í þeirri eiginlegu merkingu þess orðs. Þetta er nánast hreinsun og verndarstarfsemi.

Við erum ekkert einir á báti í þessum efnum. Grannþjóðir okkar í kringum okkur hafa farið þessa leið, nær allar. Þær banna dreifingu ákveðinna mynda. Ég held að heilbrigðir einstaklingar með sæmilega skynsemi eigi ósköp auðvelt með að setja þær reglur sem hér um ræðir. Ég veit það hins vegar að lögfræðinga greinir á um þetta atriði og þeir halda því fram sumir hverjir að þetta sé ritskoðun. Ég man að ég tók, þegar ég hafði flutt frv. hér, þátt í umræðufundi á vegum Bandalags listamanna, held ég að hafi verið. En það vildi nú svo til að listamenn sem þar töluðu töldu það ekki skerðingu á sínu tjáningarfrelsi þó að bannaðar væru ofbeldis- og klámmyndir. Þeir sögðu: Það á bara ekkert skylt við tjáningarfrelsi eins og við lítum á það. Hins vegar er það svo til umhugsunar hvort með breyttri fjölmiðlun hafi kannski orðið breytingar á fleiri sviðum sem sumir telja miður æskilegar. Ég tel það. Ég tel að hin harða samkeppni á öldum ljósvakans t.d. hafi leitt til þess að menn seilast nú lengra í fréttaflutningi sumir hverjir en áður var gert. Ég hlýddi t.d. í morgun, á leið til vinnu um kl. 8, á fréttir útvarpsstöðvar sem virðist hafa sérhæft sig í því að fjalla í sínum fréttatímum a.m.k. um glæpi og stundum klám. Og mér finnst það ekki skemmtileg eða æskileg né ákjósanleg viðbót í hinum íslenska fjölmiðlaheimi. Þar voru afar ógeðfelldar lýsingar og nákvæmar á kynferðisafbrotum gagnvart börnum. Þarna er kannski komið að hinni mjóu línu milli — ég er ekki segja að eigi að banna, en ég hafði bara alið þá von í brjósti að þeir sem notfærðu sér þetta nýja fjölmiðlafrelsi, sem svo mjög var barist fyrir og að mörgu leyti hefur verið til góðs, mundu ekki nota það á þennan veg eins og því miður hefur þarna gerst og þetta hef ég heyrt oftar en einu sinni. Ég er ekki að leggja til að það verði settar reglur um fréttaflutning. Ég vonaði bara að menn hefðu annan hugsunarhátt til að bera sem fá þetta frelsi. Um það er ekki nokkur vafi í mínum huga að þessi lög eiga að gilda áfram. Um það getur svo verið meiningarmunur hvort á að framlengja þau ótímabundið eða, eins og ég tek undir með hæstv. menntmrh., gera það til eins árs og leggja þau síðan fram í endurskoðaðri mynd.

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa eindregnum stuðningi við þetta frv. sem er til umræðu og ánægju með afstöðu hæstv. menntmrh. til þess.

Ég á ekki von á að það muni sæta minnstu gagnrýni að þessu sinni þó að gildistími þessara laga verði framlengdur áfram því að, eins og einn ræðumaður sagði hér áðan, það hljóta allir að sjá að það er fyllilega ástæðulaust einmitt núna að fara um áramótin næstu að hleypa ofbeldiskvikmyndum óhindrað inn í landið.

Hér er ekki um ritskoðun að ræða, að mínu viti, og ég tel að hugtakið ritskoðun eigi ekkert skylt við það sem um er að ræða sem er bann við ofbeldiskvikmyndum í því skyni að vernda börn og ungmenni gegn skaðlegum áhrifum og ótta sem ofbeldiskvikmyndir vissulega hafa í för með sér. Ritskoðun hvað kvikmyndir varðar er ekki bann af þessu tagi. Ritskoðun kvikmynda er fólgin í því þegar teknir eru heilir eða hálfir kaflar úr kvikmyndum og þær klipptar niður og þar með eyðilagðar sem listaverk og sem sjálfstæð heild. Þetta á því ekkert skylt hvað við annað og ég tel ekki að þarna togist á sjónarmið um ritskoðun annars vegar og tjáningarfrelsi hins vegar á einn eða annan máta.

Það er, að mínu viti, mjög nauðsynlegt að hamla gegn þeim áhrifum sem ofbeldiskvikmyndir hafa vegna þess að ofbeldiskvikmyndir leiða af sér ekki bara ótta, eins og ég sagði áðan, heldur einnig ofbeldi hvers kyns. Og það er hægt að gera það með tvennum hætti. Það er hægt að gera það með lagasetningu, eins og hér um ræðir, en það er líka hægt að gera það með því til að mynda að sýna í sjónvarpi og víðar kvikmyndir um afleiðingar ofbeldis og um það hvaða áhrif ofbeldi hefur, til að mynda á börn. Ég er sannfærð um að það er til mjög mikið magn af slíkum kvikmyndum sem ættu fullt erindi til íslenskra sjónvarpsáhorfenda, sérstaklega foreldra og fullorðinna sem kannski gera sér ekki, sökum mikillar vinnu eins og hér var nefnt áðan, grein fyrir því hvað börnin eru að horfa á og hvaða áhrif það kann að hafa á þau.

Ég vil ítreka stuðning minn við frv.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég fagna mjög góðum undirtektum allra þeirra þm. sem hér hafa talað og ekki síst hæstv. menntmrh. Ég er sammála honum um nauðsyn heildarendurskoðunar í þessum málefnum og vissi reyndar ekki að þessi nefnd væri að störfum en rakst á þetta ákvæði af tilviljun í lögunum. Það kom mér mjög á óvart og ég rakst á það af tilviljun þegar ég var að kynna mér lögin af öðru tilefni.

Í raun, þegar við sömdum frv. til flutnings, veltum við því fyrir okkur hvort við ættum að setja áframhaldandi sólarlagsákvæði eða ekki. En eftir því sem við hugsuðum málið meir fannst okkur að það yrði aldrei réttlætanlegt að sýna börnum myndir af þessu tagi, ekki eftir eitt ár, ekki eftir tvö ár, aldrei. Þetta fannst okkur þrátt fyrir viðleitni til að forðast óeðlilega ritskoðun. Þess vegna vil ég lesa skilgreininguna á ofbeldiskvikmyndum sem er í þessum lögum, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ofbeldiskvikmynd merkir í lögum þessum kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða list-

ræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966." Hér er því um alveg sérstakan flokk kvikmynda eða myndefnis að ræða. Ég sé ekki að það geti nokkurn tíma verið réttlætanlegt að sýna slíkt efni fyrir börn og í raun ekki fyrir neinn.

Ef niðurstöður endurskoðunar eru í vændum skiptir kannski ekki meginmáli þó að sólarlagsákvæði verði bætt við. Ef hún hins vegar dregst eitthvað á langinn gætum við aftur lent í klípu ef við munum ekki eftir því að lögin falla úr gildi í árslok 1988. Þetta má að sjálfsögðu ræða frekar í nefndinni. Ég set mig ekkert ákaft á móti því, en ég get samt ekki séð réttlætingu þess að slíkar myndir eigi nokkurn tíma erindi eins og þær eru skilgreindar í lögunum.

Ég ítreka aftur þau orð mín að ég fagna þessum góðu undirtektum og vona að þetta mál nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðislánastofnanir, 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 157. mál. — Þskj. 170.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka sem við þm. Borgaraflokksins í Ed. flytjum.

Húsnæðismálin eru einhver mikilvægasti málaflokkur sem kemur til kasta Alþingis á þessu haustþingi. Það má segja að allur almenningur í þessu landi bíði með ofvæni eftir því hvað Alþingi muni koma til með að samþykkja varðandi húsnæðislánakerfið. Húsnæðislánakerfið sem við höfum búið við um áratuga skeið er ónýtt, það sjá allir, og því finnst okkur næsta furðulegt að það húsnæðislánafrv. sem hæstv. félmrh. lagði fyrir þingið í Nd. hefur raunverulega enga grundvallarbreytingu á kerfinu í för með sér. Þar er verið að stoppa upp í eitt gatið enn á stagbættum sokk en ekkert hugað að því að reyna að byggja upp nýtt kerfi frá grunni, reyna að huga að nýjum leiðum og athuga hvort ekki væri hægt að koma hér upp nothæfu húsnæðislánakerfi öllum til hagsbóta.

Borgaraflokkurinn er óbundinn af fyrri mistökum gömlu flokkanna í þessum efnum og hefur lagt mikla vinnu í það að kanna þetta mál til þrautar. Hann leggur nú fram frv. til laga um húsbanka, húsnæðislánastofnanir, þar sem koma fram tillögur um það hvernig mætti hugsanlega leysa þetta vandamál okkar. Það skal tekið fram að þetta er fyrra frv. af tveimur, því samhliða þessu mun nauðsynlegt að leggja fram annað frv., um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem er til hliðar við frv. sem hér er lagt fram. Þarf að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun til að aðlaga þau þeim hugmyndum sem koma fram í frv.

Það sem hefur einkennt húsnæðislánakerfið, ef horft er til baka, er hinn sífelldi fjárskortur og óstöðugleikinn sem einkennir húsnæðislánamálin. Almenningur getur raunverulega aldrei skipulagt íbúðakaup né húsbyggingar í þeirri vissu að hann eigi í vændum öruggt húsnæðislán, þannig að fólk, sem hugar að byggingu eða íbúðakaupum, getur raunverulega ekki séð fyrir hvort það ræður við fjárhagshliðina á dæminu. Það er ævinlega biðröð eftir lánum frá Húsnæðisstofnun. Það er alltaf verið að gera breytingar á kerfinu. Raunverulega er kerfinu bjargað í horn á nokkurra mánaða eða ára fresti, enda kemur það ljóst fram í sjálfum lögunum að það er sífellt verið að breyta þeim. Lögunum er nánast breytt árlega.

Ef horft er hins vegar til nágrannalandanna búa þau við mjög stöðugt og öruggt húsnæðislánakerfi sem hefur nánast verið óbreytt um áratuga skeið. Hjá sumum nágrannaþjóðunum hefur jafnvel ekki verið um teljandi breytingar á húsnæðislánakerfinu að ræða í heila öld.

Síðan eru ýmsir annmarkar sem fylgja húsnæðislánakerfinu sem mætti rekja hér, m.a. hvernig lánskjörum er hagað, hvernig lánin eru afgreidd og yfirleitt allur afgreiðslumáti lánanna af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Nú skal ekki sakast við þá ágætu menn sem hafa stýrt Húsnæðisstofnun ríkisins. Þeir hafa allir reynt að gera sitt besta. Embættismennirnir hjá Húsnæðisstofnun ríkisins hafa unnið samviskusamlega innan þess lagaramma sem þeim hefur verið skammtaður.

Ef við tökum fyrst hvernig þróun mála hefur verið hér allra síðustu árin og mánuðina komu gömlu flokkarnir sér saman um að það þyrfti að stórauka lánshlutfallið í þeim íbúðum sem veitt væru lán til hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. úr Byggingarsjóði ríkisins. Að sjálfsögðu hafa öll lán í seinni tíð verið verðtryggð með lánskjaravísitölu. Þetta hefur haft í för með sér að þegar keypt er íbúð í dag með láni úr Byggingarsjóði ríkisins sem fylgir lánskjaravísitölu og lánsupphæðin er í upphafi um það bil 80% af matsverði íbúðarinnar er það alveg ljóst að eftir nokkur ár á kaupandi þessarar íbúðar ekkert í íbúðinni. Það er Byggingarsjóður ríkisins sem raunverulega á íbúðina því söluverðmæti íbúðarinnar heldur engan veginn í við verðbæturnar, þ.e. uppfærslu höfuðstóls lánsins. Hann er e.t.v. orðinn yfir 100% af söluverðmæti íbúðarinnar eftir nokkur ár. Það má því segja að sjálfseignarstefnan sem slík sé hrunin. Þeir sem hafa tekið þessi lán eiga ekkert í íbúðum sínum. Þeir eru einungis leiguliðar hjá Byggingarsjóði ríkisins og fá að búa í íbúðinni svo lengi sem þeir standa í skilum. Lánssamningur

þeirra, eins og síðustu lög segja til um, er til 40 ára og það er sá leigusamningur sem þeir hafa gert við Byggingarsjóð ríkisins.

Þrátt fyrir þessa augljósu vankanta á húsnæðislánakerfinu hefur lítið borið á raunhæfum hugmyndum til þess að breyta því þannig að við getum fengið nothæft húsnæðislánakerfi. Síðustu aðgerðir miða að því að reyna að bjarga lánakerfi sem er komið í þrot.

Það munu nú vera um 6000 umsóknir óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Því gerir húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. í reynd aðeins tilraun til þess að leysa þetta einstaka vandamál, þ.e. biðraðirnar, með því að takmarka aðgang þeirra sem áður áttu rétt á húsnæðislánum til slíkra lána og reyna að koma biðröðunum upp í eitthvert skipulegt horf. Samkvæmt húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. mun vera ætlað að þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því að umsókn hefur verið lögð inn fái viðkomandi upplýst hvort umsóknin sem slík hafi verið í lagi. Síðan líður einhver óskilgreindur tími sem enginn veit hve verður langur og síðan er sagt að ári áður en fyrsti áfangi lánsins komi til greiðslu fái umsækjandi upplýst hvort umsóknin hafi verið í lagi, hvort hann sé lánshæfur. Þannig er stefnt í það að varanleg biðröð verði eftir lánum, að íbúðakaupendur og húsbyggjendur þurfi í reynd að bíða í nærri tvö ár eftir því að fá lán frá því að umsókn var lögð inn ef ekki mun lengur.

Það sem enn fremur hefur einkennt húsnæðiskerfi Íslendinga er að það er algerlega á vegum ríkisvaldsins. Þessu er háttað með ýmsum hætti hjá nágrannaþjóðunum, allt frá því að ríkislán eru mjög áberandi og í það að ríkið tekur engan þátt í fjármögnun húsnæðislána og hefur komið þeim yfir á sjálfstæðar stofnanir sem sjá um öll húsnæðislán.

Við erum þeirrar skoðunar að það sem mundi henta best hér á landi væri að taka upp tvöfalt húsnæðislánakerfi, þ.e. að Húsnæðisstofnun ríkisins og Byggingarsjóður ríkisins sjái einungis um að lána þeim sem minna mega sín. Eins og við leggjum til í því frv. sem við munum leggja fram fljótlega til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, verði einungis heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir láglaunafólk sem áður voru kallaðar verkamannabústaðir. Ég held að miklu eðlilegra sé að tala um íbúðir fyrir láglaunafólk því láglaunafólk er orðið miklu fjölmennara í þessu þjóðfélagi en verkamenn einir sér.

2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Við teljum að það sé sanngjarnt og eðlilegt að ríkið veiti þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á starfsævinni og standa frammi fyrir því þrekvirki að þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið hagstæðari lán til þess en hinum sem eru komnir vel á veg, standa traustum fótum í kerfinu, eiga e.t.v. íbúðir skuldlitlar og þurfa því ekki á hagstæðum lánum að halda. Síðan er eðlilegt að Húsnæðisstofnun ríkisins sjái um verndaðar íbúðir fyrir öryrkja, verndaðar íbúðir fyrir aldraða og leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Því þarf, eins og ég gat um áðan, að breyta lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og ég lít svo á að þar þurfi að fara fram allsherjar hreingerning því sá lagabálkur er orðinn uppsafnaður vandi undanfarinna ára, byggir á alls kyns klisjum og röngum staðhæfingum sem ekki fá staðist. Ekki einu sinni innbyrðis í lögunum. Það eitt að taka þau lög til rækilegrar hreingerningar er þarfaverk.

Eitt af því sem er eðlilegt að gera þegar ljóst er það að þar sem Byggingarsjóði ríkisins er einungis ætlað að taka að sér það hlutverk sem hér hefur verið greint frá, þá er eðlilegt og sjálfsagt að sameina Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Húsnæðisstofnun ríkisins annist þannig aðeins lánveitingar úr einum sjóði til félagslegra íbúða og veiti þeim lán sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Við að fara yfir starfshætti og þau lög sem Húsnæðisstofnun ríkisins starfar eftir eru augljósar veilur bæði í lögunum og þeim starfsramma sem stofnuninni er ætlaður skv. þeim. Ég tel að starfsemi stofnunarinnar yrði miklu virkari og meira stefnumótandi ef hún yrði gerð að eins konar bankastofnun. Þess vegna munum við í frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins leggja til þá breytingu að Byggingarsjóður ríkisins verði algerlega í vörslu Húsnæðisstofnunar ríkisins sjálfrar, en ekki í vörslu Seðlabanka Íslands. Starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins fari fram í tveimur deildum, þ.e. bankadeild sem annist vörslu á Byggingarsjóði ríkisins, sjái sjálf um öll útlán, bæði innheimtu þeirra og útreikning og afgreiðslu. Síðan tæknideild sem er nauðsynleg til þess að á vegum Húsnæðisstofnunar sé sterkur aðili sem geti séð um mat á íbúðum og alls kyns þjónustu bæði við þá aðila sem taka lán hjá stofnuninni og yfirleitt við húsnæðiskerfið í landinu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við flm. höfum fengið er talið að þeir aðilar, sem þannig ættu rétt á lánum hjá Húsnæðisstofnun úr Byggingarsjóði ríkisins, muni vera tæplega 40% af þeim sem eru að sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Miklu stærri hópur eða rúmlega 60% á sína íbúð fyrir, hefur væntanlega áður fengið hagstæð lán til þess að kaupa þá íbúð og stendur traustum fótum í kerfinu. Aðilum í þeim hópi er því ekkert í kot vísað þótt þeir þurfi að taka eitthvað óhagstæðari lán á markaðsvöxtum hjá sjálfstæðum stofnunum sem ekki geta greitt niður vexti eins og Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert undanfarið.

Til þess hins vegar að tryggja aðgang þessa stóra hóps að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telja flm. að það sé nauðsynlegt að koma upp sérstökum húsnæðislánastofnun-

um eða húsbönkum, sem hafi það hlutverk eingöngu að sjá um slík veðlán. Það hefur oft heyrst og margir hafa komið með þá skoðun að það eigi að vísa öllum húsnæðislánum til bankakerfisins. Það er gott og vel en ég er þeirrar skoðunar að bankakerfið, eins og það hefur verið á Íslandi, sé alls ekki sá aðili sem sé heppilegur til að taka að sér langtímaveðlán vegna íbúðarbygginga. Bankakerfið hefur allt öðru hlutverki að gegna. Því er ætlað að sjá um að atvinnulíf landsmanna sé í lagi, veita rekstrarlán til fyrirtækja og skammtímaneyslulán til einstaklinga, vegna Mallorca-ferða, til þess að kaupa bíla, svo dæmi séu tekin. Ég sæi þá sem þyrftu að sitja á biðstofum bankastjóra innan um aðra sem eru að reyna að fá skammtímaneyslulán og koma svo næstur á eftir og biðja um 40 ára veðlán til íbúðarbygginga. Ég held að þetta fari ekki saman. Þess vegna er áreiðanlega miklu heppilegra að reka hér sjálfstæðar húsnæðislánastofnanir eða húsbanka sem hafi þetta hlutverk eingöngu.

Við gerum hins vegar ráð fyrir því að bankarnir, hagsmunasamtök launþega og sérstaklega lífeyrissjóðirnir, sem eru nú fullir af peningum (**Gripið fram í:** Ekki allir.) — ég vona að hv. 14. þm. Reykv. muni segja okkur eitthvað um peningamagn þeirra hér á eftir — að þessir aðilar geti tekið höndum saman og komið upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsnæðisbönkum. Hins vegar er mjög mikilsvert að vel til takist. Því er þetta frv. til laga um slíkar stofnanir sett fram, til þess að þeim sé skapaður lagarammi svo undirbúningur slíkra lánastofnana geti hafist.

Þetta lagafrv. byggir að nokkru leyti á erlendum fyrirmyndum og þó að hér hafi áðan í ræðustóli verið talað um að við höfum verið óheppnir þegar við vorum að sækja hugmyndir um virðisaukaskatt til Danmerkur, þá held ég að okkur sé ekki í kot vísað ef við sækjum hugmyndir um húsnæðislán þangað. Það er mál þeirra sem gerst þekkja til á Norðurlöndunum að hvergi sé sterkara né öflugra húsnæðislánakerfi í gangi en einmitt í Danmörku. Þannig að þótt margt annað fari miður í Danaveldi þá getum við sótt góðar hugmyndir um rekstur húsnæðislánakerfis til frænda okkar í Danmörku.

Hins vegar fengu Danir þær hugmyndir sem þeir byggja húsnæðislánakerfi sitt á að láni frá Þjóðverjum. Þess er getið í grg. með frv. að húsnæðislánastofnanir í því formi sem þeim er lýst í þessu frv. byggja í raun á ævagömlum hugmyndum Friðriks mikla Prússakonungs, en hann setti þessar hugmyndir fram í stjórnartíð sinni til þess að auðvelda þýsku borgarastéttinni að eignast eigið húsnæði. Þýskar húsnæðislánastofnanir eftir fyrirmynd hans komu til sögunnar um miðbik átjándu aldar í Þýskalandi. Danir gerðu fyrst tilraun til þess að nýta sér þessar hugmyndir í lok átjándu aldar. Það var þó ekki fyrr en um miðja nítjándu öld að fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Danmörku. Má segja að starfsemi þessara húsnæðislánastofnana hafi haldist tiltölulega óbreytt alla götur síðan, í meira en heila öld. Húsnæðislánastofnanirnar byggja fyrst og fremst á því grundvallarsjónarmiði að lántakendur sjálfir mynda með sér félagsskap þar sem þeir ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn öll útlán stofnunarinnar. Auðvitað hljóta þessar stofnanir sem aðrar stofnanir að þróast með breyttum tímum og í seinni tíð er talið eðlilegra að slíkar húsnæðislánastofnanir séu reknar í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Í frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum. Hins vegar förum við ekki í grafgötur með það að væntanlega yrði auðveldara að koma hér á húsbönkum í hlutafélagaformi ef lagt yrði af stað út á þessa braut.

Aðferðin við það að standa undir húsnæðislánum, eins og hér er gert ráð fyrir, er hin sama, þ.e. að húsbankinn eða húsnæðislánastofnunin gefur út og selur sérstök húsbréf til þess að útvega það fjármagn sem þarf. Þetta út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt né einkennilegt. Þetta er nákvæmlega það sama og við sjáum í fjármálalífi Íslendinga um þessar mundir þar sem bæði fyrirtæki og ýmsar sjálfstæðar stofnanir stunda það að gefa út og selja alls kyns verðbréf sem síðan ganga kaupum og sölum. Fyrirtæki sem þurfa á lánum að halda hafa farið inn á þá braut í æ ríkara mæli að gefa út skuldabréf til sölu á frjálsum mörkuðum. Hins vegar eru tillögur flm. að því leytinu til frábrugðnar að þetta er eftir ákveðnu kerfi sem er þrautreynt, bæði í Þýskalandi og Danmörku, og hefur reynst ákaflega vel. Það sem er undirstaðan í þessu kerfi er það að litið er á þessi húsbréf, sem eru undirstaða útlánanna, nánast eins og gull. Þau eru talin fullkomlega traust og áreiðanleg og almenningur og velflestar peningastofnanir kjósa mjög gjarnan að geyma lausafé sitt í slíkum húsbréfum.

Það er grundvallaratriði í þessum hugmyndum að það sé algjör jöfnuður á milli útgáfu húsbréfa og þeirra lána sem eru veitt. Þess vegna þarf að setja á markað stöðugt ný og ný húsbréf til þess að standa undir nýjum útlánum. Það er yfirleitt gert með því að gefnar eru út nýjar og nýjar raðir húsbréfa samfara því að útlán eru veitt. Þetta gerir það að verkum að biðraðir eftir húsnæðislánum eru nánast óþekkt fyrirbrigði í þessum löndum. Samkvæmt upplýsingum stærsta húsnæðislánafyrirtækis Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, þá þekkja þeir dæmi þess að lánsumsókn, sem hefur borist fyrir hádegi á mánudegi, er afgreidd í vikunni og lánið greitt út á föstudegi. Þannig að það tekur tæpa viku að fá lánið afgreitt meðan á Íslandi þarf að bíða kannski í þrjú ár eftir að fá húsnæðislán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Margs konar nýjungar hafa verið teknar upp í sambandi við sölu og skráningu húsbréfa. Það sem hefur gerst á allra síðustu árum er að hætt er að gefa þessi bréf út í skjalformi, heldur eru þau aðeins til sem rafeindaboð, það er talað um svokölluð rafeindabréf. Þau eru aðeins til í tölvukerfum verðbréfamiðstöðvar og stórbanka, tryggingafélaga og

verðbréfasala og síðan kaupa þessir aðilar og selja heilu blokkirnar af húsbréfum án þess að þau séu nokkurn tíma skráð á pappír.

Í þeim tillögum sem við höfum viðrað hér höfum við farið allítarlega inn á þau lánskjör sem talið er eðlilegt að bjóða væntanlegum lántakendum húsnæðislána hjá slíkum stofnunum. Reyndar á það ekkert síður við um þau lánskjör sem eru boðin almenningi í tengslum við húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins. Við viljum að gerð sé tilraun til þess að brjótast út úr myrkviðum lánskjaravísitölunnar. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að lánskjaravísitalan, eins og hún hefur virkað, hefur haft alveg óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf *landsmanna og fyrir hag alls almennings*. Hvernig hún er reiknuð út virkar á afar ósanngjarnan hátt. Hvernig hún er sett saman virkar oft mjög hjákátlega. Sem dæmi má nefna að þann dag sem ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar leggur á 10% matarskatt, hækka skuldir íbúðareigenda við húsnæðislánakerfið um 1 milljarð kr. Og þá spyr ég: Hvað á 10% matarskattur sameiginlegt með húsnæðislánum íbúðareigenda? Er eitthvert samhengi þarna á milli? Ég spyr.

Á þeim átta árum sem eru liðin síðan lánskjaravísitalan var tekin í notkun hefur hún átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. En á sama tíma hefur verðgildi bandaríkjadals ellefufaldast og dönsku krónunnar nífaldast. Þess vegna hef ég tekið hér sem dæmi að hefði einhver fengið leyfi til þess að taka danskt húsnæðislán í júní 1979, skuldaði hann margfalt minna í dag en sá sem hefði tekið jafnhátt íslenskt húsnæðislán skv. lánskjaravísitölu með sömu afborgunarskilmálum.

Ég hef gert tilraun til að sýna verðlagsþróun með töflu sem er birt í grg. með frv. Það eru engar nýjar upplýsingar sem þarna liggja frammi, enda hefur mönnum verið tíðrætt um það misrétti sem launafólk hefur verið beitt á þessu landi einmitt vegna lánskjaravísutölunnar.

Það er mat þeirra sem gerst þekkja til þessara mála í nálægum löndum, að eigi að verðtryggja fjárskuldbindingar þá verði að gera það í takt við kaupgjaldsvísitölu. Annars gerist nákvæmlega það sama og gerst hefur hér á landi, að fólk á erfiðara og erfiðara með að borga af lánunum. Það ræður ekkert við lánin þar sem kaupið hækkar yfirleitt langtum minna en lánskjörin. Því höfum við bent á ýmsa aðra valkosti sem koma til greina þegar verið er að stilla upp og bjóða fram húsnæðislán.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið þá er það athyglisvert að nágrannaþjóðirnar hafa yfirleitt farið mjög lítið inn á þá braut að verðtryggja lán. Nú skal það viðurkennt að það ástand mála sem hefur ríkt á Íslandi undanfarna áratugi gerði það að verkum að það var engin önnur leið fær þegar verðbólgan var komin hér langt yfir 100%, en að grípa til einhverra slíkra harkalegra aðgerða. En það er ekki þar með sagt að við eigum síðan að búa við afleiðingar þess um aldur og ævi. Það eru ýmsar aðrar leiðir eins og hér er bent á til þess að bjóða langtímaveðlán með sanngjarnri verðtryggingu sem kemur bæði lánveitendum og lántakendum til góða.

Ég nefni fyrst húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána. Þau ryðja sér nú til rúms á mörkuðum erlendis og í fylgiskjali með frv. hef ég sýnt tilboð danskra húsnæðislánastofnana á þýskum lánamarkaði í Frankfurt í formi vaxtaaðlögunarlána. Það út af fyrir sig er mjög athyglisvert að danska húsnæðislánakerfið skuli vera svo yfirfullt af peningum að leitað er til annarra landa til þess að veita húsnæðislán. Dönsku húsnæðislánalöggjöfinni var breytt á árinu 1986 og sett inn ný ákvæði þess efnis að *dönskum húsnæðislánastofnunum er nú heimilt* að lána til allra þeirra landa sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hafa danskar húsnæðislánastofnanir nú þegar hafið starfsemi sína í Portúgal, Þýskalandi og Wales. Vaxtaaðlögunarlánin eru hugsuð með þeim hætti að lántakandi og lánastofnunin gera samning sín á milli um fasta vexti til skamms tíma. Við skulum hugsa okkur að lántakandi ætli sér að taka 40 ára veðlán hjá húsnæðislánastofnun. Hann gerir þá samning við stofnunina um það að vextir séu bundnir til ákveðins tíma, kannski fimm ára eða jafnvel skemur, þriggja ára. Síðan hefst afborgunarrunan miðað við 40 ára lánstíma. Að fimm árunum liðnum, hafi verið samið um fasta vexti í fimm ár, kemur lántakandinn á nýjan leik til lánastofnunarinnar og það er aftur samið um fasta vexti til næstu fimm ára og lánið er stillt af þannig að gefið er út nýtt skuldabréf með nýju sölugengi og þannig tekið tillit til verðlagsþróunar hverju sinni. Lántakandinn þarf því ekki að horfa upp á það að höfuðstóll lánsins vaði upp úr öllu valdi og hann skuldi orðið tvöfalt söluverð íbúðarinnar áður en yfir lýkur, eins og hér virðist stefna í á Íslandi.

Þá höfum við bent á annað lánsform sem ég tel að gæti komið sér afar vel hér. Það eru lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Slík afkomutrygging hefur lengi tíðkast t.d. í Bandaríkjunum. Þar er hægt að kaupa afkomutryggingu m.a. hjá líftryggingarfyrirtækjum. Lántakandi, sem t.d. tekur 25 ára veðlán, kaupir um leið afkomutryggingu hjá líftryggingarfélagi. Hún gengur út á það að í upphafi er sett greiðslumark á lánið, þ.e. það er gert samkomulag milli lántakanda og húsnæðislánastofnunar um það hvert sé gjaldþol lántakandans í upphafi. Greiðslubyrði af láninu má síðan ekki fara upp fyrir þetta greiðslumark á lánstímanum. Nú getur verðlagsþróun verið þannig, ef lánið er stillt af í takt við verðlagsþróunina, að það sé óhjákvæmilegt að greiðslubyrðin verði að fara yfir þetta greiðslumark. Þá kemur til afkomutryggingin, þ.e. tryggingarfélagið tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda ef hann hefur orðið fyrir atvinnumissi, slysi, heilsutjóni, misst maka eða eitthvað annað hefur rýrt hag hans. Þannig er hægt að koma í veg fyrir greiðsluerfiðleika

hjá fjölda fólks sem annars lendir í vandræðum vegna þess að það stendur skyndilega uppi með minni tekjur en það ætlaði í upphafi lánstímans.

Það er skoðun flm. að við væri hreyft einhverjum af þessum hugmyndum og reynt að hugsa þessi mál dálítið á nýjan leik í stað þess að vera með eilífar „reddingar" á handónýtu húsnæðislánakerfi, eins og *hér hefur tíðkast undanfarin mörg ár, þá væri vel af* stað farið. Þá væri kannski hægt að brjótast út úr þeim frumskógi sem við erum komnir inní með húsnæðislánamálin.

Að lokum er svo rétt að fara yfir einstakar greinar frv. eftir því sem þær þurfa skýringa við.

Um 1. gr. er það að segja að lagt er til að félmrh. hafi eftirlit og umsjón með starfsemi slíkra húsbanka sem fást einungis við lánveitingar til húsbygginga, aðallega íbúðarhúsa. Slíkir húsbankar koma til með að sinna þeim sem ekki eiga rétt til lána úr Byggingarsjóði ríkisins, sem eingöngu er ætlaður til lána fyrir félagslegar íbúðarbyggingar og stofnanir, svo það sé ítrekað einu sinni enn.

Um 2. gr. er það að segja að við teljum nauðsynlegt að félmrh. setji sérstaka reglugerð um starfsemi slíkra húsnæðislánastofnana. Það þarf að tryggja mjög rækilega hagsmuni lántakenda og veita þeim þá vernd sem er nauðsynleg til þess að þetta húsnæðislánakerfi virki alveg snurðulaust. Á sama hátt verður að sjálfsögðu að tryggja að húsnæðislánastofnanirnar fái traustan rekstrargrundvöll og bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu.

Um 3. gr. er það að segja að þar er miðað við að húsbankar og húsnæðislánastofnanir fái einkarétt á því að nota þessi heiti ef þær starfa undir eftirliti *félmrh. og með samþykki hans. Enn fremur er þar* kveðið á um einkarétt húsbanka og húsnæðislánastofnana til útgáfu á sérstökum húsnæðisbréfum.

Um 4. gr. Þar er vikið að stjórn stofnunarinnar. Við teljum eðlilegt að stjórn húsnæðislánastofnana eða húsbanka starfi í líkingu við bankaráð og stjórnir hlutafélaga. Þá teljum við eðlilegt að fulltrúar lántakenda eigi sæti í stjórnum húsnæðislánastofnana og að félmrh., með hliðsjón af því stranga eftirlitshlutverki sem honum er ætlað, geti einnig skipað fulltrúa í stjórnina.

Í 5. gr. er enn kveðið nánar á um eftirlitshlutverk félmrh. Við teljum að það sé óhjákvæmilegt að þessar stofnanir verði undir mjög ströngu eftirliti til þess að almenningur geti borið fullt traust til þeirra.

Um 6. gr. er það að segja að þar viljum við opna möguleika fyrir því að geta tekið upp samstarf við erlendar húsnæðislánastofnanir. Ef það er svo að erlendar húsnæðislánastofnanir í nálægum löndum eru svo yfirfullar af peningum að þær eru í vandræðum með að finna lántakendur, því þá ekki að leyfa þeim að koma hingað í samstarfi við íslenskar húsnæðislánastofnanir og veita lán hér? Ég tel a.m.k. ekki óeðlilegt að viðra slíkar hugmyndir strax í upphafi og þess vegna er þessi grein sett þarna inn.

Um 7. gr. er það að segja að hún er hliðstætt við það sem má finna í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er eðlilegt að gerðar séu ákveðnar gæðakröfur til bygginga og að ákvæði séu um að byggingar skuli vera í samræmi við gildandi lög, þ.e. í samræmi við skipulagsreglur og byggingarreglugerðir.

Um 8. gr. er það að segja að við teljum að húsnæðisstofnunin eigi sjálf að bera ábyrgð á því *hvaða matsverð hún leggur til grundvallar lánunum.* Að sjálfsögðu tekur hún mið af upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins, brunabótamati og áætluðu söluverðmæti eignar, en það verður að vera algjörlega á ábyrgð húsnæðislánastofnunar að ákveða það matsverð sem hún ætlar að lána út á. Erlendis, þar sem eru starfandi margar slíkar húsnæðislánastofnanir, er oft um að ræða mjög fjöruga samkeppni milli þeirra. Það gerist með þeim hætti að væntanlegur lántakandi, þ.e. aðili sem er að byggja eða kaupa sér íbúð, leitar til fleiri en einnar húsnæðislánastofnunar, biður um lánstilboð. Í raun keppast þær um að lána honum. Það er þeirra hlutverk og hann tekur að sjálfsögðu því lánstilboði þar sem matsverðið er hæst metið af viðkomandi stofnun.

Ég vek athygli á því, eins og er sagt frá í umsögn um 8. gr., að húsnæðislánastofnunin getur ekki veitt framkvæmdalán eins og hefur tíðkast af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins vegna þess að það brýtur í bága við það jöfnunarákvæði að það ríki ávallt jöfnuður milli útgáfu húsbréfa og veittra útlána. Þess vegna er farin önnur leið þar sem hægt er að veita veðlán til framkvæmda út á áætlað matsverð byggingar. Síðan verður að sjálfsögðu að endurlána til eignarinnar þegar byggingu hennar er lokið þannig að hér er um nokkurs konar framkvæmdalán að ræða. Þau verða hins vegar að fylgja því að jafnvægi sé milli útgáfu húsnæðisbréfa og útlána.

Ég held ég geti hlaupið yfir 9. gr., það má segja að hún skýri sig sjálf.

Í 10. gr. er lýst uppruna þess fjármagns sem er notað til útlána. Það er, eins og ég hef getið um áður, fengið með sölu húsbréfa á frjálsum markaði. Húsbréfin eru skilgreind eins og hver önnur verðbréf eða spariskírteini sem hafa ákveðið sölugengi á hverjum tíma og kemur það til með að endurspeglast í þeim lánskjörum sem stofnunin getur boðið. Að sjálfsögðu, það er ljóst, verða lánskjör slíkrar stofnunar í dag að vera með markaðsvöxtum. Það er lítið við því að gera. Hins vegar hlýtur að vera jákvætt markmið í sjálfu sér að það séu til stofnanir sem geta boðið upp á langtímaveðlán, jafnvel þó að þau séu með háum vöxtum. Þeir lántakendur sem væntanlega koma til með að skipta við þessar stofnanir, eins og var getið um í upphafi, eru að stækka við sig eða breyta eða flytja sig á milli staða. Þeir þurfa því ekki á eins miklum veðlánum að halda og þeir sem eru að byrja í fyrsta sinn. Ég hef því trú á að þessi lán geti orðið mun minni að upphæð en þau húsnæðislán sem Húsnæðisstofnun ríkisins kemur til með að þurfa að veita. Ef við kæmumst hins vegar með skynsamlegum aðgerðum út úr myrkviði lánskjaravísitölunar, þá gæti vel farið svo að hægt væri

að bjóða hér skynsamleg langtímaveðlán án þess að þau virki sem hengingaról á þann sem hefur tekið þau.

Í þeim löndum sem hafa notað húsbréf til þess að fjármagna húsnæðislán var áður fyrr algengt að stofnunin afhenti í raun og veru aldrei neina peninga. Lántakandinn fékk aðeins í hendurnar bunka af húsbréfum sem voru að nafnverði jafnhá því skuldabréfi sem lántakandinn hafði skrifað upp á og afhent stofnuninni, þ.e. það er upphæð lánsins. Síðan var það lántakandans að fara með þennan bunka af húsbréfum í banka og selja þau eða biðja einhvern banka um að selja þau fyrir sig. Bankinn selur þessi húsbréf á daggengi og það verða þeir peningar sem lántakandinn fær í hendurnar. Þetta fyrirkomulag er úrelt í dag, sérstaklega eftir að rafeindabréfin voru tekin upp. Í dag eru yfirleitt öll lán veitt sem peningalán þannig að lántakandinn veit í sjálfu sér lítið um þessi húsbréf. Þau fara aldrei um hans hendur.

Um 11. gr. er það að segja að þar hef ég talið rétt að skilgreina betur sjálft lánsformið hvað varðar uppsetningu lánanna, annaðhvort í formi jafngreiðslulána, það sem hefur verið kallað annuitetslán eða í formi raðlána, það sem á erlendu máli er kallað seríulán. Það er ótrúlegt hvað við höfum farið mikið inn á það að veita lánskjaravísitölulán með annuitets-formi, vegna þess að það form veldur einmitt því að höfuðstóllinn veður upp úr öllu valdi fyrstu árin og kannski lengi fram eftir lánstímanum. Það væri strax skárra að nota raðlán þar sem afborgun ásamt verðbótum er föst upphæð. Það þvingar höfuðstól lánsins niður þó að það valdi að sjálfsögðu miklu erfiðari greiðslubyrði lántakandans í upphafi. Best væri að sjálfsögðu að losna alveg út úr þessum verðtryggingarfrumskógi og fara taka upp lán eins og ég hef getið um áður, t.d. vaxtaaðlögunarlánin, sem koma sér miklu betur fyrir lántakandann. Einnig er hér bent á þann möguleika að blanda þessum lántegundum saman, þ.e. raðlánum og jafngreiðslulánum, og með þeim hætti koma koma á skynsamlegri afborgunarrunu.

Ég held að þær greinar sem eftir eru skýri sig að mestu sjálfar. Ég vek athygli á 17. gr., þar sem er talað um að ekki fari saman afskipti af stjórn húsnæðislánastofnana og venjulegra bankastofnana. Því eru sett inn ákvæði í frv. um það að bankastjórar venjulegra banka skuli ekki taka sæti í stjórnum húsnæðislánastofnana.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri og leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

16. fundur, miðvikudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Frv. IBA og HJ, 84. mál (bankastjórar). — Þskj. 88.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ráðning í stöður bankastjóra er mál sem varðar alla. Það er ekki aðeins að bankastjórar fjalli um lán og lánveitingar heldur geta störf þeirra haft víðtæk áhrif á atvinnu- og fjármálaþróun í landinu. Það að með þessar stöður skuli ráðskast eins og ýjað hefur verið að í fjölmiðlum er óhæfa. Í nútímaþjóðfélagi er mikilvægt að svo veigamiklar stöður séu auglýstar svo öllum sem telja sig hafa getu til að gegna þeim gefist kostur á að sækja um þær. Bankamenn eru fjölmenn stétt og þar eru fjölmargir hæfir menn sem hafa þann metnað að sækjast eftir æðstu stöðum innan bankakerfisins. Þá eru einnig til ágætir fjármála- og athafnamenn sem hafa vafalaust áhuga á og mundu leysa þessi störf vel af hendi. Það er því áríðandi að þessar stöður séu auglýstar og afstaða tekin til umsækjenda eftir þeim umsóknum sem berast.

Sú aðferð sem nú er höfð við að ákveða ráðningu bankastjóra er ekki sæmandi í nútímaþjóðfélagi. Það er því mjög slæmt þegar verið er að ráðskast með þessar stöður mörg ár fram í tímann að því er virðist og ekki hægt að verja það.

Í fyrsta lagi stríðir þetta fyrirkomulag, að skipta bankastjórum á milli gömlu stjórnmálaflokkanna eftir kvótafyrirkomulagi, gegn lýðræði í landinu og er enn þá eins staðfesting á eðli þessara flokka sem er að deila, drottna og skammta. Fólkið í landinu er þreytt á þessari stefnu sem birtist í því að stjórnarflokkarnir eru búnir að bindast órjúfandi og eilífu samkomulagi um að framfylgja þessari skömmtunarstefnu. Bönkunum og útibúum þeirra hefur fjölgað geysilega síðustu árin. Það skiptir því miklu hverjir veljast til starfa sem aðalbankastjórar ríkisbankanna. Við í Borgarafl. höfum ályktað um þessi mál og verður ekki fjölyrt um það hér frekar.

Í umræðum um þetta mál hefur komið fram að þeir sem komu hér upp og töluðu um málið voru mjög samþykkir þessari breytingu á lögunum sem felst í því að auglýsa bankastjórastöðurnar og að umsækjendur geti þá um starfsferil sinn og menntun.

Við í Borgarafl. leggjum áherslu á að þessi brtt. nái fram að ganga og teljum að það geti ekki skaðað eða verið í móti neinum sem hugsar um þessi mál. Ég vil því sérstaklega spyrja hæstv. viðskrh. hvaða skoðun hann hefur á málinu.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Breytingin sem tillaga er gerð um í þessu frv. er eingöngu fólgin í því að inn í 11. gr. laganna um viðskiptabanka verði skotið setningu um það að skylt sé að auglýsa lausar stöður bankastjóra í Lögbirtingablaði og dagblöðum með minnst fjögurra vikna fyrirvara og að með umsókn skuli fylgja rækilegar upplýsingar um menntun og störf umsækjenda.

Skv. 11. gr. laga um viðskiptabanka skal bankaráðið ráða bankastjóra til sex ára í senn og frv. felur eingöngu í sér að bankaráðsmönnum sé sett verklagsregla um það hvernig leita skuli uppi bankastjóraefni. Eins og lögin bera með sér eru það bankaráðin sem eru ábyrg fyrir vali á bankastjórum. Margt mælir með því að þau eigi sjálf að ráða með hvaða hætti þau leiti uppi vænleg bankastjóraefni. Ég bendi á að í vaxandi mæli leita fyrirtæki hér á landi og annars staðar eftir hæfum stjórnendum fyrir milligöngu sérstakra ráðningar- og ráðgjafarfyrirtækja, svokallaðra „hausaveiðara", sem kanna beinlínis með samtölum og fyrirspurnum hvar sé nú best að bera niður og reyna að telja menn á að leita eftir störfum. Þetta kemur ekki í staðinn fyrir auglýsingar, en það sýnir kannski hvers eðlis þetta mál er.

Yfirlýstur tilgangur frv. er sá að sporna gegn misnotkun valds og aðstöðu við veitingu bankastjórastarfa og það er að sjálfsögðu lofsvert, en ég held blátt áfram talað að auglýsingaskylda breyti litlu um ákvarðanir þær sem hér er um að tefla. Reyndar eru ýmsir lögfræðingar þeirrar skoðunar að með hliðsjón af ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eigi að auglýsa slíkar stöður nokkurn veginn með þeim hætti sem flm. frv. leggja til að bætt verði inn í viðskiptabankalögin.

Ég tel ástæðu til að nefndin sem fjallar um frv. líti á þessi ákvæði og leiti álits lögfróðra manna. En þó er rétt að benda á að það hefur sjaldan farið leynt þegar lausar eru bankastjórastöður og lysthafendur hafa yfirleitt fljótt gefið sig fram og röggsamlega þegar slíkar stöðubreytingar hafa verið í vændum, jafnvel með miklu lengri fyrirvara en fjögurra vikna eins og hér er verið að tala um. Þannig held ég að það sé ekki brestur á auglýsingum sem hér sé um að tefla heldur þurfi að líta til annarra málþátta ef menn eru ósáttir við valið á bankastjórum.

En ég vildi taka það skýrt fram að ég tel ekkert mæla gegn því að auglýsa slíkar stöður. En ég sé hins vegar ekki brýna þörf að bæta slíkum ákvæðum í lögin og held að bankaráðunum sé jafnvel treystandi fyrir þessu og öðru í stjórn bankanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Lögverndun á starfsheiti fóstra, 1. umr.

Frv. FI o.fl., 158. mál. — Þskj. 171.

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra sem er á þskj. 171 og er 158. mál þingsins. Flm. ásamt mér eru hv. alþm. Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson og Kristín Einarsdóttir.

Frv. þetta er flutt í samráði við stjórn Fóstrufélags Íslands. Tilgangurinn með því er að tryggja að í framtíðinni verði starfandi á dagvistarheimilum starfsfólk sem hefur aflað sér sérfræðilegrar þekkingar á uppeldisstörfum fyrir börn.

Foreldrar treysta dagvistarheimilunum að vissu marki fyrir barnauppeldi. Uppeldisstörfin eru því í reynd falin fóstrunum og því er mjög treyst á menntun þeirra. Ég lít svo á að dagvistarheimilin eigi að vera fjölskyldum og foreldrum til stuðnings og ættu því að vera sjálfsögð viðbót við foreldrauppeldið. Foreldrar verða því að geta treyst að þar starfi sérmenntað fólk, fólk sem hefur þekkingu á því hversu mikilvæg bernskan er barninu fyrir framtíðina. Með þessu er ég ekki að kasta rýrð á störf ófaglærðs fólks, sem hefur í gegnum tíðina aflað sér mikillar reynslu við uppeldi, en það verður að viðurkenna, hversu mikil sem sú reynsla er, að hún kemur aldrei í staðinn fyrir þá bóklegu þekkingu sem fóstrur afla sér með sínu námi.

Það er einnig útilokað fyrir starfsstétt eins og fóstrur að búa við það af hálfu opinberra aðila að ef stéttinni dettur til hugar að berjast fyrir bættum kjörum séu yfirvofandi hótanir um að ef þær haldi slíkri baráttu áfram verði í staðinn fyrir þetta sérmenntaða fólk ráðið ófaglært fólk inn á dagvistarstofnanirnar til að sinna þeim störfum sem nú er sinnt af fóstrum. Slíkum afarkostum getur engin stétt setið undir og kannski er af þeirri ástæðu einni full ástæða til að lögvernda starfsréttindi fóstra.

Eftir að rannsóknir hafa leitt í ljós hversu víðtæk og flókin sú færni og frammistaða er sem börn hafa aflað sér og þroskað með sér á fyrstu bernskuárunum hefur foreldrum, skólamönnum og ráðamönnum um uppeldis- og menntamál skilist betur gildi þess að hlúa að þessu viðkvæma þroskaskeiði. Fræðilegar rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að ýmsir þættir í félagslegu umhverfi barna geta ýmist dregið úr getu þeirra í skólanámi eða auðveldað þeim það. Langtímaathuganir hafa bent til fylgni milli heimilisaðstæðna og frammistöðu í skóla og gefa til kynna að gæði þess uppeldisumhverfis sem börn vaxa upp í við eigin aðstæður og á barnaheimilunum gegna mjög mikilvægu hlutverki við þroska barnanna. Túlkun á slíkum rannsóknum er að vísu oft umdeilanleg. Engu að síður benda niðurstöður ýmissa vönduðustu rannsókna til þess svo að varla verður um það deilt að markvisst forskólauppeldi getur haft afdrifaríkáhrif á alhliða þroska bágstaddra barna, ekki aðeins skammtímaáhrif heldur einnig varanleg áhrif.

Vaxandi áhugi á forskólauppeldi og auknar kröfur

um dagvistarheimili eru þó fyrst og fremst nátengd margháttaðri félagslegri þróun og breytingum sem hafa orðið á uppeldisskilyrðum barna og gæðum þeirra skilyrða. Mikilvægt er því að gefa því gaum að fjölskyldan sem tilfinningalegt og félagsmótandi afl í uppeldi barna hefur verið að breytast mjög á undanförnum árum. Óstöðugleiki kjarnafjölskyldunnar er meiri en svo að unnt sé að loka augunum fyrir honum. Hjónaskilnuðum fjölgar hröðum skrefum. Barnsfæðingum utan hjónabands eða utan sambúðar foreldra fjölgar. Einstæðir foreldrar verða hlutfallslega fleiri.

Fleira kemur til sem raskað hefur hefðbundnu mynstri fjölskyldunnar. Konan hefur til skamms tíma borið meginábyrgð á uppeldi barnanna innan vébanda heimilisins, en breyttar aðstæður konunnar í nútímaþjóðfélagi og aukin þátttaka hennar í atvinnulífinu hafa bein áhrif á stöðu móðurinnar sem foreldris. Raskar það hefðbundinni fjölskyldugerð og hefur afdrifarík áhrif á þau uppeldisskilyrði sem börnum eru sköpuð.

Á tiltölulega skömmum tíma hafa orðið örar og miklar breytingar á lífsháttum manna í hinum vestræna heimi sem hafa geigvænleg og afdrifarík áhrif á uppeldisaðstæður barna. Bitnar þessi þróun mest á ungum börnum ef ekkert er að gert. Fjölskyldan sem griðastaður og uppeldisathvarf barna stendur mjög höllum fæti. Staða fjölskyldunnar er mjög alvarleg og gefur fullt tilefni til aðgerða hennar til að styrkja og vernda börnin. Meðal raunhæfra og viðeigandi aðgerða er fjölgun dagvistarheimila sem veiti börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir.

Ég ætla ekki að lesa einstakar greinar þessa frv. Þó vil ég fara nokkrum orðum um þær athugasemdir sem fylgja einstökum greinum frv.

1. gr. felur í sér lögverndun á starfsheiti fóstra sem starfa við uppeldisstörf á dagheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem uppeldi fer fram utan heimilis. Tilgangurinn með lögverndun starfsheitisins er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi fóstra. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun og starfa utan heimilis þar sem uppeldi fer fram geti notað þetta starfsheiti. Starfsheitið eiga bæði karlmenn og kvenmenn að geta notað. Í raun og veru er gert ráð fyrir því í lögunum um Fósturskóla Íslands að þann skóla geti bæði sótt karlmenn og kvenfólk. Fóstrufélag Íslands hefur leitað til Íslenskrar málnefndar og spurst fyrir um hvort það sé andstætt íslenskri málhefð að karlar geti borið starfsheitið fóstra. Nefndin hefur svarað því til að svo sé ekki. Fólk sem tekur börn í fóstur hefur eftir sem áður heimild til að kalla sig fóstru eða fóstra, en auðvitað ekki rétt til að starfa sem slíkt á stofnun fyrir börn þar sem uppeldi fer fram.

Í 2. gr. er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið fóstra. Öllum þeim sem lokið hafa námi við Fósturskóla Íslands skal veitt leyfi, einnig þeim sem hafa lokið sambærilegu námi erlendis, en áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar um leyfisveitinguna hjá Fóstrufélagi Íslands og skólanefnd Fósturskólans.

3. gr. gerir ráð fyrir því að menntmrh. skuli ávallt leita þessara umsagna. Þetta er til að tryggja að ekki komi inn í fóstrustéttina fólk sem ekki hefur hlotið viðhlítandi menntun.

Í 4. gr. er vitnað í lögin um byggingu og rekstur dagvistarheimila nr. 40/1981 og í uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985. Í þessum lögum og uppeldisáætluninni er fóstrum gert skylt að vinna og bera ábyrgð á að unnið sé að settum uppeldismarkmiðum. Þessar skyldur sínar ber hverri fóstru að þekkja þegar henni er veitt starfsleyfi.

Markmiðið með 6. gr. er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafi viðhlítandi menntum verði ráðnir til fóstrustarfa. Tilgangurinn er sá að bæta það uppeldislega starf sem fram fer á dagvistarheimilum og taka af öll tvímæli um að hægt sé að ráða í störf fóstra ófaglært fólk þó það hafi öðlast mikla reynslu af barnauppeldi innan heimilis. Þó er gert ráð fyrir að frá þessari meginreglu sé hægt að víkja fáist fóstrur ekki til starfa þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar í fjölmiðlum. Í lögum um rekstur og byggingu dagvistarheimila, í 16. gr., er gert ráð fyrir hvernig farið skuli með slíkar undanþágur og í þessari grein er gert ráð fyrir að eins sé farið að.

Það kunna einhverjir að halda því fram að eftir að lögverndun á starfsheiti fóstra hefur verið veitt muni verða mjög erfitt fyrir minni sveitarfélögin að ráða fóstrur til starfa. Fyrir þessu er séð. Það er gert ráð fyrir því í lögunum um byggingu og rekstur dagvistarheimila, í 16. gr., að hægt sé að sækja um undanþáguheimildir til menntmrn. til að ráða ófaglært fólk í störf á dagvistarstofnunum. Það skuli þó ekki gert án undangenginnar auglýsingar og starfsmaður sem ráðinn er skuli ekki geta borið starfsheitið fóstra. Þann starfsmann má heldur ekki endurráða án undangenginna auglýsinga og það skal aldrei ráða þann starfsmann lengur en til eins árs í senn.

Einhver kann að spyrja hvort ekki sé komið nóg af þessum múrum sem hinar ýmsu starfsstéttir hafi verið að byggja í kringum sig. Það kann vel að vera að svo sé, en þá hafa menn í upphafi stigið röng skref í þessa veru því það er ekkert sem réttlætir að fóstrustarfið skuli vera eitt af sárafáum störfum í opinberri þjónustu sem ekki nýtur lögverndar á starfsheiti og starfsréttindum.

Á undanförnum árum hafa ýmsar starfsstéttir í opinberri þjónustu fengið lögverndun á starfsheitum sínum og starfsréttindum. Kennarastarfið hlaut slíka lögverndun árið 1986. Störf kennara og fóstra er um margt mjög skyld og gegna báðar starfsstéttirnar afar mikilvægu hlutverki í uppeldi barna og unglinga.

Hæstv. forseti. Að aflokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til hv. menntmn. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 110. mál. — Þskj. 114.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Að undanförnu hafa farið fram miklar umræður um lífeyrissjóðsmál landsmanna. Ljóst er að lífeyrisréttindi einstakra stétta og starfshópa eru um margt mismunandi og fer það bæði eftir aldri og reglum lífeyrissjóðanna. Í þessari umræðu hafa flestir verið sammála um að brýn nauðsyn væri að gera úrbætur á lífeyrissjóðsmálum þeirra sem starfa við heimilis- og umönnunarstörf og hafa til þessa margir hverjir notið lítilla sem engra lífeyrisréttinda. Hér er fyrst og fremst um þá að ræða sem bundnir eru við heimilisstörf vegna barna eða geta ekki af öðrum ástæðum sótt út á vinnumarkaðinn, t.d. vegna veikinda. Þá eru það ætíð allmargir sem annast þurfa á heimilum aldraða og sjúka og eiga þess ekki kost af þeim sökum að leita út á vinnumarkaðinn og ávinna sér þar lífeyrisréttindi.

Þessi störf eru að sjálfsögðu mjög dýrmæt fyrir þjóðfélagið, en hafa oft ekki notið þeirrar viðurkenningar sem þeim ber. Á 27. landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var í byrjun mars á þessu ári, var sérstaklega ályktað um þessi efni. Í ályktun landsfundarins um jafnréttis- og fjölskyldumál segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Meta þarf heimilisstörf sem reynslu í störfum á almennum vinnumarkaði. Heimavinnandi fólk njóti bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrisréttinda til jafns við aðra vinnandi þjóðfélagsþegna. Kannað verði hvernig við verði komið greiðslum til fólks sem annast aldraða, sjúka eða öryrkja á eigin heimilum."

Einnig kom fram ályktun þess efnis að lífeyrisréttindi verði sameign hjóna. Þetta er að sjálfsögðu afar mikilvægt atriði þegar litið er til þess hvernig húsnæðislánakerfið er fjármagnað með framlögum úr lífeyrissjóðum.

Enn fremur ályktaði flokksráðs- og formannafundur Sjálfstfl. um þetta efni þann 21. nóv. sl., en þar segir í annars ítarlegum kafla um fjölskyldu- og jafnréttismál, með leyfi forseta:

„Heimavinnandi njóti lífeyrisbóta í sama mæli og aðrir starfandi þjóðfélagsþegnar."

Ég get því verið fyllilega sammála hv. flm. þessa frv. um þá réttlætishugsun sem þar býr að baki. Ekki verður þó komist hjá því að gera nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi verður að hafa hugfast að lífeyrissjóðsréttindi eru eign viðkomandi rétthafa vegna þeirra iðgjalda sem hann hefur greitt í sjóðinn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hið opinbera sjái alfarið um iðgjaldagreiðslur. Hér er því farið fram á skattlagningu og fyrir slíku þurfa einatt að vera góð og gild rök. Það þarf hugleiðingar við hverjir muni njóta þessara réttinda, sérstaklega með það í huga að um eða yfir 80% íslenskra kvenna eru nú útivinnandi. Er það markmið þessa frv., ef það verður að lögum, að hafa þau áhrif að fleiri verði heimavinnandi? Ef markmiðið er t.d. að styðja við bakið á barnafjölskyldum, má þá ekki velta því fyrir sér hvort önnur úrræði, t.d. hækkun á barnabótum, kæmu þeim betur?

Í öðru lagi er í 1. gr. frv. og í grg. gert ráð fyrir að iðgjaldsgreiðslan sé miðuð við laun skv. 9. launaflokki Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, eins og þau eru á hverjum tíma. Þessi viðmiðun er alls ekki raunhæf því að þetta flokkakerfi var lagt niður í síðustu desembersamningum eða fyrir rétt tæpu ári og ekki er mér kunnugt um að neitt mat liggi fyrir á störfum húsmæðra, eins og í grg. er miðað að, þannig að þetta atriði þarf að sjálfsögðu leiðréttingar við.

Í þriðja lagi er það heldur ekki ljóst af frv. hvort þessi lífeyrisréttindi verði sameign hjóna eða ekki. Eiga t.d. þessi réttindi að koma til skipta á milli hjóna við skilnað?

Í fjórða lagi verður að spyrja hvort frv. er ætlað að gilda um fólk í óvígðri sambúð sem jafna má til hjúskapar. Þessi atriði og önnur verður að taka til nánari athugunar.

Í lok grg. segir, með leyfi virðulegs forseta: „Stofnun sameiginlegs lífeyriskerfis allra landsmanna er nú í undirbúningi. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma. En svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan lífeyrismála þar sem búast má við að nokkur ár líði áður en sú breyting kemst á."

Eins og hv. þm. er kunnugt um hefur verið unnið að endurskoðun lífeyriskerfisins á vegum svonefndrar sautjánmannanefndar. Aðilar þeirrar nefndar voru aðilar vinnumarkaðarins og hins opinbera. Á sl. vori skiluðu þeir niðurstöðu sinni í formi frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, þann 29. maí 1987. Í þessu frv. koma fram mörg merkileg nýmæli. T.d. segir í 6. mgr. 13. gr., með leyfi virðulegs forseta:

„Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan á hjónabandinu stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi sem áunnust á meðan hjónabandið stóð skiptast jafnt á milli þeirra."

Þetta frv. mun nú liggja fyrir hjá hæstv. fjmrh. og er því full ástæða til að beina þeim eindregnu tilmælum til hans að frv. þetta verði lagt fram hið

fyrsta til að hið háa Alþingi fái um það fjallað. Þannig má ætla að þau ummæli grg. sem áður er í vitnað nái best fram að ganga, þ.e. að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma sem heildarendurskoðun lífeyriskerfisins gerir ráð fyrir. Ég vil hins vegar þakka hv. flm. fyrir að vekja athygli á þessu þarfa máli.

Hæstv. forseti. Það er enn fremur yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar og hæstv. heilbr.- og trmrh. að fram fari endurskoðun almannatryggingakerfisins hið skjótasta. Tel ég það mikið réttlætismál og vafalaust má einmitt á því sviði lagfæra margt sem betur mætti fara varðandi réttindi heimavinnandi fólks í samræmi við þá meginhugsun sem fram kemur í því frv. sem hér liggur fyrir.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er búið að fresta þessu svo oft að ég var eiginlega búin að gleyma því að ég átti að taka til máls. En ég stend hér til að taka undir þessa tillögu. Mér finnst þetta þarft mál og gott og hefði mátt koma fram fyrir löngu. Það er mála sannast að í allri þeirri umræðu sem hefur orðið um jafnrétti og kjaramál á síðustu árum hefur hlutur húsmóðurinnar mjög verið borinn fyrir borð, hefur mér fundist. Mér finnst að það sé of ríkjandi sjónarmið að meta ekki heimavinnu til vinnuframlags. Þetta hefur komið glöggt í ljós t.d. við gerð kjarasamninga.

Eftir að ég kom aftur eftir langt hlé í verkalýðshreyfinguna og leiddi fyrst kjarasamninga 1976 hef ég oft rekist á þetta. Árið 1976 voru konur að streyma út á vinnumarkaðinn og höfðu reyndar gert það nokkur ár þar á undan. Þær gátu byrjað á mörgum stofnunum og vinnustöðum í vinnu sem var mjög hliðstæð þeirri vinnu sem þær höfðu unnið á heimilunum og gátu þá byrjað sem algerir byrjendur. Þær voru jafnvel nokkur ár að vinna sig upp í full laun. Í þessum kjarasamningum fengum við viðurkennda húsmóðurreynslu sem eins árs starfsaldur. Það voru kannski konur sem fengu þessi réttindi sem voru búnar að vera húsmæður í áratugi. Samt olli miklu fjaðrafoki þetta eina ár. Árið 1979 komum við þessu upp í fjögur ár. Ég fullyrði að við hefðum ekki komið svo mörgum árum fram nema af því að við áttum í raun og veru góðan stuðningsmann hinum megin við borðið, en það var páv. vinnumálastjóri Reykjavíkurborgar, Magnús Óskarsson. En þetta samkomulagsatriði á milli Sóknar og atvinnurekenda olli allt að því taugaáfalli á sumum launaskrifstofum. Svo afleitt var það.

Mér finnst nú ekki að þetta hafi verið mikið mál eða gert launaútreikninga mjög erfiða, enda held ég að það hafi ekki verið það sem raunverulega var að. Það var hitt, að hér var verið að fara inn á hættulega braut. Það er verið að meta vinnu sem hingað til hafði verið svo lítils metin. Það var hættan.

Sem betur fer hefur þetta þokast nokkuð áfram á seinni árum þannig að í síðustu kjarasamningum mun vinna á heimilum hafa verið metin til sex ára a.m.k. og kannski meira í þeim samningum sem síðast hafa verið gerðir.

Ég er alveg viss um að það verður andstaða gegn þessu frv. hjá sveitarstjórnarmönnum og reyndar ríkinu líka, en ég held að við munum ná merkum áfanga í réttindamálum kvenna ef frv. verður samþykkt vegna þess að þá verður rutt úr vegi þeirri hindrun sem felst í því hugarfari að hugsa sem svo: Þessi kona er heima. Hún gerir ekkert. Hún er bara húsmóðir.

Þegar ég lít til baka yfir mína ævi finnst mér að ég hafi ekki sofnað þreyttari í annan tíma en þegar ég var bara húsmóðir og sveitakona og mér finnst meira en mál til komið að fara að meta þetta.

Hvað snertir lífeyrissjóðsfrv. er ekki full samstaða um það enn þá þó vonandi takist að koma því á réttari grundvöll. Endurskoðun á lögum um almannatryggingar veit ég ekki hve lengi hefur staðið yfir. Síðast var verið að segja mér í morgun að þau hefðu átt að vera í endurskoðun síðasta kjörtímabil og það hefði aldrei verið haldinn fundur í þeirri endurskoðunarnefnd. Þetta kunna að vera einhverjar ýkjur, en þessi lög hafa afskaplega lengi verið í endurskoðun og ég held að við bíðum ekki eftir því.

Ég þakka flm. frv. og lýsi aftur yfir að ég styð það eindregið.

Ellert Eiríksson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að taka undir það mál sem hér er á dagskrá og gerð var glögg grein fyrir af 3. þm. Norðurl. e. þegar flutt var framsaga. Hv. 3. þm. Reykv. gerði einnig grein fyrir sjónarmiðum Sjálfstfl. í fjölskyldu- og jafnréttismálum og kom þar mikið fram af því sem ég hafði viljað sagt hafa þegar ég bað um orðið fyrr.

En ég vil þó ítreka að þessi stétt, húsmæður, hefur ekki notið þeirrar virðingar hvað varðar laun og réttindi sem aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi. Það má glöggt meta það af því að á síðari árum kemur þetta enn þá betur í ljós þegar lífeyrisréttindi fólks eru farin að vega þungt.

Ég hef orðið vitni að því, bæði í minni fjölskyldu og annars staðar, að fólk hefur eftir miðjan aldur slitið samvistum eftir að það er búið að búa saman í 20–30 ár, risaheimili, ala upp börn og verkaskipting hefur verið með þeim hætti að konan hefur sinnt heimilisstörfum og barnauppeldi en karlmaðurinn hefur sinnt launaðri vinnu og þar af leiðandi um leið öðlast lífeyrisréttindi. Þegar svo hefur farið á síðari hluta ævinnar að þetta fólk hefur slitið samvistum hefur lífeyrisrétturinn orðið eign karlmannsins. Hann hefur ekki við búskipti komið til skipta. Þó er ljóst að bæði hafa lagt skerf af mörkum á árunum þegar unnið var fyrir þessum réttindum úr sameiginlegum sjóði sem voru tekjur heimilisins. Það er ekki með neinni öfund sagt, en þó hef ég vitað til þess að þegar fólk hefur skilið og karlmaðurinn fengið sér aðra konu þegar liðið hefur á ævina, en orðið stuttra lífdaga auðið þar á eftir, að síðari konan hefur erft allan lífeyrisréttinn en ekki sú fyrri þó stutt hafi verið til unnið af þeirri síðari. Nú er ég ekki að

öfundast yfir því að sú sem síðar eignaðist réttinn hafi náð honum, en það gefur auga leið að þarna er um verulegt misrétti að ræða sem við þurfum að taka á.

Það var hárrétt ábending hjá hv. 3. þm. Reykv. að í 1. gr. er lagt til að það skuli miða við ákveðinn launataxta, 9. flokk í taxta Verkamannasambands Íslands, sem er ekki lengur til staðar. En það má vekja athygli á því í framhaldi af því sem sagt var fyrr í dag, þegar flutt var frv. um löggildingu á starfsheitinu „fóstra", hvort þar sé ekki komin viðmiðun, ef af því verður að greidd verði lífeyrisréttindi, og miða greiðslur í lífeyrissjóð við laun fóstra. Það er ekkert óeðlilegt þar sem fóstri eða fóstra vinna við barnauppeldi, vinna við hvers konar önnur störf sem ekki eru óskyld í eðli sínu starfi húsmóður við barnauppeldi, að þar sé frekar notað til viðmiðunar starfsheiti og launakjör hjá viðkomandi stétt sem þarna væru sambærileg en einhver taxti í kauptöxtum sem síðan verður úreltur eins og kemur fram. Ég varpa þessu fram til hv. flm. til frekari skoðunar.

Herra forseti. Mér fannst rétt að þetta kæmi fram. En í viðbót við þetta og að lokum þar sem ég tala líka sem sveitarstjórnarmaður og þá hugsanlega sem greiðandi: Hv. síðasti ræðumaður sagði að þetta mundi hugsanlega mæta andstöðu af hálfu sveitarstjórnarmanna og þeirra sem fara með vörslu ríkissjóðs. Það er sjálfsagt rétt að það verða deildar meiningar á þeim vígstöðvum, en ég get alveg fullvissað aðila um að í sveitarstjórnum eiga húsmæður sína stuðningsmenn jafnt og á Alþingi.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að gera örstutta athugasemd við það frv. sem hér liggur fyrir og þá einkum grg. þess. Ég hef margsinnis lagt á það áherslu, þegar grg. með þingmáli er samin, að fram komi það sem áður hefur verið lagt til í sama máli þannig að þm., bæði þeir sem gleymnir kunna að vera og ekki síður þeir sem nýir koma til þings, hafi einhverja hugmynd um þróun málsins hér á þingi.

Hér segir í grg. hv. flm. að frv. þetta hafi verið lagt fram á síðasta þingi en ekki orðið útrætt og allt er það satt og rétt, en þar er ekki saga þessa máls öll.

Árið 1983–1984, á 106. löggjafarþingi, lagði hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, fram till. til þál. um lífeyrisréttindi húsmæðra sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir þær húsmæður sem ekki hafa þegar öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði."

Síðan flutti hæstv. núv. félmrh. þingmál sama efnis og oftar en einu sinni og á síðasta þingi, svo að ég fari fljótt yfir sögu, var hún 1. flm., hv. þáv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að till. til þál. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra. Síðan kom fram till. frá hv. þáv. þm. Gunnari G. Schram, sem var einnig till. til þál., um lífeyrisréttindi þeirra sem annast hjúkrunar- og líknarstörf, minnir mig að það hafi heitið. Báðum þessum málum var vísað til nefndar á síðasta þingi, til hv. félmn. Sþ., og frá nefndinni kom till. til þál. sem var samþykkt 19. mars 1987. Það var málamiðlun sem allir gátu sætt sig við, og var samþykkt sem þál. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1987."

Þar með hefur Alþingi Íslendinga falið ríkisstjórninni að undirbúa frv. til l. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Mér þykir þess vegna það að þeirri vinnuaðferð sem hér er höfð í frammi, sem er að leggja fram frv., að eðlilegra hefði verið að spyrja hæstv. félmrh., sem er því miður ekki viðstödd í dag, hvort þessi vinna sé í undirbúningi, ekki síst með tilliti til þess að hún hefur marglagt fram tillögur í þessa átt. Ég held að það sé töluvert mikilvægt að þingið reyni að gera sér ekki erfiði umfram ástæðu. Sé félmrn. með þetta mál í undirbúningi tel ég að eðlilegast sé að fá við því svör frá hæstv. félmrh. fremur en að koma fram með frv. sem í raun og veru er þegar búið að samþykkja að verði samið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég bendi á þetta vegna þess að við ræðuhöld í sambandi við þetta frv. hafa menn talað eins og Alþingi hafi hreint ekki komið nálægt þessum málum fyrr. Ég vil þess vegna benda mönnum á þál. síðasta þings og skora hér með á hæstv. félmrh. að vinda að því bráðan bug að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Hún getur það að vísu ekki, eins og ályktað var, fyrir 1. nóv. 1987, en því fyrr því betra sem hún gerir það. Má ætla að þær tillögur hljóti að sjá dagsins ljós.

Efnislega skal ég ekki fara út í frv., en vildi einungis benda á þetta.

Umræðu frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 130.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45 frá 1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á Alþingi fyrr á þessu ári ásamt breytingum á lögum um tekjuskatt einstaklinga sem lögðu grundvöll að upptöku staðgreiðslu tekjuskatta hér á landi. Þegar við afgreiðslu laganna var ljóst að mikið verk væri fyrir höndum við undirbúning þeirra miklu breytinga sem lög þessi boðuðu. M.a. af þeim

ástæðum voru á síðasta þingi mótuð þau vinnubrögð að nefnd skipuð fulltrúum þingflokkanna, fjmrn. og hagsmunasamtaka sem aðild áttu að málinu frá upphafi skyldi milli þinga fylgjast með undirbúningi framkvæmdar og gera tillögur um þær breytingar á löggjöfinni sem æskilegar þættu. Nefndin átti jafnframt að meta það á grundvelli nýjustu tiltækra upplýsinga hverjir skattstuðlar þyrftu að vera í hinu nýja kerfi til þess að náð yrði þeim markmiðum varðandi skattlagningu, skattbyrði og skatttekjur sem sett voru þegar málið var flutt á síðasta þingi.

Af ýmsum ástæðum dróst skipan þessarar nefndar. Kom þar m.a. til að skammt var til þingloka þegar lögin voru afgreidd, kosningar í nánd og kosningaundirbúningur hafinn. Að kosningum loknum fór langur tími í stjórnarmyndunarviðræður, en þegar að þeim loknum var óskað eftir tilnefningu í nefnd þessa. Af ýmsum ástæðum leið nokkur tími þar til tilnefningar allra aðila höfðu borist og var komið fram í september þegar nefndin hóf störf.

Hluti af verkefnum nefndarinnar var þess eðlis að ekki var unnt að sinna honum að ráði fyrr en með hausti. Var þar um að ræða þá þætti sem tengdust úrvinnslu skattframtala frá sl. ári. Sú vinna gat ekki hafist fyrr en að lokinni álagningu opinberra gjalda á þessu ári og eftir að skattgögn og tilheyrandi skrár höfðu verið færðar í úrvinnsluhæft ástand sem var ekki fyrr en um mánaðamótin ágúst–september.

Þótt milliþinganefnd væri ekki tekin til starfa hófst undirbúningur að framkvæmd staðgreiðslu í fjmrn. og á vegum þess strax sl. vor. Ráðuneytið fól embætti ríkisskattstjóra að annast tæknilegan undirbúning framkvæmdarinnar og að stýra henni. Hjá því embætti var stofnuð sérstök staðgreiðsludeild og til hennar var ráðið starfsfólk sem unnið hefur að þessum málum síðan. Þegar í apríl sl. var skipuð nefnd til þess að annast samræmingu við undirbúningu staðgreiðslunnar. Sú nefnd var skipuð fulltrúum frá fjmrn. og embætti ríkisskattstjóra, frá Ríkisbókhaldi, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Skattstjórafélagi Íslands. Nefnd þessi fylgdist með undirbúningsstarfinu, gerði tillögur um ýmis atriði framkvæmdarinnar og beitti sér fyrir því að þeir aðilar sem málið varðar ynnu saman að undirbúningnum.

Að tillögu þessarar nefndar var ákveðið að greina móttöku staðgreiðslufjár og skil þess til rétthafa nokkuð frá öðrum undirbúningsþáttum og hefur sérstökum starfshópi verið falið að undirbúa þann þátt. Í þeim starfshópi eru aðilar frá fjmrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga, Gjaldheimtu, Ríkisbókhaldi og embætti innheimtumanns. Þessi starfshópur hefur lagt fram tillögur um nokkur af þeim verkefnum sem honum var falið og vinnur enn að öðru.

Þótt tími milliþinganefndar til að ljúka störfum hafi verið knappur hefur hún unnið mikið og að mínu mati afar gott starf. Nefndin skilaði fyrir alllöngu álitsgerð með ítarlegum upplýsingum og tillögum um breytingar á þeim lögum sem henni var falið að fjalla um. Hluta þessara tillagna hafði nefndin kynnt fjmrh. fyrr á starfstíma sínum og er það frv. sem hér er mælt fyrir fyrst og fremst á þeim byggt.

Eins og sjá má af álitsgerð nefndarinnar sem gefin hefur verið út sérstaklega og dreift til allra þm., álitsgerð um staðgreiðslu skatta frá milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta 15. nóv., hefur nefndin grandskoðað flest þau atriði sem snerta framkvæmd staðgreiðslu og það álagningarkerfi sem hún byggir á. Það er ánægjulegt að samstaða var í nefndinni um öll meginatriði í staðgreiðslukerfinu þó að að sjálfsögðu hafi komið fram skiptar skoðanir um einstök atriði. Tillögur nefndarinnar lúta flestar að því að styrkja og treysta þau lagaákvæði sem samþykkt voru á seinasta þingi, ásamt því að leitast við að gera framkvæmd staðgreiðslunnar sem einfaldasta og hagkvæmasta fyrir gjaldendur sem og fyrir þá sem að framkvæmdinni starfa.

Nefndin leggur fram tvíþættar tillögur. Annars vegar tillögur um breytingu á lögum um staðgreiðslu og hins vegar um breytingar á tekjuskattslögunum. Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt byggt í stórum dráttum á þeim tillögum hefur verið afgreitt af ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarliða og verður eftir því sem ég best veit lagt fram á hinu háa Alþingi annaðhvort í dag eða snemma á morgun.

Það frv. sem hér liggur fyrir byggir á fyrrnefndum tillögum, þ.e. fyrri þætti tillagna milliþinganefndar um breytingar á lögum um staðgreiðslu. Enn fremur tengjast afgreiðslu þessara mála lagafrv. um gildistöku staðgreiðslulaganna, frv. um húsnæðissparnaðarreikninga, frv. um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og frv. um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld. Síðastnefndu frv. þrjú flytja þeir ráðherrar sem fara með tilsvarandi málaflokka.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst að finna breytingar á framkvæmdaatriðum sem varða staðgreiðslu. Þar sem ítarlega er fjallað um einstakar breytingar í álitsgerð milliþinganefndarinnar sem og í athugasemdum með frv. læt ég nægja að drepa á helstu efnisþætti í stuttu máli.

Í fyrsta lagi fjallar frv. um breytingar sem snerta útgáfu skattkorta. Helstu efnisatriðin eru: Breytt er tímaviðmiðun til útgáfu skattkorta. Lagt er til að Tryggingastofnun ríkisins taki á móti skattkortum fyrir bótaþega þeirrar stofnunar, að gefin verði út sérstök námsmannaskattkort og sérstök kort með uppsöfnuðum afslætti þegar skattþegnar hafa lítt eða ekki stundað launuð störf fyrri hluta árs og rýmkuð eru ákvæði um hvenær færa má persónuafslátt milli hjóna. Breytingar þessar miða að því að gera kerfið þjálla í framkvæmd og að því að draga úr misræmi milli staðgreiðslu og endanlegrar álagningar.

Í annan stað fjallar frv. um skil á staðgreiðslufé. Þar er höfð hliðsjón af áliti gjaldheimtunefndar þannig að tillögur hennar geti komist í framkvæmd án þess að lögum um staðgreiðslu verði breytt. Enn fremur er sett ákvæði um skilatíma að loknu hverju greiðslutímabili og ákvæði þess efnis að sjómannaafsláttur hjá lögskráðum sjómönnum verði dreginn frá staðgreiðslu hjá launagreiðanda í stað þess að

vera gerður upp sérstaklega eins og ætlunin var og lögin hljóðuðu upp á sl. vor.

Þá er lagt til að í lögin verði tekið ákvæði um hvar skuli skipta vanskilafé, álagi og sektum í skuldaröð í þrotabúum. Hér er gert ráð fyrir að vanskilafé og álag verði forgangskröfur, enda er um að ræða vörslufé sem dregið hefur verið af launum starfsmanna og haldið er með ólögmætum hætti hjá launagreiðanda. Er ekki talið rétt að aðrir kröfuhafar hagnist vegna ólögmætra athafna skuldara sem yrði ef vanskilafé hefði ekki þann forgang sem hér er lagt til.

Þá er í frv. þessu gerð tillaga um að breyta því ákvæði laganna að sektarúrskurðir verði í höndum ríkisskattstjóra. Í frv. er gerð tillaga um að sektarúrskurðir þessir verði í höndum sérstakrar nefndar en ekki eingöngu á vegum þess aðila sem sér um að stjórna framkvæmd laganna. Með þessu fyrirkomulagi er vonast til að sektarákvörðun geti gengið fljótt fyrir sig og verið með eðlilegum hætti.

Herra forseti. Ég hef hér gert stuttlega grein fyrir meginefni þess frv. sem fyrir liggur og aðdraganda þess. Afgreiðsla frv. og þeirra annarra sem því tengjast er nauðsynleg forsenda þess að náð verði um næstkomandi áramót þeim merka áfanga í skattasögu hér á landi að hafin verði staðgreiðsla skatta.

Við Íslendingar höfum stigið það skref seinna en flestar eða allar grannþjóðir okkar. Hins vegar er einnig á það að líta að samfara staðgreiðslunni tökum við upp skattkerfi sem um flest verður einfaldara í sniðum en þekkist með öðrum þjóðum. Sú staðreynd á að gera okkur kleift að koma á einfaldri skattheimtu, draga úr skriffinnsku og gera skattakerfi okkar skiljanlegt þeim sem við eiga að búa. Slíkir eiginleikar eru jafnframt mikilvægar forsendur þess að skattakerfið sé skilvirkt og að það mismuni þegnum ekki eftir því hvaða aðstöðu þeir hafa til að nýta sér hin ýmsu tilbrigði flókinna skattalaga.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu og legg til að frv. þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er raunar aðeins eitt af þeim frv. sem við höfum beðið eftir og nauðsynleg eru til umfjöllunar vegna þeirra skattkerfisbreytinga sem eiga að taka gildi um áramót. Um þetta tiltekna frv. er e.t.v. ekki þörf á löngu máli. Hér er fyrst og fremst um að ræða nauðsynlegar breytingar á lögunum til þess að framkvæmd kerfisbreytingarinnar geti gengið eðlilega fyrir sig og ég hygg að um þetta frv. hafi lítill ágreiningur verið í þeirri nefnd sem fjallaði um undirbúning staðgreiðslunnar, enda var það með því fyrsta sem afgreitt var af hálfu nefndarinnar.

Það er e.t.v. rétt að koma því að strax að það kemur fram á fleiri en einum stað í álitsgerð milliþinganefndarinnar að henni hafi verið naumt skammtaður tíminn til sinna verkefna og er ekki örgrannt um að menn virðist vilja hafa þetta tímaleysi sér til afsökunar. Ég vil þá aðeins geta þess að beiðni um tilnefningu barst okkur kvennalistakonum dags. 10. júlí sl. og við skipuðum okkar fulltrúa mjög fljótlega og vorum þess tilbúnar að hefja þessa vinnu þá þegar og töldum það raunar nauðsynlegt. Ég veit svo sem ekki af hvaða sökum þessi vinna tafðist alveg fram í september og vænti að þar hafi kannski ráðið seinagangur annarra aðila sem áttu að skipa fulltrúa í þessa nefnd. En okkar fulltrúi, Kristín Sigurðardóttir, var orðin góðkunningi símastúlkna í Stjórnarráðinu og fulltrúa þar, svo oft hringdi hún til að spyrja um hvenær hefja ætti þetta starf. Það er því sannarlega við aðra að sakast um það hvað þessi vinna dróst.

Um þetta frv. er svo aðeins það að segja að flest ákvæði þess munu vera til bóta og nauðsynleg til þess að framkvæmd þessarar kerfisbreytingar geti orðið með eðlilegum hætti og ekki ástæða til þess að mínu mati að fjölyrða um hvert atriði fyrir sig. Ég vil þó nefna örfáa punkta.

Hérna í 7. gr. er m.a. ákvæði sem snerta það sem kalla má samsköttun hjóna, þ.e. millifærslu á persónuafslætti milli hjóna og sambúðaraðila. Eins og hv. þm. er e.t.v. kunnugt um höfum við kvennalistakonur talað gegn því að þannig væri staðið að því að jafna þann mun sem verður á skattbyrði heimila eftir því hvort einn eða fleiri afla teknanna. Um það gæti ég haldið langa tölu hér til að skýra það rétt einu sinni hvers vegna við höfum þá afstöðu, en ég held að til þess sé varla tími núna en þó rétt að geta þess að okkur finnst réttara að verja meira fé til barnabóta til að auka valfrelsi foreldra um hvernig þeir vilja haga umönnun barna sinna. Réttlátast væri þó að sjálfsögðu að greiða ónýttan persónuafslátt beint til viðkomandi einstaklinga og það væri í rauninni það eina rétta. Á því hafa alltaf fundist slíkir annmarkar þegar um hefur verið rætt að menn hafa ekki treyst sér til að fara út í þá aðgerð þótt oft hafi komið til tals.

Um 7. gr. þessa frv. vil ég því aðeins segja það nú að úr því að millifærsluleiðin er farin á annað borð er með þessu ákvæði í 1. málsgr. um bót að ræða. Síðari málsgreinarnar tvær í 7. gr. eru tvímælalaust til mikilla hagsbóta og ber að fagna þeim sérstaklega. Með þeim er sérstaklega tekið tillit til námsmanna og annarra sem geta aðeins stundað tímabundna vinnu eða hluta úr ári.

Ég held að ég hafi svo ekki fleiri orð um þetta frv. að sinni, en hjá því verður ekki komist að átelja þann seinagang sem hefur verið og er enn þá á öllu því sem þarf að gera vegna upptöku staðgreiðslukerfis skatta, a.m.k. á því sem að Alþingi snýr.

Það er harla einkennilegt að vera farin að fá heimsenda bæklinga um það hvernig framkvæmdin verður áður en Alþingi er búið að fjalla um málið, en hjá því mun hafa verið erfitt að komast þar sem varð að skýra það á einhvern hátt fyrir skattgreiðendum hvernig þetta yrði framkvæmt og er vonandi að það verði í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar verða á Alþingi.

Hér stöndum við 2. desember með aðeins eitt frv. í höndum af þeim sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir þinghlé og aðeins örfáir vinnudagar eftir. Þetta væri kannski í lagi ef það lægi ekkert annað fyrir þinginu, en það er nú eitthvað annað og þarf ekki að nefna fleiri mál en kvótafrv. og fjárlögin. Stjórnarflokkarnir hafa þæft þessi skattafrv. á milli sín vikum saman eins og svo margt annað sem þeim kemur illa ásamt um. Síðan er þessu hent inn á borð þm. sem fá örfáa daga til að fjalla um öll þessi stórmál á þinglegan hátt. Svona vinnulag er vissulega gamalkunnugt í þinginu en auðvitað gjörsamlega óþolandi. Menn sjá af þessu hversu nauðsynlegt er þó að gera fulltrúum stjórnarandstöðunnar kleift að fylgjast með undirbúningi mála svo sem var í þessu tilviki. Ef svo hefði ekki verið, bæði hvað varðar fiskveiðistjórnunina eins og ég minntist á áðan svo og skattamálin, hefði þetta vinnulag hér í þinginu bókstaflega ekki getað gengið. Nógu erfitt er það samt. Með þessu er ég ekki að segja að þetta sleifarlag sé afsakanlegt, aðeins það að þátttaka fulltrúa stjórnarandstöðunnar í undirbúningi mála tryggir það þó að við fáum ekki gjörsamlega ókunnuglega pappíra á borðin og stöndum ekki algerlega klumsa þegar við eigum að fara að fjalla um þetta hér á örfáum dögum.

Hæstv. ráðherra upplýsti áðan að fleiri frv. væri von í þessari viku og er ekki seinna vænna. Ég vil aðeins segja að lokum að ég er hrædd um að hæstv. fjmrh. hefði talið svona vinnulag kjörið tilefni til nokkuð margbrotinna og háværra athugasemda úr þessum ræðustól væri hann óbreyttur þm.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki viðeigandi að hafa ýkja mörg orð um frv. á þessu stigi málsins, ekki síst í ljósi þess að það er ástæða til að gagnrýna þann seinagang og drátt sem orðið hefur á því að þessi mál kæmu inn í þingið og til meðferðar, ekki síst miðað við bæði forsögu málsins og eins hitt að þessar viðamiklu kerfisbreytingar í skattamálum eiga að taka gildi um næstu áramót, innan örfárra vikna. Ég mun því hafa mínar athugasemdir eins stuttar og mögulegt er. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér var sett fram áðan á það að bagalegt er að störf milliþinganefndarinnar fóru svo seint af stað sem raun ber vitni og í raun næsta illskiljanlegt því að í umræðum á hinu háa Alþingi sl. vetur, nánar tiltekið fyrstu og aðra viku marsmánaðar, þegar verið var að ganga frá lögum um staðgreiðslu skatta og breytingu á tekjuskattafrv. og gildistökufrv. sem þessu tengdust, var einmitt um það rætt að á þeirri afgreiðslu væri nokkur fljótaskrift. Í framhaldi af því bar hv. þm. Svavar Gestsson fram þá tillögu að sett yrði á fót milliþinganefnd til að vinna að málinu í sumar. Undir þá till. var tekið af hæstv. þáv. fjmrh. og skömmu síðar lýsti hann því yfir, nánar tiltekið 10. mars, að hann mundi beita sér fyrir því að slík nefnd yrði skipuð. Það er því næsta illskiljanlegt að það skyldi þurfa að líða fram á haust, fram í september áður en nefndin tók til starfa. Það er bagalegt, eins og t.a.m. þetta frv. upp á 20 gr. ber með sér, vegna þess að það var í raun augljóst mál að gera þyrfti umtalsverðar lagfæringar á lögunum um staðgreiðslu skatta þegar áður en þau kæmu til með að gilda í fyrsta sinn. Það hefði því verið betra ef menn hefðu haft sumarið til að vinna að málinu. Og ég held að röksemdir af því tagi að þurft hafi að bíða eftir álagningu skatta á yfirstandandi ári séu tæpast gildar vegna þess að stór hluti af lagfæringum þeim sem hér eru til umræðu lúta að öðrum tæknilegum atriðum sem auðveldlega hefði mátt byrja að vinna að strax á sl. vori.

Það er enn fremur mjög óheppilegt að tíminn til umfjöllunar á Alþingi sjálfu sé svo stuttur þrátt fyrir að margir hverjir hv. þm. séu nokkuð kunnugir málunum af fyrri afskiptum. Það hefði verið betra ef nefndum þingsins hefði gefist rýmri tími til að skoða málin því ugglaust er það svo að enn má betur fara ýmislegt sem þar er um fjallað.

Það segir í grg. og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. að í meginatriðum sé frv. í samræmi við niðurstöður og álit milliþinganefndarinnar og það er vel, en það hefði verið æskilegt að það kæmi þá fram sundurliðað í hverjum greinum það er ekki í samræmi við ábendingar og álit milliþinganefndarinnar. Ég held að reyndar séu flestar brtt. til bóta og ég tek undir það sérstaklega að ég fagna þeim rýmkunarákvæðum sem 7. gr. frv. felur í sér.

Hér er ýmislegt óafgreitt engu að síður og ekki bólar enn á öðrum fylgifiskum þessarar kerfisbreytingar, þ.e. frv. um tekjuskatta og öðrum sem hér eru boðuð og eru ófá. Vissulega væri æskilegast að þau kæmu nú inn hið allra fyrsta og til meðferðar í nefndum þannig að hægt væri að vinna að þessum málum öllum í samhengi.

Varðandi einstök efnisatriði geymi ég umfjöllun um alla þá liði sem lúta beint að sjálfum tekjuskattalögunum, en vil þó nefna að ég tel að sú afgreiðsla sem hér er á höfð um gjaldheimtufyrirkomulagið hljóti að verða alger bráðabirgðaniðurstaða, enda er það tekið fram í frv. Þar er vandasamt verkefni eftir óleyst þar sem ég tel að hafa verði gott samráð við sveitarfélögin. Það er eitt af mörgu sem tíminn eins og hann hefur verið nýttur hefur ekki leyft að tekið yrði til nógu rækilegrar skoðunar.

Það er ljóst að eftir sem áður mun ýmislegt verða á huldu um nákvæma verkan þessara breytinga. Það er næsta víst að einhverjir hópar munu telja sig bera skarðan hlut frá borði. Einhverjir munu telja að þessar kerfisbreytingar hafi í för með sér röskun á þeirra högum og versnandi afkomu. Væntanlega hagnast þá einhverjir aðilar í staðinn. En það hlýtur að vera hlutverk okkar á löggjafarsamkomunni og er reyndar yfirlýst að reyna að koma þessari breytingu á þannig að hún hafi sem minnsta slíka röskun í för með sér. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að ræða strax í upphafi þá hugmynd að komið verði á fót í tengslum við þessa kerfisbreytingu sérstakri áfrýjunarnefnd, sérstakri nefnd sem skipuð verði til að taka fyrir deilumál sem rísa vegna hins

nýja fyrirkomulags, og í tengslum við slíka áfrýjunarnefnd þyrfti þá að starfa sérstakur sjóður, leiðréttingar- eða neyðarsjóður sem hægt væri að sækja í fjármagn til að leiðrétta ýmiss konar skakkaföll, ef svo má að orði komast, sem einstaklingar yrðu fyrir vegna þessara kerfisbreytinga, þeir einstaklingar sem sannanlega yrðu hart úti. Það er ekki meiningin að breyta í raun skattbyrðinni með þessari kerfisbreytingu og þar af leiðandi, vegna þess hversu lítill tími hefur unnist til að fara ofan í saumana á því hvernig þetta kemur út fyrir einstaka hópa þrátt fyrir nokkur dæmi sem tekin eru og reiknuð eru út, held ég að það væri mjög af hinu góða ef samstaða gæti náðst um það á hinu háa Alþingi að einhver slík ráðstöfun yrði upp tekin til að tryggja hag þeirra sem kynnu að verða fyrir barðinu á þessum breytingum. Mér hefði þótt æskilegt ef hæstv. fjmrh. hefði tjáð sig eitthvað um þetta mál við 1. umr.

Enn fremur ítreka ég að það væri æskilegt að hann gerði, ef hann hefur það sundurliðað, aðeins betur grein fyrir því hvaða tillögur milliþinganefndarinnar standa út af, eru ekki teknar inn í leiðréttingu í frv.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Mig langar til að fagna frv. sem hæstv. fjmrh. talaði fyrir áðan. Það hafa allir beðið eftir frv. og við skulum vona að það reynist vel.

Hæstv. fjmrh. sagði í upphafi að hér væri merkt skref stigið og vil ég taka undir að hér er viðamikil breyting á skattkerfinu að eiga sér stað. Ég held að henni þurfi að fylgja hugarfarsbreyting hjá fólki, sérstaklega gagnvart skattsvikum sem mig langaði aðeins að koma hérna inn á vegna þess að í raun og veru minntist fjmrh. á það einnig í sinni ræðu að frv. væri sett fram m.a. með það að markmiði að mismuna ekki þegnunum.

Þessari skattkerfisbreytingu má að mörgu leyti líkja við myntbreytinguna sem var um áramótin 1980–1981. Þá var ætlast til að hún hefði mikil og góð áhrif og vera má að hún hafi haft það, en hins vegar segir manni svo hugur um eftir á að þar hafi þurft fleira að koma til til þess að hún næði tilætluðum árangri. Þá á ég við að nú þurfa líka að fylgja aðgerðir í kjölfarið gegn skattsvikum.

Skattsvik hafa verið mikið til umræðu og ekki síst í flokki hæstv. fjmrh. og þeim umræðum hef ég verið samþykkur að öllu leyti. Í skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi 18. apríl 1986 frá þáv. fjmrh. um umfang skattsvika koma fram ógnvænlegar tölur, m.a. að á árinu 1985 hafi tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts mátt áætla um 2½–3 milljarða kr. sem gæti verið núna 4–6 milljarðar. Þarna eru ekki á ferð litlar tölur. Þessi skattsvik, eins og ég sagði áðan, eru með öllu óþolandi í þjóðfélaginu. Þegar skattskráin kemur fram er það ekki svo að fólkið sé endilega að rífast um að skattarnir séu háir heldur miklu frekar að það ber sig saman við náungann og finnur þar að samanjöfnuðurinn er oft og tíðum alveg út í hreinan hött.

Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, óttast ég að hliðarráðstafanir séu ekki tilbúnar til að mæta þessu og vil ég þá alls ekki ámæla núv. hæstv. fjmrh. um að hann hafi ekki staðið í stykkinu einn og sér. Það hafa fleiri þurft að koma að. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrslu þá sem ég minntist á fyrr frá fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika á árinu 1984 og lagði fyrir Alþingi í apríl 1986, en þar segir svo um skattaeftirlit, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að lélegt skattaeftirlit sé ein alvarlegasta brotalömin í íslenskum skattamálum. Skattaeftirlitið þarf því að styrkja og telur starfshópurinn í því skyni nauðsynlegt að breyta bæði skipulagi, starfsháttum og stjórnun skattkerfisins þannig að starfsemi þess verði markvissari og eftirlit skilvissara."

Ég leyfi mér að koma með aðra tilvitnun, með leyfi forseta:

„Í stórum dráttum má fullyrða að skattstofurnar séu eins og málum er háttað nú allsendis ófærar um að sinna eftirlitsskyldu sinni. Áhættan af skattsvikunum er mjög lítil, refsing nánast engin en hagnaðurinn verulegur. Yfirstjórn skattamála er ábótavant og þarf að bæta. Það skortir á markvissa heildarstjórn og nútímaleg vinnubrögð og þjálfað og menntað starfsfólk."

Þetta leiðir hugann að því hver aðstaða skattstofa og skatteftirlitsmanna sé nú til að fylgjast með bókhaldsuppgjöri og skattskilum fyrirtækja með tilliti til aukinnar tæknivæðingar þeirra og margbreytilegs hugbúnaðar þeim samfara við bókhaldsfærslur og reikningsskil. Það hefur orðið gífurleg þróun í þessum málum, skulum við segja, á síðustu árum þegar menn eru farnir að taka mikið í notkun tölvur og hvers konar forrit, þá læðist að mér sá grunur að margar skattstofurnar séu engan veginn færar til að mæta þessum vígbúnaði fyrirtækja og stofnana. Ég á við að þar er oft og tíðum kannski mannskapur sem er ekki launanna vegna jafnhæfur, skulum við segja, og þeir sem eru að útbúa skattaframtöl og annað fyrir fyrirtæki eða þá aðra sem skattstofurnar eru að fást við.

Við verðum að gá að því að öðrum megin við borðið eru hæfustu menn, en hinum megin eru oft og tíðum jafnvel skólakrakkar í einhverjum tilvikum, eins og ég hef fengið upplýsingar um, eða námsfólk sem við getum engan veginn líkt saman um getu eða kunnáttu til að fara ofan í öll þau gögn sem lögð eru fyrir þau.

Ég vil líka, með leyfi forseta, vitna í fyrrnefnda skýrslu, en þar segir um bókhaldslög og framkvæmd:

„Eitthvert mikilvægasta úrræði til að herða skattaeftirlit og draga úr skattsvikum er hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila."

Í þessari umræðu langaði mig til, af því að ég hef tækifæri á því á hv. Alþingi að ræða um þessi mál, að minnast á þetta við hæstv. fjmrh. í trausti þess að hann athugi þetta líka vegna þess að ég veit að hjá honum og hans mönnum hefur þetta oft verið til um-

ræðu. Ég er alveg sannfærður um að þessa er beðið þegar þessi kerfisbreyting á sér stað og það hefur verulega mikið að segja að þá strax verði skattsvikin upprætt að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Það verður hugarfarsbreyting í kjölfar þessara nýju laga og við skulum vona að það takist allt vel, en einn liðurinn í því að fólk fái traust á því kerfi sem við erum að taka upp; að skattsvikin verði upprætt alveg á sama hátt og ég nefndi varðandi myntbreytinguna. Þá vonuðust menn eftir að hún mundi takast á annan máta en gerðist. Fólkið var tilbúið, en það þurfti fleira að koma til en lögin ein.

Ég endurtek það sem hæstv. fjmrh. nefndi hér, að þessu frv. og þessum nýju lögum væri ætlað að mismuna ekki þegnum þessa lands. Ég treysti hæstv. fjmrh. mjög vel til að standa þar í stykkinu og vonast til að svo geti orðið.

Ég vil að endingu lýsa yfir fullum stuðningi við frv. og vænti þess að það fái hraða afgreiðslu í þinginu.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá, frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er eins og hefur fram komið eitt af mörgum málum sem þurfa afgreiðslu þingsins fyrir jólaleyfið nú í desember. Það hefur komið fram að frv. er hér tiltölulega seint fram komið. Ég vil fyrir minn hlut taka undir þá gagnrýni sem á það hefur komið fram.

Það er talað víða um að tíminn hafi verið naumur til þessara starfa og það er rétt að milliþinganefndin, sem undirbjó að verulegu leyti þetta frv., hóf ekki störf fyrr en í byrjun september, en ég vil þó benda á að það var þó 28. september sem nefndin hafði lokið þeim þætti starfa sinna sem er grundvöllurinn að frv. þannig að allan októbermánuð og allan nóvembermánuð hefur þetta mál verið annars staðar til umfjöllunar, en þingið er nú fyrst að taka málið til umræðu 2. desember þegar mikill annatími fer í hönd. Þetta er auðvitað gagnrýni vert.

Önnur mál þessu tengd, um sóknargjöld og kirkjugarða, eru þau fyrstu sem hér hafa verið tekin á dagskrá, en aðalmálin í rauninni eru eftir og þingið á síðan eftir að vinna alla grunnvinnu af sinni hálfu þegar þetta mál er afgreitt.

Ég vil þó almennt séð lýsa þeirri skoðun minni að þau atriði sem þetta frv. tekur til, sem eru að langmestu leyti tæknilegs eðlis, eru að minni hyggju nánast öll til bóta miðað við löggjöfina sem samþykkt var á sl. vori. Ég vil þó sérstaklega leggja áherslu á 7. gr. eins og raunar fleiri aðilar hafa hér gert. Í henni segir þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýti launamaður, sem er annað hjóna eða aðili í sambúð, sbr. 1. mgr. 13. gr., að jafnaði ekki persónuafslátt sinn að fullu hefur þann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal þann persónuafslátt sem fyrirsjáanlegt er að launamaðurinn nýtir ekki."

Þetta atriði er að minni hyggju ákaflega mikilsvert. Það undirstrikar í leiðinni hve persónuafsláttur inn er mikilsverður þáttur í öllu þessu máli. Ég legg á þetta sérstaka áherslu vegna þess að ég býst við því að á síðari stigum þessa máls komi hér til umfjöllunar persónuafslátturinn sérstaklega og hvernig persónuafslátturinn er ákvarðaður.

Það mun vera ætlunin að ákvarða persónuafsláttinn einungis tvisvar á ári, í byrjun árs og á miðju ári. Þetta atriði er þýðingarmikið að menn geri sér ljóst. Ég hef áður gagnrýnt þessa ætlan vegna þess að ég tel að persónuafsláttinn eigi að ákvarða eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þetta skiptir þá aðila langmestu máli sem eru neðst í stiganum, sem verða næst því að vera skattlausir, þeim mun meir sem þeir eru neðar í stiganum og bera gjöld. Það er vegna þess að í verðbólgutíð eins og við erum vönust skiptir persónuafslátturinn ákaflega miklu máli og þróun dýrtíðarinnar.

Síðan eru tvö atriði önnur í þessari grein sem ég tel að séu mjög mikilsverð líka. Það er varðandi námsmannaskattkortin sérstaklega. Þetta er atriði sem er til bóta og einnig seinasti liðurinn þar sem segir:

„Ef launamaður hefur eigi nýtt meira en 10% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti."

Það var vikið hér fyrr í umræðunni nokkuð að skattsvikum og er sjálfsagt ekki að ófyrirsynju. Ég vil þó af því tilefni láta í ljós þá skoðun mína að mest verkefni á vegum ríkisins til að uppræta skattsvik er að minni hyggju varðandi innheimtu óbeinna skatta. Enda þótt beinir skattar skipti auðvitað miklu máli og hvarvetna skipti máli að skil séu sem best og án allra undanbragða er það í óbeinu sköttunum sem skattskilin skipta mestu. Hér er aðeins um að ræða á þessum vettvangi, eins og ég hef raunar áður tekið fram, 8% af tekjum ríkisins, en það er gert ráð fyrir því í fyrirliggjandi fjárlagafrv. að óbeinu skattarnir verði hins vegar um 40%. Það er þar sem menn þurfa að taka til hendi til að uppræta skattsvik svo að verulegum árangri sé náð.

En af því tilefni sem hér var gefið áðan vildi ég enn láta í ljós þá skoðun mína að sú ætlun stjórnvalda, sem mér heyrist helst á fjölmiðlum að uppi sé í dag, að bæta söluskattskerfið með því að taka upp virðisaukaskatt, er þess eðlis að ég er mjög efins um að menn nái þar settum markmiðum, að komast fyrir þau skattsvik sem uppi eru í landinu eins og menn ætlast til. Ég held að leiðin sé fyrst og fremst sú að taka söluskatt á fyrsta stigi. Ef það væri gert væri hægt að ná inn miklu fé því að það er áreiðanlegt að þar er auðveldast að fá sem best skil og góða innheimtu.

Fyrr í umræðunni var aðeins minnst á skattsvikanefndina sem starfaði í fyrra. Ef söluskatturinn yrði tekinn á fyrsta stigi og sá árangur næðist sem skattsvikanefndin talaði um í fyrra næðust um 2 milljarðar kr. af þeim 25 sem ætlað er að innheimta á þessum vettvangi á næsta ári, 1988, og það er ekki lítið fé.

Að endingu þetta, hæstv. forseti: Ég er í flestri grein meðmæltur þeim atriðum sem um er að ræða í frv. sem hér er sérstaklega til umræðu.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. þdm. fyrir jákvæðar málefnalegar undirtektir við þetta mál en jafnframt nota tækifærið til að svara nokkrum orðum þeirri gagnrýni sem beint hefur verið að málsmeðferðinni, nefnilega þeirri gagnrýni að mál séu síðbúin og þingstörf einkennist af seinagangi sem rekja megi til þess að mál ríkisstjórnarinnar koma hér seint og um síðir og sum eru ókomin enn, mörg og stór.

Fyrst var spurt: Hvernig stendur á því að milliþinganefndin tók ekki til starfa fyrr í sumar? Þær upplýsingar sem ég hef um það eru þessar: Fljótlega eftir að ég tók við verkstjórn í fjmrn. spurðist ég fyrir um það hvað liði svörum við útsendum bréfum til þingflokka og aðila vinnumarkaðar og voru þá sýnd bæði útsend bréf og eins svör frá einum aðila. Þannig leið júlímánuður að ég stóð í þeirri trú að það stæði einfaldlega á því að aðilar, sem þarna hefði verið boðið til starfa, hefðu ekki svarað. Það leiðréttist ekki fyrr en í samtali sem var af hendingu við einn þingflokksformanninn að bréf höfðu ekki borist þingflokkum, þannig að þegar málið var kannað hafði það fyrir hrein tæknileg mistök gerst að aðeins einum aðila hafði verið sent hið upphaflega bréf. Þetta leiddi til þess að erindi mitt, sem var þá endurtekning, varð ekki fyrr en einhvern tíma í ágústmánuði, dagsetningarnar hef ég ekki við hendina. Síðan varð niðurstaðan sú að þrátt fyrir þetta voru sumarleyfi og annir margra þingflokka slíkar að svör bárust ekki fyrr en í byrjun september frá öllum aðilum. Þetta er skýringin að því er varðar það að milliþinganefndin tók ekki fyrr til starfa, andhælisleg sem hún kann að vera.

Annað: Þetta frv. sem er til umræðu og er í öllum aðalatriðum ef ekki í öllum atriðum — ég hef þær ekki alveg við hendina, svara því ekki svo óyggjandi sé — byggt á tillögum milliþinganefndarinnar, þ.e. þeim þætti hennar sem varðaði framkvæmdaatriðin. Því var útbýtt hér á hv. Alþingi hinn 23. nóv. og ég átti von á að geta mælt fyrir því þá þegar. Það hefur dregist úr hömlu af margvíslegum ástæðum sem ekki voru á mínu valdi. Þess er að geta að tvö önnur mál eru komin fram í tengslum við staðgreiðslu, þ.e. frv. til laga um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld. Þann 23. nóv. lagði ég fram í ríkisstjórn frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vegna staðgreiðslu skatta og það frv. hefur verið síðan til umfjöllunar í þingflokkum. En eftir því sem ég best veit verður það lagt fram hér á hinu háa Alþingi annaðhvort í dag eða á morgun. Frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er undirbúið á vettvangi félmrn., er þannig statt að það frv. verður kynnt og lagt fram á fundi ríkisstjórnar á morgun eftir því sem ég best veit.

Að öðru leyti er þess að geta um það mikla starf sem unnið hefur verið eftir að ráðrúm gafst til, eftir að lokið var undirbúningi og vinnu við fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv., við stærstu tekjustofnalög ríkisins, þ.e. um tolla, vörugjald og söluskatt. Þau eru þannig á vegi stödd að frv. um nýjan samræmdan söluskatt var lagt fyrir í ríkisstjórn fyrir um það bil 10 dögum. Frv. um endurskoðun tollskrár, sem er eins og kunnugt er mjög viðamikið mál, tæknilega, eitthvað um 350–400 síður, hefur verið kynnt í þingflokkum stjórnarliða. Vinnubrögðum hefur verið hagað á þann veg, einmitt í ljósi þess að þau eru seint fram komin og ekki á mannlegu valdi nánast að koma þeim fram fyrr, að fulltrúum þeirra aðila sem eru þolendur þessara lagaákvæða, og þá á ég fyrst og fremst við samtök iðnaðarins og samtök verslunar og viðskipta, hefur verið gefinn kostur á að skoða þetta mál vandlega á tæknilegu undirbúningsstigi þeirra, þannig að þeim hefur þegar gefist ráðrúm til að skila ábendingum og tillögum um margt sem betur mátti fara. En auðvitað er niðurstaðan sú að sá dráttur sem orðinn er á því að frv. nái hingað inn á Alþingi hefur auðvitað orðið vegna þess að málin hafa verið kannski helst til lengi í skoðun og umfjöllun þingflokka sem að ríkisstjórninni standa.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að gagnrýnin um það að þessi mál eru seint fram komin er réttmæt og ég hefði svo sannarlega sem stjórnarandstöðuþm. ekki látið það liggja í þagnargildi, enda eru það efnisleg rök sem ekki er annað um að segja en að þau eru réttmæt.

Til þess að draga þetta saman geri ég ráð fyrir að fylgifrv. staðgreiðslumálsins komi hér til framlagningar á morgun og ég geri mér vonir um það að hinir stóru og viðamiklu frumvarpabálkar um tollskrá og söluskatt og búvörugjald verði lagðir hér fram á hinu háa Alþingi í upphafi næstu viku.

Önnur mál sem varða tekjuhlið fjárlaga næsta ár hafa líka verið lögð fram í hv. Ed. og vísa ég til umræðu sem þar hófst áðan um frv. til laga um launaskatt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að þessu sinni að leggja frekar orð í belg vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um skattsvik, nefni þó að gefnu tilefni eitt atriði. Nái þau frumvörp, sem nú eru í smíðum, fram að ganga um einföldun tollakerfis er það m.a. tilefni til endurskipulagningar að því er varðar framkvæmd skattalaga. Þessi mikla endurskipulagning á tollamálum felur í sér að niður verði felldir með öllu tollar á öllum aðföngum, vélum, tækjum og hráefnum til íslensks iðnaðar sem og á öllum matvælum. Þetta er tekjutap fyrir ríkissjóð áætlað á næsta ári upp á 4½ milljarð. Þetta tekjutap

er síðan bætt upp með samræmdu vörugjaldi sem lagt verður á tiltölulega trausta skattstofna, þ.e. tiltölulega fáa gjaldendur hér innan lands, en í öllum höfuðatriðum á innfluttan varning. Því næst kæmi söluskattur sem væri endurskipulagður með breiðari skattstofn en lægri álagningarprósentu. Nái þetta mál fram að ganga eins og að er stefnt felur það í sér að verkefni tollþjónustunnar og tollkerfisins minnka til mikilla muna, þannig að þá gæfist tækifæri til að létta mjög á störfum framkvæmdaaðila að því er varðar hina beinu skatta með því að fela tollþjónustunni einfaldlega að annast framkvæmd innheimtu og eftirlit með innheimtu á vörugjaldinu. Um tollana, sem þá verða orðnir tiltölulega lítill hluti í tekjustofni ríkisins, er það að segja að þeir eru að sjálfsögðu afgreiddir við innflutning. Þetta gæti verið þýðingarmikið skref í þá átt að bæta framkvæmd innheimtu á óbeinum sköttum og má reyndar geta þess að þessa sömu leið fóru Danir þegar þeir tóku upp sitt virðisaukaskattskerfi, en það er mat margra sem það hafa kynnt sér að skipulag þess og innheimtuárangur sé langsamlega bestur af þeim löndum sem tekin hafa verið til samanburðar.

Að lokum, herra forseti, að gefnu tilefni ein stutt athugasemd. Hv. 6. þm. Suðurl., Óli Þ. Guðbjartsson, orðaði nú þá hugmynd sína sem hann hefur hreyft áður í ræðum á hinu háa Alþingi að hann hafi uppi efasemdir um virðisaukaskatt og telji að betri árangur mundi nást með því að innheimta söluskatt við tollafgreiðslu á innfluttum varningi. Ég legg til að hv. þm. kynni sér þetta mál ögn betur. Ég vil rifja upp að við þm. Alþfl. ræddum þessa hugmynd mjög rækilega á árunum 1983–1984 og komumst að þeirri niðurstöðu að virðisaukaskatturinn fullnægir einmitt þessu skilyrði. Hann er einmitt óbeinn skattur sem leggst á afgreiðslu á innfluttum varningi þegar við tollafgreiðslu án þess að valda uppsöfnunaráhrifum síðar í framleiðslukeðjunni sem leiði til þess að upp hlaðist afleiðingar söluskatts og að innlend framleiðsla verði síður samkeppnishæf við innfluttan varning. Virðisaukaskatturinn er því einmitt það skattform sem fullnægir best af öllum hugsanlegum formum óbeinnar skattlagningar þessari forsendu sem hv. þm. gerði að umtalsefni.

Að öðru leyti væri gallinn við framkvæmd þess að taka söluskattskerfið til innheimtu í tolli einmitt þessi að gífurleg uppsöfnunaráhrif sem af því mundu hljótast á innlenda framleiðslu og samkeppnishæfni hennar útiloka því miður þann kost. Þetta er niðurstaða af allrækilegri athugun sem við á sínum tíma gerðum og ég tek það fram að ég fékk sérfróða menn í fjmrn. til þess að fara yfir þessar hugmyndir mjög rækilega snemma á þessu sumri og þær niðurstöður staðfestu einnig þetta álit.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

25. fundur, fimmtudaginn 3. des., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að vekja athygli þingheims og lýsa yfir furðu minni á þeirri málsmeðferð sem hefur verið í sambandi við svar hæstv. fjmrh. við fsp. frá Kjartani Jóhannssyni á þskj. 177 um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum. Löngu áður en þessu þskj. var dreift til alþm. þannig að þeir gætu kynnt sér efnislega niðurstöðu svars hæstv. fjmrh. var flutt frétt í fréttatíma á Stöð 2 sem var einn óhróður og ófrægingarherferð í garð Borgaraflokksins og formanns hans. Í svari hæstv. fjmrh. til hv. 4. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, segir, með leyfi forseta:

„Í yfirlitinu eru ekki birt nöfn einstakra gjaldenda, en þeir einungis sundurliðaðir í einstaklinga og lögaðila. Engar beinar lagareglur eru til um upplýsingaskyldu ráðuneytisins í þessum efnum, en með hliðsjón af ákvæðum 150. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, treystir ráðuneytið sér ekki til þess að verða við beiðni um nafnbirtingu.“

Í fréttatíma Stöðvar 2 umrætt kvöld, áður en þessum upplýsingum hafði verið dreift til alþm. á Alþingi, birti stöðin í fréttatíma sínum nöfn ýmissa aðila sem hefðu fengið heimild til þess að gera upp skattskuldir sínar með skuldabréfum. Og nú spyr ég: Hvar var trúnaður brotinn? Er fréttastofa Stöðvar 2 orðin einhvers konar upplýsingaskrifstofa fyrir fjmrn.?

Hæstv. forseti. Á að túlka það svo að ef mig vanhagar um upplýsingar um það hvaða lögaðili í júní 1987, í tíð þáv. fjmrh., hæstv. núv. forsrh., fékk heimild til þess að breyta 44 millj. kr. skattskuld í skuldabréf, á ég þá að hringja upp á fréttastofu Stöðvar 2 og fá upplýsingar um það þaðan? Er hún orðin einhvers konar upplýsinga- og miðlunarskrifstofa fyrir hæstv. fjmrh.? Ég bara spyr.

Þetta mál er allt með ólíkindum og minnir einna helst á ófrægingarherferð Alþfl. í garð framsóknarmanna hér áður fyrr þegar svokallað Geirfinnsmál var mjög til umræðu. Virðist flokkurinn ekkert hafa lært af þeim málum og er með ólíkindum ef það á að fara að hefja upp svipuð vinnubrögð nærfellt tíu árum síðar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það var tilkynnt hér áðan í upphafi fundar að hæstv. fjmrh. bæði um fjarvistarleyfi. Hann er því ekki hér viðstaddur. Forseti leggur til að það verði lokið núna umræðum um þetta mál sem hv. 7. þm. Reykv. hefur hér talfært og það má taka upp þegar hæstv. fjmrh. er viðstaddur. Forseti mun vekja athygli hæstv. fjmrh. á því sem hér hefur komið fram.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að ég bar hér fram fsp. 10. okt. sl. um ráðningar kennara og leiðbeinenda við skóla landsins. Ég vil lýsa furðu minni á þeim drætti sem verður á því að ég fái svör við fsp. og ég vil beina því til forseta að hann ýti á eftir að svar berist.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. menntmrh. hafði áður tjáð forseta að því miður gæti hann ekki svarað fsp. á dagskrármáli nr. 1 vegna þess að það hefði ekki unnist tími til þess að fá þær upplýsingar sem hann taldi nauðsynlegt að hafa á hendi þegar svarið væri gefið. Og það er ekki óvenjulegt undir slíkum kringumstæðum að fresta afgreiðslu fsp.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Aðeins til nánari skýringar á því hvers vegna dregist hefur að svara fyrstu fsp. sem er á dagskrá þessa fundar og reyndar skriflegri fsp. um sama efni frá hv. 2. þm. Austurl. Þetta hefur dregist allmjög og er ástæðan sú að það er spurt um stöðugildi í þessu efni sem þýðir að þetta mál hefur verið sent út til allra fræðsluskrifstofa landsins sem þurfa að meta stöðugildin. Ráðuneytið hefur að sjálfsögðu upplýsingar um hversu marga einstaklinga hér er um að ræða, en fræðsluskrifstofurnar verða að meta stöðugildin. Þetta eru fræðsluskrifstofur í öllum kjördæmum landsins og það einfaldlega tekur þennan tíma fyrir þær að vinna þessi svör og senda þau inn til ráðuneytisins. En ég hef rekið á eftir þessu og vonast til að það dragist ekki lengi úr þessu að svör berist hingað.

Heimsóknir herskipa og kjarnavopn, ein umr.

Fsp. HG, 79. mál. — Þskj. 82.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 82 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. um heimsóknir herskipa og kjarnavopn. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvernig hyggst utanríkisráðherra tryggja að sú stefna sé undantekningarlaust virt að ekki séu kjarnavopn í skipum sem koma inn í íslenska lögsögu og íslenskar hafnir?"

Þessi fsp. er borin fram eftir fyrri fsp. mínar til hæstv. ráðherra varðandi Ísland og kjarnorkuvopn. Það ánægjulega hefur gerst að hæstv. ráðherra hefur tekið af öll tvímæli um það að á Íslandi skuli hvorki á friðar- né ófriðartímum vera staðsett kjarnavopn og hér er um það atriði að ræða sem æskilegt er að fá ótvíræð svör um til viðbótar hvernig ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hyggist tryggja að það gerist ekki að íslensk skip komi inn fyrir íslenska lögsögu og inn í íslenskar hafnir búin kjarnorkuvopnum eða hugsanlega með kjarnavopn.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur það komið greinilega fram í ræðum mínum að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum. Ég vek einnig athygli á því að fyrrv. utanrrh., sérstaklega Geir Hallgrímsson, lýsti hinu sama yfir gagnvart skipum og fór þar ekkert á milli mála.

Því miður hygg ég að ég fái ekki tryggt að undantekningarlaust verði þessum yfirlýsingum fylgt. Ég vek athygli á því að jafnvel herveldi eins og Svíum gengur afar illa að tryggja að kafbátar, e.t.v. með kjarnorkuvopn, fari ekki inn fyrir skerjagarðinn í Svíþjóð. Hvað þá um það hafdýpi sem er hér í kring, ég segi því miður, þannig að ég get ekki með nokkru móti lofað því að þetta verði undantekningarlaust virt. Hins vegar hef ég gengið úr skugga um það að okkar bandalagsríki innan Atlantshafsbandalagsins a.m.k. vita mjög vel um þessa ákvörðun okkar og það hefur hvað eftir annað komið fram að þau vilja virða þessa ákvörðun. Þannig hefur t.d. við flotaæfingar bandalagsins þess ætíð verið gætt að herskip þeirra fari ekki inn fyrir 12 sjómílur og hafa ríkin þannig sýnt í verki vilja til að virða þessa ákvörðun okkar.

Ég hef því miður ekki ítarlegra svar við þessari fsp. en vil bara leggja á það áherslu að ég hef og mun gæta þess að þessi ákvörðun íslenskra stjórnvalda sé öllum kunn og við ætlumst til þess að hún verði virt. En hvernig undantekningarlaust megi tryggja að svo verði, þá hef ég því miður ekki þau tæki í höndum að ég geti lofað því.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka yfirlýsingu hæstv. ráðherra um þetta efni og þá áréttingu sem hann gaf varðandi stefnu fyrirrennara síns í starfi, Geirs Hallgrímssonar, sem gefin var hér á Alþingi 16. apríl 1985. Vissulega er það svo að ég ætlast ekki til þess að hæstv. ráðherra komi í veg fyrir það að þessi stefna sé brotin af aðilum sem það vildu viðhafa, þó að íslensk stjórnvöld hljóti að hafa viðleitni uppi til þess að leitast við að koma í veg fyrir að svo sé.

Hæstv. ráðherra gat þess að bandalagsríki okkar viti vel um þessa stefnu og hafi virt þessa ákvörðun okkar í sambandi við flotaæfingar. Það er vissulega mikils virði og ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort farið hafi skjöl og yfirlýsingar á milli stjórnvalda Íslands og annarra Atlantshafsbandalagsríkja, þá ekki síst Bandaríkjanna, varðandi þetta efni og hvort fyrir liggi ótvíræð yfirlýsing af hálfu þeirra um

að þau muni virða þessa stefnu Íslendinga. Það er í rauninni það sem skiptir máli í sambandi við þetta að því er snýr að þeim ríkjum sem við erum í hernaðarbandalagi við.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Sú athugun sem ég lét gera leiðir ekki í ljós að skrifleg fyrirmæli eða óskir hafi farið frá íslenskum stjórnvöldum um þetta efni. Hins vegar hef ég kannað innan Atlantshafsbandalagsins og fengið upplýst að þeim er mjög vel kunnugt um þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda, þeim er vel kunnugt um þá yfirlýsingu sem gefin var hér á Alþingi sem hv. fyrirspyrjandi vísaði til og reyndar vel kunnugt um þær yfirlýsingar sem síðar hafa verið gefnar hérna.

Orkusala erlendis, ein umr.

Fsp. JK, 87. mál. — Þskj. 91.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 91 hef ég borið fram svohljóðandi fsp. til iðnrh. varðandi orkusölu erlendis:

„1. Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins eða stofnana, sem undir það heyra, til þess að fylgjast með möguleikum á orkusölu erlendis?

2. Eru fyrirhugaðar sérstakar athuganir á þessu máli á næstunni?“

Það hefur alloft á undanförnum árum verið rætt um möguleika okkar á orkusölu til útlanda. Möguleikar á því að senda raforku frá Íslandi um streng til Vestur-Evrópu voru kannaðar á 8. áratugnum og í byrjun þess 9. án þess þó að gefa ótvíræða niðurstöðu um að slíkur orkuflutningur væri hagkvæmur. Þessi umræða um orkusölu erlendis hefur yfirleitt verið í tengslum við framtíðaráform okkar í orkumálum, en við ráðum eins og kunnugt er yfir miklum auði í vatnsorku þó á ýmsu hafi gengið um nýtingu orkunnar og e.t.v. hafi stundum verið farið meira af kappi en forsjá. Umræður um orkusölu til útlanda á síðustu vikum komu upp í byrjun nóv. og hófust með frétt sem birtist í dagblaðinu Tímanum á þeim tíma um að enska fyrirtækið North Venture hafi sýnt íslensku rafmagni áhuga og lagningu sæstrengs um Færeyjar til Skotlands.

Hér skal að sjálfsögðu ekki lagður neinn dómur á þessa frétt og þessi áform. Satt að segja voru umræður um það magn sem selt skyldi dálítið stórkostlegar og fyrstu áformin uppi í skýjunum. Það skal undirstrikað að fyrirspyrjandi er ekki svo bjartsýnn að ætla það að við verðum ríkir af orkusölu til Færeyja og Bretlands á næstu árum. Eigi að síður finnst mér full ástæða til þess að færa þetta mál hér inn í þingsali og kaus að gera það í fyrirspurnarformi og fá þar með opinberar yfirlýsingar um það hjá þeim sem eiga að hafa forustu í þessum málum, frá iðnrh., hvernig hafi verið unnið að þessum málum í hans ráðuneyti á undanförnum árum og einnig hjá Landsvirkjun sem hefur sérstaklega með þessi mál að gera og hefur framkvæmt þær athuganir sem gerðar hafa verið, einnig að fá yfirlýsingar um það hvort sérstök áform séu uppi í náinni framtíð um sérstakar athuganir í ljósi þeirrar umræðu sem farið hefur fram um þessi mál að undanförnu.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Útflutningur á raforku var ítarlega kannaður af Orkustofnun 1975 og aftur árið 1980. Í báðum tilvikum var niðurstaðan sú að kostnaður íslenskrar raforku, kominnar til Skotlands, yrði svipaður og vinnslukostnaður raforku þar í landi í kola- og kjarnorkuverum. Með hjálp ASEA-transmission í Västerås í Svíþjóð var málið enn kannað árið 1986 með sömu niðurstöðu og fyrr. ASEA er í fararbroddi í heiminum í flutningstækni af þessu tagi. Meginniðurstaða Orkustofnunar var sú að Íslendingar gætu ekki vænst viðskiptalegs ávinnings af slíkum útflutningi, þ.e. að tekjur yrðu meiri en kostnaður. Hins vegar væri hugsanlegt að Íslendingar hefðu óbeinan ávinning af slíkum orkuútflutningi:

Í fyrsta lagi með því að selja umframorku þegar hún væri fyrir hendi á Íslandi, en slík sala mundi þó takmarkast við þann tíma ársins þegar strengurinn er ekki fulllestaður vegna samningsbundinnar sölu.

Í öðru lagi gætu Íslendingar keypt til baka hlut af umsömdum orkuútflutningi við viss skilyrði, t.d. vegna vatnsskorts hér á landi.

Í þriðja lagi mundi bygging vatnsorkuvera til vinnslu á orku til útflutnings skapa mikla atvinnu.

Í fjórða lagi mundu Íslendingar væntanlega eignast virkjanirnar á 40 árum.

Í fimmta lagi gæti slíkur raforkuútflutningur leyst raforkumál nágranna okkar í Færeyjum til frambúðar.

Í könnun Orkustofnunar var fjallað um hugsanlega tilhögun raforkuútflutnings frá Íslandi sem ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um hér. Í könnuninni var einnig bent á að hugsanlega gæti jarðgas orðið skeinuhættur keppinautur við útflutt rafmagn frá Íslandi, ekki síst ef nýtt jarðgassvæði, áþekkt Trollsvæðinu norska, fyndist á hinum breska hluta Norðursjávarins.

Meginniðurstöður Orkustofnunar voru þær að ekki væru horfur á því að útflutningur á raforku frá Íslandi til Bretlands yrði raunhæfur möguleiki nema afstaða almennings til kola- og kjarnorkustöðva í Bretlandi og Frakklandi breyttist verulega frá því sem nú er. Þetta byggist m.a. á því að Frakkar hafa, og munu hafa a.m.k. næstu 10 ár, verulega umframorku sem þeir vilja gjarnan selja, þar á meðal til Bretlands, en milli landanna hafa nýlega verið lagðir sæstrengir sem flutt geta 2000 mw.

Á síðustu tveimur árum hefur Landsvirkjun haft þessi mál í athugun og verður hér á eftir byggt á

þeim athugunum í þessu svari.

Möguleikar á því að senda raforku frá Íslandi um jafnstraumssæstreng til Vestur-Evrópu voru kannaðir á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda án þess þó að gefa ótvíræða niðurstöðu um að slíkur orkuútflutningur væri hagkvæmur. Upp á síðkastið hafa athuganir þessar einkum beinst að möguleikum á flutningi og sölu raforku til Skotlands um sæstreng héðan með viðkomu í Færeyjum. Frá því að síðustu athuganir voru gerðar hefur jafnstraumstækninni fleygt fram, bæði varðandi búnað á endastöðvum og gerð jafnstraumsstrengja. Öryggi jafnstraumssambanda hefur aukist jafnframt því sem kostnaður við þau hefur farið lækkandi. Þessi hagstæða þróun hefur leitt til þess að víða um heim hafa verið lagðir, eða eru í undirbúningi, sæstrengir til raforkuflutnings. Má þar nefna að nýlokið er lagningu fjögurra 50 km sæstrengja milli Frakklands og Bretlands eins og ég minntist fyrr á. Þá er nýbyrjað á framkvæmdum við lagningu um 100 km sæstrengs á milli Svíþjóðar og Finnlands. Flutningsgeta hans er um 500 mw. Ýmis dæmi eru um sæstrengslagnir sem nú eru í athugun og eru þeir allt að 650 km langir eða 950 ef við tökum íslenska dæmið með. Og mesta dýpi sem þekkist og rætt er um að leggja sæstreng í er 3000 m dýpi á milli Frakklands og Korsíku. Flutningsgeta þessara strengja er allt upp í 2000 mw, svo að tekið sé dæmi af streng sem er á milli Malasíu og Sarawak.

Af þessu má sjá að víða eru í athugun sæstrengslagnir af svipaðri stærðargráðu og sæstrengslögnin til Skotlands sem Landsvirkjun hefur nú til athugunar, en þess skal getið að þar er gert ráð fyrir að flutningurinn sé 500 mw, mesta dýpi á leiðinni er um 1000 m og kílómetrafjöldinn er 950. Það eru 500 km til Færeyja og 450 km frá Færeyjum til Skotlands.

Allt bendir til að hægt sé að leysa öll tæknileg vandamál varðandi lagningu sæstrengs frá Íslandi til Skotlands. Spurningin er hins vegar sú hvort unnt verði að bjóða raforku um sæstreng frá Íslandi til Skotlands á samkeppnisfæru verði í Bretlandi, svo og hvort Bretar séu almennt reiðubúnir til að ljá máls á raforkukaupum frá Íslandi.

Í Bretlandi er orkuöfluninni í aðalatriðum skipt á milli fjögurra fyrirtækja en þau eru Central Electricity Generating Board, sem er þeirra langstærst með um 90% af allri raforkuframleiðslu á Bretlandi en CEGB annast öflun og flutning orku á Englandi og Wales, South of Scotland Electricity Board og North of Scotland Hydro Electric Board, sem annast orkuöflun og dreifingu í Suður- og Norður-Skotlandi, og Northern Ireland Electricity sem gegnir sama hlutverki á Norður-Írlandi.

Þessi orkufyrirtæki eru mjög mismunandi sett hvað varðar uppsett afl með tilliti til eftirspurnar. Þannig búa skosku fyrirtækin og það írska þegar yfir uppsettu afli er gæti nægt þeim til að mæta vaxandi raforkueftirspurn á orkuveitusvæðum sínum fram yfir næstu aldamót. Öðru máli gegnir um CEGB. Hjá því fyrirtæki er fyrirsjáanlegur mikill aflskortur nema ráðist verði í miklar raforkuframkvæmdir á næstu árum. Miðað við núverandi ástand og horfur þarf CEGB á um 10 000 mw eða 10 gw viðbótarafli að halda árið 2000, og allt að 30 000 mw eða 30 gw árið 2010.

Herra foseti. Ég held að það væri gagnlegt að skýra aðeins nánar út þetta svar og kýs þá að setja hér bil í mína ræðu og taka aftur til máls seinna í umræðunni.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið, þau svör sem komin eru. Hann hefur boðað að hann muni taka til máls hér síðar við þessa umræðu, þannig að e.t.v. koma enn þá fyllri svör og mun ég hlýða á þau með athygli að sjálfsögðu.

Ég vil aðeins undirstrika það að við verðum að fylgjast grannt með öllum möguleikum sem við höfum til orkusölu. Þótt að sjálfsögðu sé best að nýta sem mesta orku í landinu er þetta þó raunhæfur möguleiki þó að við verðum að fara varlega í þessum efnum og ekki rasa um ráð fram og ekki ætla okkur að gleypa sjöstjörnuna eins og við höfum stundum ætlað að gera í orkumálum.

Fari svo að við getum selt orku á neytendamarkað í öðrum löndum er það ein stoð undir okkar atvinnulíf og það er slíkt stórmál fyrir komandi kynslóðir að við getum ekki leitt hjá okkur eða skellt skollaeyrunum við þeirri þróun sem óhjákvæmilega verður í þessum efnum.

Það kom fram í svari ráðherrans að frá því að síðustu athuganir voru gerðar hefur þeirri tækni sem notuð er til þessa flutnings fleygt fram, bæði varðandi búnað í endastöðvunum og í gerð strengjanna sem notaðir eru við þennan flutning. Öryggið hefur aukist jafnframt þessu. Auðvitað geri ég mér grein fyrir hve mikið framtíðarmál þetta er og hver stærð þessa máls er í rauninni, en við megum ekki heldur gleyma því samhengi sem hér er að við erum með land á miðri leið til Skotlands, Færeyjar, sem býr ekki yfir orkulindum og þar er orka framleidd með olíu í mjög miklum mæli. Það er því nauðsynlegt að ræða grannt við þessa nágrannaþjóð okkar um þessi efni og hvort þeir hafa ekki einnig áhuga fyrir þessum málum.

Ég endurtek það að ég þakka þau svör sem komin eru, en ráðherrann hefur boðað að hann muni bæta enn inn í þessa mynd.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Raforka frá Íslandi gæti hugsanlega komið til álita og keppt við raforku frá nýjum kjarnorku- eða kolastöðvum. Framleiðslukostnaður frá nýjum kjarnorkustöðvum áætlast um 1,45 kr. á kwst., sem eru 39 mill, en frá kolastöðvum um 1,60 kr. sem eru 43 mill. Við þetta orkuverð þarf raforkan frá Íslandi að keppa.

Athugun Landsvirkjunar miðast við flutning á 500 mw um einn sæstreng. Fyrstu niðurstöður gáfu til

kynna að raforkuverð frá endastöð sæstrengs í Skotlandi gæti verið samkeppnisfært við áðurnefnd orkuverð frá kjarnorku- og kolastöðvum. Því var ákveðið að halda þessum athugunum áfram á vegum fyrirtækisins án þess þó að kosta of miklu til. Verði lagður 500 mw sæstrengur á milli landanna getur orkuflutningurinn numið um 3500–4000 gwst. á ári. Til samanburðar má geta þess að framleiðslugeta núverandi raforkukerfis hér á landi er rúmlega 4000 gwst. á ári. Hagkvæmt vatnsafl til raforkuvinnslu á Íslandi er talið svara til um 30 000 gwst. á ári og úr jarðvarma má ná 20 000 gwst. á ári eða samtals 50 000 gwst.

Til að anna flutningi og sölu á 500 mw um sæstreng til Skotlands mætti hugsa sér að byggja allar þær virkjanir sem nú eru verkhannaðar, en þær eru Fljótsdalsvirkjun, þar sem aflið er 252 mw, stækkun Búrfells, 100 mw, Sultartangavirkjun, 110 mw, Vatnsfellsvirkjun, 100 mw, og Villinganesvirkjun með 30 mw afl. Kostnaður við byggingu virkjana með alls um 500 mw aflgetu og lagningu sæstrengs frá Íslandi til Skotlands um Færeyjar áætlast alls um 1400 milljónir bandaríkjadala eða um 52 milljarðar kr. á núverandi verðlagi.

Hér er því um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða sem krefjast flókinna samninga og er þess ekki að vænta að framkvæmdum við sæstreng milli Íslands og Skotlands og hlutaðeigandi virkjanir geti verið lokið fyrr en í fyrsta lagi fimm til tíu árum eftir að endanleg ákvörðun er tekin í framhaldi af tímafrekum samningum og nauðsynlegri fjáröflun á lánsfjármörkuðum erlendis.

Nýlega hefur breska fyrirtækið North Venture óskað eftir viðræðum við íslenska aðila um raforkuútflutning til Skotlands. Fulltrúar frá félaginu eru væntanlegir til landsins um helgina til að afla sér gagna og í framhaldi af því munu viðræður fara fram um málið við fulltrúa Landsvirkjunar. Það er síðan ætlunin að ég hitti þessa fulltrúa næstkomandi miðvikudag. Það er full ástæða til þess að ræða málið við fyrirtækið þótt varla sé við því að búast að niðurstaða fáist í því máli á næstunni. Umræður í erlendum fjölmiðlum eru af hinu góða og geta vakið athygli á orkulindum landsins og möguleikum til að nýta þær til gjaldeyrisöflunar.

Umræður um útflutning á orku héðan geta einnig opnað augu almennings fyrir öðrum leiðum en raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum, en við hljótum að hafa áhyggjur af frekari uppbyggingu þeirra vegna mengunarhættu sem af þeim stafar eins og glögglega kemur fram í afstöðu íslenskra stjórnvalda og annarra gegn endurvinnslustöðinni í Dounreay.

Það væri vissulega skemmtilegt að geta rifjað það upp, herra forseti, að það eru margir áratugir síðan fyrst komu fram hugmyndir um lagningu sækapals með svipuðum hætti. Það var Frímann Arngrímsson sem það gerði. Það mál var einmitt rifjað upp af hæstv. forsrh. í tilefni fullveldisafmælisins 1. desember sl.

Það er ljóst að meginniðurstaðan er sú að íslensk raforka tekur varla land í Bretlandi fyrr en undir aldamót jafnvel þótt ráðagerðum í þá átt gangi allt í haginn.

Vegna síðari fsp. er það að segja að það verður áfram unnið að athugun á útflutningi á raforku.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert að menn hafi augun opin í sambandi við tæknilega möguleika á að flytja orku til annarra landa og tengja Ísland við umheiminn með þeim hætti. Ég þóttist skilja ráðherra svo að hann teldi að það gætu jafnvel verið hagrænir möguleikar fyrir slíkum orkuflutningi og það kemur satt að segja á óvart ef svo er. Hér er um að ræða miklu meiri vegalengdir en þekkt er að orka sé flutt með sæstreng, svo að ekki sé talað um hafdýpi. Það hefur raunar komið fram í umræðum um þetta efni að þarna liggur afar takmarkað að baki af hálfu þess aðila í Bretlandi sem hefur verið að nefna þetta í viðræðum við íslensk stjórnvöld. Þetta er mál út af fyrir sig og ég held að við ættum ekki að gera mikið úr þeim möguleikum sem þarna geti legið fyrir, fyrir nú utan það að auðvitað þarf að líta til allra átta í þessu efni varðandi tilkostnað og annað sem þessu fylgir.

Ég vek hins vegar athygli á annarri orkusölu sem hæstv. ráðherra hefur haft á orði nú að undanförnu sem er sala á 2500 gígavattstundum af raforku til álvers, nýs álvers í Straumsvík, fyrirtækis sem á að vera eingöngu í eigu útlendinga. Engin þjóðhagsleg athugun hefur farið fram á skynsemi þess að ráðast í slíka orkuöflun til sölu til útlendinga. Þetta er nærtækara mál að því er virðist af hálfu hæstv. ráðherra, og það væri ástæða til að ræða það sérstaklega hér á Alþingi við hentugleika.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessa umræðu. Erindi mitt er aðallega það að þakka fyrir síðari hluta svarsins og ítreka það sem ég áður sagði að fsp. er borin fram til þess að færa þetta mál hér inn á Alþingi, fá um það opinberar yfirlýsingar hver áformin eru í þessum efnum. Ég geri mér alveg ljósa tímalengd og öll vandkvæði á þessu máli og ætla ekki að ræða aðra þætti orkumála. Það gefst tækifæri til þess síðar því að orkumál munu áreiðanlega koma hér inn á Alþingi til umræðu þótt síðar verði, og ég ætla að geyma mér það þar til þá.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Aðeins vegna orða hv. 2. þm. Austurl. Það er rétt sem kemur fram í hans máli að það er afar ólíklegt að ákvarðanir verði teknar um útflutning á raforku eins og hér hefur verið gert að umtalsefni. Til þess er vegalengdin of mikil miðað við núverandi tækni, en hins vegar má vera að í augsýn sé ný tækni með ofurleiðurum sem gætu breytt þessu ef hægt er að breyta efnasamsetningu þeirra. Að því er unnið, en það getur tekið áratugi eins og hv. þm. veit. Það er ekki dýpið sem er mesta

vandamálið. Það eru lagðir sæstrengir á miklu meira dýpi en á milli Íslands og þeirra landa sem rætt hefur verið um að leggja þessa sæstrengi til.

Hins vegar er það alveg rétt, og undir það vil ég taka, að það er spurning hvort ekki eigi að nota orkuna til annarra hluta. Ég vil sérstaklega taka fram að að mínu áliti er það án efa mun hentugra að nota hana til orkufreks iðnaðar hér á landi einmitt vegna þess að það hefur meira hagrænt gildi, er heppilegra fyrir okkur, það útvegar atvinnu og þar getum við samið við aðila sem eru nokkuð meira bundnir við þetta land. Að því er þess vegna unnið, eins og kom fram í máli hv. þm., að athuga þjóðhagslega hvort ekki sé heppilegt að setja 2500 gígawattstundir til nýs álvers við Straumsvík.

Mývatnsrannsóknir, ein umr.

Fsp. HG, 99. mál. — Þskj. 103.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég hef borið fram við hæstv. menntmrh. svohljóðandi fsp. um Mývatnsrannsóknir:

„1. Hver er afstaða ráðherra til óska sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir varðandi fjármögnun rannsókna á árunum 1987 og 1988?

2. Hver eru viðbrögð ráðuneytisins við afsögn sérfræðinganefndarinnar?

3. Með hvaða hætti hyggst ráðuneytið fyrir sitt leyti standa að framhaldi Mývatnsrannsókna?"

Ástæða þessarar fsp. eru þrengingar sem þessar rannsóknir eru í fjárhagslega og það hefur komið fram opinberlega að þeir aðilar, sem til þess voru skipaðir af menntmrn. að annast þessar rannsóknir, hafa hætt því starfi og treysta sér ekki að starfa áfram að málinu við óbreyttar aðstæður vegna þess að fé skortir.

Hæstv. ráðherra hefur fengið frá Náttúruverndarráði bréf dags. 3. nóv. 1987 þar sem fram kemur að nefndarmenn gefa ekki kost á sér til starfa við óbreyttar aðstæður. Sá ágreiningur sem var uppi um framlengingu námuleyfisins á sínum tíma stafaði af því að upplýsingar skorti um líkleg áhrif kísilgúrnáms af botni Mývatns á lífríki þess. Það er mat aðila að úr því þurfi að fást skorið með rannsóknum fyrir árið 1991 hvort ráðlegt er að halda efnisnámi áfram á botni Mývatns og þá hvar.

Sú fjárvöntun sem þarna ræðir um er allveruleg. Sótt var um aukafjárveitingu vegna ársins 1987 að upphæð 1,2 millj. kr. og til verk- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 1988 áætlar sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir sig þurfa 7,3 millj. kr. Þarna er því samtals um að ræða 8½ millj. kr. umfram það sem fé hefur verið veitt til og tel ég þá með aukafjárveitingarbeiðni vegna yfirstandandi árs. Þetta eru mjög alvarlegir hlutir og þess vegna er þessi fsp. fram borin.

Ég vil nefna það jafnframt að fyrir liggur, herra forseti, að sú upphæð sem samkvæmt námaleyfi kísilgúrvinnslunnar á að renna til þessara rannsókna, ákveðin upphæð af hverju tonni, virðist vera tvítalin í fjárlagafrv. Raunar gerðist það á fjárlögum yfirstandandi árs, en einnig í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er þessi upphæð að mér er tjáð tvífærð, annars vegar á rannsóknarstöð við Mývatn og hins vegar sem tekjulind fyrir þessa sérfræðinganefnd. Þetta verður að sjálfsögðu að leiðrétta við fullnaðargerð fjárlaga og taka tillit til þess auk þess sem brýnt er að nægilegt fjármagn fáist til þessara rannsókna eins og að var stefnt þegar þetta verkefni var sett af stað af hálfu menntmrn.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hver er afstaða ráðherra til óska sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir varðandi fjármögnun rannsóknanna á árunum 1987 og 1988?"

Því er til að svara að afstaða ráðherra til óska sérfræðinganefndarinnar um Mývatnsrannsóknir varðandi fjármögnun rannsóknanna er sú að tryggja beri svo sem kostur er nægjanlegt fjármagn til rannsóknanna þannig að niðurstöður þeirra geti legið fyrir eigi síðar en 1991, þegar taka þarf ákvörðun um ný vinnslusvæði í Mývatni. Fyrir námaleyfi því sem var útgefið 31. jan. 1985 voru sett þau skilyrði að Kísiliðjunni hf. var gert að leggja fram sérstakt gjald til rannsókna á áhrifum efnistökunnar á dýralíf og gróður við Mývatn. Gjald þetta átti að vera jafnhátt afgjaldinu fyrir námaréttinn eða sem svarar þeirri fjárhæð í íslenskum krónum er jafngildi einum bandaríkjadollar fyrir hverja smálest af fullunnum og þurrvegnum síunarvörum og aukavörum úr kísilgúr sem framleiddar eru í verksmiðjunni og seldar og fluttar þaðan. Jafnframt skyldi ríkisstjórnin verja til þessara rannsókna jafnhárri fjárhæð. Rannsóknir þessar hafa því verið fjármagnaðar með framlagi Kísiliðjunnar hf. og ríkissjóðs og eru framlög hvors aðila um sig miðuð við framleiðslu á kísilgúr og gengi bandaríkjadollars. Hefur greiðslum til nefndarinnar verið hagað þannig að bæði afgjaldið fyrir námaréttinn, sem renna átti í ríkissjóð, og hið sérstaka gjald Kísiliðjunnar hf. til rannsóknanna hafa runnið beint til sérfræðinganefndarinnar sem hefur yfirumsjón með rannsóknunum.

Sú staða er nú komin upp að framlög til rannsóknanna hafa rýrnað verulega frá því sem gert var ráð fyrir í upphafi, einkum vegna lækkunar á gengi bandaríkjadollars og eins vegna minnkandi framleiðslu. Þetta hefur leitt til þess að ekki hefur verið unnt að sinna nema hluta af brýnum rannsóknarverkefnum að mati nefndarinnar. Við svo búið má ekki sitja þar sem brýnt er fyrir alla aðila að niðurstöður rannsóknanna liggi fyrir þegar á árinu 1991, en þá þarf að taka ákvörðun um nýtt vinnslusvæði Kísiliðjunnar hf. í Mývatni eins og áður sagði.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1987 voru af hálfu menntmrn. ekki gerðar athugasemdir við tillögur Náttúruverndarráðs um fjárframlag til rannsókna á Mývatni. Þessar tillögur reyndust síðan ekki ná fram að ganga við endanlega afgreiðslu fjárlaga frá Alþingi. Voru fjárveitingar til rannsókna af hálfu ríkisins nokkru lægri en Náttúruverndarráð hafði lagt til.

Á fyrri hluta þessa árs sótti sérfræðinganefnd Mývatnsrannsókna um aukafjárveitingu að upphæð 1,2 millj. kr. til tækjakaupa. Þar sem ákveðið hafði verið innan ríkisstjórnarinnar að draga úr aukafjárveitingum var ekki fallist á þessa aukafjárveitingarbeiðni. Vegna misskilnings mun ekki hafa verið sótt um fjárveitingu á fjárlögum fyrir árið 1988 til að halda áfram þessum rannsóknum. Hér var fyrst og fremst um mannleg mistök að ræða sem komu upp vegna misskilnings á milli starfsmanna í menntmrn. og Náttúruverndarráðs.

Nauðsynlegt er að tryggja áframhald þessara rannsókna á næstu þremur árum og því hefur ríkisstjórnin samþykkt hækkun á fundi sínum þann 19. nóv. sl. þannig að fjárveiting til rannsóknanna verði 6,5 millj. kr. árin 1988 og jafnframt samþykkt sambærilegar fjárveitingar fyrir árið 1989 og 1990. Það er síðan Alþingis að taka endanlega ákvörðun.

Í öðru lagi er spurt: „Hver eru viðbrögð ráðuneytisins við afsögn sérfræðinganefndarinnar?"

Menntmrn. hefur ekki borist bréf frá sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir um formlega afsögn nefndarinnar. Hins vegar hefur ráðuneytinu borist bréf nefndarinnar dags. í okt. 1987, þar sem látið er að því liggja að þeir aðilar sem sitja í nefndinni sjái öll tormerki á því að halda starfi sínu í nefndinni áfram að óbreyttu, þ.e. ef fjárhagsgrundvöllur nefndarstarfsins er ekki tryggður. Telja nefndarmenn að stórauka þurfi framlög ríkissjóðs til rannsókna nefndarinnar á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki Mývatns. Er ákvörðun Alþingis um fjárframlög til rannsóknastarfsins liggur fyrir, þá fæst væntanlega niðurstaða um það hvort þeir sem nú sitja í nefndinni gefi kost á sér til setu í nefndinni næsta starfsár. Mun menntmrn. þá bregðast við eins og málið mun þá liggja fyrir.

Í þriðja lagi er spurt: „Með hvaða hætti hyggst ráðuneytið fyrir sitt leyti standa að framhaldi Mývatnsrannsókna?" Ráðuneytið mun hér eftir sem hingað til stuðla að því fyrir sitt leyti að nægjanlegt fé fáist til þess að rannsóknum á áhrifum kísilgúrtöku á lífríki Mývatns ljúki fyrir árið 1991 þegar taka þarf ákvörðun um kísilgúrnám á nýju vinnslusvæði. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að vanda beri sem mest til þessara rannsókna þannig að ákvörðun um hæfilega hagnýtingu náttúruauðæfa á svæðingu byggist á vísindalegu mati og hafi ekki í för með sér óbætanlega röskun á hinu sérstæða og fagra lífríki við Mývatn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta mikilvægi þess að rannsóknir þær sem um er rætt á lífríki Mývatns fari fram og að fjárskortur sé ekki látinn hamla því. Það hefur enginn vísindamaður treyst sér til að spá um það hver áhrif kísilgúrnámið úr Mývatni kunni að hafa á það margvíslega dýralíf sem þar þrífst, svo sem fuglalíf sem ekki á sinn líka í heiminum, þó að það hafi nokkuð látið á sjá og breyst á síðari árum. Silungsveiði hefur frá fyrstu tíð verið atvinnugrein í Mývatnssveit og fyrrum byggðu margir bændur þar afkomu sína að verulegu leyti á þeim veiðum og enn má kalla að þær séu stoðbúgrein í þessu sveitarfélagi.

Síðan kísilgúrverksmiðjan var reist hafa allmargir íbúar sveitarinnar haft þar vinnu en enginn veit hve lengi er hægt að ganga í þessa námu. Því eru rannsóknir nauðsynlegar bæði frá atvinnulegu og líffræðilegu sjónarmiði. Mývatnssveit er harðbýl til búskapar og bændur þar hafa sætt skerðingu við þá búháttabreytingu sem yfir gengur nú. Ég vil því enn undirstrika hve mikilvægt það er íbúum þessa fagra byggðarlags að rannsóknir þessar á því hvað má taka úr vatninu án þess að raska jafnvægi lífríkisins fari fram og kísilnám og veiðiskapur haldist í hendur án þess að skaði hljótist af. Þessar títt nefndu rannsóknir eru alger nauðsyn, svo að framtíðaráætlanir um búsetu í Mývatnssveit verði á þeim byggðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil einnig leggja þunga áherslu á mikilvægi þess máls sem hér er til umfjöllunar. Erfitt deilumál í héraði er í uppsiglingu ef ekki verður staðið við þessar rannsóknir og þær nái að ganga fram með eðlilegum hætti. Það sýnir reynslan okkur.

Ég vil einnig undirstrika að Alþingi og ríkisstjórn bera hér þunga og mikla ábyrgð. Sett hafa verið sérstök lög um verndun þessa svæðis. Þetta svæði er einstakt á Íslandi og þó víðar væri leitað. Væri hér um óbyggt hérað að ræða er næsta víst að Mývatn og Laxá væru þegar orðin þjóðgarður með algjörri friðlýsingu, en hér er um byggt svæði að ræða og þess vegna krefjast aðstæður þess, sambúð manns og náttúru í Mývatnssveit og við Laxá mun krefjast þess að bestu fáanlegar upplýsingar liggi til grundvallar aðstæðum þar til að meta þær forsendur sem þar er við að búa til þess að unnt verði að tryggja að sambúð manns og náttúru eigi sér þar stað með farsælum hætti. Ég vil því leggja sérstaka áherslu á það að bæði Alþingi og ríkisstjórn bera hér þunga ábyrgð. Þeim ber að standa við lög um verndun Laxár og Mývatns og í ljósi þess ber að skoða skylduna til að leggja til nægilegt fjármagn þannig að þessar rannsóknir nái fram að ganga.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svar hans við fsp. minni og ég vil einnig þakka þeim sem hér hafa talað vegna þessarar fsp. og áréttað mikilvægi þeirra rannsókna sem þarna eiga að fara

fram samkvæmt öllum samþykktum. Ég heyri að hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir því í ríkisstjórn að úr rætist í sambandi við fjármálin. Hann nefndi 6,5 millj. kr. sem verja ætti á næsta ári til þessara rannsókna. En samkvæmt verk- og fjárhagsáætlun sem sérfræðinganefndin hafði gert fyrir komandi ár var talið að um væri að ræða fjárþörf upp á 7,3 millj. kr., þar af 10% ófyrirséð.

Segja má að það vanti ekki mikið upp á að við þessari fjárbeiðni sé orðið ef fram ganga þau áform sem hæstv. ráðherra kynnti hér og ég legg á það megináherslu að fjármagn verði nægjanlegt þannig að ekki standi á því til þess að hægt sé að hafa fyllstu upplýsingar þegar taka þarf frekari ákvarðanir af eða á varðandi kísilnám í Mývatni í þágu kísilgúrvinnslunnar. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér viðhorf sérfræðinganefndarinnar og hér sé þá að hennar mati um nægilegt fjármagn að ræða til að hún treysti sér til að halda áfram sínum störfum. En æskilegt væri að það kæmi fram frá hæstv. ráðherra hvort svo sé ekki og ég inni hann eftir því hvort fullt samráð hafi ekki verið haft við þá aðila sem ætlað er að standa að þessum rannsóknum þegar þessi áform voru mótuð. Jafnframt heiti ég á Alþingi að taka undir þau áform um fjárveitingar sem þarna voru kynnt.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það er rétt til þess að svara þeirri fsp. sem fram kom frá hv. fyrirspyrjanda, 2. þm. Austurl. Það hefur að sjálfsögðu verið haft samráð við þann starfsmann sem starfar á vegum sérfræðinganefndarinnar um þessi mál. Ég skal ekkert um það fullyrða hver verður afstaða sérfræðinganefndarinnar sem heildar til þessarar tillögu um fjárveitingu, en það er mat menntmrn. að með þeirri fjárveitingu sem ég ræddi um áðan sé hægt að tryggja að þessar rannsóknir geti farið fram með eðlilegum hætti næsta ár.

Ég vil líka vekja athygli á því, þótt þar sé um annað mál að ræða, en í því felst þó reyndar sá misskilningur sem ég gat um áðan á milli Náttúruverndarráðs og menntmrn. varðandi fjárveitingarbeiðni að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð fái sérstaklega til rannsókna við Mývatn, þ.e. þær rannsóknir sem Náttúruverndarráð hefur sjálft haft með höndum sem eru einkum fólgnar í rannsóknum á fugla- og dýralífi, 4,5 millj. kr. auk 1,5 millj. kr. í stofnkostnað þannig að þar er um fjárhæð að ræða sem er að upphæð 6 millj. og 20 þús. kr. Ef þessi áform ná fram að ganga þá er því heildarupphæð til rannsókna við Mývatn á næsta ári um 12,5 millj. kr. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Heildarendurskoðun erfðalaga, ein umr.

Fsp. GHelg, 134. mál. — Þskj. 139.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Á 106. og 107. löggjafarþingi fluttum við nokkrir þm., þeir hv. þáv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson ásamt mér, frv. til laga um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962, sem gerði ráð fyrir skilyrðislausri heimild eftirlifandi maka til að sitja í óskiptu búi að því er tiltók íbúðarhúsnæði og húsbúnað sem til var við lát maka. Mál þetta hlaut verulega umfjöllun á báðum þingum og lyktaði árið 1985 með lagabreytingu sem hv. allshn. varð sammála um að leggja til. Sú lagabreyting fól það í sér að annað hjóna eða bæði geta ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því, en sú grein fjallar um gjaldþrotaskipti.

Sá áhugi sem þessum málum var sýndur meðan á meðförum þingsins stóð bar því vitni að margir töldu sig eiga hagsmuna að gæta yrði sú lagabreyting gerð að ekki þyrfti leyfi barna til setu í óskiptu búi. Því miður þarf enn leyfi stjúpbarna, en ekki var gert ráð fyrir því í hinu upphaflega frv. Hitt er ljóst að mikilvægt er að fólk noti sér þá heimild sem fékkst með lagabreytingunni, en til þess þarf að gera erfðaskrá eða láta búa út yfirlýsingu um vilja hvors hjóna um sig til þess að sá makinn sem lengur lifir geti setið í óskiptu búi.

Árið 1985 eða á 108. löggjafarþingi beindi ég fsp. til þáv. hæstv. dómsmrh. um hvað gert hefði verið eða áætlað væri að gera til að kynna fólki þau réttindi til setu í óskiptu búi sem fengust með lögum nr. 29/1985. Í sannleika sagt varð fátt um svör og ekki sýnilegt að ráðherra teldi það skyldu ráðuneytisins að upplýsa fólk um þessa lagabreytingu.

En allan þann tíma sem þetta mál var í meðferð þingsins kom öðru hverju sú yfirlýsing að fyrir dyrum stæði heildarendurskoðun á erfðalögum, nr. 8/1962. Vissulega er ástæða til að hvetja til hennar og þess vegna hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. á þskj. 139 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður undirbúningi að heildarendurskoðun á erfðalögum nr. 8/1962, með síðari breytingum?

2. Hefur verið skipuð nefnd til að annast það verk?

3. Sé svo, hvenær er áætlað að verkinu ljúki?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fsp. hv. 13. þm. Reykv. Ég vil upplýsa að heildarendurskoðun erfðalaga er ekki í undirbúningi hjá dómsmrn. sem stendur. Ég hlýddi hins vegar með athygli á þau rök

sem fram voru færð fyrir nauðsyn á slíkri endurskoðun. Ég vil taka fram að nú stendur hins vegar yfir heildarendurskoðun laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, og er gert ráð fyrir að nefnd, sem vinnur að því verkefni, muni skila álitsgerð sinni með vorinu.

Samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar, en hann er Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, er það m.a. eitt af markmiðum nefndarstarfsins að vinna að breytingu á þessum lögum einmitt í því skyni sem fram kom í fsp. hv. 13. þm. Reykv., að tryggja betur réttarstöðu langlífari maka í hjónabandi, einkum hvað varðar rétt til setu í óskiptu búi og fleiri slík atriði sem því tengjast.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. heiðarlegt og afdráttarlaust svar eins og frá honum var að vænta. Hins vegar hlýt ég að harma það að ekki standi fyrir dyrum að endurskoða erfðalög, nr. 8 1962, eins og oftlega var talað um þegar mál það sem ég hér áður lýsti var í meðferð þingsins og tóku undir það velflestir bæði embættismenn og þm. sem um það mál fjölluðu.

Nú verð ég að játa að ég er ekki jafnkunnug þeim lögum sem hæstv. ráðherra minntist á, lögum um réttindi og skyldur hjóna, en ekki er mér grunlaust um að þessi endurskoðun, sem hann minntist á, sé e.t.v. fram komin vegna tillagna sem hæstv. núv. félmrh. margflutti hér í þinginu um réttindi við slit óvígðrar sambúðar án þess að ég sé alveg viss um að það sé tilefni til stofnunar þessarar nefndar, en mér er ekki alveg grunlaust um að verið sé að reyna að samræma réttindi maka við sambúðarslit, einnig þeirra sem búið hafa í óvígðri sambúð. En þetta kann að vera ágiskun, ég er ekki alveg nógu viss, en grunur minn er sá.

Ég vil hins vegar biðja hæstv. dómsmrh. að lesa vandlega þá umræðu sem fram fór við flutning þess frv. sem ég áður minntist á, um breytingu á réttindum þess maka sem lengur lifir, því að ég held að hér sé á ferðinni mikið nauðsynjamál. Ég hef marglýst því áður að ég tel með öllu ótækt að börn eftirlifandi maka og stjúpbörn hafi meiri ráð yfir eignum foreldris síns heldur en foreldrið sjálft sem eignanna hefur aflað og með öllu óþarft fyrirkomulag í okkar þjóðfélagi þar sem fólk er almennt búið undir að bjarga sér sjálft. Þess vegna vildi ég fara fram á það við hæstv. dómsmrh. að lesa þá umræðu sem þar fór fram, og ég er næstum viss um að starfsmenn hans í dómsmrn. þekkja þessa umræðu alla vel, og biðja hann að gangast fyrir því að fram fari heildarendurskoðun á erfðalögum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég var meðflm. að því máli sem hv. fyrirspyrjandi gat um áðan og að gefnu tilefni langar mig að geta þess að um fá mál hef ég meira verið spurð en þetta þegar það var í meðförum þingsins. Það var afar náið fylgst með þessu máli af fjölda fólks úti í þjóðfélaginu sem gerði fsp. um það hvar þetta mál væri statt, hvort væri búið að samþykkja það og hvers mætti vænta af meðförum þingsins. Ég vil því vekja athygli hæstv. dómsmrh. á því að það eru mjög margir sem hafa fylgst með því hvernig þetta mál fór í þinginu og vænta sér mikils af breytingu á erfðalögunum í þá veru sem frv. kveður á um.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. 13. þm. Reykv., og hv. 6. þm. Reykv. fyrir gagnlegar ábendingar og ég get fullvissað hv. þm. um það að mér er vel ljóst að hér er um brýnt mál að ræða og mun leita leiða til þess að tryggja sem best réttarstöðu þess maka sem lengur lifir, hvort sem það er heppilegast að gera með breytingu á erfðalögunum eða með lögunum sem ég vitnaði til áðan, lögum nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, því að þarna er auðvitað líka um það að tefla, eins og kom fram í seinni ræðu fyrirspyrjanda, að tryggja með eðlilegum hætti rétt fólks sem búið hefur í óvígðri sambúð.

Skyldusparnaður ungs fólks, ein umr.

Fsp. FI, 143. mál. — Þskj. 151.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég vil vitna, með leyfi forseta, til 71. gr. VII. kafla laga nr. 51/1980, um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, þar sem segir:

„Öllum einstaklingum á aldrinum 16–25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 73. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga, en að bústofninn verði í sveit. ... Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt."

Skyldusparnaður ungs fólks í dag er verðtryggður með lánskjaravísitölu, en ávaxtaður með 3,5% vöxtum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Það eru sömu vextir og af lánum sem Byggingarsjóður ríkisins veitir til þeirra sem eru að kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði. Á sama tíma býður ríkissjóður 8,5% raunvexti á ríkisskuldabréf.

Hingað til hafa lágir vextir á skyldusparnaði ungs fólks verið réttlættir með því að ungt fólk njóti ákveðins skattfrelsis. Þegar staðgreiðslukerfi skatta verður tekið upp nú um áramót er ekki gert ráð fyrir því að ungt fólk njóti áfram þessara skattfríðinda.

Ég spyr því hæstv. félmrh. hvort hún hyggist beita sér fyrir hækkun vaxta á skyldusparnaði ungs fólks til íbúðabygginga þegar staðgreiðslukerfi skatta kemur til framkvæmda um næstu áramót.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Nú í haust skipaði ég starfshóp til þess að skoða ákveðin atriði varðandi skyldusparnað og koma með tillögur þar að lútandi. Í hópnum voru Einar Jónsson, lögfræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, Jens Sörensen, forstöðumaður veðdeildar Landsbanka Íslands, Katrín Atladóttir, viðskiptafræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, og forstöðumaður Byggingarsjóðs ríkisins, Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félmrn., og Lára V. Júlíusdóttir, aðstoðarmaður félmrh.

Þau atriði sem starfshópnum var falið að athuga voru í fyrsta lagi fækkun á undanþágum frá skyldusparnaði, í öðru lagi ávöxtun skyldusparnaðar í ljósi nýrra skattalaga og í þriðja lagi skilvísari leiðir til innheimtu skyldusparnaðar.

Starfshópurinn hefur skilað skýrslu til mín um tillögur sínar í ofangreindum atriðum og vil ég í stuttu máli rekja niðurstöðurnar.

Þau vandamál sem tengjast framkvæmd skyldusparnaðar í dag eru einkum þau að þar sem skyldusparnaðarprósentan er há eða 15% hefur þróast nokkuð umfangsmikið undanþágukerfi sem tekur tillit til fjárhags og félagslegrar stöðu þeirra sem greiða skyldusparnað.

Á undanförnum árum hefur innstreymi og útstreymi á skyldusparnaði verið mjög svipað þannig að fjárhagsgrundvöllur Byggingarsjóðs ríkisins hefur ekkert styrkst með skyldusparnaði. Ávöxtunarmöguleikar sparifjár hafa einnig aukist gífurlega en á sama tíma fellur niður skattahagræði af skyldusparnaði með fyrirhugaðri breytingu á skattalögunum um nk. áramót, sem hefur haft mikið gildi fyrir skyldusparendur. Eftir stendur því aðeins ávöxtun, sem eru þeir vextir sem á hverjum tíma gilda um lán úr Byggingarsjóði ríkisins að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu, þ.e. 3,5% vextir í dag auk verðtryggingar. Við 26 ára aldur fellur síðan verðtryggingin niður og verður ávöxtunin þá almennir sparisjóðsvextir. Einnig má benda á að eftirlit með innheimtu á skyldusparnaði hefur ekki tryggt þá skilvirkni í kerfinu sem þarf og hefur skort á lagaheimildir svo að hægt hafi verið að koma hlutunum þannig fyrir að viðunandi sé. Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að nauðsynlegt sé að fækka þeim undanþágum sem nú eru heimilar þar sem núverandi kerfi sé svo opið að nánast geti hver sem er náð út því fé sem hann á inni. Þetta gerir alla innheimtu og eftirlit mjög erfitt ásamt því að viðhorf fólks til skyldusparnaðar verður mjög neikvætt.

Ef litið er til undanþáganna og möguleika á fækkun þeirra þar og einungis gert ráð fyrir að skyldusparnaður sé greiddur út:

1. vegna aldurs,
2. vegna íbúðakaupa eða byggingar,
3. til einstæðra foreldra sem njóta mæðra- eða feðralauna hjá Tryggingastofnun,
4. vegna andláts

og kannað við þau skilyrði hvað skyldusparnaðarprósentan þyrfti að vera há til að Byggingarsjóðurinn fengi svipað fjármagn og nú er vegna skyldusparnaðar, þá má gera ráð fyrir að skyldusparnaðarprósentan gæti lækkað í 8% í stað 15% nú. Þessi prósenta er í samræmi við tillögur húsnæðismálastjórnar frá 1984. Með þessu yrðu undanþágur tiltölulega fáar auk þess sem slíkt einfaldaði alla framkvæmd verulega.

Til að halda sjóðnum í jafnvægi miðað við ofangreindar forsendur var tillaga hópsins sú að einungis verði gerð undanþága til greiðslu skyldusparnaðar:

1. vegna íbúðakaupa,
2. ef um er að ræða einstæða foreldra sem njóta mæðra- eða feðralauna hjá Tryggingastofnun,
3. vegna andláts.

Jafnframt yrði skyldusparnaðarprósentan ákveðin 8%.

Að því er varðar þá fsp. sem hér er til umræðu um hækkun vaxta á skyldusparnað, þá tel ég að það þurfi að breyta þeirri ávöxtun á skyldusparnaði sem nú er boðið upp á því að sú ávöxtun er óviðunandi miðað við aðra ávöxtun á sparifé, sérstaklega þegar skattahagræði fellur niður nú um áramótin. Nokkrir valkostir hafa verið kannaðir varðandi ávöxtun skyldusparnaðar, en ekki liggur enn fyrir ákvörðun í málinu. Nefna má að á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs hefur skyldusparnaðarreikningur með 3,5% vöxtum gefið 23,5% ávöxtun. Verðtryggður bundinn reikningur í sex mánuði með 7% vöxtum hefði gefið 27,2% heildarávöxtun á þessu tímabili.

Samkvæmt upplýsingum vararíkisskattstjóra nam frádráttur vegna skyldusparnaðar árið 1986 samtals 465 millj. kr. Engin leið er að áætla hversu mikið tekjutap ríkissjóðs var af þeim sökum eða skattahagræði þeirra 11 499 aðila sem áttu í hlut þar sem tekjur manna eru svo mismunandi og þar með það skattahagræði sem af þessu hlýst. Sé litið til þess hve hækkun vaxta á skyldusparnaði kostar Byggingarsjóð ríkisins nú má líta til þess að á árinu 1986 kostuðu 3,5% vextir á skyldusparnað um 56 millj. kr. Hefðu vextir þá verið ákveðnir 5% hefði það kostar rúmar 80 millj. kr. og ef vextir hefðu verið 7% umfram verðbætur hefði það kostað tæpar 113 millj. kr. eða nálægt helmingi hærri upphæð en miðað við núverandi vaxtakjör. Þar sem bundið er í lög um Húsnæðisstofnun að vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningi skuli vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr Byggingarsjóði ríkisins þarf lagabreytingu ef breyta á vöxtum um nk. áramót.

Þar sem stefnt er að því að gera breytingar á fleiri atriðum skyldusparnaðar en einungis vaxtaprósentunni, eins og fram hefur komið í mínu máli, og enn hefur ekki unnist tími til þess að taka afstöðu til ýmissa tillagna í því sambandi, m.a. að leita samráðs við stjórnarflokkana í því efni, þá tel ég ekki rétt að

taka vaxtaprósentuna eina og sér út úr og leggja nú frv. fram til breytinga á henni. Þess í stað stefni ég að því að leggja fram frv. til breytinga á skyldusparnaðarkafla húsnæðislaganna fljótlega eftir áramótin. Þeirri fsp., sem hér liggur fyrir um hækkun vaxta og skyldusparnaðar, svara ég því játandi. Ég mun beita mér fyrir hækkun vaxta á skyldusparnaðinum. Jafnframt því tel ég rétt að stefna að því að fækka undanþágum í skyldusparnaði og lækka skyldusparnaðarprósentuna sem og að tryggja skilvísari innheimtu skyldusparnaðar, en með tilkomu staðgreiðslukerfis skatta opnast nýir möguleikar til virkara eftirlits í samvinnu við skattyfirvöld.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeirri fsp. sem til mín var beint á þskj. 151 um skyldusparnað ungs fólks.

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svarið. Með það er ég fullkomlega ánægður. Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt að breyta vaxtaprósentunni einni og sér. Það er margt fleira sem þarf að koma til. En ég hvet samt til þess að menn hraði störfum í þessum efnum af þeirri ástæðu að í dag eru 1900 millj. kr. sem er innstæða á skyldusparnaði hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ungt fólk, sem þarf að sæta því að fá greidda 3,5% vexti í stað þess að geta ávaxtað þetta með ríkisskuldabréfum, tapar 95 millj. kr. á ári í vaxtamun með því að geta ekki nýtt sér aðra vaxtamöguleika úti á markaðnum. Því hvet ég hæstv. félmrh. til að hraða störfum en þakka svarið.

Fangelsismál, ein umr.

Fsp. GuðmÁ og IBA, 150. mál. — Þskj. 162.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir fsp. sem ég hef ásamt Inga Birni Albertssyni sett fram á þskj. 162. Fsp. þessari er beint til dómsmrh. og hún fjallar um fangelsismál. Fsp. er þannig:

„Er í undirbúningi bygging nýs fangelsis eða vinnuhælis? Ef svo er, hvar verður það reist og hversu stórt verður það? Hvað kemur það til með að rúma marga fanga og hvenær er áætlað að það verði tekið í notkun? Hver er áætlaður kostnaður við byggingu slíks fangelsis eða vinnuhælis?“

Ástæða fsp. þessarar er sú mikla nauðsyn sem við fyrirspyrjendur teljum vera á úrbótum í fangelsismálum okkar Íslendinga.

Eins og fangelsismálum er háttað í dag eru þrír staðir notaðir til að vista þá sem dæmdir hafa verið til refsivistar. Eru það vinnuhælin tvö að Litla-Hrauni í Árnessýslu og á Kvíabryggju á Snæfellsnesi, svo og Hegningarhúsið að Skólavörðustíg 9 í Reykjavík. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þessa staði. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera óhæfir sem bústaðir fyrir venjulegt fólk. Þá eiga þeir það sameiginlegt að hafa verið byggðir í öðrum tilgangi en að vista refsifanga og að vera mjög komnir til ára sinna.

Ef reyna á að bæta þá menn sem eru svo ógæfusamir að lenda í fangelsum þarf að vera fyrir hendi í fangelsum lágmarksaðstaða til að sinna þeim mönnum sem þar eru geymdir. Sú aðstaða sem er í fangelsum nú fullnægir ekki þessum lágmarkskröfum. Þá eru fangelsin hér á landi mjög þröngt setin og langur biðlisti eftir því að komast í afplánun. Það eitt ætti að vera stjórnvöldum áhyggjuefni að menn þurfi að bíða von úr viti eftir að pláss losni í fangelsum svo að þeir geti tekið út sína refsingu.

Í dag er málum þannig fyrir komið að þremur til fimm mánuðum eftir að dómur hefur verið kveðinn upp, og stundum síðar, er hinn seki boðaður að Skólavörðustíg 9 til að taka út refsinguna. Þaðan er hann oftast sendur mjög fljótlega annaðhvort á Litla-Hraun eða Kvíabryggju til frekari afplánunar eftir því sem pláss losna. Menn eru þannig í þrjá til fjóra mánuði og allt upp í ár á Skólavörðustíg 9. Á Skólavörðustígnum er engin vinnuaðstaða og engin tómstundaaðstaða, en fangar fá að horfa á sjónvarp á göngunum. Klefarnir þar eru mjög þröngir og í hverjum klefa eru alltaf þrír menn. Á Litla-Hrauni og Kvíabryggju er aðstaðan örlítið skárri en þar eru líka önnur vandamál sem ég tímans vegna verð að ræða undir þeirri fsp. sem ég legg fram á þskj. 163.

Í núgildandi lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, er lögákveðið að hér á landi skuli vera starfrækt ríkisfangelsi og unglingavinnuhæli ásamt þeim fangelsum sem fyrr voru nefnd. Sú stefna sem núgildandi lög mörkuðu komust aldrei til framkvæmda sökum þess að ráðamenn misstu trúna á þeim lögum sem þeir lögðu fram og samþykktu. Við fyrirspyrjendur getum tekið undir það að hin svokallaða meðferðarstefna sem lögin voru byggð á eigi ekki rétt á sér. Hins vegar er sú stefna betri en engin stefna því að stefnuleysi það sem verið hefur í fangelsismálum síðustu áratugi og felst í því að gera ekki neitt leysir ekki þann vanda sem við er að glíma.

Fsp. þessi er sett fram nú vegna fyrirhugaðs frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur lofað svo að það fari ekki fyrir því eins og núgildandi lögum að stjórnvöld missi trúna á frv. þegar það er orðið að lögum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vesturl. beina til mín fsp. um byggingu nýs fangelsis. Ég vil þakka fyrirspyrjendum fyrir að vekja athygli á þörfinni fyrir úrbætur í fangelsismálum.

Hvað spurninguna varðar er því til að svara að nú er ekki í undirbúningi bygging á nýju fangelsi umfram það sem lengi hefur til staðið og birtist í grunni undir nýtt fangelsi uppi við Tunguháls hér í bæ. Það er vissulega rétt að mörg brýn verkefni eru

fram undan í fangelsismálum, en hins vegar hefur gengið erfiðlega að fá fé til slíkra framkvæmda.

Ég hef á mínum stutta ferli sem dómsmrh. litið á það sem algjört forgangsverkefni að koma upp sérstöku fangelsi fyrir kvenfanga og það mun taka til starfa á næsta ári. Gerð er tillaga um fjárveitingu til þess í fjárlagafrv. undir liðnum 06.245. En á sviði afplánunar kvenfanga er ákaflega brýn þörf fyrir úrbætur.

Næsta verkefni í fangelsismálum væri síðan að mínum dómi endurbætur að Litla-Hrauni, bæði vegna deildaskiptingar, bættrar vinnuaðstöðu fyrir fangana og bættrar starfsaðstöðu fyrir starfsmennina. Þar næst mun koma röðin að öðrum verkefnum sem ég hef enn ekki mótað til fulls í hvaða röð ættu að koma.

Ég hef hug á því að ríkið kaupi jörðina að Kvíabryggju sem heimilað hefur verið um nokkurt skeið í 6. gr. fjárlaga og mun síðan taka endurbætur fangelsisins þar til athugunar, en þar er nú rúm fyrir 11 fanga.

Þá skortir mjög hér í Reykjavík nýtt gæsluvarðhaldsfangelsi sem tekið gæti við af fangelsinu við Síðumúla. Hið 113 ára gamla hegningarhús við Skólavörðustíg er auðvitað úrelt orðið með öllu og er þar brýnt að gerðar verði úrbætur.

Í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, er gerð tillaga um sérstaka fjárveitingu til þess að gera úttekt á viðhaldsþörfum hússins og hvort yfirleitt er hægt að breyta því í það horf sem nútímaaðstæður krefjast. Ég tel að tímabært sé að byggja nýtt fangelsi með rými fyrir u.þ.b. 40 fanga, en slík bygging er varla komin á umræðustig enn. Ég hef ekki myndað mér skoðun á því enn eða tekið um það ákvörðun hvað eigi að gera við grunninn að Tunguhálsi. Ég er ekki viss um að rétt sé að halda áfram áformum um byggingu tiltölulega stórs fangelsis. Það kann að vera að þau byggingaráform hafi úrelst meðan menn hafa verið að bíða eftir peningum í þetta verkefni.

Það má vel vera að hv. fyrirspyrjendum þyki þetta ófullkomið svar við þeirra fsp., en ég vonast til að geta í vetur lagt fram ákveðnari hugmyndir og tillögur um uppbyggingu fangelsanna um leið og rætt verður frv. til laga um fangelsi og fangavist sem verður lagt fram í þinginu alveg á næstunni. Í því frv. eru ýmis nýmæli. Mér finnst það öldungis ótímabært og lýsa nokkurri svartsýni hjá hinum unga 11. þm. Reykv. að óttast að menn missi trúna á frv. áður en það er fram komið.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka dómsmrh. fyrir svörin. Ég átti von á að fram kæmi í hans máli að verulegar endurbætur mundu verða gerðar á núverandi fangelsum og að búið væri að taka ákvörðun um að byggja nýtt fangelsi.

Það er rétt að á sínum tíma var fyrirhugað að byggja ríkisfangelsi og lögin, sem sett voru 1973, voru sett með það að markmiði að koma á fangelsi er liti á fanga sem sjúklinga og að hægt væri að bæta þá svo að þeir væru tilbúnir til að taka þátt í þjóðfélaginu aftur. Sú hugsun sem lá að baki þessu fangelsi er kennd við svokallaða meðferðarstefnu sem því miður er úrelt orðin.

Ég fagna því að dómsmrh. hyggst gera eitthvað í málefnum kvenfanga. Það er mjög brýnt verkefni og er okkur Íslendingum til mikils ósóma að ekki skuli fyrir löngu vera búið að taka á þeim málum. Eins og staðan er núna afplána þrír kvenfangar refsingu. Tveir eru vistaðir á Skólavörðustíg og hafa verið þar, alla vega annar, síðan í apríl og þriðji fanginn er á Bitru.

Ég ætla ekki að sinni að fara betur ofan í meðferðina á föngunum, en fyrir liggur önnur fsp. sem ég mun ræða á eftir.

Afplánunarmál, ein umr.

Fsp. GuðmÁ og IBA, 151. mál. — Þskj. 163.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Ég mæli fyrir fsp. sem ég hef sett fram ásamt Inga Birni Albertssyni á þskj. 163.

Fsp. þessari hefur dómsmrh. að hluta til svarað. Engu að síður ætla ég að lesa þessa fsp. og óska ég eftir greinargóðum svörum við þessum spurningum.

Fyrirspurnin er í fjórum liðum.

Fyrst er spurt hvort einhver áform séu uppi í þá átt að koma á deildaskiptingu fanga á Litla-Hrauni er taki mið af góðri hegðun, eðli brots, tímalengd refsivistar eða öðrum atriðum, eins og t.d. ungum aldri eða síafbrotamennsku.

Í öðru lagi er spurt hvað hafi verið gert í því á undanförnum árum að auka vinnuframlag fanga á vinnuhælum.

Í framhaldi af því er spurt hvort í undirbúningi sé að koma á átta stunda vinnudegi fanga. Í tengslum við þessa spurningu skal það upplýst að engin vinnuskylda er á föngum sem gista í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 þótt þeir þurfi að vera þar í lengri tíma, aðallega vegna þess að engin aðstaða er fyrir hendi. Á vinnuhælinu á Litla-Hrauni er vinnuskyldan þrír tímar, einn og hálfur tími fyrir hádegi og einn og hálfur eftir hádegi.

Þriðja spurningin, sem við berum fram við dómsmrh., er hvort fyrirhugað er að ráða bót á afplánunarmálum kvenfanga. Eins og kom fram í ræðu minni varðandi fsp., sem sett er fram á þskj. 162, eru nú þrír kvenfangar og tveir þeirra gista núna Skólavörðustíg 9 og einn er á Bitru, bóndabýli fyrir austan fjall.

Í fjórða og síðasta lagi er spurt: Eru gerðar á því reglubundnar athuganir hvort fíkniefni eru notuð í fangelsum hér á landi? Ef svo er, hvað hafa þær athuganir leitt í ljós og hvað hyggst ráðherra fyrir í

þeim málum? Þessari síðustu spurningu er bætt við vegna þess orðróms sem alltaf er í gangi að fangar séu meira og minna „uppdópaðir" á meðan á afplánun stendur. Ekki vil ég leggja mat á það hér en vænti þess að fá greinargott svar frá dómsmrh. um þetta efni.

Að mati okkar fyrirspyrjenda er mörgu ábótavant í fangelsismálum og þá sérstaklega því er lýtur að þeirri meðferð sem fangar fá í íslenskum fangelsum og á vinnuhælum. Við teljum að fyrir löngu sé búið að varpa fyrir róða þeim tilgangi sem refsivist á að þjóna, að byggja upp þá menn sem þangað hafa lent og að gera a.m.k. tilraun til að gera þá að betri mönnum en þeir voru áður til að koma í veg fyrir að þeir haldi áfram uppteknum hætti er þeir losna.

Í dag eru fangelsi eða vinnuhæli bara geymslustaðir í þann tíma sem dómar hljóða upp á í hvert og eitt skipti og lítið er gert í því að koma þeim mönnum til aðstoðar sem í upphafi afplánunartímans eða síðar vilja taka sig á og breyta um lifnaðarhætti. Á Litla-Hrauni, t.d., hafa fangar, sem hafa viljað bæta sig, farið fram á að vera settir í einangrunarklefa til að koma sér út úr því samfélagi sem þar ríkir.

Þær tölur sem liggja fyrir um endurkomu fanga benda til þess að eitthvað sé að í fangelsiskerfinu. Samkvæmt þessum tölum lenda 60% af þeim mönnum sem einu sinni hafa gist fangelsin inn í þau aftur. Þetta segir manni að ef stemma á stigu við afbrotum er vísasta leiðin að reyna að búa svo um hnútana að þessir menn komi ekki þar inn aftur.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm., 11. þm. Reykv. og 5. þm. Vesturl., spyrja öðru sinni um fangelsismál.

Þeir hafa í fyrsta lagi spurt hvort áform séu uppi um að koma á deildaskiptingu á vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Ég tel að með þessari fsp. sé hreyft þörfu máli, þörfum umbótum í rekstri fangelsisins. Ég vil svara henni játandi. Mér er líka kunnugt um það að forstöðumaður vinnuhælisins að Litla-Hrauni er áhugasamur um slíka breytingu. Það sama á við um trúnaðarmann fanganna, en við þessa menn hef ég rætt þetta mál að undanförnu. Ég vil beita mér fyrir því að slíkri deildaskiptingu verði komið á, en til þess þarf reyndar að gera nokkrar breytingar á húsnæðinu, og til þess er ekki fjárveiting að svo stöddu.

Þau atriði sem fyrirspyrjendur nefna í spurningunni koma öll til álita sem viðmiðun við slíka deildaskiptingu, en einnig þarf, að mínum dómi, að taka tillit til þess hvort fangar eru háðir vímuefnum eða eru að reyna að brjótast úr viðjum vímuefna. Til þessa tel ég að eigi að líta þegar skipt er í deildir í fangelsinu því auðvitað hafa menn sem lenda í þeirri ógæfu að þurfa að sitja í fangelsi eingöngu verið dæmdir til frelsissviptingar en ekki til þess að taka áhættu af því að lenda í eitri og vímuefnum. Á þessu ber auðvitað almannavaldið ábyrgð og á að haga rekstrinum þannig að úr þessari hættu sé dregið.

Í öðru lagi er spurt hvort gerðar hafi verið á undanförnum árum ráðstafanir til að auka vinnuframlag fanganna og hvort í undirbúningi sé átak í þá veru að lengja þeirra vinnudag. Um þetta er það að segja að á síðustu árum hefur það helst verið gert í þessu máli að til fangelsisins að Kvíabryggju var keypt vél til þess að kljúfa þorskhausa í svokölluð fés, og hafa við þetta skapast aukin verkefni á þeim stað sem er mjög mikils um vert og reyndar má segja að vinnuhælið að Kvíabryggju sé á margan hátt til eftirbreytni. Þar má heita að sé nú eðlilegur vinnudagur.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda skortir tilfinnanlega vinnuaðstöðu fyrir fangana að Litla-Hrauni. Þar hefur meginverkefnið verið að steypa steina til hellulagna og gangstéttagerðar. Það má segja að þessi starfsemi gangi vel en hún býr við ófullnægjandi húsnæði. Það er yfirleitt erfitt að finna verkefni sem henta föngum í refsivist. Fyrirspyrjandi nefndi reyndar líka aðstöðuleysið, sem algjört er, við Skólavörðustíg. Úr því verður ekki bætt með einföldum hætti. Ég held þó að aðalforsendan fyrir því að unnt sé að auka atvinnustarfsemina að Litla-Hrauni sé að bæta húsakostinn, byggja þar vinnuskála.

Í þriðja lagi var svo spurt hvort fyrirhugaðar séu úrbætur í afplánunarmálum kvenfanga. Ég hef þegar svarað þessu að nokkru leyti. Ég hef ákveðið að koma upp sérstöku fangelsi í Kópavogi, að Kópavogsbraut 17, þar sem núna er upptökuheimili ríkisins fyrir unglinga. Um þetta hefur tekist samkomulag við menntmrh. og verður það hús afhent til þessarar starfsemi og mun taka til starfa á næsta ári. Ég tel þetta mikilvægan áfanga í okkar fangelsismálum því eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda hefur aðstaðan fyrir kvenfanga verið öldungis óviðunandi. Í þessu máli hefur nú náðst sá áfangi að í fjárlagafrv. undir lið 06.245, eins og ég nefndi áðan, er gerð tillaga um að veita 15,8 millj. kr. til að reka nýtt fangelsi á þessum stað.

Loks er spurt hvort gerðar séu reglubundnar athuganir á fíkniefnanotkun í fangelsum hér á landi. Svarið er að slíkar athuganir eru gerðar öðru hverju og niðurstaða þeirra er sú að það sé ekki mikið um fíkniefnanotkun í íslenskum fangelsum þótt slíkt hafi komið fyrir, bæði þegar litið er á málið almennt og eins eftir því sem heilbrigðisyfirvöld segja mér með samanburði við fangelsi í öðrum löndum. Auðvitað kemur þetta fyrir og það er vitað mál að margir sem rata í þessa ógæfu hafa ratað í hana meðfram vegna neyslu á slíkum efnum. Fangaverðirnir reyna jafnan að koma í veg fyrir þetta en það er aldrei hægt að girða alveg fyrir að það geti gerst.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á þörfina fyrir aðstoð við fanga til þess að losna undan fíkni í áfengi og önnur hættuleg nautnaefni. Í þessu máli höfum við notið aðstoðar AA-samtakanna og SÁÁ sem halda reglulega fundi með föngum á Litla-Hrauni og víðar. E.t.v. mætti auka þetta starf og finna því betri farveg. Deildaskiptingin, sem er aðalfyrirspurnar-

efnið, er einmitt að margra áliti líklegt til þess að bæta árangur slíkra fyrirbyggjandi ráðstafana.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að þessar tvær fsp. hafa gefið kærkomið tækifæri til að leggja áherslu á það hversu mikilvægt það er í okkar þjóðfélagi að fangelsin verði betrunarhús en ekki eingöngu geymslustaðir fyrir ógæfusamt fólk.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Það skal vera örstutt athugasemd frá minni hendi hér. Ég vildi aðeins þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að bera fram þessar fsp. og vekja athygli á ástandi þessara mála. Á síðasta fundi í Sþ. var einnig fjallað um mál sama eðlis vegna fsp. minna um þau, m.a. varðandi samfélagsþjónustu sem er einmitt einn þáttur í því að endurhæfa fanga.

En mig langaði að vekja athygli hv. 11. þm. Reykv. á því að á síðasta þingi, í lok þings, var lagt fram frv. um fangelsi og fangavist sem fékk ekki afgreiðslu vegna þess hve stutt var eftir til þingloka, en þar kemur fram að þá hafði starfað stjórnskipuð nefnd einmitt til að kanna þessi mál. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á því að hann gæti kynnt sér þetta frv. og komist að raun um að stjórnvöld og Alþingi hafa látið sig þessi mál varða og gert sér grein fyrir því að þar þurfi að finna lausn á.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og þá sérstaklega það að hann er með í undirbúningi að koma á deildaskiptingu fanga á Litla-Hrauni. Ég tel að þetta sé eitt það brýnasta mál sem blasir við núna. Ég þekki aðeins reynslu nágrannaþjóðanna á þessu sviði. T.d. er deildaskiptingin það eina virka í Svíþjóð í þessu efni. Þar hefur reynslan sýnt að endurkoma þeirra sem hafa verið látnir skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að mega fara í svokallaða efri deild er miklu fátíðari en hinna.

Ég saknaði hins vegar mjög verulega í svari dómsmrh. að það er ekki í undirbúningi að auka vinnuframlag fanga. Ég tel að það sé eitt brýnasta verkefnið fyrir utan deildaskiptinguna að þeir aðilar sem gista Litla-Hraun fái a.m.k. að vinna 8 tíma, ekki eins og nú er 1 ½ tíma. Það er ófullnægjandi með öllu.

Niðurstaðan af þessu, sem fram kom í máli dómsmrh., er sú að dómsmrh. hyggst bæta aðstöðu kvenfanga, en gera ekki mikið annað en koma á þessari deildaskiptingu.

Ég sakna þess einnig mjög að ekki skuli vera ráðist í byggingu nýs fangelsis, fangelsis sem byggt er með þarfir fanga eða þarfir þjóðfélagsins fyrir augum að því leytinu til að bæta úr aðstöðu fanga og líta á þann tilgang, sem refsivist á að hafa, að bæta þá menn sem fara inn.

Ég vil að síðustu svara því sem hv. 6. þm. Reykn. talaði um hér áðan varðandi fangelsislögin og leyfa mér að segja að þar er ekki tekið á fangelsismálum sem slíkum. Þar er ekki tekin afstaða til þess hvort eigi að byggja fangelsi og hvernig meðferðin er sem slík. Það sem öllu varðar er það sem ég kem hér inn á, hvernig á að leysa úr þeim málum. Í frv. er aðeins talað um réttarstöðu fanga og skyldur þeirra.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. hans svör sem flest boða betri tíð í þessum málum. Ég vil gera örstutta athugasemd við þær rannsóknir sem hafa farið fram á neyslu vímuefna innan fangelsismúranna vegna þess að upplýsingar ráðherra stangast algerlega á við það, sem kemur frá fyrrv. föngum og fangavörðum jafnvel, að þarna sé við mikið vandamál að stríða. Ég tel að ef þetta eru þær upplýsingar sem ráðherra hefur í dag sé brýnt mál að það verði gerð heildarúttekt á þessum málum á ný og gripið þá til ráðstafana í framhaldi af því.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir til fyrirspyrjenda um þessi mál. Það hafa um árabil margir þm. orðið til þess að víkja að þessum málum á hinu háa Alþingi, en það er eins og minna verði um framkvæmdir þrátt fyrir loforð ýmissa hæstv. ráðherra.

Þessi mál eru í stuttu máli öll í ólestri. Í fangelsum landsins ægir saman geðsjúku fólki, atferlisbiluðu fólki og öðrum sem enga samleið eiga í raun og veru undir sama þaki eða undir sömu meðferð. Í næsta fyrirspurnatíma mun ég þess vegna beina fsp. til hæstv. heilbrmrh. um meðferð á geðsjúku fólki sem brotið hefur af sér.

Ég freistaði þess hvað eftir annað við gerð lögræðislaga á sínum tíma, sem samþykkt voru fyrir um það bil þremur árum, hygg ég, að koma inn ákvæðum þar sem nefnd fylgdist með lögræðissviptingu, hvenær hún hæfist og hvenær henni lyki, og mun á þessu þingi enn reyna að freista þess að fá þau ákvæði inn í lögræðislög. Ég vildi þess vegna minna á það hér. Við vitum að alvarlega geðsjúkt fólk er geymt í fangelsum án nokkurrar meðferðar og ágreiningur hefur verið uppi milli heilbrigðisyfirvalda og dómsvalda um hvað gera skuli við þetta fólk og vægast sagt sorgleg og ósmekkleg umræða hefur farið fram um það á þessum vetri í kunnu tímariti hér í bæ þar sem heilbrigðisyfirvöld hafa lýst óskiljanlegri afstöðu sinni til þessara mála. Ég fagna því í hvert skipti sem umræða hefst um þessi mál því að hér er smánarblettur á okkar þjóðfélagi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þessar fyrirspurnir um fangelsi og afplánun refsidóma hafa vakið upp gagnleg orðaskipti að mínum dómi. Áður en ég vík að því sem kom fram í seinni ræðu fyrri fyrirspyrjanda ætla ég að segja örfá orð um það sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 13. þm. Reykv.

Hv. 5. þm. Vesturl. hélt því fram að vímuefnanotkun í fangelsum væri til mikilla muna meiri en kom fram í svari mínu áðan. Um þetta er eðli málsins samkvæmt erfitt að fullyrða. Ég bendi eingöngu á það sem fram hefur komið frá trúnaðarlæknum

dómsmrn. og frá heilbrigðisyfirvöldum um þetta mál. Ég vil á engan hátt gera lítið úr þessum vanda. Eins og kom fram í því sem ég sagði áðan er það ómótmælanlegt að neysla vímuefna á oft samleið með refsiverðu athæfi og það er vandi sem ekki verður leystur með fáum orðum. Það má vel vera að það sé ástæða til að vinna að athugunum á þessu efni, ekki skal ég úr því draga, en vil líka vara við því að ýkja ástandið, vera með ýktar lýsingar á ástandinu í íslenskum fangelsum hvað þetta varðar, en á því hefur því miður nokkuð borið.

Hv. 13. þm. Reykv. benti á það, sem er svo sannarlega brýnt úrlausnarefni, sem er vistun geðsjúkra fanga og ósakhæfra manna sakir geðveiki og samvistun refsifanga og geðveikra manna sem því miður tíðkast og hefur tíðkast nokkuð hjá okkur þó það séu ekki mörg dæmi um það. Úr þessu þarf að bæta og verður að bæta. Stofnun kvenfangelsis að Kópavogsbraut 17, sem á að gefa nokkurn kost á deildaskiptingu einnig vonandi, er fyrsta skrefið í þessa átt. Mér þykir ástæða til að benda á í allri hógværð að þar er verið að stíga skref í þá átt sem komið hefur fram í máli fyrirspyrjenda, og þeirra sem athugasemdir hafa gert, sem er fullkomin ástæða til að veita athygli þó ég vilji ekki gera of mikið úr því. Það situr síst á mér að draga úr mönnum að ýta á um framkvæmdir á því mikilvæga sviði mannúðarmála sem hér er um að tefla. Ég vildi eingöngu hafa sagt þetta og viljann vantar ekki til að bæta þarna úr. En það sem þarf er afl þeirra hluta sem gera skal.

Svo vík ég þá að lokum örfáum orðum að því sem kom fram í síðari ræðu fyrri fyrirspyrjandans. Ég vildi segja að mér fannst þar gæta nokkurs misskilnings þegar hann segir að það séu ekki í undirbúningi ráðstafanir til að auka vinnuframlag fanga. Hafi það komið fram í mínu máli vildi ég leiðrétta það. Það er einmitt eitt af þeim verkefnum sem ég tel vera næst á verkefnaskránni að bæta vinnuaðstöðuna að Litla-Hrauni, sem er helsta vinnuhælið í okkar fangelsiskerfi, til þess einmitt að gefa kost á lengri vinnudegi og gagnlegri með því að koma þessu undir forsvaranlegt þak.

Ég vildi líka leiðrétta það, sem kom fram í máli fyrri fyrirspyrjandans, að vinnutíminn hjá þeim sem vinna vilja er ekki 1 ½ tími á dag heldur að ég hygg a.m.k. 3 tímar og hjá mörgum þeirra, sem vilja vinna, lengri. En þetta á að vera meira, þyrfti að vera meira eða þyrfti að standa þeim til boða sem vinnu vilja hafa að vinna meira og undir það tek ég heils hugar.

Aðstaða fyrir kvenfanga hefur verið bætt, eða verður bætt, og fjárveitingartillaga er um það gerð. Deildaskipting á Litla-Hrauni er í undirbúningi og frv. til l. um fangelsi og fangavist verður lagt fram að nýju í þinginu í breyttri mynd og þá m.a. hugsað til þess að bæta yfirstjórn fangelsismálanna, einkum með það í huga að sinna betur afplánunarmálunum og ýmsum félagslegum þörfum þeirra sem vistaðir eru í fangelsum. Þetta mun koma fram þegar frv. verður lagt fram á hinu háa Alþingi.

Aðgerðir vegna komu fulltrúa Sea Shepherd, ein umr.

Fsp. SP, 152. mál. — Þskj. 164.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég flyt fsp. til hæstv. dómsmrh. um fyrirhugaðar aðgerðir vegna komu fulltrúa Sea Shepherd samtakanna til Íslands. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp fsp. Hún er svohljóðandi:

„Til hvaða aðgerða hyggjast dómsmálayfirvöld grípa ef fulltrúar Sea Shepherd samtakanna, þar á meðal yfirlýstir skemmdarverkamenn, koma til landsins innan skamms, sbr. ummæli þeirra í fjölmiðlum 25. nóv. sl. þess efnis m.a. að verði þeir ekki ákærðir líti þeir á það sem viðurkenningu á réttmæti aðgerða þeirra í hvalstöðinni og Reykjavíkurhöfn?“

Ég vil gera hér nokkra grein fyrir því hvers vegna fsp. er fram komin.

Eins og hv. þm. er kunnugt um gerðist það í byrjun nóvember í fyrra að skemmdarverkamenn réðust inn í íslenska lögsögu, sökktu tveimur skipum í Reykjavíkurhöfn og frömdu skemmdarverk á eignum Hvals hf. í stöð félagsins í Hvalfirði með þeim afleiðingum að af varð milljónatjón sem ekki hefur enn fengist bætt. Forustumenn Sea Shepherd samtakanna lýstu því yfir að þeir hefðu staðið að þessum ofbeldisverkum og höfðu jafnframt uppi hótanir þess efnis að þeir mundu halda áfram að fremja hryðjuverk hér á landi í þeim tilgangi að stöðva hvalveiðar Íslendinga.

Segja má að landsmenn hafi vaknað upp við illan draum. Bæði var það að hingað til höfðu Íslendingar verið lausir við heimsókn hryðjuverkamanna og eins hitt að fólk var furðu lostið yfir því hvernig þessir menn gátu komist inn í landið, dvalið hér þó nokkurn tíma og síðan látið til skarar skríða án þess að eftir því væri tekið af viðkomandi löggæsluyfirvöldum. Þetta sést m.a. af umræðum utan dagskrár á hinu háa Alþingi skömmu eftir að atburðir þessir áttu sér stað, nánar tiltekið þann 11. nóv. í fyrra.

Í þessum umræðum lýsti þáv. hæstv. forsrh. því yfir, en hann gegndi þá störfum utanrrh., að mál þetta yrði tekið til mjög alvarlegrar athugunar og að hann hefði falið dómsmrh. að undirbúa nauðsynlega málshöfðun eða málskot til þeirra þjóða sem kynni að þurfa að leita til. Jafnframt lýsti hann því yfir að ríkisstjórnin hefði skipað nefnd sem væri að kanna öryggismál. M.a. væri henni ætlað að skoða hvernig fylgst yrði með erlendum mönnum hér á landi. Síðan hefur verið fremur hljótt um þetta mál og engan veginn ljóst hvað íslensk dómsmálayfirvöld hafa aðhafst.

Í Morgunblaðinu þann 25. nóv. sl. er skýrt frá viðtali er blaðið átti við Paul Watson, forsprakka Sea Shepherd samtakanna. Í þessari frétt segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„„Ég kem til Íslands skömmu eftir áramót.“ Hann sagði að ferðina til Íslands ætlaði hann öðrum þræði að nota til að bregðast við háhyrningaráninu, eins og

hann tók til orða. Watson vildi ekki tjá sig um í hverju viðbrögð hans yrðu fólgin. Hann sagði að samtök sín fylgdust vel með málum vestra og mundu beita sér af afli gegn því að veitt yrðu leyfi til að flytja skepnurnar inn til Bandaríkjanna eða Kanada.

En Watson kvaðst einnig eiga annað erindi hingað til lands: „Ég vil gefa íslenskum stjórnvöldum færi á að standa við stóru orðin sem voru viðhöfð um okkur í samtökunum fyrir ári. Þá vorum við kölluð hryðjuverkamenn og glæpamenn og hótað kærum og jafnvel framsali til Íslands. Kærurnar hafa aldrei borist og ekki hefur verið reynt að fá okkur framseld. Íslendingar virðist ekki hafa áhuga á að fylgja þessum ásökunum eftir með aðgerðum, en nú fá stjórnvöld færi á að ákæra mig fyrir að eiga þátt í að sökkva hvalbátunum og geta rekið málið fyrir dómstólum.“„

Enn fremur segir Paul Watson í lokin á þessu viðtali: „Ef ég verð ekki ákærður, þá lítum við á það sem viðurkenningu á réttmæti aðgerðanna.“

Einnig kemur fram í frétt Morgunblaðsins þann 1. des. sl. að Paul Watson hafi sent forseta Íslands bréf þar sem hann heimtar ákæru eða afsökunarbeiðni. Aðspurður um þessa kröfu svaraði hæstv. dómsmrh. því til í Dagblaðinu í gær að Paul Watson gæti ekki sett íslenskum stjórnvöldum skilyrði. Það er að sjálfsögðu rétt, en það getur þó ekki verið að sama skapi rétt að það sé látið aðgerðarlaust að brotið sé gegn fullveldisrétti íslenska ríkisins og framin hér gróf hegningarlagabrot eins og búast má við í samræmi við yfirlýsingar fulltrúa Sea Shepherd. Afstaða manna til hvalveiða á ekki að breyta neinu hér um. Því spyr ég, hæstv. forseti: Til hvaða aðgerða hyggjast dómsmálayfirvöld grípa?

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Samtök af því sauðahúsi sem Sea Shepherd eru eiga allt sitt undir áliti og trú almennings, einkum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Í fyrsta lagi vilja slík samtök viðhalda þeirri trú að það sé verið að útrýma hvölunum í höfunum með hvalveiðum og trú á að það megi kannski alls ekki deyða slík dýr yfirleitt, hvort sem þau eru í útrýmingarhættu eða ekki.

Í öðru lagi lifa þau á trú á það að þessi samtök séu af öllum mætti að koma í veg fyrir hvalveiðar með löglegum eða ólögum hætti, en í huga stuðningsmanna þessara samtaka virðist tilgangurinn helga meðalið. Líf svona samtaka er líka undir því komið að þeim takist stöðugt að halda sig í kastljósi fjölmiðlanna. Án þess ljóss ná þeir ekki til almennings og án þess kemur heldur ekkert fé í sjóði þeirra og þá er ekki hægt að halda úti skipunum til að trufla hvalveiðar og starfsliðið fær ekki greitt kaup.

Það virðist eftir fréttum að dæma að það hafi verið deyfð yfir þessum samtökum að undanförnu og því væntanlega lækkað í kassanum. Þess vegna hefur foringjanum sennilega dottið í hug að verða sér úti um umtal í blöðunum og öðrum fjölmiðlum með yfirlýsingum sem hv. fyrirspyrjandi hefur veitt athygli. Ef íslensk stjórnvöld færu að svara þessum yfirlýsingum og hægt væri að búa til úr því einhvers konar hasarmál í fjölmiðlunum er tilgangi hans náð og fjárframlögin fara aftur að streyma til samtakanna.

Ég hef engan áhuga á að taka þátt í slíkri fjáröflun fyrir Sea Shepherd og get af ástæðum, sem ég vona að þm. skilji, ekki gefið hér opinberar yfirlýsingar um þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi spyr mig um. Ég mun miðla upplýsingum um það til þm. eftir öðrum leiðum. Leiðtogi þessara samtaka, Paul Watson, setur ekki íslenskum stjórnvöldum nein skilyrði. Hann getur heldur ekki pantað frá þeim neinar yfirlýsingar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. að það er ekki skynsamlegt að svara þessum samtökum miklu, en það væri full ástæða til að setja ofan í við fjölmiðla fyrir hvernig þeir hafa haldið á þessum málum, t.d. í sambandi við friðunarmenn þegar þeir hafa verið að gera hér skemmdarverk. Þeir eru að gera þau fyrst og fremst til að auglýsa sig. Það er því ástæða til að taka fjölmiðlana blátt áfram í gegn. En það er ekki hægt öðruvísi en að gera það fyrir luktum dyrum. Ég hef fyrir mitt leyti miklar áhyggjur af stefnunni í sambandi við hvalina og hrefnurnar vegna þess að þau keppa við okkur um sjávaraflann. Ég held að landsmenn og hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því hvað það er mikið magn sem þessar skepnur taka af fiski úr sjónum. Það er gríðarlegt magn. Mér er sagt að aldrei hafi verið meira af búrhveli og hrefnum t.d. við Norðurland en nú.

Fyrirspyrjandi (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans. Hér er ekki farið fram á að hann styðji þessi samtök með fjáröflun heldur að hann haldi uppi lögum í þessu landi. Þó treysti ég því að dómsmálayfirvöld muni koma í veg fyrir skemmdarverk af því tagi er hér voru framin fyrir ári. Verði opinber ákæra gefin út á hendur fulltrúum Sea Shepherd samtakanna kemur sú ákvörðun alfarið til kasta ríkissaksóknara. Það skortir þó ekki lagaákvæði sem snerta komu og veru óæskilegra útlendinga hér á landi. Í því sambandi má benda á lög nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum. Þar er í 10. gr. heimild til að meina útlendingi landgöngu m.a. í 6. tölul., en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi ...“

Enn fremur getur dómsmrh. skv. 4. mgr. meinað útlendingi landgöngu, eins og segir í greininni, með leyfi forseta: „... að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings eða högum útlendingsins er að öðru leyti svo háttað að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings."

Jafnframt má ákveða skv. 14. gr. að lagt sé bann við endurkomu til landsins annaðhvort tímabundið eða fyrir fullt og allt. Það er því ljóst að til margra aðgerða má grípa ef fulltrúar Sea Sepherd samtakanna ætla að koma hingað til lands. En ég ítreka þakkir mínar til hæstv. dómsmrh.

Deilur um forræði barna, ein umr.

Fsp. ÁI og MF, 154. mál. — Þskj. 166.

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Herra forseti. Eftir áratuga þögn hefur á undanförnum missirum orðið mikil og nauðsynleg umræða um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hér á landi og það er vel að sú umræða hefur nú náð inn í sali hins háa Alþingis. En eins brýnt og það er að sporna við ofbeldi af því tagi, m.a. með réttarbótum og með opinni umræðu, er ekki síður mikilvægt að huga að andlegu ofbeldi sem börn eru beitt. Eitt hið grimmilegasta þeirrar tegundar er þegar foreldrar deila um forræði barns við hjónaskilnað eða slit á sambúð. Ofan á gerbreytta heimilishagi og það óöryggi sem röskun á öllu daglegu lífi hefur í för með sér beita foreldrar barninu oft sem eins konar vopni hvort gegn öðru eða þeir krefjast þess, ýmist með blíðuhótum eða heitingum, að það taki afstöðu sér í vil og þá gegn hinu foreldrinu. Þetta er sorgleg staðreynd og sorgarsaga sem allt of margir hafa kynnst og bitnar fyrst og síðast á barninu.

Deilur um forræði barna fara um dómsmrn. til umfjöllunar í barnaverndarnefnd, þaðan aftur í ráðuneytið og hluti þeirra síðan áfram til barnaverndarráðs ef um erfið eða flókin mál er að ræða. Þá koma oft lögfræðingar og sálfræðingar til skjalanna.

Sá langi tími sem umfjöllun opinberra aðila tekur í þessum málum er sársaukafyllstur fyrir alla aðila máls. Litlar upplýsingar liggja fyrir um fjölda og meðferð slíkra mála hér á landi. Ég hef því leyft mér, herra forseti, að flytja ásamt 4. þm. Suðurl. svofellda fyrirspurn til dómsmrh.:

„1. Hversu margar deilur um forræði barna komu til kasta dómsmrn. á árunum 1983, 1984, 1985 og 1986?

2. Hversu mörg börn áttu hlut að máli á hverju ári um sig?

3. Hversu mörgum þessara mála vísaði ráðuneytið til úrskurðar barnaverndarráðs?

4. Hversu langur tími leið að meðaltali frá því deila um forræði barns kom til kasta ráðuneytisins þar til deilumálið hlaut afgreiðslu? Hver var lengsti tíminn og hver sá stysti?

5. Eru uppi í dómsmrn. áform um að stytta þann tíma sem hér um ræðir og þá hvernig?

6. Hversu algengt er að börn gangist undir sálfræðirannsókn vegna deilu foreldra um forræði? Eru dæmi þess að sama barn þurfi að gangast undir tvær slíkar rannsóknir, fyrst á vegum barnaverndarnefndar og síðan á vegum barnaverndarráðs?

7. Hversu algengt er að foreldrar ráði lögfræðinga sér til aðstoðar við málareksturinn?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjendur bera upp margar spurningar um deilur um forræði barna. Spurningarnar eru í svo mörgum liðum að það kann að reynast erfitt að svara þeim öllum á þeim stutta tíma sem þingsköp mæla fyrir um, en ég mun þó reyna.

Í fyrsta lagi er spurt um fjölda forræðisdeilumála sem úrskurðuð hafi verið í dómsmrn. á árabilinu 1983–1986. Á þessu bili ára voru kveðnir upp í dómsmrn. u.þ.b. 40 úrskurðir um forsjá barna á ári hverju til jafnaðar. Það vekur sérstaka athygli að forsjárúrskurðunum hefur ekki farið fjölgandi þrátt fyrir verulega aukinn fjölda hjónaskilnaðarmála og má ætla að ástæða þessa sé sú að aukin áhersla hafi verið lögð á sáttaumleitanir í ráðuneytinu og hjá barnaverndarnefndum.

Í öðru lagi er spurt um fjölda barna sem hlut hafi átt að máli. Því miður liggja upplýsingar um barnafjöldann ekki fyrir því skrásetningin á málunum í ráðuneytinu ber ekki með sér barnafjölda í hverju deilumáli og það er ekki unnt að gera um hann yfirlit nema með verulegri fyrirhöfn. Því miður vannst ekki tími til þess í þetta sinn, en úr því verður vonandi bætt síðar.

Í þriðja lagi er spurt um fjölda mála sem vísað hafi verið til úrskurðar barnaverndarráðs. Ég vildi fyrst segja skýrt að ráðuneytið vísar ekki slíkum málum til úrskurðar barnaverndarráðs heldur eru þau send ráðinu til umsagnar sem er ekki skuldbindandi fyrir ráðuneytið en höfð til hliðsjónar við úrskurði þess. Á árunum 1983–1986 sendi ráðuneytið eftirfarandi fjölda forsjármála til umsagnar barnaverndarráðs: 1983 25 mál, 1984 17 mál, 1985 14 mál, 1986 10 mál.

Síðan er spurt um lengd afgreiðslutíma að jafnaði. Ég get því miður ekki svarað þessari spurningu nákvæmlega að svo stöddu þar sem skráningar skortir, en þó er ljóst að það er verulegur munur á afgreiðslutímanum eftir því hvað það tekur barnaverndarnefndirnar langan tíma að kanna málin og gefa um þau lögboðna umsögn samkvæmt 38. gr. barnalaganna. Lokaafgreiðsla málanna í ráðuneytinu tekur yfirleitt fáar vikur eftir að umsögn barnaverndaryfirvalda er fengin. Stysti afgreiðslutíminn,

af því að um hann var spurt, er einn til tveir mánuðir í heild en lengsti afgreiðslutími sem finna má er á annað ár. Þó má finna þarna undantekningar um enn lengri afgreiðslutíma þegar upp hafa komið atvik sem hindra þá meðferð málsins sem lögboðin er. En skýrslur um afgreiðslutímann eru því miður ekki aðgengilegar til að gefa á þessu nánari skýringar.

Loks er spurt um áform ráðuneytisins í þá veru að stytta afgreiðslutímann. Um það vil ég segja að í dómsmrn. er fullur skilningur á því að það sé nauðsynlegt að stytta þann tíma sem afgreiðsla forsjármálanna tekur, enda eru það náttúrlega fyrst og fremst hagsmunir barnanna sem eiga að vera þarna leiðarljós. Skýringanna á því hvernig þessi mál vilja tefjast er að okkar dómi ekki síst að leita í löngum afgreiðslutíma hjá barnaverndaryfirvöldum sem stafa mun af miklum önnum hjá þeim og starfsmönnum þeirra.

Ég get getið þess til fróðleiks að samkvæmt upplýsingum yfirmanns fjölskyldudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur þurfa forsjármál sem ráðuneytið sendir til barnaverndarnefndar Reykjavíkur að bíða í allt að 4–5 mánuði áður en afgreiðsla þeirra hefst. Það mun þó vera í bígerð að fjölga starfsmönnum við þetta verkefni.

Ég þarf varla að taka það fram í þingsal að starfsemi barnaverndaryfirvalda er ekki á vegum dómsmrn. og það eru fyrst og fremst sveitarstjórnirnar sem þurfa að bæta svo aðstöðu þessara nefnda að þær geti afgreitt málin á skemmri tíma.

Í sjötta og sjöunda lagi í þessari löngu fsp. var spurt um það hversu algengt sé að börn gangist undir sálfræðirannsókn vegna forræðisdeilna og einnig hversu algengt sé að foreldrar ráði sér lögfræðinga til aðstoðar. Það liggur því miður ekki fyrir nein úttekt á þessum atriðum. Það er hins vegar ljóst að til undantekningar heyrir að sama barn gangist undir sálfræðilegar rannsóknir bæði á vegum barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs þótt um það séu dæmi í erfiðustu forsjármálunum. Það er líka algengt að foreldrar ráði sér lögfræðinga til aðstoðar við rekstur svona mála þótt sjaldan sé í reynd um flókin lögfræðileg álitamál að ræða. Vandamálin liggja yfirleitt annars staðar, þ.e. á hinu félagslega og sálfræðilega sviði.

Eins og svör mín hafa borið með sér liggja ýmsar af þeim upplýsingum sem um var beðið ekki á lausu eins og stendur þar sem ekki hafa verið unnar skýrslur um þetta úr frumgögnunum einfaldlega af því að til þess er ekki mannafli í ráðuneytinu. Ég vil þó geta þess að prófessor Þórólfur Þórlindsson hefur á undanförnum mánuðum staðið fyrir umfangsmikilli könnun á ýmsum atriðum sem varða lögskilnaðarmál og samkvæmt upplýsingum hans má vænta fyrstu niðurstaðna af þeirri rannsókn í byrjun næsta árs.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að greina frá skýringum félagsráðgjafa hjá Félagsmálastofnun vegna afgreiðslu fjárhagsáætlunar 1987 hjá Reykjavíkurborg, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta, um forsjárdeilur:

„Biðtími þar til hægt er að byrja vinnu í forsjárdeilumálum er óforsvaranlega langur ef hugsað er um líðan barnanna sem hlut eiga að máli. 14 forsjárdeilumál sem bárust 1986 voru flutt yfir til ársins 1987 óafgreidd. Þau mál sem byrjað var að vinna í nú í haust bárust í febrúar 1987. Það má því segja að frá því að máli er vísað til nefndar og þar til það er sent afgreitt frá nefndinni getur liðið u.þ.b. ár.

Vegna manneklu vinnur yfirleitt aðeins einn starfsmaður forsjárdeilumál. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á það að mál sem heyra undir tvær nefndir séu unnin í samvinnu, en það gerir samstarf erfitt í reynd þegar starfsmaður í Reykjavík getur ekki byrjað að vinna í málum fyrr en u.þ.b. hálfu ári eftir að það berst stofnuninni, en óhætt er að fullyrða að biðtími sé hvergi svo langur annars staðar á landinu. Hugmyndir eru um að reyna að byrja á að vinna forsjárdeilumál fyrr svo að foreldrar fái ráðgjöf og stuðning við að ákveða forsjá barns eða barna sinna þannig að ekki þurfi að koma til langdreginna deilna innan kerfisins. Oft skapar deilan sjálf vandamál sem unnt væri að komast hjá með ráðgjöf til foreldra sem eru að skilja. Ekki hefur verið unnt að byrja þessa vinnu vegna langs biðtíma og vegna svokallaðra „akútmála“.“

Ég tek því undir orð fyrirspyrjenda um að það verður að stytta afgreiðslutímann á forsjárdeilumálunum barnanna vegna og ég vil líka benda á mikilvægi þess að foreldrum verði veitt ráðgjöf þannig að þeir átti sig á því að deilur um forræði barna koma fyrst og fremst niður á börnunum sjálfum.

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Mér er fullljóst að þessar spurningar eru bæði viðamiklar og fyrirspurnin sjálf löng. En ég vænti þess, einkum í framhaldi af því sem hæstv. ráðherra sagði um athugun Þórólfs Þórlindssonar prófessors, að upplýsingar um þessi mál muni verða aðgengilegri þegar hann hefur unnið úr sínum gögnum. Ég vil þó benda á eitt atriði í því sambandi. Mér skilst að sú rannsókn taki einungis til lögskilnaðarmála, ekki til sambúðarslita. Lögskilnaðarmálum hefur ekki fjölgað ýkja mikið á Íslandi frá árinu 1983. Þá voru þau 495 samkvæmt upplýsingum Hagstofu, en á árinu 1986 498. Upplýsingar um sambúðarslit liggja hins vegar hvergi fyrir, engar tölur um það að fá hjá Hagstofu Íslands.

En, herra forseti, það er rétt að tímalengdin í meðferð þessara mála er verst. Skýringuna á því, eins og hæstv. ráðherra sagði, hvers vegna hún er svo mikil, er að finna hjá vanmönnuðum félagsmálastofnunum, einkum og sér í lagi hér í Reykjavík þar sem biðtíminn er lengstur.

Það er vert að vekja athygli á því hvers vegna þessi tímalengd er svo slæm, ekki aðeins fyrir barnið og líðan þess sem slíks heldur líka það að skilnaðarmáli verður ekki lokið fyrr en forsjárdeila er leyst. Það þýðir töf á búskiptum. Það þýðir líka að mæðralaun eru ekki greidd. Það er spurning hvort ekki væri rétt að líta til breytinga á almannatryggingalögum í því skyni að það sé hægt að úrskurða þau aftur á bak eða kveða upp bráðabirgðaúrskurð um þau.

Í öðru lagi er í rauninni með niðurstöðu í forsjárdeilu ekki um eiginlega lausn að ræða því þá hefst bara nýtt stig í þessari deilu, þ.e. deila um umgengnisrétt þess foreldris sem ekki hefur verið falin forsjáin.

Hér er að margra mati um ofrannsökuð mál að ræða og sá tími og allur sá mannafli sem fer í þetta, einkum og sér í lagi lögfræðinga og sálfræðinga, er að margra mati óþarfur. Ég held að það sé spurning hvort ráðuneytinu beri ekki að setja ákveðin tímamörk fyrir afgreiðslu mála sem þessara eða reglur um að þau skuli hafa forgang eðlis síns vegna.

En það er rétt að taka líka undir það, sem hér hefur verið bent á, að ráðgjöf og stuðningur við foreldra áður en deila er farin í harðasta hart er auðvitað leið sem vert er að reyna.

Því miður er ljóst að fullorðnu fólki yrði seint boðið upp á það sem börnin mega þola í þessum málum. Það er ekki hægt að kenna foreldrum hvernig þeir eiga að haga sér á viðkvæmum stundum sem þessum, en opinberir aðilar geta svo sannarlega gert margt til að létta þessum börnum kvölina.

Ég þakka svarið.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi ljúka þessum orðaskiptum með örstuttri athugasemd, einmitt vegna þess sem fram kom í máli hv. 3. þm. Reykv. og 6. þm. Reykv. Hinn langi afgreiðslutími í forsjárdeilumálum er ákaflega bagalegur og eins og kom fram í máli þeirra beggja bitnar hann á þeim sem síst skyldi, börnunum. En ég bendi á það aftur að þetta hlýst fyrst og fremst af því hversu langur biðtími og afgreiðslutími mála er hjá barnaverndaryfirvöldum sveitarfélaganna, en það er lögboðið að leita umsagnar þeirra í þessum málum. Hvort hægt er að setja þarna strangari fresti skal ég gjarnan láta kanna. Ég vil að endingu leggja áherslu á að sáttaumleitanir hjá barnaverndarnefndunum og hjá ráðuneytinu er að sjálfsögðu sá farvegur sem þessi mál ættu helst að fara í og eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. nú síðast er það forræðið eftir skilnað, hvort sem það er lögskilnaður hjónabands eða vegna sambúðarslita, sem leysa þarf en ekki að útkljá einhver lögfræðileg vandamál. Hugsanlegt er að ráðgerð breyting á barnalögum um sameiginlegt forræði þeirra sem skilja geti eitthvað auðveldað lausn slíkra mála og það verður einmitt eitt af þeim atriðum sem væntanlegt frv. til barnalaga mun taka á.

Fyrirspyrjandi (Álfheiður Ingadóttir):

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna síðustu orða hæstv. ráðherra.

Ég er ansi hrædd um að heimild um sameiginlegt forræði foreldra muni ekki leysa þau erfiðu mál sem við erum hér að tala um, en þau munu væntanlega létta auðveldari málin þar sem fólk er kannski ekki að takast á um börnin heldur vilja báðir foreldrar halda áfram að hafa barnið í sinni forsjá sem mest. Erfiðustu málin held ég því miður að verði ekki leyst með sameiginlegu forræði.

SAMEINAÐ ÞING

26. fundur, fimmtudaginn 3. des., að loknum 25. fundi.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um þingsköp til að ræða stöðu mála hér í þinginu þegar tvær vikur eru eftir af venjulegum starfstíma Alþingis fyrir jólaleyfi og ég vil einnig bera fram spurningar til hæstv. forsrh. í þessu sambandi sem ég kem að síðar.

Staða þingmálanna, fyrst og fremst lagafrumvarpa sem boðað hefur verið að afgreiða eigi eða afgreiða verði fyrir áramót, er sú að flest stærstu málin sem þetta á við um eru ýmist nýlega fram komin og skammt fram gengin á þinginu eða ókomin hér þegar þingið er að ljúka sinni þriðju síðustu starfsviku fyrir jólaleyfi.

Ef litið er yfir fskj. með stefnuræðu hæstv. forsrh. frá í október sl. og það skjal borið saman við stöðu þingmála samkvæmt upplýsingum frá skjalaverði Alþingis kemur í ljós að fjöldi stórmála er enn ókominn fyrir þingið sem ætlunin var samkvæmt áformum hæstv. forsrh. að afgreiða fyrir jól. Má þar nefna frv. um stjórn fiskveiða, breytingar á söluskatti, nýja tollskrá, frv. um vörugjald, frv. til laga um breytingu á tekjuskattslögum þar sem mikil kerfisbreyting er á ferðinni, frv. um álagningu tímabundinna skatta o.s.frv. Frv. til fjárlaga er í nefnd og virðist miða rólega. A.m.k. er þeim sem hér talar ekki kunnugt um að einn einasti þingmannahópur úr kjördæmi hafi enn komið saman til fundar til að skipta fjármagni á einstök verkefni. Frv. til lánsfjárlaga er í nefnd í fyrri deild. Frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er ókomið úr nefnd. Sömuleiðis frv. um Útflutningsráð og útflutningsleyfi, ágreiningsmál hér í þinginu. Svo mætti reyndar áfram telja. Og nú eru, eins og ég hef þegar tekið fram, tvær vikur eftir af venjulegum starfstíma Alþingis fyrir jólaleyfi.

Virðing Alþingis, herra forseti, er stundum dregin inn í umræður um þær annir sem vilja verða fyrir

jólaleyfi og undir þingslit að vori. Hlutverk og frammistaða stjórnarandstöðu er stundum einnig rædd og heyrst hafa frá einstökum hv. stjórnarþm. ummæli af því tagi að stjórnarandstaðan sé slöpp. Hvað átt er við með því er mér ekki ljóst og fróðlegt væri að heyra hvaða einkunn þeir hinir sömu hv. þm. gefa verkstjórn og skipulagi vinnubragða hjá þeirri ríkisstjórn sem þeir styðja.

Stjórnarandstaðan hefur að mínu mati, herra forseti, unnið málefnalega og ekki tafið þingstörf með upphlaupum eða málalengingum. Þingmál stjórnarandstöðunnar, bæði þingsályktanir og frumvörp, hafa borist jöfnum höndum og reyndar meiri hluti þeirra mála snemma á þinginu. Það eru því ekki málefnaleg og skipuleg vinnubrögð stjórnarandstöðu sem ganga nærri virðingu Alþingis, herra forseti, og þeir sem sletta glósum um störf stjórnarandstöðunnar ættu að skýra út hvað þeir eiga við. Það eru hins vegar óskipuleg og handarbakaleg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstjórn sem vegna ósamkomulags eða af einhverjum öðrum ástæðum virðist ganga svo illa að koma sér saman um mál og leggja þau fram að nú keyrir aldeilis um þverbak. Það er þetta skipulagsleysi sem kallar yfir Alþingi umræðu um virðingu þess.

Herra forseti. Þegar lögunum um þingsköp Alþingis var breytt fyrir nokkrum árum voru sett inn ákvæði um hvenær mál skyldu vera komin fram til þess að þau fengjust afgreidd fyrir þinglok til að koma í veg fyrir óeðlilega uppsöfnun mála síðustu vikur þinghaldsins. Mér sýnist ljóst af reynslu þessa missiris að óhjákvæmilegt sé að breyta lögum um þingsköp Alþingis og setja hliðstæð ákvæði sem gildi um þau mál sem afgreidd skulu fyrir jólaleyfi eða áramót.

Ég lýsi þeirri skoðun jafnframt, virðulegi forseti, að það sé alger nauðsyn að gengið verði þegar til viðræðna um hvernig haga skuli þingstarfi síðustu daga þinghaldsins svo komist verði hjá, eftir því sem hægt er úr þessu, því öngþveiti sem annars virðist blasa við. Og í beinu framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. forsrh.:

1. Hver eru þau mál sem hæstv. ríkisstjórn telur óhjákvæmilegt að afgreidd verði fyrir jólaleyfi?
2. Hvenær koma þau mál fram og fyrir þingið sem enn hafa ekki sést en að sögn er áformað að afgreiða fyrir áramót?
3. Hafa verið teknar ákvarðanir um hvenær Alþingi gerir hlé á störfum sínum? Stendur e.t.v. til að funda á virkum dögum milli hátíða?

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að vekja máls á þeim atriðum sem hann gat um. Hann varði talsverðum tíma ræðu sinnar til að fjalla um stöðu stjórnarandstöðunnar. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, eins og fram kom í þeirra máli, að stjórnarandstaðan sé slöpp. Ég hef ekki heyrt ummæli af því tagi. Ég held þvert á móti að menn séu þeirrar skoðunar að stjórnarandstaðan hafi beitt öllu afli sínu og sýnt allt vit sitt og nýtt það til hins ýtrasta í störfum sínum á hinu háa Alþingi og meira verður auðvitað ekki krafist. Ég get því ekki tekið undir það að það sé gagnrýniefni sérstaklega að stjórnarandstaðan sé slöpp. Þess verður ekki krafist að meira sé gert en menn hafa afl og vit til.

Varðandi þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi vék að og lúta að frumvörpum ríkisstjórnarinnar er það alveg rétt að mörg þeirra eru umfangsmikil og hafa krafist mikils undirbúningstíma og eru auðvitað fullseint fram komin. Það er eðlileg og réttmæt gagnrýni. En menn verða að líta til þess að það hefur verið unnið að undirbúningi þessara mála um nokkurn tíma. Það hafa verið uppi og eru uppi áform um margs konar breytingar af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem fram koma í þessum þingmálum, og allt hefur það kallað á verulegan undirbúning sem ég veit að hv. þm. skilur að tekur tíma og það er nauðsynlegt að mál komi inn á þingið vel undirbúin. En ég tek undir að það er slæmt þegar þingið sjálft hefur ónógan tíma til umfjöllunar um þessi mál. Eigi að síður hafa meginlínur verið mjög svo í almennri umræðu. Hinni almennu stefnumörkun hefur verið rækilega lýst bæði í stefnuræðu forsrh., í umræðum um fjárlög og í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. þannig að fátt nýtt held ég að eigi eftir að koma fram.

Þau mál sem mestu skiptir að afgreiða eru fjárlög svo sem venja stendur til um og tekjuöflunarfrv. sem því eru tengd. Sum þeirra er þegar komin fram. Önnur koma fram strax eftir helgi. Þetta eru misjafnlega viðamikil frumvörp, sum einföld, önnur umfangsmeiri og kalla á meiri umræðu og vinnu á hinu háa Alþingi. Þá kemur fram strax eftir helgi eða a.m.k. ekki síðar frv. um stjórn fiskveiða sem einnig þarf að ræða ítarlega og afgreiða fyrir áramót.

Þessi flokkur mála er sá málaflokkur sem mest á ríður að afgreiða fyrir jólaleyfi þm. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um hvenær jólaleyfi hefst og það fer talsvert eftir því hvernig okkur ganga þingstörfin næstu tvær vikurnar. Ég þykist alveg vita af góðri reynslu að hv. þm. stjórnarandstöðunnar munu fyrir sitt leyti greiða fyrir framgangi nauðsynlegra þingmála. Ég átti í gær tal við hæstv. forseta Sþ. um framgang þingmála og hvernig best væri að standa að skipulagi þingstarfanna og í framhaldi af því tók hann ákvörðun um að kalla saman formenn þingflokka til að hafa um það sem víðtækast samráð. Sá fundur fer fram síðdegis í dag eða að loknum þessum fundi í Sþ.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er merkilegt að hlusta á hæstv. forsrh. Stjórnarandstaðan hefur skilið hans orð alveg rétt. En stjórnarandstaðan hefur sýnt mikið langlundargeð á undanförnum vikum í sambandi við störfin hér og hvernig hefur verið haldið á málum.

Hæstv. forsrh. talar um stefnuræðu sína og fjárlagaræðuna og vísar til þess að hv. þm. geti séð hvernig stefnan sé. Ég er búinn að lesa vel þessar ræður. Ég hef hlustað á og lesið fjölmiðla og ég held

að það komi greinilega fram að menn skilja hvorki upp eða niður í stefnunni, enda er framkvæmdin allt önnur en stefnan.

Ég ætla ekki á þessari stundu að fara að ræða um vaxtamálin, stefnu ríkisstjórnarinnar eða annað, ég ætla að gera það síðar, en öll þessi stefna er handahófskennd, enda virðast stjórnarflokkarnir í raun og veru ekki koma sér saman um neitt. Og það held ég að þjóðin finni. Það er ekki nóg að segja það hér. (**Forseti:** Hv. ræðumanni skal bent á að hér eru umræður um þingsköp en ekki efnislega um mál.) Ég skal taka það til greina, herra forseti.

Ég held að það sé í sjálfu sér ekki sæmandi að þeir stóru frumvarpsbálkar sem við eigum von á komi fram tveimur vikum fyrir þingfrestun þar sem fjárlagaafgreiðslan er líka eftir. Í sjálfu sér ættu öll stjfrv. að vera komin fram í síðasta lagi fyrir miðjan nóvember. Það ætti að vera föst venja.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er með ólíkindum hvernig þingstörfin hafa verið á haustþinginu. Fyrir mig sem nýjan þm. hefur eitt sérstaklega vakið athygli mína. Það er að ég geri mér nú ljóst að það eru stjórnarandstöðuþm. sem hafa haldið þingstörfunum gangandi fram til þessa. Ef þeir í upphafi þings hefðu tekið sig saman um að leggja engin mál fram til að tefja nú ekki afgreiðslu mála af hálfu stjórnarinnar og stjórnarþingmannanna hefði væntanlega orðið að fresta fundum Alþingis fram undir lok nóvember. Það hefði ekkert verið að gera. Og hvað hefði þá orðið um virðingu Alþingis? Mér er spurn. Ég fæ ekki séð betur en stjórnarandstaðan, þó að það sé ýjað að því af hæstv. forsrh. að hún hafi takmarkað vit, hafi þó tryggt að hér hafi verið haldið uppi þingstörfum með eðlilegum hætti og fjallað um ýmis mál. Það eru langflest mál stjórnarandstöðunnar sem hér hafa verið til umræðu. Hin fáu þingmál stjórnarliðsins, sem hafa komið fram, drukkna í þeim málafjölda sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram. Kannski ætti stjórnarandstaðan að reyna einu sinni að gefa ríkisstjórninni og stjórnarþm. frið til að sinna sínum málum alfarið og leggja engin mál fram og sjá hvað þá gerist.

Ég tek undir með hv. 6. þm. Norðurl. e. að það væri sjálfsögð og eðlileg regla að öll meiri háttar stjfrv. væru lögð fram í upphafi þings. Þetta er svo sjálfsagt að það þarf varla að spyrja að því af hverju þetta er ekki gert.

Við skulum aftur taka fyrir þessi þingmál stjórnarandstöðuþm. sem eins og ég gat um áðan er ýjað að að kannski sé takmarkað vit í. Þau eru yfirleitt unnin af þeim sjálfum án þess að hafa þá hjörð sérfræðinga og embættismanna á bak við sig sem stjórnarliðarnir hafa. Það hafa verið lagðir fram miklir frumvarpabálkar af hálfu stjórnarandstöðuþm. sem þeir hafa einir séð um að vinna. Stjórnarliðsþm. og fyrst og fremst ráðherrarnir hafa hins vegar mikið lið embættismanna og starfsmanna til þess að vinna þessi mál fyrir sig, en það gengur ekkert eftir. Kannski eru þeir of margir sem vinna að þessum störfum fyrir hæstv. ráðherrana.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég tel alveg ljóst að það er þörf á því að ræða þessi mál hér og ég fagna auðvitað áformum sem virðast uppi um fund til að ræða skipulag þingstarfanna hér það sem eftir er fram að jólaleyfi. Það er fyrsta tilraun hæstv. ríkisstjórnar til þess að leita samstarfs við þm. um framgang mála og ber að fagna slíku þó seint sé.

Mér var ekki ljóst, virðulegur forseti, hvernig átti að skilja tvíræð orð hæstv. forsrh hér áðan. Hafi hæstv. ráðherra ætlað sér að verða gamansamur þá fannst mér það takast heldur illa. Hafi hæstv. forsrh. ætlað að hæða stjórnarandstöðuna þá tókst það sömuleiðis mjög illa. Mér er þá ekki ljóst hvort hæstv. ráðherra er að kalla eitthvað annað yfir sig en stjórnarandstaðan hefur sýnt af sér fram að þessu. Ef svo er þá væri langbest að fá það bara hreint fram hér. Ég tel, og ég tek undir það sem aðrir ræðumenn hafa sagt, að stjórnarandstaðan hafi unnið málefnalega, lagt fram mál, dreift þeim eðlilega á þingtímanum og þar hafi um marga merka hluti verið að ræða þannig að ég vona að hæstv. ráðherra hafi verið að tala í alvöru, en tekist svona álappalega til að velja afstöðu sinni eða skoðunum sínum orð. Það hefði mátt misskilja hann og hefði mátt ímynda sér að hann væri að tala niðrandi um framlag stjórnarandstöðunnar, vit hennar og afl hér á Alþingi. En auðvitað getur það ekki verið af jafnsómakærum manni og hæstv. forsrh.

Virðulegur forseti. Staðan er alvarleg. Ég held að það sé alveg ljóst að fyrir dyrum standi, ef ekki tekst þá mjög vel að ráða fram úr málunum, eitthvert mesta öngþveiti sem menn hafa séð framan í í þingstörfum fyrir jólahlé. Hér eru ekki á ferðinni smámál. Hér eru jafnvel á ferðinni meiri háttar kerfisbreytingar í skattamálum og til viðbótar því er fjárlagaafgreiðslan í uppnámi vegna ágreinings stjórnarliðsins. Það er ekki ein heldur tvær nefndir að störfum úti í bæ, utan veggja Alþingis, sem út af fyrir sig er ástæða til að gagnrýna, til að ráða fram úr ágreiningsefnum um fjárlög. Þau mál eru ekki til meðferðar á sínum eðlilega vettvangi inni í fjvn. heldur heyra hv. þm. af því að nefndir þingmanna eða ráðherra séu að störfum til að leysa úr ágreiningi stjórnarliðsins um framlög til landbúnaðarmála eða annarra hluta. Þessi staða kemur sem sagt ofan í það að það er ætlunin að keyra í gegnum Alþingi frumvörp sem fela í sér meiri háttar kerfisbreytingar á sviði skattamála, tollamála, vörugjaldsmála og fleiri slíkra hluta á tveimur vikum. Ég held að það sé mikil goðgá að gera sér ekki grein fyrir því að hér er teflt á tæpasta vað.

Ég verð að segja að dreifing mála hjá hæstv. ríkisstjórn vekur nokkra furðu. Menn eiga því væntanlega að venjast að nýjar ríkisstjórnir hafi ákveðna stefnu, séu tilbúnar með sína stjórnarstefnu

og viti hvernig þær ætla að reyna að koma henni í framkvæmd. Hér virðist akkúrat hið gagnstæða eiga sér stað, virðulegur forseti. Hæstv. ríkisstjórn virðist fyrst hafa sest í stólana, síðan farið að velta því fyrir sér hvað hún eigi að gera og undirbúa mál til að koma stefnu sinni eða stefnuleysi sínu fram. Þetta er mjög bagalegt og ég endurtek það sem ég hef reyndar sagt hér fyrr á þinginu, að það virðist þörf á því fyrir hæstv. ríkisstjórn ekki aðeins að ráða til sín fullfæran sáttasemjara til að koma málunum í skikkanlegt horf, heldur einnig verkstjóra.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherslu, virðulegur forseti, að hér er ekki við forseta þingsins að sakast, hér er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast ef Alþingi fær á sig miður gott orð vegna þeirra vinnubragða sem nú blasa við þjóðinni. Hér er fyrst og fremst við verkstjórnarleysi ríkisstjórnarinnar að sakast.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir minn hlut þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir það að vekja máls á þessu meginatriði sem hér er rætt, þingstörfin hvernig þau ganga fram og hvernig á þessum málum er tekið.

Hér var í upphafi minnst á virðingu Alþingis. Mér hefur komið það nokkuð kynlega fyrir sjónir sem tiltölulega nýjum þm. að sjá hvernig hæstv. ríkisstjórn stundar þingfundi. Menn sjá það hér núna á þessari stundu. Fyrir fáum mínútum var að ljúka svokölluðum fyrirspurnafundi sem er einu sinni í viku og menn sjá af þessum auðu stólum sem hér eru fyrir framan mig hvernig hæstv. ríkisstjórn ber virðingu fyrir þeim störfum sem hér eru unnin. Það ætti í rauninni að vera frumatriði að handhafar framkvæmdarvaldsins, ef þeir eru þm., sitji a.m.k. þennan þingfund út og að þeir taki á þann hátt þátt í þingstörfum að viðunandi sé.

En það sem fyrst og fremst rak mig upp í þennan stól af þessu tilefni voru þau orð hæstv. forsrh. sem hann lét falla um stjórnarandstöðuna. Hann svaraði því með hálfkæringi eða lét að því liggja að stjórnarandstaðan væri sá aðili hér í þessum sal sem væri kannski ávirðingar verð.

Ég vil vekja athygli á því að þau tekjuöflunarfrv., sem eru í undirbúningi og hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni, eru búin að vera í undirbúningi síðan í haust, en eitt af þeim fyrstu kom hér fram í gær. Meðgöngutími þess frv. var með þeim hætti að milliþinganefnd sem um það fjallaði vann að því 7.–28. sept. Allan októbermánuð, allan nóvembermánuð var ríkisstjórnin með þetta fyrsta atriði þessa lagabálks í meðgöngu. Það var fyrst í gær sem fyrir þessu máli var talað. Þetta var fyrsta frv. af nokkrum fleiri sem hér munu koma fram síðar á þinginu.

Þess vegna vil ég biðja hæstv. forsrh. um alveg skýlaus svör og fá það ákveðið: Hvenær koma næstu mál fram? Verður það á mánudag í næstu viku? Verður það á þriðjudag? Það er mikið atriði fyrir þingheim að fá að vita það út í hörgul. Hvenær er von á þessum frumvörpum? Það eru örfáir dagar eftir af þingstarfi til jóla. Eins er með stjórn fiskveiða. Hvaða dag verður það frv. lagt fram hér til meðferðar á Alþingi? Það þýðir ekki að una því, hvort sem um er að ræða stjórnarandstöðuþm. eða stjórnarþm., að hæstv. forsrh. svari með hálfkæringi fsp. sem hér var lögð fram eins og áðan var gert. Svörin þurfa að vera skýr. Það er ekki bara um stjórnarandstöðuna að ræða, þjóðina sjálfa varðar um þetta mál.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill taka undir það hvar sem það kemur fram að ástæða er til þess að gæta virðingar Alþingis. En út af ummælum síðasta ræðumanns um fjarvist ráðherra á síðasta fyrirspurnafundi hér áðan, þá skal það tekið fram að það er venja að þeir ráðherrar, sem ekki eiga að svara fyrirspurnum, mæta ekki á fyrirspurnafundum ef þeir telja sig vera bundna við önnur störf. Þeir hafa heldur ekki heimild skv. þingsköpum til þess að taka þátt í afgreiðslu fyrirspurna nema þá með sérstöku leyfi.

Um þann fund í morgun sem vitnað var til hér er það að segja að allir ráðherrar sem áttu að svara fyrirspurnum mættu á þessum fundi að undanskildum einum sem hefur haft fjarvistarleyfi vegna veikinda og er ekki kominn í þingið. Til hans var ein fsp.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins í lok þessarar umræðu árétta að það var hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hóf þessa umræðu um stöðu stjórnarandstöðunnar og þá meintu skoðun að hún væri slöpp. Ég hóf ekki þá umræðu og viðhafði ekki þau orð og ég bið hv. þm. stjórnarandstöðunnar að misskilja ekki mín orð. Ég minnist þess að Halldór Laxness sagði einhverju sinni í útvarpsviðtali eftir að bók eftir hann var nýkomin út að það væri svo með gagnrýnendur að þeir féllu oft í þá freistni að lesa bara á milli línanna í bókum hans en ekki textann sjálfan. Og ég bið hv. þm. stjórnarandstöðunnar að taka bara orðin eins og þau voru sögð.

Varðandi störf ráðherra hér á hinu háa Alþingi fullyrði ég að þeir hafa verið hér við umræður um þau mál sem þeir fara með fyrir hönd framkvæmdarvaldsins. Á það verður ekki borin fram gagnrýni að þeir hafi vikist undan því að vera hér við umræður þegar mál, sem undir þeirra málaflokka heyra, hafa verið hér til umfjöllunar. Ég held að það verði ekki borin fram sú gagnrýni að það hafi orðið undandráttur í því að ráðherrar svöruðu fsp. sem fram hafa verið bornar með hefðbundnum hætti.

En ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að við eigum mjög mikið starf fyrir höndum á næstu tveimur vikum. Óvenjumikið starf. Og það er auðvitað rétt að svo stór og viðamikil þingmál sem við höfum til umfjöllunar hefðu þurft að koma fyrr fram. En eins og kom fram í máli hv. málshefjanda, þá eru hér á döfinni margs konar kerfisbreytingar sem þurfa mikinn undirbúning áður

en ríkisstjórn getur lagt þau fram af sinni hálfu þannig að ég veit að hv. þm. hafa skilning á því. Við munum fyrir okkar leyti reyna að hafa sem best samráð um framgang þessara mála hér í þinginu og ég vænti þess að þau frumvörp, sem hér um ræðir og ekki eru komin fram, komi hér fram á þingi strax eftir helgina.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hafi einhverjum tekist að skilja mín orð svo sem ég væri að gera ummæli ýmissa um stjórnarandstöðuna að mínum dómi um hana, þá er best að leiðrétta það nú þegar. Ég taldi það reyndar koma rækilega fram í mínu máli að það væri ekki upp á stjórnarandstöðuna að klaga né heldur virðulega forseta Alþingis um það hvernig málum væri hér komið, heldur væri sakarinnar að leita annars staðar. Og ég skal taka hæstv. forsrh. trúanlegan um að það hafi verið og sé einlæg skoðun hans að stjórnarandstaðan hafi notað allt sitt vit og allt sitt afl í þingstörfin og ég ætla þá að segja á móti, að það er mín einlæg skoðun að hæstv. forsrh. sé að nota allt sitt vit og allt sitt afl til að verkstýra ríkisstjórninni og reyna að halda henni saman og árangurinn sjá menn.

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn Byggðastofnunar til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Halldór Blöndal alþm. (A),
Ragnar Arnalds alþm. (B),
Stefán Guðmundsson alþm. (A),
Elín A. Arthúrsdóttir viðskiptafr. (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (B),
Matthías Bjarnason alþm. (A),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (A).

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Benedikt Bogason verkfræðingur (B),
Davíð Aðalsteinsson fyrrv. alþm. (A),
Kristján Jónasson framkvæmdastjóri (A),
Jóhanna Þorsteinsdóttir sölufulltrúi (B),
Sturla Böðvarsson bæjarstjóri (A),
Guðni Ágústsson alþm. (A).

Félagsleg þjónusta við foreldra, beiðni um skýrslu.

Beiðni ÞÞ o.fl. um skýrslu, 155. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 32 shlj. atkv.

Staða list- og verkmenntunar og íþróttakennslu í skólum, beiðni um skýrslu.

Beiðni ÞÞ o.fl. um skýrslu, 136. mál. — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 33 shlj. atkv.

Samræming áætlana á sviði samgöngumála, fyrri umr.

Þáltill. SJS og SkA, 133. mál. — Þskj. 138.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Flm. ásamt mér er Skúli Alexandersson, hv. 4. þm. Vesturl. Hér er um endurflutning á till. að ræða sem flutt var á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.

Stuðlað verði að samræmingu flutninga og flutningaleiða á landi, sjó og í lofti með opinberri stefnumörkun sem jafnframt taki mið af áformum um meiri háttar mannvirkjagerð, þróunarforsendum atvinnulífs og byggðasjónarmiðum."

Mér nægir, virðulegur forseti, að vísa til framsöguræðu á síðasta þingi og grg. með tillögunni í flestum aðalatriðum. Hér er við fyrstu sýn sjálfsagt ekki um merkilegt mál að ræða í augum margra hv. alþm. Engu að síður er það staðreynd að í mörgum nálægum löndum á sér stað umtalsverð vinna og stefnumörkun af þessu tagi en lítið hefur farið fyrir slíku hingað til uppi á Íslandi. Það sem um er að ræða er auðvitað það að verið er að leitast við að

tryggja að það fjármagn sem varið er í þennan dýra málaflokk verði nýtt sem allra best og einnig gera menn sér grein fyrir því að fáir hlutir hafa jafnafgerandi áhrif á þróun samfélaganna og samgöngur.

Fyrir okkur Íslendinga er um stórt og mikið verkefni að ræða, að byggja upp viðunandi samgöngunet í landinu. Það er því mikið í húfi að þeir peningar sem lagðir eru til hinna einstöku málaflokka og í málaflokkinn sem slíkan nýtist sem allra best. Þess vegna er það lagt til með þessari tillögu að sett verði af stað vinna að því að samræma þær áætlanir sem ýmist liggja þegar fyrir eða þyrfti að gera á sviði samgöngumálanna hérlendis. Það má benda á þær áætlanir sem þegar er unnið eftir á sviði vegamála, flugmála, hafnarmála og laga um röð virkjana og fleira mætti tína til en lítill vafi er á því að ástæða væri til að gera betur. Ég nefni í því sambandi gamalt baráttumál mitt um að gerð verði langtímaáætlun um jarðgangagerð í landinu þannig að sá hluti samgöngumálanna verði einnig tekinn inn undir slíka vinnu.

Hér þyrfti ekki, að mínu mati, að vera um kostnaðarsamt fyrirtæki að ræða. Að langmestu leyti er hér um samræmingarstarf að ræða, að skoða hvernig hinar einstöku áætlanir falla saman, skoða hvaða breytingar úrbætur á sviði samgöngumála hafa í för með sér fyrir byggðarlögin. Hafi hv. þm. ekki þegar séð hvað við er átt má nefna dæmi sem ættu að nægja, til að mynda þau áhrif sem ný brú yfir Ölfusárósa hefur á aðstæður og forsendur sveitarfélaganna og samfélaganna þar í kring. Það er lítill vafi að ófáar krónur hefði mátt spara í öðrum málaflokkum ef menn hefðu fyrr sett augu sín á þá staðreynd að brú kæmi yfir Ölfusárósa og þar af leiðandi yrði hægt að samnýta mannvirki eins og hafnarmannvirkin fyrir fleiri aðliggjandi sveitarfélög.

Ég gæti líka nefnt dæmi til að mynda af Vestfjörðum þar sem jarðgöng gætu gerbreytt aðstæðum til uppbyggingar flugvalla. Þar sem menn hafa verið að baksa við að byggja flugvelli við ófullnægjandi aðstæður skilur kannski mjór fjallvegur á milli fjarða, þar sem allt aðrar aðstæður eru fyrir hendi og miklu auðveldara yrði að byggja upp slíkt mannvirki.

Slík dæmi eru reyndar óteljandi og það sem fyrst og fremst er nauðsynlegt að menn geri er að átta sig á því hvert stefnir í þessum málum: Hvaða áhrif hafa samgöngubætur, á landi, í lofti eða annars staðar, á þróunarforsendur atvinnulífs og byggða? Og hvernig er unnt að nýta sem best það fjármagn sem sett er til framkvæmda á hverju einstöku sviði með því að skoða öll málin í heild?

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, geri ég svo ráð fyrir að eðlilegast sé að vísa þessari tillögu til umfjöllunar í hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Skoðanakannanir, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 147. mál. — Þskj. 155.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Halldór Blöndal, Karl Steinar Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson og Þórhildur Þorleifsdóttir, með tilheyrandi númerum.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir. Nefndin athugi sérstaklega hvort nauðsynlegt sé að sett verði löggjöf um framkvæmd, úrvinnslu og birtingu skoðanakannana er tengjast almennum kosningum, en einnig hvort taka eigi upp í lög ákvæði um skoðanakannanir sem tengjast mikilvægum eða umdeildum þjóðfélagsmálum og um skoðanakannanir almennt. Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til.

Í nefndina skal skipa einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu hvers þingflokks á Alþingi og tvo fulltrúa samkvæmt tilnefningum hvers aðila: Blaðamannafélags Íslands, félagsvísindadeildar Háskólans og Félags þjóðfélagsfræðinga. Formann nefndarinnar skipar ríkisstjórnin án tilnefningar.

Nefndin skal hraða störfum sínum og verði niðurstöður hennar ásamt tillögum lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu."

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða málefni sem allmikla umræðu og umfjöllun hefur hlotið úti í þjóðfélaginu á undanförnum missirum. Það er reyndar svo að umræða um nauðsyn þess að setja lög eða reglur um skoðanakannanir er í heiminum næstum jafngömul þessum könnunum sjálfum en lagasetning hefur þó óvíða orðið niðurstaðan. Svo að fyrsta flm. sé kunnugt um er það eingöngu Frakkland sem hefur sett sérstaka löggjöf um gerð og birtingu skoðanakannana, sbr. fskj. I með þessari þáltill.

Það er nauðsynlegt að menn geri sér þó grein fyrir því þegar bornar eru saman aðstæður hér heima og erlendis að gerð skoðanakannana á sér miklu lengri sögu víða erlendis og áratuga hefðir hafa skapast um framkvæmd slíkra kannana. Einnig hefur það víðast hvar orðið reyndin að gerð kannananna hefur færst í hendur rótgróinna og sérhæfðra stofnana sem skapað hafa sér traust og álit. Við þessar aðstæður er ekki að búa hér á Íslandi. Saga skoðanakannana hér er fremur stutt eins og reyndar saga þeirrar miklu massafjölmiðlunar sem gjarnan er í nánum tengslum við slíkar kannanir. Hér vantar að verulegu leyti hefðir og sumir þeir aðilar sem fást við gerð og úrvinnslu kannana hafa takmarkaða reynslu að baki.

M.a. í þessu ljósi er sérstök ástæða til þess að það verði skoðað hvort ekki þarf að koma hér á reglum eða beinlínis setja sérstaka löggjöf um þessi efni. Það er óþarfi að tíunda þær miklu umræður sem orðið hafa um áhrif skoðanakannananna og þær deilur sem uppi eru, bæði meðal fræðimanna og ýmissa annarra sem telja sér málið skylt, svo sem eins og stjórnmálamanna, að hve miklu leyti skoðanakannanir hafi áhrif á afstöðu almennings, að hve miklu leyti þær geti orðið skoðanamyndandi og með hvaða hætti ætti að reyna að tryggja að þær hafi ekki óeðlileg áhrif eða truflandi áhrif á almenning og geri honum erfiðara en ella að mynda sér heilbrigða skoðun og taka afstöðu til manna og málefna.

Öll þessi umræða er hv. alþm. væntanlega nokkuð vel kunn og þarf ekki miklu við það að bæta. Þó að það hafi ekki orðið niðurstaðan í flestum þeim löndum þar sem gerð skoðanakannana er útbreidd að setja um það sérstaka löggjöf er mér ekki kunnugt um eitt einasta land í hópi vestrænna ríkja a.m.k. þar sem ekki hefur verið um það mikil umræða hvort rétt og nauðsynlegt væri að setja slík lög þó að af því hafi ekki orðið af ýmsum ástæðum, m.a. þeim sem ég rakti hér fyrr að þessi mál eiga sér þar meiri hefðir og eru í fastari skorðum en til er að dreifa hjá okkur.

Alþm. hv. til glöggvunar eru birt sem fylgiskjal með tillögunni þau lög frá Frakklandi sem vitnað var áður til og fjalla um birtingu og dreifingu skoðanakannana. Ég vek þar sérstaka athygli hv. alþm. á 4. kafla í þeim lögum á bls. 4 í tillögunni þar sem eru tíunduð sérstök ákvæði sem við eiga þegar kosningar fara í hönd. Eitt af þeim atriðum sem hvað háværust hafa verið í umræðunni um skoðanakannanir er hvort réttlætanlegt sé að verið sé að gera skoðanakannanir og birta þannig fyrir fram væntanleg úrslit kosninga fram á síðustu stundu áður en kosningar fara fram. Sú niðurstaða sem varð í Frakklandi árið 1977 þegar þar voru sett lög um þetta efni var að síðustu vikuna eða í aðfaraviku kosningalotu eða umferðar í kosningum og á meðan kosningar standa yfir skuli hvers konar birting, dreifing eða umfjöllun skoðanakannana vera bönnuð.

Nú geta menn deilt um hversu líklegt sé að slíkt ákvæði, þó sett sé, nái fram að ganga og haldi í reynd en lítill vafi er þó á því að með þessu er hægt að setja þeim aðilum skorður sem vilja vera vandir að virðingu sinni í þessum efnum. Það er e.t.v. ekki hægt að koma í veg fyrir það að einhverjir, sem ekki ætla sér á annað borð að hlíta ákvæðum laga eða reglna sem settar eru í þessu skyni, standi í því að gera málamynda- eða óvandaðar skoðanakannanir en reynslan af frönsku lögunum er þó sú, er mér tjáð, að hinir rótgrónu aðilar sem vandir eru að virðingu sinni á þessu sviði hlíta þessu ákvæði. Þó að þetta sé e.t.v. eitt af þeim atriðum sem hvað þyngst vega í umræðunni er nauðsynlegt að menn muni að einnig er rétt að skoða hvaða þörf eða hvaða möguleikar séu til þess að setja almennari reglur á þessu sviði.

Ég vil geta þess að þessu máli var hreyft hér á síðasta Alþingi með tilteknum hætti þegar flutt var þáltill. um að gera úttekt á áreiðanleika skoðanakannana. Flm. þeirrar till. voru hv. þm. Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson og hv. þm. Halldór Blöndal er annar flm. að þessari tillögu sem hér er flutt.

Það er von mín, herra forseti, að þetta mál fái greiðan framgang. Mér er kunnugt um það og ég hef athugað það sérstaklega að það er fyrir því áhugi á meðal þeirra sem standa í því að gera skoðanakannanir að tekið verði á þessum málum. Þar hygg ég að sú skoðun sé býsna útbreidd að farsælla væri ef hjá því verði komist að reyna að forðast lagasetningu á þessu sviði því að slíkt er vissulega vandasamt verk en láta frekar á það reyna, a.m.k. fyrst um sinn, hvort unnt sé með því að koma á samstarfi þessara aðila og tryggja að þeir setji sér starfsreglur að ná betri tökum á þessum málum en eru í dag.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, legg ég svo til að till. verði vísað til hv. félmn.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari till. til þál. um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir og hef verið þeirrar skoðunar um langt árabil að það hefði verið nauðsynlegt að setja ákveðin lög um skoðanakannanir, í það minnsta ákveðnar reglur. Ég blanda mér í þessa umræðu vegna þess að á undanförnum missirum hafa verið að birtast m.a. í bandarískum og breskum tímaritum og blöðum vísindalegar niðurstöður um áhrif skoðanakannana á þjóðfélagsmyndina og jafnvel um áhrif skoðanakannana á stjórnmálamenn og afstöðu þeirra til einstakra mála. Ýmsir félagsfræðingar eru farnir að hafa af því stórfelldar áhyggjur að skoðanakannanir séu farnar að móta skoðanir og vinnubrögð stjórnmálamanna langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Hér kom fram á 100. löggjafarþinginu, 1978–1979, þ.e. fyrir tæpum 10 árum, þáltill. um almennar skoðanakannanir og þar var lýst þeim vilja að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir. Þetta mál hefur því verið rætt á hinu háa Alþingi nokkuð oft en árangurinn hefur enginn orðið.

Ég minnist þess að grg. þessarar ályktunar vakti mikla athygli vegna þess hve flm. voru orðljótir en flokkur þeirra hafði orðið fyrir talsverðu áfalli í kosningum sem fram höfðu farið þá skömmu áður og kenndu um að verulegum hluta skoðanakönnunum sem birst höfðu rétt fyrir þessar kosningar. Ég get nú ekki annað en látið það eftir mér að lesa, með leyfi forseta, hluta af grg. þeirra félaga. Þeir segja: „Ekki ber að amast við skoðanakönnunum í þjóðfélaginu sem framkvæmdar eru á marktækan hátt og af hlutlausum og vönduðum aðilum. Því er það brýnt að settar verði skorður við því að þjóðmála-

skúmar, kaupahéðnar og áróðursapparöt geti sett á svið hömlulaust eitthvað sem þau geti kallað almennar skoðanakannanir og unnið þannig sjónarmiðum sínum eða skjólstæðingum brautargengi.“ — Og síðan komast þeir að þeirri niðurstöðu að það sé orðið fyllilega tímabært að setja lög um skoðanakannanir.

En rétt eins og ég var sammála niðurstöðu þeirra þremenninga sem fluttu þessa þáltill. á sínum tíma er ég sammála þeirri till. sem hér hefur komið fram um að sett verði löggjöf um gerð skoðanakannana og ákveðin skilyrði lögfest um óhlutdrægni og vísindalega nákvæmni sem ég vænti að sé tilgangurinn með þessu.

Nú getur það hins vegar verið æði snúið að meta hverjir eru óhlutdrægir og hverjir ekki og í hverju hin vísindalega nákvæmni er fólgin. Þó eru til þrautreyndir staðlar sem unnt er að fara eftir og ná fram nokkurri nákvæmni við gerð þessara kannana, á hvaða sviði sem er. Hin hlið þessa máls er og verður alltaf umdeild en það er um hvað er spurt, hverjir spyrja og hvernig er spurt. Og það verður einnig umdeilt, einkum í stjórnmálum, hvenær birta skuli niðurstöðu kannana um fylgi flokka og einstaklinga. Sjálfur tel ég t.d. að það eigi ekki að leyfa birtingu slíkra niðurstaðna skömmu fyrir kjördag og að ekki eigi að líða skemmri tími en sjö dagar eins og ég hygg að Frakkar hafi gert að reglu hjá sér. Við vitum allir að niðurstöður skoðanakannana rétt fyrir kosningar geta haft veruleg áhrif á úrslit kosninga. Þetta hefur m.a. verið sannað í Bretlandi þar sem Verkamannaflokkurinn hlaut í einum kosningum, ef ég man rétt, slæma útreið eftir að hafa fengið mjög góða niðurstöðu í skoðanakönnun fyrir kosningar. Þegar farið var að skoða málið eftir kosningar kom í ljós að kjósendur Verkamannaflokksins voru svo sannfærðir um sigur hans að þeir sátu heima.

Enn ein áhrifin eru þau, sem þekkt eru frá Bretlandi og ég nefndi, að straumurinn geti farið til þeirra eða það sé tilhneiging að fylgja þeim sem fá góða útkomu í skoðanakönnunum rétt fyrir kosningar. Síðan það að slök útkoma í skoðanakönnunum rétt fyrir kosningar getur kallað á svonefndan hræðsluáróður sem fylkir liðinu saman á nýjan leik.

Mig langar að fara nokkrum orðum, virðulegi forseti, um það sem hefur komið fram í þeim greinum sem ég hef verið að lesa, þeim vísindalegu athugunum á áhrifum skoðanakannana, og ég vil fá að draga það saman í nokkrum orðum.

Niðurstaðan er tvímælalaust sú að skoðanakannanir geti verið mjög skoðanamyndandi og þjóni þá ekki lengur þeim tilgangi að vera spegilmynd vilja eða langana fólksins í landinu þar sem könnunin er gerð. Þess vegna verður að gera þá grundvallarkröfu að við gerð skoðanakannana starfi eingöngu einstaklingar og fyrirtæki sem hafi til þess þekkingu og burði og styðjist við vísindalega úrlausn verkefna. Þetta er auðvitað hægt á Íslandi eins og annars staðar, en löggjafarsamkundan verður að mínu mati að setja einhverjar grundvallarreglur um gerð skoðanakannana af öllu tagi, einkum þó hvað snertir svið stjórnmálanna.

Ég geri mér ljósa grein fyrir því að það er tiltölulega auðvelt að gera marktæka skoðanakönnun tölulega séð, en ég er jafnsannfærður um að til að hún verði marktæk vegna spurninga og úrvinnslu þarf mikla reynslu og þekkingu. Orð hafa margvíslega merkingu og þeim er hægt að raða á mismunandi hátt. Við sem höfum fengist við stjórnmál vitum kannski manna best hve auðvelt er að hagræða orðum og túlkun á orðum andstæðinganna. Á sama hátt er unnt að túlka svör á ýmsa vegu, jafnvel þótt svarið sé bundið við orðið já og nei — eða hver kannast ekki við spurninguna: Ertu hættur að berja konuna þína?

Ég hygg að hér á landi þurfi fyrirtæki sem njóta trausts að sérhæfa sig í gerð skoðanakannana, en um leið þarf að setja lög og reglur um þann ramma sem ég hygg að verði að umlykja þennan mikilvæga þátt í nútímaþjóðfélagi.

Ég minntist á áhyggjur manna í útlöndum og ætla að rekja þær nokkru nánar og nokkur atriði sem þar hafa komið fram og ég hygg að vegi verulega þungt. Þar eru menn farnir að hafa miklar áhyggjur af áhrifum skoðanakannana og þá beinlínis á þær lýðræðislegu aðferðir sem beitt er í frjálsum löndum til kjörs fulltrúa á þjóðþing eða til annarra mikilvægra embætta. Gagnrýnendur eru farnir að spyrja spurninga um mikilvægi og áreiðanleika þeirra kannana sem móta stjórnmál og viðskipti.

Fyrir allnokkru birtist gagnmerk grein í bandaríska tímaritinu US News and World Report þar sem varpað er fram þeirri spurningu hvort skoðanakannanir séu að fara úr böndunum. Þar segir að pólitískum könnunum bókstaflega rigni niður. Þær séu hluti af voldugri starfsgrein sem nái til flestra sviða og hafi áhrif á allt frá því hvernig fólk kjósi og til þess hvað það kaupi. Í ritinu kemur fram að þessi starfsgrein eða iðnaður velti a.m.k. 1,5 milljörðum dollara árið 1983.

Tímaritið segir enn fremur að félagsfræðingar hafi miklar áhyggjur af því að menn á valdastólum styðjist um of við kannanir sem kunni að vera rangar. Helsti sérfræðingur á þessu sviði, sem heitir Everett Carl Ladd og er yfirmaður Roper Center við háskólann í Connecticut, þar sem er miðstöð rannsókna varðandi skoðanakannanir, segir: „Við verðum að vera gagnrýnni og taka sumar kannanir með fyrirvara.“ Aðrir sérfræðingar hafa áhyggjur af því að almenningur skilji ekki að kannanir eru takmarkaðar og eru ekkert annað en skyndimyndir af tilteknu ástandi á tilteknum tíma. Þá er bent á að niðurstöður skoðanakannana kunni að hafa meiri áhrif á afstöðu pólitískra frambjóðenda til einstakra málaflokka, en jafnvel þeirra eigin niðurstaða og samviska. Telji þeir að eitthvað annað en þeir hafa boðað eða sagt geti tryggt fleiri atkvæði samkvæmt niðurstöðu einhverrar könnunar breyti þeir afstöðu sinni.

Niðurstöður skoðanakannana geta einnig haft

afgerandi áhrif á hverjir geta verið í framboði, til að mynda í Bandaríkjunum af því að þetta á sérstaklega við um það ríki sem lengst er komið í skoðanakönnunum, og það án tillits til mannkosta eða hæfileika. Þetta getur hugsanlega snert að einhverju leyti prófkjör hér á landi sem mjög hafa verið tíðkuð þar sem fjármagnið hefur kannski ráðið úrslitum um niðurstöðu prófkjörs. En í Bandaríkjunum fer það gjarnan þannig að þeir sem fá slaka útkomu í skoðanakönnunum skömmu fyrir kosningar hafa litla von um að fá fjármagn til kosningabaráttunnar.

Þá segir í þessari grein, svo að ég vitni til hennar aftur með leyfi forseta, að margir stjórnmálamenn haldi áfram að styðjast við niðurstöður skoðanakannana eftir að þeir hafa komist í valdastóla. Þetta hafi reynst sumum þeirra vel, en orðið öðrum alger martröð.

Við höfum orðið vitni að því hér á landi að skoðanakönnunum hefur verið klúðrað vegna þess að það hefur ekki verið staðið nægilega vel að þeim. Hvorki virðist þekking á eðli þeirra hafa verið nægjanleg eða menn stuðst við nægilega vísindalega stuðla. Gagnrýnin hefur orðið háværari eftir því sem við höfum orðið vitni að því hve mikill mismunur getur verið á niðurstöðum skoðanakannana einstakra fyrirtækja sem hafa verið birtar með tiltölulega skömmu millibili.

Það er líka ljóst að skoðanakannanir á Íslandi eru að verða talsverður iðnaður. Það eru sérstök fyrirtæki hér sem gefa sig út fyrir það að vinna skoðanakannanir og það er þegar farið að veita umtalsverðu fjármagni inn í þennan nýja iðnað. Þess vegna hlýtur það að vera áhyggjuefni löggjafarvaldsins hvernig að þessum málum er staðið. Og þó að ég vilji alls ekki gera því skóna að þeir menn sem stjórna og hafa stjórnað þeim skoðanakönnunum, sem gerðar hafa verið hér á landi, hafi viljað hafa áhrif á stjórnmálalífið í landinu er engu að síður full ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. Ég geri það að lokaorðum mínum, sem einn stjórnmálafræðingur hefur sagt, að það sé ekki allt með felldu í þeim þjóðarlíkama þar sem nauðsynlegt reynist að taka púlsinn jafnoft og gert er. Ég held að þetta eigi við um Íslendinga líka.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir og ekki síður fyrir málefnalegt og athyglisvert innlegg í þessa umræðu. Það hefði út af fyrir sig verið ánægjulegt að fá að heyra í fleiri hv. þm. og hugsanlega úr fleiri flokkum um afstöðu til þessa máls og satt best að segja var þess að vænta, þegar litið er til þess að flm. till. eru úr öllum flokkum, að möguleikar væru á því að fá þetta mál afgreitt með tiltölulega skjótum hætti og þeir eru vonandi fyrir hendi. En e.t.v. eru þeir hv. þm. sem hér eru inni svo hjartanlega sammála þessu máli að þeir sjá ekki ástæðu til að ræða það frekar.

Ég vil taka fram, skyldi einhverjum hætta til að líta svo á, að tillöguflutning þennan ber ekki að skoða sem árás eða sérstaka gagnrýni á þá aðila sem gert hafa skoðanakannanir á Íslandi. Ég dreg ekki í efa að þar vinni flestir eftir bestu samvisku. En það er ekki síður ástæða til að tryggja að meðferð þeirra niðurstaðna sem fengnar eru í skoðanakönnunum sé með eðlilegum hætti. Þess gætir oft. Eitt af því sem þeir sem framkvæma skoðanakannanirnar hafa sér til málsbóta er sú mikla tilhneiging þeirra sem síðan taka við þeim og birta þær í fjölmiðlum að taka þær hráar, ef svo má að orði komast, og gera enga fyrirvara um niðurstöður sem oft byggja á tiltölulega hæpnum tölfræðilegum forsendum. Vissulega eru dæmi um mjög misvísandi niðurstöður úr könnunum sem gerðar eru um sama efni á sama tíma af tveimur aðilum. Og það eru vissulega dæmi um að gengið sé út yfir öll velsæmismörk í að skipta niður litlu úrtaki. Er þar nærtækast að benda á þegar fylginu er skipt niður á einstök kjördæmi í könnunum um afstöðu fólks til stjórnmálaflokka, jafnvel þó að svarendur séu orðnir tiltölulega fáir í hverju kjördæmi og örfáir, jafnvel einn, sem merki við hvern flokk í því hinu sama kjördæmi. Slík vinnubrögð eru slæm og það þyrfti að reyna að tryggja að þeim væri ekki beitt og í öllu falli lægi ævinlega fyrir hvaða upplýsingar voru fyrir hendi, hvaða óvissa er á ferðinni, hvaða skekkjumörk þar með eru á þeim niðurstöðum sem settar eru fram. Frönsku lögin ganga einmitt út á að skylda alla, sem senda frá sér niðurstöður í skoðanakönnunum, til að birta allar þær upplýsingar sem menn þurfa að hafa til að átta sig á því hversu góð eða marktæk könnunin geti verið. Þetta er auðvitað mjög stórt atriði.

Ég held einmitt að tækifæri sé enn fyrir hendi á Íslandi til að setja um þetta reglur eða lög og koma með því í veg fyrir að þau ósköp eigi eftir að ganga yfir okkur sem ýmsar aðrar þjóðir búa nú við í þessum efnum. Get ég þar einnig tekið sem dæmi Bandaríkin, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði, þar sem þjóðinni er svo komið, sem er upp að eyrum í fjölmiðlun, að hún getur ekki gert sér almennilega grein fyrir því hvernig henni líkaði tiltekinn dagskrárliður í sjónvarpinu sínu fyrr en hún er búin að fá skoðanakönnun um það daginn eftir hvernig mönnum þótti þátturinn. Þá fyrst geta menn farið að tala um það út á við hvernig dagskrárliðurinn var. Þetta er svo langt gengið að þegar stillt er upp til kappræðna, t.d. stjórnmálamönnum, í bandarískum fjölmiðlum er ævinlega búið að undirbúa gerð skoðanakönnunar sem er sett í gang um leið og þættinum er lokið til að fá um það niðurstöður hvernig mönnum þótti þátturinn. Menn hafa ekki nema örfáar klukkustundir í besta falli til að reyna að gera það upp við sig sjálfir hvernig þeim þótti þetta heldur skulu þeir fá það yfir sig strax á næstu klukkustundum eftir að slíkum atriðum lýkur hvernig þjóðinni hafi fallið þetta í geð. Þegar málin eru komin á það stig að skoðanakannanir eru gerðar í tíma og ótíma um alla skapaða hluti og fylgja jafnvel hver annarri í tilteknum röðum, þegar engar reglur eru um birt-

ingu slíkra kannana, þegar forspárkannanir eru birtar jafnvel á kjördögum o.s.frv., er alveg ljóst að menn eru komnir út í hreinar ógöngur. Sem betur fer hafa þessi mál ekki gengið neitt í líkingu við það enn þá hér uppi á Íslandi, en það er lítil ástæða til að ætla annað en svipuð þróun yrði hér í kjölfar vaxandi fjölmiðlunar og verið hefur í öðrum löndum, þ.e. að sífellt vaxandi tilhneiging til þess að gera kannanir og koma þeim á framfæri með fjölmiðluninni verði fyrir hendi á næstu árum. Þess vegna held ég að það sé rétti tíminn, og hann er e.t.v. reyndar kominn fyrir nokkru, sá tími, eins og hv. síðasti ræðumaður ýjaði að, að tekið verði af skarið um það á Íslandi hvort menn vilja setja reglur eða lög um skoðanakannanir og þá hvernig. Þessi till. er einmitt flutt til að hrinda slíku starfi af stað og það er von mín að hún fái greiðan framgang.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að lýsa yfir stuðningi við þá þáltill. sem hér er til umræðu. Hér hafa verið sett fram í máli manna ýmis þau rök sem mér finnst vert að taka undir. Hv. þm. Árni Gunnarsson flutti greinargóða ræðu, svo og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem er 1. flm. þessarar þáltill. En að gefnu tilefni fannst mér rétt að hér kæmu fram fleiri og lýstu skoðunum sínu á þessu máli og vil ég gera það hér með.

Ég sé ekki ástæðu til að tíunda öllu frekar fleiri rök með þessu, en bendi þó á það, sem hér hefur komið fram, að nauðsynlegt er að settar séu reglur um hvað á að leyfa skoðanakannanir með skömmum tíma fyrir kjördag eða birta niðurstöður þeirra þar sem er vitað mál að margir snúast hreinlega eftir þessum niðurstöðum, hversu áreiðanlegar sem þær svo eru. Hér hefur einnig komið fram að jafnvel gætu stjórnmálamenn látið stýrast af niðurstöðum slíkra kannana sem við höfum enga vissu fyrir oft og tíðum hve vel eru unnar.

Ég ítreka stuðning minn við þáltill.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þá röggsemi að hafa endurvakið þetta mál á hinu háa Alþingi, hvort ekki sé nauðsynlegt að setja lög eða reglur um skoðanakannanir, og leyfa mér að vera meðflm. að till. Við hv. 14. þm. Reykv. fluttum till. til þál., sem gekk í sömu átt, á síðasta Alþingi og var vísað til nefndar í nóvembermánuði, en vegna annríkis í nefndinni vannst ekki tími til að athuga till. nægilega vel áður en þingi lauk til þess að hægt væri að afgreiða hana í þinginu. En ég vænti þess að sú mikla vinna sem þá var unnin muni auðvelda störf nefndarinnar nú svo að þess sé að vænta að málið geti fengið þinglega meðferð.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er einn af meðflm. till. er líklega þarflaust að ég komi hingað til að lýsa stuðningi við hana. Aftur á móti langar mig aðeins til að gera að umtalsefni hvort einhverjar leiðir séu til að stuðla að því að skoðanakannanir séu ekki teknar svona alvarlega, það séu einhver þau ákvæði í reglum um skoðanakannanir sem tryggi að allir annmarkar og takmarkanir skoðanakannana fylgi ávallt með niðurstöðum, því að það er nú einu sinni svo með skoðanakannanir að þær gefa í rauninni aldrei merkilegri niðurstöðu en einhvers konar meðalskoðun og meðalskoðun er kannski ekkert frekar til en einhvers konar meðallíf eða meðaltalslaun.

Fjölmiðlar fá í rauninni ótruflað að túlka niðurstöður skoðanakannana sem sannleika sem beri að taka alvarlega og eru þær í krafti þess mjög skoðanamyndandi. Þar mættu þm. og stjórnmálamenn oft athuga sinn gang, hversu fúslega við hlaupum til liðs við fjölmiðla til að túlka niðurstöður. Þetta gerum við eins og vill vera fyrir kosningar, mér liggur við að segja dag eftir dag. Dýpt samtalanna er yfirleitt ekki meiri en svo að spyrjandinn spyr: Segðu mér, Guðríður. Af hverju heldur þú að þið séuð að vinna fylgi? Eða: Segðu mér, Sigurður. Af hverjum heldur þú að þið séuð að taka fylgi? Og svörin eru álíka djúp og merkileg.

Auðvitað eru skoðanakönnunum takmörk sett vegna þess að það verður að nota einhvers konar staðlað orðalag eða staðla til að fá fram einfaldar skoðanir. Að ætla sér að hafa þar með allt litróf mannlífsins er óvinnandi vegur. Þeim mun meira áríðandi er að öllum sé gert ljóst í hvert sinn sem niðurstöður birtast að þær séu kannski ekki eins marktækar og menn vilja vera láta.

Af því að menn voru að vitna áðan til Bretlands um áhrif skoðanakannana ætla ég líka að ljúka máli mínu með örlítilli sögu frá Bretlandi. Það voru einu sinni höfð fleyg ummæli, ákaflega einföld, eftir fullorðnum manni sem var þar í viðtali í sjónvarpi út af máli sem ég man nú ekki lengur hvað var. Nema hann hafði einhverja skoðun sem gekk á skjön við þá sem var álitið að hann skyldi hafa. Honum var bent á að í skoðanakönnunum kæmi fram sú ákveðna skoðun sem menn vildu gjarnan að hann hefði. Og þá svaraði maðurinn einfaldlega: Enginn spurði mig. — Það er það sem eftir stendur í hverri skoðanakönnun. Þeir sem ekki voru spurðir voru ekki spurðir og höfðu ekki möguleika á því að svara.

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég stíg í ræðustól vegna hvatningarorða frá hv. 1. flm. Hann kallaði á skoðanir þm. frá öðrum flokkum. Ég tel löngu tímabært að það séu sett lög yfir þennan málaflokk, skoðanakannanir í landinu, og styð því heils hugar þá þáltill. sem hér er sett fram. Það þekkja allir að í dag er hægt að panta sér eða kaupa skoðanakannanir á nánast hvaða sviði sem er, hvort sem um er að ræða einstaklinga, félög eða jafnvel stjórnmálaflokka, og getur það kallað á ýmsar hættur og misnotkun. Stjórnmálaflokkar hafa — eða að því hefur verið ýjað — notfært sér þessa þjónustu og er þá einfalt fyrir þá að setja sín ákveðnu formerki sem gefa þeim

væntanlega þær útkomur sem þeir óska. Nægir þar að nefna að þeir geta tekið fram að spurt sé innan ákveðins aldurshóps, innan ákveðinna þjóðfélagshópa og haft leiðandi spurningar. Það er því alveg tímabært að þarna séu settar ákveðnar reglur sem beri að fylgja.

Ég tek undir að niðurstöður skoðanakannana eigi ekki að birta fyrir kjördag innan einhvers ákveðins tíma. Ég skal ekki segja hvort það eiga að vera ein eða tvær vikur, en það þarf að setja fastar reglur þar um.

Eins þarf að kalla til þá aðila sem starfa í þessu í dag og alla þá sem þessu máli viðkoma til að standa að slíkri lagasetningu.

Ég hef reyndar ekki miklu meira um þetta að segja. Ég vildi aðeins koma upp og lýsa stuðningi mínum við þetta.

Guðni Ágústsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í stólinn til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. og tel að menn hafi staðið rétt að. Mér sýnist vera hér fulltrúi úr hverjum þingflokki utan þess að þar er ekki hv. þm. Stefán Valgeirsson. En þetta segir kannski að í öllum þingflokkum gæti orðið samstaða um lagasetningu sem gerði að verkum að menn stæðu að skoðanakönnunum af meiri skynsemi og kannski væri hægt að byggja á þeim sem marktækum og merkilegum með meira öryggi í framtíðinni.

Ég held að það sé full ástæða til að setja lagaákvæði um skoðanakannanir sem tengjast mikilvægum málum og umdeildum þjóðfélagsmálum, eins og segir í till. Enn fremur hygg ég að lýðræðisins vegna sé mjög brýnt að skoðanakannanir fari ekki fram mjög nærri alþingiskosningum. Þær eru leiðandi og út af þeim er lagt með þeim hætti í þessu þjóðfélagi að þær eru gerðar leiðandi. Þess vegna styð ég till. og tel að flm. hafi gefið í þessari till. myndarlega ábendingu um hverjir skyldu eiga aðild að nefnd til að fjalla um þessi mál. Með leyfi forseta nefna þeir einmitt Blaðamannafélag Íslands, félagsvísindadeild Háskólans og Félag þjóðfélagsfræðinga og að formann nefndarinnar skipi ríkisstjórnin. Ég held að þetta væri gagnlegt. En síðan tveir frá hverjum þingflokki.

Ég endurtek að ég lýsi fyllsta stuðningi mínum við að svona starf fari í gang og vænti þess að það leiði af sér að hér á landi verði staðið af myndarlegri hætti og öruggari að skoðanakönnunum í framtíðinni en gert hefur verið hingað til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu, fyrri umr.

Þáltill. BB o.fl., 148. mál. — Þskj. 157.

Flm. (Benedikt Bogason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu. Till. þessi er á þskj. 157 og er 148. mál þessa þings. Flm. ásamt mér eru: Hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 16. þm. Reykv., Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv., Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., og Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fimm ára framkvæmdaáætlun um stofnbrautir og þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin þar. Jafnframt verði gerðar ákveðnar tillögur um fjármögnun framkvæmdanna. Á árinu 1988 verði varið 360 millj. kr. í þetta verkefni."

Við gerð aðalskipulags fyrir Reykjavík 1962–1983, sem samþykkt var 1966, var lagður grunnur að því aðalæðakerfi umferðar sem við búum við á höfuðborgarsvæðinu. Verki þessu stjórnuðu viðurkenndir erlendir sérfræðingar á sviði skipulags- og umferðarmála og unnu það í náinni samvinnu við stjórnendur og embættismenn Reykjavíkurborgar og í samráði við Vegagerð ríkisins og fulltrúa nágrannasveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, allt frá Hafnarfirði og upp á Kjalarnes.

Þótt lega þessara upphaflegu stofnæða aðalskipulagsins frá 1966 sé að mestu óbreytt og nágrannasveitarfélög hafi aðlagað sig þessu hafa þessar stofnæðar umferðar ekki nándar nærri verið byggðar út eins og til var ætlast á sama tíma og hverfin, sem þær áttu að þjóna, hafa byggst að fullu og vel það eftir 1983.

Ég vil í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta, vitna í forsendur þessa meginverks, sem aðalskipulagið var, um samhengi milli byggðar, umferðar og gatnakerfis. Þar stendur á bls. 87:

„Þær skipulagsákvarðanir sem borgaryfirvöld taka hafa sínar afleiðingar fyrir umferðarkerfið. Ein einasta ákvörðun getur valdið óleysanlegum hnút í umferðarkerfinu eða neytt borgina til að gera dýr umferðarmannvirki sem komast hefði mátt hjá að öðrum kosti."

Og í sömu bók á bls. 105, um tæknilegt og starfrænt markmið aðalskipulagsins, stendur:

„Að skipuleggja og byggja borg þannig að hæfni bifreiðarinnar sé fullnýtt felur það í sér m.a. að flokka þarf umferðargötur svo að aka megi lengri vegalengdir á milli borgarhluta á götum í háum gæðaflokki að því er snertir hraða, umferðarrými og öryggi. Jafnframt því sem aðstæður batna við þetta fyrir bílaumferðina vinnst það að mikilli óviðkomandi truflandi umferð er beint frá íbúðahverfunum."

En það er ekki nóg að eiga breiðar og greiðar umferðargötur á fallegum kortum. Það verður að leggja þær og útfæra þær fyrir þá umferðarrýmd sem til er ætlast. Það hefur því miður gengið seint og illa á

höfuðborgarsvæðinu og á það sínar skýringar eins og seinna verður vikið að.

Stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu skv. vegáætlun 1987–1990 eru: Suðurlandsvegur, Vesturlandsvegur, Hafnarfjarðarvegur, Reykjanesbraut, Arnarnesvegur, sem oft hefur verið nefndur Ofanbyggðarvegur, Vífilsstaðavegur, Bessastaðavegur að mestum hluta, Hafravatnsvegur að hluta.

Eftirfarandi vegir á höfuðborgarsvæðinu eru skilgreindir sem þjóðvegir í þéttbýli skv. reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum frá 12. maí 1986. Í Hafnarfirði: Reykjavíkurvegur, Fjarðargata, Strandgata, Ásabraut, Flatahraun frá Reykjavíkurvegi að Hafnarfjarðarvegi og Lækjargata. Í Bessastaðahreppi: Álftanesvegur, hluti. Garðabæ: Vífilsstaðavegur, Bæjarbraut. Í Kópavogi: Nýbýlavegur. Á Seltjarnarnesi: Norðurströnd og Suðurströnd. Í Mosfellsbæ: Þverholt. Í Reykjavík: Eiðisgrandi, Ánanaust, Hringbraut, Miklabraut, Vesturlandsvegur að Höfðabakka, Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur, Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut, Kringlumýrarbraut, Breiðholtsbraut, Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu sunnan Öskjuhlíðar um Fossvogsdal að Reykjanesbraut. Þessi síðast nefnda hefur ekki komist í framkvæmd og er umdeild enn þá. Enn fremur Stekkjarbakki, Höfðabakki, Gullinbrú og Gufunesvegur, Bæjarháls, Bústaðavegur frá Reykjanesbraut um Öskjuhlíð að Miklatorgi, Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur, Tryggvagata og Mýrargata.

Eins og þessi langa upptalning ber með sér er hér um að ræða allar helstu umferðaræðar höfuðborgarsvæðisins, gamla beinagrindin frá aðalskipulaginu 1966 er að mestu leyti heil, á pappírunum a.m.k.

Það dylst engum sem ekur um höfuðborgarsvæðið að stofnkerfi umferðarinnar er sprungið. Mikil aukning umferðar á síðustu árum vegna fjölgunar bifreiða og íbúa ásamt aukinni athafnasemi hefur leitt til þess að umferðaræðar stíflast á annatímum. Ferðatíminn lengist og óæskileg umferð um safngötur og húsagötur eykst, umferðaröryggi þverr og slysunum fjölgar.

Á undanförnum árum og áratugum hefur verið gert stórátak í vegagerð um allt land, byggðarlög og landshlutar smám saman tengd saman með betri vegum, uppbyggðum með bundnu slitlagi og betri og stærri brýr gerðar. Þjóðhagslegur ávinningur af þessu er auðsær, enda oftast um mjög arðbærar framkvæmdir að ræða. Þessu ber að halda áfram af fullri einurð. En á sama tíma og mestöll landsbyggðin getur fagnað betri vegum hefur sigið á ógæfuhliðina á höfuðborgarsvæðinu eins og áður er getið. Því þarf að gera stórátak. Hér er lagt til að gerð verði fimm ára framkvæmdaáætlun, 1988 til og með 1992, og hafist handa strax á næsta ári með því að verja 360 millj. kr. í framkvæmdir í stað um 150 millj. kr. sem samtals er áætlað í gildandi vegáætlun. Það skiptist þannig: stofnbrautirnar 70 millj. kr. og þjóðvegir í þéttbýli um 80 millj.

Sérstakur vinnuhópur, sem Vegagerð ríkisins kom á til að fjalla um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu, skilaði fyrstu drögum að framkvæmdaáætlun 1985–1990 í apríl 1985 og gaf út Áfangaskýrslu I. Von hefur verið á Áfangaskýrslu II en gera má ráð fyrir að nauðsynleg framkvæmdaþörf á fimm árum verði vart undir 2000 millj. kr. eða 400 millj. kr. að meðaltali á ári. Þessi skýrsla barst mér í hendur í gær og staðfestir hún fjárþörfina.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 er áætlað að innheimta bifreiðaskatta verði 1700 millj. kr., þar af sérstakur bifreiðaskattur 650 millj. kr. Bíleigendum þykir það vera að bera í bakkafullan lækinn að leggja þennan sérstaka skatt á bifreiðar ofan á alla aðra skatta. Ríkisstjórnin gerði því bragarbót með því að verja hluta af þessum skatti í umrætt verkefni á árinu 1988 eða þá að auknum tekjum af bensíngjaldi 1987 og 1988 yrði beint inn á þetta verkefni.

Í þáltill. er lagt til að gerð sé fimm ára framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 1988 fram til ársbyrjunar 1993, átak til að koma umferðinni í bærilegt horf án þess að ofbjóða gjaldgetu ríkissjóðs, þ.e. skattþegnum í landinu. Samfellt átak í skipulegri röð kemur í veg fyrir dýrar bráðabirgðalausnir, slitnar úr samhengi við heildina, en slíkt hefur því miður komið fyrir oftar en einu sinni þar sem umferðarvandi á einum stað er leystur með því að færa hann yfir á næsta horn.

Einnig styður það að því að viðhöfð séu ströng fagleg vinnubrögð við útfærslu þannig að fullt samræmi ríki um akreinar, útaf- og innáakstur og gerð gatnamóta. Núverandi slysagildrum, sem því miður eru allt of margar í gatnakerfinu, verði útrýmt. Það er nefnilega vonlaust að skapa öryggi og menningu í umferðinni ef gatnakerfið er ruglingslegt.

Borgarstjórinn í Reykjavík sendi nýlega eins konar neyðarkall til hv. þm. Reykjavíkur og fjvn. varðandi stöðu þessara mála. Í niðurlagi bréfs sem hann sendi telur hann að það kerfi sem skammti fé til þjóðvega í þéttbýli sé gengið sér til húðar. Ég held að það sé ekki nauðsynlegt að líta svo á ef á heildina er litið. Hins vegar er hér um að ræða sérstakar forsendur sem kalla á sérstakar fjárveitingar eins og gerst hefur t.d. með Ó-vegina og jarðgangagerð.

Hér hefur of lengi verið sofið á verðinum og mál til komið að vakna nú, enda kemur fram í skýrslu hæstv. fyrrv. samgrh., Matthíasar Bjarnasonar, í febrúar sl., um samgöngumál, á bls. 12, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir framlög til þjóðvega í þéttbýli áttu hin smærri þéttbýli í erfiðleikum með að ljúka gerð þjóðvega sinna. Til að hjálpa þessum sveitarfélögum hefur í nokkur ár verið veitt fé sérstaklega í vegáætlun. Hefur þetta gefið góða raun og eru líkur til að öllum þjóðvegum í þéttbýli verði lokið á næstu þremur til fjórum árum."

Og neðar í sömu skýrslu á bls. 12: „Annað verkefni má nefna sem kallar eftir verulegu fjármagni, en það eru úrbætur á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem umferðin er mest og stutt í öngþveiti á ýmsum helstu leiðum eru slysin tíðust.

Verður ekki komist hjá að gera nokkurt átak í þessum efnum á næstu árum."

Vegáætlun fyrir árin 1987–1990, sem samþykkt var á Alþingi 18. mars sl., svarar þessu kalli heldur dauflega eins og áður er sagt. Þessi till. til þál. er raunverulega svar við því kalli.

Þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst frá því þáltill. þessi var lögð fram að í ljós hafa komið snögg viðbrögð hæstv. núv. samgrh., Matthíasar Á. Mathiesens, m.a. með útgáfu áðurnefndrar Áfangaskýrslu II, með drögum að framkvæmdaáætlun og tillögu í ríkisstjórn um að auka fé í Vegasjóð um 300 millj. kr. Þá er bara að merkja, ég tek það fram, nauðsynlegan hluta þeirra í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Það þurfa hv. alþm. að tryggja með því að samþykkja þessa þáltill.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til að till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. atvmn.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi þáltill. um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu fjallar um þarft málefni og brýnt. Í till. er fjallað um tvö efnisatriði, annars vegar að ríkisstjórninni skuli falið að láta gera fimm ára framkvæmdaáætlun um stofnbrautir og þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin þar og hins vegar að gerðar verði ákveðnar tillögur um fjármögnun framkvæmda og tiltekið að á árinu 1988 verði varið 360 millj. kr. í þetta verkefni.

Að því er varðar fyrra atriðið er þess að geta að undanfarið hefur mikið verið unnið í áætlanagerð um vegakerfi höfuðborgarsvæðisins eins og fram hefur komið. Þessi vinna hefur verið í höndum Vegagerðar ríkisins, sveitarfélaga á svæðinu og samtaka þeirra. Úttektir hafa verið gerðar og settar fram spár um þróun byggðar, íbúafjölda, bílaeignar og umferðar. Nú síðast hefur vinnuhópur sem Vegagerðin kom á fyrir nokkrum árum með þátttöku borgarverkfræðingsins í Reykjavík og bæjarverkfræðingsins í Kópavogi sent frá sér Áfangaskýrslu II. Þar er að finna drög að framkvæmdaáætlun fyrir þjóðvegi og þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu fyrir næstu fimm ár eða til ársins 1992.

Skýrslan hefur verið send öllum alþm. ásamt sérstöku hefti Vegamála, fréttabréfi Vegagerðar ríkisins, sem helgað er vegum og umferð á höfuðborgarsvæðinu, svo og erindi hæstv. samgrh. Matthíasar Á. Mathiesen um þessi mál sem hann hélt á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 14. nóv. sl. Það má því segja að það væru ótrúlega fljótvirk og snögg viðbrögð hæstv. ráðherra ef framlagning hans á öllum þessum gögnum, ræðan 14. nóv. og uppsetning á sýningunni í Kringlunni væri allt tilkomið vegna flutnings þessarar þáltill. Við skulum heldur hafa það sem sannara reynist og segja sem svo að þetta hafi verið skemmtileg tilviljun. En hæstv. samgrh. hefur haft forustu um kynningu á vanda samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu og fyrirhuguðum úrbótum, eins og ég nefndi, og þessa dagana getur almenningur t.d. kynnt sér þessi mál í Kringlunni eins og kunnugt er.

Í þessum umræddu gögnum er að finna upplýsingar um mörg atriði þessa máls, m.a. þá niðurstöðu áðurnefnds vinnuhóps að á næstu fimm árum þurfi að vinna við framkvæmdir á þjóðvegum fyrir um 750 millj. kr. og á þjóðvegum í þéttbýli fyrir um 1180 millj. kr. Þetta mat hópsins er byggt á spá um hóflegan vöxt umferðar miðað við undanfarin ár, þ.e. 10% aukningu umferðar frá 1987 til 1992, og mundi þá umferðarástand 1992 verða nokkru betra en það er nú. Óvissa er jafnan töluverð í umferðarspám og athugaði hópurinn því hver áhrif það hefði ef umferð 1992 yrði 15% meiri en í spá. Útkoman varð sú að ástand í vegakerfinu yrði svipað því sem nú er.

Að því er varðar síðara atriðið í till. til þál., þ.e. fjármögnun framkvæmda, eru í vegáætlun fyrir 1988 lagðar um 70 millj. til þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu og um 80 millj. til þjóðvega í þéttbýli. Svipað fjármagn fer til þessara verkefna 1989 og 1990. Sé þetta haft til hliðsjónar vantar um 80 millj. kr. til þjóðvega á ári og um 160 millj. kr. til þjóðvega í þéttbýli til að ljúka þeim verkefnum sem vinnuhópurinn telur nauðsynlegt. Hér er um mikið fjármagn að ræða, en vegna þess hve verkefnið er brýnt verður að leggja áherslu á að fjármögnun þess verði leyst í tengslum við endurskoðun vegáætlunar veturinn 1988–1989.

Eins og fram hefur komið hefur hæstv. samgrh. lagt til í ríkisstjórninni, án þess að þáltill. hafi verið komin fram, að auka ráðstöfunarfé Vegasjóðs 1988 um 300 millj. kr. með það í huga að fé þessu yrði m.a. varið til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fjármagn er fengið með því að fullnýta markaða tekjustofna til vegagerðar 1987 og 1988 og kemur til skiptingar á Alþingi eins og annað fjármagn til vegagerðar. Telja verður þetta eðlilega leið til að auka fjármagn til vegagerðar 1988, þar á meðal til að taka fyrsta skrefið í átaki til úrbóta á höfuðborgarsvæðinu.

Af því sem hér er rakið er ljóst að verkefnið hefur verið skilgreint í stórum dráttum og að drög að framkvæmdaáætlun liggja fyrir. Öllum þeim sem fara um höfuðborgarsvæðið er einnig ljóst að mjög brýnt er að bæta umferðarástandið, fækka slysum og minnka tafir. Verkefnið er enn fremur stórt og kostar mikið fé. Fjárútvegun í þessu skyni verður verkefni Alþingis á næstunni. Það hlýtur því að vera styrkur að vita um áhuga flm. á þessu málefni og eiga von á stuðningi þeirra við það. Eins og ég hef rakið hér að framan liggja nú þegar fyrir þær upplýsingar og þau gögn sem lagt er til að unnin verði samkvæmt þessari till. til þál., en góð vísa er aldrei of oft kveðin og út af fyrir sig ágætt að fá till. fram til að ítreka mikilvægi þessa máls sem unnið hefur verið að á vegum hæstv. samgrh.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

15. fundur, föstudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið venjan, a.m.k. þau ár sem ég hef setið á Alþingi, að miða við að fundir væru ekki settir í deildum, sameinuðu þingi eða nefndum nema helmingur nefndarmanna eða deildarmanna eða þingmanna væri viðstaddur. Mér sýnist að sú venja hafi verið brotin á þessum fundi. Ég geri ráð fyrir að þessi vinnubrögð standist út af fyrir sig lög og þingsköp, en ég tel að hér sé um að ræða ósið og mótmæli því að efnt sé til fundar af þessu tagi með þeim hætti sem hér hefur gerst.

Ég minni á í þessu sambandi, herra forseti, að mér er tjáð að í gær hafi formenn þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu hitt forseta þingsins að máli svo og ráðherra til að fara yfir þingstörf þau sem fyrir liggja á næstu vikum fram að jólum. Ég hygg að á þessum fundi, sem haldinn var í gær, hafi ekki verið um það rætt að boðaður yrði fundur í dag þannig að þessi fundur sé boðaður án þess að haft hafi verið venjulegt og eðlilegt samráð a.m.k. við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, af þessu tilefni að gagnrýna tvennt, annars vegar að fundur skuli hér settur án þess að helmingur þm. hafi verið viðstaddur í þessari virðulegu deild og sömuleiðis að til þessa fundar skuli hafa verið efnt án þess að haft væri venjulegt samráð við forustumenn þingflokkanna á hinu virðulega Alþingi.

Mér er tjáð að fundurinn sé einkum haldinn til að útbýta tveimur stjfrv., annars vegar um stjórn fiskveiða og hins vegar um tekju- og eignarskatt. Þannig háttar til að samkvæmt hinum nýju starfsreglum þingsins, sem ég er ekki orðinn vel kunnugur, eru haldnir fundir í Sþ. á mánudögum og í deildum á þriðjudögum. Þess vegna hefði ekki af þeim ástæðum verið nauðsynlegt að boða fund í dag því að nóg var að útbýta málunum á mánudag í Sþ. til þess að þau mættu koma fyrir á þriðjudag í deildum, en mér er ekki kunnugt um að neitt samkomulag liggi fyrir um að deildafundir verði haldnir fyrri hluta næstu viku á afbrigðilegum tíma.

Þetta vildi ég láta koma fram með formlegum hætti af minni hálfu, herra forseti. Án þess að ég sé út af fyrir sig að kalla á andsvör á þessari stundu vildi ég að mín afstaða lægi fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram. Í gær var bæði fundur hjá forsetum um morguninn og það var líka þingflokksformannafundur síðari hluta dags. Þá gáfust næg tilefni til að tilkynna mögulegan fund í deildum í dag. Nú vill svo til að flestir þm. hafa ráðstafað sér og eru skuldbundnir við önnur störf eða jafnvel farnir út úr bænum þar sem ekki var búist við neinum fundi í deildinni í dag. Fundur var tilkynntur um kvöldmatarleyti í gær alveg skyndilega og án nokkurs samráðs, hreinlega fundarboð án þess að það væri nokkuð spurt um hvernig það hentaði.

Ég hlýt að gagnrýna slík vinnubrögð. Ekki það að þingið muni eiga annríkt fram að jólum, enginn kvartar undan því að þurfa að vinna sín störf. Það er sjálfsagt mál. En það er líka sjálfsögð kurteisi og sjálfsögð tillitssemi að um slíka aukafundi sé haft fullt samráð því að stjórnin hlýtur að vilja samvinnu og velvilja allra sem sitja hér á þingi til að koma þessum afskaplega síðbúnu málum sínum í höfn. Ég get ekki ímyndað mér annað en hún æski þess. Og þessi vinnubrögð eru til þess fallin að vekja upp mótþróa.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki orða bundist eftir að hafa hlýtt á síðasta hv. ræðumann og einkum síðustu orð hv. síðasta ræðumanns um að það sé núna verið að efna til þess sem getur orðið til þess að torvelda eðlilega samvinnu hér á þinginu um að greiða fyrir málum. Hér hefur ekkert skeð óvenjulegt.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það var fundur með forsetum þingsins, formönnum þingflokka og auk þess forsrh. í gær til að ræða þingstörfin fram að jólaleyfi. Þessi fundur var til að greiða fyrir störfum og það var eindreginn vilji allra, sem þarna voru, að gera það eins og efni stæðu til. En það var ekki minnst á þessum fundi á að það yrði boðað til fundar í dag og það er vegna þess að það mál, sem kom upp síðar, hafði ekki komið upp þá. En það sem kom upp síðar var að það þótti rétt að útbýta í dag stjfrv. og sérstaklega stjfrv. um fiskveiðistefnuna. Þess vegna var boðað til útbýtingarfundar.

Ég minnist þess ekki að það hafi nokkurn tíma verið gerðar athugasemdir við að halda slíka fundi undir þessum kringumstæðum. Ég minnist þess ekki að það hafi verið settur á fundur til samráðs við formenn allra þingflokka út af slíku. Það hefur alltaf verið talið sjálfsagt án samráðs. Það er eitt mál hér á dagskrá. Það er auðvitað vegna þess að það er ekki hægt að boða til fundar nema hafa eitthvert mál á dagskrá, hvort sem það er tekið til umræðu eða ekki. Hér er um venjulegan útbýtingarfund að ræða, ekkert annað.

Hitt atriðið, sem hér hefur verið fundið að, er að fundur hafi verið settur án þess að hér væri meiri hluti deildarmanna. Auðvitað er miður að svo sé. En ég hygg að það hafi stundum komið fyrir og þá

ekki síst þegar útbýtingarfundir eru. Auðvitað er þá hvorki hægt að afgreiða gerðabók né taka mál til umræðu og afgreiðslu. En ég hygg að útbýtingarfundur hafi verið settur án þess að það hafi verið meiri hluti deildarmanna viðstaddur.

Ég vildi að þetta kæmi hér fram. Mér virðist að hér hafi ekkert skeð óvenjulegt og ekkert skeð sem þurfi að efna til misskilnings hvað þá heldur til einhverrar misklíðar í þinginu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vestf., vil ég undirstrika að hér hafa engin illindi orðið enn þá. Ég vil líka taka undir það að sjálfsagt er að slíkir útbýtingarfundir séu haldnir, en þá vil ég jafnframt vekja athygli hv. þm. á því að nú eru hér staddir þrír stjórnarliðar. Það eru staddir hér reyndar fimm að ráðherrunum báðum meðtöldum og skrifara. Já. Nú verður að telja þá alla. (**Gripið fram í:** Sjö.) En það gildir einu þó þeir séu sjö. Þeir eru ekki nógu margir til þess að hægt sé að setja fund. Og þá spyr ég: Ef þetta er svona sjálfsagt mál ... (Gripið fram í.) Já, þannig að heiðir séu haldnar. Ef þetta er svona sjálfsagt mál, því var ekki hægt að losa fleiri stjórnarliða hingað á þingfund úr þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið á sig í dag vegna þess að þeir bjuggust ekki við fundi? Hefur þessi ríkisstjórn ekki nægan meiri hluta hér á þingi?

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég minnist þess að þegar ég kom fyrst inn á þing sem varaþm. mætti ég á fundi, ég hygg að það hafi verið í Sþ. frekar en í deild, og ég held að við höfum verið tveir eða þrír þm. Það var útbýtingarfundur. Það er altítt og sérstaklega þegar tímaþröng er að reyna að koma frv. til þm., að þeir hafi aðgang að þeim fullprentuðum og það sé búið að útbýta þeim. Það er auðvitað ekki síður verið að taka tillit til stjórnarandstöðu en stjórnar með þessum hætti.

Ég vildi aðeins segja frá því að mér er kunnugt um að þetta er altítt og það er ekkert í þingsköpum sem segir að ekki megi setja fund án þess að meiri hlutinn sé mættur eða aukinn meiri hluti. Hér er bara einfaldlega um misskilning að ræða og það getur ekki valdið neinum deilum okkar á milli eða þvermóðsku eins og menn kannski hefðu óttast. Ég vona að þeir sem áður hafa setið hér á þingi minnist nákvæmlega þessara atvika. Hvort þetta er svo rétt siðvenja er allt annað mál. En þetta er bæði löglegt og altítt og hefur verið gert í áratugi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil í tilefni af þessum umræðum benda á að hér verður fundargerð ekki afgreidd og engar atkvæðagreiðslur verða. Ég tel að samkvæmt fundarsköpum sé ekki rangt að farið. Hins vegar finnst mér mjög miður að það skuli ekki fást meiri hluti deildarmanna til að sækja fundinn. En á því eru skýringar. T.d. eru allir þm. Reykjaness á ferðalagi í dag með sveitarstjórnarmönnum, sem löngu var ákveðið, og ég gaf þeim leyfi til að halda því ferðalagi áfram, taldi víst að meiri hluti næðist. Auk þess er einn hv. deildarmanna erlendis og þrír aðrir hafa beðið um fjarvistarleyfi. Ég vona að þessi óvenjulegi háttur nú verði ekki til að valda misklíð. Ég taldi rétt að frv. um stjórn fiskveiða yrði lagt fram nú þannig að menn fengju umþóttunartíma, stjórnarsinnum og stjórnarandstöðu til umþóttunar, og vænti ég þess að þessi gjörð verði ekki misvirt sem slík og tek ég orð hv. þingdeildarmanna ekki á þann veg heldur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er í fyrsta lagi svo að það er óvenjulegt að boða fund í deildum án samráðs við forustumenn þingflokka. Það er óvenjulegt. Sérstaklega þegar þess er gætt að það var haldinn hér mikill fundur í gær, er mér sagt af formanni míns þingflokks, þar sem farið var yfir þingstörfin á komandi vikum, og aðeins nokkrum klukkustundum síðar var svo þessi fundur boðaður.

Hv. 4. þm. Vestf. ber því við að það hafi komið upp óvænt atvik í millitíðinni. Hvert var hið óvænta atvik? Það var nokkuð sem mátti koma þjóðinni allri og þingheimi gjörsamlega á óvart og hæstv. forseti Sþ. hefur greinilega orðið mjög undrandi á. Það var að stjórnin kom sér saman um að leggja fram stjfrv. um stjórn fiskveiða. Og hæstv. forseti Sþ. var svo undrandi yfir þessari niðurstöðu að hann taldi ástæðu til að víkja frá því sem um hafði verið rætt á fundi fyrr um daginn með forustumönnum þingflokkanna og ráðherranum og efna til fundar á þessum degi án samráðs við forustumenn þingflokkanna. Þetta er óvenjulegt. Hvort það er hins vegar ólöglegt eða jafnvel siðlaust, það voru ekki mín orð og dettur mér ekki í hug að hafa uppi.

En það vekur athygli mína hvað þetta hefur komið forseta Sþ. á óvart, þessi undur að stjórnin skyldi koma frá sér frv. um stjórn fiskveiða. Það er vissulega ekki neitt óvenjulegt heldur að það komi þjóðinni á óvart, en það er athyglisvert að hæstv. forseti Sþ. skuli einnig vera í þeim hópi sem undrast það svo mjög að stjórnin skuli koma frá sér frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Í öðru lagi er óvenjulegt að setja fund án þess að meiri hluti eða helmingur deildarmanna sé viðstaddur. Það er óvenjulegt og ég fer fram á að stjórn þessarar virðulegu deildar verði hagað með þeim hætti, enda heyrði ég það á hæstv. forseta áðan, að það verði ekki regla að setja fundi án þess að meiri hluti deildarmanna sé kominn. Það gengur ekki. Það verður að vera alveg á tæru að það er ætlunin að haga þingstörfum með venjulegum hætti og að fundir séu settir með því að meiri hluti deildarmanna sé mættur.

En í þriðja lagi, hæstv. forseti, og þar tekur alveg steininn úr, er óþarfi að útbýta málunum á þessum degi vegna þess að deildarfundir hafa ekki verið áformaðir fyrr en á þriðjudag. Þess vegna hefði verið nóg að útbýta málinu á mánudag í Sþ.

Málið er því óvenjulegt frá tveimur hliðum séð og auk þess óþarfi frá þeirri þriðju skoðað, herra forseti.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég tek fram að það er vilji minn að deildarfundir verði haldnir á mánudag og ég vænti þess að það náist samkomulag um að svo verði gert. Það þarf að koma fram málum fyrir jól og ég hygg að það sé öllum til góðs í þingstörfum að síðustu dagana til jóla verði unnið af miklum þunga. Það eru svo fáir dagar eftir.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru orðnar harla einkennilegar umræður og mér er ekki að skapi að lengja þær. En ég verð að segja að það er ekki rétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að leggja slíka áherslu á að mér hafi komið á óvart að þetta stjfrv. kæmi fram. Ég held að það sé ekki rétt að leggja áherslu á þá merkingu. Ég segi þetta með fyllsta velvilja og vinsemd og ég ætla ekki að hv. 7. þm. Reykv. leggi eins mikla áherslu á þennan skilning og kom fram í orðum hans.

Þá komst hv. 7. þm. Reykv. þannig að orði að það hefði verið breytt út frá því sem hefði verið búið að ákveða — það lá í orðunum — á fundi forseta með formönnum þingflokka. Það var ekkert ákveðið um fundadaga eða breytingar á fundadögum annað en að það var rætt um að það yrði að haga fundartíma Alþingis eftir því sem þyrfti til að þoka málum áfram og víxla fundardögum í Alþingi. Um það var talað almennt.

Þá er það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það hefði verið óþarfi að útbýta frv. um stjórnun fiskveiða í dag. Það má til sanns vegar færa ef það hefði ekki orðið fundur í deildinni fyrr en á þriðjudag. En ég hygg að öllum megi vera ljóst að það sé af hinu góða að útbýta frv. sem fyrst fyrir alla þm. til að hafa sem rúmastan tíma til að athuga málið áður en það kemur til umræðu, hvort heldur það hefði verið á mánudag eða þriðjudag.

NEÐRI DEILD

17. fundur, föstudaginn 4. des.,
kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efnisskrá.

Aðgerðir vegna komu fulltrúa Sea Shepherd (152. mál) 1450.
Afplánunarmál (151. mál) 1444.
Bann við ofbeldiskvikmyndum (141. mál, gildistími) 1378.
Deilur um forræði barna (154. mál) 1453.
Fangelsismál (150. mál) 1441.
Félagsleg þjónusta við foreldra (155. mál) 1466.
Flugfargjöld (117. mál) 1337.
Heildarendurskoðun erfðalaga (134. mál) 1436.
Heimsóknir herskipa og kjarnavopn (79. mál) 1423.
Húsnæðislánastofnanir (157. mál) 1387.
Kosning í áfengisvarnaráð 1333.
Kosning í stjórnarnefnd ríkisspítalanna 1333.
Kosning í stjórn Byggðastofnunar 1465.
Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1333.
Könnun á mikilvægi íþrótta (139. mál) 1340.
Könnun á launavinnu framhaldsskólanema (142. mál) 1355.
Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga (153. mál) 1359.
Launaskattur (137. mál, gjaldskylda) 1370.
Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra (110. mál) 1403.
Lögverndun á starfsheiti fóstra (158. mál) 1400.
Mývatnsrannsóknir (99. mál) 1431.
Norræni fjárfestingarbankinn (70. mál) 1369.
Orkusala erlendis (87. mál) 1425.
Samgöngur á Austurlandi (103. mál) 1334.
Samræming áætlana á sviði samgöngumála (133. mál) 1466.
Skoðanakannanir (147. mál) 1468.
Skyldusparnaður ungs fólks (143. mál) 1438.
Staða list- og verkmenntunar og íþróttakennslu í skólum (136. mál) 1466.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (125. mál, skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.) 1408.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (136. mál, ávöxtun og iðgjaldagreiðslur) 1370.
Um þingsköp 1422 (skrifleg svör við fyrirspurnum); 1458 (staða mála í þinginu); 1483 (fundarboð og fjarvera þingmanna).
Veiting ríkisborgararéttar (163. mál) 1378.
Viðskiptabankar (84. mál, bankastjórar) 1398.
Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu (148. mál) 1478.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1422, 1423, 1464.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 1485, 1487.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 1459, 1464.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 1378, 1389, 1436, 1438, 1442, 1445, 1448, 1451, 1454, 1457.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1439.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1370, 1376, 1408, 1419.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 1426, 1428, 1430.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 1382, 1423, 1432, 1435.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 1424, 1425.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 1405.
Alexander Stefánsson 1352.
Álfheiður Ingadóttir 1374, 1377, 1385, 1453, 1456, 1458.
Árni Gunnarsson 1470.
Benedikt Bogason 1478.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1373, 1423.
Eiður Guðnason 1384.
Ellert Eiríksson 1362, 1406.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1485.
Finnur Ingólfsson 1340, 1352, 1400, 1438, 1441.
Guðmundur Ágústsson 1441, 1443, 1444, 1447.
Guðmundur H. Garðarsson 1348.
Guðrún Agnarsdóttir 1378, 1386, 1437, 1484, 1485.
Guðrún Helgadóttir 1407, 1436, 1437, 1448.
Guðni Ágústsson 1364, 1477.
Halldór Blöndal 1336, 1369, 1475.
Hjörleifur Guttormsson 1335, 1337, 1345, 1353, 1423, 1424, 1430, 1431, 1434.
Hreggviður Jónsson 1344, 1349, 1368, 1398.
Ingi Björn Albertsson 1351, 1448, 1476.
Jóhann Einvarðsson 1366.
Jón Kristjánsson 1334, 1425, 1428, 1430.
Júlíus Sólnes 1387, 1422, 1461.
Karl Steinar Guðnason 1346, 1353, 1367.
Kjartan Jóhannsson 1367.
Kristín Einarsdóttir 1347.
Kristín Halldórsdóttir 1355, 1368, 1411.
Málmfríður Sigurðardóttir 1433.
Níels Árni Lund 1359, 1369, 1415, 1475.
Óli Þ. Guðbjartsson 1417, 1463.
Salome Þorkelsdóttir 1447, 1481.
Skúli Alexandersson 1336, 1372.
Sólveig Pétursdóttir 1403, 1450, 1452, 1455.
Stefán Valgeirsson 1350, 1452, 1460.
Steingrímur J. Sigfússon 1413, 1434, 1458, 1462, 1465, 1466, 1468, 1473.
Svavar Gestsson 1483, 1486.
Valgerður Sverrisdóttir 1383.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1484, 1487.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1475.

SAMEINAÐ ÞING

27. fundur, mánudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi, fyrri umr.

Þáltill. RH, 111. mál. — Þskj. 115.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Þessi tillaga, sem fjallar um mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi, er flutt vegna þess að nauðsyn ber til að hér á landi geti farið fram regluleg mæling á hugsanlegri geislavirkni. Sú mæling verður að fara fram til verndar heilbrigði og til þess að tryggja verðmæti sjávarafla. Þetta kom berlega í ljós fljótlega eftir hið mikla slys í Tsjernóbíl í Sovétríkjunum og má segja að upp úr því hafi verið lagður grundvöllur að því að geislamælingar gætu orðið víðtækari og reglulegri en þær hafa verið til þessa hér á landi.

Á öðrum Norðurlöndum hafa slíkar mælingar farið fram í 30 ár eða svo. Þær fóru að nokkru marki fram um nokkurra ára skeið frá sjötta áratug til hins sjöunda, en ekki hefur verið aðstaða til þess að sinna þessu atriði á fullnægjandi hátt þannig að við höfum rekið okkur á það að hér hefur orðið nauðsynlegt að bæta úr.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa þessa litlu grg. sem þáltill. fylgir. Hún hljóðar svo:

„Eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl í Sovétríkjunum varð fleirum en áður ljóst hvaða þýðingu það hefur fyrir öryggi manna og heilsu að unnt sé að fylgjast reglubundið með geislavirkni í umhverfinu svo og í neysluvörum. Um þetta leyti fóru kaupendur sjávarafurða okkar erlendis að krefjast vottorða um geislavirk efni í afurðunum svo að óyggjandi væri að geislavirkni væri ekki yfir leyfilegu magni. Ljóst var því að þær afurðir væru verðmeiri ef unnt var að láta fylgja öruggt vottorð um geislamælingu.

Íslendingar höfðu ekki yfir að ráða búnaði sem til þessa þurfti. Málið var að nokkru leyst um stundarsakir með lánstækjum erlendis frá og aukafjárveitingu til að ráða eðlisfræðing við Geislavarnir ríkisins. Tekin var ákvörðun þegar í maímánuði 1986 um að fela Geislavörnum undirbúning reglulegra geislamælinga í umhverfi og matvælum. Skömmu síðar voru fengnir hingað til lands sérfræðingar frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni til ráðgjafar í þessu sambandi. Í framhaldi af þessum ákvörðunum gerði íslenska ríkisstjórnin samning við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina um útvegun tækjabúnaðar í þessu skyni. Íslendingar þurfa að sjálfsögðu að standa við sínar skuldbindingar til að unnt sé að nýta þá rausnarlegu aðstoð sem kjarnorkumálastofnunin lætur í té.

Þessi tillaga er flutt til að flýta fyrir því að tæki þessi verði nýtt. Hér er verið að hvetja til fyrirhyggju sem annars vegar varðar heilbrigði landsmanna og hins vegar verðmæti útflutningsafurða okkar."

Mengun eða hætta á geislavirkni getur orðið fjarri þeim stað þar sem orsökina er að finna, eins og kunnugt er, og þess vegna hafa ákveðnar kröfur verið gerðar á alþjóðavettvangi um það að upplýsingar séu gefnar þegar í stað ef kjarnorkuslys verður eða eitthvað það sem veldur hættulegri geislamengun. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ríki skiptist að staðaldri á upplýsingum um niðurstöður reglulegra geislamælinga. Þá er lögð á það áhersla að ríki komi sér saman um staðla sem ákveði hver séu leyfileg mörk hverrar tegundar geislavirkni og séu þá lögð til grundvallar heilbrigðisrök.

Nú er geislun matvæla að vissu marki viðurkennd aðferð til þess að auka geymsluþol en vitanlega þarf að liggja fyrir hve mikil geislun að öðru leyti má vera til að hættulaust sé og í hve mörgum þáttum umhverfis manna eða tegundum matvæla sem menn neyta.

Þessi tillaga er flutt í þeim tilgangi að Alþingi árétti þá skoðun sína að Íslendingar geti sinnt nauðsynlegum verkefnum, að þessu leyti til, til verndar heilsu og verðmætum, svo og til að leggja fram okkar hlut upplýsinga í samstarfi við aðrar þjóðir, samstarfi sem okkur er nauðsynlegt og við njótum góðs af.

Að því er varðar þann tækjabúnað sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin aðstoðar okkur við að fá er það að segja að við þurfum aðeins að leggja fram 7% af verðmæti þeirra, en við þurfum auðvitað að hafa aðstöðu til að hægt sé að nýta þessi tæki. Húsnæði, sem ákvörðun var tekin um fyrir hálfu öðru ári síðan, mun væntanlega verða tilbúið snemma á næsta ári, en það sem á vantar eru viss einfaldari tæki til þess að hin flóknu og dýru tæki, sem kjarnorkumálastofnunin lætur okkur í té, geti komið að fullum notum. Það segir sig sjálft að það er afar óhyggilegt að standa ekki þannig að þessum málum að við nýtum þau miklu verðmæti sem okkur tekst að fá fyrir gott samstarf við alþjóðlega aðila. Það er ljóst að þekkingin er til þessa í landinu, húsnæðisaðstaða verður bráðlega til og það sem á vantar nú í ár er í raun og veru lítil fjárhæð miðað við allt og allt. Það er um að ræða á fjórðu millj. kr. í allt sem á vantar að því er mér telst til. Ég vona auðvitað að þetta leiðréttist nú við meðferð frv. til fjárlaga í þinginu — það sem á vantar er það að fyrir liggi ljós stefnumörkun af hálfu Alþingis um að starfsemi sem þessari sé haldið uppi til frambúðar. Ég ítreka það enn á ný, svo að við getum betur staðið að því að vernda heilsu landsmanna og verðmæti framleiðsluvara okkar.

Ég vil að lokum aðeins minna á það að mál þessi komu til umfjöllunar með öllum þeim ábersluatriðum sem ég gat hér um áðan m.a. á þingi Al-

þjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fljótlega eftir Tsjernóbílsiysið og í vinnu á vegum þeirrar stofnunar hefur verið unnið að þessum málum. Enn fremur liggur fyrir mikið skjal, uppkast að ákvörðun Evrópuráðsins, þar sem einnig eru talin upp atriði sem þýða í raun og veru að hvert ríki er skuldbundið til þess að standa að mælingum á geislavirkni til þess að geta staðið við þátttöku sína í upplýsingastarfi um þetta atriði. Sama gildir um ákvæði í samþykktum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að máli þessu verði frestað á meðan umfjöllun fer fram í nefnd sem væntanlega yrði hv. félmn. Sþ.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Efni það sem þessi þáltill. fjallar um var einnig til umræðu í hv. Alþingi fyrir nokkrum dögum síðan, nánar tiltekið 26. nóv. sl., en þá hafði verið borin fram fsp. um það hvort gerðar væru reglubundnar mælingar á geislavirkni í umhverfi á Íslandi. Í svari mínu við þeirri fsp. kom þá fram að slíkar reglubundnar mælingar væru ekki framkvæmdar í dag, en hins vegar fyrirhugað að hefja þær á næsta ári ef okkur tekst að framfylgja efni málsins eins og gerð er tillaga um í þessari þáltill., þ.e. að staðið verði við það samstarf, það samkomulag sem við höfum náð við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina um að hefja þessar reglubundnu mælingar á næsta ári.

Ég tel að þetta sé afar mikilvægt mál og það er reyndar í kjölfar samþykktar sem gerð var á fundi fyrrv. ríkisstjórnar 23. maí 1986, eins og fram kom í máli hv. frsm. fyrir þessari þáltill., hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Fyrir einu og hálfu ári síðan var sem sagt gerð till. um það í ríkisstjórn að hefja reglubundnar mælingar og Geislavörnum ríkisins falið að vinna að þeim undirbúningi í samvinnu við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina. Við höfum þegar þegið tækniaðstoð frá þeirri stofnun að upphæð um 25 þús. bandaríkjadala. Áætlað er að heildarstuðningur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar við þessar mælingar gæti numið 11 millj. íslenskra króna þannig að eins og fram kom hjá hv. frsm. er það ekki stór upphæð sem við þurfum að leggja í þetta. Það er áætlað að við þurfum að kaupa stofnbúnað fyrir u.þ.b. 2,5 millj. kr. og ráða til starfa eðlisfræðing til að vinna að þessum rannsóknum og þar með auðvitað að áætla fyrir launum hans og starfskostnaði í fjárlögum, þannig að þarna er um að ræða eitthvað á fjórðu millj. kr.

Vegna öryggis og verndunar heilbrigðis almennings og m.a. vegna eftirlits á útfluttum sjávarafurðum er okkur nauðsynlegt að fylgjast með geislavirkni í umhverfinu og taka í því skyni upp reglubundnar mælingar.

Þetta vildi ég aðeins láta fram koma. Þetta var reyndar búið að koma hér fram áður sem svar við fsp., en ég tel að hér sé hreyft mikilvægu máli. Ég hef þegar komið þeim óskum á framfæri við fjvn. Alþingis að hækkaðar verði fjárveitingar til Geislavarna ríkisins til þess að standa við þann kostnað sem við þurfum að leggja út vegna þessara mælinga á geislavirkni. Ég tel það mjög brýnt og tek því undir efni þáltill., og vonast til þess að reglubundnar mælingar á geislavirkni verði hægt að hefja fljótt á næsta ári, fáum við þessar fjárveitingar og þegar stofnunin hefur fengið það húsnæði sem henni er ætlað að starfa í.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir efni þessarar þáltill. um mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi. Hér er mikilsvert mál á ferðinni, hluti af stóru máli sem ítrekað hefur borið á góma hér á Alþingi síðustu vikur, og það er engin tilviljun vegna þess að menn gera sér æ ljósar hvaða þýðingu það hefur, ekki aðeins fyrir heilbrigði okkar hér, heldur ekki síður fyrir útflutningsafurðir okkar og verndun íslenskra sjávarauðlinda að við stöndum gegn geislamengun í umhverfi og fylgjumst sem nánast með öllum þeim þáttum sem þar að lúta.

Það verður að treysta því að hv. fjvn. sjái til þess að þær fjárveitingar sem hér er um að ræða, sem reyndar eru ekki háar miðað við þýðingu málsins, verði tryggðar á fjárlögum komandi árs. Það er í rauninni ekki forsvaranlegt að taka við aðstoð erlendis frá og láta síðan okkar hlut eftir liggja eins og yrði ef ekki yrði tryggt að þau þau tæki, sem notuð eru til þessara mælinga og hafa verið fengin frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í þessu skyni, geti verið hér áfram og Geislavarnir ríkisins geti annast þessa starfsemi. Ég vil í þessu sambandi minna á till. til þál. sem flutt er af þm. úr fimm þingflokkum varðandi hættuna á kjarnorkugeislamengun frá endurvinnslustöðinni í Dounreay í Skotlandi. Sú till. er nú til meðferðar í hv. utanrmn. og ég vænti þess að það líði ekki á löngu áður en nefndin tekur afstöðu til þess máls. Það er hluti af því máli sem við erum í rauninni að fjalla hér um, að verja okkar umhverfi gegn geislamengun, tryggja að Ísland verði í reynd og íslenskt umhverfi mengunarlítið, mengunarlaust helst, og að við höldum uppi sem bestum orðstír í þessu efni. Það mun áreiðanlega margborga sig þegar tímar líða.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka fyrir undirtektir við þessa tillögu og vonast til þess að við stöndum þá ekki andspænis því aftur að það gleymist í fjárlagafrv. að gera ráð fyrir þeim einfalda búnaði sem þarf til þess að geta notfært okkur aðstoð, jafnmikilvæga og þá sem þessi till. fjallar um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

16. fundur, mánudaginn 7. des.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Norræni fjárfestingarbankinn, 3. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa undrun minni á því að 2. dagskrármálið, stjfrv. um stjórn fiskveiða, sé tekið á dagskrá nú í hv. deild. Ég hef ekki orðið var við að málinu hafi verið hraðað svo á undanförnum vikum og mánuðum að nauðsynlegt sé að nú gefist ekki tími til þess að fjalla um málið lítillega í þingflokkum áður en það er rætt hér í deildinni. Ég tel einnig óeðlilegt að þetta mál lendi í þannig lagaðri umræðu að hún slitni í sundur. Ég legg því til og óska eftir því að þessari umræðu verði frestað og að umræðan verði hér í deildinni á morgun þannig að hún geti orðið samfelld og að þingflokkar hafi svigrúm til þess að fjalla um málið á þingflokksfundum nú á eftir.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég verð að lýsa svolítilli furðu á ósk hv. 4. þm. Vesturl. varðandi meðferð þessa máls. Ég veit ekki hvernig hann ætlast til að þessi umræða fari fram eigi hún alltaf að vera samfelld. Ég held að það hljóti að taka töluvert langan tíma að ræða þessi mál í þessari hv. deild, og ég held að óhjákvæmilegt sé, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að umræðan slitni eitthvað í sundur. Síðan veit hv. þm. það jafnvel og við öll hin að um þetta mál er auðvitað búið að fjalla mjög ítarlega á ýmsum vettvangi. Hann hefur sjálfur átt sæti í svokallaðri samráðsnefnd sem hefur haldið marga fundi og ég verð að segja það að hafi þingflokkur Alþb. ekki enn þá fjallað um þetta mál kemur það mér afar mikið á óvart. Ef það er notað nú til þess að tefja málið enn frekar að þingflokkur Alþb. þurfi að ræða málið sérstaklega kemur það mér afskaplega spánskt fyrir sjónir. Ég heyrði í fjölmiðlum um helgina að Alþb. væri nýbúið að gera miklar ályktanir um fiskveiðistefnu. Og ég held að það sé ekki nokkur leið, með nokkrum rökum, að fallast á þessar óskir. Ég held að öllum sé fyrir bestu að þessu máli sé flýtt og umræða um það hefjist nú í dag. En umræðunni þarf auðvitað ekki að ljúka í dag. Það þarf ekki að afgreiða málið til nefndar í dag. Og ég stóð satt að segja í þeirri meiningu að um það hefði verið gert óformlegt samkomulag að ósk stjórnarandstöðunnar. Ég átta mig því hreint ekki á þessum beiðnum. Þegar það er sagt að ekki megi ræða málið í dag vegna þess að það þurfi að ræða það í þingflokkunum finnst mér það satt best að segja alveg óskiljanlegt.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil upplýsa að það var gert samkomulag í morgun á milli forseta og formanna þingflokkanna um að málið yrði rætt hér en umræðum yrði ekki lokið. Þær hæfust aftur á réttum fundartíma á morgun. Jafnframt var um það samið að sjútvn. tæki til starfa strax í fyrramálið.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir skoðun hv. 4. þm. Vesturl. um að þetta mál ber að með mjög óvenjulegum hætti. Það er rétt sem kom fram í máli hans að það er búið að eyða ómældum tíma í að vinna að frv. í Stjórnarráðinu og í sérstakri ráðgjafanefnd um mótun fiskveiðistefnu. Það var hins vegar ekki fyrr en á fimmtudaginn var og raunverulega ekki fyrr en á föstudaginn að frv. var lagt fram. Þá fyrst gafst þm. kostur á að fara að kynna sér efnisinnihald þess. Þá voru margir þm. farnir í helgarfrí og það er fyrst í morgun að þm. hafa komið saman til þess að ræða um sameiginlega afstöðu í þingflokkunum til þessa frv. Því hefði verið eðlilegra að leyfa þm. að ræða þetta á þingflokksfundum í eftirmiðdag og taka málið fyrst á dagskrá á morgun. Ég vil heils hugar taka undir orð hv. 4. þm. Vesturl. hvað þetta varðar.

Ég var á fundi rétt eftir hádegið með forsetum þings og þingflokksformönnum. Ég varð því miður að víkja af þeim fundi, þannig að ég vissi ekki hvernig málið var leitt til lykta þar. Það kann að vera að gert hafi verið samkomulag um að umræðunni skyldi ekki ljúka í dag, en mér kemur það spánskt fyrir sjónir að sjútvn. skuli engu að síður byrja að fjalla um frv. strax í fyrramálið. Ég tel að eðlilegast væri nú að fresta þessari umræðu til morguns og hefja hana þá sem fyrsta mál á dagskrá.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 201.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um meðferð þessa máls tek ég fram

að það er ekki í fyrsta skipti sem plögg sem eru svipuð frv. sem hér er lagt fram koma fyrir augu þm. Það er mjög langt síðan frumdrögum að þessu frv. var dreift meðal allra þm. og í síðustu viku var einnig dreift öðrum drögum. Menn hafa rætt hér um þetta mál eins og það standi til í dag að fara að afgreiða það frá deildinni. Ég sé ekki betur en að það séu allir möguleikar fyrir hv. þm. að tjá sig um málið bæði við 1. umr. og einnig eftir að það kemur frá nefnd og á meðan það verður í nefnd. Ég get því ekki séð að það ætti að saka þótt umræðan hefjist í dag.

Ég skal, herra forseti, reyna að greiða fyrir umfjöllun um málið af minni hálfu með því að hafa sem stysta framsögu um það. Það er hins vegar full ástæða til þess að hafa um það mjög langt mál því hér er um afar þýðingarmikið frv. að ræða sem snertir hagsmuni hvers einasta byggðarlags í landinu og þar með nánast hvern einstakan þjóðfélagsþegn. Hins vegar hefur verið mjög mikil umfjöllun um málið í þjóðfélaginu að undanförnu. Hin ýmsu hagsmunasamtök hafa fjallað um það og ég vænti þess að einstökum þingflokkum hafi gefist tækifæri til þess að fjalla ítarlega um það þótt ég sé ekki að draga úr því að ítarleg umfjöllun verði þar eftir sem áður á næstu dögum.

Frv. sem hér kemur fram byggir að miklu leyti á þeirri reynslu sem við höfum af stjórnun fiskveiða á undanförnum árum. Fyrir árið 1984 voru afgreidd heimildarlög til að stjórna fiskveiðum með öðrum hætti en áður hafði verið gert og sambærileg lög voru síðan sett fyrir árið 1985. Síðan verður breyting á en fyrir árið 1986 og 1987 voru sett lög þar sem öll meginatriði stefnunnar voru tekin inn í löggjöf. Löggjöfin sem hafði verið þar á undan var rammalöggjöf sem veitti ráðherra mjög víðtækar heimildir en hins vegar varð breyting á með lögunum fyrir 1986 og 1987. Það frv. sem hér kemur fram byggir að miklu leyti á þeim lögum en hins vegar verða þar margvíslegar breytingar þar sem miðað er við að taka helstu galla af því kerfi sem ríkt hefur. Við skulum hins vegar gera okkur fulla grein fyrir því að fiskveiðistjórnun með þeim hætti sem nauðsynlegt er að reka hana verður aldrei gallalaus. Það virðist vera um það víðtæk samstaða að það þurfi að stjórna fiskveiðunum og þess vegna ætti það ekki að vera deilumál.

Núverandi fiskveiðifloti er stærri en afrakstursgeta fiskistofnanna þolir, en samt er ásókn í fjölgun skipa og það er mikil ásókn í að stækka skipin. Það er því alveg ljóst að það er þörf á tvenns konar takmörkunum, annars vegar takmörkunum á því að flotinn stækki og hins vegar takmörkunum á veiðiheimildum þess flota sem við eigum. Þá vakna að sjálfsögðu upp þær spurningar hvers konar stjórnun eigi að vera. Þar hefur einkum verið rætt um tvö meginkosti. Í fyrsta lagi almennar sóknartakmarkanir, þ.e. heildarkvóta í veiðunum með einhvers konar skrapdagakerfi sem svo hefur verið nefnt eða sérstakar veiðiheimildir til einstakra aðila er nefnt hefur verið kvótakerfið.

Það er nauðsynlegt að spyrja sig í því sambandi hvor leiðin sé líklegri til þess að ná þeirri takmörkun á heildarafla sem stefnt er að í fyrsta lagi og í öðru lagi hvaða leið sé líkleg til að stuðla að hagkvæmri sókn. Það er enginn vafi á því, að mínu mati, að seinni leiðin, þ.e. sérstakar veiðiheimildir til einstakra aðila, hefur mikla kosti og öll úttekt sem gerð hefur verið á málinu færir að því rök. Ég nefni þá úttekt sem fram hefur farið á vegum Háskólans, Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila. Það er álit þeirra að þessi leið sé áberandi miklu hagkvæmari. Það er því enginn vafi að við höfum stefnt í rétta átt á undanförnum árum og það er nauðsynlegt að byggja á þeim grunni áfram.

Þegar rætt er um það hvaða fyrirkomulag fiskveiðanna er hagkvæmast er að sjálfsögðu nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því hverju sú stjórnun sem við bjuggum við áður, hefði hún verið framlengd, hefði skilað. Menn hafa í því sambandi bent á að afli hafi farið verulega fram úr þeim viðmiðunarmörkum sem sett voru á sínum tíma og þess vegna hafi stjórnunin ekki tekist eins og stefnt var að og einnig hafi hún ekki verið nægilega hagkvæm.

Við hljótum að spyrja okkur hvernig ástandið væri ef við hefðum haldið áfram á sömu braut. Það er enginn vafi á því að hefði verið haldið áfram með svokallað skrapdagakerfi hefðu jafnframt komið upp margvísleg vandamál og menn hefðu kallað á sveigjanleika í kerfinu. Ef t.d. stjórnvöld hefðu viljað standa við þau viðmiðunarmörk sem sett eru á hverjum tíma og stöðvað veiðarnar þegar heildarkvótum hefur verið náð hefðu komið upp margvísleg vandamál og ég á von á því að það hefði verið erfitt að standast þann þrýsting. Því hefur t.d. verið haldið fram að einstakir landshlutar hafi farið illa út úr þessari stjórnun. Þar hefur m.a. verið vitnað til Suðurnesja og því haldið fram að sá landshluti hafi farið verr út úr þessari stjórnun en margir aðrir. Í því sambandi er rétt að rifja það upp að vetrarvertíðar á Suðurnesjum hafa því miður verið mjög rýrar á undanförnum árum. Og ef þeir aðilar hefðu þurft að taka þátt í samkeppni um heildarkvóta er ég ekki í nokkrum vafa um að sá landshluti hefði farið enn verr út úr skiptingunni en raun ber vitni. Að sjálfsögðu er ekkert hægt að fullyrða um þetta mál, en allar líkur benda til að svo hefði orðið.

Það hefur að sjálfsögðu verið reynt víða í heiminum að skipuleggja fiskveiðar með þeim hætti að takmarka aðeins heildarsókn og heimila áframhaldandi stækkun fiskiskipaflota. Þótt það hafi oft verið nefnt áður og ég hafi oft vitnað til þess er frægasta dæmi slíks skipulags lúðuveiðar í Alaska sem ég nefni enn á ný. Þeim er þannig háttað að þar var aðilum heimilað að stunda þær veiðar og ótakmark-

aður aðgangur að þeim sem endaði með því að það er heimilt að veiða lúðu einn dag í mánuði. Þá veiðist allmikil lúða og markaðirnir fyllast af þeim fiski. En auðvitað er hér um mjög óhagkvæmar veiðar að ræða og óhagkvæmar markaðslega líka.

Ég minni jafnframt á þau vandamál sem Efnahagsbandalagið stendur nú frammi fyrir. M.a. höfum við í fjölmiðlum orðið vör við þá miklu ólgu sem er í Danmörku. Þeir veiða einmitt úr heildarkvótum, og nú eru allar veiðiheimildir löngu búnar og þar af leiðandi er lítill sem enginn afli í Danmörku sem kemur sér illa fyrir fiskiðnað þeirra og að sjálfsögðu jafnframt fyrir þá sem stunda veiðarnar. Það er því enginn vafi á því að hinar ýmsu þjóðir sjá nú smátt og smátt kosti þess að stýra veiðum með kvótum á skip eða einstökum veiðiheimildum til aðila, hvort sem viðmiðunin er skip eða með öðrum hætti. Öll þróunin er í þessa átt, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Auðvitað er hér um mikla breytingu að ræða. Það er mikil breyting að þurfa að ganga í gegnum það að hin einstöku byggðarlög geti ekki fjárfest í skipum eftir því sem aðilar telja hagkvæmt. Það er mikil breyting, sem þarf að sætta sig við, að draga úr veiðiheimildum einstakra skipa. Þetta er hins vegar staðreynd og þar kemur til mikil tækni sem hefur gengið yfir heiminn og okkar land. Þessi tækni er nýtt til veiða og gerir það að verkum að flotinn verður svo afkastamikill að ekki ræðst við nema með takmörkunum. Heildartakmarkanir koma þar vissulega til greina, en þær eru miklu óhagkvæmari og þess vegna verður ekki hjá því komist, ef við berum þjóðarhag fyrir brjósti, að takmarka veiðarnar miðað við einstaka aðila.

Ég vildi þá, herra forseti, snúa mér að frv. og fara stuttlega yfir helstu atriði þess. Meginatriði þess koma að sjálfsögðu fram í hinum einstöku greinum.

Í 1. gr. frv. er fjallað um að fiskistofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og markmið laga þessara að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Hér er um nýmæli að ræða og má að sjálfsögðu um það deila hvort slíkt ákvæði sé í sjálfu sér nauðsynlegt. Ég hef aldrei verið í neinum vafa um að við eigum þetta land og við eigum gögn þess og gæði. Ég býst við að allir Íslendingar séu sammála um það og þurfi ekki að vera í neinum vafa þar um. Hitt er svo annað mál að það er oft ítrekað í löggjöf og þar tekið fram og það er ekkert nema gott um það að segja og góður svipur á því að ítreka þessa sjálfsögðu hluti.

Það er að sjálfsögðu markmið þessara laga að vernda fiskistofnana og reyna að nýta þá á sem hagkvæmastan hátt þannig að byggðin í landinu öllu geti verið sem traustust. Ég er ekki í neinum vafa um að það kvótakerfi sem við höfum búið við tryggir byggðina í landinu miklu betur en önnur regla í sambandi við stjórn fiskveiða. Við munum ekki leysa þetta mál með hömlulausri samkeppni milli einstakra aðila, einstakra skipa, milli staða innan landshlutanna og landshlutanna sjálfra. Það mun ekki stuðla að traustri atvinnu og byggð í landinu. Það mun miklu frekar verða til þess að hún veikist og leggist niður á einstökum stöðum. Þess vegna er skipulag veiðanna grundvallaratriði ef við viljum treysta atvinnuna og byggðina í landinu. Það sem á eftir fer í frv. byggir á þessum staðreyndum.

Í 2. gr. frv. kemur fram að sjútvrh. skuli á ári hverju ákveða í reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum. Aflinn hefur farið vaxandi á undanförnum árum þó hann hafi alls ekki náð því hámarki sem áður var. Afli á árinu 1981 var t.d. 460 þús. lestir en á árinu 1983 var hann kominn niður fyrir 300 þús. tonn. Á árinu í ár var stefnt að 350 þús. tonna afla eða um það talað, en þó virðist vera að hann muni fara yfir 380 þús. lestir. Það hafa að vísu verið nefndar tölur allt að 390 þús. lestir, en ég vil leyfa mér að efast um að sá afli muni nást.

Það er enginn vafi á að miðað við að sterkustu árgangarnir eru tiltölulega ungur fiskur er mikilvægt að dregið verði úr afla á næsta ári þannig að ungviðið fái betur að vaxa upp. Það þýðir að sjálfsögðu að tekjur sjávarútvegsins minnka og þar með tekjur samfélagsins í heild og mun því á okkur reyna eins og oft áður hvort við getum staðið undir því að draga úr veiðinni og leggja nokkuð á okkur til að styrkja fiskistofnana. Það hefði vissulega verið æskilegt að sá niðurskurður yrði allverulegur. Það er hins vegar ekki hægt að ákveða hvað hann skuli vera mikill fyrr en fyrir liggur hvaða heimildir verði til að stjórna veiðunum. Ég hef nefnt tölur eins og 10% í þorskveiðinni og finnst mörgum að þar sé um lágmark að ræða. Hitt er svo annað mál að við verðum að meta jafnframt hvað við getum lagt á þjóðfélagið í þessu sambandi og hvað við getum lagt á þá aðila sem eru að reyna að skaffa fisk á markaðina. Það er mikil eftirspurn eftir fiski um þessar mundir og því mjög hagkvæmt að selja fisk á hinum ýmsu mörkuðum. Það er að sjálfsögðu lykilatriði ekkert síður en fiskistofnarnir. T.d. er það svo að síldarstofnarnir eru nú í örum vexti sem betur fer og það eru líkur á að hægt verði að auka síldveiðina eitthvað á næstu árum, en það er til lítils ef markaðir eru ekki fyrir hendi.

Í 4. gr. er fjallað um stærð fiskiskipaflotans þar sem kemur fram að þau skip komi eingöngu til greina við veiðarnar sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97, um botnfiskveiðarnar 1986–1987, en þar er um að ræða svokölluð raðsmíðaskip.

Það hefur verið mikil ásókn og margar fyrirspurnir um hvort ekki sé heimilt að fjölga skipum. Í því sambandi má nefna aðila sem misst hafa skip sín fyrir þennan tíma, aðila sem hafa úrelt skip sín fyrir þennan tíma og byggðarlög sem hafa lent í margvís-

legum vandkvæðum. Lögin gera ekki ráð fyrir að slíkt sé heimilt, en heimila hins vegar að eldri skipum sé skipt út og flotinn endurnýjaður. Þar er hins vegar gert ráð fyrir að um sambærileg skip sé að ræða þannig að afkastageta flotans aukist ekki.

Hér er um mjög vandmeðfarið mál að ræða því að tækni fer vaxandi og allur aðbúnaður og meðferð á afla hafa breyst. Það hafa því verið settar sérstakar viðmiðunarreglur í þessu sambandi sem mörgum þykja þröngar vegna þess að aðbúnaður manna hafi breyst mikið og meira pláss þurfi fyrir áhöfnina og einnig þurfi mun meira pláss fyrir aflann ef eigi að koma við þeirri breyttu meðferð sem nú tíðkast á aflanum, en þar hefur orðið mikil breyting til batnaðar sem betur fer.

Hitt er að sjálfsögðu aðalatriðið að það sé reynt að sporna sem mest við því að flotinn stækki og verði afkastameiri, en það er erfitt að koma í veg fyrir það og að sjálfsögðu ekki æskilegt að koma í veg fyrir að ný tækni og breytt vinnubrögð séu tekin í notkun, en það setur meiri þrýsting á stjórnunina sjálfa og þær veiðitakmarkanir sem eru settar á einstök skip. Ef afkastageta flotans eykst verulega þýðir það einfaldlega að meir reynir á aflamörkin og þá veiðidaga sem heimilaðir eru.

5. gr. fjallar um aflamark og sóknarmark og það álag sem leggst á útfluttan sjávarafla ef hann er fluttur óunninn úr landi, en 8. gr. fjallar jafnframt um sóknarmarkið og vildi ég gera grein fyrir þessum greinum frv. saman.

Það hefur verið höfð sú skipan að hin einstöku skip hafa getað valið á milli aflamarks og sóknarmarks. Þessi skipan var tekin upp sem eins konar málamiðlun milli þeirra sjónarmiða að það væri ekki mögulegt að festa skipin í þær viðjar sem viðmiðunin á árunum 1981–1983 hneppti hin einstöku skip í. Þar hefðu orðið miklar breytingar og þess vegna þyrftu skipin og þeir aðilar sem gera þau út að hafa möguleika til að vinna sig frá þeirri viðmiðun. Sóknarmarkið hefur verið leið þessara aðila til að gera það og einnig hefur það verið leið þeirra sem einhverra hluta vegna hafa lent í óhöppum og erfiðum rekstri á þessum viðmiðunarárum og þeir hafa því getað bætt sinn hlut allverulega.

Hins vegar hefur þessi sveigjanleiki orðið til þess að fleiri og fleiri hafa valið þennan kost og talið sér hag af því að stunda veiðarnar samkvæmt sóknarmarkinu. Það hefur orðið til þess að veiðin hefur farið fram úr þeim mörkum sem að var stefnt og því er óhjákvæmilegt að draga úr þessum möguleika. Það er gert ráð fyrir því að nú verði einungis heimilt að velja aflamark og síðan sóknarmark þannig að það geti bæst 10% við aflamarkið. Hins vegar hafi þetta sóknarmark ekki þau áhrif að það skerði aflamark þeirra skipa sem það völdu. Þetta er að sjálfsögðu mikilvægt, en hins vegar getur hvert og eitt skip farið 10% fram úr aflamarkinu á ári hverju án þess að hafa tryggingu fyrir því að það hafi áhrif til neinnar verulegrar hækkunar á aflamarki árið eftir.

Að sjálfsögðu má hugsa sér það að hafa þetta sóknarmark rýmra, en þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því og hafa aflamarkið þeim mun minna í upphaflegri úthlutun og hlýtur því að koma fyrst og fremst við aflamarksskipin ef það er gert og verða þá til þess að mun fleiri velji sóknarmark en ella. Ég minni á í þessu sambandi að á árinu 1984 völdu flest skipanna aflamark, tiltölulega mjög fá sóknarmark, en á sl. ári valdi mjög stór hluti flotans sóknarmark vegna þess að menn sáu einfaldlega mun meiri möguleika samkvæmt því kerfi. Þetta hefur líka leitt til þess að sóknin er ekki eins hagkvæm og hún var áður. Sóknarmarkið hvetur til meiri keppni á milli aðilanna og þar af leiðandi er fiskurinn sóttur með meiri kostnaði.

Í 5. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að aflamark skuli reikna þannig út og sóknarmark líka að það sé sett álag, allt að 15%, þegar metið er hvenær aflahámarki skips sé náð hverju sinni þegar um er að ræða óunninn fisk sem fluttur er á erlendan markað. Þessi viðmiðun var 10% áður og um hana hafa verið allmiklar deilur.

Það er að sjálfsögðu álitamál hversu hátt þetta álag á að vera. Hins vegar fer ekki milli mála að við stefnum að því að vinna sem mest af þeim afla sem berst á land í landinu sjálfu og skapa sem mest verðmæti innan lands og sem flestum atvinnu við þau störf. Það er ekki óeðlilegt þegar draga þarf afla saman að sá samdráttur komi í meira mæli við þá sem flytja aflann óunninn á markað erlendis en þá sem vinna að honum hér innan lands.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir að það skuli koma sérstakt 10% álag á þann afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi aflinn ekki verið veginn hér á landi skv. nánari reglum. Það hefur verið sú skipan að miðað hefur verið við þá vigtun sem á sér stað erlendis. Hér gætir ósamræmis og þess vegna er nauðsynlegt að verði breyting á. Væntanlega munu viðkomandi aðilar ekki verða beint fyrir þessari skerðingu heldur munu þeir sjá hag sinn í því að vigta aflann áður en hann er sendur úr landi skv. nánari reglum sem setja þarf.

Þetta ákvæði á þó ekki við þá sem flytja afla með veiðiskipum sínum á erlendan markað, en alveg frá fyrstu tíð hefur verið sá háttur á að þessi afli hefur verið veginn erlendis og ekki hægt að koma því við með öðrum hætti. Hins vegar hefur svokallaður gámaútflutningur eða útflutningur á fiski með öðrum hætti en áður var aukist á því tímabili sem þessi stjórnun hefur náð yfir, en útflutningur á óunnum fiski með gámum fyrir þann tíma var nánast enginn. Hins vegar hefur alltaf viðgengist að veiðiskip sigldu með afla á erlendan markað og sá útflutningur hefur í sjálfu sér ekki vaxið neitt sem heitið getur á undanförnum árum. Hann hefur verið nokkuð jafn.

Í 9. gr. frv. er fjallað um heimildir til að flytja aflamark á milli tegunda og milli ára, en þar er nokkur sveigjanleiki í veiðistjórnuninni. En þó eru þær heimildir þrengdar. T.d. var heimilt að flytja allt að 10% af heildarafla yfir í þorskaflaheimildir,

en í 9. gr. er gert ráð fyrir að þessi heimild sé skert, að hún verði 5%. Tilgangur þessarar skerðingar er einfaldlega sá að gera líklegra að staðið verði við þau aflamörk sem sett eru án þess að afnema þann sveigjanleika sem er nauðsynlegt að sé í þessari stjórnun.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir að það sé heimilt að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar yfir á næsta ár, það er að geyma sér aflaheimildir til ársins á eftir, en veiða allt að 5% umfram á ári hverju og taka það af aflaheimild ársins á eftir. Þessar heimildir eru óbreyttar og hafa sem sagt litlar breytingar orðið á 9. gr. frá því sem nú er.

10. gr. fjallar um veiðar smábáta, þ.e. báta sem eru minni en 10 brúttólestir, en um þennan flokk báta hafa orðið miklar umræður og allverulegar deilur, svo ekki sé meira sagt. Veiðar þessara báta hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum. Þar kemur að sjálfsögðu margt til. Hafnaraðstaða hefur batnað víða um land og er enn þá að batna og það gerir mögulegra að stunda slíka útgerð. Veiðistjórnunin hefur ýtt undir fjárfestingu í bátum sem þessum, en þeir hafa búið við miklu meira frelsi en annar hluti flotans. Hins vegar eru margar ástæður fyrir þessu frelsi eins og það að þeir eru að sjálfsögðu háðari veðrum og vindum og þar af leiðandi takmarkast veiðar þeirra meir af því hvernig ástatt er að því leytinu til í landinu.

Nú er það svo að hér hefur verið einstök veðurblíða undanfarin ár miðað við það sem við megum oft venjast og þar af leiðandi hefur útgerð þessara báta gengið vel í flestum tilvikum. Það voru settar um veiðar þessara báta allstrangar reglur í upphafi og tillögur um það. Þær hafa ávallt fengið mikla umfjöllun hér á Alþingi og mikil tilhneiging verið til þess við meðferð þessa máls að líta sérstaklega til þessara báta. Hins vegar eru að sjálfsögðu takmörk fyrir því hvað hægt er að ganga langt. Bátunum hefur fjölgað mjög mikið, enda hafa engar takmarkanir verið á fjölgun þeirra og engin heimild til slíks, og margt annað hefur valdið þessari aukningu. Það má gera ráð fyrir að þorskafli þessara báta fari verulega umfram 30 þús. tonn í ár án þess að nákvæmar tölur liggi þar fyrir og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að afli þeirra aukist enn ef ekkert er að gert. Auðvitað má gera það með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi með því að stöðva fjölgun og banna frekari byggingu og kaup á slíkum bátum. Í þessu frv. er farin sú millileið að það er ekki heimilt, ef þessi frumvarpsgrein verður að lögum, að endurnýja bát sem er stærri en 6 brúttólestir nema annar sambærilegur hverfi í staðinn. Hins vegar er ekki sett slíkt ákvæði um minni báta. Tillögur hafa komið fram um að slíkt skuli gert og ekki sé heimilt að kaupa minni báta nema annar sambærilegur hverfi í staðinn.

Það er að sjálfsögðu álitamál hversu langt skuli ganga í þessum efnum, hvort á að setja þá reglu að enginn geti keypt sér litla trillu eða smíðað litla trillu án þess að önnur hverfi í staðinn. Það eru vissulega rök með því að það skuli gert. Hér eru ekki gerðar tillögur um það og þykir nóg að gert í stjórnun og ráðsmennsku með flotann þótt ekki verði jafnframt farið að taka upp ákveðna stjórnun á þessum bátum og enginn geti fengið sér smáhorn án þess að benda á annað sem hverfi í staðinn. Það útheimtir jafnframt mikið eftirlit að fylgjast með því að bátur hverfi ávallt út í stað annars og því höfum við ekki gert tillögu um það.

Það er hins vegar gert ráð fyrir að bátum undir 6 brúttólestum sé heimilt að stunda handfæra- og línuveiðar án takmarkana nema þeir séu undir ákveðnum dagatakmörkunum sem koma fram í d-lið. Stærri bátar hafa heimild til að stunda aðrar veiðar, eins og netaveiðar, en eru háðir aflaheimildum, þ.e. ákveðnum kvótum. Ef þeir sem eiga minni báta en 6 brúttólestir hafa stundað netaveiðar á undanförnum árum geta þeir jafnframt fengið heimild til þess, enda gangist þeir þá undir að vera háðir sambærilegum ákvæðum og þeir sem eiga báta yfir 6 brúttólestum. Þessir aðilar geta fengið veiðiheimild sem er byggð á veiðireynslu þeirra á árunum 1986 og 1987 og þeir eru þá jafnframt undanþegnir veiðibönnum skv. b-lið og geta sótt þann afla eftir því sem þeir telja hagkvæmast án tillits til þeirra daga sem ég áður gat um.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þessa 10. gr. Ég á von á því að þær nefndir sem fá málið til umfjöllunar fari rækilega ofan í það. Ég vil hins vegar benda á að það verður ekki hjá því komist að takmarka afla þessara báta og gera það með sambærilegum hætti og um annan hluta flotans. Auðvitað má lengi um það deila hvað sé sanngjarnt í þessu efni, en það er engin leið að víkjast undan því að veiðum þessara skipa sé stjórnað með einhverjum sambærilegum hætti og að því er varðar önnur skip.

12. gr. fjallar um sérveiðar almennt, m.a. um rækjuveiðar. Það er e.t.v. mesti vandi sem við nú stöndum frammi fyrir að taka upp ákveðnar reglur um rækjuveiðarnar. Það hafa verið þær veiðar sem hægt hefur verið að vísa skipunum í. Þessar veiðar hafa verið arðbærar og margir hafa getað bætt sinn hlut mjög verulega með því að stunda rækjuveiðar. Hinu er ekki að leyna að ýmsir þeirra hafa fjárfest nokkuð ótæpilega í veiðibúnaði að því er varðar rækju, sett frystitæki um borð í sín skip og stækkað skipin, bæði með lengingum og með endurnýjunum, í þeirri von að hægt væri að stunda rækjuveiðarnar af fullum krafti í framtíðinni. Því miður er ekki um það að ræða og því verður ekki hjá því komist að taka upp sambærilegar takmarkanir á rækjuveiðum og að því er varðar aðrar veiðar. Þetta er hins vegar miklum vandkvæðum bundið af ýmsum ástæðum og á eftir að fjalla nánar um það, m.a. í reglugerð. Það er um tiltölulega opna heimild að ræða í þessari frumvarpsgrein. Ástæðan er einfaldlega sú að ekki hefur fengist sama reynsla við stjórnun rækjuveiðanna og botnfiskveiðanna og því er ekki hægt að setja upp eins nákvæma lagagrein um það efni og

æskilegt væri. Þegar fram líða stundir hlýtur það hins vegar að breytast með sama hætti og ekki var hægt í upphafi að setja nægilega nákvæm lög um botnfiskveiðarnar.

13. gr. fjallar um framsal á milli aðila, þ.e. heimild til að færa aflamark á milli skipa. Þessar heimildir eru sambærilegar þeim sem áður voru að öðru leyti en því að ráðherra er heimilt að setja sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda milli skipa. Hér er um ákvæði að ræða sem er sjálfsagt að hafa í lögum og reyndar nauðsynlegt, en hins vegar þarf að ríkja varkárni í beitingu þessarar heimildar. Það er viðkvæmt mál að færa loðnuheimildir, skelveiðiheimildir, humarveiðiheimildir, síldveiðiheimildir o.s.frv. milli ólíkra skipaflokka og þess vegna þarf að fara varlega í það, en í einstökum tilvikum getur það verið mjög æskilegt og nauðsynlegt til að stuðla að sem mestri hagkvæmni í veiðunum.

Framsal aflamarks á milli skipa hefur verið deilumál frá upphafi, en ef stefna á að meiri hagkvæmni í veiðunum verður ekki hjá því komist að mínu mati að slíkar heimildir séu fyrir hendi. Hér er hins vegar um viðkvæmt mál að ræða og þess vegna eðlilegt, eins og kemur fram í greininni, að það sé annar háttur hafður á í þessu efni þegar um er að ræða flutning milli byggðarlaga. Eins og fram kemur er slíkur flutningur óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Aflamark hefur verið flutt með þessum hætti á milli sveitarfélaga, en ávallt hefur verið leitað umsagnar sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags og í langflestum tilvikum farið eftir því, en þó hafa einstakar stjórnir sjómannafélaga haft þá afstöðu að þær muni aldrei mæla með slíkum flutningi af prinsippástæðum og þá hefur ekki verið farið eftir þeirra áliti. Það stóð ekki til að spyrja þær um það því að andi laganna er sá að þetta skuli heimilað nema sérstakar aðstæður mæli á móti því, en aldrei hefur verið heimilað að flytja slíkan afla svo að ég muni gegn umsögn sveitarstjórnar.

Ég vildi að lokum aðeins koma inn á ákvæði til bráðabirgða, þ.e. það ákvæði sem varðar endurskoðun laganna og samráð um setningu reglugerðar. Það liggur ljóst fyrir að ef það verður samþykkt að lög þessi gildi til fjögurra ára, sem er mjög mikilvægt, mun þurfa að huga að endurskoðun þeirra sem allra fyrst. Í Ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir því að sérstök nefnd hefji það starf og skili áliti eigi síðar en haustið 1989. Með því ætti að vera tryggt að tillögur um breytingar liggi fyrir það haust, en nauðsynlegt er að breytingar séu undirbúnar tímanlega og þær teknar til umfjöllunar á Alþingi.

Það er mjög óheppilegt svo að ekki sé meira sagt að Alþingi hafi jafnskamman tíma til að fjalla um þetta mikilvæga mál og raunin hefur orðið á oft og tíðum. En með hinum stutta gildistíma sem hefur verið í þessu máli hefur því í reynd verið boðið heim. Fyrstu lögin giltu aðeins í eitt ár, næstu lög giltu einnig í eitt ár og síðan í tvö ár. Á því tímabili voru alþingiskosningar í landinu og gat að sjálfsögðu enginn vitað hvaða ríkisstjórn mundi taka við að þeim loknum og það hlaut að koma í hennar hlut að standa að endurskoðun málsins. Því hafa mjög erfiðar aðstæður verið skapaðar í þessu máli. Menn hafa viljað kenna sjútvrn. um og sjálfsagt má halda því fram með einhverjum rökum að betur hefði mátt standa að málum af þess hálfu, en Alþingi hefur einnig lagt á það áherslu í gegnum tíðina að gildistíminn væri sem allra stystur og enn heyrast þær raddir að rétt sé að láta hann vera sem allra stystan.

Það verður ekki hægt að koma við hagkvæmni í sjávarútvegi og standa að sjávarútvegi með eðlilegum hætti ef hann á ávallt að búa við óvissu um starfsskilyrði sín og ef aðilar í þjóðfélaginu vilja gera miklar kröfur til sjávarútvegsins og hagkvæmni hans sem undirstöðu þjóðfélagsins verða menn að geta staðið að því að skapa honum nokkra vissu í starfsskilyrðum. Með því að lög um heimildir til fiskveiða gildi frá einu ári og upp í tvö ár eru slík skilyrði ekki sköpuð. Að mínu mati er lágmark að slík lög gildi til fjögurra ára. Hins vegar er eðlilegt að ákveðið sé að það skuli þegar fara að vinna að endurskoðun þeirra laga með eðlilegum og venjulegum hætti.

Í Ákvæði til bráðabirgða II er sagt fyrir um með hvaða hætti skuli haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu samtök í sjávarútvegi um setningu reglugerða um meginþætti stjórnar botnfiskveiðanna. Það kemur skýrt fram í frv. að þar er víða um heimildargreinar að ræða og verður ekki hjá því komist. Þess vegna verður að setja árlega reglugerð um stjórn botnfiskveiðanna. Það er bæði nauðsynlegt og eðlilegt að um það sé haft sem best samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og hefur verið leitast við að svo væri á undanförnum árum og sjálfsagt að taka það fram í ákvæði til bráðabirgða.

Herra forseti. Ég lofaði því í upphafi að verða fremur stuttorður um þetta stóra mál og ég vænti þess að ég hafi við það staðið. Það eru mörg önnur atriði sem ég hefði gjarnan viljað koma að í framsögu minni, en það mun áreiðanlega verða tækifæri til þess síðar við þessa umræðu og ég bið hv. þingdeildarmenn að virða að það er ekki vegna þess að ég hefði ekki viljað koma að ýmsum mikilvægum atriðum er snerta þetta mál. Ég mun fremur gera það síðar eftir því sem fyrirspurnir koma og menn telja nauðsynlegt og æskilegt. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að þetta mál gangi þegar til nefndar og sjávarútvegsnefndir þingsins hefji störf við frv. hið allra fyrsta, m.a. með því að kalla fyrir hina ýmsu aðila sem hér hafa hagsmuna að gæta.

Ég vænti þess að sjávarútvegsnefndir beggja deilda geti haft gott samstarf um þá vinnu því að stuttur tími er til stefnu og í reynd miklu styttri tími en nefndirnar þyrftu á að halda svo að vel væri. Ég vænti þess hins vegar að með góðu samstarfi nefndanna reynist unnt að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi þm. því að það er ekki hægt að komast hjá því að lög liggi fyrir um stjórn veiðanna á næsta ári.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna því að loksins skuli liggja fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um fiskveiðistefnuna nú á næstunni, en það var auðvitað löngu tímabært að það liti dagsins ljós þar sem hinu háa Alþingi er ætlað að afgreiða þetta umfangsmikla hagsmunamál allrar þjóðarinnar nú fyrir áramót. Það er hins vegar mikið álitamál hversu mikil fagnaðarboðskapur felst í efni og innihaldi frv.

Fyrir kosningar sl. vor unnum við kvennalistakonur mikið í stefnuskrá okkar, endurbættum og endurskoðuðum allítarlega eins og gerist og gengur og bráðnauðsynlegt er því við teljum að við þurfum að endurskoða allar þær hugmyndir og viðfangsefni sem við fáumst við hverju sinni, enda er slík endurskoðun forsenda þess að fólk haldi huganum frjóum þannig að til geti orðið nýjar hugmyndir. Einn af stóru málaflokkunum sem við fjölluðum um var sú undirstöðuatvinnugrein sem sjávarútvegurinn er.

Um núgildandi löggjöf um fiskveiðistefnuna segir m.a. í stefnuskrá Kvennalistans, með leyfi forseta:

„Lífríki hafsins er ein dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að. Þessa auðlind, sem er eign allrar þjóðarinnar, verðum við að umgangast þannig að ekki sé hætta á ofnýtingu. Taka á vextina en láta höfuðstólinn ósnertan."

Og skömmu síðar segir: „Aukin tækni, stækkun fiskiskipa og fyrirhyggjuleysi stjórnvalda leiddi til þess að fiskistofnar við landið voru í hættu vegna ofveiði. Kvótakerfið var ill nauðsyn úr því sem komið var til að stuðla að raunhæfri sókn á miðin. Með því hefur samt ekki tekist að tryggja atvinnuöryggi þeirra sem vinna í landi. Í núverandi kvótakerfi felst einnig sá möguleiki að versla með fisk sem enn syndir í sjónum. Það er því nauðsynlegt að endurskoða kerfið í heild með tilliti til þessa. Fiskurinn í sjónum er ekki söluvara heldur auðlind sem við eigum öll."

Þetta segir nokkuð um álit okkar á því kvótakerfi sem enn er í gildi, grunnsjónarmið okkar kvennalistakvenna koma skýrt fram svo og nauðsyn þess að fram fari gagnger heildarendurskoðun á kvótakerfinu.

Það var fyrirsjáanlegt að umræða og umfjöllun um sjávarútvegsmál mundi setja svip sinn á umræðuna í þingsölum nú í haust þar sem núverandi lög um stjórnun fiskveiða falla úr gildi um komandi áramót. Ekkert vantaði á það að settar voru á laggirnar nefndir til að fjalla um málið. Utan frá séð virðist hér um mjög lýðræðislegt fyrirkomulag að ræða. Annars vegar fjallaði nefnd svokallaðra hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fulltrúar þingflokka um málið og hins vegar sérstök þingmannanefnd. Þetta fyrirkomulag vekur upp ýmsar spurningar, svo sem eins og hverjir séu hagsmunaaðilar í þessu máli. Í hugum okkar kvennalistakvenna getur hér ekki verið um aðra að ræða en alla Íslendinga því lífríki hafsins er ein dýrmætasta auðlindin sem við eigum og hún er eign allra Íslendinga. Við þurfum að umgangast hana af þeirri varúð sem nauðsynleg er, sérstaklega nú á dögum þegar tækni til að ná aflanum er orðin svo öflug að hætta er á að gengið sé of nærri fiskistofnunum hér við landið. Við megum alls ekki gleyma því að sá fjársjóður, sem hafið er, er auðvitað fyrst og fremst fjársjóður allrar þjóðarinnar.

Það eru ekki einungis þessir svokölluðu hagsmunaaðilar sem hafa byggt upp þessa atvinnugrein. Það hafa skattborgarar þessa lands gert líka með framlagi sínu til ráðuneyta og annarra opinberra stofnana sem t.d. stunda rannsóknir á lífríki hafsins. Þá eru allar atvinnugreinar beinir hagsmunaaðilar því að gengi íslensku krónunnar miðast fyrst og fremst við útfluttan sjávarafla.

Nauðsynlegt er að móta framtíðarstefnu í fiskveiðum sem fyrst og fremst byggir á rannsóknum. Í stefnuskrá Kvennalistans er m.a. tekið fram að kvótakerfið skuli endurskoðað. Með endurskoðun þeirri sem nauðsynleg er eftir þann reynslutíma sem kominn er á núverandi kerfi og þá annmarka á því sem augljósir eru töldum við rétt að hugsa málið upp á nýtt. Við lögðum því að sjálfsögðu ekki upp laupana eftir stefnuskrárvinnuna sl. vetur og tókum þátt í starfi þeirra tveggja nefnda sem ég gat um áðan. En mikilvægasti hluti vinnunnar hjá okkur fór að sjálfsögðu fram í okkar eigin hópi þar sem margar konur víðs vegar á landinu lögðu fram ómælda vinnu til að gera okkar tillögur og hugmyndir sem best úr garði. Og það skyldu menn muna að þær konur sem standa að baki þessum hugmyndum okkar koma úr heimabyggðum og kjördæmum allra hv. þm. á hinu háa Alþingi og þær hafa beina þekkingu á öllum greinum sjávarútvegsins.

Í byrjun nóvember, þegar við töldum okkur tilbúnar með þær hugmyndir og tillögur sem við vildum ganga út frá, voru þær kynntar og þeim dreift skriflega í báðum þessum nefndum. Viðbrögð nefndarmanna voru vægast sagt harla lítil og daufleg og var ýtt til hliðar nánast án nokkurrar umræðu, enda kom með hverjum fundinum æ betur í ljós að þrátt fyrir lýðræðislegt yfirbragð þessara nefndarstarfa stóð aldrei til að ræða neinar grundvallarbreytingar heldur aðeins lappa upp á það kerfi sem fyrir var.

Ekki létum við kvennalistakonur við svo búið standa þrátt fyrir daufleg viðbrögð. 17. nóvember birtist í Morgunblaðinu grein eftir Kristínu Halldórsdóttur, þingkonu Kvennalistans, þar sem hún gerir nákvæma grein fyrir hugmyndum Kvennalistans varðandi nýja fiskveiðistefnu. Þá sendum við einnig fréttatilkynningu til allra fjölmiðla, en enn hafa aðeins tveir fjallað mjög lauslega um hana. Það vakti því óneitanlega athygli okkar nú um helgina þegar fjölmiðlar sýndu ákafan og mikinn áhuga á þeim tillögum sem Alþb. dró skyndilega upp á borð og hefur nú birt, en þær eiga að ýmsu leyti skylt við

tillögur okkar þó þær séu engan veginn þær sömu, en þó er hugmyndin að baki þeirra að mörgu leyti lík, þ.e. í báðum kemur fram grundvallarbreyting á því hverjum eigi að úthluta kvótanum. En hugmyndir Kvennalista ganga enn lengra en Alþb. því að við viljum úthluta kvóta á byggðarlögin eingöngu en ekki skipta á milli skipa og byggðarlaga eins og það leggur til. Það keyrði þó fyrst um þverbak þegar Ríkisútvarpið sá ástæðu til þess í pallborðsþætti undanfarna tvo sunnudaga að gefa stjórnmálamönnum annarra flokka tækifæri til að fjalla um Kvennalistann og skilgreina samtök okkar og stefnu í hinum ýmsu málaflokkum að okkur fjarstöddum. Þar fengu aðrir en við að fjalla um stefnu okkar í mikilvægum málaflokkum, eins og t.d. sjávarútvegsmálum, enda kom í ljós að þeir sem voru samankomnir voru heldur illa að sér og illa lesnir í stefnuskrá okkar. En það er undarlegt að standa á fimmta starfsári Kvennalistans hér á hinu háa Alþingi og þurfa enn að minnast á það gegndarlausa virðingarleysi sem ríkir gagnvart hugmyndum og skoðunum kvenna og að það skuli vera jafnerfitt að koma skoðunum sínum á framfæri í þessu landi og að ætla sér að klifra yfir Berlínarmúrinn í björtu. Ég minni því enn og aftur á að við þingkonur Kvennalistans stöndum ekki einar að þessum hugmyndum. Að baki þeim stendur fjöldi kvenna um allt land sem eins og allir Íslendingar tengjast sjávarútvegi á einn eða annan hátt.

Áður en ég lýk máli mínu tel ég fulla ástæðu til að vitna í grein Kristínar Halldórsdóttur, þingkonu Kvennalistans, en greinin birtist eins og áður sagði í Morgunblaðinu 17. nóv. sl. og er góð samantekt á okkar hugmyndum og tillögum sem við kynntum bæði munnlega og skriflega í byrjun nóv., fyrstar þeirra sem sæti áttu í nefndunum tveimur. Með leyfi forseta vitna ég til greinar Kristínar Halldórsdóttur. Þar segir:

„Sjávarútvegur er og verður undirstaða efnahags- og atvinnulífs Íslendinga. Hagur þessarar atvinnugreinar er hagsmunamál allrar þjóðarinnar og ber að skipuleggja hann samkvæmt því. Sá tími er löngu liðinn að náttúran var látin einráð um stjórnun fiskveiða. Mannleg stjórnun hefur nú gilt árum saman, friðunaraðgerðir, skyndilokanir uppeldissvæða, afmörkun sóknartíma, aflahámark á fisktegundir og takmarkanir af ýmsu tagi. Allar þessar aðgerðir hafa verið umdeildar og hagsmunaárekstrar tíðir.

Undanfarin fjögur ár hefur verið í gildi svokölluð kvótaskipting í sjávarútvegi sem byggist á skiptingu heildaraflans á milli skipa. Kerfið hefur verið nokkuð sveigjanlegt með möguleikum á vali milli aflamarks og sóknarmarks með hámarki á þorskafla. Veiðar báta undir 10 brúttólestum hafa fyrst og fremst lotið reglum um sóknardaga.

Við mótun á fiskveiðistefnu næstu ára hljótum við að líta til þess hvernig núgildandi stefna hefur reynst, hversu vel hefur tekist að ná þeim markmiðum sem höfð eru að leiðarljósi við mótun stefnunnar og hvernig bæta megi það sem miður hefur farið. Miklu skiptir að gera sér grein fyrir markmiðum með stjórnun fiskveiða og ná sem bestri og víðtækastri samstöðu um leiðir að þeim markmiðum. Markmiðin má skilgreina á eftirfarandi hátt:

1. Hindrun ofveiði. Verndun og uppbygging fiskistofna.
2. Aukin hagkvæmni og minni tilkostnaður bæði við veiðar og vinnslu.
3. Bætt meðferð sjávaraflans.
4. Hámarksnýting aflans.
5. Bætt kjör þeirra sem vinna í sjávarútvegi, bættur aðbúnaður, meira öryggi, hærri laun.
6. Sanngjörn dreifing atvinnu og arðs eftir aðstæðum.

En hver skyldi svo vera reynslan af fiskveiðistjórnun síðustu ára með hliðsjón af ofantöldum markmiðum? Sé litið á fyrsta markmiðið með hindrun ofveiði og verndun og uppbyggingu fiskistofna er ljóst að þetta markmið hefur engan veginn náðst. Heildarþorskaflinn hefur á hverju ári farið langt fram úr því sem fiskifræðingar hafa talið ráðlegt. Samanlagður umframafli í þorski sl. fjögur ár nemur um 366 þús. tonnum eða sem svarar afla heils árs og veiddur fiskur er stöðugt yngri og smærri. Aukin sókn í aðrar fisktegundir gerir það að verkum að sífellt fleiri tegundir eru felldar undir kvóta.

Ef litið er á annað markmiðið, aukna hagkvæmni og minni tilkostnað við veiðar og vinnslu, má segja að það markmið hafi náðst að hluta til og má að einhverju leyti rekja það til kvótakerfisins en lægra olíuverð og aðrar ytri aðstæður hafa einnig haft sitt að segja. Eitthvað hefur dregið úr hagkvæmninni síðustu ár við meiri ásókn í sóknarmarkið sem hefur orðið hvati til aukinnar fjárfestingar. Flestir telja að stefna beri að fækkun fiskiskipa og minnkun flotans í heild. Þróunin hefur verið á hinn veginn. Fiskiskipum hefur fjölgað, mest í minnstu flokkunum, en þau hafa einnig stækkað, þ.e. ný skip eru í mörgum tilvikum stærri en þau sem hefur verið lagt.

Þriðja markmiðið, um bætta meðferð sjávaraflans. Það má segja að á síðustu árum hafi sú meðferð batnað og er það árangur aukinnar þekkingar og skilnings þeirra sem vinna með aflann. Hugsanlega getur kvótaskiptingin átt hlut að máli þar sem magnið er gefinn hlutur en gæðin ráða tekjum. Hins vegar mætti hér bæta um enn betur.

Í fjórða lagi, um hámarksnýtingu aflans, má segja að mikið skorti á að sjávarafli sé nýttur til fullnustu. Miklu er kastað á glæ í orðsins fyllstu merkingu, bæði fisktegundum og fiskhlutum, svo sem lifur og slógi. Sem dæmi má nefna að árlega er kastað í hafið 2–3 þús. tonnum af tindabikkju sem er góður matfiskur. Annað dæmi er lifrin sem hent er í stórum stíl þótt fyrirtæki vilji kaupa hana til lýsisframleiðslu og geti framleitt helmingi meira af meðalalýsi án þess að þurfa að hreyfa legg né lið til markaðsöflunar því að markaðurinn beinlínis bíður eftir þessari vöru.

Varðandi bætt kjör þeirra sem vinna í sjávarút-

vegi, bættan aðbúnað og meira öryggi. Um þennan lið þarf ekki að fara mörgum orðum því að þar skortir augljóslega mikið á að kjör fólksins séu viðunandi og með því er vitanlega ekki eingöngu átt við launakjör heldur einnig vinnuskilyrði.

Síðasta markmiðið, um sanngjarna dreifingu atvinnu og arðs. Það er mjög umdeilanlegt hvernig hefur tekist að ná því, en mörg dæmi eru um það nú á síðustu árum að illa stæðar útgerðir hafa í skjóli kvótakerfisins getað selt skip sín á margföldu verði milli byggðarlaga og hagnast þannig um hundruð milljóna meðan íbúar viðkomandi byggðarlags mega horfa á eftir atvinnu sinni og fá ekki rönd við reist. Niðurstaðan er því sú að sú leið sem farin hefur verið í stjórnun fiskveiða á undanförnum árum skilar alls ekki tilætluðum árangri.

Í framkomnum drögum að frv. til l. um stjórnun fiskveiða á næsta ári er því miður fátt um nýjungar" — og því frv. sem nú hefur verið lagt hér fram. „Kvennalistakonur studdu núgildandi fiskveiðistjórnun þegar hún var lögfest, en í ljósi reynslunnar teljum við nauðsynlegt að leita nýrra leiða sem samrýmast betur fyrrgreindum markmiðum. Meginatriði nýrrar fiskveiðistefnu verði eftirfarandi:

1. Árlegur heildarafli verði eftir sem áður ákveðinn af sjútvrh. að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Svigrúm verði til þess að hækka eða lækka aflamarkið innan ársins ef aðstæður krefjast.

2. 80% þess heildarafla sem ákveðinn hefur verið skv. 1. lið verði skipt milli byggðarlaga, útgerðarstaða, með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára. Vilji viðkomandi byggðarlag halda sínum hlut miðað við fyrri ár ber því að greiða fyrir það sem á vantar.

3. Gjald byggðarlaga fyrir fiskveiðikvóta miðist við ákveðið hlutfall af meðalverði á afla upp úr sjó og renni í sérstakan sjóð í vörslu ríkisins sem varið verði til eftirtalinna verkefna:

1. Fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna.

2. Rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir.

3. Verðlauna til handhafa aflamarks fyrir sérstaka frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans eða lofsverðan aðbúnað að starfsfólki.

Byggðarlög verði nokkuð sjálfráð með hvernig þau ráðstafa sínum afla og hvert gjald þau taka fyrir umfram gjaldtöku ríkisins, þó með þeim skilyrðum að ef þau framleigja réttinn til annarra byggðarlaga skal tilkynna það sérstaklega til ráðuneytis og tilgreina ástæður. Reikna má með að byggðarlög framleigi réttinn með þeim skilyrðum að aflanum yrði landað að stærstum hluta í viðkomandi byggðarlagi eða eftir aðstæðum á hverjum stað. Vel má hugsa sér að settar verði reglur um nokkurs konar gæðabónus sem fæli það í sér að handhafar kvótans gætu áunnið sér ákveðinn rétt til aflamarks næsta árs með mikilli nýtingu og góðri meðferð aflans og með því að búa vel að sínu starfsfólki. Slíka reglu ber þó ekki að festa í lögum heldur verður að treysta heimamönnum á hverjum stað til þess að móta þær reglur sem stuðlað geti að sem bestum árangri. Ríkinu bæri þó að veita ráðgjöf í þessum efnum ef þess væri óskað. Eðlilegt er að ætlast til þess að tekjur sveitarfélaga af framleigu kvótans yrðu notaðar til þess að bæta aðstöðu í höfnum og auka þjónustu við þessa atvinnugrein.

Ætla yrði lögum um nýja fiskveiðistefnu nægan tíma til þess að sanna gildi sitt. Ef sett yrði sólarlagsákvæði væri fimm ára gildistími æskilegur.

Ávinningur af þeirri fiskveiðistefnu sem hér hefur verið lýst yrði margþættur. Í sem allra stystu máli yrði þetta kerfi fiskveiðistjórnunar einfaldara, skilvirkara og réttlátara, svo vitnað sé til einkunnarorða sem stjórnmálamenn beita gjarnan fyrir sig þegar kerfisbreytingar eru á dagskrá. Með þessu kerfi yrði verulega dregið úr miðstýringu og ofstjórn og byggðasjónarmiðum gert hærra undir höfði. Auðveldara yrði að halda heildarafla nálægt þeim mörkum sem sett yrðu. Verslun með kvóta þjónaði heildarhagsmunum. Stuðla yrði að eflingu rannsókna og bættri þjónustu við sjávarútveginn. Unnt yrði að byggja inn hvata til meiri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og til þess að betur yrði búið að starfsfólki í sjávarútvegi. Það er til mikils að vinna."

Ég sá fulla ástæðu til að lesa þetta hér upp þar sem það hefur skilað sér svo illa sem raun ber vitni.

En ég vil að lokum aðeins undirstrika það sem fram hefur komið hjá okkur kvennalistakonum í umræðunni: Stærstu annmarkar núverandi kvótakerfis eru að okkar mati hið siðlausa brask sem átt hefur sér stað á undanförnum árum með þau skip sem hafa veiðiheimildir. Það gengur ekki upp að þeir menn sem fengið hafa veiðiheimildir ókeypis upp í hendurnar, sem hvergi eru taldar til eigna, geti hagnast á þeim um tugi milljóna þegar þeir selja skip sín og að atvinnuöryggi og lífsafkoma fólks í mörgum byggðarlögum sé þannig háð duttlungum eða efnahag þeirra sem fiskiskipin eiga.

Í þeirri umræðu sem fram hefur farið að undanförnu um byggðamál hefur oftlega verið ítrekuð nauðsyn öflugs og stöðugs atvinnulífs. Sjávarútvegur og landbúnaður eru þær greinar sem halda uppi byggð á mörgum stöðum úti á landsbyggðinni. Þær hafa á undanförnum árum gengið í gegnum mikið breytingaskeið endurnýjunar og skipulagningar sem hefur valdið mikilli röskun á byggðamynstrinu. Til að tryggja stöðugleika í þessum greinum er nauðsynlegt að við allar breytingar sé tekið mið af byggðasjónarmiðum. Rauði þráðurinn í þeim hugmyndum og tillögum sem hér hafa verið kynntar varðandi sjávarútveginn er sá að litið sé á fiskinn í sjónum sem eign okkar allra og með því að veita byggðarlögunum veiðiheimildir en ekki einstaklingum gefst tækifæri til að skipuleggja sjávarútveginn með tilliti

til aðstæðna á hverjum stað þannig að hvert byggðarlag fái að blómstra á sínum eigin forsendum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég taldi mig hafa beðið um orðið fyrstan, en það kom athugasemd frá fulltrúa Kvennalistans um að verið gæti að form minnar óskar hefði kannski ekki verið alveg í það fullkomnasta. Forseti sagði mér að hann mundi veita mér orðið fyrstum á eftir ráðherra, en þegar ég hugsaði málið svolítið betur fannst mér sjálfsagt að verða við þeirri ósk fulltrúa Kvennalistans að vera á undan mér, ekki síst vegna þess, svo sem kom fram í máli fulltrúa Kvennalistans, að Kvennalistinn var eini stjórnarandstöðuflokkurinn á hv. Alþingi haustið 1985 sem studdi þá fiskveiðistefnu sem við höfum búið við og búum við til áramóta. Ég fagna því að það hafa orðið breytingar. Það eru komnar upp aðrar skoðanir hjá fulltrúum Kvennalistans og þær voru kynntar í ræðu hv. 6. þm. Vesturl.

Ég tel ástæðu til að taka undir gagnrýni hv. þm. um fréttaþjónustu í sambandi við fiskveiðimálin og ýmislegt fleira á hv. Alþingi. Það er mjög sérstakt hvað skoðun ráðherra er yfirleitt haldið vel fram og aðrir þm., stjórnarandstöðuþm. sem halda uppi gagnrýni á stefnu ríkisstjórnar og ráðherra, fá lítið að láta ljós sitt skína í fjölmiðlum. Ég held að það sé alveg ástæðulaust af hv. þm. að öfundast yfir því þó að í eitt sinn hafi komið fréttir frá Alþb. smávegis um fiskveiðistefnuna. Ég hef ekki orðið var við það á undanförnum árum að við höfum verið kallaðir til að fjalla um það mál, a.m.k. ekki hjá ríkisfjölmiðlunum. Ég hef verið á Alþingi og rætt þau mál í hvert skipti sem þau hafa komið hér til umræðu frá því haustið 1979 og ríkisfjölmiðlarnir hafa ekki séð ástæðu til þess allan tímann að spyrja mig einu orði um þær skoðanir sem ég hef á þessu máli þótt á sama tíma hafi í síbylju verið haldið fram skoðunum ráðuneytisins og skoðanir ráðuneytisins studdar sí og æ af álitsgerðum hinna og þessara aðila sem ráðuneytið hefur fengið sér til stuðnings til að styrkja afstöðuna gagnvart fiskveiðistjórnuninni. (**KP:** Þetta er nú að breytast.) Ja, það væri gott, hv. þm., ef þetta breyttist, en ég hef ekki mikla trú á því að þeir hressist mikið, a.m.k. ekki hjá ríkisfjölmiðlunum.

Einnig vil ég benda á að hv. 6. þm. Vesturl. nefndi það, það mun hafa verið eftir því sem ég tók best eftir úr grein hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, að aukning hefði orðið í fiskiflotanum á undanförnum árum og þó sérstaklega og mest í minnstu flokkunum. Hvaðan skyldi hv. þm. hafa fengið þessar upplýsingar? Ég held að fyrst þessi fullyrðing kemur strax fram í upphafi umræðu sé rétt að óska eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann gefi sjávarútvegsnefndum þingsins um það upplýsingar hver þróunin hefur verið í stækkun fiskveiðiflotans. Hvað hefur mörgum skipum verið breytt úr venjulegum bátum í allt að því fullkomin trollskip og hvað má búast við að sóknargeta þessara skipa hafi aukist og hve mikið af nýjum skipum hefur komið inn í fiskveiðiflotann íslenska á síðustu við skulum segja tveimur árum? (**Gripið fram í:** Það er alltaf verið að lengja skipin.) Alltaf er verið að lengja skipin og alltaf verið að stækka þau. Það er lítið talað um það, en lon og don talað um að það fjölgi trillum, það fjölgi smábátum, þessi óskaplegi skaði, á sama tíma og flotinn hefur verið að stækka með ótrúlegum hraða. Við höfum heyrt það núna í fréttum, þegar hefur verið talað um gjaldeyrisstöðuna, að stór hluti af gjaldeyriseyðslu undanfarinna mánaða hefur farið til nýbyggingar og endurbyggingar skipa.

Einnig nefndi hv. þm. að meðferð fisks hefði batnað á undanförnum árum á þessu tímabili. Ég held að sé full ástæða til þess að efast um það. Það eru engar sannanir fyrir því að svo sé. Mín tilfinning er mikið frekar á þann veg að það hafi farið á hinn veginn. Kraftasóknin hefur verið næstum því ótakmörkuð, komið hefur verið með meira og minna gallaðan fisk að landi og því miður hefur hann skemmst í vinnslunni oft og tíðum. Ég vildi benda á þetta í upphafi umræðunnar til þess að við færum ekki af stað með fullyrðingar sem raunverulega ekkert liggur fyrir um og jafnvel fullyrðingar sem ekki standast eins og að mínu mati í sambandi við flotann.

Hv. þm. las upp tillögur Kvennalistans um nýja fiskveiðistefnu. Þessi stefna birtist í grein Kristínar Halldórsdóttur 17. nóv. og var líka dreift í þeim nefndum sem voru að vinna í undirbúningi að fiskveiðistefnunni á vegum ráðuneytisins. Það er alveg rétt sem þm. segir. Þessar tillögur hafa fengið litla umfjöllun. Ég segi fyrir mitt leyti, ég er ekki að tala þar og vil ekki lýsa því yfir í nafni Alþb., að mér finnast tillögurnar um seldan veiðikvóta alveg fráleitar og mér finnst miður að það skuli vera komin fram tillaga hér á hv. Alþingi um að selja skuli þessa náttúruauðlind okkar og nota hana sem tekjustofn til að standa undir ýmsum samfélagslegum þörfum. Við þurfum að fá annars staðar peninga til hafnargerða og til menntunar sjávarútvegsfólks og annarra þeirra góðu mála sem nefnd eru í tillögunum, við þurfum að fá þá annars staðar frá en þeir séu beinir skattar á landsbyggðina og þá aðra aðila sem eru að framleiða þessa undirstöðuframleiðsluvöru okkar. Ég vil því undirstrika að þær tillögur kvennalistakvenna sem hér koma fram eru í engum tengslum við tillögur þær sem Alþb. hefur lagt hér fram og ekki í neinum tengslum eða í einu eða neinu líkar þeim.

Herra forseti. Undirbúningur að því frv. sem hér liggur fyrir hefur verið, eða a.m.k. býst maður við því að svo sé, í gangi allar götur frá því 8. júlí sl., en þann dag sendi ríkisstjórnin frá sér stefnuyfirlýsingu sína og starfsáætlun. Í þeirri starfsáætlun stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskveiðistefnan verði tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Endurskoðunin verður falin sérstakri nefnd sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerð-

ar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks, og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip. Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila. Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.

Aðrir mikilvægir þættir í sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar eru:

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins taki til alls útflutnings á fiski og fiskafurðum. Verðlagsráði sjávarútvegsins verði heimilað að gefa fiskverð frjálst með yfirnefndarákvörðunum náist ekki samkomulag í ráðinu. Undirbúnar verði reglur til frambúðar um starfsemi fiskmarkaða hér á landi til að leysa af hólmi þær sem nú eru og gilda til loka næsta árs. Rannsóknar- og þróunarstarf í sjávarútvegi, þar á meðal á sviði fiskeldis í og við sjó, verður aukið. Eftirlit hins opinbera með fyrirtækjum í sjávarútvegi verður einfaldað og samræmt."

Ekki er það neitt lítið sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér fyrir á þessum vettvangi og hefði mátt gera ráð fyrir því að þar sem sami ráðherrann settist í ráðherrastól og var fyrir yrði hafist handa um að undirbúa stefnu í fiskveiðimálunum þar sem vitað var að fiskveiðistefnan gilti ekki nema til næstu áramóta. En svo var aldeilis ekki. Það var látið eiga sig að hreyfa þessu máli. Það getur verið að ráðherrarnir hafi eitthvað talað saman um málið, en það var látið eiga sig að hreyfa þessu máli á þeim vettvangi sem hér er lagt til þar til 2. september. Þá er sent út bréf til hagsmunaaðila og þingflokka með ósk um að tilnefndir yrðu menn í samráðsnefnd til að undirbúa væntanlegt frv. og koma með tillögur þar um, eins og þar stóð. Sú nefnd er kölluð saman og mun fyrsti fundur hennar hafa verið 16. september. Þetta var hraðinn við að undirbúa frv. sem hér liggur fyrir.

Það kom fljótt í ljós að í nefndinni voru dálitlar mismeiningar um að hverju skyldi stefna og kom meira að segja fljótlega fram í nefndinni að þeir ríkisstjórnarmenn sem þar sátu voru alls ekki sammála um hvernig skyldi vinna. Það liðu ekki margir dagar eða margir fundir, ég held að það hafi verið á öðrum fundinum, uns fulltrúi Alþfl. í samráðsnefndinni benti á að þessi nefnd væri ekki sú nefnd sem gæti komist að neinni niðurstöðu eða unnið í þessu máli, það þyrfti að búa til aðra nefnd. Það hefði alltaf verið meiningin. Upp á það sem síðar kemur fram í þessari umræðu er nauðsynlegt að muna eftir þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Vesturl. að samráðsnefndin mundi ekki duga til að vinna að þessu máli og undirbúa það.

Hæstv. ráðherra varð við þessari ósk og eftir stuttan tíma skipaði hann aðra nefnd. — Það er kannski ekki hægt að segja eftir stuttan tíma. Það var ekki fyrr en 2. nóv. sem hann skipar þingmannanefnd til að ræða málið. Þá er málið fyrst komið í þann farveg sem ríkisstjórnarflokkarnir töldu að ætti að vera.

Það gerðist dálítið merkilegt í sambandi við skipun þeirrar nefndar og varð til þess að það kom aldrei neinn fulltrúi frá Borgarafl. í þá nefnd. Ráðherra taldi sig á því stigi hafa ástæðu til að takmarka ráð hvers flokks um hvaða menn skyldu settir í undirbúningsnefndina. Það var gert að skilyrði að það væru fulltrúar úr sjávarútvegsnefndum þingsins sem í nefndina kæmu. Þar af leiðandi birtist í þessari nefnd, þá fáu fundi sem hún sat, aldrei fulltrúi frá Borgarafl.

Það munu hafa verið ýmsar ástæður fyrir því að það var ekki byrjað að starfa, undirbúa og vinna samkvæmt fyrirheiti stjórnarsáttmálans fyrr en um miðjan september. Það vantaði dálítið til til þess að ráðuneytið gæti farið að leggja málin fyrir á þann veg sem það taldi æskilegast. Það hafði sett í gang á tímabilinu frá 8. júlí fram til 2. sept. könnun á því hvað þeir þættir, sem ráðuneytið taldi að hefðu tekist í þessari fiskveiðistefnu, hefðu gefið af sér og hvernig útkoman væri gagnvart þeim þáttum. Og það var ekki nóg með að þeir fengju hina vitrustu menn til að staðfesta og reikna út stöðuna í þessum þáttum, sem ráðuneytið hafði aðallega hampað að hefðu tekist í fiskveiðistefnunni, heldur var sóttur enn á ný til Noregs ágætur prófessor, sem hafði ekki komið hingað til Íslands, a.m.k. ekki í opinberum erindagerðum eða til að láta ljós sitt skína, síðan haustið 1985 að verið var að ræða um fiskveiðistefnuna á hv. Alþingi. Þá var talin nauðsyn að fá þennan prófessor, prófessor Rögnvald Hannesson frá Bergenshäskóla held ég að ég fari rétt með, til þess að hafa áhrif á skoðanamyndun hér, gat ekki verið til annarra hluta, og nú, þegar aftur er farið að hreyfa þessu máli, var talin nauðsyn að fá þennan sama prófessor og láta hann flytja svipaðan fyrirlestur bæði við Háskólann og yfir okkur nefndarmönnum sem fjölluðum um þetta mál.

Það var ekki nóg með að við fengjum sæmilega góða kennslustund, við sem sátum í samráðsnefndinni og hlýddum á prófessorinn. Það var kominn tími til fyrir suma að hlusta á prófessor. Sumir hafa aldrei setið á háskólabekk og átt þess kost að njóta slíkra fræða og upplýsinga. En það var ekki nóg með að okkur væri boðið upp á þetta heldur fengum við líka, það sem er meginhluti þess plaggs sem dreift hefur verið til hv. þm., álitsgerðir frá Raunvísindastofnun Háskólans, Þjóðhagsstofnun og viðskiptadeild Háskólans. Allir þessir pappírar eru lofsöngur um ágæti þessa kerfis og það eru teknir út, eins og ég sagði áðan, þeir þættir sem ráðuneytið hefur talið að hafi að einhverju leyti sýnt sig að hafi komið vel út. Það er ekki reynt að kanna aðra þætti, jafnvel þá þætti sem hæstv. ráðherra nefndi í framsöguræðu sinni, vandræði í sambandi við verðþróun skipa, vandræði í sambandi við flutning kvóta á milli byggða, hvað það hafi kostað þetta og þetta byggðarlagið og hvað það hafi kostað þjóðina og

hvað kraftasóknin hefur kostað þjóðina og annað eftir því. Nei, takk. Það var ekki það sem var eðlilegt að fjallað væri um og lagt hlutlægt mat á, heldur voru það aðeins þeir þættir sem ráðuneytið taldi sig geta bent á að að einhverju leyti hefðu sýnt árangur.

Það kom náttúrlega fljótt í ljós með starf samráðsnefndarinnar, þó það væri tilgreint í skipunarbréfinu að hún ætti að semja tillögur og skila áliti, að það var ekki flötur til þess. Ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, lýsti því yfir á fundi nefndarinnar að hann sæi ekki þann möguleika að hægt væri að leysa þetta mál innan nefndarinnar á þann veg að hún skilaði tillögu. Og ég held að það hafi verið alveg rétt. Það var ekki hægt að búast við því að þarna yrði samkomulag og atkvæðagreiðsla innan þessarar nefndar var náttúrlega ekkert annað en grín vegna þess að þar voru ákveðnir hópar. Það hefði getað verið meiri hluti fyrir þessu þó að alls ekki hefði verið raunverulegur meiri hluti í þjóðfélaginu og ekki stuðningur hagsmunaaðila, eins og talað er um.

Útkoman var sú að viðraðar voru ýmsar skoðanir í þessari nefnd, en út úr nefndinni kom sáralítið. Það er vitaskuld ekki hægt að segja það að skoðanaskipti, eins og áttu sér stað í nefndinni, hafi ekki skilað einhverju. Vitaskuld skila þau einhverju, en það varð ekki til þess að hafa nein marktæk áhrif á uppbyggingu frumvarpsins. Það komu reyndar fram tillögur í nefndinni frá svokölluðum hagsmunaaðilum, bæði frá fulltrúa Verkamannasambands Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um það að breyta ætti kvótagerðinni, en það kom fljótt í ljós að fylgnin með þessari tillögu var sáralítil. Þeir sem höfðu lagt hana fram höfðu ekki útfært hana á þann veg að henni væri stillt upp sem möguleika. Um hana var spjallað aftur á bak og áfram, en henni var aldrei stillt upp sem raunverulegum kosti í staðinn fyrir beinan bátakvóta. Ég held að þetta hafi verið sú aðaltillaga sem þarna kom inn um einhverjar breytingar. Svo var heilmikið rætt um smábátana. Stór hluti funda fór í umræðu um það og nokkur umræða átti sér stað í sambandi við rækjuveiðina og umfjöllun um það hvernig haga skyldi stjórnun í rækjuveiðistofninn. Ekki skal ég gleyma því, og ég vil þakka fyrir það, að við fengum ágætis upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun. Það er reyndar alltaf hinn góði skammtur í sambandi við þessar umræður að við fáum gagnmerkar og mjög góðar upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun sem reyndar allir þm. fá líka með hinni ágætu skýrslu stofnunarinnar sem núna var miklu fyrr á ferð en áður hefur verið. Það er líka sjálfsagt að þakka fyrir það.

Ég held að rétt sá að fjalla næst lítillega um reynsluna af því kerfi sem við höfum búið við síðustu tvö árin — og reyndar fjögur — en fyrst og fremst er það að ræða um reynslu þess tímabils sem nú er að renna út. Það er nú svo að okkur var sagt, og við urðum öll sammála um það, að tilætlun fiskveiðistjórnar væri fyrst og fremst sú að við hagnýttum fiskistofna okkar á sem hagkvæmastan máta og forðuðum því að gengið sé á þessa stofna þannig að við séum ekki að skemma fyrir framtíðinni. Það er líka og verður að vera og á að vera markmið fiskveiðistefnu — og ráðherra hefur nefnt það, nefndi það hér haustið 1985 — að það þarf að stefna að auknum gæðum og ná hámarksverðmæti út úr aflanum. Við þurfum að stefna að hagkvæmum rekstri flotans okkar og alls sjávarútvegsgeirans. Hvernig skyldi þetta nú hafa tekist undir þeirri fiskveiðistjórn sem við höfum búið við?

Fyrsta atriðið sem ég nefndi, sóknin í fiskistofnana og þó sérstaklega þorskstofninn, hefur ekki farið svo sem lagt var til. Við stöndum frammi fyrir því í dag, og sjútvrh. hefur nefnt það og forsrh. hefur nefnt það í sambandi við efnahagsstöðu þjóðarinnar að við blasi, að við verðum að skerða sóknina í þorskinn um allt að 10%. Eftir þessa fiskveiðistjórn, sem hefur verið hælt og talin hinn besti kostur sem við getum valið, stöndum við frammi fyrir því að við höfum verið að skerða fiskstofninn á þann veg að við verðum að minnka sóknina, draga úr sókninni. Ef nokkuð getur undirstrikað það að hér hafi átt sér stað mistök í fiskveiðistjórn, þá er það þetta dæmi. Og ekki þarf meira til en það eitt til þess að fullyrða að sú fiskveiðistjórn, sem skilar af sér þannig árangri, hefur mistekist.

Það er gert ráð fyrir því að í ár verði heildarþorskaflinn upp undir 400 þús. tonn. Það var tillaga Hafrannsóknastofnunar að hann væri 300 þús. tonn, en tillaga ráðuneytisins 330 þús. tonn. Það er farið fram úr afla í ár um 100 þús. tonn, 70–100 þús. tonn eftir því við hvað er miðað. Það er ekki hægt að fullyrða það eða segja að við búum við eina eða neina fiskveiðistjórn þegar þannig fer. Og hvernig réttlætir ráðuneytið, hæstv. ráðherra, þessa stöðu? Hann segir að það sé vegna þess að þetta kerfi, sem hann og hans menn hafa byggt upp, sé svo sveigjanlegt. Það hafi verið svo mikil teygja og sveigjanleiki í því. En af hverju er þessi sveigjanleiki og teygja? Hún er vegna þess að þessi sami hæstv. ráðherra lagði það til hér haustið 1985 að breyta í stórum atriðum sinni fyrri stefnu og taldi það vera nauðsynlegt til að betrumbæta kerfið þá, þ.e. hann jók við sóknarmarkið, bætti inn möguleikum til þess að hægt væri að vinna sér inn nýjan rétt með sóknarmarki með því að það mátti sækja 20% umfram afla í sóknarmarki og 10% af því færðist sjálfkrafa yfir á aflamark. Og þar sem ekki var tekið mið af þessu í úthlutuninni varð þetta þess valdandi að sóknarþunginn hefur beinlínis aukist eftir þeim reglum sem ráðherra setti sjálfur. Inni í kerfinu sjálfu var þetta innbyggt og nú hefur ráðherra sagt að þetta sé ein mesta lagfæringin sem gerð er á kerfinu núna, þ.e. að breyta þessu aftur. Slík er nú stefnufestan. Við skulum hugsa okkur það að ráðherra hefði orðið að ósk sinni, þegar þetta var samþykkt hér 1985, að hafa kerfið bundið til fjögurra ára. Hann fékk þó ekki nema tvö ár. Þá hefði teygjan haldið áfram og teygjan hefði aukist ár frá ári. Við hefðum staðið

frammi fyrir því núna að þau sóknarmarksskip, sem hafa aflað 20% umfram sitt sóknarmark, ættu rétt á því að bæta 10% við aflamark sitt eða sóknarmark, en vegna þess að lögin gilda ekki nema til áramóta í ár hefur ráðherra gripið það ráð að segja: Lögin eru ómark árið 1987. Þau gilda ekki nema til áramóta ársins 1987 og við tökum þennan rétt af mönnum. Þetta er vitaskuld hártoganlegt en ég tel að það hafi verið nauðvörn hjá ráðherra að gera þetta við þær aðstæður sem hann var sjálfur búinn skapa.

Ég hef trú á því að í upphafi árs 1987 hafi menn búist við því að menn væru að afla sér þessa réttar, að ef svipað kerfi væri við lýði á árinu 1988, þá mundu menn afla sér nýrrar reynslu. En yfir það er strikað. Nú er það sagt að einn af bestu punktunum í leiðréttingunum sé að hverfa að nokkru frá þessu sem var aðalatriðið 1985.

Það hefur verið mikið skeggrætt um stærð flotans. Ekki ætla ég að bera á móti því að flotinn er stór og við þetta kerfi verður að hafa mjög strangt eftirlit með því að hann stækki ekki. Ég undirstrika: Við þetta kerfi. Með þessu kraftakerfi sem við búum við, þar sem mönnum er leyft að sækja án nokkurrar raunverulegrar skipulagningar, bara með kraftinum, án nokkurs eftirlits um það hvernig farið er með fisk, hvernig komið er með hann að landi o.s.frv., þá er mjög nauðsynlegt að flotinn verði ekki stækkaður. Þá verða bara fleiri legudagarnir hjá þessu eða hinu skipinu og eins og sagt er, óhagkvæmur rekstur á þessum eða hinum staðnum. En við aðrar aðstæður og við aðra fiskveiðistjórn — og ég ætla ekki að fara að fjalla um það hér — tel ég að flotinn sé alls ekki of stór. Ef við færum öðruvísi að því að sækja aflann í sjóinn, ef við hyrfum frá þessari kraftasókn og legðum allt kapp á að koma með aukin gæði, betri fisk að landi, þá er þessi floti ekki of stór. Ef við féllum frá því að þessi sérstaki hópur, sjómennirnir okkar, og þessi sérstöku atvinnufyrirtæki, þessi sérstaka fjárfesting, fiskiskipin, þurfi endilega, þvert á öll önnur atvinnufyrirtæki, að vera í gangi allan ársins hring, megi helst aldrei stoppa einn einasta dag og á þessum skipum og í fiskvinnslunni sjálfri sé meira og minna haldið uppi atvinnuþunga sem samræmist ekki venjulegu menningarlífi, menningarþjóðfélagi. Þetta er annar þáttur sem ég gæti fjallað mikið um og geri það kannski einhvern tíma á öðrum vettvangi.

En í tengslum við sóknina hefur fleira gerst en það að dregin hafi verið að landi þessi mörgu tonn og þess umframtonn. Það hefur líka gerst að fiskurinn er alltaf að smækka. Núna fyrir nokkrum dögum landaði togari hér í Hafnarfirði og mig minnir að meðalþyngdin úr þeim farmi hafi verið um 1½ kg. Það er ekki nóg með það að hægt sé að benda á dæmi um eitt og eitt skip sem komi með slíkan afla að landi, heldur er þetta því miður þannig að meðalþyngdin yfir árið er alltaf að lækka.

Jakob Jakobsson fiskifræðingur flutti þeim LÍÚ-mönnum ádrepu á þingi þess nú í haust þar sem hann sagði þeim að 130 millj. þorska, sem núna væri líklegt að yrðu drepnir, gæfu 380 þús. tonn. Sami fjöldi gaf af sér 538 þús. tonn árið 1955. Vera má að Jakob hafi tekið þarna tölu um afgerandi góðan stofn sem veiddur var 1955. Ég veit það ekki. En þetta er hrikaleg mynd. Það munar 158 þús. tonnum. Þetta er hrikaleg mynd og sýnir að hverju við stefnum. Hvað mundi gerast miðað við þann þorskstofn sem við eigum eftir í hafinu ef koma erfið ár, köld ár eins og árin 1981, 1982 og 1983? Hvað mundi gerast ef þorskstofninn hætti að stækka eins og þá gerðist? Hver væri staðan? Hún er hrikaleg og það er varla hægt að velta vöngum yfir því hvað gæti skeð. Og hvað er að gerast með þessu? Það er að gerast að smáfiskurinn, sem heldur sig að meginhluta til við norðausturströndina og út af Vestfjörðum. Hvaða svæði er það? Það er það svæði sem er viðkvæmast í sambandi við hitasveiflur og við getum því miður fengið á okkur slíkar sveiflur með litlum fyrirvara. Ef við værum með öðruvísi fisk, ættum dálítið af stærri fiski, sem vigtaði 5–8 og upp í 10 kg kannski, þá er nokkurn veginn vitað mál að sá fiskur væri á annarri slóð og þó að harðindi kæmu í hafið fyrir norðan, þá er ekki víst að það komi niður á öllum stofninum. Þannig að hættan á svona höggi er vitaskuld miklu minni og ekki ógnvænleg ef við byggjum stofninn upp.

Við erum búin að búa við þetta kerfi í fjögur ár. Í upphafi tímabilsins virtist sem við værum að byggja þorskstofninn upp og ég held að það hafi verið von flestra að innan jafnvel fjögurra, fimm ára stæðum við frammi fyrir því að veiðiþorskstofninn væri kominn í þá stöðu sem fiskifræðingar telja líklega að við getum veitt ár frá ári úr stofninum, þ.e. rúmlega 400 þús. tonn, 380 upp í 450 þús. tonn á ári hverju. En staðan er eins og ég sagði hér áðan, því miður, í mesta góðærinu bæði til lands og sjávar stöndum við frammi fyrir því að þessi stefna sjútvrh. og hans stuðningsmanna hefur orðið til þess að við horfum fram á það að við verðum að veiða minna á næsta ári en við gerðum í ár. Við erum að snúa til baka í einhverju mesta góðæri sem hefur komið við strendur landsins og við erum líka að ofveiða stofnana okkar í því mesta góðæri sem að öðru leyti hefur gengið yfir landið. Er það nú ríkisstjórn og er það nú fiskveiðistjórn sem þannig heldur á málum og skilar til næsta árs og næstu ára þannig lagaðri stöðu!

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að stytta mál mitt þannig að fleiri komist að í umræðunni áður en fundi verður frestað. En ég á bæði eftir að fjalla nokkuð um frv. sjálft og einnig um brtt. okkar alþýðubandalagsmanna hér í hv. deild sem við höfum þegar lagt fram við 1. umr. málsins. Ætli ég verði ekki að velja mér þann kost að láta í nokkru verða eftir að ræða ýmsa þætti í frv. á annan máta en þann að ég ætla að nota þær mínútur sem ég hef til þess að fara yfir þær brtt. sem við flytjum. Þeim hefur verið dreift hér fjölrituðum til hv. þm.

Tillögurnar voru ræddar á miðstjórnarfundi Alþb. sem var um síðustu helgi og einnig á fiskveiðiráðstefnu sem við héldum og þær höfðu verið

ræddar og undirbúnar og unnar í þingflokki okkar á undanförnum dögum og vikum. Þær eru fyrst og fremst breyting á því frv. sem hér liggur fyrir þó að þær séu í veigamiklum atriðum þannig að þær breyti grundvelli frv. Við tökum fyrir þætti og leggjum til að breytt verði þáttum eins og eignarrétti á kvótanum. Við leggjum til að því verði breytt að eignarréttur kvótans eða aflamarksins verði bundinn við skip, heldur verði ákveðinn hluti aflamarksins fluttur á byggðarlögin en síðan deilt út frá byggðarlögunum til skipanna þannig að veiðiréttur skipanna haldist óbreyttur. Þetta er að því leyti alveg grundvallaratriði að þá breytist það að hægt sé að selja skip og fá af því sérstakan gróða.

Ég fer þá yfir tillögur okkar. Þá er í fyrsta lagi að við ítrekum 1. gr. frv., útfærum hana nokkuð öðruvísi en hún er og við fögnum sérstaklega að þessi grein sé komin í frumvarpið, en stuðningsmenn þeirrar fiskveiðistefnu, sem við höfum búið við á undanförnum árum, létu sig hafa það í tvígang að fella svipaða tillögu fyrir okkur alþýðubandalagsmönnum. Þeir hafa sem sagt horfið frá villu síns vegar og við hljótum auðvitað að fagna því alveg sérstaklega.

1. gr. í okkar tillögum orðast þannig:

„Auðlindir innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Öll stjórn á nýtingu þeirra skal taka mið af því. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda og stuðla með því að traustri atvinnu og byggð í landinu."

Þessi grein okkar er nokkuð meira útfærð en 1. gr. frv.

2. gr.: „Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (5. gr.) Veiðiheimildum á botnfiski, til fiskiskipa sem eru 10 brl. eða stærri, skal skipta í tvo flokka. ⅓ hluta skal úthluta til útgerðar (á skip, skipamark) og ⅔ hlutum til byggðarlaga (byggðarmark).

Sá þriðjungur, sem kemur í hlut skipa, skal reiknaður út með sama hætti og ákveðið var með reglugerð nr. 518 frá 22. des. 1986 fyrir árið 1987, sbr. 8. og 10. gr. laga þessara." — Það er að segja að hluti skipanna verður reiknaður út frá sama grunni og ætlast er til í sambandi við frv. (**Gripið fram í:** Þetta er svolítið óljóst.) Nei, þetta er alveg hreint ef menn bera þetta saman við eldri plögg. En skiptingin sjálf er á þann veg, eins og ég sagði hér áður, að við leggjum til að ⅔ hlutum verði úthlutað til byggða en ⅓ hluta til skipa. Og það þýðir að ráðstöfun kvótans er ekki lengur fyrir hendi í sambandi við sölu á milli byggða.

Þá kemur að því hvernig hluti byggðarlaga skal reiknaður út.

„Hluti byggðarlaga skal reiknaður að ¼ út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og að ¾ hlutum út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum í árslok 1987." — Þarna reynum við að taka aðeins mið af því að tilfærsla hefur átt sér stað á milli byggðarlaga. Með því að leggja saman árin 1984–1986 og nota það sem hluta af viðmiðuninni með árinu 1987, þá getur þarna færst frá þeim sem hafa aflað sér aukakvóta á undanförnum árum nokkur hluti aftur heim til þeirra sem hafa misst kvóta. Við teljum þetta vera mjög mikið réttlætismál. En vitaskuld er mjög erfitt að gera þarna nokkuð afgerandi, en aðeins er sýndur þarna litur sem gæti verið, miðað við það sem við höfum reiknað út, á bilinu svona 5–8% tilfærsla.

„Eftir að aflahluti byggðarlags hefur verið reiknaður út og ákveðinn skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá úthlutað skipamarki í því byggðarlagi, í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra." — Eins og ég hef sagt áður.

„Við sölu skipa úr byggðarlagi fylgir þeim einungis sá aflahluti sem úthlutað var til útgerðar, skipamark. Þeim aflahluta, sem eftir verður í byggðarlagi við söluna, byggðarmarki, skal ráðstafa til að bæta upp afla skipa er keypt verða í byggðarlagið nái þær veiðiheimildir, er þau færa með sér, ekki meðaltali á því svæði eða til að auka veiðiheimildir skipa í byggðarlaginu samkvæmt nánari reglum er settar verði af sjávarútvegsráðuneytinu í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis." — Þetta er grundvallaratriði að um leið og búið er að selja skip sé þessu ráðstafað á þann veg. Ef um nýtt skip er að ræða í staðinn fyrir það skip sem hefur verið selt nýtur það þess að fá af þeim kvóta sem eftir er það magn sem skapar því sambærilega stöðu og öðrum í byggðarlaginu og ef sá kostur er ekki fyrir hendi, og einnig ef um aukahlut er að ræða, þá skal honum deilt niður á aðila á heimavettvangi.

„Á sama hátt skal ráðuneytið setja sérstakar reglur um skiptingu aflahluta milli byggðarlaga ef seld eru skip sem hafa landað til vinnslu innan lands frá árinu 1984 að meðaltali meira en 40% afla síns utan heimabyggðar." — Þessi punktur er vegna þess að við vitum að það eru nokkuð mörg fiskiskip sem hafa verið gerð út frá öðrum stöðum en heimabyggð. Við getum t.d. bent á Grenivíkurbátana sem hafa líkast til verið í Garðinum. Það er ekki eðlilegt að sú útgerð, sem hefur verið undirstaða atvinnu á einum stað, að vegna skráningar skipanna á öðrum stað en ekki vegna þess að þau hafi verið þar atvinnutæki, þá flytjist sjálfkrafa allur kvóti þeirra til þess byggðarlags.

Og b. liður (6. gr.) hljóðar svo:

„Við úthlutun veiðiheimilda til skipa og byggðarlaga skv. 5. gr. er frá og með árinu 1989 heimilt að halda eftir allt að 5% þess afla helstu botnfisktegunda sem ákveðinn er skv. 2. gr. Skal þeim hluta þá ráðstafað sérstaklega í því skyni

a. að auka hlut þeirra byggðarlaga sem erfiðleikar steðja að,

b. til að opna möguleika fyrir nýja rekstraraðila í greininni,

c. til að reyna nýjar stjórnaraðferðir við fisk-

veiðar,

d. til annarra lagfæringa sem sérstakar ástæður mæla með í samræmi við reglur sem undirbúnar verða á árinu 1988 af sjávarútvegsráðherra í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Heimilt er að hækka það hlutfall, sem um getur í fyrri mgr., í allt að 10% ef aðstæður á næstu árum, að mati sjávarútvegsnefnda Alþingis og ráðherra, mæla með því."

Hér erum við að leggja til að opnaðir verði möguleikar bæði til þess að lagfæra, ef einhver sérstök óhöpp verða, og færa til svo og líka að bjóða upp á möguleika þess sé brýn nauðsyn til þess að stofnsetja ný fyrirtæki í sjávarútvegi þá sé möguleiki til þess og svo að öðru leyti til þess að kanna aðrar stjórnaraðferðir á þessum vettvangi. Ég held að það sé mjög mikið atriði að teygjanleikinn í þessum málum sé frekar á þessu sviði en sá teygjanleiki sem ráðherrann mælti svo mjög stíft fyrir hér árið 1985 en hefur reyndar fallið frá og segir að sé hvað mestur ókostur stefnunnar hingað til.

Þá er það 3. gr.:

„Við 5. gr. (sem verður 7. gr.). Á eftir 4. mgr. komi ný mgr. og orðist svo:

Heimilt er að leggja sérstakt gjald, útflutningsgjald, á fisk sem fluttur er út óunninn og komi gjaldið þá að einhverju eða öllu leyti í stað þeirra álagsákvæða sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Útflutningsgjaldið verði sérstaklega ákvarðað með hliðsjón af stefnu helstu viðskiptalanda okkar í tollamálum. Öllum tekjum af gjaldi þessu skal varið til aukinnar rannsókna- og þróunarstarfsemi á vegum rannsóknastofnana, fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins. Gjald þetta má mest nema 5% af söluandvirði ísfisks sem fluttur er út óunninn og verði lagt á, innheimt og ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum þar um."

Hér er um að ræða tillögu í stað þeirra tillagna sem eru í frv. um það að skerða beint aflakvóta þeirra skipa sem sigla með afla á erlendan markað eða fluttur er út í gámum. Við teljum miklu eðlilegra að þeirra leiða sé leitað að leggja á sérstakt útflutningsgjald til þessara hluta og jafna þar með ákveðið stöðu útgerðar og sjómanna og fiskvinnslu í landinu, með því að lagður sé skattur á útflutninginn á svipaðan máta og viðskiptalönd okkar leggja skatt á þann innflutning sem fluttur er frá fiskvinnslu okkar til þessara landa.

Um tillögur ráðherra er hægt að segja ýmislegt en ég held að gallar þeirra tillagna séu það miklir að mjög erfitt verði að framkvæma þær. T.d. vigtun og eftirlit verður ábyggilega mjög erfitt bæði frá fiskvinnslustöðvum þaðan sem meira og minna er flutt út í gámum og svo einnig, sem við getum ekki lokað augum fyrir, að markaðirnir taka sjálfsagt ákveðinn hluta af þeim afla sem að landi berst, og að í gegnum markaðina verður meira og minna flutt út ferskt. Hvernig í ósköpunum á að setja þær kvaðir á þá sem fara með fiskinn sinn á markað? „Ja, þú verður að búa þig undir það að þessi fiskur verði tekinn á þann veg að aflakvótinn þinn verði rýrður um þessi ákveðnu prósent." — Ég held að þetta sé erfitt. Okkar tillaga er miklu einfaldari. Auk þess er hún á þann veg að þar er verið að jafna stöðuna, beint peningalega stöðu, á milli vinnslu og sjómanna og útgerðar með því að leggja á útflutningsgjald beint til jöfnunar á móti þeim tollum sem lagðir eru á okkar framleiðsluvörur í viðskiptalöndunum.

4. gr. brtt. okkar hljóðar svo:

„Við 10. gr. (er verður 12. gr.). Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:" — Ég veit nú ekki í tímaskorti hvort ég á að fara að lesa þessa grein upp. Hún er öll tekin upp úr núverandi lögum. Við erum að standa undir stefnu hæstv. sjútvrh. frá fyrra tímabili. (**Gripið fram í:** Fyrri lögum. Gildandi lögum.) Gildandi lögum. Og við leggjum til að stefnan verði óbreytt. Við finnum engin sérstök rök fyrir því að eingöngu á þessum vettvangi þurfi að fara að breyta sérstaklega grundvelli stefnunnar. Stefnan er byggð upp af hæstv. sjútvrh. og hans stuðningsmönnum og hún var flutt hér og talin ágæt haustið 1985. Hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta hefur breyst svona voðalega mikið á þessum árum? Ég get ekki skilið það. Og við föllumst ekki á þau rök að það þurfi að skerða sóknarmöguleika þessa fólks í landinu á meðan engu er breytt í stefnunni gagnvart öðrum.

Öll sú umræða sem ég nefndi hér áðan að verið hefði um það að smábátaflotinn sé að stækka — ekki er það trillukörlunum að kenna í sjáfu sér. Það var innbyggt í kerfið eins og ráðherra viðurkenndi hér áðan. Það er ekki hægt að hegna þeim mönnum sem hafa verið að byggja upp smábátaútgerð á undanförnum árum fyrir það að sjútvrh. leyfði þessa uppbyggingu. Það er af og frá að hægt sé að taka undir slíkar skoðanir. Og það er vitaskuld bara ranglæti ef á að ganga þannig fram í þessu máli vegna þess að uppbygging smábátanna er fyrst og fremst verk fiskveiðistefnunnar eins og ráðherrann sagði hér áðan. Þetta var eina leiðin fyrir þá sem höfðu áhuga fyrir því að skapa sér aðstöðu til að sækja fisk í sjó, utan við hreina og beina skömmtun, eina leiðin var að fá sér trillu. Ég held að það hafi fyrst og fremst átt sér stað núna síðustu mánuðina, ja, kannski síðasta missirið, að það hefur orðið mjög mikil aukning í þessu. Gæti verið kannski fyrst og fremst vegna þess að það var ógnað með því að það ætti að fara að stoppa þetta. Það ætti að fara að koma með bönn þarna. Það er oft og tíðum hægt að líðka til í ýmsum viðskiptum með því að segja það að núna standi til að fara að banna þetta eða hitt. Má ekki vera að sú mikla aukning, sem hefur orðið á smábátunum, hafi m.a. verið vegna þess?

Að tala um það, þegar aflinn fer fram úr áætlun fiskifræðinga um 100 þús. tonn og fram úr aflatillögu ráðuneytisins um kannski 70 þús. tonn, að þessi aukning hjá trillunum í því mesta góðæri sem yfir okkur hefur komið — ég held að menn séu alveg

sammála um það að frá síðustu áramótum og fram á 7. des. hafi ekki önnur eins blíðviðri yfir okkur gengið og hagstæð tíð fyrir smábáta til að stunda sjó — að tala þá um að afli þessara smábáta verði kannski 40 þús. tonn. Og aukning frá síðasta ári, ég er nú bara því miður ekki með það. Ætli það séu ekki 10 þús. tonn hámarkið eða ekki það. Var aflinn ekki bara svipaður á árinu 1986 og hann líklega verður í ár? Svona er þessi hætta mikil og það á sérstaklega að taka þennan hóp og fara að breyta í grundvallaratriðum hans möguleikum. Ef það hefði nú verið að sturta öllu kerfinu til, þá gat það nú verið. Þá gátu verið rök fyrir því að þarna ætti að breyta. En það er ekki verið að gera með því frv. sem hér liggur fyrir.

Við leggjum til að settar verði hömlur á það að smáfiskibátum fjölgi. Þá kemur sjálfsagt að því að það verður að finna einhverja leið til þess að „kontrólera" þetta vel. En annað eins hefur nú ráðuneytið tekið að sér að fylgjast með og stjórna og gefa út reglugerðir um. Að það sé ekki hægt að finna leið til þess að fylgjast með endurnýjun eða því að smábátum fjölgi ekki eru ekki frambærileg rök. Hitt er jafnvitað að það verður aldrei hægt á Íslandi að banna það að menn eignist smábát. Að menn eignist smábát til þess að skjótast fram fyrir landsteinana og fá sér í soðið, jafnt grásleppu sem þorsk, og fara á skyttirí. Það er náttúrlega alveg fráleitt. Við megum ekki láta finna fyrir því að þegar við erum að ræða um það að draga eitthvað úr fjölgun smáfiskibáta að við séum að fara inn á þann vettvang. Nóg er nú af bönnunum og stjórnuninni þó að það verði nú ekki tekið frá okkur að hinn íslenski borgari geti átt sér skektu til að fara á í sportróðra.

Við leggjum til að þau skip sem frysta afla sinn um borð skuli svo fljótt sem við verður komið koma fyrir nauðsynlegum búnaði til að fullnýta allan afla sem þau fá um borð með því að færa hann að landi eða vinna í meltu, mjöl eða frystingu eða með öðrum fullnægjandi hætti. Við erum að leggja til að verksmiðjutogararnir og önnur skip hætti að kasta þessum verðmætum og gefi sér tíma til að sinna því að koma með þessi verðmæti að landi, jafnvel þó að stundum sé ekki hægt að reikna út krónufjöldann sem það gefi í arð fyrir skipið. Slík verðmæti sem flutt eru að landi hljóta að gefa og munu alltaf gefa arð í þjóðarbúið.

Uppbygging verksmiðjutogaranna er kapítuli út af fyrir sig. Ef það fer að verða þannig að við byggjum upp fleiri og fleiri verksmiðjuskip og hættum að nota eyjuna okkar sem reglulega útgerðarstöð erum við meira og minna að hverfa frá því að hafa trú á því að landið okkar sé byggilegt. Fyrst og fremst er það byggilegt vegna þess að það er útgerðarstöð og nýtir þau mið sem eru í kringum landið og vinnur úr sjávarfangi í sjávarþorpum og byggðum hringinn í kringum landið.

Við leggjum til að lögin verði samþykkt eins og venjuleg lög, ekki með sólarlagsákvæði eins og lagt er til hjá ráðherra. Við leggjum til að þau taki gildi 1. jan. 1988 og það falli burt að þau gildi til 31. des. 1991 og úr fyrirsögninni falli brott 1988–1991.

Á lög sem þessi, sem við erum að samþykkja, fiskveiðistjórn, er komin nokkur reynsla og með tillögum okkar hér erum við að viðurkenna það með því að flytja brtt. við frv. að við ætlum að fella okkur við þessa stefnu í meginatriðum ef henni verður breytt á þann veg sem við leggjum til, aflakvótastefnunni. Við teljum að það hafi sýnt sig á síðustu tveimur árum að rangt sé að binda þetta í ákveðinn tíma. Ég nefndi áðan hvað hefði þurft að gera ef við hefðum verið með fjögurra ára tímabil núna bundið og með sóknarmarkið eins og það er í lögunum. Við hefðum orðið að taka þessi lög upp og breyta þeim. Hvað gátu þá þeir sagt sem höfðu búið sig undir að nýta þessi ákvæði laganna? Ég hef tilfinningu fyrir því að þeir hafi haft ákveðinn kröfurétt. Með því að binda þetta í ákveðinn tíma í fjögur ár erum við að búa til vandamál frekar en hitt. Þess vegna leggjum við til að lögin verði eins og hver önnur lög án nokkurra tímamarka og að það sé hægt að breyta lögunum hvenær sem er.

Það á að búa til nefnd sem á að endurskoða og fylgjast með framkvæmd þeirra, nefnd sem er nákvæmlega eins og nefndin sem ég var að lýsa hérna áðan, samráðsnefnd hagsmunaaðila, sömu nefndina og ráðuneytisstjóri lýsti yfir að ekki væri hægt að nota til að taka ákvörðun, svipaða nefnd og orðið hefur samkomulag um milli Alþfl. og sjútvrh. að sett skuli á laggirnar til þess að fylgjast með framkvæmdinni og koma með nýjar tillögur. (**KP:** Er hv. þm. viss um þetta?) Að kratarnir hafi verið með? Nei, það er ég ekki alveg viss um. Það er eitt af því sem þið teljið upp í Alþýðublaðinu að hafi verið hinn stóri vinningur við tillögugerðina. (**KP:** Já, já, ég hef séð þetta.)

Ég undirstrika að ég tel að gallarnir á fjögurra ára tímabili hljóti að vera miklir og það sé erfitt fyrir mann, sem byggir sig upp miðað við bundna fiskveiðistefnu í fjögur ár, að fá það svo yfir sig að ákveðnu tímabili liðnu að þessi stefna sé ómark. Það hlyti að verða ef eitthvað sérstakt kæmi upp, eins og t.d. þróunin með sóknarmarkið. Sama er um það að verði ríkisstjórnarskipti á þessu tímabili, sem gæti orðið, er allerfitt fyrir nýja ríkisstjórn að standa frammi fyrir því að það séu lög í landinu um fiskveiðistefnu sem eigi að gilda áfram innan þess tímabils sem sú ríkisstjórn sæti. Þetta er að mínu mati alveg fráleitt.

Ég nefndi aðeins áðan að einn af göllum þess kerfis sem við höfum búið við væri sá að verðmæti skipa hefði aukist, það hefði komið verðmætisauki með kvótanum. Við vitum dæmi um að skip hafa verið seld á allt að tvöföldu tryggingarmatsverði og er hægt að slá því föstu að verðgildi flotans hefur allt að því tvöfaldast með þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. Ég fór fram á það við Þjóðhagsstofnun að hún reiknaði fyrir mig hvað kæmi upp í sambandi við fjármagnskostnað ef við tækjum þessa stöðu inn í dæmið með útveg á Íslandi, ef við viðurkenndum þá

staðreynd, sem hér er orðin, að verðgildi fiskiskipaflotans á Íslandi hafi tvöfaldast. Núna rétt áður en fundur var settur í hv. deild barst mér útreikningur Þjóðhagsstofnunar. Og hvernig skyldi hann vera og hvaða áhrif skyldi fiskveiðistefna hæstv. sjútvrh. hafa á rekstrargrundvöll útgerðarinnar? Hvernig skyldi útkoman vera og hvaða breyting skyldi eiga sér stað ef við tökum mið af þessu miðað við það sem hefur verið „presenterað" fyrir þjóðinni á undanförnum dögum? Hún er á þann veg að miðað við það versnar afkoma botnfiskveiðanna um 12,8%, úr 3,5% hagnaði í 9,3% rekstrarhalla. Þetta er það sem hæstv. sjútvrh. segir að sé hagstæð uppbygging fyrir sjávarútveginn. — Ég var að upplýsa, ráðherra, um útreikninga Þjóðhagsstofnunar um áhrif verðmætisaukans á rekstursafkomu fiskveiðanna.

Þetta er staðan. Það var ekki minna. Enda vita allir að þegar tvöfaldast verðgildi atvinnufyrirtækisins hlýtur það að segja til sín. Sumir segja reyndar: Ja, það hefur ekki átt sér stað. Togararnir hjá Granda hafa ekkert hækkað í verði. Grandi er með þetta enn þá. — En ef Grandi setti málið einfaldlega upp svona: Við hljótum að reikna arð af þeirri fjárfestingu eins og söluverð hennar er. Á undanförnum missirum hafa verið í sölu skip og þetta hefur verið þannig. Gauturinn var nærri því 100% yfir tryggingamati og Dagstjarnan 120%. Þannig er staðan. Hver og einn sem er með slík verðmæti milli handanna hlýtur að gera það upp við sig: Á ég að selja eða á ég ekki að selja? Ef sá hinn sami ætlar að tryggja að hann verði með eðlilegan arð af því fjármagni sem hann hefur bundið í slíkri fjárfestingu hlýtur hann að reikna með því og verður að reikna með því. Annars er allt plat í þjóðfélaginu.

Það er að koma að því að fundartími sé búinn. Hér er að hefjast umræða um mikilsvert mál. Mér sýnist margt benda til þess að það verði lagst á, nú sem stundum áður, að umræðan verði sem minnst, að við reynum að flýta þessu máli í gegnum deildir og við reynum að flýta þessu máli í gegnum nefndir. Það gefur auga leið að við verðum að taka tillit til þeirra óska. Það er kominn 7. des. og við verðum að vera búin að afgreiða frv., hvernig sem það verður þá, áður en við förum í jólafrí. Ellegar þá að koma hingað á milli jóla og nýárs og ganga frá samþykkt þess. Þetta frv. verður að afgreiða fyrir áramót því annars verða mikil vandamál uppi ef ekki verður fyrir hendi fiskveiðistefna.

Það er fróðlegt að sjá að okkar stærsta blað, Morgunblaðið, hefur í leiðurum sínum að undanförnu, og núna síðast líkast til á fimmtudag eða föstudag, lagt höfuðáherslu á að enn gerist það ekki að þetta mál fari í gegnum hv. Alþingi án þess að það fái eðlilega umfjöllun og eðlilega umræðu. Það er ákveðin tilætlun í því, sem maður hefur heyrt sí og æ, að hagsmunaaðilar séu búnir að samþykkja þetta og samþykkja hitt og þar af leiðandi standi Alþingi frammi fyrir því að samþykkja þetta frv. nærri því sem gerðan hlut. Það er líka, eins og við höfum heyrt, sagt við okkur: Það er búið að afhenda ykkur þetta frv. fyrir löngu. Því hefur lítið verið breytt í meðförum nefndanna sem hafa verið að fjalla um frv. og þess vegna ættu hv. alþingismenn að vera tilbúnir að taka afstöðu til málsins. Ég held að þetta séu mestu öfugmæli. Alþingi á alveg eftir að fjalla um þetta mál, bæði hér í hv. deild og einnig í Nd., og við eigum og verðum að taka okkur dálítið góðan tíma til þess. Við eigum ekkert að hika við, ef á þarf að halda, að halda morgunfundi, og þá frekar morgunfundi en kvöldfundi, jafnvel ef mikið liggur við að fara svolítið fram á kvöldið. Ég skora á hv. þm. að fjalla um þetta mál núna og ræða það vel, setja sig inn í þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir. Við stöndum frammi fyrir því að sú fiskveiðistefna sem við höfum búið við hefur meira og minna mistekist. Við erum reyndar að fara í gang enn með svipað kerfi, en ef við stöndum saman og vinnum vel þessa daga sem eftir eru getum við kannski lagað frv. á þann veg að það boði okkur betri tíð og betri fiskveiðistefnu en við höfum búið við undanfarin ár.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

18. fundur, mánudaginn 7. des.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Útflutningsleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56, n. 189, 191 og 193.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um þetta mál. Nefndin hefur athugað frv.

Á fund hennar komu Magnús Gunnarsson frá SÍF, Bjarni Lúðvíksson frá SH, Benedikt Sveinsson frá SÍS, Haraldur Haraldsson og Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna og Einar Benediktsson frá Síldarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. skrifa Páll Pétursson og Finnur Ingólfsson með engum fyrirvara en með fyrirvara Kjartan Jóhannsson, Geir H. Haarde og Kristín Halldórsdóttir. Minni hl. tveir voru í nefndinni og munu gera grein fyrir viðhorfum sínum til málsins.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef gefið út sérnefndarálit og langar til að gera þetta mál nokkuð að umræðuefni.

Tilefni frv. um útflutningsleyfi og sömuleiðis næsta máls hér á dagskránni um Útflutningsráð Íslands er sú ákvörðun núv. ríkisstjórnar að flytja málefni varðandi útflutningsverslunina frá viðskrn.

til utanrrn. Er eðlilegt að útgáfa útflutningsleyfa fari þangað ef fallist er á þá breytingu. Hins vegar hef ég verið mótfallinn þessari ráðstöfun og lýst yfir þeirri skoðun minni, áður en núv. ríkisstjórn var mynduð, að ég væri mótfallinn þessari breytingu.

Ég tel ástæðu til þess að gera nokkra grein fyrir þessari afstöðu minni.

Viðskrn. hefur í áratugi fjallað um utanríkisviðskipti í góðu samráði við sendiráðin og utanríkisráðuneytið. Það má segja að þeir sem til þekkja séu sammála um að starfsemi viðskrn. á þessu sviði hafi verið farsæl og árangursrík. Þessu til staðfestingar vísa ég til yfirlýsingar sem fulltrúar helstu útflutningssamtaka gáfu 26. október 1983 þegar stjórnsýslunefnd hafði lagt til að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanríkisráðuneytið og er sú yfirlýsing prentuð með nál. mínu.

Þessi yfirlýsing átti eflaust sinn þátt í að fallið var frá breytingum á verkaskiptingu á milli ráðuneyta í tíð fyrri ríkisstjórnar. Aftur á móti var svo samið um þessa breytingu, eins og ég sagði áðan, við myndun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, enda þótt reglugerðin um breytingu á reglugerð nr. 96 frá 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, sem er dagsett 8. júlí á þessu ári, hafi verið gefin út af hæstv. þáv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, og það þrátt fyrir yfirlýsta andstöðu tveggja ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem málið varðaði sérstaklega, utanrrh. og viðskrh. Helsta skýringin sem hefur verið gefin á þessari ákvörðun er að með því móti mætti nýta utanríkisþjónustuna betur.

Þessi rök, um betri nýtingu sendiráða í þágu útflutnings- og markaðsmála, eru haldlítil og gefa til kynna að menn þekki ekki nógu vel hvernig hefur verið unnið að þessum málum í áratugi af viðskrn. í samstarfi við sendiráðin. Í viðskiptamálum og málefnum varðandi alþjóðaviðskipti og viðskipta- og efnahagsstofnanir, svo sem OECD, EFTA, GATT og Evrópubandalagið, hefur viðskrn. ætíð haft beint samband við viðkomandi íslenskt sendiráð en utanrrn. hefur fylgst með þeim samskiptum þar eð afrit af bréfum, skeytum og skýrslum sem farið hafa á milli ráðuneytisins og sendiráðanna hafa verið send utanrrn. Þannig hefur verið náið og gott samband milli þessara þriggja aðila og verður ekki annað sagt en að utanríkisþjónustan hafi verið vel nýtt eftir því sem starfskraftar hennar og aðstaða hafa leyft á hverjum tíma.

Ég vil sérstaklega benda á árangursríkt samstarf við sendiráðin í Genf og Brussel varðandi fríverslunarsamstarf EFTA og við Efnahagsbandalagið og þýðingarmikið hlutverk sendiráðsins í Moskvu í sambandi við viðskiptin við Sovétríkin. Sem fyrrv. viðskrh. er mér vel kunnugt um að sendiráðin hafa yfirleitt sýnt mikinn áhuga á að greiða fyrir íslenskum viðskiptum erlendis eftir því sem óskað hefur verið. En á það skal bent að sendiráðin íslensku eru ekki fær um að sinna markaðsmálum að neinu verulegu gagni, enda ekki til þess ætlast af útflytjendum. Í fyrsta lagi er starfslið sendiráðanna mjög fáliðað og eru flest sendiráðin aðeins með tvo embættismenn auk ritara. Þá hafa sendiráðsstarfsmenn ekki verið valdir með hliðsjón af reynslu og sérþekkingu þeirra á markaðsstarfsemi. Það er því að mínum dómi vanhugsað að ætlast til þess að sendiráðið taki að sér hlutverk markaðs- og sölustofnunar erlendis, en það hefur verið talin ein helsta ástæðan fyrir flutningi á utanríkisviðskiptunum til utanríkisráðuneytisins.

Á sl. ári samþykkti Alþingi frv. til laga um Útflutningsráð Íslands sem ég lagði fram og viðurkenndi þar með að markaðsstarfsemi erlendis skyldi fyrst og fremst vera unnin af sjálfstæðri stofnun sem hefði það hlutverk að efla útflutning á vörum og þjónustu með samstarfi stjórnvalda og útflytjenda. Útflutningsráð Íslands hefur nú starfað í rúmt ár. Það hefur skipað þrjá viðskiptafulltrúa sem starfa sjálfstætt undir stjórn Útflutningsráðs, en eru aðeins formlega tengdir sendiráðum. Áður hafa embættismenn starfað sem viðskiptafulltrúar við aðalræðismannsskrifstofuna í New York og sendiráðin í París og London. Með þessu nýja fyrirkomulagi er hins vegar annar háttur hafður á. Viðskiptafulltrúarnir eru lausráðnir til nokkurra ára í senn og heyra beint undir Útflutningsráð. Það er því ekki talið til fyrirstöðu fyrir árangri af starfsemi viðskiptafulltrúa að þeir starfi með sendiráðum en óháðir utanrrn. á sama hátt og viðskrn. hefur gert.

Í marga áratugi hafa viðskiptamál heyrt undir eitt ráðuneyti, viðskrn., og hafa starfsmenn þess lengi starfað að þessum málum og þannig fengið reynslu og þekkingu sem er ómetanleg. Hins vegar eru starfsmenn utanríkisþjónustunnar háðir flutningsskyldu og starfa því fá ár í senn í utanrrn. sem er tvímælalaust ókostur við afgreiðslu viðskiptamála. Samkvæmt reglugerðinni sem nú gildir fer viðskrn. áfram með verslun og viðskipti, önnur en útflutningsverslun, en utanrrn. fer með útflutningsverslun. Hér er stigið skref aftur á bak. Útflutningsverslun er aðeins einn þáttur viðskiptamála. Innflutningsverslunin, verslun innan lands, og yfirstjórn gjaldeyrismála eru einnig þýðingarmiklir þættir viðskiptamála. Þessir málaflokkar, ásamt bankamálum, heyra áfram undir viðskrn. Að mínum dómi eiga öll viðskiptamál, bæði út á við og inn á við, að vera undir sama ráðuneyti svo að hægt sé að tryggja heilsteypta stjórn viðskiptamála.

Þetta eru höfuðástæðurnar fyrir því að ég er andvígur þessari breytingu. Hins vegar er mér það ljóst að um þetta var samið af núverandi stjórnarflokkum, en ég tók þá strax fram í mínum flokki að ég væri andvígur þessari breytingu, svo að mínar skoðanir eru ekkert að koma fram nú um leið og þetta frv. er lagt fyrir.

Á fund fjh.- og viðskn. komu, eins og frsm. meiri hl. gat um, m.a. fulltrúar Félags ísl. stórkaupmanna sem gerðu nokkrar athugasemdir við frv. En það er fyrirkomulag á útflutningsleyfum sem þeir vilja gjarnan breyta og fara með á þann veg að þar sé um algjört frjálsræði að ræða. Í sjálfu sér er það eðlilegt

sjónarmið hjá mönnum að þeir vilji hafa frjálsræði í þessum efnum eins og í innflutningi. En ég vil þá vekja athygli á því að frjálsræði í útflutningi og útflutningsleyfum hefur sífellt verið að aukast á liðnum árum. Það er mikið frjálsræði í sambandi við útflutningsleyfi á Evrópumarkaði, en aftur hefur meginhluti útflutningsins á frystum fiski verið háður leyfum og hefur verið veitt leyfi til tveggja fyrirtækja að verulegu leyti, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Á Evrópumarkaði má hins vegar segja að saltfiskútflytjandi sé aðallega einn, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.

Það eru uppi tvær skoðanir í þessum efnum. Annars vegar, á að vera algjört frelsi í útflutningi og á að leyfa hverjum og einum að flytja út þær vörur, eða eigum við að taka tillit til samstarfs sem útflytjendur eiga hér heima?

Það má segja að á sviði frysta fisksins sé samstarfið annars vegar frystihús innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hins vegar frystihús innan Sambands ísl. samvinnufélaga. Í saltfiskinum má segja að velflestir eða allir útflytjendur séu innan vébanda Sölusambands ísl. fiskframleiðenda og í síldarsölu og síldarsöltun er öll sú starfsemi undir stjórn Síldarútvegsnefndar. Hef ég ekki heyrt athugasemd frá neinum síldarútgerðarmanni, síldarsaltanda eða öðrum um annað en að það fyrirkomulag hafi reynst vel og það hafi verið til góðs fyrir íslenska síldarframleiðendur að hafa það á einni hendi.

Ef við lítum nánar á hvað þessi stóru samtök hafa gert að verkum til þess að byggja upp markaði hef ég fengið upplýsingar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þar sem segir að á fjögurra ára bili, 1984–1987, hafi samtals verið lagðar 260 millj. kr. í þá starfsemi að vinna að þróun afurða og vinnslutækni. Á verðlagi hvers árs námu þessi útgjöld 1984 31,6 millj. kr., 1985 51,2 millj. kr., 1986 56,9 millj. kr. og á þessu ári eru áætlaðar 65 millj. kr.

Kostnaður Coldwater Seafood Corporation við vörukynningar, þróun, auglýsingar og gæðastjórn hefur verið þessi á þessum sama tíma, í milljónum dollara: Árið 1984 3,7 millj., 1985 4,4 millj., 1986 4,9 millj. og áætlað er að hann verði á þessu ári 5 millj.

Hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga er sagt að þessi sömu útgjöld hafi verið á fjórum árum, í dollurum, sem hér segir: Árið 1984 1 millj. 736 þús. dollarar, 1985 2 millj. 842 þús. dollarar, 1986 3 millj. 257 þús. dollarar og á þessu ári er áætlað að þau verði 3 millj. 573 þús. dollarar.

En inni í þessum tölum öllum er að sjálfsögðu ekki beinn sölukostnaður. Hins vegar er þarna meðtalinn kostnaður við þróun nýrra afurða.

Í sambandi við gæðaeftirlit og vöruþróun hjá Sambandinu eru upphæðirnar miðað við verðlag hvers árs á þessu sama tímabili 22,6 millj. kr. 1984, 31,7 1985 og 1986 44,7 og áætlað að það verði 54 millj. kr. á þessu ári. Hvað snertir tölurnar frá Sambandinu eru þetta heildartölurnar í útflutningi, en það er áætlað af þeim að 96–98% af þessum kostnaði sé vegna frystra afurða.

Í upplýsingum þeim sem ég hef fengið frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda segir að að meðaltali hafi SÍF á síðustu fimm árum fjárfest í sölu- og markaðsmálum upphæð sem nemur um 40 millj. kr. á ári á núvirði eða um 1 millj. dollara. Til viðbótar þessum upphæðum hefur SÍF fjárfest í rannsóknarverkefnum, rannsóknarstofum og ýmsum vöruþróunarverkefnum upphæð sem nemur um 20 millj. kr. á ári síðustu tvö ár svo að dæmi sé tekið.

Á síðasta ári tók stjórn SÍF þá ákvörðun að fjárfesta í vélum og tækjum til tilraunapökkunar á saltfiski og saltfiskafurðum í neytendapakkningar. Þessi tilraunaverksmiðja tók til starfa á miðju þessu ári. Væntanlegur útflutningur saltfisks í neytendapakkningum mun nema að verðmæti rúmlega 1 millj. dollara á þessu ári, þ.e. tilraunaframleiðsla þessara sex mánaða. Heildarfjárfesting SÍF í þessari tilraun einni mun nema um 40 millj. á árunum 1987 og 1988. Samhliða rannsóknar- og vöruþróunarverkefnum rekur SÍF gæðaeftirlit með ærnum kostnaði á ári hverju og er jafnframt ábyrgt fyrir ýmsum þjónustuverkefnum á vegum framleiðenda, svo sem að fylgjast með launasamningum, úttektum á bónusstöðlum, hringormanefnd og rekstri tæknideildar sem hefur frumkvæði að tæknilegum nýjungum í þróun saltfiskverslunar.

Í SÍF eru um 360 saltfiskframleiðendur og á árinu 1986 flutti SÍF út saltfisk fyrir um það bil 6 milljarða. Til fróðleiks má geta þess að á síðasta ári tapaði SÍF ekki einni einustu krónu í þessum viðskiptum þótt SÍF verði að öllu jöfnu fyrir skakkaföllum sem og önnur fyrirtæki í slíkum viðskiptum. Er þessi árangur nokkur vottur um þau traustu viðskiptasambönd sem þessi samtök hafa haft á síðustu 55 árum.

Ég rek þessar upplýsingar vegna þess að ég tel að þær eigi hér heima vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Þá er valið á milli þess að gefa allan útflutning frjálsan eða svo gott sem og þar með að eiga á hættu að þessi samtök útflytjenda liðist í sundur og þá spyr ég: Hver á þá að byggja upp markaðinn? Gera það einstaklingar sem eru að byrja í þessum útflutningi eða gera hinir það betur þar sem útflytjendur reyna að sameinast sem flestir á hverjum tíma? Hitt er annað mál að nauðsynlegt er að þessir stóru útflutningsaðilar hafi einhverja samkeppni. Ekki er því skynsamlegt að loka algjörlega fyrir alla aðra því að nauðsynlegt er að hafa einhverja viðmiðun. En það má ekki ganga svo langt að löggjafinn eða stjórnvöld vinni svo gegn þessum samtökum að kippt sé stoðum undan þeim. Þá hygg ég að við munum bíða margfalt meiri skaða ef breyting verður. En þessi málefni útflutningsatvinnuveganna verða eðlilega að vera í endurskoðun því að aldrei er svo fullkomlega frá hlutum gengið að það geti gengið í nokkur ár hvað þá heldur lengri tíma.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Virðulegur forseti. Það er nál. 2. minni hl. sem mælt skal fyrir. Ég held að það sé ekki ástæða til að ýkja það hversu rækilega fjh.- og viðskn. tættist í sundur í þessu máli. Það liggja þar fyrir þrjú nál. og auk þess skrifa nokkrir hv. þm. undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Er það til marks um það að ekki var algjör eining eða allir á eitt sáttir í þessu máli og rættist það sem sá sem hér talar spáði við 1. umr. að ýmislegt væri óathugað í sambandi við þessa kerfisbreytingu.

Ég sakna þess, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. heiðrar okkur ekki með nærveru sinni. Er hægt að fá upplýsingar um það hvort hæstv. ráðherra er nærstaddur? (**Forseti:** Ég get upplýst það að hæstv. utanrrh. fór utan í morgun og mun hans ekki von hér á þessum fundi.) Það er upplýst að hæstv. utanrrh. hafi einu sinni sem oftar brugðið sér af bæ. Væntanlega er þá einhver hæstv. ráðherra tilbúinn að svara fyrir hann og hér er hæstv. viðskrh. og þeim hæstv. ráðherra er málið skylt með nokkrum hætti.

Það komu fram, virðulegur forseti, allathyglisverðar upplýsingar þegar hæstv. fyrrv. viðskrh. og núv. hv. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, lýsti því að tveir hæstv. fyrrv. ráðherrar hefðu verið andvígir þessum breytingum í fyrri ríkisstjórn og sú staða hefði verið þar ljós eða ég skildi hann þannig, þ.e. þeir tveir ráðherrar sem höfðu þá mest um þetta að segja, hæstv. utanrrh. og hæstv. fyrrv. viðskrh. Það eru þá athyglisverð sinnaskipti hjá stjórnarflokkunum, þar sem báðir þessir ráðherrar tilheyrðu núverandi stjórnarflokkum og gera reyndar enn, að þetta skuli vera orðið að stjfrv. og keyrt fram hér með þeim fyrirgangi sem raun ber vitni. Ástæðan er nokkuð kunn. A.m.k. var aðdragandi þessa máls nokkuð kunnur þeim sem komu á fund hv. fjh.- og viðskn. því þar var það almennt viðkvæði þeirra sem kvaddir voru til ráðslags við nefndina að það þýddi víst lítið að vera að hafa skoðun á þessu máli. Væri ekki búið að ákveða þetta fyrir löngu? Og þá var vitnað til stjórnarmyndunarviðræðnanna þar sem það hafði lekið út að eitt af lykilatriðunum til að koma hæstv. ríkisstjórn á koppinn hefði verið að færa þetta verkefni undir verðandi hæstv. utanrrh. Það var því almennt uppgjöf í rómnum þegar tilkallaðir voru að tjá sig um þetta mál og þau áhrif sem það hefði á viðskiptalífið.

Ég held að þetta sé heldur óheppileg málsmeðferð, virðulegur forseti, ekki síst vegna þess að fyrir dyrum stendur væntanlega, eins og reyndar oft áður, að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands og skipan þess, framkvæma einhverja heildarendurskoðun á því. Það hefur oft áður verið á verkefnalistum ríkisstjórnar og staðið til og ef ég man rétt stendur það einnig fyrir dyrum hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hvað knýi svo mjög á um þessa breytingu að það sé ástæða til að draga hana út úr umfjöllun eða skoðun skipulags stjórnarráðsins að öðru leyti. Og það eru nú ein meginrökin fyrir því að á nál. 2. minni hl. er ekki lagt til að málið verði fellt þó að undirritaður sé í raun og veru sammála 1. minni hl. hvað það varðar, að það sé ekki efni til að samþykkja frv. Ég tel hins vegar eðlilegri málsmeðferð að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í ljósi þess að það getur þá komið til skoðunar með öðrum atriðum þegar stjórnarráðið verður tekið til nánari skoðunar og heildstæðrar endurskoðunar sem í öllu falli er þörf á hvaða kraft sem hæstv. núv. ríkisstjórn hyggst leggja í það mál.

Virðulegur forseti. Þessi breyting er, eins og ég hef rakið, í raun tengd þessu samkomulagi stjórnarflokkanna frá myndun ríkisstjórnarinnar og þau rök sem helst hafa verið færð fram eru að með þessu náist betri nýting utanríkisþjónustunnar, en síðan bætti hæstv. utanrrh. því við svona inn í umræðuna, aðspurður, að það mætti einnig hugsa sér að þetta gæti orðið til að auðvelda samskipti okkar við Evrópubandalagið í framtíðinni. Það var ekki rökstutt í sjálfu sér mikið nánar en því svona slegið fram og eru það þá önnur rökin sem reynt er að færa fyrir þessari breytingu, a.m.k. af því tagi sem ég hef heyrt og talið þess virði að ræða þau. En það er skoðun undirritaðs að það verði að gera betur, það verði í raun og veru að færa mjög gild rök fyrir því að kerfisbreyting af þessu tagi sé til bóta og leysi einhver þau vandræði sem við er að glíma í núv. fyrirkomulagi, þannig að það fari betur, því að það verður ekki horft fram hjá því, eins og margoft hefur komið fram og tekið hefur verið undir af ýmsum aðilum, m.a. mörgum þeirra sem komu til viðræðna við hv. fjh.- og viðskn., að það getur fylgt því viss áhætta og visst óhagræði að sami ráðherra fari með málefni útflutningsviðskipta og pólitíska stefnumörkun og störf í utanrrn.

Undirritaður telur sem sagt, eins og fram kemur í nál., verulega skorta á að þessar breytingar hafi verið studdar þeim rökum að það sé réttlætanlegt að hverfa frá fyrirkomulagi sem almennt er viðurkennt að hafi skilað allbærilegum árangri. Nú er það ekki svo að menn hafi í raun upp á störf þeirra sem sinnt hafa þessum viðfangsefnum að klaga. Þvert á móti hefur það iðulega komið fram að þar séu hæfir menn sem hafi náð miklum árangri og samstarf á þessu sviði sé í raun og veru ágætt, þannig að þetta er ekki sérstaklega rökstutt með því að þar verði einhver bót á.

Það verður einnig að átelja hversu litla vinnu og litla hugsun hæstv. ríkisstjórn virðist hafa lagt í þetta mál. Það virðist nánast hafa farið svo að eftir að þetta snjallræði var fundið upp í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor og þar með ákveðið, eins og sumir kjósa nú að orða hlutina, og gleyma því þá jafnvel að til sé stofnun sem heitir Alþingi Íslendinga, hafi menn lítið haft af þessu áhyggjur fyrr en því var hent hér inn í þingið fyrir nokkrum vikum. Það verður a.m.k. ekki séð af rökstuðningi með frv. eða fylgigögnum eða öðru því sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft fram að færa og ég sýni hv. þdm. örkina sem þetta mikla mál er nú flutt á. Hún er næsta bágborin. Það er ekki mikið lesmál eða mikil rök

sem hér er að finna. M.ö.o., hæstv. ríkisstjórn hefur ekki talið ástæðu til að setja mörg orð á blað um þetta efni. Svona stuttaraleg athugasemd við lagafrv. sem snertir sjálfa lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar, utanríkisviðskiptin eða útflutningsviðskiptin, hef ég bara sjaldan séð, virðulegur forseti.

Ég hef talið upp á nál. á þskj. 193 ekki færri en átta tölusett atriði sem ég tel að þurfi að athuga og fá svarað áður en viðunandi sé að afgreiða þessa breytingu og setja um það lög eða breyta um það lögum. Og ég vænti þess að þeir hæstv. ráðherrar sem hér hlýða á umræðuna og telja sér málið skylt, svo sem eins og hæstv. forsrh., fyrir þá hönd utanrrh. ef svo verkast því að ég sé engan flokksbróður hæstv. utanrrh. sem ber ráðherratign hér í salnum í augnablikinu, svari þá og einnig hæstv. viðskrh.

Ég vil í fyrsta lagi undirstrika það, vegna þess að helstu rök sem hafa verið færð fram fyrir breytingunni eru þau að með því fáist betri nýting utanríkisþjónustunnar, að enginn hefur sýnt fram á að utanríkisþjónustan sé sérstaklega vannýtt eins og hún er í dag. Þvert á móti var hæstv. utanrrh. að viðurkenna að í raun og veru væri þar við alveg nægjanleg verkefni að fást. Það væri því ekki ónotaður mannafli í stórum stíl sem biði bara á stólum úti um lönd og álfur eftir því að fá þessi verkefni, öðru nær. Þvert á móti er auðvitað utanríkisþjónustan mjög fámenn og hefur ærnum verkefnum að sinna. A.m.k. er það þannig í þeim sendiráðum sem tengjast störfum alþjóðasamtaka eða stofnana og það gera reyndar flest sendiráð Íslands utan Norðurlandanna.

Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir þannig að það er ekki verið að slá miklar keilur hvað þetta varðar, enda upplýsti hæstv. utanrrh. að auðvitað þyrfti að stofna deild og ráða menn og bæta við til þess að utanrrn. gæti sinnt þessu verkefni. Í hverju felst þá sparnaðurinn? Í hverju felst þessi bætta nýting núverandi utanríkisþjónustu? Ég tel alveg óhjákvæmilegt að fá því svarað og vænti þar einhverra efnislegra svara, ekki bara almennra fullyrðinga um að það sé hugsanlegt að utanríkisþjónustan nýtist eitthvað betur.

Ég undirstrika einnig að samtök stærstu útflytjenda hafa bæði fyrr og síðar, bæði í skriflegum yfirlýsingum og álitsgerðum sem frá þeim hafa komið og einnig á fundum með hv. fjh.- og viðskn., undirstrikað það og lýst þeirri skoðun sinni að viðskrn. hafi unnið gott starf og að sú skipan mála að hafa sjálfstætt viðskrn. hafi reynst vel. Enn fremur hefur það komið fram hjá þeim aðilum sem gerst þekkja til, standa dagsdaglega í útflutningi og sinna utanríkisviðskiptum, að það sé hið ágætasta samstarf milli útflytjenda, viðskrn., utanrrn. og utanríkisþjónustunnar almennt. Það er því alveg nauðsynlegt að fá því svarað, í öðru lagi, hverju menn hyggjast ná fram sem ekki hefur verið við lýði og ekki hefur verið í sæmilegu lagi með því fyrirkomulagi sem við höfum haft.

Í þriðja lagi tel ég óviðunandi annað en að það sé rætt og hæstv. ráðherrar tjái sig um það, sem ítrekað hefur verið sett fram, að því geti fylgt óhagræði að farið sé með viðskiptamál og pólitíska stefnumörkun í utanríkismálum í sama ráðuneyti. Þessar ábendingar hafa ekki verið hraktar. Hæstv. utanrrh. gerði ekki tilraun til þess að neita því eða hrekja það að þetta væri svo. Vissulega væru þessir möguleikar fyrir hendi, að því gæti fylgt óhagræði að blanda þessum tveimur hlutum saman undir eitt ráðuneyti þannig að ekki væri hægt að mæta á alþjóðavettvangi með málefni útflutningsviðskipta eða utanríkisviðskipta undir sjálfstæðum stjórnvaldslegum hatti.

Í fjórða lagi vil ég benda á að það hefur ekki unnist tími til þess í meðferð Alþingis á málinu að fá skriflegar og formlegar umsagnir stærstu útflutningsaðilanna í landinu. Hv. fjh.- og viðskn. varð að láta sér nægja að fá þessa aðila til stuttaralegs fundar og óskum um það að beðið yrði eftir formlegum, skriflegum umsögnum þessara aðila, sem gefist hefði tími til að leggja fyrir stjórnir eða æðstu valdastofnanir viðkomandi samtaka eða fyrirtækja, var ekki sinnt. Þess var ekki kostur. Málið var afgreitt frá nefnd áður en slíkar skriflegar eða formlegar umsagnir bárust. Það er vissulega stór ókostur, herra forseti, ekki síst í ljósi þess að fyrir liggur skrifleg og formleg afstaða sjö stærstu útflytjenda sjávarafurða frá frá því síðla árs 1983 og það álit er á þeim tíma mjög neikvætt, eins og fram kemur í fylgiskjali með nál. 1. minni hl. nefndarinnar. Þá skrifa ráðamenn eftirfarandi samtaka undir nál.: Landssamband ísl. útvegsmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Samlag skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefnd, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Sölustofnun lagmetis. Allir þessir aðilar, hafandi haft á þeim tíma ágætis tíma til að athuga málið og móta afstöðu til þess, lögðust eindregið gegn því að þessi eða hliðstæð kerfisbreyting yrði gerð. Og það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. að a.m.k. lá stjórnarsamþykkt að baki slíkrar afstöðu hjá Síldarútvegsnefnd. Þeir menn sem mættu fyrir hönd þessara samtaka á fundum fjh.- og viðskn. núna voru ekki þeir sömu og undirrituðu álitin í flestum tilfellum árið 1983 og gátu því ekki fullyrt að stjórnarsamþykktir hefðu þá legið að baki í öllum tilfellum en töldu það líklegt og bentu á að þá hefði miklu meiri tími gefist til að fjalla um málið.

Þetta er því ekki æskileg málsmeðferð og það er því eðlilegt í fjórða lagi að spyrja hvers vegna liggi svo mikið á að afgreiða þessa breytingu nú. Eru einhverjir stórir atburðir í sigtinu nú um áramótin sem krefjast þess að lögin þurfi að koma þegar til framkvæmda, að ekki sé hægt að fresta gildistöku þeirra til að mynda fram eftir vetrinum og gefa sér þá meiri tíma til að fjalla um þau hér á hinu háa Alþingi, bíða skriflegra umsagna o.s.frv.? Ég vil spyrja t.d. hæstv. forsrh. hvort hann telji koma til greina að við það verði látið sitja að fjalla um þetta mál í Nd. og fela þá fjh.- og viðskn. Ed. að leita eftir formlegum umsögnum og gefa henni tíma til þess.

Í fimmta lagi vil ég benda á það að með þessari breytingu er viðskiptamálefnum í landinu skipt upp á milli tveggja ráðuneyta og það m.a.s. sjálfum utanríkisviðskiptunum þar sem einungis er meiningin, ef ég hef skilið hæstv. utanrrh. og lesið þetta frv. rétt, að flytja útflutningsviðskiptin yfir í utanrrn. Innflutningsviðskipti og öll önnur viðskiptamál, svo sem það sem tengist meðferð gjaldeyris í tengslum við viðskipti, eiga að tilheyra viðskrn. áfram. Þar með er að mínu mati, virðulegur forseti, í raun gengið gegn anda laganna um Stjórnarráð Íslands þar sem það er meginmarkmið að skipa skyldum og samstæðum málum til eins og sama ráðuneytis.

Ég hvet menn til að kynna sér umræður og athugasemdir við frv. til laga um Stjórnarráð Íslands frá árinu 1969 þegar þau lög voru hér til meðferðar á hinu háa Alþingi. Það er alveg ljóst af lestri þeirra skjala sem því tilheyra að meginmarkmið og meginandi laganna gekk út á það, og gerir væntanlega enn, að skyld mál og samstæð mál ættu að heyra til eina og sama ráðuneytinu. Ég hélt að menn hefðu fengið sig fullsadda af þeim dæmum sem við höfum vegna gallaðs skipulags Stjórnarráðsins í dag þar sem samstæðir málaflokkar eru á tætingi milli margra ráðuneyta. Ég nefni umhverfismálin sem dæmi og mörg fleiri mætti reyndar nefna þar sem ráðuneyti og hæstv. ráðherrar lenda oft og iðulega í erfiðum málum og hnökrar koma á samskipti þessara aðila, sem oft er nú ekki á bætandi, vegna þess að Stjórnarráðið býður beinlínis upp á það með úreltu eða gölluðu skipulagi sínu. Aðalvandinn í flestum tilfellum er einmitt þessi: Að samstæð mál, sem þyrftu að tilheyra sama ráðuneyti, eru á tætingi út um allt. Og það er nákvæmlega það sem hæstv. ríkisstjórn hyggst gera með því að kljúfa viðskiptin upp með þessum hætti, m.a.s. sjálf utanríkisviðskiptin eins og ég hef rakið.

Í þessu ljósi einnig vil ég spyrja hvað valdi því að þessi breyting, sem gengur þannig gegn anda gildandi laga um Stjórnarráðið, er drifin hér áfram með þessum hætti. Hvers vegna er þá ekki beðið ítarlegri endurskoðunar laga um Stjórnarráðið? Menn þurfa þá væntanlega einnig að svara þessari spurningu: Ætla menn að falla frá því að hafa það meginreglu hinnar íslensku stjórnskipunar að samstæðum málum sé skipað undir eitt og sama ráðuneytið? Boðar þetta e.t.v. að hæstv. ríkisstjórn telji uppi einhverja aðra tíma í þessum efnum en var á árinu 1969 og að ekki sé lengur ástæða til að gera ráð fyrir því að Stjórnarráð Íslands skuli byggt upp með þessum hætti eða stefnt skuli að því að þannig sé?

Ég vil jafnframt taka það fram í sjöunda lagi og spyrja um hvers vegna ekki hefur verið kannað hvaða áhrif þessi breyting kunni að hafa á aðstöðu okkar innan Fríverslunarbandalagsins, innan EFTA. Það er mjög athyglisvert að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki hafa kynnt sér það hvaða afleiðingar þessi kerfisbreyting kunni að hafa í þessu efni. Hæstv. utanrrh. var spurður að því hér við 1. umr. og hann viðurkenndi það — enda hreinskilinn maður og kunnur fyrir það af þjóðinni að vera ákaflega hreinskilinn í svörum, stundum rúmlega hreinskilinn — að þetta hefði ekki verið athugað. Ósköp einfaldlega. Hann hafði ekki kynnt sér það, hæstv. ráðherrann. Það vekur sérstaka athygli einmitt vegna þess að með þessu er lagt til annað fyrirkomulag en er hjá nokkru hinna EFTA-landanna. Ekkert hinna EFTA-landanna hefur þetta fyrirkomulag sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að taka upp hér á Íslandi. Einhver hefði látið sér detta það í hug að ef hrófla ætti við þessu fyrirkomulagi, sem hefur verið við lýði og reyndar er þekkt víða annars staðar, m.a. hjá sumum EFTA-ríkjanna þar sem eru venjuleg sjálfstæð viðskiptaráðuneyti sem fara með öll viðskiptamálefni, þá hefðu menn frekar horft til þess að sækja hið nýja fordæmi til annarra EFTA-landa. Ég nefni Finnland og Svíþjóð sem dæmi sem hafa tiltekið skipulag í þessum efnum, þ.e. hafa viðskiptalega skylda stöðu okkur Íslendingum og hafa annað fyrirkomulag á þeim málum en hér er lagt til.

Þá vil ég í sjöunda lagi spyrja: Úr því að tekið var til við að ræða endurskipulagningu viðskiptamálefnanna, hvers vegna voru þá ekki kannaðir aðrir möguleikar sem til greina hljóta að koma þegar rætt er um að breyta núverandi viðskrn. eða verkaskiptingu á þessu sviði innan Stjórnarráðsins? Það verður ekki séð og hæstv. utanrrh. svaraði, ef ég man rétt, litlu eða engu til um það hvers vegna ekki hefði verið kannað til að mynda hvort betra væri að stofna sjálfstætt utanríkisviðskiptaráðuneyti eða færa utanríkisviðskiptin inn undir utanrrn. Þó með þeim hætti að sjálfstæður utanríkisviðskiptaráðherra væri yfir þeim málaflokki. Það er í raun það fyrirkomulag sem frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, sumir hverjir, hafa tekið upp og að því er virðist með ágætum árangri. Þá virðist manni að slá megi margar flugur í einu höggi. Séu menn að leita eftir nánara samstarfi og betri samnýtingu starfskrafta utanríkisþjónustunnar og þeirra sem fara með utanríkisviðskiptin, þá ætti þetta fyrirkomulag að duga til þess, en haldi menn eftir sem áður sjálfstæðum ráðherra sem fer með málaflokkinn þá er út á við hægt að koma fram fyrir hönd landsins með þessi mál, stjórnskipulega sjálfstæð. Og það er einmitt kostur sem margir hafa bent á að væri gott að hafa og galla á því kerfi sem hér er lagt til að svo yrði ekki.

Í áttunda lagi, herra forseti, er nauðsynlegt að minna á það hér að fáar þjóðir, ef nokkrar, eru jafnháðar þessari tegund viðskipta og við Íslendingar. Það var upplýst hér af hæstv. utanrrh., sem greinilega er oft vitnað til hér í umræðunni þó að hann sé fjarstaddur, við 1. umr. að veltan í þessum viðskiptum væri nálægt hálfum þjóðartekjum okkar Íslendinga. Og það er býsna myndarleg upphæð a.m.k. á okkar mælikvarða. Ég hlýt því að spyrja hvort mönnum hafi ekki þótt ástæða til að vanda betur vinnubrögð sín og taka sér ofurlítið betri tíma til að skoða þessi mál m.a. í ljósi þess hversu stórt mál er á ferðinni, hversu gífurlegir hagsmunir liggja

hér að baki. Í raun öll okkar viðskipti, a.m.k. okkar utanríkisviðskipti, sem þetta hefur áhrif á og þar sem veltan er nálægt hálfar þjóðartekjurnar.

Það mætti tína margt fleira til, virðulegur forseti, en ég hef hér tölusett átta atriði sérstaklega. Ég vil taka það fram að þó að það sé mjög lofsvert að leitast við að efla útflutningsstarfsemi í landinu og vissulega göfugt markmið hjá hæstv. ríkisstjórn ef hún hefur þá trú að hún sé að gera það með þessum hætti, þá fellst ég engan veginn á það að rökstutt hafi verið með fullnægjandi hætti að sú kerfisbreyting sem lögð er til í frv. sé vænlegasta leiðin í þeim efnum. Ég fellst engan veginn á það, virðulegur forseti, og tel mig hafa tínt til nægilega margar spurningar sem ekki hefur verið svarað og velt því upp hvernig málsmeðferðin hefur verið. Þetta tvennt ætti að nægja til þess að benda á að það er bæði illa ígrundað og mjög ótímabært að ætla að drífa breytingu af þessu tagi í gegnum þingið fyrir áramót. Allur aðdragandi málsins er ekki með þeim hætti að það sé traustvekjandi.

Það er því niðurstaða 2. minni hl., sem hér hefur verið mælt fyrir, að leggja það til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og hætt verði við að breyta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands að þessu leyti að svo stöddu — að svo stöddu — þar sem engin rök hafa verið færð fyrir því a.m.k. að knýjandi nauðsyn sé til að framkvæma þessar breytingar akkúrat hér og nú. Engin rök. Ekki nokkur. Hæstv. utanrrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., enginn þessara hæstv. ráðherra hefur fært nokkur minnstu rök fyrir því að nauðsynlegt væri að drífa þessa breytingu í gegn núna akkúrat um jólin. Einu rökin sem ég sæi fyrir þeirri málsmeðferð væru að það er búið að gera síldarsölusamninga við Sovétmenn, þannig að þetta mundi a.m.k. ekki spilla fyrir þeim á þessu ári, þar sem þeir eru búnir. Það voru líka einu rökin.

Það hefði verið fróðlegt, virðulegur forseti, að ræða einnig talsvert ákveðin efnisatriði sem komið er inn á í þessu frv., eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, þ.e. hvað varðar sjálfa leyfisveitingu í utanríkisviðskiptunum, en ég hygg að ég geymi mér umræðu þar um, a.m.k. að svo stöddu. Ég vil fyrst fá svarað, ef einhver svör verða þá uppi, þeim spurningum sem ég hef lagt hér fram um sjálfa kerfisbreytinguna. Það er í raun og veru það stóra mál sem hér er fyrst og fremst til umfjöllunar vegna þess að frv. sem slíkt gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á því fyrirkomulagi sem viðhaft hefur verið við leyfisveitingarnar. Ég vil einnig spara umræðuna, herra forseti, með tilliti til þess að það sýnast vera talsverð verkefni fram undan hér á hinu háa Alþingi, býsna mikil, og ég vil því leggja mitt af mörkum, eftir því sem kostur er, til þess að stytta umræður og hafa þær sem allra efnislegastar og knappastar og skorinorðastar og tel að ég hafi verið að því og mun áfram reyna það.

Ég hef því ekki mál mitt lengra að sinni, virðulegur forseti, en ég vænti að sjálfsögðu svara frá hæstv. ráðherrum við þeim fjölmörgu spurningum sem ég hef borið upp.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að skrifa undir álit meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. með fyrirvara. Fyrirvari minn snýr ekki að þeirri hlið þessa máls er snertir flutning stjórnsýsluverkefna á sviði útflutningsmála frá viðskrn. til utanrrn. Ég er þeirri breytingu sammála. Um hana snýst þetta frv. Með frv. er þannig ekki verið að gera efnislega breytingu á núverandi skipan útflutningsleyfa heldur einungis gert ráð fyrir að framkvæmdir flytjist úr einu ráðuneyti í annað.

Ég vildi hins vegar láta það koma fram að ég hef efasemdir um hvort það fyrirbæri sem frv. þetta fjallar um eða svokölluð útflutningsleyfi eigi áfram rétt á sér með sama hætti og verið hefur óháð því í hvaða ráðuneyti slík leyfi eru gefin út.

Um þessi mál hefur löngum verið deilt og hér togast á tvö meginsjónarmið. Annars vegar það að reyna að hámarka útflutningstekjur og beita í því skyni, ef með þarf, takmörkunum á fjölda útflytjenda þannig að staða hvers um sig á erlendum mörkuðum verði sem sterkust. Hins vegar að tryggja mönnum frelsi til athafna í útflutningsstarfseminni til jafns við atvinnufrelsi í öðrum greinum.

Færa má gild rök fyrir báðum þessum sjónarmiðum. Vandi stjórnvalda á hverjum tíma felst í því að vega þessa hagsmuni hverja á móti öðrum og finna þá leið sem fullnægir báðum sem best, þ.e. kemst sem næst því að hámarka útflutningstekjur án þess að skerða atvinnufrelsið.

Í útflutningsmálum okkar Íslendinga hefur á löngu árabili þróast tiltekin skipan byggð á útflutningsleyfum og þeirri hugmynd að unnt sé að skila meiri verðmætum í þjóðarbúið ef sala helstu útflutningsafurða sé í höndum fárra aðila sem keppa lítt eða ekki innbyrðis. Í aðalatriðum hygg ég að þessi skipan hafi gefið góða raun og mjög vafasamt er að sjálfsögðu að nokkur önnur komi til greina þegar um er að ræða útflutning til ríkja þar sem innflutningur er í höndum eins opinbers aðila, þar sem um opinbert, svokallað einkeypi er að ræða eins og í ríkjunum austan járntjalds. Öll rök viðskipta- og markaðsfræða hníga að því að gegn slíkum aðilum dugi einkasala best. Einokun dugi best gegn einokun ef menn vilja á annað borð reyna að hámarka sinn afrakstur.

Í löndum þar sem frjáls markaðsviðskipti eru meginreglan getur á hinn bóginn gegnt öðru máli þótt oftast sé það svo að einokunarsali í frjálsu markaðskerfi geti aukið hagnað sinn, fái hann að starfa óáreittur, umfram það sem væri ef hann þyrfti að glíma við keppinauta. Það er að sjálfsögðu ástæðan fyrir því að menn hafa almennt á móti einokun, þ.e. aðrir en einokunaraðilarnir sjálfir, sem jafnan finna einhverja réttlætingu fyrir tilveru sinni, stundum réttmæta en oftast ekki.

Nú ætla ég ekki, herra forseti, að blanda slíkum

fræðilegum hugleiðingum frekar inn í þetta mál en ég tel að það hljóti að koma til skoðunar á næstu árum hvort ekki sé tilefni til að rýmka til um heimildir til útflutnings, svo sem raunar hefur þegar verið gert í verulegum mæli í vissum vöruflokkum og á ákveðnum mörkuðum. Þá þarf jafnframt að athuga hvort sú skipan útflutningsleyfa sem þetta frv. mælir fyrir um skuli standa óbreytt.

Hin öflugu útflutningssamtök okkar Íslendinga hafa um árabil unnið mikilsvert markaðsstarf. Það munu þau að sjálfsögðu áfram gera. En þess er vart að vænta að þau muni ævinlega geta fylgst svo nákvæmlega með allri þróun á öllum mörkuðum að ekki geti verið rúm fyrir útsjónarsama nýja aðila einhvers staðar á jaðri starfsemi hinna stóru samtaka, aðila með nýjar hugmyndir, nýjar vörur eða nýja sölutækni. Þess vegna þarf að vera unnt að veita slíkum aðilum eitthvert svigrúm enda verði starfsemi þeirra ekki til þess að lækka almennt útflutningsverð eða heildarútflutningstekjur.

Þegar fjallað var um frv. þetta komu á fund fjh.- og viðskn. fulltrúar frá Félagi ísl. stórkaupmanna með tillögur um að takmarka mjög ef ekki fella alveg niður heimildir ráðherra til að neita væntanlegum útflutningsaðila um útflutningsleyfi. Byggjast skoðanir þeirra eflaust á sjónarmiðum um frelsi til athafna og atvinnu svipuðum þeim sem ég gat um hér að framan.

Ég tel, eins og fram hefur komið, að viðhorf þessara aðila eigi nokkurn rétt á sér. Frv. þetta felur hins vegar einvörðungu í sér þá formbreytingu að flytja meðferð þessara mála frá viðskrn. til utanrrn. og fjallar ekki um breytingar á núverandi skipan að öðru leyti. Erindi Félags ísl. stórkaupmanna á því ekki rétt á sér við umfjöllun um þetta mál nema sem ábending um breytta tilhögun síðar.

Ég tel ekki rétt að blanda saman þeirri stjórnkerfisbreytingu sem frv. felur í sér og spurningunni um það hvort yfirleitt eigi að gefa út útflutningsleyfi eða hvort þau eigi að vera í öðru formi en nú tíðkast. Það er einfaldlega annað mál.

Ég greiði þessu frv. því atkvæði mitt en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að fylgja breytingum á skipan útflutningsleyfa síðar.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég skal stuttlega víkja hér að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umræðunum. Það er auðvitað laukrétt sem fram kom hjá hv. 17. þm. Reykv. að hér er um að ræða tilfærslu verkefna í Stjórnarráði en ekki efnislegar breytingar á því hvernig útflutningsmálum er að öðru leyti háttað.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði hvers vegna þetta mál hefði verið tekið út úr. Ég skil það svo að hann hafi verið að spyrja hvers vegna þetta hafi verið tekið út úr öðrum hugmyndum sem stundum hafa verið til umræðu um breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Því er til að svara að það var tekin sjálfstæð ákvörðun um tilflutning þessa verkefnis útflutningsverslunarinnar úr viðskrn. í utanrrn. og ástæðulaust að blanda því saman við hugmyndir sem oft hafa komið upp um aðrar skipulagsbreytingar í Stjórnarráðinu.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að meginrökin fyrir þessari breytingu er betri samnýting starfskrafta og eðlilegri meðferð mála út frá því sjónarmiði að samstæð mál fari saman. Þau rök voru ekki færð fram fyrir þessu að verið væri að spara fjármuni eða gera þessa starfsemi ódýrari. Það var verið að koma á þeirri skipan þar sem líklegra var talið að starfskraftar gætu nýst í þágu þessarar starfsemi með meiri orku en áður, meðal annars, eins og hv. þm. benti á, í ljósi þess að starfsmenn utanríkisþjónustunnar sinna m.a. tengslum við stór viðskiptasamtök eins og Fríverslunarbandalagið og samskiptum við Evrópubandalagið og þar af leiðir að hér er um að ræða mál sem eðlilegt er að fari saman í einu ráðuneyti.

Ég tel ekki að það séu veigamikil rök í þessu máli að pólitísk afstaða, utanríkispólitísk afstaða, sem utanríkisráðherra þarf að kynna, fari í bága við viðskiptahagsmuni og það kunni að vera eðlilegt að tveir ráðherrar fari þess vegna með þessi mál. Ríkisstjórn Íslands á hverjum tíma er auðvitað bundin af utanríkispólitískum ákvörðunum og yfirlýsingum og viðskrh. getur ekki leikið þar með öðrum hætti en ríkisstjórnin í heild kemur sér saman um. Því held ég að hér sé ekki um veigamikil rök að ræða í þessu máli.

Hv. þm. spurði einnig hvort ekki væri unnt að láta við það sitja að hv. Nd. afgreiddi þetta mál og hin virðulega Ed. fengi svo málið til rækilegri skoðunar eins og ég skildi hans spurningu. Ég sé ekki að þetta mál sé þannig vaxið að ekki sé unnt að afgreiða það fyrir jólaleyfi þm. og með fullri virðingu fyrir hinni virðulegu Ed. sýnist mér að ef þessi hv. deild getur afgreitt málið fyrir sitt leyti, þá ætti Ed. ekkert að vera að vanbúnaði.

Ég hef þegar vikið að því atriði í spurningum hv. þm. sem laut að samstæðum málum sem auðvitað er eðlilegt að skipa í eitt og sama ráðuneyti. Ég held einmitt að þessi mál hafi þróast á þann veg að út frá því sjónarmiði sé ekki óeðlilegt að færa þennan hluta viðskiptamálanna til.

Að því er varðar spurningu um afstöðu Fríverslunarbandalagsins og einstakra ríkja innan þess til þessarar breytingar, þá býst ég við að ég hafi misskilið hv. þm. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann hafi í raun og veru verið að ætlast til þess að við létum afstöðu Fríverslunarbandalagsins (**SJS:** Aðstöðu, hæstv. forsrh. Aðstöðu okkar gagnvart þessu bandalagi.) Já, ég geri ekki ráð fyrir því að hv. þm. eigi við það að við látum afstöðu Fríverslunarbandalagsins eða annarra ríkja á skipan mála í Stjórnarráði Íslands hafa nein áhrif á okkur. Þetta er okkar eigin ákvörðun að skipa málum í Stjórnarráði Íslands og það væri auðvitað fullkomlega óeðlilegt af hálfu Fríverslunarsamtakanna að gera nokkra athugasemd þar við. Það liggur í augum uppi að aðstaða

okkar gagnvart Fríverslunarsamtökunum er-á einn og sama veg hvernig sem við skipum málum innan Stjórnarráðs Íslands. Þar hafa Fríverslunarsamtökin engin áhrif á og geta ekki leyft sér að hafa áhrif á. Þau geta ekki rýrt aðstöðu eins ríkis umfram önnur út frá því hvernig þau skipa málum innan Stjórnarráðsins.

Varðandi spurningu um það hvort eðlilegra hefði verið að stofna sérstakt ráðuneyti um þessi mál, þá er því til að svara að ég hygg að það hefði haft meiri kostnað í för með sér og það hefði líka gengið á svig við það meginsjónarmið að skipa samstæðum málum helst sem best saman í Stjórnarráðinu. Ég sé ekki rök fyrir því í dag að fjölga ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands og það eru ekki rök fyrir því að minni hyggju að fjölga ráðherrum í ríkisstjórn Íslands, þannig að þegar allt er saman dregið þá hygg ég að þessi skipulagsbreyting sé tiltölulega einföld í sniðum. Hún hafi ekki í för með sér kostnaðarauka, auki möguleika á því að samnýta utanríkisþjónustuna meiri átökum í utanríkisviðskiptum sem við höfum verið að þróa og auka á undanförnum árum. Í því felst auðvitað engin rýrð á það mikla starf sem viðskrn. hefur unnið í þeim efnum. En það hefði verið út í bláinn að mínu áliti að fara að stofna sérstakt ráðuneyti eða fjölga ráðherrum við kerfisbreytingu eins og þessa.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara og vil gera grein fyrir þeim fyrirvara með örfáum orðum.

Með þessu frv. er ekki gerð tillaga um neinar breytingar á orðalagi frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að hér er um tilflutning að ræða á milli ráðuneyta. Eins og segir í því nál. sem ég skrifaði undir með fyrirvara, þá komu nokkrir aðilar á fund nefndarinnar, aðilar sem standa í útflutningsviðskiptum. Og þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir var ekki að merkja á þessum aðilum að menn væru andvígir þessum tilflutningi milli ráðuneyta. Hins vegar voru svolítið skiptar skoðanir, eins og hér hefur komið fram, um það hvernig þessi lög ættu að vera og ýmsir sem vildu breytingar á þeim í frjálsræðisátt. Á það var ekki fallist af meiri hl. nefndarinnar og ég er sammála því að það beri að fara varlega í þessum efnum, og að það svigrúm sem fyrir er í lögunum sé nægilegt.

Hér er sem sagt einfaldlega um það að ræða, eins og ljóst er af frv. og grg., að flytja utanríkisviðskipti og það sem þeim tilheyrir, þar með talið Útflutningsráð, svo vitnað sé til næsta máls á dagskrá hér, frá viðskrn. til utanrrn. Sá flutningur hefur raunar oft komið til umræðu á síðustu árum og hafa menn vissulega ekki verið á eitt sáttir um réttmæti þess og ágæti.

Kvennalistinn leggur enga áherslu á þetta mál en telur að þessi breyting eigi þó rétt á sér, enda er þegar hafin viðleitni í þá átt að tengja viðskipti við útlönd utanríkisþjónustunni á markvissari hátt en verið hefur. Mér hefur virst sú viðleitni eðlileg og líkleg til að skila árangri ef vel er á haldið.

Ég held að það sé alveg ómaksins virði að gefa utanríkisþjónustunni aukið vægi, hefja hana upp af kokkteila- og hirðsiðastiginu, og nýta hana á víðtækari hátt en verið hefur, án þess að ég sé á nokkurn hátt að kasta steinum að því ágæta fólki sem hefur starfað fyrir okkur á erlendri grund.

Það er svo aftur annað mál hvort flutningur á milli ráðuneyta, flutningur utanríkisviðskipta, eins og nú á að verða, á sér eðlilegan aðdraganda og er nægilega vel undirbúinn. Ég held reyndar að svo sé ekki. Aðdragandinn er einfaldlega samkomulag núverandi stjórnarflokka barið saman á sumardægrum í tengslum við myndun ríkisstjórnar og þessi stjórnkerfisbreyting hefur greinilega verið notuð sem skiptimynt í þeim samningum.

Kvennalistakonur eru vissulega sammála því að þörf sé á endurskipulagningu Stjórnarráðsins. En eins og mörgum hv. þm. er kunnugt höfum við lagt allt aðra áherslu í þeim efnum. Við höfum lagt áherslu á mál sem okkur þykir miklum mun brýnna. Hér á ég við stofnun sérstaks ráðuneytis umhverfismála eða að lágmarki sameiningu þeirra undir einn hatt. Ég tel það mjög miður að ekki skyldi gengið frá slíkri breytingu í stjórnkerfinu við myndun núverandi ríkisstjórnar á jafnafdráttarlausan hátt og gert var með þá breytingu sem hér á að lögfesta. En áhugamálin eru oft persónubundin og svo mun vera um þetta mál.

Fyrirvari minn er hér settur vegna þess að mér finnst, og sú tilfinning hefur styrkst við umfjöllun í nefndinni, sem þetta mál sé eingöngu eða a.m.k. fyrst og fremst komið á þetta stig með tilliti til pólitískra hagsmuna, en ekki að ýkja yfirlögðu ráði og eftir vandlega athugun. Ég get tekið undir margt af því sem hefur komið fram í umræðum um þetta mál í dag hvað það varðar. Ég held að það sé þá eðlilegast og réttast að stjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á sínu samkomulagi og mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til að greiða atkvæði gegn því með tilvísun til þess sem ég hef sagt hér og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Það getur verið að það sé misminni hjá mér, en mig minnir að nefndarmönnum hafi gefist tækifæri til þess að gera grein fyrir skoðunum sínum áður en ráðherrar kæmu til andsvara og það hafi verið venjan hér í þinginu. En vel má vera að það sé misminni.

Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur í rauninni æxlast svo að þetta eru tvö mál. Formlega séð er hér einungis um að ræða tilflutning á utanríkisviðskiptum frá viðskrn. til utanrrn. en það vill svo til að jafnframt eru hér á ferðinni þær lagagreinar sem varða hömlur á útflutningsfrelsi, þ.e. þegar þær lagagreinar sem útflutningsleyfaveiting styðst við. Og þess vegna er ástæða til þess að ræða báðar

hliðar þessa máls.

Varðandi hið síðara, þ.e. frelsi í útflutningsmálum, þá er það svo að þau mál hafa nýverið orðið tilefni til allsnarpra deilna hér í þinginu og reyndar víðar á opinberum vettvangi. Ég þarf ekki að rifja það upp og ég þarf kannski ekki heldur að rifja það upp að hér hef ég á undanförnum þingum mælt með auknu frjálsræði í útflutningi. Vitaskuld geta menn haft á þessu mismunandi skoðanir, en það sem er aðalgalli þess máls er ekki það að menn hafi mismunandi skoðanir heldur hitt að málið er aldrei útkljáð.

Ég hef mælt hér fyrir auknu frelsi í útflutningsmálum. Það hafa fleiri gert. Aðrir hafa mælt gegn því. En Alþingi tekur ekki afstöðu til þessa máls, hefur ekki gert það á undanförnum þingum og gerir það ekki enn. Eftir sem áður virðist það eiga að vera komið undir skoðunum ráðherra en ekki undir áliti Alþingis hvort hér ríki meira eða minna útflutningsfrelsi. Við eigum að búa við það að einn ráðherra hafi eina skoðun og framfylgi henni í einhverja mánuði og síðan taki annar við og hafi aðra skoðun og framfylgi henni í einhverja aðra mánuði. Mér finnst afleitt að málið sé skilið eftir opið með þessum hætti og þó að ég kjósi auðvitað að aukið frjálsræði verði ofan á hlýt ég þó að viðurkenna að það sem er langmikilvægast er það að menn búi við ákveðinn stöðguleika í þessum efnum, viti hvar þeir standi og að þeir sem standa í útflutningi megi reiða sig á að það sé til einhver stefna í landinu í þessum efnum.

Ef við lítum til þeirra snörpu orðaskipta sem urðu hér fyrr á þessu þingi, þá skilst mér að við megum eiga von á því að sú opnun sem átti sér stað fyrir skömmu síðan, sem ég tel að hafi verið mikils virði að því er útflutningsfrelsi varðaði, verði að engu höfð og dyrum skellt hugsanlega eftir áramót eða þegar þessi breyting hefur átt sér stað. Og þó mér þyki það í fyrsta lagi afleitt, þá er hitt ekki síður afleitt að menn skuli ekki vita hvar þeir standa og það skuli vera komið undir persónulegum skoðunum en ekki skoðunum Alþingis hvernig þessum málum er framfylgt. Mér sýnist að það sé ástæða til þess að skoða þessi mál nánar og Alþingi taki á þeim málum hver stefnan eigi að vera. Ég er reyndar sannfærður um það að meiri hluti Alþingis vill aukið frjálsræði í þessum efnum rétt eins og meiri hluti þjóðarinnar.

Nú vill svo til að það er reyndar ekki einu sinni nauðsynlegt að breyta lagagreininni til þess að marka stefnu í þessum efnum. Það er ekki einu sinni nauðsynlegt. Þess vegna getur lagagreinin fengið að standa óbreytt, en stefnumörkunina vantar að mínum dómi engu að síður. Þess vegna get ég í sjálfu sér fallist á að frv. sé samþykkt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Eftir stendur að afstöðuna vantar og að það stendur upp á Alþingi í þessum efnum. Og það er til þess sem ég vísa þegar ég geri fyrirvara um samþykki lagagreinarinnar og kem jafnframt á framfæri áskorun til þm. um að sameiginleg stefna, meirihlutastefna verði mótuð í þessum efnum hér á Alþingi þannig að við búum ekki við eitt skipulag einn mánuðinn og hugsanlega annað þann næsta.

Hvað snertir fyrra atriðið, það sem frv. snýst formlega um, þ.e. að vista utanríkisviðskiptin í utanrrn. frekar en viðskrn., get ég fallist á að það séu ýmis rök sem mæla með því. En spá mín er reyndar sú að mál það sé heldur ekki til lykta leitt með samþykkt þessa frv. og að það muni reynast nauðsynlegt að skoða nánar hvernig við styrkjum starfsemi okkar að því er varðar utanríkisviðskiptin. Ég vil einnig benda á það með tilvísun í fyrirvara minn að nauðsynlegt sé að ítarlegri skoðun fari fram á því máli og að menn átti sig vel á því hvernig þeim málum verði best skipað. Við kunnum dæmi af því í grannlöndum okkar, sem eiga ekki jafnmikið undir utanríkisviðskiptum eins og við, að þó að um sameiginlegt ráðuneyti sé að ræða telja þeir ástæðu til þess að vera með sérstakan ráðherra sem fari með utanríkisviðskipti.

Við eigum fram undan margvísleg verkefni á þessu sviði, m.a. samskipti við Evrópubandalagið, og ég held að það sé ástæða til þess að menn skoði þessi mál nánar í framhaldinu, þótt þetta frv. verði samþykkt, með tilliti til þess að styrkja þann arm í stjórnkerfi okkar sem fæst við utanríkisviðskipti.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir skoðunum mínum í þessu máli. Það er á grundvelli þessara skoðana sem ég geri fyrirvara við samþykkt þessa máls og það er með tilvísun í þennan málflutning sem ég rita undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari tekur einnig til þess máls sem er næsti liður á dagskrá, 2. liður á dagskránni. Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessum fyrirvara tvisvar og mun því ekki taka til máls um þann þáttinn fyrirvarans vegna heldur vísa einungis til þess sem ég hef hér sagt um hann.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég hef hlýtt með athygli á frsm. gera grein fyrir nefndarálitunum þremur og á umræðurnar sem á eftir fylgdu. Nefndarálitin og umræðurnar, sem hér hafa farið fram í dag, hafa staðfest það, sem reyndar lá í augum uppi, að þessi breyting orkar tvímælis á ýmsa lund. En ég vildi þó draga það fram sem er kjarni málsins að mínum dómi og svarar að nokkru þeirri spurningu sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann spyr: Hver eru meginrökin fyrir þessari tillögu? Meginrökin eru þessi: Það er með þessu frv. verið að leggja til — og þá á ég við í senn það frv. sem við nú ræðum og frv. um að færa Útflutningsráðið eða forræði þess til utanrrn. — að framkvæma þá meginreglu stjórnarráðslaganna frá 1969 að samstæð verkefni falli til eins og sama ráðuneytis, að því leyti að utanrrn. fer, að aðalreglu, með samninga Íslands við önnur lönd. Með þessari tillögu er aðallega verið að færa viðskiptasamninga Íslands við Evrópuríki, EFTA og Evrópubandalagið til utanrrn. vegna þess að það er á næstunni eitt mikilvægasta utanríkispólitíska verkefni Íslendinga að ná þarna góðum samn-

ingum, góðu samstarfi. Þetta er kjarni málsins eins og ég lít á það. En það má til sanns vegar færa að um þá breytingu, sem hér er rædd, að flytja veitingu útflutningsleyfa þarna með, megi deila og er enda gert eins og fram hefur komið í þessu máli. En ég vil líka leggja áherslu á það, eins og fram hefur komið í máli margra, bæði hv. 4. þm. Norðurl. e., hv. 17. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykn., að það er mikilvægt að menn blandi ekki saman leyfisveitingunum og flutningi forræðis á þessari grein stjórnsýslu til utanrrn. Við eigum ekki að þessu sinni að taka upp umræður um efnisþátt málsins heldur eingöngu um stjórnarfarsþáttinn. Ég get, úr því að á hann er minnst, þ.e. efnisþáttinn, tekið undir mjög margt af því sem fram kom í ræðu hv. 17. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykn. Það er vissulega þörf á því að auka frjálsræði í útflutningi þar sem því verður við komið og markaðsaðstæður erlendis leyfa, eins og reyndar er á stefnuskrá þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og eins og kom mjög glöggt fram í í 1. umr. um frv. sem hér liggur fyrir hv. þingdeild.

Ég vildi líka vekja athygli á því að það var mjög margt umhugsunarvert í því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf., hæstv. fyrrv. viðsk.- og samgrh., þegar hann rakti rök fyrir því að breyta ekki í verulegum greinum því skipulagi sem hér hefur ríkt. Ég tel að núna séu fyrir þessu frv. fyrst og fremst þau pólitísku rök að skrifstofa ráðherra, ráðuneytið, er starfstæki hans, og þar sem að eitt mikilvægasta utanríkispólitíska viðfangsefnið á næstunni eru samskiptin við þau Evrópulönd, sem við höfum gert við viðskiptasamninga, eiga þau samskipti að sjálfsögðu að vera á hendi þess manns sem ber ábyrgð á utanríkisstefnunni.

Að öðru leyti get ég tekið undir margt af því sem fram kom í máli hv. þm. sem hafa skilað minnihlutaálitum, að það þurfi að tryggja utanríkisviðskiptunum sem sjálfstæðasta stöðu. Þar er ekki neinn skoðanaágreiningur, að því er ég heyri, heldur eingöngu spurning um tíma og aðstæður. Menn skyldu ekki gleyma því að það sem við ræðum hér í dag er eingöngu fyrirkomulagsatriðið, það er stjórnaraðferðin, en ekki innihaldið eða inntakið í stjórnuninni. Það er erfitt og reyndar ástæðulaust að vísa til algildra meginreglna eða hugsjónamála þegar svona skrifstofufyrirkomulag er rætt. Einmitt á þeim forsendum tel ég að þetta frv. eigi að verða að lögum sem allra fyrst.

Benedikt Bogason:

Virðulegi forseti. Hvað snertir frv. sem hér er til umræðu get ég strax lýst því að stefna Borgarafl. er ótvíræð, útflutningsverslunin verði gefin frjáls. Við orðum þetta þannig í ályktunum okkar, ályktunum sem voru samþykktar á landsfundi okkar í september sl.:

„Útflutningsverslunin verði gefin frjáls. Tryggt sé að ávallt verði farið eftir reglum um gæðamat og gæðaeftirlit vegna útflutningsvöru okkar."

Ég leyfi mér að segja þá skoðun mína að ég tel alveg tvímælalaust að þetta frv., þessi uppstokkun milli ráðuneyta geti verið spor í rétta átt til að ná nútímalegum tökum á utanríkisversluninni. Þó að því tilskildu — og nú ætla ég aðeins að lesa þá einu grein sem skiptir máli þarna: „Utanrrn. er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi." Það er alltaf og einu sinni enn spurning um hvernig ráðherra fer með þetta leyfi. Hvernig er hann innréttaður, ráðherrann? Er hann skömmtunarsinni eða er hann nútímamaður? Stefnir hann í frelsisátt? Ég leyfi mér að vænta þess að hann vilji stefna í frjálsræðisátt og fari varlega með notkun þeirrar heimildar að banna að flytja út.

„Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja." Þetta er náttúrlega eðlilegt og liggur í hlutarins eðli, eins og áður er sagt, varðandi gæðamat og almenn skilyrði sem við hljótum alltaf að hafa áhuga á að sé fullnægt, að við séum ekki að skemma markaðinn með skemmdri vöru eða slíku.

Svo stendur hér: „Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar sem það óskar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda."

Hvað um ráðuneytið sjálft? Hefur það engar skyldur gagnvart útlendingum? Það væri fróðlegt að fá því svarað, hvort þetta séu ekki gagnkvæm samskipti, hvort við séum ekki komnir út úr miðaldahugsuninni um að ráðuneytið sé eitthvað sem skammtar eða veitir.

Ég ætla að leyfa mér að bæta við að við í Borgarafl. leggjum mikla áherslu á það og orðum það þannig í ályktunum okkar að „aðlaga þarf löggjöf að þeirri staðreynd að Ísland er hluti af heimsmarkaði verslunar og viðskipta sem gjörbreyst hefur á undanförnum árum." Þetta frv. getur verið spor í þá átt því að utanrrn. stendur nær heiminum en viðskrn. hefur gert.

Síðan er það sem beinlínis snýr að þessu frv. og það er það sem við segjum í kaflanum um alþjóða- og öryggismál, en það er þetta: „Efla þarf viðskipta- og tækniþátt utanríkisþjónustunnar. Í ljósi örra framfara í allri samskiptatækni ber að hafa skipulag utanríkisþjónustunnar í stöðugri endurskoðun."

Þótt áður fyrr hafi sennilega verið nauðsyn á leyfisveitingum og eftirliti er sá tími liðinn, kannski löngu liðinn, og þjóðin tapar stórfé árlega vegna þess að möguleikar til útflutnings eru heftir beint og óbeint með ríkisafskiptum. Einstaklingar sem hafa viðskiptasambönd, hafa kannski náð í viðskiptasambönd gegnum það sem er frjálst og leyfilegt að flytja inn, náð sér í umboð, geta líka selt inn á markaði beint, en þeir fá það ekki nema með einhverju leyfi eða a.m.k. háð leyfi. En að flytja inn virðist ekki vera háð slíkum leyfum. Margir spyrja hvort í þessu geti falist að stundum sé einhvers konar hagsmunagæsla sölusamtaka sem ekki lengur eru með vaxtarbrodd og lífið í sér, hafa trénað eins og oft kemur fyrir bestu stofnanir og besta fólk.

Hv. 1. þm. Vestf., fyrrv. viðskrh., spurði: Hverjir ættu að selja ef þessi samtök hætta að selja? Ég held að það sé ekki um að ræða að þau hætti að selja. Það er spurningin hvort þessi samtök, SH, SÍF og SÍS, séu ekki tilbúin að keppa á jafnréttisgrundvelli við aðra. Og maður getur líka spurt: Hvernig fórum við að að selja fiskinn okkar áður en þessi blessuð samtök urðu til? Það er sjálfsagt að draga ekki úr hlutverki og þeim afrekum eða þeirri vinnu sem þessi samtök hafa oft og tíðum unnið, en í dag er hægt að tryggja góðar sölur án afskipta þeirra.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði lengi og hann spurði m.a.: Hvað hefur verið í ólagi með utanríkisþjónustuna? Ég hugsa að það hafi kannski ekki verið mikið í ólagi með hana. Þarna hafa verið gegnir og góðir menn. En ég held að skipulagið sé löngu úrelt og miðist nánast við þarfir Viktoríutímans. Sama má kannski segja um viðskrn., að það hefur ekki brotið sig út úr fyrri reynslu og ekki náð að aðlaga sig örri þróun sem orðið hefur á heimsmarkaðnum.

Hér talaði hv. 17. þm. Reykv., talsmaður frelsisins í orði, og ég vona að þessi fyrirvari, sem hann gerði þarna, þýði að hann sé talsmaður frelsisins á borði líka. Ég á ekki von á öðru.

Það kom fram hérna, ég held að það hafi verið frá hv. 4. þm. Norðurl. e., í sambandi við Norðurlöndin, hann nefndi Finna, að frv. væri ekki í anda þess sem þar hefði gerst. Ég held að það sé rangt. Að vísu er frv. fyrst og fremst formbreyting sem veitir nýja undirstöðu. En mér er vel kunnugt um hvernig Finnar hafa náð gífurlegum árangri m.a. vegna þess að það er langt síðan þeir fóru að skipa sérstaka viðskiptafulltrúa við sendiráðin sín. Nú starfa þar, eftir þeim upplýsingum sem ég fékk í sumar sem leið, um 18–20 sérhæfðir viðskiptafulltrúar, dreifðir um allan heim, sem veita upplýsingar og aðstoða við að ná sölusamningum. Svo hafa þeir gengið enn þá lengra. Þeir eru byrjaðir á nýrri bylgju. Þeir ráða sérstaka tæknimenntaða fulltrúa sem hafa góða þekkingu á þeirri tækni og upplýsingamiðlun sem fer á milli um kaup og sölu á hugviti. Ég held að það séu þegar 8 eða 10 manns sem starfa við sendiráðin að þessu. Ég held að að þessu samanlögðu sé frv. spor í rétta átt.

Virðulegi forseti. Með þeim fyrirvörum sem ég hef gert lýsi ég mig fylgjandi frv.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er fyrir margra hluta sakir nokkuð merkileg. Hér er á ferðinni mál sem er í rauninni stórmál, en þó er lögð á það nokkur áhersla að menn fjalli einungis um formið en ekki innihaldið, ekki efni þess. Ég er þeirrar skoðunar og ætla að leyfa mér að fjalla aðeins um innihaldið engu að síður. Ég tel að það skipti hér verulegu máli. Hvaða skoðun sem menn annars hafa á forminu eru menn þó alltént, ef þetta frv. verður samþykkt, að staðfesta þá sömu stefnu og verið hefur hvað innihaldið varðar.

Ég sagði að þetta væri stórmál. Það hefur víða komið fram í þessari umræðu og það er það frá mörgu sjónarhorni. Hér er verið að fjalla um mál sem tekur til mikils hluta þjóðartekna okkar og auðvitað skiptir verulegu máli hvernig á þeim hlutum er tekið. Í annan stað er líka verið að fjalla um nánast stjórnskipunarmál eða lög um Stjórnarráðið sjálft og það er í sjálfu sér ekkert smámál. Þess vegna held ég að almennt séð ætti það að vera meginregla að mál af slíku tagi bæri hér að með öðrum hætti en hefur orðið raunin.

Hvaða raka sem menn grípa til um samnýtingu og annað því um líkt fer það ekkert á milli mála að tilefnið til þessa málflutnings og þessa tillöguflutnings hér eru ákveðnar aðstæður sem skópust við myndun núverandi ríkisstjórnar. Það er kjarni þessa máls og ég held að það sé engin ástæða til að draga yfir það fjöður. Auðvitað er það þess vegna sem málið er rekið af nokkrum þjósti í gegnum þingið af álíka miklum krafti og aðrar veigamiklar ráðstafanir sem eru á döfinni.

En ég sagði að ég vildi gjarnan fjalla aðeins um efni málsins. Þar er um að ræða fyrst og fremst 1. gr. Ég er almennt þeirrar skoðunar að það eigi að vera svipað frjálsræði í útflutningsverslun og innflutningsverslun og það dylst engum að hvor tveggja þessara þátta skiptir þjóðarbú okkar miklu. Það segir í 1. gr. þessa stutta frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Utanrrn. er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi.“

Út af fyrir sig má segja að þarna sé frjálsræði staðfest í þessari löggjöf sem er í rauninni hér í gildi, að því undanskildu að þar er rætt náttúrlega um viðskrn. En það sem mér finnst skipta máli er það að utanrrn. eða viðskrn. eins og það er getur synjað um leyfi á þessum þýðingarmikla þætti án þess að taka á einn eða neinn hátt fram hvers vegna leyfinu er synjað.

Ég tel að snörp vinnubrögð, eins og hæstv. viðskrh. sýndi nýlega á þessum vettvangi, séu eftirbreytni verð. Það skiptir miklu máli, eins og hefur komið fram í umræðunni, viðhorf viðkomandi einstaklings sem með málaflokkinn fer. En mér finnst hins vegar skipta töluverðu að löggjöfinni, ef á að breyta henni, verði breytt á þann veg að í henni sé a.m.k. krafa um að það liggi fyrir rökstuddar ástæður sem knýi viðkomandi ráðuneyti til að veita ekki það leyfi sem hér er um að ræða, að það geti sem sagt ekki verið geðþóttaákvörðun ráðherra hvort leyfi er veitt eða ekki. Ég vil í rauninni ganga svo langt að synjun á slíku leyfi eigi ekki að geta orðið raunin nema almannaheill krefji.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl. Í þessum lögum er kveðið á um að það þurfi sérstakt leyfi til að flytja út vörur. Við í Borgaraflokknum erum alfarið á móti því. Við teljum að útflutningur eigi að vera frjáls. Það er þannig að ef mönnum er treystandi til að framleiða vöru á annað

borð hljóta þeir að vera hæfir til að flytja vöruna út. Það er einnig svo að ef menn eru hæfir til að flytja vörur inn í landið liggur í augum uppi að þeir eru hæfir til að flytja vörur úr landi.

Í yfirgripsmiklu yfirliti sem hv. 1. þm. Vestf. flutti dró hann skýra mynd af því hvernig þessum málum er nú háttað í meginatriðum. Hann færði sín rök fyrir því að það megi ekki gefa útflutning alveg frjálsan, nefndi rök þar að lútandi. Allt er það gott svo langt sem það nær. Á sinni tíð þegar SH var sett á laggirnar og hafinn var útflutningur til Bandaríkjanna er ekki nokkur vafi á því að það var stórt framfaraspor og heillaspor fyrir útflutning á Íslandi. Í þann tíð voru ekki margir Íslendingar sem höfðu átt við útflutning og voru lærðir á því sviði eða höfðu reynslu til að flytja út og versla með vörur á öðrum mörkuðum. Í dag er þessu allt öðruvísi farið. Við höfum útskrifað úr Háskóla Íslands fjölda hæfra manna á viðskiptasviðum sem hafa lært sérstaklega til þessara hluta og eru sérstaklega hæfir til að selja og koma vörum á markað erlendis. Við höfum líka marga mjög hæfa kaupmenn sem starfa mest að innflutningi vegna þess að þeir hafa ekki möguleika til að flytja út eins og vert væri. Við getum litið til þess að á undanförnum árum hefur þó útflutningur verið gefinn frjálsari í áföngum. Allt er það til bóta. Það er nokkuð ljóst að sú stefna hefur skilað okkur góðum árangri. Við höfum náð ágætri verslun við útlönd og skilað góðum gjaldeyristekjum inn í landið.

Það er líka ljóst að þótt útflutningur yrði gefinn frjáls mundi það ekki koma niður á stórum samtökum eins og SH, SÍS, SÍF og Síldarútvegsnefnd því að það er auðvitað svo að stór sölusamtök eru ávallt sterk og geta staðið með meiri styrkleika að sínum málum. Þessir aðilar hafa einmitt haldið því fram að þeir hafi náð frábærum árangri með útflutning. Ég efast ekki um að þeir hafi gert það. Það er þess vegna nokkuð ljóst að það mun ekki valda þeim neinum truflunum í útflutningi. Hins vegar tel ég að það væri til bóta, bæði hvað varðar sjávarafurðir og landbúnaðarvörur, að litlir útflytjendur gætu flutt á sérhæfðari minni markaði því að það er svo að það er kornið sem fyllir mælinn. Ég tel að það sé nokkuð ljóst að með frjálsum útflutningi væri stigið stórt framfaraspor í okkar verslun og kannski lokaskrefið sem við byrjuðum að taka fyrir nokkrum árum.

Ég tek undir það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði um þessi mál og tel mjög mikilvægt að útflutningur sé frjáls. En hér er raunverulega ekki verið að fjalla aðallega um frjálsan útflutning heldur um kerfisbreytingu til að flytja þennan málaflokk yfir í utanrrn. úr viðskrn.

Í máli manna hefur komið margt fram sem bendir til þess að þetta muni orka tvímælis, en það hefur líka komið margt fram sem bendir til þess að það sé til bóta. Það er svo að vafalaust er hér ekki um neinn sparnað að ræða, eins og hæstv. forsrh. kom réttilega að í sínu máli, heldur það sem menn hafa talið líklegt, að afl utanríkisþjónustunnar væri meira og meiri orka í henni til að sinna þessum málum en ef þessi málaflokkur heyrði áfram undir viðskrn. Það er því held ég til bóta að þessi málaflokkur sé fluttur sem slíkur undir utanrrn.

En þegar við lítum á að flytja skal einn málaflokk yfir í annað ráðuneyti er margt annað sem við verðum að huga að. Það er t.d. að við eigum vöruskipti við nokkur lönd og þá er það svo að innflutningurinn heyrir undir viðskrn. en útflutningurinn heyrir undir utanrrn. Og nú spyr ég: Væri ekki heppilegra að báðir þessir málaflokkar heyrðu þá undir annað hvort ráðuneytið? Hér er greinilega um það að ræða að erfitt getur verið að samræma málið.

Það eru líka ýmis rök sem benda til þess að viðskipti eigi ekki að falla undir utanrrn. Það hafa margir viljað halda því fram að það eigi ekki að blanda saman viðskiptum og utanríkismálum. Það getur oft orkað tvímælis, en þó hefur þetta verið gert margoft og sýnist sitt hverjum. Ég legg áherslu á að við eigum að stefna að því að gefa allan útflutninginn frjálsan. Það væri í raun mjög mikilvægt að við skoðum betur þennan flutning yfir í utanrrn. en gert hefur verið.

Það kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. að samkvæmt umsögn helstu útflutningsaðila frá 1983 hafa þeir lagst gegn þessum flutningi. Þeirra afstaða liggur hins vegar ekki fyrir í dag, sem hefði verið mjög æskilegt. Má vel vera að þeir hafi breytt afstöðu sinni og fallist nú á að það sé hagkvæmt að láta þennan málaflokk heyra undir utanrrn.

Ég vil að öðru leyti ekki lengja mál mitt öllu meira, en tek að lokum skýrt fram að við í Borgarafl. munum flytja, annaðhvort í þessari deild eða Ed. nú eða þá síðar á þinginu, tillögu um að þessum lögum verði breytt þannig að útflutningur verði gefinn frjáls.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram að þetta mál hefur ekki verið rekið með neinu ofríki eða með einum óeðlilegum hætti hér í þinginu. Þetta mál var rætt á mörgum fundum fjh.- og viðskn. og fékk þar mjög ítarlega meðferð. Við kvöddum á fund nefndarinnar hóp manna og ræddum málið við þá. Það lágu ekki fyrir veruleg andmæli gegn frv. og ekki gerðar mjög veigamiklar athugasemdir við það. Einn nefndarmanna óskaði eftir því að gestirnir beittu sér fyrir því að þeirra stofnanir sendu skrifleg svör þegar þeirra hentugleikar leyfðu. Það varð ekki úr því eða mér hafa ekki borist slík svör nema frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og ég mun lesa það hér á eftir. Fulltrúar stórkaupmanna vildu vissar breytingar á frv. í frjálsræðisátt, eins og þeir sögðu, og einnig breytingu á sektarákvæðum frv. Aðrir gestir höfðu ekki uppi alvarleg andmæli.

Mér finnst að niðurstaða Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sé ágætur þverskurður af því sjónarmiði sem þarna kom fram. Ég ætla að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta:

„Stjórn SH hefur borist frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl. til umsagnar. Frv. leggur til að veiting útflutningsleyfa flytjist úr viðskrn. í utanrrn. og byggir það á ákvæði þar um í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Á stjórnarfundi SH í dag var fjallað um málið og eftirfarandi samþykkt gerð:

„Undanfarna áratugi hefur viðskrn. gegnt farsælu forustuhlutverki í ýmsum veigamiklum atriðum í útflutningi sjávarafurða. Vill stjórnin sérstaklega nefna samninga við EB, bókun 6, og mikilvæga samninga við ríki Austur-Evrópu. Telji stjórnvöld hins vegar að þau geti með hagkvæmari hætti stuðlað að eflingu útflutnings og bættri skipulagningu með breytingunni sér stjórn SH ekki ástæðu til að gera skoðanaágreining um það og vonast eftir jafngóðu samstarfi við þá starfsmenn utanrrn., sem með útflutningsmálin munu fara, sem verið hefur við þá sem með þau hafa farið hingað til."

Undir þetta ritar fyrir hönd Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna Jón Ingvarsson, formaður.

Ég tel að þau rök sem liggja að baki frv. eða mæla með samþykkt þessa frv. séu nægilega gild til að réttlæta þessa skipulagsbreytingu. Ég held að við séum að stíga spor í rétta átt með skipulagsbreytingunni og getum fengið skilvirkara og enn þá betra skipulag á okkar útflutningsmál með því að stíga þetta skref.

Ég sé ekki ástæðu til að fresta afgreiðslu málsins eða draga það meira á langinn né að lengja þessar umræður. Ég vek athygli á því að þetta er fyrsta mál sem hv. þingdeild tekur til 2. umr. á þessu þingi og er það ekki vonum fyrr því að núna er kominn 7. des. og tel ég að óhætt sé að ljúka þessari umræðu senn hvað líður.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. síðasti ræðumaður beindi sérstaklega síðustu orðum sínum til þess sem fékk orðið næstur á eftir honum þegar hann sagði, hv. þm., að nú væri mál til komið að ljúka þessari umræðu mjög fljótlega, þyrfti ekki að hafa hana lengri. En það verður að fara einfaldlega eftir því hversu mikið efni við höfum til að ræða hversu löng umræðan verður eins og ævinlega.

Ég vil segja vegna orða nefndarformanns fjh.- og viðskn. deildarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., að engan heyrði ég nota orðin „ofríki" eða „óeðlilegt" í sambandi við afgreiðslu málsins eða málsmeðferð, a.m.k. gerði ég það ekki. Hitt er alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn beitir miklum þrýstingi til að fá þetta mál afgreitt fyrir jólaleyfi, ella væru varla haldnir um það svo langir fundir hér í annríkinu. Því var ekki svarað með neinum hætti eða ekki tekið undir það með neinum hætti hvort fært væri að veita hv. Alþingi meiri tíma til að skoða málið, t.d. með því að afgreiða það ekki nema þá til Ed. fyrir jólaleyfi, sem gæti verið fullkomlega eðlilegt. Oft og iðulega gerist það að mál eru vitandi vits send milli deilda þó ekki sé kannski allt fullljóst enn um tiltekin atriði. Þau má síðan senda til baka eins og hv. þm. vita.

Það hefur heldur ekki komið að mínu mati fram hvað liggur svona mikið á í þessu efni. Þó að þetta sé fyrsta frv., virðulegur forseti Nd., sem kemur til kasta deildarinnar að taka til 2. umr. á þessum vetri eru það ekki rök sem snerta efni frv. og vilji hv. nefndarformaður fjh.- og viðskn. taka upp umræðu um hvers vegna þetta er fyrsta frv. sem berst til deildarinnar til 2. umr. er ég út af fyrir sig tilbúinn að ræða það við hann ofurlitla stund.

Ég vil svo segja að bréf Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, dags. 25. nóv. 1987, er eitthvert það diplómatískasta sem ég hef lengi heyrt. Bréfið hefst á því að viðskrn., sem ætlunin er að flytja þessi verkefni frá, er hælt, tekið fram að það hafi gegnt farsælu forustuhlutverki í ýmsum veigamiklum atriðum í útflutningi sjávarafurða og síðan eru nefnd dæmi þar um. Síðan er bréfið í raun og veru endað á enn þá kostulegri hátt þar sem segir, með leyfi forseta: að stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sjái ekki ástæðu til að gera skoðanaágreining um það, þ.e. með tilliti til ofansagðs, að ríkisstjórnin hafi í raun og veru gengið frá þessu, og vonast eftir jafngóðu samstarfi við þá starfsmenn utanrrn. sem með útflutningsmálin fara sem verið hefur við þá sem með þau hafa farið hingað til. Það er ekki á bréfinu að heyra að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sé út af fyrir sig óánægð með hvernig þessum málum hefur verið fyrir komið hingað til.

Ég er ekki viss um að hv. formaður nefndarinnar hafi svo sem bætt miklu við rökin fyrir breytingunum með því að lesa þetta ákaflega diplómatíska svar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það vakna upp spurningar um hvort við ættum kannski að gera enn þá róttækari kerfisbreytingar, úr því að við erum að ræða það á annað borð, hv. þm., og fela Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða bréfahöfundum þeirrar stofnunar að annast einhver fleiri mál á sviði utanríkisviðskipta en þeir gera í dag svo orðhagir sem þeir eru.

Herra forseti. Ég vil taka það fram vegna þess að hæstv. forsrh. er genginn í salinn að ég lét teyma mig úr salnum augnabliksstund af fréttamanni, sem var auðvitað ekki gott, og það varð þess valdandi að ég var ekki viðstaddur í augnablikinu þegar hæstv. forsrh. hóf mál sitt og mér skilst hóf að svara þeim spurningum sem ég hafði borið fram, en mestum hluta þess náði ég, a.m.k. þegar hæstv. forsrh. hafði augljóslega misskilið mig hvað varðar ekki afstöðu heldur aðstöðu eða möguleika okkar gagnvart Fríverslunarbandalaginu að þessari kerfisbreytingu gerðri. Að sjálfsögðu er ræðumaður ekki að leggja til að við eigum að spyrja aðildarríki Fríverslunarbandalagsins að því hvort við eigum að gera svona breytingu eða hvort við megum það. Auðvitað er ekki verið að draga sjálfstæði okkar og rétt til að ákvarða þetta og skyldu í efa. Það á hæstv. forsrh. ekki að láta sér detta í hug að ræðumaður sé að leggja til. Hins vegar er fyllilega ástæða til að ræða

það sem skipulagsatriði, eins og hæstv. viðskrh. benti á, hvort þetta sé til bóta, hvort þetta hjálpi okkur eða kannski sé heldur lakara þegar við erum að taka þátt í störfum þessa félagsskapar sem við erum í. Ég á þá við það til að mynda hvort það sé heppilegt að eini utanríkisráðherrann sem slíkur sem mætir á fundum Fríverslunarbandalagsins verði utanrrh. Íslands þegar í öllum tilfellum fulltrúar hinna landanna á slíkum fundum hafa aðra stöðu, eru ekki eiginlegir pólitískir utanríkisráðherrar. Það var m.a. þetta og svo ýmislegt fleira tæknilegs og verkstjórnarlegs og skipulagslegs eðlis sem ég var að velta fyrir mér og hefði þótt vænna um að fá út af fyrir sig ítarlegri umfjöllun um, en ég tek þó fram að ég þakka þá tilburði sem hæstv. forsrh. hafði uppi til að svara efnislega. Slíkt er ævinlega fagnaðarefni.

Ég verð svo að segja að auðvitað erum við og verðum að ræða að einhverju leyti efni, hæstv. viðskrh., þegar talað er um form og skipulag, því það fer einfaldlega eftir því hvað menn ætla að gera með tilteknu skipulagi oft og tíðum hvaða kost menn velja í þeim efnum. Það er einmitt það að við ætlum að reyna að reka sem öflugasta útflutningsstarfsemi frá Íslandi, ná sem mestum árangri á því sviði. Það er mikið og mikilvægt verkefni og formið skiptir þar af leiðandi máli í því samhengi, hvaða skipulag þessara mála mun koma til með að duga okkur best í þeim efnum, og þess vegna hafa menn tekið dæmin og hlustað á menn, eins og fulltrúa Síldarútvegsnefndar, sem eru þrautreyndir samningamenn við erfiðar aðstæður og hafa náð ótrúlegum árangri oft og tíðum. Mér finnst ábyrgðarleysi að gera það ekki, virðulegur forseti, að hlusta á menn sem hafa næstum því að segja, ég vil nú ekki segja með handaflinu en með einhverju afli upp á eigin spýtur í fámennum hópi samningamanna, náð að færa heim viðskiptasamninga sem skipta hundruðum milljóna og milljörðum fyrir þessa þjóð á hverju ári við aðstæður sem eru öllum kunnugar, í tímaþröng og undir miklu álagi þegar samningar verða að ráðast á nokkrum sólarhringum til þess að unnt sé að hefja veiðar og uppfylla þá, eigi af þeim að verða. Þessir menn hafa tiltekna skoðun. Þeir hafa að vísu með tilliti til aðstæðna, með tilliti til þess að þetta mál er bundið í stjórnarsáttmálanum sett hana fram af mikilli hógværð, en hún hefur þó komið fram með vissum hætti og á það á að hlusta.

Varðandi svo það að flytja viðskiptin til hæstv. utanrrh. læðist sá grunur að ræðumanni að þar sé nú fremur verið að flytja málaflokkinn til manns en til ráðuneytis. Því geta vissulega fylgt kostir, að sjálfsögðu tímabundnir kostir, að láta verkefni innan Stjórnarráðs Íslands elta einstaka menn eftir því hvernig þeir færast til. Sé þar um dugnaðarmenn að ræða geta þeir vissulega náð góðum árangri, eins og ég efast ekki um að hæstv. núverandi utanrrh. ætlar sér að gera þegar hann verður orðinn yfirmaður utanríkisviðskipta eða útflutningsviðskipta. En ég hef satt best að segja vissar áhyggjur af þessu, virðulegur forseti, m.a. vegna þess að annríki hæstv. utanrrh. er nú þegar ærið. Hann er t.d. fjarstaddur þessa umræðu. Vegna hvers? Vegna þess að hann er erlendis. Hann er án efa erlendis í mikilvægum erindagerðum fyrir þjóðina. Ég er ekki viss um að öllum þeim ferðalögum sem hljóta að fylgja því að gerast yfirmaður utanríkisviðskiptanna sé bætandi á hæstv. utanrrh. Ég er ekki viss um að það sé hægt nema þá að ríkisstjórnin taki upp sama verklag og Ríkisútvarpið hefur verið að þróa á undanförnum árum, þ.e. að koma sér upp alveg sérstökum og sjálfstæðum erindrekum á erlendri grund. Það væri þá kannski ráð að gera hæstv. utanrrh. að eiginlegum utanríkisráðherra í bókstaflegum skilningi þess orðs, þ.e. með þeim hætti að staðsetja hann einfaldlega á erlendri grund, varanlega og allt árið, og láta hann sinna þessum málefnum þannig. Það getur vel verið að það væri stærsta stökkið fram á við í þessum efnum, mundi auk þess án efa spara þjóðinni stórfelld útgjöld vegna þeirra ferðalaga, sem eru kostnaðarsöm, sem þessu fyrirkomulagi fylgja og létta miklu álagi og ferðaþreytu af hæstv. ráðherranum.

En án gamans er það svo að því geta fylgt vissar hættur að færa tvo ólíka málaflokka undir sama ráðuneytið þar sem viss hætta er á því að annar hvor þeirra verði hornreka, mæti afgangi og fái ekki þá natni í meðferð sem æskilegt væri.

Ég tel, virðulegur forseti, og fer nú að ljúka máli mínu, að það hafi komið ýmislegt fram undir þessari umræðu sem rökstyðji býsna dyggilega að það væri hyggilegt að fresta afgreiðslu þessa frv. Ég á þá ekki bara við þá menn sem beinlínis leggja það til og hafa lagt það til í nál. eða sínum ræðum. Ég á líka við suma hv. þm. sem að nafninu til skrifa upp á meirihlutaálit um að afgreiða málið en upplýsa svo að þeir hyggist sitja hjá fullir efasemda. Ég á líka við hæstv. viðskrh. sem vissulega viðurkenndi á hreinskilinn hátt að að mörgu væri að hyggja og þetta væri ekki einboðið og sjálfsagt mál heldur væri þar ýmislegt sem full ástæða væri til að ræða og skoða. Síðan koma fyrirvarar af ýmsu tagi, bæði sem snerta þessa kerfisbreytingu og útflutningsleyfaveitingarnar sjálfar, þannig að mér finnst að mikið hafi týnst til sem bendi eindregið til þess að þetta sé eitt af þeim málum sem ætti ekki að hraða í gegnum Alþingi á örfáum dögum í því mikla annríki sem í hönd fer og þar af leiðandi væri fyllsta ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstjórn að skoða þá umræðu sem hér hefur átt sér stað að kanna málið betur, bæði í eigin barm og annars staðar, og vita hvort það væri hugsanlega þannig að sú ákvörðun, sem var tekin, eins og margoft hefur komið fram hér í umræðunni og ekki verið mótmælt, í tengslum við ríkisstjórnarmyndunina í vor, líka í tímahraki, hafi e.t.v. ekki verið jafneinboðin og sjálfsögð og flutningur þessa frv. og þrýstingur hæstv. ríkisstjórnar á að það verði afgreitt bendir til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. á þskj. 193 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 18:5 atkv.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv.

2.–4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: NL, SvH, ÞP, BB, ÁrnG, BÍG, EH, GHH, GGÞ, GuðnÁ, IBA, JBH, JónS, JSS, KJóh, EE, ÓE, PP, RH, JK.

SJS, ÞÞ, AðB, GeirG, GHelg, HJ, KH, MB, MálmS, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (SighB, SV, AS, FÞ, FrS, GB, HG, JóhS, KE, ÓÞÞ, PJ, RA) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40, n. 190, 192 og 194.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 190 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum, kvatt til fundar fulltrúa SÍF, Magnús Gunnarsson, frá SH Bjarna Lúðvíksson, frá SÍS Benedikt Sveinsson og frá Síldarútvegsnefnd Einar Benediktsson. Þá komu einnig Haraldur Haraldsson og Árni Reynisson á fund nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Undir þetta rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson og með fyrirvara Kjartan Jóhannsson og Kristín Halldórsdóttir.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Afstaða 2. minni hl. kemur fram á þskj. 194. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Undirritaður getur ekki mælt með að frv. þetta verði gert að lögum og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Um rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til nál. 2. minni hl. um frv. til l. um útflutningsleyfi á þskj. 193.“

Um það mál, virðulegi deildarforseti, hefur nú þegar staðið allítarleg umræða sem efnislega kemur í raun í staðinn fyrir það sem segja mætti eða segja þyrfti um þetta mál. Þó að þau snerti að vísu mismunandi framkvæmdaatriði sem tengjast utanríkisviðskiptum er ástæðan í báðum tilfellum sú kerfisbreyting, sem stendur til að gera, að færa utanríkisviðskipti til utanrrh. og eiga því við öll hin sömu rök þegar rædd er sú kerfisbreyting og þegar hafa verið tíunduð hér og koma fram, eins og áður segir, í nál. 2. minni hl. á þskj. 193.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. á þskj. 194 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 18:5 atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Þar sem senn er nú kominn hefðbundinn fundartími þingflokka legg ég til að þessum fundi verði slitið. Úr því að hv. stjórnarliðar mæta ekki betur í salinn en raun ber vitni þannig að hér getur ekki farið fram atkvæðagreiðsla með eðlilegum hætti vegna fjarvistar þeirra tel ég tímabært að slíta þessum fundi, enda fundartími þegar liðinn eða því sem næst og meira verður ekki að gert.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Með því að fulltrúar í fjvn. hafa setið á fundi en eru nú rétt ókomnir til þessa fundar og ég hef gert ráðstafanir til þess að fá þá hingað í salinn, þeir hljóta að birtast hér innan örfárra mínútna, er ég alfarið á móti því að ganga ekki frá þessu við atkvæðagreiðslu um málið.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti var búinn að aðvara fjárveitinganefndarmenn um atkvæðagreiðslu og þeir eru væntanlegir hingað. Við munum freista þess, enda er klukkan ekki orðin fimm enn, að ljúka atkvæðagreiðslu áður en fundi er slitið og munum við hinkra í eina mínútu a.m.k. eftir því að þeir gangi í salinn.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

EFRI DEILD

17. fundur, þriðjudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 201.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram í deildinni frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991. Hér er á ferðinni eitt viðamesta málið sem hv. Alþingi fær til meðferðar á yfirstandandi þingi. Núgildandi lög um stjórn fiskveiða renna út um næstu áramót og er því brýnt að tekin verði afstaða til þess fyrir þann tíma hvort nauðsynlegt sé að setja ný lög um fiskveiðar Íslendinga í íslenskri fiskveiðilögsögu með þeim hætti sem framlagt frv. gerir ráð fyrir eða ekki.

Með setningu laga um stjórn fiskveiða í desember 1983 var mörkuð sú stefna, sem gilt hefur svo til

óbreytt síðan, að upp skyldi tekið kvótakerfi í veiðum. Var sú ákvörðun fyrst og fremst tekin á grundvelli mats fiskifræðinga um að helstu fiskistofnar á Íslandsmiðum væru komnir í hættu vegna ofveiði. Á sama tíma fjölgaði fiskiskipum, sérstaklega hátæknivæddum og afkastamiklum togurum, meira en góðu hófi gegndi. Á þessum tíma ríkti einnig mikil óvissa um stöðu og þróun loðnu- og síldarstofna.

Nú voru góð ráð því dýr. Ekki var um marga kosti að ræða í vondri stöðu. Átti að fækka skipum, þ.e. leggja ákveðnum hluta flotans, eða átti að taka upp kvótakerfi, þ.e. skömmtun á því hversu mikinn fisk mætti draga úr sjó og með hvaða hætti? Hér stóðu Íslendingar frammi fyrir áður lítt þekktu viðhorfi í sjávarútvegsmálum því þótt ákveðnar takmarkanir hefðu áður þekkst í útgerð og veiðum stóðu landsmenn nú í fyrsta skiptið frammi fyrir þeirri nöturlegu staðreynd að það varð að takmarka frelsi einna mestu atorkumanna íslensku þjóðarinnar til að sækja björg í bú úr greipum hafsins. Setja þurfti útgerðarmönnum og sjómönnum þröngar takmarkandi reglur varðandi athafnir þeirra í fiskveiðum samfara verulegum hömlum á möguleikum nýrra aðila til þátttöku í útgerð í nánustu framtíð.

Til þessa hafði svo til ótakmarkað athafnafrelsi ríkt í fiskveiðum Íslendinga. Af skiljanlegum ástæðum mætti því hugmyndin um kvótakerfi víða mikilli andstöðu þegar hún kom fram síðla árs 1983. Með lögum var verið að takmarka athafnafrelsið í mikilvægustu atvinnugrein landsmanna, atvinnugrein þar sem höfuðmáli skiptir að frelsi ríki til þess að framsæknir dugnaðarforkar fái notið sín við mjög erfiðar aðstæður.

Það gleymist því miður allt of oft í hita umræðunnar hversu mikillar hörku og áræðni það krefst að stunda fiskveiðar við Ísland. Á þessum slóðum eru veður oft válynd, vetrarhörkur og fárviðri gera veiðarnar oft erfiðar og hættulegar. Stundum þarf að tefla á tæpasta vaðið ef árangur á að nást og þrátt fyrir nýleg og góð fiskiskip útbúin fullkomnustu tækjum verður hættunni aldrei bægt fullkomlega frá.

Fiskveiðarnar eru áhætta bæði fyrir fiskimennina sem og útgerðina. Vinnuskilyrði eru erfið, hin erfiðustu sem þekkjast. Afkoman er ótrygg, háð veiðum og veðri því þrátt fyrir fullkomin tæki er aldrei unnt að ganga að fiskinum í sjónum sem sjálfsögðum og öruggum hlut frá degi til dags. Að halda öðru fram ber vott um vanþekkingu á fiskveiðum eða óstjórnlega óskhyggju um öryggi sem ekki er fyrir hendi í þessari atvinnugrein.

Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga nú þegar rætt er um að takmarka aðgang aðila, útgerðarmanna og sjómanna, að fiskveiðum. Sérstaklega skal það gert með tilliti til þeirrar umræðu, sem virðist nú í tísku, þess efnis að þeir sem stunda þessa atvinnu, fiskveiðar, skuli greiða fyrir þær ákveðið gjald, gjald fyrir réttinn til fiskveiða. Í því sambandi er rétt að hafa hugfast að stór hluti heildartekna útgerðar eru launagreiðslur til sjómanna. Gjaldtaka fyrir það að fá að veiða undir ófrelsi og takmörkunum mundi koma harðast niður á sjómannastéttinni og stórlega rýra tekjumöguleika hennar í nútíð og framtíð. Slík kjararýrnun kæmi til viðbótar við þá skerðingu sem felst í kvótafyrirkomulaginu því að við hljótum að gera ráð fyrir að fullt frelsi til veiða mundi skila hærri hámarkstekjum ef fiskistofnar þyldu ótakmarkaðar veiðar.

Þetta skyldu menn hafa ríkt í huga, sérstaklega þeir sem sitja inni í hlýjunni og reikna sér og þjóðarbúinu tugi ef ekki hundruð millj. kr. tekjur í hugsanlegum kvótaskatti, skattlagningu á vinnu, atvinnustarfsemi sem byggist á mesta vinnustriti sem þekkist á Íslandi, en það eru fiskveiðar á erfiðustu fiskimiðum heimsins. Það er nóg að skammta útgerðar- og sjómönnum takmarkaðan veiðikvóta þótt þeir séu ekki einnig skattlagðir sérstaklega. Enginn biður þeim vægðar í því að þeir eins og aðrir þegnar greiði sömu skatta og hafi sömu skyldur í þeim efnum og aðrir Íslendingar í samræmi við heildartekjur. Það er sjálfsagður hlutur. En látum það aldrei henda að þessir útverðir á fyrsta og mikilvægasta stigi tekjumyndunar í þeirri atvinnugrein sem skilar mestum erlendum gjaldeyri verði með neikvæðri gjaldtöku flæmdir úr þessum mikilvægu störfum eða dregið úr athafnalöngun þeirra.

Það er auðvelt að setja lög og reglur. Það er auðvelt að búa til reiknilíkön, tölvurit, töflur og dæmi. Það er auðvelt að gera sér upp ímyndaða veröld. Tæknin, sjónvarpið, tölvurnar og jafnvel menntunin o.fl. þessu skylt, allt auðveldar það okkur að sjá umhverfið með þeim hætti að ákveðinn raunveruleiki hverfur eða réttara sagt verður ekki eins áþreifanlegur og ella. Fiskveiðar og sjómennska eru í vissum skilningi harður raunveruleiki fyrir þá sem taka þátt í útgerð og veiðum. Því miður gera allt of fáir Íslendingar sér grein fyrir þessu. Velgengni í nokkur ár má ekki villa mönnum sýn. Þetta er erfið og hættuleg starfsemi.

Mannlegi þátturinn skiptir miklu máli í umræðunni um stjórn fiskveiða. Þetta mál, þ.e. framkvæmdin, snertir ekki aðeins nokkur hundruð útgerðarmenn heldur þúsundir sjómanna sem eru í fremstu víglínu úti á miðunum sjálfum allt árið um kring. Sjómennirnir verða að búa við sættanlegar kringumstæður. Útgerðarmennirnir, framkvæmdaaðilarnir, verða að tryggja rétt þeirra og sjá til þess að starfsmenn búi við góða afkomu og rekstrarlegt öryggi. Fiskiðnaðurinn verður að fá efni, fisk í vinnslu. Þjóðin, Íslendingar, verður að fá miklar heildartekjur vegna útflutnings og vinnslu sjávarafurða. Skylda hv. Alþingis er að vega og meta aðstæður í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa um ástand fiskistofna og nýtingu þeirra með tilliti til þjóðarhags í bráð og lengd. Okkur ber einnig að tryggja eins og kostur er að til starfa í útgerð og sjómennsku veljist hinir hæfustu menn sem duga í þeirri hörðu glímu sem fylgir þessum áhætturekstri. Kvóti eða skömmtun er ekki hvetjandi. Það eflir menn ekki til dáða.

Sjálfstfl. er flokkur athafnafrelsis og lítur því á það

sem algera neyðarráðstöfun að þurfa að taka þátt í setningu laga sem fela í sér skerðingu á athafnafrelsi manna. En fyrir liggur að enn er talið nauðsynlegt að takmarka veiðarnar með tilliti til ástands fiskistofna. Óvefengjanleg rök liggja fyrir um þetta efni. Því hefur Sjálfstfl. fyrir sitt leyti mælt með því að þetta frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991 verði lagt fyrir hv. Alþingi til umræðu og afgreiðslu fyrir næstu áramót.

Athygli skal vakin á því að Sjálfstfl. leggur áherslu á að svo fljótt sem unnt er verði reynt að þróa sig út úr kvótakerfi í fiskveiðum og að athafnafrelsi fái notið sín á ný í sjávarútvegi. Í því felst besta tryggingin fyrir hámarksárangri í útgerð landsmanna.

Um einstök atriði frv. vil ég segja þetta:

1. Æskilegt hefði verið að kvótinn hefði getað verið rýmri, en því miður leyfir ástand fiskistofna það ekki.

2. Það hefði verið æskilegt að reyna að samræma betur veiðar og vinnslu en ráð er fyrir gert í þeirri fiskveiðistefnu sem birtist í þessu frv. En hér er um afar flókið og viðkvæmt atriði að ræða og fátt algilt um hið æskilegasta fyrirkomulag þessara mála. Hins vegar er augljóst að tryggja verður hag fiskvinnslunnar betur en verið hefur. Staðreynd er að fjölbreytt nýting aflans með þar af leiðandi markaðssetningu skilar þjóðarbúinu mestu í aðra hönd. Heildarafli Íslendinga er mikill og krefst það mikillar fyrirhyggju og framsýni að nýta þennan afla sem best. Lengri tíma sjónarmið verða að gilda í þessum efnum.

3. Gildistími laganna hefði þurft að vera styttri. Það er ríkjandi skoðun hjá mörgum, þar á meðal sjálfstæðismönnum, að hann þyrfti að vera styttri en ráð er fyrir gert í frv. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við lítum á kvótafyrirkomulagið sem illa bráðabirgðaráðstöfun sem við verðum að komast út úr hið fyrsta. Með framlagningu frv. samþykkti þingflokkur Sjálfstfl. að það skyldi lagt fram m.a. á grundvelli þess sem segir í ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun þessara mála og vísa ég sérstaklega til þess hluta er lýtur að endurskoðun, en í ákvæði til bráðabirgða segir, með leyfi forseta:

„Sjútvrh. skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989."

Þá segir enn fremur: „Sjútvrh. skal við lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

Á þessu stigi mun ekki verða farið frekar út í einstakar greinar frv. Frv. mun fara að lokinni umræðu til sjútvn. Ed. og fá þar ítarlega umfjöllun og mun ég þar sem einn nefndarmanna fjalla ítarlegar um einstakar greinar.

Að lokum, herra forseti. Við lausn vandasamra mála er óhjákvæmilegt að leitað sé til hinna hæfustu manna um ráðgjöf og ábendingar er að gagni geta komið. Að sjálfsögðu ber að skoða hugmyndir manna með ákveðinni gagnrýni í huga. En góðar ráðleggingar byggðar á reynslu og þekkingu skaða aldrei. Við mótun fiskveiðistefnunnar hefur verið leitað til fulltrúa allra helstu aðila sem koma við sögu í útgerð, vinnslu og sölu sjávarafurða auk mikils fjölda opinberra sérfræðinga, svo sem fiskifræðinga, haffræðinga o.s.frv. Um hefur verið að ræða hina hæfustu menn hverja á sínu sviði í þessum efnum og að baki þeim standa þúsundir sjómanna, útgerðarmenn, framleiðendur, verkafólk o.s.frv.

Meirihlutaskoðun þessara aðila er að miðað við ríkjandi aðstæður sé óumflýjanlegt að halda stjórn fiskveiða áfram í samræmi við framlagt frv. til laga. Að sjálfsögðu eru hv. alþm. ekki bundnir af skoðunum sérfræðinga eða fulltrúa hagsmunahópa og eiga ekki að vera það. Hv. alþm. eiga að vega og meta efnisatriði og komast að niðurstöðu sem er þjóðinni í heild hagkvæmust. En fáar stéttir hafa reynst íslensku þjóðinni betur en sjómannastéttin. Þetta er ekki sagt til að mæla upp í eyru sjómannsins. Þetta er staðreynd sem oftar má halda á lofti, ekki hvað síst í sölum Alþingis. Íslenskir sjómenn leggja áherslu á að kvótakerfinu verði haldið áfram um sinn á grundvelli helstu atriða þessa frv. en þó með nokkrum athugasemdum. Við skulum treysta þessu mati. Sjómennirnir sem og útgerðarmenn eru nær þeim raunveruleika sem felst í framkvæmd fiskveiða á Íslandi en flestir aðrir Íslendingar. Að hafna skoðunum þeirra og fiskifræðinga um framkvæmd fiskveiðimála á Íslandi er afar vafasamt svo að ekki sé sterkar kveðið að orði.

Aðrir sem vilja koma við sögu þessa máls eru ekki í sömu nálægð við framkvæmd þessara mála. Það fólk sem ég vísaði til áðan eru hinir raunverulegu sérfræðingar Íslands í sjávarútvegsmálum. Þessir sérfræðingar skipta þúsundum og þeir eru dreifðir um allt land. Starf þessa fólks til sjós og í landi er raunveruleg byggðastefna í framkvæmd, starfsemi sem skapar verðmæti og skilar árangri og er forsenda velmegunar og blómlegs atvinnulífs.

Ég veit að hv. alþm. sem og ég virða störf þessa fólks og mat á því hvað er þjóðinni fyrir bestu í hagnýtingu fiskistofnanna á næstu árum við erfiðar aðstæður. Samkvæmt þessu munu ég og Sjálfstfl. vinna að framgangi þessa frv. þannig að þjóðin búi við festu og öryggi í sjávarútvegi á næstu árum. Með skynsamlegri stjórn fiskveiða tekst okkur væntanlega að byggja upp fiskistofnana að nýju og vinna okkur út úr kvótakerfinu. Frelsi verður að ríkja í sjávarútvegi hið fyrsta.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta mikilvæga mál þegar við 1. umr. og lýsa almennum viðhorfum mínum til þessa frv. um stjórn fiskveiða.

Það er mikið deilt um fiskveiðistefnuna. Þó eru menn sammála um markmiðið, verndun fiskistofnanna og þjóðhagslega hagkvæma nýtingu þeirra. En það er ágreiningur um leiðir. Og það kastaði tólfunum þegar kvótinn var tekinn upp í ársbyrjun 1984.

Kvótinn var fyrst settur til eins árs í þeim yfirlýsta tilgangi að draga saman þorskveiðarnar um 90 þús. tonn árið 1984 frá því sem verið hafði árið áður. Hér þótti vera um það mikla minnkun veiðanna að ræða að ekki tjóaði annað en að taka upp nýja skipan til að ná þessum árangri þar sem fyrri aðferðir mundu ekki duga.

En árangurinn varð ekki svo sem til var stofnað. Það var ekki um minnkun veiðanna að ræða árið 1984, ekki umtalsverða. Þess vegna var forsendan fyrir lagasetningunni fallin um sjálfa sig. Samt voru kvótalögin framlengd og með engu betri árangri.

Á þeim árum sem þessi skipan hefur staðið hefur þorskveiðin numið um 250 þús. tonnum umfram það sem stjórnvöld höfðu ákveðið.

Þá var því í byrjun flíkað að kvótinn mundi draga úr sóknarmætti fiskiskipastólsins þar sem skipum mundi fækka. Þetta hefur heldur ekki náð fram að ganga. Þvert á móti hefur kvótinn hamlað gegn minnkun fiskiskipaflotans þar sem hverri fleytu er haldið á floti til að nýta kvótann. Þannig hefur fiskiskipastóllinn aukist frá því að kvótinn kom til og afkastageta hans langt fram úr því sem aukning smálestatölu gefur til kynna.

Þegar forsendurnar fyrir kvótanum voru brostnar hefði mátt ætla að horfið væri frá þeirri skipan. En það er öðru nær. Eftir því sem gallar kvótaskipulagsins koma betur í ljós verða menn ákveðnari í að viðhalda kvótanum. Leitast er þá við að reyna að bæta úr göllunum. En það stoðar lítt því að kvótaskipulagið er þess eðlis að tvö vandamál skjóta upp kollinum fyrir hvert eitt sem kann að verða ráðin bót á í framkvæmd.

Kvótinn felur í sér að aflinn er takmarkaður á hvert skip. Í því felst vandinn. Sett eru takmörk fyrir afköstum og árangri. Forsendum frjáls atvinnureksturs er kastað fyrir róða. Hæfileikar og atgervi sjómannsins og útgerðarmannsins fá ekki að njóta sín nema til jafns við meðalmennskuna. Í nauðvörn gegn frelsisskerðingunni og viðleitni til að brjótast út úr hnappheldunni er ráðið fyrir þá sem vilja lyfta sér yfir meðalmennskuna að verða sér úti um viðbótarkvóta. Þá er stofnað til viðskipta sem eiga sér ekkert fordæmi meðal siðmenntaðra þjóða. Réttindi, sem veitt eru endurgjaldslaust með stjórnvaldsráðstöfunum, eru gerð að verslunarvöru. Hér er ekki einungis um að ræða beina verslun með kvótann heldur og óbeina í formi uppsprengds skipaverðs.

Réttarvitund Íslendinga þolir ekki slíka ráðstöfun á almannaeign sem fiskurinn í sjónum er. Stjórnvöld standa ráðlaus gegn vandanum meðan þau ekki afnema kvótann því að hann er undirrót vandans.

Hins vegar má segja að almenn heimild til framsals kvótans þýði að ekki væri lengur aflatakmark á hvert skip. Væri þá forsendum fyrir frjálsum atvinnurekstri að því leyti haldið í heiðri. Þá væri ástandið að þessu leyti eins og það var áður en kvótakerfið kom til. Hvert skip gæti aflað eins og efni stæðu til.

En hvers vegna ætti þá að halda uppi skipulagi með öllum þeim göllum sem kvótakerfinu fylgir? Er þá seilst um þvera hurð til lokunnar og nefndur auðlindaskattur til réttlætingar kvótanum.

Fyrst er til að taka að kvótinn var ekki settur á í þeim tilgangi að setja á auðlindaskatt. Í annan stað er kvótakerfið engin nauðsyn eða forsenda þess að auðlindaskatti verði komið á. Auðlindaskatti má koma á hvort heldur búið er við kvótakerfið eða ekki. Og síst er það til framdráttar hugmyndum þeirra sem prédika auðlindaskatt að tengja hann við kvótakerfi með öllum þess ágöllum.

Hvað er þá til halds kvótaskipulaginu? Því er þá m.a. talið til gildis að það tryggi jafnvægi milli landshluta. Vísdómur ríkisforsjárinnar kemur þá fram í svæðaskiptingunni og útreikningi þorskígildanna.

En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Kvótakerfið stuðlar ekki að jafnvægi milli landshluta heldur þvert á móti. Og kvótakerfið hefur stofnað til meiri metings og illdeilna milli landshluta en dæmi eru lengi til. Kvótaskiptingin er í eðli sínu að meira eða minna leyti geðþóttaákvörðun stjórnvalda. Með slíku skipulagi næst ekki sú þjóðhagslega hagkvæmni í sjávarútveginum sem nauðsyn býður.

Fyrir tíð svæðaskiptingar kvótakerfisins lagaði sjávarútvegurinn sig sem frjáls atvinnurekstur að rekstrargrundvelli eftir landsháttum og fiskimiðum. Hver landshluti gat notið sinna fiskimiða. Það var ekki samkvæmt neinum lagafyrirmælum heldur lagaði sjávarútvegurinn sig að lögmálum hins frjálsa atvinnurekstrar. Rekstrarhagkvæmni réði því í hve ríkum mæli og með hverjum hætti menn sóttu sjóinn. Það fór óhindrað eftir aðstæðum til hagnýtingar fiskimiða og fiskigengd. Þannig fékkst hagstæð nýting skipastólsins og framleiðslutækja sjávarútvegsins. Það er undirstaða þjóðhagslegrar hagkvæmni í þessari atvinnugrein sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar.

Eftir tilkomu kvótakerfisins er þessu ekki til að dreifa. Í stað þess að sjávarútvegurinn leiti hagkvæmni að lögmálum frjáls atvinnurekstrar eru komin fyrirmæli stjórnvalda. Mismunur á þessu tvennu kemur fram í staðreyndum sem við stöndum nú frammi fyrir varðandi nýtingu fiskitegundanna í einstökum landshlutum. Þessi mismunur er mælikvarðinn á það hvað kvótakerfið dregur úr þjóðhagslegri hagkvæmni sjávarútvegsins.

Mörg dæmi má nefna. Gott dæmi er af Vestfjörð-

um. Hlutdeild þessa landshluta í þorskveiðum landsmanna hefur minnkað stórlega síðan kvótinn var settur á. Þorskveiðin, sem er undirstaða sjávarútvegs á Vestfjörðum, hefur minnkað um 15–20% á þessu tímabili.

Slíkar staðreyndir ættu að vekja til umhugsunar. Hér er um að ræða hvorki meira né minna en það sem sköpum ræður fyrir byggð í þessu landi. Það er um það að tefla hvort hver landshluti eigi að fá að njóta náttúruauðlinda sinna til að tryggja sem best þjóðhagslega hagkvæma nýtingu þeirra, en einmitt það er jafnframt forsenda fyrir jafnvægi í byggð landsins.

Nóg er nú fram dregið af ágöllum kvótakerfisins svo að ekki sé drepið á framkvæmdina í einstökum atriðum og þá spillingu sem óhjákvæmilega fylgir þessari skipan. En mikill meiri hluti útgerðarmanna vill kvótakerfið þrátt fyrir allt. Menn una því vel að hafa sitt á þurru.

Kunn er saga úr enskum stjórnmálaheimi. Í heimsstyrjöldinni síðari fól Churchill einum ráðherra sínum að setja á stofn sérstakt ráðuneyti sem hafði með að gera stjórn verslunar og iðnreksturs vegna stríðsins. Eftir styrjöldina fól Churchill sama ráðherranum að leysa upp þetta sama ráðuneyti. Sá merki stjórnmálamaður sem fékk þetta hlutverk segir í ævisögu sinni að erfitt hafi verið að koma ráðuneytinu á fót í stríðinu, en hálfu verra hafi samt verið að afnema það eftir stríðið. Það hafi þar komið til að hinir bresku verslunarjöfrar og iðjuhöldar hafi verið orðnir vanir ríkisafskiptunum og unað vel að vera lausir við samkeppni í skjóli einokunaraðstöðu. Og þetta hafi verið þeim mun erfiðara viðfangs þar sem þessir menn hafi verið fjárhagslegir máttarstólpar íhaldsflokksins. En það kom fyrir ekki. Churchill sagði að hann varðaði ekkert um hagsmuni þessara manna því að í húfi væru þjóðarhagsmunir.

Það eru einmitt þjóðarhagsmunir sem krefjast þess að kvótakerfið verði aflagt. Það þýðir ekki að í staðinn komi stjórnleysi og engin fiskveiðistefna. Þvert á móti verður markmiðum og verndun fiskistofnanna og þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu þeirra betur náð en nú er. Það verður gert með því að binda aflatakmarkanir við fisktegundir, tegundamark í stað aflamarks á hvert skip.

Framkvæmd slíkrar fiskveiðistefnu er tvíþætt. Annars vegar með sóknarstjórn og hins vegar með skipastjórn. Sóknarstjórn er þá fólgin í takmörkun á veiðitíma, en skipastjórn í takmörkun á skipastólnum og sóknargetunni. Eftir því sem sóknargetan er takmarkaðri þarf minni takmörkun á veiðitímum. Þá er farin sú leið að takmarka fjárfestingu við þörfina fremur en að takmarka not þeirrar fjárfestingar sem stofnað er til umfram þarfir.

Í frjálsum atvinnurekstri geta þeir einir verið þátttakendur sem standast samkeppnina. Þannig tryggja þeir hæfustu þjóðhagslega hagkvæman rekstur sjávarútvegsins. Þannig gæti sóknargetunni miðað þegar til lengdar lætur í átt til jafnvægis við fiskistofnana svo að beita þurfi sem minnstum veiðitakmörkunum. Slíkri skipan fylgir frelsið sem er forsenda þess að atorka, hugvit og þor einstaklinganna fái notið sín í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna. Þá væru leyst höft ríkisforsjár og ofstjórnar.

Þetta frv. um stjórn fiskveiða, sem lagt hefur verið fram og hér er til umræðu, er mér ekki að skapi svo sem marka má af því sem ég hef nú þegar sagt. Frv. er um framlengingu á kvótakerfinu með veigalitlum breytingum sem menn ætla að geti orðið til bóta. Þetta er vonlaust að mínu viti. Það er ekkert raunhæft ráð annað en að afnema kvótakerfið og taka upp nýja skipan um stjórnun fiskveiða. Allar bætur á slitna flík kvótakerfisins koma fyrir ekki. Það er vonlaust verk. Og kvótakerfið verður afnumið fyrr eða síðar. En því fyrr, því betra.

Annars er það rannsóknarefni hvers vegna kvótakerfið hefur verið svo lífseigt þrátt fyrir að upphaflega var það sett til bráðabirgða eða reynslu. Og í upphafi munaði mjóu að frv. um kvótakerfið næði fram að ganga hér í hv. Alþingi, svo mögnuð var andstaðan. En undrun sætir að eftir því sem tímar hafa liðið og gallar kvótakerfisins hafa betur sýnt sig hefur stuðningur við það styrkst hér á hv. Alþingi.

Tvær uppákomur hafa tryggt kerfinu lífdaga. Annars vegar hafa hinir stjórnlyndu alþm., sem fylktu liði gegn kvótanum í öndverðu, nú tvístrast í andstöðunni. Hafa ekki allir getað stillt sig um að renna hýru auga til þeirra eðliseinkenna kvótakerfisins sem fylgja ríkisforsjá stjórnlyndisins. Hins vegar er frammistaða frjálslyndra alþm. sem berja sér á brjóst og afneita ríkisforsjá kerfisins. Geta þeir nú sagt eins og skrifað stendur: Hið góða sem ég vil, það gjöri ég ekki, en það vonda sem ég ekki vil, það gjöri ég.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Nú er röðin komin að okkur borgaraflokksmönnum að lýsa áliti okkar á því frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um mörkun fiskveiðistefnu, kvótafrv. Ég geri ráð fyrir að marga fýsi þess að vita hver er okkar stefna og hvert er okkar álit á fiskveiðimálum þjóðarinnar. Í raun og veru er hún mjög skýr. Það kom bæði fram í kosningabaráttunni sl. vor og eins í þeim gögnum sem lágu fyrir eftir landsfundinn okkar í september. Við höfum dreift þeim og kynnt bæði í ráðgjafarnefnd um mótun fiskveiðistefnu, sem hefur haft með undirbúning frv. að gera í allt haust, og þeim var einnig dreift hér á hv. Alþingi fyrir um mánuði. Þar kemur mjög skýrt fram að Borgarafl. er algerlega á móti því skömmtunarkerfi sem hér hefur verið tekið upp undir ríkisforsjá. Ég held að ekkert lýsi betur þessu skömmtunarkerfi en þegar maður les frv. sem ráðherra hefur lagt fram og telur í frv. hve oft kemur fyrir „ráðherra ákveður", „ráðherra er heimilt", „ráðherra setur reglugerð". Þetta kemur 20 sinnum fyrir í frv. Í raun hefði verið miklu einfaldara að setja lögin með þessum hætti: 1. gr.: Sjútvrh. er einráður um stjórn fiskveiða. 2. gr.: Þessi lög öðlast

þegar gildi. Þetta hefði sparað okkur mikið málavafstur og þá vinnu sem hefur verið lögð í þetta frv. hæstv. ráðherra.

Þetta skömmtunarkerfi er nú búið að vera við lýði allar götur síðan áramótin 1983—1984. Og hver er forsaga málsins? Jú, forsagan er sú að það var talið að mikil ofveiði væri á botnfisktegundum, sérstaklega þorski, á árunum rétt á undan að kvótakerfið var tekið upp. Ef við rifjum upp hvernig ástandið var má minnast þess að frá því um miðjan áttunda áratuginn jókst þorskveiði hröðum skrefum og náði þorskveiði hámarki sínu í kringum 1981 þegar ársafli var kominn upp í u.þ.b. 460 000 tonn. Það er vissulega rétt að með kvótakerfinu tókst smám saman að draga niður þann mikla afla sem hafði verið á þorski, en engu að síður hefur algerlega mistekist að ná utan um stjórnun fiskveiða með kvótakerfinu þessi fjögur ár sem það hefur verið við lýði. Það er talið að á þessum fjórum árum sé nánast búið að veiða heilan árgang af þorski umfram það sem fiskifræðingar telja og hafa talið eðlilegt.

Skrapdagakerfið, sem var hér við lýði áður en kvótakerfið var formlega tekið í notkun áramótin 1983–1984, var mjög gagnrýni vert og að mörgu leyti voru á því ágallar. En ég tel, og það er stefna og skoðun Borgarafl., að skrapdagakerfið hafi haft marga ótvíræða kosti. Í ljósi reynslunnar getum við vel séð hvernig mætti haga stjórnun fiskveiða, byggðri á skrapdagakerfinu, með því að gera stýringu á fiskveiðunum miklu virkari en þá var. Við teljum að með því að gefa Hafrannsóknastofnun, fiskifræðingum í náinni samvinnu við útgerðarmenn og sjómenn, heimildir til að stýra fiskveiðum betur en gert var á dögum skrapdagakerfisins væri tiltölulega auðvelt að ná utan um heildarstjórnun fiskveiða. Ég tel að með því að beita ákvæðum um að loka veiðisvæðum þegar smáfiskagöngur gera vart við sig, hafa banndaga á sumrin þegar hrygningarstofninn er sem viðkvæmastur og stjórna þessu virkt og án ágreinings megi á miklu betri hátt stjórna fiskveiðum en með kvótakerfinu.

Næst skulum við aðeins velta fyrir okkur á hverju kvótakerfið var byggt þegar var verið að raða niður og ákveða hvernig ætti að deila kvótanum á milli skipa og milli landshluta. Viðmiðunarárin 1981–1983 voru þar lögð til grundvallar. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvernig nokkrum dettur í hug að ætla að stjórna fiskveiðum Íslendinga byggt á þremur viðmiðunarárum þegar maður horfir til þess hve náttúra Íslands er fjölbreytileg og hvernig ástand bæði vegna veðurfars og sjávar og ótal annarra þátta er margbreytilegt á þessu landi.

Við skulum taka dæmi: Við skulum segja að það ætti að fara að taka upp kvóta á snjómokstur og síðan væru þrjú sl. ár notuð sem viðmiðunarár. Hvernig haldið þið að það færi þegar við fengjum svo þessa heiðbundnu íslensku vetur sem öllum eru í minni og allir þekkja? Hvað yrði þá um kvóta á snjómokstri sem væri byggður á síðustu þremur árum? Álíka er að tala um fiskveiðikvóta sem byggjast á þremur viðmiðunarárum. Ætli það væri ekki nær að kanna fiskveiðar Íslendinga í heila öld ef ætti að fara að taka upp skömmtunarkerfi fyrir fiskveiðar sem ætti að byggjast á því hvernig afli hefði verið tiltekinn árafjölda?

Viðmiðunarárin 1981–1983 voru t.d. mjög óhagstæð smábátum norðanlands vegna þess hve fiskur lá djúpt. Þau voru einnig mjög óhagstæð Sunnlendingum vegna þess að sunnlensk fiskiskip voru þá fyrst og fremst á karfa- og ufsaveiðum sem stafaði af því að verðbætur á karfa og ufsa gerðu slíkar veiðar hagstæðar.

Hér á árum áður var þorskveiði fyrst og fremst hér sunnanlands. Þegar fiskurinn var orðinn kynþroska leitaði hann til Suðurlands og Suðvesturlands. Á vertíðum á Suðurlandi og Suðvesturlandi var fyrst og fremst veiddur þorskur. Sú ofveiði sem var á þorski seinni hluta áttunda áratugarins og fram yfir 1982–1983, þó svo ég haldi því ekki fram að það hafi ekki verið ofveiði á þorski allt tímabilið fram til dagsins í dag, hefur valdið því að kynþroska fiskur veiðist í miklum mun minna mæli á Suður- og Suðvesturlandi en gerðist á árum áður. Í dag er sótt í ungfiskinn sem liggur út af Vestfjörðum og Norðurlandi. Þetta eru aðalrökin fyrir því — af því að vegna ofveiðinnar hafði veiðst hlutfallslega miklu meiri þorskur á norðurmiðum og miðunum út af Vestfjörðum — að sett var svokölluð norður-suðurlína, að landinu var skipt í tvö fiskveiðisvæði og togskipum norðan þeirrar línu var gefinn meiri þorskveiðikvóti en togurum sunnan línunnar.

Þetta er eitt af því sem hefur valdið hvað mestum deilum í kvótakerfinu því að þetta hefur haft bein áhrif á verð fiskiskipa. Útgerðarmenn á norðursvæðinu hafa getað keypt fiskiskip af suðursvæðinu og nánast greitt þau með þeim umframkvóta sem skipið fær sjálfkrafa við að fara norður fyrir línuna. Þetta er einn af mörgum agnúum sem eru í núverandi kvótakerfi. Það má í raun og veru segja um kvótakerfið að það líkist höfði Medúsu. Í hvert skipti sem eitt vandamálið er höggvið burt koma upp þrjú vandamál í staðinn.

Með því að koma sér út úr þessu kvótakerfi og velta fyrir sér leiðum til að bæta gamla skrapdagakerfið, sem við teljum að gefi miklu hagstæðari stjórn á fiskveiðum en skömmtunarkerfið sem við búum við nú, mætti leysa margan vandann. Það mundi m.a. leysa deiluna milli útgerðarmanna norðan og sunnan línunnar. Það mundi koma í veg fyrir að bátar gangi kaupum og sölum á tvöföldu tryggingarverðmæti. Fyrst og fremst mundi það þó á nýjan leik opna þessa atvinnugrein þannig að einhver endurnýjun geti átt sér þar stað. Eins og málin standa er búið að verulegu leyti að fá ákveðnum hagsmunaaðilum í hendur umráðarétt yfir allri veiði botnfiskstegunda við Ísland og engir aðrir komast þar að. Það verður engin endurnýjun í þessari stétt lengur.

Ég vil taka heils hugar undir með hv. 14. þm. Reykv. að við eigum þeim duglegu mönnum sem

hafa dregið fisk úr sjó í gegnum aldirnar mikið að þakka. Það er á herðum þeirra sem þetta þjóðfélag í raun og veru stendur og hefur alltaf gert. En hvernig ætlum við þá að fara að ef ungir dugnaðarmenn, sem vilja hasla sér völl í útgerð, komast hvergi að? Þeir koma alls staðar að lokuðum dyrum. Þeir hafa engan kvóta. Og þeir ráða ekki við að kaupa gömul fiskiskip með kvóta á uppsprengdu verði. Þetta er eitt af þeim mörgu vandamálum sem kvótakerfið hefur leitt af sér og sem gerir það að verkum að við verðum að taka höndum saman um að koma okkur út úr þessari vitleysu.

Við höfum kynnt okkur möguleika á að endurbæta skrapdagakerfið, eins og ég gat um áðan, og við viljum byggja það á því að hagsmunaaðilar, í nánu samráði við fiskifræðinga og Hafrannsóknastofnun, velti því betur fyrir sér með hvaða hætti stjórnun fiskveiða geti best farið fram. Ég er á því að flestir útgerðarmenn og sjómenn séu skilningsríkir þegar rætt er um að það þurfi að friða svæði þar sem er mikið af ungfiski. Þeir hafa einnig fullan skilning á því að það þurfi að banna fiskveiðar á sumrin þegar hrygningarstofninn er hvað viðkvæmastur. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er auðvelt að ná utan um þetta vandamál með því að hafa náið og gott samráð milli þessara aðila. Þetta eru þeir aðilar sem best þekkja til fiskveiða hér á landi. Við eigum að fela þeim stjórnunina með þessum hætti en ekki með þeim hætti, sem segir í frv. til laga um fiskveiðistefnu, að ráðherra ákveði, ráðherra heimili, ráðherra setji reglugerð.

Með því að vera með heildaraflakvóta og stýra fiskveiðunum, eins og ég gat um, með bannaðgerðum í samráði við viðkomandi aðila ætti að vera hægt að leysa ótalmörg vandamál. Það er auðveldara að fækka skipum, því þegar útgerðarmenn fá frjálsa sókn innan þessa ramma, sem ég lýsi hér, er mjög eðlilegt að það sé gert á þann hátt sem hagkvæmastur er. Það kann vel að vera að útgerð sem rekur fimm fiskiskip vegna þess að þau hafa kvóta geti náð sama afla með þremur fiskiskipum með því að beita þeirri tækni sem nú er komin til sögunnar í sambandi við fiskiskip og útgerð þeirra. Þá væri hægt að hugsa sér að þessu heildaraflamarki væri skipt niður, t.d. á ársfjórðunga, þannig að stýringin væri auðveldari. Einnig væri hægt að hugsa sér að lokanir á svæðum færu eftir landshlutum hverju sinni. En þetta þarf að gera í mjög nánu samráði við þá aðila sem málið er skyldast.

Ég vil aðeins koma inn á hugmynd um úreldingarsjóð. Eins og málin standa nú getur enginn hætt veiðum. Að vísu geta menn selt skip og kvóta, það er eflaust hægt, en í hinu kerfinu er spurningin hvernig á að hjálpa, við skulum segja eldri útgerðarmönnum, sem vilja hætta útgerð og leggja skipum sínum. Ég held að við séum öll sammála um að fiskiskipaflotinn er of stór. Það þarf að fylgjast náið með því með hvaða hætti væri hægt að fækka fiskiskipum. Það var áður fyrr til Úreldingarsjóður fiskiskipa. Ég held að það ætti að taka hann upp aftur og fara inn á að úrelda fiskiskip með því að greiða mönnum styrk til að leggja skipum.

Þá langar mig aðeins að fara inn á siglingaskattinn. Í þeim fiskveiðilögum sem voru í gildi og eru í gildi fram til áramóta er 10% siglingaskattur lagður á afla sem siglt er með og seldur á erlendum mörkuðum. Ég held að útgerðarmenn séu sæmilega sáttir við þennan skatt vegna þess að þetta er ekki meira en það sem fiskurinn rýrnar um á leiðinni. Ég held að menn séu yfirleitt sammála um að það megi reikna með því að fiskur sem siglt er með rýrni u.þ.b. 10% á leiðinni.

Meiri skattur á afla sem siglt er með er hins vegar óskiljanlegur vegna þess að ég fæ ekki séð hvernig hann t.d. gagnar fiskverkendum. Fiskverkendur, sem í flestum tilvikum, a.m.k. víða úti á landsbyggðinni, eru um leið útgerðaraðilar, fá aflatoppa sem þeir ráða ekki við að verka sjálfir. Þeim er þá þar með refsað fyrir að taka aflatoppinn og sigla með hann. Við skulum t.d. segja að það veiðist mikið magn af kola. Koli er mjög erfiður fiskur í verkun, óhagkvæmur í verkun, en hins vegar mjög verðmætur til útflutnings sem ferskur fiskur á mörkuðum erlendis og hægt að fá mjög hátt verð fyrir kola. Spurt er hvort hér sé verið að setja meiri skatt á afla sem siglt er með í þeirri von að það geti drepið fiskmarkaðina. Það er eins og það vakni hjá manni sá grunur að stærstu hagsmunaaðilar fiskverkenda, sem flytja út frosinn fisk, á t.d. Bandaríkjamarkað, hafi átt þátt í þessum hugmyndum í þeirri von og trú að það gæti e.t.v. eyðilagt fiskmarkaðina. Ég set þetta upp sem spurningu. Það er ekki gott að segja til um það.

Þá væri fróðlegt að vita hvort þetta útflutningsgjald, þessi siglingaskattur, sé í trássi við þá viðskiptasamninga sem við höfum gert við Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalagið? Mér er ekki kunnugt um það, en ég vildi gjarnan fá svör ráðherrans við því hvort þetta brjóti í einhverju í bága við þá viðskiptasamninga sem við höfum við Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið.

Smábátaeigendur hafa haft miklar áhyggjur af þeirri stefnu sem nú er verið að taka með frv. til laga um nýja fiskveiðistefnu. Undir þeim lögum sem eru nú í gildi hafa smábátaeigendur haft visst frjálsræði til útgerðar fyrir báta sem eru innan við 10 tonn á þyngd eða 10 rúmlestir. Þetta er öllum kunnugt. En það er eins og þetta hafi farið mjög fyrir brjóstið á skömmtunarstjórunum og nú á að reyna að gera út af við smábátaeigendurna, koma þeim fyrir kattarnef. Að vísu er ekki í því frv. til laga, sem hér hefur verið lagt fram, kveðið á um ákveðna kvóta til handa smábátum eins og var í frumvarpsdrögunum. Var það þó að vísu ekki sérlega björgulegt sem átti að skammta bátum sem voru 6 brúttólestir og stærri og sömuleiðis bátum undir 6 brúttólestum. Ég ætla ekki að rekja hvernig það var í frumvarpsdrögunum. En ég veit ekki hvort smábátaeigendur eru hressari með að í 10. gr. eins og hún er nú orðuð í frv. á ráðherra nánast að skammta þetta eftir eigin

höfði þannig að þeir koma nú til með að eiga allt sitt undir því í hvaða skapi ráðherrann er þann daginn sem hann ætlar að fara að skammta smábátaeigendum kvóta. Ef hann hefur farið illa út úr rúminu þann morguninn býð ég ekki í framtíð smábátaeigenda.

Við munum því leggja til, þm. Borgarafl., vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að við munum ekki fá samþykkt hér á Alþingi brtt. þess efnis að kvótakerfinu verði alfarið hafnað, að greinin sem varðar botnfiskveiðar báta minni en 10 brúttólestir skuli vera eins og hún er í núgildandi lögum með þeirri breytingu þó að við föllumst á það með fulltrúum smábátaeigenda að rétt sé að taka upp þá takmörkun að ekki verði smíðaðir fleiri nýir bátar undir 10 tonnum nema bátur sé úreldur á móti.

Varðandi gildistíma laganna get ég tekið undir með þeim hv. þm. sem hafa talað á undan mér. Að ætla að binda þetta skömmtunarkerfi, þetta Medúsuhöfuð, til fjögurra ára er alveg fráleitt. Við teljum kappnóg að þessi lög hafi gildistíma eitt ár og að tíminn verði síðan notaður, árið 1988, til að vinna nú og taka á eins og menn við að reyna að koma okkur út úr þessum ófögnuði í eitt skipti fyrir öll.

Fiskistofnarnir í sjónum í kringum Ísland eru auðlind sem við eigum öll, allt fólkið í landinu, og því varðar okkur öll um það með hvaða hætti þessi auðlind er nýtt. Það er ekkert einkamál tiltölulega fárra hagsmunaaðila og ráðherrans að ráðskast með þetta eins og þeim þóknast. Við höfum öll eitthvað um þetta mál að segja. Ekki bara þm. hér á þingi heldur öll þjóðin. Hana varðar alla um hvernig þessum málum er ráðið og ég efast um það og leyfi mér að halda því fram af mikilli vissu að frv. sem hér er lagt fram er ekki til þess að þjóna hagsmunum allrar þjóðarinnar í heild.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Síðustu orð hv. þm. Júlíusar Sólnes voru að þetta frv. þjónaði ekki hagsmunum allra þjóðarinnar. Það er auðvitað öldungis rétt. En það er líka rétt í þessu máli að það verður aldrei lagt fram frv. sem allir telja að þjóni hagsmunum sínum. Það er einfaldlega ekki hægt vegna þess að í þessu máli rekast á hagsmunir. Það sem er einum í hag telur annar sér í óhag. Þess vegna verður aldrei gert í þessum efnum það lagafrv. sem sé svo búið að öllum líki. Það er eðli þessa máls og þess vegna hlýtur það að vera meginmarkmið í öllu því starfi sem unnið er í kringum þetta að finna þann samnefnara sem flestir geta bærilega unað við.

Það hefur verið lögð veruleg vinna í undirbúning þessa máls áður en það kemur inn á hið háa Alþingi og getur vel verið að hún hefði mátt vera meiri og sjálfsagt hefði hún mátt vera betri og hún hefði sjálfsagt líka þurft að taka töluvert lengri tíma. En hingað er þetta mál nú komið og þótt illt sé svo að þurfa að segja er auðvitað skammur tími til stefnu og kannski ekki margra kosta völ um verulega róttækar breytingar vegna þess að til þess þyrfti miklu lengri tíma til að jafna ágreining en nú er til umráða. Kostirnir eru því ekki margir. Ef menn vilja ekki að það verði með öllu reglulaust og löglaust í þessum efnum um áramót munu menn hér koma sér saman um að setja reglur þó að menn uni þeim mismunandi vel. Það er í rauninni ekki ágreiningur um það hér að fiskveiðum þurfi að stjórna. Ágreiningurinn er um hvaða kerfi skuli nota og með hverjum hætti þetta skuli gerast.

Ég ætla aðeins, herra forseti, að víkja að undirbúningi og aðdraganda þessa máls. Það var ekkert launungarmál og er ekki, að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð urðu töluvert miklar umræður um hvernig sjávarútvegskaflinn í hennar starfsáætlun skyldi vera. Að lokum náðust þó sættir um orðalag sem allir töldu sig geta unað við, en það er svo, með leyfi forseta:

„Fiskveiðistefnan verður tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Endurskoðunin verður falin sérstakri nefnd sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna, fiskvinnslufólks og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða“ og þar er upp talið, ég hirði ekki um að vitna til þess orðrétt, hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar, hvernig taka megi aukið tillit til byggðasjónarmiða, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila og hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda. Þetta eru þau atriði sem upp eru talin í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi sjávarútveg og stjórn fiskveiða.

Hér er held ég rétt að geta þess að síðan voru á því nokkuð ólíkar skoðanir hjá hæstv. sjútvrh. og okkur sumum sem styðjum ríkisstjórnina hvernig bæri að túlka þetta ákvæði starfsáætlunarinnar. Við lítum svo á að hér ætti að skipa sérstaka nefnd sem síðan hefði samráð við þá aðila sem upp eru taldir. Sjútvrh. kaus hins vegar að fara svipaðar leiðir og áður hafa verið farnar, þ.e. að skipa stóra samráðsnefnd hagsmunaaðila þar sem fulltrúar þingflokkanna áttu einnig sæti þó á öðrum nefndarmönnum væri stundum að heyra í þeirri ágætu nefnd að þingmenn væru þar ekki til mikillar þurftar öllum stundum og ekki öllum að skapi. En síðan skipaði hæstv. ráðherra aðra nefnd, sem í áttu sæti fulltrúar þingflokkanna, til þess að fjalla um þessa endurskoðun. Allt var þetta gert í tímaþröng og kannski varð ekki eins mikið úr störfum síðarnefndu nefndarinnar og ætlunin var. Hún hélt ekki mjög marga fundi. Ég er ekki að segja að þar hafi sérstaklega verið við ráðherrann að sakast heldur hef ég grun um að tilnefningar af hálfu sumra þingflokkanna hafi komið nokkuð seint til sögu. En þarna var sem sagt meiningarmunur sem ekki skiptir kannski lengur öllu máli, en við töldum að þarna hefði átt að fara öðruvísi að.

Síðan er það alkunna að töluverðar umræður urðu

í stjórnarflokkunum um drög að því lagafrv. sem hér er nú verið að ræða. Þingflokkur Alþfl. var þar með tillögur til breytinga. Mér er ljúft að votta það hér, eins og frv. ber raunar merki, að það var tekið mjög verulegt tillit til þeirra breytinga sem við óskuðum eftir að kæmu fram.

Þar nefni ég í fyrsta lagi 1. gr. frv. þar sem er yfirlýsing um að fiskistofnarnir á miðunum séu sameign þjóðarinnar og markmið þessara laga sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu.

Ég nefni líka ákvæði til bráðabirgða, sem fylgir þessu frv., sem við teljum mikils virði, en það tryggir að okkar mati að áfram verði unnið af krafti við að móta fiskveiðistefnu til frambúðar og hvernig þessum málum skuli stjórnað. Mér þóttu þessi frumvarpsdrög taka verulegum breytingum til bóta þegar komið hafði verið til móts við þessar tillögur okkar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns verður alltaf ágreiningur um mál af þessu tagi. Annað væri óeðlilegt. Það eru ýmis atriði í sambandi við þetta kerfi sem ég á ákaflega erfitt að sætta mig við. Það er erfitt að horfa upp á menn ár eftir ár selja fiskinn í sjónum hafandi ekki gert nokkurn skapaðan hlut til að ávinna sér þann rétt að hafa kannski milljónatekjur fyrir nánast ekki neitt, fyrir alls ekki neitt. Siðfræðina á bak við það skil ég ekki og þess vegna finnst mér það siðlaust.

Annað atriði, sem þetta kerfi hefur líka haft í för með sér, er verðhækkun skipa umfram það sem mætti kalla „raunvirði". En þegar skip hefur svo og svo mikið í kvóta skiptir ekki máli lengur hvernig skipið er, hvað það er gamalt eða hvernig það er búið. Það er allt annað sem skiptir máli.

Það hefur mikið verið deilt hér um það sem er nú 10. gr. þessa frv., þ.e. veiðar smábáta. Hún hefur tekið breytingum til bóta. Ég er ekki viss um að hún sé alveg nógu góð enn þá. Mín skoðun er sú að það hefði átt að gefa krókaveiðar allra minnstu bátanna alveg frjálsar og banna þeim netaveiðar í ríkara mæli en hér er gert. Hins vegar tek ég undir það, sem ég heyrði hæstv. sjútvrh. segja í ræðu sinni, að það er ótækt í þessu landi að setja þá reglu að menn geti ekki eignast litla bátskel sjálfum sér til ánægju sem er ekki ætluð sem stórvirkt fiskveiðitæki. Ég held að það sé útilokað að setja slíka reglu. Ég heyrði hins vegar að fulltrúi Borgarafl. vildi ganga svo langt að banna alla endurnýjun á smábátum öðruvísi en að þá færi bátur úr umferð í staðinn. Ég held að það sé bæði óraunhæft og rangt eins og kannski fleira sem þeir ágætu menn segja.

Ég tek undir að það skuli hækkað álag á gámafiskinn. Það hefði að mínu mati mátt vera hærra, en mér er ljóst að það er mikið ágreiningsmál og um þessa tölu mikill ágreiningur.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, hefur frv. tekið verulegum breytingum til bóta og í ljósi þess hvernig tímamörk eru og í ljósi þess að mér sýnist tryggt, ef ákvæði til bráðabirgða nær fram að ganga, að unnið verði skipulega að frekari stefnumótun og breytingum á þessu kerfi á næstunni, þá get ég í stórum dráttum lýst stuðningi við þetta mál eins og það liggur fyrir þó ég hafi efasemdir og fyrirvara um einstök atriði, en hér greinast menn í skoðanahópa með ýmsum hætti. Mér er alveg ljóst að við getum ekki vikist undan því að setja reglur um þessi mál núna og það ber að viðurkenna þá staðreynd.

Að því er varðar þær brtt. sem hv. þrír þm. Alþb. hafa lagt hér fram, þá stefna þær með ýmsum hætti að sömu niðurstöðu og sumt af því sem við höfum verið að segja í þessum efnum. Ég held að þær hljóti að koma til athugunar við frekari endurskoðun þessa máls á síðara stigi, en ég held að þær séu ekki þess eðlis að um þær geti náðst breið samstaða á þeim stutta tíma sem er til stefnu. En ég get ákaflega vel tekið undir ýmislegt sem þar er sagt og tel sjálfsagt og eðlilegt að það verði athugað þegar endurskoðun þessara mála hefst að nýju vegna þess að auðvitað verða þessi mál að vera í sífelldri endurskoðun ef vel á að vera. En ekki held ég að unnt sé að ná samstöðu um þessi mál núna, enda er þetta alveg nýmótað og óathugað og sjálfsagt ætlun þeirra hv. Alþýðubandalagsmanna að sýna þetta og kynna hér frekar en þeir ætlist til að það verði samþykkt.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Þó að hér sé vissulega eitt mikilvægasta mál Alþingis til umfjöllunar skal ég reyna að teygja ekki um of lopann í umræðunni. Mér er ljóst að tíminn er naumur, en ég get þó ekki stillt mig um að gagnrýna nokkuð harkalega hvernig unnið hefur verið að undirbúningi þessa máls og raunar fleiri mála nánast undir þingfrestun fyrir jólahlé þingmanna. Það eru eftir kannski 10–12 vinnudagar á Alþingi áður en það fer í jólafrí og hér er dengt inn nánast daglega þykkum lagabálkum sem þm. er ætlað að fara yfir, skoða, kynna sér og íhuga. Þessi vinnubrögð eru óþolandi. Og þau eiga ekki bara við núv. hæstv. ríkisstjórn. Svona hefur þetta verið þau 15 ár sem ég hef setið á Alþingi. Þessu verður að linna. Það er ekki viðunandi og ég skil ekkert í hv. alþm., hinum almenna þm., að una því að slíkt gerist ár eftir ár. Ég tala nú ekki um svo mikilvæg málefni eins og hér er um að ræða sem nánast öll þjóðin byggir á hvernig með verður farið og hvernig er á haldið.

Þessu hlýt ég að koma á framfæri. Ég hef gert þetta áður í þingsölum, lítt verið á það hlustað, enda sjaldan hlustað á góð orð hér innan dyra heldur farið aðrar leiðir. En eigi að síður ítreka ég þá skoðun mína að hér þarf að verða breyting á. Þetta getur ekki gengið öllu lengur.

Ég er ekki alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Eiði Guðnasyni, mínum þingflokksformanni — (**Gripið fram í:** Það var skrýtið.) Nei, það var sko ekki skrýtið. — um hversu tiltölulega ánægður hann hafi verið með undirbúninginn að þessu máli. Ég er hundóánægður með hann og vísa

þar að sjálfsögðu til þess sem um var talað við stjórnarmyndun núv. hæstv. ríkisstjórnar. Þá gengu sumir hverjir innan þeirra vébanda svo langt að telja að þar væri fundin lausn á því að komast út úr kvótakerfinu frá og með nk. áramótum, eftir hálfan mánuð rúman. Vitandi það á þessum tíma hver átti að stýra sjávarútvegsmálum þjóðarinnar datt mönnum þetta í hug. Og þetta er engin gagnrýni á hæstv. ráðherra. Hann heldur á sínu máli og hefur sýnt það í gegnum árin að hann hefur ráðið öllu sem hann vildi ráða og mér sýnist hann ætli að gera það enn. Ég sé ekki betur. Menn hafa falið honum þetta vald. Meiri hluti Alþingis hefur falið honum þetta vald til meðferðar þannig að hann hefur að mínu viti nánast stjórnað sjávarútvegsmálum þjóðarinnar eins og hann stjórnar heimilisbókhaldinu hjá sjálfum sér nema það er stærra heimili sem hann fjallar um hér. Þetta eru völd sem Alþingi hefur falið hæstv. ráðherra. Það er við þá að sakast sem það hafa gert. (**Sjútvrh.:** Ertu viss um að ég stjórni heimilisbókhaldinu?) Ég dreg það ekki í efa, hæstv. ráðherra, að þú gerir það vel. Sé annað uppi vænti ég að ég fræðist um það.

Nei, hér verða þeir sem þessa stefnu hafa ákvarðað að kenna sjálfum sér um hvernig á málum hefur verið haldið. Ég hlýt í þessu sambandi að minna á frv. sem ég flutti ásamt hæstv. núv. fjmrh., formanni Alþfl., á sl. hausti, frv. til breytinga á fiskveiðistefnunni, ásamt hv. þm. Ólafi Þórðarsyni og Hjörleifi Guttormssyni, frv. sem gat orðið þess valdandi að menn reyndu að fikra sig út úr því fasta kvótakerfi sem menn hafa búið við í fjögur ár. Á það var að sjálfsögðu ekki hlustað.

Ég hlýt að ítreka líka skrif hæstv. núv. fjmrh. í þá veru að fiskveiðum við Ísland verði ekki stjórnað með skiptareglum frá skrifborði í Reykjavík. Ég á ekki von á að hæstv. fjmrh. hafi skipt um skoðun í þessum efnum. Hann er ekki af því taginu, sá hæstv. ráðherra, að skipta margoft um skoðanir þannig að ég hygg að við séum sammála enn að því er þetta varðar. (**StG:** Hver er ekki vanur að skipta um skoðun?) Hæstv. fjmrh., formaður Alþfl. (**SvG:** Viltu ekki kalla hann inn í deildina?) Ég hef enga ástæðu til þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að hann hlýði endilega á mig. Hafi hann áhuga á því gæti hann að sjálfsögðu komið. Hann hlýtur að heyra til mín.

Þetta hlýt ég að taka fram. Hvort sem mönnum þykir það súrt eða sætt hlýt ég að halda mig við mínar skoðanir í þessum efnum. Undan því verður ekki vikist. Kannski finnst mönnum þetta harkalega talað þegar til þess er litið að hér talar formaður þeirrar hv. nefndar sem málið fer til að lokinni umræðu, en eigi að síður er lýðræðið þannig að þar hljóta menn að láta mál ganga fram eftir lýðræðislegum leikreglum hvaða skoðanir sem menn hafa. Það verður þá að koma í ljós.

Hver voru rökin sem uppi voru höfð á þeim tíma þegar kvótakerfinu var skellt á? Það voru verndunarsjónarmiðin. Þá héldu menn því fram að það væri svo lítið af þorskmagni í sjónum að það væri vart veiðanlegt öllu lengur en 3–4–5 ár. Hvað hefur gerst á þessu tímabili? Það hefur verið veitt um og yfir 30% meira en menn hafa talið að ætti að veiða á þessu tímabili. Verndunarsjónarmiðið hefur nú verið með þessum hætti undir kvótakerfi þannig að ég held að það sjónarmið hljóti að vera horfið að hér sé um verndunarsjónarmið í kvótanum að ræða.

Ég er hér að tala um það kvótakerfi sem við núna búum við og er í gildi til áramóta, en það sem hér er verið að boða er ekki bara spurning um það. Hér eru menn að fikra sig lengra inn á kvótann, taka upp nýja kvótastefnu til viðbótar þeirri sem er fyrir. Menn eru hér að vísu að tala um heimild til ráðherra eins og hv. þm. Júlíus Sólnes nefndi áðan. Hann nefndi einhvern tug heimilda til hæstv. ráðherra í þessu frv. Mig rámar í það, nú vil ég ekki fullyrða, að eitthvað álíka sé í því húsnæðismálastjórnarfrv. sem hv. þm. Borgarafl. hafa flutt í þessari hv. deild. Þar er það að vísu hæstv. félmrh. sem á öllu að ráða, en í þessu tilfelli er það hæstv. sjútvrh. sem á öllu að ráða þannig að það er ekki mikil breyting milli þeirra sem þarna eiga hlut að máli.

En auðvitað er ráðherra falið gífurlegt vald með þessu. Og ef það er meiri hluti fyrir því að slíku valdi sé afsalað til eins aðila hér á Alþingi verður svo að vera. Við því er ekkert að gera. En það er hið skuggalega í þessu máli þegar fulltrúar hins frjálsa framtaks, einstaklingshyggjunnar, sem hér hafa borið höfuð og herðar yfir aðra í þeim málflutningi, fara hver á fætur öðrum að koma og lýsa samstöðu nánast við þennan þátt miðstýringar og stjórnunar á þessum þætti þjóðarbúsins. Ja, það er af sem áður var. (**GHG:** Einu sinni stjórnuðu þeir verkalýðshreyfingunni.) Það er rétt. Einu sinni gerðu menn það. En er svo að heyra að það sé liðin tíð? (**GHG:** Og þótti gott.)

Í frv. sem hér er til umræðu á, auk þess að vera að tala um framlengingu núverandi kvótakerfis, að innlima smábátana inn í þetta líka. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar enn að handfæra- og línuveiðar eigi að vera óháðar kvóta. Og ég er einnig þeirrar skoðunar, verði sú meining, eins og kemur fram í frv., að settur verði kvóti á úthafsrækjuveiðar, að undir þeim kringumstæðum sem nú eru verði að skipta milli skips og vinnslustöðva ella væru menn að leggja í rúst heilu landsvæðin ef slíkt yrði ekki gert, ég tala nú ekki um þegar haft er í huga að vinnslustöðvum hefur fjölgað gífurlega, en hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn, stjórnvöld í landinu, hafa neitað um skipakaup og sú stefna hefur ríkt og ríkir enn. Og ég segi hið sama að því er varðar smábátaútgerðina. Ef stjórnvöld ætla að setja þá inn í kvóta liggur nánast við hruni víða úti á landsbyggðinni að því er varðar atvinnulíf. Það skiptir tugum sjávarþorpa þar sem stór hluti íbúa byggir lífsafkomu sína á þessu og kvótakerfi á þennan þátt fiskveiða er út í hött að mínu viti.

Ég minni á í þessu sambandi að ég og hæstv. núv. fjmrh. fluttum frv. þess efnis að bæði handfæra- og

línuveiðar væru undanþegnar kvótakerfinu. Meira að segja vildum við ganga þann veg að fella út straffdagana sem menn kalla núna, t.d. á handfæraveiðunum yfir sumartímann, og láta veðurfar ráða gæftum en ekki stjórnvöld héðan úr Reykjavík. Sú hefur verið tíðin að því er varðar þessa báta að veðurfar hefur yfirleitt ráðið sjósókn þeirra umfram það sem mannleg afskipti hafa haft þar áhrif á. Ég veit það a.m.k. miðað við sl. sumar og svo hefur verið áður að trillubátar á Vestfjarðamiðum guldu allhrikalega fyrir þau höft sem voru á handfæraveiðunum í sumar vegna þess að þeir voru látnir liggja í landi á blíðviðrisdögum og ógæftir hömluðu sjósókn á öðrum tímum. Þetta er auðvitað óskynsamlegt.

Kannski hafa menn gleymt því að þegar kvótinn var settur á fyrir fjórum árum var lækkaður hlutur Vestfirðinga í þorskveiðum um 300 tonn. Vestfirðir eru þó sá landshluti, af kannski fleirum, sem umfram allt byggir lífsafkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þar er varla um að tala önnur atvinnutækifæri sem skipta miklu, þó að þau geti verið búbót, en fiskvinnslu og fiskveiðar. Það er sá landshluti sem fyrst og fremst býr að þessari atvinnugrein. Miðin, fiskurinn, fiskvinnslan, þetta eru auðlindir að því er varðar Vestfirði. Og eins og menn hafa haldið því fram að það ætti að virkja fallvötnin þar sem þau væru, það væri skynsamlegast, eins finnst mér líklegt að það sé skynsamlegt að nýta þá auðlind sem er hafið frá þeim stað sem það er hagkvæmast. Ef þetta fer ekki saman skil ég ekki röksemdafærslu manna að því er þessa þætti varðar. — Hvað sagði hv. þm.? (**SkA:** Ég var að benda þm. á að það væri kannski ekki hagkvæmt að leiða Héraðsvötnin hingað suður og virkja þau hér.) Ég þóttist vita það fyrir fram og var einmitt að vitna til þess. (**StG:** Og leiðrétta hv. þm. Stefán Guðmundsson.) Já. Þú hefur verið að upplýsa hv. þm. Framsfl. um þetta. Það var það sem vantaði á skýringuna.

Ég hlýt líka að taka fram, ekki síst vegna fullyrðinga ýmissa fjölmiðla um það að þingflokkur Alþfl. sé alveg sammála um þetta mál, ég tala nú ekki um ef menn eru að tala um fjögurra ára gildistíma, að ég er a.m.k. undanskilinn því samkomulagi sem menn eru þá að tala um og það hélt ég að allir vissu. Það gekk svo langt að hv. þm. Skúli Alexandersson ruglaðist eitthvað í þessu í gær og hélt þó fram að hann vissi betur. (**SkA:** Um afstöðu þm.?) Afstöðu þm., já. Það liggur fyrir að frá því að kvótakerfið var sett hefur þorskafli Vestfirðinga minnkað frá því að vera í kringum 18% niður í 14%, sú atvinnugrein sem við byggjum 80–90% af lífsafkomu okkar á. Það hlýtur að segja til sín hvaða áhrif slík þróun hefur á byggðasjónarmið á þessu svæði. Ég held að menn hljóti að hugleiða það líka ef þeir vilja með opnum augum og jákvæðu hugarfari hugsa um hvað hefur verið að gerast að því er varðaði byggðaþróunina, fólksflóttann frá landsbyggðinni á Reykjavíkursvæðið: Halda menn að kvótinn sé ekki einhver þáttur í slíku? Ég tala nú ekki um þegar upplýsist að fiskverkunarfólk, að því er mér er sagt, hafi haft 17% hærri laun á Reykjavíkursvæðinu á hluta þessa árs en úti á landsbyggðinni sem ég á nú erfitt með að trúa. En einhvers staðar heyrði ég slíka frétt. (**StG:** Hún var í Alþýðublaðinu í maí í sumar.) Nei, ekki sá ég hana þar, en hér heyrði ég hana nýlega. (**StG:** Hún var þar.) Þá þarf ekki að efast um gildi hennar sannleika. Og þá sjá menn líka, til þess að undirstrika, hvað er að gerast í þessum efnum. Og ætla menn áframhaldandi að auka á þessa þróun? Mér sýnist að það sé verið að gera það, því miður.

Það er með ólíkindum að mér finnst af sósíaldemókratískum jafnaðarmannaflokki að stuðla að því að tiltölulega fáir útgerðareinstaklingar nái slíkum ítökum í auðlindum hafsins eins og kvótakerfið hefur boðið upp á og kemur til með að bjóða áframhaldandi upp á ef fram verður haldið á sömu braut og hér er lagt til. Hér er verið að færa tiltölulega fáum einstaklingum milljarða kr. nánast á silfurfati. Hverjir eru það? Ekki eru það sjómennirnir. Ekki er það fiskverkunarfólkið. Það eru þeir sem eiga skipin. Til þeirra er þessu fjármagni ráðstafað. Ég hlýt að segja það sem jafnaðarmaður að hugsjón að mér þykir illt við að búa að þróunin haldi fram sem horfir í þessum efnum. Kannski fæ ég þar engu um breytt og þá er því að taka, en eigi að síður hef ég þessa skoðun.

Auk þess, eins og hér hefur verið réttilega bent á, heftir þessi stefna athafnafrelsi og sjálfsbjargarviðleitni sem við þurfum kannski ekki hvað síst á að halda að því er varðar sjósókn og fiskvinnslu. Kannski eru menn að stefna aftur að færeyska tímabilinu að því er varðar mönnun á bátaflotanum. Menn eru að stefna að því að því er varðar frystihúsin. Þau eru að tæmast af því fólki sem við þurfum fyrst og fremst að fá til vinnu þar, þ.e. hinu vana fiskvinnslufólki. Og hvert streymir þetta fólk? Allt helst þetta í hendur. Trúlega fer það í Kringluna. Það fer í verslunarhallirnar hér í Reykjavík. Það fer í bankana sem spretta upp eins og gorkúlur hingað og þangað á þessu svæði og svo mætti telja áfram. Það er þetta sem verið er innleiða yfir íslenskt þjóðfélag. Það er verið að hrekja fólk frá framleiðslustörfunum yfir í þjónustustörfin. Ég trúi því ekki að menn séu ekki þegar farnir að sjá afleiðingarnar af þessu.

A.m.k. frá þeim tíma sem ég fór að fylgjast með þjóðmálum sýnist mér að meir hafi hallað á að því er varðar byggðir á mínu landsvæði en gert hefur áður. Og ég hygg að svo sé víðar. Allt streymir þetta á sama stað á suðvesturhorni landsins. Hvort sem mönnum finnst að það eigi við undir umræðu sem þessari held ég að menn eigi að taka byggðavandamálið inn í umræður af því tagi sem hér eru því að fiskveiðistefnan hlýtur að geta haft og á að hafa mótandi áhrif á þá stefnu sem menn vilja að sé í landinu hverju sinni að því er varðar byggðamálin. Kvótastefnan hefur orðið til þess að fólk hefur hrakist frá landsbyggðinni hingað á suðvesturhornið, en það ætti að vera öfugt. Það á að laða fólk að

framleiðslugreinunum, gera þar hluti sem er nauðsynlegt að gera og hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu til þess að fólk héldist í þeim greinum.

Ég vék aðeins að því áðan að margir hefðu talið við stjórnarskiptin á sl. sumri að menn eygðu ljós í því myrkri sem ríkt hefur að því er varðaði fiskveiðistefnu og þá stefnu sem ráðið hefur ríkjum. Margir féllu fyrir þessu, misjafnlega flatir að vísu. Eins og hér var vikið að áðan af hálfu hv. þm. Eiðs Guðnasonar var uppi sú meining a.m.k. innan Alþfl. að það yrði sett á fót sérstök nefnd stjórnarflokkanna til að fjalla um fiskveiðistefnuna og sú nefnd átti að skila af sér fyrir komandi áramót. Að þessu hefur verið vikið. Ég hef ekki dagsetningu á hvenær sú nefnd var skipuð. Hún var að vísu skipuð, að mér er sagt, en hún var skipuð seint. Hún mun helst hafa hist í hádeginu nokkrum sinnum til að fjalla um einhverja þætti þessa máls, en ekki þó þá þætti sem ég held að hún hefði átt að gera og að því er varðaði Alþfl. og hans sjónarmið. Þessi nefnd hefur ekki skilað neinu af sér enn, ekki stafkrók, ekki mér vitanlega. Síðan segja menn og byggja á því enn: Það kemur nefnd. Ég tala nú ekki um ef menn eru að tala um nefnd í fjögur ár undir handleiðslu hæstv. sjútvrh. og menn sjá nú hvernig hann hefur rekið nefndarstörfum í þessum efnum alla tíð. Ég man ekki betur en það sé í gildandi lögum að það ætti að endurskoða þessa stefnu fyrir komandi áramót í samráði við sjávarútvegsnefndir beggja deilda. Menn hafa trúlega orðið varir við það. Og svo segja menn: Það kemur nefnd. Það má vel vera, og ég ætla ekkert að hafa mörg orð þar um, að menn trúi því endalaust að hægt sé að endurnýja trúna á nefnd eftir nefnd, sem skipuð er, sem aldrei skilar neinu. Ég trúi því ekki og segi það hreint og ég hef yfirleitt fengið orð fyrir að segja mínar skoðanir hreint út og menn verða að taka það svo.

Ég segi það sem mína skoðun að ef menn ætla að gera eitthvað í þeim dúr sem þetta frv. gerir ráð fyrir er hámark að slíkt gerist í eitt ár. Og þá á að skikka tiltekna aðila til þess að þeir verði búnir að endurskoða þessa stefnu á því tímabili og þá er ég að tala um stefnu sem leiði okkur frá því kvótakerfi, sem við höfum búið við, í meira frjálsræði, til að hlúa að byggðasjónarmiðum og að gefa athafnamönnum tækifæri til þess að komast inn í greinina og geta spreytt sig.

Þetta er í megindráttum það sem ég tel að þurfi að gera. Það þarf að undanþiggja handfæraveiðar og línuveiðar kvóta. (Gripið fram í.) Það dugar skammt ef það eru ekki fleiri en þið, hv. þm. (Gripið fram í.)

Það þarf líka að rýmka til í þessari stefnu fyrir þau sjávarpláss eða þau sjávarsvæði sem byggja lífsafkomu sína að langsamlega mestum hluta á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þar verður að gefa mönnum meira frjálsræði til þess að þeir geti nýtt þessa lífsbjörg. Það er ekki hægt að una því lengur að það sé svo hert að mönnum að menn verði að hrekjast í burtu af þó þessum gnægtasvæðum sem gætu verið ef stjórnvöld hefðu yfirsýn í þá átt.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það eigi gagnvart smábátunum, kannski má miða við 6 tonn ég skal ekkert fullyrða um það, að afnema þá stöðvunardaga sem gilda yfir sumartímann. Það er ekkert réttlæti að mínu viti gagnvart þeim. Bæði er að þetta er mismunandi eftir landshlutum. Sumir geta nýtt sér annan tíma úr árinu til að ná þessum afla sem aðrir geta ekki. Það þarf að jafna.

Og í síðasta lagi kannski. Fái hæstv. sjútvrh. enn eina heimild til að stjórna heimilisbókhaldinu með því að setja kvóta á úthafsrækju er ég þeirrar skoðunar að það verði að eiga við bæði með skip og vinnslu því að þannig hefur verið búið að þessari útgerð undangengin ár undir handleiðslu hæstv. ráðherra að því verður ekki unað á ákveðnum landsvæðum að þar eigi að fara að mismuna mönnum enn frekar en nú er gert.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrstu leiðrétta orð hv. 3. þm. Vestf. varðandi frv. það sem þm. Borgarafl. hafa lagt fram um húsnæðismál. Þar kemur fram á níu stöðum heimild til ráðherra til að setja reglugerð. Þar er ekki heimild fyrir ráðherra til að kveða á um í reglugerð efnisatriði heldur aðeins verklagsatriði. Reglurnar eru skýrar í frv., en hins vegar varðandi framkvæmd laganna er ráðherra heimilt að kveða svo á í reglugerð. Það er annað með það frv. sem hér um ræðir. Þar er nánast kveðið á um að allar reglur sem um sjávarútveg gilda eða varðandi stjórn sjávarútvegs skuli settar í reglugerð. Þarna er greinarmunur á.

Annars má taka undir töluvert af því sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan, 3. þm. Vestf., um frv. sem hér liggur fyrir. Það er greinilegt að margt í hans málflutningi er mjög líkt og það sem við höfum fjallað um hér og er stefna Borgarafl. Ég hlýt að fagna því að hann er tilbúinn að taka upp fyrri stjórnunaraðferðir varðandi fiskveiðar með ýmsum lagfæringum eins og hér var talað um.

Ég vil auk þess taka undir það sem hann talaði um varðandi seinaganginn í þessum málum og harma að frv. skuli ekki fyrr vera komið hingað inn á þing. Af þessu tilefni leyfi ég mér að lesa bókun sem fulltrúi Borgarafl. lagði fram á 11. fundi ráðgjafarnefndar um fiskveiðistefnu hinn 30. okt. sl. Hún er þannig, með leyfi forseta:

„Borgarafl. lýsir furðu sinni á því að ekki skyldi farið eftir ákvæðum laga nr. 97/1985 um að kalla saman ráðgjafarnefnd þm. og hagsmunaaðila í sjávarútvegi fyrir 1. nóv. 1986. Í stað þess er nú verið að þröngva í gegn í mikilli tímaþröng óvissum og vanhugsuðum tillögum að fiskveiðistefnu fyrir næstu fjögur ár. Núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru upphaflega sett 1984 vegna neyðarástands á fiskistofnum við Ísland að mati fiskifræðinga sem birtist í hinni svokölluðu „svörtu skýrslu". Á sama tíma var fallist á þessi neyðarlög þar sem engin önnur fær leið fannst sem samkomulag gæti orðið um að mati hagsmunaaðila. Þrátt fyrir að fljótlega komu í ljós

augljósir alvarlegir ágallar á þessari aðferð við stjórn fiskveiða voru lögin framlengd nær óbreytt í árslok 1987. Borgarafl. mótmælir því harðlega að nú eigi að því er virðist að framlengja neyðarástandslögin og grípa til enn frekari skerðingar á fiskveiðum, en alls ekki reynt að finna neinar nýjar leiðir né sníða verstu annmarka af núverandi fyrirkomulagi. Skýtur þar skökku við því í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar eru fögur fyrirheit um nýja fiskveiðistefnu þar sem taka á meira tillit til byggðasjónarmiða og auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi í samræmi við stefnuskrá Borgarafl."

Að gefnu tilefni og vegna fullyrðingar hv. þm. Skúla Alexanderssonar í gær skal upplýst hér að Borgarafl. taldi ekki ástæðu meðan ráðgjafarnefndin væri starfandi að skipa þm. í sérstaka þingmannanefnd. Þetta vil ég að komi hér fram.

Frv. hefur verið sett fram um stjórn fiskveiða. Það ber að athuga þegar Alþingi setur lög að þau verða að vera í samræmi við önnur lög og innan þeirra marka sem stjórnarskráin setur hinum almenna löggjafa. Þetta er rifjað hér upp þegar lögin um stjórn fiskveiða eru skoðuð og rædd. Það yrði t.d. háskaleg stefna sem gengi út á það að setja lög um veiðar í vötnum sem væru almenningseign í friðunartilgangi og þeim einum heimiluð veiði sem keypt hefði sér veiðistöng fyrir gildistöku laganna. Flestum mundi finnast slík lagasetning furðuleg og jafnast á við stjórnarskrárbrot gagnvart þeim sem keyptu sér veiðistöng síðar. Þetta er það fyrsta sem kom mér í hug þegar ég bar saman 1. og 4. gr. frv. um stjórn fiskveiða.

Í 1. gr. segir: „Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar." Í 4. gr. segir að aðeins þeir sem fengið hafa leyfi til botnfiskveiða á árinu 1985 komi til greina við veitingu leyfis til veiða úr þessari sameign þjóðarinnar. Í þessum tveimur greinum er greinileg þversögn. Ef takmarka á veiðar við ákveðinn aðila eru fiskistofnarnir ekki sameign þjóðarinnar heldur eign þeirra aðila sem fá leyfi til að veiða þessa fiskistofna. Lagasetning af þessu tagi er varhugaverð út frá hugmyndinni um frelsi og lýðræði, að útiloka þá nýju aðila sem koma vilja inn í þennan atvinnuveg og spreyta sig í keppni við hina sem á markaðnum eru. Með þessum orðum er ég ekki að segja að öllum sem vilja eigi að vera frjálst að nýta sér þessa auðlind á tímum nauðsynlegra takmarkana heldur að vara við slíkri lagasetningu að útiloka alla þá sem vilja stunda þennan atvinnurekstur.

Annað atriði er í frv. sem ég vil vara Alþingi við og það sem minnst var á áðan. Það er hið mikla vald sem með frv. er falið ráðherra til ákvörðunar um efnisatriði frv. Ef frv. verður óbreytt að lögum felur það í sér ramma um að takmarkana sé þörf en ekkert um hvernig skipta eigi þessum fiskistofnum sem ákveðið verður af hálfu ráðherra að veiða megi. Slík lagasetning er ekki aðeins varhugaverð heldur stórhættuleg með tilliti til hagsmuna almennings og þeirra sem leyfi eiga að fá til að veiða þennan takmarkaða afla. Ef rétt á að vera á að vera skýrt kveðið á um það í lögum hvað mikið veiða má af hverjum fiskistofni og hvað hver tegund fiskibáta megi veiða.

Í frv. er aðeins talað um rétt þeirra sem leyfi eigi að fá til veiða af þeirri auðlind sem fiskistofnarnir eru, en hvergi er talað um skyldu þessara leyfishafa, hvorki til þess að skila fiskinum í vinnsluhæfu ástandi að landi né að þessir aðilar komi að landi með öll þau verðmæti sem fiskurinn geti gefið. Mér mundi ekki finnast það óeðlilegt með tilliti til 1. gr. frv. um sameign þjóðarinnar að hægt verði að binda veiðileyfi skilyrðum að því leytinu til að engu sé hent frá borði sem nýta má og að gæði fisksins þegar komið er með hann að landi skuli vera 100%.

Hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes hefur lýst stefnu Borgarafl. í sjávarútvegsmálum og ætla ég ekki að tíunda það sem hann hefur sagt. En ég leyfi mér að ítreka þá skoðun sem kom fram í hans máli um gildistöku laganna, meðferð sjútvrh. á smábátaeigendum og skiptingu landsins í tvö veiðisvæði. Ég rakti áðan að mér fyndist það vera í verkahring Alþingis að ákveða hvað veiða mætti mikið úr fiskistofnum hér við land. Með vísan til þess er mín skoðun að það ætti að vera ákvörðun Alþingis ár hvert að marka hve mikið megi veiða úr hverjum stofni og af hverri tegund.

Smábátaeigendur telja rétt sinn fyrir borð borinn í frv. og leyfi ég mér að taka undir þau sjónarmið. Það er ljóst að enginn getur lifað af 40 tonna afla og er því með frv. verið að kippa stoðum undan þessum aðilum jafnframt því sem þessi kvóti kemur verst niður á þeim sem hafa haft trilluútgerð að ævistarfi. Ef frv. þetta verður samþykkt leyfi ég mér að gera athugasemdir við 10. gr. frv. og mun á síðari stigum ásamt öðrum þm. Borgarafl. leggja fram brtt. við þá grein frv. í þá átt sem er í núverandi lögum.

Þriðja atriðið sem ég vil ítreka er hin svokallaða norður-suður lína sem að vísu er ekki tiltekin í frv. en hefur verið notuð við ákvörðun aflakvóta til skipa á sóknarmarki. Engin haldbær rök eru í dag til að halda þessari línu. Hins vegar hefur hún leitt til óeðlilegs mismunar milli landshluta eins og glöggt hefur komið fram við sölu skipa frá Suðurlandi til Norður- og Austurlands.

Ég hef aðeins lítillega farið yfir þau atriði sem ég tel að þurfi að breyta ef frv. þetta verður að lögum. Ég er hins vegar algerlega ósammála þessu frv. í meginatriðum, en geri mér grein fyrir því að á þeim stutta tíma sem við höfum verði ekki tekin upp ný stjórn á fiskveiðum. Vil ég því leggja á það ríka áherslu að gildistíminn verði ekki lengri en eitt ár svo að hægt verði að íhuga aðra möguleika, sérstaklega þá sem við borgaraflokksmenn höfum bent á og komu fram í ræðu hv. 7. þm. Reykn. Júlíusar Sólnes.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar svo að ég verði ekki vændur um að draga þetta mál á langinn á hv. Alþingi, en kem aftur upp ef ástæða þykir til.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hugulsemina að hafa gert ráðstafanir til þess að ég yrði látinn vita þegar umræða hæfist eða ég kæmist að. En það sem ég ætlaði að fara yfir voru nokkrir þættir þessa máls. Ég ætlaði aðeins að ræða um aðdragandann á undanförnum vikum og mánuðum. Ég ætlaði aðeins að fjalla um tillögur þær sem fyrir liggja frá Alþb. í hv. deild. Og ég ætlaði síðan að víkja að öðrum almennum þáttum þessara mála. Ég tel að það sé þarflaust og ástæðulaust að ég sé að teppa ræðustól lengi vegna þess að hér hafa verið haldnar ágætar ræður þar sem hefur verið tekið myndarlega á þessum málum, bæði í þeirri ræðu sem hv. 4. þm. Vesturl. flutti í gær og ekki síður í þeirri ræðu sem hv. 3. þm. Vestf. flutti áðan.

Það sem ég vildi kannski víkja aðeins að er það sem lýtur að nokkrum átökum um þetta mál sem hafa verið í ríkisstjórninni um skeið og fram kom í blöðum á undanförnum vikum og mánuðum. Það hófst með því að Alþfl. lýsti því yfir að frv. sjútvrh. væri hið versta mál, alvarlegt sáttmálabrot um stærsta mál Íslands, sagði hæstv. fjmrh., væri hið versta mál, alvarlegt sáttmálabrot um stærsta mál Íslands, sagði hæstv. fjmrh., formaður Alþfl. Og Alþýðublaðið fylgdi þessu eftir í leiðara sem bar yfirskriftina „Þumbarafrumvarpið og Alþýðuflokkurinn" en þumbarafrumvarpið mun vera frv. hæstv. sjútvrh. Og Alþýðublaðið var ekkert að draga af sér í ummælum um þetta frv. Það var talið í raun og veru óalandi og óferjandi að öllu leyti. Það var sagt í forustugrein Alþýðublaðsins um þumbarafrv., með leyfi hæstv. forseta, sem ég veit að veitir góðfúslega leyfi til að vitna í Alþýðublaðið:

„Þessi nefnd hefur ekki skilað af sér þeim störfum sem til var ætlast. Í drögum að frv. um fiskveiðistefnuna sem lagt hefur verið fram í þingflokkum er greinilegt að litlu sem engu á að breyta í fiskveiðistefnunni. Ofríki sjútvrh. virðist endurspeglast í frv. en sem formaður stjórnarnefndarinnar um endurskoðaða fiskveiðistefnu hefur hann greinilega staðið í vegi fyrir breytingum og dregið málin á langinn.

Árangurinn er kvótafrv. sjútvrh. sem miðar að því að halda sem flestu óbreyttu. Ekki hefur verið haft það víðtæka samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði sem stjórnarsáttmálinn segir til um. Afleiðingin lætur ekki á sér standa. Um allt land rís fólk upp sem á hagsmuni sína undir breyttri sjávarútvegsstefnu og andmælir kröftuglega þeirri óbreyttu þumbarastefnu sem sjútvrh. leggur fram."

Þessu hélt síðan áfram með nokkrum blaðaskrifum næstu daga og það er óhjákvæmilegt að koma þessu í þingtíðindin til þess að halda til haga sögu þessa máls. Daginn eftir birtist viðtal við hæstv. fjmrh. í Tímanum þar sem sagði: „Alvarlegt sáttmálabrot um stærsta mál Íslands". Og Alþfl. hélt áfram hinni hetjulegu baráttu sinni dag eftir dag eftir dag við þennan samstarfsmann sinn sem þeir kalla þumbara, hæstv. sjútvrh., það eru ekki mín orð heldur Alþfl., og þegar búið var að liggja yfir þessu máli langtímum saman og hæstv. sjútvrh. sagði að þetta yrði erfiður mánuður fyrir stjórnina, mjög erfiður mánuður fyrir stjórnina, í viðtali við DV og kallar hann nú eins og kunnugt er ekki allt ömmu sína vegna þess að hann hefur setið lengi í ríkisstjórn og er reyndur stjórnmálamaður þrátt fyrir ekki mjög háan aldur.

En síðan gerast hin miklu undur og hin miklu stórmerki. „Halldór gaf sig," segir hér í málgagni Alþfl. 4. des. 1987. Hann gaf sig. Hinir skeleggu talsmenn Alþfl. í þessum sjávarútvegsmálum sátu fyrir á mynd eins og hv. þingdeild getur hér séð (**KP:** Hverjir eru nú það?) talið frá vinstri — hv. 3. þm. Vestf., mér finnst ánægjulegt að fá þessa áminningu, ég biðst afsökunar. Það eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Jón Sigurðsson og Kjartan Jóhannsson. Og það var sagt hér í myndatexta á þessa leið, með leyfi forseta: „Þeir mótuðu tillögurnar sem nú hafa farið inn í kvótafrv., Sighvatur Björgvinsson, Jón Sigurðsson og Kjartan Jóhannsson (Gripið fram í.) ásamt Eiði Guðnasyni sem nú er í útlöndum", þannig að hann getur ekki verið með á myndinni og þar af leiðandi ekki notið þess mikla heiðurs sem því er fylgjandi að hafa beygt þennan mikla þumbara, svo að ég vitni í þeirra eigin orð, með leyfi forseta, hæstv. sjútvrh. Þetta var sem sagt niðurstaðan og hið mikla afrek Alþfl. að knésetja sjútvrh. með þessum hætti.

Nú er kannski ekki úr vegi, herra forseti, að kanna í hverju hin miklu afrek Alþfl. liggja í þessum málum. Í hverju liggja hin miklu afrek? Hvar var það sem hæstv. sjútvrh. beygði sig eða „gaf sig", eins og það heitir í skrifum Alþýðublaðsins sem hv. þm. Árni Gunnarsson hefur kannski komið nálægt en hann er kominn hér inn í Ed. úr þeirri neðri. Jú, það er í 1. gr. frv. Þar stendur: „Fiskstofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu." Þessu náðu þeir inn fjórmenningarnir, fjórmenningaklíkan sem beygði hæstv. sjútvrh. Þetta eru falleg orð. En það er með þau eins og mörg önnur falleg orð að þeim þarf að fylgja innihald ef eitthvert gagn á að vera í þeim. Og staðreyndin er sú að það er mála sannast að í öllum hinum greinunum sem á eftir koma, þ.e. 20 greinum, er efnislega í raun og veru allt dregið til baka sem segir í 1. gr. vegna þess að samkvæmt þessum greinum sem á eftir koma er útgerðinni afhentur aðgangsmiðinn að fiskimiðunum.

Hvað er það annað sem hv. þm. Alþfl., hin mikla sveit víkinganna undir forustu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, hins mikla leiðtoga, ná hér inn? Hvað er það annað? Það er nefnd. Það er hvorki meira né minna en nefnd og það sé sett í lög að það eigi að skipa nefnd. Heil nefnd sem á að skipa. Og það er reyndar þannig með þetta frv. að fyrir utan kvótaákvæði þess kveður það á um hvorki meira né minna en þrjár nefndir. Það er ein nefnd á hverjar sjö greinar frv.

Fyrst er það í 15. gr., með leyfi forseta: „Sérstök

samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra." Þetta er ein nefndin.

Nefnd tvö: „Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma þessara laga," þ.e. til að gera tillögur um það kerfi sem tekur við frá og með 1. jan. 1992 þegar þessi lög eiga að renna úr gildi samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir. „Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til." Hérna er nú snarplega til orða tekið — framsóknarlega til orða tekið. „Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989," þ.e. þegar mjög verulega er liðið á annað ár þessara laga sem hér er verið að setja.

Og síðan segir hér í ákvæði til bráðabirgða II: „Sjútvrh. skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

M.ö.o., afrekið liggur í því einu að það er ákveðið að skipa nefnd til fjögurra ára. Hún á að skila fyrsta áliti í lok ársins 1989 og hún á síðan að skila endanlegum tillögum fyrir árslok 1991. Og ég segi alveg eins og er að miðað við þær fregnir sem hafa farið af hæstv. núv. ríkisstjórn síðustu dagana finnst mér ekkert benda til þess að hún lifi fram á árið 1991.

Mín niðurstaða er því sú, því miður, að Alþfl. hafi ekkert haft upp úr krafsinu nema fyrirsögnina „Halldór gaf sig" og leiðarann „Þumbarafrumvarpið og Alþýðuflokkurinn". Það er ekkert í rauninni annað sem liggur eftir en ákveðin fúkyrði í garð hæstv. sjútvrh. sem hafa birst í Alþýðublaðinu. Það er ekkert annað sem næst hér inn, bókstaflega ekki neitt. Og maður hlýtur auðvitað að spyrja sig þeirrar spurningar þegar maður stendur frammi fyrir staðreynd eins og þessari: Hvað er að marka orð stjórnmálamanna? Alþfl. gaf yfirlýsingar um það einn, hygg ég, stjórnmálaflokka þar sem hver einasti þm. greiddi atkvæði gegn kvótafrv. 1985. Ég hygg að flestir þm. Alþfl. og Alþfl. hafi þá lýst beinni andstöðu við þetta mál. Hæstv. núv. fjmrh. flutti um það langar ræður hve fráleitt þetta kerfi væri, óréttlátt, kvótakerfi, landbúnaðarkerfi, Framsóknarkerfi, og allt það. Þær ræður veit ég að menn kunna. Hann er ekki fyrr kominn inn í ríkisstjórn en hann í rauninni slær striki yfir allar þessar löngu og ítarlegu ræður sem hann flutti um þessi mál hér á hv. Alþingi meðan þessi mál voru til meðferðar, t.d. haustið 1985. (**SalÞ:** Það er hægara um að tala en í að komast.) Það er akkúrat, en það ætti að vera regla, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, að þeir sem eru að gefa yfirlýsingar og taka að sér forustu fyrir stjórnmálaflokkum hefðu einhverja hugmynd um það að það er samhengi á milli þess að tala og í að komast.

Ég held að þetta hljóti að vera mönnum ákaflega alvarlegt umhugsunarefni og svo er líka það að hv. þm. eða frambjóðendur Alþfl. á Vestfjörðum fyrir kosningarnar sl. vor lýstu því yfir, bæði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Karvel Pálmason, að þeir mundu aldrei fara inn í stjórn eða styðja stjórn sem ekki breytti þessu kerfi og afnæmi kvótakerfið. (Gripið fram í.) Og það var sagt fullum fetum, ekki aðeins á fundum sem haldnir voru í hinum litlu byggðarlögum hér og þar á Vestfjörðum, þetta var endurtekið aftur og aftur, m.a. í ræðum sem þessir tveir hv. þm., frambjóðendur þá, fluttu fyrir alþjóð í útvarpi og sjónvarpi fyrir kosningarnar 1987.

Ég heyri hvað hv. 3. þm. Vestf. segir. Hann stendur fast á sinni skoðun í þessu efni. Ég sé hins vegar ekki betur en að hinn mikli leiðtogi, sem að eigin sögn hefur beygt hæstv. sjútvrh., hafi gjörsamlega snúið við blaðinu og sé núna að styðja stefnu sem hann sagði fyrir kosningarnar 1987 að hann mundi aldrei styðja vegna þess að þetta er í grunninn nákvæmlega sama stefnan og í rauninni er gengið mikið lengra í átt til aflakvóta en var í frv. og lögunum 1985.

Við skulum muna eftir því að samkvæmt þessum pappírum frá sérfræðingum sem liggja fyrir í grg. frv. kemur það fram að allur fiskurinn kom á aflakvóta á fyrsta ári kvótakerfisins. Á næsta ári var það um 70%, á þar næsta ári 38% vegna þess að í lögunum 1985 var tekið upp sóknarmark sem skapaði möguleika á meiri sveigju en áður var. Núna á að snúa þarna til baka og draga úr möguleikum á því að taka upp sóknarmark. M.ö.o., hafi þetta gengið langt sem kvótafrv. og kvótalög 1985 er það alveg ljóst að þetta frv. sem Alþfl. er að styðja núna gengur mikið lengra sem kvótafrv. en nokkurn tíma frv. 1985.

Þannig liggur það. Og það er ekki að undra, þó að maður velti því fyrir sér við slíkar aðstæður hvernig á því stendur að menn láta hafa sig í það að standa að þessu eða kannski öllu heldur hvernig á því stendur að menn létu hafa sig í það að gefa yfirlýsingarnar á sínum tíma þegar þeir áttu að vita að það væri ekkert eins einfaldur hlutur og að losa sig út úr kvótakerfinu. Það voru að vísu fleiri en alþýðuflokksmenn sem mótmæltu þessu kerfi núna nýlega. Í þeim hópi var t.d. forusta sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu þar sem kvótakerfinu var sérstaklega mótmælt. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson væri að búa sig

undir það verandi þó einn af þessum forustumönnum sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík að styðja þetta mál. Ég hef ekki orðið var við það að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem er einn af þm. Sjálfstfl. í Reykjavík, beitti sér eða mundi beita sér sérstaklega gegn þessu máli eins og það liggur fyrir og þannig hefur þetta verið aftur og aftur og aftur.

Það er búið að halda hér langar ræður og miklar á löngum fundum um þetta kvótakerfi núna alveg síðan 1983. Það hafa komið hér upp í ræðustólinn menn eins og hv. þm. Matthías Bjarnason, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, hæstv. fjmrh. og fleiri og fleiri og sagt: Aldrei, aldrei kvótakerfi ef ég fæ einhverju ráðið. Og hv. þm. Matthías Bjarnason er reyndar orðinn formaður í sjútvn. Nd. rétt eins og hv. þm. Karvel Pálmason er formaður í sjútvn. Ed. Og ég segi: Ef þeir tækju sig nú saman, formenn sjávarútvegsnefnda beggja deilda þingsins, gætu þeir örugglega það sem Alþýðublaðið sagði að þeir fjórmenningar hefðu gert en gerðu ekki, þ.e. beygt hann, hæstv. sjútvrh. Þeir gætu það ef þeir vildu, eða hvað? Jú, ekki væni ég hv. þm. Karvel Pálmason um skort á einlægni í þessu efni. Það geri ég ekki og hef enga ástæðu til þess. En hvernig stendur á því að þessir hv. þm. með þessi lykilvöld hér í þinginu, bæði í Ed. og í Nd., neyta ekki færis og þess afls sem aðild þeirra að stjórnarliðinu gefur þeim með því að þeir eru formenn í þessum tveimur nefndum?

Það er reyndar ekki að furða að maður eins og hv. þm. Karvel Pálmason og fleiri hv. þm. Vestf. leggi sig mjög fram um það að reyna að hafa áhrif á mótun fiskveiðistefnunnar. Staðreyndin er sú að ekkert byggðarlag, enginn fjórðungur á landinu, er í rauninni jafnháður þessari auðlind og Vestfirðir. Það er alveg ljóst að Vestfirðingar hafa ekki í neitt annað að sækja, hafa ekki í neina aðra auðlind að sækja, og þess vegna eiga þeir, að mínu mati, þó að ekki kæmi annað til að vera með aukinn rétt til þess að ganga inn á fiskimiðin miðað við önnur byggðarlög sem búa við aðrar auðlindir og betri aðstæður frá náttúrunnar hendi á mörgum sviðum en Vestfirðingar, enda hefur það komið í ljós að það hefur átt sér stað verulegur samdráttur í hlutdeild Vestfirðinga í heildarþorskafla á undanförnum árum.

Ef við tökum árið 1983 sem viðmiðun var hlutfall Vestfirðinga 16,4% af heildarþorskafla miðað við óslægðan fisk í landinu öllu. Árið 1987 verður þessi tala í kringum 14%. Þarna á milli er verulegur þorskafli, verulegur vinnsluafli, sem skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þetta litla byggðarlag sem Vestfirðirnir eru. Og horfurnar fyrir Vestfirðina, hvernig ætli þær séu ef haldið er eins áfram á komandi árum og gerst hefur á undanförnum árum? Horfurnar eru þær að ef svo heldur fram sem horfir fækkar íbúum á Vestfjörðum svo fram til aldamóta að þeir verða um aldamót það miklu færri að nemi því að Bolungarvík öll legðist í eyði.

Hv. þm. sem hér eru í salnum og þekkja t.d. skýrslur Byggðastofnunar, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson, mættu gjarnan skoða hvaða útreið byggðarlag eins og Patreksfjörður hefur orðið fyrir af mörgum ástæðum á undanförnum árum og menn mættu velta því fyrir sér hvaða áhrif staðan þar hefur á viðhorf fólks á Patreksfirði og annars staðar á Vestfjörðum til að búa áfram, til að lifa og skapa verðmæti í þessu byggðarlagi. Og það er satt að segja þannig að ég hygg að eðlilegt væri að flytja um það till. til þál. að alþm. allir færu eins og eina ferð saman um Vestfirði og kynntu sér hvernig ástandið er í byggðarlögunum þar því að þar er ekki bara spurning um tölur á blaði sem menn geta lesið hér suður á Rauðarárstíg eða hér suður í Alþingishúsi. Það er líka spurning um það hvernig þetta ástand hefur leikið hinn almenna mann á Vestfjörðum á undanförnum árum, börnin, unga fólkið og aðra. Þess vegna er það ekki að furða þótt manni eins og hv. þm. Karvel Pálmasyni sé mikið niðri fyrir þegar hann kemur að þessum málum hér á hv. Alþingi. Ég skora á hann að gera allt sem hann getur til að reyna að hafa áhrif í rétta átt í þessu efni og heiti honum þeirri hjálp sem ég get veitt í þeim efnum. Hann getur haft áhrif ef hann vill og ég er viss um að hann vill beita sínum krafti af fullu í þessu efni.

Þessu næst, herra forseti, eftir að hafa rakið nokkuð aðdragandann og afrek Alþfl. í þessu efni, vil ég aðeins víkja að einum þætti þessa máls, sem ekki hefur verið minnst á í þessum umræðum enn þá, sem snertir eftirlit með framkvæmd þessara laga.

Fyrir nokkrum vikum birtist niðurstaða frá Mannréttindadómstóli Evrópu um það að meðferð réttarkerfisins á Íslandi á tilteknum málum Jóns Kristinssonar á Akureyri stæðist ekki þær kröfur sem Mannréttindasáttmáli Evrópu gerir til réttarfars í lýðræðisríkjum. Ég vík að þessu hér, herra forseti, vegna þess að í okkar kerfi núna varðandi fiskveiðistjórn er það svo að það er sami maður, eða framlenging á valdi hans, sem fer með eftirlit, sem fer með rannsókn, sem framkvæmir úrskurði og skipar fyrir um aðför. Ég er sannfærður um að þessi ákvæði fiskveiðilaganna standast ekki venjulegar kröfur í lýðræðisríkjum sem vilja hafa mannréttindi í heiðri, þar sem menn geti varið sig á hverju stigi með eðlilegum hætti og þar sem það er tryggt að eftirlitið, rannsóknin, úrskurðurinn og aðförin séu óháð þeim aðila sem að öðru leyti lætur af hendi rakna það sem lögin kveða á um, þ.e. úthlutun veiðileyfa í þessu tilviki. Ég tel að svona ákvæði, sem hnýta þetta þannig saman: eftirlit, rannsókn, úrskurð og aðför, ég er sannfærður um að svona lög eru til í öðrum ríkjum. En ég er jafnviss um að við viljum ekki taka þau ríki okkur til fyrirmyndar.

Það hefur verið sagt að þessi ákvæði séu með þessum hætti til að tryggja skilvirkni í framkvæmd. Skilvirk lagaframkvæmd má hins vegar aldrei verða á kostnað réttaröryggis borgaranna. En það er það sem þessi lagaákvæði gera. Ég hef heldur enga trú á því, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. hafi endilega hug á því að viðhalda þessu kerfi óbreyttu um aldur og ævi þó það hafi verið sett inn í lögin í upphafi og hafi haft í för með sér býsna alvarlegar niðurstöður,

eins og kunnugt er, á síðustu mánuðum. Ég vil þess vegna hreyfa því hvort ekki væri hugsanlegt, jafnframt því sem við skoðum þessi mál að öðru leyti, að fara með þessi mál varðandi eftirlit, rannsókn, úrskurði og aðför, eins og gerist í öðrum málum: Það sé óháður eftirlitsaðili, það sé óháður rannsóknaraðili, það sé óháður úrskurðaraðili og síðan fari málið dómstólaleiðina, hina venjulegu, ef ástæða þykir til og óhjákvæmilegt er að mati sjútvrn. eða þess aðila sem með eftirlitið og rannsóknirnar fer.

Ég er alveg sannfærður um að þetta kerfi þætti býsna gott í ýmsum ríkjum Suður-Ameríku og Afríku. Býsna gott. Mjög skilvirkt. Vegna þess að það er hægt að hafa eftirlit með mönnum, rannsaka mál þeirra, úrskurða og gera að þeim aðför á sömu stundu af sama manni, án þess að velta því fyrir sér eitt augnablik. En þetta er ekki kerfi sem samræmist og er sæmandi lýðræðisríki sem vill byggja á mannréttindum frekar en öðru.

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. taki þessum ábendingum vel og komi inn á þær í máli sínu sem ég geri ráð fyrir að hann flytji hér á eftir.

Ég vil þessu næst, og að síðustu af minni hálfu að sinni, víkja að þeim brtt. sem fyrir liggja á þskj. 205, brtt. frá Alþb. Hv. þm. Skúli Alexandersson hefur gert ítarlega grein fyrir þessum till. Hv. þm. Eiður Guðnason sagði hér áðan að margt í þessum till. væri þannig að hann gæti út af fyrir sig fallist á þær. Og ég hef orðið var við það hjá fleiri þm. stjórnarliðsins að þeir telja að ýmislegt sé áhugavert í þessum till. sem þeir teldu ástæðu til að skoða með jákvæðum hætti.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði í sinni ræðu hér fyrr í dag að hann byggist ekki við að við hefðum lagt till. fram til að fá þær samþykktar. Þetta er misskilningur. Við leggjum till. fram í trausti þess að þm. hér í hv. Ed. hafi það sjálfstæði að þeir skoði þær efnislega og við förum fram á það við þessa þm., ef þeir geta fellt sig við till. að öðru leyti, að þeir greiði atkvæði með eðlilegum hætti. Fullburða gagnvart sinni eigin samvisku. Ég held að það sé fjöldamargt í þessum till. varðandi byggðakvótann sem þm. annarra flokka gætu ákaflega vel fellt sig við. Enda er þetta líka óvenjulegt mál. Hér eru engin handjárn, eða hvað? Hér virðast þm. stjórnarflokkanna hafa ákaflega mismunandi áherslur. Það á auðvitað einnig við um þm. stjórnarandstöðuflokkanna eins og gengur. Hér er reynt að finna samnefnara. Kannski er það ekki hundrað prósent þessi samnefnari sem menn gætu fellt sig við, en eitthvað nálægt þessu. Ég skora á hv. efrideildarmenn að taka þannig á þessu máli að þeir gangi til verksins með opnum huga og svari þeirri spurningu fyrir sjálfum sér: Væri hægt að leysa þetta mál til langframa með einhverri svipaðri aðferð og þeirri sem hér er nefnd? Væri það hægt? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að skora á hv. þm. að reyna að fara yfir málin þannig með opnum hætti.

Ég vil einnig í allri vinsemd benda á það sem hv. 3. þm. Vestf. kom hér inn á áðan. Það er fjöldi mála sem liggur fyrir þinginu núna. Það er fjöldi mála sem eftir er að koma inn í þingið. Sum þessara mála eru veigamikil efnahags- og skattamál sem snerta svo að segja alla þætti í tekjuöflun ríkisins. Ef stjórninni er einhver alvara í því að reyna að ná þessum málum með eðlilegum hætti í gegn, þá er skynsamlegt að leita samkomulags eins víða og kostur er, bæði varðandi efni og vinnubrögð, fremur en að þumbast, sem Alþýðublaðið segir að hæstv. sjútvrh. hafi gert í þessu máli þegar hann lagði fram „þumbarafrumvarpið" á sínum tíma. Ég bið hann að afsaka, en ég er að vitna í Alþýðublaðið. Málgagn ríkisstjórnarinnar. Ég held að það sé ekki vænlegt að þumbast í þessu efni. Ég held að það sé vænlegast að við reynum að horfa til allra átta og kanna hvort hægt er að finna samkomulagsfleti bæði varðandi efni og vinnubrögð í sambandi við þetta mál og fleiri mál sem hér koma inn næstu daga.

Ég ætla ekki að tala mikið lengur, herra forseti. Áður en ég heyrði umræðuna hefjast hafði ég hugsað mér að lesa úrvalskafla úr ræðum formanns Alþfl., „samlede værker" er það kallað stundum á skandinavísku, „samlede værker" úr þingtíðindum. Ég hætti við það þegar ég heyrði ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar. Mér fannst að hæstv. fjmrh. væri búinn að fá alveg nægan skammt í dag og veit líka að við Karvel, hv. þm., höfum báðir nægan raddstyrk til að láta það berast hér yfir í næsta herbergi, þó að hæstv. formaður Alþfl. kjósi að fela sig á bak við þær dyr í þessari umræðu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Í máli mínu hér í hv. þingdeild í gær gerði ég grein fyrir meginhugmyndum og tillögum Kvennalistans varðandi nýja fiskveiðistefnu. Í máli næsta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl., gætti nokkurs misskilnings varðandi nokkur atriði sem fram komu í máli mínu og sé ég ástæðu til þess að leiðrétta hann hér og nú því hafi ég talað ógreinilega er eins víst að fleiri hv. þm. hafi einnig tekist að misskilja orð mín. En það er nú reyndar svo að á meðan við mannfólkið ráðum yfir svo fjölbreytilegu og flóknu táknkerfi og tjáningarformi sem tungumálið er þá getum við reiknað með því, ef hægt er að tala um skilning í fleirtölu, að misskilningurinn sé þeirra útbreiddastur.

Í máli mínu í gær kom m.a. fram að fiskiskipum hefði fjölgað mest í minnstu flokkunum. Það er staðreynd sé í stykkjum talið, en eins og allir vita hefur veiðigeta stóru skipanna aukist mest vegna aukinnar tækni og ýmissa breytinga á þeim. Það er ljóst að smábátar eiga mjög lítinn hlut í þeirri aukningu á afla sem orðið hefur á undanförnum árum. Það sýna aflaskýrslur svo ekki verður um villst og því hafa eigendur smábáta komið vel og vandlega á framfæri við okkur kvennalistakonur ekki síður en aðra.

Í upphafi máls míns gat ég þess líka að þær

grunnhugmyndir sem við byggjum tillögur okkar á gengju að vissu leyti í svipaða átt og þær hugmyndir sem þingflokkur og miðstjórn Alþb. kynntu um sl. helgi. En ég tók skýrt fram að þessar hugmyndir væru samt engan veginn þær sömu. Hinn sameiginlegi grunntónn, þ.e. að rjúfa það samband sem hingað til hefur verið algjört á milli úthlutunar veiðiheimilda og skipa, er sameiginlegt í þessum hugmyndum að hluta til. En tillögur Kvennalistans ganga hins vegar enn lengra því að eins og menn hafa vonandi skilið af máli mínu í gær viljum við algjörlega klippa á það samband sem núna er á milli veiðiheimilda og skipanna, en úthluta þess í stað veiðiheimildum til byggðarlaga. Við höfum margoft ítrekað þá skoðun okkar að fiskurinn innan íslenskrar landhelgi er og hlýtur að verða eign íslensku þjóðarinnar allrar. Ég tók einnig fram í máli mínu að þingflokkur Kvennalistans studdi núgildandi fyrirkomulag og vil aðeins leyfa mér að benda á að það var ekki algjör eining innan stjórnarandstöðuflokka við afgreiðslu frv. árið 1985, en þá greiddu m.a. tveir hv. þm. Alþb. atkvæði með núgildandi lögum. Og ég get upplýst hv. 7. þm. Reykv. um að það var einn af hv. þm. Alþfl. sem greiddi atkvæði með núgildandi lögum.

Við höfum hins vegar skoðað hug okkar að nýju og teljum okkur eftir þá umhugsun ekki geta stutt það frv. óbreytt sem nú liggur fyrir. Ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að við skoðum í sífellu allar þær hugmyndir sem við erum að fást við og það kerfi sem við höfum sjálf búið okkur til. Það hlýtur að vera eðli starfs okkar að vera sífellt vakandi og tilbúin til að sjá nýjar hliðar á málum og taka nýjar ákvarðanir. Ég tel rétt, herra forseti, að hnykkja aðeins á þessu hér í umræðunni.

Vegna þess hve skammur tími er til stefnu við afgreiðslu þessa máls legg ég hér fram drög að brtt. Kvennalistans, en þær hafa verið lagðar á borð hv. þm. ljósritaðar. Ég vonast til að þær fái jákvæða umfjöllun í hv. sjútvn. beggja deilda. En vegna þess hversu skammur tími er fram undan hafa þessar hv. nefndir verið boðaðar til sameiginlegs fundar í fyrramálið, og taldi ég því rétt að þessi drög að brtt. kæmu hér fram strax við 1. umr. Í þessum drögum kemur fyrst og fremst fram stefnumörkun Kvennalistans varðandi fiskveiðistefnuna, þ.e. grunnhugmyndir í stefnumörkun okkar. Við leggjum til að veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga, en þau ráðstafi síðan veiðiheimildum allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þetta er um leið ein leið til þess að auka vald byggðarlaganna.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um valddreifingu og aukið sjálfstæði sveitarfélaga og það væri fróðlegt að vita hvort mönnum finnst þetta skref til aukinnar valddreifingar og sjálfsákvörðunar byggðarlaganna óyfirstíganlegt. Ef svo er líst mér satt að segja ekki á að áform um aukna valddreifingu verði yfirleitt að raunveruleika.

Meginhugsun brtt. okkar er fyrst og fremst sú að rjúfa sambandið milli veiðiheimilda og skipa, auk þess sem við gerum byggðasjónarmiðum hærra undir höfði en núverandi kerfi býður upp á. Reyndar hefur komið fram í umræðunni hér fyrr í dag að það er full nauðsyn á því að hugsa til byggðarlaganna við uppbyggingu þessarar mikilvægu atvinnugreinar.

Hér á borðum hv. þm. liggur ljósrit af þessum brtt. okkar. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þær vegna þess að ég gerði grein fyrir þeim í máli mínu í gær. Ég ætla ekki að verða til þess að tefja tímann, sem ég hef ítrekað sagt að sé afar skammur, en eins og fram hefur komið í máli mínu, þá leggjum við til í meginatriðum að veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga og það verði sett í sjálfsvald sveitarfélaga hverjum þau selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum til. Hvort um er að ræða útgerðarfélög, fiskvinnslustöðvar eða einstaklinga, allt eftir þeim aðstæðum sem á hverjum stað ríkja.

Við leggjum sem sé til í þessum brtt. okkar að í stað 4.–14. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem sýnir reyndar að tillögur okkar fela í sér mikla einföldun á því frv. sem nú liggur fyrir. Í greininni sem yrði þá 4. gr. er getið um heimildir til botnfiskveiða. Þar gerum við ráð fyrir að 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr. í því frv. sem hér liggur fyrir af hálfu stjórnarinnar, verði skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af löndunum afla síðustu fimm ára. Þau 20% sem eftir eru skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga, sbr. 6. gr. sem kemur á eftir.

Það sem yrði 5. gr. hljóðar svo:

„Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 4. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa sem þær fá skv. b-lið 4. gr. og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð."

Um heimildir sveitarstjórna til ráðstöfunar þessara veiðiheimilda segir:

„Sveitarstjórnum er heimilt: a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga," — ég vil vekja athygli á því að við höfum algjörlega sleppt sóknarmarkinu úr þessum tillögum okkar því að við teljum að það hafi leitt til óeðlilegra sóknarhátta og offjárfestingar til stækkunar skipa og breytinga og það er aðalorsök þeirrar gífurlegu ofveiði sem hefur verið stunduð á undanförnum árum.

Í b-lið segir að sveitarstjórnum sé heimilt „að ákveða sérstök álög á þann fisk sem er landað erlendis."

Í c-lið: „að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5% milli ára."

Í d-lið: „að setja reglur um veiði smábáta." — En smábátar hafa verið mjög í fréttaljósi undanfarnar vikur vegna 9. gr., sem nú er orðin 10. gr. eftir að 1.

gr. frv. stjórnarinnar breyttist. En eins og fram kom í málflutningi smábátaeigenda þá eru aðstæður mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum landsins. Sumir byggja eingöngu á veiði smábáta og eiga reyndar ekki annarra kosta völ. Þetta fyrirkomulag gæfi sveitarfélögunum tækifæri til þess að ákveða veiðiheimildir eða reglur um veiði smábáta í samræmi við þær aðstæður á heimaslóð.

Í e-lið segir að sveitarstjórnum sé heimilt „að setja reglur um nýjar veiðiheimildir."

Og síðasti liðurinn: „að framleigja veiðiheimildir til annarra byggðarlaga, enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því byggðarlagi sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins."

Það sem yrði 6. gr. skv. okkar breytingum hljóðar svo:

„Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó. Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirfarandi verkefna:" — Ég hirði ekki um að telja þau upp hér því eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að tefja umræðuna um of.

Ef við lítum síðan á 15. gr. stjfrv., sem við höfum á borðinu fyrir framan okkur, þá höfum við bætt inn í þá grein. Þar er kveðið á um sérstaka samráðsnefnd, utan þeirra aðila sem þar eru upp taldir þykir okkur ástæða til að fulltrúar fiskvinnslu eigi þar sinn fulltrúa, en þar sem þeir hafa ekki sérstök heildarsamtök gerum við ráð fyrir að sá fulltrúi verði tilnefndur af Verkamannasambandi Íslands og þar eð veiðiheimildir eru nú hjá sveitarfélögum teljum við rétt að Samband ísl. sveitarfélaga eigi þar einn fulltrúa. Í samræmi við það sem ég sagði áðan um að við hefðum sleppt úr sóknarmarkinu fellur það að sjálfsögðu niður í sömu grein. Þá yrði 16. gr. 9. gr., 17. gr. yrði 10. gr. með smábreytingu. Þar yrði útflytjendum gert skylt að láta bæði viðkomandi sveitarstjórn og ráðuneytinu í té umbeðnar upplýsingar. 18. gr. mundi samkvæmt þessu breytast einnig og þá aðallega að því leyti að út yrðu teknar línurnar þar sem fjallað er um leyfilegan sóknardagafjölda.

Við höfum líka stungið upp á því að slík fiskveiðistefna hefði gildistíma í fimm ár vegna þess að við teljum það vera nauðsynlegan aðlögunartíma þegar breytt er og það þyrfti að koma góður reynslutími á þá stefnu sem við leggjum til. En verði frv. stjórnarinnar samþykkt í allt að því óbreyttri mynd eins og það liggur fyrir getum við ekki samþykkt fjögurra ára gildistíma. Það vil ég taka fram hér og nú, vegna þess að það sem við teljum að mest skorti á varðandi frv. eins og það liggur fyrir núna sé að það hefur algerlega farist fyrir að gera á því þá gagngeru heildarendurskoðun sem við teljum nauðsynlega því að við teljum að grundvallarhugmyndin sé ekki rétt, þ.e. hvernig fyrirkomulagið hefur verið, að veiðiheimildum hefur verið deilt út ókeypis til skipa og hafa fylgt þeim. Við teljum ókeypis aðgang að þessari sameiginlegu auðlind okkar engan veginn eðlilega ráðstöfun. Þar af leiðandi viljum við sjá þennan gildistíma mun styttri ef þessi sami tónn verður í frv. þegar það verður endanlega samþykkt sem ég vona svo sannarlega ekki. Verði frv. ríkisstjórnarinnar samþykkt yrði gildistíminn að verða mun styttri, en um leið þyrfti strax að hefja þá miklu vinnu sem óhjákvæmileg er, eigi að vinna vel að þessu máli alveg frá grunni. Ég á von á því að þessi breytingartillaga Kvennalistans sem og aðrar sem fram koma fái jákvæða og málefnalega umfjöllun í hv. sjávarútvegsnefndum vegna þess að það er full þörf á að ræða grundvallarhugmyndirnar í þessu. Það hefur sannast í umræðunni hér í gær og í dag þar sem bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hafa tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í báðum þeim breytingartillögum sem þegar eru komnar fram.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Umræður um það frv. sem hér liggur fyrir hafa verið mjög athyglisverðar á margan hátt. Umræður um stjórn fiskveiða eru það yfirleitt. Ég hef verið víða við slíkar umræður, meðal verkamanna, meðal sjómanna, meðal fiskvinnslufólks, og yfirleitt deilir fólk um hvernig að þessum málum skuli staðið. Ég tala nú ekki um ef rætt er um þessi mál þar sem fulltrúar allra landshluta koma saman. Þá skiptast sjónarmið yfirleitt eftir því í hvaða landshluta menn búa.

Ég verð að segja að ég tel það ganga kraftaverki næst að tekist hafi samkomulag hjá sjómannasambandi og meðal útvegsmanna um hvernig að þessum málum skuli staðið. Sýnir það að mikil vinna hefur verið lögð í að ná þessu samkomulagi. Hitt er annað mál að yfirleitt er, þegar greidd eru atkvæði um slík mál, fyrir hendi minni hluti, minni hluti sem hefur sínar tilfinningar og skoðanir sem ganga í aðra átt en meiri hlutinn samþykkir.

Ég taldi mig knúinn til að taka til máls eftir að sjútvrh. hafði minnst á stöðu mála á Suðurnesjum, en þar eru þessi mál vissulega rædd eins og annars staðar. Innbyrðis eru menn sammála um hverju menn vilja breyta, en varla eru þeir komnir út fyrir það svæði þegar þeir vilja hafa hlutina öðruvísi.

Í skýrslu Byggðastofnunar frá 17. nóv. sl. kemur fram að á árunum 1982–1986 hefur fiskiskipastóll Suðurnesja minnkað um u.þ.b. 4100 brúttólestir. Þar við bætist að á árinu 1987 hefur fiskiskipastóll Suðurnesja enn fremur minnkað um u.þ.b. 1600 brúttólestir. Minnkun fiskiskipastóls Suðurnesja á árunum 1982–1987 er u.þ.b. 5700 brúttólestir sem svarar til 10–12 minni skuttogara. Þetta sýnir mjög vel í hvert óefni sjávarútvegur og atvinnulíf á Suðurnesjum er komið. Það er einmitt kjarni málsins. Því er ekki furða að fólk þar syðra telji að vegið hafi verið að því með stjórnun fiskveiða eins og hún hefur verið á undanförnum árum.

Við höfum gagnrýnt þá skiptingu í norður-suður svæði sem átt hefur sér stað og við höfum gagnrýnt að skip eða togarar skuli geta aukið við aflamagn sitt

einungis við það að skipið er selt að sunnan og norður. Ef svo heldur áfram sem hér er komið endar það með því að sjávarútvegur á Suðurnesjum er dæmdur til þess að leggjast af. Finna verður leið til að koma í veg fyrir þetta til þess að menn geti stundað útgerð frá þessum stöðum af sama þrótti og áður. Sú var tíð að sjávarútvegur á Suðurnesjum var vaxtarbroddur sjávarútvegsins hér á landi og það er ekki ætlun okkar þar að leggja sjávarútveg af. Nú síðustu tvö árin hefur atvinnuleysi ekki hrjáð byggðarlögin hér syðra, en fyrir tveimur árum voru allt að 400 manns meira og minna atvinnulaus allt árið og segir það þá sögu að sjávarútvegurinn er þar í kreppu. Ég vænti þess að það takist samkomulag um að finna leið út úr þessum ógöngum. Mér er ljóst að svona er komið hjá fleirum. T.d. á Patreksfirði er vandamál hversu skipin fara þaðan í burtu og finna verður leið til að hamla þar á móti.

Mig langar til fróðleiks að geta þess að þrátt fyrir þessa minnkun eru ársverk í sjávarútvegi í Keflavík einni aðeins meiri en á Eskifirði og Hornafirði til samans. Ársverk í Sandgerði eru fleiri en í Bolungarvík. Í Grindavík eru ársverk fleiri en í stærstu sjávarútvegsplássum annars staðar. Svona mætti telja um önnur byggðarlög þar syðra. Enn er svo komið þrátt fyrir þessa minnkun. Ég óttast að ef ekkert verður að gert fari svo að atvinnukreppa muni gera vart við sig áður en langt um líður. Nú síðustu árin hafa menn byggt á framkvæmdum sem hafa staðið í sambandi við varnarliðsframkvæmdir, en þær eru vissulega stopular og erfitt fyrir fólkið sem vinnur í sjávarútveginum að þurfa að byggja á því þegar að kreppir annars staðar og getum við ekki við það unað því aldrei er að vita hvenær það breytist. Ef svo færi að aðstæður breyttust varðandi utanríkismál og stöðu varnarliðsins er viðbúið, ef ekki verður séð fyrir því að sjávarútvegurinn standi í blóma þar syðra, að það verði þar eyðimerkurástand í atvinnulegu tilliti.

Ég ætla mér ekki að tala eins og sumir hafa gert, haldið langar ræður um hversu ægilegt kerfi það er sem menn eru hér að koma á eða samþykkja á ný. Það hafa menn gert hér og greiða þessu svo atkvæði. Það mun ég ekki gera. Ég geri mér ljóst að við verðum áfram að vera í þessu kvótakerfi. Það verður að stjórna fiskveiðunum og galdurinn er sá að finna leiðir sem flestir geta verið ásáttir um. Það er ekkert óeðlilegt að menn deili um þessa hluti og auðvitað deila menn í flokkunum líka. Það er ekki langt síðan Alþb. t.d. var þverklofið í þessum málum. Við erum það í Alþfl. Ég veit að svoleiðis er það í Sjálfstfl. Sjálfsagt er aðeins ein rödd í Framsfl. sem markast mikið af því að ráðherra sjávarútvegsmála kemur þaðan.

En menn verða að finna leiðir. Í samsteypustjórnum er það svo að menn verða að ná sáttum til að geta komið málum fram. Og auðvitað munum við gera svo. Það hvernig við alþýðuflokksmenn höfum staðið að málum markast einmitt af því að við ætlum okkur að ná sáttum, sáttum sem við getum við unað. Í ræðu hv. 7. þm. Reykv. áðan gerði hann lítið úr því að í 1. gr. frv. er tekin inn sú grein að fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar, en þetta er einmitt ákvæði sem hefur verið fellt fyrir okkur undanfarin ár. Við teljum þetta þýðingarmikið atriði og reyndar er það svo að í tillögum Alþb. er þess getið einnig.

Það kom og fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að þetta væri innantómt ef ekki væri neitt um það fjallað í framhaldinu. Mér sýnist að svo sé einnig hvað varðar tillögur Alþb.

Þegar menn tala um að auðlindirnar séu þjóðareign eru menn að staðfesta að þetta fjöregg okkar sé nokkuð sem við öll lifum á. En varast ber að gera lítið úr hlut útvegsmanna og sjómanna við mótun þessarar stefnu og það að hafa áhrif á hana. Auðvitað verða það alltaf útgerðarmenn og sjómenn sem sjá um að ná fiskinum á land. Við breytum því ekki þannig að ekki er óeðlilegt að þeir hafi mest um þetta að segja þó við sættum okkur ekki við það að hlíta fyrirsögn meiri hlutans á þingum þeirra alfarið.

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem er í tillögum Alþb., ég verð að játa það, enda höfum við (**Gripið fram í:** Það er nú ekki gott að játa það.) oft átt samleið í þessum efnum. En ég endurtek að það er mín skoðun að við verðum að ná samkomulagi milli okkar, við sem stöndum að ríkisstjórn, og að því mun ég standa.

Eitt af þeim atriðum sem eru í tillögum Alþb. er að felld verði niður ákvæði um árafjöldann sem þessi stjórnun skuli gilda. Ég er mjög inni á því að það sé rangt að samþykkja fiskveiðistefnu til eins og eins árs í senn. Fjögur ár eru það tímabil sem er það minnsta sem vit er í vegna þess að menn hafa komist að því að sé sífellt verið að hringla í þessum málum eykur það fjárfestingu, óstöðugleiki verður í greininni og veldur hvers konar vandræðum, væntingum um breytingar sem ekki síðan verða, og verður eins og ég gat um til mikillar óþurftar. Ég get fyllilega samþykkt gildistíma í fjögur ár og jafnvel lengur svo framarlega sem næst samkomulag um aðra þætti.

Ég tel ástæðulaust að fara frekar ofan í þessi mál á þessu stigi málsins, en ég vildi með þessum orðum mínum leggja áherslu á að það er mikil nauðsyn á því að finna leið til þess að heilir landshlutar missi ekki af sínum skipum, sínum atvinnutækjum, sínu atvinnulífi. Það verði unnt á þessum svæðum að hafa áfram blómlegan sjávarútveg. Til þess eru að öðru leyti fullir burðir. Og ég vænti þess að samkomulag náist um það. Þetta á ekki aðeins við um Suðurnesin. Þetta á við um önnur byggðarlög líka, ég minntist sérstaklega á Patreksfjörð í því efni, og vænti ég þess að það takist að sjá til lands í þeim efnum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega margt af því sem hér hefur komið fram þótt full ástæða sé til þess. Mér er alveg ljóst að það er ekki

einhlítt að setja reglur í sambandi við fiskveiðistjórnina og um það má lengi deila með hvaða hætti það skuli gert. Hitt er þó í reynd merkilegt að það sem hér hefur komið fram og þær brtt. sem hafa verið fluttar eða boðaðar byggja á því að setja ákveðna kvóta á fiskveiðarnar. Með þeim hætti eru tillögur Alþb. og Kvennalistans jafnframt. Það segir þá sögu að mínu mati að mönnum verður æ ljósara að hagkvæmar fiskveiðar verða ekki reknar nema með slíkum hætti. Hins vegar eru um það skiptar skoðanir með hvað hætti þessum veiðiheimildum skuli skipt. Það kemur fram í tillögum Alþb. að það skuli gert af byggðarlögunum með ákveðnum hætti.

Ég ætla ekki að fara að ræða það efnislega, en þó sýnist mér augljóst að það séu ýmis vandkvæði því samfara, ekki síður en að skipta með þeim hætti sem nú er. Ég óttast það, ef slíkt á að gerast að byggðarlögin verði meir og meir látin um að skipta aflanum, að það muni verða til þess að um málið verði enn meiri deilur en nú eru. Við megum aldrei gleyma því að við erum nú einu sinni fámenn þjóð í stóru landi sem verður að reyna að koma sér saman um þetta mál en ekki að efna til margvíslegra átaka milli byggðarlaga.

Ég vildi þá víkja að því sem til mín hefur verið beint, en það var aðallega frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Hann spurði um þau ákvæði er varða sektir og refsingar í sambandi við þetta mál. Nú er það í sjálfu sér ekki byggt á þessu frv. sem slíku heldur á lögunum um upptöku á ólöglegum sjávarafla frá árinu 1976 sem er annað mál þó það tengist að sjálfsögðu þessu máli. Þessi lög hafa verið skilvirk að mati þeirra manna sem að þessu hafa unnið og er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði í öllu réttarfari, hvort sem það varðar þetta mál, skattamál eða önnur mál. Um það hefur t.d. verið deilt hvort ákvæði skattalaga og annarra laga séu nægilega skilvirk í þessu sambandi og hvort ekki sé rétt að auka þá skilvirkni. Um þetta höfum við hv. þm. Svavar Gestsson nýlega rætt í þessari deild og ég m.a. lýst því yfir að ég hafi skipt um skoðun í því máli, en ég taldi áður að það ætti fyrst og fremst að vera innan hins almenna dómskerfis.

Hitt er svo annað mál að auðvitað mega ákvæði ekki vera með þeim hætti að réttaröryggi sé fórnað og hér er erfitt að feta hinn rétta veg í þessu máli sem öðrum, en ég fullyrði að hér hafi það ekki gerst. Ég tel hins vegar að það sé mikilvægt að aðilar geti treyst því í eins miklum mæli og hægt er að slíkt gerist ekki, að það sé sjálfsagt að líta á lög um upptöku á ólöglegum sjávarafla frá 1979 og taka þau til endurskoðunar og athugunar. Það mál hefur að sjálfsögðu verið rætt innan sjútvrn. og við höfum þegar undirbúið að slík vinna fari fram, að þessi lög séu tekin til athugunar. Þau eru orðin yfir tíu ára gömul og þess vegna eðlilegt að á þau sé litið að nýju. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál hér.

Ég vildi aðeins koma því á framfæri að þær tölur sem hér hefur verið farið með að því er varðar afla á Vestfjörðum eru samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið ekki réttar. Það er nú svo að það er ekki alltaf auðvelt að fá nákvæmar tölur í þessu sambandi vegna þess að inni í aflanum er útflutningur á ferskum fiski og þeim sundurliðunum er ekki haldið til skila hjá Fiskifélaginu með jafnnákvæmum hætti og þeim afla sem landað er í fjórðungunum. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Fiskifélaginu er hlutdeild Vestfirðinga í heildarþorskafla 15,7% 1980, 14,2% 1981, 14,5% 1982, 15,8% 1983, 17,8% 1984, 17% 1985 og 16,1% 1986. Ég mun að sjálfsögðu fá þessar tölur staðfestar þannig að þær geti legið réttar fyrir þeirri þingnefnd sem um málið fjallar, en þær sýna að hér hefur ekki orðið mikil breyting á. Fyrst eftir að fiskveiðistjórnuninni var komið á með þeim hætti sem nú er jókst hlutdeild Vestfirðinga í prósentum talið. En á það er að sjálfsögðu að líta að hér hafa orðið miklar sveiflur í aflanum.

Ef þessar tölur væru festar með þeim hætti við byggðirnar eins og hér hefur verið vikið að má að sjálfsögðu spyrja hvort það sé hin endanlega trygging fyrir viðkomandi byggðir sem menn tala um. Hér hafa verið nefnd ákveðin byggðarlög í því sambandi, t.d. Patreksfjörður. Á Patreksfirði hafa verið miklir erfiðleikar og eru enn. En ég tel að það verði að horfa á þá erfiðleika í réttu ljósi. Þeir hafa vissulega misst frá sér skip, en það var þó aðallega áður en sú fiskveiðistjórnun, sem er rekin nú, var tekin upp. Það var á árunum fyrir 1983. Það eru skip í erfiðleikum á þeim stað í dag. það sem mestu skiptir fyrir það byggðarlag er að halda þeim fiskiskipum sem þaðan eru gerð út í dag og reyna að koma því til leiðar að svo geti orðið en ekki vera í þessum endalausu umræðum um þau fiskiskip sem fóru þaðan fyrir 1983. Það er nauðsynlegt að þau mál séu rædd, en miklu mikilvægara fyrir það byggðarlag að halda utan um þau skip sem þar eru núna sem eru allafkastamikil tæki, en ef þeir misstu eitthvað af þeim skipum sem nú eru þar hefði það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir það byggðarlag.

Menn hafa rætt allmikið að það séu ákveðin byggðarlög í landinu sem hafi orðið fyrir miklum búsifjum og þar liggi við að upplausnarástand sé. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé ekki svo sem betur fer í neinu byggðarlagi í landinu að þar sé neyðarástand sökum þess að þar vanti fiskiskip og atvinna sé þar lítil. Mér hefur ekki verið bent á það. Hins vegar hafa margir lent í miklum erfiðleikum, m.a. á Suðurnesjum. En það er rangt að rekja þau mál til fiskveiðistjórnunarinnar. Ég tel það alrangt og villandi og til þess fallið að það sé ekki tekið á þeim málum sem þar koma upp með réttum hætti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vænti þess að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar fái þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar og vonast til þess að nefndirnar geti hraðað störfum sem mest og hafið vinnu að þessu mikilvæga máli sem allra fyrst.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en mér fannst ástæða til að benda á að útlistingar hæstv. ráðherra á brtt. okkar við frv. hans eru á nokkrum misskilningi byggðar.

Í fyrsta lagi eru brtt. okkar engin staðfesting á því að við teljum að fiskveiðistefnan þurfi og eigi að vera eftir því sem lagt er til í frv. ráðherrans þó við komum með brtt. og freistum þess að lagfæra þá stefnu. Við erum ekki þar með að viðurkenna að kvótaúthlutunin sé endilega það sem koma skal og sé hagkvæmast. Við viðurkennum þá staðreynd og við vitum um það að frv. ráðherrans eða frv. í svipaðri mynd muni verða samþykkt og það muni vera orðið samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að á því verði ekki miklar breytingar, en við erum að freista þess að breyta því frv., reyndar í grundvallaratriðum og í veigamiklum atriðum, og breyta þeim þáttum sem er kannski auðveldast að breyta og hafa verið hvað mestir agnúarnir á þeirri fiskveiðistefnu sem við höfum búið við á undanförnum árum.

Hitt þótti mér líka afleitt að hæstv. ráðherra virtist ekki hafa lesið brtt. okkar nógu vel þannig að hann dró af þeim þær ályktanir að við værum með tillögum okkar að leggja til að fiskveiðistjórnin sjálf flyttist heim í byggðirnar eða að sveitarstjórnir eða byggðastjórnir færu að úthluta og ráðstafa fiskveiðikvótanum. Það er ekki svo. Það er beinlínis ætlast til þess að skiptingin eigi sér öll stað á svipaðan hátt og ráðherrann sjálfur leggur til. Það sem lagt er til í okkar tillögum er fyrst og fremst að það er tekinn ráðstöfunarréttur af útgerðum með því að færa ákveðinn hluta til byggðanna út frá ákveðnum reynslutíma eða kvótamagnið er ákveðið út frá ákveðnum reynslutíma þeirrar aflaúthlutunar sem hefur verið til byggðanna á undanförnum árum. Síðan er því deilt með sama hætti og áður út til skipanna. Veiðiréttur skipanna verður hinn sami en eignarréttur ekki nema á ⅓ eða ráðstöfunarréttur eins og verið hefur á undanförnum árum. Þeir geta ekki selt skip úr byggðinni með öllum þeim kvóta sem til þeirra hefur verið úthlutað áður. Aðeins ⅓ getur fylgt skipi á milli byggða í sölu eða í annarri ráðstöfun. Þetta er undirstöðuatriði og grundvallaratriði í tillögum okkar.

Hv. 6. þm. Vesturl. flutti brtt. við frv. Þær tillögur eru á þann veg að ég held að það sé nauðsynlegt að áður en við tökum þær til umfjöllunar í nefnd fáum við smávegis aukaupplýsingar um þær. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þeirra á einn eða neinn máta, en mig langar til að spyrja hv. þm. um eitt. Sagt er í alið brtt. að 80% þess heildarafla sem ákveðinn er skv. 2. gr. skuli skipt milli byggðarlaga, útgerðarstaða með hliðsjón af löndunum afla síðustu fimm ára. Nú er það svo að landaður afli er breytilegur. Landaður afli getur valdið mikilli skekkju á þeirri reynslu sem hefur verið byggt á á undanförnum árum. Við t.d. sem búum við Breiðafjörð njótum þess að fá þó nokkuð mikinn fisk frá Norðlendingum sem koma ákveðið tímabil til okkar við Breiðafjörð og landa afla þar. Eru hugmyndir þm. að afli sem landað er í Rifi verði lagður til grundvallar aflaúthlutunar á þeim stað? Meginhluti þess afla sem hefur kvótarétt hjá okkur heima skilar sér í höfnina á Rifi og til vinnslu þar. Til viðbótar fáum við þó nokkuð drjúgan skammt frá Norðlendingum. Er það hugmyndin að úthlutað verði á þann veg að við fáum þennan afla líka í okkar nýja kvóta og að um leið verði rýrður hluti þeirra Norðlendinga sem hafa landað hjá okkur?

Svo er það með sveitarstjórnirnar, hvað þeim er heimilt. Mig langar til að spyrja flm. brtt.: Er hugsanlegt eftir þessum tillögum að það verði önnur regla í þessu sveitarfélaginu en hinu? Ef sveitarfélögin eiga að fara að setja reglur um hvernig kvótanum sé úthlutað, er hugsanlegt að við úthlutum öðruvísi í Neshreppi utan Ennis en þeir Ólafsvíkingar eða verður einhver yfirstjórn til að samræma þessa úthlutun?

Ég held að þetta sé það sem skiptir miklu máli að við gerum okkur alveg grein fyrir áður en við förum að fjalla um þetta í nefndum og eðlilegt sé að þetta komi fram hér í umræðunum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég geri örstutta athugasemd varðandi það sem hv. 4. þm. Vesturl. spurði um varðandi tillögu okkar um viðmiðun við úthlutun veiðileyfa, en þar segir „með hliðsjón af afla". Ég sagði áðan í máli mínu að þetta væri grunnstefnumótun okkar í þessu máli og má vel vera að það vanti nánari útfærslur í einstaka tilfellum. Það gæti t.d. komið til greina að aflaskýrslur skipa hefðu ákveðið að segja í þessu efni.

Í sambandi við heimildir sveitarstjórna er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnum sé nokkuð í sjálfsvald sett hvernig að úthlutun verður staðið, en sveitarfélög eru nú þegar í formlegu samstarfi og væntanlega munu þau taka upp samstarf sín á milli þannig að samræmi verði í þeim þáttum sem nauðsynlegir eru án þess að þeim sé slíkt uppálagt í þessum tillögum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma því að að mér finnst það dálítið alvarlegur misskilningur sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh. áðan og hv. 4. þm. Vesturl. drap aðeins á varðandi úthlutun á aflakvótum eftir tillögum okkar. Það er alveg ljóst að það er ekki gert ráð fyrir að byggðarlögin úthluti aflakvótunum. Grundvallarmunurinn er hins vegar sá að hluti af kvótunum, þ.e. ⅔, yrði eftir í byggðarlaginu ef skip yrði selt úr því. Þannig færi skipið ekki með nema þriðjung í burtu. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði að hv. deildarmenn geri sér grein fyrir að hér er einmitt ekki verið að gera tillögu um að einstakar bæjar- eða sveitarstjórnir taki að sér úthlutun kvótanna. Það er í raun og veru gert ráð fyrir því að vísu að þessi regla sé að nokkru leyti

afturvirk þannig að t.d. byggðarlag eins og Grundarfjörður mundi fá aðeins meira út úr þessari reglu hjá okkur en það fær að óbreyttu á árinu 1988, en síðan hefur frv., ef samþykkt yrði, fyrst og fremst áhrif í þá átt að byggðarlögin gætu haldið stærri hluta kvótans hjá sér en mögulegt er hjá þeim núna ef illa gengur hjá tiltekinni útgerð eða hún af öðrum ástæðum vill selja sitt skip. Þetta er líka leið til að verja byggðarlög fyrir áföllum sem einstakir útgerðaraðilar kunna að verða fyrir. Ég nefndi Grundarfjörð sem dæmi. Ég gæti nefnt mörg önnur byggðarlög. Hæstv. sjútvrh. benti á að aðalatriðið fyrir Patreksfirðinga í dag er kannski að halda þó þeim skipum sem þeir eiga eftir. Þetta er liður í því að hjálpa til þess að byggðarlögin geti betur haldið skipunum en áður. Þetta mundi vafalaust líka hafa þau áhrif að kvótaálagið á verði skipanna, sem útgerðirnar núna verða að standa undir, yrði minna en það er í dag. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að leiðrétta rækilega þann misskilning sem mér fannst koma þarna fram hjá hæstv. sjútvrh.

Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um að það væri beinlínis rangt að rekja vanda einstakra byggðarlaga til kvótakerfisins og með því móti væru menn að draga fjöður yfir gömul vandamál. Ég hygg að svo geti oft verið, að menn séu að reyna að draga fjöður yfir önnur vandamál. Hitt er alveg ljóst, að sú aðferð sem höfð hefur verið hefur skapað möguleika t.d. til verslunar með skip og kvóta sem ekki var áður til og ekki væri til undir öðru veiðistjórnarkerfi. Sú stórkostlega hækkun sem hefur orðið á verði þeirra skipa sem losna á rætur sínar að rekja til þessa kerfis að nokkru leyti, en þá getur ráðherrann komið og sagt hér: Það getur vel verið að þetta yrði líka niðurstaðan í öðru kerfi. Þá hlyti ég að taka undir það. En ég segi: Það er ekki hægt að slá því föstu að þetta sé algerlega óviðkomandi fiskveiðistjórninni þó að það sé yfirleitt ekki og ekki nærri alltaf og líklega sjaldan eina málið sem þarna er um að ræða sem ástæðu þess að byggðarlag missir skip.

Varðandi þær tölur sem ég nefndi frá Vestfjörðum, þá voru þær úr skjali sem dreift var á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, merkt félaginu Bylgjan á Ísafirði, og ég er tilbúinn að hafa það sem sannara reynist í þessu efni eins og öðrum. Ef aðrar upplýsingar greina frá öðru horfum við á það. Mér sýnist að það sé í rauninni mjög einfalt að afla réttra talna í þessu þar sem formaður sjútvn., hv. þm. Karvel Pálmason, hefur vafalaust fullan hug á að tryggja að réttar upplýsingar liggi fyrir.

Að lokum varðandi það atriði sem hæstv. ráðherra nefndi um skilvirkni sekta- og refsingakerfisins, þá er það út af fyrir sig sjálfsagt rétt, eins og ég sagði reyndar í fyrri ræðu, að þetta er skilvirkt kerfi. Það er fljótlegt að skoða þá og rannsaka þá og úrskurða og svo að segja dæma þá, láta þá borga. Það er fljótlegt, tekur eins og eitt sumar eða rúmlega það. Og það er býsna mikill hraði miðað við það sem gengur og gerist í hinu almenna réttarkerfi í þessu landi. En það er hins vegar útilokað að jafna þessu kerfi saman við spurninguna um hvort settur er upp skattadómstóll eða ekki. Ef við ætluðum að líkja þessu kerfi við skattsektakerfið mundum við setja inn í skattalögin ákvæði þess efnis að fjmrh. úrskurði um skattsektir, fjármálaráðherra, ekki hans embættismaður, og geri aðför að mönnum á grundvelli síns eigin dóms um að þessir menn hafi misfarið með skattalög eða hvað það nú er. Þannig er útilokað að leggja þetta á neinn hátt að jöfnu. Hins vegar tók ég eftir því að hæstv. ráðherra sagði að það væri sjálfsagt að líta á þau lög um upptöku ólöglegs sjávarafla sem eru brúkuð í þessu sambandi og sagði jafnframt að málið hefði verið athugað í ráðuneytinu og skoðun þess sett í gang. Mér sýnist einboðið að í framhaldi af slíkri yfirlýsingu hljóti að vera unnt að fá það fram, a.m.k. í sjútvn. þingsins, hvað það er sem þegar hefur verið gert í málinu þannig að það megi taka mið af því þegar menn skoða málið í heild þegar upp verður staðið.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég skal ekki teygja þessar umræður mikið lengur. Það eru aðeins örfá atriði sem mig langar til að koma inn á og kannski minna frekar á vegna þessarar umræðu.

Það er í fyrsta lagi út af hv. þm. Svavari Gestssyni. Það er meira valdið sem hv. þm. telur mig vera kominn að með því að vera orðinn formaður í sjútvn. Ed. Menn hafa séð formenn í nefndum, stjórnmálaflokkum og félögum falla býsna lágt þó að þeir teldu sig ráða þannig að ég hygg að menn vilji hafa sína skoðun, viðkomandi einstaklingar í viðkomandi nefnd. En ég þakka eigi að síður traustið, sem fram er borið, og væntanlega tekst að leiða eitthvað af þessu máli til betri vegar en það nú er á.

Það eru þrjú eða fjögur atriði sem ég vil minnast á. Það er í fyrsta lagi: Mér finnst að menn hafi lítið talað um smábátana. Það hefur lítið verið vikið að þeim. Þeir hafa margir að vísu, ekki hér í þingræðum heldur úti í þjóðfélaginu, talað um þennan gífurlega fjölda smábáta sem flykkst hefði inn á markaðinn undangengin ár og tekið til sín svo og svo mikinn afla. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hefur afli smábáta minnkað frá því sem hann var áður. Hann er tiltölulega lítill þegar verið er að tala um það sem tekið er af þorski úr sjónum. Ef við tökum árabilið 1985–1987 jókst hann um 0,93% árið 1985, jókst um 1% árið 1986, en minnkaði um 0,28% í ár. Ég held að þetta segi þá sögu að menn eigi ekkert að vera að amast út í þennan þátt fiskveiða. Þetta er víða mikil lífsbjörg, búbót hjá fjölda heimila og einstaklinga í landinu. Ég undirstrika að það er rangt í mínum huga að setja hömlur eða skorður á þennan þátt fiskveiða.

Ef við tölum um núgildandi kvótakerfi vil ég undirstrika að það er verið að þrengja sóknarmarkið með frv. sem nú liggur frammi. Það er verið að minnka möguleika þeirra sem með einhverjum hætti gætu skorið sig úr og sótt meira en lögin gera ráð

fyrir. Þetta er skerðing að mínu viti til hins verra frá gildandi lögum og gæti kannski, af því að mönnum hefur orðið tíðrætt um Vestfirði, orðið til þess að þrengja kost þeirra enn frekar ef dregið er úr eða þrengt sóknarmarkið. Trúlega hafa velflestir togarar á Vestfjörðum verið á sóknarmarki þó að ég vilji ekkert um það fullyrða án þess að það hafi verið skoðað.

Ég tek undir ef það er rétt að ég hafi ekki haft réttar tölur hérna áðan. Ég hafði þær samkvæmt sömu upplýsingum og hv. þm. Svavar Gestsson. En auðvitað viljum við hafa það sem réttast er og það hlýtur þá að koma fram frekar í umræðunni.

Síðan eru tvö önnur mikilvæg málefni sem mér finnst að menn hljóti að gefa gaum. Hið fyrra er þá: Á að setja kvóta á úthafsrækju? Eru menn sammála því? Til þess er ætlast sem heimild til hæstv. ráðherra skv. þessu frv. Auðvitað verða menn að svara því hvað þeim finnst. Ég segi fyrir mig og hef sagt það hér áður: Ef það á að gerast verður það ekki með mínu samþykki gert nema því aðeins að það verði skipt á skip og vinnslu. Um þetta liggur fyrir, að ég best veit, fullt samkomulag vinnsluaðila í rækju. Ég veit ekki betur en að það liggi fyrir fullt samkomulag um það. Og ég lýsti því í dag hvernig þessum málum háttar að því er mitt kjördæmi varðar.

Svo er það auðvitað gildistíminn. Hann segir kannski ekki hvað minnst. Hæstv. forseti vor segir að hann vilji láta það gilda lengur en fjögur ár. Og eykst nú bilið milli mín og hans. Hins vegar má bæta því við að kannski fer mest eftir því hvað frv. innifelur þegar það verður samþykkt. Menn eru alltaf að tala um fjögur ár, heyrist mér. Frv. gerir ráð fyrir fjórum árum. Sumir vilja fara upp í fimm. En ég segi: Ef þetta frv. á að verða að lögum eins og það nú er er það mitt mat á því að það ætti ekki að gilda lengur en eitt ár og á því ári ætti að knýja fram breytingar sem stefna að bættari tækifærum og betri fyrir þá sem geta notið þeirra, hafa aðstöðuna til þess, hafa tækifærin. Og ég trúi því ekki, ef þm. fást til að hugsa um þessi mál, að menn séu andvígir því að gefa athafnamönnum tækifæri til að ná afla á hagkvæmari hátt og með minni tilkostnaði.

Þetta skulu vera lokaorð mín að þessu sinni, herra forseti. Væntanlega eiga menn eftir að tala um þetta meira áður en langt um líður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

19. fundur, þriðjudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort það séu fjarvistir sem valda því að ekki er unnt að halda fundinum fram sem skyldi og minni á í því sambandi að á fundi hér í hv. deild í gær varð að bíða með atkvæðagreiðslur þangað til stjórnarliðar mættu í þingsalinn. Hér í upphafi þingfundar, þegar 10 mínútur eru liðnar af venjulegum fundartíma, voru fyrir augnabliki síðan 12 stjórnarandstæðingar en 11 hv. þm. sem styðja, a.m.k. að einhverju leyti, hæstv. ríkisstjórn. Ég verð að segja alveg eins og er við virðulegan forseta að ef þetta á að verða áframhaldið að hér sé dag eftir dag óstarfhæft vegna fjarvista stjórnarliðsins legg ég til að hæstv. forseti grípi til ráðstafana, svo sem eins og þeirra að slíta þessum fundi og kalla fyrir sig þingflokksformenn stjórnarliðsins og inna þá eftir því hvort þetta sé það sem í vændum er.

Mér er að vísu tjáð að einhverjir af þessum hv. mönnum, þingflokksformönnum stjórnarliðsins, séu ekki alveg við hendina og mun það e.t.v. ekki greiða fyrir þingstörfunum næstu daga, en ég tel að virðulegur forseti deildarinnar geti ekki látið þetta halda mikið lengur áfram við svo búið. Það er hreinlega misvirðing við þá þm. sem þó mæta hér til að taka þátt í störfum lögum samkvæmt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að ég hef nú þegar gert ráðstafanir til að kanna viðveru manna hér í þinghúsinu. Ég tel ekki ástæðu til að halda umvöndunarræðu yfir þeim sem eru mættir hér á réttum þingtíma, en þetta mál mun verða tekið upp, enda eru slíkar fjarvistir þm. óþolandi. Málið verður tekið upp á réttum vettvangi. Þess mun nú verða freistað að kanna hverjir eru mættir í þinghúsinu og mun ég fá boð um það innan tíðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það var sannarlega ekki að tilefnislausu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. kvaddi sér hljóðs áðan um þingsköp.

Ég sé ástæðu til þess núna, þegar ekki er neitt á dagskrá deildarinnar sem hægt er að taka fyrir, að inna hæstv. forseta eftir því hvernig gert er ráð fyrir að haga fundahöldum hér á Alþingi og í þessari hv. þingdeild næstu tvær vikur eða þangað til að Alþingi fer í jólaleyfi. Liggur það fyrir hvernig menn hyggjast haga hér störfum? Hvaða mál eru það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að reyna að freista að fá lögfest í þinginu? Og með hvaða hætti er fyrirhugað að störfum deildarinnar verði hagað?

Ég held að það hljóti að vera fleiri en ég sem hafa áhuga á því að vita eitthvað í hvað stefnir að þessu leyti. Og ég tel að okkar tíma væri vel varið nú í nokkrar mínútur til þess að fá upplýsingar um það og skiptast á skoðunum um það efni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þingstörf þær vikur sem eftir eru til jóla, sem eru ekki nema tvær, skal þess getið að hér má búast við miklu annríki, og er það reyndar ekki nýtt í þessari hv. deild. Einmitt vegna þess er sérstaklega *áríðandi að þingfundir gangi greiðlega fyrir sig.* Og ég ítreka enn það sem ég sagði áðan í því efni. Fundur þingforseta og þingflokksformanna verður á morgun þar sem farið verður yfir stöðuna. En að öllu óbreyttu ætti að vera tími í dag til þess að klára þau mál sem eru á dagskrá ef mætingar hv. þm. eru með þeim hætti að hér er hægt að láta mál ganga greiðlega fram. Hér verður farið yfir stöðuna á morgun og þá mun liggja enn glöggar fyrir hver framvinda mála verður þá daga sem eftir eru til jóla.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við fáum þær upplýsingar í sambandi við þinghaldið að það standi til á morgun, miðvikudag, að þingflokksformenn beri sig saman um hvernig haga skuli þinghaldi dagana sem eftir eru af starfstíma Alþingis til jóla. Nú er engin trygging fyrir því að um það verði samkomulag, trúi ég. Það er áreiðanlegt að það mun margt liggja fyrir á þeim fundi þingflokksformanna á morgun, og þá er eftir einn dagur af starfstíma Alþingis í þessari viku. Ég hef fengið boð frá forseta Íslands m.a., eins og aðrir alþm., á föstudag. Ég geri því ekki ráð fyrir að hér verði langur starfstími á þeim degi til fundahalda, svoleiðis að við erum í rauninni að tala um það að afgreiða hér mál sem ríkisstjórnin kann *að telja nauðsynlegt að knýja fram og hennar meiri* hluti hér á Alþingi í komandi viku.

Það er því í rauninni aðeins ein starfsvika sem menn eru að tala um. Og ég verð að átelja það alveg sérstaklega að svona skuli vera staðið að málum af forustu þingsins. Ég geri kröfu til þess að upplýsingar fáist, áður en fundi lýkur í dag í þessari hv. deild, um hvað menn ætla sér og hvaða mál það eru sem ríkisstjórnin ætlar sér að fá afgreidd hér á Alþingi fyrir jól. (**ÓÞÞ:** Nema menn fresti jólunum.) Það vill svo til að hæstv. forsrh. er viðstaddur hér á þingfundi og það væri nú ágætt ef hann gæti upplýst þingheim um það hvaða mál það eru sem ríkisstjórnin ber sérstaklega fyrir brjósti og telur nauðsynlegt að koma fram fyrir jólahlé Alþingis.

Það hefur komið fram af hálfu stjórnarliða, sem taldir hafa verið, að það komi til greina að fresta *jólunum, og það er ekkert undarlegt að spurt sé:* Hvernig í ósköpunum ætla menn að haga hér starfstímanum fram að jólum? Og hver eru þau mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að fá afgreidd?

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hafa verið haldnir fundir með forsetum þingsins og formönnum þingflokka hér á Alþingi um þau mál sem liggja fyrir og nauðsynlegt er að afgreiða fyrir jólaleyfi þm. Síðast í gær var haldinn slíkur fundur. Það hefur komið fram hér áður, og kom fram á þeim fundi, hvaða mál það eru sem höfuðáhersla er lögð á. Þar er fyrst og fremst um að ræða fjárlög fyrir næsta ár, þau frv. sem lögð hafa verið fram og sum hver eiga eftir að koma fram og tengjast fjárlagaafgreiðslunni, svo og frv. um stjórn fiskveiða og nokkur önnur mál sem þó eru ekki mörg, en höfuðmálin eru fjárlög, frv. þeim tengd og frv. um stjórn fiskveiða og nokkur önnur mál. Fyrir þessu hefur verið gerð grein á fundi með *formönnum þingflokka og ég geri ráð fyrir að þeir* hafi hver í sínum þingflokki gert grein fyrir þeim umræðum sem fram fóru ásamt með forsetum þingsins í gær.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. var haldinn fundur formanna þingflokka og forseta í gær og reyndar hafa þeir verið fleiri nú undanfarið eins og ávallt áður. Í því sambandi hvernig mál muni ganga hér fram það sem eftir er þingtímans til jóla mega menn að sjálfsögðu búast við að hér verði aukafundir í deildum eins og ávallt hefur verið. Á þessum fundi í gær var lögð fram skrá um þau mál sem fram undan eru. Ákveðið var að hafa tíð samráð og fara yfir þessi mál nánar á morgun. Svo hefur verið gert hingað til. Ég vil taka það sérstaklega fram.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það sem hér hefur komið fram. Það er ekki nýtt að stjórnarandstaðan sé fyrst og fremst til staðar til þess að greiða *fyrir afgreiðslu ríkisstjórnarmála, en nú tekur fyrst* steininn úr. Sjaldan hafa þau meginmál sem Alþingi ber að afgreiða fyrir hver áramót verið eins seint á ferðinni og nú, en klukkan 14.17 voru staddir hér í salnum fjórir þm. Framsfl., tveir þm. Alþfl. og þrír fulltrúar Sjálfstfl. fyrir utan hæstv. forseta og ritara hans tvo.

Ég hlýt að biðja hæstv. forseta að komast að því hjá ríkisstjórninni hvort einhver ástæða sé fyrir þessu, og þá á ég við hvort þetta er vegna andstöðu við þau mál sem hér eru á dagskrá eða hvort þetta er hrein og klár vanræksla þm. við störf sín. Ég held að það hljóti að vera einsdæmi að í upphafi þingfundar sé ekki hægt að ná í gegn tveimur veigamiklum málum ríkisstjórnarinnar í 3. umr.

Ég legg þess vegna til, hæstv. forseti, að þessum fundi verði frestað og boðað til þingflokksfunda þar *sem menn ræði um hvort við megum búast við* þessu ástandi mála fram til jólahlés. Ég sé ekki ástæðu til þess fyrir okkur stjórnarandstæðinga að sitja hér á öllum þingfundumefg það dugar ekki einu sinni til

að greiða fyrir málum ríkisstjórnarinnar. Ég legg til, hæstv. forseti, að það verði samstundis boðað til þingflokksfunda og þessum fundi frestað um sinn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek fram að þessari umræðu er að sjálfsögðu ekki beint gegn störfum ágætra forseta Alþingis sem hafa lagt sig fram um að reyna að greiða hér fyrir og skipuleggja störfin. En af ástæðum sem eru okkur hv. þdm. væntanlega öllum kunnar hefur þeim ekki verið mjög létt um vik einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki fram á síðustu daga, að því er virðist, vitað sjálf hvaða málum eða hve mörgum hún hygðist koma hér í gegn. Það er erfitt um vik fyrir forseta og formenn þingflokka að skipuleggja störf Alþingis, þó að þeir fundi og hittist reglulega og er ekkert nema gott um það að segja, þegar svo óljóst er hvaða verkefni bíða þingsins. Síðan er náttúrlega ekki hægt annað en taka undir þær óskir sem hér hafa verið bornar fram, að þessum fundi verði frestað eða að a.m.k. svo fljótt sem við má koma verði kallaðir saman þingflokksfundir og það rækilega rætt hvort þetta eigi að verða viðvarandi ástand dag eftir dag að stjórnarliðar séu jafnvel í bullandi minni hluta þegar á að fara að greiða fyrir málum með því að veita afbrigði fram hjá venjulegri málsmeðferð. Hér voru atkvæði á þá lund að 12 stjórnarandstæðingar en 11 stjórnarliðar að meðtöldum forseta og skrifurum voru til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um afbrigði. Nú telst mér lauslega til að hafi fjölgað um tvo stjórnarsinna þannig að þeir merja þá meiri hluta núna. En þetta, virðulegur forseti, gengur auðvitað ekki eða er stjórnin e.t.v. búin að missa meiri hluta sinn? Þá þarf nú að fara að huga að ýmsu hér á virðulegu Alþingi á þeim tíma sem eftir er fram að jólum.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Maður ætti reyndar að kannast við þennan söng hjá stjórnarandstöðunni eftir rúmlega eins og hálfs áratugar þingsetu og þennan kór æfa þeir nú jafnan á þessum tíma og er skiljanlegt. (Gripið fram í.) Nú ætla ég aðeins að taka það fram úr því sem hv. formaður þingflokks Alþb. vill vita um mínar ferðir að ég sat jarðarför og það gerðu fleiri þm. og sérstaklega, ef hann vill fá að vita það, átti Matthías Bjarnason þar skapnaðarerindi og það hefur verið venja að taka tillit til þeirra ástæðna. En kannski menn vilji nú fara að leggja það saman líka þegar verið er að telja þm. viðstadda.

Ef menn halda að það greiði eitthvað fyrir og ef menn ætla að skilja stjórnarandstöðuna með þeim hætti að þeir séu að greiða fyrir þingstörfum með því að standa hér uppi og þvæla um fundarhald dag eftir dag og til viðbótar biðja um að þingfundi sé frestað er það misskilningur. Ég er ekki með þessu að afsaka félaga mína, stjórnarliða, að þeir mæti ekki betur en raun ber vitni um og því verðum við að kippa í liðinn.

Útflutningsleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 210, sem var of seint fram komin, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 210 felld með 30:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, BB, HJ, ÓÞG.

nei: ÞP, ÞÞ, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, KE, KH, EE, ÓÞÞ, PJ, RH, SighB, SV, NL, SJS, SvH, JK.

HG greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (GB, IBA, MB, MálmS, ÓE, PP, RA) voru fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Með því að það frv. sem er til umræðu lýtur að því að flytja verkefni til í Stjórnarráðinu en ekki að efnislegri meðferð á útflutningi tel ég ekki rétt að taka afstöðu til þessa álitaefnis sem felst í brtt. og segi því nei.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Frv. sem fyrir hv. þingdeild liggur fjallar eingöngu um það að færa forræði útflutningsleyfa til utanrrn. frá viðskrn. Það fjallar ekki um efni þessara laga. Með þessum fyrirvara segi ég nei.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef áður gert þetta mál að umtalsefni. Ég tel að málið sé flóknara og margþættara en svo að það verði afgreitt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og segi nei.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Með vísan til greinargerðar tveggja ráðherra í ríkisstjórn sem ég styð segi ég nei.

Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Hér er tekið fyrir til þriðju og ef að líkum lætur síðustu umræðu seinna frv. af tveimur sem tengist þeirri kerfisbreytingu að flytja útflutningsviðskipti til utanrrn. og sem fyrr þegar við ræddum þetta mál við 2. umr. er hæstv. utanrrh.,

sem á að taka við þessum málaflokki, fjarstaddur. Ég vil spyrja virðulegan forseta hvort vitneskja liggi fyrir um það hvenær hæstv. utanrrh. mætir hér til starfa á hinu háa Alþingi, hvort það verður t.d. á morgun og hvort liggi þá á að afgreiða bæði þessi mál í burtu frá deildinni, hvort ekki sé mögulegt að fresta þriðju og síðustu umræðu um þetta mál í ljósi þess að það kann að vera og verður væntanlega, ef að líkum lætur, síðasta tækifæri deildarmanna til að ræða þessa kerfisbreytingu í tengslum við afgreiðslu þessara frv. Það væri að mínu mati æskilegt ef hæstv. utanrrh. gæti orðið viðstaddur hér áður en málið færi frá deildinni til að svara spurningum sem bornar voru upp í gær og aðrir hæstv. ráðherrar reyndu vissulega að svara en sem skiljanlegt er er það fyrst og fremst í verkahring hæstv. utanrrh. sem á að taka við þessum málaflokki. Hann er auk þess kunnur áhugamaður um það að þessi kerfisbreyting nái fram að ganga. Þar af leiðandi væri það æskilegt að hann gæti verið hér viðstaddur og ég ber fram ósk þar um og spyr hæstv. forseta hvort möguleiki sé á því að verða við henni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa það, af því að beint var til mín fsp. um fjarvistir utanrrh., að hann er ekki væntanlegur hingað, a.m.k. þessa viku. Hér er fyrir hann varamaður inni á þingi eins og stendur. Hann mun því ekki geta svarað fyrir þetta mál á næstunni. Hins vegar vil ég benda á það að þetta mál er í fyrri deild og það er að sjálfsögðu ekki útrætt hér í hv. Alþingi.

Benedikt Bogason:

Hæstv. forseti. Þar sem það frv. sem var verið að samþykkja áðan og þetta frv. sem nú liggur fyrir eru eiginlega nokkurn veginn sama málið þá langar mig að skjóta hér inn nokkrum atriðum sem alveg eins hefðu átt við fyrra frv. Eins og ég sagði í gær við 2. umr. um þetta mál, og kom fram í brtt. sem var verið að fella áðan, þá er það skýr stefna Borgarafl. að útflutningsverslunin verði gefin frjáls, en jafnframt því að tryggt sé að ávallt verði farið eftir reglum um gæðamat og gæðaeftirlit vegna útflutningsvöru okkar. Á þessum tímamótum sem væntanlega verða, að utanrrn. með nýju fólki tekur við þessari deild af viðskrn., vil ég koma á framfæri ábendingum sem skipta máli.

Ég lýsti því líka yfir í gær að ég væri einmitt hlynntur því að utanrrn. yfirtæki utanríkisverslunina. Þessi afstaða mín mótast af því að ég tel að í dag miðað við nánustu framtíð og kannski til lengri tíma þá kreppi skórinn helst að okkur í markaðs- og sölumálum afurða okkar. Hin ýmsu sölusamtök og samninganefndir hafa vissulega unnið gott starf í að koma vöru okkar á markað. Þau voru stofnuð á þeim tíma er Ísland var einangrað og markaðsþekking framleiðenda í landinu ekki yfirgripsmikil almennt. Nú er einangrunin rofin og komin ný samgöngutækni sem opnar leiðir inn á markaðina sjálfa, millilíðalaust í mörgum tilfellum, þannig að við höfum tækifæri til að nálgast neytendurna sjálfa af ungu, hressu, vel menntuðu fólki sem hefur lært list markaðssetningar og sölumennsku.

Einu sinni var ungur íslenskur verkfræðingur, sem starfaði að framkvæmdum í Bandaríkjunum, meðal fólks og kynntist vel venjum þeirra og siðum. Þessi maður, sem var hugmyndaríkur og stórhuga, kom til Íslands og hóf hér störf og tókst að byggja upp það stórveldi sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er og opna nýjar leiðir með nýjum vinnsluaðferðum inn á Bandaríkjamarkað. Þessi maður hét Jón Gunnarsson. Skyldu nú ekki leynast margir slíkir Jónar meðal Íslendinga sem ekki komast að eða fá áheyrn hjá einokunarrisunum eða í ráðuneytunum? Ég fullyrði að þeir leynast ekki. Þeir eru til, með blóð víkingaþjóðarinnar í æðum, en kerfið, risarnir og ráðuneyti halda þeim kannski niðri. Þeir fá ekki leyfi. Og af hverju fá þeir ekki leyfi? Jú, þeir gætu undirboðið. Þeir gætu selt skemmda vöru og sett blett á viðskiptaheiður hinnar stoltu þjóðar í norðri. Málið er að við erum í fullum gangi í þróun sem leiðir af breyttum aðstæðum í heiminum, m.a. tilhneiging til aukins frjálsræðis og áðurnefnda nýja tækni í samgöngum sem tengist framförum í geymslutækni, auk nýjunga í verkun og pökkun afurða.

Það er víða til beint samband á milli framleiðenda á Íslandi og neytenda erlendis. Við verðum því að laga okkur að þeirri staðreynd, m.a. með nauðsynlegum lagabreytingum, að Ísland er ekki lengur útkjálki viðskiptalega séð. Þó að kannski hafi ekki tekist í þessum áfanga að stíga skrefið til fulls þá er ætlun mín hér með þessu að hvetja alltént þá ungu starfsmenn í utanrrn., sem yfirtaka þennan þátt, að nota heimildina mjög varlega og að vera opnir fyrir framþróun í þessum málum. Við verðum að nýta okkur landfræðilega möguleika Íslands. Við erum staðsettir hérna mitt á milli stóru risanna, Efnahagsbandalagsins og Ameríkumarkaðarins. Þetta eigum við að nýta okkur en ekki skríða neins staðar undir pilsfald, eins og því miður virðist liggja í kollinum á ýmsum sjálfskipuðum spekingum nýfrjálshyggjunnar sem hér hefur riðið húsum.

Ég vil svo að lokum hvetja til þess, eins og ég hef sagt áður, að við virkilega opnum okkur fyrir þeim gífurlegu möguleikum sem þegar blasa við í markaðsmálum, möguleikum sem gera kröfu til þess að hver og einn nýtist, einstaklingarnir nýtist og að þeir séu ekki drepnir niður af einhverjum skrifuðum eða óskrifuðum reglum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég einsetti mér nú þegar ég fór hingað inn að tala bara þegar ég þyrfti en ekki að óþörfu eða þegar aðrir væru búnir að segja það sem ég hefði kannski gjarnan viljað segja. En ég verð að segja það eins og er að nú finnst mér ég verða að tala. Og hvort sem það mælist vel fyrir eða illa, þá verð ég að segja það að ég hef aldrei unnið á vinnustað eins og þessum. Hér virðist fólk ekkert

hirða um að mæta, hvað sem verið er að gera. Hér er ágætur forseti sem áminnir fólk um að vera kyrrt og sinna málum deildarinnar. Hann hefur varla lokið málið sínu eða sá ræðumaður sem kemur á eftir honum þegar menn hlaupa út. Og þetta virðist ekkert gera til. Menn eru ekki látnir sæta neinni ábyrgð fyrir þetta. Hvað er gert við fólk á almennum vinnumarkaði? Ég hef unnið í ákaflega mörgum erfiðisstörfum og ég held að þið hljótið að vita það að ef fólk kemur t.d. fimm mínútum of seint í vinnu þá má draga af því kortér. Það er sjálfsagt ekkert dregið af þeim þm. sem ekki eyða nema sáralitlu af þeim tíma sem þeir eiga að sitja hér inni í þingsölunum. Mér finnst alveg ómögulegt að taka þessu þegjandi. Ég held að stjórnarandstaðan, sem hefur þó mætt miklu betur en stjórnarliðar, eigi að taka sig saman og hreinlega skipuleggja einhverjar aðgerðir gegn þessu. Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur og hv. alþm. til vansa.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil taka það fram, þó að hér sé e.t.v. um þarfa áminningu að ræða, að þá er hér til umræðu frv. um Útflutningsráð Íslands, en þessi ræða hefði kannski átt betur heima undir umræðum um þingsköp.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Þrátt fyrir síðustu orð forseta vildi ég leyfa mér að taka undir orð hv. 16. þm. Reykv. hér rétt áðan. Þar var hvert orðið öðru sannara.

En svo vík ég að því máli sem fyrir liggur. Ég vildi minna hv. þingdeild á að það sem við erum hér að ræða er Útflutningsráð Íslands eða færsla á forræði þess frá viðskrn. til utanrrn., en ekki útflutningsleyfaveitingar. Það mál hefur þegar fengið afgreiðslu og ég fullvissa hv. 5. þm. Reykv. að hvergi er í þessu frv. vikið að því að draga úr hvatningu til að menn flytji héðan varning eða þjónustu úr landi til þess að afla þjóðarbúinu tekna. Þvert á móti er það tilgangur Útflutningsráðsins að hvetja menn til dáða á þeim vettvangi. Og það er einmitt í mjög góðu samræmi við andann í ræðu hv. 5. þm. Reykv. hér rétt áðan. Það sem hér er um að tefla er einföld formleg till. sem ég flyt og hún er sú að forræði Útflutningsráðsins verði fært til utanrrn. í þeim tilgangi að þar verði á einni hendi öll útflutningsörvandi starfsemi til þess að nýta enn betur þá góðu starfskrafta sem utanríkisþjónustan býr yfir. Þetta er tilgangur frumvarpsins.

Ég vildi líka vekja athygli hv. þingdeildar á því að viðskrn. tilnefnir eftir sem áður mann í stjórn Útflutningsráðs Íslands. Þar með er tryggt að hin innlendu viðskipti, sem auðvitað geta oft og einatt verið nátengd erlendum viðskiptum, og breytast sem betur fer oft í slík viðskipti, eru þarna á sínum stað.

Að lokum mælist ég svo til þess að þetta mál fái nú skjóta afgreiðslu því það er eitt af þeim sem er nauðsynlegt að ljúka sem fyrst.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er svo sem góðra gjalda vert að hæstv. ráðherra beri fram frómar óskir um skjóta afgreiðslu mála trekk í trekk þegar að þau ganga svo stirðlega fram sem raun ber vitni, ekki síst vegna fjarvista hans eigin flokksbræðra úr þingsölum. Ég hef efnislega ekki miklu við þá umræðu að bæta sem hér fór fram í gær um þessi mál og þessa kerfisbreytingu, og vil ekki tefja tíma þingdeildarinnar með því að fara að endurtaka það. En ég hlýt að segja að ég harma það að ekki skuli vera orðið við óskum um að því verði frestað að afgreiða bæði þessi mál frá deildinni, þangað til að hæstv. utanrrh. getur mætt hér á fundi og setið fyrir svörum. Ég vek athygli á því að þar með verður hæstv. utanrrh. fjarverandi bæði 2. og 3. umr. beggja þessara mála, í þessari þingdeild, og það er að mínu mati óeðlileg afgreiðsla, virðulegur forseti, með tilliti til þess hvaða mál og hvers konar kerfisbreyting er hér á ferðinni.

Ég vil taka það sérstaklega fram að hv. 3. þm. Reykn. er auðvitað alls góðs maklegur, en það er tæpast hægt að vísa til þess að hér sitji inni varamaður fyrir hæstv. utanrrh., óbreyttur hv. þm., og ætlast til þess að það komi í stað þess að hér sitji hæstv. utanrrh. sem slíkur fyrir svörum. Þó ég efist ekki um það að hv. þm. Níels Árni Lund hafi gott vit á þeim málum sem hér eru til umræðu. En það er ekki það sem málið snýst um. Hér hefur sá ráðherra sem á að taka við þessum málum verið fjarverandi við afgreiðslu beggja þessara mála, og það er ekki unnt að verða við óskum um að fresta afgreiðslu þeirra úr deildinni þangað til hann mætir hingað.

Ég get því enn síður en áður lagt til, virðulegur forseti, að þessi mál verði samþykkt með allt það í huga sem á undan er gengið, og mun því leggja til við mín flokkssystkini að þau greiði atkvæði gegn þessu frv.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil geta þess að ég ber að sjálfsögðu mjög mikið traust til hv. 3. þm. Reykn. Ég gat um hans nærveru hér til skýringar því að utanrrh. verður ekki hér við þessa viku. Mér er fullljóst að hann gegnir ekki þeim skyldum. (Gripið fram í.) Og aðrir ráðherrar, þar á meðal viðskrh. og forsrh., hafa verið viðstaddir þessa umræðu. Og ég ítreka það sem ég sagði um að málið er enn þá í fyrri deild.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi taka undir seinasta hluta í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann fór þess á leit að þetta mál yrði ekki afgreitt fyrr en hæstv. utanrrh. væri viðstaddur og gæti tekið þátt í umræðum.

Það hefur margkomið fram hér í þessum umræðum um bæði þessi dagskrármál, það sem fyrr var afgreitt hér, útflutningsleyfi, og það sem nú er hér á dagskrá, Útflutningsráð Íslands, að menn hafa nokkuð fjallað um það fram og aftur. Annars vegar

form þessara mála og hins vegar efni. Nú nýverið var tekin efnisleg afstaða hér í deildinni um efni fyrra málsins og það var út af fyrir sig góðra gjalda vert. En það hefur líka komið fram hér í umræðum um bæði þessi mál að það sem knúði menn til þessara breytinga hafi verið t.d. hagræðingarsjónarmið og annað þvíumlíkt. En auðvitað er kjarninn í þessum efnum sá að hæstv. ríkisstjórn var sett á laggirnar á sl. sumri og þá kom upp sú staða að það þurfti að ná samkomulagi og þetta atriði sem hér er verið að lögleiða er eitt af þeim atriðum sem var til lykta leitt í þeim samningum. Ég gagnrýndi það hér í gær og taldi það óeðlilegt með öllu að breyting á stjórnskipunarlögum ríkisins eða lögum um stjórnarráð bæri að með þeim hætti að það væri samkomulag fárra manna á miðju sumri sem væru að koma ríkisstjórn á laggirnar sem væri undanfari slíkrar lagasetningar sem hér er um að ræða.

Menn hafa sagt hér að það sé ekki efni málsins sem sé verið að taka afstöðu til. Það er verið að taka afstöðu til þess að framlengja sama innihald þessara laga og verið hefur hér um árabil. Ég hef ásamt ýmsum félögum mínum hér í hv. þingdeild tekið þátt í því að reyna að breyta því inntaki og því efni. En þar sem hæstv. utanrrh. er nú fjarverandi og hefur ekki getað tekið þátt í umræðu eða í því að fylgja þessu máli fram hér í hv. deild, þá vil ég enn og aftur taka undir þau orð hv. 4. þm. Norðurl. e. að málinu verði frestað til endanlegrar afgreiðslu þannig að hann geti tekið þátt í afgreiðslu þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á síðasta þingi var í 42. gr. laganna gert ráð fyrir því að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefði sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Hér var um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, en þessi háttur hefur tíðkast nokkuð með grannþjóðum vorum.

Frv. það sem hér er til umræðu fjallar um breytingu á l. nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í gildistökulögunum frá því í vor eru auk ákvæða um sjálfa gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og ákvæða tengd þeirri gildistöku í lögunum reglur um það hvernig háttað skuli skattlagningu á tekjur manna á núverandi tekjuári, þ.e. árinu áður en staðgreiðsla tekur gildi.

Samkvæmt 5. gr. gildistökulaganna skulu svokallaðar yfirfærðar tekjur, sem taldar verða fram sem tekjur ársins 1987, skattlagðar við álagningu, en skattur af þeim ekki felldur niður. Yfirfærðar tekjur teljast þær tekjur sem komnar eru til vegna breytingar á uppgjörsaðferð eða á annan hátt eru færðar frá fyrri eða síðari árum til ársins 1987.

Þessu til skýringar mætti nefna dæmi sem upp kynni að koma sem gæti verið í því fólgið að einstaklingar með rekstur á sínum snærum kynnu að búa sér til tekjur á árinu 1987, hugsanlega í því formi að greiða sér fyrirframlaun sem væru síðan skuldfærð hjá fyrirtæki en viðkomandi einstaklingar síðan tekjulausir eftir að staðgreiðsla tekur gildi.

Í þessu frv. er lagt til að ótvírætt verði kveðið á um það að ef þessar tekjur eru ekki eða hafa ekki verið rétt tilgreindar sé tryggt að skattstjóri hafi sömu heimild til endurákvörðunar á gjaldstofnum og álagningu og almennt er í hliðstæðum tilvikum. Telja verður eðlilegt að breyting sú sem frv. felur í sér nái fram að ganga.

Ég vænti þess að hv. þm. veiti frv. þessu brautargengi og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 199.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, sem flutt er í tengslum við lög um staðgreiðslu opinberra skatta. Endurskoðun og endurmat þeirra laga og þeirra breytinga á tekjuskattslögunum sem gerð var á síðasta þingi hefur farið fram á milli þinga og brtt. líta dagsins ljós í þeim frumvörpum sem fram hafa verið lögð af ríkisstjórninni.

Þau lög sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. breytingar á tekjuskattsálagningunni, þ.e. lögin frá síðasta þingi og þetta frv. eru merkir áfangar í skattalöggjöfinni. Þeir eru ekki eingöngu merkir vegna þess að þeir gera okkur kleift að taka hér upp einfalt staðgreiðslukerfi, þeir eru ekki síður merkir áfangar að endurskoðun skattakerfisins í heild sem stefnir að því að skapa hér heildstætt, skilvirkt og einfalt skattakerfi. Endurskoðun skattalaga hefur lengi verið á dagskrá og rétt að þeim breytingum sem gerðar hafa verið verði fylgt eftir af fullri einurð.

Skattalög okkar eru ekki gömul af lögum að vera.

Jafnvel þótt svo væri fæli það ekki í sér sjálfkrafa ástæður til endurskoðunar. Gæði skattalaga fara ekki eftir aldri þeirra heldur eftir því hvernig þau eldast eða hvernig þau eru látin eldast. Endurskoðun skattalaga nú byggist ekki heldur á því að þau lög sem við búum við hafi í grundvallaratriðum verið svo afspyrnu léleg. T.d. voru tekjuskattslögin að ýmsu leyti um margt athyglisverðari en sambærileg löggjöf sem við þá þekktum annars staðar.

Meginástæður fyrir brýnni þörf breytinga nú eru tvær. Annars vegar breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og hins vegar þær beyglur og göt sem gerð hafa verið á skattakerfið á liðnum árum eða hafa loðað við það að sumu leyti frá upphafi. Þær breyttu aðstæður, sem kalla á breytingar tekjuöflunarkerfisins, eru m.a. vöxtur samneyslunnar með tilsvarandi kröfum um stöðugleika og styrk ríkistekna, samskipti við aðrar þjóðir og kröfur á þeim vettvangi um óhlutdrægni skatta og enn fremur þær breytingar sem orðið hafa á hlutverkum einstakra tekjustofna í tekjuöflun ríkisins.

Sem nánara dæmi má í fyrsta lagi nefna að viðskiptatengsl okkar og aðild að viðskipta- og tollabandalögum knýja á um lækkun og samræmingu tolla.

Í öðru lagi má nefna að samkeppnisáhrif af lágum söluskatti eru e.t.v. þolandi, en hár söluskattur veldur óviðunandi mismunun ef hann er færður út á hinn breiða skattstofn.

Í þriðja lagi er hlutur tekjuskatts í tekjuöflun ríkisins og í tekjum í þjóðfélaginu orðinn það rýr að ómögulegt er að ná fjölþættum markmiðum öðrum, t.d. tekjujöfnun, eflingu sparnaðar, öflun íbúðarhúsnæðis og aukinni fjárfestingu í atvinnurekstri, svo eitthvað sé nefnt, með því að beita skattalögum.

Flestar undanþágur í skattalögum í formi skattfrelsis vissra tekna vöru eða þjónustu eða í formi frádráttarheimilda af mismunandi gerð eru vissulega í flestum tilvikum gerðar af góðum hug og þeim ætlað að þjóna markmiðum sem átt hafa og eiga vafalaust sum hver einhvern rétt á sér. Því miður hefur reynslan af undanþágukerfi í sköttum nær alls staðar orðið sú að því fylgir misnotkun og það býður upp á skattundanskot og skattsvik. Ófyrirséð eða óathuguð viðbrögð þeirra sem við kerfið eiga að búa leiða til þess að góðar fyrirætlanir snúast upp í brot á því jafnræði sem þegnarnir eiga kröfu á í skattamálunum.

Oft reynast undanþáguákvæðin eða raunveruleg áhrif þeirra vera í andstöðu við önnur markmið skattalaga, t.d. tekjujöfnunarmarkmið þar sem það eru í reynd þeir betur settu, hinir tekjuhærri og eignameiri sem hafa tök á því öðrum fremur að nota sér undanþágur. M.a. vegna þessara annmarka á undanþáguskreyttum skattakerfum hafa fræðimenn og stjórnmálamenn á síðustu einum til tveimur áratugum mótað, skilgreint og notað hugtakið skattútgjöld. Með því hugtaki er reynt að undirstrika hið sameiginlega með niðurfellingu skatttheimtu og beinum útgjöldum. M.a. hefur vinnuhópur á vegum norrænu ráðherranefndarinnar unnið skýrslu um þessi mál. Hún var lögð fram í sept. og er nú til athugunar í ráðuneytum landanna. Frá sjónarhorni skattaútgjalda má líta á allar skattaívilnanir, hvort sem er í beinum sköttum eða óbeinum, sem ríkisútgjöld, niðurgreiðslur eða styrki. Það er lærdómsríkt að velta fyrir sér hversu háar þær niðurgreiðslur eru eða styrkir sem íslenska ríkið veitir með sumum skattaundanþágum. Það er ekki síður lærdómsríkt að velta fyrir sér hverjir njóta þessara og hvort það er í samræmi við tilætlan löggjafans.

Hin stjórnmálalega niðurstaða sem leiða má af því sem nefnt hefur verið er einföld. Annars vegar: Látum skattakerfið vera einfalt tekjuöflunarkerfi og undanþágulaust. Með því sköpum við því forsendur til að vera skilvirkt og réttmætt. Með því sköpum við bestu skilyrði til góðrar framkvæmdar og eftirlits. Hins vegar: Mætum réttmætum þörfum einstakra þjóðfélagshópa og pólitískum markmiðum öðrum með beinum fjárveitingum eða styrkjum. Tökum þannig ábyrga afstöðu fyrir opnum tjöldum, en felum hana ekki í frumskógi undanþága og frávika sem enginn veit hvað út úr kemur þegar upp er staðið.

Þau orð sem hér hafa verið sögð eiga ekki sérstaklega við það frv. sem hér er til umræðu eða tekjuskattslögin ein. Þau eiga ekki síður við um aðra skatta, óbeina skatta eða tolla og eru sögð hér til að minna á samhengi þessa frv. við grundvallaratriði í endurskoðun í skattamálum sem hafin er, grundvallaratriði sem í sjálfu sér eru mikilvægari en einstök ákvæði frv.

Víkjum nú að tekjuskattinum sérstaklega og endurskoðun þeirra laga. Sú endurskoðun er af hagkvæmnisástæðum m.a. unnin í þremur þáttum: Skattar af launatekjum einstaklinga, skattar af eignatekjum og skattar fyrirtækja. Þetta frv. og þau lög sem afgreidd voru á síðasta þingi snerta aðeins fyrsta þáttinn. Engu að síður á að meta það með tilliti til hinna þáttanna einnig og móta með afgreiðslu þess stefnu sem auðveldi næstu skref.

Það er meira en hálf öld síðan sett var fram sú kenning að tekjuskatt einstaklinga ætti að leggja á tekjur eins og þær eru skilgreindar hagfræðilega, þ.e. samtölu af neyslu einstaklings og breytingu á eignum hans á tilteknu tímabili. Samkvæmt þessu á að leggja að jöfnu í skattalegu tilliti allar tekjur hvort sem þær koma sem afrakstur launavinnu, sem hagnaður af rekstri fyrirtækis eða eign hlutabréfa, sem vextir af sparifé eða öðrum eignum eða aukning á eignum eða verðmæti eigna. Þótt þessi viðhorf hafi öðlast víðtæka viðurkenningu hagfræðinga og stuðning stjórnmálamanna hefur reynst tafsamt að koma á breytingum skattalöggjafar á þessum grundvelli. Vafalaust á sterk aðstaða hagsmunaafla sinn þátt í því og eins það að oft hefur reynst lítill vilji vera fyrir hendi hjá stjórnmálamönnum til að vega og meta hver er raunveruleg niðurstaða þeirra undanþága og frávika sem skattalög ákveða.

Með þeim lögum sem hér eru til umræðu var á

síðasta þingi tekið stórt skref í átt til tekjuskattakerfis sem er samræmt í þeim skilningi að sami skattur verði lagður á sömu tekjur óháð því hvaðan þær koma. Einkenni slíks skattakerfis er breiður skattstofn sem gerir hins vegar kleift að lækka skatthlutföll sé stefnt að óbreyttum skatti. Þótt stórum áfanga sé náð eru aðrir eftir, vandasamir og líklegir til að verða tilefni til nokkurs ágreinings þar sem er skattlagning eignatekna og skattlagning fyrirtækja. Skattlagning eignatekna felur í sér tvo meginþætti sem báðir eru tæknilega vandasamir og viðkvæmir þar sem þeir snerta eða eru taldir snerta önnur pólitísk markmið. Þessir þættir eru annars vegar eignatekjur í formi vaxta, arðs og hvers kyns greiddrar leigu eftir fé eða aðrar eignir og hins vegar eignaauki í hvaða mynd sem er.

Tæknilegu vandamálin í þessu sambandi tengjast mælingu raunvaxta eða annarra rauntekna og ákvörðun aukningar á raunvirði eigna, svo og því upplýsingakerfi sem fyrir þarf að vera til þess að framkvæma þessa skattheimtu með skilvirkum hætti. Skattfrelsi tekna af þessum toga, sem nú er mjög víðtækt, hefur a.m.k. að hluta til verið ákveðið með tilliti til markmiða, sem æskileg hafa verið talin, svo sem aukins sparnaðar eða aukinnar fjárfestingar. Þótt gildi þessara markmiða verði ekki dregin í efa verður að spyrja hvort þessi skattfríðindi hafi borið þann árangur sem til var ætlast og hvort breytt skattakerfi með lægri jaðarskatti breyti ekki þeim forsendum sem við var miðað. Enn fremur þarf að hafa í huga að þessi skattfríðindi hafa einnig í för með sér óæskileg áhrif og vinna gegn æskilegum efnahagslegum markmiðum og efnahagspólitískum markmiðum sem stefnt er að með öðrum þáttum skattakerfisins. Sem dæmi um slíkt má nefna að núverandi ástand í þessum efnum er líklegt til að vinna gegn eiginfjármyndun fyrirtækja og það dregur úr þeim tekjujöfnunaráhrifum sem ætlað er að ná með álagningarkerfinu.

Skattlagning fyrirtækja hefur lengi verið og er álitamál. Til eru talsmenn þess að ekki beri að leggja skatta á fyrirtækin sjálf, heldur einstaklingana sem eiga þau þegar hagnaður af starfsemi kemur fram hjá þeim sem tekjur í formi arðgreiðslu eða sem eignaauki. Þrátt fyrir að þessi sjónarmið séu skiljanleg hefur reyndin orðið sú víðast hvar í grannlöndum okkar og einnig hér að lagður er tekjuskattur á fyrirtæki. Koma þar til ástæður af pólitískum og framkvæmdalegum toga. Almenningur aðgreinir lítt eðlismun fyrirtækis og einstaklings sem skattgreiðanda og teldi það ekki samræmast sanngirnissjónarmiðum að mismuna í þessu efni fyrirtækjum í vil.

Þá styðst skattlagning fyrirtækja einnig við það að erfiðleikar eru á að rekja og heimfæra raunverulegar tekjur á þá einstaklinga sem þeirra njóta, a.m.k. að því leyti sem þær eru fólgnar í eignamyndun og einkaneyslu eigenda innan fyrirtækis. Skattlagning fyrirtækja verður þannig liður í því að ná til allra tekna og liður í að skattlagning sé stígandi eftir tekjum.

Ég hef nú eytt nokkrum tíma í að fjalla um það samhengi og það skattalega umhverfi sem skoða þarf þegar fjallað er um breytingar á lögum um tekjuskatt. Ég hef gert það í þeim tilgangi að þm. beini sjónum sínum að hinum stóru mótandi þáttum og týni ekki áttum með því að einblína eingöngu á smáatriði sem að sjálfsögðu þurfa einnig að vera í lagi. Ég hef líka fjallað um hið víðara samhengi til þess að þm. verði fremur undir það búnir að taka á síðari áföngum þessarar endurskoðunar sem við blasir á næsta ári.

Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um breytingar á l. nr. 75 frá 1981, einkum þeim þáttum þeirra sem ákveðnir voru á síðasta þingi. Með lögum nr. 49 1987 um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, voru gerðar veigamiklar breytingar á skattlagningu einstaklinga. Helstu breytingarnar voru annars vegar þær að skattstofn tekjuskatts og útsvars var sameinaður í einn stofn og niður felldar nær allar sérstakar frádráttarheimildir. Hins vegar var álagning tekjuskatts og innheimta útvars ákveðin með einu skatthlutfalli og almennum persónuafslætti og sjómannaafslætti. Auk barnabóta og barnabótaauka voru teknar upp húsnæðisbætur.

Þegar skattafrv. voru til umfjöllunar á Alþingi sl. vor var ákveðið að skipa nefnd sem skyldi yfirfara og endurmeta ákvæði hinna nýju laga, m.a. þegar fyrir lægju framtöl fyrir tekjur ársins 1986 og álagning gjalda 1987. Nefnd þessi, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokkanna auk fulltrúa frá fjmrn., Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, hefur skilað ítarlegri álitsgerð og tillögum um ýmsar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tekju- og eignarskatt. Þegar hafa verið flutt frv. um breytingar á lögum um staðgreiðslu og lögum um gildistöku þeirra laga og þetta frv. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt byggir að mestu á álitsgerð nefndarinnar um þau atriði er varða álagningu tekjuskatts.

Nefndin varð sammála um öll meginatriði þess verkefnis sem henni var falið, en nokkrir nefndarmanna gera í séráliti grein fyrir sérafstöðu sinni til einstakra mála eða áskilja sér rétt til annarrar niðurstöðu á síðari stigum í umfjöllun málsins.

Niðurstaða nefndarinnar er að ekki þurfi að gera meiri háttar breytingar á uppbyggingu laganna eða efni til þess að þau nái þeim tilgangi og áformum um skattlagningu sem uppi voru við samþykkt þeirra. Hins vegar leiða breyttar forsendur í verð- og kauplagsmálum, þ.e. verulega aukinn kaupmáttur frá því sem áætlað var, til þess að gera þurfi breytingar á persónuafslætti og barnabótum til þess að staðið verði við skattlagningaráformin.

Frv. þetta byggir í aðalatriðum á álitsgerð nefndarinnar. Nefndin gerir ekki í öllum efnum beinar tillögur, en þar er stuðst við þær athuganir og greiningar sem nefndin gerði. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingu á lögum um tekju- og

eignarskatt vegna álagningar á því ári var miðað við að beinir tekjuskattar einstaklinga til ríkisins að meðtöldu gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og að viðbættum sóknar- og kirkjugarðsgjöldum yrðu um 4,3% af heildartekjum einstaklinga. Skattbyrði mæld með þessum hætti átti þannig að lækka úr 4,6% árið 1986 eða um 0,3%. Lækkun þessi svaraði til 300 millj. kr. Til viðbótar þessari lækkun ákvað núv. ríkisstjórn við valdatöku á miðju þessu ári hækkun barnabótaauka sem svaraði til 0,1% í skattbyrði. Samkvæmt því átti skattbyrði þessa árs að vera 4,2% hefðu áætlanir um verðlags- og kauplagsþróun gengið eftir.

Eins og kunnugt er var þróun kauplags og verðlags allt önnur en ætlað var í upphafi árs. Í stað um 20% hækkunar á launum sem áætluð var á milli áranna 1986 og 1987 lítur nú út fyrir að þessi hækkun verði 37–38%. Leiðir það til þess að skattbyrði af tekjuskatti til ríkisins og öðrum framangreindum gjöldum verður lægri eða um 3,4% árið 1987 í stað 4,2% eins og áform stóðu til. Þessi sveifla í skattbyrði sem stafar af því að ófyrirséðar breytingar valda frávikum frá áformum Alþingis er dæmi um neikvæð einkenni núverandi eftirágreidds tekjuskatts. Annað slíkt dæmi kom fram 1984 þegar verðlags- og kauplagsþróun leiddi til aukinnar skattbyrði sem ekki var þá áformuð.

Vegna breytinga á kauplagi umfram verðlag þarf að breyta álagningarreglum ef ná á þeirri skattbyrði sem áformuð var. Í áliti nefndarinnar kemur fram að það er unnt að gera með ýmsu móti, lækkun skatthlutfalls eða hækkun afsláttar og bótaliða. Lækkun skatthlutfalls breytir dreifingu skattbyrði á þann veg að ekki þótti ráðlegt að fara þá leið og er því gert ráð fyrir að hækka persónuafslátt, barnabætur og barnabótaauka til að ná settum markmiðum.

Í frv. er gert ráð fyrir að þessir liðir verði hækkaðir um 8,7–10% umfram það sem orðið hefði að óbreyttum lögum frá því í vor. Sú tillaga er að mestu í samræmi við svokallað álagningardæmi 2 í álitsgerð nefndarinnar og sýna þeir útreikningar sem gerðir voru fyrir nefndina að með þessu álagningarkerfi næst áformuð skattbyrði. Þótt skattbyrði mæld sem hlutfall skatta af tekjum haldist óbreytt er það ljóst að ráðstöfunartekjur eftir greiðslu tekjuskatta verða meiri en áætlanir í upphafi árs gerðu ráð fyrir. Kaupmáttur þeirra verður 8–10% hærri en líklegt þótti þá. Við mat á skattbyrði og samanburð við liðinn tíma og athugun á þeim útreikningum sem gerðir voru fyrir milliþinganefndina og fylgja áliti hennar verður að hafa nokkur atriði í huga þegar almennar ályktanir eru dregnar.

1. Áformuð skattbyrði 1987 og þar með áformuð skattbyrði samkvæmt frv. var hærri en varð í reynd 1987. Í fylgiritum álitsgerðarinnar er hins vegar gerður samanburður við árið 1987 þegar skattbyrði varð um 0,8% lægri en að var stefnt.

2. Núverandi kerfi er þannig að verðbólga og launabreytingar breyta skattbyrði mjög misjafnlega eftir tekjum og sköttum. Hafi þessar verðbreytingar farið fram úr áætlun hefur það leitt til breytinga á dreifingu skattbyrði þannig að skattbyrði lækkaði því meir sem ofar dró eftir tekjuskalanum. Sem dæmi má nefna að sú tekjubreyting milli áranna 1986 og 1987 sem að framan var nefnd umfram það sem áætlað var leiðir til þess að skattbyrði við skattleysismörk breytist ekki en skatthlutfall lækkar hjá þeim sem hærri tekjur höfðu.

Sem dæmi um þetta má nefna að áætluð skattbyrði um 10% hefði í reynd orðið á árinu 1987 8,7% eða 1,3 prósentustigum lægri. Sú skattbyrði sem áætluð var 20% hefði í reynd ekki orðið nema 17,5% og sú skattbyrði sem áætluð var 30% hefði í reynd ekki orðið nema 25,6% vegna raunverulegra verðbólguáhrifa og sýnir það vel hversu verðbólga eða ófyrirséðar verðhækkanir geta orðið ráðandi um heildarniðurstöðu af skattbyrði eða dreifingu hennar á einstaka hópa samkvæmt gamla kerfinu sem við nú leggjum til að verði aflagt.

Þannig verður allur samanburður við fyrri ár háður verð- og launaþróun milli tekjuárs og greiðsluárs sem hefur áhrif bæði á heildarútkomu og dreifingu á skattbyrði.

3. Þá þarf að hafa í huga að hluti af breytingu skattlagningarinnar er fólginn í breikkun á skattstofninum. Sú breikkun kemur misjafnlega út og er talið að breikkunin muni fyrst og fremst leiða til aukinnar skattlagningar í efri hluta tekjuskalans, einfaldlega vegna þess að það er í efri hluta tekjuskalans sem menn einkum hafa notið frádráttarliða og hlunninda.

Að lokum skal minnt á að í útreikningum milliþinganefndarinnar varðandi skattbyrði er reiknað með 6,25% útsvari til sveitarfélaga þar sem sýnt var að sú tala nægði þeim til að halda óbreyttum hlut. Félmrh. hefur ákveðið að á næsta ári skuli 6,7% útsvar innheimt með staðgreiðslu. Ákvörðun þessi var tekin að undangengnum miklum umræðum þar sem Samband ísl. sveitarfélaga vildi ganga miklu lengra í þessu efni og hækka töluna í 7,5%. Ákvörðun þessi er tekin af þeim aðila sem hana á að taka og er hér ekki tilefni til að að gera neina athugasemd við hana. Rétt er þó að vekja athygli þingheims á nokkrum atriðum er mál þetta snerta og tengjast því.

Tillaga stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga hefði þýtt hækkun útsvars um u.þ.b. 1,7 milljarða kr. á næsta ári umfram verðlagsbreytingar. Þörf fyrir þessar auknu tekjur var m.a. rökstudd með því að sveitarfélögin hefðu á þessu ári fórnað tekjum með lækkun útsvarsprósentu í tengslum við kjarasamninga á sl. ári. Víst var þar um nokkra lækkun að ræða en ekki meiri en svo að þrátt fyrir hana óx álagt útsvar milli áranna 1986 og 1987 um 34,7% sem er langt umfram almennar verðlagsbreytingar á sama tíma, þannig að þrátt fyrir fórnir sveitarfélaganna óx raungildi útsvarstekna þeirra verulega og var í ár 15–30% hærra en það hefur verið á liðnum árum frá 1982. Slæm staða sveitarsjóða sem talin var ástæða til að hækka útsvar er því ekki tilkomin vegna brests

á útsvarstekjum. Þar á hljóta að vera aðrar skýringar, annar tekjubrestur, sem er þó ekki kunnugt um, eða útgjaldaaukning umfram verðbreytingar.

Sú niðurstaða sem varð í þessu máli, þ.e. hækkun útsvara um 0,45% hefur bein og óbein áhrif á fjárhag ríkissjóðs og stöðu annarra mála er ríkissjóð varða. Hækkun útsvarstekna á árinu 1988 mun verða á bilinu 600–700 millj. kr. umfram verðlagsbreytingar. Þar af munu 60–70 millj. koma úr ríkissjóði vegna aukinnar nýtingar á persónuafslætti til að greiða útsvar undir skattleysismörkum. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti munu því fyrirsjáanlega lækka sem þessu nemur. Þessi ákvörðun lækkar skattleysismörkin enn fremur um 6–12 þús. kr. á ári frá því sem áætlað var í fyrri útreikningum millilinganefndarinnar þegar um er að ræða einhleypinga eða hjón án barna og enn meir hjá barnafjölskyldum.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða má fullvíst telja að skattbyrði af tekjuskatti til ríkisins í heild verði um 4,2% eins og að var stefnt verði frv. þetta að lögum eins og það stendur nú.

Dreifing skattbyrðinnar verður væntanlega í litlu frábrugðin því sem nú er að því frátöldu að skattleysismörk hækka verulega. Slíkt getur þó ekki orðið nema til komi einhver hækkun hjá öðrum. Að hluta til kemur þessi hækkun frá því að frádráttarliðir eru felldir niður og skattstofn breikkaður. Að því leyti sem frádráttarliðir voru notaðir sem skattaskjól er ekki hægt að tala um raunverulega hækkun skatta, heldur er með þessu aukið samræmi í skattlagningu milli tekjuhópa. Að sjálfsögðu er ekki hægt að fullyrða að hvergi verði um að ræða breytta skattbyrði, enda yrði ekki að slíku marki stefnt nema menn væru sannfærðir um að núverandi skattakerfi væri alfullkomið.

Sú gagnrýni hefur komið fram að með kerfisbreytingunni verði dregið úr stíganda í skattlagningu, skattar lækkaðir á hæstu tekjur og því væri ástæða til að bæta við sérstöku skattþrepi fyrir hæstu tekjur. Röksemdafærsla fyrir þessari gagnrýni er ekki alveg ljós og ályktanir e.t.v. ekki einhlítar.

Í fyrsta lagi er á það að líta að í núverandi kerfi hefur stígandi skattlagningar verið breytilegur eftir verðbólgustigi og hraða launabreytinga. Sem dæmi um það má taka að á þessu ári má gera ráð fyrir að raunverulegur jaðarskattur af tekjuskatti í efsta skattþrepi og útsvari verði að jafnaði ekki hærri en 34–35%, þ.e. lægri en áformaður er á næsta ári í staðgreiðsluskattinum. Hæsta skattþrep var sem kunnugt er í gildandi kerfi 38,5% á 90% af tekjustofninum vegna hins almenna 10% frádráttarliðar sem kom í stað vaxtafrádráttar. Að óbreyttum lögum hefði því verið um að ræða hæsta jaðarskatt 38,5% sem lagðist á 90% af skattstofni eins og fyrr segir. Því næst bættist við útsvar, 10,3% að jafnaði, 2% sjúkratryggingagjald, 0,6% vegna kirkjugarðs- og sóknargjalda. Samtals er því hér um að ræða 37,5%. Þetta jafngildir jaðarskatti miðað við greiðsluár á bilinu frá 34–35% sem er eins og fyrr segir lægra en sú álagningarprósenta sem ráð er fyrir gert í þessu frv. 35,2%.

Það sem þessar talnarunur segja okkur á mæltu máli er einfaldlega þetta að við ákveðið verðbólgustig breytist í reynd jaðarskatturinn. Hann er lægri í reynd eftir því sem verðbólga fer hækkandi og reyndar lægri í reynd í efstu þrepum fjölþrepaskattkerfis allt eftir því hvað verðbólgan reynist vera mikil. Um þetta þekkjum við náttúrlega fjölmörg dæmi úr fyrri sögu okkar þegar verðbólga var hér á bilinu 60–100% og ótal dæmi sem sækja má til þeirrar reynslu um það að slík verðbólga dregur úr raunverulegri skattbyrði í eftirágreiddum skatti og þeim mun meir samkvæmt reynslu eftir því sem ofar dró í skattstiganum.

Jaðarskatturinn á hæstu tekjur er þannig í ár lægri en sá jaðarskattur sem frv. gerir ráð fyrir á næsta ári þannig að væru ákvæði frv. nú í gildi væri stígandi í skattlagningu meiri en hann er í reynd.

Í öðru lagi er það vitað að frádráttarheimildir nýttust betur í efri hluta tekjuskattsskalans en þeim neðri og möguleikar til undanskots voru þar meiri. Því má ætla að breikkun skattstofnsins leiði til aukinna skatta þar þótt svo þeir komi ekki fram í álagningarhlutfallinu sjálfu. Það leiðir hins vegar af kerfisbreytingunni sjálfri.

Í þriðja lagi er rétt að minna á það að hin endanlega dreifing skattbyrði ræðst að mjög miklu leyti af þeim tveimur þáttum tekjuskatta sem ekki er fjallað um í þessu frv., þ.e. skattlagningu eignatekna og atvinnurekstrar. Verði mótaðri stefnu um samræmingu í skattlagningu tekna fylgt fram mun það auka stíganda í tekjuskattsálagningu.

Þegar öllu þessu hefur verið til skila haldið virðist mega vísa framangreindri gagnrýni á bug og draga þá ályktun að með breytingum á tekjuskattlagningu í heild sé stefnt að stöðugri en síst minni stíganda í skattlagningu en verið hefur í hinu eldra kerfi. Frv. gerir því ekki ráð fyrir að breyta skatthlutfallinu, 28,5%, sem ákveðið var á seinasta þingi. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir að öðrum álagningarþáttum verði breytt verulega. Þar er um að ræða persónuafslátt, sjómannaafslátt, barnabætur, barnabótaauka og húsnæðisbætur. Persónuafsláttur, barnabætur og barnabótaauki er hækkaður umfram verðlagsbreytingar sem nemur því sem laun hækkuðu umfram verðlag milli áranna 1986 og 1987. Þetta hefur það í för með sér að í stað þess að þessir liðir haldi óbreyttu verðgildi hækka þeir sem nemur aukningu kaupmáttar milli áranna.

Þetta hefur veruleg áhrif til hækkunar á skattleysismörkum. Að teknu tilliti til hækkunar á útsvari og áhrifa þess á skattleysismörkin, sem fyrr var gerð grein fyrir, má gera ráð fyrir að þau, skattleysismörkin, verði nú um 42 500 kr. að jafnaði á mánuði, fyrir einhleyping án barns. Hjá barnlausum hjónum er þessi tala 77 400 kr. til 85 000 kr., eftir því hvort bæði afla tekna eða ekki. Hjá einstæðu foreldri með eitt barn eru skattleysismörkin við 45 000 kr. á mánuði og við 110 000 kr. á mánuði hjá hjónum

með tvö börn þar sem bæði afla tekna.

Það skal tekið fram að eftir að frv. var samið hefur ríkisstjórnin ákveðið að verja verulegum fjármunum á næsta ári til hækkunar á tryggingabótum og barnabótum. Að því er barnabætur varðar mun fjmrn. koma tillögum um þetta efni á framfæri við þingnefnd þá sem fjallar um málið. Þess vegna verður ekki fjallað sérstaklega um þátt barnabóta og barnabótaauka.

Frv. gerir ráð fyrir verulegri hækkun sjómannaafsláttar. Annars vegar er um að ræða endurmat á fyrri tölu og hins vegar kemur hækkunin á móti því að felld er niður heimild til þess að halda fæðishlunnindum utan skattlagningar. Hækkun þessa afsláttar er úr 212 kr. á dag í 365 kr. á dag.

Frv. gerir ráð fyrir miklum breytingum á húsnæðisbótum. Stærsta breytingin er fólgin í því að réttur til húsnæðisbóta verður látinn fylgja einstaklingi en ekki íbúð. Það leiðir til lækkunar á fjárhæð bótanna. Á móti kemur að í flestum tilvikum verða tveir einstaklingar með rétt til bóta fyrir hverja íbúð. Ekki er gert ráð fyrir að fjárhæð sem varið verður í bætur þessar í heild breytist.

Þá er í frv. endurskoðað bráðabirgðaákvæði 2, þannig að skýrt sé að þeir sem eignuðust fyrstu íbúð sína á árunum 1985–1987 og njóta ekki vaxtafrádráttar á þeim árum eigi rétt á húsnæðisbótum í sex ár frá og með álagningarárinu 1988. Ákvæði um vaxtaafslátt til handa þeim sem notið hafa réttar til vaxtafrádráttar er breytt þannig að vaxtaafsláttur inn verður miðaður við 40% greiddra vaxta umfram 7% af tekjuskattsstofni. Breytingin úr 30% í 40% er gerð með tilliti til þess að þessi afsláttur verði virkur eftir á við framtal og á að vera í meira samræmi við áhrif af núverandi vaxtafrádrætti.

Í umræðum um þessi atriði hefur einkum verið bent á tvö álitamál. Annað er að húsnæðisbætur verði greiddar þegar á sama ári og eignarhald myndast í stað þess að koma með álagningu árið eftir. Auk þess sem slík breyting yrði erfið í framkvæmd má benda á að húsnæðisbótum er ætlað að koma í stað vaxtafrádráttar nú. Vaxtafrádráttur verður sjaldnast virkur fyrr en einu til tveimur árum eftir myndun eignarhalds. Og vaxtagreiðslur hefjast yfirleitt ekki að ráði fyrr en þá. Það fyrirkomulag sem er í frv. virðist því eðlilegt með tilliti til þessa.

Þá er að benda á sérákvæði að því er varðar framkvæmdina á árinu 1988, en samkvæmt því verður vaxtafrádráttur útborganlegur, þ.e. ekki fram úr 76 000 kr., þ.e. tvöfaldar húsnæðisbætur, hjá hjónum eða einstaklingi, sbr. bráðabirgðaákvæði 1.

Hitt atriðið í þessu samhengi sem minnst hefur verið á er takmörkun vaxtaafsláttar við sex ár. Fram hafa komið hugmyndir um að lengja þann tíma í tíu ár, eða jafnvel hafa hann án tímatakmarkana. Rökin fyrir því að gera ekki breytingar í þessu efni eru einkum þau að í reynd hefur vaxtafrádráttur nýst flestum húsbyggjendum í takmarkaðan tíma, tvö til sex og í sumum tilvikum átta ár. Eftir það hefur svokölluð 10%-regla, þ.e. fastur frádráttur, eytt áhrifum vaxtafrádráttarins. Undantekningar eru þeir sem af einhverjum ástæðum hafa haft sérdeilis greiðan aðgang að lánastofnunum eða góð efni til lántöku langt umfram það sem almennt er, eða þá að þeir hafa getað nýtt sér skuldbreytingar til þess að fá verðbætur til frádráttar. Hvorugt þessara atriða getur talist þess eðlis að ástæða sé til þess að viðhalda því og hæpið að slíkt hefði þann jákvæða tilgang sem flm. þessarar tillögu vafalaust hafa.

Álitamál varðandi svokallaðan misgengishóp kom nokkuð til umfjöllunar hjá milliþinganefnd. Meiri hluti nefndarinnar taldi mikil tormerki vera á því að hafa áhrif á það mál með skattalegum aðgerðum, umfram það sem bráðabirgðaákvæðið um útborganlegan vaxtaafslátt á næsta ári gerir ráð fyrir. M.a. var á það bent að þeim sem harðast hefðu orðið úti og e.t.v. misst húsnæði sitt yrði ekki bjargað með skattafslætti og að þær úrbætur sem þessi hópur þarfnast hljóti að vera sértækari en svo að við getum náð þeim markmiðum með auðveldum hætti í skattalögum.

Í þessu efni vísast til tillagna sem reifaðar eru í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að tiltekinni fjárhæð verði varið í þessu skyni á yfirstandandi ári og á næsta ári og að umsóknir þeirra sem orðið hafa hart úti vegna íbúðaröflunar á undanförnum árum þurfi að berast Húsnæðisstofnun, vera þar metnar af ráðgjafarstofnun á einstaklingsbundnum grundvelli, en fjármunum verði síðan varið til þess að leysa skuldavanda þess fólks fyrst og fremst með því að aflétta af því þungri greiðslubyrði af skammtímalánum í bankakerfi og koma því svo fyrir að þetta fólk njóti aðgangs að húsnæðislánakerfinu, þ.e. lengingu lánstíma og niðurgreiddum vöxtum. Þau kjör sem á þeim lánum eru ættu að vera flestum viðráðanleg.

Í frv. er nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að heimilt verður að lækka skattgreiðslur í því tilviki að maður hafi á einhverju síðustu sex ára greitt samtímis tekjuskatt í erlendu ríki og hér á landi. Bent hefur verið á að hér kunni að vera um óeðlilega afmörkun að ræða þar sem allir aðrir sem komu til starfa eftir að staðgreiðsla er gengin í gildi verði fyrir einhverri röskun. Það er vissulega rétt og augljóst að aldrei er hægt að tryggja fullt samræmi á milli fortíðar og framtíðar við slíka skattkerfisbreytingu. Tillaga frv. miðast hins vegar eingöngu við það að tekið verði tillit til einstaklinga sem lent hafa í tvöfaldri skattgreiðslu á síðustu árum hins víkjandi kerfis.

Að lokum skal minnst á að í frv. eru ákvæði þess efnis að lögaðilum verði, sem hingað til, heimilt að draga frá skattskyldum tekjum gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, svo sem verið hefur í skattalögum um langt skeið. Hér er hvað meginatriði varðar ekki um að ræða breytingu frá því sem verið hefur en nauðsyn er að bæta ákvæði þessu inn, þar sem heimild þessi hefði ella fallið niður, og ekki þykir rétt að hreyfa við ákvæði þessu fyrr en

skattlagning fyrirtækja í heild hefur komið til endurskoðunar. Á það má benda að ríkisskattanefnd hefur af einhverjum ástæðum úrskurðað að 10%-þakið gilti ekki hjá fyrirtækjum. Þess vegna er nauðsynlegt, vilji menn viðhalda því, að árétta það í þessum lögum, svo sem hér er gerð tillaga um. Auk þess að halda heimild þessari inni sker frv. því úr um að heimildin takmarkast við 10% skattstofns, en túlkun fyrra lagaákvæðis í því efni var, eins og áður sagði, álitamál.

Ég legg á það áherslu að fullkomin ástæða er til að taka þetta ákvæði til endurskoðunar þegar tóm gefst til að endurskoða lög og reglur um skattlagningu fyrirtækja í heild. Ég hef tekið eftir þeirri tillögu, sem varpað var fram í einu séráliti í umfjöllun milliþinganefndarinnar, að fullt eins væri ástæða til að þetta ákvæði ætti við um einstaklinga eða jafnvel til vara að þetta ákvæði ætti við um einstaklinga eina vegna þess að fyrirtæki geta þá með einhverjum hætti velt þessum framlögum sínum til verðugra málefna af sér í formi minnkaðrar skattbyrði.

Þetta eru mál sem ég tel út af fyrir sig athyglisverð og álitamál en teldi hins vegar rétt að málið í heild sinni yrði endurskoðað þegar fyrirtækjaskattlagningin kemur til endurskoðunar. En að svo stöddu mundi niðurfelling þessa ákvæðis hugsanlega hafa neikvæð áhrif ef fyrirfyndust þeir upplýstu og jákvæðu menningarlega þenkjandi menn í atvinnurekendastétt sem kynnu að vilja styðja við góð þjóðþrifaverk í krafti þessa ákvæðis. (**Gripið fram í:** *Er nokkur efi á því að þeir finnist?*) *Ja, þeir hafa* ekki gefið sig nægilega fram í verki. Enda Medici-ættin liðin undir lok.

Þær breytingar sem hér hefur verið fjallað um eru í öllum meginatriðum í samræmi við álitsgerð milliþinganefndarinnar og ég hef getið gagnrýni einstakra mefndarmanna um ákveðna þætti þótt ekki sé það tæmandi. Vísa ég í því efni til þeirra sérálita og fyrirvara sem álitsgerðinni fylgdu.

Eitt atriði, sem ekki er tekið upp í frv., verðskuldar þó að þess sé getið sérstaklega. Vakin hefur verið athygli á spurningunni um réttmæti þess að skattleggja iðgjöld til lífeyrissjóða. Hér er um að ræða flókið mál sem tengist mörgum þáttum í skattlagningu einstaklinga, eignarteknaskattlagningu og skattlagningu fyrirtækja. Í núgildandi lögum eru iðgjöld frádráttarbær í orði. Í reynd hafa þau lítil sem engin áhrif þar sem þau lenda í langsamlega flestum tilvikum innan hins almenna 10%-frádráttar. Áhrif lífeyrisgreiðslna verða framvegis önnur en verið hefur vegna hærri persónuafsláttar og fleira mætti nefna. Þetta mál mun verða tekið til sérstakrar athugunar á breiðari grundvelli í framhaldi af endurskoðun skattalaga.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu staldrað við stærstu mál þessa frv. og samhengi þess við aðra þætti skattakerfisins. Ég vísa að öðru leyti og hvað einstakar greinar varðar til grg. með frv., til álitsgerðar milliþinganefndar og til grg. með því frv. sem varð að lögum á seinasta þingi. Með samþykkt þeirra laga og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda tók Alþingi afstöðu til grundvallaratriða í þessum málum. Fyrirliggjandi frv. felur í sér frekari staðfestingu á þessum áfanga og treysti ég því að þm. veiti því brautargengi og stuðli að því að það verði að lögum svo fljótt sem unnt er.

Að lokum vil ég nota tækifærið til þess að þakka öllum þeim sem þátt tóku í starfi milliþinganefndarinnar fyrir mjög gott starf við knöpp tímaskilyrði og sérstaklega vil ég leyfa mér að færa formanni nefndarinnar, hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, þakkir fyrir skörulega nefndarstjórn og fyrir mjög fagmannleg vinnubrögð og góðan árangur í því nefndarstarfi.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. deildarinnar að lokinni þessari umræðu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið vegna umræðu um þetta mál sem nú hefst að við ætlum okkur tíma til kl. 6 til þessarar umræðu. Þá hafa komið óskir um þingflokksfundi og verður orðið við því. Það hefur ekki verið rætt um kvöldfund í kvöld og því mun hann ekki verða og ég vona að tíminn nýtist vel fram að sex til umræðunnar án þess að ég sé að fara fram á það við þm. að þeir komi ekki öllu til skila sem menn vilja koma að í þessari umræðu. Ég get þess að það má búast við að farið verði fram á kvöldfund á morgun og verður látið vita um það í tíma.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra tókst allgóð samstaða hér á hinu háa Alþingi á síðasta vetri um afgreiðslu lagafrv. sem tengjast staðgreiðslukerfisbreytingunni. Sú breyting sem slík var í raun studd af flestum sem hér voru þá að störfum. Það samstarf sem þá tókst lýsti sér m.a. í því að milliþinganefnd var skipuð að tillögu sem hv. þm. Svavar Gestsson bar fyrst fram við umræður um þetta mál og fallist var á af hæstv. þáv. fjmrh., Þorsteini Pálssyni.

Rökin fyrir því að skipa milliþinganefndina þá voru fyrst og fremst þau að fjölmörg atriði þyrfti að skoða nánar og að æskilegt væri að nýta sem best tímann frá því að þingið lauk störfum á síðasta vetri og til þess tíma er staðgreiðslukerfisbreytingin sjálf tæki gildi um komandi áramót. Það fór hins vegar svo, eins og þegar hefur verið rætt reyndar í tengslum við annað frv. þessu tengt hér í deildinni, að tíminn nýttist naumast sem skyldi og starf milliþinganefndarinnar komst lítið í gang fyrr en að haustinu. Það er þó engu að síður ljóst að það starf hefur skilað þessu máli mjög langt fram á veginn. Manni dettur í hug að spyrja hversu væri ástatt ef ekki hefði þó komið til starf milliþinganefndarinnar og vaskleg forusta hv. 4. þm. Reykn. sem þegar hefur verið vitnað til.

Engu að síður er ljóst að ýmislegt mætti liggja ljósara fyrir ekki bara hér á hinu háa Alþingi, heldur

óttast sá sem hér talar mjög að blessuð þjóðin, þeir sem koma til með að þola hið nýja staðgreiðslukerfi, séu margir hverjir ekki allt of klárir á því hvað þeirra bíði um næstu áramót.

Það er einnig ljóst að nú eru uppi að mörgu leyti aðrar aðstæður í stjórnmálunum hvað varðar skattamálin í heild en voru þegar menn voru að ræða staðgreiðslukerfisbreytinguna á síðasta vetri. Þá lágu a.m.k. ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um þær breytingar að öðru leyti í skattakerfinu sem nú eru til. Þá höfðu að vísu verið uppi áform um virðisaukaskatt en um þann skatt voru deildar meiningar, svo sem eins og um sjálfa skattprósentuna. Og mætti hæstv. fjmrh. rifja upp orð sín frá síðasta þingi um það mál í þessu sambandi.

Ég tek það fram að ég er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir að opna umræðuna hér með þeim hætti að nauðsynlegt sé að tala um allar skattkerfisbreytingarnar í raun og veru því að þetta mál er einungis hluti af þeim víðtæku breytingum sem fyrir dyrum standa. Það er að sönnu bagalegt að öll þau frumvörp sem þessu tengjast séu ekki fram komin, en verður við það að búa að svo stöddu og væntanlega gerist það á næstu dögum að þau mál koma hér fram.

Ég vil þá byrja, virðulegur forseti, á því að ræða nokkur grundvallaratriði sem ég tel óhjákvæmilegt að taka á og ræða þegar í upphafi þessarar skattalotu hér á hinu háa Alþingi vegna þess að skattbyrðin sjálf á einstaklingana í þjóðfélaginu, sem m.a. er ákveðin með tekjuskattalögum, verður ekki aðskilin. Þar verður tekjuskatturinn sjálfur ekki aðskilinn frá þeirri skattbyrði sem leggst á almenning með óbeinum sköttum og mikið er til umræðu þessa dagana vegna breytinga, sem nýverið hafa verið kynntar af hæstv. ríkisstjórn, á tollum og vörugjöldum og svo síðast en ekki síst á söluskattsinnheimtu.

Það sem ég vil þá fyrst nefna, virðulegur forseti, er auðvitað vinnulagið hér í þessum efnum. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn hefðu í sameiningu haft fangið nokkurn veginn fullt við það verkefni eitt að afgreiða fjárlög og koma á staðgreiðslugrunni skatta þó annað hefði verið látið bíða. Það er auðvitað alveg ljóst að það flækir málið næstum að segja óendanlega að taka inn undir þessa vinnu sömuleiðis þær geysilegu breytingar sem eiga að verða á neysluskattunum ásamt ýmsu öðru sem þar er boðað.

Það er að mínu mati ljóst, þó að það dyldist nú furðanlega í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að í vændum er þynging skatta í landinu. Í vændum er skattþynging og ég held að það verði ekki hjá því komist fyrir hæstv. ráðherra að viðurkenna það hvort sem honum líkar betur eða verr að í raun og veru er eitt einkenni allra þessara breytinga, og það eru íþyngjandi aðgerðir handa hinum almenna skattgreiðanda í landinu, handa þeim skattgreiðanda sem kannski mætti kalla hér við umræðuna meðaljón. Það er vissulega rétt að álagningaráformin í tekjuskattakerfinu eru til bóta fyrir lægst launaðasta fólkið, og ber auðvitað að fagna því, en það er jafnframt ljóst að sú létting sem þar verður, ef svo má að orði komast, er borin uppi af miðjunni, af þeim sem liggja nálægt miðjunni í tekjum vegna þess að hinn endinn, hátekjufólkið, fær líka léttingu út úr þessu. Satt best að segja var það harla vandræðalegt hjá hæstv. ráðherra þegar hann reyndi að afsaka þá augljósu staðreynd, sem verður ekki mislesin í þessu tekjuskattafrv., að tekjuhæstu hóparnir munu hagnast á þessari breytingu. Hæstv. ráðherra vitnaði að vísu til þess að það væri hugsanlega hægt að laga það eða sjá fyrir því með frumvörpum sem yrðu væntanlega lögð fram um fyrirtækjaskatta og eignarskatta. En það sem Alþingi hefur í höndunum til að dæma þessi mál út frá í dag er ótvírætt. Skattbyrðin á hæstu tekjunum mun léttast. Og það er að sínu leyti jafnslæmt og hitt er út af fyrir sig mikið fagnaðarefni að staðgreiðslukerfinu og álagningarformi þess fylgir nokkur hagsbót fyrir lægst launuðu hópana.

Ég vil benda á þá staðreynd að sérstaklega ef verðbólga yrði lækkandi — þegar verðbólga var lækkandi og lægri en hún hafði verið – þá þyngdust skattar þeirra hæst launuðu mest. Þetta kom ágætlega fram í máli hæstv. fjmrh. hér áðan. Það þýðir líka að verði verðbólga lág á næstu árum, sem við skulum vona að geti skeð þó að það líti ekki vel út með það nú undir forustu þessarar ríkisstjórnar, en segjum sem svo að þar rofi nú til í þeim efnum og við sjáum fram á lága verðbólgutölu, t.d. innan tveggja eða þriggja ára, þá er alveg augljóst að þetta kerfi þýðir að hátekjustéttirnar hagnast miðað við það sem ella hefði verið. Þá hefði skattbyrði þeirra þyngst með gamla kerfinu en gerir það ekki í staðgreiðslugrunninum. Þar af leiðandi er alveg ljóst að þó að e.t.v. sé hægt að fullyrða miðað við verðbólgutölur í dag og horfur í þessum málum að þetta sé ekki umtalsvert, þá er ekki gefið að það verði alltaf reyndin.

Það er eitt sem ég vil leggja sérstaka áherslu á og það er sú augljósa staðreynd, ef ég má orða það svo aftur, sem hæstv. fjmrh. tókst þó að mínu mati að komast að mestu leyti fram hjá í framsöguræðu sinni, það er sú mikla skattþynging sem hlýtur að leiða af þessari kerfisbreytingu á fyrri hluta næsta árs. Það er alveg ljóst að þessar breytingar þýða stórkostlega tilfærslu skattbyrðinnar innan ársins, a.m.k. á því ári sem kerfisbreytingin er tekin upp. Og hvers vegna gera þær það? Jú, auðvitað í fyrsta lagi vegna þess að nú hefja menn að greiða skatta sína þegar á fyrsta mánuði ársins sem var áður skattlaus mánuður og þá streyma væntanlega myndarlegar fjárhæðir inn í kassann hjá hæstv. fjmrh. sem ekki komu miðað við fyrra kerfi. Ég vil nefna býsna veigamikinn frádráttarlið í skattakerfinu eins og verið hefur undanfarin ár, vaxtafrádráttinn sem fjöldi manna hefur nýtt sér. Hvernig verður farið með hann í hinu nýja kerfi? Jú, þannig að tekjur manna verða skattlagðar að fullu án tillits til réttar þeirra í sambandi við vaxtafrádrátt og því verður ekki skilað fyrr en á miðju ári eða eftir mitt ár.

Þessar tekjur tekur ríkissjóður sem sagt allar inn til sín langt fram eftir öllu næsta ári. Það mætti nefna fleiri slíka liði sem nú verða skattlagðir að fullu á staðgreiðslugrunni og ekki skilað fyrr en ýmist um mitt ár eða e.t.v. um næstu áramót.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur um það hversu mikil tekjutilfærsla er hér að eiga sér stað hjá ríkissjóði, hversu mikið ríkissjóður muni hagnast til að mynda vegna síns vaxtaliðar, vegna aukins innstreymis á fyrri hluta ársins og hvort það sé mögulegt að fresta því annaðhvort að skattleggja þessar tekjur framan af gildistökuárinu eða fyrsta árinu sem kerfisbreytingin gildir til þess að af þessu leiði ekki stórfellda skattþyngingu fyrir ýmsa hópa í þjóðfélaginu eða, sem væri auðvitað ákjósanlegra, að taka upp einhverjar skilareglur sem geri það að verkum að hægt sé að endurgreiða þeim sem verða fyrir nýjum fjárútlátum af þessum sökum fyrr en til stendur samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja frammi? Ég vona að hæstv. ráðherra hafi skilið hvað ég er að fara og geti þar af leiðandi tjáð sig um það.

Ég vil halda áfram að ræða skattbyrðina sem slíka, ekki bara þá skattþyngingu sem ég tel mig hafa sýnt fram á að geti leitt af þessum breytingum innan ársins sem þá verður skilað, heldur líka almennar skattaálögur í landinu sem ég tel vera að aukast stórlega með þessum breytingum samanlögðum. Og þar vil ég koma að neyslusköttum sem almenningur ber, matarskattinum sem svo er nefndur. Ég aflaði mér upplýsinga um það frá Hagstofu Íslands í morgun hver væri framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar í augnablikinu. Jú, það var uppgefið að þessi fræga fjölskylda eyddi núna á ári hverju 1 299 379 kr. skv. þessum framfærsluviðmiðunum sem þar eru notaðar. Þetta gera 108 282 kr. á mánuði. Matarliðurinn af þessari framfærslutölu er rúm 22% ef ég man þá tölu rétt. Vægi matarins í þessari framfærslu er slíkt. Og það gerir sem sagt 294 799 kr. á ári. Matarreikningur vísitölufjölskyldunnar er 294 799 kr. Tæpar 300 þús. kr. á ári. Það gerir aftur deilt með 12 24 567 kr. á mánuði. Matarreikningurinn er þá þessi á mánuði fyrir þessa meðalfjölskyldu meðaljónsins og -jónunnar.

Nú liggur það fyrir og hefur verið út gefið að mér skilst af hæstv. fjmrh. sjálfum að matarvörur sem slíkar muni vegna þessara skattkerfisbreytinga í heild sinni, þ.e. söluskattsálagningarinnar og síðan niðurgreiðslna og tolla og vörugjaldsbreytinga, hækka um 7%. Ég tek þá tölu fyrir rétta. Hún er a.m.k. sjálfsagt það besta mat sem menn hafa á þessari staðreynd. Og þá skulum við taka þá prósentu og nota hana á heildarmatarkostnað vísitölufjölskyldunnar yfir árið, þessar tæplega 300 þús. kr. sem ég vitnaði hér til og það gera rúmlega 20 þús. kr., 20 600 kr. á ári. Sem sagt: Aukaskatturinn á matarliðnum hjá vísitölufjölskyldunni á ári hverju er samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands og fjmrh. 20 600 kr. Ef við tökum nú meðaljón eða -jónu og segjum að þau séu svona þokkalega stödd og hafi 300 kr. á tímann í kaup, þá eru þetta 70 klukkustundir sem þau þurfa að bæta á sig í vinnu, næstum tvær vikur til þess að hafa fyrir þessari skattþyngingu á matarliðinn samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hér vitnað til.

Síðan mætti nefna margt fleira sem eru almenn rök fyrir því að verið sé að þyngja skatta á hinn venjulega launamann í landinu. Einhver ber þá útsvarshækkun sem hæstv. fjmrh. boðaði í máli sínu áðan upp á 600–700 millj. kr. Einhvers staðar kom það fram í máli hans hér fyrr í umræðu um fjármál á þinginu að þar væri um nálægt 20% hækkun að ræða. E.t.v. er það nú orðin hærri tala vegna þeirrar hækkunar sem útsvarsprósentan tók á sig. Hvað um það. Þar er líka liður sem einhver þarf að greiða. Þó að ég sé ekki að halda því fram að sveitarfélögin séu ofhaldin af því sem þau fá út úr þessum breytingum, þá borgar þetta einhver og ríkið ekki nema sem svarar kannski 10% af þessu vegna ónýtts persónufrádráttar.

Ég vil nefna nýjar upplýsingar um hækkun fasteignamats sem eru næstum að segja stjarnfræðilegar. Það kemur í ljós að fasteignamatið sem slíkt í landinu hefur hækkað um rúma 100 milljarða kr., þ.e. tvisvar sinnum hækkun byggingarvísitölunnar. Fasteignamatið hefur hækkað um nálægt 33% á sama tíma og byggingarvísitalan hefur hækkað um 16,7%. Matið hefur því hækkað um 50 milljarða umfram þá hækkun sem byggingarvísitala gefur tilefni til. Og hvað halda menn þá að tekjur sveitarfélaganna geti hækkað af þessum sökum? Jú, einhvers staðar á bilinu 300–600 millj. kr. ef við gefum okkur að álagning sveitarfélaganna sé einhvers staðar nálægt miðju þess tilhlaups sem sveitarfélögin hafa þar lögum samkvæmt sem er frá 0,375% og upp í 0,625% af þessum mikla stofni. Það ber því í raun og veru allt að sama brunni hvar sem drepið er niður í þessum heildarráðstöfunum. Hér er um auknar álögur á hinn almenna skattgreiðanda, launamanninn í landinu, að ræða. Fyrst og fremst í formi neysluskatta en líka að nokkru leyti vegna þeirra kerfisbreytinga sem við erum hér sérstaklega að ræða og eru efni þessa dagskrármáls, virðulegi forseti.

Þá vil ég í fimmta lagi, áður en ég sný mér að því að ræða einstök efnisatriði frv., víkja nokkrum orðum að því að svo eru menn úti í þjóðfélaginu hissa á því að verkalýðshreyfingin skuli ekki rjúka til og semja við þessar aðstæður. Mönnum þykir það furðulegt að menn skuli ekki vera tilbúnir til þess að rjúka til og semja bara óverðbætt upp á einhverjar mjög sanngjarnar prósentur, helst lækka á sér kaupið, hefur stundum mátt skilja á hæstv. ríkisstjórn. Það væri eiginlega nauðsynlegt að launþegar í landinu lækkuðu á sér launin svona til að hjálpa ríkisstjórninni vegna þess að það þurfi að veiða svolítið minni þorsk og vegna þess að Þjóðhagsstofnun hefur gefið út svarta spá. En skilja menn ekki þegar menn hugleiða málið hvílík staða það er fyrir þessa umbjóðendur launamanna í landinu að búa

við þá óvissu og þá framkomu sem þeim er í raun og veru sýnd af hæstv. ríkisstjórn?

Ég held að það sé alveg morgunljóst, virðulegur forseti, að allar þessar aðgerðir og einkum og sér í lagi matarskatturinn hljóta að torvelda mjög möguleikana á því að hér geti náðst einhver sæmileg samstaða um kjaramál. Þetta er ekki sáttahendi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það væri, virðulegi forseti, líka ástæða til að vitna í það merka blað, Morgunblaðið, sem birtir viðtal við hæstv. fjmrh. í morgun þar sem farið er nokkrum orðum um þessar breytingar allar almennt og sumum harla kostulegum. Það segir t.d., með leyfi forseta, hér í viðtalinu undir millifyrirsögninni „Við lá að ekki næðist samkomulag“ — og það er væntanlega útskýring hæstv. fjmrh. á því hvers vegna við lá að ekki næðist samkomulag um þessar ráðstafanir allar saman: „Það sem einkum stóð í mönnum var sú staðreynd að hækkun á heföbundnum landbúnaðarafurðum úr 0% söluskatti í 22–23% skatt án frekari hliðarráðstafana þótti of stórtæk breyting í einu stökki, enda voru það áform ríkisstjórnarinnar að taka þetta í áföngum.“ Nú er skatturinn ekki þessi prósenta eins og við vitum, heldur á hann að vera 25%. Flatur skattur sem gengur næstum að segja út yfir alla skapaða hluti (**Gripið fram í:** Ekki afruglara.) nema afruglara á Stöð 2, eins og hér er nefnt. Hér er að mínu mati boðaður mjög merkilegur hlutur og ég hvet hv. þm. til að leggja eyrun við. Það er þetta með hliðarráðstafanirnar. Ég tel að í raun og veru sé verið að boða að hliðarráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar gagnvart matarskattinum séu tímabundnar, eigi að vera tímabundnar. Það séu einhverjar skóbætur til að milda höggið af þessum breytingum að grípa til hliðarráðstafana vegna þess að menn hafa ekki treyst sér til að gera það í einu stökki, einu skrefi eða einu höggi. Það kemur í raun og veru fram hér. Og þá fer að kárna gamanið, virðulegur forseti, ef þær auknu niðurgreiðslur og aðrar hliðarráðstafanir sem nú á að nota til að sætta menn við, til að réttlæta þennan matarskatt, ef það liggur næstum að segja fyrir með orðum hæstv. fjmrh. í viðtali í Morgunblaðinu að þetta sé ekki hugsað nema sem tímabundin aðgerð til að milda mesta höggið.

Og svo þessi skattprósenta, virðulegur forseti. Hér hélt ræðu á síðasta Alþingi þáv. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og ræddi ofurlítið um áform um virðisaukaskatt. Hann eyddi miklu púðri, löngum ræðutíma í að reyna að rökstyðja að sú skattprósenta sem þar var lögð til, 24%, og það frv. sem birtist með 20,9% væri allt of há tala. Hv. þáv. þm. og hæstv. núv. fjmrh. hélt langar ræður, sem lesa má í þingtíðindunum á síðasta þingi, um að það næði ekki nokkurri átt, eins og hann sagði, með leyfi forseta: „... ef við ætlum að gera samtímis breytingar á tekjuskattakerfi og neysluskattakerfinu, að ganga út frá því til frambúðar að við búum við neysluskattastig á bilinu 20–30%. Við erum hér“, sagði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, „að tala um hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi.“ Það er ekkert annað og þetta náði ekki nokkurri átt. Hvað gerir svo núv. hæstv. fjmrh. annað en að leggja 25% flatan neysluskatt yfir allt saman? Svona fara hin stóru orð, virðulegur forseti.

Ég vek athygli hv. þingdeildarmanna á þessu, þeirra sem kynnu að hafa gaman af nokkurri söguskoðun, að kanna með lestri þingtíðindanna frá síðasta þingi og e.t.v. eitthvað lengra aftur hverjar voru meiningar formanns Alþfl., þáv. hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, þegar hann var í stjórnarandstöðu og var að slást við það sem hann meinti vera vonda ríkisstjórn með vonda skattastefnu.

Þetta er heldur dapurleg magalending fyrir hæstv. ráðherra, að standa nú hér uppi með einhverja stórkostlegustu neysluskatta í heimi, svo maður noti hans eigin orð, sem fyrst og fremst virðast eiga að bitna á öllum almenningi í landinu.

Virðulegur forseti. Ég vík þá örlítið að nokkrum einstökum efnisatriðum frv. til að spyrja hæstv. ráðherra ofurlítið nánar um þá hluti og geri það að sjálfsögðu í eins stuttu máli og mér er unnt.

Í fyrsta lagi hefði ég talið æskilegt að hæstv. ráðherra skýrði ofurlítið nánar eða í einfaldari orðum, þannig að það lægi alveg ljóst fyrir, hver verður skattþyngingin vegna þeirrar álagsprósentu í tekjuskattafrv., sem nú er lögð til, miðað við skattana á yfirstandandi ári. Það er ekki mjög marktækt fyrir almenning í landinu, sem á að þola þessa breytingu, að fá upplýsingar um að skattaprósentan, skattþunginn, eigi að vera hinn sami og áformaður hafi verið fyrir árið 1987, fyrir margt löngu. Það sem almenningur mun koma til með að finna fyrir er sú breyting sem verður frá þeim sköttum sem hann hefur greitt á þessu ári, bæði vegna álagsprósentnanna og þó e.t.v. enn frekar vegna breyttrar dreifingar skattbyrðarinnar innan ársins, eins og ég hef þegar vikið að.

Ég hef þegar nefnt hvernig hinir einstöku hópar virðast fara út úr þessum skattstiga, því eina skattþrepi sem hæstv. ríkisstjórn virðist hafa bitið sig fast í og gerir ekki ráð fyrir að persónuafslætti og eða hátekjuskattaþrepi sé beitt til að fá út aðra dreifingu innan skattstigans. Ég er þeirrar skoðunar að þetta verði ekki gert með skaplegum hætti nema til að gera þetta hvort tveggja, breyta persónufrádrættinum, hækka persónufrádráttinn nokkuð og taka upp hátekjuskattþrep þannig að stærri hluti lágtekjufólksins beri annaðhvort enga skatta eða greiði eingöngu útsvar upp eftir skattstiganum og síðan komi þeir inn til að bæta þann kostnað upp sem hæstar hafa tekjurnar. Ég spyr um afstöðu hæstv. fjmrh. til þessa, bæði sem þann ráðherra sem mælir fyrir þessu máli fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar, en líka sem formann Alþfl. alveg sérstaklega, hvort þetta sé sá skattstigi sem formaður Alþfl. sé hæstánægður með, hvort þetta eigi að verða minnisvarði hans sem formanns Alþfl. við hönnun á skattstigum fyrir alþýðuna í landinu, að sleppa því, sem er einfalt og augljóst, að setja inn hátekjuskattþrep til að

tryggja að skattstiginn verði ekki öfugur hvað þetta varðar og létti á þeim sem hæstar hafa tekjurnar ofan við ákveðið mark.

Þá vil ég nefna húsnæðisbætur og vaxtaafslátt. Þetta tvennt hlýtur að þurfa að skoðast í nokkru samhengi. Í fyrsta lagi vil ég spyrja: Hvað veldur þeirri tölu sem komin er inn í frv. sem húsnæðisbætur, þeim 38 000 kr. á ári sem þar standa nú? Ef ég man rétt var áður rætt um allmikið hærri tölu. Mér duga ekki útskýringar hæstv. ráðherra áðan til að skilja hvers vegna þessi tala var lækkuð svo mikið sem raun bar vitni frá þeim hugmyndum sem menn unnu með fyrr á tíð.

Síðan er annað atriði sem er alveg nauðsynlegt að ræða og hæstv. fjmrh. má ekki láta fara fram hjá sér. Það er að húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa húsnæðisbóta á íbúð. Með öðrum orðum: eingöngu þeir sem eiga íbúð, burtséð frá því hversu mikinn kostnað þeir bera af sínu húsnæði, fá þessar bætur. Leigjendur eru settir út á gaddinn. Þar er um klára afturför að ræða frá því að leigjendur gátu dregið hálfa sannanlega húsaleigu sína frá sköttum. Og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þetta það félagslega snið sem hæstv. ráðherra vill hafa á aftur að binda þessar bætur eingöngu við þá sem búa í eigin húsnæði og eiga sína íbúð, sleppa öllum hinum hvað þetta varðar? Nú er alveg ljóst að margir þeir sem ekki eiga húsnæði kosta miklu til, oft og tíðum meiru til að leysa sín húsnæðismál og búa þar á ofan við óöryggi og alls kyns vandkvæði sem því eru bundin.

Hér duga ekki annað en skýr svör af hálfu hæstv. ráðherra. Hvað hugsar hann sér að gera fyrir aðra en þá sem eiga húsnæði, í þessum efnum?

Varðandi vaxtafrádráttinn vil ég líka segja að ég tel hann algerlega ófullnægjandi eins og frá honum er gengið í frv. Það er alveg ljóst að það kemur til skattþyngingar hjá mörgum þeim sem hvað mest skulda í sínu húsnæði ef sú tilhögun verður tekin upp sem frv. gerir ráð fyrir og þær tölur notaðar sem þar standa. Það er auðvitað barnaskapur að mínu mati af hæstv. ráðherra að líta til fortíðarinnar og segja: Þessi vaxtafrádráttur hefur yfirleitt ekki nýst mönnum nema í heldur fá ár. Það er framtíðin sem þarf að skoða, hæstv. ráðherra, hvernig hefði þessi frádráttur nýst mönnum í framtíðinni. Ég held að það gefi auga leið að þar er talsvert önnur mynd sem blasir við mönnum en sú sem menn sjá þegar þeir horfa til baka.

Hæstv. ráðherra með öllu sínu snillingaliði hlýtur að átta sig á því, þegar hann veltir þessu fyrir sér, að þar kemur margt til. Verðtrygging lána á sér ekki svo langa sögu. Lánstími hefur verið að lengjast. Kostnaður vegna lánanna sjálfra er í mörgum tilfellum meiri o.s.frv. Ég leyfi mér að fullyrða að margir þeir sem nýlega hafa byggt, keypt eða aflað sér húsnæðis með einhverjum hætti, bundið sér umtalsverðan skuldabagga af þeim sökum, muni koma til með að tapa verulega á þeirri takmörkuðu leiðréttingu sem hér er fyrirhuguð þeim til handa. Að binda þennan vaxtafrádrátt við sex ár er að mínu mati hrein ósvinna. Komi í ljós að menn nýta sér þennan frádrátt ekki að staðaldri mjög lengi, gott og vel. Þá gera þeir það ekki. En hvers vegna má þá ekki hafa það engu að síður í frv.? Hvers vegna má ekki hafa það opið fyrir þá sem eru í þannig aðstöðu að þetta mundi hjálpa þeim lengur en í sex ár?

Hér eru að mínu mati mjög óburðugar skýringar hafðar uppi af hálfu hæstv. ráðherra og ég sé ekki annað en að frv. sé stórlega ábótavant, ef það á að standa undir nafni, hvað það varðar að valda ekki aukinni skattabyrði hópa af þessu tagi. Væntanlega er það ekki ætlun hæstv. ráðherra, formanns Alþfl., sem var ekki lágværastur í þeim grátkór sem hér fjallaði um útreiðina sem ýmsir urðu fyrir í tíð síðustu ríkisstjórnar í þessum efnum, sem var vissulega slæmt, eins og misgengishópurinn sem ég ætla að koma hérna næst að. Skyldi nú ekki vera að þetta væri í mörgum tilfellum sami hópurinn og við erum hér að fjalla um, það fólk sem varð fyrir misgenginu, er með miklar skuldir af sínu húsnæði, heldur e.t.v. sjó um þessar mundir og sér svo framan í svona ákvæði sem á greinilega að takmarka verulega möguleika þess til að bæta sinn hag í gegnum skattakerfi að þessu leyti?

Og þá misgengishópurinn, virðulegi forseti. Þar er málið einfalt og fljótafgreitt. Niðurstaðan er núll. Hæstv. fjmrh. leggur ekki í að gera nokkurn skapaðan hlut fyrir misgengishópinn. Og nú væri við hæfi, virðulegur forseti, að hæstv. félmrh. væri í salnum því fáir hv. þm. héldu jafnheitar ræður á síðasta kjörtímabili fyrir misgengishópinn og hæstv. félmrh. Það hlýtur að vera harla dapurleg niðurstaða fyrir þann hæstv. ráðherra að sjá að í gegnum skattakerfið treystir hæstv. fjmrh. ríkisstjórnarinnar, formaður Alþfl., sér ekki til að gera nokkurn skapaðan hlut.

Ég er þeirrar skoðunar að nánast eina færa leiðin sem til sé til að reyna að einhverju leyti að koma til móts við misgengishópinn sé í gegnum skattana. Ég sé ekki að með öðru móti verði það betur gert. Ég bið þá hæstv. fjmrh. að útskýra það fyrir mér hvers vegna ekki í gegnum skattana og með hvaða leiðum öðrum telur hann þá hugsanlegt að koma til móts við hópinn. Ég á hér ekki við ráðstafanir af því tagi að veita þessu fólki meiri lán sem hefur lengi verið þrautaráðið. Það er ekki bjargráðið fyrir þetta fólk. Allra síst ef á að taka af því vaxtafrádráttinn á næstu árum eins og ég hef þegar bent á.

Margt fleira mætti til tína, en flest er það að mínu mati smærra í sniðum en það sem ég hef nú rakið. Ég nefni þó að ég sé ekki hvers vegna t.a.m. menn treysta sér ekki til að koma að einhverju leyti til móts við námsmenn sem koma til starfa úr því að menn eru tilbúnir að taka tillit til þeirra sem verið hafa erlendis að störfum og koma hingað heim eða hvers vegna menn treysta sér ekki til að koma til móts við þá sem af félagslegum ástæðum, atvinnuleysis vegna eða sjúkleika eða annarra slíkra hluta hafa fallið í tekjum og koma þar af leiðandi illa út er þeir koma inn í staðgreiðslukerfið. Hvers vegna á að veita þeim sem hafa haft tekjur erlendis sérstaka

ívilnun í þessu efni, sem væntanlega eru þó betur staddir en hinir sem við erum að ræða um og hafa ekki haft tekjur? Þetta gengur ekki almennilega upp að mínu mati.

Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann geti frætt okkur um þá framteljendur eða þá skattgreiðendur sem tejast til einstaklinga með sjálfstæðan atvinnurekstur, eiga þá að áætla á sig eða reikna sér laun með einhverjum hætti. Hvernig koma t.a.m. bændur til með að fara út úr þessum kerfisbreytingum? Hefur verið hugað að því sérstaklega hvernig slíkir hópar, sem hafa nokkuð óvenjulega aðstöðu hvað þetta varðar, koma út, bændur og við gætum nefnt trillusjómenn eða ýmsa slíka aðila, sem bæði vegna atvinnu sinnar og rekstrarforms og jafnvel tekjudreifingar á árinu gætu komið nokkuð sérkennilega út að því er mér sýnist? Hefur verið unnið sérstaklega með það hvernig þeirra hag verði borgið?

Ég spyr um útgáfu skattkorta og sérstaklega aukaskattkorta einfaldlega vegna þess, virðulegur forseti, að sl. daga hef ég fengið fjölda fyrirspurna frá gestum og gangandi um það efni. Hvernig er hugsað að fara með þau mál? Á aðili sem vinnur hjá fjöldamörgum atvinnuveitendum að fá jafnmörg aukaskattkort og þeir eru eða hvernig hefur í framkvæmdinni verið hugsað fyrir þeim hlutum?

Og síðast en ekki síst, virðulegur forseti, vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvað líði áformum um skatta fyrirtækja. Hvenær rætast nú stóru orðin hæstv. ráðherrans hvað það varðar að taka þá hluti til endurskoðunar? Enn þá einu sinni birtast okkur frv. þar sem eingöngu er tekið á launamönnunum eða svo gott sem, nema hvað lítilli frádráttarheimild er hér til haga haldið fyrir hönd fyrirtækjanna en ekki til handa einstaklingum, og var nú hæstv. fjmrh. að burðast við að útskýra, heyrðist mér áðan, hvers vegna það væri nauðsynlegt að fyrirtækin fengju áfram að draga gjafir eða framlög til ýmiss konar góðrar starfsemi frá skattstofni, þó ekki nema 10% að vísu. Ég kem ekki auga á hvers vegna er nauðsynlegt að mismuna aðilum hvað þetta varðar.

Síðan vil ég spyrja hæstv. fjmrh., það er alveg nauðsynlegt að spyrja hann að því í lokin: Hvenær rætast áform hans um stóreignaskatta úr því við erum að ræða skattamál á annað borð, virðulegi forseti? Hvenær sjáum við framan í margboðaða stefnu Alþfl. um stóreignaskatta þar sem virkilega verður reynt að ná á breiðu bökin? Hvað hugsa hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn í sambandi við skattlagningu fjármagnstekna? Eigum við áfram að búa við einhverja glórulausustu vexti í heiminum, virðulegur forseti, án þess að nokkrir tilburðir séu uppi til að skattleggja vaxtatekjur? Er mér hvergi kunnugt um að það fyrirkomulag sé viðhaft að hafa vexti einhverja þá hæstu sem þekkist, en skattleggja þá jafnframt ekki. Sök sér er að mínu mati að raunvextir séu nokkrir í þjóðfélögum ef þeir eru þá skattlagðir eins og aðrar tekjur sem menn fá í hendi og það meira að segja án þess að vinna í bókstaflegum skilningi fyrir þeim. Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur eitthvað um þessi efni?

Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvort það er þinglegt að spyrja eins og ég gerði áðan og inna hann annars vegar eftir afstöðu hans og hæstv. ríkisstjórnar og hins vegar eftir skoðunum formanns Alþfl., en ég ætla að leyfa mér að gera það samt og vitna þá til þess fordæmis þegar hæstv. fyrrv. forsrh., núv. utanrrh., sem dvelst í útlöndum, talaði yfirleitt fyrir tvær hendur í ræðustólnum á síðasta kjörtímabili, annars vegar sem hæstv. forsrh. og hins vegar var það hans persónulega skoðun að þetta og hitt skyldi vera svo og svo. Þar sem svo merkur maður hefur margoft gefið þetta fordæmi á þingi leyfi ég mér að bera upp spurningar með þessu sniði til hæstv. fjmrh. og formanns Alþfl.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það dagskrármál sem hér er til umræðu er viðamikið og má í rauninni koma víða við til að ræða það, enda hefur það þegar verið gert í þessari umræðu. Ég vil í byrjun þakka hæstv. ráðherra ekki síst fyrir upphaf ræðu hans sem mér fannst vera yfirgripsmikið og ágætt um skattamál almennt, eðli þeirra og inntak.

Hér hefur verið minnst á margt í þessu sambandi, vinnulag og annað fleira í þeim dúr. Ég hef það fyrir satt að nú eftir tiltölulega stuttan tíma eða kl. 6 verði gert hlé á fundi þessarar hv. deildar vegna funda í þingflokkum. Þar munu væntanlega vera á dagskrá ýmis önnur atriði þessu tengd, ekki síst hjá stjórnarflokkunum, þ.e. frumvörp sem eru í undirbúningi um mál sem þegar hafa verið tilkynnt í fjölmiðlum, söluskattsbreytingar, tollabreytingar og annað í þeim dúr.

Ég held að það sé ekki ofsögum sagt, sem kom fram í máli hv. seinasta ræðumanns sem hér talaði, hv. 4. þm. Norðurl. e., að það eru miklar skattahækkanir sem nú ríða yfir. Ég ætla þó að það frv. sem hér er sérstaklega til umræðu sé í rauninni aðeins bárugjálfur miðað við þá holskeflu skattahækkana sem hvelfist yfir þjóðina á þessum dögum og mun verða ekki síst í upphafi næsta árs. Ég segi aðeins bárugjálfur vegna þess að beinir skattar eru í fyrsta lagi svo lítill hluti heildartekna ríkisins og í annan stað er hér um að ræða það áform við þessa skattlagningu að ná svipaðri upphæð, svipaðri skattbyrði og hefði orðið 1987 að óbreyttum lögum. Ég geri þó alls ekki lítið úr þeirri hækkun beinna skatta sem hér mun sannanlega verða og hv. síðasti ræðumaður gerði nokkuð að umtalsefni.

Auðvitað er það svo að það er skattbyrðin sjálf sem skiptir meginmáli í þessu efni. Þess vegna eru þær brtt. sem ég mun kynna lítillega á eftir fyrst og fremst um þau atriði. Annars verður að segja eins og er að skattalög okkar Íslendinga eru nokkuð flókin og frv. sem hér er til umræðu bætir í rauninni þar lítið um. Kerfisbreytingin úr eftiráinnheimtu og í staðgreiðslu er auðvitað til bóta að því leyti að hún er til einföldunar, en lagasetningin sjálf er eftir sem

áður býsna flókin.

Það koma fram í upphafi frv. sem er til umræðu, í rauninni í nafninu á frv., upplýsingar um þetta efni. Frv. heitir „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum", þar með talin breyting skv. lögum nr. 49 frá 1987 sem taka eiga gildi 1. jan. 1988. Í þessu sambandi má einnig minnast á önnur frumvörp sem hér hafa þegar verið lögð fram, frv. um sóknargjald, frv. um kirkjugarða og enn önnur eru á leiðinni í þessu sambandi eins og ég áðan gat.

Skattbyrðin er þó aðalatriði þessa máls. Í grg. með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vegna álagningar á því ári var miðað við að beinir tekjuskattar einstaklinga til ríkisins að meðtöldu gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og að viðbættum sóknar- og kirkjugarðsgjöldum yrðu 4,3% af heildartekjum einstaklinga."

Þetta atriði er ákaflega þýðingarmikið, 4,3% af heildartekjum einstaklinganna. Skattbyrðin mæld með þessum hætti átti þannig að lækka frá því sem verið hafði árið áður, úr 4,6% af heildartekjum einstaklinga í 4,3. Síðan bætist það við þegar hæstv. ríkisstjórn kom til valda á sl. sumri að þá var enn tekin ákvörðun um lækkun í þessu efni sem svaraði um 0,1% í skattbyrðinni. Þar var um að ræða fyrst og fremst ákvæði um barnabótaauka. Þegar síðan kemur fram á árið og farið er að bera þessa hluti saman miðað við það sem gerðist í ár kemur í ljós að skattbyrðin í ár, 1987, verður í rauninni lægri að þessu leyti en áður hafði verið ráð fyrir gert. Ástæðan var sú að tekjuaukning á árinu 1987 miðað við 1986 varð miklu meiri en menn höfðu gert ráð fyrir áður.

Þegar staðgreiðsluskattalöggjöfin var afgreidd í marsmánuði sl. var gert ráð fyrir að tekjuaukningin á milli þessara tveggja ára yrði um 20%. Staðreyndin verður hins vegar 37–38%. Það þýðir í skattbyrðinni að skattbyrðin varð á árinu 1987 einungis 3,4% miðað við 4,2% sem áður hafði verið ráð fyrir gert og miðað við þann grundvöll sem hér er lagður við ákvörðun um staðgreiðslu skatta. Þetta atriði, 4,2% skattbyrði miðað við 3,4% sem er staðreyndin, er ákaflega þýðingarmikið. Það var þetta atriði sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði þunga áherslu á, að þó að menn geri ráð fyrir svipaðri skattbyrði og að var stefnt 1987 að óbreyttu kerfi er þetta hrikaleg þynging sem verður staðreynd hjá einstaklingum í þessu þjóðfélagi miðað við það sem varð. Breytingin úr 3,4% í 4,2% er upp undir fjórðungs þynging. Það er upp undir fjórðungs þynging beinna skatta í þjóðfélaginu. Þetta er atriði sem menn verða að ræða við þessa umræðu og taka til viðmiðunar þegar þeir meta síðan holskefluna, sem verið er að demba yfir þjóðina þessa daga í óbeinum sköttum, sem á að taka til formlegrar umfjöllunar á þingflokksfundum klukkan sex, búið var að tilkynna í seinustu viku í öllum fjölmiðlum. Þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar voru boðaðir fyrir helgi að mér skilst í fjmrn. til að meðtaka boðskapinn, en nú fyrst er verið að undirbúa málið formlega til ákvörðunar í þinginu.

En aðalatriðið við þessa umræðu er að þynging beinu skattanna er upp undir fjórðungur og það er mikið atriði að menn geri sér þetta ljóst.

Í grg. með frv. segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi sveifla í skattbyrði, sem stafar af því að ófyrirséðar breytingar valda frávikum frá áformum Alþingis, er dæmi um neikvæð einkenni núverandi skattkerfis. Annað slíkt dæmi kom fram 1984 þegar verðlags- og kauplagsþróun leiddi til aukinnar skattbyrði sem ekki var áformuð."

Þetta lagði hæstv. ráðherra þunga áherslu á í máli sínu áðan og með ágætum hætti. En ég tók eftir því að hann lagði ekki áherslu á það sem á eftir kemur í greinargerðinni, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt af markmiðum breytts skattkerfis er að losna við það að raunveruleg skattlagning ráðist af verðbólgu."

Þetta er alveg rétt og ég bið menn að athuga það og gaumgæfa við lestur frv., og ekki síst þá nefnd sem mun fjalla um þetta síðar í meðförum málsins á þinginu, hvort þessu markmiði er náð með frv., að raunveruleg skattlagning ráðist ekki af verðbólgu. Ég mun síðar koma að því atriði í máli mínu.

Frv. sjálft leggur áherslu á sex meginatriði: 1. persónuafslátt, 2. sjómannaafslátt, 3. barnabætur, 4. barnabótaauka, 5. húsnæðisbætur og 6. vaxtaafslátt samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu síðast í frv. Ég tel að í sjálfu sér hafi sú nefnd sem vann að þessu á þeim nauma tíma sem henni var gefinn að mörgu leyti unnið gott verk og ég vil ekki síst þakka ágæta formennsku hv. þm. sem hér er viðstaddur umræðuna, 4. þm. Reykn. Kjartans Jóhannssonar. Hann beitti sér prýðilega í þeirri vinnu. En ég vil hins vegar vekja athygli á því að í allveigamiklum atriðum hefur sú niðurstaða sem varð í þessari nefnd ekki náð inn í frv. og við það vil ég gera sérstakar athugasemdir. Við nokkrir þm. Borgarafl. í hv. Nd. höfum látið dreifa við umræðuna brtt. við þetta frv. Það gerum við vegna þess að við viljum að brtt. okkar komi strax fram þannig að það gefist góður tími til umfjöllunar. Að vísu skal ég taka fram að seinni hluti brtt. okkar, sem væntanlegur er, er ekki með í þessum pakka en mun síðar fram koma. En ég mun í örfáum orðum gera grein fyrir þessum brtt. og ýmsum atriðum því sambandi.

1. brtt. okkar, sem hér er dreift, er varðandi 2. gr. frv. Í 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta, en þá er verið að tala um 31. gr. laganna: „Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga". Við leggjum til að greinin verði ekki lengri en þetta í frv., sem sagt að seinni hluti greinarinnar verði felldur niður, en hann er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Þó ekki

yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum.“ Og enn fremur: „Fjmrh. ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa grein.“

Ástæðan fyrir því að við leggjum þetta fram er í fyrsta lagi sú að niðurstaða milliþinganefndarinnar var að þessari grein yrði ekki breytt svo sem hér er lagt til og að auki teljum við alls ekki ástæðu til þess að fjmrh. ákveði sérstaklega í reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir skuli hér undir falla. Það séu í rauninni nánast augljós atriði.

Annað atriði, sem við leggjum til í brtt. okkar, er varðandi 5. gr. frv. Hún er ákaflega stutt eftir því sem hér liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta, eða svohljóðandi: „1. mgr. a-liðar 68. gr. orðist svo: Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.“ Það er rétt að taka fram að þessi upphæð er miðuð við lánskjaravísitölu eins og staða hennar var í júnímánuði sl. Þegar lögin voru samþykkt í mars sl. var miðað við lánskjaravísitölu eins og hún var í febrúarmánuði, að því er mig minnir 1594 stig. Ef sú viðmiðun hefði verið stig lánskjaravísitölunnar eins og það er í dag, 1886 stig, væri þessi upphæð 163 280 kr., en miðað við þá breytingu sem hér er lögð til og við út af fyrir sig getum alveg fallist á yrði upphæðin í desember 177 555 kr. eða 14 796 kr. í frádrátt mánaðarlega.

En brtt. okkar gengur út á annað. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa hana. Hún er svohljóðandi:

„Nemi persónuafsláttur skv. 1. gr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun. Skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars maka sem skattlagður er skv. 63. gr. Skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá skatti hins makans nema þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild nemi hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. Skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.“

Ég ætlast varla til þess að nokkur lifandi maður sem á þetta hlýðir skilji hvað um er að ræða, svo flókin eru þessi atriði, en til þess að segja þetta á einfaldan hátt í fáeinum orðum leggjum við til nákvæmlega það sama og milliþinganefndin lagði til. Kjarninn er sá að í gildandi lögum er gert ráð fyrir að afsláttur vegna makans sé einungis 80%, en við leggjum til að makinn, hvors kyns sem hann er, sem ekki hefur tekjur, njóti nánast mannréttinda og verði metinn 100%. Það er kjarni þessa máls.

3. brtt. okkar er varðandi 8. gr. frv. 8. gr. er um barnabætur og barnabótaauka og raunar húsnæðisbætur, en í a- og b-lið, um barnabætur og barnabótaauka, er gert ráð fyrir að bætur séu greiddar með barni allt til 16 ára aldurs. Við leggjum til að í a- og b-lið, með leyfi hæstv. forseta, komi í stað 16 ára 18 ára og á eftir c-lið komi nýr liður, d-liður, sem er í rauninni 4. brtt. okkar og heitir „Starfslok“. Hún er flutt vegna ákvæða sem nú eru í gildi í lögum, en féllu úr gildi af sjálfu sér miðað við staðgreiðslu skatta. Greinin er svohljóðandi:

„Maður, sem er að ljúka starfsævi sinni og skilar inn til skattyfirvalda skattkorti sínu, skal fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu tólf mánuði fyrir starfslok, enda hafi viðkomandi öðlast rétt til eftirlauna eða lífeyris úr lífeyrissjóði. Verði maður að hætta störfum vegna varanlegrar örorku af völdum veikinda eða slyss skal hann njóta sömu réttinda.“

Ég held að þetta ákvæði skýri sig sjálft. Kjarninn í tillögu okkar er sá að við starfslok fái menn þessa umbun erfiðis síns í lokin. Þetta sé í rauninni þökk þjóðfélagsins til skattþegnsins um leið og hann fer af vinnumarkaði.

Þá kem ég að lokatillögu okkar sem skiptir kannski einna mestu máli. Hún lætur í sjálfu sér ekki mikið yfir sér. 12. gr. er þessi í lagafrv.: „2. mgr. 121. gr. laganna orðist svo: Fjárhæðir þær sem hér um ræðir skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. des. 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. júní 1987, þ.e. 1687 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. des. 1987.“

Okkar tillaga hljóðar svo: „Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu skv. lögum nr. 13 1979.“

Ástæðan fyrir þessari brtt. er augljós ef menn athuga þetta svolítið nánar. Það er í raun kjarni þessa máls, sem ég tel í rauninni skipta ákaflega miklu máli, að ég tel að ákvörðun persónuafsláttarins aðeins tvisvar á ári sé allt of sjaldan um svo afdrifaríkt atriði sem persónuafslátturinn er í þessu kerfi. Það er hann sem í rauninni ræður því hvort skattlagningin er í takt við verðbólgu eða ekki. Ef persónuafslátturinn er ákvarðaður, eins og er lagt til í frv. ríkisstjórnarinnar, einungis tvisvar á ári gerist það hver sem verðbólguþróunin verður, það er alveg sama hvort hún er mikil eða lítil, að áhrifin koma mishratt í ljós. Ef verðbólguhraðinn er mikill gerist það að skattbyrðin á einstaklingana þyngist í réttu hlutfalli við verðbólguhraðann frá fyrsta degi sem persónuafslátturinn er ákveðinn til næsta tíma þegar honum er breytt á ný sem á að vera 1. júlí. Þar af leiðandi gengur þetta atriði beinlínis þvert á þau tilvitnuðu orð sem ég lagði áherslu á í upphafi máls míns úr greinargerð með frv., en þar segir þetta: „Eitt af markmiðum breytts skattkerfis er að losna við það að raunveruleg skattlagning ráðist af verðbólgu.“

Því er ekki að leyna að raunveruleg skattlagning, sem hefur ráðist af verðbólgu hér á undanförnum árum og við þekkjum, hefur verið á þann hátt að eftir því sem verðbólgan hefur aukist hefur skatt-

byrðin lést á einstaklingum, en nú verður það öfugt ef þetta ákvæði verður samþykkt. Nú mun það gerast að skattbyrðin eykst jafnt og þétt eftir því sem verðbólguþróunin verður, að vísu sex mánuði í senn. Síðan á þetta að leiðréttast eftir þessa sex mánuði. Þá byrjar ballið á ný og skattbyrðisaukinn heldur áfram í nákvæmlega sama hlutfalli og verðbólgan er. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði. Það er þýðingarmikið vegna þess að þetta kemur þyngst niður á þeim sem eru neðst í álagningarstiganum. Það léttast áhrifin eftir því sem ofar dregur, það er alveg rétt.

Þess vegna leggjum við til að persónuafslátturinn verði ákvarðaður ekki sjaldnar en mánaðarlega, nákvæmlega jafnhratt og jafnoft og álagningin fer fram. Auðvitað vildi ég fyrir minn hlut helst að það yrði einhver önnur viðmiðun en lánskjaravísitala því ég er alveg ákveðið þeirrar skoðunar að lánskjaravísitalan eru þau ókjör sem verður að ná hér af með einhverjum hætti og ég er líka þeirrar skoðunar að þeir hv. þm. úr Borgarafl. sem nýlega hafa lagt fram frv. í Ed. um átök í húsnæðismálum hafi þar dottið niður á rétta leið sem er vaxtaaðlögunarlánin svipað og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þar held ég að sé leiðin út úr þeim vanda.

Ég kysi helst að viðmiðunin hér yrði framfærsluvísitalan því að framfærsluna og skattlagninguna held ég að sé ákaflega eðlilegt að hafa hvort tveggja til viðmiðunar þegar verið er að taka ákvarðanir um skattlagningu. Kjarni málsins er að persónuafsláttinn verður að ákvarða eins oft og álagning fer fram og það verður að ákvarða persónuafsláttinn á þann hátt að meginmarkmiðið með breytingunni úr eftiráinnheimtu í staðgreiðslu náist fram. Það er sagt í frv. og það er margtekið fram, það er áreiðanlega margrætt á þinginu á undanförnum mánuðum að það er megintilgangurinn að komast út úr verðbólguáhrifunum. En ef þetta nær fram að ganga verður það lögfest og fyrst og fremst þeim til óþurftar sem síst skyldi.

Að lokum, hæstv. forseti, vildi ég geta þess að við fulltrúar Borgarafl. erum með í undirbúningi frekari brtt. varðandi aðra þá þætti í frv. sem ég hef ekki sérstaklega gert að umræðuefni hér, sem eru fyrst og fremst húsnæðisþátturinn, húsnæðisbæturnar og vaxtaafslátturinn. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það sé ekki gengið nógu langt til þess að það meginmarkmið náist að menn hafi ekki óhag af þeirri breytingu sem er verið að vinna að. Í rauninni má hið sama segja um sjómannaafsláttinn, en það bíður betri tíma.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er fremur fámennt en vissulega góðmennt. Hér er viðstaddur formaður milliþinganefndar sem fjallaði um þetta mál og nú var hæstv. ráðherra að ganga í salinn svo að ég get sparað mér að flytja honum saknaðarkveðjur. (**Fjmrh.:** Hann heyrði það sem hann ekki sá.) En, herra forseti, seint koma sumir og koma þó og á ég þar við þingmálið en ekki hæstv. ráðherra. Hér sjáum við loks eitt af þeim frv. sem brýna nauðsyn ber til að afgreiða fyrir þinghlé hvort sem tekst að hafa það þinghlé fyrir jól eður ei. Þetta er svo fáránlega seint fram komið að engu tali tekur og best að vera ekki að eyða dýrmætum tíma til að skammast yfir því, enda fór ég um það nokkrum orðum í umræðum um annað skylt mál, þ.e. 125. mál Nd. um breytingu á lögum nr. 45 um staðgreiðslu opinberra gjalda, og verða þær athugasemdir að duga um hversu seint þessi mál eru á ferðinni. Það er þó eins og allur sá tími sem það tók stjórnarflokkana að ná samstöðu um frv. hafi ekki nýst sem skyldi þegar tölum í frv. og frvgr. og í grg. ber ekki einu sinni saman. En meira um það seinna.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara út í ræðuhöld um hvernig haga bæri skattlagningu svona almennt eða í heild sinni, en orð hæstv. ráðherra í upphafi ræðu sinnar gefa kannski tilefni til að minna á ákveðin atriði. Einkunnarorð hæstv. ráðherra virðast vera einföldun, skilvirkni og réttlæti og að sögn eru þau höfð að leiðarljósi við endurskipulagningu skattkerfisins. Þetta markmið er lagt til grundvallar við niðurfellingu undanþága af flestu tagi og hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um að slíkar undanþágur og frádrættir byðu gjarnan upp á þær glufur í skattkerfinu sem efnamenn gætu fyrst og fremst notað sér. Ég verð að segja eins og er að ég hef minni áhyggjur af því þótt efnamenn kunni að hafa hag af slíkum möguleikum, ég hef minni áhyggjur af því en af þeim efnaminni sem þurfa á þessum frádráttarmöguleikum að halda.

Það væri svo ástæða til að fara hér mörgum orðum um skattlagningu almennt í tilefni af nýjustu fréttum um breikkun söluskattsstofns og hækkun prósentu og tollabreytingar sem ganga gersamlega gegn réttlætiskennd manna og gegn öllum hugmyndum um fjölskyldustefnu og manneldisstefnu. Það veldur sannarlega furðu og vonbrigðum að svokallaðir jafnaðarmenn skuli standa að slíku. Ég tek undir orð sem ég held að hafi mælt hv. síðasti ræðumaður sem benti á þá smekkvísi að kynna þessar gagngeru breytingar fyrir fjölmiðlum áður en óbreyttir þm. fengu að sjá haus né sporð á því fyrirkomulagi sem þar er verið að kynna. En ég held ég geymi mér frekari almenna umfjöllun um skattamál og snúi mér að því frv. sem hér er á dagskrá.

Frv. sem hér um ræðir er að miklu leyti samhljóða tillögum milliþinganefndar um staðgreiðslu skatta, en um störf hennar má lesa í álitsgerð sem allir þm. hafa fengið. Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, Kristín Sigurðardóttir, hafði fyrirvara um álit nefndarinnar, sem er prentað á bls. 20 í álitsgerðinni, og vil ég lesa það, með leyfi forseta:

„Það er álit mitt að nefnd um staðgreiðslu skatta hafi að ýmsu leyti unnið gott verk og sniðið alvarlega agnúa af lögum um staðgreiðslu skatta og öðrum lögum er því fylgdu. Einnig hefur í störfum nefndarinnar náðst samstaða um ný atriði sem verða til bóta. Tíminn sem nefndin fékk til starfa var þó

óþægilega knappur. Eðlilegast hefði verið að nefndin hefði hafið störf snemma í sumar í stað september. Tveggja vikna hlé skar einnig af vinnutíma nefndarinnar.

Fyrirvari minn byggir á því sem ekki náðist samstaða um og einnig á öðrum liðum sem ekki fékk að reyna á, annars vegar vegna þess að tíminn var skammur og hins vegar vegna skilgreiningar á hlutverki nefndarinnar. Ég vil nefna nokkur atriði: mánaðarleg framreiknun persónuafsláttar, greiðsla óskertra barnabóta til móður, hátekjuskattþrep, skattlagning fjármagns- og eignatekna. Jafnframt minni ég á athugasemdir og tillögur Kvennalistans við afgreiðslu skattalaganna á sl. vori. Ég er mótfallin hugmyndum um lækkun útsvarsprósentu sveitarfélaga í staðgreiðslu. Fulltrúar Kvennalistans munu áfram vinna að skattalegum endurbótum á Alþingi. — Kristín Sigurðardóttir."

Í samræmi við þetta nál. munum við kvennalistakonur reyna að fá fram breytingar á frv. í nefnd og ef það tekst ekki munum við leggja fram brtt. við frv. við 2. umr. um málið, þ.e. um skattþrep, um barnabætur og um mánaðarlega endurskoðun persónuafsláttar, og verða þær skýrðar nánar þegar þar að kemur.

Hæstv. ráðherra kom inn á útsvarsálagningu sveitarfélaga í sinni ræðu hér áðan og virtist þeirrar skoðunar að sveitarfélögin væru full áfjáð í álagningarkröfum sínum. Ég ítreka þá skoðun okkar, sem fram kemur í fyrirvara fulltrúa Kvennalistans í milliþinganefndinni, að sveitarfélögunum veiti ekki af því að fá í sinn hlut meiri tekjur, sérstaklega með tilliti til þeirra auknu verkefna sem þeim eru ætluð. Ég held að við hljótum að taka þetta frekar til athugunar og minni á þá skoðun Kvennalistans að sveitarfélögin eigi að vera sem sjálfráðust um öflun tekna sinna. Ég tel fremur litla hættu á því að þau leiðist út í skattpíningu, enda mundi þeim væntanlega hefnast fyrir síkt.

Svo farið sé skipulega yfir frv. er það fyrst að segja um ákvæði 2. gr. frv. að það ákvæði var fellt niður með lögum nr. 49/1987. Hér er það tekið upp aftur og er alveg hægt að fallast á að þetta ákvæði sé réttmætt og geti komið sér vel. Ég hugðist spyrja hæstv. ráðherra út í nauðsyn þess að taka upp í þessa frvgr. setningarhluta sem ekki var í tillögum milliþinganefndarinnar, þ.e. um að þessi frádráttur mætti ekki fara yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum. Ég sé enga nauðsyn á þessum síðari hluta greinarinnar. Og þetta stangast nú kannski nokkuð á við þær upplýsingar sem mér fannst koma fram í máli ráðherra. En þetta ákvæði hefur að mínu mati ekkert gildi í raun og veru þar sem upphæðir munu varla fara yfir þessi mörk eða er mjög líklegt að fyrirtæki séu í stórum stíl að gefa meira en sem nemur 10% af skattstofni sínum, hversu góður sem málstaðurinn er, auk þess sem ég held að það sé fremur erfitt að henda reiður á þessu í skattaumfjöllun. En sjálfsagt skiptir þetta engu til eða frá. Síðasta setningin tekur svo til þess að fjmrh. ákveður með reglugerð hvaða stofnanir og málaflokkar falli undir þessa grein. Ég sé satt að segja ekki nauðsyn þessa án þess að þetta sé stórmál. En ég velti fyrir mér hvað þarf að skilgreina þarna nánar eða hvort það vefjist eitthvað fyrir mönnum að skilgreina hvað séu menningarmál eða vísindalegar rannsóknir, viðurkennd líknarstarfsemi og kirkjufélög. En kannski er þetta smámunasemi og vel má vera að nauðsynlegt sé að setja reglur um þetta í grg. og vafalaust fæst skýring á þessu í nefnd.

Varðandi 6. gr. frv. vil ég fagna ákvæði 1. mgr. hennar. Það er tvímælalaust til bóta fyrir fólk með sveiflukenndar tekjur sem fer niður fyrir skattleysismörk.

Um 7. gr. hins vegar hef ég ekkert sérstakt að segja. Menn virðast ákaflega sammála um að þessi afsláttur eigi rétt á sér, enda þótt hér sé alls ekki um alla sjómenn að ræða. Trillukarlarnir t.d. fá ekkert og eru þeir nú enn einu sinni svolítið sér á báti í orðsins fyllstu merkingu.

Varðandi 8. gr. frv. hef ég þegar lýst því að við munum gera tillögur til breytinga varðandi greiðslu barnabóta. Eins og hv. þm. vita höfum við notað hvert tækifæri til að leggja til hækkun barnabóta og við munum áfram vinna að því. Nú er boðuð hækkun barnabóta sem að sjálfsögðu er nauðsynleg og munum við bíða með umfjöllun um slíkt. En sú breyting sem við höfum hugsað okkur að gera fellur nokkuð í aðra átt. Hún felur í sér að barnabætur verði greiddar til móður nema barnið sé í umsjá annarra. Þetta teljum við að sé réttlætismál þar eð í langflestum tilfellum er barnið fyrst og fremst í umsjá móður. Það er hún sem tekur á sig persónulegt tekjutap vegna umönnunar barnsins og hún er í yfirgnæfandi tilfella tekjulægri aðilinn í sambúðinni hvert sem formið er á slíkri sambúð. Þetta hefur því einnig þann tilgang að bæta fjárhagsstöðu kvenna og veitir ekki af því. Auk þess er hér um hagræðingaratriði að ræða þar sem verulega dregur úr útsendingu bóta og veit ég að skattayfirvöld yrðu harla fegin slíkri tilhögun. Sama mundi svo gilda um a- og b-lið hvað þetta varðar. Hvað c-liðinn varðar er útfærslan á þeim lið að okkar dómi til bóta þar sem húsnæðisbætur eru bundnar við einstakling en ekki íbúðareign. Að öllu athuguðu og samanlögðu kemur það að mínu viti sanngjarnar út. Upphæðin er svo auðvitað matsatriði og mætti sannarlega vera hærri. Það vekur hins vegar furðu, eins og ég kom að í upphafi, að ekki skuli bera saman frvgr. og grg. hvað tölurnar varðar. Í frvgr. er talað um 38 000 kr. fyrir hvern og viðmiðunin í 1. hluta bráðabirgðaákvæðis sem tekur til vaxtaafsláttar er tvöföld sú upphæð. En í grg. á bls. 10 er um aðrar upphæðir að ræða. Þar er talað um 34 940 kr. á einstakling og 69 880 kr. á íbúð ef tveir kaupa og báðir eiga bótarétt. Þetta er óþörf handvömm og hefur þegar ruglað menn í ríminu því að oft lesa menn skýringarnar betur en frvgr. sjálfar.

Þá er í 12. gr. fjallað um breytingar á persónuafslætti, barnabótum og barnabótaauka með hliðsjón

af verðlagsbreytingum. Eins og fram kemur í fyrirvara fulltrúa Kvennalistans í álitsgerð milliþinganefndarinnar, sem áður er vitnað til, og kom raunar fram við umfjöllun þessa máls á síðasta þingi, teljum við ófært annað en að beita mánaðarlegri framreikningun persónuafsláttar og erum þar á sama báti og hv. þm. Borgarafl. og höfðum hugsað okkur að gera brtt. þar um. Ég hef með höndum útreikninga á því hverju mundi muna á þessum tveimur aðferðum, þ.e. mánaðarlegri endurskoðun persónuafsláttarins og endurskoðun tvisvar á ári eins og lögin gera ráð fyrir. Þetta er auðvitað misjafnt eftir árum, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, en stundum getur munað verulegri upphæð. Það er afar ósanngjarnt að okkar mati að beita þessari aðferð. Því hefur verið borið við að þetta væri fyrirhöfn og erfitt í framkvæmd. Því höfnum við algerlega, enda ómerkilegur fyrirsláttur á tölvuöld. Sömuleiðis mun það vera sumra álit að það sé óeðlilegt að menn hagnist yfirleitt á verðbólgu, en fyrr má nú aldeilis fyrr vera, eins og kerlingin sagði eða karlinn.

Ég get tekið hér dæmi um hvernig munurinn hefði verið á þessum tveim aðferðum árið 1983. Það var dálítið sérstakt ár, og það er ástæða til að skoða það. Persónuafsláttur hefði orðið það ár á mánuði að meðaltali 4825 kr. miðað við mánaðarlega endurskoðun, en 4065 kr. ef endurskoðað hefði verið tvisvar á ári eins og frv. gerir ráð fyrir. Frá upphafi til loka þess árs munar þetta um 18,67%, til að vera nú nákvæm, sem persónuafslátturinn hefði hækkað ef hann hefði verið reiknaður mánaðarlega en ef hann hefði verið endurskoðaður aðeins tvisvar á ári eins og frv. gerir ráð fyrir. Munurinn var sem sagt rúmlega 9000 kr.

Þannig má skoða hvernig það hefði komið út á ýmsum árum. Ég ætla ekki að rekja það allt saman, en mismunurinn t.d. árið 1986 hefði orðið, þ.e. persónuafslátturinn, breytingin frá upphafi til loka árs, um 13% miðað við mánaðarlega framreiknun en 8,3% miðað við endurskoðun tvisvar á ári. Á þessu ári er áætlað að hækkunin frá upphafi til loka árs hefði orðið 9,4% ef reiknað hefði verið tvisvar á ári en 20,4% ef mánaðarleg framreiknun hefði orðið eins og við leggjum til og hv. þm. Borgarafl. Það er ágætt að fleiri eru okkur samstiga um það.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. í þessari lotu. Það eru margir sem vilja komast að og segja sitt. Málið fer nú til umfjöllunar í þeirri nefnd sem ég á sæti í og þar mun ég reyna að fá umræðu um þær breytingar sem við kvennalistakonur teljum nauðsynlegar á frv. en að öðrum kosti leggja þær fram í tillöguformi við 2. umr. um málið.

Benedikt Bogason:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin gaf út stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun 8. júlí sl. Er hún 30 síðna bæklingur í þremur köflum. Í 1. kafla, stefnuyfirlýsing og 2. kafla, starfsáætlun, úir og grúir af fögrum fyrirheitum um bjarta framtíð og blóm í haga. Þessir kaflar eru fagmannlega unnir, allt tínt til sem bitastætt er úr stefnuskrám annarra flokka. Síðan kemur 3. kaflinn á síðu 27, stuttur og ljótur og í algjörri mótsögn við fegurðina í fyrri köflum.

Í stuttu máli: Fyrstu skrefin til dýrðarinnar eru skattpíning og aftur skattpíning á almenning beint og óbeint og svo vítamínsprauta á verðbólguna sem í raun og veru var 10% hærri en talsmenn fyrrv. ríkisstjórnar héldu fram í kosningabaráttunni í vor.

Og næstu skref. Eitt þeirra er til umfjöllunar í dag, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. jan. 1988. Maður skyldi ætla að þegar búið er að pæla í gegnum titilinn taki við gleðileg lesning um að hæstv. fjmrh. uppfyllti stefnu kratanna til margra ára að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum og sömuleiðis hugsanlega hæstv. forsrh. sem hefur verið að lofa sams konar aðgerð í áföngum allt frá því að hann settist í ráðherrastól. En því miður. Enginn merkjanlegur árangur í þá átt. Þvert á móti leynast ýmsar hættur fyrir launþega í frv. um hærri skatt og verri kjör þótt erfitt sé að átta sig á þessu enn þá svo öruggt sé.

Tekjuskatturinn, sem í eðli sínu er til tekjujöfnunar, hefur á undanförnum árum smám saman orðið ójöfnunarskattur. Það var m.a. viðurkennt af hæstv. fjmrh. þegar hann talaði um gatslitið tekjuskattskerfi. Misvægið í þessu gatslitna kerfi heldur áfram. Staðgreiðslan leggst með sama eða meiri þunga en áður á launþega. Eini munurinn er sá að nú er greitt tólf sinnum á ári í stað tíu sinnum áður hjá öllum þorra launþega. Engin hvíld. Stöðug píning.

Og skattbyrðin. Eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Suðurl. er það ljóst eins og reikningsdæmið stendur að loforð og áform um mildi og minni píningu standast ekki. Það er 25% aukning á skattbyrðinni ef í heild er reiknað. Þótt stoppað sé í einhver göt gamla kerfisins stendur eftir sem áður að stór hópur manna með mikið umleikis í þjóðfélaginu sleppur að mestu við að greiða tekjuskatt. En skatturinn leggst af fullum þunga á launþega eins og áður. Þetta er mein í þjóðfélaginu sem ekki verður læknað nema með því að hækka skattleysismörk a.m.k. um helming miðað við það sem er í frv. Það er auðvelt að gera það með því að hækka persónuafsláttinn um helming þótt það kostaði hærri skattprósentu.

Ég leyfi mér að lesa hér upp úr landsfundarályktun Borgarafl. varðandi þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Skattheimta ríkisins verði gerð einfaldari og réttlátari en nú er. Tekjuskattur á almennum launatekjum verði lagður niður. Þetta á að framkvæma innan ramma staðgreiðslukerfisins. Þannig hefur það verið kannað lauslega að með 30 000 kr. mánaðarfrádrætti og 45% skatti verða árstekjur einstaklinga upp að 800 000 kr. nánast skattlausar. Það virðist vera eðlilegt að mánaðarfrádrátturinn sé í samræmi við lægstu laun þjóðfélagsins nema um endurgreiðslu á neikvæðum skatti verði að ræða. Skattbyrði einstaklings með tekjur sem eru yfir 2,5

millj. kr. á ári verður hins vegar meiri en núverandi staðgreiðslukerfi gerir ráð fyrir. Skattdreifingin virkar hins vegar sanngjarnari. Þess verður að gæta að skattbyrði launþega verði ekki aukin á laun með því að mánaðarfrádráttur fylgi ekki verðbólgunni", eins og reyndar hefur komið fram hjá tveim síðustu ræðumönnum. „Þannig verður að hækka frádráttinn mánaðarlega í takt við t.d. lánskjaravísitölu. Sérstaklega þarf að huga að skattamálum sjómanna."

Við höfum lagt fram brtt. til að hafa áhrif til góðs úr því sem komið er. Við viljum hlífa hæstv. fjmrh. við því að þurfa að taka ákvörðun um það í reglugerð hvaða málaflokkar tilheyra menningar- og líknarmálum og eru þess verðugir að njóta náðar hans og hverjir ekki. Við viljum að ónotaður persónufrádráttur maka nýtist 100%, en ekki 80%. Við viðurkennum ekki þetta vanmat á heimilisstörfum. Við viljum, eins og áður hefur komið fram, mánaðarlega leiðréttingu á persónuafslætti, en hv. 6. þm. Suðurl. gerði mjög ítarlega grein fyrir þeim áhrifum. Við viljum að barnabætur og barnabótaauki verði miðaður við 18 ára aldur. Það er eðlilegt í ljósi nútímans. Við viljum endurgreiðslu tekjuskatts síðustu 12 mánuðina við starfslok. En stefna okkar er eftir sem áður að tekjuskattur á almennum launatekjum verði felldur niður, skattleysismörk hækkuð a.m.k. svo mikið að ekki sé verið að skattleggja tekjur fyrir nauðþurftum miðað við lífskjörin í dag. Það kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. hvað það kostar að vera vísitölufjölskylda í dag.

Í þessu sambandi ber líka að hafa í huga, sem mér virðist oft gleymast, að þessi póstur á fjárlögum, sem er tekjuskattur á einstaklinga, er ekki nema um 8,5% af heildartekjum ríkissjóðs, en harmkvælin og vandinn út af þessum skatti eru margfalt meira en 8,5%.

Virðulegi forseti. Ég hóf mál mitt með því að ræða um fögur fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar í júlí sl. Nú segja þeir: Ballið er búið, hagvaxtarskeiðið útrunnið og nú er að herða ólina. Þetta frv. ber sannarlega keim af þessari skoðun. Þess vegna er það vont frv. Almenningur í landinu skilur ekki þessar spár. Það geri ég ekki heldur nema þá hæstv. ríkisstjórn takist að setjast svo ofan á almenning og atvinnufyrirtæki með peningamálastefnu sinni, skattpíningu og áframhaldandi okurvöxtum að hin glæstu tækifæri, sem bíða við sjóndeildarhringinn, nýtist ekki landi og lýð til heilla. Það er dálítið dapurlegt að hæstv. ríkisstjórn virðist ekki ráða við góðærið. En það sem verra er. Hún virðist alls ekki geta unnt almenningi þessa lands að njóta ávaxta erfiðis fyrri ára. Það er slæmt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hafa farið fram hér nokkrar umræður um frv. sem hér liggur fyrir og ekki að ástæðulausu. Ég vil hefja mál mitt með því að segja að ég held að þær brtt. sem hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson talaði fyrir séu til bóta og sérstaklega vegna þess hvernig horfir nú í sambandi við verðbólguþróun næstu mánaða. Ég get ekki betur séð en að horfi mjög illa. Ástæðurnar eru þær í fyrsta lagi að vaxtahækkun hefur orðið á valdatíð þessarar ríkisstjórnar um að meðaltali 12% á mánuði eða ef maður tekur ríkisvíxlana hefur það hækkað úr 26% upp í 41,3% sem er 60% hækkun á fimm mánuðum eða að meðaltali 12% á mánuði. Ég hef ekki heyrt að raunvextir, t.d. miðað við lánskjaravísitölu, séu nokkurs staðar hærri í veröldinni. Það er alveg sama hvort maður miðar við heilt ár, hálft ár eða þrjá mánuði. Þá kemur þetta í ljós. Og það þarf enginn að halda hvað snertir t.d. kostnað við vöruverð að það vaxtaæði sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir hafi ekki áhrif á vöruverð. Auðvitað gerir það það og þar af leiðir að miðað við reynslu undanfarinna ára hafa vextirnir veruleg áhrif á verðbólguskriðið. Ég get heldur ekki séð annað, þó ég ætli ekki að fara út í það hér, en að þessi stefna leiði til þess að hæstv. ríkisstjórn strandi á því að leysa húsnæðismálin o.s.frv. En hvað um þann hóp sem hefur verið að reyna að berjast við að halda sínum íbúðum, sem byggði eða keypti á árunum 1981–1985, þar sem nú er verið að hækka vexti stórlega? Ég sé ekki annað en að með þessu frv., ef það fer í gegn óbreytt, sé verið að taka frá þeim vonina að komast fram úr hlutunum sem ekki eru þegar búnir að selja íbúðir sínar eða þær hafi verið seldar á nauðungaruppboði. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Það liggur líka fyrir og er viðurkennt að hinir beinu skattar muni vaxa um 25% eða því sem næst. Út af fyrir sig hef ég aldrei verið á móti því að þeir sem hafa hærri tekjur borgi skatta vegna þess að það er þá verið að jafna þannig á milli og færa til þeirra sem minna hafa. En að öðru leyti virðist mér að þær aðgerðir sem nú er verið að ræða um stefni í þveröfuga átt. Ég heyrði raunar ekki alla ræðu, því miður, hv. þm. Steingríms Sigfússonar, en mér skildist hann komast að þeirri niðurstöðu að heildarskattheimtan væri best fyrir þá sem eru með lágar tekjur. En ef maður tekur alla skattheimtuna eins og hún leggur sig sé ég ekki annað en það sé verið sérstaklega að níðast á þeim. Þar á ég við fyrst og fremst óbeinu skattana. Auðvitað nýtist ekki þeim sem hafa litlar tekjur aukinn persónufrádráttur. Það nýtist ekki þeim sem hafa sultarlaun.

Ég segi að mér sýnist hér horfa nokkuð á annan veg en stefnt var að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð. Þá var lofað vaxtalækkun. Þá var lofað hóflegum raunvöxtum. Þá var lofað því að dregið yrði úr launamun. Allt virðist þetta hafa snúist þannig að þetta eru hrein öfugmæli. Allt hefur farið öfugt og gæti ég haldið áfram upp að telja, en það gefst betra tækifæri til að taka þau mál öll í gegn þegar matarskatturinn frægi verður til umræðu og ætla ég að láta það bíða þess tíma. Ég fer sjálfsagt þá líka betur út í vaxtastefnuna og áhrifin og sýni fram á að það er ekki hægt að segja að bankaráðin ráði vaxtastefnunni því að það er búið að koma málum þannig fyrir að þau ráða engu. Það er hæstv. ríkisstjórn sem ræður henni með því að bjóða hærri og

hærri vexti, jafnvel með tíu daga millibili eins og gerst hefur að undanförnu. Miðað við 90 daga víxla var fyrst boðið 39,6% en eftir tíu daga 41,3%. Ég veit ekki hvað næstu tíu dagar muni leiða í ljós, en ef svo heldur sem horfir líst mér ekki á blikuna og raunar er þetta strandstefna, algerlega. Ég heyri á einstaklingum og fyrirtækjum að þau sjá fram á gjaldþrot, blátt áfram gjaldþrot ef þessu heldur fram sem horfir. Og eins og ég sagði áðan: Hópurinn, sem verst hefur farið fyrir, sér fram á að baráttan hefur til einskis orðið þar sem þau loforð sem hafa verið gefin eru öll svikin.

Ég ætla að láta þetta duga þangað til við 2. umr., herra forseti.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Fáeinar athugasemdir og innlegg í þessa umræðu.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir með hv. þm. Steingrími Sigfússyni um nauðsyn þess að þjóðin verði vel upplýst um þær breytingar sem fram undan eru. Mér er reyndar kunnugt um að ríkisskattstjóraembættið er með opna línu, en ég er hræddur um það hafi ekki verið auglýst nægilega vel.

Í annan stað vil ég þakka fjmrh. fyrir ágæta ræðu og vinsamleg orð í garð nefndarinnar sem ég geri engan ágreining um.

Fáein atriði sem komið hafa hér til umfjöllunar. Menn hafa sagt, bæði Steingrímur Sigfússon og Óli Þ. Guðbjartsson, að hér sé um mikla skattaþyngingu að ræða. Óli Þ. Guðbjartsson og Benedikt Bogason töluðu um að það væri þyngning um fjórðung. Það væri auðvelt að sjá af því að 3,4% færu upp í 4,2%. En ef menn hins vegar skoða útreikninga sjá menn að það sem hér um ræðir — og því eru ítarleg skil gerð í álitsgerð milliþinganefndarinnar — er 2–3% af tekjum. Mismunur á því hvað menn borga stóran hluta af tekjum sínum á hinum algengustu tekjubilum fer hæst upp í 2–3%. Ég held að það gefi réttari mynd af því hvað hér um ræðir en að vitna í þessar tölur, 3,4 og 4,2. Auk þess ber þá að taka tillit til þess að inni í þeim tölum, þegar verið er að reikna 2–3%, er ekki tekið að vísu hvernig skattlagning á bifreiðastyrkjum og þess konar hlunnindum kemur inn.

Það sést líka að hátekjufólk fær ekki lækkun. Þetta er reiknað allt upp í 10 millj. kr. árstekjur. Og hvernig stendur á því? Skýringin er sú sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. Við höfum nefnilega alls ekki verið með jaðarskatt upp á 47,5% í reynd. Þegar tekjubreytingar og verðlagsbreytingar eru miklar milli ára, ef við reiknum það af tekjuárinu, er jaðarskattur nú einhvers staðar í kringum 34% þannig að jaðarskatturinn miðað við tekjuárið, það ár sem menn eru að greiða skattana, er mjög svipaður eftir sem áður. Það er skýringin á því, ef menn skoða þessar töflur, að á háum tekjum, jafnvel upp í 10 millj. kr. árstekjur, þá er skattbyrðin heldur að aukast milli áranna. Engu að síður geta menn vitaskuld haft skoðun á því að það eigi að vera fleiri skattþrep, en það hefði gert framkvæmdina alla miklu flóknari eins og ég held að öllum eigi að vera ljóst.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon talaði um skattþyngingu á fyrri hluta næsta árs. Ég skal viðurkenna að vaxtaafsláttur kemur ekki til útgreiðslu fyrr en á miðju ári, en það er það sem ég sé fyrst og fremst í þessum tillögum sem megi leggja út á þann hátt að það verði skattbyrðisaukning hjá einhverjum hópum á fyrri hluta næsta árs miðað við það sem þeir hafa átt að venjast. Það er hins vegar séð fyrir barnabótunum, þær eru fyrirframgreiddar. Ég held að það sé ekki hægt að tala um að aðrir frádráttarliðir hafi nýst mönnum þannig í gegnum tíðina að það þýði beinlínis sérstakan tilflutning á skattbyrði innan ársins. (Gripið fram í.) Já, en það hefur verið einn mánuður á fyrri hluta ársins og einn mánuður á síðari hluta ársins sem menn hafa verið skattlausir. Ekki nema fyrri hluti ársins nái átta mánuði fram í tímann hjá hv. þm. (Gripið fram í.) Við skulum ekki deila um það að ágúst er áttundi mánuður ársins.

Hv. þm. gerði nokkuð að umtalsefni að vísitölufjölskyldan þyrfti 1300 þús. kr. til að framfæra sig. Það má vel vera að það sé rétt og ég dreg það ekki í efa. En af þeirri upphæð var matarliður upp á tæpar 25 þús. kr. á mánuði og af því reiknaði hv. þm. hækkun upp á 1400 kr. í útgjöldum á mánuði eða um 20 þús. kr. á ári. En ef fjölskyldan eyddi þessum 108 þús. kr. á mánuði, sem þm. var að gera ráð fyrir, eru þarna eftir 83 þús. kr. sem fjölskyldan hefur í útgjöld til annarra hluta og ef fram fer sem horfir og eins og ríkisstjórnin hefur markað stefnumálum sínum bás mundi verulegur hluti af þeim útgjöldum bera lægri skatta í óbeinum sköttum en áður, þessum útgjöldum sem eru upp á 83 þús., og heildarútkoman á náttúrlega að vera núll samkvæmt þeim boðskap sem út hefur gengið einmitt miðað við vísitölufjölskylduna. En hitt er annað mál að þetta kemur mismunandi út miðað við hvers konar tekjur menn hafa og hvers konar fjölskyldu menn hafa. En að því leytinu held ég að það sé misvísandi að taka þessa viðmiðun að einmitt þessi fjölskylda á að geta komið jafnvel út.

Þm. spurði: Hvers vegna ekki vaxtaafslátt lengur en sex ár? Þm., Steingrími Sigfússyni, er kannski kunnugt um að mín skoðun var sú að þetta mætti framlengja til lengri tíma, t.d. tíu ára. Það er ekki í frv. eins og það liggur núna fyrir, en við höfum alla vega sex ár til að ganga úr skugga um hvort ekki sé ástæða til að framlengja þetta. Við erum því ekki búnir að missa af strætisvagninum í þeim efnum hvernig sem þetta mál fer.

Þm. spurði um aukaskattkort, hvernig fara eigi með ef menn vinna hjá mörgum. (**Forseti:** Þar sem klukkan er nú orðin sex vil ég spyrja ræðumann hvort hann á langt mál eftir.) Herra forseti. Ef ég mætti aðeins taka fáein atriði til viðbótar og reyna að láta mér duga það. (**Forseti:** Já, ég mun fallast á nokkrar mínútur til viðbótar ef það nægði til þess að ræðumaður lyki máli sínu.) Ég skal leitast við að

stytta mál mitt.

Spurt var um aukaskattkort. Það er þannig að ef menn vinna hjá fleiri en einum aðila verða menn að fá sér aukaskattkort til að nýta persónuafsláttinn sinn á þeim stöðum þar sem menn vinna. Það er gert ráð fyrir því og voru einmitt rýmkaðar ýmsar heimildir í sambandi við það í meðferð nefndarinnar.

Ég ætla þá aðeins að víkja fáeinum orðum að þeim tillögum sem þm. Borgarafl. hafa lagt fram. Það var misskilningur hjá hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni að hann væri að leggja fram tillögur varðandi 5. gr. sem væru nákvæmlega eins og milliþinganefndin hefði gengið frá því. Hann hefur misskilið það, þær tillögur sem milliþinganefndin lagði fram um þetta efni og birtast í fylgiriti með álitsgerðinni varða álagningu á árinu 1987 en ekki framtíðina eins og menn munu sjá ef þeir skoða orðalagið og lesa nákvæmlega hvernig þetta fskj. lítur út. Það varðar breytingar á lögum sem í gildi eru þangað til staðgreiðslan tekur gildi, og því einungis álagningu á árinu 1987, og þess vegna er hér á ferðinni misskilningur hjá þm. Borgarafl.

Ég held líka, þó að meiningin kannski komist til skila, að það sé ákaflega varasamt að bera fram tillögu um að ellilífeyrisþegi skili inn skattkortinu sínu vegna þess að við það lendir hann í því að borga full 35% af ellilífeyrinum sínum í skatt. Ef hann hefur ekkert skattkort hefur hann engan persónuafslátt. Ég vil því beina því til þm. Borgarafl. að þeir endurskoði tillögur sínar þannig að þær verði brúklegar því að ég held að það sé ljóst hvað fyrir þeim vakir.

Herra forseti. Það eru fjölmörg atriði sem ég hefði í sjálfu sér haft áhuga á að reifa hér, en ég taldi mikilvægast að koma alla vega þessum atriðum til skila.

En ég vil einungis minna á það að lokum, þegar við nú þráttum um prósentur og framkvæmdaatriði, hvers vegna við erum að taka upp staðgreiðsluskatta. Það er vegna þess að við erum óánægð með eftirágreiðsluskattkerfið vegna þess að menn hafa verið að drepast undan skattahalanum sínum, vegna þess að þetta hefur verið öryggi fyrir sveitarfélögin og ríkið. Það er af þessum sökum sem við erum að taka upp staðgreiðslu. Það er mikils virði fyrir sveitarfélög, fyrir ríki og ekki síst fyrir launþegana sjálfa að við skulum vera að taka upp staðgreiðslu og hefði mátt vera fyrr.

Herra forseti. Vegna þess hversu naumt er skammtaður tíminn mun ég stilla mig um að ræða þetta frekar eða svara ýmsum öðrum ábendingum sem hér hafa fram komið, en væntanlega gefst til þess tækifæri síðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég taldi víst að hæstv. fjmrh. hygðist taka aftur þátt í umræðu og svara einhverju af þeim fjölmörgu spurningum sem til hans var beint sérstaklega. Ég trúi því bara ekki að það eigi að ljúka þessari umræðu án þess að eitthvað komi frá hæstv. ráðherra af því tagi. Ég er ekki að lasta svör hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, 4. þm. Reykn., en hann var aðþrengdur tímans vegna og hljóp einungis á nokkrum efnisatriðum af þeim fjölmörgu sem hér voru borin upp og spurt var um þannig að ég held að það sé allsendis ófullnægjandi og gangi ekki að hæstv. fjmrh. svari ekki einhverju til um þau fjölmörgu atriði sem hann var spurður um. Ég tel ekki viðunandi að hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar fái ekki eitthvað meira vegarnesti en það sem þegar er komið. Þegar bornar eru upp beinar efnislegar spurningar við viðkomandi ráðherra við 1. umr. er það ekki síst gert til þess að nefndarmenn hafi í höndunum svör viðkomandi hæstv. ráðherra og skýringar á þeim hlutum sem þeim finnast ekki nægilega ljósir af framsöguræðu og af öðrum gögnum sem fylgja málinu. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh.: Er það meining hans að koma í þessa umræðu og svara eður ei? Sé svo ekki mun ég engu að síður ítreka til hans þær spurningar þannig að það liggi þá ljóst fyrir að þeim var ósvarað viljandi þrátt fyrir nærveru ráðherrans.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram. Spurningar þær sem til mín var beint vörðuðu skattbyrði, hækkað þrep í tekjuskatti og afleiðingar þess, breytingar á persónuafslætti, fyrirkomulag húsnæðisbóta, greiðslu vaxtafrádráttar, meðhöndlun misgengishóps, hlut námsmanna að því er varðaði útgáfu skattkorta, hvenær yrði að vænta annarra frumvarpa svo sem eins og um skattlagningu fyrirtækja og eignartekjur. Að því er varðar þessi efnisatriði hafa svör þegar komið fram og þau sem ekki hafa þegar komið hér fram er að öðru leyti að finna í ítarlegri álitsgerð milliþinganefndarinnar.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur þegar svarað að því er varðar spurningar um skattbyrði milli ára, breytingar á því. Í framsöguræðu minni komu fram sjónarmið mín mjög rækilega um alla hina efnisþættina, allt frá öðru þrepi í skattinum, um meðhöndlun húsnæðisbóta, um meðhöndlun vaxtafrádráttar, um skattbyrði, um misgengishóp, um hlut námsmanna. Það er kannski helst um hlut einstaklinga með sjálfstæðan atvinnurekstur. Af því að spurt var sérstaklega um bændur er um það að segja að þar verður stuðst við viðmiðunartekjur ríkisskattstjóra, þ.e. launþega í sama atvinnurekstri, en þetta hefur hins vegar fyrirsjáanlega lítil sem engin áhrif því að eins og kunnugt er er það svo vegna ákvæða laga um verðbreytingafærslur og fleira að bændastéttin á Íslandi er skattlaus og það kemur ekki til með að breytast við þessa lagasetningu.

Önnur umræðuefni voru síðan um óskyld mál, þ.e. um þau mál sem eftir er að leggja hér fram, um tolla, vörugjald og söluskatt, um hlut sveitarfélaga, um fasteignaskatt, og skattastefnu Borgarafl. sem ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það gengur ekki hjá hæstv. ráðherra að ætla að fara á handahlaupum frá málunum með þessum hætti. Hæstv. ráðherra hóf framsöguræðu einmitt um það að segja að þessar tekjuskattsbreytingar eða kerfisbreytingar yrðu ekki slitnar úr samhengi við önnur mál í skattakerfinu almennt og fór um það mörgum fögrum orðum að hann væri að gera þar víðtækar ráðstafanir og tíundaði þær nokkuð, tvinnaði þar með saman öll efnisatriði og alla efnisþætti þeirrar víðtæku skattkerfisuppstokkunar sem fyrir dyrum stendur. Síðan kemur hæstv. ráðherra og segir að aðrar spurningar hafi verið um óskyld efnisatriði sem ekki eigi heima í umræðunni, eða ég skildi hann svo, og þar með er hæstv. ráðherra kominn í beina mótsögn við sjálfan sig og sína eigin framsöguræðu. Ég ítreka það því að það gengur ekki að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. ráðherra svari beinum efnislegum spurningum. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson svaraði svona þriðjungi, kom inn á þriðjung af því sem spurt var um. Það var spurt um bein efnisatriði, eins og húsnæðisbætur sem hv. þm. minntist ekki á. Þar spurði ég ítrekað um þær breytingar sem orðið hafa á þeim lið frá því sem milliþinganefndin vann með. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra svari þar til. Ég spurði um einstaka hópa eins og námsmenn og ýmsa fleiri. Ég held að ráðherrann komist engan veginn upp með að skýla sér á bak við annars ágæta ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sem aðeins kom inn á brot af því sem hér var til umfjöllunar, og ég sé enga nauðsyn til þess að hv. þm. gefi sér ekki tíma til að ljúka þessari umræðu með skaplegum hætti á fundi deildarinnar á morgun. Ég tel að það ætti ekki að taka jafngagnorðan mann og hæstv. ráðherra nema svo sem stundarfjórðung að svara, ef hann undirbýr sig vel í nótt, þeim spurningum sem til hans var beint. Af minni hálfu er það alveg fyrir séð, herra forseti, að ég mun ekki lengja umræðuna á þeim fundi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er lítil tillaga sem e.t.v. væri betur viðeigandi að bera fram við afgreiðslu fjárlaga, en samt vil ég nefna hana nú því að ég tel að hún ætti í raun og veru að koma frá hv. forseta við afgreiðslu fjárlaga og ég vil stinga hugmyndinni að honum nú og nefna hana við þingdeildina. Ég tel að í þeim endurbótum sem gerðar eru á Alþingishúsinu og ýmiss konar vélakosti þess sé alveg nauðsynlegt að efna til lítils tölvuskjás til að hafa á borði hæstv. forseta þannig að hann þurfi ekki að kalla fyrst í mann og biðja mann að fara fram og telja saman hversu margir eru í húsinu úr þessum og þessum hópum þm. vegna atkvæðagreiðslna. Ég held að þetta væri augljóst hagræði og mundi satt að segja stuðla að því að svipur á störfum hér batnaði dálítið.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa að sá tölvuskjár sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á er í smíðum en er ekki kominn hér í borðið, en mun koma eftir nokkra daga. Vonandi verður það til þess einnig að hv. þm. mæti betur við atkvæðagreiðslur þegar forseti hefur það hér hverjir eru inni og hverjir ekki. En þar sem eigi eru nógu margir viðstaddir til að koma þessu máli áfram með eðlilegum hætti mun atkvæðagreiðslu verða frestað til morguns í þessu máli og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

28. fundur, miðvikudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Leiðtogafundur stórveldanna, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 193. mál. — Þskj. 223.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þeirri till. til þál. frá utanrmn. sem ég nú mun lesa, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um leiðtogafund stórveldanna
frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að senda Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíl Gorbatsjov, aðalritara miðstjórnar sovéska kommúnistaflokksins, heillaóskir í tilefni samnings um afvopnunarmál sem þeir hafa undirritað. Alþingi lætur í ljós þá von að áfanginn, sem náðist á fundi þeirra í Reykjavík, beri ríkulegan ávöxt í viðræðum þeim, sem nú eru að hefjast, og þær stuðli að varanlegum friði."

Utanrmn. hefur á fundi sínum í dag orðið sammála um að flytja till. þá til ályktunar Alþingis sem ég nú hef gert grein fyrir og hefur haft samráð við alla þingflokka um efni hennar og form.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

29. fundur, miðvikudaginn 9. des., að loknum 28. fundi.

Leiðtogafundur stórveldanna, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 193. mál. — Þskj. 223.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþykkt með 50 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 229).

EFRI DEILD

18. fundur, miðvikudaginn 9. des., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143, n. 214.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Þetta frv. er flutt til samræmingar í sambandi við breytta meðferð lífeyrissjóðsmála. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Júlíus Sólnes:
Herra forseti. Ég sé mig tilneyddan að kveðja mér hljóðs um þingsköp með hliðsjón af því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur fyrir að ráðherra, sem á að mæla fyrir máli, er ekki til staðar þegar fundur í deildinni er settur. Hér um daginn máttu þingmenn bíða í nærri hálftíma eftir því að hæstv. fjmrh. kæmi til að mæla fyrir máli í deildinni. Sat hann þó reyndar í næsta herbergi þegar betur var að gáð, en hann sá ekki ástæðu til að hafa af því áhyggjur þó að þm. þyrftu að bíða í fullan hálftíma eftir því að honum þóknaðist að koma inn í deildina til að hefja framsöguræðu sína fyrir því máli sem þá var á dagskrá. Hér er alveg það sama á ferðinni. Hæstv. viðskrh. virðir þm. deildarinnar ekki meira en svo að honum er alveg sama hvort hann sé mættur hér eða ekki þegar hann á að mæla fyrir máli. Ég tel að þessi framkoma hæstv. ráðherra sé algerlega óþolandi og legg því til að þessum málum þeirra verði vísað frá eða þeim verði frestað og gengið til dagskrár til þeirra mála þar sem a.m.k. frsm. eru mættir.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Forseti hefur gert ráðstafanir til að ná í framsögumann fyrir þessu máli, hæstv. viðskrh. Hann er í húsinu. Það liggur á að ljúka málum þrátt fyrir þessa fjarveru, sem mér þykir miður, og vænti ég þess að hv. deildarþm. uni við það í nokkrar mínútur eða þar til að hann kemur.

Guðmundur H. Garðarsson:
Herra forseti. Ég tek undir orð hv. 7. þm. Reykn., Júlíusar Sólnes, að það er gersamlega óþolandi að frsm. með málum hér, ég tala ekki um ráðherra, skuli ekki sýna deildinni þá virðingu að mæta á réttum tíma til að tala sérstaklega fyrir þeim málum sem þeir leggja áherslu á að deildin afgreiði fljótt. Þetta er gersamlega óþolandi og ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann komi þeim skilaboðum til ráðherra að ef þeir geti ekki mætt verði tekin fyrir önnur mál, sem eru á dagskrá, strax.

Skúli Alexandersson:
Herra forseti. Ég tek undir ábendingar hv. þm. sem hér hafa bent á þann hátt sem ráðherrar eru að skapa í þingstörfum, þ.e. að deildin sitji og bíði eftir ráðherrum eða ráðherra sem jafnvel er í húsinu. Hvaða störf eru það sem hæstv. ráðherra telur brýnni en þau að sinna deildarstörfum? Er hann kannski að spjalla við fréttamenn eða sinna þeirri þjónustu? Það virðist þó sem sá hæstv. ráðherra hafi fengið alveg sæmilegt rúm í fréttamiðlum hingað til þannig að það sé óþarfi fyrir hann að bæta þar við ef svo skyldi vera.

Ég held að það sé ástæða til að benda einnig á það, fyrst deildin hefur tíma til að spjalla um þingsköp meðan beðið er eftir ráðherra, að það er einnig alveg sérstakt hvernig mál eru lögð fyrir deild og fyrir þingið. Sum mál sem þarf að afgreiða fyrir þinghlé eru ekki komin til umfjöllunar á hv. Alþingi enn þó að nú sé rétt um vika eftir af þingstarfinu.

Ég veit ekki hvort er rétt að aðstoða forseta við að halda starfi deildarinnar í gangi með því að ræða um þingsköp meðan við bíðum eftir ráðherra. Það er kannski eðlilegast að deildin sitji og bíði og horfi í gaupnir sér á meðan ráðherra er að sinna einhverjum öðrum störfum í húsinu eins og upplýst var af forseta að mundi vera.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Það liggur fyrir á þessum fundi frv. frá þm. Borgarafl., ef ég man rétt, sem mun vera 4. mál á dagskrá þessa fundar. Það er ljóst að 1. flm. þess frv., hv. þm. Júlíus Sólnes, er staddur á fundinum og er tilbúinn að mæla fyrir málinu. Í stað

þess að taka það mál fyrir, eins og eðlilegt hefði verið, hefur hæstv. forseti kosið að bíða eftir því að hæstv. viðskrh. birtist til að gegna skyldustörfum sínum við þessa hv. deild. — Ég held að það sé óhjákvæmilegt, úr því að hæstv. viðskrh. lætur svo lítið að koma hingað í deildina, að láta þess getið að það er illa séð af flestum deildarmönnum hygg ég, hv. þm. í þessari deild, að hér sé haldið uppi fundum sem eingöngu fara í bið eftir þessum hæstv. ráðherrum þar sem hátignirnar úr Alþfl. virðast eiga erfiðara með að læra á klukku en aðrir hæstv. ráðherrar.

Hér er lögð á það áhersla af ríkisstjórninni að það verði unnið mjög geyst í málum næstu daga, dagfari, náttfari, það verði unnið í nefndum daginn út og daginn inn, afgreidd mál á hraða sem er í rauninni engan veginn sæmandi þessari virðulegu stofnun. Þess vegna hefði maður haldið að það væri lágmarksósk af hálfu þm. að þeir hæstv. ráðherrar sem eru um leið að reka á eftir þinginu og störfum þess sjái til þess að menn þurfi ekki að hanga hér verklausir nagandi blýantana langtímum saman eftir því að ráðherrunum þóknist að láta sjá sig í þessari hv. deild eða hvor deildin sem það er, enda sé ég reyndar ekki, herra forseti, sem er reyndar annað mál og ég kem að á eftir undir umræðum um dagskrárliðinn, ef ráðherrann kemst einhvern tíma í stólinn fyrir umræðum um þingsköp sem geta eðlilega orðið langar, að það sé nein ástæða til að flýta þessu máli hæstv. ríkisstjórnar umfram það mál t.d. sem er á dagskránni og hv. þm. Borgarafl. flytja. Ég sé engin rök fyrir því. Þannig er alla vega mjög undarlega að verki staðið af þessum hæstv. ráðherrum. Það verður séð til þess að þeir verði minntir á það í þessari deild, ef þörf krefur, að það er nauðsynlegt fyrir ráðherra bæði að kunna á klukku og almanak.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi biðja hv. þingdeildarmenn afsökunar á því að ég var hér ekki staddur þegar til umræðu átti að taka frv. sem ég mæli fyrir. Ástæðan er ákaflega einföld. Ég er þingdeildarmaður í Nd. og var þar bundinn við þingstörf, kom hingað svo skjótt sem ég mátti og vonast nú til að geta bætt úr því sem unnt er úr að bæta, en segi ekki fleira um þetta.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að benda á að þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra gefur núna voru ekki gefnar úr forsetastól. Við hv. deildarmenn biðum í þeirri vissu að hæstv. ráðherra væri að einhverjum öðrum störfum í þinginu en að sinna störfum í hv. Nd. Ég kvarta undan því, ef ég má orða það þannig, að þm. í hv. deild voru ekki gefnar upplýsingar um að ráðherra væri að störfum í Nd.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 38 frá 1. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands, sem er á þskj. 40 eins og kom fram hjá hæstv. forseta. Þær breytingar sem í frv. felast eru eingöngu formlegs eðlis. Í tillögunni, sem frv. geymir, felst að færa forræði Útflutningsráðs frá viðskrn. til utanrrn., en að öðru leyti er engu efnislega breytt hvað varðar starfsemi ráðsins eða lögum um það efnislega.

Það má segja að efni frv. sé fjórþætt.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að eftir samþykkt frv. taki utanrrh. eða stjórn Útflutningsráðs ákvörðun um hversu oft skuli halda almenna fundi ráðsins og utanrrh. eða sá sem hann tilnefnir boði þessa fundi og stjórni þeim.

Í öðru lagi skal utanrrh. skipa stjórn ráðsins samkvæmt tilnefningu þeirra sem eiga aðild að því. Viðskrh. mun eftir sem áður tilnefna fulltrúa í stjórn Útflutningsráðsins og viðskrn. þar með eiga að því aðild.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Útflutningsráði Íslands sé heimilt að ráða viðskiptafulltrúa til starfa í sendiráðum að höfðu samráði við utanrrn. eitt í stað þess, sem áður var, að samráð skyldi haft bæði við utanrrn. og viðskrn.

Loks miða breytingarnar í fjórða lagi að því að utanrrh. geti samkvæmt tillögum stjórnar ráðsins sett nánari ákvæði um skipulag þess og starfsemi og reglugerð um starfsemina, en sú heimild er nú í höndum viðskrh.

Allar þessar fjórar breytingar eru formlegs eðlis og breyta litlu sem engu um starfsemi ráðsins. Útflytjendur greiða mestan hluta kostnaðar við það, en það er auðvitað skylda stjórnvalda að sjá til þess að árangur af starfsemi ráðsins verði sem mestur og bestur. Það er efnisþáttur þessarar tillögugerðar að með því að tengja Útflutningsráðið beint við utanríkisþjónustuna megi þar tryggja betri nýtingu á starfskröftum, bæði hjá Útflutningsráðinu og utanríkisþjónustunni.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta mál, sem hæstv. ráðherra viðskiptamála hefur hér mælt fyrir, hefur fengið meðferð í hv. Nd. og þar kom fram að verulegur ágreiningur var um málið, bæði varðandi Útflutningsráð Íslands og sömuleiðis varðandi það mál sem er hér á dagskrá nr. 2 og heitir frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl. Í Nd. gaf hv. 1. þm. Vestf.,

Matthías Bjarnason, út svohljóðandi nál. um síðarnefnda málið:

„Stjórnarflokkarnir gerðu samkomulag um nýja verkaskiptingu milli viðskrn. og utanrrn. um breytingu á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands. Þegar þetta samkomulag var borið undir þingflokk Sjálfstfl. lýsti ég andstöðu minni við þessa breytingu. Ég tel að þessi mál séu best komin í viðskrn., enda hafa flestir eða allir útflytjendur verið því fylgjandi að þessi mál heyri undir það ráðuneyti, eins og fram kemur í bréfi dags. 27. okt. 1983 til stjórnsýslunefndar og er birt sem fskj. með þessu nál.

Með tilliti til framanritaðs er ég andvígur þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir."

Sami hv. þm. gaf út svohljóðandi nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um Útflutningsráð Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og tel ekkert það hafa gerst þann skamma tíma sem Útflutningsráð Íslands hefur starfað sem geri þessa breytingu nauðsynlega."

Ég get og hafði hugsað mér að ræða þessi mál ítarlega undir umræðum um frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsleyfi og ætla þess vegna ekki að hafa þessi orð mikið fleiri í þessari umræðu, en vil spyrja: Er það viðskrh. sem á að flytja þetta mál hér eða er það utanrrh. eða staðgengill hans, sem er hæstv. sjútvrh.? Við söknuðum vinar í stað lengi vel þar sem er hæstv. viðskrh. (**Dómsmrh.:** Rangs vinar.) Mér sýnist að forseti hafi ekki feðrað málið rétt og það á kannski frekar heima undir umræðum um þingsköp, en það væri fróðlegt að fá á því nokkurt álit. Ég áskil mér rétt til að ræða málin ítarlegar undir umræðum um útflutningsleyfi þegar þær fara fram hvort sem það verður á þessum fundi eða síðar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að það hefur verið mjög alvarlegur misskilningur í þessari deild. Og ekki nóg með að það hafi verið alvarlegur misskilningur í þessari deild, heldur einnig í Nd. því að meðan svo fór fram að hæstv. viðskrh. var ávíttur af nokkrum deildarmönnum fyrir að vera ekki hér var verið að reyna að fá hann til að mæla fyrir máli í Nd. sem ég átti að mæla fyrir þar. Þar af leiðandi er hér um mjög alvarlegan misskilning að ræða og í báðum tilvikum á ég sökina. Ég vildi koma því að þannig að það mætti vera ljóst í þingtíðindum að þær ávítur sem voru bornar fram á hæstv. viðskrh. áttu við sjútvrh. sem nú gegnir fyrir utanrrh. í fjarveru hans. Ég hafði hins vegar því miður ekki gert mér ljóst að ég átti að mæla fyrir þessu máli. Af einhverjum sökum hafði enginn rætt um það við mig og ég var þess allsendis óviðbúinn. Hér er því um margvísleg mistök að ræða og vildi ég leyfa mér, hæstv. forseti, að biðja forseta og deildina velvirðingar á þessum mistökum. Vildi ég leyfa mér að vona að deildarmenn væru tilbúnir að taka orð sín til baka að því er varðar viðskrh. því að þau eru öll byggð á alvarlegum misskilningi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er fjarri mér að vilja lengja þessa umræðu um þingsköp. Ég vil þó gera alveg skýrt að hæstv. sjútvrh. tók á sig heldur mikið af skuldunum því ég átti sannarlega að mæla fyrir frv. um Útflutningsráð Íslands, sem er breyting á lögum sem heyra undir viðskrn., og það hef ég þegar gert. En það er hins vegar rétt, sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh., að áðan var það dálítið vafamál, bæði í Ed. og Nd., hver mæla skyldi fyrir málum og við það var ég nokkuð bundinn áðan, þegar ég var fjarri, og bið hv. Ed. að hafa skilning á þessu og nokkurt umburðarlyndi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ef einhverjum dettur í hug að ég sé hingað kominn til að útbýta fyrirgefningum af minni hálfu gagnvart þeim iðrandi syndurum sem hér hafa síðast talað á undan mér er það misskilningur. Það er hins vegar athyglisvert að ráðherrarnir skuli kjósa að ganga svipugöngin hvor fyrir annan með þeim hætti sem þeir hafa gert. Það er nýlunda í þessu stjórnarsamstarfi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Eitt er nú að ganga svipugöngin hver fyrir annan. Hitt er öllu verra ef fleira er jafnruglað og misskilið í störfum þingsins og milli deilda og þetta mál. En af nefndarstörfum undanfarna daga virðast margir lausir endar og mér er til efs að það náist að hnýta þá alla fyrir jól. Ég held því að menn ættu að fara að skipuleggja störf sín ögn betur og setja niður forgangsröð um það hvaða málum verður að koma í gegnum þetta þing fyrir þinghlé því að þau munu ekki öll ganga í gegn, held ég, svo að vel sé.

Ég ætlaði að segja nokkur orð í sambandi við frv. til l. um breytingu á lögum um Útflutningsráð Íslands og eru þau auðvitað samhangandi bæði það og eins það frv. sem á eftir fer um útflutningsleyfi.

Þessar breytingar, sem hér á að gera á útflutningsviðskiptum, að færa þau yfir til utanrrn., voru ræddar talsvert á sl. kjörtímabili í hv. utanrmn. þar sem ég átti sæti og sýndist að vísu sitt hverjum þar. Þó voru menn almennt á því að það þyrfti að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna að ýmsu leyti og að það væri skynsamlegt að koma á formlegra sambandi milli viðskrn. og utanrrn. vegna þess að ýmsir viðskiptafulltrúar ættu jafnan sæti eða væru í nánum tengslum við sendiráð erlendis. Ennfremur að margar þær fsp. og þau erindi, sem bærust sendiráðum erlendis, væru af viðskiptalegum toga og þess vegna þyrfti að tengja þetta betur saman. Ég er alveg sammála því. Slíkar breytingar mætti gjarnan gera.

Hins vegar kom það fram í umræðum í Nd. og er flestum ljóst, sem fylgdust með stjórnmálum á sl. sumri, að aðdragandinn að þessum breytingum nú,

eins brátt og hann ber að og með jafnlitlum undirbúningi og raun ber vitni, er fyrst og fremst í tengslum við stjórnarmyndunarviðræður og e.t.v., eins og einhverjir komust að orði, hrossakaup um ráðherrastóla. Ég álít að þarna hefði mátt standa mun betur að málum og skipuleggja betur þær breytingar, sem átti að gera, og tel mjög vafasamt að hefði átt að venda umsjón þessara mála svona kyrfilega yfir í annað ráðuneyti án þess að skipuleggja aðdragandann betur, þó að ég sé, eins og ég hef áður sagt, fylgjandi því að það þurfi að tengja þessi mál betur saman til þess að markvissari vinnubrögðum og árangri sé náð.

Við erum í sjálfu sér ekki mótfallnar endurskipulagningu á Stjórnarráðinu, kvennalistakonur, og höfum reyndar rætt þau mál á þinginu þegar tilefni gefast til. Hins vegar hefðum við viljað leggja allt aðra áherslu á í þessum efnum og eins og kom fram í máli Kristínar Halldórsdóttur í Nd., þegar hún talaði í þessu máli, og hefur reyndar komið fram í máli okkar áður. Finnst okkur brýnasta breytingin í endurskipulagningu Stjórnarráðsins vera sú að koma á umhverfismálaráðuneyti fremur en gera þá breytingu sem hér er til lögð og hefðum við mun frekar viljað standa hér og ræða frv. um slíkt mál en þetta. Ég efast um í raun að það liggi jafnmikið á að afgreiða þetta og mörg önnur mál fyrir jólin þegar við stöndum nú frammi fyrir lánsfjárlögum sem eru eins og grautur í skál bókstaflega. Þar eru svo margir lausir endar og óuppgerð mál, sem hafa komið inn á borð fjh.- og viðskn. Þá hefði í raun átt að gera upp fyrir löngu í liðum stjórnarinnar áður en málið kom hér í umræðu og í umfjöllun nefnda. Ég legg mikla áherslu á þetta vegna þess að ég hef mjög miklar áhyggjur af þessu og einnig af þeim stóru kerfisbreytingum sem verið er að gera.

Við erum búin að fá endalaus dæmi á þessu þingi um illa unnin mál. Það liggur á borðum okkar skýrsla um léleg vinnubrögð, afspyrnu léleg og óskaplega dýrkeypt vinnubrögð í hönnun flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Ég er ekki búin að lesa þessa skýrslu, en ég hygg að þar standi að þetta geti orðið lærdómur, ekki síst fyrir þá sem hér vinna, hvernig þeir standa að málum, og einnig fyrir ráðuneyti. Þess vegna legg ég eindregið til að nú verði vandað til vinnubragða og menn ætli sér ekki um of, nái þeim málum í gegn sem brýnust eru og reyni að vinna þau vel.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Það var ljóst þegar í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar sem leið að það var gert ráð fyrir þeirri kerfisbreytingu að utanríkisviðskiptaverslunin skyldi færð yfir til utanrrn. Það kom þá þegar fram mikil gagnrýni á það að gera slíka kerfisbreytingu á Stjórnarráðinu utan þings án þess að leggja fram þar um vel undirbyggðar tillögur í formi frv. um allsherjarbreytingar á Stjórnarráðinu. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort við þm. Borgarafl. erum samþykkir þeirri breytingu að utanríkisverslunin færist nú yfir til utanrrh. Ég leyfi mér að efast um að hann geti bætt því við sig því hann er ekki mikið hér á landinu eins og öllum er kunnugt um, hæstv. utanrrh. En það kann að vera að einhverjir embættismenn í ráðuneytinu geti tekið þetta starf að sér. Við vonum það.

Hins vegar vaknar upp sú spurning hvort skynsamlegt sé að innflutningsverslunin sé í einu ráðuneytinu og utanríkisverslunin í öðru. Þá koma upp í hug minn ýmsar spurningar varðandi fjölda ráðherra hér. Við erum með ellefu ráðherra í núv. ríkisstjórn og ellefu aðstoðarráðherra. Einhvern tíma hefði mönnum þótt það ansi mikið. Þegar viðreisnarstjórnin sat á 7. áratugnum voru ráðherrar í henni sjö talsins og þótti öllum það nóg og hefði jafnvel mátt fækka þeim. Ég spyr nú hvort það hefði ekki verið einfaldara að leggja saman viðskrn. og utanrrn. og hafa þar einn og hinn sama ráðherra. Það hefði verið nær að sjá einhverjar slíkar hugmyndir í stjórnarmyndunarviðræðunum; að sameina ráðuneyti og störf ráðherranna. En það virðist vera sú þróun mála, sem er ríkjandi á þessu landi okkar, að Stjórnarráðið og ráðuneytin blási út, enda er svo að verða að öllu þjóðfélaginu í smáum og stórum atriðum er stýrt þaðan.

Ég vil síðan taka undir það með hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur að ég skil ekki til hvers er verið að tefja þingtímann með því að leggja þessi frv. fyrir nú í miðjum jólaönnunum. Við vitum öll hvert stefnir núna næstu daga og þá viku sem er eftir fram að jólum. Við eigum eftir að afgreiða mikil og stór frumvörp og þó er verið að eyða tíma okkar í að ræða hér um að mínu viti frekar ómerkilegt mál, hvor hæstv. ráðherranna á að sinna utanríkisversluninni.

Ég mun svo síðar taka til máls um innihald þessarar kerfisbreytingar undir dagskrárliðnum um útflutningsleyfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um útflutningsleyfi o.fl. í fjarveru utanrrh. Eins og hér hefur komið fram er þetta frv. flutt á grundvelli samkomulags stjórnarflokkanna um að flytja útflutningsverslunina frá viðskrn. til utanrrn. Með því er stefnt að því að nýta utanríkisþjónustuna í ríkari mæli en áður hefur verið gert til að sinna viðskiptahagsmunum landsins.

Auðvitað hefur utanríkisþjónustan á hverjum tíma sinnt þessum hagsmunum sem eru að sjálfsögðu mikilvægustu hagsmunir okkar á sviði utan-

ríkismála þar sem við erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir í heiminum. Það er því eðlilegt að lítið land sem okkar endurskipuleggi þessi mál í ljósi þeirra staðreynda og reyni að nýta þann mannafla sem við höfum yfir að ráða til að sinna okkar mikilvægustu hagsmunum.

Ég er með þessu ekki að gera lítið úr öðrum hagsmunum á sviði utanríkismála, sem að sjálfsögðu þarf að sinna, en ég tel mikilvægt að breyting eins og hér er gert ráð fyrir eigi sér stað.

Það frv. sem hér liggur fyrir, um útflutningsleyfi o.fl., er í sjálfu sér afleiðing þessarar breytingar þar sem í framhaldi af því þykir rétt að útflutningsleyfin varði skipulag útflutningsmálanna, hverjir fari með útflutningsverslunina, hvaða skilyrði eru sett til að stunda slík viðskipti og með hvaða hætti okkar útflutningshagsmunum er best komið. Þessi mál tengjast í mjög ríkum mæli þessari starfsemi, þ.e. leyfin sem slík, og því eðlilegt að þau séu á þeim stað í okkar stjórnskipulagi þar sem fjallað er um útflutningsverslunina.

Frv. er sem sagt afleiðing þessara breytinga, eðlileg afleiðing sem kemur fram í því einfalda og skýra frv. sem liggur fyrir.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að þetta er ekki flókið mál og ekki mikið að vöxtum. Þetta er einfalt frv. sem hér liggur fyrir til umræðu en það snertir engu að síður ákaflega mikilvæga þætti í verkaskiptingu ráðherra og verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands og snertir vissulega ákveðin grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að glöggva sig á. Ég held að það sé í sjálfu sér hægt að flytja viss rök með því að þessi flutningur eigi sér stað en þau þurfa að vera býsna gild til þess að það sé rétt og skynsamlegt að gera það einhliða eða taka þetta mál eitt út úr stjórnarráðslögunum eins og hér er verið að gera.

Þetta var ákvörðun sem var tekin eftir þrengingar stjórnarflokkanna þegar þeir voru að koma saman ríkisstjórninni í sumar. Það var erfitt fyrir Framsfl. að sleppa forsrn. af því að Steingrímur var svo vinsæll samkvæmt ítrekuðum skoðanakönnunum, vinsælasti stjórnmálamaður í heimi og sennilega þó að víðar væri leitað, hæstv. núv. utanrrh. Og til þess að hann fengist til að sleppa forsrn. þá þurfti auðvitað að smyrja eitthvað aðeins á utanrrn. Það var ekki nóg að láta hann hafa það eitt og bert. Það þurfti að setja á það smáviðbit og það urðu utanríkisviðskiptin sem voru tekin úr viðskrn. Það lá svo mikið á þessu að stjórnarráðsreglugerðinni var breytt með reglugerð strax 8. júlí. Í raun og veru með ákvörðun þáv. forsrh. Steingríms Hermannssonar, það er svo sérkennilegt að það er forsrh. sem breytir reglugerðinni 8. júlí, daginn sem stjórnin er mynduð eða þó öllu heldur nokkrum klukkutímum áður en stjórnin er mynduð. Vegna þess að hann treysti ekki eftirmanni sínum, Þorsteini Pálssyni, hæstv. forsrh., til þess að framkvæma þessa breytingu í tæka tíð, þá ákveður fráfarandi forsrh. að gefa út breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nokkrum klukkustundum áður en hann gengur úr Hvíta húsinu við Lækjartorg, hinu gamla tugthúsi. Og þar er það því tilkynnt að utanrrh. fari með útflutningsverslun, undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga, skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök, vörusýningar erlendis og þessir þættir eru teknir út úr verkefnum viðskrh. sem áður hafði haft þau samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 frá 31. des. 1969, en þá var sett sú grunnreglugerð sem Stjórnarráð Íslands hefur síðan starfað eftir. Jafnframt var gefin út reglugerð um að fækka verkefnum viðskrn. eins og við var að búast með breytingu á 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands. Það er sem sagt Steingrímur Hermannsson, fráfarandi hæstv. forsrh., sem til öryggis breytir eigin hendi reglugerðinni þannig að það sé engin hætta á því að það verði maðkur í mysunni eftir að hann yfirgefur forsrn. Hygg ég að það sé einsdæmi að fráfarandi forsrh. gefi út reglugerð um þau verk sem hann kemur til með að vinna í því ráðuneyti sem á að mynda aðeins nokkrum klukkutímum síðar. Það hefur vafalaust einhvern tímann verið sagt í lofgjörðarleiðurum Tímans um hæstv. utanrrh., Steingrím Hermannsson, að hann væri forsjáll maður. Ég hygg að þetta sé tvímælalaust staðfesting þess þegar hann breytti reglugerðinni um sjálfan sig fáeinum klukkustundum áður en hann fór úr forsrn. sumardaginn sæla 8. júlí 1987.

Þessi breyting hefur reyndar verið rædd oft áður. Í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh., Ólafs Jóhannessonar, til Alþingis árið 1983 eða 1984 var þessari hugmynd hreyft og þá kom fram talsverð andstaða við hana í þinginu, m.a. svo mikil að sá sem síðar gegndi starfi utanrrh., hæstv. núv. samgrh. Matthías Á. Mathiesen, felldi niður þessar hugmyndir um breytingar á starfsemi utanrrn., enda hafði hann kynnst viðskrn. og var þeirrar skoðunar að utanríkisviðskiptin ættu þar best heima.

Viðskrn. hefur núna starfað í rúmlega 45 ár. Það er eitt elsta ráðuneytið. Það var stofnað um leið og þjóðstjórnin var mynduð 17. apríl 1939 og bættist þá í hóp þriggja gömlu ráðuneytanna, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og fjmrn. Starfssvið viðskrn. var þá ákveðið eins og verið hefur alla tíð síðan viðskiptamál og gjaldeyris- og bankamál. Það var talin sérstök ástæða til þess að stofna þetta ráðuneyti og efla starfsemi þess vegna yfirvofandi heimsstyrjaldar. Störf ráðuneytisins hafa verið verulegum breytingum háð á þessum áratugum vegna breytilegs efnahagsástands og viðskiptastefnu og á stríðsárunum 1939–1945 snerist vinnan að mestu um innflutnings- og gjaldeyrismál, bæði útvegun nauðsynjavara og skömmtun á gjaldeyri og svo enn fremur verðlags- og skömmtunarmál.

Með ráðstöfunum svokallaðrar viðreisnarstjórnar 1960, þegar innflutningshöft voru að miklu leyti afnumin, breyttist starfsemi viðskrn. verulega. Í stað þeirra verkefna sem ráðuneytið hafði sinnt áður kom eftirlit með erlendum lántökum. Um þetta leyti tók viðskrn. einnig að sér útgáfu útflutningsleyfa samkvæmt lögum um gjaldeyris- og viðskiptamál sem upphaflega voru sett á árinu 1961, ef ég man rétt. Jafnframt var ákveðið að ráðuneytið annaðist viðskipti við Austur-Evrópuríki og árið 1964 færði ráðuneytið enn út starfssvið sitt með því að taka að sér að sinna samskiptum Íslands við alþjóðasamtökin um tolla- og viðskiptamál, GATT, og gerðist Ísland eða viðskrn. fyrir Íslands hönd fullgildur aðili að þeim viðræðum og samningum um tollamál, Kennedy-viðræðunum, árið 1967. Viðskrn. fór síðan með undirbúning að aðild Íslands að EFTA, Fríverslunarbandalagi Evrópu, og annaðist og hefur annast síðan samskipti Íslands við Fríverslunarbandalagið. Sömuleiðis hafði viðskrn. með að gera, að vísu í umboði utanrrn., samningaviðræður um fríverslunarsamning við Efnahagsbandalagið sem lauk með undirskrift samnings 22. júlí 1972. Þátttaka Íslands í öllu þessu starfi hefur alfarið verið á vegum viðskrn. en í mjög góðu samstarfi, segi ég því að ég þekki þar dálítið til, við sendiráðin í Brussel, Genf og í París.

Spurningin er sú þegar menn nú standa frammi fyrir tillögu um að leggja viðskrn. að verulegu leyti niður vegna þess að það er mjög lítið eftir í viðskrn. þegar utanríkisviðskiptin eru farin þaðan, þegar GATT, EFTA, Efnahagsbandalagið og útflutningsleyfin og Útflutningsráð er farið úr viðskrn., þá er í raun og veru sáralítið eftir í því ráðuneyti. Ráðuneytið hefur að vísu, eins og menn vita, húsbóndavald yfir niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, en það er auðvitað aðeins að nafninu til vegna þess að það eru fyrst og fremst pólitískar almennar ákvarðanir sem liggja á bak við niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Þá hefur ráðuneytið húsbóndavald yfir lögunum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og þar af leiðandi hefur ráðuneytið að gera með Verðlagsstofnun. Síðan hefur ráðuneytið allt frá 1969 þegar lögin um Stjórnarráð Íslands voru sett, og reyndar áður líka, haft með að gera bankamál. En það hefur því miður aðeins verið að nafninu til. Það var niðurstaða Gylfa Þ. Gíslasonar, hæstv. fyrrv. viðskrh., sem fór með þessi mál um langt skeið og beitti sér fyrir þeim breytingum sem urðu hér á efnahagsmálum í kringum 1960, að það væri eðlilegt að Seðlabankinn annaðist viðskiptamálin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að talsverðu leyti, þó auðvitað undir húsbóndavaldi viðskrh., en málin þróuðust þannig að í viðskrn. hefur aldrei nema mjög skamma stund í einu verið starfsmaður við að sinna bankamálum. Þegar upp er staðið er því ákaflega fátt eftir af þeim verkefnum sem viðskrn. hefur sinnt sem meginverkefni á undanförnum árum. Ég gleymi einum málaflokki sem er að vísu mjög lítill í viðskrn. en skiptir þó máli þar. Það eru lögin um hlutafélög og samvinnufélög og önnur félög um verslun eða annan atvinnurekstur og svo lögin um verslunarskrár og firmu, en að öðru leyti hefur viðskrn. þróast þannig á undanförnum áratugum að það hefur fyrst og fremst verið utanríkisviðskiptaráðuneyti.

Áður en ákvörðun er tekin hér á hv. Alþingi um það hvort flytja eigi útflutningsleyfin til utanrrn., þá er nauðsynlegt að svör liggi fyrir við tilteknum grundvallarspurningum.

Fyrsta spurningin er þá þessi: Hefur viðskrn. sinnt störfum sínum illa? Er það skoðun þeirra hæstv. ráðherra sem með þessi mál hafa farið á undanförnum árum og þekkja til, eins og hæstv. sjútvrh. gerir auðvitað og hæstv. viðskrh. þekkir vafalaust líka, ekki sem ráðherra heldur kannski frekar sem embættismaður um langt skeið, er það skoðun þeirra að viðskrn. hafi sinnt störfum sínum illa? Er það skoðun þeirra að Íslendingar hefðu getað náð betri viðskiptasamningum við önnur ríki ef þessi mál hefðu verið annars staðar? Eða er það skoðun þeirra að utanríkisviðskiptum almennt hefði verið betur sinnt ef þessi mál hefðu verið annars staðar en í viðskrn.? Mælikvarðinn á það hlýtur að vera sá hvort Ísland standi verr að vígi í samkeppni á alþjóðamörkuðum við sölu á útflutningsafurðum heldur en keppinautar Íslendinga. Ég hygg að það geti enginn maður af sanngirni haldið því fram að Ísland standi verr að vígi í samkeppni á alþjóðamörkuðum við sölu á útflutningsafurðum heldur en keppinautar okkar. Ég held að það geti enginn með sanngirni haldið því fram. A.m.k. held ég að það sé útilokað fyrir nokkurn mann að festa hönd á röksemd sem segir: Það er viðskrn. sem um er að kenna hafi einhvers staðar hallað á Íslendinga.

Næsta spurning er þessi: Hvað segja þeir sem hafa haft með þessi mál að gera á undanförnum árum, þ.e. útflytjendur? Eru þeir þeirrar skoðunar að samskiptin við viðskrn. hafi verið slæm? Það sé slæm reynsla af samskiptunum við viðskrn.? Og er ekki nauðsynlegt að taka tillit til álits útflytjenda og samtaka þeirra á þessu máli? En fyrir þá skiptir það mestu máli hvernig unnið er að útflutningsmálum af hálfu hins opinbera og þeir eru einnig einna mest dómbærir á það hvernig staðið hefur verið að þeim málum hingað til. Staðreyndin er sú að útflytjendur — það er alveg sama hvort talað er við útflytjendur t.d. á vegum Sölumiðstöðvarinnar eða Sambands ísl. samvinnufélaga eða SÍF eða hvaða samtök sem við nefnum sem hafa staðið í útflutningi — hafa verið þeirrar skoðunar að viðskrn. hafi sinnt þessum málum mjög vel og hafa jafnframt verið þeirrar skoðunar að þeim yrði lakar sinnt í utanrrn. Að þessum útflutningsmálum yrði verr sinnt í utanrrn. vegna þess að viðskrn. hefur yfir að ráða starfsliði með þekkingu á utanríkisviðskiptamálum og viðskiptamálum almennt meðan að utanrrn. fæst við fjöldamörg önnur mál sem veruleg hætta er á að beri utanríkisviðskiptin, og þau sjónarmið sem þau eiga að byggja á, ofurliði á hverjum tíma.

Ég held þess vegna að ef menn eru á annað borð að velta þessu máli fyrir sér — og ég vona að hv. þm. geri það þó að þetta sé samningur stjórnarflokkanna frá í sumar, þetta er auðvitað fyrst og fremst pólitískur samningur sem er angi af stjórnarsáttmálanum sem verið er að bera hér inn — en ég held að menn hljóti opnum huga að skoða þetta mál og velta því fyrir sér hver sé skoðun útflytjenda. Hafa þeir slæma reynslu af viðskrn.? Hefur það staðið sig illa við að tryggja svo sem best má verða hagsmuni íslenskra útflytjenda og þar með Íslendinga á hverjum tíma?

Í þriðja lagi hljóta menn þá að spyrja næst, eins og algengt er þegar svona stjórnarráðstillögur eru til meðferðar, hvort sem það er á Alþingi eða bara í almennri umræðu úti í þjóðfélaginu, menn hljóta að spyrja: Hefur þessi ráðstöfun í för með sér sparnað fyrir ríkissjóð? Hefur viðskrn. bruðlað með almannafé? Hefur viðskrn. farið illa með sín verkefni á undanförnum árum og eytt og sólundað á undanförnum árum og áratugum og þess vegna sé ástæða til þess að taka málið undan viðskrn.?

Ég held að það væri kannski hollt að hafa það í huga að viðskrn. hefur haft þá sérstöðu meðal ráðuneyta Íslands að það hefur ekki fjölgað í starfsliði sínu trúi ég að neinu marki og sennilega ekki neitt né heldur aukið við sig húsnæði í 20 ár. Ég held satt að segja að þetta beri að vísu vitni um óþarflega mikla hógværð Þórhalls Ásgeirssonar ráðuneytisstjóra sem er alls góðs maklegur að öllu leyti fyrir hönd þessa ráðuneytis, en það er a.m.k. ekki hægt að segja að það sé verið að taka utanríkisviðskiptin út úr viðskrn. vegna þess að illa hafi verið farið með almannafé þar. Það væri afar ósanngjarn dómur yfir ráðuneytisstjóra viðskrn. og þeim ráðherrum sem þar hafa setið, sem mér hefur reyndar fundist að væru fullhógværir í þessu efni, einkum að því er varðar það að fylgjast með bankamálum.

Það eru þrjár grundvallarspurningar sem ég spurði, þ.e.:

1. Hefur viðskrn. ekki sinnt störfum sínum sem skyldi?

2. Ber ekki að taka tillit til sjónarmiða útflytjenda?

3. Er gert ráð fyrir að þessi ráðstöfun hafi í för með sér sparnað fyrir ríkissjóð?

Ég held að það sé grundvallaratriði áður en þessi umræða fer mikið lengra hér í þessari virðulegu deild, að þessum spurningum sé svarað.

Það hefur verið orðað sem skýring á þessu máli að starfsmenn utanrrn. óski eftir því að þeir fái utanríkisviðskiptin. Það séu rök í málinu vegna þess að þeir telji að þá geti þeir gegnt sínu starfi betur. Þetta er ekkert óeðlilegt sjónarmið frá þeirra sjónarhóli séð. Ég hygg þó að þessir starfsmenn hafi ekki haldið því fram af öðru tilefni að þeir hefðu of lítið að gera. Ég man t.d. ekki eftir því þau ár sem ég var ráðherra í ríkisstjórn að starfsmenn utanrrn. hafi kvartað yfir því að hafa of lítið að gera. Þvert á móti varð ég var við það á hverju ári að það voru uppi tillögur um það að auka við starfslið sendiráðanna, og má auðvitað færa fyrir því margvísleg rök, en ég hygg að það sé ekki hægt að benda á nein dæmi þess að starfsmenn sendiráðanna hafi talið að kraftar þeirra væru vannýttir á undanförnum árum og áratugum. Reyndar leyfi ég mér að draga það í efa í þessari ræðu að þeir kunni neitt sérstaklega til meðferðar utanríkisviðskipta. Ég hef ekki frétt af því að þeir hafi farið neitt sérstaklega yfir mál af því tagi né heldur að þeir hafi verið ráðnir inn í utanríkisráðuneytið með tilliti til þess að þeir kynnu sérstaklega að fara með utanríkisviðskipti. Hygg ég reyndar að mörgum þeirra sé ýmislegt betur gefið en það að selja vörur jafnvel fyrir hönd þjóðar sinnar.

Það er fært sem rök í þessu máli að í mörgum löndum séu utanríkisviðskiptin undir utanrrn. Þarna sé verið að samræma. Vissulega má benda á fordæmi fyrir slíku eins og t.d. í Danmörku þar sem utanrrn. hefur veigamiklu hlutverki að gegna að hafa yfirumsjón með aðild Danmerkur að Efnahagsbandalaginu, en hún var einmitt tilefni þess að lagt var niður utanríkisefnahagsráðuneytið í Danmörku sem áður hafði annast utanríkisviðskipti Danmerkur og efnahagssamstarf þess. Það liggur því miklu nær fyrir okkur að líta til samstarfslanda okkar í EFTA og síður í Efnahagsbandalaginu. Í EFTA eru sjö lönd og þar eru alls staðar viðskiptaráðherrar eða utanríkisviðskiptaráðherrar sem eru fulltrúar í EFTA-ráðinu. Í öllum tilvikum eru sérstakir utanríkisviðskiptaráðherrar í EFTA-löndunum. Með þessu værum við í raun og veru að taka okkur út úr hópi EFTA-ríkja að því er þetta mál varðar. Í ráðherranefnd EFTA, Fríverslunarbandalags Evrópu, situr enginn utanríkisráðherra. Að vísu er afgreiðslu þessara mála ekki komið eins fyrir í öllum löndunum. Í Noregi, Austurríki, Sviss, Portúgal og á Íslandi hefur afgreiðsla þessara mála verið í höndum viðskiptaráðuneytanna en í Svíþjóð og Finnlandi hafa málin verið afgreidd af sérstökum viðskiptadeildum í utanríkisráðuneytunum sem heyra hins vegar beint undir utanríkisviðskiptaráðherra. Þetta fyrirkomulag er talið sjálfsagt í þessum samstarfslöndum okkar í Fríverslunarbandalaginu. Byggist það líklega fyrst og fremst á þeim staðreyndum að það fari ekki vel saman að sá ráðherra sem fer með utanríkismál eigi einnig að sinna utanríkisviðskiptamálum, og svo hinu, að utanrrh. komast ekki yfir að annast það víðtæka alþjóðlega og bæði marghliða og tvíhliða samstarf sem á sér stað á sviði viðskipta- og efnahagsmála og sinna líka þeirri ferðaskyldu sem er því óhjákvæmilega samfara.

Önnur rök sem hafa svo heyrst í þessu máli eru þau að sendiráðin þurfi að nýta betur í þágu útflutningsmála. Þá halda menn að ekki sé hægt að hafa beint samband við sendiráðin nema í gegnum utanrrn. Þetta er algjör misskilningur. Enda hefur viðskrn. í áratugi haft beint samband við sendiráð Íslands erlendis. Í áratugi hefur viðskrn. unnið mjög náið með flestum sendiráðum. Þetta samstarf við sendiráðin hefur aðallega verið tvenns konar, ann-

ars vegar vegna þátttöku okkar í alþjóðasamtökum, svo sem OECD, EFTA, GATT og vegna fríverslunarsamningsins við EBE, en hins vegar vegna tvíhliða viðskipta við viðkomandi land, við framkvæmd samninga, þar sem leitað hefur verið fyrirgreiðslu stjórnvalda eða safnað upplýsingum um viðskiptamöguleika fyrir útflytjendur. Það er hins vegar ljóst að sendiráð Íslands erlendis hafa oft á tíðum, en ekki nærri alltaf, talið veruleg tormerki á því að sinna markaðsmálunum að neinu gagni vegna þess að þau hafa ekki talið sig hafa sérfræðiþekkingu eða reynsluþekkingu á sviði viðskiptamála og hafa almennt talið að sendiráðin væru of fáliðuð til að unnt væri að gegna þessum störfum sem skyldi. Á flestum stöðum í íslenskum sendiráðum erlendis eru mjög fáir starfsmenn sem að eigin sögn eru mjög önnum kafnir við venjuleg sendiráðsstörf. Og það ber að endurtaka og undirstrika það alveg sérstaklega að markaðsstarfsemin útheimtir sérþekkingu. Markaðirnir verða stöðugt flóknari, sérþekkingin þess vegna brýnni, og þeir eru mjög fáir að ekki sé meira sagt, starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem hafa þessa sérþekkingu.

Hins vegar er veigamesta ástæðan fyrir því að halda óbreyttu fyrirkomulagi í þessu efni að mínu mati sú að ég tel eðlilegt að öll viðskiptamál heyri undir sama ráðuneytið. Enda segir í athugasemdum um frv. til laga um Stjórnarráð Íslands frá 1969, með leyfi forseta, að skipan ráðuneytanna sé miðuð við að unnt sé í sem ríkustum mæli að skipa skyldum og samstæðum málum til eins og sama ráðuneytis. Utanríkisviðskiptin eru aðeins einn þáttur viðskiptamála. Innlendu viðskiptin, þar með talin málefni sem varða innflutning og yfirstjórn gjaldeyrismála, eru einnig mjög þýðingarmikill þáttur viðskiptamála. Þessi mál eru nátengd starfssviði Seðlabankans og viðskiptabankanna. Eftirlit með útflutningi er einnig þýðingarmikill liður í utanríkisviðskiptum. Þessir málaflokkar eru svo nátengdir og eiga þess vegna að mínu mati að vera undir sama ráðuneyti sem hefur yfirsýn til allra átta í viðskiptamálum, bæði að því er varðar útflutning og innflutning, bankaviðskipti, innlenda verslun og erlenda, gjaldeyrisnotkun og fleira, ráðuneyti sem hefur á að skipa sérfróðu liði til að gegna þessum störfum.

Í fyrrahaust starfaði sérstök nefnd að endurskoðun laganna um Stjórnarráð Íslands. Nefndin kallaði til sín fulltrúa helstu útflutningssamtaka og létu þeir allir, allir sem einn maður, í ljós þá skoðun að viðskrn. ætti að halda sjálfstæði sínu og vera óháð öðrum ráðuneytum í starfi sínu á sviði útflutningsmála. Yfirlýsing þessara fulltrúa hefur komið fram opinberlega, m.a. hygg ég að henni hafi verið dreift í þingskjali sem innihélt nál. hv. 1. þm. Vestf., ég man ekki betur, úr Nd., en þar er þessi skoðun þeirra samtaka, sem hafa unnið í útflutningsmálum, ítrekuð mjög ákveðið.

Við meðferð málsins í hv. neðri deild kom fram bréf um þetta mál frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra Páll Pétursson, formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis.

Stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur borist frv. til laga um útflutningsleyfi o.fl. til umsagnar. Frv. leggur til að veiting útflutningsleyfa flytjist úr viðskrn. í utanrrn. og byggir það á ákvæði þar um í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar.

Á stjórnarfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í dag var fjallað um málið og eftirfarandi samþykkt gerð: Undanfarna áratugi hefur viðskrn. gegnt farsælu forustuhlutverki í ýmsum veigamiklum atriðum í útflutningi sjávarafurða. Vill stjórnin sérstaklega nefna samninga við Evrópubandalagið í bókun 6 og mikilvæga samninga við ríki Austur-Evrópu."

Þetta er skoðun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna á þessu máli sem að vísu bætir því við, þ.e. stjórn samtakanna, að auðvitað vonist þau til þess, ef þessi frv. verði að lögum, að þau muni hafa gott samband við þá embættismenn í utanrrn. sem með þessi mál kunna að fara.

Ég hygg að ég hafi, herra forseti, haldið til haga þeim meginrökum sem í þessu máli eru. Ég tel að það þurfi að stokka upp Stjórnarráð Íslands. Ég tel að verkaskipting á milli ráðuneyta sé úrelt orðin, sums staðar er hún beinlínis óskýr. Ég er þar að tala um t.d. ráðuneyti eins og félmrn., heilbrrn., dómsmrn., svo að ég nefni dæmi. Uppstokkun á milli þessara ráðuneyta þyrfti að eiga sér stað. Sömuleiðis er það mín skoðun að það kæmi til greina að hér yrði til eitt atvinnuvegaráðuneyti. Og það er mín skoðun að það kæmi til greina og gæti verið skynsamlegt að hér yrði til eitt efnahagsráðuneyti sem hefði viðskiptamálin á sinni könnu í heild, svo og almenna efnahagsþróun sem er núna mest undir forsrn. og ræðst af mönnum sem þar sitja á hverjum tíma, eins og gengur, hvernig því verkefni er sinnt.

Ég er þess vegna ekki að gagnrýna þetta vegna þess að ég telji ekki að það komi til greina að breyta Stjórnarráðinu og breyta verkaskiptingu á milli ráðherra. Ég sé hins vegar ekki þau knýjandi rök sem eru fyrir því að útflutningsleyfin verði flutt yfir til utanrrn. Ég hef engin slík rök heyrt sem eru sannfærandi. Gagnrökin eru hins vegar ærin og tæknileg rök, númer eitt, eru þau að það eigi ekki að taka þetta mál út úr heildarendurskoðun stjórnarráðslaganna. Um það má svo hins vegar segja að lokum að það er sennilega útilokað að ná nokkurn tímann nokkru vitlegu samkomulagi um heildarendurskoðun stjórnarráðslaga, nema það gerist í stjórnarmyndunarviðræðum. Eftir að búið er að setja menn í stóla og ákveða þeim verkefni með reglugerð og þeir farnir að gegna hver á sínum pósti er vafalaust mjög erfitt að breyta lögunum um Stjórnarráð Íslands. Þess vegna er eðlilegt að hlutir eins og þessir séu ákveðnir í tengslum við stjórnarmyndunarviðræður og það er sennilega eina leiðin. Ég tel að það sé hins vegar rangt að taka þetta mál út úr. Ég tel að í þessu frv. felist mjög harður dómur

yfir viðskrn., dómur sem það á örugglega ekki skilið að fá umfram önnur ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Þótt hér sé til umræðu kerfisbreyting sem einungis er í því fólgin að flytja utanríkisverslunina yfir til utanrrn. úr viðskrn. sé ég ekkert því til fyrirstöðu að fjalla að einhverju leyti um efnisinnihald frv.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Skipan útflutningsverslunar verður einfölduð og færð í átt til meira frjálsræðis þar sem aðstæður á erlendum mörkuðum leyfa.“ Þetta er háleitt markmið og undir þetta viljum við þm. Borgarafl. taka. Þótt, eins og áður er komið fram, einungis sé verið að breyta viðskrn. yfir í utanrrn. o.s.frv. stendur hér, með leyfi forseta, í 1. gr. frv.: „Utanrrn. er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi.“ Þetta segir í raun og veru allt. Orðalagið er með þeim hætti að það er eins og það sé talið af hinu illa að menn séu eitthvað að kássast við það að flytja út vörur. Það er að vísu hægt að fá slík leyfi, með miklum eftirgangsmunum, en helst á ekki að flytja neitt út. Þetta er í hnotskurn lýsingin á viðskiptum Íslendinga við önnur lönd. Innflutningsverslunin er algjörlega frjáls en útflutningsverslunin er háð leyfum. Það er eiginlega gefið í skyn að það eigi ekki að veita slík leyfi, það sé bara af hinu illa að vera að reyna að flytja eitthvað út. Það eru mörg dæmi um hvernig þessi mál hafa þróast óeðlilega undanfarin ár.

Með leyfi forseta langar mig til að rifja upp ágæta sögu af hópi Íslendinga sem hitti fyrir frændur sína Dani á einhverju glæsihóteli langt úti í heimi. Þeir tóku tal saman eins eðlilegt er um frændur og nágrannaþjóðir á einum góðum stað í hótelinu þar sem menn koma gjarnan saman á kvöldin að loknum kvöldverði. Þá kom í ljós að allir Danirnir voru þar í þeim erindagjörðum að kynna danskar vörur, að reyna að auka útflutning. Allir Íslendingarnir voru hins vegar að reyna að ná sér í umboð, að reyna að flytja inn vörur. Þetta held ég að lýsi best hugarfari til viðskipta okkar við útlönd.

Við eigum mjög margt hæfra og góðra verslunarmanna sem hafa náð undraverðum árangri í innflutningsversluninni, en útflutningsverslunin er öll bundin leyfum og alls kyns hömlum, þannig að þar er miklu minna um að ræða að beitt sé frumkvæði. Að þar fái einstaklingurinn það frelsi til athafna sem hann verður að hafa til að einhver árangur náist. Útflutningsverslunin er allt of lengi búin að vera á klafa ýmissa hafta og háð hömlum og duttlungum stjórnvalda. Eins og ég ítreka enn einu sinni að það segir í lögunum að ekki megi bjóða, selja né flytja vöru til útlanda nema að fengnu leyfi.

Í stefnuskrá Borgarafl. segir með mjög einföldum orðum, með leyfi forseta: „Útflutningsverslunin verði gefin frjáls. Tryggt sé að ávallt verði farið eftir reglum um gæðamat og gæðaeftirlit vegna útflutningsvöru okkar.“ Þm. Borgarafl. í Nd. fluttu brtt. við þetta frv. þar sem var lagt til að útflutningsverslunin yrði gefin frjáls. Það var mjög lærdómsríkt og fróðlegt fyrir okkur þm. Borgarafl. að sjá hv. þm. Sjálfstfl., sérstaklega, alla greiða atkvæði gegn þessari tillögu. En sá stjórnmálaflokkur hefur hvað mest haft uppi hávaða um það að það eigi að ríkja meira frjálsræði í utanríkisviðskiptum en verið hefur. Þetta er afsakað með því að það sé aðeins verið að breyta þessu eina atriði, að færa utanríkisverslunina úr viðskrn. til utanrrn.

En ég ítreka það að lokum að það hefði verið nær að byrja á því að breyta lögunum sjálfum, efnisinnihaldi laganna, og reyna að koma þar inn breytingum sem gætu leitt af sér nútímavinnubrögð í útflutningsversluninni. Hitt hefði mátt koma miklu síðar, kerfisbreytingin, að flytja utanríkisverslunina yfir í utanrrn. úr viðskrn. Það tel ég óumræðilega lítils virði og raunverulega lítið mál og lýsi enn og einu sinni yfir furðu minni á að það sé verið að setja þetta mál á dagskrá og láta það tefja fyrir öðrum og viðameiri málum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umræðum með þeim hætti sem hv. 7. þm. Reykn., Júlíus Sólnes, gerði, en ég held að óhjáhvæmilegt sé eftir þvílíka ræðu að gera hér nokkrar athugasemdir við það sem hv. þm. sagði rétt áðan.

Það er greinilegt að hv. þm. Júlíus Sólnes hefur ekki kynnt sér það hvernig útflutningsmálum Íslendinga er háttað. Það er alrangt að það ríki ekki það frelsi í þessum málum sem hann vildi meina að væri ekki fyrir hendi. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá viðskrn. á sínum tíma munu vera á skrá í viðskrn. á fjórða hundrað aðilar sem hafa flutt út vörur frá Íslandi eða gerðu árið 1985 og 1986. Það er því auðvitað öfugmæli að halda því fram að Íslendingar fái ekki að flytja út og að þeir geri ekkert annað en að sigla til útlanda til að skemmta sér eða safna umboðum í sambandi við innflutning.

Það vill svo vel til að í þessari ágætu deild er fyrrv. viðskrh., Svavar Gestsson, sem gæti hugsanlega staðfest það sem ég sagði um það að mikill fjöldi manna hefur fengið leyfi til að flytja út ýmsan varning frá Íslandi í gegnum árin. Það eru m.a. mjög margir aðilar sem hafa flutt út skreið og er beðið eftir skýrslu um það hvernig þeirri framkvæmd leið og einnig eru nokkuð margir aðilar sem hafa flutt út frysta rækju, hörpudisk o.s.frv. Þannig að þegar hv. þm. Júlíus Sólnes, sem hefur nú vikið af fundi, er að belgja sig hér í ræðustól yfir því að menn fái ekki frelsi til athafna á þessu sviði er hv. þm. að fara með rangt mál.

Hins vegar liggur það í augum uppi að það eru skiptar skoðanir um það hvort ráðuneyti þurfi að koma við sögu í sambandi við útflutning á viðkvæmum og veigamiklum vöruflokkum. Um það hafa menn deilt hér. Án þess að fara frekar út í þá umræðu mun deilan einkum hafa snúist um frystar

sjávarafurðir til Bandaríkjanna á síðustu árum. En ég geri ráð fyrir að hæstv. viðskrh. hljóti að fara að hugsa sér til hreyfings í sambandi við aðra aðila. Ég nefni sem dæmi: Hann og hans sérfræðingar hljóta að hafa skoðað það hvernig á að haga útflutningi á saltfiski, síldarafurðum og öðru.

Talandi um frelsi er það náttúrlega „relatívt" hvað er að vera frjáls. Það er örugglega hægt að skoða fleiri svið í íslensku þjóðlífi og atvinnulífi þar sem meira frelsi mætti ríkja en á því sviði sem menn eru að tala um þegar þeir tala um utanríkisviðskipti.

En í sambandi við útflutning, sem og öll viðskipti, þurfa menn að fullnægja ákveðnum skyldum. Það er mjög auðvelt og létt að tala um að flytja út vöru. En þegar verið er að tala um að flytja út íslensk matvæli skulu menn hafa það í huga að það er verið að flytja út þá vöru sem er grundvallaratriði fyrir íslenskt þjóðfélag, og það er ekki sama hvernig á er haldið. Mistök í sambandi við gæði geta kostað íslensku þjóðina, ekki nokkrar milljónir, heldur hundruð milljóna, því hvað sem öllum fullyrðingum líður um það að einstakir útflytjendur muni tryggja það að gæði vörunnar séu í lagi, þannig að íslenskar vörur hafi ekki skaða af ef varan er ekki í góðu standi eða léleg, er það staðreynd að þau fyrirtæki sem hafa séð um útflutning á sjávarafurðum frá Íslandi hafa varið miklum fjármunum í það að tryggja að gæðin væru með þeim hætti að allar íslenskar vörur sömu gerðar og samkynja nytu góðs af. Það er ekki víst að allir aðrir útflytjendur geti veitt sambærilega tryggingu.

Í umræðum um þessi mál í Nd. þann 7. des. kom það m.a. fram í ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf., að hann hafði aflað sér upplýsinga um hvað þessi sölusamtök, sem helst er nú ráðist að af hálfu þeirra sem kvarta undan því að þeir hafi ekki haft nægilegt frelsi til að flytja út frystar sjávarafurðir, hefðu varið miklu til þeirra þátta sem máli skipta ef árangur á að nást, í stórum stíl, á undangengnum árum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. þm. hafði fengið um það segir m.a., með leyfi forseta, og les ég upp úr ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi á árunum 1984–1987 varið samtals 260 millj. kr. í þá starfsemi að vinna að og þróa afurðir og vinnslustækni. Á verðlagi hvers árs námu þessi útgjöld 1984 31,6 millj., 1985 51,2 millj., 1986 56,9 millj. og árið 1987, þ.e. í ár, er áætlað að þessi upphæð verði 65 millj. kr.

Fyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum hefur varið til vörukynningar, vöruþróunar, auglýsinga og gæðastjórnar á sama tímabili árið 1984 3,7 millj. dollara, árið 1985 4,4 millj. dollara, 1986 9,9 millj. dollara og 1987 er áætlað að þetta séu 5 millj. dollara.

Samband ísl. samvinnufélaga vinnur að markaðsöflun og tryggingu vörugæða með sambærilegum hætti og útgjöld sjávarafurðadeildar SÍS í Bandaríkjunum voru á sama tíma, þ.e. 1984–1987, sem hér segir í dollurum: Árið 1984 1,7 millj. dollara, 1985 2,8 millj. dollara, 1986 3,2 millj. dollara og 1987 er áætlað að það sé varið 3 millj. dollara.

Í sambandi við gæðaeftirlit og vöruþróun hefur sjávarafurðadeild SÍS, miðað við verðlag hvers árs á þessu sama tímabili, varið á árunum 1984–1987 sem hér segir í gæðaeftirlit og vöruþróun: Árið 1984 22,6 millj. kr., 1985 31,7 millj. kr., 1986 44,7 millj. kr. og áætlað 1987 54 millj. kr.

Hvað snertir tölurnar hjá Sambandinu, sem flytur út meira en frystar sjávarafurðir, þá er áætlað að af þessum kostnaði séu 96–98% vegna frystra sjávarafurða.

Auk þessa hefur Sölusamband ísl. fiskframleiðenda varið í sölu og markaðsmál um 40 millj. kr. á ári á núvirði á síðustu fimm árum.

Það getur vel verið að sumum finnist þetta ekki háar tölur en hér er verið að vísa til fjögurra ára og í stórum dráttum hafa þrjú fyrirtæki varið á þessum árum í sambandi við vöruþróun, vörukynningu, auglýsingar og gæðaeftirlit hátt í einn milljarð. Það getur verið að mönnum þyki þetta ekki miklar eða merkilegar upphæðir og í þessu séu ekki falin merkileg störf. Það er oft talað um þetta eins og þeir sem hafa fjallað um þessi mál á vegum þessara samtaka séu örfáir einstaklingar. Ef ég man rétt var einhvern tímann talað um að það væru hinir útvöldu og fannst mér það afar „smekkleg" samlíking, en sleppum því. Það vill svo til að á vegum þessara fyrirtækja starfa hundruð manna heima fyrir og erlendis. Þetta er fólk sem hefur fengið sérmenntun í því að fjalla um gæða- og framleiðslustörf. Það er sérmenntað í markaðs- og sölumálum o.s.frv., þannig að það er ekki hægt að tala um það að hér séu fáir aðilar eða fáir einstaklingar að fjalla um stóra hluti. Þetta hefur verið gert í samtaka átaki og það hefur verið gert of lítið úr störfum þeirra sem hafa fjallað um þetta og ranglega talað um það að þessi starfsemi fari fram í skjóli ófrelsis, hafta o.s.frv. Í staðinn á að koma þetta „ágæta" frelsi þar sem sérhver á að geta flutt út eins og honum sýnist án þess að þurfa að bera nokkra sérstaka ábyrgð á vörugæðum og öðru umfram það sem er í eigin mati eða þess kaupanda sem viðkomandi selur til. Engar sérstakar kröfur eru gerðar um lágmarks samræmda gæðastaðla, sem er grundvallaratriði.

Það vill svo til að það eru fleiri þjóðir en Íslendingar sem selja og flytja út frystar sjávarafurðir. Ég nefni sem dæmi Norðmenn. Í Noregi munu það einkum vera tvö fyrirtæki sem flytja út frystar sjávarafurðir, það er fyrirtækið Frionor, sem er samtök mjög margra frystihúsa, ef ég man rétt tæplega 100 hraðfrystihúsa, og fyrirtækið Nordic Group. Þessi tvö fyrirtæki munu flytja út um eða yfir 90% af frystum sjávarafurðum frá Noregi, þ.e. af þeim fisktegundum sem við erum að tala um þegar verið er að tala um útflutning til Bandaríkjanna.

Norðmönnum finnst sjálfsagt að hafa þetta fyrirkomulag á útflutningi frystra sjávarafurða. Það er ekki ráðist á þessi fyrirtæki með sama hætti og hér er gert, bæði af hæstv. ráðherrum og alþm. ákveðinna flokka, svo ég tali nú ekki um öðrum óskyldum

aðilum, og reynt að gera störf þessara fyrirtækja tortryggileg í Noregi. Þar þykir þetta sjálfsögð ráðstöfun til þess að tryggja mikla hagsmuni. Núna nýlega var verið að sameina sex fyrirtæki sem hafa flutt út saltfisk vítt og dreift bæði um Evrópu og til annarra álfa. Það var verið að sameina sex norsk útflutningsfyrirtæki í eitt fyrirtæki sem heitir Unidos sem á að sjá um allan útflutning á saltfiski frá Noregi í framtíðinni. Þetta finnst Norðmönnum sjálfsagt og Norðmenn hafa náð geysilega miklum árangri í sambandi við sína útflutningsverslun eins og Íslendingar. Það er rétt, eins og kom fram hér í ræðu eins hv. alþm. áðan, að það þarf að fjalla um það líka efnislega hvað hér er á ferðinni þegar menn eru að taka afstöðu til þess hvort leyfisveitingar eigi að vera áfram eða ekki á vegum ráðuneyta. Ég tel það nauðsynlegt að vissu marki að þessi háttur sé á hafður eins og hingað til.

Hér liggur fyrir frv. til laga um það að færa þessa starfsemi yfir í utanrrn. Út af fyrir sig get ég fallist á það að sú tilraun sé gerð en hef ekki þá sannfæringu sem sumir aðrir að það hljóti endilega að verða til hins betra. Þetta hefur verið mjög gott hjá viðskrn. í gegnum árin en þar sem það er greinilegur vilji margra að láta á það reyna hvort unnt sé að nýta betur íslenska utanríkisþjónustu, sem er og heyrir undir utanrrn., þá finnst mér rétt að reyna það og ef það reynist ekki sem skyldi að breyta þá til fyrra horfs, að sjálfsögðu með nauðsynlegum breytingum að fenginni reynslu.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar en ég endurtek að það er alrangt sem haldið er fram að fáir Íslendingar fái að flytja út vörur. Á skrá í viðskrn. eru á fjórða hundrað aðilar sem hafa flutt út íslenskar vörur í gegnum árin og ég vil eiginlega óska eftir því að hæstv. viðskrh. leggi fram þessa skrá hér í hv. deild þar sem greint er frá nöfnum þessara fyrirtækja og einnig hvers kyns vörur eru á ferðinni. Ég held að það hljóti að vera mjög auðvelt vegna þess að þessi skrá var fyrir hendi og afhent á sínum tíma sem trúnaðarmál á fundi í stjórn Útflutningsráðs.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Afstaða mín til meginefnis þessa máls eins og þess sem hér á undan var rætt hefur þegar komið fram í umræðum um Útflutningsráð Íslands og ég mun ekki endurtaka hana hér. Það hefur líka komið í ljós að skoðanir útflutningsfyrirtækja og viðskiptaaðila eru mjög skiptar um réttmæti þessara breytinga. Ég vil gjarnan fá að hlusta á þær í nefnd þegar málið verður rætt þar og fer því fram á að fá áheyrnaraðild að hv. fjh.- og viðskn. þegar þetta mál verður rætt í nefndinni.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi nú byrja á því að þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir fróðlegt yfirlit yfir sögulega þróun viðskrn. og verkefna þess. Það var vissulega þarft yfirlit og í því ráðuneyti hefur verið unnið gott starf, og er unnið gott starf. Hins vegar gat ég ekki verið sammála hv. 7. þm. Reykv. þegar hann hélt því fram að mjög lítið væri eftir af verkefnum í þessu ágæta ráðuneyti. Ég vildi vekja athygli hans og hv. þingdeildar á því að samkvæmt gildandi reglugerð um Stjórnarráðið fer þetta ráðuneyti nú með átta eftirgreind verkefni:

1. verslun og viðskipti, önnur en útflutningsverslun;
2. skipti Íslands við alþjóðleg efnahagssamtök og fjármálastofnanir;
3. gjaldeyrismál;
4. málefni Seðlabanka Íslands, annarra banka og sparisjóða;
5. gjaldmiðil og myntsláttu;
6. verðskráningu og verðlag nema lagt sé til annars ráðuneytis;
7. hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verslun eða annan atvinnurekstur;
8. verslunarskrár og firmu.

Þetta eru allt saman mikilvæg verkefni og enn fer viðskrn. með mikilvæg málefni sem varða viðskiptatengsl Íslands við önnur lönd.

Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að auðvitað orkar sú breyting sem hér er til lögð tvímælis. Það kom einnig fram í máli hæstv. utanrrh. þegar hann mælti fyrir frv. þessu í Nd. og kom reyndar glöggt fram í nál. og við þessar umræður. En hver skyldi svo vera kjarni málsins sem hér liggur fyrir? Hann er sá að mínu viti, og hann kemur einmitt fram í þeim orðum sem hv. 7. þm. Reykv. vitnaði til úr lögunum um Stjórnarráðið, að reynt skuli að haga svo til skiptingu Stjórnarráðsins í ráðuneyti að unnt sé að skipa skyldum eða hliðstæðum málum undir eitt og sama ráðuneyti. Það er einmitt meginregla stjórnarráðslaganna að utanrrn. fari með samninga Íslands við önnur ríki og gerð þeirra. Þar hefur þó lengi verið sú undantekning að viðskrn. hefur farið með viðskiptasamninga við önnur ríki og gerð þeirra. Nú er lagt til að þetta breytist, þ.e. að utanrrn. fari með þessa samninga sem aðra við erlend ríki. Þarna togast auðvitað á það sjónarmið sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að heppilegt væri að mörgu leyti að öll viðskipti heyrðu undir eitt og sama ráðuneyti og hitt að öll skipti Íslands við önnur ríki heyri undir eitt og sama ráðuneyti. Þetta verður aldrei gert fullkomlega upp klárt og kvitt en fyrir því eru nú gild stjórnmálaleg rök að fela einmitt þeim manni, því ráðuneyti, utanrrn. sem fer með skipti Íslands við önnur ríki, viðskiptasamningana, skipti okkar við Evrópubandalagið og Fríverslunarsamtök Evrópu. Það er t.d. alveg ljóst að skiptin við þetta mikla markaðssvæði, Evrópubandalagið, en þangað seljum við nú meira en helminginn af því sem við flytjum út og kaupum þaðan meira en helminginn af því sem við flytjum inn, verði á næstunni einn mikilvægasti þátturinn í okkar utanríkisstefnu og því mikilvægt að þarna sé samstilling kraftanna og verði á hendi þess sem fer með utanríkismálin. Þetta er í mínum huga

meginröksemdin fyrir því að færa þessi samskipti yfir til utanrrn. Þessi rök eru ekki endilega varanleg enda tel ég að menn eigi ekki að mikla það fyrir sér um of að gera fyrirkomulagsbreytingar á skrifstofum ráðherra, en það eru ráðuneytin; þau eru starfstæki þeirra til að framkvæma stefnu ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og þess vegna á ekki að líta á þau, þótt þau hafi starfað í lítt breyttu formi um langt skeið, sem óbreytanlegar stofnanir. Þetta er sjónarmið sem ég hygg að 7. þm. Reykv. mundi vilja kannast við.

Hann hreyfði réttilega, af heilbrigðri íhaldssemi, spurningum eins og þessum: Er ástæða til að breyta því sem lengi hefur gengið vel? Hefur viðskrn. ekki sinnt sínum verkefnum vel? Svarið er auðvitað já. Það sama og hann gaf. Síðan var spurt hvort utanrrn. hefði fyrir fram sérstakar forsendur til þess að gegna þessum verkefnum betur en viðskrn. Svarið er nei, það hefur nú ekki neinar sérstakar forsendur til þess, þótt þær megi byggja upp. Í þriðja lagi var spurt: Eru líkur til að þessu fylgi sparnaður? Svarið er líklega líka nei.

Ástæðurnar fyrir flutningnum eru fyrst og fremst þær sem ég nefndi. Það sem er mikilvægt í málinu er að ná þeim stjórnmálalegum árangri sem ætlunin er að ná með því að færa útflutningsörvandi starfsemi til utanrrn. í þeirri trú að þannig getum við nýtt betur starfskrafta Stjórnarráðsins alls og sérstaklega að leggja áherslu á það sem ég nefndi: Samskiptin við evrópubandalögin tvö.

Ég geri ekki mikið úr því sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að í mörgum EFTA-löndum sé þetta fyrirkomulag ráðuneyta öðruvísi. Það má um það deila hvað sé eins þegar stofnanir eru bornar saman milli landa. Það er vitað mál að utanríkisviðskiptin hafa í Svíþjóð og í Noregi tiltölulega nýlega verið færð til utanríkisráðuneytanna, að vísu undir sérstökum utanríkisviðskiptaráðherrum, eins og réttilega kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. Í Danmörku hins vegar er fyrirkomulagið með öðrum hætti einmitt af þeirri ástæðu að þar eru samskiptin við Evrópubandalagið sérstaklega mikilvæg fyrir utanríkisstefnu og þess vegna hefur það málasvið verið falið utanríkisráðherranum. Þetta á að nokkru leyti við hér hjá okkur. En ég tek undir að það er mjög mikilvægt að menn virði það sjónarmið að viðskipti eru í eðli sínu ekki auðklofin upp í utanríkisviðskipti og innanríkisviðskipti. Það fer mjög oft vel saman að menn sinni hvoru tveggja. Niðurstaðan er sem sagt sú að þetta sé tilraun sem vert sé að reyna, eins og komið hefur fram í máli nokkurra hv. þingdeildarmanna.

Ég vildi að endingu víkja örfáum orðum að því sem kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. Það er auðvitað alveg rétt sem kom fram í hans ræðu að öllu frelsi fylgir ábyrgð. Útflutningsfrelsi eins og öðru. Hins vegar mega menn ekki vera svo upptekn ir af þessu sjónarmiði að þeir hafist ekki að til þess að rýmka þar um sem rök standa til og markaðsaðstæður erlendis leyfa. Með þeirri breytingu á útflutningsleyfum er engri rýrð varpað á gott starf Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða Sambands ísl. samvinnufélaga á þessu sviði, eða dótturfyrirtækja þeirra í Bandaríkjunum. Þau hafa unnið þar gott starf en það er engu að síður nauðsynlegt að tryggja jafnræði þegnanna gagnvart þessum leyfisveitingum, athafnafrelsi þeirra má ekki skerða nema það sé alveg ótvírætt að almannaheill bjóði og við þær breyttu aðstæður sem nú ríkja, þ.e. samskipti við þennan markað eru nú á færi miklu fleiri en áður var, þarna er engin hætta á ferðum fyrir þessi stóru samtök þótt fleiri fái að spreyta sig. En þar með er ég farinn að ræða efnisþátt málsins sem þó var ekki ætlun mín og ég tek það fram að frv. fjallar fyrst og fremst um formlegt forræði málaflokksins en ekki innihaldið í stjórnuninni.

Hv. 14. þm. Reykv. beindi því til mín hvort þess væri kostur að þm. fengju að kynnast útflytjendaskrám sem Hagstofan heldur og viðskrn. einnig. Ég mun kanna það með hvaða hætti það er unnt. Það er vafalaust rétt eins og kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. að á þeirri skrá séu býsna margir en eitt mun þó vekja athygli annarra en hans að til stærsta neytendamarkaðar heims eru útflytjendurnir hér á landi frekar fáir.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þær athugasemdir sem fram komu hjá honum og voru út af fyrir sig allar á sínum stað. Hans rök eru pólitísk eins og hann sagði. Það er kjarni málsins. Þetta er pólitískt mál á milli stjórnarflokkanna. Það þurfti að veita Framsfl. smáviðbit þessa sumardaga 1987. Það er auðvitað kjarni málsins og þess vegna hefði í sjálfu sér ekki þurft að halda neina aðra ræðu en þá um þetta mál að það hefði verið talið nauðsynlegt að láta framsókn hafa þetta. Það er málið. Enda eru rökin að öðru leyti svona frekar dauf. Þau eru ekki yfirþyrmandi sannfærandi og ég finn það á ráðherranum að hann flytur málið ekki af miklum innri sannfæringarkrafti. En það er nú svona. Menn eru í pólitík og þá lenda þeir í ýmsu og það er eins og gengur.

Hér í tölu minni áðan vitnaði ég til bréfs frá útflytjendum til stjórnsýslunefndar sem skrifað var 26. okt. 1983 en þá ákvað stjórnsýslunefnd að kanna viðhorf útflutningssamtaka sjávarútvegsins til þeirrar hugmyndaar að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanrrn. Í tilefni af því skrifuðu fulltrúar þessara samtaka bréf sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í tilefni könnunar stjórnsýslunefndar á viðhorfum útflutningssamtaka sjávarútvegsins til þeirrar hugmyndar að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanríkisráðuneytið vilja undirrituð útflutningssamtök taka fram:

Við teljum að viðskiptaráðuneytið hafi á undanförnum áratugum unnið mjög mikilvægt starf á sviði íslenskra útflutningsmála, svo sem við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga og samninga um tollamál. Í flestum viðskiptalöndum sem við eigum mest við-

skipti við eru sjálfstæð viðskiptaráðuneyti sem koma fram sem slík í viðskiptasamningum við Íslendinga. Þar sem landið er háðara milliríkjaviðskiptum en nokkurt annað land sem okkur er kunnugt um teljum við það hagsmunamál útflutningssamtakanna að hér sé sjálfstætt ráðuneyti sem mætt geti til samninga við erlend viðskiptaráðuneyti á jafnræðisgrundvelli.

Við leggjum því eindregið til að íslenska viðskiptaráðuneytið haldi sjálfstæði sínu og sé þannig óháð öðrum ráðuneytum í starfi sínu á sviði útflutningsmála."

Undir bréfið rita: Kristján Ragnarsson f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Gunnar Flóvenz f.h. Síldarútvegsnefndar, Ólafur Jónsson f.h. Sambands ísl. samvinnufélaga, sjávarafurðadeild, Árni Finnbjörnsson f.h. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Valgarð J. Ólafsson f.h. Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Ólafur Björnsson f.h. Samlags skreiðarframleiðenda, Heimir Hannesson f.h. Sölustofnunar lagmetis.

Ég er nú ekki að lesa þetta hér upp, herra forseti, endilega vegna þess að ég telji að þetta hljóti að vera hinn endanlegi dómur í þessu máli, svo íhaldssamur er ég nú ekki, þó að ég hafi að vísu snert af heilbrigðri íhaldssemi, eins og hæstv. viðskrh. var svo vinsamlegur að benda á og ég tel að sé óhjákvæmilegur þáttur í fari stjórnmálamanna sem hafa ánægju af því að taka verkefni sín pínulítið alvarlega, stundum a.m.k., helst alltaf.

En ég vil þá víkja aðeins að orðum hæstv. viðskrh. og þá fyrst því að hann taldi að rökin fyrir þessari breytingu væru í stjórnarráðsreglugerðinni, sum sé þau að þar stendur að það eigi að skipa skyldum málum undir eitt og sama ráðuneyti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé verið að slíta mál þarna í sundur með mjög alvarlegum hætti vegna þess að önnur verslun, þ.e. innflutningsverslunin og almenn verslun í landinu, verður með þessum hætti slitin frá utanríkisversluninni. Ég held að það sé ekki skynsamlegt. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að halda viðskiptamálunum saman í einu ráðuneyti. Reyndar hef ég verið þeirrar skoðunar að til greina kæmi að breyta því ráðuneyti með því að flytja öll viðskiptamálin inn í eitthvað sem við getum kallað efnahagsráðuneyti án þess að ég fari nánar út í að útskýra hvernig mætti hugsa sér það.

Ég tel hins vegar að það hafi verið mjög athyglisvert sem fram kom hjá hæstv. viðskrh. sem röksemd í þessu máli að Danir eru með sinn utanríkisráðherra við að sinna þessum utanríkisviðskiptum vegna þess að Danir eru í Efnahagsbandalaginu og utanríkisráðherra Dana, Uffe Elleman-Jensen, er formaður ráðherranefndar Evrópubandalagsins. Ég held að þetta séu ekki brúkleg rök fyrir okkur vegna þess að við erum ekki í Evrópubandalaginu og við munum ekki ganga í Evrópubandalagið. Það er auðvitað hugsanlegt að við gerum mikið ítarlegri samninga við Evrópubandalagið en við höfum í dag, og það er út af fyrir sig mál sem einhvern tímann væri gagnlegt að fara yfir hér á hv. Alþingi, en mér finnst að þetta séu ekki brúkleg rök. Við eigum mun meiri samleið með EFTA-ríkjunum. EFTA-samstarfið hefur gengið mjög vel. Það hefur skilað okkur ágætum niðurstöðum og ég held að við eigum að taka meira mið af því sem þar á bæ tíðkast heldur en í Evrópubandalaginu.

Nú er það auk þess svo að utanríkissamskipti einstakra ráðuneyta eru oft og tíðum unnin á vegum fagráðuneytanna sjálfra. Þau eru ekki unnin á vegum utanrrn. nema að forminu til. Þannig fer félmrn. með samskipti við erlenda aðila varðandi margvísleg félagsmál. Félmrn. undirbjó t.d. samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir fáum árum og undirbjó einnig samning um félagslega aðstoð á Norðurlöndum sem öll Norðurlöndin eru aðilar að. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni því ég hef ákveðið að fresta fundi til kl. sex, þá er hægt að halda áfram, þar sem þingflokksfundir eru að byrja.) Já, það er óhjákvæmilegt, herra forseti, ég mun verða við þeirri ósk. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar við hættum fundi fyrir þingflokksfund í dag var hér til umræðu frv. til laga um útflutningsleyfi o.fl. Ég var þar staddur í máli mínu að ég var að gera vissar athugasemdir við ræðu hæstv. viðskrh. og var kominn þar að ég benti á það að fagráðuneytin, eins og t.d. viðskrn., hafa sinnt samningum og viðræðum við erlend ríki í umboði utanrrn. Þannig hefur þetta t.d. líka verið með félmrn. Það hefur undirbúið samninga um samnorrænan vinnumarkað, um félagslega aðstoð á Norðurlöndum. Heilbrmrn. fer með t.d. samskipti Íslands við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Menntmrn. fer með samskipti Íslands við UNESCO. Landbrn. hefur jafnvel farið að einhverju leyti með samskipti Íslands við FAO og þannig mætti lengi áfram telja til sannindamerkis um það að það hefur verið viðtekin regla í Stjórnarráði Íslands að fagráðuneytin hafa undirbúið og unnið þau mál sem eru á þeirra sviði og viðkomandi fagráðherrar hafa sótt alþjóðlega ráðherrafundi, norræna og aðra alþjóðlega ráðherrafundi þar sem hefur verið fjallað um þau mál sem eru á dagskrá og snerta þessi ráðuneyti á hverjum tíma. Þetta hefur verið talið eðlilegt.

Ef hins vegar röksemdafærsla núv. ríkisstjórnar væri þróuð áfram mundu menn auðvitað segja sem svo: Þetta gildir náttúrlega með viðskrn. að þeir eru hvort eð er í útlöndum þarna í utanrrn. og það er best að þeir hafi utanríkisviðskiptin og er þá ekki best að þeir hafi utanríkisfélagsmálin líka og utanríkisheilbrigðismálin og utanríkismenntamálin, þannig að þetta fari allt saman til Steingríms eins og það leggur sig. Ég hugsa að fagráðherrar hér mundu, jafnvel hinir hógværustu menn eins og t.d. hæstv. landbrh., þá óbara segja nei, það kemur ekki til greina að fagráðuneytin hætti að hafa nokkur alþjóðleg samskipti. Þess vegna finnst mér þessi röksemdafærsla hæstv. viðskrh. ákaflega veik og í

raun og veru sé ekki mikil ástæða til að eyða orðum að hans röksemdafærslu almennt vegna þess að það fundu það allir viðstaddir að röksemdafærslan var eins og þunnt skæni, alveg örþunnt skæni, gagnsæ alveg því að kjarni málsins var hinn, að það þurfti að koma Steingrími fyrir í utanrrn. og láta hann hafa einhvern heimanmund þannig að hann færi þangað með sæmilegum friði af því að hann var orðinn vinsælasti maður í heimi eins og kunnugt var af skoðanakönnunum.

Hitt málið, sem var svo rætt aftur af hv. 14. þm. Reykv., er náttúrlega ákaflega stórt mál sem er kannski ekki beint spurningin um þessi útflutningsleyfi almennt. Það er um stefnuna í því að veita útflutningsleyfi. Ég hygg að það sé út af fyrir sig eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort einhverjir aðrir aðilar gætu kannski gert betur, segjum á Bandaríkjamarkaði, en t.d. SÍS og SH hafa gert. Mér finnst það fullkomlega eðlilegt að menn velti því fyrir sér og skoði það alveg niður í kjölinn.

Ég bendi á að það hafa þrír aðilar nú um þó nokkurt árabil, ég man ekki nákvæmlega hvað lengi, haft leyfi til Bandaríkjanna. Þriðji aðilinn, sem ég kann ekki að nefna í bili (**GHG:** Ocean Harvester.) — Ocean Harvester er búinn að vera með þetta leyfi nokkuð lengi, Íslenska umboðssalan. En það er Ocean Harvestar sem er tengiliður Íslensku umboðssölunnar í Bandaríkjunum og þessi aðili hefur verið að bauka við að reyna að selja fisk og satt að segja hefur nú árangurinn verið ærið misjafn. Ég held þó að það væri fróðlegt fyrir viðskrh. og utanrrh. að kynna sér dálítið rækilega hvernig með þessi mál hefur verið farið og hvernig sú útflutningsstarfsemi, sem þar hefur átt sér stað, hefur gengið. Ég hygg að þar kæmust menn að ýmsu, ég segi ekki misjöfnu.

En það sem skiptir máli í þessu er það að þessi íslensku fyrirtæki í Bandaríkjunum hafa byggt upp á áratugum tiltrú á íslenska framleiðslu og þegar skóli eða sjúkrahús eða hótel eða fangelsi eða hvaða stofnun sem það nú er sem er að kaupa fisk í stórum stíl á þessum food service-markaði er að kaupa fisk frá Íslandi gera þessar stofnanir yfirleitt ekki svo ýkja mikinn mun á því þegar upp er staðið hvort þetta kemur frá Sölumiðstöðinni eða SÍS. En það er vitað að þetta er íslenskur fiskur. Það er vitað að þetta er íslensk vara sem þarna er verið að selja og það er alveg óruggt mál að ef eitthvað misferst á þessum markaði vegna þess t.d. að gæðaeftirlit er lélegt kemur það ekki bara niður á því fyrirtæki sem er að prófa sig áfram þá og þá, það getur komið niður á öllum íslenskum fyrirtækjum sem þarna eru, líka þeim sem hafa verið með þessa framleiðslu og markaðsstarfsemi í Bandaríkjunum á undanförnum áratugum. Þess vegna eiga menn ekki að setja þetta upp eins og spurninguna um það hvort svo og svo margir aðilar hafi frelsi eða ekki frelsi. Spurningin í þessu er auðvitað fyrst og fremst um það hvort þessi þjóð kemur vörum sínum á markað, m.a. í Bandaríkjunum, með þeim hætti að það skili sem allra skástu hér inn í þjóðarbúið að lokum.

Nú er ég ekki viss um það að þessi fyrirtæki sem starfað hafa í Bandaríkjunum um áratuga skeið hafi endilega alltaf skilað hér inn verðmætum með þeim hætti sem best hefði verið á kosið. Og mér dettur ekki í hug að sýkna þau af minni hálfu í þessu efni, að þar kunni auðvitað eitthvað að hafa misfarist í ýmsu. M.a. hygg ég að starfsemi þessara fyrirtækja hafi um árabil verið ákaflega stöðnuð og sömuleiðis íslenska frystiiðnaðarins sem átti að framleiða fyrir þessi fyrirtæki hér á landi. Það eru auðvitað hrikalegar tölur sem maður sér til vitnisburðar um þessa stöðnun þegar maður skoðar bæði þessi fyrirtæki í Bandaríkjunum, frystiiðnaðinn hér á landi og t.d. frystiiðnaðinn annars staðar, eins og t.d. í Danmörku. Íslendingar hafa lengi verið þeirrar skoðunar að Danir gætu ekkert kennt okkur í sjávarútvegi og sennilega síst Danir af öllum þjóðum. Staðreyndin er sú að þar er margt hægt að læra, m.a. í uppbyggingu sjávarútvegsfyrirtækja og markaðsfærslu fisks og ég held að það sé ekki nokkur leið að neita því að þessi stóru sölufyrirtæki okkar í Bandaríkjunum, sem eru nú örsmá á þeim markaði að vísu, voru stöðnuð um skeið, en ég hygg að á seinni missirum hafi verið tekið þar rösklega til hendinni og að þar sé verið að gera marga mjög athyglisverða hluti.

Spurningin í sambandi við þetta sem kallað er frelsi af hæstv. viðskrh. er spurningin um það að stjórnvöld átti sig á því hvaða hagsmunum þau eru að hætta, ekki bara fyrir einstök fyrirtæki, hvort það heitir SÍS eða Sölumiðstöðin eða hvað þetta nú heitir allt saman. Spurningin er um það hverju menn eru að hætta fyrir þjóðina í heild og því rykti sem fer af íslenskum framleiðsluafurðum, t.d. í Bandaríkjunum af því að ég er nú sérstaklega að tala um þann markað sem ég var svo heppinn að fá að kynnast dálítið með viðtölum við forráðamenn þessara íslensku fyrirtækja í Bandaríkjunum núna fyrir nokkrum dögum.

Það er því skrýtið að standa frammi fyrir því að maður sem er kosinn á þing fyrir jafnaðarmannaflokk verður alveg sérstaklega fram í þessu stuttbuxnafrelsi sem er aðallega kennt við Sjálfstfl. og á náttúrlega helst heima þar og hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og þeim félögum. (Gripið fram í.) Ég tala nú ekki um ósköpin, hv. þm. Það er mjög sérkennilegt að vera vitni að því að maður sem er kosinn á þing fyrir jafnaðarmannaflokk skuli beita sér fyrir framkvæmd þessarar stuttbuxnahugmyndafræði sem talsmenn Sjálfstfl., reyndir þm. Sjálfstfl. og ráðherrar um áratuga skeið, hafa ekki svo mikið sem látið sér detta í hug að framkvæma. Þar er ég að tala um mætan mann eins og hv. þm. Matthías Bjarnason og hæstv. ráðherra Matthías Á. Mathiesen og ég gæti haldið þessu titlatogi áfram lengi fram eftir degi. Allir sem þekktu til í þessum efnum telja að þarna sé ekki skynsamlegt að auka verulega við með því að dreifa útflutningsleyfum bara eins og brjóstsykri á þjóðhátíðardaginn. Það er

ekki skynsamleg útflutningspólitík.

Hins vegar er það auðvitað svo að þessi fyrirtæki þurfa sitt aðhald og ég sá það haft eftir hæstv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni að hann lagði á það mikla áherslu að þau þyrftu sitt aðhald og það er alveg hárrétt. Þegar ég fór með viðskiptamál í 13 mánuði á sínum tíma setti ég niður nefnd sem átti að rannsaka starfsemi þessara samtaka og fara yfir hana. Ég frétti af því síðar að hún var ekki mjög vinsæl hjá þessum samtökum, þessi nefnd, og menn höfðu ekki hugsað sér að taka neitt á móti henni með sérstökum velvilja. En Tómas Árnason, sem tók við af mér sem viðskrh., lagði þá nefnd því miður niður. Ég hygg að t.d. rannsókn Alþingis á starfsemi útflutningssamtakanna og því hverju þau hafa skilað heim gæti verið býsna fróðlegt verkefni, lærdómsríkt fyrir alþm., þannig að þeir komist kannski einhvern tímann að þeirri æð sem veitir hér fyrst og fremst gjaldeyri inn í landið því að sjávarútvegurinn hjá okkur er ekki bara kvóti heldur ýmislegt fleira. Ég hygg að það gæti verið fróðlegt fyrir alþm. að fara yfir þessa hluti og ég hygg að það hefði verið skynsamlegri byrjun en að byrja með því að sáldra þessum leyfum út um allar þorpagrundir eins og var gert á dögunum.

Hvað er það sem á að spyrja um þegar verið er að veita útflutningsleyfi? Það er í fyrsta lagi verðið. Er það sambærilegt við það sem skást er hægt að fá? Það eru í öðru lagi gjaldeyrisskilin og þær tryggingar sem eru á bak við útflutningsleyfin. Ég hygg að ekki þurfi að leita mjög lengi í útflutningsviðskiptasögu Íslands til að sjá býsna sorgleg dæmi um það að skilin hafi ekki gengið allt of vel, skilaskyldan hafi ekki verið uppfyllt allt of vel að því er varðar þau verðmæti sem eiga að koma inn í þjóðarbúið, þannig að á þessu máli eru margar hliðar. Ef ég væri að taka afstöðu til þessara útflutningsleyfa eftir því hvort ég vildi að hæstv. núv. viðskrh. hefði málin eða ekki gæti ég auðvitað gjarnan hugsað mér að flytja málið yfir á einhvern annan ráðherra vegna þeirrar afstöðu sem hæstv. núv. ráðherra hefur í þessu máli. Hins vegar erum við auðvitað ekki að taka afstöðu til kerfisbreytinga í Stjórnarráði Íslands út frá einstökum mönnum heldur út frá heildarsjónarmiðum og þess vegna hef ég lýst mig andvígan frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu og legg á það áherslu að það hefði verið affarasælla að byrja á að skoða þessi mál í heild ofan í kjölinn hér í þinginu, t.d. af þingmannanefnd, áður en menn fóru að sáldra í kringum sig þessum útflutningsleyfum eins og miðum á tombólu.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hér í hv. deild hafa verið mjög fróðlegar og skemmtilegar umræður um það málefni sem mér er hugleiknast í sambandi við þessa lagasmíð, þetta frv. sem hér er fyrir deildinni um að flytja utanríkisviðskiptin úr höndum viðskrh. yfir til hæstv. utanrrh., en það er um það hvort eigi að binda utanríkisverslunina áfram á þann klafa sem hún hefur verið fram til þessa eða hvort utanríkisverslunin eigi að vera frjáls.

Ég tel að þetta eigi ekkert skylt við frjálshyggjuna í Sjálfstfl. eða hvort jafnaðarmannaflokkurinn er kominn allra flokka lengst til hægri af íslenskum stjórnmálaflokkum eins og sumir telja og hafa reyndar góð og gild rök fyrir miðað við atburði síðustu vikna. Ég held að þetta sé eins og við höfum lagt mikla áherslu á, borgaraflokksmenn, skilja menn nútímann? Hafa menn skynjað hvílík gífurleg bylting hefur orðið á allri tækniþróun og þekkingu manna? Hér tala hv. þm. eins og þeir séu að tala um utanríkisverslun og viðskipti Íslendinga fyrir 50 árum.

Ég er alveg sammála því, að á sínum tíma, þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var sett á laggirnar, og það ber að þakka kannski fyrst og fremst einum okkar mesta stjórnmálaskörungi, Ólafi heitnum Thors, var um þjóðþrifamál að ræða. Það er vissulega rétt að áður en sölusamtökin voru stofnuð hafði málum verið hagað með þeim hætti að hér voru fyrirtæki að bjóða vörurnar niður hvert fyrir öðru og það náðist ekki sá árangur sem menn hefðu viljað. En hvernig var ástandið þá? Þjóðin var nánast að skríða út úr moldarkofunum. Menn kunnu engin tungumál og fæstir höfðu nokkurn tíma komið til útlanda. Það er því verið að bera ástandið í dag saman við ástandið eins og það var fyrir 50–60 árum.

Í kosningabaráttunni í vor heimsótti ég m.a. fiskverkanda og útgerðarmann í Njarðvíkum. Hann sat þar fyrir framan Macintosh-tölvu með tengibúnaði við símakerfið og var í beinu sambandi við fiskkaupendur í New York, Bremerhaven og London. Aðeins þetta litla dæmi til samanburðar við ástandið eins og það var fyrir 60 árum segir í raun og veru alla söguna. Þessi fiskverkandi, sem ég var að taka hér sem dæmi, sem situr fyrir framan sína tölvu og hefur beint tölvusamband við væntanlega fiskkaupendur erlendis, þarf ekki lengur á þessum sölusamtökum að halda. Hann kann tungumál. Hann hefur komið til útlanda og hann veit hvernig þessi viðskipti fara fram. Þetta vissu menn hreinlega ekki fyrir 60 árum. Þá var nauðsynlegt að hafa útflutningsverslunina háða leyfum og hafa hana undir þeirri stjórn sem hún hefur verið fram til dagsins í dag. En það er einmitt einkenni gömlu flokkanna að skilja ekki hina breyttu tíma, skilja ekki nútímatæknina sem hefur haldið innreið sína á Íslandi.

Við skulum taka annað dæmi. Fyrir fáeinum árum var ég staddur í Berlín og átti þar langar og skemmtilegar viðræður við ræðismann Íslendinga. Hann kvartaði yfir því að hann hefði um árabil reynt að fá keypt íslenskt kindakjöt, þ.e. að koma því um kring að íslenskt kindakjöt yrði til sölu í einni stærstu vöruverslun Berlínar sem hefur verið fræg um allt Þýskaland fyrir það um áratuga skeið að hafa til sölu matvörur frá öllum heimshlutum. Þetta er stofnun sem er mjög þekkt um allt Þýskaland. Þangað kemur fólk alls staðar að úr Þýskalandi til þess að versla í þessari búð og fá tækifæri til að kaupa alls

konar tegundir matvara sem þangað eru komnar alls staðar að úr heiminum. Hann talaði hins vegar fyrir daufum eyrum vegna þess að hann var ekki að biðja um 200, 300, 400, 500 tonn í einu. Öðruvísi viljum við ekki selja kjöt. Sá aðili sem hefur einkaleyfi á að selja lambakjöt til útlanda nennir ekki að sinna minna en fleiri hundruð tonnum í einu. Hann hefur engan áhuga á útflutningi sem ekki nemur fleiri hundruð tonnum í einu. Ef nú hins vegar hinir fjölmörgu aðilar sem eru í innflutningi fengju að spreyta sig á því að selja eitthvað af þessu lanbakjöti samhliða því sem þeir eru að gera samninga við sína umboðsaðila erlendis.

Það er eitt dæmi enn sem mig langar til að taka: Einn virtur innflytjandi hér í bæ beindi þeirri spurningu til umboðsmanns síns erlendis, sem í reyndinni var stór verksmiðja í Þýskalandi og rak þar mötuneyti fyrir um 30 þús. manns, væruð þið ekki tilbúnir til að kaupa eitthvert lambakjöt af Íslendingum og hafa í mötuneyti ykkar? Jú, svo sannarlega, við höfum ekkert á móti því. Við skulum kaupa af þér kannski 10–15 tonn af lambakjöti, ef þú getur gefið okkur verðtilboð þar að lútandi. En auðvitað fær innflytjandinn ekki leyfi til þess. Hann er háður þessari lagasetningu sem við búum við, eins og lögin eru orðuð, að það beri helst að banna allan útflutning. Þannig má eiginlega lesa lögin. Það er hægt að veita leyfi með ákveðnum skilyrðum, en eins og lögin eru orðuð virðist það heyra undir undantekningu að yfirleitt skuli vera veitt nokkur útflutningsleyfi.

Ég held að ekki þurfi að færa frekari rök fyrir máli mínu. Það væri þó fróðlegt að rifja eftirfarandi upp. Það var vitnað til þess áðan í framíkalli að ég væri fyrrv. sjálfstæðismaður. Ég er ekkert að draga dul á það. Ég hef setið fjölmarga landsfundi Sjálfstfl. og þar hefur yfirleitt alltaf náðst samstaða um það í nefndum, sem hafa fjallað um þau mál, að útflutningsverslunin skuli vera frjáls. En einhvern veginn hefur þetta aldrei komist til skila til þm. Sjálfstfl., né ráðherra flokksins, þó allir óbreyttir liðsmenn Sjálfstfl. séu sammála um þetta atriði.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Það er ekki rétt að teygja tímann of mikið í umræðu um þetta mál sem hér er til meðferðar vegna þess að það eru önnur mál sem þurfa að fá afgreiðslu í deildinni. En þó verður maður að standa upp og mótmæla hér rangfærslum og öfgum sem taka engu tali. Ég vil aðeins segja við hv. þm. Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., að það fer aldrei vel á því að afneita uppruna sínum. Það kann aldrei góðri lukku að stýra og endar yfirleitt með skelfingu. (**JúlS:** Ég var einn þeirra sem ...) Því miður hefur hv. þm. fallið fyrir því að reyna að afneita pólitískum uppruna sínum og Sjálfstfl., en það gengur allerfiðlega og mér finnst það einhvern veginn ekki klæða hv. þm. Júlíus Sólnes að reyna að gera það því það er aldrei að vita hvar sú vegferð endar sem Borgarafl. hóf sl. vor. Við skulum því tala varlega um það hvernig Sjálfstfl. kann að vera. Auðvitað er hann ekki hafinn yfir gagnrýni. En ég held að það væri nú betra að tala varlega í þeim efnum. Sem betur fer er Sjálfstfl. enn þá og verður vonandi um alla framtíð góður flokkur. Við trúum því flestöll a.m.k. Ég sé það að hv. þm. neitar því ekki alveg, ég sé það á augnatilliti hans. Að því stefnum við öll í framtíðinni að gera hann enn þá betri. En í sambandi við það mál sem hér er til umræðu er eitt sem ég held að verði að leiðrétta, a.m.k. fyrir þingsöguna, það er þessi villukenning um það að menn fái ekki að flytja út á Íslandi. Því miður var hv. þm. Júlíus Sólnes ekki hér inni í dag þegar ég tók til máls. Það var staðfest af hæstv. viðskrh. að það sem ég sagði þá væri rétt. En það munu vera um 300–400 aðilar sem flytja út sjávarvörur og aðrar vörur á Íslandi í dag, þannig að það er ekki hægt að segja að það ríki ekki ákveðið frelsi í þeim efnum. Hins vegar eru í þessum efnum eins og mörgum öðrum ákveðnar takmarkanir. Þær takmarkanir hafa orðið til vegna þess að menn hafa álitið að verja þyrfti meiri hagsmuni fyrir minni í sambandi við útflutning á sjávarafurðum sem og ýmsum öðrum vörum.

Ég fyrir mitt leyti er fylgjandi því að frelsi sé sem mest á sem flestum sviðum. Það fer ekkert á milli mála. En maður verður að vera raunsær á ákveðnum sviðum. Og þar sem hv. þm. Júlíus Sólnes vitnar mikið til útlanda vil ég endurtaka það sem ég sagði í dag að hjá stórþjóðum tíðkast það að einmitt matvara, vandmeðfarin matvara, er yfirleitt í sölumeðferð stórra og fárra fyrirtækja. Ég nefndi sérstaklega Noreg. Í Noregi eru það aðeins tvö fyrirtæki sem flytja út 90% af öllum frystum sjávarafurðum sem Norðmenn framleiða. Annað fyrirtækið heitir Frionor og hitt heitir Nordic Group. Þetta fyrirkomulag hefur reynst þeim vel. Í Færeyjum er eitt fyrirtæki sem flytur út allar frystar sjávarafurðir það er Föroyja Fiskasölan. Það fyrirtæki hefur litið þannig til Íslendinga að það óskaði eftir því árið 1970 að Íslendingar önnuðust sölumeðferð á frystum sjávarafurðum fyrir þá í Bandaríkjunum og gera enn. Færeyingar telja hagsmunum sínum mjög vel borgið með þessu fyrirkomulagi. En áður voru það bandarískir umboðssalar sem seldu fisk fyrir Færeyinga. Þeir leituðu ekki til Dana í sambandi við sölu á frystum sjávarafurðum. Ástæðan mun m.a. hafa verið sú að allt sölukerfi Dana á frystum sjávarafurðum er, samanborið við það sem Íslendingar og Norðmenn hafa haft á þessu sviði, mjög lélegt. Danir eru ekki leiðandi aðili í markaðssetningu á frystum sjávarafurðum. Þetta er staðreynd sem er hægt að staðfesta hvenær sem er. Hins vegar eru í Danmörku ákveðin góð fyrirtæki sem frysta sjávarafurðir og annast sölu sinna afurða sjálf. Og þá leggja þau sérstaka áherslu á það að selja í Evrópu. En þar eru öðruvísi markaðsaðstæður en í Bandaríkjunum.

Ef við lítum til Evrópu um það hvernig sjávarafurðir eru seldar, þá þarf ekki að fara lengra en til

Englands til þess að gera sér grein fyrir því að á Bretlandseyjum, þessum markaði sem skilar Íslendingum mest og best í sambandi við sölu á ísuðum fiski og ferskum, eru tvö til þrjú fyrirtæki sem eru það sem kallað er markaðsráðandi í sambandi við sölu á frystum sjávarafurðum. Þetta eru bresk fyrirtæki: Birdseye, Unilever er sterkt fyrirtæki á bak við fjölda annarra breskra fyrirtækja. Þessi fyrirtæki ráða mjög miklu. Þegar Íslendingar ætluðu á sínum tíma að ryðja sér braut á breska markaðnum með svipuðum hætti og í Bandaríkjunum, þá voru það Unilever og Birdseye sem brutu niður og eyðilögðu þá viðleitni. Því miður. Ef það hefði tekist fyrir 1970 hefðu Íslendingar staðið mun betur að vígi í landhelgisstríðinu í sambandi við markaðs- og sölumál á Bretlandseyjum. Við töpuðum þar niður einum áratug vegna þess að við höfðum ekki þá sterku aðstöðu sem við höfðum í Bandaríkjunum, að þar vorum við sjálfir með okkar eigin fyrirtæki.

Það sem forsvarsmenn þessa fyrirkomulags gagnvart Bandaríkjunum eru að tala um sérstaklega er að Íslendingar fengu forskot í Bandaríkjunum umfram margar aðrar þjóðir af því að þeir fóru rétt að í markaðssetningu á þessum afurðum. Og það er rangt og það er ómaklegt að halda því fram að ekki hafi vel verið á málum haldið og að Íslendingar hafi ekki haft forustu í þessum efnum og verið á undan sínum tíma. Þeir voru langt á undan sínum tíma í þessum efnum og eru jafnvel enn. En því miður er dollarinn svo veikur að hann hefur dregið úr áhuga manna til að framleiða fyrir þann markað sem skyldi. Íslendingar eru leiðandi afl og hafa mikil áhrif á verð á frystum afurðum, þ.e. þeim tegundum sem við erum að reyna að selja í Bandaríkjunum. Það er þetta atriði sem skiptir höfuðmáli. Það er það að við í sameinuðu átaki en þó með ákveðnu aðhaldi, sem hefur verið vegna þess að þarna hafa þrjú fyrirtæki einkum selt, sem er Coldwater sem SH á, Icelandic Seafood sem Sambandið á og Ocean Harvester. Vegna þess hvað þessi fyrirtæki hafa verið fá og að vissu marki samtaka, miðað við þær aðstæður og hvað löggjöf um hringamyndun leyfir í Bandaríkjunum, þá hafa þau getað ráðið miklu um verðlag á frystum flökum og frystum fiskblokkum. Það er sú hætta að þessi aðstaða breytist til hins verra sem menn sjá hugsanlega fram undan — ég segi hugsanlega því ég vona það svo sannarlega að innri styrkur þessara fyrirtækja, sérstaklega tveggja fyrst nefndra, sé það mikill að þau haldi velli. Það er fyrst og fremst þetta sem um er að ræða þegar verið er að tala um að það eigi ekki að hleypa allt of mörgum í það að flytja út frystan fisk til Bandaríkjanna — það er sú hætta sem getur blasað við að þessi samstaða riðlist með þar af leiðandi afleiðingum þegar mikið fiskframboð er, að hver undirbjóði annan. Þá verða afleiðingarnar þær að Íslendingar sem þjóð fá minna fyrir sínar afurðir en ella. Þetta er kjarni málsins.

Ég trúi því og veit að bæði hv. þm. Júlíus Sólnes sem og aðrir hv. þm. í þessari deild vilja og við viljum öll stuðla að því að Íslendingar fái sem mest í aðra hönd þegar um er að ræða útflutning á þeim vörum sem við viljum flytja út og selja í öðrum löndum.

Það er gert lítið með það að stórfyrirtæki þurfi að vera útflytjendur frá Íslandi. Ég minni á annað atriði, og hafði ekki séð athugasemd frá hv. þm. Borgarafl. við því að nú fyrir nokkrum dögum var verið að sameina tvö fyrirtæki, þ.e. ullarverksmiðju SÍS á Akureyri og Álafoss. Það var búið til eitt stórt fyrirtæki í staðinn. Þetta fyrirtæki verður gjörsamlega með 100% útflutning á allri ull og ullarvörum frá Íslandi á næstu árum. Ég hef ekki séð athugasemd við því að þetta fyrirkomulag skuli vera hjá þessum fyrirtækjum. Enda er ein aðalástæðan fyrir sameiningunni sú, og grundvallaratriði, að í sameinuðu átaki nái þessir aðilar meiri árangri, sérstaklega í samkeppninni úti á hinum stóru mörkuðum. Það þýðir aftur á móti ekki að það fyrirkomulag þurfi að vera gott að það skuli vera einn aðili. Ég tel það mjög óæskilegt. Ég tel það æskilegt að í útflutningi á hvaða vöru sem er frá Íslandi séu hið minnsta tvö til þrjú fyrirtæki. Hið minnsta. Það verður að vera ákveðið aðhald í þessum efnum. Ég er þar hjartanlega sammála hv. þm. Júlíusi Sólnes um það.

Það sem menn verða auðvitað að gera sér grein fyrir þegar verið er að fjalla um það að flytja út vörur, eins og fram hefur komið í ræðum manna hér áður, er hvaða verð við fáum fyrir vörurnar. Hvernig eru skilin á þessum verðum? Fáum við örugglega til baka þau verð sem um er samið? Ráðum við við það ef stórir kaupendur koma með kvartanir og segja að varan sé ekki nægilega góð? Það getur verið mjög dýrt og fyrirhafnarmikið að afsanna það þegar mikið framboð er að varan sé jafngóð og lofað var þegar samningur var gerður. Það er mjög þekkt fyrirbrigði í útflutningi sjávarafurða að þegar mikið berst inn af fiski komi erlendir kaupendur og finni allt að vörunni sem hugsanlegt er og þarf ekki mikið til að þeir vilji fá afslátt frá umsömdu verði. Þetta getur verið gífurlegt vandamál. Við erum ekki að tala um útflutning á nokkur hundruðum eða þúsundum tonna. Við erum að tala um útflutning sem nemur um og yfir 100 000 smálestum. Og þetta er ekki bara útflutningur á frystum fiskflökum, þorskflökum. Þetta er ekki bara ýsa og góðfiskur. Hér er um að ræða mikið framboð af öðrum fisktegundum, ufsa, þorski, ýsu, löngu, keilu, síld, loðnu o.s.frv., sem krefst mikillar samræmingar ef árangur á að nást því vandinn er ekki sá að selja bestu vöruna. Það er alltaf hægt að finna kaupendur sem vilja kaupa bestu vöruna. Vandinn er sá að finna markað fyrir þá vöru sem þarf að búa til markað um. Skapa þörf. Og þar hafa þessi stóru fyrirtæki komið til skjalanna og skilað miklum árangri.

Því miður verð ég að segja það að ég hef ekki orðið var við það hjá þessum minni útflytjendum — ég segi því miður því ég hefði svo sannarlega viljað sjá það — því miður hef ég ekki séð það — og ég vildi óska eftir því að hv. þm. Júlíus Sólnes nefndi

mér nokkur dæmi því þegar maður er að leggja til og mæla með að brjótast frá því sem hefur reynst þjóðinni vel, þá þarf maður að geta sannað það með dæmum að annað betra komi í staðinn — því miður hef ég ekki séð þau dæmi, og hef ég þó töluvert mikla reynslu á þessu sviði, ég hef ekki séð dæmi um það að þessir litlu útflytjendur hafi náð betri eða það umtalsvert betri árangri með nýjungum eða í verði sem réttlæti það að rífa það fyrirkomulag upp með rótum sem hefur skilað jafngóðum árangri og raun ber vitni um. Þetta finnst mér höfuðmálið. Ég bið hv. þm. um að koma hér með haldgóð dæmi. Haldgóð dæmi sem sanna að það nemi ekki bara tugum milljóna, heldur hundruðum milljóna Íslendingum í hag, til hins betra, að rífa þetta upp með rótum og tala eins og talað er um þessi mál, daginn út og daginn inn. Það er kjarni málsins. Það er ekki nóg að spá fram í tímann og segja að við fáum eitthvað betra. Það þarf að vera hægt að sanna það og sýna það.

Þá kem ég að tryggingunum. Gera hv. þm. sér grein fyrir því þegar verið er að tala um þessi mál að þá erum við að tala um útflutning sem nemur líklega á þessu ári um 18 milljörðum kr.? Það er ekkert lítið mál að eiga viðskipti við kaupendur eða viðskiptavini, sem skapa öruggar og góðar tryggingar. Hvað eru öruggar og góðar tryggingar? Það eru ekki bara peningar. Það er líka trygging um það að hafa örugg og góð viðskipti áfram til frambúðar. Það er trygging um það að þegar varan er komin út, þá sjái viðtakandinn um það að hún sé örugglega geymd, og komist í hendur dreifenda, ekki bara í Englandi, sem er í fjögurra sólarhringa fjarlægð ef maður lítur út frá því sjónarmiði að þetta er flutt aðallega með skipum, heldur að varan komist örugglega í hendur neytenda allt vestur á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna eða til Japans svo lengra sé farið. Það þarf mjög öruggt og tryggt afskipunar- og afgreiðslukerfi. Það þarf mjög örugga og trygga kaupendur erlendis, sem taka á móti 100 til 120 eða 130 þúsund smálestum af frystum sjávarafurðum frá Íslandi og andvirði þeirrar vöru er um 18–20 milljarðar á þessu ári. Það gerist ekki eins og hendi sé veifað. Og það gerist ekki með þeim hætti að einhverjir litlir og ágætir innflytjendur á Íslandi geti tekið að sér þetta hlutverk, bara svona samhliða því sem þeir flytja inn í einkaumboðum ákveðnar tegundir af vörum, t.d. bifreiðar, matvöru og annað.

Nei, við skulum tala um þetta eins og ábyrgir menn og gera okkur grein fyrir því að við erum að hreyfa við ákveðinni grundvallaruppbyggingu sem getur hrunið á mjög skömmum tíma ef ekki er rétt að staðið. Og það sem er kannski verra er að það gæti ekki tekið mörg ár að koma þessu öllu saman yfir í hendurnar á erlendum mönnum vegna þess að það eru engir sem eiga viðskipti á þessu sviði til frambúðar fyrir nokkur hundruð tonn. Sérhver alvöru, stór erlendur kaupandi sem gengur inn í þessi viðskipti gerir það upp á það að hafa trygg viðskipti til frambúðar og ráða yfir viðskiptunum og verðunum.

Ég segi við ykkur, ágætu þm., og sérstaklega við hv. þm. Júlíus Sólnes, sem er verkfræðingur: Við skulum láta sérfræðingana hvern fyrir sig fá að njóta sín eitthvað á sínu sérsviði. Mér dettur ekki í hug að deila við Júlíus Sólnes um verkfræðileg og tæknileg atriði. Ég segi við hv. þm. á móti að hann verður að meðtaka það að sérfræði getur orðið til líka í gegnum reynslu, menntun, þekkingu á viðskiptasviðinu, ekki síður en það að öðlast þekkingu á sviði verkfræði og ég tala nú ekki um á sviði lögfræði. Það er nú náttúrlega alveg kapítuli út af fyrir sig.

Svo eru það gæðin. Verða gæði á þessum vörum til af sjálfu sér? Ég ætla ekki að ræða meira um það. Ég gerði það í ræðu hér fyrr í dag. En þessir aðilar, sem hafa staðið að útflutningi og framleiðslu á frystum sjávarafurðum í gegnum tíðina, hafa varið hundruðum milljóna í það að tryggja gæðin. Þeir hafa haldið uppi sterku, öruggu og góðu þjónustuneti fyrir yfir hundrað hraðfrystihús, í gegnum SH og sjávarafurðadeild SÍS. Þeir þjóna þessum frystihúsum frá degi til dags með sérstaklega hæfu fólki. Og þar er ekki um að ræða tvo, þrjá, fjóra, fimm menn. Þar er um að ræða tugi starfsmanna. Í þessum hópi eru m.a. gamlir sjómenn, skipstjórar, stýrimenn og aðrir sem hafa áratuga reynslu í meðferð sjávarafla og vita mjög glöggt hvað hér er á ferðinni og vita mjög vel hvað góður fiskur er. Einnig hefur komið til skjalanna á seinni árum vel menntað fólk, úr háskóla, úr tækniskólum o.s.frv. sem hefur reynst mjög vel. Við skulum þess vegna hafa það í huga að forsenda þess að menn nái árangri í útflutningi sjávarafurða er að gæðin séu í lagi, en til þess að gæðin séu í lagi þarf náttúrlega efnið að vera gott sem kemur að landi, þ.e. fiskurinn, og meðferðin öll og umsjón.

Þá er komið að atriði sem menn ræða yfirleitt ekki um hér í ræðum á Alþingi í sambandi við þessi mál — þetta er afskaplega yfirborðsleg og yfirborðskennd umræða hjá mörgum hv. þm., því miður — það er áreiðanleikinn í þessum viðskiptum. Ég legg áherslu á það að ef veita á þetta ótakmarkaða frelsi, sem hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson, sérfræðingur og embættismaður — sem ég held að einn af vinum mínum og þingbróðir, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hafi kallað kerfiskall eða eitthvað svoleiðis, hann hefur mjög góða þekkingu á kerfinu og öllu sem þar er um að ræða. Hann hefur mikla og glögga þekkingu á því hvernig menn búa til skýrslur og hvernig á að leiða menn saman og finna svo ákveðna meðaltölu út úr því sem menn segja. En þannig er það nú bara ekki í sambandi við þennan atvinnuveg sem við erum að tala um hér sem þarf að byggja á útflutningsleyfunum. Áreiðanleiki byggist á samskiptum manna sem hafa áratuga reynslu af því að hafa átt viðskipti með þeim hætti að báðir hafa fengið sitt, kaupandinn góða vöru og við sem seljendur örugga greiðslu, þannig að við höfum getað haldið þeim viðskiptum áfram.

Það er engin trygging fyrir því þegar menn eru

komnir með 300–400 — ég held að það séu á annað þúsund heildsalar á Íslandi, ég tala nú ekki um það ef útflutningurinn færi yfir á hendur á annað þúsund — það er engin trygging fyrir því að slíkur fjöldi smáfyrirtækja gæti skapað grundvöll fyrir þann áreiðanleika sem er forsenda góðra viðskipta. Því miður verð ég að hafa mínar efasemdir um það. Held ég samt mikið upp á heildsala því þeir hafa staðið sig mjög vel margir hverjir í sambandi við innflutning. En þar gilda bara önnur lögmál. Í innflutningi keppast menn um að kaupa sem besta vöru á sem lægstu verði, en í útflutningi keppast menn um að selja sem mest á sem hæstu verði. Þar snýst lögmálið við.

Þá er það með birgðahald. Það að skipuleggja birgðahald þannig að góður markaður treysti manni krefst líka skipulagningar. Það er dýrt að vera með miklar birgðir. Það er dýrt að vera með það vöruúrval sem menn verða að hafa til þess að þeir geti þjónað góðum viðskiptamönnum í bráð og lengd. Það er ekki markmið og það er ekki góð stefna að segja: Við skulum hafa nógu marga útflytjendur, þeir geta bara sérhæft sig, því sérhæfingin gæti orðið þannig að hún yrði fyrst og fremst á grundvelli þeirra afurða sem best skila, en á kostnað hinna sem lakast skila.

Hv. þm. Júlíus Sólnes og hæstv. viðskrh. hafa gert lítið með það sem heitir vöruúrval. Af hálfu hv. þm. og hæstv. ráðherra hefur verið talað eins og þeir sem flytja út frystar sjávarafurðir hafi ekki úr miklu vöruúrvali að moða. Ég verð nú að segja að það er hörmulegt að ráðherra á Íslandi árið 1987, jafnmenntaður og hæstv. viðskrh. er, og einnig jafnmenntaður maður og hv. þm. Júlíus Sólnes er, að þeir skuli standa hér upp á hv. Alþingi og fullyrða það að þessir aðilar hafi ekki staðið sig í sambandi við framboð og vöruúrval. Það þýðir að þeir hafa ekki kynnt sér það mál til hlítar sem hér er til umræðu. Vöruúrval t.d. fyrirtækis eins og Coldwater Seafood Corporation, sem selur fyrir um 230 milljón dollara á ári, er þannig að það eru um 600–700 mismunandi vörutegundir á vörulistum þess fyrirtækis. Ég hygg að þannig sé einnig háttað um fyrirtæki Sambandsins, Iceland Seafood Corporation. Til þess að þróa upp svona fjölbreytt vöruúrval, sem skapar þessa miklu möguleika, þarf stór og sterk fyrirtæki. Bandarískir kaupendur vilja geta gengið að stórum kaupendum sem bjóða upp á svona fjölbreytilegt úrval. Það er grundvallarforsenda þessara viðskipta.

Um það að utanríkisverslun Islands sé bundin á klafa hef ég svarað og ég vil ítreka það að á lista eða skrá í viðskrn. eru 300–400 útflytjendur á íslenskum vörum.

Að segja það að menn skilji ekki nútímann, ég þykist nú hafa svarað því töluvert og skil þetta sem pólitíska upphrópun. Auðvitað hafa menn skilið nútímann og það veit hv. þm. Júlíus Sólnes vel þannig að ég ætla ekki að fjölyrða um það atriði í ræðu hans.

En ég vil leggja áherslu á það að við tölum um þessi mál á grundvelli þekkingar. Við skulum vara okkur á því að einfalda það um of. Það getur verið hættulegt. Það getur vakið upp væntingar sem því miður geta ekki ræst. Og þá er vont að hafa staðið þannig að málum þegar upp verður staðið að við höfum stefnt í það sem hefur orðið okkur til skaða.

Nú gerir hæstv. ráðherra okkur þann heiður að mæta í salinn. Ég veit það af fyrri reynslu ... (**Dómsmrh.:** Ég hef verið hér allan tímann.) Þannig að þú hefur heyrt vel ræðuna? (**Dómsmrh.:** Hvert orð.) Ég þykist vita að þú kannast við sumt af því sem ræðumaður hefur sagt. (**Dómsmrh.:** Ég hef heyrt það áður. Sumt.) Já sumt af því. En það skaðar ekki að ítreka það. Ég veit að hæstv. ráðherra misvirðir það ekki við ræðumann. (**Dómsmrh.:** Alls ekki nema síður sé.) Ég veit einnig að þó að hann hafi veitt þessi leyfi um daginn var það hans hugsun að farið yrði varlega í það, a.m.k. á fyrsta stigi, og ég er að vissu leyti ánægður með það. En ég ítreka það enn einu sinni að það er grundvallarafstaða í sambandi við afgreiðslu þessa frv., sem hér er til umræðu, hvort hér eigi að ríkja það fyrirkomulag að menn þurfi að sækja um útflutningsleyfi á vissum sviðum utanríkisverslunar, að ég tel það óhjákvæmilegt og vísa til þess sem ég sagði áðan. Hins vegar vil ég taka undir þau sjónarmið að stóru fyrirtækin, og hver sá sem flytur út og verslar yfirleitt, þurfa á aðhaldi að halda, en það verður að vera gert á grundvelli þekkingar og af fullri skynsemi.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv., Guðmundur H. Garðarsson, er búinn að flytja langa tölu og hefur fært rök sín fyrir því að útflutningsverslunin eigi að vera háð leyfum, eins og segir í frv. Ég hef heyrt öll þessi rök áður og hv. þm. hefur ekki tekist að sannfæra mig frekar en fyrri daginn. Ég er jafnsannfærður um það eftir sem áður að útflutningsverslunin eigi að vera frjáls. Hins vegar vil ég aðeins mótmæla ýmsum fullyrðingum hv. 14. þm. Reykv. um afstöðu mína sem hann lagði mér í munn í ræðu sinni áðan. Ég hef aldrei lagt til að hin stóru útflutningssamtök verði lögð niður. Þvert á móti ber ég mikla virðingu fyrir Sölusamtökunum. Ég ítreka að ég álít að þau hafi unnið mjög gott verk, hafi fært þjóðarbúinu ómældar tekjur og orðið okkur öllum til góðs. En ég fæ ekki skilið þá hræðslu þeirra aðila sem standa fyrir þessum sölusamtökum að útflutningsverslunin verði gefin frjáls. Hvað óttast þessir menn? Halda þeir að einhverjir smákarlar, einhver fiskverkandi í Njarðvík muni leggja Sölusamtökin í rúst og þá starfsemi sem þau hafa byggt upp í Bandaríkjunum? Er þetta þá svona valt að þau þoli ekki örlitla samkeppni frá einhverjum aðilum sem hugsanlega gætu fundið nýjar leiðir, fundið nýja viðskiptavini, selt annars konar tegundir af fiski en hinir eru að bjástra við? Ég geri mér grein fyrir því að útflutningssamtökin eins og þau eru í dag eru að

selja gífurlegt magn af fiskafurðum Íslendinga á Bandaríkjamarkað og það er vel. En ég sé ekkert við það að athuga að einhverjir smærri fiskverkendur og útflytjendur fái tækifæri til að spreyta sig á því að selja annars konar fiskafurðir og leita uppi annars konar kaupendur en við höfum verið að reyna við fram til þessa. Þess vegna fagna ég því framtaki hæstv. viðskrh. að veita sex aðilum leyfi til að prófa sig áfram á Bandaríkjamarkaði og tel að þar sé stigið spor í rétta átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

20. fundur, miðvikudaginn 9. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en gengið er til dagskrár skal þess getið varðandi þingstörfin fram undan að það hefur orðið samkomulag um að það verði ekki kvöldfundur í kvöld vegna þess að dagskráin er ekki það viðamikil í dag, en útlit er fyrir að hér verði dreift frumvörpum í dag sem verða væntanlega tekin fyrir á morgun og þá má búast við löngum fundum í deildum á eftir fundum í sameinuðu þingi og þá væntanlega kvöldfundi annað kvöld. Ég vildi aðeins geta um þetta í upphafi fundar til þess að menn hefðu hugmynd um hver áform eru um þingstörf í dag og á morgun.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126, n. 211.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. á þskj. 211, áliti um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 48 frá 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Frv. er brbl. sem gefin voru út 14. apríl 1987. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Ragnar Arnalds.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, 1. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum. Ég mælti fyrir því máli í Ed. í forföllum samstarfsráðherra, Matthíasar Á. Mathiesen, en ég gegndi fyrir hann í veikindaforföllum hans, en hann er nú fjarverandi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa langt mál um frv. Hér er um að ræða samkomulag sem hefur orðið milli ríkisstjórna Norðurlandanna um að efla þennan banka sem hefur gert mikið gagn. Hann hefur reynst okkur Íslendingum vel varðandi ýmis mál, hvort sem það eru virkjanir, fyrirtæki á ýmsum sviðum. Það er að mínu mati mikil ástæða til að efla þennan banka. Hann hefur getið sér gott orð á alþjóðlegum vettvangi, nýtur þar mikils trausts og fær þar af leiðandi fjármagn á lægstu vöxtum. Þetta traust bankans nýtist að sjálfsögðu Norðurlöndunum og ekki síst okkur Íslendingum að því leyti að við getum í gegnum hann fengið fjármagn á hagkvæmum kjörum til hinna ýmsu framfaramála í landinu.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 6. mál (sjúkradagpeningar). — Þskj. 6, n. 216.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Mjög snemma á þessu þingi var lagt fram frv. flutt af þm. úr öllum flokkum stjórnarandstöðunnar. 1. flm. er hv. 13. þm. Reykv. Þetta frv. fjallaði um nýja ákvörðun um upphæð sjúkradagpeninga þannig að sjúkradagpeningar myndu hækka verulega.

Annað efnisatriði var einnig í frv., en það varðaði mæðralaunagreiðslur til heimavinnandi einstæðra mæðra.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leitað um það umsagna, fékk skriflegar umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi lífeyrissjóða, verkakvennafélaginu Framsókn og starfsmannafélaginu Sókn.

Heilbr.- og trn. þessarar deildar er sammála um að núverandi upphæð sjúkradagpeninga sé allt of lág og ég hygg að engum blandist um það hugur að þessi upphæð hefur í raun og veru dregist nokkuð aftur úr öðrum upphæðum bóta almannatrygginga. Okkur er ljóst að erfitt getur reynst að fá þessa breytingu samþykkta í einu skrefi og þess vegna er það að lokinni vandlegri athugun að við höfum orðið sammála um það í nefndinni að leggja til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar einmitt nú áður en fjárlög verða afgreidd á Alþingi og bindum við það vonir að hægt verði að stíga skref til hækkunar og markmið frv. náist í áföngum.

Fund nefndarinnar sat einnig fulltrúi Kvennalistans, og ásamt honum þá voru allir nefndarmenn sammála um þessa afgreiðslu og undirrita nál.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og að mér gefist ráðrúm til að mæla örstutt fyrir frv., sem þessu máli tengist, nú á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 216 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Það er jafnmikill einhugur í heilbr.- og trn. um þetta mál og það sem ég mælti fyrir rétt áðan. Þetta litla frv., sem heilbr.- og trn. flytur, er í raun og veru efnisatriði úr frv. sem var flutt sem 6. mál þingsins á þskj. 6, en í því frv. fólst m.a. atriði sem er í sjálfu sér lítið kostnaðaratriði en mikið réttlætismál að okkar dómi, en það fjallar um það að ásamt sjúkradagpeningum geti einstætt foreldri, sem er heimavinnandi, haldið mæðralaunum. Nú gildir sú regla að móðir eða foreldri, sem mæðralaun hefur eða tilsvarandi bætur, heldur þeim bótum þegar réttur stofnast til sjúkradagpeninga. Svo einkennilegt sem það er gildir þetta einungis um útivinnandi fólk en ekki þá sem eru einstæðir foreldrar og vinna alfarið á heimilinu. Vissulega eru þeir einstaklingar miklu færri en úr því að við teljum að nauðsynlegt sé að þeir aðilar sem vinna utan heimilis haldi mæðralaunum þegar svona stendur á, þá gildir það ekki síður um þá sem vinna alfarið inni á heimilinu. Þess vegna leggjum við til að þetta atriði verði lögtekið og teljum að þetta sé nánast leiðrétting á gildandi lögum eða samræming á þeim reglum sem gilda um þessa hópa.

Ég geri ekki tillögu, herra forseti, um að frv. verði vísað til nefndar því að það er flutt af nefnd, en leyfi mér hins vegar að leggja til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. Geri ég mér vonir um að það fái greiða afgreiðslu í hv. deild þannig að Ed. geti líka fjallað um það og það orðið sem fyrst að lögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 213.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Með lögum nr. 74/1982 voru Brunamálastofnun ríkisins falin mörg og viðamikil verkefni til þess fyrst og fremst að treysta brunavarnir í landinu. Þessi starfsemi Brunamálastofnunar hefur þegar gefið góða raun sem m.a. kemur fram í stórbættu forvarnarstarfi, eftirliti með brunatæknilegri hönnun nýrra mannvirkja, eftirliti með byggingarefnum, fræðslu slökkviliðsmanna, bættum útbúnaði slökkviliða um allt land. Allt þetta starf hefur skilað þeim árangri að dregið hefur úr tjónum af völdum eldsvoða hér á landi þegar á heildina er litið.

Aukið eftirlit með brunavörnum kostar mikið fé og eftirlitsferðir út um land eru kostnaðarsamar. Í maí sl. skilaði nefnd, sem félmrh. skipaði, áliti sínu um menntunar- og þjálfunarmál slökkviliðsmanna. Niðurstöður þessa nál. voru þær að efla þyrfti til muna starf á fyrrgreindu sviði, bæta þyrfti alla aðstöðu til fræðslustarfs og þjálfunar og stuðla að menntun leiðbeinenda fyrir slökkviliðsmenn. Þá þyrfti að fylgjast með nýjungum á þessu sviði erlendis svo að tryggt væri að hér á landi væri ætíð til staðar nýjasta tækni og þekking í þessum efnum. Brunamálastofnun hefur með höndum fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna og heldur reglulega námskeið og ráðstefnur á sviði brunavarna.

Fjárhagur Brunamálastofnunar ríkisins hefur versnað mjög hin síðari ár og er áætlað að skuld stofnunarinnar við ríkissjóð nemi um 14 millj. kr. við þessi áramót. Tekjustofn Brunamálastofnunar er skv. núgildandi lögum 1,75% iðgjald brunatrygginga og trygginga sem hafa í sér fólgna brunatryggingu. Frá áramótum 1982 hafa iðgjöld brunatrygginga lækkað verulega, en eins og áður sagði er það 1,75% brunavarnagjald sem nú er reiknað af bruttóiðgjaldatekjum skv. núgildandi lögum.

Mikil lækkun varð á brunatryggingum húsa í árslok 1985 eða um 39% í steinhúsum og 74% í timburhúsum og er nú svo komið að tekjur af brunavarnagjaldi nægja rétt rúmlega fyrir helmingi af kostnaði. Nefna má að á yfirstandandi ári gefa iðgjöldin um 10 millj. kr. í tekjur, en útgjöld Brunamálastofnunar eru áætluð um 17 millj. kr.

Frv. það sem hér er flutt er í samræmi við tillögur stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins þess efnis að brunavarnagjaldi skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982 verði breytt á þann veg að það reiknist af vátryggingarfjárhæðum fasteigna og lausafjár svo og samsettra trygginga sem hafa í sér fólgna brunatryggingu. Þannig verður brunavarnagjaldið óháð iðgjaldabreytingum brunatrygginga og innheimtist beint hjá hinum vátryggðu.

Eins og fjárhag Brunamálastofnunar ríkisins er nú háttað verður að telja nauðsynlegt að brunavarnagjald nemi fyrst um sinn 0,04 prómill af vátryggingafjárhæðum fasteigna og lausafjár, svo og samsettra trygginga sem hafa að geyma brunatryggingu. Þetta þýðir að sé fasteign metin á 5 millj. kr. mun brunavarnagjaldið eftir lagabreytingu nema 200 kr. vegna þeirrar fasteignar. Hér er því í raun og veru ekki um háar fjárhæðir að ræða.

Þegar mesti fjárhagsvandi stofnunarinnar verður leystur, vonandi á næstu þremur árum, þ.e. þegar skuld stofnunarinnar við ríkissjóð verður að fullu greidd, ætti að verða hægt að lækka gjaldið án þess að dregið verði úr þjónustunni.

Að öðru leyti vísa ég til ítarlegra athugasemda sem fylgja með frv. þessu og óska eftir því, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni eitt lítið mál sem við fyrstu sýn virðist næsta einfalt og sjálfsagt og ekkert nema gott um það að segja að menn vilji tryggja betur rekstur Brunamálastofnunarinnar. Hér er engu að síður á ferðinni skattstofn með vissum hætti og sennilega er sjálfur skattstofninn einn sá stærsti í landinu, 620 milljarðar kr. Þó að skattaprósentan, sem hér er lögð til, sé að sönnu mjög lág, óvenjulega lág, er það samt svo að í henni felst væntanlega nokkur skattahækkun. Þó að mönnum þyki kannski sparðatíningur að nefna það hér, þar sem um svo litla upphæð er að ræða, eins og brot af rekstrarkostnaði Brunamálastofnunar sem er ekki ýkja stórt dæmi, getur ræðumaður varla stillt sig um að gera það í tengslum við ýmislegt annað sem er að gerast á hinu háa Alþingi þessa dagana. Það er svo merkilegt með það, virðulegur forseti, að það skuli ævinlega koma í hlut hæstv. ráðherra Alþfl. að tala fyrir slíkum málum.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina, hvort ekki hafi verið rætt að greiða einfaldlega upp þá skuld sem safnast hefur upp hjá Brunamálastofnun á undanförnum árum, taka hana á ríkið til þess að iðgjöld samkvæmt hinu nýja innheimtukerfi, nú eða út af fyrir sig hinu gamla, hefðu þegar getað verið í samræmi við eiginlegan rekstrarkostnað eða fjárþörf stofnunarinnar. Hér er lagt til að lögfesta tiltekna prósentu sem á að skila stofnuninni einhverjum tekjum umfram rekstrarkostnað eða fjárþörf á næstu árum til að greiða upp þá skuld sem þar hefur safnast fyrir, ef ég hef skilið málið rétt. Ég vil því sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki komið til tals að fara þessa leið sem mér hefði fundist eðlilegri vegna þess að þá hefðu menn væntanlega getað gert sér vonir um að sú skattprósenta, sem hér er lögfest, entist betur og yrði til lengri framtíðar í sæmilegu samræmi við þörf Brunamálastofnunar.

En ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, úr því að málið er tekið upp á annað borð, ofurlítið um brunavarnir og þá ekki síst í tengslum við það að félagsskapur slökkviliðsmanna, Landssamband slökkviliðsmanna, hefur staðið fyrir eldvarnaátaki sem er lofsvert og þakkarvert en af miklum vanefnum þar sem sá félagsskapur hefur ekki miklu til að dreifa öðru en félagsgjöldum og einhverjum stuðningsframlögum. Þær vanefndir hafa leitt til þess að

Landssamband slökkviliðsmanna hefur valið nokkuð sérkennilega leið í sínu eldvarnaátaki. Hún er sú að auglýsa eingöngu í einu dagblaðinu. Hafa af þessu spunnist nokkrar vangaveltur og umræður. Lesendur og áskrifendur annarra dagblaða, þeir sem ekki eru þeirrar náðar aðnjótandi að kaupa þetta tiltekna dagblað en fylgjast kannski með öðrum fjölmiðlum, hafa spurt hvers þeir eigi að gjalda. Eiga t.d. lesendur Þjóðviljans, sem er ekki þetta blað, bara að brenna inni eða má sem sagt einu gilda hvað um þá verður ef lesendur þessa tiltekna dagblaðs, sem varð fyrir valinu, verða hólpnir, ef þeir verða fræddir? Ég er ekki að ásaka Landssamband slökkviliðsmanna eða forystumenn þess sem, eins og ég tek fram, eru af vanefnum að reyna að sinna þarna mjög þörfu málefni og vegna fjárskorts hafa sjálfsagt talið sig neydda til að velja þessa umdeilanlegu leið. Það er því eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra almennt um fjárveitingar til brunavarnamála og nærtækt að spyrja hvort ekki væri ástæða til að tryggja Landssambandi slökkviliðsmanna, ef það á að sjá um áróður og fræðslu að einhverju leyti á þessu sviði, sem ég tel út af fyrir sig að mörgu leyti æskilegt þar sem eru þeir menn sem einna best til þekkja, og styðja við bakið á þeim með einhverjum fjárframlögum þannig að þeir geti sinnt sínum áróðri og sinni fræðslu með þeim hætti að það standi öllum landsmönnum til boða að verða aðnjótandi þeirrar fræðslu en ekki bara lesendum Morgunblaðsins.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kem eingöngu upp í þennan ræðustól nú til að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. Það vill svo til að ég þekki nokkuð inn á þessi mál. Það hefur verið hörmulega staðið að því að láta Brunamálastofnun ríkisins fá það fjármagn sem nauðsynlegt er til að halda námskeið og vera með fullkomið eftirlit með slökkviliðum á landinu.

Ég lít svo á að það þurfi að auka þessa starfsemi mjög, líka vegna þess að slökkviliðsmenn eru áhugamannahópar víða á landinu. Það eru ör skipti og þar af leiðir að það er enn þá meiri þörf á að hafa æfingar og fræða þá örar en annars væri ef þetta væru menn á föstum launum og væru þarna lengri tíma.

Ég ætla ekki að ræða um sjálfa slökkviliðsmennina. Ég held að reynslan sýni okkur að þetta á að vera fyrst og fremst í höndum Brunamálastofnunar, öll þessi fræðsla. Það hefur verið unnið gott starf í stofnuninni á undanförnum árum án þess að hafa raunar möguleika til að gera það sem gera þarf. Ég styð því þetta frv. heils hugar, en vildi spyrja hæstv. ráðherra að því hvað þetta mundi gefa. Ef ég hef skilið þetta rétt, ef á að borga skuldina sem þarna er, sem mér skilst vera um 7–8 millj., eitthvað svoleiðis, og ég veit ekki hvort hallinn á þessu ári er þarna tekinn inn í, er þarna í naumasta lagi miðað við það sem þyrfti að vera. Við vitum um að það hafa verið víða eldsvoðar sem hefði e.t.v. stundum verið hægt að koma í veg fyrir ef þessi mál væru í lagi. Það gerir ekki brunaeftirlitið. Það er ekki nema um þessa menn að ræða af ýmsum ástæðum. Ég gæti rætt það mál. Ég þekki það. Þess vegna held ég að við þyrftum að skoða þau mál. Og ég vildi ræða þessi mál við hv. 4. þm. Norðurl. e. undir fjögur augu en ekki í sölum Alþingis.

Ellert Eiríksson:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því frv. til l. um breytingar á lögum nr. 74 frá 1982, um brunavarnir og brunamál, sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram og kynnt í dag.

Það liggur ljóst fyrir að Brunamálastofnun ríkisins hefur á undanförnum árum, eins og glöggt má sjá í súluriti sem fylgir með sem fskj. í grg., orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu og má ljóst vera að tekjur stofnunarinnar hafa langt frá því nægt fyrir útgjöldum eins og hún hefur verið rekin.

Það hefur mátt lesa í öllum blöðum undanfarnar vikur og ár um marga eldsvoða sem hafa leikið Íslendinga grátt. Mörg fyrirtæki, og þá sérstaklega í fiskiðnaði og frystihúsarekstri, hafa orðið fyrir þungum búsifjum og eldurinn hefur reitt þar hátt til höggs. Eigendur þessara fyrirtækja hafa orðið fyrir fjárhagslegu stórtjóni, verkafólk og þjónustuaðilar hafa einnig orðið fyrir tjóni og þar að auki hafa tryggingafélög orðið fyrir kannski því stærsta.

Slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli hefur, eins og þið hafið oft séð, fengið verðlaun fyrir að vera jafnvel besta slökkvilið í heimi, alla vega innan þess geira sem það starfar í, þ.e. innan flota Bandaríkjahers, og hefur fengið mörg verðlaun fyrir. En slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli, og nú tala ég sem „kollegi“ og af reynslu, hefur ekki fengið sérstök verðlaun fyrir að vera gott að slökkva eld því það er vont að meta það mál. Hins vegar hefur það fengið verðlaun fyrir langminnsta tjón í herstöðvum, sem bandarískt flotinn rekur, af völdum eldsvoða. Í því liggur þess meginkostur. Það er forvarnarstarfið og lítill skaði. Og með hvaða hætti nær það þessum árangri? Með því að reka gífurlega stíft eldvarnareftirlit og fyrirbyggjandi starf. Eins og hefur komið fram í dag er Brunamálastofnun ríkisins einmitt sams konar stofnun hér á landi sem notuð er til að hafa uppi forvarnarstarf, menntun slökkviliðsmanna, eftirlit með teikningum, breytingar á reglugerðum og lögum til bóta og eftirlit með byggingarefnum til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir tjón. Það er grundvallartónninn í þessu.

Hér er lagt til að breyta tekjustofninum sem Brunamálastofnun hefur haft, þ.e. hluta af iðgjöldum úr 1,75% yfir í að verða 0,04% af vátryggingarupphæð mannvirkja og lausafjármuna. Það finnst mér mjög eðlilegt. Hvað snertir skattheimtu er alveg ljóst að það er eigandi fasteignarinnar og eignaraðilar sem eiga að bera uppi þetta starf. Það er engin skynsemi frá mínum bæjardyrum séð að leggja það á ríkissjóð, sem eru skattpeningar allrar þjóðarinnar, heldur verði það tekið af eigendum fasteigna. Þetta

er raunverulega neysluskattur fasteignaeigenda. Og þeim mun stærri fasteignir og þeim mun fleiri fasteignir sem menn eiga, þeim mun hærra gjald bera þeir til Brunamálastofnunar ríkisins.

Brunamálastjóri hefur á undanförnum vikum, þegar hann hefur verið inntur eftir því hvernig á þeim miklu eldsvoðum sem gengið hafa yfir standi, kannski ekki haft mörg svör, en hann hefur þó bent á nokkur atriði og m.a. að stofnuninni væri þörf á að fá til sín rannsóknardeild til að kanna með hvaða hætti þessir eldsvoðar hafa orðið og hver upptök þeirra hafa verið.

Þegar komið er á brunastað og horft á hús brenna og þegar búið er að slökkva vill oft vefjast fyrir mönnum að gera sér grein fyrir hvers vegna kviknaði í. Frystihús Nesfisks hf. í Garði brann. Það kviknaði í því og var kallað út til þess að slökkva þar eld kl. 3 að nóttu. Það var mjög örðugt að gera sér grein fyrir hvernig á þessu stóð. Menn leiða líkur að ýmsu, en það er erfiðara að sanna.

En nýlega kviknaði í öðru fiskverkunarhúsi um miðjan dag þar sem starfsfólk var statt. Þar sprakk út rafmagnstafla. Allur straumur fór af húsinu og eftir örstutta stund var það fullt af eiturgufum og fólk átti fótum fjör að launa til að komast út. Þar lá ljóst fyrir hvernig þetta hafði gerst. Oft eru leiddar líkur að því að slíkt gerist, en því er yfirleitt neitað af fagmönnum þannig að rannsóknardeild við Brunamálastofnun ríkisins er nauðsynjaverk.

Það kemur hér fram að skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er ætlað að reksturskostnaður Brunamálastofnunar ríkisins verði 23 millj. kr., heildarútgjöld til rekstursins. Í einu tjóni, að vísu því stærsta sem hefur orðið á þessu ári hér á landi, hjá Nesfiski hf. í Garði, liggur fyrir að eigendur einir verða fyrir tjóni sem er ekki minna en 25 millj. Síðan tapa verkafólk og þjónustuaðilar einhverju. Tryggingafélögin tapa 60 millj. a.m.k. Aðeins tjón eignaraðila einna er því meira í þessum eina eldsvoða en allur rekstrarkostnaður Brunamálastofnunar ríkisins fyrir árið 1988 er áætlaður.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka að frv. til l. sem hér er borið fram er hið þarfasta mál og efling Brunamálastofnunar ríkisins ætla ég að sé hin besta fjárfesting og arður af peningum þar í settum skilar sér örugglega hvergi betur en með forvarnarstarfi í þessum málaflokki.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem frv. hefur fengið sem sýnir ljóslega áhuga þeirra sem hér hafa talað á auknu brunavarnaeftirliti og að það verði verulega eflt, svo og að aukin verði þjálfun slökkviliðsmanna.

Ég vil reyna að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, beindi þeirri spurningu til mín hvað þetta mundi gefa Brunamálastofnun mikið í tekjur. Þar er gert ráð fyrir að hvert prómill gefi um 6 millj. þannig að 0,04 prómill mundi gefa 24 millj. kr. Eins og kom fram í minni framsöguræðu hafði Brunamálastofnun á yfirstandandi ári um 10 millj. kr. í tekjur og þó að gert sé ráð fyrir að Brunamálastofnun greiði niður 5 millj. af skuld ríkissjóðs með þessari fjárhæð er samt sem áður gert ráð fyrir auknu svigrúmi Brunamálastofnunar frá því sem nú er og að þessar tekjur, sem hún mundi hafa miðað við breytt lög, ættu að duga vel fyrir rekstrinum og einnig til þess að hægt sé að auka nokkuð brunavarnaeftirlit þó að ég gæti tekið undir að það mætti vera meira sem hægt væri að auka eftirlitið, en til þess þarf auðvitað meira fjármagn en hér er lagt til.

Að því er varðar fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, vil ég svara þeim fyrirspurnum sem hann beindi til mín. Hann spurði um skuld Brunamálastofnunar við ríkissjóð, hvort ekki hefði komið til tals að fella hana niður, ef ég skildi spurningu hans rétt. Í því sambandi vil ég svara því til að þetta frv., eins og kemur fram í grg., var samið í félmrn. í samráði við Ingimund Sigurpálsson, formann stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og tillaga þeirra var lögð inn til mín með þeim hætti sem ég hef lagt hana fyrir Alþingi.

Enn fremur vil ég bæta við að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á sjálfstæði og rekstrarábyrgð ýmissa stofnana ríkisins, að hún verði aukin og þeim gert að afla sér í auknum mæli tekna fyrir veitta þjónustu. Með þessu er að því stefnt að þeir sem njóti þjónustunnar greiði þann kostnað sem hún hefur í för með sér. Frv. því sem ég mæli fyrir er einmitt ætlað að stefna í þá átt sem ég hef hér lýst og fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Svo ég svari spurningunni beint kom það ekki til tals að ríkissjóður mundi greiða þessa skuld heldur var gert ráð fyrir að það mundi greiðast af þessum iðgjaldatekjum og gert ráð fyrir að þessi skuld, sem er 14 millj., greiðist niður á þremur árum, þ.e. 5 millj. kr. á ári. En þá mætti annaðhvort endurskoða þetta gjald til lækkunar eða þá að Brunamálastofnun héldi þessu gjaldi og gæti þá aukið við sín verkefni og styrkt brunavarnaeftirlitið.

Að því er varðar það brunavarnaátak sem hv. þm. nefndi, brunavarnaátak Landssambands slökkviliðsmanna, er hér vissulega um mjög þarft framtak að ræða. Þetta brunavarnaátak hefur ekki verið kynnt sérstaklega af landssambandinu eða öðrum aðilum fyrir félmrn. þannig að mér er ekki alveg kunnugt um hvernig að þessu er staðið. Engu að síður hafa fulltrúar frá Landssambandi slökkviliðsmanna gengið á minn fund meðan ég hef verið í sæti félmrh. og kynnt fyrir mér að þeir hafi mikinn áhuga á að fræðsla og þjálfun slökkviliðsmanna verði verulega aukin sem þeir telja mikið á skorta. Brunamálastofnun hefur haft þetta með höndum. Það þarf vissulega að gera Brunamálastofnun betur kleift að sinna því mikilvæga hlutverki sem er fræðsla og

þjálfun slökkviliðsmanna.

Þegar þeir gengu á minn fund kynntu þeir fyrir mér áhugavert átak, sem þeir hyggjast standa fyrir, sem er að auka fræðslu um brunavarnir í skólum. Höfðu þeir í huga að gefa út fræðslurit í því efni. Ég taldi hér um mjög þarft framtak þeirra slökkviliðsmanna að ræða sem mun kosta nokkra fjármuni. Félmrn. styrkti þetta framtak slökkviliðsmanna af fjárveitingu ráðuneytisins um 100 þús. kr., sem vissulega er hvergi nægjanlegt til að standa undir þessu verkefni, en engu að síður sýnir þetta ákveðna viðleitni í því efni að styrkja starf Landssambands slökkviðliðsmanna sem vissulega er mjög mikilvægt.

Ég vænti þess einnig að þegar svigrúm Brunamálastofnunar eykst með því að hún fái auknar tekjur af iðgjöldum geti hún betur sinnt því starfi sem henni er vissulega ætlað skv. lögum, þ.e. að auka fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna og sinna í einu og öllu betur brunavarnaeftirliti en kleift hefur verið við þær aðstæður sem henni hafa verið búnar og hinn þrönga fjárhag stofnunarinnar til þessa.

Herra forseti. Ég ítreka í lokin að það er mikilvægt, eins og mörg önnur mál sem liggja fyrir þinginu, að frv. fáist afgreitt fyrir jólaleyfi þm. Við það er miðað í gildistökuákvæði frv. að það geti tekið gildi frá nk. áramótum, en það er mjög mikilvægt að þessi breytta innheimta á iðgjöldum geti einmitt hafist frá áramótum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð. Ég tek það fram að ég tel mjög mikilvægt, eins og aðrir ræðumenn hafa tíundað, að tryggja vel hag Brunamálastofnunar og ég er alls ekki andvígur þessu máli, ég bið menn að taka það ekki svo, enda á ekki að gera það yfirleitt, að þó maður spyrji spurninga og og reisi spurningar um einstök efnisatriði þýði það sjálfkrafa að maður geti ekki verið fylgjandi viðkomandi máli. Ég taldi hins vegar rétt að fá betri upplýsingar og fá svör við ákveðnum spurningum um stöðu Brunamálastofnunar og það sama gerðu greinilega fleiri hv. þm.

Ég vil taka það fram að mér sýnist að stofnunin verði, með tilliti til þeirrar skuldastöðu sem hún er í, ekki ofhaldin af þessari prósentu næstu árin. Þvert á móti, ef ég reikna nú næstum að segja á fingrum mér 0,04% af 620 milljarða skattstofni, fæ ég út úr því tæplega 25 millj. kr. Í umsögn um 1. gr. frv. kemur fram að gert er ráð fyrir því að rekstur Brunamálastofnunar ríkisins kosti um 23 millj. kr. á næsta ári og þá eru ekki eftir nema tæpar 2 millj. til að greiða niður. (Gripið fram í.) Nei. Með leyfi forseta segir: „Í frv. til fjárlaga ársins 1988 er reiknað með að rekstur Brunamálastofnunar ríkisins kosti um 23 millj. kr. Þessu til viðbótar er áætlað að 5 millj. kr. fari til að greiða niður skuld stofnunarinnar við ríkissjóð sem reiknað er með að nemi um 14 millj. kr. um næstu áramót.“ Það er þá annaðhvort að frv. er vitlaust eða orðið hefur prentvilla í þskj. eða hæstv. ráðherra hefur ekki nógu góðar upplýsingar um rekstrarkostnað stofnunarinnar og þær tekjur sem hún fær af þessari meintu prósentu því þarna stemmir ekki saman alveg greinilega. Miðað við þessar forsendur, sem gefnar eru upp í frv., hefur stofnunin tæpar 2 millj. umfram áætlaðan rekstrarkostnað til að greiða niður 14 millj. kr. skuld og þá tekur það meira en þrjú ár. Það eru alveg hreinar línur.

Ég hefði talið að það hefði ekki veitt af og verið skynsamleg ráðstöfun af hálfu ríkisins að slétta reikningana og leyfa stofnuninni engu að síður að hafa þessa prósentu því að varla verður mikið gert að öðrum kosti í forvarnarstarfi. Ég tala nú ekki um ef þarf að koma því á framfæri með dýrum auglýsingum sem nú virðist nauðsynlegt, a.m.k. hjá Landssambandi slökkviliðsmanna. Þá gera menn ekki mikið fyrir upphæðir sem hlaupa á hundruðum þúsunda eða fáeinum milljónum.

Ég vil svo taka undir það sem hv. 1. þm. Reykn. sagði áðan í mjög athyglisverðri ræðu, að manni kemur í raun á óvart, með hliðsjón af þeim geysilegu verðmætum sem eru í fasteignum í landinu og brunatryggðum eignum í landinu, hvað umfang Brunamálastofnunarinnar, sem hefur svo veigamiklu hlutverki að gegna, er í raun og veru lítið. Ég tel að það sé mjög athyglisvert að efla þurfi Brunamálastofnunina og gera henni kleift að koma til að mynda á fót rannsóknardeild. Það er alveg ljóst að þeir miklu skaðar sem orðið hafa í brunum hér á landi, sérstaklega í ákveðnum greinum eins og fiskiðnaðinum, kalla á að þau mál séu rannsökuð, bæði fyrir og eftir, þ.e. gera jafnvel tilraunir með efni og brunaþol hluta og síðan að rannsaka á brunastað hvað gæti hafa farið úrskeiðis. Ég hygg að þessum þætti sé verulega ábótavant hjá okkur. Ég leyfi mér að segja að það sé ekki það hvað við höfum staðið vel að þessum málum sem gerir að verkum að brunatjón eru tiltölulega lítil á Íslandi miðað við önnur lönd heldur fyrst og fremst að hér eru aðallega byggð steinhús og hér er þéttbýli ekki eins mikið og víða annars staðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

30. fundur, fimmtudaginn 10. des., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki með glöðu geði sem ég kveð mér hljóðs um þingsköp í hv. Sþ. Tilefnið eru

vinnubrögð og vinnulag þingsins við undirbúning fjárlaga og spurningar sem ég leyfi mér að beina til hæstv. forseta í því sambandi og enn fremur mjög áríðandi tilmæli sem ég leyfi mér einnig að beina til hæstv. forseta um þessi efni.

Fjárlagafrv. var lagt fram á hv. Alþingi í október eins og þingsköp og hefð krefjast. Frv. var vísað til hv. fjvn. að lokinni 1. umr. Skv. frv. var gert ráð fyrir margs konar nýrri lagasetningu jafnframt og samhliða afgreiðslu fjárlagafrv. í þinginu, ekki færri en 12 lagafrv. sem ýmist eru í meðförum þingsins ellegar enn ókomin þó langt sé liðið á aðventu. Flest snerta þau tekjuhlið frv. til fjárlaga og kem ég þá senn að kjarna máls míns.

Nú bregður svo við í þann mund sem fjölmiðlun hefst um áhrif þessarar væntanlegu lagasetningar á tekjuhlið fjárlagafrv. að fréttir berast um það og hæstv. ríkisstjórn borin fyrir hver búhnykkur þessar aðgerðir allar verði ríkissjóði. Að vísu voru fréttir þessar ónákvæmar eins og gengur í miklum aflahrotum, talað um 600 millj. kr. fyrsta daginn, 1000 millj. annan daginn, en jafnvel þrjá milljarða í munni þeirra sem töldu sig tölugleggsta.

En það sem mér þykir athygli verðast og er fyrsta tilefni til spurningar minnar til hæstv. forseta voru mjög nákvæmar fréttir, sem síðan var fylgt eftir með minnisblaði til hv. fjvn., um skiptingu á hluta þess fjár sem þarna var um rætt. Ekki fór milli mála að hæstv. ríkisstjórn hafði gert tillögu að skiptingu þessa fjár. Því vil ég spyrja, hæstv. forseti: Er það hlutverk hæstv. ríkisstjórnar að vinna að skiptingu fjár í frv. til fjárlaga sem hin sama hæstv. ríkisstjórn hefur þegar lagt fyrir þingið, þingið rætt við 1. umr. og vísað til hv. fjvn. eða er það hlutverk fjvn. Alþingis sem síðan leggur tillögur sínar fyrir hv. Alþingi til 2. umr.? Er eðlilegt að mati hæstv. forseta að hæstv. ríkisstjórn og einstakir ráðherrar hennar gangi fram á þann hátt sem hér var gert og tilkynni þessa skiptingu út í hörgul um gjörvallan fjölmiðlaheiminn á sama tíma sem fjárveitinganefndarmenn þurftu að stíga á stokk og sverja nær daglega trúnaðareiða um þagmælsku um nær hvaðeina sem um getur í störfum fjvn. og leggja við drengskap sinn? Hér er um grundvallaratriði að ræða, hæstv. forseti, sem snerta virðingu þingsins og spurninguna um rétt vinnubrögð og sanngirni í störfum.

Kem ég þá að öðrum þætti þessa máls. Dögum oftar hef ég upp á síðkastið beðið um nýjar upplýsingar til fjvn. frá þeim stofnunum sem þau störf annast um áhrif nýrra viðhorfa og forsendna á tekjuhlið frv. sem flest koma fram í frv. tólf, þ.e. frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun og eða Þjóðhagsstofnun. Hér er um kjarna málsins að ræða sem fjvn. er alger nauðsyn að fá upplýsingar um og mat hinna virtustu sérfræðinga þessara og e.t.v. annarra stofnana. Enda þótt ýmsir ágætir fulltrúar þessara stofnana hafi komið til fundar við nefndina hefur enginn stafkrókur — ég endurtek: enginn stafkrókur borist nefndinni enn um þessi nýju viðhorf. Menn hafa unnið af öllu afli til útdeilingar gjaldahliðar frv. og mikilsverðir áfangar þess verks voru kynntir á fundum þm. kjördæmanna í gærkvöld, en hin hliðin hangir vægast sagt í lausu lofti og 2. umr. er ráðgerð á mánudaginn kemur. Því vil ég vinsamlega æskja þess við hæstv. forseta að hann beiti áhrifum sínum svo sem hann frekast má til þess að fjárveitinganefndarmönnum berist svo fljótt sem nokkur kostur er mat Þjóðhagsstofnunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á þeim nýju forsendum sem nú eru augljóslega uppi hvað varðar tekjur ríkissjóðs og fyrirtækja hans á næsta ári.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Mér bárust fréttir af því þegar átti að hefjast fundur með þm. Reyknesinga að þeirra ósk með formanni og varaformanni fjvn. að hér ætti að vera þingskapaumræða um upplýsingaskort í fjvn. sem hafin væri af einum fjárveitinganefndarmanni. Ekki hafði ég hugmynd um að þessi umræða ætti að fara fram fyrr en mér var borin fregn af því út á fundinn sem var að hefjast með þm. Reyknesinga. Síðast sat ég fund með þessum hv. samnefndarmanni mínum í fjvn. í gær og lét hann þess þá í engu getið að þetta stæði til.

Ég veit ekki til annars, herra forseti, en reynt hafi verið af fremsta megni að upplýsa fjárveitinganefndarmenn um öll þau erindi sem þeir hafa borið fram og beðið um upplýsingar um, vil taka sérstaklega fram að það hefur verið mjög góð samvinna í nefndinni, alveg eins við stjórnarandstöðuþm. og stjórnarsinna. Þess vegna kemur mér mjög á óvart ef núna er að hefjast þingskapaumræða um upplýsingaskort í þessari nefnd. Ég hef aðeins fengið eina kvörtun á starfstíma fjvn. frá fjárveitinganefndarmanni. Það var frá hv. fjárveitinganefndarmanni sem nú hefur kvatt sér hljóðs. Það var út af því að fundur hafði verið boðaður kl. fimm á þriðjudag til að hlýða á fulltrúa Þjóðhagsstofnunar fjalla um tekjuáætlun. Þessi fundur var boðaður með löngum fyrirvara eftir því sem gerist og gengur í hv. fjvn. þar sem fundir eru oft boðaðir með skömmum fyrirvara, engar athugasemdir komu um fundartíma, en svo stóð á hjá þessum hv. þm. að hann var í ræðustól kl. fimm, hafði ekki lokið ræðu sinni þegar fundur hófst, sem var boðaður með talsverðum fyrirvara, kom engum beiðnum til mín um frestun fundarins, sem hefði að sjálfsögðu verið samþykkt, en gerði athugasemdir við að fundurinn skyldi hafa verið haldinn án þess að hann gæti mætt á tilsettum tíma því hann stóð þá í ræðustól. Þetta er eina umkvörtunin sem ég hef fengið frá þm. í fjvn. um starfsemi nefndarinnar.

Á þessum fundi kom jafnframt fram að þá um morguninn, sama morgun og fundur var haldinn í nefndinni, hefði Þjóðhagsstofnun fengið í hendur frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuöflun. Eins og allir hv. þm. vita gera þessi frumvörp, sem varða alla helstu megintekjustofna ríkisins, ráð fyrir mjög verulegum breytingum á þeim. Þjóðhagsstofnun hafði þá aðeins fengið hálfan dag til að leggja mat

sitt á áhrif þessara frv. og lýsti því yfir að á þeim skamma tíma, hálfum degi eftir að hún hafði fengið umrædd frv. sem gera ráð fyrir gerbyltingu á tekjustofnum ríkisins, hefði hún enga möguleika haft til að leggja talnalegt mat á niðurstöðuna, en jafnframt lýsti forstjóri Þjóðhagsstofnunar því yfir að hann mundi vinna það verk eins fljótt og kostur gæfist, reiknaði með að því yrði lokið nk. laugardag, tveimur sólarhringum fyrir 2. umr., og ég tók það sérstaklega fram að ég mundi hafa samband við hann og kalla fjvn. saman til fundar til að hlýða á niðurstöður hans um leið og þær lægju fyrir, sem eftir hans sögn var áformað að gæti orðið á laugardaginn eins og ég segi.

Þetta þýðir það, miðað við mína þingreynslu, að ljóst er að meiri upplýsingar um þau efni ættu að geta legið fyrir við 2. umr. fjárlaga en oftast áður. Venjan er sú að umræddar upplýsingar um endurskoðaða tekjuáætlun liggja ekki fyrir í endanlegu horfi fyrr en fyrir 3. umr. fjárlaga. Það er vaninn. Slíkt hefur alltaf verið gert. Ef einhverjar breytingar eru í aðsigi núna eru þær í þá veru að upplýsa betur um þessa hluti við afgreiðslu fjárlaga nú en vaninn hefur verið í fjöldamörg ár.

Ég tel því skjóta mjög skökku við, herra forseti, ef ungur þm., þ.e. hvað starfsaldur varðar, sem hefur tæplega hálfs árs reynslu af störfum í fjvn. og allt hefur verið reynt að gera í nefndinni til að upplýsa um hvað eina sem hann hefur beðið um, er nú að gera athugasemdir um starfsemi nefndarinnar án þess að hafa látið formann nefndarinnar af því vita og án þess að hafa komið með nokkra einustu kvörtun í nefndinni aðra en þá að það skyldi hafa verið haldinn fundur á boðuðum fundartíma án þess að tillit hafi verið tekið til þess, sem enginn vissi í nefndinni, að hv. þm. var þá í miðri ræðu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist, hafandi þó verið í starfi hingað til sem krefst mikillar vinnu og óreglulegs vinnutíma rétt fyrir jólin. Þó stend ég hér alveg orðlaus nú þar sem manni er uppálagt þessa dagana að standa frammi fyrir vali um hvort maður ætli að starfa í nefndum þingsins eða inni á þingfundum. Mér finnst ekki hægt að leggja slíkt vinnulag upp í hendur hvers og eins að þurfa að velja á hverjum degi hvaða verkefnum af skyldustörfunum hann ætlar eða getur sinnt. Ég gerði mér vonir um að fá í dag svar við fsp. minni frá 10. okt. og gekk þess vegna út af sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja deilda hins háa Alþingis til að fá þau svör, en ég frétti það síðar að aðrir þm. hefðu knúið fram frestun á fundi í sjútvn. í bili. En ég skora á þá sem hér ráða að skipuleggja það starf betur sem hv. þm. eiga fram undan þannig að það verði raunhæft.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að hv. formaður fjvn. kemur hér upp og gerir mun á því hvort menn hafi verið hér deginum lengur eða deginum skemur, mánuðinum lengur eða mánuðinum skemur sem þm. Hér hafa þm. sama rétt hve lengi sem þeir hafa setið á þingi um leið og þeir hafa hlotið til þess traust fólksins í landinu.

Ég hef þekkt hv. fyrirspyrjanda tiltölulega stuttan tíma, en það eru fáir einstaklingar sem hafa unnið mitt traust eins gersamlega á eins skömmum tíma og hann þannig að ég dreg í efa að það sé að athuguðu máli sem hv. formaður fjvn. leyfir sér að láta þau orð falla að hans vinnubrögð séu að einhverju leyti ámælisverð sem nefndarmanns í fjvn. Ég segi það alveg eins og er, og er ég búinn að vera lengur fjmrh. en hv. formaður fjvn. var, að þau vinnubrögð sem nú eiga sér stað í fjvn. eru mér óþekkt og er ég þó búinn að vera þm. lengur en hann eða frá 1974 stanslaust. Við skulum ekki fara út í karp um slíka hluti. Ég veit ekki til þess þann tíma sem ég hef verið hér að tekjuhlið fjárlaga sé ekki þekkt þegar fjárlög eru lögð fram. Og þegar fjárlög eru lögð fram eru þau lögð fram sem þskj. ríkisstjórnar, sem stjfrv. En í þetta sinn eru þau ekki lögð fram sem stjfrv. Ég hef áður sagt það hér. Þetta er þmfrv. þeirra ráðherra sem sitja sem þm. í ráðherrastólum.

Um leið og þskj. er komið fram, frv. til l., og lagt fram í nafni ríkisstjórnar kemur athugasemd um tekjuhlið frá hæstv. landbrh. Það kemur athugasemd með yfirlýsingum í blöðum frá hæstv. iðnrh. um að ráðstöfunum sem gerðar eru við framlagningu og mótun fjárlaga muni hann beita sér fyrir að verði breytt í fjvn. Það kemur yfirlýsing frá hæstv. menntmrh. um að hann muni beita sér fyrir breytingarráðstöfunum hvað snertir þjóðarbókhlöðu. Svona gengur þetta fram og til baka.

Það er ekki nokkur leið að henda reiður á hvað er hvað í samstarfi ráðherranna um fjárlögin. Og svo eru menn hissa á því að menn úr öðrum flokkum en ríkisstjórnarflokkunum sem eiga að starfa í samstarfi við ríkisstjórnarfulltrúa í fjvn. og eru að dreifa útgjöldum á hina ýmsu liði, vilji fá að vita hvað þeir hafi mikið fé til ráðstöfunar. Það er ætlast til þess að útgjaldaliðir séu kláraðir þótt tekjurnar séu óþekktar. Hér kom á borðið í dag, skilst mér, það gæti þó verið að því hafi verið dreift í gær, plagg sem mér er sagt að þýði 14% vörugjaldsinnheimtu. En 14% á hvað? Á alveg nýjan stofn. Mér er sagt að það eigi að bæta við 25% heildsöluálagningu á innheimtustofn vörugjalda sem þýðir 25% hækkun á vörugjöldum. Þau eru þá ekki 14%. Þau eru 17½%. Það er nokkuð mikil upphæð í umframtekjum.

Það er hörmulegt til þess að vita að eftir að ríkisstjórn leyfir sér með athugasemdum ráðherra að leggja fram fjárlagafrv. skuli þeir svo sjálfir, eftir að hv. Alþingi hefur tekið frv. til 1. umr. og Alþingi hefur tekið málið til meðferðar og vísað því í nefnd Alþingis, leyfa sér að stíga fram fyrir löggjafarvaldið og taka til baka þetta falska plagg og breyta því svo þúsund milljónum skiptir. Hvaða vinnubrögð eru þetta? Það er staðfest af ríkisstjórninni að það frv. sem lagt var fram var falskt skjal, ekki marktækt.

Það er lagt fram í nafni ríkisstjórnar og ráðherrar gera athugasemdir við það. Hér hafa staðið upp þm. stjórnarflokkanna og gert athugasemdir við það og sumir lýst því yfir að þeir muni ekki fylgja því. Þetta er falskt plagg! Þetta er skjalafölsun frá ríkisstjórnarinnar hálfu, frv. eins og það leggur sig! Og þeir taka það til baka. Þeir eru að breyta þessu falska plaggi um þúsund milljónir nokkrum dögum áður en Alþingi á að afgreiða það endanlega. Og svo tala menn um að það sé óeðlilegt að stjórnarandstæðingar, sem eiga engan þátt í þessu falsaða skjali, vilji fá að vita: Hvaða tekjur höfum við til að dreifa á kostnaðarliði? Er það nokkur furða þó að kona sem er vön að vinna, sem er vön að fá vinnulaun miðað við vinnuframlag, sem kemur inn á Alþingi og sér þessi vinnubrögð, geri fyrirspurn eins og mér er sagt að frú Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hafi gert fyrir nokkrum dögum? Er það nokkur furða að þjóðin í heild missi trúna á þessi vinnubrögð Alþingis?

Ég undirstrika sem formaður flokks á hv. Alþingi: Ég krefst þess að stjórnarliðar svari því sem hér hefur verið spurt um og gerðar athugasemdir við. Ég krefst þess að fá að vita hvers vegna minn fulltrúi í fjvn. er bundinn þannig trúnaði að hann getur ekki samkvæmt drengskaparheiti talað við sína samþm. eða formann síns flokks, en á sama tíma koma ráðherrar úr ríkisstjórn og veita upplýsingar um trúnaðinn í fjölmiðlum. Hvers lags leikaraskapur er þetta?

Hæstv. forseti. Eitt af því fáa, næstum því það eina sem gerir það að verkum að mark er tekið á stjórnskipulagi þjóðarinnar er framkoma og staðfesta forseta, því að ríkisstjórnin, sundurlaus með fölsuð skjöl og upplýsingaskort, hefur misst allan trúnað, enda heyrist varla minnst á forsrh. né utanrrh. sem eru forustumenn tveggja flokka í ríkisstjórn. Það heyrist ekki minnst á formenn þingflokka þessara flokka, Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir eru týndir. Þeir eru faldir bak við alþýðuflokksforustuna. Og það er Alþfl. sem hefur forustuna í þessum fjármálum öllum, en Sjálfstfl. og Framsfl. láta sér nægja að fylgja eins og þægir rakkar.

Virðulegi forsrh. Það er mjög slæmt ef kýrin er búin að gleyma því að hún var einu sinni kálfur. — Nei, þið sleppið ekki. Ef þið viljið koma nokkru máli í gegn á þessu ári, fjárlögum eða öðru, skuluð þið veita þær upplýsingar sem við þurfum, sem við biðjum um, sem við eigum kröfu til að fá. Við það sleppið þið ekki því að hér verða lesnar upp Íslendingasögurnar ef ekki dugar annað til til að fá ykkur til að skilja að hér í gegn fer ekkert mál. Hér stend ég með bækur í hendi og sé um að það fer ekkert mál í gegn ef þið ekki veitið upplýsingar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er vissulega illt að við skulum þurfa að nýta takmarkaðan starfstíma þingsins nú í jólaönnum til að ræða um starfshætti og þingsköp, en hjá því verður ekki komist í ljósi þess sem hefur verið að gerast síðustu dægrin og síðustu klukkustundirnar í sambandi við þingstörfin.

Hv. formaður Borgarafl., Albert Guðmundsson, sem talaði áðan, ræddi um að hann færi að draga fram Íslendingasögurnar, Víga-Glúms sögu og aðrar fleiri, til að lesa hér yfir til að halda mönnum við efnið, en ég held að svo ágæt lesning sem það er, þá hæfði betur að hún færi fram í jólahléi þingsins, menn gætu gluggað í þær bækur í jólahléi, en hefðu einhvern tíma til að kynna sér þau þinggögn, m.a. frá ríkisstjórninni, sem er verið að dreifa á borð Alþingis núna þessa síðustu starfsdaga þingsins fyrir jól, þar á meðal frv. til l. um breytingar á tollalögum upp á 340 bls. Ég hefði sem þm. kosið að hafa einhvern tíma og tækifæri til að kynna mér efni þeirra stjfrv. sem er að rigna hér inn og mér er sagt að sé skilyrði af hálfu samstarfsaðila í ríkisstjórn að verði afgreidd sem lög frá Alþingi fyrir jól.

Það var talað um að sumir ráðherrarnir skýldu sér á bak við Alþfl. í sínum störfum, þar á meðal hæstv. forsrh., en á sama tíma heyrum við í morgunfréttum útvarpsins að einn af ráðherrum Alþfl. í ríkisstjórn hefði tekið um það ákvörðun að mæta ekki á fundi og taka ekki þátt í störfum ríkisstjórnar Íslands á næstu dögum nema ákveðið frv. sem hann stendur að, sá ágæti ráðherra, hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, verði afgreitt, afgreiðsla þess verði tryggð fyrir hátíðar, fyrir jólahlé þingsins. Þannig er nú ekki mikið skjólið í Alþfl. að þessu leyti. Það glittir a.m.k. í hina ráðherrana á bak við.

Herra forseti. Ég vildi ræða sérstaklega um það sambandsleysi sem er greinilega milli forustu þingsins, forseta þingsins, og formanna í þingnefndum. Það er verið að kveðja til nefndarfundi og reyna að halda uppi nefndarfundum um hin þýðingarmestu mál á sama tíma og boðað er til funda í sameinuðu þingi. Það var til þess ætlast af forustu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsnefndum Alþingis í morgun að fram yrði haldið fundi á starfstíma Sþ. eitthvað fram undir hádegið ef svo skyldi verkast og búið að kveðja til stóran hóp manna utan úr bæ samkvæmt óskum nefndarmanna til viðræðna. Það tókst að ræða við hluta af því fólki sem þarna var komið og við urðum að biðja aðra um að mæta síðar því að formaður nefndarinnar, hv. þm. Karvel Pálmason, formaður sjútvn. Ed., tók tillit til ítrekaðra óska af minni hálfu og fleiri í nefndinni að við héldum ekki uppi fundahaldi á meðan væri fundað í sameinuðu þingi. Hér verður að gæta lágmarkssamræmis í störfum og verður að reyna að tryggja að nefndir fái tíma til starfa og það rekist ekki á við auglýsta fundatíma þingsins.

Ég vil helst ekki þurfa að rifja upp úr ræðustól þau orð sem maður heyrir falla frá sumum hv. stjórnarþm. um gildi þess að sitja á fundum í Sþ. undir fyrirspurnakarpi og öðru slíku. Ég ætla ekki að fara að hafa það uppi orðrétt, en það er heldur nöturlegt að verða vitni að því hvaða ummæli falla frá stjórnarliðum sem eru að reyna að keyra málin í gegn, ólesin og óathuguð, með þeim hætti sem við blasir. Ég treysti forustu þingsins til þess og for-

setum að taka upp skipulegt samráð við formenn þingnefnda og reyna að tryggja að störf geti farið fram með eðlilegum hætti og það helst án þess að við brjótum vökulögin.

Ég vildi þá einnig nefna starfshætti fjvn. Alþingis sem komu hér til umræðu áður en ég kom til fundar fimm mínútur yfir tíu í þessari umræðu um þingsköp en heyrði að það var þar á dagskrá. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess sem þar var rætt vegna þess að ég gat ekki fylgst með því í öllum atriðum, en ég vil nefna eitt í því samhengi og það er sú staðreynd að við þm., sem er ætlað að fjalla um vissa þætti fjárlagaafgreiðslunnar, þ.e. skiptingu á vissum fjárlagaliðum til framkvæmda í kjördæmum okkar, fáum þær upplýsingar í hendur kl. sjö í gærkvöld, fyrstu upplýsingar um hvernig meiri hlutinn í fjvn. eða fjvn. í sameiningu eftir atvikum leggur til að skipt sé fjárveitingum til skóla, sjúkrahúsa, hafna og fleiri framkvæmdaþátta, og aðrir eru ekki enn fram komnir og yrðum að taka afstöðu til þess á því sama kvöldi án þess að hafa tækifæri til að fara yfir það og bera saman við óskir heiman að frá, til að gera sér grein fyrir því hvað þarna var á ferðinni því að málið yrði að fara í prentun í morgunsárið vegna starfshátta hér í þinginu. Síðar bárust mér fréttir af því síðla kvölds í gær að það ætti ekki eitt yfir alla að ganga í þessum efnum. Það væri búið að knýja það fram í sumum þingmannahópum, sem virðast ráða meira en aðrir í þessum efnum, og það er út af fyrir sig gott að það hefur tekist í hópum sumra þm. úr kjördæmunum að knýja fram lengri frest. En ég spyr: Hvaða samræmi er þetta í vinnubrögðum? Hvernig í ósköpunum á þetta að ganga upp? Hvernig eigum við að geta unað við það, fulltrúar sumra kjördæma, að eiga að skila af okkar nánast að óathuguðu máli afstöðu til skiptingar á framkvæmdafé á meðan aðrir taka sér eitt dægur eða heilan sólarhring í viðbót? Slíkt gengur að sjálfsögðu ekki og þetta er enn eitt dæmið um þau vinnubrögð sem hér eru uppi höfð síðustu dægrin.

Ég vil taka undir þau mótmæli sem hér hafa fallið frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og frá hv. þm. Albert Guðmundssyni áðan í sambandi við þessa starfshætti á Alþingi nú. Það verður ekki við þetta unað af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það er aldeilis útilokað að við getum undir þessu setið. Og það er lágmarksatriði að forusta þingsins taki sér tak og taki sér tíma til að fara yfir það með formönnum þingnefnda hvernig er ætlunin að standa að vinnu hér á Alþingi, ég tala nú ekki um afgreiðslu þeirra doðranta sem verið er að leggja hér fyrir þingið á allra síðustu starfsdögum fyrir hátíðar.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í því karpi, um sumt lítt skiljanlegu karpi, sem hér hefur verið stundað úr ræðustól og mér finnst ástæðulaust. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að menn ættu að fara heim til að lesa, hvort sem það eru Íslendinga sögur eða Gunnlaðar saga sem maður fer heim til að lesa, fremur en að þylja það hér á Alþingi. Ég held að það mundi ekki auka sóma hv. þm. Alberts Guðmundssonar þó að hann byrjaði að lesa úr Íslendingasögum fram undir jól. Það verður hann auðvitað að eiga við sig, hv. þm., hvort hann teldi að það væri sér og flokki sínum til framdráttar.

Ég vil taka fram í þessu sambandi að þær breytingar hafa orðið á starfsháttum Alþingis, þá sérstaklega fjvn., að erindum til nefndarinnar hefur fjölgað gífurlega á fáum árum. Það er ljóst í mínum huga og margra annarra að ef nefndin verður að halda sig við þá starfshætti sem hafa ríkt og ríkja enn, að hún á raunverulega ekki að geta hafið störf fyrr en þing hefur komið saman og kosið nefndina því að umboð hennar fellur niður við þinglausnir á hverju vori, mundi nefndin varla geta lokið sínu verki á tilsettum tíma. Menn hafa verið að reyna að lifa við þetta með ýmsum aðferðum, sem út af fyrir sig eru ekki í samræmi við lög um þingsköp, en það er niðurstaða okkar fjárveitinganefndarmanna allra, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, að við höfum óskað eftir því við forseta formlega í bréfi og formenn þingflokka að það verði tekið til skoðunar að breyta lögum um þingsköp þannig að fjvn. væri gert fært eins og utanrmn. að starfa allt árið. Þá gætum við létt af okkur mjög miklum störfum sem ella hlaðast á síðustu vikur fyrir jól og mundi það greiða mjög fyrir starfsemi nefndarinnar.

Í annan stað vil ég taka fram út af orðum hv. þm. Alberts Guðmundssonar að það hefur alltaf ríkt sú vinnuregla í fjvn. að á meðan nefndin fjallar um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar eru þær upplýsingar sem þar koma fram og umfjöllun trúnaðarmál. Sá trúnaður hvílir jafnt á okkur stjórnarsinnum í fjvn. sem stjórnarandstæðingum. Og ég get fullyrt að stjórnarsinnar utan fjvn. fá ekki frekari upplýsingar um það sem verið er að vinna í fjvn. en stjórnarandstæðingar. Þar er jafnt á komið. Fjárveitinganefndarmenn virða þann trúnað sem ríkir í nefndinni hvort sem um er að ræða stjórnarsinna eða stjórnarandstæðinga. Sé erfitt að ljúka störfum í fjvn. á þeim skamma tíma sem er á haustmánuðum þar til fjárlög þarf að afgreiða get ég fullyrt að ef þessi trúnaður væri ekki, ef 63 þm. væru meira og minna að hafa afskipti af störfum fjvn. á meðan hún væri að vinna, mundi ekki veturinn endast til að ljúka því sem hún þarf að gera, hvað þá heldur að menn gætu lokið því á tilsettum tíma fyrir áramót.

Það er mjög algengt að menn ræði hér á Alþingi og utan Alþingis um að þm. skili ekki starfi. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Menn hafa setið hér núna, eins og fram hefur komið, í störfum frá morgni og fram á rauðar nætur og menn gera það auðvitað ekki að gamni sínu að mæta ekki á þingfundum nema kannski í upphafi funda. Menn gera það vegna þess að vinnuálagið er svo mikið að menn eiga engan annan kost en þann að reyna líka að starfa í nefndum á þeim tíma sem menn ættu raunar að sitja hér og taka þátt í þingfundum, bæði tala og hlusta.

En það er annað sem er sérkennilegt við þing-

starfið. Það er að þm. skapa sér að mjög verulegu leyti sína vinnu sjálfir. Menn geta setið á þingi og látið sér nægja að sitja á þingfundum og kannski taka þátt í nefndarfundum sem áheyrendur og hlustendur en lagt ekkert til þar fyrir utan. Það er alveg rétt að slíkir þm. leggja kannski ekki mikla vinnu fram og hafa kannski ekki laun í samræmi við sitt vinnuframlag, en allflestir þm. vinna þar fyrir utan mikið starf sem fram kemur t.d. í flutningi mála frá þeim sömu þm. hér á þingi. En auðvitað er svo um þm. eins og aðra að það eru mismörg málin sem þeir flytja. Sumir flytja aldrei mál.

Herra forseti. Aðeins í lokin. Það kom mér á óvart að þessi umræða skyldi hér hefjast. Við vorum á fundi í fjvn. síðdegis í gær, sátum á fundi til klukkan að verða sex. Þar á meðal var sá hv. þm. sem hóf þessa umræðu. Þá minntist hann ekki á að það stæði til að hefja þingskapaumræðu um upplýsingaskort í nefndinni. Hv. þm. hefur aðeins eina umkvörtun gert í þessari nefnd sem ég gat um áðan, sagði frá hver var ástæða þeirrar umkvörtunar. Ég hef líka sagt frá því að við höfum gert allt sem við höfum getað til að fullnægja ósk hv. þm. um að hann fái eins fljótt og verða má að vita um niðurstöður Þjóðhagsstofnunar úr athugun hennar á áhrifum þeirra nýju frumvarpa sem liggja fyrir Alþingi nú. Sú umræða sem hér fór fram kom mér því í opna skjöldu og ég held einnig öðrum fjárveitinganefndarmönnum. Og ég vek athygli á því, herra forseti, að enginn annar fjárveitinganefndarmaður, ekki heldur neinn fjárveitinganefndarmaður annar úr röðum stjórnarandstöðunnar, hefur séð ástæðu til að taka hér til máls og taka undir ummæli hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssonar. Ég vil því leyfa mér að líta svo á og raunar tel mig vita það, að þó svo það sé margt athugavert við störf Alþingis nú eru ekki aðrir þm. í fjvn. á þeirri skoðun, sem virðist vera að hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson sé á, að menn hafi ekki reynt að gera það sem þeir hafa getað til að upplýsa fjárveitinganefndarmenn um þau atriði sem vitað er um í fjvn. (Gripið fram í.) Herra forseti. Væri nokkur möguleiki á því að fá vinnufrið fyrir hv. þm. Borgarafl.?

Ég vil aðeins láta þess getið út af ummælum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan að fjvn. lauk umfjöllun sinni um þessa framkvæmdalista kl. tæplega sex. Hálftíma síðar hófst fundur Austurlandsþingmanna um málið. Það rétt náðist að hægt væri að ljósrita fyrir þá upplýsingagögnin, sem fjvn. var að ljúka umfjöllun sinni um, nægilega snemma til þess að þeir gætu hafið sinn fund. Þeir fengu gögnin í hendur hálftíma eftir að þau lágu fyrir í fjvn.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að ef við eigum að ná 2. umr. um fjárlög nk. mánudag þarf prentun tillagna fjvn. að hefjast nú eftir hádegið. Þess vegna, herra forseti, því miður, varð að leggja á það kapp við þm. að þeir reyndu að ljúka sinni umfjöllun í gær. Tveir þingmannahópar gátu hins vegar ekki af ýmsum ástæðum haft fundi sína í gærkvöld á sama tíma og við hinir. Þess vegna hafa þeir beðið um fundi með oddvitum fjvn. sem áttu að hefjast núna kl. tíu og hefðu staðið yfir ef ekki hefði komið fram þessi þingskapaumræða þannig að hún hefur enn orðið til þess að tefja framgang málanna vegna þess að ég hef ekki treyst mér til að vera fjarverandi á fundum með öðrum þm. út af þessu máli.

Í lokin þetta: Ég geri mér alveg fullkomlega ljóst að það er réttmætt, sem hv. þingflokksformaður Alþb. gat um í umræðum fyrir nokkrum dögum, að við erum komnir í mjög mikla tímaþröng með mjög mikilvæg mál. Til að ná þeim fram þarf að eiga sér stað gott samstarf við stjórnarandstöðu, ekki endilega um að stjórnarandstaðan fallist á mál ríkisstjórnarinnar heldur að stjórnarandstaðan fallist á að leggja á sig mjög mikla vinnu til að geta greitt fyrir afgreiðslu þessara mála. Ég held að það sé ekki bara æskilegt heldur nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina og stjórnarliðið að hafa gott samstarf við stjórnarandstöðuna svo að þetta sé hægt. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að þessi umræða um upplýsingaskort í fjvn. er ekki á rökum reist. Hún kom mér á óvart og ég hafði ekkert af henni vitað fyrr en mér var tilkynnt úti í Þórshamri að hún væri að hefjast.

En ég tel ekki ástæðu til að halda þessari umræðu öllu meira áfram. Ég held að það sé meiri ástæða til þess að Alþingi fari nú að ganga að þeim verkum sem þingið þarf að vinna til þess að það geti lokið störfum á eðlilegum tíma.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þessi umræða um þingsköp hefur staðið óvenjulengi. Enn eru menn á mælendaskrá. Það eru tilmæli forseta að hv. þm. leitist við að stilla máli sínu í hóf ef það mætti verða til þess að greiða fyrir þingstörfum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er margt sem kemur hv. 5. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, á óvart. Það kemur okkur þó kannski ekki á óvart að í dag er 10. des. og við væntum þess að aðfangadagur verði að vanda þann 24. des. Það er því lítill tími eftir af þingi fram að þinghléi. Ég hlýt að taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur verið borin fram, og ég vil sérstaklega taka undir gagnrýni hv. 6. þm. Vesturl., Danfríðar Skarphéðinsdóttur, því að mér er farið eins og henni: Ég er einhöm og get því ekki verið á fleiri stöðum en einum á sama tíma.

Í morgun var ég boðuð á fund fjh.- og viðskn. kl. 9. Ég sé engan af samnefndarmönnum mínum í þeirri nefnd hér í salnum nú kl. 10.30. Ég býst því við að sá fundur standi enn. Ég valdi að koma á þingfund því að hér á ég von á að fá svarað tveimur fsp. sem ég hef beðið svars við. Kl. rúmlega 11 er ég síðan boðuð á fund með fjvn. sem þm. Reykv. til að ræða málefni Reykjavíkurborgar. Ég býst við að verða e.t.v. í ræðustól eða bíða eftir fsp. þá. Ég get ekki farið á þann fund, því miður.

Þetta gengur ekki. Það verður að skipuleggja þingstörfin betur. Stjórn þingsins, stjórnarmeirihluti

og stjórnarandstaða verða að koma sér saman um hvaða mál þurfa að hafa forgang. Það þýðir ekki að dengja þeim fram hér þannig að menn nái ekki að kynna sér þau. Hér er um að ræða miklar kerfisbreytingar, meiri breytingar en kannski nokkurn tíma hafa verið afgreiddar í einu á jafnstuttum tíma. Við verðum að ýta smávægilegri málum til hliðar og þeim málum sem geta beðið. Ef við ætlum að ná góðri samvinnu verðum við að velja málin sem við ætlum að vinna saman að og það þarf að ske fyrr en síðar. Ég legg til að það verði haldinn um þetta fundur í dag og menn komi sér saman um að hvaða málum er nauðsynlegt að vinna fyrir þinghlé, láti síðan hin bíða og vinni vel að því sem við ætlum okkur að ljúka við.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Ég held að hún sé þörf og ég held að það verði tekið eftir þessari umræðu úti í þjóðfélaginu. Ég spyr hæstv. forseta að því hvort hann telji þau vinnubrögð forsvaranleg að fá t.d. í hendur hér, 10. des., frv. upp á 340 síður, flókið mál, og á að keyra það í gegn fyrir jólahlé. Ég fullyrði að það er útilokað að menn hafi miðað við önnur störf möguleika á að lesa þetta yfir, bara möguleika á að lesa það yfir hvað þá að athuga hvaða áhrif þetta hefur.

Ég er líka þakklátur formanni fjvn., sem fór nokkra hringi í ræðustól áðan, fyrir hans ræðu. Það var athyglisvert sem hann sagði í raun og veru. Það lá í orðum hans: Hvað kemur þm. við hvernig skipting er á þessum liðum? Við fengum að vita það kl. 7 í gærkvöld og það átti að klára það í hvelli. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Ég er að verða undrandi á því að forsetar Alþingis skuli una þessum vinnubrögðum. Ég er alveg orðinn undrandi. Ég held að það liggi helst fyrir núna að það þurfi að fresta jólum og áramótum fram undir páska ef þetta á að verða skaplegt. Hafi einhvern tíma verið ástæða til þess, þá er það nú.

Og sú fyrirlitning sem kom fram í ræðu formanns fjvn. Öllum fórst frekar en honum sem hefur og gert upphlaup hvað eftir annað á þinginu sem mun verða í minni á meðan íslensk tunga verður töluð. Svo er hann að tala um að þetta séu ótímabærar, ástæðulausar umræður. Þvílíkt! Þvílíkt!

Nei, ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Ég vil taka tillit til þess tíma sem hér er. En ég endurtek að ekki þarf að búast við því að stjórnarandstaðan, miðað við það sem hefur komið hér fram, greiði fyrir málum. Það er ekki til þess að ætlast. Og ríkisstjórnin hefur ekki staðið þannig að málum. Eða upplýsingaskylda hennar. Hún hefur ekki verið á þann veg að því sé hægt að una.

Það gefst sjálfsagt tími til að ræða þessi mál betur í sölum Alþingis, en ég yrði ekkert hissa á því þó að hv. þm. Albert Guðmundsson tæki upp Víga-Glúms sögu og læsi hana eina nóttina. Það hefur verið gert annað eins hér áður af mönnum sem hafa stutt þessa ríkisstjórn. Það væri hægt meira að segja að lesa upp úr þeirra ræðum í nokkra tíma.

Þessu er ekki hægt að una. Ég hef verið hér í rúm 20 ár og þó að oft hafi verið allt í vitleysu hér á Alþingi fyrir jólaleyfið er þetta svo gersamlega það vitlausasta sem ég a.m.k. þekki. Ég vildi bara spyrja hæstv. forseta hvort hann gæti nefnt það í Íslandssögunni að nokkurn tíma hafi komið upp að 10. des. komi fram frv. upp á 340 blaðsíður sem er tilkynnt að eigi að ljúka með öllu öðru. — Ef það væri nú bara þetta eitt. Það væri hugsanlegt. Hvað eru menn að hugsa? Og ætlar hæstv. forseti ekki að mótmæla þessum vinnubrögðum?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir að það þarf svo sem ekki að sækja sér lestrarefni í fornsögurnar til að hafa nóg að gera hér fram að jólunum. Svo ítarleg er tollskráin og svo smáletruð að jafnvel Víga-Glúms saga og Sturlunga komast held ég ekki í hálfkvisti við hana hvað orðafjölda snertir. Ég veit ekki hvort menn hafa haft enn þá tíma til að fletta tollskránni og átta sig á hversu geysilega sundurliðað plagg þar er á ferðinni. Þar er t.d. allt að finna um hvernig tolla eigi að leggja á skriðdreka og búnað þeirra ef þeir skyldu verða fluttir inn til landsins, kjarnakljúfa og geislavirk efni til kjarnorkuvinnslu og svo má áfram telja, og inn á milli þessara gersema eru svo falin þau aðalatriði sem skipta okkur máli, þ.e. þær vörur sem almennt eru fluttar inn til landsins, þannig að það er hægara sagt en gert að vinsa úr því.

En herra forseti. Ég verð að segja að ég tel að það hafi tekist heldur miður en skyldi að skipuleggja þingstörfin þenna formiðdag. Ég nefndi þá hugmynd á fundi okkar þingflokksformanna með forsetum í gær að æskilegt væri að reyna að haga þingstörfum þannig að Sþ. hefði sinn fundartíma í friði, sem ævinlega á að vera, og þess í stað yrði reynt að gefa fundarhlé frá því að sameinað þing lýkur störfum og þangað til deildir kæmu þá saman seinni part dagsins. Þann tíma hefði síðan mátt nýta fyrir fundi þingnefnda og þingmannahópa. En nú skeður það á þessum morgni að það verður ekki annað séð en nefndarformenn keyri svo kolfastir í því sama fari sem þeir hafa átt að venjast væntanlega margir hverjir árum saman að þeir boða nefndarfundi rétt eins og hér hefðu engir þingfundir átt að vera fyrr en kl. 14. Ég vil bara nefna sem dæmi, virðulegur forseti, að það átti yfir undirritaðan að ganga að vera á þremur stöðum samtímis núna kl. 11, á fundi hér í Sþ., á fundi með fjh.- og viðskn. og á fundi með félmn. Nd. Þetta gengur auðvitað ekki. Það sjá allir menn að þingið skipuleggur ekki sín störf sem skyldi þegar mönnum er gert að vera á ekki færri en þremur stöðum samtímis á vegum þingsins eða í þingnefndum. Og ég ítreka og endurtek að ég tel vænlegast að reyna að haga störfum þannig að þegar Sþ. ljúki hér störfum verði gefið allvænlegt fundahlé þannig að þingmannahópar sem eftir eiga að fjalla um skiptingu ákveðinna fjárlaga-

liða og þingnefndir hafi þá nokkurra klukkustunda tíma til að starfa og deildafundir færist þá aftur eftir deginum.

En örfá orð til viðbótar, virðulegur forseti, um tilefni þessarar þingskapaumræðu og vil ég þá taka fram að ég ætla ekki að blanda mér í innri mál fjvn. eða störf hennar. Ég efast út af fyrir sig ekki um góðan vilja formanns fjvn., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, en hitt er öllum ljóst og hv. þm. þarf í raun og veru ekki að bera blak af þeim aðstæðum sem hv. 5. þm. Vestf. er gert að starfa við með sínu fólki. Það sjá allir þm. við hvaða aðstæður hv. fjvn. hefur mátt búa, hvenær mál koma fram, hvenær upplýsingar liggja fyrir. Ég held því að það sé fyllilega eðlilegt og réttmætt að rætt sé við hvaða aðstæður þm. búa síðustu sólarhringana áður en 2. umr. fjárlaga hefst, sem er að mörgu leyti sú mikilvægasta af þeim þremur sem fram fara að því leytinu til að þá er málið tekið aftur til umræðu eftir margra vikna skoðun í þinginu og síðan líður mjög stuttur tími þangað til málið er endanlega afgreitt.

Eitt vil ég sérstaklega undirstrika og taka þar undir með hv. 2. þm. Austurl., að það er alveg óviðunandi með öllu að einstakir þm. fái í hausinn upplýsingar um sundurliðun ákveðinna verkefnaþátta og eigi að taka til þeirra afstöðu á einum og sama fundinum sem stendur e.t.v. ekki nema eina klukkustund, eins og okkur þm. Norðurlands eystra var ætlað að mér skildist í gærkvöld. Það gengur einfaldlega ekki, virðulegur forseti, að menn hafi ekki meiri tíma en svo til þess að skoða málin. Sú vinna er gersamlega ómarktæk að mínu mati sem þannig á að fara fram.

Og að síðustu þetta: Það sem er verst við öll þessi vinnubrögð er sú lítilsvirðing sem Alþingi sem stofnun er sýnd með þeim hætti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstjórn skoði sinn gang þegar það gerist hvað eftir annað að verkefni sem eru Alþingis, eru í meðferð á Alþingi, eru tekin til sérstakrar umfjöllunar úti í bæ, þó að það sé hæstv. ríkisstjórn, jafnvirðuleg og hún er nú, og síðan er niðurstaða kynnt þjóðinni, niðurstaða af þeim störfum tíu hv. þm. sem eru mikill minni hluti hér á Alþingi eins og hv. þm. vita. En engu að síður er eitthvert samkomulag eða málamyndasamkomulag þessara tíu hæstv. ráðherra, sem eru ekki nema tíu atkvæði á hinu virðulega Alþingi, boðuð þjóðinni sem niðurstaða áður en nokkur annar þm. hefur fengið tækifæri til að fjalla um það. Sú framkoma við fjvn. Alþingis og alþm. sem birtist í kynningu á samkomulagi ríkisstjórnarinnar á dögunum um aukin útgjöld fjárlaga, þegar það var beinlínis boðað og tilkynnt sem ákveðinn hlutur að 550 millj. ef ég man rétt af þessum milljarði hefði þegar verið skipt með tilteknum hætti, það væri ákveðið að því sem eftir væri mætti fjvn. skipta en að vísu með alveg eindregnum tilmælum um að hún ætti að gera það á tiltekinn hátt, það er lítilsvirðing, virðulegur forseti, við Alþingi. Við þm. eigum ekki að láta slíkt viðgangast, við eigum ekki að gera það og við megum ekki gera það vegna þess að með því er verið að rugla saman verkaskiptingu þessara aðila og þjóðin fær smátt og smátt á tilfinninguna að það væri hægt að hafa einn gúmmístimpil í staðinn fyrir Alþingi sem stimplaði þá á þau plögg sem kæmu frá þessum tíu manna hópi hæstv. ráðherra. Stjórnskipun Íslands gerir ekki ráð fyrir því að þannig sé unnið. Ég legg það til, burtséð frá þeim önnum sem hér eru, burtséð frá því hvernig þinghaldinu reiðir af nú fyrir jólaleyfi, að þessi þáttur gleymist ekki í samtölum forseta Alþingis og annarra þeirra sem hér ráða ferðinni í liði hæstv. ríkisstjórnar á næstu dögum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það hafði ekki verið ætlun mín að standa upp til að ræða þingsköp, en orð hv. 5. þm. Vestf. urðu til þess. Ég tel að það sé ekki þm. sæmandi að fara með rangt mál. Hann gerði það í tveimur tilfellum. Í fyrsta lagi sagði hann að tveir þingmannahópar hefðu ekki getað fundað í gærkvöld. Það er rangt. Reyknesingar funduðu í gærkvöld, en það náðist ekki í hv. formann fjvn. til þess að hann gæti útskýrt það sem þm. ætluðu að fjalla um. Þm. Reykjaness voru því boðaðir á fund kl. 10 í morgun til að fá hv. formann fjvn. til að ræða þessi mál. Ég tel að það sé betra að hv. 5. þm. Vestf. fari með rétt mál.

Hitt var það að hann sagði að enginn fjárveitingarnefndarmaður úr stjórnarandstöðu hefði tekið undir mótmæli þau sem hv. 6. þm. Suðurl. hóf. Það var líka rangt að því leyti til að það hafa verið gerðar athugasemdir af hv. þm. í nefndinni að því er okkur hefur verið sagt.

Ég tel að sá gorgeir og mannfyrirlitning sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. sé einstakt. Honum finnst ekkert að því að þingheimur fái ekki upplýsingar um helstu og stærstu mál þingsins. Tekjuöflunarkerfið sem er verið að gerbreyta og er rætt um að geti aukið tekjur ríkisins á bilinu frá milljarði til þriggja milljarða eða það eru skattaálögur sem aukast á þjóðina, og ef það er ekki gerð krafa um að þm. fái upplýsingar um þetta og útreikninga frá hv. Þjóðhagsstofnun og hagsýslu er illa komið. Þetta er krafa sem þm. hljóta að gera.

Hitt var það að í morgun sat hv. sjútvn. að störfum og hafði boðað til sín menn til álits. Þeir komu of seint á fund nefndarinnar vegna þess að hæstv. sjútvrh. hafði boðað þá fyrst á fund sinn til að kynna drög að reglugerð sem þingnefndin hafði beðið um daginn áður og kynnti þeim fyrst reglugerðina. Þeir komu því of seint á fund nefndarinnar vegna þess að þeir voru að skoða þessa reglugerð. Ég tel það virðingarleysi af hálfu hæstv. sjútvrh. að bjóða sjútvn. upp á að hún skyldi kynnt, þessi reglugerð, sérstaklega þessum mönnum áður en þeir komu á fund hjá sjútvn. án þess að nefndin gæti tekið afstöðu. Ég vonast til að hæstv. sjútvrh. virði Alþingi meira en þetta.

Ég vil í þessu sambandi ítreka að það er ekki hægt að ætlast til þess að alþm. taki afstöðu til þeirra

málaflokka sem hér liggja fyrir og núna hefur verið hent yfir þingheim í sveru upplagi af pappír. Þetta eru svo viðamikil mál að það tekur töluverðan tíma að fara í gegnum þau. Hagsmunamál þessi sem varða þjóðina hvað mestu. Það er ekki hægt að ætlast til þess að alþm. afgreiði þau fyrir jól með þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið hafin. Hæstv. ríkisstjórn hefði átt að standa betur að málatilbúnaði. Hún hefði átt að leggja málið miklu fyrr fyrir þingið og gefa þm. kost á að ræða þau og fara yfir þau hér. Því verður ekki unað að hæstv. ríkisstjórn telji forsvaranlegt að tilkynna á blaðamannafundum um mál sem ætti að leggja fyrir þingið áður og jafnframt krefjast þess að þm. séu svarnir trúnaðareiði um að segja ekki öðrum þm. frá málunum. Þetta gengur ekki. Það verður að vera einhver vinnuregla sem menn fara eftir og þeir geta ekki haft það á þennan hátt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það var aðeins út af orðum hv. 11. þm. Reykn. sem ég vildi taka fram að það hefur verið lögð á það áhersla af hálfu sjútvn. að ýmsar upplýsingar bærust til nefndanna og þar með talin frumdrög að reglugerð. Það hefur verið unnið að þessum málum í ráðuneytinu og það var verið að vinna að þessari upplýsingaöflun langt fram eftir kvöldi í gærkvöld. Ég átti fund með hagsmunaaðilum, sem koma mjög að þessu máli, eldsnemma í morgun og þeir fengu að sjá þessi frumdrög að reglugerð á sama morgni og hv. þingnefnd. Ég vænti þess að menn telji eðlilegt að í því tímahraki sem nú er, því miður, reyni allir að haga störfum sínum þannig að sem mestur árangur geti orðið af því. Það er það sem okkur gekk til í ráðuneytinu. Ég vænti þess að það þyki ekki óeðlilegt að þessir aðilar fái frumdrög að þessari reglugerð um leið og hún er tilbúin þótt það hafi verið um eins og hálfs tíma millibil á milli funda.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en mér finnst hún hafa snúist á dálítið annan veg en ætla mætti. Vissulega hefur verið erfitt fyrir fjvn. að starfa undanfarnar vikur, en þar er ekki að mínu mati við formann fjvn. að sakast og ég er sannfærð um að þó svo orð hans hafi verið skilin svo hér að honum þætti allt í lagi að ýmis kjördæmi hefðu stuttan tíma til að fara í sín mál er það ekki rétt. Okkur hafa verið búnar þær aðstæður, fjvn. allri, að annað vinnulag var ekki hægt, því miður, að viðhafa. Þar er ekki við fjvn. að sakast heldur hæstv. ríkisstjórn. Það er erfitt fyrir okkur stjórnarandstöðuþm. í fjvn. að sitja þarna inni við þær aðstæður sem okkur eru búnar, en það hlýtur, fjárinn hafi það, að vera enn erfiðara fyrir þá sem styðja þessa ríkisstjórn og þurfa að standa í því að verja hana því að það er ekki auðvelt verk.

Allt frá því að við hófum störf í haust hafa vinnubrögðin verið á einn veg. Fyrst er fjárlagafrv. kynnt fjölmiðlum, þá lagt fram á hv. Alþingi og síðan hafa allar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur tekið ákvarðanir um verið kynntar fjölmiðlum áður en hv. Alþingi hefur fengið þær til umfjöllunar. Það á jafnt við þau erindi sem hafa farið út til fjvn. En það er ekki á nokkurn hátt við fjvn. að sakast, hvorki stjórnarþingmenn né stjórnarandstöðuþingmenn.

Þessi umræða er vissulega þörf, en við ætlum samt sem áður, vegna þess að tíminn er naumur fram að jólum, að halda okkur við efnið en eyða ekki löngum tíma í að fara út um víðan völl. Hér erum við að ræða vinnubrögð, sérstaklega hvað varðar hv. fjvn., og þær upplýsingar sem við fáum eða fáum ekki, þeir þm. sem þar sitja. Það verður erfitt fyrir okkur að taka fjárlagafrv. til 2. umr. nk. mánudag, en það er ekki við nefndarmenn að sakast því að það hefur vissulega verið reynt að fá upplýsingar fyrir okkur af formanni fjvn. En hann fær þær ekki frekar en aðrir nema í gegnum fjölmiðla. Og því miður vitum við ekki hversu marktækar þær eru. Þar er við ríkisstjórnina að sakast, hæstv. ríkisstjórn af mörgum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Allt það sem hér hefur komið fram snertir á einhvern hátt afgreiðslu fjárlaga og að sjálfsögðu störf þingsins. Síðast kom hæstv. sjútvrh. upp og talar um tímaskort og biður fólk um að afgreiða kvótafrv. þrátt fyrir þennan tímaskort. Ég get ekki með nokkru móti séð að það sé hægt. Bara frá Borgarafl. einum eru ótal athugasemdir og koma brtt. Það koma brtt. um gildistímann. Mér skilst að hann sé fjögur ár að ósk ráðherra. Við getum aldrei sætt okkur við meira en eitt ár. Það kemur brtt. við 9. gr. sem snertir smábátaeigendur. Og við viljum fá umræður um norður-suður línuna sem ekki er í frv. en er þó í gildi. Það er alveg útilokað á síðustu stundu fyrir jólafrí og fyrir áramót að við í nafni tímaskorts hlaupum til og afgreiðum mál að vilja ráðherra. Það kemur ekki til mála. Það hefur ekki verið neinn tímaskortur. Málið hefur verið tafið af ráðherra til að skapa tímaskort, til þess að málið verði afgreitt, verði þrýst í gegn á síðustu stundu. Forsendurnar eru falskur tímaskortur og ekkert annað. Það hafa verið tvær nefndir starfandi í málinu og sú þriðja sem skipuð var núna fyrir skömmu, þingmannanefnd þeirra sem eru í sjávarútvegsnefndum var þriðja nefndin sem hefur starfað frá því að ríkisstjórnin tók við og jafnvel sumar áður en hún tók við.

Iðnrh. á eftir að svara mér. Ég á eftir að hefja langar umræður um upplýsingar um uppgjör Sjóefnavinnslunnar sem mér er ekki nokkur leið að skilja af fréttum og hélt ég nú að ég væri sæmilega vel inni í málinu. Ég geri ekki ráð fyrir að einn einasti þm., jafnvel ekki sá sem tók við af mér sem iðnrh., hafi hugmynd um hvað er að ske. Eða hvernig á að útskýra það við gerð fjárlaga núna að fyrirtæki sem er eina rannsóknarfyrirtæki þjóðarinn-

ar er selt og ríkissjóður tekur á sig yfir 500 millj. eða meira og fyrirtækið gefur út 150 millj. kr. skuldabréf sem á að greiðast með 7½% ... (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á því að það eru til umræðu hér þingsköp en ekki efnisatriði einstakra mála.)

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá botn í þetta mál. Þetta eru umræður sem eiga sér stað í sambandi við fjárlögin. Og ég vil þá spyrja: Hvernig ætlar fyrirtæki sem aldrei hefur sýnt hagnað í rekstri að borga 150 millj. kr. til ríkissjóðs fyrir sjálft sig gegn því að Hitaveita Suðurnesja, sem er nýbúin að taka við 1000 millj. kr. fyrirtæki frá Rafmagnsveitum ríkisins án þess að greiða pening, standi í skilum? Hvað er að ske þarna?

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvers vegna á fjárlögum er ekki gert ráð fyrir tapi í sambandi við Útvegsbankann sem nú á að hætta við að selja. En sömu menn og bjóða, ekki sína eigin peninga, heldur peninga annarra, stjórna bankanum í dag, ekki samkvæmt ákvörðun Alþingis eins og áður var heldur samkvæmt ráðherraákvörðun, samkvæmt ákvörðun eins alþm. Þetta eru fíflalegar ráðstafanir! Og sá maður sem stendur í að kaupa fyrirtækið, kaupa Útvegsbanka Íslands hf. fyrir annarra peninga, er stjórnarformaður í dag. (**Forseti:** Forseti ítrekar að það er ekki leyfilegt að ræða neitt hér í þessum umræðum nema um þingsköp.) Já, þetta tilheyrir þingsköpum að mínu mati, hæstv. forseti, en ég skal koma mér út úr þessum umræðum og í þær umræður sem hér hafa verið og komið frá öðrum.

Hv. formaður fjvn. talaði um að fjárveitinganefndarmenn hafi ekki brotið trúnað. Ég sagði ekki að þeir hafi brotið trúnað. Ég ítrekaði að þeir hafa haldið trúnað þannig að jafnvel formenn flokka og samþm., sem þeir eru fulltrúar fyrir, hafi ekki fengið þær upplýsingar sem þeir hafa þurft til að vinna sem þm., en ríkisstjórnin hefur birt þessi trúnaðarmál í fjölmiðlum þjóðarinnar. Það er það sem ég var að geta um. Og hvaða trúnaðarmál eru þetta? Eftir að Alþingi er búið að fá frv. til fjárlaga til afgreiðslu, hefur afgreitt það til þingnefndar, tekur framkvæmdarvaldið að sér löggjafarvaldið og breytir frv. sem er í meðferð Alþingis um 1000 millj. og þessar 1000 millj. skipta ekki meira máli en svo að það er samt sem áður hallalaus ríkissjóður. Er það einhver furða þó að fram komi fsp. í fjvn., sem er að deila niður á kostnaðarliði tekjum ríkisins, um það hve við höfum miklar tekjur úr að spila? En nefndarmenn fá ekki svar. Er það ekki ábyrgt að vilja vita hverju við megum eyða áður en við förum út í eyðsluna?

Fsp. er ekki til að tefja framgang mála, eins og kom fram hjá hv. formanni fjvn. Hún er til þess að hraða málum því að á meðan ekki liggja fyrir upplýsingar fer ekkert mál í gegn. Ekkert! Ef stjórnarliðið ekki vill samstarf skal það fá andstöðu. Ef það vill samstarf skulu þeir gefa upplýsingar sem þurfa að koma fram til þess að við getum starfað sem ábyrgir aðilar. Öðruvísi fá þeir ekkert samstarf og þá verður töf á afgreiðslu mála langt umfram það sem stjórnin ræður við.

Ég skal gera það fyrir hv. þingheim að lesa ekki Íslendingasögurnar. Þær eru líklega leiðinlegur lestur fyrir þm. sem hér hafa talað. Ég skal þá lesa upp frv., sem var verið að leggja hér fram, hægt og rólega þannig að allir geti skilið það þegar ég hef lokið því.

Það er rétt hjá hv. formanni fjvn. að stjórnarandstaðan leggur á sig mikla vinnu og það er stjórnarliðinu nauðsynlegt að hafa gott samstarf, en til þess verður stjórnarliðið að sýna samstarfsvilja. Það er ekkert annað sem liggur í fsp. borgaraflokksþm., sem borin er fram af okkar fulltrúa í fjvn., en að hafa þau gögn í höndum sem við þurfum að hafa til að geta veitt ykkur samstarf að svo miklu leyti sem hægt er að eiga við ykkur samstarf.

Virðulegur forseti. Ég gat um þrjú mál sem öll snerta afgreiðslu fjárlaga en eru ekki á dagskrá þessa fundar. Ég bið afsökunar á því að hafa komið að þeim. En þau eru stórmál og enginn þeirra ráðherra sem þau snerta sleppur við að svara fyrir afgreiðslu fjárlaga, hvað það þýðir að hundruð ef ekki þúsundir milljóna í þessum þremur málum koma á ríkissjóð plús 1000 millj. sem ríkissjóður hefur bætt við í meðförum fjárlaga núna án þess að halli verði á ríkissjóði.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Enn eru nokkrir hv. þm. á mælendaskrá og er nú ærin ástæða að ítreka tilmæli um að menn stilli máli sínu í hóf þannig að það mætti verða von til þess að það væri hægt að snúa sér að dagskrá fundarins.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég mun verða við óskum hæstv. forseta um að stilla orðum mínum í hóf, en ástæða þess að ég kom í ræðustól var ræða hæstv. sjútvrh. þar sem hann upplýsti okkur, þingheim og sjávarútvegsnefndarmenn um hversu miklar annir væru í ráðuneyti hans. Við vissum öll og vitum öll hve miklar annir eru á hv. Alþingi og að það eru vissir erfiðleikar að þoka málum áfram þó að mikill vilji sé fyrir hendi.

Hæstv. ráðherra var að réttlæta að hann taldi ástæðu til að kalla til umfjöllunar um reglugerð í sambandi við fiskveiðistjórn, áður en sú reglugerð yrði birt sjávarútvegsnefndum, einhvern hóp hagsmunaaðila sem hann taldi frekar nauðsyn á að færi yfir þessa reglugerð áður en sjávarútvegsnefndir sem höfðu óskað eftir því að fá að skoða reglugerðina. Hann taldi ástæðu til að kalla sérstakan hóp til að fara yfir reglugerðina og jafnvel í því augnamiði að breyta á þeim vettvangi tillögum ráðherrans, en þm. í sjávarútvegsnefndum máttu ekki fjalla um þetta áður, ekki líta á það. Þessi reglugerð er ekki enn komin í mínar hendur. Fulltrúi sem var á nefndarfundi hjá okkur úti í Þórshamri upplýsti að það væru enn einhverjar misfellur á reglugerðinni þann-

ig að við fengjum ekki reglugerðina fyrr en síðar, en væntanlega líður að því.

Það eru miklar annir á hv. Alþingi og það er sagt að þau séu líka miklar annir í sjútvrn. Þar séu svo miklar annir að það hafi orðið að vinna þar í alla nótt. Mér heyrðist hálfgerður vorkunnartónn í ræðu hæstv. ráðherra út af því að svo skyldi vera. Og ég er ekki hissa á því að það sé vorkunnartónn í hæstv. ráðherra út af því að það séu annir í sambandi við sjávarútvegsmál og í sambandi við fiskveiðistefnuna núna, aðfaranótt 10. des., þar sem þetta ráðuneyti tók þá ákvörðun 8. júlí í sumar að fara að vinna að undirbúningi þessa máls með undirskrift og yfirlýsingum í stjórnarsáttmála, að það skyldi verða unnið að undirbúningi fiskveiðistefnunnar þannig að þetta mál kæmi snemma fyrir Alþingi. Raunin varð reyndar sú að þetta mál kom ekki hingað fyrr en 7. þ.m. Og nú er lögð öll áhersla á að flýta málum í hv. sjávarútvegsnefndum. Formenn nefndanna hafa unnið að því og skipulagt að svo megi vera. Þá er þetta kveðjan úr ráðuneytinu. Vegna þeirra anna sem þar hafa verið þurfi að vinna si svona. Já, það eru skrýtin vinnubrögð.

Áður höfðum við reyndar heyrt að þingið hefði fengið upplýsingar um þetta mál, fiskveiðistefnuna, fyrir nokkru. Það væri búið að leggja fyrir hv. þm., þingflokka, frv. í mjög svipaðri mynd og það frv. sem nú liggur fyrir til umræðu á hv. Alþingi. Mikið rétt. En fyrst svo er og fyrst svo var, að það er búið að leggja þetta fyrir þingflokka og Alþingi fyrir nokkru, hvernig stóð á því að það var ekki farið að vinna að málinu í ráðuneytinu þannig að nóttina fyrir 10. des. þurfi ráðuneytismenn að standa í því að vera að semja reglugerðina og vera að kalla vini sína, þá útvöldu hagsmunaaðila, til að fara yfir þetta áður en hv. alþm. fái að sjá það? Mér finnast þetta furðuleg vinnubrögð og storkun við okkur, sem erum að reyna að þoka þessu máli áfram, að ráðherra komi hér upp í ræðustól og tilkynni að vegna anna í sínu ráðuneyti hafi orðið að vinna si sona, anna sem skapast af því að það hlýtur að vera stjórnleysi og ekkert annað. Málið hefur legið klárt fyrir ráðuneytinu, eins og við höfum verið upplýstir um, svo vikum skiptir. Það hefur verið vitað og við höfum fundið fyrir því, sem höfum verið að vinna í þessu máli, að ráðuneytið hefur haft mótaða stefnu í fiskveiðistjórninni. (**HBl:** Eins og rétt er.) Hvort sem það er rétt eða rangt átti ráðuneytið út frá því að vinna að undirbúningi málsins á breiðari grundvelli, undirbúa reglugerð og hafa til staðar upplýsingar fyrir þingnefndir sem á þurfti að halda, þurfa ekki að vinna á þann veg sem ráðuneytið hefur unnið nú.

Ég vona að þrátt fyrir þessi vinnubrögð ráðherra munum við í sjávarútvegsnefndum freista þess að fara yfir reglugerð og ræða við þá aðila sem við höfum kvatt til fundar og gátum ekki rætt við í morgun. Við munum freista þess að þoka áfram frv. um stjórn fiskveiða. Það er nauðsynjamál. Það fer ekki í gegnum Alþingi vegna þess að ráðuneytið hafi unnið vel. Það fer gegnum Alþingi þrátt fyrir að ráðuneytið hafi staðið illa að málum.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er jafnan svo þegar dregur að jólaleyfi þm. að þá reynir mjög á samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu. Að þessu sinni má með nokkrum sanni segja að meira reyni á þetta samstarf en jafnan áður fyrir þá sök að með fjárlagafrv. nú fylgja fleiri og viðameiri tekjuöflunarfrumvörp sem tengjast fjárlagagerðinni sjálfri. Hér er um að ræða kerfisbreytingar í skattamálum sem tengjast tillögugerð í ríkisfjármálum og fjárlagafrv.

Það hefur komið fram af hálfu hæstv. fjmrh. í umræðum í þinginu að það sé að sönnu rétt að frumvörp svo umfangsmikil þyrftu, ef vel ætti að vera, að koma fram fyrr og hið háa Alþingi að hafa rýmri tíma. Ég tek undir þetta sjónarmið hæstv. fjmrh. og tel að sú gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar um þetta efni sé um margt réttmæt. Á hitt er að líta að það hefur auðvitað tekið allnokkurn tíma að undirbúa slík frumvörp og það er skýringin á því hversu seint þau koma fram. En ég ítreka: að þessu sinni reynir meira á samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu en oft áður fyrir það hve hér eru umfangsmikil mál á ferðinni.

Það er venjulegt við afgreiðslu fjárlaga að ýmis mál, sem fjvn. hefur til meðferðar, koma til umfjöllunar í ríkisstjórn. Það er algilt gagnvart ýmsum liðum, sem hv. fjvn. fjallar um, að meiri hluti stjórnarflokka óskar eftir afstöðu ríkisstjórnar þegar slík mál eru til meðferðar. Ég ætla ekki að leggja dóm á hvort það hafi verið í ríkara mæli nú en oft áður, en jafnan hefur það verið svo að ríkisstjórn hefur sent fjvn. og óskað eftir því að meiri hluti stjórnarflokka kæmi fram ákveðnum breytingum eða héldi sig innan tiltekinna marka við breytingar á frv. Það er ekki nýlunda.

Hitt get ég tekið undir að það voru auðvitað mistök, þegar ríkisstjórnin um sl. helgi fjallaði um slík mál, að í einstökum atriðum var þar tilgreint hver tilmæli ríkisstjórnarinnar væru, að upplýsingar þar um í einstökum liðum voru tilgreindar í viðtölum við fjölmiðla áður en hv. fjvn. fékk þær upplýsingar. Undir gagnrýni um þetta get ég tekið. Hæstv. fjmrh. hefur fyrir sitt leyti þegar tekið undir þessa gagnrýni og beðist velvirðingar á því gagnvart forustumönnum stjórnarflokkanna í fjvn. á fundi sem við þrír ráðherrar áttum með þeim. Það er bæði rétt og skylt að koma þeirri afsökun á framfæri við hið háa Alþingi því að auðvitað er það rétt að eðlilegt hefði verið að slík tilmæli bærust fyrst hv. fjvn. áður en einstakar tölur í þeim bærust út.

Hitt er svo annað að ríkisstjórnin hefur ekki komið að því verki að skipta einstökum liðum niður á afmörkuð verkefni né heldur birt tölur þar um og því mega menn ekki rugla saman í þeim umræðum sem hér fara fram. En ég vildi vegna þeirra ummæla sem hér hafa átt sér stað koma þessu sjónarmiði á framfæri. Það er eðlilegt að viðhalda trúnaði í

samskiptum þings og fjvn., ríkisstjórnar og fjvn. og ekki annað en sjálfgefið að viðurkenna mistök sem verða að þessu leyti til. Hitt er annað að það er fullkomlega eðlilegt að meiri hluti stjórnarflokka í fjvn. óski eftir afstöðu ríkisstjórnar, sem ber ábyrgð á fjárlagafrv., til einstakra útgjaldaliða og það er ekki nýlunda heldur hin almenna regla.

Varðandi tekjuáætlun kannast hv. þm. við að Þjóðhagsstofnum hefur metið tekjuáætlunina. Þær upplýsingar hafa jafnan komið fyrir 3. umr. fjárlaga. Fyrr sleppir Alþingi ekki hendi af frv. Það er engin nýlunda að þessar upplýsingar liggi ekki fyrir við 2. umr. Það er jafnan svo að endurmat Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagsforsendum komandi árs liggur fyrir um miðjan desember og það endurmat hefur auðvitað áhrif á spár um tekjur ríkissjóðs og þær spár liggja jafnan fyrir áður en kemur til 3. umr. Það mun ekki verða neinn undandráttur á því að um leið og þær upplýsingar liggja fyrir fá hv. þm. þær í hendur. Auðvitað má segja að það sé óþénugt að slíkar uppýsingar liggi ekki fyrr fyrir, en þannig hefur vinnulagið verið um langa tíð og það vita hv. þm. að oft getur verið erfitt að meta með löngum fyrirvara hverjar eru líklegustu horfur um efnahagsþróun á komandi ári og verðlagsbreytingar.

En ég ítreka að af hálfu ríkisstjórnarinnar verður allt gert til að koma upplýsingum fram um leið og þær eru tiltækar og hv. þm. stjórnarandstöðunnar munu fá þær um leið og aðrir. Hér er ekki um að ræða að upplýsingum um þetta efni hafi verið haldið leyndum fyrir þm. stjórnarandstöðu en þm. stjórnarflokka haft þær undir höndum. Svo er ekki. Ef einhver misskilningur hefur verið uppi um það efni, sem ég trúi varla, er ástæða til að leiðrétta það.

Að lokum vil ég, herra forseti, ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að auðvitað er það svo að nú mun mjög reyna á samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu um framgang mála. Það er ekki til þess ætlast að stjórnarandstaðan taki á nokkurn hátt ábyrgð á málum ríkisstjórnar, en svo sem venja er er vænst góðs samstarfs um framgang þessara mála og það reynir meira á það nú en oft áður vegna þess hversu umfangsmikil þau mál eru sem fylgja fjárlagafrv.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki teygja mikið úr þessari umræðu. Ég ætla ekki að tala um fjvn. Ég þykist vita að hún hafi ekki betra hlutskipti átt nú en oftast áður að því er varðar starfshætti og ætla ekki að blanda mér í þá umræðu.

Hins vegar er það ekkert nýtt að umræða um starfshætti þingsins komi upp á þessum tíma. Þingheimur hefur yfirleitt staðið frammi fyrir því hvað snertir vinnubrögð. Þó kannski aldrei eins og nú og undir það tek ég.

Mér er alveg ljóst að það er miklum erfiðleikum háð að koma öllum þeim málum fram sem nú eru komin hér inn og eitthvað á eftir að koma enn. Það er alveg augljóst að samræma verður annars vegar vinnutíma þingsins og hins vegar nefndanna. Ég hlýt að tala svona og taka undir þetta vegna þess að ég ber sjálfur ábyrgð á starfi nefndar sem er talin eiga að skila miklu hlutverki með hvaða hætti sem það kann nú að verða. Það er um tómt mál að tala að mínu viti að búa við að það séu haldnir þingfundir á sama tíma og hópar manna úr þinginu eru á fundum í nefndum.

Hér bárust í tal sjávarútvegsnefndir beggja deilda, sem voru á fundi í morgun, og um það var talað í gær og ég er þeirrar skoðunar að það er ekki hægt að krefjast þess af nefndarmönnum að vera á þingfundum á sama tíma. Slíkt er útilokað. Þennan fund varð að leysa upp vegna fundar í Sþ. og reyndar líka, eins og hér hefur komið fram, vegna þess að mér fannst óskynsamlegum vinnubrögðum beitt. Það var út af reglugerðunum. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að hagsmunaaðilar lýstu því yfir á fundinum að þeir hefðu séð þessa reglugerð og fallist á hana áður en nefndarmenn í sjútvn. höfðu fengið hana í hendur. Hins vegar skal líka bætt við að starfsmaður ráðuneytisins var kominn með reglugerðina á fundinn, en í henni voru villur þannig að hann vildi ekki dreifa henni þar. Reglugerðin er komin til mín sem nefndarformanns. Hún kom eftir að fundurinn leystist upp. Ég taldi ekki rétt að dreifa henni nema þá á formlegum fundi eins og um var beðið. Hún er komin. En hitt var óæskilegt, a.m.k. undir þeim kringumstæðum sem ríkja í þinginu núna að því er varðaði vinnubrögð. Það þarf ekki mikið til að koma til að upp úr sjóði í því ástandi sem nú er innan þingdyra.

Ég beini þeim tilmælum til stjórnenda þingsins að það verði nú þegar ákveðin vinnubrögð annars vegar af þingsins hálfu um þingfundina og hins vegar þeim nefndum sem verða að starfa ef málum á að ljúka með eðlilegum hætti. Það eru ekki bara fjárlögin sem eru í deiglunni. Það er fullt af öðrum stórum málum sem eftir er að afgreiða og þau mál verða nefndir að fá tíma til að sinna ef ekki á að óvirða þingið sem slíkt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við skulum vænta þess að sú langa þingskapaumræða sem hér hefur orðið verði til þess að málin liggi fyrir með öðrum og skilmerkilegri hætti fljótlega af hálfu forustu þingsins og ráðandi meiri hluta hér því að það er alveg ljóst að við þau vinnubrögð, sem er lagt upp með í byrjun þessa dags, verður ekki unað af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Ég ætla ekkert að fara að endurtaka af því sem ég sagði í fyrri ræðu minni um stöðu þessara mála. Það hafa komið fram ákveðin iðrunarmerki og yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. og svo langt sem þær ná ber að þakka það og einnig frá formönnum í nefndum eins og hv. þm. Karvel Pálmasyni. En það reynir á það að skipuleggja þingstörfin með allt öðrum hætti og taka tillit til þess tíma sem við höfum til umráða.

Ég vil svo aðeins nefna það hér, sem kom fram í fyrri ræðu minni og var ein af mínum athugasemd-

um, að þm. hefur verið mismunað í sambandi við störf fjvn. Einstökum kjördæmahópum hefur verið mismunað í því efni og hafa verið gefnar rangar upplýsingar um það svigrúm sem menn hefðu til að skoða fram komnar tillögur af hálfu nefndarinnar síðdegis í gær, gert ráð fyrir því og krafist afgreiðslu í gærkvöld, en þessi mál eru enn þá á flugferð og til umræðu og ég hef óskað eftir því í hóp minna samþm. af Austurlandi að við njótum þar sama réttar og aðrir til að skoða mál og taka á þeim málum sem gert er ráð fyrir að við fjöllum um sérstaklega.

En ég vænti þess, herra forseti, að sá langi tími sem hefur farið í þessa umræðu leiði til bættra vinnubragða hér á næstu dögum.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir minn hlut þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þingsköp. Mér finnst hafa glögglega fram komið að það var þörf þessarar umræðu. Það sýnir í rauninni hversu víða var við komið.

En ég vil líka þakka fyrir þann stuðning sem ég verð var við undir þau atriði sem ég lagði áherslu á í upphafsorðum mínum í morgun. Hins vegar hlýt ég að harma á hvern hátt hv. formaður fjvn. tók ræðu minni og upphafi máls míns í morgun. Hann virtist taka máli mínu á þann veg að ég hefði verið að gagnrýna störfin í fjvn. Ef hann fær útskrift af ræðu minni getur hann hvergi fundið þess stað að ég hafi verið að gagnrýna þau eða hans störf sem formanns nefndarinnar. Sú var ekki ætlun mín. Sú viðkvæmni sem kom fram hjá hv. þm. bendir í rauninni ekki til þeirrar þingreynslu sem hann lagði verulega áherslu á, ég held oftar en einu sinni í ræðu sinni, að hann hefði fram yfir ýmsa aðra sem hér ættu hlut að máli.

En það sem er kjarni þess sem ég lagði áherslu á í morgun og upp úr stendur er að fjvn. og raunar þingheimur allur hefur ekki fengið eðlilegar upplýsingar á réttum tíma til þess að mál gætu gengið fram eins og þörf er á. Ég verð að segja að mér þykir vænt um að það kom fram í máli hæstv. forsrh. á ótvíræðan hátt, sem og hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. fyrr, að þeir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar biðjast afsökunar á þessum vinnubrögðum.

En það sem mér finnst enn standa eftir er það sem ég lagði áherslu á í upphafsorðum mínum til forseta: Upplýsingaöflun og mat Þjóðhagsstofnunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á þessum nýju viðhorfum um tekjuhlið fjárlagafrv. eru þau aðalatriði að það er ekki hægt að ætlast til þess á einn eða neinn hátt að stjórnarandstaða, ekki einu sinni innbyrðis stjórnarflokkar, geti náð þeirri samstöðu sem eðlilega er alger nauðsyn og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. til þess að mál gangi hér fram á þann hátt sem við verður unað í þessum mánuði fyrir jólaleyfi.

Því ítreka ég það, hæstv. forseti, sem ég áður sagði, að upplýsingar frá þessum stofnunum þurfa að berast í fyrsta lagi fulltrúum í fjvn., í öðru lagi öllum þingheimi eins fljótt og nokkur kostur er, í þessari viku í síðasta lagi, ef 2. umr. um fjárlagafrv. á að geta farið fram á mánudaginn kemur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill taka fram í tilefni af beinni spurningu málshefjanda til hans í upphafi þessarar umræðu að það er ekkert óeðlilegt að ríkisstjórn eða fjmrh. geri tillögur til fjvn. um einstök atriði fjárlagafrv. Það nær ekki lengra nema fjvn. geri það að sínum tillögum sem frá ríkisstjórninni berst og þá eru það orðnar tillögur fjvn. sem nefndin leggur fram á Alþingi til endanlegrar ákvörðunar.

Það skal enn fremur tekið fram vegna þeirra orða sem hv. málshefjandi beindi til forseta í upphafi að forseti gerir alltaf allt það sem í hans valdi stendur til að greiða fyrir störfum þingsins hvort sem það varðar upplýsingaöflun fyrir einstakar þingnefndir eða annað.

Það hefur verið talað um hér í umræðunum að það þurfi að skipuleggja starfið sem best á þessum annadögum og hafa samvinnu um það. Það skal tekið fram að svo að segja á hverjum degi undanfarið hafa forsetar þingsins kvatt á sinn fund formenn þingflokkanna allra. Þar hafa menn ráðið ráðum sínum um þinghaldið og það skal tekið fram að á þessum fundum hefur komið fram eindreginn vilji allra, jafnt í stjórnarandstöðu sem í stjórnarliði, að gera það sem hægt er til þess að þingstörf geti farið sem best úr hendi.

Fundið hefur verið að því í umræðunum að nefndarfundir væru á sama tíma og þingfundir eru og það er réttmæt gagnrýni. En þegar menn eru að ráða ráðum sínum um hvernig best verði skipað málum á þessum annatímum eru menn ekki síst með þetta í huga. Um þann þingfund sem við sitjum nú er það að segja að þar gegnir sérstöku máli vegna þess að þessi fundur er sérstaks eðlis. Hann er fyrirspurnafundur. Og hann er þess eðlis að á slíkum fundi er ekki gert ráð fyrir aðrir tali en þeir sem eiga orðaskipti um hverja fsp., fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra.

Áður en þessi þingfundur hófst töluðu tveir eða þrír hv. þm. við mig, sem þurftu að mæla fyrir fsp. á þessum fundi, um hvernig með skyldi fara þar sem þeir yrðu upptekni á nefndarfundum. Auðvitað var brugðist við eins og venja er. Það var gert ráð fyrir að forseti léti þessa þm. vita á þeirra nefndarfundi hvenær þeir þyrftu að koma og mæla fyrir málinu svo að þeir þyrftu ekki að sitja á þingfundinum, nema meðan fsp. þeirra væru teknar fyrir.

Forseta hefur þótt rétt að taka þetta fram. En okkur er öllum ljóst í hverju okkar vandi liggur. Hann liggur í því að við erum að fást við of mörg mál á of skömmum tíma. Þetta eru vinnubrögð sem hafa hrjáð Alþingi um margra ára skeið, kannski eins lengi og ég man eftir. Það hafa allir verið sammála um að það yrði að ráða bót á þessu. Og það var eindreginn vilji að gera það þegar hin nýju þingskapalög voru sett 1985. Þá var sett inn í þingskapalögin sérstakt ákvæði um tímatakmörk fyrir því

hvenær yrði að vera búið að leggja mál fyrir þingið, hve löngum tíma fyrir þingslit. Vandinn var mestur á þeim tíma, fyrir þingslit. En hann hefur líka verið ærinn fyrir hlé vegna jólahátíðarinnar.

Það er spurning hvort þurfi að setja ákvæði einnig varðandi tímamörk fyrir þinghlé vegna jólahátíðarinnar. Það er rétt að við athugum hvað hægt er að gera í þessu efni. En hvað sem við setjum í þingsköp skulum við hafa í huga að eðlileg og góð framkvæmd þessara mála er komin undir þeim anda og þeim vilja sem hv. þm. og ekki síst ríkisstjórn á hverjum tíma sýna í þessu efni.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég átti ekki von á því að hæstv. forseti gæfi tilefni til þess að sömu umræður hæfust á ný, en ég sé fulla ástæðu til að mótmæla því sem kemur fram hjá forseta þegar hann gefur í skyn að það sé eðlilegt að ríkisstjórnin kalli fjárlagafrv. til baka inn til sín til að gera á því breytingar sem samkvæmt blaðafregnum eru upp á 1000 millj., að hluta til ákveðið af ríkisstjórninni, að hluta til skömmtun til fjvn., og tilkynnir um leið að þessar 1000 millj. kr. breytingar skipti engu fyrir niðurstöðutölur fjárlaga eða halla eða hallalausan ríkissjóð. Ég tel að það sé rétt hjá hæstv. forseta að ríkisstjórn geti gert tillögur til fjvn., en hún getur ekki tekið frv. frá löggjafarvaldinu sem framkvæmdarvald og breytt því að geðþótta. Því mótmæli ég og hæstv. forseti hlýtur að vera mér sammála. Ríkisstjórnin er ekkert annað en samtíningur af þm. í einn starfshóp og hefur ekkert meiri rétt, eftir að frumvörp eru komin á dagskrá og í þingnefndir, en hver annar þm. til að gera brtt. Hún hefur heldur ekki minni rétt. Ég vil að það komi fram að ríkisstjórn sem slík, sem framkvæmdarvald, hefur brotið af sér.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég vil áður en lengra er haldið eindregið mælast til þess að menn haldi ekki áfram þeim umræðum um þingsköp sem var lokið.

Hv. 5. þm. Reykv. segir að forseti hafi gefið tilefni til þess að halda þessum umræðum áfram. Það er misskilningur. Það er misskilningur sem hv. þm. sagði.

En hv. 5. þm. Reykv. sagði að hann væri sammála því sem forseti hefði sagt áður um að ríkisstjórn gæti gert tillögur um einstök atriði fjárlagafrv. Forseti tjáði sig ekki um neitt annað í þessu sambandi og sér ekki ástæðu til að tjá sig frekar um það sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um þetta efni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að teygja úr þessum umræðum, en ég lagði eina spurningu fyrir hæstv. forseta. Ég tel að það sé algerlega útilokað að klára þessi mál á þeim tíma sem er fram að jólum. Þm. ætla seinni partinn á morgun til forseta Íslands, að ég hygg, og það eru svo fáir dagar eftir að jafnvel þó að þetta yrði fram undir Þorláksdag er ekki nokkur leið að afgreiða mál eins og tollamálin nema þá að ríkisstjórnin og hæstv. forseti ætlist til þess að við gerum það alveg án þess að athuga þessi mál. Þá er alveg eins gott að senda þingið heim og láta ríkisstjórnina afgreiða þessi mál ef á að vinna þannig að það sé engin leið að skoða málin. Ég fullyrði að það er engin leið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Fyrirspurn hv. 6. þm. Norðurl. e. um þinghaldið svarar forseti á þann veg: Við gerum ráð fyrir að það verði gert sem hægt er og unnið eins og hægt er þessa daga sem eftir eru til þinghlés, en það getur enginn gert meira en hægt er, hvorki Alþingi né aðrir. Við sjáum til hvað hægt er. Ég vænti þess að við hjálpumst öll að því að gera skyldu okkar, en skylda okkar er sú að gera það sem hægt er.

Leiðbeinendur og stundakennarar í grunnskólum og framhaldsskólum, ein umr.

Fsp. DS, 17. mál. — Þskj. 17.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 17 leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh. um kennara og leiðbeinendur í skólum landsins. Á undanförnum árum hefur mikið verið fjallað um skólamál á Íslandi og á sl. ári bárust nokkrar skýrslur sem sýna fram á alvarlegt ástand í menntunarmálum þjóðarinnar.

Árið 1985 voru 19,6% stöðugilda við grunnskóla landsins skipuð leiðbeinendum, en í sumum landshlutum fór hlutfallið niður í 40%. Það vekur athygli mína í öðru svari sem mér hefur borist skriflega frá menntmrn. að einmitt í þeim landshlutum ná nemendur slökustum árangri á grunnskólaprófi. Þó ég vilji ekki fullyrða eða alhæfa í þessu máli gefur þetta trúlega einhverja vísbendingu um að óstöðugleiki sem skapast vegna örra kennaraskipta geti haft sín áhrif á nám nemendanna og árangur.

En sá skortur sem er á kennurum er auðvitað fyrst og fremst vegna þeirra slöku kjara sem þeim er boðið upp á og það er sérstaklega erfitt að fá kennara til starfa úti á landi. Það vekur auðvitað spurningarnar um jafnrétti barna þessa lands til náms. Það líður vart sú vika að ekki birtist í dagblöðum auglýsingar um lausar kennarastöður eða þá að umsóknarfrestur er lengdur.

Til að fá heildarmynd af stöðu mála leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakenn-

ara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?

3. Hve margir stundakennarar á hvoru skólastigi fyrir sig starfa án kennsluréttinda?

4. Hve margir hinna réttindalausu stundakennara á hvoru stigi ná lægsta launaflokki kennara?

5. Hefur umsóknum fyrir leiðbeinendur verið synjað? Ef svo er, þá hversu mörgum?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. spyr í fyrsta lagi: Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?"

Þessu verður að svara með alllöngum talnalestri sem ég vona að komist til skila. Hlutfall milli grunnskólakennara og leiðbeinenda er sem hér segir í einstökum fræðsluumdæmum: Reykjavík: Grunnskólakennarar 872 eða 95,51%, stöðugildi 728,48 eða 96,56%. Leiðbeinendur 41 eða 4,49%, stöðugildi 26 eða 3,44%. Reykjanesumdæmi: Grunnskólakennarar 609 eða 85,77%, stöðugildi 527,15 eða 86,92%. Leiðbeinendur 101 eða 14,23%, stöðugildi 79,30 eða 13,08%. Vesturlandsumdæmi: Grunnskólakennarar 176 eða 72,43%, stöðugildi 163,37 eða 77,70%. Leiðbeinendur 67 eða 27,57%, stöðugildi 46,58 eða 22,30%. Vestfjarðaumdæmi: Grunnskólakennarar 91 eða 52,60%, stöðugildi 82,61 eða 58,74%. Leiðbeinendur 82 eða 47,4%, stöðugildi 58,03 eða 41,26%. Norðurlandsumdæmi vestra: Grunnskólakennarar 109 eða 57,07%, stöðugildi 102,54 eða 66,12%. Leiðbeinendur 82 eða 42,93%, stöðugildi 52,53 eða 33,88%. Norðurlandsumdæmi eystra: Grunnskólakennarar 273 eða 65,94%, stöðugildi 248,44 eða 74,36%. Leiðbeinendur 141 eða 34,06%, stöðugildi 86,12 eða 25,74%. Austurlandsumdæmi: Grunnskólakennarar 127 eða 57,31%, stöðugildi 101,26 eða 58,73%. Leiðbeinendur 95 eða 42,79%, stöðugildi 71,51 eða 41,27%. Suðurlandsumdæmi: Grunnskólakennarar 234 eða 72,22%, stöðugildi 206,86 eða 79,34%. Leiðbeinendur 90 eða 27,78%, stöðugildi 53,85 eða 20,66%. Landið allt: Grunnskólakennarar 2491 eða 77,89%, stöðugildi 2160,21 eða 82,01%. Leiðbeinendur 707 eða 22,11%, stöðugildi 473,92 eða 17,99%. Grunnskólakennarar og leiðbeinendur við héraðsskóla eru ekki taldir með í þessu yfirliti. Stöðugildin eru fundin þannig að deilt er í samanlagðar kennslustundir með 29 sem er kennsluskylda grunnskólakennara og leiðbeinenda í fullu starfi. Væru stjórnunarstörf tekin með í stöðugildum mundi hlutfall þeirra sem réttindi hafa hækka talsvert.

Í öðru lagi er spurt: „Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?"

Svar: Hlutfall milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda er sem hér segir: Reykjavík: Framhaldsskólakennarar 391 eða 71,22%, stöðugildi 368,3 eða 73,54%. Leiðbeinendur 158 eða 28,78%, stöðugildi 132 eða 26,36%. Reykjanesumdæmi: Framhaldsskólakennarar 115 eða 70,55%, stöðugildi 98,8 eða 69,34%. Leiðbeinendur 48 eða 29,45%, stöðugildi 43,69 eða 30,66%. Vesturlandsumdæmi: Framhaldsskólakennarar 29 eða 82,86%, stöðugildi 28,5 eða 83,36%. Leiðbeinendur 6 eða 17,14%, stöðugildi 5,69 eða 16,64%. Vestfjarðaumdæmi: Framhaldsskólakennarar 8 eða 21,05%, stöðugildi 8 eða 40,71%. Leiðbeinendur 30 eða 78,95%, stöðugildi 11,65 eða 59,29%. Norðurlandsumdæmi vestra: Framhaldsskólakennarar 14 eða 70%, stöðugildi 13,5 eða 69,23%. Leiðbeinendur 6 eða 30%, stöðugildi 6 eða 30,77%. Norðurlandsumdæmi eystra: Framhaldsskólakennarar 68 eða 66,67%, stöðugildi 66,4 eða 68,66%. Leiðbeinendur 34 eða 33,33%, stöðugildi 30,31 eða 31,34%. Austurlandsumdæmi: Framhaldsskólakennarar 19 eða 48,72%, stöðugildi 18 eða 50,72%. Leiðbeinendur 20 eða 51,28%, stöðugildi 16,14 eða 47,28%. Suðurlandsumdæmi: Framhaldsskólakennarar 48 eða 69,57%, stöðugildi 46,5 eða 70,04%. Leiðbeinendur 21 eða 30,43%, stöðugildi 19,89 eða 29,96%.

Athugasemdir eru þær að í töflu þessari eru listaskólarnir ekki teknir með vegna sérstöðu þeirra innan skólakerfisins. Enn fremur er bændaskólum sleppt og skólum sem heyra undir heilbrrn. Þá er hlutfall réttindakennara ekki fullkomlega rétt þar sem ekki hafa verið tiltækar tölur um yfirvinnu settra eða skipaðra kennara. Vakin skal athygli á fjölda leiðbeinenda við Menntaskólann á Ísafirði. Sumir þeirra kenna aðeins fáa tíma við skólann um stundarsakir.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margir stundakennarar á hvoru skólastigi fyrir sig starfa án kennsluréttinda?"

Hér mun væntanlega átt við leiðbeinendur, en svarið er að samtals starfa 707 leiðbeinendur við grunnskóla landsins. Þar af eru nálægt 60 settir til eins árs, en aðrir ráðnir af viðkomandi skólastjórum með heimild frá undanþágunefnd eða ráðherra. Við framhaldsskóla starfa samtals 323 leiðbeinendur.

Í fjórða lagi er spurt: „Hve margir hinna réttindalausu stundakennara á hvoru skólastigi fyrir sig ná lægsta launaþrepi kennara?"

Hér mun væntanlega átt við lægsta launaflokk, en samkvæmt upplýsingum launadeildar fjmrn. eru 336 leiðbeinendur við grunnskóla í lægsta launaflokki en 28 leiðbeinendur í framhaldsskólum.

Í fimmta lagi er spurt: „Hefur umsóknum fyrir leiðbeinendur verið synjað? Ef svo er, hve mörgum?"

17 beiðnum frá skólastjórum grunnskóla um að ráða leiðbeinendur hefur verið hafnað. Engri beiðni hefur verið hafnað frá skólastjórnum framhaldsskóla.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans við þessari viðamiklu fsp. minni sem ég hefði umfangsins vegna trúlega átt að bera fram skriflega. Það hafa verið lesnar upp tölur og hlutföll og ég mun velta þessum svörum nánar fyrir mér. En tímans vegna er ekki hægt að rýna um of í þær á þessari stundu.

Það vekur óneitanlega athygli að allt of margar stöður eru enn þá skipaðar leiðbeinendum. Árið 1985 var fjöldi réttindalausra grunnskólakennara yfir 40% á Vestfjörðum og Austfjörðum, en tæp 3% í Reykjavík. Þetta hefur aðeins lagast, en þó alls ekki nóg.

En eins og ég minntist á áðan er höfuðorsök kennaraskortsins auðvitað sú að stöðugt eru gerðar fjölbreytilegri og flóknari kröfur til starfs kennarans og stöðugt er lögð þyngri ábyrgð á herðar honum án þess að þetta sé á nokkurn hátt metið til launa. Sú staðreynd blasir einnig við að fæstir skólanna eru í stakk búnir til að veita kennurum viðunandi starfs- og vinnuaðstöðu. En þó að ástandið í höfuðborginni sé skást vakna spurningar varðandi landsbyggðina. Hún á við ramman reip að draga í þessum efnum og það gengur yfirleitt illa að fá þangað menntaða kennara.

Ef litið er t.d. í ástandið í grunnskólum á Vesturlandi kemur í ljós að þar hefur ástandið aðeins skánað um 1% frá síðasta ári, en þess ber þó að geta að fjöldi kennara er um það bil sá sami þannig að álag á hverjum og einum er heldur meira. Þessi niðurstaða og sá munur sem er á milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessum efnum vekur upp spurningar um raunverulegt jafnrétti til náms.

Það getur ekki lengur viðgengist að leggja þann bagga á misvel stæð sveitarfélög að yfirborga menntaða kennara sem koma vilja, oft tímabundið, og veita þeim alls kyns fríðindi sem heimamönnum standa ekki til boða og það er að sjálfsögðu ekki hægt að bjóða nemendum upp á þann óstöðugleika sem óhjákvæmilega skapast í skólastarfinu við ör kennaraskipti.

Árið 1985 kom út svokölluð endurmatsskýrsla unnin af fulltrúum menntmrn. og kennara. Í henni er yfirlit yfir stöðu skólamála og helstu vankanta skólastarfsins ásamt tillögum um úrbætur. Enginn ágreiningur varð um skýrsluna og því er undarlegt að ekki skyldu í kjölfarið koma neinar úrbætur kennurum til handa.

Í skýrslu OECD um skólamál kemur fram það sama og íslenskir kennarar hafa sagt árum saman. Rauði þráður hennar er sá að laun og starfskjör kennara valdi óbætanlegum skorti á menntuðum kennurum. Í nýútkominni skýrslu um stærðfræðikennslu í framhaldsskólunum er haft eftir starfandi kennara, með leyfi forseta:

„Við tökum við nemendum ómögulegum úr grunnskólum. Þau fá ómögulega kennslu hjá okkur og þegar þau eru útskrifuð fara þau að kenna í grunnskólum.“

Verði það örlög barna þessa lands að alast upp við slíkt ábyrgðarleysi og viðhorf gagnvart menntun getum við gleymt öllum draumum um framfarir, útflutning á íslensku hugviti og við getum sleppt setningunni um blómstrandi menningu í öllum hátíðarræðum. Það er ekki þörf á fleiri skýrslum heldur aðgerðum.

Ég lýk senn máli mínu, herra forseti. Á undanförnum árum hefur einn ráðherra menntamála af öðrum lýst vilja sínum til að bæta kjör kennara, en viljayfirlýsingar af því tagi eru lítils virði ef ráðherra fjármála er annarrar skoðunar. Því vil ég skora á hæstv. ráðherra þessara tveggja ráðuneyta að taka nú höndum saman. Við höfum ekki efni á að láta þetta dankast lengur.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hér hafa komið fram og tek undir orð hv. fyrirspyrjanda, Danfríðar Skarphéðinsdóttur, sem hún lét falla hér áðan um þýðingu þess að skólamálin séu í skaplegu horfi á landinu öllu og unnið sé gegn þeirri miklu mismunun sem ríkir m.a. hvað snertir aðstöðuna til náms og ekki síst að því er varðar ráðningu kennara. Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra blasir við allt önnur mynd víða úti um land annars vegar og hins vegar á Reykjavíkursvæðinu.

Ég hafði lagt fyrir hæstv. ráðherra fsp. á þskj. 14 í byrjun þessa þings um svipað efni og hæstv. ráðherra hefur einmitt í dag afhent mér skriflegt svar við fsp. sem væntanlega mun lagt fram á þessum eða næsta fundi sameinaðs þings. Þar koma fram sumpart sömu upplýsingar og hér liggja fyrir, en auk þess fleiri þættir, m.a. um að þurft hefur að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum í vissum tilvikum vegna skorts á kennurum. Þetta geta menn athugað þegar þetta svar kemur fram í Sþ.

Snjómokstur á fjallvegum á Austurlandi, ein umr.

Fsp. JHall og JK, 105. mál. — Þskj. 109.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Á þskj. 109 flytja Jónas Hallgrímsson, sem sat á þingi sem varamaður þegar fsp. var borin fram, og Jón Kristjánsson eftirfarandi fsp. um kostnað við snjómokstur á fjallvegum á Austurlandi og reglur um opnunardaga. Fsp. er til samgrh. Hún hljóðar svo:

„1. Hver var kostnaður við snjómokstur eftirtalinna fjallvega á Austurlandi sl. þrjá vetur: a) Oddsskarðs? b) Fjarðarheiðar? c) Breiðdalsheiðar? d) Vatnsskarðs?

2. Hve marga daga máttu íbúar Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðar og Norðfjarðar sæta innilokun

vegna snjóa á þessu tímabili?

3. Eru uppi áform um að fjölga snjómokstursdögum á fjölförnustu fjallvegum á Austurlandi á þessu hausti?"

Núverandi reglur um snjómokstur voru samþykktar af samgrh. í desember 1985. Þær reglur kveða á um að það skuli mokað að jafnaði einu sinni í viku til Borgarfjarðar eystri, Norðfjarðar og Seyðisfjarðar á ríkisins kostnað. Þó er heimilt að moka tvisvar í viku til Norðfjarðar og Seyðisfjarðar ef snjólétt er. — Reglan um þessa staði hljóðar þannig, með leyfi forseta, um opnun: „Einu sinni í viku meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Opna skal tvisvar sinnum í viku meðan snjólétt er."

Það ætti ekki að þurfa að lýsa því hve hér er um mikilvægt mál að ræða fyrir íbúa þeirra byggðarlaga sem búa við meiri og minni innilokun á vetrum vegna snjóa. Svo er um þau byggðarlög sem hér um ræðir. Þar við bætist að aðrir samgönguþættir eru mjög annmörkum háðir á þessum stöðum. Á Borgarfirði eystra er hafnleysa í vetrarveðrum, Seyðisfjörður nýtur engra flugsamgangna og flugsamgöngur á Neskaupstað eru annmörkum háðar vegna veðurskilyrða, einkum þegar verst lætur í vetrarveðrum. Landsamgöngurnar eru því lífæð þessara staða og forsenda fyrir því að öflugt atvinnulíf fái að þrífast þar. Hér er um mikla útgerðarstaði að ræða og öfluga atvinnustarfsemi sem rekin er í tengslum við útgerðina auk venjulegra samgangna sem eðlilegt mannlíf þarfnast.

Það eru ómældar truflanir sem samgönguörðugleikar hafa á atvinnulíf þeirra staða sem hér um ræðir og félagsleg áhrif eru eigi síður áhyggjuefni. Satt að segja geta samgöngumálin og beinlínis þessi þáttur þeirra haft áhrif á búsetu þessara staða.

Það er af þessum ástæðum sem við fyrirspyrjendur færum þetta mál hér inn í þingsali í fyrirspurnarformi til þess að um það fáist upplýsingar hver sé staða þessara mála.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í fjarveru samgrh. vil ég leitast við að svara þeim fsp. sem hér eru bornar fram.

Í fyrsta lagi er spurt um kostnað við snjómokstur fjögurra fjallvega sl. þrjá vetur. Sundurliðun kostnaðar hjá Vegagerð ríkisins miðast við almanaksár, einnig í snjómokstri. Sýna tölur sem hér verða nefndar snjómoksturskostnað hvers árs á tilgreindum fjallvegum á verðlagi í október 1987.

Oddsskarð: 1984 4,8 millj. kr., 1985 3,4 millj. kr., 1986 5,4 millj. kr., 1987 til októberloka 2,5 millj. kr.

Fjarðarheiði: 1984 4,9 millj. kr., 1985 3,6 millj. kr., 1986 5 millj. kr., 1987 til októberloka 1,8 millj. kr.

Breiðdalsheiði: 1984 500 þús. kr., 1985 400 þús. kr., 1986 900 þús. kr., 1987 til októberloka 300 þús. kr.

Vatnsskarð: 1984 1 millj. kr., 1985 1 millj. kr., 1986 1,8 millj. kr., 1987 til októberloka 1,2 millj. kr.

Þess ber að geta að Breiðdalsheiði er ekki inni í snjómokstursreglum Vegagerðarinnar og þar fer því ekki fram reglubundinn snjómokstur.

Í öðru lagi er spurt um hve marga daga íbúar Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðar og Norðfjarðar máttu sæta innilokun vegna snjóa á þessu tímabili. Tölur um það efni fylgja einnig almanaksári eins og kostnaðurinn í fyrra svari. Þar sem spurt er um innilokun verða hér nefndar tvær tölur fyrir hvert ár, þ.e. heildartala fyrir þá daga þegar vegur er lokaður samkvæmt skráningu Vegagerðarinnar og önnur tala sem sýnir hve marga daga af heildartölunni telst opið fyrir jeppa og stærri bíla.

Oddsskarð:

1984: Lokaður vegur í 18 daga, þar af jeppafær í 1 dag.

1985: Lokaður vegur í 19 daga, þar af jeppafært í 4 daga.

1986: Lokaður vegur í 31 dag, þar af jeppafært í 5 daga.

1987 til októberloka: Lokaður vegur í 10 daga.

Fjarðarheiði:

1984: Lokaður vegur í 38 daga, þar af jeppafært í 3 daga.

1985: Lokaður vegur í 25 daga, þar af jeppafært í 17 daga.

1986: Lokaður vegur í 42 daga, þar af jeppafært í 18 daga.

1987 til októberloka: Lokaður vegur í 20 daga, þar af jeppafært í 5 daga.

Vatnsskarð:

1984: Lokaður vegur í 54 daga, þar af jeppafært í 10 daga.

1985: Lokaður vegur í 36 daga, þar af jeppafært í 13 daga.

1986: Lokaður vegur í 64 daga, þar af jeppafært í 22 daga.

1987 til októberloka: Lokaður vegur í 29 daga, þar af jeppafært í 6 daga.

Í þriðja lagi er spurt hvort áform séu uppi um fjölgun snjómokstursdaga á fjölförnustu fjallvegum á Austurlandi á þessu hausti. Samkvæmt gildandi snjómokstursreglum, sem gefnar voru út í desember 1985, skal moka fjölförnustu fjallvegi á Austurlandi, þ.e. Oddsskarð og Fjarðarheiði, einu sinni í viku meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Opna skal tvisvar í viku meðan snjólétt er. Þessi ákvæði hafa í aðalatriðum verið óbreytt um nokkurra ára skeið. Í þeim eru hins vegar matsatriði um veðráttu og snjóþyngsli.

Með batnandi vegum og hagstæðu árferði eins og verið hefur undanfarið hefur í raun snjómokstursdögum fjölgað og lokuðum dögum fækkað. Ekki eru uppi áform um að breyta snjómokstursreglum í haust. Undanfarið hafa reglurnar verið endurskoðaðar á þriggja til fimm ára fresti. Margar óskir hafa þegar borist um aukna þjónustu í þessum efnum. Verða þær og reglurnar í heild teknar til skoðunar áður en langt um líður.

Jón Kristjánsson:

Ég vil þakka hæstv. forsrh. svörin. Þegar þessar tölur eru komnar fyrir framan mann á blað verð ég að segja að þessi svör eru mjög athyglisverð. Í ljósi þess sem ég sagði um aðra samgönguþætti til þessara staða áðan þegar ég mælti fyrir fsp. getur hver sem er kannski, og þó, sett sig í spor íbúanna í þeim byggðarlögum sem búa við nær algjöra innilokun í mánuð og jafnvel upp í tvo mánuði á hverju ári eins og þessar tölur gefa til kynna. Það er áreiðanlega erfitt fyrir þá sem þekkja ekki slíkt að setja sig í þau spor. Þó er hér um mjög stór byggðarlög að ræða á mælikvarða okkar á Austurlandi. Þar er stærsta byggðarlagið, Neskaupstaður, á meðal þeirra byggða sem búa við þessar aðstæður. Ég held að þessar tölur sýni ljóslega að snjómokstursreglurnar þarf að endurskoða með tilliti til þessara staða, þær sýni það svo ekki verður um villst.

Það kom fram í svari því sem hæstv. forsrh. flutti að síðustu vetur hafa verið snjóléttir. Það er hárrétt. Síðustu vetur hafa verið mjög snjóléttir og snjóléttari en áður. Það sýnir í hnotskurn hvert þetta ástand getur orðið og hefur reyndar verið á undanförnum árum. Sú innilokun sem íbúar þessara byggðarlaga búa við er því alls óviðunandi.

Ég vænti þess fastlega að þau svör sem hér hafa fengist og sú ljósa mynd sem hefur verið dregin upp af þessu ástandi verði til þess að auka skilning á því að þessar reglur þarf að endurskoða. Og það þarf að gera meira en að endurskoða þær, það þarf að bæta eins og mögulegt er vegasambandið við þessa staði, því auðvitað sparast þær upphæðir sem hafa farið í snjómokstur og eru verulegar, þó að slíkar tölur hafi reyndar sést eins og þessar sem hér eru fram bornar í ýmsum samgönguþáttum.

Ég endurtek að ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin sem hann flutti fyrir hönd hæstv. samgrh. og vona að þetta verði upphaf á úrbótum í þessum efnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú mynd sem fram kemur í svörum hæstv. ráðherra við þessari þörfu fsp. sýnir okkur eitt stærsta vandamálið sem fjölmennar byggðir í landinu búa við, en það er staða samgöngumálanna og það ófremdarástand að byggðarlög með fleiri hundruð og jafnvel þúsundir íbúa búa við slíka einangrun að í góðu árferði, eins og talið er að hér hafi ríkt síðustu árin, er um að ræða innilokun svo skiptir mánuðum. Ég vek athygli á því, eins og hér kom fram, að á árinu 1986 þegar innilokun hefur verið hvað mest, þá er lokun á Neskaupstað rösklega mánuður, 31 dagur, og gagnvart Seyðisfirði 42 dagar á því ári. Þessar tölur tala sannarlega sínu máli.

Það verður að vænta þess, herra forseti, að þessi mál verði tekin hið fyrsta öðrum tökum en verið hefur á undanförnum árum. Þm. allra flokka hafa vissulega knúið á um úrbætur og rýmkun á þessum reglum en nú þegar þessu máli er hreyft hér á Alþingi og fram dregnar þessar upplýsingar þá ýtir það á eftir, það þakka ég, og ekki síst þegar stjórnarþingmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eiga hlut að máli, þá verður maður að ætla að von sé á úrbótum fyrr en seinna.

Bann við ofbeldiskvikmyndum og Kvikmyndaeftirlitið, ein umr.

Fsp. GA, 144. mál. — Þskj. 152.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Kvikmyndaeftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Við gildistöku seinni laganna bæði breyttist starfssvið Kvikmyndaeftirlitsins verulega og verkefni þess uxu mjög. Fram til þess tíma hafði skoðun kvikmynda eingöngu farið fram í kvikmyndahúsum en skoðun kvikmynda á myndböndum gerði það nauðsynlegt að eftirlitið fengi til umráða viðeigandi tækjakost og aðstöðu til myndbandaskoðunar. Skoðunarmönnum Kvikmyndaeftirlitsins er greitt beint fyrir skoðun í kvikmyndahúsum hverju sinni af kvikmyndahúsaeigendum. En fyrir skoðun myndbanda fá skoðunarmenn greitt tímakaup, þ.e. þannig að Kvikmyndaeftirlitið þarf að standa straum af þeim launum ásamt launum starfsmanns sem starfar í hálfu starfi við afgreiðslu og skrifstofustörf. Þar við bætist lágmarksskrifstofukostnaður, húsaleiga, símakostnaður, ræsting og fleira. Öllum kostnaði er þó haldið í lágmarki. Tækjakostur eftirlitsins er bágborinn. Flest húsgögn fengin að láni og ýmis smáútgjöld raunar greidd úr eigin vasa.

Vegna fjárskorts hefur Kvikmyndaeftirlit ríkisins ekki getað sinnt lögboðnum skyldum sínum eins og vera ber og starfsmenn vildu gjarnan. Á sama tíma er ólögmætur innflutningur, sala og dreifing myndbanda hérlendis svo mikil að Íslendingar eru taldir meðal þriggja mestu sjóræningjaríkja á myndbandamarkaði. Þessi ólögmæti innflutningur brýtur í bága við höfundaréttarlög, ákvæði hegningarlaga sem fjalla um bann við sýningu ofbeldiskvikmynda og klámmynda og lög um skil á söluskatti.

Í lögunum nr. 33/1983 er gert ráð fyrir að skoðun myndbanda standi undir sér fjárhagslega en í 2. gr. þeirra laga stendur, með leyfi forseta:

„Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra samkvæmt reglum sem ráðherra setur."

Af því sem ég áður sagði er ljóst að nokkur misbrestur virðist hafa orðið á framkvæmd þessara laga að því er varðar að fjármagna starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins. Því hef ég gert fyrirspurn til hæstv.

menntmrh. á þskj. 152:

„1. Hvernig hefur tekist til um framkvæmd reglugerðar um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 800 1983, og reglugerðar nr. 235/1987, um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins?

2. Hvernig eru fjárhagsástæður Kvikmyndaeftirlitsins?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. spyr og er fyrsta spurning: „Hvernig hefur tekist til um framkvæmd reglugerðar um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 800/1983, og reglugerðar nr. 235/1987, um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins?"

Svar: Reynslan hér á landi af lögunum um bann við ofbeldiskvikmyndum verður að teljast góð. Megintilgangurinn með lagasetningunni var að stemma stigu við flóði ofbeldiskvikmynda sem sérstaklega var áberandi á myndbandamarkaðnum. Reynsla annarra þjóða svo sem Norðmanna, Svía, Finna og Breta, sem settu svipaða löggjöf um sama efni, fer saman við okkar. Slík löggjöf hefur stórlega dregið úr aðstreymi ofbeldiskvikmynda á markaðnum. Góð samvinna er á milli Kvikmyndaeftirlitsins annars vegar og eigenda kvikmyndahúsa og samtaka rétthafa að myndböndum hins vegar. Það efni sem þessir aðilar ætla til sýningar og dreifingar berst Kvikmyndaeftirlitinu til skoðunar með skilum. Það veldur hins vegar áhyggjum að nokkuð hefur borið á innflutningi á myndbandaefni eftir öðrum leiðum. Þeir aðilar sem slíkan innflutning stunda koma ekki með myndbönd til skoðunar hjá Kvikmyndaeftirlitinu. Það er talið að eftir þessum leiðum berist inn í landið og á markað þær myndir sem hvað mest þörf er á að meta hvort brjóti í bága við ákvæði laga. Við endurskoðun laga um bann við ofbeldiskvikmyndum mun leitast við að finna leiðir til þess að taka á þessu máli.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig eru fjárhagsástæður Kvikmyndaeftirlitsins?"

Svar: Kvikmyndaeftirlitinu hefur ekki verið ætlað sérstakt framlag á fjárlögum því gert er ráð fyrir að það sé fjármagnað af eigin tekjum. Samkvæmt viðfangsefnayfirliti frá ríkisbókhaldi 12. nóv. sl. hafa á tímabilinu janúar–október á þessu ári aðeins innheimst tekjur sem nema 253 þús. kr. Gjöld Kvikmyndaeftirlitsins eru á sama tíma 1 895 000 kr. Mismunurinn er 1 642 000 kr. sem á vantar. Samkvæmt greiðslustöðulista ríkisbókhalds 1. des. sl. eru gjöld Kvikmyndaeftirlitsins umfram tekjur orðin 1 999 000 kr.

Fyrir skömmu var gefin út ný reglugerð fyrir Kvikmyndaeftirlitið sem á að auðvelda því að innheimta þær tekjur sem því eru ætlaðar. Það þykir þó ljóst að tæplega verður hægt að gera ráð fyrir því að eigin tekjur standi alfarið undir öllum kostnaði og því hefur menntmrn. sent fjvn. erindi þar sem óskað er eftir því að í fjárlögum næsta árs verði gert ráð fyrir útgjöldum sem nema 2 200 000 kr. og tekjum á móti sem nema 1 000 000 kr. Mismunurinn 1 200 000 kr. verður því framlag ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Ég hef ástæðu til að ætla reyndar að fyrri reglugerðin, sem gefin var út vegna laganna nr. 33 1983, hafi í raun brugðist í framkvæmd vegna þess að myndbandaeigendur hreinlega greiddu ekki þá upphæð sem þeim hafði verið ætlað að greiða og það kemur í ljós í erindi Kvikmyndaeftirlitsins til fjvn. að það er um 1 800 000 kr. sem eru útistandandi skuldir myndbandaeigenda við Kvikmyndaeftirlitið, reikningar sem liggja hjá ríkisféhirði og hafa alls ekki verið greiddir. Þess vegna fór Kvikmyndaeftirlitið fram á fjárveitingu frá ríkissjóði til þess að gera upp reikninga sína og byrja með hreint borð eftir að ný reglugerð hafði verið gefin út og virðist hún ætla að verka mjög vel. Ég hlýt því að lýsa yfir ánægju yfir þeirri ákvörðun menntmrn. að reyna að fara fram á fjárveitingu til þess að jafna þessar skuldir, en ég vil jafnframt hvetja hæstv. menntmrh. til þess að beita sér fyrir því að þetta litla fé fáist vegna þess að ég tel að hlutverk Kvikmyndaeftirlitsins sé mjög mikilvægt í þessum efnum.

Ólöglegur innflutningur myndbanda, ein umr.

Fsp. GA, 145. mál. — Þskj. 153.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Í byrjun áttunda áratugarins var notkun myndbanda orðin nokkuð almenn hér á landi og ljóst að setja þurfti reglur til að tryggja hagsmuni rétthafa og notenda svo og annarra aðila er hlut eiga að máli. Menntmrh. skipaði nefnd til þessa verks á árinu 1981 sem ályktaði m.a., með leyfi forseta:

„Niðurstaða nefndarinnar er sú að hér á landi eigi sér nú stað stórfelld brot á höfundarrétti bæði með upptöku á myndbönd, leigu myndbanda og síðast en ekki síst dreifingu efnis af myndböndum um myndbandakerfi."

Þetta var árið 1981. Þrátt fyrir ýmsar aðgerðir í þessum efnum virðist lítið hafa breyst og er ástæða til að ætla að verulegur innflutningur og fjölföldun eigi sér stað á ólögmætu efni en sumir halda því fram að ólöglegi markaðurinn sé reyndar jafnstór hinum löglega. Hingað til lands hefur a.m.k. tvisvar komið lögfræðingur bandarískra rétthafa til að leita réttar umbjóðenda sinna þar sem Ísland er álitið eitt af þremur mestu sjóræningjalöndum á myndbandamarkaðinum, eins og ég gat um áðan í fyrri fyrirspurn.

Hér er myndbandseign verulega almennari en í flestum nágrannalöndum okkar, en í könnun Félagsvísindastofnunar haustið 1986 kom í ljós að tæpur

helmingur landsmanna átti myndbandstæki á heimilum sínum og talið er að þessi eign hafi farið vaxandi síðan.

Þann 18. febrúar 1985 gerði lögreglan könnun hjá myndbandaleigum á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af myndbandalista frá Kvikmyndaeftirlitinu. Á honum voru um 70 myndatitlar sem Kvikmyndaeftirlitið hafði úrskurðað óhæfa til sýningar vegna ofbeldis eða kláms. Í þessari könnun munu hafa fundist hundruð bannaðra myndbanda. Þann 22. desember 1986 var síðan aftur gerð leit í myndbandaleigum á suðvesturhorni landsins af lögreglu og dómsmrn. Mun þá hafa fundist verulegur fjöldi myndbanda sem voru ólöglega innflutt og brutu í bága við lög um höfundarrétt, hegningarlög eða voru á bannlista Kvikmyndaeftirlitsins vegna ofbeldis eða kláms. Þau voru gerð upptæk og málsókn hafin á hendur þeim sem brutu gegn lögunum, að því er ég tel.

Starfsemi Kvikmyndaeftirlits ríkisins er lögboðin og því er ætlað að fylgjast með þeim myndböndum sem hér eru á markaði. Vegna fjárskorts, eins og kom glögglega fram í fyrri fsp. minni og svörum við henni, hefur það hvergi nærri getað annað öllum sínum verkefnum. Hins vegar hefur það þegar í samvinnu við lögreglu sýnt fram á að fjöldi ólöglegra myndbanda er hér í umferð og mörg þeirra þess eðlis að flestir foreldrar mundu ekki kæra sig um að börn þeirra hefðu aðgang að. Það er því ljóst að hér þarf heldur betur að taka í taumana til að hindra það að lög séu brotin og börn bíði skaða af. Ég hef því leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 153.

„1. Hver urðu málalok þeirrar leitar sem dómsmálaráðuneytið og lögreglan létu gera á myndbandaleigum höfuðborgarsvæðisins 22. des. 1986?

2. Hve mörg myndbönd fann lögreglan þá sem talið var að brytu í bága við lög um höfundarrétt, hegningarlög eða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum?

3. Hyggst dómsmálaráðherra beita sér fyrir slíkri skyndileit aftur?

4. Hvaða aðrar aðgerðir hefur dómsmálaráðherra á prjónunum til að hefta ólöglegan innflutning myndbanda?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. beinir til mín fsp. varðandi ólöglegan innflutning á myndböndum.

Í fyrsta lagi er spurt hver orðið hafi málalok leitar sem dómsmrn. og lögreglan lét gera á myndbandaleigunum á höfuðborgarsvæðinu 22. des. 1986.

Því er til að svara að málalok eru enn ekki ljós orðin. Þessi mál eru öll á rannsóknarstigi eins og sagt er. Rannsókn þeirra er vel á veg komin. Ákvörðun um málshöfðun í flestum þessara mála bíður úrslita í opinberu máli sem stofnað ist við fyrri leit á myndbandaleigu og nú er til meðferðar í Hæstarétti, auk þess sem vitaskuld er beðið eftir niðurstöðum í rannsóknunum. Rannsókn á þessum málum beinist að tvenns konar brotum, þ.e. annars vegar hvort um hafi verið að ræða útleigu á grófum klám- og ofbeldismyndum, sbr. það mál sem hér var rætt næst á undan þessu, og hins vegar eru svo brot gegn höfundarréttarlögum með útleigu á ólöglega fjölfölduðum myndböndum.

Hér er að sjálfsögðu um tvö ákaflega mismunandi mál að ræða. Það að m.a. er beðið eftir úrslitum í opinbera málinu, sem ég nefndi áðan og er nú fyrir Hæstarétti, byggist einkum á því að í undirréttardómunum tveimur, sem áfrýjað var, var í öðru tilfellinu máli vísað frá dómi en í hinu tilfellinu var tildæmd refsing mjög lág. Ákæruvaldið telur sig greinilega þurfa skýrari línur frá dómstólunum og bíður því einkum dóms Hæstaréttar í síðarnefnda málinu, þ.e. þar sem hin tildæmda refsing var ákveðin mjög lág.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það að hér er um nýtt málasvið að ræða þar sem línurnar eru ekki alls kostar skýrar og þá á ég við um höfundarréttinn og hvert hlutverk hins opinbera sé í málarekstri af því tagi. En út úr hinum væntanlega dómi Hæstaréttar má vonandi lesa einhvern skilning á því máli.

Í öðru lagi er svo spurt hversu mörg myndbönd lögreglan hafi tekið sem talið var að brytu í bága við lögin um höfundarrétt, hegningarlög eða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Svarið er að í Reykjavík var lagt hald á 6904 myndbönd þann 22. des. 1986 og svo í framhaldsleit þann 14. jan. 1987 var lagt hald enn á 2028 myndbönd. Af þessum myndböndum voru 278 tekin vegna þess að um var að ræða meint klám, 60 voru á bannlista Kvikmyndaeftirlitsins, 378 voru talin ólöglega fjölfaldað efni og 7624, þ.e. langflest, voru tekin vegna gruns um meint brot á höfundarréttarlögum. Lögreglan í Hafnarfirði lagði hald á 2236 myndbönd, lögreglan í Keflavík lagði hald á 1894 myndbönd og í Kópavogi var lagt hald á 1137 myndbönd. Þannig var í heild lagt hald á 14 199 myndbönd.

Í þriðja lagi var svo spurt hvort ég hygðist beita mér fyrir slíkri skyndileit aftur.

Í dómsmrn. hefur verið fjallað um það hvernig best sé að haga eftirliti með myndbandaleigum, og m.a. um þörfina fyrir að herða það, þar sem aftur sé farið að bera á ólöglegu efni í þessum leigum. Hefur m.a. verið rætt um þetta við lögreglustjórann í Reykjavík og það orðað að reglulegt eftirlit með myndbandaleigunum verði aukið, en eins og kom hér fram áðan í orðaskiptum hv. 6. þm. Reykv. og menntmrh., þá er það slíkt reglubundið eftirlit með innihaldinu, sem verið er að leigja, sem helst skiptir máli.

Ég tel ekki rétt að ræða þetta mál frekar á þessu stigi. Ég vil auðvitað ekki útiloka frekari leitir, sem einkum myndu þá beinast að því hvort verið væri að leigja grófar klám- eða ofbeldismyndir.

Í fjórða lagi er svo spurt hvaða aðrar aðgerðir ég hafi á prjónunum til að hefta ólöglegan innflutning myndbanda.

Því er til að svara varðandi þann hluta þessa máls sem er á verksviði míns ráðuneytis, þ.e. hvað varðar ólöglegan innflutning, að mestu máli skiptir að löggæslan sé virk og henni sé fylgt eftir með skjótri dómgæslu. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að hvort tveggja sé í lagi og myndbandaleigurnar fari að lögum, en hvað innflutninginn varðar er þar auðvitað um tollgæsluverkefni að ræða.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari fsp. og sérstaklega svari hæstv. ráðh., að hann hyggst ekki gera slíka rassíu aftur. Ég held að hér séum við komin að því hvar grundvöllur réttarríkisins sé. Svona leitir eins og gerðar voru hinn 22. des. í fyrra og 14. jan. á þessu ári er spurningin um það, hvar á að beita lögreglunni og hvernig á að beita henni. Í mínum huga þarf tvennt að liggja fyrir: Númer eitt skýrar lagareglur um það að um ólögmætt atferli sé að ræða og númer tvö að ekki sé hægt að beita öðrum aðferðum en þeim að nota lögregluna. Hvorugt þessara atriða var fyrir hendi. Það eru ekki til skýrar heimildir í lögum fyrir því að taka myndbönd sem hafa verið flutt hingað til landsins með löglegum hætti, og þá á ég við að bæði hafa verið borgaðir af þessum myndböndum tollar og söluskattur til ríkisins. Í öðru lagi er þarna um að ræða starfsemi sem óátalið hefur verið viðhöfð í fjölda ára og lögreglan, vitandi um þessa starfsemi og vitandi um það hvað þarna fer fram, hefur óáreitt látið viðgangast.

Það er kannski ástæða hér til að minna á það að hinn 18. febr. 1985 var gerð rassía á myndbandaleigum og þar beindist rannsóknin eða eftirlitið aðeins að klám- og ofbeldismyndum. Ég tel það mjög eðlilegt vegna þess að það eru skýrar heimildir í lögum fyrir því að slíkt efni megi taka og slíkt efni er ólöglegt. En um hitt efnið, þetta efni sem er flutt hingað til lands, eru ekki skýrar reglur, hvort löglegt er eða ólöglegt.

Ég vildi gera þessa athugasemd hér og treysti ráðherra til að athuga betur næst þegar gripið verður til svona stórfelldra aðgerða ... (**Forseti:** Hv. ræðumaður hefur farið óhæfilega fram úr tímanum.) Ég vil þá bara að lokum beina því til ráðherra að hann athugi málið vel og vandlega áður en til svona ráðstafana er gripið, að gera það að vel athuguðu máli.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Mér sýnist af máli hans að enn ríki í raun ófremdarástand í þessum málum og þurfi að taka mun fastari tökum, hvort sem það verður gert með skyndileitum eða á annan hátt. Mér finnst þetta óhóflega langur tími frá 1985 annars vegar og síðan frá árslokum 1986 og mér finnst það leiða athygli okkar að því hve mikilvægt er að reyna að flýta afgreiðslu mála í dómskerfinu almennt. Það hafa komið fram hér á þingi ýmsar tillögur um að flýta ákveðnum sérstökum málaflokkum, fíkniefnamálum, sifjaspellsmálum eða kynferðislegum áreitnimálum í garð barna, en það virðist vera almennt í dómskerfinu að mál ganga afskaplega hægt fyrir sig, þannig að það er löng bið eftir því að fá ákveðna viðmiðun til þess að nota til afgreiðslu þessara mála.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að í upphafi þessa áratugar, sem kom reyndar fram í máli hæstv. menntmrh., þá var svipað uppi á teningnum í þessum efnum á hinum Norðurlöndunum. Þar var bæði ólögmæt dreifing og fjölföldun á myndbandaefni í stórum stíl svo að nærri lá að um helmingur markaðarins væri í raun ólögmætur. En markvissar aðgerðir yfirvalda og samtaka rétthafa gátu þó stöðvað þessa brotastarfsemi og nú ku það heyra til undantekninga ef brot af þessu tagi finnast. Ég held að í Danmörku frekar en í Svíþjóð sé álitið að séu um 2% á markaðnum ólögmæt en var miklu stærri hluti hans áður.

Auk brota gegn þeim lögum sem ég nefndi áður í máli mínu má nefna að oft er einnig um að ræða brot gegn tollalöggjöf og undanskot frá söluskatti. Ef ólögmæti myndbandamarkaðurinn hérlendis er jafnstór hinum lögmæta, eins og sumir vilja meina, þá má ætla að ríkissjóður verði af stórum fjárupphæðum þar sem skotið er undan skatti. En öllu máli skiptir þó finnst mér að þau myndbönd sem eru í umferð og eru ólögmæt skaði ekki börn og unglinga sem á þau horfa.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessi orðaskipti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykv. fyrir þeirra orð og góðu ábendingar, en vildi segja það eitt að ég geri ákaflega skarpan skilsmun á því hvort um er að ræða meint brot á höfundarréttarlögum og ólöglega fjölföldun á myndböndum, sem oft og einatt er fyrst og fremst viðskiptalegt spursmál, og svo hins vegar dreifingu á efni sem brýtur í bága við almennt velsæmi og er hættulegt eða skaðlegt fyrir uppvaxandi kynslóð sem við vitum að notar myndböndin mjög mikið. Þarna verðum við að gera ákaflega skarpan mun, og ég vil alls ekki útiloka leit sem beinist að því að uppræta ólögmæta dreifingu á grófu klám- og ofbeldisefni á myndbandaleigum. Það mun ég ekki gera. En lagagrundvöllur leitar af þessu tagi verður að vera alveg skýr og þess vegna verðum við að bíða þess að fá niðurstöður í þessum málum. Ég mun leitast við að haga framkvæmd á þessu sviði þannig að ekki verði um það deilt að rétt sé að farið og að lögum. Um þetta þarf í raun og veru ekki að segja fleira.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Smá fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. með þeim formála að ég tel ekki að opinberir aðilar séu undanþegnir þeirri skyldu, almennri umgengnisvenju meðal manna, að ráðast ekki með valdbeitingu á þá sem ekki hafa brotið af sér. Því vil ég spyrja: Mun hæstv. dómsmrh. sjá svo um að myndbandaleigur fái greidda leigu fyrir þau löglegu

myndbönd sem lögreglan tók í sína vörslu 22. des. 1986 og 14. jan. 1987? Annað væri hreinn dónaskapur við þegna þessa lands.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Sem svar við spurningu hv. 5. þm. Reykv. hlýt ég að segja á þessu stigi máls að það svar verður að bíða þar til fullnaðarniðurstaða er fengin úr rannsóknum þeirra mála sem hér er um að ræða og ákvörðun hefur verið tekin um ákærur í þeim.

Fangelsisvist geðsjúkra, ein umr.

Fsp. GHelg, 162. mál. — Þskj. 175.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Miðvikudaginn 25. nóv. sl. gat að líta frétt í einu dagblaðanna, nánar tiltekið DV, þar sem skýrt var frá því að fyrir kæmi að mjög erfiðir geðsjúklingar væru hafðir í fangageymslum lögreglunnar. Var fréttin staðfest af tveimur embættismönnum ríkisins, Tómasi Helgasyni, yfirlækni og prófessor, og Bjarka Elíassyni yfirlögregluþjóni.

Í tímaritinu Mannlífi, 7. tölubl. þessa árs, er ítarleg grein um nokkra geðsjúka menn sem framið hafa alvarleg afbrot en voru dæmdir ósakhæfir á sínum tíma. „Skógarmenn okkar tíma" kallar greinarhöfundur þá, menn sem allir sitja í fangelsum án þess að hafa verið dæmdir til afplánunar og engar horfur eru á að þeir losni úr prísund sinni. Heilbrigðiskerfið neitar að veita þeim skjól eða þjónustu svo að fangelsin eru eina athvarf þeirra. Getur hver og einn gert sér angist þessara manna í hugarlund. Í umræddri grein kallar landlæknir þetta smánarblett á íslensku samfélagi og styðst vafalítið við þau hegningarlög sem Alþingi Íslendinga hefur sett.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur fyrir reglu að biðja um úrskurð um geðrannsókn á mönnum grunuðum um öll alvarlegri afbrot. Slíkur úrskurður hvílir á 15. gr. hegningarlaganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þeim mönnum skal eigi refsað sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma er þeir unnu verkið til að stjórna gerðum sínum."

Landlæknir kynni einnig að styðjast við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1983 sem hið háa Alþingi hefur einnig sett. 1. gr. þeirra hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Heilbrigðisþjónustan tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningaransókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs" o.s.frv., herra forseti.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu kemur einnig fram að landlæknir sé ráðunautur ráðherra um allt er varðar heilbrigðismál og annast hann framkvæmd tiltekinna málaflokka fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum er þar um gilda.

Í umræddu viðtali í tímaritinu Mannlífi segir landlæknir, með leyfi forseta: „Fram að þessu hafa því lög verið brotin á þessum sjúklingum. Það er okkur engin afsökun þótt í hópi ósakhæfra fanga finnist nokkrir sem sökum skapgerðarveilu séu taldir ólæknandi eða á mörkum þess að vera sjúkir."

Árið 1979–1980 flutti þáv. hv. þm. Helgi Seljan ásamt fulltrúum allra þingflokka till. til þál. um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Þar var m.a. lagt til í 6. lið þeirrar till. að í stað fangelsisvistar geðsjúkra kæmi viðeigandi umönnun á sjúkrastofnun. Till. hlaut samþykki þingsins, þó svo breytt að ekki voru tiltekin þau ákvæði sem í upphaflegu till. voru, (Forseti hringir.) heldur var samþykkt að skipa skyldi nefnd til að gera tillögur um úrbætur. — Ég skal stytta mál mitt, herra forseti.

Vissulega var skipuð nefnd fyrir tilstilli þáv. hæstv. heilbrrh., Svavars Gestssonar, m.a. var skipuð nefnd til að sinna sérstaklega þessu ákveðna verkefni, að finna lausn á vistunar- og þjónustumálum geðveikra afbrotamanna. Til þess veitti Alþingi á sínum tíma 2 millj. kr. og tillögum var skilað en þær hafa síðan aldrei verið notaðar til neins. Ég hef þess vegna, herra forseti, leyft mér að bera fram fsp. þær sem hér liggja fyrir á þskj. 175 til hæstv. heilbrrh. og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Telur ráðherrann það samrýmast lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum eins og tíðkað er?

2. Hve margir geðsjúkir einstaklingar eru nú vistaðir í fangelsum þó að þeir hafi verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki?

3. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að geðsjúkir einstaklingar, sem gerast brotlegir við lög vegna sjúkdóms síns, fái nauðsynlega læknismeðferð?"

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 175 er hreyft fsp. nokkrum sem varða fangelsisvist geðsjúkra. Er hér vissulega um að ræða viðkvæmt og vandmeðfarið mál.

Fsp. er í þremur liðum og fyrsti liðurinn hljóðar svo:

„Telur ráðherrann það samrýmast lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum eins og tíðkað er?"

Til þess að fá heildaryfirsýn yfir þetta mál verður að líta aftur í tímann allt til vors 1973. Þá hafði Alþingi til meðferðar tvö mikilvæg lagafrumvörp, annars vegar frv. til laga um heilbrigðisþjónustu og hins vegar frv. til laga um fangelsi og vinnuhæli.

Hvor tveggja þessi lög voru samþykkt og afgreidd á Alþingi vorið 1973. Lög nr. 38, um fangelsi og vinnuhæli, voru afgreidd 24. apríl og lög nr. 56, um heilbrigðisþjónustu, voru afgreidd 27. apríl. Síðan þá hafa að vísu tekið gildi ný lög um heilbrigðisþjónustu en í þeim lögum hafa ekki orðið efnisbreytingar hvað varðar þá þætti laganna sem fsp. tekur til.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, segir svo í 1. gr.: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Fjórði kafli þessara laga, 13.–35. gr., fjallar sérstaklega um sjúkrahús. Þar virðast hins vegar engin ákvæði að finna um vistun geðsjúkra afbrotamanna á heilbrigðisstofnunum.

Í lögum nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, má hins vegar finna ákvæði um fangavist geðsjúkra. Í 3. gr. þeirra laga segir m.a. svo um ríkisfangelsi: „Því [ríkisfangelsinu] skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m.a. skipt í eftirtaldar deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisdeild, geðveilladeild, varðhald, gæsluvarðhald og móttökudeild."

Þá má benda á 16. gr. sömu laga en þar segir m.a.: „Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt skal vista þá sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess í þeim fangelsum sem til þess eru á hverjum tíma eftir því sem aðstæður leyfa."

Þegar þessi lög eru lesin saman virðist ljóst hver var vilji Alþingis þá í sambandi við geðsjúka afbrotamenn. Það var hins vegar ekki gert ráð fyrir því við þessa lagasetningu að geðsjúkir afbrotamenn vistuðust á sjúkrastofnunum, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, heldur var gert ráð fyrir því að í ríkisfangelsi, samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli, eigi að vera sérstök deild fyrir geðveila og sérstök öryggisgæsludeild, en slíkar deildir eru fyrir þá sem hafa verið dæmdir til öryggisgæslu en eru ósakhæfir.

Sem svar við fsp. þingmannsins verður því að telja að það sé í fullu samræmi við gildandi lagaákvæði um heilbrigðisþjónustu og um fangelsi og vinnuhæli að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum. Hitt er svo annað mál að yfirvöldum hefur því miður ekki tekist á þessu tímabili að framfylgja lögum eins og löggjafinn gerði ráð fyrir, svo sem að byggja ríkisfangelsi sem þjónað gæti þeim verkefnum sem lög kveða á um. Á það verður einnig að minna að heilbr.- og trmrh. skipaði nefnd í samræmi við þáltill. frá 1980 til að gaumgæfa skipulag geðheilbrigðismála og hv. fyrirspyrjandi vitnaði einnig til. Nefndina skipuðu Ingvar Kristjánsson læknir, sem var formaður hennar, Högni Óskarsson læknir, sem var ritari, Ásgeir Karlsson læknir, Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi, Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, Oddur Bjarnason læknir og Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur. Nefndin komst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu í nefndaráliti sem dagsett er 1. júní 1982 að það bæri að stofna réttargeðdeild ríkisins, sem svo er kölluð í nefndarálitinu, sem heyrði undir dómsmrh. Nefndin gerði ráð fyrir að hlutverk hennar yrði í stuttu máli þannig:

1. Að skipuleggja og annast þjónustu við ósakhæfa afbrotamenn í öryggisgæslu og fanga með geðsjúkdóma.

2. Að annast rannsóknir, ráðgjöf og fræðslu á sviði réttargeðlæknisfræði.

3. Að undirbúa byggingu og rekstur geðdeildar ríkisfangelsisins.

Í þessum tillögum var gert ráð fyrir að réttargeðdeild ríkisins yrði undir stjórn sérstaks yfirlæknis sem væri starfsmaður dómsmrn. Það var því skoðun sérfræðinga á árinu 1982 að það fyrirkomulag sem lögfest var nærri 10 árum áður væri það æskilegasta og að því bæri að koma í framkvæmd.

Annar liður fsp. hljóðar svo: „Hve margir geðsjúkir einstaklingar eru nú vistaðir í fangelsum þó að þeir hafi verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki?"

Það er ljóst af því sem sagt hefur verið hér að framan sem svar við fyrsta lið fsp. að samkvæmt lögum er vistun geðsjúkra í fangelsum ekki á vegum heilbrigðisþjónustunnar heldur dómsmálayfirvalda. Hef ég því ekki upplýsingar um það hve margir einstaklingar hafa verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki og dveljast í fangelsum. Væntanlega getur fremur hæstv. dómsmrh. svarað þessari spurningu hv. þm.

Þriðji liður fsp. er síðan: „Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að geðsjúkir einstaklingar, sem gerast brotlegir við lög vegna sjúkdóms síns, fái nauðsynlega læknismeðferð?"

Fangelsi landsins fá í dag þá geðlæknisþjónustu sem um er beðið frá geðdeildum sjúkrahúsanna. Meðan lög eru óbreytt mun heilbrigðisstjórnin halda áfram að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við þessar aðstæður. Þess verður hins vegar að vænta að lögum um ríkisfangelsi verði framfylgt svo fljótt sem verða má eða aðstæður á annan hátt skapaðar til þess að ósakhæfir afbrotamenn í öryggisgæslu og geðsjúkir fangar fái þá þjónustu sem lög um fangelsi og vinnuhæli og lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir. Vænti ég að um það geti orðið hið besta samkomulag við hæstv. dómsmrh.

Þessi mál eru viðkvæm og vandmeðfarin og því mikilvægt að um nauðsynlegar úrbætur fáist sem allra best samstaða allra þeirra aðila sem um málið þurfa og eiga að fjalla.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er hörmulegt að vandi þessa ógæfusama fólks, sem við ræðum hér í dag í tilefni af fsp. hv. 13. þm. Reykv., skuli hafa eins og hafnað milli stóla í Stjórnarráðinu.

Hér er um tvö vandamál að ræða. Annars vegar er um að ræða fólk sem er ósakhæft sökum geðveiki og verður því ekki dæmt til fangavistar þótt það hafi framið alvarleg afbrot í venjulegum skilningi. Í almennum hegningarlögum segir að þegar svo standi á megi ákveða í dómi ráðstafanir til að varna því að

háski verði af viðkomandi einstaklingi. Meðal ráðstafana sem nefndar eru er vistun á viðeigandi hæli. Þar sem slíkt hæli hefur skort hefur þrautaráðið verið að koma geðveiku fólki, sem framið hefur alvarleg afbrot, til vistar á fangelsisstofnunum ríkisins. Þetta er annað vandamálið. Hitt er svo þegar um er að ræða fólk sem talið hefur verið sakhæft og hefur hlotið fangelsisdóma en þjáist af geðveiki í fangavistinni og þarf á meðferð að halda þess vegna.

Um árabil hafa forsvarsmenn dómsmála talið að þeir einstaklingar sem ekki eru taldir sakhæfir eigi að vistast á geðsjúkrahúsum og hafa mörg erindi gengið á milli ráðuneyta um þetta mál. Ég get upplýst að nú munu vera þrír einstaklingar sem þannig er ástatt um og eru vistaðir í fangelsum. Forsvarsmenn heilbrigðismála hafa hins vegar ekki viljað taka við þessu fólki og þar við hefur setið.

Í núgildandi lögum um fangelsi og vinnuhæli er gert ráð fyrir nýbyggingu undir ríkisfangelsi eins og kom fram í máli hæstv. heilbrrh. Í henni á að vera geðveilladeild og deild fyrir öryggisgæslu. Ég tel alls ekki ljóst að þessar deildir hafi átt að taka við fólki sem er ósakhæft sökum geðveiki og hafi því ekki verið dæmt til fangavistar. Hér er um að ræða deildir til meðferðar á geðveilu fólki sem dæmt hefur verið til fangavistar og til öryggisgæslu hættulegra fanga. Hér er um annað mál að ræða en það sem fsp. lýtur að. Annars er nú reyndar öryggisgæsluhugtakið nokkuð á reiki og óljóst við hvaða réttarheimildir öryggisgæslan styðst.

Hvað sem þessu líður þá hefur einfaldlega ekki verið veitt fé til þess að ljúka byggingu ríkisfangelsisins og meðan beðið er eftir frekari fjárveitingum hafa fangelsisþarfirnar breyst og byggingaráætlunin líka.

Með leyfi hæstv. forseta langar mig að ljúka mínu máli með því að nefna að í frv. til nýrra fangelsislaga, sem lagt var fram á síðasta þingi og ég hyggst leggja fram á næstunni í nokkuð breyttri mynd, er ekki gert ráð fyrir vistun í fangelsum fyrir geðsjúka, ósakhæfa menn og þeim er þar með ekki ætlað rúm í fangelsunum. Varðandi þá fanga sem eiga við geðræn vandamál að stríða í fangavistinni hlýtur hins vegar að þurfa að gera ráð fyrir vistun á sjúkrahúsum eða öðrum slíkum stofnunum sem mundi þá teljast til þeirra afplánunartíma.

Ég þarf ekki að ítreka það sem kom fram í máli hæstv. heilbrrh. að hér er um vanda að ræða sem samfélaginu ber skylda til að leysa á mannúðlegan hátt. Við þurfum auðvitað að koma á fót vistun fyrir geðveikt fólk sem reynst hefur hættulegt umhverfi sínu. Það mál eigum við að leysa með sérstökum hætti og ég fulltreysti því að ná um það góðu samkomulagi við hæstv. heilbrrh. og að hv. Alþingi ætli til þess fé.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á þessu máli sem hefur, eins og hæstv. dómsmrh. gat um réttilega, lent á milli stóla í kerfinu. Þetta er gamalt þrætumál. Það versta við málið er að það hefur líka verið gamalt þrætumál á milli heilbrrn. og dómsmrn. Menn hafa ekki komið sér saman og það er mjög alvarlegur hlutur þegar um svo viðkvæma einstaklinga er að ræða. Ég hygg að málið liggi þannig að það eigi ekki að bíða eftir því að byggt verði ríkisfangelsi. Ég tel að málið liggi þannig að taka eigi um það ákvörðun að sú deild sem lagt var til í áliti ákveðinnar nefndar að koma á fót og hæstv. heilbrrh. vitnaði til áðan geti tekið til starfa hið fyrsta í sérstöku húsnæði sem yrði útvegað í þessu skyni. Það er ekki sæmandi lýðræðislegu mannúðarþjóðfélagi að koma þessum hlutum fyrir eins og gert hefur verið um árabil.

Ég vil benda hæstv. ráðherrum á að þegar ég fór með heilbrigðismál fór ég fram á það við landlækni og hæstv. þáv. dómsmrh., sem setti í málið fulltrúa sinn úr dómsmrn., að farið yrði yfir þetta mál og skilað um það sérstökum tillögum. Nefndin klofnaði. Landlæknir gerði tillögur sem ég tel að hafi verið mjög brúklegar. En ég tek það fram að þær tillögur voru að sumu leyti í blóra við yfirstjórn geðspítala ríkisins, sem hefur satt að segja ekki verið allt of lipur í þessum efnum.

Ég vil fyrir mitt leyti fagna því að málið er komið hér upp og ég hygg að ég geti talað fyrir hönd okkar þm. Alþb. þegar ég segi að við séum tilbúin til að hjálpa til við að á þessu máli verði tekið. Það mætti hugsa sér að gera það strax á fjárlögum ársins 1988 því að tíminn er naumur séð frá sjónarhorni þess fólks sem býr við óviðunandi aðstæður í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka báðum hæstv. ráðherrum svör þau sem ég hef fengið við þessari fsp. Sérstaklega fagna ég þeim orðum hæstv. dómsmrh. sem kynnti nýtt frv. um fangelsismál. Í fyrsta skipti heyrði ég hér í þingsölum menn gera greinarmun, skýran greinarmun, á sakhæfum mönnum og ósakhæfum. Ósakhæfur maður, hvort sem hann fremur afbrot eða ekki, er sjúklingur en ekki fangi, en maður sem fremur afbrot með fullu viti er sakhæfur. Ég er innilega sammála hæstv. dómsmrh. um mun á því að vista ósakhæfan mann og veita veikum fanga þjónustu. Þetta eru tvö ólík mál.

Ég þakka jafnframt orð hv. 7. þm. Reykv. og fyrrv. heilbrrh. og stuðning hans en í framhaldi af því sem hann sagði vil ég aðeins rifja upp að nefndin sem hann minntist á gerði margar góðar tillögur um úrbætur í heilbrigðismálum sem sumar hverjar hafa orðið að veruleika. Bráðageðheilbrigðisþjónustan í Reykjavík er m.a. hiklaust orðin til fyrir tilstilli þessarar nefndar. Þá unnu Ólafur Ólafsson landlæknir, Sigmundur Sigfússon geðlæknir og Jón Thors, deildarstjóri í dómsmrn., tillögur um lokaða sjúkrastofnun fyrir geðsjúka fanga á sínum tíma. Þessi vinna fór fram að beiðni þáv. hæstv. heilbrrh., Svavars Gestssonar, og þáv. hæstv. dómsmrh., Friðjóns Þórðarsonar. Þessar tillögur sáu dagsins ljós árið 1982 en með þær hefur því miður ekki mikið

verið gert. Þessar hugmyndir voru í þá veru að byggt yrði eða keypt húsnæði fyrir lokaða stofnun sem gæti vistað allt að 12 sjúklinga. Sem betur fer er hér ekki um að ræða fjölmennan hóp. Þar skyldu þeir vistaðir sem úrskurðaðir væru ósakhæfir og þar gengjust þeir undir viðeigandi meðferð.

Á sínum tíma, eins og ég gat um áður, heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að verja allt að 2 millj. kr. á árinu 1982 til athugunar og undirbúnings að stofnun slíkrar deildar en lítið hefur orðið úr framkvæmdum. Ég held að það sé því miður alveg rétt, og sorglegt að þurfa að segja frá því, að málið strandaði m.a. á ágreiningi milli heilbrigðisyfirvalda og dómsvalda. Ég vona að sá ágreiningur verði nú kveðinn í kútinn og einstakir valdamiklir embættismenn ekki látnir ráða því hvað Alþingi ákveður í þessum efnum.

Ég vil því skora á þá hæstv. heilbrrh. og dómsmrh. að taka höndum saman og skoða þessar umræddu tillögur að nýju og hrinda í framkvæmd þeim úrbótum sem hér eru nauðsynlegar.

Það er eins og ég sagði áðan sem betur fer ekki um fjölmennan hóp sjúklinga að ræða en ég held að fullyrða megi að hér sé tvímælalaust um þá að ræða sem allra manna mest þurfa á aðstoð okkar hinna að halda sem teljum okkur hafa fullt ráð og rænu. Meðferðin á þessu fólki eins og hún er í dag minnir mest á hinar myrku miðaldir. Ég held að mál sé komið til að við bætum úr því.

Ég þakka svo þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ekki dettur mér í hug að ætla að gera það að deilumáli eða ágreiningsefni hér og nú hvernig og hvar eigi að vista þetta fólk, sem svo hörmulega er ástatt um, það fólk sem við höfum verið að ræða um hér vegna þessarar fsp. hv. 13. þm. Reykv. Ég legg á það áherslu, eins og ég sagði reyndar í svari við fsp. áðan, að þetta eru viðkvæm og vandmeðfarin mál sem verður að reyna að ná sem allra bestri samstöðu um og ég treysti því og veit að það verður hægt að ná um það góðri samstöðu við hæstv. dómsmrh. Ég vænti þess einnig að við náum um það góðri samstöðu við hv. Alþingi og hv. alþm. að finna þessu máli farsælan farveg.

Ég ítreka að þau efnisatriði sem ég dró fram í svari mínu voru fyrst og fremst um staðreyndir og um þau lagaákvæði sem í dag eru í gildi og eins þá niðurstöðu þeirrar nefndar, sem starfaði á árinu 1981–1982 við það að leita úrlausna í þessu máli, að það bæri að undirbúa byggingu og rekstur geðdeildar við ríkisfangelsi, en ég dreg það ekkert frekar inn í umræðuna heldur lýsi yfir þeim vilja mínum að reyna að leita leiða að sem bestu samkomulagi til að leysa málið án þess að einhver hópur, sem síst á það skilið, lendi milli stóla í Stjórnarráðinu, eins og það var orðað áðan.

Það má reyndar nefna að því miður er það oftar sem slíkt gerist og bitnar þá venjulega á þeim sem síst eiga skilið. Við hæstv. félmrh. höfum t.d. verið að fjalla um það að undanförnu hvernig leysa megi mál fólks sem er mikið fatlað vegna sjúkdóma eða slysa. Þeirra vandamál eru mikil og þar virðist einnig vera um það að ræða að þessir sjúklingar geti lent á milli stóla, ef svo má taka til orða, vegna þess að það sé eitthvert vandamál hvernig eigi að skilgreina þeirra aðstæður. Það er auðvitað hörmulegt og ber að reyna að leita allra leiða til að losna við svoleiðis innbyrðis vandamál sem bitna á þeim sem síst skyldi.

Löggildingarstofa ríkisins, ein umr.

Fsp. JK, 164. mál. — Þskj. 178.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 178 flyt ég litla fsp. til dómsmrh. um þjónustu Löggildingarstofu ríkisins. Hún hljóðar einfaldlega þannig:

„Hvaða reglur gilda um ferðakostnað af þjónustu Löggildingarstofu ríkisins?“

Ég vil rekja með örfáum orðum ástæður þess að fsp. er flutt.

Löggildingarstofan er mikilvægt þjónustufyrirtæki. Eitt af verkefnum hennar er m.a. að sjá um viðhald og eftirlit á hafnavogum í eigu sveitarfélaga víða um land, en hafnavogir eru jafnnauðsynlegar og hafnirnar sjálfar. Það hefur verið kvartað mikið undan því hjá sveitarfélögum víða úti um land að ferðakostnaður vegna þessarar þjónustu sé himinhár. Þess vegna er spurt um hvaða reglur gildi um þennan kostnað þar sem það er líka kvartað undan því að þetta sé mjög mismunandi og sá kostnaður sé jafnvel enginn á suðvesturhorninu.

Ég hef undir höndum upplýsingar um að hjá einu litlu sveitarfélagi, sem þurfti að láta líta eftir hafnarvog sinni, voru vinnulaun vegna þessa eftirlits um 25 þús. kr., en þetta sveitarfélag þurfti að borga flugfargjald austur á land í þessu tilfelli og bílaleigubíl á staðinn og var sá kostnaður meiri en sá sem til féll vegna verksins sjálfs. Þess vegna er spurt hvaða reglur gildi um þennan kostnað, hvernig honum sé jafnað niður á þá aðila sem Löggildingarstofan hefur þjónustu fyrir, en þetta er ríkisfyrirtæki sem veitir þjónustu sem skylt er að veita skv. lögum.

Þetta er vissulega ekki stórmál og hér er ekki um miklar fjárhæðir að ræða e.t.v. á þann mælikvarða sem við erum að tala um þessa dagana í fjárlögum og öðrum lögum sem væntanlega eru til umfjöllunar hér, en eigi að síður er þetta lítið dæmi um aðstöðumun sveitarfélaga sem skapast af því að þjónustustofnanir ríkisins er staðsettar hér á þessu landshorni. Þess vegna hef ég flutt þetta mál inn í hv. Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Austurl. beinir til mín fsp. um þær reglur sem gildi við kröfu ferðakostnaðar fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar.

Eins og kunnugt er hefur Löggildingarstofan með höndum prófanir, löggildingar og eftirlit með vogum í öllu landinu. Til þess að hægt sé að framkvæma slíkt eftirlit eru skipulagðar eftirlitsferðir í alla landshluta. Landinu er skipt í ákveðin svæði þar sem reglubundið eftirlit er framkvæmt við frystihús, fiskverkun, sláturhús, öll iðnfyrirtæki, verslanir, mjólkurbú, mjólkurmæla í tankbílum hjá mjólkursamlögunum, rennslismæla og söludælur fyrir olíur og bensín.

Það er auðvitað ekki hægt að samræma skoðunarferðirnar í öllum tilfellum vegna eðlis verkefnanna þar sem um er að ræða mismunandi prófunartæki í hverju dæmi. Stofnunin sendir tvo tæknimenn í hverja ferð og hún á tvær sérstaklega útbúnar bifreiðar sem notaðar eru við skoðanir. Þær eru svo með ýmsum búnaði, dælubúnaði fyrir vökvana, lyftikrana o.fl. Frá vori til hausts eru fjórir tækni- og eftirlitsmenn í þessum ferðum fyrir utan höfuðborgarsvæðið, en vetrartíminn er notaður til eftirlits á suðvesturhorninu. Að lokinni hverri ferð er gert uppgjör yfir ferðakostnaðinn og honum síðan skipt niður á fyrirtækin, sem notið hafa þjónustu tæknimannanna, eftir fjölda voga og mæla sem skoðuð hafa verið og löggilt í ferðinni. Þetta er allt byggt á gjaldskrá stofnunarinnar en þar segir að við löggildingu, ef hún er ekki framkvæmd á löggildingarstofunni, eigi að reikna auk löggildingargjalds kaupgjald fyrir starfsmenn, ferðakostnað þeirra, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingu. Þetta er skv. auglýsingu um gjaldskrá sem síðast var gefin út í ársbyrjun 1987.

Dæmið sem hv. 3. þm. Austurl. nefnir, hafnarvogirnar, er auðvitað sérstakt viðfangsefni. Til þess að hægt sé að prófa hafnarvogir og bílvogir þarf 10 tonna lóð. Þessar vogir eru prófaðar og löggiltar annað hvert ár og þá er landinu skipt í tvö ferðasvæði, Vestur- og Norðurland saman og Suður- og Austurland saman. Sú regla gildir um hafnarvogirnar að kostnurinn er reiknaður saman í lok ferðar, en síðan er heildarkostnaðinum við hvert ferðalag deilt jafnt niður á fjölda voganna. Auðvitað getur þetta komið misjafnlega út og það er hugsanlegt að dæmið sem hv. þm. nefndi hafi á einhvern hátt verið óvenjulegt. Um það skal ég ekki segja. Hér er einfaldlega um að ræða ferðakostnað starfsmannanna, vinnu þeirra og akstur. Sjálf löggildingar- og eftirlitsgjöldin eru hins vegar greidd eftir gjaldskránni miðað við stærðina á hverri vigt.

Það kemur fyrir að Löggildingarstofan taki á sig hluta af ferðakostnaðinum þegar kostnaðurinn lendir á mjög fáum aðilum, þ.e. ef menn eru kallaðir út í sérstakar ferðir vegna bilana sem orðið hafa, en auðvitað hefur Löggildingarstofan mjög takmarkaða fjárhagsgetu til að standa undir slíkum kostnaði. Hún hefur reyndar í vaxandi mæli verið rekin fyrir sínar eigin tekjur. Það er rétt að láta þess getið hér að á næsta ári er henni ætlað að standa að fullu undir kostnaði með þeim tekjum sem hún aflar sér sjálf með eftirlits- og löggildingargjöldum auk endurkröfu á útlögðum kostnaði.

Ég vona, hæstv. forseti, að þetta svari þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Austurl. bar fram.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Mér datt í hug að gera örstutta athugasemd í framhaldi af því sem hæstv. dómsmrh. sagði í lok ræðu sinnar, að á komandi ári og með samþykkt þeirra fjárlaga sem nú er verið að fjalla um á hv. Alþingi er þeirri stofnun sem hér um ræðir ætlað — nú hef ég vissan áhuga fyrir því að hv. fyrirspyrjandi fylgist aðeins með umræðunni — að standa undir öllum kostnaði við rekstur sinn. Hvað þýðir það? Hvað mun það auka þann mismun sem hv. fyrirspyrjandi var að benda á að væri í tengslum við þær stofnanir sem staðsettar eru hér á suðvesturhorninu til að þjóna landsbyggðinni? Það er rétt að ég lesi það sem segir í fjárlagafrv. um Löggildingarstofuna og við hvað hún skuli búa á næsta ári:

„Sú breyting verður á högum stofnunarinnar að henni er gert að standa undir rekstrargjöldum með tekjum af starfseminni. Til þess þurfa tekjurnar að hækka um 77% eða úr 6 millj. í rúmar 11 millj. og eru það áætluð gjöld stofnunarinnar. Þau voru 8 millj. 560 þús. kr. á fjárlögum 1987 og hækka því um 37%."

Það sem hér er verið að leggja til og það sem hv. fyrirspyrjandi mun sjálfsagt samþykkja eftir stuttan tíma er að kostnaður þeirra sem þurfa á þjónustu þessa fyrirtækis að halda muni aukast um 77%. Það sem verið er að kvarta undan og benda réttilega á nú rétt fyrir samþykkt fjárlaga verður miklu kostnaðarmeira eftir að búið er að samþykkja þau fjárlög sem nú eru til umfjöllunar.

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör við fsp. minni. Vonandi verður rekstri Löggildingarstofu ríkisins þannig háttað að þessum ferðakostnaði, sem um var talað, verði jafnað út á verk og fullkomin hagræðing verði höfð í hennar verkum. Ef dæmið, sem ég nefndi í inngangsorðum, er óvenjulegt, þá er það vel og þá er væntanlega auðvelt að laga hlutina. Ég vil leggja áherslu á að það verði gert og þess verði gætt að þessi kostnaður komi sem jafnast niður og hef ég í sjálfu sér ekkert annað en gott um þá svæðaskiptingu að segja sem kom fram í svari við fsp. að ríkir hjá Löggildingarstofunni.

Hv. 4. þm. Vesturl. vék að taxta Löggildingarstofunnar almennt og að henni sé ætlað að standa undir rekstrarkostnaði sínum með hækkandi töxtum. Það eru í sjálfu sér e.t.v. tilfinnanleg útgjöld, en þó vil ég ekki leggja dóm á hvort taxtarnir eru á eftir tímanum eða hvort þeir eru eðlilegir miðað við núgildandi verðlag. Það var í sjálfu sér ekki efni fsp. minnar. Ég spurði aðeins um mismuninn á þeim ferðakostnaði

sem um ræðir. Ég veit ekki hvort það er satt að segja rétt stefna að ríkið sé að niðurgreiða sjálft verkið við stillingu á verslunaráhöldum og fleiru og hafnarvogum líka. Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt stefna og ætlaðist ekki til þess. En ég vil að þessi aukakostnaður komi réttlátt niður. Það var það sem var mergurinn málsins í því máli sem ég var að flytja.

Hitt er annað mál, sem menn geta deilt um endalaust og er reyndar miklu stærra mál en það sem fsp. gefur tilefni til, hvort ríkisfyrirtæki eigi að vera með taxta og selja út sína þjónustu eða hvort þeirra þjónusta á að vera niðurgreidd. Það er hægt að ræða það undir öðrum dagskrárliðum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég sagði áðan. Ég vildi ítreka að vegna fsp. hv. 3. þm. Austurl. mun ég kanna betur hvernig ferðakostnaði og öðrum kostnaði en löggildingarkostnaðinum sjálfum er jafnað niður á verkin og mun senda honum greinargerð um það og öðrum sem áhuga kynnu að hafa.

Út af orðum hv. 4. þm. Vesturl. um að á næsta ári verði Löggildingarstofan að fullu rekin fyrir þær tekjur sem hún aflar sér sjálf með eftirlits- og löggildingargjöldum, auk þess sem hún endurheimtir útlagðan kostnað, vildi ég benda á það ósköp einfaldlega að það eitt að breyta formi á rekstri í þetta lag hækkar ekki þennan kostnað í heild, eins og hv. 4. þm. Vesturl. hélt fram. Kostnaðurinn verður hinn sami, eða líklega minni, vegna þess að það verður þá frekar að þessu haldið því að þá þarf löggildingarstofan sjálf að standa undir þessu að fullu. Það sem breytist er hver borgar kostnaðinn. Þetta er venjulegur kostnaður við atvinnurekstur sem eðlilegt er að menn borgi hver um sig nákvæmlega eins og fyrir bílaviðgerðir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánssn):

Hv. 4. þm. Vesturl. hefur kvatt sér hljóðs, en honum leyfist ekki að gera nema einu sinni athugasemd. Það er ófrávíkjanlegt og það verða menn að skilja. Og ég veit að þessi ágæti þm. skilur það. Öllum umræðum, hvort sem það er um fsp. eða annað, verður alltaf að ljúka og það getur alltaf verið að einhver þm. vilji gjarnan geta haldið áfram umræðum.

Atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna, ein umr.

Fsp. KE og DS, 169. mál. — Þskj. 183.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Á sl. árum hefur fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi vaxið ört og er áætlað að á þessu ári séu þeir um 130 þús. Ef reiknað er með svipaðri aukningu næstu ár og undanfarin ár verður fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi árið 1992 um það bil 260 þús. eða svipaður og íbúafjöldi landsins.

Stærsti hluti þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma ferðast í hópum skipulögðum af innlendum eða erlendum ferðaskrifstofum. Í fylgd með þessum hópum eru leiðsögumenn sem hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna. Hlutverk leiðsögumanna er ekki eingöngu að vera til þjónustu við ferðamenn heldur er starf þeirra ekki síður mikilvægt varðandi náttúruvernd og umgengni við landið. Það er því mjög mikilvægt að þeir leiðsögumenn sem fara með hópa um landið hafi þekkingu á þeim lögum og reglum sem hér gilda.

Það hefur færst í vöxt undanfarið að með erlendum ferðahópum starfi eingöngu erlent starfsfólk, þar með taldir leiðsögumenn. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af slíkri þróun og vara við þeirri þróun að ferðaþjónustunni verði stýrt erlendis frá með erlendu vinnuafli.

Sjötta náttúruverndarþing 1987 sá ástæðu til að lýsa undrun sinni og óánægju með hve slælega lögum nr. 26 frá 1982, um atvinnuréttindi útlendinga, væri framfylgt, en þar stendur í 3. gr., með leyfi forseta:

„Félmrh. veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða eða aðra kunnáttumenn sem ekki verða fengnir innan lands eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl sem ekki er fáanlegt innan lands."

Jafnframt hefur Náttúruverndarþing margoft ályktað um nauðsyn íslenskra leiðsögumanna með erlendum ferðahópum um landið. Vegna þess að einhver misbrestur virðist hafa orðið á veitingu atvinnuleyfa fyrir erlenda leiðsögumenn sem starfa hér á landi og hve mikilvægt við teljum að haldið sé vel á þessum málum höfum við hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir leyft okkur að spyrja hæstv. félmrh. eftirfarandi spurninga sem eru á þskj. 183:

„1. Hvernig er háttað framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga að því er varðar atvinnuleyfi fyrir erlenda leiðsögumenn á Íslandi?

2. Hvernig er gengið úr skugga um að erlendir leiðsögumenn, sem hér starfa, þekki lög og reglur sem gilda um umgengni við landið?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint á þskj. 183 fsp. um atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna á Íslandi sem er í tveim töluliðum. Varðandi 1. tölul. fsp. vil ég taka fram eftirfarandi:

Framkvæmd laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, er að sjálfsögðu sú hin sama gagnvart erlendum leiðsögumönnum og viðhöfð er í sambandi við aðra útlendinga sem þurfa atvinnuleyfi hér á landi eftir því sem við getur átt. Á gildistíma laganna, þ.e. frá miðju ári 1982 til loka októbermánaðar sl., hefur ráðuneytið alls veitt 18 atvinnuleyfi

vegna erlendra leiðsögumanna eða að meðaltali fjögur á ári. Umrædd atvinnuleyfi hafa verið veitt innlendum aðilum sem ýmist efna til hópferða fyrir erlenda ferðamenn á eigin vegum og kjósa af einhverjum ástæðum að nota erlenda leiðsögumenn eða eru umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa sem efna til hópferða hingað til lands.

Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki hverju nafni sem það nefnist, óheimilt að taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan eða skamman tíma, án leyfis félmrh. Augljós tilgangur laganna er sá að koma í veg fyrir að einstaklingar, félög eða stofnanir starfandi hér á landi ráði í sína þjónustu útlendinga án leyfis stjórnvalda.

Skv. 9. gr. umræddra laga getur félmrh. veitt útlendingi leyfi til að starfa sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki, þ.e. svonefnt atvinnurekstrarleyfi, og er útlendingur, sem slíkt leyfi fær, að sjálfsögðu bundinn af ákvæði laganna hvað snertir ráðningu útlendinga í sína þjónustu. Sé starfsemin rekin samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annars stjórnvalds þarf leyfi félmrh. ekki að koma til.

Það sem hér hefur verið rakið gildir um útlendinga, þ.e. einstaklinga sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt. Um réttindi lögaðila til atvinnustarfsemi hér á landi fer hins vegar eftir lögum um einstakar atvinnugreinar og félagalögum, einkum hlutafélagalögum, sem ekki heyra undir félmrn. að öðru leyti en því að ráðuneytið hefur talið sér skylt að veita lögaðila, sem fengið hefur leyfi annars stjórnvalds til starfsemi sinnar, atvinnuleyfi fyrir útlendinga með sama hætti og sömu skilmálum sem innlendum aðilum.

Eins og fram kom í máli mínu um veitt atvinnuleyfi vegna erlendra leiðsögumanna hafa flest leyfin verið veitt innlendum ferðaskrifstofum eða innlendum umboðsmönnum erlendra ferðaskrifstofa. Nokkur brögð eru talin vera að því að erlendar ferðaskrifstofur efni til hópferða hingað án samstarfs við innlendar skrifstofur né umboðsmenn. Þessar erlendu ferðaskrifstofur koma með eigin leiðsögumenn, en kaupa hér þjónustu af hótelum og flutningsfyrirtækjum. Reynt hefur verið að leita lausnar á þessu vandamáli í samvinnu félmrn. og samgrn. sem fer með ferðamál. Í því skyni var m.a. haldinn fundur í félmrn. með fulltrúum frá Félagi leiðsögumanna þann 27. nóv. sl. þar sem það var sameiginleg niðurstaða að lagður hefði verið grundvöllur að lausn málsins.

Að lokum skal tekið fram að ljóst er að það er alls ekki á valdi félmrn. að veita lögaðilum atvinnurekstrarleyfi, sbr. 9. gr. laganna. Jafnljóst er að þurfi erlendar ferðaskrifstofur atvinnurekstrarleyfi og verði þeim veitt slík leyfi af þar til bærum stjórnvöldum verða þær að sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn sem þær kjósa að hafa í þjónustu sinni hér á landi, leiðsögumenn sem aðra.

Í 2. tölul. fsp. er spurt: Hvernig er gengið úr skugga um að erlendir leiðsögumenn, sem hér starfa, þekki lög og reglur sem gilda um umgengni við landið? Því er til að svara að þessi síðari hluti fsp. fjallar um efni sem ekki fellur undir verksvið félmrn. heldur samgrn. með vísan til laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Það varð mikil óheillaþróun í atvinnuréttindamálum íslenskra leiðsögumanna sl. sumar og lýsir í raun miklu skilningsleysi á eðli þessa mikilvæga og krefjandi starfs sem reyndar skiptir sköpum um þá mynd sem erlendir gestir okkar fá af landinu. Í flestum nærliggjandi löndum eru reglur um að jafnvel þó að erlendar ferðaskrifstofur komi með hópa inn í landið skal einn innfæddur leiðsögumaður vera með í ferðinni.

Frumforsenda þess að þessi atvinnugrein blómstri er að vel sé að henni búið á öllum sviðum og að til starfa veljist ætíð hæfasta fólkið. Félag leiðsögumanna hefur um árabil staðið fyrir öflugri fræðslustarfsemi því til fárra eru gerðar aðrar eins kröfur um þekkingu á öllu milli himins og jarðar, þekkingu sem útlendingar hafa alls enga möguleika til að afla sér.

Herra forseti. Ferðaþjónustan er atvinnugrein sem við bindum miklar vonir við og treystum að færi þjóðinni síauknar gjaldeyristekjur og mörgum atvinnu á næstu árum. Að gefnu tilefni vil ég því minna á að við verðum að standa að öllu leyti betur að uppbyggingu ferðaþjónustunnar með því t.d. að standa við lögbundin framlög til Ferðamálaráðs og velja ætíð hæfasta fólkið til starfa að ferðamálum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er hreyft afar mikilsverðu máli og ég þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir að koma því að á Alþingi. Hæstv. félmrh. hefur í svari sínu upplýst okkur um að lausn væri í sjónmáli, viðunandi að mati Félags leiðsögumanna m.a., en ráðherrann gat ekki um í hverju sú lausn væri fólgin og væri æskilegt ef ráðherrann gæti bætt úr því.

Einnig kom fram í svari ráðherrans að annað ráðuneyti, ráðuneyti samgöngumála, færi með lög um ferðamál og ætti að gera ákveðnar kröfur skv. þeim lögum. Ég tel að hér sannist það enn og aftur hve mikið skortir á eðlilega samræmingu varðandi náttúruverndarmál í landinu því að það er ekki síst sá þáttur sem skiptir hér máli.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft út af fyrir sig þörfu máli, en ég held að menn ættu að hugleiða hina hliðina. Hún er sú að stór hluti af íslenskum ferðamönnum er með íslenska leiðsögumenn erlendis. Þeir starfa gjarnan án þess að fá leyfi til að vera leiðsögumenn erlendis. Það leiðir af sjálfu sér að maður íhugar hvort það eigi að gilda tvenns konar reglur, eitt fyrir erlenda ferðamenn sem koma

hingað og annað fyrir Íslendinga sem ferðast erlendis. Ég veit til þess að það fara stórir hópar til útlanda og í flestum ef ekki öllum tilfellum fylgja þeim íslenskir leiðsögumenn. Það má spyrja sem svo: Vilja menn að Íslendingar hafi ekki með sér innlenda leiðsögumenn? Þetta er ekki síður innlegg í þetta mál en spurningin um hvort útlendingar eigi að fá að vera leiðsögumenn hér.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og vona að það verði þá breytingar til batnaðar um veitingu atvinnuleyfa fyrir erlenda leiðsögumenn hér á landi og það sé tekið vel eftir því ákvæði laganna að starfsmenn séu ekki fengnir utan lands frá ef hægt er að fá menn til starfsins innan lands. Svo furðulegt sem það kann að vera virðist ekki hafa verið ljóst frá hendi félmrn. hvort erlendu leiðsögumennirnir sem hér starfa þurfi atvinnuleyfi eða ekki. Ég sjálf tel engan vafa leika á því og vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort hún telji nokkra leið að túlka ákvæði laganna um atvinnuréttindi útlendinga á þann veg að erlendir leiðsögumenn þurfi ekki atvinnuleyfi hér á landi. Þá finnst mér skipta öllu máli að ef ferðaskrifstofurnar hafa ekki atvinnurekstrarleyfi, sem getur vel verið að sé, sé alveg ótvírætt að allir leiðsögumenn sem hér starfa þurfi atvinnuleyfi, óháð því hvort þessar ferðaskrifstofur hafi sótt um atvinnurekstrarleyfi eða ekki. Það er tvöfalt lögbrot ef um það er að ræða. Mér finnst að það verði að vera alveg ljóst til þess að Ferðamálaráð, sem er undir samgrn., geti framfylgt ákvæði reglugerðar nr. 175 frá 1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Reglugerðin gerir m.a. ráð fyrir að Ferðamálaráð gangi úr skugga um að erlendir leiðsögumenn hafi tilskilin atvinnuleyfi á Íslandi. Það er því nauðsynlegt að þetta atriði sé mjög skýrt af hálfu félmrn.

Við verðum að taka öll mál varðandi ferðaþjónustuna mjög föstum tökum. Varðandi leiðsögumenn sem fara með hópa um landið tel ég raunar nauðsynlegt að í hverjum hópi sé skylt að séu íslenskir leiðsögumenn eða leiðsögumenn sem hafa fengið menntun hér á landi því við megum alls ekki missa alla stjórn á þessum málum í hendur erlendra hagsmunaaðila. Það er mjög hæpið að þeir muni setja náttúruvernd á oddinn eins og Íslendingar ættu að gera.

Og aðeins vegna orða hv. 11. þm. Reykn. Þær reglur eru mjög víða erlendis að skylt sé að hafa leiðsögumenn frá viðkomandi landi þó að leyft sé að hafa erlenda leiðsögumenn með hópunum. Það gildir í flestum tilfellum á þeim stöðum þar sem Íslendingar eru. En mér finnst það ekki breyta nokkru hvaða reglur gilda annars staðar. Við þurfum að gæta þess að reglurnar hér á landi séu þannig að við séum ánægð með þær.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég skal reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í þessu máli. Það er alveg ljóst af þeirri fsp. sem hér er fram borin að Félag leiðsögumanna hefur ekki verið ánægt með framkvæmdina í þessu máli og það var einmitt ástæðan til þess að ég kallaði til fundar með forustumönnum leiðsögumanna til að reyna að finna lausn á þessu máli. Það er alveg ljóst að það er samgrn. eða Ferðamálaráðs að beita ákvæðum reglugerðar nr. 175/1983, en það er forsenda þess að hægt sé að beita ákvæðum um atvinnuréttindi útlendinga gagnvart erlendum ferðaskrifstofum eða lögaðilum. Á þeim fundi sem haldinn var með fulltrúum frá leiðsögumönnum var þetta einmitt áréttað af félmrn. Á því var sameiginlegur skilningur að það sem fyrst og fremst á skorti til að koma þessum málum í viðunandi horf væri að framkvæmd yrðu ákvæði reglugerðar um eftirlit með skipulegum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni, en sú reglugerð snýr að samgrn.

Hv. fyrirspyrjandi hefur lagt fram aðra fsp. til hæstv. samgrh., sem mér skilst að verði ekki svarað í dag, en að fengnum þeim svörum mundi ég telja að það skýrði verulega málið fyrir hv. fyrirspyrjanda. Á þessum fundi, sem haldinn var með leiðsögumönnum, kom einmitt fram að erlendar ferðaskrifstofur, sem hlotið hafa starfsleyfi hjá Ferðamálaráði og vilja nota erlenda leiðsögumenn, verða að fá þá samþykkta af Ferðamálaráði eins og ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 83, sem ég vitnaði til, kveður á um og að því uppfylltu sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda leiðsögumenn. Þessi sameiginlega túlkun var skýrð fyrir samgrn., sem er á sama máli, og er mér kunnugt um að hæstv. samgrh. ritaði Félagi leiðsögumanna þar sem fram kemur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Að höfðu samráði við ferðamálastjóra vill ráðuneytið hér með staðfesta að það ásamt Ferðamálaráði mun eftir því sem unnt er framfylgja þeim ákvæðum reglugerðarinnar sem snerta störf erlendra leiðsögumana hér á landi og undir þessa aðila heyra."

Það er alveg ljóst, og um það eru aðilar, sem um þetta mál hafa fjallað, sammála, að sé þessum ákvæðum reglugerðarinnar fylgt, sem ég vitnaði til, mundi þetta mál sjálfkrafa leysast vegna þess að ef væri sótt um þessi tilskildu leyfi fyrir ferðaskrifstofurnar þyrfti vitaskuld að sækja einnig um atvinnuleyfi fyrir leiðsögumennina.

Ég vænti þess að þetta hafi svarað þeirri fsp. sem til mín var beint í þessu efni.

Landshlutaútvarp Ríkisútvarpsins, ein umr.

Fsp. DS, 171. mál. — Þskj. 185.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Í 16. gr. laga um Ríkisútvarpið frá 1985 segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins."

Nú þegar hafa tveir landshlutar sitt eigið svæðisútvarp og því hef ég leyft mér á þskj. 185 að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvenær má vænta þess að búið verði að setja á stofn útibú frá Ríkisútvarpinu í þeim landshlutum sem enn hafa ekki sitt eigið landshlutaútvarp?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur beint til mín eftirfarandi fsp.: „Hvenær má vænta þess að búið verði að setja á stofn útibú frá Ríkisútvarpinu í þeim landshlutum sem enn hafa ekki sitt eigið landshlutaútvarp?"

Ég vísaði fsp. þessari til útvarpsstjóra og vil nú lesa upp svar hans um þetta mál:

„Í útvarpslögum nr. 68/1985 segir svo í 16. gr. um landshlutaútvarp á vegum Ríkisútvarpsins:

„Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins."

Þegar í ársbyrjun 1985 voru hafnar tilraunasendingar í svæðisútvarpi til Eyjafjarðabyggða og næsta nágrennis á vegum Ríkisútvarpsins á Akureyri. Þessi starfsemi hefur gefið góða raun, mælst mjög vel fyrir meðal notenda og er útvarpað tvisvar á dag á dreifikerfi Rásar 2, 30 mínútur að morgni og ein klukkustund síðdegis virka daga, en nokkru lengur síðdegis á laugardögum og á sunnudagsmorgnum.

Ríkisútvarpið á Akureyri hefur frá því 1982, er reglubundin starfsemi var hafin nyrðra, lagt drjúgan skerf af mörkum til dagskrárgerðar fyrir Ríkisútvarpið í heild og mun halda því áfram. Hjá Ríkisútvarpinu á Akureyri eru níu starfsmenn.

Árið 1985 var hafinn undirbúningur að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar á Egilsstöðum, leigt húsnæði fyrir hana og ráðinn starfsmaður til dagskrárgerðar og fréttaöflunar á Austurlandi. Útsendingar í svæðisútvarpi fyrir Austurland hófust hinn 19. nóv. sl. og eru fyrst um sinn 30 míntur tvo daga í viku. Sent er út á dreifikerfi Rásar 2.

Árið 1986 var starfsmaður ráðinn til dagskrárgerðar og fréttaöflunar á Vestfjörðum með aðsetri á Ísafirði og húsnæði tekið á leigu. Unnið hefur verið að því að afla nauðsynlegustu tækja til dagskrárgerðar vestra. Hjá Ríkisútvarpinu er ráð fyrir því gert að svæðisútvarp fyrir Vestfirði verði næst á verkefnaskrá þó að tímasetningar séu óráðnar vegna mikillar óvissu um fjárhagsstöðu stofnunarinnar í næstu framtíð. Af þeim sökum eru heldur engar áætlanir uppi um uppbyggingu svæðisútvarps í öðrum landshlutum. Áhersla verður hins vegar lögð á að fá framlag úr öllum landshlutum í aðaldagskrá Ríkisútvarpsins, einkanlega á Rás 1, og annast lausráðið dagskrárgerðarfólk þá þáttagerð.

Sú stefna hefur verið mörkuð að dreifikerfi Rásar 2 verði notað til svæðisbundinnar útsendingar á jafnlangri dagskrá og á sömu tímum dagsins í öllum landshlutum. Allverulega breytingu þarf að gera á núverandi dreifikerfi til að markmiðum svæðisútvarps sé náð miðað við kjördæmaskipun í landinu. Skipulag dreifikerfisins hefur mótast af hagkvæmustu tæknilegum úrlausnum en ekki félagslegri samstöðu íbúanna í kjördæmum eða landsfjórðungum."

Undir þetta ritar Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri og hef ég engu við þetta svar hans að bæta.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör hans og fagna því að það skuli vera í bígerð að efla þessa starfsemi úti á landsbyggðinni. Það kom reyndar fram að það á að senda út eftir dreifikerfi Rásar 2, en fyrr í haust kom fram í fsp. sem ég bar fram að það eru ekki nærri nógu margir sem ná þeim útsendingum. Það eru um 2000 notendur um landið, einkanlega þá úti á landi, t.d. bæði á Norðurlandi eystra og í Dalasýslu. Þar verður vonandi ráðin bót á. En með því að færa starfsemi Ríkisútvarpsins að hluta til út fyrir borgarmörkin er þessi mikilvægi menningar- og fréttamiðill okkar kominn nær íbúum landsbyggðarinnar. Með stofnun landshlutaútvarps er öruggt að Ríkisútvarpið mun ná betur þeim markmiðum sínum sem um er getið í 15. gr. núgildandi laga, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Útvarpsefnið skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma."

Þá er í lögunum einnig ákvæði um að Ríkisútvarpið skuli halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana og það er öruggt að með því að færa útvarpið nær fólkinu má betur ná fram þessum markmiðum.

Kvennalistinn lagði á síðasta kjörtímabili fram frv. til útvarpslaga. Í því var gert ráð fyrir að stórefla og styrkja stöðu Ríkisútvarpsins og tryggja því einkarétt til útsendinga. Mikilvægan lið í því töldum við vera að setja upp svæðisbundnar stöðvar og sérstaka notendarás. Hvað svo sem fólki finnst nú um frjálsa fjölmiðlun verður æ ljósara að full þörf var á að styrkja Ríkisútvarpið áður en flóðbylgja frelsisins reið yfir. Það er áhyggjuefni hve illa gengur að afla fjár til reksturs Ríkisútvarpsins þannig að það geti sinnt hinu mikilvæga hlutverki sínu. Frændur okkar í nágrannalöndunum voru forsjálli en við og stóðu vel að uppbyggingu ríkisfjölmiðlanna áður en frjálsar stöðvar voru leyfðar.

Í DV 2. des. sl. kemur fram að fjármálastjóri Ríkisútvarpsins telur reksturinn þungan meðan forsvarsmenn annarra stöðva láta vel af sínum. Það veldur því áhyggjum að nú skuli fyrirhugað að skerða markaða tekjustofna Ríkisútvarpsins. Ekkert getur komið í stað Ríkisútvarps okkar sem menning-

ar- og fréttamiðils allra landsmanna. Í svæðisbundnum stöðvum er hægt að fjalla um staðbundin mál og miðla ákveðnum upplýsingum til íbúa á einstökum svæðum, auk þess sem þeir eiga meiri möguleika á að leggja fram sitthvað til dagskrárgerðarinnar. Því vil ég vona að áfram verði haldið mjög ötullega við þessa uppbyggingu og einskis látið ófreistað til að gera veg Ríkisútvarpsins sem mestan.

Fræðsluútvarp Ríkisútvarpsins, ein umr.

Fsp. DS, 172. mál. — Þskj. 186.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Í lögum um Ríkisútvarp nr. 68/1985 segir í 16. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé í fjárlögum."

Í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir og til stendur að afgreiða fyrir áramót kemur hvergi fram markaður tekjustofn til Ríkisútvarpsins til að reka fræðsluútvarp. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 186: „Hvaða áætlanir eru um starfrækslu fræðsluútvarps Ríkisútvarpsins í samvinnu við fræðsluyfirvöld?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur beint til mín eftirfarandi fsp.: „Hvaða áætlanir eru um starfrækslu fræðsluútvarps Ríkisútvarpsins í samvinnu við fræðsluyfirvöld?"

Því er til að svara að ég óskaði eftir því að fá frá útvarpsstjóra umsögn um þessa fsp. og frá honum hefur borist svofellt svar:

„Í útvarpslögum nr. 68/1985 segir svo í 16. gr.:

„Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútvarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum."

Fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson skipaði í febrúar 1986 nefnd til að kanna hvort hagkvæmt væri að hefja fjarkennslu hér á landi og ef svo væri, með hvaða hætti. Nefndin skilaði áliti sínu í febrúar 1987 og lagði til í fyrsta lagi að skipuð yrði framkvæmdanefnd til þess að koma á skipulegri fjarkennslu hér á landi. Í öðru lagi var nefndin sammála um að tímabært væri og æskilegt að hefja fjarkennslu hér á landi á eftirfarandi sviðum:

a. Kennaramenntun. Hér yrði um að ræða endurmenntun fyrir grunn- og framhaldsskólakennara og réttindanám kennara í samvinnu við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla.

b. Móðurmálskennslu fyrir almenning.

c. Fræðslu um tölvur fyrir almenning.

d. Fræðslu um vinnslu og meðferð sjávarafla.

Framkvæmdanefnd um fjarkennslu var skipuð í júní 1987. Í bréfi formanns nefndarinnar, Jóns Torfa Jónassonar lektors, til undirritaðs dags. 13. okt. segir m.a.:

„Fjölmargir aðilar hafa hugmyndir um nýtingu útvarps og þá einkum sjónvarps til fjarkennslu og sumir þeirra hafa þegar tiltækt efni sem hentar til sýningar í sjónvarpi í tengslum við kennslu. Aðrir hafa slíkt efni á prjónunum eða hafa fullan hug á að gera slíkt ef ljóst er að farvegur er fyrir efni. Meðal þessara aðila eru Námsgagnastofnun, Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands og Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Ástæða er til að ætla að margir fleiri kæmu til sögunnar ef hægt væri að opna tiltölulega greiða leið fyrir myndefni. Sem dæmi má nefna hugmyndir um fjarkennslu í íslensku á framhaldsskólastigi, kennslu í stærðfræði á sama stigi og kerfisbundna tölvufræðslu sem yrði einnig tengd framhaldsskólunum."

Í bréfi Jóns Torfa Jónassonar lektors segir enn fremur:

„Nefndin telur eftirsóknarvert að menntastofnanir fái aðgang að sjónvarpi en þó einkum sjónvarpi til útsendinga utan þess útsendingartíma sem nú er notaður, t.d. 2–4 tíma á viku frá næsta vori. Nefndin óskar eftir afstöðu Ríkisútvarpsins til þessarar hugmyndar og óskar jafnframt eftir viðræðum um það með hvaða hætti mætti skipuleggja samstarf um fjarkennslu í útvarpi og hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla svo að af því gæti orðið."

Á fundi útvarpsráðs hinn 30. okt. sl. var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Útvarpsráð fagnar því að undirbúningur að fjarkennslu er hafinn og lýsir sig reiðubúið til viðræðna um með hvaða hætti best verði að henni staðið, m.a. með hliðsjón af þeirri greinargerð um fræðsluútvarp sem Ríkisútvarpið hefur þegar látið vinna um þessi mál í samræmi við ákvæði útvarpslaga. Útvarpsráð vill jafnframt vekja athygli á að í útvarpslögum er tekið fram að til starfrækslu fræðsluútvarps skuli koma sérstakar fjárveitingar af hálfu Alþingis þannig að fjármagn til almennrar dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins skerðist ekki."

Ríkisútvarpið er reiðubúið til samstarfs við framkvæmdanefnd um fjarkennslu, en af hálfu stofnunarinnar er talið henta að nýta útsendingartíma í dreifikerfi Rásar 2 að kvöldlagi eða að degi til um helgar og í sjónvarpinu eru miklir möguleikar til nýtingar dreifikerfisins utan venjulegrar dagskrárútsendingar.

Að endingu skal áréttað ákvæði útvarpslaga þar sem kveðið er á um sérstaka fjárveitingu á fjárlögum til fræðsluútvarps og telur Ríkisútvarpið útilokað að bæta á sig þjónustu vegna fræðsluútvarpsreksturs öðruvísi en að því verði ætlað sérstakt viðbótarfjármagn til að standa undir þessum kostnaði."

Undir þetta bréf til mín ritar Markús Örn Antonsson sem hann samdi, eins og ég gat um, í tilefni af þessari fsp.

Við svar útvarpsstjóra er því að bæta að í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir 6 millj. 335 þús.

kr. fjárveitingu til fjarkennslu og er sá liður settur undir Háskóla Íslands þar sem fjarkennslunefndin hefur starfað á hans vegum, en það hefur skýrt verið tekið fram að þessi fjárveiting er til fjarkennslu og getur farið til stofnana sem slíka fjarkennslu munu annast, þar á meðal til Ríkisútvarpsins.

Ég hef fylgst með starfi framkvæmdanefndar um fjarkennslu og látið í ljós vissar óskir um forgangsröðun verkefna. Sjálfur hef ég áhuga á að kennsla í íslensku eða móðurmálskennsla hafi forgang. Ég tel að grundvöllur sé fyrir því, ef fjárlagafrv. nær fram að ganga með þessum lið, að hefja fjarkennslu þegar á næsta hausti og að því verður unnið.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og ég lýsi ánægju minni yfir því að unnið skuli vera að þessu máli, en eins og menn vita er enn mikill munur á aðstöðu fólks til að leita sér hvers kyns menntunar af hinum ýmsu ástæðum, svo sem vegna búsetu, efnahags, atvinnuþátttöku, fötlunar eða jafnvel kynferðis.

Fræðsla í gegnum fjölmiðla væri til mikilla bóta til að koma til móts við menntunarþörf þeirra sem af ofangreindum ástæðum geta ekki sótt menntun sína til hins hefðbundna skólakerfis.

Sl. vor gerðu stjórnendur Fjölbrautaskóla Vesturlands könnun á áhuga fólks í landshlutanum á að stunda nám með aðstoð fjarkennslu. Könnunin gaf ótvíræða vísbendingu um töluverðan áhuga og af 66 sem svöruðu voru 41 kona. En það sýnir sig, eins og svo oft áður, að konur sem búa í dreifbýli hafa margar hverjar haft ákaflega takmarkaða möguleika til að afla sér menntunar. Könnun þessi bauð aðeins upp á byrjunarnám í einstökum greinum og segir því ekkert um þá sem hafa einhvers konar framhaldsnám að baki og kynnu að hafa áhuga fyrir að halda því áfram. Þá bauð könnunin heldur ekki upp á val á námi til ákveðinna réttinda eða loka á tilteknum námsbrautum. Ef þetta tvennt er haft í huga svo og að í þessu tilfelli var einungis boðið upp á námsgreinar sem nú eru kenndar innan okkar hefðbundna skólakerfis. Væntanlega spannaði námsframboð fræðsluútvarps yfir mun stærra svið og mundi sinna menntunarþörf mun stærri hóps en þess sem hefur notið skólagöngu innan skólakerfisins.

Á síðasta kjörtímabili flutti hv. varaþingkona Kvennalistans Guðrún J. Halldórsdóttir frv. til l. um fjarnám ríkisins. Hugmynd hennar var ákaflega vel tekið og nú þegar munu vera hafnar tilraunir með fjarkennslu, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

Í grg. með frv. segir Guðrún Halldórsdóttir m.a., með leyfi forseta:

„Hverri þjóð sem vill kenna sig við menningu og framfarir er þörf á að halda uppi fjölbreyttri fræðslu fyrir þegna sína."

Það kom fram í svari hæstv. menntmrh. að á fjárlögum næsta árs væru ætlaðar 6 millj. kr. til þessa verkefnis. Það gefur auga leið að sú fjárveiting gefur litla möguleika til að sinna þessu verki jafnmyndarlega og þörf er á. Ríkisútvarpið hefur mikilvægum skyldum að gegna til að ná þessu markmiði og því er það von mín að hefja megi sem fyrst þessa fræðslu, og þá ekki einungis í hefðbundnum greinum sem boðið er upp á innan skólakerfisins. Ég fagna því að hæstv. menntmrh. skuli vilja byrja á því að leggja sérstaka áherslu á íslenskukennslu.

Málefni óperusöngvara, ein umr.

Fsp. GHH, 174. mál. — Þskj. 188.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið afar ánægjuleg þróun á ýmsum sviðum tónlistarmála hérlendis. Einna mesta eftirtekt hefur eflaust vakið sú mikla gróska sem verið hefur í flutningi óperutónlistar bæði á vegum Íslensku óperunnar og Þjóðleikhússins.

Við Íslendingar höfum löngum átt óperusöngvara sem skarað hafa fram úr og haslað sér völl á erlendum óperusviðum með miklum glæsibrag. Hafa þeir áunnið sér aðdáun og virðingu allra Íslendinga. Undanfarin ár hefur bæst í hóp söngvara hér á landi fjöldi vel menntaðs ungs fólks sem stundað hefur alvarlegt söngnám heima og erlendis og hefur hug á því að lifa á list sinni hér á landi. Samt er það þannig að óperusöngvarar, sem hafa með sér sérstaka óperudeild innan Félags íslenskra leikara, búa nú einir sviðslistamanna við algert öryggisleysi um atvinnumál sín, enda vinna þeir flestir fulla vinnu á öðrum vettvangi en stunda sönglistina í aukavinnu.

Engu að síður hefur óneitanlega verið lyft grettistaki í þessum málum á undanförnum árum, mestmegnis með fórnfúsu starfi fjölmargra einstaklinga, ekki síst söngvaranna sjálfra. En meðal þessara aðila hefur undanfarin missiri mikið verið rætt um hvernig unnt sé að skipa þessum málum til framtíðar þannig að framhald geti verið sem glæsilegast á þessari merku menningarstarfsemi. Í framhaldi af þeim umræðum beitti óperudeild Félags íslenskra leikara sér fyrir ráðstefnu dagana 15.–16. nóv. 1986 um framtíðarskipulag óperumála á Íslandi og í framhaldi af þeirri ráðstefnu skipaði þáverandi hæstv. menntmrh. Sverrir Hermannsson sérstaka nefnd til að huga að þessum málum og gera tillögur um hvernig unnt sé að skipa þessum málum til framtíðar og um það hvernig starfstilhögun og atvinnuöryggi óperusöngvara gæti verið betur tryggt en nú er.

Því hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var fyrr á þessu ári og fékk það verkefni að gera tillögur um bætta starfsaðstöðu og atvinnuöryggi óperusöngvara?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. hefur borið fram eftirfarandi fsp.: „Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var fyrr á þessu ári og fékk það verkefni að gera tillögur um bætta starfsaðstöðu og atvinnuöryggi óperusöngvara?"

Það var hinn 26. mars á þessu ári að þáv. menntmrh. Sverrir Hermannsson skipaði nefnd til að ræða og gera tillögur um framtíð óperusöngs á Íslandi. Formaður nefndarinnar var skipaður Kristinn Hallsson, deildarsérfræðingur í menntmrn., en aðrir nefndarmenn voru Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður óperudeildar Félags íslenskra leikara, Kristinn Sigmundsson óperusöngvari og Arnór Benónýsson, formaður Félags íslenskra leikara.

Nefndin skilaði tillögum til menntmrh. hinn 15. okt. sl. Varð það niðurstaða hennar að stofna þyrfti sérstakan óperuflokk atvinnumanna á svipaðan hátt og áður hafði verið gert þegar Íslenski dansflokkurinn var stofnaður.

Í álitsgerð nefndarinnar segir að eitt stærsta vandamál íslensks óperulífs sé að enginn óperusöngvari starfandi hérlendis nái að sinna sönglistinni óskiptur. Hafi þetta orðið til þess að nokkrir meðal okkar ágætustu söngvara hafi kosið að starfa nánast einvörðungu erlendis. Óperusöngvarar sem nú syngja á sviðum landsins eru allir listamenn í hlutastarfi. Eru þeir einu sviðslistamenn okkar sem enn hafa ekkert atvinnuöryggi og engin tækifæri til að starfa að list sinni óskiptir. Óperusöngur er því í öllum tilfellum fjárhagsleg fórn fyrir viðkomandi söngvara. Nokkrir sem ekki hafa viljað flytjast af landi brott í leit að atvinnu eða viljað skipta kröftum sínum hafa hætt störfum sem sönglistarmenn og taki sér annað og óskylt fyrir hendur. Svo sem nærri má geta er núverandi ástand langt frá því að vera hvetjandi fyrir ungt fólk til að fara út í söngnám. Hafa margir efnilegir söngnemendur ekki treyst sér til að leggja stund á söngnám öðruvísi en sem tómstundagaman. Verður það að teljast endurnýjun í stéttinni mjög hættulegt.

Í álitsgerð nefndarinnar kemur fram að hún leitaði lausnar á því hvernig fastráðning nokkurra söngvara hjá ríkinu yrði best framkvæmd, hvort t.d. hægt væri að ráða söngvara við þær stofnanir sem fyrir eru, svo sem Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Íslensku óperuna sem þó er ekki ríkisstofnun. Niðurstaðan varð sú að skynsamlegast þótti að taka mið af reynslu Íslenska dansflokksins og tryggja að söngvarar væru ekki bundnir ákvörðunum eins ákveðins aðila, sem væri í samkeppni á sviði óperuflutnings. Sönglistamenn vinna aðallega hjá ofangreindum þremur aðilum en þó einnig hjá öðrum, t.d. í hljóðvarpi, sjónvarpi og sem einsöngvarar með kórum í Reykjavík og víðar. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að eðlilegast þótti að söngvararnir störfuðu við eins konar óperusöngvarafélag sem stýrði vinnu söngvaranna. Hefur nefndin samið drög að frv. þar sem ráð er gert fyrir slíku skipulagi. Hugmynd nefndarinnar er að leitað verði eftir stöðugildum tólf söngvara, en það mun nægja til þess að hægt sé að ráða eftir raddtegundum og raddgerðum sem nauðsynlegar eru til flutnings flestra óperuverka.

Rétt er að taka fram að í viðræðum nefndarinnar við forsvarsmenn Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar og Íslensku óperunnar hefur komið fram að þessir aðilar eru sammála þeim meginhugmyndum sem nefndin hefur lagt fram. Svo mun einnig vera um þá óperusöngvara sem við hefur verið rætt. Þrátt fyrir að nefndin hafi komið fram með tillögur sínar er það mat nefndarmanna að hún hafi ekki enn lokið störfum að fullu og þurfi að leita fyllri upplýsinga, einkum erlendis frá, um skipulag ráðningar, tímalengd ráðningar og fleira af því tagi. Ég er samþykkur því og jafnframt sammála þeirri niðurstöðu nefndarinnar að tímabært sé að fastráða nokkra óperusöngvara hjá ríkinu og stofna í því skyni til starfsemi af svipuðu tagi og Íslenski dansflokkurinn er.

Að þessu máli verður unnið áfram í menntmrn., m.a. unnið að lokagerð lagafrv., og legg ég áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað, enda að mínu mati um brýnt úrlausnarefni að ræða.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir greið svör varðandi þetta málefni. Ég skal ekki falla í þá freistni að gerast talsmaður aukinna ríkisútgjalda á síðustu dögum fyrir jól, en ég fagna því hversu ráðherrann hefur tekið vinsamlega í þetta málefni og ég vona svo sannarlega að á því megi finnast sú lausn sem allir geti við unað og sem sæmir íslensku menningarríki.

Kjötbirgðir og útflutningsbætur, ein umr.

Fsp. HJ, 175. mál. — Þskj. 195.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekin fyrir fsp. til landbrh. um kjötbirgðir og útflutningsbætur:

„1. Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera vegna óseldra kjötbirgða frá árinu 1986?

2. Er fjármagn tryggt til greiðslu útflutningsbóta frá ríkissjóði vegna hverrar sendingar um sig þegar landbrn. veitir útflutningsheimild á landbúnaðarafurðum eða er einhver óformleg samvinna milli landbrn. og fjmrn. um slík mál?"

Óseldar kjötbirgðir frá árinu 1986 skipta einhverjum hundruðum tonna og áhvílandi afurðalán vegna þeirra gætu verið um 100 millj. kr. Það er ósanngjarnt að gjaldfella eftirstöðvar lána við afgreiðslu afurðalána nú í desember. Ríkið verður að axla þá

ábyrgð og sjá til þess að lánin verði ekki gjaldfelld. Kjötð frá 1986 má ekki vera til sölu á almennum markaði því það býður heim vörusvikum. Kjötið verður að fara í vinnslu, þó ekki unnar kjötvörur heldur mjöl eða þess háttar. Annað er ósanngjarnt.

Neytendur eru orðnir þreyttir á því að þurfa að standa frammi fyrir því á hverju ári að það sé til sölu kjöt frá árinu áður og þeir vita ekki annað en að þeir séu að kaupa nýtt kjöt.

Þá er það að fjármagn til greiðslu útflutningsbóta hefur verið mjög takmarkað á undanförnum árum og þurft að grípa til aukafjárveitinga í landbúnaði, sem benda til ómarkvissrar landbúnaðarstefnu. Hana verður að marka því að stjórnleysi hefnir sín á sláturleyfishöfum, alþýðunni í sveitum landsins og fólkinu í landinu. Því verður að greiða þá reikninga upp þegar í stað þannig að það komist skikk á þennan þátt landbúnaðarins.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. hefur beint til mín spurningum um kjötbirgðir og útflutningsvörur.

Óhætt er að fullyrða að á liðnu ári hafa verið gerðar meiri ráðstafanir til að draga úr kjötbirgðum kindakjöts en um langt skeið, enda er það svo að þær eru nú minni en á undanförnum árum. Leitað hefur verið eftir upplýsingum um hversu miklar þær eru nú í byrjun þessa mánaðar og samkvæmt þeim eru þær um 400 tonn en það er, eins og ég sagði áður, minna en um langt skeið. Þegar upplýsingar um þetta liggja endanlega fyrir verður reynt að gera sér grein fyrir hvað er unnt að gera við þær. Er óhætt að taka undir með hv. 11. þm. Reykn. að sumt af þessu kjöti a.m.k. hlýtur að fara í vinnslu þar sem um er að ræða vöru sem ekki er hægt að selja beint til neytenda. Stór hluti af þessu er einnig svonefndur O-flokkur sem er of feitt kjöt til að hæfa neytendamarkaði.

Um síðari spurninguna, um útflutningsleyfi, er það að segja að landbrn. veitir útflutningsheimildir þó að ekki sé tryggt að fjármagn fáist til greiðslu útflutningsbóta þegar í stað. Ástæðan er fyrst og fremst tvíþætt. Í fyrsta lagi er það ávinningur að minnka birgðir sem fyrst til þess að ekki hlaðist á þær geymslukostnaður og í öðru lagi eru ýmsir markaðir þannig að þá verður að nýta þegar færi gefst og útflutningurinn því að eiga sér stað tafarlaust, en það hefur verið lögð mikil áhersla á það af hálfu landbrn. að þannig væri að verki staðið að yrði sem allra hagkvæmust útkoma úr dæminu í heild.

Það hefur verið náin samvinna milli fjmrn. og landbrn. í þessum efnum, einnig við Stéttarsamband bænda, en þessir aðilar allir eiga fulltrúa í svonefndri framkvæmdanefnd búvörusamninga sem um þessi mál fjallar.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Herra forseti. Ég ætla að þakka hæstv. landbrh. fyrir ágæt svör og fagna því að hann skuli ætla að sjá til þess að óseldar kjötbirgðir séu settar í vinnslu frekar en þær séu settar á almennan markað. Einnig er það gott að ekki skuli þó vera meira af birgðum núna í árslok en raun ber vitni. Ég vona að þetta muni leysast fljótlega. Ég vil svo ekki segja meira um þetta.

Staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða, ein umr.

Fsp. HJ, 176. mál. — Þskj. 196.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir fsp. til landbrh. um staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða:

„1. Hve há staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða voru veitt á árinu 1985 og 1986 og hve há eru þau lán áætluð á árinu 1987?

2. Voru staðgreiðslulán afgreidd 15. des. 1985 og 1986 og verða þau afgreidd 15. des. 1987, sbr. 29. gr. búvörulaga?

3. Hvernig fer útreikningur á ákvörðun staðgreiðsluláns fram?

4. Hvernig hefur innheimta staðgreiðslulána farið fram og hvaða vexti bera þau?

5. Hverjir hafa séð um innheimtu staðgreiðslulána?

6. Hvaða greiðslutryggingar er farið fram á vegna staðgreiðslulána og eftir hverju fer mat á veðhæfni greiðslutryggingar? Ef veð eru tekin fyrir staðgreiðslulánum í afurðum, með hvaða hætti er veðsett og eftir hvaða lögum er farið?

7. Voru eftirstöðvar af staðgreiðslulánum frá árinu 1985, ógjaldfallin lán eða vanskil innheimtar við veitingu staðgreiðslulána 1986? Verður svo í ár vegna lána 1987?“

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. beinir til mín spurningum um staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða.

Staðgreiðslulán sauðfjárafurða 1985 voru 450 millj., 1986 510 millj. Það liggur ekki enn þá fyrir útreikningur á því kjötmagni sem veita á lán út á á þessu hausti. Það hefur enn þá staðið á upplýsingum frá sláturleyfishöfum til þess að hægt væri að reikna það til fulls, en það liggur fyrir að þau verði afgreidd með sama hætti nú og undanfarin ár.

Lánin voru veitt árin 1985 og 1986 þegar er þær upplýsingar lágu fyrir sem ég nefndi, útreikningur á því magni sem lána þurfti út á, og það mun einnig verða gert svo nú á þessu hausti. En það er ekki enn þá ljóst hvenær þessir reikningar liggja fyrir vegna þess að upplýsingar vantar eins og ég sagði eða hafa gert það alveg fram að þessu.

Upphæð staðgreiðslulánanna var umsamin í upphafi þannig að þau ásamt afurðalánum gerðu slátur-

leyfishöfum kleift að greiða bændum fullt grundvallarverð og standa undir þeim hluta sláturkostnaðarins sem þeir höfðu ekki fjármagn til sjálfir.

Á síðasta verðlagsári hefur innheimta staðgreiðslulána farið í gegnum þá banka sem veita afurðalán vegna kindakjötsbirgða og þau gjaldfalla þá á sama hátt og afurðalánin. Lán þessi eru vaxtalaus fram að þeim degi sem þau gjaldfalla þar sem þar með lækkar vaxtakostnaðurinn sem ríkið hefur greitt niður. En út frá því var gengið við ákvörðun þessa máls í upphafi.

Tryggingar fyrir staðgreiðslulánunum eru að sjálfsögðu það kjöt sem lánað er til, en síðan er það rétt, sem kemur fram í 7. spurningunni, að sé ekki að fullu búið að standa við endurgreiðslu þeirra er þeim skuldajafnað þannig að sláturleyfishafa, sem ekki hefur gert upp að fullu, eru þá að sjálfsögðu aðeins greiddar viðbætur í samræmi við það sem hann á að fá miðað við það afurðamagn sem hann hefur undir höndum.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka landbrh. fyrir svörin þó ég telji þau ekki fullnægjandi.

Ég held að menn verði að skilja að landbúnaðarstefnan markar líf alþýðunnar í hinum dreifðu byggðum og afkomu hennar. Þess vegna verður fjármögnun framleiðslunnar að vera á þann veg að kleift sé að framleiða afurðir án þess að stórtap verði á slíku. Það er ljóst að eftir að Seðlabankinn hætti að veita afurðalán til landbúnaðarins sjá viðskiptabankar sér ekki hag í að veita slík lán svo sem þörf er fyrir og gert var áður, enda hafa viðskiptabankarnir allt önnur sjónarmið í lánveitingum en Seðlabankinn. Hvers vegna ætti t.d. hlutafélagsbanki að veita afurðalán eða staðgreiðslulán? Þetta eru spurningar sem maður veltir fyrir sér.

Reikna má með að framleiðendur eigi núna útistandandi í kringum 100–130 millj. Það er þess vegna spurning hvernig á að fara með þær upphæðir. Ég held að það verði að taka miklu fastar á landbúnaðarstefnunni og láta hana renna í þann farveg að bændur geti búið við nokkurt öryggi. Við í Borgarafl. höfum orðið vör við að bændur standa mjög höllum fæti um þessar mundir. Þeir hafa ekki fengið þær greiðslur sem þeim ber og eiga erfitt með að fjármagna sinn rekstrarkostnað. Það er mjög mikilvægt að staðið sé betur að þessu og það sé mörkuð miklu skýrari og einfaldari stefna.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég skal ekki ræða um afurðalánin undir þessari fsp., en ég vildi leggja áherslu á að fjármögnun á greiðslum til bænda er miklu tryggari að sjálfsögðu eftir að hin nýju búvörulög voru sett en áður þar sem það er tekið skýrt fram hvernig greiðslu á samningsbundnum afurðum skuli háttað. Á þeim árum sem liðin eru síðan lögin tóku gildi hefur það gengið eftir í samræmi við ákvörðun laganna.

Fjármögnun lána vegna sauðfjárafurða, ein umr.

Fsp. HJ, 177. mál. — Þskj. 197.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir fsp. til landbrh. um fjármögnun lána vegna sauðfjárafurða:

„1. Dugðu afurðalán til sláturleyfishafa, sem hugðust greiða 75% haustgrundvallarverðs 1987 til innleggjenda 15. okt. sl., fyrir þeirri greiðslu, t.d. miðað við 1. flokk kindakjöts, launum og öðrum kostnaði í sláturtíðinni?

2. Hvernig skiptist fjármögnun á óniðurgreiddu heildsöluverði dilkakjöts framleiðsluárið 1987 milli afurðalána, staðgreiðslulána og eiginfjár sláturleyfishafa samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar?

3. Er miðað við vegin meðaltöl þegar sláturkostnaðurinn er reiknaður?

4. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja sláturleyfishöfum nægilegt fjármagn til að greiða innleggjendum fullt grundvallarverð fyrir árið 1987?

5. Höfðu allir sláturleyfishafar fengið afurðalán 1. des. sl. fyrir 1987? Veittu allir bankar sömu lánsfjárhæðir á einingu meðan sláturtíð stóð 1986 og 1987? Eru afurðalánin hærri nú eftir að viðskiptabankar tóku að veita afurðalán í stað Seðlabanka Íslands áður ásamt viðbótarlánum viðskiptabankanna?

6. Hvaða greiðslutryggingu fer hver banki um sig fram á fyrir afurðalánum og eftir hverju fer mat á veðhæfni greiðslutryggingar?“

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. beinir til mín fsp. um fjármögnun lána vegna sauðfjárafurða.

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara, er kveðið á um að frumgreiðsla fyrir afurðir skuli koma eigi síðar en 15. okt. til þeirra er slátra fyrir þann dag og ekki síðar en tíu dögum eftir að slátrun fer fram aftur síðar. Í lögunum er ekki tekið fram hversu há þessi frumgreiðsla eigi að vera þannig að það er ákvörðunaratriði hvers sláturleyfishafa og vænti ég þess að þeir hafi þá greitt út nú í samræmi við það sem þeir hafa treyst sér til. Ég hygg að það sé ekki nákvæmlega sama hjá öllum aðilum, en það hefur landbrn. enga skrá yfir.

Spurt er hvernig fjármögnun til greiðslu á afurðaverðinu skiptist. Það er þannig að afurðalán viðskiptabankanna eru rúmlega 70% af heildsöluverði. Það er sambærilegt og í sumum tilvikum hærra, í öðrum tilvikum lægra en var áður, meðan Seðlabankinn sá um hluta af þessum greiðslum afurðalánanna. Síðan er gert ráð fyrir að um það bil 20% komi með staðgreiðsluláni og þannig fáist viðunandi fjármögnun fyrir sláturleyfishafana til þessara greiðslna, en staðgreiðslulánin komu þarna til viðbótar þeirri fjármögnun sem sláturleyfishafar höfðu áður og upphæðir, sem þar er um að ræða, hafa áður komið fram í svari við annarri fsp.

Sláturkostnaður er reiknaður af fimm manna nefnd og hann er ákveðinn sá sami fyrir alla sláturleyfishafa, en hins vegar er fyrir þá sem annast útflutning tekin 2% hækkun vegna aukakostnaðar við þá sérvinnslu sem er á kjöti til þess.

Það er gert ráð fyrir að sömu ráðstafanir verði gerðar og tvö síðustu ár til að sláturleyfishafar hafi sambærilegt fjármagn á þessu ári. En sláturleyfishafar hafa ekki enn þá fengið afurðalánin fyrir þetta ár að fullu vegna þess að, eins og ég sagði, ekki liggur enn þá fyrir nákvæmlega hvaða innlegg þarna verður um að ræða. Síðan er nú þessa daga verið að gera upp útflutning á framleiðslu sl. árs og þá um leið greiðslu afurðalánanna fyrir þann útflutning sem ógreiddur var og það verður þá jafnað.

Greiðslutryggingar bankanna vegna afurðalánanna eru í kjötbirgðunum. Þeir hafa 1. veðrétt í kjötbirgðunum. En síðan er það að sjálfsögðu samningsatriði milli hvers banka og einstakra sláturleyfishafa hvort samið er um einhverjar frekari tryggingar þeirra á milli.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. er fjármögnun á dilkakjöti ekki alveg í nógu góðu lagi. Það er talið að um 70% séu núna lánuð í stað 75% af haustgrundvallarverði og þá vanti þar í kringum 53 millj. til þess að endar nái saman.

Ég held að það sé ljóst af svörum hæstv. landbrh. að það þarf að taka þessi mál miklu fastari tökum. Það væri skynsamlegt að sameina afurða- og staðgreiðslulán í eitt lán og láta einn aðila lána féð út, hvort sem það kæmi úr viðskiptabönkum, Seðlabanka eða ríkissjóði. Þá mundi einn aðili hafa eftirlit með birgðum og innheimtu. Það er ljóst að eftir að Seðlabankinn hætti að veita afurðalán til landbúnaðar sjá viðskiptabankar sér ekki hag í að veita slík lán, enda er lausafjárstaða þeirra misjöfn, en almennur viðskiptabanki hefur önnur sjónarmið í lánveitingum en Seðlabanki. Það eru þær kröfur gerðar á peningamörkuðunum að bankarnir sjá sér ekki hag í þessu og þetta veldur þeim í raun útgjöldum þannig að hér eru mikil vandræði. Það verður ein regla að gilda um veðtryggingu afurðalána. Ríkið verður að sjá til þess að svo verði. Ég held að þann 15. okt. hafi vantað um 850 kr. á hvern meðaldilk til að fullnaðarfjármögnun, 75% upp í greiðslu og launa í sláturtíð, næðist.

Bændur hafa borið sig illa við Borgarafl. Þetta er mjög alvarlegt mál sem verður að leysa. Hvað kostar það sláturleyfishafa að fjármagna þetta og hvað kostar það alþýðubóndann? Menn geta reiknað það. Það er stór spurning hvort ekki þurfi að taka allt landbúnaðarkerfi landsins til endurskoðunar, endurmeta hvað er lánað, með hvaða tryggingum og ekki síst hver lánar. Það skiptir engu hvernig menn reikna þetta. Ómarkviss stjórnun er óþolandi. Skiptir þá engu hvaða atvinnugrein á í hlut, en því verri sem stjórnunin er, því hærri reikning þarf þjóðin að greiða upp í.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. 11. þm. Reykn. að það er nauðsynlegt að reyna að hafa þessi mál sem markvissust og hagkvæmust. Á það hefur verið lögð áhersla, en lögin hafa ekki verið nema stuttan tíma í gildi og vissulega er eðlilegt að reynslan kenni mönnum að eitthvað megi betur fara.

En afurðalán hafa aldrei numið 75%. Þau voru 72–74% eftir því við hvað var miðað, hvort það var miðað við sjóðagjöld einnig eða ekki ofan á heildsöluverðið. En viðskiptabankarnir greiddu hluta af sínu viðbótarláni við það sem Seðlabankinn lagði fram ekki fyrr en eftir áramót, sumir hverjir a.m.k., þannig að raunverulega varð prósentan aldrei svona há fyrir áramót. Ég hef ekki heyrt sláturleyfishafa nú kvarta undan því að prósenta viðskiptabankanna sé óeðlilega lág miðað við staðgreiðslulánin.

Ég varð ekki var við að þeir sem nú ráða mestu í Borgarafl. stæðu á móti því að Seðlabankinn hætti við afurðalánin heldur var það krafa samstarfsflokks okkar framsóknarmanna í fyrrv. ríkisstjórn að færa afurðalánin frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna. Ég get tekið undir með hv. 11. þm. Reykn. að æskilegra væri að hafa það áfram í Seðlabankanum, en það voru talin þung rök fyrir því að það væri ekki hlutverk Seðlabankans að annast slík mál.

SAMEINAÐ ÞING

31. fundur, fimmtudaginn 10. des., að loknum 30. fundi.

Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins um utanríkismál Íslands.

Beiðni SvH o.fl. um skýrslu, 186. mál. — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin leyfð með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

19. fundur, fimmtudaginn 10. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Útflutningsleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Skatturinn hefur síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt I. kafla laga nr. 74/1986, um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir 1986 er áætlað að innheimtar tekjur af honum verði um 165 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 er, eins og áður segir, gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í frv. lagt til að ákvæði efnislega samhljóða I. kafla laga nr. 74/1986, þar á meðal hvað varðar skatthlutfall, verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1988. Í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi 210 millj. kr. en innheimtan um 190 millj. kr., að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við styðjum það að lagður verði skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Við teljum hins vegar, með tilliti til þess hvað fyrirtæki eiga bersýnilega að sleppa vel samkvæmt skattastefnu Alþfl., eðlilegt að þessi skattstofn verði nýttur betur og munum flytja brtt. um hækkun á þessum skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Við þm. Borgarafl. erum andvígir þessum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi skattur, eins og kom fram í framsögu hæstv. fjmrh., var í fyrsta sinn lagður á á árinu 1979. Hann hefur einkenni þeirra skatta sem við höfum oft tekið upp á árum áður, þ.e. tímabundinna skatta sem eru lagðir á til að leysa ákveðin vandamál það árið en hafa síðan tilhneigingu til þess að verða eilífir. Við mundum miklu frekar vilja að athugað yrði um eignarskatt á atvinnuhúsnæði almennt og kannað hvort ekki væri hægt að dreifa þessum skatti yfir á annað atvinnuhúsnæði, t.d. iðnaðarhúsnæði. Ég sé í sjálfu sér ekki neina ástæðu til að taka sérstaklega fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði og leggja sérstakan eignarskatt á það, en undanskilja allt annað atvinnuhúsnæði slíkum sérstökum eignarskatti.

Ég hefði gaman af að fá svör við því hvort skrifstofuhúsnæði í eigu stjórnmálaflokka ber uppi þennan sérstaka skatt og mundi gjarnan vilja heyra svör hæstv. fjmrh. við því.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég get auðvitað vel tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það má kannski gagnrýna álagningu þessa skatts, en ég er nú svolítið seinn í hreyfingum og erfitt að fá mig ofan af því sem einu sinni hefur tekist að sannfæra mig um. Þetta er þriðji fjmrh. sem ég styð sem leggur fram þetta frv. og ég geri ráð fyrir því að ég muni styðja þennan skatt með jafnljúfu geði nú fyrir þessi jól og ég hef gert fyrir fjögur síðustu jól.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka það fram að Kvennalistinn styður þetta frv. og hefur stutt svipuð frumvörp á síðasta kjörtímabili. Það má kannski segja að í þetta sinn er sérstök ástæða og ætti að vera létt fyrir verslunina í landinu að láta eitthvað af mörkum til samneyslunnar því að að henni hefur verið hlúð og henni hefur gengið afskaplega vel núna á þessum síðustu góðæris- og þenslutímum að afla fjár. Þess vegna hlýtur það að vera gleðiefni fyrir verslunina í landinu að geta lagt eitthvað af mörkum til samneyslunnar og mætti gjarnan vera meira.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 226.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt ásamt með síðari breytingum. Hér ræðir um lög nr. 10 frá 1960.

Þetta er eitt þriggja frumvarpa sem öll verða til umræðu á þessum deildarfundi. Hin tvö fjalla um breytingu á tollalögum og vörugjaldi. Þar sem þessi þrjú frv. eru að mörgu leyti efnislega ósundurslítanleg og nátengd hef ég í hyggju að ræða þau hér öll að svo miklu leyti sem umræðuefnið er eitt og vænti þess að þm. geti fjallað um þau öll í senn hér á eftir að svo miklu leyti sem það er efnislega óaðskiljanlegt. Þetta er bæði eðlilegt vegna þess hversu samtengd þessi þrjú mál eru og eins ekki síður þar sem með þessu sparast dýrmætur tími á hinu háa Alþingi. Ég sagði að við það mundi sparast dýrmætur tími á hinu háa Alþingi og vil þá fara nokkrum orðum um það mál.

Ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir hversu seint mörg stórmál hafa komið fram hér á Alþingi. (**Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann um að doka aðeins við. Það hefur komið fram ósk um það frá stjórnarandstöðunni að fundinum verði frestað í fimm mínútur. Ef ræðumanni er það ekki mikið á móti skapi hef ég það í hyggju að verða við þeim tilmælum.) Ég verð að sjálfsögðu við slíkum tilmælum forseta. — [Fundarhlé.]

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Við þm. stjórnarandstöðunnar höfum komið saman til að ræða þá málsmeðferð sem blasir nú við, þ.e. að taka til umræðu þrjú mjög viðamikil og stór stjfrv. sem við höfum nánast engan tíma haft til að kynna okkur, en þau voru lögð fram hér á fundi síðdegis í gær. Það hafa engir formlegir þingflokksfundir verið haldnir síðan þessi frumvörp voru lögð fram.

Við fyrir okkar leyti erum reiðubúin að ræða þessi stjfrv., taka þátt í umræðum á málefnalegan hátt, en til þess verðum við að fá tækifæri til að kynna okkur þetta rækilega og haga umræðum þannig að þær séu skipulegar. Við getum því ekki fallist á að hæstv. fjmrh. tali fyrir öllum þessum málum í belg og biðu og síðan eigi umræðurnar að fara fram á sama hátt, í belg og biðu, þar sem þetta verði einn hrærigrautur, þessi þrjú stóru og viðamiklu frumvörp. Við munum því óska eftir því að það verði fylgt þeirri dagskrá sem hér liggur fyrir og talað fyrir hverju þingmáli fyrir sig og umræður um þau fari fram með sama hætti.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil upplýsa að á forsetafundi nú fyrir skömmu var tilhögun fundarins rædd og komist að þeirri niðurstöðu að ástæða væri til að taka þessi mál nú fyrir og halda áfram fundi þar til hægt væri að vísa málunum til nefndar. Mál þessi eru öll mjög tengd hvert öðru. Fjmrh. hafði haft samband við mig og spurt hvort ekki væri mögulegt að taka tillit til þessarar tengingar í framsöguræðu og forseti játti því. Ég skil hins vegar ummæli hv. 7. þm. Reykn. og beini því til fjmrh. að skoða þær röksemdir sem hann hefur þar fært fram.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þær góðu undirtektir sem hann hefur greint frá varðandi það mál sem hv. 7. þm. Reykn. flutti áðan. Þar er um að ræða að það er einfaldlega farið fram á að þessi mál séu rædd hvert fyrir sig, þ.e. tollar, vörugjald og söluskattur, en ekki öll í bendu. Auðvitað eru þau skyld og ekkert óeðlilegt við það þó að það sé komið inn á öll málin undir svo að segja hverjum dagskrárlið, en óhjákvæmilegt er að það skapist aðstæður til að ræða málin aðgreint vegna þess að hér er um að ræða stór og þýðingarmikil mál, söluskattsmálið, upp á marga milljarða kr., sömuleiðis tollabreytingin og vörugjaldið. Hér er um að ræða stórkostlega íþyngingu á álögum á landsmenn og útilokað í raun og veru að efna hér til umræðu öðruvísi en það sé gert með þeim hætti sem hér var lagt til af hv. 7. þm. Reykn. og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. verði við þeim óskum sem fram komu frá hæstv. forseta þessarar deildar um að þannig verði á hlutunum tekið eins og venja er til, enda er náttúrlega engin mynd að láta sér detta í hug einu sinni að ætla sér að taka þetta fyrir svona í hrúgu. Það er alveg yfirgengilegt og sýnir bara að hæstv. núv. ríkisstjórn lítur á Alþingi sem færiband en ekki sem lýðræðislega samkomu.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil taka fram í framhaldi af því sem ég sagði áðan að ekki var ætlunin annað en taka hvert mál fyrir sig til umræðu og mæla fyrir þeim, en meginframsagan yrði um þetta mál.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil koma upp og taka undir orð þeirra stjórnarandstöðuþm. sem hér hafa talað. Það er afleitt að þau vinnubrögð skuli hafa verið höfð á þinginu sem raun ber vitni og miður að hæstv. fjmrh. skyldi ekki hlusta á þingskapaumræðu, sem var í nokkrar klukkustundir í morgun, þar sem þm. komu hver á fætur öðrum í ræðustól til að lýsa yfir óánægju sinni með vinnubrögðin og skipulagsleysið. Það höfðu flestir verið boðaðir á fleiri en einn fund og margir jafnvel á þrjá í morgun á sama tíma, ýmist í nefndum eða á fund í Sþ., og urðu menn að velja eftir geðþótta og smekk og mikilvægi mála hvar þeir reyndu helst að mæta. Síðan hefur enginn tími gefist til að gaumgæfa þessi fjarskalega mikilvægu mál, þær stóru kerfisbreytingar og þær miklu skattaálögur sem við stöndum frammi fyrir að fara að kynna okkur og ræða, og það er náttúrlega afleitt.

Ég styð að þessi mál verði tekin hvert fyrir sig og síðan þurfa þau mjög gaumgæfilega umfjöllun í nefnd og tíma til þess að þm. geti almennilega kynnt sér þau áður en þau koma hingað til 2. umr. Annað væri gersamlegt ábyrgðarleysi af hálfu þm. og slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt að fara fram á af ráðherrum eða stjórn þingsins.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það stendur auðvitað ekki annað til en taka málin mjög gaumgæfilega fyrir í nefnd og var sérstaklega rætt um það á fundi fjh.- og viðskn. í morgun hvernig þau vinnubrögð yrðu og ég veit ekki betur en fullt samkomulag sé um það.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Sá er hængur á tímafrekum umræðum um tímaskort að klukkan tifar og tíminn eyðist. (**SvG:** Þú hefðir betur séð það fyrr.) Það er hverju orði sannara að ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir hversu seint stór og viðamikil mál eru fram komin. Þessi gagnrýni er fyllilega réttmæt og þýðir ekki að vera með nein undanbrögð í því efni. Það er staðreynd að undirbúningur þessarar skattkerfisbreytingar reyndist mun tímafrekari en áformað var í upphafi, jafnvel þó að að þessum málum hafi verið unnið myrkranna á milli vikum og mánuðum saman. Ég dreg enga dul á að mér þykir þetta miður. Þetta er ekki gert af ráðnum hug til að sýna Alþingi Íslendinga óvirðingu og ég bíðst velvirðingar á því að þurfa að leggja svo stór og viðamikil mál fram með svo naumum undirbúningstíma.

Við erum hér að ræða frv. til l. um breytingar á lögum um söluskatt. Ég mun að sjálfsögðu verða við því að ræða það mál fyrst og fremst, en kemst ekki hjá því engu að síður að víkja að hinum málunum einfaldlega vegna þess að innbyrðis rökrétt samhengi þeirra er slíkt að hjá því verður ekki komist.

Um þessi þrjú frumvörp má segja að þótt skattkerfisbreytingar sem í þeim felist séu umfangsmiklar og komi víða við eru þær engu að síður einfaldar. Auk þess eru hugmyndirnar í sjálfu sér ekki nýjar af nálinni. Þær má rekja flestar ef ekki allar til starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram um leið og stjórnin tók við fyrir hálfu ári. Enn fremur voru þessar tillögur áréttaðar í fjárlagafrv. sem lagt var fram í októberbyrjun. Í stórum dráttum eru þess vegna umfang og meginatriði þessa máls kunn frá því á liðnu sumri.

Eins og ég nefndi áðan er hér gerð tillaga um einhverja veigamestu kerfisbreytingu á sköttum sem gerð hefur verið um áratuga skeið. Markmiðin með þessum breytingum eru m.a. eftirfarandi: Fækkun undanþága og samræmdur söluskattur. Jafnframt lækkun tolla og afnám sex annarra gjalda. Í þriðja lagi öruggari tekjuöflun ríkissjóðs. Í fjórða lagi stórbætt skattaskil. Og í fimmta lagi lækkun verðlags á mjög þýðingarmiklum og umfangsmiklum vöruflokkum.

Þessar breytingar koma til framkvæmda um leið og tekið verður upp staðgreiðslukerfi skatta. Með þessum aðgerðum og ákvörðun um 22% virðisaukaskatt, sem stefnt er að að verði tekinn upp í ársbyrjun 1989 þegar gamla söluskattskerfið verður afnumið, með þessum umfangsmiklu breytingum er lokið stærsta þættinum í endurskoðun skattakerfisins í samræmi við þau boðorð samstarfssamnings stjórnarinnar að skattlagning verði þar með gerð einfaldari, réttlátari og skilvirkari.

Mikilvægur þáttur þessara aðgerða felst í víkkun núverandi söluskattsstofns þannig að söluskattur leggist á allar neysluvörur. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið sl. sumar þegar söluskattur var á ný lagður á tölvur og farsíma, sérstakur 10% söluskattur var lagður á ýmis matvæli frá 1. ágúst sl. og á sérfræðiþjónustu frá 1. sept. sl. Jafnframt var boðað að um næstu áramót yrði stigið annað skref til að víkka enn skattstofninn og samræma hann með því að gera söluskattsskyldar þær neysluvörur sem undanþegnar eru söluskatti eða bera sérstakan söluskatt. Loks er fyrirhugað að síðasta skrefið verði stigið með upptöku virðisaukaskatts í ársbyrjun 1989.

Á síðustu árum hefur greinilega komið í ljós að söluskattskerfið uppfyllir ekki lengur þær kröfur um öryggi í framkvæmd og eftirlit með innheimtu sem verður að gera til þessa mikilvægasta tekjustofns ríkisins. Í því sambandi hefur einkum verið bent á hversu hinar fjölmörgu undanþágur frá skattskyldunni gera framkvæmd erfiða og óörugga. Mikill fjöldi undanþága, sem m.a. er afleiðing uppsöfnunaráhrifa söluskattsins í framleiðslustarfseminni, mælir með því að upp verði tekinn virðisaukaskattur.

Vorið 1986 skilaði áliti sérstök nefnd skipuð af þáv. fjmrh. sem kannaði orsakir og umfang skatt-

svika. Í ábendingum sínum um leiðir til úrbóta er höfuðáhersla lögð á nauðsyn þess að einfalda skattakerfið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattaskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir."

Á sínum tíma uppfyllti söluskatturinn að mörgu leyti ágætlega þær kröfur sem almennt eru gerðar til neysluskatta. Skattstofninn var stór, undanþágur voru fáar, skatthlutfallið var lágt og framkvæmdin var einföld og ódýr. Öll þessi atriði eru forsendur nauðsynlegs öryggis í framkvæmd skattheimtu af þessu tagi.

Allt frá árinu 1970 hefur eðli söluskattsins hins vegar verið að breytast. Ástæðurnar eru margvíslegar. Ég nefni nokkrar:

Í kjölfar fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB á fyrri hluta 8. áratugarins lækkuðu tolltekjur ríkisins mjög verulega vegna afnáms verndartolla. Þetta tekjutap var að mestu leyti bætt með hækkun söluskattshlutfallsins. Minnkandi tollvernd og hækkun söluskattshlutfallsins jók á hinn bóginn uppsöfnunaráhrif söluskatts þar sem hann lagðist á vélar, þjónustu, viðhald og ýmis aðföng innlends samkeppnisiðnaðar. Ef ekkert hefði verið að gert hefði samkeppnisstaða innlendra framleiðenda, jafnt á innanlandsmarkaði sem erlendis, versnað að miklum mun. Og nú bið ég menn að minnast þess að fá hagkerfi í grennd við okkur eru jafnopin eða jafnháð milliríkjaviðskiptum og okkar.

Til að bæta úr þessu var gripið til þess ráðs að undanþiggja í stórum stíl vélar og tæki til samkeppnisiðnaðar frá tollum og söluskatti. Á sama hátt hefur söluskattur verið felldur niður af ýmsum vélum og tækjum til fiskvinnslu og landbúnaðar í því skyni að skapa þessum atvinnugreinum betri starfsskilyrði. Þá var í vaxandi mæli farið að undanþiggja neysluvörur söluskatti, m.a. í því skyni að halda vísitöluhækkunum í skefjum. Lokaskrefið í þessu undanþágufargani var síðan stigið haustið 1978 þegar matvörur voru undanþegnar söluskatti til þess þá að halda aftur af fyrirsjáanlegum launahækkunum og hafa áhrif á vísitölu. Þannig hefur skattsviðið smám saman verið að þrengjast, en það hefur óhjákvæmilega leitt til síhækkandi hlutfalls, fjölgunar undanþága, síversnandi innheimtu með þeim afleiðingum að söluskattskerfið er í molum.

Það segir sig sjálft að þeim mun hærra sem skatthlutfallið er þeim mun meiri verður ásókn í undanþágur, enda ljóst að skatturinn getur haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og framleiðsluvara gagnvart keppinautum. Þessi þróun hefur þannig torveldað eftirlit með skilvísri skattheimtu og vafalaust ýtt undir tilhneigingu til undandráttar.

Herra forseti. Með þessu frv. er mörkuð ný stefna í þessum efnum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að efla öryggi í framkvæmd söluskatts að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt án nýs neysluskattakerfis sem tekur meira mið af þörfum atvinnulífs og samkeppnishæfni en söluskatturinn getur eðli málsins samkvæmt gert. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið markað þá stefnu og áréttað hana að þessu sinni að virðisaukaskattur verði tekinn upp í ársbyrjun 1989.

Þær breytingar sem söluskattsfrv. felur einkum í sér eru þessar:

Matvæli verða að nýju að fullu söluskattsskyld. Það er staðreynd að mínu mati að engin einstök aðgerð hefur grafið jafnmikið undan framkvæmd og eftirliti með skilum á söluskatti og afnám söluskatts á matvæli gerði á sínum tíma. Ástæðan er einfaldlega sú að mjög erfitt er og í reynd oft óframkvæmanlegt að halda söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindum á smásölustigi. Til að ákvarða söluskattsstofn hefur m.a. verið notast við sérstakar flóknar reiknireglur sem aldrei eru nákvæmar, auk þess sem það er bæði erfitt og tímafrekt að koma við nauðsynlegu eftirliti með að þeim sé framfylgt. Þessu fylgir stóraukin fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og einnig og ekki síst þá sem standa eiga skil á honum í ríkissjóð, svo og skattayfirvöld. Út af fyrir sig jókst þetta vandamál nú í haust þegar sérstakur söluskattur, 10%, var lagður á matvæli önnur en kjötvörur, mjólkurvörur og grænmeti, en þá lá þó a.m.k. fyrir að hann skyldi verða tímabundinn og stefnt að því að einfalda kerfið um næstu áramót.

Um það er engin spurning að þegar undanþágur söluskatts af matvælum hafa verið felldar niður verður söluskattsuppgjör matvöruverslana miklum mun einfaldara. Jafnframt verður eftirlit skattyfirvalda með söluskattsskilum miklum mun auðveldara en nú er. Á þessu leikur ekki minnsti vafi. Þeir sem halda öðru fram hafa annaðhvort ekki kynnt sér málið nægilega vel eða tala þar gegn betri vitund. Það er kannski ástæða til að líta aðeins nánar á þetta atriði því að þetta er vissulega grundvallaratriði.

Þeim matvöruverslunum sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattsskyldri og söluskattsfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi er samkvæmt reglugerð heimilt að skipta heildarveltu sinni með óbeinum hætti í söluskattsskylda og söluskattsfrjálsa sölu. Þetta er gert á þann hátt að innkaupum á skattfrjálsum vörum, vörum sem bera 25% sölugjald og vörum sem bera 10% sérstakan söluskatt á að halda aðgreindum í bókhaldi og útsöluverð þeirra er síðan reiknað á hverju uppgjörstímabili. Skattaðilar geta valið um þrjár meginaðferðir við að skipta heildarveltu í skattskylda og skattfrjálsa sölu, en í reynd, þegar menn líta á framkvæmdina, verða þessar reglur miklum mun flóknari. Fyrsta aðferðin er sú að skipta heildarveltu í sömu hlutföllum og er á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna í hverjum skattflokki á tímabilinu. Önnur aðferð er að reikna

útsöluverð söluskattsfrjálsra innkaupa og annars skattskylda vöruflokksins, en hinn skattskyldi vöruflokkurinn er síðan fundinn með því að draga fyrrnefndu vöruflokkana frá heildarveltunni. Priðja aðferðin er að reikna útsöluverð beggja skattskyldu flokkanna og síðan er skattfrjálsa salan fundin með því að draga útsöluverð þeirra frá heildarveltunni.

Það er ljóst að þeir aðilar sem gera upp eftir þessum aðferðum þurfa að leggja á sig aldeilis ómælda vinnu við söluskattsuppgjör í hverjum einstökum mánuði. Einnig er ljóst að flóknar reglur um uppgjör auka hættur á villum og valda mun meiri vinnu skattyfirvalda við eftirlit. M.ö.o.: Skattskilin eru flókin og þau eru tímafrek. Skattaeftirlitið er óöruggt og í sumum greinum verður því nánast ekki við komið. — Lítum aðeins á það atriði.

Söluskattseftirliti skattyfirvalda eins og það er framkvæmt má í grófum dráttum skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er um að ræða undirbúningsskoðun sem skattstofurnar framkvæma. Það felst í því að mánaðarlegar skýrslur eru yfirfarnar, augljósar villur, reikningsskekkjur, lagfærðar. Þá eru fylgiblöð þeirra sem selja bæði skattfrjálsar og skattskyldar vörur yfirfarin ef ástæða þykir til. Loks er gengið úr skugga um hvort allir skráðir söluskattsskyldir aðilar hafi skilað skýrslum og áætlað á þá hafi þeir ekki skilað. Á þessu stigi er ekki hægt að tala um ítarlega og gagnrýna skoðun heldur fyrst og fremst undirbúning fyrir tölvuvinnslu, álagningu og gerð innheimtuskrár.

Í öðru lagi eru söluskattsskýrslur bornar saman við ársreikninga framteljenda. Þessi samanburður er unninn á skattstofum þegar ársreikningar hafa borist. Með honum gefst færi á eftirliti með söluskattsskilum í heild að því tilskildu að skatt- og reikningsskil viðkomandi fyrirtækja séu með eðlilegum hætti. Þennan samanburð er reynt að framkvæma árlega hjá sem flestum skattaðilum.

Í þriðja lagi fer fram skoðun á bókhaldi þar sem söluskattsskyld fyrirtæki eru borin saman við bókhald þeirra. Þessar athuganir hafa fyrst og fremst verið á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, en þeim er einnig sinnt af sérstökum eftirlitsmönnum aðeins á stærri skattstofunum.

Af þessu stutta yfirliti má ráða að niðurfelling undanþága frá söluskatti og ein álagningarprósenta á alla vöruflokka í stað þriggja áður gerbreytir aðstæðum til öflugra skatteftirlits. Starfsmenn á skattstofum, sem nú þurfa að eyða miklum tíma í að yfirfara fylgipappíra með söluskattsskýrslum, geta snúið sér að sínu verki, að söluskattsendurskoðun og virkara eftirliti með bókhaldi fyrirtækja. Jafnframt leiðir þessi breyting til mikillar einföldunar í uppgjöri á söluskatti hjá matvörukaupmönnum. Þetta ætti enn frekar að stuðla að bættum skattskilum.

Í þessu samhengi mætti nefna eitt atriði að því er varðar framkvæmd málsins. Sú hugmynd hefur verið reifuð og rædd, án þess að um hana hafi enn verið tekin ákvörðun, að nú sé rétti tíminn að nota tækifærið, þegar lækkun og einföldun tollakerfisins kemur til framkvæmda, að fela tollþjónustunni, sem þá hefur miklu færri verkefnum að sinna, að annast framkvæmd og eftirlit með söluskattsinnheimtu og síðar virðisaukaskattsinnheimtu. Ef þetta yrði gert færum við í því efni að góðu fordæmi grannþjóðar okkar Dana sem tóku þennan þátt upp þegar tollabylting varð hjá þeim við inngöngu í Efnahagsbandalag þannig að tollþjónustunni var þá falið eftirlit með virðisaukaskatti sem talið er eitt hið einfaldasta, skilvirkasta og fullkomnasta sem þekkist. Þarna væri um það að ræða að starfsfólk sem þegar hefur nokkra þjálfun í þessum störfum fengi nýtt verkefni, en það er eitt meginatriði þessarar breytingar, annars vegar einföldun kerfisins og hins vegar öruggari innheimta með eftirliti sem við yrði komið.

Í tengslum við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á söluskattslögum hafa komið fram spurningar um hvort ekki ætti að skylda smásölufyrirtæki, t.d. þau sem væru yfir ákveðinni stærð, til að nota löggilta búðarkassa sem á fagmáli heita víst nú orðið sjóðvélar. Raunar er það svo að skv. 17. gr. söluskattslaga er ráðherra heimilt að ákveða að í öllum verslunum, sölu- og afgreiðslustöðum þar sem söluskattur er innheimtur skuli notaður peningakassi. Þetta mál var á sínum tíma kannað rækilega í nefnd sem skipuð var í júní árið 1980 af þáv. fjmrh., hv. þm. Ragnari Arnalds, til að gera tillögur um bætta innheimtu söluskatts. Í skýrslu nefndarinnar, sem var skilað í mars 1981, kemur m.a. fram að nefndin taldi þetta bestu tryggínguna fyrir réttu uppgjöri söluskatts á staðgreiðslusölu. Á þessum tíma treysti nefndin sér þó ekki til að mæla með því að kassanotkun yrði gerð að skyldu, fyrst og fremst vegna þess að heildarvelta samkvæmt búðarkassa eða sjóðvél og söluskattsskyld velta var á þeim tíma engan veginn sú sama. Hvers vegna? Jú, vegna hinna fjölmörgu undanþága frá söluskatti, ekki hvað síst á matvælum. Nefndin gerði hins vegar tillögur um breytingar á lögum og reglugerð um söluskatt sem m.a. gengu út á auknar kröfur um tekjuskráningu.

Með þeim breytingum sem hér er lagt til að komi til framkvæmda nú um áramótin verða aðstæður gerbreyttar. Þess vegna hef ég ákveðið að láta kanna sérstaklega hvort ekki sé nú rétt, miðað við gerbreyttar aðstæður, að stíga skrefið til fulls og framkvæma tillögur þessarar nefndar um skyldu smásöluaðila yfir ákveðinni lágmarksstærð til að nota löggilta peningakassa.

Aðrar breytingar, sem frv. felur í sér, eru að söluskattur verði á ný lagður á heilsuræktarstofur, nuddstofur, ljósastofur, aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum og fleiri skemmtunum, sem um nokkurt skeið hafa verið undanþegnar söluskatti, og kaup á einkaflugvélum og eldsneyti fyrir þær.

Þá er í þriðja lagi fallið frá skiptingu sölugjalds í almennan söluskatt 20%, söluskattsauka 2,5%, orkujöfnunargjald 1,5% og húsnæðisgjald 1%.

Í fjórða lagi er rétt að geta þess að 6. og 7. gr.

laganna, sem fjalla um undanþágur, eru felldar saman í eina grein og hún gerð fyllri þar sem gert er ráð fyrir að heimild fjmrh. skv. 20. gr. gildandi laga til að undanþiggja vörur eða þjónustu söluskatti verði afnumin. Af þessu leiðir að undanþágur sem rekja má til þessarar heimildar falla niður. Þær undanþágur sem ákveðnar hafa verið með þessum hætti og ekki þykir rétt eða gerlegt að afnema í söluskattskerfi er því að finna í 3. gr. frv. sem við nú ræðum.

Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er talið óeðlilegt að í fjárlögum sé kveðið á um víðtækar heimildir til niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts. Þetta hefur verið lenska á undanförnum árum eins og 6. gr. fjárlaganna ber vitni um. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að fjárlög eru afgreidd með öðrum hætti en venjuleg lög og því vafasamt að ákveða í þeim efnisreglur um skattaleg málefni. Miklu eðlilegra er að hafa þessar heimildir í viðkomandi skattalögum. Í samræmi við það er í 4. gr. frv. að finna ýmsar undanþáguheimildir sem annars hefur verið að finna í 6. gr. fjárlaga. Á sama hátt er lagt til að undanþáguheimildir sem nú eru í sérlögum, t.d. lögum um Jarðboranir hf., Vísindaráð og Vísindasjóð, verði framvegis í lögum um söluskatt þar sem þær eiga í raun heima. Með þessum hætti verður söluskattslöggjöfin heildstæðari en ella.

Loks er gerð tillaga um að færa ýmsar lágmarksfjárhæðir laganna upp í samræmi við verðlagsþróun.

Þá er þess að geta að samhliða frv. verður lagt fram lagafrv. sem felur í sér hækkun á sérstökum söluskatti af sérfræðiþjónustu sem ákveðin var með brbl. nr. 68 frá 1987 úr 10% í 12%. Í sambandi við það mál ber þó að geta þess að til greina kemur einfaldlega sú málsmeðferð í umfjöllun þingnefndar að brtt. verði fluttar um þetta efni við lagafrv. um söluskatt fremur en að flytja um það sérstakt frv. eða flytja um það brtt. við fyrirliggjandi þingmál sem í umfjöllun eru hjá hv. fjh.- og viðskn.

Þær breytingar á söluskatti sem felast í þessum frv. eru sem fyrr segir nátengdar umfangsmiklum breytingum á lögum um tollskrá og vörugjald. Jafnhliða samræmingu söluskatts og vikkun skattstofns verða tollar lækkaðir og sex mismunandi vöru- og aðflutningsgjöld lögð niður. Í stað þeirra verður tekið upp eitt vörugjald, 14%, sem leggst á nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka. Lítum nánar á hvernig þessi kerfisbreyting tengist hvað öðru.

Í fyrsta lagi er ástæða til að rifja upp að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið sérstaklega á um nauðsyn þess að endurskipuleggja tollamál með það fyrir augum að stefna að lækkun tolla og samræmdri álagningu. Jafnframt að stokka aðflutningsgjaldakerfið upp og fækka gjöldum í því skyni að einfalda álagningu og tryggja sem mest samræmi milli innlends vöruverðs og innflutningsverðs. Loks átti að stíga lokaskrefið í afnámi tolla af hráefnum til innlendrar framleiðslu, auk þess sem tollar af rekstrarvörum ýmist lækkuðu eða féllu alveg niður. Í framhaldi af þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fól fjmrh. sérstökum starfshópi að undirbúa það verk. Þessi stefnumörkun var áréttuð í fjárlagafrv. þar sem jafnframt var ákveðið að kerfisbreytingin tæki gildi frá 1. jan. 1988.

Um innbyrðis tengsl þessara aðgerða, breytinga á tollakerfi, vörugjaldskerfi og söluskattskerfi, er fjallað í þeim frumvörpum þremur sem hér eru á dagskrá. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalds verður mætt með tekjum, í fyrsta lagi af breiðari söluskattsstofni. Þessi þrjú frv. verður því að meta að því er áhrif þeirra varðar í heild sinni og spyrja: Hverjir eru meginþættir þessarar kerfisbreytingar og hver eru áhrif hennar í heild annars vegar á tekjur ríkissjóðs og hins vegar á verðlag í landinu?

Með þessari uppstokkun á aðflutningsgjaldakerfinu er gert ráð fyrir að tollakerfið verði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og samræmdu vörugjaldi, í stað margra smærri gjaldstofna. Þannig eru felld niður skv. frv. eftirtalinn gjöld:

Sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu sem voru 24 og 30%. Vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu sem voru 7 og 17%. Sérstakt byggingariðnaðarsjóðsgjald sem var ½% og sérstakt tollafgreiðslugjald sem var 1%. Jafnframt eru hæstu tollar lækkaðir úr 80% niður í 30% að tóbaki og bensíni undanskildu. Þá er gert ráð fyrir því að fella matartolla nær undantekningarlaust niður, en hámarkstollar á þeim eru nú 40%. Loks er áformað að stíga lokaskrefið í átt til samræmingar í álagningu aðflutningsgjalda á atvinnurekstur með því að fella niður tolla og vörugjald af vélum, tækjum og varahlutum ýmiss konar til landbúnaðar og þjónustuiðnaðar.

Sérstök ástæða er til að staldra við þann þátt málsins sem lýtur að niðurfellingu tolla á matvæli. Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að fella með öllu niður slíka tolla. Á því er þó ein undantekning, sem rétt er að vekja athygli á, og hún er þessi: Gert er ráð fyrir því að því er varðar innflutt ferskt grænmeti að á því verði 30% tollur, a.m.k. fyrst um sinn. Hins vegar eru uppi hugmyndir um það, sem enn hafa ekki verið formaðar í tillöguformi en ræddar í ríkisstjórn og þar er samkomulag um, að í stað 30% tolls á innflutt grænmeti verði tekin upp önnur skipan í líkingu við þá sem tíðkast m.a. annars staðar á Norðurlöndum, nefnilega sérstakt innflutningsgjald á innflutt grænmeti sem verði í ólíkum flokkum eftir tegundum og breytist síðan eftir árstímum vegna þess að gjaldið á að hafa þann tilgang að veita innlendum framleiðendum nokkra vernd á markaðnum þegar innlent grænmeti er á boðstólum en lækka hins vegar mjög verulega til að tryggja neytendum sem hagstæðast innflutningsverð á þeim

árstímum þegar innlendir framleiðendur eru ekki á markaði með sína framleiðslu. Þetta er reyndar hugmynd sem áformað er að gildi einnig um innlenda kartöfluframleiðslu og komi þá í staðinn fyrir hvort tveggja, sérstaka tollvernd eða gömlu handaflsstjórnunina, þ.e. að beitt verði sérstökum höftum og bönnum.

Í gildandi tolla- og vörugjaldskerfi gætir víða mikillar mismununar í skattlagningu vörutegunda sem þó gegna svipuðu eða nákvæmlega sama hlutverki í heimilishaldi. Sumar vörur bera háa tolla og vörugjöld, en aðrar sambærilegar vörur hvorugt. Þessi kerfisbreyting hefur í för með sér talsverða röskun á verðhlutföllum hér innan lands. Þess eru dæmi að einstakar vörutegundir lækki um meira en helming í verði meðan aðrar hækka um 15–20%. Um þetta er rétt að nefna nokkur dæmi, þ.e. dæmi um áætlaðar verðbreytingar. Þannig má nefna dæmi um vörur sem ekki munu taka neinum verðbreytingum. Dæmi um slíkt eru: mjólk, skyr, smjör, dilkakjöt, gosdrykkir, sápur og þvottaefni, föt og skófatnaður, húsgögn, áfengi og tóbak, bifreiðar, skólavörur. Í annan stað má nefna dæmi um vörur sem ætla má að hækki í verði við þessa kerfisbreytingu. Ég nefni nokkur dæmi: alifugla- og svínakjöt á bilinu 5–10%, nautakjöt á bilinu 10–15%, innflutt nýtt grænmeti 7%, kaffi 2–3%, sykur 13%, brauð u.þ.b. 13%, egg 5–10% o.s.frv. Vörur sem lækka í verði eru hins vegar mjög margar og sem dæmi um það má nefna: niðursoðna og þurrkaða ávexti sem lækka um 35%, fryst og niðursoðið grænmeti sem lækkar um 15%, haframjöl og heilhveiti sem lækkar um 9%, ýmsar hreinlætisvörur sem lækka mjög verulega, á bilinu 25–47%, ýmis algeng heimilistæki lækka mjög verulega, sem dæmi um það má nefna borðbúnað, sjónvörp, myndbandstæki, hljómflutningstæki, frystikistur, skólaritvélar, íþróttavörur, sem lækka á bilinu 10–40%, bifreiðavarahlutir um 20%, hjólbarðar um 20%, hreinlætistæki um 45%, blöndunartæki um 30% og margvíslegar aðrar byggingarvörur um 30% o.s.frv.

Þetta þýðir m.ö.o. verulega breytingu á verðhlutföllum í verðmynduninni innan lands í átt til samræmingar við verðhlutföll sem tíðkast í grannlöndum okkar. Hjá þessu verður ekki komist nema með því að ganga þvert á þann megintilgang breytingarinnar að einfalda álagningu og bæta eftirlit með innheimtu aðflutningsgjalda og jafnframt samræma verðhlutföll á hliðstæðum vörum. Það segir sig sjálft að áhrif svo umfangsmikilla breytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölum framfærslu- og byggingarkostnaðar.

Núverandi aðflutningsgjöld eru að sjálfsögðu hluti þess skattstofns sem söluskatturinn leggst á. Lækkun aðflutningsgjalda leiðir því ein og sér til lækkunar á söluskattsstofni og þar með til tekjutaps ríkissjóðs. Með þessum fyrirvörum er áætlað að ríkissjóður verði af tekjum sem nema rúmlega 4,5 milljörðum kr. vegna þessara tollalækkana og niðurfellingar gjalda. Þessu tekjutapi verður annars vegar mætt með upptöku nýs vörugjalds, hins vegar með hluta af auknum söluskattstekjum vegna breikkunar söluskattsstofns. Þannig er tekjutapið, sem hlýst af lækkun aðflutningsgjalda, vegið upp með víkkun söluskattsstofnsins jafnhliða því sem tekna er aflað til hliðarráðstafana. Það er afar mikilvægt að skýrt komi fram að þessar kerfisbreytingar fela ekki í sér á nokkurn máta aukna skattbyrði á almenning frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. heldur er einungis verið að færa tekjuöflun á milli einstakra tekju- og gjaldstofna. M.ö.o.: þeir rúmlega 2 milljarðar kr. sem kerfisbreytingin skilar umfram álagningu fjárlagafrv. fara rakleiðis út aftur í auknum niðurgreiðslum á helstu nauðsynjavörum, hærri ellilífeyri og auknum barnabótum. Skattbyrðin er því óbreytt fyrir og eftir breytinguna.

Á hinn bóginn standa vonir til þess að kerfisbreytingin auðveldi skatteftirlit, geri innheimtuna um leið skilvirkari. Þetta ætti að leiða til bættra skattskila þegar á næsta ári og færa ríkissjóði þar með eitthvað auknar tekjur. Þetta kalla ég hins vegar ekki aukna skattbyrði heldur minni skattsvik. Hér er um að ræða að innheimta í einföldu kerfi í ríkissjóð söluskatt sem hefur verið á lagður en samkvæmt margvíslegu mati ekki komist til skila. (**SvG:** Hvað ætli það sé nú stór upphæð?) Ég bendi hv. fyrirspyrjanda á að kynna sér það í svokallaðri skattsvikaskýrslu sem unnin var undir verkstjórn Þrastar Ólafssonar, framkvæmdastjóra Dagsbrúnar. (**SvG:** Er ekki rétt að ráðherra segi okkur frá því hvað þetta þýðir í þessu efni?) Ég vísa hv. þm. á að kynna sér mat þeirrar nefndar á því. Ef ég man rétt var það svo metið á verðlagi ársins 1986 að það kynni að nema 1,3 milljörðum. Vera má að þetta sé verðlag ársins 1985. Þetta má vafalaust meta á yfir 2 milljarða á verðgildi ársins 1988.

Eðlilegt er að spurt sé: Hvaða áhrif hefur svo víðtæk kerfisbreyting aðflutningsgjalda og söluskatts á verðlag í landinu og þá alveg sérstaklega á framfærslukostnað heimila? Þær umfangsmiklu breytingar sem hér eru gerðar tillögur um hafa auðvitað mikil áhrif á vöruverð. Heildaráhrif þessara breytinga á verðvísitölur að teknu tilliti til niðurgreiðslna, sem ráðgerðar eru alls 1250 millj. kr., eru þessar: Framfærsluvísitala mun ekki breytast. Byggingarvísitala lækkar um rúmlega 2%. Lánskjaravísitala lækkar um tæplega 1%. Breytingar á vöruverði verða í meginatriðum þessar: Mikilvægustu búvörur hækka ekki í verði. Aðrar matvörur ýmist lækka, standa í stað eða hækka. Tollalækkanir og afnám hinna ýmsu vörugjalda leiða jafnframt af sér lækkun fjölmargra vörutegunda. Þar á meðal er ýmis matvara, hreinlætis- og snyrtivörur, borðbúnaður og búsáhöld, íþróttavörur og hljómtæki, reiðhjól og ritvélar, barnavagnar og barnastólar svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Hvað segir þetta okkur þá um framfærslukostnað heimilanna? Það segir okkur að heildaráhrifin af

öllum þessum aðgerðum valda ekki hækkun á framfærslukostnaði. Það er ákaflega mikilvægt þegar menn taka afstöðu til þessara breytinga að almenningur sé ekki blekktur með villandi upplýsingum um stóraukin útgjöld vegna þessara aðgerða því að sannleikurinn er sá að útgjöld meðalfjölskyldu á Íslandi, hjóna með tvö börn, eins og þau mælast í vísitölu framfærslukostnaðar, haldast óbreytt. Það er kjarni málsins.

Það er auðvitað rétt, og hefur aldrei verið undan dregið í mínum málflutningi, að matarútgjöld heimila hækka með þessum breytingum. Það er hins vegar argasta blekking að halda því fram að matarútgjöld hækki um fjórðung. Hið rétta í því máli er að matarreikningur meðalfjölskyldu á Íslandi gæti hækkað um 7% þegar upp er staðið. Helstu nauðsynjar, mjólk, skyr, smjör og dilkakjöt, hækka ekki við þessar breytingar. Aðrar kjötvörur á bilinu 5–10%. Önnur matvæli ýmist hækka eða lækka og lækka verulega sum. Þannig lækka ýmsar innfluttar matvörur vegna niðurfellingar tolla og vörugjalda, t.d. niðursuðuvörur af ýmsu tagi. Innflutt nýtt grænmeti hækkar hins vegar um 7%, brauð og nýir ávextir um 13%. En ég endurtek: Að jafnaði hækkar matvælaliðurinn í vísutölu framfærslukostnaðar um 7% við þessa breytingu.

Og hvaða fjárhæðir erum við þá um að tala? Þetta eru um 1800 kr. á mánuði hjá þessari sömu vísitölufjölskyldu, hjónum með tvö börn. Það eru auðvitað peningar. En hvað kemur á móti þessum 1800 kr. á mánuði í auknum útgjöldum? Á móti kemur lækkun á fjölmörgum öðrum nauðsynjavörum því þótt það sé auðvitað rétt að menn borði ekki hreinlætisvöru eða frystikistur eða teppi eða barnavagna eru þetta engu að síður vörur sem ganga inn í heimilishald allra fjölskyldna í landinu. Þessar vörur og raunar fjölmargar aðrar vörur sem vega þungt í heildarútgjöldum lækka svo mikið í verði að heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar haldast óbreytt.

Nú kann einhverjum að koma spánskt fyrir sjónir að framfærslukostnaður geti haldist óbreyttur þrátt fyrir 7% hækkun matvælaútgjalda. Skýringin á þessu er einföld. Hún liggur í því að matvæliðurinn í framfærsluvísitölunni vigtar minna en fjórðung af heildarútgjöldum vísitölufjölskyldunnar samkvæmt neyslugrunni sem fundinn er með sérstakri könnun frá árinu 1978 og vegur enn minna í útgjaldamynstri vísitölufjölskyldunnar samkvæmt nýjum vísitölugrunni sem byggður er á neyslukönnun heimilanna á þessu ári.

Skoðum lítið dæmi um ársútgjöld vísitölufjölskyldunnar. Þau eru í dag talin vera rétt innan við 1300 þús. kr. eða rúmlega 100 þús. kr. á mánuði. Af þessu eru matarútgjöld rétt tæplega 300 þús. kr. á ári eða 24 þús. kr. á mánuði. Tæplega 1 milljón fer þá í annað en mat á vísitöluheimilinu eða um 80 þús. kr. á mánuði. Hvaða áhrif hefur skattkerfisbreytingin áformað um áramót á þessar tölur? Matarútgjöld hækka samkvæmt því um 22 þús. kr. miðað við heilt ár, þ.e. 1800 kr. á mánuði eins og ég nefndi áðan. Önnur útgjöld lækka hins vegar um sömu krónutölu þannig að framfærslukostnaður í heild er óbreyttur með öllu. Þannig lítur þá dæmið út frá sjónarhóli þessarar umræddu fjölskyldu, hjóna með tvö börn.

Lítum á annað atriði. Nú er það auðvitað svo að neysluvenjur fólks eru misjafnar og það er svo undarlegt með þessa blessaða vísitölufjölskyldu að hún virðist eiga sér fáa formælendur og vera heldur vinafá. Samt sem áður er hún engu að síður þverskurður af fjölskyldum í landinu og neysluútgjöldum þeirra. Og þá má spyrja sem svo: En hvað með aðrar fjölskyldur? Fjölskyldur með fleiri börn? Fjölskyldur eldra fólks? Og svarið er þetta: Þótt þessar aðgerðir komi út á sléttu gagnvart meðalfjölskyldunni hefur ríkisstjórnin ákveðið að til viðbótar við auknar niðurgreiðslur skuli varið 600 millj. kr. á næsta ári í auknar lífeyrisgreiðslur og barnabætur. Þessari fjárhæð verður varið þannig að u.þ.b. helmingur hennar rennur til að hækka lífeyrisgreiðslur um áramótin þannig að heildarhækkun bótagreiðslna verði 7%, þ.e. jafnmikil og nemur áætlaðri hækkun á matvælum vegna þessara aðgerða. Hinn helmingur fjárhæðarinnar verður notaður til að hækka barnabætur og barnabótaauka um 10% frá áramótum. Jafnframt verður ákveðinni fjárhæð varið til að hækka skerðingarmörk í barnabótaauka sérstaklega, en hann er tekjutengdur, ef börn eru fleiri en eitt. Þessi hækkun barnabóta og barnabótaauka, hækkunin ein, samsvarar 5000 kr. á hvert barn á ári að meðaltali. Með þessum viðbótaraðgerðum til tekjujöfnunar er því enn frekar dregið úr áhrifum hækkunar á matvælaútgjöld að þessu sinni hjá barnmörgum og tekjulágum fjölskyldum. Þetta eru staðreyndir málsins að því er varðar annars vegar meðalfjölskylduna, hins vegar barnmargar fjölskyldur og í þriðja lagi þá sem hafa tekjur sínar frá almannatryggingakerfinu.

Það er rétt að geta þess hér að barnabætur eru greiddar út með um 64 þús. börnum. Hækkun barnabóta og barnabótaauka svarar því til, eins og ég sagði, miðað við þessar upphæðir, um 5 þús. kr. á ári á hvert barn, þ.e. þegar miðað er við að til hækkunar barnabóta og barnabótaauka verði varið um 320 millj. sem skiptist þannig að 280 millj. verði varið til sérstakrar 10% hækkunar barnabóta og barnabótaauka, en um 40 millj. til hækkunar skerðingarmarka ef börn eru fleiri en eitt.

Þá er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt staðgreiðslukerfi skatta, þ.e. því frv. sem lagt hefur verið fram til laga um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, er gert ráð fyrir að barnabætur verði greiddar út á tímabilinu frá 15.–20. jan. fyrir fyrsta ársfjórðung. Fyrir hjón með tvö börn, annað yngra en sjö ára, yrði janúargreiðslan tæplega 16 þús. kr. án barnabótaauka.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég nefna tvö atriði sem mér finnst ástæða til að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum taki ekki nægilega tillit til manneldissjónarmiða. Þessi

gagnrýni kemur m.a. fram í fróðlegri blaðagrein eftir Jón Gíslason, formann Manneldisfélags Íslands, í Morgunblaðinu í gær. Þar er þeim sem hér stendur í ræðustól jafnvel borið á brýn að vera ötull talsmaður hagsmunasamtaka í landbúnaði fremur en almennra neytenda. (**EgJ:** Það er bara svona!) Mér hefur verið legið á hálsi fyrir ýmislegt, hv. skrifari, um dagana, en þetta er í fyrsta skipti að ég held sem þessari skoðun er hreyft, a.m.k. opinberlega. Burtséð frá þessu get ég hins vegar tekið undir margt sem í greininni er sagt. Ég er t.d. sammála þeirri skoðun greinarhöfundar að það þjóni tæplega viðurkenndum sjónarmiðum manneldis að halda feitmeti að landsmönnum, jafnvel þótt ég verði að viðurkenna það líka að mér þyki það harla gott. Gildir þá einu hvort um er að ræða kjöt eða mjólkurafurðir.

Hitt er svo annað mál að stundum þarf að gera fleira en gott þykir. Það var einfaldlega ekki hægt að láta manneldissjónarmið ráða ferðinni, a.m.k. ekki að þessu sinni, að því er varðar þá kerfisbreytingu sem hér um ræðir. Aftur á móti má hiklaust halda því fram að manneldissjónarmið hafi þrátt fyrir allt haft veruleg áhrif á niðurstöðuna og þar nefni ég t.d. að vörugjald var ekki fellt niður af sælgæti og gosdrykkjum og fleiri slíkum vörum sem flokka má undir óhollustuvörur. Uppi voru hugmyndir um að ganga lengra í þessa átt, hafa vörugjaldið hærra í þessum vöruflokkum, en þær náðu ekki fram að ganga. Að gefnu tilefni, vegna þess að mér er tjáð að þetta atriði hafi komið til umræðu í utandagskrár- eða þingskapaumræðu í hv. Ed. í dag, þar sem spurst var fyrir um hvers vegna álagning hins samræmda vörugjalds upp á 14% væri miðuð við heildsöluverð, þá er það einmitt þáttur þessa máls. Við höfum búið við tvöfalt vörugjald í þessum skilningi, þ.e. eitt vörugjald og síðan vörugjaldsálag á ýmsar óhollustuvörur. En þetta vörugjald, sem ekki er launungarmál að hefur innheimst illa, var lagt að því er varðaði innlenda framleiðslu, sælgæti og gosdrykki, aðeins á 80% gjaldstofn af endanlegu framleiðsluverði innlendrar verksmiðju. Nú hefur þessari reglu verið breytt eins og allar slíkar reiknireglur hafa verið afnumdar þannig að gjaldið er lagt á 100% gjaldstofn sem þýðir þá að vörugjald á óhollustuvörur sem svo eru kallaðar, eins og gosdrykki, sælgæti og aðrar fleiri svipaðar vörur, er í reynd í 17% gjaldi og hefur því ekki verið lækkað í verði, en hlutfallslega er það hækkað meira en á aðrar vörur af þessum sökum. Og til þess um leið að sami gjaldstofninn sé lagður á að því er varðar vörugjaldið, bæði að því er varðar innlenda og erlenda framleiðslu, þá er það gert með þeim hætti að afnumin er reiknireglan upp á 80% sem þýðir þá að til samræmis er hún lögð á hjá báðum aðilum á sama grunn sem er þá þessi 26% breyting frá 80 og upp í 100%.

Þá er þess að geta að ýmsar af þeim matvörum sem hiklaust má telja til hollustufæðis hækka mun minna en fram kemur í þessari umræddu blaðagrein. Þar má nefna brauð og egg sem hækka um 10–15% en ekki 25% eins og þar er haldið fram. Innflutt nýtt grænmeti hækkar um 7% og nýir ávextir um 13% ef lækkun og niðurfelling tolla og vörugjalds skilar sér að fullu til neytenda. Ég fellst því ekki á þær fullyrðingar að manneldissjónarmið hafi verið fótum troðin í þessari ríkisstjórn. Það eru ekki rétt rök. Hins vegar er rétt að þau hafa ekki verið ráðandi um þessa breytingu og það er með ráðum gert einfaldlega vegna þess að eitt grundvallaratriði þessarar stefnubreytingar í tolla-, vörugjalds- og söluskattsmálum er að þar eigi fyrst og fremst að stefna að einfaldri og öruggri framkvæmd, en ef við viljum sinna einhverjum öðrum markmiðum, hvort heldur þau eiga að vera t.d. að örva fyrirtæki til fjárfestingar eða tryggja samkeppnishæfni atvinnuvega eða skapa einhverja séraðstöðu einhverjum hópum, eigi það að gerast með öðrum hætti.

En það er fleira sem heyrir undir manneldi en matvælin sjálf. Það má kannski einnig líta á að fjölmargar aðrar vörur, sem ýmsir mundu halda fram að heyrðu undir hollustu, lækka stórlega í verði eftir þessar breytingar. Leyfist mér að nefna nokkur dæmi.

Ég nefni t.d. tæki til íþróttaiðkana, sem lækka um 26%, hluti og búnað til fimleika og frjálsra íþrótta, sem lækka um 26%, hluti og búnað fyrir borðtennis, ákaflega holl iðja ekki satt, um 46%, ísskautar og hjólaskautar lækka um 33%, golfkylfur, sem sumum þykir vera í ætt við hollustuíþrótt, a.m.k. fyrir innisetulið sem hreyfir sig lítið, lækka um 46%, taflborð og taflmenn lækka um 46% og er ákaflega hollt út frá manneldissjónarmiðum eins og ýmsir hér inni vita mætavel. Íþróttaskór og fatnaður breytist ekki í verði fremur en annar fatnaður og skór. Nú heyrir það kannski ekki undir manneldi að lækka mjög verðlag á hvers kyns hlutum, amboðum og ífærum til barnauppeldis. Ég nefni barnareiðhjól og varahluti sem lækka um 48%, barnavagna og varahluti í þá sem lækka um 42%, barnabílstólar 16%. Ég veit ekki hvort barnapelar og barnasnuð heyra undir manneldi. Þeir hlutir lækka um 45% alla vega.

Þess má svo geta að við alla þessa útreikninga er gert ráð fyrir sama álagningarhlutfalli fyrir og eftir breytingu og tollum miðað við samninga okkar við EFTA og Evrópubandalagið. Vörur frá Asíu, Afríku og Ameríku fá í sumum tilvikum á sig ytri tolla á bilinu 0–30%, en það kemur út af fyrir sig ekki þessu máli við.

Hitt atriðið, sem mér finnst sérstök ástæða til að nefna að gefnu tilefni, er nauðsyn þess að vel sé fylgst með framkvæmd þessara breytinga um áramótin. Þetta á alveg sérstaklega við um þau tilvik þar sem vöruverð á að lækka vegna tollalækkunar og eða niðurfellingar vörugjalda. Það er auðvitað alltaf einhver hætta á að þessar lækkanir skili sér ekki að fullu til hins almenna neytanda. Besta leiðin til að draga úr þessari áhættu er að efla verðskyn neytenda. Viðskrh. hefur raunar þegar falið Verðlagsstofnun að gera sérstakar ráðstafanir til að

undirbúa verðkannanir í verslunum fyrir og eftir áramótin og koma þeim upplýsingum jafnhraðan á framfæri við neytendur. Þetta er ákaflega brýnt og mikilvægt að vel sé að því staðið. Auk þess er mikilvægt að koma upplýsingum um líkleg áhrif skattabreytinganna á almennt verðlag á framfæri við neytendur eins fljótt og kostur er til að stuðla að enn virkara verðlagseftirliti.

Herra forseti. Ég vil að lokum minnast á eitt atriði til viðbótar sem mikið hefur verið fjallað um á undirbúningsstigum þessa máls. Þeirri skoðun hefur margsinnis verið hreyft hvort ekki væri æskilegt og beinlínis hagkvæmt frá sjónarhóli þjóðarbúsins og neytenda að ganga enn lengra í átt til lækkunar á tollum. Rökin fyrir þessu eru aðallega tvenns konar.

Í fyrsta lagi að með enn frekari lækkun á svokölluðum ferðamannavörum, þ.e. þeim vörum sem Íslendingar á ferðalögum erlendis gjarnan kaupa þar fremur en hér á landi, muni þessi verslun færast inn í landið. Þetta muni hafa í för með sér að á móti tolltekjutapi ríkissjóðs að einhverju leyti muni koma auknar söluskattstekjur.

Í öðru lagi má halda því fram að núgildandi tollaskipan, þar sem enn er viðhaldið hærri tollum gagnvart þeim löndum sem við höfum ekki gert fríverslunarsamninga við, geti í mörgum tilvikum komið í veg fyrir hagkvæmari innkaup en ella. M.ö.o.: menn séu beinlínis neyddir til að sækja á óhagstæðari og dýrari markaði vegna þess hversu misjöfn tollmeðferðin er. Þótt ekki hafi unnist tími til að taka nægilegt tillit til þessara sjónarmiða áður en tollfrv. var lagt fram var ríkisstjórnin sammála um það á fundi sínum sl. föstudag að þetta væri mál sem vert væri að skoða í meðförum Alþingis og þingnefndar sérstaklega. Ég hef þess vegna undirbúið að kynna nokkrar viðbótartillögur í hv. fjh.- og viðskn. þar sem reynt yrði að koma til móts við þetta sjónarmið. Þessar tillögur eru ekki viðamiklar, eru ekki til þess fallnar að tefja meðferð máls, en þær væru eða gætu verið að mínu viti nokkur skref í átt til eðlilegri viðskiptahátta og ættu jafnframt að stuðla enn frekar að lækkun vöruverðs hér á landi.

Herra forseti. Með þeim breytingum á tolli, vörugjaldi og söluskatti sem áformaðar eru um næstu áramót er stefnt að verulegri einföldun á núgildandi skattakerfi. Með þeim næst betra samræmi milli verðhlutfalla bæði hér innan lands og ekki síður milli innlendrar og erlendrar vöru en undanfarin ár og jafnvel áratugi, en eðlileg verðhlutföll milli einstakra vörutegunda hafa vissulega meira og minna brenglast í þessum leifum frá haftabúskap fyrri ára. Hitt er jafnljóst að þegar litið er á verðmyndun í landinu í samhengi blasir víða við verulegt misræmi í verðlagningu. Það má telja fullvíst að þetta misræmi hafi óheppileg áhrif á eðlilega verðmyndun, bæði með óhagkvæmari innkaupum og hærra vöruverði en ella. Enn fremur hefur það vafalaust í mörgum tilvikum ýtt undir óæskilega viðskiptahætti og þannig í reynd stuðlað að undandrætti frá skatti. Þess vegna er löngu orðið tímabært að vinda ofan af þessu kerfi og gera það auðveldara í framkvæmd og eftirliti, en það er megintilgangurinn með þessari kerfisbreytingu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér fyrr í dag, um það leyti sem hæstv. fjmrh. tók til máls til að mæla fyrir þessum skattlagningarfrv. Alþfl., óskuðum við eftir því, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að það yrði rætt um þessi mál með býsna aðgreindum hætti samkvæmt þingsköpum, enda þótt við gerum okkur það ljóst að þessi mál tengjast með ýmsum hætti, en þá töldum við að það væri eðlilegt að fara yfir málin hvert fyrir sig.

Nú hefur það hins vegar gerst að hæstv. fjmrh. hefur kosið að halda sömu ræðu og hann hefði ella haldið, vera ekki neitt að hlusta á röflið í stjórnarandstöðunni, ganga yfir hana í þessu efni. Í tilefni af því og öðrum tíðindum sem eru að gerast í þinghúsinu á þessum klukkutímum óskum við eftir því, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í hv. Ed. Alþingis, að umræðum um þetta mál verði frestað, fundinum verði frestað og skapað svigrúm til þess að okkar fulltrúar í hópi formanna þingflokka og forseta þingsins geti rætt um þinghaldið áfram þannig að hér verði ekki haldið áfram með þeim hætti sem gerst hefur á undanförnum klukkutíma þegar hæstv. fjmrh. hefur virt þær óskir, sem við höfum borið fram, að vettugi. Þess vegna fer ég fram á það fyrir hönd stjórnarandstöðunnar í þessari virðulegu deild við hæstv. forseta að hann fresti nú þegar fundi og kveðji saman fund formanna þingflokkanna og forseta þingdeilda til að fjalla nánar um störf þingsins.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil í tilefni af þessu segja það, sem fram kom reyndar áðan, að mælt verður fyrir hverju máli fyrir sig líkt og skylt er. Það náðist samkomulag um það í dag að halda fundum áfram hér. Ég get ekki séð að það samkomulag hafi neitt breyst. Það verður fundahlé núna milli kl. 7 og 9 og hygg ég að það sé ástæða til að nota þann tíma til samráðsfunda auk matarhlés.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil síst gera lítið úr því að nauðsynlegt sé að halda góðri samvinnu við stjórnarandstöðuna og skil að hluta athugasemdir hennar. En á hinn bóginn hlýt ég að minna á í þessu samhengi að fyrir því er löng þinghefð þegar samkynja frumvörp eru til umræðu í þinginu að ráðherrar vísi með einum eða öðrum hætti til efnisatriða þeirra frumvarpa, sem tengjast, í framsöguræðum sínum, enda er það ógerningur að gera annað og beinlínis villandi ef við samningu frumvarpanna er beinlínis um efnisatriði að ræða sem varða hvert

annað eins og á við um þau frumvörp sem hér um ræðir.

Ég sé, herra forseti, ekkert nema gott um það að segja að þingflokksformenn hitti stjórnarandstöðuna að máli og við skýrum málið. Það hefur tekist víðtækt samkomulag um hvernig eigi að vinna að efnisathugun á þessum frumvörpum og ég vil vænta þess að það góða samstarf, sem stofnað hefur verið til, rofni ekki og okkur megi auðnast að halda því striki sem við vorum sammála um að taka, stjórn og stjórnarandstaða, í sambandi við vinnubrögð í tengslum við þessi frumvörp. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að hann verði við tilmælum hv. 7. þm. Reykv. um að það verði gert hlé á fundinum og menn ræði saman.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Fram kemur að það virðist vera vilji fyrir því úr mörgum áttum að þetta samráð eigi sér stað nú þegar. Ég hafði talið að það hefði þegar farið fram. En það er stutt til kvöldmatarhlés og því ástæðulaust að setja sig í stellingar á móti því að enn verði komið saman til fundar. Hef ég því ákveðið að fresta fundi til kl. 9 og jafnframt að sá tími verði notaður til samráðs við formenn þingflokkanna um þinghaldið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar undirtektir við þau tilmæli sem hér hafa verið flutt og sömuleiðis hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir og vænti þess að þessi viðbrögð séu til marks um að okkur takist sem best að klóra okkur í gegnum þann frumskóg sem málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar er orðinn á þessu þingi. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er hluti af stóru skattadæmi sem nú er til meðferðar. Hæstv. fjmrh. kaus í umræðunum fyrir kvöldmatinn að fara nokkuð vítt yfir sviðið og er kannski eðlilegt að svara því með því að fara nokkuð vítt yfir sviðið líka hér af minni hálfu, ræða almennt um skattheimtuna. Ég áskil mér þó rétt til að ræða um vörugjald og tolla í einstökum atriðum undir síðari dagskrárliðum, en mun efnislega fjalla almennt um þessi skattheimtumál og um söluskattinn sérstaklega.

Ég vil byrja á því að vekja athygli á eftirfarandi staðreyndum um skattahækkanir ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar:

1. Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ákveðið að leggja á skatta sem námu 1000 millj. kr. á árinu 1987 og 3700 millj. kr. á árinu 1988.

2. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var þessum forsendum breytt og bætt við 2000 millj. kr. Samtals voru skattar ríkisins þá taldir nema 24,8% af landsframleiðslu eða 59 milljörðum 564 millj. kr.

3. Nú er talið samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Þjóðhagsstofnun í dag að skattar á næsta ári verði 26% af landsframleiðslu og hækki því frá því að fjárlagafrv. var lagt fram um 2880 millj. kr. til viðbótar við það sem áður var komið. Heildarskattlagning ríkisstjórnarinnar, sem ákveðin hefur verið frá 8. júlí sl., nemur því samtals á verðlagi fjárlaga 8580 millj. kr.

Frá því að ríkisstjórnin tók við, herra forseti, eru liðnir rétt um fimm mánuðir. Þannig nema skattar frá því að stjórnin tók við um 1716 millj. kr. á mánuði eða 57 millj. á dag frá því að ríkisstjórnin tók við.

En það má líka hafa annan hátt á til samanburðar. Segjum að launamaður hafi hálfa milljón króna í árstekjur. Þá þarf liðlega 17 þúsund launamenn til að vinna fyrir þeirri skattahækkun sem núv. ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um frá því að hún tók við. Þannig lítur þetta dæmi út: 8580 millj. kr., hæsta hlutfall skatttekna af vergri landsframleiðslu sem um getur á 19 ára bili sem ég hef fengið tölur um.

Mér hafa í dag borist upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um heildartekjur ríkissjóðs 1978–1988. Þar er miðað við greiðslugrunn og verðlag hvers árs og fyrir árið 1988 er miðað við forsendur fjárlaga eins og þær liggja núna fyrir. Þar kemur fram að 1979 voru skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 24,2%, 1980 23,4%, fór hæst 1982 í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens í 24,5%, síðan í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 22,1%, 22,5%, 21,7%, 21,9% og á næsta ári munu skatttekjur sem hlutfall af landsframleiðslu verða 24,7%, þ.e. þær munu slá það met sem ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens setti á árinu 1982 við mikið erfiðari aðstæður í þjóðarbúskapnum en nú er um að ræða. Á því ári var um að ræða verulegan samdrátt í tekjum ríkisins, verulegt efnahagslegt áfall sem þjóðin varð fyrir. Núna, eftir þetta mikla góðæri, liggur það fyrir að fyrstu skattatillögur Alþfl., sem hér er verið að ræða um, hækka skattana í landinu upp í hæsta hlutfall af vergri landsframleiðslu sem verið hefur á 18 ára tímabili. Það er ástæða til að óska Sjálfstfl. sérstaklega til hamingju með þann mikla árangur í því að lækka skatta og draga úr samneyslu sem hér birtist og það er einnig ástæða til að veita þeim hamingjuóskum til Alþfl. líka vegna þess að talsmenn Alþfl. og Sjálfstfl. hafa á undanförnum árum og áratugum eða allt frá því í viðreisnarstjórninni lagt á það höfuðáherslu í efnahagsmálum að það bæri að draga úr skattheimtu. (**HBl:** Sem rétt er.) Sem rétt er, segir hv. 2. þm. Norðurl. e. og formaður fjh.- og viðskn. Ed., og væntanlega mun hann vinna samkvæmt því þegar málið kemur til meðferðar í þeirri hv. nefnd.

Hér er m.ö.o. um að ræða kaflaskipti og ég tel að þær byrðar, sem með þessum sköttum er verið að leggja á almenning í landinu, séu í rauninni beinlínis hættulegar vegna þess að hér er verið að ganga lengra á skömmum tíma en við þekkjum nokkur dæmi um áður þegar kaupmáttur kauptaxta t.d. af því að ég nefndi árið 1982 er mun lægri en hann var á því ári.

Þessar tölur nefndi hæstv. fjmrh. ekki í ræðu sinni áðan. Hann lagði ekki saman skattatillögur núv. ríkisstjórnar og skattaákvarðanir. Hann greindi ekki

frá því hvað matarskatturinn þýðir fyrir ríkissjóð á næsta ári. Það komu engar upplýsingar fram um það í hans annars löngu ræðu. Ræða hans fjallaði mest um tæknilegar útfærslur, ýmiss konar tæknilegar útfærslur á söluskatti, tollum og vörugjaldi. Það er athyglisvert hvað þessi annars vaski stjórnmálamaður hefur á skömmum tíma tekið mikinn lit af hinu þurra embættismannakerfi sem hefur aðeins eitt svar við vandamálum, einföldun, samræming, einföldun, samræming, burtséð frá því hvað það kostar almenning. Hver er matarskatturinn á næsta ári? Hver er hann? Af hverju sagði hæstv. fjmrh. ekki frá því hver matarskatturinn er? Heildarhækkun á matvörum vegna söluskattsbreytingarinnar í tíð núv. ríkisstjórnar nemur á næsta ári 5750 millj. kr. Þetta er tala sem ég bar undir hæstv. fjmrh. uppi í fjmrn. fyrir nokkrum dögum og hann féllst á. Þetta er sá skattur sem lagður er beint á allar matvörur í landinu. Og allir þurfa að borða. Líka lágtekjufólk, aldraðir og öryrkjar svo að dæmi séu nefnd. Og það breytir engu í þessu sambandi þó að hæstv. ráðherra reyni að bjarga sér á hundasundi með því að tala um einföldun og samræmingu. Það sem blasir við þessu fólki er að það er verið að hækka stórkostlega og sérstaklega skattana á þeim sem þurfa að eyða stærstum hluta tekna sinna í matvörur og það er láglaunafólkið í landinu. Svo þykjast þessir menn vera í jafnaðarmannaflokki.

Með þessari ákvörðun um matarskattinn er verið að taka um það ákvörðun að taka til baka ákvörðun vinstri stjórnarinnar haustið 1978 um að afnema að fullu söluskatt af matvælum. Ég tel að hér sé um að ræða ákaflega varasama ákvörðun. Ég tel að út af fyrir sig geti það verið rétt og skynsamlegt að einfalda hluti og fækka undanþágum, en ég segi: Forustumaður í jafnaðarmannaflokki á að byrja á fyrirtækjunum. Hann á að byrja á því að fella niður frádráttarliði fyrirtækjanna. Það gerir hann ekki. Það eru engar tillögur uppi um það hér enn af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh.: Hvenær kemur frv. um fyrirtækjaskattana til hv. Alþingis til meðferðar?

Hvernig lítur þetta dæmi út gagnvart almenningi á fyrri hluta ársins 1988? Það lítur í fyrsta lagi þannig út að söluskattur er lagður á matvörur sem nemur 5750 millj. kr. Allar matvörur hækka að jafnaði að sögn ríkisstjórnarinnar um 7%. Söluskatturinn sem átti að vera 22% verður 25%. Af hverju er það? Það er m.a. vegna þess að hæstv. viðskrh. er þeirrar skoðunar að það taki því ekki að lækka söluskatt úr 25 í 22%. Það muni svo litlu í verðlaginu að enginn taki eftir því og það verði ekki nokkur leið að fylgja því eftir. Þetta var yfirlýsing hæstv. viðskrh. í fjölmiðlum í gærdag. Hann telur að þessi lækkun muni ekki skila sér. En ég kem nánar að því hér á eftir, hvað þá með allt hitt, allar hinar lækkanirnar, allar hinar breytingarnar, vörugjaldið, tollurinn á öllum mögulegum vörum og ómögulegum sem meiningin er að breyta verði á samkvæmt frumvörpunum sem hér verða á dagskrá í kvöld.

Í fyrsta lagi lítur þetta þannig út gagnvart almenningi: söluskattur á matvörum.

Í öðru lagi liggur fyrir að skattabyrði beinna skatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs mun hækka um nærri því ¼ milli áranna 1987 og 1988 samkvæmt opinberum tölum sem fyrir liggja og enginn hefur vefengt.

Í þriðja lagi liggur það fyrir samkvæmt upplýsingum fjmrh. að útsvör sveitarfélaganna munu hækka að raungildi á árinu 1988, ef svo fer fram sem horfir, um allt að 10%.

Í fjórða lagi liggur fyrir að fasteignamat á öllum íbúðum í landinu hækkar milli áranna 1987 og 1988 um 100 milljarða kr., þar af 50 milljarða kr. umfram hækkun byggingarvísitölu. Taki sveitarfélögin fasteignagjöld af þessari umframhækkun á sama hátt og þau taka nú þýðir það mörg hundruð millj. kr., kannski um 500 millj. kr., í aukin fasteignagjöld. Fasteignagjöld eru sem kunnugt er a.m.k. hér í Reykjavík innheimt í tveimur áföngum, í janúar og maímánuði ef ég man rétt, og er alveg ljóst að ráðstöfunartekjur heimilanna munu af þessum ástæðum öllum skerðast mjög verulega frá því sem er á þessu ári.

Í fimmta lagi mun það einnig hafa áhrif á fjárhag almennings og ráðstöfunartekjur heimilanna að það hefur verið ákveðið að taka upp staðgreiðslukerfi skatta og verður byrjað að taka af mönnum strax í janúarmánuði, sama mánuði og á að greiða hærri fasteignagjöld en áður. Þeir sem skulda, þeir sem hafa lent í húsnæðiserfiðleikum, t.d. á undanförnum árum, hafa notið verulegs vaxtafrádráttar, hefðu dregið þann vaxtafrádrátt með sér frá árinu 1986 yfir á árið 1988 samkvæmt gamla kerfinu. Núna fer þetta fólk ekki að njóta vaxtaafsláttar frá sínum sköttum fyrr en á síðari hluta árins 1988.

Þetta eru fimm atriði, fimm efnisleg rök sem fjmrh. í ræðu sinni áðan annars mjög langri kom ekki inn á, en þau sýna að ráðstöfunartekjur heimilanna á árinu 1988 munu skerðast verulega frá árinu 1987, sérstaklega á fyrri hluta ársins 1988. Ég skora á hæstv. fjmrh. í umræðunum á eftir að svara þessum röksemdum efnislega. Ég er tilbúinn til að hafa í þessu efni eins og öðrum það sem sannara reynist, en ég hef tekið eftir því að þegar stjórnarliðar eru að kynna þessar skattlagningartillögur, sem hér liggja fyrir, reyna menn alltaf að tala út frá kerfisbreytingunni, kerfið, kerfið, kerfið, samræming, einföldun, en að menn tali út frá almenningi í landinu, sem verður að vinna fyrir þessum ósköpum, kemur ekki fyrir.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að sú einföldun sem hér er verið að gera tillögu um mundi þýða 2000 millj. kr. í bættri skattheimtu og vitnaði þar til álits skattanefndarinnar. Mér fannst þetta býsna athyglisvert og í samræmi við þessa yfirlýsingu mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að þessar álögur, sem hér standa á blaði, verði lækkaðar um sömu upphæð vegna þess að í þessum tölum er hvergi gert ráð fyrir betri innheimtu söluskattsins. Hann er allur

framreiknaður eins og hann hefði verið lagður á eftir gamla kerfinu án þeirrar margumtöluðu samræmingar og einföldunar sem núna er verið að setja geislabaug á í fjmrn.

Þegar þessi mál eru skoðuð í heild eru rökin bara ein, einföldun, samræming. Í þessum frumvörpum er hvergi gert ráð fyrir auknum jöfnuði lífskjara í landinu, hvergi, vegna þess að það liggur fyrir samkvæmt frv. um tekju- og eignarskatt, sem liggur fyrir Nd., að það er gert ráð fyrir að hátekjumenn lækki meira í sköttum en þeir sem eru með miðlungstekjur.

Í þessum tillögum og frumvörpum eru engin ákvæði sem benda til þess að ríkisstjórnin ætli með myndugum hætti að tryggja að þessar verðlækkanir skili sér til neytenda. Hvaða tryggingar höfum við fyrir því? Ætli við þekkjum ekki tilraunirnar sem gerðar hafa verið í þessum efnum á liðnum árum og hvernig það hefur komið út? Þar hefur það ekki gerst að þessar verðlækkanir hafi skilað sér til almennings í landinu. Og það eru engar tillögur um það af hálfu hæstv. fjmrh. Hann viðurkennir ekki einu sinni þennan möguleika í sinni framsöguræðu sem þó er gert í greinargerð með frv. sem embættismennirnir hafa samið. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. og þar með ríkisstjórnina í þessu máli: Hvað á að gera til að tryggja þetta? Ég treysti því ekki að verslunin skili lægra vöruverði sjálfkrafa án verulega herts eftirlits. Ég er þar ekki að fara með illu orði að þeim sem starfa við verslun í þessu landi. Reynslan sýnir ósköp einfaldlega að þegar um svona margvíslegar, flóknar mismunandi og oft mjög litlar hreyfingar er að ræða á einstökum vörum í verðbólguástandi kemur þetta ekki til fólksins. Því vil ég segja við hæstv. fjmrh.: *Ég treysti ekki tölum hans* um að hækkun framfærsluvísitölu verði núll við þessar ákvarðanir. Það mætti út af fyrir sig ræða í þessu samhengi líka, en ég get gert það síðar í kvöld: Hvaða áhrif hefur þessi ákvörðun á stöðuna á hinum almenna vinnumarkaði í landinu? Hvaða áhrif hefur það á stöðuna á hinum almenna vinnumarkaði þegar verið er að taka matarskatt upp á 5750 millj. kr.? Ætli það verði auðveldara fyrir verkalýðshreyfinguna að gera samninga nema þá hún geri samninga um það í janúar eða febrúar að taka þessa vitleysu alla af, en það hefur hún iðulega gert, rekið menn til baka með svona endileysu. Ég er sannfærður um það að þessi vinnubrögð Alþfl. hafa mjög slæm áhrif á stöðuna á hinum almenna vinnumarkaði og þau gera það svo að segja útilokað að hægt sé að semja um kaup og kjör fyrr en séð er hvaða áhrif þessar ráðstafanir hafa úti í þjóðfélaginu. Ég hef ekki orðið var við það að fjmrh. hefði nokkrar áhyggjur af því, ekki millígram, ekki talaði hann um það í þessari býrókratísku embættismannaræðu sem hann flutti hérna áðan.

Í þessum frumvörpum er fullyrt að margvíslegar hliðarráðstafanir séu gerðar. Það á að leysa vandann *með því m.a. að halda áfram niðurgreiðslum og stórauka* niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir upp á 1250 millj. kr. Ég segi það alveg eins og er að ég skil alla umræðu um þessi mál núna síðustu dagana þannig að núv. ríkisstjórn líti á þessa niðurgreiðsluhækkun sem tímabundna ráðstöfun og það sé ætlunin að skerða þessar niðurgreiðslur. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt í tilefni af þessu fyrir þá sem þykjast bera hag bænda fyrir brjósti, eins og núv. ritari þessarar deildar og fyrrv. ritari Nd. þykjast gera, þá tel ég óhjákvæmilegt að á það verði látið reyna að það niðurgreiðslustig, sem verið er að bæta við í *tengslum við þetta söluskattsfrv.*, verði lögfest. Ég mun bera upp till. um það að þessir bændavinir fái að sýna hug sinn í verki með því að standa þannig að málum að þessi niðurstaða verði lögfest. Ég veit að þeir treysta núv. fjmrh. nákvæmlega jafnilla og ég í þessu efni og vita að það dugir ekkert á hann nema böndin, lagaböndin í þessu efni. Við skulum sjá hvað þeir gera þá. En ætli þeir viti ekki eins og er að það á að taka þetta aftur. Þess vegna er búið svona losaralega um þessa hluti. Og það er líka sagt: Það á að hækka barnabætur og hækka ellilífeyri. Engar tillögur *liggja fyrir um útfærsluna á því af hálfu* ríkisstjórnarinnar og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi þegar í umræðunni um þetta fyrsta mál hvernig ríkisstjórnin hyggst útfæra hækkun barnabóta og ellilífeyris skv. þessum yfirlýsingum.

Ég gæti sagt margt fleira um þetta mál, herra forseti, m.a. það að framkoman við þingið er alveg ofboðsleg. Hún er alveg yfirgengileg. Hæstv. ráðherra baðst að vísu afsökunar á sjálfum sér hér áðan í þessu efni. Það er út af fyrir sig gott að hann hafi sómatilfinningu að þessu leytinu til a.m.k., sem ég dreg svo sem ekkert í efa að hann hafi. En þessi framkoma á sér að mínu mati engar hliðstæður í *þingsögunni* að reynt sé að breyta svo að segja öllu skattakerfi ríkisins með afgreiðslu hér í þinginu á sjö dögum eða svo. Það eru engin dæmi um það. Engin. Það kann vel að vera að menn hugsi sem svo: Látum stjórnarandstöðuna bara fá þetta í hausinn. Keyrum yfir hana. Rúllum yfir hana og göngum frá henni hér í þinginu á næstu dögum. En skyldi það ekki vera þannig að þessir menn eins og formaður Alþfl. ættu að bera virðingu fyrir lýðræðinu og þingræðinu og verða hugsað til þess að einn góðan veðurdag og sennilega fljótt, ef hann heldur eins áfram og hann *hefur gert til þessa, þá mun hann lenda í stjórnar*andstöðu á nýjan leik? Þá verður hans þjónusta í Arnarhvoli afþökkuð af þjóðinni. Skyldi það ekki vera þessum mönnum, sem eru núna svona uppfullir af valdasperringi eins og ráðherrar Alþfl. eru þessa dagana, skyldi það ekki vera hollt fyrir þá að hugsa um það að einn góðan veðurdag lýkur þessu nú og þá verða þeir að taka tillit til hinna almennu leikreglna sem venjulegt fólk í landinu verður að sætta sig við? Og skyldi mönnum aldrei detta það í hug, þó að mönnum sé illa við stjórnarandstöðuna og í nöp *við hana og þm. stjórnarandstöðunnar, kemur það* þá ekki fyrir að mönnum detti það í hug að verið sé að ofbjóða þm. stjórnarflokkanna? Eru þeir sáttir við þessi vinnubrögð? Eru þeir ánægðir með þessa

niðurstöðu? Telja þeir eðlilegt, þm. Sjálfstfl., að láta reka ofan í kokið á sér 8600 millj. kr. skattahækkun hér á nokkrum dögum? Segja menn bara amen og hallelúja og já takk? Er enginn maður með sjálfstæða hugsun eða a.m.k. virðingu fyrir leikreglum lýðræðisins í þingflokki Sjálfstfl., Alþfl. eða Framsfl.? Getur það verið að menn séu svo gjörsamlega heillum horfnir að þeir signi sig bara og segi já takk þegar svona löguðu er hellt yfir þá?

Ég hef orðið var við það hér í bakherbergjum og kaffistofum að vissir ágætir menn hér í þinginu í stjórnarliðinu eru með innantökur út af þessum ósköpum. En ætli það væri þá ekki rétt að menn tækju sig til og skoðuðu þessi mál aðeins betur? Hvaða læti eru þetta? Af hverju þarf að hvolfa þessu öllu yfir þjóðina núna á nokkrum dögum? Hún hefur haft þessi tollalög, sem við ræðum um seinna í kvöld, um nokkurt skeið. Skyldi hún ekki þola þau eins og í tvo til þrjá mánuði í viðbót? Ætli það verði héraðsbrestur og móðuharðindi þó að það yrði nú? Ja, þvílík ábján hafa þá ekki þessi lög verið ef menn þurfa endilega núna dagfari og náttfari fyrir jólin að steypa þessu hér yfir þingið!

Ég vil segja fyrir hönd okkar þm. Alþb.: Er það ykkar skoðun, hv. stjórnarliðar í þessari virðulegu deild, að það eigi að keyra málið í gegn núna á þessum dögum, allar þessar skattahækkanir án þess að málið fái eðilega skoðun? — Vegna þess að ég segi við ykkur, þm. stjórnarflokkanna: Þið vitið ekki nákvæmlega hvað stendur í þessum plöggum. Þið vitið lítið um það sumt vegna þess að þið eruð nýbúnir að fá þetta, rétt eins og við fengum þetta hér á okkar borð í gær. Ætlið þið að láta þetta yfir ykkur ganga? Og ég segi af okkar hálfu þm. Alþb.: Við lýsum fullri ábyrgð á hendur ykkur í þessu efni, Jóns Helgasonar, Karvels Pálmasonar, Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, Halldórs Blöndals, Eyjólfs Konráðs, Salome Þorkelsdóttur og Egils Jónssonar. Við lýsum fullri ábyrgð á hendur ykkar í þessu efni. (**KP:** Hvað með forseta vorn.) Ég gæti talið upp fleiri Karvel minn, hv. þm., ef nauðsyn krefur því það eru enn þá fleiri í Alþfl. en þú. Þið berið þessa ábyrgð. Þið eruð að leggja þetta á þjóðina. Þið eruð að leggja þessi vinnubrögð á þingið. Það er ykkar mál. Þið skuluð fá að bera þennan kross ein og hjálparlaust ef þið kjósið að gera það með þessum hætti.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja aðeins sérstaklega að frv. um söluskatt, breyt. á l. nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Eg vík fyrst að nokkrum efnisatriðum þess.

Því er haldið fram að nú sé verið að fækka stórkostlega undanþágum, það sé verið að grisja þær og einföldunin, samræmingin tryggi skilvirkni. Það er nýtt slagorð Alþfl.: Skilvirkni x-A. Hvaða undanþágur eru þetta svo sem verið er að fella niður og hvaða undanþágur eru settar á áfram? Hvaða undanþágur ætli sé sérstaklega brýnt að hafa áfram í söluskattinum, herra forseti? Það eru afruglarar. Það er alveg sérstaklega nauðsynlegt að afruglarar séu áfram undanþegnir söluskatti. Það á auðvitað að leggja söluskatt á matvörur og einfalda og tryggja skilvirkni. En afruglarar skulu vera á sínum stað. Soðningin verður með söluskatti. Það verður fróðlegt þegar hæstv. ráðherra fer að setja upp búðarkassa hér hjá honum Birni vini mínum á Grímsstaðaholtinu sem stundum selur grásleppu niðri í miðbæ. Hann á að taka söluskatt. Fisksalarnir hérna í Reykjavík eiga að taka söluskatt. Sá sem selur manni fisk við bryggju á að taka söluskatt. Þetta skyldi þó ekki verða til þess að það yrði aðeins erfiðara fyrir hæstv. sjútvrh. að tryggja það að trilluhornin rói ekki eftir fiski? Menn hafa nú fundið leiðir til annars eins og þess að losa sig við söluskatt á soðningu hér í landinu. (**Gripið fram í:** Það held ég nú.) En það er nauðsynlegt að fella niður söluskatt á afruglurum. Ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða skilvirknirök eru fyrir því að afruglarar verði áfram söluskattslausir þegar maturinn er með söluskatti? Hvaða rugl skyldu þeir hafa fundið upp í fjmrn. í þeim efnum?

Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því að nokkrar vörur verði teknar undir söluskatt og þjónusta umfram það sem verið hefur og fleira en matvæli. Frá því greinir í þessari setningu, sem ætti skilið að komast í bókmenntirnar, á bls. 11 í frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þær undanþágur sem hafa verið við lýði en falla nú niður eru þessar: Aðgangseyrir að gufubaðsstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum svo og að útisamkomum og að sýningum á íslenskum kvikmyndum svo og vélbinding heys."

Við sem komum aðeins nálægt landbúnaði þekkjum það eins og hv. þm. Egill Jónsson að í seinni tíð er það þannig með bændur að ef það bilar bindivél á bæ þá fer maður til með bindivélina sína og bindur fyrir nágranna sinn og kemur rétt fyrir að menn taka nokkra aura fyrir bindinguna. Til að fræða fjmrh. kannski þá taka menn eins og nokkrar krónur á bagga. Samkvæmt þessu eiga þessir bindivélaeigendur allir að koma sér upp búðarkössum til að tryggja það að þetta skili sér í ríkissjóð. — Herra forseti, ég sóttist lengi eftir því í mínum þingflokki að komast í Ed. Herra forseti, ef ég mætti biðja mér hljóðs. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þdm. að hafa hljóð.) (**SkA:** Þurfa þetta að vera færanlegir kassar?) Það sem ég ætlaði að segja, hv. 4. þm. Vesturl. er það að ég gerði lengi tilraun til þess að komast í Ed. í mínum þingflokki og það tókst naumlega. En ég sé að ég hef valið rétta deild. Ég finn það nú.

En þessir búðarkassar sem á að koma upp á heybindivélum skv. tillögu ríkisstjórnarinnar til að tryggja skilvirkni í söluskattsstigum, það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. fjmrh. og þess vegna spyr ég hann til viðbótar við afruglarana sem eiga að vera söluskattslausir: Af hverju á vélbinding heys að vera með söluskatti? Og af hverju á soðningin að vera með söluskatti? Er honum sérstaklega í nöp við þá starfsemi eða hvað á þetta að þýða? Gufubaðsstofur, nuddstofur, ljósastofur,

heilsuræktarstofur. Hvað gefur þetta í ríkissjóð? Hæstv. ráðherra hlýtur að geta svarað því. Hvað gefur þetta í ríkissjóð? Og útisamkomur. Það er sjálfsagt feitur biti þó að þeir séu hættir að halda framsóknarmótin. Og sýningar íslenskra kvikmynda. Hvað gefur það í ríkissjóð? Ég legg þessar spurningar formlega fyrir ráðherra og ég óska eftir því að hann svari þeim á þessari kvöldstund.

Ég vil þessu næst víkja að öðru ákvæði frv. þar sem frá því er greint að fella eigi niður úr söluskattslögunum ákvæðin um það að tiltaka sérstaka prósentu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Eins og kunnugt er hefur það verið í söluskattslögunum frá upphafi að það hefur átt að greiða 8% af söluskatti í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú er þetta ákvæði fellt niður og sagt að það sé nægilegt að hafa það inni, þetta ákvæði í lögunum um Jöfnunarsjóð. Ég er ósammála þessu. Ég tel að þetta mikilvæga atriði eigi að vera inni í lögunum um söluskatt áfram og mun kanna undirtektir við það í hv. nefnd hvort menn geta fallist á það að setja þetta inn í lögin um söluskatt svo sem verið hefur. En ég tel að það sé ekki nægilegt að búa svo um hnútana að þetta sé eingöngu inni í lögunum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ég tel, herra forseti, að þetta frv. um söluskatt sé í fyrsta lagi ranglátt vegna þess að það leggst þyngst á þá sem minnst hafa launin. Í öðru lagi horfir það ekki til þeirrar einföldunar sem hæstv. fjmrh. vill vera láta vegna þess að hann er að undanþiggja alls konar hluti áfram skv. þessu frv. Í þriðja lagi tel ég að þessar ráðstafanir séu þannig að það sé ekki tryggt að þær skili sér í heild í lægra verðlagi. Þvert á móti tel ég að verðlag muni hækka. Þegar á heildina er litið þá er einnig ljóst að hæstv. fjmrh. hefur sjálfur ekki trú á því að þetta skili sér betur í ríkissjóð því að hann reiknar ekki með krónu í betri innheimtu í þessu plaggi eins og það lítur hér út þó hann segði sjálfur að þetta nýja kerfi gæti þýtt 2000 millj. kr. í viðbót í ríkissjóð í betri innheimtu. Hann hefur ekki meiri trú á því en svo að hann reiknar ekki með því í þessu plaggi.

Allt ber þetta því að sama brunni. Þetta er í raun inni ekki einföldun. Þetta er leitun að skattstofni sem fólk neyðist til að nota, það eru matvörur, ef það vill á annað borð lifa. Þetta þýðir ekki aukið réttlæti, þetta þýðir ekki aukna skilvirkni, vegna þess að áfram er undanþeginn fjöldi vara og þjónustugreina sem fjmrn. hefur engin tök á að tryggja. Hér er á ferðinni frv. sem er fyrst og fremst til marks um stjórnunargleði þeirra manna sem fyrir skömmu, eftir 17 ára útlegð, gengu inn í ríkisstjórn þessa lands. Þess vegna væri ríkisstjórninni helst sæmandi að draga þessi plögg öll til baka eða gefa þingheimi kost á því að ræða þau með eðlilegum hætti næstu daga, bera okkur saman um hvað þetta þýði, hvort þessar undanþágur séu endilega þær réttu, hvort það séu til atriði sem ætti að skattleggja, hvort ekki sé leið til að lækka skattprósentuna, fara yfir þetta lið fyrir lið. Það er engin ástæða til að vinna þessi mál með þeim hætti sem hér er lagt til. Þess vegna lýsi ég fyrir okkar hönd yfir andstöðu við þetta frv. eins og það er, og andstöðu við vinnubrögðin sem höfð eru í frammi vegna þess að ég tel að þau feli í sér lítilsvirðingu við þessa samkomu, Alþingi Íslendinga.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Það þarf dálítinn kjark til að fara hér í ræðustól eftir þessa dómadagsræðu. Var fróðlegt að heyra þá lýsingu sem hv. 7. þm. Reykv. gaf af þessum þremur tekjustofnafrv. hæstv. fjmrh. sem hann er núna að demba yfir þingið og þjóðina.

Ég tel að það sé hreinlega skylda stjórnarandstöðunnar að reyna að koma í veg fyrir að þessar breytingar nái fram að ganga. Hér er um að ræða svo hrikalega skattheimtu á almenning að orð fá varla lýst. Þessu er ágætlega lýst í DV í dag, með leyfi hæstv. forseta, þar sem þeir fréttamenn DV hafa reiknað út að skattaálögur eru að jafnaði 420 millj. kr. á hverri viku frá því að ríkisstjórnin kom til valda 8. júlí í sumar. Þegar maður les þessa frétt þá hugsar maður sem svo: Það hlýtur að vera fyrsta skylda okkar í stjórnarandstöðunni að reyna að koma þessari ríkisstjórn frá. Því að ef svo heldur sem horfir þá heldur hún áfram að bæta sköttum og álögum á almenning sem nemur 420 millj. kr. að jafnaði á viku hverri. Það verður björgulegt eftir því sem líður á kjörtímabilið ef svona heldur áfram.

Ég ætla að reyna að fara málefnalega í gegnum þessi þrjú frv. sem hér eru til umræðu í kvöld og reyna að halda mig við hvert frv. fyrir sig eins og við óskuðum eftir að hæstv. fjmrh. gerði þó að hann hafi reyndar talað mjög vítt og breitt og afar ruglingslega. Hann þvældi þessu öllu saman í einn hrærigraut og var oft erfitt að henda reiður á því hvað hann var að tala um. En ég ætla að reyna að halda mig við söluskattsfrv. í þessari ræðu þó svo að ég kunni að grípa til einhverra dæma sem ég tek úr hinum frv. tveimur.

Eitt af því sem mér finnst hjákátlegast að lesa í grg. með söluskattsfrv. er að þar er talað um að það muni verða til þess að verðbólga lækki. Mér er spurn: Hvernig getur verðbólga lækkað þegar lagður er 25% matarskattur á allar helstu matvörur almennings? Hvernig má það öðruvísi verða en að verkalýðshreyfingin muni koma með mjög harðar kaupkröfur í kjölfarið á slíkum álögum? Auðvitað hefur það áhrif á verðbólguna þannig að hún fer á stað. Hún fer upp á við aftur. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu lýst því mjög fjálglega hvernig eigi að koma til móts við almenning í landinu með því að greiða niður örfáar af þeim matvörum sem almenningur notar daglega, þ.e. mjólk, kjöt og skyr, svo eitthvað sé nefnt, og reyndar blessað lambakjötið okkar. En þegar það er rifjað upp hefur oftlega komið fram í seinni tíð að almenningur í landinu hefur ekkert lengur efni á að borða lambakjötið, hvort sem á það er lagður 25% söluskattur eða ekki. Það skiptir raunverulega ekki lengur máli hvort það er niður-

greitt eða hvort þessi söluskattur kemur á lambakjötið því það eru allir hættir að borða það. Það kom fram hjá einni háttsettri embættismannafrú hér í einhverju blaðinu í sumar að hún væri löngu hætt að kaupa lambakjöt í matinn á sínu heimili. Hún hefði hreinlega ekki efni á því. Þess vegna hygg ég að launafólk hér í þessu landi skipti það afarlitlu máli hvort lambakjöt verði greitt niður þannig að söluskattsáhrifin komi ekki fram þar því það hefur enginn efni á því að borða það ágæta kjöt lengur.

Umframbirgðir af lambakjöti í landinu eru með ólíkindum. Það vita allir. Við erum látin borða gamalt kjöt, orðið tveggja ára segja sumir í verslununum, vegna þess að það hleðst upp af því að það hefur enginn efni á því að borða það. Ég ætlaði reyndar ekki að tala hér mikið um lambakjöt nema hvað ég gæti kannski varpað fram þeirri hugmynd að fleygt yrði svo sem eins og heilum árgangi til þess að við gætum aftur farið að borða nýtt kjöt, næsta ár a.m.k.

Hæstv. fjmrh. talaði í framsöguræðu sinni mikið um söluskattinn sem undanfara virðisaukaskattsins sem fyrirhugað er að leggja á 1. janúar 1989. Með því virðisaukaskattskerfi sem stefnt er að komum við til með að horfa upp á það að u.þ.b. 25 þúsund söluskattsgreiðendur verða í virðisaukaskattskerfinu. Það liggur við að helmingur vinnufærra manna á Íslandi verði sennilega að vera með bakpoka með þessum kössum sem hv. þm. 7. þm. Reykv. lýsti svo skemmtilega í ræðu sinni áðan. Helmingur vinnufærra á landinu verður söluskattsskyldur í virðisaukaskattskerfinu og þarf sennilega að halda á einhverjum svona kassa til þess að skila söluskattinum. Í raun og veru endar þetta með því að helmingur vinnufærra manna er orðinn nokkurs konar skattstofa fyrir fjmrn. til þess að reikna út og leggja á söluskatt, þ.e. virðisaukaskatt, á hina sem sleppa. Þeir eru nú að verða tiltölulega fáir meðal vinnufærra manna, þannig að það verður sem sagt helmingur vinnufærra manna í því að leggja söluskatt á hinn helminginn. Í gamla söluskattskerfinu voru þetta um 1800 söluskattsgreiðendur sem sáu um að greiða yfir 85% af söluskattinum.

Í kosningabaráttunni í vor létum við þm. Borgarafl. athuga með söluskatt í tolli. Þá rifjuðust upp fyrir mér gamlar hugmyndir Alþfl. um að leggja á söluskatt í tolli. Reyndar rifjaðist það einnig upp fyrir okkur að þegar söluskatturinn var lagður á upp úr 1960 voru um það miklar deilur hvort söluskattur skyldi lagður á í tolli eða hvort hann skyldi lagður á í smásölunni. Það endaði með því að söluskattur var lagður á í smásölunni, en það mun hafa stafað af því að heildsalar höfðu sterkari ítök á þeim árum. Þeirra rödd heyrðist betur hjá stjórnvöldum og Alþingi þegar var verið að innleiða söluskattinn hér fyrir tæplega 30 árum.

Söluskattur í tolli er ákaflega einföld innheimta á söluskatti. Hann er innheimtur með tollum. Í raun og veru mætti þá leggja niður allt söluskattskerfið í landinu á einu bretti. Hins vegar er eftir að meðhöndla samkeppnisiðnaðinn í slíku kerfi. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar munu vera um 2500 fyrirtæki í landinu sem teljast til samkeppnisiðnaðar. Samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert bæði við Efnahagsbandalagið og Fríverslunarbandalagið ber okkur að láta þessi samkeppnisfyrirtæki greiða söluskatt. En það er afar einfalt að láta þessi fyrirtæki greiða nokkurs konar virðisaukaskatt, þrátt fyrir söluskatt í tolli, þannig að ekki yrði um uppsöfnun á söluskatti að ræða hjá þessum samkeppnisfyrirtækjum. Það var reiknað út af Þjóðhagsstofnun skv. okkar ósk að til þess að ná sömu tekjum og gamla söluskattskerfið gaf af sér hefði söluskattur í tolli þurft að vera um 28%. En þá voru allir aðilar innan lands lausir við söluskattinn ef frá eru talin þessi 2500 fyrrnefndu fyrirtæki í samkeppnisiðnaði. Hugsið ykkur alla þá þjónustuaðila sem hefðu ekki lengur þurft að hugsa um söluskatt, eða alla smásöluna sem hefði ekkert þurft að skipta sér af söluskatti frekar! Ég held að það hefði verið nær að athuga einhverjar slíkar leiðir í staðinn fyrir þetta hrikalega kerfi sem er verið að teyma okkur inn í.

Hver eru raunverulega rökin fyrir því að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi? Jú, þetta er haft eftir erlendum fyrirmyndum. Ég sagði það einhvern tímann í blaðagrein að svo virtist sem embættismönnunum hér á Íslandi líði afar illa ef þeir vita af einhverju flóknu skattkerfi í nálægum löndum sem við höfum ekki tekið upp. Þeir beinlínis iða í skinninu eftir því að geta tekið slíkt kerfi upp. Við, í þessu litla landi norður í Dumbshafi þar sem ekki búa nema 250 þúsund hræður, við þurfum endilega að taka upp söluskattskerfi sem tugmilljóna þjóðir nota úti í Evrópu. Ef við skoðum dæmið nánar þá er afar einfalt að sjá hvers vegna stóru iðnaðarlöndin í Evrópu eru með virðisaukaskatt. Um það bil 80% af öllum neysluvörum, sem eru í smásölunni í löndum t.d. í Mið-Evrópu eða í Efnahagsbandalagslöndunum, eru framleidd innan lands. Það er ósköp eðlilegt að nota virðisaukaskatt í þjóðfélagi sem framleiðir yfir 80% af vörum til innlendrar neyslu í landinu sjálfu. Það eru aðeins um 20% af neysluvörum í þessum þjóðfélögum fluttar inn. Svo það er ofur eðlilegt að slík lönd geti ekki tekið söluskatt í tolli. Á Íslandi er þetta akkúrat öfugt. Þar eru um 80% af öllum neysluvörum á markaði innan lands fluttar inn, en aðeins um 20% sem er framleitt í landinu sjálfu, þannig að það er afar óeðlilegt og beinlínis rangt að taka upp sama söluskattskerfi á Íslandi og í hinum stóru iðnaðarlöndum Evrópu.

Fyrir u.þ.b. ári síðan var ég á ferðalagi í Evrópu og kom í tvö smáríki. Annað þeirra var Andorra, litla ríkið uppi í Pýreneafjöllunum, þar sem enginn söluskattur er á vörum í smásölu. Ég spurði einn verslunareiganda þar í verslunargötunni, þar sem tugþúsundir ferðamanna eru að versla og kaupa varning á mjög hagstæðu verði, hvernig stæði á því að þeir hefðu ekki söluskatt. Það setti að honum óstöðvandi hlátur, sem minnti einna helst á ástandið

hér í deildinni rétt áðan, og sagði að hann hefði aldrei heyrt neitt vitlausara því að ef lagður yrði söluskattur á vörur í smásölu þá hyrfu allir ferðamennirnir og þjóðfélagið mundi verða af gífurlegum tekjum sem þeir skilja eftir í landinu.

Annað smáríki í Evrópu, Lúxemborg hefur heldur engan söluskatt. Hefði nú ekki verið nær fyrir sendimenn fjmrn., þegar stór hópur þeirra var sendur í ferðalag til útlanda til að kynna sér söluskattskerfi, virðisaukaskattskerfi nágrannalandanna, að fara til Lúxemborgar og kanna af hverju er ekki söluskattur í Lúxemborg. Í staðinn voru þeir sendir til Danmerkur. Þó svo ég hafi oft sótt hugmyndir til Danmerkur þegar þar hefur verið um góðar hugmyndir að ræða þá er það síðasta landið sem ég mundi fara til til að sækja góðar hugmyndir í sambandi við virðisaukaskatt, söluskatt og skattlagningu yfirleitt. Ég átti sjálfur heima um árabil í Danmörku og þekki vel hvernig þar hagar til um skattheimtu. Ég átti m.a. heima í Danmörku þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið þar upp 1. jan. 1970. Meiri aukning á skattbyrði á launþegum og almenningi hefur aldrei nokkurn tímann orðið í Danmörku, hvorki fyrr né síðar, en þegar staðgreiðslukerfi skatta var þar tekið upp áramótin 1969–1970. Ég er alveg viss um það að eitthvað svipað á eftir að gerast hér á landi þegar við göngum í gegnum þessar kerfisbreytingar hæstv. fjmrh. sem miða allar að því að gera lífið fyrir allan almenning hér á Íslandi óbærilegt.

Ég var að tala um danska virðisaukaskattskerfið, en því var hælt mjög í ræðu hæstv. fjmrh. Hann taldi að það væri mjög einfalt, skilvirkt og með því besta sem þekkist. Þegar Danir tóku upp virðisaukaskattskerfið fóru ótalmargir smáaðilar bæði í iðnaði og verslun beinlínis á hausinn því að þeir þoldu ekki virðisaukaskattinn sem setti á þá miklar byrðar, þ.e. þeir þurftu að eyða miklum tíma í útreikninga og uppgjör til ríkisins, sem þeir höfðu verið blessunarlega lausir við áður. Þá kemur aftur að því sem ég gat um áðan að það verður gaman að lifa í þjóðfélagi þegar helmingur vinnufærra manna eða þar um bil situr við að reikna út virðisaukaskatt til að leggja á hinn helminginn.

Í Danmörku hefur verið komið upp sérstökum verslunum, sem eru afar fróðlegar fyrir þá sem berjast svona ákaft fyrir virðisaukaskattskerfi. Það eru vöruhús sem kallast Metro. Þangað fara allir sem hafa söluskattsnúmer í virðisaukaskattskerfinu og kaupa sér lúxusvörur, neysluvörur, oft söluskattslausar, en á mjög hagstæðu verði vegna þess að þeir hafa söluskattsnúmer. Almenningur stendur þar fyrir utan dyr með sultardropann úr nefinu og horfir á dýrðina fyrir innan en fær ekki aðgang. Það er hinn hluti vinnufærra manna sem hefur ekki söluskattsnúmer. Það er kannski eitthvað þessu líkt sem við viljum fá hér á Íslandi, eins konar „berioskabúðir“ eins og eru notaðar í Rússlandi fyrir þá sem hafa yfir gjaldeyri að ráða. Þar er hægt að versla mjög ódýrt, kaupa ódýrar vörur ef menn hafa vestrænan gjaldeyri milli handanna. Eitthvað svipað gætum við hugsað okkur hér, þ.e. að við tækjum upp svona söluskattsbúðir í líkingu við Metro-vöruhúsin í Danmörku þar sem þeir sem hafa virðisaukaskattsnúmer geta gert ódýr innkaup meðan allur almenningur horfir á og fær ekki notið.

Í ræðu hæstv. fjmrh. var fjallað ítarlega um matarskattinn. Bæði í ræðu hæstv. fjmrh., eins og hann orðaði það, og sömuleiðis í athugasemdum með þessu frv. sem hér liggur fyrir hv. deild, er því haldið fram að framfærsluvísitalan mun ekkert breytast við þessar söluskattsbreytingar. Það er talið að vísitölufjölskyldan noti u.þ.b. 20% af útgjöldum sínum til þess að kaupa mat og því muni útgjaldahækkunin aðeins verða 7% eða um 1800 kr. á mánuði eins og svo er sagt. Þetta er mikil blekking vegna þess að lágtekjufólkið notar miklu, miklu meiri hluta tekna sinna til að kaupa mat. Matur á Íslandi er með því dýrasta sem þekkist í öllum heiminum. Ég hef ferðast mjög víða og komið í flesta heimshluta. Ég hef aldrei nokkurs staðar orðið var við eins dýra matvöru og hér á Íslandi. Og nú á að hækka hana um 25% þó svo að það komi niðurgreiðsla á örfáar tegundir landbúnaðarvöru sem framleiddar eru í landinu sjálfu.

Ég hef áhyggjur af þeim ferðamannaiðnaði sem hér hefur vaxið á undanförnum árum og almenningur í landinu bindur miklar vonir við. Ég er ansi hræddur um það að næsta sumar þegar ferðamenn koma hingað til lands muni þeir flýja hljóðandi í burtu þegar þeir sjá verðlagið hér, einkum á veitingahúsum og í verslunum almennt á Íslandi. Það að setjast inn á veitingahús á Íslandi er munaður sem er með því dýrasta sem þekkist nokkurs staðar í heiminum. Þegar kominn verður fullur söluskattur á matvöru mega allir biðja guð að hjálpa sér. Það verða ekki aðrir sem fara út að borða á veitingahúsum en þeir sem geta annaðhvort látið opinbera aðila borga fyrir sig eða þá að fyrirtækin eru reiðubúin að taka það á sig sem risnukostnað.

Það hefði verið gaman að sjá einhverjar hugmyndir í þá átt að reyna að koma til móts við ferðamannaþjónustu landsmanna með því að athuga hvort ekki mætti reyna að taka upp svipað kerfi og í nágrannalöndunum, að ferðamenn geti fengið endurgreiddan söluskatt.

Ég gat um það áðan að ég hefði á ferðum mínum komið til smáríkisins Andorra þar sem mikil verslun fer fram til ferðamanna sem flykkjast þangað til að kaupa sér ódýra vöru. Það er einhver munur að sjá hvernig menn líta á hlutina þar. Í staðinn fyrir að reyna að fæla ferðamenn frá Íslandi með því að hafa verðlag svo hátt í landinu að sá ferðamaður sem villist hingað til lands næsta sumar hlýtur að flýja hljóðandi upp í næstu flugvél og forða sér héðan. Það væri gaman að sjá einhvern tímann hugmyndir í þá átt að reyna að lækka vöruverð á Íslandi og gefa ferðamönnum kost á endurgreiðslu á söluskatti eins og þekkist í nágrannalöndunum til þess að styrkja stöðu ferðamannaþjónustu í landinu.

Ég mun hér á eftir þegar við tökum til umræðu vörugjaldsfrv. og tollafrv. ræða ítarlega um þá hluti, en mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því, af því að ég sé það á blaði einu sem ég hef tekið með mér í ræðustól, hvort muni vera söluskortur á skriðdrekum því að ég sé að þeir munu lækka úr 45% í 30% toll. Hins vegar munu geimför og skotvagnar fyrir geimför lækka úr 35% í 0%. Það er líklega gert fyrir lágtekjufólkið. Ég geri ráð fyrir því að þar sem skriðdrekar eru ekki lækkaðir nema úr 45% í 30% kunni það að vera af ótta við það að almenningur í landinu muni gera uppreisn gegn matarskattinum. Það er hins vegar ekkert á þessu blaði sem segir hvort þeir verði undanþegnir söluskatti. Má vera. Þeir eru ekki með í þeirri upptalningu sem er hér í söluskattsfrv.

Það eru margir skemmtilegir hlutir sem koma fram í bæði söluskattsfrv., í vörugjaldsfrv. og í tollafrv. og ég er ekki í nokkrum vafa um það að við eigum eftir að skemmta okkur dátt hér í deildinni í kvöld þegar við förum að tína til einstök atriði og einstök dæmi um þá kerfisbreytingu sem er hér á ferðinni.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið þegar þessi mál voru lögð fram og þegar hafa verið gagnrýnd. Það er nefnilega að mjög lauslega athuguðu máli sem við ræðum þessi veigamiklu frv. hér í deildinni í kvöld og það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að fyrir marga stjórnarþingmenn eru þessi frv. jafnný og ókunn og fyrir okkur stjórnarandstæðinga. Sem dæmi um vinnubrögðin langar mig til þess að segja ykkur frá því að ég vissi ekki af fundi í Ed. hér í gær vegna þess að við kvennalistakonur sátum á þingflokksfundi og höfðum ekki fengið tilkynningu um að það yrði framhaldsfundur í Ed. Því sá ég þessi þrjú frv. ekki fyrr en á fundi Sþ. í morgun en þar var ég upptekin í umræðum þangað til langt fram yfir hádegi. Og það sér hver maður, sem rennir grun í hversu veigamiklar breytingar hér er um að ræða, hversu fáránlegt það er í raun að ætla sér að ræða þær af einhverju málefnalegu innsæi með svo stuttum fyrirvara. Þetta finnst mér vera fráleit vinnubrögð. Ég mun þó ræða stuttlega ýmislegt það sem mér hefur tekist að kanna, og þá sérstaklega í þessu umræddu frv. en ekki tala almennt um skattamál né heldur um hin tvö sem verða rædd hér á eftir.

Það er þá fyrst að í athugasemdum um frv. á bls. 6 stendur, með leyfi forseta:

„Á sínum tíma uppfyllti söluskatturinn að mörgu leyti ágætlega þær kröfur sem gerðar eru til neysluskatta almennt. Skattstofninn var stór, undanþágur fáar, skatthlutfallið lágt og framkvæmdin einföld og ódýr. Öll þessi atriði eru forsendur nauðsynlegs öryggis í framkvæmd skattheimtu af þessu tagi."

Það er sem sé talin þarna meginforsenda í framkvæmd skattheimtu af þessu tagi að skatthlutfallið sé lágt. Þessi forsenda er ekki fyrir hendi í umræddu frv. um söluskatt. Skatthlutfallið er hátt. Það er 25%. Og það er enn verra að þessi háa skattprósenta skuli leggjast á jafnnauðsynlegar vörur og matvæli.

Kvennalistinn hefur alveg frá því í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor lýst því yfir að við erum mjög mótfallnar því að skattheimta sé lögð á nauðsynjavörur eins og matvæli og sendum reyndar frá okkur ályktun strax í ágúst þegar þessi ríkisstjórn tilkynnti 10% hækkun á matvælum, ef ég má vitna með leyfi forseta:

„Kvennalistinn skorar á hina nýju ríkisstjórn að láta af áformum um 10% söluskatt á matvæli. Þegar hefur framkvæmd þessarar skattheimtu verið frestað til næstu mánaðamóta og vill Kvennalistinn benda nýjum valdhöfum á að nota þann tíma til að íhuga vandlega kosti og galla skattlagningar á matvæli.

Það þarf ekki að fjölyrða um áhrif skattlagningar á matvæli fyrir heimili landsins, en hitt vefst fyrir mörgum hvernig þessi nýja skattlagning samræmist eftirfarandi markmiðum nýrrar ríkisstjórnar:

Í fyrsta lagi: Lækkun verðbólgu.

Í öðru lagi: Tekjuöflun ríkisins verði gerð einfaldari og réttlátari og skilvirkari, eins og stendur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Varðandi fyrra atriðið er vitað að hækkun framfærslukostnaðar hefur áhrif á rauðu strikin og er því verðbólguhvetjandi. Varðandi síðara atriðið má spyrja um réttlæti þess að hækka verð á þeirri vöru sem enginn getur verið án. Smávægileg hækkun elli- og örorkulífeyris og barnabóta til örfárra bætir engan veginn upp þá hækkun brýnustu nauðsynja og aukna verðbólgu sem af þessari aðgerð leiðir. Einfaldari verður innheimtan varla ef þrefalt kerfi verður í gangi í einni og sömu verslun, 25%, 10% og 0% söluskattur. Ef ríkisstjórnin heldur fast við áform sín mun hráefnið í grjónagrautinn hækka.

Hvað skal þá til ráða? Hvaða mataruppskrift ætlar ný ríkisstjórn að ráðleggja húsmæðrum landsins?"

Enn eru þessar röksemdir sem hér koma fram í raun gildar vegna þess sem getið var einmitt í máli síðasta ræðumanns. Það er afskaplega líklegt að þetta verði verðbólguhvetjandi þegar kemur að kjarasamningum. Svo veigamiklar hækkanir á útgjöldum heimilanna hljóta að leiða til aukinna krafna um hækkað kaup. Það er enginn vafi á því. Það þarf enginn að fjölyrða um réttlætið sem fólgið er í því að leggja slíkan skatt á matvæli sem er stór útgjaldaliður fyrir láglaunafólk og miklu meiri útgjaldahluti en hjá þeim sem hærri tekjurnar hafa.

Síðan tek ég undir þá spurningu sem þegar er komin fram: Hvernig stendur á því að þegar þessar miklu skattabreytingar eru kynntar kemur engin nánari útfærsla á því hvernig barnabætur verða greiddar og t.d. elli- og örorkulífeyrir? Hvernig á að mæta þeim bótum sem nefndar hafa verið? Hvernig á að mæta þörfum fyrir bætur sem lofað hefur verið og nefndar hafa verið þegar þessi aukna byrði er

lögð á þá sem minnstar tekjurnar hafa? Ég tek undir þessa spurningu og bið um málefnaleg svör.

Síðan er talað um að þessi skattheimta eigi síðar að leiða til virðisaukaskatts. Á síðasta þingi þegar lagt var fram frv. um virðisaukaskatt, þá lýsti Kvennalistinn sig andvígan slíku frv. í þeirri mynd sem það þá var, ekki síst vegna þess að við vorum á móti því að virðisaukaskattur legðist á lífsnauðsynjar eins og matvæli eins og þar var lagt til, þannig að þar gildir sama röksemdin. Og ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi líka verið á móti virðisaukaskatti þá. Hann taldi upp einar fjórar ástæður og ein þeirra — ég vona að hæstv. ráðherra heyri mál mitt, annars á hann erfitt með að svara mér á eftir — og ef ég man rétt þá var ein síðasta ástæðan, fjórða ástæðan til þess að hann var á móti þessu frv., sú að neyslustýringin, sú neyslustýring sem niðurgreiðsla á landbúnaðarafurðum er, var honum ekki að skapi eða, með leyfi forseta, eins og hann sagði þá í umræðu: Vegna þess að með hliðarráðstöfunum er verið að verja fé til neyslustýringar til þess að hafa beinlínis áhrif á neysluval og þar af leiðandi innkaup og markaðsstöðu fyrirtækja.

Svo mörg voru þau orð og þá átti hæstv. ráðherra einmitt við niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. En hvað gerir hann nú, ráðherrann? Gerir hann það góða sem hann vill? Ég held ekki því að það er ekki bara sú staðreynd að söluskatturinn skuli lagður á matvörur sem kemur láglaunafólkinu sérstaklega illa, heldur vil ég einnig gera hér að umræðuefni þá neyslustýringu sem því fylgir.

Fyrst af öllu langar mig að minnast hér nokkuð á manneldismál, og reyndar minntist ráðherra á þetta í máli sínu áðan, en mig langar að gera það enn ítarlegar vegna þess að ég tel að þetta sé í raun afskaplega mikilvægt þegar til lengdar lætur. Það er nefnilega mjög erfitt að byrja á því að skapa góðar venjur, bæði með einstaklingum og ekki síst með þjóðum.

Í skýrslu heilbr.- og trmrh. um íslenska heilbrigðisáætlun, sem var lögð fram á síðasta þingi, eru tiltekin ákveðin manneldismarkmið. Þar er m.a. sagt, og ég vitna, með leyfi forseta:

„Næringarástand þjóðarinnar er talið gott, en það þarf að sjá um að allir fái nægan mat og að í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði. Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar, innlendrar fæðu. Það á að ýta með ýmsu móti undir neyslu kornmetis, fisks, kjöts sem er magurt, kartaflna og grænmetis.“ Og ég vona að hæstv. ráðherra sé að hlusta. „Stuðla skal að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi með fræðslu og verðstýringu. Neysla matar sem hefur mikið af sykri og neysla sætinda svo og saltaðs matar á að minnka með upplýsingastarfsemi og verðstýringu.“

Þetta var ágæt stefna og er enn og hæstv. núv. ríkisstjórn var með á nótunum og hafði kynnt sér þetta þegar hún samdi og birti stefnuyfirlýsingu sína og starfsáætlun því að þar segir einmitt í kaflanum um heilbrigðismál á bls. 24:

„Samræmdar verði aðgerðir stjórnvalda til að framfylgja neyslu- og manneldisstefnu með heilbrigði landsmanna að leiðarljósi.“

Þetta var það sem hún ætlaði að gera. Síðan tiltekur hún nú að landbúnaðarvörur sérstaklega séu mikilvægasti neysluhluti almennings en hún tekur hvorki tillit til þeirra manneldissjónarmiða sem hafa komið fram í manneldismarkmiðum heilbrigðisáætlunarinnar né heldur til þeirra markmiða sem Manneldisfélag Íslands hefur sett sér. Mig langar að vitna í greinina sem hæstv. ráðherra minntist á sjálfur áðan. Það er grein í Morgunblaðinu frá 9. des. eftir Jón Gíslason, sem er næringarfræðingur og formaður Manneldisfélags Íslands. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þegar samkomulag ríkisstjórnarinnar er athugað nánar kemur hins vegar í ljós að manneldismarkmið sem taka mið af því að efla heilbrigði þjóðarinnar hafa ekki verið höfð til hliðsjónar við mótun þess“ — þ.e. frv. Hann segir enn fremur:

„Manneldisráð Íslands, sem lögum samkvæmt skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál, lauk á sl. ári við gerð manneldismarkmiða fyrir Íslendinga. Markmiðin eru sett fram í þeim tilgangi að efla heilbrigði þjóðarinnar með leiðbeiningum um fæðuval og eru byggð á þeim rannsóknum og þeirri þekkingu sem fyrir liggur um tengsl mataræðis og heilsu.“

Hann segir síðan frá því að þetta hafi verið kynnt hjá fyrrv. ríkisstjórn og hlotið góðar undirtektir. Síðan telur hann upp nákvæmlega þær fæðutegundir sem ég minntist á og fleiri sem allar hljóta þau örlög í þessu frv. að þær munu hækka.

Hann segir enn fremur: „Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt aðild að áætlun 33 Evrópuþjóða um forvarnarefni sem nefnt er Heilbrigði allra árið 2000. En Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur unnið að undirbúningi þess verkefnis á síðustu árum. Eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar er að vinna að öflugum forvörnum þannig að koma megi í veg fyrir sjúkdóma. Mataræði getur haft áhrif á heilsufar á fleiri vegu og tengsl mataræðis og heilsu er því einn þeirra þátta sem heilbrigðisyfirvöld verða að leggja áherslu á ef markmið áætlunarinnar eiga að nást. Einn veigamesti þáttur forvarna vegna langvinnra sjúkdóma, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki og tannsjúkdóma, er fræðsla um rétt fæðuval.“

Og enn segir hann: „Manneldisfélag Íslands stóð fyrir ráðstefnu, manneldisstefnu á Íslandi 31. okt. og 1. nóv. sl. og þá ráðstefnu sótti ég einmitt. Þegar unnið var að undirbúningi þessarar ráðstefnu sendi félagið fjmrn. bréf þar sem óskað var eftir því að fulltrúi ráðuneytisins flytti erindi á ráðstefnunni um verðlagningu matvæla með tilliti til manneldismarkmiða. Ráðuneytið gat ekki orðið við þessari ósk og bar því við að nú væri unnið að veigamiklum breytingum á þessu sviði. Þegar samkomulag ríkisstjórnarinnar liggur nú á borðinu er ekki úr vegi að álykta sem svo að ráðuneytið hefði getað dregið ákveðinn

lærdóm af því að taka þátt í ráðstefnunni og fylgjast með því sem þar fór fram. Ráðstefnu þessa sóttu u.þ.b. 100 manns og einnig má geta þess að þingflokkum var boðið að senda fulltrúa á hana.

Að gefnu tilefni kemur hér fram ályktun sem samþykkt var samhljóða á áðurnefndri ráðstefnu: „Þátttakendur á ráðstefnu Manneldisfélags Íslands fagna því sem fram hefur komið um fyrirhugaða vinnu að frv. um forvarnarstofnun ríkisins og skipan nefndar sem falið verður að móta opinbera manneldisstefnu hér á landi. Leggja verður áherslu á að þessum verkefnum verði lokið eins fljótt og auðið er þannig að stefnumótun og fræðslu varðandi tengsl mataræðis og heilsu verði á markvissan hátt komið á framfæri við almenning og þá aðila sem vinna við framleiðslu og sölu matvæla, kennslu og hollustuvernd.

Við mótun manneldisstefnu er nauðsynlegt að taka mið af öllum þáttum sem hafa áhrif á neysluvenjur fólks. Því er lagt til að manneldisstefna verði mótuð í samvinnu þeirra ráðuneyta sem fara með hollustumál, framleiðslumál, svo sem sjávarútveg, landbúnað og annan matvælaiðnað, fræðslu- og kennslumál, viðskipti og verðlagsmál.

Manneldisstefna og manneldismarkmið byggja á þekkingu og þar með stöðugum rannsóknum. Stjórnvöld verða því við mótun manneldisstefnu að tryggja að sköpuð verði aðstaða til rannsókna á neysluvenjum, efnainnihaldi matvæla og tengslum mataræðis og heilsu.“„

Þar hef ég lokið tilvitnun í þessa grein. Ég hef valið að veita henni svo mikinn tíma vegna þess að ég álít að þetta sé mjög mikilvægt. Það kom einmitt fram í máli hæstv. ráðherra áðan að vegna þess að það þurfti að einfalda var ekki ráðrúm til þess að byrja manneldisstefnuna góðu. Að vísu höfðu þeir tekið ofboð lítið tillit til þess með því að setja 14% vörugjald á sætindi. En nettóútkoman er sú að gosdrykkir t.d. hækka ekki í verði og sætindi í raun og veru standa í stað. Það er afskaplega lítil hreyfing á þeim vörum sem hefði þurft að verðleggja í samræmi við þessa heilbrigðisstefnu. Ef þetta er ævinlega viðhorfið þegar á að stíga fyrsta skrefið á þeirri löngu göngu að setja heilbrigðisstefnu á fót hérlendis, þá verður það aldrei gert vegna þess að það verður aldrei ráðrúm til þess. Og ég vil bæta við þriðju spurningunni til hæstv. ráðherra: Hvers vegna, einmitt þegar verið var að móta þessa stefnu, eins og segir í svari frá fjmrn., hvers vegna í ósköpunum gat ekki einn af öllum þessum mörgu mönnum sem vinna í ráðuneytinu gefið sér tíma til að fara á þessa manneldisráðstefnu til þess að heyra hvað þar var sagt í stað þess að sniðganga ráðstefnuna, sniðganga öll markmið hennar, sniðganga í raun markmið þessarar heilbrigðisáætlunar?

Það sem þetta þýðir í raun og veru, og ég ver tíma mínum í að tala um, er að eins og með mörg önnur góð mál hér á þinginu eru þau ekkert annað en pappírinn sem þau eru prentuð á. Þau eru ekki meira virði í raun og veru þegar til kastanna kemur. Það er afskaplega sorglegt, sérstaklega vegna þess að nú er um að ræða fólk sem er yngra, fólk sem hefur haft tök á að fylgjast með nýjum viðhorfum, fólk sem ætti að vita betur sem situr í ríkisstjórn. Og það er reglulega hryggilegt til þess að vita að það skuli ekki telja sig hafa ráðrúm til að taka tillit til svo mikilvægra mála.

Varðandi virðisaukaskattinn, sem ég minntist á áðan og ég lýsti því að við hefðum verið mótfallnar honum, langar mig að taka dæmi í þetta sinn frá Noregi. Hv. 7. þm. Reykn. tók dæmi frá Danmörku þegar virðisaukaskatturinn var settur á þar. Í Noregi hefur virðisaukaskattskerfið ekki skilað þeim árangri sem af því var vænst, hvorki til einföldunar, réttlætis eða skilvirkni. Árið 1972 ætluðu Norðmenn í Efnahagsbandalagið og til þess að undirbúa inngöngu sína þangað löguðu þeir skattakerfi sitt í þá átt að taka upp virðisaukaskatt. Síðan felldi þjóðin í atkvæðagreiðslu tillöguna um inngöngu í Efnahagsbandalagið þannig að Noregur sat uppi með virðisaukaskattkerfi. Reynsla þeirra er sú að menn hafa orðið að setja mismunandi skattþrep á vörur í virðisaukakerfinu. Þeim hefur ekki reynst það jafneinfalt og skilvirkt og þeir vonuðu. Aðilum í því kerfi sem annast innheimtu fjölgar næstum því þrefalt og það kallar á eftirlitsaðila. Rökin um það að menn eigi að hafa eftirlit hver með öðrum falla um sjálf sig vegna þess að það hefur ekki síður sýnt sig að menn bindast samtökum í raun til þess að forðast þetta eftirlit.

Í sambandi við þessi mismunandi skattþrep í virðisaukakerfinu vil ég benda hæstv. ráðherra á að hvergi í nágrannalöndum okkar hafa menn treyst sér eða látið sér detta í hug að skattleggja matvöru á þennan hátt. Það finnast mismunandi þrep í virðisaukaskattkerfi sem ná til matvæla eða þá þar sem söluskattur ríkir eru þau lægri eða jafnvel ekki skattur á matvælum. Meira að segja í Englandi hjá ríkisstjórn Margrétar Thatcher hefur tekist að halda matvælum tiltölulega ódýrum miðað við margt annað í þjóðfélaginu.

Og í sambandi við þessa stefnu í söluskattinum, bæði hvað varðar heilsufar og líka hvað varðar afkomu fjölskyldna í landinu og ekki síst láglaunafjölskyldna, þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra fjórðu spurningarinnar: Hvað með fjölskyldustefnu þessarar ríkisstjórnar? Hafði hæstv. fjmrh. eða ráðuneytið eða ríkisstjórnin sem slík samband við þann vinnuhóp sem sérstaklega var skipaður til þess að sinna málefnum fjölskyldunnar þegar ráðherra ákvað að setja á slíka skatta sem ganga svo nálægt velferð fjölskyldnanna? Var haft sérstakt samráð við þennan hóp? Ég vil spyrja að því. Og hefur hæstv. ráðherra í fimmta lagi hugleitt hver áhrif það hamstur hefur á þensluna í þjóðfélaginu, það hamstur sem nú á sér stað í þjóðfélaginu vegna þess að ákveðnar vörutegundir eiga að hækka eða þau auknu kaup sem verða þegar ákveðnar vörutegundir lækka?

Í því annríki sem ég lifi núna þar sem ég hitti fátt fólk á leið minni heiman frá og í vinnuna, þá hef ég

samt þegar heyrt a.m.k. þrjú dæmi um það hve fólk hefur hamstrað vöru. Ég frétti af því að nánast engin spýta af parketi væri lengur til í bænum. Manneskju nokkra vantaði fjórar spýtur af ákveðnu parketi og það hristu allir höfuðið og sögðu: Elskan mín, það er alls staðar búið. Það er búið að kaupa upp allt parket. Það hækkar. Kona sem ég þekki hefur í marga mánuði hugleitt hvort hún ætti að kaupa sér ísskáp. Hún dreif í því fyrir nokkrum vikum, síðan þurfti lagfæringa eða breytinga við og hún hringdi í búðina og búðarstúlkan var grátandi af taugaæsingi. Það var allt rokið úr búðinni. Við hittum í dag mann sem verslar með ákveðna vörutegund sem á að hækka. Hann sagði: Ég leysti út gám í morgun. Hann er tómur. Veldur þetta ekki þenslu í þjóðfélaginu? Og hvað verður síðan með vörurnar sem lækka, þegar fólk fer að kaupa þær? Veldur það ekki líka þenslu í þjóðfélaginu sem ætlunin var þá að reyna að draga úr?

Ég hef miklar áhyggjur af því sem hv. 7. þm. Reykv. var að tala um áðan og það er tilfærslan á ráðstöfunartekjum heimilanna til ríkissjóðs á fyrri hluta næsta árs. Að vísu streymir talsvert af því fé aftur til baka en á síðari hluta ársins, þegar frádráttarliðirnir koma til og þá verður það vandamál ríkissjóðs sem reyndar þarf á því fé að halda einmitt á þeim árstíma. Ég hef miklar áhyggjur af þeirri tilfærslu ráðstöfunartekna sem verður á fyrri hluta ársins og ekki síður af því hve mikið af því fé í raun mun ekki skila sér aftur til fjölskyldnanna, svo ég nefni ekki hið háa fasteignamat sem nýlega hefur dunið yfir og þá skatta sem menn munu þurfa að greiða í samræmi við það.

Í raun má segja að flestum sem hafa lesið þessi frv. blöskri sú jafnaðarmennska sem í þeim birtist og sú einföldun sem þar verður á kostnað velferðar bæði einstaklinga og fjölskyldna. Það er eitt atriði sem ég kemst ekki hjá að minnast á í þessu frv., þó að það væru mörg sem mætti nefna en ég ætla að geyma mér það til seinni umræðu. Það gefst örugglega tækifæri til þegar við höfum fjallað um þetta í nefnd og hefur gefist betri tími til að lesa þetta frv. því að enn hef ég haft of lítinn tíma til þess. Ég var t.d. ekki einu sinni komin að þessari afskaplega spaugilegu setningu sem leysti talsverðan taugatitring úr mönnum með hlátrinum áðan um nuddstofurnar og vélbindingu heys. En hins vegar gat ég ekki komist hjá því að taka eftir 7. lið í 4. gr. á bls. 3, þar sem gefið er leyfi eða heimild til þess að fella niður söluskatt af afruglurum. Og þetta er á sama tíma sem þessi ríkisstjórn ætlar að skerða tekjur af aðflutningsgjöldum til Ríkisútvarpsins, sem stendur í hörðu stríði við samkeppnisaðila um auglýsingar sem fara reyndar þverrandi. Á fundi í fjh.- og viðskn. núna um daginn komu einmitt fulltrúar Ríkisútvarpsins til þess að kynna fjárhagsstöðu þess og það setti verulegan ugg að mönnum úr öllum þingflokkum, stjórnarliðum jafnt sem stjórnarandstöðuþingmönnum þegar þeir sáu fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Á sama tíma ætlar hæstv. fjmrh. að fella niður söluskatt af afruglurum fyrir samkeppnisaðila Ríkisútvarpsins. Mig langar einfaldlega til að spyrja: Hvers vegna? Hvers vegna gerir hann það? Stendur honum á sama um Ríkisútvarpið? Hverjar eru ástæðurnar og hverjar eru forsendurnar?

Ég ætla ekki að lengja mál mitt í þetta sinn. Ég hef aðeins tæpt á nokkrum atriðum og tekið sum talsvert ítarlega og algjörlega sleppt öðrum. En ég ætla ekki að verja meiri tíma í þetta mál nú en gefa mér lengri tíma og meira tækifæri þegar það hefur verið gaumgæft í nefnd og ég hef kynnt mér það betur.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þessar umræður hafa verið fróðlegar, athyglisverðar um sumt. Það vakti athygli mína að við upphaf umræðna virtist nokkur taugatitringur í mönnum og höfð voru uppi mótmæli við því að við reyndum að spara okkur tíma með því að ræða þessi mál nokkuð í samhengi og reynt að hafa uppi andmæli við því að eðli málsins samkvæmt væri rétt að ræða þau í samhengi. En sú kerfisbreyting sem hér er boðuð, breytingar á tollum, vörugjaldi og söluskatti, er að sjálfsögðu ein allsherjar kerfisbreyting á óbeinum sköttum og þess vegna ákaflega eðlilegt að hún sé rædd í slíku samhengi. Enda fór það svo að mótmælendur sáu að sér og hafa að sjálfsögðu farið út um víðan völl og rætt allt í einni bendu eins og ásakanir voru uppi um að fjmrh. hefði gert, þ.e. menn hafa kosið, eðlilega, að ræða hér öll frv. og ekki bara um tolla, vörugjald og söluskatt, heldur líka um virðisaukaskatt, sem boðaður er, þannig að um það virðist út af fyrir sig ekki lengur vera ágreiningur. (**Gripið fram í:** Nú mótmæli ég ráðherranum.) Það er alveg ástæðulaust að mótmæla því því að ég hef setið hér og hlýtt með athygli á þessar umræður og menn hafa í ræðum sínum haft þetta allt saman undir og reyndar margt annað. Og ég geri enga athugasemd við það. Ég er prýðilega ásáttur ... (Gripið fram í.) Ég var að tala um umræðurnar. Ég var ekki að tala við hv. þm.

Í annan stað er líka fróðlegt að hafa í huga að hverju hv. stjórnarandstæðingar beina sjónum sínum og hvað það er sem þeir kjósa að ræða ekki. Nú skal ég segja það enn og aftur að ég ber fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum stjórnarandstöðu þegar hún gagnrýnir það hversu seint þessi mál eru fram komin, enda baðst ég velvirðingar í þessum ræðustól á mínum hlut í þeim málum. Tímaáætlunin raskaðist, það er staðreynd, við hvern sem er að sakast og fram undan er gífurlega mikið vinnuálag, meira en góðu hófi gegnir. Það hefur hins vegar líka komið fram hjá hv. ræðumönnum að þetta er ekki af forakt á þingræðum. Þetta er ekki af meinbægni við stjórnarandstöðuna eða illum vilja, enda kom það fram í máli nokkurra hv. ræðumanna að það væri í raun og veru líkt á komið með stjórn og stjórnarandstöðu að þessu leyti. Og rétt er það að þær ákvarðanir, sem liggja til grundvallar útfærslu þessarar kerfisbreytingar í heild, lágu ekki fyrir í endanlegri mynd fyrr en við lok síðustu viku og voru þá

kynntar af þeim gögnum sem tiltæk voru liðsoddum stjórnarandstöðunnar sama morguninn og þær voru ræddar við forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna. Hitt er svo annað mál að þingflokkar stjórnarliða höfðu tækifæri til að tilnefna menn til þess að fylgjast með þessari vinnu fyrr þannig að það er þá eina forskotið sem þeir hafa umfram hv. stjórnarandstæðinga. Að því leyti til erum við öll sameiginlega í þeim vanda að mikið verk liggur fyrir þingi, en það hefur ekki verið gert upp á milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu, þannig að sú tilfinning sem maður hefur af málflutningi þeirra að stjórnarmeirihlutinn sé hér af ásettu ráði að sýna stjórnarandstöðu fyrirlitningu eða yfirgang er ekki sanngjörn. Með þessum orðum er ég ekki að draga í land með það að auðvitað er sú staðreynd hversu seint málin eru fram komin vandi fyrir þingið og vítaverð vinnubrögð.

Þá skulum við, með leyfi hæstv. forseta, snúa okkur að nokkrum þeirra mála sem til mín var beint og sérstök ástæða er til að ræða. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í hv. deild, hv. 7. þm. Reykv., hóf mál sitt með því að ræða skattadæmið. (**Gripið fram í:** Var hann kosinn til þess af Alþfl.?) Nei, mér sýndist hann svona bera leiðtogahempuna einna skörulegast, með allri virðingu fyrir hv. þm. Hann hóf ræðu sína með því að ræða skattadæmið og fór með tölur um gríðarlega auknar skattaálögur og skattbyrði. Þær tölur voru í stórum dráttum sóttar í heldur óvandaða og hraksmánarlega frétt sem birtist á annarri síðu DV í dag. (**SvG:** Það er rangt, ráðherra.) Í stórum dráttum virðist mér, en ég ætla ekkert að fullyrða um að heimildin hafi verið sú, þá bara ber þeim saman. (**SvG:** Hagtölur mánaðarins og Þjóðhagsstofnun.) Dæmið lítur svona út:

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir auknum skattaálögum sem nema 5700 millj. kr. Þar af vegna þeirra ráðstafana sem hún greip til við valdatöku sína í upphafi, yfir um eitt ár 3700 millj. og tekjuöflun skv. fjárlögum, sem ákvarðanir voru teknar um áður en fjárlagafrv. var lokið fyrir upphaf þings, um 2000 millj.

Eins og fram kemur af þeim gögnum sem hv. þm. nú hafa fyrir framan sig er aukin tekjuöflun vegna þeirrar kerfisbreytingar, sem nú er verið að kynna í þessum þremur frv., 2050 millj. kr. En þá ber að hafa það í huga að nákvæmlega þessari fjárhæð er varið til útgreiðslu úr ríkissjóði jafnharðan, 1250 millj. til niðurgreiðslna á þýðingarmestu búvörum og um 600 millj. kr. til hliðarráðstafana.

Þá er nefnt að auknar skattaálögur nemi 600 millj. kr. sem felist í hækkun tekjuáætlunar fyrir 2. umr. fjárlaga. Um það er það að segja að ævinlega er það svo í þjóðfélagi þar sem verðbólga er nokkur að tekjuhlið fjárlaga og tekjuáætlun eru endurskoðuð áður en fjárlögum er lokið. Þessi hækkun er til mikilla muna minni en verið hefur flest ár, hún endurspeglar aðeins verðlagsbreytingar en engar raunbreytingar. Öfugt við það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði þá er í áætlun gert ráð fyrir 400 millj. kr. tekjuauka vegna bættra skattskila kerfisins. Það er ekki há upphæð en hún byggist ekki á auknum álögum heldur á bættum skattaskilum. Hún byggist á mjög varlegri áætlun um upprætingu á skattsvikum, að draga úr skattsvikum en ekki að leggja á aukna skatta. Við getum deilt um matið á því hvort það er varlegt eða ekki, en þannig er það.

Því næst má bæta inn í þetta hækkun útsvara sem fyrir liggur og menn meta einhvers staðar á bilinu 600–700 millj. kr. og því næst auknar álögur sem tengja má við álagningu fasteignagjalda upp á 1150 millj. kr. Þannig er kominn þessi 9½ milljarður. En eftir stendur eftir sem áður að auknar skattálögur þessarar ríkisstjórnar frá því að hún tók við á miðju sumri eru nettó 5700 millj. kr. (**SvG:** Að frádregnum tilfærslum.) Það er nettótalan.

Þá er á það að líta hvort hér er eingöngu um að ræða að þessir skattar hafi verið lagðir á almenning í formi aukinna neysluskatta. Það er ekki svo. Ég rifja upp að þættir í skattálagningu, sem tekin var upp á miðju sumri, voru gjöld sem leggjast á fyrirtæki. Þar minni ég á hækkun á ábyrgðargjöldum vegna lánveitinga, vegna lántöku fyrirtækja og sjóða og enn fremur gjaldtöku á erlendar lántökur. Ég minni á þann þátt í tekjuáætlun fjárlaga sem gerir ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs vegna breytinga á lögum um tekjuskatt lögaðila sem í þeirri áætlun er 150 millj. kr. Það var sérstaklega spurt um hvar það frv. væri statt og er rétt að svara því að það er þann veg statt að það var kynnt á næstsíðasta ríkisstjórnarfundi og var til umræðu á ríkisstjórnarfundi áðan og þar var samþykkt að vísa því til þingflokka stjórnarliða.

400 millj. kr. hafa verið lagðar á í formi launaskatts á fyrirtæki sem fyrirtækjaforsvarsmenn halda fram að þeir fái ekki velt út í verðlag af sér, a.m.k. ekki við óbreyttar aðstæður.

Gert er ráð fyrir sérstökum skatti á verktaka í þjónustu varnarliðs og tekjur af því áætlaðar um 50–100 millj. kr. Ef litið er á skattlagningu fyrirtækja í þessu heildardæmi af þessum 5700 millj. má segja að fyrirtæki og þá fyrst og fremst auðvitað fyrirtæki í einkarekstri og atvinnulífi en einnig opinber fyrirtæki með hliðsjón af áætlun um arðtöku opinberra fyrirtækja séu á bilinu 1600–1800 millj.

Því næst er því við að bæta að það eru megineinkenni fjárlagafrv. að dregið hefur verið mjög verulega úr millifærslum, tilfærslum, styrkjum og framlögum til atvinnuvega og stofnana sem þjónustað hafa atvinnuvegi oft og tíðum endurgjaldslaust eða með mjög lágri gjaldtöku. Ekki er því óraunsætt að ætla að í raun og veru hafi með fjárlagafrv., bæði á tekju- og gjaldahlið, verið lagðar byrðar á fyrirtækin í landinu sem eru einhvers staðar á bilinu frá 1800 millj. til 2600 millj. eftir því hvernig menn meta þetta á tekju- og gjaldahlið. En því hefur heyrst haldið fram að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar hafi byrðum af fyrirtækjum verið létt um upphæð sem svarar 2 milljörðum á verðlagi síðasta árs. Það er m.ö.o. ekki rétt, að því er varðar þessa skatta, að þar hafi bara verið byrjað á öfugum enda og öllu saman velt yfir á

neytendur. Af þessum heildarsköttum bera fyrirtækin sinn hlut. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að hlutur þeirra hafi verið of lítill. Ég tel þetta eðlilega breytingu. Ég tel að í stórum dráttum sé ekki verið að íþyngja þeim um of. Ég tel að fyrirtækin eigi að bera sinn hlut í skattheimtunni og önnur viðbótarrök fyrir þessu eru að sjálfsögðu þau að á undanförnum 2–3 árum hefur verið óvenjulegt góðæri í landinu þannig að það má gera ráð fyrir því að hagur fyrirtækja hafi þrátt fyrir allt batnað og um það höfum við óyggjandi tölur.

Þetta eru þá staðreyndirnar um skattana og þetta *eru mín svör um* það hvernig þessari skattbyrði er skipt. En þá er spurningin þessi: Til hvers erum við að leggja á þessa skatta? Var einhver nauðsyn á því? Um það geta verið skiptar skoðanir, en ég átti kannski ekki beinlínis von á því að heyra það frá talsmönnum Alþb. og kannski talsmönnum Kvennalistans að þeir fordæmdu það að reynt sé að rétta við hallarekstur ríkissjóðs sem ekki verður gert nema með tvenns konar hætti, þ.e. með lækkun útgjalda eða öflun tekna. Sér í lagi kemur mér kannski á óvart að heyra ef hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson er allt í einu orðinn talsmaður þess að skattar séu allt of lágir í landinu.

Nú er rétt að rifja upp að á miðju sumri var talið að það stefndi í hallarekstur hjá ríkissjóði upp á 3,4 milljarða. Sá hallarekstur minnkaði mjög verulega við fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem ætla má að hafi skilað við innheimtu milli 900 og 1000 millj. á yfirstandandi ári. En þrátt fyrir áformaðan tekjuauka upp á 3,7 milljarða á árinu 1988 stefndi í viðvarandi hallarekstur hjá ríkissjóði. Reyndar var sá hallarekstur, þegar lokið var smíði fyrstu gerðar fjárlaga í byrjun september, metinn 7500 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtastig er það auðreiknanlegt dæmi hvernig slíkur halli, sem byggðist annars vegar á mjög veikum og götóttum tekjustofnum ríkisins, hefði orðið innbyggður halli í þessu kerfi með varanlegum hætti vegna þess að hann hefði að sjálfsögðu orðið að brúa með lántöku, og ég segi að við núverandi vaxtastig, hvort heldur er á að líta hér heima á innlendum lánamarkaði eða erlendum, hefði þessi hallarekstur fyrirsjáanlega orðið að illkynjuðu æxli, alvarlegri meinsemd, sem ég bið menn að staldra við og hugleiða, einkum þá sem kenna sig nú mjög við vinstri, félagshyggjuna, samneysluna, landsbyggðina og nauðsyn þess að ríkið auki útgjöld sín eða beiti áhrifum sínum til tekjutilfærslna til þess m.a. að hafa áhrif á tekjuskiptinguna, til þess að byggja upp almannatryggingakerfi, til þess að byggja upp heilbrigðiskerfi, til þess að ýta undir manneldisstefnu, til þess að halda uppi betra skólakerfi, til þess að halda uppi betri samgöngum o.s.frv. o.s.frv. Ég hef nefnilega upplifað það mjög sterklega undanfarna daga að það eru uppi mjög sterkar kröfur um aukin útgjöld á ýmsum sviðum. Ég heyri minna frá þeim hinum sömu sem hvað harðastir eru í kröfunni um aukin útgjöld um að það sé nauðsynlegt að afla tekna fyrir þeim og eðlilegt. Og ég er satt að segja í þeim hópi manna sem lætur ekki hugfallast þrátt fyrir að það kynni að vera rétt sem hv. þm. Svavar Gestsson fór með, að hlutur ríkisins í vergri landsframleiðslu kynni að vera kominn upp í 24,7% eða svipað hlutfall og var á velmektardögum ríkisstjórnar Gunnars heitins Thoroddsens, þ.e. 24,5%. Ég læt mér ekki bregða við það og minni á að þrátt fyrir allt er það nú svo að skatthlutur ríkisins og hins opinbera í þjóðartekjum Íslendinga er til mikilla muna minni en hann er í öllum grannlöndum okkar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hann megi ekki fá að vaxa endalaust, það eigi að reyna að hafa hliðsjón af því að halda honum í skefjum. Það eigi að gera með því að skilgreina hlutverk ríkisins. Það eigi að gera með því að vinna þannig í ríkisbúskapnum að ríkið reyni að vanda til verka á þeim sviðum þar sem það er alveg fortakslaust hlutverk ríkisins að halda uppi öflugri samneyslu, en það eigi einmitt þá um leið að vera hin hliðin á þeirri skiptimynt að menn fallist á að ríkið dragi saman seglin á öðrum sviðum, eins og er stefnan í þessu fjárlagafrv., m.ö.o. draga saman seglin, lækka útgjöld um 20% til millifærslna og styrkja til atvinnuvega, einmitt þannig, til þess að hafa eitthvað ögn meira fé til ráðstöfunar til þess sem við köllum velferðarkerfi eða til verklegra framkvæmda á vegum opinberra aðila án þess að fjármagna það með lánum.

Áður en við ljúkum þessari umræðu um skattana, um skattbyrðina, um hlut ríkisins í heildartekjunum og um hin góðu og fögru orð um nauðsyn samneyslunnar kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því í þessum umræðum að það eru mjög þýðingarmiklar staðreyndir sem hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar kjósa að þegja um og leiða hjá sér. Það eru t.d. staðreyndirnar um það að sú kerfisbreyting sem hér er boðuð og kynnt í þessum þremur frv. mun ekki leiða til neinnar hækkunar á framfærsluvísitölu og þar af leiðandi ekki neinnar hækkunar á útgjöldum meðalfjölskyldu, engrar. (**SvG:** Þú veist ekkert um það.) Og í annan stað, ef spurt er sérstaklega um það, að slepptum meðaltölum, hver verði hlutur barnafjölskyldna og hver verði hlutur hinna öldruðu, liggur það fyrir að það verður varið umtalsverðu fé til þess að bæta þeirra hlut enn frekar. Ég get því alveg leyft mér að fullyrða það eins og menn geta fullyrt nokkurn skapaðan hlut að það er ekki með þessari kerfisbreytingu verið að vega að framfærslu heimilanna, alls ekki. Þvert á móti er reynt að sjá til þess að þeir sem helst þurfa á stuðningi að halda fái hann.

Það var spurt sérstaklega um hliðarráðstafanir. Ég vék að því máli í ræðu minni áðan, en það er rétt að árétta það nokkrum orðum.

Í fjárlagafrv. er miðað við hækkun bóta lífeyristrygginga frá 1. janúar til samræmis við fyrirliggjandi launabreytingar samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna um 3%. Í þeim hliðarráðstöfunum sem nú eru í undirbúningi en ekki lokið og tillögur verða settar fram um í hv. fjh.- og viðskn. er

við það miðað að bætur lífeyristrygginga hækki um 7% eða um 4% umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir, jafnmikið og nemur áætlaðri hækkun matvælaliðar framfærsluvísitölu. Kostnaður við þetta er áætlaður 280 millj. kr. Það er á verksviði hæstv. heilbr.- og trmrh. að undirbúa reglugerð um nánari útfærslu þessa þannig að ég get ekki svarað því nánar en þetta að okkar hugmyndir eru þessar um útgjöldin.

Í annan stað er spurningin um barnabætur. Til hækkunar barnabóta og barnabótaauka er áætlað að verja 320 millj. kr. Tillögur eru um það að þær skiptist þannig: 250 millj. verði varið til sérstakrar 10% hækkunar barnabóta og barnabótaauka, 40 millj. verði varið til hækkunar skerðingarmarka ef börn eru fleiri en eitt. Barnabótaaukinn er eins og kunnugt er tekjutengdur, en hingað til hafa skerðingarmörkin verið hin sömu hvort heldur börnin eru eitt eða fleiri. Barnabætur eru, eins og fram kom í máli mínu áðan, greiddar með 65 þús. börnum og hækkunin er því samkvæmt þessu 5 þús. kr. á ári á hvert barn, hækkunin ein sér. Þá er þess að geta að barnabætur verða greiddar út á tímabilinu 15.–20. janúar. Það liggur fyrir samkvæmt frv. um tekju- og eignarskatt í staðgreiðslu sem hér liggur fyrir og er unnið að í nefnd. Þær verða greiddar út fyrir fram, miðað við framtöl liðins árs, 15.–20. jan. Fyrir hjón með tvö börn, annað yngra en 7 ára, yrði janúargreiðslan tæplega 16 þús. kr. án barnabótaaukans sem eðli málsins skamkvæmt kemur einkum og sér í lagi að góðum notum fyrir einstæða foreldra með börn á framfæri.

Um niðurgreiðslurnar hef ég þegar sagt nóg. Það er upplýst að 1250 millj. kr. verður varið til þess þáttar og það er til þess að tryggja að það verði engin verðhækkun, alls engin verðhækkun á helstu afurðum hefðbundins íslensks landbúnaðar og ef það er manneldisstefna, þá er það ágætt.

Enn fremur var haldið fram ákveðnum fullyrðingum um skattbyrði í beinum sköttum. Um það er ekki margt að segja annað en þetta: Það liggur fyrir og það hefur verið fjallað um það í þaula í góðu samráði við stjórnarandstöðu, sem þátt tók og átti ágætan þátt í starfi milliþinganefndar um staðgreiðslukerfið, hverjar staðreyndirnar eru í því efni. Eins og frv. liggur nú fyrir er niðurstaðan sú að því er varðar hinn staðgreidda tekjuskatt einstaklinga að skattbyrðin er óbreytt frá því sem áformað var þegar staðgreiðslufrv. var samþykkt á hinu háa Alþingi á sl. vori, þ.e. miðað við óbreytta skattbyrði frá árinu 1986, 4,2% af heildartekjum einstaklinga. Og þá spyrja menn: Já, en af hverju er ekki miðað við árið 1987 þegar skattbyrðin varð miklum mun lægri í reynd en áformað var, þ.e. fór niður í 3,4%, og af hverju var skattbyrðin svona lítil á yfirstandandi ári og af hverju voru tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum svona óverulegar á yfirstandandi ári, sérstaklega í samanburði við tekjur sveitarfélaga af útsvari? Það var vegna þess að menn höfðu gert ráð fyrir 20% launahækkunum sem urðu í reynd 38%. M.ö.o., menn eru að segja sem svo: Á verðbólgan að ráða því hver á að vera skattbyrði í tekjuskatti?

Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að skattbyrði í tekjuskatti yfirstandandi árs varð óvenjulega lítil af ófyrirséðum ástæðum og um það var bærileg samstaða að því er varðaði staðgreiðslukerfið þegar það var samþykkt hér á hinu háa Alþingi á sl. vori að eðlilegt væri að miða við óbreytta skattbyrði en ekki slíkar sveiflur. Við erum einmitt að hverfa frá því kerfi að eiga það undir tilviljanakenndum hlutum hver hin endanlega skattbyrði verður, sbr. þá staðreynd að í gamla tekjuskattskerfinu, þótt jaðarskatturinn væri í reynd skráður sem hærri prósentutala, liggur það alveg ljóst fyrir að ef við erum að miða við 20–25% verðbólgu er raunveruleg skattbyrði í efsta þrepi gamla kerfisins lægri en í núv. kerfi.

Það er eitt atriði sem ástæða er til að staldra við og hafa áhyggjur af að því er varðar skattbyrði í beinum sköttum á næsta ári og það hefur með réttu verið bent á það atriði í ræðum sumra hv. stjórnarandstæðinga. Það er spurningin um tilfærslu á skattbyrði innan árs hjá sumum hópum. Þá er fyrst og fremst um að ræða spurninguna um það að vaxtafrádráttur hins nýja kerfis kemur ekki til útborgunar að óbreyttu frv. fyrr en eftir á, eins og verið hefur að sjálfsögðu um þá sem leggja út í kostnað, húsnæðiskaup, og fá þá vaxtafrádráttinn til frádráttar tekjuskatti sínum eftir á. Þegar þetta kemur heim og saman við að það er fyrirséð gífurleg hækkun á fasteignamati og fasteignagjöldum sveitarfélaga og sú venja hefur skapast að innheimta það á fyrstu þremur mánuðum ársins — staðgreiðslukerfið gerir að sjálfsögðu ráð fyrir því að menn greiði skatta af launum sínum, það er eðli þess kerfis, alla mánuði ársins, því næst bætist þetta við, þá er ástæða til að staldra við það og athuga það mjög vel og nákvæmlega í nefnd. Í milliþinganefndinni voru umræður um þetta mál og það eru uppi hugmyndir um það hvernig unnt verði að leysa þetta með vaxtafrádráttinn þótt það sé mjög flókið að gera það, en það er unnt. Það eru ýmsar hugmyndir uppi um það og ég vil vekja athygli á því að af hálfu einnar sveitarstjórnar hér í nágrannasveitarfélagi, Kópavogi, hefur það verið samþykkt að því er varðar fasteignagjöldin og innheimtu þeirra að dreifa innheimtunni á 10 mánuði og fella niður innheimtu í janúar til þess að reyna að laga innheimtu fasteignagjalda sveitarfélaga að hinu nýja kerfi. Þetta held ég að væri mjög góð hugmynd ásamt með því ef hægt væri að vinna einstaklingsbundið framtöl þeirra eitthvað rúmlega 20 þúsund einstaklinga eða framteljenda sem ætla má að hafi haft hærri vaxtabyrði frá sl. tveimur árum en nam 10% frádrættinum og hvort þá mætti fara eins að. Ég vildi a.m.k. gjarnan að sú hugmynd væri könnuð í þaula í þessu efni eins og gert er að því er varðar barnabætur og barnabótaauka sem eru greiddar út í upphafi janúar miðað við framtöl fyrra árs, þá bráðabirgðagreiðsla sem hægt væri að ljúka þegar framtöl liggja fyrir og búið er að vinna úr þeim fyrir mitt ár. Þetta er raunveruleg gagnrýni og

réttmæt og mér finnst að sjálfsögðu að það eigi að reyna að taka jákvætt á því þegar gagnrýni er málefnaleg og réttmæt og tel að eðlilegt sé og sjálfsagt að skoða þetta mál nánar.

Herra forseti. Það var beint til mín nokkrum spurningum sem ég skal leitast við að svara eftir því sem ég get. Hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson spurði: Hvað kostar matarskatturinn? Skattstofninn á öllum matvælum, innlendum og innfluttum, er 28 milljarðar kr. og 25% skattur þýðir þá brúttó 7 milljarðar. En þá er þess að geta að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir niðurgreiðslum á vöruverði upp á 1587 millj. kr. og því næst hafa þær verið auknar upp á 1250 millj. þannig að frá þessari upphæð dragast 2800 millj. Skattlagning í söluskatti, 25% á öllum matvælum, innlendum og erlendum, er þá nettó 4200 millj. kr. Þetta breytir hins vegar engu um það að kjarni málsins er þessi að því er varðar útgjöld fjölskyldna sem við nefndum, við fórum yfir þær tölur í umræðunni hér í dag. Vísitölufjölskyldan hefur úr rúmlega 100 þús. kr. að spila á mánuði, 113 þús. kr. á mánuði. Matarútgjöld hennar eru um fjórðungur og niðurstaðan er sú að útgjaldaauki fjölskyldunnar af þessum sökum er 1800 kr. á mánuði sem er hins vegar að fullu bættur þegar vegna þess að aðrir útgjaldaþættir vegna þessara kerfisbreytinga lækka samsvarandi þannig að framfærslukostnaður hennar er óbreyttur. Ef hér er um að ræða annars konar fjölskyldu, barnafjölskyldu eða fjölskyldu einstæðra foreldra með fleiri börn á framfæri, liggur það fyrir að hennar hagur verði betur bættur með barnabótum, barnabótaauka og þvílíkum hliðarráðstöfunum.

Það var góð skemmtan að heyra hjartanlegan hlátur manna, hláturinn hefur ekki alveg yfirgefið mannskapinn á alvarlegum stundum, út af áformuðum söluskatti á heybindivélar. Ekki get ég nú upplýst hv. fyrirspyrjanda um það hvað hann gefur í ríkissjóð á næsta ári, en nuddstofurnar ... (**HBl:** Telur fjmrh. að bændur muni telja þetta fram?) Ég verð að segja í fullri einlægni við hv. fyrirspyrjanda að hingað til hefur verið mjög rækilega fyrir því séð í skattalögum og af mikilli hagkvæmni að bændur landsins eru skattlaus stétt. Og ég hef ekki trú á því að óbreyttum tekjuskattslögum lögaðila að það verði á því nein breyting. (**Gripið fram í:** Þetta er nú í áttina.) Hitt er annað mál að til kunna að vera þær heybindivélasamstæður sem reknar eru af stórum „stassjónum" að það mætti kannski hafa með þeim örlítið eftirlit til þess að kennarinn í viðkomandi hreppi verði ekki sá eini sem leggur eitthvað til sveitarfélagsins. Það er nú það, herra forseti.

Það var spurt um nuddstofurnar, „massasið" og ljósaböðin og það dirrindí allt saman og samkvæmt mati hinna vísustu manna er það talið munu gefa hugsanlega um 100 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári og mætti kannski verja þeim til þarfra hluta, svo mjög hefur þessi ljósabúnaður og massas-iðnaður eflst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar.

Skatturinn á soðninguna sem menn töluðu um og spurðu, ja, hvað gefur hann? Það er mat manna að hann kunni hugsanlega að gefa um 400 millj. kr. Af hverju er nú verið að leggja söluskatt á soðningu? Óttalega er þetta eitthvað lítilfjörlegt, 400 millj. Ástæðan fyrir því eins og svo mörgu öðru er sú að það hefur orðið ansi mikil bylting í íslensku þjóðfélagi, breyting á mörgum sviðum, breyting á neysluvenjum, breyting á verslunarháttum frá þeirri tíð þegar við vorum drengstaular að alast upp á bryggjusporðum og það var til siðs kannski að menn sæktu soðninguna beint um borð þegar bátar komu að landi, að bryggjum. Það mun vera svo að helmingur a.m.k., mér er reyndar sagt að taka því varlega, mér er sagt að það sé meira, af soðningunni sé nefnilega kominn í verslun í stórmörkuðum. Því miður er það mjög að breytast víða og má vel harma það, af því að ég heyri að margir hv. þm. eru mjög íhaldssamir á hið góða og gamla kerfi sem þeir eru aldir upp við, ef fisksalar verða aldauða. Það vona ég að verði aldrei. Ástæðan er einfaldlega þessi að 50–60% af þessari verslun fer fram í stórverslunum og við erum einu sinni að taka upp þá breytingu að við ætlum að losna við allt skattafúskið, allar reiknireglurnar, allan tilbúninginn, og koma þessu bara ósköp einfaldlega á þannig að það sé í lagi og þá er nú þessi kostur valinn.

Hlut aðgöngumiða að íslenskum kvikmyndum í söluskatti held ég að enginn treysti sér til að meta í krónum og aurum.

Spurt var um það hvað gert verði til að tryggja lækkun vöruverðs, að verðlækkanirnar, þessar miklu verðlækkanir, komist til skila til almennings, og hv. 7. þm. Reykv., Svavar Gestsson, spurði einmitt: Hvers vegna var fallið frá upphaflegum áformum um að lækka söluskattsprósentuna í 22–23%? Hann vitnaði til þeirra ummæla hæstv. viðskrh. sem hefði átt að segja í blöðum í dag eða einhverjum fjölmiðlum að ein ástæðan fyrir því hefði verið sú að menn hefðu treyst því varlega að söluskattslækkunin, ekki meiri en þessi, 2–3 söluskattsstig, kæmist til skila til almennings.

Nú ætla ég ekki að gera mönnum upp orð eða skoðanir, en ég neita því ekki að við undirbúning þessa máls á undanförnum vikum höfum við að sjálfsögðu, ég sjálfur og mínir starfsmenn, rætt við fjöldann allan af talsmönnum atvinnulífs, þar á meðal verslunar og þjónustu og það er ekkert launungarmál að við tókum upp þau vinnubrögð þegar tillögur lágu fyrir, bæði að því er varðar tollskrá og vörugjald, að gefa slíkum aðilum kost á að kynnast þessum tillögum til þess að hjálpa okkur við að koma fram með praktískar ábendingar, leiðréttingar og annað slíkt. Þetta reyndist mjög þarft og skilaði okkur ágætu gagni. En ég get ekki leynt því að í nánari viðræðum, og skoðun, við marga talsmenn, reynda menn úr verslun og þjónustu, vöruðu þeir við því, af því að við erum að tala um söluskattsbreytingu sem aðeins á að standa í eitt ár áður en við hverfum yfir í nýtt virðisaukaskattskerfi, að taka þann kostinn að lækka söluskattinn lítillega og sögðu

sem svo að við núverandi eftirspurnaraðstæður í þjóðfélaginu væru því miður mjög miklar líkur á því að við endurmat vörubirgða um áramót og í framhaldinu yrði tækifærið um of freistandi að nota það með líkum hætti og þegar myntbreytingin varð sællar minningar í tíð ríkisstjórnar Gunnars heitins Thoroddsens, sem hv. 7. þm. Reykv. er kannski ekki alveg búinn að gleyma, að þessi verðlækkun mundi ekki komast til skila nægilega vel. Menn töldu hins vegar allt annað mál þegar um er að ræða slíka uppstokkun verðmyndunarkerfisins og jafnmiklar verðbreytingar eins og leiðir af þessum byltingarkenndu breytingun um lækkun tolls og vörugjalds þar sem verðlækkanirnar eru mjög verulegar.

Það er spurt: Hvað á að gera til þess að tryggja þetta? Það er margt og í mínu máli kom ýmislegt fram um það. Menn skemmtu sér mikið vel yfir hugmyndaauðgi og, hvað eigum við að segja, „svækiskum" húmor hv. 7. þm. Reykv. þegar hann dró upp málverkið af búðarkössunum og heybindivélinni. Engu að síður er það nú svo að hv. þm. Ragnar Arnalds, sem eitt sinn var fjmrh. og lagði að vísu ekki í stórar breytingar, gerði þó þetta. Hann skipaði nefnd til þess að skoða með hvaða hætti mætti tryggja betri söluskattsskil með því að skylda smásöluaðila, ekki heybindivagna, til þess að hafa búðarkassa um borð. Málið komst ekki í framkvæmd. (Gripið fram í.) Já, hvað hét þetta? (**Salþ:** Lokuð sjóðvél.) Lokuð sjóðvél, það er einmitt það. Málið komst ekki í framkvæmd og nefndin sá öll tormerki á því. Af hverju? Einfaldlega vegna þess að það sem í gegnum sjóðvélina hefði farið var allt annað en söluskattsstofninn vegna þess að undanþágurnar voru endalausar þannig að það hefði ekki komið að neinu gagni. Nefndin lagði á það áherslu að því aðeins kæmi þetta töfratæki að verulegum notum að við værum að tala um einfaldan undanþágulausan söluskatt, helst einstiga. Hann gæti að vísu verið tvö stig, tæknilega er það viðráðanlegt út af fyrir sig, tæknilega séð, en því miður, það varð ekki af framkvæmdum.

Þriðja atriðið sem ég nefndi um bætt skil var hugmyndin um það að fela tollþjónustunni, sem nú hefur miklu minni verkefni við að fást, að taka að sér eftirlit og framkvæmd söluskatts og síðan virðisaukaskatts að danskri fyrirmynd. Allt í einu telja menn að fyrirmynd Dana sé ekki nógu góð, menn eigi að sækja þær helst annað. Ég held að menn eigi bara að láta frændur okkar njóta sannmælis þegar þeir gera góða hluti og þeir hafa gert góða hluti þarna.

Þetta eru allt dæmi um slíka hluti. En stærsta einstaka atriðið sem tryggir bætt skattskil er auðvitað það sem er rauði þráðurinn í öllum tillögum skattsvikanefndarinnar. Það er ekki að fjölga fólki í eftirliti. Það er ekki í því fólgið að gera annan hvern Íslending að löggæslumanni með hinum. Það er fólgið í því að löggjöfin sjálf verði svo einföld og auðveld í framkvæmd að það sé hægt að beita ódýru eftirliti. Svo sagði einhver hér í umræðum, mig minnir að það hafi verið hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, að í Evrópubandalaginu væru menn ekkert þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að hafa eitt þrep, nei, nei. Og ég hef verið sakaður um það hér af ýmsum að vera katólskari en páfinn og vilja hafa einfaldara og hreinna kerfi en jafnvel þeir hjá Efnahagsbandalaginu. Jahérna. Hver skyldi nú vera katólskari en páfinn? Heyra má ég erkibiskups boðskap. Er Efnahagsbandalagið orðið mönnum fyrirmynd í skattamálum? Er Ítalía orðin mönnum fyrirmynd í skattamálum? Er Frakkland orðið mönnum fyrirmynd í skattamálum? Er Spánn orðinn mönnum fyrirmynd í skattamálum? Ég veit að hv. þm. Júlíus Sólnes trúir mjög á skattlaus kotríki, tilbúin dvergríki hér og þar um álfuna, sem lifa á því að vera eins konar verðbréfamarkaður og skattsvikaraparadís til ávöxtunar á svartamarkaðsfé og sviknu fé og það er út af fyrir sig bisness og vel lítandi á það. (Gripið fram í.) Út af fyrir sig. En Evrópubandalagið er engum fyrirmynd í þessu efni frekar en landbúnaðarpólitík er öðrum mönnum fyrirmynd þar um slóðir vegna þess að Evrópubandalagið er að fara á hausinn af bruðli og vitleysu. Yfir 90% af allri „budgett" Evrópubandalagsins fer í niðurgreiðslur á keti og sméri og mjólk og öðru slíku. Þeir framleiða mjólkurstöðuvötnin, þeir framleiða smjörfjöllin og þeir framleiða kjötfjöllin og þeir framleiða vínstöðuvötnin og mestallt nota þeir þetta til þess að gefa þetta austur fyrir sveltandi sósíalismann til þess að ala rauða herinn. (Gripið fram í.) Það er hálfu vitlausara, það er enn þá vitlausara, miklu vitlausara, það er þúsund sinnum vitlausara og það er ekki til fyrirmyndar. Og það liggur einmitt ljóst fyrir, auðvitað er Evrópubandalagið ekki að gera eitt eða neitt, miðað við að það eru sex þrep í virðisaukaskatti á Ítalíu og það vita allir að það kerfi er ónýtt, allir, og Ítalir manna best sjálfir. Eina þjóðin í Evrópubandalaginu sem er með „effektívt" kerfi er nefnilega Danir. Það er að vísu nokkuð vel framkvæmt hjá Þjóðverjum, en þó ýmsir erfiðleikar. Þeir viðurkenna að þetta kerfi er hrunið. Þess vegna kemur býrókratíið með tillögur og segir: Við þurfum nú að gera eitthvað í að ná þessu a.m.k. í tvö þrep úr sex. En þeir geta það ekki af þeirri einföldu ástæðu að ef ætti að gera Dönum þetta væri það það sama og að segja við danska ríkið undir hægri stjórn Schluters: Afsalið þið ykkur hér með a.m.k. þriðjungnum af ríkistekjum Dana. Auðvitað gerist það ekki og auðvitað verður þetta í nefnd fram yfir aldamót. (**SvG:** Fiskveiðistefnan?) Já.

Ég held, frú forseti, að ég hafi svarað þeim meginatriðum sem til mín var beint, einkum og sér í lagi frá hv. þm. Svavari Gestssyni, um staðreyndirnar um skattana, um skatta þessarar ríkisstjórnar, um skattbyrði, um fyrirtækjaskatta, um verðlagsáhrif, um áhrif á hag fjölskyldna, um hvað hægt er að gera til þess að mæta tilfærslu í skattbyrði sumra hópa innan ársins, um skilvirknina í kerfinu, um aðgerðir til þess að draga úr skattsvikum og tryggja bætt skil, um hliðarráðstafanir og reyndar um fram-

komuna við þingið. Ég á, eins og ég segi og viðurkenni, minn hlut í því að það tókst ekki að koma þessum málum fram fyrr. Ég hef beðist velvirðingar á því og ég fellst ekki á að þetta sé gert af illum hug í garð stjórnarandstöðu eða af neinni forakt á þingræðinu.

Frú forseti. Það var spurt sérstaklega og þótti nokkur skemmtan: Hvers vegna er nú það að menn-irnir sem boða hið hreina og tæra og undanþágulausa kerfi gera ekki ráð fyrir að leggja söluskatt á afruglara? Já, það er rétt að svara því. Hvers vegna ekki það? Það felst nú ekki bara í því sú skoðun að sumum sé mjög nauðsynlegt að hafa aðgang að afruglara, það er ekki það. Nei, þetta mál er ósköp einfaldlega um spurninguna um samkeppnisaðstöðu opinberrar ríkisrekinnar sjónvarpsstöðvar og um samkeppnishæfni hinnar nýju stöðvar. Ég minni á: Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að afnema einokun ríkisfjölmiðlanna. Það hefur samþykkt lög og sett upp ákveðnar reglur um starfshætti og starfsskilyrði frjálsra útvarps- og sjónvarpsstöðva. Að sjálfsögðu var það svo að meðan var verið að byggja upp búnað og dreifikerfi ríkissjónvarpsins var það undanþegið öllum opinberum gjöldum, að sjálfsögðu. Afruglararnir eru því miður dæmi um kerfi sem er eins konar dreifingarkerfi þessarar stöðvar. Ef ekki væri fyrir þessi tæki væri þessi stöð ekki til. Þessi tæki kosta núna milli 15 og 16 þús. kr., er mér sagt, og ef á þetta væri lagður tollur, vörugjald og söluskattur færi verðið upp í 27 þús. kr. Nú skilst mér að þorri þjóðarinnar, þéttbýlisþjóðarinnar, hafi þegar aflað sér þessara tækja. Mér skilst að þetta sé í hverju húsi t.d. í byggðarlagi hv. þm. Júlíusar Sólnes. (**JúlS:** Ég kannast ekki við það.) Nei, en mér skilst það nú samt. Það er verið að byggja upp þetta dreifingarkerfi úti um land. Stöð 2 er að reyna að hasla sér völl úti um land, á Austfjörðum, á Norðurlandi, á Vestfjörðum. Eru hv. þm. að segja að þeir séu orðnir katólskari en páfinn ég í hinu undanþágulausa kerfi, að þeir viljí segja: Við skulum leggja þennan skatt á núna, þegar þéttbýlisþjóðin hefur notið skattleysisins, þá skulum við leggja hann á Austfirðinga, Norðlendinga og Vestfirðinga, rétt mátulega? Eða eru þeir að segja, t.d. talsmenn Borgaraflokksins sem ég hélt að væru umburðarlyndir og frjálslyndir menn sem teldu sig vera unnendur frjálsræðis í viðskiptum og ekki allt of mikla ríkisforsjármenn, að þeir séu tilbúnir í nafni kerfisins að kollvarpa gersamlega í einu vetfangi rekstrarskilyrðum frjálsra sjónvarpsstöðva? (Gripið fram í.) Allt í lagi. Það er ágæt skoðun og það er meira að segja göfug skoðun að vilja hafa söluskattslausan fisk, mjög göfug. En menn skulu hins vegar vera sjálfum sér samkvæmir og segja það fullum fetum, viðurkenna það fullum fetum að sá maður sem segir: Ég vil leggja söluskatt á þessa afruglara, er um leið að segja tvennt: Sérstakan skatt á landsbyggðarfólk og í öðru lagi að kippa fótunum undan starfrækslu þessara stöðva. (**SvG:** Þetta er byggðastefna.) Já, það má segja það, partur af byggðastefnu.

Síðan er þess að geta, virðulegi forseti, að þessi undanþága er enn byggð á heimild. Sú heimild er að vísu færð úr fjárlögum og flutt þangað sem hún á heima, inn í söluskattslög. Þetta er heimild til fjmrh. að beita þessari undanþágu. Það mun hann gera meðan sá sem hér stendur er fjmrh. ef tryggt er að af verði lögð þau einokunarviðskipti að umrædd tæki séu aðeins seld af einu fyrirtæki, en það lít ég á að sé brot á eðlilegum viðskiptaháttum, en mér er kunnugt um að verslanir sem versla með sjónvörp, vídeó og hvað það nú heitir hafa óskað eftir því að fá að hafa þetta til sölu eins og aðrir. Það er að sjálfsögðu algjört skilyrði fyrir því að heimildin verði veitt.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Júlís Sólnes gerði mjög að umtalsefni virðisaukaskatt sem verður til umræðu hérna á seinni hluta ársins. En það liggur fyrir að þessi ríkisstjórn hefur boðað það að þessi kerfisbreyting að því er söluskattinn varðar sé tímabundin og við stefnum að því að virðisaukaskatturinn taki gildi á næsta ári. Og hver voru rök hv. þm. fyrir því að vera andvígur virðisaukaskatti fyrir utan það að Danir hefðu sett upp virðisaukaskatt? Þau eru fyrst og fremst tvenns konar:

Í fyrsta lagi: Þeir aðhyllast hugmyndina um söluskatt í tolli. Það hefur margsinnis komið fram að þessi hugmynd er allrar umhugsunar verð. Það er bara margsinnis búið að kanna að hún gengur því miður ekki upp. Reyndar kom fram viðurkenning á því í máli hv. þm. þegar hann sagði að þá yrði sá söluskattur að fara upp í 28%. Ég held reyndar að hann hefði orðið að vera hærri. Þá væri spurningin um hvað ætti að vera við hina 2500 samkeppnisaðila sem hann nefndi svo.

En aðalatriðið er þetta: Virðisaukaskattur er söluskattur í tolli. Hann er það. Hann leggst á allan innflutning í tolli. En kostir hans eru þeir, og það hélt ég að hv. þm. Júlíus Sólnes mundi hreinlega viðurkenna eftir nokkra skoðun, að við getum ekki búið við söluskattskerfi sem er nothæft nema þá á kostnað þess að gera íslenskan samkeppnisiðnað, ekki bara íslenskan iðnað, íslenskan útflutningsiðnað, ósamkeppnishæfan. Af hverjum þurfum við raunverulega að bora öll þessi göt, tryggja allar þessar undanþágur, fyrir landbúnað, fyrir sjávarútveg, fyrir fiskvinnslu, fyrir samkeppnisiðnað? Og líti menn á það. Menn hafa sagt: Það er ekki verið að fella niður allar undanþágur frá söluskatti. Það er rétt. Það eru taldar upp allar þarfir íslensks atvinnulífs vegna þess að ef við legðum á söluskatt án undanþága værum við að gera þessi fyrirtæki ósamkeppnishæf. Við þurfum að fá söluskatt, hann heitir virðisaukaskattur, sem fullnægir því skilyrði að leggjast á innflutning í tolli, en án þess að grafa undan samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Og lokarökin eru auðvitað þau sem fram komu í máli hv. þm. sjálfs. Hann sagði: Við erum ekki eins og iðnaðarþjóðfélagið þar sem 80% af þjóðarframleiðslunni eru fyrir innlendan markað. Nei. Við erum með galopið hagkerfi, við framleiðum tiltölu-

lega mjög fáar, einhæfar vörur til útflutnings og við flytjum inn allar þarfir okkar. Og einmitt af því að við erum slíkt samkeppnisþjóðfélag og af því að við erum svo stórir útflytjendur getum við ekki haft kerfi óbeinna skatta sem eyðileggur samkeppnishæfni þessara útflutningsgreina. Svo einfalt er það.

Virðulegi forseti. Ég hef þá svarað því sem fram kom í máli hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur um afrugl. Hv. þm. fór einnig fram á að fá nánari upplýsingar um útfærslu á hliðarráðstöfunum. Ég tel mig einnig hafa gert það eftir því sem mér er fært. Hv. þm. tók líka dæmið af Efnahagsbandalaginu um hin mörgu þrep og ég hef svarað því. Spurningin sem ég ætti þá ósvarað væri þetta með neyslustýringuna og manneldisstefnuna. Reyndar lýsti ég mínum skoðunum og mínum sjónarmiðum að því er það varðar í minni framsöguræðu og hef litlu við það að bæta. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk stjórnvalda að ráða neyslu fólks, alls ekki. Ég er þeirrar skoðunar að fólk eigi að ráða því sjálft. Svo einfalt sé það. Það á ekki að vera neitt meginsjónarmið þegar menn eru að ákvarða tollakerfi eða söluskatt að það eigi að endurspegla skoðanir hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur eða einstakra ráðherra eða einstakra stjórnmálamanna hvað mönnum sé fyrir bestu. Ég treysti fólki til að taka þær ákvarðanir sjálft.

Að vísu er því ekki að neita að tillit hefur verið tekið til manneldisstefnu í þessum aðgerðum og dæmi um það hef ég nefnt mýmörg, sbr. það að greiða niður hollustuna af landbúnaðinum, sbr. að tryggja það í þessu kerfi að lækka mjög margvíslegan varning til fjölskyldunnar sem byggir á útivist og íþróttaþátttöku og barnauppeldi. Allt eru þetta manneldissjónarmið. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef einhverjir eru uppi í þjóðfélaginu sem hafa á því mjög djúpstæða sannfæringu að þetta sé óhollt fyrir þig og þetta sé hollt og þú eigir að vera svona en ekki hinsegin og borða þetta en ekki hitt, þá eigi viðkomandi að hafa fyrir því að boða þær skoðanir sínar sjálfir og ástunda fræðslutrúboð, þetta trúboð. Ég sé m.ö.o. enga ástæðu fyrir því að ríkisvaldið eigi að hafa vit fyrir fólki í því hvað það lætur ofan í sig. Reyndar hafa tískuhugmyndirnar á því sviði verið svo sveiflukenndar að það er varla fyrr búið að koma þeirri skoðun til skila hjá fólki hvað það eigi nú að borða að það er orðið viðurkennt að það er tóm vitleysa.

Virðulegi forseti. Þá telst mér svo til að ég hafi af einlægri virðingu fyrir málflutningi stjórnarandstæðinga reynt að svara öllum þeim spurningum sem til mín var beint og veita þær upplýsingar sem á mínu færi er að gefa. Ég þakka fyrir fróðlega og málefnalega umræðu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í þessa að ýmsu leyti mjög skemmtilegu umræðu hér í kvöld. Hún hefði kannski átt að vera öllu alvarlegri en raun varð á hjá okkur sumum hverjum sem æðimikið hlutum að hlæja vegna margra skemmtilegra tilbrigða úr þessum stóli. En ég ætla ekki að blanda mér í það né heldur beint í það að fullyrða um áhrif þeirra skatta nákvæmlega í krónum talið sem verið er að ræða um. Ég held að það sé enginn fær um það hvað sem stofnunin heitir, hvorki Þjóðhagsstofnun né neinir aðrir, að segja með neinni nákvæmni til um það allt saman.

Það er ýmislegt gott í þessum tillögum og ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til að fagna því að nú verður gerður væntanlega uppskurður á tollalögum og tollskrá. Það var orðið tímabært svo sannarlega. Að því var unnið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og minnist ég þess að veturinn 1983–1984 vann ég sem formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar mjög mikið starf með ráðuneytismönnum til að undirbúa það frv. sem hér liggur nú fyrir. Það var í mjög svipuðum dúr sem við unnum þá.

Það var nefnilega fyrirheit allra þm. Framsfl. og Sjálfstfl. þá og skilyrði af minni hálfu fyrir stuðningi við þá ríkisstjórn áður en hún var mynduð að fyrsti liður í svokölluðum mildandi aðgerðum væri stórfelld lækkun á neysluskattum sem legðust með gífurlegum þunga á heimilin. Það var að vísu nánast allt saman svikið. Þess vegna fagna ég því að þessi tollskrá liggur nú fyrir og vona að sú breyting verði samþykkt.

Ég kemst ekki hjá að leiðrétta það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, að á liðnu sumri hefði öllum mátt vera kunnugt að þeir skattar sem nú er rætt um að leggja á þjóðina mundu verða á hana lagðir. Mér var ekki kunnugt um það og engum í Sjálfstfl. held ég og ég held að almenningi hafi ekki verið kunnugt um það. Þannig vildi nefnilega til að þegar stjórnarmyndunarviðræður þeirra þriggja flokka sem nú eru í ríkisstjórn voru strandaðar vegna kröfu formanns Alþfl. og flokksins alls um svokallaðar fyrstu aðgerðir, þ.e. neysluskatta strax, sem tekið var undir af formanni Framsfl., þegar þessar umræður voru strandaðar vegna þessarar kröfu, af því að við sjálfstæðismenn neituðum öllum nýjum sköttum, kom það í minn hlut að flytja um það tillögu í þingflokki Sjálfstfl. að við sættum okkur við að leggja á um það bil 1 milljarð í sköttum til að hægt væri að halda stjórnarmyndunarviðræðunum áfram. Ég man að ég sagði á þeim fundi að það kæmi þá vel á vondan að ég flytti þessa tillögu því að allir vissu að ég væri andvígur þeirri stefnu og á móti þeirri skattlagningarstefnu sem hefði verið stunduð, en það væri þó skárra að leggja þennan skatt á, þennan 1 milljarð, en landið yrði stjórnlaust og upplausn ríkti, en allir voru sammála um að engin leið hefði verið til stjórnarmyndunar annarrar en þeirrar sem raunin varð á. Ég ber ábyrgð á þeim sköttum þess vegna, ekki kannski hverjum einstökum þeirra, af því að í ýmsum tilvikum hefði ég viljað haga því öðruvísi, en á þeirri upphæð ber ég ábyrgð og henni hærri en 1 milljarði á ári, væntanlega eitthvað á þriðja milljarð á ári úr því að það var 1 milljarður á tæpléga hálfu ári. Á öðru ber ég ekki ábyrgð.

Nú er talað um að leggja á töluvert hærri skatta en þetta. Það vita allir og er engin ástæða til að draga fjöður yfir það að rétt fyrir þingsetningu voru tekin upp þau fjárlög sem þingflokkarnir höfðu samþykkt í meginatriðum. Ég hygg að það hafi m.a.s. verið búið að prenta fjárlögin eða langt komið að prenta þau. Og ég vissi ekki fyrr en daginn fyrir þingsetningu, þ.e. 9. okt., að það ætti að kollvarpa þeim fjárlögum og leggja á mun meiri skatta. Það þýðir ekkert að draga fjöður yfir þetta. Þetta eru staðreyndir. Þjóðin öll vissi þetta ekki fyrr en um þá helgi að það væri von á nýjum fjárlögum og fjárlagafrv. mundi ekki sjá dagsins ljós á setningardegi þingsins. Þetta gerðist vegna þess og með þeim rökstuðningi að komin væri ný þjóðhagsspá frá Þjóðhagsstofnun allt öðruvísi en hún hefði verið nokkrum mánuðum áður og allt væri að farast í þessu þjóðfélagi. Ég trúði því ekki heldur að allt væri að farast í þessu þjóðfélagi. En ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma núna. Staðreyndir eru staðreyndir og rétt er rétt og þess vegna verður að leiðrétta það að þjóðin öll hafi vitað á miðju sumri að von væri á þessum sköttum. Hún hafði ekki hugmynd um það. Ef einhverjir hafa vitað það hafa þeir farið mjög dult með að þetta ætti að gerast eða þetta ætti að reyna.

En það sem mig langar að gera og þess vegna fór ég í pontu hér er að spyrja hæstv. fjmrh. hvenær von sé á skýrslu svokallaðrar hallanefndar. Þeir kalla hana það sjálfir nefndarmenn. Það mun vera nefnd fjögurra eða fimm manna frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og Háskóla Íslands, menntaðra hagfræðinga allra saman, það hygg ég að þeir séu. Hvenær mun vera von á þeirri skýrslu? Mun hún koma á morgun, á laugardag, sunnudag eða mánudag? En frestur sá sem formaður nefndarinnar sagði opinberlega að yrði á þessu núna fyrir tæpum þremur vikum, hygg ég að það sé, er þá að renna út. Hann sagði að skýrslan mundi sjá dagsins ljós eftir tvær eða þrjár vikur á þeim tíma, þ.e. um þetta leyti. Og ég bar þessa spurningu upp við hæstv. ráðherra í gær í einkaviðræðum, hvort hann vildi grennslast fyrir um þetta. Ef hann ekki hefur gert það sætti ég mig alveg við að fá ekki svar í kvöld, en ég vil sem sagt fá að sjá þessa skýrslu áður en ég tek afstöðu til afgreiðslu þeirra mála sem hér eru til umræðu.

Inntakið í þeirri bráðabirgðaskýrslu hygg ég að sé að tekjuafgangur ríkissjóðs á árunum 1980–1985, ef rétt væri reiknað, hafi verið að meðaltali þetta 6–8 milljarðar kr. miðað við núgildandi verðlag og spár um landsframleiðslu á næsta ári. Ég endurtek að þessar tölur eru þannig, þær bráðabirgðatölur sem mér voru gefnar upp fyrir nokkrum vikum, að á árunum 1980–1985, öllum árunum, hefði með eðlilegu uppgjöri á ríkisfjármálunum verið þetta mikill, nokkurra milljarða, tekjuafgangur í staðinn fyrir tekjuhalla. Þetta felst ósköp einfaldlega í því að ekki eru taldir til eigna þeir sjóðir sem eru hluti af ríkissjóði en færðir til gjalda á hverjum fjárlögum, — þ.e. svokölluð framlög til húsnæðismálastjórnar sem er ein skúffa í ríkiskassanum að sjálfsögðu, til Byggðastofnunar sem er önnur skúffa, til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem er líka fullverðtryggður sjóður þó hann sé vaxtalaus eða vaxtalítill, og nokkurra smærri sjóða, — sem eingöngu ríkissjóður á. Alltaf er látið færa til gjalda milljarða á milljarða ofan og telja það útgjöld þegar verið er að lána fé út til húsbyggjenda t.d. á fullri verðtryggingu og jafnvel þó að það séu ekki nema 3½% vextir, sem eru mjög háir. Að raunvextir í fasteignaviðskiptum séu hærri en 3½% þekkist ekki, þeir eru kannski 4, 5 og 6% í nágrannalöndunum sumum þar sem þeir eru hæstir jafnvel, en þar ríkir alltaf 2–3% verðbólga þannig að þeir eru lægri en vextirnir hér. Rétt upp gert ætti ekki að færa til gjalda allt það sem ríkissjóður er að færa upp úr einni skúffu í aðra hjá sjálfum sér. Þá er ekki talið allt bankakerfið, ekki Seðlabankinn sem auðvitað er deild í ríkissjóði, ekki allir atvinnuvegasjóðir, ekkert af þessu, bara ríkissjóður sjálfur. Hann bókfærir alltaf að það séu gjöld sem hann er að færa úr einni skúffu í aðra. Það eru ekki gjöld.

Af því að ég sé hv. þm. Guðmund H. Garðarsson hér: Hvað mundu menn segja ef sjóður hans félags, verslunarmannasjóðurinn, sem er álíka stór og húsnæðissjóður ríkisins, hygg ég, 12–14 milljarðar eða hvað það nú er, segði um áramótin: Ja, ég er kominn á hausinn. Ég er búinn að lána allt féð út. Að vísu á fullum verðtryggingum og vöxtum. Nei, ég varð að færa það allt til gjalda. — Það gerir ríkissjóður. Ef menn ekki skilja þetta einfalda dæmi skilja menn ekki neitt. Ég vil fá að sjá þessar tölur áður en fjárlögin verða héðan afgreidd. Ég vonast til að það verði innan tveggja eða þriggja daga. Því var lofað og Alþingi á heimtingu á að fá að sjá þessar tölur. Og einn í þessari nefnd, dr. Tór Einarsson, prófessor í Háskólanum, birti í maímánuði sl. upplýsingar einmitt um starf þessarar nefndar þar sem hann fullyrðir að beinar fjármálalegar kröfur ríkissjóðs á borgarana, okkur hér, séu a.m.k. 6 milljörðum hærri en allar kröfur íslenskra borgara á ríkið, þ.e. öll skuldabréfalánin og allt það er 6–7 milljörðum lægra en kröfurnar sem ríkið á á okkur, fyrst og fremst auðvitað út af húsnæðisstjórnarlánunum. Þessu er öllu snúið við og sagt að ríkið sé svo stórskuldugt að næsta kynslóð þurfi að borga þessi lifandis skelfingar ósköp. Þess vegna eru menn á móti því að ríkissjóður afli sér einhvers hluta af því fé sem hann þarf til síns rekstrar eða framkvæmda að láni. Nei, nei, það er alveg þveröfugt. Ofan á allt það fé sem ríkissjóður þarf til síns reksturs verða líka hirtir af okkur til viðbótar nokkrir milljarðar. Þetta hefur verið svona að undanförnu. Nú bíð ég eftir að fá að sjá þessa skýrslu og ég veit að þið, hv. þm., takið nú undir með mér um að það líði ekki margir dagar þangað til við fáum staðreyndirnar á borðið.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vek athygli á því að enn er eftir að ræða tvö stórmál í nótt og því ástæða til að ætla að ef umræður

verða svo miklar sem um þetta mál standi þingfundur til kl. 6 eða 7 í fyrramálið. (Gripið fram í.) Nei, aldeilis ekki. Ég er að vekja almennt athygli á þessu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það var fróðlegt að hlusta á hæstv. fjmrh. Hann taldi sig reyndar hafa svarað öllum þeim spurningum sem að honum hefði verið beint, en það gerði hann ekki. E.t.v. heyrir hann í mér núna, en ég er ekki viss.

Hann svaraði t.d. ekki spurningu minni um það hvers vegna fulltrúi fjmrn. taldi sér ekki fært að mæta á ráðstefnu Manneldisfélags Íslands til að hlusta á þau sjónarmið sem þar ríktu. Og ég varð satt að segja hneyksluð á orðfæri hæstv. ráðherra um manneldisstefnu. Hann talaði um sannfæringu, hann talaði um trúboð, hann talaði um að stjórnvöld ættu ekki að stýra neyslu fólks. Hvað í ósköpunum heldur hæstv. ráðherra að hann sé að gera þegar hann verðleggur matvæli? Ætli fólk kaupi ekki það sem það telur sig hafa efni á fyrst og fremst, jafnvel fremur en leita hollustu? Ég tala nú ekki um þegar heilbrigðisfræðsla er af svo skornum skammti að það er kannski erfitt að átta sig á hvar hollustan liggur. Veit hæstv. ráðherra hvað fátækt fólk, t.d. í löndum Efnahagsbandalagsins, borðar? Veit hann hvers konar fæðusamsetning það er og hefur hann einhvern grun eða vitneskju um hversu hollustusamleg sú fæða er og næringarrík? Veit hann hvar mörk næringarskorts eru og þess að vera sæmilega alinn? Greinilega ekki. Er hæstv. ráðherra á móti — og ég vil spyrja hann núna — er hann á móti íslenskri heilbrigðisáætlun sem hæstv. heilbrmrh. Guðmundur Bjarnason hyggst leggja fram á þessu þingi og hefur þegar boðað m.a. mig og marga aðra til að ræða á þingi í febrúarbyrjun, sérstöku heilbrigðisþingi? Í þessari áætlun felst einmitt má segja ákveðin stýring sem stjórnvöld ætla að taka sér á hendur bæði með fræðslu og líka með verðstýringu, t.d. matvæla. Er hæstv. ráðherra þar með að lýsa yfir vantrausti á rannsóknir og reynslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar? Hvað segir hann t.d. um þá staðreynd að íslensk börn hafa mun fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum og þá á ég við Norðurlöndin og jafnvel Bretland, en þeir eru næstmestu sykurætur í heimi? Við eigum metið. Ástæðan fyrir þessum tannskemmdum er m.a. álitin vera mikið sykurát auk þess sem tannhirða er léleg. Við verjum mestu fé í tannviðgerðir af nágrannalöndum okkar t.d. Hvað er ráðherrann eiginlega að rugla? (Gripið fram í.) Já, ég er hreinlega hneyksluð á þessu. Ég verð að segja það.

Í öðru lagi svaraði hann mér reyndar ekki heldur um það hvort hæstv. ríkisstjórn, hann sjálfur eða ráðuneytið hefðu ráðfært sig við þá fjölskyldunefnd sem ríkisstjórnin skipaði sérstaklega til að sinna málefnum fjölskyldunnar. Þeir þurftu þess kannski ekki frekar en þeir þurftu að ráðfæra sig við Manneldisfélag Íslands þegar þeir voru einmitt að leggja drög að verðlagningu á matvælum. Þeir höfðu ekki tíma til þess. Þeir voru svo önnum kafnir við verðlagninguna.

Hann svaraði mér ekki heldur um afstöðu sína til núverandi fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins sem ég hef miklar áhyggjur af, miklar áhyggjur, og ekki síst, hæstv. ráðherra, vegna landsbyggðarinnar því að það er ekki margt sem er meira metið í fjölmiðlun á landsbyggðinni en einmitt Ríkisútvarpið. Hafi hann ekki tekið eftir því á ferðum sínum frægum um landið ætla ég að segja honum það núna því að ég hef iðulega heyrt það á ferðum mínum þó ekki hafi ég haldið 100 fundi í einni lotu. Ég er satt að segja líka hneyksluð á þessu frelsisrugli í hæstv. fjmrh. sem svo sannarlega þyrfti afruglara við í sjónvarpsmálunum. Ég bið hann um að svara mér frekar þessum spurningum sem ég bar fram. En að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu nema hann gefi tilefni til þess aftur.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Mig langar til að koma með örfáar athugasemdir varðandi svör hæstv. ráðherra við ræðu minni um frv. um söluskatt sem við höfum hér til meðferðar. Hæstv. ráðherra virtist ekkert hafa skilið í hugmyndum mínum um að taka söluskatt í tolli og hélt því nánast fram að sá virðisaukaskattur sem hann hyggst taka upp að ári liðnu sé söluskattur í tolli. Væntanlega er það bóndinn sem þarf að innheimta söluskatt af heybindivélinni sinni. Er hann þá orðinn einhvers konar tollheimtumaður eða verður hann settur á launaskrá hjá tollinum?

Það sem við áttum við með hugmyndum okkar um söluskatt í tolli var að þar yrði lagður á einn skattur og mætti gjarnan taka vörugjaldið inn í þann skatt, en við skulum koma að því betur á eftir. Það eru 2500 samkeppnisaðilar sem ég gerði mér mjög vel grein fyrir að yrðu að greiða söluskatt til þess að við gætum staðið við viðskiptasamninga okkar bæði við Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið. En það er ákaflega einfalt að leysa vandamál þeirra. Þetta er hreint bókhaldsatriði. Þeir færa inn þann söluskatt sem þeir hafa orðið að greiða af aðföngum í bókhaldi sínu og draga hann frá þeim söluskatti sem þeir svara til ríkisins þegar þeir selja vöru sína frá verksmiðjunni. Þetta er svona einfalt. Þetta gerist í bókhaldi fyrirtækjanna. (**Gripið fram í:** Þetta er virðisaukaskattur.) Þetta er nokkurs konar virðisaukasakattur, ég get alveg fallist á það, en það sem ég á við er þetta, hvort er einfaldara að láta 2500 aðila, sem eru meðal stærstu fyrirtækja landsins, sem hafa mjög fullkomið tölvubókhald á sínum snærum, reikna út virðisaukaskatt eða láta stóran hluta vinnufærra manna þjóðarinnar bjástra við að reikna út virðisaukaskatt og hafa af því amstur og erfiði.

Hæstv. ráðherrann kom lítið inn á þær afleiðingar sem slíkt kerfi, sem við höfum lýst hér, mundi hafa varðandi þjónustuaðila innan lands. Það leiðir nú hugann að því, sem stendur í athugasemdum við

frv., að skattskilin verði svo miklu betri í virðisaukaskattskerfinu eða í söluskattskerfi sem byggir á því að það sé lagður söluskattur á allt. Ég fæ nú ekki séð að aðstaða þeirra þjónustuaðila, sem hafa kannski í hugum almennings verið þeir aðilar sem reyna að losna við að greiða söluskatt til ríkisins, breytist nokkurn skapaðan hlut, hvorki í þessu söluskattskerfi né í komandi virðisaukaskattskerfi. Ég hygg að það verði nákvæmlega sama ástandið á þeim bæ eins og var í gamla góða söluskattskerfinu. Þess vegna höfðum við uppi hugmyndir og tilburði í þá átt að kanna söluskattskerfi sem stæli hreinlega glæpnum, losaði þessa þjónustuaðila algerlega við allan söluskatt svo þeir þyrftu þá ekki að hafa fyrir því að reyna að koma sér undan honum.

Hæstv. ráðherrann hafði lítinn áhuga á að ræða um ferðamannaþjónustu og taka undir með mér um með hvaða hætti við getum eflt hana. Ferðamannaþjónusta er mikill vaxtarbroddur í atvinnulífinu hér og vonandi vaxandi atvinnuvegur hjá okkur Íslendingum. Svo sannarlega veitir okkur ekki af að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið og gera það fjölbreyttara. En það er allt útlit fyrir að með þeim skattaálögum sem hér eru boðaðar muni ferðamannaþjónustan væntanlega leggjast af. Ég fæ ekki séð hvernig nokkur útlendingur getur komið til Íslands hæstv. ráðherrans, til þess þjóðfélags sem hér verður á næstu árum þegar þær skattaálögur sem hér eru boðaðar hafa verið innleiddar af fullum þunga. Aumingja fólkið sem býr í landinu mun láta þetta yfir sig ganga því það á ekki í önnur hús að venda, það verður að búa hér og taka á sig þessar byrðar. (**Fjmrh.:** Það er ekki neyðarbrauð að búa hér.) Ja, ég mundi segja að svo gæti orðið að það yrði neyðarbrauð að búa á þessu landi eftir að skattaálögur hæstv. ráðherra ná fram að ganga. En ég er ansi hræddur um að þeir ferðamenn sem villast hingað til lands verði fljótir að forða sér þegar þeir sjá hvernig verðlag verður hér.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram allathyglisverðar umræður um skattamál, enda að vonum því að hér er stórt mál á ferðinni sem er frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Hann talaði alllengi, en mér fannst óþarfi af hæstv. forseta að vera að víta fjmrh. sérstaklega, eins og hann gerði áðan, þó hann flytti alllanga ræðu. Það er eðlilegt þegar margs er spurt að þá þurfi ráðherrann að koma víða við og ekkert að því að finna þó að umræðan taki dálítinn tíma. Nefndarfundir eiga ekki að byrja fyrr en um níuleytið og menn eru ýmsu vanir þannig að það er engin ástæða til þess enn þá, að mínu mati, að kvarta undan þessari umræðu þó hún taki dálitla stund.

Ég ætla fyrst að víkja að því svari sem hæstv. fjmrh. gaf mér varðandi skattabreytingarnar í heild. Ég verð að játa að mér fannst niðurstaða ráðherrans í þessu efni ekki nægilega skýr, ekki þannig að ég næði því a.m.k. í þeim töluðum orðum, svo hratt sem þau voru flutt svo sem venja er til. Mér finnst að í grg. með frv. sé þetta óskýrt líka. Þess vegna hef ég lagt í það dálitla vinnu að reyna að átta mig á þessari skattabreytingu með hjálp þeirra gagna sem liggja fyrir í frv., með upplýsingum sem ég hef í nóvemberhefti Hagtalna mánaðarins, sem ég hygg að þm. hafi fengið núna síðustu daga, þar sem fjallað er um ríkisfjármálin eins og þau virtust standa eftir að fjárlagafrv. var lagt fram. Jafnframt þessu hef ég aflað mér upplýsinga frá Þjóðhagsstofnun. Menn geta auðvitað leyft sér eins og gengur að vera með léttúðugar athugasemdir bæði um Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, en ég hygg þó að þegar við erum að fara yfir þessi mál, nú og áður hvað sem síðar verður, verðum við að notast við þau talnagögn sem frá þessum stofnunum koma nema annað skýrara komi fram. Ég skoðaði þessi mál með tvennum hætti, tveimur aðferðum má segja. Til að skýra það betur ætla ég að fara yfir þær.

Í fyrsta lagi: Þegar ríkisstjórnin var mynduð var tekin ákvörðun um 1000 millj. kr. skattlagningu á árinu 1987 sem þýddi 3700 milljónir á árinu 1988.

Í öðru lagi: Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var gert ráð fyrir að bæta við þarna 2000 millj. kr. þannig að samtals var talan orðin 5700 millj. kr. í skattahækkun núv. ríkisstjórnar. Þá voru skattar ríkisins taldir 56 milljarðar 324 millj. kr., en heildartekjur ríkisins, sem sagt skattar og sértekjur, alls 59 milljarðar 564 millj. kr. Þannig stóð þetta þegar efnahagsráðstafanirnar miklu voru tilkynntar í upphafi þings og menn stóðu á öndinni af hrifningu, sumir hverjir, a.m.k. fjmrh., yfir því hvað þetta væru stórkostlegar efnahagsráðstafanir og mundu leysa allan vanda. Þá spáðum við því sum að þetta mundi ekki duga og það yrðu gerðar nýjar efnahagsráðstafanir og frv. yrði aftur tekið upp og það varð auðvitað raunin.

Þá kem ég að þriðja þætti þessara skattahækkana. Þar sem uppsetning mála í frv. ríkisstjórnarinnar og ræðum ráðherrans er ekki með þeim hætti að ég átti mig á henni kaus ég að taka niðurstöðutölur fjárlaganna eins og þau líta nú út fyrir að verða. Sú tala segir mér — og segir á blaði frá Þjóðhagsstofnun sem ég fékk í dag — að skattarnir verði, skattar og sértekjur, verði 26% af landsframleiðslu og hækki þess vegna miðað við þessar hlutfallsbreytingar frá því að fjárlagafrv. var lagt fram um 2880 millj. Samtals gerir þetta 8580 millj. kr., þ.e. 3700 plús 2000 plús 2880 millj. kr. Síðan gerist það að menn bæta nokkuð á niðurgreiðslur, bæta nokkuð á lífeyri og barnabætur. En ég hygg að heildarskattlagningin, fyrst og fremst í sköttum, 90% í sköttum, kannski eitthvert brot í sértekjum, aukist þarna um 8580 millj. kr., eða u.þ.b. 1,7 milljarða á mánuði frá því að ríkisstjórnin tók við. Þetta var niðurstaða eitt í þessu efni og ég varð ekki var við að fjmrh. væri með tölur sem vefengdu þetta í sjálfu sér.

Síðan er til önnur aðferð til að finna þetta fyrir þá sem ekki hafa aðgang að talnavélum fjmrn. sem

mætti kalla sjóðvélar nú orðið reyndar. (**DS:** Lokaðar sjóðvélar.) Lokaðar, harðlæstar sjóðvélar. Og leiðin er sú, herra forseti, til að átta sig á þessu, að taka bráðabirgðatölur eins og þær liggja nú fyrir um heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1987. Þær heildarskatttekjur ríkisins á þessu ári eru 45504 millj. kr. Frá þeirri tölu dreg ég síðan 1000 millj. kr. sem er skattaákvörðun núverandi ríkisstjórnar samkvæmt samþykkt sem var gerð hér í sumar eins og fyrr hefur verið upplýst á þessum fundi. Niðurstaðan verður þá sú að skatttekjurnar á þessu ári hefðu að óbreyttu og án tilkomu núverandi ríkisstjórnar orðið 44504 millj. kr. eða 21,6% af vergri landsframleiðslu. Skv. brtt. við fjárlagafrv. er nú gert ráð fyrir að skatttekjurnar verði 24,7% af vergri landsframleiðslu. Mismunurinn er 3,1% af vergri landsframleiðslu. Verg landsframleiðsla er 240 milljarðar og 500 millj. kr. 3,1% af því eru 7456 millj. kr.

Eins og ég tók fram áðan tel ég þessa síðarnefndu aðferð við að nálgast þetta ónákvæmari en hinar fyrri. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að fara í gegnum hvað eina af tölum í þessum efnum til að átta mig betur á þessu. En ég sé ekki betur en að þessi viðbótarskattlagning á næsta ári, miðað við ákvarðanir hinnar nýju ríkisstjórnar, sé 8000 millj. kr. a.m.k., sennilega 8500—8600 millj. kr. Ég er tilbúinn að taka við öllum talnagögnum sem fjmrn. kann að senda mér um þessi mál og ég mun óska eftir því í nefndinni að þetta verði gert upp þannig að nefndarmenn séu sammála um þann talnagrundvöll sem verið er að vinna með. Síðan munum við auðvitað sem nefndarmenn, eftir því sem ástæða er til, reyna að gera þinginu grein fyrir þessu því að menn verða að vita um hvað þeir eru að fjalla og vita hvað þeir eru að samþykkja eða synja. Ég er með þeim ósköpum gerður að ég hef gaman af því að lesa talnadálka þannig að fjmrn. þarf ekkert að vera feimið við að senda mér hauga af einhverjum svona pappírum, talnadálka já. (**HBl:** Það var þá lesning.) Já, formaður fjh.- og viðskn. Ed. gerir lítið með svoleiðis lesningu sem við höfum þó ekki orðið vör við í nefndinni. Þvert á móti hefur okkur fundist mikið til um áhuga hans á talnadálkum í hvívetna.

Þetta er um skattahækkanirnar. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari þessu atriði nú þegar við umræður um söluskatt nánar en mér fannst hann gera áðan.

Þá ætla ég næst aðeins að víkja að því atriði sem fjmrh. nefndi. Hann sagði: Þessar kerfisbreytingar allar skila sér í verðlagi alveg fortakslaust, fullyrti hann. Það er ekki hægt fyrir reynda stjórnmálamenn að tala svona. Hæstv. ráðherra þarf ekki annað en að fara t.d. yfir reynsluna af myntbreytingunni á sínum tíma. Það var að vísu um að ræða verulega verðbólgu á þeim tíma en þó ekki þegar myntbreytingin átti sér stað. Ég hygg að hún hafi ekki verið mikið meiri en er um þessar mundir. En ég er alveg sannfærður um að það er mjög hætt við að svona viðamiklar verðbreytingar á verðbólgutímum skili sér ekki. Þess vegna finnst mér yfirlýsing hæstv. ráðherra um að þetta muni skila sér alveg fortakslaust óvarleg yfirlýsing, enda segir í grg. með einu frv. sem liggja fyrir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Það segir sig sjálft að áhrif svo umfangsmikilla breytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölum framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar."

Hér hafa starfsmenn fjmrn. vaðið fyrir neðan sig og slá engu föstu í þessu efni. Mér þykir líklegt að verðlagsáhrifin af þessu muni ekki skila sér til almennings vegna þeirrar verðbólgu sem hér er, vegna þeirra áhrifa sem verðbólgan hefur á verðskyn almennings og vegna þess að þessar breytingar, sem nú er verið að gera, eru flóknar og koma svo víða við. Þess vegna held ég að það sé óvarlegt af fjmrh. að hafa svo stórar fullyrðingar í þessu efni.

Ég vil varðandi hans ræðu fagna því sem hann sagði í sambandi við þær áhyggjur sem hann hefði af tilfærslu skattbyrðinnar innan árs, einkum hjá þeim sem eru með skuldir og hafa verið með verulega frádrætti af þeim ástæðum. Ég fer fram á það, þó málið sé ekki í þessari deild, að fjmrn. komi á framfæri við hv. fjh.- og viðskn. Nd., sem er með þetta mál, tillögu um útfærslu á því hvernig mætti flýta vaxtaafslættinum þannig að hann komi ekki bara á síðustu dögum ársins, heldur komi hann fyrr, helst frá byrjun ársins ef nokkur kostur er. Við skulum átta okkur á því að ef þessu verður ekki breytt frá gildandi lögum, þá mun vaxtaafslátturinn koma svona á hverju ári næstu árin af því að þetta eru ekki áhrif sem eingöngu eru á fyrsta ári staðgreiðslukerfisins heldur halda þau svona áfram. Og ég held að það sé vont, bæði fyrir launamenn en einnig fyrir ríkissjóð, að búa við þetta kerfi. Mér sýnist raunar að ríkissjóður muni á fyrri hluta ársins 1988 verða með mjög myndarlegar tekjur miðað við það sem hefur verið á undanförnum árum, en á síðari hluta ársins, þegar frádrættirnir fara að verka og þegar lánskjaravísitalan hefur mælt upp persónuafsláttinn, þá verði tekjur ríkisins miklu lakari en á fyrri hluta ársins að raungildi. Og ég held að það sé ekki skynsamlegt að vera með miklar sviptingar í tekjustofnum ríkisins innan ársins. Það kallar á alls konar ráðstafanir og vanda, eins og kunnugt er, sem getur haft önnur víðtæk efnahagsleg áhrif.

Mér fannst það einnig skynsamleg ábending hjá hæstv. fjmrh. að í tilefni af staðgreiðslukerfinu væri rétt að beina því til sveitarfélaganna að þau innheimti fasteignagjöldin miklu oftar. Mér fyndist jafnvel hugsanlegt að Alþingi gerði það með einhverjum hætti, beindi því til sveitarfélaganna. Það er jafnvel hugsanlegt að setja inn í lög ákvæði til bráðabirgða vegna staðgreiðslunnar um að fasteignagjöldunum verði skipt á a.m.k. 8, 9 eða 10 gjalddaga, hvernig sem menn vilja hafa það. En ég held að ábendingar fjmrh. í þessu efni hafi verið skynsamlegar og góðra gjalda verðar.

Hæstv. ráðherra var svo vinsamlegur að upplýsa mig um söluskattstekjur af nuddstofum og ég verð

að segja það alveg eins og er, ég er ekki lífsreyndari maður en það, að það kom mér algjörlega á óvart að það væru 100 millj. kr. sem menn tækju inn af nuddstofum. Kom mér algjörlega á óvart. Soðningin skilar í ríkissjóð 400 millj. kr. og mér fyndist, það er a.m.k. mín skoðun, að til greina kæmi að fella niður söluskatt á soðningunni, en taka í staðinn upp gjöld á ýmsa aðra þætti, t.d. í tolli, umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar um breytingu á tollalögum.

Svo var það þetta með afruglarana. Já, það kom í ljós ef einhver hefur verið orðinn lúinn hér í deildinni, sem er ótrúlegt, en það kom í ljós þegar menn hlustuðu grannt á ræðu ráðherrans að þetta var fyrst og fremst byggðamál með afruglarana. Það þurfti að tryggja það að blessað fólkið á Djúpavogi og Dalvík, Drangsnesi, Búðardal og Súðavík fengi afruglarana ódýrt. Ég segi það alveg satt að ég hef lengi leitað að byggðastefnunni í fari núv. hæstv. fjmrh. og þetta er í fyrsta sinn sem örlar á henni. Og ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta sérkennileg byggðastefna þegar þess er gætt að sami ráðherra leggur núna fram fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir því að taka af Ríkisútvarpinu 300 millj. kr. af mörkuðum tekjustofnum Ríkisútvarpsins vegna aðflutningsgjalda af útvarps- og sjónvarpstækjum. Ég tek undir það með hv. 6. þm. Reykv., Guðrúnu Agnarsdóttur, að auðvitað er uppbygging Ríkisútvarpsins, m.a. dreifikerfis Ríkisútvarpsins, miklu stærra byggðamál en Stöð 2, jafnvel þó að á Stöð 2 séu merkir menningarþættir um eitt og annað eins og hæstv. fjmrh. örugglega þekkir og hefur horft á. (**Gripið fram í:** Og menningarvitar.) Og menningarvitar, já. Þetta er því svo fullkomlega á skjön a.m.k. við það sem ég hefði talið rökrétt í þessu efni. Þegar menn eru á annað borð að leggja það til að samræma söluskattinn, þá er það kostulegt að á sama tíma og menn ætla að leggja skatt á matvörur skuli menn fella niður skatt á afruglurum og svo að skera niður framlög til Ríkisútvarpsins um 300 millj. kr. Þetta er fullkomlega á skjön, hæstv. ráðherra.

Ég vil að síðustu hér að sinni þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir mjög fróðlega ræðu sem hann flutti. Mér fannst það náttúrlega einkar fróðlegt hvernig hann rakti aðdraganda þessara skattamála í Sjálfstfl. Athyglisvert. Hann sagðist hafa lent í því til að tryggja það að landið fengi starfhæfa stjórn að flytja tillögu um 1000 millj. kr. skatta á þessu ári. Ég veit nú að hann sér að þessi stjórn hefur eiginlega aldrei verið starfhæf þannig að þess vegna hefði tillagan auðvitað verið óþörf. Hún hefur aldrei verið starfhæf, þessi ræfill. En hann sagði: „Á öðru ber ég ekki ábyrgð.“ Mér þykir þetta nokkuð athyglisvert. Og þó verð ég að segja að umræða hans um niðurstöðu hallanefndarinnar var einkar fróðleg. Ég mun láta það verða mitt fyrsta verk í fjh.- og viðskn. á eftir að óska eftir því við hv. formann nefndarinnar, Halldór Blöndal, að skýrsla hallanefndar verði fengin inn á hennar borð. Ég tek undir það með hv. þm. og styð hann eindregið í því að ég vil fá að sjá þessa skýrslu áður en ég afgreiði þessi mál, eins og hann orðaði það. Það kom mér satt að segja ekki á óvart að hv. 8. þm. Reykv. væri sá maður í þingliði Sjálfstfl. sem tæki við sér þegar hann sæi þetta ofboð, þetta flóð af skattahækkunum sem nú eru að ganga yfir þjóðina.

Ég held hins vegar að það væri vissulega þörf á því, vegna þess að hér er staddur hæstv. fjmrh., að hv. 8. þm. Reykv. héldi strax í nótt nokkurt erindi hér í deildinni yfir ráðherranum um þessi mál því að ég er ekki með öllu viss um að hæstv. ráðherra hafi skilið þann fagnaðarboðskap sem fólst í rauninni í ræðunni og léttir af honum skattlagningarkvöðum verulegum, sem ég veit að eru þung spor fyrir hann, að leggja fram skattatillögur upp á 8580 millj. kr.

Ég tel því æskilegt að þessi mál verði skoðuð. Ég óska eftir að fjmrh. upplýsi það hér við þessa umræðu hvar þessi skýrsla hallanefndar er, jafnframt sem ég fer fram á það að hann svari ýmsum þeim öðrum spurningum og athugasemdum sem komið hafa fram í þessari ræðu minni sem ég er að halda nú. Því að til þess að umræðan geti haldið eðlilega áfram verður auðvitað upplýsingastreymið að vera sem greiðast þannig að ekki skapist misskilningur á milli manna vegna þess að upplýsingar liggi ekki fyrir. En það er sem kunnugt er hættulegt ef það verður stífla í upplýsingaflæðinu eins og hefur m.a. komið í ljós í hæstv. ríkisstjórn sl. sólarhring, þar sem einn ráðherrann sagði af sér í morgun þó hann tæki svo aftur til starfa seinna í kvöld.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram mjög fjörugar og skemmtilegar umræður. Satt best að segja átti ég ekki von á því að þessi næturfundur yrði svona skemmtilegur. En það er um alvarlegt mál að ræða, miklar skattaálögur sem hæstv. ríkisstjórn er að boða og sem til framkvæmda eiga að koma á næsta ári.

Það sem er mergur þessa máls er þetta: Hvað felst í þessari einföldun sem um er að ræða? Ég er að sjálfsögðu hlynntur því að einfalda flest kerfi þannig að undanskot geti ekki átt sér stað. En það er ekki það sem felst í þessu öllu saman, heldur sá mismunur sem í einfölduninni felst. Mismunur upp á tæpa 7 milljarða sem þetta einfalda kerfi skilar ríkissjóði.

Hér áður fyrr taldi ég að Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. núv. fjmrh., væri sá Hrói höttur sem hann talaði um, að hann ætlaði að taka frá þeim ríku og gefa þeim fátæku. En því miður boða þessi þrjú frv. sem hér hafa verið lögð fram annað. Nú á að ráðast á láglaunafólkið og skilja hina, fyrirtækin og stórefnamennina, eftir. Ég harma það mjög. Og ég sem hafði bundið mjög miklar vonir við þennan fjmrh.

Annars er annað atriði sem kemur upp í huga manns þegar þessar tölur eru athugaðar og þær fullyrðingar hæstv. fjmrh. að nú skuli setja söluskatt á nuddstofur og aðra þjónustu. Þetta eru auðvitað

tekjur sem skila ríkissjóði umtalsverðum fjárhæðum. En það verður að athugast að þetta eru tekjur sem hvergi koma fram í vísitölugrunni. Og fleira sem söluskattur er lagður á nú kemur hvergi fram í þeim grunni sem lagður er til grundvallar. Ég held að það verði að athuga það að einhvers staðar frá koma peningarnir. Þó þetta komi ekki bara á matvöru og annað, þá er þarna um neysluskatt að ræða sem beinist augljóslega að almenningi.

Ég vil ekki að svo komnu tefja þessar umræður um þetta fyrsta frv., um söluskattinn. Ég vildi koma þessum athugasemdum að. Ég vonast eftir því að þessi fundur verði ekki mjög langur því mikið og erfitt starf bíður okkar þm. hér á morgun eða á eftir og ég vonast svo sannarlega eftir því að við getum tekið virkan þátt í þeim störfum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er svona heldur að draga úr þessum umræðum, heyrist mér, ekki eins mikill fítonskraftur og þær hófust með. Ég leyfi mér samt sem áður að vona að stjórnarandstaðan sé vel vakandi.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kvartaði undan því að ég hefði ekki svarað með viðunandi hætti öllum þeim spurningum sem til mín var beint. Hún spurði hvers vegna fulltrúi frá fjmrn. hefði ekki sótt fund hjá manneldisráði. Svar: Ég hef ekki hugmynd um það. Hún spurði hvort samráð hefði verið haft við fjölskylduhóp sem starfar á vegum ríkisstjórnarinnar áður en ákvarðanir voru teknar um tolla, vörugjald og söluskatt. Svar: Það var ekki gert. Hv. þm. spurði hvort sá sem hér stendur hefði ekki áhyggjur af fjárhag Ríkisútvarpsins. Svar: Jú, og af ærnum ástæðum. Þá held ég að ég hafi svarað þeim spurningum.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér athyglisverða ræðu og vék að því hvernig mál hefðu staðið hér þegar þessi stjórn var mynduð að því er varðaði vitneskju manna um skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Af því tilefni vil ég leyfa mér að rifja upp að í því kveri sem sumir kalla starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun, en stundum var gantast með í stjórnarmyndunarviðræðum að héti Jónsbók, segir svo, með leyfi forseta:

„Helstu þættir í hinu nýju skattakerfi verði:

1. Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga kemur til framkvæmda í ársbyrjun 1988."

Þetta var vitað. Að þessu vinnum við. Þetta verður vonandi.

„2. Tekjuskattsálagning atvinnurekstrar verði jafnframt endurskoðuð og einfölduð og að því stefnt að ný skipan taki gildi á árinu 1988."

Starfshópur var settur til þessa verks í ágústmánuði á liðnu sumri. Hann hefur nú skilað til ríkisstjórnar frv. að breytingum. Það frv. hefur verið rætt á tveim ríkisstjórnarfundum og hefur á ríkisstjórnarfundi í dag verið vísað til þingflokka til umfjöllunar og fékk að mínu mati jákvæðar undirtektir í ríkisstjórninni.

„3. Launaskattur og tryggingagjöld atvinnurekenda vegna launþega verði einfölduð og samræmd og leggist sem jafnast á allar atvinnugreinar."

Þarna var hugmyndin sú að lækka launaskatt á þeim greinum atvinnulífs sem nú bera 3½% launaskatt. Hugmyndirnar voru um að launaskattur yrði 1 eða 1½%. Niðurstaðan varð ekki alveg sú. Niðurstaðan er sú að fyrir liggur á Alþingi frv. til laga um 1% launaskatt í þeim greinum sem áður báru hann ekki eftir breytingarnar vegna kjarasamninganna í febr. 1986, en eftir sem áður bera verslun og þjónustufyrirtæki 3½% launaskatt þannig að í besta falli getum við sagt að þarna hafi verið stigið skref í átt til samræmingar en ekki til fulls. Og rökin eru þau að menn telja að of mikillar þenslu gæti hér, einkum á höfuðborgarsvæðinu og þá einkum og sér í lagi í verslun og þjónustu sem lýsir sér m.a. í þeim áhyggjum sem menn hafa með réttu út af sívaxandi viðskiptahalla.

„4. Athuguð verði skattlagning fjármagns- og eignatekna og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatta og skatta af öðrum tekjum."

Það gildir um þetta mál eins og önnur að starfshópur var skipaður til þess innan ráðuneytis með samráði við sérfræðinga ríkisskattstjóraembættis og reyndar valinkunna endurskoðendur aðra að fara í gegnum þetta mál. Þetta er flóknasti þátturinn í skattalöggjöfinni, sá þáttur íslenskrar skattalöggjafar sem kannski er með stærstu gati. Þess má geta að einn helsti sérfræðingur fjmrn. í skattamálum fór á þessu hausti í sex vikna kynnisferð til Bandaríkjanna til þess að kynna sér einkum og sér í lagi skattalöggjöf Bandaríkjanna að lokinni endurskoðun að því er varðar fyrirtæki og fjármagns- og eignatekjur. Hann hefur skilað skýrslu um þær athuganir. Sömuleiðis hefur þessi starfshópur lagt nokkra vinnu í upphaf þessa máls, en það hefur ævinlega verið tekið fram af minni hálfu að þetta mál sé þess eðlis að hjá því verði ekki komist að leggja í það meiri vinnu og þess sé ekki að vænta að niðurstöður af því starfi verði lagðar fram og kynntar í ríkisstjórn og þingflokkum fyrr en á næsta ári. Að nokkru leyti tengist þetta líka þeirri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem var þáttur í efnahagsráðstöfunum hennar í október, að gera ráðstafanir til þess að draga úr þeim mun sem er annars vegar á ávöxtunarkjörum verðbréfa, spariskírteina opinberra aðila, banka, verðbréfamarkaðar og hins vegar hlutafjáreignar í fyrirtækjum. Þarna ber einnig að taka tillit til þeirra sjónarmiða að síst af öllu vakir það fyrir mönnum að draga úr sparnaði. Engu að síður verður að leggja þá grundvallarreglu til hliðsjónar þessari endurskoðun að allar tekjur, hvernig sem þeirra er aflað og af hvaða rótum sem þær eru runnar, verði skattlagðar út frá jöfnum sjónarmiðum þannig að þetta mál er í athugun, enda segir hér í stefnuyfirlýsingu að það skuli athugað.

„5. Tekin verði upp ný, samræmd og einfölduð gjaldskrá aðflutnings- og vörugjalda sem gæti komið

til framkvæmda á árinu 1988."

Mikið starf hefur verið í þetta lagt og nú stöndum við hér á kvöldfundi í hv. Ed. og ræðum ávöxtun. Og þar er m.a. um að ræða aðför að hafnarbakkaverðbólgunni sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur með mestum fítonskrafti varað við á undanförnum árum og ég er honum innilega sammála um það. Þetta er að því leyti vissulega skref í rétta átt og einhver merkasta bylting sem orðið hefur í skattamálum á Íslandi, sennilega í sögu lýðveldisins, þó að einstaka úrtölumenn og íhaldssamar sálir úr flokkum sem kenna sig við vinstri amist við því.

„6. Virðisaukaskattur, eða nýtt og endurbætt söluskattskerfi, verði komið í varanlegt horf 1989. Undanþágum frá núverandi söluskatti verður fækkað í áföngum sem aðdraganda að breyttu skattkerfi. Fyrsta skref í þessa átt kemur til framkvæmda um mitt ár 1987 og annað í ársbyrjun 1988."

Við þetta hefur verið staðið.

Þetta voru helstu stólparnir í þeirri skattayfirlýsingu sem ríkisstjórnin lét frá sér fara og ég fæ ekki betur séð en að menn geti nú sagt: Þarna var sjókortið gert klárt. Þetta var það sem menn lýstu yfir. — Þetta er reyndar í fullu samræmi við málflutning a.m.k. míns flokks fyrir kosningar og á þessi mál lögðum við mikla áherslu. Ég fæ því ekki séð að neitt í þessum aðgerðum eigi að koma mönnum á óvart. Þvert á móti held ég að það verði ekki annað sagt en að stjórnarflokkarnir, ríkisstjórnin, hafi á tiltölulega stuttum starfstíma reynt af fremsta megni og með mikilli vinnu að koma í framkvæmd og leggja fyrir Alþingi frumvörp um breytingar á skattakerfinu í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu.

Að því er varðar ábyrgð á þessu fæ ég ekki varist því að segja einfaldlega: Við berum sameiginlega ábyrgð á þessari stefnuyfirlýsingu, þessari starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Við berum sameiginlega ábyrgð á því fjárlagafrv. sem lagt var fram. Ég vek á því athygli að í viðtali við formann Sjálfstfl. hefur hann látið þess getið að hann hafi í byrjun októbermánaðar, þegar sýnt þótti að fyrstu aðgerðir hefðu ekki skilað nægum árangri og áhyggjur manna af vaxandi viðskiptahalla fóru vaxandi, haft frumkvæði að því að við þessar aðstæður ætti þessi ríkisstjórn að leggja fram fjárlagafrv. með fullum jöfnuði, stíga skrefið stærra en við áformuðum í upphafi, nefnilega að sætta sig ekki við halla í fjárlagafrv. upp á ½% af landsframleiðslu eða 1200 millj. kr., heldur bæri að leggja það fram með jöfnuði og gera það að meginstólpa í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar við ríkjandi aðstæður. Þetta var gert. Í því fólst að þessi 1200 millj. kr. halli var jafnaður með tvennum hætti, með lækkun ríkisútgjalda upp á tæpar 600 millj. kr. og tekjuöflun upp á um það bil 600 millj. kr. eða rúmlega það.

Ég hlýt að sjálfsögðu að trúa því að þessi áform hafi verið kynnt jafnt í öllum þingflokkum og ég veit ekki betur, ég er fullvissaður um það af forsvarsmönnum stjórnarflokkanna, en að svo hafi verið og að með þeim hætti hafi fjárlagafrv. fengið eðlilega málsmeðferð sem stjfrv. samþykkt af stjórnarflokkum.

Virðulegi forseti. Það var spurst fyrir um skýrslu hallanefndar svokallaðrar. Því er hægt að svara stutt og laggott, mín vitneskja um störf hallanefndar er af skornum skammti. Ég vissi satt að segja ekkert af tilvist þeirrar virðulegur nefndar fyrr en upp hófust ritdeilur nokkrar milli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og starfsmanns Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, skrifstofustjóra hennar, Gunnars Hall, sem fram fóru í dagblöðum fyrir nokkrum vikum. En af þeim má ráða að hallanefnd er skipuð nokkrum valinkunnum embættismönnum og sérfræðingum úr fjmrn., Seðlabanka, Háskóla og annars staðar og er skipuð, að mér skilst, að frumkvæði forvera míns, hæstv. núv. forsrh. og hefur allviðamikil verkefni, nefnilega að vinna hinn íslenska þátt heildarathugunar sem fram fer á vegum EFTA til samræmingar fjárlaga.

Það kom fram í þessum skoðanaskiptum í blöðum að hallanefnd hefði ekki lokið störfum og ég hef ekki nýjar upplýsingar að flytja um það hvort hún er eitthvað nær því. Ég mun að sjálfsögðu verða við tilmælum hv. þm. og grennslast fyrir um það og víst skal ég reyna að leggja því lið ef ég get að ýta undir það að hún ljúki störfum því hér er um að ræða fróðlega athugun.

Hinu er ekki að neita að hv. þm. og formaður nefndarinnar eru ekki alveg sammála um niðurstöður nefndarinnar í starfi hennar hingað til. En meginsjónarmiðið er það að breyta eigi reikningsfærslu og bókhaldi í ríkisfjármálum og þá á þann veg að millifærslusjóðir verði teknir inn í A-hluta ríkisfjármála. Og þá er sjónarmiðið það að á móti framlögum ríkisins til sjóða eins og húsnæðislánasjóðanna, Lánasjóðs ísl. námsmanna, Byggðasjóðs o.s.frv. beri einnig að gjaldfæra á móti innkomnar tekjur þessara millifærslusjóða af endurgreiðslum og að það megi líta svo á, ef við lítum á tímabilið 1980–1985, að þessi uppsetning hefði breytt niðurstöðutölum fjárlaga að verulegu leyti. Þá er hins vegar á það að líta að endurgreiðslur mjög margra þessara sjóða eru með þeim hætti að þessir sjóðir rýrna árlega að eigin fé og fá ekki endurgreiðslur á raunvöxtum. Frægasta dæmið um það er að sjálfsögðu Lánasjóður ísl. námsmanna. Gott dæmi um það nú er það að í fjárlögum á þessu ári voru framlög til hans af ríkisframlögum stóraukin og eru, ef ég man rétt, 600–700 millj. kr. þar sem byggt er á því að auka eigin framlög því sem næst sem því svarar sem sjóðurinn þarf að endurgreiða af áður teknum erlendum lánum. En þó að með ríkisframlögum sé þannig reynt að stuðla að eiginfjáruppbyggingu þessa sjóðs breytir það ekki því að endurgreiðslur sjóðsins bera að sjálfsögðu enga vexti, eru verðtryggðar að nafninu til en endurgreiðsluákvæðin eru skert þannig að í raun og veru má áætla að endurgreiðslur séu ekki nema á bilinu 40–50% af raunvirði endurgreiðslna. Þetta á við um Lánasjóðinn. Sama á við um byggingarlánasjóðina, sama á við um marga aðra millifærslusjóði hins opinbera sem lána út fé á niðurgreiddum

vöxtum. Þegar til lengri tíma er litið yrði því niðurstaða þessa dæmis ekki sú sem mér hefur virst að hv. þm. geri ráð fyrir, fyrir utan það að niðurstöðurnar virðast vera aðrar eftir bráðabirgðaskoðun á árunum 1986 til dagsins í dag og það er á þeim árum sem snerist á verri veg að því er varðaði halla í ríkisfjármálum. Reyndar er það partur af starfi þessarar nefndar að hún hefur gert á því bráðabirgðaathugun hvert hefði stefnt með halla á ríkissjóði ef áfram hefði haldið sá, við getum sagt kerfishalli sem byggði á hinum veiku tekjustofnum, vaxandi halla og þeirri staðreynd að raunávöxtun lána hefur verið mjög há. Þess vegna má draga af því þá ályktun að þessi halli hefði orðið illviðráðanlegur hefði hann vaxið og væri þá reyndar sama á hvern veg við hefðum hagað reikningsfærslu sjóðanna.

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson var ekki alveg sannfærður af þeim tölum sem ég fór með um þá skatta sem lagðir hafa verið á í tíð núv. ríkisstjórnar, en þar sýndi ég fram á það að nettóskattarnir sem ríkisstjórnin hefur staðið að eru 5700 millj. kr. Þær tölur sem ég fór með voru þessar og þar ber reyndar ekki mikið í milli: Þeir skattar sem voru ákveðnir með fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar en koma inn í fjárlög ársins 1988 eru áætlaðir upp á 3700 millj. kr. Og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um aðra skattheimtu og birtast í niðurstöðutölum fjárlaga og tengjast fjárlagafrv. eru metnar á rúmlega 2000 millj. kr. þannig að niðurstaðan er 2700 millj. kr.

Þær aðgerðir eða sú útfærsla sem varðar tekjuhlið fjárlagafrv. sem felst í þeirri kerfisbreytingu sem hér er til umræðu, þ.e. tollalækkunin og vörugjaldslækkunin en breikkun söluskattsstofnsins í 25% söluskatti felur í sér auknar tekjur tekna megin upp á 2050 millj. kr. Þá ber þess hins vegar að geta að þessi upphæð er greidd út jafnharðan, annars vegar vegna niðurgreiðslna og hins vegar vegna millifærslna lífeyristrygginga og barnabóta.

Um frekari tekjuáform er ekki að ræða umfram það að við lok fjárlaga til 2. umr. hefur tekjuáætlun verið endurmetin í samráði við Þjóðhagsstofnun vegna veltubreytinga um 600 millj. kr. og þar er gert ráð fyrir bættum skattaskilum upp á 400 millj. kr. Aðrar tölur um aukna skattlagningu lúta þá að öðrum stjórnvaldsaðilum, þ.e. hækkun útsvars umfram verðlagsbreytingar og hækkun fasteignagjalda sem áætluð hafa verið.

Hv. þm. hélt því fram í fyrstu ræðu sinni að vegið á mælikvarða landsframleiðslu hefði hlutur ríkisins í heildarskatttekjum aukist mjög, þ.e. í 24,7% en hefði verið hæstur áður á árinu 1982 24,5% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hvers tíma. Það er rétt að hlutfallið hefur hækkað og ástæðan er auðvitað sú, og ég er ekkert að neita því, að tekjuöflun hefur verið aukin til þess að eyða hallarekstri ríkissjóðs. En þær tölur sem ég hef hér undir höndum um hlutfall ríkisins af vergri landsframleiðslu eru þessar — það er best að hafa formálann réttan. Ég er annars vegar að ræða um hlutfall ríkisins af landsframleiðslu í heildartekjum. Fyrst, heildartekjur ríkisins af vergri landsframleiðslu eru þessar:

Árið 1986 24%, þar af skatttekjur 22%. Árið 1987, fjárlög, 24,4%. Endurskoðuð áætlun 1987 23,2%, þar af skatttekjur 22%. Frv. 1988 24,8%, þar af skatttekjur 23,5%. Ef við vegum þetta á gjöld, og segjum fyrst heildargjöld sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, þá eru tölurnar þessar: 1986 25,2%, fjárlög 1987 26%, endurskoðuð áætlun haust 1987 24,2%, frv. 1988 24,8%. En ef við lítum á þessi gjöld án vaxta eru tölurnar þessar af því að hv. þm. óskaði eftir talnaflóði: 1986 22,7%, endurskoðuð áætlun 1987 22,5%, frv. 1988 22,8%.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Júlíus Sólnes hafði áhyggjur af ferðamannaþjónustu og taldi að litlar líkur væru til þess að við gætum lokkað menn af framandi þjóðum til þess að sækja okkur heim á þessu góða og glæsta eylandi sem við byggjum ef fram færi sem stefndi um virðisaukaskattinn. Þetta kemur mér nokkuð á óvart. (**Gripið fram í:** Og aðra skatta.) Og aðra skatta, já. Það vill nú svo til að erlendir þegnar eru ekki skattskyldir í þessu landi. En þeir verða að greiða að sjálfsögðu óbeina skatta, þann virðisaukaskatt sem við stefnum að. (**Gripið fram í:** Og vörugjald.) Já, já, það er ekki hátt og tollar núna mun lægri. Sannleikurinn er sá að þessi breyting mun m.a. leiða til þess að íslenskir ferðamenn sem gjarnan hafa stundað nokkur innkaup í útlöndum eru nú mun líklegri til þess annað af tvennu að láta af kaupum á mörgum vörum sem þeir hafa sóst eftir af því að þær hafa verið svo hátollaðar hér eða að verðmunurinn verður svo lítill vegna þess að verðhlutföllin verða miklu líkari að í þeim fáu tilvikum þar sem það kynni að borga sig eru þeir mun líklegri til þess að fara í gegnum rauða hliðið og telja þessar vörur fram vegna þess að álögur á þær væru óverulegar.

Í annan stað, að því er varðar ferðamannaþjónustu. Virðisaukaskattur hentar ferðamannaþjónustu ákaflega vel. Og nú vill svo til að mesta ferðamannaþjóð í Evrópu er vafalaust Ítalía, það gullna land sækja heim fleiri einstaklingar af öðrum þjóðum en nokkurt annað land og mun fleiri en landið byggja. Ekki veit ég til þess að virðisaukaskattur, flókinn nokkuð og allhár á Ítalíu, hafi flæmt ferðamenn þar úr landi og sama má eiga við gjarnan um helstu ferðalönd álfunnar. Það hefur ekki verið neinum vandkvæðum bundið, hvort heldur er á Ítalíu eða á Spáni að byggja upp ferðamannaiðnað þótt þar væri virðisaukaskattur sem er fyrst og fremst það mál, tollar og virðisaukaskattur, sem varðar ferðalög. Ábending hv. þm. um það að taka upp það kerfi að ferðamenn sem hér mundu vilja gera innkaup fengju endurgreiddan virðisaukaskatt er reyndar sjálfsagður hlutur og eðlilegt að stefna að því.

Að því er varðar umræðuna um hugsanlega óhagstæð áhrif á skattbyrðina innan ársins og ummæli hv. þm. um það efni tek ég aðeins fram að þær hugmyndir sem ég reifaði hér eru niðurstaða af um-

ræðum sem fram fóru í þingflokki Alþfl. um það mál og við munum að sjálfsögðu verða við því að koma þeim hugmyndum á framfæri við hv. þingnefnd.

Fleiri athugasemdir held ég að hafi ekki komið fram í þessari seinni lotu. Ég vona að þessi umræða hafi með nokkrum hætti upplýst málið. Það er kannski ekki hvað síst athyglisvert við þessar breytingar, þótt þær virðist viðamiklar og flóknar, að hugmyndirnar sem við erum að byggja á eru einfaldar. Þær eru afar einfaldar. Og að sjálfsögðu erum við hér að ræða um mjög mikið framfaraspor við endurskoðun á skattakerfi sem flestum bar saman um satt að segja að væri orðið óbeysið. Minni ég þar á ummæli oddvita hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar sem sögðu það fullum fetum í kosningabaráttunni að skattakerfið íslenska væri í molum, eins og annar orðaði það, og hinn að það væri í brotum.

Við erum hér að lækka tolla úr 80% í 30%. Við erum að afnema fjölmörg gjöld önnur. Við erum að hverfa frá úreltum skilgreiningum úreltra tollalaga þar sem daglegar neysluvörur fólks voru flokkaðar sem hátollavörur. Við erum að færa 6000 tollnúmer þannig til að 5000 beri engan toll. Við erum að afnema alla tolla á innfluttum matvælum. Við erum að stíga lokaskrefið í því að afnema alla tolla á aðföngum, vélum, tækjum og hráefnum til atvinnuveganna. Og af því að ég sé að hv. þm. Egill Jónsson er genginn í salinn er rétt að minna á það að því er varðar landbúnaðarmálin að þarna er stigið stórt skref í þá átt að lækka tolla og lækka vörugjöld og tilkostnað, aðflutningsgjöld af aðföngum landbúnaðarins. Ekki hvað síst á þetta við t.d. um margvísleg og þörf handverkfæri. Ef ég lít á gróðurhúsabændur þá er þar um að ræða stórfelldar breytingar í átt til lækkunar á útgjöldum þess atvinnurekstrar til aðfanga. Við erum að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara en áður. (**Gripið fram í:** Þetta er af tækjum sem voru notuð um aldamót, ráðherra.) Nei, nei, þau eru í fullu gildi við Djúp og víðar. Við erum að breyta verðhlutföllum til samræmis við það sem ríkir í grannlöndum okkar. Við erum að stuðla að því að færa verslunina inn í landið. Við erum m.ö.o. að framkvæma hugmyndir sem mikil samstaða er um. Við erum að stíga stórt skref í þá átt að eyða hafnarbakkaverðbólgunni og ég hef reyndar reifað hugmyndir um það að við gætum gengið skrefinu lengra í þá átt.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu allt saman rétt sem hæstv. ráðherra las hér upp um skattamálin og síst ætla ég að bera það af mér að ég sé samþykkur ýmsu því sem gert hefur verið til einföldunar. Í fyrri ræðu minni tók ég sérstaklega fram að ég gleddist yfir því að við fengjum hér til afgreiðslu frv. til breytinga á tollalögum og tollskrá og þarf ég ekki að endurtaka það. Það vita víst þeir sem vilja vita að það tel ég vera mjög gott mál.

En hæstv. ráðherra láðist að lesa upp eitt ákvæði — ég man þetta held ég nokkurn veginn. Það var tekið skýrt og rækilega fram að leitast yrði við að jafna halla ríkissjóðs, svokallaðan halla sem raunar hefur nú enginn verið eftir því sem ég var að upplýsa hér áðan, á þrem árum. Ég vona að það komi á daginn þegar skýrsla hallanefndarinnar svonefnd kemur fram. En sem sagt yrðu tekin þrjú ár í það að leitast við að jafna þennan halla en ekki eitt ár. Það var að sjálfsögðu gert að kröfu okkar sjálfstæðismanna. Ég féllst á að það mætti reyna að lækna þennan svokallaða halla á þremur árum.

Ég tel raunar að það sé engin goðgá að í landi, sem er með jafnmikla uppbyggingu og við erum, sé einhver halli á ríkisfjármálum ár hvert. Mér skilst að t.d. í Japan, þar sem hraðast er sótt fram, sé halli á fjárlögum hvorki meira né minna að jafnaði en 6% af landsframleiðslu, ekki af fjárlögum, af landsframleiðslu. Í Þýskalandi er þetta jafnaðarlega um 3%. Ég veit eiginlega ekki um neitt vestrænt land, en ég verð kannski upplýstur um það ef einhver hér veit um það, sem rekur ríkissjóð með svokölluðu hallaleysi eða með afgangi. Ég held að það sé bara ekkert móðins lengur, það þekkist ekki. En kannski veit einhver hér inni um slíkt land. (**Fjmrh.:** Noregur. Níu milljarðar núna.) Já, Gro Harlem er að reyna þetta núna en mér skilst nú að verðbólgan sé ansi mikið á uppleið þar og erfiðleikarnir séu ærnir. Norska krónan fellur svona álíka og blessaður dollarinn og þá segja menn: Er ekki halli hjá Bandaríkjamönnum? Það er alveg rétt. Hann hefur verið á allri öldinni nema tvö ár, held ég, þegar Hoover kom af stað heimskreppunni með hallalausum fjárlögum og Carter verðbólgunni með hallalausum fjárlögum. En það hefur nú ekki verið nema þau tvö ár. Hérna stendur orðrétt í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Jafnvægi í ríkisfjármálum verði náð á næstu þrem árum. Tekjuöflun ríkisins verði gerð einfaldari, réttlátari og skilvirkari. Útgjöld ríkissjóðs verði endurskoðuð þannig að gætt verði fyllsta aðhalds og sparnaðar og að þau vaxi ekki örar en þjóðarframleiðslan. Skattatekjur nýtist sem best í þágu almennings."

Þegar gengið var frá fjárlögunum á liðnu hausti var við þetta miðað að það þyrfti ekki að ná hallanum niður nema á þrem árum. Það samþykktum við allt saman í þingflokki Sjálfstfl. en síðan gátum við auðvitað ekki samþykkt fjárlög sem við aldrei höfðum séð. Og það er rétt að segja má að það hafi verið fyrstu dagana í októbermánuði sem við fengum um þetta vitneskju. Ég gat þess áðan að við fengum þá vitneskju nákvæmlega 9. okt., eða a.m.k. ég, vitneskju um að búið væri að brjóta upp fjárlögin sem við samþykktum vegna þess að komin væri ný skýrsla frá Þjóðhagsstofnun sem sýndi að við værum að fara þráðbeint á hausinn og þess vegna þyrfti að innheimta einhver lifandis skelfingar ósköp af nýjum sköttum af þjóðinni þegar harðnaði á dalnum. Ég er ansi hræddur um að það verði erfitt að láta þetta dæmi ganga upp að ætla sér að ná þessum svokallaða halla niður á einu ári í stað þriggja.

Ég hef margsagt það og það er ekkert launungarmál, ég hef svarað bæði blöðum og öðrum því þegar ég hef verið að því spurður hvort ég mundi fallast á skattalögin, nýjar skattlagningar, að ég gæti ekki fallist á neitt sem ég ekki hefði séð, sem ég hefði ekki hugmynd um hvað stæði í. Það er fyrst í gær sem ég get farið að átta mig á því og núna um helgina. Þess vegna er ég ekki fær um að taka ábyrgð á einu eða neinu sem ég aldrei hef haft aðstöðu til að kynna mér. Það ætti að vera þannig um aðra þm. að vera ekki að fallast á eitt eða neitt fyrr en þeir vissu eitthvað um það. Þetta er ósköp einfalt mál. Þannig stendur þetta, nákvæmlega eins og ég sagði: Ég ber ekki á þessari stundu ábyrgð á neinu öðru en því sem ég samþykkti, þ.e. upprunalegu fjárlögunum, ekki þeim nýju.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kom inn á það í ræðu sinni síðast að ferðamenn þyrftu ekki að hafa áhyggjur af verðlagi á Íslandi og enn fremur vitnaði hann til þess, sem hann hefur reyndar margoft ítrekað í fjölmiðlum undanfarið, að í því gósenlandi sem er fram undan þegar búið er að breyta tollskránni og vörugjaldinu, þá muni verðlag hér innan lands verða með þeim hætti að Glasgow-ferðir muni algjörlega leggjast af.

Ég er hérna með þrjú reiknuð dæmi á blaði sem mig langar til að skýra hv. þingheimi frá. Ég er ekki lengi að því, herra forseti, og bið velvirðingar. Við skulum taka sem dæmi vöru sem kostar 105 kr., cif-verð í Glasgow og á Íslandi. Við skulum láta liggja að því að innkaupsverðið sé hið sama, 105 kr. Í Glasgow er enginn tollur og ekkert vörugjald. Álagning er 60%. Það eru 63 kr. og þar með er varan komin upp í 168 kr. Síðan kemur 15% söluskattur í Glasgow sem er 25 kr. og þar með kostar varan 193 kr. Við skulum taka Ísland 1988, Ísland, land hæstv. fjmrh., það gósenland sem hann er að boða að verði hér á næstunni. Varan kostar 105 kr. Síðan kemur 15% tollur. Ja, það er ekki mikið, ekki nema 16 kr. og varan kostar 121 kr. Síðan kemur 14% vörugjald, 17 kr. og varan kostar nú 138 kr. Síðan kemur álagningin, 60%, hún er eins og í Glasgow — og nú er þó oft að álagning er yfirleitt lægri hér á Íslandi en víða erlendis þannig að ég hugsa að hér sé ekki hallað á hæstv. fjmrh. — það gerir 83 kr. og varan er komin upp í 221 kr. Síðan kemur 25% söluskattur, 55 kr. og varan er komin upp í 276 kr., kostaði 193 í Glasgow. Skyldu nú ekki margar húsmæðurnar fara til Glasgow til þess að sækja vöru sem væri þetta miklu ódýrari?

Við skulum taka annað dæmi sem er raunhæfara. Með þeim mikla flutningskostnaði sem er til Íslands er ekki óeðlilegt að cif-verð vörunnar sé verulega hærra en í Glasgow. Við skulum taka sem dæmi að cif-verð vörunnar sé 115 kr. Ég held að það sé mjög varlega áætlað og tollur sé nú 30%, sem verður á mjög mörgum vörum. Það gerir 35 kr. og varan er nú komin í 150 kr. Síðan kemur það sem ég ætla að koma mjög ítarlega inn á á eftir, að vörugjaldið er ekki 14%, það er 17½%. Það gerir 26 kr. Þá er varan komin í 176 kr. (Forseti hringir.) Ég bið forláts, hæstv. forseti, ég er alveg að verða búinn. Síðan kemur álagningin, 106 kr. og varan er nú komin í 282 kr. Síðan kemur söluskatturinn, 70 kr. og varan er komin í 352 kr. Hún er nærri 80% dýrari en í Glasgow. Og ætlar svo hæstv. ráðherrann að halda því fram að Glasgow-ferðir leggist af?

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þóttu mjög eftirtektarverðar þær tölur sem hv. 7. þm. Reykn. fór með hér áðan, en gallinn á þeim var sá að maður veit ekki um hvaða vörur er að ræða þannig að maður getur ekki sannreynt það sem hann fór með.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 227.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vörugjald. Meginatriði þessa máls eru þau að sex mismunandi gjöld verða skv. frv. felld niður, fjögur mismunandi vörugjöld, sem nú eru 7%, 17%, 24% og 30%. Jafnframt falla niður tollafgreiðslugjald sem nú er 1% og byggingariðnaðarsjóðsgjald sem er ½%. Lagt verður á skv. frv. eitt samræmt vörugjald, 14%, sem leggst á nokkuð skýrt afmarkaða vöruflokka, sem nú bera margvísleg vörugjöld á bilinu 17–30%. Þessar vörur eru sælgæti og kex, öl, gosdrykkir og safar, ýmiss konar raftæki, hljómtæki, sjónvörp og myndbönd, blöndunartæki og kranar, raflagnaefni, hreinlætistæki sem og steypustyrktarjárn. Innlendum gjaldendum fækkar til mikilla muna og eftirlit verður einfaldara. Ætla má að innlendir gjaldendur verði í kringum 20. Þeir voru áður á þriðja hundrað. Með þeim hætti þýðir einföldun vörugjaldsins, samræming þess ofan á grunn lækkaðra tolla einfaldara og auðveldara kerfi og möguleika til betri innheimtu.

Í grg. með þessu frv. er stiklað á stóru um þróun tolla og vörugjalds frá inngöngu okkar í EFTA árið 1970. Lögð er áhersla á að þessi breyting tekin saman, tollalækkunin og vörugjaldið, muni fyrst og fremst hafa þau áhrif að lækka vöruverð og breyta verðhlutföllum í verðmyndun hér á landi til samræmis við það sem gerist með flestum viðskipta- og grannþjóðum.

Sérstök ástæða er kannski til að vekja athygli á því að að gjaldsviðinu slepptu er þetta frv. að stofni til byggt upp á svipaðan hátt og gildandi lög um sérstakt tímabundið vörugjald. Þetta á einkum við um ýmis atriði sem lúta að framkvæmd, svo sem álagningu, innheimtu og eftirlit. Reglum um ákvörðun gjaldstofnsins er hins vegar breytt nokkuð. Í gildandi lögum um vörugjald og lögum um sérstakt tímabundið vörugjald er gjaldstofn innfluttrar vöru tollverð hennar að viðbættum tollum. Gjaldstofn vöru sem framleidd er innan lands er hins vegar verksmiðjuverð án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnað. Af reglum gildandi laga leiðir að heildsöluálagningu er haldið fyrir utan gjaldstofninn. Þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofns hefur leitt til nokkurra erfiðleika við útreikning og eftirlit með vörugjaldi af innlendri framleiðslu. Hafa ber í huga í þessu sambandi að innlendir framleiðendur annast í langflestum tilvikum jafnframt heildsöludreifingu sinnar framleiðslu. Augljóslega er vandkvæðum bundið að segja nákvæmlega til um hver raunverulegur sölu- og dreifingarkostnaður er í þessum tilvikum. Að auki er þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofnsins óþarflega flókin og skerðir möguleika á virku eftirliti með réttum skilum. Af þessum sökum er í þessu frv. lagt til að gjaldstofn vörugjalds verði heildsöluverð vöru, hvort sem um er að ræða innflutta vöru eða vöru framleidda innan lands. Samkvæmt þessu er í frv. kveðið á um að af innfluttri vöru sé gjaldstofn til vörugjalds tollverð vörunnar, tollur sé um hann að ræða, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Á sama hátt er kveðið á um að gjaldstofn innlendrar framleiðslu sé heildsöluverð. Gjaldstofninn er því sambærilegur í báðum tilvikum. Þessar breytingar munu leiða til einföldunar í framkvæmd auk þess sem með þeim er ætlað að auðvelda eftirlit með réttum skilum á vörugjaldi.

Í þessu felst að því er varðar innlenda aðila að felldar verða niður svokallaðar reiknireglur sem ríkjandi voru að því er bæði varðaði undanþágu, götóttan söluskatt og vörugjöld. Vörugjöld voru m.ö.o. áður ekki lögð á nema 80% stofn. Með þessari samræmingu er sú reikniregla lögð niður í nafni einföldunar og bættrar innheimtu. Þetta þýðir það að því er þessar vörur varðar að vörugjald 14% samsvarar í eldra kerfi 17% vörugjaldi. Þetta á, eins og ég áður sagði, einkum og sér í lagi við um sykraðar vörur, sem sumir kenna við óhollustu, gosdrykki, sælgæti og annað þess háttar, og má með einhverjum hætti leggja út sem part af manneldisstefnunni að þessar vörur fá þarna aðra meðferð. Þær þeirra sem voru í 17% vörugjaldi áður eru það í reynd áfram. Ég hygg, með vísan til þeirra merku umræðna sem þegar hafa farið fram um málið í heild, þátt þessarar breytingar í tollabreytingunni og aðrar afleiðingar þess arna á verðlag, verðhlutföll og verðmyndun að ekki sé miklu við það að bæta á þessu stigi máls.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú þegar viðurkennt að vörugjaldið er í raun 17%, þó að hann hafi í öllum fjölmiðlum fram til þessa talið það vera 14%. Það stafar að sjálfsögðu af 5. gr. frv. þar sem segir að það skuli leggja vörugjaldið á eftir að búið er að bæta við gjaldstofninn 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Ég held að það hefði verið eðlilegra að viðurkenna það strax opinberlega að vörugjaldið er 17,5%, en ekki 14% eins og hæstv. ráðherrann hefur talað um.

Vörugjaldið kom til sögunnar skömmu eftir Vestmannaeyjagosið eins og öllum er í minni og hét þá tímabundið vörugjald. En það er með það eins og aðra skatta sem lagðir eru á að þeir hafa tilhneigingu til að festast. Þetta „tímabundna“ gufaði einhvern tímann upp á lífsleiðinni fyrir nokkrum árum, og vörugjaldið er komið til þess að vera. Það virðist ekki vera hægt að losna við það með nokkru móti. Ég held samt sem áður að afar fróðlegt væri fyrir þingheim að fara yfir lista yfir þau númer sem verða með vörugjöldum og bera saman við þau númer sem verða án vörugjalda. Í sjálfu frv. eru númerin í 3. gr. talin upp án nokkurra skýringa. Ég held að það væri fróðlegt fyrir þingheim að sjá hvað þarna er á bak við. Og þó það taki dálítinn tíma held ég að það verði mjög fróðleg umræða og gæti varpað nokkru ljósi á með hvaða hætti hæstv. ráðherrann hyggst skattleggja fólkið hér í landinu.

Ef við byrjum eru dæmi um efni og tollflokka sem eru án vörugjalds, það er t.d. ryðvarnarolía, málning, þurrkefni, litir til listmálunar, skiltagerðar o.s.frv., innsiglislakk, aðrir prentlitir. Og mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. hugsar hlýlega til kvenþjóðarinnar vegna þess að ilmvötn, varalitur og alls kyns krem eru án vörugjalds og er það vel. Sömuleiðis er séð fyrir hárinu, hárþvottalögur og hárlakk eru án vörugjalds. Tannkrem er án vörugjalds og það er nú eins gott því það kom fram í umræðum áðan að tannheilsa Íslendinga er afleit. Svo það er nú gott að sjá það að tannkrem skuli verða án vörugjalds. Rakkrem og ilmefni í tengslum við rakstur eru án vörugjalds, og svo er um handsápu og raksápu og reyndar aðra sápu og þvottaefni. Þetta byrjar mjög vel vegna þess að það virðist svo að hæstv. ráðherrann hafi hugsað sér að allt sem lýtur að hreinlæti og þrifnaði landsmanna skuli vera án vörugjalds. En það er ekki víst að það verði svo gott þegar við höldum lengra áfram í listanum.

Það er margt fróðlegt sem kemur hér fram. Lím er án vörugjalds, púður og sprengiefni, það er án vörugjalds, það er nú mjög gott, og kveikiþráður og flugeldar, ekki skal lasta það. Eldspýtur og gas, filmur og fúavarnarefni, hleðslur fyrir slökkvitæki, þynnir, frostlögur, íblöndunarefni fyrir sement, ryðvarnarefni, slöngur og pípur úr plasti, gólfefni úr plasti, plötur í loft, klæðningar til bygginga.

Svo kemur næsti flokkur og þá er sett á vörugjald. Það eru baðker og salerni. Ef orðið heimili kemur nálægt, þá er vörugjald og það á eftir að verða eins

og rauður þráður í gegnum allan þennan lista. Í hvert skipti sem heimili kemur nálægt vöruflokknum, þá er vörugjald. Hér eru í framhaldi vörur án vörugjalds. Það eru öngultaumar. Mér þykir mjög vænt um það því að ég nota öngultauma sjálfur þegar ég fer á laxveiðar, svo að mér var nú mjög létt þegar ég sá að þeir eru án vörugjalds.

Hjólbarðar, það er búið að hrósa sér mikið af því að hjólbarðar verða nú án vörugjalds. Túttur, það er gott fyrir blessuð börnin að túttunar eru ekki með vörugjaldi. Ég veit ekki hvernig það hefði farið. (**Gripið fram í:** Segðu foreldrana.) Foreldrana, ég tek undir það. Ég hefði haft miklar áhyggjur ef ég hefði séð að túttur yrðu með vörugjaldi. Það eru strokleður og tappar og hettur, gúmmí til lækninga, það er vel. (Gripið fram í.) Ja, það heitir það í tollskránni, ég sel það ekki dýrara en ég keypti það.

Ferðakostnaður, belti og þess háttar, vörur úr þörmum, stendur hérna, og timbur, parket, spónaplötur, trefjaplötur, krossviður, viðarrammar og þakspónn og borðbúnaður, innlagður viður, allt er þetta án vörugjalds, og herðatré og handföng og áhöld, korkvörur, korkhólkar. (**Gripið fram í:** Ertu búinn að byggja?) Ég held að ég verði að fara að byggja aftur, það er ekkert vörugjald á þessu.

Mottur og ábreiður og körfugerðarvörur, veggfóður, gólfklæðning, umslög, póstkort, dagbækur, stílabækur, skjalabindi. Það er gott fyrir Alþingi að það er ekki vörugjald á þessu. Póstkort og almanök, þakfilt úr flóka, spunaefni og gólfteppi, allt er þetta án vörugjalds, veggteppi, garðhlífar og þess háttar, göngustafir og steinar til bygginga.

Hér er reyndar einn hlutur sem tengist heimili sem er án vörugjalds og það hefur líklega sloppið í gegnum hreinsunareldinn. Þetta hefur væntanlega farið fram hjá hæstv. ráðherranum og hans aðstoðarmönnum. Ef þeir skyldu nú vilja lagfæra þetta með brtt., t.d. við 2. umr., er nr. 6802.2101, svo að þeir geti breytt þessu og sett vörugjald þarna á, en þetta eru búsáhöld og skinnvörur. Og reyndar eru hér búsáhöld úr granít og þess háttar. Það er þarna undir númerinu 6802, svo að hæstv. ráðherrann og aðstoðarmenn hans geti skrifað þetta hjá sér og lagað þetta í skyndi því að þarna hafa, eins og ég segi, orðið mistök að þessi búsáhöld sluppu í gegn án vörugjalds.

Gjallull og steinull í lausum þynnum eða rúllum er án vörugjalds, þaninn leir og þess háttar, hljóðeinangrunarplötur, þak- og veggjaasfalt, spónaplötur, spónaplötur með gifsi, pípur úr sementi, bremsuborðar, unninn gljásteinn, vörur úr steini, þakflísar. Það er vel séð fyrir byggingarvörum og ég fagna því að þeir sem fara að byggja á næstunni þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af vörugjaldinu nema ef eitthvað lýtur að hreinlæti innan húss. Nú er það svo að vísu, eins og kom fram í upphafi, að sápur og þess háttar er án vörugjalds, en hér koma tvö númer, vaskar og handlaugar, sem eru með vörugjaldi. Og það kemur aftur að því sem ég gat um að ef orðið heimili kemur nálægt þá er vörugjald.

Svo eru styttur og skrautvörur og vörur úr gleri, öryggisgler og glerspeglar. Það er nú reyndar tengt heimili. Ég held að þetta hafi líka farið fram hjá hæstv. ráðherranum og hans aðstoðarmönnum. Gangstéttarhellur, glerperlur og eftirlíkingar, glertrefjar, mottur, skartgripir. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því því að það er eins og kom fram í upphafi að það er reynt að gera vel við kvenþjóðina og ég held að við getum allir, a.m.k. þm., verið sammála því.

Reyndar eru hér nefnd búsáhöld úr silfri og góðmálmum, þau sleppa víð vörugjald. En það er líklega vegna þess að láglaunafólkið kaupir lítið af svoleiðis svo að það þarf ekki að hafa vörugjald á því þess vegna. Ef almenningur upp til hópa mundi kaupa mikið af búsáhöldum úr silfri og góðmálmum yrði væntanlega sett vörugjald á þetta.

Glysvarningur, svona ermahnappar og þess háttar, það er án vörugjalds. Síðan koma flatvalsaðar vörur úr járni og stáli, 600 millimetrar eða meira, það er án vörugjalds, flatvalsaðar vörur úr járni eða stáli, 600 millimetrar eða minna, það er líka án vörugjalds. En ég skil ekki af hverju vírstengur yfir 6 millimetrar að gildleika eru með vörugjaldi, og steypustyrktarstál er með vörugjaldi, það er mjög furðulegt. Nú prófílar og alls konar leiðslur og pípur úr járni, það er án vörugjalds, aðrar leiðslur og pípur, t.d. soðnar eða hnoðaðar, það er án vörugjalds.

En svo kemur hérna mjög einkennilegt. Það er gaddavír fyrir bændur með vörugjaldi. Það á ekki af aumingja bóndanum að ganga sem þarf að vera með söluskattskassann á heybindivélinni. Hann þarf líka að borga vörugjald af gaddavírnum.

Keðjur, hjólbarðakeðjur og hlífðarkeðjur hvers konar eru án vörugjalds, skrúfboltar og skrúfur, rær og aðrar rær, spennuskífur og þess háttar, hnoð, þetta er allt án vörugjalds.

Svo kemur hérna afar athyglisvert. Hér er um heimilistæki að ræða sem eru án vörugjalds og þá verður maður furðu lostinn þangað til maður fer að lesa betur. Það eru nefnilega eldavélar fyrir gas, og eldavélar fyrir fljótandi eldsneyti og eldavélar fyrir fast eldsneyti, það er án vörugjalds. En allar eldavélar eins og venjulegt fólk notar, sem notar rafmagn fyrir sín heimilistæki, eru með vörugjaldi. Sem sagt, ef þið viljið setja upp eldavél og kynda hana með kolum getið þið keypt hana án vörugjalds.

Hér er aftur tollnúmer yfir vaska, baðker og önnur hreinlætistæki. Það er allt með vörugjaldi því þó að sápan sé án vörugjalds á það að kosta að setja nauðsynlegan búnað til þess að nota sápuna. Hins vegar eru koparleiðslur og koparpípur án vörugjalds, naglar og boltar og teiknibólur og margt þess háttar. Hreinlætisvörur úr kopar eru með vörugjaldi því að hreinlæti kostar. Pípur úr nikkel og álplötur til bygginga, þetta er allt án vörugjalds, álleiðslur og pípur, álleiðsluhlutar.

Hreinlætisvörur heitir hér einn tollflokkur og hann er svona einn og dálítið einmana með vöru-

gjaldi. Síðan koma álnaglar, leiðslur úr blýi, leiðslur úr sinki, handknúin tæki, hnífar, borðbúnaður. Það er gott að það er ekki vörugjald á því þannig að þess háttar vörur verða þrátt fyrir allt ekki með vörugjaldi. Síðan eru hér rakhnífar, rakvélablöð og þess háttar. Mér er tjáð að það hafi átt að vera með vörugjaldi en þá hafi einn þm. tjáð embættismönnunum sem voru að undirbúa þetta frv. að hann hefði keypt sér ársbirgðir af rakhnífum og rakvélablöðum á ferð sinni erlendis og komið með heim. Svo að hæstv. ráðherrann og embættismennirnir hafa líklega fallið frá því að setja vörugjald á rakvélablöð vitandi það að það væri auðvelt að birgja sig upp í útlöndum og koma með ársbirgðir með sér heim þá sjaldan að þm. skreppa til útlanda.

Ég get haldið svona áfram. Miðstöðvarkatlar eru án vörugjalds og forhitarar fyrir miðstöðvarkatla. Ég er nú mjög feginn því vegna þess að ég á sjálfur eftir að kaupa tvo forhitara fyrir hús mitt á Seltjarnarnesi, þannig að það er mikil huggun að sjá að þeir verða án vörugjalds.

Heimilisviftur eru með vörugjaldi, en loftjöfnunartæki fyrir glugga með kælibúnað og þess háttar, það er án vörugjalds. En kæliskápar fyrir heimili eru með vörugjaldi, og frystikistur eru með vörugjaldi. En kæliborð fyrir verslanir eru að sjálfsögðu án vörugjalds.

Síðan koma aftur heimilistæki með vörugjaldi.

Gaskyntir hraðvatnshitarar sleppa við vörugjald, þannig að það kynni að vera að maður ætti að setja upp gaskynta hraðvatnshitara til að sleppa við vörugjaldið. En þurrkarar til heimilis eru með vörugjaldi, og uppþvottavélar til heimilis eru með vörugjaldi.

Síðan sé ég hér eitt númer og það eru sjálfknúnir bergskerar. Það er náttúrlega mikil huggun að þeir skuli ekki vera með vörugjaldi því að við ætlum jú að fara að bora tugi kílómetra af jarðgöngum þannig að það var nú annað hvort að sleppa sjálfknúnum bergskerum við að vera með vörugjaldi.

Og áfram er haldið. Um leið og heimilið kemur nálægt kemur vörugjaldið, þvottavélar, þvottavélar með vindu, þvottavélar fyrir 10 kg eða minna, þurrhreinsivélar, þurrkarar, strauvélar, allt er þetta með vörugjaldi og svo önnur heimilistæki með vörugjaldi. Rafhlöður eru án vörugjalds.

Önnur heimilistæki, ryksugur, bónvélar, eldhússorpkvarnir, hrærivélar, önnur tæki, allt er þetta með vörugjaldi. Heimilisstraujárn eru með vörugjaldi, að sjálfsögðu, eldavélar, ofnar og kaffivélar. Ég er sjálfur ekkert á móti því að kaffivélar séu með vörugjaldi. Ég held að við þm. drekkum allt of mikið kaffi og þjóðin öll, þannig að það getur vel verið að það ætti að vera dýrara að búa til kaffi. Ristar og hraðsuðukatlar. Síðan eru hér hljóðnemar og hátalarar, heyrnartól, hljóðmagnarar, plötuspilarar og þess háttar. Hér er reyndar einn hlutur með vörugjaldi sem ég er mjög sáttur við. Það er það sem Ameríkumenn kalla „jukebox", og er mér ósárt um það þó að það sé með vörugjaldi. Segulbandstæki eru með vörugjaldi og símsvarar en það er athyglisvert að símar eru ekki með vörugjaldi. Ég er nú að verða búinn ef hv. þm. eru orðnir þreyttir á þessu. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt til að skilja hvernig vörugjaldið er hugsað og hvernig hæstv. ráðherrann og hans aðstoðarmenn hafa valið að leggja þetta vörugjald á.

Segulbönd eru án vörugjalds, og hljómplötur eru án vörugjalds. Það er lítið um það að segja, en hins vegar eru útvörp og fjarstýribúnaður fyrir leikföng með vörugjaldi. Litsjónvörp fyrir sjónvarpsstöðvar eru án vörugjalds en önnur litsjónvörp til heimila eru með vörugjaldi, og loftnet og tengdir hlutir eru með vörugjaldi, það sem heimilin nota.

Allur vír er með vörugjaldi og er engin sérstök skýring á bak við það. Reiðhjól sluppu og vonandi hafa menn orðið sammála um það að það væri af hinu góða að reiðhjól væru án vörugjalds, enda man ég eftir umræðu hér í þinginu fyrir nokkrum árum um að afnema aðflutningsgjöld af reiðhjólum sem þótti gott mál. Barnavagnar eru án vörugjalds og getum við öll tekið undir það að ekki megi leggja álögur á blessaða foreldrana og börnin.

Bátar, seglbátar, vélbátar, eru án vörugjalds. Sjóngler fyrir annað augað eða bæði augu eru án vörugjalds. Úr og klukkur eru án vörugjalds og öll hernaðarvopn eru án vörugjalds. Það er mesti munur að vita af því, þannig að ef það kæmi nú til stríðs er ódýrt að flytja inn hernaðarvopn, svo sem marghleypur og skammbyssur og önnur skotvopn og þess háttar. Hlutir og fylgihlutir í skotvopn, þetta er allt án vörugjalds. Sprengjur og skothylki, það er líka án vörugjalds, og sverð og höggsverð eru án vörugjalds, sæti í flugvélar er án vörugjalds, sæti í bíla, bólstruð, snúningsstólar með hæðarstillingu eru án vörugjalds og tannlæknastólar. Flest húsgögn eru án vörugjalds, ef ekki öll. Leikföng eru án vörugjalds, samkvæmisleikir hvers konar eru án vörugjalds og sjónhverfingahlutir eru án vörugjalds. Og reyndar er 0% tollur á samkvæmisleikjum að auki. Við getum komið inn á það betur seinna í nótt. Íþróttavörur eru án vörugjalds og tek ég heils hugar undir það og eins veiðistengur. Ég er mjög ánægður með það því ég ætla að kaupa mér veiðistöng næsta sumar. Hringekjur fyrir farandleikhús eru án vörugjalds og unnið fílabein. Mikið er ég feginn að vita að unnið fílabein skuli vera án vörugjalds. Handsíur eru án vörugjalds og kúlupennar og blýantar, skólatöflur og þess háttar. Það er nú gott því að það væri vont ef ætti að fara að skattleggja sérstaklega hluti sem við þurfum á að halda fyrir skólabörnin okkar.

Þessi langi listi, sem ég taldi rétt að lesa upp, sýnir mjög glöggt að það var hægt að gera annað tveggja. Það var hægt að leggja 3% vörugjald á allt og þá þurfti enginn að hafa áhyggjur af þessu meir. En velja þá leið að draga fram allar heimilisvörurnar og setja vörugjald á þær en sleppa öllu öðru við vörugjöld sýnir hug hæstv. ráðherra og embættismanna hans til almennings í landinu, til heimilanna, til hins almenna manns sem þarf að borga 25% söluskatt

fyrir soðninguna. Hann á líka að fá á baukinn fyrir þær vörur sem hann þarf að kaupa til heimilisins. Hefði ekki verið einfaldara, hæstv. ráðherra, að leggja 3–5% vörugjald á öll númerin og e.t.v. fá inn miklu meiri tekjur? Ég hefði a.m.k. gjarnan viljað fá svör við þeirri spurningu hvað þyrfti að leggja hátt vörugjald á öll þessi númer til að ná inn sömu tekjum og að leggja 14% eða öllu heldur 17½% vörugjald á alla hluti til heimilis, en sleppa næstum því öllu öðru.

Ég kom að því aðeins áðan í ræðustóli að hæstv. ráðherrann hefur talað mikið um hvað vöruverð muni lækka á Íslandi við þessar aðgerðir og ég tók tvö dæmi um hið gagnstæða þar sem ég gat sýnt fram á að Glasgow-verðið svokallaða verður eftir sem áður svo lágt að verð flestra hluta hér á landi mun ekki geta keppt við það. Við skulum kannski taka fleiri slík dæmi. Ég er hér með reiknuð dæmi um verðmyndun á smáraftækjum og öðrum svokölluðum smyglnæmum vörum, en hugtakið „smyglnæmar vörur" kemur fyrst fram í nokkuð gamalli greinargerð frá fjmrn. þar sem verið er að fjalla um fjáröflunartolla.

Ef við tökum aftur hliðstæð dæmi eins og þau sem ég rakti áðan getum við tekið meginland Evrópu. Innkaupsverð vöru cif verður 105 kr., tollur 0%, vörugjald 0%, álagning, bæði heildsölu- og smásöluálagning, er að jafnaði 60%. Varan er þar með komin í 168 kr. hafi hún byrjað í 105 og söluskatturinn 15% sem er algengt á meginlandi Evrópu nema að sjálfsögðu í því landi sem hæstv. ráðherra sótti upplýsingarnar til, þ.e. í Danmörku þar sem söluskattur er mun hærri, en víðast hvar annars staðar er hann lægri, þ.e. ef maður færir sig út fyrir Norðurlöndin, þ.e. 15%, og varan kostar þá 193 kr. Ísland 1987: 105 kr. innkaupsverð og 40% tollur gefur vöruverðið 147 kr. 30% vörugjald 44 kr. og 60% heildsölu-smásöluálagning kemur vöruverðinu upp í 306 kr. 25% söluskattur kemur vöruverðinu upp í 383 kr. Ég tek þetta dæmi til þess að vera ekki leiðinlegur við hæstv. ráðherra því að hér er þó dæmi um að vöruverð lækki verulega og er það vel. Ísland 1988, gósenland hæstv. ráðherra: Varan kostar 105 kr., cif-verðið. Tollur er 15%, mikil lækkun. Vöruverðið er komið í 121 kr. 14% vörugjald 17 kr. Ég hefði reyndar átt að setja 17½% vörugjald eins og er í raun og veru þannig að þetta dæmi er sennilega vanreiknað en látum það vera. Síðan kemur 60% heildsölu-smásöluálagning og varan er komin í 221 kr. Síðan er 25% söluskattur og varan kostar reyndar ekki nema 276 kr. Varan er 43% dýrari á Íslandi en á meginlandi Evrópu. Látum það vera. Hæstv. ráðherra heldur því fram að þetta dugi til þess að húsmæður og Íslendingar yfirleitt hætti að fara til útlanda, kaupa þar inn og taka með sér, en ég held því miður að það verði lítið lát á því.

Ég get að lokum rifjað upp og tekið dæmi um hvað er að gerast í sambandi við svokallaðar Glasgow-ferðir, en ég þykist hafa rakið það hér með mjög góðum og gildum rökum að það eru allar líkur á því að Glasgow-ferðir verði áfram vinsælar hjá almenningi á Íslandi, að komast burtu frá því landi þar sem vöruverð er hæst í öllum heiminum, bæði matur og aðrar vörur, til nágrannalandanna þar sem vöruverð er eðlilegt, þar sem vöruverð er í einhverju samræmi við tekjur almennings. Finnst hv. þm. ekki einkennilegt að ef menn fara í helgarferð til Glasgow eða London nægir að kaupa 3–4 góða hluti, þá er búið að borga allan ferðakostnaðinn og meira til?

Nú um daginn komu með einni ferð frá Glasgow 13 ryksugur þannig að það er ýmislegt sem fólk tekur með sér frá Glasgow sem það telur hag í að kaupa þar frekar en á Íslandi. Að maður tali nú ekki um öll smáraftækin, þessi svokölluðu smyglnæmu tæki. Útvörp, plötuspilarar, kaffikönnur, straujárn — allt kemur þetta inn á hverjum einasta degi núna frá Glasgow.

Ég hef ekki nokkra trú á því að Glasgow-ferðum muni linna. Flugvélarnar munu áfram koma fullar af ryksugum, plötuspilurum, útvörpum, kaffikönnum og straujárnum. Það er kannski til huggunar fyrir hæstv. ráðherra að það er erfitt að bera með sér heimilisþvottavélar og upppvottavélar, en áreiðanlega mundi fólk gera það ef það gæti. Og þannig mun verða áfram því að ég fæ ekki séð að sú tollabreyting og sú breyting sem er lögð til grundvallar í frv. til l. um vörugjald muni breyta nokkru. Allar nauðsynjavörur almnennings, heimilisvörurnar, munu áfram verða mjög dýrar og miklu dýrari hér á landi en í nágrannalöndunum og fólk mun streyma til Glasgow eftir sem áður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 228.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, tollalögum. Þetta frv. felur í sér að lækka hæstu tolla úr 80% í 30%. Það felur í sér afnám fjölmargra gjalda annarra og með því er að því stefnt að vöruverð á Íslandi standist betur samjöfnuð við vöruverð í útlöndum. Úreltar skilgreiningar tollalaga, þar sem daglegar neysluvörur eru flokkaðar sem hátollavörur, eru felldar niður. Af 6000 tollnúmerum bera 5000 engan toll. 40 mismunandi tollstig frá 0–80% falla niður. Í staðinn koma sjö jöfn þrep frá 0–30%. Tollar á matvörum eru nær undantekningarlaust felldir niður.

Þá er stigið lokaskrefið í þá átt að fella með öllu niður tolla á aðföngum íslensks samkeppnis- og út-

flutningsiðnaðar, tolla af hráefnum, vélum, tækjum o.s.frv. Fjölmargar vörutegundir, sem borið hafa háa tolla og vörugjöld, lækka stórlega í verði. Brenglun vöruverðs, sem tollar og vörugjöld hafa valdið, verður leiðrétt. Mörg dæmi eru um að heilu vöruflokkarnir lækka í verði um 20–40% og öll mun þessi breyting stuðla að því að verslunin flytjist í auknum mæli inn í landið.

Í grg. með frv. er þessi kerfisbreyting kynnt rækilega í heild sinni þar sem saman fer tollalækkun, samræmt lækkað vörugjald og söluskattsbreyting, gerð grein fyrir áhrifum þess á tekjur ríkissjóðs og á verðmyndun í landinu. Loks er í grg. ítarleg frásögn af þróun tolla og aðflutningsgjalda á Íslandi frá því áður en Íslendingar gengu í Fríverslunarbandalagið EFTA og gerðu fríverslunarsamning í fyrsta sinn við Efnahagsbandalag Evrópu árið 1973.

Á töflu á bls. 338 er rakið hvernig tollar hafa lækkað smám saman á undanförnum árum frá árinu 1975 úr 22% í 11% 1986, en með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru má ætla að hlutfallið verði komið niður í 5%. Því næst er gerð rækileg grein fyrir því hvaða breytingar þetta frv. hefur í för með sér að því er varðar tollverðlagningu á hráefnum og efnivörum íslensks iðnaðar, vélum, tækjum og varahlutum og hver munur er á annars vegar samningsbundnum tollalækkunum gagnvart EFTA og EBE og þeirri stefnu sem áformað er skv. frv. að fylgja að því er varðar ytri tolla gagnvart innflutningi til Íslands frá þeim viðskiptasvæðum sem við höfum ekki fríverslunarsamninga við.

Þá er að finna í frv. mikinn fróðleik um áhrif nýrrar tollskrár á einstaka vöruflokka.

Loks er þess að geta að tollþjónustan mun eftir þessa breytingu fá mjög breytt verksvið sem leiðir til þess að þeirri hugmynd hefur verið hreyft að tollþjónustan muni þegar fram líða stundir annast undirbúning, framkvæmd og eftirlit með söluskatti og vörugjöldum þannig að unnt verði án aukins mannafla í þjónustu ríkisins að tryggja bætta framkvæmd á öllu kerfi tolla, vörugjalda og neysluskatta.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var fyrr í kvöld sem við hæstv. fjmrh. áttum nokkur orðaskipti um tölur í sambandi við skattlagningu og í ræðum mínum hélt ég því fram að viðbótarskattar ríkisins væru 8580 millj. kr. samkvæmt ákvörðunum núv. ríkisstjórnar. Í einni af ræðum sínum í kvöld sagði fjmrh. að í fyrsta lagi hefðu ákvarðanir í sumar þýtt 3700 millj., ákvarðanir í haust 2000 millj., ákvarðanir núna 2050 millj. í auknar tekjur, en hann sagði: sem fara jafnharðan út aftur. En allt um það. Það eru auknar tekjur. Og niðurstaðan af þessu er 7750 millj. Síðan segir hann að inn í þær spár sem nú eru komnar sé gert ráð fyrir veltubreytingum umfram það sem gert var ráð fyrir við frágang frv. upp á 600 millj. Síðan segir hann að gert sé ráð fyrir bættri innheimtu upp á 400 millj. Þetta gerir samtals 8750 millj. og skakkar þá heldur litlu á milli okkar hæstv. ráðherra í sambandi við þessar tölur. Niðurstaðan er sú að við ákvarðanir núv. ríkisstjórnar um aukna skatta gera 8600–8750 millj. kr. Ég hygg að í þessu talnageri sé ekki hægt að komast öllu nær því sem ætla má að geti orðið niðurstaðan, en taka ber fram að þær verðlagsforsendur sem allt þetta byggir á, og m.a. fjárlagafrv., eru örugglega ákaflega veikar, m.a. vegna þess að sú fastgengisstefna, sem í orði kveðnu er fylgt hér í landinu, er að verða býsna laus í reipunum, að ekki sé meira sagt, og væri full ástæða til þess að taka hér smálotu í umræðum um almenn efnahagsmál og það sem fram undan er í þeim efnum hjá hæstv. ríkisstjórn, hvað hún hyggst gera, til hvaða ráðstafana hún hyggst grípa bak jólum í efnahagsmálum. En það er augljóst mál að grípa verður til víðtækra ráðstafana í efnahagsmálum á fyrri hluta næsta árs eins og sakir standa og horfur eru miðað við mikinn og vaxandi viðskiptahalla og halla á útflutningsatvinnuvegunum, m.a. fiskvinnslugreinunum.

Ég stend hér upp m.a. til að fagna því að þessi talnagrundvöllur, sem við höfum rætt hér nokkuð um í kvöld, er að skýrast. Það eru sem sagt á milli 8000 og 9000 millj. kr. sem auknar álögur ríkisins eru á þjóðina á næsta ári. Auk þess kemur hækkað útsvar, raunhækkun útsvars. Auk þess kemur hækkun fasteignagjalda sem stafar af því að fasteignamatið í landinu hækkar um 100 milljarða kr. á íbúðarhúsum, úr 320 milljörðum í 420 milljarða. Þegar þetta er allt saman talið þá er komin svipuð tala og sú sem var birt í einu dagblaðanna í dag og ég varð var við að ýmsum þm. þótti býsna ótrúleg: 10 milljarða kr. skattahækkanir á næsta ári frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1987. Þá var að vísu gert ráð fyrir miklum halla. Og það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. að það hefur verið skoðun margra, m.a. mín, að það væri hættulegt til langframa fyrir ríkið að vera rekið með verulegum halla. Það hefði verðbólguáhrif í för með sér og ylli margvíslegum öðrum vandkvæðum í efnahagsstjórnun vegna þess að þá ætti sér stað seðlaprentun, hætta væri á auknum viðskiptahalla og þar með erlendum skuldum. Þess vegna var ég þeirrar skoðunar fyrir kosningarnar í vor að eitt af fyrstu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar, hver sem hún yrði, hlyti að vera það að stuðla að betra jafnvægi í ríkisbúskapnum. Deilurnar gátu hins vegar snúist um það, og snúast auðvitað um það, í fyrsta lagi hverjir áttu að borga þennan halla niður. Um það snúast stjórnmáladeilur ævinlega, og enn fremur hlaut það að vera álitamál hversu hratt ætti að fara í þessum efnum með tilliti til greiðsluþols almennings og atvinnugreina í landinu. Þá er ég að tala um framleiðsluatvinnuvegi, iðnað og aðrar slíkar greinar.

Ég hygg að staðan sé núna þannig að um leið og fyrir liggur að hugsanlegt sé að ríkissjóður verði rekinn með nokkrum jöfnuði á næsta ári, a.m.k. skárri en var á þessu ári, um leið og það er ljóst þá virðist líka vera ljóst að framleiðsluatvinnuvegirnir,

þ.e. sjávarútvegurinn, fiskvinnslan, er rekin með halla og verður rekin með halla á næsta ári ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða.

Ég er einnig sammála þeirri skoðun hæstv. fjmrh. að það sé ekkert á móti því að taka inn aukið fé í ríkissjóð til samneyslunnar. Ég tel að það sé mikilsverður liður í því að tryggja samneysluna í landinu að ríkissjóður sé rekinn með sæmilegum hætti. En ég er hins vegar ekki sammála honum um þær aðferðir sem hann beitir, hvorki frv. um söluskatt, vörugjald, né heldur frv. um tolla, eins og það liggur hér fyrir, en tek þó fram að ég hef ekki átt þess kost, fremur en aðrir þm., að skoða það mál niður í kjölinn sem vert væri því hér er um að ræða stórt mál og flókið sem tók heila þrjá sólarhringa að prenta í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, en við höfum nú haft þriðjung þess tíma, þ.e. prenttímans, hér á hv. Alþingi til að kynna okkur þau mál.

Ég vil aðeins í framhaldi af umræðunni um vörugjald víkja að því að það er nokkuð athyglisvert hvernig ætlunin er að reikna út vörugjald af innfluttum vörum. Það er ekki gert með því að taka vörugjaldið af tollverði, heldur er það gert með því að taka gjaldstofninn, gjaldstofninn er tollverð innfluttrar vöru eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir skv. þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Þannig að allt vöruverð er skrifað upp um 25% áður en vörugjaldið er lagt á, sem þýðir að raunverulegt vörugjald á þessum vörum er ekki 14%, heldur mun hærra eða 17–18%. Ég vildi gjarnan að rökstuðningur fyrir þessu væri skýrari en ég hef orðið var við að fram hafi komið, eða séð í athugasemdum við þetta lagafrv. um vörugjald, sem var til umræðu hér á undan.

Í sambandi við frv. um tollana vildi ég aðeins segja þetta: Það hefur lengi verið nauðsynlegt að endurskoða tollskrána. Það hefur lengi verið nauðsyn á því að samræma tollskrána. Það hefur lengi verið brýnt að lækka verulega fjölmarga tolla á almennum nauðsynjum sem hafa verið mjög háir, óeðlilega háir, lagðir á á tímum þegar það sem nú telst til daglegra nauðsynja var kallað lúxus eða eitthvað af því taginu. Þess vegna er samræming nauðsynleg. Hins vegar sé ég ekki betur í þessari tollskrá, tillögum ríkisstjórnarinnar, en að þessi samræming af hennar hálfu sé öll tilviljanakend. Ég sé satt að segja ekki mikil rök fyrir sumum þáttum í þessu efni. Eins finnst mér að margt af því sem fellt er niður algjörlega undan tolli mætti gjarnan vera með tolli. Sömuleiðis get ég ómögulega séð hvaða rök eru bak við ýmsar þær tillögur sem ríkisstjórnin gerir í þessum pakka. Ég get t.d. nefnt það að gert er ráð fyrir núll tolli á sykri og sykurvörum. Það er gert ráð fyrir tiltölulega lágum gjöldum af sælgæti. Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. 6. þm. Reykv., að þegar verið er að skoða og endurmeta mál eins og tollskrá, þá sé alls ekki óeðlilegt að taka tillit til manneldissjónarmiða, manneldisstefnu. Ekki vegna þess að Alþingi eigi alltaf að vera að hafa vit fyrir öllum mönnum, heldur vegna þess að það liggja fyrir óyggjandi niðurstöður um það að neysla á tilteknum vörum hefur slæm áhrif á heilsufar fólks og það er engin forræðishyggja fólgin í því að hafa verðið á þeim vörum eilítið hærra en öðrum. Rétt eins og við ákveðum tiltölulega hátt verð á tóbaki sem og sjálfsagt er og áfengi, svo tvö dæmi séu nefnd. Sem dæmi um tilviljanakennda ákvörðun í þessu frv. í sambandi við tolla eru tollar á tóbaki. Það væri t.d. fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. hvað veldur því að það er 10% tollur á neftóbaki en 50% tollur á öðru tóbaki. Kannski er á bak við þetta einhver þjóðlegur strengur, (**Gripið fram í:** Þetta er á bls. 54.) hæstv. ráðherra hafi viljað vekja á ný áhuga á þessari íþrótt og að útbreiða hana. En ég fæ ekki séð hverju þetta gegnir. Þetta litla dæmi nefni ég bara sem eitt af ótalmörgum sem ég hef séð í þessum plöggum sem ég satt að segja botna ekki í. Og þegar hæstv. fjmrh. flytur ræðu hér fyrir þessu máli, þá segir hann okkur hvað eru margir flokkar með núlli og hvað margir með 30% o.s.frv., en það eru ekki flutt rök fyrir því af hverju málin eru svona, 30% hér, 20% þar, 10% þar, 5% þar o.s.frv.

Varðandi þetta frv. þá á það auðvitað alveg sérstaklega við sem við sögðum hér fyrr í kvöld að það er ekki boðlegt að reyna að láta þingið afgreiða þetta svona. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvaða hundrað er í hættunni þó þessar breytingar tækju t.d. gildi 1. mars, eða 1. apríl, að liðnum fyrsta fjórðungi ársins 1988 þannig að þingið hefði skaplegan tíma til að skoða þetta? Má vel hugsa sér að jólaleyfi þm. yrði stutt, menn hittust hér bak jólum og á milli hátíða, (**Gripið fram í:** Nei.) héldu svo áfram strax eftir áramótin, hvað er á móti því, ég veit ekki betur en menn séu hér á fullu kaupi, og vönduðu sig við verkið? Mér finnst það miklu eðlilegri vinnubrögð, miðað við það í hvaða óefni málið er komið, heldur en að kasta svo höndunum til verksins sem við verðum dæmd til ella á þeim fáu dögum sem eftir lifa til jóla. Ég satt að segja skil ekki hvaða ósköp reka menn til þess að afgreiða þetta núna endilega á þessum dögum. Það mundi kannski verða flutt fram sem rök í þessu efni að það væri slæmt að láta tollskrá liggja opna mjög lengi. Það er rétt. En æðimikið annar svipur væri nú á því að við fengjum tækifæri til að afgreiða þetta mál t.d. í janúarmánuði, þannig að ný skrá tæki gildi 1. febrúar, heldur en að ætla okkur að gera það á þeim skamma tíma sem nú er eftir til jóla.

Ég leyfi mér líka að efast um það að hið opinbera stjórnsýslukerfi ráði við þessi verkefni á þeim skamma tíma sem eftir er til áramóta. Ég hef satt að segja ekki orðið var við það að vinnubrögð á þeim bæjum séu öll svo skilvirk, svo ég nefni uppáhaldsorð hæstv. fjmrh., séu svo skilvirk að menn róti frá sér jafnviðamiklum kerfisbreytingum og þessum milli jóla og nýárs. Ég hygg að til þess þurfi lengri tíma. Það er stórhættulegt að setja í gang slíkar kerfisbreytingar, stórhættulegt að setja þær í gang ef

það tekst óhönduglega til í upphafi.

Þess vegna vil ég beina því til hæstv. fjmrh. og stjórnarmeirihlutans hér í þessari virðulegu deild, hvort ekki geti komið til greina að hinkra með afgreiðsluna á þessu fram yfir hátíðar þannig að þinginu gefist eðlilegur tími til þess að vinna málin, þannig að við getum að lokum opnum huga sagt hvert við annað sæmilega sátt: Ja, við vissum nokkurn veginn hvað við vorum að gera. Ég held að það sé mjög mikill kostur fyrir alþm. að standa upp frá verki sínu sæmilega sáttur við það að hann hafi haft hugmynd um það í grófum dráttum hvað hann var að gera og hvaða afleiðingar það hefur sem hann er að samþykkja.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég tók ekki tollskrána með mér í ræðustól svo þm. geta andað léttar. Ég ætla að gera hér örfáar athugasemdir við það tollafrv. sem hér hefur verið lagt fram. En áður en ég geri það vil ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherrans í ræðu minni áðan, að ég fái upplýsingar um það hvað þurfi að leggja mikið vörugjald á öll tollnúmer, sama vörugjaldið, til þess að ná sömu tekjum og fyrirhugaðar eru með því að leggja einungis vörugjald á þá hluti sem eru til heimilanna. Óska ég eftir að fá svör við þessari spurningu.

Ég tek undir með hv. 7. þm. Reykv. að ég tel alveg fráleitt að ætla það að þingheimur afgreiði þetta tollalagafrv. fyrir hátíðar. Við höfum rétt aðeins getað gluggað í þetta mikla verk, jólabókina í ár, sem tók þrjá daga að prenta. Engu að síður höfum við séð ýmsa hluti þar sem betur mættu fara, en af eðlilegum orsökum getum við á þessari stundu ekki sagt mikið um sjálft frv.

Það er þó eitt sem ég hefði viljað vekja athygli á og benda hæstv. ráðherranum á að kanna og taka til athugunar á milli umræðna. Væri ekki athugandi að hverfa frá cif-tollun og fara yfir í fob-tollun? Okkur hefur verið refsað fyrir það Íslendingum að búa hér norður í Dumbshafi. Tollur er lagður ofan á flutningskostnað til landsins af fullum þunga og þannig skapast ýmislegt misrétti vegna þess að flutningskostnaður á vörum til Íslands er mjög mismunandi. Oft og tíðum er um að ræða að vörur sem væri ákaflega hagkvæmt að kaupa t.d. langt að, sem eru mjög ódýrar í innkaupi í fjarlægum löndum. Þær verða óþarflega dýrar þegar hingað er komið vegna þess að tollur er lagður ofan á flutningskostnað. Ég vil biðja hæstv. ráðherrann að taka þessa ábendingu til athugunar. Það er ekkert sem segir að við þurfum að hafa hér cif-tolla. Mig grunar að það þurfi ekki að hækka tolla, þ.e. tollana sjálfa, nema örlítið til þess að mæta því tekjutapi sem ríkissjóður yrði fyrir ef horfið yrði frá því að tolla flutningsgjöld, og tekin væri upp svokölluð fob-tollun.

Það er annað atriði sem ég mundi vilja sjá í þessu frv. sem hér hefur verið lagt fram í hv. deild. Meðan bandaríkjadollar er svona lágur í verði, eins og hann er þessa stundina, því þá ekki að hafa inni heimildir í tollalögum til þess að lækka tolla einhliða, við skulum segja á bandarískum vörum, því það er alveg ljóst að þessa stundina og þessi árin er hægt að gera geysilega hagkvæm innkaup á ýmiss konar iðnaðarvörum í Bandaríkjunum. En því miður eru tollar enn þá á þeim og reyndar vörugjald líka sem ekki er á hliðstæðum vörum t.d. frá Efnahagsbandalaginu og Fríverslunarbandalaginu. Það er að sjálfsögðu vegna þeirra samninga sem við höfum gert við bæði Fríverslunarbandalagið og Efnahagsbandalagið. En það er enginn sem mundi banna okkur að lækka tolla einhliða á bandarískum vörum ef okkur þætti það sjálfum hagkvæmt. Ég mundi óska eftir því að það yrði kannað hvort ekki væri ráðlegt að hafa slíka heimild inni í þessum lögum.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara að orðlengja um þetta tollalagafrv., til þess þurfum við stjórnarandstöðuþm. miklu, miklu meiri tíma til þess að geta kynnt okkur frv., þessa stóru og þykku bók. Svo ég læt máli mínu lokið að sinni.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Þar sem ég á ekki sæti í fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. ásamt þeim tveimur öðrum frv. sem hér hafa verið aðalumræðuefni í kvöld, get ég ekki staðist þá freistingu að segja hér nokkur orð þó reyndar sé orðið langt liðið kvölds eða komið fram á nótt. En ég skal reyna að stytta mál mitt eftir bestu getu.

Það hafa verið athyglisverðar umræður hér í kvöld um þessi frv., um þessa svokölluðu skattastefnu núv. ríkisstjórnar. Hér hafa margir farið á kostum og margt jafnvel skemmtilegt verið sagt. Einnig hafa þm. stjórnarandstöðunnar gagnrýnt harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og þá ekki síst fyrir hversu seint mál koma fram, stór og umfangsmikil frv. eins og frv. sem nú er til umræðu, tollskráin. Það er vissulega hægt að taka undir þessa gagnrýni og það eru ekki síður þm. stjórnarliðsins sem eru óánægðir með hversu stuttur tími hefur gefist til að kynna sér þessi mál, eins og reyndar hæstv. ráðherrar hafa hér látið orð falla um og jafnvel beðist afsökunar á.

En eins og ég sagði: Það er áliðið kvölds og komið að seinasta dagskrármálinu og þar finnst mér vera ofurlítið ljós í myrkrinu. Nú er verið að ræða frv. sem fjallar um að fella niður eða lækka tolla á nauðsynjavörum, einnig til heimilanna. Það var athyglisverður málflutningur hv. 7. þm. Reykn. áðan þegar hann var að þylja upp vörugjaldslistann. Hann hafði mörg orð um að það væri ekkert gert í því að lækka eða fella niður vörugjöld á vörum sem tilheyrðu heimilunum. Í næstu andrá kom hann inn á byggingarefni, allt mögulegt sem tilheyrir byggingarefnum, og ef byggingarefni tilheyra ekki heimilunum, þá veit ég ekki hvað. Svo endaði hann með því að hann kom að búsáhöldum og borðbúnaði o.s.frv. og þá kom í ljós að margt af þessu er sem betur fer í þeim flokki þar sem verið var að lækka eða fella niður vörugjöld. (Gripið fram í). Já, ég vil taka undir það með hv. 7. þm. Reykn. að þetta er

meginmálið þó að það hafi mátt skilja á hans málflutningi að hann væri aðeins að líta á þessi mál út frá eigin sjónarhorni. Hann fagnaði því alltaf ef það var lækkað vörugjald á einhverju sem hann ætlaði að fara að kaupa sér eða mundi kannski kaupa sér seinna. En auðvitað hlýtur það að hafa verið græskulaust gaman þegar hann minntist á að hann ætlaði að kaupa sér veiðistöng í sumar og þess vegna væri hann mjög ánægður með að vörugjald væri lækkað á veiðistöngum.

En það kom líka fram hjá honum fyrr í kvöld að „aumingja fólkið í þessu landi", eins og hann orðaði það, ætti mjög bágt og almenningur hefði ekki efni á því að borða. En svo kom fram í ræðunni hér áðan að fólkið streymdi úr landi og það kæmi til baka með fullar hendur af alls konar varningi, heimilistækjum, ryksugum og guð má vita hverju. Og guði sé lof fyrir að það er ekki eins slæmt og mætti halda ástandið í þessu landi. Sem betur fer er það svo að fyrir þá sem eru verr settir eru gerðar ráðstafanir, bæði af þessari ríkisstjórn og þeim sem á undan hafa setið, til þess að bæta hag hinna verst settu. Og það er ekki bara Borgarafl. sem ber hag þeirra fyrir brjósti. Það gerum við öll, hver og einn einasti þm. á hv. Alþingi Íslendinga, og höfum alltaf gert.

En tollskráin sem hér liggur fyrir gefur mér tilefni til að rifja það upp frá árinu 1983, þegar þáv. ríkisstjórn tók við völdum, að gerðar voru ýmsar ráðstafanir til að bæta hag heimilanna og hinna lægst launuðu með svipuðum aðgerðum og verið er að tala um nú, með hækkun barnabóta, hækkun tryggingabóta og einn liðurinn var lækkun tolla á nauðsynjavörum heimilanna. Þetta var ein af fyrstu ráðstöfununum. Það var þáv. hæstv. fjmrh. sem mælti fyrir brbl. á hv. Alþingi, Albert Guðmundsson. Tollalækkanir á þeim tíma leiddu til þess að vöruverð lækkaði um 20–22% á nauðsynjavörum heimilanna. Vel að merkja voru þessar vörur samkvæmt tollskrá þá yfirleitt í 80% tollflokki, sem verið var að lækka niður í 40%, svo okkur hefur miðað nokkuð á leið. Páv. hæstv. fjmrh. setti á laggirnar nefnd til að endurskoða tollskrána og því hefur verið haldið áfram og við erum nú að uppskera árangurinn af því verki.

Það vill svo til að ég var annar þeirra þm. í mínum þingflokki sem höfðu mikinn áhuga á tollalækkunum og tók þátt í því starfi, sem hv. 8. þm. Reykv. skýrði frá fyrr í kvöld, þ.e. að fara yfir tollskrá þegar þær ráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar, sem ég gat um hér, í upphafi kjörtímabils hennar. Þetta finnst mér nauðsynlegt að rifja upp við þetta tækifæri.

En nú höfum við í höndunum þennan mikla lagabálk og er ekki að undra þó bókin sé þykk því hér er verið að fjalla um alla tollskrána. Það hefur farið fyrir mér eins og fleiri hv. þm. hér að ég hef ekki getað skoðað þessa skrá nógu ítarlega. En það eru þó nokkur atriði sem mig langar til að vekja athygli á eða spyrja hæstv. fjmrh. um og ég vil hafa þann fyrirvara á vegna þess hve lítill tími hefur gefist að e.t.v. er það af misskilningi sem spurt er eða gerðar athugasemdir.

Mig langar til að nefna almennt talað þau atriði í tollskránni sem varða innflutning á vörum sem varða öryggi í umferð, bifreiðavarahlutum, sem ég veit að lækka, og hlífðarhjálmum. Ef ég skil rétt er t.d. talað um hlífðarhjálma í 65. kafla, að þeir séu í 15% tolli. Nú er það staðreynd, sem flestir vita, a.m.k. þeir sem áhuga hafa á slysavörnum, að höfuðslys þeirra sem aka bifhjólum eða reiðhjólum eru mjög slæm. Þess vegna skiptir það miklu máli að slík öryggistæki séu á lágu verði. Ég hefði því talið að það væri engin goðgá að slíkir öryggishjálmar, ef þetta eru þeir sem ég er að tala um og falla undir tollflokk 65.06, væru settir niður í 0-flokk. Þetta er ábending.

Þá vil ég spyrja um hvers vegna hjólbarðakeðjur eru í 30% flokki, hlífðarkeðjur ýmiss konar sem eru einu atriðin á bls. 237 eða undir tollflokki 73.15 og eru í 30% en allt annað er í núlli. Kannski er þetta út af einhverjum verndarvörum eða slíku. Ef svo er kemur væntanlega skýring á því. Ef það er ekki hefði ég talið að þetta væri eitt af þessum öryggisatriðum sem ætti að vera í 0-flokki og getur ekki verið stór útgjaldaliður fyrir ríkissjóð.

Þannig langar mig einnig að benda á tollflokk 85.11. Það eru alls konar kveikikerti, ræsihreyflar og þess háttar, sem ég held að tilheyri líka bifreiðavarahlutum, og eru einnig í 30% tolli. Allt sem tilheyrir rafmagns-, ljósa- eða merkjabúnaði, í 85.12, er í 30% tolli. Ef ekki er einhver önnur ástæða hefði ég lagt áherslu á að þetta yrði sett niður helst í 0-tollflokk.

Hér er ég með í huga fyrirbyggjandi aðgerðir til að auðvelda bifreiðaeigendum að hafa þessa hluti í lagi. Þannig er með hljóðdeyfa og útblástursrör, tengsli og hluta þeirra. E.t.v. eru þetta svokallaðar verndarvörur og ástæðan sú að þær eru í 30% flokki, en ef það er ekki ættu þær einnig að fara niður í 0-flokk.

Að lokum langar mig að nefna barnavagna. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi talað um að þeir lækkuðu um 48% og það er af hinu góða, en þeir eru samt sem áður enn í 10% tolli, en undir næsta tollflokki fyrir neðan — það eru einungis barnavagnar í 87.15, síðan er 87.16 — eru ýmiss konar tengivagnar, sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota í 0-flokki. Mættu ekki barnavagnar vera líka í 0-flokki?

Þá vil ég einnig nefna barnabílstóla. Ég held að hæstv. ráðherra hafi sagt að þeir lækkuðu um 16%. Ég finn þá ekki í skránni. Ég er ekki komin svo langt að ég sé búin að finna þá hérna. Ég veit ekki í hvaða tollflokki þeir eru, en mér fyndist að ef þeir eru ekki í 0-flokki ættu þeir að vera það.

Þetta eru örfá atriði sem mér hefur nú tekist að tína út úr. (**SvG:** Þeir eru í 87.15, barnavagnar.) Já, barnavagnar, en ég var að tala um barnabílstóla líka. Ég hefði viljað fá þá í 0-flokk ef þeir eru ekki í 0-flokki. Mér sýnist að miðað við að þeir lækki bara um 16% gætu þeir verið í hærri flokki.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, herra forseti. Mér fannst nauðsynlegt að koma þessum athugasemdum mínum að og viðhorfum almennt til þessara mála þó að ég geti tekið undir það, sem ýmsir sem hér töluðu á undan mér hafa sagt, að það hefði verið æskilegt og raunar nauðsynlegt að fá tækifæri til að skoða þessi mál betur, en ég mun stuðla að því að þessi mál komist áfram, þrátt fyrir þær athugasemdir sem ég hef gert og vænti að nefndin taki til athugunar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrst örfáar athugasemdir varðandi ræðu síðasta hv. ræðumanns.

Um dæmin sem hv. þm. nefndi um öryggismál, svo sem eins og öryggishjálmar, eins um rafbúnað ýmiss konar, ræsikerfi, ljósabúnað í 30% tollflokki, þá segi ég það með fyrirvara um að ég er ekki algerlega viss í minni sök en hygg þó að hér séum við að tala um ytri tollinn, 30%, gagnvart öðrum en EFTA-svæðum. Ég tel mig vita þetta að því er varðar tollflokkinn 65.06, öryggishjálmar. Hann er í 0-tolli í EFTA-flokkum og ætti þá að vera það, nema um hrein mistök sé að ræða, nema að því er varðar viðskiptasvæði utan fríverslunarsamtaka. Þ.e. ef þessi varningur kemur alla leið frá Japan væri hann sennilega í 15% flokki og það gæti eins átt við aðra þessa flokka því að almenna reglan er sú algerlega að því er varðar tollskrána að öryggisvörur eru í 0-flokki. Því aðeins að þær séu fluttar inn utan EFTA-svæðis væri um annað að ræða.

Hv. þm. Júlíus Sólnes beindi til mín spurningu, sem varðaði reyndar umræðuefni frá fyrri tíð, þ.e. um vörugjöld. En fyrst verð ég að gera eina alvarlega athugasemd við hans mál. Hann fræddi okkur með lestri upp úr vörugjaldsskrá og ég heyrði ekki betur en það vottaði fyrir hneykslan í röddinni þegar hann fjallaði um varalit og snyrtivörur. Ungur maður lærði ég það af hagsögubókum að bandarískar konur settu í andlitið á sér af þess konar dóti svo mikið magn að það samsvaraði þáverandi þjóðartekjum Indverja sem nú munu vera eitthvað á 8. hundrað milljónir. Þetta er m.ö.o. ekkert smáglingur og ekki lítill liður í útgjöldum heimilanna. (**JúlS:** Ég hef ekkert við það að athuga.) Það gleður mig að heyra það.

En spurningin var sú hvað það mundi þýða ef sú stefna hefði verið tekin upp að leggja samræmt vörugjald á allar vörur, sérstaklega allar innfluttar vörur. Samkvæmt skýrslum um innflutning á árinu 1987 er almennur vöruinnflutningur upp á 45,4 milljarða á fob-verði sem er 51 milljarður og 70 millj. cif. Þetta mundi þýða að ef við hefðum tekið þann kost að leggja almennt vörugjald á allan þennan innflutning reiknast mér svo til að hann hefði mátt helminga um það bil, þ.e. úr fyrra vörugjaldi 17% niður í um það bil 8–8½%. Og værum við þá mikið nær eða hvað? Væri þetta skynsamlegri stefna? Við skulum athuga að vörugjaldið, sem hér er lagt til, leggst á ákaflega fáa og afmarkaða gjaldstofna. T.d. eru öll matvæli undanþegin og það hefði sitt að segja á matvælaverð ef á það legðist 8½% vörugjald. Öll lyf og læknisvörur, hjúkrunarvörur af hvaða tagi sem er yrðu undanþegin og það hefði sitt að segja og gæti m.a. haft nokkuð alvarleg tekjumismununaráhrif ef þeim sem sjúkir eru, þurfa á þessu að halda, væri gert að borga 8½% vörugjald. Undanþegið er allt timbur og reyndar megnið af byggingarvörum. Það hefði haft talsvert alvarlegar afleiðingar á byggingarvísitölu sem samkvæmt þessum heildarkerfisbreytingum lækkar en hefði hækkað ef þessi kostur hefði verið valinn og þar með komist inn í lánskjaravísitölu sem hefði hækkað og þar með t.d. öll greiðslubyrði af skuldum þar sem aftur á móti sú leið sem valin var leiðir til þess að lánskjaravísitalan lækkar. En þá er eftir að geta þess að ef við hefðum fjölgað gjaldendum vörugjalds úr um það bil 20 í 700, eins og eitt sinn voru uppi hugmyndir um, eða í tugi þúsunda, eins og þessi tillaga fæli í sér, er hætt við því að það sjónarmið að tryggja örugga innheimtu gjaldsins væri farið fyrir bí. Í fljótu bragði virðist mér því að þetta væri ekki góð tillaga.

Að öðru leyti sé ég nú ekki ástæðu til að staldra við margt í þessum umræðum. Það er ljóst að okkur hv. 7. þm. Reykv. ber ekki nákvæmlega saman um tölur um skattadæmið. Það dæmi verður að sjálfsögðu útkljáð svo óyggjandi verður í umfjöllun nefndar. Ég nenni ekki að endurtaka það í þriðja sinn.

Það gladdi mig að heyra að við erum að mörgu leyti sammála að því er varðar nauðsyn þess að hafa fjárhag ríkissjóðs traustan og ég hygg að það byggi á sömu forsendum og að við teljum að það sé ekki grundvöllur til að standa á til framtíðar út frá sjónarmiðum þeirra sem vilja standa vörð um velferðarríki og um samneyslu, sameiginlegar framkvæmdir og þar með byggðastefnu að slíkt viðgangist.

Um manneldisstefnuna er greinilega nokkur ágreiningur. Hv. þm. gat sér þess til að það væri þó einhver þjóðlegur strengur sem hrærðist í brjósti fjmrh. þar sem um væri að ræða að tolli á neftóbaki væri stillt í hóf. Mér kom nú í hug af því tilefni að hv. þm. er greinilega minnugur þess að einhver mesti neftóbaksneytandi þjóðarinnar og öflugasti verkalýðsleiðtogi þjóðarinnar hefur nú yfirgefið flokkinn hans. (**SvG:** Hann er farinn úr flokknum.) Farinn úr flokknum og þá er það sjónarmið fyrir bí. (**SvG:** Kannski þetta sé ástæðan.) Kannski þetta sé ástæðan, kannski hann sé að nálgast eitthvað flokk fjmrh., þessi mikli neftóbaksneytandi.

Að öðru leyti svaraði hv. ræðumaður spurningum sínum sjálfur. Hann spurði: Hvers vegna gætum við ekki verið hér saman milli hátíða og eftir áramótin og velt fyrir okkur tollum? Svarið er nefnilega að það er ekki gæfulegt að hafa tollskrána opna fram í mars eða apríl. Var ekki einhver að kvarta undan því að kannski væri óþarflega mikið hamstur í búðum?

Hv. þm. Júlíus Sólnes beindi til mín þeirri spurn-

ingu hvort það væri ekki góð hugmynd að fella flutningsgjöldin, sem eru há, út úr álagningargrunni tolla og vörugjalds og miða við fob fremur en cif. Munurinn á þessu tvennu er alls um 11% og allir vita að fragtgjöld á Íslandi eru há, enda einokunaraðstaða í þeim bransa ólíðanlega mikil. En á það er þá að líta að þegar stefnt er að upptöku virðisaukaskatts er virðisaukaskattur þeirrar tegundar að innskatturinn leggst á öll aðföng og þetta gæti þess vegna aðeins staðið í eitt ár. Þessi hugmynd var skoðuð og rædd í alvöru og niðurstaðan varð þó þrátt fyrir allt sú að það dæmi gengi ekki upp.

Önnur ábending var hins vegar um ytri tolla og þá vil ég aðeins minna á að ég lýsti því í ræðu minni hér fyrr í dag að það kæmi vel að mínu mati til álita að skoða það mál í nefnd. Niðurstaðan í þessu tollafrv. var sú að ytri tollar eru á bilinu 10–25%. Það var m.ö.o. ekki tekin sú afstaða að samræma og lækka ytri tolla. Það er rétt ábending hjá hv. þm. að eins og nú háttar til að því er varðar gjaldeyrisþróun og gjaldmiðlaþróun á gjaldeyrismörkuðum, dollars, væru forsendur fyrir því að breyta nokkuð innflutningsmynstrinu og ná hagkvæmari innkaupum, ef við beindum viðskiptum okkar meira í vesturátt, og því marki mundum við sennilega ná ef við tækjum upp samræmda ytritollastefnu á bilinu um 5% sem kemur vissulega til álita að gera en er ekki mjög stór útgjaldaauki þegar saman fer hagkvæmni í verslun. Nú eru þetta að vísu tímabundnar aðstæður. Það getur verið flókið mál að því er varðar fríverslunarsamninga o.s.frv. En þetta er sjónarmið sem ég hef hreyft og komið mjög til álita. Þótt ekki hafi tími unnist til að ná niðurstöðu í því máli væri verðugt viðfangsefni að taka það til rækilegrar skoðunar í nefnd.

Að svo mæltu þakka ég öllum, sem þátt hafa tekið í þessari umræðu, fyrir málefnalegar og fróðlegar umræður og nota tækifærið til að bjóða hæstv. forseta góða nótt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

21. fundur, fimmtudaginn 10. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 110. mál. — Þskj. 114.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að bera upp fyrirspurn til hæstv. félmrh. Þannig er að fyrir þinginu í fyrra lágu nokkur mál um þetta efni og þá var afgreidd till. frá félmn. sameinaðs Alþingis. Till. var þar m.a. frá hæstv. núv. félmrh. um þetta efni, um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. En till., sem samþykkt var 19. mars á þessu ári, var þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um lífeyrisréttindi þeirra sem eingöngu sinna heimilis- og umönnarstörfum og leggja þær fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1987."

Ég rifja þetta upp vegna þess líka að hæstv. ráðherra átti þá sæti í félmn. sameinaðs Alþingis og væri eðlilegt að það kæmi fram hvernig ráðherra hefur unnið að þessu máli.

Það voru fleiri mál sem lágu þá fyrir Alþingi um þetta efni og m.a. það frv. sem við erum nú að fjalla um. Þess vegna væri eðlilegast að það væri komið með fsp. um þetta mál eins og ég hygg að hafi komið hér áður fram í umræðum.

En ég þekki þetta mál vegna þess að ég var einn af þeim sem áttu sæti þá í félmn. sameinaðs Alþingis og fjallaði um þetta efni. Formaður hennar var Gunnar G. Schram og aðrir sem áttu sæti í þessari nefnd voru Árni Johnsen, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir og Jón Kristjánsson. Það var niðurstaðan í þessari nefnd á þessu máli sem ég gat um. Þar sem hæstv. ráðherra er hér ekki óska ég eftir því að það verði komið spurningu til hennar um hvað þessu máli líður.

Þetta var erindi mitt upp í ræðustólinn um þetta efni. Það er afskaplega undarlegt þar sem hæstv. ráðherra flytur þetta mál í fyrra, stendur að samþykkt þess á þennan hátt að síðan heyrist ekkert um málið. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé og að liggi fyrir upplýsingar um það áður en þetta mál er rætt meira því að það er búið að fela ráðherranum að gera þetta.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að það sé orðið brýnt að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þess máls hvernig haga beri lífeyrisgreiðslum til húsmæðra. Ég er hlynntur því meginmarkmiði, sem hér kemur fram, að það verði ríkið sem greiði iðgjaldið sem atvinnurekandi í þessu sambandi. Mér finnst einnig eðlilegt að vista þetta í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Hin atriðin sem hér eru sett fram eru þess eðlis að þau vekja ýmsar spurningar. T.d. er það spurning hvort er hægt í lagatexta að binda það við einhver laun í frjálsum samningum sem ríkið veit náttúrlega ekkert um hvort gætu dottið út hvenær sem væri og taxtinn ekki verið til, hvort það hljóti ekki að vera eðlilegra að finna sér einhverja aðra viðmiðun sem annaðhvort er í launatöflum ríkisins eða einhverja enn aðra viðmiðun í því efni við hvaða stofn skuli miðað.

Einnig tel ég að þegar frá þessu máli er gengið hljóti það að vera skýlaust að það verði afgreitt á þann veg að þeir sem t.d. eru í 60% starfi hækkist upp eins og þeir sem eru undir hálfu starfi, að það fari ekki milli mála að það er verið að tala um það með þessu móti að lífeyrisréttindi kvenna, hvort sem þær vinna hálft starf, 60% úr starfi eða minna, verði hækkuð upp í að um fullt starf sé að ræða.

Ég held að það sé mjög brýnt að Alþingi Íslendinga taki afstöðu til þessa máls. Hvert ár sem líður mun auka á það misrétti sem er þó ærið fyrir í íslenska lífeyrissjóðakerfinu gagnvart þeim einstaklingum sem þar eru fyrir utan. Ég vænti þess að sú nefnd, sem fær þetta mál til vinnu, skili málinu til Alþingis til atkvæðagreiðslu hér í þingsal en láti það ekki velkjast í nefndinni svo lengi að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess í báðum deildum þingsins.

Kristín Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka hv. þm. fyrir mikinn áhuga á þessu máli sem ég leyfi mér að túlka svo. Þetta mál er búið að vera til umræðu á a.m.k. tveimur ef ekki þremur þingdeildarfundum og vonandi lýkur þessari umræðu í dag svo að hægt sé að vísa málinu til nefndar, án þess að ég sé að draga úr því að menn tjái sig um það á alla enda og kanta. Það er okkur fagnaðarefni og ég endurtek það að mér virðist öll þessi umræða sýna að þm. hafa virkilega áhuga á því að þetta mál nái fram að ganga.

Þegar það var síðast á dagskrá var hv. 1. flm. ekki í salnum svo ég barði þá í borðið og hugðist svara ýmsum athugasemdum sem höfðu komið fram í ræðum þm. Nú er ég reyndar ekki með þá punkta sem ég hafði sett niður hjá mér á þeim fundi vegna þess að hv. 1. flm., Málmfríður Sigurðardóttir, ætlaði að svara þessum athugasemdum. Nú er hún einhvers staðar fjarri eins og er. Það er með þennan klukkutíma eins og ýmsa aðra klukkutíma í sólarhringnum að þeir eru dálítið tvístraðir og hún mun hafa þurft að bregða sér frá, en ég hygg að hún hafi búið sig undir að svara þeim athugasemdum sem fram hafa komið á fyllri hátt en ég get með stopulu minni mínu.

Ég man þó að hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem hér sat þá, minntist á þá hlið sem að sveitarfélögunum snýr og hafði áhyggjur af því, ef ég man rétt, að þetta kynni að þýða kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Við höfum alltaf litið svo á að heimavinnandi fólk sparaði sveitarfélögum og ríki slíkar fjárhæðir að ekki væri horfandi í það fyrir sveitarfélögin og ríkið að koma til móts við það fólk sem svo gerir og sýna í verki að þau kunni að meta þetta framlag.

Það var ýmislegt fleira sem var minnst á, en nú sé ég að hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir er komin og mun þá væntanlega taka til máls á eftir. Ég vil aðeins geta þess að ef ég man rétt drap hv. 3. þm. Reykv., sem þá sat sem varamaður, Sólveig Pétursdóttir, á það hvort með þessu væri ekki verið að hvetja konur til að fara inn á heimilin aftur, ef ég man rétt, ég hef nú ekki ræðuna hjá mér. Það er vissulega okkar skoðun að lög og reglur þjóðfélagsins eigi að vera sem hlutlausust gagnvart því hvernig konur og karlar kjósa að haga umönnun sinna barna og heimila. Öll þau þingmál sem við höfum borið fram og snerta heimavinnandi húsmæður ber að sama brunni, þ.e. að reyna að bæta úr því réttindaleysi sem þetta fólk á við að búa.

Að svo mæltu held ég að ég hafi þessi orð ekki lengri. Ég hygg að Málmfríður hafi nú sótt í sinn sjóð það sem við þurfum að koma á framfæri hér sem svörum við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Við 1. umr. þess frv. til laga sem liggur hér frammi á þskj. 114 gerði ég örfáar athugasemdir sem ég vildi aðeins rifja upp, ekki síst vegna ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég lagði ekki höfuðáherslu á efni frv. heldur minnti á samþykkt þáltill. þeirrar sem hann nefndi áðan, sem samþykkt var á síðasta þingi, um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir undirbúningi að lögum um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Þarf ekki að endurtaka það sem hann sagði. Ég gerði allar sömu athugasemdir sem hann gerði og rakti nokkuð sögu þessa máls hér í þingsölum.

Mér finnst, og ég hef oft áður talað um það, mikilvægt bæði fyrir nýja þm. og jafnvel gleymna þm. að þegar mál eru borin fram sé rakin saga þeirra hér í þingsölum sé hún einhver. Þess vegna minnti ég á að upphafsmaður þessa máls var hv. 1. þm.

Norðurl. v. Páll Pétursson og síðan hefur núv. hæstv. félmrh. margsinnis flutt mál þessa efnis og hv. fyrrv. þm. Gunnar G. Schram og þeir kunna að vera fleiri. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt fyrir okkur öll að fá yfirlit yfir sögu mála sé hún einhver svo að við séum ekki að samþykkja hvað eftir annað sömu málin. Ég er ekki að segja þetta af neinni illgirni eða pólitísku offorsi og er fús til að virða það að hér er 1. flm. þm. sem ekki hefur verið hér áður nema sem varamaður stuttan tíma, en þarna finnst mér reyndar að mætti líka koma til kasta starfsfólks þingsins. Mér finnst ekkert að því að það bendi þm. á hafi mál komið áður við sögu þingsins.

Þetta eru þær formlegu athugasemdir sem ég hef við þetta mál að gera. Hins vegar vil ég vegna ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar upplýsa það, sem ég áttaði mig ekki á þegar ég tók til máls um daginn, að ég beindi máli mínu til hæstv. félmrh. ekki síst vegna þess að nú þótti mér hægt að höfða til hennar fyrri mála. Hún tók að vísu ekki til máls þar sem umræðu var frestað, en benti mér á í einkasamtali að þetta heyrði alls ekki undir embætti hennar heldur hæstv. fjmrh. Til þess að hæstv. félmrh. sé ekki hér á ferðinni í þessu máli vil ég upplýsa þetta vegna þess að það eru greinilega fleiri en ég sem ekki áttuðu sig á því og hér er hæstv. fjmrh. því miður ekki í þingsölum.

Að öðru leyti lýsi ég því yfir að við alþýðubandalagsmenn erum auðvitað sammála efni frv. Hinu get ég ekki leynt að ég á ekki alveg gott með að átta mig alltaf á stefnu Kvennalistans í þessum málum. Ég hef verið þm. nógu lengi til að hafa heyrt að þær gera ekki mikið með að húsmæður sem einungis vinna heima fái t.d. laun, það sé mjög í blóra við stefnu kvenfrelsiskvenna. Við breytingar á skattalöggjöf var allt kapp lagt á að konur sem vinna heima hefðu sem allra minnst réttindi varðandi skatta og þær konur sem úti unnu stórhækkuðu í sköttum við breytingar sem þá voru gerðar og átti það að vera mikið atriði um að við fyndum þá frelsiskennd að hafa minna fé milli handa. Nú er lagt til af þeirra hálfu að heimavinnandi húsmóðir njóti lífeyrisréttinda. Einhvern veginn finnst mér þetta allt stangast á. Það er mín skoðun og það getur vel verið að það sé mitt skilningsleysi. En ég fagna frv. og mun að sjálfsögðu greiða því atkvæði mitt.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka vinsamleg orð sem hafa fallið um það frv. sem við kvennalistakonur höfum flutt hér og ýmsar ábendingar og aðfinnslur hafa komið fram í máli þessu sem ég tel rétt að svara.

Frv. var lagt fram að mestu í sama formi og það var flutt í á sl. ári, en í millitíðinni hafði launaflokkur sá sem tilgreindur er í frv. að iðgjaldsgreiðslur skuli miðast við fallið niður við kjarasamninga og af athugunarleysi var ekki breytt um orðalag. En vitaskuld er ekkert hægara en að breyta þessu orðalagi og nota aðra sambærilega viðmiðun þegar málið kemur til umfjöllunar í nefnd, sem ég vona vissulega að það geri, og þar sem ekkert mat liggur fyrir á húsmóðurstörfum til launa verður að taka mið af einhverju sem sýnist skynsamlegt og raunhæft í þeim efnum.

Hv. 3. þm. Reykv. lagði fram nokkrar spurningar í umræðunni fyrr hér og þar á meðal hvort markmið frv. væri að hafa þau áhrif að fleiri konur yrðu heimavinnandi. Ég get varla ímyndað mér að sá fjöldi kvenna sem er úti á vinnumarkaðnum í dag sé þar eingöngu til að sækja sér lífeyrisréttindi. Þess vegna held ég að þær hópist ekki heim til að hugsa um börn og bú þó að þetta frv. yrði að lögum. Aðalatriðið og aðalmarkmiðið er að þær konur sem af einhverjum ástæðum geta ekki eða kjósa ekki að vinna launuð störf utan heimilisveggja hafi sömu mannréttindi og aðrir þegnar þjóðfélagsins og njóti áþekkrar umbunar fyrir unnin störf á elliárum.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði einnig hvort ætlað væri að þessi lífeyrisréttindi yrðu sameign hjóna og hvort þau skyldu gilda um fólk í óvígðri sambúð sem jafna mætti til hjúskapar. Ég sé ekki annað en sömu reglur hljóti að gilda um þessi lífeyrisréttindi sem önnur. Kannski hef ég ekki skilið þessa spurningu rétt, en ég vil þá fá nánari útskýringu á hvað vakti fyrir hv. þm. með henni.

Hv. 2. þm. Vesturl. hafði af því nokkrar áhyggjur að lífeyrisgjaldagreiðslur vegna lífeyrisréttinda húsmæðra yrðu sveitarfélögum útgjaldaauki. Það er sjálfsagt alveg rétt að það gæti orðið. En við skulum bara snúa dæminu við. Hvað spara þessar konur viðkomandi sveitarfélagi í beinum útgjöldum ef sveitarfélagið kynni nú að þurfa t.d. að sjá fyrir börnum þeirra á dagheimilum og taka upp á sína arma það ellihruma fólk sem þær hugsa um eða annað fólk sem þær hafa í sinni umsjá sem yrði þá að vista á stofnunum eða á annan hátt? En sami hv. þm. drap réttilega á að lífeyrismál, sjúkratryggingar og orlof húsmæðra þyrfti að færa til sama vegar og með launþega í landinu. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Og það er furðulegt hve treglega gengur að þoka þessum málum í réttlætisátt.

Hv. 13. þm. Reykv. átaldi að ekki væri rakið í grg. það sem áður hefði verið borið fram á hv. Alþingi um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks. Það er alveg rétt hjá hv. þm. og það má sjálfsagt rekja það til reynsluleysis míns í þingmennsku að hafa ekki athugað þetta. Ég hafði reyndar hugsað mér eftir á að skýra þetta mál ef ég kæmi hér aftur upp, en hún gerði það í fyrri umræðu og gerði það aftur núna svo að ég ætla ekki að lengja mál mitt með því.

En það vekur furðu manns þegar lesið er um þessi mál í þingtíðindum að það eru allir sammála um að sjálfsagt sé að rétta hlut heimavinnandi fólks, en það er alltaf eitthvert „en" í því, eitthvert „en" sem strandar á. Það skyldi þó ekki vera að það væri það sem hv. 16. þm. Reykv. nefndi í sinni ræðu um þetta mál á dögunum þegar hún vitnaði til þeirra daga er hún barðist fyrir því við kjarasamninga að húsmóðurreynsla væri metin til starfsréttinda eða starfs-

aldurs við launuð störf, en þá sagði hún, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta samkomulagsatriði milli Sóknar og atvinnurekenda olli allt að því taugaáfalli á sumum launaskrifstofum. Svo afleitt var það. Mér finnst ekki að þetta hafi verið mikið mál eða gert launaútreikninga mjög erfiða, enda held ég ekki að það hafi verið það sem raunverulega var að. Það var hitt að hér var verið að fara inn á hættulega braut. Það var verið að meta vinnu sem hingað til hafði verið svo lítils metin. Það var hættan."

Ég vil þá minna á að tvisvar hafa kvennalistakonur borið fram hér á hv. Alþingi tillögur um að heimilisstörf yrðu metin til starfsreynslu og nefnd var skipuð um það og skilaði áliti, en mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert neitt frekar í málinu, að þetta sé nokkurs staðar notað.

Hv. 2. þm. Vestf. hafði upp nokkrar efasemdir um röðun á lífeyrisréttindunum, að það gæti verið eðlilegt að konur sem væru í hálfu starfi hlytu einhverja umbun því að kannski kynni kona sem væri í minna en hálfu starfi að enda með meiri lífeyrisrétti en hún. Það má vel vera að þetta sé rétt og þetta þarf allt að skoða betur þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í nefnd.

Mér er líka ljóst að það eru fleiri en eingöngu heimavinnandi húsmæður sem standa utan lífeyriskerfisins og á málum þeirra þarf að taka, en það er ekkert sem kemur í veg fyrir að það sé gert þó að þessu sé kippt í lag.

Heimavinnandi húsmæður hafa ekki verið kröfuhópur hingað til og þær gjalda þess. Þess vegna er þetta frv. borið fram til að skapa þeim aukin réttindi og réttindi sem þær ekki hafa nú. Ég vænti þess að frv. fái góða umfjöllun og starf heimavinnandi húsmæðra verði metið þannig að það verði þeim til hagsbóta á efri árum.

Mér skildist á hv. 13. þm. Reykv. að það væri ekki víst að frv. ætti heima í félmn. þegar því verður vísað til nefndar. Ég legg það í úrskurð hæstv. forseta að hafa uppi á því hvar það ætti þá frekar heima. Mér var sagt að vísa því til félmn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er svo friðsælt núna í þingsölum að maður stenst ekki mátið að ræða málin í „ro og mag" eins og sagt er. Það voru eiginlega orð hv. 13. þm. Reykv. sem urðu til þess að ég kvaddi mér hljóðs aftur. Hún hefur minnt tvisvar sinnum á að þessi mál eru ekki í fyrsta skipti í þingsölum og það var okkur vissulega ljóst, enda var umræða eigi alllítil hér í fyrra á síðasta þingi og okkar mál mun hafa verið með í þeim þingskjalabunka sem vísað var til ríkisstjórnarinnar til umfjöllunar með ósk um að tekið yrði á þessu máli. Engu að síður hefur síðan verið mynduð ný ríkisstjórn og við vitum öll að hún hefur nóg á sinni könnu og aldeilis ekki víst að hún fari ofan í allar skúffur strax á fyrsta ári. Við sáum ekki ástæðu til þess að hafast ekki að einungis vegna þess að við vissum af einhverjum pappírum í skúffum ráðherra og við vildum leggja áherslu á á hvern hátt Kvennalistinn vill láta leysa þessi mál.

Ég held að það hafi verið komið inn á það áðan með viðmiðunina og ég sé ekki að það sé til mikilla vandræða þó þarna hafi verið bent á ákveðinn launaflokk hjá Verkamannasambandinu. Það er hárrétt að það er búið að fella hann niður, en það er hægur vandinn að lagfæra það í nefnd eins og annað sem menn kunna að sjá athugavert við þetta.

Það voru enn fremur orð hv. 13. þm. Reykv. þar sem hún sagðist ekki skilja alveg stefnu Kvennalistans í þessu máli frekar en stundum áður. Hún minntist á þá hugmynd að launa húsmæður. Það er alveg hárrétt að kvennalistakonur sjá enga lausn í því máli að launa húsmóðurstörfin, þ.e. að launa aðeins þeim konum sem eru heima fyrir. Húsmóðurstörfin eru unnin á öllum heimilum hvort sem einhver er heima allan daginn og launalaus eða á vinnumarkaði og það væri mjög erfitt að taka á því máli á þann hátt að launa heimilisstörfin beint. Við höfum hins vegar viljað taka á því að konur, í langflestum tilvikum eru það konur, missa iðulega réttindi við það að vera heima. Það finnst okkur algerlega óþarft og ég veit að við erum sammála um það, við hv. 13. þm. Reykv., og vonandi flestir aðrir hv. þm. Það er á því réttindaleysi sem við viljum taka og reyna að bæta þar úr.

Við höfum flutt ýmis þingmál þar að lútandi. Síðasti ræðumaður minnti á þingmál okkar, sem fékk mjög mikla umfjöllun hérna fyrir tveimur árum, þar sem við lögðum til að starfsreynsla heimavinnandi húsmæðra væri metin til starfsreynslu og starfsaldurs þegar út á vinnumarkaðinn væri komið og við vildum láta það gilda í hvaða störf sem húsmæður færu. Þannig gæti þjóðfélagið sýnt að það kynni að meta þessi störf húsmæðranna. Enn fremur reyndum við á síðasta þingi að fá lögfest að foreldrar sem vildu taka launalaust leyfi til að sinna ungum börnum ættu rétt á sama starfi eftir tveggja ára fjarveru. Það komst ekki heldur í gegn, en þetta er eitt af því sem við viljum gera til að tryggja að fólk missi ekki réttindi við það að sinna heimili og umönnun barna. Enn fremur að heimavinnandi húsmæður sitji við sama borð hvað varðar greiðslur í fæðingarorlofi, þeim sé ekki mismunað vegna þess að þær hafi ekki gegnt launuðum störfum úti á vinnumarkaði þegar þær tóku fæðingarorlofið. Og fleira slíkt mætti telja.

En að lokum minntist hv. þm. á afstöðu okkar í skattamálum. Það er eitt af þeim atriðum sem okkur greinir á við mjög marga aðra í þeim efnum. Hún minntist á það þegar breytt var reglum hvað varðar skattgreiðslur útivinnandi kvenna. Það er ekki hægt að skrifa á reikning Kvennalistans sem ekki var til þegar þeim var breytt. Hins vegar man ég að Kvenréttindafélagið og Rauðsokkurnar börðust mjög ákaft fyrir því að útivinnandi konur gegndu sömu skyldum og aðrir í þjóðfélaginu og hélt ég að það félli heim og saman við skoðanir hv. 13. þm. Reykv. að konur og karlar gegndu sömu skyldum.

Síðan hefur komið til ýmiss konar tilhögun í þrepum inni á Alþingi í sambandi við breytingar á skattalögunum þar sem verið er að taka á mismun á skattgreiðslum heimila eftir því hvort einn eða fleiri vinna fyrir tekjunum. Það hefur verið leyst hér, eins og hv. þm. vita, með því að hægt sé að færa ónýttan persónuafslátt á milli hjóna eða sambýlisfólks. Þessu höfum við verið andvígar og margir eiga erfitt með að skilja þá afstöðu vegna þess að með því er sagt að við styðjum það óréttlæti að heimili þar sem annar aðilinn er tekjulægri eða tekjulaus þurfi að greiða hærri skatta. Vissulega er erfitt að skýra það. En málið er að heimili er ekki til sem skattaðili og hver einasti þjóðfélagsþegn á að vera sjálfstæður aðili í skattalegu tilviki sem öðrum tilvikum. Við getum rétt skoðað hvernig á því stendur að það er tekjumunur á hjónum eða sambúðaraðilum.

Fyrst og fremst er annar aðilinn tekjulaus vegna þess að hann er heima bundinn yfir ungum börnum. Þann þátt málsins viljum við leysa með hærri barnabótum og höfum alltaf, þegar þessi mál hafa komið inn á borð í þingsölum, komið með tillögur um að nota þá upphæð, sem ríkið er að leggja þar af mörkum, til að hækka barnabæturnar til heimilanna svo að þau eigi frekar val um hvernig þau haga umönnun sinna barna.

Í öðru lagi geta þetta verið heimili þar sem hjónin einfaldlega velja það að annar aðilinn sé heima og það er þá væntanlega þeirra mál.

Í þriðja lagi getur annar aðilinn verið bundinn heima vegna umönnunar aldraðra eða sjúkra og það finnst okkur ekki heldur vera mál til þess að leysa í gegnum skattalögin heldur tryggingarnar. Fleiri tilvik mætti nefna og svo síðast en ekki síst þann mun sem er á körlum og konum í launum. Það hljótum við að reyna að leysa í samningum á vinnumarkaði en ekki í gegnum skattalögin.

Þetta eru okkar röksemdir í þessu máli. Við leggjum mikla áherslu á að konur verði fjárhagslega sjálfstæðar eins og allir þegnar þjóðfélagsins eiga rétt til og þetta er þáttur í þeirri skoðun og þeirri afstöðu okkar.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við þá meginhugsun sem kemur fram í frv. en vil þó spyrja flm. þriggja spurninga.

Í fyrsta lagi: Hafa þær gert sér grein fyrir hvaða kostnað þetta hefur í för með sér fyrir þjóðfélagið út frá þeim grundvelli eða þeim rökum sem þær leggja fram í sambandi við 9. flokk kjarasamninga Verkamannasambands Íslands sem þá var í gildi? Hvað kostar þetta?

Í öðru lagi er eingöngu talað um húsmæður. Ég vil bara fá það staðfest hvort þetta eigi ekki líka við um karlmenn á þessum tímum jafnréttis?

Í þriðja lagi, sem er kannski hvað viðkvæmast í þessu þjóðfélagi, vildi ég gjarnan heyra skoðun Kvennalistans á því hvað snertir Samtökin 78 sem svo eru kölluð, hommar og lesbíur. Metið þið þann aðilann, sem er heima og sér um heimilið í því tilfelli, til húsmóðurstarfs og á hann þá ekki fullan rétt á þessum lífeyrisgreiðslum eins og aðrir?

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. 5. þm. Vesturl. afsökunar á því að ég veit ekki hvort ég heyrði allt sem hann sagði. Það var svo mikið skvaldur hérna framan við en ég skal reyna að svara því sem ég heyrði alla vega.

Hann spurði um kostnaðarhliðina á þessu. Ég tók það fram í mínu máli að mér hefði ekki verið unnt að gera neina kostnaðaráætlun um þetta vegna þess að þetta fólk er ekki inni neins staðar. Það er ekki einu sinni hægt að finna hvað það er margt. Atvinnustaða þess er slík að það er ekki til á neinum skrám sem slíkt og þess vegna er ekki hægt að finna það út. Ég á ekki von á að þetta hafi neinn verulegan kostnað í för með sér því að það mætti frekar kalla þetta tilfærslu innan þjóðfélagsins því að þetta fólk gegnir störfum sem annars yrði í mörgum tilfellum að greiða af sveitarfélögum og ríki. Ég reikna því ekki með að þetta yrði neinn teljandi kostnaður.

Í öðru lagi spurði hann um — ég verð að biðja afsökunar, ég verð að biðja þig að endurtaka. (**Gripið fram í:** Hvort það sama gilti um karlmenn.) Hvort það sama gilti um karlmenn. Ég tók það fram í minni framsöguræðu að það sama skyldi gilda um karlmenn sem gegndu þessum störfum. Ég held ég hafi ekki neinu við það að bæta, þá sem sinna heimilis- og húsmóðurstörfum. Ég held ég hafi ekki neinu frekar við það að bæta. Það stendur skýrum stöfum í grg.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það er ekki annað hægt en að fagna þeim einhug sem ríkir meðal hv. þm. um það að bæta réttindi heimavinnandi fólks. Þó að menn séu e.t.v. ekki allir á einu máli um það hvort það sé gert með nákvæmlega þeim hætti sem frv. stingur upp á þá er það svo að menn eru greinilega opnir fyrir ýmiss konar breytingum á frv. sem ná mættu þó sama tilgangi.

Ég vil sérstaklega draga það fram að eftir því sem ég veit best er von á meiri háttar lífeyrissjóðafrv. frá hæstv. ríkisstjórn nú í vetur og ég hygg að það sé alveg nauðsynlegt að samræma þær hugmyndir sem menn hafa um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks því frv. vegna þess að það er hugsanleg sú aðstaða að aðild að lífeyrissjóði heimavinnandi fólks gæti gefið jafnvel minni rétt en maki ætti í sumum tilfellum vegna aðildar að lífeyrissjóði útivinnandi maka. Það eru ýmis tilvik sem þarf að skoða vandlega í því sambandi, þannig að réttur þess sem í lífeyrissjóðnum er sé örugglega eins góður og hann getur verið og batni fremur í öllum tilvikum en að nokkur hætta sé á því að hann versni við einstakar aðstæður sem upp geta komið. Þetta er eitt atriði.

Ég tek líka undir þau atriði sem hv. þáv. 3. þm. Reykv., staðgengill minn, Sólveig Pétursdóttir, benti á í þessu sambandi að athuga þyrfti.

Ég minnist þess að þetta var töluvert rætt bæði um og eftir meðferð mála um þessi efni á þingi í fyrra og hæstv. þáv. fjmrh., núv. forsrh., sem var yfirmaður þess ráðuneytis þar sem stóra lífeyrissjóðafrv. er undirbúið, hafði hug á því að fá hugmyndir um þessi efni tekin þar inn. Enn fremur veit ég að þetta er efni sem fjölskyldumálanefnd ríkisstjórnarinnar er mjög hugleikið. En því miður er málið ekki alveg einfalt og það er ekki víst að það sé skynsamlegt að ganga frá þessu máli alveg einangruðu. Ég hygg að það sé skynsamlegast til þess að ná fram tilganginum að samræma það reglum um aðra lífeyrissjóði.

Að því er varðar hag heimavinnandi fólks almennt og þau atriði sem fram hafa komið hér á þingi í sambandi við ýmis lagafrv. þar sem menn hafa haft það að leiðarljósi að bæta og tryggja hag heimavinnandi fólks minni ég sérstaklega einmitt á meðferð skattalaga sem hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykn., minntist á hér áðan. Ég er sammála henni um að það er afar erfitt að finna flöt á því hvernig ætti að koma fram almennum launagreiðslum til heimavinnandi fólks. Slíkt hlýtur ævinlega að varða mjög fyrirkomulagsatriði í rekstri hvers heimilis, en annar þáttur þessa máls sem hefur afar svipuð áhrif er tiltölulega einfaldur en hefur hins vegar verið keyrður í kaf hvað eftir annað af þeim sem hafa verið annarrar skoðunar og það er einfaldlega sú hugmynd að viðurkenna báða aðila, báða þá sem reka saman heimili, jafnréttháa að því leyti til að það sé litið svo á að það sé mál hverra hjóna eða sambúenda hvort þeirra aflar teknanna, samanlögðum tekjunum sé skipt til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig. Þetta atriði hefur öðru hvoru komið upp og þá virðast menn einhvern veginn hafa ruglað saman annars vegar því hagræði og réttarbót sem þetta hefur í för með sér fyrir heimavinnandi aðilann og svo hins vegar því sem e.t.v. varðar stolt með vissum hætti, eftir því sem rökin eru sett fram, að það sé mannréttindamál að mega vera sjálfstæður skattþegn. Annað heyrist mér nú stundum núna en að það sé eitthvert sérstakt mannréttindamál að mega borga skattana. Menn vilja auðvitað borga sem minnsta skatta og það er kannski löngu liðin sú tíð að menn segðu að enga peninga inntu þeir af hendi með eins mikilli gleði eins og þá sem gengju til almannaheilla. Það var reyndar þáv. borgarstjóri í Reykjavík sem sagði þessi frægu orð fyrir löngu síðan og átti við útsvarið.

En hvað um það. Ég hygg að þau mannréttindi sem felast í því að bæta kjör hins heimavinnandi fólks gangi framar þeim réttindum sem felast í því að leyfa þeim að borga sérstaka skatta. Þess vegna skora ég nú á þm. Kvennalistans að styðja þær hugmyndir sem verða til þess að létta einmitt og bæta í gegnum skattkerfið kjör þeirra sem heima vinna. Það er sú leið sem er framkvæmanleg en ekki hin sem þm. nefndi og ég er henni sammála um að ekki er framkvæmanleg eða menn hafa a.m.k. ekki fundið framkvæmanlega leið enn þá til þess að hið opinbera ákveði allsherjar launagreiðslur inn á hvert heimili. Með því að skipta skatttekjum til helminga, hvort hjónanna sem aflar teknanna, það kemur ekki málinu við, er hið opinbera auðvitað ekki að meta í eitt skipti fyrir öll hvað á að telja að tekjuöflunin sé mikil, heldur er það bara rétt eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Og auðvitað er það svo að tekjur hvers og eins ganga til hins sameiginlega heimilis. Ég tel að einmitt þetta atriði sé mikið jafnréttisatriði, að það sé viðurkennt að vinnuframlag beggja hjóna sé þeirra á meðal jafnmikils virði. Það myndum við viðurkenna með þessu.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að þetta er ekki umræða um skattalög, en með því að umræðan leiddist aðeins inn á þær brautir að fjalla um það hvernig best væri tryggt jafnrétti hjóna í fjárhagslegu tilliti, eða þeirra sem reka sameiginlegt heimili, tel ég að þetta skipti máli í því sambandi. Að öðru leyti tel ég aðalatriðið þetta að því er varðar þetta mál sem hér liggur fyrir og vissulega er um hið merkasta viðfangsefni. Það væri æskilegast fyrir framgang þess og tilgang að það kæmi með samræmdum hætti inn í hið stóra lífeyrissjóðafrv. sem ég veit ekki betur en að væntanlegt sé á nýju ári.

Ellert Eiríksson:

Herra forseti. Ég ætla að stinga hér inn örfáum orðum í þessa umræðu og sérstaklega út frá þeim spurningum sem menn hafa verið að velta fyrir sér hvort ætti að meta vinnuframlag kvenna til króna og aura og hvort þetta sé hagstætt fyrir sveitarfélög og ríkið að taka upp lífeyrissjóð húsmæðra og greiða þar í.

Hv. 16. þm. Reykv. taldi að það gæti orðið torsótt að sækja þetta mál þar sem menn væru íhaldssamir, sérstaklega í sveitarstjórnum, og mundu kannski ekki taka það vel upp að taka þessa greiðslu á sig.

Ég nefni tvö dæmi sem eru mjög einföld. Kona sem tekur að sér að vera húsmóðir og að gæta barna á leikskólaaldri sparar sveitarfélagi fyrir hverja fjóra klukkutíma sem hún gætir barnsins heima 3000 kr. á mánuði. Það er niðurgreiðslan sem sveitarfélagið lætur af hendi til þess að gæta barnsins. Ef þetta barn er á dagheimili í átta stundir með fæði eru það 13 000 kr. á mánuði sem niðurgreiðslan er.

Í annan stað hafa menn velt fyrir sér við hvaða stétt manna eigi að miða þegar á að reikna út lífeyrisgreiðslur. Ég gat um það hér fyrr í umræðunni að það væri ekki óeðlilegt að miða við starfsstéttina fóstra eða fóstru og við skulum gefa okkur það að fóstra hafi 40 000 kr. í dagvinnulaun, það er svona meðalfóstra á þeim launum. Þá væri greiðsla sveitarfélags í lífeyrissjóð húsmæðra af launum fóstra 1600 kr., þ.e. 4% af 40 000 kr. Þannig að fyrir einn mánuð greiddi sveitarfélagið í lífeyrissjóð viðkomandi húsmóður 1600 kr. en ef hún gætti barns síns í hálfan dag mundi það spara sveitarfélaginu 3000 kr. útgjöld á hinn bóginn.

Ef við svo göngum lengra og skoðum hvað hinn þátturinn kostar sem er enn þá dýrari og margir þekkja, það er umönnun aldraðra sem ekki komast á stofnanir þar sem þeir virkilega þarfnast hjúkrunar. Það liggur á bilinu 3–6 þús. kr. sólarhringurinn og jafnvel dýrara. En bara stofnanir sem hafa umönnun sjúkra aldraðra fyrir sitt meginverkefni kosta samfélagið þetta. Og þær húsmæður, af því að hér er talað um kvenfólk og ég vil leyfa mér í öllu jafnréttistalinu að halda mig við það, sem taka það hlutverk að sér á heimilum, hvort það er til lengri eða skemmri tíma, spara með sínu vinnuframlagi stórfé þannig að lífeyrisgreiðslur fyrir þann tíma sem þær vilja vinna inni á heimilum er örugglega smámál ef allt dæmið er tekið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd vegna þess að ég hygg að hv. 7. þm. Norðurl. e. hafi ekki heyrt allar spurningarnar sem komu frá hv. 5. þm. Vesturl. vegna skvaldursins á bak við hana. Hann spurði í þriðja lagi nefnilega um afstöðu okkar gagnvart þeim heimilum sem rekin væru af samkynhneigðum.

Ég sé ekkert á móti því að þetta hljóti að eiga við slík heimilisform einnig, þó að ég reikni reyndar ekki með að það séu mörg slík heimili sem svo háttar til að annar aðilinn sé eingöngu heima við heimilisstörf, en sé svo þá sé ég ekki nokkuð sem mælir gegn því að sá aðili njóti sömu réttinda því, eins og við sögðum, húsmóðurtitillinn fylgir þeim sem er heima og sinnir þessum störfum.

Svo vildi ég aðeins koma inn á það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það að ekki væri víst að það væri skynsamlegt að ganga frá þessu máli einu og sér, eins og hér er lagt til, heppilegra væri að taka á því ásamt öðrum lífeyrisréttindamálum í heild sinni. En það er einmitt það sem við óttumst að stjórnvöldum þyki heppilegt. Við óttumst að það mundi tefja mjög að réttindaleysi húsmæðra í þessum efnum væri leiðrétt. Þess vegna vildum við ítreka þetta og fá umræðu um það hér inni á Alþingi og það höfum við svo sannarlega fengið, og það þakka ég.

Í þriðja lagi vildi ég svo gera athugasemd vegna orða síðasta hv. ræðumanns sem minnti á verðgildi starfa húsmæðranna og nefndi ýmis dæmi um það. Undir það tek ég og þar var aðeins fátt eitt nefnt og það er kannski enn ein ástæðan fyrir því að við höfum talið að ekki væri rétt að taka á þessum málum í skattalöggjöfinni sérstaklega vegna þess að við skulum ekki gleyma því hvað heimavinnandi húsmæður spara gífurlega mikil útgjöld heimilanna og hvílíkur kostnaður fylgir því oft þegar báðir aðilarnir vinna úti. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að svolítill munur sé á skattagreiðslum heimilanna eftir því hvort annar aðilinn er heima eða ekki.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég efa það ekki að hvor nefndin sem er mundi fjalla ágætlega um málið og vinna vel að því, en ég vek athygli á að lífeyrissjóðamálin, sem voru í félmrn. fyrir nokkrum árum, fluttust í fjmrn. Þetta hygg ég að rétt sé, ekki kann ég að greina hvaða ár þetta var, en fjmrn. hefur þetta núna með höndum. Ef menn líta svo á að mál sem þar eiga heima ættu heima í fjh.- og viðskn. væri það réttara að senda málið í þá nefnd.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Með tilliti til orða hv. 3. þm. Reykv., að fjmrn. fari með þessi mál nú og hér hafi orðið breyting á, fellst ég á þau rök að vísa málinu til fjh.- og viðskn., enda kom fram hjá flm. áðan að þeir leggja það í vald forseta að úrskurða um þetta efni. Ég ber því upp tillögu um að vísa frv. til fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 23:1 atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 168. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 182.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt Kjartani Jóhannssyni að flytja frv. til l. um breytingu á lögum nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

1. gr. orðast svo:

„Við 3. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari mgr. málsl. 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og fram kemur í nafni laganna frá 1922 fjalla þau um fiskveiðar í landhelgi Íslands. Landhelgi Íslands var þá lítil og veiðar á Íslandsmiðum voru bein samkeppni við íslensk veiðiskip. Það var verið að veiða á sömu fiskislóð og við gjarnan með lítil skip og léleg í þeim veiðum við hliðina á fiskveiðiskipum erlendra þjóða sem beittu annarri og meiri tækni. Þessi lög voru því á sínum tíma sjálfsögð vörn okkar til að draga úr möguleikum þeirra til fiskveiði hér við land.

Nú hefur margt breyst á þessum tíma. Í dag erum við með 200 mílna landhelgi og einnig höfum við samið um veiðirétt þar fyrir utan á vissum svæðum.

Í baráttu okkar fyrir því að fá þessa landhelgi hygg ég að óhætt sé að fullyrða að engin þjóð hafi reynst okkur betur en Færeyingar. Á örlagatímum í þeim átökum veittu þeir okkur þann stuðning að loka sínum höfnum og fyrir þjónustu við skip þeirra

þjóða sem reyndu þá að halda uppi fiskveiðum við landið í trássi við vilja Íslendinga. Það vinarbragð er eitt af því sem þessi þjóð má aldrei gleyma, að Færeyingar sýndu þá svo afdráttarlausan stuðning að slíkt hlýtur að lifa. Þeir spurðu þá ekki um hvort það kæmi illa við þá sjálfa gagnvart mörkuðum annarra ríkja.

Ég undirstrika að mér finnst í sjálfu sér að hér sé verið að gera svo sjálfsagða hluti að ekki þurfi að rökstyðja þá þó ég vilji reyna að gera það enn frekar en ég hef nú gert og vík þá að Grænlandi.

Við austurströnd Grænlands er innan þeirrar landhelgi verulega stórt hafsvæði sem þeim er ekki fært að nýta nema eiga aðgang að íslenskum höfnum. Ef þeir ættu sjálfir að nýta þetta hafsvæði þyrftu þeir að eiga móðurskip fyrir sinn flota, þá þyrftu þeir að hafa þar nokkurs konar úthafsflota, og sér hver maður að miðað við þann stutta tíma sem þeir gætu athafnað sig þar á veiðum væri það mjög óhagstætt þeim. Þeir hafa því gripið til þess ráðs að leigja veiðirétt á þessu hafsvæði. Ef þeir aftur á móti eiga það víst að hafa löndunarrétt í íslenskum höfnum gætu þeir byggt upp eigin flota til að stunda veiðar á þessu svæði án þess að þurfa að notast við móðurskip. Þá gætu þeir landað í íslenskum höfnum og það yrði tvímælalaust til að efla atvinnustarfsemi hér á landi.

Ég tel að þessi granni okkar eigi það miklu meira en skilið að við Íslendingar veitum honum stuðning í þeirri baráttu sem hann á í fyrir efnahagslegu sjálfstæði.

Það er þó rétt að undirstrika alveg sérstaklega að ég er sannfærður um það einnig að þessi breyting yrði til að auka svo viðskipti þessara þriggja þjóða að það yrði þeim öllum til ávinnings.

E.t.v. mun einhver segja að vegna þess að við höfum ekki að fullu náð samkomulagi við Grænlendinga varðandi loðnuveiðar sé sjálfsagt að hafa lögin óbreytt og hafa það vopn til að veifa að við getum lokað íslenskum höfnum fyrir grænlenskum skipum. Ég tel að þessi þjóð verði minni, smækki mjög ef hún telur að slíkur vopnaburður sé réttur.

Ég er þeirrar skoðunar að á Íslendingum hvíli mikil skylda í samskiptum við þessa þjóð. Óneitanlega erum við næsti granni hennar og hljótum af þeirri ástæðu einni að hafa við hana miklar skyldur. Einnig verður því ekki á móti mælt að lega Íslands gerir að verkum að við erum eina þjóðin sem raunverulega getur veitt þeim verulegt lið í efnahagslegri sjálfstæðisbaráttu þeirra á þann hátt að þeir geti nýtt sína landhelgi, landhelgi sem þeir eiga og engin deila er um, geti nýtt hana með sínum eigin veiðiskipum. Hitt geta menn svo hugleitt líka hvort sá kostur er góður fyrir Íslendinga í framtíðinni ef Grænlendingar bjóða þessar veiðar að staðaldri út til erlendra stórþjóða sem munu þá koma þar með úthafsflota og stunda þar veiðar. Ætli það verði auðvelt að átta sig á því hve mikinn afla slíkur floti veiðir á hverjum tíma?

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál fái góða meðferð á Alþingi Íslendinga og tel mig ekki þurfa að hafa hér um fleiri orð, en legg til að frv. verði vísað til sjútvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir frv. um breytingar á lögum frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands. Þessi gömlu lög, sem eru komin til ára sinna, gætu vissulega þurft endurskoðunar við í ljósi ýmissa þátta, þar á meðal ákveðinnar óvissu sem ríkir um túlkun þeirra í sambandi við nýtingu landhelgi okkar og önnur tengd lög sem eru frá því um svipað leyti, en þau mál voru rædd á síðasta þingi, þar á meðal um rétt útlendinga til þess að gerast þátttakendur í íslenskri fiskvinnslu og íslenskum fiskiðnaði. Hér er vissulega ekkert slíkt á ferðinni heldur er þetta mál flutt af góðum hug til nágrannaþjóða sem, eins og hv. fyrri flm. þessa máls hefur rakið, studdu okkur, og þá sérstaklega Færeyingar, í okkar landhelgisbaráttu á sínum tíma. Ég tek fyllilega undir að við þurfum að rækta samstarf við þessa granna okkar og það fremur en við aðrar þjóðir og Alþingi Íslendinga hefur tekið ákveðin skref í því sambandi með því að gerast aðili að Vestnorræna þingmannaráðinu, þar sem samskipti milli þessara grannþjóða eru til sérstakrar meðferðar, og ég hygg að reynslan af starfsemi þess ráðs þingmanna frá þessum þremur löndum hafi þegar orðið gagnlegt.

Ég tel hins vegar að það þurfi að gæta sín vel áður en tekin eru ákvarðandi skref með lagabreytingu um þessi efni. Í fyrsta lagi sú ákvörðun sem í því fælist að veita þessum þjóðum fortakslaus sérréttindi í sambandi við rétt til fiskveiða innan landhelginnar eða til að vera undanþegin því ákvæði sem um er fjallað í 1. gr., þ.e. að landa hér afla og eiga samskipti við okkur með þeim hætti. Ég held að við þurfum að taka á þessu máli í samhengi við ýmis önnur hagsmunamál sem hafa verið til umræðu á milli þessara landa að undanförnu. Hv. 1. flm. gat einmitt um eitt slíkt málefni sem tengist báðum umræddum þjóðum, en það er spurningin um skiptingu á loðnustofninum á Norður-Atlantshafi þar sem óútkljáð eru þýðingarmikil mál sem varða okkar hagsmuni og samskipti við þessar grannþjóðir okkar. Þetta snertir sérstaklega Grænland en þó með óbeinum hætti einnig Færeyjar sem hafa fengið hlutdeild í loðnuveiðum á hafsvæðum norður af Íslandi og skipting á þessum þýðingarmikla veiðistofni er óleyst.

Ég vil út af fyrir sig alls ekki mæla með því að við gerum réttindi af því tagi sem hér er gerð tillaga um að einhverri verslunarvöru. Ég er ekki að tala um það í því samhengi. En við hljótum samt að taka á samskiptamálum með tilliti til okkar eigin hagsmuna um náskyld efni í rauninni þar sem er hagnýting á sjávarauðlindum á þeim hafsvæðum sem undir þessi ríki heyra.

Þetta vildi ég segja hér. Ég teldi eðlilegt að um mál af þessu tagi væri ekki aðeins fjallað í sjútvn., eins og hér er lagt til, heldur að það væri einnig tekið

til meðferðar á vettvangi utanrmn. Alþingis, ekki með formlegum hætti heldur í tengslum við ýmis efni, sem þar eru rædd og sem tengjast nýtingu fiskistofna, og önnur samskipti milli þessara grannþjóða.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur nú sagt ýmislegt af því sem ég vildi hér sagt hafa og ég hyggst ekki endurtaka það. Ég vil hins vegar leyfa mér að taka nokkru dýpra í árinni varðandi þetta frv. en hann gerði.

Ég gæti aldrei greitt frv. sem þessu atkvæði mitt og rök mín eru þessi: Það er ekkert eins mikilvægt samstarfi Norðurlandaþjóða eins og að hver þjóð líti á aðra sem jafningja. Hér segir í grg. að við séum í þessu tilviki gagnvart Færeyingum og Grænlendingum stóri bróðir. Ég hygg að við sem í Norðurlandaráði sitjum viljum ekki láta segja slíkar setningar við okkur sem væri ástæða til í öllum öðrum tilvikum. Vissulega eigum við að eiga gott samstarf og e.t.v. styðja betur við bakið á Grænlendingum og Færeyingum þar sem þurfa þykir en öðrum Norðurlandaþjóðum en þó einungis í örfáum tilvikum. Það höfum við raunar sýnt í verki með þeirri þingmannanefnd sem hv. 2. þm. Austurl. minntist á áðan.

Þegar kemur að sameiginlegum hagsmunum Grænlendinga og Íslendinga varðandi fiskveiðar eigum við ekki að gera neinar undantekningar varðandi Grænlendinga og Færeyinga. Ég vil minna á og ekki síst vegna þess að ég hef bæði á þingum Norðurlandaráðs og á öðrum vettvangi þar og hér á hinu háa Alþingi gagnrýnt Grænlendinga fyrir óbilgirni þegar þeir hafa leigt sameiginlega fiskistofna sína og Íslendinga Efnahagsbandalaginu án þess að sjá minnstu ástæðu til að ræða við íslensk stjórnvöld.

Ég minni á að nú í nýlegum leiðangri Hafrannsóknastofnunar, nánar tiltekið Bjarna Sæmundssonar og áhafnar hans, kom í ljós að öll súla loðna sem nú er að finna er raunar í grænlenskum höfum. Við megum ekki gleyma því eitt augnablik að við höfum lagt á það mikla áherslu, og þess hygg ég að hæstv. fyrrv. sjútvrh. sem hér er staddur minnist, og reynt að fylgja þeirri stefnu að nýta sameiginleg auðæfi hafsins í bróðerni á jafnréttisgrundvelli. Þar eigum við engar undanþágur að gefa einum eða neinum. Slík mál verða að vera samningsatriði hverju sinni að mínu viti.

Ég hef stundum sagt við þá grænlensku bræður, systur eru því miður engar í Norðurlandaráði, að Grænlendingar megi ekki ætlast til að við tölum annars vegar við þá eins og misviturt fólk talar við fatlað fólk vegna þjóðfélagslegs ástands þar og hversu skemmra þeir eru komnir en við á mörgum sviðum sem er fullkomlega eðlilegt, en á hinn bóginn geti þeir hagað sér eins og stórveldi sem ráðskast með sameiginlega hagsmuni beggja þjóðanna. Þetta vil ég leggja mikla áherslu á og hingað til hafa þeir grænlenskir starfsbræður mínir ekki tekið þetta sérlega óstinnt upp og hafa skilið þetta sjónarmið.

Ég hef hins vegar oft minnst á það hér í þingsölum, úr því að við erum farin að tala um samskipti þessara þjóða, að það er á margan annan hátt sem Íslendingar hefðu átt og ættu, og því fyrr því betra, að aðstoða Grænlendinga þar sem við höfum yfirburði, svo sem á sviði tæknimenntunar. Við höfum stofnað fyrir nokkrum árum styrktarsjóð, svokallaðan Grænlandssjóð, sem átti að vera til þess, ef ég man rétt, að vinna að samstarfi Íslendinga og Grænlendinga, og að mínu viti hefur heldur vandræðalega til tekist um þennan sjóð. Ég gerði það einhvern tímann að tillögu minni, óformlega að vísu, hér í þingsölum að við byðum Grænlendingum aðstoð við að verkmennta nokkra Grænlendinga árlega. Við höfum efni á því og við getum það, og það er alkunna að slíkar starfsstéttir vantar á Grænlandi. Þar held ég að við gætum, vitaskuld að höfðu samráði við þá, komið þeim til aðstoðar en við skulum einnig gæta þess vel að vera ekki að ráðskast með málefni Grænlendinga án þess að hafa samráð við grænlensk yfirvöld.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt enda þm. farnir að þreytast og enn eftir langir fundir, en ég verð að lýsa því yfir að frv. sem hv. 2. þm. Vestf. hefur flutt og, eins og hér kom áður fram, eflaust af góðum hug, get ég ekki undir neinum kringumstæðum stutt nema því verði breytt verulega. Ég held að það hljóti að brjóta í bága við þá grundvallarafstöðu að á Norðurlöndum og í Norðurlandasamstarfi er enginn stóri bróðir. Þar erum við öll jöfn.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Frv. fjallar um breytingu á lögum sem eru 65 ára gömul og voru sett við allt aðrar aðstæður en nú eru og í raun og veru hafa verið sett mörg önnur lög síðar sem ákveða um rétt til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem er nú eins kunnugt er 200 sjómílur en var 3 sjómílur, og leyfi þegar þessi lög voru sett til að veiða í flóum og víða inni í stærri fjörðum en þá var nauðsynlegt að koma í veg fyrir óhóflega veiði útlendinga rétt uppi í landsteinum.

Ég skil vel hvað vakir fyrir flutningsmönnum þessa frv., að það er vafalaust flutt af mjög góðum hug til þessara tveggja grannþjóða okkar, bæði Færeyinga og Grænlendinga. Ég held að það sé rétt að endurskoða þessi gömlu lög. Að meginefni eru þau að mínum dómi orðin úrelt. Hitt fer ekki á milli mála að við eigum sameiginlegt hafsvæði einkum með þessum tveimur grannríkjum okkar, sameiginlegra hafsvæði en með nokkrum öðrum ríkjum. Þess vegna held ég að við eigum að nýta þær heimildir sem eru fyrir hendi jafnvel með öðrum hætti en gert hefur verið. Ég tel ekki rétt, þó að það sé margt rétt í því sem hv. 13. þm. Reykv. sagði hér áðan um óbilgirni Grænlendinga í samstarfi við okkur, að neita t.d. um löndun úr grænlenskum skipum sem hingað leita vegna bilunar og þess háttar. Ég held að við eigum a.m.k. að sýna í þessu tilfelli meira frjálslyndi en oft hefur verið gert.

Ég tel að það hefði átt, og það fyrir löngu, að vera búið að breyta þessum lögum og fella þau inn í önnur og yngri lög því að meginákvæði þessara 65 ára gömlu laga, eins og ég sagði áðan, eru orðin úrelt.

Varðandi það sem hv. 13. þm. Reykv. sagði um Grænlandssjóð verð ég að segja það eins og er að þessi sjóður er afskaplega veikur og það sem auðvitað má setja út á hann er það að Ísland skuli ekki hafa tekið myndarlegar á því og bætt við framlög til hans. En oft á tíðum er það að þegar menn flytja mál sem þeir hafa áhuga fyrir, og ég var 1. flm. þess máls á sínum tíma, leggja menn ekki í að hafa upphæðir mjög háar eða skuldbindingar í langan tíma. Maður lagði meira kapp á það að koma málinu fram. Ég tel að því fjármagni sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar til að veita sem styrki hafi yfirleitt verið vel varið og nú er farið að veita námsmönnum frá Grænlandi lán hér en það hefur verið lítið um þá námsmenn. Það hefur e.t.v. verið meira á því sviði að auka samskipti Grænlendinga við Íslendinga og þá á sviði hinna fjölmörgu menningar- og íþróttamála. Um það má deila hvort það hefði átt að veita þetta fjármagn eða ekki en sjóðstjórnin hefur ávallt verið sammála um allar fjárveitingar úr sjóðnum. Við höfum talið þetta rétt á meðan ekki var beðið um meira til náms hér á Íslandi en gert er ráð fyrir. En núna sýnist manni margt benda til þess að þarna sé ísinn brotinn og þá verðum við að taka tillit til þess, eða þeir sem með stjórn þessa fara. Hitt væri bæði mér og fleirum kærkomið ef Alþingi tæki sig til og yki framlög til þessa sjóðs þannig að það væri meira úr að spila.

Ég vil ekki lýsa yfir á þessari stundu afdráttarlausri andstöðu við frv. Ég tel að það sé flutt í mjög góðum tilgangi, tilgangi sem ég hef mikla tilfinningu fyrir, en ég tel að heppilegra væri að þetta mál færi í þann farveg að þessi gömlu lög væru endurskoðuð, jafnvel með það í huga að fella þau inn í önnur lög, t.d. lögin um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að ræða frv. nokkuð og fara jafnframt fram með nokkurri gát. Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér að þetta er í eðli sínu gott mál og flutt af góðum vilja, samstarfsvilja. Hins vegar geðjast mér ekki eins vel að þeim hugsunarhætti sem kemur fram í grg. með frv. þar sem segir m.a., með leyfi forseta: „Við erum í þetta sinn stóri bróðir.“ Það er eitt af grundvallaratriðunum í samvinnu þessara smáþjóða, Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga, að sú samvinna eigi sér stað á jafnréttisgrundvelli. Við erum enginn stóri bróðir í þessu samstarfi og eigum ekki að láta að því liggja með einum eða öðrum hætti.

Það sem rak mig frekar í ræðustól voru umræður sem hér voru hafnar um Grænlandssjóð sem er eitt merkilegasta mál sem samþykkt hefur verið á hinu háa Alþingi um samskipti Íslendinga og Grænlendinga. Einhver viðhafði þau orð að þessi sjóður hefði lítið gert og að litlu orðið en mig langar vegna sjóðsins að nefna um það ákveðin dæmi hvernig hann hefur komið grænlenskum menntamönnum að verulegu gagni, verulegum notum. Nú er til að mynda ungur maður við nám í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði og það að hann getur stundað þar nám er Grænlandssjóðnum að þakka. Það eru peningar frá þeim sjóði sem gera honum kleift að vera hér, í landi sem er tiltölulega dýrt að búa í. Hér þarf hann bæði að greiða húsaleigu og uppihald og það leiðir aftur hugann að því hvaða möguleika grænlenskir nemendur eiga á því að stunda skólanám á Íslandi yfirleitt.

Ég hef verið að skoða þetta mál nokkuð og á tímabili datt mér í hug að það kynni að vera ráð og opin leið að Lánasjóður ísl. námsmanna kæmi þessu fólki til stuðnings. Líklega er það ekki hægt, en einhverja aðferð þurfum við að finna til að greiða götu þess fjölda Grænlendinga sem vill miklu heldur koma til Íslands og stunda skólanám hér en í Danmörku. Þetta væri eitt af þeim málum sem við gætum greitt fyrir ef vilji væri fyrir hendi hér á hinu háa Alþingi. En umræður um samskipti þessara smáu ríkja eru af allt of skornum skammti. Það er fyrst þegar við hyggjum á einhvern útflutning til Grænlands, þegar peningamálin koma við sögu, að við förum að ræða samskipti þessara tveggja landa.

Ég vil líka geta þess að það er starfandi ráð, Vestnorræna þingmannaráðið, sem heldur fundi árlega. Það hefur ályktað um margvísleg samskiptamál Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga. M.a. voru á síðasta fundi sem haldinn var í Færeyjum fyrir ekki löngu samþykktar margvíslegar ályktanir sem sendar voru viðkomandi ríkisstjórnum og landsstjórnum til fyrirgreiðslu. Þau mál sem áður hafa verið samþykkt á fyrri fundum þessa ráðs hafa yfirleitt ekki fengið neina afgreiðslu hjá viðkomandi stjórnvöldum. Við förum yfir lista um mál sem höfðu verið samþykkt fyrir hálfu öðru eða tveimur árum á fundi sem haldinn var á Selfossi í þessu ráði. Það kom í ljós að ríkisstjórnir og landsstjórnir, heimastjórnir þeirra landa sem um ræðir, höfðu nákvæmlega ekkert gert með þessar tillögur. Í þessum efnum er því auðvitað pottur brotinn.

Ég hirði ekki um að ræða meira um þessi mál en það væri fyllsta ástæða til að taka upp hér á hinu háa Alþingi vandaða umræðu um samskipti þessara þriggja ríkja. M.a. þyrftum við að ræða samstarf okkar varðandi Norður-Atlantshafið, fiskveiðamálin og mengunarmálin sem ég hef orðið mjög verulegar áhyggjur af. Það var samþykkt tillaga þess efnis í Vestnorræna þingmannaráðinu að sett yrði á fót stofnun þessara ríkja sem eiga land að Norður-Atlantshafinu og hafa verulegra hagsmuna að gæta. Ég vona að sú tillaga komi hér fram innan skamms svo að við getum rætt hana. Þessi mál þyrftum við að ræða miklu meira og miklu oftar. Það fer lítið fyrir þeim hér á þingi nema í einstaka tilvikum þegar viðskiptamálin koma meira við sögu.

En varðandi frv. vil ég aðeins segja það að lokum,

herra forseti, að ég hygg að menn skyldu fara með nokkurri gát í það að samþykkja það og það þarf að skoða í tengslum við önnur mál eins og réttilega hefur komið hér fram.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt til þess að afstaða mín fari ekki á milli mála og vegna orða hv. 1. þm. Vestf. Ég var að sjálfsögðu ekki að mótmæla því að Grænlendingar og Færeyingar fengju undanþágur, heldur finnst mér ástæðulaust að þær komi til og verði til alveg sjálfkrafa. Ég sé ekkert á móti því að það sé samningsatriði eins og það hefur verið og ákvörðunaratriði hverju sinni. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram. Það kann að vera að ég hafi í ræðu minni verið neikvæðari en ætlunin var, en ég held að það sé fengur að frv., þó ekki væri til annars en að fá nokkrar umræður um samskipti þessara þjóða eins og hér hefur komið fram. Ég er í raun og veru sammála öllum þeim sem hafa tekið til máls um það að frv. þarfnist breytinga og þetta vildi ég bara að kæmi skýrt fram svo að enginn misskildi mig í þá veru að ég væri alfarið á móti öllum undanþágum Grænlendingum og Færeyingum til handa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég vil bara vekja athygli á því ef forseta er það ekki kunnugt að það er búið að fresta fundi í Ed. til þess að formenn þingflokka og forsetar geti ráðið ráðum sínum ofurlítið um tilhögun þingstarfanna í kvöld og ég tel alveg nauðsynlegt, ef þessar umræður lengjast mikið úr þessu, að fundi verði frestað og okkur sem störfum í þessari virðulegu deild gefinn kostur á því að taka þátt í þeim samráðsfundi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem flm. hefur tjáð mér að hann geti lokið umræðunni með örfáum orðum vænti ég þess að honum leyfist það því að fleiri eru ekki á mælendaskrá. Mun ég því gefa hv. 2. þm. Vestf. kost á því að mæla örfá orð og ljúka síðan fundi.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka þá líflegu umræðu sem hér hefur orðið. Ég undirstrika það að sú setning í grg. sem mesta gagnrýni hefur hlotið er ekki hugsuð til að niðurlægja Grænlendinga á nokkurn hátt og stendur heldur ekki til að reyna að lögfesta hana.

Ég undirstrika það að frv. fjallar ekki um veiðar í íslenskri landhelgi. Frv. fjallar aftur á móti um réttinn til að landa hér fiski sem veiddur er utan íslenskrar landhelgi.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. að ég vil ekki gera það að verslunarvöru hvort við leyfum löndun hér eða ekki. Ég vil að við leyfum þessa löndun, blöndum henni ekki saman við neitt annað, og með því móti munum við draga úr skaðsemi landamæra á þessu svæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

22. fundur, fimmtudaginn 10. des., kl. 20.30 síðdegis.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 84/1986, um breyt. á l. nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frv. þetta er ekki stórt í sniðum og er reyndar ef svo má segja gamall kunningi hv. þm., a.m.k. þeirra sem setið hafa á þingi undanfarin ár, því að fyrir jólahlé Alþingis á hverju ári að undanförnu hefur verið flutt frv. samhljóða þessu sem fjallar um það að fresta gildistöku laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, hvað varðar Reykjavíkurlæknishérað og heilsugæsluumdæmi í Garðakaupstað.

Eins og menn vita er í þessum tveimur læknisumdæmum enn starfað eftir eldri lögum um heilsuvernd og gildir því í reynd tvenns konar kerfi í landinu. Það er viðbúið að það taki enn nokkurn tíma að koma á heilsugæslukerfinu eins og lögin um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir og reyndar er rétt að það komi hér fram að um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir. Ég hef hins vegar fullan hug á að reyna til þrautar að taka upp það form sem lög um heilbrigðisþjónustuna gera ráð fyrir, en það hefur ekki á undanförnum vikum unnist tími til þess að ræða það við hlutaðeigandi aðila hjá Reykjavíkurborg. Við höfum hins vegar verið í viðræðum við bæjarstjórn Garðakaup-

staðar um þessa kerfisbreytingu og vænti ég þess að náðst geti um það samkomulag fljótlega á næsta ári að taka upp það heilsugæsluform sem lögin gera ráð fyrir.

Ég ítreka það að við höfum ekki enn hafið viðræður við Reykjavíkurborg um þetta efni, en reiknað er með því að gera það fljótlega á næsta ári. Hins vegar er ljóst að þetta tekur nokkurn tíma, ekki síst vegna þess að um það er ekki fullt samkomulag og það er hugsanlegt að við þurfum að leita eitthvað annarra leiða í þessu efni. Þess vegna er gert ráð fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en í árslok 1988. Um það hljóðar þetta frv. Það er aðeins í tveimur greinum. Fyrri grein frv. hljóðar svo:

„1. gr. laga nr. 84/1986 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu í Garðakaupstað skal frestur þessi standa til ársloka 1988."

2. gr. er: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég vænti þess að það þurfi ekki að taka langan tíma að afgreiða þetta mál hér í hv. Alþingi að þessu sinni þar sem hliðstætt frv. hefur oft verið til umfjöllunar áður og hvernig svo sem fer með málið á næsta ári eigi það ekki að þurfa að hafa áhrif á afgreiðslu málsins nú. Ég vænti þess að allir séu sammála um það að nauðsynlegt sé að veita þennan frest á gildistöku laganna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það er orðinn árviss viðburður að frv. orðrétt samhljóða þessu sé borið fram hér á hinu háa Alþingi. Fyrir þá nýja þm. sem komið hafa til liðs skal það upplýst um þetta mál að ástæðan fyrir því að það er flutt ár eftir ár eftir ár er að borgarstjórinn í Reykjavík og meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur vill ekki lúta lögum um heilbrigðisþjónustu sem hið háa Alþingi hefur samþykkt. Hver ráðherrann á fætur öðrum hefur látið bjóða sér að bera fram þetta frv. ár hvert og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Hversu lengi á þetta grín að ganga?

Ég held að áður en okkur verður frekar misboðið hér á hinu háa Alþingi verði heilbrigðisyfirvöld að gera þetta upp við sig: Á að afnema lög um heilbrigðisþjónustu nr. 84 frá 1986 eða á að halda áfram að láta Reykjavík og Garðakaupstað líðast að hundsa lög um heilbrigðisþjónustu? Um það snýst þetta mál.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er aðeins út af ummælum hv. 13. þm. Reykv. Hún spyr mig hversu lengi eigi að líðast að láta þau sveitarfélög sem hér um ræðir hundsa lög um heilbrigðisþjónustu. Ég reyndi að gera grein fyrir því þó framsagan væri kannski ekki ítarleg að við höfum þegar hafið viðræður við bæjarstjórn Garðakaupstaðar um þetta mál og ég vænti þess að um það náist samstaða fljótt á næsta ári að taka upp það heilsugæsluform sem lögin gera ráð fyrir. En ég hef ekki á undanförnum vikum og ekki enn haft tíma né tækifæri til þess að taka upp alvarlegar viðræður um það við borgaryfirvöld í Reykjavík hvernig málum skuli hagað hér, en gerði grein fyrir því áðan að ég persónulega legg áherslu á það að okkur takist að ná því fram en vakti einnig athygli á því, svo að mönnum sé það líka ljóst, að um þetta er ekki fullkomin samstaða. Hér gildir í raun tvenns konar form. Það kann að vera að við þurfum að leita einhvers samkomulags í því efni og þá getur svo farið að það kalli á lagabreytingu, en um það er ég ekki tilbúinn að tjá mig á þessu stigi frekar. Mín ósk eða skoðun er sú að það form sem lög nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu, gera ráð fyrir eigi að taka upp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Einhverjum kann að virðast svo við fyrstu sýn að hér sé á ferðinni mál sem ekki sé ástæða til að aðrir hv. þm. ræði en fulltrúar Reykvíkinga og þá þeir sem gæta eiga hagsmuna Garðakaupstaðar og hæstv. heilbrrh. En svo er ekki. Það kemur auðvitað öllum hv. alþm. við hvernig lög um heilbrigðisþjónustu eru starfrækt eða virt í landinu og ég verð að segja eins og er að mér hefur lengi þótt það býsna óeðlilegt, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, að ákveðin sveitarfélög, fáein sveitarfélög, skuli ár eftir ár eftir ár þrjóskast við með þessum hætti að taka upp hið nýja fyrirkomulag sem búið er að vera lögbundið um árabil. Og ég vil leyfa mér að halda því fram að í raun og veru sé það merki um vanþróaða þjónustu á þessu sviði að haldið er með þessum hætti í gamalt fyrirkomulag sem ákveðið var á einni tíð að breyta. Það liggur við að manni detti í hug að það sé ástæða fyrir hæstv. heilbrrh. að fá til þess stuðning í ríkisstjórninni að taka upp sérstakt þróunarverkefni fyrir þessi svæði til þess að koma hér á skikkanlegri og nútímalegri heilsugæslu á grunnþrepi þeirrar þjónustu.

Það er almennt viðurkennt að fátt er líklegra til þess að leiða til sparnaðar í heilbrigðisþjónustunni í heild sinni en öflug og vel skipulögð starfsemi á undirstöðuþrepum. Því er ekki til að dreifa að mínu mati hér á þessu svæði þar sem skipulagið er allt úr böndum og ekki um regluleg hverfi með eðlilegum þjónustusvæðum að ræða.

Það var búið að vinna talsvert að því á sínum tíma að taka upp þetta kerfi hér í Reykjavík er mér kunnugt um, en ég hygg að það starf hafi að mestu leyti ónýst sökum þess að ákveðnir aðilar hafa spyrnt við fótum og þrjóskast við að framkvæma lögin eins og þau eru í gildi.

Ég bendi einnig á það að þau sveitarfélög sem tekið hafa upp þessa þjónustu á síðustu árum smátt og smátt, þar í hópi eru nokkuð stór bæjarfélög sem breyttu úr sambærilegu kerfi og hér hefur verið við lýði yfir í heilsugæslustöðvar eða heilsugæslukerfi, til

að mynda Akureyri, telja af því góða reynslu. Það er viðurkennt og ég hygg að það sé auðvelt að leiða að því vitni ef menn vilja, að þar eru menn almennt ánægðir með þann árangur sem þetta kerfi hefur skilað. Að vísu hefur það í sumum tilfellum væntanlega kostað sveitarfélögin eitthvað meiri peninga. En þjónustan er betri og það er um flesta hluti betra skipulag.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrmrh.: Hefur verið gerð einhver úttekt á kostnaði sem því er samfara að þetta fyrirkomulag hefur ekki fengist tekið upp hér í Reykjavík og þá á ég við heildarkostnað með tilliti til þjónustunnar sem veitt er? Það er ekki nægjanlegt að horfa bara á kostnað eins aðila í þessu sambandi, til að mynda hvort sveitarfélagið kemur ofurlítið betur eða ofurlítið lakar út, heldur hvernig samfélagið í heild, sveitarfélag og ríki, hvað þessi þjónusta í heild sinni kostar með hinu mismunandi fyrirkomulagi og hver greiðir hvað. Ég held líka að það sé óheppilegt fyrir ýmissa hluta sakir sem hægt væri að tíunda, svo sem eins og starfsaðstöðu þeirra sem sinna þessari þjónustu, að hafa þetta mismunandi fyrirkomulag í einu eða tveimur sveitarfélögum á landinu. Ef hæstv. heilbrrh. verður að óskum sínum og viðræður hans við Garðakaupstað skila þeim árangri að þar verði tekið upp skipulag samkvæmt heilbrigðislögunum verður Reykjavík orðin eina sveitarfélagið á landinu, ef ég hef skilið rétt, sem mundi áfram vera á undanþágum hvað þetta snertir og það er að mínu mati mjög óeðlilegt fyrirkomulag. Það er ekkert þannig vaxið í Reykjavík öðrum stærri sveitarfélögum fremur sem réttlætir það eða rökstyður að þetta fyrirkomulag eigi ekki að takast upp þar eins og annars staðar. Ég undirstrika því það sem mína afstöðu að það hljóti að vera algjörlega tímabundin undanþága sem Alþingi veitir með þessum hætti og það eru auðvitað ómarkviss vinnubrögð að gera þetta ár eftir ár eftir ár án þess að fyrir liggi einhvers konar áætlun eða einhver niðurstaða um það hvenær menn ætli þá að láta lögin taka gildi. Ég hefði miklu frekar viljað afgreiða hér tveggja eða þriggja ára undanþágu fyrir Reykjavík og þess vegna Garðakaupstað ef því hefði verið samfara samþykkt áætlun, samkomulag ríkis og sveitarfélaga um að að þeim tíma liðnum yrði hið nýja fyrirkomulag tekið upp, enda hefði þá verið unnið að því á þeim tíma. En þetta eru handabakavinnubrögð að mínu mati að afgreiða þetta alltaf í tímahraki fyrir hver áramót því að það er virkilega stórt mál sem skiptir miklu, bæði hvað varðar þjónustuna við almenning og eins útgjöld sem eru auðvitað geysistór til þessa málaflokks, hvernig skipulag heilbrigðisþjónustunnar er. Og ég endurtek það: Það hefði verið fróðlegt ef hæstv. heilbrmrh. gæti upplýst eitthvað um kostnað í þessu sambandi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég get nú ekki orða bundist. Hér tala hv. þm. eins og þeir sjái ekki lengur neinn mun á mesta þéttbýli landsins og mesta strjálbýli landsins. Annað heyrist mér stundum í umfjöllun um mál hér á hv. Alþingi.

Og hví skyldu menn vera svo sannfærðir um að það sé sáluhjálparatriði að fyrirkomulagið sé nákvæmlega sams konar og henti jafnvel í jafnmiklu þéttbýli og hér er í Reykjavík eins og t.d. víða í kjördæmi hv. síðasta ræðumanns? Auðvitað gegnir allt öðru máli í héruðum þar sem áður á tíð var mjög erfitt að fá lækna til starfa og þeir voru mjög tregir til þess að starfa þar sem þeir voru einir á báti. Þetta gjörbreyttist eftir að heilsugæslustöðvafyrirkomulagið var tekið upp þannig að menn gátu leyst hver annan af hólmi og haft ýmiss konar aðstoðarfólk úr heilbrigðisþjónustunni.

Það vill svo til að hér í Reykjavík er fjöldi manna sem telur henta að reka gamla heimilislæknakerfið við hlið heilsugæslustöðvanna og það vill svo til að þetta getur ágætlega farið saman þegar svo háttar um byggðina eins og gerir í borginni. Það þarf auðvitað ekki að fara um þetta mörgum orðum, en ég tel að það sé ómögulegt að láta jafnaugljósan hlut ósagðan þegar menn láta eins og þeir sjái hann ekki. Og vitanlega á mismunandi kerfi að geta starfað hlið við hlið eftir því sem fólkið í borginni óskar eftir því. Heimilislæknakerfið er ekki dýrara en heilsugæslustöðvakerfið nema síður sé, að sjálfsögðu ekki. Og hvernig má það vera ef menn líta svo á að það eigi að skipta borginni upp í algjörlega afmarkaða kjarna þar sem heilsugæslan er rekin eins og í strjálbýlli byggð? Það eru engin rök sem mæla fyrir því nema ofskipulagning.

Nú er vel hægt að hugsa sér það ef menn eru sannfærðir um að þetta þjóni fólkinu betur. En við erum bara afskaplega mörg þeirrar skoðunar að það þjóni fólkinu betur að geta valið sér fyrirkomulag þjónustunnar og það er viss kostur sem þéttbýlið býr yfir að þessu leyti til að það er auðveldara að koma því við. Og það er rétt. Þéttbýlið hefur vissa kosti. Það hefur marga ókosti, en þar sem það hefur kosti, hví skyldum við þá endilega reyna að koma í veg fyrir þá?

Það hefur ekkert gerst sem hefur sannfært nægilega marga um það að það sé nauðsynlegt eða skynsamlegt að taka upp nákvæmlega skipulagt opinbert heilsugæslustöðvakerfi hér í Reykjavík eins og víða er heppilegt út um landið. Þetta vildi ég láta koma fram til þess að það væri ljóst að hér er ekki um það að ræða að menn þverskallist við að fara að lögum. Það er einmitt farið að lögum. Þetta frv. er hér borið fram til þess að farið sé að lögum. Ef lögin eru allt öðruvísi en Alþingi telur að henti á viðkomandi stað breytir Alþingi þessum lögum og það er það sem stendur fyrir dyrum núna.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Þessar umræður eru allar hinar undarlegustu, einkum ræða síðasta hv. ræðumanns. Það væri skrýtið ástand í þjóðfélaginu ef eitt og eitt sveitarfélag gæti þrátt fyrir lög hagað sér að eigin geðþótta og fengið Alþingi til þess að veita sér

árlega undanþágu frá því að fara að lögum. (**RH:** Það eru lög sem Alþingi ætlar að samþykkja.)

Nú er það svo að þeir sem hafa átt aðgang að heilsugæslustöðvum hafa kunnað harla vel að meta þá þjónustu. Ekki alls fyrir löngu var okkur, nokkrum þm., boðið að skoða heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi. Ástandið í Reykjavík er á þann veg að heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi hefur orðið að þjóna stórum hverfum Reykjavíkurborgar, þ.e. Hagahverfinu og Melahverfinu. Nú tilkynntu yfirmenn þessarar stofnunar okkur að þeir gætu þetta ekki lengur vegna þess að þeir hafa gert einmitt það sem ætlast var til af heilsugæslukerfinu. Þeir hafa tekið inn alla heilbrigðisþjónustu í bæjarfélaginu. Þeir eru t.d. í áföngum að taka inn almenna skólaskoðun grunnskólabarna sem er stórlega vanrækt í Reykjavík, ef hv. þingheimi er það ekki ljóst.

Ástandið í heilbrigðismálum grunnskólabarna í Reykjavík er ekki neitt til að hrósa sér af og þeir fáu hjúkrunarfræðingar, sem þar starfa enn þá, hafa kvartað sáran yfir því að ráða á engan hátt við þá almennu heilsugæslu sem lögbundin er í grunnskólum. Síðan hefur bæst við vaxandi vandi andlegs eðlis meðal skólabarna sem að sjálfsögðu á sér rætur í gjörbreyttum þjóðfélagsháttum þar sem samfélagið hefur á engan hátt komið til móts við þarfir barnanna í fjarveru foreldra allan daginn. Þetta þekkja borgarfulltrúar í Reykjavík mætavel og þetta ættu hv. þm., a.m.k. hv. þm. Reykjavíkur, að þekkja. Hér er um að ræða dynti meiri hluta borgarstjórnarinnar í Reykjavík en hann, með borgarstjórann, virðulegan, í fararbroddi, þrjóskast í lengstu lög við að fara að lögum um heilbrigðisþjónustu. Hið sama er uppi á teningnum í Garðakaupstað.

Nú vill svo til að hæstv. heilbrrh. er að þessu sinni ekki alveg slagsbróðir þeirrar stjórnmálastefnu sem hv. meiri hl. borgarstjórnar er fulltrúi fyrir. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrmrh.: Má vænta þess að hann taki af skarið og krefjist þess að samningar takist með þessum tveimur bæjarfélögum um að þau fari að þeim lögum um heilbrigðisþjónustu sem hið háa Alþingi hefur samþykkt eða ætlar hæstv. heilbrmrh. sér að breyta lögum í samræmi við duttlunga þessara manna? Ég hlýt, sem þm. Reykv., að krefjast afdráttarlauss svars. Ég vil ekki í tíð þess hæstv. heilbrmrh. sem nú situr á valdastóli þurfa að standa að afgreiðslu þessa máls einu sinni enn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég er reyndar tvívegis í þessari umræðu búinn að lýsa skoðun minni á þessu máli og hvað ég hefði sjálfur haft áhuga á og vilja til að gera og ég mun auðvitað reyna að beita mér fyrir því að koma þeim vilja mínum fram. Ég hef líka gert grein fyrir því og þarf nú víst ekki að tíunda það oftar því að það hefur þegar komið fram í umræðunni að um þetta eru menn auðvitað ekki alveg sammála og ég hef áður sagt það hér að ég vildi leita leiða til þess að ná fram þeim sjónarmiðum sem lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir og því formi á heilsugæsluþjónustunni en viðurkenni líka að það er auðvitað ekki allt ómögulegt með það form sem hér ríkir í dag. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Ég vil ekki og þori ekki og tel mig ekki hafa á því neitt mat, að segja að sú þjónusta sem menn veita hér í dag í læknamiðstöðvum og á heilsuverndarstöð sé ekki fullkomin þjónusta að gæðum. Ég vona að hún sé það og þykist vita að hún sé það. Ég tel hins vegar að margt og reyndar miklu fleira mæli með því að tekið sé upp það form sem almennt gildir og ég vænti að eftir samninga við Garðakaupstað, sem ég hef fulla ástæðu til að álíta að muni takast, verði það aðeins Reykjavíkurlæknishérað sem gegnir öðru máli með. Ég held ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta eða mínar skoðanir á því eða minn hug til málsins.

Út af fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. um úttekt á kostnaði verð ég að segja honum og öðrum hv. þm. að það hef ég ekki hér fyrir mér og ég veit ekki hvort sá samanburður hefur verið gerður. A.m.k. hefur hann ekki verið gerður nú nýlega og sjálfsagt yrði hann æði vandasamur. Það er margt sem þarf að taka inn í þann samanburð, t.d. þá skyldu ríkisins að leggja fram 85% af stofnkostnaði heilsugæslustöðva þegar þær eru upp byggðar. Sannleikurinn er nú sá að okkur hefur ekki tekist að standa nægjanlega vel við þá skyldu okkar hér í Reykjavík. Það ætti hv. þm. kannski ekki að vera ókunnugt um, síst nú í dag, vegna þess að ég hygg að um það hafi dálítið verið fjallað á göngum og kannski í gluggakistum, eins og stundum er sagt, hvernig eigi að skipta þeim milljónum sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að varið sé til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Við vitum það að einmitt sú umræða hefur farið fram í dag til undirbúnings afgreiðslu fjárlagafrv. á næstu dögum.

Hér er auðvitað um kostnaðarsama uppbyggingu að ræða. Það þekkjum við öll og vitum. Það þyrfti verulegt fjármagn til þess að ríkið gæti staðið við sinn hlut í því. Sums staðar hefur það form verið tekið upp að heilsugæslustöðvar hafa leigt húsnæði fyrir sinn rekstur, þó nokkrir staðir sem svo er háttað með í dag, og sjálfsagt væri hægt og væri eðlilegt að það gilti a.m.k. til að byrja með hér í Reykjavík einnig ef okkur tækist að ná um þetta fullu samkomulagi eins og heilbrigðisþjónustulögin gera ráð fyrir. En við höfum áreiðanlega ekki fjármuni á næsta eða næstu árum til þess að kaupa húsnæði eða byggja yfir heilsugæslustöðvar allar eins og þyrfti.

Í rekstrarkostnaði læknamiðstöðvanna sem hér eru reknar er gert ráð fyrir greiðslu frá ríki til að standa undir húsnæðiskostnaðinum og öðrum kostnaði sem þar er lagt út fyrir og ég hygg að geti verið mjög hliðstæður þeim kostnaði sem við þurfum að leggja út í heilsugæslustöðvunum án þess að ég hafi um það nákvæman samanburð og get þess vegna ekki svarað fsp. hv. þm. um það hvað sá samanburður kynni nákvæmlega að leiða í ljós. Ég skal hins

vegar gjarnan athuga það hvort eitthvað slíkt liggur fyrir í heilbrrn. og koma því þá til heilbr.- og trn. þegar hún fjallar um málið þannig að menn hafi þá allar þær upplýsingar sem ég get útvegað og ráðuneytið getur látið í té. Það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að verða við því. Ég vona hins vegar að það þurfi ekki að fara öllu meiri tími í umræður um þetta mál hér. Þetta er í raun ekki mjög stórt mál í eðli sínu. Okkur er það öllum ljóst að það verður ekki neitt samkomulag um breytingar á þessu kerfi sem hér gildir á þeim dögum sem eftir lifa til áramóta og ef við ætlum ekki að brjóta lög eins og hefur komið fram í umræðunni er nauðsynlegt að fá fram þessa lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það yrði að sjálfsögðu ekki þannig að við brytum lög þó að við breyttum þeim ekki til þess að Reykjavíkurborg bryti ekki lög. En ég tel það alveg einstaklega vel við hæfi að ræða heilbrigðismálin og hafa uppi umræður um það og frumvarp um heilbrigðislög opið hér á þinginu á sama tíma og í tengslum við þá manneldisstefnu sem birtist í tollafrv. hæstv. ríkisstjórnar þar sem aðallega á að lækka sælgæti, gosdrykki, sykurvörur og ýmislegt slíkt en hækka fisk, brauð, kornmeti og ávexti og aðrar hollustuvörur. Og það er auðvitað ekki illa varið þeim tíma yfirleitt sem menn taka til þess að ræða ofurlítið um heilbrigðisþjónustuna því að þar er um stóran málaflokk að ræða.

Ég kom þó aðallega upp til þess að leiðrétta það sem hv. 3. þm. Reykv. hefur augljóslega misskilið í mínu máli hér áðan að ég væri að taka dæmi úr einhverjum einmenningshéruðum eða strjálbýlum sveitahreppum norður í landi þegar ég var að tala um skipulag heilbrigðisþjónustu og hvernig ég teldi að því væri best fyrir komið í Reykjavík. Ég tel Akureyri til að mynda ekkert sérstakt strjálbýli, hv. 3. þm. Reykv. Þar starfar heilsugæslustöð með 10–11 læknum og þar er auk þess rekin sérfræðiþjónusta úti í bænum frá sjúkrahúsinu. En þar er komið á það skipulag fyrir Akureyri og nágrannahreppa að undir þessari sömu stofnun og út frá henni er öll hin skipulagða heilbrigðisþjónusta rekin fyrir utan sjúkrahúsarekstur. Allt eftirlit, allar skoðanir er þar samræmt og stjórnað frá einum stað og þar koma allir þeir aðilar sem þessum verkefnum sinna saman undir einni tiltekinni stjórn. Þetta held ég að sé til mikilla muna betra en það kerfi sem er hér í Reykjavík þar sem heimilislæknar eða þeir sem annast þá þjónustu eru oft og tíðum úr öllum tengslum við afganginn af hinni skipulegu heilbrigðisþjónustu. Niðurstaðan er líka sú að hér eru þúsundir manna án heimilislækna, nánast utan við grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Ef hv. 3. þm. Reykv. hefur áhyggjur af blessuðu frelsinu einu sinni enn í þessum efnum, að menn geti ekki valið sér lækna eða valið sér menn í þessum efnum, þá er það bara misskilningur, hv. þm. Það er nefnilega þannig að á heilsugæslustöðvum er nákvæmlega jafnauðvelt að koma því við að menn velji sér lækna. Það var nákvæmlega þannig fyrirkomulag sem Akureyringar tóku upp. Þar getur hver og einn bæjarbúi komið á heilsugæslustöðina og valið sér lækni eftir því sem hver og einn annar að taka við. Það var sem sagt sameinað að þessu leyti það kerfi sem fyrir hafði verið og það sem við tók að eftir sem áður gátu menn innan skipulags heilsugæslustöðvarinnar valið sér sína heimilislækna. Það er ekkert því til fyrirstöðu að koma því þannig fyrir. Hv. 3. þm. Reykv. þarf því ekki að hafa áhyggjur af blessuðu frelsinu sínu sérstaklega í þessum efnum.

Það er hins vegar öllum ljóst sem til þekkja að ýmiss konar tvíverknaður og sóun á sér stað vegna þess að heilbrigðisþjónustan á grunnþrepum er ekki nógu vel skipulögð. Það leiðir til aukins kostnaðar í efri þrepum inni á stofnunum og ég er alveg sannfærður um að sjúkrahúsareksturinn í Reykjavík er miklu dýrari en hann þyrfti að vera vegna þess hvað heilbrigðisþjónustan á lægstu þrepum er illa skipulögð. Ég leyfi mér að fullyrða það. Og ég spái því að ef hæstv. heilbrmrh. gerði á þessu rækilega úttekt hér á þessu svæði kæmist hann að þeirri niðurstöðu að bráðavaktir sjúkrahúsanna, sólarhringsvakt barnadeildar Hringsins og fleiri slík þjónusta á stofnununum hér á svæðinu er ásetnari, er dýrari vegna þess að skipulag heilbrigðisþjónustunnar á neðri þrepum er ekki nógu gott. Þetta þýðir kostnað, þetta þýðir lélegri þjónustu og það kemur öllum alþm. við sem eru að ræða hvort sem er heilbrigðismál eða að ganga frá fjárlögum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það skal vera örstutt. Einungis til að bæta einu atriði við þá umræðu sem hér hefur farið fram vil ég benda á að fyrrv. hæstv. ráðherrar hafa talað um forvarnarstarf, menn hafa talað fjálgum orðum um forvarnarstarf í heilbrigðismálum. Hvernig er komið forvarnarstarfi í kynfræðslumálum, tannverndarmálum, áfengisvarnamálum og hverju sem heiti hefur? Ástæðan fyrir því að þetta er allt í skötulíki hérna hjá okkur er að þetta er óskipulagt. Og þetta verður ekki skipulagt nema gegnum heilsugæslukerfið. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. að lokum: Hvernig ætlar hann að samræma forvarnarstarf í heilbrigðismálum ef áfram á að hafna lögum um heilbrigðisþjónustu á þéttbýlissvæðunum?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, 2. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73, n. 236.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft frv. til athugunar. Hún telur æskilegt að veita þessa heimild til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og mælir því með að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Áður en frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins er tekið á dagskrá finnst mér eðlilegt að fá upplýst af hálfu hæstv. forseta og forustu hér í þinginu hvort það sé hugmyndin að taka þetta mál á dagskrá í kvöld til þess aðeins að ræða hluta af málinu en ekki að taka það fyrir í heild. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að það liggi fyrir áður en þetta mál er tekið hérna á dagskrá með hvaða hætti menn ætla að ganga þar til verka. Ég sé ekki að það geti gengið upp á neinn hátt ef svo er að hér eigi að mæla aðeins fyrir áliti meiri hl. félmn. í sambandi við þetta mál og brtt. og skil ekki hvaða tilgangi slíkt ætti að þjóna ef það er hugmyndin, en vonandi er að svo sé ekki.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi skal upplýst að milli deildarforseta og formanna allra þingflokka varð nú fyrir stundu algert samkomulag um meðferð þessa máls og vonandi hefur það samkomulag komist til skila inn í viðkomandi þingflokka að það verður mælt fyrir þessu máli á þessum fundi. Síðan verður umræðunni um málið frestað til að gefa ráðrúm til að átta sig á málinu og þeim brtt. sem við það eru. Er það vegna óska m.a. frá fulltrúum stjórnarandstöðuflokka um þessa meðferð málsins. Síðan verður málið tekið til umræðu á laugardag og er samkomulag um að ljúka því hér í deildinni á laugardag. Þetta er það samkomulag milli þingflokksformanna og forseta sem liggur fyrir um afgreiðslu þessa máls.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Ég kem aðeins í stólinn til að mótmæla því að á fundi forseta og þingflokksformanna hafi verið samstaða um að taka aðeins til umfjöllunar hluta þessa máls í kvöld. Það er ekki rétt. Ég mótmælti því hvað eftir annað og þykir leitt ef svo lítið mark er tekið á orðum mínum að það er talið samkomulag þegar ég er ekki sammála.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram til að það valdi ekki misskilningi að það er ekki mín óskamálsmeðferð að umræðan um þetta mál sé slitin í sundur með þeim hætti sem raun verður á væntanlega. Hins vegar mótmæltum við því og vildum ekki að þessi umræða færi hér fram af þeim ástæðum að bæði nál. og brtt. voru ýmist rétt að berast eða enn ókomin þegar við ræddum saman, forsetar og formenn þingflokka. En vegna mikils þrýstings frá forsetum, sem mér skildist að væri ættaður beint frá hæstv. ríkisstjórn, gat ég á endanum fallist á það fyrir mitt leyti í tengslum við víðtækara samkomulag um fleira á þinginu að sá háttur yrði hafður á að mælt yrði fyrir nál. meiri hl., sem mér skildist að væri mikið sáluhjálparatriði, varðaði jafnvel svo miklu sem lífi hæstv. ríkisstjórnar að talað yrði fyrir þessu nál. hér í kvöld, enda yrði þá ekki haldið lengur fram umræðunni þannig að mönnum gæfist eftir sem áður kostur á að undirbúa sig betur undir hana og hún færi þá fram nk. laugardag.

En ég undirstrika að auðvitað er þetta ekki æskileg málsmeðferð og auðvitað væri miklu æskilegra ef hv. stjórnarliðar féllust á að hafa alla þessa umræðu samfellda, en ég stend samt að því samkomulagi fyrir mitt leyti, sem ég féllst á í kvöld, að láta það gott heita að þessi háttur yrði hafður á.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Tveir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa komið í ræðustól og lýst því yfir að þeir telji því ekkert til fyrirstöðu að mál þetta verði tekið til 2. umr. með eðlilegum hætti í kvöld. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að komið hefðu tilmæli frá hæstv. ríkisstjórn um þá málsmeðferð að einungis yrði mælt fyrir nál. meiri hl. Ég kannast ekki við að slík tilmæli komi frá ríkisstjórninni og á ég ekki hlut að slíkri beiðni ef um það hefur verið rætt og það vildi ég láta koma fram. Ef þetta eru tilmæli frá stjórnarandstöðuflokkunum og fulltrúar tveggja þeirra hafa lýst yfir að það sé ekki að þeirra beiðni þessi málsmeðferð stendur aðeins eftir að það sé Borgarafl. sem hefur þá beiðni í frammi að húsnæðismálin verði ekki tekin fyrir með eðlilegum hætti á dagskrá deildarinnar í kvöld.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 18. þm. Reykv. vil ég taka fram að auðvitað tók ég mark á orðum hennar. Það fóru fram skoðanaskipti í þessum hópi um málið að sjálfsögðu. En þetta varð niðurstaðan eigi að síður.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þykir leitt að verða að segja það, en ég held að hæstv. félmrh. hafi tekist að

misskilja næstum hvert einasta orð sem ég sagði áðan. Ég tók sérstaklega fram að ég teldi þetta ekki æskilega málsmeðferð og mín ósk hefði verið sú að þetta mál yrði alls ekki tekið á dagskrá og rætt með eðlilegum hætti þegar eðlilegur frestur væri liðinn frá því að nál. hefði borist sem hefði verið á morgun eða þá á næsta þingfundi á reglulegum tíma. En vegna þess að mér skildist að mikil áhersla væri á það lögð að málið kæmist á dagskrá og yrði rætt féllst ég að endingu á að láta það gott heita að mælt yrði fyrir nál. meiri hl. Það var ekki mín ósk. Það var ekki mín tillaga. Hún var ættuð annars staðar frá. En ég hygg að stjórnarandstaðan öll hefði talið æskilegast að málið yrði ekki rætt fyrr en á réttum tíma.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er margt sérkennilegt sem ber við í skipulagningu þingstarfa, verð ég að segja. Það er mælt úr forsetastóli sem svar við fsp. minni hvernig því sé varið að hér sé verið að taka á dagskrá stórt mál þar sem nál. og brtt. kunna að hafa verið að berast á borð þm. síðustu mínúturnar eða síðasta 1–1½ klukkutímann. Það hefur enginn þingflokksfundur verið haldinn um þetta mál, ekki þar sem ég hef verið viðstaddur, og það hefur ekki verið kynnt neitt sérstakt samkomulag þar að lútandi. Og ég verð að segja það, hvernig svo sem að þessu máli er staðið, að ég tel það með miklum endemum ef á að fara að taka fyrir þetta umdeilda mál ríkisstjórnarinnar á kvöldfundi í hv. deild rétt um það leyti sem verið er að unga út nefndarálitum og breytingartillögum og þá með þeim hætti að það er aðeins meiri hl. félmn. sem ætlar að mæla fyrir sínu áliti og tala fyrir sínu máli hér. Ég gæti ímyndað mér að það væri efni í dagsfund að ræða um húsnæðismálin hér, ræða þau ítarlega, og ég hefði viljað sjá að þannig væri að þessu máli staðið. Ég held að það sé nokkur leitun að því að það sé verið að taka á dagskrá mál með þessum hætti eins og hér er að stefnt og ég mótmæli því að þannig sé að verki staðið og skora á hæstv. forseta að endurskoða þetta mál með tilliti til þess að sá laugardagsfundur, sem hefur verið kynnt að haldinn verði í hv. deild kl. 2, verði notaður til þess að hér fari fram eðlileg og væntanlega vönduð umræða um þetta þýðingarmikla mál sem við liggur að hafi riðið hæstv. ríkisstjórn að fullu.

Ég sá í Morgunblaðinu í morgun á bls. 2 nokkuð sem varðar þetta efni þar sem hæstv. forsrh. víkur að því verkfalli sem hæstv. félmrh. standi nú í gagnvart ríkisstjórninni vegna þessa máls. Hæstv. forsrh. gerir það með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ég hef í raun lítið um þetta að segja“, sagði forsætisráðherra Þorsteinn Pálsson er Morgunblaðið bar ákvörðun Jóhönnu undir hann. „Þetta er í fyrsta skipti svo ég viti til sem ráðherra fer í verkfall gagnvart Alþingi. Ég vona að þetta sprell tefji ekki framgang málsins og vona að Alþingi láti það ekki hafa áhrif á störf sín þannig að frv. verði afgreitt eins og ekkert hafi í skorist. Hins vegar veit ég að mönnum er alveg ljóst að ekki er hægt að samþykkja lög með afturvirkri gildistöku“, sagði Þorsteinn.“

Nú hefur hæstv. félmrh. verið í meðferð í dag, það hefur ekkert farið leynt, og niðurstaðan úr þeirri sérstöku meðferð að hæstv. félmrh. láti af því sem hæstv. forsrh. kallar sprell í einu aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar — niðurstaðan er sú að hér eigi að taka fyrir þetta stórmál, húsnæðismálafrv., nær banabita ríkisstjórnarinnar, með þeim hætti að ég held að verði að teljast nokkuð einstætt í þingsögunni að eigi að fara að taka það hér fyrir og mæla þar aðeins fyrir nál. meiri hl. og tillögum en stjórnarandstaða láti ekkert til sín heyra. Það er að sjálfsögðu með öllu óeðlilegt, hæstv. forseti, að þetta mál sé tekið upp hér þegar komið er langt fram á kvöld.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kom svo seint inn í ræðu hæstv. félmrh. að ég heyrði lítið annað en að líklega væri það Borgarafl. sem stæði fyrir því að þetta er nær banabiti, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, ríkisstjórnarinnar sem við ræddum í kvöld. Það er rétt. M.a. stendur Borgarafl. að því að þetta var ekki rætt fyrr en á eðlilegum tíma. Ég sé ekki hvers vegna hæstv. ráðherra leyfir sér að ýta óeðlilega á mál þannig að þau fái ekki eðlilega meðferð. Hér er um stórt mál að ræða. Nál. eru að koma á borð þm. núna. Borgarafl. hefur gert brtt. og á eftir að ræða þær. Þær eiga eftir að fara í nefnd til athugunar. Ég verð að vona að hæstv. félmrh. haldi áfram á sömu braut og hóti næst að mæta ekki á fundi Alþingis, og standi við það, og ef ekki er hægt að afgreiða mál hér á eðlilegan hátt með eðlilegum umræðum fari hún úr ríkisstjórn og fari af Alþingi, ég sé ekkert eftir henni, þannig að við getum rætt mál eins og hæstv. forsrh. segir opinberlega. Ég hef ekki lesið Morgunblaðið, en ég hef hlustað á hæstv. forsrh. í opinberum fjölmiðlum og hann gefur í skyn að það skipti eiginlega engu máli hvort hæstv. félmrh. mætir almennt eða ekki til starfa. Hún getur ekki verið mjög áríðandi ráðherra úr því að málin fá sama framgang hvort sem hún er eða er ekki í ríkisstjórn. Ég vil undirstrika að Borgarafl. óskar eftir því, eins og stjórnarandstaðan öll, að þetta mál verði ekki á dagskrá þessa fundar þó svo að stjórnarandstaðan, ég veit nú ekki hver í henni, en einhver sem hefur þá heimild til, hafi samþykkt í matarhléi að kynnt verði nál. meiri hl. og þar með verði málið ekki frekar rætt í kvöld.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið í sambandi við þá umræðu sem nú fer fram að það er einmitt ætlunin að þetta mál fái ítarlega umræðu á laugardag og verði sá fundardagur tekinn til að fara rækilega yfir þetta mál sem hefur verið boðað að muni fá mjög ítarlega umfjöllun við 2. umr. Til þess er það fyrirkomulag, sem kynnt hefur verið hér, að málið fái ítarlega umfjöllun við 2. umr. þess.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég held að mér sé farið eins og öðrum þm. að vera farin að hugsa upphátt eftir þennan langa dag.

Hér var borin fram ósk af hálfu hæstv. forseta þess efnis að hér yrði einungis hlýtt á meirihlutaálit nefndar um frv. ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál. Þetta mun ekki rétt samkvæmt því sem hér hefur komið fram. Ríkisstjórnin hefur ekki óskað þess. Hæstv. félmrh. kannast ekkert við það.

Hæstv. forseti sagði jafnframt að um þetta hefði orðið samþykki á fundi með formönnum þingflokkanna. Það er heldur ekki rétt samkvæmt því sem fram hefur komið frá formanni þingflokks Kvennalistans. Ég hlýt því að spyrja eins og lítið barn: Hver hefur samþykkt hvað? Hvað samþykkti ríkisstjórnin að biðja um og hverju samþykkti stjórnarandstaðan að verða við?

Sá grunur læðist að mér að ekki sé einleikið að í báðum tilvikum er um framburð konu að ræða. Hér er um hæstv. félmrh. að ræða, sem er kona, og hér er um þingflokksformann Kvennalistans að ræða sem einnig er kona. Og ég hlýt að spyrja: Er ekkert mark tekið á þessum konum? Þær hafa báðar talað sínu máli svo að ekki verður um villst. Ég get sennilega ekki ætlast til að mikið mark verði heldur tekið á mér.

En ég vil líka spyrja hv. forseta: Kannast einhver við fordæmi þess að það sé kallað sprell af hálfu samráðherra annars ráðherra í ríkisstjórn ef menn fylgja sínum málum fast eftir? Ég minnist þess ekki. Gæti það líka verið vegna þess að umræddur ráðherra er kona? Þetta eru bara hugleiðingar. Mér finnst einhvern veginn að þetta sé ekki alveg einleikið.

Ýmislegt hefur gerst í ríkisstjórnum sem hér hafa setið að völdum að undanförnu og á undanförnum árum og þau ár sem ég hef fylgst með stjórnmálum. Ég man aldrei eftir, hversu vitlaus asnaspörk sem hæstv. ráðherrar hafa framið, að nokkur vogaði sér að kalla það sprell.

Ég held, herra forseti, að nú sé nóg komið í kvöld. Það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða þingheimi upp á. Mér er farið eins og hv. þm. Ég hef ekki augum barið þau nefndarálit sem var verið að leggja á borðið hjá okkur og að sjálfsögðu krefst ég þess að fá að lesa þau. Annars er eins gott að fara heim. Ekkert okkar er umræðuhæft um þau mál. Ég held að það væri best, herra forseti, að fresta þessum fundi um sinn, komast að því hver bað um hvað og hver samþykkti hvað og reyna að ákveða hvernig framhald þessa fundar verður.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Mér finnst að ýmislegt stangist á í því sem hv. þm. segja. Ég leyfði mér að taka orð forseta trúanleg um að þetta hefði verið sú málamiðlun sem menn hefðu komið sér saman um, orðið sú þrautalending sem menn hefðu komið sér saman um af því að skoðanir væru skiptar og ég ætla að halda mig við það þó að menn láti í ljós óskir um annað.

Ég skil ósköp vel að þegar menn hafa verið að fjalla um þessi mál hafa menn látið skoðanir sínar í ljós. Kvennalistinn var að því er mér skilst tilbúinn að taka málið í heild sinni í kvöld. Aðrir höfðu þá skoðun að það væri betra að taka málið í heild sinni á laugardag. En síðan stóðu menn í samningum og eins og gerist í samningum þá sömdu menn um eitthvað sem enginn var fyllilega ánægður með. Ég skil þetta þannig og ég vona að skilningur minn sé réttur. Og hvers vegna vona ég að skilningur minn sé réttur? Vegna þess að þetta er ekki bara mál alþm. Þetta er mál fólksins sem bíður úrlausnar. Við erum búin að vera með lokað húsnæðislánakerfi í marga mánuði. Ég held að ýmsir, ekki bara í þessum hóp heldur úti í þjóðfélaginu yfirleitt, séu orðnir gáttaðir á því hvað þetta þurfi að taka langan tíma.

Nú liggur fyrir að félmn. hefur komið sér saman um brtt. varðandi þetta, ekki bara meiri hluti nefndarinnar heldur eru líka tillögur frá minni hluta, og að því leytinu er okkur ekkert að vanbúnaði að taka þetta mál til umfjöllunar. Ég ætla að vona það þingsins vegna og þeirra vegna sem bíða eftir úrlausn, hvaða skoðanir svo sem menn hafa á málsmeðferð, að við greiðum nú fyrir því að þetta geti gengið almennilega fyrir sig, reynum að standa við það samkomulag sem hefur verið gert og vitaskuld að við sjáum til þess að málið í heild sinni komist sem fyrst í gegnum þingið fólksins vegna. Við verðum kannski að brjóta einhvern odd af oflæti okkar í þessu máli eins og ýmsir hafa greinilega orðið að gera.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en mér finnst brýnt fyrir þingið að halda nú áfram umfjöllun um málið eins og um hefur verið talað og að þetta geti gengið sem greiðlegast fyrir sig fólksins vegna.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur legið fyrir að ríkisstjórnin hefur frá því að þetta mál var lagt fram lagt áherslu á að það fengi afgreiðslu hið fyrsta. Um það varð ágreiningur. Hann hefur verið leystur í nefnd og það skiptir miklu máli, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, að málið nái fram að ganga vegna hagsmuna þeirra sem eiga viðskipti við Húsnæðisstofnun.

Á fundi í dag, sem ég sat ásamt með forsetum og formönnum þingflokka, lagði ég áherslu á að hér yrðu tekin til umræðu í kvöld tvö mál, það mál sem nú er á dagskrá og svo frv. sem lagt hefur verið fram um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, svo það komi alveg skýrt fram hvaða áherslur voru lagðar fram af minni hálfu á þeim fundi. Þá komu fram af hálfu þingflokksformanns Alþb. efasemdir um að það væri hægt að taka málið til umræðu, m.a. vegna þess að þá höfðu nefndarálit ekki öll borist, og því varð ekki niðurstaða um það á þeim fundi með hvaða hætti málið yrði tekið fyrir eða hvenær. Þegar

ég kom í þinghúsið eftir kvöldmat tilkynnti forseti þessarar hv. deildar mér að um það hefði orðið samkomulag að hér yrði mælt fyrir áliti meiri hl. félmn. og umræðu yrði síðan fram haldið á fundi deildarinnar á laugardag. Það er ekki óalgengt að umræður séu slitnar í sundur og umræða fari fram á tveimur fundum. Það eru fordæmi fyrir því. Þetta sýnir að það er vilji fyrir því að afgreiða þetta mál, enda hygg ég að allir hv. þm. taki undir að hagsmunir þeirra sem þurfa að sækja til Húsnæðisstofnunar eru hér í veði.

Aðeins vegna þess að hér var vitnað til blaðaummæla um að hæstv. félmrh. hafði lýst því yfir að hann kæmi ekki til ríkisstjórnarfundar til að mótmæla framgangi þessa máls á þingi, þá vil ég taka fram að auðvitað hefur ríkisstjórn Íslands ekki í hótunum við Alþingi um framgang mála og það vita menn að það er starfsskylda ráðherra að sitja ríkisstjórnarfundi. Ríkisstjórnarfundur hófst í morgun. Honum var frestað þá og fram haldið kl. 7 í kvöld og hæstv. félmrh. sat síðari hluta þess fundar og hefur því gegnt ráðherraskyldum sínum á þeim ríkisstjórnarfundi sem öðrum. En það er óþarfi að blanda því saman við framgang málsins hér því að það er ekki háttur ríkisstjórnar að hafa í hótunum við hið háa Alþingi um framgang mála, en eindregin ósk ríkisstjórnarinnar að málið fái hér greiða meðferð. Ég vona að það samkomulag sem gert var um málsmeðferð standi og það verði nú mælt fyrir áliti meiri hl. hv. félmn. og umræðunni síðan fram haldið á fundi deildarinnar á laugardag.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Nú er svo komið eins og málum hefur verið háttað í dag að það er kannski ekki auðvelt að átta sig á hvar ákvarðanir hafi verið teknar. Þó hygg ég að sú lýsing sem hæstv. forsrh. hafði hér á fundi forseta og þingflokksformanna fyrr í dag hafi verið rétt og þar hafi einmitt legið í loftinu óákveðið hvernig taka skyldi á húsnæðismálunum. Á fundi sem haldinn var síðar í dag með forsetum deilda og þingflokksformönnum var málum fljótlega þannig komið að það var ákveðið að taka húsnæðismálin fyrir í kvöld.

Ég vil enn ítreka að ég margendurtók þar að mér fyndist óeðlilegt að málinu yrði skipt upp eins og hér hefur síðan verið lagt fram og ég vil aftur mótmæla því, herra forseti, sem forseti hafði tvívegis orð á, að um það hefði verið samkomulag. Í fyrra skiptið sagði hann að hefði verið samkomulag allra og í seinna skiptið ítrekaði hann að það hefði verið samkomulag þingflokksformanna stjórnarandstöðu. Ég ítreka enn að svo var ekki, enda var ekki gengið til atkvæðagreiðslu og ég sætti mig auðvitað við að meiri hlutinn sem þarna var viðstaddur vildi haga málum svona. En ég var ekki sammála því.

Hitt er svo annað mál að úr því sem komið var fannst mér eðlilegt að þetta mál væri tekið fyrir í kvöld og við hefðum betri forsendur til að taka það fyrir en mörg önnur. Það eru fjölmörg mál sem liggja enn óleyst og óræddd, mörg stórmál sem eiga eftir að koma fyrir þingið og þetta mál er kannski það sem helst hefur verið til umfjöllunar því að langt er síðan þetta frv. var lagt fram. Það er sjálfsagt margbúið að fjalla um það í öllum þingflokkum og ég trúi ekki öðru en nefndarfulltrúar þingflokka skýri frá því í þingflokkum hvað fram fer í nefndum, bæði hvað þeir hafi lagt þar til mála og hvað aðrir hafi lagt þar til mála. Ég hélt því að menn væru a.m.k. í stakk búnir til að hlusta á nál., en að sjálfsögðu yrði svo málið tekið til áframhaldandi umræðu á laugardag. En ég áleit nú að það væri jafnvel heppilegra fyrir t.d. stjórnarandstöðu, sem væri að leggja þarna fram brtt. og sumar svo ítarlegar að þeir boðuðu að þeir þyrftu að gera það í löngu máli, að kynna sín mál í kvöld og menn hefðu þá aðstöðu til að hugleiða þau mál og fara yfir brtt. í tvo sólarhringa þangað til boðað væri til næsta fundar um húsnæðisfrv.

Að lokum vil ég svo þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir hennar orð og vona að hugsanir hennar hafi ekki átt við rök að styðjast.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil geta þess vegna orða hv. 18. þm. Reykv. að lýsing hennar á fundinum er alveg rétt. Hún mótmælti þeirri málsmeðferð sem samkomulag var um og var fullt mark á því tekið, en hún sætti sig, eins og hún sagði sjálf, við þá niðurstöðu sem varð af fundinum. Ég held því að hér séu komnar fram nokkuð greinargóðar lýsingar á þeim fundahöldum sem hafa verið um þetta mál í dag þannig að við gætum farið að stytta þessa þingskapaumræðu þó að ég sé að sjálfsögðu ekki að slíta henni. Ég álít samt rétt, þegar henni lýkur, að gefa tíu mínútna fundarhlé og við ræðum örlítið saman til að ákveða framgang mála á eftir þannig að það liggi alveg ljóst fyrir.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Það er mér fjarri að vilja lengja þessa umræðu um þingsköp, en ég vildi taka undir með hv. 4. þm. Reykn. að það er auðvitað skylda Alþingis að marka sem allra fyrst skýra stefnu í húsnæðismálum og tefja ekki framgang þessa máls. Það er ákaflega brýnt hagsmunamál almennings að fá bætt í húsnæðislánakjörin.

Það er ljóst af þeim orðum sem hér hafa fallið í kvöld að það má vera að umræður um þetta mál þurfi að taka lengri tíma en rúmast kann á þessum fundi. Um það hafði reyndar verið rætt á fundum forseta og forustumanna þingflokkanna í dag og gert um það samkomulag eða a.m.k. samkomulag að kalla um hvernig bregðast mætti við þeim vanda. Ég tel þarflaust að ræða það mál frekar, en bið eingöngu um það að til að flýta meðferð málsins verði þegar gengið til umræðu um dagskrármálið sjálft, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þannig má flýta meðferð málsins að menn fari eftir því samkomulagi sem til hefur verið vitnað. Kjarni málsins er sá að það er ekki nein ástæða til að tefja

þetta mál lengur og auðvelt að skipta umræðunni ef svo fer að menn telja þess þörf.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það hefur ýmislegt fróðlegt komið fram í þessari umræðu það sem af er. Hæstv. forsrh. hefur lýst því hér hvernig hann hefur komið í veg fyrir að hans mati opinbert verkfallsbrot hjá hæstv. félmrh. gagnvart ríkisstjórn og framlengt hennar setu í ríkisstjórninni með þeim hætti sem hann lýsti hér skýrt og skilmerkilega, enda hæstv. ráðherra þjálfaður í deilumálum af þessu tagi sem fyrrv. framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og hefur þurft að taka á vandasömum málum af skyldum toga eins og hefur verið upplýst og rætt, bæði í fjöllesnum blöðum og úr ræðustól á hv. Alþingi.

Ég hef síðan heyrt ræður þm. sem hafa lýst því að þeir beri lausn þessa máls mjög fyrir brjósti. Í rauninni allir, sem hafa vikið að efnisþætti málsins, sem er þó kannski ekki á dagskrá í þingskapaumræðum, hafa lýst því hversu nauðsynlegt sé að Alþingi marki loksins skýra og afdráttarlausa stefnu í sambandi við húsnæðismál. Ég er í hópi þeirra sem telja að það hefði fyrir löngu þurft að liggja fyrir lausn í því máli með allt öðrum hætti en tekist hefur fram að þessu og það er ekki ástæðan fyrir því að ég vek athygli á þessari sérstöku málsmeðferð hér að ég sé andsnúinn því að nú verði reynt að komast til botns í sambandi við þá málaflækju sem hefur staðið á stjórnarheimilinu vikum saman og leitt til verkfalla á því heimili.

Ég hins vegar ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel þá málsmeðferð sem hér á að leggja upp með með öllu óeðlilega, enda kom það fram í máli hæstv. forsrh. að hann virtist sömu skoðunar, að það væri mjög sérstætt að taka mál fyrir sundurgreint með þeim hætti sem var kynnt af hæstv. forseta, að hér yrði aðeins mælt fyrir meirihlutaáliti og hluta af brtt., sem hafa verið að berast inn á borð þm., en aðrir ætluðu að halda niðri í sér andanum fram á laugardag. Ég sé ekki í rauninni hvað veldur því að það á að fara að kljúfa umræðu upp með þessum hætti. Ég sé ekki betur en hér séu á dagskrá ýmis mál sem er búið að veita afbrigði fyrir, m.a. 2. dagskrármál, 4. dagskrármál og 5. dagskrármál sem er ekkert smámál, og ég spyr hæstv. forseta að því: Er illa varið þeim tíma sem við kynnum að hafa fram eftir nóttunni til að ræða þau mál og klára þau og taka síðan laugardaginn til þess að menn tjái sig nokkurn veginn við eðlilegar aðstæður um hinn stóra málaflokk, húsnæðismálin, sem svo margir bera fyrir brjósti að skilmerkileg lausn fáist á fyrir jólaleyfi Alþingis?

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 47, n. 240, 242 og 243, brtt. 222, 237 og 241.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. félmn., en meiri hl. skipa auk þess sem hér stendur hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 17. þm. Reykv., hv. 3. þm. Suðurl. og hv. 3. þm. Austurl.

Þetta mál er búið að vera í meðförum nefndarinnar frá því í byrjun nóvember og hefur fengið mikla umfjöllun. Nefndin hefur haldið tíu bókaða fundi um frv. og sendi það allmörgum aðilum til umsagnar 3. nóv. sl. Svör við beiðnum nefndarinnar um umsagnir bárust frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, Húsnæðisstofnun ríkisins, Landssambandi verslunarmanna, Félagi fasteignasala, BSRB og Lífeyrissjóði verslunarmanna. Enn fremur barst svar frá félmrn. um túlkun frv. með tilliti til reglugerðar.

Nefndin boðaði einnig nokkra aðila á sinn fund, m.a. Hallgrím Snorrason hagstofustjóra, sem veitti forstöðu nefnd sem samdi núgildandi lög nr. 54 1986, svo og framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson skrifstofustjóra, Grétar J. Guðmundsson, forstöðumann Ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunar, og Katrínu Atladóttur deildarstjóra.

Þá hafa einnig á síðari stigum komið á fund nefndarinnar Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, og Pálmi Kristinsson framkvæmdastjóri. Það var eðlilegt að boða þessa aðila á fund nefndarinnar þar sem var farið yfir þær umsagnir, sem þessi samtök höfðu gefið nefndinni, sem voru viðamiklar.

Eins og sjá má af þessari upptalningu taldi nefndin nauðsynlegt að fá sem gleggsta mynd af viðhorfum aðila til frv. sem hér er til umræðu á þskj. 47.

Gildandi lög eru reist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og fyrrv. ríkisstjórnar í febrúarsamningunum 1986 sem gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðir í landinu kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir um 55% af ráðstöfunarfé sínu, en á því byggist réttur einstaklinga til lána úr byggingarsjóðunum skv. núgildandi lögum. Aðilar vinnumarkaðarins töldu að ef breyta þyrfti núgildandi lögum þyrfti að hafa samráð við þá um þær breytingar eins og samið var um þegar þessi lög voru sett á sínum tíma. Gert er ráð fyrir samningum við alla lífeyrissjóði til tveggja ára í senn og á þessu hausti var samið við samtök lífeyrissjóða í landinu um skuldabréfakaup fyrir árið 1989 og 1990 sem er undirstaða svara við þeim umsóknum sem nú liggja óafgreiddar hjá Hús-

næðisstofnun. Aðeins fáir lífeyrissjóðir hafa gengið endanlega frá samningum þetta tímabil og er það vissulega áhyggjuefni og má e.t.v. skýra það með því að beðið er eftir því hvaða breytingar Alþingi kann að gera á núgildandi lögum.

Svör umsagnaraðila eða viðmælenda verða ekki rakin í nál. eða í þessari framsögu, en þau liggja öll saman fyrir í skjölum nefndarinnar. Rétt er að það komi skýrt fram að með frv. og þeim breytingum sem nefndin hefur gert á því og nefndin leggur til að verði samþykktar eru ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfi því sem komið var á vorið 1986. Með frv. er þó tekið fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á í húsnæðiskerfinu sem að er stefnt í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála virðulegrar ríkisstjórnar. Heildarendurskoðun þessa kerfis hlýtur að verða næsta skref í máli þessu með tilliti til fenginnar reynslu og fjölda ábendinga sem fram hafa komið innan þings og utan.

Nefndin hefur komið sér saman um brtt. sem eru í samræmi við þann tilgang frv. að tryggja betur forgang þeirra til lána sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu og takmarka sjálfvirkni útlána og draga úr þenslu á fasteignamarkaði. Frv. með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, mun hins vegar létta nokkuð á kerfinu með því að veittar eru heimildir til að skerða lán til þeirra er eiga fyrir fullnægjandi húsnæði og veita slíkum aðilum lán á lakari kjörum en þeim sem skipa forgangshópana. Kemur í því efni hvort tveggja til greina að stytta lánstíma og hækka vexti. Einnig gerir frv. ráð fyrir að unnt verði að færa í forgangsröð nokkurn hóp fólks sem á íbúð fyrir en býr í raun vegna þrengsla eða sérstaklega erfiðra fjölskylduástæðna við síst betri kjör en ýmsir sem ekki eiga íbúð fyrir. Þetta er veigamikið atriði.

Loks gerir frv. ráð fyrir heimild til að synja þeim um lán sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð, en samkvæmt upplýsingum sem bárust frá Húsnæðisstofnun voru það um 40 aðilar af þeim 10 300 sem sótt höfðu um lán frá 1. sept. 1986 til nóvember sl.

Mikilvægasta grein frv. er þó fyrir margra hluta sakir 2. gr. þess eins og félmn. hefur gengið frá henni, en þar er kveðið á um breytta skipan varðandi svör Húsnæðisstofnunar til umsækjenda. Með þeirri tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir með þessari breytingu er komið í veg fyrir að útgáfa svonefndra lánsloforða Húsnæðisstofnunarinnar verði áfram sú uppspretta efnahagslegrar þenslu og hækkunar að margra dómi á fasteignamarkaðnum sem verið hefur. Auk þessa er stofnuninni ekki gert að skuldbinda sig fjárhagslega nokkur ár fram í tímann sem er sjálfsagt mikilvægt atriði miðað við þessar aðstæður. Frá sjónarhóli almennrar efnahagsstjórnar er hér um mikilvægt atriði að ræða þótt hitt sé rétt að með þessu móti fá umsækjendur ekki jafnskjótt og áður örugga vitneskju um hvenær þeir fá sín lán afgreidd og hvernig. Það er mikill galli sem þó vegur ekki upp kosti þeirrar breytingar sem nefndin leggur hér til.

Í þeirri heildarathugun á húsnæðislánakerfinu, sem nefndin telur nauðsynlegt að ráðast í, eru nokkur atriði öðrum fremur sem brýnt er að tekin verði til sérstakrar athugunar.

Í fyrsta lagi ber að nefna nauðsyn þess að tryggja fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar þar sem nú er sýnt að vaxtamunurinn er orðinn miklu meiri en talið hefur verið að kerfið þyldi. Raunar er brýnt að þegar verði gerðar ráðstafanir til að minnka þann mun sem eru á teknum og veittum lánum Húsnæðisstofnunarinnar. Ákvörðun um það er á valdi ríkisstjórnarinnar og kallar því ekki á lagabreytingu nú. En ég undirstrika að að sjálfsögðu er aðalatriðið að styrkja húsnæðislánakerfið. Á því veltur framtíð þess.

Í öðru lagi þarf að kanna hvort grundvöllur geti verið fyrir því að flytja hluta verkefna Húsnæðisstofnunarinnar yfir í bankakerfið með samningum við lífeyrissjóði og bankastofnanir. Ég minni á að í núgildandi lögum eru ákvæði sem heimila húsnæðismálastjórn að leita slíkra samninga við bankakerfið, en á það hefur ekki reynt til þessa. Í þessu sambandi kemur til athugunar með hvaða hætti húsnæðisbætur í skattkerfinu geti komið í stað niðurgreiðslu vaxta. Það er mikilvægt mál sem ég vænti að bæði ríkisstjórn og alþm. hafi áhuga á. Jafnframt er rétt að kanna að nýju hugmyndir um að binda lán Húsnæðisstofnunarinnar við einstaklinga í stað íbúða. Þetta hefur verið til umræðu bæði þegar núgildandi lög voru sett og eins kemur þetta skýrt fram í áliti ýmissa samtaka sem hafa gefið umsögn um frv. sem hér er til umræðu. Þá kemur einnig til greina að skoða það að skipta heildarlánsfé milli kjördæma í samræmi við framlag lífeyrissjóða í einstökum kjördæmum.

Þá telur nefndin að þarft sé að kanna möguleika á sérstökum lánaflokkum til styttri tíma en almennt gerist og með breytilegum kjörum til að koma til móts við þarfir einstakra hópa sem ekki þurfa á stórum lánum til mjög langs tíma að halda. Ýmis fleiri atriði væri hægt að nefna sem fram hafa komið bæði í umsögn til nefndarinnar og einnig í umræðum í þjóðfélaginu.

Nefndin telur í sambandi við þetta mál að heildarendurskoðun á þessu kerfi verði hafin og er ekkert óeðlilegt að ætla að slíkri endurskoðun yrði að mestu lokið fyrir upphaf næsta Alþingis, þ.e. haustið 1988.

Herra forseti. Á sérstöku þskj. flytur meiri hl. félmn. brtt. við allar greinar frv. og tel ég ekki nauðsynlegt að fara ofan í þær. Þær eru einfaldar og skýra sig sjálfar, en að sjálfsögðu þarf að setja um þetta reglugerð.

4. gr. frv., um breytilega vexti, er felld út þar sem meiri hl. félmn. telur að ríkisstjórnin hafi nægar heimildir til vaxtaákvarðana í 30. gr. laga nr. 54 1986. Meiri hl. félmn. leggur áherslu á að reglugerðir um framkvæmd þessarar lagabreytingar verði gefnar út jafnskjótt og auðið er eftir að lög þessi hafa verið samþykkt. Það er hægt að geta þess að í allflestum umsögnum frá umsagnaraðilum, ekki síst frá heildarsamtökum vinnumarkaðarins og Húsnæðisstofnunar, kom fram krafa um að reglugerðir um lagabreytingarnar liggi fyrir þannig að hægt sé að átta sig í upphafi á hvernig framkvæma á þessa lagabreytingu.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Minni hlutar nefndarinnar munu skila sérálitum sem þegar hafa komið fram. Ég vil geta þess að Steingrímur J. Sigfússon, sem ekki á sæti í félmn., fulltrúi Alþb., sat alla fundi nefndarinnar og mun að sjálfsögðu gera grein fyrir afstöðu sinni.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja frekar þetta mál. Ég tel það óþarft. Þetta mál hefur verið mikið í umræðu og er ástæðulaust að lengja umræður við upphaf 2. umr. um frv. sem ég hef talað nokkuð um. Ég þakka nefndarmönnum svo og Steingrími Sigfússyni fyrir góð störf og ágæta samvinnu um meðferð þessa máls í félmn. Nd. Nefndin hefur ekki tafið afgreiðslu þessa máls á einn eða neinn hátt. Það hefur fengið í alla staði eðlilega þinglega meðferð og hefur verið reynt að vanda til þess að átta sig á viðhorfi einstaklinga og samtaka um hvernig að þessu máli þarf að standa. Ég vænti þess að hv. þingdeild geri slíkt hið sama og vandi það svo að það þurfi ekki að fara út og suður að afgreiða þetta mál á eðlilegan hátt.

Umræðu frestað.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 194. mál. — Þskj. 224.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, 194. máli á þskj. 224. Með þessu frv. er lagt til að breyta ákvæðum í alls átta lögum er varða samskipti ríkis og sveitarfélaga og auk þess ákvæðum í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, um verkefni Jöfnunarsjóðs og ákvæðum í lögum um skemmtanaskatt um ráðstöfun skattsins. Hér er um að ræða mál sem heyra undir nokkra ráðherra. Rétt þótti hins vegar, ekki síst með tilliti til þess hversu knappur tími er fram að jólaleyfi þm., að steypa þessum frumvörpum í einn frumvarpsbálk og er hann á þann veg lagður fyrir þingdeildina.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er fjallað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar segir að hún skuli gerð skýrari og við endurskoðun verði haft að leiðarljósi að saman fari í hverjum málaflokki ákvörðun, framkvæmd og ábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir taki að sér fleiri verkefni og jafnframt verði endurskoðaðir tekjustofnar sveitarfélaga í tengslum við breytingar á verkaskiptingu og skattkerfi. Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir 1988 ákvað ríkisstjórnin að stíga fyrsta skrefið í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í þessum áfanga er lagt til að breyta samstarfi í málefnum fatlaðra, byggingu íþróttamannvirkja, félagsheimila, dagvistarstofnana, rekstri tónlistarskóla, byggðasafna og landshafna og fella niður ríkisstyrki til vatnsveitna. Til að draga úr áhrifum þessara breytinga á rekstur einstakra sveitarfélaga er gert ráð fyrir breytingu á hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í samræmi við þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar er þetta frv. flutt.

Í meginatriðum er í frv. stuðst við þau markmið og tillögur sem lagðar eru til í álitum tveggja nefnda frá því í apríl 1987 þar sem tillögur voru fluttar um verulegar breytingar á verkaskiptingu. Áformað er að aðrar tillögur nefndanna komi einnig til framkvæmda. Ekki er ákveðið hvort það verður í einum eða tveimur áföngum, en áætlað er að næsti áfangi verði tekinn á komandi ári og komi til framkvæmda í byrjun árs 1989 og er nú þegar hafinn undirbúningur að þeim breytingum.

Frv. er samið að forgöngu ríkisstjórnarinnar og í því eru sameinaðar tillögur tveggja hópa sem unnið hafa að þessum málum nú á haustdögum. Ákvæði í I.–IX. kafla eru samin af fulltrúum menntmrn., félmrn., fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, ákvæði X. kafla og bráðabirgðaákvæði eru að meginhluta byggð á tillögum nefndar sem félmrh. skipaði til að gera tillögur um uppgjör og breytingar á hlutverki Jöfnunarsjóðs. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga hefur löngum þótt flókin hér á landi og talin þörf á að gera hana gleggri og jafnframt að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna.

Um langt árabil hefur farið fram mikil umræða um nauðsyn breytinga á þessu sviði. Nokkrar nefndir hafa starfað að þessum málum og skilað tillögum til breytinga á verkaskiptingu og dregið saman mikið af upplýsingum um þessi málefni. Á síðustu tíu árum hefur málið verið tekið þrisvar til umfjöllunar. Á árinu 1980 skilaði sérstök nefnd ítarlegri álitsgerð og tillögum. Þá skilaði samninganefnd um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýrslu árið 1983.

Fyrir tilstuðlan Sambands ísl. sveitarfélaga var ákveðið á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í júní 1986 að skipa tvær nefndir sem hefðu það hlutverk að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á fjárhagslegum samskiptum þessara aðila. Fyrrv. félmrh. Alexander Stefánsson skipaði í nefnd þá sem fjallaði um verkaskiptinguna og kölluð var verkaskiptanefnd. Skipaðir voru í nefndina Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri, sem var tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Einar Ingi Halldórsson lögfræðingur tilnefndur af fjmrh., Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri tilnefndur af félmrh., Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri tilnefndur af heilbr.- og trmrh. og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri tilnefndur af menntmrh. Húnbogi Þorsteinsson var skipaður formaður þessarar nefndar.

Hina nefndina, sem fjallaði um fjármálaleg samskipti og kölluð var fjármálanefnd, skipaði fjmrh. þáv. ríkisstjórnar. Í þá nefnd voru skipaðir Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Sigurgeir Sigurðsson

bæjarstjóri, Einar Ingi Halldórsson og Snorri Olsen. Einar Halldórsson var formaður þeirrar nefndar.

Nefndir þessar höfðu með sér náið samstarf og skiluðu þær áliti í apríl sl. Álitin voru gefin út í bókinni „Samstarf ríkis og sveitarfélaga" sem m.a. hefur verið dreift til hv. alþm. og allra sveitarstjórnarmanna.

Þeir sem um verkaskiptinguna hafa fjallað eru nokkuð sammála um ókosti núverandi fyrirkomulags. Talið er að í mörgum tilvikum séu sveitarfélögin fjárhagslega ósjálfstæð og of háð ríkisvaldinu. Oft hafi ríkið með höndum verkefni sem betur væru komin í höndum heimamanna vegna þekkingar þeirra á staðbundnum þörfum og aðstæðum og sveitarfélögin mundu því leysa þessi verkefni á hagkvæmari og skilvirkari hátt. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er talin óskýr og flókin og mikil vinna er lögð í margs konar uppgjör milli þessara aðila. Í mörgum tilvikum er stöðug togstreita og ágreiningur milli ríkis og sveitarfélaga, einkum vegna fjárhagslegra samskipta. Þá hefur verið bent á að ákvarðanir um framkvæmdir eru oft teknar af þeim aðilum sem ekki bera síðan endanlega ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri vegna viðkomandi verkefnis.

Í störfum sínum settu nefndirnar sér samhljóða markmið og tillögur þeirra ber að skoða með tilliti til þeirra. Þessi markmið voru: Sveitarfélögin hafi einkum með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri og hagkvæmari þjónustu. Ríkið annist fremur verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu. Sveitarfélögin verði fjárhagslega sjálfstæðari og síður háð ríkisvaldinu. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og einfaldari og dregið verði úr samaðild. Saman fari svo sem kostur er frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri. Stuðningur ríkis við sveitarfélögin til að annast lögbundin verkefni verði í meira mæli í formi almennra framlaga í stað fjárveitinga til einstakra verkefna.

Nú skal gerð grein fyrir tillögum nefndanna, einkum að því er varðar þann áfanga sem þetta frv. gerir ráð fyrir að komi til framkvæmda á næsta ári.

Af tillögum sem tengjast þessum áfanga skal nefna að lagt er til að verkefni á sviði íþróttamála flytjist til sveitarfélaga. Frv. gerir eigi að síður ráð fyrir að starfræktur verði sérstakur íþróttasjóður sem fái fjárframlög á fjárlögum ár hvert. Íþróttanefnd gerir tillögur um ráðstöfun þess fjár. Þá er gert ráð fyrir að ríkisvaldið hætti afskiptum af byggingu félagsheimila og stuðningi við æskulýðsfélög og sveitarfélögin taki við þessum skuldbindingum. Sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla. En ég vil geta þess að það gæti komið til athugunar vegna athugasemda, sem fram hafa komið, að eðlilegt væri að gildistaka þessa ákvæðis yrði samtímis flutningi verkefna á sviði grunnskóla. Hv. þingnefnd mundi þá taka það sjónarmið til athugunar við meðferð málsins.

Þá er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin sjái um byggingu almennra dagvistarstofnana. Þá kosti sveitarfélögin byggingu og rekstur byggðasafna og hætt verði að veita á fjárlögum sérstaka styrki til byggingar vatnsveitna. Enn fremur er lagt til að ríkið hætti rekstri landshafna og afhendi þær viðkomandi sveitarfélögum eins og hafnalög heimila. Bygging og rekstur stofnana fatlaðra verði hins vegar einvörðungu á hendi ríkisins. Samhliða verði fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga einfölduð í tengslum við breytingar og verkaskiptingu. Dregið verði úr því að ríkissjóður veiti á fjárlögum fjárveitingar til einstakra verkefna á vegum sveitarfélaga, en í staðinn komi fjárstuðningur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fjármálanefndin gerir það að tillögu sinni í nál. að úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs verði breytt og meira fé verði ráðstafað til að styrkja einkum hin fámennari sveitarfélög til að annast lögbundin verkefni, til að jafna útgjöld sveitarfélaga og til að standa undir stofnframkvæmdum. Tekjum sjóðsins verði skipt í þrjá hluta, bundin framlög, sérstök framlög og almenn framlög, og hlutfall hvers hluta verði ákveðið í lögum. Sérstökum framlögum Jöfnunarsjóðs er ætlað að vera skilyrt og sveitarfélögin verði þess vegna flokkuð eftir tegund, verkefnum, útgjöldum og tekjum. Framlögum þessum er ætlað að standa undir kostnaðarsömum stofnframkvæmdum hjá fámennari sveitarfélögum, bæta upp tekjumissi sveitarfélaga vegna fólksfækkunar, greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum kostnaði við grunnskóla, bæta upp annan aukinn kostnað við breytta verkaskiptingu og til innbyrðis tekjujöfnunar milli sveitarfélaga. Þá er lagt til að Lánasjóður sveitarfélaga verði efldur.

Hluti af upplýsingasöfnun á vegum nefndanna var að kanna fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga. Aflað var gagna um núverandi útgjöld ríkis og sveitarfélaga til sameiginlegra verkefna og lagt var mat á hvaða áhrif tillögur beggja nefndanna hefðu á útgjöld ríkis og útgjöld og tekjur sveitarfélaganna í landinu. Matið er miðað við að allar tillögur nefndanna komist í framkvæmd og niðurstöður eru þær að verkefni sem lagt er til að flytjist frá ríki til sveitarfélaga voru metin á 1100 millj. kr. á verðlagi í desember 1986. Verkefni sem gert var ráð fyrir að flytjist frá sveitarfélögum til ríkis voru metin á 325 millj. kr. og aukin þátttaka ríkisins í útgjöldum sjúkrasamlaga til tannlækninga og yfirtaka á skuldbindingum við Atvinnuleysistryggingasjóð voru metin samtals á 885 millj. kr.

Á sérstöku fskj. með frv. er tafla þar sem fjárhæðir eru sundurliðaðar og þar koma einnig fram þær forsendur sem matið er byggt á. Tekjur sveitarfélaganna, framlög ríkis til þeirra og útgjöld á árinu 1985 til verkefna, sem tillögur eru gerðar um að flytja, voru kannaðar, tekið úrtak 13 mismunandi

sveitarfélaga og náði það bæði til sveitarfélaga í þéttbýli og dreifbýli með mismunandi íbúafjölda og á því að gefa gott þversnið af sveitarfélögum í landinu.

Út frá ársreikningum sveitarfélaga þessara fyrir 1985 og öðrum gögnum var reiknað út hvaða áhrif breytingarnar mundu hafa haft á tekjur og útgjöld hvers sveitarfélags í úrtakinu hefðu þær gilt 1985. Niðurstöður þessara athugana benda til að fjárhagur sveitarfélaganna muni fremur styrkjast við verkefnaflutning og breyttar úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs og þá miðað við að fjárveitingar til sjóðsins verði í samræmi við ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í grg. með frv. þessu er byggt á gögnum nefndanna og er nánari upplýsingar að finna í skýrslum, fskj. og athugasemdum með frv.

Í samvinnu við samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi hefur verið unnið að útreikningum á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjárhag allra sveitarfélaga í því kjördæmi miðað við 1985. Bráðabirgðaniðurstaða þeirra útreikninga varðandi breytingar á rekstrarútgjöldum og tekjum sveitarfélaganna bendir til svipaðrar niðurstöðu og kom fram í úrtaki fjármálanefndar. Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið fyrir kynningu á álitum nefndanna. Þá voru verkaskiptamálin aðalumræðuefni á samráðsfundi ríkisstjórnar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í desember 1986 og maí 1987. Tillögur nefndanna hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir, enda eru þær mjög í samræmi við óskir sveitarstjórnarmanna um meiri sjálfsákvörðunarrétt í eigin málum og skýrari verkaskiptingu á milli hinna tveggja stjórnsýslustiga í landinu.

Undanfarnar vikur hefur verið unnið að því að móta nánar hvernig að 1. áfanga, verkefnaflutningi, verði best staðið. Sú vinna hefur einkum verið þríþætt: Í fyrsta lagi að kanna og gera tillögur um það hvernig haga skuli uppgjörum vegna sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Í öðru lagi að breyta reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að auknu fjármagni verði veitt til jöfnunar milli sveitarfélaga og þá m.a. vegna verkefnaflutnings. Í þriðja lagi að semja frv. um nauðsynlegar lagabreytingar vegna þeirra áforma sem uppi eru í þessu efni.

Unnið hefur verið að endurskoðun á ákvæðum um Jöfnunarsjóð í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sú endurskoðun hefur einkum beinst að atriðum sem tengjast flutningi verkefna til sveitarfélaganna. Er þar bæði um að ræða uppgör á hluta ríkisins í framkvæmdum við ákveðna málaflokka og einnig myndun sérdeildar innan sjóðsins sem hefði það hlutverk að hlaupa undir bagga með minni og vanmegnugri sveitarfélögum við framkvæmdir eða rekstur sem af verkefnatilfærslunni kann að leiða. Athugað hefur verið m.a. hver áætluð skuld ríkissjóðs verði um næstu áramót vegna dagvistarheimila, félagsheimila og íþróttamannvirkja sem lokið er við eða unnið er að. Talið er að hér sé um að ræða rúmlega 400 millj. kr. til sveitarfélaga og félagasamtaka. Stefnt er að því að þessi skuld verði gerð upp með ríkisframlagi á næstu fjórum árum.

Ætlunin er að fulltrúar menntmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga vinni að því í sameiningu að finna út stöðutölur á hverju einstöku verkefni í árslok 1987. Ríkisframlagi vegna þessa uppgjörs verði beint um nýja deild í Jöfnunarsjóði sem nefnd er uppgjörsdeild.

Jafnhliða því sem unnið hefur verið að því að móta framkvæmdina varðandi 1. áfanga í breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið hugað að þeim næsta. Félmrh. hefur skipað nefnd með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta til að undirbúa framkvæmd á síðari áfanga í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og gera nánari tillögur um uppgjör og eignatilfærslur, sem því tengjast, um fjárhagsleg áhrif breytingartillagna sem skv. frv. þessu er fjallað um í hverjum kafla athugasemda með þessu frv. Yfirleitt eru upplýsingar byggðar á athugun og mati fjármálanefndarinnar sem gert var með ákveðnum fyrirvörum. Forsendur þessa mats voru m.a. að sveitarfélögin eru metin sem ein heild.

Varðandi rekstrargjöld er byggt á umsvifum 1985, en framlög ríkisins til stofnkostnaðar eru yfirleitt byggð á framreiknuðu meðaltali áranna 1980–1986. Útgjöld sveitarfélaganna eru yfirleitt áætluð í hlutföllum af kostnaði ríkis í hverjum málaflokki.

Í frv. þessu eru einungis gerðar tillögur um breytingar á þeim greinum í lögum sem fjalla um fjármálaskuldbindingar. Um er að ræða lágmarksbreytingar, en ljóst er að sum þessara laga þarf að endurskoða í heild sinni. Menntmrh. hefur af þessu tilefni ákveðið að skipa nefndir til að endurskoða íþróttalög, lögin um byggingu og rekstur dagvistarheimila og lögin um opinberan stuðning við tónlistarskóla. Þá er í undirbúningi lagasetning um æðra tónlistarnám. Með verkefnaflutningi sem felst í frv. þessu er talið að um 200 millj. kr. útgjöld færist frá ríki til sveitarfélaga, en sveitarfélögum eru jafnframt tryggðar auknar tekjur með meiri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Eins og fyrr sagði hafa Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga staðið fyrir kynningu á álitum nefndanna. Skýrslum nefndanna var dreift til allra sveitarstjórnarmanna og á þingum landshlutasamtaka í sumar og haust hafa þessi mál verið til umræðu. Tillögur nefndanna hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir og hafa nokkur landshlutasamtök samþykkt ályktun þar sem hvatt er til þess að í breytingar þessar verði ráðist, enda séu þær mjög í samræmi við ítrekaðar óskir sveitarstjórnarmanna. Þá voru verkaskiptamálin aðalumræðuefni á samráðsfundi ríkisstjórnarinnar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga í desember 1986 og maí 1987. Á samráðsfundi í október sl. voru kynnt áform um þann áfanga í verkaskiptingu sem nú er lagt til að verði tekinn og í sameiginlegri yfirlýsingu fundarins var lögð áhersla á að síðari áfangi verkaskiptingar

verði í ársbyrjun 1989. Einnig var þessi áfangi í verkaskiptamálum til umræðu á fundi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga þann 16. okt. sl. og í ályktun stjórnar er lögð á það áhersla að með tillögum í frv. ríkisstjórnarinnar sé stigið mikilsvert skref í átt til breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Stjórnin telur jafnframt nauðsynlegt að samhliða verði gengið frá uppgjöri vegna samningsbundinna verkefna er varða þennan verkefnaflutning. Ekki er með tillögum í frv. þessu verið að spara ríkinu útgjöld. Tilgangur með þeim er að stíga fyrstu skrefin í uppstokkun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Markmið tillagnanna er að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga einfaldari og stuðla að því að ákvarðanir um staðbundin málefni séu teknar í ríkari mæli af heimamönnum.

Á undanförnum missirum hafa verið miklar umræður um nauðsyn þess að auka sjálfstæði byggðanna í landinu og draga úr miðstýringu í þjóðfélaginu. Einnig hafa skýrslur nefndar þeirrar sem ég hef hér vitnað til hleypt af stað talsverðum umræðum um verkaskipti milli ríkis og sveitarfélaga. Flestir virðast á einu máli um að brýn þörf sé á því að flytja fleiri verkefni yfir til sveitarfélaga. Sveitarfélögin þurfi að vera sjálfstæðari og að draga beri úr því mikla samkrulli sem nú er á milli ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar eru skoðanir auðvitað nokkuð skiptar um það hvor aðilinn eigi að sjá um einstaka málaflokka. Frá hendi ríkisstjórnarinnar eru með frv. þessu stigin þýðingarmikil skref til að styrkja sveitarfélögin og gera þau sjálfstæðari. Nú er komið að sveitarstjórnum og Alþingi að hrinda í framkvæmd þeim fyrsta áfanga um þennan verkefnatilflutning og gera hann að veruleika.

Herra forseti. Ég hef hér í aðalatriðum gert grein fyrir efni þessa frv., en vísa að öðru leyti til fyllri upplýsinga í athugasemdum með frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert ítarlega grein fyrir því frv. sem hér er til umræðu og ég ætla ekki miklu þar við að bæta. Mál þetta á sér mjög langan aðdraganda. Um áratuga skeið hefur staðið yfir mikil umræða um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn hafa rætt þessi mál á ótal fundum og gert um þau ályktanir og tillögur. Stjórnmálaflokkarnir hafa einnig fjallað um þetta efni. Yfirleitt hefur öll þessi umræða beinst að því að færa aukin völd og verkefni til sveitarfélaganna. Af nógu er að taka varðandi nefndarálit og tillögur um þetta efni, en ég ætla aðeins að geta hér um tvennt, álit nefndar sem páv. félmrh., Svavar Gestsson, skipaði 1982 og ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 1985.

Á árinu 1982 skipaði páv. félmrh., Svavar Gestsson, nefnd til þess að vinna að fyrirhuguðum samningum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Í nefndinni voru Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson fulltrúi, Jón Ormur Halldórsson, aðstoðarmaður forsrh., Jón Sveinsson bæjarfulltrúi, Jón G. Tómasson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Logi Kristjánsson bæjarstjóri, Ölvir Karlsson oddviti og Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri. Vegna ráðherraskipta lauk þessi nefnd ekki störfum, en meðal þeirra mála sem hún skilaði áliti um var bygging dagvistarheimila fyrir börn, bygging félagsheimila og íþróttamannvirkja. Nefndin lagði til að öll þessi verkefni væru á vegum sveitarfélaga og kostuð af þeim, en þessi verkefni eru einmitt uppistaðan í þeim verkefnaflutningi sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í febr. 1985 skrifaði páv. félmrh., Alexander Stefánsson, stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga bréf og óskaði eftir afstöðu og tillögum varðandi breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Stjórn sambandsins svaraði þessu bréfi í apríl á sama ári. Tillögur hennar á þessum tíma eru í algjöru samræmi við það sem lagt er til í þessu frv.

Á þessum tíma sátu í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri, Helgi Bergs bæjarstjóri, Jónas Ólafsson sveitarstjóri, Árni Emilsson hreppsnefndarmaður, Þórður Skúlason sveitarstjóri, Ölvir Karlsson oddviti og Haraldur Sigurðsson bæjarfulltrúi.

Eftir að ég tók við starfi félmrh. hef ég setið allmarga fundi sveitarstjórnarmanna þar sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur verið til umræðu. Á þessum fundum hafa sveitarstjórnarmenn fagnað því að nú eigi að taka fyrsta skrefið í þessu máli og láta ekki lengur sitja við orðin tóm.

Ég tel rétt að nefna hér aðeins þá breytingu á jöfnunarsjóðskafla tekjustofnalaganna sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi breyting er að vísu fyrst og fremst tengd þeim áfanga í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem stefnt er að um næstu áramót. Sérdeildinni sem koma á upp við Jöfnunarsjóð er þó ætlað að vera fastur liður í starfsemi sjóðsins til frambúðar. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt skref í þá átt að sjóðurinn styrki meira en verið hefur minni og vanmegnugri sveitarfélög og verði þannig í raun meiri jöfnunarsjóður en verið hefur.

Jafnhliða því sem undanfarið hefur verið unnið að því að móta framkvæmdina varðandi þennan fyrsta áfanga í breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið hugað að þeim næsta. Ég hef skipað nefnd með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta til að undirbúa framkvæmd næsta skrefs í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og til að fjalla um uppgjör og eignatilfærslu sem því tengjast.

Herra forseti. Ég vona að frv. það sem hér er til umræðu eigi greiða leið á Alþingi og okkur takist í þessari lotu að færa aukin völd og verkefni til sveitarfélaganna. Það er í fullu samræmi við áratuga umræðu sveitarstjórnarmanna og yfirlýsingar stjórnmálamanna í þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það dyljist engum, eins og hæstv. félmrh. vék að, að með þessu frv. færast aukin verkefni yfir til sveitarfélaga. En um hitt er miklu frekar hægt að deila hvort með þessu færast aukin völd yfir til sveitarfélaga. Ég verð að segja alveg eins og er að þó að það sé mikið umrætt mál í gegnum árin að færa verkefni og völd yfir til sveitarfélaganna, auka sjálfstæði þeirra og efla þau, þá slær það mig svo að þessi breyting, sem hér er lögð til, sé býsna ólánleg aðferð eða býsna ólánlegt upphaf á slíkri þróun.

Í fyrsta lagi eru þar auðvitað einungis tínd til nokkur tiltekin verkefni en ekki er um heildarsamkomulag eða heildarniðurstöðu að ræða á endanlegri verkefnaskiptingu. Enn fremur er tiltölulega lítt mótað með hvaða hætti hin fjármálalegu samskipti þessara aðila í heild sinni skuli vera í framtíðinni, sem best sést á því að gert er ráð fyrir sérstakri tímabundinni deild við Jöfnunarsjóð til að leysa úr mestu agnúunum sem menn sjá að muni koma upp í tengslum við þessa verkefnatilfærslu.

Ég tel einnig að þau verkefni sem valin eru séu umdeilanleg og sum hver að mínu mati alls ekki æskileg. Ég nefni sérstaklega mál eins og tónlistarfræðslu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ég held að við þessar breytingar sé jafnvel miklu frekar hætta á að um mismunun milli sveitarfélaga verði að ræða en í ýmsum öðrum málaflokkum. Ég hefði til að mynda talið að hreinni verkefnaskil milli ríkis og sveitarfélaga í skóla- eða menntamálum hefðu verið nær því að stilla öll sveitarfélög í landinu af á sæmilegum jafnréttisgrundvelli vegna þess að í fjölmörgum sveitarfélögum úti um landið er það svo að sæmilega uppbyggður grunnskóli er e.t.v. einasta þjónustufyrirtæki hins opinbera í viðkomandi sveitarfélagi eða á viðkomandi svæði og jafnvel þokkalega fyrir þeim hlutum séð. Hér hefði að sjálfsögðu orðið að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna, en að því breyttu held ég að uppbygging á því sviði sé jafnari um landið en hún er í mörgum öðrum málaflokkum.

Í II. kafla frv. er fjallað um breytingu á íþróttalögum. Þar er lagt til að uppbygging íþróttamannvirkja og opinber stuðningur við mannvirki íþróttafélaga og félagasambanda innan ÍSÍ og UMFÍ skuli alfarið vera í verkahring sveitarfélaga. Það er sömuleiðis mjög merkileg klausa í umsögn um þessa grein neðst á bls. 11. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frumvarpi þessu er ekki gerð tillaga um að sveitarfélögin taki ein að sér að styrkja rekstur íþróttahreyfingar með fjárframlögum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að nokkur landssambönd fái sérstaka fjárveitingu á fjárlögum undir liðnum Ýmis íþróttamál. Þá mun ríkið einnig a.m.k. á næsta ári taka að hluta til þátt í byggingu þeirra íþróttamannvirkja sem flokkast sem skólamannvirki."

M.ö.o. er beinlínis boðað að það geti orðið tímabundin ráðstöfun, jafnvel einungis til næsta árs, að ríkið taki þátt í þeim hluta íþróttamannvirkjanna sem tengist uppbyggingu skóla í landinu. Og hvað er þar með sagt? Það er sagt, virðulegi forseti, að jafnvel strax við næstu áramót hætti ríkið alfarið þátttöku við uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Og hvað þýðir þetta, virðulegi forseti?

Nú er það þannig að sá sem hér talar er fóstraður í einni tiltekinni sýslu landsins, Norður-Þingeyjarsýslu. Þar eru allmörg sveitarfélög og þrjú nokkuð stór kauptún. Þetta er heil sýsla með 1700 íbúum. En í þessari sýslu er eitt einasta samþykkt íþróttamannvirki, sundlaugin á Raufarhöfn. Það er ekkert íþróttahús sem er samþykkt, engin önnur viðurkennd íþróttaaðstaða sem stenst lágmarkskröfur. Og hvað er verið að segja með þessu, virðulegi forseti? Jú, það er verið að segja að þarna sé heil sýsla sem er gjörsamlega á eftir með alla uppbyggingu á þessu sviði. Og hvernig verður aðstaða þessara sýslunga minna gagnvart ýmsum öðrum, borið saman við ýmsa aðra þegar ríkið einn góðan veðurdag ákveður að hætta allri þátttöku í uppbyggingu þessa málaflokks? Ef við tökum okkur bílferð úr Norður-Þingeyjarsýslu og keyrum yfir í Suður-Þingeyjarsýslu, þá háttar hins vegar þannig til að þar eru ein fjögur eða fimm fulluppbyggð íþróttahús, tvær eða þrjár ef ekki fjórar fullsamþykktar sundlaugar o.s.frv. Þar er sem sagt dæmi um næstum því hið gagnstæða þar sem heil sýsla og flestöll sveitarfélög eru eiginlega búin að ljúka allri uppbyggingu á þessu sviði, svona miðað við það sem menn gera ráð fyrir að verði í nánustu framtíð.

Það gefur auðvitað auga leið, og hv. þm. þurfa væntanlega ekki frekari vitna við um það, að ef þessi snögga breyting gengur í gegn án nokkurra ráðstafana mun það koma mjög misjafnt niður á sveitarfélögunum, jafnvel heilum svæðum þannig að uppbyggingu sé kannski að mestu leyti lokið með þátttöku ríkisins á einum stað, en nánast öll verkefni á þessu sviði eftir annars staðar. Það eru auðvitað í mörgum tilfellum fámennari og veikari sveitarfélögin sem þarna hafa dregist aftur úr, hafa ekki haft bolmagn til þess að leggja í þessa uppbyggingu sem skyldi, en það er að mínu mati ekki þar með sagt að það eigi að skilja þau eftir úti á köldum klaka um aldur og ævi. Menn hafa einmitt frekar gert ráð fyrir því að smátt og smátt tækist að byggja þar einnig upp þjónustu á þessu sviði. Hafandi rakið þetta dæmi, sem ég tek ekki eingöngu af staðkunnugleika því að þarna þekki ég sæmilega vel til og treysti mér til að fullyrða að ég fari hér með rétt mál, þá vil ég segja það strax að að mínu mati gengur ekki að gera svona breytingu sem raskar þeirri kostnaðarþátttöku ríkisins sem viðgengist hefur um áratuga skeið í svona málaflokkum án þess að með einhverjum hætti sé tekið tillit til aðstöðu sveitarfélaganna þegar svona breyting er gerð. Það verður m.ö.o. að gera einhvers konar úttekt á því á hvaða vegi hvert og eitt sveitarfélag, hvert svæði er statt hvað þessa uppbyggingu varðar og reikna síðan hreinlega út einhvers konar vísitölu eða stuðul fyrir það hvernig sveitarfélagið stendur, sem síðan er tekið tillit til, annaðhvort í gegnum Jöfnunarsjóð eða með ein-

hverjum öðrum hætti. Hér er ég í raun fyrst og fremst að tala um stofnkostnað og uppbyggingu þessara mannvirkja. Reksturinn er svo alveg annar kafli sem auðvitað þarf líka að huga að vegna þess að þar eru aðstæður einnig misjafnar.

Þetta mætti reyndar til sanns vegar færa og heimfæra upp á fleiri verkefni sem meiningin er að flytja til. Þar má taka bæði III. kafla, um félagsheimili, og ekki síður V. kafla frv., um dagvistarheimili. Þar er á ferðinni málaflokkur sem við vitum að er geysileg þörf fyrir úrbætur í. Ég held að það sé óæskilegt, burt séð frá hvaða skoðun menn kunna að hafa á því hvort þetta verkefni eigi að vera á hendi ríkisins eða sveitarfélaganna, að taka burtu þann hvata til uppbyggingar á þessu sviði sem þó hefur falist í framlögum ríkisins. Ég segi það sem mína skoðun að ætli ríkið að kippa algjörlega að sér hendinni með þátttöku í stofnkostnaði þá ætti að koma inn á móti fast framlag til rekstrar þessara mannvirkja, ákveðin hlutdeild ríkisins í rekstrarkostnaði dagvistarheimila. Það gæti að mörgu leyti verið skynsamlegri ráðstöfun að mínu mati, herra forseti, að ríkið kæmi inn í rekstur samþykktra dagvistarstofnana með tiltekinni fastri upphæð á hvert vistunarpláss sem séð hefði verið fyrir með viðunandi hætti. Það yrði gott fyrirkomulag að því leyti að það mundi eftir sem áður hvetja sveitarfélögin til að leysa þessi mál með sem hagkvæmustum hætti, því að þau ættu allan hag af því að gera það, og ná þannig niður sinni kostnaðarþátttöku, en ríkisframlagið yrði bundið hverju einasta plássi sem þau kæmu upp og yrði þar af leiðandi svipaður hvati og e.t.v. ekki óvirkari hvati en bein þátttaka ríkisins í uppbyggingu mannvirkjanna. Í þessu sambandi vil ég minna á, virðulegi forseti, að fyrir þessu þingi liggur frv. til laga um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna dagvistunar barna á forskólaaldri. Flm. þess er hv. þm. Ásmundur Stefánsson, sem sat á Alþingi hér á dögunum og lagði þá fram þetta frv.

Ég held að það viti allir að þjóðfélagshættir hafa breyst með á þann veg að það er mjög mikil nauðsyn á því að úr þessum málum sé leyst. Þau eru víða í ólestri og hafa margir haft um það mörg orð en kannski orðið minna úr athöfnum. Þær áætlanir sem settar hafa verið upp um uppbyggingu á þessu sviði hafa farið úr skorðum, aðallega vegna ónógra framlaga ríkisins. Hitt dylst þó engum að aukin atvinnuþátttaka í landinu, sem hefur leitt til þess í hraðvaxandi mæli á síðustu árum að báðir foreldrar vinna utan heimilis, hefur auðvitað skilað gífurlegum verðmætum í þjóðarbúið, líka til ríkiskassans, þannig að ef það ætti að ganga til baka og við ættum t.d. að færa atvinnuþátttökuna niður á það stig sem hún var kannski fyrir 15 árum, þá er ég hræddur um að ríkið mætti leggja ærið mikið á sig til að missa ekki allar þær tekjur sem af slíku mundi leiða. Ætli það kæmi þá ekki í ljós að eins og 500 eða 1000 millj. á ári í dagvistarheimili væri harla góð fjárfesting fyrir þjóðarbúskapinn til að gera þessa miklu atvinnuþátttöku mögulega með sæmilega viðunandi hætti fyrir alla málsaðila.

Herra forseti. Þrátt fyrir það að ég sé ekkert að neita því að það gæti verið ágætisfyrirkomulag að sveitarfélögin sjái um þennan rekstur, þá held ég því miður að aðstæðurnar kalli á þátttöku ríkisins til þess að hvetja menn í uppbyggingu á þessu sviði, a.m.k. þangað til hún er komin í viðunandi horf.

Ég held einnig að það væri spor verulega aftur á bak ef ríkið hætti að taka þátt í uppbyggingu á rekstri tónlistarskóla. Mér segja fróðir menn á því sviði að það sé eitt af fáum sviðum íslenska menntaog fræðikerfisins sem talið er til fyrirmyndar víða um lönd og jafnvel tekið sem dæmi um það hvar hafi vel til tekist og hvar hafi verið gróska og myndarleg menningarstarfsemi sem ekki hafi bara skilað sér í fræðslu barna og ungmenna heldur líka jafnvel í öflugu tónlistarlífi ungra sem fullorðinna víða um land.

Ég held að aðstaða sveitarfélaganna verði að þessu leyti mjög erfið. Menn vita að sveitarfélögin hafa í flestum tilfellum þurft að sækja sér starfskrafta út fyrir sínar heimabyggðir. Mjög mikið af erlendu starfsfólki hefur verið fengið til starfa við þessa fræðslu. Ég óttast að mörg sveitarfélög muni ekki ráða við það verkefni að halda þessari fræðslu uppi með skikkanlegum hætti eða ekki gera það af ýmsum ástæðum.

Það er nú svo að mörg sveitarfélög í landinu, hvort sem menn gera sér grein fyrir því eða ekki, hafa ótrúlega miklar byrðar af því að halda nánast uppi atvinnustarfseminni sjálfri. Þar eru í mörgum tilfellum hagsmunir atvinnulífs og sveitarfélags svo nátengdir að þar verður varla skilið á milli. Þar gengur það einfaldlega þann gang, hvort sem það er nú æskilegt eða ekki, að það hefur forgang að hjól atvinnulífsins snúist. Þær þarfir sem atvinnulífið kallar á hafa forgang og þess vegna vilja það gjarnan verða hlutir eins og þeir að tryggja það að viðkomandi fiskiskip haldist í heimabyggð eða að höfnina næstum að segja reki ekki á haf út, eða hvaða orðalag maður á nú að nota um það ástand sem þar er víða að finna. Þessi verkefni lenda í forgangi og ýmis önnur, sem eru kannski dæmigerð fyrir efni þessa frv., ýmis verkefni á sviði þjónustu og skólamála og fræðslu, þau mæta þá afgangi.

Ég tel t.d. VII. kafla, sem er um byggingu og rekstur byggðasafna, vera mjög dæmigerðan fyrir það mál. Það er ekki mál sem ég held að sveitarstjórnarmenn, sem eiga yfir höfði sér kosningar, setji alveg sérstaklega á oddinn ef tómur er hjá þeim kassinn. Það er nú einfaldlega þannig og þetta þekkja menn og þetta vita menn. Þetta er því gjarnan spurning um það hvaða stefnu menn vilja hafa, til hvaða verkefna menn vilja reyna að hvetja sveitarfélögin.

Hitt finnst mér miklu nær lagi að hlutur eins og vatnsveitur færist alfarið yfir á sveitarfélögin, enda kannski ekki mikil rök fyrir því að taka þann þátt út úr frekar en ýmislegt annað í beinum verklegum framkvæmdum sem sveitarfélögin annast af þessu

tagi. Ég er því vissulega ekki að segja að hér sé ekki líka að finna hluti sem eru næsta sjálfsagðir, enda gef ég mér þá að að því verði staðið á jafnréttisgrundvelli þannig að sveitarfélögin standi jafnrétt eftir.

Síðan er það örlítið um X. kafla, sem fjallar um þær ráðstafanir sem gera á í tengslum við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að tryggja nú að þetta gangi skaplega fyrir sig, a.m.k. skár en ella. Þar er í fyrsta lagi rætt um að stofna sérdeild sjóðsins til að greiða til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinganna frá ársbyrjun 1988. Þarna er um opið ákvæði að ræða, það segir ekkert hversu lengi eða hvort ætlast sé til að þessi sérdeild a-liðar starfi endalaust við sjóðinn. Ég geri ráð fyrir því að sú sé meiningin og bið þá hæstv. ráðherra sem voru hér áðan, a.m.k. á meðan þeir mæltu fyrir málinu, að svara mér eða leiðrétta mig ef svo er ekki. Síðan er í b-lið fjallað um uppgjörsdeild sem skal starfa á árunum 1988 til og með 1991 og greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs er rætur eiga að rekja til framkvæmda til ársloka 1987 við félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili.

Hér er sem sagt eingöngu gert ráð fyrir því að um fjögurra ára skeið verði greitt upp í þessar skuldir úr þessari deild, þeim væntanlega lokið. Ég geri ráð fyrir, þó að það komi ekki fram beint í orðalagi greinarinnar, að það sé meiningin að gera þetta dæmi upp, enda heitir þetta uppgjörsdeild. En þá komum við aftur að því sem ég vék að í upphafi: Hvers eiga þá þau sveitarfélög að gjalda, ef við stillum dæminu þannig upp, sem ætluðu sér að byrja á framkvæmd 1. jan. 1988?

Við skulum segja að tvö sveitarfélög hlið við hlið hafi bæði ætlað að byggja íþróttahús. Þau hafa um nokkurra ára skeið fengið 5000 kr. frá ríkinu til þess að hefja framkvæmdir en svo átti stóri draumurinn að rætast núna rétt um þetta leyti. Annað sveitarfélagið var svo heppið að fá ekki 5000 heldur 500 þús. kr. árið 1987 og hóf framkvæmdir núna í desember. Það var tekin skóflustunga með pompi og pragt og mokað upp úr holu. Þar með telst framkvæmdin sjálfsagt hafin og að einhverju leyti a.m.k. kemst þá það sveitarfélag inn undir þessi ákvæði sem hér eru sett. A.m.k. er það ljóst að þær framkvæmdir sem komnar voru fyrir áramót 1987 falla þarna undir. En sveitarfélag sem byrjar 2. jan. eða 1. jan. 1988 fær ekki neitt. Ég sé ekki á þessu frv. og grg. þess að það sé í raun og veru meiningin að taka tillit til þessa, eins og ég vék að í upphafi, nema þá ef vera skyldi með einhvers konar jöfnun úr sérdeild sjóðsins sem þó er ekkert skilgreind að þessu leyti. Ekki á nokkurn hátt.

Þetta finnst mér vera hinn stóri lausi endi í öllu þessu máli, herra forseti, og ég treysti því að hæstv. ráðherrar séu nú að hlusta, með hvaða hætti ætla menn að tryggja að þessi verkefnatilflutningur, við þann tíma sem hann ber að, komi í framtíðinni ekki til með að valda mismunun milli sveitarfélaga vegna þess hversu misjafnlega þau eru á vegi stödd? Þetta finnst mér vera stóra málið í þessum efnum. Ég hef litlar áhyggjur af því að góðar ríkisstjórnir, sem við fáum vonandi í framtíðinni, verði ekki sanngjarnar og lagfæri það ef eitthvert misvægi hefur komist á verkefni og tekjur ríkis og sveitarfélaga við þessa breytingu, að þá muni menn ekki af sanngirni reyna að lagfæra það á næstu árum. En ég hef mjög stórar áhyggjur af þessu ef menn ekki ætla sér strax í upphafi að tryggja það að mismunandi uppbyggingarstig hinna ýmsu þátta þjónustunnar í upphafi valdi ekki mismunun að þessu leyti.

Herra forseti. Ég hefði talið að það væri nauðsynlegt, ekki bara að stofna sérstaka sjóði við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem út af fyrir sig er góðra gjalda vert, heldur gera rækilega úttekt á þessum málum og í beinu framhaldi af því að ráðstafa sérstaklega annaðhvort fé eða ganga frá heimildum til þess að greiða í framtíðinni það sem til þarf til að tryggja jafna aðstöðu sveitarfélaganna að þessu leyti.

Ég vil spyrja þá hæstv. ráðherra sem hér eru til svara hvort það sé fullt samræmi í þessu frv. annars vegar og þeim lagabreytingum sem það felur í sér og þeim verkefnum sem munu færast yfir á sveitarfélögin ef fjárlagafrv. verður samþykkt óbreytt. Eru til dæmi um verkefni sem mundu, ef fjárlagafrv. verður samþykkt, færast yfir á sveitarfélögin þó að hér séu ekki lagabreytingar lagðar til í þeim efnum eða að e.t.v. þurfi ekki lagabreytingar?

Ég ætla að nefna hér lið sem ég hef stundum nefnt í mínum þingflokki við nokkra kátínu og það er eyðing meindýra. Mér hefur einhvern veginn skilist svo að fjárlagafrv. gerði frekar en hitt ráð fyrir því að það verkefni lendi á næsta ári yfir á sveitarfélögin alfarið, þ.e. að ríkið hætti að taka þátt í að endurgreiða útlagðan kostnað á því sviði. Ég bið þá hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég fer rangt með en ég finn ekkert um meindýraeyðingu í þessu frv., enda þarf það e.t.v. ekki til. Nú hafa menn sennilega litlar áhyggjur af meindýraeyðingu, a.m.k. hv. þm. Reykv. sem kannast helst við hana af þeim dæmum að það eru skotnir nokkrir mávar hér við Tjörnina á hverju ári og kannski eitrað einstöku sinnum fyrir rottur (**Gripið fram í:** Og minkur í Elliðaáunum.) og einstöku sinnum mink sem er að angra laxana í Elliðaánum. En það er nú engu að síður þannig í þessari sýslu t.d. sem fóstraði ræðumann að þar er þetta verkefni meiri háttar mál, eins og nú er sagt á íslensku, fyrir sveitarfélögin, bindur kannski býsna stóran hluta af útsvarstekjum þeirra. Hér á verðbólgutímanum gat skapast meiri háttar fjármagnstap af þeim sökum. Ég er ekkert viss um að það sé mjög réttlátt ef það er meiningin að skella þessu verkefni yfir á sveitarfélögin og hætta að endurgreiða þeim útlagðan kostnað því á hvaða sveitarfélögum skyldi þetta nú bitna harðast? Jú, fámennustu og gjarnan strjálbýlustu og landmestu sveitarfélögunum. Þeim er væntanlega eins og að ýmsu öðru leyti lögbundin sú skylda að halda uppi þessum tilteknu störfum.

Nú erum við að tala um þá staðreynd sem alls staðar er að verki í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, í samskiptum Alþingis og sveitarfélaga, að annar aðilinn setur lögin en hinn á að framkvæma þau. Alþingi setur lög og leggur kvaðir á herðar aðila eins og sveitarfélögum um að framfylgja þeim. Eins og menn þekkja er í sveitarstjórnarlögum, væntanlega í 6. gr., talinn upp langur, langur listi yfir öll þau verkefni sem sveitarfélögunum ber að framkvæma, ber að sjá um, annast lögunum samkvæmt. Þetta eru þær aðstæður sem þessir aðilar búa við í öllum sínum samskiptum. Þess vegna er það feiknalega mikilvægt, virðulegur forseti, að frá öllum þessum samskiptum sé þannig gengið að það ríki sem mest traust og sá aðilinn sem er á móttökuendanum, ef svo má að orði komast, í þessu dæmi geti treyst því að hann njóti sannmælis og sanngirni.

Ég verð að segja að þó að ég telji að sumar þessara breytinga séu góðra gjalda verðar, aðrar ekki, þá hef ég þá tilfinningu fyrst og fremst að of illa sé um þann þátt búið að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna verði jafngóð og skyldi eftir þessar breytingar.

Ég er alveg viss um það, og það er held ég öll þjóðin og væntanlega allur þingheimur orðinn sannfærður um, að hæstv. ríkisstjórn er að stórauka skatta í landinu. Hún hefur frá valdatöku sinni aukið skattheimtu í landinu um 8500 millj. kr. Á sama tíma er hún að færa verkefni yfir til sveitarfélaganna. Hún er að létta af sér verkefnum yfir á sveitarfélögin en tekur gífurlega aukna skattheimtu í ríkiskassann.

Hvað eiga sveitarfélögin að fá í staðinn? Þau eiga að fá minni þjófnað af hálfu ríkisins af lögbundnum tekjum sínum. Lögbundnar tekjur sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði skulu skerðast minna en áður var gert. Þetta er nú allt örlætið af hálfu löggjafans. Þetta eru kaupin sem boðið er upp á. Vandinn er bara sá að kaupandinn eða þiggjandinn, sveitarfélögin, eru í þessu dæmi ekki í stöðu til þess að gera mikið í málinu því að það er löggjafinn sem ætlar að framkvæma þetta. Hvað sem um samþykktir og stuðning einhverra landshlutasamtaka má segja, og ég ætla ekkert að draga það í efa að þau séu upp til hópa ánægð með þetta, þá verð ég að segja það sem mína persónulegu skoðun og mína pólitísku sannfæringu að hér er ekki mjög sanngjarnt að hlutunum farið, að það er ekki mjög gott hvernig sveitarfélögin eiga að fara út úr þessu dæmi. Ég tel þetta ekki réttlátt og ekki skynsamlegt. Hefðu sveitarfélögin ekki búið við jafnherfilega vonda ríkisstjórn og þau gerðu sl. fjögur og hálft ár og hefðu þau átt sinn Jöfnunarsjóð óskertan í dag, þá hefði engri ríkisstjórn dottið í hug að gera þetta svona. Engri. Þá hefði mönnum ekki dottið í hug annað en að færa sveitarfélögunum tekjustofna til þess að standa undir þessum verkefnum. En vegna þess að það var búið að stela þessu af þeim í fjögur og hálft ár þá finnst mönnum allt í lagi að gera þetta svona.

Þetta er náttúrlega alveg eins og þegar hæstv. fjmrh. bauð mönnum upp á það að hann skyldi hætta við að leggja á þá matarskattinn ef þeir yrðu þægir og semdu um lágt kaup. Mér finnst þessi skiptimyntaraðferð, þessi hýðingarformúla sem ég hef stundum kallað svo og felst í því að menn koma til fólks og segja: Ég ætla að hýða ykkur öll 50 vandarhögg á næsta ári, en ef þið verðið góð, ef þið sættið ykkur við lítið þá er ég að hugsa um að hætta við það eða kannski fækka þeim ofan í 20. Mér finnst þetta vera hliðstæð samskipti og ekki til þess fallin að auka tiltrú manna á að þetta gangi farsællega fyrir sig í framtíðinni.

Ég hef því allverulegar efasemdir, herra forseti, um það að þessar breytingar beri að með þeim hætti að það verði til farsældar. Ég tel að sumir þessir málaflokkar væru a.m.k. um sinn betur komnir hjá ríkinu af þeim ástæðum sem ég hef gert nokkuð sæmilega grein fyrir.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hér er á dagskrá er fyrir ýmissa hluta sakir nokkuð sérstætt. Ég býst við því að það sé fremur óvenjulegt að frv. til laga, sem er þó ekki lengra en þetta, sé í tengslum við ekki færri en tíu önnur lög eða lagabálka. Þó verður það að sjálfsögðu að viðurkennast að þessi lög öll snerta sveitarfélög með einum eða öðrum hætti.

Það er rétt sem hér hefur komið fram fyrr í þessum umræðum að um langan aldur hafa menn rætt hér á landi um verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga. Ég býst þó við því að ástæðan til þess að heldur hefur gengið illa með þann flutning, heldur hefur lítið gerst, sé fyrst og fremst sú að sveitarfélög á Íslandi eru óvenjulega mörg miðað við mannfjölda þjóðarinnar og óvenjulega misjöfn að því leyti að þau eru mörg fámenn en tiltölulega fá fjölmenn. Þess vegna er það allt annað en einfalt verk að færa þessi verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna vegna þess að sveitarfélögin eru ákaflega misjafnlega í stakk búin til þess að taka við þessum verkefnum.

Það er nokkur áhersla á það lögð hér í athugasemdum með þessu frv. að almenn ánægja ríki meðal sveitarstjórnarmanna um þau markmið sem frv. tekur til. Ég leyfi mér fyrir minn hlut að efast um að þessi ánægja sé svo mikil sem af er látið og sé svo grunduð sem af er látið. Ég vek t.d. athygli á því að jafnvel svo mikilsverður aðili sem fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga virðist ekki hafa ályktað jákvætt um þetta mál varðandi þennan frumvarpsflutning sem hér er uppi hafður nú. Ég geri mér þó fulla grein fyrir því að mál af þessu tagi er þar búið að vera um árabil, jafnvel áratuga skeið á dagskrá. En málið ber hér að með dálítið sérstæðum hætti.

Það er rétt sem fram hefur komið að 12. sept. 1986 skipaði þáv. félmrh., Alexander Stefánsson, nefnd í þetta mál. Nefndin skilaði áliti 19. mars 1987.[1] Hún skilaði að mörgu leyti merku áliti, stórri

bók sem síðan var send út, líklega til allra sveitarfélaga, til kynningar. En ég er hræddur um að lengra hafi málið í rauninni ekki verið unnið en að það hafi á þennan hátt verið kynnt með þessari bók hjá sveitarfélögunum. Ég er ansi hræddur um að andsvarið frá sveitarfélögunum til baka hafi ekki komið markvisst fram á annan veg en með stjórnarsamþykkt Sambands ísl. sveitarfélaga sem hér var fyrr nefnt og að málið hafi verið rætt á fundum nokkurra landshlutasamtaka eins og hæstv. forsrh. minntist á hér í sinni ræðu fyrr í kvöld.

Það hvernig málið ber að til afgreiðslu nú er að minni hyggju af öðrum ástæðum. Ég hefði fyrir minn hlut talið eðlilegra og betra að mál af þessu tagi hefði til undirbúnings framkvæmdinni fengið lengri meðgöngutíma, minnst ár og það hefði verið reynt að leita formlegs samkomulags við sveitarfélögin betur en hér er gert.

Ég hef að vísu ekki haft þetta frv. til yfirlestrar nema núna seinni hluta dags í dag en vil þó engu að síður við þessa umræðu minnast á fáein atriði sem mér koma í hug við fyrsta yfirlestur. Það vekur sérstaka athygli mína þegar ég les í athugasemdum með frv. að yfirlit fylgir á bls. 18 og 19 um áætlaðan kostnað í þessu sambandi sem þarna hugsanlega færðist á milli. Niðurstöðutölur í þessu yfirliti, með leyfi hæstv. forseta, eru annars vegar hækkun hjá sveitarfélögunum: Upphæð sem nemur 1095 millj. kr. Hins vegar lækkun hjá sveitarfélögunum: Upphæð sem nemur 1210 millj. kr. En er það svo þegar fyrsta skref í þessum tilflutningi er stigið, að um álíka mikla upphæð sé þarna að ræða í hækkun og lækkun hjá sveitarfélögunum? Svo er ekki eins og niðurstöðutalan gæfi þó tilefni til að ætla að væri eðlilegt í þessu sambandi.

Verkefnatilflutningurinn frá ríki til sveitarfélaga, eftir því sem mér sýnist hér, þýðir það í þessu skrefi að hækkkun hjá sveitarfélögum í kostnaði næmi um 235 millj. kr., en lækkunin á móti væri um 10 millj. kr. Þetta er hlutfallið. Það er auðvitað vegna þess að þetta mál, eins og það ber hér að, var hluti af þeirri pólitík sem hæstv. ríkisstjórn rekur þessa dagana í því að losna við áralangan halla á ríkissjóði og sú leið sem hér er valin er ein í því efni.

Ég tel alls ekki að öll atriði, sem hér er um að ræða, séu neikvæð. Fjarri fer því. Ég vil t.d. nefna 2. gr. frv. I. kafla, um breytinguna í sambandi við málefni fatlaðra. Ég tel niðurlagsorðin í 2. gr. töluvert mikilsverð atriði, en þau eru svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstök flutningsþjónusta fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum sem falla undir lög þessi, skal greidd af rekstrarfé viðkomandi stofnunar."

Þetta ákvæði tel ég að sé mjög til bóta. Á þeim vettvangi sem ég hef undanfarið unnið hef ég oft fundið til þess að þetta ákvæði skuli ekki eiga við víðar í okkar þjóðfélagi.

Af orðum hæstv. forsrh. hér í kvöld og raunar einnig við lestur frv., II. kafla, þar sem fjallað er um íþróttalögin, sýnist mér að hæstv. ríkisstjórn sé að draga í land frá því sem áður var áformað. Ég veit ekki betur en áður hafi verið áformað og tillögur nefndarinnar hafi gengið út frá því að leggja niður Íþróttasjóð. Hér er sú tillaga ekki uppi og ég fagna því vegna þess að ég tel að þar sé um að ræða verkefni sem ekki er eðlilegt að ríkið kinoki sér við að taka þátt í, einmitt vegna þess að með þeirri þátttöku sem ríkið hefur haft á undanförnum árum og áratugum, þá hefur það komið fram á jákvæðan hátt vegna mismunar sveitarfélaganna. Nákvæmlega eins er málinu háttað varðandi félagsheimilin að minni hyggju.

Ég er nokkurn veginn viss um það að sú uppbygging sem hefur orðið í þeim málaflokki nánast alla tíð, nokkurn vegin óslitið allt frá því að sú löggjöf var fyrst lögfest einhvern tíma laust fyrir 1950, ég er nokkurn veginn viss um það að félagsheimilin hefðu ekki verið byggð svo myndarlega upp hringinn í kringum allt land ef ekki hefði komið til þátttaka ríkisins. Auðvitað hefur þátttaka ríkisins verið sein og komið allt of hægt í rauninni. En í mörgum tilfellum hefur þátttaka ríkisins riðið þann baggamun sem öllu skipti.

Í mörgum dreifbýlissveitarfélögum hefur þetta á undanförnum áratugum verið nánast eina samfélagsverkefnið og skipt verulegu máli um byggðamöguleika í viðkomandi sveitarfélögum. Ég tel að þarna sé um svo mikið verk að ræða að það sé algjörlega ofviða mörgum smæstu sveitarfélögunum, sem auðvitað geta haft samstarf, það er alveg rétt, en þátttaka frá heildinni skiptir þarna oft verulegu máli.

V. kafli frv. fjallar um dagvistarstofnanir. Ég er þeirrar skoðunar að sá þáttur sé einna þægilegastur til þess að flytja frá ríki til sveitarfélaganna. Það er vegna þess að dagvistarstofnanir eru þróaðastar í þéttbýli, það fer ekki á milli mála, og þéttbýlið sem við þó eigum úti um byggðir landsins er kannski best í stakk búið til þess að taka þetta verkefni að sér.

Í VI. kafla frv. er rætt um tónlistarskóla. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sá þáttur í uppeldismálum hér á landi sem síst ætti að flytja frá ríki til sveitarfélaga. Og ég gat ekki betur heyrt af orðum hæstv. forsrh. en að búast mætti við að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar væri um að ræða ákveðna áttun í því efni, að menn mundu gjarnan doka við. Ég býst við því að það sé vegna þess að menn hafa fundið að ánægjan með þessa þróun, þetta skref er ekki eins mikil og að er látið liggja í athugasemdum með frv.

Ég fékk t.d. bréf úr því kjördæmi í dag þar sem ég er fulltrúi og hæstv. forsrh. og mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að geta aðeins smáatriðis sem þar kemur fram af því svæði sem ég þekki einna best til, austur í Árnessýslu. Þannig háttar til að þar er einn tónlistarskóli sem ákaflega mörg sveitarfélög taka þátt í rekstrinum á. Mér er minnisstætt þegar rekstur þess skóla komst á eðlilegan grundvöll 1977 eða 1978, minnir mig. Þá stóð þannig á að Vilhjálmur Hjálmarsson var menntmrh. og hann hafði forustu

um það að koma þeirri löggjöf á sem þessir skólar búa við enn þann dag í dag. Sigurður Ágústsson í Birtingaholti var í forustu fyrir tónlistarskólum á þessum árum og ég heyrði það einhvern tíma orðað þannig að þegar bóndinn í Birtingaholti og bóndinn á Brekku náðu saman um þessi efni þá var komið á þeirri löggjöf sem við enn búum við í þessu efni. Það sem þarna reið baggamuninn var það að ríkissjóður tók að sér að greiða 50% af launakostnaði. Fyrir fáum dögum hittust fulltrúar allra þessara sveitarfélaga austur í Árnessýslu og ræddu þessi mál. Þeir ályktuðu, með leyfi hæstv. forseta, á eftirfarandi hátt:

„Sameiginlegur fundur fulltrúa sveitarstjórna er standa að Tónlistarskóla Árnessýslu beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að taka alfarið að sér launakostnað við tónlistarskólann, en verði slíkt ekki mögulegt, þá gildi áfram óbreytt skipulag um kostnaðarskiptingu launa við tónlistarskólana. Þegar er trygg samstaða um þennan rekstur í þessu héraði og óttast menn um þessa starfsemi ef við henni verður hróflað rekstrar- eða skipulagslega."

Ég get fyrir minn hlut tekið undir þessi sjónarmið. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að vera neinn munur á rekstri grunnskólastigsins hvort sem um er að ræða tónlistarskóla eða aðra þætti, að launakostnaður eigi að vera úr ríkissjóði. Þess vegna tel ég að það sem lagt er til í VI. kafla þessa frv. sé sýnilega spor aftur á bak.

Í IX. kafla frv. er rætt um landshafnir. Þær eru ekki margar hér á landi. Í því sambandi langar mig að leggja fram fsp. til hæstv. ráðherra um það hvernig ætlunin sé að fara með þær skuldir sem á landshöfnum hvíla. Ég veiti því athygli að það er ekki gert ráð fyrir að þessi hluti lagafrv. gangi í gildi fyrr en 1. júlí á næsta ári og það er sagt frá því í athugasemdum að það sé vegna þess að þarna þurfi að vinna að samningum eða nánari athugun á þessum þætti. En þá langar mig líka til þess að spyrja: Liggur fyrir nokkur áætlun um það hvernig rekstri þessara hafna yrði háttað eftir að hann væri kominn í hendur sveitarfélaganna? Er líklegt að reksturinn yrði með þeim hætti að hafnirnar yrðu ekki baggi á viðkomandi sveitarfélögum? Er eitthvað slíkt sem liggur fyrir sem er grundvöllur að þeirri tillögugerð sem hér er um að ræða?

Þá kem ég loks að X. kafla frv. Hann er að mörgu leyti sérstæður. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði honum nokkuð góð skil hér áðan og í rauninni vil ég taka undir margt af því sem hann tók fram í sínu máli. Hér er um að ræða hugmynd um það að mynda annars vegar sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar uppgjörsdeild. Í því fjárlagafrv. sem nú er til meðferðar er gert ráð fyrir því að framlag til Jöfnunarsjóðs verði 1485 millj. kr. Mér skilst að ef lögunum um Jöfnunarsjóð væri framfylgt, þá ætti framlagið að vera á milli 1600 og 1700 millj. kr. þannig að jafnvel þó að þetta framlag hafi verið verulega hækkað í þessu fjárlagafrv., þá nær það ekki því, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði áherslu á, að vera eins hátt og lögin gera ráð fyrir.

Nú á að mynda sérdeild í Jöfnunarsjóði og því vil ég spyrja: Hversu hátt hlutfall úr Jöfnunarsjóði á sérdeildin að vera? Ég vil í annan stað spyrja: Hvernig á að vera háttað úthlutun úr þessari sérdeild? Hvaða aðili á að fara með það úthlutunarvald sem þarna skiptir á milli sveitarfélaga til jöfnunar, væntanlega frá þeim betur settu til þeirra sem höllum fæti standa? Hvaða aðili er það sem á að meta þetta og hafa þarna úrskurðarvald? Mér finnst það ekki koma nægilega skýrt fram í frv.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um hugmyndina um uppgjörsdeild í seinni hluta 28. gr. frv. Það kemur skýrt fram að uppgjörsdeildin er til þess að gera upp þau mál sem þegar eru komin í framkvæmd, ákvörðuð eða þegar unnin. Þarna á að koma til ákveðin fjárveiting á fjárlögum, 100 millj. kr. eða sem því svarar næstu fjögur ár. Greiðslur úr þessari uppgjörsdeild eiga að vera til verkefna sem þegar hafa verið unnin.

Fyrir nokkrum vikum var lögð fram hér á Alþingi fsp. til ráðherra um skuldastöðu sveitarfélaga í sambandi við félagsheimili. Þar kom fram í einu dæmi, sem ég þekki nokkuð vel til, að ákveðið sveitarfélag úti á landi ætti inni í Félagsheimilasjóði 14 millj. kr. Nú er mér kunnugt um að þetta sama sveitarfélag telur að þessi skuld sé ekki 14 millj. kr. heldur 26 millj. kr. Og ég tek fram að það eru ekki framreiknaðar tölur. Þá má spyrja: Hvaða aðili á um þetta að fjalla? Það er tekið fram hér í frv. Í athugasemd við 28. gr. segir, með leyfi forseta: „Þar sem fjárveiting til allra þessara framkvæmda hefur verið á vegum menntmrn. er ætlunin að fulltrúi frá því ráðuneyti og Sambandi ísl. sveitarfélaga komi sér saman um fjárhagslega stöðu hvers verkefnis í árslok 1987 og uppgjörið verði síðan miðað við þessa stöðu." Ég bið menn að athuga að þetta úrskurðaratriði á að færa annars vegar til fulltrúa menntmrn. og hins vegar til eins fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Jafnvel svo einfalt atriði eins og það að sveitarfélag fái að leggja orð í belg eða semja um það eða segja álit sitt á því hvernig staða þess er í þessum efnum, það er ekki gert ráð fyrir svo miklum rétti til hvers sveitarfélags. Það er fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem þarna virðist eiga að vinna þetta viðkvæma verk af hálfu þeirra allra. Þetta er atriði sem ég get ekki fellt mig við.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tek það fram að þó að ég verði með nokkrar athugasemdir hef ég verið þeirrar skoðunar og er að nauðsynlegt sé að stokka þetta upp og þannig að breyta þeirri verkaskiptingu sem hefur ríkt en þó með einu skilyrði, því skilyrði að reynt verði að jafna þann aðstöðumun sem er og verður vegna þessara breytinga. Sé það tryggt mundi ég ekki, fyrir mitt leyti a.m.k., gera athugasemdir við þessa breytingu. En því miður virðist mér við fljótlegan lestur á frv. að þetta sé ekki tryggt, ef ég skil það rétt, og í sumum tilvikum eru viss atriði ekki nefnd hér. Það kann að vera að þau séu inni í

heildartölum, en það er ekki nefnt, og þar á ég við skólaakstur. Í strjálbýlli hreppunum getur vegalengdin sem þarf að aka börnum verið 5–6 sinnum lengri en í öðrum strjálbýlishreppum. Hvernig verður þetta jafnað? Ég sé ekki að það sé tekið tillit til þess eða minnst á þetta í frv. eða athugasemdunum við frumvarpsgreinarnar.

Ég vil fá það upplýst hjá hæstv. menntmrh. hvernig þetta er hugsað eða hvort tryggt sé að þessi aðstöðumunur vaxi ekki frá því sem er í gildandi reglum.

Ég ætla ekki að ræða frv. grein fyrir grein. Aðrir hafa gert þessu góð skil mörgu hverju, en ég heyri það á mörgum sveitarstjórnarmönnum í hinum strjálbýlu hreppum að þeir kvíða mjög þessari breytingu. Það er athyglisvert að í þeim nefndum sem skipaðar hafa verið til að undirbúa frv. er enginn fulltrúi strjálbýlisins, í hvorugri nefndinni, ef marka má það sem stendur í þessari greinargerð. Ég harma það að staðið hafi verið að þessu máli á þann veg, enda sé ég ekki hvernig þessi jöfnuður á milli sveitarfélaganna á að nást innan þeirra frumvarpsgreina sem hér eru fyrir framan mig.

Ég lít svo á t.d. með tónlistarskólana að það eigi að gilda alveg það sama eins og með grunnskólana og ég held að hæstv. forsrh. hafi sagt að það gæti komið til greina. Ég fagna því, enda held ég að ef þessi tilfærsla yrði með tónlistarnám mundu hinir efnaminni síður geta stundað slíkt nám og þar með væri stigið skref aftur á bak.

Ég heyri líka að forsvarsmenn fátækari sveitarfélaganna hafa áhyggjur af að taka alfarið heilsugæsluna, en það er ekkert við því að segja ef tryggt er á annað borð að það sé jafnað á milli þegar upp er staðið. Ég hef það á tilfinningunni að ekki sé gengið nógu vel frá þessum atriðum. Ég spyr því hvort því megi treysta að þarna sé ekki verið að íþyngja tekjuminni sveitarfélögunum. Víða hagar svo til, sérstaklega í strjálbýli, að meðalaldur fólks er hár og venjulega þarf fólk meira að leita til slíkra stöðva eftir því sem það eldist. Þegar það fer svo saman við minnkandi tekjur, eins og er víða í strjálbýli, er það áhyggjuefni. Fer ég ekki út í það í þessari umræðu frekar.

Það sem ég legg áherslu á er að reynt sé að tryggja að aðstöðumunur vaxi ekki, heldur þyrfti nú að stíga það skref, eins og er búið að margheita af forustumönnum stjórnmálaflokkanna, að reyna að standa þannig að málum að minnka aðstöðumuninn.

Ég vil líka spyrja hæstv. menntmrh.: Í II. kafla frv. er talað um að það verði stofnaður íþróttasjóður og það skuli veitt fé úr honum til þess að styrkja byggingu íþróttamannvirkja íþróttafélaga og ungmennafélaga. En það er ekkert sagt um það hvernig með skuli fara þar sem verið er að byggja skóla-íþróttahús. Nú fer það venjulega saman í strjálbýli. Hvernig er þetta hugsað?

Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði fyrr í kvöld í sambandi við þau mál og ég hef dæmi nálægt mér. Annars vegar er verið að byggja íþróttahús á Hrafnagili og hefur verið á undanförnum árum. Á sama tíma var í minni heimabyggð sótt um það að byggja íþróttahús. Þeir hafa ekki enn hafist handa í því efni, en það voru nokkrum sinnum settar á fjárlög nokkrar krónur í hvert sinn. Staðan er sú að þar er ekki byrjað að byggja. Er það rétt skilið eftir þessum II. kafla laganna að það sé eingöngu átt við íþróttafélög og ungmennafélög, en ekki skólabyggingar? Ég vil aðeins fá þetta skýrt. Þetta er ekki sett þannig fram að ég sé öruggur á þessu atriði við fljótan lestur, en ég vil að það komi hér fram.

Ég mun styðja frv. ef það er tryggt að aðstöðumunurinn vaxi ekki a.m.k. vegna þessarar breytingar á milli sveitarfélaganna, en ef ég fæ ekki svör við því mun ég greiða atkvæði gegn því og mun ekki geta stutt slík frumvörp, enda þyrfti samkvæmt loforðum formanna allra stjórnmálaflokkanna gömlu að stíga það skref að jafna þetta en ekki í öfuga átt.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er ekkert smámál sem er tekið fyrir með afbrigðum á kvöldfundi sem er á góðri leið með að verða næturfundur og ég verð að segja að mér geðjast ekki vel að þessum vinnubrögðum, eins og oft er nú búið að segja í sambandi við hvert stórmálið á fætur öðru. Lagasetning með þessum hætti er náttúrlega ótæk með öllu. Svona gjörbylting, ef segja má svo, er miklu stærra mál en svo að það verðskuldi ekki víðtækari og meiri skoðun almennra þm. en hér er boðið upp á. Það er algjörlega óviðsættanlegt, finnst mér, að löggjafarstörf og lagasetning séu nánast komin í hendur embættismanna og að þm. sé ætlað að fjalla um mál af þessu tagi á fáeinum dögum. Ég mótmæli því harðlega.

Þetta þingmál kom á borð okkar í dag. Það týndist reyndar í flóðinu á mínu borði þannig að ég áttaði mig ekki á því fyrr en nú í kvöld að við værum að fara að ræða þetta mál og er nú kannski ekki að undra þótt svona hlutir geti farið fram hjá þm. í önnum dagsins. Þess vegna hef ég allt of lítið getað búið mig undir þessa umræðu og get vitaskuld ekki gert það á þann hátt sem ég vildi og þetta mál verðskuldar.

Nú er það svo að við í Samtökum um kvennalista, eins og í öllum þingflokkum vafalaust, höfum talað með því og stutt það að gerðar yrðu breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að á kæmust gleggri skil þar á milli, vitaskuld að því tilskildu að tryggðar séu auknar tekjur sveitarfélaganna til að taka á sig aukin verkefni. Það hlýtur að fylgjast að og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það alls ekki ljóst og engan veginn tryggt af því sem séð verður í frv.

Það er ýmislegt í frv. sem hlýtur að vekja spurningar við mjög snögga skoðun að vísu. Ég geri þá athugasemd hér fyrsta að mér finnst ákaflega bratt af stað farið. Ég held að það hefði verið æskilegra að taka þetta í fleiri skrefum og smærri því að það er mjög erfitt að átta sig á hvaða áhrif þetta hefur og

hverju þetta breytir hjá sveitarfélögunum.

Það er enn fremur, finnst mér, afar óheppilegt að gera það á þann hátt sem gera á nú, þ.e. að það komi fram í frv. til fjárlaga að þetta standi fyrir dyrum en menn búi svo við óvissu í marga mánuði um það hvernig þessu verði endanlega háttað og menn hafi enga tryggingu fyrir því hvernig staðið verði að því að tryggja tekjur til þeirra verkefna sem færð eru á milli. Slíkar breytingar á verkefnaskiptingu hefði átt að gera með meiri fyrirvara. Við hefðum átt að fjalla um þetta á nokkrum vikum hér í þinginu og setja um það lög og síðan væri a.m.k. hálfs árs frestur þangað til lögin tækju gildi. Þannig hefðu menn getað skoðað málin og búið sig undir þessa breytingu.

Það er ýmislegt sem kemur upp í hugann þegar rennt er yfir frv. og skal ég ekki taka það mjög nákvæmlega fyrir enda, eins og ég sagði hér áðan, vanbúin til þess. Mig langar þó að nefna lið eins og dagvistarheimilin. Það er reiknað með því að sveitarfélögin sjái ein um byggingu almennra dagvistarstofnana eins og það er kallað hér. Ég kann betur við orðið dagvistarheimili. Þar sem fjallað er í athugasemdum við frv. um þetta mál er bent á það að dagvistun sé einvörðungu í sveitarfélögum í þéttbýli og einkum á stærri stöðunum. Og þessi þjónusta er sögð umfangsmest á höfuðborgarsvæðinu. Það er harla rétt. En þar með er ekki sagan öll sögð. Ástæða þessa er vitaskuld fyrst og fremst sú að það eru þessi svæði sem hafa getað staðið að byggingu dagvistarheimila og þó ekki nándar nærri því nóg eins og menn þekkja. Þörfin er miklu, miklu meiri og ástæðan fyrir því að dagvistun er meiri á þessum stöðum en á minni stöðunum er fyrst og fremst sú að sjóðurinn sem ríkið hefur lagt til hefur verið svo lítill að smærri sveitarfélögin hafa ekki sótt í hann en þau stærri hafa getað stofnað til skulda ríkissjóðs. Það er mjög langt frá því að þörf fyrir dagvistarheimili sé fullnægt og mig undrar það mat sem kemur fram hér í fylgiskjali á því hver kostnaður verði við þennan tilflutning. Þar er náttúrlega ekki miðað við neina þörf, heldur við það sem lagt hefur verið fram til þessara mála á undanförnum árum en það hefur verið langt undir því sem þörf hefur verið fyrir. Þess vegna held ég að það sé mjög rangt mat að það geti ekki orðið dýrara fyrir sveitarfélögin að taka við þessu. Það er þá eins og frumvarpssemjendur reikni ekki með því að sveitarfélögin vilji taka myndarlegar á málinu en gert hefur verið í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og það er því miður einnig grunur minn að svo verði.

Það er með þennan lið eins og fleiri liði í frv. sem á að flytja frá ríki til sveitarfélaga að ég óttast að þeir muni líða fyrir þennan tilflutning. Það hefur ekki verið svo myndarlega að þeim liðum staðið í samstarfi ríkis og sveitarfélaga en ég óttast að það muni ekki fara betur um þá ef þeir verða eingöngu í umsjá sveitarfélaganna, einfaldlega vegna þess að það er ekki nógu vel séð fyrir tekjum í sambandi við þennan tilflutning. Því miður eru þetta verkefni sem eru ekki beinlínis gæluverkefni hins opinbera og a.m.k. á meðan konur eru svo fáar í sveitarstjórnum er ég hrædd um að hin karlmannlegu viðhorf verði þar ríkjandi og að málefni eins og dagvistun barna og segjum tónlistarskólar muni ekki verða þar efst á forgangslistanum.

Það sama má vafalaust segja um aðra þætti. Ég nefni bara vatnsveiturnar sem á að fara að flytja til sveitarfélaganna. Í þeim málaflokki er gífurlega mikið ógert og það er stórt verkefni sem þar er flutt algjörlega yfir til sveitarfélaganna. Framlag ríkisins hefur hingað til ekki verið mjög stórt þannig að þar hafa ekki orðið slíkar framkvæmdir og uppbygging sem þörf hefur verið á. Því óttast ég að sveitarfélögin sjái þar fram á stór og mikil verkefni.

Hvað tónlistarskólana varðar þekkja menn það mál vel svo mikil mótmæli sem okkur hafa borist, fjöldi bréfa og ályktana, og greinaskrif mikil verið í blöðum. Það fer ekkert á milli mála að það er mikill uggur í mönnum vegna þessa og ég held að ástæða hefði verið til að athuga þessi mál nánar og flana ekki að neinu. Ég hef satt að segja ekki heyrt nokkurn mann í röðum sveitarstjórnarmanna né heldur meðal kennara og skólastjóra sem hefur ekki áhyggjur af þessu verkefni. Ekki er ýkja langt síðan, ég man nú ekki hvað það eru mörg ár, að þessi háttur var upp tekinn að ríkið kæmi inn í þessi mál. Þegar það fyrirkomulag var upp tekið sem nú ríkir verkaði það eins og vítamínssprauta á þessa starfsemi í sveitarfélögunum. Það er margra mat að um mikla afturför verði að ræða ef þetta gengur eftir.

Það undrar mig reyndar svolítið, svo kröftug mótmæli sem orðið hafa varðandi þennan málaflokk, að sambærileg mótmæli hafi ekki komið fram vegna tilflutnings annarra verkefna, þ.e. við uppbyggingu dagvistarheimila, að slík mótmæli hafa ekki heyrst jafnkröftuglega í þeim málaflokki. Ég var að velta því fyrir mér hvernig á því stæði því að ég hef sannarlega ekki minni áhyggjur af því en tónlistarfræðslunni. Vel má vera að þar sé um að kenna eðlislægri hógværð kvenna því að það eru fyrst og fremst þær sem hafa áhyggjur af dagvistarmálunum og þeim hættir til þess að sætta sig við það sem að þeim er rétt og reyna að gera hið besta úr öllu saman.

Ég vil svo segja það að stærsta spurningin er einmitt varðandi tekjutilfærslurnar og hlýtur að verða að skoðast mjög vandlega. Ég sé ekki í frv. að svo miklu leyti sem mér hefur tekist að kynna mér það á þessum stutta tíma hvernig sveitarfélögunum er ætlað að standa undir þessu. Það virðist við það eitt miðað að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði skertur minna en verið hefur og það dugir vitanlega engan veginn til. Það stendur á bls. 10 að með þessum verkefnaflutningi sé talið að um 200 millj. kr. útgjöld færist frá ríki til sveitarfélaga, en sveitarfélögum séu jafnframt tryggðar auknar tekjur með meiri framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það er fjallað um uppgjörsmál og að ríkisframlagi verði beint um Jöfnunarsjóð og því verði skipt af

fjvn. að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis. Það kemur hvergi fram að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði ætlaðar auknar tekjur frá þeim lögum sem nú gilda um Jöfnunarsjóðinn og eins og við vitum eru sveitarfélögin ekki sjálfráð um það hvernig þau afla sér tekna. Ég held að þessi mál séu alls ekki nægilega vel frá gengin og mér finnst það fyrir neðan allar hellur að okkur sé ætlað að skoða þetta á örfáum dögum.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. sem mælti fyrir þessu frv. hvort það sé með öllu ásetningur ríkisstjórnarinnar að þetta frv. verði að afgreiða fyrir þinghlé.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Mig langar til að segja örfá orð um það mikilvæga mál sem liggur fyrir hv. deild á þskj. 224. Ég verð að viðurkenna að það er ákaflega stuttur tími sem er ætlaður til meðferðar á svona stórum og viðamiklum málaflokki miðað við að það verði afgreitt fyrir þinghlé sem lög frá Alþingi. Ég get tekið undir það með hv. alþm. sem hér hafa tekið til máls að vissulega er hér mikill vandi á ferðum að afgreiða þetta mál þannig frá Alþingi á svo skömmum tíma að þm. almennt, sem margir hverjir hafa lítið komið að sveitarstjórnarmálum, að þessum málaflokkum í landinu, hafi varla verið búnir að átta sig á þýðingu þessara mikilvægu breytinga sem hér er verið að boða. Og ég set það hér fram þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar að ég hygg að það sé ógerningur að afgreiða þetta mál öðruvísi en að félmn. Nd. og Ed. starfi saman að afgreiðslu málsins eiginlega frá fyrsta stigi.

Varðandi það sem hv. síðasti ræðumaður, 10. þm. Reykv., sagði áðan í sambandi við einn málaflokkinn, dagvistarstofnanir, er ég algjörlega á öndverðum meiði. Ég held að dagvistunarstofnanir eða dagvistunarmál eigi hvergi heima nema hjá sveitarfélögunum. Þetta er sem betur fer eitt auðveldasta málið viðureignar í sambandi við fjármálaleg afskipti milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er ekki flókið mál þar sem hér er aðeins um hluta af stofnkostnaði í nýbyggingum að ræða sem ríkið greiðir. Ég held að það sé ástæðulaust að bera kvíðboga fyrir því. Ef nokkur aðili á að bera ábyrgð á slíkum stofnunum er það viðkomandi sveitarstjórn og ég efast ekkert um það af reynslu minni undanfarin ár að sveitarstjórnir hafa yfirleitt sinnt þessu máli mjög vel og hafa gert þetta að forgangsverkefnum hvert á sínu sviði, það þekki ég. Ég efast ekkert um það að ef tekst að ná fram þeim áformum sem hér eru í sambandi við nýjan Jöfnunarsjóð með nægjanlegu fjármagni til þess að mæta þessum verkefnum er betur fyrir þessum málum séð í höndum sveitarstjórnarmanna en hjá einhverri deild í ríkiskerfinu. Á þetta legg ég áherslu.

Ég skal ekki hafa hér langt mál, herra forseti. En ég vil aðeins segja það að þessi verkefnatilflutningur eða verkaskipting, eins og svo er kallað, milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið lengi í meðferð í okkar þjóðfélagi og ég minnist þess að það er sennilega komið á þriðja áratug sem ég er búinn að taka þátt í starfi um þessi mál á vettvangi sveitarfélaga. Ég held ég megi fullyrða að varðandi nærri því öll nefndarálit sem hafa verið samin á a.m.k. síðustu 20 árum hafi ég átt vissan hlut að máli, á misjafnan hátt en þó alltaf stöðugt í þeim nefndum sem um þau hafa fjallað. Og ég get sagt það sem mína skoðun á þessu máli að á undanförnum a.m.k. 2–2½ áratug hafa þessi málefni sífellt verið að taka breytingum og þegar ég segi breytingum á ég við það að sveitarstjórnarmenn í landinu hafa verið smátt og smátt að átta sig á gildi þess að taka höndum saman um sameiginleg verkefni. Með hverju ári sl. áratug hafa sveitarfélögin sameinast um stærri og þýðingarmeiri verkefni sem hafa sannfært þau sjálf um gildi þess að þappa sér saman til þess fyrst og fremst að vera fær um að taka við verkefnum frá ríkinu til þess að auka á sjálfstæði sitt til ákvarðana. Það væri í raun og veru löngu búið að ná stærri áföngum í þessu ef ríkisvaldið sjálft skulum við segja eða stjórnvöld á hverjum tíma hefðu ekki verið eins og staðir klárar í því að þora að taka ákvörðun um tekjustofna á móti fyrir sveitarfélögin. Mín reynsla hefur verið sú að það hefur alltaf strandað á þessu atriði, en sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn almennt í landinu hafa færst nær því með hverju ári að átta sig á gildi þess að koma þessum hlutum þannig fyrir sem hér er verið að byrja að fikra sig áfram með.

Ég vil segja það í leiðinni að nýju sveitarstjórnarlögin sem voru sett á síðasta ári opnuðu alla möguleika fyrir sveitarfélögin að taka við stærri verkefnum frá ríkinu. Og þeir sem voru með úrtölur þá eru búnir að átta sig á að þetta er staðreynd. Ég er alveg sannfærður um og það er mín tilfinning, sem hef talsverða reynslu í þessum málum, að það verður ekki langt í það að sveitarfélögin í landinu átti sig á því að í staðinn fyrir að vera 200 talsins eiga þau að vera 100 eða jafnvel færri.

Ég ætla ekki að fara meira út í þetta. En ég vil benda á það og ég tel að hv. alþm. þurfi að átta sig á því að það er í fyrsta skipti sem hefur verið tekið faglega á þessum málum. Það er með þeirri nefnd sem var skipuð 1986 og skilaði sínum ályktunum og sínum störfum af sér í byrjun þessa árs og það sem vitnað hefur verið til í þessum tillögum, og voru þær gefnar út og sendar hverjum einasta sveitarstjórnarmanni á Íslandi og alþm. einnig.

Það er nú verst hve fáir hv. alþm. nenna að hlusta á umræður um svona viðamikinn málaflokk sem þeir flestir eða margir hverjir hafa ekki hundsvit á. Það er ákaflega erfitt að verða vitni að því að stór hluti af hv. alþm. hefur aldrei lesið þessa skýrslu, hvorki um þau verkefni sem á að flytja á milli eða hvernig fjármálaleg ákvörðun sem er þar sett fram virkar í þessa veru. Þetta undrast ég mjög þar sem ég sjálfur hef orðið vitni að slíku í samtölum við marga hv. þm. Þess vegna er það áhyggjuefni mitt nú að þegar við höfum aðeins kannski 8 eða 10 daga til þess að fjalla um þetta mál verða æðimargir sem eru ekki í stakk

búnir til að takast á við þetta verkefni svo vel sé.

En ég endurtek það sem ég sagði hér við 1. umr. fjárlaga að ég tel að það sé meginatriði í þessum málum að núna, við þennan verkefnatilflutning sem hér er byrjað á en er aðeins lítill hluti af því sem fram undan er, verði sveitarstjórnarmenn að geta treyst ríkisvaldinu. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan að þetta er meginmál. Það er meginmál. Það væri betra að hætta við allar slíkar tilraunir ef þær mistakast vegna þess að ríkisvaldið stendur ekki við sinn hlut í sambandi við þennan tilflutning. Þess vegna held ég að það verði að vera alveg ljóst að sá fjármálalegi tilflutningur sem þarf til þess að standa undir þessum áformum verður að vera 100% í lagi. Það þýðir ekkert að vera að fara af stað öðruvísi því að ef sveitarstjórnarmenn verða varir við það að þeir geta ekki treyst þessum áformum um fjárhagslega uppbyggingu snúast þeir til varnar. Ég minni á verkefnaflutninginn sem var gerður skyndilega 1972 og 1976, minnir mig, milli ríkis og sveitarfélaga. Þar urðu margir sveitarstjórnarmenn fyrir vonbrigðum vegna þess að ríkisvaldið á þeim tíma stóð ekki við það sem lofað var í þeim tilflutningi svo að mörg minni sveitarfélögin sérstaklega og jafnvel þau stærri líka fengu ekki það út úr því sem þau töldu sig hafa upplýsingar um við þessa ákvörðun stjórnvalda.

Það sem mig langar svo aðeins að koma inn á er í sambandi við hlutverk Jöfnunarsjóðs. Hann er eiginlega lykillinn að öllu þessu. Því sakna ég þess mjög í þessari umræðu og meðferð málsins á undanförnum vikum að mér finnst ekki hafa komið fram nægjanlega skýrar línur um hlutverk Jöfnunarsjóðs, þ.e. framtíð hans, til að standa skil á því hlutverki að jafna aðstöðu út um allt land og tryggja það að sveitarfélögin geti treyst því að þau hafi þarna öruggan tekjustofn. Það þýðir ekkert að vitna í Jöfnunarsjóðinn eins og hann er í dag því að eftir nokkra mánuði er hann hruninn. Ég segi hruninn vegna þess að það er verið að breyta lögum. Það er verið að breyta söluskattslögum og það á að taka við virðisaukaskattur. Og allar þessar lagabreytingar hafa auðvitað það í för með sér að það verður að búa til nýjan Jöfnunarsjóð og það er þarna sem ég held, eins og kom fram hjá einum hv. ræðumanni hér áðan, að margir sveitarstjórnarmenn séu tortryggnir og telji sig ekki hafa þá tryggingu í vasanum að varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eins og hann er nefndur í dag, í framtíðinni þegar búið er að flytja, hvort sem við tölum um 1 milljarð eða 2 milljarða frá ríkinu til sveitarfélaga, verði rétt á haldið. Ég vil láta það koma fram hér við 1. umr., ég er efins um það að margir af þeim hv. embættismönnum sem eiga að fjalla um þetta mál hafi gert sér grein fyrir þessu. Ég efast um það að margir hæstv. ráðherrar hafi hugmynd um það í raun og veru hvað þeir eru að tala um í sambandi við þessi mál, ekki síst ráðherrar sem aldrei hafa komið nálægt sveitarstjórnarmálum eða því kerfi í landinu.

Ég langar mig aðeins til að nefna hér málefni Íþróttasjóðs. Íþróttalögin eru einn af mikilvægustu lagabálkum sem við byggjum á hér í landinu. Þetta eru gömul lög en þau hafa verið ómetanlegur tryggingarsjóður fyrir uppbyggingu bæði á sviði íþróttamála og á sviði félagsheimila og fleiri slíkra mála í áratugi. Mörg byggðarlög byggja raunverulega á því að hafa þennan tryggingasjóð áfram. Því er þessi breyting vandasöm sem núna er verið að leggja til. Ég er ekki að tala gegn henni vegna þess að ég er einn þeirra sem hafa talið að það væri eðlilegt t.d. að félagsheimilin færu beint til sveitarfélaga. En ég er efins í sambandi við Íþróttasjóð.

Ég verð að segja það alveg eins og er varðandi þetta frv., sem ég hef því miður ekki lesið nægilega vandlega á undanförnum dögum, að ég skil ekki II. kafla laganna. Ég skil hann ekki. Þegar ég les 3. gr. get ég ómögulega áttað mig á því hvernig þetta er samsett því það er bæði talað um að opinber stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja íþróttafélaga og félagasambanda innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands skuli vera í verkahring sveitarfélaga. Það er bein breyting. Byggingarstyrkir skulu ákveðast í fjárhagsáætlunum sveitarstjórnar o.s.frv., o.s.frv. En svo kemur:

„Alþingi veitir þó árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til byggingar íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 1. mgr."

Það vantar samhengið í þetta áreiðanlega. Ég hef sagt það áður í þessum ræðustól að ég tel að það sé nauðsynlegt að vanda sig þarna, og ég tel að það eigi bara að gera breytingu á íþróttalögunum að því er varðar Íþróttasjóð. Miðað við samræmið í verkefnaflutningunum tel ég sjálfsagt að þáttur sveitarfélaganna úr Íþróttasjóði verði felldur niður en íþróttafélögin, sem hér eru nefnd, hafi áfram óbreyttan stuðning úr Íþróttasjóði ríkisins, eða í gegnum íþróttalögin, þannig að það verði alveg aðgreint, vegna þess að þegar við erum búin að flytja grunnskólana að verulegu leyti yfir til sveitarfélaganna, sem er næsta skrefið í þessum málum, þá fylgir auðvitað uppbygging á þeirra vegum með, sem er tengd skólamannvirkjum í dag, og ekkert óeðlilegt við það. Ég er ekkert hissa á því í sjálfu sér að menn séu kvíðnir í sambandi við þetta mál því að það er eitt erfiðasta málið í landinu núna, þessi aðstöðumunur til íþrótta sem menn eru að gera sér grein fyrir að er að aukast núna með hverjum mánuði sem líður.

Nú eru allar íþróttir í okkar landi orðnar miðaðar við keppnisíþróttir. Ég verð t.d. var við það í minni heimabyggð að ungir strákar, sem eru stæltir og kröftugir vegna þeirrar aðstöðu sem þeir hafa í þessu byggðarlagi þar sem allt byggist á því að ungir menn fari að vinna um leið og þeir komast á legg, þeir hafa ekki sömu aðstöðu og hér. Þeir koma hingað suður og eru í körfubolta sem þeir eru búnir kannski að æfa í engri aðstöðu í ófullkomnu húsi, en krafturinn

er svo mikill í þeim að þeir geta lagt að velli menn hérna í Garðabæ og annars staðar þar sem aðstaðan er fyrir hendi. En þeir koma bara heim og segja: Pabbi eða mamma, þetta er ekki hægt, við getum ekki búið á stað þar sem engin aðstaða er til. Það er þessi lýsing, þó að hún sé kannski í sumra eyrum skrýtin þá er þetta staðreynd sem er að grafa um sig núna miklu meira úti um landið en við höfum gert okkur grein fyrir.

Við erum að færast nær því að það eru gerðar miklar kröfur til íþróttafólks og um leið vaknar áhuginn hjá hinum og þar sem ekki er til aðstaða gerist það einfaldlega að fólkið flyst burt frá þessum stöðum þangað sem aðstaðan er til. Ég hygg að þetta sé jafnvel enn þá meira vandamál en menn hafa gert sér grein fyrir og þess vegna er alveg ljóst að stjórnvöld og Alþingi verða að taka miklu, miklu fastar á þessu máli en nokkurn tímann hefur verið talað um áður. Það eru nýir tímar sem eru komnir yfir okkur hvað þetta snertir. Ég vil ekki þurfa að hugsa til þess að ungt fólk í byggilegum byggðarlögum segi bara hreint og klárt: Við verðum að flytja héðan vegna þess að engin aðstaða er fyrir hendi. Ég get nefnt sem dæmi lítið þorp, Grundarfjörð. Þar búa um 700–800 manns, mjög kraftmikið fólk og félagslynt. Þetta fólk hefur ekki nokkra aðstöðu og hefur aldrei haft í áratugi til þess að stunda íþróttir á eðlilegan máta. Verkefnin eru því býsna mörg, og þess vegna þurfum við að vanda okkur í sambandi við þennan málaflokk.

Og af því að ég veit að hér í hliðarherbergi er maður sá sem veitti forstöðu þeirri nefnd, annarri mikilvægu nefndinni frá 1986, sem byggir upp fjárhagsdæmið í þessum málum, þá vil ég segja að ég er alveg sannfærður um það, þó að ég sé ekki að vefengja þessa útreikninga eða uppsetningu þeirra, að viðmiðunin við 1984–1985 er ekki réttur grunnur. Ég tel að það muni koma fljótlega í ljós, ekki síst við stærri verkefni sem eftir er að taka ákvörðun um, að hlutur sveitarfélaga í þessum tilflutningi er of lágt metinn. Hann er of lágt metinn.

Og vegna þess að hér var einn hv. þm. áðan að minnast á vatnsveitur, sem er auðvitað eðlilegt að sé hlutverk sveitarfélaga, þá er ég alveg handviss um að það sem talað er um í fskj. með þessu frv., að hlutur vatnsveitnanna sé 10 millj. kr., sé algjörlega út í hött. Vegna þess að framkvæmdir við vatnsveitur núna á árinu 1987 eru um 67 millj. kr., og næsta ár a.m.k. 70–80 millj. kr. miðað við það sem nú liggur fyrir. Við skulum reikna hlut ríkisins í því 50% og þá sjá allir menn að þessar upphæðir eru ekki rétt viðmiðun. Hins vegar vil ég taka fram að þetta er hlutverk sveitarfélaganna og engin ástæða til að ríkið komi þarna meira inn í nema með auknu framlagi til Jöfnunarsjóðs.

Ég skal stytta mál mitt, herra forseti, en ég vil aðeins undirstrika þessa þætti. Auðvitað kemur þetta allt til umræðu í félmn. og þá er hægt að takast betur á við þetta mál með yfirheyrslum við kunnuga menn í þessum kerfi öllu. En ég vil endurtaka að mér finnst eitt veigamesta atriðið í þessum verkefnatilflutningi í fyrsta lagi það að sveitarfélögin fái traust á því hvað er verið að gera og geti treyst því sem stjórnvöld eru að leggja til, þannig að það sé ekki bara til einnar nætur. Í öðru lagi að sá fjárhagsgrunnur sem sveitarfélögin verða að geta byggt á í framtíðinni er nýr Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þar verður mesti vandinn, að byggja slíkt kerfi upp. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram að ég tel að sveitarstjórnarmenn úr hinum ýmsu tegundum sveitarfélaga, hvort sem þau eru lítil eða hvar sem þau eru, fái ekki nægjanlega aðild að þeim nefndum sem eiga að byggja upp þessi mál.

Ég kynntist því lítillega í dag að t.d. í sambandi við íþróttamálin og annað eru það eingöngu embættismenn sem eru að vinna þessi mál. Ég tel að það væri miklu hyggilegra að fá þrautreynda sveitarstjórnarmenn, hvort sem það eru oddvitar eða sveitarstjórar eða bæjarstjórar, til að koma meira inn í þetta mál. Því ég verð að viðurkenna það hreinskilnislega eftir að hafa unnið í þessum málum í tugi ára og verið m.a. í stjórn Sambands sveitarfélaga o.s.frv. að það eru ekki endilega réttu mennirnir til þess að fara í alla þætti að því er varðar hvert einasta atriði í sambandi við sveitarstjórnarmálin. Það er miklu betra að dreifa þessu og draga fleiri inn sem eru í daglegum störfum og þekkja þetta eins og fingurna á sér.

Ég get líka nefnt það, sem er veikleiki á þessu, að kynningin á þessum tillögum, sem lágu fyrir sl. vor og voru sendar út í maí eða rétt áður en fyrrv. ríkisstjórn fór frá völdum, hefur legið niðri í allt sumar og haust. Hún er ekki nægjanlega mikil. Ég get tekið undir það sem kom fram í ræðu eins hv. þm. áðan að þetta hefur ekki verið nægjanlega kynnt. Það var tekin ákvörðun um að nota þessa skýrslu og láta þennan verkefnaflutning byrja núna strax. En undirbúningurinn að kynna lagabreytinguna var ekki nægjanlega mikill. Það þori ég að fullyrða og ég tek undir þá gagnrýni. Það er auðvitað félmrn. fyrst og fremst sem hefur sofið þarna á verðinum og ekki sinnt þessu verkefni sem er kannski ekki nema eðlilegt þar sem hæstv. félmrh. hefur sjálfsagt þurft tíma til að læra eitthvað í þessum málum.

Ég ætla svo að lokum að vona það að þrátt fyrir þetta sem ég hef sagt, sem er kannski meira varnaðarorð, þá verði hægt að koma þessu máli í höfn, að sá ásetningur sem hér er stefnt að geti orðið að veruleika með því að lögfesta þetta fyrir jól svo að lögin taki gildi 1. janúar nk. En þá þarf að halda vel á spöðunum, ef svo má að orði komast. Ég vonast til þess, og mér finnst að við þurfum að gera það með opnum huga, að þessi lagasetning og þessar breytingar verði til þess að efla sveitarfélögin, efla sjálfstæði þeirra og koma á því formi að við jöfnum aðstöðumuninn í landinu.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég vil í meginatriðum lýsa stuðningi

við þetta frv. til laga, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég fell að vísu undir þann hóp þm. sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði að hefði ekki hundsvit á þessum málum og viðurkenni það fúslega. Ég tel mig engu að síður hafa örlítið vit á íþróttamálum og ætla þess vegna eingöngu að fjalla um þau í stuttu máli.

Það er viðurkennt í dag að íþróttir stuðla að hollustu og þroska. Þær eru viðurkenndar á öllum sviðum. Þær eru viðurkenndar sem landkynning. Þær eru viðurkenndar sem gott forvarnarstarf þegar rætt er um tóbaksneyslu og áfengi, fíkniefni og önnur mál. Á sama tíma og þetta allt fer fram og allir viðurkenna þá á að stefna íþróttalífinu í landinu í hættu. Ég segi að það sé verið að stefna í hættu þegar á að færa þennan málaflokk yfir á sveitarfélögin. Og er ég ekki í nokkrum vafa um það. Ég sé alveg fyrir mér þegar sveitarstjórnir eiga að fara að skipta „púlíunni" og raða niður á verkefnin: Eigum við að setja þessu meira í sjúkrahúsið eða eigum við að setja það í íþróttavöllinn? Það er ósanngjarnt að stilla sveitarstjórnum svona upp. Þetta á alls ekki að fara yfir í þeirra verkahring.

Það er alveg ljóst að þetta mun skapa aðstöðumun fyrir íþróttir í landinu. Eins og hæstv. fyrrv. félmrh. kom inn á þá mun þetta einnig valda byggðaröskun. Það er enginn vafi á því að metnaðarfullir einstaklingar í íþróttum fara þangað sem aðstaðan er. Það er ekki nokkur vafi. Og hvar er aðstaðan? Hún er öll hér á Reykjavíkursvæðinu í dag. Og sá aðstöðumunur mun aukast með tilkomu þessara laga ef þau verða samþykkt óbreytt.

Íþróttir eru líka viðurkenndar sem mikil landkynning fyrir þjóðina. Við eigum að viðurkenna þetta allt og stuðla að öflugra íþróttalífi og öflugra íþróttastarfi en nú er til staðar. Þar af leiðandi mun ég við 2. umr. flytja lengra mál væntanlega og dýpra hugsað. Ég mun þá flytja brtt. við þetta frv. þar sem ég mun mælast til að II. kaflinn verði algjörlega felldur út. Ég er hins vegar tilbúinn til að standa að endurskoðun á íþróttalögunum í heild. En Íþróttasjóður á að vera til. Sá Íþróttasjóður sem nefndur er í II. kafla er ekkert annað en „snuð" upp í okkur til að þagga niður í okkur. Ég get ekki séð hvað hann á að gera. Það væri fróðlegt að vita hvaða hugmyndir menn hafa um fjármagn til þessa sjóðs. Ég hef grun um að það sé eitthvað óverulegt og varla upp í nös á ketti.

Á bls. 12 segir, með leyfi forseta.

„Fjármálanefnd lagði mat á verkefnaflutning frá Íþróttasjóði til sveitarfélaganna við byggingu íþróttamannvirkja. Hann er metinn á rúmar 43 millj. kr. á núverandi verðlagi." Þessi tala er mér algjörlega hulin ráðgáta.

Ég lagði fyrir hæstv. menntmrh. fsp. sem hljóðaði þannig: Hver verður ógreidd hlutdeild Íþróttasjóðs í byggingu íþróttamannvirkja um næstu áramót? Svarið var 193 millj. kr.

Við annarri spurningu sem ég lagði fyrir menntmrh.: Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka þeim íþróttamannvirkjum sem nú eru í byggingu? var svarið 267 millj. kr.

Við þriðju spurningunni: Hverju nema óafgreiddar beiðnir til Íþróttasjóðs um byggingu íþróttamannvirkja? var svarið 463 millj. kr.

Á að velta þessu öllu yfir á sveitarfélögin? Hvernig á að standa skil á þessu?

Það er viðurkennt að íþróttir og góð frammistaða í íþróttum er byggðarlögum til framdráttar. Nægir að nefna t.d. knattspyrnulið sem heitir Víðir og er úr Garðinum. Ég get fúslega viðurkennt að ég vissi ekkert hvar Garður var fyrr en þetta lið komst upp á stjörnuhimin þeirrar íþróttar.

Þá má spyrja: Hvernig á að standa að þegar landssamtök ætla að reisa hús? Hvaða sveitarfélög eiga þar að koma inn í? Hvað ef Handknattleikssamband Íslands ætlar að reisa hér aðra íþróttahöll, sem væntanlega allt landið á að nota? Hverjir eiga að greiða það? Það væri fróðlegt að vita það.

Það berast núna áskoranir úr öllum áttum um að verja íþróttir. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að hlusta á þær raddir sem þar koma fram. Læt þetta duga, forseti.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Herra forseti. Það er með þetta frv. eins og mörg önnur að það ber að með nokkuð skjótum hætti og því er kannski ekki hægt að fjölyrða um það í smáatriðum því þetta er stærra mál en svo að maður kynni sér það nægilega á þeim tíma sem til þess hefur verið gefinn. Það vekur nokkra furðu að slíkar ákvarðanir skuli fyrst birtast í fjárlagafrv. og þau frv. sem renna svo stoðum undir það birtist nokkrum mánuðum seinna. Maður hlýtur að spyrja hvort þær ákvarðanir sem birtust í fjárlagafrv. hafi ekki verið ígrundaðri en svo að frumvörpin væru ekki til og því þau var þá ekki lagt fram.

Í sjálfu sér er maður ekki á móti þeim markmiðum sem koma fram á bls. 7, um aukna ábyrgð og vald heim í héruð o.s.frv. Það samrýmist auðvitað ákaflega vel valddreifingarsjónarmiðum Kvennalistans. En á móti kemur það að valddreifing sem kemur ofan frá er kannski ekki mjög mikils virði. Það hvarflar að manni að nú hefði verið gott að hafa hér samþykkt frv., sem lagt var fram á Alþingi í fyrra af kvennalistakonum, um möguleika íbúa í sveitarfélögum til að greiða atkvæði um mál ef nógu margir íbúar bæðu um það. Ég efast ekki um að íbúar hinna ýmsu sveitarfélaga kunna að hafa á því skoðanir hvernig þessari verkaskiptingu væri best háttað. Það er ekki endilega víst að stjórnmálamenn eða embættismenn sjái það ljósast hvernig því væri best hagað.

Sveitarstjórnarmenn sem slíkir eru líka toppur á ísjaka. Æskilegast væri að svona mál væru kynnt þannig að fólk gæti látið í ljós hug sinn í einhvers konar kosningum í kjölfar umfjöllunar þessara mála. Þetta ber að allt með dálítið einkennilegum hætti.

Síðan á að varpa bæði framkvæmdum og ábyrgð

yfir á sveitarfélög án þess að tryggja þeim um leið að þau geti tekið fjárhagslegar ákvarðanir eða ákvarðað sína tekjustofna. Það hvarflar að manni að bera þetta saman við hlut kvenna. Þær eru kallaðar til ábyrgðar og sagt að standa sig, en um leið háttar þannig málum að þær hafa ekki fjárhagslegt sjálfstæði og fer oft lítið fyrir ábyrgð og framkvæmdum þegar fjárhagslegt sjálfstæði er ekki fyrir hendi.

Hvað snertir þau verkefni sem á að flytja er athyglisvert að eina verkefnið sem hafa borist öflug mótmæli gegn virðist nú vera í einhverri endurskoðun, þ.e. tónlistarskólarnir. Það segir manni nokkuð um að ef þrýstingur hópa getur nægt til að breyta þarna ákvörðunum sé kannski ekki að málum staðið eins og best hefði mátt vera. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það hafa verið mjög samhljóma ályktanir frá öllum þeim sem að tónlistarmálum starfa, tónlistarkennurum, tónlistarskólastjórum o.s.frv. Þeir hafa allir sent inn öflug mótmæli gegn þessu og tala þar margir af reynslu því að þeir muna margir þá tíma þegar þessi mál voru á höndum sveitarfélaga og þekkja þá baráttu sem þeir urðu þá að heyja til að koma sínum málum fram. Það er einu sinni svo að þau mál sem ekki er hægt að sýna fram á efnahagslegan ábata af eða mælanlegan gróða eiga erfiðara uppdráttar þegar kemur að útdeilingu fjármagns og það gildir ekki um tónlistina eina. Því er kannski ekki að undra að það fólk sem að þeim málum starfar sé hvað mest uggandi um sinn hag. Ég held að það blandist engum hugur um að bili vatnsleiðsla og hús verði vatnslaus verður gengið í að laga þá vatnsleiðslu, en það er ekki víst að sami þrýstingur skapist þó eitthvert barn geti ekki farið í tónlistarnám.

Það virðist öllum bera saman um að þetta muni leiða til stórkostlegrar hækkunar skólagjalda í tónlistarskólum og þykir mörgum nóg um nú þegar, því að það geta varla kallast í anda jafnréttis til náms hver skólagjöld eru sem þarf að inna af hendi nú þegar í tónlistarskólum. Það skýtur nokkuð skökku við að vera með tilfærslum og ráðstöfunum að stefna í að skólagjöld stórhækki, en um leið er boðað að fram muni koma frv. um tónlistarháskóla. Því hlýtur maður að spyrja hvort það geti virkilega verið stefnan að háskóli, hvert sem hlutverk hans er, og hvort fólk kemst inn í þann skóla eigi að vera háð efnahagslegri afkomu fólks. Nú er það svo að það munu engir eiga möguleika á að komast inn í tónlistarháskóla sem ekki hafa stundað tónlistarnám frá barnsaldri þannig að efnahagur foreldra kann þarna að skipta miklu þegar kemur að því að velja sér nám.

Það vekur athygli líka þegar maður les frv. og því er lýst hverjir hafi verið í hinum ýmsu nefndum sem hafa fjallað um þessar breytingar og tillögur að maður kemst ekki hjá því að taka eftir að þar hefur ekki átt sæti ein einasta kona. Það á sér eðlilegar skýringar. Þær eru mjög fáar í sveitarstjórnum, enn færri í nefndum og ráðum og stjórnum ýmiss konar þannig að það er svo sem ekkert einkennilegt við að þær hafi ekki ratað upp í þær stöður að teljast þess maklegar að eiga þátt í þessari vinnu. En því hlýtur það sömuleiðis að hvarfla að manni í framhaldi af því að þessi verkefnaskipting hefði kannski verið með nokkrum öðrum hætti hefði svo sem eins og ein kona komið þar nærri því þarna eru mál sem varða konur afskaplega miklu, eins og dagvistarheimili, eins og heimaþjónustan, heimahjúkrun og heimilishjálpin. Ég hugsa að flestar konur hefðu borið nokkurn ugg í brjósti yfir því að færa þessi verkefni yfir á sveitarfélögin. Það kann vel að vera að menn geti haldið því fram með nokkrum rétti að þetta sé ekki þung byrði að bera. En það skyldi þó ekki stafa af slælegum framgangi í þessum málum? Það eru ekki mikil útgjöld í málaflokkum sem engir peningar eru lagðir í. Enn léttara hlýtur það að vera fyrir ríkið að tala léttilega um að þetta sé ekki þungur baggi þar sem ríkið hefur ekki einu sinni staðið við sínar skuldbindingar að nokkru marki í þessum málaflokki. Það er því mjög auðvelt að ímynda sér að þeim finnist þetta svo sem lítil þúfa sem þarna er verið að velta.

Í sambandi við Jöfnunarsjóð er ekkert sem bendir til þess í frv. að þar sé um neina tryggingu að ræða til handa sveitarfélögum. Maður hlýtur að vona að það verði þannig tekið á málum Jöfnunarsjóðs að það verði tryggðar tekjur sveitarfélaga til að standa straum af þessum auknu útgjöldum, en sum málin sem þarna eru þola þó sjálfsagt ekki að falla undir sveitarfélögin án þess að þar komi til einhver eyrnamerking fjár þannig að tryggt sé að fari í þá málaflokka sem eru fluttir. En meðan að sveitarfélögin ekki, eins og ég sagði áðan, ráða meira sjálf um sínar tekjuöflunarleiðir hlýtur það að vera þeim nokkurt áhyggjuefni að eiga að taka við verkefnum og auknum útgjöldum með þessu móti.

Ellert Eiríksson:

Herra forseti. Ég ætla að eyða örfáum mínútum af tíma hv. deildar til að fjalla aðeins um þetta frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég vil sérstaklega fagna því að í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar hafi þetta verið eitt af þeim stóru málum sem var lögð áhersla á og ég fagna því sérstaklega að nú skuli gengið það skref að koma þessu af stað.

Forsrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði og gat þess m.a. réttilega að nefndin sem stóð að þessu verki gaf út bók þar sem var kynnt hvernig að ætti að standa verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, ekki aðeins sem kemur fram í frv. heldur allviðameiri verkefnum en þar er. Þannig er verið að kynna hér aðeins ⅓ af því sem fyrirhugað er.

Í fljótu bragði get ég tjáð mig um að þessi ⅓ hluti, sem lagður er fram, er örugglega sá þægilegasti fyrir sveitarfélögin að takast á við og mjög hæfilegur prófsteinn á hvernig þessi samskipti takast. Það hefur verið gagnrýnt hér að menn viti lítið um hvað þeir eru að tala, þetta hafi verið illa kynnt og jafnvel séu að sjá þetta sumir í fyrsta skipti í kvöld. Svo má

vel vera. En ég vil láta koma skýrt fram að í sumar eða réttara sagt í haust var sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum, að hluta til a.m.k., boðið að koma og hitta þar formann Sambands ísl. sveitarfélaga og formann fjárhagsnefndar, sem hér situr í hliðarsal, til að ræða m.a. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fá athugasemdir frá okkur ef við hefðum einhverjar fram að færa. Fyrir hvers forgöngu það var að þeir komu til að ræða við okkur um þetta veit ég ekki, hvort það var hæstv. félmrh. eða hvort það var Samband ísl. sveitarfélaga sem sendi þá. Það skiptir engu máli. Alla vega komu þeir og buðu upp á þetta. Ég vona að við höfum ekki notið þeirra sérréttinda einir að fá þessa heimsókn og þessa kynningu.

En það er rétt að líta á annað. Hv. 5. þm. Vesturl. gat um sveitarfélag þar sem ég er sveitarstjóri, þ.e. Gerðahrepp, og árangur knattspyrnuliðs sem þar er. En um leið og þessu knattspyrnufélagi fór að ganga betur í knattspyrnu þurfti að bæta þess aðstöðu. Það þurfti að byggja íþróttamannvirki og sveitarfélagið hefur gert það. Því miður hafa núverandi lög og reglugerðir um Íþróttasjóð og framlög ríkisins litlu skilað, jafnvel kannski innan við 5% af byggingarkostnaði, þannig að ég sé ekki hvaða styrkur hefur verið að því enn, en má vera að hann komi síðar. En þá er rétt að minna á það, sem hv. 1. þm. Vesturl. gat um áðan, fyrrv. félmrh., að nýju sveitarstjórnarlögin gera núna þá kröfu til sveitarstjórnarmanna að þegar þeir gera fjárhagsáætlanir eða taka ný mannvirki á sína framkvæmdaáætlun þurfa þeir að gera þriggja ára áætlun og rekstraráætlun fyrir viðkomandi stofnun. Það vill svo vel til eða illa að fyrirtæki sem sveitarfélögin setja á stofn, t.d. eins og sundlaug, vill oftast vera auðveldasti hlutinn í byggingu en erfiðasti hlutinn að reka það af því að menn fara af stað og segja: Sveitarsjóður 10 millj., ríkissjóður 10 millj. Það er bara ekki svo slæmt mál. Og þeir vaða af stað. Svo kemur reksturinn. Hann er ekki bara 1 millj., hann er kannski 10 millj. á fyrsta ári.

Ég held að það sé grundvöllurinn í þessu og tel það eiginlega meginþáttinn að ábyrgð sveitarstjórnarmanna, sem leggja af stað í framkvæmdir, m.a. eins og kemur fram í frv., tengist því að þeir verða að fjármagna alla framkvæmdina sjálfir og þeir verða að gera sér grein fyrir öllum rekstrarkostnaðinum sjálfir úr eigin vasa. Ég held að hægt sé að fullyrða það hér, hv. 5. þm. Vesturl., að íþróttir og íþróttamannvirki verða ekkert frekar út undan í sveitarfélögum hvort sem þau hafa á dagskrá að byggja götur eða sundlaugar, íþróttahús eða sjúkrahús. Ég held að það fari alveg eins og hér í hv. fjvn. eftir áhuga hvers og eins hvaða málaflokkar njóta þar forgangs.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessa umræðu sem hefur verið um margt gagnleg og málefnaleg. Það er eðlilegt að menn hafi svolítið mismunandi sjónarmið um hvaða verkefni eðlilegt er að færa frá ríki til sveitarfélaga. Þar geta almenn pólitísk viðhorf skipt mönnum í ólíka hópa og ég ætla ekki að fara í langar umræður um þau efni eða rökstuðning af pólitískum toga fyrir verkefnaflutningi. Ég tel að þau sjónarmið hafi þegar komið fram hér og reyndar megi ráða af ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að almennur stuðningur er fyrir því að flytja verkefni í auknum mæli til sveitarfélaga þar sem um er að ræða verkefni sem líklegt er að sveitarfélög fari, ef þannig má að orði komast, nærfærnari höndum um en stjórnvöld sem fjarri eru þeim hagsmunum sem um er að tefla. Á hinn bóginn er svo eðlilegt að í umræðum um mál sem þetta komi fram nokkrar áhyggjur um hvort með nægjanlega tryggum hætti sé staðið að tilflutningi fjármuna þannig að sveitarfélögin standi ekki verr að vígi og að sá tilflutningur komi ekki ójafnt niður með tilliti til stærðar sveitarfélaganna.

Ég ætla af þessum sökum að vitna í stuttan kafla í nál. sem liggur til grundvallar þeim tillögum sem hér eru fram komnar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þetta er tekið fram hér vegna þess að það er algjör forsenda fyrir tillögum þessarar nefndar að jafnhliða tilflutningi þeirra verkefna sem þær gera ráð fyrir fái sveitarfélögin auknar tekjur og eða útgjöld þeirra verði minni þannig að staða þeirra í heild verði ekki lakari en nú er. Einnig að jafna aðstöðu sveitarfélaganna með tilliti til tekjumöguleika og verkefna sem þau sinna. Eðlilegt er að ríkisvaldið bæti sveitarfélögunum upp þennan mun og sú jöfnun gangi lengra en núverandi fyrirkomulag felur í sér."

Sá áfangi í framkvæmd tillagna nefndarinnar sem þetta frv. gerir ráð fyrir miðar að því að ná því markmiði sem nefndin setur hér og ríkisstjórnin hefur einsett sér það með þessu frv. og þeim lagaákvæðum sem hér eru um tilflutning á fjármagni að þessu markmiði verði náð. Ég tek að því leyti undir þau sjónarmið sem m.a. komu fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 7. þm. þess sama kjördæmis, en tek undir og ítreka að það er markmið frv. að þessari stefnumörkun sé náð.

Það var að því spurt hvort stefnt væri að afgreiðslu þessa frv. fyrir jólaleyfi þm. og svo er, enda tengist þessi verkefnaflutningur líka því fjárlagafrv. sem nú er til lokameðferðar á hinu háa Alþingi. En um leið tek ég undir þau ummæli hv. formanns félmn. að æskilegt væri að nefndir þingdeildanna gætu haft sem best samráð um umfjöllun málsins á milli umræðna.

Það var að því spurt hvernig fara ætti með skuldir landshafna. Þá minni ég á að í hafnalögum er gert ráð fyrir að viðræður fari fram milli samgrn. og þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að landshöfnum og að heimilt verði að ríkissjóður yfirtaki framkvæmdaskuldir þessara hafna.

Þá var enn fremur spurt að því hvert yrði hlutfall sérdeildarinnar í Jöfnunarsjóði. Í upphafi er gert ráð fyrir að hér verði um ákveðna upphæð að ræða, en í

framhaldi málsins, ef þessum verkaskiptingaráformum verður fram haldið, verður að ákveða þessari deild tiltekið hlutfall af Jöfnunarsjóði.

Varðandi úthlutunina er gert ráð fyrir því að kveða á um með hvaða hætti hún fer fram í reglugerð að höfðu samráði við sveitarfélögin.

Þá var jafnframt spurt um skólaakstur og hvaða áhrif frv. hefði á kostnaðargreiðslur við skólaakstur. Því er til að svara að þetta frv. hefur ekki nein áhrif á kostnaðargreiðslur varðandi skólaaksturinn. Frv. breytir ekki þeim reglum sem nú gilda þar um. Sama svar á reyndar við þá spurningu sem fram var borin um kostnaðarhlutdeild í íþróttamannvirkjum sem tengjast skólabyggingum. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum á þeim reglum sem nú gilda þar um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að víkja að fleiri atriðum, en geri ráð fyrir að frv. fái vandlega skoðun í nefnd, en hv. þingnefnd greiði jafnframt fyrir skjótum framgangi málsins hér.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur svarað þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við. Ég sá þó ástæðu til að koma í ræðustólinn vegna orða hv. þm. og fyrrv. félmrh. sem talaði áðan, 1. þm. Vesturl.

Hv. þm. bar fram nokkuð þungar ásakanir á félmrn. sem ég hlýt að svara og get varla látið kyrrt liggja að ráðuneytið liggi undir að ósekju þó ég láti mig vissulega minna máli skipta ásakanir hv. þm. í minn garð og á störf mín sem ráðherra.

Hv. þm. talaði um að kynningu á þessum tillögum væri mjög ábótavant og ef ég skildi hann rétt hefði félmrn. algerlega brugðist í því efni. Skýringuna taldi hann vera að ég sem félmrh., óreynd í sveitarstjórnarmálum, hefði verið svo upptekin í því að setja mig inn í sveitarstjórnarmálin að ég hefði gleymt að koma á framfæri kynningu á þessum tillögum.

Nú er ekki langt síðan hv. þm. var félmrh. þannig að hann hlýtur að minnast þess að í maí sl. á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, áður en síðasta ríkisstjórn fór frá og þegar hv. þm. var félmrh., var ákveðið hvernig að þessari kynningu yrði staðið og þeirri ákvörðun hefur verið framfylgt. Á þeim samráðsfundi var samþykkt að Samband ísl. sveitarfélaga mundi hafa með höndum kynningu á þessum tillögum. Þetta hefur verið gert og hefur það m.a. verið gert í gegnum landshlutasamtökin. Einnig var það á miðju sumri að félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga sáu um það í sameiningu að senda öllum sveitarstjórnarmönnum þær tillögur sem lágu fyrir og voru það einmitt Samband ísl. sveitarfélaga og félmrn. sem greiddu kostnað af þessu. Ég tel því að þetta séu óréttmætar ásakanir í garð félmrn. og taldi því nauðsynlegt, herra forseti, að koma því á framfæri hvernig að þessari kynningu hefur verið staðið og að það hefur verið framfylgt þeirri ályktun sem var gerð á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í þessu efni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég held að hæstv. félmrh. hafi ekki skilið að fullu það sem kom fram í mínu máli. Ég er að gagnrýna vinnubrögð fyrst og fremst við þau áform sem koma fram í þessu frv., þ.e. að sætta sveitarfélögin við þá ákvörðun að yfirtaka þessi verkefni núna við áramót. Ég hef orðið átakanlega var við það sjálfur, jafnvel í mínu kjördæmi, að fjöldi sveitarstjórnarmanna segist ekki hafa verið hafður með í ráðum um hvernig að þessu ætti að standa og hvað þeir fengju í sinn hlut í sambandi við að standa að þessum tilflutningi sem þó er ekki meiri en þetta. Það er alveg ljóst.

Ég þarf ekkert að efast um það sem ég lagði áherslu á og tók fram í mínu máli. Nál. er í alla staði mjög vandað eins og ég tók fram í minni ræðu. Það hefur aldrei áður verið gerð slík úttekt á áformum í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem bæði eru tiltekin verkefni og einnig fjármálaleg aðferð sem þar er kynnt eins og þær nefndir sömdu og settu fram í þeirri bók sem var send öllum sveitarstjórnarmönnum í landinu. En það sem vantaði til viðbótar var að fá sveitarstjórnarmenn til að sættast á hvernig að þessum verkefnatilflutningi yrði staðið í framhaldi af þessari skýrslu. Það er ég að gagnrýna vegna þess að ég veit að það var tekin ákvörðun um að setja þetta inn í fjárlögin og ákveðið að þessi tilflutningur skyldi fara fram við nk. áramót, en það vantaði meiri kynningu á því svo að sveitarstjórnarmenn í landinu gætu áttað sig á því hvað þeir fá í hendurnar um næstu áramót. Margir þeirra, sem eru að undirbúa núna fjárhagsáætlanir fyrir árið 1988, eru í vandræðum með þetta vegna þess að þeir hafa ekki fengið að þeirra mati nægjanlega kynningu á þessu atriði.

Það er þetta sem ég vildi láta koma fram við 1. umr. málsins að ég tel að hafi verið vanrækt. Og hvað sem hver segir er það félmrh. og félmrn. sem ber ábyrgð á að þessir hlutir séu í lagi.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess vegna orða síðasta ræðumanns að fram komi að sú ákvörðun sem var tekin um að þessi verkefnatilfærsla ætti sér stað um þessi áramót var tekin af ríkisstjórn sem við eigum bæði aðild að, bæði ég og hv. þm. Það var sameiginleg ákvörðun Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. að þessi tilfærsla ætti sér stað um þessi áramót þó að ég geti vissulega tekið undir það með síðasta ræðumanni að æskilegt hefði verið að meiri tími hefði gefist í þessa verkefnatilfærslu. En þetta var sameiginleg niðurstaða þeirra stjórnarflokka sem styðja þessa ríkisstjórn. Ég vænti þess að hv. þm. styðji einnig að þessi verkefnatilfærsla eigi sér stað núna, enda er það ákvörðun þessara þriggja flokka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem kemur til Nd. frá Ed. og ég mæli hér fyrir felur í sér breyting á lögum nr. 95 frá 1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Það er lagt fyrir hv. Alþingi í framhaldi af því að í tengslum við kjarasamninga, er tókust með félögum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda þann 26. febr. 1986, var samið um tvö atriði er snertu starfsemi lífeyrissjóðanna.

Í fyrsta lagi skyldu lífeyrissjóðirnir lána verulegan hluta af sínu ráðstöfunarfé til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í öðru lagi skyldi greiða iðgjald til lífeyrissjóða af öllum launatekjum starfsmanna í stað dagvinnulauna áður. Þessi síðari breyting skyldi verða í áföngum á árunum 1987–1989.

Í samræmi við þessi samningsákvæði breyttu flestir lífeyrissjóðir landsins reglugerðum sínum á síðasta ári og hefur fjmrn. staðfest þær breytingar. Lögin um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda nr. 95 frá 1980 eru sniðin eftir reglugerðum lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, skammstafað SAL. Stjórn söfnunarsjóðsins, sem m.a. er skipuð samkvæmt tilnefningu SAL, Landssambands lífeyrissjóða og stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er einhuga um það að eðlilegast sé að þessum lögum verði breytt til samræmis við þær reglur sem nú gilda um iðgjöld til sjóða innan SAL og landssambandsins.

Réttur félaga í söfnunarsjóðnum til lífeyris er tryggður með sama hætti og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum öðrum en sjóðum opinberra starfsmanna. Það verður að telja eðlilegt að sami háttur gildi um alla sjóði og mælist ég til þess af hv. þingdeild að hún greiði þessu frv. leið og því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

EFRI DEILD

20. fundur, laugardaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Mál þetta kemur úr Nd. og var þar samþykkt samhljóða, enda er hér um einfalt mál að ræða. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. Í aðfaraorðum að þeim brbl. segir að komið hafi í ljós að sá aðdragandi að skipan Vísindaráðs sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, en þessi lög voru sett á Alþingi sl. vor, mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí nk. Lögin tóku gildi 1. júlí sl. og eru nú komin til framkvæmda þannig að hér er fyrst og fremst um að ræða staðfestingu á orðnum hlut.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 235.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 235 um Háskólann á Akureyri. Mál þetta á sér nokkurn aðdraganda sem ég mun rekja í stórum dráttum.

Í maí 1982 skipaði Ingvar Gíslason þáv. menntmrh. nefnd til að gera tillögur um hvernig vinna mætti að því að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar. Var nefndinni sérstaklega ætlað að kanna hverjir möguleikar væru á að taka upp háskólakennslu á Akureyri. Í nefndinni áttu sæti Birgir Thorlacius, þáv. ráðuneytisstjóri, formaður nefndarinnar, dr. Guðmundur Magnússon, þáv. háskólarektor, og Tryggvi Gíslason skólameistari.

Nefndin skilaði álitsgerð í maí 1984 og lagði til að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands.

Nefnd, sem Ragnhildur Helgadóttir skipaði í ársbyrjun 1985 til að fjalla um fjárlaga- og þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands, var falið að athuga um hugsanlega háskólakennslu á Akureyri með hliðsjón af framangreindu nál.

Skömmu eftir að Sverrir Hermannsson tók við starfi menntmrh. í desember 1985 skipaði hann nefnd til að fjalla um kennslu á háskólastigi á Akureyri. Formaður hennar var skipaður Halldór Blöndal alþm., en aðrir nefndarmenn voru Bernharð Haraldsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor og Tryggvi Gíslason, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Tryggvi fékk síðar leyfi frá störfum sem skólameistari þar sem hann tók við störfum erlendis á vegum Norðurlandaráðs, en Jóhann Sigurjónsson, settur skólameistari, tók þá sæti hans í þessari nefnd.

Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um kennslugreinar og námsbrautir, tilhögun kennslu og mannaflaþörf og skipulagsform starfseminnar svo og að semja kostnaðaráætlun. Á grundvelli tillagna nefndarinnar voru síðan skipaðar sérstakar nefndir eða starfshópar til að fjalla um nám á tilteknum sviðum. Stefnt var að því að kennsla gæti hafist haustið 1987 og í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir sérstöku framlagi, 5,1 millj. kr., til háskólakennslu á Akureyri.

Áhugi á framgangi þessa máls hefur verið mikill á Norðurlandi. Má meðal annars geta ráðstefnu sem Fjórðungssamband Norðlendinga efndi til í júní 1985 og sérstök háskólanefnd á vegum Akureyrarbæjar skilaði ítarlegu áliti í febrúar 1987.

Að fenginni fjárveitingu í fjárlögum eins og að framan greinir voru snemma á árinu 1987 auglýst til umsóknar störf forstöðumanns og tveggja námsbrautastjóra, jafnframt því að öðrum undirbúningi var haldið áfram. Með auglýsingu 18. júní 1987 tilkynnti menntmrn. að ákveðið hefði verið að háskóli á Akureyri hæfi störf haustið 1987 og væri miðað við að námsárið 1987–1988 yrði kennsla á tveimur námsbrautum, þ.e. námsbraut í hjúkrunarfræði og námsbraut í iðnrekstrarfræði. Um kennslu, nám og próf á þessum námsbrautum skyldi fara eftir sömu reglum og giltu um hliðstæðar námsbrautir í Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands.

Forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri hafði þá verið ráðinn Haraldur Bessason prófessor sem starfað hefur í Winnipeg að undanförnu, námsbrautarstjóri á hjúkrunarfræðibraut Margrét Tómasdóttir M.S., námsbrautarstjóri á iðnrekstrarfræðibraut dr. Stefán G. Jónsson og skrifstofustjóri Bárður Halldórsson menntaskólakennari. Ráðningarnar voru til eins árs, þ.e. til 1. júlí 1988.

Jafnframt skipaði ráðuneytið hinn 15. júní 1987 nefnd til að semja frv. til laga um háskóla á Akureyri. Formaður var skipaður Haraldur Bessason forstöðumaður, en aðrir nefndarmenn Bárður Halldórsson skrifstofustjóri, Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur og Halldór Blöndal alþm.

Starfsemi háskóla á Akureyri hófst formlega með setningarathöfn í Akureyrarkirkju 5. sept. 1987. Hinn 7. september var kennsla hafin á þeim tveimur námsbrautum sem að framan greinir, þ.e. hjúkrunarfræðibraut og iðnrekstrarbraut. Skráðir nemendur í hjúkrunarfræði voru 13, en í iðnrekstrarfræði 35. Kennsla, önnur en sú sem námsbrautastjórarnir sinna, er í höndum stundakennara. Húsnæðisaðstaða er í hluta af húsi því sem Iðnskóli Akureyrar hafði áður til umráða og síðan Verkmenntaskólinn á Akureyri. Kennsla fer einnig fram í Íþróttahöllinni.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur látið námsbraut í hjúkrunarfræðum í té fullbúna kennsluaðstöðu og fullbúinn lestrarsal fyrir alla nemendur námsbrautar í hjúkrunarfræðum. Sjúkrahúsið hefur gengið til samvinnu við Háskólann á Akureyri um bókasafn sjúkrahússins, fagbókasafnið, og að háskólinn og sjúkrahúsið ráði bókavörð í sameiningu til viðbótar þeim sem var, en sjúkrahúsið kaupir einnig inn bækur og tímarit sem á vantar til þess að bókasafnið teljist hið ágætasta fagbókasafn í hjúkrunarfræðum. Háskólinn hefur notið sérstakrar velvildar og mikils örlætis hjá Fjórðungssjúkrahúsinu og hafa forstöðumenn sjúkrahússins sýnt þessu máli mikinn áhuga.

Auk reglulegrar kennslu á námsbrautunum er jafnframt hafið fyrirlestrahald á vegum skólans sem er ætlað almenningi.

Nefndir hafa starfað að athugun og undirbúningi kennslu á fleiri námsbrautum, í viðskipta- og markaðsfræðum og í matvælafræðum, og hefur nefndin sem hefur haft til athugunar kennslu á sviði matvælafræði nýlega skilað áliti. Þá er og nýskipuð nefnd til að athuga forsendur kennslu í sjúkranuddi. Hugmyndir hafa verið reifaðar um kennslu á sviði haffræði og á sviði sjávarútvegs. Nánari umfjöllun þeirra er ekki hafin.

Undanfarinn áratug hefur orðið mikil breyting á

háskólamenntun á Vesturlöndum. Fjölbreytni háskólanáms hefur mjög aukist, m.a. hefur ýmiss konar starfsmenntun, sem áður fór fram í sérskólum á framhaldsskólastigi, færst á háskólastig og ný viðhorf hafa valdið breytingum á hlutverki og starfsháttum margra háskóla. Gætt hefur vaxandi tilhneigingar til að efla gagnvirkt samband háskóla og atvinnulífs. Við hlið hinna hefðbundnu almennu háskóla, þar sem meginhersla er lögð á grundvallarrannsóknir og kennslu í tengslum við þær, hafa risið á legg menntastofnanir með tiltölulega stuttum námsbrautum á háskólastigi. Þessir háskólar, sem nefnast ýmsum nöfnum eftir löndum, t.d. „Högskola" í Svíþjóð eða „Fachhochschule" í Þýskalandi, eiga það margir sammerkt að taka mið af atvinnulífi og starfsgreinum í kennslu sinni svo og í rannsóknum þar sem þeim er til að dreifa.

Stofnun háskóla á Akureyri samrýmist þessari þróun. Hlutverk Háskólans á Akureyri verður annað fremur og annað meira en að standa í samkeppni við Háskóla Íslands um námsframboð og námsrannsóknir. Það er heldur ekki gert ráð fyrir að hann verði útibú frá Háskóla Íslands. Því verður strax í upphafi að marka honum með lögum þann vettvang að hann geti þjónað hlutverki sínu sem sjálfstæð stofnun sem bjóði upp á nýjar námsleiðir er séu í samræmi við þarfir íslensks þjóðfélags hverju sinni.

Það er eðlilegt að tekið sé tillit til atvinnuhátta í næsta nágrenni skólans þegar fjallað er um hlutverk hans. Á Akureyri hefur atvinnulífið einkum einkennst af verslun, iðnaði og þjónustu. Þar er öflugt sjúkrahús sem ætlað er það hlutverk að vera varasjúkrahús fyrir allt landið. Þar er margháttaður iðnaður og umsvifamikil verslun og þjónusta við allt Norðurland. Í 1. gr. frv. er sérstaklega vísað til atvinnuveganna með ofanritað í huga. Nánar verður síðan að ákvarða í reglugerð einstakar námsbrautir innan þeirra deilda sem gert er ráð fyrir að verði við skólann skv. frv.

Ég gat þess áðan að háskóli á Akureyri hefur verið mikið áhugaefni forustumanna í byggðum norðanlands. Það er mjög skiljanlegt. Ég hygg reyndar að ekkert sé raunhæfara í byggðamálum en að flytja menntun út í byggðir landsins.

Mér er það í minni að menntmrh. Svía var hér í heimsókn á sl. sumri og við ræddum um þróun skólamála, ekki síst þróun háskólamála í Svíþjóð. Hann sagði að ríkisstjórnir í Svíþjóð hefðu gert mjög margt til að halda uppi byggðastefnu. Þær hefðu látið mikið fé af hendi rakna í ýmiss konar félagsleg verkefni og til ýmiss konar atvinnufyrirtækja, en í rauninni hefði ekki nein stefna reynst betri en sú þegar Svíar fóru að flytja sitt æðra nám út í hinar dreifðu byggðir landsins.

Ég tel að sú ákvörðun að setja upp háskóla á Akureyri sé mikilvægur þáttur í byggðastefnu og vænti þess að frv., sem hér er flutt, verði vel tekið.

Frv. er í fimm köflum. I. kaflinn, sem er ein grein, fjallar um hlutverk háskóla á Akureyri. Ég vísa til þess sem ég hef hér að framan sagt um hlutverk háskólans, en í greininni er tekið fram að hann sé vísindaleg fræðslustofnun og er þá átt við að kennslan skuli reist á vísindalegum grunni. Rannsóknastarfsemi innan vébanda háskólans kann að reynast nauðsynleg til að tryggja fræðilegan grundvöll kennslunnar, en sú þörf verður að koma í ljós í tímans rás. Það ber að stefna að því í upphafi að kennarar eigi þess kost að sinna rannsóknaverkefnum þegar svo ber undir, t.d. með veitingu orlofs í því skyni.

Það fer hins vegar ekki milli mála að skilgreining Háskólans á Akureyri er nokkuð ólík því sem fram kemur í skilgreiningu á Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir að Háskólinn sé ekki síður rannsóknastofnun en kennslustofnun. Í þessari stofnun er meiri áhersla lögð á vísindalega fræðslu en rannsóknir og tel ég að a.m.k. í upphafi eigi að sníða Háskólanum á Akureyri þann stakk. Það verði síðar að koma í ljós hversu umfangsmiklar rannsóknir þurfi þar fram að fara og kemur þá til álita að breyta þessari skilgreiningu þegar lagafrv. verður endurskoðað, en gert er ráð fyrir að það verði að loknum þremur árum.

Þetta er auðvitað líka spurning um hversu mikið dreifa eigi okkar rannsóknastarfsemi. Það er enginn vafi á því að rannsóknastarfsemin er dýrasti þáttur í menntakerfi hverrar þjóðar og því nauðsynlegt að dreifa ekki kröftunum um of. Með þessu er engan veginn verið að gefa í skyn að rannsóknastarfsemi eigi ekki að fara fram við Háskólann á Akureyri. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í lögunum, en meginhersla í skilgreiningunni er lögð á fræðsluhlutverk stofnunarinnar.

Í II. kafla er fjallað um stjórn háskólans, þ.e. 2.–7. gr. Skv. 2. gr. verður tilhögun stjórnar Háskólans á Akureyri með nokkuð öðrum hætti en það fyrirkomulag sem er við Háskóla Íslands. Þar er það háskólaráð sem fyrst og fremst er skipað starfsmönnum Háskólans eða forstöðumönnum hinna ýmsu deilda og fulltrúa stúdenta, en þarna er gert ráð fyrir því að stjórn háskólans verði falin háskólanefnd og rektor, en rektor er skipaður af menntmrh. skv. 3. gr. Háskólanefnd skal þannig skipuð að rektor er formaður hennar, síðan einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar, einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðurlands, tveir fulltrúar tilnefndir af menntmrh. til fjögurra ára í senn og forstöðumenn deilda háskólans og einn fulltrúi nemenda sem kjörinn skal til eins árs á almennum fundi nemenda.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það má hugsa sér stjórn Háskóla á Akureyri eða háskólanefnd skipaða með ýmsum hætti, en með þessari tillögu er háskólanefndin tengd byggðunum norðanlands, bæði með aðild Akureyrarbæjar að stjórninni og Fjórðungssambandi Norðurlands. Akureyrarbær hefur sýnt þessu málefni mikinn áhuga og hét því reyndar á sínum tíma að sjá skólanum, a.m.k. í upphafi, fyrir ókeypis húsnæði. Sérstök háskólanefnd starfaði á vegum Akureyrarbæjar til

að fjalla um þetta mál af því að það er ekki óeðlilegt að a.m.k. fyrst um sinn tengist Akureyrarbær háskólanefndinni með þessum hætti. Síðan eru bein tengsl við menntmrn. með fulltrúa frá því og síðan starfsmenn skólans.

III. kafli, þ.e. 8. og 9. gr., fjalla um kennara og deildir háskólans. Í upphafi eru í háskólanum tvær deildir, þ.e. heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Síðan er gert ráð fyrir að menntmrh. geti samþykkt stofnun fleiri deilda að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitinga í fjárlögum. Eins og ég gat um áðan er í undirbúningi stofnun fleiri deilda og lengst er komin nú í augnablikinu athugun á sérstakri deild í matvælafræðum. Gert er ráð fyrir að fastir kennarar háskólans séu lektorar, dósentar eða prófessorar en að einnig skuli starfa stundakennarar við háskólann. Að öðru leyti hygg ég að þessar greinar skýri sig nokkuð sjálfar, auk þess sem þær eru skýrðar nánar í grg. fyrir frv.

Í IV. kafla eru ákvæði um nemendur, kennslu og próf. Það er gert ráð fyrir að stúdentspróf sé að meginreglu skilyrði til inngöngu í Háskólann á Akureyri, en önnur undirbúningsmenntun geti þó að öðru leyti komið í þess stað ef hún telst fullnægjandi grundvöllur til að stunda nám við skólann. Þessi rýmkun formlegra inngönguskilyrða er í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum um Háskóla Íslands fyrir allmörgum árum og er eðlileg afleiðing af aukinni fjölbreytni námsleiða á framhaldsskólastigi.

V. kaflinn fjallar um gildistöku o.fl. og þarf ekki um það að fjölyrða.

Ég vænti þess, herra forseti, eins og ég sagði, að frv. fái góðar viðtökur í hv. deild og ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

21. fundur, laugardaginn 12. des.,
að loknum 20. fundi.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar var í gærmorgun fjallað um hvernig sú nefnd mætti skila af sér í næstu viku þeim mörgu frumvörpum sem fyrir henni liggja. Nefndinni tókst greiðlega að tala sig í gegnum þau verkefni sem fyrir henni liggja þannig að það er alveg ljóst að hún getur komið málum frá sér með eðlilegum hætti í næstu viku. Þá var ekki séð af viðræðum fulltrúa flokkanna í þessari deild að það bæri neina nauðsyn til að halda fund í deildinni á laugardegi, enda hygg ég að það hafi sést að á þessum fyrra fundi voru ekki mál sem hefði ekki mátt bíða með að afgreiða til nefndar eftir helgi. En látum það vera. Það er búið. Ég taldi þess vegna að það væri tæplega þörf á að vera að halda einn fund í dag, hvað þá heldur tvo, sem hæstv. forseti hefur nú ákveðið að boða, og ég mótmæli. Ég hef ekki heyrt af neinum samningum um að slíkur fundur væri haldinn. Ég hef ekki frétt af neinum málum sem standi til og brýnt sé að taka fyrir í þessari deild til að tryggja að málið nái fram að ganga fyrir þinghlé. Ég sé enga ástæðu til að halda þennan fund hér á eftir og auk þess, herra forseti, mótmæli ég svona vinnubrögðum. Stjórn þingsins, forsetar og stjórnarflokkar ráða ekki þessu þingi ein. Það á ekki að setja fundi hér öðruvísi en með samkomulagi við stjórnarandstöðuflokkana. Þið eigið það undir stjórnarandstöðuflokkunum að það verði hægt að vinna sig í gegnum þetta þing á næstu dögum. Þið komist ekki í gegnum þingið öðruvísi. Það er ljóst. Og ég mótmæli fundinum á eftir sem óþörfum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um þinghaldið hafa verið skipulögð nefndastörf eftir helgina. Það liggur fyrir að bæði sjútvn. og fjh.- og viðskn. eru mjög önnum kafnar á mánudag og þriðjudag á þeim tíma sem næði gefst til nefndarstarfa. Mér er ekki kunnugt um að nein máli liggi hér fyrir sem brýnt er að ræða í dag. Hins vegar er gert ráð fyrir að það verði þingfundur í deildinni á þriðjudaginn og ég veit ekki til þess að það séu nein þau mál á leiðinni sem valdi því að ekki gefist nægur tími á þriðjudaginn til að tala um þau mál sem á eftir að leggja fyrir deildina eða koma kunni úr Nd. Ég vil því biðja hæstv. forseta að virða það samkomulag sem tekist hefur um að við fáum nú næði til að einbeita okkur að nefndarstörfum og getum snúið okkur að því nú og síðan sé hægt að taka ný frumvörp til meðferðar á þriðjudaginn. Það er m.ö.o. í mínum huga ekkert sem kallar á fund í dag. Í fjh.- og viðskn. Ed. var fullkomin samstaða um að við reyndum að skipuleggja nefndarstörfin nú um helgina og undirbúa fund vel á mánudaginn. Það er ýmislegt sem þarf að gera varðandi þau tekjuöflunarfrv. sem fyrir liggja og komu seint fram. Það þarf að athuga ýmislegt í sambandi við lánsfjárlögin og þm. þurfa að ræða ítarlega saman um stjórn fiskveiðistefnunnar, það frv. sem fyrir liggur um hana, en drögum að reglugerðum var dreift í morgun hjá sjávarútvegsnefndum. Allt tekur þetta tíma og ég held að það sé best fyrir þingstörfin að reyna að gefa starfsmönnum deildarinnar frið það sem eftir er dagsins til að sinna nefndarstörfum.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Forseta er ljóst að það er mikið að gera hjá nefndum, mikið annríki. Hins vegar hafði ég ætlað

mér að taka fyrir frv. til l. um húsnæðisstofnanir og húsbanka. Það hefði þurft að koma því til nefndar. Og þegar eru á leiðinni nál. vegna frv. um skatta á skrifstofuhúsnæði. Hafði ég hugsað mér að láta þingstörfin ganga sem greiðast.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég kem hér hlaupandi móður og másandi til að geta tekið með eðlilegum hætti þátt í umræðum. Það brá þannig við þegar ég mætti niðri í Alþingishúsi kl. hálftvö og sá hver dagskráin var, að fyrir lá að þar yrði á dagskrá Háskólinn á Akureyri. Þar sem ég hafði undirbúið langa ræðu til að flytja undir þeim dagskrárlið flýtti ég mér heim til að sækja hana því að ég hafði ekki gert mér ljóst að það mál yrði á dagskrá hér í eftirmiðdag. Það fór sem fór, að meðan ég fór heim að ná í þessa löngu ræðu mína klárast málið á fundinum á meðan. Þetta sýnir betur en annað hversu nauðsynlegt er að skipuleggja dagskrá alþingisfunda með löngum fyrirvara eins og þeir segja reyndar hinir norsku ráðgjafar sem hér hafa verið að verki í heilt ár. Þeir skrifa reyndar um það í þeirri skýrslu sem þeir hafa nú afhent Alþingi, en þar hafa þeir einmitt lagt til að dagskrá deildafunda verði ákveðin fyrir heila viku í einu þannig að menn geti gengið að því vísu hvaða mál verði á dagskrá hverju sinni. Þó kann að vera að í jólaönnunum verði slíkt erfitt.

En látum vera. Ég fæ eflaust tækifæri til að segja mitt álit á háskóla á Akureyri við 2. og 3. umr. Ég hef ýmislegt við frv. að athuga og hefði mjög gjarnan kosið að fá tækifæri til að láta þær skoðanir mínar í ljós strax við 1. umr. En það verður svo að vera.

Hins vegar er frv., sem hefur verið lagt fram í deildinni af hálfu okkar þm. Borgarafl. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, búið að þvælast í deildinni mjög lengi. Nú kann að einhverju leyti að vera við mig sjálfan að sakast, en ég er 1. flm. þessa frv., þar sem ég hef ekki lagt á það mjög ríka áherslu í fundahaldinu í lok nóvember og byrjun desember þar sem ég taldi að það væri skynsamlegt að frv. yrði rætt um leið og umræður færu fram um frv. hæstv. félmrh. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Nú er það frv. einmitt til umræðu í hv. Nd. Ég hefði því talið mjög eðlilegt og alveg nauðsynlegt að ræða frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, sem við lögðum fram hér, ég og hv. 11. þm. Reykv., Guðmundur Ágústsson, í hv. deild fyrir alllöngu. Ég tel að það sé brýnt að það frv. sé nú tekið á dagskrá og fáist rætt í samhengi við þær hugmyndir sem felast í frv. hæstv. félmrh. um húsnæðismál sem nú eru til umræðu í hv. Nd. Þess vegna mæli ég eindregið með því og legg til að frv. verði nú tekið á dagskrá.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði tekið eftir því að frv. um húsbanka var ekki á dagskránni í dag og ekki var neinn vilji fyrir því, að maður hélt, hjá þm. Borgarafl. að það mál yrði tekið til umræðu, en ég hef síðar en svo á móti því að umræður geti um það orðið ef hv. 7. þm. Reykn. leggur á það áherslu að við eyðum deginum í það og ræðum húsbankann sérstaklega núna en ekki síðar þegar húsnæðismálin verða tekin fyrir í heild.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Úr því að menn eru að gaufa við fundarhald á laugardagseftirmiðdegi og ef það er óskað eftir því af flm. eins frv. að það verði tekið fyrir hlýtur það að hafa sinn gang ef hæstv. forseti er tilbúinn að halda fundi áfram. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt og ég vil beina því til hæstv. forseta að fundahöldin á komandi dögum verði skipulögð nákvæmlega þannig að menn hafi hugmyndir um það sem á að taka fyrir og brýnt að við vitum öll hvað ætlunin er að taka inn af málum stjórnarinnar og að einstakir þm., m.a. stjórnarandstöðunnar, geti komið að sínum málflutningi en hann verði ekki út undan eins og gerðist í málinu um háskóla á Akureyri sem hv. 7. þm. Reykn. hafði hugsað sér að tala um.

Það gengur ekki að vera með þennan losarabrag á þingstörfum. Þetta eru mikil mál og viðkvæm. Það er margt fólk sem þarf að að koma, 63 alþm. og auk þess starfslið þingsins og fleiri. Þess vegna þarf að vanda sig við skipulagninguna og sinna henni af alúð og ekki kasta til hennar höndunum með neinu kæruleysi.

En herra forseti. Þar sem ósk liggur fyrir um það frá flm. eins frv. sem hér liggur fyrir að hans mál verði tekið hér til umræðu vil ég fyrir mitt leyti taka fram að ég tel að hans ósk sé í alla staði mjög eðlileg, úr því að verið er að hafa fundi á laugardegi á annað borð.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég tek það fram í tilefni af orðum hv. 7. þm. Reykn. að það er mætingarskylda í deildinni. Enginn hafði boðað fjarvist nema hv. þm. Eiður Guðnason vegna veikinda. Ef haft hefði verið orð á því við mig að doka við vegna þess að viðkomandi hefði ætlað að taka þátt í umræðum hefði ég tekið tillit til þess mjög ljúflega. Því miður hafa boðleiðir ekki verið í lagi samkvæmt þessu. Ég mun halda áfram fundi strax og dagskrá hefur verið útbýtt.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Bara að það verði ekki eftir í hugum hv. þm. deildarinnar að hér hafi verið um að sakast við hæstv. forseta deildarinnar. Svo er ekki. Ég tek alla ábyrgð á sjálfan mig að koma ekki í tæka tíð til að geta tekið þátt í umræðum um Háskólann á Akureyri. Ég taldi að ég hefði nægan tíma til að skjótast heim til mín og sækja undirbúna ræðu. Það er við mig einan að sakast að það fór sem fór. Og ég þakka orð hæstv. forseta þar sem hann segir að hann hefði að sjálfsögðu frestað umræðum um málið til þess að ég gæti tekið þátt í þeim. Ég virði það.

Húsnæðislánastofnanir, frh. 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 157. mál. — Þskj. 107.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta frv., en ég taldi nauðsynlegt að segja nokkur orð og harma að ég skyldi ekki komast að þegar hv. 1. flm. Júlíus Sólnes talaði um daginn.

Það er ágætt og nauðsynlegt að brydda upp á hugmyndum með svipuðum hætti og gerist í því frv. sem hér er til umræðu. Það breikkar umræðugrundvöllinn og má segja að ýmislegt jákvætt komi fram í frv. og í grg. En samt er nauðsynlegt að vekja athygli á að hér eru ekki á ferðinni neitt sérstaklega nýjar hugmyndir þó þær séu settar fram í öðru formi en áður hefur þekkst.

Í framsöguræðu hv. þm. Júlíusar Sólnes kom fram m.a. að hann fullyrti að lítið hefði borið á raunhæfum hugmyndum í íbúðamálum. Ég leyfi mér að segja að þetta er ekki rétt. Ef litið er yfir þróun þessara mála á síðustu áratugum á Íslandi kemur í ljós að hvergi í heiminum hefur verið byggt jafnmikið hlutfallslega og hérlendis. Það er almælt að íbúðir Íslendinga séu til fyrirmyndar bæði hvað snertir byggingarnar sjálfar sem og allan aðbúnað og framkvæmd þeirra mála. Þannig er auðvitað víðs fjarri að tala um að ekki hafi borið á raunhæfum hugmyndum í sambandi við íbúðamál eða hvernig að þeim væri staðið.

Einnig fullyrti hv. 7. þm. Reykn. að húsnæðiskerfið hefði alfarið verið á vegum ríkisins. Þetta er auðvitað ekki rétt og ber að leiðrétta því að til þessa hefur stærsti hlutinn af íbúðarkerfinu verið fjármagnaður með eigin fjármagni, þ.e. sparnaði fólksins sjálfs sem hefur komið fram í eigin fjárframlögum sem og lánum úr eigin sjóðum sem eru lífeyrissjóðir landsins. Það vita allir, sem hafa fylgst með þessum málum og kynnt sér þau, að íbúðabyggingar á Íslandi hafa hvílt á þessum tveim meginstoðum síðustu áratugi, sérstaklega síðasta áratug, þ.e. eigin fé fólksins sem stendur í þessu, hvort sem það hefur verið beinn sparnaður eða af tekjum viðkomandi ára eða vegna þess sparnaðar sem þetta fólk hefur efnt til í gegnum lífeyrissjóðakerfið. Þáttur ríkisins sem slíkur hefur því ekki verið afgerandi í sambandi við þróun þessara mála og væri æskilegt að hlutur ríkisins yfirleitt í þessum málum væri sem minnstur og mun ég víkja að því á eftir.

En frv. það sem hv. þm. leggur hér fram stefnir í nákvæmlega sömu átt og verið hefur hjá mörgum miðstýringarmönnum á undangengnum árum, þ.e. að færa alla þessa starfsemi, útfærsluna í sambandi við lánafyrirgreiðslur sem fólkið sjálft á að útvega peningana í, sem og annað í sambandi við framkvæmd þessara mála, undir eitt allsherjar kerfi. Þannig mun þetta reynast líka skv. frv. ef betur er að gáð. Ég er þess vegna sammála því, sem hv. þm. sagði í framsöguræðu, að það þyrfti að taka þessi mál til gagngerrar athugunar og endurskoðunar og sérstaklega stöðu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

En eins og ég segi felur frv. hv. 7. þm. Reykn. í sér að þarna er verið að viðhalda ákveðnu bákni í skjóli löggjafar. Það á sem sagt að starfa áfram á þeim grundvelli, en í annarri útfærslu. Ég geri mér hins vegar ljóst að það er ekki hægt að hverfa algerlega frá fyrra fyrirkomulagi í þessum efnum, en hins vegar tel ég það ekki til bóta að gera nokkrar kerfisbreytingar eða útfærslubreytingar eins og frv. gerir ráð fyrir.

Í framsögu hv. 7. þm. Reykn. kom fram að tryggja þyrfti aðgang að lánum. Það er skoðun mín að það þurfi ekki hið opinbera til að fjalla um þetta. Ég hef alltaf litið þannig á og komið fram áður að ég tel hið opinbera algerlega óþarfan millilið í þessum efnum að öðru leyti en því er lýtur að svokölluðum félagslegum íbúðum, þ.e. byggingu íbúða vegna þeirra sem einhverra hluta vegna geta ekki staðið af eigin rammleik að þeim málum. Það er sjálfsagt, eðlilegt og rétt að bæði hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög, komi þar til skjalanna sem og þau félagasamtök sem hafa yfir einhverjum fjármunum að ráða og styðji við bakið á þeim sem hafa þær þarfir sem þarf að fullnægja í félagslegum íbúðum.

Hv. 7. þm. Reykn. kom einnig að því og réttilega að stærstu aðilarnir að fjármögnun íbúðalána á Íslandi í dag eru lífeyrissjóðirnir og þeir eiga að koma sterkt inn í þessa mynd með sitt sparifé. Hins vegar er spurningin með hvaða hætti. Á það að gerast með beinum hætti, þ.e. eins og gert er ráð fyrir í núverandi kerfi og að vissu leyti einnig skv. því frv. sem hér um ræðir, eða á það að gerast með óbeinum hætti, þ.e. í samningum lífeyrissjóðanna við banka og sparisjóði sem eru dreifðir um allt land eða stofna svokallaða húsbanka eins og hv. 7. þm. Reykn. gerir ráð fyrir og leggur til?

Ég er þeirrar skoðunar að óþarft sé að stofna til svokallaðra húsbanka. Við erum með ágætt bankakerfi, ágætt kerfi sparisjóða um allt land og þeir eiga að geta fullnægt þeirri þjónustuþörf sem ráð er fyrir gert í hugmyndum hv. 7. þm. Reykn. um dreifingu þess fjármagns og yfirleitt alla þá þjónustu sem lýtur að því. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að engin nauðsyn sé fyrir þetta húsbankakerfi. Það verði aðeins til að auka kostnað þeirra sem þurfa að taka lánin og gera þetta allt flóknara. Hins vegar er sjálfsagt að ræða þessa hugmynd, hún er góðra gjalda verð og ég efast ekki um að hún hafi reynst vel þar sem hún hefur verið við lýði, eins og t.d. í Danmörku eins og fram kemur í grg. ef ég man rétt, a.m.k. kom það fram í ræðu, en ég tel að við búum við þær aðstæður að við getum fullnægt þessari þjónustuþörf með þeim hætti sem ég gat um áðan.

Ég fagna því að menn skuli styðja þá hugmynd að það þurfi að koma fram ákveðin valddreifing í sambandi við hvernig fjármagni er dreift um landið

hvað varðar íbúðamál, þ.e. færa það frá því mikla bákni sem er suður í Reykjavík. Að því leyti tel ég að hugsunin sé rétt í hugmyndum hv. þm. Júlíusar Sólnes um þetta efni. Ég er bara ekki sammála leiðunum.

Varðandi það atriði sem hv. 7. þm. Reykn. kom inn á og laut að erlendu fjármagni, þá vek ég athygli á því að það vantar ekki peninga í húsnæðismál á Íslandi. Þeir eru til staðar. Það fer ekki á milli mála. Ég er í prinsippi andvígur því að það sé verið að leiða of mikið erlenda aðila sem eignaraðila inn í bankakerfi landsmanna. Ég tel að í þeim efnum verði Íslendingar að fara mjög varlega. Við eigum ekki að vera allt of opnir fyrir því að leiða erlenda aðila til hásætis hvort sem það er í sambandi við banka og peningakerfið eða íslenska atvinnuvegi eða yfirleitt.

Ég vil síðan víkja nokkrum orðum að því sem fram kemur í frv. og sérstaklega grg. Í grg. segir m.a., með leyfi forseta:

„Það má því segja að Byggingarsjóður ríkisins eigi allar slíkar íbúðir. Fólkið er í raun orðið að leiguliðum hjá ríkinu.“ Þar er verið að vísa til þess kerfis sem við búum við í dag og í sambandi við lán frá byggingarsjóði. Síðan segir: „Sjálfseignarstefnan margrómaða er í reynd hrunin.“

Þetta mun eiga við þá þróun, sem orðið hefur, að hinir háu vextir og verðtryggingin hafa leitt til þess að fólk gæti ekki staðið við sínar skuldbindingar, að lánstíminn væri svo langur að það sem hér er sagt væri orð að sönnu. Ég vil halda því fram að með því að breyta um kerfi, þ.e. breyta um afstöðu til þess hvernig fjármagn fer til íbúðamála, og einnig ef okkur sem stjórnmálamönnum, og á ég þar einnig við hv. tillögumann, hv. 7. þm. Reykn., tekst að kveða niður verðbólguna þá eigum við ekki að þurfa að óttast að sjálfseignarstefnan hrynji. Hins vegar er það rétt og engin ný sannindi, hvorki hjá honum né öðrum, að ef verðbólgan geisar áfram með þeim hrikalegu afleiðingum sem því fylgir, þar sem vextir eru háir og lán verðtryggð, er sjálfseignarstefnan í mikilli hættu. En ég trúi því að hv. alþm. og stjórnvöld geti hagað málum þannig að til þess komi ekki að verðbólgan komi þeirri stefnu fyrir kattarnef og er ég þeirrar skoðunar að þar eigum við allir, hv. þm., að koma til skjalanna og ekki sé einum um að kenna frekar en öðrum.

Í grg. segir einnig, með leyfi forseta: „Flm. leggja til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagslegu markmiði og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í því skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir.“

Þetta er ekki ný hugmynd. Þessi hugmynd eða mjög svipuð hefur verið sett margsinnis fram af hálfu forustumanna Landssambands lífeyrissjóða. M.a. vísa ég til þess að í ársbyrjun 1986, þegar verið var að fjalla um núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins eða Byggingarsjóð, sendi Landssamband lífeyrissjóða frá sér einmitt ályktun í þessa veru. Þó var gengið enn lengra í afstöðu Landssambands lífeyrissjóða og þeirra lífeyrissjóða sem máli skipta innan þess sambands í þessu efni. Þar var beinlínis lagt til, og m.a. var viðtal við þann sem hér talar í einu af dagblöðum borgarinnar um það, að færa þetta meira og minna umfram félagslegar íbúðir, þ.e. lán, út í bankakerfið til sparisjóða og banka, eða þá að lífeyrissjóðirnir önnuðust þetta sjálfir í samstarfi við þessa aðila á grundvelli gagnkvæmra samninga. Þetta hefur verið stefna stærstu lífeyrissjóða landsins, þar á meðal Lífeyrissjóðs verslunarmanna, ekki bara í eitt eða tvö ár heldur í áratugi. Þetta hefur einnig verið grundvallarstefna Sjálfstfl. í fleiri ár. Fagna ég því út af fyrir sig að við skulum eignast fleiri og fleiri bandamenn sem leggja á sig að koma fram með þessa hugmynd og undirstrika hana.

Um það sem segir í grg., með leyfi forseta, hvað lýtur að leiðum og hvernig eigi að haga þessu, vil ég segja þetta:

Í grg. segir m.a.: „Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili. Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattívilnunum, til: 1) íbúða fyrir láglaunafólk, verkamannabústaða; 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð; 3) bygginga leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega; 4) bygginga verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja; 5) að takast á við sérstök verkefni félagslegs, tæknilegs og fjárhagslegs eðlis. Samkvæmt þeim upplýsingum sem flm. hafa fengið munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni.“

Í sambandi við þennan kafla í grg. vek ég athygli á eftirfarandi: Þetta er svo til orðrétt í samræmi við þá stefnu sem flokksráðsfundur Sjálfstfl. markaði nýverið á Selfossi og hefur einnig komið fram áður svo til orðrétt. (**JúlS:** Ég sagði þetta ályktun á fundi með Heimdalli töluvert fyrir flokksráðsfundinn.) Ja, það er ekki óeðlilegt að hv. þm. komi með svona hugmyndir því að skylt er skeggið hökunni. Það eru ekki nema sex eða sjö mánuðir síðan hv. þm. fór í sérstakt framboð og vék þar með úr Sjálfstfl.

En þá vil ég fara lengra aftur í söguna og vekja athygli á því að margt af þessu hefur verið framkvæmt í gegnum tíðina, annars vegar af verkalýðshreyfingunni og hins vegar af frjálsum félagasamtökum, m.a. hér í Reykjavíkurborg. Ég vek athygli á að Sjálfstfl. sem meirhlutaflokkur í borgarstjórn Reykjavíkur hefur í áratugi staðið að byggingu verkamannabústaða og sérhannaðra og sérstakra íbúða sem fullnægja félagslegum þörfum. Ef ég man rétt lét Reykjavíkurborg byggja fyrstu íbúðir þessar-

ar tegundar um og eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk, svokallaðar Bústaðavegsíbúðir, þannig að það er engin nýlunda að það sé staðið í því af hálfu sveitarfélaga í samvinnu við aðila að byggja slíkar íbúðir.

Verkamannabústaðir eru alþekkt fyrirbrigði og ef ég man rétt var það í tíð Héðins heitins Valdimarssonar sem verkalýðshreyfingin beitti sér fyrir þessu á áratugnum 1930–1940 og hafði Alþfl. sérstaka forustu í þeim málum. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni. Hins vegar er þessu raðað mjög vel upp í stefnuskrá Borgaraflokksins eins og aðrir flokkar hafa gert og ég tek undir það sjónarmið út af fyrir sig og fagna því að menn skuli taka sig til og leggja fram frv. með grg. þar sem minnt er á þessi atriði. En ég vek athygli á því og undirstrika að þetta er ekki neitt nýtt. Þetta er ekki ný uppfinning nýrra stjórnmálaflokka. Þetta er og hefur verið markmið íslenskrar verkalýðshreyfingar í áratugi og borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstfl., sem hv. flm. var að vísu ekki þátttakandi í hér í Reykjavík, en hann var þátttakandi í störfum þess flokks sem hefur beitt sér fyrir sérstaklega stórum og merkilegum átökum í þessum efnum í Reykjavík.

En þá kemur að því atriði sem er nýtt og gamalt. Það er það atriði að rúmlega 60% þeirra sem eftir eru séu á hinum almenna íbúða- og fasteignamarkaði. Það er finnst mér hugmynd sem vert er að ræða og ég segi það fyrir mitt leyti að mér finnst það gert með mjög jákvæðum hætti af hv. þm. Júlíusi Sólnes. Hann setur fram þá hugmynd hvort ekki sé hægt að fara þá leið að gera þetta í gegnum hið svokallaða húsbankakerfi. Hann hefur mjög góða þekkingu á þeim atriðum, eins og fram hefur komið í ræðum hans, og virði ég það að sjálfsögðu. En ég undirstrika það, eins og ég sagði í upphafi minnar ræðu, að ég hefði talið einfaldara og hugsanlega betra að útfæra það í því bankakerfi sem við þekkjum og styðjumst við. Það getur vel verið að það sé ekki framkvæmanlegt að mati annarra, en þessa skoðun setti ég m.a. fram fyrir nokkrum árum í sambandi við samninga sem Lífeyrissjóður verslunarmanna átti við Byggingarsjóð ríkisins þar sem mér fannst það eðlilegra.

Það segir í grg., með leyfi forseta, að eðlilegt sé að lífeyrissjóðirnir hafi frumkvæði að stofnun húsbanka í sameinuðu bankakerfi. Það er auðvitað eðlilegt sjónarmið að slíkt sé gert ef menn eru inni á því að stofna húsbanka yfirleitt. Ég tek undir að það er laukrétt.

Ég vil segja að lokum að þó að ég sé ekki alveg sammála leiðunum finnst mér hugsunin góð sem hefur komið fram í frv., en vil undirstrika það og tek undir það, því mér finnst sá andi svífa yfir vötnunum í þessu máli hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes, að við viljum báðir leysa hinar félagslegu þarfir í gegnum hið almenna opinbera húsnæðislánakerfi, en að öðru leyti viljum við færa þetta meira út í annaðhvort hið almenna bankakerfi, eins og ég legg áherslu á, eða út í svokallaðan húsbanka. Að því leyti til finnst mér þetta jákvætt framlag til þeirrar umræðu sem húsnæðismál eru.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Það frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, er Júlíus Sólnes og Guðmundur Ágústsson flytja hér, er athygli vert. Það er boðberi nýrrar hugsunar í húsnæðislánakerfinu. Hitt er annað mál að ég er alls ekki sammála þeim meginstraumum sem þar eru á ferðinni og vildi gera nokkrar athugasemdir eða spyrja um nokkra þætti.

Það segir í grg. frv. að það hafi verið Friðrik mikli sem hafi í raun komið þessu kerfi á á sínum tíma. Rétt mun vera að hann hafi haft einhverja tilhlutun þar. Friðrik mikli var þekktur að víðsýni og stjórnsemi. Hann boðaði einmitt að trúfrelsi ríkti undir hans stjórn. Þó amaðist hann nokkuð að gyðingum og því hvernig fjármálum þeirra var háttað, en þeir græddu á tá og fingri. Hann mun einmitt hafa tekið þetta upp frá þeim og nýtt sér þær hugmyndir sem þeir höfðu í þessum efnum.

Það form sem hér er boðað gerir ráð fyrir að til sé tvöfalt húsnæðislánakerfi hér á landi. Það hefur annað slagið bryddað á vilja á því, en í þessu frv. skortir skilgreiningu á því hverjir eigi að falla undir þetta og hverjir ekki. Mér skilst að það sé félmrh. sem eigi að setja reglur um það.

Á sínum tíma voru til reglur um hverjir skyldu njóta húsnæðislána og hverjir ekki. Þar var beitt stærðarmörkum og öðru þvílíku. Upp úr 1970 varð breyting þar á þannig að þessar stærðarreglur voru afnumdar, þó kannski mest upp úr 1980 þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var við lýði.

Það er mjög vísað til Danmerkur í frv. og það eru teknar upp hugmyndir sem þar ríkja eða gerð tillaga um að það kerfi sem þar ríkir sé tekið upp hér. Ég minni á að þrátt fyrir að við getum margt lært af Skandinövum er ýmislegt sem er ekki eftirbreytni vert og ég veit einnig að aðrar þjóðir á Norðurlöndum hafa ekki tekið upp þetta kerfi í sömu mynd og Danir.

Það er í frv. mjög rætt um lánskjaravísitöluna og hversu ill hún sé. Þar finnst mér ekki komið að kjarna málsins. Hv. 14. þm. Reykv. minnti á það, sem er kjarni málsins, að lánskjaravísitalan sem slík er ekki ill í eðli sínu. Það er verðbólgan sem er hið vonda í þjóðfélaginu. Ef við skoðum vexti annars staðar, t.d. hjá norska húsbankanum — ég held ég hafi það orð á þeirra lánakerfi — kemur í ljós að vextir eru allt upp í 12%, 8–11,9% í einu tilvikinu og allt upp í 12%. Þar er verðbólgan langt undir því marki. Þessar vaxtatölur eru frá síðasta ári. Verðbólga hefur eitthvað aukist á þessu ári. En það sýnir okkur að það er geysileg greiðslubyrði á þeim lánum. Þar sem verðbólga er óveruleg eða lítil eru vextir í hlutfalli við það lágir, en stefnt er að því að menn greiði sínar skuldir.

Lánskjaravísitalan er vissulega mjög umdeilanleg, en ég hef látið kanna í hvaða tilfellum hún hefur verið óhagstæðust og hvenær hagstæðust. Í sumum

tilfellum, kannski flestum, hefur hún verið hagstæðari en bein vaxtalán, en á tímabili var lánskjaravísitalan mjög erfið, mjög óhagstæð. Lánskjaravísitalan er þannig fundin út að hún er ⅓ af byggingarvísitölu og ⅔ af framfærsluvísitölu. Einkum var lánskjaravísitalan óhagstæð er kaupgjald var tekið úr sambandi við vísitölu og var reynslan þá alveg hræðileg. En sem betur fer hefur það batnað frá þeim tíma sem þá var.

Ég vona að hv. alþm. geti allir verið sammála um að verðbólga sé af því vonda og það verði að vera höfuðverkefni okkar í efnahagsmálum að koma í veg fyrir að hún vaði áfram eins og gerst hefur á undanförnum árum þrátt fyrir verðugar tilraunir til að koma henni niður.

Í frv. er reiknað með að það geti verið margir húsbankar í landinu. Það hefur reynst svo að miðstýring í þessum málum hefur verið talin af hinu góða. Það hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að skipta húsnæðislánum upp eftir svæðum og með öðrum hætti, en menn hafa yfirleitt horfið frá því aftur.

Við getum vísað alveg aftur í það er lögin um verkamannabústaði voru afgreidd, en að morgni dags þann 18. maí árið 1929 sat Ed. Alþingis að fundi í Alþingishúsinu. Til umræðu var frv. til l. um húsnæðismál sem Alþingi hafði haft til meðferðar um veturinn og hart hafði verið deilt þá um sem nú. Þetta var frv. til l. um Byggingarsjóð verkamanna og byggingu verkamannabústaða er Héðinn heitinn Valdimarsson hafði lagt fram og kynnt á Alþingi árið áður og hann hafði síðan flutt í upphafi þess þings. Komið var fram á síðasta dag þingsins. Ákveðið hafði verið að slíta þinginu síðdegis sama dag. Hér var um stórmál að ræða, reyndar stærsta mál þingsins eins og þm. þá bentu á í ræðum sínum. Það hafði verið þaulrætt og nú stóð til að afgreiða það frá Ed. svo að það fengi lagagildi eins og þeir flokkar höfðu samið um sem þá stóðu að stjórn landsins.

Þennan morgun ræddu menn einkum eitt atriði í frv. Þar var lagt til að byggingarsjóðir verkamanna yrðu stofnaðir þannig að einn slíkur starfaði í sérhverju byggðarlagi þar sem byggðar yrðu íbúðir í verkamannabústöðum. Jón Þorláksson lagði til að í stað þessa yrði stofnaður einn byggingarsjóður verkamanna fyrir landið allt. Jón Baldvinsson lýsti sig sammála þessu sjónarmiði. Hann taldi að skynsamlegra gæti verið að einn byggingarsjóður verkamanna starfaði fyrir landið allt. Nú væri málum svo komið að þinginu yrði slitið síðdegis. Yrði brtt. Jóns Þorlákssonar samþykkt mundi það leiða til þess að frv. yrði að fara á nýjan leik til Nd. og útséð væri um að hún næði að afgreiða það þennan dag. Frv. gæti því ekki orðið að lögum á þinginu eins og samið hafði verið um. Því væri ekki um annað að ræða en samþykkja frv. í þeirri mynd sem það væri og breyta þessu ákvæði seinna. Það var líka gert nokkrum árum síðar. Að loknum umræðum var frv. samþykkt og þar með hafði tekið gildi fyrsta löggjöf hérlendis um opinbera aðstoð við byggingu fyrsta flokks nútímalegra íbúða fyrir almenning í þéttbýli.

Hér bendi ég á að reyndin varð sú að menn töldu, eins og Jón Þorláksson hafði bent á, að það væri hyggilegra að stofna einn sjóð fyrir þessar félagslegu þarfir og menn féllust á það nokkrum árum síðar. Svo hafa komið upp raddir annað slagið um að deildaskipta byggingarsjóðum. Það var kvótaskipting á Byggingarsjóði ríkisins fram til 1964 eða svo. Hún var afnumin. Sveitaíbúðalánin voru flutt frá stofnlánadeild til Húsnæðisstofnunar ríkisins eftir nokkra reynslu og sérstakur byggingarsjóður aldraðra var til líka, en það hefur líka verið flutt til Byggingarsjóðs ríkisins. Menn hafa sem sagt hneigst að því að hafa nokkra miðstýringu á þessu í okkar litla landi og tel ég að það sé farsælast.

Það hefði í öðru lagi í för með sér meira bákn en ástæða er til og vísa ég þá aftur til hv. 14. þm. Reykv. um að það er mjög andstætt mínum hugsunarhætti að auka á báknið, auka kostnað húsbyggjenda. Lýsi ég því andstöðu minni við að svo verði gert.

Ég tel þörf á því, eins og ég kom inn á áðan, að flm. tilgreini hverjir eiga að verða út undan hjá Húsnæðisstofnun. Það er verið að tala um tvenns konar kerfi. Það fylgja því ákveðnar kvaðir í sumum tilvikum. Þeir sem eru í félagslega kerfinu þurfa að hafa þær kvaðir að geta ekki selt sínar íbúðir þegar þeim dettur í hug og þurfa að lúta ákveðnum ákvæðum. Þeir verða væntanlega þá að leita annað. Það verður að skilgreina hverjir eiga að gera það, hverjir komast í félagslega kerfið eða ekki, og tel ég nauðsynlegt að það verði skilgreint.

Í 8. gr. frv. segir svo: „Stofnunin ákveður sjálf matsverð fasteignar á grundvelli fasteigna- og brunabótamats svo og ætlaðs söluverðs hennar. Matsverðið skal ákveðið áður en lánveiting fer fram.“

Þessi grein vekur nokkra tortryggni hjá mér. Við vitum hvernig farið hefur í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem íbúðaverð, markaðsverðið, hefur farið niður úr öllu valdi og menn hafa átt erfitt með að selja. Það er vitað mál að menn sem búa í glæsilegum einbýlishúsum úti á landi geta kannski fengið sér kjallaraholu á Reykjavíkursvæðinu eða litla íbúð í blokk vegna þess að mat fasteigna á þessum stöðum er svo lágt miðað við Reykjavíkursvæðið.

Ef þessi sjóðsstjórn á að meta þetta alfarið sjálf án þess að séu samræmdar reglur um þetta er ég hræddur um að það komi upp sitt hvað eftir því hvar menn eiga heima. Þá spyr maður að því: Hvar er jöfnuðurinn og hvar er réttlætið? Hvernig lenda þeir sem búa úti á landi í því mati? Ég býst við að það verði oft erfitt fyrir menn.

Mig langar til að spyrja — reyndar er það vegna þess að mig skortir nokkra þekkingu á því hvernig þetta virkar erlendis: Er ekki líklegt að þarna sé verið að stofna eins konar verðbréfamarkað sem lúti sömu lögmálum og þeir verðbréfamarkaðir sem margir kenna við brask í dag og lifa góðu lífi á

Reykjavíkursvæðinu? Er ekki líklegt að þeir sem í þessu lenda þurfi að sæta okurkjörum á þessum bréfum? Er líklegt að það sé hægt að versla með þessi bréf nema það séu á þeim hæstu lögleyfðir vextir eða verðtrygging? Er ekki líklegt að markaðurinn verði minni ef ekki eru á þessu hæstu lögleyfðu vextir? Reyndar er það svo í bankakerfinu að þar sem verðtrygging hefur ekki verið fyrir hendi hafa verið hærri vextir. Þegar löng lán eru á ferðinni er greiðslubyrðin verst fyrst þar sem vextirnir eru í öndvegi, þ.e. þegar húsbyggjendur eiga í mestum erfiðleikum. En það má þó segja um það kerfi sem nú er að þá færist hækkun verðtryggingarinnar aftur fyrir þannig að það ætti að vera auðveldara en þar sem vextir eru einir notaðir og án verðtryggingar. Tilfellið er að menn eru komnir fram hjá þeim hugsunarhætti að hægt sé að taka lán án þess að greiða fyrir þau og sú greiðsla er því miður ansi mikil, ansi grimm. Mig langar til að fá svör við þeim spurningum sem ég hef varpað fram.

Það er rætt líka um afkomutryggingu, sem mun tíðkast sums staðar, og vitnað í það að hún geti verið af því góða. Jafnframt er sagt í grg. að það sé sífellt verið að hræra í húsnæðislánakerfinu. Ég býst við að það hversu kerfið er óstöðugt hafi markast af því að stjórnmálamenn hafi á hverjum tíma viljað hafa áhrif á húsnæðislánakerfið í þeim tilgangi að gera það manneskjulegra og gripið inn í þegar óhagstætt hefur verið fyrir lántakendur hverju sinni, þ.e. eins konar afkomutrygging. Ég minni á að til eru lög um greiðslujöfnun fasteignalána sem kveða á um að ef afborgun fer fram úr ákveðnu marki eða ef um veikindi er að ræða eða atvinnuleysi er heimilt að aðstoða í þeim tilvikum.

Einnig má minnast á að þau húsnæðislán sem eru nú í gildi hafa því miður í mörgum tilfellum gengið kaupum og sölum og þá hafa þeir sem selt hafa lánin þurft að greiða stórfé fyrir að fá sína peninga strax. Hef ég heyrt að afföll hafi numið allt að 340 þús. af 2,9 millj. sem sýnir að brask með þessi bréf er af hinu vonda fyrir þá sem síst skyldi.

Ég ætla ekki að segja fleira um þetta að sinni, en get þess á ný að mér finnst af því góða að varpa fram nýjum hugmyndum og minni á að það er mjög eðlilegt að menn séu ósammála um hina ýmsu þætti húsnæðismála. Mér finnst það frv. sem hér kemur fram fremur andfélagslegt og vænti ég að hv. flm. geti gefið skýringar á því sem hér hefur verið spurt um.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni og hv. 9. þm. Reykn. Karli Steinari Guðnasyni fyrir þeirra athugasemdir um frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka sem við þm. Borgarafl. í Ed. höfum lagt fram í hv. deild.

Guðmundur H. Garðarsson, hv. 14. þm. Reykv., taldi að hér væri í raun ekki um nýjar hugmyndir að ræða. Ekki ætla ég að mæla gegn því. Það kemur einmitt fram í grg. með frv. að það má rekja þessar hugmyndir til Friðriks mikla prússakonungs. Í raun og veru gat hæstv. forseti þessarar deildar, hv. 9. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason, þess að hér væri um enn eldri hugmyndir að ræða sem Friðrik mikli prússakonungur hefði sótt til gyðinga og ekki ætla ég að mótmæla því. Ég ætla því svo sannarlega ekki að hæla mér af að hafa fundið þetta upp. Það er fjarri lagi, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv.

Hins vegar finnst mér þrátt fyrir allt að það hafi lítið borið á nýjum hugmyndum í umræðu um húsnæðismál og húsnæðislánamál sérstaklega hér á Alþingi og yfirleitt úti í þjóðfélaginu mörg undanfarin ár. Það er vissulega rétt og ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að þar verð ég þó að gera þá undantekningu að fulltrúar lífeyrissjóðanna hafa kannski verið þar hjáróma rödd því þeir hafa komið með margar góðar hugmyndir en allt of lítið verið hlustað á þær.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson gagnrýndi að við segjum í grg. að húsnæðislánakerfið hafi algerlega verið á vegum ríkisins. Þetta er á misskilningi byggt vegna þess að mér er fullkunnugt um að fyrir nokkrum árum sáu lífeyrissjóðirnir um verulegan hluta húsnæðislánakerfisins. Hef ég sjálfur í tvígang fengið lífeyrissjóðslán til að kaupa íbúð og í seinna skiptið að byggja mér hús. Hins vegar varð sú breyting á fyrir tveimur árum að lífeyrissjóðirnir gerðu samning við ríkisvaldið um að öll húsnæðislán skyldu fara í gegnum húsnæðislánakerfi ríkisins með sérstökum skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóði ríkisins. Það er það sem við eigum við þegar við segjum að nú sé húsnæðislánakerfið algerlega á vegum ríkisins þó svo að lífeyrissjóðirnir leggi nánast alla peningana til þess. Það er svo önnur saga.

Að við séum miðstýringarmenn og frv. geri nánast ráð fyrir miðstýrðu ríkiskerfi finnst mér vera á nokkrum misskilningi byggt, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Við leggjum það til og teljum eðlilegast að það verði stofnaðir húsbankar í formi hlutafélags, þ.e. að húsbankarnir verði sjálfstæð hlutafélög. Það verði lífeyrissjóðirnir, tryggingafélög og bankakerfið sjálft sem hafi frumkvæði að því að stofna hlutafélög, þ.e. stofna húsbanka.

Ástæður fyrir því að ég tel ekki að bankakerfið sem slíkt og ekki heldur sparisjóðirnir valdi þessu hlutverki eru margar. Ég get alveg fallist á það og tekið undir með hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni að bæði sparisjóðirnir og bankarnir víða úti um land og hér í Reykjavík hafa hjálpað húsbyggjendum og íbúðakaupendum eftir fremsta megni. En þar kemur, eins og við segjum reyndar í grg., að bankarnir þurfa að sinna mörgu öðru. Þeir þurfa að sjálfsögðu fyrst og fremst að sinna því hlutverki að halda atvinnulífinu gangandi, að tryggja að það hafi fjármagn til síns rekstrar. Það hlýtur að verða og verður aðalhlutverk bankakerfisins.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig það væri, þó

það þurfi ekki endilega að vera með þeim hætti, að ganga inn á biðstofu bankastjóra og koma næstur inn til bankastjórans á eftir manninum sem bað um 100 þús. kr. lán til að kaupa sér bíl eða fara til Mallorka og segja: Ja, ég þarf 2 millj. kr. lán til 40 ára því að ég ætla að fara að byggja mér hús. — Ég er ekki viss um að bankastjórinn geti í skyndi flutt hugsunina frá skammtímaláninu, sem átti að vera til þess að hægt væri að kaupa bíl, yfir í það að hugsa um miklu hærri lánsupphæð til 40 ára. Það er þetta sem ég held að geri að verkum að þetta muni fara mjög illa saman í bankakerfinu. Þess vegna tel ég og er alveg sannfærður um það að það væri miklu heppilegra að hafa sterkar sjálfstæðar stofnanir sem sinna þessu hlutverki eingöngu. Þarna greinir okkur hv. þm. á, en ég er ekki í nokkrum vafa um að við eigum eftir að taka umræðu um þetta okkar á milli og vonandi í nefndum þannig að við getum haldið áfram að ræða þessar hugmyndir þar.

Að hið opinbera kerfi sé óþarfur milliliður. Ég veit ekki alveg hvað hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson á þarna við. Ég fer ekkert leynt með að ég hef að nokkru leyti sótt fyrirmyndir að þessu húsnæðislánakerfi, þ.e. húsbönkum og húsnæðislánastofnunum, til Danmerkur. Ég sagði það í þingræðu í fyrrinótt að þótt sumar hugmyndir sem hægt væri að sækja til frænda okkar í Danmörku væru góðar væru aðrar slæmar. Ég tel að hér sé um að ræða góða hugmynd og hér megi virkilega læra af frændum okkar Dönum. Ég taldi hins vegar í þingræðu fyrir tveimur dögum eða svo að varðandi virðisaukaskattskerfið væri lítið hægt að læra af Dönum. Það er önnur saga.

Ég held að ástæðan fyrir því að við felum félmrh. mjög virkt eftirlitshlutverk, ef um væri að ræða að setja á stofn húsnæðislánastofnanir eða húsbanka, eigi fullan rétt á sér. Hér er verið að spila með sparifé almennings í landinu. Þeir sem koma sér upp íbúðum eða húsum eru í raun að tefla fram öllu því fjármagni sem viðkomandi getur skrapað saman á lífsleiðinni. Það bindur hann í íbúð sinni eða í húsi sínu. Þess vegna er mjög ríkt að allir geti tekið lán hjá húsnæðislánastofnun í fullu trausti þess að stofnunin sem hefur veitt lánið sé hafin yfir allt, þ.e. það megi treysta henni til fullnustu. Það sé engin hætta á því að þar eigi sér stað eitthvert brask.

Hv. 9. þm. Reykn., hæstv. forseti virðulegrar deildar, hafði áhyggjur af því að eins og við lýsum fjármögnun útlána hjá væntanlegum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum gæti orðið um einhvers konar verðbréfabrask að ræða í líkingu við það sem við sjáum núna hjá verðbréfafyrirtækjunum sem hafa skotið upp kollinum hvert af öðru. Það er einmitt með hliðsjón af þessu að við gerum eftirlitshlutverk hæstv. félmrh. fyrir slíkum stofnunum, sem við leggjum til að verði komið á fót, mjög virkt. Það er í samræmi við þá löggjöf sem m.a. er við lýði í Danmörku, þangað sem við höfum sótt þessar hugmyndir. Það er einmitt til að gera alveg ljóst að þessar stofnanir muni starfa undir mjög ströngu eftirliti og geti allir þess vegna borið fullt traust til þeirra. Það ætti því ekki að vera nein hætta á því að þær fari út í verðbréfabrask. Þær muni haga rekstri sínum með almenningshagsmuni að leiðarljósi.

Það var talað um af hv. 9. þm. Reykn. að þótt þetta kerfi gæti svo sem verið ágætt í Danmörku væri ekki endilega víst að það virkaði á Íslandi. Ég get tekið undir það sjónarmið að það er ekkert erlent kerfi sem endilega virkar á Íslandi. Og væri nú betur að margir embættismenn ríkiskerfisins á Íslandi huguðu betur að þessum hugleiðingum hv. þm. Mikið væri gott ef hæstv. ráðherrar og embættismenn Stjórnarráðsins mundu hugleiða betur að það er ekki víst að öll erlend kerfi henti á Íslandi. Enda höfum við ekki lagt annað til hér en að danska kerfið verði rannsakað nánar. Við gerum ráð fyrir því að frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka fái efnislega meðferð í nefnd. En ég er þó sannfærður um að eins og við höfum sett frv. fram mundi það henta mjög vel íslenskum aðstæðum, enda hefur það verið samið með íslenska húsnæðismarkaðinn í huga.

Ég get alveg verið sammála hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni um að erlent fjármagn er ekki æskilegt í húsnæðislánum Íslendinga. Svo sannarlega tek ég undir með honum að sé nægt innlent fjármagn til staðar þurfum við ekki á erlendu fjármagni að halda. Hins vegar virðist húsnæðislánakerfið skorta fé og það meira en lítið því það er allt stopp á þeim bæ og bíða, eftir því sem manni skilst, um 6000 manns afgreiðslu vegna umsókna um húsnæðislán. En ef það er víst að nægt innlent fjármagn sé til staðar mun ég ekki mæla með því að erlent lánsfé komi til Íslands til að veita því út í húsnæðislán.

Þegar við segjum að sjálfseignarstefnan sé hrunin er ég sammála hv. þm. að það byggir að sjálfsögðu á þeirri verðbólgu sem hér hefur verið. Lánskjaravísitalan virkar einmitt með þeim hætti að verði mikil verðbólga og kaupgjaldið fylgir henni ekki eftir hrynur sjálfseignarstefnan. Ef verðbólgan er núll er það rétt, sem hefur komið fram hjá hv. 9. þm. Reykn. og hæstv. forseta virðulegrar deildar og hv. 14. þm. Reykv., að með engri verðbólgu eru m.a.s. lánskjaravísitölulánin í lagi. En ég efast mjög um að ég og hv. þm. þessarar deildar eigum eftir að upplifa á Íslandi að verðbólgan verði núll. Þetta þjóðfélag okkar er svo viðkvæmt fyrir ýmsum utanaðkomandi áhrifum að það má alltaf búast við því að hér verði verðbólga og það verði alla tíð erfitt að halda henni í skefjum þó ég sé sammála því, sem hv. þm. sem hér hafa talað á undan mér segja, að við verðum, allir hv. þm., að vinna að því að halda verðbólgunni í skefjum.

Varðandi tvöfalt húsnæðislánakerfi hafa að sjálfsögðu margir fyrr hugleitt slíka möguleika, en það að flokksráðsfundur sjálfstæðismanna hafi fyrstur viðrað slíkar hugmyndir um daginn á fundi sínum á Selfossi er hinn mesti misskilningur. Eins og ég gat um flutti ég í langri ræðu á fundi með Heimdalli, en þangað var mér boðið sem varaformanni Borgarafl.

til að gera grein fyrir stefnuskrá og stefnumiðum Borgarafl., lýsingu á þessum hugmyndum okkar í nokkrum orðum. Það var mjög athyglisvert að nokkrum dögum síðar voru slíkar hugmyndir viðraðar á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna á Selfossi. Þau ár sem ég starfaði með Sjálfstfl. og tók þátt í landsfundarstörfum á vegum hans eða á annan hátt tók þátt í félagsstarfinu var mjög erfitt að fá nokkurn hljómgrunn undir þær hugmyndir sem hér hafa verið lagðar fram. Hefði ég tilburði í þá veru að leggja fram einhverjar slíkar hugmyndir var klappað á öxlina á mér og sagt: Heyrðu vinur. Vertu ekkert að bulla svona. — Þeir vissu allt um þessi mál, þeir háu herrar sem þar réðu ríkjum. Hugmyndir þeirra hljóta að vera þær sem núverandi húsnæðislánakerfi byggir á því enginn flokkur hefur haft eins góða aðstöðu til að móta stefnu í húsnæðislánamálum og einmitt Sjálfstfl. Núverandi húsnæðislánakerfi hlýtur því að skrifast að verulegu leyti á reikning Sjálfstfl.

Að Sjálfstfl. hafi staðið að byggingu félagslegra íbúða er gott og blessað og eins var rætt um verkamannabústaði. Ég bendi hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni á að lesa brtt. þm. Borgarafl. í Nd. við húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. sem er til umræðu nú í hv. Nd. Þar kemur nefnilega fram seinni helmingur tillagna okkar, en við höfðum boðað að við mundum leggja fram sérstakt frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins í framhaldi af frv. um húsbanka og húsnæðislánastofnanir til þess að við værum komnir með heilsteypt húsnæðislánakerfi. Það kom skýrt fram þegar ég mælti fyrir þessu frv. að það mundi síðar verða flutt frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að tillögur okkar í húsnæðismálum væru heilsteyptar.

Nú höfum við kosið að leggja þessar tillögur okkar fram í Nd. sem breytingu við húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. og ég bendi hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni á að kynna sér þær tillögur og sjá hvort hann fær ekki svar við ýmsum spurningum sem hann varpaði fram í ræðu sinni áðan.

Hv. 9. þm. Reykn. kom með ýmsar spurningar sem hann beindi til okkar flm. og ég get svarað á svipaðan hátt, að ég bendi hv. þm. á að kynna sér þær brtt. sem við höfum lagt fram við húsnæðislánafrv. hæstv. félmrh. Þar er svar við flestum þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín.

Hv. þm. segir að það sé óskilgreint í frv. hverjir fái lán og hverjir ekki. Við lítum svo á að allir geti fengið lán hjá húsbönkum ef þeir óska þess og hafi til þess lánshæfa íbúð sem fellur undir þá skilmála sem sagt er frá í frv. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að húsbankarnir standi opnir hverjum sem er svo fremi viðkomandi sé fjárráða og ætli sér að byggja eða kaupa íbúð sem er lánshæf samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru fram í frv. Hins vegar er alveg ljóst, og þetta kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar, að við komumst ekki hjá því að reka öflugt félagslegt íbúðalánakerfi handa þeim sem þurfa á aðstoð að halda. Það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem verða að fá aðstoð ríkisvaldsins við að koma sér upp þaki yfir höfuðið, m.a. fatlaðir, aldraðir, og ég vil sérstaklega vekja athygli á húsnæðisvandamálum ungs fólks sem eru vægast sagt hrikaleg eins og ástandið er nú í þeim málum.

Í þeim brtt. sem við erum að kynna á þessari stundu í hv. Nd. er einmitt eitt megininntakið að það verði stigið stórt skref og gert átak til að leysa húsnæðisvanda ungs fólks. Ég hlakka til, hæstv. forseti, að fá tækifæri til að kynna þær hugmyndir einnig í Ed.

Í grg. með frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka er vísað í þær brtt. sem nú eru til umræðu í hv. Nd. Þar er tíundað mjög rækilega hverjir skuli eiga aðgang að húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í því tvöfalda kerfi sem við leggjum til að verði tekið upp.

Það var fjallað töluvert um lánskjaravísitöluna og hv. 9. þm. Reykn. talaði um að ekki væri það lánskjaravísitalan sem væri til bölvunar heldur væri það sjálf verðbólgan. Ég get að nokkru leyti tekið undir þessa skoðun. Þetta er rétt. Það er fyrst og fremst verðbólgan sem er hér bölvaldurinn. Hins vegar er lánskjaravísitalan mjög óheppilegt lánsform í verðbólgu vegna þess að það er alltaf hætta á eins og hefur verið undanfarin ár að lánskjaravísitalan, á þann hátt sem hún er reiknuð, hækki hraðar en kaupgjaldsvísitalan og kemur það mjög greinilega fram í þeirri grg. sem við höfum lagt fram með frv.

Eitt af því sem er verst við lánskjaravísitölulánin er einmitt að höfuðstóll lánsins fer ört vaxandi framan af lánstímabilinu. Það hefur þær sálfræðilegu afleiðingar að lántakandinn fyllist fljótt örvæntingu vegna þess að hann sér að skuldin vex og vex. Jafnvel þó hún hafi samkvæmt lánskjaravísitölu ekki vaxið að raungildi vex hún í huga lántakandans sérstaklega þegar launin hans fylgja ekki á eftir, enda fer sem fer, eins og hefur gerst hér undanfarin ár, að fólk ræður hreinlega ekki lengur við að greiða af þessum dýru lánum. Það er einmitt þetta sem við viljum að verði athugað rækilega og þess vegna leggjum við til í grg. með frv. að athugaðar verði ýmsar aðrar leiðir. Við gerum reyndar ráð fyrir því í frv. að það megi verðtryggja fjárskuldbindingar, en það skuli athugaðar og kannaðar ýmsar aðrar leiðir til að verðtryggja fjárskuldbindingar en einmitt að verðtryggja þær með lánskjaravísitölu. Ég ætla ekki að fara út í frekari skýringar á því hér. Við fáum væntanlega tækifæri til að ræða þessa hluti betur síðar.

Margir húsbankar á Íslandi? er spurt. Ég tel að það væri eðlilegt að hér starfaði einn slíkur húsbanki við hliðina á Húsnæðisstofnun ríkisins. Jafnvel þó að hv. 14. þm. Reykv. telji að þar verði um hrikalegt bákn að ræða og mikla miðstýringu verðum við að átta okkur á því að við erum ekki stórþjóð. Hér er um að ræða húsbanka sem þarf að geta velt milljörðum króna í húsnæðislánum. Það er enginn banki eða sparisjóður sem getur tekið slíkt hlutverk

að sér, jafnvel þó að þeir eigi aðeins að sinna fólki í næstu byggð þar sem þeir eru starfræktir. Það hreinlega gengur ekki. Það væri betur að hægt væri að koma hér á fót fleiri en einum slíkum húsbanka, en til þess er þjóðin einfaldlega of fámenn. Það dæmi gengur ekki upp því þessar stofnanir þurfa að vera geysiöflugar eins og ég gat um. Þær þurfa að geta velt gríðarlega miklum peningum.

Mér þótti gaman að heyra hv. 9. þm. Reykn. rifja upp þegar var verið að afgreiða lögin um Byggingarsjóð verkamanna í hv. Ed. fyrir tæpum 60 árum. Eftir að hafa gluggað í þá ræðu sem þm. Borgarafl. í Nd. er að flytja, þar sem hann er að mæla fyrir þeim brtt. sem við erum að leggja fram í hv. Nd., sé ég að í henni er vitnað til þessa sama atburðar þannig að það er gaman að því að margir muna eftir þeim merkilega atburði þegar var verið að setja lögin um Byggingarsjóð verkamanna í hv. Ed.

Hv. 9. þm. Reykn. kom einnig inn á matsverð íbúða, og hann varaði við því að stofnunin fengi rétt til að ákveða það sjálf. Hann talaði um það vandamál, sem öllum er ljóst, að matsverð fasteigna úti á landsbyggðinni er mun lægra en í Reykjavík. Það gæti valdið því að erfitt yrði fyrir húsbyggjendur úti á landsbyggðinni að fá nægjanleg lán til bygginga sinna. Ég þakka fyrir þessa ábendingu sem ég tel mjög eðlilega, sanngjarna og réttmæta vegna þess að þetta er stórt og mikið vandamál og hefur farið vaxandi seinni árin. Það þarf að taka á þessu á einn eða annan hátt, e.t.v. setja inn heimildarákvæði þess efnis að það sé heimilt að hækka lánshlutfallið á fasteignum úti á landsbyggðinni ef matsverð þar er verulega lægra en gerist t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Við erum með hugmyndir um slík ákvæði inni í þeim tillögum sem við höfum verið að kynna í hv. Nd. Það væri áreiðanlega ekki úr vegi að hugleiða að taka þær líka inn í þetta frv.

Það er alveg rétt að eins og peningamarkaður er nú á Íslandi eru vextirnir mjög háir. Þeir eru svo háir að þeir nálgast það að vera okurvextir. Ég get tekið undir það með hv. 9. þm. Reykn. þar sem hann varar við því að lán húsbankanna, eins og hér hefur verið lýst, gætu orðið mjög dýr. Þau verða það. Það var talað um að vextir á húsnæðislánum í Noregi væru milli 8 og 12%. Staðreyndin er sú að vextir umfram lánskjaravísitölu á almennum bankalánum eru nú tæplega 10%. Þetta er vandamál sem við verðum allir að takast á við og reyna með einhverju móti að leysa, þ.e. að skapa það umhverfi um peningamál landsmanna að hér megi aftur verða um eðlilegan lánamarkað að ræða. Það á ekki aðeins við um húsnæðislán heldur öll fjárfestingarlán í þjóðfélaginu. Ef fer sem horfir, vegna aðgerða núverandi ríkisstjórnar, að vextir munu halda áfram að hækka í þjóðfélaginu, verða það ekki einungis íbúðabyggjendur og húsbyggjendur, sem þurfa að taka húsnæðislán, sem fara á hausinn. Atvinnureksturinn fer að lokum líka á hausinn. Það fer öll þjóðin á hausinn ef fer sem horfir með þeim aðgerðum sem hæstv. núverandi ríkisstjórn hefur boðað.

Guðmundur Ágústsson:

Ég vil bæta hérna við nokkrum orðum. Það er ein staðreynd við núverandi húsnæðiskerfi. Það er að kerfið er hrunið. Þá er spurt hvað eigi að koma í staðinn. Það frv. sem við leggjum fram er okkar lausn í því máli. Önnur lausn hefur ekki verið boðuð. Það sem er verið að gera núna er það að stoppa upp í slitinn sokk með því frv. sem hæstv. félmrh. er að leggja fram. Hérna er heilsteypt tillaga í tveimur hlutum sem við teljum að geti komið að gagni og sé það eina rétta í þeirri stöðu sem er í dag.

Hv. 14. þm. Reykv. ræddi um almenna bankakerfið. Að bæta ofan á það teljum við ekki vera lógískt. Bankakerfið þolir ekki meira. Til viðbótar kemur að í bankakerfinu er bindiskylda og aðrar kvaðir sem leggja þungar byrðar á það kerfi. Það sem við leggjum hins vegar til er að það verði húsbankar og þeir gefi út húsnæðisbréf sem verði til sölu á almennum markaði.

Hv. 9. þm. Reykn. taldi að þarna yrði brask á bréfum. Ég mótmæli því þar sem þetta á ekki neina líkingu við þann fjármagnsmarkað sem nú er. Þessi bréf væru eins og ríkisskuldabréfin. Við teljum að ef hægt verði að koma upp mjög öflugum húsnæðisbönkum hafi þær stofnanir traust og bréf sem þær gefa út hafi sama gildi og ríkisskuldabréf í dag.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þeirra andmæla sem fram hafa komið við frv. okkar bæði frá 14. þm. Reykv. og 9. þm. Reykn.

Annars kom ljóst fram í þeirra máli að þeir væru innst inni sammála því að breyta kerfinu og í einhverri líkingu við það sem við erum hér að boða og fagna ég því og vonast eftir því, þegar mál þetta verður tekið í nefnd, að þeir komi þá með brtt. sem þeir telja æskilegar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

23. fundur, laugardaginn 12. des., klukkan 2 miðdegis.

Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ og KJóh, 168. mál (færeysk og grænlensk fiskiskip). — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, 3. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 73.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 252).

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 47, n. 240, 242 og 243, brtt. 222, 237 og 241.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. félmn. á þskj. 242 sem ég stend að og brtt. við frv. á þskj. 237 sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1986 voru samþykkt núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þó náðu aðeins til hluta lánakerfisins. Voru þau lög samþykkt með þeim fyrirvara sem fram kemur í nál. meiri hl. þáv. félmn. á þskj. 1017 frá 108. löggjafarþingi að húsnæðislánakerfið yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar með sérstöku tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn, svo og með því að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.

Slík endurskoðun hefur enn ekki farið fram og verður því að líta á breytingar á núgildandi lögum sem skammtímalausn til að leysa úr brýnasta vandanum nú vegna þeirra fjölmörgu umsókna sem liggja hjá Húsnæðisstofnun.

Frumvarpið hefur það að markmiði að tryggja betur forgang þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, draga úr sjálfvirkni í útlánum og fjárþörf húsnæðiskerfisins og draga úr þenslu á fasteignamarkaði.

Með frumvarpinu er ekki verið að gera grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfinu en slík endurskoðun er nauðsynleg í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af núgildandi lánakerfi.

Frumvarpið, með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar flytur við það, gerir ráð fyrir að færa í forgangshóp þá sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Þetta er mikilvæg breyting vegna þess að margar stórar fjölskyldur eru oft í mun erfiðari aðstöðu en ýmsir sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn.

Þessi breyting er lögð til í 3. gr. frv. og er skýrar orðað í brtt. þeirri sem meiri hl. félmn. hefur gert við frv. en þar er tekið fram að heimilt sé að setja í forgangshóp þá sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum.

Sjálfsögð er sú breyting á núgildandi lögum að takmarka rétt þeirra sem eiga margar íbúðir fyrir eða miklar eignir. Tel ég að þeir sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn, svo og þeir sem eru að stækka við sig vegna ófullnægjandi íbúðarhúsnæðis, eigi að hafa rétt til lána hjá Húsnæðisstofnun með lágum vöxtum.

Með 1. gr. frv. og þeim breytingum sem lagðar eru til að verði gerðar á henni er verið að reyna að takmarka lánsrétt þeirra sem minnst eða alls ekki þurfa á láni að halda. Ég tel þá takmörkun ganga allt of skammt og muni ekki ná þeim tilgangi að draga verulega úr fjárþörf lánakerfisins.

Það ber að hafa í huga að mjög erfitt er að fá fram hver raunveruleg eign manna er. Á að miða eingöngu við íbúðareign eða eignastöðu almennt? Það er alveg ljóst að ákveðnir menn hafa aðstöðu til þess að veðsetja eignir sínar að verulegu leyti og geta því látið líta þannig út á pappírunum að þeir eigi mjög litla íbúðareign en þeir geta að sjálfsögðu átt verulega miklar eignir þrátt fyrir það, þannig að það er vafasamt að telja að það sé eingöngu hægt að miða við íbúðareign ef á að skerða rétt manna til lána í kerfinu sem stóreignamanna. Ég tel því að sú skerðing sem ætlunin er að ná fram með 1. gr. frv. gangi ekki nógu langt né heldur sú brtt. sem lögð er til en hún er þó mjög í áttina. Það eru mjög margir sem hvorki vilja né geta veðsett eignir sínar og virðast þá kannski eiga miklar eignir af því að íbúðareign þeirra er mikil. Þess vegna er kannski dálítið erfitt að framkvæma þetta en það þarf að líta nánar á hvernig hægt er að takmarka rétt þeirra sem eru stóreignamenn í kerfinu en þar sem reglur um þetta liggja ekki fyrir þá er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess að þetta skerði verulega mikið og verður sjálfsagt ekki mikil breyting á fjárþörf sjóðsins bara vegna þess ákvæðis sem þar stendur þó að það geti sjálfsagt verið eitthvað.

Einnig set ég spurningarmerki við það hvort rétt sé að þeir sem eiga eina íbúð eigi yfirleitt að njóta sömu lánafyrirgreiðslu og þeir sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn nema þá með undantekningum vegna þeirra sem eru að stækka við sig vegna fjölskylduaðstæðna, flutninga á milli landshluta, vegna veikinda eða einhverra sérstakra aðstæðna. Einnig held ég að það verði að vera ákvæði um það að þeir sem eru að minnka við sig, t.d. eldra fólk sem býr í stóru húsnæði og þarf á skammtímalánum að halda, á meðan það er að flytja sig á milli húsa, kannski er það að fara í þjónustuíbúð, þá held ég að það sé mjög mikilvægt að það geti fengið lán til skamms tíma, og það geta verið hærri vextir á þeim lánum, því að margt af þessu fólki er sæmilega efnum búið þó að það gildi alls ekki um alla, þannig að það geti

verið mismunandi kjör fyrir þá sem eiga rétt á fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun.

Eins og ég sagði áðan eru þær takmarkanir sem 1. gr. gerir ráð fyrir með þeim breytingum sem lagðar eru til þó í áttina og hef ég því ákveðið að styðja þá breytingu á núgildandi lögum þó að ég ítreki enn að mér finnist hún ekki ganga alveg nógu langt.

Í 1. gr. er einnig talað um að um stærðarútreikninga eigi að gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. laga nr. 60/1984, með síðari breytingum. Ég vakti athygli á þessu atriði í félmn. vegna þess að ég tel að það sé möguleiki á að túlka þetta ákvæði þannig að við værum að kalla eftir öllum teikningum inn í Húsnæðisstofnun. Ef ég les upp, með leyfi forseta, fyrst það sem stendur í núgildandi lögum, þessum sem vísað er til í 1. gr. frv.:

„Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð þar sem tekið er skýrt fram hvert sé nýtingargildi húsnæðis."

Ef við síðan förum í 8. gr. reglugerðar nr. 181 1986, sem er breyting á reglugerð nr. 321/1984, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Til grundvallar öllum útreikningum skulu lagðar fram teikningar sem samþykktar hafa verið af byggingarnefnd".

Ég held að þetta geti verið mjög vafasamt ef þetta verður túlkað þannig að við vildum láta kalla eftir öllum teikningum á íbúðum til að meta stærð þeirra í Húsnæðisstofnun. Enginn okkar sem var í félmn. vildi túlka þetta þannig og ég tel að stærðarútreikningar Fasteignamats ríkisins eigi að gilda þannig að Húsnæðisstofnun geti fengið upplýsingar þaðan um stærð íbúða. Annað fyrirkomulag kallar á allt of mikla vinnu bæði fyrir umsækjendur og ekki síður fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. Við vorum öll sammála um það í félmn. að með ákvæðinu um stærðarútreikninga væri ekki átt við að teikningar af íbúðum ætti að yfirfara og reikna á Húsnæðisstofnun heldur bæri að fara eftir stærðarútreikningum Fasteignamatsins. Það má líka taka það fram hér að nú er Húsnæðisstofnun ríkisins komin í tölvusamband við Skýrsluvélar ríkisins og þar með getur hún fengið beint samband við Fasteignamatið og upplýsingar um stærð íbúða þannig að það ætti að vera mjög auðvelt að fá uppgefið hver stærð íbúða er og ætti alls ekki að þurfa að kalla eftir neinum teikningum til að yfirfara inni í Húsnæðisstofnun. Þetta hlýtur að vera til mikillar einföldunar en ég vildi bara ítreka þetta. Og ef þetta er ekki rétt haft eftir varðandi aðra nefndarmenn í félmn. vil ég að þeir leiðrétti mig. Ég vildi bara taka þetta fram hér vegna þess að það kom ekki fram í máli frsm. meiri hl. nefndarinnar þetta ákvæði sem ég vakti þó sérstaklega athygli á í nefndinni og hafði áhyggjur af.

Í 2. gr. frv. er lagt til að hætt verði að gefa bindandi svar um lánstíma og lánsupphæð fyrr en a.m.k. einu ári áður en lán er veitt. Hins vegar fái menn svar innan þriggja mánaða frá umsókn um það hvort þeir eigi rétt á láni. Ég óttast að sú tilhögun komi ekki í veg fyrir verslun með þá pappíra sem fólk fær í hendur eins og tíðkast hefur í einhverjum mæli með þau lánsloforð sem fólk fær nú. Ég tel því að ekki eigi að gefa nein svör um lán fyrr en endanlegt svar um lánstíma og lánsupphæð liggur fyrir og flyt brtt. við 2. gr. frv. á þskj. 237 ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hljóðar brtt. svo, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:

Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð berist eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu."

Ef þessi brtt. verður samþykkt fá menn ekki nein svör í hendur fyrr en það liggur ljóst fyrir hver lánsupphæð er og hvenær lánið verður greitt út. Engin svör um það að fólk fái lán einhvern tímann í framtíðinni. Það getur varla skipt máli nema — og þá kemur að því sem ég óttast — nema fólk fari með þessi hálfgildings- eða bráðabirgðalánsloforð og fái lán út á þau og greiði háar fjárhæðir í vexti og afföll eins og tíðkast hefur um þau lánsloforð sem nú eru gefin út. Það verður e.t.v. um verra ástand en nú að ræða vegna þess að bráðabirgðaloforðin verða væntanlega enn minna virði en lánsloforðin og því þarf e.t.v. að greiða enn meiri afföll og enn þá hærri vexti af þessum bráðabirgðalánsloforðum og vil ég vara eindregið við að gefa út slík loforð eða svör. Ég hef mjög miklar áhyggjur af því að fólk geti farið með pappírinn á verðbréfamarkaðinn og fengið lán út á hann með enn hrikalegri afföllum en af þeim lánsloforðum sem nú eru gefin út.

Þeir fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins sem komu á fund nefndarinnar töldu enga bót að því að gefa út þessi bráðabirgðaloforð eða bráðabirgðasvör og vöruðu jafnvel við að slíkir pappírar yrðu gefnir út með þeim afleiðingum sem það gæti e.t.v. haft í för með sér. Fulltrúi Vinnuveitendasambandsins varaði m.a.s. sérstaklega við þessu og taldi að þetta gæti orðið mjög hættulegt. Fulltrúar Húsnæðisstofnunar sem komu á fund nefndarinnar vöruðu einnig við þessu fyrirkomulagi, bæði vegna þeirrar hættu sem í því gæti verið fólgin varðandi sölu bréfanna, svo og vegna þeirrar miklu vinnu sem í því er fólgin að senda hverjum umsækjanda bréf, fyrst um það hvort þeir fá lán og síðan aftur um lánsupphæð og lánstíma. Þetta krefst aukinnar vinnu fyrir Húsnæðisstofnun og ætla má að tvo til þrjá starfsmenn þurfi að ráða til að annast þetta verkefni sérstaklega. Mig langar því til að spyrja hæstv. félmrh. hvort hún hafi gert sér grein fyrir því að það þarf að ráða fólk sérstaklega á Húsnæðisstofnun ef á að fara að svara þessum umsóknum núna vegna þess að þetta er aukaálag á starfsmennina og ég hef spurnir af því að þeir telji að það þurfi a.m.k. tvær, jafnvel þrjár manneskjur til að gera þetta ef það á að fara í þetta núna. Ég ætla

að beina því til ráherra hvort hún telji ekki bót að því að breyta þessum lögum í áttina til þess sem brtt. okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gerir ráð fyrir, bæði út af þeim áhyggjum sem ég hef af sölu loforðanna og líka vegna þess vinnuálags sem verður á Húsnæðisstofnun við það að fá þetta aukaverkefni.

Ég skil þar af leiðandi ekki að það séu nokkur rök sem mæla með því að gefa út þessi bréf. Ég held að það sé alveg ljóst að sérhver umsækjandi getur að nokkru leyti sagt sér hvaða lánsrétt hann hefur ef hann hefur greitt í lífeyrissjóð undanfarna 20–24 mánuði áður en umsókn er lögð inn og það ætti því að vera óþarfi að svara þeim aðilum. Aftur á móti mundi Húsnæðisstofnun halda áfram að synja þeim sem skila ekki inn gögnum eða geta ekki staðið undir íbúðakaupunum sem þeir eru að fara út í eða eiga ekki rétt á láni af öðrum ástæðum. Ef alltaf er auglýst öðru hverju hverjir væru að fá svör þannig að umsækjandi geti fylgst með því hvort er að koma að honum eða ekki að fá ákveðið svar um útgreiðslu láns og fjárhæð ætti það að nægja. Þannig ætti að vera nóg bara að auglýsa ef það er gert með reglulegu millibili, þá held ég að það væri ekki nokkur maður í vafa um það hvenær röðin væri komin að honum. Ég get því ekki séð nokkur einustu rök sem mæla með því að þessi bráðabirgðaloforð verði send út, en flestallt sem mælir gegn því eins og gert er ráð fyrir því í 2. gr. frv. og brtt. félmn. Þess vegna vil ég spyrja frsm. meiri hl. félmn., hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, hvað mæli með útgáfu á svari eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. Ég heyrði ekki neitt talað um það í gær eða fyrradag þegar mælt var fyrir þessu frv. Ég vil einnig beina þessu til annarra nefndarmanna sem hér eru: Hvaða rök mæla með því að gefa út þessi loforð sem ég held að séu engum til góðs?

Vandi húsnæðislánakerfisins leysist því miður ekki með þessu frv. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins hafa ekki verið og eru ekki í neinu samræmi við það sem þarf til þess að kerfið nái jafnvægi. Er nú ljóst að ef ekki verður stefnubreyting í þessu máli verður sjóðurinn gjaldþrota innan fárra ára. Í fjárlagafrv. fyrir 1988 er gert ráð fyrir að ríkissjóður bindi 500 millj. kr. af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna fram yfir áramótin 1988/1989, þannig að raunverulega er aðeins gert ráð fyrir 500 millj. kr. framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins sem er að sjálfsögðu allt of lágt. Ef ég man rétt þá var í frv. sem lagt var fram í kjölfar kjarasamninganna 1986 gert ráð fyrir að fjárveiting ríkissjóðs yrði um einn milljarður þannig að ef gert er ráð fyrir svipuðu, þá ætti það a.m.k. að vera 1500 millj. og dugar varla til. Ég held því að það sé nauðsynlegt að taka þetta til endurskoðunar, en þetta er nákvæmlega sama stefna gagnvart byggingarsjóðunum og fyrrv. ríkisstjórn hafði varðandi fjármögnun byggingarsjóðanna og hæstv. félmrh. gagnrýndi mjög á síðasta kjörtímabili. Þetta framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er svo lítið að það er á engan hátt í samræmi við þann mikla mun sem er á þeim vöxtum sem sjóðurinn greiðir af lánunum sem hann tekur hjá lífeyrissjóðunum og þeim vöxtum sem fólk greiðir af lánunum sem þó eru allt of háir og mörgum ofviða. Það mun því stefna í gjaldþrot sjóðsins ef ekki verður á stefnubreyting.

Ég vil að lokum, herra forseti, benda á það vegna þeirra rúmlega 6000 umsækjenda, sem nú bíða eftir svari frá Húsnæðisstofnun ríkisins um lán og sótt hafa eftir 13. mars, að þeir fá engin lán núna strax eftir að þetta frv. verður samþykkt. Því miður. Þeir sem lögðu inn umsókn á tímabilinu 13. mars til u.þ.b. 15. apríl og eiga ekki íbúð fyrir fá ekki fyrsta hluta lána sinna fyrr en í lok ársins 1988. Á þessum mánuði sóttu u.þ.b. 200 manns um þannig að þetta eru um 200 umsóknir sem þarf að afgreiða frá 13. mars til 15. apríl. Meginþorri þeirra 6000, sem mikið hefur verið talað um bæði úr þessum ræðustól og svo í fjölmiðlum, fær ekki nein lán frá Húsnæðisstofnun fyrr en árið 1989 eða síðar. Mér finnst því alveg óþarfi hjá hæstv. félmrh. að segja af sér vegna þessa frv. Ég er hins vegar alveg sammála henni í því að flýta afgreiðslu þessa máls eins og unnt er og ætti okkur ekkert að vera að vanbúnaði með það. Þetta frv. hefur hlotið meiri umfjöllun en mörg önnur mál hér á þinginu og tiltölulega góður tími gefist til að fjalla um það í nefnd. Það á hins vegar ekki það sama við um mörg önnur frv. sem liggja nú fyrir þinginu.

Hér eru lögð fram lagafrv. um stór mál sem munu hafa veruleg áhrif á líf fólksins í landinu til hins verra fyrir flesta að mínum dómi og hefði þurft miklu meiri tíma til að fjalla um þau en nú lítur út fyrir að við eigum að fá.

Þar sem frv. sem hér er til umræðu með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar flytur gengur í átt til réttlátara húsnæðiskerfis mun ég styðja það með fyrirvara um 2. gr. frv. Og ég tel eins og ég sagði áðan ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða það á tiltölulega stuttum tíma þó að ég skilji ekki alveg allar þær yfirlýsingar um lausn fyrir þá sem eru að bíða eftir svörum. Það koma nefnilega engin lán á morgun fyrir þetta fólk. Ég er hrædd um að margir af þeim sem nú bíða telji að svo verði með samþykkt þessa frv. Ég held að mjög margir standi í þeirri trú að með samþykkt þessa frv. verði þeirra mál leyst og þeir fái lán, ef ekki á morgun þá mjög fljótlega, en meginþorri þeirra sex þúsunda, eins og ég sagði áðan, fær ekki nokkurn skapaðan hlut fyrr en árið 1989 eða síðar, þannig að mér finnst óþarfi að gefa fólki falskar vonir og ég vona svo sannarlega að allt þetta fólk, þessi sex þúsund, standi ekki í þeirri trú að það eigi að fá lán núna strax eftir jól, en því miður óttast ég það.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 2. minni hl. félmn. sem kemur fram á þskj. 243. Frv. þetta til laga um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, sbr. lög nr. 27

1987, ber þess glöggt vitni að enn er mikill vandi fram undan til frambúðarlausnar í fjármögnun og útfærslu húsnæðislánakerfisins.

Í athugasemd með þessu frv. er m.a.s. svo langt gengið, með leyfi hæstv. forseta, að segja: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins. Fyrstu skrefin í þá átt eru stigin með þeim breytingartillögum sem felast í þessu frumvarpi."

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki hreyft við grundvallarvanda þess kerfis, en hann er að mínu mati lánskjaravísitalan sem sett var með lögum nr. 13/1979. Í sjálfu sér eru flest atriði 1. gr. þessa frv. spor í rétta átt þegar haft er í huga að hér er verið að skipta of litlu fjármagni á milli of margra. Engu að síður er ljóst að mikið vantar á að tekist sé á við þetta verkefni á viðunandi hátt. Það sést m.a. á 2. gr. frv., sem seinasti hv. ræðumaður gerði líka mjög að umræðuefni í sínu máli, en þar segir, með leyfi forseta, að umsækjendur skuli innan þriggja mánaða, frá því að umsókn var lögð fram, fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegan afgreiðslutíma láns. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

Allir munu sjá hve losaralega löggjöf hér er um að ræða þar sem engin tímamörk eru sett frá fyrstu svörum til endanlegra svara. A.m.k. virðist líklegt að um árabil sé að ræða í þessu efni.

Það er dálítið athyglisvert að bera þetta markmið saman við það kerfi sem nágrannar okkar búa við. Annars staðar á Norðurlöndum er það þannig ef menn þurfa á húsnæðisláni að halda að þeir fengið viðunandi fyrirgreiðslu til áratuga á aðeins einni viku. Þannig er niðurstaðan þar sem hefur tekist að vinna fram löggjöf sem kallar fram það jafnvægi sem er algjör nauðsyn.

Meginniðurstaða mín er því sú að húsnæðislánakerfið sé nú á þeim krossgötum að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki það til endurskoðunar frá rótum með afnámi lánskjaravísitölunnar og reisi á þeirri endurskoðun löggjöf um gjörbreytt kerfi sem ætlað væri að standa lengur en fáeina mánuði eins og raunin hefur orðið um alla löggjöf í þessu efni seinustu þrjú til fjögur ár ef ekki lengri tíma. Mikilvægt er að menn átti sig á og viðurkenni að lánskjaravísitalan skv. lögum nr. 13/1979 er hér meginógæfuvaldur sem mestu skiptir að uppræta.

Í tillögum sem þm. Borgarafl. flytja á Alþingi um heildarskoðun á húsnæðislöggjöfinni er bent á leiðir til lausnar í þessu efni sem leysa mundi lánskjaravísitöluna af hólmi öllum til ómælds léttis. Í þeim tilgangi flytja þm. Borgarafl. brtt. við þetta frv. hér í þessari hv. deild. Fyrsti flm. þess frv., hv. 5. þm. Vesturl., mun mæla fyrir þeim brtt. sem eru raunar heildstætt frv. til laga um Húsnæðisstofnun. Enn fremur er rétt í þessu sambandi að minna á frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka sem þm. Borgarafl. í Ed. hafa flutt.

Megintilgangur þm. Borgarafl. með þessum tillöguflutningi er að ráðast strax til atlögu við húsnæðislánakerfið og hina óréttlátu lánskjaravísitölu og leggja til aðrar raunhæfar leiðir en þær sem enn virðast hér uppi í þinginu, sem sé þær að lappa upp á kerfið á gjörsamlega ófullnægjandi hátt eins og hæstv. félmrh. virðist ætla að láta sér lynda. Við teljum hins vegar að meginmarkmiðið sé að draga úr spennu húsnæðislánakerfisins og auka réttlæti til handa þeim sem verða nú að þola órétt og áníðslu. Við teljum að ríkið geti ekki vikið sér undan að hafa á sínum vegum styrka stofnun sem annast húsnæðislán til félagslegs húsnæðis og þeirra sem byggja í fyrsta sinn á viðunandi kjörum. Þessir aðilar munu nú vera um 40% markaðarins. Við teljum hins vegar núverandi bankakerfi eiga fullt í fangi með að fjármagna atvinnuvegi og aðrar þarfir þjóðfélagsins og það er einmitt þess vegna sem við teljum að það þurfi að stofna sérstaka húsbanka, ekki síst með aðild lífeyrissjóðanna, til þess að annast önnur lán til húsnæðisviðskipta. Og síðast en ekki síst teljum við að hugmyndin um vaxtaaðlögunarlán, sem fram kemur í frv. hv. þm. Borgarafl. í Ed., muni þegar menn hafa áttað sig og þegar menn hafa kynnt sér festuna í þessum efnum, sem er annars staðar á Norðurlöndum, þá muni þessi leið leiða til þess að hin illræmda lánskjaravísitala verði leyst af hólmi, og það er aðalatriði þessa máls.

Það er líka aðalatriði að losa húsnæðislánakerfið og húsbyggjendur undan þessari árlegu umönnun og forsjá hv. þm. og misjafnlega skynsamlegum aðgerðum þeirra unnum í álíka flýti og hér er þessa daga þegar menn eru sömu dagana að fást við tugi annarra lagafrv. Eðlilegt jafnvægi er algjör nauðsyn til að þessi mál komist á þann veg sem við er unandi.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Á þskj. 222 flyt ég brtt. við frv. til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, sbr. lög nr. 27/1987. Það er 47. mál Nd. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Borgarafl. í Nd., þau Óli Þ. Guðbjartsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson og Hreggviður Jónsson. Brtt. hljóðar svo:

„Á undan 1. gr. frv. komi ný grein svohljóðandi:

a. Í stað 1.–75. gr. laganna komi 37 nýjar greinar."

Hæstv. forseti. Þm. Borgaraflokksins hafa á haustþingi unnið að því að setja fram nýja stefnu í húsnæðismálum. Má segja að hvati að þessari vinnu hafi komið með húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. Því frv. má líkja við fjallið sem tók jóðsótt og fæddist mús.

Í frv. er engin tilraun gerð til þess að leysa hin raunverulegu vandamál sem stafa af því að við búum við gjörónýtt húsnæðiskerfi gömlu flokkanna. Þarna er aðeins verið að bjarga í horn og stoppa upp í eitt gatið enn á stagbættum sokk. Til þess að hjálpa hæstv. félmrh. við að komast út úr þeim ógöngum sem húsnæðislánakerfið er komið í höfum við þm. Borgarafl. lagt fram frv. um húsnæðislánastofnanir í

Ed. og leggjum nú fram í hv. Nd. brtt. við svokallað húsnæðisfrv. hæstv. félmrh.

Með þessari brtt. sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er í raun sett fram alveg nýtt húsnæðislánakerfi sem allar líkur eru á að geti virkað á eðlilegan hátt, eins og segir í I. kafla um markmið laganna, að allir landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum. Að búa við öryggi í húsnæðismálum er óþekkt hugtak í því húsnæðislánakerfi sem byggir á núverandi löggjöf. Þá höfum við notað tækifærið og annast hreingerningu, svo notað sé orð hæstv. fjmrh., á húsnæðislögunum. Lögin eru því sem næst orðin allsherjar ruslakista þar sem saman er safnað öllum mistökum fyrri tíma. Húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. í því formi sem það var lagt fram er ein viðbótin enn í þá ruslakistu.

Á árinu 1986 kom þannig til samkomulag um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem hefur aukið fjárstreymi til hans svo um munar. Samkvæmt því skyldu allir sjóðfélagar, sem hefðu 20 mánaða lífeyrissjóðsréttindi í þeim lífeyrissjóðum sem samþykktu að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fá lán hjá Húsnæðisstofnun. Aðrir, þ.e. þeir sem ekki hefðu slík réttindi, voru ekki taldir skipta máli. Þannig var ætlað að loksins hefði fundist leið til að tryggja rekstur húsnæðislánakerfisins með ríflegu fé til útlána og koma á móti íbúðarkaupendum með hærri lánum en áður höfðu þekkst. Ekki virðist þessi ráðstöfun hafa gagnað. Þannig munu um 6000 umsóknir liggja óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins meðan beðið er eftir því að einhverjar leiðir finnist til þess að finna aukið fjármagn til húsnæðiskerfisins eða leiðir til þess að takmarka aðgang umsækjenda að lánum úr byggingarsjóðunum.

Frv. hæstv. félmrh. er sett fram til að takmarka aðgang sjóðfélaga lífeyrissjóðanna að láni úr Byggingarsjóði ríkisins þrátt fyrir samkomulag það sem þeir hafa gert um skuldabréfakaupin. Í rauninni er með þessari síðustu tilraun hæstv. félmrh. til þess að stoppa upp í eitt gatið enn á handónýtu húsnæðislánakerfi landsmanna kveðinn upp dauðadómur yfir því í núverandi mynd. Því er kominn tími til að leita nýrra leiða, hugsa málið upp á nýtt. Landsmenn eru löngu orðnir yfir sig þreyttir á því að slást við húsnæðislánadrauginn sem hefur tröllriðið þjóðfélaginu mörg undanfarin ár í skjóli óviturlegra ráðstafana þeirra sem hafa mest áhrif og völd til þess að móta núgildandi löggjöf um húsnæðismál.

Þeirri skoðun hefur oft verið hreyft að bankakerfið eigi að taka að sér húsnæðislánin. Bankarnir geti alfarið séð um öll húsnæðislán og þurfi ríkið ekki að skipta sér frekar af þeim. Flm. telja að slíkt kerfi muni aldrei geta gengið í þessu fámenna þjóðfélagi. Bankarnir eigi fullt í fangi með að sinna lánum til atvinnurekstrar, veita lán til skamms tíma til að fjármagna kaup á alls kyns neysluvörum, bílum, heimilistækjum, Spánarferðum, svo eitthvað sé nefnt. Þeir veita einnig skammtímalán vegna húsbygginga og íbúðarkaupa og munu þurfa að halda því áfram hvaða húsnæðislánakerfi sem yrði fundið upp. Það að veita langtímaveðlán, allt að 40 ára lán vegna fasteigna samræmist illa þeim bankarekstri sem landsmenn þekkja til. Þá hefur þeirri spurningu heldur ekki verið svarað hvar bankarnir eigi að finna eða skapa það fjármagn sem óseðjandi húsnæðislánakerfið þarfnast. Það má benda á það að bankarnir mundu aðallega geta sinnt þeim sem hafa góða afkomu og ættu auðveldara með að greiða hina háu markaðsvexti af húsnæðislánum bankanna.

Eftir sem áður verður nauðsynlegt að ríkisvaldið sinni málefnum þeirra sem þurfa á aðstoð að halda í þjóðfélaginu. Þannig verða félagslegar íbúðir áfram að vera undir verndarvæng ríkisins. Eins er mikilvægt að ungt fólk sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð fái aðgang að hagkvæmum lánum. Þeim sem eru að stofna heimili og reyna að koma undir sig fótunum, eru að stíga sín fyrstu spor á húsnæðisbrautinni verði hjálpað. Unga fólkið hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að standa undir miklum lánum á markaðsvöxtum nú á tímum. Sá tími er liðinn að sumarhýran dugði fyrir útborgun í íbúð og verðbólgan sá um afganginn.

Flm. leggja því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni hafa þm. Borgarafl. gert róttæka breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að breyta starfsemi og skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins. Flm. telja að starfsemi stofnunarinnar verði að vera markvissari einkum gagnvart lánunum sjálfum og þeim fjármunum sem fara um hendur hennar. Því gerum við ráð fyrir að stofnunin starfi sem bankastofnun. Hún hafi sjálf til vörslu Byggingarsjóð ríkisins og annist allar fjárreiður vegna hans. Með þeim hætti getur stofnunin geymt fé sjóðsins í þeim bönkum og útibúum úti á landi sem henni sýnist. Enn fremur annist stofnunin allar lánveitingar og innheimtu lána. Með þessu hefur stjórn og framkvæmdastjórn stofnunarinnar full umráð yfir þeim fjármunum sem varið er til útlána og fær aukna ábyrgð. Starfsemi stofnunarinnar verður markvissari og ábyrgari og mun styrkari. Flm. sjá ekki nauðsyn þess að Seðlabankinn annist vörslu Byggingarsjóðsins né heldur að stofnunin geti ekki rekið sína eigin veðdeild.

Varðandi stjórn stofnunarinnar teljum við rétt að hún sé kjörin af hv. Alþingi. Engir hagsmunaaðilar tilnefni menn í stjórnina þar sem erfitt er að gera upp á milli hinna fjölmörgu félagasamtaka sem til greina gætu komið. Þar sem hlutverk Húsnæðisstofnunar væri nú eingöngu orðið að sjá um lánveitingar til félagslegra íbúða og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð telja flm. rétt að sameina byggingarsjóði ríkisins í einn sjóð. Engin ástæða er til þess að Húsnæðisstofnun þurfi að greina á milli mismunandi byggingarsjóða eftir lán-

veitingum. Því er lagt til að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaðir. Úr hinum sameinaða byggingarsjóði verði síðan einungis veitt lán til forgangshópa, eins og segir í 9. gr. brtt., með leyfi forseta:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir fatlaða.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.
6. Leiguíbúðir á vegum félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili."

Hlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins er þannig breytt verulega og aðgangur að lánveitingum stofnunarinnar þrengdur verulega frá því sem nú gerist. Stofnunin mun aðallega annast lánveitingar með hagstæðum kjörum til:

1. íbúða fyrir lágtekjufólk, þ.e. verkamannabústaða,
2. þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð,
3. byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega,
4. byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og fatlaða,
5. að takast á við sérstök verkefni, félagslegs, tæknilegs og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem flm. hafa fengið munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni.

Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps. Starfsemi hennar og fjárþörf umfram það sem endurgreiðslur lána tryggja verður fjármögnuð með ríkisframlögum og skuldabréfaútgáfu. Ljóst er að því aðeins er hægt að veita hagstæð lán til ofangreindra forgangshópa.

Flm. hafa ekki talið rétt að gera miklar breytingar á verkamannabústaðakerfinu. Það er talið eðlilegt að frekar verði talað um íbúðir fyrir lágtekjufólk en verkamenn. Er hér aðeins verið að leiðrétta hugtök sem eru skilgreind með öðrum hætti nú en þegar lögin um verkamannabústaði voru sett á síðustu dögum vorþings 1929. Þá tókust á í Ed. um frv. stjórnmálakempurnar Jón Baldvinsson, formaður Alþfl., og Jón Þorláksson, formaður Sjálfstfl. Náðist samkomulag um að hafa einn sjóð þrátt fyrir að frumvarpsdrögin eins og þau voru samþykkt gerðu ráð fyrir sjóði í hverju byggðarlagi.

Þrátt fyrir að verkamannabústaðakerfið hafi staðist tímans tönn eru margir gallar á því og ýmsir vankantar sem flm. þótti rétt að sníða af. M.a. er í frv. gert ráð fyrir húsnæðisnefndum sveitarfélaga sem fá miklu víðtækara umboð og verksvið en stjórnir verkamannabústaðanna hafa nú. Gerum við ráð fyrir að þær fái svipaða stöðu í stjórnkerfi sveitarfélaga og byggingarnefndir þeirra.

Þá höfum við gert veigamiklar breytingar á kaflanum um skyldusparnað ungs fólks. Í tillögum okkar er gert ráð fyrir að ungu fólki standi til boða að gera samning við Húsnæðisstofnun um að skyldusparnaðurinn renni til byggingar leigu- og eignaríbúða fyrir ungt fólk. Húsnæðisstofnun getur leitað eftir samstarfi við sveitarfélög og önnur félagasamtök, m.a. samtök námsmanna, um að byggja slíkar íbúðir fyrir það fé sem þannig rennur til Byggingarsjóðs ríkisins. Ungt fólk sem hefur gert samning um slíka ráðstöfun skyldusparnaðar hefur forgang að þessum leiguíbúðum. Að skyldusparnaðartímabilinu loknu fær sá sem hefur ráðstafað skyldusparnaði sínum með þessum hætti afhent afsal fyrir eignarhlut í íbúð á vegum Húsnæðisstofnunar. Getur hann þá fengið lán hjá stofnuninni til þess að kaupa íbúðina eða hann getur selt eignarhlutinn á markaðsverði. Hér er um mikla áherslubreytingu að ræða á kaflanum um skyldusparnað ungs fólks. Með þeim hætti sem hér er lýst vinnst tvennt:

Í fyrsta lagi er reynt að koma til móts við mikla húsnæðisþörf ungs fólks. Ungt fólk á við mikinn húsnæðisvanda að stríða. Mjög erfitt er að finna leiguíbúðir og er markaðsleiga íbúða á frjálsum húsaleigumarkaði orðin svo há að ungt fólk á mjög erfitt með að standa undir henni. Einkum á þetta við um námsfólk. Ríkir hreint neyðarástand í húsnæðismálum námsmanna.

Í öðru lagi yrði minni ásókn í það að fá skyldusparnaðinn greiddan út hjá þeim hópum sem hafa rétt til slíks, einkum námsmönnum. Eins og skyldusparnaði ungs fólks hefur verið varið hefur það ekki séð mikinn tilgang í því að safna sparifé hjá Byggingarsjóði ríkisins. Námsmenn sækja yfirleitt um að fá skyldusparnaðinn greiddan út eftir hvert ár og gervihjónabönd ungs fólks til þess eins að ná út skyldusparnaði eru vel þekkt. Ætli ungt fólk yrði ekki sáttara við það að spara saman með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, að eignast stóran hlut í íbúðarhúsnæði með skyldusparnaði sínum og fá síðan tækifæri til þess að kaupa íbúð með hagstæðum lánum strax að loknu skyldusparnaðartímabilinu eða geta selt verðmætan eignarhlut í íbúð?

En hvernig á þá að fara með hina, það er að segja þá sem ekki lengur hafa aðgang að lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins? Það er sá hópur sem þegar á íbúð og hefur væntanlega fengið lán á hagstæðum kjörum hjá Húsnæðisstofnun áður. Þetta munu vera rúmlega 60% þeirra sem eru á

almennum fasteignamarkaði. Hér er um að ræða íbúðareigendur sem ætla að stækka við sig eða minnka við sig, breyta eða lagfæra íbúðir sínar, þurfa að flytja á milli staða og selja og kaupa íbúð þess vegna, svo dæmi séu tekin. Til þess að tryggja aðgang þessa hóps að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telja flm. að nauðsynlegt sé að koma upp sérstökum húsnæðislánastofnunum, húsbönkum, sem hafi það hlutverk eingöngu að veita slík lán. Slíkir húsbankar verða að lúta lögmálum þess fjármagns- og viðskiptakerfis sem landsmenn búa við en með heppilegri löggjöf má ætla að þeir geti haft jákvæð áhrif á þróun fjármála í landinu, einkum lánskjör og stefnumótun í verðtryggingar- og vaxtamálum. Hafa þm. Borgarafl. í hv. Ed. þegar mælt fyrir frv. til laga um húsnæðislánastofnanir eða húsbanka. Þær brtt. sem við nú leggjum fram í hv. Nd. eru nátengdar því frv. og verða að skoðast í samhengi við það.

Flm. gera ráð fyrir því að bankarnir, tryggingarfélög, hagsmunasamtök launþega og lífeyrissjóðirnir muni koma upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum á grundvelli þess lagafrv. Mikilsvert er að vel til takist. Almenningur verður að geta borið fullt traust til slíkra lánastofnana ef á að vísa honum að hluta til frá húsnæðislánakerfi ríkisins yfir til sjálfstæðra stofnana.

Það lagafrv. sem þm. Borgarafl. lögðu fram í Ed. og er þar enn til 1. umr. skilgreinir starfsemi slíkra húsbanka byggða á erlendum fyrirmyndum. Slíkir húsbankar eru víða starfandi í nágrannalöndum okkar og hafa gefið góða raun. Húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna virðist yfirleitt vera í góðum farvegi og hinar örvæntingarfullu ráðstafanir sem sífellt er verið að gera á Íslandi til þess að bjarga gjörónýtu húsnæðislánakerfi okkar eru þar óþekktar með öllu. Stjórnmálamenn nágrannalandanna þurfa ekki að hafa mikil afskipti af húsnæðislánamálum. Um þau hefur ríkt friður og ró um áratuga og jafnvel alda skeið. Þannig hefur danska húsnæðislánakerfið lítið breyst frá því að fyrstu húsnæðislánastofnanir komu til sögunnar um miðja síðustu öld. Það vekur nokkra furðu að okkur skuli ekki hafa lánast að nýta okkur danska húsnæðislánakerfið meðan við vorum í ríkjasambandi við Danmörku.

Það form sjálfstæðra húsnæðislánastofnana, sem lagafrv. þm. Borgarafl. í hv. Ed. gerir ráð fyrir, byggir á gömlum hugmyndum. Fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Þýskalandi um miðbik 18. aldar. Danir tóku þessar hugmyndir til sín og voru fyrstu húsnæðislánastofnanirnar stofnaðar í Danmörku um miðbik síðustu aldar. Dönsku húsnæðisstofnanirnar hafa þróast og breyst í gegnum árin en grundvallarhugmyndin er sú sama, þ.e. lántakendur mynda með sér félagsskap og ábyrgjast sameiginlega öll útlán stofnunarinnar. Í seinni tíð hefur þó verið heimilt að húsbankar séu reknir í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum í frv.

Húsbankarnir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa sem þeir hafa einkarétt til að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er um að ræða venjuleg skuldabréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á frjálsa fjármagnsmarkaðinum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina, þannig að nægt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán bankans byggja eingöngu á sölu húsnæðisbréfanna verður að vera jöfnuður á milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg að röð húsnæðisbréfa er sett á markað með reglulegu millibili og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsóknir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum eru óþekkt fyrirbrigði í Danmörku. Þess eru dæmi að lánsumsókn, sem berst fyrir hádegi á mánudegi, sé afgreidd og lánið veitt á föstudegi í sömu viku.

Dönsku húsbréfin njóta mikils trausts meðal almennings. Algengt er að gefa börnum húsbréf í skírnar- og fermingargjafir. Það eru þó fyrst og fremst bankar og tryggingafélög sem geyma lausafé sitt í húsbréfunum. Húsbréfin eru auglýst til sölu í öllum bönkum og peningastofnunum. Gengi þeirra, þ.e. söluverð og raunvextir, er skráð á viðskiptasíðum dagblaðanna á hverjum degi. Ef óheppileg þróun söluverðs húsbréfa er fyrirsjáanleg kemur danski seðlabankinn yfirleitt til aðstoðar og kaupir húsbréf í miklu magni.

Í seinni tíð hefur bankakerfið í Evrópu í æ ríkara mæli farið inn á bein tölvuviðskipti. Þetta hefur gert nauðsynlegt að skilgreina og heimila svokölluð rafeindabréf. Rafeindahúsbréf eru aðeins til í tölvukerfi stórbankanna, tryggingafélaga og verðbréfasala svo dæmi séu nefnd. Þau ganga kaupum og sölum á venjulegan hátt en eru aldrei skráð á pappír. Þannig er hægt að selja eða kaupa mikið magn af húsbréfum á svipstundu.

Aðalatriði þessa húsnæðislánakerfis er það að lánsumsækjandi sendir inn umsókn og fær húsnæðislán til margra ára. Hann skrifar undir veðskuldabréf fyrir öllu láninu handa stofnuninni. Stofnunin útvegar sjálf fjármagn til lánveitingarinnar með sölu húsbréfa sem í sjálfu sér kemur lántakandanum ekkert við. Áður var það algengara að lántakandinn yrði sjálfur að selja húsbréfin sem stofnunin afhenti honum við móttöku veðskuldabréfsins. Þannig er stofnunin óháð utanaðkomandi fjármagni sem lagt er til hennar á beinan hátt.

Til að koma upp íslenskum húsbönkum er talið ráðlegt að nota hlutafélagaformið þó það sé ekki einhlítt. Eðlilegt er að lífeyrissjóðirnir hafi frumkvæði að stofnun húsbanka í samvinnu við bankakerfið.

Í frv. hv. þm. Borgarafl. í Ed. er lagt til að gerð verði tilraun til þess að brjótast út úr myrkviðum

lánskjaravísitölunnar. Lánskjaravísitalan hefur haft óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf landsmanna. Hún hefur komið fleiri manns á vonarvöl og lagt mörg atvinnufyrirtæki í rúst. Misgengishópurinn sem varð að þola stórhækkun lánskjaravísitölu umfram kaupgjaldsvísitölu á árunum 1983–1984 hefur enn ekki fengið leiðréttingu sinna mála hvað húsnæðislánin áhrærir.

Lánskjaravísitalan virkar með þeim hætti að óeðlilegir þættir svo sem hækkun matvöru virka á hana. Þannig munu matarskattar hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, þegar þeir reiknast inn í framfærsluvísitöluna, hækka skuldir íbúðareigenda við húsnæðislánakerfið um hundruð milljóna ef ekki milljarða. Lánskjaravísitalan var fyrst skráð í júní 1979. Á þeim átta árum sem eru liðin síðan almennt var farið að verðtryggja fjárskuldbindingar landsmanna með lánskjaravísitölunni hefur hún rúmlega átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. Á sama tíma hefur verðgildi bandaríkjadollars ellefufaldast og dönsku krónunnar nífaldast. Maður, sem hefði fengið að taka danskt húsnæðislán í júní 1979, skuldaði nú miklu minna en sá sem hefði tekið jafnhátt lánskjaravísitölutryggt íslenskt húsnæðislán með sömu afborgunarskilmálum.

Í grg. með títtnefndu frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, 157. mál hv. Ed., er sýnd þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitölu og launavísitölu tímabilið 1979–1987 í töflu 1. Töflurnar eru júnítölur hvers mánaðar. Með leyfi forseta ætla ég að renna yfir þær.

Lánskjaravísitalan 1979 miðað við 100 stig, þá var lánskjaravísitala 1980 180 stig, 1981 245 stig, 1982 359 stig, 1983 656 stig, 1984 885 stig, 1985 1144 stig, 1986 1448 stig, 1987, júnítala 1687 stig, en uppgefin nóvembertala 1841 stig.

Á sama tíma var byggingarvísitala miðað við 100 stig 1979, 1980 158 stig, 1981 239 stig, 1982 370 stig, 1983 672 stig, 1984 786 stig, 1985 1037 stig, 1986 1294 stig, 1987 1534 stig.

Launavísitala 100 stig 1979, 152 stig 1980, 232 stig 1981, 353 stig 1982, 558 stig 1983, 716 stig 1984, 747 stig 1985, 1215 stig 1986 og 1598 stig 1987.

Kaupgjaldsvísitalan hins vegar árið 1979 100 stig, 1980 152 stig, 1981 228 stig, 1982 336 stig, 1983 530 stig, 1984 604 stig, 1985 785 stig, 1986 968 stig.

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki, enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki mikið hagstæðari. Hún sýnir að launafólk getur vart búist við því að verða ofan á í baráttunni við lánskjaravísitöluna. Ekkert bendir til þess að kaupgjald á Íslandi muni nokkru sinni geta haldið í við lánskjaravísitöluna. Það gekk ekki í mesta góðæri sem landsmenn hafa búið við. Varla gengur það frekar þegar aftur harðnar í ári. Ef nauðsynlegt reynist að verðtryggja húsnæðislán virðist skynsamlegra að binda þau við byggingarvísitöluna sem samkvæmt töflu 1 sýnir betri aðlögun að launavísitölu.

Í frumvarpinu um húsnæðislánastofnanir og húsbanka og einnig í þeim brtt. sem hér eru lagðar fram er því einungis gert ráð fyrir að heimilt sé að verðtryggja lán en jafnframt bent á aðra valkosti. Nágrannaþjóðirnar hafa ekki nema að litlu leyti farið inn á þá braut að verðtryggja lán. Eru þau þá tengd við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu. Yfirleitt er fólki ráðið frá því að taka slík lán og fremur hvatt til að taka venjuleg skuldabréfalán með afföllum. Vísitölubundin lán eru talin koma helst til greina þar sem hægt er að tengja rekstur fasteignar við sömu vísitölu. Þannig má hugsa sér að nota vísitölubundin lán til byggingar leiguíbúða þar sem húsaleigan fylgir sömu vísitölu.

Húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána ryðja sér til rúms í nálægum löndum. Þau byggja á því að fyrir t.d. 40 ára veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. fimm ára í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með er ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er á ný samið um fasta vexti til næstu fimm ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og svo koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við 40 ára lánstíma og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað á t.d. fimm ára fresti. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt með því að stilla af vexti og kaupgengi skuldabréfs að baki láninu með reglulegu millibili eftir því sem um er samið. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir.

Á fylgiskjali I í grg. með frv. um húsbanka eru sýnd vaxtaaðlögunarlán sem stærsta húsnæðislánastofnun Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, býður þýskum húsbyggjendum og íbúðarkaupendum í Frankfurt. Það út af fyrir sig er forvitnilegt að dönsku húsnæðislánastofnanirnar hafa fengið heimild til þess að veita dönsk húsnæðislán í löndum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hafa þær hafið starfsemi í Portúgal, Þýskalandi og Wales. Danska húsnæðislánakerfið virðist þannig ráða auðveldlega við heimamarkaðinn og geta bætt á sig húsnæðislánum til annarra landa. Í viðræðum, sem hv. þingflokksformaður Borgarafl., Júlíus Sólnes, átti við fulltrúa Kreditforeningen Danmark, kom fram að vel gæti komið til greina að stofnunin veitti húsnæðislán til Íslands, annaðhvort í samvinnu við hliðstæða íslenska stofnun eða með því að stofna útibú á Íslandi. Eftir verðlagsþróuninni að dæma hefði ekki verið ónýtt að geta tekið dönsk húsnæðislán í staðinn fyrir íslensk lán með lánskjaravísitölu.

Að lokum er rétt að minnast á lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Þau eru hér byggð á bandarískri fyrirmynd, en einnig er farið að tala um afborgunartryggingu í nálægari löndum svo sem í

Danmörku. Lántakandi, sem fær t.d. 25 ára veðlán, semur um það við húsbankann að sett sé greiðslumark á lánið, þ.e. mánaðarleg eða árleg greiðslubyrði af láninu, vextir, afborgun, hugsanleg verðtrygging o.fl. fari ekki upp fyrir greiðsluþol hans miðað við þær tekjur sem hann hefur við upphaf lánstímans. Samhliða greiðslumarksláninu er tekin afkomutrygging þannig að tryggingafélag tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og greiðsluþoli lántakanda við atvinnumissi, veikindi, missi maka eða annað óvænt sem hefur áhrif á afkomu lántakandans. Oft er afkomutryggingin tekin á þann hátt að lánstíminn er lengdur, t.d. úr 25 árum í 35 ár án þess að greiðslubyrði vegna lánsins sé minnkuð. Mismunurinn, þ.e. það sem greiðslubyrðin hefði átt að minnka um, er iðgjaldið sem lántakandinn greiðir fyrir afkomutrygginguna. Þannig er á einfaldan og hagkvæman hátt komið í veg fyrir að lántakandinn lendi í greiðsluerfiðleikum sem því miður er að verða regla fremur en undantekning hjá stórum hópi íslenskra lántakenda.

Í fyrrnefndri grg. með frv. um húsbanka eru afkomutryggingarskilmálar bandarísks tryggingafélags fyrir 180 mánaða húsnæðisláni sýndir á fskj. II.

Það er skoðun flm. að nái þessi brtt. fram að ganga væri stigið stórt skref í þá átt að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við nú búum við í húsnæðislánamálum.

Hæstv. forseti. Mér þykir að lokum rétt að fara yfir einstakar greinar brtt. og koma með skýringar.

Í 1. gr. er greint frá markmiði laganna. Ég held að við getum öll verið sammála þeim markmiðum.

Í 2. gr. er gerð sú meginbreyting á lögunum um Húsnæðisstofnunina að henni er nú einungis ætlað að sinna lánaþörf fyrir íbúðir á félagslegum grundvelli og þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Í 3. gr. eru hin mismunandi starfssvið Húsnæðisstofnunar skilgreind. Þannig er gert ráð fyrir deildaskiptingu stofnunarinnar, þ.e. að henni sé skipt í bankadeild og tæknideild. Tilkoma bankadeildar leiðir til meira sjálfstæðis stofnunarinnar í öllum fjármálum og gerir starfsemi hennar miklu markvissari og ábyrgari gagnvart öllum lántakendum. Einnig er hlutverk tæknideildar gert skýrara og henni mörkuð ákveðin verkefni.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu að fækkað verði í stjórn Húsnæðisstofnunar úr tíu manns í sjö. Gert er ráð fyrir að allir stjórnarmenn svo og varamenn séu kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn. Ekki er gert ráð fyrir fulltrúum frá hagsmunaaðilum launþega né vinnuveitenda. Rökin fyrir því eru þau að mörg önnur hagsmunasamtök eigi jafnmikinn rétt á því að eiga fulltrúa í stjórninni, t.d. Landssamband fatlaðra, félagssamtök aldraðra, námsmannasamtök, svo einhver dæmi séu tekin. Því þykir flm. rétt að stjórnin verði öll kjörin af sameinuðu Alþingi. Með hliðsjón af stjórnarhlutverki hæstv. félmrh. er talið rétt að hann tilnefni formann og varaformann úr hópi kjörinna stjórnarmanna.

Í 6. gr. þarf að gera breytingu á orðalagi. 3. tölul. gr. orðist svo:

Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum ef með þarf, þannig að heildarframlag úr ríkissjóði skv. 2. og 3. tölul. nemi ár hvert 30% af fjárþörf sjóðsins.

Þetta er í stórum dráttum samhljóða ákvæði gildandi laga um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna. Flm. hafa ekki tekið afstöðu til þess hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða fjármögnun húsnæðislánakerfis ríkisins. Vilja flm. beina þeim tilmælum til hæstv. félmrh. að hann taki fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins til gagngerrar endurskoðunar.

Þá er ekki gert ráð fyrir 10% mótframlagi sveitarfélaga til Byggingarsjóðsins. Þetta er talin eðlileg ráðstöfun með hliðsjón af nýjum tillögum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur má benda á að félaga- og hagsmunasamtök sem nú eiga rétt á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna þurfa ekki að greiða sérstakt framlag til sjóðsins.

Þá er rétt að benda á smá ritvillu, en í 4. tölul. á að vísa í VI. kafla í stað IV. kafla.

Í 12. gr. er fjallað um heimild til þess að veita sérstök framkvæmdalán til bygginga sem eru lánshæfar skv. 9. gr. Er reiknað með því að slík framkvæmdalán geti numið allt að 75% af væntanlegu veðláni. Hér er um að ræða breytingu á núgildandi lögum, þannig að sett er fram samræmt hlutfall fyrir alla lánaflokka. Þá er gert ráð fyrir að endanlegt veðlán komi til sögunnar innan fimm ára frá því að byggingarframkvæmdir hófust. Verði lánstími veðlána styttur sem nemur lánstíma framkvæmdanna. Hér er um byltingu að ræða í byggingarmálum. Allir sem eiga rétt á veðláni geta fengið framkvæmdalán til þess að hefja og ljúka byggingarframkvæmdum á sem skemmstum tíma. Þeir geta skipulagt byggingarframkvæmdir sínar með fullri vissu um að hafa tryggt fjármagn.

Í 13. og 14. gr. eru þau lánskjör sem koma til greina skilgreind. Hér er aðalatriðið að fellt er úr gildandi lögum það ákvæði að Húsnæðisstofnun skuli verðtryggja öll lán með lánskjaravísitölu. Ýmsar hugmyndir eru settar fram um annars konar og manneskjulegri lán. Mikilsvert er að á hv. Alþingi skapist samstaða með þm. Borgarafl. um að koma þjóðinni út úr þeirri áþján og sálarkreppu sem lánskjaravísitalan hefur kallað yfir okkur, að þm. beri gæfu til að víkja flokkadráttum til hliðar.

Í 15. gr. er lánstími veðlánanna skilgreindur á einum stað. Starfsmenn Húsnæðisstofnunar þurfa ekki lengur að leita fram og aftur í lögunum að því hver skuli vera lánstími einstakra veðlána. Þá er rétt að benda á að langur lánstími er ekki æskilegur í sjálfu sér. Þær kröfur sem nú eru uppi um að lengja mjög lánstíma húsnæðislána, jafnvel upp í 60 ár, stafa af því að greiðslubyrði húsnæðislána með lánskjaravísitölu er svo þungbær. Miklu betra er að taka upp annars konar lánsform þar sem greiðslu-

byrðin er léttari og þar með ekki lengur þörf fyrir jafnlangan lánstíma.

Í IV. kafla brtt., þar sem er fjallað um íbúðir fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir sveitarfélaga, er aðallega byggt á ákvæðum fyrri laga um verkamannabústaði. Flm. hafa ekki talið rétt að gera mjög miklar breytingar á eldri lögum um verkamannabústaði sem hafa reynst okkur vel. Þó er rétt að vekja athygli á ýmsum nýmælum.

Í 17. gr. er starfsemi húsnæðisnefnda skilgreind. En þær eiga að taka við hlutverki stjórnar verkamannabústaða. Húsnæðisnefndirnar fá mun víðtækara umboð og mun sterkari stöðu en fyrri stjórnir verkamannabústaða hafa samkvæmt núgildandi lögum. Meðal annars eiga þær nú að sjá um leiguíbúðir sveitarfélaga. Nefndarmönnum er fækkað miðað við stjórnir verkamannabústaða og nefndinni eru ætluð laun í samræmi við aðrar nefndir á vegum sveitarfélaga. Sveitarfélagi verður gert skylt að láta húsnæðisnefndir starfa. Það getur ekki vikið sér undan því eins og nú gerist um stjórnir verkamannabústaða. Að öðru leyti hafa flm. fyrst og fremst sinnt hreingerningarstörfum og reynt að lagfæra og betrumbæta ákvæði laga um verkamannabústaði. Leiguíbúðir sveitarfélaga fá nú fastan sess í því kerfi.

Í V. kafla, sem fjallar um forkaupsrétt sveitarfélaga á eldri íbúðum í verkamannabústöðum, hafa engar grundvallarbreytingar verið gerðar aðrar en þær að þess sé gætt að samræmi sé við aðrar lagagreinar samkvæmt tillögum okkar, enda er ekki ætlunin að svipta þá aðila sem rétt eiga samkvæmt núgildandi lögum réttindum sínum.

Í VI. kafla er fjallað um skyldusparnað ungs fólks. Þar er um algjörlega nýja hugsun að ræða eins og áður hefur komið fram.

Í 34. gr. er leitast við að tryggja að það fé sem ungt fólk sparar saman með skyldusparnaði verði notað til að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk og reyna þannig að bæta úr mjög slæmu húsnæðisástandi þess.

Í 35. gr. er nánar kveðið á um að þeir sem er skylt að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins geti gert samning við Húsnæðisstofnun um að sparifé þeirra verði notað til þess að byggja áðurnefndar íbúðir. Um leið fær viðkomandi forgang að slíkum leiguíbúðum. Að sparnaðartímabilinu loknu fær hann afhent afsal fyrir eignarhlut í íbúð á vegum Húsnæðisstofnunar sem hún hefur látið byggja í samvinnu við ýmis hagsmunasamtök, aðallega þó sveitarfélög. Viðkomandi getur nú selt eignarhlut sinn á markaðsverði eða fengið lán hjá Húsnæðisstofnun til þess að kaupa íbúðina. Flm. leggja mikla áherslu á að þessar tillögur nái fram að ganga því ástandið í húsnæðismálum ungs fólks, einkum námsmanna, er óviðunandi.

Varðandi kaflann um byggingarsamvinnufélög hafa flm. ekki séð ástæðu til þess að breyta honum að svo stöddu. Þarf að taka það mál upp í samhengi við lög um húsnæðissamvinnufélög og hugsanlegar kaupleiguíbúðir sem þm. Borgarafl. hafa ekki tekið endanlega afstöðu til.

Um ákvæði til bráðabirgða er þetta að segja, hæstv. forseti: Við teljum að nota eigi allt næsta ár til þess að endurskipuleggja húsnæðislánakerfi landsmanna á þeim grundvelli sem hér er lagður. M.a. þarf að semja upp á nýtt við lífeyrissjóðina þar sem við gerum ráð fyrir að þeir dragi sig út úr fjármögnun á Byggingarsjóði ríkisins og snúi sér að því verkefni að koma upp sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum til hagsbóta fyrir félagsmenn sína. Verði slíkum stofnunum komið upp þurfa menn ekki lengur að karpa um hvort lánsumsækjandi eigi margar íbúðir fyrir eða hve stórar þær séu. Það skiptir hreinlega engu máli.

Varðandi svokallað húsnæðisfrv. hæstv. félmrh., sem við þm. Borgarafl. viljum heldur kalla skerðingarfrumvarp ráðherrans, erum við sáttir við að lagagreinar þess fái gildi sem bráðabirgðaákvæði til gildistöku nýrra laga um Húsnæðisstofnun ríkisins samkvæmt tillögum okkar þann 1. jan. 1989. Þm. Borgarafl. viðurkenna að neyðarástand ríkir í húsnæðislánamálum og því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að leysa úr þeim hnút sem málin eru komin í. Við viljum engu að síður lýsa yfir furðu okkar á því að ekki sé farið að afgreiða einhverjar af þeim 6000 umsóknum sem nú bíða og samkvæmt núgildandi lögum ber að afgreiða. Við getum fallist á skerðingartillögur hæstv. félmrh. með því skilyrði að tillögur okkar nái fram að ganga og nú þegar verði hafist handa við að lagfæra hið handónýta húsnæðislánakerfi landsmanna.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu mælast til þess að brtt. þessum verði vísað til hv. félmn. til umfjöllunar og afgreiðslu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Það eru nú sorglega þunnskipaðir bekkir hér þegar rædd eru húsnæðismál á hinu háa Alþingi. Það væri ekki verra til að mynda að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur og einnig sakna ég þess að formaður félmn. sé okkur nær þegar við ræðum þessi mál. Það er að vísu svo að það frv. sem hér er til umræðu ... (**Forseti:** Það munu verða gerðar ráðstafanir til að kalla á þá í þingsal, ráðherra og formann félmn. Þeir munu vera í húsinu.) Já, það er gott, virðulegur forseti. Það er eins og ég ætlaði að fara að segja (**Forseti:** Ráðherrann er kominn.) að frv. var í upphafinu ekki mjög burðug aðgerð til að leysa vanda húsnæðiskerfisins og er það eða á að verða það enn þá síður nú ef marka má þær brtt. sem meiri hl. félmn. leggur til. Ég held að það sé ljóst að þau takmörkunarákvæði, sem frv. upphaflega fól í sér, skerðast, ganga til baka með þeim breytingum sem meiri hl. félmn. leggur til og 1. gr. frv. mun samkvæmt brtt. í raun skipta miklu minna máli en hún hefði getað gert ef b-liður 1. gr. eins og hann er í frv. hefði náð fram að ganga og orðið að lögum. Takmörkunarmöguleikarnir samkvæmt 1. gr. hefðu komið til með að felast fyrst og fremst í ákvæði b-

liðar, þ.e. að takmarka lánsmöguleika þeirra sem áttu fyrir mikla íbúðareign skuldlitla eða skuldlausa, án frekari skilgreininga á því. Nú hefur þessum lið í raun og veru verið kippt burtu samkvæmt brtt. meiri hl. og eftir standa eingöngu ákvæði a- og c-liðar frv., þ.e. heimildir til að takmarka lán til þeirra sem eiga fleiri en eina íbúð og til þeirra sem eiga fullnægjandi íbúðarhúsnæði skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó að frádregnum bílskúr. Það er góðra gjalda vert og ekkert nema gott um það að segja að menn vilji reyna að draga þarna ákveðin mörk. Efnislega er ég því sammála að það sé rétt að láta þá mæta afgangi sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð og eða eiga skuldlaust eða skuldlítið húsnæði í ágætu ástandi sem er stærra en 180 m^2 að frádregnum bílskúr. En ég hygg að það sé alveg ljóst, ef samsetning þeirra sem sótt hafa um lán til Húsnæðisstofnunar á undanförnum árum er skoðuð, að þessi tvö ákvæði skipta næsta litlu máli í öllum þeim fjölda sem þar sækir um. Það hefur verið nefnt að það gætu verið um 40 umsækjendur af fleiri þúsund sem féllu undir ákvæði a-liðarins og væntanlega eru þeir ekki mjög margir heldur sem verða útilokaðir með ákvæðum um að eiga íbúðarhúsnæði stærra en 180 m^2 skuldlaust eða skuldlítið. En látum það vera.

Það hefði að mínu mati, ef menn hefðu viljað virkilega nota ákvæði um stærð íbúðarhúsnæðis og eða efnahagsstöðu eða eign manna, verið mjög nauðsynlegt að setja um það skýrar reglur með hvaða hætti það yrði leyst í sundur hverjir væru þarna í meiri þörf en aðrir og eins og margoft hefur verið bent á er íbúðareignin ein og skuldastaða á íbúðareigninni einnig mjög takmarkaður mælikvarði á það. Það eru til einfaldar leiðir til að breyta nettóeign í íbúðum og færa á þær skuldir sem fram hafa komið og ef menn vilja reyna að gera þetta með markvissum hætti held ég að sé nauðsynlegt að taka tillit til efnahagsstöðu manna í víðtækara samhengi eins og margoft hefur verið bent á.

Hvað varðar ákvæði 3. gr. eru þau efnislega óbreytt að mínu mati eða að mestu leyti óbreytt í brtt. meiri hl. eins og þau eru í frv. Það segir í 3. gr. frv., með leyfi forseta, að heimilt sé að láta útlán ganga fyrir til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn svo og vegna viðbygginga og endurbóta og orkusparnaðar og þegar um er að ræða þá sem eiga íbúð fyrir er heimilt að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhluta í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir lánum til þeirra innbyrðis þannig að þeir sem verr eru settir að þessu leyti gangi fyrir hinum. Þetta skildu menn svo að þar með væri átt við að heimilt væri að færa einstaklinga úr víkjandi hópi í forgangshópinn og ég lít svo á að brtt. meiri hl. feli hið sama í sér nema að þar er orðalagið orðið svofellt, með leyfi forseta:

„Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum."

Það er að vísu ekki sérstaklega nefnt að skuldastaða eigna komi þarna til, en ákvæðið er opið og segir að nánari reglur skuli setja um þetta í reglugerð.

Það var óskað eftir því í hv. félmn. að fá svör frá ráðuneyti um hvernig menn hygðust fara með þessi heimildarákvæði ef að lögum yrðu, hvaða reglugerðir mundu fylgja til þess að menn gætu betur glöggvað sig á um hversu mikla takmörkun gæti orðið að ræða á grundvelli þessara ákvæða, og nefndinni barst bréf frá ráðuneytinu fyrir alllöngu sem breytti ekki miklu um þekkingu nefndarinnar á því hvernig með þetta yrði farið. Því var niðurstaða sú að félmn. skrifaði aftur bréf 8. des. sl. og ítrekaði þá óskir um ákvæði væntanlegra reglugerða ef þær brtt. sem þá voru til umfjöllunar í félmn. næðu fram að ganga. En málinu lauk engu að síður þannig að það var afgreitt frá nefndinni án þess að nokkur svör hefðu borist frá ráðuneytinu um þetta efni.

Nú er það ekki vegna þess að a.m.k. ég tortryggi eða dragi í efa góðan vilja ráðuneytisins til að fara af sanngirni með þessi heimildarákvæði og að því leyti sé mér að vanbúnaði að afgreiða þessar heimildir, en hitt er öllum ljóst að það skiptir máli gagnvart því um hversu mikla forgangsröðun hópa verður hér að ræða hvernig menn kjósa til að mynda að skilgreina hugtök eins og „ófullnægjandi íbúð" og „fjölskylduástæður" í þessu sambandi.

Ég tel að 1. gr. frv., eins og ég hef þegar rakið, virðulegur forseti, skipti í raun og veru hverfandi litlu máli þó að hún sé eðlileg að því leyti til að þar er um visst réttlætismál að ræða, að leitast við að takmarka fremur lánsmöguleika þeirra sem best eru staddir, en það er 3. gr. sem gæti haft umtalsverð áhrif, þ.e. gagnvart því hvernig þeir raðast upp sem bíða lána, bíða eftir svörum eða eiga að fá lán á næstu árum. Í því gæti aðalefni þessara breytinga falist að raða upp innbyrðis á biðlistunum sem eru langir og verða það væntanlega á næstu árum ef svo heldur fram sem horfir. Þess vegna hefði verið æskilegt og kannski kemur það fram í máli hæstv. félmrh., sem ég geri ráð fyrir að taki þátt í þessum umræðum á eftir, hvernig hið háa ráðuneyti hyggst nota sér heimildarákvæði 3. gr. til að raða upp eða endurraða þeim hópum sem bíða eftir lánsloforðum og lánum frá Húsnæðisstofnun.

Frsm. 1. minni hl. félmn. hefur þegar gert grein fyrir brtt. sem ég er meðflm. að með hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og varðar 2. gr. frv. og þarf litlu við hennar umfjöllun að bæta. Ég lýsti því þegar við 1. umr. að mér litist ekki vel á þær hugmyndir sem menn hefðu um breytingar á skyldum Húsnæðisstofnunar til að svara umsækjendum og minnti þar á reynsluna af hinum svonefndu „OK-bréfum" og þeim fyrirvörum sem menn hafa haft á um að skuldbinda stofnunina með slíkum hætti langt fram í tímann þó án þess að gefa endanleg svör.

Nú hefur meiri hl. félmn. komið sér saman um ákveðið orðalag í þessu efni og ég sé ekki að það breyti miklu um frá frv. Það eina sem bæst hefur við í raun er að í bráðabirgðasvari sem yrði sent út skv.

brtt. skal koma fram að lánið sé háð þeim skilyrðum að lífeyrissjóðir þeirra sem sæki um hafi fullnægt samningum við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins og síðan berist endanleg svör, eins og áður var gert ráð fyrir í frv., eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

Ég tel, eins og fram kemur í brtt. okkar á þskj. 237, að það sé í raun með öllu ástæðulaust að senda út eitthvert sérstakt bráðabirgðasvar og er alveg ljóst að stofnunin ræður ekki við það. Það gengur ekki upp miðað við núverandi aðstæður að senda út skuldbindandi svör til allra sem sækja um strax þremur mánuðum eftir að umsókn berst. Bæði er fjárhagsstaða stofnunarinnar gagnvart framtíðinni ekki svo ljós að það sé hægt, þegar biðtíminn er kominn hátt á annað ár eða orðinn fast að tveimur árum, jafnvel kominn á þriðja ár, og þá eru líka uppi allar þær hættur sem bent hefur verið á um að þessi bindandi svör svo langt fram í tímann verði mönnum tilefni til að útvega sér fé með öðrum og óhagstæðari hætti og mönnum sé þannig e.t.v. mjög lítill greiði gerður að fá þessi plögg í hendur. Það er mín tilfinning að æskilegast væri að stofnunin sendi ekkert frá sér nema þá það sem lýtur beint að tæknilegum atriðum við móttöku umsókna og það að öll gögn hafi borist í hendur fyrr en að endanleg svör berast. Ég hefði einnig talið eðlilegt að menn settu hreinlega inn í lögin í beinu samhengi við þessa grein ákvæði um að það væri með öllu óheimilt að framselja slík svör eða að lánastofnunum væri óheimilt að veita mönnum lán með tryggingu í eða á grundvelli þeirra lánsloforða sem þeir hefðu fengið hjá Húsnæðisstofnun.

Ég bar fram þessi sjónarmið í hv. félmn., en þau hlutu þar ekki stuðning, m.a. af þeim ástæðum, skildist mér, að menn töldu að það væri óheimilt og þyrfti ekki lagabreytingar til að framselja lánsloforð. Út af fyrir sig dreg ég það ekki í efa þar sem þau eru bindandi gagnvart viðkomandi umsækjendum, en ég hefði talið það skynsamlegt til þess að það lægi ljóst fyrir að lánastofnunum öðrum væri beinlínis óheimilt að lána mönnum á grundvelli svara frá Húsnæðisstofnun. En ég tel þó að ef sú brtt., sem við hv. þm. Kristín Einarsdóttir flytjum, næði fram að ganga væri í raun og veru minni ástæða en ella til að setja slík lagaákvæði, sem sagt að það fyrirkomulag yrði upp tekið að þeir sem ekki fengju lán, þeir sem yrði synjað fengju svör, en síðan fengju menn endanlegt svar um afgreiðslutíma lánsins og lánsfjárupphæðina eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti lánsins kæmi til útborgunar. Að öðru leyti yrði mönnum ekki svarað. Það er líka, eins og margoft hefur verið bent á, öllum fyrir bestu að útlánareglurnar séu sem einfaldastar þannig að hver og einn geti í raun svarað fyrir sig um hvort hann á lánsmöguleika hjá stofnuninni eða ekki.

Virðulegur forseti. Ég tel að þó að frv. sé í raun og veru óskaplega lítið spor í þá átt að bæta úr því ástandi sem er í húsnæðiskerfinu sé það góðra gjalda vert og ég get stutt það með þeim fyrirvörum sem ég hef gert grein fyrir nema ákvæði 2. gr. Ég treysti mér ekki til að standa að því, ef á að breyta henni á annað borð, að gera það með þessum hætti.

Það hefði síðan verið nauðsynlegt og er í raun óhjákvæmilegt að ræða nokkuð stöðu húsnæðismálanna í víðara samhengi þegar þau koma til umfjöllunar á Alþingi og burt séð frá efni þessa frv. sérstaklega. Þar vil ég ítreka það, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, að ég tel að það sem mönnum hafi í raun fyrst og fremst mistekist á síðustu árum, þegar þeir hafa verið að breyta lögum og breyta fjárhagslegri stöðu húsnæðislánakerfisins, sé að taka samhliða á hinum félagslega þætti íbúðarhúsnæðis í landinu. Ég held að það sé alveg borin von að það verði náð utan um þennan málaflokk og þar verði farsællega tekið á málunum nema menn hafi allt undir og hafi samhengi hlutanna í huga. Ég er viss um að ástand húsnæðismálanna, ástand fasteignamarkaðarins til að mynda á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóann og einnig á mörgum öðrum stærri þéttbýlisstöðum, er jafnslæmt og raun ber vitni fyrst og fremst vegna þess að prýstingur ýmissa hópa, sem ekki fá þá úrlausn sem eðlilegt væri í gegnum félagslegt húsnæðiskerfi, er fyrir hendi og er mjög mikill. Þar má nefna hópa eins og námsmenn sem vegna þess að ekki er séð fyrir húsnæðismálum þeirra með skikkanlegum hætti, hvorki við Háskóla Íslands né við ýmsar aðrar æðri menntastofnanir, eiga ekki annan kost en að fara út á leigumarkaðinn eða fasteignamarkaðinn eins og hann er og berjast þar fyrir möguleikum sínum og rétti sínum til að búa í sæmilegu húsnæði.

Ef séð væri með eðlilegum hætti fyrir húsnæðisþörf t.d. framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu þannig að stúdentagarðar eða leiguhúsnæði af einhverju tagi væri fyrir hendi í nægjanlegum mæli hygg ég að bara sá þáttur mundi breyta miklu um ástandið á leigumarkaðnum. Sömu sögu mætti segja frá stöðum eins og Akureyri og víðar.

Það mætti svo nefna fjöldamarga aðra hópa sem eðli málsins samkvæmt horfa fyrst og fremst til hins félagslega hluta húsnæðislánakerfisins um úrlausn og nægir að nefna það samstarf átta aðila á þessu sviði þar sem menn hafa tekið sig saman um og haldið ráðstefnu um húsnæðismál og hafa jafnvel gert drög að frv. um nýjan félagsíbúðasjóð. Það segir meira en mörg orð um þær áhyggjur sem ýmsir aðilar hafa af húsnæðismálunum og þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að það verði ekki látið sitja við þá litlu plástra sem hér á að afgreiða með þessu frv. á húsnæðiskerfinu heldur vindi menn sér í það verkefni, sem reyndar stóð alltaf til að fylgdi ráðstöfunum í húsnæðismálum, bæði sem gripið var til vorið 1985 og eins frá árinu 1986, að halda beint áfram yfir í hinn félagslega hluta íbúðalánakerfisins og endurskoða lögin um Byggingarsjóð verkamanna og hlutverk hans. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. sé mér í raun sammála um að þetta tvennt verði ekki slitið úr samhengi. Það er ekki hægt að fjalla um hinn almenna hluta íbúðalánakerfisins og verkefni

Byggingarsjóðs ríkisins eins og einangrað fyrirbæri. Það hefur of mikil gagnvirk áhrif hvað á annað hvernig ástandið er í Byggingarsjóði verkamanna og hvernig þeim verkefnum, sem honum eru ætluð lögunum samkvæmt, er sinnt. Það er fjarri öllu lagi að sá sjóður hafi verið efldur eins og til stóð, eins og honum er ætlað hlutverk með lögum og hlýtur að verða keppikefli á næstu árum að eðlileg hlutföll séu milli þeirrar fyrirgreiðslu sem veitt er í gegnum Byggingarsjóð ríkisins annars vegar og Byggingarsjóð verkamanna hins vegar.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að aðstæður á Íslandi kalli á að býsna stór hluti íbúðarhúsnæðis sé undir formerkjum af því tagi sem gert er ráð fyrir að húsnæði sem byggt er eða keypt á kjörum Byggingarsjóðs verkamanna kallar á. Ég tel alveg ljóst hvað stöðu landsbyggðarinnar snertir að þar eru aðstæður nú og hafa kannski lengi verið með þeim hætti að mikil þörf er fyrir leiguhúsnæði, þörf fyrir að menn geti tímabundið eða til lengri tíma fengið húsnæði á tryggum kjörum án þess að festa fjármagn í því sem eigendur. Ég er alveg viss um að eitt stærsta atriðið til að tryggja byggð í öllu landinu, til að koma í veg fyrir þá byggðaröskun sem verið hefur og við blasir ef ekki verður að gert er að koma húsnæðismálunum í betra horf en raun ber vitni. Ég held, þó að ég viti að hæstv. félmrh. er mikill áhugamaður um kaupleiguíbúðir, að þar þurfi meira til. Ég held að þær gætu orðið liður í því að leysa þau mál en einungis hluti. Ég spyr hæstv. félmrh. hvað líður áformum hæstv. ráðherra um endurskoðun hins félagslega hluta íbúðalánakerfisins, hvað líður áformum um kaupleiguíbúðir og aðrar aðgerðir á sviði félagslegra íbúða. Væntir hæstv. ráðherra þess að það muni kosta aðrar eins hremmingar að koma einhverjum lagaákvæðum í gegnum ríkisstjórn og þetta litla frv. hefur kostað? Hafa einhverjar ákvarðanir verið teknar í hæstv. ríkisstjórn um hvenær og þá hvað verði lagt til í þeim efnum? Er þess að vænta á þessu þingi að gripið verði til ráðstafana og jafnvel lögð fram lagafrv. sem snerta hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins?

Ég tel það svo, hæstv. forseti, í raun bagalegt ef þessari umfjöllun Alþingis um húsnæðismálin fyrir jólaleyfið lýkur án þess að meiri upplýsingar verði lagðar fram um fjárhagsafkomu og horfur byggingarsjóðanna til lengri tíma litið. Ég saknaði þess nokkuð í starfi hv. félmn. að þar voru ekki fyrir hendi mikil gögn um þessi efni. Nú vita menn að vaxtamunur sem er á innlánum og útlánum byggingarsjóðanna, þ.e. þeim lánum sem þeim er gert að taka annars vegar og þeim lánum sem þeir lána út hins vegar, er mikill og velta þessara sjóða er mjög stór og verður það væntanlega á næstu árum, geysimikið fé úr lífeyrissjóðum landsmanna rennur í gegnum húsnæðislánakerfið út til lántakenda. Þar á milli er verulegur vaxtamunur sem byggingarsjóðunum er gert að bera. Eins og ríkisframlögin eru nú um stundir gefur það auga leið að fjárhagsstaða sjóðanna verður á tiltölulega stuttum tíma mjög neikvæð. Ef um venjulegan fyrirtækjarekstur væri að ræða yrði það væntanlega orðað svo að sjóðirnir yrðu á stuttum tíma gjaldþrota ef svo heldur sem horfir. Þess vegna var í þessu frv., þegar það var lagt fyrir Alþingi, heimild í 4. gr. til að ákveða mismunandi vexti á útlánum, jafnvel innan hvers einstaks lánaflokks. Nú hefur verið fallið frá því að afgreiða slíka heimild og brtt. meiri hl. félmn. gera ekki ráð fyrir að slíkt ákvæði verði samþykkt.

Það var af þessu tilefni sérstaklega sem frv. var lagt fram með heimild til að breyta vöxtum, með það í huga að slíkar ráðstafanir yrðu látnar ganga að einhverju leyti á móti þeim mikla vaxtamun sem er á milli þeirra lána sem sjóðirnir taka og útlánanna, en sérstaklega í ljósi þess að nú hefur orðið niðurstaðan að falla frá því að ákveða slíka heimild tel ég óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra, og hefði út af fyrir sig verið æskilegt að hæstv. fjmrh. hefði líka tekið þátt í umræðum um þau efni, hvað menn hyggjast þá fyrir úr því að niðurstaðan verður sú að afgreiða hér ekki heimildir til að breyta vöxtum. Hvað hyggjast menn þá fyrir? Er t.d. þess að vænta að hæstv. ríkisstjórn leggi þá til aukin bein framlög úr ríkissjóði til byggingarsjóðanna til að vega upp þarna á móti? Eins og menn vita er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að staðið verði við þær hugmyndir sem menn höfðu um þátttöku ríkissjóðs í fjármögnun húsnæðislánakerfisins þegar gengið var frá samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og þegar samið var við lífeyrissjóðina. Nú liggur það jafnframt fyrir að það stendur ekki til að breyta útlánavöxtum með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í upphafi þegar frv. var lagt fram. Þess vegna, virðulegur forseti, tel ég mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um þessi efni.

Ég vil svo spyrja líka: Hefur verið gerð t.d. á því einhver framtíðarspá hvað vaxtamunurinn gæti orðið mikill til að mynda á næstu 10–15 árum, til að mynda fram til aldamóta, hvað stórar fjárhæðir, miðað við núverandi veltu sjóðanna og núverandi vaxtamun, gæti orðið þar um að ræða? Mér er kunnugt um hliðstætt dæmi frá Lánasjóði ísl. námsmanna þar sem sá sjóður hefur verið látinn taka jafnvel erlend lán og innlend á háum vöxtum en lánar út vaxtalaust eins og menn vita. Þar hafa menn reynt að gera sér grein fyrir því, miðað við núverandi umfang starfseminnar og horfur, hvaða velta, hvaða fjárhæðir gætu verið á ferðinni í þessum vaxtamun. Þetta skiptir mjög miklu máli, virðulegur forseti, hvort sem þessar breytingar, sem hér eru nú lagðar til, koma til með að hafa meiri eða minni áhrif, minni eða enn þá minni liggur mér við að segja því það er alveg ljóst að þetta skiptir tiltölulega litlu fyrir fjárhagsdæmið í heild sinni hjá þessum sjóðum. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi einhverjar upplýsingar til að færa okkur um þessi efni. Ef ekki teldi ég mjög nauðsynlegt að þetta mál yrði í öllu falli kannað áður en frv. yrði gert að lögum frá þinginu og áður en fjárlög verða afgreidd því það er tækifæri til að koma þeim leiðréttingum á framfæri í

sambandi við fjárhag byggingarsjóðanna sem menn telja nauðsynlegt að gera í gegnum fjárlögin við afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að mál verði dálítið betur skýrð en mér virðist að hafi komið fram.

Í fyrsta lagi: Er búið að tryggja að fá fjármagn í byggingarsjóðinn?

Í nál. hv. meiri hl. félmn. segir: „Aðilar vinnumarkaðarins töldu að ef breyta þyrfti núgildandi lögum yrði samráð haft við þá um þær breytingar, en gert er ráð fyrir samningum við alla lífeyrissjóði til tveggja ára í senn. Á þessu hausti er samið við samtök lífeyrissjóða um skuldabréfakaup fyrir árin 1989 og 1990. Aðeins fáir lífeyrissjóðir hafa gengið endanlega frá samningum þetta tímabil, og er það áhyggjuefni."

Þetta segir í nál. hv. meiri hl. félmn. Sé þetta ekki tryggt, sé ekki fjármögnunin trygg er það gjörsamlega marklaust sem við erum að gera hér. Og mér er spurn: Með þessari vaxtastefnu, sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft forustu um, geta hv. þm. eða hæstv. ríkisstjórn gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir séu gráðugir í að lána fé sitt með 7% vöxtum eins og mig minnir að tilkynnt hafi verið að samið hafi verið um? Það var gert áður en þessi kollsteypa í vaxtamálum varð.

Það er nauðsynlegt við þessa umræðu að þetta sé upplýst og því vil ég spyrja hæstv. félmrh. að því hvort tryggt sé að lífeyrissjóðirnir kaupi þessi skuldabréf af byggingarsjóðnum fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Sé það ekki, hvernig verður þá sjóðurinn fjármagnaður? Það er málið.

Eins og þetta er nú í bankakerfinu eru víxilvextir komnir upp í 34% og af verðtryggðum lánum 9,5% og jafnvel þar yfir, jafnvel upp í 11½% að mér skilst. Eins og fram hefur komið eru ríkisvíxlarnir nú með 41,3% miðað við 90 daga víxla, hækkuðu á tíu daga millibili úr 39,6 upp í 41,3%. Ég verð að segja að ég skil ekki hvernig þeim markmiðum verður náð að gera kjarasamninga skynsamlega en sprengja upp vextina, fjármagna húsnæðismálakerfið með sæmilegu móti. Ég óttast að hæstv. ríkisstjórn geri sér ekki grein fyrir hvernig hún nær landi í þessu máli.

Það eru að mörgu leyti athyglisverðar brtt. sem Borgarafl. hefur lagt fram þó að ég geri mér ekki grein fyrir því á stuttum tíma hvernig það mundi verka í þjóðfélaginu og hvort það er framkvæmanlegt. En það er lofsvert framtak að koma fram með slíkar brtt. til umfjöllunar, til athugunar því að ég sé ekki betur en að því miður stefni í að þetta frv., miðað við ástand í vaxtamálum og fjármálum, leysi ekki þann vanda sem er ætlast til.

Ég ætla ekki að hafa hér langt mál, en ég kemst ekki hjá því að ræða um 2. gr. frv. Í brtt. á þskj. 237 frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni segir, með leyfi forseta:

„Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn er lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða."

Þetta er alveg sjálfsagt mál, en ég er ekki alveg sammála aftur á móti seinni partinum. Ég held að það sé hægt að setja reglur, sem verði auglýstar í blöðum, þannig að menn sjái alveg fyrir fram hvort þeir koma til með að fá lán eða lán ekki ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði. Hins vegar þurfa þeir að fá synjunarbréf sem hafa ekki rétt. Þann hátt, sem hefur verið, að þessi grái markaður og jafnvel fleiri hafa verið að kaupa lánsloforðin með afföllum, verður að koma í veg fyrir. Ég átta mig ekki á þessu eins og það er í brtt. frá báðum aðilum, bæði frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Steingrími Sigfússyni og meiri hl. félmn., því að ef svar kemur með árs fyrirvara er hætt við því að þetta fari á þennan markað. Ég spyr hæstv. ráðherra eða hv. frsm. meiri hl. félmn. hvort, eins og brtt. er, það tryggi að þessi lánsloforð haldi ekki áfram að fara á hinn gráa markað eða í veðdeildir bankanna með afföllum með þeim afleiðingum að þeir sem byggja eða kaupa, það sé nokkurn veginn fyrir fram séð, lendi í svipaðri súpu og þeir sem keyptu eða byggðu á árunum 1980–1986. Ég vil líka spyrja hæstv. félmrh. að því hvort sá hópur verði utangarðs. Það hafa margir fengið úrlausn. Nokkrir sjá til lands, en það er líka stór hópur sem horfir fram á það með breyttri vaxtastefnu, með þeirri okurlánavaxtastefnu sem ríkir, að þeir sem sáu til lands sjá nú fram á gjaldþrot. Í sambandi við afgreiðslu frv. er nauðsynlegt að það komi fram með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn ætlar að bjarga þessu fólki.

Þegar húsnæðismálafrumvarpið var samþykkt fyrir tveimur árum var ég í félmn. og var með fyrirvara út af afgreiðslu þess frv. um að það yrðu gerðar ráðstafanir til að koma til móts við þetta fólk. Ég hlýt að minna á það og enn fremur að spyrjast fyrir um hvort nú eigi endanlega að ganga frá því fólki sem er með lausaskuldir víða e.t.v. á 36% vöxtum a.m.k. og jafnvel meira ef það eru víxlar sem þarf að framlengja með tveggja, þriggja mánaða fresti. Það hlýtur að verða áhyggjuefni fyrir alla. Ég veit að hæstv. félmrh., sem nú er, er öll af vilja gerð til að leysa þessi mál. En hvernig ætlar ríkisstjórnin, sem hún er í samstarfi með, hæstv. fjmrh., að standa að þessum málum? Ég fæ margar hringingar þessa dagana frá þessu fólki og það spyr: Ætlið þið virkilega að skilja okkur eftir? Er það meiningin? Og kemur það ekkert fram einu sinni í þingsölum? Og er þessi vaxtastefnuvitleysa varanleg? — Ég á ekki svör og því bið ég um svör.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá orðið nú þegar, en ég hafði að sjálfsögðu gert ráð fyrir að hv. talsmaður meiri hl. félmn. mundi svara þeim sem hafa lagt fram fyrirspurnir og skilað hafa nál. eða sérálitum varðandi frv. sem hér er til umræðu og að

hæstv. félmrh. sýndi þeim hinum sömu þá virðingu að taka til máls í umræðunni og veita þeim nokkur svör þannig að þessi umræða geti haft eðlilegan framgang, en það ætlar að verða endi á þessari umræðu, sem reyndar er ekki séð fyrir endann á, svipað og með upphafið sem var býsna sögulegt því það þurfti að mæla fyrir frv. með afar afbrigðilegum hætti sl. fimmtudagskvöld til að leysa verkfall hæstv. félmrh. gagnvart ríkisstjórn Íslands og heimila hv. talsmanni meiri hl. félmn. að mæla fyrir nál. Nú tökum við sem sagt upp þráðinn að nýju á laugardegi og höfum kannski ekki öll alveg í huga þá merku framsögu sem hv. þm. Alexander Stefánsson hafði fyrir meirihlutaáliti félmn. en sem full ástæða er til að ræða eins og ýmsa aðra þætti þessa máls sem halda mætti varðandi forsöguna að væri stórt í sniðum varðandi breytingar á húsnæðislánakerfinu, en þegar farið er að líta á textann, og gildir það bæði um frv. eins og það kom upphaflega fram en enn frekar um þær till. sem nú liggja fyrir frá meiri hl. félmn., er hér að fæðast lítil mús. Það mundi vera kallað á slangurmáli „mini-mús" sem er í fæðingu í sambandi við húsnæðismálin.

Það er sannarlega með fádæmum að það skuli leiða til verkfalla ráðherra í ríkisstjórn Íslands að koma fram þeim örlitlu leiðréttingum sem þetta frv. þó felur í sér varðandi húsnæðislánakerfið og það skuli þurfa að skerast í odda á þessu stjórnarheimili rétt í upphafi samstarfs á því kærleiksríka heimili með þeim hætti sem gerst hefur í sambandi við frv., en það hófst með braki og brestum eins og menn rekur kannski minni til með óvenjulegum hætti í hv. þingdeild þann 26. október sl. þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir stjfrv. sem átti að vera að forminu til en reyndist vera, bæði samkvæmt orðum hæstv. ráðherra sjálfs og ég tala nú ekki um þeirrar umræðu sem fylgdi á eftir, frv. félmrh. um þetta efni, þessar leiðréttingar, þessar sáralitlu leiðréttingar en góðar svo langt sem þær ná að vissu leyti á agnúum meingallaðs húsnæðislánakerfis og því fjárhagsöngþveiti sem þetta kerfi býr við og stefnir í hraðbyri með enn meiri hraða en áður hefur legið fyrir þrátt fyrir að Alþfl. fer nú með þessi mál öðrum flokkum fremur í ríkisstjórn með fjmrh. og hæstv. félmrh.

En það skal sannarlega ekki standa á okkur stjórnarandstæðingum, a.m.k. gildir það um þá sem við höfum heyrt í hér, talsmenn stjórnarandstöðunnar, að stuðla að þeim litlu lagfæringum sem hér er verið að leggja til í sambandi við þessi mál og tryggja að það nái fram að ganga með eðlilegum og þinglegum hætti fyrir jólahlé þingsins, en það er auðvitað jafnnauðsynlegt að þjóðin, fólkið utan veggja Alþingis átti sig á hver óvera er hér á ferðinni miðað við þann gífurlega vanda sem við blasir í þessum málum og þá ríku þörf sem fyrir liggur að tekið verði á húsnæðismálakerfinu með heildstæðri endurskoðun sem lofað var af meiri hluta fyrrv. ríkisstjórnar og með stuðningi Alþb. í félmn. þessarar hv. deildar þann 23. apríl að mig minnir vorið 1986 þar sem teknar voru ákvarðanir, þar sem álit lá fyrir um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem stutt var af Alþingi af yfirgnæfandi meiri hluta og talið horfa til bóta en öllum var ljóst að var samt stórum annmörkum háð og gera þurfti frekari ráðstafanir, margháttaðar, í beinu framhaldi af samþykkt þeirra laga til að taka á þeim agnúum sem menn enn standa frammi fyrir óleystum. Það komu fram bindandi loforð stjórnarflokkanna, fulltrúa þeirra í félmn. Nd. Alþingis vorið 1986, að það yrði gert og tilteknir tíu tölusettir liðir og það skyldi undirbúið frv. fyrir haustþingið 1986 og lagt þar fyrir þannig að síðasta Alþingi, síðasta þing tæki á þessum málum. En efndirnar á þessu hátíðlega loforði urðu nákvæmlega engar. Málinu var vísað til milliþinganefndar um húsnæðismál, en þar þæfðust fulltrúar stjórnarflokkanna fyrir með skipulegum og skilmerkilegum hætti gegn því að taka á þessu máli efnislega og milliþinganefndin skilaði áliti, sem birtist í skýrslu til Alþingis í febrúar 1987, þar sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar þáverandi skiluðu sérálíti og bentu á þau hraklegu vinnubrögð sem meiri hl. í þessari milliþinganefnd, fulltrúar þáverandi ríkisstjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl., höfðu staðið fyrir og ég mun rifja það aðeins betur upp á eftir.

En svo að við reynum að ná aðeins þræði frá sl. fimmtudagskvöldi get ég ekki sleppt því vegna þess að ég vænti þess að hv. þm. Alexander Stefánsson eigi eftir að koma upp og svara ekki aðeins mínu máli og ábendingum heldur þeim sem hafa lagt fram beinar fyrirspurnir til hans og mælt hafa fyrir minnihlutaálitum eða sérálitum varðandi það frv. sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. benti á það og meiri hl. í sínu áliti að fjárhagsmál húsnæðismálakerfisins eru í algerri óvissu, ekki aðeins til lengri tíðar litið heldur þau markmið sem ríkisstjórnin hefur þó stungið út fyrir árin 1989 og 1990. Það kemur fram með eftirfarandi orðum í nál., með leyfi virðulegs forseta:

„Á þessu hausti var samið við samtök lífeyrissjóða um skuldabréfakaup fyrir árin 1989 og 1990. Aðeins fáir lífeyrissjóðir hafa gengið endanlega frá samningum þetta tímabil og er það áhyggjuefni."

Hver er staða þessa máls? Hversu margir lífeyrissjóðir hafa gengið frá samningum endanlega og hversu háar upphæðir liggja þannig skuldbindandi fyrir af hálfu lífeyrissjóðanna varðandi kaup á skuldabréfum byggingarsjóða ríkisins? Það hlýtur að vera krafa okkar að fá upplýsingar um þá stöðu við þessa umræðu og ég vænti að hv. þm. Alexander Stefánsson fyrrv. félmrh. og hæstv. núverandi félmrh. veiti okkur upplýsingar um þetta því að þetta er eitt af því stóra, ekki síst þegar á að fara að taka afstöðu til fjárlaga fyrir komandi ár og þeirra markmiða sem þar hafa verið sett fram af ríkisstjórninni eða eigum við að segja af hæstv. fjmrh. Alþfl. því að það virðist vera með þetta frv. um húsnæðismálin að einnig það hafi ekki verið stjfrv. í eiginlegum skilningi heldur meira og minna einkafrv. hæstv. fjmrh. Ég treysti því að hæstv. félmrh.

geri þetta sem hefur sýnt á fyrri þingum að hún fylgist býsna vel með í húsnæðismálunum og hefur ekki sparað orðin á Alþingi fyrr og síðar til að reyna að varpa ljósi á þann mikla vanda sem þar er við að fást og ég hef oft tekið undir með hæstv. ráðherra um þau efni og tek undir með ráðherranum varðandi þau áform sem hún hafði með sínu frv., þeirri litlu mús sem þar skreið fram en hefur nú verið halaklippt af meiri hl. félmn. að verulegu leyti, en þó nóg til þess að hæstv. félmrh. hefur hætt verkfalli sínu gagnvart ríkisstjórn Íslands og ákveðið að sitja áfram í embætti.

Hv. frsm. meiri hl. félmn. og nál. sem hann mælti fyrir segja: „Heildarendurskoðun þessa kerfis hlýtur að vera næsta skref í máli þessu með tilliti til fenginnar reynslu og fjölda ábendinga sem fram hafa komið innan þings og utan."

Þetta er hv. þm., áður félmrh., sem stóð að því eða sú ríkisstjórn sem hann var í að gefa hátíðleg loforð í aprílmánuði 1986 um að á þessum málum skyldi tekið, ekki nú í einhverri framtíð heldur á liðnu þingi, fyrir síðustu kosningar þar sem því var heitið að það yrði skilað inn frv. um framtíðarstefnu í húsnæðismálum, m.a. hvernig tekið yrði á vanda þessara mála. En væntanlega hefur hæstv. fyrrv. ráðherra þarna í huga, þegar talað er um „fengna reynslu og fjölda ábendinga sem fram hafa komið", m.a. ábendingar frá hæstv. núverandi félmrh. sem liggja fyrir fjölmargar, m.a. frá þinginu 1986–1987 þegar hæstv. ráðherra skilaði sem þm. og reyndar á þinginu þar á undan séráliti í félmn. Nd. Alþingis, skilaði séráliti varðandi þá breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þá var til umræðu fyrir hönd Alþfl. Það hlýtur að vera ein af þeim ábendingum sem meiri hl. félmn. hefur í huga, þær áherslur Alþfl. 21. apríl 1986 á þskj. 1007 frá 108. löggjafarþingi. Þar er tekið undir lagabreytinguna sem til stóð, tekið undir frv., en segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Það sem á skortir", segir talsmaður Alþfl., núverandi hæstv. félmrh., „er þó að aukið verði verulega fjármagn til félagslegra íbúðabygginga og opnaðar verði fleiri leiðir í húsnæðismálum til að auðvelda þeim húsnæðisöflun sem við lakastar aðstæður búa, að staðið verði við", og ég vænti að menn leggi við eyru, hafi opnar hlustir, „fyrirheit um viðunandi lausn á greiðsluvanda þeirra sem byggðu eða keyptu á árunum 1980–1985".

Hv. 6. þm. Norðurl. e. var að inna eftir þessu með réttu í máli sínu áðan. Að staðið verði við fyrirheit um viðunandi lausn á greiðsluvanda þeirra sem byggðu eða keyptu á árunum 1980–1985. Hæstv. félmrh. mun vafalaust gera okkur skýra grein fyrir því hér og talsmaður meiri hl. félmn. hvernig ríkisstjórnin nú þegar hefur markað stefnu í þessum málum og hvað hún ætlar að gera á næstu dögum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og fjármál byggingarsjóðanna til að standa við það fyrirheit sem er bókað í séráliti Alþfl. frá árinu 1986 og undirritað af núverandi hæstv. félmrh.

En virðulegur forseti. Það er fleira sem minnst er á þarna. Ég vitna þar aðeins í einn tölulið í viðbót þar sem segir: „Alþfl. telur þó rétt að flytja brtt. um eftirfarandi atriði" — og það er tölul. 2 sem snertir einmitt þetta efni: „Endurgreiðsla komi á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til þeirra sem keyptu eða byggðu á árunum 1980–1985."

Ætli væri ekki rétt fyrir hæstv. félmrh. og Alþfl. að rifja upp þessar tillögur og þessar áherslur varðandi vanda þessa fólks?

En það er fleira merkilegt sem kom fram í áliti meiri hl. félmn. og hv. þm. Alexander Stefánsson mælti þarna fyrir. Það er eitt af markmiðunum, sem ég vil fá aðeins nánar útskýrð, meginmarkmiðum með þessu frv. hér, þriðja markmiðið að mig minnir, að draga úr þenslu á fasteignamarkaði. Ég bið hv. þm. Alexander Stefánsson að skýra nánar fyrir okkur með hvaða hætti því markmiði er náð með frv. að draga úr þenslu á fasteignamarkaði. Þetta er útfært í nál. á bls. 3 sem dreift var á fimmtudagskvöldið þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Mikilvægasta grein frv. er þó fyrir margra hluta sakir 2. gr. þess. Þar er kveðið á um breytta skipan varðandi svör Húsnæðisstofnunar til umsækjenda. Með þeirri tilhögun 2. gr. sem frv. gerir ráð fyrir er komið í veg fyrir að útgáfa svonefndra lánsloforða Húsnæðisstofnunar verði áfram sú uppspretta efnahagslegrar þenslu og hækkunar á fasteignamarkaðnum sem verið hefur."

Þetta er úr meirihlutaálitinu. Ég bið um nánari útlistun á þessu, sérstaklega í ljósi þess að ekki hefur verið fallist á það sjónarmið talsmanns 1. minni hl. nefndarinnar og sem fram kemur í brtt. hv. 12. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. að vera ekki að unga út einhverjum loforðum, ótímabundnum svörum frá húsnæðismálastjórn, nema þá um synjun sé að ræða, sem hafa engin tengsl við endanleg lánsloforð. Þetta er slík framsetning mála að það er með fádæmum ef meiri hl. í félmn. og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætla að standa svona að verki. Og ég spyr og bið um að fá skýr svör við því frá hæstv. ráðherra og hv. 1. talsmanni meiri hl. félmn.: Með hvaða hætti tengist þetta markmiðinu um þenslu á fasteignamarkaði og hvaða tryggingu hefur ríkisstjórnin og talsmenn hennar fyrir því að þau svör sem á hér að lögleiða að húsnæðismálastjórn veiti, sendi frá sér, verði ekki áfram á uppboðsmarkaði, braskmarkaðnum, og leiði til efnahagslegrar þenslu áframhaldandi? Hvaða ástæða er til að gefa út slík svör sem enginn veit hvenær rætast fyrir viðkomandi umsækjendur?

Hæstv. viðskrh. er staddur við umræðuna, sem er sannarlega ánægjulegt, og hann er hagfróður maður, búinn að vera forstjóri Þjóðhagsstofnunar um lengri tíma. Það væri mjög fróðlegt að hann kæmi inn í þessa umræðu, hæstv. ráðherra, ef á skortir að við fáum skýrar útlistanir frá hæstv. félmrh. og hv. talsmanni meiri hl. félmn. og útskýrði nánar fyrir okkur hvernig þessum markmiðum um minnkandi

þenslu verður tryggilega náð samkvæmt ákvæðum frv. Að sjálfsögðu hefur hæstv. viðskrh. átt sinn hlut í að móta þetta mál innan ríkisstjórnar sem samflokksmaður hæstv. félmrh. að ég trúi.

Það segir að vísu í nál. frá fimmtudagskvöldi sl.: „Frá sjónarmiði almennrar efnahagsstjórnar er hér um mjög mikilvægt mál að ræða þótt hitt sé rétt að með þessu móti fá umsækjendur ekki jafnskjótt og áður örugga vissu um það hvenær þeir fá lán sín afgreidd." — Takið eftir orðalaginu, virðulegur þingheimur: „fá ekki örugga vissu". Af hverju segja menn ekki „fá enga vissu"? Það er sá lagatexti sem liggur fyrir.

Og svo segir í nál. svo enn sé vitnað, með leyfi virðulegs forseta: „Það er galli sem þó vegur ekki upp kosti þessarar breytingar". Það eru skáldleg tilþrif hjá virðulegum meiri hl. félmn. sem birtast í þessum orðum, en hæstv. viðskrh. hefur eflaust lagt sitt mat á þetta líka.

Ég ætla ekki að fara mjög mörgum orðum til viðbótar um þetta annars mjög merkilega álit sem var svo brýnt að mælt yrði fyrir alveg með afbrigðilegum hætti sl. fimmtudagskvöld, en það verður þó ekki hjá því komist að benda á hvað sagt er varðandi vaxtamun, sem er eitt af markmiðunum, sem talinn er meiri en kerfið þoli og eru nú ekki ný sannindi, og þar stendur og ég leyfi mér enn að vitna í textann:

„Raunar er brýnt að þegar" — það er atviksorðið þegar í merkingunni strax — „verði gerðar ráðstafanir til að minnka þann mun sem er á teknum og veittum lánum Húsnæðisstofnunar. Ákvörðun um það er á valdi ríkisstjórnarinnar og kallar ekki á lagabreytingu."

Og nú vona ég að hæstv. viðskrh. sé einhvers staðar nærri, og ég sé það, því að hann hefur með vissum hætti sem ráðamaður bankamála með þessi mál að gera, og nú bið ég um skýr svör: Með hvaða hætti ætlar ríkisstjórnin að leysa þetta mál eða hefur hún ákveðið að leysa þetta mál því það hlýtur að liggja fyrir lausn í þessu máli fyrst það er bókað í áliti meiri hl. félmn. að þetta sé á valdi ríkisstjórnarinnar og það þurfi þegar, í merkingunni strax, að taka á málinu? Við skulum trúa því að ekki verði látið skella á jólahlé þingsins áður en ríkisstjórnin verði búin að ganga frá þessu. Þetta hlýtur að liggja fyrir. Og það verður þá upplýst hér væntanlega. Þetta er bein fyrirspurn af minni hálfu sem ég óska eftir svörum við.

Svo vil ég aðeins vegna hinna stórfenglegu stíltilþrifa sem eru í þessu plaggi frá fimmtudeginum sl. vitna til orðalags sem var held ég lesið upp af hv. talsmanni meiri hl. félmn.:

„Jafnframt er rétt að kanna að nýju hugmyndir um að binda lán Húsnæðisstofnunar við einstaklinga í stað íbúða."

Að kanna að nýju hugmyndir. — Ja, stórbrotin eru áformin. Og meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á að reglugerðir um framkvæmd þessarar lagabreytingar verði gefnar út jafnskjótt og auðið er eftir að lög þessi hafa verið samþykkt. Hvað merkir þetta orðalag nákvæmlega? Jafnskjótt og auðið er verða gefnar út reglugerðir. Hefur hæstv. félmrh. gert sér ljóst hvað í þessum orðum felst? Ég bið um svör. Hvenær verður auðið að ganga frá reglugerðum á grundvelli þessara laga, reglugerðum sem eiga að leysa úr mörgum spurningum sem er ósvarað í sambandi við þetta litla frv.? Hv. þm. Alexander Stefánsson orðaði það efnislega eitthvað á þá leið í máli sínu hér sl. fimmtudagskvöld að hann hljóp alveg yfir í máli sínu að skýra nokkuð brtt. Hann taldi þess nánast ekki þörf. En þær eru einfaldar og skýra sig sjálfar, sagði fyrrv. félmrh., hv. þm., og að sjálfsögðu þarf að setja um þær reglugerðir — jafnskjótt og auðið er, stendur í álitinu. Hvenær og hvers eðlis? Hvert er efni þessara reglugerða?

Ég rifja upp að við erum að fjalla um annað mál, sem er efnahagslega miklu stærra og allt annars eðlis en þetta, í þinginu, að vísu er það Ed., en sjútvn. beggja deilda hafa verið að fjalla um frv. til laga um stjórnun fiskveiða. Það er ríkisstjórnarmál þar sem á að byggja á reglugerðum um útfærslu á fjölmörgum atriðum. Hv. þm. Alexander Stefánsson kannast við þetta því hann hefur setið þessa fundi ásamt mér. Þar hefur sjútvrn. þó séð sóma sinn í því að leggja fyrir nefndina reglugerðartexta, útfærðar hugmyndir að reglugerðum, drög að reglugerðum. Það mætti ekki minna vera í máli eins og þessu, þessu litla máli, en að slíkar reglugerðir fylgi með til kynningar til nefndarinnar. Voru þær sýndar í nefnd? Lágu þær fyrir þingnefnd, hv. þm. Alexander Stefánsson? Lágu þessar reglugerðir þar fyrir? Voru þær kynntar? Þá ætti að vera auðvelt að upplýsa það hér. Og ég spyr: Hver eru ákvæðin og hvað felst í frestinum „jafnskjótt og auðið er"? — Varðandi nál. meiri hl. félmn. væri hægt að hafa allmörg fleiri orð en ég geri það ekki að sinni.

Ég vil taka undir með hv. ræðumönnum, sem skilað hafa sérálitum, varðandi spurninguna um lánsloforð sem tengist brtt. sem liggur fyrir varðandi frv. Rökin hljótum við að heyra hér.

Hæstv. núverandi félmrh. hefur, eins og ég hef rakið, flutt margar gagnmerkar ræður um húsnæðismál í hv. þingdeild á fyrri þingum. Ég hef eina fyrir framan mig. Hún var flutt 17. febr. 1987 og varðaði álit milliþinganefndar um húsnæðismál. Ræða hv. þáverandi þm., núverandi hæstv. ráðherra, þótti tíðindum sæta og flaug út á öldum ljósvakans þar sem verið var að draga fram marga þætti varðandi fjárhagsvanda húsnæðiskerfisins. Það er dregið fram í umræðuparti Alþingistíðinda hvernig hv. þm. leit þá á málin, sá hinn sami og nú er ráðherra þessara mála með fjmrh. úr sama flokki sér við hlið.

Ég ætla ekki að fara í langar tilvitnanir úr þessari ræðu, en ég leyfi mér þó að grípa hér niður, virðulegur forseti, þar sem segir m.a.:

„Miðað við þessar forsendur", sem þm. páv. rakti, „er ljóst að á þessu ári", þ.e. 1987, „vantar um 1200–1700 millj. kr., en upphæðin ræðst af því hve margar umsóknir falla út og eru ekki lánshæfar skv. ákvæðum laganna og að mati Húsnæðisstofnunar-

innar. Í annan stað er ljóst að þó að um varlega áætlun sé að ræða um fjölda umsókna á þessu ári er engu að síður ljóst að tvöfalda þarf fjármagn í húsnæðiskerfið á næsta ári ef biðtími á ekki að lengjast frá því sem nú er og er þá fjármagnsþörf næsta árs varlega áætluð um 8 milljarðar kr.“

Það er nú fróðlegt að líta á þetta í ljósi þeirra tillagna sem fyrir liggja í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár og margt, margt fleira sem þarna kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra, þáv. þm., í þessum efnum.

Og ég vil aðeins víkja að þessari fjárhagsstöðu því að það er auðvitað inn í hana sem við þurfum að lýsa við þessa umræðu með fjárlagafrv. komandi til 2. umr. í þinginu. Hvað liggur fyrir í þessu frv. til fjárlaga varðandi byggingarsjóðina? Er það tvöföldun á fjármagni eða eitthvað þess háttar sem auðvitað veitti ekki af til þess að taka á því hrikalega dæmi sem þarna liggur fyrir? Nei, það er engin tvöföldun á fjármagni.

Ég vil ekkert vera að gera minna úr þeim tillögum sem þarna liggja fyrir en efni standa til. Samkvæmt jólabók hæstv. fjmrh., frv. til fjárlaga sem ráðherrann sjálfur lýsti sem einni hinni merkustu og að hún hlyti að verða á jólabókamarkaðnum, er raunhækkunin til beggja byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, metin 17%. Og það er við annan sjóðinn sem er gert þokkalega með tvöföldun á upphæð, þ.e. Byggingarsjóð verkamanna, en dæmið varðandi Byggingarsjóð ríkisins stendur ekki jafnglæsilega. Það liggur raunar fyrir að það er meiningin að slá að láni hátt í helminginn af þessari upphæð og frysta hann á næsta ári, eins og það heitir á nútíðarmáli, taka hann út úr, spara ríkinu þetta framlag í raun, láta lífeyrissjóðina borga það ef ég hef skilið málið rétt. Það er nú öll glæsimennskan í sambandi við fjárveitingarnar til byggingarsjóðanna á komandi ári samkvæmt tillögum hæstv. ráðherra Alþfl.

Ég held að ástæða sé til að nefna það hér að ég hygg að miðað við það sem kynnt var hér á Alþingi á vorþinginu 1986, þegar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins voru hér til umræðu og það samkomulag sem gert hafði verið milli aðila vinnumarkaðarins sem var undirstaðan að því lagafrv., vanti að líkindum hálfan til einn milljarð króna á að staðið sé við það sem lofað var á þeim tíma. Hvað segir hæstv. félmrh. um það? Er það rétt? Getur það verið að það skorti samkvæmt fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. á bilinu 500–800 millj. og kannski meira til þess að staðið sé við það samkomulag sem var undirstaðan að breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á vorþinginu 1986? Og hvernig er staðan varðandi misgengishópinn? Hvernig er hún? Hæstv. félmrh. hlýtur að rekja það hér því að hann bar þetta mál sérstaklega fyrir brjósti í sambandi við afgreiðslu þessa máls eins og ég hef þegar rakið. Með hvaða hætti er komið til móts við, t.d. í fjárlagafrv., aftur í tímann, vandann frá 1980–1985. Hvernig birtist það okkur í tengslum við þau skattafrv. sem eru til umræðu uppi í hv. Ed.? Ég er ansi smeykur um að þær húsnæðisbætur sem þar er verið að leggja til séu heldur léttar á voginni fyrir þennan hóp sem þarna er um að ræða. En kannski hefur hæstv. félmrh. aðra skoðun á því og þá lýsir hann þeim bjargráðum hér fyrir okkur. Ég er ansi smeykur um að þar sé ekki að finna þær efndir sem Alþfl. kallaði eftir í aprílmánuði 1986 og haldandi nú um helstu ráðuneyti efnahagsmála, fjármála og viðskiptamála og kemur hér með frv. sem að vísu er til örlítilla bóta á meingölluðu kerfi en leysir engan vanda í reynd svo að heitið geti þó að við viljum greiða fyrir afgreiðslu málsins.

Til þess aðeins að Alþfl. sé minntur á fortíð sína í þessu máli nú þegar hann hefur völdin vil ég leyfa mér að minna á það að fulltrúi Alþfl. í milliþinganefnd um húsnæðismál sem starfaði í tíð fyrri ríkisstjórnar var hv. þáv. þm., fyrrum félmrh. einnig, Magnús H. Magnússon sem við söknum hér af þingbekkjum. Hann skrifaði undir sérálit minni hluta milliþinganefndar um húsnæðismál. Það er örstutt og ég vil rifja það upp fyrir þingheimi, með leyfi forseta, því það tekur enga stund. Þar segir:

„Nefndin hefur á engan hátt lokið þeim verkefnum sem henni voru falin. Hún átti m.a. að athuga fjármögnun íbúðalánakerfisins til frambúðar, ný félagsleg húsnæðisform og ráðstafanir til að koma enn frekar til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum.

Starf nefndarinnar undanfarna mánuði [og þetta er undirritað 22. jan. 1987] hefur verið í skugga fjárlagagerðarinnar. [Þetta skyldi nú ekki eiga við í dag?] Ríkisstjórnin hefur dregið stórlega úr framlögum til húsnæðislánakerfisins. Ríkisstjórnin hefur stungið undan söluskattsstiginu sem upphaflega var lagt á til að koma til móts við fólk í greiðsluerfiðleikum. Ríkisstjórnin hefur í blóra við kjarasamninga lækkað framlög til Byggingarsjóðs verkamanna sem leiðir til þess að sjóðurinn á í erfiðleikum með að standa við gefin lánsloforð. Ekkert svigrúm er því til að mæta þörfinni fyrir aukið framboð og aukna fjölbreytni í hinu félagslega húsnæðiskerfi. Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er hættulega lágt, biðraðir eftir láni lengjast stöðugt svo að lágt hlutfall ríkisframlagsins af heildarútlánum leiðir til þess að sjóðurinn sligast á fáum árum. Í ljósi þessarar staðreyndar var þess ekki að vænta að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu það veganesti sem til þurfti til þess að taka til alvarlegrar umfjöllunar þær tillögur um eflingu félagslegra íbúðarbygginga og styrkari fjármögnun byggingarsjóðanna sem greint er frá í nál.“

Undir þetta rituðu fulltrúar minni hl., Guðni Jóhannesson, Kristín Einarsdóttir, Magnús H. Magnússon. En Magnús H. Magnússon, þáv. hv. þm., hafði sérstaka viðaukabókun við þetta álit, svohljóðandi:

„Undirritaður telur forgangsverkefni“ — hæstv. félmrh. man þetta eflaust þannig að e.t.v. þarf hún ekki að leggja við hlustir. Það er bókun Magnúsar H. Magnússonar, sérbókun vegna skýrslu milliþinganefndar um húsnæðismál: „Undirritaður telur

forgangsverkefni í húsnæðismálum vera að byggja upp traustan og varanlegan fjárhagsgrundvöll húsnæðislánakerfisins, að hugmyndir um kaupleiguíbúðir komist til framkvæmda, að jafna húsnæðiskostnað þeirra sem byggðu eða keyptu íbúð 1980–1985. Hann vísar til tillagna Alþfl. um þessi mál."

Undir þetta ritar Magnús H. Magnússon.

Virðulegur forseti. Ég hef talið nauðsynlegt að minna á nokkra þætti húsnæðismálanna í tengslum við þetta frv. sem átt hefur sér svo afar sérkennilega sögu í þingsölum Alþingis í þessari hv. deild á þessu þingi. Og það væri ástæða til þess að fara ofan í marga fleiri þætti þessarar sögu því að hún er svo lærdómsrík í ljósi vanefnda núv. stjórnvalda í þessum málum og aðgerðarleysis en ég ætla að geyma mér það að sinni að taka frekar á því efni, t.d. að vitna til þeirra orðaskipta sem áttu sér stað 26. okt. sl. milli hæstv. félmrh. og hv. talsmanns meiri hl. félmn. þegar frv. sem við ræðum hér var lagt fram. Auðvitað á þessi saga sér enn lengri sögu. Hún á sér m.a. sögu í kosningastefnuskrám og yfirboðum Sjálfstfl. og Framsfl. fyrir kosningarnar 1983 þegar þessir flokkar voru í kapphlaupi um að yfirbjóða í húsnæðismálunum og Sjálfstfl. bókaði í kosningastefnuskrá m.a. að þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð fái 80% lán með betri kjörum en aðrir og Framsfl. gat ekki haft það minna í sinni stefnuskrá: Húsnæðislán nemi 80% af byggingarkostnaði og verði til 42 ára. Þetta lásum við í kosningastefnuskránum og þetta ómaði yfir landslýðinn fyrir kosningarnar 1983. Svo að það er ekki bara Alþfl. sem á sér sögu í þessum málum.

Hv. þm. Alexander Stefánsson var í sporum félmrh. í fyrrv. ríkisstjórn og hann var að reyna svipað og núv. hæstv. félmrh. að ná ýmsu fram í þessum málaflokki. En böksulega gekk það og meira en það. Því miður reyndist engin innstæða vera á bak við orð hæstv. þáv. félmrh. í þessum efnum í umræðu eftir umræðu, m.a. við núv. hæstv. félmrh. um þessi efni, því að loforðin sem gefin voru og það sem átti að rætast innan skamms kom ekki. Ég er ekki að segja að það hafi verið viljaleysi viðkomandi ráðherra en það var a.m.k. ekki vilji hjá þáv. ríkisstjórn frekar en það virðist vera nú til þess að taka með skilmerkilegum hætti á þessum stóra málaflokki. Samt er verið að efna í lofskrif leiðara eftir leiðara í málgagni Framsfl., Tímanum, um afrek hæstv. fyrrv. félmrh., núv. hv. þm. Alexanders Stefánssonar í húsnæðismálum, frv. sem honum var fært hér í formi samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins frá febr. 1986 en strax var byrjað að vanefna þau loforð sem þar voru gefin, svo að ekki sé nú talað um þau loforð sem voru gefin í tengslum við afgreiðslu Alþingis á því máli.

Virðulegur forseti. Vegna þess að hér þurfa vafalaust margir að ræða þetta mál miklu frekar og ítarlegar fer ég að sinni ekki frekar yfir þennan gilda málaflokk. Ég vil t.d. ekki fara að ræða hér tillögur sem liggja fyrir frá Borgaraflokknum í þessum málum, en formaður hans mun vera hér á mælendaskrá. Þar er býsna miklu lofað, þar eru býsna mörg fyrirheit og ég efast ekkert um góðan hug þeirra Borgaraflokksmanna í sambandi við þau efni. Mér sýnist þar vera talað um 90% lánsloforð gagnvart ýmsum hópum í þjóðfélaginu. Það er vonandi að það sé áhugi hjá þeim sem standa að þeim tillöguflutningi að afla tekna með skattlagningu m.a. eða skattlagningu þarf til að hluta eins og hv. talsmaður þessara brtt. kynnti hér því að hann tók það skýrt fram að byggingarsjóð á vegum ríkisins þyrfti að varðveita og þar þyrftu að vera gildir sjóðir. Ég geri því ráð fyrir að viðkomandi hv. þm. og Borgaraflokkurinn í heild átti sig á því að það þarf að taka á honum stóra sínum eigi eitthvað af þessum hugmyndum að ganga fram sem þarna eru fram settar og ég er alls ekkert að gera lítið úr og eru fullkomlega skoðunarefni eins og allar góðar hugmyndir, allar hugmyndir um þessi mál þó að ýmsa formlega vankanta megi sjá í þessum tillögum sem þarna liggja fyrir en ég geri alls ekki hér að umræðuefni. Við erum hér fyrst og fremst að ræða málin við hæstv. núv. ríkisstjórn, við þá ráðherra sem þar standa ábyrgir og eru með loforðin á bakinu. Ég ítreka það: Ég skal með glöðu geði stuðla hér að skynsamlegum breytingum þó í litlu sé á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en ég vona að það sé meiri hluti hér í hv. deild til þess að taka undir þá brtt. sem hv. 12. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. standa að því að það væri glappaskot, meira en lítið, að fara að efna í þau pappírsgögn sem lagt er til að gangi út frá Húsnæðisstofnun án nokkurra tengsla við endanlega afgreiðslu mála varðandi lánsloforð.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Frv. til laga um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eins og það liggur fyrir sem 47. þskj. og hefur kostað allt að því stjórnarslit eða samstarfsslit á milli ráðherra og ríkisstjórnar er ekki það merkilegt plagg að svo mikill hávaði innan ríkisstjórnarinnar sé réttlætanlegur, enda kemur það fram í nál. að hæstv. fyrrv. félmrh., núv. formaður félmn., hefur séð ástæðu til þess að breyta öllum liðum frv., fella niður suma. Mér skilst að hæstv. núv. félmrh. sé sammála því verklagsfyrirkomulagi, þannig að við höfum hér alveg nýtt frv. þó að í sama anda sé. Fagna ég því vegna þess að ég reyndi eins og ég gat að tæta þetta ómerkilega plagg sem hæstv. félmrh. lagði fram og á fölskum forsendum. Ég segi það enn þá einu sinni, þetta er í annað skipti sem ég kem hér upp og segi: á fölskum forsendum. Ég sýndi fram á að fjárlagafrv. sjálft er falsað plagg. Það er marklaust plagg sem ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, leyfir sér að taka úr höndum Alþingis inn til sín í Stjórnarráðið til að breyta því um 1000 millj. kr. og senda það svo aftur, án þess að það hafi komið fyrir málstofuna, beint til fjvn. Á sama hátt stendur hæstv. félmrh. hér og segir með grátstafinn í kverkunum: Ég er að vinna fyrir 6000 umsækjendur sem bíða eftir afgreiðslu á þessu frv. Annars er voðinn vís

fyrir þetta fólk um land allt.

Svo kemur hv. þm. Kvennalistans og talar fyrir áliti 1. minni hl. félmn. og segir þar sannleikann um að árið 1988 fá 200 manns afgreiðslu af þeim 6000 sem bíða. Allir hinir verða að bíða fram yfir 1988, til ársins 1989, jafnvel 1990 eða lengur. Hvers konar málflutningur er þetta til viðbótar við þá tímapressu sem á Alþingi er með afgreiðslu á þessu frv.? Þetta er alveg furðulegur leikaraskapur. Ég fagna því að hæstv. fyrrv. félmrh. hefur tekist að breyta þessu frv. þó að ég viti að það sé ekki með þeim breytingum sem hann hefði viljað, sem eðlilegt er, en þó í áttina að því sem áður var og e.t.v. eigum við að fagna því.

Við í Borgarafl. höfum lagt mikla vinnu í að koma með brtt. við þetta frv. eða frumvarpsmynd í mikilli tímapressu. Pressan var svo mikil að við höfðum tæplega tíma til að leggja frv. eða brtt. okkar fram. Síðan eru þær svo seint fram komnar að Alþingi getur ráðið því hvort þær verða teknar til greina við afgreiðslu á því frv. sem þeim er ætlað að breyta. Það er hægt að fella þær í nefnd, það er hægt að fella þær hér við afgreiðslu á frv. Ég reikna með því að ekki verði tími til að taka þær fyrir í nefnd nema með sérstökum velvilja þingsins og þm., þannig að þó að þær séu merkar á allan hátt, vegna þess að þær eru byggðar á langri reynslu annarra Norðurlandaþjóða og það hefur kostað okkur tíma og peninga að afla upplýsinga og fara til útlanda til þess að ræða við þá sem stjórna þeim kerfum sem þær eru byggðar á, er ekki víst, meira að segja mjög líklegt að alþm. virði þær að vettugi, líti ekki á þær, og ég harma það. En það getur verið að seinna meir komi einhver vitsmunavera í félmrn. sem telur heppilegt að skoða þær og jafnvel taka þær til greina. Kerfi, hver sem þau eru, verða að geta staðið undir sér sjálf. Annars verða þau baggi á þjóðfélaginu. Húsnæðismálakerfið eins og það er hjá okkur er baggi á þjóðfélaginu. Það hafa allir viðurkennt. En það er nauðsynlegt að hafa eitthvert kerfi til að aðstoða þá sem eru vanmegnugir að hjálpa sér sjálfir.

Í þessum tillögum, þ.e. tillögum Borgarafl., er m.a. möguleiki á því að aðrar Norðurlandaþjóðir geti fjárfest í húsnæðiskerfinu hér, geti lánað hingað. Það kom fram í framsöguræðu þm. Borgarafl. að það væri hugsunin að opna möguleika fyrir það, enda er þetta danska kerfi, sem vitnað var í, þannig opið og búið að ganga svo vel heima fyrir að það hefur áunnið sér svo mikla sjóði að það getur fjárfest í öðrum löndum. Hv. frsm. gat um það. Og til þess að rifja aðeins upp forsögu Alþfl. í húsnæðismálum má benda á Ásvallagötubyggingarnar, svokallaðar samvinnubyggingar, sem voru reistar á þeim tíma sem flm. var að byrja að nota bleyjur og sá sem hér stendur var kominn heldur lengra á legg. Þær voru fjármagnaðar af einum forustumanni Alþfl., með tillögu sem hann bar fram. Eða hvernig verkamannabústaðirnir við Hringbraut voru byggðir á sínum tíma og af hverju þeir voru byggðir og á hvaða hugmyndir lágu þar að baki. Það var líka vitnað til þeirra hér í ræðu frsm.

Við höfum ekki annan vettvang í Borgarafl. en þennan hér til þess að koma okkar málum á framfæri. Ég tók eftir því að fréttamenn frá Stöð 2 voru í dyrunum áðan meðan framsögumenn voru að tala, en þau tæki sem upp voru sett voru ekki notuð þegar borgaraflokksmaðurinn talaði. Þegar 1. flm. till. Borgarafl. tók til máls fóru myndatökumenn í burtu. Líklega voru þeir að bíða eftir ráðherra, en gáfust upp og fóru vegna þess að stjórnarandstaðan hefur leyft sér að tala nokkuð mikið í dag. (**HG:** Ráðherrann vildi ekki tala.) Ráðherrann vildi ekki tala. Það skil ég vel. Hún ætti að hafa vit á því oftar.

Fréttastofur hafa þagað yfir öllum málum, öllum frumvörpum og öllum okkar störfum hér á Alþingi frá því að Borgarafl. kom á þing. Og ekki bara það, heldur vil ég draga athygli hæstv. forseta og þingheims að því að Borgarafl. er ekki það fjáður að hann geti komið sínum málum á framfæri á prenti. Við stöndum núna í málaferlum við fjmrn. vegna þess að á fjárlögum er þingflokkum ætlaður ákveðinn styrkur, blaðastyrkur, til styrktar starfseminni, til að koma sínum málum á framfæri. Við stöndum í málaferlum vegna þess að þingflokkarnir gömlu skiptu með sér öllu því fé sem þingflokkum var ætlað fyrir árið 1987 áður en kosningar fóru fram, þannig að við höfum í engu sömu möguleika og gömlu flokkarnir. Alþýðublaðið er furðulega stórt síðan Alþfl. kom í ríkisstjórn og það er út af fyrir sig spurning, sem ég vildi gjarnan fá svarað, hvernig Alþýðublaðið gat stækkað svona mikið allt í einu. Það eru aðeins blaðamenn frá gömlu flokkunum sem sitja hér, það er Alþýðublaðið, Tíminn og Morgunblaðið, þeir eru allir komnir í stjórnarpúlíu. Að sjálfsögðu vitum við að Þjóðviljinn er blað Alþb. og málgagn, en ekkert þessara svokölluðu frjálsu blaða ræðir um önnur mál en henta stjórnarliðum. Þannig er það í þessu máli að þó að Borgarafl. flytji stórmerkar tillögur í húsnæðismálum sem snerta hvert mannsbarn, unga sem aldna í þjóðfélaginu, hygg ég að verði erfitt fyrir okkur að koma þeim á framfæri þar sem einokun er á allri fréttamennsku frá Alþingi. Því óska ég eftir að forseti sjái til þess að brtt. okkar fái eðlilega og þinglega meðferð en verði ekki vísað, þótt lagalegt sé, á bug við 2. eða 3. umr.

En úr því að ég minnist á blaðastyrk og möguleika flokkanna á að koma málum sínum á framfæri á kostnað Alþingis vil ég að það komi líka fram hér, til að það sé skráð, að Sjálfstfl. hefur fengið blaðastyrk fyrir 1987, allt árið, fyrir 25 þm., 7 fleiri en flokkurinn hefur, því að 18 sjálfstæðismenn sitja á Alþingi. Sjálfstfl. hefur þar með fengið þann hluta af blaðastyrknum sem Borgarafl. bar, en borgaraflokksþingmenn eru 7 samtals. Það hefur verið farið fram á það að Sjálfstfl. skili þessum umframpeningum aftur svo að Borgarafl. geti starfað á eðlilegan hátt, á sama hátt og aðrir þingflokkar, en því hefur verið hafnað. Þess vegna hefur Borgarafl. verið knúinn til málshöfðunar gegn fjmrh.

Það furðulegasta við plaggið sem kemur frá meiri

hl. hv. félmn. og er nál. á þskj. 240 er að þar er talað um hvað þurfi að gera, hvað ætti að gera, hvað væri æskilegt að gera. Sem sagt, það er verið að segja í öðru hverju orði að það sé eiginlega of lítið af öllu því sem kemur frá hæstv. félmrh. og í lok þessa álits síns segir nefndin, og undir það skrifa fimm nefndarmenn, með leyfi forseta:

„Á sérstöku þskj. flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. við allar greinar frv. 4. gr. frv., um breytilega vexti, fellur út þar sem nefndin telur að ríkisstjórnin hafi nægar heimildir til vaxtaákvarðana í 30. gr. laga nr. 54/1986."

Þetta er því nýtt frv. sem við erum að ræða um. Það er ekkert eftir af frv. hæstv. ráðherra sem varð svona næstum því til þess að ráðherra færi úr ríkisstjórninni.

Einnig væri þarft að kanna; raunar er brýnt að þegar verði gerðar ráðstafanir; í þeirri heildarathugun í húsnæðislánakerfinu, sem nefndin telur nauðsynlegt að ráðast í, eru nokkur atriði öðrum fremur sem brýnt er að tekin verði til athugunar. Svona er nál. allt saman og þetta er stuðningur sem ráðherra fær með sínu frv. Þetta er alveg furðulega skemmtilegt plagg. Ég vildi ekki vera ráðherra með stuðningi sem þessum, en ég óska hæstv. fyrrv. félmrh. til hamingju með að geta náð samkomulagi við uppreisnarráðherrann um að allar þessar breytingar skuli samþykktar af hæstv. núv. ráðherra sem gerir það kannski nauðsynlegra fyrir hann en nokkru sinni áður að hlaupa úr ríkisstjórninni því að þetta er ekki sama frv. sem við erum að ræða núna með breytingunum og ráðherra heimtaði að kæmist í gegn fyrir jól, að öðrum kosti færi hún úr ríkisstjórn.

Ég lít svo á að ef frv. verður samþykkt með öllum þessum breytingum, eins og þær liggja fyrir á þskj. 241, sé ráðherra þegar búinn að segja af sér, því það er ekki lengur frv. sem hún setti sem úrslitakost fyrir áframhaldandi setu í ríkisstjórn sem nú er verið að mæla með að verði samþykkt. Ég óska því bæði hæstv. félmrh. gleðilegra jóla og framtíðar — hún kemur til með að hafa nógan tíma til þess að sauma eða prjóna í framtíðinni — og ríkisstjórninni til hamingju með að losna við hana. Svona stendur nú málið í mínum huga.

Ég sé hér í plaggi sem við eigum eflaust öll, þingsköpum Alþingis, í 20. gr. um 1. umr. frumvarpa: „Við 1. umr. skal ræða frv. í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til 2. umr. og nefndar."

Í 21. gr. segir: „2. umr. fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir 1. umr. og skal þá ræða greinar frv. hverja fyrir sig og brtt. við þær. Síðan skal greiða atkvæði um hverja grein og brtt. við hana, ef fram hefur komið, og loks um það hvort frv. eigi að ganga til 3. umr." Ég get því vel skilið það að stjórnarliðar reyni að koma í veg fyrir að sú tillaga verði samþykkt sem flm. okkar brtt. gerði um að okkar brtt. yrði vísað til nefndar og nefndin skoðaði þær í samræmi við aðrar brtt. sem komið hafa fram frá nefndinni sjálfri og félmrh. virðist sætta sig við. Ef svo fer sem ég óttast fer þessi mikla vinna sem hér hefur verið lögð fram sem brtt. af hálfu Borgarafl. til einskis, a.m.k. í augnablikinu, og eru það bara bein kostnaðarútlát fyrir þá þm. sem standa að þeim kostnaði. Ég harma það að hann skuli ekki fá málefnalega umfjöllun vegna þess að frv. sem er lagt fram á fölskum forsendum, í falskri pressu, í tilbúinni tímaþröng, sem skiptir engu máli fyrir þá sem bíða eftir afgreiðslu hjá húsnæðismálastjórn samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið frá 1. minni hl. félmn., hv. 12. þm. Reykv. Og vegna hótana við Alþingi sjálft frá hæstv. félmrh. er ekki hægt að afgreiða málefnalega það frv. sem hún sjálf hefur lagt fram og flokkunum eins og Borgaraflokknum í þessu tilfelli ekki kleift að gera þær málefnalegu brtt. og tala fyrir þeim og vinna að þeim eins og lög gera ráð fyrir að þm. starfi.

Ég hefði frekar orðað það öðruvísi en hv. 2. þm. Austurl. gerði þegar hann talaði um verkfall hæstv. félmrh. og var að mér fannst að harma það. Ég hefði frekar orðað það þannig að það hefði farið betur hefði félmrh. farið í verkfall áður en hún gerði frv. og það hefði a.m.k. farið betur fyrir landsmönnum öllum ef fleiri ráðherrar og sérstaklega ráðherrar skattamála hefðu farið í verkfall áður en þeir fóru að vinna að þeim ósköpum sem nú eru í vændum, ef það er rétt að þær breytingar sem hann gerir á skattamálum kosti 8–9 milljarða viðbótarskatta á þjóðina í heild.

Í framsöguræðu hv. 5. þm. Vesturl. og í framsöguræðu hv. 6. þm. Suðurl., þar sem hann mælti fyrir nál. 2. minni hl., var rætt um nauðsyn þess að fella niður sem allra fyrst lánskjaravísitöluna og vil ég taka undir það. Ég hef áður sagt úr þessum ræðustól, ég hef áður sagt það í ríkisstjórn og fengið undirtektir fyrrv. hæstv. félmrh. og ég hef líka fengið undirtektir hæstv. núv. landbrh. að á meðan fólk, sem þarf að taka lán til að byggja þak yfir höfuðið í okkar harðbýla landi, getur ekki breytt þeim verðmætum sem í því sjálfu búa í sömu verðmæti og eru í því fé sem það þarf að taka að láni, þá er ekki vit í þessu þjóðfélagi okkar. Síðan launavísitala var tekin úr sambandi stendur enginn undir því að greiða húsaleigu né heldur að eignast eigin íbúð. Með þessum tillögum öllum saman, hvernig sem þær líta út, erum við að lokka, enn þá á fölskum forsendum að lokka unga fólkið til að taka lán sem það getur aldrei staðið undir. Ef krónan sem unga fólkið fær að láni frá Húsnæðisstofnun er kannski 130–150 kr. í endurgreiðslu, á meðan verðmætin í manninum sjálfum, sem hann á eftir að breyta í peninga, eru bara krónunnar virði, þá getur hann aldrei staðið í skilum. Það þýðir nákvæmlega það sem ég hef áður lesið upp hér af greiðsluseðli frá húsnæðismálastjórn. Viðkomandi fékk 80 þús. kr. að láni frá húsnæðismálastjórn þann 22. sept. 1980 og hafði í fimm ár, til 1. maí 1985, staðið í skilum bæði með afborganir og vexti alla tíð, en skuldaði ekki 80 þús. kr. 1. maí 1985 heldur 539 þús. 341 kr. og 50 aura. Þetta er niðurstaðan af viðskiptum þessa

einstaklings sem er ekkert einsdæmi á tímabilinu 1980–1985. Meðan þetta viðgengst er það synd og skömm og blettur á öllum stjórnmálaflokkunum að tæla unga fólkið til að taka húsnæðislán eins og um það er búið. Þess vegna þarf að fella niður lánskjaravísitöluna eða taka upp launavísitölu á ný þannig að þar sé jöfnuður á milli. Þetta er blettur á okkar þjóðfélagi og ég vil lýsa því hér með að innan stutts tíma mun verða tilbúin brtt. frá minni hálfu um að fella þetta óréttlæti niður úr lögum þannig að lánskjaravísitalan verði tekin úr sambandi.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að halda stutta ræðu. Ég ætla að halda langa ræðu. Ég er rétt að byrja. En mig vantar nokkrar bækur sem ég þarf til að hafa ræðuna miklu lengri nema ráðherra eða talsmaður félmn. gefi mér tilefni til að tala ekki. En ég sé ekki ástæðu til þess fyrir minni hl. almennt að halda miklu lengri ræður á þessu stigi vegna þess að eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. hefur ekkert heyrst í formanni félmn. Til hans hefur verið beint spurningum ... (**Forseti:** Ég vil upplýsa ræðumann um að formaður félmn. og félmrh. eru á mælendaskrá á eftir ræðumanni sem nú hefur orðið.) Hæstv. forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. Það hefði verið nýtt fyrir ef þessir tveir ágætu þm., hæstv. ráðherra og formaður nefndarinnar, væru ekki á mælendaskrá. Þá hefði verið tilefni til að spyrja um hvers vegna þeir ekki tali. En það er þeirra skylda að svara því sem til þeirra hefur verið beint í spurningum svo að ég fagna því að þeir skuli vera komnir á mælendaskrá. Ég held að ég stytti þá mál mitt að þessu sinni, en ég óska eftir því að það verði kvöld- og næturfundur ef með þarf um þetta mál.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið vegna orða síðasta ræðumanns að það hefur verið rætt um að ljúka þessu máli í dag og gefa hv. þm. góðan tíma til umræðu um það þannig að ef þess þarf verður haldinn kvöldfundur í þessari hv. deild. En mælendaskrá er ekki löng í þessu máli þannig að það er ekki séð, ef ræðulengd er með venjulegum hætti, að þurfi kvöldfund. En ef raðast á mælendaskrá og sýnt er að umræðum ljúki ekki fyrir kvöldmat verður haldinn kvöldfundur, en eins og er er ekki sýnt að þess þurfi.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég met mikils ef hægt væri að klára þessar umræður í kvöld eða jafnvel fyrir kvöldmat, en það fer eftir því hvort mark er tekið á tillögum sem Borgarafl. hefur lagt mikla vinnu og peninga í að gera við frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í mikilli tímapressu. Ef tillögur okkar eru ekki ræddar tökum við þær á dagskrá og ræðum þær þangað til þær eru útræddar því að þær eru brtt. við það frv. sem liggur fyrir.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið að brtt. við frv. eru að sjálfsögðu til umræðu og hafa verið það síðan þessi fundur hófst og er það með venjulegum hætti um slíkar tillögur.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það hefur verið kvartað undan því hér að þegar mælt var fyrir nál. meiri hl. félmn. hefði verið frekar lítið rætt um efni frv. Ég vil segja að að sjálfsögðu var það með ráðum gert. Það er búið að ræða mikið þessi mál og frv., bæði í fjölmiðlum og hér á hv. Alþingi. Þær breytingar sem þar eru eru ekki svo viðamiklar að allir hv. þm. þurfi í raun og veru miklar umræður í þingdeild til að átta sig á hvað þar er á ferð.

Ég vil bæta því við að að sjálfsögðu hefði ekki þurft að skapa svo miklar umræður og óróa utan um þetta sérstaka mál ef hæstv. ríkisstjórn og þá sérstaklega hæstv. félmrh. hefði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, sem leggja til fjármagnið, um breytingar á lögunum sem þeir gætu fallist á við þessar aðstæður. Þá hefði verið líka meira tóm til að beita kröftum á hv. Alþingi í vetur til að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild, sem kemur fram í nál. meiri hl. félmn., og ekki þá síst að taka til sérstakrar meðferðar félagslega kerfið sem allir flokkar og allir hv. alþm. eru sammála um að þurfi vissulega að hafa forgang við þær aðstæður sem eru í okkar þjóðfélagi því ljóst er að það almenna kerfi sem byggt var upp, og ég er einn af þeim sem telja að svo hafi verið, er merkilegt framtak hjá aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórn á þeim tíma og það hækkaði lánshlutfallið, svo að ég svari hv. 2. þm. Austurl., í almennum lánum, þegar þessi lög voru sett, úr tæpum 30% í tæp 70% og lán voru lengd í allt að 40 ár.

Mér finnst ástæða til að verða við þeim tilmælum sem hér hafa komið fram um að svara nokkrum spurningum sem talið er að nefndin hafi vanrækt að útskýra. Sem betur fer er hæstv. félmrh. hér til staðar og ég ætlast til þess, og veit raunar að svo hlýtur að verða, að hæstv. félmrh. svari efnisatriðum í sambandi við tilgang og það markmið sem frv. á þskj. 47 átti að svara og átti að leysa í sambandi við þessi mál. Ég sé því ekki ástæðu til að eyða tíma í að fara efnislega yfir það frv. eða þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 241.

2. gr. brtt. er hér gagnrýnd, eins og hv. 12. þm. Reykv. og raunar fleiri ræðumenn hafa gert, að það skyldi fallið frá þeim megintilgangi gildandi laga að þeir sem sækja um lán í þetta nýja kerfi fengju bindandi svar þannig að þeir gætu verið öruggir með þá lánafyrirgreiðslu sem þeir eiga að fá og sem er í gildandi lögum tiltekin upphæð sem breytist í samræmi við verðlagsvísitölu. Þetta var talið ákaflega mikilvægt í þessum lögum. Stór hluti af þeim tíma, það er óhætt að upplýsa það hér, sem félmn. eyddi í þetta mál miðað við allar þær umsagnir sem um málið bárust frá aðilum vinnumarkaðarins og ýmsum fleirum, fór einmitt í það atriði á hvern hátt væri hægt að leysa þetta til að fullnægja þeirri lánatryggingu sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu mikla

áherslu á að félagar í lífeyrissjóðum gætu verið sáttir við.

Ég leyni því ekki að miðað við þá þróun sem er í þessum málum, þ.e. þann gífurlega mikla umsóknafjölda sem hefur borist Húsnæðisstofnun í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins, er þetta vissulega áhyggjuefni og varð til þess að það þurfti að gera einhverjar breytingar til að draga úr þeirri spennu sem myndaðist þegar um 6000 aðilar bíða eftir svörum og byggja á lögum sem gera ráð fyrir að þeir fái bindandi svar sem þeir geti nýtt sér.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að fara að óskum ríkisstjórnarinnar í þessu máli, þ.e. niðurstaða meiri hl. félmn., og í staðinn fyrir bindandi svar að gefa þá það svar, sem er á þskj. 241, að innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fái þeir svar um hvort þeir eigi rétt á láni eða ekki, en þá er það auðvitað synjun. Það er tekið fram í þessri grein að í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir sem umsækjandi er félagi í hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Síðan komi að endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu. Hvort þetta losar um spennu er ekki hægt að fullyrða, en hins vegar mun þetta skýra a.m.k. afgreiðslu eða skort á afgreiðslu á lánum í stofnuninni þannig að það verði hægt að fara að skrifa út lánsloforðin sem liggja í stofnuninni.

Ég vil segja í sambandi við þetta mál að ég held að það sé rétt að upplýsa það, svo að menn rugli því ekki saman, að búið er að afgreiða rúmlega 6000 umsóknir. Það er búið að gefa út bindandi lánsloforð dagsett út allt þetta ár og út allt næsta ár og til upphafs næsta árs, þ.e. 1989, þannig að allir þeir sem eru með svör í höndunum eru með lánsloforð sem er peningur fyrir þá, öryggi fyrir því að þeir geti hafið framkvæmdir sem sjálfsagt margir hafa gert. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því í þessu sambandi að það sem við erum að tala um eru samningar við lífeyrissjóði um að koma með fjármagn fyrir árið 1989 og árið 1990. Þessu er nauðsynlegt að menn átti sig á. Við erum hér að tala um að gefa út lánsloforð fyrir árin 1989 og 1990 og það eru samningar við lífeyrissjóði sem voru gerðir á sl. hausti sem eiga að tryggja það fjármagn. Það sem þarf að gæta að í sambandi við svona viðkvæmt mál, sem byggist á samningum aðila vinnumarkaðarins við lífeyrissjóðina, er að við gerum ekki neinar breytingar á lögunum sem geta orsakað það að viðkomandi lífeyrissjóður, sem er stjórnað af aðilum vinnumarkaðarins, kippi að sér hendinni og standi ekki við þá samninga sem heildarsamtökin gerðu við ríkisstjórn á sl. hausti. Þetta er hættuatriði í þessu og þess vegna kemur fram í nál. meiri hl. félmn. að við höfum áhyggjur af þessari þróun. Þá get ég svarað um leið þeirri fyrirspurn sem hingað var beint um skort á upplýsingum um stöðu þessara mála í dag.

Ég hef hér bréf frá Húsnæðisstofnun frá því um síðustu mánaðamót og þar kemur í ljós að af lífeyrissjóðum landsins sem undirrita samninga um skuldabréfakaup fyrir árin 1989 og 1990 voru aðeins sextán lífeyrissjóðir búnir að undirrita skuldbindingar fyrir árið 1989 og árið 1990. En aðeins sex eingöngu fyrir árið 1989. Nú kann eitthvað að hafa bæst við á þessum tíma, þ.e. frá síðustu mánaðamótum, a.m.k. vona ég það, en ég hef ekki í höndunum nákvæmar upplýsingar um það. Það sem við erum að tala um er að þetta kerfi byggir á þessu fjármagni. Nær einvörðungu. Það vita hv. þm. sem þekkja þetta mál alveg inn og út eins og eðlilegt er.

Það væri kannski eðlilegt að upplýsa það í leiðinni að miðað við þann heildarumsóknafjölda sem lá fyrir 1. des. sl., þá hafa sótt um lán hjá stofnuninni frá 1. sept. 1986 til 1. des. 1987 11 756 aðilar. Af þeim hefur 581 verið synjað en fjöldi útgefinna lána sem eru fullgild og dagsett hvenær verða greidd, sem er alveg 100% öryggt eða hefur verið til þessa, er 5942. Fjárhæðin á þessu ári er 3,5 milljarðar kr. í þessi lán. Fjárhæðin á næsta ári er 5 milljarðar 35 milljónir og fjárhæðin 1989, þ.e. síðari hluti þessara lána, er 484 millj. kr. eða samtals um 9 milljarðar sem er búið að skuldbinda sjóðina við miðað við þá samninga sem lífeyrissjóðirnir allir hafa skuldbundið sig til og skrifað undir. Ég held að það sé nauðsynlegt að undirstrika þetta hér svo menn séu ekki alltaf að rugla því saman að við erum einvörðungu að tala um leiðréttingar eða lagfæringar á húsnæðislánakerfinu sem við búum við til þess að búa í haginn fyrir þá sem eiga að fá bindandi lánsloforð fyrir árið 1989 og 1990.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., gerði mikið mál út af orðalagi á þessu nál. og ég ætla ekkert að fara að ræða það. En ég vil aðeins segja við hann í sambandi við það ákvæði sem hann sérstaklega vildi leggja áherslu á og var í sambandi við útgáfu reglugerða að auðvitað er það alveg hárrétt að við öll svona lög, ekki síst lög sem er kannski hægt að misskilja eða mistúlka, eiga reglugerðir að fylgja með viðkomandi frv. í meðferð þeirra nefnda sem um þau eiga að fjalla, þannig að hægt sé að gera sér fulla grein fyrir því hvernig stjórnvöld á hverjum tíma, þegar um stjfrv. er að ræða, hugsa sér að framkvæmdin fari fram. Ég verð að viðurkenna það hér og nú að það er galli á þessari afgreiðslu að slíkt skuli ekki vera fyrir hendi. En því miður tókst nefndinni ekki að fá fram nægjanlegar upplýsingar um það hvernig ríkisstjórn eða hæstv. félmrh. hyggst framfylgja þessu atriði. Þetta náðist ekki fram. Þess vegna þótti okkur nefndarmönnum ástæða til að setja í nál. þessa setningu, sem verið var að hártoga orðalagið á, þ.e.:

„Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á að reglugerðir um framkvæmd þessarar lagabreytingar verði gefnar út jafnskjótt og auðið er" — það er kannski heldur vægt, það má vel vera — „eftir að lög þessi hafa verið samþykkt."

Ég tel að þetta sé undirstrikun á því sem hér hefur verið nefnt. Og ég tek undir það með hv. þm. að

þetta er eitt af þeim atriðum sem Alþingi þarf í raun og veru að ganga miklu harðar eftir í sambandi við hin ýmsu lög, mikilvægu lög, sem Alþingi samþykkir, að vitað sé hvernig stjórnvöld í hverju tilfelli hugsa sér að framfylgja þessum lögum. Ég get bætt því við að þegar núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins voru samþykkt þá var nefndinni, sem samdi það frv. undir forustu hagsýslustjóra, jafnhliða falið ásamt fulltrúum Húsnæðisstofnunar og félmrn. að ganga frá reglugerðinni í beinu samræmi við það sem lögin gáfu tilefni til. Það var gert og það hefur enginn gagnrýnt þá reglugerð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta mál. Ég vísa rökstuðningi og því sem er reiknað með að ná fram með þessari lagasetningu sem hér er á ferð til hæstv. félmrh. og efast ekkert um að hæstv. ráðherra muni greina frá því. Það er rétt að nefndin taldi ástæðu til að gera brtt. við allar greinar frv. Það var af því að það voru ýmsir efnis- og áhersluþættir sem nefndin taldi ástæðu til að gera á þennan veg þar sem augljósir ágallar voru á frv. hæstv. ráðherra.

Í sambandi við vextina, af því að það hefur verið spurt um þá, þá vil ég segja að það var strax vitað að aðilar vinnumarkaðarins voru tortryggnir á þessa grein frv. og voru eindregið andvígir því að þetta ákvæði væri í frv. Og eins og kom fram við 1. umr. málsins hér á hv. Alþingi þá lýsti hæstv. félmrh. því yfir að til greina kæmi að taka þetta ákvæði til endurskoðunar. Niðurstaðan varð sú að nefndin ákvað að fella þetta niður og vísar þar í 30. gr. núgildandi laga, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans" o.s.frv. eins og þar stendur. Þannig að þetta er í gildandi lögum og engin sérstök ástæða til að fara að hnýta þessa breytingu saman við þessar lagfæringar sem verið er að gera á núgildandi lögum.

Ég vil undirstrika það sem kemur fram í nál. meiri hl. félmn. að það er sammála álit að ekki sé verið að gera grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfi því sem komið var á vorið 1986 í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Það er ekki verið að gera með þessum breytingum. Það sem við leggjum áherslu á er að hafist verði handa um að endurskoða húsnæðislánakerfið miðað við þær aðstæður sem hér hafa komið fram í þeirri gagnrýni sem hefur verið á þetta kerfi, og ýmsar ábendingar skynsamlegar sem hafa komið fram um þetta mál í þjóðfélaginu í öllum umræðunum, sem sjálfsagt er að skoða.

Og þá kem ég að því að svara aðeins vini mínum Albert Guðmundssyni, hv. 5. þm. Reykv., og þeim þm. Borgarafl. sem hafa lagt fram viðamikið frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég hélt nú satt að segja að það hefði verið miklu skynsamlegri aðferð að taka þetta frv. til meðferðar hér á hv. Alþingi sem sjálfstætt frv. og ræða það í botn með kostum þess og göllum, en ekki vera að blanda því saman sem brtt. við þetta litla frv. hér sem er aðeins lagfæring á kerfinu.

Í þessum önnum sem hér eru nú er óskynsamlegt finnst mér að fara að kryfja það til mergjar, sem þó er sjálfsagður hlutur því þetta er merkilegt frv. í alla staði. Það er margt í því sem ég gæti vel fallist á að láta skoða vel og vandlega því að ég hef sjálfur verið með þá hugmynd lengi að við ættum að skoða hugmyndina um húsnæðisbanka og allt það fjármagn sem lífeyrissjóðakerfið á Íslandi er með í dag og kemur til með að margfaldast á næstu árum. Það hefði sannarlega verið ástæða til að skoða það hvort ekki væri hægt að búa til öflugan húsnæðisbanka út úr öllu saman. En það er bara seinnitímamál sem sjálfsagt er að skoða nánar við umfjöllun um svona stórt mál.

Ég vil svo aðeins svara hv. 5. þm. Reykv. að lokum. Auðvitað erum við sammála við hv. 5. þm. Reykv., og höfum verið það lengi, um að sú lánskjaravísitala sem við búum við væri meingölluð. Það er eðli hennar, hvernig sem menn tala um hana, að hún mælir alltaf á undan öllu öðru þær breytingar sem eru í efnahagskerfi þjóðarinnar. Það virðist vera óskráð lögmál. Ég ætla ekki að ræða um hana að öðru leyti en ég vil bara benda á að það hlýtur að vera eitthvað skrýtið við þetta kerfi hjá okkur að ef tóbak og brennivín hækkar eða kaffi hækkar frá Brasilíu þá skuli lánskjaravísitala þjóta upp og koma í hausinn á saklausum lántakendum hér, saklausu fólki sem býr við það að þurfa að greiða lán eftir svona breytingar. Þetta er augljóst mál og við höfum rætt þetta áður bæði í fyrrv. ríkisstjórn og síðar. Ég tek heils hugar undir það að við skulum sameinast um það að vita hvort ekki eru komin tímamót um það að taka þetta mál til rækilegrar skoðunar.

Mín skoðun er sú að ég tel að hv. þm. Borgarafl. ættu að draga þessa brtt. sína til baka en ræða hana sem sjálfstætt frv. hér á þinginu. Þá gæti hún haft bein áhrif á þá heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu sem flestir eru sammála um að þurfi að gera þó að menn hafi mismunandi áherslur fram að færa um það hvað eigi að leggja áherslu á en allir eru sammála um félagslega kerfið.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv. sé hér komið til 2. umr. og væntanlega til afgreiðslu í hv. deild. Ef draga má ályktun af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og þeim brtt. sem liggja fyrir við þetta frv., þá tel ég að niðurstaðan sé sú að ef vilji er fyrir hendi þá sé hægt að líta svo á að það sé bærileg samstaða um það frv. sem hér liggur fyrir með þeim brtt. sem lagðar eru til. Ég tel einnig að það megi draga þá ályktun af þessari umræðu að allir, sem hér hafa stigið í ræðustól, telji að það þurfi að koma til heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu. Það er vissulega í samræmi við það sem ég hef haldið fram að það þurfi að koma til heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu. Það frv. sem hér liggur fyrir og

lagt var fyrir þingið í októbermánuði var til þess að skapa svigrúm til þess að fara í þá heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu sem allir hafa haldið fram að þurfi að koma til.

Borgarafl., sem hér hefur lagt fram ítarlegar tillögur í húsnæðismálum, tekur í raun einnig undir það að það þurfi að skapa svigrúm með brtt. til þess að fara yfir í nýtt kerfi vegna þess að í þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá Borgarafl. er einmitt ákvæði til bráðabirgða sem á að gilda fyrst um sinn. En þar er tekið upp það frv. sem lagt var fyrir Alþingi í októbermánuði og gerðar á því mjög litlar breytingar utan þess að fellt er niður ákvæðið í 4. gr., þ.e. vaxtaákvæðið.

Því verður að líta svo á að allir flokkar séu sammála um að það þurfi að skapa svigrúm til þess að fara yfir í nýtt húsnæðiskerfi og að það sé samstaða um að með þeim tillögum sem hér liggja fyrir þá geti það svigrúm verið fengið. Raunar eru í tillögum Borgarafl., sem hér liggja fyrir, í ákvæði til bráðabirgða, þó að hv. þm. Albert Guðmundsson hafi kosið að kalla það frv. ómerkilegt plagg, gerðar sáralitlar breytingar á því frv. sem ég lagði fram og reyndar minni breytingar en hv. félmn. hefur lagt til.

Þær brtt., sem meiri hl. hv. félmn. hefur lagt til við þetta frv., breyta í engu meginmarkmiði og tilgangi frv. og tel ég að þær breytingar sem liggja fyrir frá meiri hlutanum raski því ekki meginmarkmiðum frv. sem að var stefnt. Verði frv. að lögum með þeim brtt. sem þar eru lagðar fram þá get ég vel fallist á þær og er sátt við þá niðurstöðu sem mundi fást í málinu ef það yrði að lögum með þeim hætti.

Ég vil leitast við að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu.

Það er í fyrsta lagi að nokkuð hefur verið talað um að það vanti að með þessu frv. séu lögð fram á hv. Alþingi reglugerð sem kveður á um útfærslu á einstökum greinum frv. Ég vil svara því til, og það þekkja auðvitað hv. þm., að það er algengt og kannski algengara en ella að kveðið er á um í lögum sem hér eru afgreidd frá Alþingi að það skuli setja reglugerðarákvæði til útfærslu á einstökum ákvæðum laga sem fara frá hv. Alþingi. Þetta er því mjög algengt, að ekki sé lagt fyrir ákvæði í reglugerð sem fylgja lögunum.

Ég minnist þess t.d. ekki að fyrir hv. Alþingi hafi legið drög að reglugerð með þeim stóra lagabálki sem samþykktur var hér á síðasta ári sem innihélt þó gjörbreytingu á húsnæðiskerfinu, ég minnist þess ekki að lögð hafi verið fyrir Alþingi drög að reglugerð þar að lútandi. Erum við þó að fjalla um miklu minni breytingar en þar voru lagðar til.

Einnig vil ég rifja upp að á árinu 1980 var einmitt lagt til svipað ákvæði og er í 1. gr. þessa frv., þ.e. heimild til húsnæðismálastjórnar til þess að skerða eða synja um lánveitingu. Það var mjög opið ákvæði. Þar var ekki lagt fram neitt reglugerðarákvæði fyrir þingið, né minnist ég þess að það hafi komið fram krafa um að slíkt reglugerðarákvæði yrði lagt fyrir þingið.

Ég vil líka rifja upp að í núgildandi lögum var það húsnæðismálastjórn sem setti sér reglur. Þá var ekki sett um það reglugerð heldur setti húsnæðismálastjórn sér reglur um hvernig skyldi háttað ákvæðum varðandi láglaunahópana eða þá sem ekki geta fallið undir ákvæði núgildandi laga vegna þess að þeir standa ekki fjárhagslega undir greiðslubyrði lána. Þar var þó um að ræða mat Húsnæðisstofnunar að því er varðar tekju- og eignastöðu viðkomandi, reglur settar af húsnæðismálastjórn. Því segi ég þetta að hér er ekki að því er þetta frv. varðar um neina undantekningu að ræða að ekki skuli vera lögð fyrir þingið drög að reglugerð.

Verði þetta frv. að lögum mun ég vissulega flýta því mjög að reglugerðarákvæði verði sett og til þess mun ég fá hina færustu menn sem þekkja best til. Hef ég þá einkum í huga starfsmenn Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem unnið hafa með þetta kerfi sem við höfum búið við á annað ár og þekkja gjörla þau vandkvæði sem upp hafa komið og þá galla sem eru á núverandi kerfi. Því mun ég leggja mitt af mörkum til að því verði flýtt eins og kostur er að sett verði reglugerðarákvæði verði þetta frv. að lögum.

Ég vil fara nokkrum orðum um þá brtt. sem kom fram frá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni og snertir 2. gr. frv. og um hefur verið spurt. Ég held að það sé alveg ljóst að 2. gr. frv. er einna mikilvægust í því frv. sem við fjöllum um nú. Kæmi ekki til slíkt ákvæði eins og nú er í 2. gr. frv. og opnað yrði fyrir húsnæðiskerfið á nýjan leik með óbreyttum ákvæðum, þá er ljóst að því fjármagni sem samið var um við lífeyrissjóðina, 20 milljörðum, mundi verða ráðstafað á örskömmum tíma, kannski fjórum til fimm mánuðum og við mundum á nýjan leik standa frammi fyrir lokuðu húsnæðiskerfi.

Í nýju húsnæðislögunum er kveðið á um að viðkomandi eigi að fá svar, bindandi lánsloforð innan tveggja mánaða frá því að umsókn er lögð fram. Það sem á milli ber í tillögum meiri hl. og tillögum minni hl. er fyrst og fremst það að meiri hl. leggur til að umsækjendur fái að vita hvort þeir eigi rétt á láni, og það er í samræmi við ákvæði frv. eins og ég lagði það fram hér á þinginu, en tillögur minni hl. ganga út á það að þeir einir skuli fá svör sem synjað er um lán. Um þetta eru vissulega skiptar skoðanir en ég tel að það sé of langt gengið miðað við þá löggjöf sem við höfum búið við að viðkomandi fái einungis svar þegar um synjun er að ræða. Margir hafa einmitt haldið því fram að ef slíkt yrði gert, þ.e. að þeir einir fengju svar sem ekki fengju lán, mundi það kalla á mikið álag á Húsnæðisstofnun vegna þess að allir mundu reyna að koma sér í samband við stofnunina með hringingum eða öðrum hætti til þess að fá það staðfest að þeir ættu örugglega rétt í húsnæðiskerfinu. Það er kannski meginástæðan fyrir því að þessi frvgr., 2. gr., er þannig úr garði gerð eins og hér er lagt til og eins og meiri hl. leggur til að það verði áfram.

Ég hef ekki kynnt mér það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði um, hvort það kallaði á fleiri

starfsmenn ef nú ætti að gefa öllum svar um það hvort þeir fengju rétt í húsnæðiskerfinu. Það má vel vera að það gæti tímabundið kallað á fleiri starfsmenn, og kannski ekki óeðlilegt þegar húsnæðiskerfið hefur verið lokað í langan tíma og umsóknum hefur ekki verið svarað, að það verði mikið álag til að byrja með á húsnæðiskerfið. En ég vil einnig segja það að við gætum líka staðið frammi fyrir því að það væri álag á húsnæðiskerfið ef þeir einir ættu nú að fá svör sem er synjað um lán því að fólk vill fá að vita hvort það eigi rétt á láni. Ég tel ekki að við þurfum að óttast það svo mjög að ef fólk fær að vita um sinn rétt — þar sem einungis kemur fram að viðkomandi eigi rétt á láni, en þar sem ekki kemur fram lánsfjárhæð, hvaða upphæð viðkomandi fær eða hvenær úthlutunin nákvæmlega fer fram — að slíkir pappírar gætu gefið tilefni til sölu á lánsloforðum eða fara út á hinn gráa markað eins og einhver nefndi hér áðan.

Spurt var um greiðsluerfiðleikahópana, hvaða úrlausna þeir mættu vænta. Ég svara því til að hér er vissulega um vandamál að ræða sem er áhyggjuefni, en lagt er til í frv. til fjárlaga, sem væntanlega verður samþykkt á Alþingi, að varið verði 300 millj. kr. til greiðsluerfiðleikahópanna á næsta ári. Ég vil einnig upplýsa það að ég hef ásamt hæstv. viðskrh. staðið í viðræðum við fulltrúa lánastofnana til þess að kanna grundvöll fyrir því að koma enn frekar til móts við greiðsluerfiðleikahópana heldur en lagt er til í frv. til fjárlaga með þeim 300 millj. sem þar eru til ráðstöfunar.

Hér var spurt um félagslega kerfið, hvort vænta mætti endurskoðunar á því. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi spurningu til mín þar að lútandi, og einnig um kaupleiguíbúðir. Ég get upplýst það að frv. til laga um kaupleiguíbúðir er nú til umfjöllunar hjá stjórnarflokkunum og að því er varðar endurskoðun á félagslega kerfinu, þá eru ákvæði um það í stjórnarsáttmálanum að fram skuli fara endurskoðun á félagslega kerfinu, bæði uppbyggingu og fjármögnun þess, og ég mun fljótlega skipa nefnd sem fær það verkefni.

Að því er varðar vaxtamálin sem um var spurt, þá hefur engin ákvörðun verið tekin um það í ríkisstjórninni hvernig með það verður farið. Ég tel að það eigi að vera hluti af þeirri heildarendurskoðun sem fram þarf að fara fljótlega á húsnæðiskerfinu hvernig með vaxtamálin verður farið.

Að því er varðar fsp. hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna, þá er það rétt, eins og reyndar kom fram hjá hv. formanni félmn., að tiltölulega fáir sjóðir hafa enn keypt skuldabréf af Húsnæðisstofnun. En ég vænti þess að verði þetta frv. að lögum þá muni verða þar breyting á. Ég tel að ástæða þess að lífeyrissjóðirnir hafa haldið að sér höndum í skuldabréfakaupum sé fyrst og fremst sú að þeir hafi viljað sjá hvaða niðurstaða yrði í afgreiðslu þess frv. sem hér liggur fyrir hv. Alþingi.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði mikið um það hvernig þetta frv. mundi draga úr þenslu. Ég tel mig hafa svarað því að hluta til vegna þess að það er alveg ljóst, eins og ég sagði hér áðan, að ef við að óbreyttu hefðum opnað fyrir húsnæðiskerfið þá hefði verið gefið bindandi lánsloforð til þeirra 6000 umsækjenda sem bíða nú eftir afgreiðslu lána. Þeir hefðu fengið bindandi lánsloforð um fjárhæð og hvenær láni yrði úthlutað og það eru einmitt þeir pappírar sem gengið hafa á fjárfestingarmarkaðnum. Ef fjármagn, sem kannski á að koma til úthlutunar seinni hluta árs 1988 eða 1989, hefði í miklum mæli farið nú út á fasteignamarkaðinn, þá má telja næsta víst að það hefði getað valdið verðhækkunum enn frekar en orðið er á íbúðarverði. En með því ákvæði sem nú er í frv. erum við í fyrsta lagi að koma í veg fyrir þessa þenslu sem ég talaði um og verðhækkanir og í annan stað, sem er kannski mjög mikilvægt, að skapa okkur svigrúm til þess að fara yfir í nýtt húsnæðislánakerfi. Því að ef við að öllu óbreyttu hefðum hleypt öllum þessum lánsumsóknum áfram miðað við óbreytt ákvæði frv., þá hefðum við væntanlega á næstu fjórum til fimm mánuðum bundið húsnæðislánakerfið allt til ársins 1991 og það hefði að mínu viti tafið þær breytingar á húsnæðislöggjöfinni sem allir eru sammála um að þurfi að gera.

Ég tel, herra forseti, að ég hafi svarað flestum þeim fsp. sem til mín var beint í þessari umræðu. Ég treysti því miðað við þá umræðu sem hér hefur orðið að tekist geti samstaða um það að afgreiða þetta mál hér í hv. deild og að það geti orðið að lögum fyrir jólaleyfi þm. Það er brýnt til þess að létta af þeirri óvissu sem verið hefur í allt of langan tíma í húsnæðiskerfinu.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að jafnvel lánsloforð einu ári áður en lánið verður greitt út getur leitt til þess að fólk fari út á hinn svokallaða gráa markað sem talað hefur verið um hér með þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér. Það þyrfti því sjálfsagt að setja einhver lög yfir þetta og reyna að koma strax í veg fyrir það að hægt sé að versla með þessi lánsloforð með þeim miklu afföllum sem virðast vera á þeim úti á þessum svokallaða gráa markaði. Ég veit allt of lítið um þennan gráa markað, en það eru aðrir sem virðast vera betur að sér í því hvernig meðferð þessara lánsloforða hefur farið fram þannig að ég vonast til þess að þeir sem um þessi mál fjalla taki þetta til athugunar vegna þess að það getur náttúrlega alls ekki gengið — það er talað um 30–40% vexti af þessum lánum sem fólk tekur út á þessi loforð.

En ég ítreka enn að ég tel þó að það sé viss hætta á því að fólk geti farið með þessi lánsloforð, þessi bráðabirgðaloforð, út á lánamarkaðinn og selt þau með jafnvel enn þá meiri afföllum en hin, því að þau eru náttúrlega enn þá minna virði þar sem ekkert stendur í þeim um það hvenær lánin koma til útborg-

unar og ekki hversu há þau eru þó að hver og einn geti svona nokkurn veginn giskað á það, hver og einn geti svona nokkurn veginn fundið það út hvað hann á að fá hátt lán. Ég vara því enn og aftur við því að gefa út þessi bráðabirgðaloforð.

Vegna þess sem hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson sagði þá skildist mér á honum að hann hefði túlkað mín orð svo að ég teldi að þetta frv. skipti engu máli. Það er ekki rétt. Ég tel að það séu nauðsynlegar breytingar sem hér er verið að gera. En ég var aðeins að tala um að þessir 6000 sem bíða fá ekki neina úrlausn núna á morgun eða strax eftir áramótin, heldur erum við að tala um þá sem fá lán í lok ársins 1988 sem eru um 200 manns eða rúmlega það, það er ekki svo gott að vita nákvæmlega, og svo hinir árið 1989 og síðar eins og fram hefur komið áður.

Ég gat ekki skilið orð hv. 1. þm. Vesturl. Alexanders Stefánssonar öðruvísi en svo að það væri að ósk ríkisstjórnarinnar að gefa út þetta bráðabirgðasvar. Ég gat ekki betur skilið á orðum hans en það væri að ósk ríkisstjórnarinnar að þetta bráðabirgðasvar væri inni í 2. gr. Það kom hins vegar ekki skýrt fram í máli hans hvort hann sjálfur væri hlynntur því að gefa út slík bráðabirgðaloforð sem þar er talað um. Mér fannst einhvern veginn á orðum hans samt að hann væri á móti því svo að ég skil það þá þannig að það sé ríkisstjórnin, og þar með þá hæstv. félmrh., sem vill að þessi bráðabirgðaloforð séu gefin út, enda sagði hæstv. ráðherra að sér fyndist of langt gengið ef fólk fengi engin svör og það mundi kannski kalla á aukið álag á Húsnæðisstofnun vegna þess að það yrði svo mikið um hringingar. Fólk færi að velta fyrir sér hvort það hefði lánsrétt eða ekki. En ég held að það verði alveg jafnmikið álag á Húsnæðisstofnun og ekki minna ef fólk fær bréf sem í stendur: Þú færð lán. Og ekkert annað. Það veit ekki hvenær. Það getur jú gert sér grein fyrir að það fái eitthvert lán einhvern tímann og nokkurn veginn hvaða lán, en ekki annað. Ég er ansi hrædd um að það verði jafnmikið álag á Húsnæðisstofnun eftir að fólk fær slíkt bréf í hendur eins og það að fá ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég held jafnvel að það sé betra að fólk fái engin svör. Það verði hins vegar auglýst vel og vandlega hvað hér sé á ferðinni og þá verði það langheppilegasta lausnin. Ég hef ekki nokkra einustu trú á því að það verði minna álag á Húsnæðisstofnun ef fólk fær einhvern snepil í hendur sem á stendur: Þú færð lán. Ég held að það væri miklu betra og minna álag ef farið væri að brtt. þeirri sem ég mælti fyrir hér áðan og ég vona að hæstv. félmrh. hafi gert ráðstafanir til þess að Húsnæðisstofnun geti mætt því aukna álagi sem í því felst ef frv. og 2. gr. verður samþykkt óbreytt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem nú bætist á mælendaskrá mun ég gefa tíu mínútna hlé á fundinum og bið þingflokksformenn að ræða við mig um hvort líkur eru á að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldmat eður ei, hvort eigi að hafa kvöldfund hér eða ekki. Það er nauðsynlegt vegna starfsliðs þinghússins að vitneskja fáist um það. Það eru ekki það margir á mælendaskrá að það ætti að vera hægt að ljúka umræðunni. Ég ætla að gefa tíu mínútna hlé. (**Gripið fram í:** Nægja ekki fimm mínútur?) Það ætti kannski að nægja, en ég ætla samt að hafa það tíu mínútur og hefja fund aftur upp úr hálfsjö, fimm mínútur yfir hálfsjö. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið niðurstaðan af þeim viðræðum sem nú hafa farið fram að ljúka eigi þessari umræðu um þetta mál, 2. umr., hafa um það atkvæðagreiðslu, setja síðan annan fund og ljúka 3. umr. um málið. Þar sem er sýnt að þetta getur ekki orðið fyrir kvöldmat verður að halda kvöldfund til að koma þessu af. Verður fundi nú frestað og fram haldið kl. hálfníu. — [Fundarhlé.]

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir tillaga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Sú tillaga er að vísu nefnd ný húsnæðislög sem er ekki rétt heldur eru þetta örfáar leiðréttingar sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram. Eins og hefur komið fram í umræðum er þetta gert til að reyna að bæta mjög gölluð lög.

Við í Borgarafl. höfum hins vegar lagt fram tillögu um heildstæð lög með grundvallarbreytingu á lögum Húsnæðisstofnunarinnar ásamt tillögu að lögum um húsbanka. Þessi lög væru raunverulega bylting og eru heildarlausn á þessu.

Ég hafði ekki hugsað mér að vera mjög langorður í dag um þetta sérstaklega. En mig langar þó að koma inn á ákveðin atriði, þ.e. varðandi þær breytingar sem hér er verið að þrýsta í gegn með miklum látum. Það er í fyrsta lagi það að hæstv. félmrh. hefði getað verið búinn að afgreiða á þessari stundu 2000 umsóknir með þeim lögum sem núna eru þegar í gildi. Í 12. gr. húsnæðislaganna stendur, með leyfi forseta:

„Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast og/eða íbúðir verða veðhæfar, þó þannig að úthlutun til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn gangi fyrir úthlutun annarra lána samkvæmt nánari reglum sem settar skulu í reglugerð."

Við sjáum að þetta þýðir að þær 2000 umsóknir sem liggja fyrir hefði mátt afgreiða og hefði átt að vera búið að afgreiða nú. Og ég spyr hæstv. félmrh.: Af hverju hafa þessar umsóknir ekki verið afgreiddar? Ég held að þetta sé mjög mikilvægt. Ég tel að við verðum að líta á það að það er verið að þrýsta þessu í gegn núna, koma þessu í gegn á fölskum forsendum. Það er mjög alvarlegt að hæstv. félmrh. skuli hafa vanrækt að láta þessu fólki lán í té og ég tel að það sé mjög mikilvægt að það verði gert og sem allra fyrst. Ég kom að því áðan, og ég vonast eftir að menn eigi eftir að ræða það frekar, að sú lausn sem Borgarafl. leggur fram er heildarlausn á húsnæðislögunum, annars vegar með brtt. við frv. sem hér liggur fyrir, hins vegar frv. til laga sem við

höfum lagt fram í Ed. um húsnæðislánastofnanir, um húsbanka sérstaklega. Ég held að ef við lítum á þetta með sanngirni sé þetta sú lausn sem við höfum beðið eftir. Þetta er uppstokkun á kerfinu og ég sakna þess að hér skuli enginn þm. Sjálfstfl. hafa tekið þátt í umræðum um þessi mál. Það má vel vera að það sé út af því að þeir hafi ekki lengur áhuga á húsnæðismálum fólksins. Ég hefði gjarnan viljað heyra líka svolítið meira um hvort menn vildu beita sér fyrir þessum lausnum sem við leggjum fram. Ég held að það sé mikilvægt. Ég vil láta það koma fram líka að því hefur verið haldið fram að við viljum ekki afgreiða lög hæstv. félmrh. Það er rangt. Í ákvæðum til bráðabirgða í okkar brtt. höfum við tekið upp ákvæði hæstv. félmrh. vegna þess að við teljum að það verði auðvitað að leysa þessi mál til bráðabirgða. Við höfum ekki lagst gegn hennar frv. eins og sést að sjálfsögðu á þessu.

Við höfum viljað að jafnframt væri tekið á heildarlausn þessara mála, og erum með lausnina hér. Það er mjög mikilvægt að menn standi að og leysi þessi mál til framtíðar þannig að það verði ekki á hverju ári sem kemur til þess að á Alþingi þurfi að ræða þessi mál og rífast um einhverja ákveðna liði sem þurfa ekki að vera til umræðu. Nágrannaþjóðir okkar hafa leyst þessi mál fyrir löngu. Við erum hér með eina af þeim lausnum sem hefur reynst mjög vel og það liggur fyrir áhugi frá stóru fyrirtæki, eins og kom fram við framsögu hv. 5. þm. Vesturl. Inga Bjarnar Albertssonar, það er tilbúið að koma hér og lána á okkar markað allt að þeim 60% sem mundu falla undir þessi lög. Meginmálið er það að við getum leyst þetta á skömmum tíma í heild. Við höfum hér lagt til ákvæði til bráðabirgða. Við höfum því ekki lagst gegn frv. sem er til umræðu eins og hér kemur fram. Ég legg áherslu á það að ég hef alltaf talið að það ætti að fá afgreiðslu að þessu leyti til. Ég tel líka mikilvægt að okkar tillögur fái málefnalega umfjöllun og hefði haft gaman af að heyra í sjálfstæðismönnum um það.

Ég ítreka: Ég tel að það hefði átt að vera búið að afgreiða lán til 2000 manna sem hefði verið hægt að gera strax. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það er mjög vítavert að það skuli ekki hafa verið gert enn þá.

Ég vil ekki hafa þessi orð lengri, hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég legg það ekki í vana minn að gera athugasemdir við fréttaflutning fjölmiðla, hvorki á Alþingi né annars staðar, en ég get ekki látið hjá líða hér og nú að lýsa verulegri vanþóknun og undrun á því að Ríkisútvarpið–sjónvarp skuli í kvöldfréttatíma hafa það eitt að segja af umræðum hér á Alþingi í dag að stjórnarandstaðan hafi haldið uppi málþófi í þinginu. Hér hefur verið samkvæmt sérstakri ósk ríkisstjórnar haldinn fundur á laugardegi og ákveðið að halda kvöldfund að ósk sama meiri hluta. Hér hefur verið til umræðu eitt stærsta viðfangsefni í landinu þó að frv. sé ekki stórt í sniðum, þ.e. húsnæðismálin og sá mikli vandi sem þar blasir við og varðar alla landsmenn að heita má. Mál þetta var tekið til umræðu með óvenjulegum hætti á fimmtudagskvöldið var og meiri hl. í félmn. knúði það fram, fékk því framgengt með samkomulagi við stjórnarandstöðuna, má kalla það, að mæla þá fyrir sínu áliti, en stjórnarandstöðunni er skammtaður laugardagurinn til þess að kynna sín viðhorf og sína afstöðu og sínar brtt. við þetta mál og varðandi húsnæðismálin í víðara samhengi eins og þær tillögur eru sem fram eru komnar frá Borgarafl. svo að öllu sé til haga haldið. Og þá eru þær fréttir einar í Ríkisútvarpinu–sjónvarpi um meðferð mála á Alþingi: Stjórnarandstaðan heldur uppi málþófi. Það er síðan sem skýring á því að hér sé laugardagsfundur og ákveðinn kvöldfundur kl. hálfníu.

Mér finnst satt að segja að þetta sé slík lítilsvirðing við lýðræðið í landinu, því að hluti af lýðræðinu í landinu er virk stjórnarandstaða og að hennar sjónarmið fái að heyrast a.m.k. stöku sinnum, að ég hlýt að gera við þetta alvarlega athugasemd, almenna athugasemd. Var það þetta sem ráðandi meiri hluti vildi ná fram með því að knýja fram umræðu um þetta mál sl. fimmtudag? Ég ætla ekki þm. eða ráðherrum að standa fyrir slíku, en slíkar spurningar geta vaknað þegar menn verða vitni að svona frásögn til þjóðarinnar um þann efnislega málflutning og efnislegu umræður sem hér hafa farið fram um húsnæðismálin í dag með þátttöku stjórnarandstöðu og stjórnar, þ.e. ráðherra og frsm. meiri hl. félmn. Og þó að haft hafi verið við orð af einhverjum hér að það gæti komið að því að menn þyrftu að rýna í einhverjar bækur hefur ekkert slíkt verið hér á dagskrá og ekkert slíkt farið fram á þessum degi.

Það virðist vera einhver misskilningur á ferðinni hjá fjölmiðlum, a.m.k. í þessu tilviki, hvað er svona samkvæmt alþjóðlegu mati á starfi þjóðþinga það sem kallað er málþóf. Auðvitað ber það við að stjórnarandstaða og þeir sem í minni hluta eru í einhverjum málum grípi til þess til þess að leggja áherslu á sitt mál eða reyna að knýja fram breytingar á málsmeðferð. Þeir láta reyna svolítið á þolrifin í ríkjandi meiri hluta og taka upp það sem á enskunni er kallað „filibuster“ og hefur verið þýtt með málþófi á íslensku. En ég vil ekki kannast við að slíkt hafi gerst hér á Alþingi á þessum degi það sem af er.

Mér þykir það mjög leiðinlegt því að ég hef ekki staðið fjölmiðla að neitt sérstaklega óvönduðum fréttaflutningi héðan þó að okkur stjórnarandstæðingum finnist að vísu nokkuð á okkur hallað oft og það beri við sem er áreiðanlega lenska víða í löndum að það er framkvæmdarvaldið sem hefur sviðið miklu meira en löggjafarvaldið. Það er að sumu leyti þjóðþingunum og löggjafarsamkomunum að kenna að sú þróun hefur orðið því að menn hafa ekki risið til andsvara eða gert kannski nægar athugasemdir við þessa þróun. En enginn skyldi ætla sér að fara að veita neina forskrift fyrir fréttaflutningi. Það geri ég ekki þó að ég láti þessi orð falla hér. Ég geri það

ekki vegna þess að ég hafi tekið þetta til mín sem þátttakandi í þessum umræðum heldur vegna þess að mér sveið fyrir hönd stjórnarandstöðunnar sem var úthlutað þessum degi sem umræðudegi fyrir sín sjónarmið hér og að eiga skoðanaskipti við ríkisstjórnina, ráðherra og aðra talsmenn.

Herra forseti. Ég ætlaði að þakka hæstv. félmrh. og hv. 1. þm. Vesturl. fyrir þau svör sem þeir veittu við fsp. sem ég bar fram til þeirra í minni ræðu. Þar kom margt athyglisvert fram þó að ekki væri öllu svarað og ég gæti gert ýmsar athugasemdir við það sem þar kom fram. Ég ætla ekki að hafa þær margar hér og nú. Ég tel að viðbrögð hæstv. ráðherra og hv. frsm. meiri hl. félmn. sýni okkur það mjög ljóslega hversu mjög eru lausir endar í frv. sem við erum að fjalla um þannig að frv. er enn rýrara að inntaki af þeim sökum, m.a. sú staðreynd, sem hér var upplýst af báðum nefndum, hv. þm. og hæstv. ráðherra, að reglugerðir hafa ekki verið kynntar og ekkert verið sett saman enn sem komið er af því tagi þó að ljóst sé og undirstrikað sé að til þess að lögin fái í rauninni útfærslu og séu skýr og menn geti áttað sig á því hvað raunverulega í þeim felst þurfa reglugerðir að koma til. Mér er kunnugt um að óskir voru bornar fram um það við hæstv. félmrh. að slíkar reglugerðir eða drög að þeim yrðu kynnt, en það hefur því miður ekki orðið. M.a. af þeim sökum vitum við allt of lítið um innihaldið, inntakið í því frv. sem við viljum greiða fyrir að hér fái framgang fyrir jól. Þetta á við um hina þýðingarmestu þætti, um þýðingarmikla þætti og einnig um þætti sem verið er að fella út frá upphaflegu frv. hæstv. ráðherra, þ.e. 4. gr. varðandi vexti, þar sem ríkisstjórninni að fengnum umsögnum húsnæðismálastjórnar og tillögum Seðlabanka er ætlað að taka ákvörðun um í staðinn fyrir það lagaákvæði sem hæstv. ráðherra ætlaði að fá í þessu samhengi. En þarna liggur ekkert fyrir þrátt fyrir orð í meirihlutaáliti og þetta er auðvitað mjög miður.

Það kom einnig fram í svörum frá báðum nefndum aðilum að sárafáir lífeyrissjóðir hafa gert bindandi samninga fyrir næsta ár og þarnæsta ár. Ég spurði að vísu um upphæð í því sambandi og fékk ekki svar varðandi hvað stórar upphæðir stæðu þar að baki, en ef ég man rétt eru þetta 16 sjóðir til tveggja ára og sex til eins árs og ég hef grun um að það séu ekki mjög öflugir sjóðir allir sem þarna eiga hlut að þannig að staðan varðandi fjárhagsgrundvöll húsnæðismálanna er auðvitað mjög alvarleg á meðan að málin standa þannig.

Þetta get ég, herra forseti, látið nægja sem almennar athugasemdir af minni hálfu. Ég hef ekki látið sannfærast um það nema síður væri að skynsamlegt sé að hafa 2. gr. með þeim hætti sem hér liggur fyrir á till. meiri hl. og ég hef ekki látið sannfærast um að það sé tryggt að þau svör sem Húsnæðisstofnun er ætlað að veita geti ekki virkað með svipuðum hætti og hingað til á hinum svonefnda gráa markaði, geti ekki orðið þar með áfram þensluvaldur sem átti þó að vera eitt meginmarkmiðið að draga úr þensluáhrifum.

Við hljótum því að vænta þess, sem eigum fulltrúa sem standa að umræddri brtt., að hún eigi fylgi hér og stjórnarmeirihlutinn í hv. deild sjái að sér í þessum efnum og styðji þessa skynsamlegu brtt. því ég held að það væri mjög misráðið að samþykkja frv. með því ákvæði inni sem nú er í 2. gr. að þessu leyti. Svo vænti ég þess að þrátt fyrir allt verði uppskeran af þessari væntanlegu lagasetningu einhver og betri en á horfist og hætta er á vegna þess hversu lausbundið þetta er allt saman. Og ég vænti þess einnig varðandi það atriði sem hæstv. félmrh. nefndi um úrlausn fyrir hinn svokallaða misgengishóp þeirra sem hafa verið í skrúfstykki lánskjara eða misgengisvísitalna í sambandi við húsnæðislán á liðnum árum, en fyrir fram get ég ekki verið mjög bjartsýnn þegar rætt er um að leita til lánastofnana um frekari fyrirgreiðslu en ríkið er reiðubúið að veita. Það mæli ég vegna þess að ég hygg að nokkur reynsla sé fyrir því frá fyrri árum þegar reynt hefur verið að greiða fyrir þörfum málum með þeim hætti að uppskeran hafi ekki orðið sú sem menn vonuðu. Þetta læt ég vera mín lokaorð við þessa umræðu nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til frekar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. 41. gr. í þingsköpum Alþingis hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla."

Í samræmi við 41. gr. þingskapa og að höfðu samráði við alla flm. og þá sérstaklega hv. 1. flm. þeirrar brtt. sem þm. Borgarafl. í Nd. flytja vil ég draga þá till. til baka í nafni flm. og lýsa því yfir að Borgarafl. mun flytja sömu brtt. við fyrstu umræðu þessa frv. í Ed. þannig að brtt. megi á löglegan og eðlilegan hátt koma til athugunar í félmn. seinni deildar þegar frv. verður þar rætt.

Að sjálfsögðu, vil ég bæta við, er þetta gert til þess að á þessum degi, þessu laugardagskvöldi, megi Borgarafl. stuðla að því að hér verði ekki laugardagsnæturfundur í fyrsta skipti í þingsögunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 222 teknar aftur.

Brtt. 241,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 237 felld með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, ÞÞ, GeirG, HG, KE, KH.

nei: RH, NL, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EE, ÓE, PP, JK.

SV, AG, HJ, IBA, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

12 þm. (SighB, SvH, AðB, EH, GB, GGÞ, GHelg, MB, MálmS, ÓÞÞ, PJ, RA) fjarstaddir.

Brtt. 241,2 (ný 2. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv., að

viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EE, ÓE, PP, RH, NL, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, FÞ, FrS, GHH, GB, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, JK.
KE, KH, ÓÞG, SJS, ÞÞ, AG, GeirG, HG, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.
12 þm. (MB, MálmS, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SV, SvH, AðB, EH, GGÞ, GHelg) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:
Hæstv. forseti. Enn þá einu sinni sé ég tilefni til að gera athugasemd við verkstjórn ríkisstjórnarflokkanna. Borgarafl. flytur hér veigamiklar brtt. við það frv. sem er til afgreiðslu, dregur þær til baka til að flýta afgreiðslu mála og nú standa mál þannig í deildinni að fari allir andstæðingar þessarar stjórnar úr salnum koma stjórnarliðar ekki málum í gegn þrátt fyrir þann aukna meiri hluta og þingstyrk sem stjórnarliðið hefur á Alþingi. Ég dreg athygli að þessu og harma að það skuli ekki vera nokkur áhugi fyrir landsstjórninni í stjórnarliðinu og það þurfi stuðning stjórnarandstöðunnar, þessarar fámennu stjórnarandstöðu, til að aðstoða ríkisstjórnina við að koma stjfrv. í gegn. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 241,3 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 241,4 (4. gr. falli brott) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 241,5 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Nú verður frv. borið upp í heild svo breytt.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Hér fer fram atkvæðagreiðsla áður en borið er upp hvort eigi að vísa málinu til 3. umr. þar sem frv. er borið upp í heild. Ég minnist þess ekki að það sé venja samkvæmt þingsköpum eftir 2. umr. og vildi vekja athygli á þessu því að mér finnst ekki eðlilegt að vera að skapa enn nýja hefð í tengslum við þetta mál eins og virðast tilburðir uppi um, en bið um nánari athugun á þessum þætti.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Það skal orðið við því. Þegar unnið var að undirbúningi fundarins var þetta atriði sett þannig upp, en það er sjálfsagt að verða við því að skoða þetta atriði nánar og vil ég biðja menn að hinkra augnablik meðan það verður gert.
Hér hefur komið í ljós að það hefur verið um mistök að ræða í uppsetningu atkvæðaskjalsins og vænti ég að menn virði það í þessum önnum þó að slíkt hafi komið fyrir. Verður nú atkvæðagreiðsla um að vísa frv. til 3. umr., en áður hafa allar greinar frv. verið ákveðnar eins og venja er við 2. umr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

24. fundur, laugardaginn 12. des., að loknum 23. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 254, brtt. 255.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson:
Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 3. umr. Það var ekki hægt að flytja hana fyrr þar sem svo stutt er á milli umræðna.
Það eru ýmsar ástæður fyrir því að ég flyt till. Í fyrsta lagi er alveg óþarfi að senda mönnum bréf um hvenær þeir fái lán. Þeir fá bréf sem fá ekki lán og ef þetta er auglýst með almennri auglýsingu vita menn alveg að hverju þeir ganga. Það er miklu minni vinna hjá húsnæðismálastjórn að haga vinnubrögðum þannig. En aðalástæðan er sú að komið hefur í ljós að ef menn eru með lánsloforð í höndum hafa þeir getað fengið lán eða raunar framselt slíkt loforð. Í vaxandi verðbólgu með vaxandi vöxtum er verið að stefna þessu fólki þannig að það verður gjaldþrota líkt og fólkið varð sem keypti á árunum 1980–1985. Við höfum horft upp á að margir einstaklingar hafa látið sitt lánsloforð með miklum afföllum. Þar af leiðir að það verður að koma í veg fyrir þetta. Ég veit að þetta verður fellt hér, en þá ber hæstv. ríkisstjórn enn þá þyngri ábyrgð á hvernig fer þar sem aðvörunarorð og tillaga hafa verið flutt hér í hv. deild.
Ég ætla ekki að lengja umræðurnar. Það er ekki vani minn að tefja umræður. Ég held að þetta sé alveg nógu skýrt að öðru leyti en því að ég ætla, með leyfi forseta, að lesa tillöguna þó að það sé búið að dreifa henni hér. Þessi till. er við 2. gr.
3. málsl. orðist svo:
„Húsnæðisstofnun skal eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu tilkynna með almennri auglýsingu um afgreiðslu lána sem sótt hefur verið um innan ákveðinna tímamarka, og skal í auglýsingunni birta þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá lán sín afgreidd.“
Málið er að þeir sem sækja um í desember í ár hefðu átt að sjá auglýsingu í dagblöðum ef þeir ættu von á láni í desember 1988. Þetta er að mínu mati alveg nægjanlegt. Með því fyrirkomulagi sem nú er eru menn sífellt að hringja í húsnæðismálastjórn hvort eð er til að vita hvenær þeir fá lán og kann að vera að það aukist eitthvað. En með þessu eina móti

er hægt að koma í veg fyrir að menn láti lánsloforð fara í hendur t.d. gráa markaðarins eða veðdeildar bankanna með miklum afföllum eins og við horfum nú upp á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 255, sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 255 felld með 22:2 atkv.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 1712, 1720, 1726, 1727, 1728, 1753.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 1494, 1654, 1776, 1777, 1792, 1793, 1830, 1954, 1956.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 1556, 1602, 1603, 1604, 1607, 1609, 1610, 1624, 1651, 1691, 1880, 1887, 1897, 1898, 1900, 1904, 2015, 2025, 2031.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 1539, 1604, 1606, 1722, 1733, 1902, 1909, 1943.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 1544, 1606, 1609, 1655, 1656, 1658, 1673, 1739, 1742, 1743, 1746, 1751, 1753, 1904, 1947.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 1695, 1699, 1754, 1758, 1898, 1915, 1945, 1946, 2020.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 1611, 1612, 1650, 1773, 1775, 1777, 1814, 1839, 1848, 1856, 1865.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 1491, 1744, 1749, 1888, 1889, 1893.
Landbrh. Jón Helgason 1767, 1768, 1769, 1770, 1772.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 1729, 1737, 1759, 1761, 1765, 1948, 1949.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 1494, 1594, 1657, 1660, 1692, 1717.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 1608.
Albert Guðmundsson 1705, 1718, 1727, 1742, 1900, 2010, 2015, 2030, 2031.
Alexander Stefánsson 1906, 1933, 1946, 2016.
Árni Gunnarsson 1885.
Benedikt Bogason 1545, 1607, 1643.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 1505, 1588, 1598, 1705, 1728, 1731, 1756, 1759, 1760, 1761, 1763.
Eiður Guðnason 1493, 1569.
Ellert Eiríksson 1698, 1878, 1942.
Eyjólfur Konráð Jónsson 1652, 1827, 1845.
Geir H. Haarde 1538, 1764, 1766.
Guðmundur Ágústsson 1578, 1741, 1838.
Guðmundur H. Garðarsson 1556, 1654, 1670, 1683, 1957.
Guðmundur G. Þórarinsson 1692.
Guðrún Agnarsdóttir 1658, 1673, 1712, 1736, 1738, 1741, 1775, 1777, 1807, 1831.
Guðrún Helgadóttir 1604, 1743, 1748, 1870, 1883, 1887, 1889, 1892, 1896, 1901.
Halldór Blöndal 1653, 1774, 1777, 1792, 1848, 1954, 1955.
Hjörleifur Guttormsson 1492, 1602, 1603, 1707, 1724, 1732, 1735, 1756, 1882, 1897, 1899, 1905, 2000, 2027, 2031.
Hreggviður Jónsson 1548, 1716, 1756, 1766, 1767, 1768, 1769, 1770, 1771, 2026.
Ingi Björn Albertsson 1875, 1938, 1980.
Jón Kristjánsson 1732, 1735, 1750, 1752.
Júlíus Sólnes 1494, 1564, 1653, 1659, 1669, 1681, 1690, 1774, 1775, 1802, 1832, 1847, 1850, 1861, 1955, 1956, 1965.
Karl Steinar Guðnason 1592, 1962.
Karvel Pálmason 1572, 1600, 1723.
Kjartan Jóhannsson 1542, 1606, 1647, 1901.
Kristín Einarsdóttir 1753, 1757, 1973, 2024.
Kristín Halldórsdóttir 1541, 1639, 1869, 1873, 1879, 1930.
Margrét Frímannsdóttir 1717.
Matthías Bjarnason 1526, 1884, 1897.
Málmfríður Sigurðardóttir 1871, 1876.
Ólafur Þ. Þórðarson 1869, 1880, 1887.
Óli Þ. Guðbjartsson 1547, 1610, 1634, 1702, 1725, 1924, 1978.
Páll Pétursson 1526, 1550, 1555, 1556.
Ragnhildur Helgadóttir 1489, 1492, 1606, 1651, 1693, 1694, 1876, 1880, 1891.
Salome Þorkelsdóttir 1862.
Sighvatur Björgvinsson 1704, 1709.
Skúli Alexandersson 1493, 1511, 1597, 1654, 1655, 1720, 1752.
Stefán Valgeirsson 1645, 1697, 1713, 1727, 1868, 1928, 1999, 2032.
Steingrímur J. Sigfússon 1531, 1551, 1555, 1556, 1602, 1605, 1606, 1610, 1624, 1649, 1651, 1696, 1701, 1714, 1887, 1890, 1895, 1898, 1917, 1992.
Svavar Gestsson 1581, 1598, 1654, 1656, 1658, 1661, 1676, 1747, 1774, 1776, 1792, 1793, 1833, 1857, 1953, 1956.
Sverrir Hermannsson 1605.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1561.
Þórhildur Þorleifsdóttir 1897, 1903, 1940.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (6. mál, sjúkradagpeningar) 1693.
Almannatryggingar (190. mál, greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga) 1694, 1868 1888, 1948.
Atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna (169. mál) 1753.
Bann við ofbeldiskvikmyndum og Kvikmyndaeftirlitið (144. mál) 1736.
Brunavarnir og brunamál (188. mál, brunavarnagjald) 1694.
Fangelsisvist geðsjúkra (162. mál) 1743.
Fjármögnun lána vegna sauðfjárafurða (177. mál) 1770.
Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins um utanríkismál Íslands (186. mál) 1772.
Fræðsluútvarp Ríkisútvarpsins (172. mál) 1761.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (180. mál, yfirfærðar tekjur) 1611, 1691.
Háskólinn á Akureyri (202. mál) 1949.
Heilbrigðisþjónusta (203. mál, heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað) 1888.
Húsnæðislánastofnanir (157. mál) 1957.
Húsnæðisstofnun ríkisins (47. mál, skerðing lána, vextir o.fl.) 1906, 1973, 2032.
Kjötbirgðir og útflutningsbætur (175. mál) 1766.
Landshlutaútvarp Ríkisútvarpsins (171. mál) 1759.
Leiðbeinendur og stundakennarar í grunnskólum og framhaldsskólum (17. mál) 1728.
Leiðtogafundur stórveldanna (193. mál) 1652.
Lífeyrisréttindi heimávinnandi húsmæðra (110. mál) 1868.
Löggildingarstofa ríkisins (164. mál) 1750.
Málefni óperusöngvara (174. mál) 1764.
Mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi (111. mál) 1489.
Norræni fjárfestingarbankinn (70. mál) 1493, 1692, 1897, 1973.
Ólöglegur innflutningur myndbanda (145. mál) 1738.
Réttur til fiskveiða í landhelgi Íslands (168. mál, færeysk og grænlensk fiskiskip) 1880, 1972.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (195. mál) 1773.
Snjómokstur á fjallvegum á Austurlandi (105. mál) 1732.
Staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða (176. mál) 1768.
Stjórn fiskveiða (181. mál, heildarlög) 1494, 1556.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (136. mál, ávöxtun og iðgjaldagreiðslur) 1653, 1773, 1947.
Söluskattur á matvæli (196. mál, matvæli, undanþágur o.fl.) 1775.
Tekjuskattur og eignarskattur (179. mál, barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.) 1612, 1691.
Tilhögun þingfunda 1691.
Tollalög (198. mál, tollskrá) 1856.
Um þingsköp 1493 (stjfrv. um stjórn fiskveiða); 1602 (fjarvistir þingmanna og afgreiðsla mála); 1653 (fjarvera ráðherra); 1702 (vinnubrögð við undirbúning fjárlaga); 1897 (stjfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins); 1953 (vinnutilhögun í Ed.).
Útflutningsleyfi (54. mál) 1526, 1606, 1660, 1773.
Útflutningsráð Íslands (40. mál, stjórnarfarsleg staða) 1555, 1606, 1656, 1773.
Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga (194. mál) 1909.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (121. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 1692, 1867, 1948.
Vörugjald (197. mál, heildarlög) 1848.

SAMEINAÐ ÞING

32. fundur, mánudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1988, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 249 og 260, brtt. 244, 257, 258, 259, 261, 266 og 267.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt í upphafi máls míns að geta um örfáar leiðréttingar sem þarf að gera á þingskjölum vegna þess að tími gafst ekki til að lesa þau nógu vandlega yfir áður en þau fóru í prentun. Það er fyrst á þskj. 244, brtt. frá fjvn. Sagt er að brtt. séu við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987. Þetta á að sjálfsögðu að vera árið 1988 því að hér er ekki á ferðinni frv. til fjáraukalaga heldur breyting á því frv. ríkisstjórnarinnar sem lagt var fram á hv. Alþingi á fyrstu dögum þingsins. Síðan eru sex tillögur í þessum brtt. þar sem verður að breyta texta til þess að hann sé í samræmi við þær afgreiðslur sem urðu í hv. fjvn. Þessar leiðréttingar er ég með. Ég var að fá þær í hendur rétt nú, herra forseti. Og ég mælist til þess að þeim verði dreift til kynningar. Það verður síðan ákvörðun forseta hvort hann telur rétt að afgreiðsla þeirra verði þannig að okkur heimilist að draga þær brtt. til baka sem rangt eru skráðar á þskj. 244 eða hvort hæstv. forseti telur réttara að bera þessar sex breytingar upp sem brtt. við þær brtt. En ég mun skýra þessar breytingar nánar þegar ég kem að því síðar í máli mínu að fjalla nokkuð um einstakar brtt. fjvn.

Herra forseti. Með jafnreglulegum hætti og fram fer hér á Alþingi fjárlagaumræða á þessum árstíma verða umræður um starfshætti Alþingis. Svo lengi sem ég man hafa í desembermánuði farið fram miklar umræður um nauðsyn þess að bæta vinnubrögð og draga úr því vinnuálagi sem hér á sér stað. Þessi hefðbundna skammdegisumræða hefur farið fram á þessum vetri eins og oftast áður.

Rétt er að lokaspretturinn í þingstörfunum á þessu haustþingi verður erfiðari en oft hefur verið. Mjög miklar breytingar er nú verið að gera á öllum helstu tekjustofnun ríkissjóðs og vissulega hefði verið æskilegra ef þau lagafrv. hefðu getað legið fyrir fyrr en raun ber vitni. Mjög mikil vinna liggur hins vegar í samningu frumvarpanna. Þó að menn hafi lagt sig alla fram var það og er staðreynd að ógerningur var að ljúka frumvarpssmíðinni fyrr. Ég efast um að almenningur geri sér fulla grein fyrir því hversu fáliðað æðsta stjórnkerfi okkar er. Menn tala gjarna um mikla yfirbyggingu og háan rekstrarkostnað ríkisins en gleyma þá eða vita ekki að ráðuneytin sem þurfa að vinna mestalla undirbúningsvinnu við þýðingarmestu lagasetningar eru svo fáliðuð fólki að í raun og veru eru þau vart fær um að takast á við hin viðameiri viðfangsefni nema lagður sé svo mikill vinnuþrýstingur á starfsfólkið að jaðrar við vinnuþrældóm.

Með sama hætti er Alþingi sem stofnun ekki nægilega vel í stakk búin til þess að vinna svo sem best yrði á kosið við afgreiðslu flókinna og umsvifamikilla mála. Starfsaðstaða nefnda þingsins er ekki góð og starfslið hér á Alþingi er svo fátt að nefndir geta ekki fengið nema lágmarksþjónustu við störf sín og þurfa að sækja alla sérfræðilega aðstoð út fyrir veggi stofnunarinnar.

Í stað þess að halda hér uppi ár eftir ár sömu skammdegisumræðunni um vinnuálagið á Alþingi ættu þm. heldur að gefa sér tíma til að huga að þeim breytingum sem gera þarf svo að hægt sé úr að bæta. Ráðuneytin þurfa að ölast þann styrk að þau geti að minnsta kosti með góðu móti sinnt þeim umsvifum sem undir þau heyra en margar ríkisstofnanir, jafnvel flestar þeirra, eru betur búnar að tækjum og starfsliði en ráðuneytin sem yfir þær eru þó sett. Með sama hætti ættu alþm. að leggja kapp á að bæta starfsaðstöðu þingsins og þingnefnda og marka þinginu þann starfsramma í þingskapalögum sem nauðsynlegur er til að þingið geti starfað með sem skilvirkustum hætti. Ein slík aðgerð, þó í litlu væri, mundi skila meiri árangri til bættra vinnubragða hér í þinginu en allar þær ræður hafa gert sem fluttar hafa verið héðan úr þessum ræðustóli í fjöldamörg ár með stórum orðum um vinnubrögðin á Alþingi Íslendinga á aðventunni.

Eins og allir þm. vita er starfsemi Alþingis og nefnda þingsins ákvörðuð í lögum um þingsköp Alþingis en þau lög voru endurskoðuð árið 1985. Sú endurskoðun sem þá var gerð var til mikilla bóta en engu að síður tel ég nauðsynlegt að taka þingskapalögin enn til skoðunar í því skyni að bæta vinnubrögð og vinnuaðstöðu Alþingis. Samkvæmt þingskapalögum fellur t.d. umboð allra nefnda þingsins annarra en utanrmn. niður frá og með þinglausnum að vori og þar til nefndir hafa verið kjörnar á ný á haustþingi. Hvorki fjvn. né nein önnur starfsnefnd þingsins utan utanrmn. eru því til formsins vegna frá því Alþingi lýkur störfum að vori og þangað til að nýjar þingnefndir hafa verið kjörnar að hausti.

Það eru mörg ár síðan mönnum var ljóst að við þær aðstæður væri ekki unnt að ná fram með viðunandi hætti fjárlagaafgreiðslu fyrir áramót. Sjálf fjárlagagerðin verður stöðugt viðameiri, erindum fjölgar ár frá ári, fleiri og fleiri viðfangsefni koma til og öll undirbúningsvinna vex. Það eru því mörg ár síðan brugðið var á það ráð að fjárveitinganefndarmenn störfuðu yfir sumarmánuðina án formlegrar heimildar sem fjvn. væri og notuðu þann tíma til þess ýmist að undirbúa næstu fjárlagagerð eða kynna sér einstaka þætti í rekstri ríkisins og stofnana þess. Þannig hafa fjárveitinganefndarmenn um margra

ára skeið unnið að undirbúningi fjárlagagerðar án umboðs frá Alþingi og er það samdóma álit allra að ef slíkt starf færi ekki fram væru lítil líkindi til þess að tækist að afgreiða fjárlög fyrir tilsettan tíma með skikkanlegum hætti.

Þessi mál, svo og vinnubrögðin í fjárveitinganefnd, voru til umræðu á fyrstu fundum fjvn. þeirrar sem kjörin var nú í haust. Niðurstaða þeirra umræðna var sú að nefndin mælist mjög eindregið til þess við forseta þingsins og formenn þingflokka að undirbúin verði sú breyting á þingskapalögum sem gefi nefndinni umboð til að sinna þeim störfum á milli þinga sem hún verður að vinna svo að fjárlagagerðin geti gengið áfallalaust fyrir sig.

Í fyrra voru samþykkt lög nr. 12 frá 1986, um Ríkisendurskoðun, en með þeim lögum var Ríkisendurskoðun sett undir stjórn Alþingis og er hún því nú orðin hluti af starfsemi löggjafarstofnunarinnar. Með þessari breytingu hefur Alþingi fengið tækifæri til að styrkja mjög stöðu sína því með Ríkisendurskoðun bætist Alþingi stofnun sem búin er sérhæfðu og sérmenntuðu starfsliði. Hér er um að ræða stórkostlega breytingu á allri starfsaðstöðu Alþingis og skiptir þessi breyting ekki síst sköpum fyrir fjvn. sem nú getur nýtt sér það tækifæri að hafa á vegum þingsins aðgang að stofnun með sérfræðiþekkingu á rekstrarlegum viðfangsefnum.

Um leið og fjvn. samþykkti á þessu hausti nokkrar breytingar á hefðbundnum starfsháttum nefndarinnar, sem þegar eru komnar til framkvæmda, ræddi nefndin einnig sérstaklega þessa nýju aðstöðu. Varð að ráði, eftir að hafa rætt málið við ríkisendurskoðanda og vararíkisendurskoðanda, að fallist var á þau tilmæli að vararíkisendurskoðandi mundi starfa með nefndinni við fjárlagaundirbúninginn og Ríkisendurskoðun veitti fjvn. jafnframt þá aðstoð og fyrirgreiðslu sem nefndin kynni að óska eftir. Hefur þetta samstarf þegar tekist og gefist mjög vel. Bindur nefndin vonir við þetta starf í framtíðinni bæði hvað varðar sjálfan undirbúninginn að fjárlagagerðinni og ekki síður hvað varðar þann þátt í starfsemi fjvn., sem einna minnst aðstaða hefur verið til að sinna af gaumgæfni, en þar á ég við eftirlitshlutverk nefndarinnar.

Til þess að geta afgreitt af þekkingu erindi stofnana og ráðuneyta um fjárframlög til hinna einstöku viðfangsefna þarf nefndin auðvitað að geta lagt sitt eigið mat á hvort og þá hversu raunhæfar áætlanir þær eru sem erindin byggjast á, og með sama hætti þarf fjvn. að geta fylgst með því að ákvarðanir Alþingis við fjárlagaafgreiðslu séu virtar. Fjvn. hefur ætíð reynt að sinna þessu eftirlitshlutverki sínu eftir því sem aðstæður hafa leyft en nú hafa þær aðstæður stórbatnað með samstarfi nefndarinnar við Ríkisendurskoðun. Ég tel tvímælalaust að nota eigi það tækifæri til þess að auka þann þátt í starfsemi fjvn. sem lýtur að sjálfstæðri skoðun hennar á einstökum málefnum og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Sú ríkisstofnun sem fjvn. hefur nú í mörg ár haft nánust samskipti við er Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Fjvn. hefur fengið ómetanlega aðstoð og fyrirgreiðslu frá starfsmönnum þeirrar stofnunar og hagsýslustjóri, Magnús Pétursson, og starfsfólk hans hefur lagt sig fram um að veita nefndinni allar upplýsingar og aðstoð í starfi sem óskað hefur verið eftir. Hjá fjvn. er vilji til að bæta þetta samstarf enn eins og kostur er.

Þar sem Magnús Pétursson hagsýslustjóri er nú senn hvað líður á förum til útlanda til að sinna þar störfum á nýjum starfsvettvangi vil ég nota þetta tækifæri, fyrir hönd fjvn., til að þakka honum ágætt samstarf og óska honum jafnframt velfarnaðar í nýju starfi. Störf fólksins í Hagsýslunni, og þá ekki hvað síst hagsýslustjórans, eru vandasöm og erfið og ekki er eftirsóknarvert að vera í því hlutverki fyrir hönd ríkisvaldsins að reyna að samræma annars vegar óskir manna og góðan vilja og hins vegar fjárhagslega getu ríkisins og stofnana þess til að greiða þann kostnað sem fyrir hinn góða vilja gjalda þarf. Þetta er erfitt starf og oft vanþakklátt en það hefur Magnús Pétursson unnið af trúmennsku og fyrir það kunnum við honum þakkir.

Auk þess að þakka starfsfólki Hagsýslunnar, svo og vararíkisendurskoðanda og því starfsfólki Ríkisendurskoðunar sem með okkur hefur starfað að þessu sinni færi ég ritara nefndarinnar, Ásdísi Sigurjónsdóttur, kærar þakkir fyrir lipurð og dugnað.

Herra forseti. Það er oft sagt að í fjvn. ríki sérstakt andrúmsloft. Þar vinna fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu saman á löngum og ströngum fundum og þótt vissulega sé meiningarmunur milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga um ýmis stefnuatriði tekst engu að síður oft mjög gott samstarf um sjálf vinnubrögðin og afgreiðslu mála. Slíkt samstarf hefur tekist í þessari nefnd eins og svo oft áður. Nefndarmenn úr meiri og minni hluta hafa starfað vel saman og leyst sameiginlega margvísleg verkefni eins og sjá má af því að nefndarmenn standa sameiginlega að þeim brtt. sem frá fjvn. koma nú við 2. umr. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, Margrét Frímannsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson og Málmfríður Sigurðardóttir, hafa þó að sjálfsögðu fyrirvara um að þau kunni að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim, fulltrúum stjórnarandstöðunnar ágætt samstarf, svo og samnefndarmönnum mínum úr stjórnarliðinu.

Herra forseti. Ríkisstjórnin markaði þá stefnu við fjárlagagerð nú að nauðsynlegt væri að ná þeim árangri að ríkissjóður yrði rekinn hallalaus. Þetta markmið ríkisstjórnarinnar var nauðsynlegt þegar það var fram sett við upphaf þings og hafi það verið nauðsynlegt þá við þær aðstæður, sem þá lágu fyrir um horfur í þjóðarbúskapnum á næsta ári, er enn nauðsynlegra nú að markmið þetta náist.

Vissulega er rétt að sumir þættir sem ráða miklu um framvindu mála á næsta ári liggja ekki ljósar fyrir nú en í haust og á ég þar auðvitað fyrst og fremst við launaþróun. Að vísu er vitað um launa-

samninga á næsta ári við opinbera starfsmenn, en nýir launasamningar hafa enn ekki verið gerðir á hinum frjálsa markaði og því ekki hægt að spá um þróun þeirra mála umfram það sem þegar liggur fyrir varðandi samninga opinberra starfsmanna.

Aðrir þættir í þjóðarbúskapnum og horfunum á næsta ári liggja hins vegar ljósar fyrir og þær viðbótarupplýsingar í því sambandi sem bæst hafa við frá því fjárlagafrv. var lagt fram í haust og þar til nú benda því miður allar í þá átt að meiri líkur séu á því nú en voru að hagvaxtarskeiðið sé á enda og við blasi meiri erfiðleikar á næsta ári en menn gátu átt von á þegar frá fjárlagafrv. var gengið í haust. Bandaríkjadollar hefur haldið áfram að lækka og þar með fer lækkandi það verð sem við fáum fyrir mikilvægustu útflutningsafurðir okkar. Afleiðingarnar af þessu, sem og afleiðingar nokkurs samdráttar í almennri eftirspurn í helstu útflutningslöndum okkar, verða að líkindum þær að viðskiptakjör muni versna frá því sem reiknað var með og er nú talið líklegt að þau verði að meðaltali nokkru lakari á árinu 1988 en þau voru á þessu ári.

Þó Alþingi hafi enn ekki afgreitt frv. um stjórn fiskveiða liggur engu að síður fyrir sú tillaga Hafrannsóknastofnunar að dregið verði úr sjávarafla á næsta ári. Ekki verður enn fullyrt um hver þessi samdráttur verður en í upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun afhenti fjvn. sl. laugardag er tekið fram að hver 20 þús. tonn af þorskafla jafngildi rúmlega einum milljarði króna í útflutningsverðmæti eða sem svarar til um 2% af vöruútflutningi. Væru menn að tala um 40–50 þús. tonna samdrátt í þorskafla gæti það því þýtt 4–5% samdrátt í vöruútflutningi og 1–2% samdrátt í þjóðartekjum á föstu verði. Gefa þessar tölur vísbendingu um hvaða áhrif slíkar ákvarðanir gætu haft og kemur svo þessu til viðbótar það sem ég var að nefna áðan um verðlækkun dollarans en eins og allir vita er mjög stór hluti af sjávarvöruútflutningi okkar seldur á dollaraverði.

Þá er í þriðja lagi fyrirsjáanlegt að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verður meiri en reiknað var með í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1987 sem gerð var í október. Þá var spáð afgangi í vöruskiptum en hann mun reynast lítill sem enginn og eru horfur á að viðskiptahalli á þessu ári aukist úr rúmlega 1% af landsframleiðslu, eins og spáð var, í 1½ eða jafnvel 2%.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir því að viðskiptahalli á því ári yrði um 4½ milljarður króna og hætt við að sú spá sé nú ekki lengur raunhæf og að stefnt sé í meiri viðskiptahalla en því nemur. Þessar horfur gera það enn brýnna en áður að ríkissjóður verði rekinn án halla. Hallarekstur á ríkissjóði við þessar aðstæður væri ábyrgðarleysi. Slíkt ráðslag mundi ýta enn frekar undir verðbólguvöxt og verðþenslu þegar á öllu ríður að reynt sé að spyrna við fótum og leggja áherslu á aðhald og aðgæslu.

Stefna ríkisstjórnarinnar um jafnvægi í þjóðarbúskap, viðnám gegn verðbólgu og fastgengi á vissulega í vök að verjast vegna þess að horfur um ytri aðstæður í rekstri þjóðarbúsins á næsta ári hafa fremur versnað en batnað. Frammi fyrir þeim staðreyndum verða ríkisstjórn og Alþingi umfram allt að kappkosta að rekstur ríkisins og stofnana þess vinni með þessum markmiðum ríkisstjórnarinnar en ekki á móti þeim eins og gert væri ef ríkissjóður yrði rekinn með halla.

Við þessa 2. umr. liggja ekki fyrir endanlegar tölur um endurskoðun á tekjuhlið fjárlagafrv. Meira er þó vitað um það nú en oftast eða jafnvel alltaf áður hefur verið við 2. umr. fjárlaga. Sl. laugardag komu fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun á fund fjvn. og gerðu henni grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðum sínum um endurskoðun á tekjuhlið fjárlaganna miðað við þær veltubreytingar sem spáð hefur verið og hin nýju tekjuöflunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar sem bíða afgreiðslu Alþingis. Þessar tölur eru bráðabirgðatölur en lokatölur munu væntanlega liggja fyrir áður en 3. umr. fjárlaga fer fram. Þessar bráðabirgðatölur sýna að þrátt fyrir þær hækkanir, sem gerðar eru tillögur um við 2. umr. fjárlaga nú, þá er hægt að standa við markmið ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög en þó því aðeins að menn gæti fyllsta aðhalds við lokaafgreiðslu fjárlaga héðan frá Alþingi.

Í umræddum bráðabirgðatölum Þjóðhagsstofnunar um tekjubreytingar frá fjárlagafrumvarpi er því spáð að beinir skattar hækki alls um 300 millj. kr. umfram það sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Þar er um að ræða hækkun eignarskatta um 170 millj. kr., og er hækkun á fasteignamati milli ára meginskýring þeirrar hækkunar, og svo hækkun tekjuskatta um 130 millj. kr. og stafar sú hækkun af því að tekjuskattur félaga er talinn hækka um þá fjárhæð vegna meiri tekna á líðandi ári en ráð var fyrir gert.

Þær umfangsmiklu breytingar sem áformaðar eru í frumvörpum ríkisstjórnarinnar um sölugjald, tolla og vörugjald munu leiða til nettótekjuaukningar hjá ríkissjóði um rúma 2 milljarða króna. Gjöld af innflutningi, þ.e. tollar, munu lækka um 1 milljarð 430 millj. kr., gjöld af framleiðslu, þ.e. vörugjöld, munu lækka um 1 milljarð 400 millj. kr. en sölugjald mun hækka á móti um 4 milljarða 880 millj. kr. Þá eru bráðabirgðatölur um áhrif veltu og verðbreytinga sem taldar eru skila 300 millj. kr. í auknum tekjum og áætlað er að bætt söluskattsinnheimta vegna niðurfellingar undanþáguákvæða í söluskatti muni skila a.m.k. 400 millj. kr. Samanlögð áhrif á heildartekjur ríkissjóðs af þessum breytingum og endurmatsspá á tekjustofnum er sú að heildartekjur ríkissjóðs muni hækka um röska 3 milljarða króna og niðurstöðutölur fjárlagafrv. tekjumegin því hækka úr 59 milljörðum 564 millj. kr., eins og áformað var í fjárlagafrumvarpi, í 62 milljarða 614 millj. kr.

Þá hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að áformað sé að verja 1200 millj. kr. til niðurgreiðslna til að draga úr áhrifum söluskattshækkunarinnar og 600 millj. kr. er fyrirhugað að nota til að hækka barnabætur og ellilífeyri. Þá eru einnig áformaðar

breytingar á kjarnfóðurskatti, m.a. í þá átt að auknar niðurgreiðslur á búvörur verði ekki til þess að breyta svo neinu nemi verðhlutfalli á milli dilkakjöts og kjúklinga- og svínakjöts. Áformin um þessi nýju útgjöld koma að sjálfsögðu til frádráttar þeirri tekjuhækkun sem ég ræddi um áðan og Þjóðhagsstofnun áætlaði að nema mundi röskum 3 milljörðum króna.

Ég legg áherslu á, eins og fram kom hjá Þjóðhagsstofnun, að hér er um bráðabirgðatölur að ræða. Nú er unnið að því að leggja endanlegt mat á tekjuhlið fjárlaganna, á áhrif veltu- og verðlagsbreytinga þar á og á áhrif hinna nýju laga um sölugjöld, vörugjöld og tolla, sem væntanlega verða afgreidd á Alþingi. Endanlegar niðurstöður af þeirri endurskoðun munu ekki liggja fyrir fyrr en við 3. umr.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því að í upplýsingum, sem Þjóðhagsstofnun sendi frá sér um hlutfall ríkissjóðstekna af vergri landsframleiðslu, hafa tölur um verga landsframleiðslu ekki verið endurmetnar með tilliti til hækkunaráhrifa veltu- og verðbreytinga. Fyrr en það hefur verið gert er ekkert hægt að fullyrða um það hvort hlutfall ríkissjóðstekna af vergri landsframleiðslu verði á næsta ári svipað og það var í ár eða meira. Allar fullyrðingar um að hlutfall ríkissjóðstekna af vergri landsframleiðslu verði hærra á næsta ári en verið hefur eru byggðar á því að tölur um verga landsframleiðslu hafa ekki verið endurmetnar vegna áhrifa veltu- og verðbreytinga eins og auðvitað verður að gera. Ber því að taka allar slíkar fullyrðingar um aukna skattbyrði með mikilli varúð.

Herra forseti. Undanfarna daga hefur ýmsum sögum farið af stórfelldum skattaálögum sem áformuð séu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Nefndar hafa verið tölur allt frá 1 milljarði og upp í 10 og virðist talan í blöðunum, skattaálögur ríkisstjórnarinnar, hækka um því sem næst sem nemur 1 milljarði á dag. Hér er verið að stórýkja þau áform sem uppi eru höfð af hæstv. ríkisstjórn og vil ég nota þetta tækifæri til þess að gera eilítið grein fyrir því hvernig þau mál standa.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar fólust í aukinni tekjuöflun til þess að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og þensluáhrifum hans. Söluskattsstofn var víkkaður, lagt á sérstakt bifreiðagjald, gjald á erlendar lántökur auk þess sem kjarnfóðurgjald og ríkisábyrgðargjald voru hækkuð. Þessar fyrstu aðgerðir fólu í sér aukna tekjuöflun sem nemur 3 milljörðum 700 millj. kr. miðað við heilt ár og verðlag 1988. Á móti kom hækkun barnabótaauka um 240 millj. kr. og hækkun ellilífeyris um 320 millj. kr. þannig að nettótekjuöflun í ríkissjóð nemur 3 milljörðum 140 millj. kr. vegna þessara fyrstu aðgerða.

Í október var síðan gripið til enn frekari aðgerða til þess að hamla gegn þenslu með hækkun á innflutningsgjaldi af bifreiðum og áfengis- og tóbaksverði. Þessar ráðstafanir má meta til 600 millj. kr. tekjuöflunar á heilu ári.

Í fjárlagafrv. eru síðan boðaðar ýmsar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári sem nú eru til umræðu á Alþingi. Þar má nefna hækkun tekjuskatta á fyrirtæki, víkkun á launaskattsstofni og söluskattsstofni, arðgreiðslu ríkisfyrirtækja o.fl. Samtals má meta þessar aðgerðir til 1 milljarðs 400 millj. kr. á næsta ári. Loks má nefna sérstaklega þá kerfisbreytingu í tolla- og söluskattsmálum sem skýrt var frá í byrjun desember. Þessi breyting gerir ráð fyrir algjörri uppstokkun á aðflutningsgjöldum, bæði með stórfelldri tollalækkun og fækkun smærri gjalda. Auk þess er söluskattsundanþágum fækkað og jafnframt ákveðið að taka upp virðisaukaskatt í ársbyrjun 1989. Þessi kerfisbreyting skilar engum viðbótartekjum í ríkissjóð á næsta ári, þar sem öllum tekjuaukanum, 2 milljörðum 50 millj. kr. er varið til aukinna niðurgreiðslna, til sérstakrar hækkunar á ellilífeyri og barnabótum og til endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi. Þannig verður nettóniðurstaða nákvæmlega núll út úr þessari sérstöku aðgerð.

Til þess að fá síðan heildarmynd af skattlagningu ríkissjóðs er talið einfaldast að skoða hvað skatttekjurnar vega í hlutfalli af vergri landsframleiðslu. Þetta skatthlutfall hefur verið mjög breytilegt á undanförnum árum. Lægst fór það í 21,7% árið 1985, en hæst var það árið 1982. Þá nam þetta skatthlutfall 24,5% af landsframleiðslu. Árið 1979 var skatthlutfallið 24,2%, 1980 23,4, 1981 24,2, 1982 24,5 o.s.frv.

Það skatthlutfall sem menn eru að ræða um að þessar samanlögðu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til tekjuöflunar muni fela í sér nemur um 24,2%, sem er þá svipuð eða sama skattbyrði og hún var árið 1979 og 1981, en til muna lægri en hún var árið 1980 og 1982, þannig að það er rangt sem haldið er fram að ríkisstjórnin sé að leggja nú á mjög mikla skatta og framkalla skattbyrði sem sé óþekkt í íslenskri sögu. (Gripið fram í.) Það er rangt. Hins vegar vil ég endurtaka það að þessi spá um árið 1988 byggist, eins og ég sagði áður, á óendurmetnum áhrifum veltubreytinga á verga landsframleiðslu, svo ef marka má spá Þjóðhagsstofnunar um veltubreytingar á næsta ári, þá eru allar líkur á því að þetta hlutfall skattbyrðar verði lægra en ég hef hér getið um.

Hitt er aftur á móti alveg ljóst að ef menn ætla að standa við það bráðnauðsynlega markmið að reka ekki ríkissjóð með halla á árinu 1988 og ef menn eru ekki reiðubúnir til að ná því markmiði alfarið með aðhaldi útgjalda, þá verða menn að horfast í augu við þá staðreynd sem ein er eftir: að afla verður nýrra tekna til að standa undir þeim útgjöldum sem menn hafa afráðið.

Undirbúningur fjvn. að fjárlagaafgreiðslu að þessu sinni hófst með því að hæstv. fjmrh. skipaði sérstaka nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Var brugðið á þetta ráð þar eð alþingiskosningar höfðu rofið umboð þess þings sem síðast sat og fjárveitinganefndarmenn, sem setið höfðu á síðasta kjörtímabili, áttu sumir ekki endurkvæmt á Alþingi og enn aðrir höfðu horfið til annarra starfa í stjórnkerfinu.

Umrædd nefnd sem ráðherra skipaði hóf störf þann 16. sept. og starfaði þar til þing kom saman. Á fund hennar komu forráðamenn 13 sjúkrahúsa sem komu í fyrsta sinn inn á föst fjárlög í fyrra eða árið þar áður. Einnig ræddi nefndin við forráðamenn 60 sveitarfélaga og tók við erindum þeirra. Fjvn. kom síðan saman til fundar strax eftir að hún hafði verið kjörin og tók við verkefnum úr hendi nefndar þeirrar, sem ráðherra skipaði, en sú nefnd hætti þar með störfum. Bókaðir fundir hinnar ráðherraskipuðu nefndar voru alls 11 en bókaðir fundir fjvn. eru orðnir 33. Auk þess hefur meiri hluti fjvn. haldið fjölmarga óbókaða fundi svo og einstakir starfshópar nefndarinnar en nefndin skipti sér að venju upp í nokkra starfshópa, bæði um afgreiðslu smærri erinda og eins um tillögugerð um stofnkostnaðarliði.

Til nefndarinnar bárust erindi um alls 1100 viðfangsefni og heildarfjárhæð beiðna og umsókna til nefndarinnar nam 5 milljörðum 762 millj. kr. Sótt var til nefndarinnar um ráðningu í 130 nýjar stöður. Af erindum og beiðnum til nefndarinnar, sem samtals námu eins og ég sagði áðan tæpum 5,8 milljörðum kr., voru erindi er vörðuðu rekstrar- og tilfærsluliði samtals að fjárhæð 1 milljarður 77 millj. kr., erindi er vörðuðu viðhald og viðhaldsverkefni samtals að fjárhæð rösk 31 millj. kr. og erindi er vörðuðu stofnkostnað samtals að fjárhæð 3 milljarðar 954 millj. kr.

Af þessu má sjá að mest virðist þörfin vera fyrir ríkisframlög til stofnkostnaðar og ætti það ekki að koma mönnum á óvart því sannleikurinn er sá að það aðhald og sá niðurskurður sem menn hafa reynt að beita í ríkisrekstri á undanförnum árum hefur fyrst og fremst komið við stofnkostnaðarverkefni og er ástæðan einfaldlega sú að rekstur ríkisins og stofnana þess er í talsvert föstum skorðum og verður þar ekki miklu breytt þrátt fyrir góðan vilja nema með endurskipulagningu í ríkisrekstri. Engu að síður er nauðsynlegt að skoða sérstaklega, eins og raunar er gert í frv., hvernig taka megi á rekstrarmálefnum ríkisins og ríkisstofnana, m.a. með þeim hætti að færa til verkefni frá ríkinu og til annarra aðila, bæði sveitarfélaga, einstaklinga og félaga. Er einmitt að því stefnt í frv. því til fjárlaga sem hér er til umræðu og er nauðsynlegt að því verki sé haldið áfram því margir þættir í rekstri ríkisins og stofnana þess væru eins vel eða jafnvel betur komnir í höndum annarra og margvísleg er sú þjónusta sem ríkið veitir atvinnuvegum og atvinnufyrirtækjum sem eðlilegt er að viðkomandi atvinnugreinar ráði sjálfar meiru um en greiddu jafnframt fullan kostnað af.

Ef menn líta nánar á þau erindi um stofnkostnaðarframlög sem fjvn. bárust má sjá að þau eru einkum á sviði grunnskóla, hafnarmannvirkja, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og ætti það ekki heldur að koma á óvart því einmitt þessar framkvæmdir eru þær sem einna helst líða þegar draga þarf saman seglin í ríkisbúskapnum. Er raunar svo komið, og veldur það nokkrum vandræðum við fjárlagagerð nú, að skuldir hafa hlaðist upp á umliðnum árum hjá samstarfsaðilum ríkisvaldsins um þessar framkvæmdir uns svo er komið að fjárveitingar, eins og þær eru fyrirhugaðar, jafnvel til heilu málaflokkanna, dygðu ekki nema tæplega til að greiða skuldir ríkisins við sveitarfélög um sameiginlegar framkvæmdir og í sumum efnum duga þær alls ekki til. Er nauðsynlegt að skoða þessi mál sérstaklega og verður án efa gert í sambandi við áframhaldandi vinnu að skýrari verkaskiptingu á milli ríkisins og sveitarfélaga og að verkefnaflutningi þeirra á milli.

Þá vil ég einnig að gefnu tilefni benda á að það virðist einnig hafa færst í vöxt, sérstaklega á allra síðustu árum, að gerðir séu fastir greiðslusamningar um einstök verk, sérstaklega á sviði grunnskóla, milli tveggja ráðuneyta, samningar sem binda greiðslu úr ríkissjóði langt fram í tímann án þess raunar að Alþingi og fjvn. geti um fjallað. Þessir samningar hafa gert fjvn. mjög erfitt fyrir í vinnu hennar nú og þeim tilmælum verður beint til þeirra ráðherra sem nú sitja í þessum störfum að menn fari sér varlega við slíka samninga og gangi ekki frá þeim án þess að bera þá undir fjárveitingarvaldið eða fjvn. sem er fulltrúi þess, þannig að slíkir samningar séu ekki gerðir óðruvísi en fjvn. viti af þeim og fallist á þá annars vegar og að þm. viðkomandi kjördæmis séu sammála því að í viðfangsefnið sé ráðist og geri sér fulla grein fyrir því að það mun takmarka og á að takmarka svigrúm þeirra um aðrar framkvæmdir í kjördæminu í sama málaflokki.

Þau erindi sem fjvn. bárust hefur nefndin afgreitt á þann veg að hún leggur til að nú við 2. umr. verði samþykkt viðbótarútgjöld við útgjaldatölu fjárlagafrv. sem samtals nema 1 milljarði 62 millj. kr. og er þar um 1,8% hækkun frá fjárlagafrv. að ræða. Í tillögum nefndarinnar er mest hækkun lögð til að verði á viðfangsefnum á sviði landbrn. eða um 303,7 millj. kr. og er það um 17% af heildarhækkunarfjárhæðinni. Svo til öll sú fjárhæð er afgreidd í nefndinni að tillögu ríkisstjórnarinnar.

Í nál. meiri hl. eru afgreiðslur fjvn. flokkaðar annars vegar eftir hagrænu eðli og hins vegar eftir uppruna erinda. Samkvæmt tillögum fjvn. um breytingar á gjaldahlið frv. hækkar launakostnaður um 71 millj. kr. og nemur það 6,7% af heildarhækkunartillögum nefndarinnar. Í þessari fjárhæð er miðað við að 17 ný stöðugildi verði veitt en sótt var um 130, eins og áður er getið. Hækkun á öðrum rekstri en launakostnaði nemur 450 millj. kr. ef tillögur fjvn. verða allar samþykktar og er það um 42,4% af heildarhækkunartillögum hennar. Síðan gerir nefndin tillögu um að stofn- og viðhaldskostnaðarverkefni hækki samtals um 540 millj. 715 þús. og er það röskur helmingur af öllum hækkunartillögum nefndarinnar sem stafa af hækkuðum framlögum skv. tillögum hennar til stofn- og viðhaldsverkefna.

Þá er einnig í nál. reynt að skipta erindum sem nefndin afgreiðir eftir uppruna þeirra. Slík skipting verður alltaf álitamál og umdeilanlegt í hvaða flokk hvert einstakt erindi skuli falla. Eftir því sem best

var séð skiptist uppruni erinda í afgreiðslu nefndarinnar þannig að verðlags- og launaleiðréttingar á frv. nema í heild samkvæmt tillögum nefndarinnar um 120 millj. kr. eða 11,3% af heildarfjárhæðinni. Tilmæli frá ríkisstjórninni sem nefndin hefur afgreitt og gert að tillögum sínum nema samtals 657 millj. 200 þús. kr. eða 61,9% af heildarfjárhæðinni sem nefndin leggur til að útgjaldaliðir frv. hækki um. Aðrar afgreiðslur nefndarinnar nema síðan 284 millj. 936 þús. kr. eða tæplega 27% af samanlögðum útgjaldatillögum hennar.

Má vera að mönnum komi á óvart hversu hár liður í tillögum nefndarinnar verðlags- og launabreytingar eru en ástæðan er sú að í fyrsta lagi var um að ræða nokkra launasamninga sem gerðir voru eftir að fjárlagafrv. var unnið og þurfti því að sjálfsögðu að breyta útgjaldatölum fjárlagafrv. með hliðsjón af þeim. Í öðru lagi var um að ræða uppfærslur til verðlags sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um þegar frá fjárlagafrv. var gengið og í þriðja lagi var um að ræða tilfærslur og áhrif breytinga hjá stofnunum og viðfangsefnum sem sérstaklega var tekið fram í athugasemdum frv. að yrði að gera í meðförum fjvn.

Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að á bls. 3 í nál. meiri hl. eru frekari talnalegar upplýsingar um tillögur nefndarinnar eftir viðfangsefnum og málaflokkum. Loks er þar á sömu bls. gefið yfirlit um þær breytingar á einstökum útgjaldaflokkum frv. sem tillögur fjvn. gera ráð fyrir.

Eins og venja er til gerir fjvn. ekki við þessa umræðu tilögur um breytingar á tekjuhliðinni heldur bíða þær 3. umr. Sama máli gegnir um stofnanir í B-hluta frv. svo og um nokkur önnur atriði sem ekki eru gerðar tillögur um nú.

Af þeim atriðum sem bíða 3. umr. er þó eitt sem fjvn. hefur þegar tekið ákvörðun um að gera að tillögu sinni við Alþingi. Er þar um að ræða tilmæli ríkisstjórnarinnar til nefndarinnar um að sérstakt framlag, 100 millj. kr., verði veitt sem fyrsta framlag af fjórum á jafnmörgum árum til þess að greiða ógreidd framlög ríkisins vegna viðfangsefna sem flytjast eiga yfir til sveitarfélaganna með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en slíkar lagabreytingar eru nú til meðferðar í þinginu.

Fjvn. hefur fyrir sitt leyti fallist á þessi tilmæli ríkisstjórnarinnar en er ekki sem stendur reiðubúin til að ganga formlega frá þeirri tilllögu við afgreiðslu fjárlaga. Ástæðan er sú að það er alger einhugur í fjvn. um að þessum framlögum verði skipt með sama hætti og verið hefur um framlög til íþróttamála og dagvistarstofnana með þeirri verkaskiptingu sem gilt hefur, þ.e. að Alþingi sjálft skipti þessu fé að fengnum tillögum fjvn. Fjvn. vill sjá hvernig þessum málum verður fyrir komið varðandi þær lagabreytingar sem gera þarf, svo sem á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga varðandi tilfærslur verkefna og nú eru í meðferð í þinginu. Verði ekki tryggilega frá því gengið í umræddri lagasetningu að þetta uppgjörsverkefni verði áfram í forsjá fjárveitingavaldsins og nefndarinnar eins og verið hefur, þá mun fjvn. ganga þannig frá tillögum sínum fyrir 3. umr. um fjárlög um framlög til þessa viðfangsefnis að það sé gert skýrt og afdráttarlaust hvernig nefndin leggur fyrir Alþingi að afgreiða málið.

Áður en ég tek til við að skýra í stuttu máli einstakar brtt. fjvn. þá vildi ég víkja sérstaklega að tveimur viðfangsefnum sem ekki er þar að finna en nefndin hefur fjallað um. Annað varðar Vinnueftirlit ríkisins. Í erindi Vinnueftirlitsins kom fram að sótt var eftir að fá að auka umsvif stofnunarinnar með fjölgun starfa og aukinni starfsemi og jafnframt kom fram að fyrir lágu samþykktir aðila vinnumarkaðarins sem mundu tryggja Vinnueftirlitinu það fjármagn sem það þyrfti til að standa undir kostnaði við þessa starfsemi þannig að ekki væri um bein fjárframlög að ræða til stofnunarinnar á fjárlögum. Þrátt fyrir þetta féllst nefndin ekki á tilmæli stofnunarinnar og er ástæðan sú, sem raunar einnig kom fram í erindi hennar, að nefndin telur að skoða beri sérstaklega hvort ekki eigi að gera þær breytingar á starfsemi og rekstri stofnunarinnar sem tryggi henni aukið sjálfræði, annaðhvort með því að Vinnueftirlit ríkisins verði gert að B-hluta stofnun með sjálfstæðan fjárhag og kostuð af eigin tekjum eða jafnvel að eftirlitið verði alfarið gert sjálfstætt og þá sem sjálfseignarstofnun eða stofnun í eigu aðila vinnumarkaðarins og verði hún þá ekki viðfangsefni á fjárlögum.

Þá lá einnig fyrir fjárveitinganefnd erindi sem nefndin féllst ekki á um hækkun á launaliðum til sjúkrahúsa vegna óska um hækkun á álagsprósentu. Skammt er síðan fallist var á ósk um slíka hækkun á álagsprósentu á laun en sú afgreiðsla virðist ekki hafa dugað því nú, skömmu síðar, berst ný ósk þar að lútandi. Ef málið er skoðað kemur í ljós að verið er að ræða um álag ofan á föst laun sem nemur samtals um eða yfir 95%.

Það sem hér kemur fram er að sjálfsögðu það sem öllum er kunnugt að verið hefur að gerast í launamálum í landi voru en það er að í æ ríkara mæli eru farnar að tíðkast alls kyns álagsgreiðslur og yfirborganir umfram fasta samninga. Orð mín má ekki skilja svo að starfsfólk sjúkrahúsa eigi síður að fá slíkar greiðslur en aðrir. Þetta fólk vinnur gott starf, oft við erfiðar aðstæður, og vissulega er okkur það ljóst að betri laun eru boðin í mörgum öðrum störfum, enda sýnir það sig í því að erfitt er að fá fólk til starfa á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Hitt er engu síður umhugsunarefni þegar álagsgreiðslur eru orðnar svo miklar að þær nema hartnær jafnhárri fjárhæð og föst umsamin laun.

Fjárveitinganefnd gerir sér fulla grein fyrir því að hér er mikið vandamál á ferð sem verður að leysa. Auðvitað kemur til greina að fallast enn á hækkun þessarar álagsprósentu en ef til vill væri líka ástæða til, og jafnvel mun frekar, að skoða í fyrsta lagi hvort ekki sé rétt að semja í formlegum kjarasamningum um þau laun sem raunverulega eru greidd fremur en að láta þau koma fram í álagsgreiðslum eða þá að

fjölga stöðugildum á sjúkrahúsum og heimila þá fremur ráðningu fleiri starfsmanna til að létta vinnuálag en að greiða svo miklar álagsgreiðslur eins og nú stefnir í til þeirra starfsmanna sem fyrir eru. Fjvn. vill að þessi mál séu skoðuð og gerir því ekki tillögur um hækkaðar álagsgreiðslur að þessu sinni en væri fallist á beiðnir þar um, sem gengju að sjálfsögðu til allra sjúkrahúsa, mundi launahækkun af þeim sökum á verðlagi frv. nema 300–400 millj. kr.

Vík ég nú að einstökum brtt. fjvn. og vek enn athygli á því að einhver mistök hafa átt sér stað í sambandi við þær skýringar og viðfangsefni sem prentuð eru í þskj. 244 og 249.

1. till. fjvn. á þskj. 244 lýtur að framkvæmdum á vegum aðalskrifstofu forsrn. og skýrir sú tillaga sig sjálf.

2. till. nefndarinnar er varðandi Háskóla Íslands. Um er að ræða leiðréttingu á launum eins og ég talaði um áðan, um 10 millj. 484 þús. kr. Að öðru leyti skýrir sú tillaga sig sjálf.

3. till. fjvn. lýtur að stofnun nýrrar stöðu meinafræðings við Tilraunastöð Háskólans á Keldum.

4. till. fjvn. er um stofnun Árna Magnússonar. Nefndin leggur til að launagjöld þar hækki um 500 þús. kr. sem er vegna tímabundinnar ráðningar ljósmyndara við stofnunina í hálft ár.

5. till. nefndarinnar varðar Orðabók Háskólans. Nefndin leggur til að önnur gjöld hækki þar um 500 þús. kr. og fari það til greiðslu útgáfukostnaðar vegna orðsifjabókar eftir Ásgeir Blöndal Magnússon.

6. till. nefndarinnar varðar framhaldsskóla. Nefndin leggur til að almennt framlag til þeirra hækki um 3 millj. kr. og á það að renna til uppgjörs vegna framhaldsskóla í samrekstri ríkis og sveitarfélaga.

Síðan kemur 7. brtt. Við hana er breyting á sérstöku blaði sem hefur verið dreift hér í þingsalina. Það er ekki rétt eins og sú brtt. er uppsett. Fjvn. leggur til að viðfangsefnið 601 Endurbætur og tækjakaup fái hækkun um 1,6 millj. kr. Þetta á að skiptast þannig að af þessari fjárhæð eru 600 þús. kr. ætlaðar til endurbóta á gamla skólahúsinu við Laufásveg og 1 millj. kr. er ætluð til endurbóta á lóð Kennaraháskólans.

8. brtt. nefndarinnar varðar Íþróttakennaraskóla Íslands. Þar hefur einnig verið ranglega farið með í prentun viðfangsefna og skýringum í nál. Rétt á að orða þessa brtt. þannig að til viðhalds íþróttavalla á vegum Íþróttakennaraskólans eigi að verja 1 millj. kr. af tillögu nefndarinnar, en þær 3 millj. sem þá standa út af eigi að renna til tækjakaupa og þurfa því að vistast á sérstakt viðfangsefni.

11. brtt. nefndarinnar er um framhaldsskóla í Vestmannaeyjum og skýrir sig sjálf. Sömuleiðis 12. brtt. nefndarinnar.

13. brtt. nefndarinnar varðar Vélskóla Íslands og skýrir sig sjálf.

14. brtt. nefndarinnar varðar hins vegar Iðnskólann í Reykjavík. Þar leggur nefndin til að framlag til viðfangsefnisins 501 Fasteignir verði hækkað um 2,5 millj. kr. og er þetta framlag ætlað til þess að endurnýja hitakerfi skólahússins sem er orðið ónýtt og af þeim sökum liggur skólahúsnæðið undir skemmdum. Í tillögu fjvn. um afgreiðslu Alþingis er sérstaklega tekið fram að gert sé ráð fyrir jafnháu framlagi frá borgarsjóði.

15. brtt. nefndarinnar varðar síðan liðinn Iðnnám, almennt. Þar er gerð tillaga um skiptingu þar sem komu ekki fram fullnaðarupplýsingar hvorki í áliti meiri hl. né skýringum sem því fylgja né á þskj. 244, en gert er ráð fyrir því að veitt sé 700 þús. kr. skv. tillögu fjvn. til skipulagsmála vegna iðnmenntunar á Ísafirði, en eins og þm. mun vera kunnugt þá er að hefjast samstarf Menntaskólans og Iðnskólans á Ísafirði um iðnmenntun í húsnæði Menntaskólans og samstarf um það bóklega nám sem þar fari fram.

Síðan koma brtt. 16 og 17 er lúta að héraðsskólum. Eins og kunnugt er var lagt til í fjárlagafrv. að rekstur héraðsskólanna í Reykjanesi og að Laugarvatni yrði aðeins út þetta skólaár og rekstri yrði ekki haldið áfram að þessu skólaári loknu. Samkomulag hefur hins vegar orðið um að halda áfram um sinn rekstri þessara skóla með fjárveitingu sem nægir til þess að hægt er að hefja skólahald að nýju með venjulegum hætti á næsta hausti, bæði í Héraðsskólanum í Reykjanesi og Héraðsskólanum að Laugarvatni. Fram skal sérstaklega tekið í þessu sambandi að gert er ráð fyrir því að á árinu 1988 verði málefni þessara skóla skoðuð sérstaklega, bæði að því er varðar framtíðarskólahald þeirra þarna og möguleika til þess og einnig möguleika á nýtingu húsnæðis og annarrar aðstöðu sem þarna er verði það ekki talið ráðlegt að halda skólahaldi þar áfram í óbreyttri mynd. Verður að sjálfsögðu haft samráð við heimamenn um þessa skoðun málsins.

Mér láðist í þessum upplestri að taka fram brtt. 10 um Fjölbrautaskólann á Akranesi. Þar er einnig villa í nefndarskjölum. Þar er gert ráð fyrir því að sérstakt viðfangsefni verði stofnað sem fái 5 millj. kr. fjárveitingu ef Alþingi fellst á till. fjvn. og er framlag þetta ætlað til nýbyggingar mötuneytis.

Þá komum við að grunnskólunum. 19. till. fjvn. fjallar um grunnskólana á Reykjanesi. Þar er lagt til að ein staða sálfræðings verði stofnuð frá og með byrjun næsta skólaárs. Að öðru leyti er um leiðréttingu á framlagi vegna nemendafjölda að ræða.

20., 21., 22., 23. og 24. brtt. fjvn. eru einnig um grunnskóla og skýra sig allar sjálfar og eru allar aðeins um leiðréttingu á framlagi vegna nemendafjölda.

Um 25. brtt. er hins vegar það að segja að þar er gerð tillaga um, þ.e. við grunnskóla á Suðurlandi, að ráðið verði í stöðu sálfræðings frá miðju ári 1988 og kemur sú till. þá til viðbótar till. um leiðréttingu á framlagi vegna nemendafjölda í þeim skólum.

Varðandi till. 26 er það að segja að þar er gert ráð fyrir nokkurri hækkun sem verði til varasjóðs vegna fjölgunar bekkjardeilda og fleira og er þetta í samræmi við afgreiðslu sem tíðkast hefur áður um

þennan málaflokk.

Varðandi brtt. 27, Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, þá er lagt til að framlag hækki um 135 millj. 215 þús. kr. og er vísað í sérstakt yfirlit í brtt. um sundurliðun á einstök verkefni á bls. 3–10 á þskj. 244.

28. brtt. nefndarinnar skýrir sig sjálf. Sömuleiðis 29. brtt. hennar. Um 30. brtt. nefndarinnar er það helst að segja að fallist var á erindi Landsbókasafnsins um að ráðið verði á árinu 1988 í stöðu bókavarðar til þess sérstaklega að skrá tímarit og blöð sem safninu hafa borist á undanförnum árum. Munu launagjöld af þeim sökum hækka um 800 þús. kr. ef Alþingi samþykkir þessa tillögu fjvn.

Þá er nýtt viðfangsefni í till. 31 um Þjóðminjasafn Íslands. Þar gerir fjvn. tillögur til fjárveitingavaldsins um að önnur gjöld á vegum Þjóðminjasafnsins verði hækkuð um 500 þús. kr., enda verði sú fjárhæð sérstaklega notuð til kynningar og upplýsingastarfsemi á vegum safnsins, en Þjóðminjasafn Íslands verður 125 ára á næsta ári.

Síðan kemur 32. brtt. nefndarinnar um hækkun á liðum undir Listir, framlög. Þær tillögur skýra sig að mestu leyti sjálfar. Ég vil þó aðeins benda á varðandi c-lið, um Leiklistarráð, að þar er um lækkun að ræða úr 2 millj. kr. eins og tillaga var gerð um í fjárlagafrv. niður í 200 þús. kr. Ástæðan var sú að það var skekkja í fjárlagafrv. Þar sem stóð 2 millj. kr. undir Leiklistarráð átti að standa skv. till. fjmrn. að höfðu samráði við menntmrh. 200 þús. kr. og er sú leiðrétting hér gerð. Þá ber sérstaklega þess að geta að Alþýðuleikhúsið fékk ekki hliðstæða hækkun og önnur leikhús fengu í fjárlagafrv. Það voru mistök sem fjvn. leggur til að leiðrétt verði eins og fram kemur í staflið d.

Þá er einnig í tillögum nefndarinnar lagt til að framlag til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hækki um 800 þús. kr. Þar stendur nú yfir mikil framkvæmd sem unnin er að miklu leyti í sjálfboðavinnu. Þar er verið að gera hluti sem munu horfa til mikilla heilla og verða öllum aðstandendum til mikils sóma. Fjvn. vill ganga til móts við þetta viðfangsefni með þessari till., en við gerum okkur að sjálfsögðu ljóst að þessir fjármunir hrökkva hvergi nærri til að ljúka þeim viðfangsefnum sem þarna þarf að ljúka. Engu að síður er þarna komið nokkuð til móts við þetta viðfangsefni.

Síðan er önnur lækkunartillaga frá fjvn., g-liður. Þar var gert ráð fyrir að til leikfélaga vegna skuldagreiðslna yrði veitt fjárveiting sem næmi 3½ millj. Engin umsókn um slíkt lá fyrir fjvn. og því tók nefndin þá ákvörðun að lækka nokkuð þessa fjárhæð, en gerir ekki að tillögu sinni að fjárhæðin verði öll felld niður því að fjvn. veit um erindi í þessu sambandi sem þarf að sinna jafnvel þótt þau erindi hafi ekki borist fjvn. sjálfri.

Liður 33, Norræn samvinna. Þar er lagt til að tekið verði inn nýtt viðfangsefni, Norræn atvinnumiðlun. Þetta er viðfangsefnið Nordjobb sem er á vegum Norræna félagsins og nemur tæplega hálfum launum starfsmanns, en hinn helmingurinn er greiddur af Norræna félaginu samkvæmt samkomulagi við samstarfsráðherra.

34. tillagan varðar liðinn Æskulýðsmál og er þar um nokkra hækkun að ræða og skýrir till. sig sjálf.

Till. 35, Ýmis íþróttamál. Þar eru tekin inn tvö ný viðfangsefni, annars vegar till. um fjárveitingu að fjárhæð 500 þús. kr. til Handknattleikssambands Íslands vegna kostnaðar sem Handknattleikssambandið óhjákvæmilega verður fyrir í því starfi sínu að reyna að tryggja að heimsmeistaramót á Íslandi geti farið fram árið 1994. Hins vegar er einnig nýr liður, liður 1.16, Íþrótta- og æskulýðsheimili, styrkir, upp á 15 millj. kr. Hér er um að ræða tilmæli frá ríkisstjórn samkvæmt samþykkt hennar og er til þess ætlast að þessi fjárhæð komi til stuðnings við framkvæmdir á vegum íþróttafélaganna. Fjvn. mun fyrir 3. umr. gera tillögu um hvernig lið þessum skuli skipt að höfðu samráði við íþróttafulltrúa ríkisins. Að öðru leyti skýrir till. þessi sig sjálf.

Sama má segja um 36. till., hún skýrir sig sjálf, svo og 37. og 38. till.

Varðandi þær tillögur sem nefndin gerir um mál sem undir landbrn. heyra, þá má segja um svo til allar þær tillögur, till. 39 til og með till. 49, að hér er nefndin að fallast á þau tilmæli sem hæstv. ríkisstjórn beindi til nefndarinnar um afgreiðslu undir þessum lið og ég hef út af fyrir sig fátt annað um þessar tillögur að segja. Þær skýra sig nákvæmlega sjálfar. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil leyfa mér að benda á.

Það er varðandi tillögu 41. Þar er tekið inn nýtt viðfangsefni, liður 1.90 Tilraunastöðvar, 8 millj. kr. Verði þessi till. samþykkt mun fjvn. í byrjun næsta árs taka ákvörðun um skiptingu þessara fjármuna niður á tilraunastöðvar að fengnum tillögum landbrn.

Þessu til viðbótar má bæta við till. 46, Jarðræktarlög. Þar er tekinn inn nýr liður, viðfangsefni 1.20, Framlög til búnaðarsambanda 9 millj. kr.

Að lokum er sérstök ástæða til að benda á atriði í brtt. 49. Þar leggur nefndin til að fjárveiting til Gunnarshúss, Skriðuklaustri, verði hækkuð um 2 millj. kr. og er það fé ætlað til viðgerða á þaki og gluggum, en mikið viðhaldsverkefni stendur nú yfir við Gunnarshús á Skriðuklaustri í minningu skáldsins.

Þá komum við að sjávarútvegsráðuneytinu.

Brtt. 50 um Hafrannsóknastofnun. Þar er lagt til að tekinn verði inn nýr liður, Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands, er hljóti 4,2 millj. kr. Þetta er samningsatriði sem við Íslendingar erum að sjálfsögðu skuldbundnir til að standa við.

Þá er lagt til í till. 51 að taka inn nokkur viðfangsefni sem við leggjum til að hækki. Þar er enn ein villa, sú næstsíðasta. Þar er lagt til að inn undir þennan lið, Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi verði tekinn nýr liður, 1.33 Öryggismálaskóli sjómanna, og til hans verði veittar 10 millj. kr. Það er ekki rétt

með farið að þessi fjárveiting eigi að heyra undir þennan lið í sjútvrn. Það voru mistök að viðfangsefnið skyldi vistast þar. Það átti að vera í samgrn. á næsta ári að tillögu nefndarinnar eins og það var á sl. ári og hefur brtt. um það efni þegar verið dreift.

Þá er komið að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Þar er till. 52. Hún varðar vinnuhælið að Kvíabryggju þar sem gert er ráð fyrir að nýr liður verði tekinn inn, 6.10 Umhverfisbætur að fjárhæð 500 þús. kr.

Brtt. 53 varðar Landhelgisgæsluna. Þar hefur það gerst að Landhelgisgæslan hefur samið við Landgræðslu ríkisins um að taka að sér flugrekstur fyrir síðarnefndu stofnunina. Til þess þarf að hækka nokkuð launakostnað og viðfangsefnakostnað á vegum Landhelgisgæslunnar og er till. fjvn., brtt. 53, í samræmi við þær niðurstöður um breytingar sem Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur lagt fyrir nefndina að gera þurfi.

Till. 54 varðar að gerð er tillaga um að liðurinn 1.10 Æskulýðsstarf hjá Biskupsstofu verði hækkaður um 250 þús. kr. og er sú hækkun ætluð til stuðnings við æskulýðsstarf safnaða á Vestfjörðum. Erindi barst til nefndarinnar um að ráðinn yrði sérstakur æskulýðsfulltrúi fyrir söfnuði á Vestfjörðum. Nefndin féllst ekki á þau tilmæli, en gerir tillögu um afgreiðslu málsins með þessum hætti.

Þá kemur till. 55. Þar leggur nefndin til að viðfangsefnið 6.20 Byggingar á prestssetrum verði hækkað um 2 millj. kr. og að viðbótarframlag þetta verði látið renna til byggingar prestsseturs í Bjarnanesi.

Þá er loks till. 56 sem varðar dóms- og kirkjumrn. Hún varðar lið 3.04 Ýmis kirkjuleg málefni. Þar er lagt til að framlag til Hóladómkirkju verði hækkað um 2 millj. kr. þannig að framlagið verði alls 9 millj. kr. Fjárveiting frá fyrra ári, sem er að nokkru leyti ónotuð, nam 5 millj. kr. þannig að nokkru meiri fjármunir eru til ráðstöfunar til framkvæmda við Hóladómkirkju en hér eru sýndir.

Það er sameiginlegt áhugamál fjvn. og kirkjumálaráðherra að unnt verði á næsta sumri að ljúka þeim framkvæmdum sem vinna þarf inni í sjálfu kirkjuskipi Hóladómkirkju. Það mun kosta nokkru meiri fjármuni en til ráðstöfunar eru, en bæði ráðherra og fjvn. hafa áhuga á að það mál sé leyst með sérstökum hætti og væri ekki úr vegi a.m.k. að það yrði hugleitt, tekið til alvarlegrar skoðunar að Byggðasjóður ætti þar hlut að máli. Fjvn. mun fyrir sitt leyti leggja til að það fé, sem að láni þyrfti að taka í þessu skyni, verði síðan greitt til baka á fjárlögum næstu ára, en nefndin vekur einnig athygli á því að fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um sóknargjöld sem gerir ráð fyrir mun rýmri aðstæðum fyrir kirkjuna á Hólum til þess að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi. Þó að lokið verði við framkvæmdir inni í kirkjuskipinu sjálfu eru allmiklar framkvæmdir enn óunnar við Hóladómkirkju, bæði í fordyri og eins að utan.

Þá komum við að till. 57 um málefni fatlaðra og skýrir hún sig sjálf. Sömuleiðis till. 58, en þar er lagt til að ráðinn verði þroskaþjálfi á Höfn í Hornafirði. Till. 59 gerir ráð fyrir nokkurri hækkun á viðfangsefninu 1.90 hjá félmrn., Ýmislegt, eða alls um 4 millj. 609 þús. kr. 2 millj. af þeirri upphæð eru sérstaklega ætlaðar til endurvinnslu staðla í byggingariðnaði.

Þá er í till. 60 gert ráð fyrir að Alþingi fallist á nokkra hækkun til ýmissar starfsemi, þar á meðal að styrkir til sjómannastofa hækki um 100 þús. kr., en þær hækkuðu ekki frá fjárlögum 1987 til frv. 1988 og er hér um eðlilega verðuppfærslu að ræða.

Sama máli gegnir um lið 1.30 Félagasamtök. Viðfangsefnið 1.32 Starfsmenntun í atvinnulífinu á hins vegar skv. till. nefndarinnar að hækka um 4 millj. kr. og er þar um að ræða tilfærslur vegna fata- og vefjariðnaðar.

Þá komum við að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Till. 61 varðar Geislavarnir ríkisins og er þar gert ráð fyrir að staðið verði við þær skuldbindingar sem gefnar hafa verið gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni á þann veg að önnur gjöld Geislavarna ríkisins verði hækkuð um 700 þús. kr. og er það til tímabundinnar ráðningar starfsmanns og auk þess verði tekinn inn nýr liður, liður 6.01 Tækjakaup 2½ millj. kr. Tryggja þessar fjárveitingar, ef samþykktar verða, að hægt verður að standa að fullu leyti við skuldbindingar þær sem gefnar hafa verið Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni fyrir þá aðstoð sem hún mun veita okkur Íslendingum í sambandi við geislamælingar.

Þá kemur launaleiðrétting, till. 62, vegna héraðshælis Austur-Húnvetninga.

Síðan kemur till. 63 er varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar gerir fjvn. þá tillögu að önnur gjöld á vegum sjúkrahússins verði hækkuð um 600 þús. kr. og er það sérstaklega hugsað til að greiða kostnað við athugun á framtíðarnýtingu eldra húsnæðis, en slík umsókn barst frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Síðan eru till. 64, 65, 66 og 67. Þetta varðar allt saman sambærilegt mál. Launaútgjöld hækka vegna leiðréttinga sem þurfti að gera vegna þess að tiltækar upplýsingar bárust fjvn. um launamál þessara sjúkrahúsa sem þurfti að leiðrétta frumvarpstölurnar um og ekki höfðu legið fyrir þegar fjárlagafrv. var samið.

Þá komum við að till. 61 er varðar ríkisspítala. Þar leggur fjvn. til að viðfangsefnið 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild verði hækkað um 11,4 millj. kr. og er hækkunin vegna þriggja nýrra stöðugilda sjúkraliða á Kristnesspítala og vegna hjartaaðgerða og er þar gert ráð fyrir að hjartaaðgerðum fjölgi úr tveimur á viku, eins og verið hefur, í þrjár. Þá hækka launagjöld á þjónustudeildum um 4,2 millj. kr. vegna stöðubreytinga og vegna hlutastöðu sérfræðings. Framlag til stofnkostnaðar hjá ríkisspítölum hækkar um 13 millj. kr., ef tillaga nefndarinnar yrði samþykkt, og er hún ætluð til tækjakaupa.

Þá komum við að Borgarspítalanum. Þar leggur fjvn. til að sex ný stöðugildi verði samþykkt í Arnarholti. Ef sú till. verður samþykkt munu launagjöld hækka hennar vegna um 8 millj. kr.

Síðan kemur viðfangsefnið 5.01 Viðhald. Það er gert ráð fyrir því að til þessa verkefnis verði veitt auknu fé er nemi 8 millj. kr. og er sú fjárhæð ætluð til að greiða hluta kostnaðar við eldvarnakerfi. Það er mat manna að það kosti 24 millj. kr. að koma á fót fullnægjandi eldvarnakerfi á Borgarspítalanum. Þessi fjárhæð nægir fyrir þriðjungnum af þeirri þörf og er hugmynd fjvn. sú að þetta verkefni verði leyst á þremur árum.

Þá er einnig tekinn inn nýr liður, Bygging B-álmu, að fjárhæð 9 millj. kr.

Í till. 70 er varðar sjúkrahús almennt gerir fjvn. tillögu um að tekinn sé inn nýr fjárlagaliður með 50 millj. kr. Þessum lið er ætlað að vera til ráðstöfunar við uppgjör til sjúkrahúsa á föstum fjárlögum vegna hugsanlegs rekstrarhalla ársins 1987, en samkvæmt þeim upplýsingum sem fjvn. hefur stefnir í að rekstrarhalli þessara sjúkrahúsa geti numið um 5%. Nefndin er ekki reiðubúin að flytja tillögur um að skipta þessum fjármunum upp á milli sjúkrahúsanna. Til þess liggja ekki nægar upplýsingar fyrir. En niðurstaða hennar er sem sagt sú að leggja til að sérstakur fjárlagaliður verði stofnsettur með 50 millj. kr. framlagi sem ætlað er að vera til ráðstöfunar við þetta uppgjör þegar fyrir liggja nánari upplýsingar um stöðu mála.

Þá komum við að till. 71 er varðar sjúkrahús og læknisbústaði. Nefndin gerir það að tillögu sinni að viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 54,8 millj. Vísað er í sundurliðun með sérstöku yfirliti með brtt. á þskj. 244 um skiptingu þessarar fjárhæðar á einstök verkefni, bls. 14–15 í því þskj.

Þá komum við að tillögu nefndarinnar nr. 72 er varðar Heilbrigðismál, ýmsa starfsemi. Þar leggur nefndin til að viðfangsefnið 1.35 Hjartavernd, Mónica-rannsóknir, verði hækkað um 860 þús. kr. Jafnframt verði tekinn inn nýr liður, 1.80 Sjúkraflug, og til þess viðfangsefnis fari 2 millj. kr. og munu tilfærslur því hækka sem því nemur verði þessi till. samþykkt. Þetta viðfangsefni féll niður af fjárlögum yfirstandandi árs, en hafði þá lengi verið á fjárlögum. Hugmyndin var sú að taka málin til gagngerðari skoðunar en tími gafst til við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Niðurstaða fjvn. eftir þá skoðun er sú að hún leggur til að þessu verkefni verði sinnt með þessum hætti, eins og hér er gerð tillaga um, og er fjárveitingin ætluð til þátttöku í kostnaði við bakvaktir vegna sjúkraflugs, enda liggi fyrir kostnaðarþátttaka sveitarfélaga. Það verður svo heilbrmrn. sem tekur við umsóknum um styrki samkvæmt þessum fjárlagalið og afgreiðir þær en ekki Alþingi og fjvn. eins og oft hefur verið.

Þá er það tillaga 73. Hún varðar Gæsluvistarsjóð og er um að framlag til Verndar verði hækkað um 200 þús. kr.

Liðurinn 4.81 Bindindisstarfsemi. Þar leggur nefndin til að viðfangsefnið 1.10 Áfengisvarnir hækki um 2 millj. 595 þús. kr. og er það sú fjárhæð sem þarf til að reka starfsemi áfengisvarnaráðs með óbreyttri starfsemi frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Samtals er því ætlað til áfengisvarna 4 millj. 547 þús. kr.

75. till. fjvn. varðar Vegagerð ríkisins. Nefndin leggur til að nýframkvæmdir hækki um 50 millj. kr. og önnur gjöld sem því nemur. 20 millj. af þessari hækkun eiga að renna sem sérstakt framlag til jarðgangagerðar í Ólafsfjarðarmúla þannig að 30 millj. af þessum 50 komi þá til skipta til annarra þarfa.

76. till. fjvn. varðar hafnamál. Þar er lagt til að viðfangsefni 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 148 millj. 500 þús. kr. og er vísað í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með brtt.

77. till. fjvn. er sú að tekinn verði inn nýr liður, 6.51 Landshöfn Rifi, og veitt verði í hann 4 millj. kr. og er þetta skuldauppgjör.

78. till. um Siglingamálastofnun ríkisins skýrir sig sjálf.

79. till. skýrir sig einnig sjálf. Ég vil aðeins í því sambandi vekja athygli á d-liðnum þar sem lagt er til að framlag til norrænna jarðskjálftarannsókna á Suðurlandi hækki um 3 millj. 92 þús. kr., en þessi till. nefndarinnar er við það miðuð að fá visst umsamið framlag frá hinum Norðurlöndunum til þessa verkefnis.

Þá kemur loks till. 80, en það er 6. og síðasta till. sem ekki er rétt farið með í þeim texta sem fyrir liggur. Í textanum sem fyrir liggur er sagt að fjvn. geri tillögu um nýjan lið, 6.30 er heiti Hönnun ferðamannaaðstöðu við Gullfoss. Fjárveiting verði 200 þús. kr. Þetta er ekki rétt. Það lá að vísu fyrir fjvn. erindi um gerð mannvirkja við Gullfoss vegna bættrar þjónustu við ferðamenn. Fjvn. var ekki reiðubúin að fallast að svo stöddu á þær framkvæmdahugmyndir sem komu fram í þeim tillögum. Eins og liðurinn er hins vegar orðaður mætti ætla að með þessu væri fjvn. að fallast á að hönnun þessara mannvirkja gæti hafist. Svo er ekki. Nefndin lagði hins vegar til að 200 þús. kr. yrði varið til að lagfæra ferðamannaaðstöðuna við Gullfoss, bifreiðastæði og annað það sem nú er fyrir ferðamenn á þeim stað. Réttur ætti liðurinn að hljóða þannig: 6.30 Lagfæring ferðamannaaðstöðu við Gullfoss. Það skiptir kannski ekki ýkja miklu máli hvort orðið er notað en við viljum að það sé alveg skýrt að nefndin hefur ekki að svo stöddu fallist á hugmyndir um þær framkvæmdir við Gullfoss sem lagðar voru fyrir nefndina á þessu hausti.

Þá kem ég að brtt. 81 er varðar Veðurstofu Íslands. Þar er um að ræða veðurþjónustu vegna millilandaflugs, hækkun á þeim lið, og launakostnað vegna veðurathugana við Galtarvík á Hjarðarnesi sem féll niður í frv. en er í samræmi við samkomulag við Alþjóðaflugmálastofnunina.

Till. 82 varðar Landmælingar Íslands. Þar leggur

nefndin til að viðfangsefnið 1.01 Landmælingar Íslands hækki um 2 millj. kr. vegna lækkunar sértekna um þá upphæð. Með þessu er nefndin að ganga nokkuð til móts við það sjónarmið Landmælinganna að sértekjur stofnunarinnar séu nokkuð ofáætlaðar, en vill þó fá að sjá hvernig skil geta orðið vegna sértekna hennar og er ekki á þessari stundu reiðubúin að ganga lengra en þessari tillögu nemur.

Till. 83 varðar Iðntæknistofnun Íslands. Lagt er til að tilfærslur hækki undir viðfangsefni 1.90 um 1 millj. kr. og er um að ræða framlag vegna vinnuvélanámskeiða.

Till. 84 skýrir sig sjálf, sömuleiðis till. 85 og síðasta till., nr. 86, varðar Orkustofnun, viðfangsefni 1.10, Sérverkefni tengd fiskeldi. Þar er lagt til að viðfangsefnið verði hækkað um 4,5 millj. kr. og er ætlast til þess af fjvn. að sú hækkun sé notuð til rannsókna varðandi fiskeldi við Öxarfjörð.

Herra forseti. Ég hef nú lokið þessum langa lestri og gert grein fyrir tillögum fjvn. eins og þær eru lagðar fram við 2. umr. fjárlaga. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari afgreiðslu vísað til 3. umr. og að frv. verði samþykkt eftir 2. umr. með þeim breytingum sem fjvn. leggur til.

Frsm. minni hl. fjvn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka nefndarmönnum í fjvn. samstarfið í nefndinni, einnig starfsfólki Hagsýslunnar, Ríkisendurskoðun og starfsfólki Þórshamars. En síðast en ekki síst vil ég þakka starfsmanni fjvn., Ásdísi Sigurjónsdóttur, fyrir mjög gott samstarf.

Starf fjvn. er mikið og strangt og þá sérstaklega hjá meiri hluta nefndarinnar sem ég tel að hafi skilað góðu starfi, sérstaklega ef tekið er mið af þeim starfsaðstæðum sem hæstv. ríkisstjórn bauð nefndinni, en ég mun koma betur að því seinna í ræðu minni.

En þó svo að samstarf nefndarinnar hafi verið með ágætum eru vissulega skiptar skoðanir nefndarmanna á frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 1988. Brtt. meiri hl. fjvn. bera það þó með sér að ekki hafa þeir nefndarmenn verið mjög ánægðir með þær tölur sem birtust upphaflega í frv. og vissulega hafa þeir lagt til breytingar sem við minnihlutamenn nefndarinnar teljum allar vera spor í rétta átt.

Um þá stefnu sem frv. birtir er vissulega ágreiningur sem m.a. birtist í framlögðum brtt. stjórnarandstöðuflokkanna og í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 260 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Öllum er ljós sú staðreynd að frá árinu 1984 höfum við búið við eitthvert mesta góðæri sem þekkst hefur. Það er líka staðreynd að þrátt fyrir hagstæðar ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum, aukinn afla, hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum, lækkun olíuverðs, mikla aukningu landsframleiðslu og hærri þjóðartekjur á mann en áður hafa þekkst blasir við að á þessum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með gífurlegum halla. T.d. var halli ríkissjóðs árið 1986 1876 millj. kr. og allt bendir til að á árinu 1987 verði ríkissjóði skilað með rúmlega 2000 millj. kr. halla (upphæðir á verðlagi hvors árs).

Halli ríkissjóðs þessi ár er ekki til kominn vegna þess að svo vel hafi verið gert við almenning í landinu á tímum góðæris því að auknar skattaálögur og niðurskurður samfélagslegrar þjónustu einkenna tímabilið og afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Fyrir óráðsíunni stóðu þáverandi stjórnarflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., sem eftir kosningar sl. vor fengu svo Alþfl. til liðs við sig sem nú fer með fjármál ríkisins. Þrátt fyrir aðild Alþfl. að ríkisstjórninni hefur ekki orðið grundvallarstefnubreyting við framlagningu fjárlagafrv. önnur en sú að nú á að reka ríkissjóð í jafnvægi sem vissulega er jákvætt og stjórnarandstöðuflokkarnir hljóta að styðja.

Hitt er svo alveg ljóst að til að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á að afla tekna með auknum sköttum á almenning, en eins og áður sleppa þeir sem góðærisins nutu að mestu leyti. Þrátt fyrir þessa auknu skattálagningu á almenning er enn um að ræða niðurskurð til félagslegra framkvæmda. Þannig á t.d. ekki króna að fara úr ríkissjóði í Vegasjóð á næsta ári og felld eru niður bein ríkisframlög til dagvistarstofnana og til tónlistarfræðslu barna.

Nú við 2. umr. fjárlaga hefur ríkisstjórnin birt landsmönnum skattastefnu sína. Frá því að ríkisstjórnin tók við lítur dæmið þannig út:

1. Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ákveðið að leggja á nýja skatta sem nema um 3700 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrv.

2. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var bætt við um 2000 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrv.

3. Nú þegar gengið er frá fjárlagafrv. til 2. umr. er enn bætt um betur. Að sögn fjmrh. er þar samtals um að ræða 2050 millj. kr.

Að auki telur fjmrh. að veltubreytingar færi ríkissjóði um 600 millj. kr. og loks telur hann að betri innheimta söluskatts skili um 400 millj. kr.

Samtals er því um að ræða 8750 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt tölum fjmrh. sjálfs.

Þetta segir þó ekki alla söguna því að skattastefna ríkisstjórnarinnar eykur mismunun í þjóðfélaginu. Lágtekjufólk ber þyngri byrðar en áður vegna matarskattsins, en alls nemur söluskattur á matvælum um 5750 millj. kr. Jafnframt verður skattabyrði hátekjumanna hlutfallslega minni en áður vegna þess að efstu skattþrep eru afnumin samfara staðgreiðslukerfi skatta.

Hlutfall skatttekna ríkissjóðs af vergri landsframleiðslu verður hærra en verið hefur á síðustu áratugum. Þannig efna ríkisstjórnarflokkarnir fyrirheit sín um lækkun skatta. Á sama tíma blasir það við að fyrirtækjunum, stóreignamönnum og hátekjufólki er hlíft.

Myndin af stjórnarstefnunni sem blasir við þjóðinni nú eftir áramótin og birtist í fjárlagagerðinni er þessi:

Matarskattar verða 5750 millj. kr. — maturinn

dýrari en nokkru sinni fyrr. Skattbyrði tekjuskatts sem hlutfall af launum greiðsluárs hækkar um 25%. Fasteignagjöld munu hækka um mörg hundruð milljónir kr. þar sem fasteignamat hækkaði 50 milljarða umfram verðlagshækkanir frá árinu 1986 til ársins 1987. Þeir sem notið hafa vaxtaafsláttar — tugir þúsunda skattgreiðenda — fá ekki vaxtaafslátt fyrr en á síðari hluta næsta árs. Útsvör hækka að raungildi milli áranna 1987 til 1988 samkvæmt upplýsingum fjmrh. um 7–9%. Félagsleg þjónusta er dregin saman eða felldur út hlutur ríkisins í framlögum, t.d. til dagvistarmála og tónlistarskóla. Útlit er fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári verði tvisvar sinnum meiri en spáð hafði verið fyrir fáeinum vikum. Búast má við að viðskiptahallinn verði tvisvar sinnum hærri en ráð var fyrir gert á næsta ári að óbreyttu. Reikna má með að kaupmáttur launa fari aftur minnkandi og ráðstöfunartekjur heimilanna munu dragast saman á næsta ári samfara aukinni skattlagningu. Vextir eru hærri hér en nokkurs staðar annars staðar í þeim löndum sem við viljum helst miða okkur við í lífskjörum. Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar veikist með hverjum deginum, ekki aðeins vegna lækkunar dollarans heldur líka vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar í formi skattahækkana og vaxtahækkana. Auk þess eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar verðbólguhvetjandi. Þannig er efnahagskerfið allt í uppnámi nú við gerð fjárlaga fyrir árið 1988.

Auk þess er ljóst að stjórnarflokkarnir eiga erfitt með að koma sér saman um ákvarðanir sem dragast oft vikum saman, jafnvel um einföldustu mál. Stjfrv. stranda í þinginu hvað eftir annað vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna, milli flokka og eins innan flokka. Allt verður þetta til þess að við komandi áramót ræður óvissan ríkjum hvarvetna: á heimilunum, hjá útflutningsatvinnuvegunum, í stjórnmálalífinu og hjá þjóðinni í heild. Niðurstaða óvissunnar mun síðan óhjákvæmilega birtast á vinnumarkaðnum.

Það er því ljóst að ráðstöfunartekjur heimilanna munu skerðast verulega á næsta ári, einkum á fyrri hluta ársins vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar á sama tíma og ljóst er að samdráttur í þjóðartekjum kemur niður á launafólki ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða til þess að tryggja kjör fólks.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur því markmiði ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð hallalausan. Minni hl. vill hins vegar aðrar leiðir að markmiðinu bæði hvað varðar öflun tekna og forgangsröð gjaldaliða. Minni hl. vill líka með þessu nál. vekja athygli á ótryggum verðlagsforsendum frv. til fjárlaga fyrir árið 1988."

Og það, virðulegi forseti, er reyndar meginmálið.

Við 1. umr. um frv. vakti stjórnarandstaðan athygli á ótryggum verðlagsforsendum þess. Á þeim tíma sem liðinn er frá framlagningu frv. hefur ekkert breyst í þeim efnum til batnaðar, þvert á móti.

Þó enn ríki veruleg óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988 hefur Þjóðhagsstofnun látið fjvn. í té upplýsingar um helstu breytingar sem orðið hafa á efnahagshorfum fyrir árið 1988 frá því að fjárlagafrv. var lagt fram á hv. Alþingi í októbermánuði sl. Vissulega eru allar þessar upplýsingar með fyrirvörum. Þjóðhagsstofnun vinnur að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir næsta ár og ekki liggja enn fyrir endanlegar tölur um áhrif ýmissa þeirra frumvarpsbálka sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á síðustu dögum á tekjuhlið fjárlagafrv.

Það liggja þó fyrir ýmsar þær upplýsingar sem sýna að verulega hefur sigið á ógæfuhliðina hvað varðar það að forsendur fjárlagafrv. standist.

Viðskiptakjör hafa versnað verulega og eru nú mun lakari en reiknað var með í október. Ástæðurnar eru gengislækkun bandaríkjadollars í kjölfar verðhruns á hlutabréfamörkuðum. Álverð reiknað í dollurum hefur lækkað. Óvissa ríkir um verð á sjávarafurðum. Horfur um hagvöxt og þar með aukningu almennrar eftirspurnar í iðnríkjum á næsta ári eru lakari en reiknað var með. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988 var gert ráð fyrir að viðskiptakjör í heild yrðu óbreytt milli áranna 1987 og 1988, en nú má reikna með að þau verði lakari á næsta ári en þau eru nú.

Nú er einnig fyrirsjáanlegt að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verður miklu meiri en gert var ráð fyrir í október. Þá var reiknað með að viðskiptahalli á þessu ári yrði um 2,4 milljarðar kr. sem svarar til rúmlega 1% af landsframleiðslu. Nú er hins vegar útlit fyrir að þessi tala hafi tvöfaldast og að öllu óbreyttu má því spá að viðskiptahalli næsta árs, sem reiknað var með að yrði um 4,5 milljarðar kr. eða um 2% af landsframleiðslu, verði mun hærri tala.

Að mati Þjóðhagsstofnunar hefur afkoma útflutningsfyrirtækja almennt versnað að undanförnu þar sem innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum. Lækkun bandaríkjadollars hafði slæm áhrif og vaxtastefna hæstv. ríkisstjórnar hefur ekki orðið til þess að laga afkomu útflutningsfyrirtækjanna því eins og menn vita eru vextir hærri hér en nokkurs staðar í þeim löndum sem við miðum okkur svo gjarnan við.

Verst kemur þetta niður á fiskvinnslunni, sérstaklega frystingunni sem nú er samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar rekin með verulegu tapi, botnfiskvinnslan í heild með tapi sem nemur 3–5% af tekjum, þar af áætlað tap í frystingu 7–9% af tekjum.

Þessar upplýsingar komu þó ekki í veg fyrir þau áform hæstv. fjmrh. að leggja launaskatt á fiskvinnsluna. Útflutningsatvinnuvegir landsmanna hafa fengið að kenna illilega á stefnu ríkisstjórnarinnar og búa við það að raungengi hefur hækkað um 12–13% á þessu ári og þeir búa einnig við hærra vaxtastig en annars staðar þekkist. Samt er gert ráð fyrir að innheimta af þeim um 400 millj. kr. í formi nýs launaskatts á næsta ári.

Ofan á þessa slæmu stöðu fiskvinnslunnar bætist svo að stefnt er að mun meiri samdrætti í þorskafla milli ára en spáð var. Staða þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar er því í dag afar ótrygg og

ekkert hefur komið fram sem bendir til betri afkomu næsta ár. Því má svo bæta við að hver 20 þús. tonn í þorskafla jafngilda rúmlega 1 milljarði kr. í útflutningsverðmæti eða sem svarar til um 2% af vöruútflutningi og um 1% samdrætti í þjóðartekjum.

Þessar spár Þjóðhagsstofnunar, sem vissulega eru gerðar með ákveðnum fyrirvara, eru ljótar. Þetta er ekki sú framtíð sem við viljum sjá. Við verðum t.d. samfara samdrætti í þorskafla að huga betur að fullvinnslu þessara afurða.

Ríkisstjórninni ber að stuðla að enn frekari framgangi undirstöðuatvinnuvega landsins, sjávarútvegs og landbúnaðar, en það gerir hún ekki. Þar ætlar hún samkvæmt frv. til fjárlaga að bregðast. Misgengi milli atvinnuveganna er ekkert náttúrulögmál. Það er afleiðing stjórnarstefnu.

Mikil óvissa ríkir um verðlagshorfur næsta árs og þar með um verðlagsforsendur fjárlagafrv. Reyndar er það einkennilegt hve verðlagsforsendur frv. hafa lítið verið til umræðu. Þær forsendur gera t.d. ráð fyrir rúmlega 7% kauphækkunum á árinu 1988 og um 10% hækkun framfærslukostnaðar. Það hefur verið bent á að ólíklegt er að verkafólk taki slíkri kauplækkun. Auk þessa hefur síðan fjárlagafrv. var lagt fram gerst tvennt sem gerir það enn ólíklegra. Annað er það að verðbólga hefur vaxið hratt á síðustu vikum og allt bendir til að þar verði framhald á. Hitt er að skattheimtuáform ríkissjóðs blasa nú við almenningi í landinu.

Matarskatturinn leggst að fullu á láglaunafólkið í landinu sem ekki á þá undankomuleið að borða varaliti og drekka rakspíra og ilmvötn sem lækka í verði. Þessi matarskattur á að gefa ríkissjóði í tekjur 5750 millj. kr. Maturinn verður dýrari en nokkru sinni fyrr. Ríkisstjórnin ákveður ekki matseðil heimilanna. Enda þótt mjólk, kjöt, skyr og gosdrykkir hafi hlotið náð fyrir augum hæstv. ríkisstjórnar og hækki ekki mun fólk áfram vilja borða fisk, brauð, egg og nýja ávexti sem hækka verulega.

Jafnvel þó teknar séu trúanlegar tölur hæstv. fjmrh. um að söluskatts- og tollaleikfimi ríkisstjórnarinnar gangi upp á núlli að meðaltali er ótvírætt að greiðslubyrði heimilanna eykst. Því til sönnunar má benda á niðurstöður útreikninga Alþfl., þá með talinn hæstv. fjmrh., en Alþfl. var fyrir réttu ári, eins og fram kemur í nál. fulltrúa Alþfl. í minni hl. fjvn. á þessari skoðun, með leyfi forseta: „Allt of há söluskattsálagning vegur þungt í neysluútgjöldum heimilanna".

Þetta, virðulegi forseti, var skoðun hæstv. fjmrh. fyrir réttu ári. Þá ætlaði hann líka að fækka undanþágum frá söluskatti og lækka um leið söluskattsprósentuna sem honum fannst allt of há. En það var þá.

Það var líka þá sem Alþfl. taldi að fella ætti niður ýmsa smáskatta sem þeir töldu að þáverandi hæstv. fjmrh. héldi dauðahaldi í. Um þessa, að þeirra mati, úreltu smáskatta nefndu alþýðuflokksmenn dæmi: miðagjald, flugvallarskattur, skoðunargjald ökutækja, gjald á eyðublöðum heillaskeyta, skipaskoðunargjald og fleiri voru dæmin.

Hvað hefur svo orðið um þessa skatta? Hæstv. fjmrh. hefur hækkað þá flesta verulega og heldur engu minna dauðahaldi í smáskattana en fyrirrennarar hans gerðu.

Það er margt annað í þessu nál. Alþfl. frá því fyrir ári sem vert er að hafa í huga og skoða í samhengi við framlagningu frv. til fjárlaga og ýmissa skattafrumvarpa sem hv. Alþingi hefur til meðferðar nú. Þessi skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar eiga að gefa í ríkiskassann um 8750 millj. kr. Skattastefna sem eykur mismunun í þjóðfélaginu. Lágtekjufólk ber þyngri byrðar en áður vegna matarskattar. Jafnframt verður skattbyrði hátekjumanna hlutfallslega minni en áður vegna þess að efstu skattþrep eru afnumin samfara staðgreiðslukerfi skatta.

Hvar eru nú tillögur Alþfl. um skatta á stóreignamenn? Hvar er tillitið til þeirra sem minnstar tekjurnar hafa?

Það er ljóst að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar bitna meira og minna á láglaunafólki landsins og á undirstöðuatvinnuvegum okkar. Verið er að stefna að því að svigrúm við gerð kjarasamninga verði ekki meira en svo að sú hækkun launa sem boðuð er í fjárlagafrv. standist. Það gerist hins vegar ekki. Ef skoðað er hversu miklar hækkanir þyrftu að koma á lægstu laun á næstu 12 mánuðum til þess að kaupmáttur launa haldist frá því sem hann er nú og við búum okkur til dæmi með það eitt fyrir augum að halda kaupmætti óbreyttum, ég ítreka, óbreyttum, á milli ára erum við strax komin óraveg frá forsendum fjárlaga.

Við skulum skoða dæmið um almenna kauphækkun miðað við að tryggja kaupmátt lágmarkslauna í kjarasamningum, launa sem nú eru tæplega 30 þús. kr. á mánuði. Gerum ráð fyrir óbreyttri stefnu í verðlagsmálum og því að gengi erlendra gjaldmiðla fylgi kostnaðarbreytingum útflutnings- og samkeppnisgreina. Ef svona er reiknað þyrfti að sögn Ásmundar Stefánssonar forseta ASÍ að hækka kaupið um 8–9% um næstu áramót og síðan á þriggja mánaða fresti um rúmlega 7%. Í lok næsta árs, þ.e. í desember 1988, yrðu lágmarkslaun um 40 þús. kr. þá ígildi 30 þús. kr. kaups í dag. Launin þyrftu því að hækka á næsta ári um rúmlega 30% til þess eins að standa í stað hvað verðgildi varðar.

Þetta sýnir okkur betur en nokkuð annað hversu ótryggar forsendur frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 eru og segir okkur jafnframt að sú mynd, sem við í stjórnarandstöðunni höfum dregið upp í nál. og í ræðum, er enn dekkri fyrir heimili landsins þegar staðan í kjara- og launamálum er tekin inn.

Hvað varðar gjaldahlið frv. eru í dag líka ýmsir óljósir liðir og mörgum endum á eftir að ganga frá. Ekki er þar við störf fjvn. að sakast. Hún hefur á þessu hausti þó mátt vinna við afar skringilegar aðstæður svo að ekki sé meira sagt. Ekki bara að margt sé snúið við afgreiðslu fjárveitinga heldur hafa forsendur allar verið óljósar, tekjuöflunarfrumvörp svo seint á ferðinni að vinnurammi nefndarinn-

ar hefur verið heldur þokukenndur. Það er hins vegar rangt að skammast út í fulltrúa stjórnarinnar. Þeir hafa búið við nánast sama upplýsingaskort og fulltrúar stjórnarandstöðu í fjvn. Þær upplýsingar sem við höfum beðið um liggja bara ekki á lausu hjá hæstv. ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hefur það vinnulag að birta fjölmiðlum helst allar upplýsingar um gjörðir sínar og ákvarðanatöku áður en þær eru birtar Alþingi og við það hefur fjvn. mátt búa.

Landbúnaðarmálin voru tekin úr höndum fjvn. og sett í aðra nefnd og framlög til ýmissa annarra liða voru ákveðin af ríkisstjórninni og birt fjölmiðlum áður en þær ákvarðanir sáust á borðum nefndarinnar. Þetta á að sjálfsögðu ekki að gerast og eins og ég sagði áðan dáist ég að því hvað fulltrúar stjórnarflokkanna hafa haldið ró sinni vitandi að það eru þó þeir sem þurfa að verja vitleysuna fyrir hv. Alþingi, svo og fjölmiðlum. Þetta þurfa þeir að gera án þess jafnvel að eiga möguleika á að draga fram rök fyrir máli sínu, einfaldlega vegna þess að þau eru ekki til eða hæstv. ríkisstjórn lúrir á þeim.

Margir gjaldaliðir af þeim sem nú þegar hafa verið lagðar fram brtt. við hafa tekið jákvæðum breytingum í meðförum fjvn., enda hafa brtt. þessar í för með sér hækkun gjaldaliða frv. um rúmlega 1 milljarð. Enn er þó eftir að afgreiða ýmsa stóra útgjaldaliði sem bíða 3. umr. og ljóst er að þar má reikna með að enn þurfi að koma til veruleg aukning útgjalda.

Í till. fjvn. er gert ráð fyrir verulegri hækkun til hafna í landinu. Í frv. var gert ráð fyrir að framlög til hafnamannvirkja væru 250 millj. Lagt er til að þessi liður hækki í 398,5 millj., vissulega spor í rétta átt en þó langt frá áætlaðri fjárþörf hafna landsins og reyndar líka langt frá því sem lagt var til í þáltill. sem lögð var fram hér á síðasta þingi.

Einnig leggur fjvn. til verulega hækkun til byggingar skólamannvirkja sem þó er langt frá fjárþörf þessa liðar. Skuldir ríkissjóðs til bygginga grunnskóla sem nú þegar eru hafnar og skuldbindingar gerðar eru rúmlega milljarður, þannig að það segir sig sjálft að þó framlag ríkis verði hátt á fjórða hundrað milljónir segir það lítið til þessa mikilvæga samfélagslega verkefnis.

Það að hafa nú fengið hér inn á borð til okkar skýrslu sem sýnir fjármálaóráðsíu sem viðgengist hefur við byggingu flugstöðvarinnar gerir það enn sárara hversu litlu fjármagni er hægt að veita til verkefna sem eru mikilvæg allri þjóðinni, verkefni eins og hafnir landsins, bygging skólamannvirkja og sjúkrastofnana. Um framlög til einstakra liða ætla ég ekki að tjá mig mikið. Alþb. hefur þegar lagt fram brtt. við allmarga þeirra liða sem við vildum sjá breytingar á.

Ég vil þó minna þm. á að framlög til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og dvalarheimila aldraðra eru langt undir lágmarksþörf og að veruleg úrbót þyrfti að koma til þarna.

Virðulegi forseti. Ég gat þess við 1. umr. fjárlaga að ég væri ósátt við hvernig tekið er á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ekkert hefur komið fram á þeim vikum sem liðnar eru frá þeirri umræðu sem gerir mig sátta við framkvæmdina. Ekki eru enn nema óljósar hugmyndir um hvernig staðið verður að uppgjörsmálum við sveitarfélögin. Kannski er það ekki nema von, það eru nefnilega engar heildartölur til um það hver staða ríkissjóðs er gagnvart öllum þeim verkefnum sem sveitarfélögin hafa fengið viðurkennd af ríkinu og þegar hafið framkvæmdir við í trausti þess að fá framlög úr ríkissjóði, alla vega hef ég ekki getað fengið þær upplýsingar og hef þó mikið reynt.

Ég ítreka hér þá skoðun mína að sveitarfélögin vilja gjarnan fá meira sjálfræði í ákvarðanatöku sinni og framkvæmdum og að tillögur nefndar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru flestar til bóta. En það verður að tryggja þegnum þessa lands jafnrétti og það er ljóst að sveitarfélögin eru misjafnlega í stakk búin að taka við þeim verkefnum sem áformað er að færa yfir til þeirra. Þær lausnir sem bent er á að sveitarfélögin fái á málefnum sínum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, að sjóðurinn komi til með að bæta þá aukningu útgjalda sem sveitarfélögin verða fyrir við tilfærslu verkefna, er falslausn.

Menn skulu gera sér grein fyrir því að Jöfnunarsjóð sveitarfélaga áttu og eiga sveitarfélögin. Hann hefur hins vegar verið skertur mikið á undanförnum árum, 1985 um 108 millj., 1986 um 209 millj., 1987 um 348 millj. og enn er áætluð skerðing þrátt fyrir tilfærslu verkefna til sveitarfélaga. Skerðing Jöfnunarsjóðs á undanförnum árum hefur haft í för með sér að framkvæmdageta sveitarfélaganna skertist verulega. Sérstaklega bitnaði skerðingin harkalega á minni sveitarfélögunum sem ekki standa undir nauðsynlegum, sjálfsögðum samfélagslegum verkefnum nema framlög ríkis komi til. Þessi sveitarfélög hafa oft þurft að miða framkvæmdahraða sinn við framlög ríkissjóðs og eru því langt á eftir ef tekið er tillit til þeirrar þjónustu sem nú er talið sjálfsagt að hvert sveitarfélag veiti.

Það að setja deild innan Jöfnunarsjóðsins sem sinni þessum sveitarfélögum sérstaklega er ekki sú lausn sem má sætta sig við. Sveitarfélögin eiga að fá Jöfnunarsjóðinn óskertan og aukna tekjustofna sem vissulega geta verið í formi aukinna framlaga ríkis til sveitarfélaga, framlaga sem þau ákveða ráðstöfun á. Og þegar sveitarfélögin þurfa verulega að auka tekjur sínar gagnrýnir hæstv. fjmrh. hækkun útsvara til sveitarfélaga sem áætlað er að nemi um 7–9% á næsta ári, en hækkar svo sjálfur um leið frá því sem áður var tekjuskattinn sem nemur 25% af tekjum.

Ef til vill eru skiptar skoðanir meðal sveitarstjórnarmanna um tillögur að verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en allir þeir sveitarstjórnarmenn sem ég hef talað við eru sammála um það að um leið og tilfærslan á sér stað eigi að koma uppgjörsmálum á hreint, við annað verði vart unað. Og þegar maður heyrir tölur eins og þær sem komu fram í fréttum sjónvarpsins í gær, að inneign Reykjavíkurborgar

einnar hjá ríkinu nemur um 800 millj. kr. og horfir svo á framlög í Jöfnunarsjóð ár hvert, verður ljósara en nokkru sinni fyrr að áður en tilfærsla verkefna milli ríkis og sveitarfélaga á sér stað verður að leysa uppgjörsmálin.

Það eru líka verkefni sem nú er áætlað að færa sem eru svo augljóslega verkefni samfélagsins alls og ber að leysa á þeim grundvelli en ekki með því að færa þau yfir til sveitarfélaga. Þar ber fyrst að nefna tónlistarskóla. Þar hefur ríkið séð um hálfa launagreiðslu kennara og öll þau sveitarfélög sem hafa ályktað um þann lið telja að þarna eigi ríkið áfram að sjá um þennan þátt.

Önnur samfélagsleg verkefni sem ég vil nefna hér og ég tel að eigi að leysa á samfélagslegum grunni eru dagvistarstofnanir, annaðhvort í formi framlaga til uppbyggingar eða í formi framlaga til reksturs. Það reynist oft erfitt litlum sveitarfélögum að koma upp sæmandi aðstöðu til íþróttaiðkana. Þarna er því ekki um neitt jafnrétti að ræða t.d. milli barna á grunnskólaaldri vítt og breitt um landið. Þetta er því brýnt verkefni sem ríkisstjórnin hefur að hluta viðurkennt að ríkið verði enn að koma inn í með tillögu um stofnun sérstaks íþróttasjóðs.

Virðulegi forseti. Í nál. minni hl. fjvn. kemur fram að við lýsum ánægju okkar með það markmið ríkisstjórnarinnar að reka hallalausan ríkissjóð. Hins vegar erum við ekki sammála hæstv. ríkisstjórn um leiðir að markmiðunum, ekki stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, að æ ofan í æ er það almenningur í landinu sem látinn er borga óráðsíu stjórnvalda. Við bendum líka á minni gjaldaliði eins og yfirstjórn ráðuneyta sem hækkar verulega, allt upp í um 100% hækkun, nema hjá forsrn. Þar lagði hæstv. fjmrh. til lækkun á framlögum til yfirstjórnar, e.t.v. til þess að sýna hæstv. forsrh. að hann ætli í einhverju að standa við þá gagnrýni sem hann beitti hæstv. forsrh. þegar hann gegndi embætti fjmrh. fyrir réttu ári og hlaut þá mikla gagnrýni núverandi fjmrh. fyrir störf sín.

Minni hl. fjvn. vill einnig minna á þá skýrslu sem birst hefur þingmönnum um fjármálaóráðsíu við byggingu flugstöðvarinnar og alla þá fjármuni sem þangað hafa streymt. Við viljum líka benda á þau samfélagslegu verkefni sem við teljum að eigi að hafa forgang og vísum til tillagna stjórnarandstöðuflokkanna þar um.

Að síðustu má svo enn benda á að þótt bráðabirgðaspá Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur sé svört er útilokað að hunsa hana og við breyttum efnahagshorfum verður að bregðast strax. Verðlagsforsendur frv. verður að taka til gagngerðrar endurskoðunar. Og við lýsum enn og aftur andstöðu okkar við tekjuöflunarleiðir ríkisstjórnarinnar sem bitna fyrst og fremst á láglaunafólki landsins og minnum á setningar sem eru í niðurlagi nál. Alþfl. við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1987. Þá sögðu alþýðuflokksmenn, með leyfi forseta:

„Pólitík er að vilja. Mismunandi áherslur um forgangsröð verkefna innan ríkisbúskaparins endurspegla ólíka pólitíska afstöðu. Versta aðferðin í stjórnmálabaráttunni er sú að þykjast vera öllum allt en reynast svo öllum jafnilla í raun."

Mér finnst að þarna megi greina orðalag ákveðins stjórnmálamanns sem þá taldi sig vera baráttuglaðan málsvara þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Ég hef lokið máli mínu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 262, 263, 264, 265, 268, 271, 272 og 273, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 36 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi þessarar umræðu gerði hv. 5. þm. Vestf., formaður fjvn., ítarlega grein fyrir því starfi sem unnið hefur verið af hálfu fjvn. síðustu vikur og mánuði. Hann gerði einnig glögga grein fyrir áliti nefndarinnar og brtt. sem birtar eru á meðfylgjandi þingskjölum. Ég mun ekki fara ítarlega út í þessi efni enda ekki tilefni til. Mig langar þó eins og aðrir nefndarmenn sem hér hafa talað að flytja þakkir fyrir ágætt samstarf innan nefndarinnar, bæði til formanns nefndarinnar og eins einstakra nefndarmanna og það ekki síður til fulltrúa stjórnarandstöðunnar heldur en til fulltrúa stjórnarliða. Þetta samstarf er ákaflega mikilvægt því að starf nefndarinnar er það viðamikið að það yrði trauðla unnið ef ekki tekst að viðhalda því góða samstarfi sem jafnan hefur verið. Ég ítreka þær þakkir sem hafa þegar verið fluttar til starfsmanns nefndarinnar, Ásdísar Sigurjónsdóttur, og starfsliðs Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, en jafnframt fagna ég því að eftir að Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi hefur tekist um það samkomulag að vararíkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, starfaði með nefndinni og hefur það starf verið nefndinni ákaflega mikilvægt. Ég vænti mikils af því að þetta samstarf haldi áfram og að það muni létta störf fjvn. í framtíðinni og geta stuðlað að því að hún verði betur fær til þess að ráða við það viðfangsefni að annast raunveruleg hagsýsluverkefni á milli þinga.

Með fjárlagafrv. því sem hér er til 2. umr. er að því stefnt að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár án rekstrarhalla. Þetta er meginmarkmið fjárlagafrv. og við það markmið höfum við reynt að miða okkar vinnu sem störfum á vegum ríkisstjórnarflokkanna í fjvn. Ég tel að það sé rétt mat hjá formanni nefndarinnar að miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um þjóðhagshorfur sé þetta markmið nú enn brýnna en þegar frv. var lagt fram. Það er á hinn bóginn ekki með neinni fullri vissu hægt að segja fyrir um það hvort þetta markmið næst fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd. Að mínum dómi er ótímabært að segja fyrir um það á þessari stundu hverjar niðurstöður fjárlaga verða eða spá um það hvort þetta markmið næst en að því munum við að

sjálfsögðu stefna. Þó að hér hafi til að mynda hv. þm. Margrét Frímannsdóttir dáðst að okkur fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í fjvn. fyrir að vinna okkar verk þrátt fyrir þá aðstöðu sem hún telur okkur búa við er þessi aðstaða nú síst verri en oft hefur áður verið hjá fulltrúum stjórnarliðs í fjvn. Að þessu sinni liggja fyrir grófar upplýsingar um þjóðhagshorfur frá Þjóðhagsstofnun og breytingar á þjóðhagshorfum eins og formaður fjvn. hefur rakið. Að þessu sinni liggja líka fyrir breytingar á þjóðhagshorfum eins og formaður fjvn. hefur hér rakið. Að þessu sinni liggja líka fyrir, sem oft hefur ekki verið, lauslegar upplýsingar og lauslegir útreikningar um hvað tekjuhlið fjárlaga muni gefa miðað við þá tekjustofna sem nú eru í gildandi lögum og miðað við þær skattkerfisbreytingar sem ríkisstjórnin hefur nú á prjónunum og verða væntanlega afgreiddar fyrir jólaleyfi þm. Þessar upplýsingar gefa því meiri vísbendingar nú en oft hefur áður verið við þessa umræðu. Því má líka bæta við að oft hefur staðan verið sú að við 2. umr. fjárlagafrv. hefur átt eftir að vinna upp nýjar verðlags- og launaforsendur frá því að frv. var lagt fram. Til að mynda við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár voru reiknaðar upp á milli 2. og 3. umr. nýjar verðlagsforsendur og nýjar launaforsendur sem tóku gildi þegar fjárlög voru endanlega afgreidd við 3. umr.

Ég mun ekki rekja þessar þjóðhagshorfur enda var það gert að nokkru af hálfu formanns nefndarinnar. Þær sýna þó versnandi stöðu miðað við það sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá á haustdögum með versnandi viðskiptakjörum, stöðvun eða samdrætti þjóðartekna á næsta ári og að efnahagskerfið búi yfir tilhneigingu til aukinnar veltu sem muni þýða vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis. Jafnframt að hagvaxtarskeiðið hafi a.m.k. hægt á sér eða jafnvel stöðvast. Það mun verða rætt frekar við 3. umr. hvernig áhrif þessara horfa koma fram í þjóðarbúskapnum og þá um leið í ríkisbúskapnum miðað við þær afgreiðslur sem við munum þá taka ákvarðanir um á hinu háa Alþingi.

Ég vil þó geta þess að þrátt fyrir að við þessa umræðu verði tekjuhlið fjárlagafrv. ekki tekin til afgreiðslu og þrátt fyrir að lauslegir útreikningar, sem eru í endurskoðun, hafi verið lagðir fram í fjvn. af hálfu Þjóðhagsstofnunar koma fram í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 260 yfirlýsingar um skattamál sem tæplega fá staðist. Ég mun ekki rekja það nákvæmlega sem þó var gert í ræðu formanns nefndarinnar, en niðurstöður í áætluðum nýjum sköttum ríkisstjórnarflokkanna á næsta ári, sem fulltrúar minni hl. birta í þskj., segja að hér sé um að ræða í það heila tekið 8 milljarða 750 millj. kr. Þetta hygg ég að sé verulega oftalið. Miðað við þær forsendur sem ég hef séð og þá útreikninga sem fyrir mig hafa verið lagðir munu þessar tölur vera ofáætlaðar um a.m.k. 2 milljarða 750 millj. kr. Vera má að fulltrúar minni hl. hafi ekki tekið eftir því að hér er að hluta til um að ræða að ívilnun er á öðrum sviðum í tekjuöflunarkerfi ríkisins þó að annars staðar komi hækkanir á móti. Þetta liggur að sjálfsögðu allt mun betur fyrir þegar mál þetta kemur til 3. umr. og ég mun ekki fara ofan í það nánar hér. Það bíður síns tíma.

Í till. fjvn., sem nefndin stendur öll að, er gert ráð fyrir að útgjöld skv. 4. gr. frv. aukist um rúmlega 1 milljarð kr. Þetta er gert þrátt fyrir að við leitumst við að stefna að því markmiði, sem ríkisstjórnin hefur sett og stjórnarflokkarnir, að ná hallalausum rekstri á fjárlögum næsta árs. Fjárlagafrv. er að mínum dómi á þann máta í grófum dráttum úr garði gert að þar er býsna raunhæft áætlað eða rýmilega séð fyrir margháttuðum rekstrarliðum stofnana ríkisins og að þessu sinni hefur mun minna þurft að sinna hækkunarbeiðnum til rekstrar en oft hefur áður verið þó, sem eðlilegt má telja, að leiðréttingar geti verið á ýmsum liðum, svo sem hér hefur verið rakið og rækilega skýrt af formanni nefndarinnar, og það er ekkert nýtt. A hinn bóginn ber frv. með sér að þar er fremur þrengt að framlögum til atvinnuvega og fjárfestingarliðir frv. eru naumar skammtaðir en ýmsir a.m.k. telja æskilegt. Þetta eru meginútlínur í frv. auk ýmissa kerfisbreytinga sem það byggir á og gerð hefur verið grein fyrir. Það er því í till. fjvn. tiltölulega lítið sem gerðar eru tillögur um að hækka rekstrarliði frv.

Á hinn bóginn vega þyngst í útgjaldaliðum t.a.m. liðlega 300 millj. kr. til landbúnaðarmála sem kemur til fjvn. sem samþykkt ríkisstjórnar. Það er óhætt að segja að meðferð á landbrn. sé með nokkuð óvenjulegum hætti í fjárlagafrv. og í þessari fjárlagavinnu og ég læt það koma fram sem mína skoðun að það vinnulag sé ekki til eftirbreytni. Ég tel að það eigi að vera hlutverk ráðherra í ríkisstjórn, hverjir sem hana skipa hverju sinni, að koma saman fjárlagafrv. sem ríkisstjórn í meginatriðum stendur að þótt það sé ekki neitt einsdæmi að fyrirvarar einstakra ráðherra séu við einstaka liði. En það er óvenjulegt og ekki til eftirbreytni að mínum dómi að í heilum málaflokki sé útgjaldaliðum á vegum eins ráðuneytis vísað til meðferðar Alþingis þannig að sá ráðherra sem þar stendur að hafi þar algeran fyrirvara um. Ef þetta vinnulag ætti að taka upp í fleiri ráðuneytum eða í önnur skipti mundi það án efa torvelda og þyngja mjög þá vinnu sem þarf að leggja í af hálfu Alþingis varðandi fjárlagagerðina og við því er ég að vara með þessum orðum.

Ég held að ég muni ekki fjalla í einstökum liðum um t.a.m. þennan málaflokk, það sem er á vegum landbrn., það mun væntanlega verða gert síðar, en ég læt það einnig koma fram að við í meiri hl. fjvn. teljum okkur hafa tryggingu fyrir því að staðið verði við þær yfirlýsingar og þá samninga sem gerðir hafa verið við einstaka bændur um bætur á þessu ári og það er nauðsynlegt vinnulag þrátt fyrir að tillögur sem byggt var á í þessum 300 millj. gæfu það ekki að fullu til kynna. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt og við teljum okkur hafa tryggingu fyrir þessu á þessu ári og vonandi verður á þann máta einnig staðið að verki á hinu næsta.

Ég ætla í örfáum orðum að víkja að fjárfestingarliðum. Það er vitaskuld svo að löngum er þannig staðið að afgreiðslu fjárlaga að þm. kjósa að geta varið meira fé til fjárfestingarliða en svigrúm fjárlagadæmisins getur rúmað. Að þessu sinni stöndum við vitaskuld frammi fyrir því að í sumum fjárfestingarþáttum höfum við haldið svo spart á málum í mörg ár að vandi hefur hlaðist upp. Þessi vandi hittir okkur nú og mun hitta okkur á næstu árum.

Þetta á kannski ekki hvað síst við í hafnamálum, en í tvö ár voru að kalla felld niður framlög til hafnaframkvæmda sem voru þá aðeins örfáir tugir milljóna hvort árið um sig. Þetta kemur fram í því að við þurftum að bæta verulega úr í þessum lið á síðasta ári og enn meira nú að dómi okkar í meiri hl. fjvn., enda höfum við þar gert tillögur um verulega hækkun eða úr 250 millj. kr. upp í 398,5 millj. kr. Ef fylgt hefði verið hafnaáætlun, sem lögð var fyrir síðasta Alþingi, og nokkrum allra brýnustu úrbótum öðrum, sem til hafa komið síðan sú áætlunartillaga var lögð fram, hefði þurft 650 millj. kr. þannig að það er langt í frá, þrátt fyrir þá hækkun sem hér er gerð tillaga um, að þessum verkefnum sé sinnt eins og hafnaáætlunin gerði ráð fyrir. En við leitumst við að sigla þann meðalveg í þessum tillögum að geta staðið sæmilega að málum í verklegum efnum og flytja tillögur sem Alþingi sættir sig við að standa að en missa þó ekki sjónar af því heildarmarkmiði að ná fram afgreiðslu á fjárlögum án þess að um rekstrarhalla verði að ræða.

Þá vil ég geta þess í sambandi við fjárfestingarliði, sem fram kom einnig hjá formanni nefndarinnar, að til vegamála er gerð tillaga um að hækka liðinn í 50 millj. kr. sem skýrist af því að þá renni markaðir tekjustofnar af bensíngjaldi og þungaskatti til vegamála eins og gert er ráð fyrir í lögum, en önnur framlög til vegamála af hálfu ríkisins verða ekki. Ég tel afar nauðsynlegt að við þessi lög verði staðið og ég fagna því að við mælum hér fyrir till. sem staðfestir þessa reglu sem er í samræmi við fyrri yfirlýsingar, t.a.m. mínar sem fyrrv. formanns fjvn.

Ég lét þess getið við 1. umr. að þær breytingar sem ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafa á prjónunum um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga væru spor í rétta átt. En ég hafði þá þegar fyrirvara varðandi það að við mundum vilja sjá á hvern máta fyrir hagsmunum hinna smærri aðila í þessum efnum, sveitarfélaga, yrði séð og ekki síst hvernig tryggðir yrðu hagsmunir einkaaðila sem hafa sinnt framkvæmdum á sviði íþróttamála, en það væru aðilar sem oft og tíðum væru óskyldir sveitarfélögunum. Það hefur orðið niðurstaðan, þó að um það sé ekki brtt. hér, að á fjárlögum verði áfram veitt sérstöku fé til framkvæmda í íþróttamálum, framkvæmda sem eru á vegum einkaaðila og félaga sem ekki eru beint í tengslum við sveitarfélögin. Þetta tel ég mikilvægt og ég tel afar mikilvægt að Alþingi haldi áfram að styðja hin frjálsu félagasamtök á sviði æskulýðs- og íþróttamála vegna þess hversu gífurlega mikilvægt starf er unnið á vegum þessara samtaka.

Ég er þó ekki að mæla með því að þessi samtök og gildi íþrótta sé sett undir einhverja rannsóknarnefnd svo sem ég sá í einhverju þskj. að gerðar hafa verið tillögur um á hinu háa Alþingi. Ég held að Alþingi geri sér grein fyrir gildi og þýðingu þessarar starfsemi og mikilvægi þessa málaflokks og að styðja einmitt hina frjálsu félagastarfsemi án þess að til þess þurfi einhverja sérstaka rannsókn. Og það er vissa fyrir því að þeir fjármunir, sem til þessa málaflokks renna, spara okkur ómælda fjármuni á öðrum sviðum á margan máta, bæði að því er varðar heilbrigðismál og uppeldi þjóðarinnar í víðara samhengi.

Herra forseti. Ég skal ekki grípa á mörgum fleiri atriðum. Ég sé þó að fluttar eru brtt. á þskj. 263 og 264 af tveimur hv. fulltrúum minni hl. í fjvn. við 4. gr. um ýmis verkefni í verklegum framkvæmdum. Ég vil láta þess getið í sambandi við þessa tillögugerð að fjvn. og þar á meðal minni hl. hefur haft gott samstarf um þær tillögur sem nefndin flytur. Að sjálfsögðu hefur minni hl. fyrirvara eins og jafnan hefur verið áður. En það er frekar óvenjulegt, held ég, að þeir fjárveitinganefndarmenn sem þannig hafa staðið að samstarfi um skiptingu fjár til verklegra framkvæmda flytji síðan brtt. um einstök verk. Auðvitað hafa þeir til þess rétt, en ég minnist þess ekki t.a.m. að sá þm. sem lengst hefur setið allra þm. í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, hafi látið það eftir sér að flytja slíkar tillögur. Þetta finnst mér heldur miður í vinnulagi, enda þótt að sjálfsögðu hafi þessir ágætu þm. til þess fullan rétt að halda þannig á málum úr því að þeir sjálfir kjósa.

Ég vil að lokum segja að Alþingi afgreiðir að sjálfsögðu fjárlög við 3. umr. og það er hlutverk fjvn. að undirbúa þá afgreiðslu. Meðan þessi viðamikla vinna stendur yfir í fjvn. hefur jafnan verið leitast við að halda góðu sambandi á milli meiri hl. fjvn. og hæstv. ríkisstjórnar og þó einkum fjmrh. Svo hefur einnig verið haldið á málum að þessu sinni. En vegna yfirlýsinga, sem birst hafa í fjölmiðlum, þykir mér rétt að leggja á það áherslu að fjvn. eða meiri hl. hennar ræður sinni tillögugerð til Alþingis. Það er því ekki hlutverk annarra aðila, jafnvel ekki hæstv. fjmrh., að segja fyrir um niðurstöðu fjárlaga eða að fjvn. geti skipt einhverri tiltekinni fjárhæð hverju sinni áður en fjvn. skilar sínu verki. Þetta er hlutverk fjvn. og allar yfirlýsingar um þetta efni eru einnig að mínum dómi ótímabærar áður en tillögur fjvn. koma fram á hinu háa Alþingi.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. fjárlagafrv. 4. nóv. sl. lagði ég áherslu á ýmsa þýðingarmestu þætti frv. og gerði grein fyrir þeirri skoðun minni að það væri óvenjumikið og erfitt og vandasamt verk að ná saman fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1988 miðað við það markmið sem hæstv. ríkisstjórn hafði

sett sér um hallalaus fjárlög og niðurskurð á erlendum lántökum. Ég taldi því að reyna mundi á forustu þeirra flokka sem standa að þessari ríkisstjórn og einstaka ráðherra og raunar Alþingi í heild ef þetta markmið fjárlaga ætti að nást. Mér er ljóst að þjóðin krefst þess að skynsamlega verði á þessum málum haldið. Fjárlög íslenska ríkisins hafa jafnan afgerandi áhrif á framvindu þjóðmála.

Fjvn. hefur að venju lagt mikla vinnu í meðferð fjárlagafrv., bæði hvað varðar viðtöl við fjölda aðila, fulltrúa sveitarfélaga, stofnana og samtaka svo og einstaklinga, og það hefur komið fram í framsögu hv. formanns fjvn. að yfir 1000 erindi hafa borist nefndinni, en sami aðili flutt oft mörg erindi í viðtölum eða bréfum. Eins og oftast áður hefur fjvn. ekki möguleika á að sinna nema hluta þessa erindafjölda og oftast aðeins lítinn hluta af þeim fjármunum sem beðið er um hverju sinni. Öll þessi viðtöl og afgreiðsla mála og erinda taka mikinn tíma fjvn. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á nauðsyn breytinga á starfsháttum fjvn., eins og hv. formaður nefndarinnar skýrði í framsöguræðu sinni í dag, og vísast til nál. meiri hl. nefndarinnar sem öll nefndin styður að því er þetta varðar.

Fjvn. þarf að hafa umboð Alþingis til að starfa allt árið við undirbúning mála fyrir fjárlagagerð og ekki hvað síst að fylgja eftir og hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga í mörgum mikilvægum málaflokkum. Að sjálfsögðu ber að fagna því að Ríkisendurskoðun er nú flutt undir Alþingi og við í fjvn. höfum þegar fengið að kynnast því hvaða gildi það hefur við meðferð mála að hafa aðgang að þekkingu slíkra manna sem þar starfa og því hlutverki sem Ríkisendurskoðun hefur almennt. Þetta gefur vissulega forsmekkinn að því sem fram undan er í þessum málum ef rétt er á málum haldið.

Eins og öllum er ljóst er eftir að fjalla um tekjuáætlun fjárlaga og eins og venja er til fer sú lokaathugun fram við umfjöllun milli 2. og 3. umr. í fjvn. Eins og hér hefur komið fram, bæði í ræðu hv. formanns nefndarinnar og einnig í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar, er nokkur óvissa um tekjuáætlun fjárlaga nú og þarf engan að undra og kemur margt þar til greina. Ég þarf ekki að endurtaka það sem hér hefur komið fram í því sambandi. Við vitum það sem störfum í fjvn. og raunar þjóðin öll að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði fyrir næsta ár eru ekki í sjónmáli. Við vitum einnig að viðskiptakjör hafa versnað síðustu mánuði. Öllum er kunnugt um gengislækkun bandaríkjadals í kjölfar verðhrunsins á hlutabréfamörkuðum heimsins. Álverðið hefur lækkað og óvissa ríkir um verð á sjávarafurðum okkar á erlendum mörkuðum sem er að sjálfsögðu alvarlegt mál fyrir land sem byggir alla sína afkomu á þessari útflutningsgrein. Jafnframt er ljóst að framleiðsla sjávarafurða verður talsvert minni á næsta ári miðað við þær spár sem fram undan eru. Við þetta bætist einnig að halli á viðskiptum við útlönd mun verða meiri á árinu en reiknað var með vegna gífurlegs innflutnings á síðari hluta þessa árs eins og allir hv. alþm. og raunar þjóðin öll hafa tekið eftir og tekið þátt í e.t.v.

Til viðbótar þessu og sem afleiðing hefur afkoma útflutningsfyrirtækjanna almennt versnað þar sem innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum. Alvarlegust er staða frystiiðnaðarins í þessari mynd svo og ullariðnaðarins eins og allir vita.

Við þessar aðstæður er erfitt að meta verðlagsforsendur og tekjuáætlun, ekki síst meðan verið er að setja ný lög um allt skattakerfið, róttækar breytingar sem hafa víðtæk áhrif sem ekki eru öll orðin ljós. Hér á ég að sjálfsögðu við breytingar á óbeinum sköttum af innflutningi, gjöldum af innlendri framleiðslu og söluskatti.

Miðað við umræður og fullyrðingar bæði í fortíð og nútíð verður að álykta að þessar róttæku skattkerfisbreytingar hljóti að verða skilvirkari og færa ríkissjóði hærri tekjur. Hins vegar er ekki óeðlilegt að margir séu með efasemdir um hvort þessar breytingar auki réttlæti í skattheimtu hér á landi. Ekki hvað síst á þetta við um söluskattinn sem á að vera undanfari breytingar yfir í virðisaukaskatt.

Að sjálfsögðu mætti halda langa ræðu um bæði kosti þessa og galla sem verður ekki gert hér, en það mun tíminn leiða í ljós. En augljóst er að gjörbreyta og herða verður skattaeftirlitið, bæði hvað varðar beina og óbeina skattheimtu í landinu. Að fenginni reynslu er þessa krafist og það verður að gera miklar kröfur til hæstv. fjmrh., ekki síst með tilliti til þess að hann sem fyrrv. stjórnarandstæðingur fullyrti fyrir alþjóð og hélt uppi miklum umræðum á hv. Alþingi um að þarna væru fjármunir svo milljörðum skipti í meðferð á óvandaðan hátt sem ekki kæmu til skila inn í skattkerfið sem tekjur ríkissjóðs. Þess vegna munum við styðja hann heils hugar í því að gera róttækar breytingar sem skila þessu fjármagni inn í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Hæstv. landbrh. og þingflokkur Framsfl. gerðu fyrirvara við fjárlagafrv. varðandi landbúnaðarmálin sem byggðist á þeirri kröfu að staðið verði við samninga við bændur og landbúnaðinn í heild, sem fyrrv. ríkisstjórn staðfesti, sem er grundvallaratriði og raunar undirstaða búháttabreytinga í landbúnaði á næstu árum. Við í meiri hl. fjvn. teljum að þetta hafi tekist að nokkru leyti nú með þeim lagfæringum og breytingum sem hér liggja fyrir í brtt. á þskj. 244 og ekki síður í þeim ákveðnu yfirlýsingum sem ráðamenn þjóðarinnar hafa gefið um hvernig þeir ætla sér að framkvæma þessa hluti. Það ber vissulega að fagna því starfi sem sérstök nefnd þm. skilaði til lausnar þessu máli þó ég geti tekið undir með hv. 2. þm. Norðurl. v. að æskilegt er að slíkar aðgerðir til að koma fram raunhæfum aðgerðum, sem raunverulega er löngu búið að afgreiða, geti gerst á eðlilegan máta.

Ég vil af þessu tilefni nota tækifærið og benda á að meiri hl. fjvn. gerði vissar þýðingarmiklar breytingar í sambandi við þetta samkomulag þó að það raskaði ekki heildarfjárhæðum, en það var til skýr-

ingar. M.a. koma framlög til búnaðarsambanda inn að nýju í gegnum þessar brtt. og viðbótarframlagi til RALA, til aukinna rannsókna, verður skipt af fjvn. í samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Tilfærsla verkefna til sveitarfélaga er stórmál eins og margoft hefur komið fram í umræðu á hv. Alþingi eftir að ljóst var að þetta mál bæri á góma. Fyrstu skrefin eru þegar ákveðin með fjárlagafrv. og frv. er þetta varðar er nú til meðferðar í félmn. Nd. og verður að afgreiða sem lög fyrir jól. Ég hef áður sagt að þessi verkefnatilflutningur og fjárhagslegur frágangur í því sambandi verður að vera sannfærandi og vel frá öllum hnútum gengið. Á því veltur framhald þessara mála. Sveitarstjórnarmenn og landsmenn almennt verða að geta treyst þessum aðgerðum.

Nokkrar efasemdir hafa komið fram, einkum í sambandi við Íþróttasjóð og tilflutning tónlistarfræðslu. Sjálfsagt er að skoða vel þessi atriði. Íþróttasjóður starfi áfram til styrktar mannvirkjagerð íþróttahreyfingar í landinu. Það telja margir sjálfsagt og ég er einn af þeim. Sjálfsagt má fresta gildistöku breytinga um tónlistarfræðsluna t.d. til 1. sept. 1989. Ég get upplýst það að ég mun leggja það til við afgreiðslu málsins í nefnd að svo verði gert. Þannig mundi vinnast nægur tími til að átta sig á því hvort hér er stefnt rétt að í ákvörðun um verkefnatilflutning hvað þetta varðar. En ég vil leggja sérstaklega áherslu á það, vegna þess að mér hefur fundist gæta talsverðs misskilnings hjá mörgum, að það eru sveitarfélögin í landinu sem reka tónlistarskólana í dag og hafa gert lengi. Þessu er nauðsynlegt að menn átti sig á alveg eins og með dagvistarstofnanir. Það eru sveitarfélögin sem reka þessar stofnanir. Það er aðeins um að ræða ríkisstyrk sem sveitarfélögin fá til að greiða hluta af kennslulaunum í sambandi við tónlistarskóla og ákveðinn hluta af stofnkostnaði í sambandi við dagvistarstofnanir.

Að mínu mati er þýðingarmest í meðferð verkaskiptamála milli ríkis og sveitarfélaga að lögin um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tryggi öryggi í þessum málum, öryggi um raunverulega jöfnun aðstöðumunar í landinu, þau byggðarlög sem standa höllum fæti af ýmsum ytri aðstæðum hafi vissu fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, eftir að hann hefur verið endurskoðaður, sé megnugur að rétta þeirra hlut. Tekjustofnar ríkis og sveitarfélaga verða að tryggja jafnræði á milli þessara stjórnkerfa landsins. Samráð ríkis og sveitarfélaga á að geta tryggt þetta ef stjórnvöld hafa réttan skilning á mikilvægi þessa fyrir þjóðina í heild hvort sem menn búa í strjálbýli eða þéttbýli. Ég bendi á í þessu sambandi að nágrannar okkar eða frændur okkar, Finnar, hafa góða og mikla reynslu af því samráði sem þar var lögfest milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar verkefnatilflutning og skiptingu verkefna. Af því verðum við að læra. Fjárlagafrv. á að taka mið af þessum viðhorfum. Frv. sem hér er til afgreiðslu tekur fyrstu skref í rétta átt ef fylgt verður eftir verkefnatilflutningi til sveitarfélaga með fjárhagslegum aðgerðum eins og boðað er og uppgjör fari fram á skuldastöðu ríkissjóðs við sveitarfélögin í sameiginlegum framkvæmdum liðinna ára.

Ég tel að nokkuð vel hafi tekist til í veigamiklum framkvæmdaliðum í meðferð fjvn. Á þskj. 244 kemur fram í hverju þessi aukning aðallega felst. En það er vissulega áhyggjuefni og ég tek undir með hv. 2. þm. Norðurl. v. að framlög til atvinnuveganna eru of naumt skömmtuð í meðferð fjárlaga nú. Ég nefni hafnamálin sem hækka úr 250 millj. í tæpar 400 millj. Stór hluti af þessari fjárhæð fer til skuldajöfnunar við sveitarfélögin, en það rýrir ekki raungildi hækkunar framlaga. Ég nefni skólamálin. Hækkun til grunnskóla frá frv., sem gerði ráð fyrir 200 millj. kr. til grunnskóla, er 135 millj. eða í 335 millj. Þetta er raunhækkun sem er mikilvæg, enda þótt þessi málaflokkur sé enn langt á eftir þörf framkvæmda til að mæta kröfum tímans að því er varðar kennslurými.

Það er rétt að undirstrika að ríkissjóður stendur mjög illa gagnvart stærstu sveitarfélögunum. Þar á ég við Reykjavík og þéttbýlissveitarfélögin í Reykjaneskjördæmi. Úr þessu þarf að sjálfsögðu að bæta, en til þess þarf miklu meira fjármagn. Minni sveitarfélögin úti um land hafa erfiðari greiðslustöðu og þola enn verr bið eftir fjármagni í þessar framkvæmdir og fjárlög undanfarinna ára hafa ávallt tekið tillit til þessa atriðis.

Ég vek athygli á mikilli þörf sem hefur farið vaxandi ár frá ári fyrir byggingu íþróttamannvirkja, ekki síður úti um land. Þetta er mál sem verður að fá meiri forgang en tekist hefur til þessa. Aðstöðuleysi fyrir íþróttaiðkun er eitt af stærri vandamálum sem varðar búsetu í landinu. Svo skrýtið sem það er er þetta staðreynd. Úr þessu verður að bæta á næstu árum ef ekki á að verða þjóðfélagslegt tjón af og enn meiri byggðaröskun. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta atriði vegna þess að ég held að yfirleitt hafi menn ekki gert sér almennt grein fyrir þessu. (**Gripið fram í:** Eigum við þá ekki að bæta úr því í ár?) Því miður höfum við ekki meira fjármagn í ár, eins og hv. þm. sjálfsagt veit eins vel og ég.

Til uppbyggingar heilbrigðiskerfisins vantar meira fjármagn. Ljósi punkturinn í þessum málum eru heilsugæslustöðvarnar sem eru komnar í öll umdæmi landsins og hafa skapað ómetanlegt öryggi fyrir landsbúa. Ég tel hins vegar áhyggjuefni hversu hægt gengur að byggja upp fullnægjandi aðstöðu í ríkisspítölunum í Reykjavík. Aðstaða t.d. á Landspítalanum fullnægir engan veginn kröfum tímans í mörgum greinum. K-byggingin er langt á eftir áætlun. Það má að mínu mati ekki dragast lengur að finna lausn til að ljúka þessum brýnustu framkvæmdum. Þetta er stórmál sem verður að leysa án þess að tengja það almennum lausnum. Ég legg til að þetta verði algert sérverkefni stjórnvalda og fjvn. á næsta ári.

Herra forseti. Að sjálfsögðu væri freistandi að ræða fjölmörg viðfangsefni fjárlagagerðarinnar, en ég geymi mér það. Ég vísa til framsöguræðu formanns nefndarinnar sem gerði ítarlega grein fyrir

störfum nefndarinnar fyrr í dag.

Fyrir 3. umr. verða fjölmörg mál til meðferðar í fjvn., að sjálfsögðu tekjuáætlun, allar B-hluta stofnanirnar, 6. gr. mál, landgræðsluáætlun, Þjóðleikhúsið, Áburðarverksmiðjan, sveitarafvæðing, fjárhagsvandi hótela, íþróttahreyfingin svo að eitthvað sé nefnt. Það er von okkar að takist að afgreiða fjárlög fyrir árið 1988 í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar, ný fjárlög verði þannig þjóðinni til hagsbóta.

Ég vil að lokum taka undir það sem hér hefur verið sagt. Ég þakka meðnefndarmönnum mínum og formanni nefndarinnar, starfsmanni nefndarinnar, vararíkisendurskoðanda og starfsfólki Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og starfsfólki Alþingis, sem nálægt fjárlagagerðinni hefur komið, fyrir gott samstarf við erfitt verkefni á undanförnum mánuðum.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þessarar umræðu þakka meðnefndarfólki mínu ágætt samstarf í fjvn. þann tíma sem liðinn er að undirbúningi fjárlagagerðar. Ég tek undir þær þakkir sem hér hafa verið fluttar til ritara fjvn., hagssýslustjóra og annars starfsfólks Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, vararíkisendurskoðanda og starfsfólksins í Þórshamri.

Enda þótt mikil vinna sé vitaskuld að baki þegar frv. til fjárlaga er lagt fram í upphafi þings fer ekki milli mála að vinnan á vegum fjvn. er sú umfangsmesta sem um getur á haustþingi. Heimsóknir til fjvn. eru margar og margvíslegar vonir eru bundnar við störf þessa þáttar þingsins ár hvert. Ég ætla þó að óvíða gangi jafnmargir bónleiðir til búðar og af þessum vettvangi.

Það frv. til fjárlaga sem hér er til 2. umr. er fyrsta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur að auki verið nokkuð sögulegt, raunar frá því að fyrst heyrðist af þeirri stefnumörkun sem frv. ætti að fylgja skömmu eftir myndun hæstv. ríkisstjórnar.

Enda þótt góðæri á flestum sviðum þjóðlífsins hafi einkennt undanfarin ár hefur halli á fjárlögum verið nánast árviss og margvíslegum vanda þannig ýtt á undan sér óleystum til framtíðar. Við myndun hæstv. ríkisstjórnar var þjóðinni kynnt sú stefna að ríkissjóðshallanum yrði eytt á næstu þremur árum og þótti þó flestum það verkefni ærið. Hér er þó aðeins um að ræða A-hlutann, þ.e. rekstrarjöfnuð sjálfs ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta fjárlaga. Þegar nær dró var ljóst að hæstv. fjmrh. var nokkuð meira í hug en fram kom í þessum efnum á miðju sumri. Þegar frv. var lagt fram í upphafi þings var stefnumörkunin allt í einu orðin hallalaus fjárlög 1988 og stöðvun erlendrar skuldasöfnunar á vegum ríkissjóðs með næsta fjárlagaári.

Stundum er því haldið fram að virðing Alþingis og traust almennings á stjórnmálamönnum fari minnkandi vegna þess að stjórnmálamenn standi ekki við orð sín eða víki af þeirri leið sem þeir hafi markað. Oftar er þó staðhæft að markmiðin séu óljós og almenningi ókunn. Í gær var því t.d. haldið fram í aðalmálgagni hæstv. ríkisstjórnar að um það hafi verið samið við myndun hæstv. ríkisstjórnar að fjárhagur ríkisins skyldi bættur með því að hækka skatta. Þetta er sagt blygðunarlaust, því er blygðunarlaust haldið fram nú, vitaskuld vegna þess að nú verður ekki lengur dulið þetta ætlunarverk sem auðvitað var ákveðið við myndun hæstv. ríkisstjórnar án þess að geta þess nokkurs staðar í stjórnarsáttmálanum. Mér heyrðist það meira að segja á formanni hv. fjvn. áðan að enn um sinn eigi í raun að þegja um þetta markmið.

Um þetta atriði var hins vegar á þennan veg rætt í stjórnarsáttmálanum, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnvægi í ríkisfjármálum verði náð á næstu þremur árum. Tekjuöflun ríkisins verði gerð einfaldari, réttlátari og skilvirkari. Útgjöld ríkisins verði endurskoðuð þannig að gætt verði fyllsta aðhalds og sparnaðar og þau vaxi ekki örar en þjóðarframleiðsla. Skatttekjur nýtist sem best í þágu almennings."

Þetta segir stjórnarmálgagnið samkomulag um að hækka skatta. Er nokkur furða þó að virðing manna á stjórnvöldum og nánasta samstarfsfólki fari þverrandi við málflutning af þessu tagi?

En lítum nánar á gössið. „Útgjöld ríkisins vaxi ekki örar en þjóðarframleiðslan", segir í stjórnarsáttmálanum, með leyfi hæstv. forseta. Í þjóðhagsáætlun frá því í okt. sl. var gert ráð fyrir að þjóðartekjur á næsta ári yrðu óbreyttar frá því sem þær verða í ár. Nú á seinustu vikum þykja ýmis þau teikn á lofti, svo sem minna sjávarfang en ráð var fyrir gert, sem leitt gætu til jafnvel 1–2% samdráttar í þjóðartekjum. Og jafnvel fyrir þessi nýju teikn sagði í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þeim forsendum um framleiðslu og þjóðarútgjöld, sem hér hefur verið lýst, verður hagvöxtur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu á næsta ári óverulegur. Þjóðartekjur í heild aukast ekki heldur þar sem reiknað er með óbreyttum viðskiptakjörum. Samkvæmt þessu verða landsframleiðsla og þjóðartekjur á mann minni á næsta ári en í ár. Þetta eru mikil umskipti frá því hagvaxtarskeiði sem ríkt hefur undanfarin 2–3 ár og er afar brýnt", segir í þjóðhagsáætluninni, „að útgjaldaákvarðanir einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera taki mið af þeim."

Forsendur fjárlagafrv. að því er varðar launabreytingar á árinu 1988 eru í meginatriðum þær að reiknað er með því að launahækkanir verði svipaðar og kveðið er á um í gildandi kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Að teknu tilliti til launaskriðs en nokkurrar styttingar vinnutíma felst í þessu áætlun um 17% hækkun tekna frá þessu ári. Verðlagsforsendur eru reistar á svipaðri spá um að verðlagshækkun á mælikvarða vísitölu verði um 17–18% milli ára. Þetta felur í sér spá um að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimila verði svipaður á næsta ári og þessu. Um allt þetta má lesa í forsendum frv. og gleymum ekki fyrir hvern mun stjórnarsáttmálanum. Útgjöld ríkisins vaxi ekki örar en þjóðarfram-

leiðsla. Verð og kauplag 17–18%, þjóðartekjur núll eða minna, aukning vergrar landsframleiðslu óveruleg.

Hvaða hlut ætla nú stjórnvöld ráðuneytum í ríkisbúskapnum við þessar aðhaldsaðstæður? Lítum ögn nánar á það mál. Æðsta stjórn ríkisins hækkar útgjöld um 37%. Forsrn. hækkar útgjöld um 32%. Menntmrn. hækkar útgjöld um 42%, þar af yfirstjórn um 61%. Utanrrn. hækkar útgjöld um 39%, þar af yfirstjórn um 109%, enda flutt verkefni frá viðskrn. yfir til utanrrn. Landbrn. hækkar að vísu aðeins um 8% samkvæmt frv. þó að yfirstjórnin fengi hækkun upp á 79%. Landbrn. hefur hins vegar mjög rétt hlut sinn nú fyrir 2. umr., eins og hér hefur komið fram, með 303 millj. kr. og 700 þús. betur eða um 17,1% frá frv. Enda þótt um sé að ræða 15% samdrátt á vegum sjútvrn. hækkar yfirstjórn þar eða kostnaður um 100%. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hækkar um 39%, þar af yfirstjórn 52%. Hlutur félmrn. hækkar um 37%, þar af yfirstjórn 68%. Heilbr.- og trmrn. hækkar um 33%, þar af yfirstjórn þess 70%. Og ég bið menn að hafa í huga verðlagsviðmiðunina 17–28% fyrir landslýð. Fjmrn. dregur hins vegar saman, enda aðsjált, um 2% þó að yfirstjórnin hækki þar um 38%. Samgrn. eykur sinn hlut um 25% og yfirstjórn þess um 44%. Samdráttur er hins vegar hjá iðnrn. um 5% þó að yfirstjórnin þar hækki um 36%. Og viðskrn. hækkar um 44% og yfirstjórn þess um 30% þó að það losni við verkefni yfir til utanrrn. Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar um 58% og sérstaka athygli vekur að yfirstjórn eins aðsjálasta hluta alls ríkiskerfisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, hækkar um 79%. Og fyrir hvern mun, gleymum ekki meginmarkmiði stjórnarsáttmálans: Útgjöld ríkisins vaxi ekki örar en þjóðarframleiðsla, með leyfi hæstv. forseta, enda benda þau áform sem ég hef hér gert einkum að umtalsefni og lesið úr sjálfu fjárlagafrv. til þess að þeir sem hér lögðu grunninn í aðhalds- og sparnaðarskyni væntanlega hafi trúað sínum eigin orðum um að hagvaxtarskeiðinu væri lokið — eða skaraði hver eld að eigin köku meðan enn var tími til, ellegar stóð stríðið um hver fengi drýgstan hlut úr skattheimtufengnum sem stjórnarmálgagnið greindi svo ákveðið og blátt áfram frá í gær að um hefði verið samið í sumar? Mér er það ekki með öllu ljóst, enda gildir það kannski einu.

Annars kom það nokkuð fljótt í ljós með fyrstu aðgerðum hæstv. ríkisstjórnar síðsumars hvert stefndi í þessum efnum. Hins vegar held ég að fáa hafi grunað að verkstjórn og vinnulag á stjórnarheimilinu yrði með þeim eindæmum, sem nú hefur komið í ljós, að þegar um það bil vika er eftir af eðlilegum starfstíma þingsins til jólaleyfis sé slíkur fjöldi stórmála lítt eða ekki ræddur, mála sem þó verða að fá afgreiðslu þingsins fyrir áramót.

Ekki færri en 17 lög og lagabálkar eru til afgreiðslu á þeim örskamma tíma sem eftir er auk fjárlaganna sjálfra. Í fyrsta lagi er það frv. til l. um Útflutningsráð. Í annan stað er það frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins sem frægt hefur orðið af ýmsum ástæðum. Í þriðja lagi er það frv. til l. um útflutningsleyfi. Í fjórða lagi er það frv. til l. um lánsfjárlög fyrir árið 1988. Í fimmta lagi er það frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í sjötta lagi frv. til l. um sóknargjöld. Í sjöunda lagi frv. til l. um kirkjugarða. Í áttunda lagi frv. til l. um ráðstafanir í fjármálum. Í níunda lagi frv. til l. um launaskatt. Í tíunda lagi frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Í ellefta lagi frv. til l. um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda. Það tekur langan tíma þó ekki sé annað en lesa upp nöfnin, hvað þá að hugsa um hvert og eitt eða ræða það sex sinnum í þingi með öllu nefndarstarfi. Það sér hver maður. Í tólfta lagi er það frv. til l. um stjórn fiskveiða. Í þrettánda lagi er það frv. til l. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem um er að ræða breytingu á allt að tíu öðrum lögum þannig að það er orðinn ákveðinn veldisvísir í þessu í leiðinni. Í fjórtanda lagi er það frv. til l. um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Í fimmtánda lagi frv. til l. um söluskatt. Í sextánda lagi frv. til l. um vörugjald. Og í sautjánda og ekki sísta lagi frv. til tollalaga. Ekki lítill bálkur það.

Ætli það sé til að auka veg og virðingu þingsins að standa svo að verki sem hér er gert eða er það e.t.v. liður í hernaðaráætluninni að hafa þetta svona til þess að óþægindin taki fyrr af? Það kann vel að vera, en trúa mín er sú að vinnubrögð af þessu tagi borgi sig ekki. Veruleg hætta er á mistökum og það dýrum þegar nær öllu tekjuöflunarkerfi ríkisins er bylt á örfáum vikum. Og svo mikið er víst að þetta er illt fordæmi um vinnubrögð við lagasetningu.

En nái þau áform öll fram sem hér er að stefnt verður vísast um að ræða stórkostlegustu skattþyngingu, nánast áþján, sem um getur í gervallri þingsögunni. Skattkerfisbreytingin í staðgreiðslu beinna skatta, sem átti að þýða sömu skattbyrði og lagt væri á samkvæmt gamla kerfinu, verður fjórðungs þynging miðað við skattbyrðina í ár. Þó eru það smámunir miðað við söluskattsálagninguna sem fyrirhuguð er. Margsinnis í fyrirliggjandi frv. til fjárlaga er rætt um breikkun söluskattsstofnins og fækkun undanþága, enda verði skattprósentan lækkuð. Það er margsinnis tekið fram. Niðurstaðan varð þó að innheimta 25% söluskatt á mun breiðari stofn en áður hefur þekkst, enda mun tekjuaukningin hjá ríkissjóði verða, eins og hefur komið fram fyrr í þessari umræðu, a.m.k. röskir 3 milljarðar kr. þó að verulegur hluti í þessarar skattheimtu sé ætlaður í niðurgreiðslur og aðrar millifærslur.

Góðfúslega er látið í það skína að skattprósentan lækki um þrjú stig að ári, en undir öðrum formerkjum þó. En hvort það stenst fremur en önnur áform, eins og ég hef hér rakið, mun framtíðin ein úr skera. Borgarafl. er mótfallinn þeim vinnubrögðum sem hér eru í frammi höfð. Hann telur að þessi skattheimta leggist þyngst á þá sem síst skyldi. Borgarafl. telur að verð á matvælum og öðrum nauðþurftum hafi verið nógu hátt hér á landi áður en þessi ókjör riðu yfir. Borgarafl. efast um að markmiðið um betri

innheimtu náist fram. Til þess væri skattheimta á fyrsta stig mun vænlegri kostur.

Einhvern tíma heyrði ég þá sögu að íslenskir skattasérfræðingar hefðu verið á þingi eða ráðstefnu erlendis þar sem skattheimta var rædd, skatteftirlit og virkni þess. Þegar þeir íslensku greindu frá söluskattsprósentunni hér á landi á seinasta stig viðskiptanna, 25%, hló þingheimur allur. Það gera þeir líka sem undanskotsleiðirnar þekkja og geta farið þær, en hinir ekki sem eiga ekki annars kost en búa við áþjánina.

Ég ætla að flestir hv. alþm. hafi fengið í morgun bréf norðan úr landi. Það snertir hluta þessa máls og mér fannst það þess eðlis að ég tók það með mér í ræðustólinn. Mig langar, þó fáir séu hér til staðar, að leyfa ykkur að heyra inntak þess bréfs. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Orðsending til alþingismanna.

Þau ótíðindi hafa borist frá ríkisstjórninni að hún áformi að leggja 25% söluskatt á búvörur um næstu áramót, ein aðförin enn að landbúnaðinum og var ekki á bætandi. Ríkisstjórnin segist ætla að auka niðurgreiðslur á búvörur í stað söluskattsins. Í því felst auðvitað engin trygging. Það yrði bara gert fyrst í stað til þess að friða fólk og réttlæta rangar ákvarðanir. Það sjá allir hversu tilgangslaust það er fyrir ríkissjóð að innheimta skatta og greiða þá svo aftur til baka. Svo má ekki gleyma því að það á ekki að greiða niður nautakjöt og ekki kartöflur. Slík mismunun mundi auðvitað koma mjög hart niður á þeim búgreinum og jafnvel eyðileggja með öllu rekstrargrundvöll þeirra. Þessi skattur, ef til kemur, mundi því augljóslega skerða stórkostlega innanlandsmarkað fyrir búvörur, auka verðbólgu og þyngja hlut láglaunafólksins. Þetta yrði reiðarslag fyrir landbúnaðinn og byggðakjarnana sem honum tengjast. Auk þess býður það annarri hættu heim, mjög alvarlegri kröfu frjálshyggjuaflanna á Reykjavíkursvæðinu um frjálsan innflutning á landbúnaðarvörum sem mundi, ef af yrði, leggja landbúnað á Íslandi í rúst.

Ég trúi því ekki að óreyndu að Alþingi samþykki þessa þarflausu og hættulegu skattheimtu. Sérstaklega er mér með öllu óskiljanlegt ef þm. landsbyggðakjördæmanna geta sætt sig við að ganga þannig á móti hagsmunum umbjóðenda sinna. Ég skora því á ykkur, góðir alþingismenn, að afstýra þessum ósóma. Ef þið gerir það ekki, þið sem eigið að gæta hagsmuna dreifbýlisins, verðið þið dæmdir hart.

Sandi í Aðaldal, 7. des. 1987.
Friðjón Guðmundsson."

Svo mörg voru þau orð.

Annars eru allar tillögur við 2. umr. frv. um gjaldahlið þess eins og venja mun vera og hér hefur fyrr fram komið í umræðunni. Tekjuhliðin og breytingar á henni, B-hluta stofnanir og heimildir skv. 6. gr. og nokkur önnur atriði, sem fram komu í ræðu hv. síðasta ræðumanns, munu hins vegar bíða 3. umr. Samtals er aukning gjalda skv. þessum tillögum meiri hl. fjvn. um 1 milljarður 63,2 millj. kr. sem skiptist í 521,6 millj. í rekstrar- og tilfærslugjöld og hins vegar 540,7 millj. í stofnkostnað og viðhald. Þessar tillögur munu nema um 1,8% til hækkunar frá upphaflegri gerð frv.

Mest er hækkun til landbrn. eins og fyrr hefur fram komið, 303,7 millj. eða 17,1% hækkun þess liðar. Þá hækka útgjöld á vegum menntmrn., einkum skólabyggingar, um 223 millj. 979 þús., um 2,2% hækkun. Á vegum samgrn. er hækkun um 230,8 millj. kr., fyrst og fremst í hafnir eða um 5,3%. Fjórði liðurinn eru sjúkrahús á vegum heilbr.- og trmrn., hækkun að upphæð 184 millj. 155 þús., hækkun um 0,7% á þeim gjaldalið fjárlagafrv. sem fyrir var að venju hæstur eða 41,5% af heild.

Þetta frv. til fjárlaga hefur þá sérstöðu að gert er ráð fyrir að flytja marga málaflokka til sveitarfélaga nú um næstu áramót með verulegri breytingu á starfsháttum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Breytingar þessar eru að mörgu leyti óvissar enn, einkum stærð og starfshættir væntanlegrar sérdeildar sjóðsins. Ég tel mörg atriði í fyrirhuguðum flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga meira en vanhugsuð og fráleitt nógu vel undirbúin. Ég er algerlega mótfallinn þeirri ætlan að leggja rekstur og byggingu tónlistarskóla alfarið á herðar sveitarfélaga. Ég vek athygli á öflugri andstöðu nær allra þeirra sem þar eiga hlut að máli við þá fyrirhuguðu breytingu. Enn fremur tel ég niðurfellingu framlags til Félagsheimilasjóðs vanhugsað spor aftur á bak. Að láta ríkissjóð hætta þátttöku í uppbyggingu íþróttamannvirkja tel ég fráleitt með öllu, enda er andstaðan gegn þeirri fyrirhuguðu breytingu svo megn að hæstv. ríkisstjórn er nú á fremur óskipulegu undanhaldi í því máli eins og hefur fram komið í máli a.m.k. tveggja hv. þm. við þessa umræðu. Spá mín er sú að það undanhald eigi eftir að koma víðar fram.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 73 frá 1980 segir að tekjur Jöfnunarsjóðs skuli vera í fyrsta lagi 5% af aðflutningsgjöldum, í öðru lagi 8% af 20% af söluskatti. — Ég hef alla tíð, hv. þm., kunnað því illa að hafa hljóðskraf í þeim bekk þar sem ég hef kennt. — Í þriðja lagi hluti landsútsvars sem kveðið er á um með lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Árið 1985 var lögbundið framlag í Jöfnunarsjóð 890 millj. kr. Þá gerist það að aðeins 782 millj. kr. eru á fjárlögum þess árs. Það vantaði sem sagt 108 millj. kr. til sveitarfélaga skv. lögum. Árið 1986 gerist það að lögbundna framlagið átti að vera 1116 millj. kr. Á fjárlögum þess árs voru þó aðeins 912. Það vantaði sem sagt 204 millj. kr. Í ár, 1987, var lögbundna framlagið 1320 millj. kr., en á fjárlögum ársins voru aðeins 972 millj. Sveitarfélögin vantaði í ár 348 millj. til þess að lögum væri framfylgt. Samtals þessi þrjú ár ein eru 660 millj. kr. þannig hafðar af sveitarfélögunum með þessum hætti svo að sveitarfélögin eiga þarna inni ekki litlar fjárhæðir. Og nú í frv. fyrir árið 1988 ætti framlagið að vera 1655 millj. en það eru í frv., og menn telja

nú aldeilis að þeir hafi rutt sig, 1485 millj. þannig að enn vantar 170 millj. kr. til þess að lögunum sé framfylgt. Inneign sveitarfélaganna er 830 millj. kr. þegar loforð er gefið um 400 millj. í uppgjörssjóð sem greiða á á næstu fjórum árum, 100 millj. á hverju ári, í fyrsta skipti á næsta ári. Þessi rausn er sem sagt innan við 50% af inneign sveitarfélaganna.

Annars er fróðlegt að athuga bandorminn svokallaða, þ.e. mismun á framlögum í fjárlagafrv. miðað við hvað þar ætti að vera samkvæmt hinum ýmsu lögum. Ég hef þegar rætt um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fengið þessa niðurstöðu sem ég áðan gat. Atvinnuleysistryggingasjóður er einn þessara sjóða. Hann ætti að eiga lögbundið framlag í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 um 600 millj. kr. Í frv. eru hins vegar 500 millj. Þar er mismunur upp á 100 millj. kr. Framkvæmdasjóður fatlaðra á að hafa lögbundið framlag upp á 201 millj., jafnvel 271, en frv. gerir ráð fyrir 180 millj. Þar vantar a.m.k. 21 millj. kr. Iðnlánasjóður ætti samkvæmt lögboðnu framlagi að vera með 72,5 millj. Ekki er gert ráð fyrir honum í fjárlagafrv. og vantar því þar 100%. Ferðamál ættu samkvæmt lögum að hafa í fjárlagafrv. 80,3 millj., en fá einungis 28. Þar vantar 52,3 millj. Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins ætti að hafa í fjárlagafrv. 190 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir krónu skv. frv. Hafnabótasjóður ætti að hafa 37½ millj. kr. Þar er gert ráð fyrir 20 millj. og viðkomandi aðili snuðaður um 17,5. Kvikmyndasjóður ætti skv. lögum að hafa 74 millj. kr. í fjárlagafrv., en fær einungis 40 eins og mál standa. Þar vantar því 34 millj. kr. Félagsheimilasjóður ætti, skv. lögum sem enn eru þó í gildi, að hafa 47,7 millj. í fjárlagafrv., en ekki er gert ráð fyrir krónu og ekki heldur til Bjargráðasjóðs sem samkvæmt tillögu ráðuneytis ætti að hafa 39,4 millj. kr.

Útkoman fyrir næsta ár er samtals 744,4 millj. kr. til allra þessara sjóða og þá er meðtalið ársframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem á vantaði 170 millj. eins og fyrr var talið. Það getur varla talist eðlilegt að árum saman sé fjárlögum beitt til skerðingar á framkvæmd fjölda annarra laga svo sem verið hefur um árabil og enn virðist ætlun að gera.

Ég læt hjá líða að ræða fjármögnun húsnæðislánakerfisins í þessu sambandi, enda er það á dagskrá þingsins þessa dagana eins og stórmál önnur.

Þó að jöfnuður á A-hluta fjárlaga sé hið virðingarverðasta markmið tel ég að bæði A- og B-hluti eigi að vera undir ef meta á hvort tekst að beita fjárlögum ríkisins á þann veg að ekki leiði til áframhaldandi þenslu og verðbólgu. Ljóst er að verðbólgan er enn það einkenni í íslensku efnahagslífi sem erfiðast reynist að hemja. Margt bendir til að ýmislegt fylgi þessu frv. til fjárlaga sem fremur magnar þenslu og verðbólgu en dragi þar úr. Fá aðhalds- og sparnaðareinkenni eru hér með í för. Óbeina skattheimtan mun reynast meiri en menn grunar. Af þeirri ástæðu hef ég leyft mér að leggja fram ásamt öðrum meðflm. fáeinar brtt. við gjaldahlið frv. sem ég er þó fullviss að munu rúmast vel innan þeirra marka sem þegar áformuð skattheimta stjórnarflokkanna mun spanna.

Vegna þeirra orða sem hv. 2. þm. Vesturl. lét falla í þessu sambandi og um þennan tillöguflutning vil ég geta þess að ástæðan fyrir honum er fyrst og fremst sú að það liggur þegar fyrir að tekjuauki ríkissjóðs, m.a.s. viðurkenndur af Þjóðhagsstofnun, verður röskir 3 milljarðar kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Það er verið með till. meiri hl. fjvn. að skipta röskum milljarði. Það liggur líka fyrir að 1,8 milljarðar er ætlað í tilfærslur. Það er mér ljóst. Engu að síður er eftir það rúm sem nægir vel fyrir þeim tillögum sem ég leyfi mér að leggja fram.

Ég bendi líka á í þessu sambandi að Þjóðhagsstofnun hefur áður gert tillögur. Seinast þegar hún gerði tillögur urðu frávikin um 10% miðað við þær staðreyndir sem virðast ætla að vera í ár. Í hittiðfyrra munaði ekki miklu. Árið þar áður um 7%. Ef maður aðeins tekur meðaltal af þessum þremur árum er það ekki lítil fjárhæð, 6% af 63 milljörðum kr., og reikni svo hver fyrir sig ef hann reynir að giska á hvað út úr þessu dæmi kemur.

Brtt. þær sem ég flyt hér vil ég aðeins fara örfáum orðum um. Fyrri hlutinn er varðandi þskj. 264. Þar eru nokkrar brtt. sem við flytjum saman, hv. 4. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir og ég.

Ég vil aðeins geta þess líka að það kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl. að þessi tillöguflutningur væri óvenjulegur. Ég vil geta þess að hann var kynntur áður í fjvn. og það er margframkomið að við skrifuðum undir meirihlutaálitið með þeim fyrirvara að eiga fullan rétt til tillöguflutnings. Ég veit ekki betur en allir fulltrúar minni hl. flytji brtt. og telji sig hafa til þess fullan rétt án þess að brjóta á einn eða neinn hátt samkomulag í því efni.

Þskj. 264 gerir ráð fyrir þessum brtt.: Fyrst er það varðandi byggingar grunnskóla í Suðurlandskjördæmi, þar sem gert er ráð fyrir tillögu vegna Hamarsskóla í Vestmannaeyjum, hækkun úr 6 millj. í 8 millj., vegna barnaskóla á Selfossi, nýs áfanga, 3 millj., vegna stækkunar skóla á Eyrarbakka, hækkun úr 500 þús. í 1,5 millj., vegna skóla í Biskupstungnahreppi úr 2 millj. í 3 millj., vegna skólabyggingar í Hveragerði úr 6 millj. í 8 millj. Seinni hlutinn er um sjúkrahúsabyggingar. Í Vestmannaeyjum er till. úr 4 millj. í 7 millj. Nýr liður, 2. áfangi sjúkrahúss á Selfossi 10 millj. og hjúkrunarheimili aldraða á Hellu úr 1,5 millj. í 4,5 millj. Seinast eru tveir liðir um ferðamál, annar um ferðamannaaðstöðu við Gullfoss, sem var fyrr minnst á í máli formanns fjvn., um 2,2 millj. Hér er ekki verið að ræða um hönnun eingöngu heldur framkvæmdir líka. Og síðan ferðamannaaðstöðu við Geysi, 500 þús.

Enn fremur flyt ég á þskj. 263 brtt. í einum tíu liðum. Það er fyrst varðandi Kennaraháskóla Íslands. Þar er um að ræða brtt. vegna endurbóta á gamla kennaraskólahúsinu við Laufásveg. Í tillögum meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir að því er mig minnir

600 þús., en hér er gert ráð fyrir að liðurinn hækki úr 7,4 millj. í 12 millj.

Annar liðurinn er um Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni. Það sýnist ekki stórt atriði. Frá tillögum eins og þær eru í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir hækkun úr 9,8 í 10 millj. Skýringin er sú að till. er um aðeins 200 þús. kr. á nýjan lið, sundlaug þar við skólann.

Þá er 3. liðurinn, um héraðsskóla almennt, úr 17,9 í 37,9 millj., stofnkostnaður og viðhald.

4. liðurinn er um byggingu grunnskóla. Í Reykjavík Ártúnsskóla úr 2 millj. í 12, í Keflavík Myllubakkaskóla úr 2,3 í 4,3 millj., í Mosfellsbæ, íþróttahús, úr 4 millj. í 6, í Eyrarsveit, Grundarfirði, nýr liður, skólastjórabústaður, 1 millj., í Stykkishólmi hækkun til skóla úr 1 millj. í 2 millj., á Bíldudal hækkun til íþróttahúss úr 0,5 millj. í 1,5, á Patreksfirði, viðbygging skóla, hækkun úr 1 í 2 millj., í Siglufirði, íþróttahús, hækkun úr 3 í 4 millj., á Dalvík, stækkun skóla, úr 1250 þús. í 3 millj. 250 þús., í Hrafnagilshreppi, sundlaug og íþróttahús, hækkun úr 2,3 í 3,3 millj., í Breiðdalshreppi, stækkun skóla, úr 3,2 í 5,2 millj., Þjóðskjalasafn, nýr liður, til héraðsskjalasafna 5 millj., norræn samvinna, nýir liðir, annars vegar vestnorrænn menningarsjóður 1 millj. og síðan sérstök fjárveiting til vestnorræna þingmannaráðsins til ráðstöfunar fyrir þá aðila 2 millj.

Síðan er 7. liðurinn: Nýr liður, byggingarstyrkur til skóla Ísaks Jónssonar 5 millj.

8. liðurinn er um byggingu sjúkrahúsa. Á Patreksfirði hækkun úr 6,5 í 8,5 millj., á Neskaupstað hækkun úr 1,5 í 4,5 millj. og í Keflavík hækkun úr 4 millj. í 10.

Málefni fatlaðra á Suðurlandi er næstseinasti liðurinn. Vegna Sólheima er farið fram á hækkun um 8 millj. kr., úr 48,7 í 56,7.

Og loks er seinasti liðurinn varðandi Stórstúku Íslands, hækkun úr 580 þús. í 1 millj.

Aðrir þm. Borgarafl. munu flytja brtt. og hafa þegar gert það ýmsir við frv. til fjárlaga og munu gera grein fyrir því, ýmist við þessa umræðu eða þá 3. umr.

Hæstv. forseti. Niðurstaða mín er sú að afar mörg áhersluatriði þessa fjárlagafrv. gangi þvert á þá stefnu sem Borgarafl. berst fyrir. Skattaáþján á barnmargar fjölskyldur, aldraða og tekjulágt fólk í formi hárra matarskatta er stefna sem Borgarafl. berst gegn af fullri einurð. Borgarafl. telur þær ógöngur sem Alþingi er komið í með jafnviðamikil mál og hér eru á dagskrá þessa dagana, tugi frumvarpa í nánast einum hnút, beri þess gleggst vitni hver óstjórn ríkir hér í landi. En verst er þó að í veigamiklum atriðum er komið aftan að fólki með miklu hærri skattlagningu en ráð var fyrir gert og nokkurn óraði fyrir fyrir fram og raunar þvert ofan í gefin fyrirheit.

Sjálfstfl. háði kosningabaráttu sína á sl. vori undir kjörorðinu „Á réttri leið". Lengi hafði það verið markmið þess flokks að stilla sköttum í hóf. Ef þau áform sem hér eru uppi ná fram að ganga þurfa kjósendur hans ekki lengur að efast um inntak stefnu hans eða innihald í þessu efni sem nú er orðin. Holskeflan hefur risið. Hún eirir engum þegar hún fellur. Hún skapar sannarlega ekki bestu aðstæðurnar fyrir aðila vinnumarkaðarins til þeirra viðkvæmu verka sem þeirra bíða rétt handan áramótanna og öll þjóðin á ekki lítið undir að vel takist til með.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 269, 270, 274, 275 og 276, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls þakka samstarfsfólki í fjvn. fyrir gott samstarf á liðnum vikum. Sérstaklega vil ég þakka formanni, Sighvati Björgvinssyni, fyrir góða stjórn og góð samskipti. Þá vil ég ekki láta hjá líða að þakka ritara, Ásdísi Sigurjónsdóttur, fyrir dugnað, samviskusemi og einstaklega mikla lipurð við störf sín, svo og öllu starfsfólki í Þórshamri.

Þegar frv. til fjárlaga var lagt fram í byrjun þings höfðu margir, þar á meðal við kvennalistakonur, uppi efasemdir um að forsendur þessa frv. stæðust og nú er sýnt að allt er komið úr böndunum.

Já, við kvennalistakonur höfðum efasemdir um að forsendur frv. stæðust, enda er nú ljóst að þær hafa gjörbreyst bæði á tekju- og gjaldahlið og ekkert bendir til annars en þær gætu tekið eina kollsteypuna enn áður en 3. umr. fer fram. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun um efnahagshorfur fyrir árið 1988 gefa enga sérstaka ástæðu til bjartsýni, auk þess sem óvissa ríkir um ýmsa mikilvæga þætti, svo sem væntanlegt aflamagn. Viðskiptakjör hafa farið versnandi í kjölfar gengislækkunar bandaríkjadollars og horfur eru á að þau versni enn á næsta ári. Mikil óvissa er um verð sjávarafurða, sem eru langstærsti þáttur í útflutningsverðmæti okkar, álverð hefur lækkað á heimsmarkaði, en álútflutningur einn sér nemur 10–12% af útflutningstekjum okkar.

Í þeirri áætlun sem fjárlagafrv. byggir á var gert ráð fyrir að viðskiptakjör héldust óbreytt milli áranna 1987 og 1988. Nú er sýnt að þau verða lakari. Viðskiptahalli er nú tvöfalt meiri en spáð var og útlit fyrir að hann tvöfaldist enn á næsta ári og þar sem reiknað er með að innflutningur aukist enn en útflutningstekjur dragist saman blasir við að sú forsenda, sem gefin var í fjárlagafrv., að halli á viðskiptum við útlönd yrði innan við 2% af landsframleiðslu, er farin veg allrar veraldar.

Ekki var samkomulag um gjaldahlið frv. innan ríkisstjórnarinnar, hvað þá að aðrir gætu sætt sig við þann samdrátt sem þar var boðaður. Hún hefur því tekið umtalsverðum breytingum og alls kyns gloppur myndast sem fylla varð með nýjum framlögum. Þær leiðir sem hæstv. fjmrh. hefur valið til tekju-

öflunar til að fylla í þessar gloppur eru svo kapítuli út af fyrir sig og ef einhver hefur haldið að þar væri boðberi jafnaðarstefnunnar á ferð held ég að sá hinn sami ætti að hugsa málið betur. Sú leiðin var valin sem greiðust var og fljótförnust, beint í vasa almennings. Söluskatturinn ákvarðaður 25% á línuna. Ég hygg að þessi ákvörðun hafi verkað sem löðrungur í andlit landsmanna. Mánuðum saman hefur áætlunin um breikkaðan söluskattsstofn verið réttlætt af hálfu hæstv. fjmrh. með því að þá yrði söluskattsprósentan jafnframt lækkuð. Ýmsar tölur hafa verið hafðar eftir honum í því sambandi, 12%, 18% eða 20%, en nú reið höggið, 25% á flestallar neysluvörur. Þar af er matarskatturinn einn 5 milljarðar og 750 millj., gjöld sem leggjast á almenning umfram það sem áður hefur verið. Hefur nokkru sinni fyrr verið seilst svo djúpt í vasa landsmanna?

Jafnframt því sem söluskatturinn er ákveðinn 25% er boðaður 22% virðisaukaskattur um áramót 1988–1989. Ég vil í því sambandi minna hæstv. fjmrh. á orð sem hann lét falla hér í ræðustól fyrir ári. Þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég minntist áðan á virðisaukaskattinn og vara við því að þegar hann verður tekinn upp hafi stjórnvöld ríkt aðhald þegar prósentan verði lækkuð og sjái um að hún verði í rauninni lækkuð nægilega mikið og freistingin ekki notuð til að auka skattheimtuna verulega."

Ég minni hér á þetta vegna þess að í ljósi þess hvernig vinnubrögðin hafa verið við breytingu söluskattsins má búast við hverju sem er af hæstv. ríkisstjórn í sambandi við væntanlegan virðisaukaskatt ef henni þá endist örendið fram að öðrum áramótum héðan í frá.

Þegar svo litið er á þessa einföldu og skilvirku fjáröflunarleið hæstv. fjmrh. er ekki úr vegi að minna á hve oft hann hefur hamrað á að skattleggja beri hátekjur og stóreignamenn og uppræta skattsvik og boðað aðgerðir flokks síns í þeim efnum. Að vísu má búast við að söluskatturinn skili sér betur eftir að undanþágur eru felldar niður, en það réttlætir hins vegar engan veginn þá verðlagshækkun sem hann veldur og hvernig á að efna stóru orðin um að ná til þess fjármagns sem skotið er undan skatti? Það hefur þó verið áhugamál hæstv. fjmrh. um árabil. Hvar sést að taka eigi á þeim málum?

Hlutfall skatttekna af vergri landsframleiðslu verður hærra á næsta ári en verið hefur á síðustu áratugum og tekjuskattur sem hlutfall af launum greiðsluárs hækkar um 25%. Sömuleiðis munu útsvör hækka um 7–9%. Því má búast við að kaupmáttur launa rýrni á næsta ári og ráðstöfunartekjur heimilanna dragist verulega saman.

Ég vil enn benda á það ósamræmi sem er á markmiðum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar þar sem eitt meginmarkmið hennar er að draga úr verðbólgu en flestar aðgerðirnar eru verðbólguhvetjandi.

Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar með hækkun vaxta virðast ekki enn hafa orðið til að minnka ásókn í lánsfé. Því hljóta þessir háu vextir að blása að verðbólgubálinu og aldrei hefur sannast að háir vextir leiddu til sparnaðar. Missi hæstv. ríkisstjórn tök á verðbólgunni er fjárlagafrv. orðið einskis nýtt.

Kvennalistakonur gera sér ljóst ekki síður en aðrir að afla verður tekna til að halda uppi nauðsynlegum rekstri og framkvæmdum. En við viljum fara aðrar leiðir til þess en farnar eru í þessu frv. Við viljum ná tekjunum þar sem þær eru mestar fyrir. Við viljum skattleggja vaxtatekjur, skattleggja hæstu tekjur umfram aðrar, hækka skatta á stóreignir og sækja fé til fyrirtækja, einkum í verslun og viðskiptum, sem mörg hver greiða óeðlilega lítið til samfélagsins þrátt fyrir gróðann í góðærinu. Og fyrst og fremst hefðum við viljað gera átak til þess að ná einhverju af milljörðunum sem hingað til hafa laumast fram hjá skattkerfinu beint út í neyslu og fjárfestingu og gert sitt til að auka á pensluna í þjóðfélaginu.

Við höfum harðlega mótmælt matarskattinum frá því hann fyrst kom til tals og ítrekum það enn. Þótt innheimta hans kunni að vera skilvirk þá er fjarri því að hann sé réttlátur. Hann leggst þyngst á barnmargar fjölskyldur og þá sem minnst hafa og fyrirheit ríkisstjórnarinnar um hækkaðan persónuafslátt og auknar barnabætur koma ekki ellilífeyrisþegum og öryrkjum að haldi og aldeilis furðulegt að svokallaðir jafnaðarmenn skuli hafa í frammi þvílíkar aðgerðir.

Svo sem rakið hefur verið á undan er tekjuhlið frv. komin nokkuð langt frá sínu upphaflega formi. Sama má segja um gjaldahliðina. Þar hafa orðið verulegar breytingar. Umtalsverð hækkun varð á framlögum til hafna, enda bágt að sjá hvernig nokkrum gat til hugar komið að hægt væri að sættast á þann lið eins og hann upphaflega var í frv. Hafnir landsins eru yfirleitt í því ásigkomulagi að við, sem eigum allt okkar undir fiskveiðum og flutningum á sjó, ættum að fyrirverða okkur. Um hafnir er oft talað í fjálglegum tón. Þær eru hjarta byggðarlagsins og slagæð atvinnulífsins. Því verður að sjá til þess að blóðið geti runnið um þessi mikilsverðu líffæri, annars er dauðinn vís. Undanfarin ár hafa framlög til hafna verið svo naum að stórátak þarf að koma til ef þær yfirleitt eiga að geta verið í því lagi sem verður að gera kröfu til að sé. Hafnamálastofnun hefur gert áætlun um uppbyggingu hafnanna og í framtíðinni verður að taka mið af því við fjárveitingar.

Mér verður tíðrætt um hafnirnar og ekki að ástæðulausu. Mér finnst of oft gleymast hvað það er sem gerir það að við getum yfirleitt lifað í þessu landi. Hingað til hefur undirstaðan í þjóðarbúskapnum verið fiskurinn í sjónum, og svo mun verða enn um hríð þó að fleira verði að koma til. Það gleymist líka stundum hverjir aðallega starfa að þessum atvinnuvegi og hvar. Það er fólkið á landsbyggðinni sem leggur þar fram drýgsta skerfinn, fólkið sem nú stendur höllum fæti atvinnulega séð og ber kvíða í brjósti vegna óvissu í efnahagsmálum, óvissu um fiskveiðistefnu og óvissu um sinn hag. Því vil ég minna hæstv. fjmrh. á að fyrir réttum 14

mánuðum stóð hann í þessum ræðustól og kynnti stefnu flokks síns, sennilega með væntanlega kosningabaráttu í huga. Þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta „að Alþfl. hefði tillögur um nýja atvinnustefnu bæði í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskvinnslu með nýja sókn í atvinnumálum landsbyggðarinnar að leiðarljósi."

Ég vil leyfa mér að lýsa eftir þessari nýju atvinnustefnu hæstv. fjmrh. Ég sé hvergi örla á henni.

Landbúnaðinum hefur nú verið lagt til meira fé en áformað var í upphafi, en spurning er um hvort allir eru sáttir við þær áherslur sem þar koma fram. Ég bendi þó á að þó að bætt hafi verið 8 millj. við Rannsóknastofnun landbúnaðarins dugar það engan veginn til að halda uppi eðlilegri starfsemi þeirra sex tilraunastöðva sem fyrirhugað var að leggja niður. Ég ítreka því enn að nú, þegar landbúnaðurinn á í þeim þrengingum sem allir vita, eru rannsóknir og tilraunastarfsemi sú sem farið hefur fram á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins lífsnauðsyn og ætti að vera algert forgangsverkefni. Vera má að þar þurfi að koma til endurskipulagning og hagræðing, en ekki síst vegna nýbúgreina og breytinga á búháttum er starfið nauðsyn.

Framlög til skólamannvirkja hækkuðu verulega og ber að fagna því, og vissulega hafa fjölmargir liðir verið færðir til betri vegar í meðferð fjvn. frá því sem upphaflega var ákveðið. En óneitanlega hefur það oft komið býsna flatt upp á nefndarmenn, svo ekki sé fastar að orðið kveðið, þegar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar um tekjuöflun, breytingar og hækkanir á gjaldaliðum hafa birst í fjölmiðlum áður en þm. og fjvn. hafa litið þær augum. Ég held að þetta séu mjög óvenjuleg vinnubrögð og virðingarleysi í garð Alþingis.

Þó að ekki verði fjallað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við þessa umræðu verð ég að minna á það að þó að sveitarfélög vilji takast á hendur þau verkefni sem standa þeim næst þá er vandi að standa að þeim málum. Skuldastaða ríkisins vegna dagvistarheimila, sem þegar hafa verið byggð, var í júlí sl. 83,6 millj. kr. og vegna þeirra sem enn voru þá í byggingu í júlí 35,8 millj. kr., samtals 119,4 millj. kr. Þessar skuldir verða að greiðast þegar verkaskiptingin fer fram.

Þá má líka minna á það að Jöfnunarsjóður var og er eign sveitarfélaganna. Síðast liðin ár hefur hann orðið að sæta stórfelldum skerðingum og enn í ár verður hann skertur, þó að fyrir honum liggi umfangsmeiri verkefni en nokkru sinni fyrr. Smærri sveitarfélög, sem ekki hafa haft afl til uppbyggingar í samfélagslegum verkefnum í þeim mæli sem kröfur eru gerðar til og þarf, bera eðlilega kvíðboga fyrir því að sjóðnum verði ekki gert kleift að standa við þann hlut sem honum er skylt í þeim efnum.

Áformað er að sveitarfélögin taki algjörlega við tónlistarfræðslunni og ekki eru allir sáttir við þá tilhögun. Þar sem kennarar yfirleitt eru á launum hjá ríkinu er erfitt að sjá hvaða rök styðja það að svo eigi ekki að vera um tónlistarkennara. Það er átakanlegur vottur um það stefnuleysi sem ríkir í menntunarmálum að mönnum skuli yfirleitt detta í hug að vera að hringla með fyrirkomulagið á þessum málum.

Við kvennalistakonur erum sammála því að ríkissjóð beri að reka án halla. Við erum hins vegar ekki samþykkar því hvernig teknanna er aflað og hvernig þeim er ráðstafað og sannarlega höfum við margt við gjaldahliðina að athuga, sem ekki fékkst lagfært í meðförum nefndarinnar. Það dæmi er of stórt til að brjóta það allt upp og því gerum við aðeins fáar breytingartillögur og þá við þá liði sem okkur er mest í mun að fá leiðrétta.

Þær tillögur þurfa ekki að koma þeim á óvart sem þekkja stefnu Kvennalistans sem leggur megináherslu á bættan aðbúnað kvenna og barna, jöfnun aðstöðu milli dreifbýlis og þéttbýlis, umhverfisverndun og umhyggju fyrir menningu, menntun og listum. Þessar tillögur hafa verið lagðar fram á þingskjölum 257, 259, 261 og 267 og munu aðrar kvennalistakonur mæla fyrir þeim og rökstyðja þær.

Mönnum kann að þykja að þessar tillögur kosti háar upphæðir og ábyrgðarlaust sé að leggja til slíka útgjaldaaukningu. En ef menn vilja — og pólitík er að vilja, að sögn hæstv. fjmrh. — þá er hægt að ná inn tekjum með átaki í innheimtu álagðra skatta sem ekki hafa skilað sér og með breyttum álagningarreglum á fyrirtæki.

Vissulega erum við langt frá því sáttar við ýmsar þær áherslur sem frv. þetta ber með sér, en við viðurkennum þær lagfæringar sem orðið hafa, svo sem um hafnir og skóla, enda var engin leið að sættast á þær upphæðir sem lagðar voru til í upphafi.

Herra forseti. Einn lítill liður gleður kvennalistahjartað, það er framlag til kvennarannsókna. Kvennalistakonur börðust fyrir því fyrir tveim árum að fá það framlag inn og hlutu fyrir háð og spé í þingsölum. Í fyrra fékkst þetta framlag inn á fjárlög og aftur nú og ber að fagna því. Og þetta er eiginlega það eina í þessu 60 milljarða dæmi sem sýnir að örli á skilningi á því að styðja beri og styrkja konur í viðleitni þeirra til að öðlast jafnréttháan sess körlum í nútímasamfélagi.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nota tíma minn hér fyrst og fremst til þess að mæla fyrir brtt. á þskj. 270, sem ég flyt sumpart einn eða ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hér væri vissulega ástæða til þess að ræða almennt um fjárlagagerðina, en af hálfu Alþb. hefur þegar talað fulltrúi okkar í fjvn., hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, og ég get vísað til hennar orða og álits í sambandi við bæði störf fjvn. og alveg sérstaklega þær athugasemdir sem hún hefur gert í sambandi við fjárlagagerðina og tel ekki ástæðu til að fara yfir þær aftur sérstaklega.

Við hljótum þó að taka eftir því að með nokkuð sérstökum hætti er unnið hér að þessum málum í sambandi við einstök svið. Þar á ég alveg sérstaklega við það sem snýr að atvinnuvegum í landinu og rann-

sóknastarfsemi í landinu þegar það gerist í málefnum heils ráðuneytis að viðkomandi ráðherra eins og hæstv. landbrh. lýsir fyrirvara við fjárlagafrv. sem eðlilegt var og nú við 2. umr. liggja fyrir brtt. upp á hundruð millj. kr. til landbúnaðarins og stofnana honum tengdra. Ég fagna því sannarlega að það hefur orðið nokkur breyting á í sambandi við þann atvinnuveg frá því sem fyrirhugað var af hæstv. fjmrh. þegar frv. var lagt hér fyrir.

Ég vil einnig taka undir þau orð sem fallið hafa hér í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en það mál eigum við eftir að ræða betur þegar frv. þar að lútandi kemur frá nefnd til 2. umr. í hv. Nd. þingsins. Ég mun ekki fara út í einstök atriði, en við alþýðubandalagsmenn flytjum sérstaklega tillögur sem snúa að athugasemdum okkar varðandi þau efni þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds er 1. flm. að sameiginlegum tillögum sem við flytjum alþýðubandalagsmenn og hann mun væntanlega mæla fyrir hér síðar í umræðunni.

Ég vil undirstrika það að þarna er mjög misráðið hvernig í verkefnin er gengið. Fyrst er byrjað á að flytja verkefnin frá ríkinu til sveitarfélaga og þá er fyrst farið að huga að tekjuöfluninni fyrir sveitarfélögin. Ég held að það sé alveg ljóst að hér stefnir í mikið óefni og því full þörf á því að við afgreiðslu fjárlaga verði mál endurskoðuð frá því sem fyrirhugað var af hæstv. ríkisstjórn í þessu efni og sá jöfnunarsjóður eða jöfnunarbanki sem hugmyndin er að setja upp hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er það vesæll og aumur að ég hef ekki neina trú á því að hann leysi nema lítið brot af þeim vanda sem við mun blasa í sambandi við uppgjör og aðstoð við þau sveitarfélög sem þarna verða fyrir miklu misrétti.

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vekja athygli hæstv. forseta og þingheims á því að ríkisstjórnin sér ekki ástæðu til að vera viðstödd þessa umræðu. Hér er að vísu formaður fjvn. sem tekur sér tíma til að hlýða á mál þm. en enginn einasti ráðherra er hér viðstaddur í þingsal, ekki hæstv. fjmrh. hvað þá aðrir ráðherrar. Og ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að halda áfram máli mínu á meðan svo háttar og leyfi mér þá að gera hlé á máli mínu meðan athugað verður hvort ekki sé unnt að fá a.m.k. hæstv. fjmrh. í þingsal, en helst hefði ég kosið að sjá aðra ráðherra einnig því að við erum hér að fjalla um allt svið sem undir ríkisstjórnina heyrir, væntanleg áhugamál einstakra ráðherra þar á meðal og ég geri hlé á máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur mjög vel fallist á þessa athugasemd hv. þm. og var í raun að hugsa hvort ekki væri ástæða til að kanna hvort einhverjir ráðherrar ríkisstjórnarinnar væru í húsinu og það skal nú gert.

Meðan beðið er eftir að ráðherrar gangi í salinn skal það upplýst að það er áætlað að halda hér áfram fundi til kl. sjö, en þá verður gefið þinghlé, og klukkan níu mun fundur hefjast aftur. En það er nú verið að athuga hverjir ráðherrar eru í húsinu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í þingsal og þó að ég hefði gjarnan viljað sjá aðra hæstv. ráðherra hér, t.d. hæstv. menntmrh., sem ég óska eftir að verði gert sérstaklega viðvart að hér sé verið að fjalla um mál sem snerta sérstaklega hans ráðuneyti, þá mun ég þó halda áfram máli mínu um sinn, en bið um að hæstv. menntmrh. verði gert viðvart.

Ég ætlaði raunar að víkja hér að þeim brtt. sem ég flyt á þskj. 270 í þeirri röð sem þær liggja fyrir á þskj., hv. þingheimi til glöggvunar, til að geta fylgst með þeim tillögum sem þar liggja fyrir og áttað sig á hvað liggur að baki þeim tillöguflutningi í einstökum atriðum. Og þar sem á döfinni er sem 1. brtt. tillaga um hækkun á framlagi til Rannsóknasjóðs, þá hefði ég gjarnan viljað fá upplýst, áður en ég vík að því máli, hvort hæstv. menntmrh. er væntanlegur í þingsal. (**Forseti:** Ég vil upplýsa þm. um að það er verið að leita að hæstv. menntmrh.) Getur hæstv. forseti upplýst um hvort ráðherra er í þinghúsinu? (**Forseti:** Það getur forseti ekki fyrr en þingsveinn kemur til baka með upplýsingar þar að lútandi.)

Virðulegur forseti. Til þess að stytta mönnum vökunótt vil ég þó halda áfram máli mínu hér í von um að hæstv. menntmrh. komi. (Gripið fram í.) Hv. þm. Albert Guðmundsson telur ástæðulaust að vera að lengja svefntíma manna, en ég ætlaði ekki að taka mjög langan tíma í mitt mál vegna þess að ég veit að það er fjöldi þm. sem hefur áhuga á að tjá sig um fjárlagafrv. eins og það kemur frá hv. fjvn.

1. brtt. sem ég flyt er varðandi Rannsóknasjóð og henni tengist brtt. nr. 6, um Fiskimálasjóð, og ég vil skýra þetta efni, hvað á bak við þennan tillöguflutning felst, með því að vísa til erindis sem sent var til hæstv. menntmrh. þann 16. nóv. sl. af framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, Vilhjálmi Lúðvíkssyni, og afrit sent öðrum einstökum ráðherrum atvinnumála, svo og hæstv. utanrrh. sem áður fyrr var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. um að einungis hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sem hér situr, eru staddir í þinghúsinu. Aðrir ráðherrar eru ekki viðstaddir.) Virðulegur forseti. Ég treysti því að húsbóndinn á kærleiksheimilinu, hæstv. forsrh., komi þeim ábendingum til skila til annarra ráðherra, ásamt hæstv. fjmrh., þeim ábendingum sem ég hef hér fram að færa varðandi þátt einstakra starfssviða innan ríkisstjórnarinnar, en vissulega er það svo að hér er það Alþingi sem er ætlað að taka ákvarðanir eftir að ríkisstjórnin hefur lagt fram sínar tillögur.

Ég ætla að leyfa mér að vitna til erindis frá 16. nóv. frá framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs. Það er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Málefni: Framlög til Rannsóknasjóðs.

Meðfylgjandi minnisblað til ríkisstjórnar er tekið saman í tengslum við umræður um framlög til rannsókna í fjárlagafrv. 1988. Nýja Rannsóknaráðið hefur fjallað um frv. og telur rétt í samræmi við hlutverk sitt í 13. gr. nýrra laga að benda ríkisstjórninni

á að skv. frv. dregst verulega saman það fé sem verður til ráðstöfunar með verkefnabundnum hætti. Þetta er andstætt boðaðri stefnu ...“ Virðulegur forseti, ég tek eftir því að hæstv. ráðherrar hafa ekki áhuga á því að hlýða á mál mitt. Þeir eru hér í einkaviðræðum í þingsal. (Gripið fram í.) Ég óskaði eftir viðveru ráðherra til þess að þeir hlýddu á mál mitt sem ræðumanns hér, en ekki til að þeir ástunduðu hér einkaviðræður í þingsal til truflunar fyrir málflutning manna. — „Þetta er andstætt boðaðri stefnu ríkisstjórnar og tillögum ráðsins að undanförnu. Er það þó alger forsenda þess að stofnanir geti þróast eðlilega eftir að þær verða sjálfstæðar eins og boðað er og þær geti keppt um fé til rannsóknarverkefna. Ef það er ekki fyrir hendi lamast þessar stofnanir fljótlega því íslensk atvinnufyrirtæki munu aldrei geta að fullu staðið undir nauðsynlegum langtímaverkefnum þótt hlutur atvinnulífsins í rannsóknum aukist frá því sem nú er.

Með vísun til orða þinna [þ.e. til hæstv. menntmrh.] á afmælisráðstefnu vil ég biðja þig að taka málefni Rannsóknasjóðs upp í ríkisstjórn. Hann ætti raunar að fá 100 millj. kr. á árinu 1988 ef verðgildi hans héldi sér frá 1985. Ég minni á tillögur okkar um stuðning við tæknibreytingar í fiskvinnslu. Þær fá nú mjög góðan hljómgrunn hjá forsvarsmönnum sölusamtaka og iðnrekenda. Það væri mjög gott mál að geta tekið myndarlega á í þeim efnum og þjónaði vel þeim þríþætta tilgangi: Að leysa vandamál fiskvinnslunnar, ýta undir hátækniiðnað og efla rannsóknir á sviði upplýsingatækni. Þess má geta að á afmælisráðstefnunni á föstudaginn voru rannsóknir Íslendinga á því sviði taldar allt of veikburða enn sem komið er og mun verr settar en líftæknirannsóknir sem Rannsóknasjóður hefur getað stutt myndarlega.“

Þetta var efni erindis frá framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs til hæstv. menntmrh. með afriti til annarra ráðherra og ég hef leyft mér að gera það hér heyrinkunnugt vegna þess að þarna er framkvæmdastjórinn að framfylgja skyldu sinni að ýta við ríkisstjórninni að standa við þá stefnu sem hún miklaðist mjög af þegar Rannsóknasjóður var settur á laggirnar 1985, en nú fer framlag hans sírýrnandi og er langt frá því að halda raungildi sínu. Þess vegna er hér lagt til að framlag til Rannsóknasjóðs nemi 100 millj. kr. að lágmarki sem er fyrsta tillaga mín.

Önnur till. sem ég vísaði til, nr. 6 á þskj. 270, snertir Fiskimálasjóð. Framlag ríkisins til þess sjóðs var lagt niður að ég hygg í hittiðfyrra. Alveg strikað út. Til þessa helsta stuðningssjóðs við sjávarútvegsinn til að styðja við tækninýjungar og þróun í aðalatvinnuvegi landsmanna. Þetta eitt út af fyrir sig var ámælisvert. En í þessu samhengi vil ég leyfa mér að vitna til ályktunar Rannsóknaráðs ríkisins sem gerð var á 60. fundi Rannsóknaráðs, ég hygg síðasta fundi eftir fyrri lögum áður en lagabreyting um Rannsóknaráð gekk í gildi. Þar var samþykkt samhljóða ályktun um tæknibreytingar í fiskvinnslu, þann 29. júní 1987. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að vitna í þessa ályktun því að hún fjallar um undirstöðuatriði í íslensku atvinnulífi þar sem er staða fiskvinnslunnar í landinu. Þar segir:

„Mikið breytingaskeið stendur nú yfir í sjávarútvegi á Íslandi. Með ákveðnari opinberri stjórnun fiskveiða, vaxandi vinnslu og frystingu afla um borð, auknum ísfiskútflutningi og tilkomu innlendra fiskmarkaða hafa nýjar aðstæður skapast. Hagur fiskveiðanna hefur á heildina litið batnað mikið frá því sem var, en staða frystiiðnaðarins er erfið.“ — Ég vek athygli á að þetta er ályktun 29. júní sl. Og hvernig skyldi staða fiskvinnslunnar hafa þróast síðan?

„Hörð samkeppni um hráefni, hækkandi hráefnisverð og vandkvæði á að fá fólk til starfa leiða til þess að knýjandi nauðsyn er að endurskipuleggja þennan atvinnuveg til að gera hann samkeppnisfæran á ný. Starfshópur á vegum Rannsóknaráðs hefur lagt fram tillögur um leiðir til aðstoðar í þessu efni. Bendir hann á að með samstarfi fyrirtækja í fiskvinnslu og iðnaði og opinberra stofnana megi þróa aðferðir, tæki og stýribúnað sem annars vegar geti auðveldað jöfnun á hráefnisflæði í tengslum við tilkomu fiskmarkaðar og hins vegar aukið stórlega sjálfvirkni í vinnslunni. Með sérhæfingu vinnslustöðva og sjálfvirkni er líklegt að auka megi framleiðni sem skili ávinningi er skiptir milljörðum kr. á ári. Með bættri stjórnun og öflugri vöruþróun í tengslum við slíkar tæknibreytingar gæti ávinningurinn orðið enn meiri. Samvinna á milli stofnana og fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði um þetta mál gæti eflt tæknikunnáttu Íslendinga á þessu mikilvæga sviði og opnað margvísleg tækifæri til framleiðslu á tækjabúnaði og til sölu á tækniþekkingu á innlendum og erlendum markaði.“ — Og nú kemur kjarni þessarar ályktunar, með leyfi virðulegs forseta:

„Rannsóknaráð ríkisins ályktar á 60. fundi sínum 29. júní 1987 að leggja til við ríkisstjórnina að á næstu þrem árum verði varið 60 millj. kr. á ári af opinberri hálfu til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu. Leggur ráðið til að helmingi þessa fjár verði veitt í Rannsóknasjóð til að styðja rannsókna- og þróunarverkefni eftir umsóknum sem metnar verði á faglegum forsendum. Áhersla yrði lögð á samvinnu milli fyrirtækja og stofnana um verkefnin. Lagt er til að hinum helmingnum verði veitt í Fiskimálasjóð sem misst hefur tekjustofn sinn en þyrfti að geta veitt fyrirtækjum áhættulán og styrki til vöruþróunar, vinnslutilrauna og markaðsaðgerða í tengslum við vinnslunýjungar. Reiknað er með að á móti þessum opinbera stuðningi komi eigið fé fyrirtækja og framtaksfé frá fjármagnsfyrirtækjum sem nemur a.m.k. 120 millj. kr.“

Þetta voru lyktir þessarar ályktunar á fundi Rannsóknaráðs. Og hverjir skyldu nú hafa tekið þátt í að samþykkja þessa áskorun á hæstv. ríkisstjórn? Ætli það hafi verið fagmenn, forstjórar rannsóknastofnana eða skyldu stjórnmálamenn hafa

komið nærri þessari ályktun? Jú, vissulega, því að þingmenn sátu og voru á þessum tíma fulltrúar í Rannsóknaráði ríkisins frá fyrri lögum undir forsæti hæstv. þáv. menntmrh., Sverris Hermannssonar, sem stýrði þessum fundi og leiddi þessa ályktun til lykta með atkvæðum allra viðstaddra, þar á meðal allra þingmanna, fulltrúa allra flokka á þessum fundi. Og hvar sér svo þessarar samþykktar stað í gerðum ríkisstjórnarinnar, við framlagningu fjárlagafrv.? Hvergi. Því er þessi brtt. flutt um hækkun til Rannsóknasjóðs um 30 millj. og endurreisn Fiskimálasjóðs með framlagi frá ríkinu að upphæð 30 millj. kr.

Ég minni á það að Rannsóknasjóður hefur þegar sannað að ég tel ágæti sitt með úthlutun til verkefna á þýðingarmiklum sviðum. Að vísu eru ekki komnar fram niðurstöður nema í fáum tilvikum, uppskera af því rannsóknastarfi. En þarna er um að ræða ekki síst fiskeldi, líf- og lífefnatækni og upplýsinga- og tölvutækni. Þau þrjú svið hafa fengið stærsta hlutann af framlögum og styrkjum úr Rannsóknasjóði til þessa á yfirstandandi ári, samtals 67 millj. kr. rúmlega. En þá er ekki tekið tillit til þessarar sérstöku ályktunar um 60 millj. kr. til átaks til að bæta tæknina í undirstöðuiðnaði landsmanna, fiskiðnaðinum.

Virðulegur forseti. Ég nefni næst brtt. nr. 2, sem er ekki stór í sniðum en snertir fjárveitingar til héraðsskóla, í þessu tilviki til Alþýðuskólans á Eiðum, þ.e. þess héraðsskóla sem starfandi er á Austurlandi, skóla þar sem unnið er af fullum krafti, hver smuga nýtt í alþýðuskólaforminu, þ.e. fyrir efsta hluta grunnskóla að hluta og fyrir framhaldsnám á ákveðnum brautum í samvinnu við Menntaskólann á Egilsstöðum og aðra framhaldsskóla á Austurlandi. En aðstæður þessa skóla eru með þeim hörmungum að það væri fáheyrt að mínu mati ef Alþingi léti nægja að veita til þessa grunn- og framhaldsskóla, Alþýðuskólans á Eiðum, aðeins 1,2 millj. kr. eins og gert er ráð fyrir skv. fjárlagafrv. Gæti ég vitnað til erindis frá skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum, Kristni Kristjánssyni, sem þm. Austurl. barst ásamt grg. til byggingardeildar menntmrn., þar sem dregin er upp sú dökka mynd sem varðar verulegan hluta af húsnæði þessa aldna alþýðuskóla á Austurlandi. Hér verður að ráða bót á og tillaga um 5 millj. kr. fjárveitingu, sem ég legg hér til að verði veitt til stofnkostnaðarframkvæmda við skólann, er algert lágmark að mínu mati.

Þá kem ég að brtt. nr. 3 sem snertir fjárlagalið á brtt. fjvn. á þskj. 244, varðandi grunnskóla og íbúðir fyrir skólastjóra, en raunar í þessu tilviki íþróttamannvirki, þ.e. að framlag til íþróttahúss í Neskaupstað verði 3 millj. í staðinn fyrir 1,5 millj. kr. Það eru gild rök fyrir þessari tillögu. Þetta er eina tillagan sem ég flyt sem brtt. við þá skiptingu á fjármagni sem okkur þm. Austurl. var ætlað að taka afstöðu til á örstuttum kvöldfundi sl. miðvikudagskvöld. Þar gerði ég almennar athugasemdir við að naumt væri skammtað í þessum efnum. Þessi framkvæmd fékk á síðustu fjárlögum 200 þús. kr. sem var viðurkenning á að hefjast skyldi handa. Menn hljóta að sjá að upphæð sem nemur aðeins 1,5 millj. kr. er ekki til þess í raun að hefja framkvæmdir. Hér er um að ræða framkvæmd sem snertir ekki viðkomandi byggðarlag eingöngu, langt því frá, því þar er starfræktur framhaldsskóli, Verkmenntaskóli Austurlands, sem er fyrir nemendur af öllu Austurlandi sem þurfa að nýta viðkomandi aðstöðu og raunar þótt þeir kæmu víðar að. Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram þessa brtt. varðandi þennan fjárlagalið.

Brtt. nr. 4 snertir einnig Austurlandskjördæmi sérstaklega. Hún er um framlag til Skógræktar ríkisins, að tekinn verði upp á ný liður sem felldur var út í frv. fyrir næsta ár, þ.e. um hina svokölluðu Fljótsdalsáætlun, sem er skógrækt á vegum bænda í Fljótsdalshreppi sem hafin var í kringum 1970 og hefur þegar borið verulegan árangur. Það er illt til að vita að þessi liður skuli hafa verið felldur niður, eins og raun ber vitni, því þarna er fyllsta ástæða til að halda áfram eins og raunar hefur verið undirstrikað af okkur hv. þm. Agli Jónssyni og Jóni Kristjánssyni, en hinn síðartaldi er fyrsti flm. þáltill. um sérstakt átak í skógrækt á Fljótsdalshéraði, þannig að við höfum undirstrikað okkar sjónarmið í því sambandi. Ég leyfi mér að fylgja því eftir með því að leggja hér fram tillögu um 1 millj. kr. framlag til þessa liðar sem engin rök eru fyrir að fella niður í fjárlögum fyrir næsta ár.

Þá kem ég að brtt. nr. 5 sem varðar Hafrannsóknastofnun. Þar er lagt til að hækkað verði framlag til Hafrannsóknastofnunar, rannsóknasviðs um 10 millj. kr. Ég gæti farið mörgum orðum um þörfina á auknu fjármagni til Hafrannsóknastofnunar, rannsóknarverkefna á hennar vegum. Þetta tengist með vissum hætti þeim tillögum sem ég hef lagt fram varðandi Rannsóknasjóð og Fiskimálasjóð. Alþingi samþykkti vorið 1984 breytingar á lögum um Hafrannsóknastofnun þar sem markmið hennar voru skilgreind og áherslur lagðar á ýmsa þætti. Hafrannsóknastofnun hefur nýlega kynnt sína stöðu og stefnu í riti sem heitir Haf- og fiskirannsóknir 1988–1992 í fjölriti stofnunarinnar. Eru þau í samræmi við langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins fyrir sama tímabil. Þar er dregin upp skýr mynd af rannsóknarþörfinni á fjölmörgum sviðum varðandi haf- og fiskirannsóknir á Íslandi. Það er óhæfa að mínu mati að ætla ekki meira en raun ber vitni til þessara rannsókna. Mig minnir að til rannsóknasviðsins sérstaklega séu tæplega 7 millj. kr. skv. fjárlagafrv. og sjá allir hversu naumt er skammtað í sambandi við þennan undirstöðuþátt.

Ég hef ekki síst í huga þörfina á almennum vistfræðilegum rannsóknum á íslenskum hafsvæðum. En viðleitni hefur verið hjá Hafrannsóknastofnun til að þróa slíkar rannsóknir, aðferðir við slíkar rannsóknir. Það segir m.a. í umræddu riti, með leyfi virðulegs forseta:

„Um nokkurra ára skeið hafa Hafrannsóknastofn-

un, Háskóli Íslands og fleiri aðilar unnið að því að þróa líkan af innbyrðis fæðutengslum ýmissa dýrategunda á íslenska hafsvæðinu í því skyni að meta afrakstursgetu nytjastofna. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem verður áfram á verkefnaskrá. Aðstöðu til tilrauna varðandi meltingar- og vaxtarhraða, t.d. miðað við tiltekinn sjávarhita og fæðuframboð, verður væntanlega komið upp í hinu nýja eldishúsi, en tilraunir af því tagi eru nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að öðlast fyllri skilning á innbyrðis áhrifum dýrastofna með sérstöku tilliti til fiskveiða. Þegar gerðar hafa verið áætlanir um afrakstur nytjastofna hefur hingað til aðallega verið byggt á beinum eða óbeinum mælingum á stofnstærð, upplýsingum um nýliðun og meðalvaxtaferlum viðkomandi tegunda. Með vaxandi þekkingu hefur komið sífellt betur í ljós hversu náin og flókin tengsl eru milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna á hverjum tíma annars vegar og breytinga á svifdýra- og plöntusamfélögum hafsins svo og ástandi sjávar hins vegar.

Enda þótt mikið verk hafi þegar verið unnið varðandi einstaka þætti vistkerfisins er mikilvægt að hefja sem fyrst samhliða rannsóknir á ofangreindum þáttum með það fyrir augum að tengja betur en nú er hægt upplýsingar um neðstu hlekki fæðukeðjunnar, ólífræna umhverfisþætti og fiskifræðileg gögn. Hér er raunar um að ræða nánari útfærslu á líkani af vistkerfum íslenskra hafsvæða og afrakstursgetu þeirra sem þegar er hafin vinna við og greint er frá í fyrri málsgrein. Þetta mun einkum kalla á mjög aukna starfsemi á sviðum plöntu- og dýrasvifsrannsókna."

Því legg ég áherslu á þetta atriði hér að þarna er svo stórt verkefni fram undan. En auðvitað ætlast ég ekki til þess, ef Alþingi heimilar þessa aukningu, að því verði eingöngu varið til þessa þáttar því rannsóknarsviðin sem eru í svelti hjá Hafrannsóknastofnun eru mörg og stofnunin verður ekki í neinum vandræðum með að ráðstafa þessu fjármagni, og þó margfalt væri, með skynsamlegum hætti.

Það mundi kannski líka hjálpa hæstv. ríkisstjórn að ná áttum í sambandi við atvinnupólitík í landinu, og kannski hjálpa hæstv. sjútvrh., sem því miður er ekki hér viðstaddur, að skilja örlítið samhengið í sambandi við vistfræði íslenskra hafsvæða, m.a. í sambandi við hvali. En til rannsókna á hvölum er ætluð allnokkur upphæð svo sem réttmætt er, en það hefur ekki hingað til nægt hæstv. sjútvrh. til að draga skynsamlegar ályktanir í sambandi við áhrif hvalanna í fæðukeðjunni á íslenskum hafsvæðum og mætti um það fara nokkrum orðum sem ég ætla að spara mér að sinnni vegna fjarveru hæstv. ráðherra.

Þetta læt ég nægja sem rökstuðning fyrir þessari till. um 10 millj. kr. aukningu á framlagi til rannsóknarsviðs Hafrannsóknastofnunar. Ég hef þegar gert grein fyrir tölul. 6 og kem þá að tölul. 7 sem er tillaga um aukningu á framlagi til Jafnréttisráðs um litlar 500 þús. kr.

Jafnréttisráð hefur á þeim tíma sem það hefur starfað sannað gildi sitt sem tæki til þess að upplýsa a.m.k. um það mikla misrétti sem konur í íslenska samfélaginu búa við. Nýjasta dæmi um það eru þær upplýsingar sem ráðið dró fram nýlega varðandi stöðu kvenna í nefndum, ráðum og sjórnum á vegum þess opinbera. Þær upplýsingar urðu mér og hv. 13. þm. Reykv. tilefni til þess að flytja sérstakt frv., um breytingu á lögum um jafnrétti karla og kvenna, til þess að taka á þessu máli og leitast við að fá fram úrbætur á stöðu kvenna í þessu samhengi.

Það sem hér er á ferðinni með þessari tillögu um 500 þús. kr. aukningu er að Jafnréttisráð geti ráðið starfsmann, sem þar er nú að verki í hálfu starfi í rannsóknum varðandi þjóðfélagslegt samhengi, ráðið viðkomandi starfsmann í fullt starf eða heilt stöðugildi. Teldi ég það vera lítið að verið af hálfu virðulegs Alþingis að veita þessari starfsemi stuðning með þessum hætti. Auðvitað gæti verið þörf á meira framlagi til ráðsins. Hér er farið fram á mjög litla upphæð sem ég vona að fái náð fyrir augum þingheims við atkvæðagreiðslu hér eða hv. fjvn. milli umræðna ef ástæða þykir til að draga afgreiðslu málsins til 3. umr.

Þá kem ég að tölul. 8, sem varðar einnig jafnréttisbaráttu í þessu samfélagi, eða öllu heldur kvenfrelsisbaráttu á Íslandi, þ.e. að veitt verði til félmrn. undir liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi, fjárveiting til að ráða það sem hér er kallað jafnréttisráðgjafa og veita til starfsemi þeirra 3 millj. kr. á næsta ári. Hugmyndin á bak við ráðningu slíkra starfsmanna á vegum félmrn. á fyrirmynd í starfsemi sem hefur um árabil verið rekin á hinum Norðurlöndunum með starfsemi jafnréttisráðgjafar. Verkefni þeirra er það fyrst og fremst að leitast við að bæta stöðu kvenna í fyrirtækjum og stofnunum í atvinnulífinu, leitast við að brjóta niður þá múra sem þar eru í veginum fyrir eðlilegri aðstöðu kvenna til atvinnuþátttöku og eðlilegra starfsskilyrða.

Það væri hægt að rökstyðja þörfina á þessari starfsemi með mörgum orðum. Ég ætla ekki að gera það hér og nú, en ég geri ráð fyrir því að ef ekki verður á þessa tillögu fallist, sem ég vænti þó að verði, og kannski hvort sem er, þá muni ég beita mér fyrir því að sett verði löggjöf um þetta efni á yfirstandandi þingi eða a.m.k. að Alþingi lýsi vilja sínum til þess að tekin verði upp starfsemi jafnréttisráðgjafa við félmrn. Þá hef ég vissulega í huga að viðkomandi starfsmenn veiti þjónustu og sinni verkefnum um land allt. Ég hef ekki mótað tillögur um það hvort þeir skuli ráðnir svæðisbundið eins og iðnráðgjafar en tel það þó mjög koma til greina, því að sá háttur er á hafður í grannlöndum okkar, t.d. í Noregi, þar sem jafnréttisráðgjafar starfa við fylkisskrifstofurnar í Noregi, en í Svíþjóð munu þeir vera ráðnir meira í tengslum við atvinnumálanefndir í einstökum héruðum. Upphæðin er lág, aðeins um 3 millj. kr., í ljósi þess að hér er um að ræða nýja starfsemi sem tekur nokkurn tíma að koma fótum undir og varla hægt að gera ráð fyrir því að viðkomandi ráðgjafar hæfu störf fyrr en með vordögum eða á miðju ári og fjárþörfin því kannski ekki eins mikil af þeim sökum. Ég

treysti því hins vegar að þetta mál fái góðan stuðning hér á virðulegu Alþingi.

Í tölul. 9 hef ég lagt til að tekinn verði upp nýr liður hjá Orkustofnun til að ráðast í yfirlitsrannsóknir á jarðhita í Austur-Skaftafellssýslu. Þessi tillaga byggir á áhuga heimamanna og erindi sem sent hefur verið okkur alþm. á Austurlandi, frá sveitarstjórnarmönnum í Austur-Skaftafellssýslu sem hafa ýtt við þessu máli og fengið það undirbúið á vegum Orkustofnunar sem gert hefur áætlun um fjármagnsþörf til slíkra yfirlitsrannsókna sem svarar til um 3,4 millj. kr. framlags. Upphæðin miðar sem sagt við fyrirliggjandi áætlun Orkustofnunar og áætlað verðlag á næsta ári. Hvers vegna skyldu menn eiga að ýta við rannsóknum sem þessum í Austur-Skaftafellssýslu sem liggur að mestu utan við hið virka jarðhitasvæði landsins? Jú, þar er að finna lághita, og vissulega er þar að finna eldstöð þar sem er Öræfajökull, en það hefur þegar fundist lághiti á nokkrum stöðum og til lághitans horfa menn nú í auknum mæli, ekki bara vegna möguleika á upphitun íbúðarhúsnæðis ef vel tekst til, heldur ekki síður í sambandi við fiskeldi. Það eru ekki síst möguleikarnir á nýtingu jarðvarma til fiskeldis sem hljóta að ýta á rannsóknir af þessu tagi og raunar ekki fram á mikið farið. Ég treysti því að undir þetta erindi verði tekið. Það hefur þegar verið kynnt hæstv. iðnrh. en ég hef ekki orðið var við að tillaga hafi komið fram um þetta efni af hálfu iðnrn.

Kem ég þá, virðulegur forseti, að tillögum sem ég stend að sameiginlega með hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni. Þar er í fyrsta lagi um að ræða tillögu um hækkun fjárveitingar til Náttúruverndarráðs sem nemur um 14 millj. kr. Nú hrökkva menn kannski við og segja: Hver ósköpin eru hér á ferðinni? Eru menn eitthvað að ruglast í ríminu sem fara fram á það að Náttúruverndarráð fái nær 40 millj. kr. fjárveitingu í staðinn fyrir 25 millj. kr. fjárveitingu? En svo er ekki. Fyrir þessari tillögu eru gild rök og raunar óskir frá Náttúruverndarráði sem hefur bæði sent ráðuneyti sínu, eins og lög gera ráð fyrir, óskir um fjárveitingaþörf, en einnig erindi til fjvn., síðast dags. 29. okt. 1987, þar sem rökstuddar eru óskir ráðsins og dregið saman í lok þessa erindis með svofelldum hætti, með leyfi virðulegs forseta:

„Að lokum er þess eindregið óskað að eftirfarandi breytingar eða leiðréttingar verði gerðar á því frv. til fjárlaga ársins 1988 sem nú liggur fyrir.

1. Leiðrétt verði áætlun um sértekjur ráðsins þannig að sértekjur skrifstofu (vegna eftirlits með mannvirkjagerð) verði minnkaðar um 1,3 millj. kr. og felldar verði á brott áætlaðar tekjur vegna Mývatnsrannsókna að upphæð 2 millj. kr.

2. Launakostnaður vegna skrifstofu verði hækkaður um 2 millj. og launakostnaður þjóðgarðsins í Skaftafelli um 1 millj.

3. Framlag til framkvæmda á friðlýstum svæðum verði hækkað um 2,5 millj. kr."

Þetta var tilvitnun í samanteknar óskir í þessu síðasta, eigum við að segja neyðarkalli Náttúruverndarráðs til fjvn. Upphæðin sem við fáum út úr þessu eru 8,8 millj. En hvers vegna er óskað eftir 14 millj. kr.? Það er vegna þess að Mývatnsrannsóknir eru í svelti og það mál var rætt hér sérstaklega í Sþ. af tilefni fsp. sem ég beindi til hæstv. menntmrh. og hann svaraði og greindi þar frá því að vilji væri fyrir hendi í hans ráðuneyti og hann mundi beita sér fyrir því að varið yrði 6,5 millj. kr. til Mývatnsrannsókna á næstu árum í stað þess að þær eru nú í algeru svelti og viðkomandi sérfræðinganefnd, sem sett var til verksins, hefur sagt af sér vegna fjárskorts. Ég sé þess hins vegar enn engin merki af hálfu fjvn. eða ríkisvaldsins, sem á þar meiri hluta, að standa við þetta fyrirheit og þess vegna hef ég leyft mér að bæta við lágmarksóskir Náttúruverndarráðs sem nemur 6,5 millj. kr. eða þar um bil og þá svarar þetta nokkurn veginn til þeirrar upphæðar sem hér er lögð til sem aukning á fjárveitingu til Náttúruverndarráðs. Auðvitað kæmu aðrir þættir til greina og ég tek undir þær tillögur aðrar sem fyrir liggja hér um það efni.

Ég læt þetta nægja varðandi Náttúruverndarráð og ég vil leyfa mér að taka næst tölul. 3, sem varðar annað ráð, Ferðamálaráð, þar sem flutt er hliðstæð tillaga og ég mælti fyrir fyrir ári síðan til umhverfisverndar á ferðamannastöðum, litlar 10 millj. kr. Þetta er í raun náttúruverndarmál sem hér er einnig á ferðinni.

En hvernig skyldi staðan vera varðandi þessa þætti? Hún er þannig að þrátt fyrir fyrirmæli í lögum um ferðamál og starfsemi Ferðamálaráðs, þá er fjárveiting til umhverfisverndar á ferðamannastöðum á yfirstandandi ári núll. Núll á sama tíma og hér vex hröðum skrefum ferðamannastraumur í landinu, landinu sem ásamt náttúrugersemum þess er verið að auglýsa sem söluvöru út um heim til að laða hingað erlenda ferðamenn sem auðvitað sækja þessa staði heim. Staði sem eru að bíða alvarlegan hnekki vegna átroðslu og of mikils álags og þar sem lágmarksaðstöðu vantar. Það gengur því ekki að Alþingi samþykki fjárlög fyrir næsta ár án þess að einhverju sem teljandi er sé ráðstafað í þessu skyni og hér er vissulega farið fram á algert lágmark í þessu efni.

Ég sé að hv. fjvn. hefur lagt litlar 200 þús. kr. til hönnunar aðstöðu við Gullfoss. 200 þús. kr. í það eina verkefni, til hönnunar aðstöðu. Ég man ekki betur en það hafi verið samþykkt tillaga haustið 1978, eina tillagan líklega sem fór í gegn frá stjórnarandstöðunni á þeim tíma flutt af fyrrv. hæstv. forsrh., Gunnari heitnum Thoroddsen, um sérstaka fjárveitingu í formi lántöku á þeim tíma til að byggja upp ferðamannaaðstöðu við Gullfoss. Og enn stöndum við hér og sjáum 200 þús. kr. til hönnunar ferðamannaaðstöðu á þeim stað sem fjölsóttastur er líklega ásamt Geysi í Haukadal. Eigum við að una þessu? En þessir staðir eru ekki bara Gullfoss. Ég ætla ekki að fara að telja þá hér upp. Væntanlega þekkja þm. ekki bara fimm og ekki bara tíu sem þyrftu á upphæðum að halda af þessu tagi.

Þá kem ég að tillögu 2, virðulegur forseti, sem varðar landbúnaðarmál sem enn er ekki komið að í minni ræðu hér. Þrátt fyrir lágmarksleiðréttingar hv. fjvn. á framlögum til landbúnaðarmála, ég segi lágmarksleiðréttingar því að auðvitað vantar þar stórlega á að eðlilega sé hlúð að þessum atvinnuvegi og sérstaklega rannsóknarstarfsemi í tengslum við hann, eins og þar þrengir nú að í flestum greinum. Þar vantar athugun á undirstöðuþáttum eins og könnun á búrekstraraðstöðu sem ég flutti um sérstaka þáltill. í fyrra að gerð yrði til þess að menn vissu hvernig ástandið er, til þess að menn fengju lágmarksupplýsingar um hvernig ástandið er í sveitum landsins á einstökum jörðum varðandi búrekstraraðstöðu, hlunnindi, aðstöðu til nýrra búgreina o.s.frv. Þetta vita menn ekki í dag. Og ég treysti því að ekki endurtaki sig leikurinn frá því í fyrra þegar felld var tillaga sem ég flutti um það að veita litlar 5 millj. kr. til þess að hraða því verki sem er vissulega hafið að frumkvæði Norðlendinga sem stóðu að því, Ræktunarfélag Norðurlands, að kanna sérstaklega búskaparaðstöðu á Norðurlandi og gaf út fjölrit um það efni, nr. 14/1987, sem er lofsvert framtak Norðlendinga. En knýjandi þörf er á að slík könnun fari fram í öllum landshlutum hið skjótasta og menn hafi almennilega jarðabók í höndum til þess að fjalla um landbúnaðarmálin, nothæfa jarðabók, en þurfi ekki sumpart að vera að gægjast í heimildir frá Árna Magnússyni og Bjarna Pálssyni frá byrjun 18. aldar þegar verið er að meta aðstöðuna í sveitum landsins.

Virðulegi forseti. Hér er 4. tillaga og sú síðasta sem ég mæli fyrir varðandi niðurgreiðslu á rafhitun. Þar er lagt til að hækkaður verði liðurinn undir Ýmis orkumál sem heitir Niðurgreiðsla á rafhitun úr 200 millj. kr. í 250 millj. Hvers vegna er nú þetta lagt til, að auka þarna við 50 millj. kr. til niðurgreiðslu á rafhitun? Það er gert til þess að misréttið í orkukostnaði í landinu verði ekki aukið til muna frá því sem nú er. Ég fékk í hendur í dag yfirlit frá Rafmagnsveitum ríkisins þar sem þetta er dregið fram með mjög skýrum hætti og ég hef óskað eftir því að þessu yfirliti yrði dreift á borð hv. þm. Ég vænti að þeir hafi það undir höndum. Þar kemur það fram mjög skýrt og greinilega miðað við þær hækkanir sem ákveðnar hafa verið frá næstu áramótum að rafhitunarkostnaðurinn mun hækka til verulegra muna miðað við þá upphæð sem er í fjárlögunum. Hann mun hækka eins og segir í viðkomandi erindi frá Rafmagnsveitunum, þar sem þeir eru að athuga málin á sínu svæði, með leyfi forseta, örstutt tilvitnun: „Miðað við áðurnefnda upphæð, 143 millj. kr., og 3% aukningu á orkusölu, þá þyrfti 147 millj. kr. til niðurgreiðslna hjá RARIK á árinu 1988.“ Þá er gert ráð fyrir sömu upphæð í niðurgreiðslum á hverja kwst., sömu upphæð sem þýðir hækkun. Og áfram: „Ef hins vegar niðurgreiðslur ættu að hækka til samræmis við taxtahækkanir, t.d. á taxta C-1, þá þyrftu þær að vera 23% hærri eða 181 millj. kr. á árinu 1988. Það þýðir að niðurgreiðslur hækki úr 63 aurum í 77 aura á kwst.“

En þetta er bara varðandi Rafmagnsveitur ríkisins sem eru aðeins með um ⅔ af rafhituninni í landinu. Þar fyrir utan er svo Orkubú Vestfjarða og þar fyrir utan er niðurgreiðsla hjá fjarvarmaveitunum sem eru starfandi og þar fyrir utan hygg ég að það standi til að auka rafhitun í Vestmannaeyjum, semja við Rafmagnsveitu Vestmannaeyja, sem byggt hefur á hraunhita, eða hraunhitaveituna þar sem er smám saman að þrjóta svo sem reiknað var með, kannski fyrr en reiknað var með, þannig að þar er einnig fjárþörf. Lágmarksframlag bara til að halda í horfinu eru 250 millj. kr. Ætla þm. dreifbýlisins að fara heim í jólaleyfi án þess að tryggja þetta réttlætismál, án þess að tryggja að það verði ekki um verulega aukna mismunun að ræða í sambandi við húshitunarkostnaðinn í landinu? Ég vil ekki trúa því og ég heiti á hv. þm. jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu að veita þessu sjálfsagða réttlætismáli stuðning.

Virðulegur forseti. Ég hefði haft ástæðu til þess að ræða hér mun ítarlegar um þessar brtt. sem ég hef leyft mér hér að bera fram. Við alþýðubandalagsmenn flytjum fjölmargar aðrar brtt. varðandi fjárlagafrv. Ég er ekki að víkja hér að þeim. Ég minni þó á till. sem ég stend að með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni varðandi Þróunarsamvinnustofnun Íslands, en framlagið til þeirrar stofnunar er til þvílíkrar vansæmdar fyrir Alþingi að um það væri hægt að tala lengi kvölds.

Eftir að Alþingi hefur samþykkt samhljóða þingsályktun um það að reyna að þoka sér smám saman á sjö ára tímabili í átt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum í stuðningi við þróunaraðstoð fátækra ríkja, þá stefnir í þveröfuga átt. Þveröfuga átt við það sem samhljóða var samþykkt hér á Alþingi um aukningu á framlögum til þróunarsamvinnu. 20 millj. samkvæmt tillögu hæstv. fjmrh., 40 millj. eins og málin standa nú og hlutfallið er samt hríðlækkandi sem varð á síðasta ári. Ætla menn að una þessu? Ætla menn að hlusta á jólamessurnar vitandi það að við erum að lækka að raungildi stórlega framlag til þróunaraðstoðar? Á það að vera kveðjan út í heiminn af hálfu Alþingis Íslendinga eftir að það hefur samþykkt fyrir tveimur árum að lyfta þessari upphæð smám saman upp í það að verða 0,7% af þjóðarframleiðslu og 1% með væntanlegum framlögum hjálparstofnana og annarra sem þarna vilja leggja hönd á plóginn? Ég vona að svo verði ekki.

Ég vona, virðulegur forseti, að það verði aðrar kveðjur sem við að lokum flytjum frá Alþingi en lesa má í fjárlagafrv. og brtt. meiri hl. hv. fjvn. sem hér liggja fyrir.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Fulltrúi Kvennalistans í fjvn., hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, hefur gert grein fyrir viðhorfum Kvennalistans til fjárlagafrv.

Þetta fjárlagafrv. er þannig að það þyrfti að gera á því verulegar breytingar næstum því hvar sem borið er niður til að hægt sé að sætta sig við niðurstöðuna. Það verðmætamat sem lagt er til grundvallar fjár-

málastjórninni er byggt á hinum hörðu gildum eins og svo oft áður. Þótt ekki sé mikil von til að fá fram breytingar á heildarstefnu þeirri sem fram kemur í frv. höfum við kvennalistakonur leyft okkur að flytja nokkrar brtt. við það. Þetta eru aðeins örfáar tillögur sem gætu, ef samþykktar verða, hjálpað aðeins upp á á nokkrum stöðum. Að sjálfsögðu vildum við sjá miklu fleira ofar á listanum í þessu frv. en því verður því miður ekki við komið.

Ég mæli hér fyrst fyrir brtt. á þskj. 259 um hækkun á framlagi til Rannsóknasjóðs ríkisins, úr 70 millj. kr. í 100 millj. kr. Árið 1985 og 1986 voru 50 millj. kr. og árið 1987 60 millj. kr. veittar í sérstakan rannsóknasjóð í umsjá Rannsóknaráðs ríkisins. Úthlutun úr sjóðnum hefur verið beint að ákveðnum sviðum rannsókna og hafa flest verkefnin verið á sviði fiskeldis. Auk þess hafa verið veittir styrkir til verkefna í líf- og lífefnafræði, upplýsinga- og tölvutækni, matvælafræði, gæða- og framleiðslutækni og bygginga- og mannvirkjagerð, auk nokkurra annarra verkefna. Framlag til rannsókna hér á landi hefur alla tíð verið smánarlega lítið og fer enn lækkandi þar sem nú er miðað við að framlag ríkissjóðs til Rannsóknastofnana atvinnuveganna og fleiri rannsóknastofnana verði minnkað verulega á næsta ári. Við stöndum því langt að baki öllum Vesturlöndum í framlagi til rannsókna og þróunarstarfsemi. Við höfum lagt rétt um 0,8% af þjóðartekjum okkar til þessara mála á sama tíma og Norðurlandaþjóðirnar eru komnar hátt á annað prósent. Svíar verja meira að segja um 2,5% af þjóðarframleiðslu til rannsókna og það sama gildir um Japana, Þjóðverja og Frakka. En þessar þjóðir gera sér grein fyrir gildi rannsókna fyrir framþróun og eru bjartsýnar á þá möguleika sem felast í nýrri þekkingu og tækninýjungum á þeim sviðum sem nefnd hafa verið. Ef við ætlum ekki að verða út undan verður að breyta um stefnu.

Í því fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er framlag það sem ætlað er til Rannsóknasjóðs það lágt að líta má svo á að ætlunin sé að leggja hann niður. Ef sæmilegt ætti að vera þyrftum við að leggja í Rannsóknasjóðinn a.m.k. 200 millj. kr. en við kvennalistakonur höfum af hógværð lagt til að framlagið hækki í 100 millj. kr. í þeirri von að þeim tillögum verði vel tekið af hv. þm.

Í öðru lagi mæli ég fyrir brtt., einnig á þskj. 259. þar sem þingkonur Kvennalistans leggja til að þar bætist nýr liður inn í frv., Dagvistarheimili, stofnkostnaður. Ef miðað er við verðlag í júlí 1987 skuldar ríkissjóður sveitarfélögum 83,6 millj. kr. vegna dagvistarheimila sem þegar hafa verið tekin í notkun og 35,8 millj. kr. vegna þeirra sem eru í byggingu eða samtals um 120 millj. kr. Jafnframt þessu hefur sveitarfélögum verið gefið grænt ljós varðandi byggingu dagvistarheimila með loforði um framlag ríkisins og nema þær fjárhæðir um 73 millj. kr. og hafa sum sveitarfélög þegar hafið framkvæmd í trausti þess að fá styrk til þess úr ríkissjóði, til byggingar heimilanna. Samtals eru þetta því um 193 millj. kr., þ.e. á verðlagi í júlí 1987 og miðað við þær verðlagsforsendur sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. er þessi upphæð rúmar 220 millj. kr. fyrir árið 1988.

Ég tek það fram að skuldbinding ríkissjóðs og sveitarfélaganna vegna dagvistarheimila er enn meiri vegna þess að miðað er við að framlag til sveitarfélaganna sé greitt á fjórum árum vegna nýrra heimila. Ástæðan fyrir því að þessi liður hefur fallið niður úr fjárlagafrv. er að fyrir þinginu liggur frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ef það frv. verður að lögum eiga sveitarfélög að taka við byggingu dagvistarheimila en í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki sveitarfélögin til byggingar heimilanna að 50% af byggingarkostnaði. Með því að fella niður þennan byggingarstyrk til sveitarfélaganna er í raun verið að fara út á stórhættulega braut þar sem þörfin fyrir barnaheimili hefur aldrei verið eins mikil og nú. Þörfin fyrir dagvistarrými er nú svo mikil að líta má á að um hreint neyðarástand sé að ræða. Ef ríkissjóður ætlar að hætta að styrkja sveitarfélögin vegna byggingar dagheimila er ég hrædd um að mörg hver treysti sér ekki til að leggja út í slíkar framkvæmdir. Auk þess skuldar ríkissjóður nú þegar verulegar upphæðir vegna þessa liðar eins og ég sagði áðan.

Þau rök hafa heyrst að með því að ríkissjóður hætti að taka þátt í kostnaði við byggingu dagheimila aukist sjálfstæði sveitarfélaganna. Mér er alveg fyrirmunað að skilja slíka röksemdafærslu. Það hefur enginn skipað sveitarfélögunum að byggja dagheimili hingað til. Þau hafa sjálf ákveðið það. Engin breyting verður því á því þó að hætt verði að styrkja þau til þessara bygginga. Þess vegna leggur Kvennalistinn til þennan nýja lið á fjárlögum og leggur til að ríkissjóður haldi áfram að styrkja sveitarfélögin til byggingar dagheimila sem þau hafa ákveðið að byggja.

Í þriðja lagi mæli ég fyrir brtt. um að hækka framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 200 millj. kr. Stjórn Lánasjóðsins hefur gert samþykkt sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna samþykkir að gerð verði leiðrétting á þeim framfærslutölum sem eru lagðar til grundvallar útreikningum námslána á þann hátt að framfærslukostnaður á námsstað í september 1987 skuli vera framfærslukostnaður á námsstað í september 1985, framreiknaður samkvæmt þróun verðlags og gengis.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal leita eftir því við stjórnvöld að þau geri þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að mæta þeirri útgjaldaaukningu sem af þessu hlýst."

Samþykkt þessi gerir því væntanlega ráð fyrir að afnumin verði aðgerð hæstv. þáv. menntmrh. Sverris Hermannssonar með reglugerð þann 3. jan. 1986 sem kom í veg fyrir hækkun námslána samfara verðlagsþróun á tímabilinu 1. sept. 1985 til 1. júní 1986. Verðlag hækkaði á þessum tíma um 15% og er því um að ræða um 15% skerðingu námslána að meðaltali. Ekki hefur verið sýnt fram á að það framfærslu-

mat sem Lánasjóðurinn byggði útreikninga á námslánum fyrir skerðingu á hafi verið of hátt reiknað. Í dag búa námsmenn því í raun við framfærslumat sem er u.þ.b. 15% lægra en það sem Lánasjóðurinn taldi rétt sumarið 1985. Námslán nægja því einungis fyrir um 85% af reiknuðum framfærslukostnaði. Í lögum um Lánasjóðinn segir skýrum stöfum að námslán eigi að mæta 100% fjárþörf námsmanna. Lánin duga því alls ekki til framfærslu. Það má nefna sem dæmi að Lánasjóðurinn gerir ráð fyrir að 4000 kr. nægi fyrir námsmenn til að leigja sér húsnæði sem er alveg ljóst að er allt of lágt. Þær 30 000 kr. sem námsmenn ættu að fá ef lánin væru ekki skert eru því síst ofrausn. Víða erlendis eru íslenskir námsmenn í miklum vanda vegna lágra námslána og í einu dagblaðanna mátti lesa fyrir skömmu frásögn ungrar stúlku sem var við nám í Svíþjóð. Hún var svo illa stödd að hún þurfti að leita á náðir félagsmálastofnunar þar í landi til að geta dregið fram lífið. — Er þetta það sem við viljum?

Það er nú svo komið að námsmenn geta ekki dregið fram lífið nema með aðstoð frá ættingjum og vinum. — Er þetta dæmi um það sem við köllum jafnrétti til náms?

Ef námslán væru í samræmi við eðlilegan framfærslukostnað nú í dag miðað við verðlagsþróun síðustu tveggja ára ættu þau að meðaltali að vera u.þ.b. 15% hærri. Þess vegna ætti heildarráðstöfunarfé sjóðsins að vera um 200 millj. kr. hærra en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þess vegna höfum við lagt til þessa hækkun á framlagi til Lánasjóðsins um 200 millj. kr.

Í fjórða lagi mæli ég fyrir brtt. á þskj. 259 um Náttúruverndarráð. Þar er lagt til að hækkað verði framlag til fræðslustarfsemi úr 930 þús. kr. í 1950 þús. kr. eða um rúma milljón kr. Þessi hækkun er lögð til til þess að Náttúruverndarráð geti ráðið starfsmann til að annast fræðslustarfsemi á vegum ráðsins. Náttúruverndarráð hefur gefið út fjölrit og kynningarbæklinga og þyrfti að gera miklu meira af slíku. Einnig hefur ráðið haldið námskeið fyrir landverði og náttúruverndarnefndir auk smærri námskeiða. Það þyrfti að sjálfsögðu að auka alla fræðslustarfsemi um umhverfisvernd og náttúruvernd, bæði á vegum ráðsins og annarra. Hér er aðeins lagt til að fjárveitingin sé aukin til að hægt sé að ráða mann sérstaklega til að sjá um þennan þátt starfsins en auðvitað þyrfti þessi liður að hækka enn meira.

Í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar stendur m.a., með leyfi forseta: „Fræðsla um náttúruvernd og umhverfismál verði aukin.“ Þannig hlýtur ríkisstjórnin að styðja þessa breytingu ef hún leggur þá ekki til að framlagið verði hækkað enn meira. Það verður nefnilega að hafa í huga varðandi þennan lið að gert er ráð fyrir að Náttúruverndarráð fái um 400 þús. kr. í tekjur vegna námskeiða og bæklinga svo að framlag ríkissjóðs er í raun aðeins 550 þús. kr. til fræðslustarfsemi á vegum ráðsins.

Einnig er lagt til að tveir nýir liðir bætist við vegna Náttúruverndarráðs en þær brtt. eru á þskj. 267.

Annar liðurinn er vegna framkvæmda í Dimmuborgum í Mývatnssveit. Á árinu 1987 hófust framkvæmdir í Dimmuborgum sem miða að því að draga úr náttúruspjöllum af völdum ferðamanna og voru þær fjármagnaðar með sérstakri fjárveitingu Alþingis að upphæð 900 þús. kr. Það sem helst var gert þar var að stika og afmarka gönguleiðir, smíða tröppur frá hliði og niður í borgirnar, auk annarra smærri stiga og fleka yfir hraungjótur, hafin var gerð upplýsingaskiltis og lagfæring og afmörkun bílastæða, svo að eitthvað sé nefnt. Á árinu 1988 þarf að halda þessu verki áfram því að það er ekki nema hálfnað og skilar ekki tilætluðum árangri ef látið verður sitja við svo búið. Þess vegna er mjög mikilvægt að sérstök fjárveiting verði til þessa verkefnis á fjárlögum.

Hinn liðurinn um Náttúruverndarráð er vegna framkvæmda í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Mikið hefur vantað á að lágmarksaðstæður séu fyrir ferðamenn á fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins og má þar nefna snyrtiaðstöðu og tjaldsvæði og göngustíga svo að aðeins fá dæmi séu tekin. Ég held að það þurfi varla að fjölyrða um það að algjört neyðarástand ríkir víðast hvar vegna aðstöðuleysis. Leggjum við því til að 3 millj. kr. verði veittar til þessa liðar á næsta ári til að bæta aðstöðuna bara þar sem ástandið er verst. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði að ástandið er slíkt að þessir liðir þyrftu að sjálfsögðu allir að hækka miklu, miklu meira en um það sem við höfum gert ráð fyrir hérna en við leyfum okkur að fara þó fram á þessar litlu upphæðir til hækkunar eins og fram kemur í þessum tillögum.

Í fimmta lagi leggjum við svo fram brtt. á þskj. 267 um hækkun á framlagi til Kvennaathvarfsins í Reykjavík, úr 4,5 millj. kr. í 5 millj. 528 þús. kr. Í fjárhagsáætlun Kvennaathvarfsins um rekstur er áætlað að reksturinn kosti um 7 millj. 897 þús. kr. á næsta ári og fara þær konur sem sjá um reksturinn fram á að ríkissjóður greiði 70% af þeim kostnaði eða 5 millj. 528 þús. kr. Á hverju ári koma meira en 150 konur í Kvennaathvarfið í Reykjavík og yfir 100 börn. Konurnar koma í athvarfið af öllu landinu þó að flestar séu þær frá höfuðborgarsvæðinu, en eins og kunnugt er er Kvennaathvarfið í Reykjavík eina kvennaathvarfið á landinu. Enginn efast lengur um gildi Kvennaathvarfsins og gagnsemi þess fyrir konur og börn sem verða fyrir ofbeldi og eiga í ekkert hús að venda ef athvarfsins nyti ekki við. Við Kvennaathvarfið starfa margar konur í sjálfboðavinnu sem ekki er talið með þegar kostnaður við athvarfið er reiknaður. Ekki er þar heldur um neina launaða stjórn eða dýra yfirbyggingu að ræða. Ef kemur til þess að Kvennaathvarfinu þurfi að loka vegna fjárskorts og ríki og sveitarfélög þurfa að taka yfir þá starfsemi sem þar fer fram má búast við að það verði miklu dýrara en núverandi fyrirkomulag. Ef athvarfinu verður lokað getur það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þær konur og ekki síður börn sem verða fyrir ofbeldi á heimilum. Það eru því

sterk rök sem mæla með því að hækka framlagið til Kvennaathvarfsins um þetta lítilræði sem farið er fram á. Það er vissulega góð fjárfesting.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þyrfti að gera gagngerar breytingar á frv. ef það ætti að vera viðunandi plagg en nú er aðeins von um smávægilegar breytingar. Mig langar aðeins að nefna nokkur atriði til viðbótar við það sem ég hef þegar nefnt.

Í fjárlagafrv. er aðeins gert ráð fyrir 20 millj. kr. til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á sama tíma og fjárhagsáætlun stofnunarinnar hljóðaði upp á 45 millj. kr. Nú hefur komið tillaga frá fjvn. um hækkun á þessu framlagi ríkissjóðs upp í 40 millj. kr. Ekki veit ég hvar á að ná í þær 5 millj. sem á vantar til að endar nái saman hjá stofnuninni. Það er þó kapítuli út af fyrir sig að skoða fjárhagsáætlun Þróunarsamvinnustofnunarinnar. Það er aðeins gert ráð fyrir að við stöndum við þau verkefni varðandi þróunaraðstoð sem við erum nú þegar búin að taka að okkur og getum alls ekki hætt við. Þróunarsamvinnustofnunin gerir því ekki mikið með þá ályktun Alþingis frá 107. löggjafarþingi sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu."

Hún gerir heldur ekki mikið með þá setningu sem stendur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar en þar stendur, með leyfi forseta:

„Samvinna við þróunarlönd verður aukin í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna um þróunaraðstoð."

Til hvers er Alþingi að samþykkja ályktanir ef ekki er ætlunin að fara eftir þeim? Þetta er okkur til háborinnar skammar.

Ég vil aðeins nefna að lokum, herra forseti, að ég tel að það sé með öllu óviðunandi hve hlutur Reykjavíkur er lítill í fjárlagafrv. Reykjavík er líklega það kjördæmi sem verst er sett varðandi heilsugæslustöðvar og virðist ekki vera ætlunin að bæta þar neitt úr ef frv. verður samþykkt. Þó þörf sé fyrir auknar fjárveitingar til skóla alls staðar á landinu er hlutur Reykjavíkur engann veginn í samræmi við þá fjölgun sem hefur orðið í Reykjavík á undanförnum árum. Á árunum 1981–1987 hefur Reykvíkingum fjölgað um 12 000 og er nauðsynlegt að tekið sé tillit til þess við fjárveitingar.

Margt fleira væri ástæða til að nefna. Aðrar þingkonur Kvennalistans munu mæla fyrir brtt. hér á eftir sem Kvennalistinn flytur við fjárlagafrv.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Mönnum finnst það kannski vera að bera í bakkafullan lækinn að fara enn einu sinni nokkrum orðum um mikilvægi íþrótta fyrir þjóðarheildina. Ef mönnum finnst það er það rangt því að aldrei er góð vísa of oft kveðin þó að hægt sé að furða sig á því hversu illa gengur að fá ráðamenn til þess að hlusta á hana.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi öflugrar íþróttastarfsemi fyrir ekki aðeins einstaklinga heldur þjóðina alla, enda hefur skilningur alls þorra fólks á mikilvægi íþrótta farið mjög vaxandi á seinni árum þó að því miður sé ekki þannig komið hjá sumum hæstv. ráðherrum okkar.

Íþróttir eru ekki aðeins mikilvægar fyrir uppeldis- og æskulýðsmál, heldur spannar mikilvægi þeirra yfir alla aldurshópa, jafnt unga sem aldna, enda hefur hið svokallaða trimm loksins fengið að njóta sannmælis og er nú ekki lengur hlegið að þeim er sjást hlaupa á gangbrautum borgarinnar. Sífellt fleiri stunda heilsurækt og almenningur er farinn að hugsa betur um sjálfan sig en áður þekktist.

Íþróttir eru almenningseign. Þær eru bráðnauðsynlegar í nútímaþjóðfélagi. Þess vegna eiga stjórnvöld að bera gæfu til þess að standa við bakið á íþróttahreyfingunni í landinu með öllum hugsanlegum ráðum, ekki aðeins fjárhagslega heldur ekki síður lagalega, þ.e. við mótun á íþróttastefnu er taki mið af þörfum almenningsíþrótta og keppnisíþrótta.

Íþróttir eru ekki einkamál einstakra sveitarfélaga og mega ekki verða það. Því hef ég þegar lagt fram brtt. við frv. til laga á þskj. 224, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem ég geri það að tillögu minni að II. kafli, er fjallar um breytingu á íþróttalögum nr. 49/1956, verði felldur út. Við þær umræður lagði ég fyrir hæstv. forsrh. nokkrar spurningar um þennan þátt mála, en hann virti íþróttirnar að vettugi og svaraði engu.

Ég spurði hæstv. forsrh. og hafði reyndar áður spurt hæstv. fjmrh. sömu spurningar, hvernig gert væri ráð fyrir því með verkaskiptingunni þegar landssambönd færu út í byggingu íþróttamannvirkis og nefndi sem dæmi ef Handknattleikssamband Íslands færi út í byggingu íþróttahallar hér í Reykjavík, hallar sem væri til afnota fyrir handknattleik allra félaga í landinu. Hvaða sveitarfélag styrkir slíka framkvæmd? Varla er hægt að krefjast þess að Reykjavíkurborg ein standi að styrkveitingunni? Hverjir koma þá inn í myndina? Eru það sveitarfélög þar sem handknattleikur er stundaður? Og hvað ef þau vilja það ekki?

Nei, það er ekki nóg að sýna sig á stórleikjum og virðast vera ekkert nema góðvildin í garð íþróttanna á sama tíma og áætlaður er niðurskurður á fjársveltandi íþróttahreyfingunni. Þetta kallar væntanlega ákveðinn hæstv. ráðherra að slá pólitískar keilur.

Þá má spyrja: Hvernig á að tryggja það að fjármagn fáist yfirleitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til íþróttamannvirkja þó að sérstök deild verði stofnuð innan sjóðsins? Hverjir eiga að tryggja það ef sérstök deild innan sjóðsins verður til þess að eyrnamerkja framlög til íþrótta? Hver er þá tilgangurinn yfir höfuð með verkefnatilfærslunni?

Hv. þm. Ellert Eiríksson staðhæfði í umræðum um verkaskiptinguna að knattspyrnufélagið Víðir, Garði, hefði aðeins fengið sem samsvarar 5% úr Íþróttasjóði vegna framkvæmda er það fór út í og

taldi sig þar með sýna fram á hversu lítil not væru fyrir Íþróttasjóð. Ég vil hér með leiðrétta hv. þm. þar sem heildarkostnaður við framkvæmdir þær er hér um ræðir var gefinn upp 2 millj. 889 þús. kr. Af því hefur Íþróttasjóður þegar greitt 856 þús. og mun væntanlega greiða næsta ár 299 þús. kr. eða samtals 40%. Það er hins vegar rétt að Íþróttasjóður hefur fjögur ár til að greiða umsamin 40% og greiðir þau með jöfnum greiðslum, þ.e. 25% á ári. Hins vegar er hér um óverðtryggða samninga að ræða þannig að í rauninni skila 40% sér ekki að fullu.

Einn erfiðasti þáttur íþróttahreyfingarinnar er sá þáttur af starfi forustunnar og framámanna í félögum, héraðasamböndum og sérsamböndum sem mestur tíminn fer í, en það eru fjármálin. Á öllum sviðum skortir fjármagn til að standa straum af daglegum rekstri til undirbúnings og þátttöku íþróttamanna til keppni, bæði innan lands og utan til hróðurs og hylli íþróttamanna fyrir þá sjálfa og landið í heild. Fjármál íþróttahreyfingarinnar hafa verið mjög til umræðu nú að undanförnu, en eins og öllum er kunnugt stendur fjárskortur íþróttahreyfingarinnar öllu starfi verulega fyrir þrifum.

Með sívaxandi fjölda þeirra sem iðka íþróttir í einni eða annarri mynd hefur fjármagnsþörf íþróttahreyfingarinnar vaxið jafnt og þétt og hinn aukni fjöldi í íþróttum hefur einnig kallað á aukna og bætta íþróttaaðstöðu. Þá liggur það einnig fyrir að það kostar æ meira fjármagn að undirbúa íslensk keppnislið og afreksmenn ef von á að vera til þess að þeir standist erlendum keppinautum sínum, sem flestir búa við hin hagstæðustu skilyrði, snúning.

Margir af forráðamönnum íþróttahreyfingarinnar hafa látið til sín heyra að undanförnu og verið sammála um að við svo búið mætti ekki lengur standa ef ætlast er til þess á annað borð að íslenskir íþróttamenn séu gjaldgengir í keppni við erlenda íþróttamenn. Vilja þeir stóraukinn opinberan stuðning og benda á að íþróttahreyfingin hafi hingað til fjármagnað starfsemi sína að verulegu leyti á betlistarfi og nú sé svo komið að eigendur fyrirtækja og einstaklingar séu að verða þreyttir, bæði á því að standa í slíku starfi og eins að láta af hendi fjármagn, enda vegi allir í sama knérunn.

Starf Íþróttasambands Íslands verður æ umsvifameira með fjölgun íþróttaiðkenda og annarra þátttakenda í íþróttastarfinu, en tala virkra félagsbundinna þátttakenda í dag er yfir 100 þúsund manns. Ég hef oft verið spurður að því á hvern hátt ríkisvaldið geti best stutt við bakið á íþróttahreyfingunni. Svar mitt hefur verið: Eflið Íþróttasjóð ríkisins. Það hefur verið mín skoðun að til þess að frjálst íþróttalíf geti dafnað þurfi að efla íþrótta- og ungmennafélög um land allt enn meir en gert hefur verið, en það eru þau sem leggja fram grundvallarundirstöðu með þjálfun og þrotlausu starfi. Það er því eitt brýnasta verkefnið að efla Íþróttasjóð ríkisins verulega og hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja. Sjóðurinn á að taka meiri þátt í kostnaði af íþróttakennslu, húsaleigu íþróttafélaga, rekstri íþróttamannvirkja og íþróttalegum samskiptum. Með því móti yrði íþróttafólkinu sköpuð betri æfingaaðstaða. Fyrir hendi yrðu jafnan góðir íþróttakennarar og þjálfarar og slíkt mundi auðvelda félögunum mjög róðurinn, svo og sérsamböndum og héraðssamböndum. Íþróttasjóður ríkisins hefur alls ekki staðið í stykkinu að þessu leyti og vil ég þar nefna framlög Íþróttasjóðs til styrktar íþróttakennslu og húsaleigu sem hefur verið á undanförnum árum aðeins 2–3% og jafnvel minna. Það er þessi þáttur sem hefur orðið sérstaklega út undan og sem ekki hefur vaxið með þeim fjárveitingum sem veittar hafa verið Íþróttasjóði ríkisins til uppbyggingar íþróttamannvirkja. Hver framvindan verður í þessum málum er undir fjárveitingavaldinu komið.

Á fundum íþróttamálaráðherra Evrópuráðsins, sem haldnir hafa verið á undanförnum árum, hafa m.a. verið gerðar eftirfarandi ályktanir:

1. Að hlutverk opinberra aðila væri fyrst og fremst að vera örvandi með því að styðja hina frjálsu starfsemi.
2. Að efla hvers kyns aðstöðu er hvetur sem flesta til þátttöku í íþróttum og stuðla að menntun og þjálfun hæfra starfskrafta.
3. Að tengja beri skólaíþróttir sterkari böndum við frjálsa íþróttaiðkun.
4. Að opinberum aðilum beri skylda til að veita frjálsri íþróttaiðkun margháttaða aðstoð.
5. Að vernda beri sjálfstæði íþrótta og íþróttaiðkenda.

Þessi úrdráttur úr ályktun ráðherrafundar Evrópuráðsins sýnir ljóslega hversu ráðandi aðilar í hinum ýmsu löndum leggja vaxandi áherslu á að efla almennt heilbrigði meðal þegna þjóðfélagsins með tilstyrk íþróttanna.

Því verður ekki á móti mælt að stefnumörkun opinberra aðila í íþróttamálum hefur ómæld áhrif á framlög þeirra til íþróttahreyfingarinnar. Stefnumörkun íþróttahreyfingarinnar sjálfrar hefur þar að sjálfsögðu einnig áhrif. Framlög ríkisvaldsins og framlög einstakra sveitarfélaga hér á landi eru miklu minni en gerast á hinum Norðurlöndunum ef miðað er við fjölda íþróttaiðkenda. Þegar þess er jafnframt gætt að sjálfstæðir tekjustofnar íþróttahreyfingarinnar vega miklu minna hér á landi en hjá bræðraþjóðum okkar er augljóst að fjáröflun tekur mun meiri tíma forustumanna í íþróttum en annars staðar þekkist.

Í stuttu máli má segja að í stefnuskrá stjórnmálaflokkanna sé hvergi að finna það sem kalla má heillega stefnumörkun í íþróttamálum. Þetta ber þó ekki að skilja þannig að allir stjórnmálaflokkar líti á sama hátt á þessi mál. Á íþróttir má líta frá ýmsum hliðum. Þær eru hollt tómstundagaman fyrir unglinga og þær eru stórkostleg auglýsing fyrir land og þjóð.

Með leyfi forseta langar mig að fá að grípa hér niður í merkilegan leiðara sem tekur á þessum málum og fyrrv. þm. Sjálfstfl. og formaður eins stærsta sérsambands ÍSÍ, Ellert B. Schram, skrifaði

undir yfirskriftinni „Íþróttir til óþurftar." Þar segir m.a.:

„Í þjóðfélaginu fer hins vegar fram margvísleg starfsemi sem ekki gefur af sér arð í peningalegum skilningi. Listir, menning, menntun, líknarstarfsemi og íþrótta- og æskulýðsmál eru í þeim flokki, enda ber frv. það með sér að fjmrh. hefur hækkað fjárveitingar til slíkra málaflokka sem þurfa á opinberum stuðningi að halda.

Ein undantekning er þó hér á. Fjárveitingar til íþróttaæskunnar og samtaka hennar eru skornar niður. Hæst ber þar að fjárveiting til Íþróttasambands Íslands er skorin niður um tæpar 12 millj. eða úr 26 millj. í 14,4 millj. Framlag til Ungmennafélags Íslands lækkar úr 7 millj. kr. í 2,3 millj. Til að kóróna vinsamlegheitin gagnvart íþróttahreyfingunni eru framlög í Íþróttasjóð hreinlega felld niður eins og þau leggja sig.

Skýringin í grg. frv. er sú að hliðsjón sé höfð af þeim tekjum sem íþróttahreyfingin hefur af svokölluðu lottói. Það er kunnara en frá þurfi að segja að íþróttahreyfingin hefur ekki verið ofhaldin af peningum. Starfsemi einstakra íþróttafélaga, bandalaga og sérsambanda hefur verið borin uppi af sníkjum, betli, auglýsingasöfnun og óverulegum styrkjum frá opinberum aðilum. Íþróttahreyfingin hefur innan sinna vébanda langstærsta hluta þeirrar æskulýðsstarfsemi sem fram fer í landinu. Íþróttahreyfingin stendur að og stendur undir keppni íslenskra íþróttamanna í alþjóðakeppnum í öllum keppnisgreinum. Árangur íþróttamanna á leikvelli og uppskeran af starfi hreyfingarinnar í heilbrigðri æsku hefur ekki farið fram hjá neinum.

Enda þótt mestallt starf innan íþróttahreyfingarinnar sé unnið af sjálfboðaliðum án launa er auðvitað öllum ljóst að svo umfangsmikið starf fyrir tugþúsundir æskufólks kostar mikið fé. Lottóið var því kærkomin búbót og hefur á einu ári gefið nokkuð í aðra hönd. Það er hins vegar langur vegur frá því að þær tekjur mæti öllum útgjöldum og raunar lítið farið að skila sér inn í starfið sjálft vegna margvíslegs stofnkostnaðar sem fyrst þarf að greiða niður. Niðurskurður á fjárveitingum til íþróttahreyfingarinnar er köld kveðja, ekki aðeins til þeirra sem veita henni forustu, heldur til alls æskufólks sem leitar inn í hennar raðir. Ríkisvaldið er með þessum niðurskurði að refsa íþróttahreyfingunni fyrir að afla sér tekna með öðrum hætti en þeim að leita eingöngu á náðir ríkisins. Ríkisvaldið vill að íþróttahreyfingin gangi um með betlistaf í hendi og haldi uppi merki þjóðarinnar á þessum vettvangi af fullkomnum vanefnum.

Því verður ekki trúað að óreyndu að Alþingi Íslendinga vilji sýna þann hug til íþróttaæskunnar og afreka hennar að skera niður fjárveitingar og fjandskapast út í íþróttastarfið. Lottó er enn þá aðeins vonarpeningur og það er óskiljanlegt bráðlæti að nota lottóið sem átyllu til nánasarskapar í hennar garð."

Svo mörg voru þau orð hv. fyrrv. þm. Sjálfstfl.

Hæstv. forseti. Þegar ég ræði um íþróttir ræði ég um þær fyrir bæði fatlaða sem ófatlaða, fyrir Íþróttasamband Íslands og Ungmennasamband Íslands. Þær brtt. er ég hér mæli fyrir eru í þágu þessara hópa, í þágu almennings í landinu sem ekki á það skilið að íþróttastarfseminni í landinu sé stefnt í voða. Tillögurnar eru einnig í þágu hins ótrúlega fórnfúsa sjálfboðaliðastarfs sem unnið hefur verið og á það ekki skilið að starf þeirra í þágu þjóðarheillar skuli að engu vera metið.

Því legg ég til eftirfarandi brtt. á þskj. 262 við 4. gr., kafla 2-989, lið 110 Íþróttasamband Íslands: Fyrir 14 380 þús. kr. komi: 26 258 þús. kr. Þarna er aðeins farið fram á að framlagið verði það sama og fyrir árið 1987 og hlýtur það að teljast vægast sagt sanngjörn krafa.

Við 4. gr., kafli 2-989, lið 113 Íþróttamál fatlaðra: Fyrir 2,3 millj. kr. komi 2,8 millj. kr. Það væri þingheimi til vansa að fella slíka tillögu.

Við 4. gr., kafla 2-989, lið 115 Íþróttastarfsemi, almennt: Fyrir 580 þús. kr. komi: 700 þús. kr. Þetta framlag er notað til fræðslu, kynningar og fyrir óvænt mál er koma upp í tengslum við Íþróttasjóð.

Þar sem Íþróttasjóður er felldur út úr fjárlögum er nauðsynlegt að stofna nýjan flokk og nýja liði er málefni Íþróttasjóðs skuli falla undir. Sami flokkur og sömu liðir eru notaðir og gert var á fjárlögum ársins 1987.

Við 4. gr. bætist nýr flokkur, 2-986, og nýr liður, 110 Almennur rekstur, 3 millj. kr.

Við 4. gr. bætist nýr flokkur, 2-986, og nýr liður, 620 Bygging íþróttamannvirkja, 80 millj. kr.

Herra forseti. Þetta eru þær brtt. sem ég mæli fyrir á þessu stigi. Ég vil skora á þm. að láta flokkadrætti víkja fyrir góðum málum og veita mér lið með því að segja já í atkvæðagreiðslum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 278, sem var of seint fram komin, samþ. með 32 shlj. atkv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér hér á þessum kvöldfundi að mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt öðrum þm. Alþb. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988, en jafnframt hafði ég hugsað mér að gera athugasemdir við almennar yfirlýsingar sem fram hafa komið frá talsmönnum fjvn. við umræðuna í dag varðandi skattahækkanir.

Í síðustu viku gerðist það að í Ed. komu fram upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. um þær skattahækkanir sem þessi frv. öll, sem hér eru til meðferðar í raun og veru, skattafrumvörpin, gera ráð fyrir og hv. 1. þm. Norðurl. v. fullyrti að í nál. minni hl. fjvn. væru skattahækkanir verulega oftaldar og þær væru ofætlaðar um 2750 millj. kr. og sagði að þessar tölur væru svo háar vegna þess að stjórnarandstaðan hefði ekki tekið tillit til þeirra ívilnana sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að framkvæmdar verði t.d.

með niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum o.fl.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, til þess að það sé ljóst að þingheimur tali út frá svipuðum talnagögnum, að fara nokkuð yfir þetta mál í Sþ. þó að það hafi reyndar verið gert í Ed. fyrir nokkrum dögum þegar skattafrv. um tolla, vörugjald og söluskatt voru þar til meðferðar. Það er best að athuga hvað er rangt í fullyrðingum minni hl. fjvn.

Í fyrsta lagi segir í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 260 að það hafi verið ákveðið að leggja á skatta, þegar ríkisstjórnin tók við, að upphæð 3700 millj. kr. á heilu ári 1988 á verðlagi fjárlagafrv. Er þetta rangt? Nei, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vestf., aðaltalsmaður meiri hl. í fjvn., fallast á þessa tölu auðvitað. 3700 millj. kr. í beina skattlagningu.

Í öðru lagi segir í nál. minni hl., þskj. 260: Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var bætt við um 2000 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrv. Er þetta rangt? Nei, það er ekki rangt. Það liggja fyrir yfirlýsingar bæði frá hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Vestf. um að þessi tala sé rétt, 2000 millj. kr., sem þarna hafi verið bætt við þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust. Það eru engar deilur um þetta.

Í þriðja lagi segir í nál. minni hl. að það hafi verið bætt við 2050 millj. kr. núna við meðferð fjárlaga við 2. umr. á hinu virðulega Alþingi. Er þetta rangt? Ef þetta er rangt eru upplýsingar hæstv. fjmrh. í Ed. vitleysa að því er þetta varðar. Ég hygg að það sé ótvírætt að hér sé um að ræða hina réttu tölu og heildarskattlagningin sem ákveðin hafi verið nemi þess vegna 7750 millj. kr. Síðan bætast við í ríkissjóð í fyrsta lagi vegna veltubreytinga á milli áranna 1987 og 1988 600 millj. kr. 300 millj. koma fram núna við 2. umr. fjárlaga og 300 millj. komu fram áður. Og loks er gert ráð fyrir að betri innheimta söluskatts skili samtals 400 millj. kr. sem er að vísu ótrúlega lág fjárhæð miðað við þær yfirlýsingar sem Alþfl. gaf fyrir síðustu kosningar.

Samtals er um að ræða tekjuauka í ríkissjóð upp á 8750 millj. kr. Það er ómótmælanlegt. Það hefur enginn sýnt fram á það með rökum að hér sé farið með staðlausa stafi. En það er sagt á móti: Stjórnarandstaðan gleymir ívilnunum sem samþykktar hafa verið, niðurgreiðslum, hækkun barnabóta, ellilífeyri. Því er ekki gleymt. Að setja málin upp með þeim hætti sem stjórnarliðið gerir núna, það er það sem á íslensku heitir hundalógík. Samkvæmt þeirri uppsetningu er hægt að halda því fram að skattheimta ríkisins sé núll vegna þess að peningunum er eytt í eitthvað annað. Þeim er eytt í ellilífeyri, þeim er eytt í örorkulífeyri, þeim er eytt í framlög í Byggingarsjóð ríkisins, þeim er eytt í niðurgreiðslur, þeim er eytt í útflutningsuppbætur og þess vegna geti menn sagt að lokum: Þetta er engin skattlagning af því það verður ekkert eftir í ríkissjóði. Samkvæmt þessari kenningu hv. talsmanna fjvn. var það í raun og veru þannig í tíð fyrrv. hæstv. fjmrh. að skattheimtan var neikvæð vegna þess að ríkissjóður var alltaf öfugur í hans tíð. Það gengur ekki að setja málin upp með þessum hætti. Kjarninn er þessi: Skattahækkunin er upp á 8750 millj. kr. Svo er það þeirra mál hvernig þeir eyða því. En við skulum sameinast um það sem rétt er í talnagrunni fjárlagafrv.

Ég held að það sé líka óhjákvæmilegt í þessu sambandi, herra forseti, að benda á afskaplega athyglisverða talnameðferð opinberra stofnana undanfarna sólarhringa. Þegar ég bað Þjóðhagsstofnun um að reikna út skattbyrði ársins 1988 sagði Þjóðhagsstofnun: Skattbyrðin 1988 verður 24,7% af vergri landsframleiðslu og þar með hærri en hún var hæst í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens sem ég veit að margir þm. Sjálfstfl. vilja gjarnan miða sig við. — 24,7 %, en hæst komst hún í þeirri stjórn í 24,5%. Þetta er hæsta skatthlutfall af vergri landsframleiðslu í 19 ár.

En þetta líkar fjmrh. illa. Þjóðhagsstofnun er látin, ég sagði látin, herra forseti, framleiða aðrar tölur. Niðurstaðan þar er ekki 24,7% heldur 24,2% og hvernig er það fundið? Þá er búið að framreikna veltubreytingar milli ára 1987–1988 sem þó skila sér ekki í auknum skatttekjum en ættu að gera það líka. Menn bæta við en draga ekki frá. Síðan er það auðvitað þannig að ef menn ætla að taka veltubreytingar á milli áranna 1987–1988 verða þeir að taka hærri veltuskatta og muna að sömu menn eru að spá því að þjóðarframleiðslan minnki á árinu 1988 þannig að hlutfall skattanna af þjóðarframleiðslunni árið 1988 verður enn hærra en áður hafði verið talað um. Það er alveg kostulegt að horfa á þessa blessaða pilta uppi í Þjóðhagsstofnun, frændur mína suma jafnvel, koma með þessa texta vegna þess að hérna er verið að setja hlutina upp með algjörlega óeðlilegum hætti. Þó svo að þessar tölur kunni að vera deiluefni, hvort þetta eru 24,4 eða 24,6, vitum við líka hitt að þessar tölur, sem við höfum yfirleitt fengið í desembermánuði ár hvert um það leyti sem við erum að skrifa jólakortin, eru yfirleitt alltaf vitleysa þegar upp er staðið. Áætlanir opinberra stofnana á Íslandi eru nefnilega með þeim ósköpum gerðar að þær væru betur gerðar í lok árs en í upphafi árs því þær reynast yfirleitt alltaf vitlausar.

En ég nefni þetta hér, herra forseti, fyrst og fremst vegna þess að ég tel að uppsetning ríkisstjórnartalsmannanna á þessu máli sé röng, þeir séu að reyna að blekkja, vegna þess að bæði Alþfl. og Sjálfstfl. lofuðu því fyrir kosningar að það ætti að lækka skattana í landinu. Niðurstaðan er ekki sú að þeir hafi lækkað. Niðurstaðan er sú að skattarnir hafa hækkað. Þeir eru hærri en í tíð þeirrar stjórnar sem Sjálfstfl. og Alþfl. þykir verst að jafna sér við og er þá langt gengið, þ.e. íslenskra ríkisstjórna.

Varðandi fjárlagafrv. að öðru leyti hygg ég að hv. 4. þm. Suðurl. hafi sýnt betur fram á það en allir aðrir þm. í dag að reikniforsendur, verðbólguforsendur fjárlagafrv. standast ekki. Af hverju? Vegna þess að þar er gert ráð fyrir að framfærslukostnaður hækki um 10%, en kaupið um 7%. Og halda menn að málið standi þannig af hálfu samtaka launafólks

að menn muni sætta sig við kaupmáttarskerðingu af þessu tagi? Auðvitað ekki. Sérstaklega þegar þess er gætt að eftir að þessar spár um 3% kaupmáttarskerðingu voru settar fram hafa komið fram upplýsingar um meiri verðbólgu en þarna er gert ráð fyrir og miklu meiri skattheimtu. Kaupmáttartalan sem þarna er verið að tala um að beri á milli er ekki 3%. Hún er mun meiri. Hver gæti hún verið?

Samkvæmt upplýsingum sem komu fram í ræðu hv. 4. þm. Suðurl. í dag er sett upp það dæmi að ef kaupmáttur lægstu launa á að vera óbreyttur milli áranna 1987–1988 verða laun að hækka um 8–9% á hinum almenna vinnumarkaði núna um áramótin samkvæmt upplýsingum forseta Alþýðusambands Íslands og síðan verða þau að hækka á þriggja mánaða fresti um 7% þannig að lágmarkslaun sem eru í dag í kringum 30 000 verða að vera í lok ársins 40 000 til að vega upp þá verðbólgu sem fyrirsjáanleg er — þó með föstu gengi eins og það er nú stöðugt um þessar mundir. Verðlagsforsendur fjárlagafrv. standast því ekki. Þær standast engan veginn og það mun einnig koma í ljós.

Þess vegna held ég, herra forseti, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. stjórnarliða að ræða í þessari virðulegu stofnun af fullri varkárni um þessi mál og setja tölur og spádóma fram með fyrirvörum vegna þess að bæði eru ríkisumsvifin meiri á næsta ári og hitt er líka ljóst að verðbólguspárnar standast ekki. Sem þýðir svo hvað? Sem þýðir það að veltuskattarnir munu á næsta ári skila miklu meiru í ríkissjóð en nú er spáð. Sem þýðir það, ef svo heldur fram sem horfir, að tekjur ríkissjóðs gætu orðið mun meiri en menn eru almennt að tala um vegna þess að hann að svo stórum hluta byggir sitt á veltusköttum.

Ég tel að það sé algjörlega óhjákvæmilegt, herra forseti, ef þessi umræða á að halda áfram í kvöld, sem er auðvitað engin ástæða til, að vera að þvæla þessu hér fram á nótt, en ef það er ætlunin að halda þessari umræðu áfram í kvöld er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri hið allra fyrsta í umræðunum grein fyrir því hvernig staðan er varðandi hlutfall skattanna af landsframleiðslu á næsta ári og hann verður líka að gera grein fyrir verðlagsforsendum fjárlaganna miklu betur en gert hefur verið.

Það er t.d. athyglisvert, herra forseti, að fyrir 2. umr. fjárlaga, sem oft hefur verið verri en núna, segir hv. þm. Pálmi Jónsson, en fyrir 2. umr. fjárlaga er staðan þannig núna að það liggja ekki fyrir tölur um uppsetningu þjóðhagsreiknings eins og hann er áætlaður fyrir árið 1988. Við höfum ævinlega haft þessi gögn fyrir framan okkur þegar farið hefur verið yfir fjárlögin, ítarlega uppsetningu þjóðhagsreiknings, spá um einkaneyslu, framleiðslu, fjárfestingu, samneyslu og svo að lokum viðskiptajöfnuð. Það skyldi þó ekki vera þannig, herra forseti, að menn hefðu ekki mikinn áhuga á að sýna strax tölurnar um viðskiptahallann á árinu 1988? Það skyldi þó ekki vera þannig að niðurstöðurnar úr vélunum í Þjóðhagsstofnun yrðu svipaðar og hafa verið að birtast frá ýmsum aðilum að undanförnu, niðurstöður upp á jafnvel 7, 8, 9 milljarða kr. eða tvisvar sinnum hærri tölur í viðskiptahalla á næsta ári en gert er ráð fyrir á þessu ári? Af hverju eru menn að fela þessar tölur? Af hverju eru menn að pukrast með þessa tölu núna? Vegna þess að hún er lykilstærð í þjóðarbúskapnum og það er í raun og veru ekki hægt að tala um þessa hluti mjög nákvæmlega nema þessi tala liggi fyrir. Hún er lykilstærð. Hún er lokastærðin þegar búið er að afla og eyða. Þá sést hver staðan er umfram það sem þjóðarbúið aflar. Það er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir og ég fer fram á það við hæstv. fjmrh. að hann upplýsi hver sé spá hans embættismanna um viðskiptahallann á árinu 1988.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja síðan að fáeinum brtt. sem ég flyt á þremur þskj. Það er fyrst að geta þess að við þm. Alþb. flytjum sameiginlega till. um skatta á fyrirtæki og stóreignir sem er í samræmi við þá till. sem við fluttum á síðasta þingi og þá var studd af Alþfl. þannig að hér er ekki um neina viðbót að ræða við það sem Alþfl. lagði til á síðasta og næstsíðasta þingi. Hér er um að ræða tillögur um skattlagningu sem vega alveg upp þau útgjöld sem við gerum tillögur um og rúmlega það.

Fyrsta till. sem ég ætla að mæla fyrir eru raunar tvær till. á þskj. 266. Þær flyt ég ásamt hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur. Sú fyrri er um að það verði veittar til B-álmu Borgarspítalans á næsta ári 50 millj. kr. Ég sé í till. meiri hl. fjvn. að það er gert ráð fyrir að veita í þetta verkefni hvorki meira né minna en 9 millj. kr. á næsta ári sem segir ekki neitt. Ef þeim framkvæmdahraða verður haldið áfram sem 9 millj. kr. þýða í Borgarspítalann á næsta ári verður B-álmunni lokið upp úr aldamótum, sennilega um 2005. Það er of langur tími fyrir aldraða sem eru á biðlistum í Reykjavík og eru fleiri hundruð. Þeir biðlistar lengjast stöðugt vegna þess að það er ekki tekið á þessu máli af nægilegum myndugleika.

Úr því að hæstv. heilbr.- og trmrh. er hér í kvöld held ég að það sé óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hver sé stefna hans í málefnum Borgarspítalans. Er hún sú að láta hér við sitja og gera ráð fyrir því að B-álman verði komin í gagnið árið 2005 eða hefur hæstv. ráðherra einhverja metnaðarmeiri stefnu í málefnum Borgarspítalans og B-álmunnar sérstaklega en fram kemur í till. meiri hl. fjvn.?

Í öðru lagi flytjum við hér, ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, till. um að það verði tekinn upp nýr liður í heilbrmrn. sem við köllum Til undirbúnings réttargeðlækningum, 10 millj. kr. Þessi till. er flutt hér í framhaldi af umræðu sem var á dögunum um vandamál þess fólks sem að réttu lagi ætti að vistast á réttargeðlækningadeild. Í þeim efnum hefur það fólk sem síst skyldi lent á milli stóla í kerfinu oft árum saman og mætti margt um það segja, en ég eyði ekki tíma í að ræða það ítarlegar hér. Hér er hugmynd um að ýta af stað þörfu og brýnu máli, sem ekki þarf að kosta svo mikla peninga miðað við ríkisútgjöld okkar í heild upp á 60 þús. millj. kr., en um

er að ræða stórmál í raun andspænis þeim einstaklingum og fjölskyldum sem hér eiga hlut að máli. Það væri einnig fróðlegt ef hæstv. heilbr.- og trmrh. vildi vera svo vinsamlegur að skýra okkur frá því hvaða hugmyndir hann og ráðuneyti hans hafi í þessum efnum.

Á þskj. 268 flyt ég litla brtt. um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið bitbein á Alþingi á undanförnum árum. Stundum hefur verið leyst sæmilega úr hans málum, stundum allvel, stundum illa eins og gengur. Í till. sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái 180 millj. kr. á næsta ári. Í brtt. sem ég flyt á þskj. 268 er gert ráð fyrir því að Framkvæmdasjóðurinn fái 202 millj. kr. á næsta ári. Það er í samræmi við hina þrengri skilgreiningu á framlögunum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, en samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Öryrkjabandalagið og félmrn. styðjast við í þessum efnum er talið að framlög í sjóðinn á næsta ári eigi að vera 271 millj. kr. ef ég man rétt. Hér er sem sagt aðeins um að ræða lítið skref upp í þá hækkun sem samtök fatlaðra fara fram á, en væri engu að síður mikilsvert að staðfesta að sá skilningur sem þrátt fyrir allt liggur fyrir í fjmrn. komi fram við afgreiðslu fjárlaga. — Ég vil taka það fram í sambandi við þessa till. og e.t.v. fleiri sem ég er með að það getur verið að ég kjósi að draga einhverjar þeirra til baka til 3. umr. ef þess er nokkur von að á málum yrði tekið á milli umræðna.

Þá flyt ég loks till., herra forseti, á þskj. 271 varðandi yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, að fyrir 151,2 millj. komi 236,2 millj. Það er K-byggingin sem hér er verið að tala um, hjarta læknisfræðinnar á Íslandi eins og hún hefur verið kölluð. Við leggjum hér til, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að þessi tala verði hækkuð um 80 millj. kr., en það er sú tala sem talið er að þurfi í framkvæmdir við 1. og 2. áfanga K-byggingarinnar ef þar á að vinna að verkefnum svo sem ráðgert hafði verið. Ég hygg að það sé rétt að taka fram varðandi þessa till. að það getur vel verið að við köllum hana aftur til 3. umr. ef einhverjar upplýsingar koma fram um K-bygginguna sem benda til þess að ætlunin sé að taka á því máli með myndarlegum hætti og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrmrh. varðandi þessa till. einnig.

Ég vil þá einnig, herra forseti, víkja að einu máli enn sem ekki er flutt till. um. Það er Framkvæmdasjóður aldraðra. Framkvæmdasjóður aldraðra hefur fengið fé samkvæmt svokölluðum nefskatti, föstu gjaldi á hvern skattgreiðanda. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef úr heilbrmrn. er talið að áætlun til Framkvæmdasjóðs aldraðra sé of lág fyrir næsta ár miðað við það sem hefði verið að óbreyttu. Á þessu ári var breytt lögum um gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Það gerðist með þeim hætti að gjaldið var fellt inn í alla beina skatta ríkisins og þess vegna er erfiðara núna að sjá Framkvæmdasjóð aldraðra í fjárlögum en verið hefur. Ég flutti um það brtt. við frv. um tekju- og eignarskatt sl. vetur að Framkvæmdasjóður aldraðra héldi nefskattinum því að þá væri miklu auðveldara að verja hann inni í skattlagningunni en ef hann væri hluti af hinum almennu tekju- og eignarsköttum. Þessi till. mín var þá felld, því miður, og árangurinn lætur ekki á sér standa. Strax í till. fyrir árið 1988 er minna fé til Framkvæmdasjóðs aldraðra en verið hefði að óbreyttum lögum og tekjustofnum.

Ég held að það sé hins vegar alveg óhjákvæmilegt þrátt fyrir þetta að fara fram á það við hæstv. fjmrh. og heilbrmrh. svo og fjvn. að það liggi fyrir og fáist um það upplýsingar áður en þessari umræðu lýkur hvernig er ætlunin að skipta Framkvæmdasjóði aldraðra. Hvaða tillögur eru uppi um það af hálfu stjórnar Framkvæmdasjóðsins því að það er nauðsynlegt að hafa þessar tillögur til að geta tekið afstöðu til annarra tillagna sem snerta hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða? Ég óska eftir því við formann fjvn., fjmrh. og hæstv. heilbrmrh. að það verði upplýst fyrir lok þessarar umræðu hvernig staðan er varðandi Framkvæmdasjóðinn og það verði stuðlað að því að upplýsingar um skiptingu hans komi hingað áður en meðferð fjárlaga lýkur fyrir jól. Það er nauðsynlegt að það gerist og ég óska eftir því við hv. þm. og hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum áttum við fund með borgarstjóranum í Reykjavík og embættismönnum hans og fulltrúum úr fjvn. um framkvæmdaframlög til Reykjavíkur á árinu 1988. Við erum ýmsu vön í Reykjavík og menn hafa ekki verið að gera miklar kröfur að því er varðar framlög ríkisins til verkefna. Hér er líka um að ræða eitt sterkasta sveitarfélag landsins. En það verður að segja eins og það er að ég hygg að öllum þm. Reykv., bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, hafi verið beinlínis brugðið þegar þeir sáu þær tölur sem ætlunin var að veita til skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í Reykjavík á árinu 1988. Um þau mál hefur orðið nokkur almenn umræða síðustu sólarhringa og ætla ég engu við hana að bæta öðru en því að samkvæmt upplýsingum sem ég sé í Dagblaðinu Vísi í dag er gert ráð fyrir því að ákveðin úrlausn verði veitt heilsugæslumálum í Reykjavík á komandi árum núna við meðferð fjárlagafrv. Mun ég fylgjast með því máli og þess vegna flyt ég enga brtt. sérstaka um heilsugæsluna í Reykjavík.

Svo að lokum þetta, herra forseti. Fyrir ekki löngu sameinuðumst við um það, þm. úr mörgum flokkum, að leggja á skatt vegna byggingar þjóðarbókhlöðu. Samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlög til þjóðarbókhlöðu verði skert mjög verulega, tekjustofninn verði tekinn í ríkissjóð. Ég segi það fyrir mig að ég efast um að það standist lagalega að taka þennan tekjustofn í ríkissjóð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Mér er næst að halda að það væri lögbrot nema jafnframt væri tekið fram í lánsfjárlögum eða öðrum hliðstæðum lögum að þennan tekjustofn ætti að skerða um sinn.

Mér hefur borist til eyrna að hæstv. menntmrh. hafi til meðferðar tillögu frá hæstv. fjmrh. um hvernig byggingarframkvæmdir við þjóðarbókhlöðuna verða fjármagnaðar á næstu 3–4 árum. Ég hygg að það sé nauðsynlegt, þar sem hér er um að ræða stórt verkefni sem Alþingi á að standa að af myndarskap, að hæstv. menntmrh. geri við þessar umræður grein fyrir því hvernig samningaviðræðum hans við hæstv. fjmrh. líður, hvenær þess er að vænta að niðurstaða liggi fyrir í þeim efnum.

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem hér liggur nú fyrir hefur sætt meiri umræðu í fjölmiðlum en flest fjárlagafrv. sem ég man eftir þau ár sem ég hef setið á Alþingi. Hæstv. fjmrh. hefur tekið upp þá nýlundu að greina fjölmiðlum jafnan frá því á undan Alþingi sem ákveðið er á hans borði, hvort sem um er að ræða stjórn eða stjórnarandstöðu. Þegar frv. var lagt fram í haust hafði það verið tekið upp með ákvörðun ríkisstjórnarinnar 8. okt. sl. Þá var talið að um væri að ræða svo að segja hið endanlega fullkomna fjárlagafrv. og menn áttu langar umræður, utan dagskrár m.a., um þessi mál í þessari virðulegu stofnun. Þá var því spáð að áður en jólin rynnu upp mundi þetta frv. verða tekið upp að nýju. Það hefur verið gert. Og nú skal því enn verða spáð að frv., verði það afgreitt á þeim verðlagsforsendum sem hér liggja fyrir, með þeim tölum sem er reiknað með varðandi verðlagsþróun og launaþróun á árinu 1988, verði að taka upp fljótt þegar líður á árið 1988. Hér er tjaldað til einnar nætur hið mesta. Allar forsendur þessa máls eru svo veikar.

Það er auðvitað mikilvægt að reka ríkissjóð í jafnvægi. Það er mín skoðun að það skipti miklu máli fyrir efnahagslífið í landinu. Deilurnar snúast ekki um það við Alþb. heldur um hitt hvaða leiðir eru farnar að markmiðinu. En um leið og ríkissjóður er rekinn í jafnvægi er ljóst að það er verulegt misvægi í öllu efnahagskerfinu að öðru leyti. Hallinn á frystingunni, útflutningsatvinnuvegunum í heild er verulegur. Vextir hafa aldrei verið hærri. Óvissa er á launamarkaði. Við blasir meiri viðskiptahalli en við höfum séð um langt árabil. Fastgengisstefnan er veik. að ekki sé meira sagt, stenst ekki, segir talsmaður ríkisstjórnarinnar, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Fastgengisstefnan er veik, stenst illa. Niðurstaðan er þess vegna sú að grunnurinn í heild er veikur. Þess vegna er umræðan hér um heildarstærðir í þessu fjárlagafrv. því miður öll meira og minna út í bláinn. En staðreyndin er þó hin og það stendur upp úr sem staðreynd hvað sem öllu öðru líður: Íslandsmetið í skattlagningu er í uppsiglingu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til í upphafi máls míns að fagna því sérstaklega að sjá hér inni og telja mig ná eyrum hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. auk hv. formanns fjvn. því þá um leið dofnar sú tilfinning, sem óneitanlega grípur mann oft, að maður standi hér og tali inn í Alþingistíðindin.

Þær hv. þingkonur Kvennalistans sem hafa talað fyrr í dag hafa lýst viðhorfum okkar til fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir og ætla ég ekki að eyða dýrmætum tíma okkar í að endurtaka það sem þegar hefur verið sagt. En í von um einhverja lagfæringu freistum við þess að flytja nokkrar brtt. og mæli ég nú fyrir þremur þeirra fyrir hönd þingflokks Kvennalistans. Ég vil reyndar geta þess strax í upphafi að vissulega vildi maður í mörgum atriðum gera betur við ýmsar stofnanir og staði þar sem maður þekkir vel til, t.d. í eigin kjördæmi, en auðvitað er það frumskylda okkar að reyna að horfa á hlutina með hagsmuni heildarinnar í huga og meta með tilliti til þeirra. Ég tel varðandi allar þær tillögur sem fram koma og eru staðbundnar, tengdar ákveðnum byggðarlögum, að við séum vart í þeirri stöðu hér og nú til að greiða um þær atkvæði þar sem við höfum ekki haft tækifæri til að kynna okkur málin á hinum einstöku stöðum nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem nokkrir þm. hafa sameinast um.

Á þessu þingi hefur, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni, gefist afar skammur tími til að afgreiða ýmis mál og vona ég því að ef við sem hér erum nú stöndum að skiptingu fjárins á næsta ári gefist þingmannahópum meiri tími til að fara betur ofan í mál sem heyra til þeirra heimabyggðum. Það er vonlaust að ætla sér að fá heildarmynd af stöðu mála, þó í eigin kjördæmi sé, á innan við klukkutíma.

Brtt. þær sem ég mæli nú fyrir fyrir hönd þingflokks Kvennalistans er að finna á þskj. 261 og vík ég nú að fyrstu þeirra sem fjallar um jöfnun á námskostnaði nemenda framhaldsskólans. Við leggjum til að í stað 25 millj. á lið 02-884, Jöfnun á námskostnaði, verði á næsta ári varið 100 millj. kr.

Það má telja öruggt að ein mikilvæg ástæða óæskilegrar byggðaþróunar í landinu er hinn mikli aðstöðumunur ungs fólks til að sækja nám á framhaldsskólastigi. Það er algengt að fólk velji þann kost að flytja úr dreifbýli til þéttbýlisstaða og þá einkum höfuðborgarsvæðisins þegar elsta barnið á heimilinu lýkur grunnskóla. Ástæðurnar eru oftast fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Þrátt fyrir mikla fjölgun framhaldsskóla um land allt á undanförnum tveimur áratugum er alltaf stór hópur ungmenna sem þarf að flytjast til þeirra þéttbýlisstaða þar sem skólar þessir eru staðsettir og svo mun trúlega alltaf verða.

Árið 1972 voru sett lög um jöfnun námskostnaðar, en árin 1970 og 1971 hafði reyndar verið úthlutað námsstyrkjum til nemenda úr dreifbýli. Í 1. gr. laganna frá 1972 segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum."

Með reglugerð með lögum þessum er út kom árið 1973 segir m.a. í 5. gr., með leyfi forseta:

„Styrkfjárhæðir fara eftir heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði í fjárlögum ár hvert."

Víst er að á fjárlögum hvers árs hefur verið veitt fé

til þessa, en það hefur komið í ljós að raungildi þeirra styrkja sem úthlutað hefur verið frá árinu 1975 hefur minnkað til muna.

Á fundi Sþ. 26. nóv. sl. bar hv. varaþm. Sturla Böðvarsson fram fsp. til hæstv. menntmrh. um meðalstyrkfjárhæð hvers nemanda á árunum 1975–1987 og óskaði hann eftir að upphæðir yrðu færðar til verðlags í nóvember 1987 með vísitölu framfærslukostnaðar. Í svari hæstv. menntmrh. kom fram að meðalupphæð styrkþega árið 1975 var 26 490 kr. fyrir skólaárið á verðlagi nóvembermánaðar 1987 eins og ég sagði áður. Alla tíð síðan hefur þessi styrkur til nemenda úr dreifbýli farið sílækkandi og var aðeins 12 496 kr. að raungildi á sl. skólaári. Í máli hæstv. menntmrh. kom einnig fram að miðað við þær 25 millj. sem eru á fjárlagafrv. til þessa verkefnis og þá staðreynd að ekkert bendir til að umsækjendum um dreifbýlisstyrki fækki á næsta ári má búast við að meðalupphæð á hvern nemanda verði um það bil sú sama og 1987 eða milli 12 og 13 þús. kr.

Fyrr á þessu þingi bar ég ásamt fleiri hv. þm. Kvennalista, Alþb. og Borgarafl. fram þáltill. þess efnis að ríkissjóður greiddi launakostnað starfsfólks við mötuneyti framhaldsskólanna. Það liggja mörg stór mál fyrir til afgreiðslu á hinu háa Alþingi þessa dagana og er því útlit fyrir að tillaga sú fái að bíða afgreiðslu til næsta árs. En í grg. með till. kemur fram að nemendur sem eru í fullu fæði við mötuneyti framhaldsskólanna þurfa að greiða a.m.k. 90 þús. fyrir fult fæði á þessu skólaári. Síðan sú upphæð var í gildi hafa hin ýmsu 25% verið að bætast við að undirlagi hæstv. ríkisstjórnar þannig að þessi tala mun hækka sem því nemur. Milli 30 og 40% af þessum kostnaði nemendanna er launakostnaður starfsfólksins. Í grg. segir varðandi þetta atriði, með leyfi forseta:

„Allir hljóta að sjá hversu þungur baggi þettta er á þeim heimilum sem senda þurfa börn sín í heimavist. Víst er að fyrir marga er hann svo þungur að margir unglingar eiga þess vart kost að afla sér framhaldsmenntunar.“

Þetta eina atriði er því mikið hagsmunamál nemendanna og foreldra, fyrst og fremst þeirra sem búa í dreifbýli. En þetta er aðeins einn kostnaðarliður af mörgum sem heimili í dreifbýli þurfa að bera vegna framhaldsnáms barna sinna. Í skriflegu svari hæstv. menntmrh., sem barst mér og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur vegna fsp. okkar um ýmis atriði varðandi hlutfall nemenda úr dreifbýli í framhaldsskólum landsins svo og heimavistarrými á hinum ýmsu stöðum á landinu, kom í ljós að enn þá vantar mikið upp á að aðstaða nemenda eftir búsetu sé jöfn. Fsp. okkar er á þskj. 127. Með því að taka tvö dæmi úr svari hæstv. menntmrh. er hægt að segja mikið um þá aðstöðu sem dreifbýlisnemar búa við.

Árið 1985 stunduðu 3110 utanbæjarnemendur nám í Reykjavík. Séu nemendur í fræðsluumdæmi Reykjaness teknir út úr þessum hópi, en reikna má með að flestir þeirra fari heim á kvöldin, standa eftir 1408 nemendur landsbyggðarinnar. Heimavistarrými fyrir utanbæjarnemendur í höfuðborginni eru alls 20, 20 rúm í Sjómannaskólanum í Reykjavík. Það segir sig því sjálft að flestir utanbæjarnemendur þurfa að leita sér að húsnæði á hinum almenna leigumarkaði í Reykjavík, hversu góður kostur sem það nú er. Þeir leigja sér herbergi, en nú mun vera algengt að menn þurfi að borga 10–15 þús. á mánuði fyrir meðalstórt herbergi.

Í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi stunda á þessari önn 250 utanbæjarnemendur nám. Þar af komast 64 í heimavist. Þar í bæ borga þeir sem herbergi leigja af bæjarbúum um það bil sama verð fyrir hvern mánuð og heimavistarbúar borga fyrir alla önnina. Af þeim dæmum sem ég hef hér nefnt sýnist mér að allir ættu að geta verið sammála um að dreifbýlisstyrkinn þarf að hækka verulega eigi hann að hafa einhver minnstu áhrif til jöfnunar á námskostnaði nemenda.

Í svari hæstv. menntmrh. við fsp. um dreifbýlisstyrkinn, sem ég nefndi áðan, kom einnig fram að sl. vetur var skipuð nefnd til að athuga og endurskoða þetta námsstyrkjakerfi og að hún væri komin talsvert langt í starfi sínu. Greinilega hefur henni þó ekki tekist að beita þeim áhrifum sem til þurfti til að fá framlag ríkisins til jöfnunar á námskostnaði hækkað eins og greinilega er mikil þörf á.

Það kom einnig fram í máli hæstv. menntmrh. að gert er ráð fyrir að fjöldi umsækjenda verði svipaður og í fyrra þannig að nú stefnir í að styrkur til hvers nemanda verði svipaður og á sl. ári eða um það bil 12 þús.

Einn þátt hef ég alls ekki minnst á, en það er hinn gífurlegi bókakostnaður sem framhaldsnáminu fylgir og leggst auðvitað á alla nemendur hvar sem þeir búa. En sá kostnaður sem ég minntist á fyrr í máli mínu leggst einkum á dreifbýlisnemendur og fjölskyldur þeirra.

Það er ljóst að efnahagur fólks í landinu er afar mismunandi um þessar mundir og launakannanir hafa sýnt að tekjur fólks á landsbyggðinni eru lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Það eru því margar ástæður fyrir því að ég tel að hér sé um afar brýnt mál að ræða og legg áherslu á að hv. þm. sýni þessu máli skilning þannig að styrkirnir geti á ný gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað í upphafi.

Í umræðu um lögin sem sett voru 1972 um jöfnun á námskostnaði sagði hv. þm. Pálmi Jónsson m.a., með leyfi forseta: „Jöfn menntunarstaða er eitt hið mesta réttlætismál og hagsmunamál byggðarinnar í landinu því aðstaða til menntunar hefur einnig sitt hagræna gildi, það gildi að ef menn hafa ekki aðstöðu til þess að hljóta sambærilega menntun á einum stað sem annars staðar, þá mun búsetan raskast.“ Þessi orð hv. þm. eru enn þá í fullu gildi.

Sú upphæð, 100 millj., sem hér er lagt til að veitt verði til þessa verkefnis, er alls ekki ofætluð. En á næsta ári liggja vonandi og væntanlega fyrir einhverjar niðurstöður frá þeirri nefnd, sem nú er að störfum, sem hægt er að byggja á þannig að þessir

námsstyrkir til nemenda úr dreifbýli verði raunhæfir á næstu árum.

2. brtt. sem ég mæli fyrir fyrir hönd Kvennalistans er varðandi framlög til ferðamálasamtaka hinna ýmsu landshluta. Á sl. árum hafa menn gert sér æ ljósari grein fyrir mikilvægi ferðaþjónustu í atvinnuuppbyggingu okkar Íslendinga. Vegna þeirra breytinga sem nú eiga sér stað í atvinnuháttum landsbyggðarinnar renna stöðugt fleiri hýru auga til ferðaþjónustu sem vænlegs kosts fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Um árabil höfðu ferðamálanefndir starfað á vegum samtaka sveitarfélaga, en fyrir rúmum fimm árum riðu sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi ásamt hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu á vaðið með stofnun sérstakra ferðamálasamtaka. Aðrir landshlutar fylgdu í kjölfarið og eru landshlutasamtökin nú sjö, en það sjöunda er nýstofnað og mun vera hér á höfuðborgarsvæðinu.

Tilgangur ferðamálasamtakanna er fyrst og fremst sá að efla ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum þannig að hún verði til sem mestra hagsbóta fyrir íbúa á viðkomandi svæðum. Stór liður í starfi samtakanna er kynningarstarfsemi af ýmsu tagi, markaðsmál og fyrirgreiðsla við ferðamenn, svo og að stuðla að aukinni umhverfisvernd, betri merkingum við vegi og að bæta aðstöðu ferðamanna í hvívetna til að njóta þess sem hin ýmsu svæði hafa upp á að bjóða.

Ferðamálasamtök landshlutanna hafa nú myndað með sér formleg samstarfssamtök. Þau hafa m.a. beitt sér fyrir samræmingu og betra skipulagi á útgáfu bæklinga, auk þess sem þau eiga nú öll fulltrúa í Ferðamálaráði. Stærsta verkefni ferðamálasamtaka landshlutanna á síðasta ári og stærsta baráttumál þeirra undanfarin ár var að koma á laggirnar sérstakri upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem nú er staðsett í Ingólfsstræti 5 í Reykjavík. Þar getur ferðafólk, innlent sem erlent, fengið hlutlausar upplýsingar um alla möguleika sem þessi atvinnugrein býður upp á hér á landi. Upplýsingamiðstöðin er rekin í samstarfi Ferðamálaráðs, ferðamálasamtaka landshlutanna og Reykjavíkurborgar. Fyrirhugað er að slíkar upplýsingamiðstöðvar rísi víðar um landið og sú tækni, sem við höfum orðið yfir að ráða, geti tengt þær saman. Starfsemi slíkra stöðva getur stórbætt þjónustu við ferðafólk, auk þess sem sú samstaða aðila í ferðaþjónustu sem nú hefur myndast gefur mikla möguleika til hagræðingar og þróunar. Að sögn starfsmanna upplýsingamiðstöðvarinnar hafa annir þar farið langt fram úr vonum manna og því er ljóst að mikil nauðsyn er á því að hægt sé að afla sér upplýsinga hjá hlutlausum aðila því það eru mörg og mismunandi áhugamál sem reka erlenda ferðamenn hingað. En þess ber þó að geta hér að einnig hefur mikill fjöldi Íslendinga leitað sér upplýsinga til þessarar upplýsingamiðstöðvar.

Upplýsingamiðstöð í Reykjavík breytir þó ekki þörfinni fyrir kröftugt starf ferðamálasamtaka úti á landsbyggðinni. Hagsmunaaðilar í ferðamannaþjónustu úti á landi hafa haft forustu í starfsemi ferðamálasamtakanna í nánu samstarfi við sveitarfélögin. Fjárhagur ferðamálasamtakanna hefur byggst á frjálsum framlögum sveitarfélaga og hagsmunaaðila í formi félagsgjalda. Á síðasta ári var á fjárlögum samþykkt að veita 600 þús. kr. til þeirra sex samtaka sem þá voru starfandi. Nú hefur þessi liður fallið brott í því frv. sem hér liggur fyrir. Við kvennalistakonur leggjum til að á þeim fjárlögum sem nú eru til umræðu verði liður þessi settur inn á ný undir númerinu 10-485, eins og fram kemur hér undir 2. lið brtt. minnar, og þar komi nýr liður, Ferðamálasamtök, og upphæðin verði 1400 þús. þannig að upphæðin til hverra ferðamálasamtaka verði hækkuð um helming svo að þau sjö sem nú starfa fái 200 þús. hvert.

Ég hef í máli mínu tíundað mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Ég vil, herra forseti, vekja athygli á því að ferðamálasamtökin hafa nú skuldbundið sig til að eiga 25% rekstraraðild að upplýsingamiðstöðinni í Reykjavík og hafa reyndar munnlegt loforð Byggðastofnunar fyrir aðstoð fyrstu 2–3 árin. En þetta er aðeins einn liður í starfinu. Ferðamálasamtökin hafa sem slík tekið þátt í Vestnorden-ferðakaupstefnunni og telja forráðamenn að árangur af því starfi sé þegar farinn að skila sér til hagsbóta fyrir íbúa landsbyggðarinnar og um leið auðvitað fyrir landsmenn alla.

Það skiptir sköpum nú að koma fótum undir þetta starf úti á landsbyggðinni þannig að íbúar þar geti tekið fullan þátt í uppbyggingu þessarar örtvaxandi atvinnugreinar. Vona ég því að hófleg till. okkar um 1400 þús. kr. framlag til þessarar starfsemi fái jákvæðar undirtektir þingheims því að sú upphæð sem lögð er til er nánast eingöngu viðurkenning á því starfi sem unnið er á vettvangi ferðamálasamtakanna.

3. liðurinn á brtt. þeim sem ég mæli fyrir varðar einnig ferðamál, en ég hef fyrr í máli mínu minnst á mikilvægi ferðaþjónustunnar og uppbyggingar hennar og mun því ekki tíunda það frekar hér. Ég vil aðeins vekja athygli á því að á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar áætlanir og spár um fjölda erlendra ferðamanna sem sækja muni Ísland heim á næstu árum. Þær spár hafa ætíð farið fram úr björtustu vonum manna. Á árunum 1982–1983 var að frumkvæði Ferðamálaráðs unnin fagleg skýrsla um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi til ársins 1992. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3–5% á árunum 1984–1992. Fjölgunin hefur hins vegar orðið margfalt meiri og fjöldi erlendra ferðamanna á ári hverju er nú kominn upp í helming af íbúatölu landsins.

Það má segja að ferðamálin hafi hingað til sætt furðulegri meðferð ráðamanna á hinu háa Alþingi. Árið 1976, fyrir ellefu árum, var ákveðið með lögum að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs með 10% af söluhagnaði Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Til að ríkissjóður færi á engan hátt halloka var útsölu-

verð á áfengi og tóbaki í Fríhöfninni hækkað um 10%. Er nú skemmst frá því að segja að við þetta lagaákvæði hefur aldrei verið staðið og er það til vansa fyrir þá sem að lögum þessum standa.

Á yfirstandandi þingi hefur ferðamál oftlega borið á góma. Fram hefur komið till. til þál. um þörf fyrir mótun opinberrar ferðamálastefnu og í fsp. frá mér og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur til hæstv. félmrh. í síðustu viku kom fram að orðið hefur mikil óheillaþróun í atvinnumálum leiðsögumanna hér á landi þar sem erlendir starfsbræður þeirra hafa farið um landið án atvinnuleyfa og þrátt fyrir lögverndun starfsheitis íslenskra leiðsögumanna. Við erum því að mörgu leyti á óheillabraut hvað þessa atvinnugrein varðar og mál að snúa af henni.

Herra forseti. Þessa dagana er mikið rætt um tímamótafjárlög. Við kvennalistakonur leggjum til að liður 10-651 verði með í öllu talinu um tímamót, að staðið verði við lögbundin framlög til Ferðamálaráðs sem samkvæmt áætlun um sölutekjur Fríhafnar ætti að vera um 80 millj. kr. En þar sem svo illa hefur verið staðið við þessi lög sem raun ber vitni og ef við þurfum að horfa fram á að menn leggi ekki í að taka skrefið til fulls höfum við látið fylgja hér með till. til vara um að ekki verði varið minna en 60 millj. kr. til þessa málaflokks.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu, en aðrar þingkonur Kvennalistans munu mæla fyrir öðrum þeim till. til breytinga sem við höfum lagt fram.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Fjárlagafrv. er að þessu sinni býsna margþætt eins og endranær, en ef eitthvað ætti að tína út úr sem sérstaklega væri talið einkenna frv. fer ekki milli mála að það eru skattahækkanirnar, sem þar er að finna, líklega einhverjar mestu skattahækkanir sem hér hafa dunið yfir um áratuga skeið. Þessar skattahækkanir eru þeim mun rosalegri þar sem um er að ræða matarskatta að miklum meiri hluta sem lenda fyrst og fremst af miklum þunga á herðum lágtekjufólks í landinu. Í það minnsta er víst að það er einmitt lágtekjufólkið sem mest mun finna fyrir þeim skatti þótt allir verði að sjálfsögðu að gjalda hann.

En það er annað, sem væri kannski líka ástæða til að nefna sem einkenni á frv., og það er að í því eru ýmis sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga sett út á gaddinn og mikil áhætta tekin um hvað um þau verður. Hér er um að ræða tónlistarfræðsluna, byggingu dagvistarheimila, byggingu félagsheimila og byggingu byggðasafna. Það á að vísu að heita svo, eins og menn þekkja, að sveitarfélögin fái tekjur á móti til að jafna þann tekjumissi sem þau verða fyrir þegar ríkið hættir að styðja þessi verkefni með auknum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en ekki þarf að segja neinum hér inni þau tíðindi, sem allir þekkja, að einmitt þessi sami jöfnunarsjóður hefur verið skertur á alla enda og kanta og því ekki á neitt að treysta að tekjur komi þar á móti. Jöfnunarsjóður var í tíð seinustu stjórnar skertur mjög verulega án þess að sveitarfélögin væru spurð álits eða fengið samþykki þeirra til þess og ljóst er að nú þegar verið er að stórauka tekjur ríkissjóðs af söluskatti er ekki ætlunin að sveitarfélögin fái í sinn hlut þá tekjuaukningu sem þeim bæri að öllu eðlilegu þegar einn af tekjustofnum þeirra er aukinn og breikkaður.

Það er einfaldlega till. okkar alþýðubandalagsmanna að þessi áform um flutning verkefna yfir á sveitarfélög, sem ég hef nú nefnt, verði lögð á hilluna. Í tillögum okkar á þskj. 275 er að finna brtt. sem ganga í þessa átt. Við leggjum það til að til tónlistarfræðslu verði varið 160 millj. kr. í staðinn fyrir 105 millj. eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er til að óbreytt ástand haldist á þessu sviði. Við leggjum til að samþykkt verði 100 millj. kr. framlag til dagvistarheimila. Og við leggjum til að samþykkt verði 30 millj. kr. framlag til Félagsheimilasjóðs og tæplega 10 millj. kr. framlag til byggða- og minjasafna. Við leggjum sem sagt til að þessi verkefni verði áfram á ábyrgð ríkissjóðs, minnum á að uppbygging dagvistarheimila tók mjög mikinn fjörkipp hér um árið þegar ríkið tók að sér að kosta byggingu þessara heimila. Þá varð gerbreyting á þessu sviði í einu vetfangi má segja. Það er auðvelt að rekja þá sögu með vísun til línurita. Og með nákvæmlega sömu rökum og þetta var gert á sínum tíma, að láta ríkið styðja byggingu dagvistarheimila, má færa líkur að því að nú þegar þessi framlög eru afnumin komi mikill afturkippur í þessa uppbyggingu alla. Ég held að þetta þurfi ekki neinna frekari útskýringa við. Það þarf ekkert annað en heilbrigða skynsemi til að átta sig á því að þegar ríkið kippir að sér höndunum mun verða afturkippur á þessu sviði.

Nákvæmlega sama gildir um tónlistarfræðsluna. Það er auðvelt að rekja hvernig mikil uppsveifla varð í tónlistarfræðslu á Íslandi þegar ríkið kom til skjalanna með lögbundnum fjárstuðningi. Það er enginn vafi á því að við erum að stíga skref aftur á bak mörg ár aftur í tímann með því að fella niður þessi framlög af hálfu ríkisins. Og hvers vegna á tónlistarfræðsla að vera undir önnur lögmál seld en hver önnur fræðslustarfsemi í landinu? Það hef ég aldrei getað skilið.

Niðurfelling framlaga til Félagsheimilasjóðs mun áreiðanlega skapa mikið misrétti meðal sveitarfélaga í landinu. Sum þeirra hafa byggt upp glæsileg félagsheimili, oft í samvinnu, önnur hafa ekki ráðist í þetta átak. Það segir sig sjálft að þeir sem hafa fengið mikið fé frá ríkinu í þessum tilgangi eru auðvitað allt öðruvísi og betur settir en hinir sem ekki hafa enn hafist handa að treysta sína félagsaðstöðu.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að með því að fella niður framlögin til Félagsheimilasjóðs er verið að eyðileggja mjög merkilegan lítinn sjóð sem heitir Menningarsjóður félagsheimila og fékk 10% framlaga í Félagsheimilasjóð. Þessi menningarsjóður studdi ýmiss konar menningarstarfsemi sem fram fór í félagsheimilunum á þann hátt að veittir voru

ferðastyrkir fólki sem kannski var búsett í höfuðborginni eða annars staðar og fór í ferðalög um landið til að hafa uppi menningarstarfsemi í félagsheimilunum og fékk þá til þess fjárstuðning úr menntmrn. Þetta er fellt algjörlega niður nú þegar ekkert framlag fæst lengur úr Félagsheimilasjóði og það kemur enginn annar sjóður þarna í staðinn. Menn skulu ekki ímynda sér að þarna sé um að ræða eitthvert sjálfgefið verkefni sveitarfélaga sem þau muni sinna hvert fyrir sig eða mörg í sameiningu. Þarna verður ósköp einfaldlega um að ræða að menningarstarfsemi víðs vegar um land skerðist og möguleikar menntmrn. til að örva og efla menningarstarfsemi víðs vegar kringum land skerðast ef ekkert annað fé kemur í staðinn.

Ég verð að viðurkenna að ég er satt að segja undrandi á því að hæstv. menntmrh. skuli ekki enn hafa séð til þess að eitthvað kæmi þarna í staðinn. (**Menntmrh.:** Það er í lögunum. Það er gert ráð fyrir því að menningarsjóður fái 10% af skemmtanaskatti og haldi áfram starfi.) Nú, kannski er þarna um misskilning að ræða hjá mér og þá er það vel. Ég hafði ekki áttað mig á því að þessi starfsemi héldi áfram og skal þá taka aftur það sem ég hef sagt. Ef séð er til þess að þessi starfsemi haldi áfram þá er það mjög vel. Ég hafði satt að segja ekki tekið eftir því að svo væri. En hitt stendur eftir að framlögin til Félagsheimilasjóðs skerðast og það er mjög illt.

Mér finnst þessar tillögur um tilflutning verkefna yfir á sveitarfélögin bera vott um að þessi mál hafi ekki verið hugsuð í botn. Og þó að það reyndist rangt hjá mér sem ég nú nefndi um kannski minnsta málið af þessu, þ.e. um menningarsjóðinn, stendur hitt eftir að þarna er verið að rífa niður starfsemi sem hafði verið byggð upp og hafði skilað miklum og góðum árangri. Öll var þessi starfsemi á ábyrgð menntmrn. og ég tel mjög miður ef nú verður haldið í þveröfuga átt frá því sem verið hefur.

Í öðru lagi má á það benda varðandi sveitarfélögin að framlög til grunnskóla, hafna og sjúkrahúsa hafa verið mjög lítil og vesældarleg á undanförnum árum og það hafa myndast býsna langir biðlistar hjá sveitarfélögum vegna verkefna af þessu tagi. Ég þekki það t.d. úr mínu sveitarfélagi hve þörfin á framkvæmdum við hafnir er orðin mikil og hve lítið hefur verið hægt að gera undanfarin ár og þó ég vissulega fagni því að fjárveiting til hafna aukist nú á ný er mér alveg ljóst að það er engan veginn nægilegt sem nú fæst til hafnanna og ástandið heldur áfram að vera mjög erfitt víða. Ég nefni sem dæmi að til stóð í mínu kjördæmi að gera miklar dýpkunarframkvæmdir bæði á Siglufirði og á Skagaströnd, en það verður bersýnilega ekki hægt að ráðast í þessar framkvæmdir nema að litlu leyti og þá er ljóst t.d. á Siglufirði að kostnaður á hvern rúmmetra, sem grafinn verður, verður verulega miklu hærri en ef hægt hefði verið að taka hæfilegan áfanga eins og til stóð. Það stóð til að taka þrisvar sinnum stærri áfanga en fjárlagafrv. gerir núna ráð fyrir. Það er alveg ljóst að verðlag á hvern rúmmetra í dýpkun verður líklega um tvöfalt hærra en verið hefði ef hægt hefði verið að ráðast í þessa framkvæmd með eðlilegum hætti.

Það er líka ljóst að mjög mörg skólamannvirki fá ekki nema brot af þeim fjárveitingum sem þau hefðu þurft að fá. Ég t.d. þekki það úr mínu kjördæmi þar sem víða er verið að byggja upp íþróttamannvirki, íþróttahús og sundlaugar að þar tomma menn ekki áfram með framkvæmdir nema örlítið á hverju ári og framkvæmdirnar verða bæði dýrari en þurft hefði að vera ef hægt hefði verið að ráðast í þetta með eðlilegum hætti og auk þess eru framkvæmdirnar mjög lengi að ná verklokum.

Við þessa afgreiðslu er t.d. ljóst að margir sveitahreppar verða að bíða með að byggja skólahúsnæði fyrir yngstu nemendurna, en mjög víða í sveitum landsins er húsnæði til skólahalds fyrir yngstu nemendurna mjög lélegt og alls ófullnægjandi miðað við það sem gengur og gerist í þéttbýli í dag. En menn segja: Það verður að velja og hafna og það er ekki hægt að gera allt í einu og þar af leiðandi dregst það ár frá ári að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir.

Við höfum, alþýðubandalagsmenn, gert till. um það á þskj. 275 að framlög til hafnamannvirkja hækki upp í 480 millj., þ.e. 80 millj. kr. meira en fjvn. gerir ráð fyrir. Einnig gerum við ráð fyrir því að fjárveitingar til sjúkrahúsa og læknisbústaða hækki verulega eða í 290 millj. og fjárveitingar til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækki í 385 millj.

Ég vil síðan nefna fjárveitingar sem við gerum hér tillögur um og varða skólafólk. Við teljum að algjörlega sé óhjákvæmilegt að Lánasjóður ísl. námsmanna fái 200 millj. kr. hærri fjárveitingu en frv. gerir ráð fyrir. Eins og kunnugt er fylgdu lán lánasjóðsins ekki verðbreytingum hér um árið og því fór það svo að lánin hættu að nema umframfjárþörf nemenda, eins og hafði þó tekist að ná á sínum tíma, og lánin sigu niður. Á þessu hefur engin breyting orðið þó framlagið til lánasjóðsins hafi verulega hækkað. Skýringin á þessu er sú að vextir í þjóðfélaginu hafa mjög hækkað og því hefur fjárhagur sjóðsins orðið erfiðari með hverju árinu sem liðið hefur þannig að það stóraukna framlag sem nú er í fjárlagafrv. til lánasjóðsins dugar rétt til þess að mæta aukinni fjárþörf sjóðsins vegna vaxtahækkana. Þess vegna gerum við tillögu um það hér að framlag til sjóðsins hækki um 200 millj. kr. Auðvitað er þetta mál fyrst og fremst spurningin um hvort á að ríkja hér á Íslandi jafnrétti til náms og mér er kunnugt um að mjög víða er erfið staða hjá skólanemendum, stúdentum og öðrum sem fá lán úr lánasjóðnum.

Ég nefni líka annað náskylt mál þar sem eru framlögin til jöfnunar námskostnaðar sem einkum eru ætluð framhaldsskólanemum sem stunda nám fjarri heimabyggð sinni. Ég hef flutt frv. um það oftar en einu sinni hér á Alþingi að framlög í þessu skyni verði verulega hækkuð. Ég held að óvíða hafi önnur eins vanræksla átt sér stað eins og einmitt á

þessu sviði þar sem nokkurn veginn sama tala hefur verið til ráðstöfunar til jöfnunar námskostnaðar ár frá ári þrátt fyrir alla verðbólgu í þjóðfélaginu. Í núverandi frv. er talan 25 millj. kr., en ég hygg að fyrir 4–5 árum hafi talan verið í kringum 20 millj. Þetta er eitt mesta hneykslið í fjárlagafrv. og hef ég litlu þar við að bæta umfram það sem hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir sagði um þetta mál áðan en allt var það hárrétt og ekki annað fyrir mig að gera en að taka undir það sem hún sagði um það. En ég hef hreyft þessu máli í mörg undanfarin ár og flutt um það frv. og vek á því athygli að þetta hneyksli vex með hverju árinu sem líður vegna þess að upphæðin stendur í stað ár frá ári.

Á þskj. 275 flytjum við till. um að jöfnun á námskostnaði verði þrefölduð, þ.e. að upphæðin verði 75 millj. Það er að vísu nokkuð lægri upphæð en hv. þm. Kvennalistans gera tillögu um. Mig minnir að þær séu með till. um 100 millj. Ég er ekki að segja að það sé nein ofrausn í sjálfu sér því að upphæðin hefur staðið í stað mjög lengi, en ég lít þá á þessa till. okkar sem nokkurs konar varatillögu við till. þingmanna Kvennalistans þannig að sé hún felld verða greidd atkvæði um lægri till., þ.e. að upphæðin verði 75 millj. En ég mun hiklaust styðja till. þeirra um að upphæðin verði 100 millj. því ég tel það enga ofrausn.

Ég vil nefna hérna till. okkar um Þjóðleikhúsið. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er þörf á því að endurnýja búnað og byggingu Þjóðleikhússins og kostnaður við það mun nema nokkuð á annað hundrað millj. kr. Það þarf bæði að framkvæma endurbætur á húsinu að innan og að utan. Þak, veggir, áklæði, teppi — allt er þetta mjög illa farið og þjóðinni til skammar. Það eru ætlaðar í fjárlagafrv. 10 millj. í þessu skyni. Það er allt of lág upphæð miðað við þarfirnar. Ég tel að lágmarksupphæð í þessu skyni sé 20 millj. kr.

Ég vek á því athygli að Þjóðleihúsið í heild og fjárlagaliðir þess þarfnast endurskoðunar. Það hafa nýlega verið gerðir samningar þar við starfslið og ekki hefur verið tekið tillit til þeirra í fjárlagagerðinni. Ég vil eindregið skora á hv. fjvn. að taka málefni Þjóðleikhússins til nánari yfirvegunar milli 2. og 3. umr. Ég hygg að það fari ekkert á milli mála að sú starfsemi er mjög vanrækt, fær t.d. miklu minni hækkun milli ára en önnur leiklistarstarfsemi í landinu. Það er mjög eftirtektarvert.

Ég nefni svo hér till. okkar um starfslaun listamanna. Ég gæti vissulega hugsað mér að gera tillögur um ýmiss konar hækkun á liðnum Listir, en við látum okkur nægja að flytja hér eina till. sem snýr að listamönnunum sjálfum og starfskjörum þeirra. Það er liðurinn Starfslaun listamanna. Við leggjum til að hann tvöfaldist og fari upp í 20 millj. kr. Aftur á móti er það okkar skoðun að úthlutun listamannalauna mætti gjarnan falla niður. Þar er á ferðinni fyrirbrigði sem ekki er við hæfi. Þar eru upphæðir svo lágar að menn hljóta að fyrirverða sig fyrir hönd ríkisins að útdeila svo smáum upphæðum. Staðreyndin er sú að það þykir engum heiður að fá listamannalaun fyrst og fremst vegna þess að upphæðirnar eru svo skelfilega lágar og ómerkilegar. Þær bera ekki vott um að borin sé mikil virðing fyrir því starfi sem verið er að launa. Ég held að rithöfundar og listamenn séu almennt þeirrar skoðunar að rétt sé að breyta tilhögun þessara mála þannig að um stóraukningu á starfslaunum verði að ræða. Þess vegna er þessi till. flutt um að tvöfalda starfslaunin.

Ég vek athygli á lið í fjárlögum sem heitir Kynning á íslenskri list erlendis. Þarna er um að ræða fjárlagalið sem hefur verið að vaxa undanfarin ár og er það vel, en það þarf að gera miklu stærra átak á þessu sviði. Þess vegna gerum við hér tillögu um að til þessa verkefnis verði veittar 10 millj. kr.

Ég ætla ekki að fjölyrða að sinni um þetta verkefni. Ég álít að það þyrfti að koma upp sérstökum sjóði í þessu skyni og skipuleggja þessi mál miklu betur en gert hefur verið, en í þessu samhengi, þ.e. við afgreiðslu fjárlaga, er rétt að láta sér nægja að gera tillögu um að þessi liður sé verulega hækkaður.

Í till. okkar er síðan gert ráð fyrir tekjuöflun til að standa straum af útgjöldum þeim sem við höfum gert hér tillögur um. Þessar tekjutillögur er að finna í 1. og 2. tölul. okkar till. Það er í fyrsta lagi að eignarskattur sé nokkuð hækkaður eða í 2 milljarða úr 1,5 milljörðum og að lagður sé á sérstakur stóreignaskattur upp á hálfan milljarð. Einnig leggjum við til að tekjuskattur á félög sé hækkaður úr 1750 millj. í 2300 millj. Samtals mundu þessar tekjur gefa um 1500 millj. kr. Till. okkar alþýðubandalagsmanna nema ekki svo hárri fjárhæð. Þær munu nema 1200–1300 millj. kr. og það sem afgangs er mundi þá nýtast til að rétta af hallann á ríkissjóði.

Ég nefni svo að lokum, herra forseti, að ég flyt á þskj. 276 sérstaka till. um Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki. Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki hefur verið í uppbyggingu undanfarin ár og þar hefur verið meginhersla lögð á byggingu heimavistar. Til þess verkefnis eru ætlaðar 20 millj. í þessum fjárlögum. Hins vegar er staðreynd að það hefur ekki verið veitt ein einasta króna til að kaupa tæki og búnað til þess skóla í allmörg ár. Það er algjörlega óviðunandi. Ég þekki vel að tæki og búnaður skólans eru í vanrækslu. Þar þarf margt að endurnýja, algjörlega óviðunandi ástand. Því geri ég tillögu um að í þetta verkefni verði varið 800 þús. kr. eins og beðið var um.

Í öðru lagi liggur næst fyrir að hefja byggingu bóknámshúss. Skólinn býr ekki við neitt kennsluhúsnæði sem ætlað er til bóknáms. Hann leigir af kaupfélaginu á staðnum 800 m^2. Það húsnæði er á margan hátt mjög óhentugt og auk þess afar erfitt að reka skóla þar sem kennt er á þremur stöðum í bænum. Aðstaða kennara er fyrir neðan allar hellur. Þeir verða að láta sér nægja vinnuaðstöðu í gluggalausu herbergi mjög þröngu og litlu. Það er enginn vafi á að skortur á bóknámshúsi stendur þessum skóla mjög fyrir þrifum. Fyrsta skrefið til að undirbúa bygginguna er að sjálfsögðu að hanna bóknáms-

húsið. Það hefur verið teiknað en ekki hannað að öðru leyti. Ég legg til að til þessa verkefnis verði varið 3 millj. kr.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú brestur mig skilning. Hefur hæstv. fjvn. yfirskilvitlegar gáfur og þarf því ekki að vera viðstödd umræðuna og kynningar á brtt. eða skiptir það engu máli? Spyr sá sem ekki veit. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 257 við frv. til fjárlaga árið 1988 sem bornar eru fram af þingkonum Kvennalistans. — Ég bið reyndar hv. 2. þm. Vesturl. afsökunar á þessum ummælum. Hann situr hér og er í fjvn., en hann hefur þá líklega nóg að gera við að skrifa niður skilaboð til fjvn.

Þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 257 fjalla allar utan ein um mennta- og menningarmál. Þessi eina till. er um breytingu á liðnum Geislavarnir ríkisins. Það ætti að vera óþarfi að fjölyrða um nauðsyn þeirrar hækkunar sem þarna er lögð til, þ.e. 3,5 millj. kr., því það er sú upphæð sem Geislavarnir þurfa nú til að geta veitt móttöku mikilvægri aðstoð frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni. Sú aðstoð er í formi tækja og tækniaðstoðar og ætti þar með að vera hægt að halda uppi reglubundnum mælingum á geislavirkni í umhverfi og í matvælum líkt og kveðið er á um í lögum um geislavarnir. Geislavarnir hafa í tvígang verið ræddar í sölum hins háa Alþingis á haustþingi vegna fsp. og þáltill. þar sem rækilega var gerð grein fyrir nauðsyn þessa fjár. Það væri ekki vansalaust ef Geislavarnir ríkisins gætu ekki notfært sér boðna aðstoð Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar vegna þess að smáhungurlús vantaði á fjárlögin. Væntum við þess að því verði kippt í lag.

Hinar fjórar brtt. á þskj. fjalla eins og áður sagði um mennta- og menningarmál. Ég minnist þess varla að þau mál hafi borið á góma í þingsölum þann tíma sem ég hef dvalið hér og fátt bendir til að þau mál hvíli þungt á hæstv. ráðherrum og þm. Það er talsvert ankannalegt í ljósi þess að mönnum verður óhóflega tíðrætt um þau í ræðum ýmiss konar utan þings, sérstaklega ef menn eru í hátíðaskapi. Þá vilja þeir veg íslenskrar menningar og tungu sem mestan.

Það er sérkennileg mótsögn í íslensku menningarlífi að hvergi þar sem þekkist til á byggðu bóli virðist áhugi almennings á listum og menningu eins almennur og hér á landi, bæði hvað varðar þátttöku og neyslu, en á hinn bóginn þarf að leita langt til að finna lægri opinber framlög en hér tíðkast. Ástæðan fyrir því að þetta mótsagnakennda dæmi gengur upp er að stór hluti listastarfsemi á Íslandi er unninn í sjálfboðavinnu. Er ég þá ekki að tala um áhugastarfsemi sem stendur með miklum blóma, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Nei, ég er að tala um atvinnufólk sem innir af höndum ómælda vinnu í þágu íslenskrar menningar og sköpunar án þess að fyrir komi greiðslur. Þeir sem fá greiðslur teljast sjálfsagt velflestir til láglaunahópa. Félagsleg réttindi listamanna eru sáralítil, bæði hvað varðar lífeyrissjóði, eftirlaun og ég tala nú ekki um atvinnuöryggi.

Það er augljóst mál að það þarf að endurskoða allt styrkjakerfi menningarmála. En meðan það hefur ekki verið gert þrátt fyrir ítrekuð tilmæli listamanna verður að nægja að leggja til hækkanir á fjárlögum. Brýnustu verkefnin eru þó stórbættir starfslaunasjóðir bæði til einstaklinga og verkefna, lífeyrissjóðamál, lausn húsnæðisvanda í Reykjavík til tónlistar- og leiklistarhalds og miklu myndarlegri stuðningur við þær stofnanir sem ætlað er að vera burðarásar menningarinnar.

Of langt mál væri að gera hér að umtalsefni hvernig við stöndum að uppfræðslu og uppeldi barna og unglinga í menningarlegu tilliti. Það er kapítuli út af fyrir sig.

Mönnum verður tíðrætt þessa dagana um þá hættu sem steðjar að íslenskri tungu og menningu. Í þeim málum er fátt ofsagt. Einhæf menningaráhrif og síbyljan svonefnda eru nær allsráðandi í fjölmiðlum og ekki séð fyrir endann á áhrifum þess. Þau áhrif eru áratug eða lengur að koma í ljós, en gott væri að efla vörnina fyrr en síðar.

Við kvennalistakonur höfum í nokkur ár flutt till. um tvöföldun framlags til lista og menningarmála og höldum okkur enn við sama heygarðshornið. Mönnum kann að þykja það óraunsætt að fara fram á svo róttækar breytingar, en þá ber að hafa í huga að þó sú till. næði fram að ganga yrðum við varla hálfdrættingar á við aðrar vestrænar þjóðir. Þar eru framlögin allt upp í fimmfalt hærri og er þó menning þessara landa líklega ekki eins viðkvæm og brothætt og okkar.

Á það má líka benda að iðulega er haft á orði að landvarnir okkar séu fyrst og fremst fólgnar í eflingu menningar okkar og tungu. Ég óttast ekki að íslenskir listamenn hætti störfum þótt þeim sé ætlað áfram að lepja dauðann úr skel. Þar virðist ódrepandi löngun til að skapa. En ég óttast að skilningarvit þjóðarinnar fyllist svo af erlendri og allt of einhæfri menningu að þau hætti að nema þá íslensku. Og þá er of seint að snúa við. Því vona ég og bið að hið háa Alþingi sjái að sér og taki til alvarlegrar íhugunar hvort ekki sé brýn nauðsyn á að taka myndarlega til höndum. Ég vara við því að fljóta áfram sofandi að feigðarósi. Og styrkjum ekki menninguna bara í orði heldur á borði.

Og þá snýr ég mér að einstökum liðum brtt.

Liður nr. 1 varðar Námsgagnastofnun. Þar á bæ hafa menn þungar áhyggjur af því hve þröngur stakkur þeim er skorinn. Við kvennalistakonur höfum altaf og ævinlega lagt mikla áherslu á menntun og rannsóknir. Helsta auðlind þjóðarinnar er fólkið sem býr í landinu, menntun þess og geta. Sá grunnur sem við hljótum að byggja framtíðina á er menntun barna okkar. Án góðs námsefnis geta grunnskólarnir alls ekki rækt hlutverk sitt sem skyldi og nýsköpun verkefna er mjög mikilvægur þáttur. Í þjóðfélagi sem tekur örum breytingum er nauðsyn á síendurnýjuðu námsefni mjög mikil.

Nú er svo komið að Námsgagnastofnun dregur á eftir sér skuldahala sem gerir henni nánast ókleift að útbúa efni fyrir nemendur. Í besta falli getur hún

endurprentað gamalt efni sem er ágætt svo langt sem það nær. En nýsköpunin og endurmatið verður að hafa svigrúm. Þessar skuldir Námsgagnastofnunar eru þess eðlis að ekki verður undan vikist að greiða þær. Þetta eru skuldir við einkaaðila, höfunda námsefnis, prentsmiðjur og því um líkt. Enn erfiðara verður dæmið þegar ljóst er að Námsgagnastofnun á nú að greiða ríkinu röskar 4 millj. í húsaleigu árið 1988. Þýðir það auðvitað ekkert annað en meiri samdrátt. Því hljóða brtt. upp á samtals 19 millj. kr., 4 millj. til reksturs og 15 millj. til greiðslu á skuldum. Minna má það ekki vera.

Næsti liður er till. um breytingu á liðnum Tónlistarfræðsla undir Aðrir tónlistarskólar. Sú hækkun sem þarna er lögð til er vegna hlutdeildar ríkisins í launakostnaði tónlistarskólanna í trausti þess að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér og hætti við áform sín um að flytja rekstur tónlistarskólanna yfir á sveitarfélögin. Um þetta mál hefur svo mikið verið rætt og ritað utan Alþingis sem innan að öllum ætti að vera fullkunnugt um mikilvægi þess og vera búnir að átta sig á hvílík reginskyssa og skref aftur á bak það væri ef ríkisstjórnin kæmist upp með að hrinda þessu í framkvæmd. Því er óþarfi að hafa uppi langa tölu lið þessum til varnar, læt aðeins nægja að minna á að öflug og árangursrík byggðastefna er menningarmál ekki síður en efnahagslegt. Fólkið úti á landsbyggðinni vill ekki aðeins yrkja jörðina eða draga fisk úr sjó heldur einnig lifa félags-, menningar- og vitsmunalífi. Það vill að börnin þess fái tækifæri til menntunar sem stenst samanburð við það besta og fábreytnin ein dugir ekki. Ef tónlistarmenntunin fer aftur á það stig sem hún var á áður en ríkið hóf þátttöku í rekstri tónlistarskóla munu margir hugsa sér til hreyfings. Þeir sem eftir eru búa við rýrari kost í menningarlegu tilliti.

3. liðurinn er um Þjóðleikhús. Það er till. um að fjárveiting til almenns reksturs hækki um 25 millj. Þessi tala er svo sannarlega ekki út í bláinn og ekki ofreiknuð. Eigin tekjur Þjóðleikhússins eru stórlega ofáætlaðar á fjárlögum fyrir árið 1988 en rekstur vanáætlaður. Þjóðleikhúsinu er ætlað að standa undir miklu stærri hluta reksturs með eigin tekjum en sanngjarnt getur talist. Eigin tekjur leikhússins eru miklum mun hærri en tíðkast annars staðar. Kemur tvennt til, mikil aðsókn og lág laun. Fólksflótti hefur verið mikill frá Þjóðleikhúsinu. Því helst ekki lengur á tæknifólki, smiðum, ljósamönnum og sviðsmönnum vegna lágra launa. Leikararnir lafa vegna þess að aðrir kostir eru fáir. Þarna er þrátt fyrir allt sá starfsvettvangur sem þeim þykir flestum eftirsóknarverðari en lausamennska sem ekkert gefur í aðra hönd. Þeir lúta náttúrlega sömu lögmálum og annað láglaunafólk, drýgja tekjurnar með aukastörfum, svo sem hjá útvarpi, sjónvarpi, auglýsingum og skemmtikraftasýningum. Stundum kveður svo rammt að þessu að starf þeirra við Þjóðleikhús Íslendinga líður fyrir. En hver getur láð þeim það? Nú nýverið náðust þó hækkanir á samningum nokkurra hópa við Þjóðleikhúsið sem munu þýða u.þ.b. 12 millj. kr. á næsta ári og er því ekki mætt í fjárlögum svo enn erfiðara verður um vik. Eina svar Þjóðleikhússins hlýtur því að verða að draga úr starfseminni. Fjárveitingar duga best ef engar uppfærslur eru því hver þeirra er dýr bæði í uppsetningu og úthaldi. Er það hlutskiptið sem hæstv. ríkisstjórn ætlar Þjóðleikhúsi og hvað á þá að tala um í hátíðaræðum?

Auk aukins fjár til reksturs er hér farið fram á 8 millj. til viðbótar þeim 10 millj. sem eru á fjárlögum til viðhalds Þjóðleikhússins. Samkvæmt upplýsingum þyrfti u.þ.b. 100 millj. kr. að koma til ef ætti að koma Þjóðleikhúsinu í skikkanlegt horf svo 18 millj. hlýtur að teljast hógvær krafa. Ástand hússins er slíkt að það er ekki bara til skammar. Það er líka hættulegt. Það er full ástæða til að vara fólk við því að vera mikið á ferli við Þjóðleikhúsið því það á á hættu að klæðning hússins hrynji ofan á það. Þjóðleikhúsið er bókstaflega að morkna í sundur. Ef ástand áhorfendasala hefur farið fram hjá hv. þm. þegar og ef þeir eiga leið í musteri íslenskrar tungu ráðlegg ég þeim að líta vel í kringum sig næst. Hvað sjá þeir þá? Sundurgengin gólfteppi, snjáð og rifin sæti, brotna stólarma og bök. Það kemur sér vel að oftast er slökkt í sal þegar áhorfendur eru staddir þar inni. En þeir mega gæta sín vel á leiðinni út að hrasa ekki um teppisslitrurnar og athuga hvort stólarmar eða bök hafa nokkuð dottið af þegar staðið var upp úr sætum. Þetta eru ekki ýkjur ef einhver kynni að láta sér detta það í hug. Hér er ekki verið að „dramatísera". Svona er ástandið í Þjóðleikhúsi Íslendinga. Hætt er við að Guðjón heitinn Samúelsson segði nú sjálfur ef hann mætti: Ekki meir, ekki meir.

Virðulegi forseti. Þá er það 4. liðurinn, Listir, framlög. Eins og ég gat um áðan höfum við kvennalistakonur áður flutt till. um tvöföldun á þessum lið. Nú er það gott betur, auk þess sem við höfum nú ólíkt því sem við höfum gert áður lagt til hvernig aukningunni skuli varið, þ.e. dreift því á einstaka liði. Trúar stefnu okkar um valddreifingu höfum við lagt til mestu hækkunina þar sem féð kemur að beinum notum fyrir listamenn þar sem þeir útdeila því sjálfir. Við höfum ekki lagt meira fé til þeirra sem eiga að stórum hluta að sækja sitt framlag til bæjar- og sveitarfélaga, sbr. Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og skóla kennda við þessi bæjarfélög.

A-, c-, d-, e- og f-liðir eru allir tengdir skáldum og rithöfundum. Þar af eru tveir nýir liðir undir liðnum f. Það eru smáupphæðir ætlaðar bókmenntakynningarsjóði og höfundamiðstöð. Hvort tveggja er í því augnamiði að gera skáldum fært að kynna bókmenntir sínar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða annarra, t.d. í skólum, félögum eða á annan hátt opinberlega, og fá smágreiðslu fyrir. Liður a, Launasjóður rithöfunda, er sá sjóður sem mikilvægastur er fyrir þá til að geta sinnt ritstörfum. Ef áætlað er að það að skrifa bók eða leikrit sé ársvinna sést að einungis er á fjárlögum lögð til 15 árslaun.

Þetta er heldur nánasarlegt hjá bókaþjóðinni. Því hljóðar brtt. upp á að í staðinn komi 35 millj. kr. Þess ber að geta að söluskattur af bókum, sem er m.a. sá afrakstur sem ríkið hefur af verkum skálda og rithöfunda, annaðhvort vegna frumsamins íslensks efnis eða þýðinga, er margfalt hærri. Hafa verið færð að því rök hvað eftir annað að umræddur *söluskattur sé meiri að vöxtum en öll framlög til menningarmála samanlögð.*

Rithöfundasjóðnum, lið d, er ætlað að standa straum af greiðslu ríkisins vegna notkunar á höfundarétti rithöfunda, þ.e. ef bókasöfn eiga 30 eða fleiri eintök af bókum rithöfundar ber honum greiðsla fyrir. Ekki er greitt fyrir notkun í skólabókasöfnum eða fyrir tækni- og fræðisöfn. Er enn ótalið allt það efni sem notað er fjölfaldað í skólum. Sl. ár var greiðsla fyrir notkun hins opinbera á bókasöfnum 3000 kr. að meðaltali á hvern rithöfund sem verðugur þótti launanna. Enginn ríður því feitum hesti frá ríkissjóði vegna þeirrar greiðslu einnar.

E-liður er þýðingarsjóður. Hlutverk hans er að tryggja góðar þýðingar erlendra bókmennta á íslensku. Mikilvægi þess er augljóst. Heimsmenningin verður að eiga verðugan sess í menningarflórunni og hefur tilurð þýðingarsjóðs þegar sannað ágæti sitt.

Liður b-, Starfslaun listamanna. Fyrir „10 millj." komi: 50 millj. Þessi hækkun miðar að því að 40 árslaun til viðbótar séu til skiptanna milli listamanna. Þangað geta tónskáld, málarar, myndhöggvarar og aðrir listamenn hverju nafni sem þeir nefnast sótt um í þeirri von að geta unnið óáreitt að list sinni a.m.k. í nokkra mánuði. Þegar þess er gætt að u.þ.b. 2000 manns eru í Bandalagi ísl. listamanna er ekki *mikið til skiptanna þar sem einungis lítill hluti* listamanna hefur föst laun eins og fram hefur komið. Þarfnast þessi liður því varla meiri útskýringar.

Mun ég fara hraðar yfir sögu. G-liður er smáhækkun til skrifstofuhalds Bandalags ísl. leikfélaga svo ekki þurfi að klípa af fjárveitingum til áhugaleikfélaga um landið allt til að geta haldið uppi góðri þjónustu við þau 70–80 leikfélög sem árlega setja upp sýningar um allt land. Enn eitt heimsmetið og óþarfi að minnast á byggðastefnu.

H-liðurinn, Önnur leiklistarstarfsemi, tekur til *leikhópa atvinnufólks utan stofnana. Þessum lið eru* ætlaðar 3 millj. á fjárlögum, en till. hljóðar upp á 25. Þetta mundi nægja fyrir u.þ.b. tíu leiksýningum, þ.e. uppsetningarkostnaði og e.t.v. auglýsingakostnaði ef heppni væri með, en alls ekki fyrir launakostnaði. Meiri er bjartsýnin ekki. Það er verið að setja upp leiksýningar í öllum tiltækum skúmaskotum í Reykjavík því ekki er húsakosturinn glæsilegur. En áhorfendur setja það ekki fyrir sig. Þeir pjakka stigana upp í rjáfur eða stinga sér niður í saggafulla kjallara til að horfa á leiksýningar. En *víðast hvar er húsnæðið svo lítið að einungis fáir* komast að hverju sinni og því afrakstur lítill og dreifist á of margar sýningar.

Þá er það Alþýðuleikhúsið. Það er eina leikhúsið utan stofnana sem er sérliður á fjárlögum. Því eru ætlaðar rúmar 2 millj., sem sagt varla ein heil uppsetning, en till. hljóðar upp á 4 millj. Það er ein og hálf til tvær leiksýningar. Alþýðuleikhúsið hefur þegar unnið sér hefð í íslensku leiklistarlífi. Það hefur starfað í tólf ár og sett upp tugi leiksýninga, íslenskar, erlendar, barna og unglinga. Meðan Alþýðuleikhúsið hafði hús til umráða hélt það úti sérstökum hópi sem sinnti einungis börnum og unglingum. Svo var húsið rifið ofan af því. Lóðin stendur enn þá auð og óbyggð. Leikferðum sinnti Alþýðuleikhúsið meira en nokkurt leikhús á því tímabili, en þar kom að úthaldið þraut. Það eru takmörk á því hvað hægt er að syndga upp á náðina hjá kaupmanninum á horninu. Og nú býr Alþýðuleikhúsið við þröngan kost; ekkert hús, listamenn vinna launalaust. Þeir einu sem eru ánægðir eru áhorfendur.

Varðandi *þessa tvo liði, þ.e. Önnur leiklistarstarf*semi og Alþýðuleikhús, er vert að geta þess að sagan hefur sannað bæði hér á landi og erlendis að mikilvægt uppeldis- og nýsköpunarstarf á sér stað í litlu leikhópunum utan stofnana. Stofnanir fjárfesta yfirleitt ekki í óreyndu listafólki vegna kostnaðar yfirbyggingarinnar og einungis fátæk leikhús hafa efni á því að taka áhættu. Það er því mjög mikilvægt ræktunarstarf sem fer fyrir bí ef ekki verður úr bætt hvað varðar fjárhag og fljótlega hafist handa við útvegun húsnæðis og ætti Alþingi að vinda að því bráðan bug í samvinnu við Reykjavíkurborg. En þangað til væri ósköp notalegt ef einhverju af því fjölmarga leiklistarfólki sem ótrautt heldur áfram ræktunarstarfinu væri gert lífið örlítið auðveldara.

Íslenska óperan fær nú verulega hækkun á fjárlögum. Það eru u.þ.b. 9,2 millj. kr., þ.e. ekki hækkunin heldur fjárhæðin öll. En þetta fé er bundið við rekstur hússins. Gamla bíós, og launakostnað vegna starfsfólks hússins þar sem auðvitað er enginn listamaður. Ekkert er eftir til uppsetninga, ekkert til að launa listafólk. Eftir áramót eru fyrirhugaðar tvær sýningar í Íslensku óperunni, Don Giovanni eftir Mozart og Litli sótarinn eftir Benjamin Britten sem er barnaópera. Áætlaður uppsetningarkostnaður er 10 millj. og ekki öll kurl komin til grafar enn. Það á eftir að reka sýningarnar. Kvöldkostnaður er mikill því þátttakendur eru yfirleitt margir, kór og hljómsveit fyrir utan einsöngvara. Sem dæmi má taka að áætlaður tekjuafgangur hverrar sýningar á Don Giovanni er 148 þús. kr. og er þá miðað við mjög góða sætanýtingu. Eftir 25 sýningar er, ef sú áætlun stenst, búið að greiða 57% stofnkostnaðar og mikið fleiri sýningum þarf ekki að reikna með, alla vega hvergi nærri 50.

Við eigum fjölmarga vel menntaða söngvara og m.a. vegna árangurs Íslensku óperunnar hafa augu alheimsins æ meir beinst að íslenskum söngvurum og er nú verið að lokka marga þeirra til starfa utan landsteinanna. Íslenska óperan er þeirra eini fasti starfsgrundvöllur eins og málum er háttað í dag og því gefur auga leið að við verðum að sjá til þess að

starfsemi þar dragist ekki saman heldur aukist. Enn er sagan sú sama. Áhorfendur fjölmenna en dugir ekki til. Því hljóðar till. upp á 30,2 millj.

Um Íslensku tónverkamiðstöðina ætti að vera óþarfi að hafa mörg orð. Þar fer fram víðtæk útgáfa og kynningarstarfsemi innan lands sem utan. Það er mikilvægt að gefa út íslensk verk í nótnaskrift svo þau glatist ekki, eins að gefnar séu út hljómplötur með efni íslenskra tónskálda fluttu af íslensku tónlistarfólki. Það að kostur er á nótum gerir að verkum að auk varðveislugildis er miklum mun auðveldara en áður að koma verkum íslenskra tónskálda á framfæri erlendis. Það kann að koma einhverjum á óvart, en mjög mikið er flutt af verkum íslenskra tónlistarmanna á erlendri grund og grunar mig að margir þeirra hafi meiri tekjur af flutningi verka sinna utan landsins en hér heima þó sjaldan sé um stórupphæðir að ræða.

Íslenska hljómsveitin berst í bökkum, stendur samt í stórræðum eins og dæmin sanna. Er skemmst að minnast tónleika í Hallgrímskirkju í gær þar sem komu við sögu listamenn úr fremstu röðum, bæði myndlistarmenn, tónlistarmenn, skáld o.fl. Þarna er á ferðinni gott dæmi um íslenskan stórhug, dugnað og e.t.v. óraunsæi.

Auk þess eru hér tillögur um smáhækkanir hér og þar. Munar þar mestu um 5 millj. kr. til tónlistarstarfsemi. Koma þar helst til styrkir til tónleikahalds og 4 millj. kr. hækkun til myndlistarmanna, en þeir njóta sáralítilla styrkja. Þá vantar helst fé til útgáfustarfsemi ýmiss konar, fjölföldunarframleiðslu og til að standa straum af myndlistarsýningum heima og erlendis. Áfram mætti telja, en það væri líklega að æra óstöðugan.

Þó framlög til lista og menningarmála fari heldur skár út úr þessum fjárlögum en undanfarin ár ber þess að geta að samdráttur varð talsverður í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þessi fjárlög koma málum í svipað horf og var fyrir hennar tíð. Því verður kannski hæstv. forsrh. tíðrætt um listir og menningu að hann situr ekki lengur á sæti fjmrh., getur skotið sér undan ábyrgð á útdeilingu fjár til þeirra mála.

Ég hef oftlega setið á fundum ýmiss konar með stjórnmálamönnum, alþm. og menntamálaráðherrum um menningarmál. Aldrei hef ég heyrt þá ljá máls á öðru en að stórhækka þyrfti framlög, þau væru til háborinnar skammar o.s.frv., haft í frammi margvísleg rök sem öll hníga í eina átt. Allir fjölyrða þeir um að hér sé um svo litla upphæð að ræða, enda innan við ½% af fjárlögum, að enginn vandi sé að kippa þessu í lag. Því er það þá ekki gert? Ég skora á hv. alþm., fjvn. og ríkisstjórn að hugsa sitt ráð djúpt áður en þeir hafna öllum þessum tillögum og láta ekki orðin nægja lengur. Oft var þörf, en nú er nauðsyn.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Já, menn tala um tímamótafjárlög. Og hvað eiga hv. þm. við þegar þeir tala um tímamótafjárlög? Þeir eiga við að samkvæmt stefnu þeirri sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið í málefnum þjóðarinnar eins og hefur komið fram í fjölmiðlum, jafnvel hjá stjórnarþm., er verið að skipta þjóðinni upp í mjög ríkan fámennan hóp og svo marga sem verða öreigar ef sú stefna nær fram að ganga sem stefnt er að. Það eru þau tímamót sem hæstv. ríkisstjórn er á.

Hv. þm. Svavar Gestsson var að tala um tekjuhlið fjárlagafrv. og hann var að ræða um að það þyrfti að liggja fyrir þjóðhagsspáin um afkomuhorfur þjóðarbúsins og viðskipta við útlönd nú þegar, en eftir þeim fregnum að dæma sem hæstv. fjmrh. talaði um í fréttum í kvöld má ætla að það viti enginn og síst hæstv. fjmrh. hvernig mál standa. Það er því ekki réttlátt að krefjast þess af Þjóðhagsstofnun að hún komi með þetta fram þar sem allt er í óvissu. Ég sé ekki hvernig hún á að meta slíka hluti þar sem enginn veit í sjálfu sér hvernig þessi kerfisbreyting öll muni verka á þjóðlífið, söluskatturinn sem er ráðlagt að setja á, matarskatturinn svonefndi, menn tala ekki um annað nú. Þeir sem studdu þá stjórnarflokka sem nú hafa tekið höndum saman, t.d. bændur og ýmsir aðrir, tala mjög um að nú horfi þannig að þeir telji að þetta sé hin versta ríkisstjórn sem hefur nokkurn tíma setið, jafnvel þeir sem studdu best við þessa flokka í síðustu kosningum. Þannig er komið málum.

Ég tala nú ekki um vaxtastefnuna. Hún er þannig að margir horfa upp á að verða gjaldþrota. Þeir sem styðja þessa ríkisstjórn bera auðvitað fulla ábyrgð á þessari stefnu. Þeir geta ekki skotið sér undan því, hvorki vaxtastefnunni né öðru. Það þýðir ekki fyrir þá að koma fram í fjölmiðlum og annars staðar og segja: Þetta bara gengur ekki, en rétta svo höndina upp hér á hv. Alþingi við þeirri stefnu sem er verið að knýja fram. En ég ætla ekki að ræða þessi mál frekar hér. Ég mun gera það þegar söluskatturinn, tollafrv. sem enginn botnar í, vörugjaldið verður til umræðu, eða þá við 3. umr. fjárlaga ef þannig stendur á að ég get ekki rætt þau mál við 1. umr. þeirra mála sem ég hef hér upp talið.

Það eru margar brtt. sem ég hefði viljað flytja, en ég sé ekki mikla þýðingu að gera það. Ég vil þó taka fram að ég mun styðja ýmsar þær brtt. sem stjórnarandstaðan hefur borið fram, sérstaklega þær sem eru til að jafna lífsaðstöðuna í landinu, bæði tónlistarfræðsluna, jöfnun hitunarkostnaðar og margar fleiri tillögur. En á þskj. 274 flyt ég fimm brtt. um mál sem ég get ekki annað en gert tilraun til að flytja hér vegna þess að í þessum fjórum tilvikum hefur það mjög alvarlegar afleiðingar, ef ekki fást breytingar á, sem ég mun koma að svolítið síðar.

Fjórar þeirra eru um hafnarframkvæmdir. Í fyrsta lagi er það breyting á framlögum til Grímseyjar. Sá liður í frv. er upp á 5,6 millj., en þyrfti að vera 15,9 millj. ef á að takast að steypa þau ker á næsta ári sem stefnt er að og koma þeim niður á árinu 1989. Ef þetta fæst ekki tekst það ekki. Höfnin í Grímsey er þannig að ef koma vond veður verða menn að fara með bátana í land. Þeir geta ekki varið þá í

höfninni. Það vita líka allir hv. þm. að strandferðaskipin hafa orðið að fara þarna fram hjá hvað eftir annað vegna þess að það er ekki hægt að leggja þarna að nema veður séu mjög góð eða ekki nema í 4–5 vindstigum. Þannig hefur stundum verið mjög erfitt að koma afurðum þarna frá.

Það má segja að það sé svipað með Kópasker. Það stóð til að reyna að fara í dýpkunarframkvæmdir þar. Í till. meiri hl. fjvn. eru 2,8 millj., en það þarf 9,6 millj. til að dýpka höfnina. Hún er þannig að strandferðaskipin geta ekki lagst þar að nema þegar er flóð og eiginlega í logni og það skip sem þeir eiga nú og nota til að veiða rækju er í stórhættu vegna þess hvað höfnin er grunn.

Enn fremur hef ég komið með brtt. um framlag til Raufarhafnar, að í staðinn fyrir 10 millj. komi 16,8. Það er verið að byggja þar frystihús sem á að taka til starfa snemma á næsta ári og þarf að ganga frá planinu fyrir framan eða bryggjukantinum. Hann er ósteyptur. Þar er stórskuld á þeim framkvæmdum sem hafa verið á þessu ári.

Svipað er að segja um Þórshöfn. Þar eru skv. tillögum meiri hl. fjvn. 12 millj., en þyrftu að vera 14,6 millj. til að borga hluta af þeirri skuld sem þegar er búið að framkvæma fyrir. Þessar tölur eru allar eftir tillögum Hafnamálaskrifstofunnar.

Sannleikurinn er sá að þó að það hafi orðið tæplega 150 millj. kr. hækkun frá því sem var sett á fjárlög í haust er það ekki nema helmingur af því sem þyrfti að vera ef ætti á næstu tveimur árum að ná þeim árangri sem er nauðsynlegur fyrir þá sem búa við fiskihafnirnar umhverfis landið.

Enn fremur hef ég leyft mér að flytja brtt. við lið 86, Orkustofnun 110, sérverkefni tengd fiskeldi. Það er 17,1 millj. eftir tillögum meiri hl. fjvn., en lagt til að það sé 26,1 millj. Ástæðan fyrir þessu er sú að á fjárlögum síðasta árs var þessi liður rúmar 10 millj. kr. Þegar hv. þáv. formaður fjvn. talaði fyrir þessari till. segir í þingtíðindum í hans ræðu um þennan lið:

„Orkustofnun. Tekinn verði upp nýr liður, 10 millj. kr., sem tengist sérgreindu verkefni við fiskeldi, einkanlega til að rannsaka náttúrleg skilyrði vatns og upptöku sjávar fyrir fiskeldi, þar á meðal vegna slíkra rannsókna í Óxarfirði."

Það fór svo að af þessari fjárveitingu, sem varð nú ekki 10 millj. heldur 10,7 millj. þó að þetta sé þannig í þessari ræðu, kom ekkert til þessa verkefnis. Það er lagt til af Orkustofnun að það séu 13,5 millj. sem þurfi að fara til þessa verkefnis. Það hefur farið svo ár eftir ár að það hefur ekki fengist fjármagn til að rannsaka þetta svæði sem er þó talið vera eitt það álitlegasta á landi hér til þessarar framleiðslugreinar. Meiningin var að reyna að hefja framkvæmdir á næsta ári vegna þess að byggðinni þar er að blæða út eins og víða í strjálbýli hér á Íslandi. Ef ekki er von um að eitthvað komi í staðinn er ég ákaflega hræddur um að fólk fari að flýja þennan stað. Þess vegna er það sem ég leyfi mér að flytja brtt. Þetta er nákvæmlega það sem Orkustofnun telur nauðsynlegt að fá í þetta verkefni á þessu ári, 13,5 millj. Ég ræddi þetta við hæstv. iðnrh. og ýmsa úr fjvn., en þó hefur svona til tekist.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er þó lögð áhersla á að ríkisstjórnin muni leitast við að rannsaka möguleika á fiskeldi í landinu. Það er að vísu hækkun frá því sem verið hefur úr 10,7 millj. upp í 17,1, en það er lítið brot af því sem þarf til að athuga það sem þyrfti að gera, ekki síst eins og mál standa víða úti um land. Ég mun freista þess að taka aftur þessa till. til 3. umr. og ég skora á hæstv. fjvn. að athuga þetta mál betur eins og mál þarna standa. Það var talið að þessi upphæð væri verulega hærri í till. fjvn. en hefur komið fram í þetta verkefni og ég veit það að margir þar norður frá munu kippast við ef þessi breyting nær ekki fram að ganga.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessar tillögur. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er erfitt að fá breytingu á þessum liðum en ég vil taka það fram, t.d. í sambandi við Kópasker, að ef dýpkunarskipið fer fram hjá nú og ekkert verður hægt að gera er ekki víst að tækifæri gefist á næstu árum. Það er erfitt að flytja þetta skip og verkefnin bíða víða fyrir það ef þeim sem keyptu það tekst að halda því, að fá verkefni þannig að þeir haldi því.

Þetta er auðvitað alltaf spurning um að finna fjármagn eða hafa skilning á þessum málum. Það er kannski fyrst og fremst það. Það kann því að vera að ég taki eitthvað af þessum tillögum líka til baka og þá sérstaklega fyrstu tvo liðina, Grímsey og Kópasker.

Ég læt máli mínu lokið.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Við þm. Vesturl. höfum á undanförnum árum hafið undirbúning að fjárlagaumfjöllun með því að ferðast um kjördæmið og heimsækja sveitarstjórnir í kjördæminu og ræða við þær um óskir þeirra og þarfir í sambandi við framlög til sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga.

Það hefur ekki vantað í þessum ferðum og á fundum að fram hafi verið tekið og þá oftast og ákveðnast af 1. þm. kjördæmisins að samstaða þm. kjördæmisins sé mikil og að þeir einbeiti sér sameiginlega og af alefli fyrir framgangi þeirra málefna sem fyrir þingmennina eru lögð til fyrirgreiðslu af sveitarstjórnunum. Það þykir nokkuð hjáróma á svona fundum þegar bent er á að árangur af þessari miklu samstöðu þm. byggist nú oftar en ekki á afstöðu og stefnu ríkisstjórnar. Það hefur heldur ekki þótt gott að vekja athygli á því að margar af þeim beiðnum sem sveitarstjórnir á Vesturlandi leggja fyrir þm. eru þær sömu ár eftir ár. Sérstaklega var sú staða áberandi í haust, en við þm. fórum um kjördæmið rétt síðustu dagana fyrir þingsetningu.

Það má þó reyndar segja að svipað hafi verið uppi á teningnum bæði haustið 1985 og 1986. Minnkandi og verðminni framlög á fjárlögum urðu þess valdandi að framkvæmdum hefur miðað lítið áfram. Byggðastefna ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks kom einna gleggst fram í minnkandi

framlögum til skóla, hafnamannvirkja, sjúkrahúsa, dagvistunarstofnana, flugvalla, vegamála og annarra brýnna framkvæmda á landsbyggðinni. Þannig var staðan á Vesturlandi jafnt sem annars staðar á landinu. Ég skal nefna nokkur dæmi:

Á Laugum í Sælingsdal stendur enn og hefur staðið ófrágengið íþróttahús. Það er sama sagan í Grundarfirði, Laugagerði og á Kleppjárnsreykjum. Þrátt fyrir stækkandi fiskiskip og auknar og viðurkenndar kröfur um öryggi og þrifnað í höfnum hefur verið biðstaða í framkvæmdum, t.d. í höfn eins og í Ólafsvík þar til í ár, og biðstaðan heldur áfram í Grundarfirði, á Akranesi, í Borgarnesi, á Arnarstapa, Rifi og í Stykkishólmi. Þar eru framkvæmdir vegna hafnaraðstöðu fyrir væntanlega nýja Breiðafjarðarferju auk annarra framkvæmda í höfninni í algjörri óvissu.

Svipaða sögu má segja um aðra þætti svo sem skólabyggingar, vegamál og fleira.

Yfirlýsingarnar um samstöðu þingmanna voru endurteknar, síðast á Akranesi og sameiginlega skyldi unnið að framgangi mála. Fulltrúar sveitarstjórna fluttu óskir sínar sjálfri fjvn., bæði með bréfum og með því að ganga á fund nefndarinnar.

Tveir nýir Vesturlandsþingmenn komu til starfa eftir kosningar í vor, hv. þm. Ingi Björn Albertsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir. Þau fóru að spyrjast fyrir um samstarfið í þingmannahópnum, forvitnast um það hjá mér sem var nokkuð reyndari á þessum stað. Ég held að þau hafi ekki trúað mér, jafnvel alls ekki skilið mig, þegar ég sagði þeim, sem ég hafði nú reyndar verið að nefna á fundum með sveitarstjórnum, að samstarfið fælist í því að við fengjum að sjá úthlutunarlista fulltrúa ríkisstjórnarinnar til hinna ýmsu verkefna í kjördæminu trúlega tvisvar, þrisvar áður en tillögur fjvn. kæmu fram. Mín reynsla væri þó sú að okkar samstarfsverkefni væri það eitt að færa á milli verkefna ef eitthvað þyrfti að laga og þá með því að taka af öðrum og færa til hins. En þótt ég væri kannski að segja frá frekar ótrúlegum hlutum um allt samstarfið gekk þetta ekki eftir því að nú í ár var ekki talin ástæða til þess að fjalla um framlagalistann nema einu sinni. Klukkan hálfsjö sl. fimmtudag var kallaður saman fundur þm. Vesturl. og fram lagður listi yfir fjárveitingar til Vesturl. á fjárlögum ársins 1988. Þetta skyldi vera eini fundurinn. Þannig fór um öll stóru orðin um samvinnu þm. og samstarf.

Ég gerði enga athugasemd við þá skiptingu sem lögð var til. Vandamálin voru ekki þau að færa þyrfti á milli framkvæmda. Vandamálið var það að engin umræða hafði farið fram né gat farið fram milli allra þm. Vesturl. um þessar fjárveitingar, ríkisstjórnin var búin að skammta fjármagnið og það fjármagn sem til þessara verkefna var ætlað var allt of lítið.

Það er eitthvað meira en lítið að í okkar þjóðfélagi þenslu og góðæris þegar eitt höfuðmarkmið sósíaldemókratísks jafnaðarmanns í sæti fjmrh. er að halda í og reyna að draga úr framkvæmdum úti á landsbyggðinni til hafna- og skólamannvirkja. Það er merkilegt að þegar almennt er viðurkennt að styrkja þurfi stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu sé ekki reynt að gera átak á landsbyggðinni á hinum samfélagslega vettvangi þar sem verkefnin eru unnin með samstarfi ríkis og sveitarfélaga og þá með því að auka framlag ríkisins til þessara verkefna. Sú er ekki raunin samkvæmt þeim fjárlagatillögum sem nú liggja fyrir.

Virðulegi forseti. Á undanförnum þingum hef ég ekki flutt brtt. við fjárlög um einstök verkefni á Vesturlandi. Þm. Alþb. hafa jafnan flutt brtt. við heildarupphæðir hvers málaflokks og það gerum við einnig nú. En ég breyti nú út af venjunni og flyt ásamt hv. 5. þm. Vesturl. Inga Birni Albertssyni og hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur brtt. á þskj. 258 við 4. gr. frv., um framlag til sundlaugar á Akranesi. Við leggjum til að í stað 900 þús. kr. komi 4 millj. kr. ríkisframlag til sundlaugarinnar.

Í áranna röð hefur ríkissjóður ekki greitt neitt framlag til sundlaugar á Akranesi. Árið 1944 var lokið við byggingu á sundlaug á staðnum og var hún vígð 4. júní það ár. Allur kostnaður við byggingu þeirrar sundlaugar var greiddur af minningarsjóði Bjarna Ólafssonar skipstjóra og skipstjórafélaginu Hafþóri og vélstjóra- og sjómannadeild Verkalýðsfélags Akraness. Þessi sundlaug, sem er ekki nema 12½ m að lengd, hefur orðið að duga Akurnesingum til þessa dags. Hún hefur verið kennslulaug, almenningslaug og aðstaða til sundæfinga afreksfólks en íslenskt afreksfólk í sundíþróttinni hefur margt komið frá Akranesi. Það nafn sem nú er þekktast er nafn Ragnheiðar Runólfsdóttur sem nú um sinn hefur orðið að hverfa frá Akranesi vegna ónógrar aðstöðu til þjálfunar og æfinga.

Í nokkur ár hafa á Akranesi verið uppi áform um að hefjast handa um byggingu nýrrar sundlaugar og á 40 ára afmæli Akranesbæjar 1982 var tekin ákvörðun um sundlaugarbyggingu. Framkvæmdir hófust svo árið 1984 og var í fyrstu áætlað að taka sundlaugina í notkun í ár en vegna fjárskorts og þá fyrst og fremst sökum þess að ekkert fé fékkst til verksins á fjárlögum ársins í ár frestuðust framkvæmdir um ár en nú er áætlað að sundlaugin verði tekin í notkun fullbyggð í maí 1988. Gerður hefur verið samningur milli menntmrn. og Akranesbæjar um þessa framkvæmd þótt enn sé hann reyndar ekki undirritaður. Þar er gert ráð fyrir að kostnaður við skólahluta sundlaugarinnar sé 16–17 millj. kr. Brtt. okkar gerir ráð fyrir að á fjárlögum 1988 verði veitt til verksins 4 millj. kr. og með þeirri fjárveitingu yrði stefnt að því að hlutur ríkisins, skólahlutinn, yrði greiddur á fjórum árum.

Það mætti hafa mörg orð um réttmæti þess að hv. Alþingi samþykkti þessa till. okkar. Réttur Akurnesinga til þess að fá nú loks á árinu 1988 framlag sem um munaði frá ríkissjóði til sundlaugar er studdur siðferðislegum rökum sem hv. þm. hljóta að gera sér grein fyrir. Sá réttur er einnig studdur þeim rökum að vítt um landið eru í gangi og hafa verið í

gangi framkvæmdir, kannski ekki allar á vegum ríkisins en sumar þó, sem eru ekki brýnni nema síður sé en sundlaug á Akranesi.

Virðulegi forseti. Full þörf hefði verið á því að flytja brtt. um aukið framlag til ýmissa annarra verkefna á Vesturlandi og með því vekja athygli á því hve staða ríkisins er bágborin gagnvart landsbyggðinni og hlutur þess langt úr hófi fram á eftir. Sú tillögugerð verður nú látin vera, m.a. í trausti þess að sú eina till. sem við flytjum njóti þess að ekki er farið fram á meira en það að um ¼ lögbundins viðurkennds framlags ríkisins til sundlaugar á Akranesi verði greiddur á árinu 1988 með þeim ásetningi að framlagið verði að fullu greitt á þarnæstu þremur árum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Í athugasemdum við fjárlagafrv. segir að meginmarkmið þess sé að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári. Þess vegna sé nauðsynlegt að gera ýmsar ráðstafanir til þess að efla innlendan sparnað, draga úr verðbólgu og minnka viðskiptahalla. Á þann veg verði lagður grundvöllur að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og ekki verður um það deilt að óhjákvæmilegt er að gæta jafnvægis svo sem kostur er í þessum efnum. Sú er reynslan að okkur Íslendingum virðist vera tamara að eyða um efni fram og láta skeika að sköpuðu en að gæta fyllsta hófs, hagsýni og sparnaðar í hvívetna.

Undanfarnar vikur hefur fjvn. setið að störfum og unnið að venjubundnum athugunum á fjárlagafrv. fyrir 2. umr. Að þessu sinni hefur óvenjumargt komið til álita sem snertir fjárlagagerðina beint og óbeint.

Má þar fyrst nefna endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Þar er tilgangurinn sagður vera að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Að sjálfsögðu er gott og gagnlegt að hafa þessi sjónarmið að leiðarljósi.

Að því er söluskattinn varðar, sem er ein helsta tekjulind ríkissjóðs, á að fækka undanþágum, helst afnema þær með öllu, að mér skilst, svo að allt verði þægilegra í meðförum. Þetta kerfi á þó ekki að vera varanlegt eða langlíft þar sem stefnt er að upptöku virðisaukaskatts í ársbyrjun 1989. Svipað má segja um launaskatt nema hvað svið hans er fært út og honum ætlað lengra líf. Þá er unnið að ýmsum breytingum, lækkun og samræmingu á tolltöxtum. Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga verður tekin upp frá næstu áramótum.

Loks er tekið svo til orða að fyrsta skref í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga verði stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Á gjaldahlið fjárlagafrv. eru ýmsar breytingar fyrirhugaðar svo sem sjá má af nokkrum frv. sem lítið hafa dagsins ljós eða eru í vændum. Með hliðsjón af því sem nú hefur verið sagt og öllum er kunnugt er brýnt að reyna að átta sig á hvert stefnir. Það er auðvitað deginum ljósara að samstjórn þriggja flokka hlýtur að byggja á málamiðlun á mörgum sviðum. Þm. stjórnarflokkanna, margir hverjir, hljóta því að ganga misjafnlega ánægðir til leiks þó að þeir láti ýmislegt yfir sig ganga til þess að þoka verkum áfram.

Það er ekki ætlunin að kryfja þessi mál til mergjar nú á skammri kvöldstund. Fjárlagagerðin öll er svo margslungin að þess er enginn kostur. En mér finnst ekki úr vegi að nefna nokkra þætti rétt í svip, hvort sem þeir færast endanlega til tekna eða gjalda. Það virðist vera ofarlega í hugum manna að gera alla hluti í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs einfaldari og auðskildari. Þetta sjónarmið hefur oft verið haft á orði við endurskoðun t.d. skattalaga, svo að dæmi sé nefnt. Það er þó almennt talið að ákvæði þeirra laga hafi orðið æ flóknari með árunum og óaðgengilegri fyrir hinn venjulega skattborgara. Það er sjálfsagt eðlilegt og æskilegt að samræma tolltaxta og lækka aðflutningsgjöld á ýmsum varningi. Freistandi er að hugsa sem svo að við það muni fækka verslunarferðum Íslendinga til útlanda, verslunin færast meira inn í landið og verðlag lækka.

Frá mínu sjónarmiði skiptir þó miklu máli hver varan er. Meginreglan verður að vera sú að brýnustu lífsnauðsynjar hvers manns fáist á hóflegu verði, séu með öðrum orðum lausar við tolla og aðrar álögur svo sem frekast er unnt. Sé á hinn bóginn um ónauðsynlegan eða lítt nauðsynlegan varning að ræða er eðlilegt að tollar og aðrar álögur fari hækkandi, þeir borgi sem vilja og geta veitt sér slíkan munað ef svo má taka til orða.

Því má heldur ekki gleyma að innheimta gjalda af innflutningi er yfirleitt fljótvirk og örugg miðað við aðra innheimtu og ríkissjóður þarf á háum tekjum að halda, ekki veitir honum af. Hafa verður einnig hugfast að við verðum að gera okkur ljóst hvað við viljum og ætlum að framleiða í okkar eigin landi. Það nær ekki nokkurri átt að tefla innlendri framleiðslu, sem við viljum halda uppi, í tvísýnu með því að flytja inn erlenda vöru sömu gerðar eða svipaða, oft stórlega niðurgreidda í heimalandinu.

Um söluskattinn er það að segja að hægast er að um hann gildi einfaldar reglur. Að mínum dómi er þó útilokað að setja allan söluvarning undir sama hatt. Þar verða brýnustu nauðsynjar að vera undanþegnar, svo sem mjólk og mjólkurvörur, kjöt og fiskur. Á þessu er vaxandi skilningur sem betur fer.

Í grg. fjárlagafrv. segir að ýmsar aðgerðir séu í undirbúningi að því er varðar bætta framkvæmd skattalaga og aukið eftirlit. Um þessi atriði er allt gott að segja. Það er afar áríðandi að búa vel um hnútana svo að allir þegnar þjóðfélagsins og greiðendur opinberra gjalda hafi sem jafnasta aðstöðu, njóti þess réttar sem um er að ræða, ef um hann er að ræða, og geti ekki skotið sér undan þeim skyldum sem hver og einn verður að axla eftir efnum og ástæðum.

Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin öll væntanlega leggur áherslu á að draga úr fjármagnstilfærslum til atvinnuvega og fyrirtækja. Bein framlög til atvinnu-

vega lækka, segir þar. Þetta er gott og blessað að leggja áherslu á að hver og einn verði að hjálpa sér sjálfur og standa á eigin fótum. Á hitt er að líta að engin menningarþjóð telur sér vanvirðu í því að hlaupa undir bagga með einstaklingum eða atvinnugreinum þegar svo ber undir. Alkunna er að þjóðirnar telja sér bæði rétt og skylt að styðja höfuðatvinnuvegi sína, svo sem landbúnað, sjávarútveg og iðnað, í blíðu og stríðu, sérstaklega þegar vanda ber að höndum og eitthvað bjátar á. Þar er víða um að ræða margþættan og stórkostlegan stuðning eins og dæmin sanna, gömul og ný.

Um þá verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem fyrirhuguð er mætti margt segja. Slíkar breytingar hafa að vísu legið lengi í loftinu og verið mjög umræddar á síðustu árum. Þarna er líka um að ræða mikið áhugamál margra forustumanna í sveitarstjórnarmálum um allt land. A.m.k. þarf að ganga tryggilega frá því að sveitarfélögin verði ekki verr sett en áður. Þess vegna tel ég rétt að flýta sér hægt í þessum efnum. Þetta mál hefur að sjálfsögðu verið mjög mikið í sviðsljósinu nú að undanförnu þó að öll kurl séu ekki komin til grafar enn á þeim vettvangi. Og þetta viðfangsefni hefur enn og aftur komið fram í hugann þegar fjallað hefur verið um skiptingu fjár til opinberra framkvæmda um gjörvalla landsbyggðina. Þar hefur nú, eins og oftast nær á liðnum árum, verið of lítið fé til skiptanna.

Fjvn. hefur þó gert tillögur um verulegar hækkanir, sérstaklega til skólamannvirkja og hafnargerða. Samt sem áður skortir mikið fé til þess að unnt sé að haga málum svo að hver fái haldið sínum hlut og náð rétti sínum. Sums staðar eiga sveitarfélög svo mikið inni hjá ríkinu af þessum sökum að til vandræða horfir. Við það verður ekki unað til langframa. Það dregur að skuldadögum innan tíðar vegna þess að sveitarfélag, þótt dugmikið sé og framsækið, fær ekki afborið að eiga margar milljónir inni hjá ríkinu árum saman. Þessi mál öll verður að taka til heildarskoðunar og skuldaskila sem allra fyrst.

Á hitt er að líta að það er mikið gleðiefni hve forráðamenn byggðanna um allt land eru bjartsýnir og framtakssamir. Þeir ættu það sannarlega skilið að hið opinbera stæði enn betur við bakið á þeim en raun hefur á orðið. Það eitt væri stórt framlag af hálfu ríkisins til byggðaþróunar í landinu.

Þrátt fyrir þetta sem nú hefur verið sagt er samstarf ríkis og sveitarfélaga að opinberum framkvæmdum einkar mikilvægt að minni hyggju. Ég held jafnvel að of rík áhersla hafi verið lögð á það í umræðunni að eitt og sama verk eða framkvæmd sé eða eigi að vera að öllu leyti annaðhvort á vegum ríkisins eða í höndum heimamanna.

Sumir sveitarstjórnarmenn kvarta yfir því að þurfa að ganga með betlistaf í hendi á fund fjvn. á hausti hverju. En ég hef svarað því til að enginn gangi við betlistaf sem leiti réttar síns. Menn geti því gengið hressilega uppréttir að þessu leyti þó að þeim finnist stundum naumt skammtað.

Ég vona að þróun þessara mála verði farsæl og að ekki þurfi að koma til þess í framtíðinni, ef af þessum verkefnaflutningi verður þegar heimamenn geta aðeins sótt fé í eigin kassa, að þeir segi sem svo: Ja, það var þó einhver munur hér áður fyrr þegar við gátum skroppið á fund fjvn. þó að við fengjum ekki alltaf það sem við vildum eða teldum okkur eiga fullan rétt á.

Einn þátt þessara mála vil ég nefna sérstaklega að því er varðar verkefnaflutning. Það eru tónlistarskólarnir. Ýmsir ræðumenn hafa vikið að þessu efni í kvöld og ég verð að segja að ég hlýt að taka undir margt í máli þeirra og get því stytt mál mitt að því er þetta varðar. En ég verð að segja það að nær allir tónlistarmenn, skólastjórar, kennarar og aðrir sem við mig hafa rætt um þessi mál hafa verið svo til einraddaður kór þess efnis að það sé ekki rétt að flytja þessi verkefni frá ríki til sveitarfélaga að svo komnu máli. Þetta þurfi að íhuga betur. Þeir hafa talið þá þróun mjög markvissa og farsæla sem byggist á lögunum frá 1985 um fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarskóla. Og ég get ekki stillt mig um annað, með leyfi hæstv. forseta, en að nefna örlítið dæmi þessu til styrktar. Það eru aðeins nokkrar línur sem ég leyfi mér að hafa yfir úr bréfi frá Samtökum tónlistarskólastjóra. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í litlum bæjarfélögum og þar sem nokkur smá og fjárvana hreppsfélög sameinast um rekstur eins tónlistarskóla er fyrirsjáanlegt að starfsemi skólans leggst niður. Áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um að jafnvel stærri og efnaðri bæjarfélög muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa að rekstri tónlistarskóla af þeim myndarskap sem nú tíðkast. Til að mæta aukinni hlutdeild sveitarfélaga og þar af leiðandi auknum kostnaði þeirra verður óhjákvæmilegt að stórhækka námsgjöld. Afleiðingin verður sú að færri foreldrar hafa efni á að senda börn sín í tónlistarnám, þ.e. jafnrétti til náms verður skert."

Þetta er allra alvarlegasta atriðið í mínum huga. Þetta er aðeins dæmi um það hvað þessi einraddaði kór hefur haft fram að færa í mín eyru. Þess vegna legg ég til að hv. alþm. íhugi þetta atriði betur.

Eins og að líkum lætur hefur eitt og annað færst til betri vegar í fjárlagagerðinni á liðnum vikum. Ég fagna því t.d. að nú mun gert ráð fyrir að iðnfulltrúar starfi áfram í svipuðu formi og verið hefur undangengin ár. Þar sem ég þekki til hafa störf iðnfulltrúa komið í góðar þarfir úti í héruðum landsins.

Eins og ýmsir hafa nefnt hefur fjvn. gert tillögur til hækkunar á fjárlagafrv. fyrir 2. umr. sem samtals nema rúmum milljarði kr. Þá er þess að geta að nefndin á eftir að fjalla um ýmis málefni fyrir 3. umr., íþróttamálefni m.a., málefni Íþróttasjóðs, svo sem siðvenja er og allir fulltrúar í fjvn. vita fullvel og allir þm. ættu að vita. En það vekur óneitanlega nokkra athygli að hv. stjórnarandstæðingar, sumir, láta nú dreifa og hafa gert í dag og kvöld brtt. sem mest þeir mega, jafnvel með nokkuð sérstökum hætti. Einn hv. fulltrúi í fjvn., 6. þm. Suðurl., lætur

sig ekki muna um að fara í hringferð um landið til þess að nefna nokkru hærri tölur í sambandi við opinberar framkvæmdir en gert var í fjvn. Og hv. 7. þm. Reykn. flytur á þskj. 265 till. um að veita 15 millj. kr. til framkvæmda í heilsugæslumálum á Seltjarnarnesi. Fjvn. hafði gert till. um 6 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni, en þm. Reykn. samþykktu að flytja hana á aðra staði í kjördæminu með samkomulagi sín á milli að því er best verður vitað, svo sem tíðkanlegt er og þeir hafa fulla heimild til. Ég verð því að segja að þetta er nokkuð óvenjulegt í tillöguflutningi miðað við það sem við höfum vanist á undanförnum árum.

Að venju hefur fjvn. orðið að synja mörgu erindi sem vert hefði verið að styðja. Það er sama sagan ár frá ári. Um ýmislegt verður fjallað nánar fyrir 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Ég þakka hv. fulltrúum í fjvn. gott samstarf, svo og því ágæta fólki sem veitt hefur nefndinni margvíslega aðstoð.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Með ári hverju hefur stöðugt minnkað sá hluti fjárlaganna sem fer til verklegra framkvæmda. Eyðslan, rekstrarliðirnir, taka stöðugt til sín stærri hlut. Þau fjárlög sem hér eru til umræðu snúa því miður þessari þróun ekki við. Þótt hver fjmrh. eftir annan hyggist draga úr eyðslu og finna breiðu bökin til að borga skattana verður minna úr en ætlað er og við endanlega gerð sígur jafnan í sama farið.

Við framlagningu þessara fjárlaga sýndist víða vera gengið fram með hnífinn en þó ekki þar sem helst skyldi, heldur ráðist á ýmsa þætti sem óhjákvæmilega verða að standa í hverjum fjárlögum. Nú við 2. umr. mun takast að leiðrétta nokkuð af slíkum málum þótt betur verði að gera við 3. umr., þar á meðal að hækka ýmsa framkvæmdaliði.

Breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga má ekki fara fram á kostnað sveitarfélaganna. Fagna ber að fyrirhugað er að fresta yfirtöku sveitarfélaganna á tónlistarskólunum og er vonandi að farsælar leiðir finnist í því máli við nánari athugun. Í sambandi við þær skattahækkanir sem fyrirhugaðar eru vil ég láta koma fram að ekki kemur til greina að mínum dómi að leggja söluskatt á fisk og brauð og er því mótmælt sökum þess að fiskur er ein aðalneysluvara á flestum heimilum og einnig með þeim rökum að forðum mettaði meistarinn fólkið með brauði og fiski og það án matarskatts.

Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs vegna brtt. fjárveitinganefndarmannanna hv. 6. þm. Suðurl. og hv. 4. þm. Suðurl. á þskj. 264. Þessir hv. þm. stóðu að skiptingu allrar nefndarinnar á framkvæmdaliðum án þess að gera athugasemd um Suðurland. Síðan birtust þau á fundi þm. Suðurlands með skiptinguna frá fjvn. og útskýrðu það sem kæmi í hlut Suðurlands. Á þessum fundi kom engin athugasemd frá þeim um fjárveitingar til Suðurlands. Við hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, gerðum athugasemdir við ýmsa liði, m.a. við fjárveitingu til sjúkrahúss Suðurlands og hjúkrunarheimilis á Hellu, auk ýmissa skóla sem koma illa út. Gerðum við m.a. fyrirvara um nokkra liði að viðstöddum hv. þm. Óla Þ. Guðbjartssyni og Margréti Frímannsdóttur. Engar undirtektir komu fram hjá þeim við okkar mál. Báðir hv. þm. vissu þá og síðan að leita varð leiða til að auka framlög til Suðurlands við 3. umr. Framgangur þeirra bendir ekki til mikils vilja um samvinnu milli þm. Suðurlands sem þau hafa gjarnan hátt um að á skorti hjá öðrum þm. Þessa var óhjákvæmilegt að geta við þessa umræðu.

Ég lýsi framkomu nefndra þm. í yfirboðum hina ómerkilegustu og ekki til þess fallna að greiða fyrir málum. En meira er í pokahorninu. Á þskj. 263 flytur hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson, einn, urmul af brtt. um aukningu fjárframlaga til framkvæmda í öllum kjördæmum landsins. Þessa dagana minnir meistarinn mikli frá Nazaret á nærveru sína sem jafnan áður í tæp 2000 ár og boðar okkur ljós og líf. Að þessu sinni fer fyrir meistaranum sem frelsandi engill fyrir öll kjördæmi landsins hv. 6. þm. Suðurl., sbr. þskj. 263.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við fjárlög sem eru á þskj. 269 og 278 og eru lagðar fram af þingkonum Kvennalistans. Þessar tillögur varða málefni fatlaðra í Reykjavík og nemur sú hækkun til þeirra sem hér er lögð til 10 millj. 320 þús. kr. Enn fremur eru hér tillögur um hækkun á framlagi til Krabbameinsfélags Íslands sem nemur 7,1 millj. og hækkun til kynfræðslu samkvæmt lögum nr. 25 frá 1975 sem nemur 5 millj. kr. Síðan er brtt. um nýjan lið á fjárlögum um Kvikmyndaeftirlit ríkisins sem nemur 3 millj. kr. til að mæta vanskilum myndbandaleiga við eftirlitið. Samtals fela tillögurnar í sér hækkanir sem nema 25 millj. 420 þús. kr.

Ég vil hafa hér nokkur orð til að rökstyðja hvers vegna við teljum nauðsynlegt að hækka þá liði frv. sem ég hef nefnt og bæta nýjum við. Vegna þeirra breytinga, sem um er fjallað á þskj. 269 og eiga við 4. gr. frv., lið 07-701, og varða málefni fatlaðra, vil ég segja eftirfarandi.

Svæðisstjórn fatlaðra sendi þm. Reykvíkinga erindi vegna þess að fjárlagatillögur hennar voru lækkaðar í meðförum fjvn. Brtt. varða hækkun á ýmsum mjög brýnum rekstrarliðum, en einnig nýjar tillögur um bætta þjónustu við fötluð börn á forskólaaldri.

1. Undirliður 101, sem er beiðni um hækkun sem nemur 1 millj. 776 þús. kr., breytist úr 6 millj. 325 þús. kr. í 8 millj. 101 þús. kr. vegna starfsemi á skrifstofu svæðisstjórnar Reykjavíkur.

2. Liður 122, sem er beiðni um hækkun sem nemur 1 millj. kr., úr 4 millj. 880 þús. kr. í 5 millj. 880 þús. kr. vegna launagjalda við rekstur sambýlis fatlaðra við Stuðlasel. Þar munu dveljast fimm íbúar sem eiga það sameiginlegt að vera þroskaheftir og koma úr heimahúsum vegna veikinda eða fráfalls aðstandenda. Nú bíða um 70 manns eftir vistun á

sambýlum í Reykjavík og auk þeirra eru 15 einstaklingar undir 16 ára aldri á biðlista. Hefur svæðisstjórn gert tillögur um úrlausnir á hverju ári um fjölgun sambýla í borginni.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í vistunarmálum hafa þeir einstaklingar forgang sem eiga ekki lengur kost á umönnun í heimahúsum vegna veikinda eða fráfalls aðstandenda. Svæðisstjórn er því nokkur vandi á höndum þegar upp koma neyðartilfelli sem ekki gera boð á undan sér en leysa þarf tafarlaust og ekki var gert ráð fyrir við gerð fjárlagatillagna á sl. vori. Sú beiðni sem hér um ræðir er einmitt vegna einstaklings sem þannig er ástatt um og þarfnast mikillar og tímafrekrar umönnunar. Þarf sambýlið á auknum starfskrafti að halda eða sem nemur 1½ stöðugildi þroskaþjálfa.

3. Liður 132, en þar er um að ræða beiðni vegna verndaðs vinnustaðar Sjálfsbjargar í Reykjavík sem nemur 936 þús. kr.

4. Liður 161 sem varðar dagvistun í Bjarkarási, en þar er beðið um sem svarar 2½ stöðugildi vegna aukins vinnuálags og umönnunarþarfa. Sú hækkun nemur 1,5 millj. kr. eða hækkar úr 17 millj. 190 þús. í 18 millj. 690 þús.

5. Liður 173 er Vistheimili við Holtaveg, en þar er beðið um 381 þús. kr. til viðbótar.

6. Liður 174, Meðferðarheimili þroskaheftra við Njörvasund sem nýlega hefur tekið til starfa, í byrjun nóvember sl. Fimm íbúar eru fluttir á heimilið og kom í ljós strax í byrjun að þeir þurftu mun meiri umönnun en gert hafði verið ráð fyrir á fjárlagatillögum svæðisstjórnar. Því er beðið um 2½ stöðugildi í viðbót eða hækkun sem nemur 1½ millj. kr. Þetta heimili er frábrugðið venjulegum sambýlum fatlaðra. Hér er um að ræða sérstakt meðferðarheimili þar sem hluti af fyrirhuguðum vistmönnum á sambýlum mundi fá undirbúning í formi meðferðar og þjálfunar áður en þeir flytja á sambýli. Hið almenna markmið með dvöl á velferðarheimilinu er að íbúarnir verði hæfari en áður til þess að taka þátt í félagslegu samneyti sem ekki er mjög krefjandi. Að því miðar markviss meðferð, þjálfun og undirbúningur. Vil ég sérstaklega í þessu sambandi minna á yfirlýsingar hæstv. félmrh. í viðtali við blað Sjálfsbjargar, sem gefið var út á árinu 1987, en þar er hæstv. ráðherra spurður, með leyfi forseta:

„Bar málefni fatlaðra sérstaklega á góma í stjórnarmyndunarviðræðunum? Ef svo var, sjást þess merki í málefnasáttmála stjórnarinnar? Hefur stjórnin í hyggju að gera sérstakt átak í málefnum fatlaðra?"

Og svar hæstv. ráðherra er: „Já, vissulega. Ég bendi í fyrsta lagi á ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að jafna lífskjörin og bæta hag fatlaðra, í öðru lagi á ákvæði í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um að áhersla verði lögð á fjármagn í íbúðir öryrkja í vernduðu þjónustuumhverfi og í þriðja lagi á ákvæði um að starfsemi Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði styrkt samkvæmt fjögurra ára áætlun um framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Þar á að leggja sérstaka áherslu á uppbyggingu sambýla fyrir fatlaða og verndaða vinnustaði."

Síðar kemur enn fram í svari ráðherra: „Þó margt hafi áunnist er margt enn ógert til að ná fram markmiðum laganna sem er að tryggja fötluðum jafnrétti og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og búa fötluðum viðunandi aðstöðu, ekki síst í húsnæðis- og vistunarmálum", enda hefur hæstv. ráðherra iðulega staðið í mínum sporum nú og mælt fyrir brtt. á fjárlögum til þess að bæta hag fatlaðra og vænti ég þess að hún beiti sér við hv. fjvn. í þessum efnum.

7. Nýr liður, 193 Leikfangasafn og ráðgjafarstöð fyrir fötluð börn þar sem farið er fram á 3 millj. 227 þús. kr. Í greinargerð um þetta mál frá Ástu M. Eggertsdóttur, sem er framkvæmdastjóri svæðisstjórnar fatlaðra í Reykjavík, og Málfríði Lorange, sem er forstöðumaður SOS-dagvistar barna, segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er er það í verkahring sálfræði- og sérkennsludeildar Dagvistar barna í Reykjavík að veita dagvistarheimilum ráðgjafarþjónustu varðandi börn með sérþarfir. Þessi þjónusta getur verið fólgin í ráðgjöf til foreldra, ráðgjöf við starfsfólk dagvistarheimila, þá sérstaklega það starfsfólk sem ráðið er sem stuðningsaðili vegna eins eða fleiri barna, aðstoð við að skipuleggja þjálfunaráætlanir og að rannsaka eða greina börn. Þessi þjónusta er fremur ófullkomin í dag vegna skorts á starfsfólki og vegna húsnæðisþrengsla og að auki nær þessi þjónusta aðeins til hluta barnahópsins sem hefur þörf fyrir slíka þjónustu. Þó að fötluð börn hafi oftast forgang á dagvistarheimili er vafalaust stór hópur barna sem litla eða enga þjónustu fá frá hinu opinbera.

Í lögum um málefni fatlaðra kemur það skýrt fram að á hverju svæði á að vera viss lágmarksþjónusta. M.a. á að vera fyrir hendi frumgreining, þroskaþjálfun og leikfangasafnsþjónusta, sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf. Ljóst er að Greiningarstöð ríkisins getur ekki sinnt öllum fötluðum börnum á Reykjavíkursvæðinu, hvað þá að veita þjónustu við öll fötluð börn á landinu sem henni er þó ætlað. Samkvæmt greinargerð nefndar sem skipuð var skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kemur fram að Greiningarstöðinni er aðeins ætlað að sinna 3½% af þeim 10,2% fatlaðra sem áætlað er að séu í hverjum árgangi í aldurshópnum 0–6 ára. Hins vegar kemur það ekki skýrt fram í lögunum hver á að framkvæma og veita þjónustu til þeirra sem Greiningarstöðin ekki nær að sinna.

Tillaga okkar er sú að svæðisstjórn Reykjavíkur um málefni fatlaðra og Dagvist barna í Reykjavík vinni saman um að framkvæma og reka nánar tiltekna þjónustu fyrir börn að 16 ára aldri. Meginhluti þeirra barna sem hafa þörf fyrir slíka þjónustu er í yngsta aldurshópnum, 0–6 ára, því eldri börnin fá í flestum tilfellum þjónustu innan skólakerfisins eða á ýmsum sérstofnunum, en rétt væri að hafa það opið fyrir alla aldurshópa barna.

E.t.v. væri við hæfi að kalla slíka stofnun ráðgjafarþjónustu við fötluð börn þar eð leikfangasafn yrði of þröngt. Það er sameiginleg reynsla þeirra sem hafa unnið við leikfangasöfn víðs vegar um landið að þau geta illa staðið ein og sér. Sú vinna sem fer fram á slíkri ráðgjafarstöð verður eðlis síns vegna að vera teymisvinna, þ.e. að t.d. sálfræðingur, talkennari og þroskaþjálfi hefðu samvinnu um hvert einstakt barn, sbr. núverandi starfshætti sálfræði- og sérkennsludeildar Dagvistar barna."

Ég ætla ekki að lesa lengur í þessari greinargerð, en henni fylgir kostnaðaráætlun sem er nokkru hærri en sú upphæð sem við leggjum til hér, en er þó mjög nálægt því markmiði sem svæðisstjórnin hefur sett sér og sættir sig við.

Öll þessi mál, sem ég hef þegar mælt fyrir og miða að því að bæta úr sárri neyð fatlaðra og aðstandenda þeirra, eru hin brýnustu og hvet ég hv. fjvn. til að taka tillit til þeirra við umfjöllun frv. milli 2. og 3. umr.

Ég mun þá næst mæla fyrir brtt. sem varðar lið 08-399, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Er þá fyrst liður 131 um Krabbameinsfélag Íslands. Þar er farið fram á hækkun um 7,1 millj. kr., úr 50,4 millj. í 57,5 millj. Í erindi Krabbameinsfélagsins til fjvn. kemur eftirfarandi fram:

„Undanfarin ár hefur Krabbameinsfélag Íslands notið framlags úr ríkissjóði til styrktar starfsemi félagsins. Á yfirstandandi fjárlagaári nam sú upphæð um 24 millj. kr. sem skiptist þannig: brjóstakrabbameinsleit 5 millj., norrænt átak gegn krabbameini 1 millj., óskilgreint framlag til Krabbameinsfélagsins 18 millj. kr. Sá skilningur hefur verið almennur að ríkissjóður sé þar að greiða þjónustu sem félagið innir af hendi við þjóðfélagið. Þar er átt við krabbameinsleitina sem á yfirstandandi starfsári kostar um 20,3 millj. kr. og Krabbameinsskrá Íslendinga sem kostar um 7,1 millj. kr. Fræðslumál og líknarmál svo og önnur starfsemi félagsins hafa fram til þessa ekki verið tíunduð sérstaklega í fjárlögum. Þrátt fyrir verulegt framlag úr ríkissjóði hefur félagið alla tíð þurft að greiða niður krabbameinsleitina af eigin aflafé. Ef leitarstarfið var rekið af elju jókst greiðslubyrði félagsins þar sem framlag ríkissjóðs var föst fjárupphæð" — og ég vil vekja athygli á því að framlag ríkisins er aðeins hluti af kostnaði Krabbameinsfélagsins. Allt að því helmingur hefur komið til félagsins með frjálsum framlögum.

Heilbrmrn. hefur haft skilning á þessum vandkvæðum og í júní sl. var undirritaður samstarfssamningur milli ráðuneytisins og Krabbameinsfélagsins. Með samningnum eru félaginu tryggðar greiðslur fyrir framkvæmd þessarar leitar sem miðast við 19 þúsund leghálsskoðanir og 12 þúsund brjóstaskoðanir og er þá gert ráð fyrir um það bil 80% mætingu þeirra sem koma í skoðun eða eru boðaðir í skoðun. Vert er að geta þess að brjóstakrabbameinsleitin er reyndar nýr framkvæmdaþáttur sem félaginu er falinn. Það er sannarlega ánægjuefni að ríkið skuli þannig hafa komið til móts við félagið vegna þess að í raun hefur það stundað heilbrigðisþjónustu sem ríkið ætti í raun að veita eða reka. Er þá sérstaklega brjóstakrabbameinsleitin sannarlega í samræmi við samþykkta þál. sem flutt var á síðasta kjörtímabili af þingflokki Kvennalistans og var lofað að sú skoðun mundi hefjast á árinu 1987. Það er vert að geta þess sem vel er gert því að þar var sannarlega staðið við gefin loforð. Skoðanirnar hófust á árinu 1987 og munu halda áfram. En til þeirra þarf að sjálfsögðu fé. Þessi samningur á að veita konum jafnan aðgang að þjónustunni, óháð búsetu og fjárhæð og er það mjög mikilsvert.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 er ekki gert ráð fyrir fjárframlagi til annarrar starfsemi Krabbameinsfélagsins. Fjárframlagið dugar í raun aðeins til að greiða hlut ríkisins í þeirri leitarstarfsemi sem ég nefndi áðan.

Félagið hefur rekið Krabbameinsskrá Íslendinga frá upphafi hennar 1954. Krabbameinsskráin lýsir árlegu nýgengi hinna ýmsu tegunda krabbameina og þannig má skoða þróunina rúman þriðjung aldar aftur í tímann, en það má einnig nota skrána til að spá fram í tímann. Heilbrigðisyfirvöld nota þessar upplýsingar almennt við ákvarðanatökur um áherslur og skipulag heilbrigðismála sem snerta þessa sjúkdóma og ekki síst allt forvarnarstarf.

Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að rekstur krabbameinsskrár kosti félagið um 7,1 millj. kr. og það er reyndar það fé sem við leggjum til á brtt. okkar að veitt verði. Við höfum ekki fært það upp miðað við verðlag, en látið nægja að flytja sömu upphæð áfram. Það má segja að alltaf getur orkað tvímælis um greiðsluþátttöku hins opinbera í rekstri áhugamannafélaga, en það má þó vera ljóst að sumt í starfi Krabbameinsfélagsins hófst sem tilraunastarfsemi til heilla íslensku þjóðfélagi en hefur nú í raun fyrir löngu sannað gildi sitt. Þar má nefna leitarstarfsemi félagsins og rekstur krabbameinsskrárinnar. Það er augljóst að samfélagið hlýtur að þurfa að taka þátt í þessum kostnaði. Krabbameinsfélagið á að geta lagt sjálfsaflafé sitt í að leggja nýjar brautir til framfara, en samfélagið hlýtur að þurfa að taka við þeim þegar þær eru orðnar troðnar og eru í raun augljós framfaraspor.

Herra forseti. Í öðru lagi er undir þessum lið um heilbrigðismál undirliður 140, en hann varðar kostnað vegna laga nr. 25 frá 1975 sem eru lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Að margra áliti skortir verulega á það nú, um tólf árum eftir setningu þessara laga, að lögboðin fræðsla og ráðgjöf sé veitt á viðunandi hátt. Það er þeim mun alvarlegra sem hér er um að ræða grundvöll lagasetningarinnar. Enn fremur eru sterkar líkur á því eða má leiða líkur að því að auðveldara hefði verið að hefta útbreiðslu eyðni á Íslandi ef allri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir hefði ekki verið svo ábótavant sem raun ber vitni. Einkum er ástæða til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem að mati félagsráðgjafa og annarra sem um þessi mál fjalla

virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Það má ætla að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15–19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljóst að þeirra er ábyrgðin á afleiðingum samlífs ekki síður en stúlknanna og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar. Ég vil aðeins geta þess að þó fóstureyðingar séu ekki eins tíðar hér og í nágrannalöndum okkar, t.d. á Norðurlöndunum, hefur þó fæðingum hjá 15–19 ára stúlkum í þessum löndum fækkað samtímis á undanförnum árum. Á sama tíma hefur fjöldi fóstureyðinga í þessum aldursflokki aukist hér tiltölulega þó þeim hafi fækkað á Norðurlöndunum og telja menn almennt að þar sé um að ræða árangur meiri og betri kynfræðslu.

Mig langar til þess að vitna aðeins í grein í Læknablaðinu síðan 1987, þ.e. 73. árgangur á bls. 321, með leyfi forseta, um fóstureyðingar og notkun getnaðarvarna, eftir Þórð Óskarsson og Reyni Tómas Geirsson kvensjúkdómalækna. Þar segir:

„Til að halda fjölda fóstureyðinga sem lægstum þarf að gera átak í þá átt að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir alla aldurshópa, m.a. með stofnun kynfræðsludeilda við heilsugæslustöðvar, ódýrari getnaðarvörnum og aukinni fræðslu táninga."

Þingflokkur Kvennalistans flutti á síðasta þingi till. til þál. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál. Sú till. var reyndar samþykkt í þinglok eftir að hafa tekið nokkrum breytingum og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Nú er það svo að í þessum lið fjárlagafrv. um heilbrigðismál undir Ýmis starfsemi er liður 195 Kynsjúkdómar, eyðni. Þar er ætlað 10 millj. 80 þús. kr. til varnar þessum sjúkdómi, eyðni, og um leið til fræðslu um kynsjúkdóma. Ég veit að þetta fé fer nær eingöngu í að gera fræðslubæklinga og ýmislegt fræðsluefni en verður ekki notað til kennslu í skólum. Sá liður sem fjallar um það er einmitt liðurinn sem við viljum breyta, þ.e. liður 1.40. Hann fær ekki nema 1 millj. 71 þús. kr. til að sinna kennslu á öllum námsstigum um kynlíf og getnaðarvarnir. Þann lið viljum við hækka um a.m.k. 5 millj. kr. og hækkum því upp í 6 millj. 71 þús. Það er það allra minnsta. Reyndar hafa heilbrigðisyfirvöld ekki beðið um þetta fé, en við ætlum að hafa vit fyrir þeim í þetta sinn og biðja um það fyrir þau því að við teljum að það sé brýn þörf á því.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum mæla fyrir brtt. á þskj. 278 sem enn er við 4. gr. fjárlagafrv. undir liðnum 02-802, um vernd barna og ungmenna. Þar leggjum við til að komi nýr liður, 140, um Kvikmyndaeftirlit ríkisins sem við leggjum til að fái 3 millj. kr. Kvikmyndaeftirlit ríkisins starfar skv. lögum nr. 53 frá 1966, um vernd barna og ungmenna, en einnig skv. lögum nr. 33 frá 1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Við gildistöku seinni laganna bæði breyttist starfssvið Kvikmyndaeftirlitsins verulega og verkefni þess uxu mjög. Fram til þess tíma hafði skoðun kvikmynda eingöngu farið fram í kvikmyndahúsum, en skoðun kvikmynda á myndböndum gerði það nauðsynlegt að eftirlitið fengi til umráða viðeigandi tækjakost og aðstöðu til myndbandaskoðunar. Reyndar er í lögunum nr. 33 1982 gert ráð fyrir að skoðun myndbandanna standi undir sér fjárhagslega þannig að innflytjendur, framleiðendur og dreifingaraðilar kveðji skoðunarmenn til að skoða kvikmyndir áður en þær séu teknar til sýningar og greiði síðan kostnað við skoðun þeirra samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Nú hefur Kvikmyndaeftirlitið sent fjvn. beiðni vegna þess að reglugerðin sem sett var brást algerlega í framkvæmd þannig að reikningar fyrir skoðun myndbanda allt frá áramótum 1983–1984 liggja ógreiddir hjá ríkisféhirði og það virðist einungis raunsætt að mati Kvikmyndaeftirlitsins að þeir fáist í raun ekki greiddir. Eftirlitið telur nauðsynlegt að afskrifa þessa reikninga og byrja nýtt ár með hreint borð þar sem hefur verið gerð bragarbót á ákvæðum reglugerðar, þ.e. ný reglugerð hefur verið gefin út og hún virðist ætla að verka vel og fé innheimtist eins og til var ætlast. Hins vegar er talsvert um útistandandi skuldir sem Kvikmyndaeftirlitið vill losna við og þarf að losna við og þær teljast samtals vera um 3 millj. kr.

Margt væri hægt að segja almennt um efni þessa fjárlagafrv., en ég mun sleppa því. Það hefur hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, fulltrúi Kvennalistans í fjvn., þegar gert í upphafi þessara umræðna. Aðrar þingkonur Kvennalistans hafa þegar mælt fyrir ýmsum brtt. sem Kvennalistinn gerir við frv. Ég mun því láta nægja að mæla fyrir þeim brtt. sem ég hef þegar nefnt og vona að hv. fjárveitinganefndarmenn, sem hér hlýða á mál mitt, og aðrir hv. þm. taki tillit til þessara hógværu tillagna milli 2. og 3. umr. fjárlaga og styðji þau þörfu mál sem hér hafa verið borin fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Erindi mitt hingað er aðallega að mæla fyrir nokkrum brtt. sem ég flyt, ýmist einn sér eða með öðrum hv. þm., sem ekki hefur verið gerð sérstök grein fyrir enn þá, enda umræðan ekki orðin ýkja löng og nógur tími til að fjalla um það sem eftir er af slíku tagi. En það er nú eins og oftar að þegar maður er kominn hingað í ræðustólinn á annað borð þá vill maður leggja eitthvað almennt til málanna. Mig langar til að fara nokkrum orðum um fjárlagafrv. í heild sinni ekki síst með tilliti til þess að nú mun styttast fremur í það að virðulegur fjmrh. stígi í stólinn, hæstv., og tjái sig e.t.v. eitthvað um skattahlið frv.

Það hefur sem sé verið nefnt einstöku sinnum áður í umræðunni að þetta fjárlagafrv. sé allmikið

skattafrv., boði mikla skattheimtu og hefur það verið að mínu mati rækilega sannað svo ekki verður um deilt af rökföstum mönnum að það stendur til að slá Íslandsmet í skattheimtu á næsta ári, taka hæsta hlutfall í ríkissjóð af landsframleiðslu nokkru sinni. Þá er rétt að muna að það er ekki verið að taka þetta háa hlutfall, 24,7% eða hvað það nákvæmlega er eða verður, af neinni smánarlandsframleiðslu heldur líklega einnig af Íslandsmetsframleiðslu á því sviði. Ef við verðum ekki fyrir neinum skakkaföllum eða skattaföllum að ráði á næstunni ætti verðmætasköpun hér a.m.k. að verða svipuð og hún var á þessu ári eða er á yfirstandandi ári, sem sagt hin mesta í sögunni. Það er því dável að verki staðið hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að taka hæsta skattahlutfall sögunnar af mestu landsframleiðslu sögunnar.

Þetta hefur orðið mér tilefni til nokkurra hugleiðinga um mannleg örlög. Sérstaklega hefur mér orðið hugsað til hv. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem mun vera 8. þm. Reykv. Þannig vill til að hann er hvort tveggja í senn stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar og gegnum tíðina mikill áhugamaður um að ríkisbáknið þenjist ekki óskaplega út og taki ekki allt of mikið til sín.

Ég kom að máli við þennan hv. þm. fyrir nokkrum dögum og falaði hjá honum ritverk sem ég vissi að hann hafði gefið út eða komið hafði út með hans afrekum á ritvellinum. Þetta er hin skrautlegasta bók og heitir Út úr vítahringnum. Þar er að finna margar af helstu gullperlum þeirra manna í Sjálfstfl. sem mest hafa hatast gegn því að skattpeningum væri safnað í ríkissjóð. Ef hv. þm. hefði heiðrað okkur með nærveru sinni hefði ég glatt hann með því að vitna í ritverkið og sýna honum þannig að ég hef þegar haft góð afnot af gjöfinni.

Það var þannig að á árunum 1977–1978 hóf hv. þm. að setja fram í riti þá skoðun sína að nauðsynlegt væri að vinna þjóðina út úr verðbólguvítahringnum með því að reka ríkissjóð með umtalsverðum halla og skera niður skatttekjurnar, fjármagna reksturinn tímabundið með innlendum lántökum og þar með mundi verðbólgudraugurinn verða kveðinn niður og efnahagslífið taka hinn mesta fjörkipp. Og hann hafði uppi stór orð um þessar miklu tilhneigingar manna til að taka skatta og hefur sjálfsagt þótt nóg um skattagleði þeirrar ríkisstjórnar sem sat að völdum á árunum 1974–1978 því hann var þegar farinn að setja fram kenningar sínar, hv. þm., á þeim tíma. En ekki tók nú betra við þegar að völdum komust aðrar ríkisstjórnir, fyrst sú sem sat á árunum 1978–1979 og síðan sú sem sat á árunum 1980–1983, því þá þóttist hv. þm. hafa tækifæri til að kveða dálítið fast að orði um skattabrjálæðið og notaði ekki minni orð en svo, með leyfi forseta, að í grein sem birtist í Morgunblaðinu 4. okt. 1979 segir m.a. í 5. kafla, með leyfi forseta:

„Verðbólgan vörn gegn vinstra brjálæði". — Og áfram: „Skattheimtubrjálæði vinstri stjórnarinnar er orðið með þeim hætti að nauðvörn fólksins er að hjálpa til við að reka verðbólgu áfram því að frekar er unnt að borga skattana ef krónan minnkar nógu ört. Alla viðbótarskatta vinstri stjórnar mun ný stjórn afnema þegar í stað, enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn markað sér þá stefnu."

Það mætti grípa víðar niður í þessari ágætu bók til marks um að hv. þm., höfundur bókarinnar Út úr vítahringnum, taldi sig, a.m.k. á þeim tíma, vera talsmann yfirlýstrar stefnu Sjálfstfl. Þannig segir í gagnmerkri ræðu sem birt er í bókinni og líka má finna í þingtíðindum því hún var flutt á Alþingi Íslendinga í Ed. 2. febr. 1981: „Ríkið verður að slaka á klónni". — Og síðan segir á bls. 47, með leyfi forseta: „Ég skal nefna nokkur dæmi þess hvar skilur á milli stefnu Sjálfstfl. og ríkisstjórnarinnar", segir hv. þm. „Ríkisstjórnin hækkar skatta í sífellu, bæði tekjuskatta, eignarskatta, fasteignaskatta og neysluskatta, nú síðast með því að falsa skattvísitölu og leggja gjaldið fræga á öl og sælgæti. Sjálfstfl. hefur margsinnis ályktað að hann vilji afnema alla vinstri skattana." (**AG:** Það gerir Borgarafl. núna.) Hv. þm. er þó enn í Sjálfstfl., sem skrifaði þessa bók. Nú liggur það hins vegar fyrir að Sjálfstfl. hefur verið í ríkisstjórn í hátt á fimmta ár. Mér er ekki kunnugt um að einn einasti skattur af þeim sem hér er verið að ræða um hafi verið afnuminn nema ef vera skyldu einhverjar álögur á bönkum og fjármagnseigendum sem hæstv. næstsíðasta ríkisstjórn afnam snemma á ferli sínum. En nú stendur til að bæta stórfelldum sköttum ofan á þá sem þarna var hamast gegn. Og það er von að Eyjólfi Konráði Jónssyni líði illa, hv. 8. þm. Reykv., og hafi haft um það heitingar fyrr á haustinu eða fyrr á vetrinum að hann teldi sig óbundinn af tekjuhlið fjárlaganna. Reyndar lýsti hann því yfir að allur Sjálfstfl. væri óbundinn af tekjuhlið fjárlaganna, en það var borið til baka.

Þetta er einstakur árangur hjá hæstv. ríkisstjórn og það er ástæða til að óska Sjálfstfl. alveg sérstaklega til hamingju með þetta. Það er dálítið athyglisvert hversu fámálir hv. þm. Sjálfstfl. og reyndar einnig Framsfl. hafa verið um þessa gífurlegu skattheimtu. Skyldi það eiga sér einhverjar sérstakar skýringar, virðulegi forseti, að þeir hafa kosið að skýla sér á bak við hinn klæðlitla Alþfl. í þessum efnum? Jú, ætli það sé ekki það að þá gruni að þetta sé ekki í fullu samræmi við ýmislegt það sem þeir hafa verið að boða og slá sig til riddara með. Hvað er t.d. að gerast í sambandi við tekjuskatt á Íslandi sem Alþingi Íslendinga var einu sinni búið að samþykkja með ályktun að afnema í sjálfu sér, tekjuskatt af öllum almennum launatekjum? Það verður ekki séð að hann sé neitt á förum, sá skattur, þegar verið er að leggja út í stórfelldar kerfisbreytingar til þess eins að innheimta þennan skatt með nýjum hætti. Varla væru menn að því ef menn byggjust við því að hann gufaði upp eða yrði aflagður á næstu árum.

En það kynni líka að vera önnur ástæða fyrir því að hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. eru ekki mikið að æsa sig yfir þessum skattkerfisbreytingum og láta sér

nægja að standa skáhallt aftan við Alþfl. í þessum efnum sú að þeir átti sig á því að það er e.t.v. ekkert endilega mjög klókt að gerast sérstakir talsmenn og varnaraðilar þess að slá Íslandsmet í skattheimtu. Sú ástæða er að þessa skatta á fyrst og fremst að taka af launafólki. Það á ekki að hrófla við þeim gullkálfum sem standa þessum flokkum hjarta næst, þá sem eiga hið raunverulega stórfjármagn í þjóðfélaginu. Og hver er sönnun mín fyrir því, virðulegi forseti, að hér sé verið að leggja á launamannaskatta? Jú, það er sú staðreynd að það á að stórbreikka skattstofna almennra neysluskatta í landinu og það á í tengslum við staðgreiðslukerfisskattbreytinguna, eftir því sem mér sýnist, *að íþyngja einnig almenningi vegna* þess að það er veruleg hætta á að þær ívilnandi aðgerðir, sem áformaðar voru og áttu að koma upp á móti öllum þeim undanþágum sem kippt var í burtu er staðgreiðslulögin og breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt voru gerðar í fyrra, skili ekki því sem þeim var ætlað, alla vega ekki þegar afkoma almennings er skoðuð í samhengi við þá neysluskatta eða óbeinu skattabreytingar sem einnig eiga að verða.

Hver er svo þátttaka atvinnurekenda, hver er þátttaka fjármagnseigenda, hvar er skatturinn á stóreignirnar? Jú, það læddist hérna inn á borð hv. þm. núna rétt fyrir miðnættið lítið frv. sem var alveg ágætt að fá í hendurnar í tengslum við þessa skattaumræðu. Það var frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Og hvaða kafla þess frv. er verið að fjalla um? Jú, skattlagningu fyrirtækja. Nú hefur verið upplýst að það á að leggja á nýja skatta á næsta ári upp á 8750 millj. Og hver er þátttaka fyrirtækjanna í landinu í því? Jú, það kemur fram í þessum snepli sem kom hérna ljósritaður. Það var ekki einu sinni búið að prenta það. Það kom hérna í kvöld. Og þá geta menn farið yfir í almennar athugasemdir með því frv. Þar segir:

„Á fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja á því ári verði um 150 millj. kr. hærri en hann er áætlaður skv. óbreyttum skattalögum."

Síðan er farið í það í grg. hvernig eigi að breyta skattareglum fyrirtækjanna. Það er þannig að það á að fella niður framlag í varasjóð. Þar gæti orðið um 118 millj. kr. skattstofn að ræða sem þýddi 53 millj. í skatta eða tekjur. Það á að breyta reglum um niðurfærslu vörubirgða þannig að það gæti skilað 297 millj. kr. til viðbótar. Og hvað gera snillingarnir þá? Jú, þeir sjá náttúrlega að þetta er allt of, allt of mikið. Það má ekki láta fyrirtækin sitja uppi með þessi auknu útgjöld á næsta ári. Og hvað er gert? Í þriðja lagi er skatthlutfall fyrirtækjanna fært niður úr 51% í 45, lækkun tekjuskattshlutfallsins hjá fyrirtækjunum til að draga til baka stóran hluta af þeirri útgjaldaaukningu sem fyrirtækin gætu orðið fyrir vegna hinna reglnanna. Og niðurstaðan er hver? 163 millj. kr. Rétt rúmlega þær 150 millj. sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Við skulum þá segja að þær 163 millj. séu inni í þeim pakka sem fjárlögin og síðari ráðstafanir hafa gert ráð fyrir í auknum skattaútgjöldum. Og hvað þýðir það þá? Það þýðir að þátttaka fyrirtækjanna í skattaukningunni upp á 8750 millj. kr. er 1,7%. 1,7% á að fara á þær breiðu herðar. Restina á í raun og veru að leggja fyrst og fremst á almenning því það bólar ekkert á öðrum sköttum, á öðrum álögum frá hæstv. fjmrh. Þetta er slík niðurstaða, ef þetta plagg hér á að verða allt og sumt sem við eigum að fá í hendur um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst taka á öðrum aðilum, öðrum en launamönnum, að greiðir varla götu þess, ég segi það fyrir mitt leyti a.m.k., að maður fari að *greiða framgang þessara geysilegu nýju* skattaálaga hér á Alþingi. Snautlegri magalendingu hef ég varla séð ef þetta er allt og sumt sem hæstv. fjmrh. eftir öll stóru orðin ætlar að sýna á þessu sviði. Það er heldur dapurlegt.

Virðulegur forseti. Það hefur verið margfarið yfir það hér á hversu veikum grunni allar forsendur fjárlaganna hvíla. Fyrsta ástæðan er sú að öll tekjuhlið fjárlaganna nánast eins og hún leggur sig er galopin, er í uppnámi. Hún er í vinnslu í höndunum á hv. alþm. á sama tíma og þeir eru að reyna að loka fjárlögunum. Þetta eru mjög sérkennileg vinnubrögð. Í staðinn fyrir að reyna fyrst að koma tekjustofnum ríkissjóðs á hreint með því að afgreiða þau mál í október eða nóvember og vinna síðan fjárlög á grundvelli þeirra laga, sem í gildi yrðu á næsta ári og skiluðu tekjum í ríkissjóð, eru menn að reyna að gera þetta allt í einu. Og hvernig á það eiginlega að ganga? Ég segi alveg eins og er að það er von að það liggi ýmislegt ekki fyrir þegar svoleiðis er að hlutunum staðið. Það má nefna það eitt, sem reyndar fleiri hafa komið inn á, að verðlagsforsendurnar allar eru þegar augljóslega út í loftið. Enn hefur ekkert birst annað en að skv. fjárlagafrv. og forsendum þess, þeirrar þjóðhagsáætlunar sem þar er byggt á, er gert ráð fyrir að munur milli verðlagsþróunar og kaupgjaldsþróunar verði 1% eða nálægt 1%, eins og reyndar hv. þm. Kjartan Jóhannsson réttilega minnti mig á á fundi fjh.- og viðskn. í kvöld. Ég fletti upp í fjárlagafrv., fremst í greinargerðinni, og það stendur heima. Og hvað eru menn þar að tala um? Að laun hækki um 16–17% á milli áranna 1987 og 1988, en verðlag að öðru leyti um 17–18%. Það er við aðstæður sem eru þannig að verðbólgan er um eða yfir 30% og engar sérstakar horfur á því að fróðra manna mati að hún hreyfist neitt, a.m.k. ekki niður á við. Þannig þarf eitthvað mikið að gerast og nánast kraftaverk ef þessar verðlagsforsendur eiga að geta staðist. Það þarf eitthvað mjög mikið og mjög gleðilegt að gerast. Og hvað þýðir það líka? Það þýðir líka að t.d. allar áætlanir um skattbyrði hanga meira og minna í lausu lofti þegar verið er að festa niður skattaprósentur og upphæðir persónufrádráttar og ýmsa slíka hluti.

Það vita allir hvaða áhrif t.d. gengisbreytingar geta haft á afkomu ríkissjóðs í gegnum innflutning til landsins, viðskiptahalla og fleira. Allt er þetta meira

og minna í lausu lofti. Og ég held að þó að hæstv. fjmrh. sé ugglaust kjarkmikill maður hljóti að vera farnar að renna á hann tvær grímur um að þetta gangi allt upp hjá honum. Það væri að mínu mati nóg fyrir hæstv. fjmrh. að reyna að koma staðgreiðslugrunni tekjuskatta og útsvars á í landinu með sæmilega farsælum hætti og geyma sér aðrar kerfisbreytingar a.m.k. eitthvað fram eftir árinu ef ekki til næsta árs.

Ég hef ekki nokkra trú á því að það hefði skipt þeim sköpum þó breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs að öðru leyti hefðu verið látnar bíða, að það hefði munað meiru en því sem er hætt með því að gera alla þessa hluti í einu. Ég hefði talið að það hefði verið miklu farsælla bæði í bráð og lengd að leggja meiri vinnu og meiri natni við að koma staðgreiðslukerfisbreytingunni á með farsælum hætti. Það var mál og er mál sem naut mikils velvilja og stuðnings víða í þjóðfélaginu, bæði aðila vinnumarkaðarins, stjórnmálaflokkanna og fleiri aðila, og þar voru menn tilbúnir til að taka á saman og leggja á sig vinnu til að komast að sem sanngjarnastri niðurstöðu. Ég tel að hæstv. fjmrh. stefni þessu öllu meira og minna í voða með því að hleypa öllu tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs í uppnám á einu og sama haustinu.

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins til að nefna, eins og ég hef reyndar fyrr gert í umræðum um sérstakt þingmál þar að lútandi, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar er á ferðinni enn eitt málið sem á að drífa í gegn við þær aðstæður sem ég hef þegar rakið og er í sjálfu sér stórmál sem æskilegt hefði verið að hv. Alþingi og mörgum fleiri aðilum hefði gefist góður tími til að hugleiða. Þó að menn hafi lengi rætt um nauðsyn þess að gera hreinni skil í verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nauðsyn vissrar endurskoðunar á þeim hlutum þýðir það ekki þar með að menn séu tilbúnir að gleypa nánast hvað sem er bara til að prófa það. Þó að það kerfi sem í gildi hefur verið hafi engan veginn verið neitt sérstaklega fullkomið vita menn þó hvað menn búa við þar. Ég óttast mjög að þær breytingar sem nú á að rjúka í séu á engan hátt nógu vel ígrundaðar og ég gæti fært fyrir því mörg rök. Ég læt mér nægja að gagnrýna hér, eins og ég hef reyndar gert áður, þá framkomu við sveitarfélögin að á sama tíma og ríkið er að taka til sín geysilega auknar tekjur eða breikka þá stofna sem standa undir tekjuöflun ríkisins er verkefnum velt yfir á sveitarfélögin upp á 200 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Og hvað fá þau í staðinn? Þau fá í staðinn minni skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem þau í raun eiga, tekjustofn sem er þeim lögum samkvæmt markaður en hefur verið stolið úr undanfarin ár. Þessi býtti eru alveg hraksmánarleg og mesta furða að sveitarfélögin skuli ekki bara af þeirri einu ástæðu, hvernig á að standa að þessu, mótmæla þessari ósvinnu, hversu mikill sem áhugi þeirra kynni að vera á því við eðlilegar aðstæður að taka til sín einhver verkefni á jafnréttisgrundvelli. Það sem ég mundi í því sambandi kalla jafnréttisgrundvöll væri að sveitarfélögin fengju þá sjálfstæða tekjustofna á móti fyllilega sambærilega við þær auknu byrðar sem þau öxluðu.

En virðulegi forseti. M.a. vegna þess að þetta mál á eftir að koma til ítarlegrar umræðu á hinu háa Alþingi get ég geymt mér út af fyrir sig það, en ég vildi ekki láta hjá líða að nefna þetta í framhjáhlaupi. Þá ætla ég aðeins að víkja beint að þeim brtt. sem ég flyt eða er meðflm. að. Þar er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 272 og varðar 4. gr. fjárlaganna, lið 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans. Þar er ekki farið fram á ýkja stóra hluti, en engu að síður býsna mikilvæga að mínu mati. Ég legg þar til að aukið verði við fjárveitingar til jarðfræðistofu um 600 þús. kr. og vil gera nokkra grein fyrir því hvaða verkefni ég hef þar í huga.

Það er svo að þeir sem til þekkja á sviði grunnvatnsrannsókna á Íslandi hafa gert sér grein fyrir því, og sú umræða hefur einkum og sér í lagi verið uppi hin allra síðustu ár, að þekking manna á þeim hluta grunnvatnsins sem er kaldur eða volgur er til muna minni en æskilegt væri, ekki síst með hliðsjón af því að Íslendingar eru orðnir býsna vel að sér um allan sinn háhita og jarðhitasvæði og mega heita sérfræðingar á alþjóðamælikvarða á flestum sviðum sem nýtingu þeirra hluta tengjast. En áhugi manna hefur á síðustu árum farið mjög vaxandi fyrir því að vita meira um efnafræði- og eðliseiginleika grunnvatns, kalds vatns og lághitasvæða. Ástæðan er margþætt. Þar kemur fyrst og fremst til sú mikla hagnýta þýðing sem þekking á þessu sviði getur haft fyrir fiskeldi sem er mjög vaxandi atvinnugrein í landinu. Og þó að því verkefni sé sinnt af ýmsum aðilum, m.a. Orkustofnun eðli málsins samkvæmt, kemur það ekki í staðinn fyrir að við Háskóla Íslands eða Raunvísindastofnun sé unnt að stunda grunnþekkingaröflun og grunnrannsóknir á þessu sviði. Í því skyni hafa sérfræðingar á Raunvísindastofnun mjög mikinn áhuga á að unnt sé að sinna sýnatöku og úrvinnslu til að auka grunnþekkingu við Háskólann á þessu sviði sem síðan yrði miðlað, eins og venja er til um þekkingu sem þannig er aflað, innan hinnar akademísku stofnunar út til annarra aðila hvort sem það eru sjálfstæðir atvinnurekendur, sveitarfélög eða aðrar fræðistofnanir eins og Orkustofnun eða Líffræðistofnun Háslólans.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þetta verkefni komist á einhvern fastan grundvöll. Því hefur verið sinnt með framlögum úr Rannsóknasjóði og Vísindasjóði á undanförnum missirum, en það er öllum ljóst sem til þekkja að slíkt getur eðli málsins samkvæmt eingöngu verið tímabundin ráðstöfun. En það sýnir þó skilning þeirra manna sem þar ráða ferðinni á þörfum þessa verkefnis að til þessara þarfa hefur verið veitt umtalsverðum framlögum undanfarin ár.

Auðvitað eru mjög margar aðrar stöður, bæði innan Háskólans og mjög víða annars staðar, sem erfitt er að segja að séu ekki jafnþýðingarmiklar eða erfitt er að segja að eigi fremur að ganga fram hjá en

þessu tiltekna verkefni og ég er í sjálfu sér ekki að gera það þó ég dragi það fram með þessum hætti. En ég legg sérstaka áherslu á að ég tel það faglega mjög skynsamlegt og ég tel það praktískt að þessu verkefni verði hrint af stað, t.d. með því að Raunvísindastofnun fái þarna einhverja hlutastöðu sem gæti komið á móti styrkjum til að sinna þessu verkefni. Ég get vitnað til bréfa sem hæstv. fjvn. mun hafa fengið þar sem fyrir liggur mikill áhugi fjöldamargra aðila sem tengjast fiskeldi, sem tengjast nýtingu grunnvatns, sem tengjast matvælaiðnaði. Öllum ber þar saman um að mikil nauðsyn sé á því að vitneskja aukist á þessu sviði.

Virðulegur forseti. Ég vil taka fram að ég vænti þess að hæstv. fjvn. og hæstv. fjmrh. íhugi þetta mál. Ég fer fram á það og er út af fyrir sig tilbúinn að kalla brtt. aftur til 3. umr. ef það mætti greiða fyrir því að sá tími sem þar með vinnst mætti greiða fyrir því að þetta mál yrði vendilega skoðað.

Síðan flyt ég á þskj. 273 nokkrar gamlar og kunnuglegar till., þar á meðal eina sem ég mun hafa flutt hvert einasta ár sem ég hef tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga og lýtur að því að hækka framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu. Mér hafa frá upphafi vega þótt framlög okkar og frammistaða okkar á því sviði einstaklega smánarleg fyrir sjálfstæða og mjög ríka þjóð eins og við Íslendingar erum, að mestu leyti a.m.k., og hef aldrei séð nein rök fyrir því að við ættum öðrum þjóðum fremur á Vesturlöndum og meðal Norðurlandaþjóða að draga sérstaklega lappirnar í þessum efnum. Mörgum hefur þótt að fortíð okkar gæfi fremur tilefni til hins gagnstæða, að við hefðum á því jafnvel meiri skilning en ýmsir aðrir hversu nauðsynlegt getur verið að styðja við bakið á þjóðum sem eru e.t.v. nýbúnar að öðlast sjálfstæði sitt og eru að skrefa sig áfram til nokkurrar velmegunar og þroska, en þó hefur þetta verið þannig að við erum í hópi allra lægstu þjóða sem komist hafa sæmilega til bjargálna hvað framlög á þessu sviði snertir. Nú skortir ekki til að við getum ýmislegt lagt af mörkum fleira en peninga ef út í það er farið og hefur margoft verið rætt að hluti af slíkri aðstoð gæti falist í því að við aðstoðuðum aðrar þjóðir á þeim sviðum þar sem mest munar um okkur, til að mynda á sviði sjávarútvegs og við nýtingu jarðhita.

Ég legg til fremur hógværa hækkun á þessum lið, eins og ég hef reyndar gert, að þetta framlag hækki úr þeim 20 millj. sem settar voru nú inn í fjárlagafrv. af allri þeirri rausn sem vitnar um höfunda þess, umtalsverð lækkun frá fyrra ári. Legg ég til að það fari í 80 millj. kr. Mér skilst að fjvn. sé með einhverja lítilvæga hækkun í sínum till. og er allt gott um það að segja þó að það dragi auðvitað skammt.

Síðan hef ég tekið tvo liði sem ég tel óþarfa í fjárlagafrv. Það er í fyrsta lagi 13 millj. og 520 þús. kr. fjárveitingu til að við getum tekið þátt í hernaðarbandalaginu NATO. Ég tel að það dugi þar að veita 1000 kr. til að ganga frá þeim skjölum og póstleggja sem þarf til að segja sig úr klúbbnum og hef því lagt til að fjárveitingar á næsta ári í þetta verkefni verði 1000 kr. Þarf ég held ég ekki að rökstyðja það frekar.

Síðan er einn liður enn sem tengist utanríkismálum eða þeim málum sem heyra undir utanrrn. og það er liður sem mér hefur þótt sérstaklega hneykslanlegur og einstök lítilsvirðing við íslensku þjóðina. Það er sú aðferð, sem höfundum fjárlagafrv. á síðasta ári datt í hug, að færa rekstur ratsjárstöðva bandarískra hersins, sem skal alfarið kostaður af þeim aðilum upp á hverja einustu krónu, út og inn í gegnum íslensku fjárlögin. Nú er það eins og allir vita að rekstur þessara hernaðarmannvirkja er íslensku þjóðinni óviðkomandi, er algerlega kostaður af Bandaríkjamönnum og Altlantshafsbandalaginu og eru væntanlega ekki tillögur uppi eða hugmyndir uppi um annað. Þar af leiðandi tel ég það með öllu órökrétt, óviðeigandi og í raun og veru móðgun og lítilsvirðingu að færa þessi hernaðarútgjöld inn í íslensku fjárlögin. Þetta hljóta að vera fyrstu beinu útgjöldin í umsvifum af hernaðartagi sem þannig eru inn færð. Ég sé í raun og veru ekki neinar ástæður nema þá ef vera skyldi einhverjar misskildar pólitískar forsendur fyrir því að færa þarna út og inn nákvæmlega sömu töluna, þ.e. annars vegar útgjöld vegna rekstrar upp á tilteknar fjárhæðir, einhverja tugi milljóna ef ég man rétt, og hins vegar nákvæmlega sömu töluna inn sem framlag frá Bandaríkjamönnum eða Atlantshafsbandalaginu. Ég beini því til hæstv. fjmrh. hvort hann sem nýr maður í embætti væri fáanlegur til að taka það upp við hæstv. utanrrh., sem er mikill stuðningsmaður slökunar og vinsamlegrar sambúðar þjóða bæði í austri og vestri eins og við vitum, að fella þennan leiða lið út úr íslensku fjárlögunum. Ég sé ekki að það skipti nokkru máli þá Bandaríkjamenn hvort þeir greiða þetta með gegnumstreymi í gegnum íslensku fjárlögin eða ekki. Mér þætti til mikilla bóta ef þessi ljóti og leiðinlegi liður hyrfi í burtu, sé ekki að það ætti að vera útgjaldamikið fyrir hæstv. fjmrh. og utanrrh. að koma sér saman um að hafa það þannig.

Ég vil taka undir með Svavari Gestssyni, hv. 7. þm. Reykv. um nauðsyn þess að fjárveitingar til mannvirkjagerðar á landspítalalóðinni, nánar tiltekið til K-byggingarinnar, verði auknar. Ég hef setið, virðulegur forseti, í stjórnarnefnd ríkisspítalanna undanfarin fjögur ár og yfirgef nú þá ágætu nefnd um áramótin. Ég hef því haft ágætis tíma til að kynna mér stöðu mála á ríkisspítölunum og hef út af fyrir sig haft af því ánægju og mikið gagn að kynnast innviðum þeirrar miklu starfsemi sem þar er rekin. Ég vil leyfa mér að fullyrða við hv. alþm. að engin ein framkvæmd er jafnmikilvæg fyrir framþróun læknavísinda á Íslandi og sú að K-byggingunni miði með eðlilegum hætti þannig að sú miðstöð nútímalækninga sem þar á að staðsetja og færa inn á næstu árum með nýtísku tækjakosti til röntgen- og krabbameinslækninga og fleiri slíkra hluta komist áfram með eðlilegum hætti.

Það er einnig þannig að við gífurleg þrengsli er að búa á ríkisspítölunum yfir höfuð og allar þær úrlausnir sem horft er til með húsnæðismál tengjast þeirri rýmkun sem verður þegar tiltekin starfsemi flytur út í hina nýju K-byggingu. Ég óttast því mjög að ef sú áætlun sen hefur verið unnið eftir á undanförnum árum og gerir ráð fyrir ákveðnum verkáföngum verður brotin upp með ónógum fjárveitingum, eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, verði þar upplausnarástand og allt það samkomulag sem reynt hefur verið að ná um nýtingu húsnæðis og áfanga í þeim efnum verði fyrir bí.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. helstum sem ég flyt eða er meðflm. að. Ég vil segja að ég hef ekki farið út í þann hátt, sem ég sé að ýmsir aðrir hv. þm. gera, að flytja brtt. til hækkunar með e.t.v. einstaka framkvæmdaliði í mínu kjördæmi. Ég geri mun frekar og finnst það geðslegra vinnulag að gera frekar almennar athugasemdir við fjárveitingar í þá málaflokka sem ég tel að séu illa leiknir í frv. eða fyrirhuguðum fjárveitingum og tel þar með að ég geri grein fyrir því að ég sé og þekki og veit mjög vel að ýmis verkefni í mínu kjördæmi, jafnvel í minni heimabyggð fá ekki þær fjárveitingar sem nauðsynlegt væri og vert væri, en þannig hlýtur það einfaldlega að vera þegar of naumt er skammtað í heildina að þá verði margir óánægðir og þar með talið þm. einstakra kjördæma fyrir hönd sinna kjördæma. Ég tel þó betra og farsælla, ef menn geta, þrátt fyrir almenna fyrirvara af því tagi um það fjármagn sem til skiptanna er, að reyna að ná samkomulagi um þá útdeilingu sem verður að eiga sér stað á þeim fjármunum sem til skipta verða. Það hefur verið mitt vinnulag þann tíma sem ég hef tekið þátt í slíku og mun ég halda því áfram nema eitthvað mjög óvænt gerist. Ég hef því ekki flutt sérstakar brtt. um hækkun á einstökum framkvæmdaliðum í mínu kjördæmi heldur eingöngu tekið út úr nokkra almenna þætti sem ýmist tengjast staðbundnum verkefnum sem eru einstök eða með alveg sérstaka stöðu eða þá fjárveitingum til heilla málaflokka. Ég hefði átt létt með að útbúa ýmsar góðar brtt. um hafnir, skóla, sjúkrahús eða aðra slíka framkvæmdaliði hvort sem heldur væri í Norðurlandskjördæmi eystra eða þess vegna um land allt, en ég tel eðlilegra í sjálfu sér að menn ræði málaflokkana sem slíka, um þá þörf sem þar er í heild sinni frekar en einstaka staðbundna hluta þeirra.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að ljúka þessari umfjöllun minni við 2. umr. fjárlaga og geri ekki ráð fyrir að tala mikið oftar nema í þetta eina sinn. Ég verð að segja að það er ástæða til að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með ýmislegt eins og skattametið. Ég tel það alveg sjálfsagt. Þetta er glæsilegur árangur í skattheimtu og fari að vonum og innheimtist og reytist þessir skattar inn með þeim hætti sem ætla má eða vænta má verður úr ýmsu að moða hjá hæstv. fjmrh. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hefði getað hugsað mér skiptingu þess fjár með nokkuð öðrum hætti, en þó geri ég það ekki að aðalatriði míns máls. Um slíkt má lengi þrasa. En það sem ég hefði viljað sjá miklu öðruvísi er hvaðan þessar tekjur koma. Það er að mínu mati alveg lykilatriði.

Ég er skattheimtumaður eins og hæstv. fjmrh. greinilega er og ég er ekki að agnúast í sjálfu sér við það að tekið sé inn í ríkissjóð fjármagn til samneyslu í landinu. Ég vil að það sé alveg morgunljóst þó hér sé komin nótt og rúmlega það að ég er ekki að gagnrýna þessa hluti mikið á þeim forsendum að það þurfi ekki peninga til að greiða hinar sameiginlegu þarfir. Það sem skiptir hins vegar miklu máli er að þeirra sé aflað með sanngjörnum hætti, þeir beri byrðarnar sem hafa til þess burðarþol. Auðvitað á síðan að reyna að eyða tekjunum líka þannig að í því felist nokkur jöfnun. Þar get ég ekki óskað hæstv. fjmrh. né þjóðinni til hamingju, því miður. Ég tel að þessi mikla skattheimta, ekki í sjálfu sér stærðarinnar vegna heldur í ljósi þess hvernig fjárins er aflað, sé mjög dapurleg ef ekki sorgleg niðurstaða bæði fyrir þjóðina og fyrir hæstv. fjmrh.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 265 sem er breyting á þskj. 244, fjárlög 1988. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 71.b, Byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Við bætist nýr liður, Seltjarnarnes 15 millj. kr.“

Ég sé mig knúinn til að flytja þessa brtt. þó svo ég fyrir fáeinum dögum hafi tekið þátt í því ásamt öðrum þm. Reykjaness að færa fjárveitingu til þessa verkefnis til annarra verkefna innan kjördæmisins. Og ég mundi enn á ný gera slíkt hið sama á næsta ári ef það yrði úthlutað fé til þessarar framkvæmdar með sama hætti og nú var gert.

Þessi heilsugæslustöð hefur ákaflega sérkennilega stöðu í kerfinu. Það var fyrir rúmlega tíu árum að tekin var ákvörðun um að byggja heilsugæslustöð á Seltjarnarnesi. Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi ákváðu þá að 500 fermetra stöð mundi duga fyrir Seltjarnarnes, en heilbrmrn. tók þá ákvörðun án þess að bæjarstjórn óskaði eftir og heldur ekki borgaryfirvöld í Reykjavík að byggð skyldi stærri stöð, 1000 m^2, sem mundi þjóna stórum hluta vesturbæjar Reykjavíkur ásamt Seltjarnarnesi. Í dag eru 550 m^2 stöðvarinnar innréttaðir og þar starfa nú tveir læknar. Þeir þjóna þeim tæplega 4000 íbúum sem búsettir eru á Seltjarnarnesi ásamt tæplega 2000 Reykvíkingum í vesturbæ Reykjavíkur. Um 300 m^2 eru óinnréttaðir, en fulleinangraðir og með hita. Þetta mun vera ódýrasti heilsugæslustöðvarkostur sem til er í landinu því þarna má koma fyrir tveimur læknum og sinna væntanlega einum 3000 eða fleira fólki sem býr á þessu svæði. Þetta minnir einna helst, ef maður hugsar um virkjanakosti, á stíflugerð í Laxárdal fyrir Laxárvirkjun. Sá er munur þar á að ríkisvaldið gerði samning á sínum tíma við bændur um að þeirri framkvæmd (**Gripið fram í:** Það eru fjórir læknar.) Það má rétt vera. Ég get vel ímyndað

mér að það hafi verið rétt hjá hæstv. ráðherranum. En ef ég held áfram með virkjunarkosti í Laxárdal minnir þessi heilsugæslustöðvarkostur einna helst á stíflugerð í Laxárdal, en sá munur er á að ríkisvaldið gerði á sínum tíma samninga við bændur um að sú framkvæmd yrði stöðvuð, en það væri hægt að hefjast handa við að innrétta 300 m^2 í heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi þegar á morgun.

Það er svo að sá hluti sem er óinnréttaður, þessir 300 m^2, er eingöngu ætlaður fyrir íbúa í Reykjavík. Seltirningar hafa í sjálfu sér fengið sína heilsugæslustöð og þeir þurfa ekki meira. Þess vegna er ofur skiljanlegt að í hvert sinn sem úthlutað er fjármagni til þessarar stöðvar á kvóta Reykjaneskjördæmis hljóta þm. þess af eðlilegum ástæðum að flytja það til annarra verkefna í kjördæminu. Reykvíkingar virðast heldur ekki hafa áhuga á því að þessi stöð verði kláruð. Þeir vilja leysa sín heilsugæslustöðvarmál með öðrum hætti. Þar með höfum við þarna þessa heilsugæslustöð, þ.e. þessa óinnréttuðu 300 m^2, á milli vita. Og hvað á við þetta að gera?

Það eru ýmsir möguleikar. Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa m.a. rætt það sem raunhæfan möguleika að ríkisvaldið skili Seltjarnarnesbæ þessum 300 m^2 og það verði þá gerður sérstakur samningur þar um. Bæjaryfirvöld fái þá ráðstöfunarrétt yfir þessum 300 m^2 og geti notað þá til annarra verkefna eða Reykjavíkurborg gæti hugsanlega tekið þessa 300 m^2 á leigu og innréttað þá og nýtt þá eins og þeim þykir best henta. Alla vega verður að finna lausn á þessum gordíonshnút sem þarna er, því annars fer sem fór nú, að þó fé verði veitt til þessarar stöðvar á næstu árum verður það jafnharðan af þm. Reykjaness flutt til annarra verkefna. Reykjavíkurborg og Reykjavíkurþm. hafa ekki áhuga á að fé verði veitt til þessa verkefnis. Ég skora því á hæstv. heilbrmrh. að finna lausn á þessu vandamáli og finnist hún er ég reiðubúinn að draga þessa till. til baka.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni að heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi er furðulegt fyrirbæri. Þó þessi ríkisstjórn sé ekki ábyrg fyrir hvernig málin standa þar var það ríkisstjórnarákvörðun á sínum tíma sem kom í veg fyrir að Reykjavíkurborg byggði sína heilsugæslustöð sem átti að þjóna vesturbænum svo til öllum frá Hringbraut að Seltjarnarnesi með Skerjafirði innifalið ásamt aðstöðu í Landakotsspítala. En ríkisstjórnin greip inn í á sínum tíma og byggði á Seltjarnarnesi heilsugæslustöð sem að mig minnir, þegar ég tók þátt í umræðum á þeim tíma sem borgarfulltrúi í Reykjavík, er byggð til að þjóna 12 500 manna byggðarlagi, en Seltjarnarnesið var ekki talið á þeim tíma, miðað við þær byggingar sem áætlaðar eru, geta hýst meira en í mesta lagi, í langmesta lagi 7 þúsund manns. Það sjá allir að hér er um slík mistök að ræða að ríkið verður að leysa þennan vanda, fyrir utan annað, að Reykvíkingar, sem búa í Skerjafirði eða búa lengst frá í þeim bæjarhluta sem stöðin á að þjóna, telja sig ekki geta notað stöðina, hún sé of langt í burtu, fyrir utan að margir af þessum stoltu vesturbæingum kæra sig ekkert um að fara út úr bænum til að láta þjóna sér á þennan hátt. Þetta er mál sem þarf að leysa á annan hátt.

En ég harma að hv. formaður fjvn. er líklega farinn að sofa, enda ekki óeðlilegt. Það er skiljanlegt. Hann talaði um að fjvn. flytji ekki margar brtt., þær væru frekar fáar. Það er eflaust alveg rétt hjá honum, enda hafði fjvn. ekki mikið svigrúm til að flytja neinar brtt. Eins og kemur fram í nál. á bls. 2, þar sem skipt er eftir erindum, kemur fram að ríkisstjórnin hefur gefið þeim svigrúm upp á 285 millj. eða 26,8%. Restin af þeim 1000 millj. sem þeir fengu síðast til ráðstöfunar, sem er 73,2%, er samkvæmt skömmtunarseðli frá ríkisstjórninni ef það er þá að marka nál. sem meiri hl. skilaði í kvöld.

En til viðbótar við þetta nál. kom fram í ræðu hv. formanns fjh.- og viðskn. að mikill vandi ríkisstjórnarinnar í peningamálum stafaði af gengislækkun dollarans sem daglega yki á erfiðleika ríkisstjórnarinnar. Er hann þá eins og aðrar blekkingar sem koma úr þessari átt að tala um að vegna gengislækkunarinnar komi minna inn fyrir þann hluta af útflutningsafurðum okkar sem seldar eru til útlanda í dollurum, en getur ekki um að í Bandaríkjunum a.m.k. hafa afurðirnar hækkað um 30% og hann getur heldur ekki um hvað mikið við skuldum í erlendri mynt, sem er miðuð við dollara, og hvað mikið við græðum bókstaflega á gengislækkuninni. Ef við tökum 30% aukningu á afurðunum og það sem við borgum minna í krónum held ég að það þurfi ekki að öskra hér hvað eftir annað að eitthvert vandræðaástand sé að skapast vegna lækkunar dollarans. Það er alrangt.

Hv. formaður fjvn. las upp það nál. sem er á þskj. 249. Þetta þskj. segir mest um hvernig hv. formaður nefndarinnar og líklega þeir sem skrifa undir þetta plagg, meiri hl. nefndarmanna, vilja hafa vinnuaðstöðuna í fjvn. Þeir segja frá því að í þetta skipti hafi þeir fengið Ríkisendurskoðunina sér til aðstoðar við gerð fjárlaga og nýskipaður vararíkisendurskoðandi hafi unnið fjárlagafrv. með fjvn. Það er náttúrlega trygging fyrir því að það er eins lítið vitlaust og hægt er að hafa frv. og er gott að vita til þess að svo öruggur og góður maður sem sá einstaklingur er skyldi hafa verið kallaður til aðstoðar.

En með leyfi forseta grípég niður í nál. Ég vil taka það fram að þó að hv. formaður fjvn., sem er því miður fjarverandi, telji ástæðu til þess að fjvn. öll starfi allt árið er það rétt sem kemur fram framarlega í þessu nál. innan gæsalappa að það er starfandi undirnefnd fjvn. allt árið. Þegar ég var fjmrh. um tíma reyndi ég að fá fjvn. til að starfa með mér og þá sérstaklega í aukafjárveitingum, eins og ég er hræddur um að núv. fjmrh. eigi eftir að gera í ríkum mæli miðað við fjárlagafrv., en það var þannig að það var ekki hægt að ná saman fjvn. vegna þess að þeir ágætu menn sem hana skipuðu þá voru í sumarfríi eða uppteknir við annað, þeir eru menn

sem eru uppteknir í sumarfríum Alþingis og aldrei lausir allir í einu til að mæta á fundum allt sumarið. Og þó að undirnefnd fjvn. sé fámennari er það eins með hana. Hún var líka í sumarfríi. Það voru aðallega formaður og varaformaður fjvn. sem ég átti gott samstarf við, en þeir voru líka í sumarfríi til skiptis. Ég sé því ekki að það sé nein bót í því né þörf að skipa fjvn. sem starfar allt árið. Ég held að það sé alveg útilokað að hafa fjvn., jafnvel þó að henni verði skipt upp í undirnefnd, sem yrði starfandi þá sem eins konar eftirlitsnefnd, eins og hér er talað um, allt árið. Ég efast um að það væri hægt.

Ég fagna því, sem er þegar orðin staðreynd, að Ríkisendurskoðun fylgist með fjárlagagerðinni. Ég vil líka fagna því að Ríkisendurskoðun kemur til með að fylgjast með framkvæmd fjárlaga því að það er kannski stóra atriðið að Ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárlaga. Í minni fjármálaráðherratíð skipaði ég sérstaka nefnd þar sem ríkisendurskoðandi var formaður og allir helstu embættismenn ásamt fleirum, þ.e. embættismenn fjmrn., voru í þeirri nefnd til þess að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Í þeirri nefnd voru m.a. bæði formaður og varaformaður fjvn. Það getur vel verið að það hafi borið árangur því að síðasta fjárlagafrv. sem ég gerði var lagt fram með tekjuafgang upp á 123 millj. tæpar. Þessi nefnd starfaði vel.

En við erum að breyta ansi mikið kerfinu og það sem hv. formaður fjvn. er að leggja til er hættulegt að sumu leyti. Það er nóg að hafa Ríkisendurskoðun sem eftirlitsaðila með framkvæmd fjárlaga og ég fagna því og ég vona að það komi góður maður sem umboðsmaður Alþingis því að umboðsmaður Alþingis verður ekki að mínu mati fulltrúi þingsins gagnvart kerfinu eða gagnvart einstaklingnum eða gagnvart almenningi. Hann á að vera fulltrúi fólksins. Hann á að gerast fyrirgreiðslumaður. Hann á að verja fólkið gegn kerfinu ef fólkið þarf að sækja sinn rétt á kerfið. Öðruvísi væru þetta mistök vegna þess að kerfið sér um sig. Það eru margir sárir út af kerfinu vegna þess að þeir eru of litlir einstaklingar til að hafa kjark til að takast á við kerfið. En ef það kemur góður umboðsmaður er hann umboðsmaður fólksins gagnvart kerfinu.

En ég vona á sama hátt og Ríkisendurskoðun verður eftirlitsaðili með framkvæmd fjárlaga að það verði ekki í framtíðinni þó að það hafi verið núna að vissu marki að Ríkisendurskoðunin verði látin gera fjárlögin. Það tel ég rangt. Ég fagna því að það var veitt aðstoð frá Ríkisendurskoðun til að gera þessi fjárlög, en ég harma ef Ríkisendurskoðun á í framtíðinni að taka þátt í að gera fjárlögin, að vinna verk kjörinna fulltrúa, vinna verk fjvn. Það álít ég rangt.

Eins vil ég vara við, og beini þá orðum mínum til hæstv. fjmrh. vegna þess að hv. formaður fjvn. er líklega farinn að sofa, en hann talar um í þessu nál., með leyfi forseta ætla ég að lesa þetta, það er ekki svo langt, en hann segir á bls. 2:

„Er það ætlun nefndarinnar að halda áfram umfjöllun sinni um bætt vinnubrögð og betri starfsaðstöðu við fjárlagaumfjöllunina og má búast við því að fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu hafi fleiri slíkar breytingar þegar komið til framkvæmda. Eigi skiptir minna máli sá þáttur í starfsemi fjvn. sem lýtur að því eftirlitshlutverki sem nefndin á og verður að hafa. Til þess að geta lagt eigið raunhæft mat á tillögur ríkisstjórnarinnar, stofnana og annarra aðila um fjárveitingar á fjárlögum þarf fjvn. auðvitað að geta lagt eigið mat á hvort áætlanir sem fyrir nefndina eru lagðar séu raunhæfar til stuðnings slíkri tillögugerð og eins á nefndin að hafa sjálfstætt eftirlit með því að ákvarðanir Alþingis við fjárlagagerðina séu virtar.“ Og svo heldur áfram: „Þetta eftirlitshlutverk fjvn. þarf að stórefla og gefst nú tækifæri til þess með samstarfi hennar við Ríkisendurskoðun.“

Ég ætla ekki að lesa meira. Tilvitnun í nál. lýkur hér með. En ég vil líka harma það, hæstv. fjmrh., ef ég má beina orðum mínum að hæstv. fjmrh. í fjarveru formanns fjvn., að fjvn. skuli ætla að taka að sér eins konar löggæslu. Það er ekki hennar hlutverk og getur aldrei orðið. En það er hlutverk Ríkisendurskoðunar. Eins getur það aldrei orðið hlutverk Ríkisendurskoðunar að gera fjárlögin. Það er hlutverk fjvn. Ég held að við verðum að átta okkur á því hvað er verið að segja hér.

Svo ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa að síðustu þetta. Þar segir:

„Vegna þeirra aðstæðna að þingkosningar höfðu rofið umboð þess þings sem sat á síðasta kjörtímabili og sumir sem þá höfðu setið í fjvn. voru ekki á þingi var gripið til þess ráðs að fjmrh. skipaði sérstaka nefnd fulltrúa úr öllum þingflokkum til þess að vinna það undirbúningsstarf sem undirnefnd fjvn. hafði áður unnið.“

Það er ekkert sem kom í veg fyrir að Alþingi hefði komið saman strax að loknum kosningum. Jafnvel þó ríkisstjórn hefði ekki verið mynduð. Ríkisstjórnin gamla gat setið eins og hún sat í umboði forseta Íslands þó þing yrði kallað saman til þess að eðlileg skipan kæmist á þingið sjálft. Ég vara við öllu sem fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar. Og ég vil ljúka þessari tilvitnun minni í upphaf nál. með því að endurtaka að þessi hluti nál. endar svona, með leyfi forseta:

„Samtals nema brtt. fjvn. við 2. umr. 1 milljarði 62 millj. 233 þús. kr. og greinast þær á eftirfarandi hátt“ — og þar er fyrst skipting eftir hagrænu eðli og síðan er skipt upp eftir uppruna erinda og þar kemur fram að fjvn. hefur haft, eins og hér segir, í aðrar afgreiðslur nefndarinnar 26,8%, samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar 61,9% og í verðlags-, launaleiðréttingar o.fl. 11,3%. Nefndin hefur ekki haft neitt til skiptanna. Hún hefur bókstaflega ekki haft nokkurn skapaðan hlut til skiptanna.

Ég ætla ekki að fara út í þá miklu vinnu sem fjvn. hefur unnið í hinum einstöku liðum. Ég hef ætlað mér það hlutverk að gera enga athugasemd við þá vinnu né einstök ráðuneyti. Það hafa aðrir gert og gert það vel. Ég er ekki sammála ýmsu því sem hér

kemur fram. Hitt er annað mál að ég veit ekki enn þá hve mikið er til skiptanna. Ég veit ekki enn þá hversu miklu er búið að skipta og gera tillögur um að skipta þannig að þrátt fyrir að miklar tekjur koma augsjáanlega í ríkiskassann á næsta ári er ekkert víst að hann verði hallalaus eins og menn vona.

Ég er ekki að biðja þm. um að hafa hljóð. Ég ætla að bíða þangað til þeir eru hættir að hafa hátt. (**Forseti:** Það er verið að gera ráðstafanir til að loka hurðum.) Mér liggur ekkert á. Ég hef sterka fætur og get staðið lengi. Það er nú svo. Það fer stundum eftir því hvað fæturnir eru sterkir hvað maður getur talað lengi. Ég held að ég geti talað nokkuð lengi.

Ég ætla ekki að fara í einstaka liði þess verks sem hér liggur fyrir frá meiri hl. fjvn., en ég vil aðeins harma að hér hafa nokkrir stjórnarþm. séð ástæðu til að gera athugasemdir við að fjárveitinganefndarmaður Borgarafl. hefur leyft sér að hafa sjálfstæða skoðun og flutt nokkrar tillögur sem hann að eigin mati taldi eðlilegt að flytja og að sjálfsögðu, eins og aðrir þm., hefur talið sér skylt að láta sína skoðun koma á eðlilegan og þinglegan hátt fram. Þó að hann sé fulltrúi síns flokks í fjvn. tekur það ekki af honum réttinn til að vera sjálfstæður þm. hér uppi í deild. Og ég harma ef þm. annarra flokka, ég tala nú ekki um ef það er sá flokkur sem mér þykir enn þá vænt um, Sjálfstfl., neita sínum þm. nú, það gerði hann ekki áður, um að flytja tillögur eftir því sem þeir töldu rétt og eðlilegt svo lengi sem það braut ekki í bága við almennt siðgæði. Það hef ég aldrei orðið var við. Ég harma þá athugasemd sem hefur komið fram um tillöguflutning fulltrúa Borgarafl. í fjvn.

Ég hafði afskaplega gaman af því að sjá hvernig vilji er ekki allt sem þarf. Það er oft vitnað í það þegar þm. ætla að koma sínum hugsunum virkilega til skila. Þá segja þeir: Vilji er allt sem þarf. Nú koma upp tveir gamlir og reyndir þm. og segja: Við viljum gera allt fyrir íþróttahreyfinguna. Við viljum rétta hennar hag, en við skulum koma henni á réttan kjöl á næstu árum. Bæði hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson og hv. 1. þm. Vesturl., sem eru báðir reyndir og góðir þm., koma og lofa hátíðlega úr þessum virðulega ræðustól að á næstu árum skuli íþróttahreyfingin ekki vera í neinum vanda. Þá eigi að koma henni á réttan kjöl. Af hverju á næstu árum? Af hverju ekki strax? Af hverju er tekin til baka sú hækkun sem fjvn. og fjmrh., þegar ég var þar, létu til íþrótta í landinu? Það er einmitt upphæðin sem ég lét í té sem er tekin til baka af Íþróttasambandinu. Ég hækkaði Íþróttasambandið á sínum tíma úr 12 millj. í 26 millj. Það er lækkað aftur úr 26 og ég held niður í 14. Ég hækkaði Ungmennasamband Íslands að mig minnir um 5 millj. eða svo. Það er einmitt það sem er tekið af Ungmennasambandinu núna eða ungmennafélögunum. Það var búið að leggja niður byggingarsjóð íþróttamannvirkja, Íþróttasjóð. Það var búið að leggja hann niður þrátt fyrir miklar skuldbindingar. Átti hann ekkert að fá? Hver átti að borga? Hver átti að standa í skilum með loforð ríkisins? Síðan er það hækkað aftur um nokkurn mér liggur við að segja lúsaskít. Það er hækkað um 15 millj. En til hvers? Af hverju takið þið ekki framkvæmdaféð af íþróttahreyfingunni alveg? Af hverju voruð þið að láta koma til baka 15 millj.? Ég veit að hæstv. fjmrh. er sérmenntaður sem forsrh., en hann er fjmrh. svo að ég segi: Hæstv. fjmrh. Af hverju að láta til baka í Íþróttasjóð 15 millj. Til hvers og af hverju? Haldið þið að það sé eitthvað hægt að gera við 15 millj.? Það er ekki upp í greiðsluloforð sem fyrir hendi eru. Í guðanna bænum farið ekki að byggja meira af íþróttamannvirkjum og skemma æskuna með því að gera hana heilsuhrausta og búa hana undir framtíðina með því að ausa í hana peningum. Gerið það ekki því ef þið farið að byggja íþróttamannvirki þarf líka að reka þau. Þetta rekstrarfé sem þið takið af íþróttahreyfingunni er þó ekkert rekstrarfé vegna þess að íþróttahreyfinguna, þó hún fengi þessar 26 millj., kostar líklega nálægt 1 milljarði að reka í ár. Það var eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. Um leið og lottó fer að gefa einhverja peninga halda menn að í fyrirtæki eins og lottói séu allar inntektir nettó um leið og þær berast. Það er ekki búið að borga niður kostnað við að koma því af stað og langt þangað til það verður gert. En samt sem áður eru íþróttafélögin farin að fá smátekjur, miklu minna en þau fá að sjálfsögðu þegar fyrirtækið er búið að greiða sig niður og stofnkostnaðurinn er ekki lengur þröskuldur.

Á sama tíma sem tekjur ríkisins eru meiri en nokkru sinni fyrr eru ýmsir góðir, þarfir liðir, eins og t.d. æskulýðsstarfið, numdir burt. Það er algert skilningsleysi á starfsemi þeirra félaga og samtaka sem eru það eina sem getur verið vörn sem dugar eitthvað, því miður ekki að öllu leyti, gegn alls konar hættum sem steðja að æskulýðnum og þá er ég sérstaklega með í huga eiturlyf og ofnotkun lyfja. Þó að hreyfing eins og Stórstúkan sé rekin af gömlum mönnum má segja er þetta virðulegur félagsskapur sem hefur gert margt gott. Okkur ber að standa undir rekstri Stórstúkunnar og æskulýðsstarfinu sem henni fylgir. Það er alltaf erfiðleikum bundið að fá þó ekki sé nema nokkra tugi þúsunda til starfseminnar. Það þarf allt að byggjast á þessum mönnum og fólki sem hefur eytt ekki bara venjulegri starfsævi heldur mannsævum má segja frá morgni til kvölds, frá vöggu til grafar í það að gera öðrum gott. Ég veit það ekki. Ég segi, án þess að geta sagt það orðrétt, eins og kvennalistakonan sagði hér, ég man ekki hvaða hv. þm. það var, sem var að fagna því að kvennarannsóknir hefðu loksins komið á skrá. Hún sagði þetta svo yndislega, var svo fegin, hún var svo ánægð með að þessi liður skyldi hafa séð náð fyrir augum þeirra sem ráða, ég held ég hafi hvíslað að sessunaut mínum að líklega hefði ríkisstjórninni tekist að sá skynsemisfræi í þetta eina skipti, fengið smáskynsemiskast. Það væri ágætt að þeir fengju það líka hvað æskuna snertir.

Ég las eins og kannski flestir þm. leiðara Morgunblaðsins á sunnudaginn. Þar kom fram að það er til leynisamningur í ríkisstjórninni. Ég vissi það ekki. En þar segir að það hafi verið samið um að gera hallalaus fjárlög í ár. Ég fór að rifja upp stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þá kom fram að í stefnuyfirlýsingunni er gert ráð fyrir að ná ríkissjóði hallalausum á þremur árum. Ég vildi gjarnan fá meiri upplýsingar, ef það er hægt, um þennan leynisamning. Það er sett upp fjárlagadæmi eða fjárlög eru sett fram, en ríkisstjórnin tekur það af löggjafarvaldinu og breytir því um 1000 millj., leggur fram falskt skjal og breytir því að geðþótta og skammtar svo fjvn. ákveðna upphæð til að ráðstafa að nafninu til eins og hún starfi sem fjvn. Svo koma upplýsingar seinna um að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er líka falsað plagg. Ég trúi því ekki að Morgunblaðið ljúgi. Það fær mig enginn til að trúa því.

Þar segir að samkvæmt samningi ríkisstjórnarflokkanna hafi verið samið um að ná fjárlögunum hallalausum á einu ári eins og verið er að gera. Og hvað þýðir það? Það þýðir ekkert annað en að fjárlögin, ef vel tekst til, eru hallalaus, en heimilin sitja uppi með halla. Fólkið í landinu er búið að fá þennan halla inn til sín. Auðvitað er það rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni, að það eru láglaunahóparnir sem líða mest vegna þess að þeir þurfa að nota 100% sínar tekjur til að kaupa fyrir mat. Þeir sem eru tekjuhærri eða eiga mikla peninga nota hluta af sínum tekjum til að lifa af frá degi til dags. Eins og á stendur núna er kannski til leyniplagg sem getur verið að sé enn þá verra en það sem við höfum þegar séð. Þetta leyniplagg segir: Við skulum ekki láta fólkið komast upp með að eiga peninga.

Þetta er undir forustu Alþfl. sem allt frá því að ég var að selja Alþýðublaðið í gamla daga barðist fyrir auknum tekjum verkalýðsins, láglaunahópanna, enda voru forustumenn flokksins flestir af Eyrinni þá, en það er komið nýtt andlit á flokkinn í dag. Nú er ekki lengur baráttumálið að flokkurinn standi í baráttu fyrir auknum tekjum láglaunahópa heldur er aðalbaráttumál flokksins að ná því litla sem fólkið hefur af því í sem ríkustum mæli því allir vita að verkamaðurinn lifir ekki af átta stunda vinnudegi. Hann gerði það ekki áður en matvæli hækkuðu um 25%. Ég held að hann geri það síður eftir að matvæli hækka. Mér finnst eðlilegt að það verði erfiðara fyrir hann eftir þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar en var fyrir.

Ég hef aldrei þekkt Sjálfstfl. sem skattpíningarflokk. Þess vegna leið mér oft vel í Sjálfstfl. En þetta er nýr Sjálfstfl., nýfrjálshyggjan hefur breytt honum. Ég vona að hann lifi það af.

Það kom fram hjá einum eða tveimur hv. þm. sem töluðu á undan mér, hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríði Sigurðardóttur sem talaði um að söluskatturinn væri 25% á matvælum og skilaði yfir 5 milljörðum, bara söluskatturinn einn af matvælum, í tekjuauka. Af því að hann væri svona hár, skildist mér, 25%, hlyti hann að skila sér betur. Ég held að það sé alveg öfugt. Ég held að einmitt af því að hann er orðinn svona hár skili hann sér kannski verr en ella. Alþfl. hefur flokka mest borið það upp á verslunarstéttina að hún skilaði ekki söluskattinum og kynnt árum saman að það væri til leið til að ná honum inn. Einu sinni þegar ég var nýorðinn fjmrh. sagði núv. hæstv. fjmrh. að það vantaði 10 milljarða upp á að söluskatturinn skilaði sér. Sú upphæð hefur að vísu lækkað. En hann kunni ráð sem dugar til að innheimta skattinn. Ég óska honum til hamingju með að vera nú í aðstöðu til að nota þær leiðir sem hann hefur, þannig að það fer ekkert milli mála að héðan í frá verður ekki hægt að tala um að söluskatturinn skili sér ekki.

Af því að ég er að tala um söluskattinn. Það kom fram hjá virðulegum þm. og fyrrv. ráðherra eins og flestir eru að verða hérna, Friðjóni Þórðarsyni, hv. 2. þm. Vesturl., sem er víst líka farinn heim að sofa, að við þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar mundi verslunarferðum til útlanda fækka. Ég veit ekki hvort á að leggja niður flugferðir eða eitthvað slíkt. Halda menn að verslunarferðir til Glasgow eða útlanda almennt minnki við þessar ráðstafanir? Í Englandi, af því að þangað fer fólk mest, er tollalaus innflutningur á þeim vörum sem við yfirleitt kaupum. Þá er það oftast nær varningur sem er framleiddur í eða kemur frá samveldislöndunum. En við erum með 25% söluskatt, 17½% vörugjald fyrir utan aðra tolla ef það eru tollar af vörunum. Þessi háa prósenta er alveg nóg til þess að fólk heldur áfram að fara til útlanda og versla. Við skulum ekki blekkja hvert annað. Við skulum ekki tala til hvers annars eins og við séum ekki sæmilega hugsandi fólk. Þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar gera ekkert nema illt verra.

Ég var að tala um íþróttirnar áðan. Það er einn þáttur íþrótta sem ekkert hefur verið minnst á og enginn hefur eflaust áhuga fyrir, skiptir út af fyrir sig engu máli. Það er Íþróttakennaraskóli Íslands. Hann gerir ekkert gagn. Hann menntar bara menn til að hugsa um alla æsku landsins. Hann er ekkert atriði ef frv. til fjárlaga er mælikvarði. Menn átta sig ekki á að Íþróttakennaraskóli Íslands á Laugarvatni þjálfar og útskrifar leiðbeinendur fyrir alla skóla landsins, fyrir öll íþróttafélög landsins. Það áttar sig kannski enginn á því hve mikið og óeigingjarnt starf skólastjórinn, Árni Guðmundsson, hefur unnið. Það er með ólíkindum. Ég vil segja að það er afrek. Hann hefur svo sannarlega unnið afrek, enda sjáum við það að þó að einstaka íþróttaflokkar, eins og úrvalsdeild handknattleiks, sé með erlenda þjálfara og eitt og eitt knattspyrnulið með erlenda þjálfara er árangurinn góður hjá öðrum líka, hvort sem það er á skíðum eða í knattspyrnu, handbolta eða sundi. Sundfólkið fer varla í vatn án þess að slá ný og ný met. Framfarirnar eru svona örar. Fimleikar. Við erum farnir að fá verðlaun erlendis í keppni. Hver fylgist ekki með frjálsíþróttamönnum, kösturunum

sem við höfum haft eða glímumönnum sem koma með verðlaunapeninga frá Ólympíuleikum? Körfuboltinn, lyftingar, svo að við tölum ekki um skákíþróttina. Það er alveg sama hvort það er líkamlegt eða andlegt. Við erum að eignast afreksfólk á öllum sviðum. En það er ekki þess virði að Alþingi Íslendinga taki tillit til þess og hlaupi undir bagga fjárhagslega á eðlilegan hátt. Það mundi ekki standa á peningum ef þetta unga afreksfólk væri með vandamál eiturlyfja eða eitthvað í óreglu. Þá yrði strax hlaupið undir bagga, því ekki stæði á peningum.

Virðulegur 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson talaði fyrir 2–3 tillögum sem hann ásamt hv. 13. þm. Reykv. hefur lagt fram sem brtt., þar á meðal um B-álmu Borgarspítalans sem mig minnir að hann hafi lagt til að fengi 50 millj., Framkvæmdasjóð fatlaðra, Landspítalalóðina, K-bygginguna og ef ég man rétt talaði hann um Framkvæmdasjóð aldraðra og bíður eftir að vita skiptinguna á þeim sjóði frá stjórn sjóðsins, ef ég fer rétt með, áður en hann gerir tillögur í þeim málaflokki. Ég lýsi yfir stuðningi við þessar tillögur. Ég lýsi yfir góðum stuðningi við þær og ég vil líka lýsa stuðningi mínum við tillögur Kvennalista. Ég held að þær séu á margan hátt sanngjarnar. Eins og málum er komið, hvort sem ríkissjóður verður hallalaus eða ekki hallalaus, er vaninn að ríkissjóður hafi yfirleitt tekjur umfram áætlun þannig að ég held að þetta rúmist innan tekjumarka ríkissjóðs. Það kæmi mér ekki á óvart að þessar 8750 millj., sem reiknað er með að ríkissjóður hafi í viðbótartekjur miðað við það sem áður var, fari yfir 10 milljarða. Ég held að það sé ekki þörf á að gera tekjuáætlun á móti kostnaðaráætlun eða kostnaðarauka sem stafar af tillögum þeirra alþýðubandalagsmanna og Kvennalistans saman.

Ég tel að það sé lýðum ljóst að Krabbameinsfélagið vinnur þarft starf. Guðrún Agnarsdóttir, hv. 6. þm. Reykv., talaði fyrir 7 millj. kr. hækkun til Krabbameinsfélagsins. Mér finnst einhvern veginn þegar talað er af ábyrgð og ég tala ekki um þekkingu að það sé ábyrgðarhluti að taka ekki tillit til þess arna. Við vitum öll, við þurfum ekkert að spyrja hvert annað, að Krabbameinsfélagið hefur unnið mjög gott og merkilegt starf. Ég hef átt þess kost að vera erlendis með krabbameinslæknum okkar einmitt á þeim tíma sem stóð yfir krabbameinsþing í Frakklandi og hafði mikla ánægju af að finna hvernig okkar menn stóðu jafnfætis í þekkingu og að mér fannst á allan hátt sambærilegir við þá sérfræðinga sem voru þar að þinga. Ég lýsi stuðningi mínum við till. frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Ég hef ekki heyrt neinn af þm. stjórnarliðsins segja frá hvaða örlög bíði þjóðarbókhlöðunnar og ég eins og hv. 7. þm. Reykv. óska eftir að fá meira að vita um hvað verður um hana. Eins vona ég að tekið verði tillit til þess sem hv. 7. þm. Reykv. sagði í sambandi við afgreiðslu mála fyrir okkar kjördæmi. Ég styð hann í því sem þar kom fram, en endurtek að ég hafði ekki hugsað mér að gera tillögur sjálfur. Ég vil sem fyrrv. fjmrh. ekki skipta mér af fjárlögunum eins og þau eru að verða. Það er alveg ljóst að það er stefnt að því að heimilin beri halla en ríkissjóður verði hallalaus. Ef ég gæti á einhvern hátt komið í veg fyrir það mundi ég gera það. En því miður held ég að með þeim styrkleika sem stjórnarandstaðan sameinuð hefur verði það erfitt verk, kannski óvinnandi.

En það er eitt sem ég ætla að biðja ríkisstjórnina um að gera og stjórnarliða. Það kostar þá ekki peninga. — Og þó. Við erum í mesta góðæri sem gengið hefur yfir þjóðina. Ég orða það þannig, það hefur gengið yfir þjóðina, því að stjórnarliðar gefa þannig upplýsingar að það er eins og það sé mesta hallærismál að góðæri skuli vera á Íslandi. Í fréttum í kvöld, í matarhléi þingsins, dundi yfir þjóðina að væntanlega væri minnkandi þjóðarframleiðsla, næsta ár verður væntanlega mjög óhagstæður verslunarjöfnuður o.fl. o.fl. Allt sem kemur frá Þjóðhagsstofnun er til að brjóta niður vilja, brjóta niður góðærið, brjóta niður móral fólksins, til þess að búa fólkið undir harðæri þrátt fyrir það mikla og gjöfula sem guð almáttugur hefur gefið okkur sem þjóð til að spila úr. Við höfum tekjumöguleika sem við nýtum okkur. En förum svo langt fram úr í eyðslunni. Það er alveg sama hvað okkur er gefið mikið. Við eyðum alltaf meira. Það er hins vegar ekki ástæða til þess að hræða fólkið og undirbúa það undir að stjórnvöldum mistakist að fara með þann mikla auð sem náttúran leggur okkur til, þannig að ríkisstjórnin er á sama tíma og hún er að búa til þessi vondu fjárlög, og á sama tíma og hún er að færa halla ríkissjóðs yfir í halla heimilanna, að búa fólkið móralskt undir það að ríkisstjórninni mistakist, mistakist að nota fyrir fólkið þann mikla auð sem hún hefur úr að spila. Þetta er nákvæmlega það sama og þegar hún segir: Við gátum ekki haft tilbúið kerfi. Það var ekki hægt að skipuleggja Alþingi vegna þess að það kom ekki saman fyrr en 10. október. Alþingi gat komið saman strax eftir kosningar. Þá hefði enginn verið í tímaþröng. Hún segir: Við verðum að afgreiða fjárlagafrv. Við verðum að afgreiða 20 önnur mikilvæg frv. á nokkrum nóttum. Hún hefur skapað vandræðaástand. Hún er að búa til tímaleysi. Það er nákvæmlega það sama og hún er nú að gera með fjölmiðlum. Hún er að búa fólkið undir að allt sé svart fram undan þó að tekjur þjóðarinnar hafi aldrei verið meiri. Og það er ekkert sem bendir til þess, ekkert annað en tilbúningur, að hallæri sé fram undan. Það er alveg eins og þegar hún segir: Efnahagur þjóðarinnar er í rúst vegna þess að dollarinn heldur áfram að lækka í verði og felur þá, með því að segja ekki frá því hvað það er jákvætt fyrir okkur vegna þess að við skuldum mikið erlendis að erlendur gjaldeyrir fellur.

En ég tek undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann segir: Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru launamannaskattur. Það hljóta allir að sjá að maðurinn sem ekki vinnur fyrir sínu heimili með 8 stunda

vinnudegi, 40 stunda vinnuviku, og þarf að nota hvíldartímann til þess að bæta við sig vinnutímum daglega, hann hlýtur að líða meira, hann hlýtur að þurfa að nota allar sínar tekjur til þess að kaupa nauðsynjavöruna, matinn og kannski enn þá frekar eftir að hann hækkar um 25% söluskatt. Hann hlýtur að nota meira af sínum tekjum hlutfallslega en sá sem hefur háar tekjur.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki komið með neina tillögu sem eykur á erfiðleika ríkisstjórnarinnar. Ég hef heldur ekki gert tillögu um neina nýja skatta til að auka á gleði ríkisstjórnarinnar og ánægju, létta hennar störf. Ég hef gert það viljandi, en ég lýsi aftur yfir stuðningi við þær tillögur sem hafa komið fram frá minni hl. Að sjálfsögðu lýsi ég stuðningi við þær tillögur sem koma og hafa komið fram og koma frá félögum mínum í Borgaraflokknum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til nú við lok 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1988 að draga saman helstu niðurstöður af málflutningi og tillöguflutningi stjórnarandstöðu og í annan stað að nota tækifærið til að leiðrétta villandi upplýsingar um tekjuhlið fjárlaganna og tekjuöflunartillögur ríkisstjórnar.

Í fyrsta lagi virðist mér það sammerkt með málflutningi stjórnarandstöðunnar, í misjafnlega ríkum mæli þó, að hún lýsir sig andvíga tekjuöflunaráformum ríkisstjórnarinnar. Þar fara fremstir í flokki hv. þm. Borgaraflokksins sem tala um skattpíningarstefnu. Aðrir tala um skattamet og lýsa sig andvíga þvílíkum álögum. Á sama tíma flytur stjórnarandstaðan tillögur um útgjaldaauka umfram niðurstöðutölur fjárlagafrv. upp á 2609 millj. 760 þús. kr. M.ö.o., stjórnarandstaðan lýsir sig þar með í verki andvíga þeirri meginforsendu fjárlagafrv. að skila fjárlögum ríkisins á næsta ári með jöfnuði.

Frá þessu er þó ein undantekning þar sem Alþb. flytur till. til lækkunar útgjalda um 13 millj. 519 þús. kr., en það er framlag vegna aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og Alþb. flytur þar að auki tillögur um nýja tekjuöflun að upphæð 1050 millj. kr. og hefur þar með lagt blessun sína yfir tekjuöflunaráform ríkisstjórnarinnar og tillögur um aukna tekjuöflun að auki sem staðfestir það að þeir vilja halda því meti sem sett var árið 1982 um tekjuöflun ríkissjóðs. Þetta segir meira en mörg orð um alvöruna í þessum tillöguflutningi og þarf ekki orðum við það að bæta.

Annað sem ástæða er til að vekja athygli á er að í þessum umræðum hefur verið farið með villandi tölur um tekjuöflunaráform ríkisstjórnarinnar. Það er mjög í stíl við dagblaðafregnir að undanförnu. Fyrir um það bil sex dögum flutti Dagblaðið fréttir um það að nýjar skattaálögur ríkisstjórnarinnar næmu 1 milljarði en síðan hafa þær daglega farið vaxandi í því blaði og nálguðust 10 milljarða seinast þegar fréttist. Þetta er kannski ekki mjög góð þjónusta við almenning sem vill og þarf að fá glögga mynd af þeirri skattkerfisbreytingu sem verið er að hrinda í framkvæmd nú um áramótin. Þess vegna er nauðsynlegt að taka af tvímæli um það hvernig þau mál standa og er rétt að gera það hér og nú við lok 2. umr. svo að ekki fari milli mála.

Um tekjuöflunaráform ríkisstjórnarinnar er þetta að segja:

1. Tekjuöflunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í júlí fólust í aukinni tekjuöflun til þess að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og þensluáhrifum hans. Þannig var söluskattsstofninn víkkaður með fækkun undanþága, m.a. á ýmsum matvælum, tölvum og sérfræðiþjónustu. Þá var lagt sérstakt gjald á bifreiðar og erlendar lántökur auk þess sem kjarnfóðurgjald og ríkisábyrgðagjald voru hækkuð. Þessar fyrstu aðgerðir fólu í sér aukna tekjuöflun upp á 3700 millj. kr. miðað við heilt ár á verðlagi ársins 1988. Til þess að draga úr áhrifum þessara aðgerða á hag lífeyrisþega og tekjulágra barnafjölskyldna var ellilífeyrir hækkaður sérstaklega um 320 millj. kr. og barnabótaaukinn sem rennur til tekjulágra fjölskyldna hækkaður um 240 millj. kr. Nettótekjuöflun í ríkissjóð með þessum fyrstu aðgerðum nam þannig 3140 millj. kr.

2. Í október var gripið til frekari aðgerða til þess að hamla gegn þenslu með hækkun á innflutningsgjaldi af bifreiðum og áfengis- og tóbaksverði. Þessar ráðstafanir má meta til 600 millj. kr. tekjuöflunar á heilu ári 1988.

3. Boðaðar voru ýmsar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs í fjárlagafrv. fyrir næsta ár sem nú eru til umræðu á Alþingi. Hér má nefna hækkun tekjuskatta á fyrirtæki, víkkun á launaskattsstofni og söluskattsstofni, arðgreiðslur ríkisfyrirtækja o.fl. Samtals má meta þessar aðgerðir á 1400 millj. kr. á næsta ári.

Niðurstöðurnar af þessu þrennu eru því 5140 millj. kr.

4. Þá má nefna sérstaklega þá kerfisbreytingu í tolla- og söluskattsmálum sem skýrt var frá í byrjun desember. Þessi breyting gerir ráð fyrir algjörri uppstokkun á aðflutningsgjöldum, bæði með stórfelldri tollalækkun og fækkun smærri gjalda. Auk þess er söluskattsundanþágum enn fækkað og jafnframt ákveðið að taka upp virðisaukaskatt í ársbyrjun 1989. Þessi kerfisbreyting skilar engum viðbótartekjum í ríkissjóð á næsta ári þar sem tekjuaukanum, 2050 millj. kr., er varið jafnharðan til útborgunar á eftirtöldum þáttum:

1. Til aukinna niðurgreiðslna 1250 millj. kr.
2. Til sérstakrar hækkunar á ellilífeyri 280 millj. kr.
3. Til sérstakrar hækkunar á barnabótum 320 millj. kr.
4. Til endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi 200 millj. kr. eða alls 2050 millj. kr.

Hér að framan hefur verið drepið á helstu atriðin í tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári. Til þess að fá heildarmynd af skattlagningu ríkissjóðs er eðlilegast að skoða tekjurnar í hlutfalli við landsframleiðslu. Þetta er rétt að gera með því að rifja upp þær tölur

yfir næstliðin ár og þá kemur til greina að sýna tvennt, þ.e. hlutfall annars vegar skatttekna og hins vegar heildartekna, þ.e. að meðtöldum vaxtatekjum og arðgreiðslum. Þessi hlutföll hafa verið breytileg á undanförnum árum. Hæst fór skattahlutfallið árið 1982 þegar það var 24,5%. Lægstu tölurnar sjást fyrir árin 1986 og 1987. Það er engin tilviljun að skattahlutfallið skuli vera með lægsta móti, bæði í fyrra og á þessu ári, þar sem hallarekstur ríkissjóðs hefur verið með mesta móti þessi tvö ár. M.ö.o., í stað þess að afla tekna fyrir útgjöldum ríkissjóðs var þeim vanda velt á undan sér með því að afla lána til þess að jafna hallann. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir hallalausum ríkisbúskap og til þess að ná því markmiði hækkar skatthlutfallið á nýjan leik. Það er þó samkvæmt þessum áætlunum lægra en t.d. árið 1982 en svipað og árið 1979 og 1981. Það er m.ö.o. rangt sem haldið hefur verið fram, þrátt fyrir aukna tekjuöflun, að hér sé verið að setja skattamet á mælikvarða hlutfalls skatttekna af vergri landsframleiðslu.

Tölurnar um skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á undanförnum árum eru sem hér segir: Árið 1979 24,2%, árið 1980 23,4%, árið 1981 24,2%, árið 1982 24,5%, árið 1983 22,1%, árið 1984 22,5%, árið 1985 21,7%, árið 1986 21,9%, árið 1987 samkvæmt áætlun sem varla getur talist endanleg 21,9% og árið 1988, spá, 24,2%.

Ef litið er á sama mælikvarða og sömu ár og mælikvarðinn er hlutfall heildartekna af vergri landsframleiðslu, þ.e. heildartekjur sem eru hvort tveggja skatttekjur að meðtöldum vaxtatekjum og arðgreiðslum, eru þessar tölur fyrir sömu ár eftirfarandi: Árið 1979 26%, 1980 24,8%, 1981 25,6%, 1982 26,3%, 1983 24,8%, 1984 25,1%, 1985 24,1%, 1986 23,9%, 1987, áætlun, 23,3%, 1988, spá, 25,5%.

Þegar hlutfallstölur fyrir næsta ár eru skoðaðar er rétt að hafa í huga að á þessari stundu ríkir nokkur óvissa um fjárhæð landsframleiðslunnar á næsta ári þar sem enn liggur ekki fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá. Á hinn bóginn má telja líklegt að þær tölur sem miðað er við í þjóðhagsáætlun í október muni breytast og þá til hækkunar. Það á raunar bæði við um tölur fyrir árin 1987 og 1988. Þetta stafar m.a. af meiri veltubreytingum hér innan lands en þá var áætlað sem t.d. hafa skilað sér í auknum tekjum ríkissjóðs á þessu ári. Þegar af þessari ástæðu er augljóst að fjárhæð landsframleiðslunnar fyrir næsta ár mun hækka. Auk þess er nánast sjálfgefið að landsframleiðslan hækkar einnig vegna þeirra breytinga sem nú er gert ráð fyrir að verði á tekju- og gjaldahlið fjárlaganna, enda er þar beinlínis aukið við bæði fjárfestingar- og samneysluútgjöld ríkissjóðs, auk þess sem neyslutilfærslur stórhækka. Af þessum ástæðum er ekki hægt að notast við óbreyttar tölur um landsframleiðslu frá því í haust. Við útreikning hlutfallstalnanna hér að framan hefur verið tekið tillit til þessara áhrifa.

Niðurstaðan af þessu er því sú að nýir skattar þessarar ríkisstjórnar nemi um það bil 5 milljörðum kr. miðað við álagningu á næsta ári. Þessir skattar fara til þess að eyða hallarekstri ríkissjóðs og þar með að halda aftur af verðbólgu, viðskiptahalla og erlendum lántökum. Þetta, herra forseti, sýnist mér vera kjarni málsins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var mikið að ráðherrann vaknaði. Það var rætt við hann snemma í kvöld um þau atriði sem hann fór hér nokkrum orðum um og það hefði auðvitað getað orðið til þess að flýta umræðunni ef hann hefði fyrr í kvöld komið hér upp og greint frá svörum sínum að því er þessi mál varðar og reyndar fleiri því það var fjölda-, fjöldamargt annað sem kom fram í þessum ítarlegu umræðum um fjárlögin í kvöld og í nótt sem hefði auðvitað verið ástæða til að fá sem kom fram í þessum ítarlegu umræðum um fjárlögin hér í kvöld og í nótt, sem hefði auðvitað verið ástæða til að fá svör við, bæði frá honum, hæstv. fjmrh., sömuleiðis frá hæstv. menntmrh., sem spurður var trúi ég, og hæstv. heilbr.- og trmrh. Og það væri auðvitað maklegt að farið væri fram á það að þeir væru ræstir út þannig að það mætti spyrja þá nokkru nánar og fá svör frá þeim.

Nú skulu menn ekki halda að þetta sé hótfyndni ein. Staðreyndin er sú að ef stjórnin hefur áhuga á því að ljúka þinginu og verkum þess einhvern tímann á næstu dögum, þá er nauðsynlegt að ráðherrar temji sér það, og ég tel það vera lágmarks mannasiði af þeirra hálfu, að svara spurningum sem stjórnarandstaðan eða aðrir þm. kunna að leggja fyrir þá. Þeim er engin vorkunn að sitja hér eins og hálfar nætur í umræðum ef þörf krefur vegna þess að það eru þeir sem eru að reka á eftir afgreiðslu mála en ekki við. Ég fullyrði að þessi framkoma stjórnarliðsins í kvöld og í nótt getur ekki greitt fyrir meðferð þingmála á næstu dögum. Úr því að þeir ekki nenna að hanga hér uppi þegar þörf krefur, þá náttúrlega hljótum við, sem vinnum hér nætur og daga í umræðum, bæði í þinginu og í nefndarstörfum, að ætla okkur eðlilegan hvíldartíma eftir því sem þörf krefur á þeim sólarhringum sem eftir lifa þar til hátíð gengur í garð.

Ég tel að þessi frammistaða núv. ríkisstjórnar sé með því allra lakasta sem ég man eftir af ráðherrum hér á undanförnum árum. Þeir hafa yfirleitt nennt að hanga hér uppi fram eftir kvöldum ef þörf hefur krafið eða ef þeir sjálfir hafa óskað eftir því að umræðunni ljúki. En það gengur ekki svo í þetta skiptið og það er hin aumasta frammistaða því að til þess að hægt sé að ljúka þingstörfum með eðlilegum hætti, þá verður stjórn og stjórnarandstaða að taka höndum saman og það greiðir ekki fyrir meðferð mála að spurningar og ábendingar sem bornar eru fram séu hundsaðar með þeim hætti sem hér hefur gerst í kvöld.

Ég segi fyrir mig, ég hef setið nefndarfundi frá því í rauða býtið á morgnana núna undanfarna sólar-

hringa þar sem gerð hefur verið krafa til þess að við myndum okkur skoðanir á rammflóknum tollafrumvörpum sem sumir, eins og Verslunarráðið, hafa fengið að hafa til meðferðar í þrjár til fjórar vikur, sem alþm. sáu fyrst fyrir nokkrum dögum, sem verkalýðshreyfingin sá þá fyrst líka og Samband ísl. samvinnufélaga. Þessir aðilar hafa ekki haft langan tíma til að skoða málið, en ríkisstjórnin hefur setið í löngum samningaviðræðum við Verslunarráðið og Félag stórkaupmanna um þessi mál. Það er verið að biðja um það að við afgreiðum þetta á handahlaupum á örfáum dögum, lögð á það ofuráhersla, nema það megi skilja svaraleysi stjórnarliðsins hér í nótt þannig að áhugi þeirra á því að ljúka þessum málum fyrir hátíðar sé þorrinn, þeir geri sér nú ljóst að það er ekki framkvæmanlegt að ljúka þessum málum með eðlilegum hætti fyrir jól og svaraleysið sé til marks um það að þeir hugsi sér að taka sér góðan tíma í þessi mál, enda er nú ekki hundrað í hættunni þó að þau fái að bíða fram yfir áramót og taka gildi þegar líður á vetur og komið væri fram á útmánuði t.d. Það er sagt að þjóðin hafi beðið eftir nýjum tollalögum í 14 ár, segir Víglundur, sem er einn af heilunum á bak við þessa snilld, kannski 15 ár, og ég hygg að menn gætu borið það af sér þó að þeir biðu í fáeinar vikur í viðbót miðað við það sem á undan er gengið í því þó að enginn hafi fyrr en hæstv. viðskrh. nefnt aldir í þessu sambandi, sem náttúrlega undirstrikar enn frekar hvað það er fáránlegt að vera að reka á eftir þessu á nokkrum sólarhringum.

Varðandi tekjuöflunina sem ríkisstjórnin og sérstaklega fjmrh. er óttalega ræfilslegur með alltaf, hann er einlægt að koma hér upp með einhverjar tölur í ræðustólinn. Og það er svo merkilegt með þessar tölur að tölurnar sem hann er að mótmæla reynast alltaf vera réttar. Reyndar notar hann sömu tölurnar og þær sem hann er að mótmæla. Þetta er auðvitað mjög sérkennileg aðferð við umræður, rökrænar umræður, að reyna að svara rökum með sömu rökum en ekki gagnrökum. Þetta þótti mikil snilld hér forðum í Hólaskóla þar sem menn stunduðu kappræðulist, discutatia, en þetta kann mjög litlum tilgangi að þjóna miðað við það að við erum hér að reyna að bera okkur saman um staðreyndir. Og hvernig lítur þetta nú út, hæstv. forseti, í sjöunda eða áttunda sinn? Það lítur þannig út, að í sumar lagði hæstv. fjmrh. á 3700 millj. kr. miðað við árið 1988. Það segir hann, það segir stjórnarandstaðan, það segja Hagtölur mánaðarins, það segir Þjóðhagsstofnun. Amen og hallelúja. Það er ljóst. Hann segir að vísu: Við eyddum af þessu 560 millj. kr. í ýmsa þarfa og góða hluti. Þá voru bara eftir 3140 millj. kr. Síðan lögðum við á 600 millj. kr. + 1400 millj. kr. og þá er heildarskattlagningin orðin 3700 + 600 + 1400 eða alls 5700 millj. kr. mínus 560, ef á að draga frá ellilífeyrishækkun og barnabóta, niðurstaða 5140. Og svo er kerfis- og tollabreytingin og tekjuaukinn af henni. Hver er hann? Hann er 2050 millj. kr. Og að segja þetta átta eða tuttugu sinnum hér í þessum ræðustólum í báðum deildum þingsins og í Sþ. líka. Og í hvað fara þessar 2050 millj.? Jú, þær fara í niðurgreiðslur, 1250 millj. Þær fara í ellilífeyri, 280 millj. Þær fara í barnabætur, 320 millj. og afgangurinn upp í 2050 millj. fer í endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi. Samtals gerir þetta 7750 millj. kr. í skattlagningu og til viðbótar hefur hæstv. fjmrh. upplýst að 600 millj. kr. komi aukalega í ríkissjóð vegna veltubreytinga milli áranna 1987 og 1988 og vegna betri innheimtu á söluskatti. Þá er þetta komið í 8750 millj. kr. En ríkisstjórnin er svo almennileg við alþýðuna, segir hæstv. fjmrh., að hún eyðir þessu í ýmsa gagnlega hluti. Hún eyðir þessu í niðurgreiðslur, hún eyðir þessu í barnabætur, hún eyðir þessu í ellilífeyri og þess vegna eru þetta í raun og veru engir skattar, engir skattar sem ríkisstjórnin er að leggja á. Niðurstaðan af þessari leikfimi er aftur á móti sú að samkvæmt þessum rökum leggur ríkið ekki á neina skatta vegna þess að þeim er öllum eytt. Niðurstaðan er núll. Og eins og ég benti á hér í ræðu minni fyrr í kvöld þá var það þannig í tíð hæstv. fyrrv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar að ríkissjóður var öfugur þannig að það voru í raun og veru lagðir á neikvæðir skattar því að ríkissjóður var alltaf neikvæður og alltaf á hausnum. Þessi uppsetning hæstv. fjmrh. er svo ræfilsleg að það er eiginlega alveg dæmalaust að jafnágætur maður og greindur og hæstv. fjmrh. skuli aftur og aftur fara með þetta upp í stólinn. Látum vera þó að hann geri þetta einu sinni eða kannski tvisvar, en tíu sinnum! Og láta svo Sighvat, hv. 5. þm. Vestf., tyggja þetta líka. Þetta er vitlaust! Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og Jóns Baldvins hefur lagt á þjóðina 8750 millj. kr. í nýja skatta og það hafa þeir viðurkennt 30 sinnum þó að þeir segi að þeir eyði því í ýmsa góða hluti. Það er nú svo einfalt.

Hitt er svo það, sem ég þarf að fara hér nokkrum orðum um og það er skattahlutfallið. Og þá er best ég reki þetta mál nokkuð nákvæmlega því nú er nógur tíminn. Við eigum ekki að mæta á nefndarfundum fyrr en kl. sjö og átta til að koma í gegn þessum málum sem fjmrh. er að biðja okkur um að koma í gegnum þingið. Nógur er tíminn. Þá fara þeir kannski að vakna þessir jólasveinar eða húskarlar sem eru með honum í Stjórnarráði Íslands. Þá er hægt að tala við þá í fyrramálið um það leyti sem við göngum héðan út. (**Dómsmrh.:** Útsofna menn.) Útsofna menn. Já, já. Taka þá nývaknaða. Það er skynsamlegt, hæstv. viðskrh.

En hvernig er þetta mál með hlutfallið? Þannig var að á fimmtudaginn var bað ég Þjóðhagsstofnun um að láta mig hafa yfirlit um skattabyrði, þ.e. skatta og tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af því sem heitir á þessu latínumáli sem enginn skilur vergri þjóðarframleiðslu, hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Ég bað Þjóðhagsstofnun um að láta mig hafa þetta. Og Þjóðhagsstofnun lét mig hafa þetta á sínum haus: Þjóðhagsstofnun. Og ég var svo forsjáll að ég ljósritaði þetta sjálfur og dreifði því til nefndarmanna í fjh.- og viðskn. Ed. Þar kemur fram að skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri lands-

framleiðslu á næsta ári verða samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar 24,7% eða 0,2% hærra en var í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ég veit að hæstv. fjmrh. vill helst líkja sér við. 24,5% í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens sem ég sat í líka á árinu 1982. Þessi tala kemur frá Þjóðhagsstofnun. Síðan eigum við í fjh.- og viðskn. Ed. viðræður við fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. um þessi mál. Þá koma fram athugasemdir frá fjmrn. við þessar tölur. Þær séu nú kannski ekki alveg rétt upp settar hjá Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun hefur hins vegar ekki dregið sínar tillögur til baka að ég best veit, enda veit ég ekki til þess að hæstv. fjmrh. hafi húsbóndavald yfir Þjóðhagsstofnun þó svo að hæstv. viðskrh. kunni að eiga innangengt í þá stöð enn þá.

Og nú kemur hæstv. ráðherra með nýjar tölur um þetta margfræga hlutfall sem er nú rétt eins og deilan um skeggsídd okkar hæstv. fjmrh. og breytir í raun og veru sáralitlu en sýnir hvað það er í raun og veru orðin veik staða hjá ráðherranum þegar hann er að röfla um þetta nætur og daga hér í þinginu þegar menn ættu nú að hafa einhverju þarfara að sinna.

Þegar hæstv. ráðherra las upp þessar tölur hérna áðan þá leyfði ég mér að kalla fram í, sem ég geri sárasjaldan eins og forseti veit og ég sé að hann viðurkennir, ég leyfði mér að kalla fram í og spyrja: Hvaðan hefur ráðherrann þessar tölur? Hver bjó til þessar tölur? Og svaraði hann? Því nú er hann ekki orðstirður maður, þessi. Nei. Svaraði hann? Eða er hann ávarpsfeiminn, þessi hæstv. ráðherra? (**Fjmrh.:** Ég gríp svo sjaldan fram í.) Er hann ávarpsfeiminn? Hrekkur hann undan ávörpum? Nei, hann er djarfur til máls. En hann svaraði ekki þessari spurningu: Hver bjó til seinni töfluna fyrir hann? Þá er kannski komið að lausninni á gátunni hvað hét hundur karls. Það er nefnilega akkúrat fjmrn. sem býr til þessa töflu, m.ö.o., ráðherrann sjálfur að teknu tilliti til allra þessara breytinga á veltu og þjóðhagsstærðum milli áranna 1987 og 1988, sem hann var hér að rekja, m.a. vegna þess að skattarnir hækka svo mikið í ríkissjóð, þá hækkar þjóðarframleiðslutalan og þar af leiðandi verður hlutfallið lægra. Hins vegar upplýsti hann það ekki hvað minnkandi þjóðarframleiðsla gæti þýtt í þessum efnum varðandi þá tölu sem upp úr kössunum kann að koma að lokum.

Af hverju skyldu menn nú vera að rekja þetta svona nákvæmlega, herra forseti? Það er í fyrsta lagi vegna þess að ráðherrar eiga að venja sig á það að vera nákvæmir í talnameðferð. Í öðru lagi eiga þeir að venja sig á það að fá tölur frá öðrum en sjálfum sér. Og í þriðja lagi vegna þess að þetta sýnir hvað það er í raun og veru lítið sem þeir hafa að hanga á. Það eru núll komma eitthvað prósent minna en var mest í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Ja, til hvers var verið að kjósa og setja þessa menn í ríkisstjórnarstóla, ef þetta er nú allur metnaðurinn? Og allt afrekið og allur árangurinn, sem fram kemur með þessum hætti. Ætli það endi í 0,0001%, sem verði það einasta eina sem þeir hafi til að hæla sér af, þessir sveinar.

Nei. Aðalatriðið í þessu, herra forseti, er auðvitað að menn átti sig á því að allt er þetta byggt á mjög veikum grunni. Gengisforsendur eru óvissar. Verðlagsforsendur eru óvissar. Viðskiptahallinn, ráðherrann svaraði ekki þeirri spurningu hvað talið er líklegt að viðskiptahallinn verði á næsta ári. Þá spurningu bar ég fram fyrir hann hér í kvöld og hann svaraði því ekki. Eitt af mörgu sem ég lagði fram í minni ræðu fyrir utan alla þá fjölmörgu aðra þm. sem hér töluðu og eiga auðvitað fullan rétt á svörum. Hann svaraði því engu. Allt er þetta byggt á mjög veikum grunni. Og þegar menn eru þannig lagað holdi klætt rökþrotabú að þeir eiga ekkert eftir annað en kannski 0,2 sem þeir búa til sjálfir á hnjánum á sér uppi í fjmrn., þá er kannski ástæðulaust að halda þessari umræðu mikið lengur áfram, herra forseti.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér og ekki búist við því að ráðherra gæfi tilefni til þess að umræður héldu áfram hér í nótt. En ég sé að það stefnir allt í morgunfund hér og þar sem þetta er nú í annað sinn sem ég tala í málinu og ég þekki forseta að því að vera ákaflega nákvæmur og geri þess vegna ekki ráð fyrir því að hafa tækifæri til að koma hér aftur upp nema ég leggi fram þá till. sem ég var að gera, svona til að hafa hana tilbúna, að leggja hana hér fram skriflega þannig að ég geti þá fengið að tala fyrir henni og forseti kalli þá út liðið til þess að ná henni á dagskrá með afbrigðum þannig að hún megi koma á dagskrá eins og aðrar tillögur sem hafa komið fram á fundinum.

En ég verð að taka undir það með hv. 7. þm. Reykv. að það er sjaldan, afskaplega sjaldan sem maður verður var við það að ráðherra, sem hefur fagfólk allt í kringum sig til þess að skapa sér rök, standi uppi gjörsamlega rökþrota og noti alla sína þekkingu til þess að raða þeim orðum sem fyrst komu í hugann svona sæmilega til þess að úr því verði einhvers konar tal, einhver ræða án raka, og jafnvel án þess að tala um málin sem á dagskrá eru.

Ég segi eins og hv. 7. þm. Reykv.: Það er margt óafgreitt í þinginu. Við vitum að tollalögin ein taka líklega það sem eftir er af þessum stutta tíma sem er til jóla. Þau eru illa gerð. Ég veit ekki af hverju. Þar eiga sér stað sömu blekkingar og skjalafals og í fjárlögunum sjálfum. Bara sem dæmi, það eru vörur sem ekki eru framleiddar á Íslandi, settar í lága tolla bara til þess að geta sagt að þær séu í lækkandi tollum, en bera svo vörugjald til viðbótar sem er ekkert annað en tollur vegna þess að þær eru ekki í neinni samkeppni við innlenda framleiðslu. Af hverju að vera með tolla og vörugjald af slíku? Af hverju ekki bara viðurkenna að það er eitt innflutningsgjald, þ.e. tollur, ekkert vörugjald. Við eigum eftir að eyða mjög miklum tíma í að ræða þau mál. Því það er alveg ljóst að þar hefur ekki verið leitað

upplýsinga hjá þeim sem vildu ráðuneytinu vel.

Ráðherra segir að stjórnarandstaðan lýsi sig óábyrga með tillöguflutningi sínum. Ég veit ekki til þess að ráðherra hafi nokkurn tíma lýst því yfir að stjórnarandstaðan eigi að vera ábyrg með því að gera ekki neitt, með því að koma hingað og sitja og taka á móti tölum, vélrituðum á blað sem er útbýtt í deildinni og segja ekki neitt og hafa engar meiningar. Eru það stjórnmál? Er það ábyrg stjórnarandstaða? Ætlast ráðherra til þess að við hv. 7. þm. Reykv., sem stendur fyrir sinn flokk, höfum engar meiningar? Ekki var ráðherra það ábyrgur að hann segði við stjórnarandstöðuna: Ég ætla svigrúm í fjárlagagerðinni fyrir hugsanlegar tillögur stjórnarandstöðunnar. Því að stjórnarandstaðan er kjörin af fólkinu í landinu eins og við sem erum í meiri hluta, sem erum þó í meiri hluta sem hver um sig tapaði fylgi í síðustu kosningum. Sú ábyrgð kom ekki fram hjá hæstv. fjmrh. við fjárlagagerðina. Hann kemur svo hingað í ræðustól um hánótt þegar ég hafði nú haldið að hæstv. ráðherra vildi gjarnan fara að losna við okkur — ég efast ekkert um það að hann er fullur af vilja til þess — og segir að stjórnarandstaðan lýsi sig óábyrga með því að hafa meiningar um fjárlögin og fjárlagagerðina.

Talsmaður Alþb., hv. 7. þm. Reykv., flutti hér frábærlega góða ræðu, enda tvímælalaust einn besti ræðumaðurinn á þinginu. Í þessari ræðu gerði hann grein fyrir því að allar tillögurnar sem alþýðubandalagsmenn flytja, a.m.k. allar þær tillögur sem hann talaði fyrir, eru nákvæmlega þær tillögur sem Alþfl. undir forustu hæstv. fjmrh. hefur flutt áður og oftar en einu sinni og ekki hærri upphæðir en fjmrh. þess tíma hafði gert ráð fyrir að fá frá Alþfl. Ég minnist þess ekki að nokkur fjmrh. hafi bent alþýðuflokksforustunni, núv. hæstv. fjmrh., á það að hann væri óábyrgur vegna þess að hann hefði flutt tillögurnar. Ég skal ekkert útiloka að ég gæti tekið undir það að það hafi verið óábyrgt af Alþfl. að flytja þessar tillögur á sínum tíma. Það er kannski enn þá óábyrgara núna að taka þær upp og gera Alþfl. þann greiða að flytja hans eigin tillögur. Og það er kannski enn þá óábyrgara af Alþfl. að samþykkja sínar eigin tillögur.

Hæstv. ráðherra minntist á dagblaðsfrétt, sem hann vitnaði í og virðist hafa farið í taugarnar á honum, að ekki væri góð þjónusta við almenning. Ég veit ekki betur en flestar af þeim fréttum sem komið hafa frá fjárlagagerðinni eða flest af því sem borist hefur stjórnarandstöðunni um fjárlögin hafi fyrst komið frá blöðunum, DV o.fl., frá fjmrh. áður en fjárlögin sáu dagsins ljós hér á Alþingi, áður en þau voru kynnt fyrir alþm. Ég veit ekki til þess að fjmrh. hafi gert neitt í því að leiðrétta þessar fréttir sem DV hefur borið, hvort heldur frá honum eða frá þeirra eigin útreikningum. Þær standa óhaggaðar enn þá. Ég lít á þær sem raunverulega réttar þangað til ráðherra hefur beðið Dagblaðið um að leiðrétta þær.

Nei, hæstv. fjmrh., það er ekki hægt að vera með kaffihúsapólitík á Alþingi Íslendinga. Það er hægt að vera með það á Múlakaffi. Einhver gárungi sagði að það væri búið að skíra það kaffi upp, það væri kallað túlakaffi. Það er kannski réttara nafn úr því sem komið er. Ég skal ekki segja um það. En þessi málflutningur á ekki rétt á sér.

Það er ágætt að heyra aftur og aftur og það náttúrlega þreytist aldrei neinn í stjórnarandstöðunni að heyra sagt frá því aftur og aftur hvernig núv. hæstv. fjmrh. fór í aðgerðir sem dugðu til þess að rétta um 5–6 þús. millj. kr. halla á ríkissjóði strax eftir að hann tók við embætti. Hann er alltaf að kenna forvera sínum um ástand í fjmrn., hvernig hann þurfti að brúa bil, gera ráðstafanir sem voru mjög mikið íþyngjandi. Það er ekki góður leikur. Það er ekki heiðarlegur leikur. En ég er ekki alveg viss um að ég skilji hæstv. fjmrh. þegar hann er að miða tilkostnaðinn við þjóðarframleiðslu. Prósentulega séð getur kostnaðurinn hoppað upp eða dottið niður eftir því hvað þjóðarframleiðslan er mikil, svo það segir ekki nokkurn skapaðan hlut hver kostnaðurinn er miðað við þjóðarframleiðslu. Hver er þjóðarframleiðslan?

Og svo annað. Í góðæri eins og undanfarinn nokkurn tíma og í góðæri eins og stendur yfir núna vill kostnaður fara upp, hann vill aukast. Ég t.d. hafði engan blaðafulltrúa í fjmrn. Mér skilst að það séu komnir þrír eða fjórir nýir aðilar í fjmrn., stöðugildi sem ekki voru til þegar ég var þar. Og er þó ekki langt síðan ég var þar. Það er náttúrlega kostnaður sem blífur að einhverju leyti þegar ráðið er fólk. Ef það er ekki aðstoðarmaður ráðherra eða eitthvað slíkt, þá blífur hann sem starfsmaður og þessi kostnaður situr eftir og reiknast inn prósentulega þó svo að þjóðarframleiðslan minnki frá því sem hún er núna, þannig að það segir ekkert til um stöðu mála, og jafnvel ekki gang mála, hver prósentan er af því sem færist til tímabundið hér og tímabundið þar.

Einu sinni spurði ég sem ráðherra tvo af fremstu fagmönnum þjóðarinnar, sem voru þá ekki sama sinnis og ég, um ákveðið mál, um þau mál sem mér hafði verið trúað fyrir, þ.e. fjmrn. Bendið þið mér á eina áætlun, bara eina áætlun, annar hvor ykkar, sem þið hafið gert og hefur staðist. Hvorugur þessara manna benti á áætlun, sem þeir höfðu gert í gegnum árin og hafði staðist. Það getur verið að þeir hefðu getað gert það en þeir gerðu það ekki. En það var þó ósk frá ráðherra á ríkisstjórnarfundi. Þannig eru nú málin stundum.

Ég er ansi hræddur um að hæstv. fjmrh. sé ekki eins heppinn og ég var. Ég tók ekki við góðu búi, en ég var heppinn sem fjmrh. að því leytinu til að ég gat notað svo margt af því sem forveri minn var að gera og ég notaði það þrátt fyrir það að við værum mjög miklir andstæðingar í stjórnmálum. Lífsskoðanir okkar fóru ekki saman. En ég viðurkenndi hann sem ágætan starfsmann. Það var mér að mörgu leyti til mikils gagns hvernig hann vann og gat nýst hvaða manni sem tók við af honum.

Hitt er svo annað mál, hann var óheppinn og þar kem ég að því að ég held að hæstv. núv. fjmrh. sigli inn í sama ástand, hann var óheppinn að því leytinu til að fjárlögin sem hann vann með voru byggð á fölskum forsendum. Forsendurnar gerðu ráð fyrir 41% verðbólgu þegar verðbólgan var komin hærra, hún var komin miklu hærra, sem þýddi það að fyrirtæki og stofnanir voru orðin fjárvana um mitt ár. Það var orðið þannig að það voru ekki peningar fyrir hita, rafmagni, akstri o.fl. fyrir börn í skólum út um land allt o.s.frv. þannig að við þurftum þá að taka upp aðferð sem mér var afskaplega ógeðfelld. Við þurftum seinni partinn á því ári að nota aukafjárveitingar. Það var ekki um annað að ræða en aukafjárveitingar til þess að halda skólum og stofnunum gangandi, m.a.s. til að halda ráðuneytunum sjálfum gangandi frá degi til dags. Það var vegna þess að verðbólguforsendur fjárlaga voru ekki réttar. Ég er ansi hræddur um að við séum að sigla inn í sams konar fjárlög núna með opnum augum vegna þess að við erum að blekkja okkur, við vitum núna hvað við erum að gera. Ég held að þeir hafi ekki áttað sig á því þá, sem varð svo til þess að við fyrstu fjárlagagerð eftir að við tókum við 1983, þá þurftum við að gera fjárlögin tvisvar og það var enginn fagnaðarboðskapur sem ég þurfti þá að boða við gerð fjárlaga, að ég mundi taka þau upp aftur í byrjun árs, en ég gerði það. Og þess vegna var það sem fjárlögin í lok þess árs voru með tekjuafgangi en ekki tapi.

En svo kem ég að því *tímabili* sem hæstv. núv. fjmrh. þykist hafa verið að brúa með sérstökum ráðstöfunum þegar hann tók við. Á tólf mánuðum eftir að ég skilaði fjárlögum með tekjuafgangi var hallinn orðinn 1,6 milljarðar + tekjuafgangurinn voru það tæpir tveir milljarðar.

Hæstv. forseti. Áður en ég fer úr ræðustól mundi ég gjarnan vilja fá yðar svar við því hvernig þingsköp taka brtt. sem ég hef hugsað mér að leggja fram núna. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. þm. að þetta mál er í athugun að minni beiðni.) Þá ætla ég að bíða í ræðustól. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að bíða meðan málið er rannsakað.) Já, þá ætla ég að gera það. Sjálfur reikna ég með að komi fram brtt. sem *ég hafði nú hugsað mér að flytja, þá verði menn* ræstir út og afbrigða leitað, en ég vil þó vera það heiðarlegur að það er ekki áhugi fyrir brtt. heldur áhugi fyrir því að hafa aðgang að því að koma hér upp aftur ef hæstv. fjmrh. gefur mér tilefni til. Ég reikna með að hann taki til máls að mínu máli loknu. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann gæti fallist á að flytja brtt. sína við 3. umr.) Ég hafði hugsað mér að halda áfram að ræða málið í nótt þannig að ég get sætt mig við að fresta umræðunni, að fresta fundi. En það segir sig sjálft að ef ég kem með brtt., þá verður að leita afbrigða svo menn geti rætt tillöguna. (**Forseti:** Hv. þm. er að sjálfsögðu ljóst að afbrigði nást ekki eins og nú er komið málum. Hér í þinghúsinu eru nú staddir tólf hv. þm. og þá yrði annaðhvort að kalla út þingheim eða fresta fundi til morguns. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann getur ekki sætt sig við að þessi tillaga komi fram við 3. umr.) Ég er alveg reiðubúinn til þess að taka því að fundi verði frestað. Annars veit virðulegur forseti vel að það er oftar en einu sinni sem við höfum bæði verið kölluð út um miðjar nætur, kölluð jafnvel frá veislum með útlendingum o.fl. En við skulum láta reyna á það. Þó að ég ljúki máli mínu nú, þá get ég lagt fram brtt. áður en þessum fundi er slitið, þó að ég tali ekki lengur að sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

33. fundur, þriðjudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1988, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, n. 249 og 260, brtt. 244, 257, 258, 259, 261, 262, 263, 264, 265, 266, 267, 268, 269, 270, 271, 272, 273, 274, 275, 276, 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 275,1–2 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 244,1–3 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 272 tekin aftur.
Brtt. 244,4–5 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 259,1 tekin aftur.
Brtt. 270,1,1 felld með 31:18 atkv.
Brtt. 244,6–7a samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 263,1 felld með 30:20 atkv.
Brtt. 244,7b–8a samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 263,2 felld með 32:18 atkv.
Brtt. 244,8b–11 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 276 felld með 36:15 atkv.
Brtt. 244,12 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 257,1 tekin aftur.
Brtt. 244,13–15 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 275,3 felld með 40:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, FÞ, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, ÞK.

Einn þm. (SV) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Tónlistarfræðsla í landinu tók tví-

mælalaust mikinn fjörkipp þegar ríkið hóf þátttöku í kostnaði við þessa fræðslu. Ég tel einsýnt að verði skefið stigið til baka verði mikill afturkippur í tónlistarfræðslu hér á landi. Við alþýðubandalagsmenn erum eindregið andvígir þessari breytingu. Ég segi já.

Brtt. 257,2 tekin aftur.
Brtt. 244,16–17 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 263,3 felld með 37:15 atkv.
Brtt. 270,I,2 tekin aftur.
Brtt. 244,18–26 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 275,4 felld með 34:12 atkv.
Brtt. 258 felld með 36:22 atkv.
Brtt. 263,4 felld með 35:18 atkv.
Brtt. 264,1 felld með 34:20 atkv.
Brtt. 270,I,3 felld með 30:21 atkv.
Brtt. 244,27–28 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 278 tekin aftur.
Brtt. 259,2 felld með 37:13 atkv.
Brtt. 275,5 felld með 33:14 atkv.
Brtt. 259,3 tekin aftur.
Brtt. 275,6 tekin aftur.
Brtt. 244,29 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 261,1 tekin aftur.
Brtt. 275,7 tekin aftur.
Brtt. 244,30–31 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 263,5 felld með 34:17 atkv.
Brtt. 270,II,1 felld með 32:17 atkv.
Brtt. 259,4 tekin aftur.
Brtt. 267,1 tekin aftur.
Brtt. 257,3a tekin aftur.
Brtt. 275,8 tekin aftur.
Brtt. 257,3b–4 tekin aftur.
Brtt. 275,9 felld með 35:20 atkv.
Brtt. 244,32–33 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 263,6 felld með 35:19 atkv.
Brtt. 275,10 felld með 34:20 atkv.
Brtt. 262,1 felld með 39:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ.

nei: JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, ÞK.

KJóh greiddi ekki atkvæði.
2 þm. (GHG, SV) fjarstaddir.

Brtt. 275,11 felld með 39:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ.

nei: JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, ÞK.

3 þm. (KJóh, SV, GHG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að lesa upp úr 45. gr. þingskapa, en þar segir, með leyfi forseta:

„Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Ég les þetta upp í þessari atkvæðagreiðslu vegna þess að hér er verið að ganga á rétt stærstu samtaka landsins, æskulýðssamtaka, íþróttahreyfingarinnar, sem hefur yfir 100 þúsund iðkendur innan sinna vébanda af 250 þús. manna þjóðfélagi. Ég harma að svo skuli vera og í atkvæðagreiðslunni segi ég já.

Brtt. 262,2 felld með 41:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ.

nei: GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, ÞK.

1 þm. (SV) fjarstaddur.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að þetta mál verði athugað á milli 2. og 3. umr. segi ég nei.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Í trausti þess að hv. fjvn. leggi fram tillögu til hækkunar og leiðréttingar á þessum lið við 3. umr. fjárlaga segi ég nei við þeirri hækkunartillögu sem hér er til atkvæða. Ég segi nei.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Þetta mál ásamt fleiri málefnum íþróttahreyfingarinnar er enn þá til afgreiðslu í fjvn. og verður afgreitt fyrir 3. umr. Í trausti þess að við afgreiðum þetta mál á þann hátt sem skynsamlegt er segi ég nei.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Með því að málefni Ungmennafélags Íslands, eins og raunar æskulýðshreyfingarinnar almennt, hafa ekki enn verið afgreidd í fjvn. segi ég nei.

Brtt. 244,34 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 262,3a felld með 41:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KE, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, AðB, AG, GuðmÁ, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP,

KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, ÞK.

KH, MF, MálmS, ÞÞ, DS, GeirG, GA greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (SV) fjarstaddur.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að þetta verði athugað á milli 2. og 3. umr. segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þar sem þær röklausu atkvæðaskýringar hv. stjórnarliða koma í ræðustól hver á fætur annarri að í trausti þess að fjvn. skoði málin milli 2. og 3. umr. segi þeir nei, þá ætla ég að segja: Í trausti þess að hv. fjvn. skoði málin vandlega milli 2. og 3. umr. til hækkunar á þessum lið segi ég já.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Við umræður á Alþingi undanfarna daga hafa verið færð fyrir því gild rök að íþróttahreyfingin hafi ekki verið hlunnfarin í fjárframlögum af hálfu Alþingis og með það í huga að eftir að októbermánuður hefur verið gerður upp hjá Íslenskri getspá námu greiðslur til eignaraðila sem hér segir: Íþróttasamband Íslands 95,6 millj., Öryrkjabandalag Íslands 82 millj., UMFÍ 27,3 millj., þá segi ég nei.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það getur á engan hátt talist rökleysa að skýra frá því að mál séu til umfjöllunar í fjvn. og með því að málefni Íþróttasambands Íslands hafa ekki enn þá verið afgreidd frá nefndinni segi ég nei.

Brtt. 244,35a samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 262,3b felld með 28:18 atkv.

Brtt. 244,35b(114) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 262,3c felld með 32:19 atkv.

Brtt. 244,35b(116) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 275,12 felld með 31:13 atkv.

Brtt. 244,36 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 263,7 tekin aftur.

Brtt. 244,37 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 273,1 felld með 39:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, HG, KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, DS, GeirG.

nei: HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

HJ, IBA, JúlS, KSG, ÓÞG, AðB, AG, ÁrnG, GuðmÁ greiddu ekki atkvæði.

1 þm. (SV) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ísland hefur fyrir löngu samþykkt á alþjóðavettvangi að verja ákveðnum hundraðshluta þjóðartekna sinna eða landsframleiðslu til þróunarsamvinnu. Alþingi Íslendinga samþykkti að stefna að þessu marki og ná því í áföngum á nokkurra ára tímabili með ályktun frá Alþingi vorið 1985 að þetta hlutfall yrði 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu sem kæmi frá ríkinu eða hinu opinbera. Þetta hlutfall hefur hins vegar farið lækkandi á undanförnum árum og mun á þessu ári ekki einu sinni ná 0,05% vergrar þjóðarframleiðslu. Ég tel lágmark að hækka þetta eins og þessi till. gerir ráð fyrir eða fella þetta framlag niður með öllu og hætta þátttöku Íslendinga í þessum málaflokki. Ég segi því já.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Með þál. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi vorið 1985 var stefnt að því að fjárveitingar Íslendinga til þróunarsamvinnu nái því marki að nema 0,7% af þjóðarframleiðslu með reglubundinni aukningu framlaga næstu sjö árin. Undir þetta hefur Alþingi Íslendinga gengist, ekki aðeins innan sinna vébanda heldur og einnig á alþjóðlegum vettvangi. Á þessu ári voru framlög þingsins til þróunarsamvinnu 0,06% og eins og nú horfir verða þau lægri á næsta ári. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 244,38 samþ. með 62 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, GA, GHelg, HÁ, HBl, HG, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KJóh, KE, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, PJ, RA, RH, SalÞ, SighB, SkA, StG, NL, SJS, SvG, SvH, VS, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, ÞK.

1 þm. (SV) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Það framlag sem hér er boðið upp á að veita til Þróunarsamvinnustofnunar er auðvitað langt fyrir neðan það sem hið háa Alþingi hefur samþykkt að veita á ári hverju, en þar sem um nokkra hækkun er að ræða frá upphaflegri áætlun mun ég segja já.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þó að það sé ekki mikil reisn yfir þeirri viljayfirlýsingu Alþingis Íslendinga að það skyldi tilbúið að láta 40 millj. til Þróunarsamvinnustofnunar mun ég þó segja já.

Brtt. 273,2 felld með 36:8 atkv.

Brtt. 244,39–41 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 270,I,4 tekin aftur.
Brtt. 244,42–48 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 270,II,2 tekin aftur.
Brtt. 244,49 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 270,I,5 felld með 31:18 atkv.
Brtt. 244,50 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 270,I,6 felld með 40:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GeirG, GA, GHelg, HG, IBA, KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, DS.

nei: FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, ÞK.

GuðmÁ, HJ, JúlS, ÓÞG, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (HBl, SV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Framlög til Fiskimálasjóðs af hálfu ríkisins voru felld niður fyrir tveimur árum. Á 60. fundi Rannsóknaráðs ríkisins þann 29. júní sl. var samþykkt einróma, m.a. af þm. ríkisstjórnarinnar *sem sæti áttu í Rannsóknaráði, að skora á ríkis*stjórnina að veita 60 millj. til þróunar í fiskvinnslu í landinu. Í tillögunni var það sérstaklega tekið fram sem ósk Rannsóknaráðs að 30 millj. af þessari upphæð rynnu í gegnum Fiskimálasjóð til styrktar fyrirtækjum og verkefnum til slíkrar þróunar. Tillaga þessi er flutt í samræmi við þessa einróma ályktun Rannsóknaráðs. Ég segi já.

Brtt. 244,51–57 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 269,1 tekin aftur.
Brtt. 244,58 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 263,9 tekin aftur.
Brtt. 268 felld með 29:18 atkv.
Brtt. 270,I,7 felld með 27:12 atkv.
Brtt. 244,59 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 244,60 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 270,I,8 felld með 30:6 atkv.
Brtt. 267,2 tekin aftur.
Brtt. 257,5 tekin aftur.
Brtt. 244,61–68 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 271 tekin aftur.
Brtt. 244,69a–b samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 266,1 felld með 41:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ.

nei: AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, ÞK.

2 þm. (MálmS, SV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér suður í Fossvogi stendur hús. Í þessu húsi eru fjórar hæðir auðar og hafa beðið eftir því í mörg ár að verkefninu verði fram haldið til þess að unnt verði að stytta nokkuð þá biðlista eftir þjónustu við aldraða sem hér eru í höfuðstað landsins. Fyrrv. ríkisstjórn gekk þannig frá málum að miðað við framlög ársins 1987 taka framkvæmdir við þetta hús þann tíma að því yrði í fyrsta lagi lokið árið 2003. Núv. ríkisstjórn virðist því miður ætla að feta í sama fótsporið. Það er alvarlegt mál og áminning til Reykvíkinga og þjóðarinnar allrar. Hér er flutt till. um að bæta úr. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 244,69c–70 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 275,13 felld með 33:13 atkv.
Brtt. 263,8a–b felld með 31:18 atkv.
Brtt. 263,8c felld með 39:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KSG, KE, KH, MálmS, ÓÞG, SJS, SvG, ÞP, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JK, JónS, JSS, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, ÞK.

MF, RA, SkA greiddu ekki atkvæði.
2 þm. (SighB, SV) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hef sérstaka ástæðu til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu um þennan lið. Í blaði flokks hæstv. fjmrh. er veist að mér persónulega með ósæmilegum hætti í dag. (**Gripið fram í:** Hvaða blað er það?) Það mun heita Alþýðublaðið og gefið út í nokkrum eintökum hér í Reykjavík. Þar er það þanið út yfir þvera forsíðu að ég hafi gefið loforð í þessu sambandi sem ekki standist. Þetta er alrangt. Ég vil gera þá grein fyrir atkvæði mínu hér sem hefur þá skýringu að bréf barst mér sem heilbrmrh. á nýbyrjuðu þessu ári þar sem skýrt var frá að stjórn sjúkrahúss Keflavíkur hefði samþykkt að leita eftir leyfi heilbrmrh. til að flýta þessari byggingu sem mjög brýnt er að komist í gagnið sem allra fyrst, eins og segir í bréfinu með leyfi hæstv. forseta. Og áfram *vitna ég til þess, með leyfi hæstv. forseta:*

„Mundi það einnig bæta núverandi rekstur sjúkrahússins því mestöll nauðsynleg þjónusta við D-álmu er nú þegar til staðar. Leitað hefur verið eftir samþykki og ábyrgð sveitarfélaganna til þessarar lántöku ef leyfi yðar fæst til þess að hraða framkvæmdum við D-álmu."

Hér er vikið að rekstri sjúkrahússins, en þar hafði komið upp alvarlegur vandi og fjárhagslegur rekstur *þess verið til sérstakrar úttektar og ýmissa ráða* auðvitað leitað til að bæta hann. Mér var ljóst að mitt leyfi til þessarar lántöku dugði ekki. Það þurfti

líka leyfi fjmrn. og fjárveitingavaldsins. (**Forseti:** Það er vakin athygli hv. þm. á því ...) Þetta er greinargerð fyrir atkvæði mínu, herra forseti. (**Forseti:** Já, það verður að stilla henni í hóf, en ekki fara út í langar efnislegar umræður.)

Herra forseti. Ég mun sannarlega gera það. Og nú er ég komin að meginatriði þessarar greinargerðar sem er það að samþykki heilbrmrn. lá fyrir fyrir þess leyti og mér er kunnugt um að eftirmaður minn hefur nákvæmlega sömu afstöðu, en hins vegar skorti samþykki fjmrn. Því vil ég segja nei við þeirri tillögu sem hér liggur fyrir í trausti þess að flokksbræður hæstv. fjmrh., bæði í bæjarstjórn Keflavíkur og þeir sem stjórna Alþýðublaðinu, leiti liðsinnis hans til þess að hann beri þetta mál fram á þann hátt sem þeir óskuðu, þ.e. að fá lánsheimild og gera tillögu um það við Alþingi nú fyrir 3. umr. Í trausti þessa segi ég nei.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Nokkur umræða hefur orðið á undanförnum vikum um málefni D-álmu sjúkrahússins í Keflavík og m.a. komið inn á borð hjá mér í heilbr.- og trmrn. Ég hef þar gert heimamönnum grein fyrir því hver skoðun mín væri á því máli og hvernig standa ætti að framkvæmdum sem þessum og þær yrðu auðvitað fyrst og fremst að byggjast á fjárveitingum. Hins vegar hafði verið gefið út bréf í ráðuneytinu þar sem heimilað var fyrir hönd heilbrmrn. að lán yrði tekið til framkvæmda. Til að skýra viðhorf mín til málsins ritaði ég 11. nóv. bréf til stjórnar sjúkrahúss Keflavíkur og með leyfi hæstv. forseta langar mig að fá að lesa tvær málsgr. upp úr þessu bréfi. Þar segir:

„Eins og fram kemur í þeim bréfum féllst fjmrn. ekki á það sl. vor að heimila að heimamenn útveguðu lánsfjármagn til þess að flýta framkvæmdum umfram það sem fjárlög marka. Fyrrv. heilbrmrh. sá hins vegar ekki ástæðu til fyrir sitt leyti að standa í vegi fyrir því að heimamenn tækju lán í þessu skyni færi framkvæmdin að öðru leyti eftir þeim reglum sem um það gilda, m.a. að ríkið hefur ekki viðurkennt fjármagnskostnað sem styrkhæfan byggingarkostnað og því ekki talið sér skylt að greiða 85% af slíkum kostnaði nema heimild til slíkrar lántöku sé á fjárlögum óskilyrt. Núv. heilbrmrh. hefur ekki hugsað sér að breyta á neinn hátt ákvörðun fyrrv. heilbrmrh. hvað varðar afstöðu heilbrmrn. til málsins. Ráðuneytið áréttar hins vegar að fram kom á fyrrnefndum fundi ... (**Forseti:** Hæstv. ráðherra er áminntur um það að þegar menn gera grein fyrir atkvæði sínu í miðri atkvæðagreiðslu verður að vera hóf á efnislegum umræðum.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti, þessari tilvitnun í umrætt bréf, ef ég má bara klára tvær línur, og þá hljóðar það svo:

„Ráðuneytið áréttar hins vegar það sem fram kom á fyrrnefndum fundi sl. föstudag áður en lengra er haldið að nauðsynlegt er að það liggi fyrir hvort heimamenn vilji einir bera þann aukakostnað sem leiðir af lántöku til að flýta byggingu D-álmu sjúkrahússins í Keflavíkurlæknishéraði. Að lokum vill heilbrmrn. taka fram að það telur eðlilegt að heimild fjmrh. fyrir lántöku liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast."

Nú er það svo að í till. frá meiri hl. fjvn., sem hér liggja fyrir, er gert ráð fyrir því að veita framlag til framkvæmda við þessa umræddu álmu við sjúkrahúsið. Ég segi því nei við þessari till.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrst skal það fram tekið að það er á misskilningi byggt að fjmrh. gefi út blað hér í bænum. Alþýðublaðið er gefið út af hlutafélagi sem heitir Blað hf. og lýtur sjálfstæðri ritstjórn. Viðtal sem þar birtist er ekki á ábyrgð fjmrh. Hitt er svo annað mál að sé útbreiðsla þess lítil virðast áhrifin þeim mun meiri ef marka má taugaveiklunarkennd viðbrögð sem hér hafa birst.

Herra forseti. Sú staðreynd að forveri minn í starfi fjmrh. hafnaði lánsbeiðni til byggingar sjúkrahúss í Keflavík er mér með öllu óviðkomandi og sú staðreynd að fyrrv. heilbrmrh. var kunnugt um það fyrir sitt leyti mér með öllu óviðkomandi líka. Staðreyndin er sú að hér er lögð till. fram af hálfu meiri hl. fjvn. um að verja 4 millj. til að hefja þessa framkvæmd og ég segi já við þeirri till. en hafna þessari, segi því nei við þessu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því að sjálfur fjmrh. landsins noti greinargerð fyrir atkvæði sínu til að gera grein fyrir þeirri skoðun sinni á stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar og þá væntanlega stuðningsmönnum þess fjárlagafrv. sem hann er að berjast fyrir að það séu taugaveiklunarkennd viðbrögð ef menn rísa upp til að verja æru sína og leiðrétta missagnir í málgagni flokks hæstv. ráðherra, missagnir sem eru þandar yfir forsíðu blaðsins daginn sem atkvæðagreiðsla fer fram eftir 2. umr. fjárlaga. Það sýnir virðingarleysi þessa hæstv. ráðherra fyrir öðrum þingmönnum, kannski frekar konum en körlum, ég veit það ekki, að láta slíkt frá sér fara og það í grg. við atkvæðagreiðslu. Ef hann hefur þessar skoðanir, hæstv. ráðherra, vil ég ráðleggja honum að halda þeim fyrir sig.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni frábiðja mér að vera bendlaður við ákvarðanir sem ég hef enga aðild átt að, sömuleiðis við að fjarstýra ritstjórn blaðs sem gefið er út af hlutafélagi hér í bænum og ég fjarstýri ekki. Ritstjórn þessa blaðs, hvort heldur efni birtist þar á forsíðu eða með öðrum hætti í viðtölum, er ekki á ábyrgð þess sem hér stendur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. fjmrh. skuli

mjög vilja árétta það hér undir fjárlagaumræðum að hann beri enga ábyrgð á Alþýðublaðinu eins og það er skrifað og kemur þingheimi ekki á óvart. Hitt þykir mér bera vott um skilning hæstv. fjmrh. á mannlegu eðli að hann skuli kalla það taugaveikluð viðbrögð ef menn í þingsalnum fást til að greiða atkvæði með fjárlagafrv. eftir hans línum. Ég játa það satt að segja að ég er að velta því fyrir mér hvort meiri hluti þingheims sé ekki í dag haldinn þessari veiki, taugaveikluðum viðbrögðum þegar hann greiðir atkvæði um fjárlagafrv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að það hefur ekki komið mér á óvart sú almenna sjúkdómslýsing sem hæstv. fjmrh. gaf áðan á þingheimi eða meirihlutanum eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. benti á. Hitt hefði mér hins vegar fundist skynsamlegt af hæstv. fjmrh. í tilefni af ummælum hans, vegna þess að ég veit að þau voru látin falla í fljótræði, að hann bæðist afsökunar á þeim.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég harma þessi óskiljanlegu taugaveiklunarkenndu viðbrögð hæstv. ráðherra og óvirðuleg ummæli um fyrrv. ráðherra og starfsbróður minn í ríkisstjórn á sínum tíma sem með sinni framkomu og störfum hefur áunnið sér traust og virðingu þjóðarinnar almennt að ég held. Ég hef aldrei heyrt öðruvísi um þá virðulegu persónu talað. Ég tek undir það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði rétt í þessu, að það væri metið, a.m.k. frá minni hálfu, og ég mundi líta á hæstv. fjmrh. sem meiri mann ef hann bæði virðulegan þm. Ragnhildi Helgadóttur afsökunar á sínum taugaveiklunarkenndu viðbrögðum.

Hvað Alþýðublaðið snertir er það að ske nú að hæstv. ráðherra er að afneita blaðinu á sama hátt og Morgunblaðið hefur afneitað Sjálfstfl., en ég veit ekki betur en Alþýðublaðið taki afstöðu með Alþfl. og öfugt.

En ég tek undir ráðleggingar hv. 7. þm. Reykv. og *ég vil gera þær að minni ósk og lít ég öðrum augum á* hæstv. fjmrh. eftir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það var kannski mál til komið, þó þess væri ekki að vænta í atkvæðagreiðslu um fjárlög, að hv. þingheimur af karlkyni bæði konur hér í þingsölum almennt afsökunar. Og vegna þess sem hv. 5. þm. Reykv. sagði rétt í þessu og skoraði á hæstv. fjmrh. að biðja hv. 3. þm. Reykv. afsökunar vil ég ráðleggja hv. 5. þm. Reykv. að biðja hæstv. félmrh. afsökunar í leiðinni því að í gær sagði hann, ef ég man orðrétt, að best færi á því að hún færi nú heim að prjóna.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það hefur verið haft að máltaki: Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Ef ég væri fjmrh. í dag mundi ég sýna aðgát í nærveru ósamþykkts fjárlagafrv. Eftir þau ómaklegu ummæli sem hæstv. ráðherra hafði hér áðan tek ég undir þau orð þar sem farið var fram á að hann bæði hv. 3. þm. Reykv. afsökunar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ekki í gær en í fyrradag viðhafði ég þau ummæli um hæstv. félmrh. sem hv. 13. þm. Reykv. nefndi áðan. Ef það er talið móðgandi að biðja konur um að prjóna eða sauma heima hjá sér bið ég afsökunar á því hvaða starf sem hún kann að hafa í þjóðfélaginu að öðru leyti. Ef ég hef móðgað félmrh. segir hún til um það sjálf, en ef svo er bið ég hana hér með innilega afsökunar á því. Það var ekki tilgangurinn.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Að vísu þykir mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn ef orðaskiptum, sem hér verða og eru um málefni, er snúið upp í þann farveg að hér sé verið að flytja vanvirðu við helming mannkyns eða allt kvenkyn. Slíkt er fjarri lagi. Ég hef orðið þess áskynja að ýmsir hafa undan því kvartað að álag væri mikið á þm. almennt í starfi þingsins þessa dagana og það hafa fleiri haft á orði en ég. Nú er mér það að sönnu ljúft og skylt að viðurkenna að þessi orð, sem ég nefndi, voru betur ósögð og bið ég hér með hv. þm. velvirðingar á því, en læt vera að biðja allt kvenkyn velvirðingar í leiðinni.

Brtt. 264,2 felld með 38:18 atkv., að *viðhöfðu* nafnakalli, og sögðu

já: GA, HG, HJ, IBA, JúlS, KH, MF, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ.

nei: HÁ, HBl, *JE*, JóhS, *JBH*, *JHelg*, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

GHelg, KE greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (KP, MálmS, RH, SighB, SV) fjarstaddir.

1 þm. geri svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það hefur sjaldan gerst í þingsögunni að minni hl. fjvn. sem hefur haft allan aðgang að og tekið þátt í skiptingu fjármagns til verkefna án ágreinings og þessi sami minni hl. gerði engan ágreining í þingmannahópi Sunnlendinga út af þessu máli þar sem ég og hv. þm. Eggert Haukdal gerðum einmitt athugasemdir við þá liði sem nú er kosið um. Í trausti þess að hærri fjármagnsupphæðir komi til sjúkrahúsa og öldrunarmála segi ég nei við þessa umræðu.

Brtt. 265 tekin aftur.

Brtt. 244,71 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 269,2a tekin aftur.
Brtt. 244,72a samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 269,2b tekin aftur.
Brtt. 244,72b samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 266,2 felld með 23:17 atkv.
Brtt. 244,73–74 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 263,10 felld með 28:11 atkv.
Brtt. 244,75 samþ. með 35 shlj. atkv.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég óska eftir að sérstaklega verði borinn upp liðurinn Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar. Þetta er undir fjmrn. 09-999 Ýmislegt 118, Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar 26 millj. 140 þús.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hefur komið ósk frá hv. 2. þm. Norðurl. e. um að það yrði borinn upp sérstaklega ákveðinn liður. Það er undir fjárlaganúmerinu 09-999 og undirliður 118 svohljóðandi: Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar 26 millj. 140 þús.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það e. ekki farið að bera upp undir atkvæði greinina eins og hún liggur fyrir í frv., aðeins brtt. Ég hygg að það eigi ekki að greiða atkvæði um þetta fyrr en greinin í frv. svo breytt kemur til atkvæða. Þá verði greidd atkvæði um þetta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég hygg að það sé rétt að gera þetta á þann hátt sem forseti ætlar. Það er komið í atkvæðagreiðslunni að þeim stað í fjárlagafrv. þar sem er að finna þennan lið. Forseti gekk úr skugga um það. Það sem er aðalatriðið er að ganga úr skugga um hvort það er vilji fyrir þessum sérstaka lið eða ekki. Það hefur verið borið sig eins að áður við afgreiðslu fjárlaga. (Gripið fram í.) Forseti telur að það leiki enginn vafi á því að við atkvæðagreiðslu og nafnakall um þennan lið komi fram vilji þingsins í þessu efni.

Fjárlagaliður 09-999 118 (blaðastyrkur) samþ. með 46:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KP, KJóh, MF, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SkA, StG, NL, SJS, SvG, SvH, VS, ÞP, AðB, AG, AS, ÁrnG, EgJ, EG, FÞ, GeirG, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, GA, GHelg, HÁ, HG, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, ÞK.

nei: KH, MB, RH, ÞP, BÍG, EH, EKJ, GHH, GHG, HBl.

KE, ÓÞG, DS, FrS greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (MálmS, SighB, SV) fjarstaddir.

Brtt. 275,14 felld með 25:16 atkv.
Brtt. 274,1 tekin aftur.
Brtt. 244,76–79c samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 261,2 tekin aftur.
Brtt. 244,79d–80a samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 261,3 (aðaltill.) felld með 25:20 atkv.
Brtt. 261,3 (varatill.) tekin aftur.
Brtt. 270,II,3 tekin aftur.
Brtt. 264,3a felld með 27:21 atkv.
Brtt. 244,80b samþ. með 45:1 atkv.
Brtt. 264,3b felld með 32:14 atkv.
Brtt. 244,81–85 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 274,2 tekin aftur.
Brtt. 244,86 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 270,I,9 tekin aftur.
Brtt. 270,II,4 felld með 39:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, DS, GeirG, GA, GHelg, HG.

nei: JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, ÞK.

IBA, JúlS, ÓÞG, AG, HJ greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (KP, SighB, SV, GuðmÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég hef alla tíð talið það mjög óheppilegt að raforka til rafhitunar sé niðurgreidd með þeim hætti sem hingað til hefur tíðkast, þ.e. það komi beint fram í lækkuðu raforkuverði. Raforka á að vera á því verði sem hún kostar. Hins vegar er sjálfsagt að greiða niður rafhitun með beinum styrkjum eða öðrum hætti. Ég greiði því ekki atkvæði.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr greinargerðum, ég hef komið þeim á framfæri við hv. þingheim varðandi þetta mál, greinargerð frá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég hafði vænst þess að hv. þingheimur gerði sér ljósa alvöru þess máls sem hér er verið að greiða atkvæði um, en það verður að dæma að atkvæðagreiðslu lokinni.

Frá 1. febr. 1984 hafa niðurgreiðslur á raforku til húshitunar verið óbreytt upphæð á hverja kwst. Niðurgreiðslur sem hlutfall af rafhitunarkostnaði hafa síðan minnkað frá um 60% niður fyrir 30%. Frá næstu áramótum hækkar rafhitunartaxti Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða um 18%. Ef sú upphæð til niðurgreiðslna á rafhitun sem stendur í fjárlagafrv., 200 millj. kr., verður óbreytt mun það að mati Rafmagnsveitna ríkisins leiða til 40% hækkunar á rafhitunarkostnaði. Ég mismælti mig ekki: til 40% hækkunar á rafhitunarkostnaði. Slíkt skapar óþolandi og vaxandi mismunun fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Við þm. Alþb. erum andvígir þeirri öfugþróun og því er till. þessi flutt. Herra forseti. Ég segi já.

4. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv., að

viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, VS, ÞP, ÞK.

DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (GB, SV, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 273,3 felld með 38:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GA, GHelg, HG, KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, DS.

nei: EG, EKJ, FÞ, FrS, GHH, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KP, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SalÞ, SighB, StG, NL, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EgJ, ÞK.

GuðmÁ, GB, HJ, IBA, JúlS, ÓÞG, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (KSG, SV, SvH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi atkvæðagreiðsla snýst um hvort menn styðja eða styðja ekki þá sérkennilegu nýbreytni, sem tekin var upp við gerð íslensku fjárlaganna að ég hygg á síðasta ári, að færa hluta af útgjöldum Bandaríkjahers eða Atlantshafsbandalagsins til hermála inn og út í gegnum íslensku fjárlögin. Hér er sem sé um að ræða að liður, sem er algerlega óviðkomandi íslensku þjóðinni, útgjöld til hernaðarmála og þar með óviðeigandi og niðurlægjandi að færa það inn í íslensku fjárlögin, er færður inn og út, gjöld upp á 308 millj. 980 þús. kr. og tekjur á móti, það er reyndar ekki sagt frá hverjum, upp á 308 millj. 980 þús. kr. Mismunurinn á þessum tveimur tölum, herra forseti, er núll. Þetta kemur íslensku fjárlögunum og íslenska ríkinu jafnmikið við og þetta núll, nákvæmlega ekki neitt. Ég hygg að hér sé að einhverju leyti á ferðinni gamall draugur frá þeirri tíð þegar hæstv. fyrrv. utanrrh. og núv. seðlabankastjóri, Geir Hallgrímsson, var að plata þessu hernaðarmannvirki inn á íslensku þjóðina, m.a. undir því yfirskini að þetta mundi auðvelda bændum heyskap. Ég hygg að með sama áframhaldi geti þess verið að vænta að öll útgjöld t.d. til rekstrar herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli verði færð undir íslensku fjárlögin. (Forseti hringir.) — Ég er að gera grein fyrir atkvæði mínu, herra forseti, með svipuðum hætti og hér hefur verið gert nokkrum sinnum fyrr í dag og leyfi mér að halda því fram að ég sé enn innan þeirra marka sem þá voru leyfð óátalið. (**Forseti:** Hv. þm. er að mati forseta nákvæmlega innan þeirra marka þar sem gerð var athugasemd áður.) Já, og þá skal ég ljúka við að gera grein fyrir atkvæði mínu, herra forseti. Ég tel þetta fullkomlega óeðlilegt formlega séð. Hér er ekki flutt um það brtt. hvort leggja eigi niður þessa starfsemi eða ekki, eins og mér heyrist að sumir hv. þm. hafi misskilið tillöguflutninginn, heldur um það hvort eðlilegt sé að útgjöld sem eru alfarið kostuð af erlendum aðilum, til þarfa sem koma íslenska þjóðfélaginu ekkert við, séu færð inn og út gegnum íslensku fjárlögin. Hér erum stórt grundvallaratriði að ræða sem ég vil að hv. þm. geri sér grein fyrir áður en þeir greiða atkvæði.

Ég vil ekki horfa upp á það að eiga e.t.v. von á því, virðulegur forseti, að með sama áframhaldi verði innan tíðar öll útgjöld til herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli færð inn og út, tekjur og gjöld, gegnum íslensku fjárlögin. Ég segi því já við að fella þennan lið út og koma þar með þeim skilningi á að svo skuli vera í framtíðinni að þessi útgjöld, sem eru okkur óviðkomandi, standi ekki í íslensku fjárlögunum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hef síður en svo á móti því að menn geri skýrlega grein fyrir atkvæði sínu og afstöðu í málum, en á hinn bóginn þykir mér óviðkunnanlegt og ástæða fyrir forseta til að veita hv. þm. áminningu þegar þeir með heldur ósmekklegum hætti veitast að fyrrv. þm. undir því yfirskini að þeir séu að gera grein fyrir atkvæði sínu þannig að ekki er hægt með eðlilegum hætti að koma vörnum við. Ég vil vekja athygli á þessu, herra forseti, og nota annað tækifæri til að leiðrétta þau ósmekklegu ummæli sem hér voru uppi höfð af hv. 4. þm. Norðurl. e.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. á að vera það fullkunnugt eins og öllum öðrum hv. þm. hér á fundinum, að forseti hefur gert athugasemdir og talið að það hafi verið farið út fyrir þau mörk sem eðlileg eru þegar gerð er grein fyrir atkvæði. Forseti vill mælast til þess að menn haldi ekki áfram mjög lengi umræðum um þingsköp af slíku tilefni sem hv. 2. þm. Norðurl. e. taldi vera. Ég veit að hv. þm. vill virðingu og veg þingsins, en þetta er ekki sú leið að stuðla að því að vera með umræður um þingsköp í tíma og ótíma.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa veitt hv. 2. þm. Norðurl. e. þessa ofanígjöf.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og ég hygg að komið hafi fram í máli mínu áðan er ég gerði grein fyrir atkvæði mínu taldi ég og tel eðli þess máls sem þar voru greidd atkvæði um nokkuð sérstakt og því óhjákvæmilegt að hafa á því nokkrar skýringar hvers vegna flutt væri brtt. um að liður af þessari stærðargráðu, upp á 380 millj. kr., félli með öllu út af fjárlögum. Ég vildi að það lægi ljóst fyrir að það væri ekki verið að gera tillögur um að fella niður þessa starfsemi. Þó að mér væri að vísu ekkert fjarri skapi að gera það er hér fyrst og fremst verið að bera upp þessa till. til að fá

skorið úr grundvallaratriði.

Varðandi þau ummæli sem féllu í mínu máli þegar ég var að skýra málið og gera grein fyrir atkvæði mínu, þá get ég huggað hv. 2. þm. Norðurl. e. með því að þar var ekkert nýtt sem ekki hafði verið bæði sagt áður utan þings og innan. Auk þess er ræðumaður tilbúinn til að endurtaka þessi ummæli hvenær sem er utan þings ef það hjálpar eitthvað sáluheill hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég hygg að í þessum orðaskiptum *mínum og þess hæstv. fyrrv. utanrrh.* sem hér barst í tal hafi fallið nokkuð hvassari orð þegar þetta mál var sem mest á dagskrá fyrir nokkrum árum.

5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjárlagaheimild 7.5 (blaðakaup handa ríkisstofnunum) samþ. með 50:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, GHelg, HÁ, HG, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KP, KJóh, KE, KH, MF, MB, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SkA, StG, NL, SJS, SvG, VS, ÞP, ÞÞ, AG, AS, ÁrnG, BÍG, DS, EG, EKJ, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

nei: HBl, RH, EgJ, FÞ, GHG.

JúlS, ÓÞG, AðB greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (MÁM, SV, SvH, EH, FrS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Í ljósi þess gífurlega misréttis sem dagblöðin búa við af hálfu ríkisins hvað varðar birtingu auglýsinga og er í reynd ríkisstyrkur hinn mesti tel ég eðlilegt að reynt sé að leiðrétta þetta m.a. með því að ríkið kaupi jafnmörg eintök af dagblöðunum. Því segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Á sama hátt og mér finnst óeðlilegt að ríkið styrki dagblöðin finnst mér alveg sjálfsagt að ríkið borgi fyrir þau blöð sem það fær og ef það er hæfileg tala, 250 blöð, sem ég hygg að muni vera, allmörg blöð koma t.d. hingað til Alþingis, er ekki hægt að ætlast til þess að útgefendur gefi þau blöð. Auðvitað á ríkið og ríkisstofnanir að borga fyrir þau blöð sem það fær rétt eins og allir aðrir. Þess vegna segi ég já.

6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þessi atkvæðagreiðsla hefur nú tekið 3½ klukkustund sem er mjög óvanalegt, miklu lengri en vant er. Að verulegu leyti á hún rætur sínar að rekja til þess að hv. stjórnarliðar hafa tafið mál í atkvæðagreiðslu. Ég ætla að fara þess eindregið á leit við formenn þingflokkanna að menn reyni að ná samkomulagi um að hafa þann hraða á afgreiðslum sem verður að hafa til að geta afgreitt hér mál frá og á það ekki síst við um okkur stjórnarsinna að við verðum líka að kunna að sitja á strák okkar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég skil vel að það liggi illa á formanni fjvn. eftir að maður eftir mann úr nefndinni hefur staðið upp og sagt að nefndin eigi eftir að *athuga ýmsa þýðingarmikla kafla og þætti í fjárlagafrv.*

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Að gefnu tilefni skal það sagt áður en fundi er slitið að það hefur ekki farið óvenjulega langur tími í atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga nú. Satt að segja hélt forseti lengi framan af að það yrði óvenju stuttur fundur. En sú hefur raunin ekki orðið. Ég ætla að þessi fundur hafi tekið álíka tíma og fundir hafa tekið eftir því sem næst verður komist að meðaltali á undanförnum árum. Hins vegar skal ekki dregið úr mikilvægi þess að allir hv. þm. leggist á eitt um að afgreiðsla mála geti farið sem best fram og greiðlegast.

EFRI DEILD

22. fundur, þriðjudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ákveðið hefur verið að efna til samráðs með forustumönnum þingflokkanna og því verður fundi frestað til kl. 6, í 20 mín. — [Fundarhlé.]

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225, n. 250 og 277, brtt. 251.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Eins og fram kemur í dagskrá hefur nefndin þríklofnað um málið. Hv. 7. þm. Reykn. leggur til að frv. verði fellt, en við aðrir nefndarmenn leggjum til að frv. verði samþykkt. Að vísu hefur hv. 7. þm. Reykv. flutt brtt. þar sem hann leggur til tvöföldun skattsins. Þó ég geri mér ljósa grein fyrir brýnni þörf þess að hægt sé að auka tekjur ríkissjóðs treysti ég mér ekki til þess að verða við því og legg til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga,

stjfrv., um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Við höfum tekið þátt í nefndarstörfum hv. fjh.- og viðskn. Ed. og fjallað um þetta frv. Við þm. Borgarafl. lýsum þeirri afstöðu okkar að við erum á móti sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eins og skatti á atvinnuhúsnæði almennt. Ef hins vegar endilega þarf að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði mundum við heldur kjósa að það yrði athugað með hvaða hætti yrði þá lagður skattur á allt atvinnuhúsnæði í gegnum t.d. hærri eignarskatta þó að við séum í sjáfu sér ekki sérlega hrifnir af slíkri hugmynd. Miklu skynsamlegra er að láta verslunarfyrirtæki greiða skatta eftir þeim tekjum sem þau kunna að hafa á sínum rekstrarreikningi í stað þess að vera að leggja sérstakan skatt á húsnæði þessara fyrirtækja. Þessi skattur er nú búinn að vera á í allmörg ár. Hann, eins og margir aðrir skattar, var lagður á tímabundið. Var hugmyndin væntanlega sú á sínum tíma með þessum skatti að refsa mönnum fyrir allt of margar byggingar, verslunarbyggingar og skrifstofubyggingar, sem var talið að væru meira eða minna óþarfar, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu. Eins og í sambandi við aðra skatta sem eru lagðir á tímabundið vill þetta með „tímabundið" gufa upp með tímanum og þessir skattar verða fastir. Og það er ekki nokkur leið að losna við þá aftur.

Við viljum hins vegar leggja okkar fram til þess að það megi losna við þennan skatt í eitt skipti fyrir öll og leggjum því til að frv. verði fellt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. með fyrirvara um þetta mál. Fyrirvarinn lýtur að tvennu. Í fyrsta lagi því að ég tel að þessi skattur eigi að geta gefið meira í ríkissjóð, þannig að hægt sé að létta af almenningi einhverjum að þeim álögum sem núv. ríkisstjórn er að hvolfa yfir þjóðina eftir áramótin, og svo hinu að ég tel ástæðulaust að hafa þessa skatta tímabundna. Ég hefði talið eðlilegt að það væri almennt gildistökuákvæði í þessu skattafrv. en að það væri ekki aðeins miðað við árið 1988 eins og gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstjórnar. Ég tel að þetta sé skynsamleg skattlagning og eðlilegt að nýta þennan skattstofn betur. Ég hef hins vegar látið nægja að flytja tillögu um að hækka skattinn örlítið þannig að hann skili eitthvað í kringum 200 millj. kr. á næsta ári sem er ekki mikið miðað við þennan stóra skattstofn. Ég hef látið gildistökuákvæðið í friði. Mun styðja frv. að öðru leyti, þannig að þessi þáttur samfélagsins greiði til samneyslunnar a.m.k. það sem lagt er til af ríkisstjórninni þó að það mætti gjarnan vera meira.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli mínu þegar frv. var til umræðu fyrr í deildinni styður Kvennalistinn það, einkum vegna þess að við teljum mjög eðlilegt að þessi þáttur atvinnulífsins greiði sitt til samneyslunnar. Hann er, eins og þá kom fram í máli mínu, sérstaklega aflögufær nú eftir mikla þenslu og mikið góðæri, ekki síst í verslun. Þess vegna teljum við mjög eðlilegt að hann beri aukinn hlut til samneyslunnar sér að skaðlausu og munum styðja þær tillögur til hækkunar sem komið hafa fram hjá hv. 7. þm. Reykv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Brtt. 251 felld með 10:5 atkv.
6.–10. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Launaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144, n. 284 og 285.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 284 leggur meiri hl. nefndarinnar til að þetta frv. verði samþykkt en eins og fram kemur í fjárlagafrv. hefur verið gert ráð fyrir því að stefna að samræmingu launaskattsins og er nú stigið fyrsta skrefið með þessu frv. með því að leggja 1% launaskatt á þær greinar aðrar en búrekstur sem undanþegnar hafa verið launaskatti.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um efnisatriðin að öðru leyti. Auðvitað orkar skattur eins og launaskattur tvímælis, en þessi lög eru nú orðin allgömul, síðan 1965, og þær ríkisstjórnir sem setið hafa síðan hafa ekki treyst sér til að leggja þessa skattheimtu niður. Hún hefur verið með ýmsum hætti á þessum árum og kann ég ekki að rekja það nægilega vel til að fara út í þá sálma en legg sem sagt áherslu á að með samþykkt frv. nást um 400 millj. kr. í ríkissjóð sem er nauðsynleg skattlagning til að standa undir vaxandi þjóðarútgjöldum og ríkisútgjöldum.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ásamt hv. 7. þm. Reykn. hef ég skilað sérstöku nál., minnihlutaáliti um frv. til laga um breytingu á lögum um launaskatt.

Frv. þetta, sem hæstv. ríkisstjórn flytur í framhaldi af efnahagsráðstöfunum sínum í sumar, gerir ráð fyrir að um verði að ræða vissa samræmingu á álagningu launaskatts en hún er framkvæmd með þeim hætti að um er að ræða verulega íþyngingu fyrir útflutningsatvinnuvegina. Það er talið að þessi launaskattsbreyting þýði um 250 millj. kr. fyrir sjávarútveginn sérstaklega svo að dæmi sé nefnt.

Það er mín skoðun að eðlilegt væri við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu eftir hið mikla góðæri sem við höfum upplifað núna á síðustu einu eða tveimur árum væri eðlilegt að ýmsar þjónustugreinar sem hafa blómstrað og dregið til sín stórfé væru látnar bera skatta til að halda jöfnuði í ríkisútgjöldum. Ég tel hins vegar algjörlega óeðlilegt, miðað við þær aðstæður sem nú eru í sjávarútveginum þar sem mjög hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir sjávarútveginn, að íþyngja honum með launaskatti af því tagi sem hér er gerð tillaga um.

Það hefur komið fram í umræðum um fjárlög í gær að hallinn á frystingunni er talinn vera 7–9%. Það er talað um að hallinn á fiskiðnaðinum í heild sé 3–4% og sérfræðingar stjórnarflokkanna gefa yfirlýsingar um það, m.a. Víglundur Þorsteinsson sem er einn helsti hugmyndafræðingur Sjálfstfl., að staðan sé þannig, ekki rétt? Nei. Hv. þm. gerði enga athugasemd við mál mitt, mér sýndist ... (**GHG:** Jú, það er gerð athugasemd hérna.) Það er gerð athugasemd við það, að hann sé ekki einn helsti hugmyndafræðingur Sjálfstfl. (**GHG:** Nei, að sjálfsögðu ekki.) Nei. Það er þá Hannes Hólmsteinn kannski enn þá í hásætinu. Jæja, hvað sem um það er, ég get tekið þetta aftur, herra forseti, ef það særir viðstadda sjálfstæðismenn. A.m.k. hafa ýmsir mætir menn í Sjálfstfl. — hann er væntanlega þar enn þá og varaþm. einhverra — (**Gripið fram í:** Aðgát skal höfð í nærveru sálar.) lýst því yfir að staða atvinnuveganna sé nú þannig að raun og veru sé gengið fallið. Og miðað við þær aðstæður er það okkar skoðun að það sé algjörlega óeðlilegt að leggja á þennan launaskatt. Þess vegna erum við, ég og hv. 7. þm. Reykn., andvígir þessu frv.

Ég bendi hins vegar á að frv. er þannig útbúið að það er í raun og veru mjög erfitt að greiða atkvæði gegn einstökum efnisgreinum þess vegna þess að þetta eru tillögur almennt um launaskatt og mjög erfitt að flokka það út hverju ætti þá að greiða atkvæði á móti fyrir þá sem eru andvígir þessari sérstöku álagningu á útflutningsatvinnuvegina. Þess vegna mun ég fyrir mitt leyti greiða atkvæði gegn frv. í heild þegar það verður borið upp í 3. umr., en sitja hjá við meðferð málsins hér við 2. umr.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Við erum að fjalla hér um eitt skattafrv. enn. Mig langar til að athuga hvort ég hef lært hvernig ég á að hegða mér eins og hæstv. fjmrh. Hann segir að skattkerfið eigi að vera einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Ég vona að ég hafi lært rétt þuluna. Þetta frv. ber ekki þessi einkunnarorð með sér, að það sé einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Í raun og veru er þetta dæmigert íslenskt skattafrv. og er alveg með ólíkindum hvað stjórnmálamenn á Íslandi hafa verið lagnir við að finna upp alls kyns skatta og álögur á fyrirtæki og allan almenning í landinu. Það hefur oft verið sagt að frændur okkar á Norðurlöndunum séu meistarar í því að leggja skattálögur á þegnana, en ég er farinn að efast um að þeir standi með tærnar þar sem við höfum hælana í alls konar smásköttum og í fjölbreytileika þeirra skatta sem við leggjum á. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að launaskattur er nánast orðinn að hefð. Það verður mjög erfitt að losa sig við hann. Þó svo ég álíti að nú hafi kannski verið tækifærið í þessari allsherjar hreingerningu hæstv. fjmrh. að sópa m.a. launaskattinum burt, en væntanlega hefur hann séð eftir tekjunum sem hann gefur. Sannleikurinn er reyndar sá að m.a. byggingarsjóðir ríkisins eru nánast reknir að hluta til á launaskattinum svo það er erfitt um vik að losa sig við hann.

En ég tek heils hugar undir það með hv. 7. þm. Reykv. að hér er breytt til hins verra frá því sem áður var að láta útflutningsatvinnugreinarnar bera launaskatt líka. Eins og flestum hv. þm. ætti að vera kunnugt er ekki allt of björgulegt á þeim bæ þessa dagana meðan bandaríkjadalur heldur áfram hraðferð niður á við og afurðirnar verða í raun verðminni og verðminni á helstu útflutningsmörkuðum okkar.

Ég verð að segja eins og er að eins og ástandið er ætti allt að einu að vera hægt að setja launaskatt á landbúnaðarstörf eins og þau fyrirtæki sem bjástra við fiskverkun, þau fáu fyrirtæki sem enn þá reyna það.

En hvað um það. Ég hygg að við munum taka þá afstöðu þm. Borgarafl. að taka ekki þátt í efnislegri meðferð frv. við 2. umr., þ.e. við munum hvorki greiða atkvæði með né á móti, en áskiljum okkur allan rétt á því að hafa um það skoðanir við 3. umr.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig skilið að hv. stjórnarandstæðingar skuli hafa áhyggjur vegna stöðu dollarans og ytri aðstæðna þjóðarbúsins. Ég vil á hinn bóginn minna á að launaskatturinn hefur verið lagður á samkeppnisiðnaðinn sem er auðvitað jafnháður ytri skilyrðum og útflutningsiðnaðurinn og lýtur sömu lögmálum. Ég legg áherslu á að hér er um samræmingu að ræða og af þeim sökum teljum við óhjákvæmilegt að þessi ákvæði verði sett.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn., þá gafst mér færi á að fylgjast með störfum nefndarinnar í þessu máli. Ég hef tekið þá ákvörðun fyrir hönd Kvennalistans að styðja álit minni hl., fyrst og fremst vegna þess sem þar kemur fram, að við leggjumst gegn hækkun skatta á útflutningsatvinnuvegina eins og gert er ráð fyrir hér. Það er þá fyrst og fremst vegna þess að rekstrarstaða þeirra hefur versnað stórum á sama tíma og raunvextir eru hærri en þeir hafa áður verið.

Í frv. er kveðið á um að önnur meginatvinnugrein eða atvinnuvegur sé undanþegin skattskyldu á vinnulaun, þ.e. landbúnaðarstörfin. Okkur finnst eðlilegt að eins og nú er ástatt muni það sama eiga við um fiskvinnsluna. Þess vegna styð ég fyrir hönd Kvennalistans þetta minnihlutaálit.

Við munum, þingkonur Kvennalistans, að öðru

leyti ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um þetta mál við 2. umr. en fylgjast með framgangi málsins í deildinni.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég get tekið undir þau ummæli hv. þm., sem hér hafa talað, að það sé vissulega erfitt og óeðlilegt að þurfa að leggja á þann skatt sem hér um ræðir vegna þeirrar erfiðu stöðu sem útflutningsatvinnuvegir okkar eru komnir í, en með tilliti til þess að það hlýtur að vera meginstefna okkar allra að atvinnuvegirnir sitji við sama borð, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, 2. þm. Norðurl. e., er hér um ákveðið samræmingaratriði að ræða í sambandi við útflutningsiðnað og samkeppnisiðnað sem ég held að allir hv. þm. hljóti að vera sammála um að nauðsynlegt sé að viðhafa ef atvinnugreinarnar eiga að sitja á annað borð við sama borð.

Hins vegar hlýt ég að lýsa ánægju minni yfir því að skilningur hv. þm., sem hér hafa talað, á hinni erfiðu stöðu útflutningsatvinnuveganna er mjög ríkur. Við hljótum að vænta þess að þegar að því kemur að ræða þurfi stöðu útflutningsatvinnuveganna í heild og gera þær ráðstafanir sem duga, því hér erum við raunverulega að tala um smámuni miðað við það erfiða heildardæmi sem við stöndum frammi fyrir, fáum við góðan stuðning hv. þm., sem hér hafa talað, til að lagfæra stöðu útflutningsatvinnuveganna. Ég trúi ekki öðru fyrr en á reynir en að hv. 7. þm. Reykv. muni taka þar vel í árina með okkur.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að því miður hefur fall dollarans, sérstaklega núna síðustu vikur og daga, haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir útflutningsatvinnuvegina í heild, sérstaklega á útflutning frystra sjávarafurða sem taka u.þ.b. 70% af heildartekjum á grundvelli dollaragreiðslna. Þess vegna hlýt ég og við öll að vænta þess að þegar við gerum upp það stóra og erfiða dæmi, sem við því miður komum til með að standa frammi fyrir, munum við njóta góðs stuðnings hv. þm. sem hafa talað á undan.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. stjórnarliðsins skuli vilja hefja almenna umræðu um stöðu útflutningsatvinnuveganna. Það er eitt af því brýna sem fyrir þinginu liggur að ræða þau mál ítarlega nú þegar, áður en jólaleyfi þm. hefst, þannig að okkur gefist öllum kostur á að bera okkur saman um stöðu útflutningsgreina. Og ég fagna því að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er tilbúinn til þess eftir áramót að styðja okkur þm. stjórnarandstöðunnar í því að hjálpa til varðandi þróun og stöðu útflutningsgreinanna. Það væri vel þegið að hann byrjaði strax í dag og legðist gegn þessu frv., sem er fyrst og fremst skattur á sjávarútvegi, sem hann er nú að samþykkja. Það er býsna athyglisvert að það skuli verða eitt af hans fyrstu verkum í þessari virðulegu deild löggjafarsamkomunnar að íþyngja sjávarútveginum. Má þá kannski uppfæra á hann hendinguna „Þetta sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann". Það er býsna dapurleg hending, en engu að síður niðurstaða, virðist mér.

Staðan er þannig, herra forseti, í sambandi við þróun útflutningsatvinnuveganna, svo ég nefni eitt dæmi, að það er talið að raungengi íslensku krónunnar, ef við segjum að það hafi verið 100 á árinu 1986, hafi hreyfst þannig að það var 110 í janúar 1987 en er komið upp í 129 í desember 1987. Því er spáð í gögnum frá Seðlabankanum, dags. 27. nóv. 1987, að raungengi íslensku krónunnar muni á næsta ári að óbreyttri stefnu stjórnvalda, skattpíningarstefnunni og fleiru sem á henni hangir og hv. þm. Halldór Blöndal og Guðmundur H. Garðarsson beita sér hér hart fyrir, hækka á næsta ári úr 129 í desember í 140 í desember á næsta ári. Það væri fróðlegt ef hv. þm. vildu halda áfram hinni almennu umræðu um stöðu útflutningsatvinnuveganna í deildinni með því að greina okkur frá því, annaðhvort nú eða við 3. umr. málsins, hvernig þeir hugsa sér að koma til móts við þann vanda sem blasir við útflutningsatvinnuvegunum þegar samkeppnisstaða þeirra mun að öðru óbreyttu versna á næsta ári um 10% til viðbótar við það sem liggur fyrir í dag.

Ég hef aflað mér ítarlegra upplýsinga um þessi mál, bæði varðandi þróun kauptaxta og vaxta hjá útflutningsatvinnuvegunum svo og allan annan kostnað, og það er ákaflega fróðlegt að fara yfir það. Ég efast um að þessir hv. þm., sem eru núna að reyna að pína í gegn þetta launaskattsfrv., hafi farið yfir þessi gögn eins og þeim ber þó skylda til um leið og þeir eru að taka á sig pólitíska ábyrgð á því að íþyngja útflutningsatvinnuvegunum með þeim hætti sem hv. þm. Halldór Blöndal og stuðningsmaður hans Guðmundur H. Garðarsson leggja hér til.

Ég skora á þá að kynna sér þessi gögn og gera þinginu fyrir hátíðar grein fyrir því hvernig þeir ætla að taka á vanda útflutningsatvinnuveganna. Ég hef orðið var við það í dag að þm. Sjálfstfl., sérstaklega þeir, telja þingið hafa yfrinn tíma til að fjalla um mál það sem eftir lifir til hátíðanna. Þess vegna hygg ég að það væri skynsamlegt að þeir ræddu það við forseta þingsins og formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að það yrði tekinn eins og einn dagur í að ræða um vanda útflutningsatvinnuveganna. Ég er sannfærður um að við þm. stjórnarandstöðuflokkanna, að minnsta kosti þm. Alþb., mundum taka því mjög vel ef þessir þm. beittu sér fyrir almennri umræðu um vanda útflutningsatvinnuveganna og tækjum í það eins og einn dag á þeim sólarhringum sem eftir eru fram að aðfangadegi — ég geri ekki ráð fyrir að menn verði mikið á aðfangadag í þessu. Bæði væri fróðlegt að fá almenna umræðu um þessi mál og sömuleiðis mun ég ganga eftir því að þeir sýni tillögur um hvernig þeir vildu leysa þennan vanda útflutningsatvinnuveganna. Það verður pantað núna fyrir hátíðarnar hjá þeim og gengið eftir því og fylgst með því á dagskrám þingsins hvort vandi sjávarút-

vegsins verður að þeirra frumkvæði sérstaklega til meðferðar eða hvort hv. þm. Halldór Blöndal ætlar að láta nægja að leggja 400 millj. kr. skatt á útflutningsatvinnuvegina miðað við þá þróun sem liggur fyrir, 10% verri staða en var í upphafi ársins og horfur á öðru eins á næsta ári.

En ég fagna því að þessir hv. þm. skuli hafa kveikt á því, eftir þessi fáu orð sem við fluttum í upphafi þessarar umræðu, að það er til nokkuð sem heitir vandi útflutningsatvinnuveganna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

23. fundur, þriðjudaginn 15. des., að loknum 22. fundi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16:2 atkv. og afgr. til Nd.

Launaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þeir hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 14. þm. Reykv., sem láta sér annt um hagsmuni útflutningsatvinnuveganna, kvöddu sér ekki hljóðs við 2. umr. þessa máls núna áðan. Það er nokkuð athyglisvert og bendir til þess að málið sé flókið og snúið og þeir eigi fá ráð í fórum sínum til að bregðast við hinum mikla vanda önnur en þau að leggja launaskattinn á þennan atvinnuveg upp á 400 millj. kr. Nú stendur hins vegar yfir 3. umr. þannig að þeir eiga enn kost á því að koma málinu áleiðis, koma sjónarmiðum sínum á framfæri, ella verður gengið eftir því við síðara tækifæri eins og ég gat um í fyrri umræðu því ég tel það rétt, sem þeir sögðu báðir, að málið þarfnast ítarlegrar umræðu og það er brýnt að þingið taki á þessum vanda áður en það fer heim í jólaleyfi. En það var athyglisvert við 2. umr., herra forseti, hversu fáorðir þeir voru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 254.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem er 47. mál þingsins. Þetta frv. hefur fengið nokkuð ítarlega umræðu og ætti efni þess því að vera þm. vel kunnugt og því óþarft að hafa um það mörg orð.

Meginmarkmið frv. kemur fram í grg. þess, en þar segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmiðið með þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru eftirfarandi:

Að tryggja betur en nú er forgang þeirra til lána sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Að draga úr þenslu á fasteignamarkaði og koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á verði íbúðarhúsnæðis.

Að takmarka sjálfvirkni í útlánum og draga úr fjárþörf húsnæðiskerfisins.

Að gera Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar kleift að gegna betur en hingað til því veigamikla hlutverki að láta umsækjendum í té leiðbeiningar og fara yfir kostnaðar- og greiðsluáætlanir með þeim áður en þeir ráðast í húsnæðiskaup til að reyna að forða greiðsluerfiðleikum.“

Í meðförum félmn. Nd. og við afgreiðslu málsins í Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. sem ekki breyta þeim meginmarkmiðum frv. sem hér hefur verið lýst. Ég vil þó í örfáum orðum gera grein fyrir frv. með þeim breytingum sem orðið hafa á því eftir umfjöllun málsins í Nd.

1. gr. frv. kveður á um takmörkun á lánveitingum til þeirra sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð, en með þessu ákvæði getur húsnæðismálastjórn annaðhvort skert eða synjað um lán þegar aðstæður umsækjenda eru með þeim hætti að hann á fleiri en eina íbúð fyrir.

Í öðru lagi kveður 1. gr. frv. á um að húsnæðis-

málastjórn sé heimilt að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó að frádregnum bílskúr. Í því efni, þegar um skerðingu er að ræða eins og fram kemur í nál. meiri hl. félmn., kemur hvort tveggja til greina að stytta lánstíma og hækka vexti hjá þessum hópi.

Ef um er að ræða skerðingu eða synjun á láni skv. ákvæðum 1. gr. frv. skal sú ákvörðun húsnæðismálastjórnar vera rökstudd.

2. gr. frv. er um margt mikilvægasta grein frv. Vil ég um það efni vísa til þess sem fram kemur í frv. um 2. gr. þess, svo og nál. meiri hl. félmn., en þar er lögð áhersla á mikilvægi þessa ákvæðis til að koma jafnvægi á húsnæðislánakerfið og til að draga úr þenslu á fasteignamarkaði. Breytingin, sem hér um ræðir, er einkum í því fólgin að einungis er skylt að gefa bindandi svar einu ári áður en lánið kemur til úthlutunar.

Í 3. gr. frv. er nú með þeirri breytingu sem gerð hefur verið á frv. í Nd. kveðið á um að húsnæðismálastjórn sé heimilt, þegar um er að ræða þá sem eiga fyrir íbúð, að láta þá ganga fyrir úthlutun lána sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um af fjölskylduástæðum, en framkvæmdin nú að því er varðar þá sem eiga íbúð fyrir er að afgreiðsla á lánum er í sömu röð og umsóknirnar berast.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir helstu efnisatriðum frv. eins og það nú liggur fyrir og meginmarkmiðum þess. Með frv., ef að lögum verður, er stigið fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á húsnæðislánakerfið sem að er stefnt.

Ég vænti þess, herra forseti, að þm. geti sameinast um að afgreiða það frv., sem ég hér mæli fyrir, fyrir jólaleyfi þm. Með því verður létt af þeirri óvissu sem allt of lengi hefur ríkt um afgreiðslu lána hjá Húsnæðisstofnun.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Þá er hið margumrædda húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. loksins komið til okkar upp í Ed. Á þeim langa tíma sem er liðinn frá því að frv. var lagt fram í hv. Nd. hefur mikið vatn runnið til sjávar. Við þm. Borgarafl. höfum lagt mikla vinnu í að athuga með hvaða hætti væri hægt að láta fara fram heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu. Ég skal fúslega viðurkenna að þegar svokallað húsnæðisfrv. hæstv. félmrh., sem ég hefði viljað kalla miklu frekar skerðingarfrv. hæstv. ráðherrans, var lagt fram reyndum við að sjálfsögðu að flýta þessari vinnu okkar til þess að við gætum fengið málefnalega og skipulega umfjöllun um hugmyndir okkar samtímis því að verið væri að ræða frv. hæstv. ráðherra og er ekki nema eðlilegt að við höfum viljað það. Hins vegar vorum við búnir að vinna að þessum málum í allt sumar og í haust, enda voru þessi mál mjög tekin til umræðu á landsfundi Borgarafl. sem var haldinn í september sl.

Við lögðum fram frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka í hv. Ed. fyrir alllöngu. Það frv. komst loksins til nefndar fyrir nokkrum dögum eftir að hafa verið alloft á dagskrá og er ekki við neinn þar um að sakast. Það er eins og allir vita að þmfrv. verða að víkja fyrir stjfrv. hvort sem þau eru minna merkileg en þmfrv., við því er ekki að gera. En ég fagna því að það frv. er þrátt fyrir allt komið til nefndar og getur því verið með í umfjöllun hv. félmn. Ed. þar sem ég geri ráð fyrir að sú nefnd muni taka þessar tillögur allar til athugunar svo og skerðingarfrv. hæstv. ráðherra.

Við vorum langt komnir með að vinna drög að frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 frá 1984, með síðari breytingum, þegar frv. hæstv. ráðherra var lagt fram. Við töldum að það yrði því heppilegra að það væri lagt fram í formi brtt. við skerðingarfrv. hæstv. ráðherra. Í sjálfu sér viðurkennum við þann vanda, sem hæstv. ráðherra stendur frammi fyrir, að það hefur safnast saman gífurlegur fjöldi umsókna um húsnæðislán hjá hinu opinbera húsnæðislánakerfi. Hefur myndast alveg gríðarleg stífla. Að sjálfsögðu verður að leysa það — ja, mér er tjáð að það muni vera yfir 6000 aðilar sem hafa lagt inn umsóknir og bíða eftir afgreiðslu. Við verðum öll að hjálpast að við að leysa þennan hnút.

Hins vegar hef ég tekið eftir því þegar maður les og grandskoðar gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins að þar er heimildarákvæði í 12. gr. laganna, 7. mgr., sem segir að þeir sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eigi að hafa forgang. Nú kann vel að vera að það hafi verið erfitt að notfæra sér þessa heimild eða þetta ákvæði laganna og þess vegna verði þessir aðilar að bíða þó að ég fái ekki skilið af hverju. Ég get ómögulega séð hvað hindrar hæstv. ráðherra í því að hefja þegar afgreiðslu á lánum til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Eftir því sem mér hefur verið tjáð munu það vera um 2000 umsækjendur úr þessum 6000 umsækjenda hópi sem einmitt eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.

Að vísu er rétt að það eru ekki nálægt því allir lífeyrissjóðir sem hafa gert bindandi samninga við Húsnæðisstofnun um að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, en eins og kemur fram í tillögum hæstv. ráðherra á það að koma fram í svari við lánsumsókn. Eins og segir, með leyfi forseta, í tillögum hæstv. ráðherra í 2. gr. ef ég fer rétt með:

„Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins."

Þess vegna kann vel að vera að þeir 2000 umsækjendur eða þar um bil sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð séu einhverjir í sjóðum sem ekki hafa gert slíka bindandi samninga. Ég held að ég sé ekkert að vera með vangaveltur út af þessu, en

mundi einfaldlega óska eftir því að hæstv. félmrh. útskýrði þetta fyrir okkur, þ.e. svara því hvers vegna er ekki farið að afgreiða umsóknir til þeirra sem geta farið í þessa forgangsröð. Hve margir þessir umsækjendur eru og hve margir þeirra eru úr lífeyrissjóðum sem þegar hafa gert bindandi samninga. Mér er ómögulegt að skilja af hverju er ekki hægt að hefja afgreiðslu á þessum lánsumsóknum strax.

Þetta atriði með lífeyrissjóðina er eitt af því sem við höfum sérstaklega athugað og komist að þeirri niðurstöðu að þetta er kannski ein höfuðmeinsemdin í núverandi húsnæðislánakerfi, þ.e. þetta samkrull ríkisins og lífeyrissjóðanna. Byggingarsjóðir ríkisins treysta nú orðið í æ ríkara mæli á fjármagn frá lífeyrissjóðunum og húsnæðislánakerfið er eiginlega háð því að samningar við lífeyrissjóðina takist með reglulegu millibili. Lífeyrissjóðirnir spyrna við fótum að því er virðist. Það er viss tregða hjá lífeyrissjóðunum að ganga til samninga við ríkisvaldið um að kaupa skuldabréf af byggingarsjóðunum sem er ofur eðlilegt vegna þess að ríkisvaldið þarf að pína niður vexti af þeim skuldabréfum eins og hægt er til að geta endurlánað þetta fé á enn lægri vöxtum. Það er ekki nema eðlilegt að þessir samningar séu bæði erfiðir og það sé viss tregða af hálfu lífeyrissjóðanna að ganga til þeirra. Þess vegna væri miklu betra ef hægt væri að losa þetta alveg í sundur þannig að það yrði ekkert samkrull þarna á milli. Það er einmitt með þeim hætti sem okkar tillögur gera ráð fyrir að þetta verði.

Það er út af fyrir sig ekkert nýtt ástand í sjálfu sér vegna þess að þannig var þetta áður fyrr. Þá var ástandið þannig að Húsnæðisstofnun ríkisins sá um lán til þeirra umsækjenda sem áttu rétt á slíkum lánum. Síðan fengu menn lán til viðbótar húsnæðislánunum hjá hinum ýmsu lífeyrissjóðum. Þannig var þetta allt fram til ársins 1984 að ég hygg. Ég fer *kannski ekki alveg nákvæmlega rétt með þetta því* ég er ekki með upplýsingarnar í ræðustól, en þetta skiptir heldur ekki öllu máli. Ég er nánast að rifja upp hvernig þessi mál hafa þróast í gegnum árin.

Það þarf ekki að fara lengi yfir það húsnæðislánakerfi sem er nú við lýði á Íslandi til að sjá að það er ónýtt. Það virkar ekki með neinum hætti. Það er eilífur fjárskortur. Umsóknirnar hlaðast upp með vissu millibili. Það má eiginlega líkja þessu dálítið við störf Alþingis. Það kemur upp einu sinni eða tvisvar á ári að hægt er að afgreiða umsóknirnar, en þess á milli hlaðast þær upp vegna þess að fjárskortur leyfir ekki að það sé hægt að afgreiða þessar umsóknir á færibandi. Á milli verða hv. þm. og ráðherrar að vinna baki brotnu að því að finna einhverjar leiðir til að útvega fjármagn til kerfisins, sem er síhungrað, til þess að geta mætt næsta skammti umsókna sem er væntanlegur. Svona er þetta búið að vera eiginlega allar götur síðan ég man eftir mér og umræðan manna á meðal hefur alltaf verið þessi: Hvernig skyldi nú ganga að ná þessu láni út úr húsnæðislánakerfinu? Og eins: Hvenær er komið að mér í biðröðinni? Þegar um var að ræða að *menn þurftu að sækja beint í lífeyrissjóðina var í* sjálfu sér sama biðröðin þar því að menn þurftu að ávinna sér ákveðin lífeyrissjóðsréttindi, þeir þurftu að hafa verið sjóðfélagar í svo og svo mörg ár áður en þeir gátu fengið lán hjá lífeyrissjóðunum. Þetta hefur, eins og ég segi, lítið sem ekkert batnað. Það er sama ástandið ár eftir ár. Það er þessi eilífi fjárskortur. Það er ekki hægt að sinna öllum umsóknum. Menn þurfa að bíða og bíða. Og nú er gert ráð fyrir því að það besta sem hægt er að gera fyrir umsækjendur er, eins og segir í einni grein frv., með leyfi forseta:

„Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingar skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni."

Síðan kemur: „Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda" o.s.frv. Ég gat um það áðan að umsækjandi skuli vera félagi í lífeyrissjóði sem hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun. Og síðan endar þetta á því að segja: „Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu."

Þessi grein ber það með sér að umsækjendur geti væntanlega þurft að bíða í allt að tvö ár eftir því að fá lán. Mér sýnist að fyrst líði þrír mánuðir, síðan líður einhver ótiltekinn tími, sem væntanlega er háður því sem ég var að segja áðan, hvernig er fjárhagslegt ástand byggingarsjóðanna, og síðan er umsækjanda svarað eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu þannig að það virðist allt benda til þess að þarna sé um að ræða tveggja ára biðtíma eftir lánum.

Ég hef átt þess kost að vera búsettur í Danmörku um nokkurt skeið og taka þar húsnæðislán í danska húsnæðislánakerfinu. Þar er algengt að umsækjandi kemur með umsókn á mánudagsmorgni til húsnæðislánastofnunar eða fasteignasali gerir það fyrir hann, sem er öllu algengara, umsóknin er meðhöndluð og lánið er greitt út á föstudegi í sömu viku. Þetta er mjög algeng málsmeðferð fyrir þá sem eru að sækja um húsnæðislán í dönskum húsnæðislánastofnunum. Þá óneitanlega hlýtur hver og einn að spyrja: Er ekki eitthvað að við þetta kerfi sem við höfum sett upp í húsnæðislánamálum? Getum við ekki eitthvað lært af hinum nágrannaþjóðum okkar þar sem þessi mál virðast þó vera í sæmilega góðu lagi?

Það kom reyndar fram í umræðum um húsnæðislánastofnanir í sl. viku í hv. Ed. að hv. 9. þm. Reykn. vakti athygli á því að vextir af húsnæðislánum í Noregi væru mjög háir. Víst eru þeir það. Ég er ekki að leyna því. Vextir á húsnæðislánum eru mjög háir víðast hvar, sérstaklega þar sem eru starfandi sjálfstæðar húsnæðislánastofnanir sem verða að fjármagna útlán sín á grundvelli þess peningamarkaðar sem er ríkjandi í viðkomandi landi. Að sjálfsögðu verða vextir þá nær því að vera markaðsvextir. Það er ekki hægt að greiða niður vexti af húsnæðislánum fremur en öðrum lánum. Þetta er að vísu fyrirbæri

sem við skulum taka hérna til nákvæmari meðferðar á eftir.

Ég vildi þá lýsa tillögum okkar og mæla fyrir þeim. Við höfum áður, eins og ég gat um, lagt fram frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka og þarf ekki að fjalla frekar um það. Ef til vill er þó rétt í upphafi að geta þess að við reiknum með því að tillögur okkar fæði af sér tvöfalt lánakerfi þannig að það verði gerð sú breyting á starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins að hún komi einungis til með að taka að sér og sjá um lán til þeirra sem þurfa á aðstoð að halda, þ.e. að veita lán til félagslegra íbúða og svo til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.

Eftir því sem ég hef fengið upplýst hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þó svo að menn greini aðeins á um þetta, mundu tæplega 40% þeirra, sem eru á fasteignamarkaði eða eru að byggja á hverju ári, heyra til þeirra sem eru í félagslega íbúðakerfinu eða eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, en miklu fleiri eða u.þ.b. 60% af þeim sem eru á fasteignamarkaðnum á hverju ári, ýmist til þess að kaupa sér íbúð eða byggja íbúð, eru þeir sem eiga íbúð fyrir og standa sæmilega traustum fótum í kerfinu ef svo má að orði komast, þ.e. þeir eiga orðið einhverja eign sem þeir geta byggt á. Það er þessi hópur sem við ætlum að taka sín lán hjá sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum, húsbönkum, sem við höfum talið að lífeyrissjóðirnir, bankarnir, tryggingafélögin og hagsmunasamtök launþega geti tekið höndum saman um að koma upp. Það hefur komið fram hér áður í hv. deild, m.a. í máli hv. 14. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar, að það eru nógir peningar til í landinu til að veita lán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Það var rætt hér lítillega um möguleika á því að fá erlend húsnæðislán til Íslands því Evrópulöndin eru að stefna að sameiginlegum húsnæðislánamarkaði. Það er kominn örlítill vísir að þessu, eins og segir frá í grg. með frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, og ég geri alveg ráð fyrir því að við gætum kannað möguleika á því að fá erlend húsnæðislán til íbúðakaupa eða íbúðabygginga á Íslandi. En hv. 14. þm. Reykv. taldi eðlilegt að nota innlenda peninga, úr því að þeir væru til, fremur en að fá hingað erlent lánsfé til húsbygginga og íbúðakaupa og er ég honum alveg sammála. Ef við eigum nóga peninga sjálfir þurfum við ekki að sækja peninga til útlanda til húsnæðislána.

Við höfum kosið að leggja drög að frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem við vorum búin að vinna í haust, fram sem brtt. við frv. hæstv. félmrh. og skal ég nú gera grein fyrir þessum till. með því að fjalla um hverja grein fyrir sig. Í raun og veru er þetta algjör endurskoðun á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nánast frá grunni. Við höfum farið yfir gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og reynt að samræma og endurbæta þá lagasmíð og að sjálfsögðu aðlaga hana að frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.

Í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins fjallar I. kafli um markmið laganna. Ég býst við að það þurfi ekki að ríkja mikill ágreiningur um hvert skuli vera markmið lagasetningar varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins. Hér segir „að stuðla að því skipulagi húsnæðismála að allir landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum". Ég býst við að allir hv. þm. á Alþingi séu sammála því að hvaða lög sem við svo sem reynum að setja um húsnæðismál hlýtur þetta að vera það markmið sem við reynum að setja okkur.

Ég mun fara strax inn í II. kafla þar sem er fjallað um hlutverk og skipulag stofnunarinnar. Við teljum rétt að Húsnæðisstofnun ríkisins starfi áfram sem sjálfstæð ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn og heyri undir félmrn. Við höfum ekki séð að það sé hægt að gera þetta á betri hátt. Hins vegar teljum við að það megi gera starfsemi stofnunarinnar og stöðu hennar miklu styrkari með því að breyta stöðu hennar að verulegu leyti skv. lögunum. Það kemur kannski best fram í 3. gr. þar sem við lýsum stofnuninni. Við segjum þar að hún skuli starfa sem ein heild en skiptast í tvær deildir. Í fyrri deildinni, þ.e. svokallaðri bankadeild, fari fram fjármálaleg stjórnun stofnunarinnar, rekstrarbókhald, varsla Byggingarsjóðs ríkisins, lánveitingar og öll útlánastarfsemi, þar með talin afgreiðsla lána og innheimta. Hér er um byltingarkenndar hugmyndir að ræða sem ég veit að hv. þm. og e.t.v. hæstv. félmrh. eiga erfitt með að kyngja þó ég viti það reyndar ekki. Það væri gaman að heyra álit hæstv. félmrh. á þeirri hugmynd að Húsnæðisstofnun ríkisins starfi sem banki, þ.e. önnur deild hennar verði bankadeild þar sem Byggingarsjóður ríkisins verði til vörslu. Byggingarsjóður ríkisins verði m.ö.o. í vörslu þessarar bankadeildar en ekki eins og nú að Byggingarsjóður ríkisins og reyndar Byggingarsjóður verkamanna eru báðir í vörslu Seðlabankans.

Við teljum sjálfsagt að Húsnæðisstofnun annist sjálf allar lánveitingar, alla útlánastarfsemi, afgreiðslu lánanna og innheimtu þeirra. Það er nefnilega dálítið einkennilegt eins og þessu er háttað nú. Húsnæðisstofnun svífur þarna yfir vötnunum. Hún á einhverja peninga inni í Seðlabankanum, sem hún á að lána út, en Landsbanki Íslands sér svo um að afgreiða þessi lán. Húsnæðisstofnun virðist vera einhver millilíðastofnun, einhver tengiliður milli Seðlabankans og Landsbankans, þ.e. veðdeildar Landsbankans. Þetta byggir á því að í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er heimildarákvæði sem segir að Húsnæðisstofnun megi gera samning við einhvern viðskiptabanka um að annast þessa þjónustu fyrir stofnunina, þ.e. að sjá um lánveitingar og útlánastarfsemi, væntanlega þar með talið afgreiðslu lána og innheimtu þeirra. En ég er ekki í nokkrum vafa um að Húsnæðisstofnun ríkisins yrði miklu styrkari og sjálfstæðari stofnun og þjónusta hennar við umsækjendur og lántakendur yrði miklu, miklu betri ef hún tæki þetta verkefni til sín og sinnti því sjálf. Ég tel að það sé enginn vafi á að hún eigi einnig að hafa vörsluna á sjálfum bygging-

arsjóðnum. Það væri hægt að hugsa sér að Húsnæðisstofnun geymdi hluta af byggingarsjóðnum úti á landi. Hún gæti átt hluta af byggingarsjóðnum inni á reikningi t.d. í bönkum á Ísafirði, í bönkum á Akureyri, í bönkum úti á landsbyggðinni. Húsnæðisstofnun hefur yfirumsjón með Byggingarsjóði ríkisins, hefur vörslu sjóðsins í sínum höndum og getur eins og ég segi átt upphæðir í útibúum úti á landi. Þetta gæti verið liður í þeirri stefnu, sem við erum að reyna að beita okkur fyrir, að treysta stöðu landsbyggðarinnar með því að þar verði geymdir peningar sem eru ætlaðir til nota úti á landsbyggðinni í staðinn fyrir að flytja þá alla suður og endursenda þá síðan aftur til landsbyggðarinnar þegar þeir eru búnir að fara í gegnum mjög flókið skömmtunarkerfi hjá miðstjórninni í Reykjavík.

Síðan er sjálfsagt að Húsnæðisstofnun hafi mjög sterka og öfluga tæknideild. Hún hefur það reyndar í dag. Það er starfandi mjög öflug tæknideild við Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég held hins vegar að það megi víkka hlutverk tæknideildar. Eitt af því sem Húsnæðisstofnun þyrfti að sinna betur er upplýsingaþjónusta til væntanlegra lántakenda, til umsækjenda, um mismunandi lánsform og hvernig afborgunarrunur og greiðslubyrði lána eru eftir því hvernig lánum er stillt upp. Það er gaman að koma inn í húsnæðislánastofnanir erlendis og sjá tölvukerfi þeirra, hvernig á svipstundu er hægt að kalla upp á tölvuskjá ótal lánsuppstillingar fyrir íbúðarhúsnæði eða hvers kyns húsnæði sem á að fara að selja eða kaupa. Þar er hægt að lesa inn söluverðmæti og útborgun og með mismunandi lánauppstillingum er á svipstundu hægt að fá að sjá hver verður greiðslubyrðin, hver er greiðslurunan, afborgunarrunan og margt fleira. Og það sem meira er, húsnæðislánastofnanir erlendis veita yfirleitt orðið þá þjónustu að þær bjóða fasteignasölum og fyrirtækjum, sem annast sölu og viðskipti með fasteignir, þá þjónustu að þau geti, eftir að hafa gert bindandi samninga við húsnæðislánastofnunina, fengið beinan aðgang að tölvukerfi hennar. Þannig getur fasteignasali, sem er að selja íbúð, sýnt væntanlegum kaupanda á tölvuskjá á fasteignasölunni upplýsingar sem eru teknar beint úr tölvubanka húsnæðislánastofnunarinnar og séð þar á skjánum hvernig lánsuppstillingin verður eftir því hvað hann greiðir háa útborgun og hvaða aðra möguleika hann hefur til að reyna að lækka greiðslubyrðina. Þess konar ráðgjöf vildi ég gjarnan sjá koma hægt og sígandi hjá tæknideild Húsnæðisstofnunar.

Eins og hér segir þarf tæknideildin að halda áfram því verki sem hún annast í dag, þ.e. veita umfangsmikla ráðgjöf á sviði byggingarmála, vera sveitarstjórnum og félagasamtökum, sem hyggja á byggingu félagslegra íbúða eða endurbætur á eldri íbúðum, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningagerð vegna slíkra framkvæmda eins og segir í 3. gr. brtt.

Þá kem ég að 4. gr. sem fjallar um stjórn Húsnæðisstofnunar. Þar teljum við eðlilegt að Alþingi kjósi sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn eins og verið hefur. Hins vegar teljum við fráleitt að samtök hagsmunaaðila eigi fulltrúa í stjórninni eins og nú er. Mig minnir að það séu Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið sem eigi þarna fulltrúa. Það skiptir ekki máli hvort það er eitt sambandið enn, ég man það ekki, en væntanlega leiðréttir þá hæstv. félmrh. mig. Húsnæðisstofnun er samkvæmt till. okkar gert að lána til ýmissa félagasamtaka og hagsmunahópa. Ég nefni t.d. Landssamband fatlaðra, Samtök aldraðra, samtök námsmanna og þannig mætti lengi telja. Ég mundi segja að annaðhvort eiga öll þessi hagsmunasamtök að fá fulltrúa sinn í húsnæðismálastjórn eða þá að ekkert þeirra á að hafa fulltrúa. Ég held að það yrði miklu einfaldara að láta Alþingi kjósa sjö manna stjórn og hafa enga aðra fulltrúa í stjórninni en hina þingkjörnu fulltrúa Alþingis.

Ég tel að stjórnin þurfi að fá svipaða stöðu varðandi stjórnun, þ.e. yfirstjórn Húsnæðisstofnunar, og bankaráðin hafa í sambandi við ríkisviðskiptabankana. Það gæti verið með svipuðum hætti.

Ég held að það þurfi ekki að fjalla um 5. gr. Hún er í sjálfu sér ekkert mikið frábrugðin því sem nú er, að félmrh. mundi skipa framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og deildarstjóra banka- og tæknideildar að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Síðan komum við að III. kaflanum sem fjallar um Byggingarsjóð ríkisins. Þar er höfuðbreytingin sú að við leggjum til að byggingarsjóðir ríkisins verði sameinaðir. Þar sem við höfum lagt til að Húsnæðisstofnun sjái einungis um félagslegar íbúðarbyggingar, þ.e. hún sjái aðeins um að veita lán til þeirra sem þurfa aðstoðar við og svo til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð, er ástæðulaust að vera með tvo sjóði. Byggingarsjóður verkamanna hefur það hlutverk nú að annast lágtekjufólkið, það sem þarf aðstoðar við, og reyndar þá aðila sem við teljum upp í 9. gr. sem ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér því hún er kannski kjarninn í okkar till., en hún hljóðar svo:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heiluspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk.“ — Ég hef sett í sviga fyrir aftan „verkamannabústaðir“. Ég tel að það sé miklu heppilegra að tala um lágtekjufólk. Þetta er einfaldlega vegna þeirrar þjóðfélagsbreytingar sem hefur átt sér stað frá því að verkamannabústaðakerfið kom til sögunnar. Það kom fram í umræðum í báðum hv. deildum í síðustu viku þegar við vorum að ræða húsnæðismálin. Það var skemmtileg tilviljun, að úr báðum ræðustólum var vitnað í umræður á Alþingi sem fóru fram í maí 1929 þegar lögin um Byggingarsjóð verkamanna voru samþykkt. Þar kom fram, eins og ég minnist reyndar þegar forstjóri Húsnæðisstofnunar flutti mjög skemmtilegt og fróð-

legt erindi á húsnæðismálaráðstefnu sem var haldin fyrr í haust, að hann kom einmitt inn á þetta sama efni og sagði á skemmtilegan hátt frá því þegar Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson ræddu húsnæðismál í hv. Ed. fyrir tæpum 60 árum.

Hvað snertir fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins höfum við ekki verið neitt sérlega sniðugir. Við höfum ekki séð aðrar eða nýrri leiðir en eru í gömlu lögunum. Kannski hv. 14. þm. Reykv. hafi góðar hugmyndir fram að færa með hvaða hætti mætti fjármagna Byggingarsjóð ríkisins. Staðreyndin er sú að eins og við leggjum til kemur allt fjármagn til Byggingarsjóðs ríkisins frá ríkinu sjálfu. Við leggjum þó til og það er reyndar ákvæði um viðbótarfjármagn sem er inni varðandi báða sjóðina eins og segir í 6. gr., tölul. 5: „Með sölu skuldabréfa og sérstökum lántökum, sem eru ákveðnar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisins ár hvert, þegar ráðstöfunarfé sjóðsins skv. liðum 1–4 nægir ekki til þess að standa undir þeim útlánum sem sjóðurinn er skuldbundinn til þess að veita.

Í sjálfu sér er hér ekki um neinar nýjungar að ræða varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, þessa sameinaða sjóðs, og má vel vera að sumir segi: Ja, það verður sama vandræðaástandið áfram með fé til útlána. Sjóðurinn verður jafnblankur og hann hefur alltaf verið. — Hins vegar vonumst við til þess að með því að skera þann hluta umsækjenda sem sjóðurinn þarf að sinna niður í 40% af heildinni ætti að vera auðveldara fyrir sjóðinn að sinna útlánum til þessa takmarkaða hóps.

Ég fer kannski fram og aftur í þessum greinum, en það gerir ekki svo mikið til. Þetta er allt vel þekkt. Mig langar aðeins til að fara hérna í 8. gr. þar sem segir að á vegum tæknideildar skuli fara fram mat á fasteignum og veðhæfni þeirra áður en lánveiting getur farið fram. Þetta er út af fyrir sig ekkert frábrugðið því sem gerist í dag. Ég ætla þó, og það er sérstaklega talað um þetta í frv. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, og ég legg mikla áherslu á það að matsverð fasteignar verði ákveðið af stofnuninni sjálfri, að hún sæki ekki einhverjar fastar upplýsingar um fasteignamat hjá einhverri annarri ríkisstofnun og láni eftir því. Það er alls staðar þar sem ég þekki til lánastofnunin sjálf sem ákveður hvert er matsverð fasteignar, hver er veðhæfni fasteignar, hvernig hún getur lánað út á viðkomandi fasteign eftir að starfsmenn lánastofnunar hafa farið á staðinn og kynnt sér fasteignina og skoðað ástand hennar.

Ég held að 2. mgr. 8. gr. sé nauðsynleg á Íslandi vegna þess ástands sem víða ríkir úti á landi þar sem fasteignir hafa miklu lægra, hvað eigum við að segja, söluverð á frjálsum markaði en fasteignir t.d. á þéttbýlissvæðinu. Það verður að taka tillit til þessa með einhverjum hætti. Ég hef hugsað mér að þar sem matsverð fasteigna úti á landi er verulega lægra en meðaltalsmatsverð hliðstæðra fasteigna yfir allt landið ætti stjórn Húsnæðisstofnunar að vera heimilt að hækka mörk sem gilda um veðhæfni skv. 10. gr.

Þá tel ég að á vegum tæknideildar, eins og segir í 3. mgr. 8. gr., skuli fara fram ítarleg athugun á tæknilegum forsendum og fyrirkomulagi bygginga sem sótt er um lán til, bæði hvað varðar hagkvæmni, byggingarskipulags- og hönnunarforsendur, byggingarkostnað o.fl. Ég tel alveg sjálfsagt, þegar um er að ræða að það er verið að veita ríkislán með niðurgreiddum vöxtum, að það sé alveg á hreinu að þeir umsækjendur og þær íbúðir eða þær byggingar sem þeir hyggjast taka lán til verði að fullnægja þeim skilyrðum sem tæknideild setur um bæði skipulags- og hönnunarforsendur, byggingarkostnað með fleiru og það skuli liggja fyrir jákvæð umsögn tæknideildar áður en lánveiting er ákveðin.

Ég get nú farið hraðar yfir sögu. Í 10. gr. er búið að safna saman hvert skuli vera lánshlutfall hinna mismunandi fasteigna eftir því hver sé notkun þeirra. Þetta er ekkert nema allsherjar hreingerning á eldri lögum þar sem þeir hafa tjáð mér, starfsmenn Húsnæðisstofnunar, að það sé nánast óvinnandi eftir gildandi lögum. Þeir þurfa að hlaupa fram og aftur í lögunum til að leita að því hvað megi lána hátt hlutfall af matsverði hinna mismunandi fasteigna allt eftir því hvaða hópa er verið að tala um. Hér er þetta fram sett á einfaldan hátt í einni grein.

Það er út af fyrir sig lítið um þessa grein að segja. Hún skýrir sig að verulegu leyti sjálf. Ég hef þó bætt þarna inn í 9. tölul. að það sé rétt að setja ákveðið lágmark þannig að menn séu ekki að sækja um lán að upphæð minna en 100 þús. kr. sem síðan fylgi byggingarvísitölu. Þó teljum við eðlilegt, ef um ellilífeyrisþega er að ræða eða fólk sem nýtur örorkubóta, að víkja megi frá bæði ákvæðum 8. og 9. gr. Í 8. gr. er talað um lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á húsnæði og þar er sett fram það skilyrði að lánið megi ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði vegna breytinganna sem að mati Húsnæðisstofnunar telst vera sanngjarnt. Taka má tillit til eigin vinnu háð samþykki Húsnæðisstofnunar.

Í 11. gr. er ákvæði þess efnis að lán sem eru veitt til íbúðarhúsnæðis skv. 9. gr. séu háð því skilyrði að stærð íbúða verði takmörkuð miðað við fjölskyldustærð og félagslegar aðstæður umsækjenda. Ég held að menn verði að sætta sig við að þeir sem fá ríkislán með niðurgreiddum vöxtum verða að sníða sér stakk eftir vexti. Það er ekki heppilegt kerfi. Reyndar hefur það verið svo undanfarin ár að það hefur verið ýmist úr eða í. Stundum hafa menn fengið lán til hvaða bygginga sem vera skal. Ég var svo heppinn sjálfur, þegar ég var að byggja stórt hús úti á Seltjarnarnesi fyrir allmörgum árum, að lánareglum Húsnæðisstofnunar ríkisins var breytt þannig að ég gat fengið lán. Um ári eftir að ég flutti inn var aftur skellt á þessu ákvæði og mér skilst að það hafi verið allar götur síðan þannig. — Nei, það breyttist reyndar, en fljótlega á eftir var ekki lengur hægt að fá lán til svo stórra bygginga. Þannig hefur þetta verið ýmist úr og í. En ég tel að það sé alveg sjálfsagt

og eðlilegt, þegar um er að ræða ríkislán með niðurgreiddum vöxtum, að setja verði stærðarmörk á íbúðir.

Þá vek ég sérstaka athygli á 12. gr., en ég tel að það sé mjög mikið nýmæli sem hún beri með sér. Það er að ég tala þar um sérstök framkvæmdalán. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að veita framkvæmdalán. Hins vegar hefur það verið með þeim hætti að Húsnæðisstofnun hefur einungis veitt viðurkenndum aðilum í byggingariðnaði framkvæmdalán. En ég legg hér til að allir þeir sem eiga rétt á lánum hjá stofnuninni geti fengið framkvæmdalán. Það mundi valda byltingu í íbúðarhúsabyggingum ef umsækjendur gætu fengið framkvæmdalán, annaðhvort til að byggja eða kaupa íbúð sem væri í byggingu. Það gæti þá gengið í gegnum byggingarverktakann ef umsækjandi ætlaði að kaupa sér íbúð, en ef umsækjandi væri að byggja sér litla íbúð gæti hann fengið framkvæmdalán sjálfur sem væri allt að 75% af áætluðu veðláni skv. 9. gr. Síðan eru ákvæði um að strax og matsverð byggingar er orðið nægjanlegt til þess að það megi veita endanlegt veðlán skal það tekið og notað til að greiða framkvæmdalánið upp. Við teljum að til þess að fá slíkt framkvæmdalán þurfi fyrir það fyrsta að gera framkvæmdalánasamning við Húsnæðisstofnun, þ.e. lánsumsækjandi geri sérstakan framkvæmdalánasamning við Húsnæðisstofnun, og síðan verður hann að leggja fram bankatryggingar eða aðrar jafngildar tryggingar.

Þá kem ég að 13. gr. sem fjallar um lánskjörin. Í raun og veru væri eðlilegt að taka heilan dag í að ræða þessa grein. Ég mundi eindregið leggja það til, jafnvel það að við ættum að eyða í það heilum degi, með þeim knappa tíma sem við höfum fram til jóla, að ræða um lánskjör því það eru ekki einungis lánskjör húsnæðislána sem hér eru í húfi heldur lánskjör almennt í þjóðfélaginu. Það er að mínum dómi löngu orðið tímabært að taka eina langa umræðu um lánskjör á Íslandi, vexti og lánskjör og lánskjaravísitöluna fyrst og fremst sem ég er alveg sannfærður um að er einhver mesti bölvaldur sem við höfum innleitt í þetta þjóðfélag okkar.

Við höfum fyrir það fyrsta hreinsað alls staðar út úr gömlu lögunum þar sem kemur fyrir orðið „lánskjaravísitala". Í staðinn segjum við einfaldlega:

„Heimilt er að verðtryggja lán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. 9. og 12. gr. þessara laga með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við verðlagsþróun."

Þetta er heimildarákvæði sem við leggjum til að komi í staðinn. Við höfum í grg. með frv. til l. um húsnæðislánastofnanir og húsbanka skýrt frá ýmsum leiðum til að verðtryggja lán á þann hátt að það leggi ekki fjölskylduhag og sálarheilsu lántakanna í rúst eins og er að gerast á þessum árum.

Við höfum bent á eitt lánsform sem gæti vel komið í staðinn fyrir lánskjaravísitölulánin. Það eru svokölluð vaxtaaðlögunarlán þar sem vextir og sölugengi veðskuldabréfs eru ákveðin fyrir fram og bundin til fárra ára í senn. Þessi lán ryðja sér mjög til rúms á erlendum lánamörkuðum. Þau virka með þeim hætti að lántakandi fær t.d. 30 ára veðlán. Hann semur um fasta vexti e.t.v. til fimm ára í senn. Hann getur valið um að semja um t.d. 4% vexti, 5% vexti, 6% vexti eða 7% vexti. Ég hef í grg. með frv. um húsnæðislánastofnanir sýnt lánstilboð dönsku húsnæðislánastofnunarinnar, Kreditforeningen Danmark, á lánamarkaði í Frankfurt 20. okt. 1987. Þar mundi lántakandi, sem tekur húsnæðislán til 30 ára og ákveður að binda vexti 7% í fimm ár, geta selt skuldabréfið á yfirverði. Hann fær sölugengi 100,79 vegna þess að hann velur sér svo háa vexti. Ef hann hins vegar hefði valið vextina 4,5% hefði sölugengið verið 90,71 fyrir skuldabréfið. Hann getur þarna valið hvaða vexti hann bindur til fimm ára og eftir því fer sölugengi skuldabréfsins. Síðan líða fimm ár og á þessum fimm árum borgar hann af láninu miðað við 30 ára lánstíma. Að fimm árum liðnum kemur hann aftur til húsnæðislánastofnunarinnar og nú er á nýjan leik samið um vexti til næstu fimm ára og gefið út nýtt skuldabréf. Sölugengi þess fer nú eftir verðlagsástandinu á þeim tíma. Og þannig koll af kolli þannig að lánið er alltaf stillt af með vissu millibili.

Á Íslandi, þar sem verðlagsþróun og peningamarkaður er kannski viðkvæmari, vakrari en í nágrannalöndunum, gætum við haft þennan aðlögunartíma skemmri, við gætum t.d. stillt lánið af á þriggja ára fresti þannig að vextir og sölugengi skuldabréfs yrðu aðlöguð á þriggja ára fresti. Það sem vinnst við þetta lánsform er að höfuðstóllinn þvingast niður. Það verður vart við að borgað sé af láninu, ekki eins og í lánskjaravísitölukerfinu að þegar búið er að borga af láninu í ein tíu ár er skuldin helmingi meiri en var í upphafi þó það megi með reikningslegum kúnstum sýna fram á að raungildi höfuðstólsins sé minna en upphaflega var tekinn að láni. En það hjálpar lítið upp á sálarheill manns sem sér skuldina vaða upp alveg sama hvað hann borgar af henni. Og þó ekki sé annað tel ég að lánskjaravísitölulánin hafi fyrst og fremst slæm sálfræðileg áhrif á fólk sem tekur slík lán. Það fyllist vonleysi þegar það fær rukkunina frá bönkunum og sér að það skuldar orðið margfalt meira en það gerði þegar það tók lánið og skuldin fer síhækkandi. Ég held að þessi sálfræðilegu áhrif séu geysilega þýðingarmikil og við verðum að breyta þessum lánum.

Ég hef bent á annað lánsform sem er tekið eftir amerískum fyrirmyndum. Það er þar sem sett er á greiðslumark með afkomutryggingu. Það er hugsað þannig að samið er fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði eftir gjaldþoli lántakanda. Það væri mjög æskilegt að gera hér á Íslandi, þ.e. að athugað sé í byrjun lánstímans hvað lántakandinn getur raunverulega borgað. Hæstv. félmrh. getur væntanlega frætt okkur um það, en mér kæmi ekki á óvart að húsnæðislánin skv. núgildandi lögum séu komin langleiðina í 3 millj. þegar loksins verður farið að leysa úr stíflunni. Það segir sig sjálft að í því ástandi sem við búum við núna, við skulum segja að verð-

bólgan verði eitthvað á bilinu 20%, hún verður varla mikið minni, eru verðbæturnar á slíku láni á einu ári 600 þús. og síðan koma 10% vextir sem gera þá önnur 300 þús. Það þýðir að lánið kostar 1 millj. kr. á ári. Ég spyr: Hverjir hafa efni á að taka slík lán? Það getur vel verið að með því að fá lánið til 100 ára eða lengur, þannig að næstu afkomendur tækju að sér að halda áfram að borga af lánunum, megi komast út úr þessu, en ég býð ekki í það vesalings fólk sem þarf að taka 3 millj. kr. að láni á fullri lánskjaravísitölu jafnvel þótt það sé með mjög lágum vöxtum, ekki nema 3,5%, í þeirri verðbólgu sem hér er fyrirsjáanlegt að verði.

Þess vegna held ég að það væri mjög skynsamlegt nú þegar að huga að því að setja greiðslumark á lán með afkomutryggingu þannig að það sé samið um hámarksgreiðslubyrði eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumarkið fylgi síðan verðlagsþróun, ef um er að ræða verðtryggð lán hlýtur svo að verða, en þá er gert ráð fyrir því að verði lántakandi fyrir slysi, eigi við að stríða tímabundið atvinnuleysi, veikindi eða annað sem hefur skert tekjur hans án þess að hann fái við ráðið, taki afkomutrygginin að sér að greiða þann mismun sem er á skertu gjaldþoli lántakandans og greiðslumarkinu. Þetta hefur farið fram með þeim hætti hjá Bandaríkjamönnum að ef tekið er veðlán til 20 ára skapar það ákveðna greiðslubyrði. Ef lánstíminn væri lengdur til 30 ára ætti greiðslubyrðin að minnka. En þeir láta greiðslubyrðina haldast óbreytta og láta mismuninn borga afkomutrygginguna.

Ég hef í 14. gr. rétt aðeins farið inn á lánsformið sjálft. Í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er aðeins talað um annuitets-lán, svokölluð jafngreiðslulán þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann ef um enga verðbólgu væri að ræða. Það er einnig til annað lánsform. Þá er talað um raðlán þar sem er um að ræða jafnar afborganir. Þá er höfuðstól lánsins skipt niður í 30 jafnar afborganir ef um 30 ára lán væri að ræða og er greitt einu sinni á ári af láninu en vextir og framlag til rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma. Þannig yrði greiðslubyrðin mest í upphafi en færi síðan minnkandi. Víða erlendis er farið að taka upp svokölluð blönduð lán þar sem þessum tveimur lánsformum er blandað saman til að fá heppilega greiðslubyrði fyrir lántakandann og líka kannski heppilega endurgreiðslu fyrir lánastofnunina þannig að hún fái höfuðstólinn til baka eilítið hraðar en með jafngreiðslulánunum.

Ég held að við þurfum ekki að eyða miklum tíma í lánstíma og skilmála. Ég hef sett upp í einni grein hver skuli vera lánstíminn. Hann tekur mjög mið af eldri lögum. Þarna er á skipulegan og einfaldan hátt stillt upp hver skuli vera lánstíminn fyrir hinar mismunandi byggingar og fyrir hina mismunandi hópa. Ég held að þurfi ekki að eyða tíma í það.

Ég hef töluvert fjallað um stöðu tæknideildar og þá ráðgjafarþjónustu sem hún hefur veitt. Ég hef í 16. gr. hnykkt enn þá frekar á henni. Ég held að ráðgjafarþjónustan, sem Húsnæðisstofnun hefur veitt lántakendum og sem hefur sérstaklega á síðustu árum verið í sambandi við greiðsluerfiðleika hinna ýmsu lántakenda, sé mjög merkileg og mikilvæg þjónusta og sjálfsagt að efla hana og jafnvel auka hana.

Þá komum við að gamla verkamannabústaðakerfinu sem ég vil kalla íbúðir fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir sveitarfélaga. Þar hef ég gert veigamikla breytingu á örfáum atriðum, en það er fyrst og fremst með hvaða hætti skuli stjórna þessum íbúðum. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir stjórn verkamannabústaða sem skuli skipuð í hverju sveitarfélagi. Það hefur víða úti á landi gengið ákaflega illa að fá stjórnir verkamannabústaða til að starfa með eðlilegum hætti. Það stafar af því að það eru engin ákvæði í gildandi lögum um að þær skuli vera launaðar. Í stærri sveitarfélögunum fá þessar stjórnir greidda einhverja þóknun þannig að þar gengur eitthvað skár. En ég tel að það sé alveg sjálfsagt að það sé kveðið á um það í lögunum að þessum stjórnum beri þóknun fyrir störf sín. Ég hef kosið að kalla þetta húsnæðisnefndir og hef tekið mið af byggingarnefndum sveitarfélaga. Ég mundi segja að húsnæðisnefndin ætti að fá svipaða stöðu í sveitarstjórnarkerfinu þannig að það væri fastanefnd í hverju sveitarfélagi sem héti húsnæðisnefnd. Hún er skilgreind í þessu frv. á svipaðan hátt og byggingarnefndir sem eru skilgreindar í byggingarlögum og hafa þess vegna sérstaka stöðu í sveitarstjórnarkerfinu umfram aðrar nefndir sveitarfélaga. En hér væri þá komin önnur slík, húsnæðisnefnd sveitarfélaga. Ég tel að eigi að bæta við verkefni hjá húsnæðisnefndum, en mér þykir eðlilegt og sjálfsagt að þær sjái um leiguíbúðir sveitarfélaga. Það er ekki samkvæmt gildandi lögum. Stjórnir verkamannabústaða skv. gildandi lögum sjá einungis um að láta byggja verkamannabústaði og fara með umsóknir um íbúðir og úthluta íbúðum í verkamannabústaðakerfinu. Í sveitarfélagi, sem hefur látið byggja leiguíbúðir, annast hins vegar sveitarstjórnin eða sveitarstjórinn í viðkomandi sveitarfélagi úthlutun leiguhúsnæðis. Ég tel alveg sjálfsagt að bæði þessi verkefni séu sett undir húsnæðisnefndina, að hún annist leiguíbúðirnar á sama hátt.

Ja, ég bauð upp á það, hæstv. forseti, að við gætum frestað þessari umræðu. Ég verð að fá að gera grein fyrir till. mínum þó það taki einhvern tíma. En ég lýsti því yfir á fundi okkar fyrr í dag að við hefðum ekki áhuga á að vera með langan fund. Það er náttúrlega að því tilskildu að við fáum að ræða málið. Við getum ekki tekið það á okkur að bara til þess að klára þetta mál núna í kvöld hættum við að ræða það. Við verðum að fá okkar tíma til að ræða þetta mál. Það er fyrst núna komið í Ed. og það er ekki við okkur að sakast. Við höfum ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins í hv. Nd. En ég tel óhjákvæmilegt að við, a.m.k. fulltrúar stjórnarandstöðunnar, fáum tækifæri til að ræða þessi mál.

(**Forseti:** Að gefnu tilefni vil ég upplýsa að það var meiningin að fundur yrði hér til hálfátta. Ég hafði talið að ræðumaður væri að ljúka máli sínu. Þess vegna frestaði ég að slíta fundi. En ég er tilbúinn til að fresta fundi nú og síðan verði haldið áfram á morgun að ræða málið ef ræðumaður vildi þá vera svo góður að stansa núna.) Já.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í fundahléi milli funda í Sþ. og á milli deildafunda tuttugu mínútur fyrir sex komu þingflokksformenn og forsetar Ed. og Nd. saman til fundar til að ræða um vinnubrögð. Þar var talað um að reyna að haga vinnunni með þeim hætti og stilla orðum í hóf, þó þannig að menn töluðu eins og þeir teldu sig þurfa, ef vera mætti að okkur tækist að koma í veg fyrir að halda kvöldfund í kvöld og annað kvöld. Það var talað um að hætta kl. hálfátta og við það verður staðið. Hins vegar hefur nú brugðið svo við að einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar hefur talað í tæpan klukkutíma og raunar mestallan tímann um annað frv. en er til umræðu. Ég skildi það samkomulag svo, sem gert var áðan, að við ætluðum okkur að ná nokkrum áfanga, taka lengri umræðu um húsnæðismálin við 2. umr., hætta klukkan hálfátta í síðasta lagi og reyna að koma þessu máli til nefndar. Um þetta taldi ég að hefði verið allgóð samstaða. Nú kemur í ljós að aðrir hafa skilið þetta öðruvísi og ég hef lært það af þeirri reynslu að treysta ekki samningum við þá hv. þm. Borgarafl. En ég bendi þm. á að þessi niðurstaða, að fulltrúi Borgarafl. hefur kosið að ræða annað frv. í heilan klukkutíma nú, þýðir að við verðum að halda kvöldfund annað kvöld sem ég hélt að menn hefðu verið nokkuð sammála um að reyna að komast hjá. En reynslan kennir manni og ég hef lært ákveðna hluti af þeim fundi sem haldinn var hér og því hvernig staðið hefur verið við það sem þar var ákveðið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Varðandi það samkomulag sem hv. 3. þm. Vesturl. gat um greindi minn þingflokksformaður mér frá því að það hefði verið miðað við að reyna að greiða fyrir því að tvö þau mál sem eru hér fyrr á dagskránni kæmust til Nd. ef kostur væri á þessum fundi og síðan yrði hafin umræða um húsnæðismálin. Ég hafði gert ráð fyrir því að tala ekki lengi við 1. umr. þessa máls vegna þess að það hefur fengið allrækilega meðhöndlun í Nd. og í fjölmiðlum. Hins vegar hygg ég að það sé nú fulllangt gengið, eftir því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur Sigfússon tjáði mér, að tala um að menn hafi rofið samninga. Ég hygg að reynslan sé miklu frekar sú að við þurfum að hnýta hnútana aðeins betur og kannski ekki skrýtið þó það sé eitt og eitt losaralegt atriði í meðferð mála þegar þm. eru orðnir langlúnir eftir langar og þreytandi fundarsetur. Mér finnst að þetta kenni okkur ekki að það sé ekki hægt að gera samninga heldur að við þurfum að reyna að gera betri samninga ef á að þoka málum áfram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég held að við séum flest sammála um að frv. sem hér er til umræðu beri að hraða í gegnum þingið þannig að það geti orðið að lögum fyrir jól því að í því eru a.m.k. skref í réttlætisátt þó að margt mætti betur gera í húsnæðismálakerfinu. Ég held að það sem hér hefur orðið á fundi hafi ekki fyrst og fremst verið brot á neinum gerðum samningum í sjálfu sér heldur sé þetta afleiðing af þeim vinnubrögðum sem höfð hafa verið í þinginu á undanförnum dögum og vikum og hefðu mátt vera miklu betri. Ég held að þetta ætti að verða til að hvetja okkur til þess að setjast nú niður og skipuleggja þann tíma sem eftir er af þingi fyrir jólaleyfi og ekki þá bara að ákveða þau mál sem þurfa að fara í gegn heldur nákvæmlega frá morgni til kvölds því að okkur veitir ekki af að halda á spöðunum. Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess að þm. séu hér hálfruglaðir og langþreyttir eftir miklar vökur að fjalla um mikilsverð mál. Þess vegna held ég að við verðum að setjast niður og skipuleggja hvern einasta dag frá morgni til kvölds það sem eftir er af þessu þingi fram að jólaleyfi. En ég ítreka að ég held að enginn hafi neinn hug á að tefja þetta mál. Það þarf að komast sem fyrst í gegnum þessa deild. Sjálf mun ég einungis tala stuttlega í málinu. En ég tel mikilsvert þó að tala í málinu vegna þess að það varðar afskaplega veigamikinn málaflokk. En ég mun alls ekki verða langorð þegar að mér kemur á mælendaskránni.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta. Ég get ómögulega fallist á að hér hafi verið rofnir neinir samningar. Við ræddum um að við mundum reyna að ljúka 1. umr. um húsnæðismál eftir því hvernig tíminn ynnist til. Nú hefur farið svo að það vannst ekki tími til að ljúka umræðunni og við því er ekkert að gera. Við töluðum um að við mundum í hæsta lagi vera hér til hálfátta og klukkan er orðin rúmlega það. Ég hafna því algjörlega að okkur sé meinað að fjalla ítarlega um þessar till. sem við erum búin að leggja ómælda vinnu í að vinna. Við erum búin að liggja nótt og dag yfir þessum till. okkar og ég tel að þarna séu svo merkilegar till. á ferðinni að það beri að ræða þær. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta eru miklu betri og merkilegri till. en hingað til hafa séð dagsins ljós á hinu háa Alþingi. Ég hafna því algjörlega að það eigi að afgreiða þær með fimm mínútna ræðu án þess að þær fái neina málefnalega umfjöllun til að hraða húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. í gegn. Ég krefst þess að þessar till. fái málefnalega og skipulega umfjöllun.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í fyrsta lagi: Þær till., sem hv. þm. Júlíus Sólnes vék að, eru ekki á dagskrá hér. Hann getur flutt þær sem brtt. við frv. við 2. umr., en þær

eru ekki á dagskrá. Hann hefur því ekki verið að ræða dagskrármál. Ég ítreka að á þeim fundi sem haldinn var í myndaherberginu áðan var niðurstaðan í mínum huga sú að við næðum þeim áfanga að koma þessu máli til nefndar og þurfa ekki að vera með kvöldfund annað kvöld, bæði vegna starfsfólks þingsins og eins vegna þm. sjálfra sem orðnir eru þreyttir af löngum fundahöldum sem ekki er óeðlilegt. Ég skildi niðurstöðu fundarins þannig og ég veit að ég var ekki einn um að skilja hana þannig. Það er enginn maður að koma í veg fyrir að hv. þm. Júlíus Sólnes geti rætt till. sínar og Borgarafl. í húsnæðismálum. Hann verður bara að hlíta því að gera það þegar þær till. eru á dagskrá. Þó hann hafi gert það nú undir öðrum dagskrárlið eru till. ekki komnar með formlegum hætti inn í deildina í tengslum við þetta mál. Þær koma þar síðar. Það meinar manninum enginn, hv. þm., að ræða þessar till. Það er mikill misskilningur. En við skulum gera það eftir réttum hætti.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil að gefnu tilefni minnast á að það hefur skeð áður á þessu þingi að þm. hafa rætt brtt. við 1. umr. Mér hefur verið bent á víða að það sé ósiður hinn mesti. Ég hef reyndar látið það viðgangast til að halda friðinn, en ég vænti þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því að reiknað er með að brtt. séu ræddar við 2. umr.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

25. fundur, þriðjudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143, n. 248.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur kynnt sér efni þessa frv. um breytingu á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200, n. 280.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um samkomulagsmál að ræða, tæknilegs eðlis. Fjh.- og viðskn. deildarinnar hefur athugað frv. á fundum sínum eins og fram kemur á þskj. 280 og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 200. Undir þetta rita allir nefndarmenn, Steingrímur J. Sigfússon þó með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ritað undir nál. fjh.- og viðskn. með fyrirvara sem lýtur í raun sameiginlega að allri gildistöku og kerfisbreytingu sem snertir upptöku staðgreiðslu á opinberum gjöldum um næstkomandi áramót. Og þar sem fyrirvarinn lýtur efnislega meira að þeim frv. sem á eftir fylgja, annars vegar því sem mælt verður væntanlega fyrir hér á eftir og hins vegar frv. sem hv. fjh.- og viðskn. vinnur enn með mun ég gera nánar grein fyrir honum í umræðum um það mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 130, n. 281, brtt. 282.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er sömuleiðis um samkomulagsmál að ræða. Þetta frv. er að meginhluta byggt á áliti milliþinganefndar sem Kjartan Jóhannsson, hv. þm., veitti forustu og fjallaði um staðgreiðslu skatta. Frv. varðar einkum tæknilega framkvæmd og skipulagningu staðgreiðslunnar.

Á fundi nefndarinnar komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Indriði Þorláksson og Snorri Olsen úr fjmrn. og Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin var, eins og ég áður sagði, sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum sem fluttar eru á

sérstöku þingskjali. Þessar breytingar lúta að því að í 7. gr. frv. segir að ef launamaður hefur eigi nýtt meira en 10% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. málsgr. 13. gr., er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Í stað 10% sem í frv. er reiknað með leggjum við til að komi 20%. Enn fremur gerum við till. til breytingar á 12. gr. Þar er eingöngu um það að ræða að fella út orðið „eingöngu“ í síðari málsl. greinarinnar. Það er: Skattstjóri getur heimilað aðilum sem eingöngu reikna sér, maka sínum og börnum endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., að gera skil einu sinni á ári, enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur. Það var samdóma álit okkar að orðið eingöngu væri óþarflega afdráttarlaust orðalag og samkvæmt og í samráði við ríkisskattstjóra leggjum við til að það verði fellt út.

Rétt er að geta þess að nefndarmenn skrifuðu allir undir þetta en einn þeirra, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. skrifaði ég undir það með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur að nokkrum hlutum þó að ég sé efnislega samþykkur bæði þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. og þeim brtt. sem fjh.- og viðskn. flytur. Þar er í öllum tilfellum, hygg ég, um tæknilegar úrbætur eða lagfæringar að ræða sem nefndin varð sammála um að gera og að betur færi. Eins hygg ég að þær breytingar, sem milliþinganefnd og aðrir þeir sem hönd hafa lagt á plóginn og lagt er nú til að gera á gildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, séu til bóta. Það fór eins og menn grunaði á síðasta þingi að þegar á því hausti sem í hönd færi, áður en staðgreiðslan kæmist til framkvæmda, yrði nauðsynlegt í ljósi þeirrar skoðunar sem færi fram að gera ýmsar lagfæringar á frv. Og sú hefur orðið raunin á. Mikið mega þeir sem um þetta hafa fjallað á undanförnum vikum og mánuðum vera glöggskyggnir ef ekki leynast þó enn ýmsar holur eða göt í þessum kerfisbreytingum og lögum sem utan um þá breytingu eiga að ná. Því er næsta víst að enn mætti betur gera ef nægur tími væri fyrir hendi. Það voru reyndar þegar á sl. vetri uppi efasemdir um að skynsamlegt væri að ganga svo hratt fram í jafnviðamikilli kerfisbreytingu og raun ber vitni og talið að nauðsynlegt væri að hafa aðlögunartíma eða lengri aðdraganda að kerfisbreytingunni. Höfðu menn þá einkum tvennt í huga, annars vegar það að nægur tími ynnist til að fínpússa það fyrirkomulag sem hafa skyldi á um skattheimtuna og alla meðferð málsins, og hins vegar, og e.t.v. ekki síður, það að mikil nauðsyn væri á að kynna almenningi í landinu þær breytingar sem í vændum væru með mjög rækilegum hætti. Þar sem slíkar eða eitthvað hliðstæðar breytingar hafa átt sér stað í skattamálum nálægra landa hefur það yfirleitt átt sér alllangan og ítarlegan aðdraganda og mikið hefur verið lagt upp úr að kynna það fyrir almenningi hvað hann ætti í vændum. Fyrirvari minn við þessi tvö frv. sem eru á dagskrá fundarins í kvöld, þ.e. annars vegar gildistökufrv. og hins vegar frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda, lýtur einkum og sér í lagi að þessum þætti.

Ég tek það skýrt fram við yður, herra forseti, að ég hef fyrirvara á um það að þessum þætti málsins sé nógu vel komið og ég þykist hafa orðið áþreifanlega var við það og vænti þess að ýmsir aðrir hv. þm. hafi orðið varir við það að þrátt fyrir ágætlega leiknar auglýsingar í sjónvörpum, sumar hverjar, og hinar myndarlegustu sviðsmyndir sem þar blasa við þjóðinni hefur það ekki dugað betur en svo að ýmsir virðast næsta ruglaðir í jafnvel einföldustu atriðum málsins, eins og þeim hvað þeir eigi að gera við skattkortið sitt.

Ég vil því að það komi skýrt fram að þegar verið er að afgreiða þessar lagfæringar, sem eins og ég hef þegar tekið fram eru, að mínu mati, til bóta fylgir því þó ekki samþykki mitt við málsmeðferðina að öllu leyti. Ég tel að menn hafi, m.a. vegna þess hversu milliþinganefndin hóf seint störf og hversu hæstv. ráðuneyti var lengi að afgreiða síðan málin hér inn í þingið, tapað mjög dýrmætum tíma sem hefði þurft að nota, bæði til ítarlegrar yfirlegu á frv. en þó e.t.v. ekki síður til þess að hefja fyrr kynningarstarf og fræðslustarf með þjóðinni, með væntanlegum skattgreiðendum, þannig að komast mætti hjá meiri ruglingi en óhjákvæmilega sjálfsagt verður, meðal annars t.d. með því að senda fyrr út þau einstaklingsbundnu gögn eins og skattkort og aðrar upplýsingar sem hver og einn fær í hendur, þannig að ekki væru einungis fáeinir virkir dagar eftir fram að áramótum sem aftur leiðir til þess og hefur leitt til þess að flestar símalínur til þeirra aðila, sem nú treysta sér til að veita einhverjar upplýsingar um þessi efni, eru nú rauðglóandi. Það á ekki einungis við hið háa fjmrn. og skattstjóraembættin víða um landið heldur er mér tjáð að flestir þeir aðilar, bókhaldsskrifstofur, endurskoðendur, jafnvel lífeyrissjóðir og stéttarfélög og ýmsir slíkir, geri nú lítið annað þessa síðustu daga en að svara spurningum ráðvilltra væntanlegra staðgreiðsluskattgreiðenda.

Þessu tvennu vildi ég sérstaklega halda til haga, herra forseti, þó að ég undirstriki það að ég tel þessar lagfæringar til bóta og styðji þær. Sérstaklega er ég ánægður með að samkvæmt minni ósk eða tillögu náðist samkomulag í hv. fjh.- og viðskn. um að færa ákvæði í 7. gr. úr 10% í 20% sem lýtur að því hversu mikið af persónufrádrætti sínum einstaklingur má hafa nýtt ef hann verður síðan fyrir tekjuleysi hluta af árinu, að þá skuli hann eftir sem áður hafa rétt til þess að fá út gefið uppsafnað skattkort þar sem hans ónýtti persónuafsláttur kemur fram og nýtist honum til frádráttar á síðari hluta ársins. Ég

tel hér vera um stórt réttlætisatriði að ræða. Og þó að það sé vissulega augljóst mál að það að hækka þessi mörk úr 10 í 20% þýðir að umtalsvert fleiri geta þarna komið til greina og það þýðir nokkuð aukna vinnu fyrir skattstofur fagna ég því að með þessu móti er verið að koma til móts við þær athugasemdir sem ýmsir hafa bent á, sem ýmsir hafa haldið fram, að tekjusveiflur og tekjulaus tímabil gætu, ef ekki væri reynt að koma til móts við það með þessum hætti, orðið mönnum þung í skauti. Þess vegna styð ég þessar breytingar með þeim fyrirvara sem ég hef rakið.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég læt fyrst í ljós ánægju mína með það hversu ég tel að allir sem nálægt þessum málum hafa komið á undanförnum vikum og eins í nefndum þingsins núna leggja sig fram um að reyna að finna sem farsælasta lausn á fyrirkomulagi staðgreiðslunnar og á það jafnt við þó að menn greini á um ýmsar greinar. Þetta held ég að við getum öll verið þakklát fyrir og það hefur einmitt greitt fyrir framgangi málsins, bæði í milliþinganefndinni á sínum tíma og eins sýnist mér að hið sama sé að gerast í nefndum þingsins.

Ég vil þó fyrst og fremst taka undir það eða ítreka það sem kom fram hjá seinasta ræðumanni um nauðsyn góðrar kynningar einmitt um þessar mundir. Ég verð mjög var við það að margir í þjóðfélaginu eiga örðugt með að vera vissir um hvernig þeir eigi að fara með skattkortið sitt eða fá því skipt eða út gefin aukaskattkort og þess vegna, einmitt nú, þyrfti að auka upplýsingastarf um það. Og mér finnst að sjónvarpsstöðvarnar ættu að sjá það sjálfar að þær ættu einmitt að vera með kynningu af þessu tagi um þessar mundir. Þær eru öflugur fjölmiðill sem geta sýnt það svart á hvítu hvernig menn eiga að bera sig til við hin ýmsu atriði í sambandi við skattkortið og ég vil eindregið beina því til hæstv. fjmrh. og kannski þá til menntmrh. líka ef hann er viðstaddur að beita sér fyrir því að slík kynning fari hið allra fyrsta fram. Ég held að það sé ekki síður nauðsynlegt að slík kynning fari fram en að mönnum lærist að strika það út að þeir búi á Ísafirði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 282,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 282,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.–20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

26. fundur, þriðjudaginn 15. des., að loknum 25. fundi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 136. mál (ávöxtun og iðgjaldagreiðslur). — Þskj. 143.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 296).

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 295.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna þeirra orðaskipta sem urðu áðan varðandi þá kynningu sem átt hefur sér stað eða þyrfti að eiga sér stað í tengslum við staðgreiðslukerfisbreytinguna langar mig að spyrja hæstv. fjmrh. og er hann nú málunum kunnur, bæði sem yfirmaður málaflokksins í ráðuneyti og þátttakandi í kynningarherferðinni, hvernig sé háttað eftirliti eða samstarfi hins háa ráðuneytis og embættis-

manna á sviði skattamála við þá fjölmiðla og aðra aðila sem eru ýmist gegn borgun eða að því er virðist óumbeðnir að taka að sér að kynna þessa staðgreiðslukerfisbreytingu fyrir þjóðinni.

Nú vill svo til að ræðumaður var að fá skattkort sitt í hendur í gær eða fyrradag og þar kemur fram, sbr. það frv. sem liggur til meðferðar í fjh.- og viðskn., að fullur persónufrádráttur, 100%, séu 13 607 kr. á mánuði og að skattahlutföll staðgreiðslu séu 35,20%. Þess vegna vakti það nokkra athygli mína þegar ég sá og mér var sagt að bæði í sjónvarpi í gær eða í fyrradag og einnig í DV í gær væru tekin dæmi til útskýringar fyrir væntanlega staðgreiðendur skatta með öðrum tölum. Í DV í gær, mánudaginn 14. des., eru tekin dæmi um reiknaða skatta einstaklings með 42 036 kr. í laun og þar er persónuafsláttur reiknaður upp á 14 797 kr. Væntanlega á það að vera fullur persónufrádráttur einstaklings við hinar venjulegu aðstæður. Og af því að mér sýnist þarna gæta nokkurs misræmis og jafnvel þó að það kynni að vera hægt og er auðvitað hægt að taka dæmi um mismunandi persónuafslátt þá væri æskilegast að slíkri kynningu væri háttað með sem allra einföldustum hætti þannig að sem almennust dæmi og alls staðar sömu dæmin væru tekin, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig samstarfi við fjölmiðla sé háttað. Er reynt að tryggja það að þeir sem eru að fjalla um þessa kerfisbreytingu þessa dagana, akkúrat á sömu dögum og launamenn fá sín skattkort og aðrar upplýsingar í hendur, að það sé sæmilegt samræmi í þeim dæmum, í þeirri kynningu sem á sér stað? Og er þess að vænta af hálfu hins háa ráðuneytis að eitthvað verði gert á þeim dögum sem líða fram að áramótum og e.t.v. fyrstu daga ársins til þess að gera almenningi kleift að nálgast upplýsingar um þessi efni með auðveldari hætti?

Það sem mér hefur borist til eyrna um þessi efni frá síðustu dögum bendir jafnvel til þess að það væri ástæða til að ræða hvort ekki sé nauðsynlegt að opna ráðgjöf með línum þannig að almenningur geti hringt beint í aðila sem eru tilbúnir með svör á reiðum höndum, kunna það sem svara þarf til um og eru tilbúnir til þess að veita þessar upplýsingar. Ég held að það væri mjög mikilvægt, herra forseti, ef hægt væri að liðka fyrir þessari breytingu með þeim hætti og tryggja það að alls staðar væri um samræmdar upplýsingar að ræða þar sem verið er að kynna þessa breytingu, hvort sem það er umbeðið eða óumbeðið af hálfu fjölmiðla, hvort sem þeir fá fyrir það peningagreiðslur eða ekki og eins þetta, að almenningur þyrfti ekki að hrekjast milli margra aðila til að fá þessar einföldustu upplýsingar sem menn greinilega vantar þessa dagana eins og það hvað þeir eigi að gera við skattkortið sitt, hvar þeir geti fengið útgefið aukaskattkort, hvernig þeir eiga að fá að nota aukaskattkort, hvernig reikna skuli út og hvernig mönnum nýtist persónufrádráttur maka ef um slíkt er að ræða o.s.frv.

Ég vona að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. ráðherra skilji efnislega hvað ég er að fara og geti þá svarað einhverju til um það hvaða aðgerðir séu í gangi eða verði í gangi á næstu dögum, hvað hið háa ráðuneyti hyggist fyrir í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fram hafa komið réttmætar ábendingar um að þetta mál þarfnist betri kynningar. Í tilefni af þeim orðum og þeim tilmælum sem beint hefur verið til mín skal það tekið fram að ég mun beita mér sérstaklega fyrir því í samráði við ríkisskattstjóraembættið að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að ná samkomulagi við sérstaklega sjónvarpsstöðvar og/eða aðra fjölmiðla til þess að koma haldgóðum, réttum og einföldum upplýsingum á framfæri við allan almenning í tæka tíð.

Upplýsingaátak um þetta mál hefur að vísu lengi verið í undirbúningi en því hefur greinilega seinkað mjög. Á ráðstefnu sem skattstjórar landsins héldu í seinni hluta júlímánaðar að ég hygg norður á Akureyri var því lýst hvernig það mál hefði verið undirbúið og hvernig það hefði verið tímasett, samningar gerðir við sérstaka auglýsingastofu um að annast þetta. Niðurstaðan af því starfi er t.d. kynningarbæklingur sem dreift hefur verið í hvert hús og auglýsingar í dagblöðum, en bæði er að þessi kynningarherferð fór seinna af stað en þá var ráð fyrir gert, og annað, að réttar endanlegar upplýsingar voru síðbúnari en gert var ráð fyrir. Vafalaust hefur þetta tafið málið. En ég tek undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað að það er full nauðsyn á að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta þessa kynningu. Ég mun ekki hér úr ræðustól ætla mér þá dul að kveða upp neinn úrskurð um það hvort upplýsingar, sem birst hafa í dagblöðum, með tilteknum dæmum og einstaklingum, eru réttar upplýsingar. En undir þetta meginatriði, að bæta kynninguna sérstaklega nú þessa dagana og eins fram eftir nýju ári, undir það tek ég heils hugar og mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að tryggja það.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Mig langar af þessu tilefni til að taka undir það sem hér hefur verið sagt um aukna kynningu á þessu stóra máli. Og að gefnu tilefni, kannski ekki síst vegna þeirrar umræðu við atkvæðagreiðslu sem hér fór fram í dag, leyfi ég mér að benda hæstv. fjmrh. á að svona kynning og auglýsing er náttúrlega sjálfsögð og eðlileg bæði í útvarpi og sjónvarpi og í dagblöðum kannski líka. Og að gefnu tilefni vil ég minna á að það eru fleiri en tvö dagblöð til í landinu og ef á annað borð á að auglýsa eitthvað frá ríkinu í dagblöðum þá tel ég að þar eigi að láta eitt yfir þau öll ganga því að það vita þeir sem þekkja til að það er ekki síður styrkur við dagblöðin að fá auglýsingar frá ríkinu heldur en eitthvað annað. Í þessu tilfelli er kannski ekki verið að útdeila þessu sem styrk heldur að gefa öllum landsmönnum tækifæri á að sjá það sem á annað borð á að birtast í dagblöðum. Og hversu einkennilegt sem það er nú þá er staðreyndin sú að það kaupa ekki

allir landsmenn annaðhvort Morgunblaðið eða DV. Þetta segi ég m.a. út af ríkisskuldabréfum sem auglýst voru lengi á síðum ákveðinna dagblaða mun meira en á öðrum. Það virtist eins og sumum Íslendingum væri ætlað að kaupa meiri hlut eða a.m.k. þyrfti að auglýsa það meira fyrir þeim sem keyptu ákveðin blöð en minna fyrir hinum. Jafnframt má benda m.a. á auglýsingar sem hafa verið að birtast undanfarið um brunavarnaátak sem þótti ekki ástæða til að birta öðrum landsmönnum en einungis lesendum Morgunblaðsins.

Í þessu tilfelli er það kannski ekki fjöldi auglýsinganna sem skiptir mestu heldur miklu frekar að auglýsingin sé skýr og þá í leiðbeiningaformi þannig að menn geti átt hana. Ég ítreka að það er mjög nauðsynlegt að ef auglýsingin á annað borð á að birtast í dagblöðum þá sé eitt látið ganga yfir þau öll.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 283.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þetta frv. er annað frv. um breytingar á þessum lögum sem mælt er fyrir á þessu þingi. Fyrra frv. var um skattlagningu einstaklinga og var í tengslum við upptöku staðgreiðslu skatta og launatekjur einstaklinga. Þetta frv. fjallar hins vegar um skattlagningu fyrirtækja.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja á því ári verði um 150 millj. kr. hærri en var áætlað skv. óbreyttum skattalögum, þ.e. rúmlega 1900 millj. kr.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga þá tekjuöflun, auk þess sem þær eru skref í átt að einföldun á skattlagningu fyrirtækja með niðurfellingu frádráttarliða. Skref í þá átt en ekki skrefið allt.

Frv. þetta fjallar um breytingu á ákvæðum er snerta afskriftir birgða í árslok, um framlög í fjárfestingarsjóði, um bifreiðakostnað og breytt skatthlutfall. Auk þess er ákveðið að framlengja ekki heimild til skattfrjáls framlags í varasjóð. Enn fremur eru í frv. ákvæði er varða meðferð verðbóta á verðtryggðar eignir og skuldir.

Til athugunar var einnig að gera breytingar á þeirri reglu að heimilt sé að afskrifa útistandandi viðskiptaskuldir og færa hina afskrifuðu fjárhæð til gjalda. Ekki þótti rétt að sinni að gera breytingu í þessu efni. Nokkuð öðru máli gegnir um afskriftir skulda en birgða sem breytt yrði með lögum þessum. Um mat á birgðum gilda frjálslegri reglur sem gera fyrirtækjum kleift að haga mati birgða í samræmi við raunverulegt verðmæti. Skuldir yrðu hins vegar metnar á fullu verðgildi ef afskriftareglan yrði felld út, jafnvel þótt vitað sé að af þeim verði afföll. Varhugavert kann að vera að gera fyrirtækjum þannig að ofmeta eignarstöðu sína og ekki rétt gagnvart lánveitendum sem eiga í því tryggingar og öðrum viðskiptamönnum sem eiga hagsmuna að gæta.

Þar sem unnt reyndist að ná þeim auknu tekjum sem gert var ráð fyrir, 150 millj. kr. og rúmlega það, með þeim breytingum öðrum sem í frv. felast varð að ráði að láta þetta mál, afskriftir skulda, bíða frekari athugunar í framhaldandi endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja.

Þær fjárhæðir sem kunnar eru frá álagningu 1987 og þetta frv. snerta eru:

Álagður tekjuskattur fyrirtækja 1590 millj. kr. Framlög í fjárfestingarsjóði 724 millj. kr. Framlög í varasjóði 236 millj. kr.

Þá er talið að vörubirgðir í árslok 1986, sem hafa áhrif á álagningu skatta 1987, séu um 33 milljarðar króna.

Auk þess að breyta frádráttarliðum er skatthlutfall lækkað til samræmis við lækkað skatthlutfall einstaklinga. Hluti atvinnurekstrartekna, þ.e. hjá einstaklingum með rekstur, sameignarfélögum o.fl., er skattlagður hjá einstaklingum sem tekjur þeirra. Í þeim tilvikum verður skatthlutfallið 35,2%, þ.e. tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu.

Tilgangur þessarar lækkunar er sá að koma í veg fyrir að rekstrarform fyrirtækja hafi mikil áhrif á skattgreiðslur. Því er talið að rétt sé að samræma hlutföllin eftir því sem unnt er. Skattar fyrirtækja eru greiddir eftir á og þykir því hæfilegt að ætla þeim að greiða 45% af tekjum sínum í skatt. Þá er höfð hliðsjón af verðbólgu eins og hún hefur verið að undanförnu en ekki er unnt að útiloka að einhver munur reynist vera á raunverulegu skatthlutfalli ef verðbólga breytist verulega frá því sem verið hefur.

Áhrif þessa frv. á skattheimtu af fyrirtækjum og breytingar varðandi varasjóði hafa verið metin þannig miðað við árið 1987:

Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að þrátt fyrir takmörkun á framlögum í fjárfestingarsjóði muni hluti þess fjár sem áður rann í varasjóð verða lagður í fjárfestingarsjóð. Er það ágiskun að um helmingur þess skili sér sem skattstofn eða 118 millj. Skattur af því fé yrði því samkvæmt frv. um 53 millj. kr.

Í öðru lagi mun niðurfærsla á verði vörubirgða lækka um 1650 millj. kr. Ekki má reikna með að öll sú fjárhæð skili sér sem skattstofn þar sem hluti birgða er hjá aðilum sem sýna rekstrartap og matsreglur vörubirgða eru þannig að óvissa er um niðurstöðu þessara breytinga. Ef reiknað er með að skattstofninn hækki um 660 millj. kr. þá þýðir það að

aukinn skattur verður 297 millj. kr. samkvæmt frv.

Í þriðja lagi má ætla að lækkun skatthlutfalls úr 51% í 45% lækki skattgreiðslur um 187 millj.

Alls eru tekjuáhrif frv. því þessi:

Hækkun vegna varasjóðs 53 millj.

Hækkun vegna birgða 297 millj.

Lækkun vegna breytingar skatthlutfalls mínus 187 millj.

Heildarniðurstöður 163 millj. kr.

Ekki þarf að gera ráð fyrir breyttri skattheimtu miðað við álagningu 1987 vegna ákvæða um kaup og fjármagnsleigu bifreiða þar sem um er að ræða tiltölulega nýtt fyrirbæri sem ekki hafði mikil áhrif fyrr en á þessu ári. Framangreindar tekjutölur eru áætluð álagning. Samkvæmt reynslu má gera ráð fyrir að innheimta fyrsta árið verði um 122 millj. kr. Miðað við verðbreytingar til 1988 má gera ráð fyrir um 160 millj. á því ári.

Í 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er ákvæði þess efnis að sem rekstrargjöld til frádráttar megi einungis draga frá kostnað sem gengur til að afla tekna, tryggja og viðhalda eignum. Þetta ákvæði er að efni til afdráttarlaust en þarfnast að mínu mati frekari útfærslu í reglugerð þar sem m.a. verði tekið á skattalegri meðferð risnu og annarrar einkaneyslu, svo og einkaafnota bifreiða. Með því yrði stefnt að bættri framkvæmd og eftirlit auðveldað.

Viðfangsefni slíkrar reglugerðar yrði að tryggja það að einkaneysla, hvort heldur sem er eigenda eða einstakra starfsmanna, verði ekki færð til frádráttar skattskyldum tekjum fyrirtækis nema að því leyti sem slík einkaneysla er hlunnindi og ígildi launa og samkvæmt því gefin upp og skattlögð hjá þeim sem nýtur. Í því efni kemur til álita eins og stundum áður að fara að fordæmi danskra skattyfirvalda sem hafa sett þá reglu að takmarka frádrátt í slíkum tilvikum við ákveðinn hundraðshluta útgjalda þannig að sönnunarbyrðin hvílir ekki framar á skattyfirvöldum, að færa sönnur á að slík risnu- eða einkaneyslugjöld séu raunverulegur þáttur við að afla fyrirtæki tekna.

Í frv. þessu er hins vegar gert ráð fyrir ákvæði um skattalega meðferð á kaupleigu og fjármagnsleigu á einkabifreiðum en slík öflun bifreiða hefur færst mjög í vöxt. Ákvæðið miðar að því að mismunandi fjármögnunarform hafi ekki áhrif á skattgreiðslu.

Herra forseti. Frv. þetta um skattlagningu fyrirtækja er flutt af tveimur meginástæðum, annars vegar þörf á auknum tekjum fyrir ríkissjóð og hins vegar af nauðsyn á samræmingu jaðarskatts einstaklinga og fyrirtækja og mismunandi fyrirtækjaforma nú eftir að staðgreiðsla á tekjuskatti einstaklinga hefur verið tekin upp.

Frekari endurskoðun á tekjuskattsmálum fyrirtækja er viðamikið verkefni sem mun koma til kasta Alþingis fyrr en síðar.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. ákvæði þess lagabálks sem snýr að skattlagningu fyrirtækja, og er það vissulega vel að hæstv. fjmrh. er nú loksins tekinn til við að mæla fyrir skattafrv. sem snerta aðra en almenning og ber að fagna því. Ég efast út af fyrir sig ekki um vilja hæstv. fjmrh., margyfirlýstan sem mjög á loft hefur verið haldið undanfarin ár, um að hann vilji reiða hátt til höggsins í skattamálum og koma á réttlátara og sanngjarnara skattakerfi á Íslandi. Auðvitað hlaut að reka að því fyrr eða síðar að hæstv. fjmrh. legði til atlögu við skatta fyrirtækjanna eða skattgreiðslur þeirra, léti ekki nægja að skera niður undanþágur og frádráttarheimildir einstaklinga. Það hefur verið mikið gagnrýnt af hálfu talsmanna Alþb. í skattamálum á undanförnum árum að á sama tíma og skattalegum reglum fyrirtækja hefur verið breytt að flestu leyti þeim í hag á undanförnum árum, þá hafa skattar gagnvart almenningi ekki tekið sams konar breytingum, en nú er með vissum hætti brotið blað í þessum efnum því að hér stendur til að fækka eða einfalda frádráttarheimildir fyrirtækjanna og er það vissulega spor í rétta átt þó smátt sé.

Hæstv. fjmrh. þurfti ekki langt eftir fordæminu, enda sést það og kemur fram í frv. hans ef það er skoðað að honum hefur orðið að góðu liði sú vinna sem Alþb. hefur á undanförnum árum unnið í þessum efnum og birst hefur í tillögu- og frumvarpsflutningi hér á hinu háa Alþingi nú sl. tvö ár í formi lagafrumvarpa um breyttar skattgreiðslur fyrirtækja eða reyndar bæði einstaklinga og fyrirtækja. Fyrir því Alþingi sem nú starfar, 110. löggjafarþingi, liggur einmitt frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 9, 9. mál, lagt fram í Ed. og mælt þar fyrir því af 1. flm. Svavari Gestssyni fyrir alllöngu síðan. Ef það frv. er tekið og skoðað þá kemur þar fram að í nokkrum greinum eru frv. sambærileg, en hæstv. ráðherra hefur af einhverjum ástæðum, sem út af fyrir sig er ekki ástæða til og e.t.v. er hæstv. ráðherra enginn sérstakur greiði gerður með því að vera uppi með getsakir um það hvers vegna hann hefur ekki náð fram ýmsum þeim einföldunarákvæðum sem við fyrstu sýn virðast næsta sjálfsögð, svo sem eins og því að takmarka eitthvað heimildir fyrirtækja til að draga frá tap á útistandandi viðskiptaskuldum. Sömuleiðis fyrningarreglur sem ég hefði talið að einnig hefði átt að taka á ef frádráttarheimildir fyrirtækjanna eru til meðferðar á annað borð.

Það er einn grundvallarmunur á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga, sem þarf að sjálfsögðu ekki að minna hv. þm. á en gleymist stundum þegar um þessi mál er fjallað úti í þjóðfélaginu, og hann er sá að tekjuskattar og útsvar einstaklinga eru brúttóskattar. Þeir eru lagðir á heildartekjur með tilteknum frádráttarliðum einstaklinganna, en tekjuskattar fyrirtækja eru nettóskattar, lagðir á nettótekjur að frádregnum öllum kostnaði. Það gerir það að verk-

um að þrátt fyrir gífurlegt umfang og gífurlega veltu fyrirtækjanna í landinu er skattstofninn harla smár og hinn álagði tekjuskattur fyrirtækja í landinu merkilega lítil upphæð eða um 1½ milljarður eins og kemur fram í fskj. með frv. ráðherrans. Rúmur 1½ milljarður, álagður tekjuskattur fyrirtækja á árinu 1987.

Þess vegna er það auðvitað þeim mun nauðsynlegra að mínu mati, herra forseti, að þegar skattur er lagður á þessar nettótekjur fyrirtækjanna þá séu álagningarreglur þar sem skýrastar og frádráttarliðir sem fæstir og auðvitað helst engir. Helst engir því að það á auðvitað að skattleggja nettóhagnað fyrirtækjanna þegar þau hafa haft eðlilegan frádrátt frá tekjum upp í öll sín útgjöld eins og þau gera, þá er auðvitað ekkert eðlilegt við það að þar til viðbótar komi einhverjar umfangsmiklar frádráttarheimildir af hinum hreina hagnaði fyrirtækjanna. Þess vegna var það að í tillögum Alþb. var og er raunar eina frádráttarheimildin, sem við vildum heimila frá hagnaði fyrirtækja fyrir skatt, að draga frá t.d. annað hvert ár eins og 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi á verksviði viðkomandi fyrirtækja. Ég hefði talið að hæstv. ráðherra hefði gert gott í því að leggja til að hjóla í annan hvorn frádráttarliðinn sem hann ekki leggur til atlögu við, þ.e. viðskiptaskuldirnar eða fyrningarreglurnar, og bjóða þau kaup að fella annan hvorn niður á móti sæmilega rýmilegri frádráttarheimild til fyrirtækja sem lyti að því að heimila þeim frádrátt vegna starfsemi á þessu sviði. Það er tvímælalaust þörf fyrir það í íslensku atvinnulífi að hvetja fyrirtækin til umsvifa að þessu leyti, að hvetja þau til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og það væri t.d. hægt að gera með því að veita þeim einhverja skattalega ívilnun af þessu tagi.

Í frv. okkar alþýðubandalagsmanna eru auðvitað ýmis fleiri markverð atriði sem ástæða væri til að nefna í þessari umræðu vegna þess að ég tel eðlilegt að þær nefndir sem fjalla um þessa skattlagningu fyrirtækjanna taki mið af því að fyrir þinginu liggur ítarlegt frv. um nákvæmlega sama efni, að vísu lagt fram í annarri deild. Þess vegna mun ég fara fram á það í þeirri nefnd sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, fjh.- og viðskn. Nd., að hún horfi á það frv. sem liggur fyrir þinginu um þetta efni nú þegar. Þar vil ég nefna t.d. ákvæði um árvissa skattarannsókn á fjárhag tiltekins hluta fyrirtækja sem ég teldi að væri gagnlegt nýmæli þannig að á skattrannsóknarstjóra hvíldi sú kvöð að rannsaka á hverju ári t.d. úrdrátt úr framtölum 100 fyrirtækja umfram þau verkefni sem berast honum með ýmsum öðrum tilteknum hætti. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið af þessu tagi hafa ekki verið reglulegar. Þær hafa verið tilviljanakenndar eftir því hvernig verkefni hafa staðið hjá skattrannsóknarembættunum og sum árin kannski verið allt of lítið af því gert að skoða uppgjör með þessum hætti.

Við höfum einnig lagt til að fjármagnstekjur yrðu framtalsskyldar. Hvað sem líður hugmyndum eða vilja til þess að skattleggja slíkar tekjur þá tel ég það mjög þýðingarmikið og sjálfsagt að fjármagnstekjur séu taldar fram, þær séu framtalsskyldar. Þannig er það í flestum nálægum löndum þó ekki sé nema til að hafa yfirsýn yfir fjármagnshreyfingar í þessum efnum, enda gegna þar bankar og sparisjóðir ýmsum skyldum gagnvart skattayfirvöldum til þess að gera þeim grein fyrir tekjum og gjöldum og hreyfingum í þessum efnum.

Síðan erum við með hugmyndir um verulega einföldun á framtalsreglum og fleira sem nefna mætti.

Herra forseti. Að lokum þetta: Hvað felst svo í frv. hæstv. ráðherra? Hver er uppskeran af þessum breytingum? Ég gerði það nokkuð að umtalsefni hér á kvöldfundi, sem reyndar teygðist ofurlítið inn í nóttina sl. nótt, hver yrði hlutdeild fyrirtækjanna samkvæmt þessum nýju lögum í þeim auknu skattbyrðum sem stendur til að leggja á í landinu. Og ég verð að segja að þar finnst mér uppskeran merkilega rýr þó ég ætli ekki að gera lítið úr vilja hæstv. fjmrh. Ég vil alls ekki gera það því að ég vil trúa því í lengstu lög að a.m.k. þarna sé honum þó alvara. En hann hefur að nokkru leyti rakið það sjálfur, hæstv. ráðherrann. Niðurstaðan er sú að vegna brottfalls framlaga í varasjóð falla til 53 millj. kr. í tekjur á næsta ári. Vegna hækkunar vörubirgða falla til 297 millj. kr. á næsta ári eða á verðlagi ársins 1987 væntanlega. Og vegna lækkunar skattahlutfallsins úr 51% í 45% lækka skattgreiðslur þessara aðila á móti um 187 millj. kr. Það var nefnilega þannig að þegar menn skoðuðu hvað kæmi út úr dæminu, hvað brottnám þessara tveggja meginfrádráttarliða eða breytingar á þeim gæfu í skatttekjur á næsta ári, sem sagt 350 millj. kr. eða svo, þá þótti mönnum þetta of mikið. Það væri ekki hægt að leggja það á fyrirtækin í landinu að bera þetta þannig að menn lækkuðu skattprósentuna á móti um 6%, úr 51% í 45% og fá þannig 187 millj. kr. afslátt til að draga frá og nettóniðurstaðan er 163 millj. kr. á verðlagi ársins 1987. Miðað við innheimtuhlutfall skilst mér að gert sé ráð fyrir því að þetta geti skilað í skatttekjum á verðlagi yfirstandandi árs um 122 millj. kr. og uppreiknað til verðlags á árinu 1988 er sem sagt gert ráð fyrir því að fyrirtækin skili með þessum hætti 160 millj. kr. í viðbót við það sem hefði verið að óbreyttu. Þetta er nú niðurstaðan. Ég tók að gamni mína þessa tölu, 160 millj. kr., og fann það út í nótt, það hefur verið svona rétt fyrir kl. þrjú í nótt að ég reiknaði það út að af 8750 millj., sem margsannað var hér í umræðum í gær og í nótt að væru hinir nýju skattar samanlagðir sem leggja á á, þá eru þetta 1,7%. 1,7% á að sækja þangað af þessum mikla bagga. Það er auðvitað merkilega rýr uppskera hjá hæstv. ráðherra og tel ég ástæðu til að vekja rækilega athygli á þessum tölum hér.

Ég vil einnig nefna að þau tíðindi hafa nú gerst á tiltölulega fáum árum, líklega eru það um fjögur ár, herra forseti, þrjú eða fjögur ár, að skatthlutfall fyrirtækja hefur lækkað úr 65% niður í 45%. Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum, þá var skatthlutfall í tekjuskattsálagningu á

fyrirtæki 65%. 65% af nettóhagnaði fyrirtækja með leyfilegum frádrætti skyldi á þeim tíma renna í ríkissjóð. Síðan tók auðvitað þessi ágæta ríkisstjórn, sem sló næstum því Íslandsmet í kjaraskerðingu á almenning, sig til við að lækka álögur á banka og fyrirtæki, m.a. með því að færa niður skattprósentuna á fyrirtækin. Vissulega var það einnig í tengslum við verðlagsbreytingar en eftir stendur sú staðreynd að á næsta ári, verði frv. þetta að lögum, þá verður frá því að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hóf að lækka þetta skatthlutfall búið að færa það niður um 20% eða 1/5, á ekki lengri tíma en þetta. Þetta finnst mér vera athyglisverð staðreynd þegar rætt er um það hvort virkilega sé mikil ástæða til þess, þó að þarna sé aðeins höggvið í tvo frádráttarliði fyrirtækjanna, fyrir hæstv. fjmrh. að færa skatthlutfallið svona mikið niður á móti. Ég sé ekki rök fyrir því. Þvert á móti hefði ég talið að það hefði verið óhætt að leyfa þessu skatthlutfalli að standa óbreyttu jafnvel þó að fleiri frádráttarliðir yrðu undan teknir eða t.d., eins og ég kom að í upphafi máls míns, skipt á ákveðnum frádráttarliðum fyrir aðra.

Ég verð að vona að hæstv. fjmrh. gangi svo vel, betur en þetta, við að fækka frádráttarliðum fyrirtækjanna meir, við að koma t.d. böndum yfir það sem er almennt viðurkennt að allt of mikið sé um að kostnaður af ýmsu tagi, sem er óviðkomandi eða ekki í beinum tengslum við nauðsynlegan rekstur fyrirtækjanna, sé færður þar inn undir. Þetta þekkja auðvitað hv. þm. og hefur verið margoft rætt hvort sem það heitir nú risna eða eitthvað annað. Þar kæmi margt til greina. Auðvitað þurfa að vera í fyrsta lagi alveg skýr ákvæði um að slíkt sé óheimilt og í öðru lagi kæmu til greina margir möguleikar við að setja þak eða takmarka með ýmsum hætti möguleika fyrirtækjanna til að vera með slíkar æfingar til að koma sér hjá að greiða tekjuskatta. Tekjuskattar upp á rúman 1½ milljarð af allri veltu, öllum tekjum fyrirtækjanna í landinu er auðvitað svo hlægilega lágt hlutfall í raun að það tekur naumast tali.

Við skulum líka minnast þess í tengslum við staðgreiðslukerfisbreytinguna að í skattlagningu á almenning í landinu er verið að skera miskunnarlaust niður við trog alla þá félagslegu frádráttarliði að kalla sem í því skattakerfi hafa verið við lýði. Það má telja á fingrum sér hluti eins og námsmannafrádrátt, rétt leigjenda til að draga húsaleigu frá, rétt fólks til að draga frá kostnað vegna stofnunar heimila og svo gæti ég þulið áfram. Þessum félagslegu frádráttarliðum á að sögn að fórna á altari einföldunar skattakerfisins. Menn deila í sjálfu sér ekki um að það geti verið og sé réttlætanlegt og gott ef hægt er að koma til móts við þessa hópa. Ég geri ekki ráð fyrir því að það sé almenn skoðun manna. En menn segja sem svo að þrátt fyrir það að þetta séu réttlætanlegir liðir með tiltekinn félagslegan grundvöll að baki, þá skuli þeim fórnað og þeir skornir niður í þágu einföldunar skattakerfisins. Ég tel að það eigi þá að beita sömu vinnureglu á fyrirtækin. Það getur varla verið óréttlátara gagnvart þeim að ganga að bessum frádráttarliðum og fella þá burtu, ef menn vilja einföldun skattakerfisins á annað borð, heldur en það er t.d. að fella niður frádrátt námsmanna sem eru að koma út úr skólum og hefja göngu sína úti í lífinu, stofna heimili eða annað slíkt.

Þess vegna ítreka ég hvatningu mína og brýningu mína til hæstv. fjmrh. að gera nú betur. Ég tek viljann fyrir verkið og tek þennan litla og rýra pappír sem hér birtist með þessari léttvægu niðurstöðu, 1,7% af hinum nýju skattaálögum, með þeim jákvæða hætti að ég vona að meira fylgi á eftir. Ég vona það svo sannarlega.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorð við þessa umræðu. Það tíðkast nú hinar stuttu ræður, jafnvel um stórmál eins og þetta. Ég kalla það stutta ræðu hjá hv. síðasta ræðumanni þótt hann talaði í 15 mínútur. Enda munu hv. þm. vera orðnir nokkuð þreyttir og máttlitlir eftir erfiða og jafnvel taugaveiklunarkennda atkvæðagreiðslu hér í dag.

Um þetta frv. má kannski segja svipað og um suma liði fjárlagafrv. sem menn voru að samþykkja með semingi hér fyrr í dag. Með semingi vegna þess að þeir vildu gjarnan hafa upphæðirnar hærri. Það er auðvitað ekkert leyndarmál að við kvennalistakonur teljum að fyrirtæki í landinu séu aflögufærari, miklu aflögufærari en ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. og staðfest er í því frv. sem hér er til umræðu. Maður hlýtur að bera saman þær gífurlegu álögur sem almenningi er ætlað að taka á sig með breikkun söluskattsstofnsins og þessa hækkunarörðu sem lögð er á fyrirtæki með þessu frv. Menn skyldu taka eftir því að hæstv. ríkisstjórn telur ástæðu til þess í sambandi við þær breytingar sem er verið að leggja til í álögum á fyrirtæki að lækka skattbyrði á fyrirtæki, sem annars hefði orðið, um 187 millj. kr. Það er reyndar rúmlega sú tala sem tónlistarfræðsla mundi kosta á næsta ári væri henni sinnt að fullu í samræmi við núgildandi lög. Margs konar annan samanburð mætti auðvitað gera. Að mínu mati er þetta hrein móðgun við stöndug fyrirtæki því séu þau vel rekin hljóta stjórnendur að vilja láta skoða sig sem fulltrúa hinna breiðu baka sem hafi þá vel efni á því að standa undir framlögum til ýmissa góðra mála.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um frv. á þessu stigi. En hv. þm. má vera ljóst að við kvennalistakonur erum þess fúsar að leyfa fyrirtækjunum að greiða meira til samneyslunnar í landinu en ætlunin er að leggja til með þessu frv. En hæstv. fjmrh. ef hann væri hér nærstaddur. Mig langaði bara til að spyrja í fullri alvöru hvers vegna þetta frv., sem virðist nú tiltölulega einfalt í sniðum, hafi komið svo seint fram.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er lagt fram eitt frv. enn sem felur í sér skattahækkanir í landinu. Stefna núverandi ríkisstjórnar er áhyggjuefni. Fyrst er ráðist á heimilin og nú er ráðist á fyrirtækin. Það er talað um

skatta eins og það sé verið að tala um súkkulaði. Ég held að mönnum sé ljóst að það verður að halda uppi atvinnulífi í landinu. Stefna núv. ríkisstjórnar er óðum að sigla atvinnurekstri í strand. Í ræðu sem ég hélt við 1. umr. um fjárlög minntist ég á fastgengið og gagnrýndi þá stefnu. Það er að koma æ betur í ljós að sú stefna er að sigla í strand. Þá er sú stefna að halda uppi lánskjaravísitölu sem við í Borgarafl. höfum gagnrýnt mjög harðlega. Það er líka að koma í ljós að hún er að sigla atvinnulífinu í strand.

Það er mjög athyglisvert að í Tímanum í dag er viðtal við forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. *Hann kemur inn á vandamál fyrirtækjanna.* Hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að mínu mati eru þessi vaxtakjör í landinu og líka þessi svokallaða fastgengisstefna á góðri leið með að setja obbann af undirstöðu atvinnuvegunum í strand.“ Hann segir enn fremur: „Ég held að það sé ekkert ofsagt. Bæði er að fiskvinnslan er komin í bullandi hallarekstur og ekki þarf að tala um annan útflutningsiðnað eins og t.d. ullariðnað. Ég tel að því miður sé obbinn af atvinnurekstri þeim sem við (SÍS) og kaupfélögin í landinu öllu stöndum í, kominn í bullandi hallarekstur. Og hann fer hratt vaxandi.“

Þetta segir forstjóri stærsta fyrirtækis landsins og er það þó með betri skattareglur en mörg önnur einkafyrirtæki. Ég hefði átt von á að flokkurinn sem kennir sig við einkaframtakið, Sjálfstfl., hefði gert athugasemdir við þetta en svo er ekki. Þeir eru fangar skattastjórnarinnar. Þessi skattlagning við þessar kringumstæður á fyrirtæki sem þegar eru að sigla í strand getur haft alvarlegar afleiðingar. Það verður ekki fram hjá því litið að vaxandi skattlagning á öllum sviðum bitnar bæði á launafólki og fyrirtækjum. Og fyrirtæki sem þegar eru í bullandi taprekstri geta ekki bætt á sig meiri álögum. Það er svo að þessi stefna ríkisstjórnarinnar er einhver sú versta sem um getur.

En það er ekki nóg með að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga tjái sig um lánskjaravísitöluna. Seðlabanki Íslands hefur skrifað ríkisstjórninni bréf. *Við hér á Alþingi höfum ekki séð það, en í Tímanum* í dag er vitnað í þetta. Með leyfi forseta stendur svohljóðandi í Tímanum í dag:

„Seðlabanki Íslands hefur tekið saman stefnumarkandi skýrslu um þróun í gjaldeyris- og peningamálum. Var þessari skýrslu skilað til ríkisstjórnarinnar í síðustu viku. Í skýrslunni kemur fram m.a. það álit að raunvextir séu óeðlilega háir og geti ekki haldist þetta háir til lengdar“. Ég endurtek: geti ekki haldist þetta háir til lengdar. „Einnig er komið inn á hlut ríkisins í þeirri gífurlegu eftirspurn sem er eftir lánsfjármagni og bent á nauðsyn þess að ríkissjóður verði rekinn hallalaust og þannig létt á lánsfjárþörf hans. Hins vegar bendir bankinn á að innlendar lántökur opinberra aðila muni aukast verulega á næsta ári samkvæmt áætlunum og því muni vextir haldast háir á næstu vikum og mánuðum.“

Þetta eru alvarlegir hlutir. Hæstv. ríkisstjórn er að leggja hér fram frv. um aukna skatta á fyrirtækjum. Á sama tíma er ljóst að þau berjast í bökkum, a.m.k. útflutningsatvinnuvegirnir, og eiga í erfiðleikum með rekstur.

Ég tel að þetta beri vott um að ríkisstjórnin ætli að reynast ansi hörð við fólkið í landinu. Og þessi skattlagning á eftir að draga dilk á eftir sér.

Það frv. til laga sem hér er verið að ræða núna var fyrir skömmu lagt fram, raunar í dag, svo við höfum ekki haft mikinn tíma til að kynna okkur hvaða afleiðingar það hefur frekar en önnur frv. hæstv. ríkisstjórnar. (**HBl:** Þið eruð nú fljótir að lesa.) Það er ætlast til að við fjöllum um það. — Já, sem betur fer erum við fljótir að lesa og fljótir að sjá hvað er að gerast.

Það er því svo að hér er komið enn ein sönnun þess að þessi ríkisstjórn verður mesta skattastjórn sennilega frá upphafi lýðveldisins. Og það er nokkuð ljóst að það verður hæsti hlutur af vergum þjóðartekjum, sem eru þó þær hæstu frá upphafi, sem skattar eru teknir af. Aldrei fyrr hafa verið lagðir á eins miklir skattar og jafnháir. Þetta leiðir hugann að því að það verður erfitt hjá fyrirtækjunum og það verður erfitt hjá almenningi í landinu. Þetta frv. verður ekki til að bæta það ástand.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka Steingrími J. Sigfússyni, hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykn. Kristínu Halldórsdóttur fyrir jákvæðar undirtektir við þetta litla frv., svo langt sem þær jákvæðu undirtektir náðu.

Til mín var beint þeirri fyrirspurn hvernig á því stæði að þetta frv., sem ekki væri þó viðameira en þetta, væri svo seint fram komið. Svarið við því er það að upphaflega var það ætlan fjmrh. að leggja fram mun viðameira frv. sem tæki til heildarendurskoðunar á skattmeðferð fjármagns- og eignatekna. Það verk vissum við frá upphafi að væri veigamesta verkefnið við endurskoðun skattalöggjafar og það hefur, einfaldlega af þeim ástæðum, orðið að bíða betri tíma til þess að hægt væri að gera því þau skil sem þörf er á, þannig að það bíður.

Ég legg á það áherslu að hér er um að ræða fyrsta skrefið í átt til endurskoðunar á skattlagningu fyrirtækja til samræmingar við þá endurskoðun sem þegar hefur átt sér stað varðandi tekjuskattsálagningu einstaklinga. Undirbúningstími þess hefur verið lengri. Nú er það svo, eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að það er nokkur eðlismunur á skattareglum að því er varðar fyrirtæki og einstaklinga. Hann tók það sjálfur fram að annars vegar væri tekjuskattsálagning einstaklinga í staðgreiðslukerfi eins og nú hagar til nánast brúttóskattlagning, þar sem aftur á móti skattlagning fyrirtækja er eftiráskattlagning og skattlagning á nettóhagnað eftir að heimilt hefur verið að draga frá margvíslega kostnaðarliði. Síðan má nefna þriðja atriðið. Það er að fyrirtæki geta oft á tíðum, mismunandi eftir markaðsaðstæðum, velt sköttum sem á þau eru lagðir að hluta til eða jafnvel alveg yfir á

herðar neytenda eða viðskiptavina, að vísu í mjög mismunandi miklum mæli og breytilegt eftir aðstæðum. Þetta þýðir líka að það krefst nokkurs undirbúningstíma að breyta skattlagningu fyrirtækja með hliðsjón af því að halda í heiðri þá meginreglu skattalaga að þau reynist ekki afturvirk, þ.e. að menn viti fyrir fram þegar ákvarðanir eru teknar um fjárráðstöfun í rekstri eftir hvaða skattareglum verði farið. Það þykir víðast hvar ekki nægilega góð regla að þær reglur séu settar eftir á.

Megingagnrýnin á frv. hefur verið sú að það sé mikill munur á að því er varðar skattatilhögun þessarar ríkisstjórnar, annars vegar að lagðar séu þungar byrðar á einstaklinga en fyrirtækjum hlíft. Nú er það svo að þau eru tiltölulega fá íslensk fyrirtæki sem greiða einhvern umtalsverðan tekjuskatt. Þessi breyting, sem hér er boðuð, mun fjölga þeim allverulega og þegar við bætist reglugerð væntanleg, sem herðir á framkvæmd á meðferð einkaneyslu og risnu, má ætla að tekjuöflun vegna þessa frv. sé varleg. En ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því að það er náttúrlega fjarri öllum sanni að segja að hlutur fyrirtækja í heildarskattatillögum þessarar ríkisstjórnar sé aðeins 1,7%. Þá hafa menn gleymt því að mjög margt í tekjuöflunaráætlun ríkisstjórnarinnar byggir á skattlagningu á fyrirtæki. Þar er ekki bara um að ræða þessa tekjuskattsálagningu á fyrirtæki heldur einnig launaskatt, verktökugjald, gjald á erlendar lántökur, hækkun á ríkisábyrgðargjöldum, kjarnfóðurskatt, arðtöku ríkisfyrirtækja o.fl. þannig að óhætt er að fullyrða að á bilinu 1500–1600 millj. kr. eru lagðar á fyrirtæki af þeim 5 milljörðum nettó sem þetta mál snýst um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að svo stöddu hér og nú að lengja þessar umræður. Ég skal þó geta þess í lokin að ég hef kynnt mér vendilega það frv. sem fyrir liggur og lagt var fram snemma á þessu þingi af hálfu þeirra alþýðubandalagsmanna um skattlagningu fyrirtækja og get sagt að í stórum dráttum er ég sammála þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Að svo miklu leyti sem ég er ekki sammála þeim byggist það á því að í framkvæmdinni eru kannski nokkrir þættir þess frv. af því taginu að þeir þarfnast betri skoðunar í þingnefnd rétt eins og þetta frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

EFRI DEILD

24. fundur, miðvikudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126, n. 290.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar brbl. sem út voru gefin með breytingu á gildistökuákvæði. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 2. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 149, n. 291.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um bann við ofbeldiskvikmyndum. Málalyktir í nefndinni urðu þær að nefndin leggur til breytingu á frv. þar sem frá því hefur verið greint að þetta frv. sé í endurskoðun í menntmrn. Því leggur nefndin til að lög þessi öðlist þegar gildi og gildi til ársloka 1988, en áður en sá tími rennur upp verður væntanlega búið að leggja hér fram og afgreiða endurskoðað frv. um þetta efni.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt með brtt. á þskj. 291.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil koma hér upp til að fagna þessari jákvæðu afgreiðslu nefndarinnar og vona að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lögum fyrir jól.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. á þskj. 291 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 176, n. 286, brtt. 287.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Að fengnum tillögum hæstv. dómsmrh. verða á þessu þingi flutt tvö frumvörp um ríkisborgararétt, þetta og annað fyrir vorið. Nefndarmenn eru sammála um að þetta sé betra fyrirkomulag en að afgreiða þessi persónubundnu mál einungis einu sinni á ári.

Það var haft sama vinnulag sem áður, þ.e. undirnefnd beggja allshn. hefur skoðað fram komnar umsóknir í samráði við Ólaf Ólafsson, fulltrúa á skrifstofu Alþingis, en hann hefur langa reynslu í þessum málum.

Á þskj. 287 er flutt brtt. við frv. frá nefndinni og er það listi yfir 31 einstakling sem nefndin mælir með að öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Það eru í frv. 18 nöfn og 13 nöfnum hefur nefndin bætt við. Með þessari brtt. leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 287 (ný 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

EFRI DEILD

25. fundur, miðvikudaginn 16. des., að loknum 24. fundi.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 315.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 126.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 316).

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 3. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 314.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 254.

Júlíus Sólnes (frh.):

Hæstv. forseti. Ég held þá áfram ræðu minni frá því í gær. Áður en ég hef mál mitt vil ég þó gera nokkrar athugasemdir við fréttaflutning af umræðum um húsnæðismál sem fóru fram í hv. Ed. í gær. Það er látið að því liggja að við þm. Borgarafl. séum með málþóf. Ég vil nota þetta tækifæri í ræðustól og mótmæla harðlega slíkum ásökunum. Við erum að ræða hér mjög veigamikið og mikilvægt mál sem snertir alla þjóðina. Það er alveg fráleitt að það skuli ætlast til þess að það fari engar umræður fram um svo veigamikið mál. Að það sé nánast afgreitt án þess að þm. láti nokkuð í ljós skoðun sína á þessu máli. Ég hefði getað haldið þriggja klukkutíma ræðu um húsnæðismál almennt við 1. umr. ef ég hefði talið að við hefðum nægan tíma til að ræða málin. Síðan hefði ég getað haldið tveggja tíma ræðu við 2. umr. þar sem ég hefði gert ítarlega grein fyrir tillögum okkar í húsnæðismálum. Til þess nú að flýta fyrir þessu máli eins og framast er unnt kaus ég að gera strax grein fyrir tillögum okkar í húsnæðismálum og falla frá því að fjalla almennt um húsnæðismál í mjög langri ræðu sem ég tel þó að ég hefði haft fyllilegan rétt á að gera. Þannig sparast mjög mikill tími með því að þegar ég hef lokið máli mínu hér á eftir höfum við nánast lýst hugmyndum okkar í húsnæðismálum og þurfum þá ekki í framhaldi að gera

nema tiltölulega stuttar athugasemdir eða svara ef til okkar verður beint fyrirspurnum.

Ég var kominn þar að í gær að ég var að fjalla um íbúðir fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir sveitarfélaga og ég lýsti því að í till. okkar gerum við ráð fyrir að þessi málaflokkur verði undir miklu styrkari stjórn. Það verði settar á laggirnar svokallaðar húsnæðisnefndir sem fái miklu víðtækara umboð en núverandi stjórnir verkamannabústaða. M.a. var sú breyting af okkar hálfu lögð til að húsnæðisnefndirnar taki líka að sér að stjórna leiguhúsnæði sveitarfélaga.

Að öðru leyti höfum við ekki gert miklar efnislegar breytingar á þeim kafla laganna sem fjallar um verkamannabústaði. Við höfum ekki talið það rétt á þessu stigi málsins þó að margt mætti þar betur fara. Enn fremur eru engar efnislegar breytingar gerðar á kafla í núgildandi lögum sem fjallar um forkaupsrétt sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980. Við höfum heldur ekki talið eðlilegt að gera miklar breytingar á þessum kafla að öðru leyti en því að við höfum aðeins lagað orðalag og við höfum að sjálfsögðu alls staðar fellt í burtu hugtakið „lánskjaravísitala". Við teljum að einhver mesta hreingerning á þessum lögum sé í því fólgin að fella algjörlega burtu hugtakið „lánskjaravísitölu" úr lögunum hvar sem það kemur fyrir. Er það í samræmi við þær tillögur sem við flytjum með þessum brtt. að reyna að finna aðrar leiðir í lánamálum, reyna að koma okkur út úr myrkviðum lánskjaravísitölunnar svo ég noti það hugtak.

Síðan kemur hér að síðasta kafla í brtt. okkar. Það er kaflinn um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga. Í þeim kafla eins og hann er í gildandi lögum höfum við ýmislegt við ákvæði lagagreinanna að athuga, enda hefur reynsla manna af skyldusparnaði ungs fólks verið allt önnur en góð öll þau ár sem þessi ákvæði hafa verið í gildi. Ungt fólk hefur á ýmsan hátt verið hlunnfarið með þessum skyldusparnaði. Lengi vel gekk erfiðlega að það fengi vexti af innistæðum sínum og enn þann dag í dag má það þola að fá miklu lakari vexti af sparifé sínu hjá Byggingarsjóði ríkisins en það gæti fengið ef það legði fyrir fé á annan hátt, ef það reyndi að notfæra sér þá háu vexti sem nú eru á peningamörkuðum landsins.

Þess vegna höfum við lagt til grundvallarbreytingu á því með hvaða hætti ungt fólk getur ávaxtað sparifé sitt sem það leggur inn til Byggingarsjóðs ríkisins. Í 34. gr. í brtt. okkar segjum við, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé, sem safnast vegna skyldusparnaðar ungs fólks í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, skal notað til að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk sem þess óskar, sbr. 35. gr. Skal húsnæðismálastjórn leita eftir samstarfi við þá aðila sem hafa rétt til lána skv. 9. gr., um byggingu slíkra íbúða. Ungt fólk, sem greiðir til skyldusparnaðar, hefur forgang að þessum íbúðum."

Hér erum við að reyna að koma til móts við gífurlega íbúðaþörf ungs fólks. Það hefur orðið sú grundvallarbreyting á húsnæðismálum landsmanna á undanförnum kannski 5–10 árum að leiguhúsnæði er nánast ekki til í landinu. Ungt fólk á ákaflega erfitt með að finna litlar leiguíbúðir við sitt hæfi, sérstaklega þó námsfólk sem ekki er undir það búið að festa kaup á eignaríbúðum og er háð því að geta fundið hentugar leiguíbúðir sem það ræður við að greiða.

Hér á árum áður var mjög algengt að fólk ávaxtaði fé sitt í íbúðarhúsnæði. Það festi fé sitt í íbúðum vegna þess að það var erfitt að verðtryggja peninga eða sparifé með öðrum hætti. Það brann annars upp í verðbólgunni sem var á áttunda áratugnum. Á þeim tíma var algengt að fólk keypti íbúðir, sem það þurfti hugsanlega ekki sjálft á að halda, og þessar íbúðir voru síðan leigðar út. Á þessum árum var þess vegna ekki sérstakur hörgull á leiguhúsnæði, a.m.k. ekki í líkingu við það sem nú er orðið. Þessi hörgull á leiguíbúðum kemur fyrst og fremst niður á ungu fólki. Það verður að reikna með því að ungt fólk sem hleypir heimdraganum þarf nokkurn aðlögunartíma áður en það getur ráðist út í það þrekvirki að festa kaup á íbúð eða húsnæði, eignast þak yfir höfuðið eins og það heitir. Þess vegna leggjum við til að ungt fólk geti gert samninga við húsnæðismálastjórn um að sparifé þess verði ávaxtað í leigu- og eignaríbúðum sem Húsnæðisstofnun muni þá láta byggja og unga fólkið fái forgang að. Þessu er nánar lýst í 35. gr. í brtt. okkar og ég ætla að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim sem er skylt að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins standa til boða tvær mismunandi ávöxtunarleiðir fyrir sparifé sitt:

1. Með því að gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun getur viðkomandi eignast hlut í íbúð sem hefur verið byggð sem leiguíbúð skv. 34. gr. Skal hann fá afhent afsal fyrir þeim eignarhluta í íbúðinni sem hann hefur sparað saman með skyldusparnaði samkvæmt matsverði íbúðarinnar þegar skyldusparnaðartímabilinu er lokið. Viðkomandi getur þá keypt íbúðina og fær til þess lán í samræmi við 10. og 15. gr. þessara laga. Hann getur einnig selt Húsnæðisstofnun eignarhlut sinn og er hún skuldbundin til að kaupa hann á því matsverði sem þá er í gildi.

2. Ef viðkomandi óskar þess að sparifé hans sé ávaxtað á venjulegan hátt er Húsnæðisstofnun skylt að ávaxta innstæðu hans með sömu kjörum og gilda um útlán stofnunarinnar."

Það hafa orðið heilmiklar umræður í hv. Nd. um skyldusparnað ungs fólks og enn fremur um húsnæðisþörf námsmanna og er það vel. Hér er ein hugmyndin enn um hvernig megi koma til móts við ungt fólk, bæði námsfólk og annað ungt fólk sem er að hefja störf í þjóðfélaginu, er að stíga sín fyrstu skref til að standa á eigin fótum. Ef það fé sem sparast saman með skyldusparnaði ungs fólks væri

notað til að byggja sérstakar leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk mætti gera stórt átak til að leysa úr þessari brýnu íbúðarþörf og bæta úr þeim skorti sem er á leiguhúsnæði einkum þó og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu þegar hópur námsmanna flykkist hingað á haustin, en ég skal síðar en svo gera lítið úr þeim húsnæðisvandræðum sem eru víða úti á landsbyggðinni.

Ég er þá kominn að lokum máls míns. Eftir er aðeins að fjalla um þau ákvæði til bráðabirgða sem við leggjum til í till. okkar, en það er einmitt húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. eins og það kom út úr hv. félmn. Nd., eins og frv. var samþykkt í hv. Nd. Við erum nefnilega alveg sammála því að það þarf að taka með einhverjum hætti á þeim vanda sem hefur skapast með því að það eru ekki nægir peningar til í kerfinu og það hafa hrannast upp umsóknir. Við tökum svo innilega undir með hæstv. félmrh. að það þurfi að finna lausn á þessu vandamáli og við viljum styðja hæstv. félmrh. í því að finna þessa lausn. Þess vegna leggjum við til að frv. eins og það kom úr Nd. verði tekið óbreytt upp sem ákvæði til bráðabirgða í okkar tillögum. Við gerum ráð fyrir að það þurfi a.m.k. eitt ár til að koma þessum hugmyndum okkar á framfæri þannig að það verði unnið að því a.m.k. allt árið 1988 að semja upp á nýtt við lífeyrissjóðina þannig að þeir dragi sig út úr samstarfi við ríkið og taki höndum saman við að koma upp húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum fyrir þann stóra hóp sem við ætlum að verði út undan þegar till. okkar eru orðnar að lögum. Við leggjum hins vegar mikla áherslu á að ákvæði VI. kafla í till. okkar, sem fjallar um skyldusparnað ungs fólks, taki þegar gildi því að þar er vandamálið svo brýnt að það verður að leysa nú þegar. Því miður er ekkert það í frv. hæstv. félmrh. sem miðar að því að leysa úr þessari brýnu húsnæðisþörf unga fólksins og sérstaklega þó námsmanna. Það hefur að vísu verið, eins og ég gat um áðan, flutt þáltill. í Nd. um sérstakan byggingarsjóð námsmanna og kann vel að vera að það sé leið til að leysa þetta vandamál. Mér óar engu að síður við þeirri till. vegna þess að hún er í sama kerfi og núverandi húsnæðismál eru, þ.e. það er einn byggingarsjóðurinn enn sem væntanlega verður þá í vörslu Seðlabankans. Hann verður jafnblankur og hinir sjóðirnir og sömu vandamálin og hafa verið í sambandi við lánveitingar úr byggingarsjóðum ríkisins munu gera vart við sig eins og málin hafa gengið fyrir sig undanfarin mörg ár.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil ítreka að lokum að ég tel að með því að ég hafi tekið á þessum málum með þeim hætti sem ég hef nú gert, þ.e. að fjalla ítarlega um okkar till. strax við 1. umr. og láta það vera mína fyrstu ræðu í þessum umræðum um húsnæðismál í hv. Ed., hafi ég sparað stórfelldan tíma og hjálpað til að koma þessu máli sem allra fyrst í gegnum deildina.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hæstv. félmrh. að það er sjálfsagt að flýta þessu máli þannig að það fái afgreiðslu úr þinginu fyrir jólaleyfi. Þetta tel ég að beri að gera vegna þess að þær breytingar, sem hér er reynt að gera í því frv. sem fyrir liggur og hafa lifað af meðferðina í Nd., eru í átt til réttlátara húsnæðiskerfis. Hins vegar er margt að mínu viti að núverandi húsnæðiskerfi að finna sem þarfnast endurskoðunar og endurbóta og hefði þurft að framkvæma það sem kemur fram í nál. hv. minni hl. félmn. í Nd. Þar er minnst á að í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins í febrúar 1986 voru samþykkt núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem náðu aðeins til hluta lánakerfisins, og voru þau lög samþykkt með þeim fyrirvara, sem fram kemur í nál. meiri hl. þáverandi félmn. á þskj. 1017 frá 108. löggjafarþingi, að húsnæðislánakerfið yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar með sérstöku tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn. Enn fremur var lagt til að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til. Því miður hefur allt of lítið verið gert fyrir þennan síðastnefnda hóp.

Endurskoðunin hefur ekki enn farið fram og því verður að líta á breytingarnar, sem verið er að gera á núgildandi lögum, sem skammtímalausn til að reyna að leysa úr brýnasta vanda sem liggur fyrir Húsnæðisstofnun vegna þess fjölda umsókna sem þar liggur.

Annað veigamikið grundvallaratriði, sem við kvennalistakonur höfum miklar áhyggjur af, er sá vandi húsnæðiskerfisins sem varðar fjármögnun. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins hafa ekki verið og eru ekki í neinu samræmi við það sem þarf til þess að kerfið sjálft nái jafnvægi fjárhagslega. Það er dagljóst að ef ekki verður tekin einhver stefnubreyting í þessu máli verður sjóðurinn gjaldþrota innan fárra ára.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að ríkissjóður bindi 500 millj. kr. af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna fram yfir áramótin 1988–1989 þannig að raunverulega er aðeins gert ráð fyrir 500 millj. kr. sem framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins sem er að sjálfsögðu allt of lágt. Enn fremur: Þetta framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er svo lítið að það er á engan hátt í samræmi við þann mikla mun sem er á þeim vöxtum sem sjóðurinn greiðir af lánum sem hann tekur hjá lífeyrissjóðunum og þeim vöxtum sem fólk greiðir af lánunum þó að þeir séu allt of háir og reyndar mörgum ofviða. Það er því líklegt að stefni í gjaldþrot sjóðsins ef ekki verður á stefnubreyting.

Mig langar reyndar að vitna í blaðagrein, sem er úr Morgunblaðinu frá því á sunnudaginn var, með leyfi forseta, þar sem forstjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson, tjáir sig um það að ekkert sé hægt að gera fyrir umsækjendur sem sóttu um lán fyrir 13. mars sl. fyrr en fleiri lífeyrissjóðir hafa undirritað samninga um skuldabréfakaup. Reyndin er að aðeins 25 lífeyrissjóðir hafa nú

þegar undirritað samninga um skuldabréfakaup. Eins og komið hefur fram í þessum umræðum eru um 6000 umsækjendur sem bíða eftir afgreiðslu hjá húsnæðismálastjórn og hann segir:

„Mikill fjöldi fólks bíður nú eftir að vita hvort Alþingi breyti útlánareglunum eða ekki. Töfin á afgreiðslu málsins hefur líka þau áhrif að allt of margir lífeyrissjóðir bíða með að undirrita samninga við okkur um skuldabréfakaup fyrir árið 1989 og 1990 þar til þeir vita hvað gerist. Óneitanlega veldur það óþægindum og erfiðleikum að ekki hafa nema 25 lífeyrissjóðir af 80–90 undirritað samninga við Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er ljóst að við getum ekkert gert fyrr en fleiri lífeyrissjóðir hafa skrifað undir þessa samninga hvort sem breytingar verða á útlánareglunum eða ekki. Það er ekki heimilt að veita lánsloforð út á umsóknir félagsmanna annarra lífeyrissjóða en þeirra sem samið hefur verið við."

Og mig langar til að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. félmrh. fyrst hún er komin hér hvort hún hefur spurnir af því hverjar fyrirætlanir lífeyrissjóðanna séu nái þetta frv. fram að ganga því það er ískyggilegt ef einungis 25 af 80 til 90 sjóðum hafa í raun þegar skuldbundið sig með undirskrift.

Þessi fjármagnsvandi veldur því, sem hefur reyndar verið viðloðandi við húsnæðiskerfið til margra ára og er ein af meginástæðunum fyrir því að kerfið allt þarfnast endurskoðunar og uppstokkunar, að allir þeir mörgu, sem bíða eftir húsnæðislánum og vænta jákvæðra svara við umsóknum sínum í kjölfar nýrrar lagasetningar um húsnæðismál hér á Alþingi, munu þurfa að bíða enn um sinn.

Með þessu frv. er ekki verið að gera grundvallarbreytingar eins og ég sagði áðan, en það er fyrst og fremst verið að gera þær breytingar að færa þá í forgangshóp sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Þetta er mikilvæg breyting teljum við vegna þess að margar stórar fjölskyldur eru oft í mun erfiðari aðstöðu en ýmsir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn.

Með 1. gr. frv. og þeim breytingum sem lagðar eru til að verði gerðar á henni er verið að reyna að takmarka lánsrétt þeirra sem minnst eða alls ekki þurfa á láni að halda, eiga fullnægjandi húsnæði fyrir. Við teljum reyndar þá takmörkun sem ráðherra gerir ganga allt of skammt og muni hún varla ná þeim tilgangi að draga nógu mikið úr fjárþörf lánakerfisins. Við hefðum viljað vera róttækari og ganga lengra, en við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að ráðherra hlýtur að þurfa að ná einhvers konar málamiðlun við samstarfsflokka sína í ríkisstjórn og aðra þm. hér á þingi.

Ég mun ekki við 1. umr. fara neitt ítarlega út í að ræða efni frv. að öðru leyti. Ég vil hins vegar boða brtt. sem verður flutt við 2. umr. frv. og er í raun endurflutningur á þeirri brtt. sem hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir og hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon fluttu við þetta sama frv. í Nd. Ég mun víkja að efni þeirrar brtt., en hún er við 2. gr. frv., þegar hún hefur verið lögð fram og ræða hana nánar ásamt öðrum greinum þessa frv. við 2. umr.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins hefur fengið mjög ítarlega umræðu í hv. Nd. Alþingis svo og í fjölmiðlum á undanförnum vikum eins og kunnugt er og ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að sinni, miðað við þær aðstæður sem hér eru nú, að fara að setja á langt mál um ástandið í húsnæðismálum sem væri þó full ástæða til, bæði varðandi hið almenna húsnæðislánakerfi og ekki síður varðandi félagslega íbúðabyggingakerfið.

Vandi húsnæðiskerfisins er sá sami og verið hefur um langt skeið, sá að það vantar peninga. Það er enginn vandi að búa til fallegt húsnæðiskerfi á blaði og láta peningastærðirnar eiga sig. Það hefur verið vandi allra þeirra sem með þessi mál hafa farið á undanförnum árum, félmrh. og Alþingis, að það hefur gengið erfiðlega að fá fjármagn í þennan málaflokk.

Ég hygg að það liggi fyrir sem lífsreynsla núv. hæstv. félmrh. að það sé hægara um að tala en í að komast. Þegar hún var í stjórnarandstöðu, bæði gegn síðustu stjórn og þeirri næstsíðustu, átti hún ráð á hverjum fingri við lausnum húsnæðisvandans. Þau fara nú mjög þverrandi eftir því sem hún situr lengur í embætti félmrh. og er það kannski að vonum vegna þess að hún á við vanda að glíma sem er staða ríkissjóðs og efnahagsmálanna í heild, en það eru þær nöpru staðreyndir sem fagráðherrar verða yfirleitt að taka tillit til.

Ég tel að því miður breyti frv. ákaflega litlu. Ég tel að það skaði ekki og ég tel að það sé eðlilegt og óhjákvæmilegt. Miðað við hvernig ráðherrann og Húsnæðisstofnunin hafa sett málin upp sé óhjákvæmilegt að afgreiða þetta mál hið snarasta þannig að það standi ekki á þinginu og sé ekki hægt að kenna þinginu um að ekki megi afgreiða mál frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég bendi hins vegar á að í yfirlýsingum forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur fram að hann telur að ef þetta frv. verður að lögum verði að breyta öllum lánaforritum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Það taki margar vikur. Það er því ljóst að jafnvel þó að þetta frv. verði afgreitt hér og nú mun það taka enn langan tíma fyrir það fólk, sem hefur beðið allt frá í mars 1987, að fá úrlausn sinna mála ef þessar upplýsingar eru réttar. Og ég ítreka þær fyrirspurnir sem bornar hafa verið fram við hæstv. ráðherra frá hv. 6. þm. Reykv. og bæta þeirri fyrirspurn við að spyrja: Hvenær fær þetta fólk úrlausn sinna mála? Þarf það enn að bíða marga mánuði þannig að það verði ár sem líði, frá mars 1987 til mars 1988, þar til niðurstöður liggja fyrir?

Ég mun spara mér frekari umræðu um þetta við 1. umr. málsins. Alþb. vill greiða fyrir meðferð þess, telur hins vegar að það hefði þurft að gera miklu

róttækari breytingar á húsnæðismálakerfinu, bæði hinu félagslega kerfi og hinu almenna, og einkum og sér í lagi hefði auðvitað átt að tryggja það með þessum stórkostlegu skatttökum ríkisins að auka fé til húsnæðislánakerfisins. Það hefur því miður ekki verið gert sem skyldi. En ég áskil mér að öðru leyti rétt til að fjalla ítarlega um málið við 2. og 3. umr. eftir því sem þörf og aðstæður verða til.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þessa frv. vil ég segja eftirfarandi:

Í fyrsta lagi vil ég leggja áherslu á að Sjálfstfl. mun vinna að jákvæðri lausn húsnæðismála í framtíðinni sem hingað til, en fyrst og fremst á grundvelli sjálfseignarstefnu jafnframt því sem við munum stuðla að því að byggðar verði íbúðir á félagslegum grundvelli þar sem það er nauðsynlegt.

Ég vil jafnframt undirstrika að Sjálfstfl. hefur m.a. í gegnum sveitarstjórnir, þar á meðal í Reykjavík, haft mikil áhrif á þróun íbúðamála á Íslandi með þeim hætti að til fyrirmyndar er hvert sem litið er í þeim efnum. Í íbúðabyggingum og íbúðamálum hafa orðið gífurlegar framfarir á Íslandi á liðnum áratugum og má segja að það sé til fyrirmyndar ef maður ber það saman við það sem tíðkast í öðrum löndum. Ég held að enginn andmæli því ef menn hafa í huga að við erum þjóðfélag aðeins 240 þús. manna og íbúðaeign landsmanna er þannig að þótt víða væri leitað. Ég held að jöfnuður í þeim efnum sé hvergi sambærilegur við það sem tíðkast á Íslandi. Að fullyrða annað er rangt og alls ekki við hæfi.

Hins vegar þýðir það ekki að það þurfi ekki og eigi ekki að gera betur. Nýir árgangar, ungt fólk kemur til skjalanna. Það gerir sínar kröfur, það er rétt. En þrátt fyrir það, ef skoðað er hvernig byggt er á Íslandi, held ég að fáar þjóðir hafi varið meira af sínum þjóðartekjum til þessara mála en Íslendingar.

Vegna þess frv. sem hér er á ferðinni viljum við undirstrika að í frv. felst engin grundvallarbreyting frá þeim lögum sem nú eru í gildi, en í þessu frv. eru samt ákveðnar breytingar sem æskilegt er að fái að koma til framkvæmda hið fyrsta. En um grundvallarbreytingu er því miður ekki að ræða frá þeirri löggjöf sem nú gildir. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, lög um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 54 1986 og nr. 27/1987, gerðu ýmsir mjög alvarlegar athugasemdir við frv. eins og það var lagt fram, þar á meðal núv. hæstv. félmrh. Af þessu leiðir að þar sem frv. sem hér liggur fyrir felur ekki í sér neinar meginbreytingar frá gildandi lögum liggur ljóst fyrir að þróa verður þessi mál áfram með þeim hætti að viðunandi löggjöf fáist í þessum efnum.

Við erum þeirrar skoðunar, sjálfstæðismenn, að þær breytingar sem þetta frv. felur í sér séu ekki fullnægjandi. Við lítum samt þannig á að miðað við aðstæður sé stigið ákveðið spor í rétta átt og munum þess vegna styðja að framgangi frv. með sérstakri vísan til þess að hæstv. félmrh. hefur lofað að taka húsnæðismálin til gagngerðrar athugunar á næsta ári, m.a. með eftirfarandi meginatriði í huga:

1. Það ber og verður að tryggja fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar þar sem nú er sýnt að vaxtamunur er orðinn meiri en talið hefur verið að kerfið þyldi. Er þar átt við þann vaxtamun sem felst annars vegar í því að húsnæðismálakerfið selur skuldabréf á mun hærri vöxtum en lán fara síðan út á frá húsnæðismálastjórn. Það liggur í augum uppi að það verður að lækka þennan mismun og húsnæðislánakerfið getur ekki staðið undir þeim mismun í greiðslum sem þarna er um að ræða til frambúðar í þeim mæli sem þessi framkvæmd krefst.

2. Þá þarf að kanna hvort grundvöllur geti verið fyrir því að flytja hluta af verkefnum Húsnæðisstofnunar yfir í bankakerfið með samningum við lífeyrissjóði og aðrar stofnanir sem fjármuni vilja leggja til þessara þarfa. Í því sambandi kemur til athugunar með hvaða hætti húsnæðisbætur í skattakerfi geti komið í stað niðurgreiðslu vaxta. Þá leggjum við sérstaka áherslu á að það verði athugað.

Þá finnst okkur einnig rétt að það séu kannaðar nýjar hugmyndir um að binda lán Húsnæðisstofnunar við einstaklinga í stað íbúða og hvort komið geti til greina að skipta heildarlánsfé milli kjördæma í samræmi við lánveitingar lífeyrissjóða í einstökum kjördæmum. Einnig væri þarft að kanna möguleika á sérstökum lánaflokkum til styttri tíma en almennt gerist og með breytilegum kjörum til að koma til móts við þarfir einstakra hópa sem ekki þurfa á stórum lánum til mjög langs tíma að halda.

Við leggjum áherslu á að í þeirri endurskoðun sem fram fer í þessum málum á næsta ári verði unnið með þeim hætti að þessari heildarendurskoðun ljúki fyrir upphaf næsta þings þannig að hér geti legið fyrir þegar þing hefst nýtt frv. til l. um skipan þessara mála og þá með þeim hætti að um frambúðarlausn verði að ræða. Það liggur í augum uppi að gildandi lög eru ófullnægjandi. Þau eru mjög gölluð og í þeim felast ákveðin framkvæmdaatriði, sérstaklega hvað varðar fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins vegna þessa lánaflokks, sem ekki fá staðist. Við munum leggja áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga og það sem fyrst.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hæstv. félmrh. og Alþfl. vilja keyra í gegnum þingið helst án umræðu. Við í Borgarafl. höfum lagt fram brtt. við frv. þetta er felur í sér heildarendurskoðun á byggingarsjóðum ríkisins og annað frv. um húsbanka sem lagt hefur verið fram í þessari deild og er nú í nefnd að lokinni 1. umr.

Við erum sammála hæstv. félmrh. að breytinga sé þörf. Hins vegar teljum við að sú lækning sem hæstv. félmrh. er að framkvæma með frv. sínu sé aðeins pillugjöf í þann dauðvona sjúkling sem húsnæðiskerfið er. Þó við getum fallist á markmið frv. teljum við að frv. nái ekki þeim markmiðum sem við

teljum að þurfi að vera í húsnæðislöggjöfinni. Frv. felur aðeins í sér skammtímalækningu og leysir ekki þann vanda sem við er að glíma.

Fyrir mitt leyti átti ég von á, miðað við þær yfirlýsingar sem Alþfl. gaf fyrir kosningar, að fyrsta frv. félmrh. liti öðruvísi út en það frv. sem er til umræðu nú. Átti ég von á að frv. fæli í sér heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu þar sem forgangsverkefni væri að hjálpa þeim sem væru í mestum vanda í þessu þjóðfélagi, þeim sem eru með lágar tekjur og þeim sem vegna annarra ástæðna ættu ekki kost á að fá lán hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Sú staðreynd sem nú blasir við okkur er það frv. sem hér er til umræðu eins og því hefur verið breytt í meðförum Nd. Það sem situr eftir af upphaflega frv. er að þeir sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð fái forgang og einnig fá þeir sem eru að stækka við sig vegna fjölskylduaðstæðna lán frá Húsnæðisstofnun. Við í Borgarafl. viljum taka undir þetta markmið, en eigum erfitt með að sætta okkur við að samþykkja frv. þetta án breytingar á kerfinu í heild.

Þegar frumvörp eru samþykkt á hinu háa Alþingi verðum við að gera okkur grein fyrir því hvaða áhrif þau lög hafi úti í þjóðfélaginu. Frv. félmrh. hefur þau áhrif að 2000 aðilar fá lán af þeim 6000 umsóknum sem bíða nú afgreiðslu í Húsnæðisstofnun. Er það vel. En hvaða önnur áhrif hefur þessi lagasetning? Um það virðist ekkert vera hugsað. Í bréfi Félags fasteignasala til Nd., dags. 23. nóv. 1987, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í athugasemdum með frv. kemur fram að eitt meginmarkmið þess sé að draga úr þenslu á fasteignamarkaði og koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á verði íbúðarhúsnæðis. Í þessu sambandi vill stjórn Félags fasteignasala sérstaklega vekja athygli félmn. Nd. á að eina leiðin til að ná þessu markmiði er að skapa jafnvægi á fasteignamarkaðnum, sem þýðir m.ö.o. að jafnvægi ríki milli framboðs og eftirspurnar. Stjórn Félags fasteignasala fær ekki séð að frv. muni nema að óverulegu leyti leiða til þess að þetta jafnvægi náist. Af athugasemdum með frv. má ráða að ætlunin sé að færa forgangshópa enn framar í biðröðinni eftir lánum og færa víkjandi hópa á sama hátt aftar. Í stuttu máli yrði afleiðingin sú að auka enn eftirspurnina á markaðnum og draga enn frekar úr framboðinu eða auka þenslu á fasteignamarkaði og stuðla að óeðlilegri hækkun á verði íbúðarhúsnæðis.

Í bréfi til stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins, dags. 1. des. 1986, vakti stjórn Félags fasteignasala athygli á þessu einfalda lögmáli fasteignamarkaðarins. Eins og glöggt kemur fram í fskj. með frv. um þróun fasteignaverðs gengu spádómar stjórnar Félags fasteignasala í fyrrgreindu bréfi nákvæmlega eftir. Þarft væri að bæta við fskj. þetta upplýsingum um söluverð íbúða á þriðja ársfjórðungi 1987 sem skjóta enn frekar stoðum undir það sem hér hefur verið haldið fram.

Stjórn Félags fasteignasala vekur athygli félmn. Nd. á eftirfarandi staðreynd:

40% þeirra sem nú eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Húsnæðisstofnun eru í forgangshópi, þ.e. eiga ekki íbúð fyrir. 60% eru í víkjandi hópi og eiga íbúðir fyrir. 40% ætla að kaupa íbúðir þær sem 60% eiga. 40% eiga að fá sín lán strax en 60% ári seinna. Niðurstaðan af þessu dæmi er einföld. 40% fá engar íbúðir keyptar nema á uppsprengdu verði því 60% setja ekki sínar íbúðir á markaðinn fyrr en eftir ár. Mikil eftirspurn plús lítið framboð, hátt verð."

Ljóst er af þessu að þensluáhrifin aukast og er ekki á þau bætandi eins og staðan er. Við þm. verðum að gera okkur grein fyrir öðrum þáttum sem lagasetning getur haft í för með sér úti í þjóðfélaginu. Frv. það sem hér er til umræðu leysir einn vanda en skapar annan og kannski miklu alvarlegri því áhrif lagasetningarinnar smitast um allt þjóðfélagið.

Þær brtt. sem við borgaraflokksmenn gerum á frv. teljum við að verði til lækningar þeim sjúkdómi sem húsnæðislánakerfið er haldið. Furðum við okkur því á því að talsmenn annarra flokka skuli ekki vilja ræða þessar tillögur sem bæði eru heilsteyptar og hafa fengið hljómgrunn hjá þeim aðilum sem láta málefni þjóðfélagsins sig skipta.

Þegar núverandi húsnæðislánakerfi var sett á voru vextir í þjóðfélaginu 5% og spá Þjóðhagsstofnunar sú að almennir vextir mundu fara lækkandi. Þróunin hefur orðið allt önnur og má að verulegu leyti rekja þá óæskilegu þróun til núverandi húsnæðislánakerfis.

Eftir þá stöðnun sem verið hafði á húsnæðismarkaði varð sprenging með tilkomu þessa húsnæðiskerfis. Allir áttu kost á láni og eftirspurnin var gífurleg. Sökum þess og þeirra samninga sem gerðir voru við lífeyrissjóðina um fjármagn tóku vextir úti í þjóðfélaginu að hækka í stað þess að lækka eins og gert hafði verið ráð fyrir í spám. Stafar þetta af því að ráðstöfunarfé bankastofnana minnkaði því þeir aðilar sem lögðu inn í bankana hættu að leggja inn og mikið kappsmál varð að ná í hið litla fé sem var til í þessum bankastofnunum. Þrátt fyrir að vextir hækkuðu í þjóðfélaginu héldust sömu vextir af lánum hjá Húsnæðisstofnun sem kostaði að ríkið þurfti og mun þurfa að auka framlög sín til niðurgreiðslu á vöxtum. Til að fjármagna þessar niðurgreiðslur hefur ríkið þurft í samkeppni við bankastofnanir að gefa út ríkisskuldabréf.

Þegar á allt framangreint er litið sjá allir hvernig þessi hringavitleysa er, hvernig ríkið hefur beint leitt til vaxtahækkana sem verið hafa í þjóðfélaginu síðustu mánuði. Og enn á að auka þennan vanda með brtt. sem nú liggja fyrir. Þetta getur ekki leitt til nema eins, að ríkisstjórnin drepi atvinnureksturinn með vaxtahækkun svo ekki sé talað um þegna þessa lands.

Ég held að stjórnarflokkarnir séu ekki í neinum tengslum við lífæðar þjóðfélagsins á meðan í gildi eru þrenns konar vextir, 3,5% í húsnæðiskerfinu, 9,5% í bankakerfinu og allt upp í 15% á hinum

almenna markaði. Það er eitthvað stórvægilegt að í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin sér þetta ekki og kýlir einungis stefnulaust í gegnum þingið skattahækkunum á allt og alla sem hrærast í þessu þjóðfélagi.

Það sem ég hef hér rakið er sú umgerð sem við höfum og það sem við verðum að gera okkur grein fyrir, hv. þm., þegar þetta frv. er rætt. Brtt. þær sem við í Borgarafl. gerum fjalla einmitt um þetta, sem er að gerast úti í þjóðfélaginu, en ekki hvað er að hrærast í einstökum ráðherrum og ríkisstjórn. Við verðum að líta á þjóðfélagið sem heild en ekki einstaka þætti þess einvörðungu og líta á hvaða áhrif þessi breyting hefur á þjóðfélagsheildina.

Ég ætla ekki að rekja hér þær brtt. sem við í Borgarafl. höfum gert við frv. hæstv. ráðherra og læt þær till. og þá umfjöllun sem samflokksmaður minn, Júlíus Sólnes, hefur gert nægja, en vænti þess að þeir sem koma hér á eftir, ef einhverjir koma, og þegar mál þetta verður sett í nefnd ræði um þessar till. og að við getum í sameiningu og allir flokkar komið á nýju húsnæðislánakerfi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er fjarri mér að ætla að tefja þetta mál. Ég mátti þó til með að koma upp og gera nokkrar athugasemdir við mál hv. 14. þm. Reykv. Ég hlýt að mótmæla því hóli sem hann hafði um sinn flokk hvað varðar aðild hans að uppbyggingu félagslegra íbúða, en þannig skildi ég upphaf máls hans. Það er rétt hjá honum að á Íslandi ríkir meiri jöfnuður en víða annars staðar í nágrannalöndunum. Þetta er þó óðum að breytast og veldur flestum hugsandi mönnum þungum áhyggjum. Gjár stéttaskiptingar á grundvelli fjármagns, menntunar og almennra tækifæra eru óðum að opnast á milli einstaklinga og hópa í þjóðfélaginu okkur öllum til vansæmdar og skaða sem tilheyrum þessari þjóð, þjóð sem í eyru útlendinga hefur státað af stéttleysi, jöfnuði og samheldni. Eins og ein fjölskylda teljum við okkur vera. En erum við það? Það er fráleitt að halda því fram að félagslegt húsnæði sé nægilegt hérlendis eða sæmilega gott og ástand mála viðunandi í þeim efnum. Það er svo langt í frá, hv. þm., og er gleggsta dæmið um það hin mikla almenna umræða og samtök einstaklinga sem hafa haft frumkvæði að samstarfi ýmiss konar vegna þess brýna vanda sem að þeim steðjar.

Sjálfstfl. hefur haft að sinni meginstefnu að fólk eignist eigið húsnæði. Hann hefur lagt á þetta mikla áherslu, en hann hefur kannski minna sinnt og minna skilið þá sem ýmist geta ekki eða vilja ekki af ýmsum ástæðum eignast eigið húsnæði eða verja til þess lífsorku sinni að koma sér upp eigin húsnæði því að það hefur verið meiri háttar krossganga fyrir venjulegt fólk. Þó eru þarfir þeirra jafnmiklar og fyrir þeim ber okkur að bera jafnmikla virðingu og taka tillit til og annarra.

Ég veitti því hins vegar athygli að í máli hv. þm. kom fram skilningur á mikilvægi þess að koma þessu frv. í gegn þrátt fyrir skoðanaágreining og ég virði það. En hins vegar þótti mér ástæða til að vekja athygli hans á þeirri brýnu nauðsyn sem er á félagslegu húsnæði og á leiguhúsnæði á Íslandi í dag, jafnt á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Þetta er aðkallandi vandamál sem við hljótum að beina athygli okkar að þegar þessum áfanga í húsnæðiskerfinu hefur verið náð.

Ég vona að hv. þm. misvirði ekki þessi orð mín því að ég tók eftir því að mál hans var að öðru leyti fullt af velvilja í garð þessa frv. Ég vildi aðeins ítreka þetta, vekja athygli hans á því hve brýn þörf er á að leysa vanda þeirra sem bíða eftir leiguhúsnæði eða félagslegu húsnæði.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég ætla að segja hér nokkur orð og skal það vera örstutt. Ég þakka fyrir góðar ábendingar hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur í þessari umræðu í sambandi við mína fyrri ræðu í þá veru að Sjálfstfl. hefði átt mikinn og góðan þátt í því hvernig íbúðamál og húsnæðismál hafa yfirleitt þróast á Íslandi. Það sem ég átti við og sem er meginatriðið þegar maður hugleiðir þessi mál er að stefna Sjálfstfl. er þess eðlis að hún hefur boðið upp á að menn hafa haft aðra og fleiri möguleika til að taka þátt í því að koma yfir sig húsnæði en aðeins í gegnum ríkið. Þegar menn hafa viljað eignast íbúð hefur ekki verið grundvallaratriði út af fyrir sig að fólk þyrfti að fara með þau mál í gegnum hið opinbera. Við höfum lagt áherslu á að með eigin aflafé og einnig í gegnum fleiri möguleika en þá lánamöguleika sem við erum að fjalla um í sambandi við þetta frv. hefur fólk og á fólk að geta eignast sína íbúð jafnframt því sem við leggjum áherslu á það, eins og hv. þm. kom inn á og ég einnig, að við höfum alltaf sinnt og munum sinna hinum félagslega þætti.

Hv. þm. fannst ég segja einum of mikið um þátt Sjálfstfl. í þessum efnum, en þegar ég tala um þátttöku Sjálfstfl. tók ég fram að m.a. hefði það átt sér stað í gegnum áhrif hans og meirihlutaaðild að sveitarstjórnum. Það er staðreynd, sem ekki er hægt að hrekja, að í tíð meiri hluta Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur var hér á kreppuárunum, í samstarfi við verkalýðshreyfinguna að vissu leyti, ráðist í mjög miklar framkvæmdir við verkamannabústaði. Verkalýðshreyfingin átti upphafið að þeim hugmyndum að hér yrðu byggðir verkamannabústaðir, en án góðrar þátttöku meiri hluta Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur á þeim tíma hefði þetta verk aldrei gerst með þeim hætti sem þá varð. Þetta held ég að allir hljóti að vera sammála um. Vísa ég til þeirra góðu íbúða og fyrirmyndarhúsa sem enn þá þykja góð, jafnvel hálfri öld eftir að þau voru byggð vestur í bæ, og Héðinn Valdimarsson, þáv. formaður Dagsbrúnar, hafði forustu um en meiri hluti Sjálfstfl. í stjórn Reykjavíkurborgar studdi. Þar með braut Sjálfstfl. í blað í þessum efnum með því mikla valdi og þeim miklu áhrifum sem flokkurinn hafði í því forustusveitarfélagi á Íslandi sem var Reykjavíkurborg.

Einnig tók Sjálfstfl. þátt í því eftir seinni heimsstyrjöldina að skipuleggja hér heil hverfi með þeim hætti að auðvelda mönnum, fólki sem ekki hafði mikil efni, að eignast sín eigin hús jafnframt því sem byggð voru sambýlishús sem þóttu til fyrirmyndar og eru enn ágætis hús.

Í framhaldi af þessu vil ég einnig undirstrika að í því að taka þátt í því að menn geti átt eða leigt íbúðir felst einnig að styðja og styrkja þá sem koma við sögu í hinum svokölluðu frjálsu félögum á Íslandi, þ.e. verkalýðshreyfingunni og öðrum samtökum eins og byggingarsamvinnufélögum o.fl. Í þeim efnum hefur Sjálfstfl. haft mikið og gott frumkvæði. Ég bendi á það t.d. að stórt stéttarfélag á Reykjavíkursvæðinu hafði frumkvæði um að byggja sérstakt hús yfir aldraða í góðu samstarfi við meiri hluta stjórnar Reykjavíkurborgar. Það er þetta sem ég átti við þegar ég talaði um að Sjálfstfl. hefði komið mjög við sögu húsnæðismála á Íslandi með þeim hætti að til fyrirmyndar væri og ég held að við séum sammála um það, enda kom það fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur, að Íslendingar hafa byggt vel. En það er einnig rétt að því miður getur fjármagn og menntun skapað þá gjá stéttaskiptingar sem við viljum öll forðast og höfum viljað forðast. Í þeim efnum verður að gæta þess sérstaklega að fjármagnið komi ekki með þeim hætti inn í þessa framkvæmd eða við myndun þessara eigna að svokölluð öreigastétt verði á Íslandi, þ.e. fólk sem aldrei getur nokkurn tímann eignast íbúð eða býr ekki við viðunandi skilyrði í þeim efnum. Sjálfstfl. vill stuðla að því að þeirra þörfum sem ekki geta eignast íbúð verði fullnægt með félagslegu átaki. Ég undirstrika það. Það er vilji flokksins sem stjórnmálaflokks og einnig þeirra manna sem eru þátttakendur í flokknum og geta haft áhrif á þetta í félagslegri hreyfingu eins og t.d. í verkalýðshreyfingunni.

Árið 1972 setti ég fram hugmyndir í þessum efnum á félagsfundi í einu stéttarfélagi í Reykjavík. Þær voru birtar á þeim tíma í Þjóðviljanum. Þar á meðal setti ég fram mínar hugmyndir um að verkalýðshreyfingin á Íslandi ætti að koma meira til skjalanna í þessum efnum án þess að þurfa að leita til ríkisins eða sveitarfélaga. Því miður fékk sú hugmynd ekki hljómgrunn á þeim tíma. Hefði betur verið að svo hefði verið vegna þess að þá, árið 1972, voru einmitt verkalýðsfélögin að stofna til þeirra lífeyrissjóða sem allir mæna nú til í sambandi við lausn þessara mála. Mín hugmynd á þeim tíma var sú að verkalýðshreyfingin hefði frumkvæði um að nýta þessa sjóði í framtíðinni, m.a. til að byggja og reisa félagslegar íbúðir sem væru í félagseign, þ.e. að jafnvel verkalýðshreyfingin sem slík gætti átt þessar íbúðir og leigt þær félagsmönnum eða öðrum. Einnig var í þessum hugmyndum — ég ætla ekki að þreyta þm. eða lengja umræðuna með því að fara of nákvæmlega út í þessar hugmyndir — sett fram það atriði að verkalýðshreyfingin og sjóðir verkalýðshreyfingarinnar, þar á meðal lífeyrissjóðirnir, stæðu á bak við byggingu íbúða fyrir aldraða með þeim hætti að við þyrftum ekki á því opinbera að halda í þeim efnum. Ég spáði því þá að það liðu ekki mörg ár þar til lífeyrissjóðirnir yrðu svo öflugir að það væri leikur einn fyrir verkalýðshreyfinguna að nýta hluta af ráðstöfunarfé sjóðanna til að framkvæma þetta verk. Því miður var ekki hlustað á þessar tillögur á þeim tíma, en nú er komið í ljós að hluti af pakkanum, sem hv. þm. eru að ræða hér um að eigi að fara í gegnum Húsnæðisstofnun ríkisins, er vegna þessara þarfa. Ef við hefðum farið þessa leið árið 1972 þyrftu hv. alþm. ekki að eyða tíma sínum í að fjalla um hvernig fólkið byggði yfir sig sjálft.

Við getum væntanlega þróað okkur út úr þessu kerfi aftur. Ég veit að hæstv. félmrh. hefur góðan skilning á þessum málum og vill stuðla að framgangi þeirra. En ég segi eins og ég hef oft sagt áður í ræðum: Í guðanna bænum, hv. alþm., leyfið þið fólkinu sjálfu að ráðstafa sínum peningum til þeirra þarfa sem það hefur þörf fyrir að láta framkvæma fyrir sig, þ.e. leyfið þið fólkinu sjálfu að leggja sína fjármuni í það að byggja yfir sig og sína hvort sem það er á félagslegum grundvelli eða öðrum og leyfið þið því einnig að nota sitt eigið fé til að byggja yfir aldraða en skyldið það ekki til þess að leggja eigið aflafé með lagaákvæðum inn í sameiginlega sjóði til þess að aðrir geti síðan útdeilt þessum peningum sem fólkið getur sjálft séð um, m.a. íbúðarhúsnæði og húsnæði fyrir aldraða. Það er grundvallaratriði. 55% í gildandi lögum, sem er skyldukvöð á lífeyrissjóðunum, er gjörsamlega út í hött og ber að leiðrétta hið fyrsta og lækka. En það gerist ekki nema í góðu samráði við þá sem hafa um það samið og löggjafinn tók afstöðu til á sínum tíma.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um það frv. sem hér er til umfjöllunar og húsnæðismál almennt. Ég hygg að það megi draga þá ályktun af þeim umræðum, sem hér hafa orðið, að ekki sé ágreiningur um það frv. sem hér er til umfjöllunar þó fram hafi komið í máli ræðumanna, sem hér hafa talað, að lengra þyrfti að ganga en frv. gerir ráð fyrir. Um það er ég alls ekki ósammála þeim ræðumönnum sem hér hafa talað, þvert á móti sammála, enda kom það fram í mínu máli við 1. umr. þessa máls í Nd. að með þeim breytingum sem hér eru lagðar fram væri aðeins stigið fyrsta skrefið í heildarendurskoðun sem nauðsynlegt er að fram fari á húsnæðislánakerfinu. Hér væri einungis með þessum till. verið að skapa svigrúm til að fara yfir í endurskoðun á húsnæðislánakerfinu sem ég hygg að allir séu sammála um að sé nauðsynlegt. Borgarafl., sem hér leggur fram ítarlegar tillögur um framtíðarskipulag húsnæðismála, er því væntanlega einnig sammála að það þurfi að skapa svigrúm til að fara yfir í nýtt húsnæðislánakerfi með þeim hætti sem ég hef hér gert ef marka má að þm. hans flytja ákvæði til bráðabirgða við sitt húsnæðisfrv. sem er það frv. næsta óbreytt sem ég lagði fram á hv. Alþingi.

Til marks um hvað nauðsynlegt er að skapa það svigrúm sem þetta frv. mun gefa vil ég nefna að ef að óbreyttu hefði verið opnað fyrir húsnæðislánakerfi nú hefði strax þurft að afgreiða 4000 umsóknir af þeim 6000 sem fyrir liggja og hefði það kostað um 10–12 milljarða sem hefði strax farið út í bindandi lánsloforðum. Við vitum það, hv. þm., að ýmsir hafa notað pappíra sem þeir fá frá Húsnæðisstofnun, þessi bindandi lánsloforð, og selt á verðbréfamarkaðnum með þó nokkrum afföllum. Tel ég í því sambandi rétt að upplýsa að ég fékk í dag í hendurnar frá Húsnæðisstofnun úttekt sem var gerð á þessu máli, á viðskiptum með lánsloforð og lögð var fram í húsnæðismálastjórn í gær.

Þar kemur fram að frá því að sala lánsloforða hófst í vor hafi 148 einstaklingar samtals selt sín lánsloforð og það hafi verið seldir 185 lánshlutar fyrir samtals um 150 millj. kr. Það eru um 15 millj. kr. sem reiknað er með að þessir 148 einstaklingar þurfi að greiða í kostnað, þar af eru afföll rúmar 12 millj. og sölulaun tæpar 3 millj. kr. Ég vitna í niðurstöður sem fram koma í þessum gögnum frá Húsnæðisstofnun, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Frá því að fjármögnun út á lánsloforð átti sér stað í vor hafa 150 millj. kr. streymt út á fasteignamarkaðinn fyrir tímann. Þetta fjármagn hefur skapað gífurlega þenslu á fasteignamarkaðinum og hafa fasteignir rokið upp í verði. Þeir aðilar sem stunda þennan viðskiptamáta hafa hagnast um 15 millj. kr. á þessum viðskiptum. Vegna stöðvunar á útgáfu lánsloforða til þeirra er sóttu um lán frá og með 13. mars sl. er að draga úr þessum viðskiptum og hækkanir eru ekki eins örar og þær voru í sumar. Nú hefur hins vegar skapast mikil spenna og eftirvænting vegna væntanlegrar útgáfu lánsloforða. Reiknað er með hækkunum og jafnvel enn þá meiri þenslu á fasteignamarkaðinum en verið hefur til þessa. Er það vegna mikils fjölda umsækjenda sem eru nú í biðstöðu og fá þá lánsloforð í hendurnar þegar útgáfa þeirra fer af stað aftur.

Nauðsynlegt er að stemma stigu við þeirri þróun sem einkennt hefur fasteignamarkaðinn að undanförnu, þ.e. þenslu og hækkandi verði á fasteignum umfram verðlag yfirleitt. Ef sala lánsloforða heldur áfram með fyrrgreindum hætti má búast við að fyrrgreind þróun eflist á ný.

Til að koma í veg fyrir að svo fari eru þeir möguleikar fyrir hendi að gefa út lánsloforð í breyttri mynd og þá senda einfaldlega út tilkynningu um að umsóknin sé í lagi og að viðkomandi fái frekari upplýsingar um lánið þegar nær lánveitingu dregur. Í öðru lagi að hafa lánsloforð í óbreyttri mynd en hafa fyrirvara á sjálfum loforðunum um að það væri hreinlega bannað að fjármagna út á þau hjá fjárfestingaraðilum."

Hér kemur greinilega fram, herra forseti, að það er tilhneiging í þá átt að selja þessi lánsloforð og ljóst af þeim upphæðum sem hér hafa verið tilgreindar að há upphæð fer hjá umsækjendum í afföll og sölulaun eða samtals um 15 millj. hjá 148 lántakendum sem hafa selt lánsloforð fyrir samtals 150 millj. kr.

Ég hygg að þær upplýsingar sem hér hafa komið fram svari kannski að nokkru leyti þeirri spurningu sem til mín var beint af hv. þm. Júlíusi Sólnes en hann hélt því fram í sínu máli að strax hefði verið hægt að afgreiða um 2000 manns sem eru að kaupa í fyrsta sinn og vitnaði þar til 7. mgr. 12. gr. húsnæðislaganna. Að vísu kom hv. þm. sjálfur inn á ástæður þess að slíkt hefur ekki verið hægt. Það er einfaldlega vegna þess að frá 13. mars og fram í september var fjármagn uppurið og ekki höfðu tekist samningar við lífeyrissjóðina fyrr en í septembermánuði.

Það hefur komið fram í umræðunni að enn hafi ekki nema 25 lífeyrissjóðir samið við Húsnæðisstofnun eftir að samningar tókust og skýringar á því eru að lífeyrissjóðirnir eru að bíða eftir þeirri niðurstöðu sem verður á afgreiðslu þessa frv. sem við ræðum hér í hv. deild.

Í annan stað má nefna sem ástæður fyrir því að ekki hefur enn verið hægt að afgreiða þessi 2000 manns sem hv. þm. Júlíus Sólnes nefndi að það er einmitt tilgangurinn með frv. sem hér er flutt að ákvæði þess nái til umsókna sem lagðar hafa verið fram frá 13. mars sl. og er þar ákvæði 2. gr. frv. sérstaklega mikilvægt í því sambandi. En ef þessum 2000 manns sem hv. þm. nefndi hefðu verið gefin lánsloforð strax hefði það einmitt getað skapað þá spennu á fasteignamarkaðinum sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson lýsti í sínu máli þegar hann vitnaði í bréf Félags fasteignasala. Þetta er einmitt mikilvægasta ákvæði frv., 2. gr., til þess að hafa stjórn á því mikla fjármagni sem er hjá Húsnæðisstofnun að það fari ekki allt út á fasteignamarkaðinn í einu með þeim afleiðingum að fasteignaverðið rjúki upp.

Hv. þm. Borgarafl. hafa flutt hér tvö ítarleg frv. á hv. Alþingi um húsnæðismál sem þeir hafa gert mjög að umtalsefni nú þegar við fjöllum um frv. sem hér er til umræðu. Hér er um mjög ítarlegar tillögur að ræða um framtíðarskipulag húsnæðismála og hefur greinilega verið lögð í það mikil vinna og er það lofsvert af þm. Borgarafl. að leggja fram hér á hv. Alþingi sinn valkost eða þær tillögur um húsnæðiskerfið eins og hv. þm. Borgarafl. helst vildu sjá það. Ég tel þó að heppilegra hefði verið að flytja brtt., þær sem þeir flytja við frv. sem við hér ræðum, sem sjálfstætt frv.

Í reynd er það svo, eins og ég kom inn á í mínu máli, að þm. Borgarafl. viðurkenna að það þurfi að flytja frv. í þá veru sem við ræðum í dag þar sem þeir flytja það sem ákvæði til bráðabirgða við sitt frv. og auðvitað er það viðurkenning á því að það þurfi að skapa svigrúm til þess að hægt sé að fara yfir í nýtt kerfi. En að baki till. Borgarafl. liggur sú grundvallarhugsun að Húsnæðisstofnun hafi fyrst og fremst skyldum að gegna við þá sem nauðsynlega þurfa á niðurgreiddu fjármagni að halda og ég er sammála þessari grundvallarhugsun og það kom reyndar fram

í framsöguræðu minni við 1. umræðu málsins í Nd. að ég teldi að hluta af verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins ætti að flytja yfir í bankakerfið og Húsnæðisstofnun ætti fyrst og fremst að hafa skyldum að gegna við þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og þá sem eru að stækka við sig hóflega af fjölskylduástæðum.

Það verður næsta viðfangsefni að takast á við í húsnæðismálum og eru stjórnarflokkarnir sammála um að það þurfi að fara í slíka endurskoðun, enda kemur það fram í nál. meiri hl. sem lagt var fram í Nd. en þar er greint frá í hvaða heildarathugun þurfi að ráðast að mati meiri hl. nefndarinnar á húsnæðislánakerfinu í framhaldi af því að frv. verður að lögum.

Ég get farið að stytta mál mitt, herra forseti. Ég vil þó svara því sem fram kom hjá Guðmundi Ágústssyni þar sem hann vitnaði í bréf Félags fasteignasala og fram kom í hans orðum að hann teldi að frv. sem við ræðum hér mundi enn auka á þenslu á fasteignamarkaðinum og vitnaði til þess að enn ætti að fara að setja ákveðna hópa í forgang sem mundi þá skapa þenslu á fasteignamarkaðinum. Að þessu var vissulega hugað í samningu frv. og það kemur einmitt fram í athugasemdum við það en þar stendur, með leyfi forseta:

„Við gerð reglugerðarákvæðis um skiptingu umsækjenda í hópa eftir forgangi verður að hafa í huga að húsnæðismarkaðurinn er afar viðkvæmur fyrir framboði og eftirspurn. Markaðurinn er mjög samofinn og fjármál eins kaupendahóps hafa áhrif á kaup annarra. Til þess að koma í veg fyrir að þetta valdi röskun á fasteignamarkaði verður að vinna af mikilli varfærni þegar farið verður af stað að afgreiða lánsloforð eftir rýmri reglum."

Ég dreg þetta fram til þess að sýna hv. þm. fram á að þetta var vissulega haft í huga þegar var verið að semja frv. og ég tel einmitt að ákvæði þess tryggi það betur en áður að komið verði í veg fyrir þessa þenslu vegna þess að nú er heimilt, ef frv. verður að lögum, að flytja umsækjendur í forgang sem eiga íbúðir fyrir, en sem ekki eru fullnægjandi vegna fjölskylduaðstæðna. Þá losnar þar með um íbúðir sem færu þá á markaðinn fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð en það var ekki heimilt áður.

Að lokum, herra forseti, spurði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir um fyrirætlanir lífeyrissjóðanna. Ég hygg, eins og fram kom í mínu máli áðan, að lífeyrissjóðirnir hafi fyrst og fremst haldið að sér höndum þar sem óvissa ríkti um frv. sem er til umræðu. Ég vænti þess að verði þetta frv. að lögum hér á hv. Alþingi fljótlega muni um leið opnast fyrir það að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun.

Að því er varðar fsp. hv. þm. Svavars Gestssonar um hvenær vænta mætti að þeir 6000 umsækjendur sem nú bíða úrlausnar sinna mála fái afgreiðslu vil ég segja það að ef frv. verður að lögum mun ég leggja alla áherslu á að framkvæmdin á því gangi fljótt og vel fyrir sig og að fljótlega eftir áramót verði hægt að opna fyrir húsnæðiskerfið á nýjan leik.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir ágætar upplýsingar og greinargóð svör. Ég held að við þm. Borgarafl. og hæstv. félmrh. eigum margt sameiginlegt í afstöðu okkar til húsnæðismála og það skal ekki standa á okkur að reyna að greiða götu frv. hér í deildinni.

Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson kom inn á það í máli sínu hver væri stefna sjálfstæðismanna í húsnæðislánamálum. Ég held að við þm. Borgaraflokksins getum að nokkru leyti tekið undir með honum að æskilegast væri að fólk upp til hópa gæti eignast íbúðir sínar án þess að það þurfi á ríkisaðstoð að halda. Það er einmitt í þeim tilgangi sem við höfum flutt frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka. Þeir yrðu reknir sem sjálfstæðar lánastofnanir þar sem kannski stærsti hópur fólks sem ætlar að ráðast í það að kaupa sér íbúð eða byggja gæti fengið afgreidd lán fljótt og vel án þess að þurfa að leita til ríkisvaldsins um aðstoð. Ég held að það væri það langbesta kerfi sem við gætum komið upp, að ríkið þyrfti ekki að sinna nema tiltölulega þröngum hópi fólks sem þarfnast aðstoðar og gæti einbeitt sér að því verkefni án þess að vera að kássast með allt húsnæðislánakerfið á sínum herðum. Það þekkist nánast hvergi að svo sé.

Einmitt vegna þess að ríkisvaldið er með allt húsnæðislánakerfið á sinni könnu sjáum við þessar hrikalegu biðraðir myndast. Þessi hnútur sem nú er kominn, þessar 6000 umsóknir — ég á bágt með að fallast á það með hæstv. félmrh. að ekki hefði verið heppilegra að reyna að byrja að afgreiða eitthvað af þessum umsóknum strax og það var hægt.

Það hefur mikið verið talað um að af þessum 6000 umsóknum sem bíða séu um 2000 umsækjendur í hópi þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Reyndar hef ég fengið óstaðfestar upplýsingar um að þeir kunni að vera fleiri, jafnvel allt að 3000. Við höfum ekki fengið nákvæm svör við spurningum okkar um þetta. Sé svo að þeir séu nærri helmingurinn af þessum 6000 umsækjendum lætur nærri að um ⅓ hluti þeirra sé úr þessum 25 lífeyrissjóðum — nú gef ég mér það, ég hef ekki fengið nákvæmari svör — sem þegar hafa gert bindandi samninga við Húsnæðisstofnun og byggingarsjóði ríkisins um kaup á skuldabréfum. Þar með sé ég ekkert því til fyrirstöðu að hægt væri að afgreiða a.m.k. þennan hóp strax því að hann hefur fullnægt öllum skilyrðum, a.m.k. miðað við núgildandi lög og mætti því sem forgangshópur fá úthlutun á undan öllum öðrum. Enda er alveg ljóst að hefði verið gripið til þess ráðs að byrja að úthluta lánsloforðum til þessa fólks er mjög líklegt að fleiri lífeyrissjóðir hefðu komið í kjölfarið. Ætli það hefði ekki skapast kapphlaup hjá mörgum lífeyrissjóðunum að gera bindandi samninga við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup ef farið væri að afgreiða lán til þeirra sjóðfélaga þar sem þegar er búið að gera slíka

samninga? Bara það að hefja afgreiðslu á lánsloforðum til þessara 1000 umsækjenda eða hvað þeir eru nú margir — eins og ég segi, við höfum ekki getað fengið nákvæmar upplýsingar um það — hefði því væntanlega hraðað mjög samningagerð við alla lífeyrissjóðina.

Ég sé ekki annað en að það hljóti að vera mjög erfitt að skapa svona stíflu í kerfinu og taka síðan tappann skyndilega úr með lagasetningu og hleypa þannig gífurlegri skriðu af stað. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. 11. þm. Reykv., Guðmundur Ágústsson, nefndi í ræðu sinni hér áðan að þegar tappinn verður tekinn úr stíflunni hlýtur að skapast gífurleg þensla á fasteignamarkaðinum. Þá fá skyndilega mjög margir aðilar lánsloforð sem þeir væntanlega hlaupa með í næstu banka og lánastofnanir til þess að reyna að kría út peninga út á lánsloforðin. Síðan hefst mikið kapphlaup og það skapast spenna á fasteignamarkaðinum. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt. Það besta sem hægt er að gera hlýtur að vera að reyna að afgreiða þessar umsóknir jöfnum höndum þannig að það skapist ekki svona stíflur eins og sú sem nú hefur myndast.

Varðandi það að við höfum lagt frv. okkar fram sem brtt. við húsnæðisfrv. hæstv. ráðherra er það e.t.v. gagnrýnivert. Ég get að vissu leyti tekið undir það að það hefði verið heppilegra að flytja þetta sem sjálfstætt frv. Það er nú einu sinni svo að frv. sem þm. stjórnarandstöðunnar flytja fá yfirleitt ákaflega litla umfjöllun hér á hinu háa Alþingi. Það er yfirleitt tilhneiging til þess að reyna að svæfa slíkan frumvarpsflutning, koma frv. til nefndar með sem minnstum umræðum og reyna svo að svæfa slíkar tillögur í frumvarpsformi í nefnd. Síðan heyrist lítið meira af þeim. Síðan reyna þm. stjórnarandstöðunnar að endurflytja þessi frumvörp sín þing eftir þing, eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði einu sinni í þingræðu snemma í haust, hann var að flytja frv. í að mig minnir 8. sinn. Þetta sýnir einmitt hver örlög þmfrv. stjórnarandstöðuþm. eru.

Hins vegar, með því að fara þessa leið, hefur okkur þó tekist að þvinga fram umræður um þessar tillögur okkar í húsnæðismálum samfara umræðum um húsnæðisfrv. hæstv. ráðherra og er það vel. Ég á einnig von á því að við getum fengið umfjöllun um þessar tillögur okkar um leið og húsnæðisfrv. hæstv. ráðherra verður tekið til meðferðar í hv. félmn. Ed., en ég er ekki viss um að það hefði gengið eins vel hefðum við lagt þetta fram sem sjálfstætt þmfrv. okkar þm. Borgarafl. í hv. Ed.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem ég fékk við þeim spurningum sem ég lagði fram og þá umræðu sem fram fór áðan. Hún minntist á það varðandi fasteignamarkaðinn að með því að þeir aðilar sem væru að kaupa í fyrsta skipti og þeir sem væru að stækka við sig fengju lán mundi þetta frv. leysa allan vanda. En þetta verður að athuga: Ef þeir sem eru að kaupa íbúð í fyrsta sinn kaupa af fólki sem er að stækka við sig vegna fjölskyldustærðar, hvaða íbúðir kaupa þá þeir sem eru að stækka við sig vegna fjölskyldustærðar? Þarna er komin hringavitleysa eiginlega að því leytinu til að einhvers staðar verða þeir að kaupa íbúðir og ef þeim er ekki veitt lán þá stoppar hringrásin. Hins vegar get ég tekið undir það með hæstv. félmrh. að það hlýtur að vera meginmarkmið að þeir sem eru að kaupa í fyrsta skipti og þeir sem eru að stækka við sig fái fyrst fyrirgreiðslu.

Hins vegar ítreka ég það sem ég sagði áðan, áhrif þessa kerfis sem er í gildi á þjóðfélagsgerðina alla og þann mikla vaxtamun sem er á húsnæðislánum og þeim lánum sem eru úti í þjóðfélaginu. Minntist ég á áðan að á hinum frjálsa markaði væru 15% vextir en af húsnæðisstjórnarlánum væru 3,5%. Það gefur auga leið að flestir, ef ekki allir, sem eiga kost á að fá húsnæðisstjórnarlán, hvort sem það er af þeim sökum að þeir hafi efni á því eða ekki að kaupa sér íbúð, nýta sér þennan rétt og þetta er einmitt sá grundvöllur sem við þm. Borgarafl. viljum að verði ræddur. Við viljum að heildarendurskoðun fari fram strax á húsnæðiskerfinu, að þessu kerfi sem nú er, þessum óskapnaði sem það er orðið, verði breytt í þá veru sem við leggjum til með því frv. um húsbanka sem við höfum lagt fram og þeim brtt. sem eru til umræðu, að vísu aðallega af okkar hálfu.

Að lokum þakka ég hæstv. félmrh. fyrir þær undirtektir sem við fengum við þessar brtt. og mér þætti gott að fá svar við því hvenær tillögur hæstv. félmrh. komi til með að liggja fyrir hér á þingi svo að áframhaldandi umræða geti átt sér stað til þess að leysa þann mikla vanda sem er á þessu sviði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217, n. 302.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um mál þetta og leggur einróma til að málið verði samþykkt eins og það kemur frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á Alþingi á síðasta þingi var í 42. gr. laganna gert ráð fyrir að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefði sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Hér var um að ræða nýmæli í íslenskri löggjöf en þessi háttur hefur tíðkast nokkuð á þjóðþingum grannþjóða.

Frv. sem nú er til umræðu fjallar um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í gildistökulögunum frá því í vor eru auk ákvæða um sjálfa gildistökuna reglur um það hvernig hátta skuli skattlagningu á tekjur manna á núverandi tekjuári, þ.e. á árinu áður en staðgreiðsla tekur gildi.

Skv. 5. gr. gildistökulaganna skulu svokallaðar yfirfærðar tekjur, sem taldar verða fram sem tekjur ársins 1987, skattlagðar við álagningu en skattar af þeim ekki felldir niður. Yfirfærðar tekjur teljast þær tekjur sem komnar eru til vegna breytinga á uppgjörsaðferð eða á annan hátt eru færðar frá fyrri tíð eða ókominni tíð til ársins 1987.

Í frv. er lagt til að ótvírætt verði kveðið á um að ef þessar tekjur eru ekki eða hafa ekki verið rétt tilgreindar sé tryggt að skattstjóri hafi sömu heimild til endurákvörðunar á gjaldstofninum og álagningu og almennt er í hliðstæðum tilvikum. Telja verður eðlilegt að breyting sú sem frv. felur í sér nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 295.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á Alþingi fyrr á þessu ári ásamt breytingum á lögum um tekjuskatt einstaklinga sem lögðu grundvöll að upptöku staðgreiðslu tekjuskatta hér á landi.

Þegar við afgreiðslu laganna var ljóst að mikið verk væri fyrir höndum við undirbúning þeirra miklu breytinga sem lög þessi boðuðu. M.a. af þeim ástæðum var á seinasta þingi sá háttur á hafður að nefnd var skipuð fulltrúum þingflokkanna, fjmrn. og hagsmunasamtaka sem aðild áttu að málinu frá upphafi og skyldi hún milli þinga fylgjast með undirbúningi framkvæmda og gera tillögur um breytingar á löggjöfinni sem æskilegar þættu. Nefndin átti jafnframt að meta það á grundvelli nýjustu tiltækra gagna hverjir skattstuðlar þyrftu að vera í hinu nýja kerfi til þess að ná sem bestum markmiðum varðandi skattlagningu, skattbyrði og skatttekjur sem sett voru fram þegar málið var flutt á seinasta þingi.

Þótt tími milliþinganefndar til að ljúka störfum sínum hafi verið knappur hefur hún unnið mikið og gott starf. Nefndin skilaði álitsgerð með ítarlegum upplýsingum og tillögum um breytingar á þeim lögum sem henni var falið að fjalla um. Hluta þessara tillagna hafði nefndin kynnt fjmrh. fyrr á starfstíma sínum og er það frv. sem hér er fyrir mælt í öllum meginatriðum byggt á niðurstöðum hennar.

Eins og sjá má á álitsgerð nefndarinnar hefur hún grandskoðað flest atriði sem snerta framkvæmd staðgreiðslu og það álagningarkerfi sem hún byggir á. Það er ánægjulegt að algjör samstaða var í nefndinni um öll meginatriðin í staðgreiðslukerfinu þó skiptar skoðanir væru um einstök atriði.

Tillögur nefndarinnar lúta flestar að því að styrkja og treysta þau lagaákvæði sem samþykkt voru á seinasta þingi ásamt því að leitast við að gera framkvæmd staðgreiðslunnar sem einfaldasta og hagkvæmasta fyrir gjaldendur og einnig þá sem að framkvæmdinni standa. Nefndin leggur fram tvíþættar tillögur. Annars vegar tillögur um breytingar á lögum um staðgreiðslu og hins vegar um breytingu á tekjuskattslögum.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst að finna breytingar á framkvæmdaatriðum sem varða staðgreiðslu. Þar sem ítarlega er fjallað um einstakar breytingar í álitsgerð milliþinganefndarinnar svo og í athugasemdum með frv. læt ég nægja að drepa á helstu efnisatriðin í stuttu máli.

Í fyrsta lagi fjallar frv. um breytingar er snerta útgáfu skattkorta. Helstu efnisatriðin eru að breytt er tímaviðmiðun til útgáfu skattkorta, lagt er til að

Tryggingastofnun ríkisins taki á móti skattkortum fyrir bótaþega þeirrar stofnunar, að gefin verði út sérstök námsmannaskattkort og sérstök kort með uppsöfnuðum afslætti þegar skattþegnar hafa lítt eða ekki stundað launuð störf fyrri hluta árs og rýmkuð eru ákvæði um hvenær má færa persónuafsláttinn milli hjóna. Breytingar þessar miða að því að gera kerfið þjálla í framkvæmd og að draga úr misræmi milli staðgreiðslu og endanlegrar álagningar.

Í öðru lagi fjallar frv. um skil á staðgreiðslufé. Þar er höfð hliðsjón af áliti gjaldheimtunefndar þannig að tillögur hennar geti komist í framkvæmd án þess að lögum um staðgreiðslu verði breytt. Enn fremur eru sett ákvæði um skilatíma að loknu hverju greiðslutímabili og ákvæði þess efnis að sjómannaafsláttur hjá lögskráðum sjómönnum verði dreginn frá staðgreiðslu hjá launagreiðanda í stað þess að vera gerður upp sérstaklega eftir á eins og kveðið var á um í lögunum sl. vetur.

Þá er lagt til að í lögin verði tekin ákvæði um hvar skuli skilað vanskilafé, álagi og sektum í skuldaröð í þrotabú. Hér er gert ráð fyrir að vanskilafé og álag verði forgangskröfur enda er um að ræða vörslufé sem dregið hefur verið af launum starfsmanna og er því haldið eftir með ólögmætum hætti hjá launagreiðanda. Er ekki talið rétt að aðrir kröfuhafar hagnist vegna ólögmætra athafna skuldara, sem yrði, ef vanskilafé hefði ekki þann forgang sem hér er lagt til.

Þá er í frv. gerð tillaga um að breyta því ákvæði laganna að sektarúrskurðir verði í höndum ríkisskattstjóra. Í frv. er gerð tillaga um að sektarúrskurðir þessir verði í höndum sérstakrar nefndar en ekki eingöngu á vegum þess aðila sem sér um að stjórna framkvæmd laganna. Með þessu fyrirkomulagi er vonast til að sektarákvörðunin geti gengið fljótt fyrir sig og verið með eðlilegum hætti.

Ég hef gert grein fyrir meginefni frv. sem fyrir liggur og aðdraganda þess. Afgreiðsla frv. og þeirra annarra sem því tengjast er nauðsynleg forsenda þess að náð verði um nk. áramót þeim merka áfanga í skattasögu hér á landi að hafin verði staðgreiðsla skatta. Við Íslendingar höfum stigið það skref seinna en flestar eða allar grannþjóðir okkar og hins vegar er einnig á það að líta að samfara staðgreiðslunni tökum við upp skattkerfi sem um flest er einfaldara í sniðum en þekkist með öðrum þjóðum. Sú staðreynd á að gera okkur kleift að koma á einfaldari skattheimtu, draga úr skriffinnsku og gera skattkerfi okkar skiljanlegt þeim sem við það eiga að búa. Slíkir eiginleikar eru jafnframt mikilvægar forsendur þess að skattkerfið sé skilvirkt, að það mismuni ekki þegnum eftir því hvaða aðstöðu þeir hafa til þess að færa sér í nyt hin ýmsu tilbrigði flókinna skattalaga.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyt. á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í sjálfu sér eru þetta einkum tæknilegar lagfæringar sem auðvitað reyndist óhjákvæmilegt að gera á þessum lögum vegna þess að tíminn sem þingið fékk til að afgreiða þetta mál á sl. vetri var eins og venjulega of stuttur. Þess vegna var það sem þingið og þáv. hæstv. fjmrh. féllust á þá tillögu mína að sett yrði niður milliþinganefnd til að fara yfir þessi mál og undirbúa málið síðan fyrir haustið. Því miður kom þessi milliþinganefnd ekki saman fyrr en í september, trúi ég, og þess vegna varð hún ekki tilbúin með sitt álit fyrr en í byrjun nóvember eða þegar nokkuð var liðið á nóvembermánuð. Þess vegna eru þessi mál svona óskaplega seint hér inni sem hefði náttúrlega átt að vera unnt að taka til meðferðar miklu, miklu fyrr. Þetta er náttúrlega afleitur hlutur sem við berum ábyrgð á, að mál komi svona hroðalega seint til meðferðar hér í þinginu, sérstaklega svona mikilvæg mál og viðkvæm sem snerta hvern einasta landsmann eins og þetta.

Ég ætla ekki að ræða mikið efnisatriði þessa frv. en ég ætla þó að nefna tvennt. Það er fyrst varðandi kynningu á kerfisbreytingunni. Ég hef áhyggjur af því að kerfisbreytingin yfir í staðgreiðslukerfi skatta sé ekki nægilega vel kynnt. Ég tek eftir því, svo að ég nefni dæmi, að ríkisskattstjóri sendir frá sér skattkort, sem við höfum m.a. öll fengið, þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni tölu í persónuafslátt. Ég tek jafnframt eftir því að í blöðum og öðrum fjölmiðlum eru birtar miklu hærri tölur um persónuafslátt en standa á þessum skattkortum. Það að þetta hefur viðgengist án þess að fjmrn. sendi frá sér mjög mynduga skýringu á málinu ruglar og truflar. Ég held að þegar svona kerfisbreyting gengur yfir verði hlutirnir að vera sem allra skýrastir. Ég vil leyfa mér að bera fram kvörtun út af þessu vegna þess að hér er oft um að ræða fólk, tugi þúsunda einstaklinga, t.d. gamalt fólk, sem þessar skattkortasendingar vekja upp margar spurningar hjá, hjá fólki sem nánast veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Fólk þekkir ekki þetta mál og þess vegna hefði þurft að leggja í þetta mjög verulega kynningarvinnu og ég hygg að í þeim efnum séu auglýsingar í raun og veru ekki nægilegar. Ég tel að fjmrn. ætti að hlutast til um að skattstjórarnir í öllum umdæmum opni strax skrifstofur sem fólk getur leitað til út af þessari kerfisbreytingu, opni strax skrifstofur með opnum símalínum, ekki bara milli 9 og 5, heldur á kvöldin líka, þar sem fólk getur komið og spurt og hringt og athugað hvað er hér á ferðinni.

Ég hef orðið var við það, t.d. á tveimur heimilum fyrir aldraða hér í þessu byggðarlagi, að þessar útsendingar skattkorta hitta fólk illa vegna þess að það veit ekki hvað hér er á ferðinni. Það er í raun-inni ekkert óeðlilegt þó að fjmrn. við þessar aðstæður sendi erindreka á stærri vinnustaði og elliheimili, svo að ég nefni dæmi, til að skýra þessi mál, til að eyða misskilningi og til að koma í veg fyrir það að

misskilningur verði til þess að það verði verulegir hnökrar á þessari skattaframkvæmd. Ég tek fram út af auglýsingunum í sjónvarpinu að ég er ekki að biðja um það að hæstv. fjmrh. haldi vinnustaðafundi um allt land og fundi á elliheimilum til þess að kynna þetta mál. Hann hlýtur að hafa marga sæmilega vel talandi embættismenn sem gætu farið í þennan erindrekstur, en ég tel að hann sé brýnn og ég er ekki að tala í neinu gríni um þetta. Ég hef orðið var við það á þessum tveimur heimilum fyrir aldraða sem ég hef af sérstökum ástæðum þurft að heimsækja núna síðustu dagana að þessar sendingar koma illa við fólk, og þegar svo stemma ekki saman tölurnar á skattkortinu og tölurnar í fjölmiðlunum spyr fólk: Hvað er verið að gera? Er verið að plata okkur hér? Hvort er rétt, hvort er rangt? Þetta er slæmt.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna í sambandi við þessi staðgreiðslumál og ég tók ekki eftir, ég viðurkenni það, þegar lögin voru afgreidd í vor er meðferð á lífeyrisþegum sérstaklega. Auðvitað er það þannig að lífeyrir er laun. Auðvitað er það þannig að biðlaun eru eins og hver önnur laun og ber að taka á þeim með þeim hætti. En nú ætla ég að nefna dæmi fyrir hæstv. ráðherra og þingdeildina um lífeyri, bæði frá lífeyrissjóði og almannatryggingum, þar sem staðgreiðslan mun að óbreyttum lögum koma mjög illa niður á gömlu fólki, þ.e. gömlu fólki sem er inni á elli- og hjúkrunarheimilum. Segjum að maður hafi lífeyri úr lífeyrissjóði. Segjum að viðkomandi hafi líka lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og samtals geri þetta í kringum 40 þús. kr. sem er algengt. Þessir peningar fara í raun og veru aldrei til viðkomandi gamals manns. Þeir fara beint til þess að greiða kostnað samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða og er ekkert við því að segja. En síðan er það þannig í lögum um almannatryggingar að fólk, öryrkjar og aldraðir, sem er á stofnunum á rétt á vasapeningum sem svo eru kallaðir. Þessi upphæð er liðlega 4 þús. kr. fyrir öryrkja á mánuði og liðlega 5 þús. kr. fyrir aldraða eins og þetta er núna. Í framkvæmd mála og samkvæmt stífustu túlkun staðgreiðslulaganna verður sagt við þetta fólk: Þessir vasapeningar eru líka laun og leggjast þannig við lífeyrinn. Þessir vasapeningar eru líka laun samkvæmt stífustu túlkun laganna og þeir leggjast líka við lífeyrinn. Þannig verður heildartekjuskattsstofn þessa fólks kannski 45 þús. kr. Af 45 þús. kr. á þessi einstaklingur síðan að borga 1–2 þús. kr. í skatta. Þetta yrði framkvæmt þannig að óbreyttu að allur lífeyririnn fer til að greiða uppihald á viðkomandi hjúkrunarheimili eða dvalarheimili aldraðra. Þá yrði skatturinn tekinn af vasapeningunum. M.ö.o., af þeim vasapeningum aldraðra sem í dag eru 5 þús. kr., reyndar nákvæmlega 5012 kr. á mánuði mundu menn samkvæmt stífustu túlkun laganna taka skattinn. Það sjá allir að þetta gengur ekki. Og af hverju segi ég það, hæstv. ráðherra, að skatturinn yrði tekinn af þessu? Jú, vegna þess að lífeyrisgreiðslurnar ganga allar beint til viðkomandi stofnunar og þá er ekkert eftir í höndunum á þessum manni, öldruðum karli eða konu, annað en vasapeningarnir. Það er ekki hægt í þessu efni að breyta þessu nema tekið verði af skarið um það í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda að þessa vasapeninga, samkvæmt lögum um málefni aldraðra og samkvæmt 51. gr. almannatryggingalaga, 4212–5012 kr. á mánuði, megi aldrei skattleggja.

Ég hef tekið eftir því að samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá ákveðnum skattstofum er núna verið að segja við þetta gamla fólk: Ja, ef þið lendið í skatti verðið þið að borga skattinn með þessum vasapeningum. Það má ekki gerast. Þess vegna verður að breyta annaðhvort þessum lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eða lögunum um tekju- og eignarskatt. Ég hygg, ef hæstv. fjmrh. vill hlýða á ráð mín í þessum efnum sem hann er auðvitað ekkert skyldugur til, að best væri að breyta 5. gr. laganna um staðgreiðslu opinberra gjalda, en þar segir, með leyfi forseta, í tölul. 1:

„Til launa samkvæmt lögum þessum telst endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast t.d. hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé o.s.frv.“

Í þessari málsgrein held ég að ætti að segja ósköp einfaldlega: Til launa teljast ekki vasapeningar, eins og þeir heita víst í lögunum um málefni fatlaðra, skv. 19. gr. almannatryggingalaga, né heldur skv. 51. gr. laga um málefni fatlaðra. Ég legg á það mjög mikla áherslu að þetta verði hreinsað út áður en lögin fara hér í gegn. Ég segi fyrir mig, maður lætur auðvitað eitt og annað yfir sig ganga í þessu kraðaki hér fyrir hátíðarnar. En við skulum ekki vera að búa til svona vandamál sem snerta allt þetta gamla fólk sem er á stofnunum hér á landi. Við skulum ekki vera að búa til svona vandamál. Við skulum ekki halda þannig á þessu af einhverjum bókstafstrúarástæðum að það eigi að fara að pilla af vasapeningunum á stofnunum aldraðra eða öryrkja.

Þetta tvennt, herra forseti, vildi ég sem sagt nefna. Annars vegar það að það verður að bæta kynninguna á lögunum. Fólk er hrætt við róttækar lagabreytingar, sérstaklega gamalt fólk. Það er eins og við er að búast og eðlilegt er. Það þarf að leggja sig fram af alúð að fara með þessi kynningarmál fyrir þetta fólk. Hitt sem ég legg áherslu á, og ég er ekki vanur að hafa hér uppi hótanir um langar ræður og tafir í þinghaldinu en ég segi alveg eins og er, ég væri alveg tilbúinn til þess að tala hér nætur og daga frekar en láta það gerast að menn fari að pilla skatta af vasapeningum gamals fólks. Það er í raun og veru svo langt gengið að það er hlutur sem maður mundi vilja koma í veg fyrir að gerðist, mér liggur við að segja hvað sem það kostar. Það stríðir gegn réttlætiskennd og eins og menn sjá, allir sanngjarnir menn, er það alveg fráleitt vegna þess að þessi lífeyrir kemur aldrei til þessa fólks. Það er ekki eins og það

geti valið um það hvort það kaupir soðningu eða varalit svo að ég nefni vinsæl dæmi úr skattaumræðu undanfarinna daga. Þessu fólki er enginn kostur gerður með þennan lífeyri. Soðningu eða varalit geta menn ekki valið um að því er varðar þessa peninga. Þeir fara beint til þess að kosta uppihaldið á elliheimilinu, beint til þess. Og þess vegna á auðvitað ekki að vera að skattleggja þetta svona. Það verður að tryggja það alveg 100% að menn haldi þessum ræfils vasapeningum sem eru náttúrlega auk þess til háborinnar skammar.

Varðandi svo skattamálin almennt er mér einnig kunnugt um það að hingað í deildina munu koma frumvörp um tekju- og eignarskatt, bæði að því er varðar skatta einstaklinga og skatta fyrirtækja og um þau má margt segja og ég geymi mér umræðuna þangað til um þau efni. Sömuleiðis gerum við ráð fyrir því að það komi áður en langur tími líður frv. um tolla, vörugjald og söluskatt þannig að það er margt undir og engin ástæða til þess að setja á langar ræður um þessi tvö mál sem hér eru á dagskrá núna, þ.e. þessi tæknilegu mál, að öðru leyti en því að ég vara sérstaklega við þessum tveimur atriðum.

Og að lokum, herra forseti. Í þessum frv. báðum og öllum þeim frumvörpum sem verið er að afgreiða hér og við þekkjum misjafnlega vel getur auðvitað verið fullt af fingurbrjótum, mér liggur við að segja hneykslum, eins og það væri að afgreiða lög sem tækju skatta af vasapeningum gamals fólks. Það er voðalegt til þess að hugsa og það hlýtur að vera óþægilegt fyrir hæstv. ráðherra og stjórnarliðið að bera ábyrgð á afgreiðslum eins og þeim sem hér geta orðið þar sem ekki er tími til að fara rækilega yfir mál í nefndum, ekki aðstæður til að kryfja þau til mergjar, og vita það að strax eftir áramót koma menn og segja: Hvað voruð þið að gera þarna síðustu dagana fyrir þingið? Hvað meintuð þið eiginlega með þessu og þessu og þessu sem menn hafa ákaflega misjafnlega góðar hugmyndir um hvað í raun og veru þýðir. Það er ástæða til þess að votta stjórnarliðinu samúð í þessu efni. Hins vegar er þeim kannski ekki beint vorkunn. Það væri ekki sanngjarnt að vera að vorkenna þeim vegna þess að þeir vita hvað þeir gera. Það er ekki hægt að bregða því fyrir sig, því miður, að við skulum fyrirgefa þeim vegna þess að þeir viti ekki hvað þeir gera, eins og segir í góðri bók sem menn eiga gjarnan að lesa í þessum mánuði eins og kunnugt er. Það er nú ekki þannig. Menn vita hvað þeir eru að gera og það er gallinn á málinu. Ég hef lokið máli mínu.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langa tölu um það frv. til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem hér er lagt fram í hv. Ed. Þetta er breyting á lögum um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda sem var til meðhöndlunar á síðasta þingi og fylgdist ég þá með gangi mála sem almennur borgari þessa lands og las fréttir af störfum Alþingis.

Ég hef oft látið efasemdir mínar í ljós um það að taka yfirleitt upp staðgreiðslukerfi skatta á Íslandi. Ég ætla þó ekki að fara að gera mikið veður út af þessum efasemdum mínum því hér er aðeins verið að lagfæra þau lög sem voru samþykkt á síðasta þingi. Mig langar þó rétt til þess að láta nokkur varnaðarorð fylgja með.

Nú vill svo til að ég upplifði hliðstæða skattkerfisbreytingu hjá frændum okkar Dönum fyrir allmörgum árum þegar þeir skiptu úr gamla skattkerfinu, eins og við höfum haft fram til þessa, yfir í staðgreiðslukerfi skatta. Það var um áramótin 1969 og 1970 sem þessi skattkerfisbreyting átti sér stað í Danmörku. Alveg eins og hér á Íslandi voru miklar væntingar meðal launafólks sem reiknaði með því að hér væri um mjög jákvæða og góða breytingu að ræða sem kæmi launþegum fyrst og fremst til góða. Reynslan varð nú allt önnur. Þegar breytingin var um garð gengin og komin á hana nokkur reynsla, kom það í ljós að þeir aðilar sem fyrst og fremst höfðu hagnast á henni voru hinir opinberu aðilar, þ.e. þeir sem fá tekjurnar, á meðan launþegarnir fóru fremur illa út úr þessari breytingu. Þeir höfðu verið blekktir stórlega á þann veg að þeim var talin trú um að þetta yrði svo einfalt og lífið yrði svo miklu öruggara á eftir þegar menn vissu nákvæmlega hvað þeir hefðu milli handanna. Þegar búið væri að taka staðgreiðsluskattinn af launum, þá hefðu þeir nákvæmar upplýsingar um það hverju þeir mættu eyða.

Að sjálfsögðu er þetta allt saman rétt að það er miklu auðveldara fyrir launþegann en það var í gamla kerfinu að fylgjast með því hverjar eru ráðstöfunartekjur í þessu kerfi. En menn skulu ekki gleyma því að það er mjög auðvelt að auka skattbyrðina í staðgreiðslukerfi skatta. Það er mun auðveldara að auka skattbyrði launþega í staðgreiðslukerfi skatta en það var í gamla kerfinu. Sérstaklega á þetta þó við um verðbólguþjóðfélag eins og það sem við lifum í. Þegar verðbólgan var sem verst hér á Íslandi, þá gerði hún þrátt fyrir allt launþegum þó lífið bærilegt því hún hjálpaði þeim við að greiða skattana eftir á. Við skulum ekki gleyma því. (**Gripið fram í:** Hún var ekki sem verst þá.) Ja, það má vel vera. En engu að síður var það nú svo á verðbólguárunum að verðbólgan hjálpaði launþegunum við að geta borgað skattana. Svo einfalt er málið. Í staðgreiðslukerfi skatta er ekki um neitt slíkt að ræða, þannig að fari verðbólgan á skrið aftur, þá má búast við því að launþegar fari mjög illa út úr þessu kerfi.

Ég ætla ekki að fara að fjalla hér neitt um einstakar greinar þessa frv. Eins og ég gat um í upphafi máls míns þá er hér um það að ræða að verið er að gera ýmsar lagfæringar og hreinsa út hortitti úr staðgreiðslulögunum eins og þau voru sett á síðasta þingi. En mig langaði engu að síður að vekja athygli á þeim vandamálum sem geta komið upp í sambandi við staðgreiðslukerfi skatta og vara launþega við að það getur verið að þeir hafi keypt það ansi dýru

verði að fá þetta öryggi sem menn telja að komi með staðgreiðslukerfinu. Að menn viti nákvæmlega hverjar ráðstöfunartekjur heimilis eru hverju sinni.

Svo eitt hér að lokum, herra forseti. Með því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta og eyða miklum tíma í umræðu um það mál hefur tekist að drepa á dreif umræðunni um það að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Mjög margir flokkarnir, og þar hefur kannski verið fyrstur meðal stjórnmálaflokka Sjálfstfl., hafa barist lengi fyrir þessu en gengið afar illa að koma fram. Með þeirri miklu umræðu sem hefur farið fram um staðgreiðslukerfi skatta hefur nánast tekist að þegja þá umræðu alveg í hel að afnuminn skuli tekjuskattur á almennum launatekjum. Það er eins og við staðgreiðslukerfið hafi alveg gleymst það aðalmarkmið sem menn settu sér, a.m.k. fulltrúar Sjálfstfl. Sérstaklega man ég þó eftir umræðu þeirra um þau mál fyrir kosningarnar 1983. (**Gripið fram í:** Og síðar.) Já, og síðar. Ég tek undir það, hv. þm. Það er oft sem talað er um það á tyllidögum að það beri að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum, en eins og ég segi, það hefur gleymst dálítið í þessari umræðu um staðgreiðslukerfi skatta. Eins og lögin og frv. er, þá eru engir tilburðir í þá átt að afnema tekjuskatt af almennum launtekjum. En við getum komið betur inn á þau mál síðar þegar við förum að ræða hér í hv. deild frv. til laga um tekjuskatt.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég átti vissan þátt í því að semja þessi lög sem hér eru til umræðu, ég sat í þeirri nefnd sem gerði tillögu til ráðherra um þessi lög og breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu, og var varamaður Borgarafl. í þeirri umræðu. En það sem fær mig til þess að koma hér upp er sú tilkynning eða þær fréttir sem hafa borist af þessum lögum og lögum um staðgreiðslu. Í mínum huga er um mjög verulegar breytingar að ræða og ég tel mikla nauðsyn á því að þessar breytingar séu kynntar almenningi.

Nú á síðustu dögum hefur margt fólk leitað til mín og beðið mig um leiðbeiningar og ég verð að segja það að oft hefur mann rekið í stans í þeim ráðleggingum og ég vil kenna fjmrn. þar um. Þá finnst mér sá bæklingur sem sendur hefur verið á flestöll heimili vera nokkuð villandi og sýna þær upplýsingar sem þar koma fram hvað núv. ríkisstjórn metur Alþingi lítils. Það er ekki búið að samþykkja þau lög sem þar er talað um.

Ég minnist þess að úr þessari nefnd var lagt fyrir ráðherra að ónýttur persónufrádráttur maka kæmi að fullu til frádráttar hjá hinum makanum. Í frv. því um breytingar á tekju- og eignarskatti breytir fjmrn. þessu og hefur eftir sem áður aðeins 80%. Ég vil að þetta komi fram til þess að sýna það að þessum bæklingi er um margt ábótavant og sýnir það líka að ríkisstjórnin metur Alþingi lítils.

En það er ein grein sem ég mundi vilja gera athugasemdir við. Það er 14. gr. frv. sem er breyting á 29. gr. Þar er gert ráð fyrir því að vanskilafé, sem launagreiðandi skilar ekki en lendir síðan í gjaldþroti, eigi að hafa vissan forgang í þrotabú. Hæstv. fjmrh. lýsti því hér áðan að ástæðan fyrir þessu væri sú að þarna væri um refsiverða háttsemi að ræða. Mér finnst ekki meiri ástæða til þess að þetta, varðandi þetta vanskilafé, hafi meira forgang en önnur refsiverð brot. Ef t.d. maður eða fyrirtæki hefur brotið mjög verulega á einhverjum manni með refsiverðum hætti, þá á sá maður ekki skv. 82. gr. skiptalaga rétt á því að hafa forgang við skipti ef sá maður lendir í gjaldþroti.

Þá vil ég taka það fram að til þess að þessi grein geti fengið fullgildi þá liggur það alveg í augum uppi að breyta þarf þessari 82. gr. laga nr. 3/1878 því þar er tæmandi talning á þeim liðum um það hverjir hafi forgang. Ég er efins um að þetta ákvæði hafi fullt gildi gagnvart því.

Þetta eru þær athugasemdir sem ég vildi koma að og fleira hef ég ekki að segja.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það hefur gefist lítill tími til að gaumgæfa þetta frv., enda er það á hraðferð og má teljast heppilegt ef maður nær í endann á því áður en það fer út úr deildinni. En það fékk nokkra umfjöllun í Nd. og þar voru gerðar á því breytingar sem eru til bóta að mínu mati þó að hefði mátt gera í raun fleiri breytingar á þessu og þá sérstaklega t.d. við 7. gr., sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni nú en mun ræða nánar í nefndinni þegar þetta frv. kemur til hennar.

En ég vil taka undir það sem hér var áður sagt að í lögunum sem verið er að breyta, þ.e. lögum nr. 45 1987, þar er skilgreining á launum sem er nauðsynlegt að endurskoða með tilliti til ellilífeyrisþeganna. Þetta var mjög réttmæt ábending. Vasapeningar ellilífeyrisþega eða það fé sem þeir hafa milli handa sem dveljast á elliheimilum er þegar það lítið að ef þeir eiga síðan að greiða skatta bæði af því sem þeir fá sjálfir og því sem rennur til elliheimilisins, þá held ég að það verði nú lítið eftir fyrir þá til þess að gefa barnabörnunum jólagjafir og almennt til að hafa á milli handanna þannig að þetta er í raun og veru afskaplega óréttlátt. Og ég er viss um að jafnaðarmaðurinn, hæstv. fjmrh. getur ekki annað en tekið tillit til þess arna.

Varðandi það sem kom fram í sambandi við kynningu á þessum frv. og þá sérstaklega á frv. um staðgreiðslu, þá hef ég orðið vör við það að mikill ruglingur ríkir meðal fólks almennt, og þá ekki endilega ellilífeyrisþega heldur fólks á öllum aldri, um það hvernig það eigi að bera sig að við að fylla út þau eyðublöð sem því ber að fylla út, hvernig þetta nýja kerfi muni verka. Ef ég má taka dæmi af því sem ég hef séð til erlendis þegar miklar kerfisbreytingar verða þá minnist ég þess frá Englandi þar sem ég bjó um 13 ára skeið að þegar einhverjar kerfisbreytingar voru gerðar þar þá voru þær ítarlega kynntar í fjölmiðlum með mörgum dæmum.

Það voru sérstakir þættir í sjónvarpi, þar sem var mjög ítarlega og endurtekið farið yfir á einfaldan hátt fyrir allan þorra fólks. Ég veit að það hafa komið nokkur dæmi í dagblöðunum undanfarið, en svona kynningar eða skýringar skila sér betur ef þær eru gerðar í myndrænum fjölmiðli. Ég mundi því ráðleggja hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að það yrði verulega ítarleg kynning í sjónvarpi á þessu nýja kerfi þannig að fólk geti áttað sig á því og þetta yrði endurtekið nokkrum sinnum. Það er ekki nema sjálfsögð þjónusta miðað við það sem fjmrn. og ríkissjóður ætlar sér að bera úr býtum frá launþegum þessa lands með því að koma þessari kerfisbreytingu á.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þær ábendingar sem fram hafa komið frá hv. þm. í þessari umræðu eru þakksamlega þegnar og þarfar, bæði að því er varðar nauðsyn á mun rækilegri og mér liggur við að segja einfaldari kynningu, og þá ekki síst í myndmáli og myndmiðlum, sem og það dæmi sem hv. 7. þm. Reykv. nefndi og varðar skattameðhöndlun á vasapeningum þeirra lífeyrisþega sem dvelja á dvalarstofnunum.

Um síðarnefnda málið er það að segja að ég er ekki í nokkrum vafa um að ef það dæmi og önnur af því tagi reynast standast gaumgæfilega skoðun í nefnd þá er vafalaust einhugur um að leiðrétta það og tillögur um með hvaða hætti það verði gert eru vissulega þarfar og gagnlegar.

Um kynninguna er það að segja að við umræðu í hinni hv. deildinni var þessum ábendingum einnig komið á framfæri og það hefur þegar verið fært í tal sérstaklega við ríkisskattstjóra að verða við þessum ábendingum. Nú er það svo að snemma í sumar var hafinn undirbúningur að kynningu þessa máls. Það er eitt af verkefnum hinnar sérstöku deildar við ríkisskattstjóraembættið, þ.e. staðgreiðsludeildarinnar, að undirbúa það. Þá var gerður samningur við auglýsingastofu um kynningu málsins og á ráðstefnu skattstjóra á miðju sumri var lögð fram tímasett áætlun um helstu þætti þessara kynningaráforma. Þá var reyndar ráð fyrir því gert að sú kynning færi með kerfisbundnum hætti af stað í fjölmiðlum, reyndar um mánaðamótin ágúst/september og ekki síðar en í septembermánuði. Það er ljóst að sú kynning sem uppi hefur verið höfð, útgáfa á bæklingi og auglýsingar í blöðum, er ófullnægjandi og þess vegna ber að vinda bráðan bug að því að efna til samstarfs við sjónvarpsstöðvar og reyndar aðra fjölmiðla um að koma nauðsynlegum upplýsingum með skilmerkilegum og einföldum hætti til skila betur en gert hefur verið. Sú gagnrýni er einfaldlega réttmæt.

Ég vil ekki orðlengja það frekar, en það verður gengið eftir því eins og þegar hefur verið yfirlýst að nota þann tíma þótt stuttur sé til þess að bæta hér úr og reyndar má bæta því við að það er full þörf á því einnig eftir áramótin og fyrst í stað meðan kerfisbreytingin gengur yfir. Það er alveg augljóst mál að álag á símakerfið á þessum síma sem auglýstur hefur verið sérstaklega til þess að svara spurningum er slíkt að það kemur ekki að tilætluðum notum þannig að það er rétt og sjálfsagt að reyna að nýta sér fyrst og fremst sjónvarpið til að koma þessari kynningu betur til skila.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektirnar sem við fengum við athugasemdum hér áðan. Ég vil segja það án þess að vilja vera að tefja þessa umræðu neitt að ég held að upplýsingar í myndmiðlum séu ekki nægilega góðar í þessu efni til að tryggja það t.d. að gamalt fólk fái þær upplýsingar sem það þarf á að halda í sambandi við skattkerfisbreytinguna. Ég held að þarna þurfi að eiga sér stað mikið víðtækari kynningarstarfsemi, sérstaklega gagnvart þessu fólki. Ég benti á þann möguleika að það yrðu opnar skrifstofur bæði að degi og kvöldi og um helgar til að svara spurningum sem fólk ber fram út af þessari kerfisbreytingu. Ég held líka að það gæti verið réttlætanlegt að senda erindreka t.d. inn á elliheimili til að kynna þessar breytingar vegna þess að ég veit að þær valda þessu fólki áhyggjum. Við sem erum vön að umgangast pappíra mundum kannski segja óþarfa áhyggjum, en það er nú einu sinni þannig að þetta fólk er viðkvæmara fyrir svona opinberum pappírum heldur en við erum og þess vegna held ég að það þurfi að leggja alveg sérstaka rækt við það að kynna þessar kerfisbreytingar á heimilum aldraðra.

Varðandi hitt atriðið sem ég nefndi, vasapeningana, þá vil ég benda hæstv. ráðherra á það að frv. um tekjuskatt og eignarskatt er enn þá í fyrri deild. Það væri auðvitað hugsanlegt að koma breytingum fyrir þar varðandi vasapeningana, og ég met fjh.- og viðskn. Ed. mikils, en ég hygg þó að það væri ekki verra ef fjmrn. eða embættismenn þess litu á þetta mál sérstaklega strax meðan málið er í fyrri deild, frv. um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að í þeim lögum, sem verða einhvern tíma, verði tekin af tvímæli um það að ekki verði farið að skerða þessa vasapeninga og beinlínis tekið fram að það sé óheimilt vegna þess að þetta eru þvílíkar botngreiðslur að það er ekki hægt að horfa upp það að menn séu að klípa skatt af þessari lús sem vasapeningarnir eru.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

26. fundur, miðvikudaginn 16. des., að loknum 25. fundi.

Almannatryggingar, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn. Nd., 190. mál (greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga). — Þskj. 217.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 330).

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 228, n. 304 og 310, brtt. 305, 324 og 327.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er mjög veigamikið og ég vil segja að það sé kærkomið frv. í þingsalina þar sem það er einn liður í þeirri nýsköpun tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs sem mikil samstaða hefur verið um á Alþingi að nauðsynleg sé og hafi verið svo árum skiptir. Það er auðvitað hægt að flytja um það margvíslega tölu í hverju kostir þessarar nýsköpunar eru fólgnir. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, grípa niður í bréf sem nefndinni hefur borist frá Landssambandi iðnaðarmanna, en þar segir í umsögn um frv. til laga um tollalög, söluskatt og vörugjald svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Breytingar þær á tekjuöflun hins opinbera, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera, hafa veruleg áhrif til jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna hér á landi. Tollar sem voru smám saman afnumdir af aðföngum til samkeppnis- og útflutningsiðnaðar við inngönguna í EFTA verða nú einnig að langmestu leyti afnumdir af aðföngum til viðgerðar- og þjónustuiðnaðar, svo og byggingariðnaðar og annarrar starfsemi sem ekki hefur flokkast undir samkeppnisatvinnuvegi. Á móti gæti komið óhagræði vegna lækkunar tolla á innfluttum samkeppnisvörum, aðallega frá löndum utan EFTA og Evrópubandalagsins, en lækkun tolla á hráefnum frá sömu löndum verka að sama skapi til hagræðis. Þannig geta iðnfyrirtæki hugsanlega farið að beina viðskiptum sínum í auknum mæli til landa utan Evrópu.

Landssamband iðnaðarmanna hefur jafnan lagt áherslu á að það sé rangt að aðskilja atvinnugreinarnar eins og gert hefur verið í samkeppnisgreinar annars vegar og aðrar atvinnugreinar hins vegar og láta hinum fyrrnefndu í té betri rekstrarskilyrði en hinum síðarnefndu. Samkeppnishæfni þjóðfélagsins hlýtur að byggjast á sameiginlegum árangri allra atvinnugreinanna. Rekstrarskilyrði atvinnulífsins ættu því að vera hin sömu í öllum greinum. Með stefnumörkun þeirri sem nú hefur verið tekin er stigið rétt spor í jafnræðisátt að þessu leyti, en leggja ber áherslu á að til þess að um fullt jafnræði verði að ræða þarf einnig að fella niður önnur aðflutningsgjöld til viðkomandi starfsemi, svo sem söluskatt."

Ég hygg, herra forseti, að hér hafi misritast aðflutningsgjöld fyrir opinber gjöld og verið sé að tala um niðurfellingu söluskatts á vélum til iðnaðar sem eingöngu nær til samkeppnisútflutningsgreina að ég ætla. Síðan segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Landssamband iðnaðarmanna hefur lengi óskað eftir stefnumörkun eins og þeirri sem hér að framan er lýst. Mál þetta hefur jafnan strandað á því að lækkun og afnám tolla hefur óhjákvæmilega í för með sér svo mikla skerðingu á tekjum ríkissjóðs að erfitt hefur reynst að finna leiðir sem allir geta sætt sig við til þess að bæta hana upp. Hugmyndir fjmrn. hafa jafnan verið að leggja á mjög víðtækt vörugjald. Landssamband iðnaðarmanna hefur barist gegn þeirri aðferð. Sú leið sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að fara, þ.e. að hækka söluskatt frá því sem ákveðið hafði verið og einfalda vörugjaldið og halda því á nokkrum skýrt afmörkuðum vöruflokkum, er að dómi Landssambandsins mun betri en vörugjaldsaðferðin sem fyrirhuguð var. Fjölmörg rök má færa fyrir því að þegar vörugjald er lagt á í greinum þar sem framleiðsla er mjög fjölbreytt, seríur eru mjög smáar og ýmist framleiddar skattskyldar eða ekki skattskyldar vörur, er vörugjaldið mjög slæmt skattform og alls ekki hlutlaust gagnvart samkeppni eins og haldið hefur verið fram. Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin skyldi hætta við að leggja 17% vörugjald á fjölmarga vöruflokka sem haft hefði í för með sér verulega íþyngingu fyrir iðnaðinn."

Svo mörg voru þau orð sem almennt eru sögð um jákvæðar hliðar þessarar nýsköpunar tekjuöflunarkerfisins, en til þess að fullnægja allri sanngirni er að sjálfsögðu nauðsynlegt að bæta við að Landssamband iðnaðarmanna segir enn fremur að „þótt stefnumörkun frumvarpanna sé í meginatriðum jákvæð hafa þau að geyma nokkur verulega neikvæð atriði" að dómi Landssambands iðnaðarmanna. Og til að flýta fyrir þá get ég efnislega rakið að þar er verið að tala um í fyrsta lagi það sem ég sagði um söluskattinn og vélar og aðföng til innlends iðnaðar varðandi söluskattinn. Jafnframt er talað um að söluskattshækkunin sé of mikil og eðlilegra hefði verið að hækka niðurgreiðslurnar minna en auka þess í stað fjölskyldubætur og bætur lífeyristrygginga. Og loks er talað um að svo viðamiklar og flóknar breytingar á skömmum tíma geti valdið því að misræmi skapist, en með þessu öllu verður að sjálfsögðu að fylgjast rækilega og ég veit af áratuga kunnugleika af hæstv. fjmrh. að hann er allra manna

líklegastur með sinni röggsemi og sanngirni að fylgja því eftir í sínu ráðuneyti að embættismennirnir fylgist grannt með framkvæmd hinna nýju tekjuöflunarlaga þegar þau hafa verið lögfest hér af hinu háa Alþingi.

Ég vil að svo mæltu þakka meðnefndarmönnum mínum mjög gott samstarf í fjh.- og viðskn. en harma að stjórnarandstaðan hafi ekki treyst sér til þess að verða okkur samferða í nál. og með því að mæla fyrir samþykki frv. og skil satt að segja ekki hversu á því megi standa. Ég vil þakka sérstaklega þeim sem unnið hafa með nefndinni, frá fjmrn. frú Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur, Bolla Bollasyni og Lárusi Ögmundssyni, sem hafa greitt fyrir störfum nefndarinnar, og öllum öðrum þeim sem nefndin hefur leitað til. En ég ætla að alls 40–50 manns hafi komið á fund nefndarinnar og brugðist skjótt við þótt þeir hafi verið kallaðir fyrir með stuttum fyrirvara. Það er náttúrlega óviðkunnanlegt að biðja um leiðréttingu á því sem stendur í nál. minni hl., en hér er sagt að stjórnarandstaðan hafi krafist þess að fulltrúar ASÍ, BSRB, Stéttarsambands bænda og Sambands ísl. samvinnufélaga kæmu á fund nefndarinnar. Ég held að formaður hafi tekið ljúfmannlega öllum beiðnum um það að menn mættu á fund nefndarinnar og beinlínis að fyrra bragði haft orð á því við stjórnarandstöðuna að hann vildi greiða fyrir því að á fund nefndarinnar kæmi hver sá sem óskað væri.

Eins og gerð er grein fyrir í nál. meiri hl. mælir hann með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj., en þar er í fyrsta lagi gengið enn lengra en í frv. í þá átt að fella niður toll af tilteknum vörum sem kalla mætti ferðamannavörur, en við köllum í nál. með frv. um vörugjald smyglgjarnar vörur. Það er auðvitað alltaf álitamál hvaða einkunn maður eigi að gefa þessum vörum sem fólk grípur með sér á ferðalögum erlendis vegna þess að þau eru hátollavarningur hér á landi. Við munum það á sínum tíma með nælonsokkana og úrin. Það sem við erum að tala um núna eru sjónaukar, rakvélar, hárþurrkur o.s.frv. „Smyglgjarn" er að mínu viti svolítið skemmtilegt orð og miklu fallegra orð og betur viðeigandi en „smyglnæmur" sem stendur í gamalli tollskrá. Þar að auki er lýsingarorðið næmur yfirleitt notað um persónur eða miklu frekar. Hins vegar tölum við um rokgjarnan og við tölum um brotgjarnan þannig að mér finnst þetta orð þess vegna mun betra en ýmis önnur og mjög lýsandi um það sem hér er verið að ræða um, en það eru sem sagt smávörur sem menn grípa með sér á ferðalögum, smyglgjarnar vörur sem eru lækkaðar í verði. Það er talað um að skattalækkanirnar nemi um 40 millj. kr. en búist við því að sjálfsögðu að með lægri tollum og betri skilum muni þetta skila sér margfalt til baka þegar söluskattsinnheimtan bætist við, eins og ég geri ráð fyrir að athugun á tollflokkum muni sýna á næstu árum. Með þessu er verið að færa verslunina inn í landið.

Í öðru lagi er felldur niður tollur af nokkrum vörum sem flokkast undir öryggisbúnað ökutækja og þar með komið til móts við ábendingar hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur sem mjög hefur einmitt beitt sér fyrir því að auka öryggi í umferðinni.

Í þriðja lagi er hækkaður tollur á álpönnum til þess að laga innlendu framleiðsluna að samkeppnisaðstæðum.

Þá er gert ráð fyrir því að flýta gildistöku lokaáfanga tollasamnings við Portúgal og Spán.

Og í fimmta lagi eru gerðar ýmsar minni háttar lagfæringar í einstökum atriðum þar sem leiðréttinga er þörf.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að hafa þessa ræðu mikið lengri. Ég vil að lokum taka það fram vegna ábendinga frá hæstv. menntmrh. að tæki og búnaður til vísindarannsókna er undanþeginn aðflutningsgjöldum og þarf ekki að taka það sérstaklega fram um Vísindaráð eða Vísindasjóð.

Ég ítreka, herra forseti, undrun mína á því að stjórnarandstaðan skuli ekki vilja vera okkur samferða í þessu máli. Auðvitað er það rétt sem stendur í þeirra nál. að þessi tollalög frekar en önnur eru ekki fullkomin. Mannanna verk eru það nú sjaldnast. Ég þekki satt að segja ekkert dæmi um það að mannanna verk geti verið fullkomin nema ef vera skyldi á nokkrum fallegum helgimyndum frá endurreisnartímanum, ef þær myndir eru þá fullkomnar (**SvG:** Það var ekki söluskattur þá.) og þær eru náttúrlega eins vandaðar og raun ber vitni vegna þess að — ja, það er rétt hjá hv. þm. að söluskatturinn var ekki mönnum til trafala á þeim tíma.

Auðvitað er við því að búast að þingið þurfi að breyta þessum tollalögum síðar þó samþykkt verði, en ég skal ekki hafa fleiri orð, enda var samkomulag um það við stjórnarandstöðuna að hlé yrði gert á fundinum kl. 7. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 310 skilar minni hl. fjh.- og viðskn., sem eru ég og hv. þm. Júlíus Sólnes, nál. um þetta mál sem hér er á dagskrá og hv. 6. þm. Reykv. stendur að áliti minni hl. eftir þátttöku í nefndinni við meðferð málsins. Minni hl. segir í nál. sínu:

„Minni hl. leggur til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að láta vinna frv. betur þannig að ný tollskrá geti tekið gildi frá og með 1. mars nk. Verði málið þá tekið fyrir til eðlilegrar meðferðar á þinginu eftir hátíðar. Stjórnarandstöðuflokkarnir lýsa sig reiðubúna til þátttöku í vinnu við málið í jólaleyfi þingmanna ef nauðsyn krefur og óskað verður eftir. Stjórnarandstöðuflokkarnir telja óhjákvæmilegt að gildistöku nýrrar tollskrár verði flýtt en meðferð málsins verður að vera vönduð.

Fari svo að meiri hl. felli þá tillögu sem birtist hér í nál. [um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar] áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja brtt. við einstakar greinar frv. þegar málið kemur til 3. umr." —

Reyndar geri ég ráð fyrir því að brtt. verði kynntar strax við 2. umr. málsins svo sem eðlilegt er og að þær verði þá jafnvel teknar til afgreiðslu eftir 2. umr. ef svo fer, sem hugsanlegt er, að meiri hl. felli tillögu minni hl. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

„Það sýnir best hvað mál þetta er illa undirbúið að meiri hl. nefndarinnar telur sig strax á byrjunarstigi [eftir aðeins sex daga] nauðbeygðan til þess að flytja yfir 40 brtt. við frv. sem þó hefur ekki verið lengur en eina viku til meðferðar í þinginu. Minni hl. lagðist gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni svo fljótt, eftir aðeins nokkurra sólarhringa vinnu.

Minni hl. telur að í þeim viðtölum, sem nefndin hefur átt við alls konar aðila, hafi komið fram margt athyglisvert sem kalli á nánari skoðun. Eitt hið athyglisverðasta var það að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings sem þurfa að fjalla um mál eins og þetta. Gleggsta dæmið er það að Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda virðast hafa haft málið til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að fjalla um það. Hefur fjmrn. staðið í viðræðum við fulltrúa verslunarinnar og iðnrekenda um málið. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þessara aðila yrðu kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. Ed.

Minni hl. telur að skoða beri þetta mál í tengslum við heildarálögur ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem ákveðnar hafa verið á undanförnum mánuðum. Þessar álögur eru sem hér segir:

1. Við myndun ríkisstjórnarinnar 3700 millj. kr. á ári.
2. Við framlagningu fjárlagafrumvarps í október alls um 2000 millj. kr.
3. Við meðferð fjárlaga við 2. umr. þeirra 2050 millj. kr.
4. Auk þess gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að víðtækari söluskattsstofn skili 400 millj. kr. í heildartekjur og að veltubreytingar milli ára skili um 600 millj. kr. Samtals er hér um að ræða auknar tekjur sem nema 8750 millj. kr.

Það er svo ein afleiðingin af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að gífurleg verðþensla hefur átt sér stað þannig að fasteignamat hækkar um 50 milljarða króna umfram verðlagsforsendur sem þýðir auknar tekjur sveitarfélaga auk þess sem raungildi útsvara mun hækka á næsta ári.

Heildarskattgreiðslur verða því stærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en áður hefur verið um að ræða á síðustu 20 árum eða svo. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá Þjóðhagsstofnun í síðustu viku verða skatttekjur ríkisins á næsta ári um 24,7% af landsframleiðslu sem er hæsta hlutfall á tveimur áratugum.

Með tilliti til þess, sem á undan segir, gerir minni hl. tillögu um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan treystir sér ekki til þess að bera neina ábyrgð á hroðvirknislegri meðferð þessa máls þar sem Alþingi er sýnd einstök óvirðing og telur eðlilegra að málið fái ítarlegri meðhöndlun og komi á ný fyrir Alþingi eftir hátíðar svo að það megi afgreiða þannig að ný tollskrá taki gildi fyrir 1. mars nk.“

Þetta var nál. minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar en undir það ritar auk mín hv. 7. þm. Reykn.

Ég mun nú víkja hér nokkrum orðum að máli þessu nánar og auðvitað því samhengi sem það er í, þ.e. heildarskattastefnu ríkisstjórnarinnar, en ég mun byrja á því að ræða um álit meiri hl. í fjh.- og viðskn. og þær brtt. sem meiri hl. gerir.

Í áliti meiri hl. kemur það fram að nefndin átti viðtöl við fjölmarga aðila og það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér í dag að hann var sem formaður nefndarinnar jafnan reiðubúinn til þess að kveðja aðila á vettvang þegar þess var óskað. Það sem vakti sérstaka athygli mína í sambandi við þetta mál var það að þingið fær málið ekki fyrr en sl. fimmtudag. En áður en það gerðist höfðu staðið yfir samningaviðræður milli fjmrn. og fulltrúa Verslunarráðs Íslands og Félags ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtakanna og Félags ísl. iðnrekenda, samningaviðræður um þetta mál áður en það kom til Alþingis. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji þessi vinnubrögð eðlileg. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að það sé rætt við ýmsa aðila um mál af þessu tagi en þá eiga menn að sitja við sama borð. Þá átti auðvitað líka að ræða við aðra augljósa hagsmunaaðila þessa máls, aðila eins og til dæmis Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, aðila eins og Stéttarsamband bænda, aðila eins og Samband ísl. samvinnufélaga svo fjögur dæmi séu nefnd. Til að auðvelda framgang málsins á þinginu hefði ráðherrann auk þess auðvitað átt að kalla til samráðs og undirbúnings fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna.

Ég veit ekki til þess að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hér á hv. Alþingi hafi misfarið með trúnað sem þeim hefur verið sýndur af ríkisstjórninni, þessari sem nú situr, og reyndar man ég ekki eftir því að stjórnarandstöðuflokkar hafi yfirleitt misfarið með þann trúnað sem þeim hefur verið sýndur. Ég held þess vegna að það séu engin dæmi þess nú eða á undanförnum árum að stjórnarandstaðan hafi hlaupið með upplýsingar sem óskað var eftir að yrði farið með trúnaðarmál.

Ég hef hins vegar tekið eftir því að í núverandi stjórnarsamstarfi virðist vera talsverð brotalöm á þessu og að menn hlaupi þar iðulega með upplýsingar í blöð og fjölmiðla meðan mál eru á undirbúningsstigi. Reyndar hefur hæstv. fjmrh. haft forustu um það að ræða hin viðkvæmustu mál úr stjórnarsamstarfinu í fjölmiðlum hvað eftir annað. Máltakið segir að vísu: Margur heldur mig sig. En þannig er

það akkúrat ekki með stjórnarandstöðuna. Þó að hæstv. fjmrh. eigi sjálfur erfitt með að fara með trúnaðarmál, þá er stjórnarandstaðan örugglega tilbúin til þess að gæta trúnaðar þegar um slíkar upplýsingar er að ræða þar sem trúnaður á að gilda. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. þessara spurninga:

Var það yfirlýsing um vantraust á trúnaði stjórnarandstöðunnar í svona málum þegar hann ákvað að kalla fulltrúa hennar ekki fyrir á undirbúningsstigi málsins, sem hefði auðvitað auðveldað alla málsmeðferð hér? Hvernig stóð á því að hann kallaði ekki fulltrúa Alþýðusambands Íslands fyrir? Blaðra þeir meira en aðrir menn? Hvernig stóð á því að hann kallaði ekki fyrir og setti inn í þetta mál fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja? Hvernig stóð á því að hann kallaði ekki fyrir og setti inn í málið fulltrúa Stéttarsambands bænda? Eru bændur með afbrigðum og til vandræða lausmálir á fjölmiðlaöld umfram aðra? Ber að líta svo á vinnubrögð hæstv. fjmrh. að hann telji bændur sérstakt vandamál í þessu efni? Eða telur hann t.d. Samband ísl. samvinnufélaga þannig skipað af mönnum að þeim sé ekki treystandi yfir læk með trúnaðarmál eins og tollana? Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. skýri það af hverju vinnubrögð hans koma út eins og beint vantraust á fulltrúa þessara aðila.

Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. eru taldir upp þeir menn sem kallaðir voru fyrir nefndina. Fyrir utan þá sem ég hef þegar nefnt voru kallaðir þar fyrir fulltrúar svokallaðrar hallanefndar. Og það var að ósk hv. 8. þm. Reykv. að það var gert. Í niðurstöðum fulltrúa hallanefndar komu fram býsna athyglisverðar upplýsingar um ríkisbúskapinn og þróun ríkisbúskaparins á undanförnum árum. Ég held reyndar að þær upplýsingar séu með þeim hætti að ástæða væri til þess að ræða þær sérstaklega og ítarlega hér í þessari virðulegu stofnun vegna þess að það er nauðsynlegt að allir þm., ég segi allir, séu nokkurn veginn samtaka um það hvernig á að meta það sem kalla má ríkisútgjöld og opinber útgjöld og þar með stöðu ríkissjóðs og opinberra aðila. En um það mál er verulegur ágreiningur eins og kom fram í ræðu hv. 8. þm. Reykv. við 1. umr. málsins fyrir skömmu, ræðu sem birt er í Morgunblaðinu í dag og þeir sem ekki voru viðstaddir geta vafalaust kynnt sér.

Á fund nefndarinnar komu einnig fulltrúar frá Félagi bakarameistara sem töldu að innlendur iðnaður á þessu sviði mundi eiga í vök að verjast ef svo færi fram sem horfði með gjöld þessi öll, söluskatt og vörugjald. Þangað komu fulltrúar frá rafiðnaðinum í landinu, m.a. frá Sambandi ísl. rafveitna, sem gagnrýndu ýmis ákvæði frv. Á fund nefndarinnar kom fulltrúi frá Manneldisfélagi Íslands sem benti nefndinni á að í frv. væri hvergi tekið tillit til viðurkenndra manneldissjónarmiða sem eru út af fyrir sig ekki þannig, eins og einhver sagði hér á dögunum, að um þau efni væri víðtækur ágreiningur og þess vegna væri í raun og veru ekki hægt að taka neitt tillit til manneldissjónarmiða. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að lesa heilbrigðisáætlun hæstv. fyrrv. heilbrrh. þar sem lögð er áhersla á að tekið sé tillit til manneldissjónarmiða við efnahagsákvarðanir, m.a. varðandi gjöld á einstökum vörutegundum, t.d. matvörum. Og það var athyglisvert að fulltrúi Manneldisfélags Íslands, Jón Gíslason, fullyrti að þetta sjónarmið, manneldissjónarmiðið, skorti algjörlega í þessu frv. Svo kemur hér hæstv. fjmrh. á dögunum við 1. umr. og segir: Það á ekki að ákveða hvað fólk borðar. Það verður að vera frjálst að því. Fólk verður að vera frjálst að því hvað það lætur ofan í sig. Ja, þvílíkt sjónarmið frá jafnaðarmanni! Þetta er ekki Friedman sem talaði. Nei, nei. Og ekki heldur Hannes Hólmsteinn eða þeir frændur. Nei, nei. Formaður Alþfl. Það má sem sagt ekki taka tillit til viðurkenndra manneldissjónarmiða varðandi tollskrá og vörugjald vegna þess að það gæti truflað hið hlutlausa eðli vörunnar og menn færu kannski allt í einu að láta eitthvað ofan í sig eftir því hvað hlutirnir kostuðu. Þetta er alveg dæmalaust sjónarmið frá þessum hæstv. ráðherra, formanni jafnaðarmannaflokks. Hann brýtur reyndar þetta sjónarmið í þessu frv. sjálfur. Sem betur fer. Hann er með 50% tolla á tóbaki og talsverða tolla á áfengi og bætir svo enn við þegar þetta kemur í Ríkið. Sem betur fer. Samkvæmt hans eigin orðum ætti að vera sami tollur á þessu öllu saman, brennivíni, tóbaki og fiski, þannig að það væri alveg hlutlaust hvort menn settu ofan í sig soðningu eða brennivín, tóbak eða grænmeti. Það kemur í raun og veru út á eitt, kemur alveg gjörsamlega út á eitt. Þessi sjónarmið frjálshyggjunnar, sem standa alltaf af og til upp úr þessum leiðtoga Alþfl., eru svo rosaleg að menn eins og hv. 14. þm. Reykv., ég tek eftir því iðulega, þá setur dreyrrauða undir þessum ræðuhöldum formanns Alþfl. (**Gripið fram í:** Og kann hann ekki oft að skammast sín.) Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég blygðast mín pínulítið fyrir hann líka vegna þess að staðreyndin er nú sú að maðurinn á að kunna eitt og annað fyrir sér í góðum fræðum frá fyrri árum þegar við vorum í sama flokki. En hæstv. ráðherra hefur að vísu mikla þörf fyrir það eins og kunnugt er að sanna það að hann hafi aldrei verið í Alþb. Og til þess að gera það sem allra trúverðugast, þá gengur hann eins langt og hann mögulega getur frá Alþb., sérstaklega í utanríkismálum, en núna er það Hannes Hólmsteinn alveg kominn. Þótt hann sé ekki kosinn beint á þing eru sjónarmiðin kosin í persónu hæstv. fjmrh. Þetta er dapurleg niðurstaða, það segi ég alveg eins og er, í jafnaðarmannaflokki, en það hefur margt skrýtið gerst í þeim flokki um dagana.

Á fund nefndarinnar kom Kristmann Magnússon vegna raftækjasala og setti fram mjög athyglisverð sjónarmið sem er tekið nokkurt tillit til í brtt. meiri hl. Það komu þarna fulltrúar frá Félagi garðyrkjubænda, þeir Kjartan Ólafsson og Hannes Kristmundsson, og sýndu nefndinni fram á það að ef frumvörpin ganga fram óbreytt, þessi þrjú, mun verð á innlendu grænmeti hækka verulega og verð á

erlendu lækka og það er náttúrlega í samræmi við þessa stefnu, að þetta eigi allt að vera hlutlaust, það eigi ekki að vera að hindra hinn frjálsa innflutning, frelsið, ekki að hindra það, og menn eigi að geta borðað það sem ódýrt er frá útlöndum, ekki að vera að hugsa mikið um þessa innlendu framleiðslu, hún getur verið dýr. Samkvæmt þessari hugmyndafræði ætti náttúrlega að leggja niður landbúnaðinn á Íslandi því að hann er auðvitað frá efnahagssjónarmiði — ef skoðuð er landbúnaðarframleiðsla t.d. í Vestur-Evrópu sem er billeg er landbúnaðurinn á Íslandi náttúrlega hreint rugl frá sjónarmiði hæstv. fjmrh. og ætti þar af leiðandi að leggja hann niður, vandræðagrein samkvæmt þeim kenningum sem hann er með um þessi mál og þessum frumvörpum sem liggja fyrir og mættu hér fulltrúum frá Sambandi garðyrkjubænda sem lögðu mál sín skynsamlega og heiðarlega fyrir.

Á fund nefndarinnar kom líka Georg Ólafsson verðlagsstjóri. Hann var spurður að því hvað Verðlagsskrifstofan ætlaði að gera til þess að tryggja það að þessar verðlækkanir allar á mörg þúsund vörutegundum sem hér eru nefndar mundu skila sér til neytenda. Hann sagðist mundu gera sitt besta en hefur auðvitað engar tryggingar í þeim efnum. Ég hygg að þar sé kannski rétt að spyrja að leikslokum og ég bendi þinginu og fjölmiðlum og öðrum á að fylgjast með verðupptökunni í janúar, febrúar og mars og greina hinar stórkostlegu verðlækkanir sem jafnaðarmannaleiðtoginn er að koma í framkvæmd hér á landi. Ég hygg að niðurstaðan verði sú að lítið af þessum verðlækkunum skili sér, það er mín spá.

Á fund nefndarinnar komu líka fulltrúar frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það var að minni beiðni — ekki kröfu, ég get tekið það orð aftur ef formaður nefndarinnar vill, það var að minni beiðni — og Samband ísl. samvinnufélaga lagði fram nokkrar breytingartillögur. Ég sé ekki að hve miklu leyti nefndin hefur tekið tillit til þeirra tillagna sem komu frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég hef ekki haft aðstæður til að bera það saman. Ég óska eftir því að formaður nefndarinnar sé nokkurn veginn í kallfæri, en ekki lokaður inni á leynifundum með íhaldinu hérna við hliðina eða öðrum, hæstv. forseti.

(Forseti: Ég skal láta athuga hvað formanni nefndarinnar líður.)

Varðandi breytingartillögurnar sem komu frá Sambandi ísl. samvinnufélaga vil ég inna formann nefndarinnar eftir því að hve miklu leyti var tekið tillit til þeirra í brtt. meiri hl. nefndarinnar. Ég er ekki svo læs á þennan texta, t.d. á brtt. á bls. 3 eða brtt. á bls. 2, ég er ekki svo læs á þessi vísindi að ég skilji þau að öllu leyti, sem ég veit þó að formaður nefndarinnar gerir, og ég ætla að spyrja hann nánar út í það á eftir hvað þetta þýðir, t.d. hérna: Brtt. 2.c., „Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)". Ég mun biðja hv. formann nefndarinnar um að skýra þetta nákvæmlega fyrir deildinni á eftir. (Gripið fram í.) Nei, ég fer í þetta aftur, hv. þm., þannig að ég skal tryggja þetta nákvæmlega og tyggja ef þörf krefur. **(GA:** Þetta er örugglega ... Phaseolus.) Já, segir læknirinn. Ég held að það sé nú varasamt fyrir stjórnarliðið að trúa læknum úr stjórnarandstöðunni þannig að ég mundi ekki alveg treysta hv. 6. þm. Reykv. fyrir að vita þetta 100% og held að það sé óhjákvæmilegt að leita í stjórnarliðið með þessa speki eins og aðra. **(Gripið fram í:** Ætli þær séu grænar?) Liturinn kemur ekki fram, hv. þm., og væri kannski ástæða til að ræða það sérstaklega hér síðar, m.a. við framsóknarmenn ef þeir væru hér til andsvara, sem ég veit að hv. ritari treystir sér varla til vegna þess að hún er svo ung að hún man ekki eftir hvaða mál það var forðum sem snerti ákveðinn baunalit í vissum flokki fyrr á öldinni, sem við munum sem eldri erum.

Fulltrúar Stéttarsambands bænda komu og höfðu margt fram að færa, m.a. varðandi smásölupakkningar á fóðri, og spurðu hvenær menn færu að líta á fóður sem smásöluafurð. Þá var okkur sagt að miðað væri við 5 kg skammta en eitthvað var það nú óljóst hjá fjmrn. hvernig átti að túlka það hvað væri smásala og hvað ekki og það er rétt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað er smásala á fóðri? Ef menn kaupa einstaka poka af fóðri, er það smásala? Ef menn kaupa tvo 50 kg poka t.d., gæti það verið smásala? Ef menn kaupa saltstein, t.d. 10 þriggja kg steina, mundi það vera smásala eða væru það 5? Þetta væri fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. ráðherra.

Kristinn Ólafsson frá Tollgæslunni kom líka á fund nefndarinnar og greindi frá því að það yrði afar erfitt að framkvæma þessar viðamiklu breytingar á svo stuttum tíma. Það yrði afar erfitt. Og ég hygg að fleiri embættismenn séu býsna áhyggjufullir yfir því að það geti orðið erfitt að hrinda þessum viðamiklu breytingum í framkvæmd á mjög stuttum tíma.

Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Félagi ísl. stórkaupmanna vegna útvarps- og rafmagnstækja sérstaklega og það er tekið nokkurt tillit til sjónarmiða þeirra í tillögum meiri hl.

Hallgrímur Tómas Reynisson kom vegna söluskatts á heilsuræktarstarfsemi, en það á auðvitað að leggja söluskatt á hana. Þessi maður frá heilsuræktarstarfseminni, eins og það er orðað hér í nál. meiri hl., benti á að með þessu móti mundu heilsuræktarstofur á vegum fyrirtækja leggjast niður. Það yrðu stofnuð gerviíþróttafélög í kringum heilsuræktarstarfsemi til þess að losna við að greiða skatta af þessari starfsemi, sem við komum aðeins nánar að þegar við ræðum frv. um söluskatt, en af því að hv. formaður nefndarinnar hefur tekið þetta mál hér inn í nál. um tolla, þ.e. viðtalið við fulltrúa heilsuræktarstarfseminnar, taldi ég rétt að nefna það líka.

Síðan komu á fundinn fulltrúar frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga sem kvörtuðu undan þessum sérstaka skatti sem er lagður á þá. Ég get alveg játað það fyrir mig að ég hef ekki sérstaka samúð með þeim sjónarmiðum sem þar komu fram á meðan ekki komu fram ábendingar um það frá þeim aðilum hvernig á þá að skattleggja þá með öðrum hætti úr því að þessi leið ekki dugir.

Ég tek einnig undir það sem fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar, þakkir til Guðrúnar Ástu Sigurðardóttur sem starfaði mikið með nefndinni en hún er starfsmaður í fjmrn. og lagði sig fram um að gera hlutina sem skýrasta og gleggsta. Sömuleiðis er ástæða til að þakka þeim embættismönnum öðrum sem greiddu götu nefndarinnar við þessa vinnu á þeim fundum sem haldnir voru um málið.

Meiri hl. nefndarinnar gerir nokkrar brtt. og flokkar þær í raun og veru í fjóra flokka. Í fyrsta lagi er gengið enn lengra í þá átt að lækka eða fella alveg niður tolla af tilteknum vörum sem kalla mætti ferðamannavörur. Þetta eru vörur sem Íslendingar kaupa gjarnan á ferðalögum erlendis frekar en hér heima. Síðan eru þessar vörur taldar upp og greint frá því að jafnframt sé gert ráð fyrir því að falla frá álagningu vörugjalds á þessa flokka og ég tel að þetta sé skynsamleg niðurstaða hjá meiri hl. nefndarinnar.

Í nál. meiri hl. eru þessar setningar með leyfi forseta:

„Með þessari breytingu er stuðlað að því að verslunin færist í auknum mæli inn í landið. Þannig kæmu auknar söluskattstekjur á móti hugsanlegu tolltekjutapi ríkissjóðs."

Ég held að þessar tvær setningar segi kannski meira en margt annað í þessum pappírum sem við erum hér með fyrir framan okkur. Ég er nokkuð sannfærður um að það mætti ganga mun lengra í þessu efni á öðrum sviðum að því er varðar tolla og vörugjald. Vörugjaldið á náttúrlega bara að hverfa. Það er tóm vitleysa. Það mætti ganga miklu lengra og samt sem áður má gera ráð fyrir því að ríkissjóður gæti komið nokkurn veginn sléttur út. Við fengum um það tölur frá ýmsum aðilum hvernig tolltekjur ríkissjóðs, t.d. af bílum og heimilistækjum, þær lækkuðu að vísu á milli áranna 1985 og 1986 en heildartekjur ríkissjóðs af þessum sömu vörum lækkuðu ekki, heldur stóðu í stað að raunvirði. Í þeim tölum sem við fengum frá viðmælendum okkar kom það fram að tekjur ríkissjóðs hefðu hækkað við tollalækkanir á bílum o.fl. um 19% á milli ára. Auðvitað er það engin hækkun, heldur er það nokkurn veginn sama raunvirði sem ríkið fékk út úr þessum tekjum. En allt um það, það sýnir að með sveigjanlegri stefnu í tolla- og vörugjaldsmálum má alveg eins gera ráð fyrir að ríkið þurfi ekki endilega að tapa tekjum eins og oft hefur verið talið og vissulega er engin ástæða til að draga fjöður yfir það að við höfum mörg verið býsna íhaldssöm við að hreyfa tolla á innfluttum vörum af ótta við að ríkið tapaði tekjum. Við höfum verið óþarflega íhaldssöm í þeim efnum. Reynslan sýnir það núna m.a. frá umliðnum árum.

Í öðru lagi leggur meiri hl. nefndarinnar til að tollar verði felldir niður af nokkrum vörum sem flokkast undir öryggisbúnað ökutækja. Ég fagna þessari breytingu. Ég tel að hún sé skynsamleg og jákvæð og þakka einnig hv. þm. Salome Þorkelsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli en hún hefur mjög oft gert það, vakið athygli á umferðaröryggismálum hér á Alþingi, mjög myndarlega, og það er ástæða til að þakka það að undir þessi orð hennar er tekið með því að flytja hér nokkrar brtt.

Í þriðja lagi er tollur á innfluttum álpönnum hækkaður í 30% til að gefa innlendum framleiðendum færi á að laga sig að breyttum samkeppnisaðstæðum. Ég fyrir mitt leyti styð tillögu af þessu tagi. Ég tel að hún sé skynsamleg miðað við allar aðstæður.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að flýta gildistöku lokaáfanga tollasamnings við Portúgal og Spán og í fimmta lagi eru gerðar, eins og segir hér í ályktun, ýmsar minni háttar lagfæringar á einstökum atriðum.

Það er sem sagt niðurstaða meiri hl. nefndarinnar, eftir að hafa skoðað málið í aðeins fimm sólarhringa, að það verði að gera á því viðamiklar breytingar. Það eru hér frá meiri hl. nefndarinnar margir tugir brtt. og ég held að ekkert sýni það betur hvað málið er illa undirbúið en að meiri hlutinn, sem vill flýta málum í gegnum þingið, segir: Svo sem allt í lagi, skoðum þetta eftir jól — sumir, sérstaklega yfirráðherrann, Víglundur Þorsteinsson, en hann sagði á fundi nefndarinnar: Það er allt í lagi að kíkja á þessi mál eftir jólin. Þó að þið gerið einhverjar vitleysur núna skiptir það ekki nokkru máli. Fyrir alla muni flýtið þið ykkur að þessu því að hvað ætlið þið svo að gera eftir hátíðarnar? Þá vill hann að við notum tímann í það, hans hátign — sem er fjarverandi og það má víst ekki nefna fjarverandi menn hér samkvæmt yfirlýsingum einhverra siðapostula í Sþ. í gær — en allt um það, við eigum að nota tímann eftir áramótin til þess að leiðrétta vitleysurnar sem við gerum fyrir áramótin. Þetta eru ágætis þingsköp. (**Gripið fram í:** Hefurðu nokkuð betra við tímann að gera?) Það er nefnilega það, og ég er alveg viss um að hv. 4. þm. Vestf., forseti Sþ., telur þetta sýna mikla virðingu fyrir Alþingi og störfum þess.

En ég held að óhjákvæmilegt sé að fara nokkrum orðum um tollabrtt. meiri hl. og ég verð enn þá einu sinni að biðja um það að hv. 2. þm. Norðurl. e. verði kallaður í salinn. (**Forseti:** Forseti mun gera tilraun til að ná sambandi við formann nefndarinnar.) Hann gengur í salinn. Þá er fyrst að nefna það að hv. þm. gat um það nokkuð hróðugur að meiri hl. nefndarinnar hefði fundið upp nýtt orð. Það er orðið „smyglgjarn" og að smyglgjarnar vörur ættu að vera með lágum eða engum tollum og engum vörugjöldum. Áður hafa menn verið að ræða um það að einkenna þessar vörur með orðunum smyglnæmur og smyglrænn. Varan er smyglræn, það er smyglrænt. Mönnum fannst það slæmt, einkum og sér í lagi hvorugkynið, það er smyglrænt, lýsingarorð í hvorugkyni. Þess vegna reyndu menn að leita að öðru, smyglgjarn, hún er smyglgjörn, það er smyglgjarnt.

Ég velti þessum möguleika fyrir mér í kvöldmatnum hvort hv. þm. mundi hafa hitt þarna alveg endanlega naglann á höfuðið, þetta væri hið rétta

orð. Ég komst að þeirri niðurstöðu eftir nokkra umhugsun að það gengi ekki alveg. Fyrst og fremst vegna þess að varðandi hliðstæð orð í íslenskri tungu, hann nefndi orðið rokgjarn og svo má líka nefna orðið vergjarn, oftar notað vergjörn, er það mál þannig vaxið að ég hygg að það sé skynsamlegt að miða við að það sé frumlagið sem girnist andlagið og andlagið er smyglvaran en ekki öfugt. Það er ekki andlagið sem girnist frumlagið. Þess vegna held ég að ég verði að hryggja hv. þm. með því að þetta orð dugir mér ekki. Ég lagði það meira að segja á mig um leið og ég undirbjó nál. um frv. til l. um söluskatt að hringja í tvo málvísindamenn og bera þetta undir þá, þetta mál með orðið smyglgjarn, og þetta dugði þeim ekki, og óska eftir betra orði. Og ég veit að þó að við komumst að samkomulagi um fátt, ég og hv. þm., getum við örugglega fundið okkur góðar stundir til þess að leita að réttu orði í þessu samhengi.

Varðandi brtt. nefndarinnar óska ég eftir því að hv. þm. skýri þær aðeins nánar, þ.e. brtt. meiri hl. nefndarinnar. Ég hygg að það megi með nokkuð auðveldum hætti skýra brtt. sem eru á fyrstu síðu tillagnanna en á síðu 2 eru nokkrar tillögur sem þarfnast nánari skýringar og ég fer fram á þær. Það er tillaga 1.g. á bls. 2, við 8. gr. Það er tillaga 1.h. á bls. 2. Það er tillaga 1.i. á bls. 2 og það er einnig tillaga 1.j. á bls. 2. Síðan er nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvaða atriði það eru sem verið er að bæta við í tillögu 2.a., b., c., d., e. og f., og g. og h. og áfram eftir stafrófinu upp í ö. og svo er byrjað aftur á aa. Það er nauðsynlegt að fá um þetta nánari skýringar hjá hv. þm. og að hann geri nefndinni sundurliðaða grein fyrir þessum tillögum. Það er auðvitað ekki nokkur leið að vera að flytja svona tillögur og taka afstöðu til þeirra öðruvísi en að menn hafi um þetta nákvæmar upplýsingar og ég veit að ekki einasta mér heldur einnig stjórnarliðum væri þökk í því að fá fullnaðarskýringar á þessum tillögum sem hér liggja frammi umfram það sem um er að ræða í hinu almenna nál. sem hv. þm. gaf út og er út af fyrir sig greinargott svo langt sem það nær.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. las eina umsögn af öllum þeim pappírshaug sem okkur barst, eina umsögn. Og það var sú eina, einasta eina, sem lýsti svo að segja fortakslausum stuðningi við málið í fyrri hluta textans. Hann leitar með logandi ljósum í þessum 30 síðum eða 100 eða hvað það nú er sem okkur berast frá alls konar aðilum og hann finnur eina síðu sem hann auðvitað les. (**HBl:** Litlu verður Vöggur feginn.) Litlu verður Vöggur feginn, en menn eiga samt aldrei að halla réttu máli eins og hv. þm. veit. Og það er til hending um hálfsannleikann sem ég veit að ég þarf ekki að fara með fyrir þingheim og ekki hv. 2. þm. Norðurl. e.

Í þessu plaggi hins vegar, frá Landssambandi iðnaðarmanna, sem hv. þm. las upp úr, koma fram margvíslegar athugasemdir við frv. um tolla, en hann las þær ekki upp. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að bæta úr og lesa nokkur atriði úr þessari umsögn Landssambands iðnaðarmanna. Fyrst segir hér:

„Sama stefnumörkun og nú hefur verið gerð varðandi niðurfellingu á tollum af aðföngum fyrirtækja hefur ekki verið gerð varðandi söluskatt. Lögð er til þess vegna breyting á frv. um söluskatt."

Í öðru lagi segir: „Söluskattshækkunin er of mikil", og það er rakið nokkuð hvaða rök Landssamband iðnaðarmanna, sem eru samtök atvinnurekenda í löggiltum iðngreinum, segist hafa fyrir því að þessi söluskattshækkun sé of mikil og kem ég að því síðar þegar söluskatturinn verður til umræðu sem verður væntanlega einhvern tíma á þessu þingi.

En í þriðja lagi segir Landssamband iðnaðarmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Mjög viðamiklar og flóknar breytingar hafa verið gerðar á lögunum á svo skömmum tíma að hætt er við að einhvers staðar komi fram misræmi í þeim sem ekki var til ætlast." Hérna er m.ö.o. verið að gagnrýna hroðvirknina sem þeir bekkjarbræður, hæstv. fjmrh. og formaður fjh.- og viðskn., eru að gera sig seka um.

Síðan segir: „Þar við bætist að þar sem við undirbúning frumvarpanna var ekki leitað til samtaka sem mesta þekkingu hafa á tilteknum þáttum atvinnulífsins er meiri hætta á að einhverjir gallar eigi eftir að koma í ljós á þessari yfirgripsmiklu lagasetningu."

M.ö.o., þó að Víglundur Þorsteinsson hafi verið viðstaddur samningafundi stjórnarflokkanna um þessi mál og hafi leitt þá og verið þar eins konar yfirsáttasemjari samkvæmt fréttum Morgunblaðsins er það ekki nóg að mati Landssambands iðnaðarmanna. Það eru fleiri sem þarna þurfa nærri að koma.

Síðan segir hér í þessu áliti Landssambands iðnaðarmanna að það bendi á að leiðrétta þurfi samkeppnisóhagræði sem vörugjaldsfrv. hefur í för með sér fyrir bakaríin ef það yrði samþykkt óbreytt og síðan er bent á ákveði sem snerta mikilvæg aðföng til málm- og skipasmíðaiðnaðar.

Hér er m.ö.o. eitt og annað gagnrýnt í frv. Hv. 2. þm. Norðurl. e. sá ekki ástæðu til að fara yfir það, heldur las hólið, fann nokkrar línur í þessum pappírshaug öllum og las þær samviskusamlega og ég þakka honum út af fyrir sig fyrir lesturinn en hann hefði þá átt að lesa meira til að gefa sannferðuga mynd af umsögnunum því að þessi partur var svo sem ekki nema eins og 3% af öllu sem við fengum. (**HBl:** Ég gat um hitt.) Afar lauslega og það ber að gagnrýna formanninn harðlega fyrir að geta ekki nánar um þau efni. (**HBl:** Já, ég skal taka það til greina.) Mér þykir vænt um það.

Varðandi þessi mál að öðru leyti ætla ég síðan að víkja að nokkrum almennum atriðum og þá fyrst því sem lýtur að heildarskattastefnu ríkisstjórnarinnar. Fjmrn. birtir í blöðum í dag greinargerð til að reyna að þvo af sér skattahækkunarstimpilinn. Hún er birt í Morgunblaðinu náttúrlega og Alþýðublaðinu og kannski víðar og þar er því alveg slegið föstu að

ríkisstjórnin núverandi sé alls ekki methafi í skattlagningu. En þannig vill til að ég óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun þegar þessi mál voru til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn. að fá um það upplýsingar hver hún telur að skattabyrðin verði. Og niðurstaðan varð sú að skatttekjur á árinu 1988 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu verði 24,7% og ég sá um það, eigin hendi, að koma þessu plaggi í hendurnar á öllum fjárhags- og viðskiptanefndarmönnum. Ég er alveg sannfærður um að það er afar erfiður hlutur fyrir a.m.k. einhverja þm. Sjálfstfl. að horfast í augu við þann veruleika að Sjálfstfl. er að slá Íslandsmet í skattlagningu. Ég er sannfærður um að margir þeirra muna eftir því að Sjálfstfl. lofaði að draga úr ríkisútgjöldum og ríkistekjum til að auka möguleika hins frjálsa atvinnulífs á því að hafa svigrúm til þróunar og framfara. (Gripið fram í.) Þetta kann ég.

Nú er Sjálfstfl. búinn að kasta öllum þessum yfirlýsingum frá sér, gjörsamlega. Og hann setur hér Íslandsmet í skattlagningu undir forustu Alþfl. Það athyglisverða hins vegar er með Alþfl. að hann þolir nokkuð illa að honum sé brugðið um það að hann eigi þetta Íslandsmet og það er alltaf verið að framleiða einhverjar greinargerðir uppi í fjmrn. um það að það sé nú misskilningur og það sé rangt. Þar sitja menn á fullu kaupi við að framleiða svona áróðurstilkynningar fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. Ég veit að framsókn bregður ekki. Hún hefur séð hann svartan í þessu eins og mörgu öðru.

Nema hvað, það er ákveðið í Alþfl. og Sjálfstfl. að þessi skattahækkunarniðurstaða frá Þjóðhagsstofnun, 24,7%, sé of há. Hún rímar ekki alveg við kosningastefnuskrá Sjálfstfl. Og hún er eitthvað aðeins óþægileg fyrir Alþfl. Þess vegna er farið að framleiða þennan pappír uppi í fjmrn. og það er sent út sem fréttatilkynning með opinberum stimpli. Og það er auðvitað alveg rosalegt að upplifa það að áróðursformúlurnar úr Jóni Baldvini Hannibalssyni, hæstv. núv. fjmrh., fari út úr Stjórnarráðinu með opinberum stimplum í bak og fyrir.

Staðreyndin er auðvitað sú að þær tölur um skattahækkanir og skattbyrði sem hann sendi frá sér staðfestu í fyrsta lagi allar tölurnar sem fram hafa komið frá minni hl. hér í þinginu. En hlutfallstalan um skatta af vergri landsframleiðslu var aðeins lægri hjá honum þegar hann var búinn að láta þennan skara nýrra embættismanna sem hann hefur hrannað í kringum sig uppi í fjmrn. fara yfir málin en Þjóðhagsstofnun hafði látið frá sér fara.

Nú er það reyndar svo að tölur af þessu tagi segja ekki ýkja mikið vegna þess að menn vita satt að segja svo að segja ekkert um það hverju þeir eru að spá. Það er best að segja það alveg eins og það er að það er ekki mikil speki á bak við þá spádóma frekar en oft áður þegar menn eru að reyna að rýna inn í framtíð íslenskra efnahagsmála. Ég hygg þó að það sé erfiðara núna að sjá inn í þessa hluti en lengi hefur verið áður.

Hæstv. fjmrh. segir: Við erum hérna með traustan ríkissjóð. Ríkissjóður stendur fyrir sínu, og ég segi við hann: Það er gott, því að það eru ekki margir vinir ríkissjóðs. En ég get verið það. Það skiptir miklu máli að ríkissjóður sé traustur. En hvernig skyldu horfurnar vera í sambandi við efnahagsmálin að öðru leyti? Jú, þessi trausti ríkissjóður er byggður, ekki á sandi, hann er byggður á himnu, á skurn, næfurþunnri, vegna þess að allt annað í efnahagsmálum er svo mikilli óvissu undirorpið. Og nú ætla ég aðeins að fara yfir það hvernig það mál lítur út.

Það lítur í fyrsta lagi þannig út í sambandi við gengi krónunnar, fastgengisstefnuna sem er talað um í Jónsbók hinni síðari, fastgengisstefnuna miklu, að staðan er þannig að núna segir sjálfur Seðlabankinn: 11% gengislækkun. Það er einnig þannig samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir að vextir eru hærri en þeir hafa nokkru sinni verið áður. Atvinnuvegirnir þola ekki þessa vexti. Og þegar einn þm. Alþfl. leyfir sér að taka undir með Alþb. í sambandi við vaxtaokrið er auðvitað viðskrh. kallaður í útvarpið og hvað sagði hann? Hann var spurður: Ætlar þú að taka á þessum vaxtamálum? Og hann sagði: Það er of snemmt að afskrifa markaðslögmálin. Það er ekki tímabært. Vextirnir eru ekki nema tvisvar sinnum hærri en þeir eru í útlöndum. Það er of snemmt að afskrifa þau. Það er of snemmt að afskrifa markaðslögmálin, sagði sá maður sem heitir Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh.

Og með kaupið, kjaraforsendur hæstv. fjmrh. Hvernig standast þær? Jú, það er byggt á þeirri forsendu að kaupið lækki verulega á næsta ári. Þó er það ljóst, 100% ljóst, að verkalýðshreyfingin í landinu mun ekki þola það að kaupmáttur launa verði skorinn niður. Hún mun ekki þola það að kaupmáttur launa verði skorinn niður. Og til þess að halda sama kaupmætti launa og er í dag í lok ársins 1988 verða laun á næsta ári að hækka um 30%, 9% nú og 7% á þriggja mánaða fresti. Skyldu menn í ljósi þessara talna vera farnir að átta sig á því að núv. ríkisstjórn er komin inn í efnahagslegan vítahring sem er að sínu leyti nákvæmlega jafnerfiður ef ekki erfiðari en sá sem við vorum í þegar víxlgengi launa og verðlags var sem allra hraðast? Ætli það sé ekki eins gott fyrir menn að gera sér grein fyrir því að menn hafa komist inn í þennan vítahring eftir þensluna að undanförnu vegna þess að allar þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til hafa verið veikar og þær hafa verið takmarkaðar. Menn hafa einblínt á ríkissjóð. Menn horfa ekki á atvinnuvegina. Menn horfa ekki á stöðu þjóðarbúsins. Menn horfa ekki á heimilin. Menn horfa ekki á vextina. Menn einblína á stöðu ríkissjóðs. Það er út af fyrir sig gott að ríkissjóður sé rekinn með traustum hætti. En ríkissjóður sem er rekinn með traustum hætti miðað við þær almennu efnahagsaðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, það er ríkissjóður sem stenst ekki lengi, því að ríkissjóður lifir á því að efnahagslífið að öðru leyti sé í standi. Þetta þyrftu menn auðvitað að læra að skilja.

Svo er athyglisvert, herra forseti, að fá frá Seðlabankanum blessuðum á þessum drottins degi spá um

breytingar á framfærsluvísitölu 1988. (Gripið fram í.) Íslenska krónan er stórkostlega að styrkjast, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans, gagnvart hinum erlendu gjaldmiðlum. Og það er auðvitað kominn tími til að hæstv. fjmrh. sendi greinargerðir sínar ekki bara íslenskum blöðum, heldur líka efnahagssérfræðingum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þannig að þeir geti lært eitthvað af þessum reginsnillingum sem stjórna efnahagsmálunum á Íslandi. Ég hef að vísu ekki frétt af því að það hafi orðið uppþot í Kauphöllinni í New York eða Tókýó yfir þessari yfirlýsingu Seðlabankans sem birtist í gær og í dag þar sem sagt er frá því að verðbólgan fari niður í svo sem ekki neitt á síðari hluta ársins 1988 og auk þess muni krónan styrkjast alveg dag frá degi. Það líður ekki svo mánuður að krónan styrkist ekki, eftir því sem Seðlabankinn segir. Þvílík gæfa.

Að vísu, og það nefnir Seðlabankinn ekki, eru allir atvinnuvegirnir á hausnum. Það er hins vegar minna mál því að eins og menn vita og Jóhannes Nordal hefur lýst yfir fyrir þjóðinni verða peningarnir til í Seðlabankanum, verða þar til í Seðlabankanum sjálfum í einhverjum hlutlausum sjálfsgetnaði eins og ég hef kallað það stundum. Það er minna mál þó að atvinnuvegirnir séu á hausnum og heimilin líka. Gengið heldur áfram að blómstra og krónan og endar með því með sömu reikniformúlum og eru nú í Seðlabankanum og fjmrn. að krónan verður sennilega orðin sterkasti gjaldmiðill heims með þessu áframhaldi. Ja, þvílík vísindi, þvílík vísindi.

Nei, auðvitað stendur ekki steinn yfir steini í þessari efnahagsstefnu, ekki steinn yfir steini. Og auðvitað stendur ekki steinn yfir steini í þessari efnahagsstefnu vegna þess að það er fyrst og fremst hugsað um að leggja skatta á fyrir ríkissjóð og það eru skattar sem eru lagðir á almenning. Þeir eru ekki lagðir á fyrirtækin sem hirtu gróðann mikla í góðærinu. Þeir eru lagðir á hinn almenna launamann og söluskatturinn á mat er auðvitað þyngri fyrir láglaunafólk en aðra. Þannig fara skattarnir í tíð Alþfl. hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin lækka. Áður var það þannig að alþýðuflokksmenn og jafnaðarmenn um heim allan sögðu: Skattar eiga að fara hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin hækka. Þeir sem eru með miklu launin, 200 þús. eða hvað það nú er, eiga að borga mikið af kaupinu sínu, kannski 50%, kannski 70, sögðu menn hér áður. Nú er Alþfl. búinn að finna upp alveg nýja stefnu. Skattahlutfallið hækkar eftir því sem launin lækka og lækka eftir því sem launin hækka. Þessi undarlega hlutfallaregla Alþfl., að leggja þeim mun meira á menn sem þeir hafa minni tekjur og þeim mun minna á menn sem hafa meiri tekjur, svo mikið er víst að hún er ekki í samræmi við þá jafnaðarstefnu sem menn lærðu hér einhvern tíma fyrr á öldinni.

Í þeim gögnum sem liggja fyrir um þróun efnahagsmála eru fjölmargar afar fróðlegar upplýsingar sem ástæða er til að tína fram og verður gert hér í umræðum í þinginu í dag og næstu daga. En það er alveg augljóst mál að allar forsendur fyrir þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, fyrir þessum miklu kerfisbreytingum, eru ákaflega veikar. Ekkert liggur fyrir um það að þessir þættir muni skila sér til þjóðarinnar. Það er gott út af fyrir sig að reyna að endurskoða tollskrá, það er gott og skynsamlegt að einfalda hana, en til þess að Alþingi geti borið virðingu fyrir sjálfu sér og þjóðin fyrir Alþingi verður þingið auðvitað að fá tíma til að fjalla um þessi mál. Það hefur þingið ekki fengið og þess vegna gera stjórnarandstöðuflokkarnir stjórnarliðum það tilboð í nál. sem ég las hér í upphafi að það verði farið í það núna í jólaleyfi þm. að skoða þessar tillögur miklu betur, miðað við að ný tollskrá geti tekið gildi 1. mars 1988. Og af hverju má það ekki gerast? Hvað er á móti því að þessi nýja tollskrá taki gildi 1. mars 1988? Hvað er á móti því að þessi kerfisbreyting taki gildi 1. mars 1988, bæði með tolla og vörugjald og jafnvel fleira? Auðvitað er ekkert á móti því. Það er ekkert á móti því nema þessi almenni reglustikumetnaður sem menn fyllast stundum þegar þeir sitja á ráðherrastólum. Ég held þess vegna, herra forseti, að skynsamlegast væri, miðað við allar aðstæður, fyrir meiri hl. að brjóta nú odd af oflæti sínu, gera það sem væri einsdæmi og nýlunda í þingsögunni, væri róttækt, sýndi víðsýni stjórnarmeirihlutans, og fallast á tillögur minni hl. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Við gætum lofað á móti í minni hl. að vera ekkert að nudda meiri hl. upp úr því langtímum saman þó að hann féllist á þessa tillögu. Við mundum tæplega halda ræðu á næstu vikum og mánuðum öðruvísi en að geta þess hvað meiri hl. er gáfaður, víðsýnn, opinn, lýðræðislegur og vakandi. Þannig gæti þessi meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. brotið í blað í sögunni og orðið fyrsti meiri hl. í þessari virðulegu deild og báðum deildunum samanlagt sem tæki tillit til skynsamlegra ábendinga. Þá gætum við hjálpast að með málið bak jólum og skilað því til þjóðarinnar með nýrri tollskrá frá og með 1. mars nk.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ætli ráðherra sé ekki einhvers staðar nálægur? Ég kem aðallega til með að ávarpa hann. Ég hygg að hann vilji heyra eitthvað af því a.m.k. sem mig langar að segja. Ég doka aðeins við. (**Forseti:** *Ég hef gert ráðstafanir.*)

Ég byrja þá mál mitt á því að fagna mjög frv. sem er til umræðu og færa hæstv. fjmrh. — hæstv. ráðherra, ég ætla að fara að færa þér miklar þakkir fyrir dugnaðinn við að drífa frv. áfram. Þannig er mál með vexti að mér þykir kannski vænna um þetta frv. en mörgum öðrum hv. þm. vegna þess að veturinn 1983–1984 vann ég geysimikið í þessu máli sem formaður hv. fjh.- og viðskn. á þeim tíma. Frv. sem nú er lagt fram er, held ég, í öllum meginatriðum eins og frv. sem vorið 1984 eða síðla vetrar var fullfrágengið til flutnings á Alþingi en illu heilli var það aldrei flutt. Þess vegna gleður það mig að sjálfsögðu

mjög að þetta frv. sér nú dagsins ljós og þá leiðir það auðvitað af sjálfu að ég er andvígur tillögu minni hl. um að fresta afgreiðslu þess og vísa því til ríkisstjórnarinnar. Mér er alveg ljóst að annmarkar eru á þessu frv. Það verður alltaf um svo veigamikið mál sem þetta og þá þarf auðvitað að sníða af og verða þó aldrei allir af sniðnir vegna þess að eitt vandamál skapast stundum þegar annað er leyst í málum eins og þessu. Og málin eru líka gífurlega flókin einmitt vegna aðildar okkar að EFTA annars vegar og samningum okkar við Evrópubandalagið.

Úr því að ég nefni Evrópubandalagið er kannski rétt að víkja að því að það merka bandalag kom til umræðu við meðferð málsins fyrir nokkrum dögum þegar hæstv. fjmrh. gat þess að Evrópubandalagið væri nánast gjaldþrota. Ég hygg að það sé öðru nær en að það sé gjaldþrota. Að vísu getur stofnunin, Evrópubandalagið, sem ekki hefur neitt skattlagningarvald, eins og menn vita, ekki aflað sér beinna tekna, en varðandi það að þeir séu í fjárhagsvandræðum, m.a. vegna offramleiðslu landbúnaðarvara, þá er þetta bandalag einmitt að verða að veruleika, efnahagslegri heild 320 millj. manna, jafnmargra manna og samanlagðra Bandaríkja og Japans. Þetta bandalag á ekki eftir að líða undir lok. Það kann að fá sínar skattlagningarleiðir. Auðvitað deila ríkin um það þegar bandalagið er í burðarliðnum hve mikið hvert þeirra um sig skuli greiða. Sum geta lítið greitt, það fer eftir fjárhag þeirra, og þegar við deilum hér um ýmiss konar skækla og erum í skæklatogi ættum við að geta skilið það að þegar þessar þjóðir hittast til þess að skipta niður á sig útgjöldunum passar auðvitað hver sig.

Evrópubandalagið hefur líka borið á góma með öðrum hætti í opinberri umræðu. Það hefur nefnilega komið í ljós að til eru þeir menn sem halda því fram að við Íslendingar eigum að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Á fundi þm. og flokksráðsmanna og formanna félaga Sjálfstfl. á Selfossi fyrir skömmu var tekið af skarið að því er varðar afstöðu Sjálfstfl. að við ætluðum ekki að gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Og í för utanrmn. og á fundum í Evrópubandalaginu, sem stóðu í eina viku frá morgni til kvölds, vorum við öll samstiga í því, fulltrúar allra flokka á Alþingi, að aðild okkar að Evrópubandalaginu kæmi ekki til greina. Og það vakti vissulega athygli að allir flokkar á Íslandi skyldu vera samstiga um það.

Það er illa farið ef einhver öfl á Íslandi ætla á þessu stigi að fara að berjast fyrir því leynt og ljóst að við gerumst aðilar að bandalaginu. Við náum engum heilbrigðum samningum við bandalagið ef við erum á leið inn í það. Þá segja þeir sem svo: Þið hlítið þá sömu reglum og aðrir. En við getum náð mjög hagstæðum samningum við bandalagið ef við höldum rétt á málum og skýrum frá því að við séum ekki á leiðinni inn í það. Það er ég sannfærður um eftir þessa viku þegar færi gafst á að ræða við helstu forustumenn bandalagsins og hlýða á mál þeirra að við getum jafnvel notið þar algjörrar sérstöðu því að þeir viðurkenna það að við séum Evrópuþjóð og þeir vilja ekki að við hrekjumst vestur á bóginn. Ég held að við séum í mjög góðri aðstöðu ef menn eru ekki gapandi um það að við ætlum að fara að gerast aðilar að bandalaginu.

Það er sagt að þær aðgerðir sem núna miða t.d. að virðisaukaskatti séu leið til þess að nálgast okkar helstu viðskiptavini. Að vísu er það nú ekki svo með alla okkar helstu viðskiptavini því að ég veit ekki til að virðisaukaskattur sé í Vesturheimi. Þar er söluskattur. Ég er ekki að fordæma virðisaukaskattinn, alls ekki. Og ég tel það auðvitað gott að við getum tekið upp ýmsar reglur Evrópubandalagsins og nálgast samningagerðir með þeim hætti. Ég er ekki að gagnrýna það. En ég vara við því að menn láti í veðri vaka að við séum á leið í bandalagið. Þetta var sem sagt sagt að gefnu tilefni frá 1. umr. þessa máls.

Ég hef reynt núna frá því að gögn byrjuðu að berast í hendur okkar þm. að gera mér grein fyrir því um hve miklar upphæðir væri að ræða í nýjum sköttum. Ég get tekið undir það að miðað við forsendur, sem einhverjar hljóta að vera, sem embættismenn fjmrn. hafa gefið, eru tölurnar sem okkur eru gefnar upp, 7 milljarðar 775 millj. eða hvað það nú er, eða milljarðinum meira með þeim skýringum sem allir vita hverjar eru, út af fyrir sig kannski réttar. Forsendurnar höfum við hins vegar ekki. Því er slegið föstu án þess að það sé rökstutt hve mikið tekjutapið sé af því að samþykkja frv. sem hér er til umræðu og því er slegið föstu hver tekjuaukinn sé af því að færa út söluskattsgrunninn. Hvorugt af þessu er rökstutt og ég hef gert fyrirvara, eins og hv. þm. kannski hafa tekið eftir, við bæði skattalagafrv. og vöruskattsfrv. og þarf að fá mun meiri upplýsingar áður en ég get gert upp hug minn hvernig með þau mál skuli fara því að ég er nokkuð sannfærður um það að tekjurnar sem tapast við samþykkt frv. sem nú er á dagskrá verða miklu minni en upp er gefið í áætlun fjmrn. (Gripið fram í.) Að tekjutapið verði minna, það ætti að skiljast, og ég býst við að það verði eitthvað. Ég hef ekki ómerkari mann en hæstv. fjmrh. fyrir mér í því að svo muni fara því að hann sagði úr þessum ræðustól, eins og menn minnast, að Glasgow-ferðir mundu nokkurn veginn leggjast niður. Því miður held ég að svo fari ekki. Hitt er alveg ljóst að einmitt þessar vörur, sem voru gífurlega hátt tollaðar, byrja að seljast eitthvað hér innan lands þegar þessi lækkun tollanna á sér stað. Ég er sem sagt sannfærður um að tekjutapið verði ekki jafnmikið og hér er áætlað. Á sama hátt er ég líka sannfærður um að tekjuaukinn af útfærslu söluskattsins þegar hann er lagður á nánast alla þjónustu og allar vörur verður miklu meiri en hér er áætlað.

Ég get ekki sannað þetta frekar en þeir sem koma með þessar tölur geta sannað sitt mál. Það er ekki á nokkurs manns færi. Ég skal alveg játa það að hér er um svo viðamikla breytingu að ræða að það er enginn maður sem getur reiknað það neitt nákvæmlega út. Og það er kannski alveg eins hægt að segja

að ég hafi rangt fyrir mér eins og ég segi að þeir hafi rangt fyrir sér. En ég get fært nokkur rök að því að það þurfi ekki alla þessa nýju skatta, vörugjald og söluskatt til þess að ná jöfnuði á ríkissjóði og það er það sem hæstv. ríkisstjórn keppir að.

Í fyrsta lagi bendi ég á það að ætíð hefur, frá framlagningu fjárlagafrv., a.m.k. á seinni árum, og til samþykktar þess, verið um mjög mikla hækkun á áætluðum tekjum að ræða. Tölurnar síðustu þrjú árin eru þær að 1985 voru heildartekjur áætlaðar í fjárlagafrv. 21 milljarður 980 millj. en í fjárlögunum 25 milljarðar 335 millj. Í fjárlögunum 1986 voru í frv. 33 milljarðar 539 millj. en fjárlög voru afgreidd með tekjuáætlun 57 milljarðar 854 millj. Og í fjárlögunum 1987 var fjárlagafrv. upp á rúma 40 milljarða en fjárlögin rúma 43 milljarða. Hvers vegna var þessi breyting gerð frá október til desember? Menn voru þá að færa áætlun næsta árs til þess verðlags sem var um það leyti sem fjárlög voru samþykkt. Prósenturnar sem samsvara tölunum sem ég var að lesa voru hækkun árið 1985 um 15,3%, árið 1986 12,9% og árið 1987 7,6%, langminnst árið 1987. Af hverju er það minnst árið 1987? Það var vegna þess að þá hafði verðbólgu verið náð niður mjög verulega og menn gerðu sér vonir um að það mundi haldast. Það var auðvitað, eins og menn vita, fyrir forgöngu þáv. fjmrh. fyrst og fremst, hæstv. núv. forsrh., sem þetta tókst með tvennum samningum þar sem ríkið slakaði á klónni í stað þess að herða stöðugt á henni. Þá tókst að ráða við verðbólguna og henni hefði verið náð niður á sama stig og annars staðar er ef ekki hefðu orðið þau átök í íslenskum stjórnmálum sem raun bar vitni um og Sjálfstfl. missti þar með af þeirri stjórn efnahagsmálanna og sú ríkisstjórn sem þá hafði borið þennan árangur. Engu að síður voru fjárlögin hækkuð um 7,6% frá framlagningu og til samþykktar.

Ég hygg að enginn geti ímyndað sér að verðhækkanir á haustmánuðum nú frá október til desember séu minni og þess vegna ástæða til minni hækkunar á tekjuhlið fjárlaganna en var í fyrra, hvað þá um hin árin. En jafnvel þótt þetta væru bara 7,6% sem bæri að hækka fjárlögin um án allra skattalagabreytinga, án alls þess sem við erum að tala um, án þeirra 5 milljarða sem talað er um sem nettóskattaaukningu sem auðvitað á að færa réttilega upp eins og tölur segja, þ.e. 7,7% eða eitthvað og verður auðvitað gert í fjárlögunum. Ef þetta væri fært upp um 7,6%, þessir 59 milljarðar, um 60 milljarðar, gætu menn reiknað það og það yrðu um 4 milljarðar sem þar skila sér. Þetta er sem sagt í pípunum, a.m.k. þessir 4 milljarðar. Og það á að koma út úr þessu dæmi sem verið er að rétta okkur hér. Ég segi því og endurtek: Það er miklu meiri skattlagning á ferðinni en okkur er gefið upp með þessum tölum.

Þetta eru auðvitað vangaveltur. En mér ætti nú að leyfast að vera með vangaveltur því að í frétt frá fjmrn., síðasta plagginu sem við höfum í höndum, dags. í gær, 15. des. 1987, þar sem yfir þessar tölur og útreikninga er farið, er niðurlagið svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan af þessum vangaveltum er sú að nýir skattar þessarar ríkisstjórnar nemi um það bil 5 milljörðum kr. miðað við álagningu á næsta ári. Þessir skattar fara til þess að eyða hallarekstri ríkissjóðs og þar með halda aftur af verðbólgu, viðskiptahalla og erlendum lántökum. Þetta er kjarni málsins."

Þetta eru sem sagt niðurlagsorð fjmrn. í gær og þá ætti okkur hv. þm. að vera leyfilegt að vera líka með vangaveltur og biðja um skýringar á þeim tölum sem fram eru settar. Og ég efast ekkert um það að hæstv. fjmrh. er fús til þess, kannski ekki í kvöld, en þá væntanlega á morgun þegar hann hefur talað við sína aðstoðarmenn, að gefa okkur upplýsingar um það hvað fyrirhugað sé að hækka tekjuhlið fjárlaga, eins og alltaf hefur verið gert á undanförnum árum, um mörg prósent. Eru það 7% eða eru það kannski 15% eins og var árið 1985? Þá förum við að sjá tölur sem eru marktækar og þá förum við að geta rætt efnislega um málið. En það er ekki eingöngu þetta sem sér um það að það verður að fá frekari upplýsingar áður en við samþykkjum, að ég hygg, nokkurra milljarða tekjuauka umfram það sem okkur hefur þegar verið sagt með þessum tölum. Og þá er þess að gæta að í fjárlagafrv. er verg landsframleiðsla á næsta ári talin munu verða 240 milljarðar kr. Ég held að miðað við þær hækkanir sem orðið hafa á þessu hausti og horfur fram undan sé útilokað annað en þessi tala hljóti að breytast, og þá til hækkunar vegna meiri umsvifa, nema þá að hér verði hrein kreppa, að atvinnuvegirnir hrynji og kjör fólksins versni mjög geigvænlega. Og þó að þetta væri nú ekki hækkað nema, af því maður er nú farinn að tala í stórum tölum, um við skulum segja 10 milljarða, úr 240 í 250, þá ætti eftir þessum útreikningum sem menn eru með hér og er kannski ekkert vitlausari tala en hver önnur, þá ætti þar að vera um að ræða fjórðung þessa milljarðs sem færi í aukna skatta, kæmi í auknum tekjum til ríkisins sem hægt væri að nota til viðbótar við það sem nú hefur verið fram talið.

Ég held að við alþm. verðum að skoða þetta allt saman í rólegheitum, að svo miklu leyti sem rólegheit geta verið þegar tímahrak er, en ég held að allir hljóti að sjá að þessar tölur, sem okkur eru uppgefnar, standast ekki. Skattarnir eru meiri. Þess vegna geri ég þessa fyrirvara við hin málin tvö, og við erum nú raunar að ræða málin öll í heild sem er alveg eðlilegt. Það var svo við 1. umr. og það er alveg eðlilegt að gera það hér líka. Ég vil sjá útreikninga og grundvöll að þessum áætlunum sem ég tel vera stætt á. Ég sé ekki að það sé stætt á þessum ágiskunartölum ráðuneytisins. Þarna er sem sagt eitthvað „í pípunum" eins og það var kallað hér um árið á svona heldur lélegri íslensku. Hvort það er einn milljarður, tveir, þrír eða fjórir eða kannski fimm, get ég ekki gert mér fulla grein fyrir. En þetta er mál sem ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. vill skoða. Og þegar það hefur verið skoðað þá geri ég

mér vissulega vonir um það að hæstv. ráðherra, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að það sé eitthvað til í því sem ég er að segja, kannski ekki nein mikil viska, að þá sé hann manna fyrstur fús til þess — og þá mun ekki standa á Sjálfstfl. — fús til þess að lækka í einhverju þá skattheimtu sem felst í þeim tveim frv. sem verða rædd hér á eftir. Það held ég að yrði mjög happadrjúgt fyrir þetta stjórnarsamstarf ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að eitthvað af þessu væri hægt að gefa eftir. Og auðvitað mundi það hjálpa í kjarasamningum sem allir vita að eru fyrir dyrum og þarf að standa að með hógværð og skynsemi og tillitsemi til allra aðila.

Af því að hér var nefnd hallanefndin sem var til umræðu um daginn þá er rétt að staðfesta það að á fund hv. fjh.- og viðskn. á mánudagsmorgun kom Gunnar Hall, formaður nefndarinnar, og Magnús Pétursson, sem var forgöngumaður að því að þessi nefnd var sett á laggirnar, að sjálfsögðu undir forustu hæstv. þáv. fjmrh., fyrir rúmu ári síðan hygg ég að það hafi verið. Hann staðfesti að tölur þær, sem ég áður hef nefnt opinberlega um tekjuafgang ríkissjóðs, gífurlegan tekjuafgang ríkissjóðs frá 1980–1985, væru réttar. Tölurnar væru réttar, þ.e. að ef fimm sjóðir sem eru í eigu ríkisins eins, byggingarsjóðirnir, Lánasjóður ísl. námsmanna, Byggðasjóður og sveitarstjórnasjóður, ef þær tölur allar hefðu verið færðar til eigna, af því að þetta eru millifærslur úr einni skúffu í aðra hjá ríkissjóði, en ekki til útgjalda, þá hefði á árinu 1980 verið tekjuafgangur hjá ríkissjóði sem svaraði til 3,4% af vergri landsframleiðslu. Árið 1981 3,5% af vergri landsframleiðslu. Og þá geta menn reiknað. Þetta eru sem sagt 7–8 milljarðar miðað við núgildandi verðlag, tekjuafgangur ríkissjóðs, ekki tekjuhalli. Árið 1982 3,9%. Árið 1983 0,3%, það var þegar harðast var í ári. Árið 1984 3,4% og 1985 um 1%.

Ég skal ekki fullyrða neitt um það að rétt sé að færa þessar tölur allar til eigna. T.d. má kannski færa að því rök varðandi námslánasjóðinn, sem að vísu er fullverðtryggður og þess vegna ekki glatað fé, en vaxtalaus hygg ég vera, að það sé ekki eðlilegt að telja einhvern hluta af því til gjalda á því ári sem féð er reitt af hendi. Ég skal ekkert mat leggja á það. Byggingarsjóðirnir aftur á móti eða a.m.k. almenningssjóðurinn er eins og allir vita með fullri verðtryggingu og 3,5% vöxtum. 3,5% raunvextir af fasteignalánum eru háir vextir en ekki lágir. Fasteignalánavextir hafa í gegnum söguna verið eitthvað um það bil en það hefur lengst af verið einhver verðbólga. Í nágrannalöndunum munu þessir vextir nú vera 5–6% kannski og þykja háir, og verðbólga þetta 2–3% þannig að þetta er ekki glatað fé. Síður en svo. Þetta er geymdur eyrir hjá ríkissjóði og á ekki að færast til gjalda. Við skulum færa eitthvað af því til gjalda svo að rekstur sjóðsins eða rekstur þessa bákns, sem er náttúrlega til bölvunar allt saman og ætti allt að vera miklu einfaldara og meira og minna í höndum banka og sparisjóða eins og er annars staðar en ekki með þeim ósköpum að hér þurfi að rífast dögum og vikum og mánuðum saman á hverju ári til þess að breyta þessum óskapnaði til og frá. En það er nú önnur saga. Bara þessir sjóðir eru með framlög frá ríkinu eitthvað á fjórða milljarð. Jafnvel þó við tækjum bara helminginn sem gjöld og hinn helminginn sem eignafærslur, þá erum við líka komin með tvo milljarða í viðbót, tvo milljarða umfram hallalausan ríkissjóð, sléttan ríkissjóð. Þar ættum við a.m.k. inni þessa tvo milljarða til viðbótar því sem ég áður var að nefna. Ég fæ því ekki betur séð en jafnvel þó við slepptum þessu séum við með tekjuafgang miðað við þessar tölur, ekki bara með sléttan ríkissjóð. Og sá tekjuafgangur virðist mér vera og held mig við það þangað til ég fæ einhverjar haldbetri skýringar á hinu svokallaða tekjutapi vegna lækkunar tollanna og hve lítið á að nást inn þegar söluskatturinn er færður á bókstaflega allt eiginlega, nema jarðarfarir held ég o.þ.h. Það er nú kannski ýkt, en það var í öllu falli tekið fram í grg. að prestþjónusta og jarðarfarir væru skattfrjáls. (Gripið fram í.) Ég er nú að tala í alvöru og ætti kannski ekki að vera að reyna að segja fimmaurabrandara.

En í mínum huga er þetta svona að það er um að ræða mun meiri tekjuauka en við höfum fengið upp gefið. Ég veit ekki hvernig þetta verður nákvæmlega til. En ég veit hitt, að góðir embættismenn reyna að hafa vaðið fyrir neðan sig og þeir eru að reikna það að ríkissjóður skuli nú örugglega geta mætt útgjöldum sínum. Ég hygg að þeir muni ekki áætla tekjurnar hærri en þeir þurfi og ég held að þeir muni um þetta mál a.m.k. vita það að þeir hafa vaðið fyrir neðan sig á báða bóga, bæði að því er útgjöldin og tekjurnar varðar. Að sjálfsögðu afhenda þeir, embættismennirnir, sínum yfirboðurum, fjmrh. í þessu tilfelli, þessar upplýsingar og þessa útreikninga. Þessir útreikningar eru síðan handlangaðir hingað til okkar án þess að vera rökstuddir. Getur Alþingi til langframa látið bjóða sér þetta? Það eiga að vera skil á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Og það er jú löggjafinn sem samþykkir fjárlögin.

Ég er ekki að segja að neinir menn séu að gera neitt sem þeir haldi að sé þjóðinni til ills. Þvert á móti. Allir þessir menn, bæði embættismennirnir og ráðherrarnir alveg eins og við alþm., eru auðvitað að vinna þjóðinni það besta sem hver okkar telur vera. Ég tel það af hinu illa ef tekið er meira fé frá borgurunum en brýnasta nauðsyn krefur. Ef eignarráð að peningum, fjármunum þjóðfélagsins, eru í sífellt auknum mæli færð frá borgurunum, frá atvinnuvegunum yfir til ríkisins. Það hefur gerst á Íslandi í mjög ríkum mæli, eins og tölurnar sem ég var að lesa hér upp áðan sýna og sanna, og líklega hvergi eins. Mér er ókunnugt um að það sé greiðsluafgangur á fjárlögum einhvers vestræns ríkis eða frjáls ríkis yfirleitt. Ég held að það tíðkist varla.

Í Japan, sem sækir hraðast fram, hefur það verið svo að um 6% af vergri landsframleiðslu — eins og það heitir nú af því að það þurfti að leiðrétta þarna nokkur prósent, fara úr þjóðarframleiðslu yfir í

landsframleiðslu til að bjarga ákveðnum ráðherra sem átti að hafa visst hlutfall af erlendum skuldum miðað við framleiðslu, þá var sett ný spóla inn í tölvuna og kölluð landsframleiðsla í staðinn fyrir þjóðarframleiðsla áður — 6% í Japan eru hallinn á fjárlögunum. 6% af vergri þjóðarframleiðslu, ekki 6% af fjárlögunum, kannski 20% af fjárlögunum. Hvers vegna? Vegna þess að peningarnir eru skildir eftir hjá fólkinu sem fær skuldabréf, kaupir ríkisskuldabréf o.s.frv., notar þau í vissum mæli til að kaupa hlut í almenningshlutafélögum. Þar er að skapast ótrúlega sterkt samfélag, eins og menn vita, sem er með samkeppni við gróin iðnaðarríki með þeim hætti að þau standast þeim varla snúning. Einmitt vegna þess að fólkið er allt virkjað, það fær að halda peningunum sínum og það fær að taka þátt í atvinnulífinu. Þar eru almenningshlutafélög.

Hvernig varð þýska undrið til? Með sama hætti. Volkswagen-verksmiðjurnar, Stálhringurinn, allt gert að almenningshlutafélögum og ríkið rekið með halla. Fólkið látið fjármagna það.

En ég er ekki að segja að við þurfum endilega að reka ríkið með halla á næsta ári. Ég held að það þurfi aldeilis ekki. Ég held að það sé með bullandi, bullandi tekjuafgang miðað við þær tölur sem ég hef séð. Ég held að það sé bara nokkurn veginn almenn skynsemi af því hún var nefnd í fyrri umræðu og hana virtist skorta hjá einhverjum öðrum og kannski mér. En ég held að allir hér inni skilji þetta, að almenn skynsemi segi okkur að það er langt frá því að ríkið sé rekið með halla eða einhver hætta sé á því miðað við forsendur frv. Hitt er svo allt annað mál að sé skattheimtan keyrð svo hart að fólkið verði að brjóta hana af sér með stórkostlegum kauphækkunum, tilheyrandi gengisfellingu, þá auðvitað standast engar forsendur af neinu tagi. Þá siglum við þráðbeint inn í það sama og gerðist hér 1982–1983. Þá tökum við eina kollsteypuna í viðbót. Og það er uggvænlegt að horfa fram á það ef það skyldi nú eiga eftir að henda okkur. Við mundum standa það af okkur að reisa við að nýju. Þjóðin ferst ekkert fyrir það þó við tökum eina kollsteypuna í viðbót. En við eigum ekki að gera okkur leik að því. Það get ég ekki fengið inn í minn þykka haus.

Þetta voru nú spurningarnar sem mig langaði til að varpa hér fram, og hugleiðingar sem ég veit — og er ég þá ekki með neinn leikaraskap — ég veit að hæstv. fjmrh. vill hugleiða. Ég hef rætt við hann undanfarna daga og undanfarnar vikur um það að mér litist ekki á að keyra þetta svona fast. Hann hefur fengið þessar tölur í hendur og þær hafa ekki verið mikið gagnrýndar, ekki af mér né heldur neinum hér í hv. deild eða á þinginu. Það hefur verið lítið svigrúm til að gera það. En það er mín skylda og okkar allra að benda á annmarkana á þessum útreikningum ef við teljum að þeir séu fyrir hendi. Því vænti ég þess að það geti orðið gott samkomulag um það að ljúka í kvöld við afgreiðslu þessa máls sem við nú erum að ræða og við 2. umr. á hinum tveim málunum — og það mun ég ræða við ráðherrann á eftir — en geyma lokaafgreiðslu þar til tekist hefur að greiða eitthvað úr þessum spurningum sem hér hafa verið fram lagðar. Ég hef í morgun fengið mjög góða hjálp, bæði hjá efnahagsráðunaut ríkisstjórnarinnar og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem er víst bara settur, sá fyrrverandi er víst enn þá ráðinn þó hann sé í öðrum störfum um sinn. En engu að síður leyfði hann mér reyndar að hafa það eftir, þegar ég fór að spyrja út í þetta með landsframleiðsluna sem í sept.–okt. í haust var áætluð 240 milljarðar, að hann eða hans stofnun mundi líklega ekki geta með mjög skömmum fyrirvara svarað til um það hvort sú tala ætti að breytast. Líklega yrði ekki unnt fyrir hann eða hans stofnun að svara þeirri spurningu fyrr en í byrjun janúar. Það væru svo margir liðir sem inn í það kæmu. Svo ég get ekkert fullyrt um það að sú tala ætti að hækka en ég gaf mér það að hún kynni að hækka úr 240 milljörðum í 250, og þar væri þá svigrúm fyrir 2½ milljarð sem er sú upphæð sem ég einhvern veginn hef á tilfinningunni að skattheimtan sé um of, ef bara á að keppa að greiðsluhallalausum fjárlögum en ekki með miklum afgangi.

Í þessum umgangi ætla ég ekki að hafa þetta mál mitt lengra og vænti þess að hæstv. ráðherra og hv. þm. allir vilji hugleiða það sem hér er á ferðinni. Það er hægt að hugleiða það alla vega hvort þetta sé ekki skoðunarvert eða eins og það var orðað í fréttinni frá ráðuneytinu í gær sem ég gat um áðan, að velta um það vöngum. Niðurstaðan af þessum vangaveltum. Og mér finnst að fleiri eigi að velta vöngum yfir þessu en bara ráðuneytismenn. Það eigi þm. að gera jafnvel þó það kosti einhverjar næturvökur. Þeir eiga að velta vöngum yfir því hvað er á ferðinni, hvort við séum að samþykkja hallalaus fjárlög eða fjárlög með gífurlegum tekjuafgangi miðað við þær forsendur sem við höfum í höndum.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína mjög langa, en að gefnu tilefni langar mig að taka hér fram út af ummælum sem voru viðhöfð um okkur í Borgarafl. í gær, að við séum að tefja þingstörfin, þá hefur einn stjórnarliði haldið ræðu í heilar 40 mínútur. Að vísu kom þar fram margt skemmtilegt og gott sem verður vonandi hæstv. fjmrh. til leiðbeiningar um þá skatta sem hér eru til umræðu.

Hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson er sammála okkur í Borgarafl. og öðrum í stjórnarandstöðu og raunar flestum þegnum þessa lands um að þær skattaálögur sem ríkisstjórnin er að setja á nú séu algjörlega óþarfar eða a.m.k. má draga mjög verulega úr þeim. Það er jafnframt von okkar sem í stjórnarandstöðu erum að hv. þm. greiði þá atkvæði þegar þessi íþyngjandi frumvörp koma til atkvæðagreiðslu og sýni í verki að hann standi við það sem hann hefur hér mælt.

Annars ætlaði ég að taka fyrir þær tollabreytingar og brtt. sem við þm. Borgarafl. gerum við það frv. sem hér er til umræðu. Þessar brtt. koma fram á

þskj. 324 og eru um breytingar á tollalögum nr. 55 30. mars 1987. Við gerum eftirfarandi breytingar á 2. gr. frv. og þá fyrst við 19. kafla. Það er þá fyrst tolltaxti 1904.1000, það er matvæli úr korni, og 1904 9000, það er matvæli úr korni einnig. Við gerum þá tillögu að tollur á þessum vörum verði lækkaður úr 30% í 0%.

Næst gerum við tillögu um það að tolltaxti 3006.5000, kassar og töskur til skyndihjálpar, lækki. Hér er E-tollur 0% en A-tollur 5%. Tillaga okkar er að A-tollur verði 0 en E falli niður. Okkur finnst engin ástæða til að tolla vörur til skyndihjálpar.

Í þriðja lagi gerum við tillögu um að tollflokkur 3604.9001 breytist. Þetta eru neyðarmerki, viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins. Hér er E-tollur 0%, en A-tollur 10%. Tillaga okkar er að A-tollur verði 0% en E-tollur falli niður og þarfnast þetta ekki nánari skýringa því ljóst er að þetta eru nauðsynleg tæki bæði fyrir skip og annað.

Næsta tillaga til breytingar á tollalögum er á tollflokki 4015.1100, hanskar til skurðlækninga. Tillaga um að A verði 0 í stað 15% en E falli brott. Það er ríkið eitt sem kaupir þessa hanska þannig að við sjáum ekki ástæðu til að taka úr einum vasanum og láta í hinn og teljum þetta raunar vera vitleysu hina mestu.

Næsta breyting er á tollflokki 8433.1100, það eru sláttuvélar fyrir útivistarsvæði og íþróttavelli, og 8433.1900, undir liðnum aðrar. Upprunalegar tillögur hljóðuðu upp á 0-toll og flytjum við tillögu um að núverandi tillögu um 30% toll verði breytt í 0. Engin ástæða er til þess að tolla þessar sláttuvélar umfram aðrar gerðir af sláttuvélum.

Næsta tillaga okkar varðar tolltaxta 8450.9000, það eru varahlutir í þvottavélar. Það er ekkert samræmi í því að leggja 15% toll á varahluti í þvottavélar auk vörugjalds á meðan varahlutir í uppþvottavélar, tollnr. 8433.9000, þurrkara 8451.9000 og kælitæki 8418.9900 eru í 0% tolli og 0% vörugjaldi. Þarna er greinilega um ósamræmi að ræða. Tillaga okkar er því að tollur verði hér 0.

Næst er það tollnr. 8509.9000, hlutir í ryksugur og hrærivélar. Hér er heldur ekkert samræmi. Varahlutir í rakvélar, tollnr. 8510.9000, hárþurrkur og straujárn 8516.9000 eru í 0% tolli og því er tillaga okkar um 0% toll hér. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur líka borið fram till. um að tækin sjálf verði í 0% tolli og því er ekkert samræmi í því að láta varahlutina bera toll.

Næst koma þrjár tillögur undir f-lið, þ.e. 8512.2000, 8512.3000 og 8512.4000, en þar sem meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir með því að þessir tollar falli niður þá geri ég ekki frekar grein fyrir því.

Hérna hefur fallið niður einn liður sem við ætluðum að hafa, nr. 8516.4009, og komum við eflaust til með að leggja fram tillögu um það á seinni stigum. Þetta eru straujárn til heimilisnota. En hér hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. greinilega hlaupið fram hjá þessu númeri þegar þeir lögðu til lækkun á tollum á öðrum smyglnæmum vörum í þessum kafla. Við leggjum því til að þetta númer verði lækkað í 0% toll til samræmis við aðrar smyglnæmar vörur. Þrátt fyrir þyngd og umfang er þetta víst allra vinsælasta ferðamannavaran frá Spáni og Glasgow.

Í tillögu okkar er næst tollnr. 8516.8001, þ.e. rafmagnshitamótstöður í tæki. Hér er mótsögn svipuð og ég lýsti áðan. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur borið fram tillögu um lækkun á tækjunum sjálfum en skilur varahlutina eftir í tolli. Við leggjum því til að tollur fari hér niður í 0%.

Næsta breyting sem við viljum gera á tollskránni er á nr. 8518.3000, það eru heyrnartól, eyrnaskjól og sambyggðir hljóðnemar, hátalarasett, og síðan er það tollnr. 8518.9000 undir þessum sama lið. Hér er enn eitt dæmi þar sem meiri hl. hefur lagt til að lækkun verði á hljóðnemum í 0% en heyrnartól og einnig sambyggð heyrnartól og hljóðnemar, svo og varahlutir í þessi tæki, eru öll skilin eftir. Tillaga okkar er því að setja þetta einnig í 0% toll.

Næst er það tollnr. 8519.2100. Það eru plötuspilarar og snælduspilarar og undir því 8519.2900, varahlutir. Hér er nú til dags um mjög smyglnæma vöru að ræða. Er mjög vinsælt að kaupa svonefnda geislaspilara erlendis en það fer mjög lítið fyrir þessum tækjum. Hluti ríkisins í söluverði slíks tækis er hins vegar mjög hár hér á landi. Við höfum allir fengið senda útreikninga Félags ísl. stórkaupmanna þar sem sýnt er fram á að hlutur ríkisins af einum slíkum spilara og 10 geisladiskum er um 15 þús. kr. eða andvirði flugmiða til London með gistingu í þrjá daga. Við leggjum því til að tollur af þessum vörum, plötuspilurum og snælduspilurum, verði 0.

Næst er það liður 8520.2000, það eru símsvarar og svo 8520.3100, segulbandstæki fyrir snældur. Þegar símtæki í tollflokki 8517.1000 eru komnar í 0% og ekkert vörugjald þá er ekkert samræmi í því að símsvarar séu í 30% tolli og beri auk þess vörugjald. Einnig eru segulbandstæki fyrir snældur vinsæl og mjög smyglnæm vara og því er lagt til að hvort tveggja verði sett í 0% toll.

Næst er það 8527.1100, útvarpsviðtæki og sambyggð útvarps- og hljóðupptökutæki, og síðan 8527.2100. Hér gilda sömu rök og á undan. Oftast eru þetta lítil ferðatæki sem einnig eru smyglnæm vara. Lagt er til að tollur verði hér færður í 0%.

Næst er tollnr. 8537.1000, bretti, töflur, stjórnborð o.fl., og síðan 8537.2000. Hér er eitt ósamræmið enn. Fullbúnar töflur og stjórnborð í þessum kafla, þ.e. stjórnborð fyrir 1000 volta spennu eða minna í tollnr. 8537.1000 eða fyrir 1000 volt eða meira í tollnr. 8537.2000, eiga skv. frv. að bera 30% toll en hlutar í þessar töflur og stjórnborð í næsta tollnr. 8538.1000 og 8538.9000 eru gjaldlausar. Þetta þýðir að menn flytja inn hlutina og eru svo að basla við að setja þetta saman með misjöfnum árangri. Við leggjum því til að tolltaxti verði hér 0.

Þá er það tollnr. 9603.2100. Þetta eru tannburstar. Hér leggjum við til að tolltaxti í A-dálki verði 0 í stað 10 og E falli brott. Við skulum frekar ýta undir að tannhirða aukist heldur en vera að tolla

áhöld til slíkra hluta.

Síðan kemur 8509.8000. Það eru önnur rafmagnsheimilistæki. Hér eru önnur rafmagnsheimilistæki sem ekki eru sérstaklega nefnd í tollskránni. Hér mundu t.d. rafmagnstannburstar vera og ættu að bera 15% toll auk vörugjalds. Slík tæki eru heilbrigðistæki og því er lagt til að þessi tolltaxti, þ.e. 8509.8000, verði settur í 0.

Síðan viljum við bæta inn í 7. gr., það er viðbót við 93. kafla og verður nr. 9306.3001. Þar komi þá nýtt númer sem verður 9306.3002, skothylki fyrir markbyssur. Hér er um algjört smáatriði að ræða, en við leggjum til að tollur verði þarna 0. Eins og ég sagði þá er þarna um algjört smáatriði að ræða en sem snertir hins vegar starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Við þm. Borgarafl. erum alltaf á varðbergi þegar hlutur íþróttahreyfingarinnar er fyrir borð borinn. Því leggjum við þetta til.

Að síðustu leggjum við til að tolltaxti 9603.2100 í dálki A verði 0 en E falli brott. Þetta munu vera, eins og ég sagði áðan, tannburstar.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem við þm. Borgarafl. gerum á frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55 30. mars 1987, tollalögum. Vonast ég eftir að við fáum hljómgrunn, en eins og ég hef rakið, þá eru allar þessar breytingar annaðhvort til samræmingar eða þá að þær eru í þeim tilgangi settar fram að þær eru til að þjóna ákveðnum hópum manna sem ekki ættu að þurfa að borga toll af þeim vörum sem þeir nauðsynlega þurfa á að halda.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu eitt af þremur viðamiklum tekjuöflunarfrv. þessarar ríkisstjórnar, frv. til laga um breytingar á tollalögum. Öll eru þessi mál borin fram af hæstv. núv. fjmrh. sem er formaður þess stjórnmálaflokks íslensks sem kennir sig við jafnaðarmennsku. Það stef sem þau eru samin eftir, eins og önnur veigamikil skattafrv. þessarar ríkisstjórnar, hefur þrjá megintóna: Einföldun, skilvirkni og réttlæti.

Við lestur frv. kemur í ljós að þriðji tónninn í stefinu er falskur. Hann syngur ranglæti í stað réttlæti. Og þessi falski tónn hljómar reyndar hæst í því frv. sem varðar söluskatt þar sem hæstv. fjmrh. hyggst leggja söluskatt á lífsnauðsynjar eins og matvæli. En að því mun ég víkja nánar síðar þegar það mál verður rætt.

Þessi frumvörp voru rædd á mörgum nefndarfundum í fjh.- og viðskn. deildarinnar en þar átti ég áheyrnaraðild. Kom til nefndarinnar fjöldi fulltrúa ýmissa hópa sem reyndar hefur verið minnst á hér áður í máli annarra og mun ég ekki hirða um að tíunda þá. Þetta voru hópar beinna eða óbeinna hagsmunaaðila og þeir gerðu grein fyrir máli sínu og var það ýmist að beiðni nefndarinnar eða að þeirra eigin ósk að þeir sóttu fundi hennar. Kom fljótlega í ljós að einungis takmarkaður hópur hagsmunaaðila hafði verið í viðræðum eða samráði við fjmrn. meðan á vinnslu frumvarpanna stóð, einkum við lokaáfanga verksins þegar síðasta mótun þess fór fram. Var þar um að ræða samstarfsráð Félags stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin og Verslunarráðið og Félag ísl. iðnrekenda. Má segja að málin snerti þessa aðila vissulega þar sem um er að ræða álagningu á innfluttar vörur og vörur framleiddar hérlendis.

Hins vegar kom einnig í ljós að ýmsir aðrir aðgljósir hagsmunaaðilar höfðu litla eða enga vitneskju um vinnslu þessara veigamiklu mála í ráðuneytinu, t.d. Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. samvinnufélaga. Voru allir þessir aðilar bæði vonsviknir og undrandi yfir því að engin samráð voru höfð við þá. Vissu þeir reyndar ekki af málinu fyrr en stjórnarandstaðan kallaði fulltrúa þessara samtaka á fund nefndarinnar, þ.e. þeir vissu ekki hvernig vinnslu málsins var háttað eða hverja stefnu það átti að taka þó að allir hefðu þeir grun um að þessi mál væru í undirbúningi hjá ráðuneytinu. Þetta er auðvitað mjög miður. En ég hygg að fjmrn. muni eiga kost á því að hitta a.m.k. fulltrúa sumra þessara hópa á næstunni, einkum þó og sér í lagi fulltrúa launþega sem munu eiga eitthvað vantalað við fjmrn. í náinni framtíð.

Annað er svo það er lýtur að almennum vinnubrögðum stjórnarinnar í þessum málum, en þau eru forkastanleg. Hér er dembt inn á þingið efnismiklum og flóknum málum sem varða hag allra landsmanna og gefst tæpast nokkur tími hvorki fyrir stjórnarliða né stjórnarandstæðinga til að kynna sér eða gaumgæfa þau, hvað þá að tóm sé til þess að láta sér renna í grun hverjar afleiðingar og hver áhrif þessi mál muni hafa nema að mjög takmörkuðu leyti. Meðan við þm. deildarinnar höfum verið önnum kafin við störf í deildinni í dag og á þingflokksfundum hafa komið hingað til deildarinnar margháttaðar brtt. eða fleiri en 40 tillögur frá meiri hl. í fjh.- og viðskn. Þessar tillögur eru auðvitað unnar af embættisfólki í ráðuneytinu og hefur varla gefist nokkur stund til að kynna sér í hverju þær eru fólgnar. Þetta nær náttúrlega engri átt og sýnir gleggst í raun hversu tæplega málin voru undirbúin og hversu illa var að þeim staðið að mörgu leyti að þau skuli þurfa svona mikilla breytinga við eftir að hafa verið hér einungis nokkra daga í meðförum nefndarinnar. Í raun er þetta frekleg móðgun við það lýðræði sem okkur er ætlað að vera fulltrúar fyrir hér á Alþingi. Það þýðir í raun að Alþingi sjálfu er óvirðing sýnd með svo hroðvirknislegum vinnubrögðum. Ég hlýt að mótmæla því. Reyndar langar mig að bera fram spurningu til hæstv. fjmrh. ef hann má vera að því að hlusta, en hann situr fund í hliðarherbergi: Hvers vegna koma málin svo seint til Alþingis? Er það vegna þess að hæstv. ráðherra er að skapa tímaþröng af ásettu ráði, af pólitísku bragði sínu, eða bragðvísi sem hann kynni að kalla, til þess að tryggja það að þau verði e.t.v. samþykkt vegna þess að svo naumur tími gefist til að gaumgæfa þau. Þorir hann hreinlega ekki að

láta þingið hafa tíma eða tækifæri til þess að fletta í gegnum þessi mál og kynna sér þau náið? Er hann af ásettu ráði að skapa þessa tímaþröng eða liggja til þess aðrar ástæður? Hvers vegna koma málin svona seint?

Stjórnarandstaðan hefur reyndar valið að standa saman gegn þessum vinnubrögðum og leggur sameiginlega til á nál. á þskj. 310 að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við treystum okkur einfaldlega ekki til þess að vera samábyrg um svo hroðvirknisleg vinnubrögð, en teljum mun viturlegra og eðlilegra að málinu verði vísað til ríkisstjórnar svo að unnt sé að taka til við umfjöllun þess að jólaleyfi loknu. Þannig fær það og þessi mál öll ítarlega og vandaða umfjöllun, þá umfjöllun sem þau eiga skilið. Þessi ákvörðun stjórnarandstöðunnar, sem Kvennalistinn er aðili að, stafar ekki af því að við teljum það ekki sjálfsagt og brýnt t.d. að afgreiða þetta mál um breytingu á tollalögum. Við álítum það í raun óhjákvæmilegt að gildistöku nýrrar tollskrár verði flýtt, en með því skilyrði að meðferð málsins verði vönduð.

Og þá vil ég víkja að einu sem kom glögglega fram á fundum nefndarinnar í tali hagsmunaaðilanna sem heimsóttu hana. Þegar þeir voru spurðir beinna spurninga: Hvers vegna finnst ykkur liggja á því að samþykkja þessi mál nú fyrir áramót? Hvaða ástæður teljið þið til þess að brýnt sé að koma þessum málum í gegnum þingið núna fremur en að bíða þangað til eftir jólaleyfi? Þá kom í ljós að það voru í raun engar ríkar ástæður fyrir því að samþykkja þessi mál endilega núna, heldur virtust þessir menn, sem ekki eru inni á Alþingi, hafa þá skoðun að eini tíminn sem nokkur möguleiki væri til þess að fá eitthvað samþykkt í lagaformi út úr þessu Alþingi væri annaðhvort fyrir jól eða fyrir þinglok á vorin. Og þá vildu þeir fremur fá það fyrr en síðar, jafnvel þó að ýmsar villur og jafnvel slæmar villur og margar villur kynnu að slæðast með. Það var engin önnur brýn ástæða í raun og veru. Mér finnst þessar ástæður ekki nógu veigamiklar. Og mér finnst þessi vinnubrögð á þinginu ekki vera rétt. Það væri miklu eðlilegra að mál væru samþykkt með jöfnum hraða og unnið að þeim með jöfnum hraða, þau mál sem samstaða næst um, fremur en það skapist þetta öngþveiti, þessi vertíðartími, annaðhvort fyrir jólaleyfi þm. eða í lok þings á vorin, vegna þess að þetta kostar svo margar skyssur. Við höfum margreynt þetta. Á þeim stutta tíma sem ég hef starfað hér, undanfarin fjögur ár, hefur það margoft komið í ljós að veigamiklir lagabálkar hafa verið keyrðir í gegnum þingið á síðustu dögum þingsins og menn hafa jafnvel vitað til þess að í þeim voru miklir gallar en látið sig hafa það og ákveðið að reyna að taka málin upp síðar.

Ég legg sem sé áherslu á að það er ekki vegna andstöðu við þetta sérstaka mál að við leggjum til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er fyrst og fremst vegna þess að við teljum að málið þurfi að vinna betur. Flestum okkar hefur ekki gefist tóm til að gaumgæfa ýmsa þætti í þessu frv. Hefði ég kosið að hafa mun lengri tíma til þess að vinna upp t.d. brtt. en við kvennalistakonur höfum takmarkað okkur við ákveðin atriði sem okkur þykir vanta í þetta frv. og hin tvö, sem voru reyndar kærkomið tækifæri fyrir þessa ríkisstjórn að sýna nútímalega hugsun og nútímaleg vinnubrögð, t.d. með því að fylgja viðurkenndri manneldisstefnu, sem borin hefur verið fram hér á þinginu bæði á síðasta kjörtímabili og mun einnig verða gert á þessu þingi. Það þýðir ekki að hægri höndin geri annað en sú vinstri og öfugt. Þær verða að haldast í hendur því annars næst ekki árangur, hvorki í forvarnarstarfi í heilbrigðismálum né á nokkrum öðrum sviðum. Það verða að vera samræmd vinnubrögð ef árangur á að nást.

Til nefndarinnar barst reyndar erindi frá formanni Manneldisfélags Íslands. Erindi hans er í raun samhljóða þeim manneldismarkmiðum sem Manneldisráð hefur lagt fram. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta erindi vegna þess að við kvennalistakonur höfum ákveðið þó að það væri ekki nema sem sýnikennsla fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að hann virtist vera allsendis ófróður um þessi mál, enda hafði hann ekki hirt um að senda fulltrúa sinn á fund Manneldisfélags Íslands þegar það hélt ráðstefnu. Honum var sérstaklega boðið að senda fulltrúa sem hefði kannski getað tekið tillit til þessara sjónarmiða hefði hann sótt ráðstefnuna áður en frv. voru samin. En mig langar lítillega að víkja að þessu erindi sem er ekki langt og lesa það, með leyfi forseta:

„Formaður Manneldisfélags Íslands var boðaður á fund fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis þann 14. des. 1987. Vegna þeirrar umræðu sem þar fór fram vill félagið koma eftirfarandi tillögum og skoðunum á framfæri:

Miðað er við tillögur ríkisstjórnarinnar um 25% söluskatt á matvælum og nær undantekningarlaust afnám tolla. Lagt er til að ákvarðanir um tolla, vörugjöld og niðurgreiðslur verði teknar með tilliti til manneldismarkmiða og það eru reyndar þær tillögur sem við berum fram við þessi þrjú frumvörp:

1. Grænmeti, nýir ávextir, brauð og grófar kornvörur, fiskur og fiskafurðir. Engir tollar eða vörugjöld verði lögð á þessar vörur. Félagið fær ekki séð að afnám tolla á grænmeti hafi áhrif á stöðu garðyrkjunnar í landinu því þegar íslenskt grænmeti er á markaðnum er í gildi innflutningsbann á viðkomandi grænmetistegundir. Ef álagning söluskatts leiðir til hækkaðs verðs á ofangreindum vörutegundum þá verði vörurnar niðurgreiddar. Ef niðurgreiðslum verður ekki við komið leggur félagið til að söluskattur verði lægri en 25% eða ekki lagður á þessar vörutegundir þannig að ekki komi til verðhækkunar.

2. Dilkakjöt. Við ákvörðun niðurgreiðslna verði tekið mið af því að dilkakjöt hækki eins og annað kjöt.

3. Mjólk og mjólkurafurðir. Niðurgreiðslum

verði þannig hagað að fituminni afurðir lækki í verði. Er hér átt við vörur eins og léttmjólk, undanrennu, skyr, osta undir 20% fita, léttjógúrt og mysu. Léttmjólk skal þannig vera ódýrari en nýmjólk. Ráðstöfun þessi gæti leitt til hækkunar á vissum mjólkurvörum, t.d. viðbiti.

4. Sælgæti, gosdrykkir, aðrir sykraðir drykkir, t.d. maltöl, kex og safar. Tillaga ríkisstjórnarinnar er 14% vörugjald. Ákvörðun vörugjalds taki mið af því að vörur þessar hækki í verði fremur en að verð lækki eða haldist óbreytt. Undantekning frá þessu eru hreinir safar og er lagt til að ekkert vörugjald verði lagt á slíkar vörur. Einnig gæti komið til álita að vörugjald á ofangreindum vörutegundum yrði lækkað ef verð á sykri yrði hækkað, sbr. 5. tölul.

5. Sykur. Vörugjald á sykri verði ekki lægra en vörugjald það sem lagt verður á þær vörur sem fjallað er um í 4. tölul. Þá verði hæsti tollur, þ.e. 30%, lagður á sykur. Ef hæsti tollur er ekki bara lagður á sykur sem seldur er í neytendaumbúðum, heldur einnig sykur til iðnaðarnotkunar gæti orðið nauðsynlegt að setja toll á sykraðar neysluvörur, svo sem sælgæti, gosdrykki og aðra svaladrykki, kex, kökur og sultur. Tilgangur þessara aðgerða væri að tryggja að innlend framleiðsla yrði samkeppnisfær við aðrar innfluttar vörur. Ef tollur er lagður á sykur til iðnaðarnotkunar og sykraðar vörur kæmi til álita að lækka vörugjald sem nefnt er undir 4. tölul.

Að lokum má geta þess að æskilegt er að verðlagningu verði þannig hagað, að grófar kornvörur verði ódýrari en sigtaðar og fínmalaðar vörur, heilhveiti ódýrara en hveiti. Jafnframt að kökur og sætabrauð hækki í verði eins og aðrar sykraðar vörur."

Við höfum að mörgu leyti tekið tillit til þessara sjónarmiða í þeim brtt. sem við höfum gert við frv. um breytingar á tollalögum. Því höfum við gert *eftirfarandi breytingar við 2. gr. frv. og ég mæli fyrir* brtt. sem fulltrúar Kvennalistans í deildinni flytja, þ.e. Danfríður Skarphéðinsdóttir og sú sem hér talar.

Það er þá í fyrsta lagi: Tollur á vörum í tollnr. 0701 — og til þess að hv. þingdeildarmenn geti fylgst með og viti hvað um er að ræða, því að hér fer svo margt fram þessa dagana sem erfitt er að glöggva sig á, þá er hér um að ræða grænmeti án þess að ég hirði um að telja upp tegundir — og ég vil vísa mönnum á bls. 17 í frv. um breytingar á tollalögum, það er 7. kaflinn um matjurtir og tilteknar rætur og hnýði, og þarna er fyrst og fremst um að ræða ýmsar tegundir af grænmeti og er gert ráð fyrir að tollur á grænmeti falli niður. Þetta á bæði við um nýtt kælt, fryst og niðursuðugrænmeti.

Síðan er í öðru lagi gerð brtt. á tollvörum með tollnr. 1701.1100 til 1703.9009. Þar er aftur á móti ekki felldur niður tollur heldur er lagður 30% tollur á og það er 17. kafli á bls. 40 um sykur og sætindi af öllu tagi. Ástæðurnar fyrir þessari álagningu eru fyrst og fremst þær að við Íslendingar erum mestu sykurætur í heimi. Þetta sykurát leiðir til þess að tannheilsa okkar er verri en flestra nágrannaþjóða og þjóða í okkar heimshluta. Þessi slæma tannheilsa stafar bæði af miklu sætindaáti, en einnig af lélegri tannhirðu. Og þarna er kjörið tækifæri til þess að hafa áhrif á tannheilsu barna einkum og sér í lagi, en auðvitað allra. Ég hirði ekki um að lesa nánar hverjar tegundir af sætindum þarna er um að ræða. Það geta þm. sjálfir gert því að ekki ætla ég að tefja þessa umræðu.

Þá gerum við í c-lið breytingar á tollskránni við tollnr. 2001.1000 til 2005.9000, en það varðar 20. kaflann á bls. 45. Þar er um að ræða framleiðslu úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum. Þar leggjum við til að tollur verði felldur niður. Og þetta varðar reyndar líka sætindi og gosdrykki.

Við höfum valið að gera ekki fleiri breytingar þó að ýmsar fleiri breytingar væru í raun bæði aðkallandi og freistandi. Það eru t.d. ýmsar vörur sem varða sérstaklega ungbörn og börn, og þá um leið foreldra ungra barna, og mundu koma sér mjög vel ef tollum af þeim væri breytt. Síðan væru ýmsar aðrar breytingar sem ástæða væri til að spyrjast fyrir um og vil ég þá sérstaklega nefna t.d. skriðdreka sem lækka úr 45 í 30% toll án þess að ég skilji hvers vegna. Geimför og skotvagnar fyrir geimför lækka úr 35% tolli í 0. Það eru ýmis önnur atriði af þessu tagi, t.d. lækka byssur og hernaðarvopn úr 60% í 30% toll. Ég býst ekki við að það sé mikill innflutningur á þessum tækjum þannig að það skiptir kannski ekki meginmáli fyrir ríkissjóð. Hins vegar er hér auðvitað um að ræða grundvallaratriði. Þarna er um að ræða grundvallaratriði í siðfræði þó ekki væri annað. Og það er líka um að ræða grundvallaratriði í pólitík.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt, en vil einungis endurtaka að það er ástæða til að gera ýmsar *breytingar við þetta mál. Það er engin ástæða til* þess að tefja það í raun heldur á það skilið hinn vandaðasta málflutning og umfjöllun og þess vegna legg ég til að ríkisstjórnin fari með það heim til sín yfir jólin og þm. allir gaumgæfi það og komi síðan ferskir að jólaleyfi loknu og sinni málinu þá af alúð og afgreiði það fljótlega eftir að þing kemur saman á nýjan leik þegar nægur tími hefur gefist til þess að vanda *vinnubrögðin eins og okkur sæmir og málunum líka.*

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt, tefja ekki þessa umræðu úr hófi, en eins og fram hefur komið við þessa umræðu fyrr í kvöld hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og 7. þm. Reykv., þá kom ég með nokkrar athugasemdir og ábendingar við 1. umr. þessa frv. varðandi vörur í einstaka tollskrárflokkum sem ég taldi að þyrfti að breyta, þ.e. að lækka eða fella niður tolla á.

Nefndin hefur tekið þessar ábendingar mínar til greina og vil ég þakka það sérstaklega. Með þeim breytingum er farin skynsamleg leið sem stuðlar að því að lækka verð á hlutum í farartæki sem væntan-

lega stuðlar að auknu umferðaröryggi. En það eru einmitt oftast þeir efnaminni sem eiga gömlu farartækin sem þurfa viðhald og því er brýnt að varahlutir séu ekki í háum tollflokkum þannig að verði þeirra verði í hóf stillt.

Það kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að nefndin hafi hugsað um samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu, svokallaðrar verndarvöru, t.d. með hækkun tollaflokks á álpönnum. Einnig kom fram í umræðunni að fulltrúar garðyrkjubænda hefðu komið á fund nefndarinnar varðandi innflutning grænmetis og plantna eða blóma, pottaplantna. Ég vil benda á að það er ekki síður þörf á að taka tillit til samkeppnisaðstöðu íslenskrar framleiðslu á grænmeti og blómum, t.d. afskornum blómum, sem er mjög viðkvæm vara og lítt geymsluþolin, en þau eru í 30% tollaflokki, pottablómin hins vegar ekki. Ég vil því taka undir það að hagsmuni þessara aðila þarf að tryggja á sama hátt og varðandi aðrar verndarvörur, t.d. eins og álpönnurnar sem ég nefndi hér áðan.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði hvað væri á móti því að fresta gildistöku frv. til 1. mars. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá hv. 6. þm. Reykv. Hv. 7. þm. Reykv. spurði: Hvað er á móti því að fresta lækkun tolla? Mér finnst nú vera ýmislegt sem mælir á móti því, t.d. ef horft er til heimilanna, sem hv. 7. þm. Reykv. ber fyrir brjósti eins og sú sem hér stendur, og reyndar flokkurinn sem hún tilheyrir og ber heitið Sjálfstfl., en hv. 7. þm. Reykv. kýs að nefna „íhaldið" þegar þannig liggur á honum og er það ekki nema af hinu góða. En málið er það að þegar horft er til heimilanna er allt sem mælir á móti því að fresta gildistöku frv. Þess vegna get ég ekki fallist á þá tillögu jafnvel þó að í ljós eigi eftir að koma að fleiri agnúa þurfi að sníða af þessu frv., eins og t.d. kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. að það væri æskilegt að skoða fleiri þætti frv. Ég get tekið undir það. Það er ýmislegt fleira sem maður hefði gjarnan viljað fá lagfært. En kostirnir eru að mínu mati miklu þyngri á metunum. Þess vegna mun ég styðja það að frv. verði afgreitt í þeirri mynd sem meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. leggur til.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. beindi þeirri spurningu til mín hvernig á því stæði að á undirbúningsstigi við gerð tolla- og vörugjaldsfrv. hefði verið haft samráð aðila eins og Félags ísl. iðnrekenda og samráðsnefnd verslunarinnar eða vinnunefnd þeirra samtaka um tollamál. Þessu hef ég reyndar þegar svarað áður og svarið var einfaldlega það að það þótti rétt að gefa þessum aðilum kost á að koma á framfæri athugasemdum, ábendingum um sitthvað sem miður mætti fara, við gætum nefnt vansmíði eða galla á flokkunarkerfum þessara frv. tæknilega séð, leita álits á samræmingaratriðum varðandi skylda vöruflokka, heyra álit á hugsanlegum mismununaráhrifum o.s.frv. áður en málið yrði talið tæknilega fullunnið og tekið til pólitískrar umfjöllunar. Það var ekki leitað til þessara aðila um stefnumótun í málinu heldur var verið að leita eftir ábendingum sem miðuðu við reynslu þessara aðila sem eru einmitt þeir sem hafa praktíska reynslu í atvinnu- og viðskiptalífi af slíkum hlutum. M.ö.o.: Þetta var viðleitni til þess að vanda vinnubrögð og koma í veg fyrir hugsanlega tæknilega vankanta eða missmíð á gripunum. Annað bjó þar ekki að baki.

Að því er varðar stefnumótunina þá kom hún að sjálfsögðu fram þegar í stað í stjórnarmyndunarviðræðum og í starfsáætlun ríkisstjórnar. Hin endanlega niðurstaða um útfærslu á þessari heildarkerfisbreytingu kallaði hins vegar á náið samráð á milli stjórnarflokka, og hin endanlega niðurstaða, hið pólitíska samkomulag sem tókst um útfærsluna tókst ekki fyrr en giska seint. Að vísu var það svo að fulltrúar þingflokka stjórnarflokkanna höfðu aðstöðu til þess að fylgjast með málinu seinasta hálfa mánuðinn hygg ég. Einnig út frá sömu sjónarmiðum að fylgjast með gerð þess og vinnslu og fá tíma til þess að leita eftir athugasemdum annarra aðila.

Hitt er svo annað mál, eins og fram kom í umræðum hér áður, að það var ekki dagamunur á því að málið væri kynnt og rætt í þingflokkum stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga. Eins og fram kom við 1. umr. þá var það sama daginn sem þessi endanlega útfærsla á tollum, vörugjaldi og söluskatti var kynnt oddvitum stjórnarandstöðuflokkanna og þingflokkum stjórnarliða.

Eins og ég hef tekið fram áður þá þýðir þetta ósköp einfaldlega það að sú staðreynd að málin voru síðbúin stafaði ekki af neinni meinbægni í garð stjórnarandstöðuflokka, það stafaði ekki af neinni fyrirlitningu á þingræðinu, það stafaði af því að tímaáætlun um þetta verk fór úr skorðum. Og það stafaði af því að það tók lengri tíma en ætlað var að ná pólitískri samstöðu milli stjórnarflokkanna um þá endanlegu útfærslu sem á málinu varð. Þessu hefur þegar verið yfirlýst. Þessu hefur þegar verið áður svarað.

Hitt er svo annað mál að þetta mál er í heild sinni búið að vera í undirbúningi og í meðförum þings miklu lengri tíma. Það kom ágætlega fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem rifjaði það upp að hann hefði átt verulegan hlut að máli þegar þetta mál, þ.e. endurskoðun tollalaga, var í undirbúningi árið 1984. Það hefur verið lagt fyrir þing áður en því miður þá varð ekki úr framkvæmdinni og á því eru ákveðnar pólitískar skýringar, trúi ég. Menn treystu sér ekki til að fylgja þessari breytingu eftir til enda. Málið hefur m.ö.o. verið lengi á dagskrá. Það er ekki að koma fyrir Alþingi í fyrsta sinn þessa dagana, fjarri því, þannig að þetta er ekki eins og að manna hafi dottið af himnum ofan. Þetta er þvert á móti mál sem hefur átt sér áralangan aðdraganda.

Það er kannski til marks um það að þm. eru orðnir býsna vel að sér í ýmsum smáatriðum frv. eins og vel kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Ágústssonar sem bar hér enn fram fsp., sem mér skilst að hafi verið lögð fram í hv. fjh.- og viðskn. og laut að

því merkilega atriði að varahlutir í þvottavélar bæru 15% toll en varahlutir í uppþvottavélar 0% toll, hvort þetta væri ekki dæmi um vankant, missmíði eða hugsanavillu. Því mun hafa verið svarað kyrfilega á staðnum í umfjöllun fjh.- og viðskn., að þetta væri nú einmitt á ærnum rökum reist. Flokkunin byggir m.ö.o. á þeirri hugsun að varahlutir, sem einkum og sér í lagi eru nýttir í þágu atvinnurekstrar, eru núllstilltir, en 15%-flokkurinn varðar fremur einkaneysluþáttinn. Enda þótt uppþvottavélar séu kannski á hverju heimili þá eru þær fyrirferðarmestar og dýrastar í atvinnurekstri, hvers kyns efnaverksmiðjum, gosdrykkjaverksmiðjum o.s.frv., mötuneytum, veitingahaldi, hótelrekstri. Og það er reyndar skýringin á þessu máli. En þetta og fleiri *dæmi lík, eins og spurningar um saltstein o.fl.*, bendir til þess að menn hafi notað tímann vel til þess að rýna ofan í smáatriðin, og er það vel. Kannski bendir það til þess að það sé ekki svo mikil fljótaskrift á málinu. Hitt er auðvitað nákvæmlega rétt, sem fram kom í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að það þarf ekki við því að búast að ekki verði einhverjir vankantar á málinu og hefði svo verið hversu langan tíma sem þing hefði gefið sér til þess að rýna í það. Mannanna verk eru nú ekki fullkomnari en svo.

Það sem ég vil síðan svara nokkrum orðum eru fsp. og röksemdafærsla sem fram var færð af hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni. Það sem veldur honum áhyggjum er að tekjuáætlun fjárlagafrv. kunni að vera ofmetin, að tekjutap af vörugjaldi kunni að verða minna en þar er áætlað og að tekjuauki af söluskattsbreytingunni kunni að verða meiri en áætlað er. Fyrir utan þær skoðanir sem hv. þm. hefur áður viðrað og kennt hefur verið við hugmyndir svokallaðrar „hallanefndar". Þegar verið er að meta tekjuöflunaráformin og spurninguna um það hvort unnt sé að ná jöfnuði í ríkisfjármálum miðað við þessi tekjuöflunaráform, þá þarf að vísu að líta á báðar hliðar, tekju- og gjaldahlið. Miðað við þær forsendur sem við gefum okkur eru kannski nokkur áhöld um það hvort jöfnuði verði náð vegna þess að við vitum það ekki enn nákvæmlega hvar verður lendingarstaður á útgjaldahlið. Þó mun það væntanlega ekki muna mjög stórum upphæðum. Um tekjuhliðina er það einfaldlega að segja að hún hefur ekki verið sett hér fram órökstudd og hún byggir á mjög skilmerkilegum forsendum. Forsendurnar að því er varðar tollana eru tiltölulega ótvíræðar. Það er ekki svo mjög ástæða til að ætla að *vafaatriðin í því mati séu mjög stór.*

Að því er varðar vörugjaldið þá er hægara að meta tekjuáhrifin af því nú vegna þess hversu gjaldstofninn er afmarkaður einmitt við þá breytingu að þeim sem eru gjaldendur vörugjaldsins fækkar mjög verulega. Þá má segja að af því leiði tvennt: Í fyrsta lagi að það er hægara með nokkurri vissu að áætla tekjur af því og í annan stað að það má gera ráð fyrir bættri innheimtu.

Að því er varðar því næst söluskattinn, þá eru forsendurnar að sjálfsögðu þær að menn reyna að meta gjaldstofninn, sjálfan skattstofninn, og því næst er söluskatturinn, söluskattsprósentan út af fyrir sig einfalt reikningsdæmi af þeim stofni. En hvernig er hann metinn? Er gert ráð fyrir því í þessu dæmi að eftirspurn eða heildarkerfisbreytingin hafi eftirspurnaráhrif? Já, það er gert. Við reynum að meta fyrir utan reikningsdæmið sjálft bæði líkleg eftirspurnaráhrif og bætt innheimtuáhrif. Hvort tveggja er inni í tekjuáætlun fjárlaga. Svo ég nefni dæmi þá er gert ráð fyrir meiri veltubreytingum í söluskatti og tolli en almennt er gert ráð fyrir í mati Þjóðhagsstofnunar í þjóðarbúskapnum, þ.e. um rúmlega 2% samanborið við 1% í þjóðarútgjöldum alls að mati Þjóðhagsstofnunar. Þannig er reynt að taka tillit til þess.

Annað sem þetta byggir á er ellefu mánaða reynsla af veltubreytingum það sem af er árs og mat á reynslu af innheimtu og þeim breytingum sem urðu á söluskattskerfinu á miðju sumri. Sú reynsla er út af fyrir sig takmörkuð en matið á þessari ellefu mánaða reynslu af veltubreytingunni er hins vegar það sem við er hægt að styðjast.

Það er ástæða til þess að leiðrétta það að söluskattur hafi nú verið lagður á því sem næst alla skapaða hluti. Því fer fjarri. Söluskattsstofninn hefur verið breikkaður í áföngum en það er enn átæða til að minna á, sem svo rækilega oft kemur fram í söluskattsfrv., að það eru mjög veigamiklir þættir sem eru undanþegnir söluskatti og verða að vera það að óbreyttu. Söluskattsstofninn verður ekki breikkaður öllu meira. Það er hins vegar unnt að gera í virðisaukaskattskerfi. Það sem ég á hér við er það að öll aðföng, vélar, tæki og hráefni iðnaðar og framleiðslu eru undanþegin söluskatti eftir sem áður. Söluskattur er lagður á á lokastigi framleiðslu og til þess að draga úr uppsöfnunaráhrifum hans þá eru mjög veigamiklir völuflokkar, eins og upp eru taldir í söluskattsfrv., undanþegnir.

Þá er að víkja að athugasemdum hv. þm. um þær breytingar sem verða í vinnslu fjárlaga frá fjárlagafrv. til endanlegra fjárlaga. Hv. þm. birti nokkrar tölur um þetta, en spurningin er hvað beri að álykta af þessu. Það er í fyrsta lagi á það að benda að verðlagsforsendur fjárlagafrv. hafa náttúrlega verið breytilegar frá ári til árs. Oft hafa fjárlögin verið reist á forsendum árslokaverðlags og þá leiðir af sjálfu sér að áður en menn ganga frá fjárlögum til 3. umr. er reynt að gera breytingar frá því sem hafa verið forsendur fjárlagafrv. Nú vill svo til að fjárlagafrv. er byggt á áætluðum verðlagsforsendum ársins 1988 þannig að þess er að vænta að breytingar frá frv. til endanlegra fjárlaga af þeim sökum verði minni en ella, enda sýnist mér að stefni í það. Tölurnar sem hv. þm. nefndi um þetta voru 1985 15,3%, 1986 12,9% og 1987 7,6%. Án þess að ég vilji gefa mér endanlegar tölur um niðurstöður fjárlaga á gjaldahlið þá sýnist mér ljóst að breytingin frá frv. til fjárlaga verði innan við 3%. Skýringin er fyrst og fremst sú að verðlagsforsendurnar sjálfar taka

minni breytingum en oft hefur verið áður.

Þá er það spurningin um það hvort breytingar sem verða á mati manna á vergri landsframleiðslu á árinu þýði að við getum gert út á þær breytingar. Hv. þm. tók það dæmi að nú yrði landsframleiðsla á seinni hluta árs 1988 hugsanlega metin 10 milljörðum meiri, þ.e. 250 milljarðar í stað 240 nú. Og hvað mundi það þá þýða? Það væri ekkert óeðlilegt ef þetta er fyrst og fremst vegna breytilegra verðlagsforsendna á árinu. Ef það er það fyrst og fremst sem breytir niðurstöðum vergrar landsframleiðslu, þá erum við auðvitað aðeins að tala um krónutöluhækkun fjárlaga en ekki raungildishækkun þótt fjárlög breyttust til samræmis við verga landsframleiðslu, þ.e. ef það væri um fjórðungur af þessari upphæð eða um 2½ milljarður. Það mundi ekki skila okkur neitt auknu raungildi. Hlutfallið yrði þá hið sama af vergri landsframleiðslu. Það er ástæða til þess að staldra við þetta atriði vegna þess að í þeirri fréttatilkynningu sem farið hefur frá fjmrn., þar sem skattadæmið er skýrt af okkar hálfu, þá er reyndar í ljósi áætlaðra veltubreytinga verg landsframleiðsla þar metin á 245 milljarða, þ.e. í töflunni þar sem verið er að meta skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, þá er hún metin sem 24,2% af vergri landsframleiðslu, sem í okkar forsendum er metin 5 milljörðum meiri en gert var í september á sl. hausti.

Þá er að líta á spurninguna um það hvort breytt reikningsfærsla á reikningsskilum ríkissjóðs í A-hluta í líkingu við það sem hv. þm. hefur reifað hugmyndir um, þ.e. að færa millifærslusjóði eins og byggingarlánasjóðina, Lánasjóð ísl. námsmanna eða aðra slíka sjóði inn í A-hluta fjárlaganna, hvaða áhrif það í raun og veru hafi. Ég leyfi mér af því tilefni að vitna í ummæli forvera míns, hæstv. fyrrv. fjmrh. og núv. hæstv. forsrh., sem í viðtali í Morgunblaðinu 26. nóv. lýsir sinni skoðun á þessu máli. Tilefnið er það að á flokksráðsfundi Sjálfstfl. hafði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýst þessum hugmyndum, þ.e. þeirri skoðun sinni að með breyttri reikningsfærslu á A-hluta ríkissjóðs mætti sýna fram á það að ríkissjóður hefði verið rekinn með hagnaði, með afgangi á árunum 1980–1985. Morgunblaðið ber þessar skoðanir undir formann Sjálfstfl. og sjálfan forsrh. og ég held að ég verði að biðja þingheim að hlýða á svör formanns Sjálfstfl. í því efni, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir:

„Þorsteinn Pálsson forsrh. segir að það sé út í bláinn að segja að þm. Sjálfstfl. hafi óbundnar hendur varðandi fjárlagafrv. þar sem flokkurinn hafi samþykkt að standa að því með venjulegum fyrirvara og fullur vilji sé af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að standa þannig að málum að takist að afgreiða frv. þótt það geti orðið erfitt á lokasprettinum. Á flokksráðsfundi Sjálfstfl., og á Alþingi, lýsti Eyjólfur Konráð Jónsson því yfir að hann gæti ekki samþykkt þær stórfelldu skattahækkanir sem fælust í frv."

Þessu til áréttingar er enn vitnað í forsrh. og hann segir, með leyfi forseta:

„Það er þess vegna út í bláinn að halda því fram að þm. Sjálfstfl. hafi óbundnar hendur varðandi fjárlagafrv., enda hefur það verið rætt í þingflokknum í dag og Sjálfstfl. stendur auðvitað að frv. eins og venja stendur til um.

Að því er varðar þá tekjuöflun sem í frv. felst er það að segja að við sem vorum í viðræðunefndinni við Framsfl. og Alþfl. sl. sumar tregðuðumst við að fallast á tillögur um viðbótartekjuöflun þegar á þessu ári. Okkar megintillaga var sú að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á þremur árum. Eyjólfur Konráð flutti tillögu um það í þingflokknum að við féllumst á tekjuöflun þegar á þessu ári. Sú tillaga var samþykkt og gerði það að verkum að við gátum náð samkomulagi um myndun þessarar ríkisstjórnar."

Loks segir hér um þessar hugmyndir um breytta reikningsfærslu á A-hluta ríkissjóðs og Morgunblaðið hefur orðrétt eftir formanni Sjálfstfl., með leyfi forseta:

„Þorsteinn sagði að lokum um þær upplýsingar sem Eyjólfur Konráð kom með um að tekjuafgangur væri af rekstri ríkissjóðs ef lánveitingar úr lánasjóðum ríkisins væru ekki færðar sem óafturkræfir styrkir í A-hluta fjárlaga að það væri ljóst að hagræða mætti tölum í bókhaldi eftir því hvernig hlutirnir eru skilgreindir. „En það sem kemur út sem meira jafnvægi á ríkissjóði kemur út sem meiri halli hjá einkaaðilum og niðurstaðan breytir engu um heildarlántökur né heldur um viðskiptahallann. Því miður er ekki hægt að losa sig undan þessum vanda með bókhaldsbrellum einum saman," sagði Þorsteinn Pálsson að lokum." (**Gripið fram í:** Viltu skýra þetta svolítið fyrir okkur.) Skrifað stendur, hv. þm.

Nú má segja að það sé ekki rétt af mér að vera að blanda mér í slíkar deilur, enda geri ég það ekki nema aðeins að gefnu tilefni. Ég er beðinn um að lýsa mínum skoðunum á þessum hugmyndum og ég hef reyndar þegar gert það áður. Ég gerði það við 1. umr. og þær eru einfaldlega þessar: Við leysum ekki að mínu mati neinn vanda í ríkisfjármálum með því að taka upp þessa breyttu reikningsfærslu. Það er einfaldlega vegna þess að þau framlög sem á fjárlögum koma í þessa sjóði eru óafturkræf. Þetta er fært til einkageirans og endurgreiðslur, jafnvel þótt þær væru verðtryggðar og á fullum vöxtum, skila sér því miður ekki í ríkissjóð. Þetta eru tilfærslur.

Besta dæmið um þetta er að sjálfsögðu Lánasjóður ísl. námsmanna. Framlagið í þennan lánasjóð var stórhækkað í fjárlagafrv. Mjög verulega. Endurgreiðslur í þennan sjóð frá námsmönnum á 40 árum, þótt það eigi að heita að lán séu verðtryggð, þá er endurgreiðslan stórlega skert og það er mat reikningsfróðra manna sem farið hafa yfir það dæmi að endurgreiðslur muni aldrei nema nema hálfvirði af raungildi upphaflegra lána. Þessar greiðslur koma aldrei í ríkissjóðinn.

Sama er að segja um byggingarlánasjóðina þótt tölugildin séu nokkuð önnur. Byggingarlánasjóð-

irnir eru auðvitað reknir á lánum. Þeir eru reknir á lánum sem eru miklum mun dýrari en útlánin. Lánin eru tekin til skemmri tíma, flest hver, en útlánin til lengri tíma og á lægri vöxtum. Vaxtamunurinn byggist ekki bara á 7% á teknum lánum og 3½% á veittum lánum heldur í vaxandi mæli á 1% á lánum til félagslega geirans. Reikningsfróðir menn hafa skilað um það skýrslum á undanförnum árum að það sé skammt í það ef þessu er haldið fram að byggingarlánasjóðirnir verði greiðsluþrota. Hreinlega greiðsluþrota. Það breytir því engu í heildarmyndinni um ríkisfjármálin hvar þessir sjóðir eru færðir, hér eða þar í A- eða B-hluta. Ef ríkissjóður ætlar að bæta sinn hag þá getur hann að sjálfsögðu gert það með því að láta af framlögum í þessa sjóði, en það mundi hafa hin alvarlegustu áhrif mjög fljótlega á fjárhag byggingarlánasjóðanna því að þetta framlag er fyrst og fremst til þess að greiða vaxtamun eins og nú er komið.

Það er dálítið óhönduglegt um þessar hugmyndir að ræða vegna þess að þessi ágæti vinnuhópur sem settur var upp hefur ekki skilað niðurstöðum og er þann veg staddur í sínu starfi að niðurstaðna er ekki að vænta mjög fljótlega. Upphaflega vakti það fyrir mönnum í þessum hópi, þegar hann var settur upp, að kanna tengslin, hin rökrænu tengsl milli annars vegar ríkishalla og hins vegar viðskiptahalla, og þar á meðal einnig í samráði við verkefni sem unnið er að á vettvangi Norðurlandaráðs, að gera úttekt á óbeinum styrkjum til atvinnulífs og atvinnurekstrar, þ.e. ekki beinum niðurgreiðslum heldur einnig hvers kyns öðrum duldum stuðningi, t.d. þegar um er að ræða niðurfellingu eðlilegra gjalda, að aflétta sköttum eða eitthvað þess háttar, og gera upp heildardæmið um tilfærslur frá hinum opinbera geira til einkageirans. Þetta er mikið verk og því er ekki lokið.

En ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því að túlkun hv. þm. á hugmyndum nefndarinnar og þess manns sem er formaður nefndarinnar eða stýrir þessu starfi ber ekki saman. Það virðist vera skoðanaágreiningur uppi um það og í því efni vitna ég til viðtals í Morgunblaðinu við Gunnar Hall, skrifstofustjóra Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem settur var formaður fyrir þessum starfshópi, og birtist undir fyrirsögninni „Framlög ríkisins til sjóða í raun óendurkræf, endurgreiðslur lána fara beint til sjóðanna". En þar segir, með leyfi forseta:

„Gunnar sagði það vera bókhaldslegt atriði hvort framlag ríkisins til lánasjóða væri reiknað ofan eða neðan við strik, en þessi fjárframlög séu hvort sem er útgjöld sem ríkissjóður þurfi að fjármagna. Endurgreiðslur lána í byggingarsjóðunum og Lánasjóði ísl. námsmanna fari t.d. beint til viðkomandi sjóða, en Eyjólfur Konráð miði hins vegar við að endurgreiðslurnar skili sér inn í ríkissjóð. „Þetta er í rauninni óafturkræft tillag ríkissjóðs til að byggja upp sjóðina en ef eiginfjárstaða þeirra verður það sterk að þeir geti farið að standa undir sér sjálfir þarf ríkið ekki lengur að koma með sín framlög," sagði Gunnar."

Sem kunnugt er er langt í land að þessir sjóðir standi þannig að þeir geti komist af án ríkisframlaga, þ.e. við erum ekki að byggja upp eigin fjárhag þeirra eða höfum ekki verið að gera á undanförnum árum, heldur þvert á móti.

Enn fremur hefur því verið við bætt að það varð veruleg breyting í ríkisfjármáladæminu á seinustu árum, 1986 og 1987, til hins verra þannig að mér skilst að þrátt fyrir það, ef þessum hugmyndum hallanefndar væri beitt um reikningsfærslu á A-hluta, þá hefði niðurstaðan orðið sú að á þessum tveimur síðustu árum hefði það ekki breytt því að ríkissjóður hefði verið rekinn með halla.

Nú vil ég segja það, eins og ég sagði áður, að ég tel allar þessar hugmyndir, vangaveltur gjarnan, skoðanir á þessu máli vera hinar þörfustu og vera bæði áhugaverðar og sjálfsagðar og vafalaust gætu þær verið gagnlegar. Það kann hins vegar að vera slæmt ef mismunandi túlkun á þeim hugmyndum sem þarna er verið að vinna úr verður til þess að gera tortryggilega þá viðleitni núv. ríkisstjórnar til þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á gefnum þeim bestu forsendum sem við höfum á að byggja. Ég er reyndar alveg sannfærður um að það er ekki það sem vakir fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni. Eins og ég hef sagt áður ber ég fulla virðingu fyrir hans skoðunum í efnahagsmálum þótt okkur kunni að greina á í einhverju efni. Ég hef fylgst með hans skrifum og ég hef ekki nema bæði gagn og gaman af að rökræða þær hugmyndir. Ég hef ekki sannfærst um það að við getum leyst vanda ríkisfjármálanna með þessum hætti og reyndar skilst mér ekki þeir sem fyrir þessu starfi standa. En það breytir ekki því að þessi skoðun er áhugaverð og ég er reiðubúinn til þess að stuðla að því að þessu verki verði lokið og að við reynum að læra af því það sem við getum. En það hefur ekki sannfært mig um það að hjá því verði komist að halda fast við það markmið ríkisstjórnarinnar, sem hún hefur sett sér sameiginlega, að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og að það mál verði ekki leyst með breyttri reikningsfærslu á A- og B-hluta ríkissjóðs.

Ágreiningurinn milli mín og hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar er sennilega sá hvort það sé allt í lagi að reka ríkissjóð með halla. Ég hef tekið eftir því að hann hefur nefnt til dæmi af öðrum löndum, grannlöndum okkar og Japan sérstaklega þar sem ríkissjóður er rekinn með halla og þá fjármagnaður með lántöku, með skuldabréfaútgáfu o.s.frv.

Nú hygg ég að flestir sem um þessi mál hafa rætt af einhverri alvöru á undanförnum árum séu þeirrar skoðunar að sú tilraun Bandaríkjastjórnar til að reka ríkissjóð Bandaríkjanna á sívaxandi halla á undanförnum árum hafi ekki gefist vel. Hún hafi ekki gefið góða raun. Hún sé reyndar undirrót þess að við vorum komnir á fremsta hlunn með að lenda í mjög alvarlegri peningalegri kreppu. Og ástandið í bandarískum efnahagsmálum bendir ekki til þess og pólitísk umræða í Bandaríkjunum virðist ekki sýna

samstöðu um það lengur að þessi tilraun hafi verið skynsamleg, enda hefur hún kannski að sumu leyti ekki verið yfirveguð tilraun, heldur raunverulega afleiðing af pólitísku ástandi.

Því næst er við að bæta að það er mjög ólíku saman að jafna mjög fjármagnsríku landi eins og Japan eða Bandaríkjunum eða okkar landi. Við búum ekki hér við sama aðgang að fjármagnsmarkaði og þessi lönd og hér er ekki til að dreifa því uppsafnaða fjármagni sem þar er að finna, þar sem eru lönd sem hafa lengi verið útflytjendur fjármagns í stórum stíl. Aðstæðurnar nú í okkar landi eru þær að það er mjög takmarkað lánsfjármagn í boði og ef ríkissjóður ætlar að leysa sinn rekstrarvanda með því að auka sinn hlut á þeim markaði, að keppa með grimmilegri hætti við heimilin, einstaklinga og fyrirtæki en við þegar gerum, þá hygg ég að það hafi hinar alvarlegustu afleiðingar. Ég held að það hafi ekki jákvæð áhrif á vaxtaþróun í landinu t.d., og held reyndar ekkert um það, þannig að ef við gætum komist hjá því, sem ég tel að við getum án þess að það séu neinar afarkostir, að reka ríkissjóð og hinn opinbera geira, sem sem betur fer tekur mun minni hlut þjóðarframleiðslunnar í sinn hlut hér en í flestum þeim grannlöndum okkar þar sem ríkissjóður er rekinn með halla, þá held ég að það væri vel. Við núverandi kringumstæður í svo ófullkomnum fjármagnsmarkaði sem við búum við, þá mundu sívaxandi lántökur ríkissjóðs hafa mjög óheppilegar afleiðingar á peningamálastefnu og vaxtaþróun.

Miðað við núverandi stig raunvaxta þá er ég líka þeirrar skoðunar, og það kemur reyndar fram í einu af dæmum sem hallanefnd hefur fjallað um, að það þyrftu ekki að líða mörg ár þangað til innbyggður halli á ríkissjóði hefði vaxið svo mjög að við værum komnir í svipaðan vanda hlutfallslega og t.d. Bandaríkjastjórn nú. Og út frá þeim forsendum sem ég gef mér um skynsamlega efnahagsstjórn og reyndar pólitík, þá vil ég ekki stuðla að því.

Um þetta er ekkert að segja nema það að menn aðhyllast ólíkar skoðanir í hagstjórn og mér dettur ekki í hug að halda því fram að mínar skoðanir séu hinar einu réttu eða að ég sé óskeikull dómari í þeim málum. En ég get ekki annað en framfylgt mínum og um leið vitnað til þess að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur í starfsáætlun sinni og stefnuyfirlýsingum staðfest að hún fylgi þeirri stefnu að ríkissjóð skuli reka án halla.

Ég vil ekki orðlengja um það frekar. Ég mun að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum hv. þm. að reyna að láta honum í té, eins og beðið hefur verið um, allar þær upplýsingar sem fjmrn. hefur yfir að búa og byggir sínar forsendur á um mat á tekjuáætlun, um mat á þessari skattkerfisbreytingu í heild sinni, bæði á skattstofnunum sjálfum, um eftirspurnaráhrif hugsanleg og aðra þætti sem taka ber tillit til. Það er ekki nema sjálfsagður hlutur og skylda að verða við slíkum óskum. Reyndar hélt ég að það hefði verið gert í umfjöllun málsins í nefnd. Þetta er sjálfsagt að gera. Og ekki þá öðru við að bæta en því að öllum getur okkur að sönnu skjátlast, en þetta mat er byggt á þeim bestu fáanlegu upplýsingum sem við höfum yfir að búa og ég veit ekki til þess að þær hafi með rökum verið rengdar eða vefengdar.

Um þá skoðun að það sé ekki nóg að reka ríkissjóð án halla ef ástandið í efnahags- og atvinnulífinu yfirleitt er með þeim hætti að atvinnulífið sjálft sé knúið til hallareksturs, þá er það fljótsagt að núverandi ástand að því er varðar starfsskilyrði atvinnuveganna, sjávarútvegs og fiskvinnslunnar alveg sérstaklega og útflutningsgreina, kallar augljóslega mjög fljótlega á umtalsverðar efnahagsaðgerðir. Það er ekki nýtt. Umræður hafa farið fram t.d. við talsmenn fiskvinnslustöðvanna og enn verð ég að vekja athygli á því, og það vekur a.m.k. mína athygli, að þeir gerast ekki talsmenn hefðbundinnar gengislækkunar jafnvel við óbreytt skilyrði. Af máli þeirra hefur komið fram að þeir kunni vel að meta fastheldni við stöðugleika í gengi og telja að það hafi skilað sjávarútvegi og fiskvinnslu betri árangri en hinar tíðu gengislækkanir hinna fyrri ára, bæði að því er varðar viðleitni til að byggja upp eigin fjárhag fyrirtækjanna, draga úr skuldastöðu og skapa stöðugleika til þess að sinna hagræðingu og byggja upp fyrirtækin á skynsamlegri grundvelli.

Gengisfelling er að sjálfsögðu alltaf neyðarúrræði og staðreynd er það að ríkisstjórn ein ræður að lokum kannski ekki við ýmsa ákvarðandi þætti í efnahagslífinu. Dæmi um þetta er gengisþróunin, dæmi um þetta er þróun dollars. Það breytir hins vegar engu um það að gengislækkun sem verið er að boða, hún ein út af fyrir sig lagfærir ekki starfsskilyrði atvinnuveganna vegna þess að hún er í eðli sínu mjög skammæ aðgerð. Í núverandi þensluástandi, við núverandi eftirspurnarskilyrði mundum við að óbreyttu vera komnir aftur í sama ástandið eftir ótrúlega skamma stund, þannig að menn þurfa að leggja á dýpri ráð en þau ein. En það er alveg ljóst að takist núv. ríkisstjórn að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum, þá er hún ekki þar með komin á enda vegar. Næsta verkefni er auðvitað að taka til gagngerrar skoðunar starfsskilyrði atvinnuveganna, að reyna að hafa jákvæð áhrif á þróun kjarasamninga og að taka til gagngerrar endurskoðunar peningamálastefnu og þann fjármagnsmarkað sem við búum við í því skyni að með samræmdum aðgerðum á öllum þessum þáttum að tryggja að við gætum haft stöðugleika í efnahagslífi á næsta ári án þess að grípa til þeirrar gömlu skottulækningar sem gengisfelling eftir pöntun hagsmunaaðila er og engir ættu að vita betur en við af gamalli reynslu hversu haldlaus hún er.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Í gær stóð ég hér í þessum ræðustóli og talaði um húsnæðismál. Ég var að reyna að flýta umræðu um húsnæðismál með því að sameina það sem ég ætlaði að segja við 2. umr. um húsnæðismál í Ed. og það sem ég ætlaði að segja við 1. umr. Fyrir þetta fékk ég litlar þakkir. Að lokinni ræðu minni í hv. Ed. í gær fór fram umræða um þingsköp þar sem ég fékk miklar ákúrur fyrir það að tala lengi og tefja gang mála hér á Alþingi.

Nú ber svo við að hv. þm. Alþfl. hafa hafið hér málþóf. Þeir tala hér sjö langa og sjö breiða og eru raunverulega að tefja þingstörf. Ég vil mælast til þess að hv. sjálfskipaður verkstjóri þinghaldsins, 3. þm. Vesturl., verði kallaður hér í salinn til þess að reyna að hafa einhvern hemil á sínum þm. og reyna að koma þingstörfunum áfram þannig að við getum lokið þeim verkefnum sem við þurfum að koma frá fyrir hátíðar.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 228, n. 304 og 310, brtt. 305, 324 og 327.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hæstv. fjmrh. komst svo að orði í sinni ræðu, þegar hann fjallaði um starfsskilyrði atvinnuveganna og hafnaði hugmyndum um gengisfellingu, að ástandið væri þannig að það kallaði fljótlega á umfangsmiklar efnahagsaðgerðir. Það vekur að sjálfsögðu ýmsar spurningar hvað hæstv. ráðherra hefur sérstaklega í huga þegar hann tekur svo djúpt í árinni og væri ástæða til að fara nánar út í það hér hver staða atvinnuveganna er og eins um hitt hvað átt er við þegar talað er um peningamálin almennt og starfsskilyrði atvinnuveganna í því samhengi. Vil ég þá t.d. minna á það að við erum nú að fjalla um það með hvaða hætti hægt sé að samræma tolla- og skattakerfi þannig að aðstaða einstakra atvinnugreina og fyrirtækja sé jöfnuð. En ég hygg að það sé ekki nóg. Ég held t.d. að það sé mjög nauðsynlegt, ef maður vill fara út í starfsskilyrði atvinnuveganna, að velta því fyrir sér hvort atvinnuvegirnir, sem eiga í samkeppni við erlend fyrirtæki, erlenda aðila, eigi kost á því að fá lánsfjármagn á hliðstæðum eða sambærilegum kjörum og þeir sem hin innlendu fyrirtæki eru að keppa við. Eru t.d. hugmyndir ríkisstjórnarinnar þær að Útflutningslánasjóðnum verði gert kleift að veita íslenskum iðnfyrirtækjum peninga að láni með sambærilegum kjörum og sambærileg erlend fyrirtæki sem þau eiga í keppni við njóta? Við getum líka velt því fyrir okkur hvernig við getum uppfyllt það ákvæði í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að rétta hlut þeirra atvinnugreina, sem búa við óeðlilega erlenda samkeppni.

Ég vil í beinu framhaldi af þeim ummælum, sem hæstv. fjmrh. hafði hér uppi um það að nauðsynlegt væri að íhuga starfsskilyrði atvinnuveganna, vekja athygli á því að það er viðurkennt í Stjórnarráðinu, í fjmrn. t.d., að ein umfangsmikil atvinnugrein, skipasmíðaiðnaðurinn, búi við óeðlilega erlenda samkeppni í nágrannalöndunum þar sem lán til skipasmíðaiðnaðarins eru niðurgreidd. Auðvitað er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að þegar við erum nú að tala um það að gengi íslensku krónunnar sé óvenju sterkt um leið og hann hafnar því að gengisfelling komi til greina, þá hlýtur athygli hans einmitt að beinast sérstaklega að því þar sem hann situr í fjmrn. með hvaða hætti hann geti jafnað samkeppnisstöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins þannig að hann geti búið við öryggi og sambærileg kjör og erlendis tíðkast í helstu nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Ég veit að hann og hæstv. viðskrh., sem mjög hefur látið sig stöðu skipasmíðaiðnaðarins varða og er maður sem hefur ráð undir rifi hverju, munu báðir leggja sig fram á morgun, þegar þessi mál verða tekin á dagskrá ríkisstjórnarinnar, að reyna með einhverjum hætti að komast að niðurstöðu sem sé vel við hæfi þess efnis sem ég var að tala um og sé í samræmi við þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hér áðan í tengslum við þær umfangsmiklu efnahagsaðgerðir sem hann var að boða að rétti starfsskilyrði þessarar atvinnugreinar.

En, herra forseti, ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var alls ekki sú að gera ræðu hæstv. fjmrh. að umtalsefni þó að ég hafi ekki getað látið þessi ummæli eins og þau væru ósögð, þó svo að klukkan sé nú orðin 12 á miðnætti. Það hefur oft í sögu þingsins komið fyrir áður þegar ráðherrar fara að þreytast að þeir segja ýmsa hluti í lágnættinu sem þeir ætluðu kannski að geyma sér þangað til síðar.

Vegna þeirrar fsp. sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín vil ég taka það fram sem við raunar öll vissum fyrir að jafnvel þótt vel sé að málum unnið og jafnvel þótt þeir menn sem eru í meiri hl. nefnda leggi sig alla fram, þá kemur samt sem áður fyrir að eitt og annað þurfi að leiðrétta. Ég vil vekja athygli á því að sú villa hefur slæðst í 6. kafla þessa frv. að óviljandi er með öllu skorin niður sú tollvernd sem þeir áttu að njóta sem stunda blómarækt og er nauðsynlegt að bæta þarna við nýju tollskrárnúmeri sem verði 0601.2002, og heitir pottaplöntur, sem verði með 30% tolli. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka við þessari skriflegu brtt. og bera hana upp þannig að hún megi koma hér fyrir. (**Gripið fram í:** Voru þetta mistök?) Þessi leiðrétting er þannig til komin að garðyrkjubóndi fyrir austan fjall hringdi í mig nú um kvöldmatarleytið og benti mér á að þarna hefðu þessi mistök orðið.

Hv. þm. spurði mig fyrst að því hvort við hefðum orðið við tilmælum Sambands ísl. samvinnufélaga. Eins og hann veit þá hlustar maður nú alltaf eitthvað þegar þau samtök taka til máls. Oft hafa þau rétt

fyrir sér og af þeim sökum hefur fyrsta athugasemd þeirra, þar sem lagt er til að orðalagið „annaðhvort á axi eða stilki“ breytist í: einnig þótt þau séu á axi eða stilki. Þarna var um rangþýðingu að ræða. Þetta er tekið inn í brtt., annað ekki.

Ég vil aðeins taka það fram varðandi það sem stendur á bls. 2 um söluskattinn að þar er talað um smásöluumbúðir, nánari skilgreining komi á hvað séu smásöluumbúðir. Ég er sammála þeirri skoðun að nauðsynlegt sé að binda ekki í lögum skilgreiningu á því heldur hljóti ráðherra að geta skorið úr um það eða breytt þeim reglum sem í gildi eru ef greinilegt er að það eigi að fara í kringum lögin. Ég vil jafnframt vekja athygli á að óeðlilegt er að bygging heyturna sé undanþegin söluskatti. Það hafa einnig komið fram hugmyndir um að bygging fóðurstöðva sé undanþegin söluskatti, en ekki hefur þótt rétt að verða við því.

Almennar rekstrarvörur til útflutningsframleiðslu verða ekki að öllu undanþegnar söluskatti, en hins vegar mun virðisaukaskattur frádráttarbær þegar þar að kemur.

Þá er komið að því að um það var spurt hvað merktu brtt. frá og með bls. 2 og fram eftir. Fyrsta brtt. efst á bls. 2 lýtur að því að þar er einungis verið að auka rétt þeirra sem eru að flytja inn varning og útskýra frekar það sem þar stendur um kærufrest og annað og hið sama á við g-lið. Í h-lið er efnisbreyting sú að inn eru tekin orðin: enda hafi flutningsfar tekið höfn. Það er nú talið rétt að aðflutningsgjöld gjaldfalli ekki úti á rúmsjó og þótti rétt að taka inn að skipið yrði að vera komið í höfn áður til þess að forðast misskilning. Í i-lið er skotið inn „samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum“ til frekari skýringar.

Síðan kemur j-liðurinn. Já, nú fer að byrja (**GA:** Ballið.) ballið já. Þetta skýrir sig sjálft, j-liðurinn: Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þrem mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra. Síðan kemur við 2. gr., a-liðurinn. Þar er verið að taka þrjú tollnúmer sem varða rjómaís inn í EFTA-meðferð, að það hljóti EFTA-meðferð en ekki EBE. Þessi tollnr. duttu niður við prentun. B-liður er í samræmi við ábendingu SÍS. C-liður. Þar er verið að leiðrétta prentvillu. Í d-lið gleymdist að segja að tollfjárhæð væri 0 og er úr því bætt. Í e-lið er prentvilla. Í f-lið er orðinu „ekki“ ofaukið og þótti rétt að nema það á brott. Í g-lið eru prentvillur. Í h-lið er bara einföldun og verið að slátra óþarfanúmerum í tollskránni. Í i-lið voru prentvillur, í j-lið prentvilla, í k-lið 1 er leiðrétting, nr. 2 prentvilla, tölul. 3 er nánari útlistun, nr. 4 leiðrétting.

Þá er l-liður. Það er fallegra að nota orðið „pentudúkur“ en servíettur þó það sé að vísu rétt að öll orð í íslensku máli sem hefjast á p séu tökuorð ef farið er nógu langt aftur. En orðið pentudúkur er miklu penara orð en servíetta.

Í l-lið tölul. 2 er verið að lækka umbúðir í ytri tolli niður í 0, í 3 er um leiðréttingu að ræða, m er leiðrétting. Það vantaði númerið í n og þótti ógreinilegt og er rétt að bæta því við. O er einföldun, í p vantaði númer, í q er prentvilla.

R-liður. Eftir stendur í því tollskrárnúmeri: sjúkravörur ótaldar annars staðar. Það er m.ö.o. gert ráð fyrir því að tollur sé lækkaður á þessum vörum þannig að ytri tollur verði 5% en 0 í EFTA.

Í s-lið er verið að tala um sekki og poka, strigapoka, umbúðir, stendur meira að segja umbúðir um vöru í tollskránni. Þar er ytri tollur felldur niður. Í t-lið hafði láðst að meðhöndla skíðaskó í samræmi við samninga okkar við EFTA og EBE. Þess vegna verða tollnúmer þar tilgreind með 15 og 0. Það er leiðrétting.

U-liður. Það er nú það já. Þar er verið að lækka ytri tolla af hlífðarhjálmum, öryggisbúnaði, úr 15 í 0. Í v-lið er fjallað um leirkrukkur, leirpotta og annað því líkt og þótti rétt að ytri tollur, þegar þetta er í vísindaskyni, fari í 0.

X-liður 1 er leiðrétting, en í x-lið 2 er tolltaxti á hjólbarðakeðjum færður úr 30% niður í 0. Y-liður er leiðrétting. Z-liður. Þar er verið að færa tolla á álpönnum upp í 30% sem er aðlögun vegna ALPAN. Samsvarandi breyting er síðan gerð í bráðabirgðaákvæði sem er síðasta brtt. Nr. 3 er leiðrétting. Í z-lið er verið að fella niður tolla á vélum sem eru notaðar til matvælaframleiðslu og annars því líks. Í z-lið 2. Ég veit ekki hvort ég má segja við hv. þm. „smyglgjarnar“ vörur, en það eru sem sagt rakvélar, eggjárn og ýmislegt því líkt sem þar er verið að lækka. Þ-liður, prentvillur.

Við skulum sjá hvaða númer er nú á æ-inu aftur. Það er 85. Það eru ýmis rafmagnsáhöld sem þar er verið að lækka. Það eru tollgjarnar vörur. (**SvG:** Tollgjarnar?) Í ö-lið er um leiðréttingar að tefla.

Ég finn að hv. þm. finnur þann húmor sem er í þessu orði og mér þykir skemmtilegt að vita það að þótt hann sé þreyttur, hv. þm., heldur hann enn þá sínu skopskyni og kann rétt að skilja blæbrigði tungunnar sem mér þykir ánægjulegt. En mér þykir hins vegar leiðinlegt að hann skyldi hafa hringt í húmorlausa málfræðinga núna í kvöldmatnum þegar hann var að bera þetta orð undir vini sína.

Já, við skulum sjá. Var ég ekki kominn að ö-lið? Var ég búinn með ö-lið? (**Gripið fram í:** Já.) 3141, sjúkrabifreiðar eftir nánari skilgreiningu og ákvörðun fjmrn. Sá liður féll niður og var tekinn upp á nýjan leik. Í tölul. 5 er verið að breyta ýmsum varahlutum í bifreiðir sem hafa EFTA-meðferð í frv., en þarna er því breytt. Svo er tollalækkun á tengivögnum. Í staflið a.a við 90. kafla, tolltaxti í tollnúmerum 9005 til 9013. Þarna er um að ræða sjónauka og alls konar slíka hluti, stækkunargler, smásjár ef ég man rétt og ýmislegt af þeim toga. Sumt er áreiðanlega tollgjarnt og annað ekki vísindakennt nema hvort tveggja sé.

Svo er 3. tölul. Þar eru alls konar tilvísanir í lög o.þ.h. sem ég hef satt að segja ekki borið saman hvort rétt sé. En ég vil beina því til ef einhver má mál mitt hlýða sem er í fjmrn. að fara vendilega yfir þetta því það gæti illa farið ef þarna slæddist inn

villa. Og 4 a er svo leiðrétting.

Þá held ég að þetta sé komið. Ég vona, herra forseti, að ég hafi með fullnægjandi hætti hlaupið yfir þau númer sem hv. þm. bað mig um skýringar á.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir greinargóðar skýringar á till. meiri hl. Hann hefði getað okkur til fróðleiks og skemmtunar bætt því við t.d. í sambandi við till. a.a, það er tolltaxti 9005, svona til fróðleiks að þarna er verið að fella niður af eðlilegum ástæðum það sem heitir í tollfrv. „sjónaukar fyrir bæði augu eða annað". Þetta lýsir auðvitað mikilli víðsýni og skynsemi af hv. þm. að sjá af glöggskyggni sinni að það er rétt að fella niður tollana af báðum augunum í kíkinum úr því að menn voru að þessu á annað borð. En hv. þm. þurfti ekki að fara svona nákvæmlega í hlutina vegna þess að hann vildi að sjálfsögðu stytta mál sitt eins og kostur var sem er athyglisvert miðað við það málþóf sem stjórnarsinnar hafa haldið uppi í kvöld og einkum hæstv. fjmrh. Hann hefur talað hérna óskaplega lengi.

En það sem mér fannst kannski athyglisverðast við brtt. var það, þegar farið var yfir þetta, að þetta eru langmest leiðréttingar og prentvillur. Og það var eins gott að þessar till. voru þá gerðar þannig að hæstv. fjmrh. þarf ekki að gefa út brbl. bak jólum, ef þetta nær afgreiðslu fyrir hátíðar, um þessa liði. Ég hygg að þetta staðfesti kannski betur en flest annað það sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að segja. Það er allt of lítil skoðun sem þetta fær hérna hjá okkur. Við hefðum þurft að hafa aðeins lengri tíma og hefðum þurft að vanda okkur aðeins meira og hefðum þurft að vaka lengur (**Gripið fram í:** Og vera betri hvort við annað.) Ég tala nú ekki um ósköpin, herra forseti. Ég hygg að þetta sé fyrst og fremst staðfesting á því að við höfum haft rétt fyrir okkur í því að gagnrýna þann mikla hraða sem er á málinu og ég hlýt að endurtaka að lýsa ábyrgð á hendur stjórnarflokkunum í þessu efni og vísa henni algerlega á þá og frá okkur.

Ætli hæstv. fjmrh. sé fjarri eða farinn heim að sofa? Það væri ekki verra að hafa hann, herra forseti. Ég sé hann ekki. Þó ég hefði tollfrjálsan kíki á báðum augum kæmi ég sennilega ekki auga á hann.

Herra forseti. Það sem ég vildi víkja þessu næst að eru þær athyglisverðu yfirlýsingar sem hæstv. fjmrh. gaf í nótt varðandi óhjákvæmilegar efnahagsaðgerðir um áramótin. Hæstv. ráðherra komst þannig að orði að ástandið í efnahagsmálum væri svo slæmt, einkum staða útflutningsatvinnuveganna, að það kallaði fljótlega á umtalsverðar efnahagsaðgerðir. Hann sagði að ríkisstjórnin hefði að undanförnu rætt við talsmenn útflutningsatvinnuveganna og það hefðu ekki komið fram tillögur hjá þeim eða kröfur um það sem hæstv. ráðherra kallaði „hefðbundna gengislækkun". Nú hef ég eins og kunnugt er nokkra reynslu í að gefa gengisbreytingum nafn. Hins vegar hef ég aldrei talað um óhefðbundna gengislækkun, sem hlýtur að vera niðurstaða hæstv. fjmrh. að gæti komið til greina, og væri fróðlegt að hann lýsti því, ekki núna, ég er ekki að biðja um ræðu um það efni núna, en að hann lýsti því við tækifæri hvað væri „óhefðbundin gengislækkun". Hæstv. ráðherra spurði: Hvað er þá til ráða ef genginu er ekki breytt? Hvað er þá til ráða? Og hann sagði réttilega: Það eru ýmsir þættir sem ríkisstjórnin ekki ræður við. Og þó að hróður hennar mætti fara víða eftir spádómum Seðlabankans að dæma um hina sterku krónu, sem menn hljóta að vera að kaupa í hrönnum í Tókýó og New York þegar þar verður opnað í fyrramálið, er ljóst að ríkisstjórnin ræður auðvitað ekki við breytinguna á dollar og þar er kominn áhrifamikill og veigamikill þáttur í því að breyta rekstrarskilyrðum útflutningsatvinnuveganna frá því sem var í upphafi ársins 1987 eða lok ársins 1986 þegar síðustu kjarasamningar voru gerðir og byggðu þá á því að það hefði verið tiltekinn krónufjöldi í dollaranum, mig minnir 40 eða 41 kr. eða einhvers staðar á milli 40 og 41 kr. — 41,60 er mér bent á úr sal sem ég hygg að þurfi ekki að vera fjarri lagi. En það er allmikil breyting frá þeirri tölu til dagsins í dag eða hvorki meira né minna en 6 krónur sem þarna fer út á sama tíma og það er alveg ljóst að útflutningsatvinnuvegirnir hafa orðið að borga aukinn kostnað frá því sem var í árslok 1986, bæði vegna kjarasamninga sem þá voru gerðir og þýddu hækkanir á árinu 1987 en líka vegna þess að það hefur orðið launaskrið víða í þjóðfélaginu, jafnvel hjá útflutningsgreinum til þess að halda fólki í samkeppni við verslunina, og auðvitað hafa útflutningsgreinarnar orðið að borga miklu hærri vexti en áður. Þannig er augljóst mál að rekstrarstaða útflutningsatvinnuveganna og þar með gengið er miklu veikara en var vegna þess að þegar allt kemur til alls er grunnur íslenska hagkerfisins sjávarútvegurinn og þau verðmæti sem þar verða til.

Hvað má þá gera? Hvað má þá til varnar verða? Hvernig gætu hinar umtalsverðu efnahagsaðgerðir orðið? Hæstv. fjmrh. nefndi þar tvennt:Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin reyndi það sem unnt væri til að hafa jákvæð áhrif á þróun kjarasamninga. Ég verð að játa það, herra forseti, að mér finnst að þær skattaálögur sem núna er verið að hvolfa yfir þjóðina séu býsna sérkennileg aðferð við að hafa jákvæð áhrif á þróun kjarasamninga. Ég held, sagt í fullri alvöru, að þær ráðstafanir sem nú er verið að afgreiða í gegnum þingið hafi neikvæð áhrif á þróun kjarasamninga á árinu 1987. Ég held að það sé alveg rétt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan, þó að ég sé ekki sammála öllu því sem hann sagði, fjarri fer því, að þegar kemur fram á árið 1988 muni menn í verkalýðshreyfingunni reyna að verja sig fyrir þessum skattahækkunum og þeirri verðbólgu sem nú er í gangi og yfirvofandi að geti aukist. Ég held þess vegna að það sé ekki rétt framkoma við verkalýðshreyfinguna í landinu að byrja á þeim ráð-

stöfunum sem nú eru að fara í gegn.

Í öðru lagi sagði hæstv. fjmrh. að það væri nauðsynlegt til að rétta við stöðu útflutningsatvinnuveganna að reyna að hafa jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn í landinu. Hæstv. viðskrh. sagði hins vegar í útvarpsfréttum núna í kvöld að það væri fráleitt að gera neinar ráðstafanir til að grípa beint inn í fjármagnsmarkaðinn. Hann sagði: Það er rétt að láta reyna á markaðslögmálin frekar. Það er ekki fullreynt nema þau geti leyst þetta, sagði hæstv. viðskrh. M.ö.o.: ríkisstjórnin hefur að mínu mati í báðum þeim tilvikum sem ráðherra nefndi áðan, að því er varðaði kjarasamningana og að því er varðar fjármagnsmarkaðinn, gert hluti, gripið til aðgerða sem eru neikvæðar og gera örðugra að halda genginu stöðugu með þeim ráðstöfunum sem ráðherra nefndi áðan. Þegar menn eru komnir þannig upp í horn að þessar leiðir eru ekki færar varðandi kjarasamningana vegna þess að almenningur verður að verja sig og þegar þessar leiðir eru lokaðar af frjálshyggjupostulunum í Alþfl. í sambandi við vextina er alveg ljóst að þessir menn gætu lent í því sem þeir kalla hefðbundna gengislækkun vegna þess að þeir finna engin önnur ráð.

Það er hins vegar rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að gengislækkun er skammgóður vermir. Gengislækkun þýðir verðbólgu undir eins. Gengislækkun hlýtur að þýða kauphreyfingar í landinu undir eins. Eftir tiltölulega mjög stuttan tíma mundu atvinnuvegirnir eftir gengislækkun standa svo að segja nákvæmlega eins og þeir stæðu fyrir gengislækkunina. Þess vegna er það skammgóður vermir. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra.

Ég held að í þessum efnum sé eina leiðin sú að grípa til víðtækra millifærsluaðgerða frá þeim atvinnugreinum sem hafa hirt milljarða króna í góðæri undanfarinna ára og flytja það til annarra atvinnugreina til að koma í veg fyrir gengislækkun. Það er hins vegar aftur á móti bannorð hjá íhaldinu að tala um eitthvað sem heitir millifærsluaðgerðir. Þegar allir eru búnir að segja nei, íhaldið er búið að segja nei, framsókn er búin að segja nei, Seðlabankinn er búinn að segja nei og launamenn eru búnir að heimta bætur fyrir skattahækkanirnar er því sennilega orðið nokkuð þröngt fyrir durum hjá hæstv. fjmrh., formanni Alþfl.

Þetta mál er hins vegar þannig vaxið að það er óhjákvæmilegt í framhaldi af yfirlýsingum ráðherrans áðan að hnykkja á því sem hann sagði, ítreka að hann boðaði umtalsverðar efnahagsaðgerðir fljótlega. Hann boðaði það. Það mál er nauðsynlegt að ræða nánar áður en þing fer heim. Er upplagt að ræða það undir umræðunum um fiskveiðistjórn. Það er upplagt að fara þá yfir þau mál. Mér heyrist líka að menn eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. séu að segja: Prófið þið núna þessar millifærsluleiðir. Þau skilaboð sem frá honum komu varðandi skipasmíðaiðnaðinn eru ekkert annað en millifærsluleið sem er eðlilegt og óhjákvæmilegt að grípa til meðan íslenski skipasmíðaiðnaðurinn býr við óheiðarlega samkeppni erlendis frá og mætti margt frekar um það segja.

Hv. 8. þm. Reykv. flutti athyglisverða ræðu áðan. Hæstv. fjmrh. svaraði þar nokkrum atriðum. Ég ætla satt að segja ekki að blanda mér í þá umræðu í einstökum atriðum núna þó að það væri full ástæða til, en ég ætla að fara fram á við hæstv. fjmrh. að hann afhendi okkur fyrir 3. umr. um vörugjald og söluskatt nákvæmar forsendur skattbreytinganna, tolla, vörugjald, tekjuskatt og annað, eins og fjmrn. reiknar þær út, ekki aðeins verðlagstilfærslurnar heldur líka áætlanir fjmrn. um hvað veltubreytingar í þjóðfélaginu þýða á hverjum lið, hvað eftirspurnarbreytingar í þjóðfélaginu þýða á hverjum lið. Til þess að geta svarað hv. 8. þm. Reykv. hygg ég að það sé óhjákvæmilegt fyrir hæstv. fjmrh. að hafa þetta á reiðum höndum lið fyrir lið. Og ég get tekið undir þær spurningar og gert þær að mínum. Mér dugar ekki, ég veit ekki um hv. þm. Eyjólf Konráð, almennur fyrirlestur um ríkisfjármálin. Ég hef heyrt mörg þannig erindi. Ég get sagt það alveg eins og er að mér þótti t.d. erindið sem hæstv. fjmrh. flutti áðan ekki verra en mörg önnur sem ég hef heyrt í þeim efnum. En til þess að geta brotið málið til mergjar, skilið það til fulls og vitað á hvaða forsendum þeir byggja alla sína talnaspeki, þessir mætu menn, og til þess að geta sannprófað hlutina, þá vil ég fá að sjá þessar forsendur lið fyrir lið og vænti þess að fjmrh. tryggi að við fáum þau gögn áður en 3. umr. um vörugjald og söluskatt fer fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 336, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrir liggur frá fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna till. um að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar. Ég hygg að það sé venja í umræðum að láta kanna það áður en atkvæðagreiðsla hefst um einstakar tillögur hvort vilji er til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar því að það mundi spara okkur vinnu ef við byrjuðum á því strax að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Þá þyrftum við ekki að greiða atkvæði um allar tillögurnar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Þetta mun vera rétt athugasemd hjá hv. 7. þm. Reykv. Því verður sú till. borin upp fyrst til flýtisauka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. á þskj. 310 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 12:6 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 305,1 (nýjar greinar, verða 2.–11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 305,2a samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 336 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 327,a felld með 12:5 atkv.
Brtt. 305,2b samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 327,b felld með 14:5 atkv.
Brtt. 324,a felld með 13:5 atkv.
Brtt. 327,c felld með 12:4 atkv.
Brtt. 305,2c–d samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,b felld með 12:4 atkv.
Brtt. 305,2e samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,c felld með 13:5 atkv.
Brtt. 305,2f–h samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,d felld með 13:5 atkv.
Brtt. 305,2i–þ samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,e felld með 13:4 atkv.
Brtt. 305,2æ samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 324,f felld með 13:5 atkv.
Brtt. 305,2ö–2aa samþ. með 13 shlj. atkv.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Í tilefni af umræðunni áðan um tillögurnar skal ég fúslega viðurkenna að það var rangt að bera upp seinni tillöguna, brtt. 324,f, en það var gert og ég vona að menn misvirði það ekki við forseta. (**SvG:** Enda er þetta ekki alveg sama tillagan, forseti, þegar númerin eru lesin.)

Brtt. 324,g–h felld með 13:5 atkv.
2. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 305,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 305,4a samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 305,4b samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða III, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 313.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):
Herra forseti. Frv. það sem hér er flutt er í samræmi við tillögur stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, þess efnis að brunavarnagjaldi skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. laga 74/1982 verði breytt á þann veg að það reiknist af vátryggingarfjárhæðum fasteigna og lausafjár svo og samsettra trygginga sem hafa í sér fólgna brunatryggingu. Þannig verði brunavarnagjald óháð iðgjaldabreytingum brunatrygginga og innheimtist beint hjá hinum vátryggðu.

Fjárhagur Brunamálastofnunar hefur versnað mjög hin síðari ár. Mikil lækkun varð á brunatryggingum húsa í árslok 1985 og er nú svo komið að tekjur af brunavarnagjaldi nægja rétt rúmlega fyrir helmingi af kostnaði Brunamálastofnunar. Sú þróun, sem verið hefur á tekjum og gjöldum Brunamálastofnunar, kemur glöggt fram á því súluriti sem fram kemur í grg. frv. Má á það benda að á yfirstandandi ári eru áætlaðar tekjur Brunamálastofnunar 10 millj. kr. en útgjöld um 17 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að brunavarnagjaldið nemi allt að 0,04 prómill af vátryggingafjárhæð brunatrygginga, sem gefur um 24 millj. kr. á núgildandi verðlagi á næsta ári, en í meðferð Nd. á málinu var lögð til sú breyting að í stað 0,04 prómill komi 0,045 prómill sem gefur 3 millj. kr. umfram það sem 0,04 prómill gefur og frv. gerði ráð fyrir. Samtals má því áætla að þessi breyting færi Brunamálastofnun í tekjur á næsta ári um 27 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Fram kemur í grg. frv. að af 5 millj. kr. fasteign má áætla að brunavarnagjaldið yrði um 200 kr.

Ég vil að lokum geta þess að þetta frv. hlaut samhljóða samþykki stjórnar og stjórnarandstöðu í félmn. Nd. sem og við afgreiðslu málsins í Nd. Ég vænti þess að frv. þetta nái fram að ganga fyrir jólaleyfi, en á það er lögð mikil áhersla.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

27. fundur, fimmtudaginn 17. des., kl. 1.12 árdegis.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 338.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 227, n. 308 og 311, brtt. 309, 326, 328.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Nefndin hefur athugað þetta frv. gaumgæfilega á fimm fundum samtímis því sem til athugunar voru frumvörp um breytingar á tollalögum og söluskatti og vísa ég til nál. um frv. til l. um breytingu á tollalögum og framsöguræðu um þá sem komu til fundar við nefndina og það góða starf sem starfsmenn fjmrn. unnu í þessu máli.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. Auðvitað er vörugjaldið fyrst og fremst til að afla tekna fyrir ríkissjóð og eins og við heyrðum á ræðum hæstv. fjmrh. áðan gerir hann sér vonir um að geta skilað ríkissjóði með greiðsluafgangi á næsta ári og verður að reyna að hjálpa honum til við það.

Brtt. sem hér eru fram bornar og skýrast á þskj. 309 snerta annars vegar smyglgjarnar vörur. Mér þótti vænt um að mér fannst á undirtektum hv. 7. þm. Reykv. áðan í stólnum að hann væri smátt og smátt að fallast á orðið og er mjög ánægður yfir því. Hann er fljótur að finna hversu gott þetta orð er og ég veit að það verður honum tungutamt þegar frá líður og auðvitað til þess að verslunin færist inn í landið.

Að hinu leytinu er horfið frá álagningu vörugjalds á kökur og fyrir því eru þær tvær meginástæður að (**Gripið fram í:** Kökur eru góðar.) kökur eru góðar já og álagning vörugjalds veldur erfiðleikum þar sem framleiðslurásin er ekki mjög aðskilin frá brauðum og öðru sem framleitt er í bakaríum og eftirlit því mjög torvelt, en eins og við vitum stefnir okkar ágæti hæstv. fjmrh. að því að skattheimtan verði skilvirk og getur nefndin fallist á það sjónarmið hans og vill hjálpa honum við það.

Vegna þess sem hv. 7. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan, þar sem hann sagði að ég hefði ekki gert nema fyrstu blaðsíðu í erindi Landssambands iðnaðarmanna nægilega góð skil, vil ég vekja athygli hans á því að hér er minnisblað landssambandsins varðandi vörugjald í málmiðnaði prentað í heilu lagi sem fskj. og svar ráðuneytisins við því sem ég vona að sé fullnægjandi bæði hv. þm. og málmiðnaðinum. Það er þarna skjalfast hvernig ráðuneytið vill bregðast við þessu erindi og þarf þá ekki að vera í vafa um það.

Ég vil aðeins út af brtt. minni hl. taka fram að 25% áætluð heildsöluálagning á innflutningi er nauðsynleg til þess að vörugjaldsstofninn sé sambærilegur við vörugjaldsstofn á íslenskum iðnaðarvörum sem bera vörugjaldið sömuleiðis. Við getum tekið t.d. súkkulaðiframleiðsluna í landinu, súkkulaðiiðnaðinn, og innflutt súkkulaði. Við verðum því annað tveggja að velja þá leið að áætla 25% heildsöluálagningu á innflutta súkkulaðið eða þá, ef við viljum hverfa frá þeirri álagningu, að lækka þá vörugjaldsstofn innlendu framleiðslunnar. Ég sem góður stuðningsmaður hæstv. fjmrh., sem vill hjálpa honum með sem flest, kýs auðvitað hærri álagningarstofninn og vil þess vegna velja þá leið að bæta 25% ofan á innflutninginn eins og gert er ráð fyrir í frv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 311 birtist nál. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um vörugjald. Undir nál. ritar auk mín hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes og hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir stendur að nál. minni hl. Í nál. segir:

„Minni hl. leggur til að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að láta vinna frv. betur.

Fari svo að meiri hl. Ed. vilji afgreiða málið engu að síður áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja brtt. við einstakar greinar frv.

Með þeim kerfisbreytingum, sem hér er gert ráð fyrir, verður vafasamt að hafa vörugjaldið inni sem skattstofn fyrir ríkið. Þessi meðferð vekur upp spurningar um heildarendurskoðun. Hér er enn verið að dytta að í stað þess að gera róttækar breytingar.

Það sýnir best hvað þetta mál er illa undirbúið og þessi mál í heild að meiri hl. nefndarinnar telur sig strax á byrjunarstigi nauðbeygðan til þess að flytja 40 brtt. við frv. um tollamál sem þó hefur ekki verið lengur en eina viku til meðferðar í þinginu. Minni hl. lagðist gegn því að mál þessi yrðu afgreidd úr nefndinni svo fljótt, eftir aðeins nokkurra sólarhringa vinnu.

Minni hl. telur að í þeim viðtölum, sem nefndin hefur átt við alls konar aðila, hafi komið fram margt athyglisvert sem kalli á nánari skoðun. Eitt hið athyglisverðasta var það að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings sem þurfa að fjalla um mál eins og þetta. Gleggsta dæmið er það að Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda virðast hafa haft málið til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að fjalla um það. Hefur fjmrn. staðið í viðræðum við fulltrúa verslunarinnar og iðnrekenda um málið. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar, eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband ísl. samvinnufélaga, fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þessara aðila yrðu kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. Ed.

Minni hl. telur að skoða beri þetta mál í tengslum

við heildarálögur ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem ákveðnar hafa verið á undanförnum mánuðum. Þessar álögur eru sem hér segir:

1. Við myndun ríkisstjórnarinnar 3700 millj. kr. á ári.
2. Við framlagningu fjárlagafrv. í október alls um 2000 millj. kr.
3. Við meðferð fjárlaga við 2. umr. þeirra 2050 millj. kr.
4. Auk þess gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að víðtækari söluskattsstofn skili 400 millj. kr. í heildartekjur og að veltubreytingar milli ára skili um 600 millj. kr. Samtals er hér um að ræða auknar tekjur sem nema 8750 millj. kr.

Það er svo ein afleiðingin af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að gífurleg verðþensla hefur átt sér stað þannig að fasteignamat hækkar um 50 milljarða kr. umfram verðlagsforsendur sem þýðir auknar tekjur sveitarfélaga auk þess sem raungildi útsvara mun hækka á næsta ári.

Heildarskattgreiðslur verða því stærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en áður hefur verið um að ræða á síðustu 20 árum eða svo. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá Þjóðhagsstofnun í síðustu viku verða skatttekjur ríkisins á næsta ári um 24,7% af landsframleiðslu sem er hæsta hlutfall á tveimur áratugum.

Stjórnarandstaðan treystir sér ekki til þess að bera neina ábyrgð á hroðvirknislegri meðferð þessa máls þar sem Alþingi er sýnd einstök óvirðing og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Guðrún Agnarsdóttir hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti minni hl."

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Eins og hv. þingdeildarmenn hafa væntanlega veitt athygli hef ég skrifað undir meirihlutaálit með þessu frv. með fyrirvara. Sama er að segja um næsta mál á dagskrá, söluskatt. Ég vil geta þess að fyrirvari þessi er almennur. Ég hef enga afstöðu tekið til efnis málanna og fallist á að gera það ekki við 2. umr. heldur hina 3., enda ljóst af því sem fram hefur farið hér í kvöld að upplýsingar skortir til þess að menn geti tekið efnislega afstöðu til málsins. Ég vil að þetta liggi ljóst fyrir.

Um almenna umræðu um peningamál, efnahagsmál, fjárlagagerð og annað slíkt, þá er þetta vissulega staður til að ræða þau mál, en það er ekki stund til þess.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í minnihlutaáliti hv. fjh.- og viðskn. Ed., sem ég á hlutdeild að, leggjum við til, minni hl., að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Fyrir því eru gild rök þar sem hafi tollskráin verið illa unnin, þá er frv. til l. um vörugjald enn þá hroðvirknislegra en nokkurn tíma tollskráin.

Það er greinilegt þegar farið er yfir frv. að þar hefur nánast verið soðin saman einhver runa af tollnúmerum og síðan hefur verið verslað á milli hagsmunaaðila um hvaða vöruflokkar skulu undanþegnir vörugjaldi og hverjir ekki. Ég held að ekkert sýni betur en einmitt vörugjaldsfrv. hvernig hagsmunaaðilarnir, sem hafa fengið að taka þátt í þessum störfum, hafa getað mótað og haft áhrif á niðurstöðuna. Þessa gætir síður í tollskránni, sem við vorum að fjalla um hér áðan, en það er mjög bersýnilegt í þeim tillögum sem frv. til l. um vörugjald ber með sér, hvernig ákveðnir hagsmunahópar hafa getað stýrt því og mótað niðurstöðuna þannig að ákveðnir vöruflokkar eru undanþegnir vörugjöldum en aðrir vöruflokkar eru með vörugjöldum. Ég held að hvergi komi þetta betur í ljós en einmitt í þessu frv.

Ég geri vart ráð fyrir því að till. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. verði samþykkt, þ.e. að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar til úrvinnslu og endurvinnslu, sem er þó líklega það skynsamlegasta sem við gætum gert í stöðunni. Síðan gætum við ætlað okkur að eyða drjúgum tíma eftir áramótin til að lagfæra þetta frv. og stefna að því að samþykkja nýja tollskrá og lög um vörugjald fyrir 1. mars. En við teljum samt öruggara að leggja fram strax við 2. umr. brtt. við frv. til þess þó að gera litla tilraun til að lagfæra frv.

Ég vil þó áður en ég fer að mæla fyrir þessum brtt. lýsa þeirri skoðun minni að hér var kærkomið tækifæri til að losa okkur við vörugjaldið. Ef rifjuð eru upp einkunnarorð hæstv. fjmrh., sem ég held að ég sé nú farinn að læra, þ.e. rulluna, að það sé verið að vinna að því að gera skattkerfið einfaldara, réttlátara og skilvirkara. Ég held ég sé búinn að læra þetta alveg rétt. Hefði ekki verið langeinfaldast að losa okkur alveg við vörugjaldið. Sannleikurinn er sá að þegar við byrjuðum að vinna í þessum tveim frumvörpum, því að það fer auðvitað ekki á milli mála að menn verða að skoða þessi tvö frv. í samhengi, tollskrána og vörugjaldið, sáum við að það væri tiltölulega auðvelt að koma vörugjaldinu inn í tollskrána, þ.e. leggja örlítið hærri tolla á nokkur tollnúmer, á nokkra vöruflokka og fleygja vörugjaldinu algerlega í burtu. Það hefði verið langskynsamlegasta og besta lausnin og þá hefðu þessi háleitu markmið hæstv. fjmrh. vissulega náðst.

Vörugjaldinu er ætlað að útvega ríkissjóði tekjur að upphæð 1,6 milljarðar kr. Þess vegna kann það að virka tortryggilegt að við flytjum brtt. um að fella vörugjöld niður af ýmsum vöruflokkum án þess að koma með neinar hugmyndir um með hvaða hætti við ætlum að leggja ríkissjóði til tekjur á móti. En þá vill svo einkennilega til, reyndar hefur það komið nokkrum sinnum fram í umræðunum í kvöld, að við það að ýmsar vörur verða ódýrari á markaði hér innan lands eykst sala þeirra og með hinum háa söluskatti, sem er á öllum sköpuðum hlutum, aukast tekjur ríkissjóðs við aukna sölu. Svo undarlega ber því við að með því að fella brott vörugjald af allmörgum vörutegundum er við búið að tekjur ríkissjóðs muni aukast. Þetta kann að virka mótsagnakennt, en þetta er engu að síður staðreynd sem væri

mjög vert fyrir hæstv. fjmrh. og ráðgjafa hans að hugsa svolítið betur.

Á þskj. 326 eru brtt. við frv. sem við flytjum, þm. Borgarafl. í Ed. 1. liður þessara brtt. er að úr 3. gr. frv. falli brott eftirtalin númer og mun ég reyna að gera grein fyrir hverju númeri fyrir sig svo að þingheimur megi skilja hvað vakir fyrir okkur með því að leggja til þessar breytingar. Við leggjum að sjálfsögðu til að eftirtalin númer verði án vörugjalds.

Í fyrsta lagi er um að ræða tollnr. 3922.1000, en það eru baðker, sturtubaðker og handlaugar úr plasti. Við getum tekið næsta tollnúmer með, það eru 3922.2000, sem eru salerni og salernislok. Og síðan létum við fylgja með 3922.9001, sem eru plasthylki fyrir m.a. salernispappír og sápulög, og 3922.9009, sem er annað, væntanlega varahlutir í salerni og ýmislegt þar að lútandi.

Það er augljóst hvað vakir fyrir okkur með þessu. Við teljum afar einkennilegt að allt sem lýtur að þrifnaði fólks, að hreinlæti, þ.e. vörur sem tengjast hreinlæti og þrifnaði á heimilum, skuli bera vörugjald. Við áttum okkur ekki almennilega á því hvers vegna það á að gera þessar vörur, sem eru í húsum og íbúðum almennings, dýrari en nauðsyn krefur.

Nú veit ég vel að það að fella niður vörugjald af þessum vörutegundum mun e.t.v. ekki örva sölu þeirra því ég veit svo sem ekki hvað fólk skiptir oft um baðker, salerni, handlaugar og þess háttar. Því kann vel að vera að hér verði ekki um verulega tekjuaukningu með aukinni sölu á þessum hlutum að ræða þó við leggjum til að vörugjaldið verði fellt niður. En engu að síður teljum við óeðlilegt að það sé verið að leggja vörugjöld á þennan búnað sem er nauðsynlegur búnaður á öllum heimilum almennings og varðar þrifnað og hreinlæti.

Það má segja að næstu tvö númer eru tengd þessu. Það eru 6910.1000 og 6910.9000, en hér er um að ræða vaska, baðker og salernisskálar úr postulíni. Í seinna númeri er um að ræða „annað" sem væntanlega geta verið varahlutir í þennan búnað. Þetta er af sömu rótum runnið. Við teljum óeðlilegt að leggja vörugjald á búnað til heimilanna, sem tengist þrifnaði og hreinlæti, að gera þessar vörur dýrari en nauðsynlegt er.

Næsta númer er 7324.1000, en þar er um að ræða vaska og handlaugar úr ryðfríu stáli. Nú mun vera einhver framleiðsla á vöskum úr ryðfríu stáli hér innan lands þannig að það kann að vera að gera þurfi sérstakar breytingar á tollskránni á móti, en látum það liggja á milli hluta við þessa umræðu.

Ég ætla að fara yfir í 7418.2000 og 7615.2000, en þetta eru hreinlætisvörur og hlutar til þeirra úr kopar og hreinlætisvörur og hlutar til þeirra úr áli. Við setjum aftur spurningarmerki við að setja vörugjald á hreinlætisvörur og hluta til þeirra, þann búnað heimilanna sem er tengdur þrifnaði og hreinlæti. Sérstaklega hvað snertir þessi tvö tollnúmer spyrjum við hvort það taki því að leggja vörugjald á þessi tvö númer. Heildarinnflutningur 1986 á koparvörum var um 1,3 millj. kr. og á hreinlætisvörum úr áli var heildarinnflutningurinn 1986 heilar 20 þús. kr. Þetta er nú aldeilis gjaldstofn að leggja vörugjald á. Þetta líklega réttir við halla ríkissjóðs þegar vörugjaldið fer að innheimtast af þessum 20 þús. kr. á hreinlætisvörum úr áli.

Það er búin að fara fram töluverð umræða um varahluti í þvottavélar. Það kom fram við umræðuna um tollskrána að hæstv. fjmrh. og aðstoðarmenn hans telja mjög eðlilegt að það séu tollar og einnig vörugjald á varahlutum í þvottavélar. En hins vegar er ekki talið rétt að setja tolla eða vörugjald á varahluti í uppþvottavélar, þurrkara og kælitæki. Þetta er rökstutt með því að þvottavélar, sem er um að ræða undir þessu tollnúmeri, séu aðallega notaðar á heimilunum, en uppþvottavélar séu notaðar vítt og breitt í atvinnurekstri. Ég skal viðurkenna að ég hef séð allmargar uppþvottavélar í hinum ýmsu salarkynnum Alþingis. Það eru dæmi um að uppþvottavélar eru vissulega notaðar á fjölmörgum vinnustöðum, en þvottavélar síður, þó svo að það fari kannski að koma að því að nauðsynlegt reynist að koma upp þvottavél í Alþingishúsinu svo þm. gætu átt kost á því að þvo skyrtur sínar þegar þeir eru orðnir sveittir af því að standa í umræðum kannski 10, 12 jafnvel upp í 15 tíma samfellt. Það kynni að vera gott að geta skroppið frá og þvegið skyrtuna sína og komið upp aftur.

Eins má líka benda á annað og það er að með því að hafa varahluti í þessar vélar mjög dýra er náttúrlega hætta á að þvottavélar verði ekki eins endingargóðar og ella. Þvottavélar eru allar innfluttar til landsins og kosta gjaldeyri. Það hlýtur að vera kappsmál fyrir okkur að reyna að nýta slíka hluti eins lengi og hægt er til þess að við séum ekki að eyða óþarfa gjaldeyri í að flytja þá inn til landsins. Ég hefði talið eðlilegt að hafa varahluti í þvottavélar án vörugjalds til þess að stuðla að því að þvottavélar entust lengur en annars.

Sömu sögu er að segja um tollnúmer 8509.9000 sem eru varahlutir í ryksugur og hrærivélar. Ef ekki væri tekið vörugjald af varahlutum í ryksugur og hrærivélar væri kannski minna um það að það kæmu hingað 13 ryksugur með einni flugvél frá Glasgow eins og dæmi eru um á undanförnum vikum.

Þá er það tollnúmer 8518.3000 og 8518.9000 en hér er um að ræða heyrnartól, eyrnatól og sambyggð hljóðnema- og hátalarasett og varahluti í það sama. Við leggjum til að vörugjald verði fellt niður af þessum hlutum, enda er hér um mjög „smyglna" vöru að ræða. Það hugtak kom ekki fram í fróðlegri umræðu sem fór hérna fram fyrr í kvöld, þ.e. hvaða orð skyldi notað yfir varning sem ferðamenn taka gjarnan með sér í töskunum og reyna að koma fram hjá tollgæslunni. Það var stungið upp á „smyglrænum" og „smyglnæmum" vörum og „smyglgjörnum". Einn hv. þm. í Ed. hvíslaði því að mér að það mætti líka hugsa sér að kalla þessar vörur smyglnar vörur. Ég sting upp á því að við höllumst helst að þessu síðasta orði og tölum um smyglnar vörur.

Mikið af vörum sem eru fluttar inn undir þessu tollnúmeri eru með undanþágum fyrir stærstu notendurna, þ.e. Ríkisútvarpið, aðrar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og upptökuiðnaðinn. Þeir sem þurfa því raunverulega að borga vörugjald og toll af þessum vörum eru að sjálfsögðu almenningur, sem kaupir slíkar vörur til heimilisnota, en stærstu aðilarnir, sem kaupa mest af þessum vörum, sleppa. Ég held aftur að aukin sala á þessum hlutum, ef vörugjaldið yrði fellt niður, mundi í raun og veru útvega ríkissjóði meiri tekjur vegna söluskatts en vörugjaldið gæfi.

Alveg sömu sögu er að segja um tollnúmer 8519.2100 og tollnúmer 8519.2900, en það eru plötuspilarar og snælduspilarar og varahlutir í það sama. Hér er um mjög smyglna vöru að ræða því að það eru mörg dæmi um það að Íslendingar gera sér beinlínis ferð til Glasgow til þess að kaupa t.d. geislaspilara. Er talið að með því að kaupa einn til tvo geislaspilara í ferðinni sé ferðakostnaður, flugfar og hótelkostnaður í Glasgow að fullu greiddur með því sem sparast. Þannig er það alveg augljóst að með því að fella niður vörugjald af þessum tækjum mundi sala þeirra aukast mjög hér innan lands. Ríkissjóður mundi fá mun meiri tekjur af sölu þessara tækja í gegnum söluskattinn en hann mundi fá í gegnum vörugjaldið.

Þá komum við að tollnúmeri 8520.2000 sem er símsvarar. Og skylt þessu er tollnúmerið 8520.3100 sem eru segulbandstæki fyrir snældur. Við viljum aðeins vekja athygli á því að símtækin sjálf, sem eru í tollflokki 8517.1000, eru komin í 0% toll. Og það er heldur ekkert vörugjald á símum. Við teljum því mjög eðlilegt að símsvararnir séu einnig án vörugjalds, sérstaklega þar sem á síðustu mánuðum er farið að flytja hingað inn símtæki með innbyggðum símsvara. Nú vandast málið hjá tollinum þegar á að fara að greiða tolla- og vörugjald af slíkum tækjum þar sem ekki er hægt að sundurliða hver er kostnaður símtækisins í þessum sambyggða hlut og hver er kostnaðurinn vegna segulbandsins sem er í símtækinu. Óska ég tollþjónustunni til hamingju með það þegar hún fer að ráða fram úr þeim vanda að taka á símum með innbyggðum segulbandstækjum, þ.e. þegar símsvarinn og síminn er eitt sambyggt tæki. Það verður mjög skrýtið að ráða fram úr því hvernig á að tolla það og leggja á vörugjald.

Tollnúmer 8527.1100 og næsta númer við, 8527.2100. Um er að ræða sambyggð útvarps- og hljóðupptökutæki. Hér gilda alveg sömu rök og ég hef fjallað um hér á undan, þ.e. þetta eru mjög smyglin tæki. Þetta eru oft og tíðum lítil tæki, sem er auðvelt að taka með sér í töskunni, mjög vinsæl ferðamannavara ásamt mörgu öðru sem sóst er eftir að kaupa inn ódýrt í nágrannalöndunum og taka með sér heim til Íslands. Hér gilda sömu rök og ég hef komið inn á áður. Ef vörugjaldið væri fellt niður af þessum vörum, þessum útvarpstækjum, mundi sala þeirra innan lands aukast það mikið að söluskattstekjur mundu áreiðanlega verða meiri en það sem tapast vegna vörugjaldsins.

Mig langar til að fjalla um erindi sem okkur barst frá Sambandi ísl. rafveitna til umfjöllunar í hv. fjh.- og viðskn. Fulltrúar raforkuiðnaðarins í landinu og rafveitnanna komu á fund nefndarinnar og lögðu fram bréf, dags. 11. des. 1987, með umsögn um frv. til laga um vörugjald sem ég ætla að fá að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Samband ísl. rafveitna hefur fengið í hendur stjfrv. um vörugjald. Til að fara yfir frv. var efnt til fundar fulltrúa stærstu raforkufyrirtækja landsins, Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins. Við athugun frv. kemur í ljós að stefna þess virðist sú að draga sem mest úr álögum á aðföng iðnaðarins í landinu nema þá helst þeirra vörutegunda sem af einhverjum ástæðum er talið nauðsynlegt að stýra kaupum frá, t.d. í hollustuskyni.“

Hér eiga fulltrúar raforkuiðnaðarins væntanlega við vörugjald á ýmsum vörum til gosdrykkja- og sælgætisgerðar. Þeim hefur hins vegar yfirsést sú stýring í frv. að stýra kaupum frá t.d. búnaði til þrifnaðar og hreinlætis sem af einhverjum ástæðum er talið nauðsynlegt eins og kemur fram í frv. Bréfið heldur svo áfram, virðulegi forseti:

„Undantekningar frá þessu eru einna helst nokkur tollskrárnúmer sem ná yfir mikilvæg aðföng raforkuiðnaðarins í landinu, tollnúmerin 8535, raftækjabúnaður, rofar o.fl., yfir 1000 volt. 8536, raftækjabúnaður, rofar, vör, liðar o.fl. fyrir 1000 volt. 8537, töflur, stjórnborð, tæki til rafstýringar o.fl. 8544, vír, kaplar og aðrir rafleiðarar með tengihlutum o.fl. Þessu vill Samband ísl. rafveitna mótmæla.

Með vísun til þeirrar stefnu að koma á samræmi í álagningu gjalda, þeirra almennu óska að halda raforkuverði sem lægstu og lækka með því útgjöld heimila og atvinnufyrirtækja, vill Samband ísl. rafveitna fara þess á leit við hæstv. fjh.- og viðskn. að hún hlutist til um úr ofangreindum misfellum á frv. verði bætt.“ Undir þetta rita fulltrúar Sambands ísl. rafveitna.

Við gerðum ekki neinar tillögur um að breyta þessu í þeim brtt. sem við leggjum fram á þskj. 326. Við reiknuðum með því að meiri hl. fjh.- og viðskn. mundi taka þetta að sér en ég hef ekki séð að þeir hafi gert það. Vil ég vekja sérstaka athygli á þessu og benda á hvað hér er raunverulega um alvarlegan hlut að ræða, þ.e. að rafveiturnar í landinu þurfa að greiða vörugjald af ýmsum þeim tækjabúnaði sem þær þurfa á að halda. Þetta hlýtur af sjálfu sér að hækka raforkuverð til neytenda sem getur ekki verið stefna hæstv. fjmrh. Ég vona að svo sé ekki, að ástæðan fyrir þessu sé sú að þeir hafi eitthvað á móti því, hæstv. ráðherrann og aðstoðarmenn hans, að raforkuverð til almennings og fyrirtækja hér á Íslandi sé haft eins lágt og hægt er. Nógu hátt þykir það sumum.

Ég mundi gjarnan vilja spyrja: Hvað væri því til fyrirstöðu að setja t.d. vörugjald á þessi númer, svo

sem eins og á 3303, ilmvötn sem lækka úr 80% tolli niður í 0? Það er ekkert vörugjald á ilmvötnum. Margar konur sem ég hef spurt um þetta atriði núna undanfarna daga hafa sagt mér að þessi þungu ilmvötn, sem voru algeng áður fyrr, séu orðin úrelt. Ég minnist þess að þegar ég var drengur var ekki óalgengt ef maður nálgaðist virðulega eldri konu að *hún væri umlukin skýi af þungu ilmvatni*. Mér er tjáð að þetta sé eiginlega alveg orðið úrelt, konur noti ekki svo mjög þessi þungu ilmvötn nú, heldur sé um að ræða léttari efni úr einhvers konar úðunarbrúsum sem virka á allt annan hátt. Það væri því alveg óhætt að hafa smávegis vörugjald á ilmvötnum. Sömu sögu er að segja um 3304, varaliti og krem, ég held að það mundi alveg þola smávegis vörugjald.

Númer 3605 eru eldspýtur, 3606 kveikjaragas, 3926 styttur og skrautvörur ýmiss konar, 4016 ýmsar skrautvörur úr gúmmí, 4205 ýmsar leðurvörur, 4206 eru vörur úr þörmum — þó er skýrt tekið fram í tollskránni að það séu ekki vörur úr silkiormaþörmum — og 4813 er vindlingapappír. Ég held að það hefði verið allt í lagi að hafa vörugjald á honum. A.m.k. væri mér sama þótt hækkaðir væru mjög tollar og álögur á tóbaki og tóbaksvörum. Ég er lítt hrifinn af slíku en ég þykist samt vita að margir hv. þm. séu ekki sammála mér um það.

Svo er um að ræða 6406, legghlífar, 6505, annan höfuðfatnað, 6601, sólhlífar, 7013, skrautvörur úr gleri, 7326, skrautvörur úr járni, 8306, bjöllur og skrautmuni, 9504, myndbandsleiktæki og spil, 9505, hluti til jólahalds og töfrabragða, 9613, kveikjara, 9614, reykjarpípur. Ég tek aftur fram að ég er mjög sáttur við að leggja vörugjald á slíka hluti en það er einhverra hluta vegna ekki gert. Síðan er um að ræða 9616 en það eru ilmúðarar og duftpúðar, og tel ég að hv. þingkonur Kvennalistans séu mér sammála um að það gerði ekkert til þótt vörugjald væri á þessum liðum. Þeir eru tiltölulega ódýrir eftir þá breytingu sem verður gerð á tollskránni.

Eins mætti hugsa sér að fyrirtækin í landinu gætu vel borið vörugjald á áprentuðum umslögum og bréfsefnum, 4817, á reiknivélarúllum, 4823, 8304, skjalakössum og skrifstofubúnaði, 8469, ritvélum, 8470, reiknivélum, 8472, fjölritunarvélum, 8476, sjálfsölum. Númer 8517 eru símar og telex- og telefaxtæki og þá skyldi ég alveg vera sáttur við það þó að það sé vörugjald á símsvörum. Ég held að fyrirtæki í landinu mundu ekkert kvarta óskaplega yfir því þó að væri vörugjald á þessum vörutegundum. Þær mundu aðeins hækka í verði, en ekki svo mikið.

Þetta er nú sagt hér til þess að sýna fram á að hægt væri að leggja vörugjaldið á með allt öðrum hætti. Það er hins vegar mjög einkennilegt og athyglisvert þegar vörugjaldsfrv. er skoðað að nánast allar byggingarvörur, að einni undantekinni sem er steypustyrktarstál, eru án vörugjalds. Ég er mikið búinn að velta því fyrir mér hvernig stendur á því að nánast allar byggingarvörur, einkum byggingarvörur til hrábyggingarinnar, svo sem eins og timbur og annað, eru án vörugjalds, en steypustyrktarstál er með vörugjaldi.

Ég er að velta því fyrir mér hvort embættismenn og hæstv. ráðherra kunni virkilega það mikið í burðarþolsfræði að þeir geri sér grein fyrir því að með því að gera steypustyrktarstál eilítið dýrara er notuð meiri steypa. Það þýðir það að með því að hafa steypustyrktarstálið dýrara er yfirleitt valin sú leið að stækka steypuþversniðið, að auka steypumagnið. Ég er að velta því fyrir mér hvort það liggi einhver dýpri hugsun þarna á bak við, að þetta muni auka steypusölu innan lands. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn hverjum það mundi gagna, en þetta kom mér í hug þegar ég sá að sett var vörugjald á steypustyrktarstál. Það var afar einkennilegt.

Það er vörugjald á vír og þar á meðal er vörugjald á vír fyrir rafleiðslur fyrir 1000 volt og meira. Þarna er aftur verið að íþyngja raforkuiðnaðinum í landinu og rafveitunum. Þeim er gert að borga vörugjald af rekstrarvöru sem er vír fyrir rafleiðslur. Það er einkennileg árátta að hafa áhuga á því að stuðla að því að raforkuverð hækki í landinu. Þetta minnir dálítið á það sem var mjög áberandi og er væntanlega enn að raforkuiðnaðurinn í landinu hefur þurft að beita alls konar hundakúnstum til að sleppa fram hjá ýmsum óþarfa aðflutningsgjöldum, bæði tollum og vörugjaldi og söluskatti, til þess að reyna að halda raforkuverði til landsmanna niðri. Þannig hafa Rafmagnsveitur ríkisins þurft að fara út í það að hafa stofnlínur 132 kílóvolt í stað 66 kílóvolta lína vegna þess að það er hægt að fá felld niður öll aðflutningsgjöld af línum sem eru fyrir 132 kílóvolt en ekki af línum fyrir 66 kílóvolt. Það er alveg dæmigert fyrir hvernig yfirvöld líta á þessi mál að það hefur ekki með nokkru móti tekist í gegnum áratugi að fá þessu breytt. Hér er enn reiknað með því að rafveitur þurfi að greiða vörugjald af rafmagnsleiðslum. Ég vil biðja hæstv. ráðherrann og embættismenn hans að skoða þessa hluti betur.

Fulltrúar raforkuiðnaðarins greindu okkur einnig frá því að töflur og stýriskápar fyrir raforkuvirki eru með vörugjaldi en ekki hlutir í stjórnskápa og töfluskápa. Þetta veldur því, sögðu þeir okkur, að þeir neyðast til þess að biðja framleiðendur erlendis um að rífa þessa skápa alla í sundur því að svo ber undir að þegar þetta er flutt inn í lausum hlutum eru þessir hlutir án vörugjalds. Þegar á að flytja þessa flóknu skápa inn til Íslands, aðallega frá Frakklandi og Þýskalandi, til notkunar hjá rafveitum og raforkuverum er verið að bjástra við að rífa þetta allt í sundur í smáhluti, flytja þetta til Íslands og svo hnoða þessu saman hér aftur til þess að losa þessi fyrirtæki við að borga óþarfa vörugjald af þessum hlutum.

Ég skal fara að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Ég held að ég hafi nánast lokið upptalningunni. Ég vildi kannski enda á því að spyrja hvers vegna vörutegund eins og ljósleiðarar er með vörugjaldi. Mér er ekki kunnugt um neinn annan aðila á Íslandi sem

notar ljósleiðarakapla en Póst- og símamálastofnun, þeir eru notaðir til þess að skipta út úreltum símaleiðslum, en eins og öllum er kunnugt er núna unnið markvisst að því að tengja allar símstöðvar landsins með ljósleiðurum. Það vekur mikla furðu mína að það skuli sett vörugjald á ljósleiðara. Spurt er hvort hæstv. fjmrh. amist eitthvað við þessari þróun og hvort hann vilji stuðla að því að henni seinki.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er orðið áliðið nætur hér og enginn í salnum nema við tvö, forsetinn og ég, en ég ætla samt að segja nokkur orð um vörugjald.

Eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. stend ég að nál. minni hl. fjh.- og viðskn., en þar sat ég fundi sem áheyrnaraðili, eins og komið hefur fram, í því máli sem hér var áður rætt, frv. til laga um breyting á tollalögum. Satt að segja, varðandi vörugjaldið, eru orðnar svo fáar vörutegundir eftir sem vörugjaldið er tekið af að það vekur upp hugsun um það að raunverulega þyrfti að fara fram endurskoðun á tilvistarrétti þess sem skattstofni fyrir ríkið. Þetta voru upphaflega mun fleiri vöruflokkar sem ætlað var að væru felldir undir vörugjald, en síðan var hreinsað til í vinnslu frumvarpanna og þarna eru einungis örfáir flokkar inni. Það er spurningin hvort þetta er ekki orðinn svo mikill hortittur að það eigi raunverulega að fella þetta inn í eitthvert annað gjald eða jafnvel e.t.v. að lækka það og setja það á fleiri vörur. En þetta eru fyrst og fremst vangaveltur.

Gerðar hafa verið breytingar af meiri hl. sem varða sumar þær vörutegundir sem áður voru með vörugjaldi.

Á fundi nefndarinnar komu ýmsir aðilar sem m.a. vöktu athygli okkar á því hversu sumar vörutegundir lentu í því að vera smyglað. Menn hneigðust til að smygla smáum hlutum sem hefðu á sér mikla tolla. Okkur var t.d. sagt frá því þegar menn smygluðu rafmagnsrakvélum eftir að lagður var lúxustollur á slíkar vörur. Könnun var gerð á því í Evrópulöndum eða Efnahagsbandalagslöndunum hvernig velta smáhluta eins og t.d. rafmagnsrakvéla breyttist eða verslun virtist hreyfast eftir því hvers kyns tollur væri á tækjunum. Að sjálfsögðu koma kannski margir aðrir þættir inn í þetta. Sem dæmi má taka að talsvert almenn tala í Efnahagsbandalagslöndunum var um 40 rakvélar á hverja 1000 íbúa. Eftir að settur var lúxustollur á slíka muni í Danmörku datt notkun á þessari ákveðnu vörutegund niður í 23 rakvélar á hverja 1000 íbúa og það var talið að Danir hefðu misst um 3 milljarða kr. veltu úr landi, ekki einungis auðvitað vegna þessa ákveðna tækis heldur annarra sem heyrðu undir þennan lúxustoll á raftæki.

Það kom líka fram að á Íslandi voru 12 slíkar vélar á hverja 1000 íbúa og þá eru meðtalin kaup í Fríhöfninni þar sem um það bil helmingur þessara tækja er seldur. Það leiðir hugann að því hvort mikið er af smygli á slíkum varningi hérlendis og það komu t.d. einmitt athugasemdir um það að nauðsyn væri að færa verslun inn í landið á varningi sem slíkum.

Þetta er sem sé til umhugsunar. Og það leiðir einnig hugann að því að þeir sem fara til útlanda hafa meiri tök á því að fá sér hlutina ódýrt en þeir sem minna ferðast þannig að þarna er um verulega mismunun að ræða.

Ég vil nefna líka það sem hefur komið hér fram að um er að ræða ákveðna hækkun sem verður á ýmsum raftækjum sem eru fyrst og fremst til heimilisnota og það vekur upp spurningar um það hvort ekki sé fullt eins gott að leggja svipað gjald á atvinnurekstur þar sem um er að ræða ýmis tæki eins og ritföng, ritvélar, alls kyns smávélar og hluti sem notaðir eru í skrifstofurekstur og fyrirtækjarekstur. Það má velta því fyrir sér hvort þessi atvinnurekstur geti ekki fullt eins vel greitt sinn skerf til samneyslunnar eins og t.d. heimilin í landinu sem þurfa að greiða talsvert meira en áður ef þessi þrjú frv. verða samþykkt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta mál frekar þó að full ástæða væri til þess. Það hefur ýmislegt komið fram hér í umræðum sem ég ætla ekki að fara að endurtaka. Það er ástæðulaust. Ég ítreka það bara að ég stend að því nál. sem þegar hefur verið kynnt og mun ræða þessi mál enn frekar þegar kemur að því máli sem fylgir á eftir þessu, þriðja málinu í syrpunni, frv. til laga um breyt. á lögum um söluskatt.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. þm. Júlíus Sólnes hafði áhyggjur af því að breytingar á vörugjaldi kynnu að stuðla að hækkun orkuverðs. Hvernig hann fékk það út er mér óskiljanlegt. Raflagnaefni sem hér um ræðir, hvað gerist með það? Tollar lækka úr 35% í 0, vörugjald lækkar úr 24% í 14%, verðlækkun á þessum aðföngum er 30%.

Hv. þm. spurði einnig: Af hverju er verið að leggja vörugjald á hreinlætistæki? Það er undarlega spurt. Þessar vörur eru með 30% vörugjald í dag og þær bera 30% toll. Það er verið að lækka vörugjald um helming og það er verið að fella tollinn niður. Vöruverðið lækkar um 45%. Maður skyldi ætla að þetta væri nokkuð vel að verki staðið.

Við fyrri umræðu spurði hv. þm.: Hvers vegna ekki að leggja vörugjald á alla hluti, á hinn breiða stofn? Hvað mætti lækka það við það? Því var svarað. Það mætti lækka það niður í 8½%, en afleiðingarnar að öðru leyti yrðu á allt aðra lund en að er stefnt. Verðlagsáhrif yrðu mun óhagstæðari, möguleiki á raunhæfri innheimtu enginn, enda reynslan af núverandi vörugjaldi slæm.

Nú er spurt: Af hverju ekki að fella gjaldið bara hreinlega niður? Svarið við því er mjög einfalt. Það er vegna þess að það hefur verið ákveðið þrátt fyrir allt að afla tekna til þess að halda vöruverði á helstu matvælum óbreyttu og hafa þannig áhrif á m.a. kaupmátt heimilanna.

Þetta eru svona helstu atriðin sem stungu í augun við umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söluskattur, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 226, n. 306 og 333, brtt. 307, 312, 325 og 329.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — *Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.*

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er það sama að segja um þetta eins og það mál sem hér var síðast fjallað um að það var athugað í nefnd í tengslum við tvö hliðstæð frumvörp um vörugjald og tollalög og er einn liður í þeirri samræmingu á tekjuöflunarkerfinu sem nú er unnið að. Nefndinni bárust ýmsar ábendingar og það er rétt að það komi fram að fulltrúar launþegasamtakanna, bæði frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB sérstaklega mótmæltu mjög harðlega þeim hugmyndum sem í þessu frv. felast um matarskatta. Sérstaklega hefur verið gagnrýndur sá skattur sem leggja á á fisk og grænmeti og skyldar vörur og gróft brauð o.s.frv., bæði út frá því almenna sjónarmiði að þessar vörur séu viðkvæmar neysluvörur og eins frá því sjónarmiði að þær séu hollar og mig minnir að sá hv. þm. sem best skynbragð ber á hollustu, hv. 6. þm. Reykv., hafi haft sérstakt orð á því að fiskmeti væri mjög gott fyrir efstu tasíuna á þm. og brosti með þeim hætti að maður gat vel skilið sem svo að ýmsum af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar veitti ekki af því að borða meiri fisk og eru það kannski bestu rökin sem ég hef heyrt fyrir því að hækka þá vöru ekki mjög í verði.

Á hinn bóginn hefur verið bent á það að þegar framfærsluvísitalan er metin í heild, þær hækkanir sem þessum breytingum öllum fylgja, kemur í ljós að útgjöld vísitölufjölskyldu haldast í jafnvægi og byggingarvísitala lækkar um 1,5% eða svo sem auðvitað þýðir allt saman náttúrlega lækkun á lánskjaravísitölunni sem auðvitað hefur sína þýðingu.

Í sambandi við þær brtt. sem hér eru lagðar fram vil ég segja í fyrsta lagi að fellt er inn í þær ákvæði þess efnis að hæstv. fjmrh. sé heimilt að fella niður söluskatt af vörum sem erlendir ferðamenn hafa keypt hér á landi um leið og þeir hverfa úr landi. Það fór tvennum sögum af því hvort hæstv. fjmrh. hefði heimild til þess arna. Til þess að taka af öll tvímæli var þessari heimild bætt inn í. Er heimildin í brtt. og leggur meiri hl. nefndarinnar áherslu á að þeirri heimild verði breytt. Ég tek sérstaklega fram að hagsmunir ullariðnaðarins eru taldir mjög miklir í þessu sambandi en sá rekstur er mjög viðkvæmur eins og þm. vita, hefur átt í miklum erfiðleikum og veitir sannarlega ekki af því að fá einhverja vítamínsprautu. Ég veit ekki hvort þetta ræður neinum úrslitum en þetta gæti kannski hjálpað til og skal ég ekki blanda mér inn í þær merkilegu umræður sem hér hafa annars farið fram í deildinni um það hvaða afleiðingar gengislækkun hafi en mér hefur skilist bæði á hv. 7. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. að menn verði bara að sætta sig við það ef gengið fer eitthvað úr skorðum því að það hefnir sín alltaf að hreyfa við genginu.

Þá er tekið inn í frv. annar kafli brbl. um ráðstafanir í fjármálum og er hér gert ráð fyrir því að á margvíslegri þjónustu sérfræðinga sem hefur verið með 10% söluskatt verði hann hækkaður í 12%. Ég veit ekki hvort þarf að hafa um þetta mörg orð. Þessi skattlagning hefur auðvitað alla þá galla sem það hefur að leggja almennan skatt af þessu tagi á þjónustu sem erfitt er að skilgreina og raunar ómögulegt og það eru rökin fyrir því að skattprósentan er lægri, en auðvitað dregur úr þeim göllum sem fylgja þessari skattlagningu þegar virðisaukaskatturinn kemur sem ákveðið er að verði um áramótin 1988–1989, 1. janúar það ár. Var það raunar skilyrði ýmissa sem hafa fallist á þessa miklu breikkun söluskattsstofnsins að virðisaukaskatturinn yrði tekinn upp að ári.

Í brtt. er gefin heimild til ráðherra til að setja fyllri ákvæði um skattskyldu samkvæmt þessum kafla og um önnur atriði sem lúta að framkvæmdinni. Ég þarf ekki að taka fram að manni er auðvitað óljúft að standa að lagaákvæði af þessu tagi en það réttlætist af þeim miklu framkvæmdaerfiðleikum sem eru við álagningu söluskattsins, þeirri miklu hættu á því að skatturinn komi ójafnt niður og að undanbrögð frá skattinum verði almenn.

Ég tek líka fram að eftir megni ber fjmrn. skylda til að skattleggja innri vinnu þessara sérfræðinga, t.d. þannig að það dugi ekki að taka lögfræðing eða verkfræðing af launaskrá, með því falli söluskatturinn niður. Það gengur ekki, heldur hlýtur það að vera tilgangurinn að skattleggja vinnuna, þjónustuna sjálfa, hvernig sem hún er látin í té, hvort sem hún er látin öðrum í té eða þjónustan er hluti af innra starfi fyrirtækisins. Við getum tekið stórt fyrirtæki eins og t.d. Samband ísl. samvinnufélaga. Auðvitað hlýtur sambærileg vinna hjá SÍS, vinna verkfræðinga, bókhaldara, endurskoðenda, náttúrufræðinga, lögfræðinga o.s.frv. að vera skattskyld með sama hætti og ef smáfyrirtæki keypti þjónustu frá öðru smáfyrirtæki.

Á fund okkar komu tveir menn, formaður og starfsmaður Félags ráðgjafarverkfræðinga, og lýstu áhyggjum sínum af þessu sem gefur tilefni til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá nefndinni að það sé ekki skilyrði fyrir skattlagningunni að þjónustan sé aðkeypt, heldur sé þjónustan skattskyld þó ekki komi bein greiðsla fyrir. Sama lögfræðiþjónustan sé m.ö.o. skattskyld

hvort sem hún er látin í té af sérstöku lögfræðifyrirtæki eða látin í té af lögfræðingi sem er á launaskrá hjá viðkomandi fyrirtæki, m.ö.o. sé ekki um selda þjónustu að ræða í þeim skilningi orðsins heldur haldist skattstofninn. Um þetta eru mörg hliðstæð ákvæði. Ég er þeirrar skoðunar að skattlagningin hljóti að vera almenn, það sé óhugsandi að mismunandi fyrirtæki sitji þar við mismunandi borð eftir stærð. Það er ekki hlutverk söluskattsins að hafa áhrif á verkaskiptingu fyrirtækjanna heldur að skattleggja sömu þjónustuna hvar sem hún er látin í té. Ég veit að hæstv. fjmrh., sem hefur lagt mjög mikla áherslu á einmitt þetta atriði, að skattskyldan sé almenn, réttlát og skilvirk, er sammála mér um nauðsyn þessa sem ég hef nú sagt og vildi ég gjarnan fá að heyra álit hans á því.

Þá vil ég sérstaklega taka fram varðandi 4. gr. að þar er talað um greiðslur samkvæmt samningum um fjármögnunar- eða kaupleigu véla, tækja og búnaðar til atvinnurekstrar. Þetta var látið inn til þess að koma í veg fyrir tvísköttun.

Ég held að ég þurfi ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta. Við leggjum sem sagt til að þetta frv. verði samþykkt sem er auðvitað einn liður í nauðsynlegri tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ég legg áherslu á það að við í mínum flokki höfum fallist á þessa skattheimtu alla saman, fallist á að ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi í trausti þess að hæstv. fjmrh. haldi lántökum í hófi þannig að mikil eftirspurn hins opinbera eftir innlendu sparifé eða lánsfé verði ekki til þess að hækka almenna vexti eins og verið hefur sérstaklega upp á síðkastið, heldur geti raunvextir farið lækkandi á næsta ári, sem er auðvitað forsenda þess að hægt sé að fallast á alla þá skattheimtu sem við erum nú að greiða atkvæði með.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd minni hl. fjh.- og viðskn. Nál. minni hl. er á þskj. 333. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nál.:

„Minni hl. er andvígur tillögunum um matarskatt. Í samræmi við það eru fluttar brtt. við frv. um söluskatt.

Minni hl. telur að matarskatturinn komi verst við láglaunafólkið eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Meiri hl. telur að þrennt vinnist við matarskattinn:

1. Skilvirkni. 2. Réttlæti. 3. Einföldun.

1. Engin ástæða er til að ætla að tryggt sé að söluskattur skili sér betur af þúsundum smáfyrirtækja sem einkum selja þjónustu þó að söluskattur verði lagður á matvæli. Skatturinn á matvæli — 5750 millj. kr. — er að því leyti „skilvirkur“ að fólk neyðist til að borða mat til þess að geta lifað — einnig fátækt fólk.

2. Skatturinn er bersýnilega ranglátur því að hann leggst þyngst á láglaunafólkið. Þannig fer skatturinn hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin eru lægri. Það getur a.m.k. ekki talist jafnaðarstefna.

3. Það getur verið skynsamlegt markmið að einfalda skattakerfið. En þá átti ekki að byrja á því að leggja á matarskatt. Fremur hefði átt að byrja á því að tryggja betur að fyrirtæki og þeir tekjumeiri í þjóðfélaginu greiði réttlátan skatt af tekjum sínum.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og tók þátt í meðferð málsins og er samþykk nál. þessu.“

Undir þetta skrifa Svavar Gestsson og Júlíus Sólnes.

Eins og sagt er frá í minnihlutaálitinu þá leggjumst við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna öll gegn matarskattinum og tökum þar undir með fjölmörgum öðrum aðilum utan þings sem innan, að matarskatturinn er væntanlega það sem þessi ríkisstjórn verður þekkt fyrir. Þegar Íslandssagan verður skrifuð þá mun það verða matarskatturinn sem verður auðkenni þessarar ríkisstjórnar. Með matarskattinn á herðunum mun hún festast á blöðum sögunnar þegar saga okkar á þessum seinni hluta 20. aldarinnar verður skráð. Ég öfunda ekki hæstv. ráðherrana af því að þurfa að sitja undir því það sem eftir verður Íslandssögunnar að hafa nánast komið öllum almenningi í landinu á kaldan klaka með matarskattinum.

Einn þekktur leiðtogi jafnaðarmanna í Vestur-Þýskalandi, Willy Brandt, sagði eitt sinn að komist verðbólgan í 25% þá sé lýðræðið í hættu. Ég held að á sama hátt sé hægt að segja að þegar farið er að leggja 25% matarskatt á helstu nauðsynjavörur heimilanna, matvörurnar, þá er lýðræðið einnig í hættu. Það gerist að vísu ekki með sama hætti og í ríkjum t.d. Suður-Evrópu, þar sem fólk er örara, blóðið er heitara. Ef leggja ætti á það 25% matarskatt, eins og hér er verið að gera, ofan í þá staðreynd að verðlag matvara á Íslandi er með því hæsta sem þekkist í öllum heiminum, þá hygg ég að fólk í hinum suðlægari löndum mundi hreinlega streyma út á göturnar og gera uppreisn. Við Íslendingar erum ekki eins blóðheitir og Suður-Evrópubúar þannig að við látum okkur nægja að nöldra yfir þessu á öllum kaffistofum fyrirtækja landsins. Á öllum vinnustöðum landsins þar sem fólk kemur saman á morgnana til að fá sér kaffisopa, þar agnúast menn út í þetta og bölva hæstv. ríkisstjórninni og ráðherrum hennar fyrir þá ósvinnu að leggja matarskatt á fólkið. En ég hygg að almenningur í landinu muni láta þessa þraut yfir sig ganga eins og svartadauðann á 15. öld og móðuharðindin á 18. öld (**HBl:** Finnst þm. þetta sambærilegt?) Ja, allt að því. Ég geri ekki mikinn greinarmun á því. Ég geri því ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherrarnir þurfi að óttast það að það verði gerð uppreisn í landinu þegar búið er að leggja matarskattinn á, þó svo að þeir hafi gætt þess að tollar af ýmsum hernaðartækjum voru ekki lækkaðir niður í núll.

Ég tel út af fyrir sig ekki nauðsynlegt að orðlengja frekar um matarskattinn. Við erum búin að hafa um hann miklar umræður nú þegar. Að vísu getum við

sagt eitt og annað um matarskattinn alllengi enn. Í sjálfu sér væri hægt að tala í marga klukkutíma um matarskattinn, en ég ætla að vinda mér frekar í það að gera grein fyrir brtt. okkar þm. Borgarafl. í Ed. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Við leggjum til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frv.

1. Við 3. gr. Við 22. tölul. A-liðar 3. gr. — en þar er listi yfir þær vörur sem verða undanþegnar söluskatti — leggjum við til að við bætist nýr liður, sem verði þá 23. tölul. og orðist svo:

„Fiskur og fiskmeti, kjöt og unnar kjötvörur, mjólk og mjólkurafurðir, egg, brauð, grænmeti og ávextir.“ — Þetta komi inn undir 23. tölul. og verði þannig án söluskatts.

Mér varð á í messunni þegar ég var að leggja þessa brtt. inn til vinnslu hjá starfsfólki Alþingis. Ég hafði gleymt eggjunum. Ég kom eggjunum inn á síðasta augnabliki og er það vel því að mér þykir gott að borða egg og það hefði verið verra ef ég hefði gleymt þeim. En hins vegar láðist mér að taka með loðnuhrogn. Vonandi verða aðrir til að benda á það ásamt ýmsum fleiri liðum.

Önnur brtt. á þskj. 325 er afar einföld. Við teljum að það eigi að fella niður undanþágu sem kemur fram í 7. tölul. 4. gr. þannig að síðasti málsliðurinn falli brott. Það hefur áður komið fram í umræðum hér að okkur þykir afar einkennilegt að meðan verið er að leggja matarskatt á helstu matvörur sem heimilin nota daglega, þá skuli verið að veita undanþágu frá því að leggja söluskatt á afruglara. Þetta er alveg með ólíkindum og sýnir best með hvaða hætti hér er staðið að verki.

Þá leggjum við til að í 19. tölul. 4. gr. bætist við á eftir orðunum „eða líknarstarfsemi“: og íþróttafélaga. Þá mundi 19. tölul. hljóða svo: „Gjafir til björgunarsveita, svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi og íþróttafélaga.“ Að þar sé hægt að fella niður söluskatt eða endurgreiða söluskatt.

Að lokum langar mig svo til að fara aðeins inn á eitt atriði sem kemur fram í athugasemdum við þetta lagafrv., en þar er sagt að þessar breytingar muni fela í sér lækkun verðbólgu. Ég leyfi mér að stórefast um að þetta markmið muni nást, einfaldlega vegna þess að eftir áramótin eru fyrir dyrum kjarasamningar. Það er ekki nokkur vafi á því að verkalýðsfélögin og raunar allir launþegar, sem ganga til nýrra kjarasamninga, munu reyna að verjast þessari árás ríkisstjórnarinnar á launafólkið í landinu. Ég geri ráð fyrir því að verkalýðsfélögin og launþegasamtökin muni koma með mjög miklar kaupkröfur til þess að vega upp á móti matarskattinum ásamt þeim skattálögum sem er verið að demba yfir almenning með tekjustofnafrumvörpunum sem er verið að hella yfir þingið á síðustu dögum þinghaldsins fyrir hátíðirnar. Það er alveg ljóst að þær kaupkröfur sem verða settar fram í þessum kjarasamningum verða með þeim hætti að það er útilokað að kjarasamningar náist nema verulegar kauphækkanir komi til.

Þetta ásamt hinum gífurlegu vöxtum sem eru við lýði í þjóðfélaginu. Þeir eru orðnir þannig að m.a.s. eitilharðir framsóknarmenn — ef ég man rétt þá hafði forstjóri stærsta fyrirtækis landsins, Sambands ísl. samvinnufélaga, eitt og annað um þetta að segja og var helst á honum að skilja að hæstv. ríkisstjórn væri nú óðum að setja allan atvinnurekstur í þessu landi á hausinn með peningastefnu sinni sem leiðir af sér þessa háu vexti — þetta samanlagt hlýtur að hleypa verðbólgunni á fullt þegar komið verður fram á útmánuði, þannig að ég geri ráð fyrir því að við nálgumst nú óðum gömlu góðu árin, svo sem eins og fyrir fimm, sjö til tíu árum þegar verðbólgan æddi hér áfram óstöðvandi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 7. þm. Reykn., þá stend ég að því nál. sem minni hl. hefur gefið út í þessu máli um söluskattinn. Það er ekki síst vegna þess að í þessum söluskatti er áætlað að leggja skatt á lífsnauðsynjar fólks, sem, eins og kom fram í nál., mun koma sér afskaplega illa fyrir marga og þá einkum þá sem minnstar tekjurnar hafa.

Í sambandi við vinnubrögðin við þessi frv. sem hér hafa verið lögð fram þá hef ég þegar gagnrýnt þau. Það er í raun fáránlegt að við skulum standa hérna og fletta blöðum til þess að glöggva okkur á brtt. í þessum málum, hafa varla tök á því að kynna okkur þær. Og mér datt það í hug áðan hvort þeir menn, sem setja okkur í þessar aðstæður, mundu kæra sig um það að vera skornir upp af lækni sem væri með leiðbeiningabók í anatómíu í annarri hendinni þegar hann væri að reyna að skera þá upp með hinni. Málið er nefnilega það að það er afskaplega erfitt að átta sig á því og ég held að þeir stjórnarliðar, sem hér eru að flytja brtt. ráðherra og ráðuneytisins í raun, átti sig tæplega á því eins og hv. 8. þm. Reykv. sagði. Hér er staðurinn, en hér er ekki stundin, klukkan að verða 3, til þess að ræða þessi mál af neinni viðhlítandi skynsemi.

Eins og ég hef áður minnst á þá erum við kvennalistakonur afskaplega mótfallnar matarskattinum og höfum verið síðan þeim hugmyndum var hreyft að leggja hann á. Það er ekki síst vegna þess að hann kemur sér afskaplega illa fyrir þá sem minnstar tekjurnar hafa og fyrir barnmargar fjölskyldur. Og mér er mjög til efs að þær bætur sem mæta eiga þessari skerðingu, einkum fyrir þær fjölskyldur, verði í raun nægar, enda hefur alls ekkert verið útfært í okkar eyru um það hvernig á að mæta þessari skerðingu sem vegur svona þungt hjá einungis hluta launþega í þjóðfélaginu, miklu þyngra en á öllum öðrum vegna þess að matvæli eru hjá láglaunafólki allt að ⅓ af neyslu þess. Í raun hafa hefðbundnar neysluvenjur breyst talsvert þannig að það er miklu minna vægi í þeirri matvöru sem ákveðið hefur verið að niðurgreiða, eins og kindakjöti. Og það kom líka fram hér um daginn að einmitt þetta fólk hefur tæpast talið sig hafa efni á því að neyta þessarar vöru vegna þess hversu dýr hún er orðin. Það er talið að matvöruliðurinn muni

hækka um 7% en í raun verður þessi hækkun mun meiri hjá lágtekjufólkinu. Hún verður verulega meiri og má ætla að hún verði um 15% í raun miðað við þeirra neyslu og hlutfallið af matvælum í henni.

Það kom reyndar fram á fundum okkar í nefndinni með fulltrúum launþegasamtakanna, bæði ASÍ og BSRB, að fulltrúar þeirra voru báðir mjög andvígir þessum matarskatti. Þeim fannst þetta mjög óréttlát dreifing á söluskatti og andmæltu reyndar kröftuglega í nafni samtaka sinna þessari álagningu á matvæli. Og okkur hafa verið send mótmæli frá t.d. ASÍ við þessum matarskatti, sem mig langar til að lesa upp ef ég kynni nú að finna það blað í öllu því pappírsfargani sem á okkur hefur dunið undanfarna daga. Ég vil lesa, með leyfi forseta:

„Mótmæli við matarskatti. Sambandsstjórnarfundur ASÍ, haldinn dagana 30. nóv. og 1. des. 1987, ítrekar mótmæli miðstjórnar ASÍ vegna áforma stjórnvalda um skattlagningu matvara um næstu áramót.

Skattlagning matvöru kemur óhjákvæmilega harðast niður á þeim sem tekjulágir eru og nota stóran hluta tekna sinna til matvörukaupa. Sambandsstjórn krefst þess að ríkisstjórnin hætti við öll áform um matarskatt og að felldar verði niður þær álögur sem þegar hafa tekið gildi. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga munu þau spilla frekar en orðið er samkomulagsmöguleikum á vinnumarkaði.“ En það eru viðræður sem stjórnvöld eiga í vændum einmitt við launþegasamtökin.

Það var líka talið, reyndar í viðræðum okkar við þessa fulltrúa í nefndinni, að þessar hækkanir á almenning mundu í raun valda alvarlegri þróun í þjóðfélaginu með tilliti til kjarasamninganna og mikil hætta væri á því einmitt að verðbólgan mundi æða af stað og sú skoðun kom fram að þessi skattheimta, sem þegar hefði gengið yfir, hefði í raun komið af stað verðbólguþróun og beinni þyngingu á framfærslukostnaði, einkum á þá lægst launuðu.

Það var einnig rætt um það hve byrði stórra fjölskyldna yrði erfið og að hún yrði ekki leyst vegna þess að þeir sem hafa stórar fjölskyldur fá ekkert hærri laun en þeir sem eru einhleypir og eins og ég áður sagði langar mig að biðja hæstv. fjmrh. um að útfæra fyrir okkur hvernig hann ætlar að mæta þessum vanda þannig að vel sé og þannig að í raun mæti þeirri skerðingu sem verður hjá þessu fólki.

Hv. 7. þm. Reykv. bað áðan um nánari útlistun og skýringu á því hverjar þær forsendur væru sem hefðu verið lagðar af reiknimeisturum og fjmrh. þegar þeir ákváðu þessar kerfisbreytingar og þessar miklu tilfærslur sem þeir hafa gert í skattheimtu og þá um leið á ráðstöfunartekjum fjölskyldnanna í landinu. Ég vil taka undir þær spurningar.

Annað kom líka fram í máli þessara fulltrúa launþegasamtakanna og ég tek þessu miðilshlutverki sem ákveðnu málamiðlunarhlutverki. Ég tel að það sé ágætt að koma þessum skilaboðum áleiðis til hæstv. fjmrh. að þessar aðgerðir og áhrif þeirra á gerða samninga, sem ríkisvaldið gerði við launþegasamtökin, yrðu til þess að vekja eða endurvekja og viðhalda vantrausti launþegasamtakanna á ríkisvaldið sem slíkt þegar það gengi þannig á gerða samninga. Það að ríkisstjórnarskipti yrðu til þess að brotnir væru samningar væri ekki til annars en að vekja vantraust og viðhalda því á ríkisvaldið sem slíkt og það hlýtur að gera mönnum erfitt fyrir ef reyna á að ná samstöðu í þjóðfélaginu, hvað þá þjóðarsátt.

Eins og ég sagði áður þá höfum við kvennalistakonur ítrekað mótmælt matarskattinum, og ég ætla ekki að hirða um það að fara að lesa upp mótmæli okkar eða yfirlýsingar, það hef ég þegar gert við 1. umr. um þetta mál og vitna til þess. En þó að við séum mótfallnar þessu frv. og munum greiða atkvæði gegn því þá ætlum við samt að freistast til þess að gera við það brtt. í þeirri von að tekið verði tillit til þeirra. Það væri að sjálfsögðu hægt að gera margar brtt. en við ákváðum að halda okkur á mottunni og gera einungis þær sem mestu varða, og mig langar að kynna þessar brtt. hér í umræðunni.

Það eru þá brtt. á þskj. 329 frá þingkonum Kvennalistans í Ed., Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Í fyrsta lagi er það við 1. mgr. 3. gr. frv. Þar við bætist nýr tölul. er verði 23. tölul. og hljóði svo:

„Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki viðauka I í tollalögum (tollskrá) og ætlaðar eru til manneldis.“ — Þetta þýðir í raun að við undanskiljum undan söluskatti allar matvörur. Og þessi brtt. er í fullu samræmi við undanþáguna sem er í gildandi reglugerð um söluskatt nú. Við viljum sem sé undanskilja matvæli algjörlega söluskatti. — „Undanþága samkvæmt þessum tölul. tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem skyldar eru samkvæmt lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat.“

Í öðru lagi er brtt. við 14. tölul. 2. mgr. 3. gr. frv. sem orðist svo:

„Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum.“ — Þetta er undanþáguheimild sem varðar fyrst og fremst heilsuræktarstöðvar. Til okkar hafa borist erindi víða að í sambandi við heilsuræktirnar sem áætlað er að setja söluskatt á. Þar hefur komið fram að mikill fjöldi þeirra sem sækir slíkar heilsuræktir eru einmitt konur. Konur sem stunda leikfimi. Og það hefur líka komið fram að margar þeirra telja sig þegar greiða fyrir þetta það sem þær geta og hætta talin á því að þær muni ekki treysta sér til þess að halda áfram þessari heilsurækt

eða iðkun leikfimi muni söluskattur leggjast á. Að vísu eru þessar heilsuræktir jafnan blandaðar hvað snertir þá starfsemi sem þar fer fram. Þar er ekki endilega einungis leikfimistarfsemi heldur er þar líka um að ræða gufuböð og nudd og jafnvel sólböð o.fl. Sums staðar er um tækjanotkun að ræða. Það er mjög erfitt að greina þarna á milli og fyllsta ástæða til að taka söluskatt af einhverju af þessu, en þó allra síst tel ég af leikfiminni. Hins vegar tókum við þá ákvörðun að setja heilsuræktarstöðvar þarna í greinina eða töluliðinn með þeim íþróttaiðkunum sem þar eru sérstaklega tilgreindar af þeim ástæðum sem ég hef þegar talið upp. Ætti það raunar að samræmast þeim anda söluskattsfrv. sem hæstv. ráðherra tilgreindi og eiginlega státaði sig af hér um daginn að þarna væri tekið fullt tillit til íþróttaiðkana og heilsubætandi starfsemi.

Í þriðja lagi er brtt. við 4. gr. Sú brtt. er flutt fyrst og fremst vegna þess að í brtt. okkar við frv. til breytingar á tollalögunum ákváðum við að fella niður toll af innfluttu grænmeti í þágu neytenda. Hins vegar er oft erfitt þegar verið er að velja slíkt að það er alltaf einhverjum hagsmunaaðilum sem er mismunað. Þegar verið er að gæta eins þá kann að vera að gengið sé eitthvað á rétt annars. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir mikilvægi þess að vernda innlenda garðyrkju og garðrækt og teljum að tímabundið bann á innflutningi komi til móts við þarfir þessa iðnaðar til verndar. En við viljum gjarnan mæta þeirri skerðingu sem e.t.v. kann að vera í kjölfar þeirrar brtt. sem við gerðum við tollalögin og var gerð til þess að mæta þörfum neytenda almennt og þá manneldissjónarmiðum með því að gera þessa breytingu við 13. tölul. 4. gr. þannig að á undan orðinu „loðdýrarækt“ komi: garðyrkju. Og þá hljóðar greinin svo:

„Fjárfestingarvörum til nota við garðyrkju, loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskirækt, þar með talið byggingarefni og jarðvinnu.“ Heimildin tekur þó ekki til ökutækja.

Það er sem sé verið að koma til móts við þarfir þessa mikilvæga innlenda iðnaðar, garðyrkjunnar og garðræktarinnar, með því að gefa heimild til undanþágu fyrir fjárfestingarvörur til hans.

Það væri ýmislegt fleira sem væri vert að athuga og gera brtt. um, en við höfum ekki gert það. Hins vegar hafa aðrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, úr Alþb. og Borgarafl., komið með brtt. sem við munum gjarnan styðja ef okkar tillaga nær ekki fram að ganga, sem ég svo sannarlega vona að hún geri.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt því að tíminn líður og nóttin er ekki lengur ung en langur vinnudagur á morgun sem byrjar snemma og því mun ég ljúka máli mínu nú, herra forseti. En ég hlýt þó að undirstrika það, sem ég minntist á í máli mínu áðan þegar ég ræddi breytingar við tollalögin, að það er einkum í þessu þriðja máli, í þessu frv. til laga um breytingu á lögum um söluskatt, sem falski tónninn í þríþætta stefinu um einföldunina, skilvirknina og réttlætið hljómar hæst, þ.e. sá falski tónn sem syngur ranglæti í stað réttlæti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu heldur aðeins að gera grein fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 312. Að öðru leyti ætla ég að geyma mér ræðuhöld þangað til 3. umr. fer fram um þetta mál, matarskattinn, þetta frv. til laga um matarskatt og auðvitað rangnefni á þessu frv. eins og það er. Þetta ætti að heita matarskattur og er alveg rétt sem hv. 7. þm. Reykn. sagði hér fyrr í nótt að þetta frv. er það sem halda mun stjórnarþátttöku Alþfl. á lofti lengi. Þetta er svona flaggskip Alþfl. í málatilbúnaði þessarar hæstv. ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Hvar eru þá doríurnar?) Og doríurnar. Þær bera sig vel þó það sé orðið áliðið nætur.

Ég flyt hér brtt. í fyrsta lagi um það að matvörur verði undanþegnar söluskatti áfram, en til vara að fjmrh. eigi að endurgreiða innheimtan söluskatt af mjólk og mjólkurafurðum, kjötvörum og grænmeti sem framleitt er innan lands.

Í öðru lagi flyt ég brtt. við 4. gr. um það að undanþiggja fjárfestingarvörur til garðyrkjustarfa söluskatti og jafnframt að hætta við þessar hugmyndir um að innheimta söluskatt af gufubaðstofum, nuddstofum og ljósastofum, heilsuræktarstofum, útisamkomum og íslenskum kvikmyndum. Ég er satt að segja alveg sannfærður um það að af þessum heilsuræktarstofum fær fjmrh. ekki neitt. Það tekur því satt að segja ekki fyrir hann að vera að gera sig óvinsælan út á þetta því að það hefst ekkert upp úr því. Það verða stofnuð íþróttafélög um allar þessar heilsuræktarstöðvar til þess að fá undanþágu frá þessum söluskatti. Þetta er því óþarfa vesen sem ráðherrann er að taka á sig með því að leggja þetta til þannig að ég skora á hann að strika þetta bara út.

En til vara flyt ég í sambandi við kvikmyndirnar, ef þessar tillögur mínar verða felldar, tillögu um að söluskattur sem er tekinn af aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum verði endurgreiddur í Kvikmyndasjóð. Þannig sýni ríkisstjórnin ræktarsemi við kvikmyndina og myndmálið, svo ég vitni nú í hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Og tunguna.) að ekki sé minnst á tunguna, sem hæstv. forsrh. er svo vinsamlegur að ræða um svona af og til á hátíðarstundum.

Ég tel ekki ástæðu til þess á þessari nóttu að fjalla mikið ítarlegar um þetta mál. Ég ætla aðeins að segja það að sumt af brtt. meiri hl. eru heldur góðar tillögur, t.d. tillagan um fasteignasalana. Hún er hér enn. Það er skynsamlegt. Ég sé að vísu að í þessari brtt. meiri hl. er gert ráð fyrir því að fella út ljós- og nuddlækningar. En það er væntanlega sú starfsemi af þessu tagi sem stunduð er samkvæmt tilvísun lækna, þannig að þetta nær væntanlega ekki til almennrar þjónustu af þessu tagi sem talsvert er um í landinu og má margt um segja og þyrfti að passa mikið betur en gert er því að ég er ekki viss um að það séu mikil vísindi sem þar eru stunduð alltaf. En ég hygg að það mál leysist skammt með söluskatti.

Ég mun, herra forseti, fjalla ítarlega um þetta mál við 3. umr. málsins þegar hún fer fram, ætlaði hér aðeins að gera grein fyrir þeim brtt. sem ég flyt að sinni. Þó að það taki því nú varla að fara heim fyrir nefndarfundi, þá er það nú samt svo að menn geta náð sér í kríublund áður en þeir hefjast þannig að ég ætla ekki að tefja þingið lengur á ræðuhöldum í bili, en ætla að bæta nokkrum orðum við í 3. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

27. fundur, miðvikudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 213, n. 288, brtt. 289.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, frá félmn. Nefndin hefur athugað frv. og fengið til fundar Ingimund Sigurpálsson, sem er formaður stjórnar Brunamálastofnunar, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Húnboga Þorsteinsson og Þórhildi Líndal frá félmrn.

Eins og hv. alþm. er ljóst er hér á ferðinni breyting á gjaldtöku í sambandi við að halda uppi þessari stofnun, Brunamálastofnun ríkisins. Það er verið að breyta hér gjaldstofni stofnunarinnar. Í gildandi lögum eru það tryggingafélögin sem inna af hendi ákveðið gjald miðað við ákveðna prósentu af innheimtum iðgjöldum sem var 1,75%. Miðað við þær breytingar sem hafa orðið á tryggingum og samkeppni tryggingarfélaganna um tryggingar hefur gjaldstofn þessi hrunið á undanförnum árum þannig að stofnunin hefur ekki fyrir nauðsynlegum rekstrarútgjöldum og hefur þannig safnað skuldum við ríkissjóð. Eins og kemur fram í grg. með frv. skuldar stofnunin nú allstórar fjárhæðir hjá ríkissjóði sem var samið um að endurgreiða á 2–3 árum.

Það var skipuð nefnd, eins og kom fram við framsögu hæstv. félmrh., til að fjalla um þetta mál. Niðurstaða nefndarinnar var að breyta þessu stofnkerfi, það er gert í samráði við alla aðila sem um þetta mál fjalla, og í staðinn fyrir að innheimta af iðgjaldi tryggingarfélaganna er lagt á sérstakt brunavarnagjald sem er í frv. gert ráð fyrir að nemi allt að 0,04 prómillum af tryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, en samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir um þennan iðgjaldsstofn er hann um 620 milljarðar á þessu ári en mun hækka í samræmi við verðlagsforsendur.

Samkvæmt frv. sem hér var til meðferðar var gert ráð fyrir því að þessar tekjur gætu orðið um 24–25 millj. kr. fyrir stofnunina. Það er hins vegar að mati nefndarinnar of lágt þar sem gera verður ráð fyrir að greiða verði að fullu þá skuld við ríkið sem stofnað var til eins og ég sagði fyrr og eins að stofnunin hefur ekki nema að hluta til getað annast það hlutverk, sem henni er ætlað samkvæmt lögum, að vinna að því að efla brunavarnir í landinu og vinna að umbótum á því sviði sem allir eru væntanlega sammála um og mikil þörf er á, ekki síst með tilliti til þeirra miklu brunaskaða sem verða, ekki síst í atvinnufyrirtækjum eins og frystihúsum svo sem hér hefur komið fram.

Nefndin var algjörlega sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni breytingu sem er á þskj. 289. Það er brtt. um að í stað 0,04 prómilla í 1. gr. frv. verði í staðinn 0,045 sem þýðir 3–4 millj. kr. aukningu á tekjum stofnunarinnar miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Telur nefndin eðlilegt að hafa það hámark á þessari gjaldtöku.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti. Undir nál. skrifa Alexander Stefánsson frsm., Jón Sæmundur Sigurjónsson fundaskr., Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Eggert Haukdal og Kristín Einarsdóttir. Nefndin leggur til að frv. verði þannig samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 289 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238, n. 245.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Nefndin er að mestu leyti sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Eina undantekningin frá því er afstaða hv. 13. þm. Reykv., en hún hafði gert grein fyrir þeirri afstöðu sinni við 1. umr. málsins. Hún undirritar með fyrirvara, en að öðru leyti erum við sammála um að svo sé ástatt að það verði að framlengja að þessu sinni þetta ákvæði sem fjallar um sérstaka aðstöðu í Reykjavík og Garðakaupstað.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hef ritað undir nál., sem hv. 3.

þm. Reykv. mælti fyrir, með fyrirvara, en hef ákveðið að greiða fyrir því að það nái fram að ganga vegna orða hæstv. heilbr.- og trmrh. við umræðu í deildinni fyrir skömmu, en þar staðfesti hann að samningar væru nú í gangi milli ráðuneytisins og Garðakaupstaðar og hann lofaði því að hann mundi gangast fyrir samningum við borgarstjórn Reykjavíkur um uppbyggingu heilsugæslustöðva og hét því beint eða óbeint að við sæjum ekki frv. af þessu tagi framar. Í trausti þess, og það mun verða hermt upp á hæstv. ráðherra, mun ég greiða þessu frv. atkvæði mitt svo það nái fram að ganga í þetta skipti og vonandi það síðasta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

28. fundur, miðvikudaginn 16. des., að loknum 27. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 313.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sóknargjöld, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 133, n. 297, brtt. 298.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 297 um frv. til l. um sóknargjöld o.fl.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og fengið umsagnir frá Biskupsstofu og ríkisskattstjóra. Þessar umsagnir voru án athugasemda.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem koma fram á sérstöku þskj., þskj. 298.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir og Árni Gunnarsson.

Brtt. sem fram koma á þskj. 298 eru tveir liðir. Það er í fyrsta lagi breyting við 2. gr., um að 3. tölul. 1. mgr. orðist eins og þar segir. Hér er eingöngu um að ræða brtt. til samræmingar á orðalagi þessa liðar við liði 1 og 2 í frv.

Varðandi 2. lið brtt. er rétt að það komi fram að í umræðum í nefndinni var það nokkuð rætt að síðasta mgr. 3. gr., um hversu skuli skipta þessum gjöldum, gæti eða hefði valdið einhverjum misskilningi þannig að þeir sem í ákveðnum trúfélögum væru hefðu lent beint inn í þjóðkirkjuna við flutning búsetu. Því var brugðið á það ráð að fella niður í síðustu mgr. orðin „Búsetu og“ og í staðinn kæmi bara: Trúfélagsskráning miðast við 1. des. næst á undan gjaldári, en taka hins vegar inn til frekari skýringar í 1. mgr. 3. gr. að hún orðist svo: Vegna einstaklings sem skráður er í þjóðkirkjuna greiðist gjaldið til þess safnaðar sem hann tilheyrir og miðast við 1. des. næst á undan gjaldári.

Þessu var skotið inn til frekari skýringar ef mætti verða til auðveldunar við framkvæmd laganna, en eins og fyrr kom fram er nefndin sammála um þessa afgreiðslu frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 298,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 298,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5.–10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 134, n. 299, brtt. 300.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 299 frá menntmn. um frv. til l. um breytingu á lögum um kirkjugarða, nr. 21 frá 23. apríl 1963.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið umsagnir frá Biskupsstofu og ríkisskattstjóra. Þessar umsagnir voru án athugasemda.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem koma fram á sérstöku þskj., þskj. 300.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir og Árni Gunnarsson.

Brtt. á þskj. 300 eru tvær. Í fyrsta lagi er um að ræða orðalagsbreytingu á 3. tölul. 2. gr. sem er eingöngu samræming við orðalag á 1. og 2. tölul.

Í öðru lagi er um að ræða breytingu á 3. gr., þ.e. að í upphafi 6. mgr., þar sem segir „úr sjóðnum skal veita lán og eða styrki", þótti nefndinni eðlilegra að orðað væri: Úr sjóðnum er heimilt að veita lán o.s.frv.

Eins og fram kom í máli mínu í upphafi var nefndin sammála um afgreiðslu frv. á þennan hátt.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. menntmn. og frsm. hennar fyrir þeirra álit og gagnlegar tillögur sem horfa til batnaðar á þessu máli. Þá á ég við hvort tveggja frv., um sóknargjöld, sem rætt var hér áðan, og það sem nú liggur fyrir um breytingu á lögum um kirkjugarða.

Ég stend hér eingöngu upp til að segja að sú eina brtt. sem segja má að feli í sér efnisbreytingu er hin síðast nefnda, við 3. gr. í frv. til l. um breytingu á lögum um kirkjugarða, þar sem breytt er orðinu „skal" í: „er heimilt að". Ég vil taka það skýrt fram að ég er samþykkur þeirri breytingu og þakka hv. menntmn. fyrir hennar tillögugerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 300,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 300,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Skatturinn hefur síðan verið lagður á árlega skv. sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á skv. I. kafla laga nr. 74 frá 1986, um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1986 er áætlað að innheimtar tekjur af honum verði 165 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í frv. þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða I. kafla laga nr. 74/1986, þar á meðal að því er varðar skatthlutfall, verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1988.

Í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 210 millj. kr. en innheimta um 190 millj. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Launaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Í frv. þessu er lagt til að greiða beri frá og með 1. jan. nk. 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum sem greidd eru í iðnaði og fiskvinnslu svo og af launum sjómanna á fiskiskipum.

Eins og fram hefur komið er markmiðið með þessari endurskoðun á launaskattslögum að stíga fyrsta skrefið í átt til samræmingar milli einstakra

atvinnugreina á þessu sviði. Það er mikilvægt að koma á meira jöfnuði milli einstakra atvinnugreina en nú er, jafnt í skattamálum sem á öðrum sviðum, því það er ein af forsendum fyrir arðbærum atvinnurekstri. Að þessu sinni var þó ekki talið fært að koma á fullu samræmi heldur er lagt til að einungis verði lagður 1% launaskattur á þær atvinnugreinar sem nú eru undanþegnar skattinum, aðrar en landbúnað, meðan aðrar greinar bera 3½% launaskatt.

Rétt þykir að vekja athygli á því að til þessa hefur verið greiddur 3½% launaskattur af greiðslum fyrir yfirstjórn í fiskveiðum. Ástæðan fyrir þessu er sú að undanþágur varðandi laun í útgerð í gildandi lögum hafa takmarkast við laun sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Afmörkun gjaldskyldunnar með framangreindum hætti leiðir hins vegar til þess að greiða ber 1% launaskatt vegna yfirstjórnarinnar í þessari starfsemi. Breyting þessi verður að teljast eðlileg, auk þess sem hún leiðir til samræmingar og einföldunar í framkvæmd.

Nokkur umræða hefur spunnist um þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja umræddan launaskatt á fyrirtæki í sjávarútvegi. Eðlilegt er að spurt sé um hvaða fjárhæðir hér er verið að ræða. Samkvæmt áætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að viðbótartekjur á næsta ári verði 400 millj. kr. vegna þessarar rýmkunar á launaskattsstofninum í heild. Um það bil helmingur þeirrar fjárhæðar kemur frá sjávarútvegsgreinum en hinn helmingurinn frá almennum iðnfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum.

Þetta segir þó ekki alla söguna. Ef við lítum aðeins á heildarrekstur í þessum greinum kemur í ljós t.d. í frystingu að henni er gert að greiða nálægt 45 millj. kr. í launaskatt á næsta ári samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar, en það er af um það bil 15 milljarða kr. tekjum. Launaskatturinn svarar því til um það bil fjórðungs úr prósentu, 0,25%, af heildartekjum greinarinnar. Á mælikvarða fiskverðs svarar launaskatturinn til tæprar ½%. Þetta eru því ekki hlutir sem afkoma frystingarinnar stendur eða fellur með. Þar vega aðrir hlutir þyngra.

Þetta finnst mér, herra forseti, nauðsynlegt að draga fram til þess að menn hafi réttar hugmyndir um stærðir í þessu efni. Með þessu er þó á engan hátt verið að gera lítið úr vanda frystiiðnaðarins, fjarri því. Það er fullur skilningur á því að hann er ærinn og ljóst að miðað við að horfur í ýmsum undirstöðuþáttum efnahagsmála hafa farið versnandi að undanförnu og raunverulega orðið veruleg umskipti til hins verra á 2–3 mánuðum, verður það mál, afkomuhorfur, starfsskilyrði í sjávarútvegi og fiskiðnaði, að taka til endurskoðunar en í samhengi við aðrar efnahagsaðgerðir. Eg vil með þessum or[a] .., herra forseti, vekja athygli á því að launaskatturinn sem slíkur skiptir ekki sköpum í því heildardæmi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um að breyta lögum um launaskatt á þann veg að leggja skatta á flestar þær greinar, nánast allar, að landbúnaði eða búskaparstörfum og skógrækt undanskildum, sem áður höfðu ekki borið launaskatt, leggja sem sagt launaskatt á þessar greinar, þó lægri prósentu en í gildi hefur verið fyrir þá sem greitt hafa launaskatt hingað til.

Hér er fyrst og fremst á ferðinni framleiðslustarfsemin, sjávarútvegsgreinarnar og iðnaðurinn, sbr. athugasemdir við lagafrv. þar sem farið er yfir hvaða laun fyrir störf hjá hvaða fyrirtækjum skuli falla þarna undir, þ.e. fiskverkun og iðnaður samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, laun fyrir störf við fiskirækt og störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með störf hlutaráðinna landmanna sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er gert ráð fyrir að þetta færi ríkissjóði um 400 millj. kr. í tekjur á næsta ári. Það skiptist nokkuð jafnt milli sjávarútvegsgreinanna annars vegar og hinna iðnaðargreinanna hins vegar.

Það getur út af fyrir sig verið fyllilega eðlilegt að ræða hvort ekki sé nauðsynlegt að samræma meir fyrirkomulag á launaskattsgreiðslum hinna ýmsu atvinnugreina, en þetta hefur þó verið við lýði alllengi. Ég hef skilið það svo eða gjarnan viljað skilja það svo, að með því að undanskilja framleiðslustarfsemina, landbúnað, sjávarútveg og iðnað, væri sýndur viss skilningur á þýðingu þeirrar starfsemi fyrir þjóðfélagið umfram aðrar greinar, þ.e. að framleiðslugreinarnar, útflutningsatvinnugreinarnar nytu þarna nokkurs forskots og með því væru yfirvöld að sýna skilning á mikilvægu hlutverki þeirra fyrir allt efnahagslífið í heild. Það má vera að menn eigi að taka það svo sem þessi nýja skattlagning, en þó með lægri prósentu en á aðrar greinar, eigi að halda þessum skilningi áfram til haga. Ég er ekki sammála því. Ég tel að ef verið er að mismuna greinum þarna á annað borð sé e.t.v. eðlilegra að undanskilja þá algerlega ákveðna starfsemi.

En það sem þó er sérstaklega rétt að ræða í tengslum við afgreiðslu málsins er hvort þetta er heppilegur tími til að breyta um í þessum efnum. Þá vakna fyrst og fremst spurningar um afkomu þeirra greina sem hér á að skattleggja. Þó hæstv. fjmrh. geti sjálfsagt með prósentuleikfimi sýnt fram á að þetta sé tiltölulega lítið mál fyrir þessar greinar miðað við veltu þeirra í heild sinni er nokkuð ljóst að 400 millj. kr. eru 400 millj. kr. og um 200 millj. þar af frá sjávarútvegsgreinunum munar. Menn geta haft til hliðsjónar þá óánægju sem verið hefur vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er að breyta reglum um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti eða hefur gert að undanförnu. Eins og reyndar hæstv. ráðherrann gat um sjálfur eru nú aðstæður versnandi í þessum greinum. Sjávarútvegurinn er rekinn með tapi, flestallar greinar þar, þó mismunandi miklu tapi eftir verkunaraðferðum og greinum. En þar er versnandi afkoma. Og ekki þarf að minnast á iðnaðinn. A.m.k. eru öllum hv. þm. væntanlega kunnir

erfiðleikar ullariðnaðarins, þess útflutningsiðnaðar sem á síðasta áratug óx mest allrar iðnaðarstarfsemi. Þar er nú við geysilega erfiðleika að etja, um 30% tap á ýmsum greinum þeirrar starfsemi, og ekki hillir undir að ástandið lagist, a.m.k. ekki á meðan hæstv. ríkisstjórn heldur fast við þau áform sín að halda genginu óbreyttu. Það hefur verið eins og menn muna alveg harðákveðin stefna hæstv. ríkisstjórnar, a.m.k. hafa miklir svardagar gengið um það á undanförnum vikum, að ekki stæði til að breyta genginu, að hreyfa gengið. Og hvað er verið að segja með því við þessar atvinnugreinar að það eigi ekki að hreyfa til gengið? Hvað er með því verið að segja við sjávarútveg og útflutningsiðnað? Það er verið að segja að það eigi að halda tekjum þessara greina óbreyttum í 30% verðbólgu innan lands frá mánuði til mánaðar. Það er nokkuð ljóst að verðhækkanir á afurðum koma ekki til með að vega upp þessar kostnaðarhækkanir í líkum mæli og verðhækkanir gerðu á síðasta ári og næstsíðasta. Þvert á móti er nú kyrrstaða og jafnvel lækkandi verð á ýmsum útflutningsvarningi sem þessum greinum tilheyrir. Ég held því að hæstv. ríkisstjórn, ef hún skoðar tímasetningu þessarar ákvörðunar sinnar í samhengi við aðstæður að þessu leyti, hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að þetta séu býsna illa valin áramót til að skella þessum sköttum yfir, en eins og menn sjá hljóðar 4. gr. frv. upp á að lögin taki gildi hinn 1. jan. 1988.

En það kann að vera að þetta sé ákveðin þörf hæstv. fjmrh. til að láta engan ósnortinn af skattagleði sinni. Hann er smátt og smátt að komast yfir allt sviðið, hæstv. ráðherra, og bæta við einhverjum sköttum á næstum því að segja hverjum einustu vígstöðvum. Ef honum hefur einhvers staðar yfirsést hlýtur það að koma alveg á næstu dögum, hafi einhvers staðar leynst fyrir honum skattstofn sem hann hafi ekki tekið undir sína miklu regnhlíf og reynt að hækka pínulítið. Þetta er sjálfsagt eitt af því. Þarna sá hæstv. ráðherra að með því að leggja launaskatt á sjávarútveg og iðnað og nokkrar greinar í tengslum við það gat hann náð þó 400 millj. á næsta ári og það var þess virði, jafnvel þó að hæstv. ráðherra standi frammi fyrir því og viðurkenni reyndar sjálfur að tíminn til að taka upp skattlagningu á þessar greinar er einstaklega óheppilega valinn.

Ég tel t.d. að það hefði verið mun léttbærara fyrir sjávarútveginn og jafnvel iðnaðinn einnig að greiða þennan skatt sl. tvö ár, árin 1985 og 1986, en það verður væntanlega fyrir þessar greinar á næsta ári. Þessa skattkerfisbreytingu, hvort sem hún kynni að eiga einhverja réttlætingu fyrir sér við aðrar aðstæður, sem ég dreg þó í efa, og ég tek fram að ég dreg það í efa vegna þess að ég tel fyllilega koma til greina að styðja við bakið á þessari framleiðslustarfsemi í landinu með því m.a. að undanþiggja þar greiðslu launaskatts, er alveg ljóst að ég styð ekki og Alþb. mun ekki styðja að þessi skattlagning verði tekin upp við þær aðstæður sem nú eru.

Ég tel svo nauðsynlegt, virðulegur forseti, að það verði skoðað í hv. fjh.- og viðskn. hvaða afkoma er í raun í þeim greinum sem hér á að fara að taka upp skattheimtu á og þá í ljósi nýjustu upplýsinga til að mynda frá Þjóðhagsstofnun sem hefur verið að senda frá sér síðustu daga vissar upplýsingar um hvers verði að vænta þegar endurskoðuð þjóðhagsáætlun, endurskoðuð þjóðhagsspá liggur fyrir í upphafi næsta árs, um það leyti sem þessi nýja skattheimta á að taka gildi. Ég talaði við forstöðumann Þjóðhagsstofnunar rétt áðan og innti hann eftir því hvers væri að vænta frá þeim vígstöðvum um endurskoðun þjóðhagsáætlunar. Ég skildi það svo að ekki yrði að vænta eiginlegrar endurskoðaðrar áætlunar frá þeirri stofnun fyrr en í upphafi næsta árs. En vissar upplýsingar hafa borist frá stofnuninni til að mynda til fjvn. og ég mun fá þær í hendur innan tíðar. Ég tel nauðsynlegt að í tengslum við umfjöllun fjh.- og viðskn. um þetta mál verði dregið fram í dagsljósið hver hin eiginlega afkoma og hverjar hinar eiginlegu horfur eru fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn á næsta ári og það liggi þá a.m.k. alveg ljóst fyrir að hæstv. ríkisstjórn geti ekki skotið sér á bak við það, þegar þessar nýju álögur verða hér afgreiddar, ef svo fer, að hafa ekki vitað hvaða afkomuhorfur voru fyrir þessa starfsemi á næsta ári.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því að Borgarafl. er andvígur þessum auknu álögum, launaskatti og mörgu öðru sem kynnt hefur verið, lagt fram, kynnt af hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ég verð að segja það með mikilli hryggð í huga að það er ekki ánægjuefni að sjá hve langt Sjálfstfl. lætur teyma sig í öfuga átt miðað við þá stefnu sem hann hefur haft í langan tíma, áraraðir, áratug og meira, áratugi ætti ég að segja. Ég harma á sama hátt og margir aðrir hugsandi menn í þjóðfélaginu að undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar skuli skv. þessu frv. bera nýjan íþyngjandi skatt til viðbótar við það að líklega um milljarður, ef ekki meira, alla vega ekki langt frá milljarði, hefur þegar verið tekinn af atvinnuvegunum, fiskveiðunum aðallega, við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hætta við endurgreiðslu á söluskatti. Það er mjög íþyngjandi miðað við það sem áður var fyrir þann atvinnuveg. Til viðbótar kemur nú launaskattur.

Í athugasemdum við frv. segir, með leyfi hæstv. forseta, síðustu málsgr.: „Í frv. þessu er lagt til að greiða beri 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum í starfsemi þeirri sem um getur í 1.–3. tölul. hér að ofan frá og með 1. jan. nk. Tekjuauki af launaskatti þessum eða vegna þessarar breytingar er talinn verða um 400 millj. kr. á næsta ári“ sem þýðir þá að það er tekjumissir fyrir útgerðina og sjávarútveginn í landinu, um a.m.k. hálfan annan milljarð, og það ofan á rekstrartap sem sjávarútvegurinn segist vera í um þessar mundir. Sem sagt: Hallalaus ríkissjóður skal það verða. Það skal yfirfæra hallann yfir á aukinn halla atvinnuveganna og halla heim-

ilanna. Ég endurtek: Halla ríkissjóðs á að yfirfæra yfir á atvinnuvegina og yfir á heimilin.

Það er eiginlega sama hvað stjórnarandstaðan og hvað menn almennt geta sagt úr þessum ræðustól. Það skiptir engu máli. Alþýðuflokksstefnan, skattastefnan, vonskan út í mannfólkið skal ráða. Þar er ekkert tekið tillit til raka. Það eina sem fram kemur er: Við erum hinir sterku í augnablikinu. Hér er hnefinn. Og í gegn með allt íþyngjandi sem við höfum boðið upp á. Það þýðir ekki mikið að vara við skattgleði sem hv. síðasti ræðumaður talaði um. Hún læðist yfir þjóðina, ég mundi segja eins og nístandi köld vetrarþoka í hvert skúmaskot. Ég furða mig meira og meira á því að Sjálfstfl. lætur draga sig, lætur teyma sig lengra og lengra frá stefnu sinni í þessum málum.

Hæstv. forseti. Það er ekkert annað sem við getum gert en bent á hættuna sem í þessu felst og harmað að svo skuli komið að Alþfl. ræður ferðinni.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur lagt á flótta þegar ég kom í ræðustól, en það kæmi mér ekki á óvart. Ég vissi ekki að ég hefði slík áhrif á hann, en það hlýtur að vera svo.

Hér er lagt fyrir enn eitt frv. um aukna skattheimtu á þessa þjóð. Ég stóð hér upp í gær og rakti nokkuð stöðu sem komin er upp í undirstöðuatvinnugreinunum eins og þær eru títt nefndar og hún er ekki góð.

Í viðtali í gær í dagblaðinu Tímanum sagði Guðjón B. Ólafsson, forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, og ég ætla að endurtaka það, með leyfi forseta: „Ég held að það sé ekkert ofsagt. Bæði er að fiskvinnslan er komin í bullandi hallarekstur og ekki þarf að tala um annan útflutningsiðnað eins og t.d. ullariðnaðinn. Ég tel að því miður sé obbinn af atvinnurekstri þeim sem við (SÍS) og kaupfélögin í landinu stöndum í komin í bullandi hallarekstur og hann fer hratt vaxandi."

Þá sagði forstjórinn enn fremur: „Það gerist ekki mikið í desember, en ég mundi segja að strax þegar kemur fram á nýja árið þolir málið ekki langa bið þangað til verulegt átak verði gert til að leiðrétta afkomuskilyrði undirstöðuatvinnugreinanna."

Ríkisstjórnin er nú að leiðrétta afkomu þessara atvinnugreina með því að leggja á meiri skatta og ef marka má ummæli forstjóra stærsta fyrirtækis landsins, Sambands ísl. samvinnufélaga, er nú ljóst að ofan á allt það sem er fyrir þola þessar greinar ekki meiri álögur. Það á að leggja 400 millj. á þessar greinar. Það getum við séð að mun ekki bæta afkomuna. Ullariðnaðurinn er í miklum vanda staddur, fataiðnaðurinn er í miklum vanda staddur, sjávarútvegurinn er í miklum vanda staddur. Og það á einnig að leggja þetta gjald á vaxtarbroddinn í íslensku atvinnulífi, fiskirækt.

Það er ekki ofsögum sagt að góðæriskreppa þessarar ríkisstjórnar ætlar að verða erfið. Henni hefur tekist að koma fjármálum þjóðarinnar þannig að fyrirtækin eru að sigla í strand út af gengisstefnu, út af vaxtastefnu, út af skattastefnu. Og þegar við komum fram á næsta ár mun blasa alvarlegur vandi við. Hvað mun ríkisstjórnin gera þá? Mun hún standa áfram á þessum málum eða mun hún láta atvinnuvegina sigla í strand?

Þetta er sú stefna sem nú er rekin og ég furða mig á að þeir sem telja sig málsvara atvinnulífsins í landinu og hafa gert um árabil skuli samþykkja þetta. Sjálfstæðismenn standa að því að leggja meiri skatta á þessi fyrirtæki og hafa þó um árabil sagst vera málsvarar atvinnulífsins í landinu. Það er furðulegt að góðæriskreppan skuli ætla að verða til þess að það eigi að sigla öllu atvinnulífinu í strand. Ég hef áhyggjur af því að þessi ríkisstjórn skuli standa þannig að málum að búast megi við því að í þessu góðæri verði verri afkoma hjá fyrirtækjum en nokkru sinni áður. Ég mun ekki standa og við í Borgarafl. að þessum álögum.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þeim snjóar nú yfir okkur skattafrumvörpunum. (**MB:** Það er eina snjókoman.) Það er eina snjókoman, já. Góðviðrið nær sem sagt ekki inn á Alþingi. Ég óttast að menn fari að gerast svolítið sljóir í nálægð jólanna og skoði kannski ekki allt sem yfir okkur snjóar með nægilega glöggum augum. Ég spái því að ekki líði á löngu áður en við þurfum að leiðrétta eitt og annað sem hv. þm. verður á í óðagotinu.

En hvað þetta frv. varðar erum við kvennalistakonur í rauninni sammála því að búa eigi þannig að atvinnulífinu að þar sé greinum ekki mismunað. Þær beri þar sömu skyldur og búi við svipuð kjör og önnur skilyrði til reksturs. Við erum t.d. þeirrar skoðunar að ríkið eigi að vera sem hlutlausast gagnvart atvinnugreinum, afskiptin, eða það væri nær að segja stuðningur, eigi að vera fyrst og fremst fólgin í ráðgjöf, markaðsöflun og kynningarstarfsemi og fyrirgreiðslu um fjármagn sem mismuni ekki atvinnugreinum. En sú er vitanlega ekki raunin, enda varla framkvæmanlegt. Að okkar mati er ekki rétti tíminn núna til að leggja launaskatt á sjávarútveginn. Við vitum öll hver er undirstöðuatvinnuvegurinn í þessu þjóðfélagi. Þess vegna hljótum við að skoða mjög vel hvernig þar stendur á og hvort rétt er að raska högum í þeirri grein.

Sjávarútvegurinn býr nú við margs konar óvissuþætti. Það er stefnt að samdrætti í sjávarafla, fiskveiðistefnan hefur ekki verið endanlega mótuð, það er óvissa í útflutningsmálum, gengisþróun hefur valdið mikilli röskun sem engan veginn er séð fyrir endann á og svo mætti áfram telja.

Það er einnig mikilvægt atriði að hér er um atvinnuveg að ræða sem fyrst og fremst er stundaður á landsbyggðinni, en hún á nú undir högg að sækja um flesta þætti. Menn skyldu athuga að þangað sótti góðærið ekki eða í miklu minna mæli alla vega. Þenslan hefur í litlu náð til landsbyggðarinnar. Góðærið fór þar hjá garði. Því er enn fráleitara að

leggja þennan skatt á nú. Það væri í raun skattur á dreifbýlið.

Niðurstaða okkar er að það sé óverjandi að auka álögur á undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar við þessar aðstæður og við styðjum því ekki þetta frv.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er sérstakt ánægjuefni að við þessa umræðu skuli vera viðstaddir tveir hæstv. ráðherrar. Það er sannarlega nokkur breyting frá því sem verið hefur stundum hér á síðustu dögum, þegar hefur þurft að fara í langa leit, út í bæ sumpart, til að fá hluta af ríkisstjórninni í þingsal. Þess vegna lýsi ég ánægju yfir að hér skuli vera viðstaddir hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., en það mál sem hér er til umræðu snertir einmitt báða þessa hæstv. ráðherra Alþfl. sem fara með lykilstöður í efnahagsstjórn í landinu, fjármál og viðskiptamál. Er ég þar með ekki að gera lítið úr hlut annarra hæstv. ráðherra og ábyrgð í sambandi við efnahagsstefnuna og þá arðvitað hæstv. forsrh. sem á að leiða skútuna.

En ég hlýt að vekja athygli á því hér, þegar við ræðum um frv. til l. um breytingu á launaskatti þar sem verið er að leggja 1% launaskatt á ný á framleiðsluatvinnuvegi í landinu, iðnað og fiskvinnslu þar á meðal, að á sama tíma og þetta er gert benda allar efnahagsspár til þess að staða þessara greina, þessara undirstöðuþátta í útflutningstekjum landsmanna fari versnandi dag frá degi. Við höfum fengið um þetta upplýsingar alveg nýverið, m.a. frá Þjóðhagsstofnun, varðandi afkomuhorfurnar almennt og einnig varðandi hluta af útflutningsiðnaðinum, þ.e. varðandi sauma- og prjónastofur. Þar kom fram sérstök úttekt í síðasta mánuði, athugun á hag þessara fyrirtækja og rekstrarhorfum. Eins og hefur komið fram af hálfu nokkurra talsmanna stjórnarandstöðunnar við þessa umræðu skýtur það sannarlega skökku við að á meðan hallar undan fæti í rekstrarstöðu þessara greina og það afar bratt, brekkan er brött sem fram undan er hjá fyrirtækjum í þessum greinum, hamast hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar á Alþingi við að auka álögur á þessar greinar.

Ég vil nefna í þessu samhengi, því að það hefur ekki verið rætt sérstaklega hvað töluupphæðir snertir, að fyrir utan launaskatt, sem verið er að leggja á sjávarútveginn, lækkar hæstv. fjmrh. eða ríkisstjórnin endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti um helming frá því sem var á þessu ári eða um 350 millj. kr., hvorki meira né minna, sem á að lækka endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti til fyrirtækja í sjávarútvegi. Við erum því hér að tala um að því er sjávarútveginn varðar upphæðir einhvers staðar á bilinu ½–1 milljarður kr. að þessu leyti. Svo getur hæstv. ráðherra komið hér og borið fram prósentutölu á bilinu 0,25–0,5% eða svo varðandi afkomustöðu í greininni. Það er sannarlega lengi hægt að leika sér með prósentur í þessum efnum. Ég vil ekki staðhæfa út af fyrir sig hversu hátt hlutfall þessar álögur eru og samdráttur í endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, en ég fullyrði að þær tölur sem hæstv. ráðherra er hér að fleyta eru einhver meðaltöl sem eru mjög vinsæl þessa dagana þegar verið er að reikna sig niður í sambandi við rekstrarstöðu í atvinnulífinu og varðandi álögur á landsmenn sem dynja nú yfir dag frá degi.

Það hefur borist greinargerð frá Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum. Kjarninn í þessari greinargerð var kynntur í Ríkisútvarpinu/sjónvarpi í gærkvöld þannig að menn sáu þar, sem á horfðu, hinar hrikalegu staðreyndir sem virðast blasa við ef treysta má þessum úttektum, þær hrikalegu horfur sem við blasa varðandi rekstrarstöðu þessara greina. Vegna þess að ég hygg að þetta hafi ekki komið fram í hv. þingdeild tel ég rétt að fara aðeins yfir, með leyfi forseta, því ég hygg að starfstími deildarinnar leyfi það vel, niðurstöðurnar í þessari greinargerð, en þær eru með þessum hætti orðaðar fyrir utan það sem fram kemur í töflum:

„Eins og sjá má í töflum og á mynd 3 hefur samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina hrakað verulega á þessu ári þrátt fyrir batnandi viðskiptakjör. Samkeppnisstaða útflutningsgreina í heild verður á þessu ári talsvert lakari en viðmiðunarárið 1979 og miklu lakari en árin 1985 og 1986. Áætlanir hér benda til þess að ef samkeppnisstaðan ætti að vera áþekk og 1979 þyrfti meðalgengi krónunnar að vera skráð um 11% lægra í dag en raun er. Þar sem hér er gert ráð fyrir að kostnaður vaxi hraðar en tekjur verður gengisaðlögunarþörfin enn meiri á næsta ári" — gengisaðlögunarþörfin eins og það er orðað hérna. „Staða sjávarútvegs verður heldur betri á þessu ári [þ.e. 1987] en 1979, en talsvert lakari en í fyrra og árið þar á undan. Á síðasta ársfjórðungi virðist sem mjög sigi á ógæfuhliðina hvað varðar samkeppnisstöðu sjávarútvegs og ekki batnar ástandið á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir að verð á sjávarafurðum hækki 1988, en allir kostnaðarliðir nema olía færast upp á við. Einhverjar líkur eru fyrir því að verðlag á sjávarafurðum fari aftur hækkandi þegar líður á næsta ár og það mundi að sjálfsögðu bæta þá mynd sem hér hefur verið dregin.

Útflutningsiðnaður býr í heild við mjög erfiðar aðstæður miðað við 1979. Eftir nokkuð hagstæða samkeppnisstöðu á árunum 1983–1985 syrti í álinn á sl. ári. Ef gera ætti samkeppnisstöðu útflutningsiðnaðar í dag sambærilega við 1979 yrði að færa meðalgengi krónunnar niður um fjórðung. Staða ullariðnaðarins skiptir hér sköpum og fyrirsjáanleg uppstokkun hans gefur fyrirheit um að það megi bæta ástandið talsvert án gengisbreytinga.

Frá því árið 1983 og fram á seinni helming þessa árs var samkeppnisstaða innlendra framleiðenda sem keppa við innflutning mjög viðunandi í samanburði við 1979. Að undanförnu virðist sem heldur hafi hallað undan fæti og þar sem fyrirsjáanlegar innlendar kostnaðarhækkanir verði talsvert meiri en sem nemur verðhækkun innfluttrar neysluvöru er

þess vænst að samkeppnisstöðu þessara greina hraki enn á næstu missirum. Á móti kemur að fyrirhugaðar breytingar á innflutningsgjöldum á hráefni kunna að hafa jákvæð áhrif á rekstrarskilyrði samkeppnisgreina."

Síðan er vikið að töflum sem á eftir fylgja og segir þar um í texta, með leyfi virðulegs forseta:

„Eins og töflurnar hér á eftir sýna er gengistengd samkeppnisstaða sjávarútvegs, útflutningsiðnaðar og samkeppnisiðnaðar nokkuð misjöfn. Árið 1985 er svo að sjá sem þessar þrjár greinar" — Virðulegur forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. viðskrh. vék úr þingsal. Mér þótti það miður eftir að hafa fagnað sérstaklega veru hans hér við umræðuna og ég vildi biðja virðulegan forseta að gera ráðherra viðvart að ég óska eftir nærveru hans. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til að gera honum viðvart.)

„Árið 1985 er svo að sjá sem þessar þrjár greinar hafi allar búið við hagstæð skilyrði og 1986 batnaði hún verulega nema í útflutningsiðnaði. Nú eru samkeppnisaðstæður samkeppnisiðnaðar og sjávarútvegs lakari en 1979 og kemur þessi staða í kjölfar hagstæðra skilyrða fram á mitt þetta ár. Aftur á móti virðist ljóst að útflutningsiðnaður hefur verið illa settur frá því á síðasta ári og vandi hans hefur stigmagnast í ár."

Þetta voru niðurstöður í greinargerð Seðlabanka Íslands, sem dagsett er 7. des. 1987, varðandi þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum.

Í töflunum, sem vitnað er til, blasir það mat við varðandi útflutninginn að ef leiðrétta ætti stöðu þessara greina með gengisbreytingum til jafns við það sem var 1979 þyrfti gengið varðandi útflutninginn í heild að meðaltali að lækka um 15,2% miðað við rekstrarhorfur á árinu 1988. Varðandi sjávarútveginn sérstaklega er með sömu viðmiðun þörf á 13% gengisbreytingu, 13% gengislækkun eða gengisaðlögun eða hvað Seðlabankinn nú kýs að kalla þetta. Og varðandi útflutningsiðnaðinn er þörfin 28,8%, spáin varðandi rekstrarhorfur á næsta ári. Og fyrir samkeppnisiðnaðinn sérstaklega, þ.e. þann iðnað sem keppir við innflutning hér á innanlandsmarkaði og kallaður er samkeppnisiðnaður, er gengisbreytingarþörfin metin á 11,9% til lækkunar. Þetta er sú mynd sem Seðlabanki Íslands dregur upp þegar vika er liðin af desembermánuði. Og ekki hygg ég að staðan hafi batnað þá daga sem liðnir eru síðan miðað við þróun á ýmsum ytri aðstæðum og sífelldri kostnaðaraukningu sem stafar m.a. af þeirri vaxtastefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt og hæstv. núv. forsrh. boðaði sem kaflaskipti í Íslandssögunni í ágústmánuði 1985 ef ég man rétt.

Það er ánægjuefni að hæstv. forsrh. er hér viðstaddur þegar við ræðum um þessa þætti því að hæstv. ráðherra hefur lýst því hér yfir úr þessum ræðustól ítrekað undanfarna mánuði að ríkisstjórnin muni halda við fastgengisstefnuna sem meginstjórntæki í efnahagsmálum.

Nú veit ég að ég fæ engan hæstv. ráðherra upp í ræðustól og ætlast út af fyrir sig ekki til þess að ráðherrar komi hingað til að lýsa því yfir að gengið verði lækkað eða genginu verði breytt í dag eða á morgun. Það væri út af fyrir sig ekki sanngjarnt. Ég býst við að hæstv. ráðherrar hafi haft meira að gera á skrifborðum sínum við að undirbúa þau frumvörp sem snjóar inn á Alþingi meðan hlákan er utan dyra, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kallaði þetta áðan, að þeir hafi verið fyrst og fremst uppteknir við það en ekki að rýna í rekstrarstöðu atvinnulífsins í landinu. En hins vegar þætti mér æskilegt við þessa umræðu í tiltölulega rúmum tíma sem virðist vera í hv. þingdeild til að ræða um þessi mál að biðja ekki aðeins hæstv. fjmrh. að rökstyðja nánar hvernig í ósköpunum á því stendur að hann ber hér fram breytingar á launaskatti til hækkunar með þeim hætti sem fyrir liggur hér í frv. sem við ræðum heldur spyrja hæstv. forsrh. að því og hæstv. bankamálaráðherra, viðskiptaráðherrann, hvort þeir telji að það sé skynsamlegt að auka með þessum hætti álögur á útflutningsatvinnugreinarnar í landinu þegar við þeim blasir það dæmi sem Seðlabanki Íslands hefur dregið upp og margt bendir til að sé enn þá hraklegra og er þá náttúrlega ekkert farið að tala um þá nauðsynlegu leiðréttingu sem þarf að gera á kjörum þess fólks sem starfar við þessar greinar og fyllir láglaunahópana í þjóðfélaginu og vinnur myrkranna á milli þannig að óþekkt er annað eins í Evrópu.

Við hljótum að biðja hæstv. ráðherra um að skýra fyrir okkur hvernig á því stendur að okkur er ætlað að taka ákvarðanir um þessar álögur, sem frv. þetta ber með sér, þegar við blasir þessi staða.

Ég ætla hér ekki að fara að rekja í einstökum atriðum horfurnar t.d. í sauma- og prjónastofum í landinu, þar sem gengislækkunarþörfin er metin upp á nærri 30% af Seðlabanka Íslands. Það er að finna í skýrslu sem hefur verið dreift til hv. þm. Þarna er um að ræða smáfyrirtæki mörg hver, fyrir utan Álafoss hinn nýja og eflda að stærðinni til, nýja fyrirtækið, en þá er þar sem eru prjóna- og saumastofur um að ræða fyrirtæki sem skapa atvinnu víða út um landið, ekki síst á stöðum þar sem ekki er um mikla undirstöðustarfsemi að ræða að öðru leyti. Í plássum sem ekki eru tengd sjávarútvegi að sumu leyti a.m.k. er um það að ræða.

Ég held að við hljótum öll á hv. Alþingi að hafa miklar áhyggjur af þeirri þróun sem stafar af efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar og auðvitað vegna þess að ýmsar ytri aðstæður hafa verið að breytast til hins verra í sambandi við útflutningsgreinar landsmanna.

Ég vil svo, herra forseti, koma að því að það kann að vera skynsamlegt markmið út af fyrir sig að leiðrétta samkeppnisstöðu greina sem standa í svokallaðri frjálsri samkeppni við innflutning t.d. í landinu. Þegar ég var starfandi í ríkisstjórn Íslands vann ég m.a. að því í iðnrn. í samvinnu við ýmsar stofnanir, þar á meðal Seðlabanka Íslands, að leiðrétta rekstrarstöðu samkeppnisiðnaðarins þannig að

hann byggi við svipuð skilyrði og almennt gerist um þann innflutning sem berst inn í landið. Slíkt er auðvitað fyllilega réttmætt. Ég tók eftir því að hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir vék að því hér áðan að hennar þingflokkur væri þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt að búa rekstraratvinnuvegunum svipuð rekstrarskilyrði. Ég vil í þessu sambandi benda á að þetta kann að gilda um iðnaðinn og samkeppnisiðnaðinn. En hvernig ætli málið sé með sjávarútveginn? Skyldi sjávarútvegurinn sem stærsti og gildasti þátturinn í sambandi við gjaldeyrisöflun í landinu búa við einhverja jafnstöðu, skyldi hann keppa á erlendum mörkuðum við hliðstæð skilyrði og afurðir sjávarútvegs ýmissa þeirra þjóða sem við erum í harðri samkeppni við bæði á Bandaríkjamarkaði og í Evrópu? Málið er ekki þannig. Sjávarútvegurinn lýtur ekki lögmálum hinnar frjálsu samkeppni sem svo er kölluð í alþjóðaviðskiptum með þeim hætti sem gildir um ýmsar iðnaðarvörur heldur er þar um að ræða ríkisafskipti og ríkisstyrki í verulegum mæli, t.d. hjá nágrönnum okkar Norðmönnum. Þetta hefur verið orðfært af ráðherrum í ríkisstjórn Íslands á erlendum vettvangi fyrr og síðar að reyna að fá þessum aðstæðum breytt. Þess vegna finnst mér að við verðum að horfast í augu við að það gilda ekki þau almennu lögmál sem menn eru að tala um að verði að laga sig að varðandi sjávarútveginn. Hann er þarna í mjög ójafnri vígstöðu í samkeppni á erlendum mörkuðum við aðrar þjóðir og þarf ekki upp að telja. Það er hægt að vísa beggja vegna Atlantshafsins til Noregs og Kanada, en það eru auðvitað margar fleiri.

Ég vil svo að endingu, virðulegur forseti, benda á þá staðreynd að við erum í rauninni að tala um undirstöðuþættina í byggðastefnu á Íslandi þegar við erum að ræða um afkomuskilyrði útflutningsgreinanna og samkeppnisiðnaðarins í landinu, en alveg sérstaklega útflutningsgreinanna sem skapa okkur skilyrði til að flytja inn og standa í utanríkisviðskiptum meira en flestar aðrar þjóðir. Hlutfall utanríkisviðskipta á Íslandi er með því allra hæsta sem gerist. Þessi starfsemi, sem t.d. öll meginumsvif höfuðborgarsvæðisins hvíla á og blómstrar á því að ekki verður séð að það sé verið að auka álögurnar eða hefta eða byggja upp höftin þar í sambandi við þá atvinnustarfsemi sem er undirstaðan og burðarásinn í atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu og er ég síst að draga úr gildi þeirra starfa sem þar eru unnin út af fyrir sig, en útflutningsstarfsemin og gjaldeyrisöflunin hvílir á fyrirtækjum sem eru dreifð hringinn í kringum landið og þá sjávarútvegsfyrirtækjunum alveg sérstaklega. Það sem er að gerast þessa mánuði er að það er verið að draga þróttinn úr þessum fyrirtækjum sem á liðnum árum hafa oft búið við erfiða stöðu og hafa ekki fengið sinn hlut, hvorki fyrirtækin hvað þá fólkið sem við þau starfar, út úr góðæri síðustu ára. Þegar það blasir við er hér um að ræða slíka blóðtöku, slíkt ósamræmi milli almennra orða stjórnmálamanna, sem eru í forustu í ríkisstjórn Íslands og taka í orði undir nauðsyn þess að halda landinu í byggð, og hins vegar gerðanna, athafnanna, og hér er bara einn lítill steinn í þá hleðslu eða ættum við ekki að segja í þá skriðu því ekki er verið að byggja upp. Hér er aðeins ein valan í þeirri skriðu sem ríkisstjórnin stendur fyrir við að brjóta niður þessa undirstöðustarfsemi gjaldeyrisöflunar í landinu og undirstöðu undir atvinnu í byggðarlögunum úti um landið.

Hæstv. fjmrh. mælti fyrir öðru skattafrv. Eða var það að koma frá nefnd? Ég hef það ekki alveg í minni. E.t.v. var það að koma frá nefnd. Það er um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. (**Forseti:** Það var mælt fyrir því.) Það var mælt fyrir því. Ég þakka, virðulegur forseti. Mig minnti það. Ætli hafi verið þar um hækkun að ræða á þeim gjaldstofni? Skyldi hæstv. fjmrh. hafa lagt til hækkun á skattlagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði frá því hlutfalli sem verið hefur? Ég varð ekki var við það. (**Fjmrh.:** Það var ekki búið að afnema það.) Það var ekki búið að afnema það, segir hæstv. ráðherra. Það var aldeilis stórsnjöll athugasemd. Það var ekki búið að afnema þennan skatt og þess vegna leyfir hæstv. ráðherra sér og telur eðlilegt að halda hlutfallinu óbreyttu.

Nei, það má að sjálfsögðu ekki hrófla við eða réttara sagt skerða rekstrarstöðu og rekstraraðstæður þeirra aðila sem hafa fengið obbann af góðærinu á Íslandi undanfarin ár, hinum hagstæðu ytri skilyrðum, festa það í húsnæði hér á höfuðborgarsvæðinu sem ekki þarf að nafngreina. Þau eru mörg musterin sem reist hafa verið hér. Það má ekki hækka hlutfallið á þeim. En sjávarútvegurinn og iðnaðurinn, sem eru þegar komin í strand ef dæmið væri gert upp hér og nú, skulu fá að taka á sig auknar álögur með ákvörðunum teknum á Alþingi Íslendinga að tillögu ríkisstjórnar.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar greini okkur frá hugrenningum sínum í þessum málum og hvers er að vænta. Ég legg það ekki á hæstv. fjmrh. að koma upp í stólinn og endurtaka yfirlýsingar sínar um fastengisstefnuna sem hornstein efnahagsstjórnar á Íslandi næstu mánuði. Ég held ég leggi það ekki á hæstv. ráðherra nema hann kjósi að koma hér og endurtaka orð sín sem hafa fallið úr þessum ræðustól. Fastgengisstefnan er hornsteinninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnar Íslands. Kannski gerir ráðherrann það. Kannski greina viðskrh. og hæstv. fjmrh. frá því að þeir ætli að halda sig við þetta og ef þeir ætla að gera það, sem vel má vera að sé kleift, með geysilegum tilfæringum öðrum í efnahagslífi í landinu sem stundum hafa verið kallaðar millifærslur og ekki hafa alltaf verið á hægra brjóstinu á talsmönnum Alþfl. hvað þá Sjálfstfl. að grípa til slíkra aðgerða. En við hljótum að spyrja hér og nú: Hver eru ráðin til að taka á þessum málum, hæstv. ráðherrar? Við höfum lykilráðherrana þrjá sitjandi og við höfum enn tíma og væntanlega síðar í dag til að heyra til hvaða ráða þeir hyggjast grípa því ég held að það sé fullkomin ástæða til að ræða þetta áður en meginskriðan af skattálagningarfrumvörpunum,

sem innifela 9 þús. millj. kr. aukningu í skattlagningu í landinu, dynja yfir í þessa deild ofan úr hv. Ed. Alþingis næstu daga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja, hæstv. forseti: Hvað stendur til að ræða á boðuðum fundi? Ég veit ekki betur en okkur hafi miðað ágætlega áfram og í raun og veru lokið öllum þeim verkefnum sem ég sé að liggi fyrir þessari deild að afgreiða. Ég teldi mjög æskilegt ef hægt væri að komast hjá því og menn vissu fyrir fram að þeir hefðu kvöldið til annarra starfa, svo sem eins og nefndafunda eða annarra starfa, og þó ekki væri nema til að hvíla sig með tilliti til þess hvernig fundatími hefur verið hér undanfarið. Ég vildi fá upplýsingar um það, virðulegi forseti, hvað á að gera á fundi eftir þingflokksfundahlé. Það hlýtur alla vega að vera eitthvað annað en er á þeirri dagskrá sem við unnum eftir á þessum fundi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa að það þarf væntanlega ekki að vera nema örstuttur fundur eftir hlé. Það eru mál að koma frá Ed. sem ættu ekki að þurfa mikla umræðu. Það eru ríkisborgararéttur og fleiri mál sem munu verða tekin hér til umræðu ef leyft verður. En það er ekki ætlunin að hafa fundi fram eftir kvöldi í þessari deild í kvöld. Ég sé ekki ástæðu til þess að svo sé. Þessi fundur kl. 6 ætti að geta orðið mjög stuttur nema það komi eitthvað óvænt upp á daginn.

NEÐRI DEILD

29. fundur, miðvikudaginn 16. des., kl. 6 síðdegis.

Sóknargjöld, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 318.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kirkjugarðar, 3. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 317.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 315.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar eins og það kemur frá Ed. og vísa til þskj. 176 og brtt. sem Ed. samþykkti og er á þskj. 287.

Í 1. gr. voru í upphaflegri gerð þessa frv. talin nöfn 18 manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla ótvírætt þau skilyrði sem hið háa Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Þegar ég mælti fyrir frv. í Ed. lágu fyrir í dómsmrn. nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem á ýmsan hátt virtust meðmælaverðar þótt þær uppfylltu ekki að öllu leyti þau skilyrði sem Alþingi hefur yfirleitt sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Þessar umsóknir sendi ég hv. allshn. Ed. þegar hún fékk frv. til meðferðar. Hv. allshn. Ed. tók afstöðu til þessara umsókna og bætti við 13 nöfnum í 1. gr. frv. eftir könnun á hverju máli og naut við það verk aðstoðar embættismanna Alþingis svo sem venja er. Ég er sammála nefndarmönnum um tillögur þeirra eins og þær birtast á þskj. 287 og mæli fyrir þeim. Í 2. gr. frv. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar þeirra manna erlendra sem ríkisborgararétt öðlast og gilt hafa síðustu ár.

Ég legg áherslu á að þetta mál fái afgreiðslu fyrir jólaleyfi þingsins. Sú aðferð, sem tíðkast hefur á undanförnum árum, að afgreiða frumvörp um veitingu ríkisborgararéttar aðeins einu sinni á ári við lok

þings að vori er að mínum dómi ekki alls kostar heppileg. Úrlausn á þessu mikilvæga persónubundna máli fólks og fjölskyldna dregst þannig oft úr hófi fram. Mér virðist því eðlilegra að afgreiða þessar umsóknir a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Ég áforma því að flytja annað frv. eftir áramót um þetta efni eftir því sem ástæða er til.

Hæstv. forseti. Till. sem ég geri er sú að þeir sem uppfylla nú þau skilyrði sem Alþingi setur til að hljóta íslenskan ríkisborgararétt hljóti hann nú með samþykkt þingsins á þessu frv. fyrir jól.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. dómsmrh. og lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hann hefur kynnt hér. Það hefur fengið sína eðlilegu afgreiðslu í fyrri deild. En hann boðaði breytingar á afgreiðslu þessara mála þannig að í stað þess að afgreiða nýja borgara einu sinni á ári, erindi útlendinga, yrði það afgreitt tvisvar á ári.

Ég vil beina athygli hæstv. ráðherra að því að þegar hið nýja frv. hans kemur fyrir Alþingi verði gætt að því að um gagnkvæmni verði að ræða milli ríkja. Það er mjög auðvelt að komast inn og út og jafnvel verða ríkisborgari á Íslandi og ekki í neinu samræmi við það sem er annars staðar og tala ég af þeirri bitru reynslu sem einn af mínum heimilismönnum á í á þessu augnabliki. Hann hefur beðið nú í ætli það sé ekki um hálft ár eftir dvalarleyfi í Bandaríkjunum, hefur ekki fengið svar enn þá og á meðan er fjölskyldan án fyrirvinnu á staðnum. Það er því ekki nein gagnkvæmni í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna, hvorki hvað snertir aðgang að landinu né heldur dvalarleyfi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir stuðning við frv. sem hér er til umræðu og hef tekið eftir ábendingum hans um skort á gagnkvæmni í skiptum Íslands og annarra ríkja hvað varðar veitingu á ríkisborgararétti. Ég mun skoða það mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 1. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 314.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Frv. var lagt fram í Ed. og flutt þar af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Þetta frv. er flutt til þess að lög um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33 frá 23. mars 1983 falli ekki úr gildi við árslok 1987. Ég hygg að hv. þm. sé kunnugt um þetta mál og átti sig á því um hvað er að ræða svo að ég held að það sé ekki nauðsynlegt að flytja hérna langa ræðu um málið. Það er eins og segir í grg. eingöngu til þess að þessi lög falli ekki úr gildi sem þau hefðu gert ef ekki hefði verið að gáð í tíma.

Mér er ánægja að skýra frá því, ef hv. þm. hafa ekki tekið eftir því, að þessu var mjög vel tekið í Ed. og ekki síst af hæstv. menntmrh. Birgi Ísl. Gunnarssyni sem lagði til þar að þetta frv. yrði samþykkt og afgreitt eins og það kemur hér fyrir, enda hafði ráðuneytið ætlað sér að láta svo verða en ekki komið í verk að flytja frv. um það.

Þar sem tími er dýrmætur í hv. Alþingi ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vænti að það fái jafnhraða og góða afgreiðslu í þessari hv. deild og það fékk í Ed. og vil fyrir hönd flm. þakka fyrir viðtökur alþm. og sérstaklega hæstv. menntmrh. við þessu frv.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 10. þm. Reykn. var frv. þetta flutt í Ed. og var þá þess efnis að sólarlagsákvæðið, þ.e. að lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum skyldu gilda til ársloka 1987, yrði fellt úr gildi. Ég lýsti því í umræðum í hv. Ed. að mál þetta hefði verið til meðferðar í menntmrn. Í gangi væri nú vinna við að endurskoða lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum, en ljóst væri að sú endurskoðun tæki lengri tíma en svo að unnt yrði að leggja frv. um það efni nægilega snemma fyrir Alþingi þannig að það gæti orðið afgreitt fyrir áramót. Þess vegna væri nauðsynlegt að lífdagar núgildandi laga yrðu framlengdir. En ég lagði það hins vegar til að frv. yrði breytt á þann veg að lögin skyldu gilda til ársloka 1988. Um það varð samkomulag í Ed. og ég mæli því með því að frv. verði samþykkt í hv. Nd. og þar með sem lög frá Alþingi í því formi sem það kom frá Ed.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Mér þykir skylt að standa upp í þessu máli og lýsa yfir stuðningi við það. Þannig hagar til að ég hef verið í forsvari fyrir Kvikmyndaeftirlit ríkisins frá því að lög um bann við ofbeldiskvikmyndum tóku gildi 1983 þar til nú í september að ég lét af því starfi. Ég veit frá minni reynslu hversu mikil nauðsyn þessi lög eru og hefði verið mjög slæmt ef þau hefðu misst gildi sitt nú um áramót. Hins vegar hef ég heyrt og séð á ræðu hæstv.

menntmrh. í Ed. að svo var alls ekki ætlanin. En ég endurtek að það var gott að frv. kom fram hjá hv. flm. og lýsi yfir stuðningi mínum við það.

Hins vegar vil ég benda á að það varð gífurleg breyting á hlutverki Kvikmyndaeftirlitsins þegar þessi lög tóku gildi á sínum tíma og ég fullyrði að þróunin hefur orðið sú að það hefur fallið í hlut Kvikmyndaeftirlitsins, þeirra manna sem þar voru og eru, að móta meira og minna stefnuna í þessu eftir lögum og reglugerðum sem um þetta hafa gilt. Ég má líka segja að um þetta hefur náðst, þó hér sé um mikið hagsmunamál margra aðila að ræða, góð samvinna við þá aðila sem Kvikmyndaeftirlitið hefur þurft að hafa afskipti af eða viðskipti við.

Ég er líka viss um að af starfi Kvikmyndaeftirlitsins undanfarin ár má læra mjög margt sem ég fullyrði að þeirri nefnd, sem nú er tekin til starfa, mundi vera mikill fengur að að fá upplýsingar um. Því vil ég beina því til hæstv. menntmrh. að hann leggi áherslu á við nefndina að haft verði gott samstarf við Kvikmyndaeftirlitið um frekari lagasetningu í þessum málum. Þar er unnið af miklum áhuga af því fólki sem þar er og af miklum metnaði vil ég segja. Ég er sannfærður um að það yrði nefndinni mjög heilladrjúgt að fá þar veganesti. En ég sé á þeirri nefndarskipan sem um þetta mál fjallar að þar er enginn úr Kvikmyndaeftirlitinu. Ég get að vísu sagt það sem mína skoðun að ég hefði talið mjög æskilegt að þar hefði einhver úr eftirlitinu átt sæti, en ég er ekki þar með að kasta rýrð á þá nefndarmenn sem þarna eru og ég er viss um að þeir geta unnið sitt starf mjög vel. En ég legg á það áherslu að haft sé samstarf við Kvikmyndaeftirlitið um þetta eða leitað upplýsinga hjá því því að ég veit að mesta vitneskjan um þau mál er innan raða þeirra manna sem hafa starfað við mótun þessara laga og að framfylgja þeim sl. fimm ár.

Ég endurtek stuðning við þetta frv. og fullyrði að það er af hinu góða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

34. fundur, fimmtudaginn 17. des., kl. 10 árdegis.

Barnaefni í fjölmiðlum, ein umr.

Fsp. ÞÞ, 146. mál. — Þskj. 154.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Sem betur fer virðast margir vera að vakna til meðvitundar um stöðu íslenskrar tungu þó að blikur séu á lofti. Ef til vill er þessi aukna vitund um hættuna, sem tungumálið er í, í beinu samhengi við það sem fólk sér og heyrir hjá eigin börnum, barnabörnum eða nemendum.

Það er auðvelt að skella skollaeyrum við varnaðarorðum þegar afleiðingar eru ekki komnar í ljós eða farnar að brenna á fólki inni á heimilum þess eða í daglegu lífi. En nú er svo komið að flestir sem umgangast börn að einhverju ráði komast að því að ýmis orð úr framandi tungumáli eru þeim tamari en íslensk. Enskuslettur í munni smábarna eru mjög óviðkunnanlegar, sýnu verri en hjá fullorðnu fólki, þar sem börnin hafa ekki hugmynd um að það sé um að ræða slettur. Þau eru bara að tala og þá væntanlega eins og fyrir þeim er haft.

En hver hefur þetta fyrir þeim? Auðvitað hefur fullorðið fólk mjög misjafna máltilfinningu og er misvakandi um verndun og ræktun tungumálsins, en aðalorsökin liggur ekki í því máli sem haft er fyrir börnum daglega á heimilum, í skóla eða í gæslu heldur er þetta málfar barna endurspeglun af þeim nýju uppeldisfulltrúum sem leika æ stærra hlutverk í lífi barna, þ.e. fjölmiðlar. Sérstaklega hefur sá miðill mikil áhrif sem heltekur bæði sjón og heyrn barna, útheimtir kyrrsetu og aðgerðarleysi og gerir litla kröfu til notkunar eigin ímyndunarafls heldur beinlínis tekur þá starfsemi að sér. Líklega eru nú afleiðingar einhliða barnaefnis að koma í ljós, ekki sem eina orsökin en mikilvæg þó.

Innlend dagskrárgerð í sjónvarpi er allt of lítil, en gerð innlends barnaefnis grunar mann að sé neðan við velsæmismörk. Líklega er dagskrárgerð fyrir börn í betra ástandi í hljóðvarpi, enda er ekki hægt að lesa þar texta á erlendum tungumálum þó sæmandi þyki að meiri hluti tónlistar sé fluttur á ensku og þá sérstaklega sú tónlist sem einhver hefur ákveðið að sé sú eina tegund tónlistar sem börn og unglingar hafi gaman af.

Um breyttar þjóðfélagsaðstæður og ástand fjölskyldna í landinu þarf ekki að fjölyrða. M.a. langur vinnutími, gildismat, forgangsröð lífsgæða o.s.frv. gera það að verkum að uppeldishlutverk foreldra vegur æ minna, en uppeldi skóla og fjölmiðla þeim mun meira. Svona er þetta hvort sem mönnum líkar þetta betur eða verr og þýðir ekki að láta sig dreyma um liðna daga, hvar börnin námu við móðurkné og bergðu tungu og menningu þjóðarinnar af munni síprjónandi kerlinga sem samkvæmt lýsingum lifðu á einhverjum mörkum þessa heims og annars með sýn til beggja heima. Því leggur uppeldishlutverk fjölmiðla þeim þungar skyldur á herðar, skyldu sem þeir geta engan veginn risið undir einir heldur verður þetta að vera skylda allrar þjóðarinnar.

Okkur sem erum á hinu háa Alþingi á að vera þetta ljóst og við eigum að gera kröfur til fjölmiðla, a.m.k. ríkisfjölmiðla, og gera þeim fjárhagslega kleift að rísa undir menningarlegum skyldum. Það er þó sannarlega ekki einungis tungumálið sem fjölmiðlar verða að hafa fyrir börnum með sæmilegum hætti. Það er og ekki síður skylda þeirra að miðla menningu og sögu þjóðarinnar til barna, leyfa þeim

að skoða sjálf sig í spegli samtíma og umhverfis, auka skilning þeirra á eigin lífi og annarra, lífi eigin þjóðar og annarra, auka þeim skilning og samúð með öðrum mannanna börnum. Um þetta allt gæti ég talað langt mál. Framandi menningarheimum er þeim auðvitað nauðsyn að kynnast en ekki of einhliða. Ævintýrið og gáskinn mega ekki gleymast, en raunveruleikinn verður að vera með í hæfilegri blöndu.

Það er nauðsynlegt að fylgjast vandlega með gerð og samsetningu barnaefnis í fjölmiðlum ef við stefnum yfirleitt að því að halda áfram að búa í þessu landi og lifa hér sæmilegu lífi. Með það í huga að ábyrgð okkar, sem hér erum, er mikil ber ég fram spurningu til hæstv. menntmrh. um barnaefni í fjölmiðlum. Ég ætla ekki að eyða tímanum í að lesa hana upp í smáatriðum. Allir hafa hana fyrir framan sig.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 154 er fsp. um barnaefni í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi. Þau svör sem ég flyt hér á eftir eru byggð á svörum útvarpsstjóra.

„1. Hve stórt hlutfall af heildarútsendingum a. Ríkisútvarps/sjónvarps, b. Ríkisútvarps/hljóðvarps er barnaefni og hve mikið talið í mínútum?"

Svar: a. Áætlað hlutfall í vetrardagskrá 1987 er 16,7% eða um 435 mínútur á viku í sjónvarpi. Árið 1982 var barnaefni 6,8% eða 5367 mínútur, 1983 var barnaefni 6,8% eða 5404 mínútur, 1984 var barnaefni 7,5% eða 6103 mínútur, 1985 var barnaefni 10,5% eða 9802 mínútur. Upplýsingar liggja enn ekki fyrir um hlutfall barnaefnis á árinu 1986.

b. Barnaefni í hljóðvarpi. Á árinu 1986 var barnaefni í hljóðvarpi 5% eða um 361 mínúta á viku. Að auki er leikritaflutningur 800–1000 mínútur á ári og sérstakur tónlistarflutningur fyrir börn. Ekki liggja enn fyrir upplýsingar um þetta hlutfall á árinu 1987. Árið 1982 var barnaefni 4,2% eða 15 786 mínútur, 1983 var barnaefni 4,4% eða 16 685 mínútur, 1984 var barnaefni 4,4% eða 15 363 mínútur, 1985 var barnaefni 5% eða 18 768 mínútur.

„2. Hve mikill hluti barnaefnis a. Ríkisútvarps sjónvarps, b. Ríkisútvarps/hljóðvarps er íslenskt?"

Svar: a. Sjónvarp. Áætlað er að þetta hlutfall verði 27% á árinu 1987. b. Hljóðvarp. Þáttagerð er öll innlend, en bókmenntaefni er um það bil til helminga íslenskt.

„3. Hvað er miklu fé varið til innlendrar dagskrárgerðar a. Ríkisútvarps/sjónvarps, b. Ríkisútvarps/hljóðvarps fyrir börn?"

Svar: Varðandi sjónvarpið hefur 4 millj. kr. verið varið til innlends barnaefnis það sem af er árinu og eitthvað mun bætast við það sem eftir er ársins en ekki liggja tölur fyrir um það. b. Varðandi hljóðvarp er áætlaður kostnaður við barna- og unglingaefni 8 millj. kr. á árinu 1987.

„4. Hversu stór hluti erlends barnaefnis í sjónvarpi er með íslensku tali og hve mikið með íslenskum rittexta?"

Svar: Á þessu ári eru um 58% af barnaefni með íslensku tali en 42% með íslenskum texta.

„5. Hverjir eru helstu flokkar barnaefnis, þ.e. tónlist, leikið efni, lestur, teiknimyndir o.s.frv., í a. Ríkisútvarpi/sjónvarpi, b. Ríkisútvarpi/hljóðvarpi?"

Svar: a. Sjónvarp. Helstu flokkar barnaefnis í sjónvarpi eru teiknimyndir, leikið efni og leikið tónlistarefni. b. Helstu flokkar barnaefnis í hljóðvarpi eru, eftir hlutfalli: bókmenntir, skáldsögur nýjar og eldri, þjóðsögur og ævintýri, Íslendingasögur, — ýmist er um beinan flutning að ræða eða flutning og umfjöllun — tónlist með hljómplötum, kóraupptökur og hljómsveitarupptökur, leikrit, bæði stök og framhaldsleikrit, viðtöl, fréttir, vísindi, íþróttir, menningarmál, umhverfi, samfélagið, aðrar þjóðir og menning þeirra.

Fyrirspyrjandi (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinargóð svör. Það er að vísu ekki auðvelt að draga af þessu ályktanir hér á staðnum, en greinilegt er að ýmislegt er þarna íhugunar virði, bæði hvað varðar hlutfall og fé sem varið er til barnaefnis og hvernig það flokkast. Sérstaklega er athyglisvert að það er ekki eytt meira en 4 millj. kr. í íslenskt barnaefni í sjónvarpi og sá flokkur sem fyrst er talinn þar í flokkum barnaefnis eru teiknimyndir.

Það væri vissulega þörf á því að gera á þessu nánari úttekt og ekki bara einu sinni heldur fylgjast vel með hvernig að þessu er staðið, en mér sýnist að fyrstu upplýsingar gefi ástæður til að íhuga þessi mál betur.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Á sl. vori voru stórhækkuð afnotagjöld Ríkisútvarpsins. Ein af forsendunum fyrir þeirri hækkun var að stóraukið yrði íslenskt barnaefni í hljóðvarpi og sjónvarpi. Er hæstv. menntmrh. kunnugt um hvernig Ríkisútvarpinu hefur gengið að verða við þeim eindregnu tilmælum sem raunar, eins og ég segi, voru forsendur hinnar stórmiklu hækkunar afnotagjalda sem þá var leyfð?

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Austurl. er því til að svara að því miður hef ég ekki tölur í þessu sambandi, en þær athuganir sem fara fram þessa dagana á fjárhag Ríkisútvarpsins, sem er vægast sagt slæmur, benda til þess að tilmæli, sem fram komu þegar Ríkisútvarpið fékk stórhækkuð afnotagjöld á sl. vori, um stóraukið íslenskt efni, bæði barnaefni og reyndar annað, hafi ekki verið uppfyllt. Mér virðist það á þeim tölum og þeim gögnum sem ég hef í höndum án þess að ég geti nefnt beinar tölur í því sambandi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti og hv. þm. Ég var hér til þrjú í nótt að ræða tekjuöflunarfrv. þessarar ríkisstjórnar og m.a. frv. um breytingar á lögum um söluskatt. Þar

inni er heimild til hæstv. fjmrh. að fella niður söluskatt af afruglurum. Það vita allir að þeir eru til þess að auðvelda útbreiðslu myndefnis frá aðalsamkeppnisaðila Ríkisútvarpsins. Á fund fjh.- og viðskn. Ed. komu fulltrúar Ríkisútvarpsins og skýrðu frá hinni afar bágbornu stöðu þessa fjölmiðils sem hefur allt aðrar skyldur og allt aðra ábyrgð en þeir frjálsu fjölmiðlar sem margir hér börðust fyrir að fá inn í eyru og augu þeirra barna sem var talað um áðan. Hvað ætlar núv. menntmrh. að gera og hvernig ætlar fyrrv. menntmrh. að beita sér til þess að Ríkisútvarpinu verði veitt meira fé til að sinna þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem á það er lögð?

Vegamál við Siglufjörð, ein umr.

Fsp. RA, 160. mál. — Þskj. 173.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Nú eru liðnir tveir áratugir síðan göng voru lögð gegnum fjallið Stráka við Siglufjörð og ekki þarf að orðlengja um það hve stórkostleg samgöngubót fékkst þá fyrir Siglfirðinga. Á þessum göngum hefur hins vegar alla tíð verið nokkur ágalli. Mikið vatnsrennsli hefur verið í göngunum og afleiðingin hefur verið sú að hætta er á því að vatn þetta frjósi og myndi mikla klakabunka, en á öðrum árstímum grefur þetta vatnsrennsli akveginn í gegnum göngin. Nokkrar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr þessu. Bæði loftklæðning og uppsetning á hurðum koma í veg fyrir að mikið frost verði í göngunum. En þessar ráðstafanir hafa ekki dugað að öllu leyti. Akbrautin er mjög illa farin og löngu orðin óviðunandi.

Af þessari ástæðu spyr ég samgrh. hvort ekki sé löngu tímabært að ganga svo frá vatnsrennsli í Strákagöngum að vegurinn í gegnum göngin sé sæmilega akfær og ekki sé hætta á frostskemmdum í hvelfingunni.

Í nokkur undanfarin ár hafa vegaframkvæmdir við Siglufjörð lent á óhagstæðasta framkvæmdatíma, þ.e. seint að haustinu. Í skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1986 kemur fram á bls. 53 að fjárveiting var þá til vegar um Almenningsnöf að gangamunna 3 millj. og þar segir, með leyfi forseta: „Unnið var við nýja veginn um Mánárskriður. Ólokið er frágangi og slitlagi."

Staðreyndin var sú að byrjað var mjög seint á þessum framkvæmdum, líklega ekki fyrr en komið var fram í desember, og afleiðingin varð sú að aldrei tókst að ljúka þessum vegarkafla eins og fram kemur í þessum orðum. Yfirborðið var því allan veturinn mjög gróft, að ekki sé nú meira sagt, og mjög yfir þessu kvartað.

Þetta hefur vakið mikla óánægju á Siglufirði og þess vegna er ekki óeðlilegt að spurt sé: „Hvers vegna hafa vegaframkvæmdir við Siglufjörð lent á óhagstæðasta framkvæmdatíma seinustu árin, þ.e. seint að hausti?"

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. v. leyfi ég mér að upplýsa eftirfarandi og byggi þá á umsögn frá Vegagerð ríkisins:

Svar við 1. lið, Strákagöng. Nokkurt vatnsrennsli úr veggjum og lofti er í Strákagöngum og hefur verið frá upphafi, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Veldur þetta skemmdum á steyptu gólfi ganganna svo og hættu á frostskemmdum, eins og að er vikið í fsp. og fram kom hjá fyrirspyrjanda. Til að vinna gegn frostskemmdum voru settar upp hurðir við báða enda ganga og hefur önnur þeirra verið endurnýjuð nýlega. Til þess að frostskemmdir eigi sér ekki stað í göngum þurfa hurðir að vera lokaðar yfir veturinn, en á því vill verða misbrestur. Nauðsynlegt er að endurnýja hina hurðina og gera stjórnbúnað beggja megin þægilegri fyrir vegfarendur.

Skemmdum á gólfi hefur undanfarið verið mætt með bráðabirgðaviðgerðum og fer ástand þess versnandi. Til að leysa þetta vandamál til lengri tíma þarf að endurnýja niðurföll og frárennsli og stýra leka úr lofti í niðurföllin. Með því móti væri tekið fyrir vatnsrennsli eftir gólfinu, en það er skilyrði þess að gera megi við gólfið með viðunandi árangri.

Að öllu samanlögðu er þetta umfangsmikið verk og að sumu leyti sérhæft. Mun kostnaður líklega nema tugum milljóna um það er lýkur. Vegagerðin hefur hafið undirbúning m.a. með þann möguleika í huga að verk þetta gæti tengst jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla á hagkvæman hátt og þannig nýttist það fyrir bæði göngin.

Varðandi vegaskemmdir við Siglufjörð: Af fimm vegagerðarverkefnum sem unnin hefur verið að á þessu svæði sl. þrjú ár hafa tvö verkefni dregist verulega. Hinum þremur var lokið í september, tvö verk, og október. Umrædd tvö verk eru Mánárskriður og flugvallarvegur í Siglufirði og verður hér gerð stuttleg grein fyrir ástæðum þess að þau drógust á langinn.

Á árinu 1986 átti að ljúka gerð nýs vegar um Mánárskriður. Var hönnun og öðrum undirbúningi lokið í júlí það ár. Verk þetta krafðist stórvirkra tækja og reyndust heppileg tæki til þess ekki fáanleg fyrr en um haustið. Var samið við verktaka í október og stóð vinnan til 15. des. Lokajöfnun ásamt lögn malarslitlags fór svo fram í júníbyrjun sl.

Flugvallarvegur í Siglufirði var boðinn út í júní sl. Var síðan samið við Framtak sf., Siglufirði, og skyldi skilafrestur vera 30. sept. Reyndin varð sú að önnur verk þessa verktaka, m.a. gatnagerð á Siglufirði, drógust mjög á langinn og hófst vinna við flugvallarveg ekki fyrr en í lok nóvember.

Við þetta bætast vandamál varðandi malarefni. Vegagerðin taldi sl. vor að fengist hefði leyfi Siglufjarðarbæjar til töku malarefnis í námum bæjarins. Þetta leyfi hefur ekki fengist staðfest í haust og óvíst

hversu miklum hluta verksins verður lokið á þessu ári. Leggja á klæðningu á þennan veg á næsta ári og gæti það dregist fram eftir sumri af þessum ástæðum.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Í svari hans við seinni fsp. kom það berlega fram að dregist hefur nokkuð að vinna vegaframkvæmdir við Siglufjörð núna í tvö skipti. Afleiðing þessa verður auðvitað sú að kostnaður stóreykst og fjármagn nýtist illa og er þá minna gert en ella væri unnt.

Siglufjörður og Fljót eru meðal snjóþyngstu byggða landsins og ég hygg að frekar væri ástæða til þess að geyma önnur verk en einmitt þar vegna þess hve erfitt er að vinna þar verk þegar kemur langt fram á haust.

Siglfirðingar hafa vissulega haft á tilfinningunni að þeir sætu á hakanum í þessum efnum og að framkvæmdir við Siglufjörð væru látnar bíða óhóflega lengi. Ég ber þessa fsp. hér fram fyrst og fremst til að vekja athygli á þessu vandamáli.

Ég heyri hjá hæstv. samgrh. að Vegagerðin gerir sér fulla grein fyrir því að úrbóta er þörf í Strákagöngum og er það vel. Ég held að ekki verði lengur við unað hversu illa akbrautin þar er farin og ég heyrði það á svari hæstv. ráðherra að Vegagerðin er þar með ákveðin áform um úrbætur og er það vel.

Afstaða Íslands til skilyrðislausrar framkvæmdar afvopnunartillagna, ein umr.

Fsp. GHH, 204. mál. — Þskj. 253.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er alla jafnan ekki svo að tillögur til ályktana á þingi Sameinuðu þjóðanna séu tilefni mikillar umfjöllunar á Alþingi eða úti í þjóðfélaginu og er það sjálfsagt miður að þessum málum sé ekki gefinn meiri gaumur í fjölmiðlum hér á landi eða á Alþingi. En í grein sem birtist í Morgunblaðinu 4. des. sl. vekur Hreinn Loftsson lögfræðingur og aðstoðarmaður fyrrv. utanrrh. athygli á því m.a. að Ísland hafi breytt afstöðu sinni í einu tilteknu máli á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir.

Hér er um að ræða tillögu frá Tékkum og Úkraínumönnum. (Þess má geta að Úkraínumenn eru að sjálfsögðu ekki sjálfstætt ríki heldur eitt af þeim aukaatkvæðum sem Sovétríkin fara með á þingi Sameinuðu þjóðanna. Hitt er atkvæði Hvíta-Rússlands.) En við afgreiðslu þessarar ályktunar í fyrstu nefnd og síðan á allsherjarþinginu sjálfu höfðu Íslendingar greitt atkvæði með tillögu þessari þó svo á fyrri þingum hafi atkvæði Íslands jafnan fallið á móti tillögunni.

Ég tel nauðsynlegt að það komi fram hér á Alþingi hvort hérna er um stefnubreytingu að ræða í þessu máli eða hvort hér eru á ferðinni einhvers konar mistök eða handvömm eins og flogið hefur fyrir á göngum í þinghúsinu. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram til utanrrh. eftirfarandi fsp.:

„Fól utanrrh. sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að greiða atkvæði með tillögu Tékka og Úkraínumanna um skilyrðislausa framkvæmd allra afvopnunartillagna sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt?

Ef svo er, hver er skýringin á breyttri afstöðu Íslands til þessa máls frá því á tíma ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og hvaða rök voru fyrir því að taka aðra afstöðu en t.d. önnur ríki Atlantshafsbandalagsins og norrænu ríkin fjögur?

Hefur mál þetta verið kynnt í utanrmn.?“

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Út af fyrir sig vil ég taka undir það með hv. þm. að verðugt væri að ræða á hinu háa Alþingi um afstöðu til fjölmargra tillagna hjá Sameinuðu þjóðunum bæði fyrr og síðar. Ég taldi mér skylt að fara nokkuð vandlega yfir stóran hluta þessara tillagna. Sumar eru þess eðlis að ég held að fáir lesi þær, en aðrar eru athyglisverðar. Til upplýsingar vil ég geta þess að ég breytti afstöðu í tíu tilfellum og er sjálfsagt, ef óskað er, að gera grein fyrir því, en það yrði töluvert langt mál.

Þegar ég fór yfir þessar tillögur lagði ég til grundvallar í fyrsta lagi yfirlýsta afstöðu okkar Íslendinga, ekki síst t.d. í samþykkt Alþingis frá maí 1985 um afvopnunarmál, og í öðru lagi yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. kemur fram að hún leggur mikla áherslu á að starfa innan Sameinuðu þjóðanna af heilindum. Það þarf ekki að taka það fram. Ég lagði einnig til grundvallar þær breytingar sem hafa orðið í heimsmálum núna síðustu árin. Þær hafa orðið gífurlega miklar ekki síst á einu ári eða svo, líklega meiri en oftast áður. Í fjórða lagi skoðaði ég hver afstaða Norðurlandanna er því við höfum leitast við að hafa samstöðu með þeim. Í fimmta lagi skoðaði ég hver afstaða annarra bandalagsríkja okkar er, t.d. innan Atlantshafsbandalagsins. Meginatriði þau sem lögð eru til grundvallar eru þá nefnd.

Ég get t.d. getið þess að ég breytti afstöðu í tillögum þar sem mér þótti ekki þess gætt, sem er grundvallaratriði í stefnu okkar Íslendinga, að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Ekki hefur verið spurt um það hér, en ég nefni það sem dæmi um breytta afstöðu. Norðurlöndin höfðu slíka afstöðu, en við höfðum af einhverjum ástæðum ekki greitt þannig atkvæði áður. Ég nefni sem dæmi Vestur-Sahara. Það er nokkuð athyglisvert mál en er hins vegar ekki í fyrstu nefnd Sameinuðu þjóðanna. En eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að ræða þessi mál almennt.

Sú tillaga sem hér er til umræðu er flutt í fyrsta

sinn nú svo að þar er ekki um breytta afstöðu að ræða. Við höfðum ekki upplýsingar um hvernig Norðurlöndin ætluðu að greiða atkvæði. Það er misskilningur eins og segir í fsp. að um sé að ræða skilyrðislausa framkvæmd afvopnunartillagna. Það er ekki skilyrðislaus framkvæmd sem um er að ræða.

Án þess að lengja allt of mikið umræðuna vil ég fara yfir nokkur atriði tillgr. Í fyrsta lagi er vísað til sérstaks þings Sameinuðu þjóðanna sem gerði ályktun þess efnis að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skyldi vera aðalvettvangur afvopnunarumræðu og samþykkta í því sambandi. Þar var sú till. samþykkt án atkvæðagreiðslu eða m.ö.o. samhljóða.

En sú grein í tillögunni sem hvað mestum deilum mun valda hljóðar þannig í íslenskri þýðingu, með leyfi forseta:

„Allsherjarþingið telur mikilvægt að öll aðildarríki geri sitt ýtrasta til að auðvelda samræmda framkvæmd ályktana allsherjarþingsins á sviði afvopnunar og sýni þar með ásetning sinn til að gera afvopnunarráðstafanir sem allir geti samþykkt, sem hægt er að hafa algert eftirlit með og eru virkar."

Mér sýnist satt að segja að þarna séu þrír svo stórir fyrirvarar að allir geti skotið sér undan eins og reyndar í flestum þessum tillögum. Skorað er á löndin að gera það sem í þeirra valdi stendur til að auðvelda samræmda framkvæmd ályktana. Ekki er sagt að slíkt eigi að vera skilyrðislaust. Þvert á móti. Það er háð þeim skilyrðum að allir geti samþykkt slíkar ráðstafanir og hægt sé að hafa með þeim algert eftirlit og þær séu virkar.

Til að fyrirbyggja allan misskilning ætla ég að leyfa mér að lesa ensku greinina. Þar stendur:

„That all member states make every effort to facilitate the consistant implementation of general assembly resolutions in the field of disarmament and thus show the resolve to arrive at mutually acceptable comprehensive veryfiable and effective disarmament measures."

Það er því mikill misskilningur að hér sé um skilyrðislausa framkvæmd á tillögum Sameinuðu þjóðanna að ræða.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að þegar ég fór yfir þessa tillögu sá ég ekkert illt í henni þó hún væri flutt af Tékkóslóvakíu og Úkraínu, ef ég má leyfa mér að orða það svo. Það vill verða svo innan Sameinuðu þjóðanna að þjóðirnar hópast í blokkir þar sem mér virðist æðioft um að ræða fyrirframákveðna afstöðu. Ég velti því fyrir mér; hvers vegna erum við að samþykkja tillögur hjá Sameinuðu þjóðunum ef við ætlumst ekki til þess að gerð verði tilraun til að framfylgja þeim? Hvernig er þá með okkar aðild að þessari stofnun? Er hún á heilindum byggð?

Ég hafði engar upplýsingar um hvernig Norðurlöndin mundu greiða atkvæði um þessa till. né önnur okkar bandalagsríki. Þegar ég sá að við höfðum verið einir á báti, hin Norðurlöndin sátu hjá við tillöguna flest ef ég man rétt, óskaði ég eftir því að kannað yrði hvernig á því stæði. Þegar ég fékk upplýsingarnar var búið að afgreiða till. í allsherjarþinginu sjálfu og við höfðum greitt þar eins atkvæði. Ekki gafst því tækifæri til að breyta ef ástæða hefði þótt til.

Spurt var hvort utanrmn. hefði verið gerð grein fyrir málinu. Ég gerði utanrmn. grein fyrir þeim breytingum sem ég gerði. Það var að vísu ekki fyrr en eftir atkvæðagreiðslu í fyrstu nefndinni. Þetta gengur þannig fyrir sig að venjulega koma tillögurnar á borðið að morgni og greiða á atkvæði seinni partinn í New York. Því var ákaflega erfitt að halda fund í utanrmn. um þær. En ég gerði utanrmn. að sjálfsögðu grein fyrir málum og fékk enga athugasemd þar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Að ósk minni í utanrmn. gerði hæstv. utanrrh. ítarlega grein fyrir afstöðu sinni til afgreiðslu tillagna úr fyrstu nefnd allsherjarþingsins og það áður en atkvæði voru greidd í allsherjarþinginu sjálfu. Ég lýsti yfir sérstakri ánægju yfir þeirri breytingu sem fram kom gagnvart tíu tillögum frá hæstv. ráðherra, þar á meðal í þessu máli. Ég sé ekki að texti þessarar tillögu geti verið skaðlegur á neinn hátt, hvorki fyrir orðstír Íslands né utanríkisstefnu. Ég sé ekki betur en ráðherrann hafi í afstöðu sinni verið að fylgja eftir ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 og það sé nokkuð langsótt hjá hv. þm. Sjálfstfl. að vera að gera þar athugasemdir við. Í þeirri ályktun er m.a. lýst því yfir að Alþingi fagni hverju því frumkvæði sem rofið getur vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Málefni Sameinuðu þjóðanna hafa verið hér á dagskrá, meðal annars að frumkvæði okkar alþýðubandalagsmanna. Ég minni á tillögu um svokallaða frystingu, stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins þar sem Sjálfstfl. stóð fyrir því að Ísland hefði sérstöðu með Bandaríkjamönnum á móti viðhorfum annarra Norðurlandaþjóða. Hæstv. utanrrh. hefur með réttu breytt þeirri afstöðu og við höfum lýst yfir ánægju með þá stefnubreytingu.

Ég held að hv. þm. Sjálfstfl. séu nefnilega frosnir í gamla kaldastríðsfarinu enn þá og hafi ekki áttað sig á breytingu sem orðið hefur í heimsmálum að undanförnu.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að staðfesta það, sem hæstv. utanrrh. hér sagði, að tillögurnar voru sýndar í utanrmn. og raunar ræddar eftir að atkvæði höfðu verið greidd í fyrstu nefnd allsherjarþingsins.

Ég kannast ekki við það eða minnist þess ekki að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi sérstaklega beðið um skýringar á þessu máli. Það var svo að einmitt daginn fyrir utanríkismálanefndarfund áttum við mjög langan fund saman inni í utanrrn., ég og hæstv. utanrrh., um margháttuð utanríkismál. Við vorum að gera hvor öðrum grein fyrir okkar sjónarmiðum sem mér virtust falla yfirleitt saman. Við rákum augun í þessa tillögu einmitt og að hinar

Norðurlandaþjóðirnar höfðu setið hjá. Þess gat utanrrh. morguninn eftir í utanrmn. að hann ætlaði að kanna það mál betur fyrir atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu eins og hann greindi frá hér. Þetta er allt saman satt og rétt og þarf ekkert að fara dult.

En mergurinn málsins er sá að utanrmn. hefur ekki ákvörðunarvaldið, það er ráðherrans. Við ræddum þetta efnislega á þann veg sem hann hér gat um. Ég held að okkur greini ekki mikið á um meginefni á þessu sviði, enda hefur ráðherrann rækilega t.d. undirstrikað að það er samstaða Atlantshafsbandalagsríkjanna sem hefur orðið þess valdandi að árangur hefur náðst í utanríkismálum og samstaða Alþingis Íslendinga í þál. 23. maí 1985 er auðvitað hin merkasta og við hana eigum við að halda.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka utanrrh. fyrir hans svör við þessum fyrirspurnum. Raunar væri afar gagnlegt að þingheimur gæti fengið aðgang að upplýsingum um hvaða tillögur aðrar það hafa verið þar sem afstöðu hefur verið breytt frá því í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. En ég harma ef það er misskilningur að þessi tillaga hafi verið flutt áður. Ég hef staðið í þeirri trú og reyndar hef ég þær upplýsingar úr utanrrn. Ef það er ekki rétt harma ég að sá misskilningur hefur slæðst inn í fsp. og bið ráðherra velvirðingar á því að sjálfsögðu. En það mál mun væntanlega verða upplýst.

Aðalatriðið í þessu máli finnst mér vera að það hefur komið fram að þessi ákvörðun var tekin að yfirlögðu ráði. Ég tel að þessi ákvörðun sé á misskilningi byggð og röng vegna þess að það segir í ályktuninni að það beri að hrinda í framkvæmd öllum ályktunum þings Sameinuðu þjóðanna um þessi mál. Við höfum verið á móti sumum þessara ályktana. Við höfum setið hjá við aðrar. Það er mótsögn í því að samþykkja síðan tillögu sem gerir ráð fyrir framkvæmd þeirra allra.

Varðandi skilyrðislausa framkvæmd, þá eru þau atriði sem ráðherra nefndi yfirleitt tekin fram í öllum þessum ályktunum, þannig að það eru ekki þessi skilyrði sem við er átt, heldur þau sem snúa að framkvæmd tillagnanna, sem á skilyrðislaust að hrinda í framkvæmd.

Ég tel því út af fyrir sig að þetta mál sé upplýst og ég harma að það skuli vera í pottinn búið á þann veg sem raun ber vitni.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ef það er rétt að þessi tillaga hafi áður komið fram hef ég heldur ekki fengið réttar upplýsingar. Ég talaði við mína menn í utanrrn. í morgun og spurði hvort ekki væri öruggt að hún hefði ekki komið fram áður. Mér var tjáð að svo væri ekki. A.m.k. spurði ég sérstaklega að því hver væri afstaða Norðurlandanna þegar þessi tillaga kom á mitt borð og fékk þá upplýst að hún lægi ekki fyrir. Skýringin var m.a. sú að tillagan hefði ekki verið flutt áður.

Ég tek undir með hv. þm. að við skulum leiðrétta þetta ef rangt er. Staðreyndin er að ég hafði engar upplýsingar um hvernig aðrir litu á þessa tillögu.

En það er eitt atriði. Hv. fyrirspyrjandi segir að samkvæmt tillögunni beri skilyrðislaust að framkvæma tillögur eða samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Ég get ekki fallist á það. Eins og ég las áðan í enskri útgáfu þetta atriði, ég vil ekki lengja mál mitt með því að lesa tillöguna alla, segir þar: „make every effort", þ.e. gera allt sem á þeirra valdi stendur. Það þýðir ekki að öll ríki skuli skilyrðislaust framkvæma. Svo koma ýmsar skýringar á eftir sem ég hygg að mörgum þjóðum muni reynast erfitt að fullnægja, t.d. með eftirlitið, sem er áreiðanlega eitt stærsta atriðið, tekið er fram að það skuli vera mjög öruggt.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt, en langar til að segja að lokum að það er svo með afstöðu til samþykkta alþjóðastofnana að þar virðist oft vera dálítið tvöfalt siðgæði, ef ég má orða það svo, og þjóðir virðast taka þessar samþykktir eftir því sem þeim hentar. Ég nefni t.d. mál sem varðar okkur mikið, Alþjóðahvalveiðiráðið. Samþykktir þess eru alls ekki bindandi og þarf m.a.s. ⅔ atkvæða til að þær geti orðið bindandi ef meðlimaríkin fallast á að þær skuli vera bindandi. Sumar þjóðir láta sér samt lynda að fylgja hart eftir samþykktum þar sem eru samþykktar *af einföldum meiri hluta. Við höfum* orðið fyrir barðinu á því. Svo virðist vera að eftir því hvað hentar hverri þjóð draga þær fram samþykktir alþjóðastofnana og gera þær að lögum í sínu landi. Ég verð að segja hér og nú að á slíkt tvöfalt siðgæði get ég ekki fallist.

Snjómokstur, ein umr.

Fsp. RA, 161. mál. — Þskj. 174.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég flyt fsp. til samgrh. um hvort ekki sé orðið tímabært að heimila snjómokstur á hringveginum og meginleiðum út frá honum til stórra þéttbýlisstaða a.m.k. þrisvar í viku. Ég hef hér fyrst og fremst í huga þær leiðir þar sem mokað hefur verið tvisvar í viku, en eins og kunnugt er er það stór hluti af hringveginum, þ.e. leiðin frá Reykjavík um Akureyri til Mývatns annars vegar og hins vegar frá Reykjavík um Suðurland til Egilsstaða. Víða eru leiðir til þéttbýlisstaða mokaðar tvisvar í viku ef þörf krefur, en þó eru ýmsir spottar á landinu mokaðir miklu oftar og hér á suðvesturhorninu er auðvitað miklu meiri mokstur en þessu nemur.

Nú hefur ástand vega verið að gjörbreytast á undanförnum árum og satt best að segja er búið að byggja upp svo stóran hluta af hringveginum að ég

hygg að það þurfi yfirleitt ekki mjög mikinn snjómokstur og það er ekki langur tími árs sem þess gerist þörf. En þó ekki hafi snjóað mikið á þessum vetri vissulega skulu menn ekki halda að þannig verði um alla framtíð. Það kemur dagur eftir þennan dag. Ég hygg að á þessum vetri komi tímabil þar sem mjög verði yfir því kvartað að aðeins skuli mokað tvisvar í viku þar sem höftin eru ekki svo ýkja mörg eða stór. Ég er hér fyrst og fremst að hugsa um það að mokað yrði á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum í staðinn fyrir á þriðjudögum og föstudögum. Ég tel að það væri ákaflega mikill munur fyrir mörg byggðarlög ef þessi regla væri upp tekin.

Ég spyr um kostnaðarhliðina. Það má sjá það í opinberum plöggum að kostnaður við snjómokstur *hefur numið í kringum 200 millj. kr. undanfarin ár.* Það virðast t.d. vera í fjárlögum fyrir árið 1987 207 millj. ætlaðar til snjómoksturs. Ég hef nú grun um að í reynd hafi snjómokstur numið miklu, miklu lægri fjárhæðum á þessu ári. Það væri fróðlegt að vita ef ráðherrann hefði einhverjar upplýsingar um það efni.

En ég spyr um það hver væri kostnaðaraukningin sem af því leiddi að tekin væri upp önnur og rýmri regla miðað við snjómokstur undanfarna þrjá vetur.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Snjómokstursreglur þær sem nú er í gildi voru gefnar út í desember 1985. Hefur endurskoðun reglna þessara farið fram með nokkurra ára millibili undanfarin ár. Við hverja endurskoðun hafa reglurnar ætíð verið rýmkaðar nokkuð. Í gildandi reglum er snjómokstur á hringveginum í aðalatriðum sem hér segir:

Frá Borgarnesi til Reykjahlíðar við Mývatn er mokað tvisvar í viku eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda. Frá Reykjahlíð að Jökulsárbrú hjá Fossvöllum er ekki mokað og þaðan í Egilsstaði er mokað einu sinni í viku. Frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar er opnað fimm daga í viku, en þaðan til Víkur í Mýrdal er mokað þrisvar í viku. Frá Vík til Borgarness er haldið opnu 5–7 daga í viku.

Upptalningin hér á undan varpar ljósi á að misjöfn áhersla hefur verið lögð á hina ýmsu hluta hringvegarins. *Sá hluti hans sem ekki er haldið* opnum að vetrinum er um 150 km og er þar farið um langa og sumpart háa fjallvegi, þ.e. Möðrudals- og Mývatnsöræfi.

Í fsp. er einnig rætt um að moka leiðir frá hringvegi *til stórra þéttbýlisstaða. Ekki er skilgreint* nánar hvaða staðir þetta eru, en sé t.d. miðað við þúsund íbúa eða þar um bil næði þetta til þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi, Patreksfjarðar, Ísafjarðar, Siglufjarðar, Ólafsfjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar. *Til flestra þessara staða er nú* opnað 1–2 daga í viku nema til Patreksfjarðar. Þangað er vegur ekki mokaður, enda illgerlegt miðað við núverandi ástand vegarins um miðbik Barðastrandarsýslu. Meðal þessara vega er að finna marga snjóþyngstu kafla landsins og um leið þá dýrustu.

Kostnað sem af þessu leiði er erfitt að segja fyrir um með nokkurri nákvæmni. Með því að líta til undangenginna ára má þó e.t.v. átta sig á stærðargráðu kostnaðar. Hér verður litið til síðustu fimm ára, 1982–1986, bæði árin meðtalin, fremur en þriggja eins og gert er í fsp., þar eð reikna verður með því að gefa mynd sem er nær meðaltali. Sé þetta gert má ætla að aukinn kostnaður á hringveginum gæti verið af stærðargráðunni 30 millj. kr. á verðlagi í október 1987. Meiri hluti þessa kostnaðar félli til á þeim kafla sem ekki er mokaður samkvæmt gildandi reglum. Séu teknar með tengingar við þéttbýli sem nefnd voru hér áðan mætti líklega margfalda töluna hér á undan með 2–3. Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður við vetrarviðhald síðustu fimm ár er um 250 millj. kr. á ári á sama verðlagi.

Svo sem hér er rakið eru reglur um snjómokstur á hringveginum breytilegar eftir ástæðum. Það á einnig við um tengingar þéttbýlisstaða utan hringvegarins. *Fyrir þessu liggja gild rök og þá fyrst og* fremst fjárhagsleg. Ekki verður séð að skynsamlegt sé að breyta þessu í þá veru að taka upp eina reglu fyrir alla þessa vegi. Á hinn bóginn ber þess að geta að snjómokstursreglur munu koma til endurskoðunar áður en langt um líður. Hafa þegar borist margar óskir um aukna þjónustu á þessu sviði og munu þær ásamt öðrum hugmyndum sem fram koma, þar á meðal þeim sem felast í fsp., verða skoðaðar í heild.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör. Mér fannst sérlega athyglisvert að í svarinu kom fram að aukinn kostnaður á hringveginum gæti verið af stærðargráðunni 30 millj. kr. á ári, en að meiri hluti þess kostnaðar félli til á þeim kafla sem ekki er mokað samkvæmt gildandi reglum. Ég get nefnilega vel fallist á að það sé óþarfi að taka upp þá reglu að moka hringveginn allan þrisvar í viku. Það má vel vera að það sé alveg hárrétt, sem kemur fram í svari ráðherra, að það sé ástæðulaust að taka upp eina reglu fyrir alla þessa vegi þó að ég gerði það að vísu í minni fsp. að spyrja sérstaklega um það. En þá virðist ljóst að ef þessum langa kafla, sem nefndur var að alls ekki væri mokaður, sem er um 150 km langur, væri sleppt yrði kostnaðurinn á hringveginum aðeins brot af þeirri tölu sem nefnd var, þ.e. 30 millj. kr., kannski bara fáeinar milljónir, og sjá þá allir að þarna mætti fá stóraukna *þjónustu fyrir tiltölulega lítið verð.* Það teldi ég mikið fagnaðarefni fyrir t.d. íbúa sem búa við norðurleiðina til Akureyrar. Það er einkum og sér í lagi mikið yfir þessu kvartað á þeirri leið.

Það má líka vel vera að þegar um er að ræða *tengingar við þéttbýli yrði það ekki undantekningar*laus regla. Það yrði eitthvað að fara þar eftir aðstæðum og í vissum tilvikum þar sem ekki hafa verið byggðir upp vegir og kostnaður væri úr hófi fram. Kostnaður við að taka upp þetta sem aðal*reglu fyrir flesta þéttbýlisstaði yrði því væntanlega*

ekki nema brot af þeirri tölu sem nefnd var í fsp. varðandi þá staði.

Ég hvet mjög til þess að snjómokstursreglur séu endurskoðaðar. Ég fellst á að það geti verið hæpið að taka upp eina reglu á hringveginum öllum eða meginleiðum út frá honum, en þó gæti það verið aðalreglan með vissum undantekningum eins og ég hef nefnt varðandi kaflann frá Mývatni til Egilsstaða. *Þá held ég að þessi stóraukna þjónusta þyrfti* ekki að kosta óhóflega mikið fé.

Erlent starfsfólk hérlendis, ein umr.

Fsp. GA og MálmS, 187. mál. — Þskj. 212.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Að undanförnu hefur streymt erlent fjármagn inn í landið í formi lánsfjár. Þetta hefur m.a. valdið tímabundinni þenslu á vinnumarkaði og skorti á vinnuafli í sumar atvinnugreinar. Hafa nýlega orðið talsverðar umræður um flutning á erlendu vinnuafli hingað til lands til að leysa þennan vanda þar sem Íslendingar hafa af ýmsum ástæðum ekki fengist til að sinna honum. Sýnist þar sitt hverjum og hafa leiðarar dagblaða og margir aðrir látið skoðanir sínar í ljós um þetta efni. Er Ísland of stórt? var heiti ráðstefnu sem Verslunarráðið hélt *nýlega og hafði að viðfangsefni atvinnuástandið í* landinu og hugsanlegan grundvöll fyrir stórfelldan innflutning á erlendu vinnuafli. Þar kom fram að Þjóðhagsstofnun hefði gengist fyrir könnunum hjá fyrirtækjum varðandi eftirspurn þeirra eftir starfsfólki. Þessar kannanir hafa verið gerðar undanfarin þrjú ár þrisvar sinnum á ári og síðasta könnunin var framkvæmd í október sl. og reyndist heildareftirspurnin samsvara um 3250 störfum sem er mun meira en í síðustu könnunum. Eftirspurnin var áberandi mest eftir verkafólki og iðnaðarmönnum, en hins vegar var eftirspurn eftir sérhæfðu starfsfólki stöðugt vaxandi og sérstaklega þá í heilbrigðisþjónustunni. Eftirspurn eftir starfsfólki við afgreiðslu-, skrifstofu- og tölvuvinnu var hins vegar ekki veruleg og það var líka áberandi í niðurstöðum þessarar könnunar að á höfuðborgarsvæðinu hefði ekki verið eins mikil eftirspurn og úti á landi þar sem verulega mikil þörf er, aðallega fyrir fiskvinnslu. Það kom einnig fram á ráðstefnunni að um 700 útlendingar vinna nú hér á landi, flestir í fiskvinnslu, en þó einnig nokkrir í heilbrigðisstofnunum.

Í nóvemberlok sótti ég ráðstefnu írskra kvenna í Dublin sem vilja styðja konur til þátttöku í stjórnmálum. Það kom mér verulega á óvart hve margar konur og reyndar karlar líka, t.d. tveir leigubílstjórar sem óku mér þessa tvo daga þegar ég dvaldist þarna, spurðu mig að fyrra bragði, þegar þeir fréttu hvaðan ég væri, um atvinnu og atvinnuástand á Íslandi. Þetta var vegna þess að nýlega hafði verið talsvert auglýst í fjölmiðlum á Írlandi og þá sérstaklega í Dublin eftir fólki til starfa á Íslandi, en í Írlandi ríkir mikið atvinnuleysi. Ég hélt sannast að segja að þessi mál væru fyrst og fremst á umræðustigi hér heima en hefðu ekki náð svo langt að farið væri að auglýsa í stórum stíl erlendis eftir starfsfólki. Því hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 212:

„1. Veit félmrh. til þess að settar hafi verið á stofn hérlendis sérstakar ráðningarstofur eða að einhver aðili hafi tekið að sér að auglýsa eftir erlendu starfsfólki til vinnu hér á landi? Í hvaða löndum hefur helst verið auglýst?

2. Hafa slíkir aðilar fengið vilyrði hjá félmrh. fyrir veitingu atvinnuleyfa fyrir erlent starfsfólk?

3. Hve margir erlendir menn hafa komið til starfa á Íslandi á árinu 1987, skipt eftir mánuðum?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Til mín er beint í þremur töluliðum fsp. er varðar erlent starfsfólk hérlendis. 1. tölul. fsp. hljóðar svo: „Veit félmrh. til þess að settar hafi verið á stofn hérlendis sérstakar ráðningarstofur eða að einhver aðili hafi tekið að sér að auglýsa eftir erlendu starfsfólki til vinnu hér á landi? Í hvaða löndum hefur helst verið auglýst?“

Því er til að svara að með bréfi dags. 6. okt. 1987 var félmrn. tilkynnt að stofnað hefði verið í Reykjavík fyrirtækið Íslensk atvinnumiðlun hf., en sem kunnugt er er fyrirtækjum og einstaklingum heimilt að annast milligöngu um ráðningar starfsfólks, enda sé það gert á kostnað atvinnurekanda, sbr. 17. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

Í bréfi fyrirtækisins kom fram að Íslensk atvinnumiðlun hf. hefði hug á að sérhæfa sig í vinnumiðlun milli Íslands og annarra landa, einkum Norðurlanda. Fyrirtækið óskaði eftir samstarfi við ráðuneytið varðandi samskipti við vinnumarkaðsyfirvöld í öðrum norrænum löndum, en því var af ráðuneytisins hálfu hafnað þar sem slíkt samræmist ekki samningum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem Ísland er aðili að. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að fyrirtækið Íslensk atvinnumiðlun hafi auglýst eftir starfsfólki á Norðurlöndum og aðspurður neitar forstöðumaður fyrirtækisins því að svo hafi verið. Hins vegar vill hann ekki fortaka að umboðsmaður fyrirtækisins á Írlandi kunni að hafa auglýst eitthvað þar í landi.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að önnur fyrirtæki hafi verið sett á stofn hérlendis í því skyni að auglýsa eftir eða ráða erlent vinnuafl til landsins. Hins vegar er vitað að innlend fyrirtæki auglýsa öðru hvoru eftir starfsfólki erlendis. Má þar nefna skrifstofu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bretlandi sem um árabil hefur annast ráðningu starfsfólks fyrir frystihúsin. Þá er og kunnugt að nokkur fyrirtæki auglýstu á sl. hausti eftir starfsfólki í Danmörku til verslunar- og þjónustustarfa.

Loks má geta þess, enda þótt það liggi utan efnis fsp., að ráðuneytinu er kunnugt um að í Bretlandi var sett á stofn fyrirtæki, Iceland International, sem auglýsti eftir vinnuafli til starfa á Íslandi. Að þessu fyrirtæki mun hafa staðið breskur ríkisborgari, að því að best verður séð í fjáraflaskyni og án samráðs við íslenska aðila. Íslenska sendiráðið í London gerði athugasemdir við auglýsingu og upplýsingadreifingu fyrirtækisins opinberlega og mun lítið hafa orðið úr starfseminni.

Í 2. tölulið fsp. er spurt: „Hafa slíkir aðilar fengið vilyrði hjá félmrh. fyrir veitingu atvinnuleyfa fyrir erlent starfsfólk?"

Lögum samkvæmt eru atvinnuleyfi veitt beint til atvinnurekenda en ekki til aðila sem hefur milligöngu um ráðningu svo sem ráðningar- og ráðgjafarfyrirtækja. Atvinnurekandi, sem hyggst ráða erlendan mann í þjónustu sína, verður að sækja um svonefnt fyrirframleyfi áður en ráðning fer fram og má enginn útlendingur koma til landsins í atvinnuskyni án slíks leyfis. Í samræmi við þessar meginreglur laga hafa hvorki Íslensk atvinnumiðlun né önnur sambærileg fyrirtæki fengið vilyrði til innflutnings á útlendingum frá félmrn.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margir erlendir menn hafa komið til starfa á Íslandi á árinu 1987, skipt eftir mánuðum?"

Fjöldi nýrra atvinnuleyfa sem veitt hafa verið á árinu 1987 skipt eftir mánuðum er þessi: Í janúar 6 leyfi, í febrúar 14 leyfi, í mars 93 leyfi, í apríl 61 leyfi, í maí 47 leyfi, í júní 29 leyfi, í júlí 59 leyfi, í ágúst 61 leyfi, í september 39 leyfi, í október 100 leyfi, í nóvember 57 leyfi, í desember, þ.e. til 10. des., 58 leyfi eða samtals 624 leyfi. Samtals hafa því verið veitt 624 ný atvinnuleyfi á árinu 1987, en auk þess er mikið um framlengingar eldri leyfa þannig að að jafnaði eru gefin út um 100 atvinnuleyfi á mánuði hverjum.

Eins og fram kemur af yfirlitinu skera mánuðirnir mars og október sig úr hvað fjölda nýrra leyfa snertir. Skýringin er sú að í þessum mánuðum fjölgar jafnan útlendingum sem hingað eru ráðnir til fiskvinnslustarfa, en eins og kunnugt er hefur það verið svo um árabil að fiskvinnslan víða á landinu hefur verið háð erlendu vinnuafli að verulegu leyti. Í þeirri eftirspurnarþenslu sem ríkt hefur á yfirstandandi ári hefur þeim stöðum á landinu fjölgað sem þurft hafa á útlendu vinnuafli að halda og er áætlað að 50–55% af nýjum atvinnuleyfum á árinu hafi verið vegna fiskvinnslunnar. Að öðru leyti dreifast atvinnuleyfi á flestar starfsgreinar, en af öðrum fjölmennum hópum má nefna heilbrigðisgeirann og ýmiss konar þjónustustörf.

Lausleg athugun á þjóðerni þeirra útlendinga sem hér fengu atvinnuleyfi leiðir í ljós að flestir eru breskir ríkisborgarar eða um 200 talsins, bandarískir ríkisborgarar eru um 100 talsins, þýskir 100 talsins, önnur Evrópulönd um 100 talsins, Suður-Afríkubúar 50 talsins, Asíubúar 50 talsins, Ástralir 30 talsins eða alls 630.

Ég vænti þess að ég hafi með þessu svarað þeirri fsp. sem til mín hefur verið beint.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég náði reyndar ekki niður öllum þeim tölum og upplýsingum sem hún gaf, en ég mun kynna mér það nánar síðar.

Það eru þó nokkur atriði sem ég vil aðeins minnast á án þess að ræða svör hennar nánar. Það er t.d. sú staðreynd að það má ætla að þarfir þessa erlenda fólks verði svipaðar og þarfir íslenskra starfsmanna. Þeir þurfa þak yfir höfuðið, þ.e. húsnæði, og eins og hæstv. félmrh. veit er mikill vandi á höndum hvað varðar bæði leiguhúsnæði og eins húsnæði til kaups. Þeir þurfa e.t.v., ef þeim dettur í hug að eignast börn, á dagvistun að halda og eins og við vitum eru þau mál í miklu öngþveiti hér og hvergi nærri að eftirspurn sé fullnægt. Og þeir þurfa væntanlega líka að lifa af þeim launum sem þeim eru greidd og verða varla lægri en þau sem Íslendingum eru boðin. Þetta eru allt vandamál sem blasa við íslensku starfsfólki í ýmsum atvinnugreinum í dag.

Mig langar lítillega að tæpa á athugasemdum, bæði atvinnurekenda og forsvarsmanna launþega, sem komu fram í Morgunblaðinu sunnudaginn 1. nóv. þegar spurt var hvað fólki fyndist um innflutning á erlendu vinnuafli. Þar komu ýmis sjónarmið fram. Þar komu t.d. þau sjónarmið fram að við mættum ekki byggja upp einangrunarstefnu gagnvart nágrannalöndum okkar, ekki síst vegna þess að í dag eru mörg þúsund Íslendingar við störf erlendis og hefur svo verið um langan tíma og við hefðum ómældan hag af því að hafa frjálsan eða lítið heftan aðgang að erlendum vinnumörkuðum.

Það kom líka fram það sjónarmið að menningu okkar og siðum væri hætta búin ef hingað streymdi mikill fjöldi erlendra manna til vinnu. Það kom líka fram að sú þensla sem er á vinnumarkaðnum væri tímabundin og til þess að ráða við hana þyrfti að sníða atvinnustarfsemi okkar eftir eigin stærð og slá á þá spennu sem er hér innan lands og aðlaga atvinnueftirspurn og framboð í stað þess að auka framboðið með erlendu vinnuafli.

Það kom einnig í ljós, t.d. hjá Þórunni Sveinbjörnsdóttur, formanni Sóknar í Reykjavík, að ef atvinnurekendur sæju sér fært að byggja yfir hóp af útlendingum hljóta þeir að geta gert það fyrir íslenskt verkafólk líka.

Það kom einnig fram að víða erlendis hefur reyndin orðið sú að stórir hópar útlendinga lenda á atvinnuleysisbótum þegar spenna minnkar á vinnumarkaði og störf verða ekki eins mörg og áður.

Og svo kom vitanlega fram sú athugasemd líka að það væri stórhættulegt að skipuleggja innflutning á erlendu vinnuafli til að vinna lægstlaunuðu störfin í þjóðfélaginu, eins og víða hefur gerst á Vesturlöndum, t.d. á Norðurlöndunum. Þetta gæti orðið til þess að halda í raun niður launum hérlendis.

Ég tel allar þessar athugasemdir, sem ég nefndi,

auk þess sem ég hef sjálf sagt, vera þess eðlis að það væri vert að huga vel að því hvaða stefnu stjórnvöld ætla sér að hafa í þessum málum. En fyrst og fremst hlýtur að þurfa að sinna mannlegum þörfum allra þeirra sem hér á landi vinna, af hvaða þjóðerni sem þeir eru, til þess að þeir geti lifað mannsæmandi lífi.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar, ein umr.

Fsp. GA og MálmS, 189. mál. — Þskj. 215.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Það er stutt stund milli stríða hjá 6. þm. Reykv. í dag, hæstv. forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að ég væri með þrjár fsp. þennan morgun. Ég hélt þær væru bara tvær.

Á sl. kjörtímabili var hæstv. þáv. forsrh. beðinn um skýrslu af núv. hæstv. félmrh. um ástand í fíkniefnamálum. Þessari skýrslubeiðni var svarað og henni fylgdi ítarleg greinargerð um ástand í fíkniefnamálum, í hinum ýmsu þáttum þeirra mála. Jafnframt fylgdi í kjölfarið nefndarskipun, sem hæstv. þáv. forsrh. setti á laggirnar þann 15. maí á árinu 1986, og var henni ætlað að samræma aðgerðir stjórnvalda til bóta í þessum málum, en í henni áttu sæti fulltrúar alls sjö ráðuneyta auk fulltrúa biskups Íslands. Nefndin hafði í raun fremur stuttan vinnutíma og vann ötullega og skilaði af sér skýrslu í mars eða apríl á þessu ári. Eitt af viðfangsefnum hennar var að kanna hvernig háttað væri löggæslu og tollgæslu í fíkniefnamálum því það er að sjálfsögðu veigamikill liður í því að hafa einhverja stjórn á þessum málum.

Það kom fram í þessari skýrslu um fíkniefnamál, sem ég vitnaði til áðan, að starfsemi fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík hafi vaxið á undanförnum árum og sé mikilvægur þáttur í starfi lögreglunnar. Það kom einnig fram að skipulag þessara mála hefði riðlast vegna manneklu í lögreglunni og einnig vegna þess að húsnæði deildarinnar væri talið of lítið.

Á sl. kjörtímabili flutti Kvennalistinn brtt. við fjárlög til að auka við starfsfólki í lögreglunni til að sinna þessum málum því að það var talið að þar væru allt of fáir menn og hafði reyndar verið lofað af stjórnvöldum þá að gera eitthvað til að bæta úr í þeim efnum. Til þess að kanna hvernig þessi mál standa nú, því ég hef grun um að þarna sé unnin geysilega mikil yfirvinna vegna manneklu og að lögreglan geti varla sinnt þeim málum sem henni berast, hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um hagi ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Ég hirði ekki um að lesa þessa fsp., sem er í sjö liðum, en vísa til hennar á þskj. sem þm. hafa fyrir framan sig.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Norðurl. e. bera fram á þskj. 215 nokkrar spurningar um ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar. Hér er um þess konar spurningar að ræða að mér hefði reyndar þótt eðlilegra að svara þeim skriflega, en ég mun þó reyna að gera þeim skil í stuttu máli.

Ég vil þó fyrst hafa þann inngang að fíkniefnadeild lögreglunnar hefur á síðustu mánuðum náð mjög góðum árangri í starfi sínu og er sérstök ástæða til að hrósa þeim mönnum sem þar starfa fyrir árvekni, færni og alveg sérstaka atorku í starfi.

Í fyrsta lagi er spurt hversu margir starfi við deildina og hvernig þeir skipti með sér verkum. Í deildinni eða henni tengdir eru nú 13 lögreglumenn í fullu starfi. Auk þess nýtur deildin aðstoðar tveggja starfsmanna tæknideildar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Störfum í deildinni er skipt þannig að yfirmaðurinn, stjórnandi deildarinnar, er lögfræðingur. Með honum starfar lögreglufulltrúi sem fer með stjórn verkefna, auk þess sem hann vinnur að rannsóknum. Þá eru níu rannsóknarlögreglumenn sem starfa að rannsókn mála, þar af eru sex skipaðir en þrír settir, tímabundið. Þá eru tveir lögreglumenn sem annast vörslu og umsjón með leitarhundum. Loks eru tveir tæknideildarmenn sem aðstoða ávana- og fíkniefnadeild við húsleitir og vettvangsrannsóknir, skráningu efna, sem hald er lagt á, og sakargagna, auk fleiri verkefna sem tengjast þessum málum.

Í öðru lagi er spurt hversu mörg mál hafi borist deildinni á sl. ári. Á því ári var málafjöldinn 179, en til samanburðar má geta þess að það sem af er þessu ári, þ.e. fram í byrjun desember, hefur deildin fjallað um 224 mál.

Í þriðja lagi er spurt hvort starfsmenn hafi getað annað öllum málum sem deildinni hafa borist. Því er til að svara að verkefni berast að deildinni í formi upplýsinga og ábendinga sem berast bæði innan lands og frá útlöndum. Úr þeim er unnið. Svo koma auðvitað vísbendingar í ljós við eftirgrennslan. Fíkniefnarannsóknirnar eru tímafrekar og unnar undir miklu vinnuálagi, eins og kom fram hjá hv. fyrsta fyrirspyrjanda. Allt frá upphafi rannsókna á þessum málum hafa stjórnendurnir því jafnan þurft að velja og hafna, og meta hvaða verkefnum skuli sinna, og er þessi málaflokkur að því leyti alls ekki frábrugðinn rannsóknum á öðrum brotamálum. En ég held þó að í meginatriðum megi svara því játandi að starfsmennirnir hafi getað annað þeim verkefnum sem að þeim hafi borist.

Í fjórða lagi er spurt hvort talin sé þörf á fjölgun starfsmanna. Svarið er já. Það er þörf fyrir fleiri starfsmenn. Hins vegar hefur ekki verið vinnuaðstaða fyrir fleiri menn þar sem deildin er nú til húsa vegna þrengsla. Nú er verið að bæta úr því og mun deildin fá betra og rýmra húsnæði í húsnæði lögreglustöðvarinnar snemma á næsta ári. Um leið verður starfsemi hennar endurskipulögð og ég vil

geta þess að í fjárlagatillögunum sem nú eru til umfjöllunar hér á þinginu er gert ráð fyrir fjórum nýjum stöðum við deildina á næsta ári.

Í fimmta lagi er spurt um vinnutíma starfsmanna á árinu 1987 að yfirvinnu meðtalinni. Þeir starfsmenn sem nú vinna hjá deildinni hafa skilað fullum dagvinnutíma auk rúmlega 100 stunda yfirvinnu á mánuði hverjum að meðaltali og er þá miðað við unninn tíma. Slíkt yfirvinnuálag getur auðvitað ekki staðið til lengdar og m.a. þess vegna er nú áformað að fjölga í þessari deild.

Í sjötta lagi er spurt um tækjakost deildarinnar og hvernig hans hafi verið aflað. Ég tel ekki rétt af augljósum ástæðum að lýsa hér nákvæmlega þeim tækjakosti sem deildin hefur yfir að ráða. En ég er fús til að útvega hv. fyrirspyrjendum nánari upplýsingar um þessi tæki ef þeir óska þess. Á sl. tveimur árum hefur deildin eignast nokkuð af nýjum tækjum sem eru notuð við rannsóknir og leit að fíkniefnum. Hluta af þessum tækjum hefur deildin reyndar þegið að gjöf frá tveimur lionessu-klúbbum og e.t.v. öðrum.

Í sjöunda og síðasta lagi er beðið um yfirlit yfir fíkniefni sem hald hefur verið lagt á það sem af er árinu. Ég vil þá taka fram að fram til 5. des. hefur verið lagt hald á 14 kg 565 grömm af hassi, 950 grömm af hassolíu, 1405 grömm af marijúana, 238 grömm af amfetamíni og 535 grömm af kókaíni.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Það kom margt fram í svörum hæstv. ráðherra, en samt langar mig til að standa hér upp og spyrjast fyrir. Það er um sögusagnir sem ég hef heyrt úti í bæ. Ég efast um að þær hafi mikið til síns máls, en samt vil ég nota tækifærið og spyrja hvort mönnum þarna hafi verið sagt upp nýverið vegna þess að það sé ekki nægilegt fjármagn veitt í þessa deild lögreglunnar sem þó, eins og hæstv. ráðherra gat um, hefur skilað afskaplega góðum árangri. Því vakti það undrun mína þegar ég heyrði á skotspónum að verðlaunin fyrir það hefðu verið að nokkrum mönnum hefði verið sagt upp störfum vegna þess að það hefði ekki verið til fjármagn til að greiða þeim fyrir störfin. Ef þetta er vitleysa finnst mér gott að það komi fram hér vegna þess að ég veit að þetta hefur heyrst úti á götu.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þakkir sem dómsmrh. flutti starfsmönnum fíkniefnadeildarinnar fyrir frábær störf og ég minni á að störf þeirra eru ekki aðeins viðamikil heldur geta þau einnig verið hættuleg og mjög erfið. Er það rétt, sem mér hefur borist til eyrna, að nú hafi starfsmenn fíkniefnalögreglunnar þurft að hætta að vinna yfirvinnu vegna skorts á fjármagni og það hamli störfum þeirra verulega um þessar mundir?

Ég minni jafnframt á að auðvitað lifir fíkniefnalögreglan nú eftir þeim fjárlögum sem gilda fyrir þetta ár, sem vafalaust hafa skammtað þessum þætti of lítið, en ég hvet hæstv. dómsmrh. til að beita sér fyrir því að aldrei verði skortur á fjármunum til rannsókna eða starfa á þessu sviði.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það var af ásettu ráði sem ég bar fram munnlega fsp. þó að ég sé sammála honum um að það hefði verið mun skynsamlegra að mörgu leyti að bera fram skriflega fsp., sérstaklega þar sem hún er löng og talsvert ítarleg. En þennan hátt hafði ég á vegna þess að ég vildi fá svörin fram núna áður en fjárlög eru afgreidd.

Eins og kom fram í máli hans eru þarna fáir menn sem vinna geysilega mikla vinnu á öllum tímum sólarhrings reyndar, og fara eftir upplýsingum og ábendingum sem að þeim berast og vita auðvitað ekki hver þeirra leiðir til fanga. Þau föng sem orðið hafa eru talsverð, eins og hæstv. ráðherra tilgreindi þegar hann taldi upp það magn og þá fjölbreytni af fíkniefnum sem lögreglunni hefur tekist að hafa hendur á.

Ég hef eins og hv. 9. þm. Reykn. einnig heyrt um mikið vinnuálag og að menn hafi ekki getað í raun fengið að sinna öllum þeim málum sem eru aðkallandi vegna þess að yfirvinnutímar hafi verið skornir niður og þeim hafi verið bannað að vinna lengur en ákveðinn tímafjölda. Þetta er kannski gert í vinnuverndarskyni til að vernda heilsu þessara manna. Kannski er það líka gert vegna þess að það er ekki til fé til að greiða þeim meiri laun. En hvort heldur sem er, þá er það ómanneskjulegt vinnuálag sem þeir hafa þurft að gegna en gert það vegna þess að þeir hafa viljað sinna þessum málum af elju og áhuga og það er ljóst að þeim þarf að sinna ef við ætlum að bera gæfu til að stjórna innflutningi fíkniefna í landið svo einhverju nemi því vitanlega er mun meira magn sem berst inn í landið ólöglega en nokkurn tíma eru hafðar hendur á.

Ég fagna því að fíkniefnalögreglan er á leiðinni í nýtt og betra húsnæði sem ég reyndar vissi að stóð til. Ég fagna því einnig að henni skuli standa til boða á næsta ári fjórar nýjar stöður. Það hefur reyndar áður staðið til að veita nýjar stöður, en þær hafa ekki orðið að veruleika. Því verður nauðsynlegt að fylgja því vel eftir á næsta ári að við þessi fyrirheit sé staðið.

Að öðru leyti mun ég ekki orðlengja þetta frekar, en þakka ráðherra fyrir skýr og greið svör.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrri fyrirspyrjanda, hv. 6. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykn. og 9. þm. Reykn. fyrir þeirra athugasemdir og áhuga á þessum málum því það er svo sannarlega rétt, sem fram hefur komið í athugasemdum allra þriggja, að hér er um afar mikilvæg verkefni að ræða sem brýnt er að sinnt sé af hæfum mönnum og þeir fái til þess frambærilega vinnuaðstöðu.

Til þess að svara beint fsp. hv. 3. þm. Reykn. um

hvort mönnum hafi nýverið verið sagt upp störfum hjá deildinni, þá er mér ekki kunnugt um að það hafi verið gert.

Hv. 9. þm. Reykn. spyr hvort það sé rétt að dregið hafi verið úr yfirvinnu í deildinni og hætt yfirvinnu. Þá er því þar til að svara, eins og kom reyndar fram í mínu fyrsta svari, að þar er um afar mikla yfirvinnu að ræða, meiri en hægt er að hafa til frambúðar, og það er rétt að þarna hefur þurft að reyna að takmarka yfirvinnu, bæði vegna mannanna sjálfra og eins vegna fjárveitinganna, eins og á öðrum sviðum löggæslunnar. En ég tek það fram að það verður auðvitað að meta þetta eftir verkefnunum hverju sinni.

Í framhaldi af því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., fyrri fyrirspyrjandanum, um mikilvægi fíkniefnavarnanna, þá vil ég láta þess að endingu getið að ríkisstjórnin skipaði snemma á þessu hausti samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem fjalla um fíkniefnavarnir, en það eru dómsmrn., heilbrmrn., menntmrn. og fjmrn. Formaður þessarar nefndar er nú skrifstofustjóri sá sem fer með lögreglumál í dómsmrn. Það er alveg vafalaust að efling löggæslunnar er fyrsta og mikilvægasta verkefnið á sviði fíkniefnavarna.

Ríkisfjármál og heilbrigðisáætlun, ein umr.

Fsp. GA, 192. mál. — Þskj. 221.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Í Ed. hefur mikið verið rætt um tekjuöflunarfrv. hæstv. fjmrh., þar á meðal frv. um breytingar á söluskatti, þar sem hæstv. ráðherrann, formaður þess íslensks stjórnmálaflokks sem kennir sig við jafnaðarmennsku, ætlar að setja matarskatt á þjóðina. Það er ekki bara að þessi matarskattur fari fyrir brjóstið á fólki vegna þess að hann bitnar svo harkalega á lífsnauðsynjum láglaunafólks, en matvæli eru a.m.k. ⅓ af neyslu þeirra, heldur og líka að þarna gafst hæstv. ráðherra kærkomið tækifæri til að stunda hollustusamlega neyslustýringu sem hann lét fram hjá sér ganga.

Ég hef leyft mér að spyrja á þskj. 221 hvernig nýlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. breytingar á söluskatti, vörugjaldi og tollum af matvælum, samræmist manneldismarkmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar sem lögð var fram á síðasta þingi og hæstv. núv. heilbrmrh. hefur tilkynnt að hann muni leggja fram á því þingi sem nú situr og reyndar halda ráðstefnu um í febrúarbyrjun á næsta ári.

Í þessari heilbrigðisáætlun, sem hæstv. fyrrv. heilbrmrh. lagði fram á síðasta þingi, stendur, með leyfi forseta, um markmið 6 sem er manneldismarkmið:

„Næringarástand þjóðarinnar er talið gott, en það þarf að sjá um að allir fái hæfan mat og í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði. Leggja skal áherslu á framleiðslu og framboð hollrar innlendrar fæðu. Það á að ýta með ýmsu móti undir neyslu kornmetis, fisks, kjöts sem er magurt, kartaflna og grænmetis. Stuðla skal að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi með fræðslu og verðstýringu. Neysla matar sem hefur mikið af sykri og neysla sætinda svo og saltaðs matar á að minnka með upplýsingastarfsemi og verðstýringu."

Ég hirði ekki um að lesa frekar um þetta markmið því að þarna koma í raun mjög skýrt fram ákveðin áhersluatriði, en í lok markmiðanna stendur:

„Markmiðin skulu innihalda fyrirmæli um verðlagningu, framleiðslu og þá upplýsingu sem er nauðsynleg til þess að þjóðin snúi sér að heilbrigðara mataræði en nú tíðkast."

Ég vil jafnframt vekja athygli á að fulltrúar manneldisráðs, Manneldisfélags Íslands og landlæknir hafa látið í ljós vanþóknun sína á því að sjónarmið sem eru ekki hliðholl viðurkenndri manneldisstefnu skuli ráða þegar verðlagning á matvælum er ákveðin í fjmrn. og af þessari ríkisstjórn.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Spurt er: „Hvernig samrýmast nýlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. breytingar á söluskatti og tollum af matvælum, manneldismarkmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar sem lögð var fram á síðasta þingi og áætlað er að leggja fram á því þingi sem nú situr?"

Það er og hefur alltaf verið ljóst að markmið á sviði skattamála og tilhögun skattlagningar hefur áhrif á fjölmörgum sviðum efnahags og þjóðlífs. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir snýst um hvernig ólík markmið verði samræmd.

Flestir eru sammála um að skattlagningu skuli almennt haga þannig að hún sé sem hlutlausust gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum og að hún mismuni ekki framleiðendum. Undir þetta sjónarmið var tekið af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, málsvara Kvennalistans, í umræðum á Alþingi í gær.

Á hinn bóginn liggur líka ljóst fyrir að þessi meginstefna getur gengið þvert á hollustu eða atvinnusjónarmið eða markmið í verðlagsmálum svo að eitthvað sé nefnt. Tökum eitt lítið dæmi.

Í frv. til tollalaga er gert ráð fyrir að tollar á innfluttu grænmeti verði 30% þrátt fyrir þá meginstefnu að matvörur verði ekki tollaðar. Þar við bætist að innlendir framleiðendur njóta sérstakrar verndar þannig að innflutningur er ekki heimill þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Og af hverju er þetta svo? Grænmeti er talið vera hollustufæða. Það er m.a. af þeim ástæðum að það er líka meginstefna að fullnægja sem stærstum hluta fæðuþarfar landsmanna með innlendri framleiðslu. Það er líka óumdeilt að framleiðsla þessa hollustuvarnings er þýðingarmikil fyrir atvinnulíf í dreifðum byggðum landsins. Hvernig á að samrýma þessi

þrjú ólíku sjónarmið sem þarna koma saman? Almenn stefna á sviði skattamála, læknisfræðileg sjónarmið og atvinnuspursmál fara þar ekki saman.

Annað dæmi: Ríkisstjórnin hefur ákveðið að niðurgreiða ýmsar mikilvægar neysluvörur þannig að þær hækki ekki vegna álagningar söluskatts. Meiningar eru mjög deildar um hollustugildi sumra þessara neysluvara sem þó eru mikilvægur hluti af daglegum kosti þjóðarinnar. Það er augljóst mál að til niðurgreiðslna er gripið til að halda aftur af verðlagsbreytingum í kjölfar þessara aðgerða. Niðurgreiðslur á feitu keti samrýmast kannski ekki markmiðum í manneldismálum. Á hinn bóginn eru þær og aðrar niðurgreiðslur óhjákvæmilegar með tilliti til hagsmuna tekjulágra eða húsbyggjenda sem illa geta borið hækkanir á vísitölu sem aftur ráða lánskjörum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði tolla og aðflutningsgjalda leiða til lækkunar lánskjaravísitölu sem er mikilvægt markmið ekki síður en það að stuðla að æskilegu mataræði. Þannig mætti áfram telja.

Mergurinn málsins er þessi: Með þeim aðgerðum sem koma til framkvæmda um áramót er stigið risastórt skref í endurbótum á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Þessar aðgerðir munu reynast heilladrjúgar í allri framkvæmd skattakerfis og til skattaeftirlits sem nánast hefur verið hornreka í viðjum flókins kerfis undanþága og sérákvæða. Þessar aðgerðir samrýmast að nokkru manneldismarkmiðum með því að nýtt vörugjald leggst fyrst og fremst á sætindi og sykurvörur.

Á hinn bóginn er ljóst að markmiðum á þessu sviði verður ekki náð til fullnustu með skattalegum ívilnunum. Þar eru okkur takmörk sett vegna annarra markmiða. Við verðum þess vegna líka að sækja að settum markmiðum á sviðum manneldismála eftir öðrum leiðum, fyrst og fremst með miðlun upplýsinga til neytenda sem sjálfir eiga að ráða neysluvali sínu. Þetta starf eiga stjórnvöld að efla í góðri samvinnu við neytendur og áhugafólk.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þessi svör, en ég hafði heyrt talsvert af þeim áður í umræðum í Ed. í gær.

Sú forgangsröð sem hæstv. ráðherra og hans ráðsmenn hafa valið fylgir í raun gömlu neyslumynstri ef við lítum einungis á manneldissjónarmiðin. Niðurgreiðslurnar eru náttúrlega fyrst og fremst til þess að styrkja landbúnaðinn, en þær hafa ekki beinlínis neytendur í huga. Það neyslumynstur sem þar er verið að verja er ekki lengur algengt meðal fjölskyldna á Íslandi og allra síst láglaunafjölskyldna sem hafa ekki efni á því að kaupa það dilkakjöt sem þarna er boðið upp á.

Síðan eru ýmsar aðrar vörur sem hefði mátt skattleggja, eins og sykur og sætindi, meira en gert var. Þær eru í raun orsök fyrir slæmri tannheilsu Íslendinga. Við erum einna mestu sykurætur í heimi og bíðum af því tjón á tönnum okkar, ekki síst börnin okkar sem hafa fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum. Þarna hefði t.d. mátt velja vænlegan skattstofn.

Ég viðurkenni að oft stangast á sjónarmið margra, eins og t.d. ríkissjóðs og garðyrkjubænda, sem hæstv. ráðherra nefndi í máli sínu, enda fluttu kvennalistakonur brtt. við þessi lög einmitt til að auðvelda neytendum að ná fersku grænmeti á markaði hér meðan ekki fæst grænmeti frá íslenskum framleiðendum, en reyndum hins vegar að koma til móts við þá síðarnefndu með því að fella niður aðflutningsgjöld af fjárfestingarvörum til þeirra því að það er rétt hjá ráðherra að það þarf að gæta margra sjónarmiða. Hins vegar er pólitík ekki bara að vilja, eins og hann sjálfur hefur oft sagt og vitnað í Olof Palme heitinn. Pólitík er líka að velja, að velja forgangsröð. Og að mínu mati og margra annarra hefur hæstv. ráðherra og hans félagar valið rangt með tilliti til viðurkenndra manneldissjónarmiða, en þeir áttu kost á því að velja betur og jafnvel gæta annarra sjónarmiða í leiðinni.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þegar menn hafa vondan málstað að verja er gripið til ýmissa ráða. Mér heyrðist hæstv. fjmrh. leyfa sér að nýta orð mín, sem fram komu í ræðu í gær, til stuðnings stefnu sinni og þeirri forgangsröð sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið. Ég mótmæli þeirri túlkun, sem mér fannst koma fram í orðum hans, og minni á að ég tók einmitt fram að þrátt fyrir að það hlyti að vera meginmarkmið að mismuna ekki hvað aðstöðu atvinnugreina varðar yrði að taka tillit til aðstæðna. Og í því máli sem hér er til umræðu er réttlætið í okkar huga ofar einföldu inni eins og í svo mörgum öðrum málum.

SAMEINAÐ ÞING

35. fundur, fimmtudaginn 17. des.,
að loknum 34. fundi.

Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Kosning fór þannig að Gaukur Jörundsson hlaut 40 atkv., Benedikt Blöndal 1 atkv., 9 seðlar voru auðir. Samkvæmt þessu er rétt kjörinn umboðsmaður Alþingis

Gaukur Jörundsson.

Greinargerð utanríkisráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, ein umr.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Að minni ósk hefur verið dreift hér á Alþingi skýrslu þeirri sem Ríkisendurskoðun hefur gert um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Að sjálfsögðu hafði ég gert ráð fyrir að gera ítarlega grein fyrir þessari miklu framkvæmd í skýrslu utanrrh., en þótti rétt, þar sem skýrsla þessi lá nú fyrir, að henni yrði dreift og rædd sérstaklega ef eftir því væri gengið, enda hefur nú verið óskað eftir umræðum um skýrsluna.

Ég hef þó í raun ekki miklu við það að bæta sem í þessari skýrslu segir, enda tiltölulega nýlega kominn að þessu máli. Ég vil þó, áður en ég fer yfir helstu atriði í niðurstöðum skýrslunnar, vekja athygli á því að einnig hefur verið dreift hér á hinu háa Alþingi svari við fsp. sem til mín var beint af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur ásamt fleirum. Ég vil þó geta þess að í flýtinum munu ýmsar prentvillur hafa orðið og er nú verið að endurprenta þetta þskj. og því verður dreift að nýju. Einnig þykir mér rétt að eitt komi fram sem um hefur verið spurt. Í næstsíðustu málsgr. skýrslunnar segir, með leyfi forseta: „Eins og glöggt má sjá af þessari skýrslu“, og er þá vísað í þá skýrslu eða svar við fsp. hv. þm., „eru flestar þær fullyrðingar, sem fram hafa komið síðustu daga, vikur og mánuði um byggingarframkvæmdir og byggingarkostnað flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, rangar.“ Er þá ekki átt við skýrslu Ríkisendurskoðunar heldur ýmislegt sem farið hefur manna á milli.

Eins og ég sagði áðan mun ég í stuttu máli styðjast við niðurstöður þær sem koma fram og hefjast á bls. 3 í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Í upphafi er gerður samanburður á þeim markmiðum sem sett voru og á framkvæmd þeirra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið við upphaf verkefnisins sumarið 1983 voru að reisa flugstöð sem þjónaði ákveðnum tilgangi, bæði hvað varðar þjónustu og útlit, að fullgera flugstöðina í apríl 1987, að kostnaður væri 42 millj. bandaríkjadollara og voru verðhækkanir á byggingartíma innifaldar.

Niðurstöður í dag eru: Flugstöðin uppfyllir eðlilegar starfrænar og útlitslegar kröfur. Aðfinnslur þar að lútandi eru smávægilegar. Mannvirkið er glæsilegt að flestra dómi.

Flugstöðin var opnuð til umferðar 14. apríl 1987. Allmikið skorti þó á að byggingin væri fullgerð.

Samanburður á upphaflegri kostnaðaráætlun og raunkostnaði leiðir eftirfarandi í ljós, verðlag í september 1987 án aðflutningsgjalda og söluskatts: Framreiknaður framkvæmdakostnaður við fullgerða flugstöð er 2 milljarðar 992 millj. kr. Framreiknuð áætlun 2 milljarðar 121 millj. kr. Mismunur er 871 millj. kr.“

Eins og kemur fram í því sem ég hef nú lesið var ætlunin að reisa eins og hér sagði flugstöð sem fullnægði kröfum um þjónustu og útlit. Ég hygg að þm. sé flestum ljóst að sú flugstöð sem við samþykktum hér á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum árum að yrði reist hlyti að verða mjög dýrt mannvirki. Hún er ekki venjulegur álkassi, eins og við þekkjum frá flugstöðvum víða erlendis, heldur mjög glæsilegt hlið inn í land okkar. Um þetta má að sjálfsögðu deila, en staðreyndin er að það er orðið of seint nú. Ég hygg að við getum flest verið ánægð með útlitið á þessari flugstöð, en ég hygg að við getum líka samþykkt það, sem ég hef sagt, að við hljótum að hafa gert ráð fyrir að þessi bygging yrði kostnaðarsöm eins og hún er í upphafi hönnuð.

Þetta vildi ég láta koma hér fram því að ég hef heyrt ýmsa lýsa undrun á þessum mikla kostnaði. Hann felst að mínu mati fyrst og fremst í hönnun þessarar byggingar og þá er um upphafið í þeirri ákvörðun að ræða sem hér er fjallað um.

Það sem hins vegar er vissulega vert athugunar og er gert að athugunarefni í skýrslu Ríkisendurskoðunar er sá mismunur sem ég nefndi áðan upp á 871 millj. kr. Um það er ítarlega fjallað í skýrslunni.

Í 2. lið í niðurstöðum er upplýst að eins og flugstöðin var upphaflega hönnuð var gert ráð fyrir að kostnaðurinn yrði 57 millj. bandaríkjadala. Þetta þótti mönnum of mikil upphæð og var ákveðið að skera niður eins og frekast var talið fært. Það var gert og kostnaðaráætlunin lækkaði við það í 42,4 millj. dollara. Sú áætlun er dags. 12. mars 1981. Þessi áætlun fól þannig í sér ýmsan tilgreindan niðurskurð, eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að upphæð 12 millj. bandaríkjadollara. Auk þess mun fleira hafa verið tínt til sem lækkaði kostnaðinn.

Hér er síðan rakið í niðurstöðum skýrslunnar að flest af því sem er um að ræða er síðan tekið inn í bygginguna og reyndar er látið að því liggja í skýrslunni að flest af því muni hafa verið nauðsynlegt. Segir á bls. 4, með leyfi forseta:

„... enda væri flugstöðin á mörkum þess að vera starfhæf ef það væri ekki gert, og auk þess kom til ýmislegur óvæntur viðbótarkostnaður og magnaukningar. Ákveðið var að stækka nýtanlegan kjallara og ýmsar breytingar voru gerðar á innra skipulagi. Með þessu var notagildi flugstöðvarinnar aukið og möguleikar til hærri leigutekna sköpuðust. Um mitt ár 1985 var ákveðið að flugeldhúsið yrði flutt í sérstaka byggingu í eigu Flugleiða hf.“

M.ö.o., eins og ég sagði áðan, virðist Ríkisendurskoðun telja að þessar viðbætur hafi verið óhjákvæmilegar. Þetta er rakið m.a. í þessari skýrslu og er rakið í þeirri skýrslu sem ég nefndi áðan og lögð hefur verið fram á Alþingi sem svar við fsp. hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur og einnig hygg ég að það komi greinilega fram í þeirri skýrslu sem byggingarnefnd hefur látið dreifa til allra þm.

Nánar er fjallað um þennan viðbótarkostnað upp á 871 millj. kr. og hann sundurliðaður m.a. þannig: Viðbætur við upphaflega kostnaðaráætlun nema 653 millj. kr., magnaukningar 153 millj. kr., óskiptur kostnaður 83 millj. Hér er síðan nánari sundurliðun

bæði yfir viðbætur og magnaukningu. Ég skal ekki fara yfir það ítarlega en þó nefna örfáa liði eins og t.d. stækkun landgangs og landgangshúss. Í þeim niðurskurði sem gerður var á upphaflegri áætlun var landgangurinn styttur og landgöngurönum eða hvað það kallast var fækkað. Hins vegar jókst umferð mjög um gömlu flugstöðina á byggingartíma og ákvörðun mun hafa verið tekin um að fjölga þessum tækjum.

Ég vil einnig sérstaklega nefna viðbótarkostnað sem verður á hönnun byggingarinnar. Það hygg ég að megi fyrst og fremst rekja til þess að krafist var um leið og Bandaríkjamenn samþykktu framlög til byggingarinnar að þeir staðlar í Bandaríkjunum sem lengra ganga en staðlar hér á landi yrðu lagðir til grundvallar. Mun þetta ekki síst hafa valdið nokkrum vandræðum í hönnun loftræstikerfis þar sem bæði íslenskir og erlendir aðilar komu að því máli.

Ég er ekki nógu kunnugur málinu til að fara vandlega í ýmsar þær breytingar sem eru nauðsynlegar á byggingartíma, en mér er tjáð að þær stafi fyrst og fremst af því að upplýsingar hafi ekki gengið nægilega greiðlega á milli íslenskra hönnuða og þeirra erlendu. Um það treysti ég mér ekki að fjalla nánar, en um það er út af fyrir sig fjallað ítarlega í köflum þessarar skýrslu.

Spurningin sem mér sýnist fyrst og fremst liggja fyrir okkur er hvort leitað hafi verið réttra heimilda til að taka inn þær viðbótarframkvæmdir og þann viðbótarkostnað sem af því leiddi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir á bls. 5, með leyfi forseta:

„Byggingarnefnd fullyrðir að útgjöld þessi hafi verið samþykkt af réttum stjórnvöldum, en magnaukningar hafi verið ófyrirséðar. Ríkisendurskoðun hefur kannað hvort heimildar hafi verið aflað hjá þáverandi utanríkisráðherrum og kom fram að byggingarnefnd hafi haft heimild til að stofna til þessara útgjalda."

Svo er hitt annað mál hvort þessar viðbætur hafi komist til fjárveitingavaldsins þannig að þar hafi legið fyrir nægilegar upplýsingar um þann viðbótarkostnað sem smám saman kom í ljós á byggingartímanum og rekja má að langstærstum hluta til þeirra viðbóta sem ákveðnar voru á flugstöðinni.

Um það mál eru skiptar skoðanir. Fram kemur í upplýsingum byggingarnefndar að í þeim fjárhagsáætlunum sem sendar hafi verið til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hafi þetta komið greinilega fram og ekki verið gerðar við það athugasemdir. Ég verð hins vegar að láta í ljós þá skoðun mína að réttara hefði verið að koma þessum upplýsingum og tillögum til ríkisstjórnar og Alþingis þannig að fyrir hefði legið fyrr og sýnist mér það í raun það atriði sem fyrst og fremst er gagnrýnisvert í sambandi við þessa byggingu.

Ég vek athygli á því að á bls. 7 er af Ríkisendurskoðun vakin athygli á ýmsum þeim aðgerðum sem byggingarnefnd greip til til að hafa sem gleggst og best eftirlit með framkvæmdinni og má skilja á skýrslu Ríkisendurskoðunar að hún telji að þar sé allvel að málum staðið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þó verður að telja að yfirstjórnin hafi að ýmsu leyti brugðist rösklega við þegar verulegir erfiðleikar steðjuðu að og eru eftirfarandi viðbrögð dæmi þess." (**SJS:** Vill hæstv. ráðherra lesa næstu mgr. á undan í skýrslunni?) — Með ánægju skal ég gera það:

„Varðandi yfirstjórn verkefnisins verður að telja að skort hafi á heildaryfirsýn, bæði fjárhagslega og framkvæmdalega. Samræmdri áætlanagerð og eftirfylgni hennar var ábótavant. (**SJS:** Þetta er aðeins betra.) Þó verður að telja að yfirstjórnin hafi að ýmsu leyti brugðist rösklega við þegar verulegir erfiðleikar steðjuðu að og eru eftirfarandi viðbrögð dæmi þess:

1. Skipun verkefnisstjóra í janúar 1986.
2. Núllstillingarsamningar við verktaka vorið 1986.
3. Skipun tæknimannatvenndar vorið 1986.
4. Samningar við verktaka haustið 1986.
5. Skipun úrskurðaraðila haustið 1987."

Hins vegar kemur fram í þessari skýrslu, og kemur þá að því sem ég taldi áðan fyrst og fremst gagnrýnisvert í sambandi við fjármögnun verksins, að „fjárþörf vegna gildandi verksamninga út árið 1987 var talin vera 450–480 millj. kr. umfram fjárheimild ársins,, sem var 520 millj. kr. Ráðuneytið heimilaði með bréfi dags. 11. maí 1987 bráðabirgðalántöku að fjárhæð 480 millj. kr." En fram kemur í skýrslunni að Ríkisendurskoðun gagnrýnir að þessar viðbótaróskir hafi ekki verið settar fram eins og átt hefði að gera fyrr en á árinu 1987. Segir á bls. 9:

„Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var sótt um aukafjárheimild og ekki vakin athygli fjárveitingavaldsins á vandanum fyrr en með bréfi dags. 29. apríl 1987. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið viðhlítandi skýringar á þessu."

Hér í skýrslunni er svo jafnframt rakið misgengi dollars og íslenskrar krónu og þarf ég ekki að fara orðum um það, en vil ljúka þessu yfirliti mínu yfir niðurstöður skýrslunnar með því að draga fram það sem segir á bls. 10 um lærdóm sem draga má af framkvæmdinni. Þar segir:

„Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

1. Vanda til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.
2. Vanda til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.
3. Vanda til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.
4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur."

Nú skal ég engan dóm kveða upp um hvernig

þessara atriða hefur verið gætt, en lýk þessu yfirliti mínu með því að endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður, að í fyrsta lagi er ákveðið í upphafi að byggja mjög glæsilegt mannvirki sem hlaut að verða dýrt og í öðru lagi er það athugasemdaverðast í þessari skýrslu að þeir hlutir sem í sparnaðarskyni voru teknir út úr mannvirkinu eru engu að síður framkvæmdir á byggingartíma. Þótt ég sé þeirrar skoðunar að allar þessar framkvæmdir hafi í raun verið nauðsynlegar til að þetta glæsilega mannvirki gæti sinnt því hlutverki sem því er ætlað tek ég undir að betur hefði þurft að ganga frá skýrslugerð um slíkar viðbætur og alveg sérstaklega betur frá umsókn til fjárveitingavaldsins um það viðbótarfjármagn sem þörf var í þessu skyni þannig að óumdeilanlegt væri að fjárveitingavaldið og þar með Alþingi hefði samþykkt slíkar breytingar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrir réttu ári samþykkti Alþingi frv. til lánsfjárlaga. Þar var byggingarnefnd flugstöðvar í Keflavík veitt heimild til lántöku að upphæð 520 millj. kr. Nefndin áætlaði í rökstuðningi sínum að þessi upphæð dygði til að taka flugstöðina í notkun í apríl sl.

Flugstöðin var opnuð með mikilli viðhöfn skömmu fyrir kosningar. Skömmu eftir kosningar bárust fjmrn. þær upplýsingar frá byggingarnefnd að fjárþörf á þessu ári gæti numið alls 1200 millj. kr. en ekki 520 eins og nefndin hafði áætlað nokkrum mánuðum áður. Þegar þar var komið sögu var fjmrn. upplýst um að nefndin væri komin í greiðsluþrot. Fjmrn. veitti heimild til lántöku innan lands svo að unnt væri að standa við bindandi verksamninga það sem eftir lifði árs.

Við fjárlagagerð fyrir árið 1988 barst beiðni frá byggingarnefnd um 250 millj. kr. til viðbótarframkvæmda á næsta ári. Af því tilefni var það að fjmrh. fór fram á við Ríkisendurskoðun að hún gerði sérstaka úttekt á byggingarkostnaði stöðvarinnar frá upphafi ásamt mati á tæknilegum þáttum og framkvæmdum tengdum byggingunni. Þeirri úttekt er nú lokið og hefur verið dreift til hv. alþm.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að mínu mati að ærnar ástæður voru til að fara fram á slíka úttekt og að hún ein út af fyrir sig er gagnleg og þörf. Mér virðist að niðurstöður þessarar úttektar staðfesti að stjórnendur verksins hafi ekki haft yfirsýn yfir fjármál byggingarinnar í nægilega ríkum mæli. Hún staðfesti einnig að áætlanagerð hafi verið ábótavant og á stundum hafi áætlanir reyndar ekki verið fyrir hendi. Hún staðfestir og að byggingarnefnd breytti verulega út frá þeirri byggingaráætlun sem Alþingi hafði samþykkt án þess að Alþingi eða fjármálayfirvöld fengju vitneskju um. Hún staðfestir einnig að einstakir verkþættir, svo sem hönnun, fóru úr böndum og hún staðfestir að flugstöðin er ríflega 1 milljarði dýrari og a.m.k. 5000 m^2 stærri en gert var ráð fyrir í upphaflegum áætlunum. Af því tilefni er fróðlegt að koma á framfæri samanburði á tveimur flugstöðvum, annars vegar Leifsstöð í Keflavík og hins vegar flugstöð í Harrisburg í Bandaríkjunum sem byggð var um líkt leyti.

Flugstöðin í Keflavík er miðuð við þær forsendur að umferð og farþegafjöldi á árinu 1987 verði 750 þús. manns en Harrisburg 1 millj. Stærð í fermetrum er með þeim hætti að Leifsstöð telst vera 22700–24800 m^2 en Harrisburgh minni eða 9940 m^2. Það skal tekið fram að mat á stærð Leifsstöðvar í fermetrum talið byggir á ólíkum forsendum eftir því hvort menn reikna með kjallara undir stöðvarbyggingunni eða ekki. Kostnaður í íslenskum krónum var sá að Leifsstöð er áætluð kosta 3 milljarða 170 þús. ísl. kr. en stöðin í Harrisburg 736,8 millj. kr. Það skal tekið fram að hér er reiknað til íslenskra króna miðað við dollaragengi 40 kr. pr. dal. Kostnaður á fermetra virðist þannig hafa verið í Leifsstöð 127 800–139 600 í samanburði við Harrisburg 74 þús., m.ö.o. að hámarki tvöfaldur. Flugstöð í Keflavík er m.ö.o. um 82% dýrari en flugstöð í Harrisburg, en Harrisburg var byggð á tveimur árum, frá október 1984 til desember árið 1986.

Þegar umræður um byggingarkostnað flugstöðvarinnar stóðu sem hæst á liðnu sumri kallaði byggingarnefnd til sín fréttamenn til þess, eins og það var kallað, að leiðrétta misskilning varðandi kostnað umfram áætlun. Þar afhenti byggingarnefndin fréttatilkynningu með ýmsum útreikningum. Í ljósi raunveruleikans eins og hann birtist í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru þeir útreikningar vægast sagt villandi. Þar segir, með leyfi forseta, að upphafleg kostnaðaráætlun hafi gert ráð fyrir kostnaði við bygginguna að upphæð 42 millj. dala. Þá upphæð framreiknaði nefndin til núgildandi verðlags og fékk niðurstöðutöluna 66 millj. dala eða 2600 millj. kr. Heildarkostnað sagði nefndin þannig vera 2850 millj. ísl. kr. Mismunur á framreiknaðri áætlun og endanlegri tölu væri þannig 250 millj. og stafaði hann af óhjákvæmilegum breytingum á flugstöðinni. Staðhæfingar um að kostnaður hafi farið yfir milljarð fram úr áætlun sagði nefndin að væru alrangar.

Á þessum tíma var ekki rifjað upp hvernig talan 42 millj. dala í upphaflegri áætlun var til komin. Eins og fram kom í ræðu þáv. hæstv. utanrrh. við fyrstu skóflutungu að byggingunni var sú nýbreytni viðhöfð þegar kostnaðaráætlun var gerð að hún miðaðist við framreiknaðan kostnað, þ.e. byggingarkostnað að upphæð 33,5 millj. dala að viðbættum áætluðum verðhækkunum á byggingartímanum, 8,5 millj. dala. Áætlunin var m.ö.o. verðbætt um samtals 42 millj. dala. Í skýringum sínum í sumar greip nefndin til þess ráðs að framreikna alla upphæðina 42 millj. dala og fær þannig þá niðurstöðu sem áður er lýst. Með því að reikna fullar verðbætur á áður verðbætta áætlun komst hún að þeirri niðurstöðu og vildi telja almenningi trú um að rétt væri að verkið hefði aðeins farið 250 millj. kr. fram úr áætlun.

Hvaða ályktanir má draga af þessu? Tvennt kemur a.m.k. til greina. Nefndin vissi að upphafleg

áætlun var þegar verðbætt, en gerði sig þá seka um að blekkja fjölmiðla og almenning með útreikningum sínum, eða nefndinni var ókunnugt um hvernig upphafleg kostnaðaráætlun var samansett í upphafi. Þá spyr maður um það hvort ekki hafi skort heildarsýn og góða fjármálastjórn sem þó var haft á orði að hefði verið með ágætum.

Annað minna dæmi. Bandarísk yfirvöld samþykkja á sínum tíma að leggja 19,8 millj. dala til byggingar flugstöðvar. Þegar fjárveitingarbeiðni byggingarnefndar fyrir árið 1987 var framvísað í ágúst 1986 höfðu Bandaríkjamenn lagt fram 9,3 millj. dala. Samt er í bréfi nefndarinnar gert ráð fyrir 11,1 millj. dala framlagi Bandaríkjamanna árið 1987, samtals 20,4 millj. dala, 600 þús. dölum meira en Bandaríkjamenn höfðu samþykkt. Spurning er sú hvort hér var einfaldlega um mistök að ræða eða hvort ekki skorti eitthvað á heildarsýn.

Nokkrum mánuðum síðar sendi framkvæmdastjóri byggingarnefndar fjmrn. greiðsluáætlun fyrir fyrri hluta ársins 1987. Þá er komið í ljós að um 160 millj. kr. vantar upp á fjárframlög vegna þessa. Þá um áramótin var yfirdráttur byggingarnefndar í bönkum aðrar 160 millj. Í byrjun árs 1987 var framkvæmdastjóra því ljóst að a.m.k. 320 millj. vantaði á að fjárframlög komandi árs dygðu. Engu að síður barst engin beiðni um aukafjárveitingu né heldur nein greinargerð til fjmrn. um stöðu mála í upphafi árs 1987.

Því er ekki haldið fram að byggingarnefnd hafi blekkt almenning eða stjórnvöld varðandi fjármál vegna framkvæmdarinnar. Líklegri skýring er talin sú að það hafi skort yfirsýn, eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, áætlanir hafi ekki verið til og í raun hafi kannski enginn vitað um heildarumfang verksins fyrr en því var því sem næst lokið.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að byggingarnefnd breytti verulega áætlunum sem Alþingi hafði samþykkt. Upphafleg kostnaðaráætlun frá því í nóvember 1980 var 57 millj. dala. Hún var skorin niður í 42 millj. dala og samþykkt sem slík árið 1983. Byggingarnefnd bætti hins vegar nánast öllum niðurskurðarþáttunum aftur inn í verkið. Þrátt fyrir þessar auknu framkvæmdir og aukin útgjöld var ekki gerð ný kostnaðaráætlun fyrir verkið. Byggingarnefnd fullyrðir að hún hafi fylgst nákvæmlega með kostnaði og gangi verksins. Mér er kunnugt um að Ríkisendurskoðun fór ítrekað fram á við nefndina að fá að sjá þær kostnaðaráætlanir sem gerðar voru eftir að ákvarðanir voru teknar um auknar framkvæmdir. Þær reyndust ekki vera til. Að vísu kom í ljós eftir mikinn eftirrekstur að tvö kostnaðaryfirlit voru gerð og þau lögð fyrir Bandaríkjamenn. Þau voru gerð þannig að talinn var upp sá kostnaður sem þegar var fram kominn án þess að framreikna hann og bætt við upphaflegum kostnaðaráætlunum vegna þess sem eftir var. Þessi yfirlit voru ekki sýnd íslenskum stjórnvöldum, hvorki fjmrh. né Alþingi, eftir því sem best er vitað.

Við allar stórframkvæmdir tíðkast að gefa út áfangaskýrslu eftir því sem verki miðar. Þannig gefst stjórnendum kostur á að fylgjast með gangi verksins, framvindu áætlana og því sem á eftir skal koma. Byggingarnefndin gaf út sex slíkar skýrslur á árunum 1979–1984. Sú síðasta kom út 17. febr. 1984 þegar framkvæmdir við sjálfa bygginguna voru rétt nýhafnar. Eftir það, þegar ákvarðanir voru teknar um breytingar og aukinn kostnað, voru engar áfangaskýrslur gerðar eða gefnar út.

Það var ekki fyrr en í febrúar á þessu ári að unnt var að gera sér grein fyrir umfangi verksins. Fram að þeim tíma voru sífelldar breytingar að berast á teikningum og hönnun og eru reyndar enn. Tveimur mánuðum áður en flugstöðin var tekin í notkun var hægt að greina umfang verksins, magntaka bygginguna eins og það heitir á fagmáli. Í bréfi frá framkvæmdastjóra frá í febrúar kemur fram að hann áætlar að verkinu verði lokið í júní á þessu ári. Tveimur mánuðum síðar, í apríl, er nefndin að leggja síðustu hönd á einu kostnaðaráætlunina sem gerð var. Þá barst fjmrn. bréf frá utanrrn. þar sem greint er frá áðurnefndum umframkostnaði, en verklok voru þá áætluð í lok árs 1988.

Í stuttu máli: Það er fyrst þegar búið er að opna flugstöð að gengið er frá kostnaðaráætlun. Niðurstaða hennar er síðan sú að verkið fer mörg hundruð millj. kr. fram úr áætlun.

Hér hefur verið stiklað á nokkrum dæmum um vinnubrögð við fjármálastjórn og áætlanagerð. Eins og fram hefur komið var upplýsingastreymi til stjórnvalda mjög áfátt sem nokkur dæmi má nefna um. Byggingarnefnd breytti verulega út frá upphaflegri áætlun sem Alþingi hafði samþykkt. Landgöngubrúm var fjölgað úr þremur í sex, landgangur lengdur um þriðjung, kjallari stækkaður og svo mætti lengi telja. Þetta voru umfangsmiklar breytingar, enda varð niðurstaðan sú að flugstöðin er a.m.k. 5000 m^2 og 20 000^3 stærri en upphaflega hafði verið samþykkt.

Í skýrslum utanrrh. til Alþingis á árunum 1984–1987 er ekki að finna greinargerðir um að breytt hafi verið frá upphaflegri áætlun. Í fjárveitingabeiðnum nefndarinnar, sem bárust á þessum tíma, er heldur ekki getið um þessar breytingar og ekki er til þess vitað að málið hafi verið rætt í ríkistjórn. Því síður bárust upplýsingar um þann aukakostnað sem af þessu hlytist og er þá spurning um hvort það stafaði af því að áætlanir voru beinlínis ekki gerðar um þær upphaflega og upphaflegum áætlunum ekki verið breytt þrátt fyrir samþykktir um auknar framkvæmdir.

Komið hefur fram að framkvæmdastjóra var ljóst í árslok 1985 að 66 millj. kr. vantaði það ár til að endar næðu saman. Þetta var leyst með yfirdrætti en ekki gert ráð fyrir honum í fjárveitingabeiðnum. Í árslok 1986 og byrjun árs 1987 var framkvæmdastjóra ljóst að 320 millj. kr. vantaði á á þessu ári, árinu 1987, en upplýsingar um það bárust ekki. Ekkert yfirlit um fjárhagsstöðu nefndarinnar barst fjmrn. fyrr en eftir að flugstöðin var tekin í notkun.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er þess getið að það var einkum og sér í lagi fimmti og stærsti áfangi verksins, innréttingar, sem fór úr böndum í stærstum stíl. Útboð fyrir þennan áfanga fór fram í ágúst árið 1985. Tilboð voru opnuð í nóvember sama ár. Þá hafði staðið yfir endurhönnun og breytingar á teikningum vegna þeirra viðamiklu breytinga sem ákveðnar höfðu verið. Þá þegar var ljóst að ekki yrðu allar teikningar tilbúnar á réttum tíma. M.a. kom í ljós í desember, fimm mánuðum eftir að útboð fór fram, að endurhanna þyrfti allt loftræsikerfið. Í bréfi frá Almennu verkfræðistofunni í janúar 1986 var sérstaklega lýst áhyggjum vegna þeirra uppdrátta sem á eftir að gera eða breyta. Þetta aftraði byggingarnefnd ekki frá því að undirrita samninga við verktaka þótt ljóst væri að verkið gæti alls ekki gengið fyrir sig eins og útboðið hafði gert ráð fyrir.

Fram að þessum tíma hafði húsameistari ríkisins verið hönnunarstjóri verksins, en í janúar 1986 var skipaður sérstakur verkefnisstjóri til að samræma hönnunarvinnu og flýta henni sem kostur var. Áætlunin var að hann starfaði í þrjá mánuði, en þeir urðu 20 þegar upp var staðið.

Nefnt hefur verið dæmi um hönnunarvandamál þar sem eru lampar í bygginguna. Það tók rúmlega ár frá því að útboð fór fram að fá á hreint hversu margir þessir lampar ættu að vera. Í útboði var gert ráð fyrir 3215 lömpum, en þeir voru orðnir 5573 þegar upp var staðið. Í stað 16 millj. samkvæmt útboði kostuðu þeir 38 millj., þ.e. 53 millj. á núvirði. Á tímanum janúar 1986 til júní 1987 eru gerðar samtals um 2400 teikningar vegna þessa áfanga. Þar af voru 1100 frumuppdrættir og 1300 breytingar. Breytingar eru reyndar enn að berast. Í apríl 1986 var skipað sérstakt lið tveggja manna til að fást við villur og ósamræmi í útboðsgögnum. Þeir voru í fullu starfi í nærfellt heilt ár.

Á sama tíma var gerður sérstakur samningur við verktaka vegna seinagangs í hönnun. Honum eru greiddar sérstakar bætur vegna seinkunar og samningstíminn lengdur um sex vikur. Vandræði vegna hönnunarmála héldu áfram. Í október 1986 var gerður annar viðbótarsamningur við verktaka, honum greiddar bætur og verkefnisstjóra falið að meta frekari skaða sem verktaki hefur orðið fyrir vegna breytinga og galla í útboðsgögnum. Með þeföldun afkasta miðað við upphaflega áætlun tókst að ljúka verkinu í apríl 1987. Samningsfjárhæð vegna þessa áfanga eftir útboð var um 890 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Raunverulegur kostnaður virðist samkvæmt skýrslunni hafa reynst vera um 1500 millj., þ.e. hækkun um rúmlega 600 millj. eða tæp 70%. Seint eða aldrei verður ljóst hver kostnaður vegna flýtingarinnar var, en hann er mjög varlega metinn á 120–150 millj. kr.

Herra forseti. Þessi skýrsla vekur að sjálfsögðu upp margvíslegar spurningar um hvað læra megi af þessari mistakasögu. Hæstv. utanrrh. vitnaði í því efni til niðurstaðna Ríkisendurskoðunar þar sem hún vekur athygli á fjórum atriðum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

1. Að vanda vel til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.
2. Vanda til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.
3. Vanda til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.
4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur."

Þetta eru niðurstöður þess starfshóps Ríkisendurskoðunar sem að minni beiðni gerði úttekt á verkinu og það eru út af fyrir sig góðar og gildar niðurstöður. Meginatriði málsins á þessu stigi er að sjálfsögðu það: Hvað getum við lært, einkum og sér í lagi varðandi undirbúning verka og fjármálalega stjórnun, af þessu máli?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir rétt um ári var fræðslustjóra norður í landi fyrirvaralaust vikið úr embætti, sakaður um, að vísu ranglega eins og síðar kom í ljós, að hafa farið nokkrar milljónir fram úr fjárveitingum þess árs við sérkennslu barna í sínu umdæmi. Nú stendur Alþingi og þjóðin frammi fyrir því að 1 milljarði af almannafé hefur verið eytt og sóað með ýmsum hætti án heimilda og enginn verið rekinn. Og það sem meira er, eins og ljóst er af ræðu hæstv. utanrrh. hér áðan og ummælum ýmissa annarra aðila sem tengjast byggingunni: Enginn telur neitt athugavert við þetta. Þetta er allt í fína lagi. Svo er verið að tala um Jón og séra Jón!

Ég verð að segja að ræða hæstv. utanrrh. áðan kom mér á óvart og er ég þó búinn að þekkja manninn um allnokkurt skeið. Svo aumleg var frammistaða hans hér í ræðustóli að hún var verri en skýrslan sem hann lét dreifa í gær og er þá mikið sagt. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, áður en ég fer yfir þetta mál í heild sinni að víkja nokkrum orðum að framlagi hæstv. utanrrh. hér.

Hann sagði að vísu að hann hefði ekki miklu við skýrslu Ríkisendurskoðunar að bæta og harmaði nokkrar prentvillur í þeirri skýrslu sem hann hafði látið dreifa. Ja, væri það svo gott að ekkert væri að þeirri skýrslu nema prentvillur mætti hæstv. utanrrh. þakka sínum sæla.

Það er þannig, eins og öllum verður ljóst sem bera saman þessar tvær skýrslur, að þær eru í algerri mótsögn hvor við aðra frá upphafi til enda, bæði hvað varðar meðferð talna, meðferð upplýsinga og sérstaklega þó ályktanir sem dregnar eru af málinu. Þannig segir í lok skýrslu utanrrh., sem hann hefur

lagt hér fram að beiðni nokkurra hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, að í þessari skýrslu, eins og glöggt má sjá, komi fram að flestar þær fullyrðingar, sem fram hafi komið síðustu daga, vikur og mánuði um byggingarframkvæmd og byggingarkostnað Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, séu rangar. Og ég verð að segja að það gengur ekki hjá hæstv. utanrrh. að ætla að halda því fram að hann geti mælt fyrir báðum skýrslunum og talað um þær sitt í hvoru orðinu eins og það sé allt í lagi, þar á milli sé fullt samræmi. Annaðhvort verður hæstv. utanrrh. að draga sína skýrslu til baka og leiðrétta þá ýmislegt fleira en prentvillurnar eða standa við þau orð sem þar eru skrifuð í þinglegu gagni. Og ég spyr hæstv. utanrrh.: Ætlar hann, þegar plagginu verður dreift endurprentuðu, að hafa þá setningu þarna inni áfram að þetta rýra plagg hans upp á fáeinar síður sýni og sanni að allt sé í himnalagi?

Þá verð ég líka að segja, virðulegur forseti, og sný nú málinu til hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, að ég kem hér með þeirri ósk á framfæri að forseti Alþingis hlutist til um fund formanna þingflokka og forseta þingsins með ríkisendurskoðanda þannig að hægt sé að ræða við þennan starfsmann Alþingis og þetta óháða endurskoðunarvald í þjóðfélaginu þá meðferð sem skýrsla Ríkisendurskoðunar fær af hálfu hæstv. utanrrh., bæði þegar hann leggur fram sitt gagn, en þó miklu fremur sú misþyrming sem fólst í því að hæstv. utanrrh. leyfði sér að taka sýrslu Ríkisendurskoðunar og velja úr henni þær fáu setningar sem eru hagstæðar byggingarnefndinni, hagstæðar fyrrv. utanríkisráðherrum, en sleppa öllu hinu utan einni málsgr. sem hann neyddist til að lesa þegar ég kallaði fram í og fór fram á það við hann. Og ég ætla að taka dæmi, virðulegur forseti, um hvað hæstv. utanrrh. kaus að lesa og hverju hann kaus að sleppa þegar hann vitnaði í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Hæstv. utanrrh. fór inn á miðja bls. 7 og þar fann hann eina heldur jákvæða setningu og sperrti sig í stólnum og las hana: „Þó verður að telja að yfirstjórnin hafi að ýmsu leyti brugðist rösklega við þegar verulegir erfiðleikar steðjuðu að og eru eftirfarandi viðbrögð dæmi þess“, og síðan las hæstv. utanrrh. frá 1–5. En hvað stendur á bls. 7 í skýrslu endurskoðunar að öðru leyti? Það eru kaflarnir sem hæstv. utanrrh. kaus að sleppa og lesa innan úr samhengislaust. Með leyfi þínu, hæstv. forseti, ætla ég að lesa kaflana sem hæstv. utanrrh. sleppti. Þá byrjar það efst á bls. 7 og ég tek fram samhengisins vegna að það er verið að fjalla um verkáfanga 5:

„Verkið fór því mjög hægt af stað og allan verktímann var um að ræða mikla erfiðleika á framkvæmd þess, fyrst og fremst vegna skorts á hönnunargögnum. Afleiðingar þessa voru tvenns konar. Í fyrsta lagi var kostnaður meiri við þennan verkáfanga en ætlað hafði verið og í öðru lagi að í stað þess að flugstöðin yrði afhent fullbúin hinn 1. mars 1987, eins og samningur við verktaka gerði ráð fyrir, tókst aðeins að taka í notkun hluta hennar hinn 14. apríl 1987. Ástæður fyrir ofangreindu ástandi í hönnunarmálum eru m.a. eftirfarandi:

Breytingar á byggingunni og fyrirkomulagi í henni á byggingartímanum, vanmat hönnuða á umfangi verksins, ófullnægjandi hönnunarstjórn bæði hjá einstökum hönnuðum og í heild, vandamál sem komu upp vegna ólíkra staðla þar sem byggt var á erlendri grunnhönnun, fjarlægð milli hönnuða og ábyrgðarskiptingar.“

Enn segir: „Varðandi yfirstjórn verkefnisins verður að telja að skort hafi á heildaryfirsýn, bæði fjárhagslega og framkvæmdalega. Samræmdri áætlanagerð og eftirfylgni hennar var ábótavant.“

Svo kemur þessi stutta setning á miðri síðu sem hæstv. utanrrh. fann, eða einhver fyrir hann sem hefur undirbúið hann fyrir umræðuna hugsanlega, og hann kaus að lesa hana en sleppa líka því sem er neðst á bls. og er, með leyfi þínu, herra forseti, svohljóðandi: „Upplýsingagjöf um gang og stöðu verkefnisins til ýmissa opinberra aðila var áfátt. Áfangaskýrslur voru ekki gefnar út eftir 17. febr. 1984. Í skýrslum utanrrh. til Alþingis um utanríkismál árin 1984–1987 er í kafla um byggingu flugstöðvar ekki gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu frá upphaflegri áætlun. En ætla má að alþm. hafi verið þetta ljóst með samþykki fjárlaga og lánsfjárlaga. Ekki er heldur í skýrslunum til Alþingis gerð grein fyrir viðbótarsamningi við Bandaríkjamenn sem gerður var 24. apríl 1986.“

Úr þessu samhengi, herra forseti, kaus hæstv. utanrrh. að slíta þessa aumlegu setningu sem hann hafði þarna fundið til nokkurra málsbóta byggingarnefndinni, sínum mönnum.

Slík meðferð á opinberu gagni er ámælisverð. Slíkt framlag af hæstv. utanrrh. styrkir ekki þann málstað þeirra manna sem hann er bersýnilega að gæta hagsmuna fyrir.

Síðan kemur eitt enn áður en ég hverf alveg frá hæstv. utanrrh. Málsvörnin mikla, sem á að felast í því að stækkanir og breytingar utan endis án heimilda hafi verið í góðu lagi og nauðsynlegar til þess að flugstöðvarbyggingin væri nothæf, er það einhver málsvörn? Ég spyr? Er sem sagt verið að segja að Alþingi Íslendinga hafi verið blekkt á árinu 1983 þegar hér var lagt fram frv. að lögum um byggingu flugstöðvarinnar, að alþm. hafi þá verið talin trú um að lægri fjárhæð dygði fyrir nothæfri flugstöð en rétt var? Það er það sem hæstv. utanrrh., það er það sem byggingarnefndin er að segja. Þá er málið ekki betra, ef ekki verra. Ég hefði haldið að menn hefðu átt að sleppa því, bæði hæstv. utanrrh. og aðrir, að reyna að verja hendur sínar með þessum hætti, enda er um það borið, bæði af aðilum sem leiddir eru fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar svo og virðist afstaða bandarískra tæknimanna hafa verið sú, að flugstöðin samkvæmt áætlun frá 1983 væri vel starfhæf. Og auðvitað samþykkti Alþingi lög um lántökuheimildir í trausti þess að það hefði fengið réttar upplýsingar. Þannig er að í frv. til laga og lögum um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli

eru heimilaðar lántökur upp á 616 millj. ísl. kr. eða 22 millj. bandaríkjadala. 22 millj. bandaríkjadala gera á núverandi gengi rétt rúmar 800 millj. Alþingi Íslendinga var sagt árið 1983 að þetta dygði fyrir starfhæfri flugstöð. Engir fyrirvarar voru þar hafðir á. Um tvennt er því að ræða í þessu efni: annaðhvort var Alþingi blekkt, annaðhvort var logið að Alþingi þegar hér voru rekin í gegn lög um lántökuheimildir fyrir þessari flugstöð eða málsvörn hæstv. utanrrh., málsvörn byggingarnefndar og annarra aðila sem tengjast málinu er hrunin.

Herra forseti. Aðdragandi þessa máls og þeirrar byggingar sem hér er til umræðu er langur. Verkið hefur frá upphafi verið umdeilt. Þegar fyrstu áætlanir um þessa byggingu litu dagsins ljós kom fram gagnrýni á það að bæði hönnun byggingarinnar og það samkrull við bandaríska aðila sem þarna var boðað mundi leiða til ógæfu. Byggingin yrði óhemjulega dýr og þessi verkaskipting væri óheppileg. Fyrir utan þau pólitísku rök sem mæltu gegn því að Íslendingar þægju þannig fé af erlendum aðilum til að byggja upp íslenskt samgöngumannvirki.

Ákvörðun um þessa byggingu var tekin í skyndingu í tengslum við myndun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Samkomulag Framsfl. og Sjálfstfl. frá 25. maí 1983 í tengslum við ríkisstjórnarmyndun markar upphaf þeirrar hörmungarsögu sem hér er verið að ræða um. Þetta er því skilgetið afkvæmi ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, nánast einkabarn þeirrar ríkisstjórnar sem hér er til umræðu og auðvitað sérstakt gæludýr Sjálfstfl. eins og menn muna bæði af fyrri sögu málsins og frá kosningabaráttunni sl. vor, í einstöku uppáhaldi hjá Sjálfstfl., þetta mannvirki, og öll þess saga, skilgetið afkvæmi ríkisstjórnar þess manns sem nú er hæstv. utanrrh.

Menn geta ekki sagt að þeir hafi ekki verið varaðir við í þessu máli. Alþb. lagði fram á Alþingi 1983–1984 tillögu um allt aðra málsmeðferð, tillögu um að falla frá áformum um þessa ógæfulegu byggingu og endurhanna í staðinn eða hanna frá grunni nýtt smærra mannvirki sem unnt væri að byggja upp í áföngum, stækka eftir þörfum og byggja með hliðsjón af hönnun og reynslu nágrannaþjóða. Því miður var sá kostur ekki tekinn. Því miður var ekki horft t.d. til Finnlands, Svíþjóðar, Hollands og fleiri slíkra landa, þaðan sem reynslu og fordæmi var að fá fyrir allt öðruvísi byggingum sem gefist höfðu vel og höfðu þá stóru kosti að unnt var að byggja þær upp í áföngum og stækka eftir þörfum. Það var valin „íslenska leiðin“ að byggja sérstakt „monument“, bæði hvað varðar arkitektúr og alla innri uppbyggingu, um íslenskt afrek og íslenska getu í þessum efnum. Og það var m.a.s. fallið frá þeim áformum sem Bandaríkjamenn höfðu lagt til grundvallar sinni hönnunarvinnu, sinni forhönnun, að fullnaðarhönnun verksins yrði boðin út með öðrum verkáföngum.

Það er rétt að taka þetta sérstaklega fram í ljósi þess að hönnunarþátturinn er ein stærsta sorgarsaga þessa máls. Vegna hvers? Jú, vegna þess að verkið var í raun og veru aldrei fullhannað heldur voru framreiknaðar árið 1983 gamlar forhönnunartillögur Bandaríkjamanna sem gengu út frá því að endanleg hönnun verksins yrði boðin út ásamt öðrum áföngum. Svo kemur í ljós við skoðun málsins og kemur skýrt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þessi vinna fór í raun og veru aldrei fram heldur var spilað af fingrum fram hvað þetta snertir. Og engin framreiknuð kostnaðaráætlun á öllum byggingartímanum, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. fjmrh., utan vandræðaleg plögg frá árinu 1985 og 1986 sem þýdd voru í skyndingu og send Bandaríkjamönnum vegna þess að þeir fóru fram á að fá að vita hvernig verkinu miðaði. Og hvers vegna höfðu Bandaríkjamenn, sem höfðu þak á sínu framlagi, bundnu í samningum upp á 19,8 millj. dollara, áhuga á að vita hver væri framkvæmdakostnaður verksins, hvernig það stæði? Vegna þess að það var mat hinna bandarísku aðila að upphaflega kostnaðaráætlunin væri svo rúm að ástæða væri til að ætla að endanlegur framkvæmdakostnaður byggingarinnar yrði lægri. Og hvað þýddi það? Það þýddi það fyrir Bandaríkjamenn að í samningum stóð að þeir þyrftu þá ekki að greiða nema helminginn af kostnaðinum. Fram á árið 1986 virðast Bandaríkjamenn sem sagt hafa verið þeirrar skoðunar að auðvelt ætti að vera að byggja mannvirkið fyrir minna fé en upphaflega kostnaðaráætlunin gerði ráð fyrir og þeir vildu því eiga tryggt að greiða ekki meira en þeim bæri ef svo færi. En nú þurfa þeir ekki lengur að hafa áhyggjur af því. Þeir eru búnir að greiða sitt framlag upp í topp og það kemur að sjálfsögðu á íslenska ríkið sem út af stendur.

Það er einnig ljóst, herra forseti, að öll stjórnun þessa verkefnis, bæði verkstjórnun og hönnunarstjórnun, var í molum. Á það er bent af sérfróðum aðilum um byggingu stórra mannvirkja að hér var ekki valin sú leið, sem annars hefur gjarnan verið viðhöfð þegar ráðist er í stórar framkvæmdir, að setja á sérstakt verkstjórnarskipulag sem hæfir stærð verkefnisins. Sú leið var ekki valin. Hafa þó Íslendingar áður á eigin vegum framkvæmt slík verkefni, ráðist í stórframkvæmdir. Nægir að benda á byggingu virkjana, byggingu t.d. Seðlabankans, Útvarpshússins og fleiri slíkra mannvirkja, þangað sem sækja hefði mátt fordæmi um verkstjórnarskipulag sem hæfir milljarðabyggingum en ekki það sem hér var notað og líkist því helst að hæstv. utanrrh. og ráðherrar liðinna tíma, formaður byggingarnefndar og aðrir slíkir hafi talið sig vera að fara að byggja hrútakofa eða eitthvað af álíka stærðargráðu, kannski biðskýli fyrir strætisvagn. Verkstjórnarskipulagið hefði verið nær því að hæfa slíku mannvirki en þeim stórframkvæmdum sem hér var verið að ráðast í. Þetta liggur fyrir og þarf ekki um að deila.

Það er mjög alvarlegur þáttur þessa máls einnig, sem þegar hefur verið dreginn hér nokkuð rækilega fram af hæstv. fjmrh., sá skortur á upplýsinga-

streymi, það fjárveitingavald, það ákvörðunarvald, það framkvæmdarvald sem hæstvirtir utanríkisráðherrar og byggingarnefndin og aðrir ráðamenn verksins hafa bersýnilega tekið sér í hendur. Það er mjög stór og alvarlegur hluti þessa máls.

Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. að engar áfangaskýrslur voru gefnar út eftir 17. febr. 1984. Engar framreiknaðar kostnaðaráætlanir voru á öllum framkvæmdatímanum lagðar fram fyrir utan þau léttvægu plögg sem sýnd voru Bandaríkjamönnum að þeirra ósk. Ekki orð um breytingar frá upphaflegri áætlun er í skýrslum utanrrh. frá árunum 1984–1987 að finna, ekki stafkrók. Engin grein er gerð fyrir umframeyðslu áranna 1985, 1986 og ekki fyrr en komið er langt fram á árið 1987. Þó kemur berlega fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að mönnum var ljós sú umframeyðsla sem átt hafði sér stað umfram heimildir á milli ára. Yfir því var þagað og það kom ekki í ljós fyrr en allt í einu uppgötvuðu menn það fjórum dögum eftir síðustu alþingiskosningar í hvert óefni var komið. Nokkrum dögum eftir að hæstv. núv. samgrh. var myndaður ásamt með meðframbjóðendum sínum fyrir utan mannvirkið og nokkrum dögum áður en Samband ungra sjálfstæðismanna á Reykjanesi ku hafa sett mynd af flugstöðinni á bréfhaus sinn til þess að lífga svolítið upp á útlitið á kosningaáróðrinum, nokkrum dögum eftir þetta allt saman og kosningarnar kom staðan loksins fram. Þá voru það ekki smáaurar sem voru á ferðinni heldur fleiri hundruð milljónir allt í einu, bara allt í einu vantaði þetta. Svo er sagt að allt hafi verið í fína lagi, allir fengið upplýsingar, allar framkvæmdir verið heimilaðar. Ja, af hverjum? Ekki Alþingi, ekki ríkisstjórn. Þessir hlutir verða að koma fram. Hver bar ábyrgðina? Hver tók sér fjárveitingarvaldið? Hver tók sér það vald að heimila framkvæmdir umfram það sem Alþingi hafði leyft með lögum? Hver tók sér löggjafarvald í þessum málum? Gera menn sér grein fyrir því að í gildi í landinu eru lög sett af Alþingi sem setja þessari framkvæmd ákveðinn ramma? Vissi hæstv. utanrrh. á hverjum tíma ekki að það voru sett lög á Alþingi, á þinginu sem starfaði árin 1983 og 1984? Er ræðumanni mjög minnisstætt að hans fyrsta þing setti lög um þetta efni.

Það er alveg ljóst að það samkrull við Bandaríkjamenn, sem upphaflega átti nú að vera einhver mesta uppspretta fjármagns og auðvelda þetta mannvirki öðrum fremur, hefur reynst okkur mjög dýrt, mjög, mjög dýrt. Þeirra framlag, þeirra talentur í þetta verk eru dýru verði keyptar. Það hefur þegar komið fram að hönnunarþátturinn fór allur úr böndunum í og með vegna þess samkrulls sem var við Bandaríkjamenn um framkvæmdina. Og það hefur fleira verið dregið fram, m.a. af hæstv. fjmrh. áðan. Þetta framlag var keypt því verði að það var samþykkt að nota ævinlega þá staðla við verkefnisuppbygginguna sem gengju lengra í hverju tilfelli, íslenska eða ameríska. Og hvaða staðla var verið að tala um? Það var verið að tala um einhverja ströngustu staðla í heimi sem ameríski sjóherinn viðurkennir. Og hvaða afleiðingar hafði þetta fyrir verkið þegar á leið? Það hafði t.d. þær afleiðingar, svo nokkur dæmi séu tekin, að þegar byggingarnefnd datt það snjallræði í hug að stækka kjallara flugstöðvarinnar umtalsvert kom í ljós að ameríska staðlarnir tóku þá til við að flokka bygginguna, ekki sem tveggja hæða hús heldur sem þriggja hæða hús. Þegar kjallarinn útþaninn var orðinn þetta stór sögðu amerísku staðlarnir: Þetta er orðið þriggja hæða hús. Og hvað þýddi það? Það þýddi tugi ef ekki hundruð tonna af stáli, járni og steinsteypu til viðbótar til að uppfylla staðlana með umtalsverðum viðbótarkostnaði. Þetta er eitt dæmi.

Annað mjög frægt dæmi og dálítið skemmtilegt er dæmið um engisprettufaraldurinn. Hæstv. núv. samgrh., þáv. hæstv. utanrrh., kann örugglega þessa skemmtilegu sögu um engisprettufaraldurinn. Ef ekki skal hún höfð hér fyrir hann.

Það var nefnilega þannig að utanhúss víða í kringum bygginguna eru niðurfallsbrunnar og eins og venja er til á Íslandi höfðu framkvæmdaraðilar hugsað sér að setja sand þar í botninn af mjög skiljanlegum ástæðum og praktískum. En þá er aftur farið að fletta upp í stöðlunum. Og hvað segja nú amerísku staðlarnir annars vegar og íslensku staðlarnir hins vegar? Jú, þetta er allt í lagi, enda alltítt hér á Íslandi. En í amerísku stöðlunum, stöðlum sjóhersins, stendur: Nei, þetta gengur ekki vegna þess að þessi sandur gæti orðið uppspretta fyrir engisprettufaraldur. Þetta gætu orðið hreiður fyrir engisprettur. Það verður að steypa upp í þetta allt saman. Og menn sögðu: Já, auðvitað verðum við að koma í veg fyrir að engisprettur komist inn í bygginguna, ekki síst á stríðstímum. Og þetta tókst með glæsilegum árangri. Það hefur ekki orðið vart við eina einustu engisprettu í byggingunni enn þá. Hún er hins vegar full af músum! Það gleymdist nefnilega að gera ráð fyrir músunum því að það stóð ekkert um mýs sérstaklega í amerísku stöðlunum. En engispretturnar skulu ekki fá að komast þarna inn óboðnar. Þetta tókst vel, kostaði að vísu eitthvað af peningum en tókst mjög vel, er eitt af því sem gekk fullkomlega samkvæmt áætlun.

Annað dæmi er loftræstingin og loftræstikerfið. Bæði hönnun þess og virkni hefur verið nokkuð til umræðu. Eitt af því sem menn máttu láta sig hafa að gera vegna amerísku staðlanna var ekki bara að bolta allt sem hengt er neðan í loft og utan á veggi með sérstökum amerískum boltum, sverari en menn höfðu áður séð á Íslandi. Hvað um það. Nei, menn máttu láta sig hafa það vegna þess að það stendur í stöðlum sjóhersins að einangra allar að- og frálagnir loftræstikerfisins. Hvers vegna? Nú er það þannig eins og menn vita að úr byggingunni kemur loft nokkurn veginn með herbergishita. Því er blásið í burtu. Menn hafa ekki vanist því að þurfa að hafa af því miklar áhyggjur hér á Íslandi að einangra pípur sem flytja loft með herbergishita innan húss á Íslandi. En í stöðlum sjóhersins stendur að á einstöku

stöðum í bandaríska heimsveldinu sé svo mikill lofthraki að það sé nauðsynlegt að einangra slíkar pípur. Íslendingum þótti dálítið hart að þurfa að sæta þessu, sóttu um undanþágu. Svarið kom: Nei, gerið þið svo vel og einangrið þið allan „retour" í byggingunni, allt útsog. Annað stenst ekki staðla. Og menn sögðu auðvitað já og gerðu það.

Svona mætti áfram halda lengi dags um skemmtileg eða dapurleg dæmi eftir atvikum um hvað þessi vitleysa kostaði, hvað alls konar svona vitleysur kostuðu svo ekki sé nefnt að m.a.s. hreinlætistækin, meira að segja pissuskálarnar urðu að vera nákvæmlega þannig staðsettar og hannaðar að hermenn Sáms frænda kynnu þar til verka ef þeir skyldu einhvern tíma þurfa að yfirtaka bygginguna. Þetta þýddi að flytja varð allt postulín inn sérstaklega frá Bandaríkjunum og ef brotnaði nú skál á leiðinni var ekki hægt að hlaupa niður í kaupfélag og kaupa nýja í staðinn. Nei, veskú. Það varð að fá aðra sendingu frá Bandaríkjunum. Svona var þetta allan tímann. Þetta vita allir. Ræði menn við verktaka eða menn sem þarna störfuðu og spyrji þá um hversu miklu verktakar bættu ofan á í útboðum til að tryggja sig fyrir alls konar svona vitleysum. Það voru ómældar fjárhæðir er mér sagt af ábyggilegum mönnum. Þetta er um samkrullið við herinn og ég hef þegar vikið ofurlítið að hönnuninni, þeim þætti þessarar sorgarsögu sem stendur upp úr ásamt ýmsu öðru.

En langalvarlegustu mistökin tel ég þó vera, herra forseti, og þau mistök sem hljóta að koma til umræðu á Alþingi sérstaklega vegna þess að þau eru stórpólitískt mál, þá ákvörðun að reka á eftir því að flugstöðin yrði opnuð, þá dæmalausu ákvörðun að ákveða í nóvember 1986 að flugstöðin skuli vera opnuð fyrir kosningar hvað sem það kostar og um það er gerður sérstakur viðaukasamningur við verktaka. Ríkisendurskoðun, sem er varkár stofnun eins og kemur fram í hógværum ályktunum og hógværum niðurstöðum sem þar eru dregnar, segir að það sé ljóst að þessi ákvörðun kostaði einhverja tugi millj. kr. Ég veit að það er óhemju varlega áætlað af Ríkisendurskoðun og sæmir alveg þeirri virðulegu stofnun, en ég ætla að leyfa mér að segja að þessi pólitíska ákvörðun sé nær því að hafa kostað hundruð millj. en tugi millj. og ég skal rökstyðja það. Annað sæmir ekki þegar menn taka stórt upp í sig.

Hvers vegna er það nú, herra forseti? Í fyrsta lagi vegna þess að um svipað leyti og þessi ákvörðun er tekin, að það skuli vera hægt að halda kosningaveislunа í flugstöðinni hvað sem það kostar, er einmitt að koma í ljós að hönnun verksins er í molum. Það liggur fyrir um sama leyti. Og hefði þá ekki verið rökréttara að taka alveg gagnstæða ákvörðun, ákveða þá að seinka framkvæmdum til þess að unnt væri að hanna verkið, til þess að hönnunin kæmist á það stig að unnt yrði að hefja framkvæmdir? Jú, auðvitað. Auðvitað ber öllum saman um það og það er auðskilið mál. En þessi endileysa leiddi til þess að allar framkvæmdir urðu mun dýrari en ella. Hún leiddi til þess að verktakar gengu inn í endalaus aukaverkefni sem af þessu stöfuðu. Hún leiddi til þess að aðalverktaki við verkáfanga 5 gerir aukakröfur upp á á fjórða hundrað millj. kr. fyrst og fremst vegna þess öngþveitis sem skapaðist í framhaldi af þessari ákvörðun.

Hv. utanrmn. Alþingis fór í heimsókn þarna suður eftir ekki langt frá þeim tímamótum sem við erum að tala um. Ég verð að segja að ég er alveg viss um að formaður hv. utanrmn. er mér sammála um að ekkert í mannanna ríki eins og sú sjón að koma inn í flugstöðina hefur minnt mig á ég segi ekki engisprettuþúfu heldur mauraþúfu, hefur minnt mig jafnmikið á mauraþúfu og að líta þarna inn. Vegna hvers? Vegna þess að þá var dælt inn mannskap, það var flogið með iðnaðarmenn af öllum landshornum, m.a. tugi úr mínu kjördæmi til að reyna að knýja þessa niðurstöðu fram, að unnt yrði að opna einhvern hluta byggingarinnar. (**EKJ:** Þeir voru allir vinnandi.) Þeir voru vinnandi. Ég tek það fram að ég er ekki að ásaka þá góðu menn, öðru nær. Veit ég vel að við Íslendingar eigum góða iðnaðarmenn. En það sýnist að við eigum vonda stjórnendur á ýmsum sviðum.

Ég ætla að halda hérna uppi þessari mynd fyrir hv. þm. Þetta er rétt aftan við bls. 41, ef ég man rétt, í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hvað sýnir hún? Ég hef að vísu prýtt hana nokkrum litum hérna. Á þessari mynd eru tvær línur. Þetta er verkáfangi 5, verksamningur FK5, og þetta er mannafli við verkframkvæmd. Hér er gul lína sem sýnir þann mannafla sem áætlanir gerðu ráð fyrir að yrði að störfum í byggingunni. Og það eru manndagar í hverjum mánuði upp á rétt nálægt 3 þús. manns þgar mest er, en svona á bilinu 2000–2500 og átti síðan að fara lækkandi þegar kom út á árið 1986 og fram á árið 1987. En hvað gerist? Hver varð reyndin? Hvernig urðu mannmánuðirnir á þessum lokaáfanga verksins? Þeir urðu nálægt núlli á miðju ári 1986 eða á árinu framan af tímabilinu. Vegna hvers? Vegna þess að hönnunin var svo gersamlega hrunin að það var ekki hægt að koma neinum mannskap til starfa fyrr en búið væri að lappa upp á þau verk. Lengi framan af eru því miklu færri menn í vinnu við verkáfanga 5 en gert hafði verið ráð fyrir. Það var einfaldlega ekki hægt að fá þeim neitt til að gera af því að menn vissu ekkert hvað þeir áttu að gera. Það lágu engar teikningar fyrir. Svo skeðu ósköpin rétt um áramótin 1986–1987 þegar kosningaopnunarákvörðunin er tekin. Þá er tekið til við að dæla inn mannskap þannig að á örfáum vikum rís mannaflinn sem er að störfum upp í 8 þúsund manndaga í mánuði. Það er þessi rosalegi toppur sem menn sjá hér. Og halda menn ekki, þeir sem eitthvað þekkja til verklegra framkvæmda, að þetta hafi skapað sinn slatta af vandamálum? Ég held að það sé alveg ljóst.

Svo er til viðbótar það um þennan opnunartíma, sem er auðvitað stórpólitískt hneyksli, að aprílmánuður er mjög óheppilegur opnunartími. Það hafa ýmsir sem kunnugir eru ferðamálum og flugrekstri viðurkennt í einkasamtölum. En frammi fyrir utanr-

rh. og byggingarnefnd hefði að vísu reynst erfiðara að draga það upp úr ýmsum mönnum. En ljóst er að það að opna hálfkaraða flugstöð meira og minna á hvolfi rétt í byrjun ferðamannatímans er ekki gáfuleg ráðstöfun. Það þýðir að allir byrjunarerfiðleikar lenda á mesta annatíma mannvirkisins á hverju ári. Það var næsta sjálfgefið við þær aðstæður sem uppi voru í október–nóvember 1986 að skynsamlegt og í raun og veru alveg sjálfgefið var að fresta opnun byggingarinnar fram á haustið. Þá höfðu menn rólegri tíma, t.d. október til nóvember, til þess að taka mannvirkið í gagnið og komast yfir þá byrjunarörðugleika sem slíkum flutningum eru samfara. Úr því að gamla flugstöðin réði við þær annir sem fylgdu leiðtogafundinum á sl. hausti hefði hún væntanlega ráðið við þetta sumar, enda hefur komið í ljós að sá ágalli gömlu flugstöðvarinnar sem mönnum þótti nú einna verstur, þ.e. að hún skyldi leka vatni, er einnig fyrir hendi í nýju flugstöðinni. Hún lekur líka vatni þannig að hvað þetta varðar hefur ekki neitt breyst.

Herra forseti. Það hefði verið gaman að fara rækilega yfir útreikninga og fullyrðingar um byggingarkostnað vegna þess að ég hef kynnt mér það mál sæmilega vel og borið mig þar saman við ýmsa menn sem eru fróðir og kunna vel að fara með tölur. Það verður að segjast að ýmsir tilburðir byggingarnefndarmanna og hæstv. utanrrh. eru með slíkum endemum hvað varðar meðferð talna að ég hef sjaldan séð annað eins. Ég ætla að láta mér nægja, vegna þess að þessar tölur um 870 millj. kr. umframkostnað eru óumdeilanlegar, þannig er um hnútana búið í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það verður ekki hrakið, að vitna í tvennt í sambandi við leikfimi hæstv. utanrrh. og byggingarnefndarmanna við að reyna að þvo af sér skömmina. Það er svo yfirgengilegt, hv. alþm., hvað menn láta frá sér fara á prenti, jafnvel á prenti, í þeim efnum að lengi getur maður undrast, hæstv. samgrh.

Hér er fréttatilkynningin góða frá byggingarnefndinni, sem reyndar er á blöðum merktum utanrrn. Varnarmálaskrifstofa og síðan kemur neðst: Byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þannig er nefnilega goggunarröðin. Það er utanrrh., það er Varnarmálaskrifstofan og svo er það byggingarnefnd. Þetta er sú goggunarröð, eins og sagt er á máli líffræðinga, sem menn eiga að hafa í huga. Og hvað gerir þessi ágæta byggingarnefnd þegar hún ætlar bara að þvo þetta allt af sér á miðju sumri? Hún falsar tölur eða gerir sig bera að slíkri hyldýpisvanþekkingu að þeir hefðu átt að segja allir saman af sér og ættu að vera búnir að því fyrir löngu þegar þetta er ljóst. Þeir fullyrða að hin upphaflega kostnaðaráætlun hafi hljóðað upp á 42 millj. dollara, minnast ekki einu orði á að inni í þeirri tölu eru 8,5 millj. dollara sem voru áætlaðar verðhækkanir á framkvæmdatíma. Kostnaðaráætlunin sjálf hljóðaði upp í 33,5 millj. og var talin rúm að áliti sérfræðinga, svo rúm að byggingarnefndin hefur m.a. vísað í það þegar hún er að reyna að afsaka hvers vegna hún tók það upp á sína arma að stækka og bæta við og breyta eins og hún gerði. Jú, í ljósi þess að upphafleg kostnaðaráætlun var talin svo rúm. Þetta átti nefnilega að vera allt í lagi. Mennirnir virðast hafa ímyndað sér að þeir gætu gert þetta innan ramma hinnar upphaflegu kostnaðaráætlunar sem er miðað við núverandi gengi dollars, þ.e. hlutur Íslendinganna, rétt rúmlega 800 millj. kr. Síðan er byggingarnefndin með ýmsar æfingar t.d. með byggingarvísitölu. Hér notar byggingarnefndin í fréttatilkynningu sinni byggingarvísitöluna upp á 120 stig. Hvenær er það? Það er í maímánuði. Byggingarvísitalan í ágúst, þegar verksamningar eru gerðir og þegar kostnaðaráætlunin er endanlega uppreiknuð, er orðin 142 stig og það er frá þeirri tölu sem menn eiga að framreikna byggingarkostnað, ekki 120.

Það er ýmislegt svona, hv. alþm. og virðulegur forseti, sem er með slíkum endemum að það gengur ekki annað en farið verði rækilega ofan í saumana á þessum málum. Það er ekki hægt að horfa upp á að nefnd af þessu tagi, sem heyrir beint undir verksvið utanrrh. í landinu, hegði sér með þessum hætti óátalið. Eða skýrsla hæstv. núv. utanrrh. sem lögð er á borð alþm. Hvað stendur í henni? Jú, það stendur á bls. 2 að byggingarnefndin hafi gert ráð fyrir að byggingarkostnaður yrði rúmar 2500 millj. kr. með áætlun til verkloka. Og svo segir, með leyfi forseta:

„Þessar áætlanir byggingarnefndar, sem hún lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gerðu því glögga og raunsæja grein fyrir byggingarkostnaði. Um umframkostnað samanborið við þessar áætlanir er því ekki að ræða."

Og hvaða áætlanir er verið að tala um? Hvað er verið að tala um? Það er verið að tala um fjárlagabeiðnir byggingarnefndarinnar til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Og hvað er með þær? Eru þær lög í landinu? Eru óskir byggingarnefndarinnar lög eins og halda mætti af þessu plaggi? Nei. Það eru nefnilega fjárlögin sem ráða í þessum efnum. Og hvernig eru fjárlögin? Þau eru þannig að ósk byggingarnefndar um rúmlega milljarð á árinu 1986 var skorin niður í 710 millj. kr. og þeim var sagt: Þetta verður að duga. Fjárhagur ríkissjóðs, skuldastaða ríkisins leyfir ekki meiri lántökur í þessa framkvæmd en 710 millj. kr. á árinu. Svo leggur hæstv. utanrrh. plagg fyrir Alþingi, (**HG:** Hann er flúinn úr sal.) sem er reyndar flúinn úr sal, virðulegur forseti, kannski farinn til útlanda, hann hefur verið þar talsvert undanfarið, hann leggur plagg fyrir Alþingi með beinni fölsun. Hæstv. utanrrh. lætur líta út sem ósk byggingarnefndarinnar, sem var skorin niður um tæpar 300 millj. kr., eigi bara að meðhöndlast sem lög í landinu. M.ö.o.: hæstv. utanrrh. segir við Alþingi Íslendinga: Byggingarnefndin átti ekkert að gera með það sem Alþingi Íslendinga setti í fjárlög. Hún átti að vinna út frá sinni kostnaðaráætlun og láta svo sem henni kæmi ekki annað við. Það er það sem verið er að segja með þessum orðum. Ég fer fram á það, virðulegi forseti, ég get endurtekið þetta þegar hæstv. utanrrh. kemur aftur til landsins, ég fer

fram á það við forseta Alþingis, því það er þeirra mál, að þau gögn sem eru lögð fyrir Alþingi sem þingskjöl séu rétt, það verði farið fram á við hæstv. utanrrh. að hann afturkalli þessa skýrslu, þessa ómynd sem ég hef hér sýnt fram á að er röng, því að hún falsar staðreyndir byggingarnefndinni eða framkvæmdaaðilum málsins í hag. Ég vona að virðulegur forseti komi þessari ósk minni á framfæri og hlutist til um það ásamt öðrum forsetum þingsins að þessari ósk verði komið formlega á framfæri við hæstv. utanrrh. Það skal þá koma í ljós hvorum megin hæstv. ráðherra ætlar að stilla sér í þessum efnum, sannleikans eða lyginnar, Alþingis eða einhverra annarra aðila.

Þetta plagg gengur ekki. Það er fyrir neðan virðingu Alþingis að láta kyrrt liggja þegar beðið er um skýrslu af tíu hv. alþm., beðið er um ítarlega skýrslu um mál, að það sé hent inn á borð alþm. svona snepli upp á nokkrar blaðsíður sem er annars vegar að hluta til falsanir á tölum, hins vegar sleggjudómar og fullyrðingar sem hæstv. utanrrh. var reyndar þegar farinn að biðjast afsökunar á áðan þegar hann setti sérstakan fyrirvara, hæstv. utanrrh., um að niðurstöðudómurinn mikli í skýrslunni ætti ekki við Ríkisendurskoðun. Hún var innan sviga. Það voru allir aðrir en Ríkisendurskoðun sem áttu að taka þetta til sín. Sem sagt: það er talað einni tungu við Ríkisendurskoðun og annarri tungu við aðra. Þetta gengur ekki. — Nú er hæstv. utanrrh. kominn, hefur verið fljótur í förum að þessu sinni. Ég ætla því að endurtaka ósk mína til hans, sem ég að vísu vil að forsetar þingsins komi formlega á framfæri, að skýrsla þessi verði endurkölluð þar sem hún er röng, þar sem hún er bersýnilega röng og fyrir neðan virðingu þingsins að láta við það sitja að hafa slíkt plagg í Alþingistíðindum án þess að það sé leiðrétt.

Og nokkur orð um ábyrgðina, herra forseti. Það lítur svo út, ef marka má viðbrögð þeirra aðila sem bornir hafa verið ábyrgð í þessu máli, sem enginn ætli að taka það á sig að nokkuð athugavert hafi gerst þó að milljarður af almannafé hafi gufað upp í loftið, að hluta til lent að vísu í einhverja steinsteypu, án heimildar í íslensku fjárlögunum, án heimildar af hálfu Alþingis og fjárveitingavalds, þegar í gildi eru lög í landinu um heimildir til lántöku í ákveðið verkefni, þeim lögum er ekki breytt, það stendur væntanlega enn í þessum lögum sama krónutalan og stóð í þeim árið 1984 þegar þau voru sett. Svo kemur í ljós að það er búið að eyða margfaldri þeirri fjárhæð, meira en 100% meira fé en lögin heimila og síðan ætla menn að láta eins og ekkert sé, þetta sé bara allt í lagi. Nei, það gengur ekki, virðulegi forseti.

Ég tel því að till. okkar þm. Alþb., sem liggur fyrir þessum fundi, er hér á dagskrá, um að kosin verði sérstök rannsóknarnefnd þm. til að fara ofan í þetta mál, sé mjög rökrétt afleiðing af því að hér eiga hlut að máli miklir valdamenn og ábyrgðarmenn í þjóðfélaginu. Og er það ekki svo þegar framkvæmd er sett beint undir einn sérstakan ráðherra lögum samkvæmt og þegar háttsettir embættismenn taka á sig sérstakt ábyrgðarhlutverk, eins og húsameistari ríkisins gerir í þessu máli og eins og sendiherrar íslenska ríkisins á erlendri grund núverandi gerðu í þessu máli og eins og hæstv. fyrrv. utanrrh. auðvitað gerðu, núv. t.d. seðlabankastjóri, að það kalli á að það sé farið með myndarlegum hætti ofan í saumana á því hver ber þarna ábyrgð? Hvar strönduðu boðin um eyðslu umfram heimildir? Hvers vegna fékk Alþingi aldrei að vita neitt um þann vanda sem var að safnast upp og var yfirfærður milli ára með lántökum án þess að farið væri fram á fjárveitingaheimildir á næsta ári? Hvers vegna var þessu ekki komið rétta boðleið? Þessu verður að fást svarað. Hvernig ætla menn að standa að því að elta uppi aðra aðila í þjóðfélaginu sem fá opinbert fé í hendur og tryggja að þeir fari vel með ef margir af æðstu embættis- og stjórnmálamönnum ríkisins geta sóað heilum milljarði án þess að nokkur axli ábyrgð, án þess að nokkur svo mikið sem geri tilburði til að líta í eigin barm og segja: Kannski hefði átt að fara aðeins öðruvísi að þessu.

Ég vil ekki taka mikið meira af fundinum að þessu sinni til þess að fleiri ræðumenn komist að, virðulegur forseti, til þess að tjá sig og spyrja hæstv. ráðherra sem sitja fyrir svörum eða ættu a.m.k. að sitja fyrir svörum, svo sem eins og núv. hæstv. samgrh. og þm. Reykn. sem m.a. hefur verið myndaður hér og þar og hæstv. núv. forsrh. sem var fjmrh. að hluta til á þeim tíma sem þetta verk fór hvað mest úr böndunum, var þar með yfirmaður Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem af núv. hæstv. utanrrh. er borin mjög þungum sökum. Það segir nefnilega í skýrslu hæstv. utanrrh. að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi fengið að vita allt sem hún þurfti að vita. Hvers vegna kom mönnum þá svo á óvart fjárvöntunin í fjmrn. á sl. vori, ef það er rétt að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi fengið allar upplýsingar? Ég held að úr þessu verði að fást skorið, hvor hæstv. ráðherranna, núv. eða fyrrv. fjmrh., ber hér ábyrgðina. Það gengur ekki annað. Í hnotskurn, virðulegi forseti, hefur þetta gerst:

Illa undirbúið verk er drifið af stað með pólitískri ákvörðun við myndun ríkisstjórnar. Samkrull við erlenda aðila, sem eiga að borga hluta kostnaðarins, skapar ómælda erfiðleika og mikil útgjöld. Öll stjórnun verksins er í molum, alveg sérstaklega hönnunarþátturinn. Verkstjórnarfyrirkomulag er valið eins og ætti að fara að byggja lítinn hrútakofa þegar um milljarðaframkvæmd er að ræða. Byggingarnefnd og framkvæmdaaðilar byggingarinnar lauma smátt og smátt inn breytingum, viðbótum, stækkunum og alls konar hringli sem leiðir til öngþveitis í stjórnunar- og hönnunarmálum, hreins öngþveitis. Allar þessar framkvæmdir eru án heimildar fjárveitingavaldsins. Allar þessar viðbætur, stækkanir og breytingar eru án heimildar fjárveitingavaldsins eins og þegar búin er til ný hæð undir mannvirkið, þegar öll eldhúsaðstaða Flugleiða er allt í einu flutt út o.s.frv. Umframeyðslu á opinberu

fé til framkvæmdanna er haldið leyndri árið 1985, árið 1986 og fyrstu mánuði ársins 1987, nánar tiltekið þangað til fjórir dagar eru liðnir fram hjá alþingiskosningum og nokkrir dagar í viðbót liðnir frá kosningahátíð Sjálfstfl. á Reykjanesi. Tugum ef ekki hundruðum — sá sem hér stendur fullyrðir frekar hundruðum — milljóna kr. er sóað eingöngu til að knýja fram þá pólitísku ákvörðun að opna bygginguna löngu áður en það var í raun tímabært og gerlegt.

Niðurstaðan er því þessi að mínu mati, virðulegur forseti: Milljarði af fé almennings í landinu er eytt í leyfisleysi. Ráðist er í framkvæmdir án heimilda. Upplýsingum er haldið leyndum. Reynt er að blekkja um upphaflegan kostnað og um endanlegan kostnað byggingarinnar, bæði af byggingarnefndinni og nú síðast í skýrslu hæstv. utanrrh. Villandi meðferð talna er sett fram að því er best virðist til að reyna að blekkja menn í þessu efni. Í fimmta lagi: Enginn vill bera neina ábyrgð. Enginn viðurkennir neina ábyrgð í málinu. Í sjötta lagi: Hafi byggingarnefnd, sem ég út af fyrir sig dreg ekki í efa og Ríkisendurskoðun telur, haft heimildir hæstv. ráðherra fyrir þeim stækkunum og breytingum sem hún réðst í eru hæstv. ráðherrar sekir í málinu. Svo einfalt er málið.

Það þarf því ekki frekar vitna við. Það er áfall fyrir þingræðið, fyrir stjórnkerfið íslenska ef menn ætla að sópa þessu máli undir teppið og aka sér undan ábyrgð með þeim aumkunarverða hætti sem hæstv. núv. utanrrh. og aðrir sem málinu tengjast hafa verið og eru að reyna.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Allt frá upphafi framkvæmda við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli hafa heyrst gagnrýnisraddir um stöðina. Einkum hafa þar verið óánægðir vinstri menn sem virðast syrgja það einna helst að með flugstöðinni verði í fyrsta skipti fullur aðskilnaður milli almennrar umferðar um flugvöllinn og starfsemi varnarliðsins. Við heyrðum eina rödd hér áðan.

Aðstæðurnar fyrir opnun flugstöðvarinnar gáfu þeim tækifæri til að draga upp ranga mynd af sambýli varnarliðsins og þjóðarinnar. Eftir aðskilnað almennrar flugumferðar og starfsemi varnarliðsins verður ekki unnt að skírskota til þeirrar röngu myndar lengur í áróðri svokallaðra hernámsandstæðinga. Þessu fagna vitaskuld allir aðrir en þeir sem höfðu pólitíska hagsmuni af óbreyttu ástandi.

Eftir að í ljós kom á sl. vori að kostnaður við flugstöðina var kominn fram úr upphaflegri áætlun var Ríkisendurskoðun falið að gera úttekt á byggingarkostnaði og öðrum þáttum í sambandi við framkvæmdina. Ein helsta niðurstaða þeirrar könnunar er sú að það markmið hafi náðst að byggja flugstöð sem uppfyllir allar eðlilegar starfrænar og útlitslegar kröfur. Það er mergurinn málsins og það tókst á aðeins fjórum árum.

Það er á hinn bóginn gagnrýnt í skýrslu Ríkisendurskoðunar hve mikill munur er á raunkostnaði og kostnaðaráætlun frá 1981 og það er rót þeirrar umræðu sem nú á sér stað um málið. En það hefur einnig verið vikið að öðrum þáttum eins og þeim að flugstöðin sé allt of stór, allt of dýr og jafnvel hafi ekki legið á að taka hana í notkun sl. vor. Þá hefur komið fram gagnrýni á lántökur yfirstandandi árs sem voru umfram áætlanir í upphafi ársins.

Það fer ekki hjá því að þessi atriði komi til umfjöllunar við verklok svo viðamikils mannvirkis og eðlilegt að gerð sé úttekt á því hvernig staðið hefur verið að verki á öllum sviðum framkvæmda og fjármögnunar. Ég mun hér á eftir lýsa framangreindum þáttum eins og þeir koma mér fyrir sjónir og vík þá að sjálfsögðu fyrst að upphafi málsins.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er byggð eftir teikningum og áætlunum sem í öllum aðalatriðum voru til staðar þegar á árinu 1980 og unnið hafði verið að undirbúningi og áætlunargerð allt frá árinu 1968. Fyrir þrýsting ýmissa stjórnarliða á árunum 1980–1983 var fyrstu framkvæmdaáætlun breytt og fyrirhuguð flugstöð minnkuð frá því sem ráðgert hafði verið. Kostnaðaráætlun upphaflegrar byggingar hljóðaði upp á 57 millj. bandaríkjadala en endurskoðuð áætlun dags. 13. mars 1981 var að fjárhæð 42 millj. bandaríkjadala. Hvort tveggja er miðað við verðlag 1. janúar 1981 og 15% verðbólgu á verktímanum sem var áætlaður 2½ ár.

Svo sem alkunna er var ekkert aðhafst í málinu á árunum 1981–1983 er ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók við völdum og Geir Hallgrímsson varð utanrrh. Sú töf á framkvæmdum hafði vissulega verið til óþurftar af ýmsum ástæðum og réði henni pólitísk þröngsýni manna sem ekki aðeins vildu koma í veg fyrir smíði nýrrar flugstöðvar heldur héldu uppi um líkt leyti sérstakri krossferð gegn Flugleiðum, en á þessum tíma áttu Flugleiðir í tímabundnum örðugleikum vegna samdráttar í Atlantshafsfluginu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vitnaði til tillagna og grg. þeirra alþýðubandalagsmanna frá árinu 1983 og ég leyfi mér að vitna til ummæla sem einn af höfuðandstæðingum framkvæmda við flugstöðina, Ólafur Ragnar Grímsson, lét frá sér á þessum árum og taldi á árinu 1982 í séráliti nefndar um flugstöðvarmálið að framtíðarþróun farþegafjölda um Keflavíkurflugvöll yrði með þeim hætti að nægjanlegt væri að miða bygginguna við 300 þús. farþega á ári sem „algert hámark á þessum áratug“, eins og hann sjálfur komst að orði. En nær væri þó að ætla að farþegafjöldinn yrði aðeins um 200 þús. farþegar á ári hverju. Í þessu sama séráliti taldi Ólafur Ragnar útilokað annað en það tæki 10–16 ár að reisa flugstöð eins og þá sem nú hefur risið á fjórum árum.

Í ljósi raunverulegrar þróunar farþegafjölda um flugvöllinn eru þessi orð hjákátleg. Aðeins fimm árum síðar er farþegafjöldinn orðinn um 750 þús. farþegar á ári og eru þó þrjú ár eftir af áratugnum.

Það ber að skoða þann niðurskurð, sem ákveðinn var í flugstöðinni í tíð ríkisstjórnarinnar 1980–1983, í ljósi slíks þrýstings frá Alþb. Meðal atriða í niðurskurðinum voru þessi: Reykskynjarar voru felldir niður. Ýmsum viðvörunarkerfum var sleppt. Þrjár landgöngubrýr voru felldar niður, landgangur minnkaður og viðbótarlandgangi sleppt. Snjóbræðsla var felld niður. Að auki voru framkvæmdir utan húss minnkaðar og ákveðið að ljúka ekki frágangi á vissum svæðum.

Það kom hins vegar snemma í ljós, þegar framkvæmdir hófust á grundvelli samkomulags stjórnarflokkanna frá 1983 um byggingu flugstöðvar, að þessi niðurskurður var óraunhæfur.

Vegna framangreinds voru teknar ákvarðanir á árunum 1983–1985 um viðbætur sem voru nauðsynlegar til þess að flugstöðin kæmi að tilætluðum notum. Einnig miðuðu viðbæturnar að því að unnt yrði að auka tekjur af flugstöðinni og styrkja þannig rekstrarlegar undirstöður byggingarinnar, en afrakstrinum af henni var frá upphafi ætlað að standa undir þeim lánum sem tekin voru til framkvæmdanna. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem hér er til umræðu, er óumdeilt að ákvarðanir um þessar viðbætur voru teknar af þar til bærum stjórnvöldum. Skv. lögum nr. 45/1984, um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, var utanrrh. falið að fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvarinnar kemur fram að í upphafi hafi verið talið að þessar viðbætur rúmuðust innan áætlunar, m.a. vegna hagstæðra tilboða og gengisþróunar á þessum tíma. Í skýrslunni segir enn fremur að allar umræddar viðbætur séu til staðar og hvað kostnað snerti hafi flest atriðin byggt á útboðum og sé hann því eðlilegur.

Meðal þeirra atriða sem hér um ræðir er eftirtalið: stækkun landgangs og landgangshúss, stækkun kjallara, landgöngubrýr, snjóbræðslukerfi, ræsibúnaður fyrir flugvélar, skyggni, hússtjórnarkerfi. Auk þess ákváðu Flugleiðir að flytja flugeldhús sitt úr flugstöðinni og því fylgdi gífurlegur kostnaður vegna endurhönnunar.

Ég gegndi ekki embætti utanrrh. á þessum tíma, en það er skoðun mín að viðbæturnar hafi verið nauðsynlegar og átt sér eðlilegar skýringar. (**Gripið fram í:** Hver var utanrrh.?) Utanrrh. var Geir Hallgrímsson. — Á þessum tíma lágu fyrir nýjar tölur um þróun farþegafjölda sem sýndu allt aðra mynd en þá sem var höfð til hliðsjónar þegar ákveðið var að minnka flugstöðina frá upphaflegri áætlun á árinu 1981. Til dæmis um þetta er sú staðreynd að á byggingartíma flugstöðvarinnar hefur farþegum fjölgað úr 450 þús. á árinu 1983 í um 750 þús. á þessu ári, en það er aukning upp á hvorki meira né minna en 65%. Ég hygg að óhætt muni að fullyrða, miðað við þróun umferðar á undanförnum árum um Keflavíkurflugvöll, að þess verði ekki langt að bíða að talað verði um stækkun flugstöðvarinnar.

Um útlit og gerð stöðvarinnar geta menn vissulega haft mismunandi skoðanir, en ekki verður um það deilt að með tilkomu hennar hefur orðið mikil breyting til hins betra. Það er ekki svo lítil landkynning að flugstöðin skuli nú vera talin ein sú besta í Evrópu. Slíkt mun vitaskuld hafa góð áhrif á ferðamannastraum til Íslands. Þetta eru allt atriði sem skipta máli og menn verða að hafa í huga.

Eins og ég gat um í upphafi hefur gagnrýnin á flugstöðina einkum beinst að þeim mismun sem er á kostnaðaráætlun eins og hún var eftir að byggingin hafði verið skorin niður og endanlegum kostnaði þeirrar flugstöðvar sem nú er risin. Það eru einkum þrjár skýringar á þessum mismun.

Í fyrsta lagi er staðfest í skýrslu Ríkisendurskoðunar að framangreindar viðbætur auk fyrirsjáanlegrar magnaukningar í framkvæmdum skýri muninn að mestu leyti. Viðbæturnar einar eru að fjárhæð rúmar 600 millj. kr.

Í öðru lagi var gengisþróun afar óhagstæð framkvæmdinni á síðustu tveimur árum, öndvert við það sem menn höfðu gert ráð fyrir. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar er gengistapið á framlagi Bandaríkjamanna um 236 millj. kr. Hér er um að ræða misgengi á þróun gengis bandaríkjadals annars vegar og byggingarvísitölu hins vegar.

Í þriðja lagi varð verðbólgan hér innan lands meiri á síðari hluta byggingartímans en talið var þegar framkvæmdir hófust árið 1983.

Rétt er að ræða aðeins nánar þennan síðastnefnda þátt til að skýra hve verðbólgan getur skekkt alla útreikninga og áætlanir um kostnað við svo stórar framkvæmdir.

Eins og ég gat um var upphafleg áætlun byggingarinnar frá 1981 42 millj. bandaríkjadala, en það var á verðlagi ársins 1983 1174 millj. kr. með áætluðum verðhækkunum sem námu 238 millj. kr. Hækkun kostnaðar vegna verðbólgu hér innan lands reyndist hins vegar 1162 millj. kr., en samtals er bókfærður kostnaður orðinn 2483 millj. kr. miðað við upphaflegu áætlunina, en það þýðir að upphafleg kostnaðaráætlun jafngildi um 68 millj. bandaríkjadala á núverandi gengi.

Ég vil víkja nokkrum orðum að fjármálum byggingarinnar á yfirstandandi ári, en um mitt ár kom fram sú fjárvöntun sem er upphaf þeirrar umræðu sem nú fer fram. Við fjárlagagerð ársins 1987 gerði byggingarnefndin utanrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun grein fyrir áætlaðri lánsfjárþörf vegna byggingarinnar árið 1987 að fjárhæð 520 millj. kr. Það er sú fjárhæð sem samþykkt var í lánsfjárlögum.

Þegar kom fram á árið 1987 kom í ljós að þessi fjárhæð dugði engan veginn til að ljúka framkvæmdinni og að mistök hefðu átt sér stað af hálfu byggingarnefndar við undirbúning fjárlaga. Skýringar sem fram hafa komið á þessu, m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar, eru að miklar magnbreytingar komu fram sem stöfuðu af vanáætlunum í útboðum og einnig hefur Ríkisendurskoðun bent á önnur mistök við hönnun innréttinga og hönnunarstjórn.

Þá áttu sér einnig stað mistök í fjárhagsáætlun ársins varðandi framlag Bandaríkjamanna sem var ofmetið. Til viðbótar þessu kom ýmis ófyrirséður kostnaður og gengistap.

Ég vil taka fram að um leið og utanrrn. var kunnugt um þá umframfjárþörf sem skapast hafði af fyrrgreindum ástæðum var leitað eftir heimild fyrir bráðabirgðalántöku eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisins til fjmrn. 29. apríl. Fyrst taldi byggingarnefndin að umframfjárþörfin væri 480 millj. kr., en síðar kom í ljós að fjárhæðin sem vantaði var allmiklu hærri eða um 869 millj. kr.

Ég vil þá víkja að fullyrðingum sem hafa komið þess efnis að verkinu hafi verið hraðað og það unnið á einhvern hátt út frá pólitískum sjónarmiðum. Upphaflega var áætlunin að verkinu yrði lokið á fjórum árum og flugstöðin yrði tekin í notkun í apríl 1987. Gerður var samningur við Bandaríkjamenn í ágúst 1983 um að flugstöðin yrði tilbúin í apríl 1987. Greiðsla á framlagi Bandaríkjamanna var við það miðuð svo og allir verksamningar sem síðar voru gerðir.

Þegar framangreindar viðbætur höfðu verið ákveðnar leitaði byggingarnefndin eftir áliti Almennu verkfræðistofunnar á því hvort verktími sá sem ætlaður væri fyrir innréttingar yrði fullnægjandi án verulegrar aukavinnu og þar með hvort tímasetning samkvæmt samningum við Bandaríkjamenn stæðist. Í svari verkfræðistofunnar frá október 1985 kom skýrt fram að verktíminn yrði nægilegur og þar er einnig lýst þeirri áætlun sem unnið var eftir á lokastigum verksins og miðaðist við opnun flugstöðvarinnar í apríl í vor. Ég tók við embætti utanrrh. 26. jan. 1986 og í júlí það ár óskaði ég eftir áliti byggingarnefndarinnar um stöðu framkvæmda með tilliti til þessarar áætlunar um opnun. Í svari nefndarinnar í september er staðfest að áætlanir um verklok muni standast. Allar fullyrðingar um tengsl milli kjördagsins og opnunardags flugstöðvarinnar eru því ómerkilegur pólitískur áróður. (**SJS:** Var það tilviljun bara?) Ég hef með því sem ég var að segja nú lagt fyrir hv. þm. nákvæmlega hvernig að þessum málum var staðið, hvernig þau voru endurskoðuð árin 1985 og 1986.

Það voru margar aðrar ástæður sem hvöttu menn áfram til að skila verkinu á tilskildum tíma. Ástandi gömlu flugstöðvarinnar hafði t.d. verið lýst sem lífshættulegu í skýrslu slökkviliðsstjórans á Keflavíkurflugvelli frá árinu 1982. Ég hef áður vikið að þróun umferðar um flugvöllinn, en gamla flugstöðin hefði aldrei annað þeirri umferð sem var um nýju flugstöðina sl. sumar. Þá varð opnun flugstöðvarinnar til þess að tekjur fóru að koma inn af flugstöðinni, en heildartekjur af henni á næsta ári eru samtals áætlaðar 625 millj. kr. Með opnun byggingarinnar var jafnframt komið í veg fyrir að vaxtakostnaður hlæðist upp á ónotað mannvirki, en slíkt er því miður allt of oft raunin um opinberar framkvæmdir á Íslandi. Þá má heldur ekki gleyma þeim kostnaði sem hlotist hefði af því að breyta öllum verksamningum vegna byggingarinnar sem voru miðaðir við framangreinda tímasetningu. Það var því til mikils að vinna að koma þessari arðbæru framkvæmd í gagnið sem fyrst. (**SJS:** Þessari gullnámu.)

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvarinnar kemur fram að nauðsynlegt sé að vanda betur til áætlunargerðar og annars undirbúnings við slíkar stórframkvæmdir í framtíðinni. Um leið og ég tek undir nauðsyn þess verð ég þó að segja að mér virðist sem ekki hafi gætt nægjanlegrar sanngirni í umfjöllun ýmissa aðila um málið að undanförnu. Hér er um að ræða framkvæmd þar sem unnið var eftir sérstakri samþykkt ríkisstjórnar og á grundvelli sérstakra laga sem sett voru um bygginguna og gerðu ráð fyrir sérstakri fjármögnun hennar.

Í ljósi framangreinds tel ég miður að í kringum málið hefur verið þyrlað upp pólitísku moldviðri þar sem tilgangurinn virðist vera sá að sverta alla þá sem að verkinu hafa staðið. Að hluta til er hér um að ræða aðgerðir (Gripið fram í.) andstæðinga byggingarinnar, *úrtölumennina sem sjá ofsjónum yfir byggingu flugstöðvarinnar* sem þó horfir til heilla fyrir þjóðina. (**SJS:** Er Ríkisendurskoðun meðtalin?) Flugstöðin er í dag talin af erlendum sérfræðingum í hópi bestu flughafna í Evrópu og Ríkisendurskoðun hefur staðfest að flugstöðin uppfyllir allar eðlilegar starfrænar og útlitslegar kröfur. (**SJS:** Hún hefur staðfest fleira.)

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessar umræður um flugvallarhótelið eru sprottnar af tillögum sem við komum með, nokkrar hagsýnar húsmæður á Alþingi, þar sem við vildum fá skýringu á ýmsu sem við höfðum heyrt um kostnað umfram áætlun við þessa byggingu ásamt öðru. Við eigum það sammerkt að við erum húsmæður jafnframt okkar atvinnu annars staðar og við eigum það sammerkt að við höfum eiginlega verið og erum fjármálaráðherrar okkar heimilis inn á við. Ég hugsa að við eigum það líka sameiginlegt að við höfum alla jafnan þurft að velta hverjum seðli oftar en einu sinni fyrir okkur og þegar við höfum ekki getað staðið okkur við að láta tekjurnar endast höfum við tekið ábyrgð á því sjálfar og við höfum ásakað sjálfar okkur fyrst og fremst þó að það hafi kannski ekki verið réttlátt.

Hér virðist enginn bera ábyrgð á neinu. Það er blásið út í loftið yfir 1000 milljónum, blásið rétt si svona eins og það sé verið að blása á biðukollu. Og það finnst engum að hann beri ábyrgð á því, ekki byggingarnefndinni, ekki húsameisturunum, ekki ráðherrunum. *Það veit enginn hvernig þetta skeði.* Þetta bara var svona. Maður fær í raun og veru enga skýringu á því af hverju þetta var svona. Út úr flugstöðvarbyggingunni vex eitthvert æxli, einir 1000 fermetrar. Það veit enginn hvernig það varð til. Byggingarnefndin virðist ekki bera neina ábyrgð á því. Hvernig stóð á því að það varð til? Einhver

hlýtur að hafa samþykkt það. Einhver hlýtur að hafa stjórnað.

Ég held að það sé meira en mál til komið að þeir menn sem sitja í ráðherrastólum beri ábyrgð á þeim framkvæmdum sem framkvæmdar eru undir þeirra fagráðuneyti. Þeir hljóta að vera ábyrgir fyrir þessum milljarði sem þegar hefur verið eytt og á eftir að stækka meira. Það þýðir ekkert að koma fram fyrir Alþingi og segja: Það var ekkert hægt við þessu að gera, það gat enginn að þessu gert. Menn hljóta að hafa ákveðið þetta einhvers staðar.

Það eru afar oft við konurnar hér á Alþingi sem komum með tillögur um að einhverjum fjármunum sé eytt, oftast nær í þágu þeirra sem okkur finnst einhverjum órétti beittir. Þá fáum við yfirleitt þau svör: Það eru engir peningar til. Þetta er ekki hægt. Við viljum gera það, en það er bara ekki hægt. Það eru engir peningar til. Svo eru til milljarðar í svona fyrirtæki og það finnst engum neitt athugavert við það. Það eru peningar til bara þegar þið viljið eyða þeim. Það virðist ekki skipta ykkur neinu máli þó þið séuð að eyða langt fram yfir það sem þið hafið lofað eða ákveðið að eyða.

Haldið þið virkilega að almenningur trúi þessu? Haldið þið virkilega að almenningur trúi því að þrælmenntaðir menn hafi ekki getað reiknað út hvað þetta kostaði? Haldið þið að almenningur trúi að menn, sem eru eins verkvanir og þeir sem byggðu þessa flugstöð, hafi ekki vitað að hún var stækkuð? Hvað haldið þið eiginlega að við séum, þetta venjulega fólk í landinu? Hvernig dettur ykkur í hug að bera þetta á borð fyrir okkur? Við vitum vel að þið hafið setið einhvers staðar saman í hnapp og falið þetta. Þið hafið alltaf vitað af því. Okkur dettur ekki í hug að trúa þessu. Þið eigið að vera svo stórir og það góðir drengir að viðurkenna þetta. Þið eigið að viðurkenna hver ber sökina. Það þýðir ekkert að koma með plagg eins og kom fram í þessari ámátlegu skýrslu, sem ekki tekur að lesa, og segja: Við ætlum að leggja til að svona gerist ekki aftur. Það er nefnilega ekki í fyrsta skipti í þessari flugstöð sem skeð hefur einhver vitleysa. Hún er kannski stórkostlegri þarna. Og alltaf er sagt: Þetta kemur ekki fyrir aftur. Þetta skal ekki koma fyrir aftur. Þetta kemur alltaf fyrir aftur þegar ykkur hentar. Það gerir það.

Mér finnst virðingarvert af hæstv. núv. fjmrh. að hafa þó mótmælt þessu. Ég veit auðvitað að hann kyngir því öllu saman aftur. En hann mótmælti þó. Það gerði hann.

Fólk er orðið þreytt í þessum umræðum og ég er ekki vön að lengja umræður mikið. Ég þakka hæstv. samgrh. þó fyrir að hann skuli sitja hérna og hlusta á mig. Hinir læddu sér út sem von er. Sumir þeirra eru svo nýkomnir til landsins að þeir kunna ekki almennilega við sig á Íslandi enn þá. En þeir eru heldur ekki vanir því að sitja hérna þegar við erum að tala „þessar konur", ég tala nú ekki um verkakonur eins og ég sem hafa ekkert vit á fjármálum að þeirra dómi.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ræðu síðasta ræðumanns, hv. 16. þm. Reykv., og lýsa þeirri skoðun minni að ég uni því illa að hér skuli ráðherrar ganga úr sal líklega um leið og þeir hafa mælt sem þeim þykir þess virði að hlusta á. Ég vil eindregið fara fram á að það sé athugað hvort utanrrh., núv. og fyrrv. fjmrh. eru staddir í húsinu og að það sé kallað á þá. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að það verði athugað.) Það vekur einnig athygli að fjölmiðlamenn ganga í burtu þegar þeim þykir þeir hafa mælt sem verðugt sé að hlusta á.

Nú ætla ég að hinkra aðeins við. Er svara að vænta innan tíðar, virðulegi forseti? (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að það er verið að sækja bæði hæstv. forsrh. og utanrrh.) Ég hef nógan tíma. (**Gripið fram í:** Það eru nú tveir fyrrv. fjmrh. í salnum.) Það eru ekki endilega þeir sem maður hefur áhuga á að tala við núna. Nú segi ég eins og börnin, ég tel upp að tíu. (**Gripið fram í:** Þeir hljóta að fara að koma.) (**GA**: Við höfum nógan tíma, þangað til langt fram yfir jól þess vegna. Kjörtímabilið er fjögur ár svo þetta er allt í lagi.) (**Forseti:** ég held að það geti ekki dregist lengi að þeir gangi í salinn, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.) Þá mun ég hefja mál mitt. Nú hef ég gert þetta svo mikilvægt allt saman að það verður erfitt að standa undir þessu.

Síðasti ræðumaður lauk máli sínu og reyndar markaðist allt hennar mál af nokkru tali um ábyrgð og þá sérstaklega ábyrgð kvenna. Að axla ábyrgð, þetta er sú setning sem glymur í eyrum okkar kvenna öðrum fremur, ekki síst ef við leyfum okkur að vekja athygli á bágri stöðu okkar. Skiptir þá litlu hvort talið berst að félagslegri stöðu, áhrifaleysi, óhóflegri vinnu, tvöföldu vinnuálagi, ósæmilegum launum eða vanmati á störfum okkar heima og heiman. Upptalningin gæti verið miklu lengri. Svörin eru á eina lund: Þið verðið að axla ábyrgð, les: eins og við karlmennirnir, og þá reddast allt eins og segir í ágætum brag. Að maður tali nú ekki um þegar konurnar vilja svo ekki fara í ríkisstjórn þó þeim standi það til boða. Þá fyrst keyrir nú ábyrgðarleysið um þverbak að dómi karlmannanna, enda var ekki hægt að hafa þær með að dómi allra tilkvaddra manna. Þær vildu fara að bruðla með almannafé, eyða því í öryrkja, aldraða og láglaunafólk. Það sáu allir ábyrgðarfullir menn að gat ekki gengið. Moralen er: Gangið með gát og virðingu um almannafé, fé skattborgaranna. Þetta skildu konurnar auðvitað og öxluðu þá ábyrgð að axla ekki þá ábyrgð að standa að ríkisstjórn sem vildi ekki sóa fé skattborgaranna í að rétta örlítið við hag þeirra bágstöddustu í þjóðfélaginu, kusu fremur að sitja áfram úti í kuldanum í hinu svokallaða ábyrgðarleysi en voru þó að eigin sögn og að margra dómi ágætar í öxlunum.

Því geri ég þetta að umræðuefni hér að allt tal um ábyrgð getur verið svo afstætt. Konur upp til hópa eru alls ekki sammála því að þær axli ekki ábyrgð, telja sig reyndar oft axla meiri ábyrgð en sanngjarnt

geti talist, gerast meira að segja stundum svo ósvífnar að segja að karlmenn geri ekki slíkt hið sama og finnast þeir ábyrgðarlausir. Líklega stafar þessi mismunandi skilningur á ábyrgð og ábyrgðarleysi af því að ekki er gengið út frá sömu forsendum þegar hugtökin eru skilgreind. En hvað segir Orðabók Menningarsjóðs um ábyrgð? Fyrst er nú til að taka að orðið er kvenkyns. Útskýringin á merkingu orðsins hljómar svo: **ábyrgð** það að vera ábyrgur. Dæmi um notkun orðsins: á mína ábyrgð, ég ábyrgist það, bera ábyrgð á einhverju, sæta ábyrgð fyrir eitthvað, ábyrgð á húsi, ábyrgð á skipi. Ef við hyggjum nánar að fyrstu skýringunni, það að vera ábyrgur, og flettum upp orðinu ábyrgur hljóðar skýringin svo: **ábyrgur** *sem ber ábyrgð á einhverju*. Dæmi: ábyrgur forstjóri, ábyrgur stjórnmálaflokkur.

Jafnvel Menningarsjóður leggst þarna á sveif með karlmönnum, tekur dæmi sem þeim þykja góð um ábyrgð. Eða getur verið að einhver hafi verið svo forsjáll að sjá fyrir að þetta væru kannski þau dæmi sem best væri að hafa svart á hvítu, að eftir því sem ofar dregi í þjóðfélagsstiganum ykist þörfin á því að kveða afdráttarlaust á um ábyrgð? Ekki ætla ég að fara að gera sómamanninn Árna Böðvarsson ábyrgan fyrir útleggingum mínum á Orðabók Menningarsjóðs, en óneitanlega hafa verið valin þarna þörf dæmi hvað sem svo lá að baki valinu. Og mikið má maður vera feginn að ekki stóð hlið við hlið sem dæmi: ábyrgð á húsi, ábyrgð á heimili, ábyrgur forstjóri, ábyrg móðir.

Það er nefnilega ekki aðkallandi þörf á skilgreiningu þeirrar ábyrgðar sem hversdagsmaðurinn ber, *hinn svokallaði almenni skattgreiðandi* þessa lands. Hins vegar virðist þörfin vera knýjandi þegar menn eru komnir í svokallaðar ábyrgðarstöður. Þegar þeir eru komnir í þá stöðu að geta ráðskast með líf og fjármuni annarra. Þá fyrst reynir verulega á hvort menn reynist þess megnugir að axla ábyrgð og bera hana án þess að kikna í herðum.

Því verður mér svo tíðrætt hér um ábyrgð að það dylst væntanlega engum að það mál sem hér er til umræðu snýst um ábyrgð og hvort einhver verður kallaður til ábyrgðar. Það snýst ekki lengur um hvort hefði átt að byggja þetta umrædda hús, ekki um hvar þörfin var brýnust, ekki um hvort það er betra eða verra en efni stóðu til, ekki um hvort það er fallegt eða ljótt heldur um það að bera ábyrgð á því að svo fór sem fór. Þjóðin á að sönnu að borga reikninginn, tæpan milljarð, og ekki öll kurl komin til grafar, en að öðru leyti verður hún ekki kölluð til ábyrgðar. Hvar liggur ábyrgðin þá?

Í rauninni liggur það nokkuð ljóst fyrir strax á fyrstu síðum skýrslunnar umræddu. Á bls. 3–4 segir svo, eftir að útskýrt hefur verið hvernig kostnaðaráætlunin frá 11. nóv. 1980 að upphæð 57 millj. bandaríkjadala var endurskoðuð og niðurstaðan var kostnaðaráætlun að upphæð 42 millj. bandaríkjadala, með leyfi forseta:

„Byggingarnefnd taldi þessa áætlun í upphafi vera mjög rúma og meðal annars vegna þess samþykkti hún smátt og smátt að bæta við nánast öllu því sem fellt hafði verið niður í niðurskurðinum um áramótin 1980–1981, enda væri flugstöðin á mörkum þess að vera starfhæf ef það væri ekki gert og auk þess kom til ýmislegur óvæntur viðbótarkostnaður og magnaukningar."

Ef þetta er ekki ein furðulegasta röksemdafærsla sem sett hefur verið fram er ég illa svikin. Það er einkennilegt að þegar maður fær minna af einhverju en maður telur sig þurfa finnist manni það svo mikið að maður kunni sér ekki hóf. Skilji nú hver eins og hann hefur gáfurnar til. Auk þess bendir orðalagið til þess að bæði Íslendingar og Bandaríkjamenn hafi samþykkt flugstöð *sem væri á mörkum* þess að vera starfhæf og ber sjálfsagt að þakka að menn skyldu koma auga á það áður en það var um seinan. Svo gerðist líka ýmislegt óvænt. Samtals hljóðaði þetta allt upp á 871 millj. kr.

Á bls. 5 er svo haft eftir byggingarnefnd að útgjöld þessi hafi verið samþykkt af réttum stjórnvöldum, en magnaukningar hafi verið ófyrirséðar. Ríkisendurskoðun hefur kannað hvort heimildar hafi verið aflað hjá þáv. utanrrh. og kom fram að byggingarnefnd hafi haft heimild til að stofna til þessara útgjalda. Ráðherrar hafa kannski verið svo skelfingu lostnir að sitja uppi með óstarfhæfa flugstöð að þeir hafa séð sitt óvænna og samþykkt.

Að vísu segir Helgi Ágústsson, formaður byggingarnefndar á árunum 1979–1983, á bls. 36, með leyfi forseta, „að niðurskurðurinn hafi verið gerður í fullri alvöru í þeim tilgangi að lækka kostnað. Ásetningur ráðherra hafi á þeim tíma verið að haga framkvæmdinni á þann hátt."

Og „Guðmundur Eiríksson telur að í áætluninni hafi falist starfhæf flugstöð. Hann bendir einnig á að Bandaríkjamenn hefðu væntanlega ekki fallist á að taka þátt í kostnaði við flugstöð nema þeir hafi talið hana starfhæfa."

Þó við treystum Bandaríkjamönnum til að verja líf okkar og limi á hverju sem gengur er þeim greinilega ekki treystandi til að hanna starfhæfa flugstöð, enda fóru Íslendingar að taka málin í sínar hendur og kappkostuðu að leita hagkvæmustu leiða og úrlausna miðað við „hérlenda byggingarhefð", eins og segir á bls. 14 í skýrslunni. Hin erlenda byggingarhefð birtist í áætlun um óstarfhæfa flugstöð sem skyldi standast og samningum í samræmi við það, þ.e. þeir skyldu greiða 20 millj. bandaríkjadala sem þeir og gerðu. En hin hérlenda byggingarhefð hljóðaði upp á hið óvænta. Munurinn fólst auðvitað í starfhæfni og nokkrum krónum að auki: viðbætur 654 millj., magnaukningar 135 millj. og óskiptur kostnaður 83 millj.

Skoðum nú nokkur dæmi um hérlenda byggingarhefð sem ráðamenn, sem eru svo þjóðlegir eins og hátíðarræðurnar sanna, lögðu blessun sína yfir. Á bls. 24 segir svo, með leyfi forseta:

„Verkefnisstjóri, Stanley Pálsson, telur að eftir á að hyggja sé það augljóst mál að allri hönnun

hússins hafi verið ábótavant við útboð FK5, en segir jafnframt að það sé alls ekki víst að það hafi verið nokkur leið að gera sér grein fyrir því þegar verkið var boðið út í ágúst 1985. Það er rétt að það komi skýrt fram að verkefnisstjóri telur að hönnun sé ábótavant ef það þarf að breyta henni eða betrumbæta á einhvern hátt. Til þess að hönnun teljist í lagi þurfa teikningar, verklýsingar og tilboðsskrár að vera í fullkomnu lagi og í fullu samræmi innbyrðis. Mikið var um villur í útboðsgögnum og sífelldar breytingar og viðbætur voru að berast á byggingartímanum. Verkefnisstjóri vill taka það fram að hann hefur komið nálægt miklum fjölda bygginga og villur og breytingar á teikningum eru regla en ekki undantekning. Verkefnisstjóri segir einnig að taka verði tillit til þess hversu stórt og flókið verkið er og því hlaut að verða mikið um villur og breytingar."

Mér finnast þessi síðustu orð verkefnisstjórans heldur þunnur þrettándi. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að því stærra og flóknara sem verkefnið er þeim mun meiri ástæða er til að vanda undirbúning og áætlanir, sjá hluti fyrir, hafa yfirsýn yfir verkið til enda. Uppákomur eru þeim mun dýrari sem viðfangsefnið er stærra. En með leyfi forseta les ég örlítið áfram á bls. 24:

„Ekki er víst að hönnunarbreytingar og villur hefðu orðið neitt áberandi ef hönnun loftræsikerfisins hefði ekki hrunið algerlega. Samþykktir arkitekta á efni og útfærslum voru einnig seint á ferðinni sökum mikils vinnuálags á húsameistara og olli þetta töfum og vandræðum." — Örlítið neðar: „Til viðbótar kom upp það vandamál á verktímanum að berggrunnur sá sem byggt var á reyndist lakari en búist hafði verið við. Leiddi það ásamt auknum kröfum vegna jarðskjálfta til að setja þurfti sérstakar bergfestur."

Og á bls. 30 segir um sama mál: „Almenna verkfræðistofan vildi fá Orkustofnun til að bora áður en framkvæmdir hófust til að kanna jarðveginn betur en það fékk ekki jákvæðar undirtektir vegna þess hversu dýrt það var talið vera."

Þarna er gott dæmi um sérislenska hefð, miklu víðtækari en hérlenda byggingarhefð. Ekki að kanna, ekki að rannsaka eða undirbúa, bara rjúka af stað. Hvað skyldi hafa kostað að framkvæma þær rannsóknir sem þarna var beðið um? Við því er ekki svar í þessari skýrslu, en ljóst er að umframkostnaður þarna varð 30 millj. kr.

Fleiri dæmi. Bls. 27: „Rafhönnuðir gengu einnig í fyrstu út frá upphaflegri hönnun. Út frá þeim forsendum ákváðu þeir m.a. að byggja á hulinni pípulögn í steypu. Þegar loft höfðu verið steypt var sú breyting gerð að hreinlætiskjarnar voru færðir til og var þá nauðsynlegt að bora göt í plötu vegna þeirrar tilfærslu. Við þetta ónýttust að þeirra mati um 70% af lögnum í steypu. Þetta leiddi til nýrrar hönnunar byggðri á bakkalögnum sem hafði í för með sér brunatæknileg vandamál vegna hinna ströngu staðla sem notaðir voru, auk þess sem víða var erfitt að koma bakkalögnum fyrir vegna annarra lagna."

Hvað skyldi nú hafa orðið um þau 30% af lögnunum sem eftir voru heilar í steypunni? Liggja þær þar enn og bíða betri tíma?

Á bls. 31 segir, með leyfi forseta: „Í desember 1985 kom endanlega í ljós að endurhanna þyrfti loftræsikerfið og ýmis önnur vandamál í hönnun voru fyrirsjáanleg, bæði hjá Fjarhitun hf. og öðrum hönnuðum."

Ótal svona dæmi er hægt að taka. Það úir og grúir af þeim. En fljótlegast og fróðlegast er að skoða teikningar af flugstöðinni, sem fylgja skýrslunni, þar sem skástrikuð eru þau svæði sem breytt var á byggingartíma, þéttstrikuð þar sem miklar breytingar voru gerðar, önnur gisnari þar sem minna var breytt. Í raun er skýrslan dapurlegur vitnisburður um óhæf vinnubrögð. Fyrst er öllum áætlunum breytt, eins og sést á listum á bls. 36 og bls. 4–5, í trausti þess að einhver borgi, sem og verður, þjóðin bregst ekki því trausti, en svo geta þeir sem öllu breyttu ekki einu sinni reiknað eigin breytingar til enda. Þar rekur hvað annað.

Freistandi væri að fara út í talnaleik og talnasamanburð, spyrja t.d. hvað hefði verið hægt að gera fyrir margumræddan milljarð, að ég tali ekki um alla milljarðana þrjá, en ég hætti mér ekki út í slíkan leik, spyr einungis hvort krafa þjóðarinnar um flugstöð hafi verið svo hávær að ekki yrði lengur á móti staðið. Voru þær raddir sem vildu flugstöð sterkari en þær sem vildu barnaheimili, skóla, betri heilbrigðisþjónustu, betri laun, fæðingarorlof, lífeyri, öflugri menningu svo dæmi séu tekin?

Í þessari ljótu skýrslu koma margir við sögu sem ekki geta vikist undan ábyrgð, en endanlega er hún hjá ráðherrunum sem hlut eiga að máli. Og þó ábyrgð geti verið afstæð hjá svokölluðum yfirmönnum geta þeir ekki vikist undan því að bera persónulega ábyrgð á því að verkinu er hraðað meira en góðu hófu gegnir á lokasprettinum. Það lágu fyrir yfirlýsingar um að flugstöðinni yrði ekki lokið á tilsettum tíma, þ.e. 1. mars 1987, eins og til stóð. Það sést greinilega á línuritunum, sem er að finna í skýrslunni yfir mannafla í stjórnun og í verkframkvæmd, að allt ofurkapp var samt lagt á að verkinu skyldi lokið og ekkert til sparað, ef ekki 1. mars 1987 þá a.m.k. fyrir 25. apríl 1987. Þessi seinni dagsetning er að vísu hvergi nefnd, en það er svo augljóst að það sér hvert mannsbarn.

Á bls. 36 segir í skýrslunni, með leyfi forseta: „Óbeinn kostnaður við að opna í apríl hefur ekki verið metinn, en ljóst er að hann nemur tugum milljóna kr."

Flugstöðin var opnuð 14. apríl 1987, að vísu ekki fullbúin, en nóg til þess. Nær kosningum hefði líka verið ósmekklegt að fara. Flugstöðin var sem sagt opnuð fyrir kosningar, en reikningarnir ekki fyrr en eftir kosningar. Nálgast þetta ekki barnaskap eða er þetta bara einkennileg tilviljun?

Og enn leyfi ég mér að lesa úr skýrslunni, virðulegi forseti, á bls. 8, sem fjallar um fjármál:

„Með bréfi dags. 29. apríl 1987 barst sú vitneskja til fjmrn. frá byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli að verulegt fé vantaði til byggingar stöðvarinnar umfram það sem ætlað hafði verið. Fjárþörf vegna gildandi verksamninga út árið 1987 var þar talin vera 450–480 millj. kr. umfram fjárheimild ársins sem var 520 millj. kr. Ráðuneytið heimilaði með bréfi dags. 11. maí 1987 bráðabirgðalántöku að fjárhæð 480 millj. kr. Í júlímánuði 1987 barst ráðuneytinu áætlun frá byggingarnefnd um fjárþörf til verkloka sem nú voru áætluð árið 1988, en í febrúar 1987 hafði framkvæmdastjóri ætlað verklok í júní 1987. Í júlíáætluninni kom í ljós að fjárþörfin umfram þær 520 millj. kr. sem veittar voru á lánsfjáráætlun árið 1987 var 890 millj. kr. Fjárvöntun í þessum mæli kom svo á óvart í ráðuneytinu að þess var farið á leit við Ríkisendurskoðun að hún gerði úttekt á byggingarkostnaði flugstöðvarinnar frá upphafi ásamt mati á tæknilegum þáttum og framkvæmdum tengdum byggingunni. Hófst sú úttekt um miðjan ágúst 1987.“ — Hér er svo árangurinn, þessi skýrsla.

Er von að spurt sé um ábyrgð? Hvernig getur þetta gerst? Enginn veit neitt. Allir halda eitthvað annað. Það er vanáætlað og það er ofáætlað og svo verða allir voðalega hissa. Fjárvöntunin kom svo á óvart. — Ja, það hefði stundum þótt ástæða til að fylgjast með af minna tilefni. Hvort sem menn vissu eða vissu ekki er ábyrgðin söm. Hvernig ætla menn að standa veggbrattir frammi fyrir þegnum sínum og krefjast ábyrgðar og heiðarleika af þeim, leggja á þá skatta af brýnustu nauðsynjum, ætlast til þess að þeir vinni myrkranna á milli, svíki ekki undan skatti, vinni ekki „svarta“ vinnu, beri ábyrgð á lífi sínu og hegðun, börnum sínum og heimilum, svíkist ekki í neinu undan ábyrgð með slíkar fyrirmyndir?

Er von þó virðing alþm. og hins háa Alþingis fari þverrandi, því þetta er ekki í fyrsta skipti sem þjóðin verður vitni að misbeitingu valds? Menn deila og drottna í skjóli valds sem þeir hafa þegið af þjóðinni og slá um sig skjaldborg samtryggingar, hygla hver öðrum, útdeila bankastjórastöðum og sýslumannsembættum eins og vinningum í valdabingói, útiloka óæskilega menn, hleypa æskilegum inn, halda verndarhendi yfir hverju fjármálahneykslinu af öðru sem kostar almenning stórfé. Milljónum er hent út um gluggann með annarri hendinni, með hinni strikaðar út fjárveitingar til alls konar velferðarmála. Menn hafa ekki efni á að sjá börnum, gamalmennum og fötluðum fyrir almennilegri umsjá, ekki efni á að reka góða skóla, ekki efni á menningu, ekki efni á að borga konum skikkanleg laun svo að eitthvað sé talið.

Ég held ekki að Kristur hafi átt við þetta þegar hann sagði að hægri höndin ætti ekki að vita hvað sú vinstri gerði. Er það furða þó hrikti í valdastoðunum? Þær skyldu þó ekki vera mölétnar að innan?

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef lesið þá skýrslu, sem hér hefur einkum verið til umræðu, frá Ríkisendurskoðun um smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og ég get ekki orða bundist vegna ýmissa þeirra þátta sem ég hef rekið augun í við lestur þessarar skýrslu.

Það sem er rauði þráðurinn í þessari skýrslu er að hér hafa átt sér stað óheyrileg hönnunarmistök, hönnunarmistök sem kosta íslenska skattgreiðendur nær 1 milljarð kr. Ég hef í huganum verið að leggja þetta mál að jöfnu við Kröflumálið sem kom mjög til umræðu á hinu háa Alþingi á sínum tíma. Niðurstaðan af allri þeirri umræðu varð sú að þar var enginn maður ábyrgur. Það bar enginn ábyrgð á því sem þar hafði gerst og íslenska þjóðin er enn þá að greiða hundruð milljóna á hverju einasta ári fyrir mistökin sem þar voru gerð.

Ég held ég verði að segja það sem mína skoðun að í þessari skýrslu kemur mjög skýrt fram að það er embætti húsameistara ríkisins sem ber mjög verulega sök í þessu máli. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það embætti ætti að leggja niður. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að hafa embætti húsameistara ríkisins með þeim tilkostnaði sem ríkissjóður verður fyrir vegna þess embættis og m.a. vegna margvíslegrar gagnrýni sem komið hefur fram á embættið, ekki bara í þessu máli heldur í fleiri málum.

Annar þáttur þessa máls, sem er mjög áberandi í þessari skýrslu, er sambandsleysi byggingarnefndar og hönnunaraðila við lögmæt stjórnvöld í landinu. Þetta er sagt skýrum orðum í skýrslunni og kemur m.a. fram að stjórnvöld hafi haft á tímabili a.m.k. sáralitla vitneskju um hvernig komið var málum við smíði flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Hér hefur ýmislegt verið nefnt sem fram hefur komið í skýrslunni, en mig langar að bæta við nokkrum atriðum.

Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að hugtakið „ábyrgð“ er að verða mjög óljóst að ég hygg í hugum margra þm. Ég minni þingheim á að ekki fyrir löngu var fræðslustjórinn í Norðurlandskjördæmi eystra sviptur starfi sínu á einni nóttu, sviptur launum fyrir það að fara nokkrar krónur fram úr þeirri áætlun sem hið háa menntmrn. hafði gert honum að fara eftir. Á bls. 5 í þessari skýrslu er talað um óskiptan kostnað, 871 millj., sem aðallega hefur verið til umræðu hér, og þar er setning sem ég held að flestir hljóti að hafa staðnæmst við, en þar segir, með leyfi forseta:

„Athugun Ríkisendurskoðunar hefur leitt í ljós að viðbætur og magnaukning eru efnislega til staðar. Hvað kostnað varðar eru flest atriðin sem um er að ræða byggð á útboðum og verður því að telja að kostnaður við þau sé eðlilegur.“

Hér er engu slegið föstu, en síðan segir, með leyfi forseta: „Aðrar tölur eru þó byggðar á umdeilanlegum forsendum og stundum á hreinni ágiskun, t.d. kostnaður vegna endurhönnunar, sem fundinn er þannig að deilt er með tveimur í heildarkostnað vegna sérfræðiþjónustu og hönnunar.“

Það er deilt með tveimur í heildarkostnað vegna sérfræðiþjónustu og hönnunar. Það eru hreinar ágiskanir sem koma fram frá byggingarnefnd um hver kostnaður vegna endurhönnunar hefur í raun og veru verið, en hann er gefinn upp í skýrslunni um 100 millj. kr.

Þá segir á bls. 6 m.a. um einn dýrasta endurhönnunarþáttinn, með leyfi forseta:

„Þegar samningar við Hagvirki hf. voru á lokastigi um áramótin 1985/1986 kom í ljós að endurhanna þyrfti loftræsikerfið, auk þess sem hönnun á öðrum sviðum var áfátt." Hönnunin kemur hér við sögu enn á ný.

Á bls. 7 segir m.a., með leyfi forseta: „Varðandi yfirstjórn verkefnisins verður að telja að skort hafi á heildaryfirsýn, bæði fjárhagslega og framkvæmdalega. Samræmdri áætlanagerð og eftirfylgni hennar var ábótavant."

Neðar á þessari sömu bls. segir, með leyfi forseta: „Upplýsingagjöf um gang og stöðu verkefnisins til ýmissa opinberra aðila var áfátt. Áfangaskýrslur voru ekki gefnar út eftir 17. febr. 1984."

Í skýrslum utanrrh. til Alþingis um utanríkismál árin 1984–1987 er í kafla um byggingu flugstöðvar ekki gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu frá upphaflegri áætlun. Ástæðan sem ríkisendurskoðandi gefur upp er sú að utanrrh. hefur ekkert um málið vitað.

Á bls. 8 segir, með leyfi forseta: „Framreiknuð kostnaðaráætlun fyrir verkið í heild var ekki send fjármálayfirvöldum á verktímanum og ekki var gerð grein fyrir kostnaði vegna meiri háttar breytinga og aukningar á framkvæmdum." Þetta rennir enn stoðum undir þá fullyrðingu mína að sambandsleysi hafi verið milli byggingaraðila og stjórnvalda.

Á bls. 9 segir enn fremur, með leyfi forseta: „Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var sótt um aukafjárheimild og ekki vakin athygli fjárveitingavaldsins á vandanum fyrr en með bréfi dags. 29. apríl 1987", en þá var búið að taka stöðina í notkun.

Síðan segir, með leyfi forseta: „Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið viðhlítandi skýringu á þessu."

Ég sagði áðan að hér hefðu orðið mikil hönnunarmistök. Ég get ekki lesið annað úr þessari skýrslu en að það sé embætti húsameistara ríkisins sem ber ábyrgð á hönnun þessa verks, enda kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 23, með leyfi forseta:

„Húsameistari ríkisins var arkitekt byggingarinnar og hafði þegar í „samhöfundasamstarfinu" 1980 verið mótandi aðili. Hann var hönnunarstjóri frá árinu 1981, en hafði áður verið hönnunarstjóri ásamt Henry Shriver. Verksvið hans var skilgreint þannig í upplýsingum framkvæmdastjóra til byggingarnefndar í janúar 1984:

Hönnunarstjóri gerir heildaráætlun um verkið og sér um hönnun þess, samræmir vinnu hönnuða og sér um að öll hönnunargögn séu tilbúin á réttum tíma. Hann annast samskipti við hönnunarstjóra bandarísku hönnunaraðilanna. Að fengnu samþykki byggingarnefndar sér hönnunarstjóri um útfærslu breytinga á hönnun, fer yfir framlagðar teikningar og gerir tillögur um efnisval og samþykkir breytingar."

Samkvæmt þessari klausu er ábyrgðin á hönnun verksins alfarið í höndum húsameistara ríkisins.

Síðan segir á þessari sömu blaðsíðu, með leyfi forseta: „Húsameistari hafði einnig umsjón með þeirri endurskoðun þarfagreiningar sem fram fór árið 1984 og leiddi til umfangsmikilla breytinga, sbr. skýrslu hans dags. í júní 1985."

Á bls. 24 er rætt um útboð og hönnun og þar segir, með leyfi forseta: „Mikið var um villur í útboðsgögnum og sífelldar breytingar og viðbætur voru að berast á byggingartímanum."

Sem dæmi um þær breytingar og villur sem fram komu langar mig að nefna eitt atriði í skýrslunni. Þar er fjallað um sérstaka lampa sem notaðir eru í flugstöðinni. Þar segir Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Að beiðni hópsins [það er vinnuhópur] gerði eftirlit sérstaka skýrslu um lampa, en eftirlitið hefur bent á að þetta sé dæmi um ófullkomleika útboðs- og verklýsingar fyrir verksamning FK 5 [sem mikið hefur verið ræddur hér í dag] þ.e. að magntölur hafi verið vanáætlaðar í útboði, verklýsing hafi ekki verið nógu nákvæm þannig að það sem keypt var varð annað en gert hafði verið ráð fyrir í útboði."

Í skýrslunni, sem er hér meðfygjandi merkt fskj. 18, er greint frá því að í útboðslýsingu hafi verið tilgreindir 3215 lampar í byggingunni, en við verklok voru þeir orðnir 5573. Í skýrslunni er frá því greint að samþykkt á lömpum hafi tekið 13 vikur og þær útfærslur sem hönnuðir hafi beðið um hafi valdið verulegum aukakostnaði. Og hver skyldi nú vera aukakostnaðurinn vegna þessara lampa? Jú, samkvæmt útboði eða upphaflegri áætlun er gert ráð fyrir að þeir muni kosta 15,7 millj. Endanlegur kostnaður er 37,8 millj. Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum dæmum og hér erum við þó aðeins að tala um tugi milljóna. En mistökin skipta hundruðum milljóna.

Virðulegi forseti. Ég hef nefnt tvö mjög mikilvæg atriði sem fram koma í þessari skýrslu. Það eru hönnunarmistökin og sambandsleysið. Ég vil segja það að í kafla skýrslunnar sem fjallar um stjórnun verksins kemur það enn skýrar fram hver ber ábyrgð á hönnuninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess var ætlast að hönnuðir bæru ábyrgð hver á sínum hluta hönnunarinnar og stjórnuðu sínu verki sjálfir. Húsameistari sem hönnunarstjóri hefur lýst sínu hlutverki fyrst og fremst sem samræmingaraðila á „arkitektoniskum" atriðum og vísar til langrar hefðar hér á landi í því efni", vísar til langrar hefðar í þeim efnum hér á landi. „Þessi aðferð gekk upp meðan ekkert óvænt skeði. Þegar erfiðleikar komu upp í hönnunarmálum kom í ljós að stjórnarþáttur þessa máls hafði verið vanmetinn."

Í skýrslunni er einnig gagnrýnt mjög harðlega hvernig staðið var að bókhaldi við allt verkið. Þar

segir, með leyfi forseta: „Samkvæmt ríkisbókhaldi er kostnaður vegna flugstöðvar færður á fjögur viðfangsefni, stjórnarkostnað, hönnunarkostnað, ráðgjafarkostnað og framkvæmdakostnað. Mánaðarlegar færslur ríkisbókhalds voru ekki yfirfarnar af skrifstofu byggingarnefndar. Þetta leiðir til þess að augljósar villur milli viðfangsefna eru ekki leiðréttar og oft er ekki samræmi í færslum, sérstaklega milli hönnunarkostnaðar og ráðgjafarkostnaðar. Þetta hefur þó ekki áhrif á niðurstöður heildarkostnaðar. Byggingarkostnaður er einungis uppfærður eitt árið, þ.e. 1984." Það er eina árið sem byggingarkostnaður við þetta mikla mannvirki er uppfærður.

Þá er þriðja atriðið og lokaatriðið, virðulegur forseti, sem ég vil koma að en mér virðist hafa gleymst í þessari umræðu, og það er að þrátt fyrir þann byggingarkostnað og aukningu hans sem við höfum verið að fjalla um hér í dag kemur fram í skýrslunni að það er æðistór upphæð eða kostnaður vegna smíði flugstöðvarinnar sem ekki er færður í bókhald hennar. Þessa er getið á bls. 66. Þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Eiríkssyni greiddu Bandaríkjamenn hönnunarkostnað, sem stofnað hafði verið til fyrir ágústmánuð 1983, vegna stöðvarinnar, svæða og annars sem tengist byggingunni. Samtals var þessi kostnaður 1 millj. 759 þús. 866 bandaríkjadollarar og var greiddur bæði íslenskum og bandarískum aðilum." Þessi kostnaður kemur ekki inn í þann byggingarkostnað sem við erum að tala um í dag.

Í öðru lagi, með leyfi forseta: „Samkvæmt samkomulaginu við Bandaríkjamenn halda þeir eftir 200 þús. bandaríkjadollurum af 20 millj. bandaríkjadollara framlagi vegna kostnaðar þeirra sjálfra við stjórnun og eftirlit eða 1%. Ef gert er ráð fyrir að þessi kostnaður falli til eins og greiðslur Bandaríkjamanna er þessi kostnaður 10 millj. 232 þús. kr. á verðlagi í september 1987."

Í þriðja lagi, með leyfi forseta: „Hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur verið eignfærður ýmis kostnaður vegna undirbúnings byggingar stöðvarinnar. Kostnaður þessi, sem hefur fallið til á árunum 1973–1983, er um 35,3 millj. kr. á verðlagi 1. jan. 1987." Þetta er ekki inni í tölunum yfir byggingarkostnað flugstöðvarinnar.

Í fjórða lagi, með leyfi forseta: „Nefndarlaun núverandi byggingarnefndar eru gjaldfærð og greidd hjá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Þau nema samtals um 3,2 millj. kr."

Í fimmta lagi, með leyfi forseta: „Ýmis annar kostnaður hefur fallið til fyrir 1978 og er ekki greiddur af Íslendingum, t.d. kostnaður vegna sérfræðings frá ICAO og Vilhelm Lauritzens Tegnestue A/S. Ríkisendurskoðun hefur ekki upplýsingar um þann kostnað." Í raun og veru erum við því að tala um hærri tölur en koma fram í endanlegum útreikningum Ríkisendurskoðunar eða framreikningi á kostnaðaráætlun sem Seðlabanki Íslands gerði.

Ég hygg, virðulegi forseti, að þetta mál sé þess eðlis að því megi að verulegum hluta líkja við Kröflumálið fræga að því leytinu til að það er enginn ábyrgur. Og ég er sannfærður um það að allir hv. þm., jafnvel þeir sem verja kostnaðaraukann við flugstöðvarbygginguna, og raunverulega geta ekki annað, hljóta að viðurkenna það að í þessu máli hlýtur ábyrgð að falla á einhvern. Annað er hrein fásinna. Við horfðum upp á mál af þessu tagi fyrir nokkrum árum, deildum um það mjög hart hér á hinu háa Alþingi. Það mál, Kröflumálið, lagði hundruð og þúsund millj. kr. aukaskatt á íslenska þjóð. Þetta mál er af þeim toga spunnið að það gerir slíkt hið sama.

Við erum núna að tala um mjög umtalsverða aukningu á skattgreiðslum íslensku þjóðarinnar. Það er hart að þurfa að viðurkenna það að vegna óstjórnar í hönnunarmálum, vegna sambandsleysis stjórnvalda og þeirra aðila sem sáu um þessa byggingu skuli koma til nýr aukaskattur. Ég harma það mjög. Og ég hvet til þess að í framtíðinni þegar íslenska ríkið stofnar til framkvæmda af þessu tagi þá verði þess gætt vandlega að betra eftirlit verði haft með kostnaðaráætlunum og með þeim mönnum sem hafa yfirstjórn á verkum á hverjum tíma.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fara löngu máli um þessa skýrslu né heldur um málið almennt, heldur ætlaði ég að fara nokkrum orðum um ákveðna þætti málsins og velta því aðeins fyrir mér hér úr þessum stól, ef það mætti verða til þess að hjálpa til við áframhaldandi umhugsun og umræðu um þetta mál, velta því aðeins fyrir mér hvar er komið stöðu og ábyrgð þjóðþingsins, lýðræðisins, þingræðisins, framkvæmdarvaldsins, þegar við stöndum frammi fyrir þeirri alvarlegu staðreynd að það hefur verið farið fram úr fjárveitingaheimildum þessarar virðulegu stofnunar svo nemur 871 millj. kr. samkvæmt þessum gögnum. Það liggur einnig fyrir samkvæmt upplýsingum þessarar skýrslu að byggingarnefndin telur sig hafa haft allar heimildir í þessu efni frá sínum yfirboðara sem er þáv. hæstv. utanrrh. Allar heimildir.

Ég ímynda mér að það hafi þá gengið þannig fyrir sig að byggingarnefndin hafi óskað eftir því að fá framlag innan fjárlagaheimilda eða til viðbótar við þær úr ríkissjóði, kannski án þess að tilgreina í hvað peningarnir áttu nákvæmlega að fara, beðið um yfirfærslu á summum, tilteknum upphæðum án þess að greina frá því nákvæmlega hvort um væri að ræða rör eða gardínur eða eitthvað því um líkt. Þessar upphæðir hafi síðan verið yfirfærðar. Þetta hafi náttúrlega gerst vegna þess að í fjmrn. naut verkið velvildar undir forustu hæstv. páv. fjmrh. sem m.a. birtist í því að nánasti samstarfsmaður hans á skrifstofu Sjálfstfl., Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri, var einn af þeim mönnum sem höfðu með málið að gera.

Nú kunna menn að velta því fyrir sér og setja á

stór orð um það hvað eigi að gera við þessa menn, þ.e. hæstv. núv. samgrh., hæstv. forsrh. og framkvæmdastjóra Sjálfstfl. — sem ég ætlaði nú að fara að kalla hæstv. og væri það svo sem eftir öðru að maður yrði skyldaður til þess einn góðan veðurdag í þessu landi. — Hvað á að gera við þessa menn? Frammi fyrir því stöndum við sem hér sitjum og berum ábyrgð gagnvart þjóðinni að við eigum tveggja kosta völ samkvæmt ákvæðum íslenskra laga. Önnur leiðin er sú að ákveða það hér á Alþingi að landsdómur verði kallaður saman til þess að fjalla um embættisfærslu þessara núv. ráðherra þó í öðrum póstum séu. Hin leiðin er sú að bera fram tillögu á Alþingi um vantraust á ráðherrana. Þetta eru þau úrræði sem þingið á samkvæmt lögum landsins.

Um fyrra úrræðið, þ.e. landsdóm, er það að segja að hann hefur aldrei verið kallaður saman. Og ég hygg að það megi með nokkrum rökum halda því fram að lagaákvæðin um landsdóm séu orðin svo úrelt að það sé tæplega hægt að gera ráð fyrir því að hann teljist virkur þáttur í okkar stjórnkerfi nema með því að breyta lögunum um landsdóm frá því sem þau voru sett á sínum tíma að því er varðar vissa tæknilega útfærslu hans.

Hin leiðin, að bera fram till. til þál. um vantraust á þessa hæstv. ráðherra, er einnig mjög snúin vegna þess að þeir eru ráðherrar í samsteypustjórn og yrðu vafalaust varðir af sínum samstarfsflokkum gagnvart slíkri vantrauststillögu og þess vegna bæri hún ekki árangur að ætla má. Ég geri ekki ráð fyrir því að Alþfl. mundi þrátt fyrir yfirlýsingar formanns hans um hneykslið styðja vantrauststillögu á kollega sína í ríkisstjórn.

Og hvað er okkur þá eftir skilið í þessu efni þegar maður virðir það um leið fyrir sér að fyrir því er eitt fordæmi að opinber embættismaður hafi umsvifalaust verið leystur frá starfi vegna þess að hann fór yfir fjárlagaheimildir, fræðslustjórinn Sturla Kristjánsson, fyrir einu ári eða svo heldur vansællar minningar fyrir þessa stofnun? Hvaða leiðir eru í rauninni til? Vegna þess að það er nauðsynlegt hvað sem öllu öðru líður að átta sig á því að þegar mistök eiga sér stað er það eðli hins lýðræðislega þjóðfélags að það sé hægt að átta sig á því nákvæmlega hvar ábyrgðin liggi í málinu. Hvar liggur ábyrgðin?

Við höfum staðið frammi fyrir fleiri hliðstæðum málum hér á Alþingi, mjög erfiðum málum. Hliðstæðum að því leyti að það hefur verið erfitt að átta sig á því nákvæmlega hvar ábyrgðin lægi. Dæmi: Útvegsbankamálið. Þar var um að ræða ríkisfé, ríkiseign. Þar var um það að ræða að opinberir sýslunarmenn stóðu ekki vörð um þessa eign eins og þeir hefðu átt að gera. Og má svo endalaust um það deila af hverju þetta fór svona hjá þeim en ekki á betri veg. Við héldum langar ræður daglangt og náttlangt hér í þessari virðulegu stofnun um þetta mál og ekki var það væntanlega einvörðungu til þess að halda ræðurnar, þó sumum finnist gaman að því, heldur var það kannski fyrst og fremst til þess að tjá óánægju sína með niðurstöðu. En þar við sat í rauninni. Ábyrgðin var ekki skráð á þessa aðila með þeim hætti sem nauðsynlegt er að unnt sé að gera. Ég held þess vegna að við þurfum að komast út úr því stigi ef okkur þykir vænt um lýðræðið og þingræðið, sem okkur þykir örugglega öllum, þá þurfum við að komast út úr því stigi að við látum okkur nægja að setja á langar ræður og deila um málin hér. Við þurfum að finna málum af þessu tagi eðlilegan farveg. Á að skýra t.d. betur og setja ný lög um ráðherraábyrgð svo ég nefni sem dæmi? Eða á að setja almenn lög um ábyrgð opinberra sýslunarmanna hvar svo sem þeir eru? Kæmi til greina að mínu mati. Og ég nefni þetta vegna þess að mér finnst niðurstaðan í þessu flugstöðvarmáli fyrst og fremst ákaflega dapurleg vegna þess að allir segja í rauninni: Ekki ég. Ekki ég. Þó liggur það fyrir að ákveðin upphæð, 1000 millj. kr., hefur farið fram yfir heimildir þessarar stofnunar. Þó liggur það fyrir og í rauninni gera menn lítið annað en halda langar tölur.

Þingflokkur Alþb. hefur lagt fram ákveðna tillögu þar sem lagt er til að kosin verði nefnd til þess að rannsaka þennan þátt sérstaklega, ábyrgðina hjá hönnuðum, húsameistara, byggingarnefnd, einstökum ráðherrum. Ég held að það væri skynsamlegt að setja svona nefnd niður. Það gæti verið leið að því marki að á þessum málum yrði tekið nokkuð föstum og traustum tökum. Ég mun aðeins koma nánar að þessu máli hér á eftir.

Ég sagði í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að ég ætlaði ekki að fara að ræða þessa skýrslu nákvæmlega, það er búið að lesa mikið upp úr henni, en fjarska fannst mér athyglisverð ein setning hér neðst á bls. 56, þar sem ríkisstjórnin og Fjárlaga- og hagsýslustofnun og utanrrn. eru að reyna að hjálpast að við það að plata Ameríkanann til að fá pínulítið meira út úr honum á einu tilteknu ári. Ég ætla að lesa, virðulegi forseti, upp úr svarbréfi Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 18. nóv., við skriflegum fyrirspurnum Ríkisendurskoðunar um þetta mál:

„Rétt er það sem fram kemur í bréfi yðar, að „framkvæmdastjóri byggingarnefndar" benti Fjárlaga- og hagsýslustofnun á, skömmu eftir samþykkt fjárlaga og lánsfjárlaga, að rétt hefði verið að lækka framlag Bandaríkjamanna að sama skapi," stendur hér, sem framkvæmdum miðaði hægar árinu á undan.

Hins vegar var honum gerð grein fyrir því að þetta hefði verið gert af ásettu ráði — þeir voru svo klókir þarna í byggingarnefndinni — ásettu ráði til að halda opnum þeim farvegi ef Bandaríkjamenn væru fúsir að láta fé af hendi rakna til framkvæmdanna örar en áætlað hafði verið.

Þannig átti að opna þann möguleika að Kaninn borgaði aðeins meira og það átti að reyna að svindla pínulítið á þeim, Könunum, með því að láta þá ekki vita alveg nákvæmlega hvernig þetta hefði gengið fyrir sig á fyrra ári. Þessi setning vakti athygli mína á þeim móral sem var í kringum þessa framkvæmd þar sem allir reyndu að plata alla að því er virðist.

Að lokum er staðan sú að sá sem situr hér á móti mér ber í rauninni stærsta ábyrgð á þessu máli, að mínu mati, hvað sem öllu öðru líður.

Ég ætla að víkja aðeins, virðulegi forseti, að ræðu hæstv. samgrh. Það var fyrst það þegar hann sagði að *það væru aðallega óánægðir vinstri menn og* herstöðvaandstæðingar sem hefðu verið að agnúast út í þessa flugstöð. Þeir hefðu helst viljað hafa gömlu flugstöðina til þess að fólk sem kæmi til landsins og færi frá því sæi að herinn væri hér og ekki yrði um þennan aðskilnað að ræða. Og hæstv. ráðherra tók þannig til orða að þessir herstöðvaandstæðingar *hefðu haft þessa afstöðu vegna þess* að þeir hefðu pólitíska hagsmuni af óbreyttu ástandi.

Ég segi alveg eins og er að ég skil ekki hvernig í ósköpunum hæstv. ráðherra finnur þetta út því að staðreyndin er sú að andstaða okkar við flugstöðina stafaði fyrst og fremst af því að inn í þetta samgöngumannvirki, sem á að þjóna Íslendingum, voru teknir erlendir peningar. Við töldum að með þessu væri verið að innleiða aronskuna hér í íslensku efnahagskerfi og utanríkismálastefnu. Við vöruðum við þessu og áttum í rauninni lengi vel góðan stuðning í þessum efnum hjá ákveðnum hópi í Sjálfstfl. sem vildi ekki blanda saman efnahagslegum hagsmunum og utanríkisstefnunni. Við lögðumst gegn flugstöðinni og byggingu hennar, eins og hæstv. samgrh. benti á, og stöðvuðum í raun og veru þessar hugmyndir á árunum 1980–1983.

Ég man það örugglega lengi hvernig sendiherra Bandaríkjanna á þeim tíma, Marshall Brement, reyndi aftur og aftur að hafa áhrif á atburðarásina á árunum 1980–1983 til þess að tryggja það að af þessari framkvæmd yrði og Alþb. sem andstöðuflokkur í þessu efni yrði borið ofurliði. Það eru býsna skuggalegir hlutir sem verður kannski sagt frá *eftir 30 ár þegar birtar verða dagbækur bandarískra* sendiherra á Íslandi frá árunum 1980–1983 eins og nú er verið að gera frá árunum 1945–1950. Það hygg ég að verði býsna fróðlegir hlutir að sjá.

Auðvitað var þróun málsins sú að íhaldið og kratarnir og Kaninn höfðu á því sérstakan pólitískan áhuga að koma þessari flugstöð upp til þess að ganga yfir herstöðvaandstæðinga í þessu landi. Þeir höfðu pólitískan áhuga á því og það er þess vegna engin tilviljun að rétt eftir að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar er mynduð árið 1983 þá er gengið frá upphaflegum pappírum í sambandi við þetta mál. Ég tel að offorsið í málinu hafi stafað af því að þarna voru menn að reisa pólitískt flagg. Þarna var flaggskipið sem átti að *sigla á þessu kjörtímabili, 1983–* 1987, í þessum málum og það var reynt þó að niðurstaðan liggi nú fyrir, sem sé sú að það er brotlending í málinu. Þrátt fyrir myndirnar af frambjóðendunum í Reykjaneskjördæmi rétt fyrir kosningar fyrir utan flugstöðina, litprentaðar í kosningabæklingum íhaldsins á Reykjanesi, þrátt fyrir það að *það tækist að opna sjoppuna fyrir kosningarnar,* þrátt fyrir dýrðina, þá er um pólitíska dapurlega brotlendingu að ræða.

Það er eitt atriði enn sem ég ætla að nefna hér, virðulegur forseti, úr þessum aðdraganda í sambandi við Alþb. og það var að Alþb. hafði áhrif á það að húsið var minnkað, plönin um húsið voru minnkuð. Og til marks um skepnuskap Alþb. og þröngsýni, hvað haldið þið að ráðherrann hafi nefnt: Reykskynjara! Reykskynjarar voru skornir niður úr hönnuninni fyrir kröfu Alþb. Hugsið ykkur þvílíkt og annað eins! Ja, það er erfitt að finna rök þegar menn þurfa að sækja svona langt eftir þeim.

Hæstv. samgrh. sagði: Það kom snemma í ljós að niðurskurðurinn var óraunhæfur. Og þá ætla ég að spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju var það ekki tryggt að Alþingi væri látið vita af þessu? Ég er að spyrja hæstv. ráðherra og ég vil að hann svari því: Af hverju var Alþingi ekki látið vita? Af hverju gerðist það haustið 1984 að við fengum ekki tillögur um hækkanir á þessum framlögum heldur blað frá utanrrn. um það að í rauninni hefði flugstöðvarplanið reynst mikið ódýrara en áður hafði verið gert ráð fyrir. Og talsmenn flugstöðvarinnar í þessum sal gengu hér um með stjörnur í augunum og sögðu: Þetta verður ódýr flugstöð, ódýrari en talað hafði verið um.

Þessi ódýri pappír, í margföldum skilningi þess orðs, er eini marktæki pappírinn, ekki marktæki í raun og veru, eini formlegi pappírinn sem fjh.- og viðskn. fékk um þessa flugstöð árin 1983, 1984, 1985 og 1986. Ekkert annað liggur þar fyrir. Ég hef beðið starfsmann fjh.- og viðskn. Nd. og formann nefndarinnar bæði nú og á síðasta kjörtímabili að rannsaka það hvaða pappírar eru til. Það er býsna ræfilslegt og ekki mikið af því að hafa.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn láta Alþingi ekki vita? Vildu menn fela þetta fyrir Alþingi? Er það hugsanlegt að þingið og þjóðin hafi ekki mátt frétta af þessu? Getur það verið, eins og hv. 18. þm. Reykv. lét liggja að hér áðan, að leyndin hafi að einhverju leyti verið með ráðnum hug, að það hafi átt að fela þennan umframkostnað fram yfir kosningarnar 1987? Getur það verið? Og ég spyr hæstv. samgrh.: Er hann tilbúinn til að leggja fram þau bréf til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem utanrrh. sagði frá hér áðan? Ég vil fá að sjá þau bréf. Ég vil fá að sjá þau bréf sem hæstv. utanrrh. sagði að Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefði fengið um þetta mál þegar kostnaðurinn fór hækkandi. Alþingi á rétt á því að fá að sjá þau bréf og Alþingi á líka rétt á því að fá svör við því frá hæstv. þáv. fjmrh. hvort hann hafi séð bréfin, hvort hann hafi fengið bréfin. Ef svo er: Af hverju lét hann þá Alþingi ekki vita? Og ef hann fékk þau ekki: Voru embættismenn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar að fara á bak við hann í þessu efni? Eða voru engin bréf? Er það rangt sem utanrrh. sagði hér áðan? Voru engin bréf í þessu efni? Var það kannski byggingarnefndin og utanrrh. þáv. sem allan tímann voru að fara á bak við fjmrh.? Eða var byggingarnefndin að fara á bak við hæstv. þáv. utanrrh.?

Ég segi fyrir mig, virðulegi forseti, ég er sannfærður um það að hæstv. þáv. utanrrh. og

hæstv. páv. fjmrh. hljóta að hafa vitað um þennan umframkostnað miklu fyrr en bréfin fóru að berast. Það getur ekki annað verið. Þó það sé ekki nema vegna þess að sérlegur flokksfulltrúi Sjálfstfl. í byggingarnefndinni er framkvæmdastjóri sama flokks.

Ég sagði hér áðan, virðulegur forseti: Hvar er ábyrgðin? Er ábyrgðin hjá hönnuðunum? Þeim hafa orðið á mistök. Er ábyrgðin þar? Hvaða leið er þá til þess að slá því föstu að þeir hafi ekki staðið undir þeirri ábyrgð sem væri nauðsynlegt ef þeir hafa misfarið með þann trúnað sem þeim var sýndur? Í læknalögum eru ákvæði um það að ef læknar standa að verkum með þeim hætti sem ámælisverður er út frá þeirra faglegu forsendum, þá eigi að svipta þá embættisleyfi, læknaleyfi. Á að fara í mál við hönnuðina? Hver á að gera það? Á hæstv. fjmrh. að fara í mál við hönnuðina og þar með í rauninni við sjálfan sig? Húsameistari ríkisins í öðru lagi ber stórfellda ábyrgð í þessu máli eins og hv. þm. Árni Gunnarsson benti á áðan og ég er alveg sammála honum um það að það hefði átt að vera búið að loka þeirri „stasjón" fyrir löngu, löngu, löngu. Ég kynntist því best eftir að ég fór að vinna hér niðri í þessum húsum. Húsameistari ríkisins, ekki meir, ekki meir. Ber hann ábyrgð? Hver mundi eiga að höfða mál gagnvart húsameistara ríkisins? Byggingarnefndin? Er ábyrgðin þar? Utanrrh. páv. Er ábyrgðin þar? Um það hef ég rætt nokkuð. Hæstv. páv. fjmrh.? Hæstv. páv. forsrh.? Núverandi utanrrh.? Alþingi?

Ég hygg að út af fyrir sig megi segja að Alþingi eða meiri hluti Alþingis beri ábyrgð í þessu máli vegna þess að Alþingi eða meiri hluti Alþingis báru ábyrgð á þeirri ríkisstjórn sem sat hér á þessum árum, 1983–1987. Þannig séð ber því Alþingi auðvitað vissa ábyrgð. En ef hvergi er hægt að koma fram ábyrgð gagnvart öllum þessum aðilum, hvað segir þá blessuð þjóðin sem sýnir okkur trúnaðinn? Hvað segir hún, og borgar kostnaðinn?

Það er kannski athyglisvert að bera þessar tölur, 871 millj. kr., saman við ýmis útgjöld ríkisins á þessu ári, 1987. Það má kannski nefna það að heildarútgjöld ríkisins til dagvistarstofnana á þessu ári eru 40 millj. kr. Þetta hefði nægt fyrir 22 ársframlögum þáverandi ríkisstjórnar til dagvistarheimila. Tuttugu og tveggja ára framlögum. Og það mætti bera þetta saman við fleira. Það má líka væntanlega benda á með fullri virðingu, herra forseti, að allt framlag Bandaríkjamanna er minna en umframkostnaðurinn þannig að þið hafið sjálfir staðfest það sem við sögðum að auðvitað gætum við byggt flugstöð sjálf. Framlag Bandaríkjamanna er minna en það sem fer fram úr í kostnaði við þessa stöð.

Ég hef hér, herra forseti, vikið að nokkrum almennum atriðum varðandi þetta mál og ætla að segja að lokum þetta:

Í fyrsta lagi. Er nauðsynlegt fyrir þingið að velta því fyrir sér hvort að það á að setja lög um ábyrgð opinberra sýslunarmanna og þar með að skýra lögin um ráðherraábyrgð vegna þess að landsdómsúrræðið og vantraustsúrræðið í þessu máli er dautt?

Í öðru lagi tel ég að þetta mál sýni það sem ég hef margoft nefnt úr þessum ræðustól og það er að það þarf að opna löglegar leiðir til að hér geti farið fram opnar yfirheyrslur yfir embættismönnum og stofnunum, rétt eins og tíðkast hefur í Bandaríkjunum um áratuga skeið og skapað virðingu þar í landi fyrir lýðræðinu og því að þar sé tekið heiðarlega á svona málum hver svo sem í hlut á og það sé ekki mikill munur á Jóni og séra Jóni.

Í þriðja lagi. Þetta mál er angi af herstöðvarmálinu og það sýnir betur en flest annað þá spillingu sem fylgir erlendu gjafafé. Þegar menn fara að taka við erlendu gjafafé til að knýja fram pólitísk mál eins og þetta, þá er hætta á spillingu. Það kemur fram í þessu máli.

Aðalatriðið er þó þetta, herra forseti: Því miður er þetta dapurlegt mál fyrir lýðræðið og þingræðið og við verðum að finna leið, sameinast um að finna leið sem tekur á málum af þessu tagi þannig að Alþingi Íslendinga öðlist þá reisn í vitund þjóðarinnar sem það þarf að eiga, það sé stofnun sem tekur á málum af þessu tagi af fullum myndugleik og veit hvernig á að gera það eftir mörkuðum leikreglum sem styðjast við eðlilegan lagabókstaf.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér eru til umræðu þrjú mál er varða kostnað og þá einkum umframkostnað við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Það er skýrsla Ríkisendurskoðunar, till. til þál. um rannsókn á ábyrgð á umframkostnaði og svo skýrsla utanrrh. um kostnað vegna byggingarinnar. (**Forseti:** Það skal vakin athygli hv. þm. á því að það er eitt mál til umræðu en það eru þrjú mál á dagskrá.)

Herra forseti. Þó að eitt mál sé nú til umræðu þá er það hárrétt hjá hæstv. forseta að það eru þrjú mál á dagskrá og ég hef tekið eftir því vegna þess að ég hef setið hér lengur í salnum en hæstv. forseti að þau hafa í raun öll verið rædd. Það var þess vegna sem ég sagði að þau væru til umræðu því þau hafa öll verið rædd hér hvort sem það er leyfilegt eða ekki.

Það ber að fagna því að mitt í ótrúlegum önnum þingsins rétt fyrir jól gefst tækifæri til þess að ræða þessi mikilvægu mál. Hins vegar verða þau hvergi nærri fullrædd á svo stuttum tíma, ekki síst vegna þess að þm. hefur ekki gefist neinn viðhlítandi tími til þess að kynna sér og gaumgæfa nógu vel þessar þrjár þykku skýrslur sem lagðar hafa verið fram, þ.e. skýrsla frá Ríkisendurskoðun og fskj. með henni og svo athugasemdir byggingarnefndar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í tilefni af skýrslu Ríkisendurskoðunar. Að auki er svo fljótlesið svar utanrrh. við beiðni minni og annarra þingkvenna í stjórnarandstöðu um skýringar á útgjöldum og kostnaði við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þessum skýrslum hefur verið dreift eins og hæstv. utanrrh. sagði.

En ekki er nóg að hér snjói inn pappír í formi

skýrslna og viðamikilla frv. um afdrifaríkar kerfisbreytingar varðandi margháttaða skattlagningu við tekjuöflun ríkisins, sem reyndar er uppstokkun á því kerfi, fjárlög, breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fjölmörg önnur viðamikil mál sem þm. þurfa nú að sinna öllum á sama tíma og tíminn er naumur. Þessi vinnubrögð leiða til þess að mönnum gefst ekki nægur tími til að kynna sér og gaumgæfa þau mál sem þeir eiga að taka ákvarðanir um, gefst ekki tími til að öðlast nema takmarkaða innsýn, hvað þá heildarsýn eða yfirsýn yfir þau mál sem þeir eiga síðan að bera ábyrgð á. Slík vinnubrögð eru forkastanleg. Því hef ég þessi orð í formála mínum að við erum hér einmitt að ræða afleiðingar vinnubragða sem ekki hafa verið nógu góð. Á sama tíma fyrirskipar verkstjórn þessarar ríkisstjórnar gagnrýniverð vinnubrögð hér á Alþingi, bæði við umfjöllun þessara mála sem hér eru til umræðu, svo og annarra mikilvægra mála.

Það kemur einmitt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og ég vitna í hana, með leyfi forseta: „Varðandi yfirstjórn verkefnisins verður að telja að skort hafi á heildaryfirsýn, bæði fjárhagslega og framkvæmdalega. Samræmd áætlanagerð og eftirfylgni hennar var ábótavant.“ Og mér dettur nú bara í hug það sem við vorum að ræða í Ed. í nótt: Hve margir þeirra þm. sem þar sátu gera sér fyllilega grein fyrir og hafa heildarsýn yfir þau áhrif og þær afleiðingar sem þau mál kunna að hafa fyrir alla þjóðina? Það *gildir nefnilega svipað um ábyrgðaraðila í því máli* sem hér er rætt og okkur þm. að vera ekki hnútum nógu vel kunnugir og því legg ég til að þessari umræðu verði í raun ekki lokið nú heldur verði henni frestað og hún tekin upp aftur eftir jólaleyfi.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar rekur sorgarsögu þessa umdeilda máls. Þegar lagt var fram frv. hér á Alþingi á síðasta kjörtímabili, í byrjun þess reyndar, varðandi lántöku vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli lagði stjórnarandstaða fram eftirfarandi minnihlutaálit, með leyfi forseta, og ég vitna:

„Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir byggingu umræddrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vegna þess að byggingin tengist óneitanlega hernaðarumsvifum hér á landi og er auk þess langtum of stór og dýr miðað við þarfir farþegaflugs milli Íslands og annarra landa. Jafnframt teljum við að bygging nýrrar flugstöðvar sé ekki forgangsverkefni eins og nú háttar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þess í stað sé það næsta verkefnið í máli þessu að endurskoða og hanna byggingu nýrrar flugstöðvar í samræmi við þarfir farþegaflugs á komandi árum. Við erum þar af leiðandi andvíg ákvæðum þessa frv. og leggjum til að það verði fellt.“

Lántökuheimild var þó veitt en það var langt í frá að menn gerðu sér grein fyrir þeim kostnaði sem af mundi hljótast. Við erum nú að ræða umframkostnað sem nemur a.m.k. 871 millj. kr., þó að ekki séu öll kurl komin til grafar vegna vanáætlana og annarra orsaka, þannig að heildarkostnaður við byggingu þessarar flugstöðvar er því samtals nú a.m.k. 3 milljarðar 170 millj. kr.

Ýmsir alvarlegir hönnunargallar komu í ljós í síðasta áfanga verksins og m.a. segir, og hefur reyndar verið vitnað í áður í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að í áfanga FK 5 þar sem um var að ræða innréttingar „komu strax upp verulegir erfiðleikar sem urðu þess valdandi að þessi fimmti og stærsti verkáfangi fór úr böndum“. Og enn segir: „Þegar samningar við Hagvirki hf. voru á lokastigi um áramótin 1985–86 kom í ljós að endurhanna þyrfti loftræsikerfið, auk þess sem hönnun á öðrum sviðum var áfátt. Þetta ástand í hönnunarmálum kom stjórnendum verksins, byggingarnefnd og framkvæmdastjóra, á óvart. Þeir höfðu verið í góðri trú um að hönnun væri á eðlilegu stigi.“

Ég veitti því athygli þegar ég las þessa fróðlegu skýrslu, eða þann hluta af henni sem mér veittist tími til, hversu fjarskalega hógværlega hún var orðuð og í öllum tilvikum var sagt minna en hefði verið hægt og gafst kostur frekar á að lesa á milli línanna.

Enn segir í þessari skýrslu að afleiðingar hefðu verið tvenns konar vegna þess arna. Kostnaður varð meiri við verkáfangann en ætlað hafði verið og í öðru lagi var flugstöðin afhent síðar en til stóð. Ástæður fyrir ofangreindu ástandi í hönnunarmálum voru taldar vera, eins og reyndar hefur komið fram, breytingar á byggingunni og fyrirkomulagi í henni á byggingartímanum, vanmat hönnuða á umfangi verksins, ófullnægjandi hönnunarstjórn, bæði hjá einstökum hönnuðum og í heild, og vandamál sem komu upp vegna ólíkra staðla þar sem byggt var á erlendri grunnhönnun, fjarlægðar milli hönnuða og ábyrgðarskiptingar. — Þarna er a.m.k. talað um ábyrgð.

Ýmsum sögum hefur farið af ástandi mála þegar þessi áfangi var unninn og hafa nokkrar þeirra verið sagðar hér. Sjálf hef ég átt kost á því að tala við iðnaðarmenn sem þarna unnu og hafa þeir aldrei séð önnur eins vinnubrögð. Þar ríkti algjör ringulreið að þeirra mati. Verkstjórn var í molum, margar teikningar í gangi í einu fyrir sama verkefni og kom það oft í hlut iðnaðarmannanna sjálfra að reyna að ráða fram úr eða taka ákvörðun um hvaða teikningu skyldi fylgja. Stundum kom fyrir að mönnum var uppálagt að mála vegg einn daginn, næsta dag var hann rifinn því hann hafði aldrei átt að vera þar. Hönnuðir tóku ákvarðanir oft af mikilli vanþekkingu á því hráefni sem unnið var með og þegar svo klandur hlaust af, eins og iðnaðarmenn höfðu spáð, fengu þeir vart að ráðleggja hvernig ráða skyldi bót á því því að hönnuðir létu smekk ráða en ekki verkþekkingu.

Það bruðl og sá flottræfilsháttur og skipulagsleysi sem gengið hefur berserksgang í hönnun og framkvæmdum við flugstöðina í Keflavík hefur eins og aðrir berserksgangar valdið usla og tjóni, bæði fjárhagslegu og ekki síst hvað varðar siðfræði þeirra vinnubragða sem beitt hefur verið. Það verður að teljast mjög ámælisvert hvernig staðið var að upplýs-

ingagjöf um framkvæmdir og áfanga þessa verks, eins og segir enn í skýrslunni:

„Upplýsingagjöf um gang og stöðu verkefnisins til ýmissa opinberra aðila var áfátt. Áfangaskýrslur voru ekki gefnar út eftir 17. febr. 1984. Í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál árið 1984–1987 er í kafla um byggingu flugstöðvar ekki gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu frá upphaflegri áætlun. En ætla má að alþingismönnum hafi verið þetta ljóst með samþykki fjárlaga og lánsfjárlaga. Ekki er heldur í skýrslunum til Alþingis gerð grein fyrir viðbótarsamningi við Bandaríkjamenn sem gerður var 24. apríl 1986."

Menn hafa í raun fjallað um þessi mál, þessa meðferð á almannafé eins og sín einkamál. Þeim dettur ekki í hug að láta svo lítið að gefa skýrslu um þau til Alþingis, sem þó er ætlað að taka ákvarðanir um fjármögnun þessa ævintýris, og ekkert er talað um viðbótarsamninginn sem gerður er við Bandaríkjamenn. Það er eins og menn slái eignardómi eða eignarlandi á þetta verkefnasvið sitt, bæði ráðamenn og aðrir sem annast verkið. Og mér datt í hug þegar ég las þetta: Skyldu ráðherrar almennt, t.d. í þessu tilfelli utanrrh., skyldu þeir þegja yfir fleiru sem þeir ættu í raun að segja þingi og þjóð frá ef þeim þykir sjálfsagt að þegja yfir því sem þeir vita í þessu máli?

Þeirri hollustu sem þó er sýnd varðandi kostnaðaryfirlit er fyrst og fremst snúið að Bandaríkjamönnum eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. því að hann sagði að þeim hefðu verið birt tvö kostnaðaryfirlit og það er ekki fyrr en 29. apríl 1987 að sú vitneskja berst til fjmrn. frá byggingarnefnd flugstöðvarinnar að verulegt fé vanti til byggingarinnar umfram það sem ætlað hafði verið. Ég hirði ekki um að tíunda það frekar því það er búið að vitna svo oft í það í þessum umræðum hvert það fé er sem vantar og eins hvernig hefur verið þagað yfir þeirri fjárvöntun sem var.

Hin hógværa skýrsla Ríkisendurskoðunar lýkur reyndar kafla sínum um niðurstöður á því hvernig draga megi lærdóm af þeim mistökum sem hér hafa verið rakin í umræðunni og í því sem ég hef sagt og þar segir, með leyfi forseta:

„Lærdómur sem draga má af framkvæmdinni:

Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

1. Vanda til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.

2. Vanda til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.

3. Vanda til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar." Það skyldum við hafa í huga hér, við sem sitjum á þingi og erum að ganga frá fjárlögum.

„4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur." Og það gætum við einmitt líka hugleitt hér á þessum síðustu dögum þingsins.

En þetta mál er ekki einstakt og við höfum orðið vitni að mörgum slíkum þar sem stjórnmálamenn í blindum metnaði taka vafasamar ákvarðanir um almannafé. Fyrirtæki eða verkefni sem síðan fara á hausinn en eru æ síðan kennd við ævintýri. Rifjið upp í huga ykkar, hv. þm., hve mörg ævintýrin eru. Það hefur þegar verið minnst á nokkur þeirra í þessum stól. Verkefnið eða framkvæmdin er kennd við nafn sitt, en hlýtur síðan viðskeytið ævintýri. Og við skulum ekki gleyma hlutverki ævintýra í vitundarþroska mannanna barna. Þau eru ekki einungis talin til skemmtunar, ekki síður til þess að menn geti upplifað aðra hluti en þeir reyna sjálfir, fengið útrás og losnað við ýmsar tilfinningar, oft neikvæðar, og síðast en ekki síst eru þau talin mikilvæg til varnaðar og lærdóms. En höfum við dregið lærdóm af öllum þeim fjármála- og fjárglæfraævintýrum sem við höfum orðið vitni að á undanförnum árum? Ég held ekki. Vandi okkar varðandi meðferð stjórnmálamanna og annarra ráðamanna á almannafé er einmitt sá að ævintýramennirnir ganga ævinlega ósárir frá ákvörðunum sínum og verkum og það sem verst er, þeir taka ekki á sig ábyrgð af þeim hversu hrapallegar sem þær kunna að reynast. Svo deila þeir innvirðulega með sér ábyrgðarleysinu þangað til næsta ævintýri hefst. Svona láta þeir, eins og hv. 16. þm. Reykv. sagði svo einlæglega og talaði um kjarna málsins hér áðan.

Það er einkennandi fyrir umræðuna hér hve samtrygging þeirra sem staðið hafa í forsvari fyrir þessum ákvörðunum í gegnum árin er einhuga. Þar víkur hæstv. fjmrh. sér aðeins lítillega undan en hann er svo nýkominn í stólinn og að málinu og kannski kyngir hann því öllu, eins og hv. 16. þm. Reykv. sagði eða giskaði á áðan. Vonandi gerir hann það ekki.

Hæstv. utanrrh. lætur ekki einu sinni svo lítið að svara þeirri spurningu sem til hans er beint frá níu þingkonum á þskj. 16, en þar segir, með leyfi forseta: „Ef um umframkostnað er að ræða er óskað eftir að gerð verði grein fyrir því af hverju hann stafar og hver beri ábyrgð á honum." Á það er ekkert minnst í skýrslu utanrrh. til okkar hver ber ábyrgð á kostnaðinum. Það er nefnilega þetta með ábyrgðina eins og hv. 18. þm. og reyndar 16. þm. Reykv. sögðu báðar. Það er ekki sama hver skilgreinir hana og hver á að axla hana. Og það var mikið miður að hæstv. utanrrh. skyldi missa af þessum góðu ræðum sem hér voru haldnar.

Nei, siðfræði hinna sæmilegu vinnubragða, og þá nota ég orðið sæmilegur í merkingunni „sem sómi er að, sæmandi", er víðs fjarri og engum þykir sjálfsagt eða hefur þor til þess að axla ábyrgð, hvorki í þessu máli né heldur í mörgum öðrum. Eigum við að standa hérna eina ferðina enn og horfa á ábyrgðina gufa upp eins og andstrók af vörum þeirra sem

rangnefndir eru ábyrgðarmenn á meðan þjóðin axlar afleiðingarnar eina ferðina enn af þessum mistökum eins og öðrum? Ég segi nei.

Það er kominn tími til þess að ráðamenn beiti því valdi sem þeim hefur verið falið til þess að taka í lurginn á sjálfum sér í stað þess að beita því eða misbeita gegn öðrum. Þessi kinokun ráðamanna við því að taka ábyrgð á gerðum sínum er meinsemd í íslensku þjóðfélagi og veldur vaxandi vantrausti almennings á stjórnvöldum og Alþingi. Samkrull stjórnmálamanna og ýmissa ráðandi stofnana í þjóðfélaginu í gegnum pólitísk ráð og nefndir hefur leitt til þess að þeir hafa oft óeðlilega mikil völd og áhrif, einkum í meðferð almannafjár. Umræða meðal almennings lýsir mikilli óánægju og gremju með þetta athæfi og í mínum huga er það einungis spurning um það hvenær menn byrja að sýna það hugrekki sem þarf til að rjúfa öryggi samtryggingarinnar og vernd kunningjaþjóðfélagsins, sýna þann manndóm að taka ábyrgð á gerðum sínum og ætlast til þess sama af öðrum. Kannski verður þetta fyrst þegar fleiri húsmæður verða fjmrh. eða gegna öðrum opinberum embættum og færa annálaða ábyrgðartilfinningu sína í þær stöður. Þær eru nefnilega mun samviskusamari og betri í öxlunum en ykkur grunar, hv. þingbræður, eins og hv. 18. þm. Reykv. minntist á.

Um skýrslu hæstv. utanrrh., sem er svar hans við beiðni okkar níu þingkvenna eða fsp. um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, mun ég ekki fjölyrða. Hún er unnin í flýti af mönnum sem hvergi komu nálægt ákvörðunum um hana eða framkvæmd málsins og þar er sannarlega bæði gengið um hægt og hljótt. Plaggið er rýrt og fullt af prentvillum sem er dæmi um það hve mikið lá á að koma því inn á þingið. Meðferð talna er önnur en í skýrslu ríkisendurskoðenda og miðast við eftirágerða hluti. Það er því fengur í skýrslu ríkisendurskoðenda og má þakka fyrir að skýrsla utanrrh. var ekki eina skýrslan í þessu máli.

Hvað viðvíkur till. til þál. sem alþýðubandalagsþingmenn flytja um að hópur níu þm. muni rannsaka ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvarinnar veit ég satt að segja ekki hvernig slíkri afgreiðslu málsins mundi reiða af. Til þess er ég allt of hrædd við samtryggingu þeirra manna sem skipt hafa með sér völdum og unnið ýmist sundur eða saman um margra ára skeið. Og þetta er ekki vegna þess að ég beri persónulegt vantraust til þm. sem slíkra, heldur fyrst og fremst ber ég mikið vantraust til eðlis samtryggingarinnar. Við þurfum að koma okkur saman um leiðir til þess að taka á því þegar verkefni fara úr böndum eins og hér hefur orðið. Hér er ekki verið að tala um það fyrst og fremst að hengja bjöllu á ketti eða krossfesta einhvern, að finna sökudólga. Það þarf að leggja grundvöll að nýjum vinnubrögðum sem hafa aðra siðfræði að leiðarljósi en nú er. Um þetta þurfum við að ræða og finna nýjar leiðir. Til þess gefst ekki tóm nú. Þess vegna ítreka ég fyrri beiðni mína um að ljúka ekki þessari umræðu nú en fresta henni þannig að hún megi halda áfram er þing kemur saman á ný. Þess hljótum við öll að krefjast vegna þess hve málið er mikilvægt og alvarlegt og við hljótum að gera þær kröfur til eigin vinnubragða, þau okkar sem finna til ábyrgðar gagnvart eigin vinnubrögðum og afleiðingum þeirra.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er ætlunin að ljúka þessum umræðum á þessum fundi. Umræðan hefur nú þegar staðið í fjórar klukkustundir. Það vekur spurningu um það hvort takast muni að ljúka umræðunni fyrir kvöldverð eða hvort þurfi að hafa kvöldfund. Til þess að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldmat þurfa þeir sem eru á mælendaskrá að stilla máli sínu í hóf. Það skal tekið fram að hér er ekki verið að takmarka umræður og það er í valdi hv. þm. hvort umræður halda áfram eftir kvöldmat eða ekki.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er alltaf þægilegt að vera vitur eftir á og það hefur verið sagt að eini kosturinn við mistökin sé þegar hægt er að læra af þeim. Sennilega og vonandi eigum við ekki eftir að byggja fleiri svona hús, a.m.k. ekki flugstöð af þessari gerð því að byggingarsagan er því miður, verðum við að viðurkenna, vörðuð mistökum.

Það var umdeilanlegt þegar verkið var hafið hvort, hvernig eða hvenær ætti að hefja það. Menn komust að því að teikningin væri allt of stór, hún var minnkuð og ákvörðun Alþingis fjallaði um það að byggja flugstöð samkvæmt þessari minni teikningu. Ákvörðun Alþingis var um það að byggja flugstöð sem átti að kosta 42,4 millj. dala, þ.e. 33 millj. bandaríkjadala að viðbættum milli 8 og 9 millj. dala vegna áætlaðra verðhækkana á byggingartímanum. Ég ætla mönnum til upprifjunar, með leyfi forseta, að lesa lög nr. 45 frá 1984, sem eru grundvöllur að byggingu flugstöðvarinnar. Þau hljóða svo:

„1. gr. Vegna byggingar flugstöðvar og tengdra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli er fjmrh. f.h. ríkissjóðs heimilt:

1. Að taka lán að fjárhæð allt að 616 millj. kr. eða jafnvirði allt að 22 millj. bandaríkjadala. Lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skal ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

2. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og söluskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði til framkvæmdanna. Jafnframt er fjmrh. heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld þessi af vinnuvélum sem notaðar verða við byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum. Við ákvörðun endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum skal höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við byggingarframkvæmdirnar. Fjmrh. getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar og getur þar m.a. kveðið á um fyrningar og fyrningarhlutföll vegna endurgreiðslu gjalda af vinnuvélum.

2. gr. Utanrrh. skal fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í athugasemdum með lagafrv. sagði enn fremur:

„Frv. það sem hér er lagt fyrir Alþingi er flutt í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna frá 26. maí s.l. um myndun ríkisstjórnar, en í samkomulaginu er kveðið svo á að reist skuli flugstöð á Keflavíkurflugvelli í samvinnu við Bandaríkjastjórn.

Fyrir Alþingi hafa tvívegis áður verið lögð frumvörp um flugstöð á Keflavíkurflugvelli, auk þess sem ýmsar fyrri ríkisstjórnir hafa fjallað um nauðsyn þessa máls án þess að framkvæmdir hafi verið ákveðnar.

Í tengslum við endurskoðun varnarsamnings við Bandaríkin frá 5. maí 1951 var m.a. ákveðið að stefnt skyldi að aðskilnaði farþegaflugs frá starfsemi þeirri sem varnarliðið rekur á Keflavíkurflugvelli samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Algjör forsenda slíks aðskilnaðar er bygging flugstöðvar á nýju svæði. Samkomulag náðist milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og var samningur þar að lútandi undirritaður hinn 5. júlí 1983.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin sjái um byggingu flugstöðvarinnar og er gert ráð fyrir að byggingu hennar verði lokið á árinu 1987. Heildarkostnaður við byggingu flugstöðvarinnar, þar með taldar svæðislagnir, er áætlaður 42 millj. bandaríkjadala og munu Bandaríkin greiða 20 millj. dala af þeirri upphæð. Hlutur Íslendinga, 22 millj. dala, er háður samþykki Alþingis, en fyrirvari er um að áfangagreiðslur af hálfu Íslendinga verði ákveðnar í ljósi ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma á meðan á framkvæmdum stendur. Til þess að ljúka fyrsta gagnlega byggingaráfanga er þó samkomulag um að skipta geiðslu milli Íslendinga og Bandaríkjanna, allt að 20 millj. kr., til helminga. Á fjárlögum fyrir árið 1983 var aflað heimildar til að taka lán að fjárhæð allt að 10 millj. kr. vegna flugstöðvarinnar. Hefur þegar verið tekið bráðabirgðalán af þeirri fjárhæð til greiðslu framlags Íslendinga vegna þessa áfanga, en samkomulag var um að framlag til byrjunarframkvæmda yrði fyrir hendi fyrir 1. okt. 1983. Jafnframt byggingu flugstöðvarinnar var samið um að Bandaríkin greiddu að öllu leyti þann kostnað sem leiðir af framkvæmdum við gerð flughlaða, ásamt lögnum, aðkeyrslubrauta og vega.

Samvinna um byggingu flugstöðvarinnar, sem verður íslensk eign, er að öðru leyti á því byggð að flugstöðin verði fyrst og fremst notuð til almenns flugrekstrar, en Bandaríkin hafi heimild til þess að nota hana á hættu- og ófriðartímum í samræmi við varnarsamninginn. Þegar hafin er almenn starfsemi í flugstöðinni er gert ráð fyrir að varnarliðið taki aftur við núverandi flugstöðvarbyggingu til afnota í sambandi við almenna starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðvarbyggingin, þ.e. farþega-, þjónustu- og skrifstofurými, verður samtals 12 284 m^2. Til samanburðar má geta þess að núv. flugstöðvarbygging er um 7 þús. m^2. Um gerð flugstöðvarinnar hefur þegar verið fjallað á Alþingi bæði í ræðu og riti og skal hér látið nægja að vísa til skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi á árinu 1981."

Svo mörg voru þau orð í athugasemdum með lagafrv.

Allt hefur þetta farið úr böndunum, því miður. Og fyrrv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen, lýsti þeirri skoðun sinni hér áðan að breytingar þær sem gerðar voru í tíð hans og forvera hans hafi verið eðlilegar og réttmætar. (**Samgrh.:** ... ekki breytingar í minni tíð ...) Jæja, í tíð forverans og hafi breytingarnar verið réttmætar og það má vera. En þær voru ekki gerðar samkvæmt ákvörðun Alþingis og þar af leiðir að ég tel að skorti á um réttar heimildir. Sé það rétt að breytingar hafi verið réttmætar hafa ótrúleg hönnunarmistök verið gerð og það er eðlilegt að menn spyrji um faglega ábyrgð. Hönnuðir taka laun sem fagmenn. Ég þekki ekki í smáatriðum þá taxta sem þeir vinna eftir en veit að þeir eru svimandi háir. Það er útskýrt með því að ábyrgð þeirra og áhætta sé svo mikil að þeir þurfi að fá háa þóknun. Það hlýtur þá að vera spurning um hver er ábyrgð hönnuða í þessu tilfelli og hvort heppilegt sé að þeir hanni fleiri stórbyggingar.

Þóknun byggingarnefndar frá september 1978 til september 1987 hefur samkvæmt skýrslu utanrrh. verið 3,2 millj. kr. Þeir hafa sjálfsagt ekki unnið á hönnuðataxta en líklega hefði þó verið réttara að borga þeim betur því þá hefðu þeir getað sýnt enn þá meiri stjórnvisku við framkvæmdina.

Fyrrv. utanrrh. og núv. hæstv. samgrh., Matthías Á. Mathiesen, varði af mikilli hreysti gerðir forvera síns og sínar reyndar líka. Skv. 2. gr. laga nr. 45/1984 skal utanrrh. fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og Alþingi valdi þessa menn til að veita framkvæmdinni forstöðu. Því miður fóru þeir ekki nógu vel með það umboð og flugstöðin fór nærri 900 millj. kr. fram úr því sem Alþingi ákvað. Auðvitað bera hæstv. fyrrv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen og Geir Hallgrímsson, ábyrgðina á því að flugstöðin fór fram úr áætlun, enda hafa þeir mér vitanlega ekkert skorast undan því. Þeirra pólitíska ábyrgð liggur alveg ljóst fyrir og þess vegna er allt tal hér um það að menn séu eitthvað í vafa um hver ábyrgðina beri í þessu efni óþarft. Það liggur alveg ljóst fyrir að ábyrgðin er þessara manna og þeir bera ekkert á móti því heldur.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir á bls. 7 og því kvaddi ég mér nú hljóðs að ég þurfti að gera athugasemd sérstaklega við það atriði:

„Upplýsingagjöf um gang og stöðu verkefnisins til ýmissa opinberra aðila var áfátt. Áfangaskýrslur voru ekki gefnar út eftir 17. febr. 1984. Í skýrslum utanrrh. til Alþingis um utanríkismál árin 1984–1987 er í kafla um byggingu flugstöðvar ekki gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu frá upphaflegri áætlun. En ætla má að alþm. hafi verið þetta ljóst með samþykki fjárlaga og lánsfjárlaga. Ekki er

heldur í skýrslum til Alþingis gerð grein fyrir viðbótarsamningi við Bandaríkjamenn sem gerður var 24. apríl 1986."

Ég vek athygli á þessum orðum: en ætla má að alþm. hafi verið þetta ljóst með samþykki fjárlaga og lánsfjárlaga.

Ég var formaður fjh.- og viðskn. Nd. síðasta kjörtímabil og við nefndarmenn fjölluðum um lánsfjáráætlun ár eftir ár. Sverrir Haukur Gunnlaugsson ambassador gerði okkur nefndarmönnum ekki grein fyrir því að allt væri komið úr böndunum. Hæstv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen eða Geir Hallgrímsson, gerðu okkur heldur ekki grein fyrir stöðu mála í utanríkismálaskýrslum sínum. Mig langar til að lesa með leyfi forseta örstuttan kafla úr þeirri skýrslu sem fyrrv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen, mælti fyrir hér á Alþingi hinn 11. mars sl. Þar segir hann um nýja flugstöð:

„Í samræmi við samning við Hagvirki hf., sem er aðalverktaki í nýrri flugstöðvarbyggingu, verða öll svæði í byggingunni sem snúa að afgreiðslu farþega tilbúin fyrir miðjan apríl 1987 og stefnt er að því að nýja flugstöðvarbyggingin verði opnuð 14. apríl. Unnið er að vegagerð til að tengja Reykjanesbraut við flugstöðina. Um það bil helmingur tengibrautarinnar er fullgerður nú. Þá eru flugvélastæði og akbrautir, sem tengja flugbrautir og flugvélastæði, að mestu fullgerð. Birgðastöð fyrir flugvélaeldsneyti er í byggingu og Flugleiðir eru að reisa stórhýsi um 4200 fermetra að flatarmáli í nágrenni flugstöðvarbyggingarinnar. Byggingin var fokheld um miðjan janúar 1986. Í byggingunni verður fullkomið flugeldhús, tollvörugeymsla, vöruafgreiðsla og fleira. Stefnt er að því að taka bæði þessi mannvirki í notkun um leið og flugstöðvarbygginguna sjálfa.

Þegar ákveðið var að byggja nýju flugstöðina var sú stefna mörkuð að skilja að starfsemi farþegaflugs og herflugs á Keflavíkurflugvelli, að svo miklu leyti sem það væri framkvæmanlegt. Slíkur aðskilnaður hefur ekki í för með sér að flugstöðin verði utan varnarsvæðisins, enda er flugstöðin og önnur tengd mannvirki í beinum tengslum við flughlað og akstursbrautir flugvallarins og til notkunar fyrir varnarliðið ef til hættuástands kæmi. Með nýju flugstöðinni og breytingu á öryggis- og tollgirðingu skapast annars vegar sú aðstaða fyrir farþega að aka beint að flugstöðinni og hins vegar sá möguleiki að láta af hendi frekari svæði til nágrannasveitarfélaga í samræmi við aðalskipulag fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll sem staðfest var haustið 1983. Huga þarf jafnframt að samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna skipulagsmála flugvallarins og varnarsvæðanna."

Þetta var það, herra forseti, sem utanrrh. hafði að segja um nýja flugstöð í skýrslu sinni til Alþingis hinn 11. mars sl.

Það er hvergi á það minnst að næstum 900 millj. væru farnar fram úr áætlun. Ég er ekki að ásaka eða láta mér detta það í hug að það hafi verið ætlun hæstv. fyrrv. utanrrh. að blekkja Alþingi eða fara á bak við okkur alþm., ég treysti því að hann hafi ekki vitað betur á þeim tíma og að starfsmenn hans og byggingarnefndarmenn, þar á meðal framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hafi þarna farið á bak við hann og ekki látið hann hafa þær upplýsingar sem honum hefði komið vel að hafa.

Ég átti þess kost sem varamaður í utanrmn. að skoða byggingu flugstöðvarinnar nokkrum vikum fyrir vígslu. Okkur utanríkismálanefndarmönnum var ekki greint frá því í þessari vettvangskönnun að kostnaður væri kominn langt fram úr áætlun. Ég var formaður þingflokks Framsfl. allan byggingartíma flugstöðvarinnar og þingflokknum barst ekki nein greinargerð um fjárhagsstöðu hennar, sem þó hefði verið eðlilegt þar sem við áttum stjórnarsamstarf við Sjálfstfl. á þessu tímnabili.

Hér er pottur brotinn og ég verð að leyfa mér að rifja upp 41. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Svo mörg voru þau orð. Og á grundvelli þessa ákvæðis eða með hliðsjón af þessu ákvæði var nú Sturla rekinn sem frægt er orðið og hér hefur verið talað um í dag.

Ég trúi mætavel orðum hæstv. samgrh., fyrrv. utanrrh., að vígsludagurinn hafi alls ekki verið valinn með neinu tilliti til komandi kosninga. Auðvitað var þetta bara tilviljun með vígsludaginn. Líklega hefur hæstv. þáv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen, samt verið búinn að frétta af kosningunum, að þær yrðu 23. apríl, þarna á vígsludeginum 14. apríl. Það er sennilega líka bara tilviljun að mynd af flugstöðinni prýddi umslag sem þáv. utanrrh. sendi ungum kjósendum í kjördæmi sínu nokkrum dögum fyrir kjördag. Matthías Á. Mathiesen, hæstv. ráðherra, er mjög reyndur og hygginn stjórnmálamaður og varfærinn, en í samræmi við varfærni ráðherrans hefði verið eðlilegt að draga vígsluna fram yfir kosningarnar. Hann hefði vel getað dagsett hátíðina t.d. helgina eftir kosningarnar. Og það er líka spurning hvort hátíðin var ekki óþarflega íburðarmikil og óþarflega dýr með tilliti til þess að flugstöðin var komin nokkuð fram úr áætlun.

Það er mikilvægt að læra af mistökunum og reyna að láta þetta ekki koma fyrir aftur, reyna að standa svo að verki að hönnun sé fullnægjandi og gæta hófs um íburð og framkvæmdahraða og síðast en ekki síst að ráðherrar fylgist betur með framkvæmdum sem þeir eiga að hafa yfirstjórn yfir og bera ábyrgð á og geri Alþingi grein fyrir stöðu mála samviskusamlega. Það er reyndar ein huggun harmi gegn að flugstöðin er komin þarna. Þetta er að ýmsu leyti fallegt og gott mannvirki og vonandi endist hún okkur um ókomin ár þó að hún hafi orðið dýrari en nokkurn okkar óraði fyrir.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég byrja á því að taka það fram að ég tel að það hafi verið þarft verk af núv. hæstv.

fjmrh. að óska eftir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði þá stjórnsýslulegu athugun á byggingar framkvæmdum við nýju flugstöðina sem fram hefur farið og verið hefur til umræðu hér í dag.

Ég er þeirrar skoðunar að almennt sé ýmsu ábótavant bæði af hálfu framkvæmdarvaldsins og Alþingis varðandi stjórnskipulag við opinberar framkvæmdir, ákvarðanatöku, áætlunargerð og eftirlit. Og af stuttri veru minni í fjmrn. sannfærðist ég um að í þessu efni eru ríkar ástæður til þess að færa mál til betri vegar.

Sú skýrsla sem liggur fyrir um framkvæmdir við flugstöðina staðfestir þetta, dregur einmitt fram þá meginágalla sem almennt eru varðandi það hvernig staðið er að opinberum framkvæmdum í landinu. Nú er ég ekki að draga þetta fram til þess að draga úr gildi þeirrar umræðu sem hér á sér stað um þessa einstöku framkvæmd. En þær niðurstöður sem koma fram í áliti Ríkisendurskoðunar undir fyrirsögninni „Lærdómur sem draga má af framkvæmdinni" eru um margt athyglisverðar. Niðurstöðurnar eru sem sagt, með leyfi hæstv. forseta, svohljóðandi:

„Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:" Ég vek hér athygli á því að hér er vísað til almennt meiri háttar opinberra framkvæmda. Síðan segir:

„1. Vanda til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.

2. Vanda til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.

3. Vanda til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.

4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur."

Hér er um að ræða mjög athyglisverðar ábendingar sem að mínu mati eiga víða við. Ég þykist vita að hv. alþm. sé ljóst að við erum hér þessa daga að fjalla um fjárveitingar til margra opinberra framkvæmda, þar sem líkt stendur á og varðandi flugstöðina þar sem áætlanir hafa legið fyrir í upphafi. Þær hafa farið úr böndum, ýmist vegna þess að menn hafa ekki séð fyrir hvað gera þurfti eða að verk hefur dregist og tíminn hefur kallað á breytingar.

Mín skoðun er sú að í þessu efni sé ýmsu ábótavant. Ég get nefnt dæmi af byggingum af þessu tagi eins og hús sem keypt var í Ármúla fyrir nokkrar stofnanir sem heyra undir heilbrrn. og menntmrn., eins og Listasafn ríkisins, þar sem kostnaðaráætlanir hafa farið úr böndum og þessar almennu athugasemdir við opinberar framkvæmdir sem hér koma fram eiga auðvitað við. En með þessum ábendingum er ég ekki að draga úr gildi umræðunnar fyrir þetta ákveðna verk.

Hér hefur komið fram í umræðunni að deilur hafa staðið lengi um flugstöðina og það hefur ekkert farið dult að þær hafa snúist ekki einungis um mat á þörf fyrir slíka flugstöð, heldur hafa þær líka tengst viðhorfum stjórnmálaflokka til annarra þátta í íslenskum stjórnmálum eins og varnar- og öryggismála og er út af fyrir sig ekkert um það að segja. Það er ekkert launungarmál og Alþb. fer auðvitað ekkert í launkofa með það að andstaða þess við flugstöðina byggist á því að hún er sameiginlegt verkefni með Bandaríkjamönnum og á vissan hátt í tengslum við varnarstöðina því að varnarliðinu eru heimil afnot af henni á ófriðartímum og þess vegna hefur Alþb. verið á móti framkvæmdinni. Það lagði mikla áherslu á í þeirri ríkisstjórn sem það átti síðast sæti í að minnka flugstöðina og draga úr þessari framkvæmd.

Hér hafa verið höfð uppi stór orð og þungir áfellisdómar á fjölda manna sem að þessu verki hafa staðið án mikils rökstuðnings. Ef leika ætti sama leikinn gagnvart talsmönnum Alþb. ætti að nefna það hér eins og fram hefur komið bæði af hálfu hæstv. samgrh. og af hálfu hv. 7. þm. Reykv. að eitt af því sem skorið var niður að kröfu Alþb. þegar var verið að minnka flugstöðina á þeirra stjórnartíma voru reykskynjarar, að vísu ekki stórt viðfangsefni eins og hv. 7. þm. Reykv. benti réttilega á og skiptir ekki sköpum í þeim stóru tölum sem hér er verið að tala um. En ef menn ættu að nota sömu útúrsnúningana og þessir hv. þm. nota hér mætti spyrja: Gerðu þessir herrar og núv. formaður Alþb., sem þá var í forustu fyrir þessum niðurskurðarhugmyndum, Alþingi grein fyrir því að Alþb. vildi standa að þessari flugstöð án þess að þar væri jafnsjálfsagt öryggiskerfi eins og reykskynjarar? Auðvitað má snúa dæminu þannig upp ef nota ætti sömu rökhyggju og þeir sjálfir nota gegn öðrum. Ég ætla hins vegar ekki að gera það. Ég ætla ekki að ásaka þessa hv. þm. né þeirra flokksbræður um að hafa verið að dylja eða leyna einhverju fyrir Alþingi af þessum sökum, aðeins að varpa ljósi á það hvernig þeirra eigin málflutningur er byggður upp.

Sannleikurinn er sá að Alþingi samþykkti, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á, lög um lántöku vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli þar sem heimilt er að taka að láni allt að 616 millj. kr. og enn fremur segir að lánsfjárhæð vegna framkvæmda ár hvert skuli ákveðin í lánsfjárlögum í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Utanrrh. er síðan falið að fara með yfirstjórn byggingarinnar. Hér er um venjuleg ákvæði að ræða. Alþingi framselur framkvæmdarvaldið með þessum hætti. Það liggur fyrir áætlun um hver kostnaður verður. En það er rangt að Alþingi hafi samþykkt lög um hver kostnaðurinn var. Það lá fyrir áætlun. Og auðvitað má gera ráð fyrir því í þessu tilfelli, eins og flestum öðrum þegar ákvarðanir eru teknar um opinberar framkvæmdir, að menn hafi tekið ákvörðun með hliðsjón af þessari áætlun, en auðvitað líka í þeirri

vissu að við höfum búið í þjóðfélagi þar sem verðlagsbreytingar eru örar og þar sem það er mjög algengt að skipulag opinberra framkvæmda er með *þeim hætti að gerðar eru breytingar á byggingartíma*. Ég hygg að þessar tvær almennu staðreyndir hafi ekki verið duldar neinum hv. þm. En eigi að síður liggur þessi áætlun fyrir og er eðlileg forsenda ákvarðanatöku.

Á byggingartímanum eru síðan teknar ákvarðanir um viðauka og viðbótarverkefni. Þessar ákvarðanir eru teknar lögum samkvæmt af þar til bærum stjórnvöldum. Hv. 4. þm. Norðurl. e. segir í ræðu sinni í dag að 1 milljarði kr. hafi verið eytt og sóað án heimilda. Þessi framkvæmd fer að vísu fram úr áætlun, en það kemur hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þær ákvarðanir sem teknar voru um viðauka við bygginguna af ýmsu tagi hafi verið gerðar án heimilda. Þvert á móti er ljóst að þær eru teknar af því stjórnvaldi sem hafði heimild til að taka slíka ákvörðun. Þessi fullyrðing styðst því ekki við nein rök. Hér er því um dylgjur og róg að ræða.

Hitt er svo annað mál, sem fram kemur í ábendingum Ríkisendurskoðunar, að við þurfum almennt að bæta skipulag við opinberar framkvæmdir þannig að bæði fjárveitingavaldinu og framkvæmdarvaldinu sé fullkomlega ljóst hver heildarmynd framkvæmda er á hverjum tíma þó að ákvarðanir séu teknar um breytingar. Ég fyrir mitt leyti tel að sú gagnrýni sem fram kemur af hálfu Ríkisendurskoðunar að þessu leyti eigi við rök að styðjast. En það segir ekki neitt um það og gefur enga vísbendingu um það að þeir sem fóru með þessi mál hafi á neinn hátt gerst brotlegir eða á þann hátt vanrækt sín störf að það sé ástæða til að kasta á þá þeirri rýrð sem gert hefur verið af ýmsum í þessari umræðu og í opinberri umfjöllun upp á síðkastið. Heimildirnar eru teknar lögum samkvæmt og ekki á neinn hátt verið að blekkja einn eða neinn. Það er farið fram á lánsfjárheimildir svo sem upphaflegu lögin gera ráð fyrir miðað við þær áætlanir sem byggingarnefnd hefur á prjónunum hverju sinni. Þetta er hin venjulega meðferð máls.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði að því hvort ég hefði sem fjmrh. fengið öll gögn frá utanrrn. varðandi beiðnir um lánsfjárheimildir á meðan ég var í fjmrn. Hv. þm. veit að fjárlagavinna í fjmrn. fer fram á þann veg að fjmrh. fær að vísu ekki öll undirgögn frá ráðuneytum í sínar hendur, en allar staðreyndir mála *koma á hans borð og við ákvarðanir og undirbúning* varðandi lánsfjárlög þessa árs minnist ég ekki annars en að tekið hafi verið tillit til óska utanrrn. eins og þær bárust Fjárlaga- og hagsýslustofnun við undirbúning lánsfjárlaga fyrir þetta ár. Þau gögn, sem þannig berast á milli ráðuneyta, eru auðvitað ekkert leyndarmál. En ég efast um að á mitt borð hafi öll bréfaskipti þar að lútandi komið fram frekar en ýmsar aðrar framkvæmdir þó að meginlínur hafi verið kynntar viðkomandi ráðherra.

Sú stjórnsýsluendurskoðun sem Ríkisendurskoðun hefur framkvæmt dregur fram staðreyndir þessara mála. Það er auðvelt fyrir hvern og einn að draga ályktanir þar af. Og það er svolítið furðulegt í öllum þessum málflutningi og öllum þeim ásökunum sem hér koma fram að hv. 7. þm. Reykv. skuli bera á borð fyrir hv. alþm., eftir öll stóru orðin, að það sé ekki hægt að kalla þá menn til ábyrgðar, sem ábyrgðina bera, eftir venjulegum leiðum, ráðherra, með því að kalla saman landsdóm eða bera fram vantraust af því að það liggi ekki fyrir neinar upplýsingar fyrir Alþingi til að taka slíkar ákvarðanir og það þurfi sérstaka nýja rannsóknarnefnd til að draga það fram í dagsljósið. Það er einkennileg þversögn að tefla hér fram þingflokksformanni með ásakanir á einstaka menn um ábyrgð, svik og pretti, engar smáásakanir, að eyða og sóa án heimilda 1 milljarði kr. Það er engin smáásökun á ráðherra. (**SvG:** Hvar eru heimildirnar?) Síðan kemur hv. 7. þm. Reykv. og segir: Það liggur ekkert fyrir í málinu sem dugar til þess að *draga menn til ábyrgðar*. Þetta er meiri háttar þversögn. (**SvG:** Er ég of opinskár?) Ég skora á hv. 7. þm. Reykv., ef hann þorir, að bera fram vantrauststillögu og láta Alþingi skera úr hver nýtur trausts og hver nýtur ekki trausts í þessu máli. Ég skora á hv. þm. að gera það.

Aðalatriði málsins er að skýrslan dregur fram að það er ýmsu ábótavant varðandi skipulag við opinberar framkvæmdir. Það hefur líka komið fram við þessa framkvæmd. Ég hef ekki heyrt almenna ádeilu á að þær ákvarðanir sem teknar voru um breytingar og viðauka við flugstöðina hafi ekki verið á rökum reistar. Þvert á móti hygg ég að færa megi að því mjög gild rök vegna aukinnar umferðar um flugstöðina að það hafi verið meira en lítil þörf fyrir þær úrbætur sem þarna áttu sér stað. En allt um það. Auðvitað má um það deila hvort þörf var á slíkum ákvörðunum eða ekki, en þau lög sem samþykkt voru fólu utanrrh. framkvæmd þessa máls og það kemur hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar annað en að teknar ákvarðanir hafi verið gerðar lögum samkvæmt. Ágallinn er sá að það er ekki unnin upp ný heildaráætlun þannig að málið liggi skýrt fyrir að teknum nýjum ákvörðunum á hverjum tíma. Þetta er kjarni málsins og það er ástæða til að taka undir þá gagnrýni. Þessi mistök hafa verið gerð við þessa framkvæmd eins og flestar aðrar opinberar framkvæmdir hér í landinu. Við skulum taka mark á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar að þessu leyti. Við skulum taka mark á þessum athugasemdum því að þær eru gildar. Það er full ástæða til þess að gera það varðandi fjöldann allan af framkvæmdum sem nú eru í gangi. Ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að það verði gert því að þessar ábendingar hafa við rök að styðjast og eru gildar. Ég tek mark á þeim og ég vil að við tökum ákvarðanir um breytt vinnubrögð til að standa betur að slíkum verkum en við höfum gert. Það á bæði við um framkvæmdarvaldið og Alþingi sjálft sem ákvarðanaaðila um lánsfjárheimildir og fjárveitingar og eftirlitsaðila með framkvæmdarvaldinu að réttilega sé að hlutum staðið. Mér finnst að þessi skýrsla hafi verið þörf og gagnleg

og að því leyti sem þessar umræður hafa beinst að þessum málefnalegu athugasemdum í dag hafa þær verið gagnlegar. Ég vona og vænti þess að hvort tveggja, skýrslan og umræðurnar að því leyti sem þær hafa snúist að þessum meginatriðum, leiði til þess að betri vinnubrögð verði viðhöfð í þessum efnum í framtíðinni þannig að meira og betra skipulag verði viðhaft.

En fullyrðingar um að eytt hafi verið og sóað án heimilda eru ekki reistar á rökum. **(Gripið fram í:** Víst.) En fullyrðingar um að betur hefði mátt standa að verki, að gera hefði átt nýjar áætlanir samfara því sem ákvarðanir um breytingar voru teknar eru gildar og við eigum að taka mark á þeim. Við eigum að læra af þeim ábendingum sem hér hafa komið fram og þeim mistökum sem hafa verið gerð og við vitum að við erum að gera í ýmsum opinberum framkvæmdum sem á döfinni eru. Ég vænti þess enn á ný, herra forseti, að þessi umræða megi leiða til jákvæðra breytinga.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda hér mjög langa ræðu. Ég hefði gjarnan viljað og við í Borgarafl. að þessi umræða hefði verið á næsta ári því að svo stutt er til jóla að það hefði verið kannski mikilvægara að klára önnur þingstörf. Ekki hleypur þetta mál frá okkur.

En það sem fékk mig fyrst og fremst til að koma hér upp voru bæði ummæli hæstv. samgrh. og hæstv. forsrh. varðandi varnar- og öryggismál og hernámsandstæðinga. Ég hef orðið var við að eitt blað hér í borginni, sem nefnt er Morgunblaðið, hefur gjarnan notað öll tækifæri til að snúa út úr fyrir okkur í Borgarafl. varðandi stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum. Ég vil ekki að það gefi sér enn eitt tilefnið til að halda því fram að við séum hernámsandstæðingar eins og er verið að gefa í skyn í þessari umræðu því að við viljum fjalla um málin á málefnalegan hátt en ekki vera með útúrsnúninga eins og það blað hefur verið með nokkrum sinnum í þessum málum. Núna síðast fyrir tveimur dögum við fjárlagaumræðu.

Þessi stöð og staðsetning hennar er til mikilla bóta bæði hvað varðar samskipti við bandaríska herinn, flug til útlanda og aðbúnað farþega. Hitt er annað mál að hér hafa orðið mikil mistök á í kostnaði. Það eru menn sammála um. Það hefur verið farið langt fram úr þeim áætlunum sem fyrir hendi eru.

Páll Pétursson, hv. 1. þm. Norðurl. v., kom hér réttilega inn á í sínu máli, að í 41. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Ekkert gjald má reiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum." Þessar heimildir hafa ekki verið fyrir hendi varðandi þær framkvæmdir sem hér er um að ræða og er alveg ljóst að þær hafa farið stórlega fram úr því sem menn áttu von á.

Það hefur verið hart deilt um hver sé ábyrgur. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér, en eitt vil ég segja, að það hafa margir verið gerðir ábyrgir fyrir minni sakir en þetta. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn. Menn hafa jafnvel verið látnir víkja, bæði úr flokkum og störfum, fyrir minni sakir.

Myndhöggvarafélag Reykjavíkur hefur skrifað hæstv. fjh.- og viðskn. bréf. Þar er rætt um þessi mál og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það:

„Undanfarin ár hafa farið fram ýmsar samkeppnir um opinber listaverk á vegum opinberra aðila. Stærst og veglegust þessara samkeppna var tvímælalaust samkeppnin um útilistaverk við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Þegar höfð er í huga sú reisn sem einkenndi framkvæmd samkeppninnar vekur nokkrar áhyggjur að svo virðist sem tekið hafi allan vind úr framkvæmdum nú þegar valin verk eru komin af undirbúningsstigi og sjálf uppsetningin skyldi hefjast."

Enn fremur segir í þessu bréfi: „Staða þessa máls er sú að verk eftir tvo listamenn voru valin til uppsetningar í maí 1986. Gengið var frá samningum við listamennina, Rúrí í apríl 1987, Magnús Tómasson í ágúst 1987. Samkvæmt samningi um fyrra verkið, sem er Regnboginn eftir Rúrí, voru öll gögn af hálfu listamannsins og verkfræðistofu tilbúin í apríl, útboði og uppsetningu lokið 22. apríl og því ekkert til fyrirstöðu að framkvæmdir hæfust. Samkvæmt samningi aðila skuldbindur listamaðurinn Rúrí sig til að inna verkið af hendi á árinu 1987 og í öllum umræðum hefur verið miðað við septemberlok. Í samningi við Magnús er gert ráð fyrir að verki verði lokið árið 1988.

Eftir opnun útboða virðist sem máttleysi hafi lagst í framkvæmdaaðilana. Ríkisvaldið virðist hika við framhald þessa máls sem annars hefur verið svo vel staðið að. Ofangreint vekur sérstaka furðu í ljósi þess að á sama tíma voru verktaka um blómaskreytingar innan flugstöðvarbyggingarinnar settar þröngar tímaskorður til uppfyllingar verksamnings."

Ég vil rétt benda á að uppsetning þessa verks kostaði ekki meira en opnunarveislan og hefði verið ánægjulegt að standa við samning við þessa listamenn því að það þarf líka að standa við samninga við listamenn ekki síður en við aðra verktaka. Ég beini því til þeirra sem nú ráða ferðinni að listamönnunum verði gert kleift að ljúka verkinu eins og tilskilið er í samningi. En nóg um þetta.

Ég vil að lokum segja að það er áhyggjuefni hvernig fjármál hafa oft þróast í framkvæmdum hjá opinberum aðilum. Þau virðast hafa þá tilhneigingu að fara langt fram úr áætlunum og því sem menn búast við. Ég tel því mikilvægt að það verði unnið að því að útboðin verði skoðuð og framkvæmdirnar. Það verði haft strangara og betra eftirlit með þeim þannig að slíkir hlutir geti ekki komið upp. Það er svo að við erum að afgreiða fjárlög og þar er fullt af óskaverkefnum. Þegar slík eyðsla kemur upp sem hér er dregur það úr því fé sem hægt er að úthluta. Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstv. ríkisstjórnar að það verði samdar og gerðar strangari reglur um framkvæmdir og sérstaklega stórverkefni þannig að það verði hægt að hafa betri hemil á því hvort rétt

er staðið að verki.

Ég vil að lokum ítreka að við í Borgarafl. gætum talað töluvert meira um þetta. Það hefur verið lítill tími til að skoða og lesa þessa skýrslu, en allt það sem við vildum sagt hafa var sagt hér af hv. 16. þm. Reykv., Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, sem sagði skýrt og skorinort hvað við vildum sagt hafa.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér satt að segja að koma hér upp aftur. Ég flutti almenna ræðu um þann vanda sem lýðræðið og þingræðið eiga við að búa þegar svona mál koma upp og mér fannst satt að segja óþarfi af hæstv. forsrh. að flytja af því tilefni almenna og heldur lítið frumlega skætingsræðu í framhaldi af því sem ég hafði um þessi mál að segja. Ég tel að ég hafi hagað máli mínu eins áreitnislítið og ég gat miðað við þær aðstæður sem hér eru uppi.

Þegar menn eru komnir út á það plan að segja að málflutningur okkar líkist einna helst því að spurt yrði: Gerðuð þið þinginu grein fyrir því þegar þið lögðuð það til að reykskynjarar yrðu skornir niður í hönnunarforsendum flugstöðvarinnar, þá finnst mér satt að segja að menn séu farnir að seilast býsna langt til að reyna að verja stöðu sína. Svona tal ber auðvitað ekki vott um neitt annað en að hæstv. forsrh. er í þröngri stöðu og á dálítið bágt og seilist þess vegna býsna langt eftir orðum til að reyna að vega andstæðinga sína, en orð af þessu tagi hitta hann sjálfan fyrir fremur en okkur hin. Vandinn er ekki sá eins og hann setti þetta upp. Spurningin var ekki um það númer eitt, tvö og þrjú: Voru þetta óhjákvæmileg verkefni sem þarna þurfti að vinna? Spurningin var um að þarna var eytt og sóað án heimilda.

Í þessum efnum ber hæstv. forsrh. og fyrrv. fjmrh. fyrir sig almenn lög. Það er alveg kostuleg afstaða. Með þessari lögskýringu sinni er hæstv. forsrh. að segja að heilbrmrh. geti tekið ákvörðun um útgjöld í hvað sem er í heilbrigðissektornum ef hann telur það óhjákvæmilegt. Með þessu er hann t.d. að segja að bréf fyrrv. hæstv. ráðherra Ragnhildar Helgadóttur um D-álmuna í Keflavík eða sneiðmyndatæki Borgarspítalans, sem voru send út án samráðs við fjmrn. í upphafi, hafi fullt gildi og fjmrn. beri að hlýða þeim og leggja út peninga samkvæmt þessum bréfum. Hæstv. ráðherra veit eins vel og ég að þetta er ekki svona. Og þó að flugstöðin sé lögð til utanrrh. með lögum er ekki þar með sagt að hann gangi með opið tékkhefti og borgi hvað sem er í sambandi við flugstöð. Það gengur ekki þannig fyrir sig. Hann verður að hafa heimild Alþingis í þessu efni. Er þessi heimild í lánsfjárlögum ársins 1984? Er þessi heimild í lánsfjárlögum 1985, 1986, 1987 og í frv. 1988? Jú, það er tæpt á þessum heimildum og þar eru tilteknar upphæðir. En það er ljóst að það er farið fram úr þessum heimildum. Það er það sem við erum að segja og erum að spyrja: Hvernig getur Alþingi sett niður reglur sem eru þannig að ábyrgðin sé skýr þegar svona hlutir koma fyrir? Það er það sem við erum að ræða hér um. Þetta er grundvallaratriði.

Ég var í minni ræðu að tala um almennar reglur um ábyrgð opinberra sýslunarmanna, þar á meðal ráðherra, og það er óþarfi af hæstv. forsrh. að reyna að fara á rúlluskautum í kringum þetta mál eins og við værum á kappræðufundi milli Heimdallar og Æskulýðsfylkingarinnar. Við skulum reyna að horfast í augu við þann vanda að það er ekki, því miður, í þjóðfélaginu samkomulag um hvernig á að taka á uppákomum af þessu tagi þannig að ábyrgðin sé skýr. Ég er ekki að biðja um krossfestingar né að hengja neinn einstakan heldur það að leikreglurnar séu skýrar. Það er það sem skiptir máli fyrir okkur ef við viljum endurreisa virðingu þessarar stofnunar, ef við meinum eitthvað með því sem við segjum, að við viljum reisa og endurreisa virðingu Alþingis.

Ég tel að í ræðu sinni áðan hafi hæstv. forsrh. gengist við málinu fyrir sitt leyti sem fyrrv. fjmrh. Ég tel að hann hafi gert það.

Og svo að lokum þetta, herra forseti: Ég ræddi um þann möguleika sem þingið hefur í svona málum, annars vegar vantrauststillögur og hins vegar landsdómur. Það eru þau fræðilegu úrræði, lagalegu úrræði sem þingið hefur. Það þýðir auðvitað ekkert að koma í þennan stól og segja við mig eða einhvern annan þm. með þjósti: Kærðu mig bara fyrir landsdómi, flyttu bara tillögu um vantraust. Ég hélt að við gætum rætt þetta mál af fullri alvöru og einlægni með rökum og í rólegheitum vegna þess að við verðum að skilja að vandinn hvílir á þinginu öllu og menn leysa ekki vandann með svona æfingum, oratorískum æfingum. Það gerist ekki þannig, herra forseti.

Og varðandi till. um vantraust á hæstv. samgrh. eða forsrh. út af þessu máli. Það er hugsanlegt að stjórnarandstöðuflokkarnir mundu styðja slíka till. Ég veit ekkert um það. Ég hef ekki rætt við Kvennalistann eða Borgarafl. um það mál. Það hefur satt að segja ekki verið sérstaklega á dagskrá vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir að stjórnarflokkarnir styðji slíka till. Þó veit ég ekki með Alþfl. Er kannski, svo ég bregði mér í kappræðufundarrökaðferðirnar, hæstv. forsrh. að gefa í skyn að það sé von í Alþfl. í þessu efni? Þá er best að kanna það.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að tveimur efnisatriðum í ræðu hv. 7. þm. Reykv. og leiða hjá mér dylgjurnar. Hann staðhæfði að heimildir hefðu ekki verið fyrir hendi. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur kannað hvort heimildar hafi verið aflað hjá þáv. utanríkisráðherrum og kom fram að byggingarnefnd hafi haft heimild til að stofna til þessara útgjalda."

Þetta er umsögn Ríkisendurskoðunar.

Varðandi samanburð á yfirstjórn þessara framkvæmda við önnur ráðuneyti og eðlilega ábendingu

um það af hálfu hv. 7. þm. Reykv. að fagráðuneyti eins og heilbr.- og trmrn. geta ekki tekið ákvarðanir um útgjöld án heimilda. Það er alveg laukrétt. En í þessum lögum er sérstaklega tekið fram, lögunum um lántöku vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, að utanrrh. skuli fara með yfirstjórn byggingar flugstöðvarinnar og tengdra mannvirkja. Og í athugasemdum við þessa grein segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, fer fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun, með yfirstjórn opinberra framkvæmda en Innkaupastofnun ríkisins með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Fram til þessa hefur vinna við undirbúning og hönnun flugstöðvarinnar verið í höndum utanrrh. sem notið hefur aðstoðar byggingarnefndar sem séð hefur um framkvæmd þess verks. Nú þegar komið er að hinni verklegu framkvæmd þykir best henta að yfirstjórn byggingarframkvæmdanna verði jafnframt í höndum utanrrh. Er því lagt til að ótvíræð heimild verði tekin í lög þar að lútandi."

Með þessum lagaákvæðum er vikið til hliðar meginreglunni um að fjmrn., Fjárlaga- og hagsýslustofnun, fari með yfirstjórn opinberra framkvæmda. Það er ekki gert með neinni geðþóttaákvörðun heldur með lögum sem Alþingi setur að yfirstjórn framkvæmdarinnar að þessu leyti til er í höndum utanrrh. Hann verður auðvitað eins og aðrir ráðherrar að fara eftir þeim heimildum sem hverju sinni eru á fjárlögum eða lánsfjárlögum og leita þeirra heimilda. Það breytir ekki því að hann hefur umboð, eins og hér kemur fram, til að taka ákvarðanir um breytingar á verkinu, en verður jafnframt að leita síðan til Alþingis um lánsfjárheimildir í því skyni. Þetta held ég að okkur ætti öllum að vera ljóst og þyrfti í sjálfu sér ekki að deila um.

Ég tók skýrt fram að það er ekki umdeilanlegt að í þessu verki hafa átt sér stað sambærileg mistök við það sem mjög algengt er að eigi sér stað í opinberum framkvæmdum þegar verið er að gera breytingar og verðlag breytist án þess að áætlanir séu unnar upp þannig að heildarmyndin sé skýr. Af þessu eigum við að draga lærdóm. Af þessu eigum við að draga þann lærdóm að breyta skipulaginu þannig að við getum verið tryggari en verið hefur almennt varðandi þessar framkvæmdir, að þær séu í samræmi við það sem Alþingi ákveður og Alþingi fái jafnan bestu vitneskju um breytingar. En ég hef ekki séð af þeim gögnum sem hér liggja fyrir að fjárlagabeiðnir eða lánsfjárlagabeiðnir, sem fela í sér breytingar frá upphaflegum áætlunum, hafi í þessu verki borist Alþingi með öðrum hætti en gagnvart öðrum verkum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér satt að segja hljóðs til að gera þessa stuttu athugasemd vegna þess að ég nenni ekki að láta menn eiga inni hjá mér svona lítilræði eins og þessa tilraun til skýringar, ef ég á að kalla það því jákvæða nafni, sem hæstv. forsrh. var með áðan.

Það er rétt sem hann las upp úr plagginu. Ég hef aldrei dregið það í efa. Heimilda var aflað hjá utanrrn. En utanrrn. hafði ekki heimild fyrir viðbótinni. Það er það sem ég hef verið að segja og það er það sem umræðan hefur gengið út á í allan dag. Þetta er númer eitt.

Númer tvö: Auðvitað veit ég að yfirstjórn byggingarframkvæmdanna var tekin frá Innkaupastofnun ríkisins og sett undir utanrrn. Það er rétt. En framkvæmdir við skólabyggingar, t.d. grunnskóla, eru undir framkvæmdadeild menntmrn. Engum dettur samt í hug að framkvæmdadeild menntmrn. eða menntmrh. sem húsbóndi hennar geti ákveðið að þenja út þann „sektor" um 871 millj. kr. rétt si svona. Auðvitað vantaði heimild. Auðvitað er hún ekki. Auðvitað var eytt og sóað án heimildar. Auðvitað verður ráðherra að leita heimildar í þessu efni. Það er það sem við höfum verið að ræða. Og það er kannski hægt að segja um ræðuna alla í einni setningu eitthvað á þessa leið: Hvaða aðferð er til til að koma í veg fyrir að ráðherrar eyði og sói hundruðum millj. kr., jafnvel í sín gæluverkefni í kjördæmum sínum, án þess að hafa til þess heimildir frá Alþingi?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er af minni hálfu ekki þörf á að lengja þessa umræðu mikið. Ég þakka fyrir að hún var sett hér á dagskrá og fór fram fyrir jólaleyfi þrátt fyrir umtalsverðar annir. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að Alþingi ræddi þetta mál eina stund a.m.k. áður en jólaleyfi er gefið þó að það sé alveg ljóst að málið verður áfram til umfjöllunar hér, m.a. vegna þess að tillöguflutningur er uppi um það og eins vegna hins að það er langt í frá að öll kurl séu komin til grafar og enn þá lengra frá því að þeir lærdómar og þær aðgerðir sem hljóta að leiða af upplýsingum málsins hafi gengið fram. Það er alveg augljóst mál.

Ég ítreka ósk mína til hæstv. forseta Alþingis um að komið verði á fundi forseta þingsins og formanna þingflokka með ríkisendurskoðanda. Ég tel að bæði þau skriflegu gögn sem hér liggja fyrir svo og ýmislegt sem fallið hefur í umræðunum gefi ærin tilefni til að þessir ráðamenn í þinginu ræði við sinn starfsmann, ríkisendurskoðanda. Ég vil þar bæði nefna skýrslu þá sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fyrir þingið og ummæli t.a.m. hæstv. núv. samgrh. sem féllu efnislega eitthvað á þá leið að ekki gætti nægjanlegrar sanngirni í umfjöllun Ríkisendurskoðunar að öllu leyti.

Við skulum fá útskrift af þeim ræðum sem hér voru fluttar, en ég taldi mig taka rétt eftir því að hæstv. samgrh. léti orð falla eitthvað í þá áttina. Sé svo ekki kemur það í ljós og þá dreg ég það til baka, en útskrift á ræðunum munu væntanlega sýna hvaða ummæli féllu um þetta efni.

Vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur ekki talað

síðan ég flutti mína ræðu fyrr á fundinum, en gerir það e.t.v. hér á eftir, vil ég ítreka spurningu mína til hans: Mun hæstv. ráðherra draga skýrslu sína til baka og láta prenta nýja þar sem augljósar rangfærslur hafa þá verið leiðréttar og mun orðalagi í niðurlagi skýrslunnar verða breytt eða bætt þá inn í hið prentaða þskj. þeim fyrirvara sem hæstv. ráðherra flutti munnlega um að ákveðinn dómur, sem felldur er í lok skýrslunnar, taki ekki til Ríkisendurskoðunar, eigi ekki við vinnu og ályktanir Ríkisendurskoðunar? Þetta er að mínu áliti mjög mikilvægt atriði að fá alveg á hreint.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég finn sárt til með hæstv. forsrh. þegar það gerist aftur og aftur á fundum á hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherra ég vil segja niðurlægir sjálfan sig og embætti sitt sem forsrh. landsins með því að grípa til svo strákslegra útúrsnúninga að annað eins er fáheyrt í þingsölum og ég hygg næstum að segja einsdæmi af manni sem gegnir þeirri stöðu að vera forsrh. þingbundinnar ríkisstjórnar. Ég hygg að svo sé. Og hæstv. forsrh. gerir tilraunir til að leggja talsmönnum Alþb. í munn orð eða gera þeim upp þá sérstöku ósk og þann sérstaka vilja að flugstöð á Keflavíkurflugvelli yrði byggð án reykskynjara, rétt eins og það væri eitthvert sérstakt keppikefli Alþb., næstum að segja komið inn í stefnuskrá flokksins að það mættu alls ekki vera reykskynjarar í flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Þegar slíkt er á borð borið eða mælt af munni fram úr ræðustóli á hinu háa Alþingi af hæstv. forsrh. er nú skörin farin að færast upp í bekkinn. Það verð ég að segja alveg eins og er. Ég hefði unað því mjög vel ef hæstv. forsrh. hefði tínt til dæmi úr minni ræðu þar sem hann taldi að ég hefði farið með rangfærslur eða ekki fært rök fyrir hlutum. Því hefði ég unað. En svona leikfimi, svona strákshátturr, slíkt dæmir sig auðvitað best sjálft, virðulegur forseti.

Um það hvort hér hafi átt sér stað eyðsla umfram heimildir, um það hvort fullyrðing mín um að svo hafi verið og að það sé alvarlegt tel ég að þurfi ekki að þrátta. Það komu fram í umræðunni mjög mikilsverðar upplýsingar þegar hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., formaður fjh.- og viðskn. Nd. allt sl. kjörtímabil, kom upp og gaf yfirlýsingu um að fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis hefði allt sl. kjörtímabil aldrei verið greint frá eyðslu umfram heimildir. Sömuleiðis hefði honum sem formanni þingflokksins og sem varamanni í utanrmn. aldrei verið gerð grein fyrir slíkum hlutum. Þetta var, virðulegur forseti, að mínu mati mjög mikilsverð yfirlýsing fyrir hönd þingsins og stöðu fjárveitingavaldsins gagnvart málinu. Síðan eru menn að lesa upp úr skýrslu Ríkisendurskoðunar, að vísu bara vel valda kafla, eins og hæstv. forsrh. gerði og fylgdi þar í kjölfar hæstv. utanrrh. sem tókst með endemum óheppilega að velja sér kafla til upplestrar á fundinum eins og ég sýndi fram á í ræðu minni. Það þarf ekki að lesa lengi úr niðurstöðum Ríkisendurskoðunar til þess að komast að kjarna málsins. Það er dregið saman á kjarngóðu íslensku máli, sem enn þá er greinilega hægt að skrifa þó í skýrslum sé, hvað í raun og veru gerðist. Það er á bls. 5, bls. 8 og bls. 9, með þínu leyfi, herra forseti, ein málsgrein á hverri síðu.

Þá er það fyrsta málsgr. sem hæstv. forsrh. valdi til upplestrar áðan: „Ríkisendurskoðun hefur kannað hvort heimildar hafi verið aflað hjá þáv. utanrrh. og kom fram að byggingarnefnd hafi haft heimild til að stofna til þessara útgjalda.“ Gott og vel. Þá er það ljóst. Byggingarnefndin hafði heimild utanrrh. á hverjum tíma.

Þá er það næst bls. 8. Þar segir: „Í júlíáætluninni kom í ljós að fjárþörfin umfram þær 520 millj. kr. sem veittar voru á lánsfjáráætlun 1987 var 890 millj. kr.“ Þörfin umfram heimildirnar var þá orðin þessi, samansöfnuð frá árunum 1985, 1986 og fyrstu mánuðum ársins 1987. Þetta kemur fram í skýrslunni.

Og á bls. 9, herra forseti, er svo síðasta tilvitnunin sem skiptir miklu máli í þessu sambandi. Þar segir Ríkisendurskoðun: „Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var sótt um aukafjárheimild og ekki vakin athygli fjárveitingavaldsins á vandanum fyrr en með bréfi dagsettu 29. apríl 1987. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið viðhlítandi skýringu á þessu.“

Þar með er málið alveg ljóst að mínu mati. Það eru hæstv. utanrrh. sem hafa samkvæmt óskum frá byggingarnefnd tekið sér fjárveitingarvald í hendur sem þeir ekki hafa. Og það er til annar ofurlítið eldri texti sem er líka mjög skýr. Það er í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem menn eru stundum að nöldra yfir að sé orðin gömul og úrelt. Mér dettur stundum í hug að það væri líklega gáfulegast að hafa hana eins og hún er um aldur og ævi því að menn gátu þó a.m.k. tekið skýrt til orða á þeim tímum.

41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins hljóðar einfaldlega þannig eins og reyndar hefur verið fyrr vakin athygli á hér á fundinum: „Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Þetta er stutt og skýr og alveg morgunljós grein. Með öðrum orðum: Það er ekki hægt, jafnvel þó lög væru sett, einföld lög, að veita einstökum ráðherrum fjárveitingarvald. Stjórnarskráin meira að segja bannar það. Þetta mál liggur svo ljóst fyrir sem nokkuð getur verið. Það þarf ekki að þrasa meir um það.

Ég held að það væri öllum til bóta að sá angi málsins sem út af stendur í raun og veru, hafandi í höndum hið ágæta plagg Ríkisendurskoðunar, spurningin um hver á að axla ábyrgðina af því sem gerst hefur, verði sett í sérstaka rannsókn. Ég álít það mikilvægt fyrir þingræðið í landinu og til þess að menn geti borið eitthvert traust til íslenska stjórnkerfisins að úr þessu fáist skorið og ekki bara látið sitja við orðin tóm heldur verði þeir menn sem fundnir verða ábyrgir í þessum efnum látnir sæta sinni ábyrgð. Ríkisendurskoðun eðli málsins samkvæmt fer ekki inn á þennan hluta málsins, dregur ekki niðurstöður hvað þetta varðar, enda ekki til þess ætlast væntanlega, ekki hlutverk þeirrar stofn-

unar í raun og veru og væntanlega ekki um það beðið af hæstv. fjmrh. sem fór fram á að skýrslan yrði unnin. En þá stendur eftir að mínu mati fyrst og fremst hlutur Alþingis. Alþingi er eini aðilinn sem getur dregið jafnháttsetta mann í stjórnkerfinu og ráðherrar eru til ábyrgðar með einum eða öðrum hætti. Því verður ekki unað og það er ekki hægt að láta íslensku þjóðina horfa upp á það, eins og hv. 16. þm. Reykv. sagði fyrr á fundinum, hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, í ágætri ræðu að enginn beri ábyrgð. Það getur einfaldlega ekki gerst. Það má ekki vera þannig að enginn beri ábyrgð þegar slík stórfelld mistök eiga sér stað. Það er ekki hægt að einn og einn ráðherra geti rekið undirmenn sína fyrirvaralaust fyrir meint smávægileg brot í eyðslu opinbers fjár en að þeir hinir sömu ráðamenn sem taka sér vald í hendur til að reka opinbera starfsmenn fyrirvaralaust úr störfum geti sjálfir setið ef þeir eru sekir um sams konar afbrot og þar voru meint, bara 10, 20, 100 sinnum eða 500 sinnum eða 1000 sinnum stærri.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, aðeins koma að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umræðum hér.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði allmörg orð um framsöguræðu mína. Ég vil segja það um hana að ég tók ákvörðun um að leggja þessa skýrslu fram hér til þess að hana mætti ræða. Ég gerði mér far um að gerast ekki dómari í þessu máli, enda tók ég fram í upphafi minnar ræðu að þekking mín á málinu væri í raun ekkert meiri en kemur fram í þessari skýrslu. Ég reyndi að fara yfir niðurstöðurnar hlutlaust, en það hefur hv. þm. auðsjáanlega ekki þótt ég gera.

Ég tók t.d. mjög greinilega fram að það sem væri ámælisvert væri að viðbót er ákveðin við bygginguna án þess að fjárveitingarvaldið viti um það. Þetta tók ég skýrt fram. Ég tók líka skýrt fram að það hefðu augljóslega orðið mistök í hönnun og m.a. stafaði það af því að þarna lægju mismunandi staðlar til grundvallar. Hv. þm. gerir athugasemd við að ég hafi ekki lesið 7. bls. alla. Það er megininntakið í fyrri hluta 7. bls., sem ég var þá búinn að rekja, að það hefðu orðið mistök í hönnun sem af þessum ástæðum stafa.

Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef ekki talið postulínstæki þarna suður frá eða annað þess háttar og er ekki eins kunnugur þeim atriðum og hv. þm. augljóslega er.

Ég tók líka fram að það væru mistök að fjárveitingarvaldinu hefði ekki verið gerð grein fyrir umframkostnaði fyrr en í apríl 1987. Ég er enn þá þeirrar skoðunar að þetta séu þau meginatriði, sem fram komu í skýrslunni, sem eru svo sannarlega umræðu- og athugunarverð.

Hv. þm. mislíkar að ég skuli ekki hafa lesið úr skýrslunni nokkur atriði sem Ríkisendurskoðun segir og má telja jákvæð fyrir byggingarnefnd. Þau þrjú sem ég hef nú rakið eru augljóslega neikvæð fyrir þá sem voru með yfirstjórn byggingarinnar. Ég rakti nokkur atriði sem má segja að hafi verið jákvæð. Af hverju mega þau ekki koma líka fram þannig að hlutirnir séu í sæmilegu jafnvægi? Það var mín ætlun en ekki að gerast dómari í þessu máli. Á það vil ég leggja ríka áherslu.

Hér hefur verið töluvert um það spurt hver beri ábyrgðina og menn hafa haldið hér ræður um það. Mér datt satt að segja ekki í hug að nokkur þyrfti að efast um það. Við samþykktum lög sem fólu utanrrh., sem sat á hverjum tíma, að sjá um bygginguna. Ég held að það sé alveg ljóst að utanrrh. ber ábyrgð, enda hefur ekkert verið skorast undan ábyrgð. Ég hef ekki orðið var við það. Spurningin er hins vegar um hækkanir. Það er fyrst og fremst um þær að ræða sem hafa komið á borð utanrrh. Ég hygg að það sé reyndar ekki í tíð núv. hæstv. samgrh. heldur mun það vera fyrr. Það er fyrst og fremst um þessar viðbætur að ræða. Ég las úr skýrslu Ríkisendurskoðunar álit Ríkisendurskoðunar á því að þetta kunni að hafa verið nauðsynlegt til að byggingin væri starfshæf eða gæti sinnt því hlutverki sem henni er ætlað.

Mér sýnist það ekki nein goðgá þó slíks sé getið. Hitt er svo annað mál ef við viðurkennum að það hafi verið nauðsynlegt t.d. að hafa sex landganga í staðinn fyrir þrjá o.s.frv. Ég viðurkenni það. Ég held að það hafi tvímælalaust verið nauðsynlegt. En þá er það hin spurningin, sem er vissulega umhugsunarverð, ef þörfinni fyrir aukið fjármagn í þessu skyni og öðru sem þar er í skýrslunni er ekki komið eðlilega á framfæri við fjárveitingarvaldið. Það er gagnrýni vert.

Af því að hér var töluvert fjallað um aðra skýrslu, sem ég hef látið leggja hér fram, sem er þó ekki til umræðu, vil ég segja þetta: Það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að það var of mikill flýtir á þessari skýrslu, en það var gert í þeirri góðu trú af þeim mönnum sem unnu hana að hún yrði rædd hér í dag og af því að þeir vissu að hún yrði á dagskrá og einnig að það væri mjög þarft að hafa þá skýrslu við hendina meðan skýrsla Ríkisendurskoðunar er rædd. (**SJS:** Hverjir unnu skýrsluna?) Það er nokkuð langt mál að telja þá upp, en Þorsteinn Ingólfsson, sem er forstöðumaður varnarmáladeildar og kemur að þessu máli mjög seint og ég get sagt að sé nokkuð hlutlaus í þessu máli, hafði yfirumsjón með vinnslu þessarar skýrslu. Til voru kallaðir ýmsir þeir verkfræðingar sem gleggstar upplýsingar hafa um tölur. Ef hv. þm. þykir skýrslan of stutt er mér um það að kenna. Ég óskaði eftir því að hún yrði einu sinni stutt en greinileg. Ég óskaði líka eftir því að þarna yrði dregið fram betur en ég hef séð að hvaða leyti kostnaðurinn væri vegna meiri verðhækkana á tímabilinu en raun varð á. Það er hárrétt, sem hæstv. fjmrh. sagði í dag, að það var gert ráð fyrir 8,5 millj. dollara vegna verðhækkana á tímabilinu. Það eru um 24% eða þar um bil. Verðhækkanir á tímabilinu urðu 88%. Þess vegna, eins

og kemur fram í þessari skýrslu, má rekja til verðhækkana 962 millj. umfram áætlun ef ég man þessa tölu rétt. Ég taldi vera gott fyrir þm. að hafa þetta einnig fyrir framan sig.

Ég hef hins vegar upplýst að ýmsar villur urðu í skýrslunni og hún yrði dregin til baka af þeim sökum. Ég tel mér alls ekki heimilt að breyta efnislega því skjali sem búið er að leggja fram. Hins vegar hef ég gert ráðstafanir til þess að viðbót verði lögð fram sem skýrir nánar t.d. hvernig á þessum mismun stendur. Það er rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að það kemur ekki nógu glöggt fram í skýrslunni. Hvort hv. þm. verða ánægðir með þær skýringar veit ég ekki, en það verður gerð tilraun til að skýra það aðeins nánar.

Um það atriði, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leggur áherslu á að dregið verði út úr skýrslunni, verð ég að svara því að ég tel mig ekki hafa heimild til þess, en ég bendi á að það sem ég hef sagt um það atriði er væntanlega þegar komið í þingskjöl eða a.m.k. á segulband þingsins og ég held að það sé jafngilt þar og þó það væri í prentuðu formi.

Hins vegar vil ég taka undir það að lokum með hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að þetta er ekki besti tími til að ræða þetta stóra mál og hefði mín vegna gjarnan mátt bíða þar til eftir áramótin. Sú skýrsla verður þá væntanlega til umræðu og við getum tekið upp þráðinn aftur, sömuleiðis sú till. sem hér liggur fyrir um rannsóknarnefnd.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að skattyrðast við hv. 4. þm. Norðurl. e. um hver fer með mestan stráksskap í umræðum í sölum Alþingis, ætla að láta aðra um að dæma um það.

Ég vék að því í minni ræðu hvernig færi ef menn beittu sömu brögðum í málflutningi og hv. þm. Alþb. hafa gert, en tók mjög skýrt fram um það dæmi sem ég nefndi hvernig mætti vinna. (**SJS:** *Taktu raunveruleg dæmi.*) Ég ætla ekki að gera það. (**SJS:** Því ekki?) Ég tók mjög skýrt fram að ég ætlaði ekki að gera það þó ég hafi varpað ljósi á hvernig mætti ræða þetta ef menn ættu að gera það á sama plani og hv. þm. Alþb. En ég sé af viðbrögðum hv. þm. að þessi ábending hefur verið nokkuð viðkvæm. Það er greinilegt að hún hefur hitt í mark eins og hv. 7. þm. Reykv. orðar það.

En það er líka einkennilegt í málflutningi hv. 4. þm. Norðurl. e. að gera um það harðar athugasemdir að við hæstv. utanrrh. höfum, eftir því sem ég skildi, nánast ekki heimild til að vitna í þá hluta skýrslu Ríkisendurskoðunar sem skýrir þetta mál og er jákvæð fyrir þá aðila sem að framkvæmdinni hafa staðið. Við vitnuðum báðir í neikvæða og jákvæða þætti í þessari skýrslu. En það eru gerðar um það alvarlegar athugasemdir að við vitnum til þeirra þátta sem eru jákvæðir, sem skýra að byggingarnefndin hafði heimild. Þarna finnst mér skjóta skökku við. Það hafa verið bornar hér mjög þungar ásakanir á byggingarnefndarmenn með nokkrum glósum og dylgjum, en það kemur skýrt fram í skýrslu ríkisendurskoðanda og hv. 4. þm. Norðurl. e. las það upp áðan að byggingarnefndin hafði til þess réttar heimildir að standa að framkvæmdinni eins og hún gerði. Eigi að síður þótti ástæða til að bera þessar ásakanir fram og dylgjur en viðurkenna svo rétt í lokin, að vísu eftir að hafa gagnrýnt að til þessara ummæla í skýrslu Ríkisendurskoðunar væri vitnað, að þetta væri satt og rétt. Þetta lýsir auðvitað svolítið þessum málflutningi. Og mér finnst (Gripið fram í.) að einmitt svona málflutningur dragi úr því að menn dragi þann eðlilega lærdóm af þessu máli sem Ríkisendurskoðun er að benda hér á og við vitum að við þurfum að gera varðandi fjöldann allan, sennilega flestar opinberar framkvæmdir. Það vitum við allir, hv. þm. Ég tel að við megum ekki og eigum ekki að fara svo offari í þessari umræðu að þessi kjarni málsins verði út undan því að minni hyggju skiptir hann mestu máli.

Hæstv. utanrrh. hefur ítarlega gert grein fyrir því hverjar skýringar voru á þeim umframheimildum sem leitað var eftir, að vísu réttilega of seint, en leitað var eftir, og ég ætla ekki að rekja það frekar. Ég veit ekki, herra forseti, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar eða mótaðar um samskipti þm. og Ríkisendurskoðunar undir því nýja skipulagi sem tekið hefur gildi, að Ríkisendurskoðun heyri undir Alþingi. Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskaði eftir sérstökum fundi þingflokksformanna með ríkisendurskoðanda. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé hinn eðlilegi og rétti háttur sem hafa ber á í samskiptum þings og ríkisendurskoðanda, en fari slíkur fundur fram hygg ég að fróðlegt væri að fá þar fram hvort hv. 4. þm. Norðurl. e. geti fundið þeirri fullyrðingu sinni stað í endurskoðunarskjali, hinni stjórnsýslulegu endurskoðun Ríkisendurskoðunar, að 1 milljarði kr. hafi verið eytt og sóað án heimilda. Ég hygg að ef slíkur fundur á sér stað væri það fróðlegt að fá staðfestingu á því hvort hv. 4. þm. Norðurl. e. getur með rökum fundið þeirri fullyrðingu stað í skýrslu endurskoðanda.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við fengum ágætt dæmi endurtekið fyrir okkur um hvernig hæstv. forsrh. snýr út úr hlutunum. Hann forðast eins og heitan eldinn að koma með beinar tilvitnanir í það sem hér hefur verið sagt en fer í einhverja hringi út í tómarúmið til að reyna að sýna fram á að einhver hluti ræðumanna hafi ástundað slæma röksemdafærslu. Þetta er óskaplega dapurlegt. (**Forsrh.:** Má ekki sýna fram á það? Er það ekki hægt?) Jú, ef það væri hægt og þá ætti líka að gera það með beinum tilvitnunum í það mál sem hér hefur verið flutt.

Varðandi það að ég vilji ekki að hæstv. ráðherrar eða aðrir sem vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar tíni þar til eitthvað sem jákvætt geti talist fyrir byggingarnefnd, þá er það fjarstæða. Það sem ég sagði var að ég vil að það sé vitnað til hlutanna í samhengi. Mér finnst óeðlilegt þegar á heilli blaðsíðu er fjallað

með mjög neikvæðum hætti um einhverja tiltekna hluta málsins, en í einni einustu setningu finnast kannski málsbætur fyrir einhverja aðila að þá sé sú eina setning tínd út úr. Það var það sem ég gagnrýndi, herra forseti, og geri enn. Ég hef sjálfur lesið upp úr skýrslu Ríkisendurskoðunar hluti sem eru bæði neikvæðir og jákvæðir fyrir einstaka framkvæmdaaðila eins og byggingarnefndina. Ég t.d. las upp áðan, eins og reyndar forsrh. hafði heyrt, þann hluta skýrslunnar sem staðfestir að byggingarnefndin hafði heimildir ráðherra. Ég dró það ekki undan, enda ekki ástæða til.

Herra forseti. Hér er ljósrit úr Morgunblaðinu daginn sem flugstöðin var opnuð. Þá kom út heill kálfur, einhvers konar mini-þjóðhátíðarútgáfa af Mogganum, upp á tugi blaðsíðna og sömu daga voru heilar opnur, heilar breiðsíður með árásum á þann sem hér stendur og ýmsa fleiri sem höfðu leyft sér að draga í efa ágæti þessara framkvæmda. Það er því eðlilegt að talsmönnum Sjálfstfl. í þessari umræðu sé brugðið. Það er ekki á hverjum degi sem menn fá kosningavíxil allt að því upp á 1 milljarð í hausinn fjórum dögum eftir að kosningum lýkur.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð við lok þessarar umræðu. Það er ekki umdeilanlegt að utanrrh. fer með framkvæmd þess verks sem hér hefur verið til umræðu og byggingarnefnd sótti heimildir þangað. Samkvæmt því sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur sú heimild þar af leiðandi verið fyrir hendi. Af því hv. þm. 4. þm. Norðurl. e. ræddi það að utanrrh. hefði tekið sér fjárveitingarvald í hendur vil ég aðeins undirstrika það sem ég sagði í minni fyrstu ræðu. Í það skipti sem ég sá um fjármál í sambandi við lánsfjárlög lá fyrir beiðni frá byggingarnefnd um 520 millj. kr. til erlendrar lántöku. Sú beiðni gekk til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar eins og hér hefur komið fram. Engar upplýsingar aðrar lágu þá fyrir. Um leið og fyrir lágu upplýsingar um að það skorti viðbótarfjármagn var að sjálfsögðu sótt um fjárveitingu til fjmrh. og á því varð enginn dráttur. Þegar mál liggja ljós fyrir eru þau látin ganga rétta boðleið, en þau þurfa að sjálfsögðu að liggja ljós fyrir.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að því að ég hefði talað um að Ríkisendurskoðunin hefði ekki gætt nægjanlegrar sanngirni. Ég sagði að ekki hafi gætt nægjanlegrar sanngirni í umfjöllun ýmissa aðila um málið. Má vera að um mismæli hafi verið að ræða, en við fáum þá að heyra það af segulbandsspólunni.

Þegar talað er um ábyrgð og þá í leiðinni verið að bera mér á brýn að ég hafi ekki gert rétt í því að láta þann samning sem upprunalega var undirritaður í ágústmánuði 1983 og kvað á um að flugstöðin ætti að vera tilbúin í apríl 1987 stangast hlutirnir á. Ég var þar að gæta þeirrar ábyrgðar sem utanrrh. hafði til að skila verkinu á umsömdum tíma.

EFRI DEILD

28. fundur, föstudaginn 18. des., kl. 10 árdegis.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 227, n. 308 og 311, brtt. 309, 326, 328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. í nál. á þskj. 311 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 12:6 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 328 felld með 13:6 atkv.

Brtt. 326,1 felld með 14:6 atkv.

Brtt. 309 samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 326,2 felld með 14:3 atkv.

5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
6.–12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða I–II samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Söluskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 226, n. 306 og 333, brtt. 307, 312, 325, 329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 312,1 (aðaltill.) felld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SvG, DS, GA, JúlS, KP, MF.

nei: SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KSG.

Einn þm. (GuðmÁ) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þessi brtt., sem nú er verið að greiða atkvæði um, fjallar um að matvörur verði áfram undanþegnar söluskatti, m.ö.o. að matarskatturinn verði ekki lagður á, þannig að enn

er tækifæri til þess fyrir þá stjórnarliða, sem vafalaust hafa áhyggjur af þessari skattlagningu, að láta það birtast með því að styðja þessa till. Þetta er tilraun til að koma í veg fyrir skattlagningu á brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna upp á 5750 millj. kr. á ári. Þetta er tilraun til að stöðva þá skattlagningarbylgju sem leggst þyngst á láglaunafólkið og Alþfl. beitir sér hér fyrir. Þess vegna segi ég já við þessari till., herra forseti.

Brtt. 312,1 (1. liður varatill.) felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF, SkA, SvG.

nei: EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, VS, ÞK, KSG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Samkvæmt yfirlýsingum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni er ætlunin að endurgreiða söluskatt af mjólk og mjólkurafurðum, sömuleiðis dilkakjöti, osti. Ég spyr: Er með afstöðu meiri hl. í þessari deild verið að taka um það ákvörðun að þessi endurgreiðsla eigi sér ekki stað? Eru fulltrúar stjórnarflokkanna hér, Egill Jónsson og Halldór Blöndal, hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson ... (**Forseti:** Ég minni á að viðkomandi er að gera grein fyrir atkvæði sínu.) Já, einmitt. Ég er nefnilega að gera grein fyrir atkvæði mínu, forseti. Þetta er úrslitastund í málinu. Ég er að gera grein fyrir mínu atkvæði, herra forseti, vegna þess að hér er meiri hl. að segja að fjmrh. megi ekki endurgreiða þennan söluskatt. Þið eruð að lýsa því yfir að fjmrh. megi ekki endurgreiða söluskatt af mjólkurafurðum. Ég mun, ef meiri hl. fellir þessa till., óska eftir hléi á fundinum til að fá yfirlýsingu frá fjmrh. um að hann muni hafa ykkar afstöðu að engu. Ég segi þess vegna við þessari till. já, herra forseti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Meiri hl. þessarar deildar, hv. þm. Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Eiður Guðnason, Stefán Guðmundsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Karl Steinar Guðnason, Jón Helgason og Halldór Ásgrímsson hafa tekið um það ákvörðun að fjmrh. megi ekki endurgreiða söluskatt af mjólk og mjólkurvörum. Ég óska eftir því í tilefni af þessum ákvörðunum meiri hl. að atkvæðagreiðslu um þetta mál verði frestað og fjmrh. verði kallaður inn í salinn til að lýsa því yfir hvaða afstöðu hann hefur. Mun hann ekki endurgreiða söluskatt af mjólk og mjólkurafurðum og þar með verða við þeirri ákvörðun sem meiri hl. tók eða mun hann hafa ákvörðun meiri hl. að engu og endurgreiða þrátt fyrir ykkar afstöðu, í blóra við ykkur, söluskatt af mjólk?

Ég veit að það yrði mikið högg fyrir meiri hl. hér ef fjmrh. réðist þannig gegn honum og endurgreiddi söluskatt af mjólkurafurðum, en það er óhjákvæmilegt að þetta komi fram og ég óska eftir því að fundinum verði frestað, fjmrh. verði kallaður hér inn og geri grein fyrir afstöðu sinni í málinu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning sem hefur komið fram hjá hv. 7. þm. Reykv. Það er rétt skilið hjá honum að það stendur ekki til að endurgreiða innheimtan söluskatt. Hins vegar verður staðið við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að niðurgreiðslur verða auknar. Því er það rétt skilið hjá honum að með þessari afstöðu hefur verið ákveðið að endurgreiða ekki innheimtan söluskatt, enda er það ekki hægt. En hins vegar verður staðið við viðkomandi yfirlýsingar með aukningu niðurgreiðslna.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. tók af mér ómakið að segja það, sem ég veit að hv. 7. þm. Reykv. vissi, að afgreiðslan hér og nú snertir að sjálfsögðu ekki niðurgreiðslurnar né þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í þeim efnum. Þvert á móti mun meiri hl. deildarinnar, a.m.k. þm. Sjálfstfl., fylgja því fast eftir að við yfirlýsingar um niðurgreiðslur verði staðið.

Hitt vakti hins vegar athygli mína að mér virtist hv. þm. vera að gera því skóna að það væri allt í lagi frá hans hálfu að fjmrh. stofnaði til verulegra útgjalda úr ríkissjóði þvert ofan í vilja þingdeildarinnar og þvert ofan í það sem hann túlkaði sem beina afstöðu þingdeildarinnar um að niðurgreiðslurnar væru óheimilar. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Útgjöld úr ríkissjóði eru ekki ákveðin með afgreiðslu þingdeildarinnar á frv. um söluskatt. Þvert á móti er það tekjuöflunarfrv. en ekki útgjaldafrv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Er ekki ætlun forsetans að kalla hingað hæstv. fjmrh.? Ég óska eftir því.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli hv. 7. þm. Reykv. á því að nú stendur yfir atkvæðagreiðsla og það er ekki þinglegt eða í samræmi við þingsköp að kalla ráðherra til skýrslugjafar í atkvæðagreiðslu. Mér finnst eðlilegt að hv. 7. þm. Reykv. doki við með þessa ósk sína. Hann hefur þegar fengið skýringar frá hæstv. sjútvrh., þannig að fjmrh. við 3. umr. málsins, sem er hið rétta form, ekki í atkvæðagreiðslunni, gefur honum þá þær skýringar sem hann óskar eftir. Það er að sjálfsögðu hin eðlilega leið. Í atkvæðagreiðslu efnum við ekki til ræðuhalda um efnisatriði máls.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að það séu til nein ákvæði um það í þingsköpum hversu oft eða

sjaldan menn mega tala um þingsköp. Það væri kannski ástæða til að setja það í þingsköp.

En ég harma að stjórnarmeirihlutinn og leiðtogi Alþfl. í þessari deild skuli ekki vilja sýna fjmrh. hér nú þegar. Ég hef gert mitt besta til að skapa svigrúm til þess í þinghaldinu að fjmrh. fengi að gefa yfirlýsingu varðandi niðurgreiðslu á mjólk og mjólkurvörum.

Hæstv. sjútvrh. sagði nokkur orð áðan og orðaði þetta svo: Það hefur aldrei staðið til að endurgreiða söluskatt af mjólk og mjólkurvörum. Hins vegar verða niðurgreiðslur auknar. Þetta er nákvæmlega það sem bersýnilega verður reynt og við höfum óttast, að það verði litið á þessa niðurgreiðsluaukningu sem almenna viðbót við niðurgreiðslur sem síðan megi ráðstafa og verði ráðstafað eftir ákvörðun og vilja ríkisstjórnar hverju sinni þannig að það er verið að gefa í skyn að matarskatturinn geti að hluta til lent á mjólk og mjólkurvörum. Til þess hins vegar að koma í veg fyrir að menn geti með tilraun til útúrsnúninga komið sér undan því að taka afstöðu í þessu efni, eins og hæstv. sjútvrh. var að gera, mun ég við 3. umr. flytja aðra till. um þetta sama mál þar sem gert verður ráð fyrir að verð á mjólk og mjólkurafurðum, kjöti og kjötafurðum, ostum og öðrum slíkum vörum skuli ekki hækka vegna álagningar matarskattsins. Það geta auðvitað komið til aðrar hækkanir síðar, en ekki vegna álagningar matarskattsins. Þessi niðurgreiðsluupphæð upp á 1200–1250 millj. kr., sem verið er að tala um að komi til vegna mjólkur og mjólkurafurða, verði því notuð til að halda niðri verði á þeim vörum en menn geti ekki sagt sem svo: Við erum hér með 1250 millj. kr. í niðurgreiðslur og við notum þetta svo sem í hvað sem er. Það er einmitt það sem hæstv. sjútvrh. er að gefa í skyn.

Hitt, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., voru ómerkilegar dylgjur um að ég hefði í ræðu minni eða athugasemd áðan verið að segja að það væri í raun og veru allt í besta lagi þó að farið yrði þvert gegn vilja deildarinnar. Það var ekki það sem ég var að segja eins og hv. þm. veit. Það sem ég var að vekja athygli á er að svo virðist vera sem meiri hl. deildarinnar láti sér þetta mál í léttu rúmi liggja, rumskaði ekki í þessu máli fyrr en ég fór að gera grein fyrir atkvæði mínu við nafnakall um málið, vissi þá ekki hvaðan á sig stóð veðrið, náði svo að lokum nokkurn veginn áttum þegar hæstv. sjútvrh. kastaði út líflínu til stjórnarliða. En hún dugir skammt vegna þess að við lokameðferð málsins í þessari virðulegu deild verður gerð tilraun til að gefa stjórnarliðum kost á að taka afstöðu til þess hvort þeir ætla að hækka verð á mjólk og mjólkurvörum. Það er einmitt það sem hæstv. sjútvrh. var að gefa í skyn að stæði til vegna þess að niðurgreiðslurnar á að taka eins og hverja aðra púlíu, hvern annan sjóð og dreifa síðan út til niðurgreiðslna á hinar ýmsu vörur.

En ég harma hvað stjórnarliðið er tregt til að sýna hæstv. fjmrh. Ég veit ekki til þess að hann sé feiminn við að koma inn í þessa virðulegu deild.

En ég skal ekki vera að nudda í þessu lengur fyrst leiðtogi Alþfl. í deildinni vill ekki sýna ráðherrann sinn núna. Það verður þá að hafa sinn gang. En ég bið þá um hann á eftir.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv. taka undir það, sem hann segir, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hafa verið með ýmsum hætti, stundum gengið upp og stundum niður, bæði þegar hann var ráðherra og ýmsir aðrir. Þessi forsaga málsins gefur vissulega tilefni til þess fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar í þinginu að standa fast á bak við þá ákvörðun að niðurgreiðslunum verði haldið og hvergi gefið eftir í þeim efnum og að við það verði staðið að vísitala framfærslukostnaðar hækki ekki vegna þessara breytinga á tekjuöflunarkerfinu og til þess að staðið verði á bak við það að þær matvörur sem við erum hér að tala um hækki ekki frá því sem við höfum nú ákveðið.

Það er hins vegar ánægjulegt að heyra að hv. þm. skuli vera mér sammála um að það sé nauðsynlegt að hafa aðhald á fjmrh. og passa upp á að hann sé ekki að greiða úr ríkissjóði meira en hann hefur heimildir deildarinnar til að gera.

Brtt. 312,1 (2. liður varatill.) felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF, SkA, SvG, DS.

nei: EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, KSG.

Brtt. 312,1 (3. liður varatill.) felld með 13:6 atkv.

Brtt. 307,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 307,2a–b samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 325,1 felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF, SkA.

nei: VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, KSG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. í virðulegri deild á því að hér er verið að gera úrslitatilraun til þess að ekki eigi sér stað þau hrikalegu mistök að helstu nauðsynjavörur heimilanna verði skattlagðar með 25% söluskatti. Hér er lögð fram till. þess efnis að þær matvörur sem heimilin byggja á verði undanþegnar söluskatti. Ég segi já.

Brtt. 329,1 felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF.

nei: SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KSG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Í samræmi við stefnu Kvennalistans höfum við hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir leyft okkur að bera fram brtt. til að koma í veg fyrir að söluskattur verði lagður á matvæli. Þetta er í raun síðasta tilraun við þessa umræðu til að koma í veg fyrir að þessi skattur leggist á lífsnauðsynjar fjölskyldna og heimilanna í landinu. Ég segi því já.

Brtt. 307,2c samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 325,2a felld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, MF, SkA.

nei: VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, KSG.

KP greiddi ekki atkvæði.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ágætt að gera grein fyrir hvaða brtt. við gerum hér. Þetta er um afruglara. Ég tel það ófært að meðan verið er að setja matarskatt á skuli vera heimild í lögum fyrir fjmrh. til að undanþiggja afruglara söluskatti. Ég segi því já.

Brtt. 312,2a felld með 13:6 atkv.

Brtt. 329,2 kom ekki til atkv.

Brtt. 325,2b felld með 12:5 atkv.

Brtt. 312,2b (aðaltill.) felld með 12:6 atkv.

Brtt. 312,2b (varatill.) felld með 14:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, GA, JúlS, MF, SkA, SvG, DS.

nei: EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KP, SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, KSG.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur á undanförnum missirum iðulega haft orð á því að nauðsynlegt sé að styrkja stöðu myndmálsins sem veigamikils þáttar í uppbyggingu íslenskrar menningar og íslenskri menningarþróun. Hér er gerð tillaga um það að íslenskar kvikmyndir verði ekki skattlagðar í ríkissjóð, heldur renni söluskattur af íslenskum kvikmyndum í Kvikmyndasjóð og verði þannig til þess að efla myndmálið og þróunarmöguleika þess. Þess vegna segi ég já við þessum tillögum.

Brtt. 307,3 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 307,4 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 307,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða I–II samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 307,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, á þskj. 238.

Þetta frv. er ekki stórt í sniðum, reyndar aðeins tvær greinar, en það er að því leytinu til mikilvægt að það fjallar um það form heilsugæslu sem skal vera skv. lögum um heilbrigðisþjónustu frá árinu 1983, en hefur ekki enn þá tekist að koma á í öllum læknishéruðum eða heilsugæsluumdæmum. Frv. þetta eða efni þess er má segja kunningi þeirra þm. sem setið hafa á þingi áður því að allt frá árinu 1983 hefur verið flutt hér frv. til laga um breytingar á þessu ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem ekki hefur enn tekist eða unnist tími til að koma þessu formi heilsugæslu á hér í Reykjavík og í Garðakaupstað svo sem kveður á um í frv. og getið er um í grg. þess.

Því er í raun búið við tvenns konar kerfi í landinu. Það hefur á undanförnum árum tekist að koma þessu heilsugæsluformi á alls staðar annars staðar en hér í þessum tveimur umdæmum og mín ósk og von er sú að okkur takist það á næsta ári þannig að alls staðar gildi um þetta efni sama form.

Það eru þegar í gangi viðræður við bæjarstjórn Garðakaupstaðar um málið og ég vænti þess að takast muni fljótlega upp úr áramótum að ná samkomulagi um að koma heilsugæsluforminu á þar, en viðræður við Reykvíkinga hafa ekki farið fram að undanförnu. Það hefur ekki verið tími til þess eða það ekki verið látið sitja fyrir öðrum verkefnum, en ég hef fullan hug á því að fljótt eftir áramót verði einnig teknar upp viðræður við borgaryfirvöld hér í Reykjavík um það að koma heilbrigðisþjónustu í svipað form og annars staðar og eins og lög um heilbrigðisþjónustu kveða á um.

Ég vil þó láta þess getið hér að um þetta eru þó nokkuð skiptar skoðanir þannig að mönnum sé það ljóst að það eru ekki allir sammála um þetta. Auðvitað mæla sjálfsagt einhver rök með því að það sé um fleiri valkosti að ræða en þetta heilsugæslukerfi, en ég hygg þó að það hafi sannað sig víðast hvar og gengið vel. Sums staðar eru heilsugæslu-

stöðvarnar mjög stórar. Ég nefni t.d. Akureyri, sem mun vera stærsta heilsugæslustöðin á landinu, þjóna flestum íbúum, þannig að það ætti ekki að vera til trafala, en það er þá frekar sú hugmynd að menn þurfi að eiga fleiri valkosti sem þarf e.t.v. að skoða betur.

Ég held, herra forseti, að það þurfi ekki að hafa um þetta mörg orð. Frv. er í sjálfu sér einfalt í sniðum. Það er búið að fara í gegnum afgreiðslu í Nd. og var samþykkt þar óbreytt.

Fyrsta gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. laga nr. 84/1986 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmi í Garðakaupstað skal frestur þessi standa til ársloka 1988."

Í 2. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Málið snýst um það að við þurfum að fá þessa lagabreytingu fram fyrir áramót þar sem það er ljóst að okkur mun ekki takast á þeim stutta tíma sem enn lifir af þessu ári að koma á breyttu formi heilbrigðisþjónustunnar. Og til þess að samkvæmt lögum sé unnið óska ég þess að málið fái skjóta framgöngu í þessari hv. deild.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var verið að skýra frá því hér úr forsetastóli áðan að það stæði til að halda fundi til kl. hálf eitt og síðan ætti að byrja aftur kl. 2. M.ö.o.: Það er verið að taka um það ákvarðanir að halda ekki nefndafundi í dag þannig að það sé skýrt, a.m.k. af hálfu okkar þm. Alþb. Ég segi þetta að gefnu tilefni vegna þess að það er verið að reyna að kalla saman nefndafundi hér í deildinni í ýmsum nefndum núna meðan fundir standa í deildum og alla vega ég mæti ekki á slíkum fundum. Ég tel að þm. sé skylt að mæta á fundum í deildum þegar þeir eru boðaðir og nefndafundir verði ekki haldnir undir deildafundum nema um það sé algjört samkomulag í viðkomandi nefnd.

Herra forseti. Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir þá er það náttúrlega ekki þannig að hægt sé að afgreiða þetta frv. í einhverjum hvelli fyrir jól. Ég vil segja við hæstv. heilbr.- og trmrh. að það væri best fyrir hann að málið yrði ekki afgreitt og þá tæki nýja heilbrigðiskerfið gildi í Reykjavík og Garðakaupstað frá og með áramótum. Og nú skal nokkur saga rakin.

Lög um heilbrigðisþjónustu, sem tóku við af hinum gömlu lögum um læknisumdæmi, voru sett árið 1973 eftir mjög víðtækar umræður sem fram fóru hér á hv. Alþingi þar sem hin gömlu læknisumdæmi voru lögð niður, en í staðinn tóku við heilsugæsluumdæmi samkvæmt nýjum lögum. Það var mjög erfitt verk að afnema gömlu læknisumdæmin. Menn höfðu eins og venja er í mannlegu félagi tekið tryggð við þau og sums staðar var það mjög sársaukafullt að gera þessar breytingar. Ég man t.d. eftir mjög miklum umræðum og erfiðum um breytingar á þessum málum á Suðurlandi sérstaklega, einkum að því er varðar Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Niðurstaðan varð engu að síður sú að það voru sett ný lög um heilbrigðisþjónustu, heilsugæsluumdæmin voru ákveðin með lögum og jafnframt var ákveðið í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973 að landsbyggðin skyldi hafa forgang við uppbyggingu heilsugæslustöðva. Ástæðan var auðvitað fyrst og fremst sú að landsbyggðin sat við mikið lakari hlut í heilbrigðis- og heilsugæslumálum en þéttbýlið. Það var farið í það að byggja upp heilsugæslustöðvar allt í kringum landið og niðurstaðan liggur nú fyrir eftir 14 ár, að skv. lögum um heilbrigðisþjónustu 1983 og 1973 hafa risið heilsugæslustöðvar eða keypt hafa verið hús fyrir heilsugæslustöðvar á flestum þéttbýlisstöðum á landinu.

Þannig háttar t.d. til í Borgarnesi. Þannig háttar til í Ólafsvík og á Akranesi. Í Stykkishólmi hefur þessi starfsemi verið rekin í tengslum við sjúkrahús. Ný heilsugæslustöð hefur verið byggð samkvæmt þessum lögum og starfrækt lengi vel, svokölluð H-1 stöð í Búðardal. Keypt hefur verið hús fyrir stöð á Reykhólum. Heilsugæslustöð er starfrækt í tengslum við sjúkrahúsið á Patreksfirði. Heilsugæslustarfsemi er unnin, í gömlu húsnæði að vísu, á Bíldudal, Þingeyri og Flateyri. Heilsugæslustöð hefur tekið til starfa í nýja sjúkrahúsinu á Ísafirði. Á Suðureyri í Súgandafirði er enn þá notast við gamla læknisbústaðinn. Í Bolungarvík hefur verið reist ný heilsugæslustöð eftir þessum lögum. Á Hólmavík hefur verið unnið að sama verkefni. Á Hvammstanga hefur verið reist ný heilsugæslustöð eftir þessum lögum. Á Skagaströnd og Blönduósi hefur einnig verið bætt verulega það húsnæði sem heilbrigðisþjónustan hafði. Á Siglufirði er heilsugæslan rekin í tengslum við sjúkrahúsið. Á Sauðárkróki hefur þessi starfsemi verið byggð upp myndarlega.

Í Norðurlandskjördæmi eystra er sömu sögu að segja. Þar er risin myndarleg heilsugæslustöð á Ólafsfirði og Dalvík, svo ég nefni dæmi. Það gekk seint að koma þessu nýja kerfi á á Akureyri en það tókst að lokum fyrir fáum árum og það var staðið myndarlega að því. Á smærri stöðum eins og Hrísey, Grenivík og Svalbarðseyri er þessi þjónusta í sæmilegu lagi þó kannski einna síst á Grenivík. Á Húsavík er heilsugæslan rekin í tengslum við sjúkrahúsið. Á Þórshöfn er byggð upp ný heilsugæslustöð. Heilsugæsluumdæmið á Kópaskeri hefur verið í sæmilegu lagi, var áður rekið undir heilsugæslustöðinni á Húsavík.

Á Austurlandi er sama sagan. Þar hafa verið byggðar upp nýjar heilsugæslustöðvar á mörgum stöðum eins og Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum og Eskifirði. Á Norðfirði er heilsugæslan rekin í tengslum við sjúkrahúsið. Á Djúpavogi hafa þessi mál verið tekin til sérstakrar athugunar. Á Seyðisfirði er núna rekin heilsugæsla í nýrri byggingu sem starfrækt er í tengslum við gamla sjúkrahúsið á Seyðisfirði — og mætti kannski spyrja hæstv. ráðherra í leiðinni

hvernig það stendur. Á ekki að fara að flytja úr gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði, sérstaklega efri hæðinni? Ef hv. þm. hafa áhuga á að kynna sér það þá hygg ég að það væri fróðlegt að fara í skoðunarferð á efri hæðina í gamla spítalanum á Seyðisfirði. Það held ég að sé satt að segja með því lakara sem gerist í aðbúnaði að starfsliði heilbrigðisþjónustunnar hér í okkar landi. Á Hornafirði hefur verið reist heilsugæslustöð eftir þessum nýjum lögum.

Á Suðurlandi hefur einnig verið tekið allmyndarlega á þessum málum. Það hefur risið H-1 stöð á Kirkjubæjarklaustri, H-1 stöð í Vík í Mýrdal, H-1 stöð á Hvolsvelli, sömuleiðis á Hellu. Í Laugarási er H-2 stöð. Á Selfossi er um að ræða allmyndarlega heilsugæslustarfsemi. Og þessir þættir hafa verið að lagast á stöðum eins og Stokkseyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í Hveragerði.

Í Reykjaneskjördæmi hefur jafnvel verið tekið allmyndarlega til hendinni, t.d. í Keflavík og sama er að segja um Seltjarnarnes og Mosfellssveit, þar sem heilsugæslan er starfrækt með vissum tengslum við sjúkrahúsin. Grindavík hefur verið opnuð fyrir nýtt H-1 svæði, en hún var áður undir Keflavík.

Og þannig er það allt í kringum landið, herra forseti, að það hefur verið tekið myndarlega á þessum málum og þm. Reykjavíkurkjördæmis hafa auðvitað eins og aðrir stutt þessa þróun. Ég bendi á að þm. Reykjavíkurkjördæmis gegndi starfi heilbr.- og trmrh. 1973 þegar lögin voru sett fyrst og sömuleiðis þegar lögin voru endurskoðuð 1981–1982.

Í lögunum frá 1983 var hins vegar tekin um það ákvörðun að fella út þennan forgang landsbyggðarinnar með tilliti til þess að þá var talið óhjákvæmilegt að leggja á það áherslu að þéttbýlið, þ.e. Reykjavíkursvæðið, yrði líka dregið inn í þessa nýju heilsugæslustefnu. Þetta var ekki gert að óathuguðu máli. Undirbúningur að þessu hafði staðið yfir mjög lengi og m.a. beitti ég mér fyrir því þegar ég gegndi starfi heilbrrh. að það náðust samningar milli Læknafélags Reykjavíkur, Sjúkrasamlags Reykjavíkur, fjmrn., Reykjavíkurborgar og heilbrrn. um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu í Reykjavík á þeim tíma þegar hún væri að þróast frá hinu gamla heimilislæknakerfi yfir til nýja heilsugæslukerfisins. Frá þessum samningi var gengið snemma á árinu 1983 og þess vegna var meiningin að þetta nýja kerfi tæki gildi frá og með áramótum 1984.

Matthías Bjarnason, hæstv. heilbr.- og trmrh., kaus hins vegar að koma hingað til þingsins haustið 1983 og óska eftir framlengingu á gamla kerfinu í Reykjavík í eitt ár í viðbót. Og ég man eftir að þegar ég sá þetta frv. hér fyrst, þá hugsaði ég með mér: Ja, það er sjálfsagt að styðja þetta. Ráðherrann er nýkominn til starfa og vill setja sig betur inn í málin og ég man ekki hvort ég lét mig hafa það m.a.s. að sitja hjá við meðferð málsins haustið 1983.

Hæstv. þáv. heilbrrh. kaus hins vegar að setja nefnd í málið og þá var farið að þvæla inn í nefndina þessu venjulega einkahyggjurausi íhaldsins að það þyrfti nú að opna fyrir blessað frjálsa framtakið í þessu líka þannig að það væri hægt að stofna svona eins konar einkaheilsugæslustöðvar. Þetta var á þessum árum þegar þessi hugmyndafræði einka, einka tröllreið hér öllu. Og þegar nefnd hæstv. heilbrrh. skilaði áliti, þá hafði auðvitað verið opnað fyrir það að það væri hægt að opna einhver tengsl yfir á einkapraxís í þessum efnum.

Þessi einkapraxís í heilbrigðisþjónustunni er náttúrlega bara vitleysa, þó að það væri nú ekki nema frá efnahagslegu sjónarmiði, vegna þess að ríkið borgar þetta allt. Allt saman. Hvern einasta reikning sem þarna er um að ræða jafnvel þó að menn séu að opna einhverjar prívatstofur. Reyndar er það þannig að hér í miðborg Reykjavíkur og um allan Laugaveginn eru svo að segja opnir kranar út úr ríkissjóði þar sem sérfræðingar af margvíslegum toga skrifa út reikninga á Tryggingastofnun ríkisins og hún borgar svo að ríkið hefur ekkert eftirlit með. Þetta heitir einka og þetta er gott. En hitt, það sem er á félagslegum grunni þykir vont, af því að það er ekki hægt að bæta einka þar fyrir framan. Og þetta einkakast var hæstv. þáv. heilbrrh., Matthíasi Bjarnasyni, fjötur um fót. Hann kom ekki á heilsugæslukerfinu í Reykjavík. Svo lentu Reykvíkingar í þessum efnum eins og aðrir landsmenn í því — var það ekki haustið 1985? — að allt í einu þurfti að hrókfæra til í stólum hjá íhaldinu. Það þurfti að koma Þorsteini inn í stjórn og færa Albert til. Niðurstaðan varð sú að heilbrrn. varð hálfpartinn munaðarlaust á ný, endaði með því að hæstv. fyrrv. menntmrh. tók að sér heilbrrn. og enn var kominn nýr maður í heilbrrn. Og enn kemur hún hér haustið 1985 með frv. inn í þingið, í desember það ár rétt fyrir jól: Við framlengjum þetta í Reykjavík einu sinni enn og ég set nefnd í málið.

Þá tók ég þá afstöðu að vera andvígur þessu frv. vegna þess að ég taldi að þetta væri bara leikur til að seinka því að heilsugæslukerfið nýja kæmist á í Reykjavík og væri þess vegna best að stilla ráðherranum upp við þann vegg að hann yrði að framkvæma hið nýja kerfi frá og með áramótunum 1986 og hann hefði alla stöðu til þess að gera það. Þess vegna væri það honum fyrir bestu eða stefnunni í heilbrigðismálum og heilbrrn. að þessi lög, þessi undanþáguákvæði yrðu ekki framlengd. Ofan á varð það nú samt að framlengja þetta haustið 1985, en ráðherrann ætlaði að koma haustið 1986 og vera búinn að kippa þessu í liðinn þegar hún var búin að sitja í u.þ.b. eitt ár. En viti menn. Þegar hæstv. þáv. ráðherra kemur hér inn í þingið í desember, að ég held 1986, og ég fyrir mitt leyti var alveg búinn að gera það upp við mig að ráðherrann væri hættur við að framlengja þetta, nei, nei, kemur hér á harðahlaupum einhvern tíma um miðjan desember, á aðventunni og enn þá einu sinni á ... (**SkA:** Hvernig var þetta með jólaföstuna hérna í gamla daga? ...) Já, eigum við ekki bara að ákveða það í þingsköpum, á jólaföstunni. (**EG:** Er ekki rétt þið gerið þetta upp í þingflokknum bara?) Þetta er flókið mál,

hv. þm., og ástæða til að ræða það ítarlega. En hvort heldur sem við notum — en skulum segja á jólaföstunni vegna þess að ég tek tillit til Skúla og mér eldri og reyndari manna á þessu sviði eins og öðrum — þá gerist það á jólaföstu miðri að hæstv. heilbrrh. kemur hér inn og enn þá einu sinni með framlengingu á þessu. Ég lagðist þá gegn því að þetta yrði framlengt af sömu ástæðum og haustið 1985 vegna þess að ég taldi að þetta ætti ekki að gera, þetta væri óþarfi og það væri langbest fyrir heilbrrn. að hafa málið áfram þannig að engin undanþágulög væru samþykkt.

Ég get ekki neitað því að afstaða mín í þessu máli haustin 1985 og 1986 og á þessum árum var á þessum árum pínulítið blendin. Hún var pínulítið blendin vegna þess að ég treysti þeim mjög illa, ráðherrum íhaldsins í heilbrrn. til að leiða þetta mál farsællega til lykta. Ég hugsaði sem svo: Úr því að þeir ekki ganga í þetta eftir samningnum sem gerður var 1982–1983, þá er kannski allt í lagi að láta þá um það að hafa bara gamla kerfið frekar en fela þeim, miðað við þá hugmyndafræði sem þeir byggja á, að fara yfir í nýja kerfið.

Síðan gerist það að það eru kosningar og stjórnarskipti og ágætur maður sest á stól heilbr.- og trmrh. A.m.k. hefði verið völ á mikið verri mönnum í stjórnarliðinu en hæstv. núv. heilbr.- og trmrh., mikið verri mönnum. Satt að segja er það þannig að þegar maður er búinn að vinna dálítinn tíma í ráðuneyti, þrjú til fjögur ár eins og ég gerði, þá þykir manni dálítið vænt um málaflokkinn og er ekki alveg sama um hverjir eru settir þarna inn. Ég hefði haft miklar áhyggjur af því ef eitthvað af þessum frjálshyggjugaurum í Sjálfstfl. hefði farið þarna inn, en svona félagslega sinnaðir, hæfilega íhaldssamir menn eins og ég vilja gjarnan að þarna séu menn með nokkra víðsýni sem taki tillit til allra átta. Og það hefði verið ofboðslegt ef það hefði verið farið að einkavæða heilbrigðisþjónustuna. Það hefði verið alveg rosalegt. En sem betur fer erum við núna með heilbrrh. sem er ekki með neinar slíkar hugmyndir, hefur ekki einu sinni samið frv. um sjúklingaskatt eins og forverar hans gerðu, þ.e. hæstv. fyrrv. heilbrrh. Matthías Bjarnason. Þannig að ég verð að hryggja ráðherrann með því að mér líkaði það sæmilega miðað við allar aðstæður að hann skyldi lenda þarna, en auðvitað er honum frjálst hér í umræðum að bera af sér hól ef honum líkar það illa að sitja undir svona lestri af minni hálfu.

Ég var satt að segja þá að gera mér vissar vonir um það að hann mundi láta þar við sitja í þessum málum sem varða Reykjavík og mundi reyna að hjálpa okkur við það að koma á þessu heilsugæslukerfi hér í borginni. Nú getur hann auðvitað komið hér á eftir og sagt: Ég hef setið stutt. Ég þekki málið lítið. Ég segi við hann: Hann þekkir málið alveg nógu vel. Ég veit það. Hann þekkir málið alveg nógu vel. Embættisliðið í ráðuneytinu þekkir málið alveg nógu vel. Það er auðvitað ekki viðkunnanlegt að vera að blaðra um viðhorf embættismanna í ráðuneytum, en ég get fullvissað ráðherrann um það að embættismenn í heilbr.- og trmrn. mundu styðja það með mikilli gleði að nýja heilsugæslukerfið yrði tekið upp í Reykjavík. Með mikilli gleði.

Þess vegna held ég að það væri ráðherranum fyrir bestu að geta sagt núna undir hátíðarnar: Ég reyndi. Ég fékk ekki frv. í gegn. Það var stoppað. Ég reyndi og það verður bara að koma á þessu nýja kerfi.

Þetta er ég ekki að segja af neinum flokkspólitískum ástæðum, herra forseti. Mér liggur við að segja að það komi mér ekki við í þessu efni. Ég er að segja þetta vegna þess að ég held að það sé heilbrigðisþjónustunni fyrir bestu að heilbrigðiskerfið eða heilsugæslukerfið sé eins eða svipað um allt land að því er varðar rekstrarforsendur, launagreiðslur og aðrar slíkar aðstæður.

Staðreyndin er sú að eftir þá miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í heilsugæslukerfinu á undanförnum árum þá er það orðið þannig að það er óvíða lakari heilsugæsla en í Reykjavík. Hún er satt að segja alveg hörmung. Hún er algjör hörmung. Það eru þúsundir manna hér í Reykjavík sem eru heimilislæknislausir, vita ekkert hvert þeir eiga að leita ef veikindi ber að garði. Ég er t.d. einn þeirra Reykvíkinga sem hef ekki haft heimilislækni um langt árabil, nýt þess eins og margir menn af mínum toga að ég á fullt af vinum og kunningjum í þessari þjónustu sem hjálpa til ef eitthvað kemur upp á. En það eru þúsundir Reykvíkinga sem stendur illa á fyrir í þessu efni og vita ekkert hvert þeir eiga að leita ef einhver vandamál koma upp á heimilum þeirra, hafa ekki hugmynd um það vegna þess að þeir hafa engan heimilislækni og þar fram eftir götunum.

Borgarstjórnaríhaldið hefur auðvitað engan áhuga haft á þessu máli, ekki nokkurn áhuga og hefur verið guðsfegið að losna við þessar heilsugæslustöðvar í raun og veru þó að þeir láti annað í veðri vaka. Borgarstjórnaríhaldið hér hefur þó verið pínt til þess að fara nokkuð inn á þessa braut. Það eru komnar upp nokkrar heilsugæslustöðvar í Reykjavík. Ein var t.d. byggð í samvinnu við Seltirninga. Síðan er um að ræða heilsugæslustöð í Breiðholti og sömuleiðis í Árbæjarhverfi og sömuleiðis er um að ræða undirbúning að heilsugæslustöð hér á Vesturgötunni og það hefur verið opnuð heilsugæslustöð í Borgarspítalanum. Það hefur verið opnuð heilsugæslustöð með einum lækni í gömlu heilsuverndarstöðinni. (**EgJ:** Er þetta málþóf eða hvað?) Hvað sagði hv. þm.? (**EgJ:** Ég sagði hvort þetta væri málþóf. Ég var að tala við þennan mann.) Já, það er akkúrat það.

Það er nefnilega svo sérkennilegt, hv. þm. Egill Jónsson, með þessar umræður hér síðustu dagana að ef það væri mælt t.d. úr umræðum um vörugjald og söluskatt, sem við skulum bregða okkur inn í augnablik, herra forseti, án þess að það taki nú of langan tíma, því að það er auðvitað heilbrigðismál í raun og veru. (**Heilbr.- og trmrh.:** Ég á ekki að fara í mat á meðan, hv. þm.?) Ja, það er kannski eins gott fyrir

þig að éta núna mikið fyrir áramótin, því að matarskatturinn sem þú ert að leggja á, kemur á eftir áramótin. En það er þannig, (**Forseti:** Ég vil biðja menn að vera ekki með samtöl hér inni.) Ég skal ekki vera með samtöl, hæstv. forseti, vandinn er með hæstv. ráðherra, þeir eru alltaf að grípa fram í. En ég er ekki að kvarta undan því, hæstv. forseti. Ég hef gaman af því að eiga svona frjálslegar orðræður við menn hér í salnum og alveg ástæðulaust að vera að halda sig við mjög stíf fundarsköp hér í þessari huggulegu deild.

Þannig er, hv. þm. Egill Jónsson, að ef það væri mælt hvað menn hafa talað mikið og lítið hér í þessari deild þá hygg ég að það sé alveg ótvírætt að stjórnarliðið eigi þar algjöran vinning. Málþófið sem Alþfl. hélt uppi í umræðum um skattana hér eitt kvöldið á dögunum var alveg með ólíkindum. Alveg með ólíkindum.

Ég var að ræða hér um heilbrigðisþjónustuna í Reykjavík og nefndi að það er búið að stofna hér nokkrar heilsugæslustöðvar. Ég held ég hafi ekki náð að telja þær allar upp. Ég hygg að ég hafi átt eftir að nefna heilsugæslustöðina við Drápuhlíð. En að öðru leyti er það alveg ljóst að enn þá vantar verulega á það að tekist hafi að byggja þetta upp hér í Reykjavík.

Borgarstjórnaríhaldið kennir ríkisstjórninni um og segir: Við fáum enga peninga úr ríkissjóði. Það er alveg rétt. Það hafa fengist mjög litlir peningar úr ríkissjóði í þetta. Framlögin á þessu ári, 1988 — það voru ævintýralegar tölur sem við sáum um það efni. (Gripið fram í.) Það voru 9 millj. kr., ef ég man rétt, sem átti að verja til heilsugæslunnar í Reykjavík samtals á árinu 1988. Síðan fór hæstv. iðnrh. í það sem 1. þm. Reykv. að reyna að ná samkomulagi við fjmrh. um það að laga þetta og það hefur tekist, er mér sagt, og við getum athugað það betur við 3. umr. um fjárlög. En allt um það, þá er það ljóst að uppbygging heilbrigðisþjónustunnar hér í Reykjavík hefur dregist og þar hefur staðið á tvennu. Í fyrsta lagi þessum hugmyndafræðilegu stíflum sem eru í Sjálfstfl. Þær hafa verið meginhindrunin og það hefur birst bæði ríkismegin og borgarmegin. Af þeim ástæðum hefur borgarstjórn Reykjavíkur ekki haft eins mikinn áhuga á því að byggja þetta upp eins og vera þyrfti og ríkið hefur svo notað sér þetta og sagt: Borgarstjórnin er ekki tilbúin. Þannig hefur í raun og veru hver aðilinn brugðið fæti fyrir annan í þessu og niðurstaðan er sú að heilbrigðisþjónustan í Reykjavík er sennilega lakari en víða annars staðar á landinu og er ég þá ekki að fara í neinn héraðajöfnuð í þessu efni. Við eigum að hafa góða heilheilbrigðisþjónustu í landinu öllu. Því að góð heilbrigðisþjónusta er byggðamál. Góð heilbrigðisþjónusta er reyndar að mínu mati líka talsvert sjálfstæðismál, að við eigum hér sæmilega heilbrigðisþjónustu þannig að fólkið hér búi við tiltölulega gott öryggi í heilbrigðismálum í þessu landi.

Ekki hefur það hvarflað að mér, herra forseti, að setja á einhverja almenna umræðu um heilbrigðismál hér. Það hefur mér ekki dottið í hug. Mig langaði aðeins að ræða lítillega þennan mjög takmarkaða þátt heilbrigðisþjónustunnar sem lýtur að uppbyggingu heilsugæslunnar hér í þéttbýlinu. Það væri auðvitað full ástæða til að fara mikið víðar út í heilbrigðismálin, stefnuna í heilbrigðismálum. Ég heyri það sagt að hæstv. heilbrrh. sé að fara að halda heilbrigðisþing. Það var ákveðið með lögum sem ég beitti mér fyrir 1982 og beitti mér reyndar fyrir því að fyrsta og eina heilbrigðisþingið var haldið sem haldið hefur verið á Íslandi. Ég fagna því að hæstv. ráðherra er að halda þessa samkomu. Ég vil spyrja hann að því í fullri vinsemd hvort það er ekki hugsanlegt að þm. sem hafa áhuga á heilbrigðismálum fái að vera þar því að þessi áhugi sem maður fékk á þessum tíma yfirgefur mann satt að segja ekki svo glatt. Ég vil þess vegna ráðleggja ráðherranum það hér og nú að hætta við að reyna að afgreiða þetta mál og segja síðan við borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík núna bak jólum: Ég fékk þetta ekki í gegn. Þetta er allt ómögulegt og við verðum bara að koma á nýja heilsugæslukerfinu í Reykjavík. Það er ekkert annað að gera. Og ég er sannfærður um það að í núv. ríkisstjórn hefur hæstv. heilbrrh. ágætan stuðning í þessu efni, þ.e. frá þm. Alþfl.

Ég veit það að Alþfl. hefur í borgarstjórn Reykjavíkur haft þá stefnu að það ætti að knýja á um nýja heilsugæslukerfið. Og ég veit það að 1. þm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, þó að hann búi að vísu á Seltjarnarnesi að ég best veit — (Gripið fram í.) Já, það er sama heilsugæsluumdæmið, akkúrat, þannig að þetta er auðvitað sama málið, hæstv. ráðherra, það er rétt. Ég veit það að þessir þm. Alþfl. í Reykjavík hljóta að hafa gefið þessu máli auga og ég vil skora á þá að veita hæstv. heilbrrh. allan hugsanlegan stuðning í glímunni við íhaldið í þessu efni til að tryggja það að Reykvíkingar fái heilsugæslukerfi eins og aðrir landsmenn eða a.m.k. ekki mikið lakara. Og ég hygg að það væri ekki óviðeigandi að spyrja hæstv. viðskrh. sem er 1. þm. Alþfl. í Reykjavík um skoðanir hans á þessum heilsugæslumálum hér í Reykjavík, hvort hann vill framlengja gamla kerfið eins og íhaldið gerði allt síðasta kjörtímabil eða hvort menn vilja taka á þessum málum með nýjum hætti. Ég tel að það skipti mjög verulegu máli að fá það upp. Ég trúi því ekki að Alþfl. hafi skipt um skoðun í þessu frá því sem verið hefur um 10–15 ára skeið.

Ég gæti flett upp miklum umræðum um þessi mál í borgarstjórn Reykjavíkur sem t.d. menn eins og Óskar Hallgrímsson, Björgvin Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir og fleiri alþýðuflokksmenn hafa haft forustu um á undanförnum árum. Ég held því að óhjákvæmilegt sé að vita hvort þetta er í raun og veru stjfrv., hvort þetta er kannski eins og hin stjfrv. mörg sem hafa komið fram að menn hafi fyrirvara um þessa grein og fyrirvara um hina þannig að þetta sé ekki neitt alvörustjórnarfrv.

Ég legg þess vegna til, herra forseti, í fyrsta lagi að

hæstv. heilbrrh. dragi málið til baka og í öðru lagi legg ég til að málið verði fellt og þannig verði heilbrrn. knúið til þess að fara í viðræður við borgarstjórn Reykjavíkur um þessi mál núna strax bak jólum svo að ekki verði nokkur vafi á því að Reykvíkingar geti eignast heilsugæslukerfi ekki lakara en það sem gerist hér í kringum okkur.

Herra forseti. Ég vildi segja hér um þetta mál fáein orð, gæti sagt ýmislegt fleira. Ég bíð spenntur eftir svörum hæstv. heilbrrh. og hæstv. viðskrh. við þeim spurningum sem ég hef borið fram. Það er auðvitað tími til að ræða þetta mál ítarlega við 2. umr. málsins ef þetta kemur þá einhvern tíma úr nefnd, en ég læt máli mínu lokið. Ég vildi tjá deildinni áhyggjur mínar af þessu máli og óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann dragi það til baka. Það er Reykvíkingum fyrir bestu og það er heilbrrh. líka fyrir bestu, herra forseti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í þessu máli.

Eins og fram hefur komið í máli þeirra sem á undan mér hafa talað hefur verið staðfest stefna í heilsugæslumálum í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1983. Og þar segir með leyfi forseta í 1. gr.:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til að halda andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga“ o.s.frv. sem ég hirði ekki að telja, en það er greinilegt að sú heilbrigðisþjónusta, sem þannig er skilgreind, á líka við heilsugæslu.

Þessi stefna var í mótun um margra ára skeið og er, eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv., þegar komin til framkvæmda víða um land. Aftur á móti hefur framkvæmd hennar ekki náð fram að ganga hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur komið upp hik og fyrirstaða og verið reyndar, má segja, tafið með því að setja nefnd í málið sem gerði tillögur um ýmsar tegundir og ýmsan hátt á því fyrirkomulagi sem kæmi til greina.

Það er vitað mál eins og líka hefur komið fram að það eru uppi ýmsar hugmyndir í þessum efnum, t.d. hugmyndir sem byggjast á því að sjúklingar kaupi heilsugæsluþjónustu eins og aðra þjónustu og þá væntanlega eftir efnalegri getu sinni en ekki að slík þjónusta sé föl sem félagsleg réttindi án tillits til efnahags. Þannig rekin þjónusta mundi að sjálfsögðu firra sveitarfélög miklum kostnaði og það er ákveðin freisting fólgin í því. Þetta tel ég vera mjög hættulega stefnu og vil vekja athygli á því að það þarf að taka þarna í taumana til þess að hægt og sígandi með töfum t.d., eins og hafa orðið varðandi það mál sem hér er til umræðu, verði ekki smám saman komið á þjónustu sem sniðgengur félagsleg réttindi manna til þess að fá þá heilbrigðisþjónustu sem lögin kveða á um. Þetta tel ég að sé mjög mikilsvert atriði.

Það kann að vera að það séu reyndar skiptar skoðanir um þetta skipulag heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, bæði meðal sveitarstjórnarmanna og meðal lækna og e.t.v. líka almennings, en eins og ég hef áður sagt: Það er augljóst að Alþingi hefur þegar mótað og samþykkt stefnu í þessum efnum. Og það er einnig hlutverk framkvæmdarvaldsins að framfylgja stefnumótun Alþingis. Ef einhver endurskoðun er nauðsynleg á stefnunni er það lágmarkskrafa okkar, löggjafans, að hún taki ekki of langan tíma og tefji ekki um of að þessi stefna sé framkvæmd sem hefur verið samþykkt í þessu máli.

Það er nauðsynlegt að allar þær breytingar og áætlanir sem fyrirhugaðar eru komi sem fyrst fram þannig að skipulagið dragist ekki úr hömlu. Ég tel óviðunandi að það dragist mikið lengur og þess vegna hvet ég hæstv. heilbrmrh. til að vinda bráðan bug að því í sínu ráðuneyti og í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og fjmrh. að þessari stefnu verði framfylgt sem fyrst. Eftir minni bestu vitund hafa lengi legið fyrir samþykktir borgarstjórnar Reykjavíkur, samþykkt Heilbrigðisráðs Reykjavíkur, samþykkt félags heimilislækna og samþykkt Læknafélags Reykjavíkur fyrir því að koma á slíku heilsugæslukerfi á höfuðborgarsvæðinu eins og greinir á um í lögunum en samt hefur ekkert gengið. Og vinstri meiri hlutanum í borgarstjórn tókst ekkert betur upp við það að knýja þessar breytingar í gegn heldur en nú er þegar hægri meiri hluti ríkir og málið er enn tafið. Og maður veltir því fyrir sér hagsmunir hverra ráði þessum töfum. Það eru áreiðanlega ekki hagsmunir sjúklinganna sem því ráða. Eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. eru afar margir sem eru í hallæri með það að útvega sér heimilislækna og eiga ekki greiðan aðgang að heilsugæslustöðvum. Mér finnst það vera réttmæt krafa sjúklinga á höfuðborgarsvæðinu að þessi mál verði ekki lengur tafin og að á þeim finnist lausn sem er sjúklingum hagstæð. Það er jafnframt hlutverk Alþingis að hafa eftirlit með því að framkvæmdarvaldið framfylgi þeirri stefnu sem það hefur mótað. Ég tel því þörf á því að hraða þessum málum meira en ætlað er í frv. og mun beita mér fyrir því að reka á eftir framkvæmd málanna. Þetta mál mun væntanlega koma til hv. heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti og reikna ég með því að þar muni ég skila sérálíti um þetta mál.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég byrja á því að þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir ágæta og fróðlega ræðu hans um heilbrigðismál og heilbrigðisþjónustu og sérstaklega skemmtilegt ferðalag sem hann fór með okkur í kringum landið og hann lýsti þar uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar og heilsugæslustöðvanna, að vísu í huganum, en það var fróðlegt samt og bar þess vitni að hann hefur sett sig vel inn í mál og fylgst

vel með þegar hann var í embætti heilbrmrh. og fylgst með framgangi mála síðan eins og við er að búast með mál sem menn á annað borð hafa áhuga á að fylgjast með. Það heyri ég að hann hefur gert og mér fannst margt fróðlegt sem hann benti á og ég var um margt sammála honum í hans ræðu.

Heilbrigðisþjónustan er léleg, sagði hv. þm. eða eitthvað í þá veru. (**SvG:** Nei, ég orðaði það nú ekki þannig.) Það var a.m.k. mjög nærri því, en ... (Gripið fram í.) Ég skal ekki fullyrða að það hafi verið orðrétt svo, en ég vil ekki leggja neinn dóm á það. Ég vil hins vegar taka undir með honum að ég held að ef það heilsugæsluform væri að fullu í gildi sem lög um heilbrigðisþjónustu gera ráð fyrir væri heilbrigðisfræðslu og forvarnarstörfum betur komið en ég hygg að sé miðað við það form sem hér gildir og það tvenns konar kerfi sem hér ríkir. Ég þarf ekkert að endurtaka það sem ég sagði í framsöguræðu minni með frv. að ég hefði áhuga á að koma því formi á sem lögin gera ráð fyrir og hefði áhuga á að beita mér fyrir því svo fljótt sem verða má.

Ég þakka einnig þessum hv. þm. fyrir falleg orð í minn garð. Það er auðvitað alltaf gaman að fá svoleiðis kveðjur. Hvort maður á þær skilið er svo aftur annað mál, en ég held þó að ég geti fullyrt að ég vil gjarnan vinna að þessu máli á félagslegum grundvelli og viðhafa víðsýni og samstarf við alla aðila sem málið varðar, eins og hann orðaði það einnig, eða a.m.k. eitthvað í þessa veru, þó að ég vilji ekki heldur segja að það hafi verið orðrétt svona hjá hv. þm. Það þýðir það að ég vil mjög gjarnan leita eftir samkomulagi um að fylgja þessu máli fram. Þess vegna held ég að sé nauðsynlegt að leggja fram það frv. sem hér liggur fyrir og fá það samþykkt og ég er ekki tilbúinn til þess að draga það til baka.

Ég vil hins vegar leggja mig fram um að flýta málinu svo sem verða má og minni á að það eru nú þegar í gangi viðræður við Garðakaupstað. Þá eru öll, ef það fer fram sem horfir nú, heilsugæsluumdæmi farin að vinna samkvæmt lögunum nema Reykjavíkurlæknishérað og ég ítreka einnig eða árétta það sem kom fram í ræðu hv. þm. að það tókst að lokum að ná samkomulagi um þetta í öðrum heilsugæsluumdæmum eins og t.d. á Akureyri sem er ekki langt síðan, líklega þrjú ár. Það gerðist með fullkomnu samkomulagi og ég held að það sé miklu betra en að láta lögin koma nú til framkvæmda við þær aðstæður sem eru í dag án þess að hafa náð um það fullu samkomulagi við alla aðila. Og ég fullvissa hv. þm. um það að þetta er stjfrv. sem liggur fyrir. Um það ríkir algjör samstaða. Ég vil þó segja við hann að ég hefði getað hugsað mér það að vinna þessu máli framgang hraðar en tekist hefur. E.t.v. tekst okkur að gera það strax í upphafi næsta árs og lögin hefðu þess vegna ekki þurft að gilda til ársloka. Ég held að það sé skynsamlegt samt að vera ekki að setja sér þannig neina hengingaról í þessu efni, að setja dagsetningu t.d. um mitt ár sem ég hefði þó vel getað hugsað mér. Ég held því að það sé rétt að hafa þetta eins og hér er orðað að lögin gildi til ársloka 1988 eða í eitt ár svo sem verið hefur að undanförnu.

Ég veit að ég á fullan stuðning í þessu máli hjá ráðherrum og þm. Alþfl., af því að hv. þm. spurði um það sérstaklega, og ég þykist nokkuð viss um sjónarmið embættismanna einnig. Hv. þm. þarf í raun ekkert að segja mér um það. Ég hef auðvitað rætt þessi mál við þá. En það var líka sameiginleg niðurstaða okkar allra sem um málið fjölluðum að rétt væri að vinna því framgang á þennan hátt, þ.e. fá þarna viðbótarfrest og ég vitna þá til þess sem hann rakti í sinni ræðu áðan, hv. þm., að ráðherrann er nýkominn til starfa. Að vísu átti það við um annan fyrrv. ráðherra sem hann var að vitna til þá, en það á einnig við í þessu tilviki og ég vonast til þess að hann, hv. 7. þm. Reykv., gefi mér tíma til þess að reyna að leita þess samkomulags sem ég held að sé miklu skynsamlegra að viðhafa í þessu máli. Ég held að það sé farsælla.

Hvað kann að gerast að ári, takist okkur ekki að nota þetta ár til þess að koma málum fram svo sem hér er boðað og svo sem ég hef lýst vilja til að gera, þá getur vel verið að við verðum sammála um einhverja aðra málsmeðferð, við hv. þm.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að fara um þetta mikið fleiri orðum. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem þegar hefur komið fram og það sem fram kemur í grg. frv. Ég hef reynt að lýsa huga mínum til málsins. Ég vil þó aðeins segja það við hv. 7. þm. Reykv. og aðra ágæta hv. þm. hér inni að það heilbrigðisþing sem hv. þm. vitnaði til verður haldið 5. febrúar nk. Undirbúningur að því þingi er í fullum gangi og mig langar líka til að gleðja hv. þm. með því, ef hann vildi bara gefa orðum mínum gaum, einni setningu, að ég hef þegar sent honum boðsbréf á þessa ráðstefnu, ég gerði það í gær og vona því að honum berist það í pósti á morgun eða hinn daginn, þannig að það fari ekki milli mála. Auk þess hefur hv. heilbr.- og trn. þingsins verið boðið að senda fulltrúa á þetta þing og ég vonast til þess að sem flestir sem fá boð á þingið sjái sér fært að sitja það. Ég held að það sé mikilvægt. Ég vil nota það tækifæri, þetta þing, til þess að fjalla um þá heilbrigðisáætlun sem hér var lögð fram á síðasta þingi og þá gefst auðvitað tækifæri til þess að ræða ítarlega um heilbrigðismál sem við höfum vart tíma til að taka almenna umræðu um hér og nú. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram að lokum, herra forseti.

Ég ítreka svo aðeins það að ég vona að hv. heilbr.- og trn. geti afgreitt þetta mál með nokkru hraði. Það er auðvitað ekki gott að þurfa að afgreiða mál með hraði, hvorki þetta eða annað. Það er reyndar synd að það skuli ekki vera fyrr fram komið fyrst talin var nauðsyn á því að fá þessa framlengingu. Það stafaði að hluta til af því að ég vonaðist til þess að samningum við Garðbæinga gæti lokið fyrir áramót þannig að það hefði ekki þurft að vera í þessu frv. ákvæði um annað en Reykjavíkurlæknishérað en það hafðist ekki af, því miður, og þess vegna er þetta frv. flutt og er óbreytt frá því sem flutt var í fyrra. Þá

voru það aðeins þessi tvö umdæmi sem eftir voru, en ég vona að ekki þurfi að flytja svona frv. aftur.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín í þessu máli get ég fullvissað hann um það að hæstv. heilbrrh. hefur óskoraðan stuðning þm. Alþfl. í því mikilvæga verkefni að bæta heilbrigðisþjónustuna í Reykjavík og koma á heilsugæsluþjónustu í höfuðborginni og nágrenni hennar á grundvelli laganna frá 1983. Og ég vona að sá frestur til samkomulags sem þetta frv. veitir verði notaður vel og fulltreysti því að heilbrrh. sé sama sinnis.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir gáfu við fsp. mínum og ég tel að þau hafi út af fyrir sig verið nokkuð afdráttarlaus í þá veru að þeir vilji vinna að þessum málum af kappi og ég segi það fyrir hönd míns flokks að við erum tilbúin til þess að aðstoða við það eins og kostur er að hér geti orðið um að ræða breytingu á heilsugæslukerfinu í Reykjavík. Og satt að segja fyndist mér það vera mikið afdráttarlausari stefnuyfirlýsing um að þessu ætti að breyta ef hér yrði miðað við t.d. 1. júní eða 1. júlí en miða þetta við allt árið 1988.

Varðandi málið að öðru leyti og út af ræðum hæstv. ráðherra tek ég fram að ég tel ekki að það sé rétt orðað um heilbrigðisþjónustuna í Reykjavík að hún sé léleg. Ég held að við eigum að meta það sem vel er gert og það er margt vel gert hér og ég held að við eigum að viðurkenna að okkar heilbrigðisþjónusta er að mörgu leyti góð í heildina þó að þar megi finna auðvitað ýmsa vankanta eins og gengur og allt megi betur gera. En í það heila tekið held ég að okkar heilbrigðisþjónusta sé góð og ég held að við megum vera stolt af henni, a.m.k. ef við leggjum okkur eftir því eða nennum að skoða hana í samanburði við heilbrigðisþjónustu annarra landa sem ég gæti farið yfir við tækifæri eftir minni þar sem að ekki hafa verið aðstæður til að afla gagna í málinu sem skyldi og líður nú mjög að matartíma og hléi á fundum deildarinnar. Ég vil þó aðeins víkja að einu atriði varðandi þessi mál hér í Reykjavík sem hæstv. ráðherra kom inn á.

Kostnaðarþáttur heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er flókinn og ógagnsær og óskýr. Ég held satt að segja að það sé eitt það versta við þessi mál í okkar landi að það eru í raun og veru tiltölulega mjög fáir sem átta sig á því í einstökum atriðum hvernig kostnaðargreiðslum er háttað fyrir einstaka þætti heilbrigðisþjónustunnar. Og ég er þá ekki að leggja það til að það verði lögð gjöld á sjúklinga, heldur tel ég að greiðslur til einstakra þátta komi frá mörgum stöðum og það er flókið mál að átta sig á því í raun og veru hver það er sem borgar hvað í þessu efni.

Eitt dæmi og einn þáttur þessa máls snýr að heilsugæslukerfinu í Reykjavík. Þegar heilsugæslukerfið var flutt yfir á nýja kerfið í Kópavogi létum við reikna það út alveg í smáatriðum hvernig kerfisbreytingin kæmi út fyrir Kópavog, flutningurinn frá svokölluðu númerakerfi yfir á heilsugæslukerfi, vegna þess að þær hugmyndir voru uppi, t.d. hjá embættismönnum í fjmrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun, að þetta nýja kerfi hlyti að verða mikið dýrara fyrir ríkið en það gamla. Þetta mál var kembt mjög samviskusamlega.

Niðurstaðan varð sú að því er Kópavog varðaði að þó að þeir læknar, sem höfðu verið á númerakerfinu, yrðu flestir fluttir yfir í heilsugæslukerfið er nýja kerfið ódýrara fyrir ríkið vegna þess að í nýja kerfinu greiðir ríkið aðeins stofnkostnað, eftir vissum reglum, það greiðir laun lækna og það greiðir laun hjúkrunarfræðinga, en sveitarfélögin greiða svo að segja allan annan kostnað. Þetta er ein ástæðan til þess, svo að við höldum öllu til haga sem máli skiptir varðandi tregðu Reykjavíkurborgar í þessu efni, að Reykjavíkurborg hefur verið treg til að taka á sig nýja kerfið vegna þess að það þýddi meiri útgjöld fyrir borgina til þessa málaflokks en eftir hinu gamla kerfi. Þess vegna þurfti samninga við Reykjavíkurborg um þetta mál og niðurstaðan varð sú að um leið og Reykjavíkurborg áttaði sig á því hvernig staðan er sagði borgin: Við viljum að ríkið taki í staðinn þátt í einhverjum öðrum félagslegum verkefnum umfram það sem verið hefur.

Um svipað leyti vorum við með lögin um málefni aldraðra í vinnu og niðurstaðan varð sú að ríkið var látið taka að sér hluta kostnaðar við heimaþjónustu við aldraða. Rökin fyrir þessu voru aftur á móti þau frá sjónarmiði ríkisins að það er ódýrara og skynsamlegra að aldraðir geti verið lengur heima en að þeir fari inn á stofnanir ríkisins eða annarra aðila sem ríkið greiðir í raun og veru að mestu leyti fyrir. Þegar upp var staðið var því talið að lögin um málefni aldraðra annars vegar og hins vegar nýja heilsugæslukerfið, að því er Reykjavík varðar, vegi hver önnur upp í kostnaði.

En af því að menn láta þessa einkahyggju bera skynsemina ofurliði í borgarstjórn Reykjavíkur hefur niðurstaðan orðið sú að Reykjavíkurborg situr uppi með báða pinklana, þ.e. dýrara heilsugæslukerfi en hún þyrfti að hafa, í fyrsta lagi, og — málið er reyndar á hinn veginn, það er ríkið sem hefur meiri kostnað af þessu kerfi, þjónustu við aldraða, en áður var um að ræða og ég held að ástæðan fyrir þessu hafi fyrst og fremst verið sú, herra forseti, og sé sú að þessar greiðslur og kostnaðarskiptingarmál eru svo flókin að menn fást ekki til þess að taka á þeim eins og þyrfti. Þess vegna tel ég að það væri heppilegra bæði frá fjárhagslegu sjónarmiði, fyrir borgina og fyrir ríkið, og líka frá heilbrigðissjónarmiði að þessi kerfisbreyting ætti sér stað og að ráðherrann gæti sagt hér bak jólum: Málið var ekki afgreitt — og komið þessu nýja kerfi á í Reykjavík vegna þess að það er allt tilbúið til þess að koma þessu nýja kerfi á hér. Það er auðvitað óskaplegt tjón sem þessi hugmyndafræði íhaldsins er búin að valda Reykvíkingum í gegnum þessa stöðvun máls-

ins í 10–12 ár.

Hæstv. ráðherra heilbrigðismála sagði áðan að hann mundi ekki draga frv. til baka. Það þykir mér slæmt og satt að segja skrýtið eftir að hann hefur heyrt þessi gildu rök í þeirri umræðu sem fram hefur farið hér í þessari virðulegu deild um heilbrigðismálin, mér finnst það sérkennilegt. Ég ráðlegg honum t.d. að ræða við sína embættismenn. Ég er alveg sannfærður um það að þeir eru þeirrar skoðunar að það er hægt að koma þessu áfram. Ég tel að eini aðilinn sem er þversum í þessu máli sé borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík og mér finnst að það sé allt í lagi að þeir fái að átta sig á því sem þar stjórna að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík er ekki meiri hluti á Alþingi Íslendinga. Það hefur auðvitað lengi verið þannig að íhaldið hefur ráðið lögum og lofum í höfuðstað landsins, því miður, og það hefur farið sínu fram. Vinstri flokkarnir hafa hins vegar haft ágætt samstarf, Framsfl., Alþfl., Alþb. og nú á seinni árum Samtök um kvennalista, Kvennaframboðið áður. En það er nokkuð dapurlegt til þess að vita að þegar fulltrúar Framsfl. og Alþfl. lenda í ríkisstjórnum breytast þeir í eins konar handlangara borgarstjórnaríhaldsins í málum eins og þessu. (**Dómsmrh.:** Heldurðu að við komumst ekki af landi lifenda og til hinna dauðu fyrir hádegi?) Við erum í landi lifenda, en spurningin er hvort menn ætla sér að fara á þingflokksfundi í Alþfl. eða til þeirra dauðu. Ekkert skal ég um það segja. (**Dómsmrh.:** *Kirkjugarðafrumvarpið er næst á dagskrá.*) Ég er reiðubúinn til þess að gera hlé á máli mínu þannig að umræðan um þetta mál geti þá haldið áfram í eftirmiðdag þannig að hæstv. *ráðherra komist* að með mál sem hann er með, ef forseti vill, en það er auðvitað forsetans að ákveða það. Og auðvitað gæti hæstv. ráðherra, svo að *ég bendi honum á gamalt* bragð, þinglegt þó, rætt við forsetann um málið í rólegheitum, á meðan umræðan stendur yfir um heilbrigðismálin og síðan gæti hann vafalaust fengið stólinn ef samkomulag næðist um það.

Ég skil það vel að ráðherrum Alþfl. sé það mikið kappsmál að komast í umræður um kirkjugarðsmálin og finnst samt lakara ef heilbrigðismálin eiga að líða fyrir fjárhagsvandamál kirkjugarðanna. Ég vona að menn taki þetta ekki sem neina hótfyndni og ég tel auðvitað ekki að það sé neitt samhengi á milli þessara mála. Ég hef ekkert á móti því þó að umræðunni um þetta mál verði frestað augnablik og svo höldum við henni bara áfram í rólegheitum þegar líður á daginn og þegar menn koma hér endurnærðir eftir matarhlé þannig að ef hæstv. forseti mundi vilja gera hlé á þessu tali, en ég hef ekki lokið ræðu minni enn þá, er það reiðilaust af minni hálfu. Hæstv. forseti sýnir hins vegar engin merki þess, situr sem fastast, og vill greinilega hafa umræður um heilbrigðismálin og ég hef ekkert á móti því. Hins vegar væri það ekkert verra að þeir alþýðuflokksmenn, hæstv. viðskrh. og hæstv. forseti, kæmu sér saman um það hvernig þeir vilja fara í málin. En auðvitað á hæstv. forseti að gæta sóma þingsins (**Gripið fram í:** Og gerir.) og gerir og hæstv. dómsmrh. sóma þeirra mála sem hann ber fram í þinginu. Þannig ættu hagsmunir þeirra að jafnaði að fara saman undir þingbundinni stjórn.

Já, herra forseti. Ég held að deilurnar um þessi mál, sem hafa stöðvað framþróun heilbrigðiskerfis í þessu landi, eigi mjög rætur að rekja til þeirra hjá borgarstjórnaríhaldinu og það er sorglegt þegar fulltrúar og ráðherrar Framsfl. og Alþfl. verða allt í einu svo að segja eins og vinnumenn hjá borgarstjóranum í Reykjavík þegar þeir lenda í ríkisstjórnum. Satt að segja er þetta dálítið öðruvísi með ráðherra íhaldsins vegna þess að það ættu frekar að vera gagnvegir á milli en að því er varðar ráðherra úr öðrum flokkum. En ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst einhvern veginn að þeir ráðherrar Alþfl. og Framsfl. séu að bregðast þeim pólitíska trúnaði sem kjósendur í Reykjavík hafa sýnt þeim. Ég er alveg sannfærður um að kjósendur Alþfl. í Reykjavík hafa ekki verið að kjósa þm. Alþfl. til þess að þeir framkvæmdu heilbrigðisstefnu íhaldsins. Og ég er sannfærður um að það sama á við um þm. Framsfl. að þeir hafi ekki verið kosnir hér sérstaklega inn til þess að framlengja það ástand sem íhaldið hefur komið á hér í þessum bæ, höfuðstað landsins, að hér megi ekki búa við sama heilbrigðiskerfi og landsmenn hafa almennt. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þetta sé býsna dapurleg niðurstaða strax nokkrum mánuðum eftir að stjórnin er mynduð að þessir mætu menn skuli beita sér með þessum hætti.

Hitt er aftur annað að það er auðvitað hugsanlegt að hæstv. heilbr.- og trmrh. hugsi sitt ráð núna þegar líður á daginn og vilji fresta meðferð málsins og jafnvel draga það alveg til baka eftir að hafa heyrt þau ítarlegu rök í því máli sem um er að ræða. Hinn kosturinn er auðvitað sá að fella málið. Og það kann að vera að þm. Reykvíkinga í þessari virðulegu deild hjálpi til við að stöðva þetta mál. Hér sitja nokkrir þm. Reykvíkinga, hv. 6., 7. og 8. ef ég man rétt og kannski fleiri. Eyjólfur Konráð Jónsson, hv. 8. þm. Reykv. situr í þessari deild, ekki nú en við atkvæðagreiðslu í málinu gæti hans lóð vegið þungt eins og í ýmsum öðrum málum.

Hin leiðin væri náttúrlega sú að hæstv. ráðherra, með tilliti til þess hve knappur tími er til þingfrestunar, ég geri þá ráð fyrir því að þinghlé verði gert ekki síðar en á aðfangadag og menn fái smájólaleyfi með fjölskyldum sínum, fari í viðræður við alla hlutaðeigandi aðila um málið, m.a. fulltrúa þeirra flokka sem hér hafa talað úr stjórnarandstöðunni, Alþb. og Samtaka um kvennalista, um þessi mál. Ég tel að sú hugmynd, sem hæstv. ráðherra hreyfði, að þetta gilti aðeins til 1. júlí sé umhugsunarverð í þessu efni. Ég vil einnig endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég er fyrir mitt leyti tilbúinn að hjálpa til við málið almennt ef hæstv. ráðherra vill. Ég held það væri betra að reyna að leita slíkra leiða við meðferð þessa máls en reyna að þræla málinu í gegn, notandi þann mikla meiri hluta sem stjórnarflokkarnir hér hafa.

Þeir hafa auðvitað bullandi meiri hluta hér og geta ráðið því sem þeim sýnist. Það er ekki skynsamlegt að beita minni hlutann valdi þessa síðustu daga þingsins. Minni hl. hefur yfirleitt ekki haft hér í hótunum, a.m.k. kannast ég ekki við að ég hafi gert það og geri ekki. En ég hygg að það sé skynsamlegt sjónarmið þeirra sem vilja hafa í heiðri leikreglur lýðræðisins að taka tillit til minni hlutans þó lítill sé, er í þremur stjórnmálaflokkum og fáir þm. í hverjum flokki og allt of fáir a.m.k. í einum þeirra. Þess vegna hygg ég að það væri skynsamlegt að reyna að leita lags.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason komst þannig að orði að hann vildi vinna að þessum málum á félagslegum grunni. Það er í anda félagslegra sjónarmiða að taka tillit til sjónarmiða minni hl. Menn reka þetta mál ekki í gegnum þingið öðruvísi. Það verður að gera. Lýðræðið er seinvirk aðferð að vísu. Það sáum við snemma hér fyrr á öldinni, að vísu nokkuð langt undan okkur í Evrópu, að lýðræðið var seinvirkt, tekur tíma. En það er kerfið sem við viljum hafa. Það er auðvitað ósköp lýjandi fyrir stjórnglaða menn að þurfa stundum að vera að þvælast með mál í gegnum flokka, ég tala nú ekki um marga flokka og síðan lengi vel inni í deildum þingsins og nefndum og sex umræðum og guð veit hvað, ég tala svo ekki um gagnvart því nýja valdi, sem hefur orðið til á síðari áratugum, sem er fjölmiðlavaldið. En þetta er lýðræðið. Það er örugglega mikið fljótlegra að vinna eins og t.d. menntaður einvaldur, en svoleiðis kerfi viljum við ekki hafa. Við viljum það ekki. Við viljum virða mannlega reisn, gefa fólki kost á að segja sínar skoðanir og sitt álit við hvaða aðstæður sem það annars kann að vera.

Þess vegna mundi ég vilja heyra í hæstv. heilbr.- og trmrh. áður en þessum umræðum lýkur, hvort sem það verður núna eða síðar, um það hvort hann vill standa við þessa hugmynd sína um að gildistími þessa framlengingarfrv. verði styttur þannig að málið geti farið fram hér með eðlilegum hætti. Ég tek að vísu fram, a.m.k. af minni hálfu, að málið þarf eftir sem áður umræðna við. Hér eru tvær eftir í þessari deild, en ég endurtek það, sem ég hef sagt, að ég tel að það sé enginn skaði skeður þó málið liggi, enginn skaði skeður þó málið falli. Reyndar þvert á móti. Það yrði dálítil vinna í heilbrmrn. um blá-áramótin, en það væri auðvelt að leysa fram úr þessu máli í heilbrmrn. vegna þess að undirbúningur er til og þess vegna engin ástæða til að samþykkja þetta mál.

Ég sé að í þessari hv. deild eru eins og ég sagði áðan nokkrir þm. Reykvíkinga. Hér er hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hver er afstaða hans í þessu máli? Hér er Guðmundur Ágústsson, hv. 11. þm. Reykv. Hér er Guðrún Agnarsdóttir, hv. 6. þm. Reykv. sem hefur reyndar þegar talað í þessu máli. Hér eiga sömuleiðis rétt til að tala hv. 9. þm. Reykv., hv. 15. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. sem reyndar situr í salnum. Hér eru sem sagt margir þm. Reykvíkinga sem geta um þess mál fjallað í þessari virðulegu deild og kann vel að vera að við getum náð einhverri samstöðu um meðferð þessa máls. Ég held að það væri ekki úr vegi að þm. Reykvíkinga í þessari deild töluðu nú einu sinni saman um mál. Það gerist ekki svo oft. Við höfum haft það yfirleitt þannig, þm. Reykvíkinga, að við höfum reynt að líta á okkur sem þm. landsins alls. Við höfum ekki verið með marga sérfundi þm. Reykvíkinga. Ég hygg að þeir hafi verið að meðaltali eins og einu sinni á ári. Það hefur ekki verið mikið um að menn hafi verið að blása sig saman á þverpólitíska kjördæmafundi í Reykjavík. En það væri kannski rétt að við þm. Reykvíkinga í þessari deild, því að mér sýnist að við séum fjögur, töluðum okkur aðeins saman um þessi mál, þm. úr fjórum flokkum reyndar, öllum flokkum nema Framsfl. og Alþfl. Framsfl. á náttúrlega um sárt að binda í þessu máli vegna þess að þm. hans verða annaðhvort að vera í Ed. eða í Nd., geta ekki verið í báðum af eðlilegum og líffræðilegum ástæðum. Þm. Alþfl. eru hins vegar allir í Nd., en geta þó allir talað hér sem ráðherrar þannig að við erum vel sett hvað þetta varðar. Við höfum að vísu ekki framsókn, en það má bæta úr því. Það eru ágætir framsóknarmenn í þessari deild. (**Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann um að fresta ræðu sinni þar sem ákveðið hefur verið að ganga til matarhlés.) Mér er það ljúft, herra forseti, og held þá áfram ræðu minni þegar fundur verður kvaddur saman á ný. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn nokkuð áleiðis með ræðu mína varðandi þetta frv. til l. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu sem gerir ráð fyrir að gamla númerakerfið, heimilislæknakerfið, verði við lýði í Reykjavík áfram. Ég hafði lagt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. spurningar og þætti eiginlega betra, herra forseti, að hann væri viðstaddur umræðuna eða að tryggt yrði að henni lyki ekki án þess að hann svari. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að hann komi.) Já, ég þakka hæstv. forseta fyrir það og í trausti þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. svari þeim spurningum sem ég lagði hér fyrir í morgun, sem ég tel að sé mjög mikilvægt atriði, hinkra ég í ræðustólnum meðan hæstv. ráðherra kemur til fundar við deildina.

Málið var að ég lagði fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. í morgun þegar ég sagði fáein orð um frv. nokkrar spurningar og þó fyrst og fremst það hvort hann væri tilbúinn að draga þetta frv. til baka vegna þess að það er hægt að koma þessu kerfi á í Reykjavík fyrirvaralítið. En í annan stað spurði ég hæstv. ráðherra að því hvort það væri rétt skilið hjá mér að hann væri tilbúinn að reyna að leita samkomulags um málið á þeim forsendum að framlenging gamla númerakerfisins í Reykjavík næði ekki nema til 1. nóv. eð 1. júlí. Það var sú spurning sem ég vildi ítreka við hæstv. ráðherra áður en umræðunni um málið lyki. Ég mun, þar sem margt liggur fyrir deildinni og þingið hefur hið mesta að starfa, stytta mál mitt og láta staðar numið í þessari umræðu að

sinni af minni hálfu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. Ég lét það reyndar koma fram áðan að ég teldi ekki æskilegt að fresta málinu alveg og færði fyrir því þau rök að ég teldi að það væri betra að vinna þessu máli framgang með samkomulagi við hlutaðeigandi aðila. Það hefur tekist með samkomulagi við önnur sveitarfélög og eru nú í gangi samningar við Garðakaupstað sem ég vona að leiði til þess að við náum þar fram okkar sjónarmiðum sem við eigum sameiginleg í þessu, við hv. þm. Við erum sammála um hvernig við viljum að þessi mál gangi fram. Ég legg hins vegar áherslu á að fá frest til að vinna það. Ég mun reyna að hefja það starf gagnvart Reykjavíkurborg strax á nýbyrjuðu ári þannig að það þurfi ekki að dragast lengi fram eftir.

Hvað varðar sjónarmið embættismanna og hugmyndir þeirra um að vinna þetta mál lét ég það líka koma fram í fyrra svari mínu til hv. þm., en hann hefur þá ekki lagt alveg eyru eftir því. Ég veit að þeirra sjónarmið eru þannig í heilbr.- og trmrn. að þeir vilja gjarnan að lög um heilbrigðisþjónustu nái fram að ganga, en voru sammála mér um að við yrðum einu sinni enn að leita eftir því að fá frest, fá framlengingu með því að leggja til breytingar á lögunum til að heimila það form sem nú gildir áfram um sinn í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmi Garðakaupstaðar.

Hvað varðar það að flýta málinu meira en hér er gert ráð fyrir, þá vil ég aðeins ítreka að ég hyggst hefja þessar samningaviðræður, ef ég fæ að hafa þann hátt á málinu og vinna málið þannig fram, strax upp úr áramótum og vonast til þess að því geti verið lokið tímanlega þannig að við lendum ekki í neinu öngþveiti með þetta aftur síðari hluta næsta árs eða í desembermánuði. Ég vil ekkert útiloka að menn næðu samkomulagi um einhver önnur tímamörk í því en árslok. Ég vil ekkert útiloka það þó að ég nefndi áðan t.d. mitt ár, en það er kannski ekki besti tími heldur að vera að stefna þessu inn á sumarið. Ef okkur tekst ekki að leysa þetta seinni part vetrar verður aftur að taka það upp á haustmánuðum næsta árs og ég vildi alls ekki hafna því að það kæmi til greina að semja um einhver önnur tímamörk en er í þessu frv. gerð tillaga um. En til þess að fylgja fordæmi sem verið hefur og til að hafa tímann örugglega rúman fannst mér eðlilegt að miða það við áramótin eins og hér er gerð tillaga um.

Ég vona að ég hafi þá svarað þeim fsp. sem beint var til mín frá hv. þm. Það var aðallega tvennt. Annars vegar um að fresta málinu. Það tel ég að sé ekki rétt og ég bið hv. þingdeild að vinna málið fram og ég veit að ef hv. heilbr.- og trmrn. vill hjálpa mér og við náum samkomulagi um að afgreiða málið þarf þetta ekki að taka langan tíma. Það er búið að fara í gegnum Nd., var samþykkt þar án mótatkvæða. Að vísu hafði einn hv. þm. fyrirvara við undirskrift nál. Það var hv. 13. þm. Reykv. sem á sæti í heilbr.- og trn. og hafði fyrirvara um málið. En málið var sem sagt samþykkt þar með öllum greiddum atkvæðum og ég vona að okkur takist að koma þessu fram hér líka þó tíminn sé naumur. Ég viðurkenni það og gaf reyndar líka skýringu á því áðan af hverju það hefði ekki verið fyrr fram lagt. Ég var að vonast til þess að við gætum náð samkomulagi við Garðbæingana fyrir áramót sem sýnt er að ekki verður.

Ég ítreka að ég fer eindregið fram á að málið fái framgang á hv. Alþingi fyrir jólahlé eða fyrir áramót og er þá frekar tilbúinn til að skoða hvort menn geta komist að einhverju samkomulagi um tímasetningar nánar, þó best þætti mér að þetta væri óbreytt og þyrfti ekki að taka það aftur inn í Nd. til umræðu þar, og þá gæti það hugsanlega leitt til einhverra erfiðleika við að koma málinu í gegn, og heiti því að beita mér fyrir því að efni málsins fái framgang á næsta ári sem er auðvitað það mikilvægasta.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. mínum og vænti þess að hv. nefnd taki málið til meðferðar með hliðsjón af þeim svörum sem hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf áðan.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt líka að fagna orðum hæstv. heilbrmrh. og þar sem ég sit í hv. heilbr.- og trn. Ed. mun ég sannarlega reyna að vinna að því í nefndinni að breyta frv. á þann veg að þessi tímafrestur styttist því eins og kom fram í máli mínu áðan tel ég afar mikilvægt að heilsugæsluþjónusta komist á sem fyrst á höfuðborgarsvæðinu öllu eins og þegar er orðið í flestum byggðum úti á landi og er einungis sjálfsagt vegna þess að hagsmunir sjúklinga og annarra krefjast þess. Þetta er þar að auki staðfest stefna löggjafans í heilbrigðismálum eins og segir í lögum nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Sóknargjöld, 1. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 318.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sóknargjöld eins og það kemur frá Nd. á þskj. 318. Frv. er flutt vegna nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á tekjustofnum sókna og trúfélaga í tengslum við

gildistöku laga um einföldun og staðgreiðslu opinberra gjalda. Með tilkomu hins nýja staðgreiðslukerfis er ekki lengur gert ráð fyrir því að sóknargjöldin innheimtist beint af sóknarmönnum.

Á sl. sumri var skipuð fjögurra manna nefnd til að semja frv. til l. um sóknargjöld og kirkjugarðsgjöld sem taka skyldi mið af skattkerfisbreytingunni. Í þessari nefnd áttu sæti tveir fulltrúar tilnefndir af kirkjuráði, einn fulltrúi tilnefndur af fjmrn. og einn fulltrúi frá dóms- og kirkjumrn. Nefndin fékk í veganesti yfirlýsingu sem gefin var í grg. með frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, á sl. vetri, en þar var sagt að miða skyldi við það að hlutdeild sóknanna í skattheimtunni yrði hin sama og verið hefði.

Nefndin samdi frumvarpsdrög sem lögð voru fram á kirkjuþingi í byrjun október og gerði kirkjuþingið nokkrar smávægilegar breytingar á þeim. Á grundvelli þessara draga var það frv. samið sem hér er flutt.

Nd. hefur gert á frv. smávægilegar orðalagsbreytingar á 2. og 3. gr. sem gera merkingu þeirra skýrari.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að efni frv. og kem þá fyrst að I. kafla, en þar er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að gjaldendur greiði ekki skatt beint til sóknanna. Þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands vegna þeirra sem standa utan trúfélaga fá hins vegar hlutdeild í hinum sameinaða nýja tekjuskatti. Þessi hlutdeild í tekjuskattinum er ákveðin í frv. í samræmi við álögð sóknargjöld á árinu 1987, en samtals námu þau rúmlega 312 millj. kr. en væru 299,7 millj. ef aðeins væri miðað við hinar almennu álagningarheimildir skv. 2. gr. gildandi laga. Er þá ekki tekið tillit til hækkunarheimildar sem söknirnar hafa og háð er samþykki dóms- og kirkjumrh. Við útreikning á hlutdeild þjóðkirkjusóknanna, annarra trúfélaga og háskólasjóðs vegna utankirkjumanna í tekjuskattinum er því miðað við töluna 299,7 millj. á árinu 1987. Í þá tölu er deilt fjölda þeirra manna sem eru 16 ára og eldri í árslok 1986. Þar með er fundin ákveðin grunntala sem notuð er til að ákveða sérstakt nefgjald og þar með hlutdeild sókna, trúfélaga og háskólasjóðs í tekjuskattinum í framtíðinni. Þessi grunntala er eins og fram kemur í 1. tölul. 2. gr. í frv. 141 kr. á mann á mánuði og má ætla að hún verði 193 kr. á mann á mánuði á árinu 1988. Álagning þessa gjalds mun sjálfkrafa fylgja þeim breytingum sem verða á fjölda þeirra manna er náð hafa 16 ára aldri. Þá er gert ráð fyrir því að þetta gjald fylgi þeim breytingum sem verða kunna á meðaltalstekjuskattstofni einstaklinga fram til hvers gjaldárs.

Heildarfjárhæðinni sem þannig fæst er skipt á milli þjóðkirkjusafnaðanna, trúfélaganna og háskólasjóðs í hlutfalli við fjölda manna eldri en 16 ára í hverjum þessara hópa. Þetta er einföld regla og mun leiða til jöfnunar milli sóknanna í landinu þannig að hinar tekjulægri þeirra fá heldur meira en þær annars fengju. Þetta auðveldar líka söfnuðunum að áætla tekjur sínar. Ríkisbókhaldið mun annast skiptingu gjaldsins samkvæmt upplýsingum um fjölda manna í sóknum og trúfélögum sem Hagstofa Íslands safnar.

Í þessu sambandi er mikilvægt að skráning fólks í söfnuði og trúfélög sé ljós því skipting sóknargjaldanna ræðst af þessari höfðatölu. Ég hef rætt það sérstaklega við Hagstofu Íslands og hagstofustjóra að reglurnar um skráningu í söfnuði og trúfélög verði nú endurskoðaðar og þess sé gætt að sú skráning verði jafnan sem réttust. Auglýsing um skráningu í trúfélög var síðast gefin út árið 1966 með augýsingu nr. 204. Síðan hafa reyndar verið samþykkt ný lög um trúfélög, árið 1975, og þegar af þeirri ástæðu er þörf á því að endurskoða þessar reglur, en sú nýja tilhögun sóknar- og kirkjugarðsgjalda sem hér er verið að mæla fyrir gerir það enn brýnna en ella; enda verður lað gert.

Í II. kafla þessa frv. er fjallað um það nýmæli að stofnaður verði jöfnunarsjóður sókna. Þessum sjóði er ætlað að mæta fjárþörf sókna sem ætla má að annars myndu hafa notað hækkunarheimild 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld. Þessum sjóði er líka ætlað það hlutverk að styrkja fámennar og fátækar söknir, að auðvelda stofnun nýrra sókna og styrkja kirkjulega, félagslega og menningarstarfsemi í söfnuðunum. En ekki síst er sjóðnum ætlað að standa að hluta til undir rekstri og viðhaldi kirkna sem kalla mætti landskirkjur. Þar á ég við Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Skálholtskirkju. Loks er sjóðnum ætlað að veita framlög til ýmissa kirkjulegra verkefna sem til þessa hafa notið fjárstyrks úr ríkissjóði ef þau þá á annað borð hafa fengið slíkan stuðning. En stjórn þessa nýja jöfnunarsjóðs verður í höndum kirkjuráðs.

Með stofnun hans er fjárhagslegt sjálfstæði þjóðkirkjunnar aukið, en jafnframt aukin ábyrgð kirkjuráðsins. Kirkjuráðið skal hafa með hendi umsjón og stjórn jöfnunarsjóðs sókna og skal semja árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og kynna hana dóms- og kirkjumrn. fyrir lok maímánaðar á hverju ári. Þannig ætti að vera unnt að taka tillit til hennar við gerð fjárlagabeiðna vegna þjóðkirkjunnar. Þessa áætlun skal einnig leggja fram á kirkjuþingi. Reikningshald sjóðsins skal vera hjá Biskupsstofu, en endurskoðun í höndum Ríkisendurskoðunar. Eftir að sjóðurinn hefur verið stofnaður er lagt til að bein framlög á fjárlögum og ríkissjóði til einstakra kirkna falli brott, en yfirleitt komi í þeirra stað framlög úr jöfnunarsjóðnum.

Í III. kafla þessa frv. eru ákvæði um héraðssjóði sem eru í öllum meginatriðum hin sömu og ákvæði gildandi laga um sóknargjöld, en héraðssjóðunum er ætlað það hlutverk að standa undir ýmsum sameiginlegum kirkjulegum verkefnum á vegum prófastsdæmanna í landinu. Þær raddir hafa heyrst að með þessum tillögum sé verið að eyrnamarka kirkjunni hluta af tekjustofnum ríkissjóðs sem sé andstætt markaðri meginstefnu í fjármálastjórn ríkisins.

Ég vil af því tilefni taka alveg skýrt fram að söfnuðir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög hafa fram til þessa haft sjálfstæðan tekjuskatt og í frv. er einungis gert ráð fyrir að þau hafi hann áfram en með öðrum hætti en verið hefur vegna þeirrar einföldunar á skattakerfinu sem staðgreiðslan felur í sér. Þess vegna er sú tillaga gerð sem hér er flutt.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að frv. fái skjóta meðferð í þingdeildinni, enda tengist það gildistöku staðgreiðslunnar í upphafi næsta árs og gerð fjárlaga sem brýnt er að ljúki sem allra fyrst. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, 1. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 317.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um kirkjugarða eins og það kemur frá Nd. á þskj. 317. Frv. er flutt af sömu ástæðu og frv. til l. um sóknargjöld sem ég mælti fyrir fyrr á þessum fundi, þ.e. það þarf að ákveða að nýju tekjustofn fyrir kirkjugarðana í kjölfar gildistöku laga um einföldun og staðgreiðslu opinberra gjalda.

Drög að þessu frv. voru samin af sömu nefnd og að frv. um sóknargjöld. Þessi frumvarpsdrög voru síðan lögð fyrir kirkjuþing sem gerði óverulegar breytingar á þeim, síðan var samið það frv. sem hér er flutt.

Nd. gerði nokkrar breytingar á 3. gr. frv. að því leyti að í stað þess að áður sagði þar í 6. mgr. að úr sjóðnum skyldi veita lán til ákveðinna verkefna stendur nú að heimilt sé að veita lán til þessara verkefna og er ég samþykkur þeirri breytingu.

Ég vík svo nokkrum orðum að almennu efni þessa frv. Skv. gildandi lögum um kirkjugarðsgjöld eru þau lögð á sem tiltekinn hundraðshluti af útsvörum annars vegar og af aðstöðugjöldum hins vegar, þ.e. 1,5% af þessum gjaldstofnum sveitarfélaganna en þó allt að 4% ef sérstök heimild til hækkunar er veitt. Staðgreiðsla opinberra gjalda tekur aðeins til útsvars en ekki aðstöðugjalds. Í frv. er því gert ráð fyrir að ákvæði laganna um kirkjugarðsgjöld sem reiknast af aðstöðugjöldum haldist óbreytt. Hins vegar er með þessu frv. gerð sú tillaga að sá hluti kirkjugarðsgjaldanna sem nú reiknast af útsvari verði hluti af hinum nýja sameinaða tekjuskatti sem tillaga er hér um í þinginu eins og hann verður þegar staðgreiðslukerfi tekjuskatts hefur tekið gildi. Samtals nemur þessi hluti kirkjugarðsgjaldsins á þessu ári, árinu 1987, 145,6 millj. kr. Við þessa tölu hefur síðan verið bætt 1,5% og er þeirri viðbót ætlað að koma að nokkru á móti þeim tekjumöguleikum sem stjórnir kirkjugarðanna hafa nú skv. gildandi lögum til að hækka þetta gjald, en sú heimild fellur úr gildi, ef þetta frv. verður að lögum sem ég nú mæli fyrir. Við útreikning gjaldsins er því miðað við heildarfjárhæðina 147,8 millj. kr. sem kirkjugarðsgjöld fyrir landið allt. Í hana er svo deilt með fjölda þeirra manna sem eru 16 ára eða eldri í árslok 1986. Þannig fæst ákveðin grunntala, gjald á hvert nef á hverju kirkjugarðssvæði, sem notuð verður til að ákveða hlutdeild kirkjugarðanna í tekjuskattinum í framtíðinni. Þessi tala er í frv. eins og fram kemur tæpar 70 kr. á mann á mánuði eins og fram gengur af 1. tölul. 2. gr. Það má ætla að þessi tala verði nálægt 95 kr. á árinu 1988 eftir því sem tölur fjárlagafrv. benda nú til. Gert er ráð fyrir að þetta nefgjald fylgi þeim breytingum sem verða kunna á meðaltalstekjuskattstofni einstaklinga fram til hvers gjaldárs eins og lýst var áður fyrir sóknargjöldin.

Skv. gildandi lögum ber að greiða til kirkjugarðssjóðs 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir að hækkun framlags verði upp í 8%, en það er meginmarkmið þessa sjóðs að jafna aðstöðu milli kirkjugarðssvæða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarðsins hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Með þessu aukna framlagi ætti sjóðurinn að vera betur undir það búinn að gegna þessu hlutverki.

Í frv. eru nokkuð breytt ákvæði um stjórn þessa sjóðs. Skv. gildandi lögum er skipulagsnefnd kirkjugarða stjórn sjóðsins. Skv. þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að kirkjuráð kjósi þriggja manna stjórn fyrir þennan sjóð. Þá eru og nokkur nýmæli um hlutverk sjóðsins og vísa ég til almennrar greinargerðar sem frv. fylgir.

Umræddar breytingar varðandi hlutverk kirkjugarðasjóðs eru að meginhluta til samhljóða tillögum sem kirkjuþing gerði á árinu 1986 og vísast um það til grg. fyrir frv.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. fái skjóta meðferð í hv. deild, enda tengist það eins og hið fyrra frv. sem um var rætt, sóknargjaldafrv., gildistöku laganna um staðgreiðslu tekjuskatts í byrjun næsta árs. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

29. fundur, föstudaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 348, brtt. 351.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. eða þeir einstaklingar sem eiga sæti í honum flytja smábrtt. sem er leiðrétting. Af misgáningi höfðu fallið niður nokkur tollnúmer í sambandi við vörugjaldið sem varða steinull og glerull. Þarna var um pennaglöp að ræða og við flytjum brtt. um að taka það mál upp.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þegar þessi mál voru til meðferðar, vörugjald og söluskattur, eina sæla nótt ekki fyrir löngu voru nokkrar umræður um hvaða talnagrunn fjmrn. hefði á bak við niðurstöður sínar varðandi tekjuöflun á árinu 1988. Það var hv. 8. þm. Reykv. sem hóf þá umræðu og í framhaldi af henni óskaði ég eftir því við hæstv. fjmrh. að fram kæmu upplýsingar um á hvaða forsendum fjmrn. byggði spá sína um tekjur á árinu 1988 og með hvaða hætti fjmrn. metur í þeim gögnum sem hér liggja fyrir samdrátt í tekjum vegna breytinga á vörugjaldi og tolli, hvaða breytingar yrðu á tekjum ríkisins vegna veltubreytinga milli áranna 1987 og 1988, hvaða breytingar yrðu vegna þess að skattstofnunum er breytt og við lok þessarar umræðu óskaði ég eftir því við hæstv. fjmrh. að hann veitti deildinni upplýsingar um þennan talnagrunn lið fyrir lið.

Ég sagði þá að ég gæti fyrir mitt leyti fallist á að þessar upplýsingar kæmu ekki fyrr en við 3. umr. málsins. Því miður hef ég ekki fengið þessar upplýsingar í hendur enn þá og óska eftir því, herra forseti, að fjmrh. verði kvaddur á fund deildarinnar og látinn gera grein fyrir því hvernig miðar tilraunum hans til að láta embættismenn taka saman svör við þessum spurningum. Ég hefði satt að segja haldið að fjmrn. hefði þessar upplýsingar því að á grundvelli þeirra hlýtur öll talnasúpan að byggjast sem hér er til meðferðar og ætti þar af leiðandi að vera einfalt að reiða fram þau svör sem hér er um að ræða. Ég vil því fara fram á við hæstv. forseta þessarar deildar að hann stuðli að því að hæstv. fjmrh. komi til fundar við deildina og geri grein fyrir svörum sínum við þeim spurningum sem ég og hv. 8. þm. Reykv. báru fram hér á dögunum.

Ég vil taka það fram áður en ég held áfram umræðum um þetta mál sérstaklega að ég get fyrir mitt leyti vel stutt brtt. sem nefndarmenn úr meiri hl. flytja varðandi steinull sem af misgáningi hafði verið skráð öðruvísi en ætlunin hafði verið. Í framhaldi af því hafa menn reyndar haft í flimtingum hér í húsinu síðustu klukkutímana að það væri kannski rétt að hafa í þessum lögum öllum, sem hér eiga að verða til, bráðabirgðaákvæði sem hljóðaði eitthvað á þessa leið:

Ráðherra er heimilt að leiðrétta þær villur sem þinginu urðu á við meðferð mála fyrir hátíðar, enda sé augljóslega um leiðréttingar að ræða að bestu manna yfirsýn.

Sérstaklega verði þá haft samstarf við formann nefndarinnar um málið, hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég er alveg viss um að flestir fulltrúar úr stjórnarandstöðuflokkunum væru tilbúnir að taka þátt í þessu vegna þess að í rauninni geta orðið alveg hrikaleg afglöp í afgreiðslu einstakra mála á þessum stundum sem verið er að pína þessi mál í gegn. Þó að við segjum sem svo: Þið berið ábyrgð á málunum, þá erum við auðvitað svo ábyrg að við mundum að sjálfsögðu hjálpa til við einfaldar leiðréttingar ef á því þyrfti að halda. Gamanlaust held ég satt að segja að þessi mál séu í býsna miklum graut og það sé í raun og veru óljóst margt í þeim efnum og væri fróðlegt ef blöðin t.d. hefðu skoðanakönnun daginn sem menn ganga út úr þinghúsinu og spyrðu þm. hvern fyrir sig: Hvað varstu nú að gera, vinur kær, fyrir þjóðina þína þessa daga áður en þinginu lauk? Mætti kannski leggja fyrir menn spurningar um einstök atriði þó að við munum náttúrlega lengi, af því að við höfðum svo gaman af því, hvernig á að fara með vélbindingu heys og munum líka hvernig á að fara með innflutning gervihnatta og skriðdreka. Sömuleiðis munum við eftir tollum á ilmvatni og skatti á matvörur. En ýmis einstök mál hygg ég að hefðu getað farið fram hjá okkur og væri býsna fróðlegt ef þjóðin mætti nema það í gegnum hina opnu fjölmiðla og það yrði gerð skoðanakönnun, þegar við göngum héðan vansvefta út úr húsinu á miðri Þorláksmessu eða svo, og spurt: Hvað varstu að gera, vinur sæll, fyrir þjóðina þína? Satt að segja hygg ég að slík skoðanakönnun væri fróðlegri en flestar aðrar sem hafa farið fram í seinni tíð.

Mér hefur verið bent á að hæstv. fjmrh. sé í ræðustól í Nd. og ef svo er er náttúrlega ekkert annað að gera en gera hlé á málinu, taka fyrir önnur mál eða hvernig sem forseti vill hafa það. Ég tel ekki kleift að halda umræðunni áfram öðruvísi en hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Vænti ég þess að forseti taki tillit til þeirra frómu óska eins og annarra sem fluttar eru af sanngirni af deildarmönnum í þessari virðulegu deild.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég hygg að það sé þingdeildarmönnum ekki á móti skapi að umræðu um þetta mál verði frestað um sinn þar til tækifæri gefst til að hafa hæstv. fjmrh. viðstaddan.

Umræðu frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 295, n. 346.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér skilst að til umræðu sé 125. mál, frv. til l. um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og fengið á sinn fund ríkisskattstjóra og skrifstofustjóra fjmrn. að ég ætla, Indriða Þorlákssson, og gáfu þeir ýmsar gagnlegar upplýsingar um stöðu málsins og var farið yfir einstakar greinar frv.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykki frv., en skylt er að taka fram að hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson gerir þann fyrirvara að tryggt verði með ákvæði í lögum að vasapeningar aldraðra og öryrkja á stofnunum verði undir engum kringumstæðum skertir með sköttum og undir þennan fyrirvara taka Júlíus Sólnes, hv. 7. þm. Reykn. og hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir sem setið hefur fundi nefndarinnar.

Ég vil taka fram af þessu tilefni að nefndarmenn eru allir sammála um að undir engum kringumstæðum geti komið til greina að vasapeningar aldraðra og öryrkja á stofnunum séu skertir og sé svo skv. núgildandi lögum um staðgreiðslu að hætta sé á því verður að sjálfsögðu að kippa því í lag, en slík lagaákvæði eiga ekki heima í frv. sem við erum hér að fjalla um og er um það algert samkomulag milli nefndarmanna. En þessir hv. þm. óskuðu þess sem sagt að þetta yrði sérstaklega fram tekið og tekur nefndin öll heils hugar undir að framkvæmd staðgreiðslunnar *má með engum kringumstæðum vera* með þeim hætti að það skerði þessa nánös sem aldraðir og öryrkjar á stofnunum fá, þeir sem ekki hafa fullnægjandi lífeyri.

Nefndin mælir m.ö.o. með, herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrirvari minn þegar ég skrifaði undir nál. fjh.- og viðskn. um þetta mál lýtur að tvennu.

Í fyrsta lagi að því að tryggt verði að svokallaðir vasapeningar aldraðra og öryrkja verði ekki skertir með sköttum. Ég hef satt að segja ekki fengið neinar yfirlýsingar um það frá hæstv. fjmrh. hvernig hann hyggst standa að því, enda má segja að það sé rétt og það er rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. benti á, að ákvæði um þetta efni ætti að réttu lagi að koma inn í lög um tekju- og eignarskatt sem koma hér síðar til meðferðar og eru hluti af þessu máli. Þess vegna geri ég engar athugasemdir við frekari framgang málsins af þessari ástæðu. Og ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir það sömuleiðis að meiri hl. nefndarinnar tekur eindregið undir þennan fyrirvara. Ég skil það svo að það sé fullur stuðningur allra flokka við þetta sjónarmið.

Hitt atriðið sem veldur því að ég skrifa undir með fyrirvara er kynningin á staðgreiðslukerfinu. Ég óttast að hún sé ekki nógu góð. Það er ekkert hægt um það frekar að segja vegna þess að þarna veldur hver á heldur, þ.e. embætti ríkisskattstjóra og fjmrn. verða að bera ábyrgð á kynningunni, en ég vara við því að ef illa verður að kynningunni staðið gæti þetta mál farið í hnút. Það væri slæmt ef svo þýðingarmikil kerfisbreyting mistækist að einhverju leyti vegna þess að kynning hefði ekki verið nógu góð.

Að öðru leyti, herra forseti, er ég sammála frv. svo og því frv. sem er næst á dagskrá varðandi gildistöku staðgreiðslukerfisins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég stend að nál. hv. fjh.- og viðskn. Ed. um staðgreiðslufrv. Eins og kemur þar fram hef ég ásamt öðrum stjórnarandstöðuþm. fyrirvara á samþykki mínu og hann er hinn sami og þeirra.

Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því máli sem fyrirvarinn snýst um af því að athygli hans hafði verið vakin á því að það væri í raun hvergi í þessum lögum um staðgreiðslu né heldur í lögum um tekju- og eignarskatt neitt ákvæði sem kæmi í veg fyrir að tekjuskattur væri tekinn af *lífeyrissjóðsgreiðslum* aldraðra og þá einnig þeim vasapeningum sem þeim er úthlutað og munu vera nú um 5 þús. kr. á mánuði. Það urðu allir í nefndinni sammála um að það næði náttúrlega ekki nokkurri átt, það hlyti að vera botninn á skattheimtu ef farið væri að krefja aldraða um skatt af þessum allt of lágu vasapeningum sem þeir nú hafa. Mig langar einungis að vekja athygli á því hvað er hér á seyði í raun og veru vegna þess að stjórnarliðar studdu það heils hugar að vasapeningar aldraðra yrðu varðir skattheimtu þegar í ljós kom að ekkert ákvæði væri í lögunum sem tryggði að slíkt yrði ekki gert. Þessi hraðferð á málunum í gegnum þingið gerir það að verkum að allir vel meinandi menn geta í raun ekki fylgst nægilega með því hvað þeir eru að afgreiða. Um leið og stjórnarliðar sáu þessa gloppu sáu þeir líka að þetta er ekki hægt og þess vegna samþykktu þeir að vasapeningar aldraðra yrðu tryggðir því þeir eru allir vel meinandi menn. En þetta er bara eitt lítið dæmi í viðbót við það sem hér hefur komið ítrekað fram, að við erum í raun á hlaupum að afgreiða afskaplega mikilvæg mál.

Það kom fram í nefndinni í morgun að skilaboð hv. 7. þm. Reykv. til hæstv. fjmrh. um að taka tillit til þess arna höfðu borist og átti að sinna málinu í reglugerð. En það er ekki nóg. Það verður að vera afdráttarlaust ákvæði um þetta í lögum. Þeir sem komu á fundi nefndarinnar hjá embætti ríkisskattstjóra lofuðu að taka það til greina og við væntum þess að þessum breytingum verði komið á í lögum

um tekju- og eignarskatt.

Í öðru lagi er um kynninguna á skattamálunum að ræða. Það kom fram þegar ég talaði í 1. umr. um málið að vissulega hefur margt verið gott gert til að kynna þessa viðamiklu kerfisbreytingu, en ég verð að segja að margir hafa komið að máli við mig og beðið mig um skýringar á því hvernig þessi framkvæmd muni verka vegna þess að þeir hafa ekki verið með það á hreinu. Þess vegna legg ég til eins og áður að undinn verði hinn bráðasti bugur að því að gera einfalda og ítarlega sjónvarpsþætti um þessa kerfisbreytingu þannig að allir þeir, sem ekki mættu á fundina sem ríkisskattstjóri tilkynnti okkur að haldnir hefðu verið víða um landið, bæði með starfsmannafélögum, hópum aldraðra og öðrum, verði nokkurs vísari. Það eru nefnilega margir sem sækja ekki slíka fundi og það eru kannski einmitt þeir sem velkjast í vafa um hvernig þeir eiga að hegða sér í málinu. Ég legg því eindregið til að það verði sem fyrst unnið að því að ítarleg og greinargóð kynning fari fram í sjónvarpi og verði endurtekin nokkrum sinnum þannig að hún nái til sem flestra áður en þessi kerfisbreyting fer fram.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það vakti athygli mína fyrirvari sem gerður er af þm. stjórnarandstöðunnar varðandi afgreiðslu frv. sem kemur fram í nál. Það kom mér svolítið á óvart að slíkur fyrirvari skyldi þurfa að koma frá þeim. Því gladdi það mig að heyra yfirlýsingu hv. 2. þm. Norðurl. e., formanns og frsm. nefndarinnar, þegar nefndin öll tók heils hugar undir þennan fyrirvara svo sjálfsagt sem það er að tryggja að vasapeningar aldraðra og öryrkja á stofnunum verði undir engum kringumstæðum skertir með sköttum. Það kemur manni á óvart að það skuli þurfa að taka slíkt fram, en til öryggis er eðlilegt að gera það, eins og hér hefur komið fram, miðað við hvernig þetta er í frv. Ég vildi taka heils hugar undir þennan fyrirvara.

Þá langar mig einnig að taka undir það sem hér hefur verið sagt um þörfina á kynningu á staðgreiðslukerfinu eða þessari kerfisbreytingu. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. við 2. umr. þessa frv. þegar hann benti á að það væri skynsamlegt og kannski nauðsynlegt að fulltrúar frá skattstjóra kæmu t.d. inn á dvalarheimili aldraðra til að aðstoða fólk og leiðbeina því og upplýsa það um framkvæmd þessara mála. Þó að manni finnist þetta vera svo einfalt er það áreiðanlega vel þegið og mikið öryggi ef hægt yrði að koma slíkri kynningu á. Auðvitað vitum við að það hefur margt verið gert til að kynna þessa kerfisbreytingu, eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv., en það er aldrei of mikið gert af því og sérstaklega varðandi þá aðila sem eiga ekki að greiða skattinn en jafnvel standa í þeirri trú að svo sé. Til að létta þessum áhyggjum af öldruðu fólki held ég að það sé þess virði að slík kynning færi fram á þessum heimilum eins og hv. 7. þm. Reykv. kom fram með.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið stöndum við þm. Borgarafl. í þessari deild með þeirri breytingu sem hér um ræðir og viljum gera þann fyrirvara sem í nál. kemur fram. Það kemur þar fram að við teljum mikla nauðsyn að þessir peningar ellilífeyrisþega verði ekki skattlagðir.

En það sem rak mig hér upp er sú kynning sem verið hefur á þessu nýja kerfi, þær auglýsingar sem verið hafa. Nú vil ég sérstaklega nefna þá auglýsingu sem hefur birst í sjónvarpinu þar sem hæstv. fjmrh. er aðalmaðurinn í auglýsingunni. Ég tel að slíkar auglýsingar hafi mjög neikvæð áhrif á þessa nýju staðgreiðslukerfisbreytingu þegar það er haft í huga að hann er yfirlýstur skattaleðikarl að því leytinu til að það er nákvæmlega sama hvar hann kemur nálægt, það virðist eiga að setja skatta á allt saman.

Ég geri þetta að umtalsefni hér og svo þá kynningu sem verður að vera á slíkum málum. Það eru mjög fáir sem vita í raun og veru hvað þetta nýja staðgreiðslukerfi hefur í för með sér, bæði hvaða skatta viðkomandi þarf að borga og síðan hver framkvæmdin kemur til með að vera, hvað skattkort er og aukaskattkort o.fl. Þetta ruglast allt saman í huga fólks. Í raun réttri held ég að í byrjun næsta árs, þegar þetta kemur virkilega til framkvæmda, komi fram mjög miklir erfiðleikar í framkvæmd þessara laga og ég tel raunar að ríkisskattstjóri og skattstofur séu ekki nægilega vel undirbúin undir þessa breytingu.

En við viljum ekki standa í vegi fyrir því, þm. Borgarafl., að þetta mál nái fram að ganga og teljum raunar að breytingin sem slík geti haft góð áhrif. En að tala um þetta frv. eitt sér án þess að vita tekjuskattshlutfall og annað er mjög erfitt og að leggja beint mat á það á þessu stigi. Þess vegna þyrfti frekar það frv., sem er í þinginu nú, um tekjuskatt fyrst að koma hérna til umræðu áður en þetta frv. er rætt.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess að auðvitað er enginn ágreiningur um það í nefndinni að nauðsynlegt er að kynna þetta sem best, en það er ekki þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs heldur af þeirri ástæðu að ég vil að það komi skýrt fram að meiri hl. nefndarinnar hefur enga ástæðu til að ætla að vasapeningar öryrkja og aldraðra á dvalarheimilum séu skertir. En við munum að sjálfsögðu athuga það. Skattleysismörkin munu hækka samkvæmt staðgreiðslunni þannig að það á ekki að geta gerst og við vonum að það hafi ekki komið til skv. núgildandi skattalögum eins og framkvæmdin hefur verið á þessu ári að þessir vasapeningar hafi verið skertir, en það er sjálfsagt að athuga hvort einhver vitleysa af því tagi leynist í skattkerfinu og þá ætti hún ekki síður að vera á þessu ári og því næsta og verður að sjálfsögðu gerður reki að því að ganga úr skugga um að ekki sé gengið á rétt þessa fólks.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.–20. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200, n. 347.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur farið yfir þetta frv. og er sammála um að mæla með samþykki þess. Hv. þm. Svavar Gestsson skrifar undir með fyrirvara og hv. 6. þm. Reykv., sem setið hefur fundi nefndarinnar, er einnig samþykk þessu máli, en lýsir þó samsvarandi fyrirvara og hv. 7. þm. Reykv. sem ég hygg að sé fremur um vinnubrögð en efni málsins, varðar kynninguna en ekki beint efni frv.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs við þessa umræðu vegna þess að mér finnst að það hafi ekki komist til skila nægilega vel um hvað þetta vasapeningamál snýst. Ég varð var við það t.d. hjá hv. þm. Halldóri Blöndal áðan. Um hvað snýst málið? Það snýst um að aldraður maður á stofnun fær lífeyri frá: 1. Tryggingastofnun ríkisins, 2. sínum lífeyrissjóði. Skv. lögum um málefni aldraðra og lögum um almannatryggingar ganga þessar greiðslur í fyrsta lagi til að greiða kostnað við dvöl viðkomandi á stofnuninni. Við þessar greiðslur bætast síðan svokallaðir vasapeningar. Þegar allt þetta er lagt saman eru þess mörg dæmi að heildargreiðslur verða kannski meiri en skattfrelsismörkin, kannski 38–39–40–45 þús. kr. á mánuði. Við það getur svo farið að viðkomandi lendi í því að bera skatt. Vandinn er þá sá fyrir skattyfirvöld að finna út hvaðan á að taka skattinn. Á að taka hann af því sem gengur til stofnunarinnar? Svarið er væntanlega nei vegna þess að það gengur til að kosta og greiða kostnað við rekstur stofnunarinnar. Hvað er þá eftir af lausu fé eftir að búið er að greiða uppihald viðkomandi? Það eru þessir vasapeningar og þá ættu skattyfirvöld í rauninni engan kost annan en að ganga í þessa vasapeninga nema það væri tekið fram að það eigi ekki að greiða skatt af þeim.

Þá segja menn sem svo: Ekki hafa verið teknir skattar af vasapeningum. Það er rétt. Það hefur ekki verið gert. En nú er verið að breyta þessu þannig að tekjugrundvöllur skattalaganna nær miklu víðar en áður. Inn í hann er allt tekið, lífeyrir, biðlaun og hvað eina, og vasapeningar eða elli- og örorkulífeyrir er hvergi undanþeginn neinum greiðslum í þessu skattakerfi. Þess vegna gæti svona farið ef ekki er tekið fram í lögum um tekju- og eignarskatt: Vasapeningar aldraðra skulu gersamlega undanþegnir þessu skattakerfi. Ég tel að það væri eðlilegast að fjmrh. hlutaðist til um að þessu máli yrði breytt í Nd. þar sem málið er enn þá. Ef svo fer að það verður ekki gert og málinu er breytt í þessari hv. deild, sem er samstaða um í þessari deild meðal fulltrúa allra flokka, yrði málið að fara aftur til Nd. Þess vegna teldi ég heppilegra og skynsamlegra upp á verklag allt að það yrði reynt að ganga frá þessu í Nd. Ef það er ekki unnt verður það gert í hv. Ed. Það liggur fyrir samkvæmt yfirlýsingum talsmanna allra flokka í þessari deild.

Ég þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir góðar undirtektir við þetta mál svo og nefndinni í heild, en undirstrika: Skynsamlegra er að breyta þessu strax í fyrri deild fremur en draga það til síðari deildar. Ég kvaddi mér hér hljóðs vegna þess að mér hefur fundist að þrátt fyrir nokkrar umræður um þetta mál hafi menn kannski ekki áttað sig nákvæmlega á því um hvað það snýst. Það stafar af því að tekjugrunnur staðgreiðslukerfisins er mikið víðari en gamla kerfisins og undanþágur eru fáar eða engar. Þess vegna verður með „pósitífu“ ákvæði að tryggja að vasapeningarnir lendi ekki þarna inni.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv. aðeins upplýsa að bréf er á leiðinni frá fjmrn. varðandi það efnisatriði sem verið var að ræða um en hefur misfarist með einhverjum hætti, er hvorki í mínum persónulega pósti né í þeim pósti sem nefndinni hefur borist.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Aðeins í tilefni af þessu umræðuefni um vasapeninga þeirra bótaþega almannatrygginga sem á dvalarstofnunum dvelja. Þessu máli var hreyft af hv. 7. þm. Reykv. við fyrri umræðu málsins og þá þegar daginn eftir tók ég það upp við mína starfsmenn í fjmrn., lýsti málinu og óskaði eftir því að tillögum um undanþágu dagpeninga frá skattskyldu yrði komið á framfæri við fjh.- og viðskn. og var tjáð núna í morgun að sú orðsending hefði verið send síðdegis í gær. Hins vegar verð ég að játa að vegna fundahalda í morgun var ég ekki búinn að berja augum textann sjálfur, en ég mun ganga úr skugga um hvort þetta er ekki komið rétta leið og það er auðvitað rétt ábending að æskilegast er að koma þessu á framfæri við fjh.- og viðskn. Nd. til þess að spara tímann.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir undirtektir hans og treysti því að á málinu verði tekið þegar frv. um tekju- og eignarskatt kemur til lokameðferðar í Nd. sem ég hygg að sé áður en langur tími líður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Vörugjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 348, brtt. 351.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson) (frh.):
Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hlutast til um að hæstv. fjmrh. yrði kallaður á fund deildarinnar. Ástæðan til þess að ég bað um að ráðherrann yrði kallaður hingað er þessi ... (**Forseti:** Má ég aðeins grípa inn í? Það stendur svo á að það er atkvæðagreiðsla í Nd. og þar verður fjmrh. að vera.) Getum við ekki tekið þetta eftir hlé? (**Forseti:** Það er meiningin að fresta fundi á eftir kl. 3.30 í 45 mínútur. Við gætum tekið þetta dagskrármál eftir hlé og fresta ég því þessu máli um sinn.)

Umræðu frestað.

Söluskattur, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 349, brtt. 352, 353.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Í meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. létum við ekki fylgja með okkar brtt. tilmæli frá Sambandi rafveitna um breytingu á orðalagi 4. tölul. 7. gr. sem nú orðast svo í lögum: „Efni, vélum og tækjum í raforkuver, hitaveitur og vatnsveitur". Það sé heimilt að fella söluskatt niður á eftirfarandi tækjum. Við leggjum til að í staðinn fyrir orðið „raforkuver" komi: raforkuveitur og teljum m.ö.o. að eðlilegt sé að hið sama gildi um þær og hitaveitur og vatnsveitur.

Ég hef fyrir okkar hönd og e.t.v. nefndarinnar allrar flutt þessa brtt. og tek jafnframt undir þá brtt. sem liggur frammi að ég hygg frá hv. 7. þm. Reykv. og e.t.v. fleirum varðandi 5. tölul. Síðasta setningin þar orðast svo: „Sama á við um sérbúnað bifreiða sem sveitarfélög kaupa til notkunar við flutning á fötluðu fólki." Ég legg til í brtt. á þskj. 354 að niður falli setningin „sem sveitarfélög kaupa" þannig að heimild fjmrh. til að fella niður eða endurgreiða söluskatt af sérbúnum bifreiðum til notkunar við flutning á fötluðu fólki verði almenn en ekki bundin við sveitarfélögin.
Ég býst við að um þetta sé samkomulag í nefndinni og þakka þeim hv. þm. sem vöktu athygli á þessu.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Mér sýnist að það sé galli á brtt. b á þskj. 354. Það sé ekki hægt að fella niður sögnina „að kaupa" heldur verði að orða þetta orðuvísi og segja: sem keyptar eru. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti geti leiðrétt þetta úr stól sínum, en mér fannst viðeigandi að vekja athygli á málinu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):
Herra forseti. Ég er nú orðinn svo ruglaður í ríminu að ég er ekki einu sinni alveg viss um hvað er á dagskrá, en ég geri ráð fyrir að það sé söluskatturinn, svo ég viti nú um hvað ég ætla að tala hér í ræðustól.
En við erum um það bil hér í hv. Ed. að ljúka meðferð okkar á söluskattsfrv. ríkisstjórnarinnar. Ég er sannfærður um að þegar fram líða stundir og menn rifja upp Íslandssöguna á oft eftir að vitna til þeirrar stundar þegar hv. þm. stjórnarliðsins í Ed. settu söluskatt á helstu nauðsynjavörur heimilanna, þær matvörur sem eru undirstaða heimilishaldsins. Það kom fram í umræðum um húsnæðisfrv. hér á dögunum að þá var vitnað til umræðna í Ed. sem höfðu farið fram fyrir tæpum 60 árum þegar þeir Jón Baldvinsson og Jón Þorláksson voru að takast á um lögin um Byggingarsjóð verkamanna. Alveg á sama hátt er ég viss um að afkomendur okkar eiga eftir að fjalla oft og mörgum sinnum um þá merkilegu atburði sem gerðust hér rétt fyrir hátíðarnar í desembermánuði 1987 þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og hv. stjórnarþm. í Ed. ákváðu að leggja matarskatt, söluskatt á helstu nauðsynjavörur heimilanna.
Ég vil við 3. umr. freista þess að fá í gegn eina mjög einfalda brtt. og það er að soðningin verði undanskilin söluskatti. Ég er búinn að sætta mig við það að eftir áramótin muni ég þurfa að greiða söluskatt af nánast öllum nauðsynjavörum. Eitt finnst mér þó alveg forkastanlegt, að fiskveiðiþjóðin Íslendingar skuli ætla að leggja 25% söluskatt á soðningu á sama tíma sem hégómi eins og afruglarar fyrir sjónvarpsstöð skuli vera án söluskatts. Það er með ólíkindum. Ég næ því ekki að ég skuli standa inni á hinu háa Alþingi og taka þátt í að leggja 25%

söluskatt á soðningu um leið og verið er að fjalla um það að hégómi eins og afruglarar á einhverjar sjónvarpssendingar skuli vera undanþegnir söluskatti. Það er alveg með ólíkindum að þetta skuli geta átt sér stað á hinu háa Alþingi.

Þess vegna leggjum við fram þm. Borgarafl. í hv. Ed. brtt. við 3. gr. frv. þannig að á eftir 22. tölul. A-liðar 3. gr. bætist nýr liður sem verði þá 23. tölul. og orðist svo: Fiskur og fiskmeti.

Ef það endar svo að þessi brtt. verður felld og þjóðin nánast hættir að borða fisk, það hefur oft komið fram í umræðum að fiskur er einhver hollasta matvara sem við getum lagt okkur til munns og því hefur verið haldið fram m.a. af sérfræðingum í manneldismálum að heilabúið hafi mjög gott af fiskmetinu, menn verði skarpari í hugsun við að borða mikinn fisk, þá óttast ég satt að segja um framgang mála hér á hinu háa Alþingi í framhaldi af því að þjóðin hættir að borða fisk og fer að leggja sér til munns aðrar óhollari matvörur. Hvernig gengur þá að koma málum hér í gegn? Það getur vel verið að það gangi ekkert verr í sjálfu sér að koma málunum hér í gegn, en skyldu ekki málin verða mjög skringileg í meðferð okkar þm. þegar við erum hættir að borða fisk?

Það má svo bæta því við að lokum að fiskur hefur hækkað mjög í verslunum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega á undanförnum mánuðum. Vegna tilkomu fiskmarkaðanna segja sumir, og það má vel vera að það sé ekkert við því að segja, það sé raunverulega komið eðlilegt verð á fisk með þeim hætti. A.m.k. eru margir sjómenn þeirrar skoðunar að verð á fiski hafi verið allt of lágt hér á undanförnum árum, því hafi verið haldið óeðlilega lágu þannig að þeirra hlutur væri rýrður. En með tilkomu fiskmarkaðanna hefur fiskverð hækkað verulega, einkum í fiskbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar svo þar á ofan bætist 25% söluskattur er ekki nokkur vafi á því að fiskur er orðinn svo dýr að hann er orðinn munaðarvara. Þá þykir mér illa komið hjá fiskveiðiþjóðinni Íslendingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 354, sem var of seint fram komin, samþ. með 15 shlj. atkv.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Við höfum, þm. Borgarafl., lagt til ákveðnar breytingar á þessu frv., sem er núna til lokaumræðu í þessari deild, en þær hafa því miður ekki fengið hljómgrunn. Aðallega hefur þetta miðað að því að undanþiggja matvörur söluskatti. Ég verð að segja að ég harma mjög að þessar tillögur hafa ekki fengið undirtektir. Hins vegar hafa hv. þm. viljað gefa fjmrh. heimild til að undanþiggja afruglara söluskatti og eru þá í mínum huga a.m.k. komnar svolitlar þverstæður í frv. Það er sem sagt meira lagt upp úr afruglurum en matnum. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram svo að afstaða mín og okkar borgaraflokksmanna yrði skýr að þessu leytinu til og það yrði það vegarnesti sem þetta frv. fengi frá okkur niður í hv. Nd.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það skal strax viðurkennt að það mundi flækjast fyrir mér að svara spurningum skoðanakannana um hvernig ég hefði staðið að og unnið að því söluskattsmáli sem hér er til umræðu. Því miður hef ég ekki haft tíma til að kynna mér hverja grein um sig og ég verð að fara í atkvæðagreiðslum nokkuð eftir því hvernig þeir menn, sem hafa verið að vinna í málinu, hafa greitt atkvæði.

En mér kom í hug áðan, þegar við vorum að fá okkur kaffi í fundarhléinu, að það væru tvær bækur sem jafnan væru hafðar um borð í hverju fiskiskipi sem alltaf hefðu verið undanþegnar söluskatti. Ég hefði haft vissan áhuga á því að hæstv. fjmrh. væri hér í deildinni og langaði til að leggja fyrir hann fsp. um þessar tvær bækur, hvort svo væri að enn væru þær undanþegnar söluskatti þó að það mætti kannski segja að ég hefði átt að gefa mér tíma til að fara ofan í frv. og kanna hvort svo væri. Af þessum bókum mun hafa allar götur frá því að byrjað var að leggja á söluskatt ekki hafa verið krafinn söluskattur þó að leiðirnar til að losna við söluskattinn hafi kannski verið á ýmsa vegu.

Hér er hæstv. fjmrh., en ég er kominn í ræðustól til að fjalla um söluskattinn, m.a. vegna þess að ég hef ekki gefið mér of mikinn tíma til að kanna frv. sjálft. En í lok umræðna um það langaði mig til að fá upplýsingar um hvort svo væri ekki enn, sem jafnan hefur verið í sambandi við ákvörðun um söluskatt, að tvær bækur sem eru held ég um borð í hverju einasta íslensku fiskiskipi séu enn undanþegnar söluskatti. Þessar bækur eru Biblían og Sjómannaalmanak. Ef svo er ekki legg ég eindregið til að þeirri reglu verði ekki breytt og að þessar tvær bækur haldi enn þeim sjálfsagða rétti að vera undanþegnar söluskatti.

Fyrst maður er kominn í ræðustól má geta þess að ýmislegt skemmtilegt hefur skeð í deildinni í umræðunum. Ég hafði gaman af því þegar hv. þm. Júlíus Sólnes var að jafna umræðunni við umræður í hv. deild fyrir 60 árum og kannski þá að jafna sjálfum sér og fjmrh., hv. þm. Svavari Gestssyni og öðrum sem hafa verið í umræðunni við fræg nöfn úr sögunni, Jón Baldvinsson og Jón Þorláksson. (**EgJ:** Ekki jafna sér við Jón Þorláksson.) Ja, þetta var gert hér, hv. þm., í ræðustól áðan, allt að því.

Það hafa verið reyndar til umræðu ýmsir samjöfnunarhlutir í blöðum, fjölmiðlum. Ég hafði gaman af því að lesa Þjóðviljann minn í fyrradag þar sem svona samjöfnuður var líka. Þar var núv. formanni flokksins, Ólafi Ragnari, jafnað saman við Héðin Valdimarsson og Hannibal Valdimarsson og ekki nóg með það, heldur var farið aftur í söguna og skrásetjari merkrar bókar um Alþb. jafnaði sér við Sturlu Þórðarson.

Ég held að þó að hér séu sjálfsagt að gerast

merkilegir hlutir og álagning þessa söluskatts, matarskatts Alþfl., verði kannski lengi merk og umtöluð í sögunni verði það ekki eins umtalað í sögunni og þau góðu verk sem Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson voru fyrir 60 árum að koma í gegnum hv. Ed. því að sem betur fer eru hlutirnir þannig að enn þá er sögutilfinningin á þann veg að þegar frá líður eru góðu hlutirnir lengur í hugum manna en hinir sem eru á þann veg sem hér er verið að gera.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Undir umræðum um vörugjald í dag lagði ég ákveðnar fsp. fyrir hæstv. fjmrh. og miðað við stöðu mála hér hefði ég talið að mörgu leyti heppilegt að hæstv. ráðherra svaraði þeim fsp. áður en umræður halda áfram og ég teldi í raun og veru eðlilegt að það gerðist við umræður um vörugjald. Fsp. var þessi: Hver er talnagrunnur þeirra útreikninga sem framkvæmdir hafa verið í fjmrn. varðandi einstaka tekjustofna ríkisins og breytingar þeirra milli áranna 1987 og 1988? Þetta var spurning sem hv. 8. þm. Reykv. lagði fyrir ráðherrann núna fyrir nokkrum dögum. Ég tók þá undir þær spurningar og óskaði eftir því að svör bærust við 3. umr. frv. um vörugjald. Reyndar er það rétt, sem bent hefur verið á, að ég óskaði eftir þessum svörum skriflegum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hverju sætir það að ég hef enga pappíra fengið enn um þetta mál? Ég tel að það sé útilokað að halda umræðum áfram um þessi skattamál öðruvísi en þessir pappírar liggi fyrir, auk þess sem er brýnt að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem fram komu frá hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni.

Ég veit að margt er að gera hjá ráðherranum og veit að hann þarf líka að gegna skyldu sinni sem þm. í Nd. Ef það getur ekki gengið saman samtímis er einfaldast að fresta fundi í þessari hv. deild meðan ráðherrann er að ganga frá atkvæðum sínum í Nd. Auðvitað verður maðurinn annaðhvort að vera í Ed. eða þeirri neðri. Við efrideildarmenn kunnum því illa að menn sinni ekki þessari deild og við skiljum ekki hvað það á að þýða að þessi deild njóti minni virðingar en sú neðri (Gripið fram í.) nema kannski hjá hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Þetta er mikill misskilningur.) Ég legg þessar spurningar fram og vænti þess að þeim verði svarað. En þetta var um þingsköp, herra forseti, þannig að það er ljóst að ég hef ekki gengið á umræðukvóta minn í almennum umræðum. (**Forseti:** Forseti er klár á því.)

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu nú, en mig langar til að vekja athygli á einu sem er til athugunar í sambandi við söluskattsmál.

Það er svo að einkaflugvélar og bensín til þeirra verður héðan í frá með söluskatti. Ég ætla ekki að reyna að koma brtt. þar að lútandi fram í lok 3. umr., fjarri því, en ég vil einungis benda mönnum á að það hefur ætíð verið svo að einkaflugmenn hafa getað keypt bensín á sínar flugvélar án söluskatts, enda er það tekið af sama tanki og söluskattsfrítt bensín farþegavéla sem eru reknar í því skyni. Það er alveg ljóst að það verður aldrei hægt að ná neinum söluskatti af eldsneyti til einkaflugvéla. Einkaflugmenn munu væntanlega kaupa bensínið gegnum flugfélög sem eru með farþegaflutninga.

Ég vildi vekja athygli á þessu. Þetta er eitt dæmið enn um hversu flaustурslegt þetta frv. er og hve lítt hugsað margt er sem er sett í frv. Það má út af fyrir sig mælast til þess að hv. þm. í Nd. taki þetta til meðferðar og hugsanlegra breytinga. Ég á þó ekki von á því að svo verði því þetta er fyrri deild og miðað við þá tímaþröng sem við erum í má búast við því að málið eins og það verður afgreitt héðan verði samþykkt óbreytt í Nd. Þar með sitjum við uppi með ótalmarga agnúa og hortitti í þessum frumvörpum sem því miður verða að lögum eftir meðferð í Nd. Ég vildi rétt vekja athygli á þessu undir lokin.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint tveimur spurningum. Sú hin fyrri var um talnagrundvöll tekjuáætlunar fjárlaga, þeirra tekjustofnalaga sem hér hefur verið fjallað um. Af því tilefni vil ég segja þetta:

Þessari spurningu var til mín beint af hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfi Konráð Jónssyni og því næst undir það tekið af hv. 7. þm. Reykv. við fyrri umræðu í hv. Ed. Nú er það svo að tekjuhlið fjárlaganna er verkefni Þjóðhagsstofnunar og endurskoðuð tekjuspá er væntanleg að venju frá Þjóðhagsstofnun fyrir 3. umr. fjárlaga. Af þessu tilefni skrifaði ég samnæturs eftirfarandi bréf þann 17. des. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hr. Þórður Friðjónsson forstjóri,
Þjóðhagsstofnun,
Kalkofnsvegi 1.

Í umræðu í efri deild Alþingis í nótt óskaði Svavar Gestsson alþm. eftir því að fjmrh. hlutaðist til um að afla sundurliðaðra upplýsinga um forsendur tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 1988. Jafnframt óskaði hann eftir því að fram kæmu bæði eftirspurnaráhrif og áhrif verðbreytinga. Beðið var um að þessar upplýsingar lægju fyrir áður en 3. umr. í Ed. fer fram, væntanlega á morgun, föstudag. Þessari beiðni er hér með komið á framfæri við Þjóðhagsstofnun sem hefur annast undirbúning tekjuáætlunar fjárlaga fyrir næsta ár."

Hæstv. forsrh., sem þessi stofnun heyrir undir, var jafnframt tilkynnt um þetta.

Í annan stað var spurt um hvort ekki væri tryggt að heilög ritning og sjómannaalmanak væru án söluskatts, en þessar bækur eru um borð í hverju fiskiskipi. Ég verð að játa að ég hef ekki svör á reiðum höndum við þessu vegna þess að ég treysti ekki minni mínu um það á hverju undanþágan var byggð. Það er að velkjast fyrir mér að söluskattur af heilagri ritningu, guðsorði, hafi verið endurgreiddur en sjómannaalmanak undanþegið. Ég heyrði þessa spurningu svo fyrirvaralítið að mér vannst ekki tími

til að gá að því á hverju þessar undanþágur höfðu byggst áður, þ.e. í hverri af undanþáguheimildum þeim var fundinn staður.

Sem kunnugt er munu tvö rit vera útbreiddust rita í heiminum. Byggi ég það líka á minni mínu og eftir Sameinuðu þjóða „statistík". Það munu vera Biblía kristinna manna og úrval úr helstu ritverkum Vladímírs Íljítsj Úljanov, kennslubók í praktískum byltingarfræðum. Þessi tvö rit hafa náð mestri útbreiðslu í heiminum. Þá er spurningin um hvort söluskattslögin eigi að hafa mismununaráhrif þegar um svo ágætar bækur er að ræða. (Gripið fram í.) Það er ekki eins útbreitt samkvæmt þessari statistík.

Þá var á það minnst að vera kynni erfiðleikum bundið að leggja söluskatt á eldsneyti einkaflugvéla. Það er að óbreyttu fyrirkomulagi, en hins vegar er það að sjálfsögðu svo að það er engan veginn útilokað að gera ráðstafanir til að framfylgja þessum ákvæðum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ber auðvitað fulla virðingu fyrir afgreiðslu fjárlaga við 3. umr., en þar sem veigamikil útgjaldamál, teknamál ríkisins eru hér á dagskrá teldi ég að það væri eðlilegt og ekki laust við sanngirni alla vega að óska eftir því að upplýsingar um það hvað þessir teknaliðir gefa liggi fyrir áður en málin fara úr þessari deild. Það mætti hugsa sér að hið minna teknamálið, vörugjaldið, færi á milli deilda, en ég tel að það sé alveg fráleitt að láta matarskattinn fara héðan út öðruvísi en þessar upplýsingar frá hæstv. ráðherra liggi fyrir.

Ég vil sem sagt eindregið fara þess á leit að þannig verði á málum haldið að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en málin fara út úr þessari deild, a.m.k. söluskattsmálið. Ég satt að segja hélt að þetta lægi fyrir. Hvaða talnaspeki er þetta í fjárlagafrv. og þessum skattafrumvörpum og allt það og engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig þetta er reiknað út? Einhvern veginn var þetta reiknað út eða hvað? Það hlýtur að vera. Af hverju eru tölurnar þarna? Það hlýtur að vera reiknað einhvern út. Á hvaða forsendum? Var það bara „Ugla sat á kvisti" eða hvað? Hver er spekin á bak við þetta? Ég vil fá að vita það. Ég held að það sé útilokað fyrir þessa virðulegu deild að láta bjóða sér að afgreiða skattafrv. upp á 5750 millj. án þess að vita nokkurn veginn hvaða reikningslegar forsendur liggja þarna á bak við. Auðvitað höfum við séð samtölur og heildartölur, en í raun og veru höfum við ekki séð áætlanir um hvernig þetta kemur út í breytingum milli áranna 1987 og 1988.

Hér er stórmál á ferðinni og sérstaklega þegar þess er gætt að einn af þm. stjórnarflokkanna, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, hafði farið fram á að þessar upplýsingar lægju fyrir og þegar það bætist svo við að annar þm., sem er í stjórnarflokki, hv. þm. Karvel Pálmason, hefur greitt atkvæði gegn matarskattinum aftur og aftur í atkvæðagreiðslum í þessari virðulegu deild. Þess vegna er útilokað annað en ítreka að þessar upplýsingar liggi fyrir. En ég endurtek, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir þingstörfum, gæti ég svo sem hugsað mér það, miðað við það sem ég hafði hugsað mér að ræða þessi mál, að frv. um vörugjald færi á milli deilda, en að söluskattsfrv. biði þá þessara upplýsinga því það er auðvitað hið mesta mál í þessu og varðar 5750 millj. og mætti taka það fyrir á næsta fundi deildarinnar sem hugsanlega gæti orðið á morgun ef menn vilja halda helgarfundi.

En ég ítreka þessa ósk, herra forseti, og fer fram á að afgreiðslu söluskattsmálsins verði frestað þangað til þessar upplýsingar liggja fyrir.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þar sem ummæli sem ég hafði við 2. umr. þykja hafa orkað tvímælis er nauðsynlegt að taka fram að það sem ég sagði um fjárfestingarvörur vegna loðdýrabúa var ekki skoðun fjh.- og viðskn., þá er ég að tala um 13. tölul. 4. gr., fjárfestingarvörur til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi o.s.frv., heldur var ég að lýsa þeirri túlkun sem fjmrn. hefur í þessum efnum, en hún er sem sagt sú að undanþáguheimildin taki ekki til fóðurstöðva heldur einungis loðdýrabúanna sjálfra. Hér er um byggingarefni og jarðvinnu að ræða og er skýringin sú varðandi bæði loðdýrarækt og fiskeldi að þessar atvinnugreinar þurfa að leggja í mjög litla fjárfestingu varðandi vélar og tæki og eru nýjar af nálinni. Hitt er mjög flókið mál hversu langt þurfi að ganga ef sú regla yrði tekin upp að byggingarefni almennt verði undanþegið söluskatti meðan við búum við það kerfi, en ég minni á að um leið og virðisaukaskattur verður upp tekinn kemst réttlæti á í þessum efnum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Örfá orð að gefnu tilefni. Það skortir ekki á að birtar hafi verið upplýsingar og þær ítarlegar að því er varðar skattstofna og tekjuáætlanir varðandi þær skattkerfisbreytingar sem hér eru til umræðu. Í því efni vísa ég í seinasta gagnið um það, sem er frétt frá fjmrn. sem þegar hefur verið birt, þar sem það er rakið lið fyrir lið hvernig það dæmi er í heild sinni.

Það sem menn eru síðan að spyrja um er þetta: Er ástæða til að ætla við endurskoðun á tekjuhlið fjárlaga í heild og miðað við spá Þjóðhagsstofnunar um efnahagsþróun á næsta ári að það sé að vænta verulegra breytinga um hvað þessir tekjustofnar gefi af sér að raungildi? Þess vegna er það sem ég vísaði til að það er verkefni Þjóðhagsstofnunar að skila endurskoðaðri tekjuáætlun sem hún gerir samkvæmt venju fyrir 3. umr. fjárlaga og ég hef meðtekið fsp. hv. þm., beint henni til réttra aðila og tekið fram hvenær svars væri vænst. Ég hef ekki svör að flytja frá Þjóðhagsstofnun. Mér er að vísu kunnugt um að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar telja ýmsa örðugleika á að skila slíkri spá svo óyggjandi gæti talist að þeirra mati fyrr en menn hafa gefið sér

alveg endanlegar niðurstöður um leyfilegt aflamagn, um forsendur fiskveiðistefnu á næsta ári.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að á þessu út af fyrir sig er engin breyting frá því sem verið hefur á ári hverju. Það er erfitt að spá, einkum um framtíðina. Hingað til hefur mér heyrst, einkum og sér í lagi á hv. 7. þm. Reykv., að hann bæri ekki mjög mikla virðingu fyrir þeim spádómum um framtíðina sem í slíkum þjóðhagsspám birtast þannig að ég fæ ekki séð að það eigi að tefja þingstörf á hv. Alþingi þótt þessir spádómar hafi ekki birst hv. þm. á þessari stundu.

Það hefur þegar komið fram í umræðum að fyrir utan að þessir tekjustofnar eru metnir með sæmilega öruggum hætti, einfaldlega vegna þess að tekjustofnarnir sjálfir eru skýrar afmarkaðir en áður, það á bæði við um tolla, vörugjald og söluskatt, þá var tekið tillit til hvors tveggja: mats á veltubreytingum miðað við fyrstu ellefu mánuði ársins og mats á eftirspurnaráhrifum tollkerfisbreytinginnar, þannig að það er þegar inni í þeim tölum sem við fjöllum um og þegar hafa verið birtar þm. Niðurstaða mín er sú að ég hafi gert skyldu mína um að koma þessari fsp. áleiðis til réttra aðila, en að öðru leyti eru fyrirliggjandi þær upplýsingar sem er að vænta um málið og það eru ekki rök fyrir því að tefja þingstörf að þessar upplýsingar skorti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg hægt að ræða hér aðeins um þessa tekjuáætlun ef menn vilja. Það er hægt að gera það í umræðum um þau mál sem hér liggja fyrir, skattamál frá ríkisstjórninni, kirkjugarðsgjald, sóknargjald, brunamálagjald, vörugjald og söluskatt. En hér er ekki verið að ræða neitt annað en skatta. Það hefur yfirleitt engin tillaga komið frá þessari ríkisstjórn um eitt eða neitt nema skatta. Það er allt í lagi að halda áfram að ræða það mál. Ef menn geta ekki komið sér niður á hvernig á að haga hér hlutunum, m.a. þingstörfum, er allt í lagi að taka sér tíma í að ræða þessi mál ítarlega ef menn ætla að vera að gaufa við þetta hvort eð er fram eftir öllum vetri. (**Gripið fram í:** Fram á þrettánda.) Ég lagði þessa ósk fyrir hæstv. fjmrh. fyrir skömmu. Það var á næturfundi fyrir stuttu. Hæstv. ráðherra skrifaði Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun hefur enn ekki svarað. Það sem ég nefndi hér var ósköp einfaldlega að eitthvað af þessum skattamálum fengi að liggja hér í deildinni þangað til Þjóðhagsstofnun hefði svarað. Mér er nákvæmlega sama um undir hvern af þessum kóngum ríkisstjórnarinnar Þjóðhagsstofnun heyrir í þessu efni. Það breytir engu í mínum huga hvort það er forsrh., fjmrh. eða einhver annar ráðherra. Ég vil fá þessi svör. Og ég bendi á að það var ekki einasta ég sem lagði þessa beiðni fram heldur líka hv. 8. þm. Reykv.

Hæstv. fjmrh. hefur auk þess í blöðum lýst því yfir að þetta sé enginn vandi. — Ég geri hlé á máli mínu, herra forseti, og óska eftir frestun þessara mála meðan hæstv. ráðherra gegnir skyldustörfum sínum í Nd. Ég tel ekki við hæfi að ræða þessi mál, hvorki tæknilega né efnislega, meðan ráðherrann er fjarri.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Í tilefni af orðum hv. 7. þm. Reykv. um framgang mála hafði ég skilið það svo á samráðsfundi með formönnum þingflokka og forsetum að það væri samkomulag um að koma þessum málum frá deild. Það er mjög eðlilegt að þm. skuli vilja hafa fjmrh. viðstaddan við þessa umræðu og tel ég því ástæðu til að fresta þessum dagskrárlið þar til hann getur verið viðstaddur, en í þess stað væri mögulegt að taka til við 3. dagskrárliðinn sem er lánsfjárlög.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í fyrsta lagi var ekkert samkomulag gert um að þessi mál ættu að ganga í gegnum deildina heldur var rætt um að þau yrðu hér til umræðu og í öðru lagi kann ég ekki við að það séu tekin hér fyrir mál eins og lánsfjárlög án þess að nál. liggi fyrir. Stjórnarandstaðan hefur reynt að greiða fyrir fundahöldum eftir megni. Það hefur ekki verið friður til þess að ganga frá nál. Það liggur ekkert nál. fyrir frá minni hl. varðandi lánsfjárlögin. Gögn um það efni komu fyrst frá meiri hl. í morgun. Þetta mál má ekki taka á dagskrá fyrr en nál. liggur fyrir. Menn hafa ekkert verið að liggja á því að ganga frá nál., en það hafa verið stöðug fundahöld hér allan þennan sólarhring, enginn tími til að ganga frá nál. og ég hlýt að óska eftir því og krefjast þess að þetta mál verði ekki tekið fyrir fyrr en nál. liggja fyrir með eðlilegum hætti.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég held að sú ósk sem hv. 7. þm. Reykv. setti fram varðandi umræður um lánsfjárlögin sé alveg réttmæt og eðiileg eins og staða mála er núna þannig að það mál verði tekið til umræðu við upphaf deildarfunda á morgun og reynt að afgreiða það þá sem fyrst, en annars væri ákjósanlegt að við gætum lokið umræðum um vörugjald og söluskatt og komið þeim málum áleiðis til Nd. En ég tek undir þá ósk, sem hv. þm. Svavar Gestsson bar fram varðandi lánsfjárlögin, að sú umræða verður að fara fram á morgun.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykv. og ég vil um leið spyrja: Hver er ábyrgur orðinn fyrir því sem fram fer hér? Mér sýnist að hér séu meiri háttar mál farin að ruglast saman og vil vekja á því athygli að brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. við frv. til lánsfjárlaga eru orðnar að 47. máli eins og húsnæðislagafrv. Ég vek athygli á að það er ekki hægt að ætla neinum að vinna á þeim hraða sem hér er ætlast til. Það sést á þessu plaggi og hefur reyndar sést á öðrum þskj. líka sem hafa verið morandi af villum af ýmsu tagi, eins og t.d. skýrsla hæstv. utanrrh. til Guðrúnar Agnarsdóttur o.fl. bar

glöggt með sér, en hana þurfti hreinlega að prenta upp á nýtt.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Af þessu tilefni vil ég taka fram að það er rangt að þskj. hafi verið morandi af villum. Hitt er annað að ég hafði ætlað mér að leiðrétta þessa villu, sem er í brtt. til lánsfjárlaga, og það hefði vissulega verið gert ef það hefði verið tekið fyrir. En ég geri það nú þegar, vek athygli á að þskj. 341 er merkt 47. mál en á að vera 63. mál.

Eiður Guðnason:
Herra forseti. Ég vildi ekki láta ómótmælt þeim orðum hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur að þskj. væru öll morandi í villum. Mér finnst ómaklega vikið að starfsfólki þingsins sem vinnur undir miklu álagi. Auðvitað slæðast með villur, það gerist ævinlega, en ég hygg að starfslið þingsins sé allt af vilja gert til að vinna þetta sem best og skynsamlegast. En í önnum eins og eru núna er það auðvitað óhjákvæmilegt og bara mannlegt að á stöku stað megi kannski finna prentvillu ef grannt er skoðað. En mér fannst ómaklega vikið að starfsfólki hér og vil ekki láta því ómótmælt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Herra forseti. Ég hef e.t.v. tekið of sterkt til orða, en ég ætlaði alls ekki að vega að starfsfólki þingsins og þykir leitt ef hv. þm. Eiður Guðnason hefur misskilið orð mín. Ég varpaði fram þeirri spurningu hvort það væri ábyrgt að ætla fólki að vinna á þeim hraða sem er kominn hér á öll mál. Það hafa verið villur í þskj. eins og menn vita, en ef ég hef tekið einum of stórt upp í mig biðst ég velvirðingar á því.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

30. fundur, föstudaginn 18. des., kl. 5.45 síðdegis.

Sóknargjöld, 2. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 318, n. 360.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur á stuttum fundi fjallað um þetta mál. Málið er komið frá Nd. þar sem gerðar voru á því nokkrar breytingar.

Það er efni þessa máls með tilliti til breytts innheimtukerfis skatta að breyta innheimtunni til samræmis á sóknargjöldum og ýmsar aðrar breytingar eru þarna einnig. En hér er sem sagt ekki um hækkun að ræða eða aukna skattheimtu heldur aðeins breytt form.

Um þetta mál var enginn ágreiningur í nefndinni. Einn nefndarmanna skrifaði að vísu undir með fyrirvara, en nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Guðmundur Ágústsson:
Hæstv. forseti. Ég gerði fyrirvara fyrir mitt leyti á þessu frv. og ætla nú að gera grein fyrir því að hverju þessi fyrirvari beinist.

Við eigum ekki fulltrúa í menntmn. Nd. og við höfum haft mjög lítinn tíma til að ræða þessi mál, en ég hef að sjálfsögðu litið yfir þetta og geri ekki beinar athugasemdir við efni þessa frv. Ég ætlaði að kalla til aðila, þar á meðal frá ráðuneytinu og frá Biskupsstofu, en taldi ekki ástæðu til þess síðar þegar mikil áhersla var lögð á það að þetta gengi fljótt í gegnum þingið til þess að við værum ekki vændir um það að tefja mál hér. Þessi fyrirvari var sem sagt aðallega gerður að því leytinu til, en efnislega þykir mér ekki ástæða til þess að fjalla nánar um frv. eða gera á því breytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5.–10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, 2. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 317, n. 361.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):
Herra forseti. Menntmn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, nr. 21 frá 23. apríl 1963. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Guðmundur Ágústsson:
Hæstv. forseti. Það sama gildir um þetta frv. og frv. um sóknargjöld að ég gerði almennan fyrirvara og hann byggðist á því að þarna væri ekki um auknar álögur að ræða, heldur væru þetta aðeins tilfærslur vegna þeirra breytinga sem verða vegna staðgreiðslukerfisins. Á það var lögð rík áhersla, og kom

það fram í svari formanns nefndarinnar, að þarna væri ekki um nýja skattheimtu að ræða og á þeirri forsendu samþykkti ég nál. en með þessum fyrirvara.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 348, brtt. 351.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég hélt að einhver þeirra sem flytja þessa brtt. mundi taka til máls og gera grein fyrir henni, en ef svo er ekki, þá skal ég taka það að mér. Hér mun vera um það að ræða að bæta við nokkrum tollnúmerum í frv. til l. um vörugjald til þess að koma á einhverri vernd fyrir steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki.

Hér er verið að laga til það sem hv. meirihlutaþm. hér í hv. deild hafa uppgötvað á síðasta snúning og er það vel að þeir tóku eftir þessu áður en þeir misstu málið frá sér niður í hv. Nd. Það er ekki víst að það hefði gengið eins greiðlega að fá þessar breytingar inn þar því að þá hefði málið væntanlega þurft að koma aftur til okkar í Ed.

En það er nú svo að þetta er eitt af hinum mikilvægu frv. um tekjuöflun sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í hv. Ed. Var það upplýst við 1. umr. að vörugjaldinu er ætlað að leggja til 1600 millj. kr. í ríkissjóð. Nú hafa verið gerðar allmiklar breytingar á þessu frv. til l. um vörugjald og væri gaman að fá að heyra það hjá hæstv. fjmrh. hvað vörugjaldið, með þeim breytingum sem þegar eru ýmist samþykktar eða hafa verið lagðar til í hv. Ed., mun gefa af sér af tekjum í ríkissjóð. Það er nefnilega ansi fróðlegt að lesa Morgunblaðsgrein í blaðinu í morgun þar sem hæstv. fjmrh. heldur því fram að tekjuáætlun ríkissjóðs hafi aldrei verið eins nákvæm og nú. Það er ekki alveg í samræmi við það sem hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson hélt fram í mjög athyglisverðri þingræðu hér í Ed. á næturfundi sællar minningar fyrr í vikunni, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að þessi áætlun hæstv. fjmrh. og embættismanna fjmrn. væri í raun og veru svo óljós að hugsanlega yrðu tekjur ríkissjóðs margir milljarðar umfram það sem þeir hafa ætlað.

Hér er aðeins eitt dæmið enn til sönnunar fyrir því að þessi tekjuáætlun er, eins og hv. 8. þm. Reykv. gat um í ræðu sinni, mjög ónákvæm. Það er búið að gera það miklar breytingar á vörugjaldinu að það er mjög óljóst hvað vörugjaldið mun nú gefa af sér í ríkissjóð og væri gaman að fá svör hæstv. ráðherrans við því hvað hann og hans embættismenn nú ætla að vörugjaldið leggi til í ríkissjóð.

Það er ekki ástæða til þess að fara frekar inn á efnislegar breytingar á frv. til l. um vörugjald eða fara að koma með nýjar. Fjarri mér að gera það. Ég vil þó aðeins hér undir lokin draga í efa ágæti þess að vera að leggja vörugjald á innflutta steinull og glerull. Það má vel vera að einhverjum finnist nauðsynlegt að vernda steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki. Má vera. Ég held að hún sé ein dæmigerð framkvæmd sem er byggð á vitlausum forsendum. Það hefði aldrei átt að byggja þessa verksmiðju. Allar áætlanir um þessa verksmiðju eru byggðar á sandi. Þessi verksmiðja átti aldrei neinn rétt á sér. Það er verið að leggja út í framleiðslu sem er næsta vonlaus fyrir okkur Íslendinga að reyna við. Það hefði verið betur að reyna ýmsa aðra möguleika til að gera atvinnulíf okkar fjölbreyttara heldur en fara út í samkeppni við hinar stóru fyrirtækjasamsteypur í nágrannalöndunum sem framleiða ódýra glerull og steinull.

En látum það vera. Ég vildi aðeins koma inn á það hér undir lokin að ég tel að það liggi alveg ljóst fyrir að það er ekkert hæft í þeim fullyrðingum hæstv. fjmrh. að tekjuáætlun ríkissjóðs sé hin nákvæmasta sem hefur verið lögð fram nokkru sinni. Ég held þvert á móti að aldrei hafi það verið óljósara hverjar tekjur ríkissjóðs verða með þeim tekjuöflunarfrv. sem hér hafa verið til umræðu í hv. deild.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. þm. held ég að um nokkurn misskilning sé að ræða. Svo lengi sem ég hef fylgst með stjórnmálum hefur það ævinlega verið svo um tekjuáætlun þess fjárlagafrv. sem verið hefur til afgreiðslu í þinginu hverju sinni að tekjuáætlunin hefur jafnan verið nákvæmari og betri en nokkru sinni fyrr og ég efast ekki um að svo sé nú sem ávallt áður.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig fellt mig við það eins og fram kom fyrr í dag að þetta mál haldi hér áfram og þessi tekjuáætlun liggi þá fyrir við afgreiðslu söluskattsmálsins, sem er síðar á dagskránni þannig að ég ætla ekki að leggja fleiri orð í þann belg að sinni sem tilheyrir þessu máli sem er frv. til l. um vörugjald.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Áður en lokaatkvgr. fer fram tel ég rétt að vekja athygli á tæknilegu atriði, þ.e. á 12. gr.

frv. þar sem gert er ráð fyrir að afnema ýmiss konar smágjöld og reyndar stór líka eins og sérstaka tímabundna vörugjaldið. Það er alveg ljóst að þeir hv. þm. sem kunna að greiða atkvæði gegn þessu frv. gera það þá vegna þess að þeir telja of í lagt með skattlagningum þeim öllum saman sem hér eru til umræðu og telja þess vegna að þetta frv. eigi ekki að afgreiða með samþykkt. Þar af leiðir auðvitað að þingmeirihluti er þá fyrir því að breyta eða afnema þessi lög sem getur í 12. gr. og er mjög einfalt mál að gera það. Þar að auki er það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að einfalda málin. Þannig segir t.d. fyrsta setningin í athugasemdum við lagafrv. þetta, með leyfi forseta:

„Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er lykilatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum."

Það er því auðvelt mál að afnema þessar slitrur úr gömlum lögum ef frv. þetta yrði fellt. Ég taldi ekki ástæðu til að fara út í þessa sálma við efnislega umræðu um málið, tel það miklu eðlilegra að það komi fram hér við umræðuna áður en atkvæði eru greidd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 351 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:6 atkv. og afgr. til Nd.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 125. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 295.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 367).

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (yfirfærðar tekjur). — Þskj. 200.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 368).

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 313, n. 359.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Jóhann Einvarðsson):

Herra forseti. Félmn. hefur farið yfir þetta frv. eins og það kom frá Nd. og er einhuga um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 364.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 frá 1981, með síðari breytingum.

Frv. þetta er annað frv. um breytingar á þessum lögum sem mælt er fyrir á þessu þingi. Fyrra frv. var um skattlagningu einstaklinga og var í tengslum við upptöku staðgreiðslu skatta á launatekjur einstaklinga. Þetta frv. fjallar hins vegar um skattlagningu fyrirtækja.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja á því ári verði um 150 millj. kr. hærri en hann er áætlaður skv. óbreyttum skattalögum.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga þá tekjuöflun auk þess sem þær eru skref í þá átt að einfalda skattlagningu fyrirtækja með niðurfellingu frádráttarliða.

Frv. þetta fjallar um breytingar á ákvæðum sem snerta afskriftir birgða í árslok, framlög í fjárfestingarsjóði, bifreiðakostnað og breytt skatthlutfall. Auk þess í fimmta lagi sem hér er lagt til að framlengja ekki heimild til skattfrjáls framlags í varasjóð. Enn fremur eru í frv. ákvæði er varða meðferð verðbóta á verðtryggðar eignir og skuldir.

Til athugunar var einnig að gera breytingar á þeirri reglu að heimilt sé að afskrifa útistandandi viðskiptaskuldir og færa hina afskrifuðu fjárhæð til gjalda. Niðurstaðan varð þó sú að ekki þótti að sinni fært að gera breytingar í þessu efni. Nokkuð öðru máli gegnir um afskriftir skulda en birgða sem breytt yrði með lögum þessum. Um mat á birgðum gilda frjálslegri reglur sem gera fyrirtækjum kleift að haga mati birgða í samræmi við raunveruleg verðmæti. Skuldir yrðu hins vegar metnar á fullu verðgildi ef afskriftareglan yrði felld út jafnvel þótt vitað sé að af þeim verði afföll. Varhugavert má þess vegna telja að gera fyrirtækjum þannig að ofmeta eignarstöðu sína og ekki rétt gagnvart lánveitendum sem eiga í því tryggingar og öðrum viðskiptamönnum sem hagsmuna eiga að gæta.

Þar sem unnt reyndist að ná þeim auknu tekjum sem ráð var fyrir gert, 150 millj. kr. og rúmlega það, með þeim breytingum öðrum sem í frv. felast varð að ráði að láta mál þetta, afskriftir skulda, bíða til frekari athugunar í framhaldi af endurskoðun á skattlagningu fyrirtækja. Þær fjárhæðir sem kunnar eru frá álagningu 1987 og þetta frv. snerta eru þessar:

1. Álagður tekjuskattur fyrirtækja var 1590 millj. kr.
2. Framlög í fjárfestingarsjóði 724 millj. kr.
3. Framlög í varasjóði 236 millj. kr.

Þá er talið að vörubirgðir í árslok 1986, sem hafa áhrif á skattlagningu 1987, séu metnar á um 33 milljarða kr. Auk þess að breyta frádráttarliðum er skatthlutfall lækkað til samræmis við lækkað skatthlutfall einstaklinga. Hluti atvinnurekstrartekna, þ.e. hjá einstaklingum með rekstur, sameignarfélögum og fleiri aðilum er skattlagður hjá einstaklingum sem tekjur þeirra. Í þeim tilvikum verður skatthlutfallið hið sama og hjá öðrum einstaklingum, 35,2% í staðgreiddum skatti, þ.e. tekjuskattur og útsvar.

Tilgangur þessarar lækkunar á skatthlutfallinu er sá að koma í veg fyrir að rekstrarform fyrirtækja hafi mikil áhrif á skattgreiðslur eða skattgreiðslur á það rekstrarform sem menn kynnu að vilja laga þá að breytilegum skattareglum. Þar eiga önnur sjónarmið að ráða. Því er talið rétt að samræma hlutföllin eftir því sem unnt er. En sá er munur á að skattar fyrirtækja eru greiddir eftir á af því að þeir miða við hlutfall af hagnaði við ársuppgjör í lok árs. Þykir því hæfilegt að ætla þeim að greiða 45% af tekjum sínum í skatt. Þá er höfð hliðsjón af verðbólgu eins og hún hefur verið að undanförnu, en ekki unnt að útiloka að nokkur munur á raunverulegu skatthlutfalli geti verið fyrir hendi ef verðbólga breytist verulega frá því sem verið hefur. En kjarni málsins er þessi: Í eftirágreiddum skatti getur skattálagningarhlutfallið verið hærra þótt það í reynd reynist síðan vegna verðbólgu vera sambærilegt og lægra hlutfall í staðgreiðslu.

Áhrif þessa frv. á skattheimtu af fyrirtækjum og breytingar varðandi varasjóði hefur verið metið þannig miðað við árið 1987:

1. Gera má ráð fyrir að þrátt fyrir takmörkun á framlögum í fjárfestingarsjóði muni hluti þess fjár sem áður rann í varasjóð verða lagður í fjárfestingarsjóð. Giskað er á að um helmingur þess skili sér sem skattstofn eða 118 millj. Skattur af því fé yrði þá 45% af þeirri upphæð eða 53 millj. kr.
2. Niðurfærsla á verði vörubirgða mun lækka um 1650 millj. kr. Ekki má reikna með að öll sú fjárhæð skili sér sem skattstofn þar sem hluti birgða er hjá aðilum sem sýna rekstrartap. Matsreglur vörubirgða eru þannig að óvissa er um niðurstöður þessara breytinga. Hér er reiknað með því að skattstofninn hækki um 660 millj. kr. og að aukinn skattur verði þar af leiðandi tæpar 300 millj. kr.
3. Þá má ætla að lækkun skatthlutfalls úr 51% í 45% lækki skattgreiðslur um 187 millj. kr. Alls eru tekjuáhrif þessa frv. því sem hér segir: 1. Hækkun vegna varasjóðs 53 millj. 2. Hækkun vegna birgða 300 millj. 3. Lækkun vegna breytts skatthlutfalls 187 millj. Nettóbreyting: hækkun á tekjum um 165 millj. kr.

Ekki þarf að gera ráð fyrir breyttri skattheimtu miðað við álagningu 1987 vegna ákvæða um kaup- og fjármagnsleigu bifreiða þar sem um er að ræða tiltölulega nýtt fyrirbæri, fjármögnunarform sem ekki hafði mikil áhrif fyrr en á þessu ári. Framangreindar tekjutölur eru áætluð álagning. Samkvæmt reynslu má gera ráð fyrir að innheimta á fyrsta ári verði 122 millj. Miðað við verðbreytingar til 1988 má þó gera ráð fyrir rúmlega 160 millj. kr. tekjuöflun vegna þessara breytinga á árinu 1988.

Í 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt er ákvæði þess efnis að sem rekstrargjöld til frádráttar tekjum fyrirtækja megi einungis draga frá kostnað sem gengur til að afla tekna, tryggja og viðhalda eignum. Ákvæði þetta er að efni til afdráttarlaust en þarfnast nánari útfærslu í reglugerð þar sem m.a. verði tekið á skattalegri meðferð risnu og annarrar einkaneyslu, svo og einkaafnota bifreiða. Með því yrði stefnt að bættri framkvæmd og eftirlit auðveldað. Í þessu efni má t.d. nefna að í ríkisstjórnartíð Schluyters í Danmörku hefur nýlega verið tekin upp sú regla að viðurkenna einungis 25% af framlögðum reikningum vegna slíkrar neyslu við skattlagningu fyrirtækja, en í því felst veigamikil breyting, nefnilega sú að sönnunarbyrðin færist frá skattyfirvöldum við að meta í hverju einstöku tilviki hvort viðkomandi útgjöld eru í reynd til öflunar tekna eða viðhalds

eigna. Sá mælikvarði víkur þar með fyrir þeirri einföldu reglu að einungis hluti slíkra útgjalda er viðurkenndur. *Til álita kom að taka upp slíkar* reglur hér, en það varð ekki niðurstaðan að því er varðar lagafrv. sjálft. Hins vegar er samkomulag um að reglugerðin um útfærslu á þessum þætti þarfnist breytinga sem taki af vafa um túlkun og markatilfelli. Viðfangsefni slíkrar reglugerðar yrði þá að tryggja að einkaneysla, hvort heldur er eigenda eða einstakra starfsmanna, verði færð til frádráttar *skattskyldum tekjum fyrirtækis nema að því leyti* sem slík einkaneysla er hlunnindi eða ígildi launa og samkvæmt því þá gefin upp og skattlögð hjá þeim sem nýtur. Til álita kom í þessu samhengi að setja í lög takmörkun á frádráttarbærri risnu við tiltekið hlutfall af slíkum kostnaði sem bókfærður er.

Í frv. þessu er hins vegar gert ráð fyrir ákvæði um skattalega meðferð á kaupleigu og fjármagnsleigu á *einkabifreiðum, en slík öflun bifreiða hefur færst* mjög í vöxt. Ákvæðið miðar að því að mismunandi fjármögnunarform hafi ekki áhrif á skattgreiðslur og er til staðfestingar yfirlýsingum sem gefnar voru á liðnu sumri um breytingar í því efni.

Herra forseti. Frv. þetta um skattlagningu fyrirtækja er flutt af tveimur meginástæðum. Í fyrsta lagi af þörf á auknum tekjum í ríkissjóð og í annan stað af nauðsyn á *samræmingu* jaðarskatts einstaklinga og fyrirtækja og mismunandi fyrirtækjaforma. Frekari endurskoðun á tekjuskattsmálum fyrirtækja er viðamikið verkefni sem kemur síðar til kasta Alþingis sem og samræming slíkrar endurskoðunar og skattalegrar meðferðar á fjármagns- og eignatekjum.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði að *lokinni þessari umræðu vísað til* 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ýmsar af þeim tillögum, sem eru í þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar varðandi skatta á fyrirtæki, hafa verið fluttar áður í þessari deild á þessu hausti. Það eru tillögur um breytingu á frá*drætti vegna vörubirgða í árslok* og tillögur um að draga úr framlögum í fjárfestingarsjóði og varasjóði. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli hafa tekið þannig upp hluta af þeim tillögum sem Alþb. lagði fram í þingmáli nr. 8 og 9 trúi ég snemma í haust um frádráttarheimildir fyrirtækja fyrir álagningu tekjuskatts.

Ég hef að sjálfsögðu eitt og annað við þetta frv. að athuga, þó fyrst og fremst að það hefði verið hægt að láta það gefa nokkru meira af sér en gert er ráð fyrir í uppsetningu frv. Það eru litlar 150 millj. sem hæstv. ráðherra telur sig ná út úr fyrirtækjunum í viðbót með frv. Ég tel reyndar líklegt að hæstv. ráðherra reyni að hafa nokkurt hóf á útreikningi og áætlunum um það efni af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að óvissan er nokkur og í öðru lagi vegna þess að hann vill kannski ógjarnan sýna þm. Sjálfstfl. þær tekjur sem þetta gæti hugsanlega gefið í besta falli vegna þess að ég hef grun um það, miðað við þau orð sem af þeirra hálfu hafa fallið á fyrri árum, að *þeim líki misvel* að þetta frv. verði að lögum.

Ég vil í annan stað lýsa því yfir að ég mun flytja brtt. varðandi fleiri þætti í frádráttum fyrirtækja. Sérstaklega er það varðandi útistandandi viðskiptaskuldir í árslok, sem ég tel að þurfi að taka með öðrum hætti, og einnig varðandi risnu fyrirtækja og í þriðja lagi tel ég að sú skattaprósenta fyrirtækja, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé í raun og veru lægri en skattaprósenta einstaklinganna miðað við að fyrirtækin eru að borga eftiráskatt en einstaklingarnir staðgreiðsluskatt. Ég miða þá að sjálfsögðu ekki við hina björtu spá Seðlabankans um verðbólgu á árinu 1988, ég dreg satt að segja mjög í efa að hún standist, heldur miða ég við þær forsendur sem hver sæmilega reikningsglöggur maður getur séð að líklegastar eru varðandi verðlagsþróun á árinu 1988. Því *tel ég að eðlilegt væri* að hafa skattaprósentu fyrirtækjanna nokkru hærri en þarna er gert ráð fyrir og með þessum þremur breytingum, sem ég mun gera tillögur um á frv. þessu, sýnist mér líklegt að það gæti gefið talsvert meira en þær 150 millj. sem fjmrh. telur í hógværum útreikningum sínum að sé gert ráð fyrir að út úr þessu komi. Ég sem sagt tel að þetta sé lítið skref í rétta átt og stóð upp til að lýsa því yfir og jafnframt þeim hugmyndum sem ég hef um að gera brtt. við frv. þetta.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Kvennalistinn hefur ævinlega talið það vel færa og heppilega leið að leita tekjuöflunar jafnt hjá fyrirtækjum sem og einstaklingum í skattlagningu. Það hlýtur að vera bæði eðlilegt og jafnvel *metnaðarmál* fyrir stöndug fyrirtæki að geta látið sinn hlut til samneyslunnar eins og aðrir, ekki síst eftir þá velgengnistíma sem á undan eru gengnir.

Í þessu frv. eru tilraunir í þá átt þó að heimtur verði samt mun minni en maður hefði ætlað. Ég verð að segja að mér finnst að hæstv. fjmrh. hafi fremur tekið með silkihönskum á fyrirtækjunum frekar en leggja á þau réttláta og skilvirka skatta. Það hefur hann ekki hikað við að gera gagnvart fjölskyldunum og einstaklingunum og mér finnst hann hefði átt að nota svipaðar aðferðir við fyrirtækin.

En *eins og kom fram í máli* hv. 7. þm. Reykv. er þetta spor í rétta átt þó að við hefðum viljað vera róttækari í þessum efnum, kvennalistakonur.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Á þessu stigi vil ég ekki ræða mikið um það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Þetta hefur fengið meðferð í Nd. og hafa verið gerðar á því ákveðnar breytingar.

Ég vil þó geta eins í þessu. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. og er varðandi 31. gr., sem á að falla niður, og um sönnunarbyrðina. Ég hef ekki haft trú á því, hvorki í þessu né þegar um dómstól er að ræða, að það sé hægt að leggja sönnunarbyrði, þó svo um saknæmt atferli sé að ræða, á þann sem

talinn er hafa drýgt eitthvert ákveðið brot. Ég held að það sé einmitt grundvallarreglan sem við verðum að fara eftir, sama hver á í hlut og um hvaða málefni er að ræða, og þá sérstaklega þegar mál eru dregin undan dómstólunum að þeim sem heldur ákveðnu fram beri að sanna fyrir borgurunum að hann hafi framkvæmt ákveðinn verknað eða ekki. Að ætla að fá fyrirtæki til að sýna fram á að þau hafi fært sem gjöld ákveðna hluti er hæpið. Ég held að við verðum í þessu að miða við þá einföldu reglu að sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem ber einhvern annan sök.

En eins og ég sagði í upphafi vil ég ekki ræða frekar um frv. á þessu stigi en gera almenna fyrirvara og vænti að þetta mál fái góða meðferð í fjh.- og viðskn. og verði afgreitt fyrir jól eins og önnur frv. sem áhersla er lögð á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

31. fundur, föstudaginn 18. des., að loknum 30. fundi.

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 188. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 313.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 372).

Sóknargjöld, 3. umr.

Stjfrv., 128. mál (heildarlög). — Þskj. 318.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 373).

Kirkjugarðar, 3. umr.

Stjfrv., 129. mál (kirkjugarðsgjöld). — Þskj. 317.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 374).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 254, n. 362 og 369, brtt. 256, 337.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. félmn. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Með frv. eru ekki gerðar grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfi því sem komið var á vorið 1986. Þó er tekið fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á í húsnæðiskerfinu sem að er stefnt í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Heildarendurskoðun þessa kerfis hlýtur að verða næsta skref í máli þessu með tilliti til fenginnar reynslu og fjölda ábendinga sem fram hafa komið innan þings og utan.

Frv. mun létta nokkuð á kerfinu með því að veittar eru heimildir til að skerða lán til þeirra er eiga fyrir fullnægjandi húsnæði og veita slíkum aðilum lán á lakari kjörum en þeim sem skipa forgangshópinn. Kemur í því efni hvort tveggja til greina að stytta lánstíma og hækka vexti. Einnig gerir frv. ráð fyrir að unnt verði að færa í forgangsröð nokkurn hóp fólks sem á íbúð fyrir en býr í raun vegna þrengsla eða sérstakra erfiðra fjölskylduástæðna við síst betri kost en ýmsir sem ekki eiga íbúð fyrir.

Loks gerir frv. ráð fyrir heimild til að synja þeim um lán sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð.

Mikilvægasta grein frv. er þó fyrir margra hluta sakir 2. gr. þess. Þar er kveðið á um breytta skipan varðandi svör Húsnæðisstofnunar til umsækjenda. Með þeirri tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir er komið í veg fyrir að útgáfa svonefndra lánsloforða Húsnæðisstofnunar verði áfram sú uppspretta efnahagslegra þrenginga og hækkunar á fasteignamarkaðnum sem verið hefur. Auk þess er stofnuninni ekki gert að skuldbinda sig fjárhagslega nokkur ár fram í tímann.

Frá sjónarmiði almennrar efnahagsstjórnar er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða þó hitt sé rétt að með þessu móti fá umsækjendur ekki jafnskjótt og áður örugga vitneskju um hvenær þeir fá lán sín afgreidd. Það er galli sem þó vegur ekki upp kosti þessarar breytingar.

Í þeirri heildarathugun í húsnæðislánakerfinu sem nefndin telur nauðsynlegt að ráðast í eru nokkur atriði öðrum fremur sem brýnt er að tekin verði til athugunar.

Í fyrsta lagi ber að nefna nauðsyn þess að tryggja fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar þar sem nú er sýnt að vaxtamunur er orðinn meiri en talið hefur verið að kerfið þyldi. Raunar er brýnt að þegar verði gerðar ráðstafanir til að minnka þann mun sem er á teknum og veittum lánum Húsnæðisstofnunar. Ákvörðun um það er á valdi ríkisstjórnarinnar og kallar ekki á lagabreytingu.

Í öðru lagi þarf að kanna hvort grundvöllur geti verið fyrir því að flytja hluta verkefna Húsnæðisstofnunar yfir í bankakerfið með samningum við lífeyrissjóði og bankastofnanir. Í þessu sambandi kemur til athugunar með hvaða hætti húsnæðisbætur í skattkerfinu geti komið í stað niðurgreiðslu vaxta. Jafnframt er rétt að kanna að nýju hugmyndir um að binda lán Húsnæðisstofnunar við einstaklinga í stað íbúða og hvort komið geti til greina að skipta heildarlánsfé milli kjördæma í samræmi við lánveitingar lífeyrissjóða í einstökum kjördæmum. Einnig væri þarft að kanna möguleika á sérstökum lánaflokkum til styttri tíma en almennt gerist og með breytilegum kjörum til að koma til móts við þarfir einstakra hópa sem ekki þurfa á stórum lánum til mjög langs tíma að halda. Æskilegt er að þessari heildarendurskoðun ljúki fyrir upphaf næsta þings.

Minni hl. mun skila séráliti, en stendur þó að brtt. í nál. meiri hl. sem raunar er leiðrétting á villu sem slæddist inn við prentun málsins. Brtt. er sú að niðurlag 1. málsl. 3. gr. orðist svo: og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða veðhæfar.

Í gildandi lögum og frv. eins og það var lagt fram var talað um „og/eða“, en hér er gerð tillaga um að það verði „þegar“ til þess að taka af öll tvímæli.

Undir álitið rita Guðmundur H. Garðarsson, formaður, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhann Einvarðsson, Halldór Blöndal og Karl Steinar Guðnason.

Frsm. minni hl. félmn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 frá 1984, sbr. lög nr. 54 frá 1986 og 27 frá 1987, sem er frá minni hl. félmn., en undir nál. skrifar auk mín hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson.

„Í kjölfar kjarasamninga á vinnumarkaði í febrúar 1986 voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þó náðu aðeins til hluta lánakerfisins og voru reyndar samþykktar með þeim fyrirvara, sem fram kemur í nál. meiri hl. þáv. félmn. á þskj. 1017 á 180. löggjafarþingi, að húsnæðislánakerfið yrði tekið til gagngerðrar endurskoðunar með sérstöku tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn svo og með því að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til. Slík endurskoðun hefur enn ekki farið fram og verður því að líta á breytingar á núgildandi lögum sem bráðabirgðalausn til að leysa úr brýnasta vandanum nú vegna þeirra fjölmörgu umsókna sem liggja hjá Húsnæðisstofnun.

Frv. hefur það að markmiði að tryggja betur forgang þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, draga úr sjálfvirkni í útlánum og fjárþörf húsnæðislánakerfisins og draga úr þenslu á fasteignamarkaði. Með frv. er ekki verið að gera grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfinu, en endurskoðun er nauðsynleg í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af núgildandi lánakerfi.

Frv. gerir ráð fyrir að færa í forgangshóp þá sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Þetta er mikilvæg breyting vegna þess að margar stórar fjölskyldur eru oft í mun erfiðari aðstöðu en ýmsir sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn. Sjálfsögð er sú breyting á núgildandi lögum að takmarka rétt þeirra sem eiga margar íbúðir eða miklar eignir. Enn fremur telur minni hl. að þeir sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn svo og þeir sem eru að stækka við sig vegna ófullnægjandi íbúðarhúsnæðis eigi að hafa rétt til lána hjá Húsnæðisstofnun með lágum vöxtum. Þeir sem búa við góðar húsnæðisaðstæður ættu að fá lán með annars konar kjörum annaðhvort hjá Húsnæðisstofnun eða bönkum.

Í 2. gr. frv. er lagt til að hætt verði að gefa bindandi svar um lánstíma og lánsupphæð fyrr en a.m.k. einu ári áður en lán er veitt. Hins vegar fái menn svar innan þriggja mánaða frá umsókn um það hvort þeir eigi rétt á láni. Undirrituð óttast að sú tilhögun komi ekki í veg fyrir verslun með þá pappíra sem fólk fær í hendur eins og tíðkast hefur í einhverjum mæli með þau lánsloforð sem fólk fær nú. Því ætti ekki að gefa nein svör um lán fyrr en endanlegt svar um lánstíma og lánsupphæð liggur fyrir og flytja undirrituð brtt. þess efnis á sérstöku þskj.“

Undir þetta nál. rita, eins og áður var sagt, Guðrún Agnarsdóttir og Svavar Gestsson.

Brtt. er á þskj. 337 og er svohljóðandi:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr.

laganna komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:

Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn er lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð berist eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu."

Meginástæðurnar fyrir því að við höfum lagt fram þessa brtt. eru tvær. Í fyrsta lagi leggjum við til að einungis þeir sem ekki fá lán fái afdráttarlausa tilkynningu um synjun. Þetta er vonandi mikill minni hluti þeirra sem sækja um lánin. Þeir hafa það því alveg á hreinu að þeir hafa fengið synjun og hafa bréf upp á það. Hins vegar: Þeir sem eiga eftir að fá lán en ekki er ákveðið enn þá hvenær þeir fá lán fá ekkert bréf í hendurnar. Þeir fá engan pappír frá Húsnæðisstofnun sem mögulegt er að veðsetja eða selja eins og gert hefur verið á hinum svokallaða gráa markaði með talsvert miklum afföllum. Því er þetta meira öryggi, ef svo má segja, ef einungis eru sendar tilkynningar til þeirra sem fá synjun. Á sama tíma sparar þetta mikla fyrirhöfn hjá Húsnæðisstofnun og minnkar álag þar sem ekki þarf að senda út tilkynningar nema til þeirra sem eru í minni hluta og fá synjun. Við teljum því að þessar brtt. séu til bóta og berum þær fram við málið. Við vonum að þær fái jákvæða umfjöllun og að málinu verði síðan hraðað í gegnum deildina til að tryggja að það geti orðið að lögum sem fyrst.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Við þm. Borgarafl. lögðum fram brtt. við frv. hæstv. félmrh. um húsnæðismál, að ég held einar 40 greinar. Þessara brtt. er í engu getið í dagskrá fundarins og bið ég um að það verði leiðrétt.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að það er rétt sem hv. 7. þm. Reykn. segir. Það láðist í vélritun að geta brtt. þeirra borgaraflokksmanna, en þær eru á þskj. 256 og bið ég hv. þm. að bæta því inn á dagskrána.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur gleymst að segja „með fyrirvara" undir nafn mitt og ég hef gert ráðstafanir til þess að það verði leiðrétt. Þegar nál. verður prentað verður það leiðrétt og sett „með fyrirvara" undir nafn mitt með þessu nál. Það skýrist af því að ég er að sumu leyti ekki sammála því sem þarna stendur þó að ég geti fullkomlega undir það tekið að nauðsynlegt sé að fara í heildarathugun á húsnæðislánakerfinu. Ég sé nú ekki ástæðu til þess, vegna þess að við erum tímanaumir, að ég fari frekar út í þann ágreining sem ég hef við sum efnisatriði í þessu nál. að þessu sinni, en mun þegar húsnæðislánin koma síðar til meðferðar í þinginu eftir áramótin gera þeim málum rækileg skil.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Í framhaldi af því sem áður var getið og ég ræddi um, að hefði láðst að setja í dagskrána númer þskj., vil ég taka fram að svo vill til að brtt. þeirra borgaraflokksmanna var dreift við 1. umr., sem er mjög óvenjulegt, og hafa menn því haft færi á að kynna sér þetta betur en áður miðað við venju.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram áður í virðulegri deild að við lögðum fram ítarlega grg. og brtt. við frv. hæstv. félmrh. Í frv. til l. um húsbanka eða húsnæðislánastofnanir á þskj. 170 og með brtt. við frv. til l. um húsnæðismál á þskj. 256 höfum við þm. Borgarafl. í Ed. lagt fram tillögur sem bera með sér heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins.

Þar sem nú eru aðeins örfáir dagar til jóla og þingstörf ganga mjög treglega viljum við fyrir okkar leyti til að greiða götu húsnæðismálafrv. svo það megi verða að lögum fyrir jól draga þessar brtt. okkar til baka í trausti þess að þeim verði vel tekið þegar við munum leggja þær fram sem frv. á vorþinginu strax og það tekur til starfa á nýjan leik að jólaleyfi þm. loknu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mig langar í framhaldi af því sem samflokksmaður minn Júlíus Sólnes sagði áðan að vekja athygli á því nál. sem kom frá meiri hl. félmn. og þá sérstaklega nokkrum greinum þess og leyfi mér að lesa upp nokkrar setningar. Þar segir í upphafi:

„Með frv. eru ekki gerðar grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfi því sem komið var á vorið 1986. Þó er tekið fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á í húsnæðiskerfinu sem að er stefnt í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar."

Það er sem sagt álit meiri hl. félmn. að þarna sé aðeins um minni háttar breytingu að ræða. Þá kemur fram undir lok þessa nál. það sem við þm. Borgarafl. höfum verið að leggja áherslu á í þeirri umræðu sem verið hefur, en þar segir:

„Í fyrsta lagi ber að nefna nauðsyn þess að tryggja fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar þar sem nú er sýnt að vaxtamunur er orðinn meiri en talið hefur verið að kerfið þyldi."

Þetta er annað þeirra meginatriða sem við höfum lagt áherslu á og sem leyst er með þeirri brtt. sem við lögðum hér fram og erum búnir að draga til baka.

Seinna atriðið er að kanna hvort grundvöllur geti verið fyrir því að flytja hluta verkefna Húsnæðisstofnunar yfir í bankakerfið með samningum við lífeyrissjóði og bankastofnanir. Þarna kemur að öðru meginatriði í okkar till. og verð ég að segja hér að ég fagna þessu nál. og vona svo sannarlega, þegar við leggjum fram þær brtt. sem við gerðum á vorþingi, að það verði það sama uppi á teningnum og að þessar tillögur okkar fái skjóta afgreiðslu í

þinginu og verði að lögum fyrir lok þessa þings.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 337 felld með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. í nál. á þskj. 369 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

32. fundur, föstudaginn 18. des., að loknum 31. fundi.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 370.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

NEÐRI DEILD

30. fundur, föstudaginn 18. des., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að síðdegis í gær var dreift í deildinni þskj. 254, prentuðu upp, þ.e. breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, og þetta mál fór hér út úr hv. Nd. fyrir stuttu og á þingskjalinu, sem prentað hefur verið upp, stendur að það sé eftir 2. umr. í Nd. 12. des. Ég var aðeins að bera saman þessi þingskjöl sem afgreidd voru út úr deildinni varðandi þetta mál og þetta uppprentaða þingskjal og þar kemur í ljós að bætt hefur verið inn orði og brotastriki í 3. gr. frv. þar sem segir:

„Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast og/eða íbúðir verða veðhæfar.“

Þarna er skotið inn „og/“ á undan eða. Þetta var ekki í neinum af þeim þinggögnum sem lágu hér fyrir í hv. deild og ég vil biðja virðulegan forseta að láta kanna hvort um efnisbreytingu sé að ræða. Ég átta mig ekki á því í fljótu bragði en sýnist að þó kunni svo að vera og þá náttúrlega gengur ekki að afgreiða mál með því að prenta upp þingskjöl eftir að þau eru farin út úr deildinni til hv. Ed. og þarf að kanna málið nánar. Ég vil ekki staðhæfa að þetta sé efnisleg breyting, en mér finnst nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um það og treysti því að hæstv. forseti kanni það mál efnislega.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér er ljúft að upplýsa það atriði sem hv. 2. þm. Austurl. drepur hér á. Uppprentuð útgáfa þessa þingskjals er hin rétta og er eins og þingnefndin gekk frá henni. Hins vegar urðu þau mistök í frágangi hjá starfsmanni þingsins að hann strikaði yfir þetta eina orð og þetta skástrik sem ekki var ætlun nefndarinnar. Þegar það uppgötvaðist beitti hann sér auðvitað fyrir því í samvinnu við nm. að þetta yrði tekið inn aftur og þess vegna var skjalið prentað upp á nýtt. Hér eru því á ferðinni leið mistök sem ekki hafa nein efnisleg áhrif á þetta mál og ég fagna því að tækifæri gafst til að skýra þetta hér.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú skýring sem hv. 17. þm. Reykv. bar fram nægir mér ekki. Það getur ekki verið nóg fyrir þingdeildina að fá það upplýst nú eftir á að mistök hafi orðið milli virðulegrar félmn. — í sambandi við tæknilega vinnu að málinu meðan það ekki kemur fram í deild meðan málið er til umræðu. Ég get ekki séð að það sé fullnægjandi afgreiðsla eða snerti yfirleitt þingdeildina og eftir sem áður stendur beiðni mín um að það sé athugað hvort þarna sé um efnislega breytingu að ræða á viðkomandi grein frv. Málið lá ekki fyrir hér við umræðuna með þessum hætti, ekki á neinu þingskjali, hvorki því sem lagt var fyrir fjölritað upphaflega og það hef ég hér handa á milli frá hv. meiri hl. félmn., né heldur á því þingskjali sem síðan var dreift prentuðu hér í deildinni. Mér sýnist að þarna kunni að vera um efnislega breytingu að ræða og þá náttúrlega verður deildin sem slík að taka afstöðu til þess eftir því hvernig málið er afgreitt og hvaða meðferð það fær í hv. Ed. sé svo.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég sé að þarna hefur orðið breyting á og mig langar til að upplýsa það að ekki var haft samráð við nefndina um þessa breytingu, bara til þess að það verði leiðrétt. En mér finnst sjálfsagt að þetta verði athugað og þessu breytt þannig að það verði öruggt að það komi fram sem við ætluðumst

til. Mér finnst að þetta „eða" eigi alls ekki að vera þarna miðað við það sem ég hafði haldið því að það verður að vera ljóst að það sem þarna á að koma fram er að lánsfé sé afgreitt í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða veðhæfar. Það er auðvitað ekki hægt að afgreiða lánið fyrr en íbúðir verða veðhæfar þannig að það er spurning hvort ekki þurfi að breyta þessu þannig að það sé alveg ótvírætt hvað meint er. En ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni að við þurfum að athuga þetta svo að það sé alveg öruggt að við séum ekki að afgreiða það sem ekki er rétt meining frá deildinni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Vegna þessarar umræðu sem hér fer fram vil ég geta þess að sá starfsmaður þingsins sem var að verki í þessu tilfelli hefur upplýst mig um að lýsing hv. 17. þm. Reykv. *á viðskiptum þeirra sé rétt, en* að sjálfsögðu verður orðið við því að athuga hvort hér er um efnislega breytingu að ræða og það mun verða gert.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér sýnist það liggja nokkuð ljóst fyrir að lagatexta verður ekki breytt eftir á. Þingdeildin afgreiðir mál eins og þau liggja fyrir. Þar breytir engu þó að einhver vilji leiðrétta þegar búið er að afgreiða mál út úr deildinni. Þess vegna verða menn að átta sig á alvöru þess máls, hvort þeir eru að tala um lagatexta eða frv. sem ekki er búið að greiða atkvæði um og svo skýlaust sem þetta hlýtur að vera tel ég að forseti þurfi að gá að sér með að láta það ekki henda aftur. Það verður þá að taka mál upp að nýju ef slíkur hraði er orðinn á vinnubrögðum hér að ekki er hægt að hafa reiður á því hvað nefndir leggja til.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. tek ég fram að að sjálfsögðu er forseta ljós alvara þess máls þegar þingskjöl eru prentuð út og það munu verða gerðar ráðstafanir til þess að þessi lagatexti fái hér eðlilega meðferð og verði afgreiddur í samræmi við vilja þessarar hv. deildar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir við beiðni minni og vildi aðeins segja það að mér finnst að þetta mál, þó að væntanlega sé það ekki stórt í sniðum, beri vott um það að hér er verið að vinna á óhæfilegum hraða í þinginu og hættan á mistökum hvort sem þau eru efnisleg eða tæknileg er miklu meiri en þegar sanngjarn og eðlilegur tími er til að athuga þingmál. Hérna sýnist mér um visst grundvallaratriði að ræða í sambandi við meðferð á þingskjölum og afgreiðslu mála milli deilda líka.

En ég vil líka alveg sérstaklega vara við því að það sé verið að varpa ábyrgð í sambandi við svona mál yfir á starfsmenn Alþingis. Hér er fólk vinnandi nótt og nýtan dag og er áreiðanlega meira álag á starfsmönnum Alþingis en nokkurn tímann á okkur þm., a.m.k. þeim sem eru að vinna í þessum efnum fyrir okkur, og mér finnst að það sé ekki við hæfi að varpa mistökum af þessu tagi, ef um efnisleg mistök er að ræða, yfir á starfslið þingsins sem leggur sig allt fram. Við berum að sjálfsögðu ábyrgð á þessu sem erum að vinna að þessum málum, viðkomandi þingnefndir og hv. þm. allir, og eigum að sjá til þess og getum ekki skotið okkur á bak við starfslið þingsins sem er hér að vinna við mjög óeðlileg skilyrði og við þekkjum að leggur sig í líma við að gera allt sem best og leysa það sem krafist er og það er sannarlega óhæfilega mikið álag, svo að vægt sé til orða tekið, nú að undanförnu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að hér var aðeins verið að upplýsa um aðdraganda þessa máls, en ég tek þessar umræður ekki þannig að hér hafi ábyrgðinni verið varpað yfir á starfsfólk þingsins. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði að það vinnur við mjög erfið skilyrði og sá starfsmaður sem hér um ræðir er þekktur að nákvæmni og samviskusemi þannig að ég vil ekki túlka þessar umræður þannig að ábyrgð hafi verið varpað yfir *á hann í* þessu efni og ég vil fullyrða það að hv. þm. er fullkomlega ljós ábyrgð sín á þeim málum sem afgreidd eru út úr þessari hv. deild.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aðeins til að stytta þessar umræður. Ég er innilega sammála hv. 2. þm. Vestf. Hér verður auðvitað engu breytt í þeim texta sem við höfum afgreitt út úr deildinni, enda ekki minnsta *þörf á því vegna þess að málið er enn þá í* Ed. og þar hafa þegar komið fram brtt. þannig að frv. kemur aftur hingað til hv. Nd. Ég vil því fara fram á það að þetta þingskjal verði dregið til baka. Það þarf ekkert að athuga hvort efnisbreyting er á því eða ekki. Það er verkefni hv. félmn. Ed. Ég vil þess vegna fara fram á það við forseta þessarar hv. deildar að hann upplýsi kollega sinn í Ed. um að þarna sé vandamál á ferðinni sem skera þurfi úr, en það er auðvitað fráleitt að leggja fram þingskjal í breyttu formi sem þegar er afgreitt út úr hv. Nd. Það kemur auðvitað ekki til mála.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Hæstv. forseta Ed. mun verða tilkynnt um þessi vandkvæði sem um er að ræða.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það hefur komið fram að um mistök hafi verið að ræða sem hafa farið fram hjá mönnum og mér finnst eðlilegt og mun hafa samráð við nefndarmenn í félmn. Nd. um það að við ræðum þetta við formann félmn. Ed. þannig að þetta mál verði afgreitt endanlega frá þinginu og um það verði séð að frv. fái rétta þinglega meðferð.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég vænti þess að við getum stytt þessar umræður um þingsköp.

Það hendir að pennaglöp verða og forseti á þá til að upplýsa hv. deild um það og varpa því fram hvort einhver hafi eitthvað við það að athuga að hann leiðrétti slík pennaglöp í prentun þingskjala án frekari umsvifa. En í þessu falli er ekki því til að dreifa. Málið hefur verið afgreitt út úr deildinni og það er tvennt til, annað tveggja að hv. Ed. afgreiðir málið eins og það fór úr hendi hv. Nd. eða að málið kemur aftur til hv. deildar.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 283, n. 319, brtt. 320.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem hefur athugað frv. Á fund nefndarinnar komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri og Indriði Þorláksson skrifstofustjóri. Álitsgerð barst frá Verslunarráði Íslands.

Nefndin taldi athugunarefni að skatthlutfall verði hið sama og hjá einstaklingum, þ.e. 35,2%, og verðtrygging með lánskjaravísitölu og telur nefndin að hyggja beri að því við þá endurskoðun sem fyrirhuguð er á lögum um skattlagningu fyrirtækja.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Undir þetta rita Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Matthías Bjarnason og með fyrirvara Geir H. Haarde, Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Brtt. sem liggja fyrir á þskj. 320 er í fyrsta lagi að 2. gr. orðist svo sem þar segir. Orðalag var ekki nákvæmt í 2. gr. frv. og leggjum við til að því verði breytt þannig að 1. tölul. hljóði svo:

„Skip og skipsbúnaður, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn sem ekki falla undir 4. tölul.: 10%."

Í öðru lagi leggjum við til að 3. gr. verði breytt og að í stað orðins „einkabifreiðum" komi: „fólksbifreiðum fyrir færri en níu menn, öðrum en leigubifreiðum." Ekki er um efnisbreytingar að ræða, heldur nákvæmara orðalag og teljum við að því feng.

Þá er rétt að geta þess og sérstaklega með tilliti til orðaskipta sem urðu hér í upphafi fundar um þingsköp að á tveimur stöðum í þingskjalinu þarf að víkja við orðum, þ.e. tilvitnanir eru ekki nákvæmar. Í 4. gr. stendur: „þegar frá tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–9. tölul." Rétt tilvísun er 1.–10. tölul. Í öðru lagi á upphaf 7. gr. að vera svo: 2. málsl. 1. mgr. 76. gr. orðist svo, sem þar segir. Það er sem sagt á tveimur stöðum sem tilvísanir eru ekki nákvæmar, en þetta mun hafa verið leiðrétt í gula heftinu og geta menn þá séð um hvað er að ræða. (**KJóh:** Það vantar hvergi bandstrik.) Bandstrik eru hins vegar held ég öll á sínum stað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 342., sem var of seint fram komin, samþ. með 24 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hef ritað undir nál. hv. fjh.- og viðskn. með fyrirvara sem ég geri nú grein fyrir. Skattlagning á tekjur í atvinnurekstri er vandmeðfarið og flókið viðfangsefni. Það hefur verið til athugunar í fjmrn. um nokkra hríð, bæði í tíð fyrrv. og núv. ríkisstjórnar.

Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar er vikið að nauðsyn þess að endurskoða þennan þátt í tekjuöflun ríkisins í framhaldi af þeirri heildarendurskoðun á tekjuöflun ríkisins sem unnið er að hér á Alþingi. Frv. tekur einungis á nokkrum þáttum þess máls.

Ég nefni þrjú atriði í frv. sem ég tel að þurfi að athuga nánar í þeirri heildarendurskoðun sem ég áðan nefndi.

Hið fyrsta er spurningin um það hvort rétt sé að afnema með öllu heimilaða birgðaniðurfærslu eins og frv. gerir ráð fyrir að verði á árinu 1989. Annað er álagningarhlutfall á tekjur í atvinnurekstri sem frv. gerir ráð fyrir að verði 45%. Í nál. sem meiri hl. nefndarinnar hefur látið frá sér fara er vikið að þeirri hugmynd að með þessar tekjur verði farið með nákvæmlega sama hætti og tekjur einstaklinga, þ.e. þar verði fundnar sömu prósentur, sem nú eru 35,2%, og síðan það fært upp með sömu vísitölu og þar er notuð. Ég tel rétt að þetta verði athugað nánar, enda heyrðist mér að hljómgrunnur væri fyrir því í nefndinni.

Í þriðja lagi tel ég rétt að athuga, fyrst hér eru til meðferðar ákveðin atriði í 74. gr. þessara laga, þegar vikið er að eignarskattsálagningu skuldabréfa og annarra slíkra verðmæta, hvort það sé endilega rétt að miða slíka eign við það nafnverð sem upp er gefið að viðbættum áföllnum vöxtum, verðbótum á höfuðstól. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í þeirri endurskoðun á þessum málum sem fram undan er að reyna að taka með einhverjum hætti tillit til þeirra tilvika þegar slík bréf ganga kaupum og sölum með afföllum eins og nú mun vera orðið algengt. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að leggja til breytingar á greininni eins og hún er núna og eins og nefndin gekk frá henni, en ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessum þætti og tel nauðsynlegt að við frekari athugun á málinu verði þetta atriði skoðað.

Ég mun að sjálfsögðu greiða frv. atkvæði mitt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir brtt. sem ég flyt við 206. mál á þskj. 342, frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Nú er þar fyrst til að taka að ég styð frv. og skrifa undir nál. fjh.- og viðskn., með þeim fyrirvara þó að ég áskil mér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. og flyt þær á sérstöku þingskjali. Ég tel að frv., svo langt sem það nær, sé til bóta í flestum eða öllum greinum og lýsti reyndar þegar yfir stuðningi við það við 1. umr. málsins hér í deildinni. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað sjá gengið lengra og tekið betur á fleiri hlutum sem varða skattlagningarreglur fyrirtækja og flyt því sérstakar brtt. um meðferð þeirra frádráttarheimilda sem ekki er tekið á í frv. hæstv. ríkisstjórnar sem hæstv. fjmrh. talaði fyrir. Ég hef þar hliðsjón af frv. sem þrír hv. þm. Alþb. í Ed. hafa lagt fyrir þingið og nokkuð var vitnað til við 1. umr., en ég kaus þó vegna þeirra jákvæðu þátta sem eru í frv. ríkisstjórnarinnar að falla frá þeim hluta brtt. eða þeim hluta frv. sem snertir sömu frádráttarliði og tekið er á í frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Það er að vísu svo að í frv. þm. Alþb. er gengið lengra og tekið með öðrum hætti t.d. á því að færa niður matsverð vörubirgða. Það er gert ráð fyrir að það gerist í áföngum á fjögurra ára tímabili en ekki í tveimur stökkum eins og frv. hæstv. fjmrh. gerir ráð fyrir. Sömuleiðis er þar tekið á útistandandi viðskiptaskuldum, það er tekið á fyrningarreglum og fleiru.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 342 lýtur að því að taka inn ákvæði um niðurfærslu á heimildum til að draga tap á útistandandi viðskiptaskuldum frá tekjuskatti og yrði það gert með því að heimilt yrði að færa niður útistandandi viðskiptaskuldir um allt að 4% á árinu 1988, allt að 3% á árinu 1989 og allt að 1% á árinu 1990 en þá falli heimildir samkvæmt þessum tölulið niður.

Ég geri ráð fyrir því að þetta sé eitt af þeim ákvæðum sem hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér að taka til meðferðar í áframhaldandi endurskoðun þessara skattlagningarreglna fyrirtækjanna, en hér er lögð til ákveðin aðferð, ákveðinn valkostur boðinn, hvernig þrepa mætti niður þessar heimildir og ætti það þá ekki að koma mjög illa við fyrirtækin þar sem þau hefðu þennan aðlögunartíma.

2. till. lýtur að breytingum á 52. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt og er um það að setja inn mjög skýr ákvæði um að óheimilt sé að draga persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess frá skatti og að ríkisskattstjóri skuli gefa út reglur árlega um takmörk samkvæmt þessum tölulið sem gætu hugsast sem einhvers konar þak eða hlutfall af veltu eða rekstrarumfangi fyrirtækjanna sem afmarkaði það með mjög skýrum hætti hversu háar upphæðir væri eðlilegt að færa undir tiltekna eyðsluliði af þessu tagi. Það er öllum kunnugt og kemur m.a. skýrt fram í skýrslu þeirri sem unnin var og lögð fyrir Alþingi fyrir einum tveimur árum um skattsvik að þetta er ein af þeim holum sem mikið vantar á að gert sé fyrir í núverandi skattalöggjöf og meðferð framtalsmála og sama á við um 2. liðinn, þ.e. seinni lið 2. brtt., um að annar liður bætist við 52. gr. laganna, 5. liður, um risnu og hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Risnu nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins“, þ.e. risnu er óheimilt að draga frá tekjum nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. „Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.“

Nú er það svo að auðvitað er ekki ætlast til þess í gildandi lögum að þessir liðir séu dregnir frá tekjum fyrirtækja, en hins vegar er það nokkuð ljóst að það er gert í allt of miklum mæli. Ég á því erfitt með að skilja hvers vegna menn hafa ekki fallist á það og tekið því í raun og veru fagnandi að setja slík afdráttarlaus ákvæði inn í lögin um tekju- og eignarskatt. Það getur aldrei verið verra að hafa þau þar inni til þess að styðjast við, m.a. í þeim tilgangi að ganga harðar fram í skatteftirliti, að tryggja að ekki sé um óeðlilegan frádrátt frá tekjum að ræða í þessu skyni. Engu að síður var, þegar hliðstæðar tillögur voru til umræðu hér á hinu háa Alþingi, ef ég man rétt, á síðasta vetri, lagst gegn því af ýmsum að setja þessi ákvæði inn, m.a. með tilvísun til þess að til stæði að endurskoða þessi ákvæði en fyrst og fremst þó vegna þess að þetta væri í raun ekki heimilt í dag, þ.e. það væri í raun alls ekki ætlast til þess að menn drægju risnu eða færðu sinn persónulega kostnað á reikninga fyrirtækja eins og skattareglur væru í dag. En ljóst er, sem sagt, að það er gert og því hlýtur spurningin að vera sú: Er mönnum nokkuð að vanbúnaði að setja slík afdráttarlaus ákvæði inn í skattalöggjöfina sem hljóta að verða til bóta þeim aðilum sem sjá eiga um eftirlit á þessu sviði?

3. brtt., herra forseti, er við 5. gr. frv. eða 72. gr. laganna og hún orðist svo:

„Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 52% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.“

Hér er lögð til breytt skattprósenta á lögaðila. Í frv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 45% af tekjuskattsstofni. Hér er lögð til 7% hærri tala eða 52% og skal það nú nokkuð rökstutt hvers vegna flm. leggur til þessa hækkun.

Þar er fyrst til að taka að auðvitað er hér um eftiráskatt á hagnað fyrirtækja að ræða og það þykir ekki óeðlilegt að nokkur munur sé á milli þeirrar skattprósentu sem fyrirtækin greiða af sínum nettótekjum, nettótekjum eftir á, og þeirrar skattprósentu sem lögð er á einstaklinga í staðgreiðslukerfi. Nú er rétt að hafa í huga að verðbólga er um og yfir 30% og ekki miklar líkur á að hún haggist þaðan, a.m.k. ekki niður á við á næstunni. Ljóst má því vera að eftirágreiddur skattur rýrnar talsvert af þessum sökum. Síðan hefur ræðumaður hugsað sér að flytja einnig brtt. við tekju- og eignarskattsákvæði einstaklinga sem felast í því einkum og sér í

lagi að sett verði sérstakt hátekjuskattþrep á þá einstaklinga sem hærri hafa tekjurnar og það skattþrep yrði þá í samræmi við þá prósentutölu sem hér er lögð til, þ.e. ef þar yrði um 43–45% skatta að ræða, tekjuskatt og útsvar samanlagt, í hátekjuskattþrepinu, þá væru aftur komin á sambærileg hlutföll og nú eru lögð til annars vegar í frv. hæstv. ríkisstjórnar um tekjuskatt á fyrirtæki og hins vegar tekjuskatt á einstaklinga. Síðan er það svo að sá eðlismunur, sem er á skattlagningu fyrirtækja annars vegar og skattlagningu einstaklinga hins vegar, gerir að *mínu mati* það að verkum að talsverður munur á þessum tveimur skattþrepum getur verið fyllilega réttlætanlegur. þ.e. sá grundvallarmunur að tekjuskattur einstaklinga er bráttóskattur, greiddur af öllum þeirra tekjum, svo til án frádráttarheimilda eins og gert er ráð fyrir í staðgreiðslulögum. Sá skattstofn mun breikka verulega við gildistöku laga um staðgreiðslu þannig að hann verður í raun enn meiri bráttóskattur af öllum þeim tekjum sem einstaklingar fá í hendur heldur en áður var. En tekjuskattur fyrirtækja er jú, eins og margoft hefur verið nefnt, nettóskattur, skattur af nettóhagnaði fyrirtækjanna eftir að allar frádráttarheimildir og allar rekstrarþarfir fyrirtækjanna hafa verið uppfylltar með eins rýmilegum hætti og forráðamönnum þeirra þykir þurfa. Og þar með er auðvitað um hreinan hagnað að ræða sem er allt annars eðlis, er allt annað hugtak að *mínu mati* í skattalegu tilliti heldur en bráttótekjur einstaklinga.

Það eru enn fremur viss rök, herra forseti, að með því að skattleggja hagnað lögaðila má ætla að að einhverju leyti komi til skattlagningar afraksturinn af *því góðæri* sem *þjóðin* hefur búið við eða a.m.k. ákveðin svið í þjóðfélaginu hafa búið við undanfarin ár. Ég held að tekjuskattur af lögaðilum sé í því efni miklu réttlátara tæki en ýmsar aðrar aðferðir sem beitt er eða á að fara að taka upp, eins og launaskattur. Því það er þó ekki verið að leggja skatta á aðra lögaðila, önnur fyrirtæki en þau sem skila hagnaði. Og þau fyrirtæki, sem skila svo miklum hagnaði eða hafa skilað hagnaði um langt árabil, þau eiga ekki uppsafnaðar frádráttarheimildir og geta ekki komist hjá því að greiða skatt þrátt fyrir aðrar frádráttarheimildir.

Ég sé því ekki eftir því þó þessi tekjuskattsprósenta lögaðila sé nokkuð há og sambærileg við tekjuskattsgreiðslur tekjuhæstu einstaklinganna. Það er á þeim grundvelli og í því samhengi sem hér er lögð til hækkun á tekjuskattsprósentu lögaðila upp á 7% frá því sem gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstjórnar.

Fjórða till. varðar aftur útistandandi skuldir og heimildir til frádráttar eða niðurfærslu á þeim og er sambærileg við 1. gr. og í raun og veru efnislega fylgiskjal með henni.

Fimmta brtt. er um að ný gr. bætist við og fjallar um að skattrannsóknarstjóri skuli á hverju ári láta fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja, sem ákveðin verða skv. útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðlað skal að því að fyrirtækin og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökuð reglulega.

Hér er sem sagt lögð til sú nýbreytni að það verði ekki handahófskennt og ráðist af verkefnum eða annríki hjá skattrannsóknarstjóraembættinu á hverjum tíma hversu mörg fyrirtæki eru tekin til skoðunar, útdráttar, á hverju ári.

Ég held að það væri mjög virkt aðhaldstæki í þessum efnum ef menn vissu fyrir fram að tiltekinn *fjöldi framteljenda í þessum hópi* yrði tekinn til rannsóknar. Og það ítarlegrar úttektar. Talan 100 er þarna valin með það í huga að það sé viðráðanlegt verkefni fyrir skattrannsóknarstjóraembættið að taka slíkan fjölda til meðferðar. Líka vegna þess að *það er þó nokkur prósenta af þeim aðilum* sem gera upp skatta sína með þessum hætti og ætti að duga til þess að menn reikni með því sem talsverðum möguleika að röðin komi að þeim á hverju ári. Slíkar aðferðir eru víða tíðkaðar erlendis með skipulögðum hætti og hafa borið ágætan árangur.

Hér á landi virðist því miður sem aðstæður, annríki og mannafli og aðrar slíkar ytri kringumstæður hafi oftast ráðið mestu um það hversu vel skattrannsóknarstjóri eða aðrir embættismenn innan skattkerfisins hafa komist til að sinna þessum verkefnum. Stundum meira, stundum minna. Það er reyndar svo að sums staðar erlendis er nánast allt skattaeftirlit byggt upp á slíkum skyndikönnunum og útdráttum. Menn jafnvel sleppa því með öllu að fara ofan í sakttaframtöl einstaklinga þar á milli. Byggja einungis á slíkum „stikkprufum" sem stundum er sagt. Út af fyrir sig er ég ekki fjarri því að slíkt aðhald gæti verið virkara og markvissara, að taka til mjög rækilegrar skoðunar tiltekinn hundraðshluta eða tiltekinn útdrátt fyrirtækja og jafnvel einstaklinga, sem skila inn skattframtölum, og létta hins vegar *annríki af sömu aðilum með því hreinlega* að láta nægja annaðhvort enga eða mjög lauslega yfirferð á skattframtölum annarra. Þeirra sem ekki verða fyrir sérstakri könnun í hvert skipti.

Slíkt eftirlitskerfi eða aðhaldskerfi er þekkt víða að og víðar en úr skattakerfinu. Ég nefni sem dæmi t.d. eftirlit í ýmsum almenningsflutningatækjum, bæði hér og erlendis, þar sem mönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir kaupa sér aðgöngumiða eða hafa tilskilin réttindi til að ferðast með viðkomandi farartækjum. Það er ekki *gáð að því í hverri* einstakri ferð hvort þeir hafa upp á vasann slíkan farmiða en við og við kemur eftirlitsgengi, fer í gegnum vagnana og tekur þá hvern einasta mann til skoðunar og því fylgja háar sektir ef menn reynast ekki hafa réttindi til þess að vera staddir á viðkomandi stað eða að vera að ferðast með viðkomandi farartæki.

Það má nefna tollskoðun skipa í þessu sambandi. Hún er í mörgum tilfellum mjög lausleg, en inn á milli koma sérstakar sveitir manna og taka þá *til* rækilegrar skoðunar viðkomandi aðila. Það ku heita

„græna gengið“ eða „svarta gengið“, ég man nú ekki alveg litina í því sambandi. En það er sem sagt eftirlit af því tagi sem ég tel að komi fyllilega til greina að taka upp í meira mæli í skattakerfinu íslenska, í og með vegna þess að það kostar mikinn mannafla og mikla peninga að gera sæmilega yfirferð á öllum skattframtölum í landinu. Og það er veruleg hætta á því að ef menn dreifa kröftum sínum með þeim hætti að fara lauslega yfir hvert einasta framtal án þess að hafa þá á móti tíma til að taka einhvern hluta þeirra til rækilegrar skoðunar, þá náist ekki það markvissa eftirlit á þessu sviði sem nauðsynlegt er að keppa að. Hvort sem menn mundu gera það með því að hafa fyrir fram ákveðinn fjölda sem kæmi til skoðunar eða með einhverjum öðrum kerfisbundnum hætti, þá held ég að þetta sé aðferð sem menn hljóti að skoða mjög vandlega, enda er það mat margra fróðra aðila um skattamál að einhvers konar eftirlit af þessu tagi væri tímabært og raunhæft að taka upp.

Herra forseti. Við ræddum nokkuð þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar um tekjuskatt og eignarskatt hér við 1. umr., ég og hæstv. fjmrh., og ég ætla ekki að fara að endurtaka þá umræðu alla. Ég fagnaði því að sjálfsögðu að hæstv. ráðherrann var tekinn til við að breyta skattareglum á einhverjum öðrum en almenningi og það stóð ekki á því að daginn eftir kom svo frv. um breytingu á lögum um launaskatt hér inn í deildina þannig að hæstv. ráðherra ætlar ekki að láta sitja við það eitt að breyta eitthvað tekjuskattareglum fyrirtækja. Ég hefði auðvitað gjarnan viljað sjá hæstv. ráðherra ganga ofurlítið vasklegar fram, ekki síst í ljósi þeirra miklu fyrirheita sem hann gaf þjóðinni fyrir síðustu kosningar og á sl. tveimur árum um þau afrek sem hann hygðist vinna á þessu sviði. Í því ljósi er auðvitað pappírinn fremur rýr, en hann er þó skref í rétta átt og ber að fagna því að a.m.k. á þessu sviði miðar ráðherranum ofurlítið áfram en ekki bara aftur á bak eins og því miður virðist nú vera raunin á víða annars staðar. Alla vega bar ekki mikið á því í ræðum ráðherrans á sínum tíma að til stæði af hans hálfu að auka skattheimtu á matvælum í landinu um 5½ milljarð. En hér eru lagðar til álögur á fyrirtækin sem ku eiga að skila í ríkissjóð um 160 milljónum á næsta ári og er allt gott um það að segja.

Ég vona það og treysti því að hæstv. ráðherra standi við sínar yfirlýsingar um að hann muni beita sér fyrir heildarendurskoðun skattlagningarákvæða fyrirtækjanna. Slík endurskoðun er orðin mjög brýn. Um það vitnar margt, ekki síst sú skýrsla sem dreift var hér á Alþingi um skattsvik. Við í Alþb. höfum lagt fram ítarlegar sundurliðaðar tillögur um það hvernig eigi að standa að því í framtíðinni að fækka frádráttarheimildum fyrirtækjanna og setja skattlagningarreglur þeirra á sambærilegan grunn við einstaklingana. En eins og kunnugt er, og þarf ekki að ítreka í hv. þingdeild, þá er hér til meðferðar staðgreiðslufrv. sem á að afnema flestallar frádráttarheimildir einstaklinga. Það hlyti því að vera tímaskekkja ef ekki fylgdi í kjölfarið, og auðvitað helst samhliða, sambærileg einföldun á tekjuskattareglum lögaðilanna eða fyrirtækjanna í landinu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari birtist að nokkru í þeim orðum sem ég lét falla hér við 1. umr. um þetta mál þess efnis að hér er verið að taka á skattlagningu fyrirtækja með silkihönskum á meðan stöðugt þrengir að almennu launafólki.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur lagt fram brtt. á þskj. 342. Því miður gildir nú hið sama um þær og frumvarpakássu hæstv. ríkisstjórnar að þær eru svo nýjar í mínum augum að ég treysti mér tæplega til að styðja þær allar fyrirvaralaust, þó flestar reyndar. Mér sýnist raunar og heyrðist á máli hv. flm. hér áðan að þær séu flestar athygli og stuðnings verðar. Þær munu byggðar á frv. hv. þm. Alþb. í Ed. En ég verð að viðurkenna að ég hef ekki skoðað það svo glöggt að ég kunni þar alveg saman að bera. Þessar brtt. voru a.m.k. ekki svo ég muni kynntar og ræddar í nefndinni, en það má reyndar ekki skoðast sem nein ásökun af minni hálfu á hv. flm. Þar eru málin ekki beint rædd í neinum rólegheitum þessa dagana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 342,1 felld með 22:3 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 320,1 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 342,2 felld með 23:6 atkv.
Brtt. 320,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 342,3 felld með 23:6 atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 342,4 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 342,5 felld með 24:7 atkv.
8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Launaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144, nál. 332 og 345.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. athugaði frv. um launaskatt. Stjórnarliðarnir í nefndinni leggja til að frv. verði samþykkt. Undir það álit rita auk mín Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Afstaða minni hl. er sú að við erum andvíg frv. og leggjum til að það verði fellt. Frv. gengur út á að leggja launaskatt á flestar þær greinar sem verið hafa undanþegnar greiðslu launaskatts á undanförnum árum, sumar lengur og aðrar skemur. Skal sá launaskattur nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá þeim aðilum sem nú skulu taka til við að greiða launaskatt. Þar er fyrst og fremst um að ræða sjávarútvegsgreinar, útgerð og fiskvinnslu, og iðnað.

Það á sér langa hefð að baki að sjávarútvegurinn hefur ekki greitt launaskatt. Röksemdir manna, skilst mér, á sínum tíma, þegar ákveðið var að sjávarútvegur skyldi ekki greiða launaskatt, voru fyrst og fremst þær að í raun og veru væri um tvísköttun að ræða ef sjávarútvegurinn, sem legði fiskvinnslunni til hráefni, bæri launaskatt og síðan greiddi fiskvinnslan aftur launaskatt af öllum þeim atvinnutekjum sem þar falla til. Þessar röksemdir leiddu til þess að sjávarútvegurinn hefur ekki, þ.e. útgerðin, greitt launaskatt um 15 ára skeið.

Fyrir um ári skilst mér var svo horfið að því ráði að fella niður launaskattsgreiðslur í fiskvinnslunni. En nú á að taka það upp aftur og leggja þann skatt líka á í útgerðinni og sömuleiðis í iðnaðinum.

Það má ugglaust færa fram sem viss rök fyrir því að leggja einhvern launaskatt yfir allt atvinnulífið að þar sé um einhvers konar samræmingaraðgerð að ræða. Ég held að það megi þó ekki rugla því saman við samkeppnisstöðu greina og það að allar greinar standi jafnt því að það þarf þá að taka margt inn í myndina. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að það gæti verið mjög skynsamlegt að láta þann stuðning og þann skilning, sem stjórnvöld sýna á hlutverki framleiðslugreinanna í landinu, koma fram t.d. í því að framleiðsluatvinnuvegirnir greiði ekki launaskatt. Hér er líka um helstu útflutningsatvinnuvegi landsmanna að ræða, sjávarútveginn og iðnaðinn. Þetta eru því útflutningsgreinar og það er verið sérstaklega að leggja þennan skatt á þær.

Á fund fjh.- og viðskn. komu að ósk okkar í minni hl. fulltrúi útvegsmanna og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar. Það kom fram í máli þessara ágætu aðila að staða sjávarútvegsins væri nú slæm og horfur ekki góðar. Sömuleiðis upplýsti forstjóri Þjóðhagsstofnunar að sama ætti við um margar greinar útflutningsiðnaðar, einkum og sér í lagi útflutningsiðnaðarins sem hefði ekki fengið innlendar kostnaðarhækkanir bornar uppi af verðhækkunum í sama mæli og sjávarútvegurinn gerði a.m.k. fram undir það síðasta.

Hvað varðar stöðu sjávarútvegsins sérstaklega er rétt að hafa í huga að nú er boðaður um 10% samdráttur á þorskveiðum á næsta ári og það var upplýst á þessum fundi að sá samdráttur gæti kostað útgerðina um 1200–1400 millj. kr. í brúttótekjumissi og munar um minna.

Það má líka nefna til sögunnar þá óvissu sem þessar greinar búa nú við, eins og reyndar allt efnahags- og atvinnulífið í heild sinni bæði hvað varðar stjórnun efnahagsmála og hvað varðar gengismál. Það má nefna þá háu vexti, þá hæstu nokkru sinni, sem nú ríkja og bitna auðvitað þungt á þeim greinum sem að einhverju leyti eru með sitt rekstrarfé að láni. Það er því skoðun okkar í minni hl. að allar aðstæður mæli gegn því að bæta þessum nýju álögum á útflutningsgreinarnar nú.

Undir þetta nál. rita Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir. Ingi Björn Albertsson, fulltrúi Borgarafl., sat fundi fjh.- og viðskn. og er efnislega samþykkur þessari afstöðu.

Ég vil, herra forseti, vitna í skýrslu sem mér var send frá Þjóðhagsstofnun hinn 16. des., þ.e. í fyrradag, að minni ósk eftir að ég hafði beðið Þjóðhagsstofnun um þau gögn nýjust sem stofnunin hefði í höndum um afkomuhorfur í þjóðarbúskapnum. Þessi ágæta stofnun brást auðvitað vel við og sendi mér þegar í stað samantekt frá 12. des. sem hv. fjvn. Alþingis mun reyndar einnig hafa fengið.

Þar segir Þjóðhagsstofnun í fyrsta lagi að enn ríki veruleg óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988. Núna þegar nokkrir dagar eru eftir af árinu 1987 og það ágæta ár 1988 er að ganga í garð, sem við skulum vona að verði ágætt, er þetta þannig hjá helstu spástofnun okkar um efnahagsmál að enn ríki þar veruleg óvissa um horfur. Það skýrist auðvitað af ýmsu, m.a. því að hér á Alþingi eru til meðferðar frv. sem gjörbreyta öllu tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og hafa víðtæk áhrif á lífskjör almennings og rekstrarskilyrði fyrirtækja. Einkum og sér í lagi eru það frv. um tolla og vörugjald og um söluskatt.

Síðan segir Þjóðhagsstofnun í sínu plaggi, með leyfi forseta: „Viðskiptakjör hafa versnað síðustu tvo mánuði og horfur um viðskiptakjör fyrir næsta ár eru nú lakari en reiknað var með í október. Hér veldur gengislækkun bandaríkjadollars í kjölfar verðhrunsins á hlutabréfamörkuðum heimisins í lok októbermánaðar mestu, en jafnframt hefur álverð reiknað í dollurum lækkað og óvissa ríkir um verð á sjávarafurðum.“

Og áfram segir á bls. 2, með leyfi forseta: „Flest bendir nú til að framleiðsla sjávarafurða verði minni á næsta ári en miðað var við í þjóðhagsáætlun.“ — Það er væntanlega sú þjóðhagsáætlun sem fylgdi stefnuræðu forsrh. eða framlagningu fjárlaga á Alþingi í haust. — „Þar var reiknað með óbreyttri sjávarvöruframleiðslu frá því sem gert er ráð fyrir að hún verði á þessu ári og var það byggt á nokkrum samdrætti í afla sem talið var að breytt samsetning framleiðslunnar gæti vegið upp. Nú er ljóst að stefnt verður að mun meiri samdrætti í þorskafla milli ára en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Því verður að gera ráð fyrir að sjávarvöruframleiðslan reiknuð á föstu verði dragist saman á næsta ári.“

Herra forseti. Hvar skyldi hæstv. sjútvrh. vera? (**Forseti:** Það er upplýst að hann mun vera í atkvæðagreiðslu í Ed., en það verða gerðar ráðstafanir til að gera honum viðvart.) Ég þakka, herra forseti, fyrir það. Ég hefði talið mjög æskilegt að þeir hæstv. ráðherrar, sjútvrh. og iðnrh., sem eiga talsvert undir þeim málaflokkum sem hér á að fara að leggja sérstakar skattálögur á, heiðruðu okkur með nærveru sinni eina stund. Það skeður ekki svo allt of oft að við njótum þeirra forréttinda að vera í návist þessara háttsettu manna að það væri kannski allt í lagi að kanna hvort þeir gætu heiðrað okkur með nærveru sinni, hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh. (**Forseti:** Þeir eru báðir í húsinu og munu verða gerðar ráðstafanir til að gera þeim viðvart.) Ég þakka forseta fyrir það.

Já, ég var að víkja að afkomu sjávarútvegsins, hæstv. ráðherra, og það gleður mig stórlega að hæstv. ráðherra er nú genginn í salinn. Það er nefnilega skoðun minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. að það sé afar óheppilega valinn tíminn til að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn og iðnaðinn, sem sé vegna þess að afkomuhorfur þar eru ekki allt of góðar, boðaður er mikill samdráttur í þorskveiðum á næsta ári, samdráttur sem fulltrúar útvegsmanna telja að geti þýtt um 1200–1400 millj. kr. brúttótekjumissi greinarinnar á næsta ári. Ég ætla að lesa aðeins fyrir hæstv. ráðherra upp úr plöggum Þjóðhagsstofnunar sem hefur verið að velta þessum málum fyrir sér núna seinustu dagana, gengur reyndar ekki allt of vel að fá botn í það, aðallega vegna þess að allt efnahagskerfið er meira og minna í uppnámi út af því að hér eru til meðferðar á Alþingi frv. sem í raun og veru breyta öllum grundvallarforsendum athafnalífs og efnahagslífs á landinu. Þar af leiðandi segir Þjóðhagsstofnun, eins og ég hef reyndar þegar kynnt fyrir hv. meðlimum deildarinnar, að núna nokkrum dögum fyrir áramót ríki enn veruleg óvissa um mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988.

Og svo áfram með álit Þjóðhagsstofnunar á stöðu sjávarútvegsins, með leyfi forseta: „Því verður að gera ráð fyrir að sjávarvöruframleiðsla reiknuð á föstu verði dragist saman á næsta ári. Hver 20 000 tonn af þorskafla jafngilda rúmlega 1 milljarði kr. í útflutningsverðmæti eða sem svarar til um 2% af vöruútflutningi. Samdráttur þorskafla um 40–50 þúsund tonn gæti því þýtt 4–5% samdrátt í vöruútflutningi og 1–2% samdrátt í þjóðartekjum á föstu verði að öðru óbreyttu.“ — Síðan segir stofnunin að þessar tölur verði að taka með fyrirvara o.s.frv. Þær séu eingöngu settar fram sem vísbending um hvert stefni.

En það er alveg ljóst að samdráttur af þessu tagi í erfiðri rekstrarstöðu, eins og sjávarútvegurinn býr nú við, a.m.k. fiskvinnslan, samdráttur sem hefur e.t.v. allt að 4–5% samdrátt í för með sér í heildarvöruútflutningi og 1–2% samdrátt þjóðartekna þýðir auðvitað margfalda erfiðleika innan greinarinnar sem slíkrar, innan sjávarútvegsins. Auðvitað ná menn eitthvað niður kostnaði á móti þeim minnkandi afla sem hér er boðaður, en það fer þó aldrei svo að óhagkvæmni verði ekki meiri, að rekstur verði ekki erfiðari við að þessi tæki hafa ekki möguleika til að vinna fyrir sér með sama hætti og áður var. Velta í fiskvinnslunni minnkar einnig, a.m.k. af þessum sökum og e.t.v. meira vegna þess að meira og meira af hráefni er flutt út óunnið. Hæstv. iðnrh. er nú hér mættur og þá erum við orðnir býsna vel liðaðir, herra forseti, miðað við það sem við eigum að venjast. Svo er hæstv. menntmrh. hér einnig. Þetta fer að verða mjög ánægjulegt.

Þjóðhagsstofnun segir um útflutninginn og viðskiptin við útlönd, með leyfi þínu, forseti: „Fyrirsjáanlegt er að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verður meiri en reiknað var með í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1987 í október. Þá var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári yrði um 2,4 milljarðar kr. eða sem svarar til rúmlega 1% af landsframleiðslu. Þessi spá byggðist m.a. á því að afgangur yrði af viðskiptum við útlönd að fjárhæð 1,4 milljarðar kr. Nú stefnir hins vegar í að afgangur af vöruskiptunum verði lítill sem enginn.

Ástæður fyrir þessu eru nokkrar og snerta þær bæði inn- og útflutning. Í fyrsta lagi hefur innflutningur aukist meira síðustu mánuði en reiknað var með. Í öðru lagi verða tekjur af útflutningi minni en gert var ráð fyrir vegna lakari viðskiptakjara sem reikna má til gengislækkunar bandaríkjadollars eins og áður sagði.“

Hér er nú mættur hæstv. iðnrh. og hluti þeirra aðila sem teljast starfa á hans sviði, útflutningsiðnaðurinn, sýpur nú seyðið af þeirri þróun sem Þjóðhagsstofnun er hér að ræða um.

Og áfram segir í 4. lið: „Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur almennt versnað að undanförnu þar sem innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum. Gengislækkun bandaríkjadollars hefur komið sér illa fyrir mörg útflutningsfyrirtæki. Þetta á ekki síst við um fiskvinnslu, einkum frystingu, sem nú er rekin með verulegu tapi. Áætlað er að botnfiskvinnslan í heild sé nú rekin með tapi sem nemur 3–5% af tekjum. Þar af er áætlað að tap í frystingu nemi 7–9% af tekjum. Jafnframt eru aðstæður víða erfiðar í öðrum útflutningsgreinum.“ — og hlusti nú hæstv. iðnrh. — „Má í því sambandi m.a. minna á rekstrarerfiðleika ullariðnaðarins. Erfitt er að fullyrða nokkuð um stöðu innlendra framleiðslugreina sem keppa við innflutning þar sem hækkun innflutningsverðs í íslenskum krónum vegna hækkunar á gengi Evrópumyntar vegur að nokkru leyti upp hækkun innlends kostnaðar. Jafnframt ætti samkeppnisstaða innlendra framleiðslugreina að batna við þá breytingu á vörugjöldum sem hefur verið ákveðin.“

Það er sem sagt alveg ljóst að hér er staðfest af Þjóðhagsstofnun að afkoma útflutningsfyrirtækjanna hafi almennt versnað að undanförnu og þarf svo sem ekki hagspekinga til að segja sér það þegar innlendur kostnaður hækkar í hlutfalli við 30%

verðbólgu eins og hún er núna, en verðið á framleiðsluvörunum komnum á erlendan markað stendur í stað eða lækkar. Þá dregur heldur harkalega sundur. Og það er nákvæmlega það sem hefur verið að gerast t.d. á undanförnum árum og sérstaklega undanförnum missirum í útflutningsiðnaðinum, ullariðnaðinum. Einkum og sér í lagi þeim iðnaði sem flytur á Bandaríkin. Og nú eru þessir hæstv. fagráðherrar hér sem ég geri ráð fyrir að næstum daglega fái heimsóknir, bréf eða erindi frá aðilum innan þessara greina þar sem menn eru að bera sig upp við hæstv. ráðherra yfir ástandinu. Ég þykist t.d. vita að hæstv. iðnrh. hafi fengið eina og eina heimsókn í tengslum við erfiðleika ullariðnaðarins. En samt eru þessir hæstv. ráðherrar stuðningsmenn ríkisstjórnar, í ríkisstjórn með hæstv. ráðherra sem ætlar að leggja launaskatt á þessar greinar, velja þennan tíma, þessi áramót, við þessar aðstæður til að leggja á launaskatt. Menn geta auðvitað sagt að 400 millj. kr. séu ekki svo mikið fyrir allan sjávarútveginn og allan iðnaðinn, þetta skipti ekki miklu. En 400 millj. eru 400 millj. kr. og 200 millj. á sjávarútveginn í nýjar álögur eru 200 millj. kr. Það er svo einfalt.

Menn verða þá að skýra það út, þessir hæstv. ráðherrar, hvort þeir telji þessar greinar bera þessar hækkanir eða hvort þeir ætla að beita sér fyrir einhverjum öðrum ráðstöfunum. Hvað ætlar hæstv. iðnrh. að gera með um 30% tap á ullariðnaðinum? Ætlar hann að koma til hans og segja: Jú, ég ætla að bæta við ykkur nokkrum tugum eða nokkrum hundruðum milljóna í launaskatt? Það er eiginlega það sem ég ætla að gera til að bjarga ykkur. Hvernig líst ykkur á það? Vill ekki hæstv. iðnrh. kalla Jón Sigurðarson, forstjóra hins nýja stórfyrirtækis í ullariðnaði, fyrirtækis ríkisins, samvinnuhreyfingarinnar og fleiri aðila, á sinn fund og bjóða honum upp á að leggja á launaskatt?

Nei, það er ekki mikið samræmi í þessu, herra forseti. Svo kemur hæstv. ríkisstjórn, talsmenn hennar, hér í ræðustólinn og fullvissa alla um að það standi ekki til að hreyfa gengið. Það verði fast. Það sé hornsteinn efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og eiginlega það eina sem eftir sé af þeirri stefnu því það er ekki um annað að tala. Það er bara þetta eina sem er alveg ljóst: Það verður ekki haggað við genginu. Fastgengisstefnan skal „blífa“ þó meira að segja spekingar Economist séu farnir að skrifa um að það þýði náttúrlega ekkert annað fyrir íslensku ríkisstjórnina en að fella gengið á næsta ári. (**Menntmrh.:** Eykonomist?) Ja, það má vera hvort sem heldur er. Ég hef ekki heyrt í þeim merka efnahagsspekingi og stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar, Eyjólfi Konráð, um þetta efni, en ugglaust hefur hann á því einhverja gáfulega skoðun eins og öðru, hvort og þá hvað mikið á að fella gengið. En tímaritið Economist, sem er sérfræðirit mikið um efnahagsmál, setur fram í sinni spágrein fyrir næsta ár, að mér skilst, þá skoðun að það sé alveg ljóst að gengi íslensku krónunnar hljóti að verða fellt á næsta ári.

Hvað um það. Ekki er ég að biðja um gengislækkun og enginn biður held ég um gengislækkun. En auðvitað verða menn að horfa raunsætt á hlutina og það gengur ekki að keyra blint í björgin í þessum efnum, að keyra áfram á föstu gengi með 30% verðbólgu innan lands og bæta svo við nýjum sköttum, nýjum álögum á þessar greinar við og við, henda í þá 1% launaskatti hér og hinu þar.

Það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn naut þess góðæris sem ríkt hefur í landinu á undanförnum tveimur árum einkum og sér í lagi og bætti stöðu sína verulega frá því sem áður var, enda mátti við því. Í mörgum tilfellum fór sá bati allur í að laga eiginfjárstöðu fyrirtækjanna sem búið höfðu við mikið tap á undanförnum árum vegna erfiðleika í greininni, vegna aflasamdráttar á árunum 1981 og 1982 og ýmiss konar erfiðleika sem þá dundu yfir. En eftir þetta mikla góðæri og þennan mikla afla er þó staðan ekki betri en svo að nú er komið 7–9% tap í frystingunni og umtalsvert tap í allri fiskvinnslu. Ég held að ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta taka sig alvarlega, ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að telja mönnum trú um það og fá einhvern til að trúa því að hún styðjist við einhverja heildstæða efnahagsstefnu verði talsmenn hennar hér að gera grein fyrir því í hvaða samhengi þessar launaskattsálögur á útflutningsatvinnuvegina séu. Ég fer fram á að hæstv. ráðherrar, hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh., geri Alþingi grein fyrir því í hvaða samhengi þeir skoði þennan nýja launaskatt í sjávarútvegi og iðnaði. Í hvaða samhengi er hann við önnur áform hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra hvað varðar afkomu þessara greina? Eða er t.d. meiningin, hæstv. iðnrh., að láta ullariðnaðinn í landinu deyja drottni sínum og hafa af því mest litlar áhyggjur þó hann leggi upp laupana, útflutningsatvinnuvegur upp á einhverja milljarða sem skapað hefur hundruð starfa í landinu, þúsundir starfa og var um langt skeið sú grein iðnaðar sem bætti mestum mannafla við sig ár frá ári? Ég hygg að flestöll síðustu ár síðasta áratugar og fyrri hluta þessa áratugar hafi ullariðnaðurinn hvað eftir annað staðið upp úr, ullariðnaðurinn og tengd þjónusta.

En nú er annað uppi á teningnum. Ég tel að það beri að líta á það tímabil sem erfiðleikatímabil sem við þurfum að ganga í gegnum, sem við þurfum að styðja þessa atvinnustarfsemi í gegnum. Það hefur oft áður verið gert, bæði með iðnað og sjávarútveg, að hjálpa þeim greinum, þessum höfuðútflutningsgreinum yfir erfiðleikatímabil, enda hafa stjórnvöld þá haft skilning á því að þess þyrfti með og gripið til aðgerða. En það hlýtur að vera eitthvað annað en launaskatturinn sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér sem bjargræði fyrir þessar greinar. Ég tel þá rétt og nauðsynlegt að það komi hér fram. Er ætlast til þess að hv. alþm. samþykki þennan launaskatt svona, veskú, vitandi það við hvaða erfiðleika er að glíma? Ætlar hv. þm. Eggert Haukdal t.d. að rétta upp höndina með launaskattinum á ullariðnaðinn án þess að hafa nokkur svör fengið um hvað á að gera

við saumastofurnar á Vík, Hellu og Hvolsvelli og hvar þær nú eru allar í hans kjördæmi, prjónastofurnar og saumastofurnar sem hafa við þær aðstæður í landbúnaðarhéruðunum verið ein sú tegund iðnaðar sem menn hafa helst horft til til að auka fjölbreytni atvinnustarfseminnar?

Nei, það er heldur aumingjalegt ef hv. þm. stjórnarliðsins ætla að rétta upp höndina og segja já og amen við þessum nýju álögum á útflutningsgreinarnar hafandi ekkert í höndunum frá hæstv. ríkisstjórn um hvað á þá að reyna að gera þessum greinum til stuðnings að öðru leyti eða á móti og hafandi líka fyrir framan sig eða vitandi af plöggum Þjóðhagsstofnunar um afkomuna, um óvissuna.

Ég tel því, herra forseti, og skal með því ljúka máli mínu, alveg óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherrar geri aðeins betur en tuða því hér út úr sér að það sé nauðsynleg samræming að leggja söluskatt á sjávarútvegs- og iðnaðargreinar á Íslandi og það þurfi endilega að velja áramótin 1987–1988 til þess.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það sætir nokkrum tíðindum að við erum að ræða mál sem mælt var fyrir af hæstv. fjmrh. og hann er hér fjarverandi er 2. umr. um málið fer fram.

Við 1. umr. var hér einnig hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., sem nú er genginn í salinn, og ég beindi til þeirra þriggja, hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., ákveðnum spurningum í sambandi við það mál sem hér er til umræðu, frv. til l. um breytingu á lögum um launaskatt, en hæstv. ráðherrar höfðu ekki fyrir því að svara einu einasta orði þeim fsp. sem fyrir þá voru lagðar við 1. umr. málsins, þó að rúmur tími væri til þess hér í hv. deild og fundatíma hennar ekki lokið, og hæstv. fjmrh. hljóp úr sal að ræðu minni lokinni og ég hef ekki séð mikið af honum síðan. Ég bið virðulegan forseta að gera ráðherranum viðvart, en hann er kominn hér í gættina og fagna ég því og kannski hefur hæstv. fjmrh. þá fyrir því hér við umræðuna að koma inn á þau efni sem ég ræddi hér sl. miðvikudag þegar málið var til 1. umr. í deildinni.

En það er vissulega ánægjulegt að hæstv. ráðherrar þeirra atvinnugreina eru hér viðstaddir sem þetta mál snertir alveg sérstaklega. Og við erum að ræða hér stærsta málið í rauninni. Við erum að ræða hér um efnahagslegt samhengi í atvinnulífi á Íslandi og álögur á atvinnuvegina og við getum ekki farið frá þessu máli og lokið þessari umræðu nema hæstv. ráðherrar, og best væri nú að hæstv. forsrh. legði þar eitthvað af mörkum líka sem stýrimaður á skútunni eða eigum við að segja kapteinn, geri okkur grein fyrir því með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að tryggja rekstrarstöðu undirstöðuatvinnulífs í landinu miðað við þær horfur sem dregnar hafa verið fram af ráðgjafarstofnunum ríkisstjórnar, Þjóðhagsstofnun, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. vék hér að með splunkunýja álitsgerð í höndunum frá Þjóðhagsstofnun um þessi efni, en ég vitnaði í ræðu minni sl. miðvikudag til greinargerðar Seðlabanka Íslands frá 7. des. 1987 um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum og ætla ekki að fara að endurtaka þær niðurstöður sem ég vitnaði til og liggja fyrir í þeirri grg. í von um að hæstv. ráðherrar, sem nefndir hafa verið, hafi fyrir því að gera þingdeildinni grein fyrir því með hvaða hætti þeir hyggjast bregðast við þeim erfiðleikum sem steðja að útflutningsframleiðslu og samkeppnisiðnaði í landinu.

Gengisbreytingartilefnið til lækkunar íslenskrar krónu í samanburði við það sem var fyrir átta árum er að mati Seðlabanka Íslands eitthvað á bilinu 11–15%, mismunandi eftir stöðu einstakra greina, og hún er glæfralegust í ullariðnaðinum þar sem staðan er nærri því þriðjungi lakari með tilliti til tekna og allrar stöðu en var fyrir nokkrum árum, en þyngra vegur vissulega staðan í sjávarútvegi, í útflutningi fiskafurða og hjá fiskvinnslunni, enda banka nú forstöðumenn samtaka fiskiðnaðarins upp á hjá hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. og spyrja: Hvað ætlið þið að gera? Á þetta að sigla svona áfram? Við erum ekki að panta gengislækkun, sagði einn talsmaður fiskvinnslunnar, fiskiðnaðarins um daginn eftir að hafa rætt við hæstv. forsrh., en við viljum vita hvað ríkisstjórnin ætlar að gera til leiðréttingar á þessari stöðu þannig að atvinnuvegina reki ekki í strand, beri ekki upp á sker. Við hljótum hér á Alþingi þegar við erum að ræða frv. hæstv. fjmrh. um stórauknar álögur á þessar greinar, sem ætlast er til að Alþingi samþykki hér fyrir jól, að fá um það skýr svör: Hvað er það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera ef hún heldur fast við sína fastgengisstefnu? Og það er allt á sínum stað. Hún getur gert það. En hún verður þá að grípa til einhverra aðgerða væntanlega. Hæstv. viðskrh. skilur það samhengi væntanlega, fyrrv. og raunar verandi forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar því að hæstv. ráðherra heldur þeirri stöðu enn þá að vera með embætti forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar á bakinu svona til vara, og hann ætti að geta sem einn helsti ráðgjafi hæstv. fjmrh. lagt hér orð í belg og útlistað með hvaða hætti hann leggur til og Alþfl., sem á þessum málum heldur með Sjálfstfl., efnahagsráðuneytunum, hvernig þeir ætla að bregðast við þessari stöðu. Og síðan eru það hæstv. ráðherrar þessara greina sem eru þolendur að þessum álögum sem hér er verið að leggja til. Hvernig gerist það að þeir ætla að standa að því, Framsfl. með ábyrgð á sjávarútvegsmálunum og Sjálfstfl. með ábyrgð á iðnaðinum, útflutningsiðnaði og samkeppnisiðnaði, sem er í bullandi hallarekstri eftir því sem Seðlabanki og Þjóðhagsstofnun upplýsa okkur, hvernig ætla þessir hæstv. ráðherrar að réttlæta það fyrir sjálfum sér og fyrir þeim sem þeir ættu að vera að horfa til út frá sjónarhóli sinna ráðuneyta að frv. af þessu tagi gangi í gegn á hv. Alþingi á meðan ekki er búið að skýra fyrir okkur til hvaða ráða ríkisstjórnin ætlar að grípa?

Og það eru fleiri dæmi, sem eiga eftir að koma upp á borð hæstv. ríkisstjórnar, sem tengjast þessu.

Það er ósamið við launafólkið, við launamenn í landinu. Það fer ekki mikið fyrir viðræðum við launafólkið í þessum greinum sem ekki hefur fleytt neinn rjóma af góðæri undanfarinna ára. Þessar greinar eru í miklum erfiðleikum við að halda vinnuaflinu í samkeppni við þær greinar atvinnulífs sem hirt hafa góðærið og fest það í verðbréfum, braski og steinsteypu fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu. Hlutinn af vanda sjávarútvegsins, hlutinn af vanda fiskvinnslunnar í landinu er að henni helst ekki á fólki vegna þess að hún er ekki samkeppnisfær í launamálum. Fólkinu er boðið betra í öðrum greinum við aðrar aðstæður sem margir telja betri, betri vinnuskilyrði, í skrifstofum og bönkum og hvað það nú heitir, þjónustustarfsemin, og hjá hinu opinbera, en fyrst og fremst þó hjá einkageiranum, einkafyrirtækjum. Þangað leitar fólkið, en notast er við eða eftir er í vinnslustöðvunum eldra fólk, unglingar sem hlaupa til í aukavinnu, en fólk á besta starfsaldri leitar gjarnan til annarra greina þar sem meiri uppskeru er von, enda hefur það meiri tök á að hreyfa sig en þeir sem eldri eru. Hér er sannarlega dökkt í álinn eins og málin liggja fyrir að mati þeirra ráðgjafarstofnana sem vitnað hefur verið til og við óskum eftir því hér, talsmenn Alþb., að hæstv. ráðherrar svari hér fyrir sig, geri okkur grein fyrir því hvernig þeir ætla að leysa þann hnút sem þeir eru að herða með þeim frv. sem hér er verið að leggja fram og ræða við 2. umr. Og þar er nú ekki verið að skammta jafnt. Þar er ekki verið að leiðrétta stöðuna með tillliti til atvinnugreinanna því að við ræddum hér sl. miðvikudag frv. hæstv. fjmrh. um skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þar sem gert er ráð fyrir óbreyttu hlutfalli, óbreyttum álögum á þá starfsemi sem hefur haft aðstöðu til að fleyta rjómann í góðæri liðinna missira.

Ég skal, virðulegur forseti, ekki lengja mál mitt nú í von um að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því út frá hvaða forsendum hann leggur þessi mál hér fyrir til samþykktar, til hvaða aðgerða hæstv. forsrh. hyggst grípa og hans ríkisstjórn til að leiðrétta þá stöðu sem við blasir hjá undirstöðuatvinnulífi í landinu og geri okkur grein fyrir því út frá þeim forsendum m.a., sem hann hefur lýst hér margoft úr þessum ræðustól, að ríkisstjórnin haldi fast við sína gengisstefnu. En þá hlýtur eitthvað annað að koma til. Og vænt þætti mér um ef hæstv. ráðherrar atvinnuvegaráðuneytanna, iðnrh. og sjútvrh., lýstu inn í þetta samhengi út frá sínum sjónarhóli og þeirra atvinnugreina sem þeim er ætlað að vinna fyrir, a.m.k. að fylgjast með hvernig ganga.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er í rauninni eitt af ákaflega mörgum svipaðs eðlis og þess vegna mætti viðhafa svipaða ræðu um þau öll. Þau ganga raunar öll út á það að herða að þjóðinni í skattlagningu. En það sem mesta athygli vekur er á hvaða aðila er helst lagt, að hverjum er helst þrengt.

Ef litið er aftur í tímann, til áranna um 1970, býst ég við að meginbreytingin í tekjuöflun ríkisins felist í þeirri staðreynd að þá voru tekjur ríkisins af tollum og aðflutningsgjöldum ýmiss konar um 51%. Þegar upp verður staðið, líklega um næstu áramót, verða þær tekjur komnar niður í 5% af tekjum ríkisins. Allt sem þarna er á milli er af öðrum tekið. Og það er sérstaklega athygli vert þessa dagana að velta því fyrir sér, miðað við hvernig menn álíta að söluskattur hafi innheimst hér á landi og líka miðað við þau áform og þær áætlanir sem hafa verið í því efni, að velta fyrir sér hve mikinn hluta menn ætla að ná í einmitt á því stigi skattheimtunnar þar sem verst hefur verið innheimtan, þar sem undanskotið hefur verið mest.

Það efni sem hér er sérstaklega til umræðu er launaskattur. Það er hækkun launaskatts. Þetta frv. er í rauninni nákvæmlega sama marki brennt og hækkunin á söluskattinum. Hækkunin á söluskattinum þýðir að það er mest þrengt að þeim í þessu landi sem síst hafa aðstöðu til að greiða. Hækkunin á launaskattinum er með sama hætti. Hann er sérstaklega lagður á þá sem á sömu dögum, sömu vikum er verið að kynna fyrir hv. alþm., fjvn. og ýmsum öðrum málsmetandi aðilum í þessu landi að standi nú frekar höllum fæti en áður. Þá er tækifærið notað til að auka álögurnar þar sérstaklega.

Lítum aðeins á athugasemdir með þessu frv. Þar segir: „Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að fyrsta skrefið“ — takið eftir: fyrsta skrefið — „í átt til samræmingar launaskatts verði stigið nú um áramótin með því að leggja 1% launaskatt á allar atvinnugreinar sem nú eru undanþegnar launaskatti nema búrekstur. Af þessum sökum er þetta frv. lagt fram.“

Með leyfi hæstv. forseta vil ég fara svolítið nánar yfir það í hverju þessi breyting er fólgin:

„Samkvæmt gildandi lögum eru auk launa fyrir landbúnaðarstörf eftirtalin vinnulaun og þóknanir undanþegin skattskyldu skv. lögum um launaskatt: 1. Laun fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuflokkun Hagstofu Íslands.“ Og það er ekki skammt seilst í þeim efnum. Í athugasemd með 1. gr. frv. er þetta nákvæmlega útlistað. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með fiskveiðum skv. 1. flokki í atvinnuflokkun Hagstofunnar er átt við úthafsveiði, veiði á grunnmiðum, veiði í ám og vötnum, fiskklak og fiskirækt svo og gæslu veiðiréttar í ám og vötnum. Hvalveiði, selveiði, rækju- og humarveiði og veiði annars skelfisks svo og perlu-, svampa- og þörungaveiði fellur einnig undir þennan flokk.“ Ekkert skal undan dregið í skattheimtunni.

Í annan stað segir í athugasemdunum: „Laun fyrir fiskirækt.“ Það er nú svo að í þessum þætti, sem í rauninni er svolítið á huldu hvort eigi að reikna til landbúnaðar eða nánast sjávarútvegs, a.m.k. hvað ráðuneytin áhrærir, hefur verið veruleg gróska hjá okkur undanfarin allra seinustu ár og þá er náttúrlega sjálfsagt að reyna að koma á skattaáþján þar

eins fljótt og mögulegt er.

Í þriðja lagi segir í athugasemdum: „Laun fyrir störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með talin störf hlutaráðinna landmanna sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

Í frv. þessu er lagt til að greiða beri 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum í starfsemi þeirra sem um getur í 1.–3. tölul. hér að ofan frá og með 1. janúar nk. Tekjuauki af launaskatti vegna þessarar breytingar er talinn verða um 400 millj. kr. á næsta ári.“

Nú er það sjálfsagt fallega hugsað að sjá ríkissjóði vel fyrir tekjum. En mig langar til í þessu sambandi að minna á að nýlega fékk ég upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um hvernig innheimta tekna ríkisins hefði gengið hér á landi miðað við áætlanir og raunar fjárlög ríkisins. Það eru afskaplega merkilegar upplýsingar. Miðað við árið 1987 er gert ráð fyrir að 10,6% muni. Það er yfir 10% sem tekjur ríkisins eru meiri en ráð var fyrir gert þegar gengið var frá fjárlögum í fyrra. Það er ekki lítil upphæð. Í fyrra var þessi mismunur miklu minni. Þá var hann 0,6%. Það var nánast að áætlanir manna í fyrra, miðað við fjárlögin 1986, stóðust. 0,6% var munurinn. Auðvitað var þetta vegna þess að þá var verðbólgan á niðurleið og þegar menn lögðu grunninn að áætlunum fyrir árið 1987 ætluðust menn til hins sama. Markið var: Verðbólgan niður fyrir 10%. En við vitum í dag nokkurn veginn í hve þveröfuga átt þar gekk. Í hittiðfyrra var þessi misvísun samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar rúmlega 7% sem verður í ár rúmlega 10% og í fyrra nánast engin.

Þetta gefur mér þá vísbendingu að þær gífurlegu skattaálögur sem núna eru hér ráðgerðar og verða væntanlega samþykktar fyrir jólaleyfi þingmanna muni sjálfsagt þýða ekki minni misvísun að þessu leyti um þetta leyti næsta árs. Ég minni á þetta vegna þess að þetta kannski í rauninni litla frv. um launaskattinn er eitt af mörgum sem hafa ber í huga í þessu efni og ekki síst vegna seinustu frétta sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun um horfurnar einmitt hjá þeim aðilum sem þessi launaskattur á sérstaklega til að taka, líka varðandi hvað verður á dagskrá hjá þessum aðilum eftir fáeinar vikur þegar gengið verður til kjarasamninga.

Um efnahagshorfurnar segir Þjóðhagsstofnun fyrir örfáum dögum eða þann 12. desember þegar ný viðhorf voru kynnt í fjvn., með leyfi forseta: „Efnahagshorfur fyrir árið 1988 hafa breyst nokkuð frá því í október.“ — Það er nú ekki lengra síðan en í október. — „Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir næsta ár í ljósi þessara breytinga. Stefnt er að því að þessari endurskoðun verði lokið fljótlega eftir áramót.“ — Það er nú ekki fyrr. — „Enn ríkir veruleg óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988. Þannig hefur t.d. hámarksafli einstakra fisktegunda á næsta ári ekki enn verið ákveðinn. Jafnframt virðist langt í land með að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði fyrir næsta ár verði gerðir. M.a. af þessum sökum er að svo stöddu einungis hægt að fjalla í almennum orðum um þær breytingar sem hafa orðið síðustu tvo mánuði á efnahagshorfum fyrir næsta ár.“

En hversu vel sem maður les þessar hugleiðingar Þjóðhagsstofnunar kemur maður alls staðar að því sama, að það frv. sem hér er um að ræða á sér minni stoð eftir því sem tíminn líður og alveg greinilegt er að andinn í þessu frv. gengur þvert á þá hagsmuni sem þessar atvinnugreinar þyrftu einna helst á að halda að Alþingi hefði í heiðri.

Hér segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Flest bendir nú til að framleiðsla sjávarafurða verði minni á næsta ári en miðað var við í þjóðhagsáætlun. Þar var reiknað með óbreyttri sjávarvöruframleiðslu frá því sem gert er ráð fyrir að hún verði á þessu ári og var það byggt á nokkrum samdrætti í afla sem talið var að breytt samsetning framleiðslunnar gæti vegið upp. Nú er ljóst að stefnt verður að mun meiri samdrætti í þorskafla á milli ára en reiknað var með í þjóðhagsáætlun. Því verður að gera ráð fyrir að sjávarvöruframleiðsla reiknuð á föstu verði dragist saman á næsta ári. Hver 20 000 tonn af þorskafla jafngilda rúmlega 1 milljarði kr. í útflutningsverðmæti eða sem svarar til um 2% af vöruútflutningi. Samdráttur þorskafla um 40–50 000 tonn gæti því þýtt 4–5% samdrátt í vöruútflutningi og 1–2% samdrátt í þjóðartekjum á föstu verði að öðru óbreyttu. Þessar tölur verður að taka með fyrirvara“, segir að vísu. „Þær eru eingöngu settar fram sem vísbending um hvert stefnir í þessu efni.“

En við þessar aðstæður finnst hæstv. ríkisstjórn alveg sérstaka nauðsyn bera til að leggja sérstaka hækkun launaskatts á þessa aðila á sama tíma sem endurgreiðsla af uppsöfnuðum söluskatti er felld niður um 50% sem í raun hefur hjá mörgum þessum fyrirtækjum verið afskaplega þýðingarmikið atriði til að halda nánast starfseminni gangandi undanfarin ár. Það þekkja flestir, sem að því hafa komið, að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti hefur í rauninni þýtt það fyrir þessi fyrirtæki að sýslumenn og fógetar úti um land hafa á mörgum stöðum ekki lokað. Það hefur haldið kerfinu gangandi. Nú á að verulegu leyti að loka fyrir þá leið.

Hér segir nokkru síðar í umsögn Þjóðhagsstofnunar um afkomu útflutningsfyrirtækjanna almennt, með leyfi hæstv. forseta: „Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur almennt versnað að undanförnu. Þar sem innlendur kostnaður“ — takið eftir: innlendur kostnaður — „hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum.“

Þá er náttúrlega alveg kjörið að nota tækifærið og leggja sérstakan skatt á þessa aðila þegar innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum.

„Gengislækkun bandaríkjadollars hefur komið sér illa fyrir mörg útflutningsfyrirtæki. Þetta á ekki síst við um fiskvinnslu, einkum frystingu sem nú er rekin með verulegu tapi“, segir í þjóðhagsáætlun.

Þá er náttúrlega sérstök ástæða fyrir stjórnvöld að

nota tækifærið og leggja á sérstakan launaskatt og hækka álögur á þessum aðilum í heild sem nemur um 400 millj. kr.

„Áætlað er", segir hér hjá Þjóðhagsstofnun, „að botnfiskvinnslan í heild sinni sé nú rekin með tapi sem nemur 3–5% af tekjum. Þar af er áætlað að tap í frystingu nemi 7–9% af tekjum. Jafnframt eru aðstæður víða erfiðar í öðrum útflutningsgreinum og má í því sambandi m.a. minna á rekstrarerfiðleika ullariðnaðarins." Ég þekki það allvel úr því umhverfi þaðan sem ég kem að rekstrarerfiðleikar á þeim vettvangi eru verulegir. Það er verið að loka hverri stofunni á fætur annarri. Þá er náttúrlega alveg sérstök ástæða til þess hjá hæstv. ríkisstjórn að leggja á þann iðnað nýjan launaskatt, ber til þess alveg sérstaka nauðsyn. Og það verður að gera það endilega rétt áður en gengið er til launasamninga, kjarasamninga.

Síðan segir áfram í þessu yfirliti Þjóðhagsstofnunar, með leyfi hæstv. forseta: „Erfitt er að fullyrða nokkuð um stöðu innlendra framleiðslugreina sem keppa við innflutning þar sem hækkun innflutningsverðs í íslenskum krónum vegna hækkunar á gengi Evrópumyntar vegur að nokkru upp hækkun innlends kostnaðar" — að vísu. „Jafnframt ætti samkeppnisstaða innlendra framleiðslugreina að batna við þá breytingu á vörugjöldum sem hefur verið ákveðin." — Þetta er líklega eina ljósa atriðið.

En í lokin vildi ég, hæstv. forseti, segja um það álit minni hl. fjh.- og viðskn., sem hér hefur verið kynnt, þar sem þeir hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykn. kynna þá skoðun sína að þeir séu andvígir því frv. sem hér er lagt til og leggja til að það verði fellt, að ég er á nákvæmlega sömu skoðun. Mér finnst flest benda til þess að stefnan sem frv. felur í sér sé röng. Þau segja í nál. að á fund nefndarinnar hafi komið fulltrúar útvegsmanna, það hafi komið þangað forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og það hafi komið vel fram hjá þessari nefnd að staða sjávarútvegsins sé slæm og horfurnar séu ekki góðar. Það hafi komið mjög vel fram nákvæmlega það sama sem ég var að leggja áherslu á í máli mínu, nákvæmlega það sama sem kemur fram í þessu yfirliti frá Þjóðhagsstofnun. Sömuleiðis segir í nál. minni hl. að ýmsar greinar útflutningsiðnaðar séu illa staddar. Þau taka fram að það sé boðaður 10% samdráttur í þorskveiðum sem gæti þýtt 1200–1400 millj. kr. brúttótekjumissi, óvissa ríki í gengismálum og vaxtakostnaður sé nú meiri en nokkru sinni. Við þetta má svo enn bæta að óvissan í stjórnmálum, sem tengjast kjarasamningum, er ekki lítil. Það er hér tekið fram að Ingi Björn Albertsson hafi setið fundi nefndarinnar, hv. 5. þm. Vesturl., og hafi verið samþykkur þessu áliti. Ég endurtek, hæstv. forseti, að mín skoðun er sú sama í þessu efni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að mér finnst það óskaplega aumleg, óskaplega bág frammistaða af hæstv. ríkisstjórn, hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh., hæstv. fjmrh., svo ekki sé nú minnst á hæstv. forsrh., þegar ræðumaður eftir ræðumann kemur upp við 2. umr. máls í seinni deild og ber fram beinar spurningar, fer fram á að einhverjar upplýsingar komi frá hæstv. ríkisstjórn um hvernig nýjar skattálögur sem leggja á á tvær höfuðatvinnugreinar í landinu komi þar við og hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstjórn hyggist gera, til hvaða aðgerða hæstv. ríkisstjórn hyggist grípa til að tryggja að staða þessara greina verði þó eftir sem áður þolanleg, rekstrarafkoma þeirra bærileg á næsta ári, a.m.k. verði forðað yfirvofandi stöðnun eins og nú blasir við augum í ullariðnaðinum og fleiri greinum útflutningsiðnaðar, og það á svo að bjóða þingdeildinni upp á að hæstv. ráðherrar — jú, jú, þeir dragast inn í þingsalinn með sorgarsvip þegar um er beðið að þeir komi og hlýði á umræður en hverfa svo óðar út aftur, áður en hendi er veifað eru þeir horfnir. (**MB:** Það var einn hérna skælbrosandi.) Og að þeir láti svo lítið sem bera það við að hafa sig upp í ræðustól og reyna að svara spurningum sem fyrir þá eru lagðar. Nei, það er ekki því að heilsa, herra forseti. Þetta gengur ekki. Það er ósköp einfalt mál.

Ég get til að mynda staðið í þessum ræðustól, og ég veit að virðulegur forseti gerir ekki tillögu um að ég yrði fjarlægður, á meðan beðið er eftir að þessir ráðherrar komi hér, ef ég vil það við hafa, en mér finnast þetta bara engin vinnubrögð. (**Forseti:** Það verður kallað á ráðherra ef óskað er.) (**SighB:** Hann er hérna í hliðarherbergi.) Ég óskaði eftir því í minni fyrri ræðu hér eða fyrstu að hæstv. ráðherrar þessara fagmála, sem hér eiga mest undir, fylgist með þessari umræðu, reyndu að vera viðstaddir til að hlýða á spurningar sem upp væru bornar. Klukkan er 12 á hádegi, herra forseti. Það er ekki næturfundur hér. Þeir eru ekki í rúminu, þessir menn. Hvað veldur því að þeir geta ekki hangið inni í þingsalnum augnablik? Þetta gengur ekki svona, herra forseti, ef við eigum að hafa eitthvert samstarf um þingstörfin og reyna að tryggja að málin fái sæmilega þinglega meðferð, að skyldum þingræðisins sé fullnægt án þess að verið sé að tala um að við séum að halda einhverja maraþonfundi. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að fjmrh. er genginn í salinn.) Það er mér sérstakt ánægjuefni. Vonandi er hæstv. sjútvrh. einhvers staðar nærri honum. Ég verð að segja það eins og er að þetta gengur ekki. Einhvers staðar verður að spyrna við fótum. Ef þm. eftir þm. kemur hér í ræðustólinn og ber fram spurningar og þeim er svo ekki svarað heldur tínast menn á burtu úr þingsalnum skulu menn taka öll þessi mál til rækilegrar skoðunar, herra forseti, til hvers við erum hér þá, hv. þm., ef þetta er sú framkoma sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að sýna okkur á þessum dögum.

Ég minni á að fyrir nokkrum dögum voru hér knúin fram lok umræðu með því að hæstv. ráðherra í raun og veru skaut sér undan að svara tugum tölusettra spurninga sem fram höfðu verið bornar. Það var látið gott heita. Það var komið fram undir kvöld og ríkisstjórninni lá mikið á að ljúka umræðum. En

nú er þetta mál til 2. umr. í seinni deild. Þetta er stórt mál, snertir afkomu sjávarútvegs og iðnaðar í landinu. Það eru bornar fram spurningar til hæstv. iðnrh., hæstv. sjútvrh. og fjmrh. eða forsrh. Þeir sitja hérna og skrifa á jólakort eða hvað það nú er sem þeir eru að gera, þeir sem á annað borð tolla í þingsalnum. Þetta gengur ekki, forseti. Annaðhvort fer ég fram á að þessir hæstv. ráðherrar komi upp og svari eða umræðunni verði frestað ef þeir kveðja sér ekki hljóðs og þá fer ég fram á að vélrituð útskrift af umræðunni sem hér fór fram berist okkur í hendur áður en henni lýkur þannig að unnt sé að sýna fram á með útskrift úr ræðum þm. hvaða spurningar voru upp bornar og hvað það var sem hæstv. ráðherrar urðu þá ekki við að svara.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég gleymdi því í ræðu minni áðan og vildi ég fyrir hvern mun ekki láta það niður falla, það er kannski vegna þess hversu sjálfsagt mér þótti það, að taka skýrt fram að ég tek á alla lund undir þá beiðni og þær spurningar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði beint til hæstv. ráðherra, bæði iðnrh., sjútvrh. og fjmrh., einmitt um þetta efni, áhrif frv. um hækkaðan launaskatt. Ég vildi nánar hnykkja á spurningunum, ekki síst vegna þessara nýju viðhorfa frá því í október. Ég gerði mér fulla grein fyrir því að frv. hefur vafalítið eins og fleiri frv. af þessu tagi átt sér nokkuð langan meðgöngutíma hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkum sem eru þrír, stórir og margmennir, og þess vegna ekkert óeðlilegt þó að þetta taki nokkuð langan tíma. En þegar þetta kemur síðan út úr þeirri meðferð allri skapast allt í einu ný viðhorf. (**Forseti:** Ég vil geta þess þó að ég sé á engan hátt að hindra ræðuamnn í ræðu hans að hæstv. iðnrh. hefur beðið sér hljóðs, en að sjálfsögðu heldur hv. ræðumaður áfram máli sínu.) Ég þakka þessar upplýsingar, hæstv. forseti. Það er einmitt ágætt því að þetta snertir verksvið allra þessara þriggja ráðherra svo sannarlega. Það er einmitt þetta atriði sem ég var að reyna að leggja áherslu á. Það eru þessi nýju viðhorf og það atriði að nýju viðhorfin gera það enn þýðingarmeira en áður að menn spyrni við fótum varðandi þá áætlun sem frv. um hækkaðan launaskatt ber með sér.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem er til meðferðar í 2. umr. seinni deildar og ég hygg að fyrri deild hafi haft nokkur tækifæri og nefnd í þeirri deild til að kynna sér það mál sem hér liggur fyrir um það að leggja launaskatt, eins og kemur fram í frv. á þskj. 144, á atvinnugreinarnar þannig að tekjur geti orðið 400 millj. kr. á næsta ári.

Það er auðvitað þannig að það er verið að heimta tekjur af fyrirtækjum til að standa undir útgjöldum ríkisins. Það er vissulega fagnaðarefni að heyra fulltrúa Alþb. hafa svo miklar áhyggjur af atvinnurekstrinum í landinu því að stundum áður hafa ræður þeirra beinst að því að þar sé um auðugan garð að gresja.

Það sem skiptir iðnaðinn kannski mestu máli er að það sé samræmi í starfsskilyrðum þannig að launaskattur sem lagður sé á sé ekki eingöngu lagður á iðnaðinn heldur jafnframt á aðrar greinar eins og t.d. sjávarútveginn, þannig að það sé jafnræði í starfsskilyrðum á milli útflutningsiðnaðarins og sjávarútvegsins.

Því hefur verið haldið fram hér með réttu að vandi ullariðnaðarins sé mikill og vitnað í skýrslur frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Ég vil láta þess getið að iðnrn. stóð fyrir því að athuga rekstur sauma- og prjónastofa á þessu og síðasta ári og sú skýrsla var gefin út 12. nóv. og dreift á hv. Alþingi þannig að þær upplýsingar sem koma fram nú frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun hafa legið fyrir á Alþingi meira en mánuð og hefur verið ítarlega gerð grein fyrir því í þessari skýrslu sem dreift var hér og hv. alþm. fengu. Í framhaldi af þessari skýrslu hefur iðnrn. beitt sér fyrir því að hægt verði að framlengja lán fyrir þau fyrirtæki sem eiga töluverða lífsvon í ullariðnaðinum, en það ber að viðurkenna að nokkur fyrirtæki hljóta að deyja eða verða gjaldþrota á næstunni í þessari grein sem fyrst og fremst stafar af tveimur ástæðum: annars vegar gífurlegri launasprengingu sem hefur orðið í þessari grein og hins vegar vegna þess að verð hefur ekki hækkað í dollurum, en fyrirtækin selja sína vöru á þau svæði þar sem greitt er með dollurum.

Nú er gerð úrslitatilraun, bæði með sameiningu stærri fyrirtækja og eins með því að reyna að fá hækkun á þeirri vöru sem prjónaiðnaðurinn framleiðir til að reyna að ná þeim árangri sem þarf að ná og að fyrirtækin geti starfað áfram. Það er von okkar að það geti tekist og ég hygg að þessi launaskattur, sem er 1% á þessi fyrirtæki, hafi engin úrslitaáhrif á það. Ég endurtek að það skiptir okkur, sem fjöllum um iðnaðarmál, miklu meira máli að það sé jafnræði á milli sjávarútvegsins og iðnaðarins til þess að það myndist ekki munur á milli þessara greina í starfsskilyrðum sem gæti komið út í því að gengisáhugi þeirra yrði ekki ósvipaður.

Þetta held ég, herra forseti, að sé ástæða til þess að komi fram í þessari umræðu. Okkur er ljós þessi vandi. Það hefur komið fram, m.a. í viðtali við mig í blöðum, að ríkisstjórnin hlýtur nú, þegar við höfum náð því að afgreiða fjárlagafrv. og þau tekjuöflunarfrv. sem þarf nauðsynlega að afgreiða nú fyrir jól, að ræða almennt um efnahagsmálin. Það er ekkert nýtt, sem kom fram hjá hv. ræðumönnum sem hafa talað við umræðurnar, að inn í þá umræðu blandast allir þættir efnahagsmálanna. Er augljóst að við getum ekki á næsta ári og næstu árum rekið íslenska þjóðarbúskapinn með verulegum halla eins og allt stefnir í.

Meira held ég, herra forseti, að þurfi ekki að segja við þessa umræðu. Ég vona að þetta nægi til þess að hægt sé að ljúka þessari umr. En 3. umr. er eftir í málinu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er virðingarvert út af fyrir sig að hæstv. iðnrh. megnaði að hefja sig úr sæti og ganga í stólinn til að svara í einhverju fyrir þá hæstv. ráðherra sem hér eiga hlut að máli. Ég skildi hann svo að hann teldi sig hafa svarað fyrir þá alla, hæstv. iðnrh., sjútvrh., fjmrh. og jafnvel forsrh., og talaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Það er að vísu kannski verr af stað farið en heima setið þegar menn tala svo í sams konar gátum og hæstv. iðnrh. gerði áðan. Það segir okkur hv. alþm. bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut þó að hæstv. ríkisstjórn ætli að hittast eftir áramótin og ræða efnahagsmál og jafnvel þó að það sé boðað að hún ætli að grípa til aðgerða segir það okkur ekki mikið fyrr en hæstv. ríkisstjórn lætur eitthvað uppi við Alþingi um hverjar þær ráðstafanir eru. Ég tel það með öllu ósæmandi að ráðherrar komi hér í ræðustól og gefi í skyn hluti sem ég tel að geti ekki verið nema annað hvort eða hvort tveggja, brbl. um ráðstafanir í efnahagsmálum eða gengisfelling, rétt áður en stendur til að Alþingi ljúki störfum fyrir jólaleyfið. Það er ekki mjög viðeigandi að gefa það næstum að segja í skyn úr ræðustóli í Alþingi að það sé verið að bíða eftir því að koma þinginu heim, berja saman einhver málamyndarfjárlög svo að ríkisstjórnin geti svo gripið til þeirra aðgerða sem henni sýnist og þá sjálfsagt með brbl. ef þess þarf.

En um þetta mál og nauðsyn þess að ræða það, herra forseti, vil ég segja í fyrsta lagi að hér eru komnar fram nýjar upplýsingar. Hvað sem líður lopaskýrslu hæstv. iðnrh. frá því fyrr á haustinu hafa verið að koma fram glænýjar upplýsingar um horfur í sjávarútveginum t.d., um mat Þjóðhagsstofnunar á þeirri stöðu, auðvitað með miklum fyrirvörum vegna þeirrar óvissu sem við er að glíma. Og þykir mönnum óeðlilegt þó að seinni þingdeild, Nd., þar sem ⅔ hlutar alþm. starfa, vilji fá einhver svör í framhaldi af slíku? Við skulum gá að því að það á ekki að tala um seinni þingdeild eins og hennar umfjöllun um mál skipti ekki máli. Þvert á móti er það seinni þingdeild sem sleppir frv. endanlega frá sér og þau verða að lögum þannig að þar á og þarf hin endanlega yfirferð málsins að fara fram. Þar þurfa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru að liggja fyrir o.s.frv.

Þó að ég sé ekki að lasta þá vinnu sem ugglaust hefur verið unnin í þessu máli í virðulegri Ed. breytir þar engu um að þm. í Nd. eiga heimtingu á skýrum svörum og það verður fróðlegt að sjá, herra forseti, hvort það er meiningin af hálfu t.d. hæstv. fjmrh. og sjútvrh., sem var kallaður hingað í salinn og beðinn að svara spurningum, láta 2. umr. ljúka án þess að þeir svari miklu til. Það boðar þá ekki annað en það að 3. umr. um þetta mál hlýtur að verða umfangsmikil. Annað er þá óhjákvæmilegt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég taka fram að að sjálfsögðu er ekki ætlunin af hálfu stjórnar þingsins að knýja þetta mál fram athugunar- eða umræðulaust. Og 3. umr. málsins er að sjálfsögðu eftir þó að 2. umr. ljúki.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Fyrir þessu máli mælti sl. miðvikudag hæstv. fjmrh. Hann hefur verið hér öðru hvoru við 2. umr. í dag. Til hans hefur verið beint fsp. við 1. umr. sem hæstv. ráðherra ók sér undan að svara og gekk frá þessari virðulegu deild undir lok þeirrar umræðu og lét ekkert í sér heyra.

Hér hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. gert kröfu um að þessari umræðu verði frestað á meðan séð verður hvort hér koma fram efnisleg svör við því sem fram hefur verið borið af okkur stjórnarandstæðingum við þessa umræðu og það verði hægt að skrifa út þær ræður sem haldnar hafa verið og hæstv. ráðherrar hafa ekki haft fyrir að hlusta á nema að hluta til þannig að þeir geti búið sig undir að svara efnislega því sem fram hefur komið.

Mér þykir með ólíkindum ef hæstv. fjmrh. ætlar að láta hjá líða að gera grein fyrir sinni afstöðu og sínum rökum með öðrum hætti en hann gerði þegar hann mælti fyrir málinu í stuttu máli sl. miðvikudag og einnig að láta hjá líða að svara því sem til hans hefur verið beint í sambandi við samhengið í efnahagsmálum, hvernig hæstv. ráðherra réttlætir að ætla að fara að leggja á þessa nýju skatta, taka hér upp launaskatt á fiskvinnslu og iðnað við þær aðstæður sem þessum atvinnugreinum eru búnar.

Hæstv. iðnrh. er í rauninni þolandi þessa máls ef litið er til Stjórnarráðsins sem starfsgilts valds þar sem ráðherrum eru ætluð mismunandi hlutverk eðli máls samkvæmt og ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa blandað sér í þessa umræðu, en undir þingskapaforminu ætla ég ekki að ræða þetta frekar en vil spyrja hæstv. forseta hvort hann telji eðlilegt að þessari umræðu ljúki án þess að fram komi svör við efnislegum fyrirspurnum sem hafa verið fram bornar, þar á meðal við þann hæstv. ráðherra sem mælti fyrir því máli sem hér er til umræðu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að forseti hefur gert ráðstafanir til þess að ráðherrar séu viðstaddir þessa umræðu og að sjálfsögðu hafa þeir ráðherrar sem sitja í þessari deild þingskyldur hér og eiga að vera viðstaddir umræður nema þeir hafi fjarvistarleyfi. Hins ber að geta að hér blandast nokkuð störf deilda þannig að ráðherrar þurfa að sinna báðum deildum í umræðum.

Að öðru leyti sé ég ekki að það sé í valdi forseta að skipa ráðherrum fyrir með hverjum hætti þeir eiga að taka þátt í umræðum hér. Hins vegar verða gerðar ráðstafanir til þess að þeir fái í hendur þá umræðu sem hér hefur verið. Og þar sem 2. umr. er nú lokið vinnst tími til þess fyrir 3. umr. málsins að koma þeim upplýsingum á framfæri.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með hvaða hætti hefur það gerst að 2. umr. þessa máls sé lokið? Ég bað um þingsköp áður en umræðu var slitið, óskaði eftir og fékk orðið um þingsköp. (**Forseti:** Það er hægt að ganga úr skugga um það, en hv. þm. bað ekki um orðið um þingsköp fyrr en búið var að tilkynna að umræðu væri lokið og ef leikur einhver vafi á um slíkt er hægt að kanna það af upptöku þessarar umræðu.) Virðulegur forseti. Hef ég orðið um þingsköp? (**Forseti:** Þú hefur orðið um þingsköp.)

Mér finnst vera að kárna gamanið í störfum þingsins ef hæstv. forseti ætlar að fara að beita valdinu með þeim hætti sem hér virðist vera uppi. Hér var með eðlilegum hætti fjallað um þetta mál og eins og gerist og gengur þegar lýst er eftir mælendum í ákveðnu máli mundar virðulegur forseti sig til að ljúka umræðu. Það var við þær aðstæður sem ég bað um orðið um þingsköp. Ég mótmæli þeirri túlkun að þessari umræðu sé lokið og tel að það sé ekki aðeins brot á venjulegum hefðum, eins og hér hefur verið haldið á stjórn þingsins, heldur einnig að það sé formlega rangt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Um þetta atriði skal verða gengið úr skugga, en hitt vil ég geta um að ég hafði þrívegis í umræðunni mundað mig til, eins og hv. ræðumaður kemst að orði, að segja að umræðu væri lokið en hef ætíð gefið hv. þm. færi á að taka til máls við umræðuna. Að sjálfsögðu munu verða gerðar ráðstafanir til þess að 3. umr. þessa máls verði með eðlilegum hætti, það er ekki ætlunin að takmarka hana með neinum hætti, þannig að þau sjónarmið sem hv. þingdeildarmenn hafa komist á framfæri. Ég tel þetta fullkomlega eðlilega fundarstjórn og ítreka að 2. umr. er lokið, en ef upptaka sýnir annað mun að sjálfsögðu verða gefið færi á að halda áfram 2. umr.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með þann úrskurð sem hæstv. forseti var að kveða upp. Ég skildi það svo að hann væri að ítreka þá niðurstöðu sína að 2. umr. um þetta mál væri lokið. Þessu mótmæli ég. Ég talaði einu sinni við 2. umr., gekk þar eftir svörum frá hæstv. ráðherrum, alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. Hvar er hann? Er hann að ganga úr sal? Og svör fengust ekki. Þetta var gert af öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar og hæstv. ráðherra svaraði ekki. Og við þær aðstæður áður en umræðu lauk bað ég um orðið um þingsköp til að ganga eftir áliti virðulegs forseta á því hvort það væri eðlilegt að hans mati að halda áfram umræðunni eða taka undir þá kröfu, sem fram hafði komið frá hv. 4. þm. Norðurl. e., að umræðunni yrði frestað á meðan farið yrði yfir málin og gengið eftir því hvort hæstv. ráðherrar ætluðu sér að taka þátt í umræðunni eða ekki.

Ég geri kröfu til þess að þessum fundi verði frestað á meðan úr því verður skorið með athugun á því sem hér gerðist við lok þessarar umræðu og að teknu tilliti til þinglegra hefða hér hvort úrskurður forseta sé eðlilegur og fái staðist og áskil mér rétt til að ræða hér þingsköp í framhaldi af því.

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Mér þykir vera höfð hér uppi óréttmæt gagnrýni á hæstv. forseta. Ég staðfesti að hann hafði úrskurðað að umræðunni væri lokið áður en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson bað um orðið um þingsköp og ég sé ekki að hæstv. forseti geti tekið þau orð sín aftur. Umræðunni var lokið og ég sé ekki annað en hæstv. forseti hafi stjórnað fundi og úrskurðað samkvæmt venjulegum reglum. Þetta vil ég staðfesta.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er ekki verið að draga í efa vald virðulegs forseta til að stjórna fundum og kveða upp úrskurði um fundarstjórn. Hitt er annað að ýmsar hefðir og reglur eru hér á um samskipti þm. og forseta og þann tíma sem ég hef verið hér hefur það ætíð verið svo að forseti tekur tillit til þess ef menn eru að kveðja sér hljóðs í þann mund sem hann hyggst kveða upp úr um að umræðu sé lokið. Tímasetning í þessu efni er kannski erfið undir vissum kringumstæðum og það hefur ekki tíðkast hér skeiðklukkureglumennska eða að dæma sjónarmun í þessum efnum heldur hefur það yfirleitt verið svo að sé ljóst að einhverjir þm. hafi ekki lokið þátttöku sinni í umræðunum og þeir gefi merki um það áður en málið hefur beinlínis verið tekið út af dagskrá hafa forsetar orðið við slíkum óskum vegna þess að það er, eins og forsetar taka oft og iðulega fram, ekki vilji þeirra eða ætlan að takmarka umræður, það er ekki tilgangurinn með fundarstjórn að koma í veg fyrir að hv. þm. nái að tjá sig og nái að nýta sinn tvöfalda ræðutíma í hverri umræðu. Þvert á móti er það hlutverk forseta og vilji þeirra, ég veit þess ágæta forseta sem við höfum í Nd. eins og annarra, að sjá til þess einmitt að fundarstjórnin tryggi mönnum rétt til að nota sitt málfrelsi og tala eins og þeir telja nauðsynlegt við hverja umræðu. Í því ljósi hygg ég að sú hefð sé best skýrð að venjan er sú að veita mönnum orðið ef þeir gefa um það merki með þeim hætti að eftir verði tekið á viðeigandi hátt þó að forseti sé í þann mund að kveða upp úr með það að umræðu sé lokið. Þarna reynir á sveigjanleika reglunnar og ég hygg að það sé góð venja forseta að sýna á því skilning að þm. geta stundum orðið í seinna lagi að kveðja sér hljóðs, eru kannski óviðbúnir því að umræðunni sé að ljúka, hafa ekki gert sér grein fyrir því að mælendaskrá sé tæmd o.s.frv.

Ég veit að virðulegum forseta er þetta allt saman kunnugt og ljóst og ég vona að það þurfi ekki að verða leiðinlegt deilumál út af þessu atviki. Ég teldi eðlilegast að fundinum yrði nú frestað og það kæmi svo í ljós þegar honum yrði fram haldið hver hinn endanlegi úrskurður forseta að athuguðu máli yrði.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eins og ég hef þegar sagt verður fundinum nú frestað og að sjálfsögðu mun úrskurður minn verða athugaður í fundarhléinu. Ég mun tilkynna í upphafi fundar, sem á að hefjast kl. 14, niðurstöðuna af þeirri athugun. — [Fundarhlé.]

Eins og hv. þingdeildarmenn muna kom upp fyrir fundarhlé þingskapaumræða vegna úrskurðar míns um hvort umræðu væri lokið eða ekki og ég frestaði fundi með þeim orðum að ég mundi kanna réttmæti úrskurðar míns í hléinu og tilkynna í upphafi fundar hvort ég héldi honum til streitu eða ekki. Ég hef kannað þetta í fundarhléi. Þó að e.t.v. mætti halda úrskurðinum til streitu er ekki svo ótvírætt hvenær hv. 2. þm. Austurl. bað um orðið að ég vilji gera svo. Ég vil því gefa honum kost á að ljúka þátttöku sinni í 2. umr. málsins og verður það nú gert.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. forseta fyrir sanngjarna niðurstöðu í mati á þessu máli í framhaldi af umræðu um þingsköp sem hófust undir lok 2. umr. að mati hæstv. forseta. Ég tel að hæstv. forseti hafi komist að skynsamlegri og sanngjarnri niðurstöðu eftir að hafa hlýtt á það af upptöku sem gerðist hér um það leyti sem hann hugðist slíta þessari umræðu. Ég tel að það skipti miklu að milli virðulegs forseta þessarar deildar og okkar þingmanna sé sem best samstarf og ég veit að áhugi virðulegs forseta er á því, enda hef ég ekki reynt hann að öðru en sanngirni í samskiptum þangað til svolítið sló í brýnu okkar á milli áðan að því ég taldi af gefnu tilefni og það sýnir sig að það var ekki ástæðulaust. Það er mjög þýðingarmikið fyrir okkur þm. að halda á okkar rétti annars vegar jafnframt því sem hæstv. forseti tryggir eðlilega stjórnun þinghaldsins hér í hv. deild og að þingsköp séu haldin. Fyrir niðurstöðuna þakka ég virðulegum forseta og mun nú hefja mitt mál um frv. sem er til umræðu, frv. um launaskatt, og nota minn rétt til þátttöku í þeirri umræðu. Síðan reynir auðvitað á það hvort áhugi er á því af hálfu annarra hv. þm. að halda henni áfram.

En ég vil hér byrja á því að skýra frekar hvers vegna við þm. Alþb. og fleiri, sem höfum tekið þátt í þessari umræðu, höfum séð ástæðu til að inna hæstv. ráðherra eftir þeirra viðhorfum, bæði og alveg sérstaklega hæstv. fjmrh. sem er flm. þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar, svo og ráðherra atvinnumála og hæstv. forsrh. vegna þess breytta ástands sem við blasir og hæstv. ríkisstjórn ekki vefengir í orði, enda studd gildum rökum. Við höfum viljað fá svör frá hæstv. ráðherrum um það í hvaða samhengi þeir sjá flutning þessara þingmála um aukna skattheimtu og auknar álögur á undirstöðuatvinnuvegi landsmanna á sama tíma og ljóst er að þeir eru að sigla í strand vegna hallareksturs, vegna þess hvernig ytri aðstæður hafa þróast og vegna þess hvernig að þeim er búið af hálfu ríkisstjórnarinnar og væri það eitt út af fyrir sig mál til umræðu að fjalla um hvernig hæstv. ríkisstjórn fyrir sitt leyti mismunar atvinnugreinum í landinu. Ég nefni það hér vegna þess að hér hefur í umræðu um þetta mál verið sérstaklega rætt um jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna. Ég tel að því markmiði sé engan veginn náð með þeim álögum sem hér er stefnt að með álagningu launaskatts á samkeppnisiðnað og fiskvinnslu sem tengist útflutningi sjávarafurða og ég vek athygli á þeim sérstæða skilningi sem kom fram í máli hæstv. iðnrh. fyrr við umræður á því hvernig slíkri jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna verði helst náð.

Hæstv. iðnrh. tók þátt í umræðum og er raunar eini ráðherrann sem hefur kvatt sér hljóðs í 2. umr. og raunar var það enginn annar en hann og hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir málinu við 1. umr., sem hafa gefið sig fram til að ræða þetta stóra og alvarlega mál, sem hér er á dagskrá, en í máli hæstv. iðnrh. kom fram það viðhorf að til að jafna starfsskilyrði atvinnugreina yrði að leggja á þær álögur, nýjar álögur. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á því að það er hægt að ná þessu markmiði eftir þeirri leið að minnka álögur ef ástæða er talin til, enda sé það gert að yfirveguðum hætti og út frá því sjónarmiði að jafna starfsskilyrðin. En hæstv. ráðherra taldi að einmitt þessi álagning á nýjum sköttum á samkeppnisiðnað og sjávarútveg væri leiðin og nánast eina leiðin mátti skilja til þess að jafna starfsskilyrðin. Ég andmæli þessum skilningi og ég vil jafnframt rifja það upp, vegna þess að hæstv. iðnrh. var með vissar athugasemdir að ég segi nú ekki dylgjur í garð Alþb. í sambandi við viðhorf talsmanna þess til undirstöðuatvinnuvega í landinu, að Alþb. beitti sér fyrir því sem aðili að ríkisstjórn 1980–1983 að tekið var sérstaklega á þessu máli, enda um það samið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens að farið yrði yfir þessi efni, jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna. Og ég taldi þörf á því sem iðnrh. á þeim tíma að ýta á eftir þeirri vinnu og gerði það eftir því sem ég gat, m.a. út frá hagsmunum iðnaðarins sem þarna áttu ekki síst hagsmuna að gæta og talsvert undir að vel tækist til.

Á þessum tíma var starfandi og skipuð að frumkvæði þáv. ríkisstjórnar sérstök nefnd, sem kölluð var starfsskilyrðanefnd, og hún skilaði tveimur gildum álitum sem hæstv. iðnrh. hefur vafalítið kynnt sér og ég tel raunar að hann hafi haft áhuga á þessu máli sem þm. á þessum tíma. Ég minnist þess að þeir sjálfstæðismenn sem þá voru í stjórnarandstöðu gengu ítrekað eftir því hér á hv. Alþingi við þáv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. sérstaklega hvað liði störfum þessarar nefndar, starfsskilyrðanefndar, fóru hér upp utan dagskrár jafnvel eða a.m.k. notuðu tilefnið svo sem þeirra fullur réttur stóð til til að ganga eftir svörum.

Það var lögð fram, virðulegur forseti, þess vegna hef ég tekið þessar bækur með mér, áfangaskýrsla starfsskilyrðanefndar í september 1981, áfangaskýrsla, gilt plagg með miklum upplýsingum um

stöðu þessara mála þar sem reynt var að leggja mat á stöðu atvinnuveganna með tilliti til skattlagningar af opinberri hálfu á einstakar atvinnugreinar og ytri skilyrði viðkomandi greina. Síðan skilaði þessi nefnd af sér áliti í skýrslu sem bar heitið „Starfsskilyrði atvinnuveganna“ og gefin var út í janúar 1982 og var lokaálit varðandi það verk sem nefndin hafði þá ætlað sér, en raunar var þessu verki þá ekki að fullu lokið. Það var hins vegar búið að fara yfir starfsskilyrði útflutningsgreinanna sérstaklega og samkeppnisiðnaðarins sem mestu skipti í þessu samhengi. Ég vil benda hv. þm. á það, þegar verið er að ræða þessi mál, að hér er að finna mjög þýðingarmiklar upplýsingar sem snerta þá álagningu sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir í sambandi við atvinnuvegi í landinu. Það væri talsvert verk, virðulegur forseti, ef ég ætlaði mér að kynna þingheimi innihaldið í þessum álitsgerðum sem snerta þetta mál, það tæki nokkurn tíma, en þar sem ég veit að langminnugir þm., sem enn sitja hér, eru kunnugir þessu og geta kynnt það og rifjað upp í sínum þingflokkum fyrir hlutaðeigandi, sem síðan hafa komið nýir inn á Alþingi, ætla ég að spara mér það undir þessari umræðu um þetta mál að fara að rifja þetta upp. En auðvitað eru það fjölmörg mál önnur á dagskrá þingsins sem gætu gefið tilefni til þess að við færum aðeins yfir þessa stöðu, litið til baka. Hér er t.d. á dagskrá þessa fundar álagning á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem mér sýnist ekki stefna í þá átt að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna með tilliti til rekstrarstöðu og ytri aðbúnaðar. Það er það sem við erum kannski hvað óánægðastir með, þm. í stjórnarandstöðu sem höfum tekið þátt í þessari umræðu og við alþýðubandalagsmenn, en ég þekki auðvitað best til viðhorfa í þeim þingflokki, að það skuli lagt á undirstöðugreinarnar í landinu, sem eru nú að komast í þrot hvað rekstrarstöðu snertir, að það skuli verið að íþyngja þeim með álagningu af þessu tagi á meðan t.d. ekki er aukin álagning á þær greinar sem hafa fríspil í efnahagskerfinu, verslunina í landinu, þjónustugreinar í landinu. Þær skulu áfram fá að búa við sömu álagningu hlutfallslega í sköttum af opinberri hálfu og þær greinar sem nú er þjarmað að vegna breyttra skilyrða og skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. fjmrh. er nú í símasambandi svona öðrum þræði, en ég ætla að mæla við hann fáein orð og treysti því að hann láti til sín heyra fyrir lok þessarar umræðu. Hann er ekki bara að leggja á launaskatt sem nýjar álögur á sjávarútveginn. Hann er að draga úr, hann er að lækka um helming endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegsins og auka í rauninni álögurnar á sjávarútveginn svo nemur hundruðum milljóna, líklega á bilinu 500—1000 millj. sem er bein skattheimta eða minnkuð endurgreiðsla af hálfu ríkisins skv. fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir Alþingi. Svo koma hæstv. ráðherrar hér, þá sjaldan þeir taka til máls í umræðum á þingi síðustu daga, og yppa bara öxlum og neita að svara efnislegum spurningum okkar þm. stjórnarandstöðunnar um hvernig ætlað er að bregðast við þessum aðstæðum. Hvernig ætlið þið að bregðast við þessum breyttu aðstæðum hvað snertir útflutningsatvinnuvegi landsmanna og samkeppnisiðnað? Það fást engin svör.

Ég vil vegna samhengis og gangs þessarar umræðu, virðulegi forseti, rifja upp að hæstv. fjmrh. viðstöddum hvernig hlutur hans hefur verið í þessari umræðu. Hann mælir hér í hv. þingdeild í fáeinum orðum sl. miðvikudag fyrir frv. um launaskatt, en hann ætlar að fá litlar 400 millj. kr. inn í ríkissjóð að því samþykktu. Síðan tökum við þátt í þeirri umræðu á rúmum fundatíma virðulegrar deildar sl. miðvikudag, spyrjum viðstadda ráðherra, sem voru nokkrir hér, þar á meðal hæstv. fjmrh., og það fæst ekkert svar. Enginn ráðherra tók þátt í þeirri umræðu frekar. Það var spurt um samhengið í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar með tilliti til þeirrar skattlagningar sem hér er til umræðu og hæstv. fjmrh. vék úr þingsal fyrir lok umræðunnar og vék sér undan að svara efnislegum fsp.

Nú er málið til 2. umr. Það hefur verið mælt fyrir nál. og hæstv. fjmrh. hefur verið með annan fótinn í þingsal og fleiri ráðherrar komið hér inn fyrir þröskuld, en enginn þeirra að hæstv. iðnrh. frátöldum hefur séð ástæðu til að taka þátt í umræðunum. Sá sem flytur málið inn í þingið, hæstv. fjmrh., hefur engan áhuga á að ræða þetta mál við þm. Hann er bara steinrunninn. Það mætti halda að hann hefði orðið að steini síðustu nætur. Kannski hefur verið þannig að honum þjarmað í hv. Ed. að hæstv. ráðherra sé orðinn að gjalti. A.m.k. er hann gersamlega orðlaus og fyrirmunað að biðja um orðið og svara margítrekuðum fsp. þm. úr stjórnarandstöðunni sem hér hafa verið bornar fram. Þetta ber ekki vott um góða samvisku. Og ég lái hæstv. ráðherra út af fyrir sig ekki að hann sé feiminn við að eiga mikinn orðastað við okkur stjórnarandstæðinga.

Það gæti t.d. verið svolítið erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að rökstyðja skattaálögurnar sem hér eru á ferðinni í ljósi innihaldsins í þessari gráu bók hérna, sem er stefnuyfirlýsing og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Það gæti vafist fyrir hæstv. ráðherra, jafnvel þó hann fengi málið, að rökstyðja það, t.d. að heimfæra þetta undir helstu markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. En svo að ég aðeins leyfi mér að grípa í það efni sem ég hef með í ræðustól og í þessa gráu bók, þessa samstarfsskrá þeirra alþýðuflokksmanna, sjálfstæðismanna og framsóknarmanna sem settust í ráðherrastóla 8. júlí á þessu ári en hafa tollað afskaplega lítið í stólunum í þingsölum a.m.k. það sem af er þingi, segir um helstu markmið efnahagsstefnunnar í upphafi þessarar starfsyfirlýsingar:

„Markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eru að örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar, að bæta lífskjör, tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd, sem stöðugast verðlag og fulla atvinnu.

Þessum markmiðum hyggst ríkisstjórnin ná með

því að móta meginreglur um efnahagsleg samskipti og umgjörð atvinnu- og efnahagslífs" — og hlusti menn nú — „sem tryggi eðlilega samkeppni og samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Afskipti ríkisins af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum verði sem minnst." — Hvað er verið að gera hér? — „Með almennum aðgerðum verði skapaðar aðstæður fyrir tækniþróun, aukinn útflutning og fjölbreytni í atvinnulífinu."

Svo segir síðar í I. kafla um efnahagsstefnu: „Gengisákvarðanir munu miðast við að veita aðhald að verðlagsþróun innanlands og tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum".

Og einnig segir: „Ríkisstjórnin stefnir að uppbyggingu öflugs atvinnulífs og menntakerfis sem tryggir hagvöxt til frambúðar."

Í II. kafla varðandi atvinnuvegina segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkeppnisstaða þeirra greina, sem eiga við óeðlilega erlenda samkeppni að etja, verði treyst."

Og víðar í þessari samstarfsyfirlýsingu eru þættir sem snerta það mál sem hér er til umræðu, rekstrarstöðu atvinnuveganna. Þar segir m.a. að skattlagning skuli ekki mismuna fyrirtækjum eftir rekstrarformum, en það segir ekkert um að það skuli auka skattlagningu á atvinnugreinar í landinu í því samhengi. Ég tel að hæstv. fjmrh. sæki ekki röksemdir fyrir þessu frv. og þessum nýju álögum í þessa gráu bók, síst af öllu ef litið er til þeirra breyttu aðstæðna og þeirra umskipta sem orðið hafa í undirstöðuatvinnuvegum landsmanna.

Það var verið að tortryggja Alþb. í þessu sambandi og málflutning þess. Ég vil í því samhengi nefna það, virðulegur forseti, að þegar Alþb. stóð að efnahagsráðstöfunum við samdráttarskilyrði sumarið 1982, þegar hagur þjóðarbúsins fór hríðversnandi og vegna samdráttar í sjávarútvegi alveg sérstaklega, var það einn þáttur í tillögum Alþb. í ágústmánuði 1982, með leyfi forseta, þannig orðað af okkar hálfu:

„Felldur verði niður launaskattur af iðnaði og fiskvinnslu og með því jafnframt bætt samkeppnisstaða í þessum greinum. Til mótvægis verði lagt á 3% vörugjald á innfluttar og innlendar samkeppnisvörur og renni það til þróunarstarfsemi og skipulagsbreytinga í atvinnuvegunum."

Þetta voru okkar tillögur þá. Það var ekki undir það tekið, ekki þennan þátt, af hálfu samstarfsaðila í ríkisstjórn þannig að þetta gekk ekki eftir í þeim brbl. sem sett voru snemma ágústmánaðar 1982, en það var lagt á sérstakt vörugjald í staðinn til tekjuöflunar af hálfu ríkisins og til að jafna metin á þeim tíma. En þarna lágu tillögur okkar fyrir að því er varðaði launaskattinn sem hér er nú verið að leggja á eftir að hann hafði verið loks felldur niður fyrir tveimur árum eða svo af stjórnvöldum, þáv. hæstv. ríkisstjórn.

Ég tel, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherrum beri skylda til þess hér og nú að greina okkur frá því með hvaða hætti þeir ætla að tryggja markmið sinnar efnahagsstefnu, áframhaldandi fastgengisstefnu, en tryggja væntanlega jafnframt að undirstöðuatvinnuvegir í landinu geti starfað með eðlilegum hætti, það þarf talsvert til, og síðast en ekki síst að það fólk sem býr nú við síversnandi hag vegna verðlagsþróunar m.a. fái bættan hlut sinn, ekki síst það fólk sem starfar við undirstöðuatvinnuvegina í fiskvinnslu og í iðnaði, sem hefur verið lágtekjugrein í þessu landi, kvennastörf að meiri hluta, unnin fyrir hraksmánarlegt endurgjald, með tilliti til þess sem fólki hefur staðið til boða í öðrum greinum vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, vegna þess hvernig haldið hefur verið á málum í efnahagsmálum af núverandi ríkisstjórn og hinni fyrrverandi.

Og vegna þess að ég nefni það hér að launakjörin t.d. í framleiðsluiðnaði í þessu landi séu lág og með því lægsta sem gerist hlýt ég að undrast að heyra hér hjá hæstv. ráðherrum, eins og hæstv. iðnrh. áðan, að það hafi orðið gífurleg launasprenging. Hann orðaði það með þeim hætti í ræðustól áðan að það hefði orðið gífurleg launasprenging í framleiðsluiðnaði, t.d. í ullarvöruiðnaðinum, sem eigi drjúgan þátt í þeirri versnandi afkomu sem fyrirtæki í þeirri grein nú búa við. Ég vildi gjarnan heyra tölur frá hæstv. ráðherra í þessu sambandi, heyra hann segja okkur frá þessum stóraukna hlut sem konurnar í sauma- og prjónastofum hafa fengið á undanförnum mánuðum og missirum með tilliti til þess sem gerst hefur í öðrum atvinnugreinum. Ég hygg að menn finni þessa yfirlýsingu hæstv. ráðherra ef þeir líta yfir ræðu hans, en hann er nú vikinn af fundi og hæstv. fjmrh. enn og aftur í símanum.

En hvernig væri, virðulegur forseti, af því að við höfum reynt hv. þm. að það er stífla nokkur í símakerfi Alþingis, að við beittum okkur fyrir því a.m.k. að komast í símasamband við hæstv. ráðherra, (**HBl:** Er ekki hægt að setja síma í ræðustólinn?) að við fengjum síma hérna í ræðustól Alþingis þannig að það yrði kannski hægt að flýta fyrir störfum þingsins á þann hátt að komið yrði fyrir sem bestu símakerfi í ræðustól Alþingis því að þá kannski getum við náð sambandi við hæstv. ráðherra sem eru í símtölum í hliðarherbergjum þegar óskað er eftir viðveru þeirra í þingsal og þátttöku hér í umræðum og miðlað síðan öðrum í hv. Nd. einhverju af þeirri uppskeru sem menn hefðu upp úr samtölum við ráðherrana í síma. Í stólunum hér tolla þeir ekki. Það þekkjum við af eigin raun og sjáum.

En hæstv. fjmrh. Ég vil undir lok míns máls inna þig eftir hvort þér finnst við hæfi, hvort ráðherranum finnst við hæfi að eiga þannig samstarf við hv. þingdeild að neita að taka þátt hér í umræðum um mál sem ráðherrann ber hér fram og ætlar að fá hér lögfest, stórmál, láta við það eitt sitja að slengja því hér inn við 1. umr. og hafna því síðan að eiga orðastað við þm. um efnisatriði málsins og það sem því tengist, efnahagsstöðu atvinnugreinanna sem á að fara að leggja á launaskatt og þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hlýtur að vera farin að móta og þarf að grípa til í einhverju formi til að tryggja hag þeirra

atvinnugreina sem hér á að fara að auka á álögurnar? Það verður áreiðanlega eftir því tekið, hæstv. fjmrh., ef þessari umræðu á að ljúka þannig að ekki heyrist orð frá hæstv. ríkisstjórn um með hvaða hætti hún hyggst taka á rekstrarvanda og afkomuskilyrðum atvinnuveganna á einhvern annan hátt en þann að auka álögurnar eins og stefnt er að með þessu frv. sem ríkisstjórnin ber hér fram og kappkostar að knýja fram sem lög fyrir jólahlé þingsins eða skulum við segja áður en árinu lýkur.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. flutti dágóða ræðu við 1. umr. þessa máls. Lýsti þar réttmætum áhyggjum sínum af afkomuhorfum, einkum og sér í lagi í fiskvinnslu, að óbreyttum skilyrðum. Ræða hans í hið seinna skipti var öllu rýrari. Hann kvartaði undan því að fjmrh. hefði vikið frá hinni fyrri umræðu. Á því voru skýringar sem hv. þm. voru fullkunnar, m.ö.o. að fjmrh. þurfti að víkja sér í Ed. til að mæla þar fyrir öðrum frv. Skýringin á því var hvorki óvirðing við hv. þingdeild né þm. sjálfan né efni málsins.

Hv. þm. vill fá yfirlýsingar frá fjmrh. eða einhverjum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til að rétta hlut fiskvinnslu eða bæta starfsskilyrði atvinnuveganna. Því er óhætt að svara játandi, en um leið verður því miður að segja sem svo að þær hugmyndir eru ekki á því stigi að það sé unnt að gera nákvæma grein fyrir þeim né heldur er það réttmæt krafa að staðurinn eða stundin sé þessi ræðustóll á þessari stundu í tilefni af umræðum um þetta mál. Ég læt mér nægja að segja að ríkisstjórnin deilir að sjálfsögðu áhyggjum hv. þm. og þar á meðal hv. stjórnarandstöðuþm. af starfsskilyrðum fiskvinnslunnar eins og nú er komið. Það er rétt að það hafa orðið umskipti til hins verra og það er jafnframt rétt að innan skamms tíma verður að grípa til aðgerða til að bæta þessi starfsskilyrði. Til þess eru ýmsar leiðir færar. Aðgerðirnar tengjast líka horfum á samkomulagi milli aðila vinnumarkaðar um nýja kjarasamninga. Þau mál eru á viðkvæmu umræðustigi og ekki vert að lýsa þeim hugmyndum, sem þar er verið að ræða, nánar hér og nú.

Þessi umræða hefur um of verið í því fari að sumir hagsmunaaðilar hafa ósköp einfaldlega verið að panta gengisfellingu. En ég legg áherslu á orðið „sumir" vegna þess að það er alveg ljóst og hefur komið skýrt fram, m.a. nýlega í fjölmiðlum, að mjög margir áhrifamiklir talsmenn fiskvinnslunnar í landinu hafa ekki trú á hefðbundnum gengislækkunum, hafa áréttað að þeir telji það vera aðgerð sem sé fyrir fram dæmd til að vera skammæ, skila takmörkuðum árangri um skamman tíma. Það þurfi að leita annarra leiða.

Það hefur frá upphafi verið ljóst að sú leið, sem ríkisstjórnin valdi, að hafna þessum gengislækkunarpöntunum sumra háværra hagsmunaaðila og halda fast við stöðugleika í gengi væri vandrötuð leið. Aðgerðir, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir og eru nú að stórum hluta til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi, skila ekki árangri með skjótvirkum hætti eins og pennastriksaðgerð eða „hókus pókus"-aðgerð eins og gengislækkun. Vonirnar um árangur byggðust á því að það tækist með samræmdum aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum að draga svo mjög úr því mikla þensluástandi sem ríkt hefur og hemja svo þær verðbólgutilhneigingar sem gætir mjög sterklega að það dragi úr verðbólgu þegar líða tekur á næsta ár. Til þess að það dæmi gengi upp var ljóst frá upphafi að ekki mátti mikið út af bera í ytri skilyrðum og í annan stað að takast þyrfti samkomulag í kjaramálum sem byggði á því að menn reyndu sameiginlega að varðveita áunninn kaupmáttarauka, að menn reyndu að leiðrétta fyrst og fremst kjör þeirra sem lítt eða ekki hafa notið launaskriðs, en síðan tækist samkomulag um að umsamdar kjarabætur þessara aðila færu ekki upp allan launastigann. Það er ekki fjarri sanni að haldi slíkar forsendur, ef ytri skilyrði hefðu haldist en ekki versnað og ef kjarasamningar tækjust með þessu móti voru góðar horfur á því að þessi hin vandrataða leið bæri að lokum betri og meiri árangur en hin gamalkunna gengislækkunarskottulækning.

Það getum við auðvitað metið út frá reynslunni. Af sjálfsagðri kurteisi við hv. þm. ætla ég að spara mér að rifja upp þá dapurlegu reynslusögu. Sú reynslusaga er honum mætavel kunn frá þeirri tíð er hann sat í ríkisstjórnum sem reyndu þessa leið, þessa undanlátssömu gengislækkunarleið er hafði hinar hrikalegustu afleiðingar, ekki hvað síst fyrir sjávarútveginn. Þær leiddu til gífurlegrar rýrnunar á eigin fé fyrirtækja í sjávarútvegi. Þær leiddu til gífurlegrar skuldasöfnunar fyrirtækja í sjávarútvegi, svo mikillar reyndar að stöðugleiki gengis undanfarin ár og stórlega bætt staða sjávarútvegs vegna aukins afla, hækkandi verðlags og minnkandi tilkostnaðar hefur ekki dugað til að bæta þann skaða sem af hlaust á árunum 1980–1983. Allir þeir sem reynslu hafa af þessum rekstri staðfesta því að þá leið, sem farin var á þessu tímabili, gerir enginn óvitlaus maður að endurtaka. Að sönnu hlusta ég með virðingu á áhyggjutal hv. þm. og mundi með glöðu geði hlusta á ráðgjöf hans ef einhver væri, en þá ráðgjöf að feta þá slóð sem þá var fetuð afþakka ég í fullri vinsemd.

Ef spurt er: Hver eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar breytingar á starfsskilyrðum útflutnings- og samkeppnisgreinanna, hver eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar hlutdeild þeirra að kjarasamningum og hver eru áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar nánari útfærslu á stjórnun í peningamálastefnu og á lánsfjármarkaði? þá er ekki með sanngirni hægt að krefjast þess að þau svör verði mælt hér af munni fram úr þessum ræðustóli í tilefni af þessu frv. Hitt er ljóst að fyrstu skrefin, sem ríkisstjórnin hefur stigið að treysta fjárhag ríkissjóðs, koma honum aftur á traustan grundvöll, eru liður í heildaráætlun og á þeim grunni má byggja mikið í framtíðinni. En þessar aðgerðir leysa ekki

allan vanda, það var vitað frá upphafi, og ríkisstjórnin er reyndar ekki ein og sér fær um að leysa þennan vanda. Við eigum það í opnu og valddreifðu þjóðfélagi undir öðrum aðilum líka að dæmið gangi upp og þá á ég ekki hvað síst við verkalýðshreyfinguna, aðila vinnumarkaðarins, viðbrögð atvinnurekenda og þeirra sem ráða búi í atvinnulífinu sjálfu. Þetta hefur frá upphafi verið vitað.

Að því er þetta frv. sjálft varðar og starfsskilyrði í fiskvinnslu, *þá er það svo, eins og fram kom í* framsöguræðu minni, að þessi launaskattur á fiskvinnsluna, sem mun skila e.t.v. um 100 millj. kr. á *næsta ári, skiptir ekki sköpum fyrir starfsskilyrði* fiskvinnslunnar. Það má áætla, miðað við októberverðlag, að bráttótekjur í fiskvinnslu hafi verið *um 15,5 milljarðar kr. þannig að þessi skattlagning* ein út af fyrir sig er um 0,25% af veltu fyrirtækja í greininni og að því er varðar útgerð er ástæðulaust að hafa áhyggjur af *greiðsluþoli hennar.* Það er umhugsunarefni fyrir menn sem telja sig málsvara fyrst og fremst launþega, verkalýðshreyfingar, sólíalisma og ég veit ekki hvað og hvað ef menn rjúka alltaf upp til handa og fóta og taka undir kröfugerð t.d. atvinnurekenda um óbeinan ríkisstuðning, t.d. í því formi að fella niður skattheimtu, í stað þess að íhuga hvort ekki væri eðlilegra að gera þær kröfur almennt til atvinnulífsins í landinu að það leggi fram sinn skerf, standi undir sínum hlut af tiltölulega sanngjarnri skattheimtu, en ríkisstjórn, sem ber ábyrgð auðvitað á hagstjórn og efnahagsmálum, reyni að stýra þeim málum eftir almennum reglum án þess að grípa til skottulækninga af því tagi. Dæmið um starfsskilyrði atvinnuveganna er m.ö.o. miklu stærra og viðameira en það að þetta mál skipti sköpum og ég er ekki sannfærður um að það sé rétt leið að rjúka til og fella niður tiltölulega lág en sanngjörn gjöld, tiltölulega öruggur tekjustofn þetta, enda mundi það engu breyta í þessu heildardæmi.

Að lokum, herra forseti. Umræður um efnahagsmál eru góðra gjalda verðar og þarfar og alveg ástæðulaust að víkja sér undan þeim. Þær hafa sinn stað og þær hafa sinn tíma. Umræða um starfsskilyrði atvinnuveganna, um væntanlega kjarasamninga eða um aðrar aðgerðir í efnahagsmálum í framhaldi af traustari ríkisfjárhag er viðameiri en svo að það sé með sanngjörnum hætti hægt að gera það að kröfu að þessi ræðustóll hér og nú sé rétti vettvangurinn, enda var það auðheyrt af máli ræðumanns, hv. 2. þm. Austurl., að fyrir honum vakti nú ekki ítarleg eða vel undirbúin umræða heldur er hann þrátt fyrir allt, því miður, að tefja tímann með tiltölulega innihaldslitlu hjali.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það var vissulega nokkuð óvanalegt og telst til tíðinda að hæstv. ráðherrar skuli fást hér til umræðna um þau frv. sem þeir eru að bera hér fram og ég tel að það hafi skipt nokkru að fá þó aðeins að heyra róminn í hæstv. fjmrh. í sambandi við þau efni sem við erum hér að ræða.

Ég hef nú þegar gefið honum ákveðin ráð í þessum efnum og ég vil nota það tækifæri sem ég hef undir þessari umræðu að benda hæstv. ráðherra og öðrum ráðherrum í ríkisstjórninni á að það gæti verið skynsamlegt fyrir þá að fresta einhverju af sínum skattlagningaráformum, ekki bara á launafólkið í landinu heldur á atvinnureksturinn í landinu, ef þeir ætla sér að stilla til friðar og sátta í þessu samfélagi, ég tala nú ekki um ef þeir ætla að auka rétt þeirra sem réttminnstir eru og bæta stöðu þeirra sem verst eru settir og hvað mestan hlut leggja fram *til öflunar tekna í þetta þjóðarbú.* Þar hef ég í huga fiskvinnslufólkið í landinu m.a., fólkið sem starfar í framleiðsluiðnaðinum og við gjaldeyrisskapandi rekstur. *Ég minni á þau orð* sem höfð eru eftir forseta Alþýðusambands Íslands í Þjóðviljanum í dag um það hvernig kaupmátturinn hefur hríðfallið *síðustu mánuði, um 10% frá* októbermánuði til desember, og að laun þyrftu að hækka hjá þeim sem við lágar tekjur búa um einn þriðjung milli ára 1987 og 1988 ef launafólkið á að halda sínum hlut. Þess vegna væri skynsamlegt, þó hæstv. fjmrh. telji að hér sé ekki um stórar álögur að ræða, að hæstv. ríkisstjórn horfði svolítið fram fyrir sig í þessum efnum og ætlaði borð fyrir báru í þeim efnahagsráðstöfunum sem hún þó viðurkennir og hæstv. fjmrh. að óhjákvæmilegt verði að grípa til vegna þeirra aðstæðna sem hér eru að skapast og eru raunar þegar orðnar staðreynd.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. sagði hérna orð sem mér þóttu nokkuð merkileg. Hann sagði að kjarasamningar væru á viðkvæmu stigi. (**Fjmrh.:** Umræður.) Umræður um kjarasamninga. Ég var að tala við félaga mína núna í hádegishléinu og mér skilst að þeim hafi borist tilboð um 3% kauphækkun frá fjmrn. Á sama tíma og verið er að hækka matarskattinn um 25%, skatt sem bitnar hvað verst á þessu fólki, Sóknarfélagar eru að meiri hluta eldri konur og svo ungar einstæðar mæður, eru þeim nú boðin 3% í launahækkun. Þetta fólk lenti illa í þessu svokallaða launaskriði. Við sömdum með ASÍ fyrir jól í fyrra og á eftir sömdu margir aðrir sem fengu meira. Ef ekki á að bjóða þeim meira en þetta þykir mér ótrúlegt að samningar séu á nokkuð viðkvæmu stigi. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að það sé hægt að fá fólk til að semja um eitthvað svipað. Og ef það er verið að pukrast með eitthvað núna af því að það er ógnað með gengislækkun, sem er þegar komin og verður náttúrlega reynt að koma á í vetur og kenna verkalýðshreyfingunni um, þá bið ég fyrir verkalýðshreyfingunni ef hún gengst inn á það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SighB, NL,

SvH, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGP, JóhS, JBH, JSS, JK.
nei: MálmS, ÓÞG, SJS, ÞP, AðB, AG, HG, IBA, KE, KH.

GuðnÁ og GHelg greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (RA, SV, GeirG, HJ, JónS, KJóh, MB) fjarstaddir.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Í trausti þess að núverandi ríkisstjórn hafi hugsað sér að rétta hlut framleiðsluatvinnuvega þessarar þjóðar hvað rekstrargrundvöll snertir segi ég já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er um það að ræða að taka upp nýjar álögur á útflutningsatvinnuvegina og gera þeim skylt að greiða launaskatt sem ekki hefur verið. Upplýst hefur verið jafnframt í meðferð málsins að þar eru nú miklir erfiðleikar, bæði innan sjávarútvegsins og útflutningsiðnaðarins og dökkar horfur fram undan. Hæstv. ríkisstjórn hefur engu til svarað um það til hvaða ráðstafana hún hyggist grípa í þessum efnum. Við slíkar aðstæður teljum við órökrétt og óraunhæft að taka upp nýjar álögur á þessar greinar og leggjumst því gegn samþykkt þessa frv. Ég segi nei.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Að fylgja ríkisstjórn þýðir að oft verður að gera fleira en gott þykir. Ég segi já með miklum semingi.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Enda þótt Kvennalistinn sé þeirrar skoðunar að stjórnvöld eigi að vera sem hlutlausust gagnvart atvinnuvegunum þá verður að taka tillit til aðstæðna. Þessi skattur mun koma verst við atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og er því í raun dreifbýlisskattur. Ég segi nei.

2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 2. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225, n. 331, brtt. 344.

Afbrigði um brtt. 344, sem var of seint fram komin, samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er skemmst frá því að segja að fjh.- og viðskn. mælir með samþykkt þessa frv. þó að einstakir nefndarmenn áskilji sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. Undir það rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Guðmundur G. Þórarinsson og með fyrirvara Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Þetta frv. er framlenging á gildandi lögum, lögum sem hafa verið framlengd árlega nú um nokkurt skeið. Í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi 210 millj., en innheimta um 190 millj. að meðtalinni innheimtu á eftirstöðvum fyrri ára.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt við þetta frv. á þskj. 344 og lýtur að 6. gr. þar sem álagningarprósenta á þennan skattstofn er ákvörðuð. Það er efni brtt. að í staðinn fyrir 1,1% af þessum skattstofni skv. 3. gr. skuli greiðast 2,2%. Flm. að þessari brtt. ásamt mér er hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir.

Hér er til umræðu einn af nafntogaðri sköttum í landinu, lagður á í fyrsta sinn að ég hygg á árinu 1979 og hefur í raun ætíð síðan verið mjög rómaður og umræddur í hvert skipti sem hann hefur verið framlengdur, oftast nær hygg ég árlega til eins árs í senn.

Sú var tíðin að það var hörð andstaða gegn þessum skatti hér á Alþingi og víðar og þm. Sjálfstfl. flestir ef ekki allir, sem og ýmis önnur „apparöt" í þjóðfélaginu, sem eru skyld eða standa nálægt þeim hinum sama stjórnmálaflokki, hötuðust og hömuðust mjög gegn þessum skatti sem er þó ekki nein ósköp, 1,1% af þeim skattstofni sem skilgreindur er í 3. gr. frv. og er fasteignaverð samkvæmt fasteignamati í árslok næsta árs á undan á þá fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða skrifstofuhald ásamt tilheyrandi lóð o.s.frv.

Það voru á sínum tíma ýmis efnahagsleg rök sem mæltu með því að þessar greinar væru skattlagðar með þessum hætti, með lágri, flatri skattprósentu. Þau rök tel ég vera fyrir hendi enn þann dag í dag og reyndar mætti rökstyðja að eðlilegt væri að hafa þessa skattprósentu nokkru hærri. Ég held að slíkur skattstofn á þessar greinar sé fyllilega eðlilegur með tilliti til þess að það fasteignaverð sem víðast liggur að baki við þennan rekstur er betur tryggt og hefur gjarnan hærra markaðsverð en ýmsar aðrar eignir sambærilegar og svo er það mat margra fróðra manna að ef menn fara út og leita að góðærinu sé helst hægt að finna eitthvað af því í útþenslu þess geira sem hér er til umfjöllunar sérstaklega. Það er kannski það eina gleðilega við útþenslu verslunarbáknsins í landinu á undanförnum árum og missirum að það skilar þó pínulítið auknum tekjum í ríkissjóð í gegnum skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. En um það munar lítið, enda kemur fram í athugasemdum með frv. að í tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir næsta

ár, árið 1988, er gert ráð fyrir að þessi álagning nemi um 210 millj. kr. Að vísu innheimtist hún ekki öll. Það eru áætluð þarna nokkur vanhöld á því. En engu að síður er gert ráð fyrir að þetta skili um 190 millj. kr. að meðtöldu því sem innheimtist af vangreiddum gjöldum fyrri ára.

Það er sem sagt tillaga mín og hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að tvöfalda þennan skatt í 2,2%. Hann ætti þá að skila samkvæmt þessu tæpum 400 millj. kr. á næsta ári og er þá orðinn sambærilegur að stærð við launaskattinn fræga sem ríkisstjórnin ætlar nú að leggja á sjávarútveginn og iðnaðinn og verið var að ræða nokkra stund fyrr á fundinum, herra forseti.

Ég held ég þurfi í sjálfu sér ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð. Það er sérstakt fagnaðarefni að sjá þau sinnaskpti í Sjálfstfl. að þar greiða menn, að því er virðist með glöðu geði, atkvæði með þessari skattheimtu, að framlengja hana. Hugsanlega er stutt í land að þeir fari að taka undir með okkur að hækka þennan skatt eitthvað, upp í t.d. 2 eða 2,2%. Það er auðvitað enn ánægjulegra ef Sjálfstfl. er kominn svo vel á veg og svo gersamlega fallinn frá fyrri andstöðu sinni í þessum efnum að hann samþykkir þessa skattheimtu og fer e.t.v. innan tíðar að styðja að hún verði eitthvað hækkuð.

Herra forseti. Ég held að það sé óþarfi að hafa um þetta fleiri orð. Brtt. er einföld og auðskilin öllum. Frv. sjálft er ekki ýkja stórt þannig að mönnum á ekki að vera neitt að vanbúnaði að greiða um þetta atkvæði. Ég skilaði ekki sérstöku nál. af þeim ástæðum einfaldlega að ég styð skattlagninguna og skrifa þar af leiðandi undir nál. meiri hl., sem mælir með samþykkt frv., en flyt brtt. sem ég hef nú gert grein fyrir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Á þeirri tíð, þegar þessi skattur var lagður á, man ég það gerla að Sjálfstfl. barðist mjög hatramlega gegn honum og urðu hér heitar umræður. Nú er öldin önnur og sjálfstæðismenn eru nú orðnir aðaltalsmenn þess að leggja á skatta. Við sáum nýlega að skattahlutfall af vergum þjóðartekjum er komið upp í 26% með öllum þeim sköttum sem á að leggja á og mun aðeins einu sinni áður hafa verið svo hátt hlutfall af þjóðartekjum, en það var 1982 þegar ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens var við völd. En sá munur var á að nú er eitthvert mesta góðæri sem um getur í sögunni. Það hefur verið hátt verð á okkar útflutningsafurðum, sjávarafurðum. Það hafa verið hagstæð skilyrði að því leyti til að það hefur verið mikill afli, sá mesti í sögunni. Og það hefur verið lágt olíuverð. Allt var þetta með öðrum hætti 1982. Þá voru 26% miklu minni tekjur en er í dag því að miklu minna var þá af að taka.

Það hefur verið sagt að margt smátt geri eitt stórt og við höfum orðið vitni að því að hvert skattafrv. hefur verið lagt fram af öðru, en hefði þó mátt vænta að í þessu góðæri hefði mátt lina á skattlagningu. Hæstv. fjmrh. hefur margoft lýst yfir því að skattakerfið eigi að vera einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Ef það ætti að taka mark á honum hefði átt að leggja samsvarandi skatt á allar atvinnugreinar til einföldunar. En ég er að sjálfsögðu á móti því eins og ég er á móti því að leggja þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Það er makalaust að þessi hugmynd kemur alltaf upp ef menn sjá eitthvað upp úr jörðinni. Hugmyndir manna um skattlagningu virðast aðallega bundnar við að ef þeir sjá eitthvað rísa upp úr jörðinni halda þeir að það sé skattstofn. Það var heppilegt að hér áður fyrr voru bara torfkofar og þeir voru grænir og líktust jörðinni þannig að á þeim tíma voru þeir ekki skattlagðir. En eftir að menn fóru að byggja varanleg hús og úr varanlegum efnum hafa menn komið auga á að þetta var alveg upplagður skattstofn.

Sjálfstfl. hefur nú gengið frá sinni fyrri stefnu í þessu og virðist ganga inn á þá steinrunnu stefnu Alþfl. og fleiri að skattleggja hús. Ég á von á því að þeir eigi eftir að skattleggja t.d. trén, því að þau vaxa líka upp úr jörðinni, og fari að telja tré í görðum hér því að nýlega lögðu þeir skatta á bíla sem sjást líka. Þetta er allt saman gert í mesta góðærinu á landinu. Og þó er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sagt að tryggja eigi eðlilega samkeppni og það eigi að vera sem minnst ríkisafskipti. Allir þessir skattar benda í sömu átt. Þeir benda á það að ríkið vill ná meiru undir sig, þeir sem eru í ríkisstjórn vilja síðan skammta til baka.

Það er sorglegt að vita til þess að Sjálfstfl. hafi gengið svo langt frá fyrri stefnu. En við sem erum nú í Borgarafl. munum halda uppi því merki sem áður var haldið hér af Sjálfstfl. og við munum mæla gegn þessu því að við teljum að þessi skattlagning sé ekki réttlát. Sú stefna sem birtist hér á hverjum degi í frv. hæstv. fjmrh. gengur yfir þjóðina eins og holskefla af illum og vondum lögum.

Það verður gaman á næsta ári að sjá hvernig þeir ætla að taka á málunum þegar búið verður að skattleggja atvinnuvegina þannig að þeir munu sigla í strand í mesta góðæri sem komið hefur yfir þjóðina.

Hér áðan var farið inn á gengismálin og stefnu ríkisstjórnarinnar í því sambandi og hæstv. iðnrh. gaf í skyn að það væri mjög líklegt að gengisfelling væri í vændum þegar þingið væri sent heim.

Ég vona að menn hugsi sig um áður en þeir leggja á þennan skatt, en við í Borgarafl. munum leggjast gegn honum. — Ég hef ekki meira um þetta að segja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27:3 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 27:3 atkv.
Brtt. 344 felld með 24:6 atkv.
6. gr. samþ. með 22:3 atkv.
7.–10. gr. samþ. með 28:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

31. fundur, föstudaginn 18. des., kl. 5 síðdegis.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 3. umr.

Stjfrv., 195. mál. — Þskj. 225.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, GHH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, JBH, JSS, KJóh, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, NL, SJS, SvH, ÞP, ÞÞ, AðB, ÁrnG, JK.

nei: HJ, IBA, ÓÞG, AG.

13 þm. (FÞ, FrS, GeirG, GB, JóhS, JónS, KE, PJ, RA, SighB, SV, AS, BÍG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 365).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 315, n. 355.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Nál. er á þskj. 355.

Þetta mál er komið frá hv. Ed. en þar var bætt við upphaflega frv. nöfnum 13 einstaklinga, bætt við þá 18 sem þar voru. Samtals er því hér um að ræða 31 einstakling sem ríkisborgararétt hlýtur, verði þetta frv. að lögum.

Nefndin hefur athugað frv. og gögn sem því fylgja og leggur einróma til að það verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 358, brtt. 363.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Því miður reyndist brtt. sú sem hér var til umræðu í dag með rangri tilvísun. Nú er tillagan endurskoðuð og orðin í lagi. Meiningin er sú að leigubifreiðar séu fyrnanlegar um 20% og þær verða það að samþykktum texta eins og hér er lagt til.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 363 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:2 atkv. og afgr. til Ed.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 338 (sbr. 228).

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, tollalögum.

Þetta frv. felur í sér að lækka hæstu tolla úr 80% í 30%. Það felur í sér afnám fjölmargra gjalda annarra og með því er að því stefnt að vöruverð á Íslandi standist betur samjöfnuð við vöruverð í viðskiptalöndunum. Úreltar skilgreiningar tollalaga, þar sem daglegar neysluvörur eru flokkaðar sem hátollavörur, eru felldar niður. Af 6000 tollnúmerum bera 5000 engan toll skv. þessu frv. 40 mismunandi tollstig frá 0–80% falla niður. Í staðinn koma sjö jöfn þrep frá 5–30%. Tollar á matvörum eru nær undantekningarlaust felldir niður. Helsta undantekningin er að svo stöddu grænmeti, en áformum hefur verið lýst um að í stað 30% tolls komi sérstakt innflutningsgjald af grænmeti sem verði flokkað eftir grænmetistegundum og breytilegt eftir árstímum þannig að það geri annars vegar að tryggja innlendum grænmetisframleiðendum vernd á þeim árstíma þegar þeirra framleiðsla er á boðstólum en tryggi neytendum sem lægst mögulegt verð á fersku innfluttu grænmeti á öðrum árstímum.

Þá er stigið lokaskref í þá átt að fella með öllu niður tolla á aðföngum íslensks samkeppnis- og útflutningsiðnaðar, tolla á hráefnum, vélum og tækjum. Fjölmargar vörutegundir, sem borið hafa háa tolla og vörugjöld, lækka stórlega í verði. Brenglun vöruverðs, sem tollar og vörugjöld hafa valdið, verður leiðrétt. Fjölmörg dæmi eru um að

heilu vöruflokkarnir lækki í verði um 20–40% og öll mun þessi breyting stuðla að því að verslunin flytjist í auknum mæli inn í landið. Í því efni má t.d. nefna breytingar sem hafa orðið á frv. í meðförum Ed. að því er varðar lækkun ytri tolla og breytta tollmeðferð á svokölluðum ferðamannavörum.

Í grg. með frv. er þessi kerfisbreyting kynnt rækilega í heild sinni þar sem saman fer tollalækkun, samræmt lækkað vörugjald á afmarkaðan gjaldstofn og söluskattsbreyting, gerð grein fyrir áhrifum þess á tekjur ríkissjóðs og á verðmyndun í landinu. Loks er í grg. ítarleg frásögn af þróun tolla og aðflutningsgjalda á Íslandi frá því áður en Íslendingar gengu í Fríverslunarbandalagið, EFTA og gerðu fríverslunarsamning í fyrsta sinn við Efnahagsbandalag Evrópu árið 1973.

Á töflu á bls. 338 í grg. með frv. er rakið hvernig tollar hafa lækkað smám saman á undanförnum árum frá árinu 1975 úr 22% í 11% 1986, en með þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru má ætla að tollhlutfallið verði komið niður í 5% að meðaltali.

Því næst er gerð rækileg grein fyrir því hvaða breytingar þetta frv. hefur í för með sér að því er varðar tollverðlagningu á hráefnum og efnivörum íslensks iðnaðar, vélum, tækjum og varahlutum og hver munur er á annars vegar samningsbundnum tollalækkunum gagnvart EFTA og EBE og þeirri stefnu sem áformað er skv. frv. að fylgja að því er varðar ytri tolla gagnvart innflutningi til Íslands frá þeim viðskiptasvæðum sem við höfum ekki fríverslunarsamninga við.

Þá er að finna í frv. mikinn fróðleik um áhrif nýrrar tollskrár á einstaka vöruflokka og verðmyndun.

Loks er þess að geta að tollþjónustan mun eftir þessa breytingu fá mjög breytt verksvið sem leiðir til þess að þeirri hugmynd hefur verið hreyft að tollþjónustan muni þegar fram líða stundir annast undirbúning, framkvæmd og eftirlit með söluskatti og vörugjöldum og þegar þar að kemur virðisaukaskatti þannig að unnt verði án aukins mannafla í þjónustu ríkisins að tryggja bætta framkvæmd á öllu kerfi tolla, vörugjalda og neysluskatta.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það mætti ætla að þetta væri smámál. Það tók ekki langan tíma að mæla fyrir þessum „litlu“ breytingum sem á að fara að gera á tollalögunum. Ég var ekki alveg viðbúin því að stökkva strax upp í stólinn. En engu að síður. Ég ætlaði raunar ekki að ræða mjög ítarlega þetta frv. sem allt of skamman tíma hefur fengið í umfjöllun þm. eins og svo mörg önnur mál þessa þings. Slíkar athugasemdir fara kannski að hljóma eins og slitin plata en eru óhjákvæmilegar þegar sanngirniskennd manna er daglega misboðið og reyndar oft á dag. Það á ekki síst við um það sérstaka mál sem nú er hér á dagskrá. Engin venjuleg manneskja kemur að slíku máli og sér á augabragði hvaða afleiðingar og hliðarverkanir hér geta orðið. Og það er ekki á nokkurn hátt forsvaranlegt að ætla slíkt þm. sem ekkert hafa séð né heyrt um þetta mál, þær breytingar sem hér á að gera, fyrr en nú fyrir örfáum dögum. Það er líka augljóst að við umfjöllun og skoðun í nefnd hafa menn komið auga á eitt og annað athyglisvert og athugunarvert og meiri hluti, stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar sáu ástæðu til að flytja yfir 40 brtt. við þetta frv. Það sýnir væntanlega best hversu illa undirbúið þetta mál er. Ég er sammála því áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. að þessu máli væri eðlilegast að vísa aftur til hæstv. ríkisstjórnar og henni falið að láta vinna það betur því slík hroðvirkni er illlíðandi.

Það hefur verið upplýst að hæstv. ráðherra naut ráða og aðstoðar ýmissa aðila við endurskoðun tollalaganna svo sem sjálfsagt er og óhjákvæmilegt. Það stingur hins vegar í augu hvaða aðilar eru taldir sjálfsagðir í slíkt verk.

Herra forseti. Er ekki ætlunin að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur þessa umræðu? (**Fjmrh.:** Hann er hér í gættinni.) Velkominn, velkominn.

Já, ég var að orða að það hefði verið upplýst að hæstv. ráðherra hefði notið ráða og aðstoðar ýmissa aðila við endurskoðun þessara tollalaga eins og sjálfsagt og óhjákvæmilegt er. Það stingur hins vegar í augu hvaða aðilar eru taldir sjálfsagðir við það verk. Það eru fulltrúar atvinnurekstursins, iðnreksturs og verslunar, m.ö.o. fulltrúar fyrirtækjanna. Fulltrúar neytenda koma þar hvergi nærri. Það eru eingöngu þeir sem framleiða og selja sem fá að koma sínum sjónarmiðum að við undirbúning málsins. Þeir sem kaupa og þurfa á þjónustunni að halda koma þar hvergi nærri. Samtök neytenda eru því miður veik. Almennt launafólk og almennir neytendur standa höllum fæti gagnvart stjórnvöldum sem ráðskast með efnahagsreikning heimilanna af harla litlu raunsæi á stundum. Maður hlýtur að gagnrýna þá sýndarmennsku sem kemur fram í því að hæstv. ríkisstjórn lætur svo í verkefnalýsingu sinni að hún ætli að bæta hag fjölskyldunnar og setur jafnvel á stofn sérstaka nefnd sem gera skuli tillögur um hvernig það megi verða. Mér virðist augljóst af þeim þingmálum sem hér liggja á borðum, þ.e. um tollalög, vörugjald og söluskatt, að þessi nefnd hafi ekki verið fjarska langt komin í störfum sínum og aldeilis fráleitt að hún hafi verið spurð ráða. Ég bara trúi því ekki.

Í umfjöllun um þetta mál í Ed. lagði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir áherslu á það sjónarmið Kvennalistans að stjórnvöldum bæri að setja markmið réttlætis ofar markmiðum einföldunar og skilvirkni og skal það nú enn áréttað. Hún fjallaði þar í alllöngu máli um manneldismál og þá stefnu manneldis og heilbrigði sem halda mætti að væri hæstv. ríkisstjórn þóknanleg ef marka má starfslýsingu hennar, en þar er farið nokkrum orðum um þau mál á harla jákvæðan hátt.

Í skýrslu heilbr.- og trmrh. um íslenska heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á síðasta þingi, er eðlilega fjallað töluvert um heilbrigði, um heilbrigða lífshætti, og þar ekki síst lögð áhersla á manneldis-

markmið. Þar er talað um að leiðbeina þurfi fólki um fæðuval, leggja áherslu á framleiðslu og framboð hollrar fæðu, ýta með ýmsu móti undir neyslu á kornmeti, fiski, mögru kjöti, kartöflum og grænmeti. Þar er talað um að minnka þurfi neyslu sætinda og matar með miklum sykri með upplýsingastarfsemi og verðstýringu. Manneldisráð hefur sett fram matvælaframleiðslu- og manneldismarkmið og er að vinna að nýjum markmiðum þar sem boðuð eru fyrirmæli um verðlagningu, framleiðslu og þá upplýsingu sem er nauðsynleg til þess að þjóðin snúi sér að heilbrigðara mataræði en nú tíðkast.

Þessu erum við kvennalistakonur ákaflega sammála því hér er ekki einasta um að ræða að efla heilbrigði og styrkja og styðja einstaklinga í því að eiga heilsusamlega og farsæla ævi heldur er hér um ómældan sparnað að ræða fyrir þjóðfélagið. Heilbrigðir og ánægðir einstaklingar eru þjóðfélaginu dýrmætir og raunar ómetanlegir og því fleiri sem heilbrigðis njóta þeim mun betra fyrir þá og fyrir þjóðfélagið. Það eru slík sjónarmið sem því miður virðast ekki ná inn fyrir hljóðmúra fjmrn. og eyrnahlífar fjármálaráðgjafa ríkisstjórnarinnar og ég er satt að segja aldeilis undrandi á því að framsóknarmenn, sem eru ekki margir viðstaddir þessa umræðu, skuli sætta sig við það hvernig tekið er á þessum málum í þeirri ríkisstjórn sem þeir styrkja og styðja því svo mjög hafa einmitt framsóknarmenn, ekki síst konur í Framsfl. og hæstv. heilbrmrh., haldið á loft þessari stefnu, lagt fram um hana sérstök þingmál og hæstv. heilbrmrh. boðað aðgerðir í anda þessarar stefnu.

Við kvennalistakonur hljótum því að höfða til skynsemi og hagsýni hv. alþm. og leita stuðnings þeirra og þá ekki síst stuðnings framsóknarmanna við nokkrar breytingar á þessu frv. ef hæstv. ríkisstjórn fæst ekki til að lagfæra þá smíð. Þær breytingar sem kvennalistakonur vilja gera á þessu frv. eru í fullu samræmi við þau manneldismarkmið sem við styðjum, en þessar breytingar eru fólgnar í því að fella niður tolla á grænmeti en leggja tolla á sykurvörur.

Herra forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að margt fleira má bæta í þessu frv. um breytingar á tollalögunum. Ég er reyndar rétt að byrja að rata um frv. Ég hef veitt því athygli að hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur fallist á þær röksemdir kaupmanna að óskynsamlegt sé að tolla tilteknar vörur, sem nefndarmenn kalla í áliti sínu „ferðamannavörur", og hygg ég að það sé rétt ályktað að söluskattstekjur komi á móti hugsanlegu tolltekjutapi ríkissjóðs. Hins vegar er ég ekki viss um að það markmið náist að færa Glasgow-verslunina inn í landið eins og menn hafa talað um. Ég leyfi mér reyndar að draga það í efa því það er fleira, hæstv. ráðherra, en rakvélar og ryksugur sem dregur menn til Glasgow í magasínin þar. Fólk er þar ekki síst, að því er manni skilst, til þess að fata sig hátt og lágt, allt frá hatti ofan í skó eins og sagt er. Að því er fréttir herma munu þær tollabreytingar sem hér eru lagðar til engu breyta um verð á þeim vörum svo ég hygg að eitthvað fleira þurfi hæstv. ríkisstjórn að gera ef hún vill koma í veg fyrir að menn leiti sér kjarabóta í Glasgow.

En ég vil svo að lokum skýra frá því að í því stutta hléi sem gafst um hádegisbilið hitti ég mann af landsbyggðinni sem kvaðst vera hér á nokkurra daga námskeiði í túlkun á breyttum tollalögum. Það kom vægast sagt óþægilega við mig að menn væru komnir á námskeið í ósamþykktum lögum, enda sagði hann það afleitt og til trafala þegar þm. væru að gera svo breytingar á þessu frv. En þetta er eftir öðru. Hér er allt á síðustu stundu, ekki bara á elleftu stundu heldur alsíðustu stundu, og það er bersýnilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki ætlast til þess að þm. hefðu mikið við verk hennar að athuga hvað þá að þeir færu að breyta þeim. Þetta finnst mér satt að segja til háborinnar skammar og algjör lítilsvirðing við Alþingi og fer að verða erfitt að orða það hvernig manni líður að taka þátt í starfsemi þingsins. Þetta er farið að minna á hálfgerðan sirkus og ég ætla ekki að nefna hver mér finnst vera aðaltrúðurinn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég veit ekki nema að væri rétt að ég beindi þeim tilmælum til virðulegs forseta í upphafi máls míns að hafa á því athugun ef ég kynni að ruglast í ræðu minni og fara að ræða um einhverja aðra skatta eða eitthvert annað mál af því tagi en nákvæmlega er til umræðu á dagskrá núna, að biðja þá virðulegan forseta að gera mér viðvart því það hlýtur að koma að því að hv. þm. fari að ruglast á því hvar þeir eru staddir í skatta-, tolla- og vörugjaldssúpunni og það væri leiðinlegt ef maður færi að halda hér langa ræðustúfa um einhver önnur mál sem annaðhvort ætti eftir að afgreiða eða væri rétt búið að afgreiða. En ég held að við séum að ræða núna frv. til l. um breytingu á tollalögum. Er það ekki rétt, virðulegur forseti? Það er þessi litla bók upp á 340 bls. ef ég man rétt sem var dengt inn í þingið fyrir viku eða svo, tíu dögum hið mesta. Þetta er upp á 340 síður og víða er nú letrið fremur smátt. Kemur það sér að vísu vel að sá sem hér talar hefur góða sjón. En svo smátt er það að ég býst við að ýmsum gengi erfiðlega að lesa það uppréttir í þessum ræðustól nema að beygja sig þá eitthvað niður að bókinni. Og ástæðan er auðvitað einföld. Hún er sú að hér er óhemju magni upplýsinga eða efnisatriða troðið inn í eitt frv., nákvæm sundurliðun á nánast öllum þeim varningi sem hugsast getur í henni veröld og er fskj. eða viðauki við lög um tollamál, svonefnd tollskrá, og hefur lagagildi sem slík. Þetta gefur manni ærin tilefni til að ræða ofurlítið um störf okkar á löggjafarsamkundunni, til hvers við erum þar saman komin og hvert á að vera okkar hlutverk í stjórnkerfi landsins, og það vakna auðvitað ýmsar efasemdir á dögum eins og þessum, sem við lifum nú í starfi þingsins, en þó sennilega sjaldan

eins og í tengslum við meðferðina á þessu tollafrumvarpi í þinginu.

Það gefur auga leið að hv. þm. hafa haft næsta litla möguleika á að setja sig inn í þetta mál eins og skyldi. Ég leyfi mér að fullyrða, án þess að ég ætli með því að særa einn eða neinn, að enginn einasti af þeim 63 mönnum sem sitja á Alþingi hafi lesið þetta gagn spjaldanna í millum. Ég býst við að þeir allra vöskustu hafi náð að fletta því kannski síðu af síðu og skálesa, eins og sagt var hérna í skólanum í gamla daga þegar menn voru orðnir tímalitlir fyrir próf og fóru á hundavaði yfir efnið, þá var það kallað að skálesa, a.m.k. í mínum hópi, og þannig hafi menn gripið niður í plagginu, hlaupið yfir það, en það er einfaldast að viðurkenna, a.m.k. vil ég gera það fyrir mína hönd, að það er langt í frá að ég hafi skoðað þetta eins og vert væri og skylt.

Það getur vel verið að einhverjum þyki með öllu ástæðulaust að gera mikið mál úr því að verið sé að afgreiða nýja tollskrá án þess að menn hafi lesið hana vandlega og kynnt sér hana, en er það tilfellið? Er ekki ástæða til þess fyrir hv. þm., sem eru að setja lög í landinu, að fara ofan í saumana á þessari flokkun og á þeim tollaprósentum sem meiningin er að leggja á einstaka flokka og einstakar vörutegundir? Ég segi jú. Hér er nefnilega verið að setja með lögum ákvæði sem hafa bein áhrif á verð varnings í landinu, bein áhrif á lífskjör almennings, bein áhrif á samkeppnisstöðu atvinnugreina, bein áhrif á möguleika íslensks iðnaðar og svo mætti áfram telja. Það skiptir t.d. býsna miklu máli fyrir iðnað, sem er að vaxa úr grasi eða er að berjast í bökkum eða bönkum á Íslandi í dag, hvort samkeppnisvarningur eða vörur, sem ætla má að keppi að meira eða minna leyti um markaðshlutdeild við þá framleiðslu, lenda í tollflokki 0 og vörugjaldi 0 eða kannski 30 og 17½ eins og mér skilst nú að toppurinn sé á þessu.

Nú eru í gildi ákvæði um tollun á samkeppnisiðnaði og allt það sem við vitum að er misjafnlega mikið mark tekið á, en hitt er alveg ljóst að hér er um ýmsar skyldar vörutegundir að ræða oft og tíðum sem keppa hver við aðra með beinum eða óbeinum hætti og innan t.d. þess stóra hluta varningsins, sem notaður er í landinu, sem einu nafni má kalla matvörur, innan þess málaflokks ríkir samkeppni. Hún þarf ekki endilega að vera spurningin um hvort menn kaupa mismunandi tegund af sömu matvöru undir mismunandi vörumerkjum. Hún getur nefnilega snúist um hvort menn kaupa eina tegund í staðinn fyrir aðra. Ef verðlag á einni mjölvöru er hátt geta menn farið yfir í aðra mjölvöru og jafnvel yfir í allt aðra tegund, yfir í mjólk eða kjöt eða eitthvað annað í staðinn fyrir brauð. Þetta vita menn. Það er hægt að taka svona dæmi utan endis um að þessi flokkun hér og það í hvaða tollflokki varningurinn lendir hefur bein og óbein áhrif með ýmsum hætti á alla stöðu verslunar, alla lífsafkomu almennings, samkeppnisstöðu atvinnugreina o.s.frv.

Þess vegna, herra forseti, tel ég það alvarlegra mál en ýmsir hafa kannski viðurkennt eða samþykkt að þessu frv. er hent inn á þessu stigi málsins og meiningin er að reka það í gegn á örfáum dögum og gera það að lögum. Ég tel það mjög alvarlegt mál vegna þess að þrátt fyrir allt er tollskráin mjög mikilvægt plagg.

Þegar maður reynir að líta í þetta og flettir þessum dálkum eru sitt á hvað tölur um tolla, í dálki A, sem kemur nokkuð oft fyrir, allt frá 0, 5, 10, 15, 20, 30 o.s.frv. Reyni maður svo að skoða innan ýmissa tollflokka hvort það sé eitthvert rökrétt samhengi í því hvaða varningur lendir hvar. Auðvitað býst maður við að finna út úr slíkri yfirferð eitthvert innra rökrétt samhengi um þessa tollflokkun. Ég hef leitað talsvert að slíku, en ég verð að segja að mér gengur alveg bölvanlega, herra forseti, að finna nokkuð slíkt. Það litla sem maður les út úr þessu virðist það margt vera býsna öfugsnúið, t.d. sú árátta þeirra höfunda, sem hér kemur berlega fram, að velja sér allar vörur sem hafa orðið „heimilis" einhvers staðar nálægt sér til sérstakrar meðferðar í sambandi við tolla og reyndar vörugjöld líka sem koma sjálfsagt til umræðu á eftir. Og hvers vegna er það nú svo að þessi vöruflokkur, þar sem orðið „heimili" eða „heimilis" kemur fyrir, verður svona fyrir barðinu á höfundunum? Ég held að ástæðan sé ekki nein mannvonska eða markviss stefna um að skattleggja sérstaklega varning heimilanna. Ég held að ástæðan sé ósköp einfaldlega sú að menn voru ekkert að velta slíkum hlutum fyrir sér. Það var allt annað sem réði því þegar tollflokkun var negld hér niður en slíkt.

Það er mergurinn málsins að mínu mati að það vottar ekki fyrir í þessari flokkun nokkru sem heitir heimilisstefna eða fjölskyldustefna. Hvar er fjölskyldustefna hæstv. ríkisstjórnar ef lesa ætti hana út úr þessu tollafrumvarpi? Ég er hræddur um að hún þætti harla skrýtin ef menn tækju sig til og færu í gegnum þetta frv. með það fyrir augum að finna hvernig fjölskyldustefna hæstv. ríkisstjórnar, sem hv. þm. Karvel Pálmason styður svona öðru hverju að hluta, er í þessu tollafrumvarpi. Þá yrði eftirtektjan skrýtin. Ég er nefnilega ansi hræddur um að t.d. þessi mikla árátta til að tolla og skattleggja heimilisvörur þætti skjóta nokkuð skökku við fögur fyrirheit í stjórnarsamningi ríkisstjórnarinnar.

Annar flokkur, þ.e. matvaran, veldur manni nokkru hugarangri þegar maður ætlar að lesa út úr flokkuninni manneldisstefnu hæstv. ríkisstjórnar, manneldisstefnuna sem nú er mjög í tísku og Landssamband framsóknarkvenna ku hafa alveg sérstakan áhuga á eins og upplýst var fyrr í umræðunni. Hvar er manneldisstefna hæstv. ríkisstjórnar eins og hún birtist í þessu tollafrumvarpi? Kannski kemur hæstv. fjmrh. upp á eftir og svarar okkur þessu eða hæstv. heilbr.- og trmrh. Það ætti að koma mál við hann hvernig með þessa flokkun er farið. Jú, ætli megi ekki draga manneldisstefnuna saman í nokkur orð, herra forseti, og segja sem svo að hún felist aðallega í því að skattleggja og tolla hollustuvörur en lækka verð á sykri, sælgæti og gosdrykkjum og öðru slíku.

(Gripið fram í.) Hann hækkar nú ekki mikið, hv. þm. Einhverjum hefði nú þótt ástæða til að hafa sykur í hæsta tollflokki, en svo ku ekki vera.

Nei, það er alveg ljóst að allt slíkt rökrænt samhengi, sem byggir á einhverri stefnumörkun, vantar. Það er ekki fyrir hendi í plagginu. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh., af því það kom ekki fram í hans agnarlitlu framsöguræðu: Hvaðan er þetta tollfrumvarp komið, hvaðan er það ættað, hverjir eru foreldrarnir? Það læðist að manni sá lúmski grunur við lestur plaggsins að hér sé um næstum því að segja hráa þýðingu að ræða á einhverju erlendu plaggi. Það getur vel verið að það komi fram að höfundarétturinn sé virtur einhvers staðar í fskj. eða grg. Ég hef ekki lesið hana nægjanlega vel til að ganga úr skugga um það til að þora að fullyrða að það komi ekki einhvers staðar fram, en ekki fann ég það við fljótan yfirlestur. Þó er mikið nefnt hér EFTA og EBE og væri svo sem ekki ólíklegt að farið hefði verið í smiðju þangað og einhverjir pappírar af því taginu þýddir yfir á íslenska tungu. Ástæðan fyrir því að mér þykir það mjög sennileg tilgáta að hér sé um þýðingu að ræða er m.a. sú að hér eru svo myndarlega sundurliðuð ákvæði um tolla ef skyldi koma til innflutnings á ýmsum varningi sem ekki hefur verið daglegur hér á Íslandi, svo sem eins og skriðdrekar og kjarnakljúfar og ótalmörg alls konar vopn, næstum því að segja öll þau morðtól sem nöfnum tjáir að nefna. (Gripið fram í.) Jahá, það er nefnilega það. Þar af leiðandi er það væntanlega svo að hér er um einhvers konar staðlaða skrá að ræða sem menn hafa svo tekið sig til og hent niður í einhverjum tollaflokkum eða tollaprósentum af handahófi að því er virðist. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt og skynsamlegt að hafa í íslensku tollskránni skýr ákvæði um innflutning á skriðdrekum og kjarnakljúfum og það má svo sem standa þar mín vegna þó að ég telji að það hefði verið allt í lagi að íslenska ríkið léti það koma fram, m.a. með því að neita að taka slík ákvæði upp í sína tollskrá, að það stæði ekki til að standa í innflutningi á slíkum vörum til Íslands.

En hvað um það. Þetta rennir að mínu mati allt stoðum undir að hér sé á ferðinni einhver aðsend stöðluð erlend skrá sem hafi verið þýdd yfir á íslensku. Þýðingin hefur sjálfsagt tekist þokkalega, ég er ekki að efa það, en tollflokkunin er væntanlega íslensk eða hvað og það er væntanlega manneldis-, heimilis- og fjölskyldustefna hæstv. ríkisstjórnar sem birtist í tollflokkuninni. Eða ætlar hæstv. ríkisstjórn líka að afneita því? Ber kannski að skilja það svo að líka tollprósenturnar séu fengnar að láni einhvers staðar utan úr heimi?

Ég tel alveg nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. útskýri þetta fyrir deildinni. Nú er þetta mál til meðferðar í seinni þingdeild og hún hefur ekki marga sólarhringa til að starfa, þessi þingdeild. Hér sitja þó ⅔ hlutar þm. Ég tel ekki ganga annað en að hæstv. fjmrh. greiði fyrir umræðunni eins og hann getur með því að koma með þær upplýsingar sem hann er beðinn um með þessum hætti. Ég vona að hæstv. ráðh. hafi tekið niður þessar athugasemdir og upplýsi okkur um hvernig þessum málum er háttað, hvaðan þessi tollskrá er ættuð, í hvaða samhengi hún er við okkar alþjóðlegu skuldbindingar gagnvart Fríverslunarbandalagi og samstarfi okkar við Efnahagsbandalag og aðra, hvort það er t.d. af þeim sökum talið nauðsynlegt að hafa ítarleg ákvæði um innflutning á kjarnakljúfum og skriðdrekum í skránni, byssum og öðrum slíkum morðtólum eða hvort það er einfaldlega vegna þess að menn nenntu ekki að vera að skera út úr skránni það sem var í henni fyrir þegar hún var sett í þýðingu.

Það er að mínu mati mjög mikilvægt að það sé tryggt, þegar sett eru ný tollalög í landinu, að farið hafi verið yfir þau eins rækilega og kostur er með tilliti til þess að þau séu í sem bestu samræmi við okkar þarfir og okkar hagsmuni á sviði framleiðsluiðnaðar í landinu. Ég held að það sé þegar til kastanna kemur e.t.v. stærsta málið sem að verulegu leyti er til lykta ráðið þegar ákvæði um tollskrá eða tolla og vörugjöld eru sett niður hvernig á þeim málum er haldið með tilliti til samkeppnisstöðu og möguleika íslensks framleiðsluiðnaðar. Við höfum á Íslandi horft upp á iðngreinar vaxa og við höfum horft upp á iðngreinar deyja. Það er t.d. ekki langt síðan húsgagnaiðnaður var í mínu kjördæmi mjög stór atvinnugrein og veitti hundruðum manna atvinnu, jafnvel á Akureyri einni. Nú hafa menn horft upp á það á seinni árum að þessi iðngrein hefur dalað og næstum að segja liðið undir lok, a.m.k. í þeirri mynd sem hún var hér áður með myndarlegri framleiðslustarfsemi. Menn skulu ekki halda að það séu hlutir sem ekki þarf að hafa augun á að staða, grundvöllur slíkra atvinnugreina getur oft verið veikari en margan grunar. Þar má stundum minna út af bera en menn halda til þess að illa fari.

Þarna finnst mér að ýmislegt skorti á. A.m.k. virðist mér við þá fljótaskrift sem þetta mál hefur fengið á hinu háa Alþingi að það hafi ekki fyrir sitt leyti fengið tíma til að ganga úr skugga um það svo sem skylt væri að fara yfir þetta dæmi. Nú er það að vísu svo að þær fréttir hafa borist Alþingi utan úr bæ að ákveðinn hluti heildarsamtaka atvinnulífsins eða aðila vinnumarkaðarins, eins og það er stundum orðað, hafi fengið að koma nálægt samningu plaggsins og það eru stórkaupmenn og Kaupmannasamtökin, Verslunarráð og Félag ísl. iðnrekenda. Það kemur fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. að þessir aðilar hafi haft þrjár vikur til að skoða frv. utan þings áður en það kom inn á borð Alþingis. Það er sem sagt væntanlega þannig að stórkaupmenn hafa haft jafnmargar vikur og hv. Nd. á að fá sólarhringa til að skoða þetta mál áður en það er gert að lögum. En þó að ég hafi talað mikið um iðnaðinn og nauðsyn þess að það sé tryggt þegar tollastefnan er mörkuð að hagsmuna hans, hins innlenda framleiðsluiðnaðar, sé gætt eins og kostur er við mörkun tolla- og vörugjaldsstefnunnar, þá eru fleiri aðilar sem eiga mikið í húfi. Þar eru til að

mynda samtök neytenda og samtök launamanna. Hefði ekki verið eðlilegt að þeir aðilar hefðu a.m.k. haft jafnlangan tíma stórkaupmönnunum og iðnrekendum til að fara yfir tollskrá? Það kemur ekkert fram um það að svo mikið sem við þá hafi verið talað annað en það, sem er upplýst í nál. minni hl., að þessir aðilar hafi ekki fengið tækifæri til að koma að málinu fyrr en fulltrúar stjórnarandstöðunnar kölluðu þá til viðtals í fundi fjh.- og viðskn. Ed. Þessi vinnubrögð eru ámælisverð ekki síst vegna þess að sá hæstv. ráðh. sem hér mælir fyrir þessu frv. er formaður Alþfl. — með stórum staf. Svona fellur nú hæstv. ráðh., formaður Alþfl., á prófinu gagnvart því að gæta hagsmuna alþýðunnar, neytendanna. Eða er það ekki rétt, hæstv. fjmrh., sem fram kemur í þskj. 310? Er þar ekki rétt frá sagt fundum fjh.- og viðskn. að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsambands bænda og reyndar Sambands ísl. samvinnufélaga líka hafi í fyrsta sinn séð tollskrána eða komist til þess að láta álit sitt í ljós á fundum fjh.- og viðskn. þangað kallaðir af stjórnarandstöðunni? Ég tel rétt að hæstv. ráðh. upplýsi það á eftir, svari því eða staðfesti hvort það sé ekki rétt. Ég sé Neytendasamtökin hvergi nefnd og ef það er svo að m.a.s. fjh.- og viðskn. Ed. hafi ekki kallað þau til, hvað þá að þau hafi komið nálægt plagginu á fyrri stigum, þá tel ég alveg óhjákvæmilegt að Nd. sjái þá til þess að samtök neytenda í landinu fái að líta á plaggið — eða er það svo að þeim sem eiga að kaupa allan varninginn komi þetta ekkert við, það sé bara nóg að þeir sem eiga að selja hann séu ánægðir, þá megi einu gilda? Það er nefnilega að mörgu að hyggja þegar verið er að breyta ákvæðum í jafnviðfeðmum málaflokki og allur vöruinnflutningur til landsins er.

Ég óttast mjög að það sé slík fljótaskrift á þessu að það muni koma í ljós, og það er reyndar þegar farið að koma í ljós, að urmull af vitleysum og augljósri rangsleitni sé í þessu frv. 40 brtt. hv. þm. stjórnarliðsins í Ed. benda til þess að það þurfi ekki langan lestur, menn þurfi ekki lengi að skoða þetta til að finna ýmislegt sem betur má fara — eða hvað? Það er ekki á hverjum degi sem fullburðugt stjfrv. birtist og nokkrum dögum seinna eru komnar fram við það 40 brtt.

Herra forseti. Það væri hægt að flytja mjög langt mál um það efnisinnihald sem frv. felur í sér. Ég verð þó að segja alveg eins og er og játa það í fullri hreinskilni og tel mig ekki mann að minni þó ég geri það að ég hef ekki enn náð að kynna mér frv. svo vel að ég treysti mér til að fara út í ítarlega og nákvæma efnisyfirferð á því. Ég held að ég hljóti því að geyma þann hlutann að verulegu leyti til 2. umr. Ég vona að mér gefist eitthvert tóm til þess á nefndarfundum í fjh.- og viðskn. að lesa plaggið efnislega og fara yfir það. Ég sat í hv. þingnefndum á síðasta kjörtímabili með hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáni Valgeirssyni og sá hv. þm. hafði eina skynsamlega reglu sem nefndarformaður. Hann neitaði að afgreiða frá sér frv. nema hafa lesið þau í gegn. Það var vinnuregla hv. þm. og fyrrv. nefndarformanns að afgreiða aldrei út úr sínum nefndum frv. nema þau hefðu verið lesin í gegn. (**Fjmrh.:** Las hann þau upphátt.) Frá orði til orðs upphátt að öllum nm. viðstöddum. Með þessum hv. þm. fór undirritaður, sá sem hér stendur, í gegnum marga þykka lagabálka, eins og siglingalög og sjómannalög, (**Gripið fram í:** Og búvörulög.) búvörulög og ýmislegt fleira gott. Það kom í ljós ævinlega þegar það var farið í gegnum frumvarpsbálkana frá orði til orðs, og þetta kannast margir hv. þm. við sem minnast þessara ánægjulegu stunda með brosi, að þetta skilaði árangri. Þessi vinnuregla hv. þm. leiddi án undantekninga, leyfi ég mér að fullyrða, til þess að það komu í ljós ýmsir brestir, ýmislegt sem þurfti að lagfæra, og ég tel þennan hv. þm. mann að meiri fyrir að láta aldrei undan með þessa vinnureglu sína.

Ég hef þá tilfinningu að hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson gæti ýmislegt af þessum fyrrv. flokksbróður sínum lært. Og hvernig færi nú með afgreiðslu málsins, hæstv. fjmrh., ef formaður fjh.- og viðskn. Nd. héti ekki Páll Pétursson heldur Stefán Valgeirsson og setti hnefann sinn aldinn í borðið og segði: Nei takk, þetta frv. fer ekki út úr minni nefnd fyrr en það hefur verið lesið í gegn? Þá væri mál að huga að starfi nefndarinnar um miðjan febrúar, trúi ég, herra forseti. Og ég er alveg viss um það, jafnnákvæmlega sannfærður um það og ég var þegar við vorum búnir að ljúka yfirferð siglingalaganna, sjómannalaganna, laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum o.s.frv., að eftir slíka yfirferð hefði fjöldamargt komið í ljós sem nauðsynlegt væri að breyta í þessu frv. Þannig á auðvitað að vinna málin og hv. Alþingi má ekki endalaust niðurlægja sjálft sig með því að vanda ekki nógu vel sín vinnubrögð. Auðvitað horfir öll þjóðin upp á það, þegar Alþingi er á tíu eða tólf dögum að afgreiða 340 blaðsíðna frv., að þar er kastað til höndunum. Menn gera sér grein fyrir því að það er hroðvirkni að senda slíkt plagg frá sér eftir svo stutta athugun. Það er eiginlega tæplega nóg að hæstv. ráðh. hafi beðist afsökunar einhvers staðar í fjölmiðlum og ef ég man rétt líka í þessum ræðustóli á þessari framkomu við þingið. Það þarf eiginlega meira til. Það er að vísu virðingarvert af hæstv. ráðh. að viðurkenna að það er ámælisvert að standa svona að hlutunum, en það er samt ekki nógu gott.

Ég vona, virðulegi forseti, að þær vangaveltur sem ég tel mér óhjákvæmilegt að hafa um málsmeðferðina vegna þess hvað frv. er stórt og málið er mikið og tengist þingræðinu og stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu, hvernig þessa hluti ber að, teljist vera innan ramma dagskrármálsins, að fjalla um það m.a. með þessum hætti. Ef ekki, þá væri nauðsynlegt að eiga einhvern tíma á þessum sólarhringum orðaskipti um þingsköp. Það hefur hvarflað að þeim sem hér talar alloft á undanförnum sólarhringum að einn lærdóm ættu menn að draga af þessum dögum nú fyrir jólaleyfi. Hann er sá að

forustumenn um þingstarfið ættu að taka sér tíma til að hittast í jólaleyfinu og ræða þá stöðu sem hér er komin upp og ekki bara að tala um að tryggja að þetta komi ekki fyrir aftur heldur líka með það í huga að reyna að gera eitthvað í málinu. Ég á þá m.a. við það að breyta lögum um þingsköp Alþingis, sem reyndar var breytt síðast fyrir tveimur árum eða þremur og tryggja hreinlega með ákvæðum í þingsköpum að svona lagað sé ekki hægt — líka vegna ríkisstjórnanna, ekki bara vegna þingsins, líka til þess að venja þingbundnar ríkisstjórnir í þingræðislandi á að koma ekki svona fram við löggjafarsamkomuna, líka til þess því það er alveg greinilegt í hvaða far sækir með vinnubrögðin að þessu leyti. Og þó að maður sé svo góðviljaður hæstv. ríkisstjórnum að maður ætli þeim ekki að gera það viljandi að leggja málin svona seint fram, þó maður sé það, þó því sé ekki að neita að það læðist stundum að manni sá grunur að þetta sé orðin „taktík" eins og það heitir núna og menn úr knattspyrnuheiminum kannast líka vel við það orð, „taktík". (Gripið fram í.) Leikaðferð, þakka, ákveðin leikaðferð að koma svo seint fram með málin að það sé í raun og veru hægt að keyra þau í gegnum þingið meira og minna ólesin og óathuguð. Hvort sem heldur er, og ég vil auðvitað trúa því fyrrnefnda, að þetta sé nú slysni, aulaskapur, skortur á verkstjórn en ekki eitthvað annað verra, þá er öllum fyrir bestu að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað. Og ég hefði talið að það væri lágmark að setja þá reglu að fyrir 20. nóv. á hverju hausti skuli öll þau frv. sem ríkisstjórnin ætlar að gera að lögum fyrir áramót vera komin inn í þingið og það þurfi tvöfaldan eða þrefaldan meiri hluta þingmanna til að samþykkja afbrigði frá slíkri reglu. Og ég tala nú ekki um ósköpin ef frv. eru af þessari stærðargráðu. Það væri hugsanlegt að hafa undanþágur hvað varðaði framlengingu laga, gildistímabreytingar o.s.frv., en þegar heilum lagabálkum á að snúa á haus upp á fleiri hundruð blaðsíður hugsanlega og gera það á örfáum sólarhringum er það ekki orðið neitt þingræði. Það er ekki orðin nein löggjafarsamkoma í reynd sem lætur bjóða sér það, ég tala nú ekki um ár eftir ár, að fara svoleiðis með sig. Þegar Alþingi Íslendinga er með þeim hætti breytt í einhvers konar færiband eða stimpil fyrir framkvæmdarvaldið, sem á í raun og veru enga skoðun að hafa á málunum, á bara að reka þau í gegn, á bara að stimpla þau, er illa farið fyrir þessari elstu löggjafarsamkomu heimsins sem er líklega a.m.k. jafngömul færeyska lögþinginu og getur þar af leiðandi með rétti kallað sig elstu löggjafarsamkomu heimsins eða aðra af tveimur elstu.

Nei, herra forseti. Þetta mál vekur vissulega upp ýmsar spurningar og eru menn þó mörgu vanir og ekki öllu góðu hér. Ég vona að hæstv. forseti íhugi mál mitt og komi því á framfæri í hópi forseta þingsins að í jólaleyfi verði tækifærið notað og skotið á fundi forustumanna þingsins og e.t.v. formanna þingflokka ásamt með skrifstofustjóra og öðrum starfsmönnum og það verði rætt í fullri hreinskilni hvort nú sé ekki bakkafullt og barmafullt fatið, nú sé ekki óhjákvæmilegt að taka þessi mál til skoðunar í fullri alvöru.

Herra forseti. Það er eitt atriði sem fullyrt er að felist í þessu frv., ein stefna sem með fullri vitund á að vera falin í tollflokkun frv. Það er hugmyndin um að flytja verslunina inn í landið, að innleiða Glasgow-verðið á Íslandi. Það ku vera leyndardómurinn á bak við þá ráðstöfun sem birtist hins vegar almenningi sem alveg sérstök tollalækkun á ýmiss konar lúxusvarningi og ýmiss konar smávörum sem ekki verður talið í hópi brýnustu lífsnauðsynja, eins og ýmiss konar rafmagnstækja og jafnvel rakvéla sem ræðumaður telur ekki í hópi brýnustu nauðsynja eins og sjá má. En þetta er rökstutt með því að það eigi að flytja verslunina inn í landið og koma á Glasgow-verði á Íslandi. Ég leyfi mér að draga í efa að þessar æfingar í tollamálum breyti óskaplega miklu um það. Ég leyfi mér að draga í efa að íslenska verslunin muni að þessum tolla- og vörugjaldsbreytingum fengnum bjóða upp á Glasgow-verð.

Eins og einhver nefndi áðan mun ekki meiningin að frv. breyti neinu um verðlagningu á fötum. Samt er það svo að ekki síst hafa menn farið til Glasgow að sögn til að fata sig upp. Þar ku vera hægt að kaupa hin ágætustu jakkaföt fyrir andvirði einna buxna á Íslandi. Og ætli þetta breytist þá mikið? Nei, það breytist ekki neitt. Ég held að þeir menn sem taka svona stórt upp í sig með vilja sinn til að bjóða upp á Glasgow-verð heima á Íslandi ættu þá að vera sjálfum sér samkvæmir og taka verslunina í landinu til skoðunar í heild sinni. Og ætli það sé nú ekki eitthvað fleira sem þarf að gera til þess að hægt sé að bjóða almenningi á Íslandi upp á Glasgow-verð? Það er ég hræddur um. Úr því ekki er hægt að bjóða upp á Glasgow-verð á fötum, af hverju ætti þá frekar að vera hægt að bjóða upp á það á ýmsum öðrum sviðum?

Ég held að það sé alveg ljóst að verslunin í landinu er svo útþanin og dýr að hún er ófær um það af innri orsökum að bjóða upp á Glasgow-verð. Skyldi það ekki vera álagningin í þessum verslunarbúðum öllum, sem selja ekkert að ráði af varningi nema nokkra daga fyrir hver jól, sem er aðalþrándur í götu þess að hér sé þetta margnefnda Glasgow-verð? Ég verð að segja að mér finnast þessi rök harla léttvæg, harla veik þegar þeim er teflt gegn öllum hinum sjónarmiðunum, sem sagt þeim, sem ég var að rekja í upphafi máls míns, að reyna að stýra neyslunni inn á hollar vörur, að reyna að sjá til þess að nauðsynjavarningur heimilanna sé sanngjarnt verðlagður og reyna að draga einhver mörk milli þess sem teljast lífsnauðsynjar og annarra hluta sem ekki eru eins nauðsynlegir. Það er algjör uppgjöf í þessu tollafrv. hvað þessa þætti varðar.

Sú hugsun sem stuðst hefur verið við í þessum efnum um áratuga skeið í íslenskri tollalöggjöf er þurrkuð út úr frv. með öllu. Varaliturinn er jafnrétthár brauðinu rétt eins og menn éti bara varalit og geti lifað á honum dögum saman, enda

birtist skopmynd í einu dagblaðanna þar sem húsbóndinn sat við borðið og bað um meiri rakspíra út á varalitsstöppuna eða eitthvað svoleiðis sem hann ætlaði að fara að borða. Það er von að menn gantist með þetta með þeim hætti.

Hér hef ég fyrir framan mig ljósrit úr grg. með tollskrá 1973. Þar er verið að fjalla um að það sé eðlilegt að reyna að líta á heimilisvörur, heimilistæki sem daglegar nauðsynjavörur, því verði ekki lengur haldið fram að algengustu heimilistæki séu munaðarvara og því sé skynsamlegt að taka tillit til þess í tollaákvæðum. En nú er sem sagt horfið frá þessu öllu. — Er, virðulegi forseti, hæstv. fjmrh. langt í burtu? (**HBl:** Hann er í ræðustól í Ed.) Ég heyrði *ekki þessi ummæli, enda hefur maðurinn ekki* málfrelsi í deildinni.

Virðulegi forseti. Það væri æskilegt að fá um þetta upplýsingar. Ég geri ekki kröfur um að hæstv. fjmrh. sé dreginn úr ræðustól ef hann skyldi vera þar staddur, en það er óþægilegt að halda lengi áfram þessari umræðu ef hæstv. ráðh. getur ekki verið viðstaddur og það þyrfti að reyna að samræma störf deildanna þannig að ekki væru á dagskrá samtímis *báðum megin mál sem hæstv. fjmrh.* þarf nauðsynlega að vera viðstaddur og taka þátt í. (**ÁrnG:** Hann er í ræðustól í Ed.) (Gripið fram í.) Ef hæstv. iðnrh. vill taka til máls í umræðunum veit ég að það yrði öllum fagnaðarefni. Nú sé ég að hæstv. ráðh. hefur lokið við að skrifa utan á öll sín jólakort og er farinn að lesa Morgunblaðið. Þá er væntanlega stutt í að hann geti gefið sér tíma til að fylgjast hér með eins og aðrir og jafnvel að undirbúa sig undir að taka þátt í umræðum. Það var rætt nokkuð um samkeppnisstöðu iðnaðarins og þau áhrif sem tollabreytingar gætu haft á stöðu iðnaðarins í landinu. Það er þá væntanlega fagnaðarefni að hæstv. ráðh. er nú farinn að taka svo eftir umræðunni að hann telur mig ekki lengur vera að tala um dagskrárefnið eða atriði sem eiga erindi við hæstv. fjmrh. (**Iðnrh.:** Ég sagði eingöngu að hv. ræðumaður hefði ekki tekið eftir fjarveru ráðherra fyrr en hann fékk boð frá *Borgarafl. um það af því að hann var að tala um efni* sem ráðherra þurfti ekkert að hlusta á.) Ég tel, herra forseti, að þetta innlegg hæstv. iðnrh. hafi verið svo mikilvægt að það sé nauðsynlegt að halda því til haga, þó án þess að það verði tekið af ræðutíma hæstv. iðnrh. Ég vil endilega að hann eigi eftir hér eins margar umferðir og hann getur. En hæstv. ráðherra er nú vel vaknaður *til lífsins* og búinn að loka jólaútgáfu Morgunblaðsins og ber að fagna því öllu og fer þá væntanlega að styttast í að hann biðji um orðið úr því að honum liggur ýmislegt á hjarta.

Hæstv. forseti hefur ekki gert athugasemdir við mín ræðuhöld og talið mig væntanlega þar með halda mig innan dagskrárrammans þannig að ég held að áhyggjur hæstv. iðnrh. séu óþarfar að þessu leyti. Það er ég sem ræð því hvenær í máli mínu ég kem að hlutum sem ég ætla að spyrja hæstv. fjmrh. að og hvenær ekki. Það er ekki hæstv. iðnrh. að fjarstýra mínum efnistökum úr sæti sínu. (**Iðnrh.:** Ég veit að hv. ræðumaður tekur boð frá öðrum.) Það er heldur ekki ástæða fyrir hæstv. iðnrh. að hafa af því miklar áhyggjur þó að menn sendi skilaboð sín á milli, enda er það algengt. Það kemur fyrir að menn vantar einhver gögn og þeir biðja aðra um að koma þeim áleiðis til sín í ræðustól eftir að þeir hefja mál sitt (**Iðnrh.:** Það er þessi viðurkenning sem rétt er að fá fram.) og hlýtur að vera til bóta að geta þannig flýtt fyrir umræðum, þurfa ekki að gera hlé á máli sínu t.d. til að sækja sér gögn í sæti eða eitthvað annað. (**Iðnrh.:** Hárrétt.) Ég veit að hæstv. iðnrh. er *svo þingvanur maður að hann áttar sig á þessu, enda* gæti hugsast að hann hefði einhvern tíma fyrr á þingferli sínum tekið þátt í slíku. Það er alveg mögulegt. (**ÓÞÞ:** Hvaða mál er á dagskrá, forseti?) Eftir því sem best er vitað er á dagskrá, hv. þm. Vestf., frv. til l. um breytingar á tollalögum. Og vill ekki hv. þm. setja sig og fylgjast svolítið með umræðum úr því að hann er í svona góðu skapi? (Gripið fram í.) Það er gott.

Herra forseti. Ég vona að innan tíðar komi að því að hæstv. fjmrh. gangi í salinn, en úr því að hæstv. iðnrh. er hér og er svo skemmtilegur er varla verjandi að gera meiri kröfur en þær að hafa hans návist.

Ég ætla þá aðeins að ræða betur um iðnaðinn. Þegar hæstv. ráðherra er búinn að ljúka fundi sínum með hv. 2. þm. Norðurl. e., sem er reyndar í Ed., ætla ég að fá athygli ráðherrans. Ég ætla að spyrja hæstv. iðnrh. *um hvernig þeirri skoðun frv. hafi* verið háttað sem á að tryggja það og hlýtur að hafa farið fram, annað getur ekki verið, að staða innlendra framleiðslugreina verði sem sterkust innan ramma þess sem á okkar valdi er að gera með ákvörðunum í sambandi við tolla og vörugjöld. Nú kinkar hæstv. ráðherra ákaft kolli og ég tek það til marks um að hann hafi skilið spurninguna, hann hafi náð þessu og muni svara og það gleður mig stórlega.

Það mætti t.d. spyrja hæstv. iðnrh.: Hvers vegna eru tæki sem virðast við fyrstu sýn vera svo náskyld, eins og til að mynda leiktækja- og fjárhættuspilaútbúnaður og áhöld til að fremja töfrabrögð og sjónhverfingar, felld úr 80% tolli niður í 0, (**Iðnrh.:** Þetta eru hjálpartæki hæstv. fjmrh.) en þau tæki sem yfirleitt þarf að nota með þessum aðföngum, sjónvörp og myndbandstæki og eru algeng heimilistæki, eru sett í 30% toll? Eru einhverjar iðnaðarástæður fyrir þessu eða er þetta heimilisstefna hæstv. ríkisstjórnar? Þá auðvitað vísar hæstv. iðnrh. á félmrh. eða heilbr.- og trmrh. og við fáum þau hingað í salinn til að svara þessum þætti. Ef þetta er ekki iðnaðarstefna er þetta eitthvað annað því að einhver rök hljóta að vera fyrir þessu.

Það er allt fullt af svona hlutum, herra forseti, sem vekja athygli við yfirferð frv. Það vekur t.d. athygli að reiknivélar, símar og fjarritar og ljósritunarvélar og ýmislegt fleira slíkt eru felld úr 35–50% tollum og niður í 0 og vörugjaldið úr 20–30% niður í 0, en heimilistæki fá ekki sömu meðferð. Sem sagt:

heimilin eru í einhvers konar öðrum flokki hvað svona hluti varðar.

Svo sé ég í ágætu plaggi sem ég hef að rakvélar og hárklippur fyrir heimili beri bæði toll og vörugjald skv. þessum frv., en sams konar áhöld fyrir rollur séu undanþegin gjöldum. Það er margt slíkt sem maður veltir fyrir sér. Út af fyrir sig er nauðsynlegt að geta rúið rollur, en það er líka mjög nauðsynlegt að slík heimilisáhöld séu á sanngjörnu verði. Þetta er e.t.v. iðnaðarstefna. Það er hugsanlegt. Og þá svarar hæstv. ráðherra því. En hugsanlega er líka skýringin sú að það eigi að rýja heimili með öðrum hætti en með klippum sem notaðar eru á rollurnar og hæstv. ríkisstjórn telji sig þegar hafa í höndunum tæki til að rýja heimilin og það rækilega. Það vitum við og hæstv. ríkisstjórn kann til þess aðferðirnar og er að beita þeim, sem sé með skattlagningu á lífsnauðsynjar almennings.

Þetta mál, herra forseti, verður ekki slitið úr samhengi við þau fjölmörgu skattafrv. og breytingar aðrar sem hæstv. ríkisstjórn er að keyra hér á með góðu eða illu. Þó að það felist e.t.v. ekki í þessum hluta málsins stórkostlegar skattlagningar er ljóst að ýmsar nauðsynjavörur hækka í verði þó að sagt sé að aðrar lækki á móti. Reyndar hef ég efasemdir um að þetta vegi upp hvað annað á sanngjarnan hátt, a.m.k. hjá þeim hluta almennings og heimilanna í landinu sem lægst hafa launin. Mér sýnist því miður að hin almenna tilhneiging sé að hækka ýmsar nauðsynjavörur heimilanna en lækka ýmislegt annað óþarfara. Það gerir sig eins og gengur að slíkt bitnar fyrst og fremst á þeim sem hæstum hlut tekna sinna eyða í daglegar neysluvörur. Og þetta vitum við. Með þetta í huga er eðlilegt að menn horfi til annarra skatta sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja á. Hvernig kemur þetta til með að koma út hjá almenningi í heild sinni? Við höfum um það upplýsingar að hér sé verið að munda til skattlagningar upp á 8–10 millj. kr. í heild sinni og stór hluti af þeim sköttum eru neysluskattar sem bitna þungt á öllum almenningi. Það er þeim mun verra, herra forseti, sem það er haft í huga hvað mikið er hér á ferðinni í einu að eiga að taka afstöðu til þess og hafa skoðun á þessu máli á fáeinum sólarhringum.

Nú hef ég kannski að margra manna mati dregið sterkt upp dökku hliðarnar í meðferð þessa máls og það er rétt. Ég hef aðallega farið yfir það sem mér finnst vera rangt og finnst ekki vera í lagi. Þá ætla ég að segja á móti að auðvitað er endurskoðun tollskrárinnar mjög brýnt og þarft verk og ég held að þar sé stefnt í alveg rétta átt að einfalda og lækka tolla og samræma flokka eftir því sem kostur er. En tilgangur af því tagi helgar ekki meðalið. Tilgangur af því tagi, sem út af fyrir sig getur verið góðra gjalda verður og þarfur, þýðir ekki að menn eigi að samþykkja og kyngja hverju sem er. Hann þýðir ekki að það sé hægt að kasta til höndunum við verkið. Endurskoðun tollskrár er ekki áhlaupaverk. Það er ekki verk sem menn langar til að standa í einu sinni á ári — eða á að leggja það á Gutenberg og skóga heimsins að prenta svona bækur á hverju einasta ári? Ég tel það ekki gáfulegt. Ég held að sé miklu betra að reyna að gefa sér tíma til þess að vanda verkið og ná um það sæmilegu samkomulagi og hafa einhverja rökhugsun að baki þeim breytingum sem menn eru að fara út í. Ég leyfi mér að taka svo djúpt í árinni, herra forseti, að það sé ekki vottur af rökhugsun á bak við frv. og jafnvel þau rök, sem helst eru nefnd til, að flytja verslunina aftur inn í landið og innleiða Glasgow-verð, eru haldlítil að mínu mati. Ég sé ekki að Kringlan verði fljótari að borga sig, að álagningin þurfi að verða eitthvað minni þar þó að þessar breytingar verði. Þvert á móti held ég að menn hafi átt að snúa sér fyrr að öðrum hlutum ef þeir ætluðu að koma á einhverju skikkanlegu vöruverði eins og tíðkast í nálægum löndum.

Ég fer senn að ljúka máli mínu, forseti, enda kom þetta mál inn til þessarar deildar á þessum sólarhring og við hv. þm. Nd. höfum haft í nógu öðru að snúast en lesa þau þingmál sem útbýtt hefur verið í Ed. undanfarna daga. Það segir sig því nokkuð sjálft að þegar mál koma frá Ed. til Nd. þessa sólarhringa er við því að búast að þm. deildarinnar hafi ekki haft mikinn tíma til að fara nákvæmlega ofan í saumana á þeim. Svo er um þetta mál. Ég tel því alveg nauðsynlegt að eftir þá umræðu sem hér fer fram, 1. umr., og eftir þau svör sem hæstv. ráðherrar ættu einu sinni að hafa vit á að gefa við þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar til að greiða fyrir umræðunni í staðinn fyrir að þráast við og þumbast eins og oft hefur orðið reyndin á undanfarna daga, þá taki fjh.- og viðskn. sér a.m.k. tvo sólarhringa til að skoða málið eða 2–3 sólarhringa. Auðvitað þyrfti það að vera miklu meira, hv. þm. En ef það er í alvöru meiningin að halda því til streitu að afgreiða þessa hluti fyrir jól er varla um mikið meiri tíma að ræða. Það sýnir mönnum þó við hvað við búum. 2. umr. geti því ekki undir neinum kringumstæðum farið fram hér um þetta mál fyrr en komið er fram í næstu viku og hún er stutt, sú vika, eins og við vitum, hæstv. forseti.

Ég bar upp nokkrar spurningar, bæði til hæstv. fjmrh. og einnig til hæstv. iðnrh., og ég vona að hæstv. fjmrh. svari t.d. til um aðdraganda málsins, hvaðan pappírinn er ættaður, hvort Neytendasamtökin voru kölluð að málinu, hvort verkalýðshreyfingin og samtök af þeim kantinum komu ekki neitt nálægt málinu fyrr en í fjh.- og viðskn., hvort þetta er allt saman rétt, og hæstv. iðnrh. segi okkur eitthvað frá því hvernig sjónarmiðum iðnaðarins og hagsmuna iðnaðarins var til haga haldið við undirbúning verksins. Það er mjög nauðsynlegt að fá það fram.

Ég teldi líka, virðulegur forseti, ef umræðan skyldi halda áfram á kvöldfundi, æskilegt að sjá til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh. væru viðstaddir, annars vegar til að svara nokkru til um hollustustefnuna, heilbrigðisstefnuna, manneldisstefnuna sem felst í frv. og hins vegar til að ræða

þau félagslegu sjónarmið sem hljóta að eiga að vera til staðar þegar lögð er niður tollskrá sem hefur jafnmikil áhrif á lífskjör og starfsskilyrði fólks og atvinnulífs í landinu. Í trausti þess að þetta verði, að fyrir þessu verði öllu séð og hæstv. ráðherrar hafi vitkast svo af reynslu undanfarinna daga að þeir reyni ekki að þumbast og víkja sér undan því að svara því sem fyrir þá er lagt heldur geri það skýrt og skilmerkilega, þeir þurfa yfirleitt ekki langt mál til þess ef þeir eru sæmilega skýrmæltir og vel máli farnir og hafa reiður á sínum pappírum og hafa skrifað samviskulega niður spurningar, þá á það að geta verið fljótlegt að svara. Það greiðir fyrir. Það er alveg ljóst. Það er miklu fljótlegra en að valda óánægju og kalla jafnvel yfir sig umræður um þingsköp og deilur um málsmeðferð sem hljóta að leiða af því. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að gera sér grein fyrir því. Hún er að bjóða Alþingi Íslendinga upp á meira en kannski nokkurn tíma áður hefur verið gert. Í þeirri stöðu ættu ráðherrar að leggja sig fram um það að reyna að starfa sem best með þinginu.

Ég segi líka, virðulegur forseti, að mér finnst mæting stjórnarliða í þingsali síðustu sólarhringa vera fyrir neðan allar hellur. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Það skeður aftur og aftur í atkvæðagreiðslum að það þarf að bíða lengi, lengi eftir að ná fram afbrigðum, jafnvel við brtt. sem stjórnarliðið sjálft er á síðustu stundu að bjarga sér í horn með. Ef ekki væri hér stjórnarandstaðan til að hjálpa slíku í gegn væri fundarfall lon og don. Úr því að stjórnarandstöðuþm. eru hér við störf sólarhringinn út og sólarhringinn inn síðustu dagana fyrir jólahátíðina geta stjórnarþm. verið það einnig. Þeir þurfa ekki frekar að vera að kaupa sínar jólagjafir eða hvað það nú er sem þeir eru að gera en þm. stjórnarandstöðu. Þeir hafa sömu lögbundnu skyldur til að taka þátt í þingstörfum. Ég segi það alveg eins og er, forseti, að það verður erfitt að una því mikið lengur, til að mynda ef það á að funda hér langt fram eftir kvöldi, að hér séu í salnum eingöngu stjórnarandstæðingar og svo einn og tveir ráðherrar á gægjum í dyrum sem eiga þau mál sem til umræðu eru. Þá held ég að það væri betur ráðið að fresta fundi og taka það til rækilegrar umfjöllunar í þingflokkum stjórnarliðsins hvort menn hafa einhvern áhuga á að störfunum miði með eðlilegum hætti eða ekki, hvort það sé bara mál stjórnarandstöðunnar að menn sinni sínum lögbundnu skyldum á þinginu. Ég tek það fram að hv. þm. Eggert Haukdal er sérstaklega undanskilinn, sömuleiðis hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og auðvitað nokkrir fleiri sem sjást hér við og við því það er ekki rétt að skamma þá fáu sem þó eru viðstaddir frekar en prestarnir eiga að hella sér yfir þá sem mæta í messu.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum orðum á framfæri vegna þessa og boða það hér með að ég er orðinn vægast sagt harla óánægður með frammistöðu ýmissa aðila í þessum efnum og ég tel að það hjálpi ekki til, það greiði ekki götu þess að þingið geti lokið störfum á skikkanlegum tíma og lokið öllum þeim verkefnum sem nauðsynlegt er talið eða því er ætlað að gera. Menn ættu að gera sér grein fyrir því nú þegar komið er föstudagskvöld að það þarf að halda vel á spöðunum ef því takmarki á að ná.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Nú vantar klukkuna tíu mínútur í sjö og tveir hv. þm. eru á mælendaskrá. Ætlunin var að halda þessum fundi fram til kl. sjö og síðan fresta honum, ef umræðu væri ekki lokið, til kl. 8.30 ella boða til nýs fundar þá. Ég vil taka það fram út af orðum síðasta hv. ræðumanns að beiðni hans til hæstv. ráðherra verður komið á framfæri og einnig að það mun verða haft samband við formenn þingflokka út af öðrum ummælum hans um mætingu á fundinum.

Hv. 2. þm. Vestf. tekur nú til máls, en ég vil fara þess á leit við hann, hafi hann ekki lokið máli sínu kl. sjö, að hann sé þá undir það búinn að gera hlé á máli sínu og fresta því til framhaldsfundar kl. 8.30.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um breytingar á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, tollalögum, og það er vissulega rétt metið hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er þarft verk að lesa þetta yfir, en jafnframt vitað að það muni vera nokkuð tafsamt.

Tollalög eru fyrst og fremst lögð á í tvennum tilgangi. Annars vegar til að afla ríkissjóði tekna og hins vegar til verndar innlendri atvinnustarfsemi. Vegna þess að við erum aðilar að Fríverslunarbandalagi Evrópu er komið svo fyrir okkur að við höfum ekki frjálsar hendur gagnvart mjög fjölmennum og háþróuðum ríkjum að vernda okkar iðnað sem skyldi. Þetta hefur komið niður á mörgu sem búið var að setja af stað hér á landi og hefur orðið til að stuðla að að mínu viti innflutningi á vörum sem við hefðum getað framleitt sjálfir.

Það er dálítið sérkennilegt t.d. ef þetta er skoðað hvaða stöðu innlendur matvælaiðnaður, ef við víkjum að brauðgerð og þeim hlutum, er kominn í. Bakarar eru lögvernduð stétt að íslenskum lögum. Það getur ekki hver sem er farið af stað og bakað hér brauð. Aftur á móti er ekkert sem virðist koma í veg fyrir að til landsins séu flutt brauð bökuð af mönnum sem ekki hafa til þess réttindi þannig að löggjafinn er í sjálfu sér kominn í mótsögn við eigin hugmyndir um hvernig standa beri að því að tryggja að hér innan lands séu á boðstólum góð matvæli úr kornvöru.

Hitt er þó öllu alvarlegra varðandi þetta atriði að til þess að erlendir aðilar geti flutt korn og brauðvöru til landsins og selt það hér í verslunum þurfa þeir að setja rotvarnarefni saman við vöruna. Þeir þurfa sem sagt að setja rotvarnarefni saman við brauðið. Ég er ekki að segja að þetta sé sams konar rotvarnarefni og notað er í múmíurnar í Egyptalandi, en hins vegar er mér ljóst að svo mikið magn

mætti vera af þessum rotvarnarefnum að það væri hægt að horfa á vöruna óskemmda um áratuga skeið. Og það er einmitt það sem gerist. Það er verið að setja rotvarnarefni í þessa vöru og hún stendur mánuðum saman í verslunum, breytist ekkert og menn trúa því að þetta sé nánast nýbökuð vara sem þarna er á ferðinni.

Mig undrar það satt best að segja að við látum þetta afskiptalaust og persónulega er ég þeirrar skoðunar að í þessum blessuðum tollalögum ætti að vera kafli sem hljóðaði svo, að það væri 100% tollur á brauði og kökum þar sem rotvarnarefni væru í þeim, hreinn verndartollur fyrir íslenska bakarastétt. Svo yrðu hinir að sanna hvernig gæti staðið á því að þessi vara, sem þeir væru að flytja inn, skemmdist ekki væri hún geymd mánaðartíma, tvo mánuði eða þrjá mánuði í verslunum. Skýringin er ekki nema ein. Það eru notuð rotvarnarefni saman við.

Öðru atriði ætla ég að víkja að sem sækir á minn huga þegar ég skoða þá tollskrá sem hér liggur fyrir og það er hvort sá mismunur sem er á tolli eftir því hvort við eigum viðskipti við Efnahagsbandalagið eða Fríverslunarbandalagið annars vegar eða önnur lönd hins vegar leiði e.t.v. til þess að íslenska þjóðin geri ekki jafnhagstæð innkaup og hún gæti gert ef jafnvægi væri á milli.

Nú er það svo að útflutningur okkar á vörum til Bandaríkjanna og Rússlands slagar hátt upp í að vera um helmingur af vöruútflutningi okkar að verðmæti. Þessar þjóðir þurfa báðar að búa við mun óhagstæðari tolla vilji þær flytja vörur inn til Íslands en ef þær eru fluttar frá Efnahagsbandalaginu eða frá Fríverslunarbandalagi Evrópu. Þegar það gerist svo á sama tíma að það verður þó nokkurt verðfall á gjaldmiðli erlends ríkis, í þessu tilfelli Bandaríkjanna, og gerir það þess vegna mun fýsilegra en ella að efla þaðan viðskipti hlýtur það að verða miklu meiri alvara einmitt nú á þessum dögum hér í þinginu að meta hvort við séum e.t.v. með tollalöggjöfinni að framkvæma hluti sem gera ekkert í þá veru að jafna það viðskiptalega séð að það verði jafnhagstætt að flytja vöru frá Bandaríkjunum til Íslands og væri að flytja hana frá Evrópu til Íslands. Ég tel að þessi þjóð hafi ekki efni á að kaupa vöru á hærra verði frá Evrópu þegar hún hefði þörf fyrir og gæti fengið ef tollalöggjöfin stuðlaði að því með eðlilegum hætti að bestu viðskiptakjör yrðu látin ráða.

Hitt er einnig athyglisvert þegar þetta er metið hvort það sé hugsanlegt, og til þess hef ég að sjálfsögðu engin gögn undir höndum til að meta, að í þessari tollskrá, ef samþykkt verður, og það væri sanngjarnt að fá svör við því frá hæstv. fjmrh., séu vöruflokkar sem skynsamlegt væri að flytja fyrst frá Ameríku til Evrópu og þaðan til Íslands vegna þess að tollskráin mundi þá, um leið og varan væri flutt frá Evrópu hingað, ekki gera ráð fyrir neinum tollum af henni, en væri e.t.v. með það háa tolla ef hún væri flutt frá Bandaríkjunum og hingað að það væri hagstætt af þeirri ástæðu.

Ég tel að það sé ákaflega erfitt að ætlast til þess að Alþingi Íslendinga afgreiði lög sem þessi á örfáum dögum. Vafalaust mun því haldið á loft að það standi þannig á að það sé ekki um annað að ræða, tollalögin hafi komið svo seint fram og allt það. Hitt er svo aftur á móti spurning hvort það sé einhver tilviljun eða hvort það hafi viljandi verið þannig að verki staðið að draga að leggja þetta fram þannig að þetta væri sem stystan tíma í umræðu hér vegna þess að vissulega hefur það áhrif á verslun í landinu hvað er að gerast í þessum efnum. Þegar berast fréttir af því að sumar búðir auglýsa lækkun á sinni vöru og öðrum verslunum gengur ekkert að selja, e.t.v. vegna þeirrar breytingar sem væntanleg er í tollalöggjöfinni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að reyna á þolinmæði forseta og mun að sjálfsögðu gera hlé á máli mínu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ætla að víkja að þeim atriðum í nokkrum dæmum í tollskránni þar sem verulegur munur hlýtur að verða á því hvort menn eiga viðskipti við Efnahagsbandalag Evrópu eða hvort menn eiga viðskipti við lönd þar fyrir utan og þá m.a. Ameríku. Sá er galli á gjöf Njarðar að þetta plagg er ákaflega óaðgengilegt og miklar klásúlur framan í því þar sem vísað er á undantekningar frá því að ákveðnar reglur gildi. Mér verður nú hugsað til þess að í dag gerðist það, þegar frv. kom frá fjh.- og viðskn., að hæstv. forseti þurfti að tala nánast lagatextann verðandi af munni fram til að leiðrétta villur í þskj. Verði mikið af villum í þessu þskj. er það tafsamt verk fyrir hvaða forseta sem er að flytja þær leiðréttingar munnlega úr ræðustól. En við skulum vona að það sé aðeins í þeim smærri málum sem þeim verða á mistök í ráðuneytinu, en þegar þeir glími við hin stærri og vandasamari sé hér allt í lagi.

En mjög víða er þannig í þessu frv. að það er enginn tollur á vöru ef hún er frá Fríverslunarbandalaginu eða Evrópu en 15% tollur ef hún er frá Ameríku, Rússlandi, Japan eða öðrum löndum sem eru fyrir utan þessi samtök. Sums staðar er þessi verðmunur meiri, 20% og þaðan af hærri.

Ég vakti athygli á því fyrr í ræðu minni í kvöld að það er hugsanlegt að undir sumum kringumstæðum geti það gerst að það sé hagkvæmt að flytja vöruna fyrst til Evrópu og þaðan til Íslands og auðvitað væri það alveg fráleit tollalöggjöf ef það fengi staðist að slíkt gæti verið hagkvæmt. Nú er það svo að við höfum hér, almennir þm., engin gögn undir höndum til að átta okkur á því hvort svo er eða ekki þar sem tollasamningar Efnahagsbandalagsins við önnur ríki liggja að sjálfsögðu ekki fyrir hér til aflestrar. (Gripið fram í.) Já, við höfum vafalaust möguleika á því undir mörgum kringumstæðum, en ég er nú ekki viss þó að reglurnar séu þessar, hv. þm., nema það sé undir mörgum kringumstæðum hægt að fara í kringum það og þó nokkuð mun vera um það í löndum sem hafa farið af stað nokkuð seint með sína

iðnaðarvöru að menn hafi smíðað eftirlíkingar og sagt var einu sinni um Japan að þeir hefðu líka skipt um staði til að auðvelda að koma vörum á markað.

En það sem ég ætlaði að minnast á í lokin varðandi þær breytingar sem hér er verið að gera og ég tel að horfi til bóta er það að ýmis vara sem áður var ekki föl fyrir þá sem ekki ferðuðust til útlanda nema á mjög háu verði vegna tolla lækkar í verði og skapar þannig meira jafnvægi milli þeirra þegna sem búa hér að staðaldri og hinna sem eru erlendis eða fara í ferðalög erlendis. Ég ætla að nefna sem gamanmál út af þessu, af því að ég sé að einn ágætur maður hristir höfuðið yfir þessu, að það er sagt að Íslendingur hafi farið með garðsláttuvél í gegnum tollinn í Keflavík frá Ameríku einfaldlega vegna þess að kaupverð hennar var það lágt og það var fullkomlega löglegt að koma með hana inn í landið á þennan hátt, en hins vegar hefði hún kostað verulega upphæð ef hann hefði keypt hana hér út úr búð. Vissulega er söluskattur til staðar. Það er dálítið annað mál.

En ég ætla að bæta því við þessa umræðu og undirstrika það alveg sérstaklega að mér finnst óeðlilegt, þegar jafnviðamikið frv. er á ferðinni og það sem hér er lagt fram, ef fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, gefur sér ekki tíma til að vinna í málinu. Ég kalla það ekki að hún gefi sér tíma til að vinna í málinu ef svona mál fer út úr nefndinni á einum eða tveimur dögum. Hér er meira lesmál en svo og miðað við þau frv., sem hér hafa komið í gegn undirbúin í fjmrn. og nefndin hefur breytt, finnst mér mjög ólíklegt að það sé svo nákvæm vinna á þessu frv. að slíkur yfirlestur og slík vinna séu ekki nauðsynleg áður en þetta er lögfest.

Ég hef ekki hugsað mér, herra forseti, að hafa langt mál, hef aftur á móti gert grein fyrir því að mér finnst að vissar stéttir verði fyrir ómaklegri aðför með þessum breytingum, og á þar m.a. við bakarana, og lagði fram ákveðna hugmynd í minni ræðu um hvernig hugsanlegt væri að breyta tollalögum á þann hátt að veita þeim vissa vernd miðað við það sem gerist ef þetta er samþykkt óbreytt. Þar gat ég um það að í þeim kökum og brauðum sem flutt eru til landsins er rotvarnarefni til þess að koma í veg fyrir að þessi vara skemmist. Þetta er alþekkt varðandi brauð og þau mygla þá ekki. En auðvitað er þar ekki um jafnholla vöru að ræða og ef þau væru án slíkra efna og ég tel það ekki samræmi í löggjöf á Íslandi annars vegar að viðhafa lög um réttindi og skyldur iðnaðarmanna og hleypa svo á þá vöruflokkum inn í landið sem enginn getur fylgst með eða kannað hvort unnir eru af fagmönnum og jafnframt er vitað að geta ekki uppfyllt sömu hollustukröfur vegna þess að geymslumöguleikar væru þá ekki til staðar.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Í upphafi, til upplýsingar fyrir hv. 2. þm. Vestf., er kannski rétt að geta þess að við innflutning ber að geta uppruna vöru þannig að þó að einhver ákveðinn framleiðandi kaupi við skulum segja fataefni frá Kóreu og flytji það til Englands og framleiði þar úr því skyrtur ber engu að síður að geta uppruna efnisins og ekki er hægt að tolla það undir EFTA-skilmálum. Auðvitað eru reyndar til misheiðarlegir framleiðendur en þeir eru sem betur fer fáir og kemst yfirleitt alltaf upp um þá.

Hitt er líka rétt hjá honum að staðir hafa verið skírðir upp til að komast inn á markað. Það þekkja kannski margir dæmið um það þegar Japanar vildu komast inn á eldspýtnamarkaðinn og skírðu litla eyju Svíþjóð þannig að þeir gætu sett á sína eldspýtustokka „Made in Sweden", þannig að þetta er allt til staðar.

Frv. sem er til umræðu, frv. til laga um breytingu á tollalögum frá 30. mars 1987, er að mörgu leyti hið besta mál. Hér er á ferðinni langþráð breyting og um leið leiðrétting á úr sér gengnum tollalögum sem allir er að innflutningi standa og eitthvað koma nálægt tollskýrslugerð, þar með talið starfsfólk tollstjóraembættis, hljóta að fagna alveg sérstaklega. Má segja að hér sé verið að stíga eitt skrefið enn til hagræðingar við innflutning. Ég segi eitt skrefið enn vegna þess að stórt skref var einnig stigið þegar ákvörðun um afnám bankastimplunar var tekin. En því miður var það skref ekki tekið nema til hálfs þar sem hinn almenni innflytjandi á varla möguleika á því að nýta sér þann kost við innflutning á vöru.

Ég tel reyndar, herra forseti, að það væri ekki óeðlilegt að viðskrh. væri hér í salnum þegar bankamál eru til umræðu. Ég treysti því hins vegar að samráðherrann, hæstv. fjmrh., svari þá fyrir hans hönd.

Að vísu skipta tollayfirvöld sér ekki lengur af því hvort aðflutningsgjöld eru bankastimpluð eða ekki, þ.e. hvort búið sé að greiða vöruna í banka áður en til tollmeðferðar kemur. Að þeim punkti og ekki lengra nær hið nýfengna „frelsi", þar sem gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands virðist framfylgja reglugerð frá árinu 1979 þar sem óheimilt er að leysa inn vörur án þess að hafa greitt þær eða sett tryggingu fyrir greiðslu áður. Áður en hið svokallaða afnám bankastimplunar kom til sögunnar varð innflytjandi að framvísa bankastimpluðum aðflutningsskjölum svo að tollmeðferð og afhending vöru gæti farið fram.

Og hverju munar nú afnám bankastimplunar fyrir innflytjanda? Nú fer sami innflytjandinn með sín skjöl óbankastimpluð til tollmeðferðar og fær vöruna tollafgreidda, en þar með er ekki sagan öll því að nú hvílir refsivöndur gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands yfir honum. Greiði hann ekki vöruna svo að segja samdægurs á hann yfir höfði sér að vera settur út af sakramentinu, þ.e. á svartan lista, og að öll gjaldeyrissala verði stöðvuð til viðkomandi. Þannig má segja að afnám bankastimplunar breyti aðeins því að í staðinn fyrir að fara í banka og greiða vöruna fyrir tollafgreiðslu er farið í bankann og varan greidd eftir tollafgreiðslu. Fyrir innflytjendur sem undir slíka meðferð falla var betur heima setið

en af stað farið hvað afnám bankastimplunar varðar. Þar af leiðandi nýtast hagstæðir samningar sem innflytjandi getur náð við erlenda umboðsaðila sína ekki sem skyldi vegna fyrrnefndrar reglugerðar sem hlýtur hreinlega að hafa gleymst að taka tillit til þegar ákvörðun um afnám bankastimplunar var tekin.

Eins og ég var að segja nýtast ekki hagstæðir samningar við erlenda umboðsaðila né heldur hæfileikar innflytjandans til samningagerðar. Þetta þýðir í mörgum tilfellum að innflytjandinn verður að leita á náðir innlendra lánastofnana til að fjármagna innflutning sinn þegar hann hefði í raun átt að hafa möguleika á að nýta sér áunninn greiðslufrest frá umboðsaðila sínum. Á tímum fastgengisstefnu þýðir þetta verulegt tap vegna verðlagsþróunar innan lands þar sem allt verðlag fýkur upp á við á meðan gengið helst stöðugt eða jafnvel stórlækkar eins og dollarinn undanfarið.

Nei, innflytjandi verður að nota sér innlendar lánastofnanir með þeim afarkjörum sem allir þekkja. Og hver borgar svo þegar upp er staðið? Það er að sjálfsögðu neytandinn sem borgar. Það er á honum sem allt bitnar og kemur fram í hækkandi vöruverði og minnkandi kaupmætti.

Ég hvet því hæstv. viðskrh. til að gjóa nú augunum í áttina að innflutningsversluninni með það fyrir augum að leiðrétta það misræmi sem nú er hvað snertir óbankastimplaða aðflutningspappíra og leyfðan greiðslufrest.

Þá ber að geta þess að aðrar reglur gilda fyrir samkeppnisiðnaðinn í landinu og ber að fagna því að ráðamenn skynji nauðsyn þess að veita iðnaðinum einhverja vernd og aðstoð, en það verður þó að gera án þess að misbjóða öðrum aðilum með því að verða þess valdandi að hagstæðustu verðsamningar náist ekki, samningar sem þjóðin öll mundi njóta góðs af í lækkuðu vöruverði.

Fagna ber í meginatriðum þeim breytingum sem nú er verið að boða á tollalögum og tolltöxtum og þá sérstaklega samræmingu tollskrárinnar við það fyrirkomulag sem ríkjandi er innan Evrópubandalagsins og Norðurlandanna. Þetta mun m.a. hafa það í för með sér að deilumálum innflytjenda og tollyfirvalda um tollflokkun vara mun fækka verulega.

Þá er vert að fagna því að nú getur innflytjandi fengið reikninga frá erlendum umbjóðanda sínum tollmerkta að utan og treyst á að sömu tollnúmer gildi hérlendis. Þetta er til mikillar hagræðingar bæði fyrir innflytjandann og tollyfirvöld.

Eitt stærsta sporið sem stigið er með frv. er að sjálfsögðu lækkun hárra tolla og um leið afnám vörugjalds á hátollavöru sem mun leiða til allt að 50% lækkunar á vöruverði á þeim vörum sem hæstu gjöldin hafa borið. Afleiðingin verður vonandi sú að verslun með þær vörur færist að mestu leyti inn í landið þar sem hér er mikið til um þær vörur að ræða er landinn gjarnan kaupir erlendis vegna hinna háu aðflutningsgjalda hérlendis. Allar efasemdaraddir um að lækkun aðflutningsgjalda skili sér ekki í lækkuðu vöruverði hjá kaupmönnum eru fullyrðingar sem eru gripnar úr lausu lofti eins og tíminn mun leiða í ljós. Engu að síður hefur verðlagsstjóri lýst því yfir að hann og embætti hans muni fylgjast grannt með framvindu mála og gera reglulegar verðkannanir kaupmönnum til aðhalds og neytendum til góðs.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Borgaraflokksins í hv. Ed. lögðu fram brtt. við frv. Þær tillögur voru m.a. um það að fella niður tolla af kornvöru, þ.e. hinum geysivinsæla morgunverði barnanna, corn flakes, einnig um niðurfellingu tolla af neyðarblysum og neyðartöskum, svokölluðum first aid-töskum sem öll heimili í landinu ættu að eiga. Á slíka tillögu var ekki hlustað hvað sem segja má um aðrar brtt. þeirra. Og ég verð að segja það eins og er að í mínum huga er alveg sama hvaðan gott kemur svo framarlega sem það kemur. En hér inni á hinu háa Alþingi er frekar samþykkt það sem verra er ef það aðeins kemur úr réttri átt og er það í mínum huga til skammar og viðgengst slíkur hugsunarháttur hvergi annars staðar í þjóðfélaginu. Ég mun því ekki eyða tíma Alþingis í að endurflytja þessar brtt. en áskil mér þó allan rétt til þess að flytja þær eða aðrar brtt. á síðari stigum þessa máls.

Í Morgunblaðinu fimmtudaginn 10. des. sl., nánar tiltekið í viðskiptablaði Morgunblaðsins, segir í fyrirsögn að hér hafi átt sér stað erfið fæðing en barnið sé hins vegar efnilegt. Yfirljósmóðir við þessa mjög svo erfiðu fæðingu var hæstv. yfirráðherra Sjálfstfl., Víglundur Þorsteinsson, eins og hv. þm. Svavar Gestsson kallaði hann og sjálfsagt er rétt. Í umræddri grein kemur fram að iðnrekendur hafa skotið líflínu til ríkisstjórnarinnar, línu sem var nógu sterk til að draga hina þrjá sundurleitu stjórnarflokka að landi. En það er ekki allt sem sýnist því að öllu líklegra er að iðnrekendur hafi þarna verið að skjóta líflínu til bjargar eigin skinni eins og svo glögglega má sjá þegar tollskráin er skoðuð þar sem greinilega kemur í ljós að hlutur iðnrekenda er langt frá því að vera fyrir borð borinn.

Almenningur í landinu má vissulega ekki gleyma því í jólakveðjum sínum til iðnrekenda að þakka þeim nú kærlega fyrir 25% söluskatt í stað 22% söluskatts eins og áformað var þar til þeir skutu út líflínunni títtnefndu því það var fyrir orð iðnrekenda sem ákveðið var að söluskatturinn skyldi standa óbreyttur eða í 25% í staðinn fyrir 22%. Í staðinn voru upprunalegar hugmyndir um vörugjald á iðnaðarvörur og ýmsar aðrar vörur dregnar til baka. Var þetta m.a. gert með þeim rökum iðnrekenda að kaupmönnum væri hvort eð er ekki treystandi til að lækka vöruverð sitt um þrjú prósentustig. Ég segi eins og er að það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir kaupmenn, það álit sem iðnrekendur láta þannig í ljós á þeim.

Hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson og hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson hafa báðir komið þessum skoðunum á framfæri við fjölmiðla og væri því fróðlegt að heyra álit þeirra á því hvort þeir telji

meiri líkur til þess að kaupmenn lækki vöruverð þegar virðisaukaskatturinn verður tekinn upp um áramótin 1988–1989, en þá stendur víst til að hann verði einhverjum prósentustigum lægri en söluskattsprósentan 1988 þó að mín spá sé sú að hann verði síst lægri þegar til kastanna kemur, þó ekki væri nema vegna þeirra raka sem þeir beita nú, blessaðir ráðherrarnir, að kaupmönnum sé hvort eð er ekki treystandi til að lækka vöruverð í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Eða hvað getur breytt svo mikið áliti ráðherranna á kaupmönnum á einu ári að þeir ættu allt í einu að fara að taka upp á því að treysta þeim?

Nei, af minni reynslu af kaupmönnum er hér ódrengilega að þeim vegið og reyndar úr hörðustu átt. Nóg er að kaupmönnum vegið þó að ekki bætist æðstu menn viðskipta og fjármála í landinu í þann hóp og væru þeir menn að meiri ef þeir bæðu kaupmannastéttina velvirðingar á ummælum sínum og drægju þau til baka.

Það var einnig að tillögu iðnrekenda sem vörugjald var fellt niður af ýmsum glys- og glingurvarningi en sett á sælgæti, gosdrykki og tæki til heimilisnota í staðinn. Ég get alveg samþykkt vörugjaldið á gos og sælgæti en af hverju á tæki til heimilisnota? Það get ég ekki samþykkt. Heimilin eiga sem sagt að vera nógu góð til að greiða tolla og/eða vörugjöld af t.d. steyptum baðkörum, vöskum, ýmsum hreinlætistækjum, salernisskálum, þvottavélum, kæliskápum og ýmsum nauðsynjavörum á meðan steyptar hellur, múrsteinar og þess háttar er tollfrjálst. Skyldi þetta vera tilviljun, hæstv. fjmrh.?

Þá má benda á það misræmi sem fram kemur í tollskránni milli fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar þar sem fram kemur að flest nauðsynlegustu tæki til reksturs skrifstofu eru tollfrjáls með öllu og skal ég nefna nokkur dæmi:

Áprentuð umslög og bréfsefni lækka úr 50% tolli og 30% vörugjaldi í 0%. Reiknivélarúllur lækka úr 35% tolli og 24% vörugjaldi í 0%. Skjalakassar og skrifstofubúnaður lækkar úr 80% tolli og 24% vörugjaldi í 0%. Ritvélar lækka úr 35% tolli og 24% vörugjaldi í 0%. Fjölritunarvélar lækka úr 35% tolli og 24% vörugjaldi í 0%. Símar, telex og telefax lækka úr 40% tolli og 30% vörugjaldi í 0%. Ljósritunarborð lækka úr 50% tolli og 24% vörugjaldi í 0%. Ritvélaborðar lækka úr 80% tolli og 30% vörugjaldi í 0%. Þarna er um gríðarlegar lækkanir að ræða og ég tel að þarna hefði mátt fara bil beggja og fella niður tolla og vörugjald af ýmsum vörum sem nauðsynlegar eru heimilum og halda í staðinn eftir einhverri tollheimtu af áðurnefndum vörum sem aðallega eru til afnota í fyrirtækjum.

Ég fyrir mitt leyti sem innflytjandi allt að því að ég settist hér inn á þing gæti vel fallist á að greiða einhver aðflutningsgjöld af ofangreindum vörum ef það mætti verða til þess að tollar af vörum til heimila lækkuðu á móti. Talandi um misræmi er ekki úr vegi að benda á að smokkar eru samkvæmt tollskránni tollfrjálsir en snuð og túttur, sem eru í sama kafla, eru hins vegar tollað. Ekki er ég þar með að draga úr nauðsyn þess að verði á smokkum sé haldið niðri nú á dögum hins alræmda sjúkdóms alnæmis en get þó ekki stillt mig um að benda á þetta ósamræmi innan sama kaflans í tollskránni og vænti þess að ráðamenn hugi nú að framtíð Íslands, m.a. með því að fella niður öll aðflutningsgjöld af snuðum og túttum fyrir blessuð börnin.

Þá eru gjöld af tækjum til töfrabragða og sjónhverfinga felld niður og er það væntanlega gert með tilliti til sparnaðar í ríkisrekstrinum þar sem ljóst er að ráðamenn muni þurfa mikið á slíkum tækjum að halda á næstunni. Einnig eru nú tollfrjálsir ýmsir kostulegir hlutir eins og t.d. múlasnar, búnaður fyrir járnbrautir og sporbrautir, geimför, skotvagnar fyrir geimför og margir aðrir kostulegir hlutir og opnast nú greinilega ýmsir möguleikar fyrir fríska innflytjendur. Og ekki má gleyma sjónaukum sem nú eru tollfrjálsir, hvort heldur þeir eru fyrir bæði augun eða annað og er reyndar furðulegt að slíkt sé ekki nefnt einnig hvað varðar vasaklúta, hvort þeir eru fyrir aðra nösina eða báðar.

Hæstv. forseti. Ég vil fara fram á það við hv. fjh.- og viðskn. að þegar hún fer yfir frv. athugi hún möguleikana á því hvort ekki megi, þar sem gert er ráð fyrir að innheimta vörugjald af vöru sem stendur í 0% A-tolli, fella vörugjaldið niður og taka þess í stað upp samsvarandi tollun. Bæði er þetta til hagræðis þar sem því færri sem vörugjaldsflokkarnir eru, því betra.

Það er hins vegar skoðun mín að fella eigi algerlega niður innheimtu vörugjalds. Þeim tekjum sem því er ætlað að skapa má hins vegar afla með venjubundinni tollun, annaðhvort á sömu tollnúmer eða, ef það hentar ekki í ákveðnum tilfellum, með hærri tollprósentu á öðrum tollskrárnúmerum.

En þar sem ég þykist þess fullviss að á slíkt verður ekki hlustað fer ég vinsamlega fram á að þegar tollskráin verður prentuð til almennrar dreifingar verði þess gætt að bætt verði við einum dálki á eftir a- og e-lið, þar sem fram komi hvort vara fellur undir vörugjald eða ekki. Gæti það væntanlega þá heitið v-liður.

Þá er einnig nauðsynlegt að viðhalda þeirri merkingu sem er í núgildandi tollskrá, þ.e. að stjarna er sett við tollnúmer þar sem innflytjanda ber skylda til að tilgreina stykkjafjölda vöru á aðflutningsskýrslu.

Ég vil einnig hvetja hæstv. fjmrh. til að taka til gaumgæfilegrar athugunar ytri tolla, þ.e. tolla t.d. frá Bandaríkjunum og reyndar aðallega frá Bandaríkjunum, og athuga vel hvort ekki er hægt að lækka þá en gæta þess þó að samræmi sé á tollheimtu okkar á vörum frá Bandaríkjunum og á vörum sem við seljum til Bandaríkjanna og má nefna sem dæmi ullarvörur.

Hæstv. forseti. Ég vil segja það að í megindráttum er ég nokkuð sáttur við frv. og tel það vissulega spor í rétta átt þó að auðvitað megi endalaust deila um tollun hinna ýmsu vörutegunda, misræmi milli flokka, hvar skuli taka vörugjald og hvar ekki

o.s.frv. Ég treysti því hins vegar að tollskráin verði í stöðugri endurskoðun og bendi á að auðvelt ætti að vera að gera lagfæringar á tollskránni samhliða gildistöku virðisaukaskatts um áramótin 1988–1989.

Ég vil hins vegar gagnrýna það harðlega að þm. skuli ekki vera gefinn fullnægjandi tími til að fara yfir og kynna sér jafnviðamikið frv. og hér er lagt fram. Það hlýtur að vera hugsanlegur möguleiki að fresta gildistöku frv. þó ekki væri nema til 1. febr. 1988 þannig að þingheimi gæfist betri tími til að kynna sér málið, t.d. í jólaleyfinu, enda eru engin sérstök rök fyrir því að lögin þurfi endilega að taka gildi um næstu áramót. Vissulega þýðir þetta það að einnig yrði að fresta gildistöku frv. um vörugjald.

Og talandi um vörugjald væri ekki úr vegi að spyrja hæstv. fjmrh. okkar hvers vegna ekki er sett á eitt vörugjald heldur tvö og á ég þá við 25% heildsöluálag sem reikna á ofan á vörugjaldið við innflutning. Hvernig á að reikna þetta út á tollskýrslu? Á fyrst að reikna út 14% og taka síðan 25% heildsöluálag ofan á það? Eða er meiningin að reikna vörugjaldið út frá 17,5%? Og ef svo er, því í ósköpunum er þá ekki einfaldlega sagt að vörugjald skuli vera 17,5%? Því þennan skrípaleik? Hvað er verið að gera með slíkri aðgerð? Er ekki aðeins verið að slá ryki í augu almennings?

Það má einnig spyrja hæstv. fjmrh. hvort fjmrn. sé ekki hér að segja heildsölum og öðrum innflytjendum að lágmarksheildsöluálagning í landinu eigi að vera 25%.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir 25% heildsöluálagningin á 14% vörugjaldið í beinhörðum peningum? Hvaða tekjum skilar þetta eitt og sér?

Ýmis gjöld hafa verið felld niður en ég er hérna með í hendinni þann lista yfir aukagjöld sem tekin eru í tolli í dag og mér sýnist að enn standi eftir 8–9 gjöld. Ýmist eru þetta beinar tollheimtur eða eyrnamerktar tekjur fyrir aðra sjóði, ég þekki það ekki alveg svo vel. En mig langar að spyrja ráðherra hvort komið hafi til greina að fella út jöfnunargjaldið einnig? Ef ekki, hvort hætta sé á að sá stofn verði breikkaður og það lagt á ný tollnúmer.

Hæstv. forseti. Ég er búinn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, tollalögum. Eftir þessum breytingum hefur verið beðið lengi og það er ekki nokkurt vafamál að meginhluta til er þetta til bóta og við fögnum því að frv. skuli vera lagt fram sem er mjög til bóta á margan hátt eins og rakið hefur verið. Það að tollskrá skuli samræmd öðrum ríkjum í Evópubandalaginu er mjög gott og þýðir að það léttir vinnu hér á landi til samræmis við verslun og viðskipti í Evrópu.

Það er hins vegar mjög slæmt að okkur skuli ætlað að fjalla um þetta mál á svo skömmum tíma. Við höfum farið yfir þetta eins vel og við höfum getað í Borgaraflokknum og fundið á því allmarga vankanta. Það er nokkuð ljóst að það hefði mátt búa frv. betur úr garði og komast hjá ósamræmi í nokkrum liðum sem ekki eru í samræmi við það sem er annars staðar í frv. Þá eru nokkrar vörur í því sem við teljum að hefðu heldur átt að vera í lægri tollum. Einnig er það rétt, eins og hv. 2. þm. Vestf. kom hér inn á, að það er ljóst að frv. hamlar gegn því að við getum nýtt okkur bestu kjör við Bandaríkin. Sérstaklega er þetta bagalegt meðan dollarinn er hagstæður og við gætum flutt inn vörur á hagkvæmu verði þaðan. En oft eru töluverðir tollar á vörum frá Bandaríjunum og einnig frá Japan og Rússlandi reyndar eða sem sagt löndum utan Vestur-Evrópu. Við náum því ekki bestu viðskiptakjörum á hverjum tíma nema því aðeins að það séu samsvarandi tollar á öllum vörum.

Það hefur verið farið yfir þetta mál mjög vel og ítarlega. Hins vegar er fróðlegt að lesa grein í Morgunblaðinu fimmtudaginn 10. des. 1987 þar sem fram kemur að þetta er víst ekki frv. ríkisstjórnarinnar, heldur er þetta frv. iðnrekenda og þeir hafa bjargað stjórnarflokkunum um að þetta mál næði fram að ganga. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í greinina, en í henni segir:

„Í mörg ár hafa stjórnmálamenn, embættismenn og forsvarsmenn atvinnulífs séð í hillingum þann tíma þegar innleidd yrði hér ný og samræmd gjaldskrá aðflutningsgjalda sem tæki hliðsjón af ríkjandi tollafyrirkomulagi innan Evrópubandalagsins, Norðurlanda og GATT. Þessar fyrirætlanir hafa hins vegar jafnan strandað á því að menn þóttust sjá fram á verulegt tekjutap ríkisins samfara slíkum breytingum, m.a. vegna þess að þeim fylgdi óhjákvæmilega endurskoðun á vörugjaldinu sem ekki bætti stöðu ríkissjóðs. Því hafa menn hikað og síðan orðið frá að hverfa því að ekki fundu menn aðferð til að höggva á þennan gordíonshnút.

Núv. ríkisstjórn einsetti sér aftur á móti í starfsáætlun sinni strax í byrjun að koma þessari kerfisbreytingu á koppinn og að hún kæmi til framkvæmda á árinu 1988. Í lok síðustu viku gátu foringjar stjórnarflokkanna svo tilkynnt hátíðlega að samstaða væri orðin innan ríkisstjórnarinnar um hvernig staðið skyldi að kerfisbreytingunni og um leið small saman tekjuhlið og útgjaldahlið fjárlagafrv. sem segja má að hafi verið heldur götótt fram að þeim tíma.“

Svo heldur þessi grein áfram og þá kemur í ljós að þetta er ekki ríkisstjórninni að þakka og segir í umræddri grein: „Reyndar þurfti hún utanaðkomandi hjálp til að ná landi því að það voru forustumenn iðnrekenda sem skutu til hennar líflínu sem dugði, þeirri hugmynd að hverfa frá lækkun sölugjaldsins og taka upp eitt samræmt og tiltölulega hátt vörugjald og að hleypa tollkerfisbreytingunni í gegn.“

Þá vitum við það. Það voru sem sagt iðnrekendur sem bjuggu frv. til en ekki hæstv. ríkisstjórn, og þeir hafa lagt það hér fram og útkoman er auðvitað sú að iðnrekendur hafa fengið öll sín mál í gegn en ýmsir

aðrir hafa ekki fengið það með sama hætti og þeir. Það er nokkuð ljóst að þessi breyting hefur orðið til með þessum óvenjulega hætti. Það er og spurning sem hefði verið gaman að fá svarað hér hvort menn eru ánægðir með þessi vinnubrögð. Í frv., eins og réttilega hefur komið fram, hefur einn liður orðið sérstaklega út undan. Það eru matvæli eins og kornvara og það eru heimilistæki. Það er fróðlegt að lesa úr grg. með tollskrá frá 1973, en þar segir, með leyfi forseta:

„Oft ræður hending því hvaða vörur eru framleiddar hér á landi og þá um leið hvort vara telst verndarvara eða ekki. Þannig eru t.d. rafmagnseldavélar verndarvara og lækkar tollur af þeim í áföngum fram til 1980. Önnur heimilistæki, svo sem ísskápar, straujárn, brauðristar o.fl. eru hins vegar í 80% tolli og helst tollur á þessum vörum óbreyttur enn sem komið er. Segja má að tilviljanakenndur tollur af þessu tagi sé afar óeðlilegur þar sem um mjög hliðstæðar vörur er að ræða."

Eins og hefur komið fram áður er þetta einmitt það sem hefur gerst við gerð þessarar tollskrár hér. Áfram ráða þessi tilviljunarkenndu vinnubrögð og í flokkinum þar sem um heimilistæki er að ræða er ekki samræmi. Menn hafa reynt að skýra það með alllangsóttum rökum sem eiga kannski ekki við í þessu tilfelli, en sannleikurinn er sá að hér hefði þurft að gæta samræmis. Eins er það — og ég mun vitna aftur í þessa grg. með tollskrá frá 1973, en þar segir:

„Eins og áður er að vikið hefur tilhneiging verið í þá átt að munaðarvara skyldi tolluð hátt, þegar almenningur bjó við mun knappari kjör en nú almennt gerist og var mun auðveldara að koma slíkri mismunun við. Bætt lífskjör hafa hins vegar raskað hefðbundnu gildismati hvað þetta snertir svo að mun erfiðara er í dag en áður fyrr að kveða upp úr um það hvaða vara skuli teljast munaðarvara og hvaða vara ekki. Verður því t.d. varla lengur haldið fram að algengustu heimilistæki séu munaðarvara. Verður því að telja að forsendur séu ekki lengur fyrir hendi til jafnhárra tolla á slíkum vörum eins og hingað til hafa gilt."

Ég vil gera þetta að mínum rökum og skjóta því til hv. nefndar þegar hún fær þetta til umfjöllunar hvort ekki væri rétt að leiðrétta þetta og samræma við aðra tollaflokka. Við í Borgaraflokknum fluttum allnokkrar brtt. í Ed. sem við töldum til bóta og getum fært rök fyrir því. Þær breytingar voru allar felldar, enda virðist aðallega um það að ræða að það mun ekki vera saman hvaðan þær koma. Það var m.a. svo að við fluttum brtt. um matvælakorn, kassa og töskur til skyndihjálpar, neyðarmerki viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, hanska til skurðlækninga, sláttuvélar fyrir útivistarsvæði og íþróttavelli, varahluti í þvottavélar, hluti í ryksugur og hrærivélar, straujárn til heimilisnota, rafmagnshitamótstöður í tæki, eyrnatól, heyrnartól og sambyggða hljóðnema, hátalarasett, plötuspilara og snælduspilara, varahluti, símsvara, segulbandstæki fyrir snældur, útvarpstæki og sambyggð útvarps- og hljóðupptökutæki, bretti, töflur og stjórnborð, tannbursta, önnur rafmagnsheimilistæki. Ég ætla ekki að þreyta menn á löngum talningum og röksemdum fyrir þessu, en þær breytingar sem við fluttum í Ed. voru að okkar dómi mjög til bóta. Ég held að það ætti að skoða og tel raunar mjög mikilvægt að menn skoði þessi atriði, þannig að samræmis gæti í allri tollskránni.

Það hefur verið nokkuð rætt um að vöruverð muni lækka við þessa tollabreytingu. Það er rétt svo langt sem það nær. Ef tollarnir væru aðeins reiknaðir mundi auðvitað vera um verulega lækkun á vörum að ræða, en þegar litið er til vörugjalds sem er áætlað 17,5% af vörum verður ekki sú raunin á og það mun eftir sem áður vera hagstæðara að kaupa ýmsar vörur erlendis. Við höfum reiknað út — það var raunar áður en við vissum að það var 17,5% vörugjald, við reiknuðum aðeins með 14% vörugjaldi — að ef við lítum á meginland Evrópu sem er með innkaupsverð 105 kr. á vöru tekur ríkið þar 12,95% af því vöruverði. Á Íslandi er samsvarandi vöruverð, ef við göngum út frá sömu álagningarprósentu og er þar, komið upp í 383 kr. eða 42,5% hærri álagning ríkisins en er í Evrópu. Í heild er þá vöruverðið orðið 98,4% hærra hér en í Evrópu og þó er innkaupsverðið það sama og þá reiknað með 30% vörugjaldi. Þegar um 14% vörugjald er að ræða er varan orðin á 43% hærra verði en í Evrópu og þá tekur ríkið 31,9% til sín á móti 12,95% í Evrópu. Við sjáum því að þrátt fyrir það að tollar eru lækkaðir er varan svo hátt gjaldtekin hér að vöruverð verður þrátt fyrir þetta hærra hér áfram en á meginlandi Evrópu. Þannig er hægt að setja upp ótal dæmi varðandi þetta og útkoman verður alltaf sú sama að meðan við erum með vörugjaldið eru tollarnir í rauninni ekki lækkaðir, heldur er hér um raunverulega blekkingu að ræða: Þó að tollar lækki er vörugjaldið áfram og hið háa sölugjald.

Ég hef í máli mínu stiklað á nokkrum atriðum hér. Ég gæti farið miklu víðar yfir þetta. Ég er með ýmsar staðreyndir úr frv. sem er náttúrlega mjög viðamikið og það hefði verið æskilegt að ekki hefði verið fjallað um það núna í aðaljólaönnunum. Það hefði vel verið hægt að afgreiða það í byrjun þings eftir áramótin og þá með betri vinnubrögðum. Ég hefði talið mjög æskilegt að í nefndum hefði verið farið mjög rækilega í gegnum frv. og lagfærðir þessir augljósu annmarkar sem eru á því og það gert þannig úr garði að allir gætu sætt sig við það.

Það er hins vegar ljóst að að meginefni til er frv. til bóta og ég tel að hér hafi þó verið stigið framfaraspor og er mjög ánægður með að frv. skuli koma fram loksins eftir, að ég held, 20 ár. Ég man að alla tíð hefur verið sagt að frv. væri í endurskoðun og ég er ánægður með að það skuli nú vera hér til afgreiðslu. Hitt er annað mál að það vekur ýmsar spurningar um vinnubrögð. Það hefði verið betra að það hefði verið staðið ögn betur að þessu. En þrátt fyrir allt er ég í heildina ánægður.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hélt hér stutta ræðu og er það út af fyrir sig ágætt. Það frv. sem hér liggur fyrir um tollalög, um breyt. á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, hefur verið mjög lengi í undirbúningi og þó að frv. hafi heldur versnað við afskipti utanaðkomandi aðila er þetta nauðsynlegt frv. og ég fagna því að það skuli vera komið fram. Ég hefði viljað sjá það fullunnið í höndum fagmanna en ekki brenglað og afvegaleitt eins og það virðist hafa verið af þeim sem hér hefur verið nefndur úr þessum ræðustól af öðrum en mér eins konar yfirráðherra Sjálfstfl. í skattamálum því að Sjálfstfl. er ekki ábyrgur fyrir þessum málaflokki lengur.

Hér er því miður öðruvísi að farið en til var stofnað á sínum tíma því að þegar frv. var unnið ásamt öðrum tekjuöflunarfrv. þann tíma sem ég var í fjmrn. stóð til að tekjur lækkuðu verulega á móti niðurskurði í útgjöldum og prósentur bæði í vörugjaldi og tollum lækkuðu að sama skapi. Þetta var liður í því að halda niðri verðbólgunni og halda niðri verðlagi í landinu.

Ég harma það að hæstv. fjmrh. stendur í þeirri meiningu að við þær aðgerðir sem lagt er til að verði samþykktar muni, eins og hann orðaði það, tollar standast samanburð við vöruverð erlendis. Ég held að það sé langt frá því að vera rétt, ég held að það sé eins rangt og hægt er að hafa nokkuð rangt. Það eru engir tollar á flestu erlendis, engir, og sér í lagi þar sem við verslum hvað helst, bæði England, Frakkland og meginlandið fá yfirleitt vörur frá löndum sem eru í samveldissamningum við viðkomandi lönd eins og t.d. Frakkland og England, þannig að það eru engir tollar þar á milli. Það segir að tollar séu aðallega felldir niður af matvörum. Hv. talsmaður Borgarafl. í þessum málaflokki, 5. þm. Vesturl., vék að því máli þannig að ég tel ekki ástæðu til að ítreka það en vil þó segja að það er alrangt að á mörgum þeim vöruflokkum sem flokkast undir matvæli séu enn þá gjöld.

Ég veit ekki hvað hæstv. fjmrh. meinar þegar hann segir að tollar lækki um 20–40% og stuðli þar með að því að verslunin flytjist inn í landið. Ég veit að það eru ýmsar vörutegundir sem flytjast inn í landið, ekki bara frá útlöndum heldur flytjast þær inn í verslunina frá Keflavíkurflugvelli, og á ég þar við rafmagnsvörurnar sem hæstv. ráðherra gat hér um. Lækkunin frá vöruverðinu í Keflavík er kannski meiri en lækkunin frá útsölu í verslunum erlendis. Í sumum tilfellum hefur það tollfrjálsa verið dýrara í rafmagnsvörum á Keflavíkurflugvelli heldur en út úr verslunum sums staðar erlendis.

Ég hef ekki trú á því meðan vörugjald er 17,5% og söluskattur 25% að vörusalan flytjist til landsins. Eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. er ástandið t.d. þannig varðandi fatnað að við lesum um það svo til daglega að við bætast nýjar verksmiðjur, ný fyrirtæki sem loka sinni starfsemi. Og fleiri tugir manna verða atvinnulaus vegna þess að markaðurinn er ekki lengur fyrir hendi til að bera starfsemina á sama tíma og fólk fer til útlanda og kaupir framleiðslu sem er ekkert betri en það sem framleitt er hér heima. Má þá benda á sem dæmi að bæði sú verksmiðja sem nú síðast lokaði, þ.e. Hennes á Akranesi, og sama fyrirtæki á Selfossi, hafa flutt sína framleiðsluvöru til útlanda. Um tíma var verðið fyllilega sambærilegt og gæðin líka. Og ég verð að segja sem gamall knattspyrnumaður að ég var mjög stoltur af því þegar ég sá myndir frá enskum 1. deildar liðum í knattspyrnu sem voru klæddir fötum saumuðum hér heima af fyrirtækinu Henson sem nú var að loka og hætta sinni starfsemi.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma en það er áberandi hvernig aðrar verksmiðjur geta haldið áfram árum saman og ausið út hundruðum milljóna árlega í taprekstur án þess að það líði nokkuð sérstakt fyrir að starfsemin gengur illa vegna þess að ríkissjóður borgar. Á ég þar náttúrlega alveg sérstaklega við Álafoss. Pólarprjón á Blönduósi er hætt þannig að markaðurinn vegna innanlandsáhrifa frá bæði tollskrá, vörugjöldum og öðrum gjöldum, opinberum gjöldum, á starfsemina er að sliga þessi fyrirtæki öll nema þau sem ganga óáreitt í ríkiskassann.

Ég tek undir athugasemd hv. 10. þm. Reykn. Kristínar Halldórsdóttur þegar hún gerir athugasemdir við það og segir réttilega að það sé óeðlilegt að þegar skuli vera farið að halda námskeið í ósamþykktum lögum. Það út af fyrir sig er óskiljanlegt vegna þess að það er svo mikil storkun í því og það sýnir hug meiri hlutans eins og hann er samansettur í dag til stjórnarandstöðunnar. Það skiptir ekki nokkru máli hvort stjórnarandstaðan á eftir að gera einhverjar athugasemdir, það heitir bara að röfla eða tefja eða vera með málþóf. En í mínum huga heitir þetta að afl hins sterka skal ráða en alls ekki undir neinum kringumstæðum skynsemin ef hún skyldi koma annars staðar frá heldur en frá meiri hlutanum. Hnefinn skal falla á stjórnarandstöðuna, jafnvel þó lög séu ekki samþykkt. Þetta er náttúrlega furðulegt.

Ég þekki nokkuð vel til vinnubragða og þess fólks sem hefur unnið af mikilli samviskusemi í fjmrn. að gerð þeirra tillagna sem hér eru kynntar í þessu frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 frá 30. mars 1987, sem eru tollalög, og ég veit að þetta var vel unnið plagg. Og ég ítreka það að utanaðkomandi aðilar skuli hafa komið þar að á því stigi sem frv. er í vinnslu í ráðuneyti, en hefði talið eðlilegra að þessir sömu aðilar hefðu fengið tækifæri til þess að segja sitt í nefnd Alþingis eftir að Alþingi hefði fjallað um frv. eins og það hefði komið frá ríkisstjórninni. Að sjálfsögðu tek ég undir það með þeim kvennalistakonum eins og óskin var flutt af talsmanni þeirra, hv. 10. þm. Reykn., og einnig talsmanni Alþb., hv. 4. þm. Norðurl. e., að þeir aðilar sem eiga að fá að segja sitt, eins og Neytendasamtökin, verði kallaðir á nefndarfund og þeim kynnt málið og það rætt. Við skulum ekki gera of lítið úr Neytendasamtökunum.

Það var talað um það, ég man nú ekki hver sagði það hér úr ræðustóli í dag, að þau samtök væru veik og það svona lá í orðunum að vegna þess að þau væru veik þá ætti ekkert að vera að kalla á þau, það ætti ekki að láta þau tefja þingmál. Sem sagt: Við erum hinir sterku — það er það sem meiri hlutinn sýnir allan tímann. Við erum hinir sterku og þurfum ekki að tala við þann veika jafnvel þó hann sé skynsamur. *Ég held að Neytendasamtökin þurfi að* vera sterk og þau þurfi að vera áhrifamikil, en þau verða það ekki nema við gefum þeim afl, að þau fái kraft, að þau fái þrek og úthald frá okkur sem höfum notið trausts fólksins í landinu því þau eru að vinna fyrir fólkið í landinu alveg eins og við og að sama markmiði.

Ég er ekki sammála því, sem kom aðallega fram hjá hæstv. fjmrh., að með þessum breytingum á tollalögum sé verið að létta undir með, ja við skulum segja heimilunum, og þá á kostnað ríkissjóðs. Það er talað fyrir þessu frv. í þeim anda að verið sé að lækka tolla til að lækka vöruverð. Það er verið að minnka tekjur ríkissjóðs. Það svona felst í orðunum sem sögð eru þegar staðreyndin er sú að ríkissjóður er að taka að sumra mati um 10 milljarða umfram það sem hann áður gerði í innheimtu opinberra gjalda á öllum sviðum. Þannig að þetta er bara liður í nýju kerfi. Þetta er breytt aðferð til að ná inn peningum með blekkingum sem gefa ríkissjóði meira en ríkissjóður fékk áður. Það er ekki verið að létta undir með heimilunum á kostnað ríkissjóðs með þessari svokölluðu kerfisbreytingu. Það er verið að færa tekjuöflunina frá hefðbundnum innheimtuaðferðum yfir til heimilanna og atvinnuveganna. Það er verið að færa tap og hallarekstur ríkissjóðs yfir á heimilin. Þannig að þegar talað er eins og ríkisstjórnin sé að gera hér eitthvað fyrir fólkið, einhverjar mildandi aðgerðir, þá er ríkisstjórnin hinn eiginlegi refsivöndur á fólkið. Hún er hinn eiginlegi refsivöndur. Og við skulum þá bara vita það og taka því með opnum augum.

Ég hefði haft gaman af að fjalla svolítið um aðferðir til að flytja inn vörur vegna þess að það kom greinilega fram í máli hv. 2. þm. Vestf. að hann væri ekki alveg nógu inni í málinu, gangi mála til þess að vita eins vel og hann hefði þurft að vita hvernig innflutningur á sér stað. En ég ætla að sleppa því, ég kem svolítið að því þegar ég tek undir það sem kom fram hjá talsmanni Borgarafl., hv. 5. þm. Vesturl., þegar hann talaði um hagræðinguna í breytingunni. Það fer ekkert á milli mála að það sem verið er að kynna hér er til mikilla bóta á margan hátt og Borgarafl., eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., mun styðja þetta frv. þó það gangi ekki eins langt og við hefðum viljað.

En þegar við tölum um hagræðingu þá er það því miður að ráðstafanir eins og afnám bankastimplunar, það missir marks. Ég hugsa að það sé vegna þess að ráðamenn átta sig ekki á því hvers vegna bankastimplunin var lögð niður. Hún var lögð niður samkvæmt umræðum sem fram fóru í ríkisstjórn þeirri sem ég sat í og kennd var við Steingrím Hermannsson. Þar var skilningurinn sá að það væri óþarfi að þjóðfélagið, og þá bankakerfið íslenska, væri eins konar barnapía fyrir erlenda aðila á íslenska viðskiptaaðila þeirra, að það væri eðlilegra að menn gætu haft viðskipti á milli landa, þó að þeir töluðu ekki sama tungumálið, á nákvæmlega sama hátt og menn gera sín á milli hérlendis. Það dettur *engum í hug að bankar fari að skylda þann sem* kaupir frá verksmiðju á Akureyri — þar er svo stórt verksmiðjuhverfi — til Reykjavíkur, að bankar fari að skylda kaupandann hér í Reykjavík til að greiða fyrir vöruna inn í banka áður en hann fær hana afhenta í Reykjavík. Menn hljóta að geta ætlast til þess að viðskipti verði nokkurn veginn frjáls á milli aðila og þessir aðilar taka sjálfir ábyrgð á því sem þeir gera og alveg óþarfi að bankar komi þar inn á milli. Satt að segja hafði ég ekki hugmynd um, og ég efast um að nokkur af mínum samráðherrum hafi haft hugmynd um það að Seðlabankinn mundi koma þarna inn í myndina til að eyðileggja, eftir þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram og ég heyri í fyrsta sinn, möguleikana á að þessi samskipti manna sem tala ólík tungumál geti verið jafnéðlileg og þeirra sem tala sama málið og eiga samskipti innan lands.

Árið 1957 eða 1958 byrjaði ég ásamt öðrum að berjast fyrir því að hér kæmi tollvörugeymsla. Það var ekki fyrr en 1962 að hægt var að stofna tollvörugeymslu vegna vantrúar á að viðskiptin gætu gengið eðlilega fyrir sig undir nýju kerfi. En tollvörugeymslan hefur löngu sannað sitt ágæti og gert miklu meira en það sem þeir, sem unnu að tilvist hennar, sögðu að hún mundi gera því að til viðbótar við annað hefur hún verið eins konar öryggisventill um vörulager, lager að vörum í landinu komi eitthvað fyrir, eins og fríhöfnin í Kaupmannahöfn reyndist Danmörku þegar heimsstyrjöldin síðari skall á. Þá lifðu Kaupmannahafnarbúar og meiri hlutinn af Dönum í fleiri mánuði á þeim vörubirgðum sem til voru á lager í fríhöfninni þegar styrjöldin skall á, fyrir utan annað, að hér er alltaf til lager sem hægt er að fá afgreiðslu frá, vörur, fyrirvaralítið, í staðinn fyrir að bíða kannski í fleiri daga eða fleiri vikur eftir afgreiðslu erlendis frá.

Það er þetta, þegar eitthvað nýtt kemur upp, þá er eins og Íslendingurinn sé lokaður fyrir nýjungum, hræddur við það sem nýtt er. Svo ég tali nú ekki um að á sama tíma, 1957–1958, þá var byrjað að tala um tvennt annað en tollvörugeymslu, bankastarfsemi í sambandi við tollvörugeymsluna sem er komin á núna, kom 22 árum eftir að var byrjað að tala um það. En við erum enn þá að tala um fríhöfn. Og þó að skilningur hafi komið fram tímabundið hjá ríkisstjórninni og fríhöfn sé það besta sem getur komið í staðinn fyrir það tollabákn og má segja tollfyrirkomulag eða afgreiðslumáta eins og þau eru hjá okkur í dag hefur það ekki enn þá fengið skilning. Hvað er það? Það eru 30 ár sem sú barátta

er búin að standa yfir og það voru aðeins tveir menn í ríkisstjórn sem um tíma voru reiðubúnir að vinna að því að breyta tollafyrirkomulagi, breyta starfsemi tollþjónustunnar og breyta tollskránni þá um leið. Það voru Magnús heitinn Kjartansson og Halldór E. Sigurðsson. Aðrir ráðherrar, sem ég hef haft tal af í þessi 30 ár, hafa ekki skilið málið. Það þokaðist pínulítið áfram þegar ég var fjmrh., en mér er sagt að það sé búið að breyta aftur í fyrra horf.

Það var reiknað út þegar ég var fjmrh. hve söluskattsprósentan þyrfti að vera há ef hún legðist á allar vörutegundir. Mig minnir að hún hefði þurft að vera 18% og var jafnvel talað um 17%. Ég minnist þess ekki að það hafi verið talað um 22% eða svo háa tölu. Munurinn á þeim tölum sem ég hef í huga og 25% söluskattinum sem nú er, svo ég tali nú ekki um þá blekkingu sem er í vörugjaldinu, er ekkert annað en nýjar álögur á fólkið í landinu sem undirstrikar það sem ég hef sagt: það er verið að færa tap ríkissjóðs frá ríkissjóði yfir á heimilin.

Það er annað sem er athygli vert. Það er sú blekking sem er í prósentutölu þegar ríkisstjórnaraðilar tala um 14% vörugjald sem við erum allir sammála nú um að er 17,5% vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að heildsöluálagning skuli lögleidd 25% sem er sú langhæsta sem ég hef nokkurn tímann heyrt um á Íslandi. Ég hef aldrei heyrt getið um 25% heildsöluálagningu. En nú er hún lögleidd þannig að það eru 3,5% til viðbótar þessum 14% sem koma þar sem keðjuverkandi áhrif vegna þess að álagningargrunnurinn er hækkaður.

Virðulegur forseti. Það er ýmislegt hér. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni neitt af því sem menn nefna til að fá aðra þm. til að hlæja, eins og handsprengjur og skriðdreka og slík leikföng stóru strákanna sem ég sé ekki af hverju eru í tollskrá yfir innflutning til Íslands. Við höfum aldrei haft menn sem kunna að nota sér slík tæki né hafa ástæðu til að flytja slíka vöru inn. En það er annað sem við flytjum mikið inn af, t.d. eins og viður og vörur úr viði, viðarkol o.fl. Og þetta, sem ég tek sem dæmi, er víða í skránni. Svo ég fari bara á bls. 130, en þar er talað um ýmis eflaust þekkt hráefni, en á útlendum málum sem mér er ekki nokkur leið að skilja. Mér er ekki nokkur leið að skilja þó svo að sum af þessum orðum, eins og Acajou d'Afrique, séu franska. Ég veit að það er eitthvað sem kemur frá Afríku. En hvað er Okoumé eða Obeche eða Sapelli, Sipo, Makoré, Iroko, Tiama, (**SJS:** Verður ekki að fá þetta þýtt?) Mansonia, Dibétou? Mér finnst það vera eitthvað allt annað en ég held að það sé. Ég get farið yfir þessar tvær síður. Hér er talað um á mörgum stöðum dökkrauðan Meranti, ljósrauðan Meranti, Meranti Bakau, hvítan Lauan, hvítan Meranti, hvítan Seraya á tveimur eða þremur stöðum, Okoumé, Obeche, Sapelli, Sipo, Acajou d'Afrique á tveimur, þremur stöðum. Og svo kemur hérna: Viðurinn ef hann er sagaður eða höggvinn eftir endilöngu. Það er ekki sama hvort hann er klofinn eftir endilöngu eða þversum.

Ég skil þetta ekki og er ég þó búinn að vera áður en ég varð þm. nokkuð lengi í innflutningi og handfjatlaði þessar skrár nokkuð reglulega. En ég bendi ekki á þetta til þess að menn hlæi að þessu. Ég bendi á þetta til þess að vita hvort það er hægt að fá þetta íslenskað, ef það eru til íslensk orð yfir þetta, en a.m.k. að fagmenn á þessum tungumálum reyni að finna íslenskuna á þessi orð. Þetta er svo víða í bókinni. Og ég er alveg viss um að það eru ákaflega fáir, það gætu hugsanlega verið einhverjir iðnaðarmenn eða fagmenn, sem hafa einhverja hugmund um hvað þetta þýðir. (**IBA:** Tollstjóraembættið krefst íslenskra nafna á tollskýrslur.) Já, tollstjóraembættið krefst íslenskra nafna á tollskýrslur og ég var kannski með það í huga þó að ég hafi ekki tekið það fram vegna þess að ég gleymdi að geta þess að tollstjóraembættið krefst þess að tollskýrsla sé fyllt út á íslensku. Það er ekki auðvelt með þessum heitum — nema þetta séu talin íslensk nöfn, en ég skal ekkert um það segja því að ég þekki það ekki.

En hæstv. forseti. Nema ráðherra gefi sérstakt tilefni til hef ég lokið máli mínu. Í aðalatriðum fagna ég framkomu frv. Það er búið að vera lengi á leiðinni. Mér tókst ekki sem fjmrh. að koma því til afgreiðslu Alþingis á sínum tíma. En ég harma að það skuli vera verr úr garði gert en efni stóðu til, eingöngu vegna þess að utanaðkomandi aðilar, sem hefðu átt að eiga aðgang að þingnefnd þar sem fulltrúar allra þeirra sem eru kjörnir í nefndirnar gátu rætt við þá og hlustað á þeirra rök, fengu að hafa slíkt forskot og áhrif á þetta frv. að það er verra en það var orðið á sínum tíma áður en þeir komu nálægt því.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hygg að það mál sem hér er rætt, frv. til laga um breytingu á tollalögum, sé almennt séð heldur jákvætt mál sem hefur verið lengi á döfinni og það er ekki gagnrýni á það efnislega sem sérstaklega hefur verið áberandi af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna heldur málsmeðferðin á þessu frv.

Þegar ég segi að ég telji að þetta muni vera heldur jákvæð aðgerð, sem er stefnt að með þessum breytingum og einföldunum á þessum málaflokki, og samræming miðað við breyttar aðstæður, þá segi ég það meira af tilfinningu en nokkuri þekkingu á þessu því mér hefur ekki auðnast að kynna mér efni frv. að neinu gagni til að fella einhvern dóm um einstaka liði þess. Málið kemur inn í hv. Ed. þann 9. des., fyrir níu dögum, og þar fær það viku umfjöllun í heild og kannski skemmri því þar var ekki strax mælt fyrir málinu og það er fyrst í gær sem það kemur hingað inn í hv. Nd. þingsins. Það hljóta allir að geta tekið undir að málsmeðferð af því tagi, sem hér er boðið upp á, sé algerlega óviðunandi og í rauninni ósæmileg gagnvart Alþingi og það er á grundvelli þess sem Alþb. og fleiri í stjórnarandstöðu mæltu með því í Ed. að málinu yrði vísað til

ríkisstjórnarinnar og skoðað á næstu vikum og stefnt að því að afgreiða það að vel athuguðu máli eftir að Alþingi kemur saman að hugsanlegu jólahléi loknu.

Ég ætla hér alls ekki að ræða þetta mál efnislega og er ekki svo bjartsýnn að þótt í hv. fjh.- og viðskn. sitji afreksmenn, karlar og konur, sem leggi nótt við dag og leggi mikið á sig til að fjalla um þau mörgu mál sem þangað er vísað, geti sú þingnefnd í rauninni farið yfir þetta þingmál að neinu gagni á þeim skamma tíma sem virðist ætlaður til að fjalla um það hér. Ég held að það hljóti að vera eðlilegt af hálfu þm., a.m.k. í stjórnarandstöðu, að lýsa sig frá þessu verki sem slíku. Við getum ekki borið ábyrgð á því miðað við þann tíma sem ætlaður er til að fjalla um málið í hv. þingdeild og ég get heldur í rauninni ekki ætlast til þess að hv. fjh.- og viðskn. taki mikið efnislega á þessu máli, núna þessar tiltölulega fáu stundir sem eftir eru af starfstíma þingsins á þessu ári.

Það var þetta sem ég vildi koma á framfæri við þessa umræðu, herra forseti, og mun ekki ræða þetta þingmál frekar nema sérstakar aðstæður bjóði við frekari málsmeðferð og ef svo ólíklega vildi til að manni gæfist færi á að setja sig eitthvað inn í málið á þeim nóttum, sem eru nú orðnar allskammar á milli þingfunda, fram að hátíðum eða áramótum eftir því hvernig starfstíma þingsins verður háttað.

Ég er í máli mínu að mæla ekki ósvipað og hv. 7. þm. Norðurl. e. þegar hann ræddi um þingsköp fyrir nokkrum dögum, m.a. um þetta mál, og var eftirminnilegt hvernig aldursforseti okkar hér á þingi í rauninni beindi því til hæstv. forseta hvernig í ósköpunum ætlast væri til þess að þingheimur tæki á máli af þessu tagi á þeim tíma sem skammtaður er fram að áramótum. Undir þau sjónarmið get ég tekið um leið og ég minni á aðvörunarorð þess aldna þingmanns. En í afstöðu minni felst ekki andstaða efnisleg við þetta mál. Ég hygg að það horfi til bóta í mörgum greinum og aðalatriðið væri að þinginu gæfist kostur á að fara yfir það til að fækka þeim villum sem óhjákvæmilega hljóta að fara í gegn í þessu máli eins og það er fyrir lagt og eins og starfstíma þingsins er háttað og bæta ákveðna þætti sem þm. eflaust mundu koma auga á og ná samstöðu um að færa til annars vegar ef þeim gæfist einhver tími til þess að fara yfir málið með eðlilegum hætti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það fór sem ræðumaður óttaðist að það yrði þunnskipað í deildinni þegar þessari umræðu yrði fram haldið á kvöldfundi. Hér var það gert nokkuð að umtalsefni á sjöunda tímanum að það væri æskilegt þegar umræðum yrði fram haldið eftir kvöldmatarhlé að þá mundu nokkrir tilteknir hæstv. ráðherrar heiðra deildina með nærveru sinni og gjarnan þátttöku í umræðum til að skýra ofurlítið málin og svara þeim spurningum sem beint hafði verið til þeirra og óskað hafði verið sérstaklega eftir því að tilteknir ráðherrar yrðu viðstaddir. Nú er hér að sönnu hæstv. viðskrh., sem er manna samviskusamastur og þaulsætnastur við þingstörfin, og ber að fagna því og virða, en hér er hins vegar enginn af þeim hæstv. ráðherrum sem sérstaklega var beðið um að yrðu viðstaddir. Ég hef trú á að forseti sá sem stýrði fundi fyrir kvöldmatarleyfi og starfsmenn þingsins hafi komið skilaboðum áleiðis til þessara hæstv. ráðherra og þeim eigi að vera kunnugt um að hér stendur yfir umræða um tollafrv. og nærveru þeirra hafði verið óskað, m.a. til þess að hægt væri að bera upp við þá spurningar og fá þeim svarað. Það hafa reyndar þegar verið bornar upp spurningar við t.a.m. hæstv. iðnrh. og hann hafði kinkað ákaft kolli, hæstv. ráðherra, og látið svo sem hann mundi verða hér til svara í umræðum. Nú er enginn af þessum hæstv. ráðherrum hér, ekki heilbr.- og trmrh. til að svara ofurlítið fyrir manneldisstefnu ríkisstjórnarinnar og hollustuþátt tollastefnunnar, ekki félmrh. hæstv. til að útskýra fyrir þingdeildinni hvernig fjölskyldustefna ríkisstjórnarinnar komi fram í tollafrv., ekki iðnrh. til að svara beinum spurningum, sem hann hafði þegar móttekið, um hvernig stæði til að gæta hagsmuna íslensks iðnaðar og hvernig væru nýttir þeir möguleikar sem gefast í gegnum álagningu tolla og vörugjalda til þess að gæta hagsmuna sérstaklega framleiðsluiðnaðarins. Hæstv. fjmrh. er meira að segja gufaður upp. Það getur vel verið að hann sé einhvers staðar á róli um þinghúsið. Jú, oft kemur góður þá getið er.

En þetta er engu að síður ámælisvert, herra forseti. Ég hafði talið mig taka svo skýrt til orða fyrir kvöldmatarhlé um að það væri ómögulegt og óviðunandi að umræður stæðu hér lon og don og verið væri að bera fram fullkomlega rökstuddar efnislegar spurningar til hæstv. ráðherra og þeir létu yfirleitt ekki svo lítið að láta sjá sig og væru þá óðar horfnir ef eftir þeim væri spurt.

Nú vil ég spyrja virðulegan forseta hvort þessir hæstv. ráðherrar hafi fengið þau boð. (**Forseti:** Allir umræddir hæstv. ráðherrar eru í húsinu staddir. Ég vildi spyrja hv. þm. að því hvort hann óskaði þess að það væri gert boð eftir þeim þannig að þeir gætu komið hingað í deildina.) Það er eindregin ósk ræðumanns og þar sem ég er að taka til máls í annað sinn við þessa umræðu mun ég halda stöðu minni í ræðustólnum meðan hæstv. ráðherrar tínast í salinn og bera síðan upp við þá þeirra sem ég hafði ekki náð áður að ávarpa sökum fjarveru nokkrar spurningar. En hæstv. iðnrh. ætti í sjálfu sér ekkert að vera að vanbúnaði að koma og taka þátt í umræðunni.

Ég held að það sé ágætt, herra forseti, að við látum einu sinni á það reyna hvort er eitthvað hægt að aga menn til í þessum efnum, hvort hæstv. ráðherrar taka skyldur sínar við Alþingi alvarlega eða ekki og hvort menn eiga að una því að hafa aftur og aftur uppi óskir um nærveru ráðherra, bera aftur og aftur fram spurningar án þess að fá þeim svarað. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég þreytist á slíku og ég held ég nenni ekki mjög lengi að sitja undir því án þess að einhver botn fáist í það mál hver

staða ráðherra skuli vera, hverjar skyldur þeirra skuli vera þegar þm. bera fram spurningar, koma með óskir af því tagi sem hljóta að vera hluti af hinum eðlilega þingræðislega framgangi mála á þinginu.

Ég trúi að vísu ekki öðru en hæstv. fjmrh. hafi hugsað sér að taka til máls og svara mínum spurningum sem ég veit að hann skrifaði niður með rauðum penna í stílabók fyrr á fundinum. Hann var að vísu ekki við þegar stóð til að ljúka umræðunni þannig að það hefur þá væntanlega verið slys að hæstv. ráðherra var ekki búinn að biðja um orðið til þess að ekki færi nú þannig að umræðum lyki án þess að hann kæmi upp og svaraði eða ég ætla a.m.k. ekki hæstv. ráðherra að hafa ætlað að láta það líða fram hjá og láta umræðunni ljúka án þess að hann gerði ráðstafanir til þess að komast á mælendaskrá.

Nú þætti mér vænt um að fá uppgefið hvort að hæstv. fjmrh. hefur látið setja sig á mælendaskrá. (**Forseti:** Hv. 4. þm. Norðurl. e. er eini hv. þm. sem er á mælendaskrá núna, sá sem er í ræðustól. — En hæstv. fjmrh. hefur nú kvatt sér hljóðs.) Það gleður mig svo sannarlega að hæstv. fjmrh. ætlar að leggja orð í belg og ég treysti því og trúi að hann muni þá svara þeim spurningum sem ég beindi til hans og ég veit að ég þarf ekki að endurtaka af því að hann skrifaði þær samviskusamlega niður, hæstv. ráðherra, um uppruna frv. og ýmsa þætti því tengda.

Nú kemur hæstv. iðnrh. og gengur í salinn, gleður það okkur stórlega. Og þá vildi ég spyrja, herra forseti: Er hæstv. iðnrh. á mælendaskrá? (**Forseti:** Hæstv. iðnrh. hefur ekki kvatt sér hljóðs enn.) Það gleður mig ekki eins mikið. Ég hafði spurt hæstv. iðnrh. beinna efnislegra spurninga um stöðu iðnaðarins og hagsmuni iðnaðarins í sambandi við þessar breytingar og ég trúi því ekki að óreyndu að hæstv. ráðherra ætli ekki að bregðast vel við þeim skyldum sínum og reyna að svara einhverju til um það. Það verður þá reynt að sjá til þess með einhverjum hætti að umræðan haldist opin um stund á meðan hæstv. iðnrh. hugsar málið. Vonandi kemst hann fljótlega að þeirri niðurstöðu að hann hafi einhverju að miðla í umræðunni, að hann sé ekki alveg tómur, hæstv. ráðherra, þannig að það verði að biðjast lausnar fyrir hans hönd, fá einhvern annan sem bæði getur tekið til máls og hefur eitthvað að segja.

Nei, þetta gengur auðvitað ekki, herra forseti. Það verður að koma hér fram og er ágætt að taka til þess þennan kvöldfund þá að láta liggja alveg ljóst fyrir hver hugur fylgir máli hjá hæstv. ráðherrum. Ríkisstjórn sem ætlar að keyra í gegnum Alþingi á örfáum sólarhringum 20 eða 30 lagafrv. hefur ekki efni á því að vera heima hjá sér á kvöldin þegar hér standa yfir fundir. Það er þá eins gott að a.m.k. þeir hafi sömu nennu og þeir hv. alþm. sem taka þingskyldur sínar alvarlega og starfa eins og lög gera ráð fyrir á þeim tíma sem Alþingi heldur fundi.

Herra forseti. Þinghúsið er orðið meira en 100 ára og það er ekki mjög stórt, en tekur það virkilega allan þennan tíma að ná þeim í salinn, hæstv. félmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. — Nú, ég biðst forláts. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. hefur gengið í salinn fyrir allnokkru.) Fyrir allnokkru. En er það þá ekki eingöngu hæstv. heilbr.- og trmrh. sem er ókominn af þeim ráðherrum sem beðið hafði verið um að yrðu hér staddir og gerðar höfðu verið ráðstafanir til að viðvara fyrir kvöldmat? Ég hygg að svo sé.

Við skulum þá gefa hæstv. heilbr.- og trmrh., sem vonandi er við góða heilsu, stundarkorn enn til að komast í salinn og ég ætla þá að bera upp spurningar við hæstv. félmrh. af því að ég tel að bæði hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. hafi nú þegar fengið efni til að svara.

Það sem við vorum að ræða fyrr á fundinum, hæstv. félmrh., það var hvernig sú fjölskyldustefna, sem fjallað er um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, birtist í tollafrv. Það virðist nefnilega koma svo sérkennilega út þegar farið er yfir frv. að ákveðnir vöruflokkar séu sérstaklega lagðir í einelti og einkum og sér í lagi allt það sem flokkast undir nauðsynjavarning heimilanna. Það hefur vakið nokkra athygli þeirra sem haft hafa tíma til að blaða í gegnum tollskrána — nú fer að verða fullmætt, herra forseti — að ef einhvers staðar stendur orðið „heimilis“ í nágrenni við einhverjar vörur eða vöruflokka er það gjarnan stokkið upp í hæsta tollflokk og beri maður það svo saman við frv. um vörugjald er þar yfirleitt sömu sögu að segja. Hins vegar er ýmis annar varningur, sem ekki hefur verið flokkaður undir bráðnauðsynleg heimilistæki eða matvöru, gjarnan færður niður og jafnvel felldir með öllu niður tollar og vörugjöld af slíkum vörum og aðallega með þeim rökum að það eigi að flytja verslunina inn í landið og koma á Glasgow-verði á Íslandi. Það virðast vera orðin meginrök, meginrökhugsun ef gefa má því svo virðulegt nafn, sem hægt er að finna í þessu frv.

Ég spyr hæstv. félmrh. sem ég þekki að samviskusemi og dugnaði: Hefur hæstv. ráðherra haft tíma til þess með starfsfólki sínu í félmrn. að fara yfir tollafrv., kynna sér það og láta athuga og jafnvel reikna út, eftir því sem það er hægt, hvernig þessi gjörbreytta stefnumörkun í tollamálum kemur út fyrir fjölskyldurnar í landinu? Hefur það verið athugað t.d. ef teknar eru út úr þær vörutegundir sem vigta upp á tilteknar prósentur í neyslukörfu vísitölufjölskyldunnar sérstaklega en eru ekki allur tollapakkinn því að skriðdrekar og kjarnakljúfar eru ekki inni í neyslukörfu vísitölufjölskyldunnar svo dæmi séu tekin? Hefur verið athugað hvernig þetta kemur út fyrir fjölskyldurnar í landinu? Ég fer fram á að hæstv. félmrh. svari því þó ég þykist reyndar vita svarið. Það er eins og með annað. Það hefur ekki unnist tími til þess eða ekki verið gert. Ég a.m.k. býst við eða óttast mjög að svarið verði á þá leið.

Mönnum finnst þetta kannski alveg ástæðulaust og finnst kannski bara leiðindaþras að bera upp svona spurningar fyrir hæstv. ráðherra. En tilgangur minn er sá að fá fram hvernig hefur verið unnið að

þessu máli og fá það á hreint. Vegna hvers? Jú, vegna þess að það er sjálfsagt í hverju einasta tilfelli að það liggi fyrir, en það hefur sjaldan verið jafnnauðsynlegt að mínu mati og núna að Alþingi fái að vita hversu vandaður undirbúningur málsins var vegna þess að Alþingi er nefnilega ætlað að afgreiða þetta á örfáum sólarhringum í gegnum þingið, þetta mál sem ku hafa komið hér inn 9. des. eða þann 10., ég mann nú ekki hvort heldur var, og barst þessari hv. deild á þessum sólarhring og jólin koma þann 24. eins og venjulega ef því verður þá ekki breytt með einhverjum sérstökum ráðstöfunum.

Og hæstv. heilbr.- og trmrh. Hér var fyrr á fundinum rætt nokkuð um það í hverju hún birtist í þessu tollafrv. manneldisstefna hæstv. ríkisstjórnar. Þá var m.a. upplýst hér af einhverjum fróðum aðila um áhugamál Landssambands framsóknarkvenna að manneldisstefnan væri þar alveg í sérstöku uppáhaldi. Já, það er rétt, segir hæstv. ráðherrann. Og þá lifnar yfir mönnum. Þá hefur væntanlega verið vel fyrir því séð að manneldisstefna Landssambands framsóknarkvenna komi rækilega fram eða a.m.k. að eins miklu leyti og framsóknarmenn höfðu bolmagn til að láta taka tillit til hennar í tollafrv. Og er það kannski þannig, hæstv. ráðherra, að það sé með fullu samþykki og með blessun og vilja heilbrmrh. að ýmsar hollustuvörur eru hér tollaðar, skattlagðar í öðru máli og lagðar á þær vörugjöld í því þriðja á sama tíma og tollar eru lækkaðir eða felldir niður með öllu af sælgæti og ýmsum slíkum sykurvörum og öðru sem ekki hefur beint verið flokkað undir hollustu og manneldisstefnu? Það má væntanlega spyrja hæstv. heilbrmrh. sömu spurningar og hæstv. félmrh.: Hefur starfsfólki ráðuneytisins, hefur landlæknisembættinu, hefur öðrum slíkum aðilum gefist ráðrúm til að fara yfir frv. og athuga hvernig það er, hvernig samræmi þess er við þau markmið sem menn hafa sett sér um hollustu og manneldi? Var þetta unnið þannig á faglegan hátt að þessi stóri málaflokkur, sem skiptir miklum sköpum fyrir þjóðina, sem er útgjaldafrekur hvað starfrækslu varðar, allur rekstur heilbrigðiskerfisins í landinu, var það haft í huga þegar stefna var mörkuð í sambandi við tolla og vörugjöld og söluskatt? Ég held að það sé ágætt að hæstv. ráðherrar svari fyrir þetta meira og minna allt í einu. Það er a.m.k. vel heimilt fyrir mér, herra forseti. Forseti verður auðvitað að meta að hve miklu leyti er óhjákvæmilegt að ræða hér fleiri en eitt dagskrármál vegna þess hvernig þau tengjast hvert öðru.

Ég held að það sé þá líka ágætt að fá fram hvort hæstv. ráðherrar ætla að svara eða að reyna að svara. Ég skal taka viljann fyrir verkið að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt, en ég tek því ekki þegjandi að það haldi áfram, sem verulega hefur borið á hér undanfarna daga, að bornar séu upp spurningar og það sé ekki borið við að svara þeim. Það gengur ekki. Það flýtir ekki fyrir umræðunum. Það leiðir ekki til þess að málið komi betur undirbúið, betur skoðað af hálfu þingsins þegar til kastanna kemur. Þvert á móti er það mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherrar láti ekki standa á því að koma með allar þær upplýsingar sem þeir geta þegar um þær er beðið og á það hvort sem heldur er í umræðum eða í starfi þingnefnda.

Herra forseti. Ég ætla nú að gefa orðið laust svo hæstv. ráðherrar fái nú ráðrúm og tækifæri til að tala og svara og við skulum sjá hvað setur.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka málsvörum stjórnarandstöðunnar, þeim sem hér hafa talað, fyrir jákvæðar undirtektir við þessu máli. Menn hafa almennt látið orð falla á þá leið að þetta væri gott mál. Ég tók eftir því að hæstv. fyrrverandi fjmrh., Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv., gerði þá játningu að honum hefði því miður ekki enst aldur til í fjmrn. að koma málinu fram, gott sem það var, og reyndar ekki ýmsum öðrum umkvörtunarefnum fulltrúa heildverslunar, sem hér hafa talað, en þó látið fremur jákvæð orð falla um málið. Sat hann þó lengur í stól fjmrh. en sá sem hér stendur hefur setið að svo stöddu.

Í annan stað hafa menn kvartað nokkuð undan fjarvistum ráðherra og ég verð að játa að ég get ekki tekið það mjög til mín. Ég hef verið viðstaddur þessa umræðu, reyndar sætt því undarlega hlutskipti að þurfa að deila athygli minni milli beggja deilda í allan dag. Að því er varðar það að ég brá mér frá þessa kvöldstund, þá þurfti ég að mæta á fund hjá undirnefnd fjvn. sem stóð eins og í stundarfjórðung. Að öðru leyti hef ég lagt mig eftir því að hlýða á mál manna og í sæmilegu næði eftir fundarhlé þótt eitthvað hafi athyglin kannski verið dreifð fyrri hluta dagsins milli deilda.

Þær spurningar sem menn hafa einkum haft uppi um þetta mál lúta að eftirtöldum þáttum: Hvernig samrýmist sú stefna sem hér er mótuð svokallaðri manneldisstefnu? Þetta var reyndar rætt hér. (Gripið fram í.) Því var einnig beint til mín af einum hv. þm. Þessu var reyndar svarað hér í sérstökum fyrirspurnatíma í gær svo það er kannski ekki miklu við það að bæta.

Það var spurt um uppruna þessa frv. og aðdraganda, hverjir hefðu verið þar tilkvaddir til ráðuneytis. Það var spurt um hvaða grundvallarhugsun væri í þessu máli, hvort þarna væri fylgt einhverjum grundvallarreglum. Það var vikið að spurningum um hvort þetta samrýmdist einhverju sem menn kalla fjölskyldustefnu. Það var spurt um heildarniðurstöður þessarar kerfisbreytingar í heild á hag fjölskyldna. Eitthvað var orði vikið að bökurum. Það var rætt um bankastimplun. Það var spurt hvers vegna lagt er 25% álag á vörugjald, hvaða skýringar það hefði við að styðjast, hvort vænta mætti þess að jöfnunargjald yrði hækkað. Þetta eru helstu atriðin sem ég skráði hjá mér.

Síðan hafa menn kvartað undan því að tíminn væri naumur. Það er að sjálfsögðu viðkvæði í öllum þessum umræðum. Hins vegar rifjaði hv. 4. þm.

Norðurl. e. upp að flm., fjmrh. sá sem hér stendur, hefur viðurkennt réttmæti þeirrar gagnrýni og beðist velvirðingar á því og það er áreiðanlega ljóst að þetta var ekki af neinni meinbægni við þm., hvorki stjórnarandstæðinga né aðra, þaðan af síður í neinu vanvirðingarskyni við Alþingi. Þarna eiga óskipt mál þm. bæði stjórnar og stjórnarandstöðu því að skýringarnar á þeim drætti sem varð á að ljúka þessum frv. eru nokkrar.

Í fyrsta lagi er það svo að verkið vannst ekki eins hratt og upphafleg tímaáætlun gerði ráð fyrir. Í annan stað er ljóst að það tók stjórnarflokkana lengri tíma að ná pólitískri samstöðu um endanlega útfærslu málsins. Í þriðja lagi er þess að geta að það var á sama degi eftir að afgreiðsla málsins var útkljáð í ríkisstjórn að málið var kynnt, á sama morgninum, fyrir liðsoddum þingflokka stjórnarliða og stjórnarandstæðinga og þeim afhent þau gögn sem tiltæk voru í málinu.

Eini munurinn er sá að því er varðar stjórnarliða og stjórnarandstæðinga að fulltrúar þingflokka stjórnarliða áttu þess kost að tilnefna fulltrúa til þess að fylgjast með vinnslu málsins á lokastigi þess seinasta hálfa mánuðinn. Um það er ekki meira að segja en það að því miður tókst ekki að koma þessum málum til skila fyrir Alþingi fyrr en þetta. Það ber að harma. Það ber að viðurkenna að gagnrýnin er réttmæt og það eina sem um það er hægt að segja er að í okkar veiðimannasamfélagi er það einu sinni svo að menn þurfa stundum að leggja á sig miklar tarnir til að koma góðum málum fram og stundum ráðum við ekki tíma okkar sjálf og það gerir þrátt fyrir allt, þegar menn biðjast velvirðingar á því að ekki var betur hægt að standa að málum, lítið gagn að kvarta í síbylju um tímaskort. Það er nefnilega þáttur í því að eyða tímanum sem er dýrmætur.

Það var spurt: Hver var hlutur iðnrekenda og fulltrúa verslunarinnar að undirbúningi þessa máls? Var þeim gert hærra undir höfði en fulltrúum ýmissa annarra almannasamtaka sem menn hafa nefnt til? Svarið er þetta: Það var ákveðið að gefa fulltrúum íslensks iðnaðar og vinnunefnd, sem svokallað samstarfsráð verslunarinnar hefur á sínum snærum, kost á því að kynna sér tollskrána. Það var náttúrlega ekki bara gert af mannúðarástæðum heldur af verkhyggni. Það var leitað eftir því að fá ábendingar og tillögur frá þessum aðilum um tiltekin tæknileg atriði. Það var sem sé leitað eftir því að fá frá þeim leiðréttingar á ýmsum tæknilegum atriðum, ábendingar af reynslu þeirra sem starfa að þessum málum í daglegu starfi um ýmislegt sem betur mætti fara og það var lagt fyrir íslenska iðnrekendur dæmið út frá spurningunni um samkeppnisaðstöðu eða verndunarþörf fyrir íslenskan iðnað. Þetta var einmitt vegna tímaskortsins rétt og skynsamlegt að gera því að niðurstaðan var sú að frá þessum aðilum komu ýmsar mjög gagnlegar ábendingar sem vörðuðu tæknilegan undirbúning málsins.

Ef menn eru hins vegar að spyrja hvaðan þær hugmyndir eru komnar sem stýra þessari kerfisbreytingu má lesa um það í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram í stjórnarmyndunarviðræðum þegar í upphafi. Þar er því lýst í greinargóðu máli hvernig að því skuli stefna að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs í aðgreindum áföngum, tímasettum, þar sem m.a. þessi endurskipulagning á aðflutningsgjaldakerfinu, tollum og vörugjaldi er skilmerkilega tíunduð og gert ráð fyrir gildistöku um áramót. Ég vil því taka það skýrt fram að að því er varðar þátttöku þessara aðila eða tilkvaðningu þeirra að málinu, þá var það gert í nafni góðra vinnubragða til að koma í veg fyrir ýmsa skafanka eða missmíði á gripnum og reynslan sýnir að það var til bóta. Að öðru leyti var ekki leitað álits eða ekki tilkvaddir fulltrúar ýmissa almannasamtaka, það er rétt, sérstaklega að þessari tæknivinnu, enda kannski ekki sérstök ástæða til. Hins vegar hefur verið haft samráð í tíð þessarar ríkisstjórnar við þau samtök sem hér hafa verið nefnd til um ýmsa þætti, ekki hvað síst skattkerfisbreytingarnar, þær ræddar í þaula við marga af forustumönnum verkalýðshreyfingar, launþegasamtaka, vinnuveitenda o.s.frv. og í margvíslegu samhengi og á mörgum fundum þótt flestir hafi þeir verið óformlegir.

Hver eru aðalatriði þessa máls af því að það er spurt: Er einhver sérstök hugsun í þessu? Því er fljótsvarað. Þessi kerfisbreyting í heild lýtur að þessu: Í fyrsta lagi lækkun tolla og afnámi ýmissa annarra smærri gjalda þótt þau sé ekki öll þurrkuð út. Í annan stað er verið að fylgja fram þeirri stefnu, sem lengi hefur verið boðuð og rökstudd, að fækka undanþágum frá söluskatti og samræma hann, breikka skattstofninn. Það er þriðja meginatriðið í þessari kerfisbreytingu að tryggja öruggari tekjuöflun ríkissjóðs. Og það er fjórða atriðið að gera ráðstafanir til þess í einfaldara kerfi að bæta mjög skattskil. Og merkilegt nokk, þótt það hafi ekki komið fram í ræðum stjórnarandstæðinga, eru þetta í heild sinni ráðstafanir sem munu stuðla að lækkun verðbólgu eins og hún er mæld, þ.e. heildaráhrifin eru þau að framfærsluvísitala stendur í stað, hækkar ekki, en í annan stað, og það er ekki smátt atriði, mun byggingarvísitala lækka og lánskjaravísitala mun lækka.

Að því er varðar það mál sem hér er á dagskrá, tollana, eru aðalatriðin, eins og fram komu þegar í minni ræðu, tollalækkun, mjög veruleg tollalækkun, úr 80% hæstu tollum niður í 30% að hámarki. Það er í annan stað verið að samræma vöruverð og verðmyndun í okkar hagkerfi því sem tíðkast í grannlöndum og þar með að gera verðmyndun hér á landi sambærilega við það sem gerist annars staðar. Það er þáttur í því að bæta verðskyn fólks og jafnvel stuðla að hagkvæmari innkaupum og eftirliti. Það er verið að hverfa frá úreltum hugmyndum eldri tollalaga þar sem daglegar neysluvörur fólks voru flokkaðar sem einhverjar hátollavörur eða lúxus. Það er verið að afnema toll í 5000 tollnúmerum. Það er verið að fækka tollstigum. Það er verið að einfalda

kerfið. Heildarniðurstöðurnar eru þær að fjölmargar vörutegundir, sem áður báru tolla og vörugjöld, lækka stórlega í verði. Það er þáttur í því, þótt hann sé ekki kominn á enda, að flytja verslunina í auknum mæli inn í landið. Það er auðvitað hægt að finna dæmi þess að það muni ekki takast að fullu og öllu. Þó hefur málið tekið þeim breytingum í meðförum þings hingað til að það er líklegra en ella, *vegna þess að ytri tollar hafa verið lækkaðir frá því* sem var í frv. eins og það var fyrst lagt fram á þingi og það hefur verið sérstakt tillit tekið til svokallaðrar ferðamannavöru sem ferðamenn hafa áður freistast til að kaupa erlendis á ferðum sínum þannig að líkur eru á því að það dragi úr þeirri verslun erlendis eða að ef slíkar vörur eru keyptar erlendis verði þær gefnar upp til tollafgreiðslu.

Það hefur ekki verið nefnt hér vegna þess að við erum að ræða þetta afmarkaða mál að þessari heildarkerfisbreytingu fylgja mjög verulegar tekjujöfnunaraðgerðir. Þær eru í því fólgnar að tæplega 1300 millj. kr. er varið til niðurgreiðslna á matvælum til að tryggja að hefðbundnar afurðir íslenskra bænda hækki ekki í verði. Það kann að vera vafasöm manneldisstefna. Það kann líka að vera vafasöm efnahagspólitík til lengri tíma litið. En það er það verð sem þessi kerfisbreyting kostar.

Hér hafa menn tekið munninn fullan á undanförnum vikum og missirum um matarskatt og verið þá að tala um 25% hækkun á keti, sméri, mjólk og skyri og öðrum slíkum afurðum. En staðreyndin er einfaldlega sú að þessar vörur hækka ekkert í verði. Það er niðurstaðan af öllum atganginum út af svokölluðum matarskatti. Jafnframt hefði ég viljað vænta þess að þetta væri gerningur sem gleddi hjarta bændavina, framsóknarmanna í öllum flokkum, því að þetta er ekki gert bara til að tryggja hag neytendafjölskyldna. Þetta er ekki síður gert til að tryggja stöðu bændastéttarinnar. (**HG:** Eru bændavinir til í Alþfl.?) Já, t.d. sá sem hér stendur þótt hann sé enginn vinur þess kerfis sem myndað hefur verið utan um bændastéttina, *henni oft til óþurftar.* — Ekki er það væntanlega gagnrýnisvert. Menn geta ekki annars vegar æpt: Matarskattur, en hins vegar gagnrýnt þessar gerðir. Staðreyndin er sú að þessar vörur hækka ekkert í verði. Til þess er varið miklu fé. Ef menn vilja færa rök fyrir því að þetta sé tekjujafnandi aðgerð hefur hún verið framkvæmd og það kostar sitt.

Fyrir utan þær staðreyndir að vísitöluáhrif kerfisbreytingarinnar eru svona hagstæð er rétt að telja upp helstu vöruflokka sem lækka verulega í verði. Þar á meðal eru mjög viðamiklir flokkar matvara, þar á meðal eru hreinlætis- og snyrtivörur, þar á meðal er borðbúnaður og búsáhöld, þar á meðal eru byggingarvörur, hreinlætistæki o.s.frv. Ég vek athygli á að byggingarvísitalan lækkar mjög verulega og það er hvort tveggja að byggingarkostnaður og reyndar mjög veigamiklir þættir í útgjöldum heimilanna vegna heimilishalds munu lækka í verði.

Til þess að gleðja íþróttaunnendur skal þess getið t.d. að íþróttavörur lækka mjög verulega í verði. Kannski það megi flokka undir manneldisstefnu o.s.frv. Þetta er rökhugsunin í þessu kerfi.

Menn spyrja: Er verið að apa upp eitthvert erlent kerfi? Já, í þeim skilningi að það hefur verið að því unnið á alþjóðlegum vettvangi á undanförnum árum að samræma tollkerfi. Við erum að taka upp samræmt tollkerfi til einföldunar og til að greiða fyrir *milliríkjaviðskiptum, til að greiða fyrir samanburði í* verðmyndun o.s.frv. Meginatriðið er þó það að við erum með þessum aðgerðum að tryggja og styrkja samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Lokaskrefið í þá átt verður að sjálfsögðu upptaka virðisaukaskatts. Þessu þurfa menn að átta sig á. Meginástæðan fyrir því að við getum ekki til lengdar haldið uppi söluskattskerfi óbreyttu er einmitt sú að uppsöfnunaráhrif söluskattskerfisins verða að lokum í háum söluskatti til þess að íslenskt atvinnulíf verður ekki samkeppnisfært, annaðhvort það sem framleiðir hér á heimamarkaði í samkeppni við erlendar vörur eða á erlendum mörkuðum.

Það er verið að ljúka því verkefni, sem hófst við inngöngu okkar í Fríverslunarsamtökin, EFTA, að afnema með öllu tolla á öllum aðföngum íslensks iðnaðar og íslenskrar framleiðslu. Lokaskrefið verður stigið með virðisaukaskattinum. Menn hafa sagt sem svo: Hvernig í ósköpunum stendur á því þegar menn sjá hér söluskattsfrv. að það eru fjölmargir bálkar undanþáguvara í söluskatti enn þá? Svarið er að það er búið að fækka og afnema því sem næst allar undanþágur á endastigsvörum, þ.e. neysluvörum, framleiðsluvörum, söluvörum í verslunum, en eftir sem áður standa viðamiklir vörubálkar aðfanga, hráefna, véla og tækja fyrir íslenskan landbúnað, fyrir íslenskan fiskiðnað, fyrir íslenskan sjávarútveg, vegna þess að ef við legðum söluskatt á þennan varning værum við að eyðileggja samkeppnishæfni þessara greina. Þetta getum við ekki að lokum lagað fyrr en með virðisaukaskatti og það hefur verið tekin ákvörðun um það af þessari *ríkisstjórn að hann muni koma um næstu áramót,* 22%. Þar með leysum við þessi uppsöfnunarvandamál, samkeppnisvandamál og erum þar með búnir að ljúka þjóðþrifaverki sem lengi mun standa og er grundvallaratriði í allri íslenskri hagstjórn.

Auðvitað viðurkennum við að það hefur verið mikið færst í fang að ætla sér að endurskoða kannski 80–85% af öllum tekjustofnum ríkisins á jafnskömmum tíma. Og af því að menn hafa verið að bera sig nokkuð aumlega undan vinnuálagi skulu menn ekkert ætla það að þetta hafi tekist án vinnu. Þeir sem að þessu hafa unnið hafa lagt vissulega nótt við dag á undanförnum vikum og mánuðum við að undirbúa þetta, *tiltölulega mjög fáir menn undir* miklu vinnuálagi. Og með allri virðingu fyrir því, sem ég er búinn að endurtaka, að æskilegt hefðu verið að þessi mál hefðu komið fyrr til þings og hlotið þar skoðun á lengri tíma er það bara einu sinni svo að menn eiga ekki að kveinka sér undan því ef um góð mál og þörf er að ræða þó þeir þurfi að

leggja á sig meiri vinnu en frá kl. 9 til 5.

Reyndar vil ég taka það fram að eftir að hafa fylgst með og tekið þátt í umræðum um þessi mál, tolla, vörugjald, söluskatt, í hv. Ed. vil ég segja að það vekur aðdáun mína hversu fljótt og vel hv. þm. hafa sett sig inn í þessi mál, rætt þau af þekkingu og yfirvegun í smáatriðum og komið fram með mjög margar athugasemdir og ábendingar sem benda til þess að þeim hafi þrátt fyrir allt enst tími til að setja sig býsna vel inn í málið. Stundum vinnast mál ekkert betur við það að draga þau á langinn. Stundum er best að vinna snarlega að málunum.

Að því er varðar þetta tal um manneldisstefnu, þá ég vil bara segja í örfáum orðum að ekki er hægt að sníða endurskoðun aðflutningsgjalda, tolla, vörugjalds og söluskatts að því eina markmiði. Menn hafa ýmis markmið í huga og stundum rekast þau á. Besta dæmið um þetta, sem ég vil benda hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á að íhuga, það er gott dæmi sem bugar margt annað, er um innlenda framleiðslu á grænmeti. Manneldisstefnan? Já, þetta er hollt. Af hverju á þá ekki að hafa toll á því í núlli? Það er af því að menn hafa annað markmið, að vernda íslenska framleiðslu. Þess vegna er settur á það 30% tollur að sinni. Og það er annað sjónarmið sem vakir fyrir mönnum. Það má kenna við byggðastefnu eða atvinnusjónarmið. Niðurstaðan er m.ö.o. *sú að þarna verður að reyna að fara bil beggja eða þriggja.* Besta lausnin og sú sem við höfum lagt til er sú að hverfa frá 30% tolli en taka í staðinn upp sérstakt innflutningsgjald sem yrði stillt af þannig að það væri haft í hærra lagi á þeim árstíma sem innlend framleiðsla er með sína vöru á markaðnum, tryggi þannig verndarsjónarmiðin, en stillt lágt þegar innlend framleiðsla er ekki á markaðnum til að tryggja neytendum kosti þess að fá ódýra hollustuvöru innflutta við lágu verði.

Þetta er eitt dæmi, en eitt dæmi af ótal mörgum. Auðvitað er fásinna að það sé hægt að hafa eitt meginsjónarmið í huga. Það er sjálfsagt og rétt að taka eins mikið *tillit* til þessa sjónarmiðs og hægt er. Það er reynt að gera það í mörgum greinum. Það er t.d. reynt að gera það með því að leggja sérstakt vörugjald á óhollustuvörur, sykraðar vörur, sælgæti, gosdrykki, kex og annað slíkt gums. Og það er gert m.a. með því að það er einnig 25% álag á vörugjaldinu. Það er rétt. Það á sér sérstaka skýringu. Skýringin var sú að áður notuðu menn, eins og víðar í söluskattskerfinu ónýta sem við erum að hverfa frá blessunarlega, fáránlegar reiknireglur. Vörugjaldið lagðist nefnilega aldrei nema á 80% af söluverði innlendrar framleiðslu. Við kusum að afnema þessar reglur, fá hreint borð, en til þess að hafa samræmi milli innfluttrar framleiðslu og erlendrar er brugðið á þetta ráð að því er varðar vörugjaldið annars vegar á hvort tveggja, innlenda framleiðslu og innflutta.

Það er talað um fjölskyldustefnu. Við skulum nefna nokkur dæmi um hvernig þessi breyting er fjölskyldunni í hag. Fyrst er auðvitað að geta verðlagsáhrifanna sjálfra. Það er kannski einn helsti kostur við þessa breytingu alla saman að henni er komið fram án þess að það hafi neikvæð áhrif í heild á fjárhag venjulegrar fjölskyldu, á hag fjölskyldunnar.

Í fyrsta lagi er það svo að hagur meðalfjölskyldu samkvæmt mælikvarða framfærsluvísitölu er jafngóður eftir sem áður þrátt fyrir að menn vaði um í blöðum og hrópi: 25% á matvælum! Það er náttúrlega firra. Sú hækkun er að meðaltali um 7%. En engu að síður er það svo að aðrar ekkert síður brýnar vörur og þjónusta, sem venjuleg fjölskylda þarf að kaupa, lækkar samsvarandi þannig að hagur hennar er óbreyttur. En þess er líka að geta að fjölmargar nauðsynjavörur fjölskyldunnar, sem áður voru flokkaðar undir einhvern lúxus en eru náttúrlega hversdagslegur nauðsynjavarningur, lækka stórlega. Hagur fjölskyldunnar batnar á sumum sviðum, að því er varðar a.m.k. byggingarkostnað, að því er varðar búsáhöld og ýmis aðföng til heimilishalds. Það er í þágu manneldis, þó að það sé ekki neyslumál, að varningur til útivistar og íþróttaiðkunar lækkar mjög verulega í verði. Ég held að það sé sæmilega að málum staðið að því er þetta varðar.

Það er spurt um heildaráhrifin að því er varðar hag fjölskyldunnar. Nú minnist ég þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. reyndi sjálfur í mörgum af sínum ágætu ræðum áður í hv. deild að greina hvaða áhrif þetta hefði á hag vísitölufjölskyldunnar og fór með réttar tölur í því samhengi sem þá var. Það er rétt að rifja upp af því að það er verið að tala um hver heildarniðurstaðan er að því er varðar fjölskylduútgjöld.

Það er gert ráð fyrir að matvælakostnaður vísitölufjölskyldunnar hækki um 1800 kr. á mánuði sem eru auðvitað útgjöld, en það er líka hægt að sýna fram á það að á móti kemur lækkun á öðrum nauðsynjavörum, jafngild. Það á við um hreinlætisvörur, það á við um frystikistur, það á við um teppi, það á við um barnavagna, það á við um margvísleg búsáhöld o.s.frv. o.s.frv. Þetta geta menn kynnt sér *nánar af gaumgæfilegum lestri þessara frumvarpa.* Þessar vörur vega þungt í heimilisútgjöldum, en heildarniðurstaðan er að heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar haldast óbreytt.

Þá er spurt: Hvaða áhrif hefur þetta á hag barnafjölskyldna, hvaða áhrif hefur þetta á hag einstæðra foreldra með börn á framfæri, hvaða áhrif hefur þetta á hag aldraðra? Og niðurstaðan er sú að þá er reynt að gera betur vegna þess að þessu fylgja mjög veigamiklar hliðarráðstafanir. Það skiptir verulegu máli að barnabætur og barnabótaauki, sem er tekjutengdur og er ekki hvað síst einstæðum foreldrum með börn á framfæri í hag, er verulega hækkaður. Það verður séð til þess að barnabæturnar verða greiddar út fyrir fram eins og fram kom í umræðunum um tekjuskattsfrumvarpið í staðgreiðslu. Fyrsta greiðsla fer fram í janúarmánuði. (**Gripið fram í:** Er það nú öruggt?) Því hefur verið yfir lýst og það var undan því kvartað af hálfu ríkisskattstjóraembættisins að það væru á því framkvæmdaörðugleikar, en

það hefur verið þaulrætt í nefnd og það hefur verið þaulrætt við ríkisskattstjóra að það beri að gera allt sem hægt er til þess að tryggja það að við það verði staðið og því hefur verið heitið.

Ef litið er á ársútgjöld vísitölufjölskyldunnar — þau eru í dag talin vera 1300 þús. kr. og er reyndar oft kostuleg umræða um það. Samkvæmt þessu úrtaki þessa gamla vísitölugrundvallar eyðir fjölskyldan þessu samkvæmt búreikningum sínum og segir sína sögu um þær draumatölur sem oft eru tengdar umræðum um kaup og kjör miðað við taxtakaup. Af þessum útgjöldum eru matarútgjöld rétt tæplega 300 þús. kr. á ári eða 24 þús. kr. á mánuði. Tæplega 1 millj. kr. fer þá í annað en mat á þessu ágæta vísitöluheimili, 80 þús. kr. á mánuði, og af því að útgjöldin á þessu sviði fara lækkandi nýtast þessir peningar betur og, eins og ég sagði, að því er varðar aðrar fjölskyldur, þá tekjuhópa sem við viljum helst bera fyrir brjósti, verður hagur þeirra betri, t.d. er þessi 7% hækkun matvæla í heild sama prósentutala og nemur hækkun á bótagreiðslum til lífeyrisþega, en hækkunin á barnabótum og barnabótaauka er um 9%.

Þá tel ég að ég hafi sagt í stórum dráttum það sem ég vildi segja til þess að svara fram komnum spurningum um manneldisstefnu og um grundvallarhugsun í þessu kerfi, hvernig þetta snertir hag fjölskyldunnar, hverjir voru til kvaddir að fjalla um þetta, þessi tæknilegu atriði, og hvaða heildaráhrif kerfisbreytingin hefur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara beinum orðum um hag bakara. Það er rétt ábending hjá hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni að oft er auðvitað hægt að fara sömu leið og aðrar þjóðir í því að setja reglugerðir sem kveða á um gæði til þess að draga úr innflutningi eða gefa einhverja vernd, það er mál sem vel má skoða.

Um eitt dæmi þessu skylt, sem hv. 5. þm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson nefndi og varðaði bankastimplun, er það að segja að sú breyting er ekki komin að öllu leyti til skila. Það bíður endanlegrar tölvuvæðingar tollþjónustunnar til þess að hægt sé að stíga þar skrefið til fulls. Um það er held ég enginn ágreiningur. Einstakir ráðherrar hafa nefnt skýringu á því hvers vegna söluskattsprósentan var ekki lækkuð eins og áformað hafði verið í 22 eða 23%. Þá hefur verið vitnað til þess að í því efnahagsástandi sem nú er, í því þensluástandi, hafa menn metið það svo að það hafi verið fullkomlega hætta á því að verðlækkunin, sem af þessu átti að hljótast, hefði skilað sér treglega til neytenda. Það voru reyndar þeir menn sem við kvöddum til að meta þessar breytingar sem höfðu uppi slík varnaðarorð þannig að hér er ekki um neinar ásakanir að ræða uppfundnar í fjmrn.

Og þá spurði hv. þm.: En hvað verður þá um virðisaukaskattinn þegar hann lækkar? Mun sú breyting komast til skila til almennings? Svarið við því er auðvitað það að hafi þessari ríkisstjórn tekist það ætlunarverk sitt að draga mjög verulega úr verðbólgu á næsta ári og skapa hér meiri stöðugleika og bætt verðskyn og heilbrigðari verðmyndun aukast líkurnar á því að slík breyting skili sér til almennings í raun og veru sem og þær aðgerðir sem áformað er að taka upp til þess að framfylgja betur, mun betur en áður hefur verið, eftirliti með þessu einfalda kerfi. Það er fullkomlega ljóst og það getur hvaða stjórnmálamaður sem er sannfært sig um það af viðræðum við þá sem starfa í skattakerfinu að eftirlit með núgildandi kerfi var ógjörningur að hafa í reynd. Það var allt saman í molum. Það var ógjörningur, söluskattskerfið var ónýtt í þeim skilningi. Vonir okkar um bætt skattskil, m.a. vegna aukins eftirlits — nú er hægt að koma því við. Nú er hægt að koma því við vegna þess að kerfið er einfalt. Ég nefni sem dæmi: Árið 1980 í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds var skipuð sérstök nefnd til þess að rannsaka eitt helsta hugðarefni hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, þ.e. það að taka upp búðarkassa, innsiglaða, sjóðvélarnar svokölluðu, sem formaður Alþb. gerði að hvað mestum gamanmálum hér í Ed. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri tilgangslaus gerningur ... **(Gripið fram í:** Fyrrverandi formaður.) Já, það er búið að skipta um formann þarna. Já, ég gleymdi því. Það er vegna þess að maður hefur ekki haft hinn nýja formann svo fyrir augunum að undanförnu og hv. þm., fyrrv. formaður Alþb. ber a.m.k. formannskápuna enn, sýnist mér, í sínum málflutningi nema hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur kannski tekið við kuflinum hér í hv. deild. En það sem ég vildi sagt hafa var það að niðurstaðan varð sú að þetta væri gagnslaust og þýðingarlaust, þjónaði engum tilgangi, vegna þess að undanþágufárið var slíkt í söluskattinum að það voru tvær summur gjörólíkar, sjálfur skattstofninn og álagningin, það sem í gegnum kassann fór og það sem var söluskattsskylt í raun og veru, þýðingarlaus aðgerð. Þær breytingar sem við erum nú að gera eru forsenda fyrir því að koma þessu í framkvæmd.

Að lokum spurði hv. þm. Ingi Björn Albertsson hvort þess væri að vænta að jöfnunargjöld yrðu hækkuð. Það kom til orða en frá því var horfið. Um það er held ég ekki mikið meira að segja.

Ég vona að ég hafi í stórum dráttum svarað því sem til mín var beint af hv. þm. og þó sér í lagi hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég tek undir með hv. þm. að þrátt fyrir tímahrak er það auðvitað sjálfsögð skylda ráðherra að svara spurningum og gefa upplýsingar eftir því sem unnt er. Hitt er svo annað mál að þetta mál er eðli sínu samkvæmt þannig að eðlilegast er að það fái umfjöllun í smáatriðum, sérstaklega tollamálið, í hv. nefnd og ég met það svo af umfjöllun í Ed. að það hafi fengið mjög nákvæma umfjöllun og sjálfur hef ég ekki verulegar áhyggjur af því að þetta mál verði með meiri skafönkum vegna tímaskorts en þótt það hefði legið hér til umfjöllunar jafnvel vikum saman. Minni ég nú hv. þm. á að ötulleiki í nefndastarfi hefur löngum og löngum ekki verið mikill þótt tíminn væri nógur og jafnvel mál fyrirliggjandi. (Gripið fam í.) Skafanki er íslenskt mál, já. **(AG:** Á að íslenska hana?) Á að

íslenska frönskuna? (**AG:** Það er skylda að fylla út tollskýrslu á íslensku. Tollskýrslan er ekki á íslensku að öllu leyti.) Já. Sé það skylda er tiltölulega auðvelt að bæta úr því. Hitt er svo annað mál að þetta eru sjálfsagt leifar af alþjóðlegri hefð og erfð frá því að *meginland Evrópu var með tollmúrum og tollhliðum* við hvern hól og hvern læk og e.t.v. er franskan í þessum málaflokkum hin alþjóðlega lingua franca, hið alþjóðlega tungumál, eins og í póstþjónustu og öðrum málum.

Menn hafa haft orð á því að þessi mál væru flókin. Þau kunna að vera það þegar farið er ofan í saumana *á smáatriðunum, en aðalsmerki þessara breytinga er* einmitt einfaldleikinn. Og öll hugsunin í þessari kerfisbreytingu lýtur að því að gera ónýtt, götótt, flókið og óframkvæmanlegt kerfi að einföldu, auðskildu og vel framkvæmanlegu kerfi.

Loks er svo þess að geta af því að ekkert er nýtt undir sólinni að þetta mál er að sjálfsögðu ekkert *nýtt hér á þingi. Hv. þm. Albert Guðmundsson vék* að því að fyrr hafa verið gerðar tilraunir til að koma þessu máli fram og gegnum þing með lengri undirbúningstíma en tókst ekki, því miður, af ýmsum ástæðum, að hluta til vegna þess að menn guggnuðu á ýmsum annmörkum sem mönnum tókst ekki að sníða af, að hluta til af pólitísku kjarkleysi og að *hluta til af skorti á einarðlegri verkstjórn. En* málið er kunnugt. Það hefur verið lagt fyrir, það hefur verið um það fjallað á Alþingi. Hugmyndirnar eru ekkert nýjar af nálinni þannig að það er ekki eins og þessu hafi verið dengt fyrir þjóð og þing allt í einu með örfárra daga fyrirvara.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð af því að til mín var beint fyrirspurnum sem ég vil og tel mér skylt að svara. Reyndar hefur hæstv. fjmrh. farið ítarlega yfir málið og dregið fram þau sjónarmið sem auðvitað hafa verið ofarlega og ríkt í umfjöllun um endurskoðunina *á tollalögunum og tollskránni og* reyndar þeim frumvörpum öðrum sem hafa verið til meðferðar í hv. Alþingi og fjalla um ýmsar mikilvægar neysluvörur og ráða eða stjórna að verulegu leyti verði á þeim.

Endurskoðunin á tollalögunum eða tollskránni er ekki ný. Hún er búin að vera í gangi lengi, í mörg ár, og ég held að allir hafi verið sammála um að það var virkilega þörf á því að taka þetta mál til endurskoðunar og til einföldunar og aðalástæðan fyrir þessum breytingum, svo og breytingum á söluskattskerfinu og vörugjaldinu, er fyrst og fremst sú að gera það einfaldara og skilvirkara. Það er í raun það sem er grundvallaratriðið í þessu máli öllu saman og það er forsenda þess að við teljum nauðsynlegt að leggja þessi frv. fram og fá þessar breytingar í gegn. Ég er fylgjandi þessum breytingum.

Mér er það auðvitað alveg ljóst að það er ekki allt eins og menn hefðu kannski helst viljað eða helst kosið. Við því verður ekki gert. Það er svo að það er auðvelt að tína út úr einstök atriði, benda á það að einstakir vöruflokkar hækki og aðrir lækki og þetta eða hitt sé óeðlilegt. Ég tel að það sé vegna þess að þessi einföldun og þessi samræming var nauðsynleg og hún dregur þetta fram en það segir okkur ekkert *um það að það kerfi sem við erum að breyta hafi* verið betra en það sem við erum að taka upp. Þetta eru hins vegar bara þær staðreyndir sem koma út úr þessum breytingum og þeim leiðréttingum sem hér er verið að gera. Ég tel þessa einföldun nauðsynlega til þess að fá fram skilvirkara tolla- og skattakerfi.

Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh. að söluskattskerfið, *sem hefur ríkt, var orðið ónýtt.* Það var nauðsynlegt að lagfæra það og ég hygg að það hafi verið nákvæmlega það sama sem átti við um tollskrá og tollalöggjöf.

Það kann líka að vera að það sé hægt að draga það fram að einstaka breytingar, sem hér eru gerðar, samrýmist ekki svokallaðri manneldisstefnu, en ég *vil leggja á það áherslu að það er fleira manneldis*stefna en mataræði þó að mataræði sé auðvitað mikilvægt þar líka. Það eru ýmis önnur atriði í heilbrigðissjónarmiðum, heilbrigðisstefnu, sem þarna koma fram sem þarf að taka tillit til þegar rætt er um manneldisstefnu. Það er margs konar önnur neysla og það er margs konar hegðun, það eru hollir *lifnaðarhættir, það er útivist, það eru íþróttir* og það er margt fleira slíkt sem er ástæða til að benda á.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði um afstöðu t.d. landlæknis og hugsanlega embættismanna eða starfsmanna ráðuneytis og stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið. Mér er auðvitað kunnugt um hana og er sjálfsagt og skylt að segja frá því hér að *landlæknir hefur gert athugasemdir við einstaka* þætti í þessum breytingum og talið að það væri erfitt að sætta sig við þær og áhrifin á einstaka neysluvörur. Ég tel hins vegar að þau meginmarkmið, að einfalda kerfið, gera það skilvirkara og auðveldara í framkvæmd og þar með auðveldara í eftirliti og skatta og tolla auðveldari í innheimtu, verði að sitja *þarna í fyrirrúmi. Það er ekki alltaf auðvelt að þjóna* tveimur herrum. Ef líkja má því saman við þetta mál sem við erum að framkvæma hljóta að koma upp í þessu álitaefni, mál sem kunna að stangast á. Við erum að reyna að ná fram ákveðnum áherslum, ákveðnum breytingum, og við verðum þá líka að sætta okkur við það þó að það kunni að koma niður á öðrum atriðum.

Við höfum í þessu sambandi lagt áherslu á það að halda niðri vöruverði á ýmsum mikilvægum neysluvörum sem hækka lítið eða ekki neitt, eins og t.d. mjólk, skyri, smjöri, kjöti, svo að eitthvað sé upp talið. Við höfum á hinn bóginn samþykkt að það komi tollar á t.d. grænmeti vegna þess að við erum þar að gæta að öðrum hagsmunum eins og hagsmunum þess fólks sem vinnur við framleiðslu á innlendu grænmeti. Við erum þar að vernda ákveðna hagsmuni og þannig hlýtur þetta oft að geta farið að við náum ekki fram öllu sem við viljum og einstakir efnisþættir kunna að rekast á. Við höfum lagt til að

lagt sé sérstakt vörugjald á ýmsa vöruflokka sem eru taldir miður hollir, eins og sælgæti, kex, öl, gosdrykki, safa og ég hefði gjarnan — ég vil láta það koma fram hér — ég hefði gjarnan viljað að það væru líka tollar eða vörugjald á sykri, en um það hefur ekki náðst samkomulag og það er svo, eins og ég hef reyndar áður sagt hér, að menn verða stundum að sætta sig við hluti þó að þeir séu ekki alveg nákvæmlega eins og maður hefði helst viljað hafa þá.

Ég vona að þetta hafi að einhverju leyti svarað þeim fsp. sem hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín varðandi þessi mál. Ég ætla ekki að orðlengja um það frekar en tel að verið sé að reyna að koma fram svo mikilvægum breytingum á tollalöggjöf og skattamálum að menn verði að sætta sig við það þó að það kunni að vera hliðarverkanir ýmsar sem maður hefði gjarnan viljað hafa öðruvísi en við fáum ekki við ráðið.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Við höfum rætt um tollamál og breytingu á tollum, nýja tollskrá. Inn í þessar umræður fléttast að einhverju leyti umræða um söluskatt sem út af fyrir sig á ekki heima í þessari umræðu en í gegnum nokkuð mörg ár hefur hæstv. núv. fjmrh. og fleiri alþýðuflokksmenn borið það á atvinnurekendur, smáa sem stóra, að þeir hafi stolið undan söluskatti gegnum tíðina. Þegar ég var fjmrh. var upphæðin 10 milljarðar. Það var fullyrðingin á þeim tíma. Sú upphæð hefur að vísu lækkað. Nú hefur það skeð að söluskattur hefur verið lagður á fleiri vörutegundir til innheimtu og upphæðin, sem innheimt er, er í prósentum sú sama og áður var og hér hef ég hlustað á hvern alþýðuflokksmanninn af öðrum, innan gæsalappa þó, fullyrða að nú verði innheimtan auðveldari og söluskatturinn muni skila sér miklu betur, hann sé á allan hátt einfaldari. En ég hef ekki heyrt um hvernig þeir hafa hugsað sér að einfalda innheimtuna. Það er ekki einföldun, það er alveg öfugt, að fjölga vöruflokkum sem bera háan söluskatt. Og ef það er rétt sem alþýðuflokksmenn hafa fullyrt gegnum tíðina, að undan söluskatti hafi verið skotið stórum upphæðum, svo að þúsundum milljóna skipti, get ég ekki séð að neitt nýtt kerfi hafi verið sett í gang, hafi verið hugsað upp, að nokkrar breytingar hafi orðið aðrar en að það er vitnað í það að nú muni ríkisskattstjóri verða skilvirkari í sínum störfum, líklega bara við það að málaflokkurinn heyrir undir Alþfl., en ég hef ekki heyrt um ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið til þess að innheimtan gangi betur. Í þessum umræðum um tollamál hafa rök alþýðuflokksmanna og þá sérstaklega hæstv. fjmrh. um söluskattinn og söluskattsskil verið þau að með einfaldari aðferðum verði innheimtan betri, bara við það að fleiri vörutegundir falla undir 25% söluskatt. Ég vil gjarnan fá skýringu á því núna vegna þess að kerfið virðist vera komið á.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst í ræðustól til að þakka hæstv. fjmrh. og reyndar einnig hæstv. heilbrrh. fyrir að svara þegar þeir eru aðspurðir og ég met það og virði við til að mynda hæstv. fjmrh. að hann tók alvarlega þær spurningar sem til hans var beint og fór yfir þær í sæmilega ítarlegu máli og gerði grein fyrir því hver hans afstaða væri til þeirra hluta og skýrði, eftir því sem hann hafði vitneskju og möguleika til, þá þætti málsins sem hann hafði verið beðinn um nánari útlistanir á. Það er nákvæmlega þannig, held ég, sem hæstv. ráðherrar og hv. þm. eiga að eigast við og starfa saman hér á hinu háa Alþingi, með fullri virðingu hver fyrir öðrum og sýna það í verki að þeir taki skyldur sínar alvarlega og reyni eftir bestu getu að uppfylla þær.

Ég bíð með það til seinni tíma, 2. umr. eða annars tíma, að fara efnislega ofan í það sem hæstv. fjmrh. sagði hér um heildaráhrifin af þessum breytingum. Til þess gefast nóg tækifæri þegar önnur tengd frv. koma til meðferðar. Ég hlýt þó að minna hæstv. ráðherra á það að lykillinn að því að tryggja að fjölskyldurnar, þ.e. meðaltalsfjölskyldan sem allt miðast nú við, þessi upp á 3,9 fjölskyldumeðlimi, verði ekki fyrir stórauknum útgjöldum er bakráðstafanir í formi niðurgreiðslna, í formi hliðarráðstafana sem ákvarðaðar eru með fjárveitingum hverju sinni. Hitt vitum við jafnvel að þeir skattstofnar sem einu sinni eru komnir á blífa og verða áfram og verða notaðir og það er auðvitað lausi endinn í málinu hjá hæstv. fjmrh. og formanni Alþfl. sem er að leggja á gífurlega nýja skatta. Undan því fær hann ekki vikist, hæstv. ráðherra, þó að hann hafi auðvitað fundið út það snjallræði að það sé ekki rétt að tala um það með þeim orðum vegna þess að tekjunum sé ráðstafað á tiltekinn hátt. Það er að hluta til til hagsbóta launafólki sem er út af fyrir sig rétt. En skattstofnarnir eru að breikka og stækka og innkoman í ríkissjóð að aukast. Álögurnar eru fyrst og fremst á almenning. (**Fjmrh.:** Það er verið að treysta undirstöður velferðarríkisins.) Það er út af fyrir sig nokkuð til í því hjá hæstv. ráðherra, enda tók ég það fram í fyrri umræðum að ég væri í sjálfu sér ekki að agnúast sérstaklega út í það þó að menn væru að afla fjár til samneyslunnar. Það er út af fyrir sig þarft verk að koma löppunum undir ríkissjóð aftur eftir þá óráðsíu sem sjálfstæðismenn hafa ástundað þar um árabil.

Varðandi það að ekki sé hægt að ganga út frá einstökum þætti eins og manneldisstefnu þegar verið er að ákvarða tollskrá er það auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra og líka rétt hjá hæstv. heilbrrh. að það sem hér er á ferðinni er að vega og meta ólík sjónarmið. En það þarf að reyna að gera það á sem sanngjarnastan hátt, finna sem besta og sanngjarnasta millileið milli sjónarmiða eins og hollustu og manneldissjónarmiða annars vegar og kannski þess að verja innlenda framleiðslu hins vegar. Það er vandaverk. Það getur vel verið að landlæknir mótmæli einu sem samtök iðnrekenda eru hæstánægð með. Þess vegna,

hæstv. fjmrh., er það auðvitað lykilatriði að allir aðilar málsins fái jafnan rétt til þess að láta sín sjónarmið í ljós. Og ég hjó eftir því en það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra að aðilar eins og t.d. Neytendasamtökin eða fulltrúar þeirra hefðu enn þá komist að þessu máli þegar það er hér til umræðu í seinni deild. Og það er út af fyrir sig alvarlegur hlutur.

Herra forseti. Ég hef ekki kvartað undan vinnuálagi hér á hinu háa Alþingi. Hafi verið uppi kvartanir eða grátur um slíkt hafa það verið aðrir en ég. Það er fjarri mér að aka mér undan því að leggja mitt af mörkum í formi vinnutíma hér ef það má verða til þess að málin gangi betur fram og verði betur unnin þegar þau verða gerð að lögum. Ég tel í sjálfu sér að það sé ekkert að því að vinna mikið, eins og menn þola. Það er hins vegar mikilvægt að vinnan sé sæmilega skipulögð, að vinnutíminn nýtist og að menn gangi ekki svo fram af sér að afköstin fari að minnka og þetta verði vítahringur sem menn komist ekki út úr og menn vinni lengur og lengur og verði þreyttari og þreyttari og verði þar af leiðandi sljórri og sljórri og þurfi meiri og meiri og meiri og meiri tíma til að skilja hlutina. Þannig getur þetta nefnilega farið, hæstv. ráðherra, ef menn ganga of langt og það á allra síst við í löggjafarsamkundunni.

Herra forseti. Það er ekki á mínu valdi, ekki heldur á valdi herra forseta, að draga þá hæstv. ráðherra í ræðustólinn sem ekki vilja það eða geta.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er helst athyglisvert við þær umræður sem hér hafa farið fram í kvöld að nær allir ef ekki allir hv. þingdeildarmenn sem tekið hafa til máls hafa fagnað þessu frv. að meginstefnu til. Þetta er ákaflega mikils virði, og sannar víst enn einu sinni að það verður dýrast sem lengi hefur geymt verið, og ber tvöfaldan ávöxt í hentugan tíma fram borið. Sá hentugi tími er nú. Það hefur verið beðið nógu lengi eftir þeirri þörfu hreingerningu á tekjuöflun ríkisins sem þau frumvörp sem nú liggja fyrir hinu háa Alþingi, um söluskatt, um vörugjald, um tollalög, um tekju- og eignarskatt, fela í sér í sameiningu. Reyndar eru þessar breytingar, eins og komið hefur fram í máli hæstv. fjmrh., svo umfangsmiklar að þær hreyfa við 4/5 af tekjum ríkissjóðs í einu lagi. Þetta er nauðsynlegt að gera nú til þess að koma lagi á ríkisfjárhaginn og, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það réttilega, til þess að treysta undirstöður velferðarríkisins. Skattakerfið var úr sér gengið og reyndar allra manna mál að úr því þyrfti að bæta. Svona er nú það.

Menn hafa nokkuð fundið að málsmeðferð. Það verður að segjast að hér hafa menn barið sér mjög búmannlega, ekki síst hv. 4. þm. Norðurl. e. sem er ákaflega samviskusamur þm. og tekur þátt í hverju máli vel og vandlega. Það er sannarlega þakkarvert. Ég vil taka undir þau orð sem fram komu hjá hæstv. fjmrh. að stjórnarandstaðan hefur komið ákaflega vel fram í vinnunni við þessi mál, tekið dyggilega þátt í vinnunni í nefndunum, borið fram fjölmargar tillögur og komið með gagnlegar ábendingar, en auðvitað ýmsar sem ekki er hægt að samþykkja. Þetta er eins og þingið á að vinna. En það er líka rétt að þótt vönduð vinnubrögð í nefndum séu mikilvæg er líka nauðsynlegt að gjöra svona hluti skjótt. Það mætti líka hugsanlega gagnrýna vinnubrögðin við tollalagabreytingar eins og hér hafa verið undir í nefndarstörfum og þingstörfum að þær gangi ekki nógu fljótt vegna þess að svona breytingar þurfa eðli sínu samkvæmt að gerast nokkuð snögglega. Það sem menn gjöra eiga þeir að gjöra skjótt þegar um slíkar breytingar er að ræða. En þá þarf auðvitað að undirbúa málin vel og það hefur að mínum dómi reyndar verið gert hér því eins og hér hefur komið fram er langur aðdragandi að þessu máli. Reyndar er hann svo langur að það mætti rekja hann frá árinu 1970, ef menn vildu. Hér er í raun og veru verið að stíga mikilvæg skref til þess að laga íslenska tekjuöflunarkerfið að þeim veruleika að við gerðumst aðilar að fríverslunarsamningum við Evrópuríki í byrjun áttunda áratugarins. Það er kjarni málsins. Nú er verið að vinna verk sem lengi hafa úr hömlu dregist.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál fleiri almenn orð, en vildi víkja nokkrum orðum að því sem til mín var beint sérstaklega eða þar sem mér finnst ástæða til að hnykkja á því sem kom fram hér í ágætum svörum hæstv. fjmrh.

Hv. 5. þm. Vesturl. benti í fyrsta lagi á að ytri tollabreytingin gengi e.t.v. helst til skammt eins og ég skildi hans mál og reyndar nefndu það fleiri. Þetta má rétt vera en þó er nauðsynlegt að hafa þarna í huga að ef einhvern tíma kæmi að því að við vildum gera fríverslunarsamninga við fleiri menn en Evrópumenn þurfum við að hafa um eitthvað að semja, svo einfalt er nú það.

Í öðru lagi nefndi hv. 5. þm. Vesturl. athyglisverðar ábendingar um það að merkja þyrfti betur í tollskrána þær vörur þar sem gefa þyrfti upp stykkjafjölda við innflutning, t.d. með stjörnu eins og gert hefði verið. Ég tel að hæstv. fjmrh. eigi að taka þetta til vandlegrar athugunar. Hann nefndi líka að það væri gott að merkja í tollskrána þær vörur sem bera vörugjald þótt það sé önnur gjaldskrá. Mér fyndist það líka eðlilegt að í tollskránni sjálfri kæmi fram eitthvert slíkt merki. Þetta eru dæmi um vandaðar ábendingar, afrakstur hinnar nákvæmu vinnu sem eðlilegt er að fram fari í þingnefndum.

Í þriðja lagi tók ég eftir því að hv. 5. þm. Vesturl. og hv. þm. Reykv. með sömu raðtölu nefndu báðir bankastimplunina og töldu að þar hefði verið gengið á bak orða fyrrv. ríkisstjórnar í framkvæmdinni. Þetta held ég að sé ekki rétt. Hæstv. fjmrh. benti á það, að þetta mætti rekja að hluta til til þess að skráning á greiðsluhætti væri ekki í því lagi í tölvuskráningunni í tollinum að hægt væri að hafa hana á hreinu án stimplunar eins og að hefði verið stefnt. Þetta er eitt, tæknilegt atriði. Hitt skiptir hér meira

máli, að þótt bankastimplunin hafi verið afnumin með tollskrárlögunum, þá standa eftir tvær ástæður fyrir því að enn þarf að huga að greiðsluaðferð við innflutning. Sú fyrri er að greiðslufrestsreglur eru enn í gildi. Það er samkvæmt íslenskum lögum og reglum óheimilt að taka lán við vörukaup frá útlöndum nema eftir sérstökum reglum og að mínum dómi helst til flóknum reglum. En meðan slíkar reglur eru í gildi þarf að spyrja hvernig borgað sé fyrir hina innfluttu vöru. Ég get upplýst hv. þingdeild um það að ég hef í huga að reyna að einfalda og helst í fyllingu tímans afnema þessi ákvæði, en það er yfir allan vafa hafið að hér er alls ekki um hagsmunagæslu fyrir erlenda menn að ræða eins og gefið var í skyn í máli hv. 5. þm. Reykv., heldur er ríkið hér að reyna að gæta þess að farið sé eftir reglum sem það hefur sett um greiðslufresti og nú síðast með lögunum um erlent lántökugjald sem sett var í byrjun starfstíma þessarar stjórnar. Það er auðvitað nauðsynlegt ef þetta á að framkvæma að hafa upplýsingar um það hvernig innfluttar vörur skuli greiða því sum af lánunum sem þannig eru tekin eru gjaldskyld samkvæmt þessum lögum.

Nú vill reyndar svo til að þetta gjald á að falla niður í árslok 1988 og þá verður sú ástæðan fallin fyrir því að spyrja um hvernig greitt sé því það er auðvitað rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að við eigum að stefna að því í okkar viðskiptum að það verði sem minnstur munur á viðskiptum innan lands og við önnur lönd því það er einmitt aðal utanríkisverslunar að hún víkkar framleiðslu- og tekjutækifæri fámennrar þjóðar sem fæst við einhæf störf einfaldlega af því að það borgar sig best. Nóg um bankastimplunina, sem ég vona að hafi þá skýrst eitthvað í hugum hv. þingdeildarmanna um hvað snýst.

Ég ætla ekki að víkja að fleiri einstökum atriðum nema hvað ég get ekki á mér setið að segja það að mér kom það nokkuð á óvart að hv. 5. þm. Reykv. skyldi ekki líka það að hafa þessi framandlegu og fallegu frönsku orð í tollskránni sem hann las upp með betri hreim en mér er unnt því hann er málinu kunnugur. Bæði er það að hann þekkir tungumálið, frönsku, og hitt, að honum er náttúrlega vel ljóst og miklu betur en fram gekk af hans máli að hér er um upptalningu að ræða á nöfnum á hitabeltisviðum sem ættaðir eru úr fjarlægum heimshlutum. (Gripið fram í.) Það stendur hérna allt saman. (Gripið fram í.) Jú. (Gripið fram í.) Það getur verið að það sé blandað afrísku. En það er áreiðanlega úr hinni frankófónu Afríku. Sennilega er það kjarni málsins að þótt það kunni að vera satt sem skáldið sagði, að til sé á íslensku orð yfir allt sem er hugsað á jörðu, sé enn ekki til á íslensku orð yfir allt sem er verslað með á jörðu. Kannski kemur að því. En ég er alveg sannfærður um að það verður vandlega að því hugað hvernig megi verða við því sem hv. 5. þm. Vesturl. óskaði eftir, að tollskrármálið verði íslenskað. Það er auðvitað rétt að lagamálið er íslenska og þess vegna á tollskrármálið líka að vera íslenska. En hins vegar verð ég að játa að ég held að mér verði erfiðara að sætta mig við orð eins og kíserít, epsomít, sem eru sögð hér náttúrleg magnesíumsúlföt bls. 59, en Acajou d'Afrique sem mun vera nafn á einhverjum fallegum harðviði, sem ég þekki reyndar ekki en fulltreysti að smiðirnir þekki, og viti hvað við er átt. Það er það sem máli skiptir. Ég lýk svo ræðu minni. (**AG:** Hvað er íslenskt orð yfir Acajou d'Afrique?)

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. beindi til mín spurningum um það í hverju væru fólgnar þær ráðstafanir sem ættu að tryggja bætt söluskattsskil. Áður en ég svara því vil ég leiðrétta að það hafi fyrst og fremst verið orð alþýðuflokksmanna að láta uppi efasemdir um að skattskil, hvort heldur væri í söluskatti eða skattakerfinu, væru í nógu góðu lagi. Ég rifja upp að hv. þm. skipaði á fjármálaráðherratíð sinni nefnd skv. þál., sem við alþýðuflokksþingmenn höfðum flutt og fengið samþykkta undir forustu núverandi félmrh. hæstv., til þess að rannsaka skattskil á Íslandi. Sú skýrsla hefur verið kölluð skattsvikaskýrslan. Hv. þm. Albert Guðmundsson á heiður skilið fyrir að hafa skipað þessa nefnd. Hún skilaði af sér áliti, ítarlega rökstuddu, og lagði þar mat á hverju væri ábótavant, tölulegt mat á hver vanskilin væru, beitti til þess ýmsum ráðum. Og þetta var auðvitað gert í framhaldi af því að með öllum grannþjóðum okkar hafa verið gerðar slíkar úttektir. Málin hafa verið rædd, þau hafa verið rannsökuð og það er ekkert launungarmál að það skattkerfi er enn ekki uppfundið sem tryggir fullkomin skattskil. En þarna varð niðurstaðan sú að ætla mætti að skattar kæmust ekki til skila sem svaraði á núvirði um 5 milljörðum kr. Hér er ekki verið að fara með pólitískar sakargiftir heldur verið að lýsa niðurstöðum nefndar sem skipuð var af hv. fyrirspyrjanda sjálfum og skilaði áliti.

Hvað er það sem eykur okkur bjartsýni á því að skattskil batni? Hvaða ráðstafanir á að gera?

1. Með vísan til rökstuðnings skattsvikanefndar er meginatriðið í því kerfisbreytingin sjálf. Rauði þráðurinn í tillögugerð nefndarinnar var að með því að lagfæra skattalög, með því að fækka undanþágum, með því að breikka skattstofn væri verið að einfalda kerfið og stuðla að bættri innheimtu þegar af þeirri ástæðu. Það var lögð á það áhersla að að óbreyttum lögum og í óbreyttu kerfi með slíkum fjölda undanþága sem í því eru væri fjölgun eftirlitsmanna þýðingarlítil, enda er það ekki hugmynd þess sem hér stendur að breyta þjóðfélaginu í lögregluríki, fjarri því. Kerfið á að vera þannig að það sé auðskilið, það sé hægt að koma við ódýru en árangursríku eftirliti og stærsta einstök breytingin er auðvitað breytingin á lögunum sjálfum.

2. Það hefur verið lýst áformum um að tryggja bætt skil í söluskatti með því að taka upp innsiglaðar sjóðvélar sem kallaðar eru á fagmáli. Það er hægt í undanþágulausu kerfi. Það er gert víða um lönd, ekki hvað síst í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og er einn þáttur þess arna.

Þriðja dæmið sem nefnt hefur verið en ákvörðun hefur að vísu ekki verið tekin um, málið er nú á umræðustigi, er að fela tollþjónustunni og því starfsliði sem þar er, þar sem verkefnum fækkar vegna þessarar umfangsmiklu einföldunar á tollakerfinu, að taka að sér eftirlit með framkvæmd söluskatts, vörugjalds og um það er lýkur virðisaukaskatts. Þó ekki kæmi annað til en þetta þrennt væru það allt jákvæðar aðgerðir sem gætu gefið rökstuddar vonir um bætt skattaskil.

Fjórða atriðið er síðan einfaldlega bætt þjónusta, bætt upplýsingaþjónusta. Ég vil nefna það að lokum að í umfjöllun um þessa kerfisbreytingu í Ed. hefur verið lögð á það áhersla af hálfu ýmissa talsmanna stjórnarandstöðunnar að þessi kerfisbreyting sé ekki nægilega vel kynnt. Það er eitt dæmið um mjög þarfar og gagnlegar ábendingar sem komið hafa fram í þessum umræðum. Þetta er réttmæt gagnrýni. Því hefur verið beint til mín að ég reyndi að beita mér fyrir því að skattayfirvöld í samvinnu við einkum og sér í lagi sjónvarp, sjónvarpsstöðvarnar báðar, og fjölmiðla í heild geri að því gangskör nú þegar að koma á framfæri við allan almenning einföldum og auðskildum upplýsingum bæði um framkvæmd staðgreiðslukerfisins og þessa hina miklu kerfisbreyingu sem á að ganga í gildi um áramót. Og þeirri kynningu þarf að halda áfram líka eftir áramótin á meðan þessi kerfisbreyting er að festast í sessi. (**SJS:** Þessar ábendingar komu fram í þessari hv. deild, við 3. umr. hér.) Þá leiðréttist það því að þá hafa þeir í hinni deildinni bara verið að apa það eftir hv. þm. (**Gripið fram í:** Það eru deildaskipti.)

Þetta eru nokkur dæmi um það sem fyrir mönnum vakir um aðgerðir til þess að bæta þessi skil. Ég vil aðeins ljúka með því að segja: Þáttur í vanskilum í sköttum byggist ekki á ásetningi heldur á því að mönnum verða á skyssur, sér í lagi þegar kerfið er flókið. Það á að vera þáttur í eðlilegri þjónustu skattakerfis að bæta þjónustu við greiðendur. Upplýsingar eru þýðingarmikið atriði því að þjónustuhugarfar þarf að vaxa í opinberri starfsemi á Íslandi.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu né halda ræðustólnum lengi frá hv. 5. þm. Reykv.

Ég vil alveg sérstaklega fagna því að hæstv. viðskrh. hyggst taka á og afnema algerlega bankastimplun sem er mikið hagsmunamál fyrir innflutningsverslunina alla.

En ég vil segja það vegna hinnar íslensku tungu sem fram á að koma á tollskýrslum í dag, og ég verð að segja að ég dáðist að framburði hæstv. ráðherra hérna rétt áðan, að það er þannig að hafir þú ekki reiðubúna þýðingu á þeim hlut sem þú setur á tollskýrslu færðu hana einfaldlega í hausinn aftur. Hún fær ekki tollafgreiðslu. Þess vegna hlýtur það að skjóta skökku við að sjálf tollskráin skuli vera með útlendum nöfnum. Það getur ekki annað verið.

Hæstv. fjmrh. talar um að menn séu að slá sér á brjóst og gera sig breiða og hefur oft sagt að menn séu að slá pólitískar keilur í hinum og þessum málum. Ég verð að segja alveg eins og er að ef einhver slær pólitískar keilur þessa dagana er það hann sjálfur þegar hann talar um nýju tollskrána. Hann á sennilega hvað minnstan þáttinn í henni sjálfur af öllum þeim ráðherrum sem þar hafa komið nálægt.

Og rétt í lokin spurði ég hæstv. ráðherra að því hvað þýddi 25% heildsöluálag í beinhörðum peningum, hvað aflar það mikilla tekna fyrir ríkissjóð? Ég hef ekki fengið svar við því enn þá.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér leiðrétta þá hugsanaskekkju sem það hlýtur að vera hjá hæstv. viðskipta- og bankamálaráðherra að tímalengdin sem tekið hefur að útbúa þetta frv. geri þörfina svo brýna að það þurfi að vinna það svo hratt hér í þinginu að ekki finnist nægilegur tími til að vinna verkið vel. Það skal til þess vanda sem lengi á að standa. Þar af leiðandi er það öfugmæli hjá hæstv. ráðherra að haga orðum sínum á þann hátt sem hann gerði. Það er flaustурslegt að heyra það koma frá ábyrgasta aðila í einum málaflokki. Og breytingarnar þurfa ekki að gerast skjótt. Það verður að athuga þær vel, gaumgæfilega. Það er betra að taka til þess tíma en að hrófla málum af.

Ég harma ummæli hæstv. ráðherra um greiðslufrestinn vegna þess að hann er ekki eins flókinn í lögum og ráðherra gaf til kynna. Það er afskaplega einfalt að afnema þennan skatt og Seðlabankinn á ekkert að koma þar nálægt. Þegar ríkisstjórnin er búin að taka ákvörðun og Alþingi að ákveða að afnema bankastimplun er bankastimplun þar með afnumin og Seðlabankanum kemur það ekki meira við. Það hefur ekkert með það að gera hvort tölvuskráning hjá tollstjóra þarf að breytast eða breytast ekki. Þetta er fyrirsláttur sem er rökleysa.

Ef allt sem hugsað er á jörðu finnst í íslensku máli, hvað þá með tollskrána? Það er líka rökleysa því að hún á að vera á íslensku. Það gengur ekki upp neitt að því sem hæstv. ráðherra sagði.

Hitt vil ég segja til fjmrh. hæstv.: Það var engin nefnd skipuð af mér sem ráðherra fjármála sem hét skattsvikanefnd. Það var orð sem hv. þm. og formaður Alþfl. á þeim tíma, núv. hæstv. ráðherra fjármála, gaf þeirri nefnd vegna þess að hann óskaði eftir að sérstaklega yrðu rannsökuð skattsvik og yrði tekið inn í þá rannsókn eða athugun hverju söluskattur mundi skila í heild sinni ef engin undanþága væri á neinu, engu. Það var niðurstaðan sem fjmrn. undir minni stjórn skilaði á sínum tíma. Það sem þá var talið að hægt væri að innheimta var um 10 milljarðar kr. og það kallaði hv. þáv. þm. skattsvikaupphæðina. Það var sem sagt ósk Alþfl. þá að rannsaka hve mikið mætti innheimta í söluskatt ef lagður yrði skattur á allt það sem var undanþegið söluskatti á þeim tíma.

En hæstv. ráðherra gerði tilraun til að svara mínum spurningum um hvernig hann ætlaði að

standa við þær fullyrðingar að nú mundi söluskatturinn innheimtast betur en áður vegna þess að nú kemur hann á fleiri vörutegundir en áður var. Niðurstaðan var þrír punktar, þrjú svör.

Sú fyrsta á að vera auðskilin. Það á að sjá til þess að fólk sem hefur unnið með söluskatt í áratugi fari loksins að skilja hvað söluskattur er og þá líklega um leið að því beri að skila honum því hann hefur haldið því fram að sumir héldu honum eftir.

Síðan er hugsanlegt að taka upp innsiglaðar sjóðvélar eins og í Bandaríkjunum. Ég verð að segja það hér að ég keypti Newsweek í einni verslun í Ameríku og þar þurfti ég að borga söluskatt aukalega, en ég keypti Times í annarri verslun vegna þess að Times var ekki til í þeirri fyrri og þar sleppti hún mér við söluskattinn. Innheimtan er ekki alveg traust. Ég spurði þá hvort hún tæki ekki söluskatt af blaðinu eins og hefði verið gert í hinni búðinni. Svarið var: Það tekur enginn eftir því. Það er ekki alveg víst að þessar sjóðvélar vinni einar 100% að innheimtunni. „Det skal to til", sagði einhver.

Svo er þriðja og síðasta atriðið og má segja næstsíðasta atriðið. Það er að tollþjónustan tæki upp eftirlit eftir að hennar verkefni lýkur, verkefni sem hún hefur nú ekki með að gera. Það er sem sagt ekkert ákveðið.

Síðan er bætt upplýsingaþjónusta.

Svarið er, af þessum fjórum punktum sem hæstv. ráðherra gaf að dæma, á ekki að gera neitt. Það hefur ekkert verið gert sem styður þær fullyrðingar hæstv. fjmrh. að innheimta söluskatts verði væntanlega miklu betri en hún hafi verið áður.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Það sem ég vildi segja í þessari umræðu er það að almenningur á Íslandi krefst þess að meira réttlæti verði í skattheimtu en verið hefur á undanförnum árum, jafnvel áratugum. Þar hefur viðgengist hróplegt misrétti á margan máta. Ég tel að það frv., sem hér er til umræðu, um ný tollalög sé í áttina að því að bæta það. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að styðja þetta frv. og ég fullyrði að það getur vart verið verra en það er í dag. Fólk er yfir sig gáttað yfir því skattamisrétti sem viðgengst. Ekki því að margur hver fárast yfir sínum eigin skatti heldur miklu fremur því ef það lítur á hvað nágranninn borgar sem það veit að á að borga miklu meira. Ég hef þá trú að þessi tollalög komi kannski til með að leiðrétta þetta eitthvað. Það getur varla verra verið og því mun ég styðja þetta frv. heils hugar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Launaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 137. mál (gjaldskylda). — Þskj. 144.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins örfá orð við 3. umr. Það er í raun búið að ræða þetta mál nokkuð ítarlega fyrr í dag og þarf svo sem ekki mjög miklu við að bæta, nema þá varðandi það sem var nokkuð talað um í sambandi við stöðu þeirra atvinnugreina sem hér er lagt til að leggja á launaskatt, gengismál og stöðu íslensku krónunnar. Það mál er víða til umræðu, m.a. í fjölmiðlum þar sem hæstv. ráðherrar og ýmsir aðrir mektarmenn láta eitt og annað gáfulegt frá sér fara. Það hefur fyrst og fremst verið boðskapur og erindi ráðherra, hvort sem heldur er í ræðustól á hinu háa Alþingi eða í fjölmiðlum, að fullyrða að það komi ekki til mála og standi ekki til að breyta fastgengisstefnunni, hún sé það sem skuli vera hvað sem tautar og raular. En svo læðast með í máli manna og ræðum dálítið kyndugar tvíræðar setningar, og hæstv. iðnrh. er höfundur nokkurra slíkra undanfarna daga, um að samt sé eitthvað í vændum. Ég hef það eftir hæstv. fjmrh., sem að vísu lét þau orð falla annars staðar en á þessum vettvangi, mér skilst í umræðunni í hv. Ed., að „fljótlega verði að gera umtalsverðar efnahagsráðstafanir" — umtalsverðar efnahagsráðstafanir. Er þetta ekki rétt með farið? (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Já, hæstv. fjmrh. Þá hef ég skilið það svo að það séu aðrar ráðstafanir en þær skattaráðstafanir og fjárlagaráðstafanir sem þingið er að vinna með. Það er eitthvað alveg annað, eitthvert „leyndó" sem ekki er til umræðu og ekki er á dagskrá Alþingis. Og ég vil áður en þetta ágæta frv., sem er svo sem ekki svo ágætt, fer héðan út úr deildinni og verður að lögum frá Alþingi láta koma skýrt fram að það er bágborin frammistaða af hæstv. ráðherrum, talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar í efnahagsmálum, ef lagðar eru hér álögur á útflutningsatvinnuvegina í ljósi þeirrar rekstrarstöðu sem þar er, í ljósi þeirra erfiðleika sem þar er við að glíma, bæði í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði, þegar fyrir liggja gögn eins og skýrsla þessi frá Seðlabanka Íslands: Greinargerð um þróun og horfur í peningamálum og gjaldeyrismálum og gengismálum. Þar er í aftasta kafla allmerkileg samantekt um stöðu þessara mála, um samkeppnisstöðu greinanna og um gengishorfur eða e.t.v. ætti að segja áhrif þess ef fastgengisstefnunni verður haldið til haga og hún verður við lýði t.d. út allt næsta ár að breyttu breytanda miðað við hvernig efnahagsmálin líta út. Þar er, virðulegur forseti, allmerkilega hluti að finna, t.a.m. um samkeppnisstöðu hinna einstöku atvinnugreina. Það kemur þar fram að ef vísitala samkeppnisstöðu er sett á 100 árið 1979 fór hún hæst

á árunum 1983–1986 í 110–115–120 stig, mismunandi eftir því hvort átt er við allan útflutning, sjávarútveg eða útflutningsiðnað. En núna er þessi sama vísitala miðað við 100 1979 komin niður fyrir 70 stig fyrir samkeppnisiðnað. Þar hefur ekki orðið nein smáræðisbreyting á.

Aftar í skýrslunni frá Seðlabankanum eru töflur yfir raungengi krónunnar. Hvernig skyldi það vera? *Ef við miðum við raungengið 100 árið 1980 stendur* það núna við árslok 1987 nálægt 110 hvort sem heldur er miðað við afstæðar verðvísitölur eða afstæðan launakostnað. Og hvað þýðir fastgengisstefnan áfram út allt næsta ár ef verðlagsþróun að öðru leyti verður svipuð og Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun gera ráð fyrir? Hún þýðir, hæstv. iðnrh., að raungengi krónunnar verður komið yfir 120 stig miðað við afstæðar verðvísitölur og 117 stig miðað við launakostnað. Þetta er mikil breyting á einu ári svo ekki sé talað um þróunina til að mynda frá 1980. Það þarf að fara langt aftur í tímann ef menn ætla að finna hliðstæður um hátt raungengi íslensku krónunnar. E.t.v. þarf að fara aftur til 1926, í eitt af fáum skiptum í Íslandssögunni þegar raungengi krónunnar var hækkað með allmiklum afleiðingum og umræðum eins og þeir sem lesið hafa sögu Sjálfstfl. þekkja.

Breyting þessarar gengisstöðu er umtalsverð. Ef við tökum bara síðustu ársfjórðunga hafa auðvitað orðið mestar breytingar þar. Förum í samkeppnisstöðu útflutningsins og skoðum breytinguna frá þriðja ársfjórðungi 1986. Hún er þá 109 miðað við 100 1979, *en spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að á* sama ársfjórðungi tveimur árum síðar, þ.e. á þriðja ársfjórðungi 1988, verði hún komin í 83,9. Og enn verri eru horfurnar fyrir útflutningsiðnaðinn sem hæstv. iðnrh. ber nú einkum og sér í lagi fyrir brjósti. Þar er staðan þannig að ef samkeppnisstaða útflutningsiðnaðarins er sett á 100 árið 1979 er hún líka nálægt 100 á þriðja ársfjórðungi ársins 1986 en stefnir niður í 70 á þriðja ársfjórðungi næsta árs. Það er breyting um rúm 30% niður á við á tveimur árum og þar af um meira en 15% á einu ári.

Svipaða sögu og þó ekki alveg jafnsvarta er að segja af samkeppnisiðnaðinum og útflutningsgreinunum í heild sinni. Það eru þessar upplýsingar, herra forseti, sem gera að verkum að það er ósköp snautlegt hjá hæstv. ráðherrum að vera með glósur í fjölmiðlum og tvíræðar setningar í ræðustól um að það verði að grípa til efnahagsráðstafana og það verði að gera þetta og hitt, sem aldrei fæst þó útskýrt hvað er, á sama tíma og þeir vilja láta afgreiða lög um nýjar álögur á atvinnugreinarnar sem hér er verið að ræða um, á sama tíma og alþm. hafa í höndunum upplýsingar af því tagi sem hér hefur verið vitnað til í dag, bæði frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka, um þá bullandi erfiðleika sem við er að glíma, um þær horfur sem eru og gera öllum mönnum ljóst að þessi fastgengisstefna án annarra ráðstafana þá a.m.k. gengur ekki upp. Hún er reyndar þegar komin í strand fyrir löngu. Það gefur auga leið að það er ekki hægt á örfáum missirum að horfa upp á stöðu samkeppnisgreina eða útflutningsiðnaðarins versna um 30% án þess að það hafi einhver áhrif.

Hæstv. iðnrh. var að tala um það hér í dag að eitt og eitt fyrirtæki fari kannski á hausinn en ég er nú ansi hræddur um að það geti orðið eitthvað alvarlegra sem gerist ef hæstv. ríkisstjórn á ekki einhver betri ráð í pokahorninu en hún leggur fyrir Alþingi. *Það er ljót og leiðinleg venja þegar við blasir að* grípa þarf til aðgerða í efnahagsmálum að draga það fram yfir þann tíma að Alþingi, löggjafarsamkoman, er farið heim, þar sem slík mál eiga eðli málsins samkvæmt að ræðast og ákvarðast, og grípa svo til einhverra geðþóttaráðstafana með bráðabirgðalögum. Það er ljót og leið venja. Og standi það til er a.m.k. alveg klárt að sá sem hér talar vill hafa fullan fyrirvara á fyrir sjálfs sín hönd og Alþingis gegn slíkum vinnubrögðum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þessi ræða, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að klára hér í ræðustól, er þess eðlis að það er alveg útilokað að forsrh. eða aðrir ráðherrar sitji og hlusti á hana og segi ekki neitt og svari ekki. Áttar fólkið í landinu sig á því hvað hv. þm. var að gefa í skyn? Það má segja að hann hafi verið að taka undir það sem ég er búinn að vera að segja í ræðustól alveg frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum. Daglega hafa verið hækkanir á ýmsum vörutegundum, allt eru þetta meira og minna innfluttar vörur. Það þarf ekki hagspakan mann eins og hæstv. *fjmrh. eða viðskipta- og bankamálaráðherra* til að segja fólkinu að gjaldeyririnn í þessum vörum, sem kostar meira frá einum degi til annars, kostar meira í dag en hann kostaði í gær, beri ekki í sér gengislækkun frá degi til dags. Gengið er að falla daglega og það er ekki nema eðlilegt. Ég var mjög ánægður með að ég heyrði að forsrh. hefði ekki viljað gefa upplýsingar um hvort það hafi átt að fella gengið eða hvort gengið yrði áfram fast. Hingað til hefur hann alltaf sagt: Gengið er fast, og ekkert hvikað frá því. Nú vill hann ekkert segja, jafnvel þótt það væri aðeins klukkutími í að hann felldi gengið.

En síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Norðurl. e., gefur í skyn að ríkisstjórnin undirbúi að fella gengið þegar Alþingi fer heim í jólafrí og hefur allan fyrirvara á afstöðu sinni og málflutningi ef það verður gert í fjarveru Alþingis og óvænt og ráðherrar sitja undir slíkum fullyrðingum og ætlast til þess að hæstv. forseti slíti fundi eða umræðum án þess að nokkur af ábyrgustu aðilum þingsins og þjóðarinnar, ríkisstjórnin sjálf, svari fullyrðingum og upplýsingum sem koma frá einum leiðtoga stjórnmálaflokks. Þetta gengur ekki.

Ég tek undir hans orð, því ég geri ekki ráð fyrir að þau séu töluð út í loftið án upplýsinga, og óska eftir því að einhver, mér er alveg sama hver er, einhver úr ríkisstjórninni komi upp í ræðustól og svari virðulegum formanni þingflokks Alþb., hv. 4. þm.

Norðurl. e. Það er stórt mál, sem varðar hvert einasta mannsbarn með þjóðinni, ef gengið verður fellt óvænt. En ef hann hefur upplýsingar, sem kom fram óbeint í hans orðum, óska ég eftir að ríkisstjórnarmenn, ráðherrar, svari einhverjir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla einungis að undirstrika það sem ég var að segja áðan og erindi mitt hingað í ræðustól var eingöngu að vitna til þeirra gagna sem liggja fyrir um þessi mál. Ég rakti upplýsingar Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Það eru aðstæður sem blasa við mönnum. Það eru gögn sem menn hafa í höndunum um aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þessi áramót. Ég tók fyrst og fremst að mér að fara yfir þær yfirlýsingar og nefna dæmi um hvernig hæstv. ráðherrar hafa hagað orðum sínum undanfarna daga, m.a. hæstv. fjmrh. sem sagði í virðulegri Ed. og hefur staðfest það að innan tíðar væri óhjákvæmilegt að gera umtalsverðar efnahagsráðstafanir. Síðan var það ekki skýrt nánar. Það kom einnig fram eða hæstv. ráðherra kinkaði kolli við því að þar væri átt við aðrar ráðstafanir en þær sem fram ganga af fjárlögum og fjáröflunarfrv.

Ég gerði ekki mikið meira, hv. 5. þm. Reykv., en að benda á það og vekja á því athygli að þessar upplýsingar væru fyrir hendi og að hæstv. ráðherrar hefðu látið ummæli falla af þessu tagi. Ég tók eftir því, eins og hv. 5. þm. Reykv. hefur greinilega gert einnig, í kvöldfréttum Sjónvarpsins að hæstv. forsrh. hagaði orðum sínum með nokkuð öðrum hætti þar aðspurður um gengismál en hann hefur gert fram undir þetta.

Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Reykv. um að það að boða fyrir fram ráðstafanir t.d. í gengismálum er óæskilegt og ekki heppilegt, en hitt er jafnalvarlegt og jafnvel enn óæskilegra að leyna Alþingi því ef þingbundin ríkisstjórn hefur á prjónunum ráðstafanir í efnahagsmálum. Ef slíku er haldið leyndu þegar Alþingi er sólarhringum saman að ræða efnahagsmál, að ganga frá fjárlögum, að undirbúa efnahagsstefnu næsta árs er það býsna alvarlegt að hæstv. ráðherrar eru svo í hinu orðinu að boða ráðstafanir sem grípa eigi til að því er virðist þegar Alþingi hefur lokið störfum og farið í jólaleyfi. Það hefur að vísu oft gerst. Fyrir því eru mörg slæm fordæmi. Það er vissulega rétt. En málið verður ekki betra við það. Það bætir ekki þann slæma málstað að þingbundnar ríkisstjórnir eiga ekki að sneiða fram hjá sínum þjóðþingum heldur þvert á móti að vinna með þeim og reyna að leggja þar ævinlega málin fyrir ef þess er kostur og líta á ráðstafanir sem gripið er til utan þingtíma, ég tala nú ekki um ef þeim fylgja bráðabirgðalög, sem hrein neyðarúrræði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að skilja þögn ráðherranna, þeirra sem eru viðstaddir, þannig að gengislækkun sé nálægt, hún sé fram undan. Staðreyndin er sú að það er búið að draga verulega úr endurgreiðslu söluskatts til undirstöðuatvinnuveganna, það er búið að bæta launaskatti á skv. því frv. sem hér liggur fyrir sem samtals gerir líklega um 1000 millj. viðbótarálag á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar fyrst og fremst þó það komi niður á fleiri. Nú lít ég svo á að gengislækkun sé fram undan. Það fer ekkert á milli mála. Þögn ráðherranna segir að samviska þeirra leyfir þeim ekki að hafna því. Fastgengisstefnan er „fallít", ef ég má orða það þannig, og þeir standa ekki lengur upp og verja hana. Gengið er fallið, spurning klukkan hvað það fellur, dagsetningin er komin. Og fram undan eru launahækkanir, fram undan er kjarabarátta. Ég segi: Þið hafið unnið vel fyrir kaupinu þennan stutta tíma sem þið hafið setið við völd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 375).

NEÐRI DEILD

32. fundur, laugardaginn 19. des., kl. 0.01 árdegis.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 315.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 376).

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 366.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vörugjald. Meginatriði þessa máls er það að sex mismunandi gjöld verða skv. frv. felld niður, fjögur mismunandi vörugjöld sem nú eru 7, 17, 24 og 30%.

Jafnframt falla niður tollafgreiðslugjald, sem nú er 1%, og tryggingariðnaðarsjóðsgjald sem er ½%. Lagt verður á skv. frv. eitt samræmt vörugjald, 14%, sem legst á nokkuð skýrt afmarkaða vöruflokka sem nú bera margvísleg vörugjöld á bilinu 17–30%. Þessar vörur eru sælgæti og kex, öl, gosdrykkir og safar ýmiss konar, raftæki, hljómtæki, sjónvörp, myndbönd og blöndunartæki og kranar, raflagnaefni, hreinlætistæki sem og steypustyrktarjárn. Innlendum gjaldendum fækkar til mikilla muna og eftirlit verður einfaldara. Ætla má að innlendir gjaldendur verði í kringum 20. Þeir voru áður á þriðja hundrað. Með þeim hætti þýðir einföldun vörugjaldsins, samræming þess ofan á grunn lækkaðra tolla einfaldara og auðveldara kerfi og möguleika til betri innheimtu.

Í grg. með frv. er stiklað á stóru um þróun tolla og vörugjalds og inngöngu okkar í EFTA árið 1970. Lögð er áhersla á að þessi breyting tekin saman, tollalækkunin og vörugjaldið, muni fyrst og fremst hafa þau áhrif að lækka vöruverð og breyta verðhlutföllum í verðmyndun hér á landi til samræmis við það sem gerist með flestum viðskipta- og grannþjóðum. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því að að gjaldasviðinu slepptu er þetta frv. að stofninum til byggt upp á svipaðan hátt og gildandi lög um sérstakt tímabundið vörugjald og á þetta einkum við um ýmis atriði sem lúta að framkvæmd, svo sem álagningu, innheimtu og eftirliti. Reglum um ákvörðun gjaldstofnsins er hins vegar breytt nokkuð. Í gildandi lögum um vörugjald og lögum um sérstakt tímabundið vörugjald er gjaldstofn innfluttrar vöru tollverð hennar að viðbættum tollum. Gjaldstofn vöru, sem framleidd er innan lands, er hins vegar verksmiðjuverð án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnað. Af reglum gildandi laga leiðir að heildsöluálagningu er haldið fyrir utan gjaldstofninn. Þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofns hefur leitt til nokkurra erfiðleika við útreikning og eftirlit með vörugjaldi á innlendri framleiðslu. Hafa ber í huga í þessu sambandi að innlendir framleiðendur annast í langflestum tilvikum jafnframt heildsöludreifingu sinnar framleiðslu. Augljóslega er vandkvæðum bundið að segja nákvæmlega til um hver raunverulegur sölu- og dreifingarkostnaður er í þessum tilvikum. Að auki er þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofnsins óþarflega flókin og skerðir möguleika á virku eftirliti og réttum skilum.

Af þessum sökum er í þessu frv. lagt til að gjaldstofn vörugjalds verði heildsöluverð vöru hvort sem um er að ræða innflutta vöru eða vöru framleidda innan lands. Samkvæmt þessu er í frv. kveðið á um að af innfluttri vöru sé gjaldstofn til vörugjalds tollverð vörunnar, tollur, sé um hann að ræða, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Á sama hátt er kveðið á um að gjaldstofn innlendrar framleiðslu sé heildsöluverð. Gjaldstofninn er því sambærilegur í báðum tilvikum. Þessar breytingar munu leiða til einföldunar í framkvæmd, auk þess sem þeim er ætlað að auðvelda eftirlit með réttum skilum á vörugjaldi.

Í þessu felst að því er varðar innlenda aðila að felldar verða niður svokallaðar reiknireglur sem ríkjandi voru að því er bæði varðar undanþágur, götóttan söluskatt og vörugjöld. Vörugjöld voru m.ö.o. áður ekki lögð á nema 80% stofn. Með þessari samræmingu er sú reikniregla lögð niður í nafni einföldunar.

Þetta þýðir að því er þessar vörur varðar að vörugjald 14% samsvarar í eldra kerfi 17% vörugjaldi. Þetta á eins og áður sagði einkum og sér í lagi við um sykraðar vörur, sem sumir kenna við óhollustu, gosdrykki, sælgæti og annað þess háttar, og má með einhverjum hætti leggja út sem part af manneldisstefnu að þessar vörur fá þarna aðra meðferð. Þær þeirra sem voru í 17% vörugjaldi áður eru það í reynd áfram.

Ég hygg með vísan til þeirra umræðna sem þegar hafa farið fram um málið í heild, þátt þessarar breytingar í tollbreytingunni og ýmsar afleiðingar þessa á verðlag, verðhlutföll og verðmyndun, að ekki sé miklu við að bæta á þessu stigi málsins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og umfjöllunar hv. fjh.- og viðskn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Um þetta frv. gildir hið sama og um mörg önnur þingmál, að það þarf grandskoðunar við sem enginn tími er síðan gefinn til. Ég verð að segja að mér finnst það ómaklegt af hæstv. ráðherra að kalla það kvartanir þótt hv. þm. vilji fá tíma til vandaðra vinnubragða.

Frv. sem hér um ræðir er fylgihnöttur tollafrv. og enn einn fylgihnötturinn og sínu verstur og hættulegastur er svo söluskattsfrv. sem væntanlegt er frá Ed. einhvern tíma á þessu ári. Um vörugjaldsfrv. sem hér er til umræðu er hið sama að segja og um tollafrv. að það færi best á því að endursenda hæstv. ríkisstjórn þetta frv. með jóla- og nýársóskum og fela henni að skoða þessi þingmál aftur með tilliti til ýmissa athugasemda sem komið hafa fram hjá alþm. og ýmsum aðilum í þjóðfélaginu því að eins og hv. 5. þm. Vesturl. sagði í umræðum um tollafrv. er engin goðgá að fresta þessari lagasetningu t.d. til 1. febrúar svo nægur tími gefist til að skoða þessi mál og færa til betri vegar það sem þörf er á. En sjálfsagt ansa meirihlutamenn ekki slíku. Þeirra vilji stendur til að keyra þetta í gegn á þessu ári hvort sem við náum því fyrir jól eða ekki.

Ég mun að sjálfsögðu leita eftir stuðningi meðnefndarmanna minna í fjh.- og viðskn. við þær brtt. sem þingkonur Kvennalistans í Ed. lögðu fram við afgreiðslu málsins þar. Þær brtt. fela í sér að fella sykur og sætindi undir vörugjaldsálagningu og er það að sjálfsögðu í samræmi við þá margnefndu manneldisstefnu sem ég fór um nokkrum orðum í umræðum um tollafrv.

Því miður hefur nánast enginn tími gefist til að fá upplýsingar og fréttir hjá hv. þm. Guðrúnu Agnars-

dóttur af starfi fjh.- og viðskn. Ed. og umfjöllun um þetta mál í Ed. og þeirri nefnd sem hafði málið með höndum. Vel má vera að í þeirri umfjöllun hafi margt komið fram sem ástæða væri til að ræða hér. En það verður þá að bíða seinni tíma þegar hv. nefndarmenn hafa farið yfir öll þessi mál lið fyrir lið.

Ég verð þó að segja að ef stjórnarliðar ætla að láta kné fylgja kviði og rusla þessu í gegn á þessu ári ásamt tollafrv. og söluskattsfrv. get ég ekki staðið að slíkri afgreiðslu. Hér er um svo stór mál að ræða að það er algert lágmark að fá einhvern tíma til að skoða þau.

Ég sé ástæðu til þess í þessu sambandi að taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hann lét falla í umræðum um tollafrv. þegar hann rifjaði upp veru sína í samgn. Nd. á síðasta kjörtímabili. Þar var ekki verið að gefa eftir með vinnubrögðin hvað sem tímanum leið. Um það get ég borið. Hv. 6. þm. Norðurl. e. *lét ekki neinn þrýsting ráðherra á sig fá* og fór yfir hvert einasta frv. lið fyrir lið. og má hann vel eiga þann heiður.

Að svo mæltu segi ég ekki meira um þetta frv. í þessari umræðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er greinilegt að ræður gerast nú svo stuttorðar og gagnorðar að það er vissara að bregða sér ekki langt frá. Ég reyni kannski að taka mér það til fyrirmyndar og verða stuttorður og gagnorður. Reyndar hef ég verið það í allan dag að því er ég tel og flestir aðrir sem hafa tekið þátt í ánægjulegum umræðum sem staðið hafa nú um nokkra hríð með hléum frá því kl. 10 í gær að morgni dags.

Nú er komið til umræðu frv. til laga um vörugjald. Það er hluti af skattapakkanum, jólapakkanum mikla sem sennilega verður lengi í minnum hafður á Íslandi, *hvort sem honum verður gefið eitthvert* aðventunafn eða hvort hann verður skírður í höfuðið á helsta guðföður, hæstv. fjmrh. Það er verkefni fyrir orðhaga menn að dunda sér við yfir hátíðarnar að finna þessari miklu skattasúpu, þessum mikla skattapakka eitthvert hæfilegt nafn. Ég tel að þar sem þessi skattaumræða rennur saman yfir sólarhringamörk og stendur þar með í bókstaflegri merkingu sólarhringunum saman sé erfitt að setja upphaf og setja endi. Í raun og veru verður aðeins gert hlé á skattaumræðunni þó lokið verði umræðu um þetta frv. því fleiri eru í vændum og það á einnig eftir sína vegferð hér og 2. og 3. umr. bíða betri tíma.

Ég get vísað í þær ræður nokkrar sem ég hef flutt um skattapakkann í heild sinni og einstök mál hans. Hér er í sjálfu sér á ferðinni mjög skylt frv. því næstsíðasta sem hér var rætt, frv. um breytingu á tollalögum, og getur flest hið sama átt þar við. Afstaða stjórnarandstöðunnar í Ed. var hin sama til þessa frv., þ.e. að leggja til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að láta vinna frv. betur. Í því felst að menn taka ekki efnislega afstöðu og eru alls ekki endilega að segja að þeir séu efnislega andvígir frv. En þeim þúningi sem það birtist í og þeim vinnubrögðum sem eru þar viðhöfð kyngir stjórnarandstaðan ekki og leggur til að ríkisstjórnin kalli málin til sín að nýju eða fái þau til sín og vinni þau betur og leggi þau fram að nýju eða önnur afkvæmi þeirra í betra tómi.

Það er eitt sem ástæða væri til að inna hæstv. fjmrh. eftir og mætti hann gjarnan svara nú eða þá síðar áður en það er um seinan. Það er mikilvægi þess að þessar kerfisbreytingar í tollamálum og vörugjaldsmálum og jafnvel fleiru eigi sér stað um áramót — eða nauðsyn þess. Málunum er stillt þannig upp hér á hinu háa Alþingi að það sé nánast lífsnauðsyn að þessar breytingar allar gangi í gegn og verði að lögum fyrir áramót og taki þegar gildi. En það vita kunnugir að oft og iðulega hefur ákvæðum um söluskatt og jafnvel fleiri anga þessara mála verið breytt innan árs eða á miðjum árum. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti fært að því einhver gildari rök en „af því bara" að það sé nauðsynlegt að öll þessi mál verði afgreidd fyrir áramót. Er ekki hugsanlegt, hæstv. ráðherra, t.a.m. að einhver af þessum tengdu frv. bíði og öðlist gildi einn eða tvo mánuði inni á hinu nýja ári? Breytir það í sjálfu sér miklu þó eldri ákvæði giltu einn eða tvo mánuði í viðbót? Vissulega vita menn um vandkvæði þess að boða svona breytingar með löngum fyrirvara. Það er æskilegt að sjálfsögðu að þær geti gengið fljótt fyrir sig. En hitt er líka mikilvægt og æskilegt að vinnubrögðin séu ekki stórlega ámælisverð og að Alþingi, löggjafarvaldið, setji ekki niður við það að afgreiða málin með ófullnægjandi hætti.

Herra forseti. Ég ætla að hafa þessi orð fá og vísa til fyrri ræðuhalda um skattamálin, einkum og sér í lagi tollamálin, og geyma mér þá efnislega og ítarlega umfjöllun um þetta sérstaka frv., þennan sérstaka lið sem þyrfti eiginlega að tölusetja í skattapakkanum. Það þyrfti að búa til sérstök þingskjalanúmer sem væru þá númerin í skattapakkanum því að það er erfitt að dreifa þessum skattafrv. innan um önnur þskj. Það væri æskilegast að það væri sérstök töluröð fyrir skattamálin. Þá væru það kannski a- og b-flokkar og 1, 2, 3, 4 og 5 o.s.frv.

En þetta er frv. til l. um vörugjald. Það kemur að sjálfsögðu til skoðunar í hv. fjh.- og viðskn. Þetta er ekki jafngeysilega erfið og mikil og tormelt lesning og tollafrv. er, en þó er þetta mál sem er ekki auðvelt að nálgast með hraðlestri. Það eru t.d. talnaraðir miklar, á bak við hverjar eru vöruflokkar og vöruheiti sem ekki koma fram í frv. Sá sem lítur á svona plagg í fyrsta sinn er því litlu nær.

Ég hef í raun engu við þetta að bæta, herra forseti. Ég kann varla við að gera stífar kröfur um að hæstv. fjmrh. fari einu sinni enn í ræðustólinn. Ég hef gert talsvert af því að brýna hann þangað upp í dag. En þó er það fyrst og fremst þetta sem ég hefði haft gaman af því að fá að heyra um örfá orð: Hver eru helstu rökin fyrir því að slíkar breytingar verði allar að fara saman og taka gildi um áramót? Eru ekki

möguleikar á því að fresta t.a.m. gildistöku einhverra af þessum ákvæðum þannig að Alþingi geti þá annanna vegna og aðstæðna lagt þá hluti til hliðar í samkomulagi bæði stjórnar og stjórnarandstöðu og tekið sér það fyrir hendur að skoða þau mál betur við hægari aðstæður á nýbyrjuðu ári? Ekki mundi standa á þeim sem hér talar að leggja það til í sínum flokki að menn kæmu þá saman til starfa að nýju eftir áramót fyrr en ella ef það mætti verða til þess að sæmilegra samkomulag gæti orðið um meðferð málanna.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hef verið að leita í þessu plaggi, frv. til l. um vörugjald, og reynt að finna hvað þessi tekjuliður á að gefa mikið í ríkissjóð í heild sinni en ég finn það ekki í þessum upplýsingum þannig að ég spyr ráðherra hvað þetta á að gefa ríkissjóði miklar tekjur og eins og áður hefur komið fram sem ósk til hæstv. fjmrh. að sundurliða það í 14%-tekjur og svo aftur 17,5%-tekjur, hvað þessi viðbótarkeðjuverkandi áhrif, sem þýða 3,5% hækkun frá 14% sem getið er um í frv., gera mikið í viðbótartekjur.

Annars vil ég vara við því sem kemur fram í frv. og það er samsetningin á gjaldstofni vörugjaldsins, en þar segir, með leyfi forseta, í 5. gr.:

„Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir skv. þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar."

Hver áætlar heildsöluálagningu 25%? Hvernig er komist að því að 25% sé áætluð rétt heildsöluálagning, hvers vegna er aukaálagningu bætt við og hvað þýðir þetta í krónutölu miðað við þær tekjuáætlanir sem hljóta að vera fyrir hendi þó þær komi ekki hér fram, eða ég finn þær ekki, þessi 3,5% viðbótarskattur á þessi 14% sem talað er um að verði vörugjaldsupphæðin?

Þetta eru spurningar sem ég vildi gjarnan fá svar við. Ég ætla ekki að fara á þessu stigi í tollskrárnúmerin. Til þess þarf meiri tíma eins og hér hefur komið fram. Kannski er hægt að stytta vinnutíma Alþingis í þessu sambandi eitthvað með því að hafa samband við þá félaga okkar sem hafa þegar unnið í þessu máli í fyrri deild. Eins og fram kemur á plagginu er það lagt fram í Ed. og þar hafa stjórnarandstöðuþm. fylgst með málum í nefnd. Kannski þær upplýsingar, sem við getum aflað okkur sjálf á þann hátt, komi að einhverju gagni til að hraða afgreiðslu. En ég ítreka ósk mína um að fá upplýsingar um tekjuhliðina á þessu frv., sundurliðaða í 14% vörugjaldið og svo aftur í sérlið þau 3,5% sem koma ofan á til viðbótar, vegna þess að 25% aukagjald er lagt sem heildsöluálagning inn í stofninn sem á að leggja á, og svo samtöluna með.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint tveimur spurningum. Sú fyrri var: Hvaða nauður rekur til að gildistíminn verði um áramót vegna þessarar kerfisbreytingar? Svarið er tvíþætt.

Í fyrsta lagi: Hér er verið að endurskoða um það bil 4/5 hluta af tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Tekjuhlið fjárlagafrv. byggir á þessum skattstofnum, lagaheimildum um tekjuöflun vegna þessa nýja tekjuöflunarkerfis. Fjárlagafrv. verður því ekki afgreitt fyrir næsta ár nema þessi tekjuöflunarfrv. hafi fengið lagagildi. Það er meginástæðan og nægir ein út af fyrir sig.

Hin ástæðan er sú að það er eðli þessarar kerfisbreytingar að hún getur leitt til margvíslegra óeðlilegra viðbragða, spákaupmennsku gætum við sagt, ef aðdragandi hennar er allt of langur. Þó ekki komi annað til eru þessar ástæður tvær nægar.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði síðan um tekjuöflunaráhrif frv. Svar við því er að finna á bls. 7 í grg. með frv. þar sem segir að gjaldstofn vörugjaldsins sé 11,4 milljarðar en áætlaðar tekjur á verðlagi fjárlagafrv. 1600 millj.

Hin spurningin er hversu stór þáttur þessarar tekjuöflunar sé fólginn í þessum þremur prósentustigum á þann innlenda hluta vörugjaldsins. Ég verð að játa að þá tölu hef ég ekki tiltæka, en læt mér nægja á þessu stigi máls að segja að yfirgnæfandi stærsti hluti skattstofnsins stafar af innflutningi. Hlutur innlendrar framleiðslu, sem þetta varðar, er til mikilla muna minni og þessi 3% munur þýðir að sá hluti þessara tekna upp á 1600 millj. er óverulegur. En töluna hef ég nákvæmlega ekki og læt mér því nægja að svara þessu á þennan veg því að ég vil ekki vera með tilgátu í því efni.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Það var ekki að furða að það þyrfti að spyrja hæstv. ráðherra þrisvar um tekjurnar af 25% heildsöluálagningunni af vörugjaldi þar sem fram kom að hann vissi það ekki og má það sæta furðu að hann viti ekki slíka hluti.

Reyndar hafði ég varpað til hans annarri spurningu. Hún var sú hvernig ætti að reikna þetta út í tolli, hvort ætti að reikna af 14% eða hvort ætti hreinlega að reikna 17,5% í tolli. Það kom ekkert svar við því. Ef það ætti að reikna 17,5% í tolli væri eðlilegra að segja hreint út að vörugjald væri 17,5%. Við þessu fékkst ekkert svar.

En það sem rak mig aðallega upp var svar hæstv. ráðherra við því hvers vegna ekki mætti fresta þessu um einn mánuð, en það var að þetta hefði áhrif á fjárlög ársins. Það hefur þau áhrif væntanlega að tekjur ríkisins aukast. Ég sé því ekki að það ætti að vera á móti skapi hæstv. fjmrh. að gera það því að það er ljóst að ef núgildandi tollalög gilda í einn mánuð í viðbót þýðir það auknar tekjur í ríkissjóð. Það er ekki nema kostur fyrir ríkissjóð að fresta þessu um einn mánuð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

EFRI DEILD

33. fundur, laugardaginn 19. des., kl. 1 miðdegis.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að hér verði rætt um frv. til l. um breytingar á lögum um söluskatt, 3. umr., en gert hafði verið ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. útvegaði ákveðnar upplýsingar varðandi útreikning á tekjuforsendum fjárlaga fyrir árið 1988 þegar eða áður en sú umræða færi fram. Ég mundi leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta að hún kannaði hvort hægt er að fjmrh. komi til fundar við deildina og geri grein fyrir rannsóknum sínum og embættismanna sinna á þessu máli eða þá að frv. til lánsfjárlaga, sem hér mun vera einnig á dagskrá, yrði tekið fyrir áður ef vill. Ég óska eftir því að hæstv. forseti kanni hvort möguleikar eru á því að hæstv. fjmrh. komi á fund deildarinnar hið fyrsta.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að svo verði.

Söluskattur, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 349, brtt. 352, 353, 354.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um matarskatt sem er satt að segja að mínu mati einn ljótasti bletturinn á efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar og er þá langt til jafnað að ætla sér að leggja söluskatt á matvörur.

Ég hyggst ræða málið aðallega út frá tveimur forsendum. Í fyrsta lagi: Hvaða áhrif er hugsanlegt að þetta hafi á þann veigamikla þátt efnahagsmála á næsta ári sem eru kjarasamningar og staðan á vinnumarkaðnum? Og í öðru lagi hyggst ég ræða þetta út frá þeirri forsendu: Er endilega nauðsynlegt að ganga þannig frá þessu máli að aðeins sé um eina álagningarprósentu veltuskatts af þessu tagi að ræða? Hefði ekki verið hugsanlegt að vera með fleiri prósentur við álagningu þessa skatts?

Og þá fyrst varðandi þá spurningu hvaða áhrif er líklegt að þetta hafi á kjarasamninga og stöðuna á vinnumarkaðnum á næsta ári. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir fyrir nokkrum dægrum að það væri óhjákvæmilegt að grípa til umtalsverðra efnahagsráðstafana á árinu 1988, í upphafi þess árs. Hann sagði reyndar: Fljótlega verður gripið til efnahagsráðstafana.

Hæstv. utanrrh. segir í viðtali við blað sitt Tímann í dag, með leyfi forseta: „Raunvaxtaokrinu verður að linna."

Hæstv. viðskrh. segir í viðtali við fréttastofu útvarps fyrir tveimur kvöldum: „Markaðslögmálin verða að fá að hafa sinn gang", þannig að hann er andvígur því að gripið verði til ráðstafana til að lækka vexti.

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir í viðtali við Tímann í dag að spá Seðlabankans um hækkandi raungengi krónunnar á næsta ári og lækkandi verðbólgu sé vitleysa og lýsir því jafnframt yfir: „Útflutningsatvinnuvegirnir þola ekki til lengdar þessa gengisskráningu."

Það er m.ö.o. ljóst að hinar efnahagslegu forsendur þeirra ákvarðana sem hér er verið að taka eru allar ákaflega veikar. Hæstv. fjmrh. sagði þegar hann var spurður: Ertu að tala um gengislækkun? „Ég er ekki að tala um hefðbundna gengislækkun." Og við spurðum hann þá að því hvað væri óhefðbundin gengislækkun og þá fsp. ítreka ég í ítarlegri grein um efnahagsmál sem ég birti í Morgunblaðinu í dag og hef ekki fengið svör við þeim spurningum enn þá hvað er óhefðbundin gengislækkun, en hæstv. ráðherra svaraði að það væru tvær leiðir sem hann sæi til að koma í veg fyrir hefðbundna gengislækkun á næsta ári. Önnur er sú að stuðla að góðu andrúmslofti gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, stuðla að jákvæðri niðurstöðu kjarasamninga, eins og hæstv. ráðherra komst að orði, og í öðru lagi að hafa áhrif á þróun peningamarkaðarins þannig að þar yrði ekki um frekari kollsteypur að ræða.

Ég flutti þá um nóttina rök fyrir því að núv. ríkisstjórn hefði lokað þessum leiðum, í fyrsta lagi því að ná góðu andrúmslofti gagnvart aðilum vinnumarkaðarins og í öðru lagi því að tryggja lækkun vaxta vegna þess að viðskrh. eða vaxtamálaráðherra, raunvaxtaokursmálaráðherra ríkisstjórnarinnar neitar því algerlega að það komi til greina að grípa beint inn í vaxtaákvarðanir. Hér erum við komin að meginmáli því sem hér er á dagskrá, þ.e. frv. um matarskatt, en ég er sannfærður um það að ekkert mál mun hafa eins slæm áhrif á stöðu mála á vinnumarkaði gagnvart verkalýðshreyfingunni á næsta ári, ekkert mál mun hafa verri áhrif á þá þróun en frv. um matarskatt.

Það hefur komið í ljós að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lýst sig andvíga matarskattinum. Það á við um alþýðubandalagsmenn, það á við um alþýðuflokksmenn í verkalýðshreyfingunni, það á við um menn úr Sjálfstfl. sem eru í forustusætum í verkalýðshreyfingunni og til marks um það eru bréf sem Alþýðusamband Íslands hefur aftur og aftur skrifað ríkisstjórninni varðandi matarskattinn á þessu ári.

Í bréfi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands til verðandi forsrh. dags. 7. júlí 1987 segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í dag var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma:

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er tekið á ýmsum atriðum, sumt jákvætt og annað miður. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands harmar að ekki skuli í skattheimtu stefnt að því að knýja þá efnameiri til aukins framlags til sameiginlegra þarfa. Sérstaklega mótmælir verkalýðshreyfingin því að ákveðin skuli ný skattheimta á matvöru. Slík ákvörðun gengur þvert á þá stefnu verkalýðshreyfingarinnar að bæta kjör þeirra tekjulægstu."

22. október sendi miðstjórn Alþýðusambands Íslands enn frá sér yfirlýsingu varðandi þetta mál. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í dag:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar fyrri mótmæli sín gegn nýjum skatti á matvörur. Það er rangt að íþyngja heimilum lágtekjufólks með auknum álögum í stað þess að láta þá sem betur mega sín axla réttmætan hlut af kostnaði við sameiginlegar þarfir."

10. og 11. október birtust þær fréttir að ríkisstjórnin hefði í huga að auka enn álögur skv. nýframlögðu fjárlagafrv. og í tilefni af því skrifaði forseti ASÍ forsrh. bréf, dags. 12. okt. 1987, afrit sent fjmrh., utanrrh. og fjölmiðlum. Í þessu bréfi forseta Alþýðusambandsins til forsrh. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjölmiðlar bera okkur nú þær fréttir að ríkisstjórnin hafi þegar tekið og sé í þann mund að taka ákvarðanir um stórfelldar nýjar álögur á almenning. Af því tilefni hlýt ég að minna á að í bréfi ríkisstjórnarinnar 6. des. sl. til samningsaðila segir m.a.:

„Stjórnvöld munu í verðlagningu á opinberri þjónustu og skattlagningu fylgja þeirri stefnu að hækkanir verði í heild ekki umfram almenna verðlagsþróun. Verð á áfengi og tóbaki fellur þó ekki undir þessa skilgreiningu."

Það liggur fyrir að töluverðan hluta þeirrar verðhækkunar sem staðfest var um fyrri mánaðamót umfram það sem áætlað var við gerð samninga í desember má rekja til verðhækkana á vettvangi hins opinbera og til nýrrar skattheimtu. Ákvarðanir stjórnvalda áttu því stóran beinan þátt í þeim verðbótum sem óhjákvæmilegar voru um síðustu mánaðamót. Af 5,65% hækkuninni 1. okt. má rekja 1,92% til hækkana á opinberri þjónustu og aukinnar skattheimtu undangenginna mánaða og er hækkun áfengis og tóbaks þá ekki talin.

Enn eru nærri þrír mánuðir eftir af yfirstandandi samningstíma og engin rauð strik eru fram undan. Sú verðhækkun sem nú verður fæst því ekki bætt í kaupi fyrr en með nýjum kjarasamningum. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar í þessu er því enn meiri en ella væri. Það leikur ekki vafi á því að rangar ákvarðanir af þessu tagi og almennt aðgerðarleysi stjórnvalda hafa veikt tiltrú fólks á því að raunhæft sé að treysta loforðum ríkisstjórnarinnar. Ef þær ákvarðanir, sem nú er rætt um, fara fram er líklegt að það traust verði að engu. Verkalýðshreyfingarinnar bíður þá ekki annar kostur en að leggja þungann á beinar kauphækkanir og sjálfvirkt vísitölukerfi.

Það samningsform sem samkomulag náðist um á síðasta ári gerir tilkall til þess að allir aðilar standi við sitt. Það virðist æ skýrar koma í ljós að af þeim þremur aðilum sem öxluðu ábyrgð með samningunum á síðasta ári hefur verkalýðshreyfingin ein staðið við sitt. Við þær aðstæður verður ábyrgðartilfinningin að ábyrgðarleysi.

Ég minni enn á bréf ríkisstjórnarinnar frá því í desember sl. og geri tilkall til þess að málið verði tekið til endurskoðunar. Sérstaklega hlýt ég að minna á skyldur stjórnvalda gagnvart þeim sem minnst bera úr býtum í þessu þjóðfélagi og munu verða verst úti ef áformaður matvöruskattur verður að raunveruleika. Áformuð hækkun matvöru um næstu mánaðamót gæti leitt til 1,3% hækkunar á framfærslukostnaði meðalheimilis og um 2% hækkunar á framfærslukostnaði lágtekjufólks. Ef enn kæmi til 10% hækkunar á matvörum um næstu áramót yrði hækkun framfærslukostnaðar um enn 2,3% hjá meðalheimili, en um 3% hjá heimilum lágtekjufólks."

Og Alþýðusamband Íslands lét ekki hér við sitja. Enn var gerð samþykkt á sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var dagana 30. nóv. og 1. des. sl., og í niðurstöðum sambandsstjórnar fundarins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsstjórnarfundur Alþýðusambands Íslands, haldinn dagana 30. nóv. og 1. des. 1987, ítrekar mótmæli miðstjórnar Alþýðusambands Íslands vegna áforma stjórnvalda um skattlagningu matvara um næstu áramót. Skattlagning matvöru kemur óhjákvæmilega harðast niður á þeim sem tekjulágir eru og nota stóran hluta tekna sinna til matvörukaupa. Sambandsstjórn krefst þess að ríkisstjórnin hætti við öll áform um matarskatt og að felldar verði niður ... (**Forseti:** Buldi við brestur.) Buldi við brestur, já og björgin klofnuðu. Út gekk matarskatturinn holdi klæddur. (Gripið fram í.) Ég var að lesa mótmæli Alþýðusambands Íslands við matarskatti og hef lesturinn á ný þar sem fjölgað hefur í salnum:

„Sambandsstjórnarfundur Alþýðusambands Íslands, haldinn dagana 30. nóv. og 1. des. 1987, ítrekar mótmæli miðstjórnar ASÍ vegna áforma stjórnvalda um skattlagningu matvæla um næstu áramót. Skattlagning matvöru kemur óhjákvæmilega harðast niður á þeim sem tekjulágir eru og nota stóran hluta tekna sinna til matvörukaupa. Sambandsstjórn krefst þess að ríkisstjórnin hætti við öll áform um matarskatt og að felldar verði niður þær álögur sem þegar hafa tekið gildi. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga munu þau spilla frekar en orðið er fyrir samkomulagsmöguleikum á vinnumarkaði."

Hér hef ég, hæstv. forseti, vitnað í fjórar samþykktir Alþýðusambands Íslands sem gerðar hafa verið frá 7. júlí sl. til að mótmæla hugmyndum, áformum og síðan ákvörðunum ríkisstjórnarinnar

um álagningu matarskatts. Það er alveg augljóst mál að þessar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar eru til þess fallnar að spilla fyrir eðlilegu andrúmslofti á milli aðila vinnumarkaðarins á næsta ári. Það er alveg óhjákvæmilegt. Fólk hlýtur á næsta ári að reyna að verjast þeim ofboðslegu álögum sem ríkisstjórnin er að leggja á almenning þessa dagana sem eru reyndar svo hrikalegar að einstakir stjórnarþm. hafa brotist út úr stjórnarliðinu, hafa hrist af sér handjárnin og neita að hlýða.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að rifja líka upp í þessu sambandi, virðulegi forseti, að það er aftur og aftur sagt í bréfum Alþýðusambands Íslands að ekki einasta sé hugmyndunum mótmælt heldur er það sagt fullum fetum að nái þær fram að ganga muni það verða til þess að spilla fyrir möguleikum á vinnumarkaðnum á næsta ári. Hérna er þess vegna um að ræða í mínum huga storkun, ögrun við samtök launafólks í landinu. Ég trúi því ekki að þessi ögrun eða storkun sé sett fram vísvitandi til að kalla fram neikvæðar niðurstöður, en ég tel að það sé nauðsynlegt við 3. umr. þessa máls í þessari virðulegu deild að vekja athygli á þessari staðreynd og vara við því sem hér er að gerast. Það er hrikalegt að það skuli vera formaður Alþfl. sem beitir sér fyrir því að leggja á matarskatt, kemur þannig aftan að kjósendum sínum, en hann sagði engum frá því fyrir kosningarnar í vor að hann ætlaði að byrja sinn feril á því að leggja á matarskatt.

Hæstv. fjmrh. hefur síðan notað þau rök í þessari umræðu allri að í raun og veru sé nauðsynlegt að vera með eina söluskattsprósentu, það sé óhugsandi að vera með tvær eða fleiri, t.d. mismunandi á nauðsynjar og svo aðrar vörur. Hvernig má vera að það er ekki hægt að koma þessu við á Íslandi þegar það er þannig í öllum löndum Evrópubandalagsins nema líklega Danmörku að um er að ræða mismunandi söluskatts- eða virðisaukaskattsprósentu? Hæstv. fjmrh. fékk ákveðið tilfelli á dögunum og minnti á fyrri ræður frá því fyrir kosningarnar þegar hann allt í einu fann hjá sér þörf fyrir að ráðast að Evrópubandalaginu. Ekki tek ég upp hanskann fyrir Evrópubandalagið. En ég verð að segja alveg eins og er að maður sem býr í því glerhúsi efnahagsmála sem hæstv. fjmrh. er í hefur ekki efni á því að lýsa því yfir að Evrópubandalagið sé gjaldþrota. Það geta kannski einhverjir gert en ekki hæstv. núv. fjmrh.

Hæstv. fjmrh. og efnahagsstefna hans eru gjaldþrota. Það er kjarni málsins, útflutningsatvinnuvegirnir með stórkostlegum halla, gengi krónunnar valt, viðskiptahallinn eykst, verðbólga er vaxandi, raunvextir hafa aldrei verið hærri, ríkisstjórnin gerir tillögu um að hækka erlendar lántökur núna samkvæmt máli sem við ræðum hér á eftir um 500 millj. kr. Þessi stefna er gersamlega gjaldþrota. Ríkissjóður sem núna á að sýna hinn fína jöfnuð, gott að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, er bygging sem er reist á sandi vegna þess að það er aldrei hægt að reka ríkissjóð af neinu viti nema atvinnu- og efnahagslíf í landinu gangi með eðlilegum hætti. Það er nefnilega þannig með ríkissjóð að hann er hluti af efnahagskerfinu og peningarnir verða ekki til þar. Þeir verða til úti í þjóðfélaginu af vinnu lifandi fólks í þessu landi. Þess vegna er ríkissjóður sem sýnir kannski fínar tölur við afgreiðslu fjárlaga með allt annað í steik, ef ég má nota það orð með leyfi hæstv. forseta. Slíkur ríkissjóður gerir enga stoð vegna þess að því aðeins er skynsamlegt og nauðsynlegt að vera með ríkissjóð réttum megin við strikið að það sé hluti af heildarákvörðun í efnahagsmálum þar sem allt er tekið fyrir í einu. Gengið verður að vera traust, útflutningsatvinnuvegirnir verða að vera traustir, verðlagsþróunin verður að vera í eðlilegu standi og vaxtaþróunin verður að vera önnur en sú sem hún er. Auk þess verður að standa þannig að málum að eðlilegar aðstæður geti skapast á hinum almenna vinnumarkaði.

Það er eins og að tala við grjót að ræða þessi mál við hæstv. fjmrh. vegna þess að hann er sennilega búinn að gleyma þessum fræðum öllum. En sumt af þessu, sem hér hefur verið flutt, var stundum flutt af honum hér áður, áður en hann lenti þarna í Arnarhvoli. Ég hef satt að segja sjaldan séð mann taka öðrum eins hamskiptum á jafnstuttum tíma. Það er satt að segja alveg með ólíkindum hvað þessi kerfiskvörn er fljót að mala menn undir sig, jafnvel eldhuga, hugsjónamenn sem þykjast eiga ráð undir rifi hverju á þeim degi þegar þeir ganga með stefnuskrána sína inn í Arnarhvol. Áður en varir er allt annað komið út úr þeim hvoli en fór inn í hann.

Að lokum, virðulegi forseti, þó það væri hægt að ræða margt fleira um þessi mál, en það er nú einu sinni þannig að við í stjórnarandstöðunni höfum ekki verið að halda uppi málþófi. Ég vil sérstaklega mótmæla yfirlýsingum stjórnarliða um að einstakir þm. stjórnarandstöðunnar hafi verið að halda uppi málþófi. Vandi þinghaldsins hefur verið óreiðan í ríkisstjórninni á undanförnum dögum.

En víkjum þá að því sem ég ætla að nefna að lokum og það er þetta: Ég fór fram á það við hæstv. fjmrh. að þegar kæmi að 3. umr. söluskattsmálsins legði hann fyrir upplýsingar um talnagrundvöll skattlagningarinnar árið 1988. Ég hef satt að segja, hæstv. forseti, ástæðu til að ætla að þar séu maðkar í mysunni. Ég hef rökstuddan grun um að sumar þær tölur sem sýndar eru í frv. sem liggja fyrir segi ekki allan sannleikann. (**EKJ:** Heldur hvað?) Ég hef rökstuddan grun um það, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, eins og þú reyndar veist, að þessar tölur segi ekki í öllum tilvikum allan sannleikann og menn séu að taka inn í ríkissjóð mun stærri upphæðir en sagt er.

Svo vill reyndar til að það frv. sem ég á við er ákveðið frv. um tekjuskatt á fyrirtæki og mér líkar það satt að segja heldur vel að ríkisstjórnin standi sig sæmilega í því og er tilbúinn að hjálpa fjmrh. áleiðis með þetta mál, enda eru það mest gamlar tillögur frá mér sem hann flytur þar. Mér þykir vænt um að hann skuli koma með það hér inn í þingið og ég veit

að Sjálfstfl. þykir vænt um það líka. En ég spyr um þennan talnagrundvöll, hver hann er, og ég óska eftir því að það komi fram í þessari umræðu áður en málið fer út úr þessari deild. Þetta er stærsti skattapakkinn, 5750 millj. kr. takk, og það er alveg lágmark að allar reikningslegar forsendur þessara mála liggi fyrir áður en málið fer héðan út úr þessari virðulegu deild.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég var að ganga frá skriflegri brtt., sem verður útbýtt á hverri stundu. Hún er við 3. gr. frv., staflið b, 12. lið, þar sem talað er um niðurfellingu á söluskatti vegna hitunar húsa og laugarvatns, um að síðari hluti setningarinnar hljóði svo: Til hitunar húsa og laugarvatns, varmadælna og dælingar hitaveitna.

Sá efnismunur sem er á þessu og frv. er að við bætist „til dælingar hitaveitna“ sem er eðlileg breyting þar sem það hefur einungis verið spurning um eignaraðild sem hefur ráðið því samkvæmt núgildandi framkvæmd hvort til greiðslu söluskatts kæmi eða ekki. Það lá fyrir erindi frá Sambandi ísl. rafveitna að í staðinn fyrir orðin „Til hitunar húsa og laugarvatns“ kæmi: Til rafmagnshitunar.

Það hefur lítill tími gefist til að athuga þetta mál ofan í kjölinn, en ég vil minna á að samkvæmt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er ákveðið að virðisaukaskattur verði tekinn upp að ári sem auðvitað þýðir að orðalagsmunurinn skiptir ekki máli úr því. En í erindi Sambands ísl. rafveitna voru hafðar í huga sérþarfir ótiltekinna iðnaðarfyrirtækja.

Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa fjmrn. og hefur það orðið til samkomulags að framkvæmdin varðandi rafhitun verði eins á næsta ári og tillagan liggur hér fyrir og ég vona að hv. þingdeildarmenn geti vel unað því.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Kom hæstv. fjmrh. í deildina til að þegja eða til að svara spurningum? (**Fjmrh.:** Til að hlýða á mál manna.)

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykv. ítrekar spurningar sem bornar hafa verið fram tvívegis og svarað tvívegis áður. Spurningar hans eru um talnagrundvöll tekjuöflunarfrv. Svar mitt er hið sama og áður. Af minni hálfu hafa verið gefnar og birtar þm. og þingnefnd allar þær upplýsingar sem fjmrn. býr yfir um skattstofna og áætlun um tekjur af þeim. Í þeim svörum mínum hefur einnig komið fram að það sem liggur til grundvallar þessum áætlunum er eftirfarandi:

Skýrt afmarkaðri skilgreining skattstofna, það á við um tolla, það á við um vörugjöld og það á við um söluskatt. Í annan stað: Miðað hefur verið við áætlun um veltubreytingar sem byggir á reynslu síðustu ellefu mánaða á þessu ári. Og í þriðja lagi: Reynt hefur verið að meta eftirspurnaráhrif af kerfisbreytingunni í heild þegar menn áætla hvaða tekjur ríkissjóður geti áætlað sér innan ramma fjárlaga á næsta ári.

Frekari upplýsingar er ekki að fá frá mér eða úr mínu ráðuneyti. Ekki vegna þess að það sé verið að leyna hv. þm. upplýsingum. Þetta eru þær upplýsingar sem við höfum á þessu stigi máls.

Í svari mínu hefur jafnframt komið fram að það er hlutverk Þjóðhagsstofnunar að leggja fyrir Alþingi að venju endurskoðun á tekjuáætlun fjárlaga fyrir 3. umr. fjárlaga. Það er hlutverk stofnunarinnar. Því hlutverki hefur hún sinnt á undanförnum árum. Um leið og hv. 7. þm. Reykv. og 8. þm. Reykv. hreyfðu þessum spurningum við 1. umr. ritaði ég samstundis bréf til forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Það bréf hef ég lesið upp í hv. deild. Þar var þessum spurningum komið á framfæri og þar segir, með leyfi forseta:

„Beðið er um að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en 3. umr. fer fram. Þessari beiðni er hér með komið á framfæri við Þjóðhagsstofnun sem hefur annast undirbúning tekjuáætlunar fjárlaga fyrir næsta ár.“

Ég hef gegnt þeirri skyldu minni að koma þessum spurningum á framfæri til þess aðila sem um á að fjalla og ég hef einnig fært þetta í tal við hæstv. forsrh. sem fer með málefni Þjóðhagsstofnunar.

Nú er það út af fyrir sig ljóst að Þjóðhagsstofnun er vandi á höndum að meta tekjuhlið fjárlaga á næsta ári með öruggum hætti af ýmsum ástæðum. Þar vegur þyngst að hv. Alþingi hefur enn ekki mótað fiskveiðistefnu næsta árs, þ.e. tekið ákvarðanir um leyfilegt aflahámark helstu nytjastofna þannig að þegar af þeirri ástæðu er efni málsins samkvæmt eðlilegt að Þjóðhagsstofnun muni hafa mikla fyrirvara á um lykilstærðir, þ.e. aflamagn, útflutningsverðmæti, sem hefur þar af leiðandi megináhrif á spá um kjaraþróun, viðskiptahalla o.s.frv.

Ég er allur af vilja gerður að láta hv. alþm. í té allar þær upplýsingar sem við búum við, en um leið er ekki hægt að gera betur en sitt besta og það er það að beina þessu máli til réttra aðila. En jafnframt má þm. vera ljóst að það er nú einu sinni svo í lífinu að það verða ekki allir hlutir séðir fyrir fram. Það kennir reynslan okkur og það þekkjum við mætavel af liðinni sögu og liðinni tíð. Þar að auki búum við við þær sérstöku ástæður að það stendur upp á Alþingi Íslendinga enn sem komið er að taka ákvörðun um það sem verður lykilstærð við mat á þróun helstu stærða efnahagslífsins í okkar þjóðarbúskap á næsta ári. En að því sögðu hafa allar þær upplýsingar verið lagðar fyrir þm. sem fjmrh. og fjmrn. býr yfir og ekki hef ég heyrt neinar umkvartanir um það af nefndarstarfi að svo hafi ekki verið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að stunda þrætubókarlist við hv. 7. þm. Reykv. af öðrum tilefnum. Ég hef sagt það áður í umræðum um þetta mál að það er vissulega rétt að þótt þessar aðgerðir í ríkisfjármálum séu veigamikið skref fram á við og með þeim sé lagður traustur grundvöllur að velferðarríki okkar Íslendinga í framtíðinni hafa þær

ekki leyst allan efnahagsvanda. Og það er alveg ljóst af ýmsum ástæðum að þessar aðgerðir, svo góðar sem þær eru, eru ekki hin endanlega lausn. Það hefur skipt um mjög til hins verra í íslenskum þjóðarbúskap síðustu mánuði og það er alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir vanda sem snýst um starfsskilyrði fiskvinnslunnar og samkeppnisgreinanna. Við stöndum frammi fyrir vanda á vinnumarkaðnum sem er í því fólginn hvort takist að ná kjarasamningum sem eru líklegir til að varðveita kaupmátt launa frekar en að eyða honum með nýrri kollsteypu. Og að mínu mati dreg ég enga dul á það heldur að við stöndum frammi fyrir því verkefni að taka mjög sterklega á í peninga- og lánsfjármálum. Þar hef ég vísað til þess að á yfirstandandi ári hefur gætt sívaxandi gagnrýni á þann þátt efnahagsstjórnarinnar.

Það sem hér er átt við er fyrst og fremst að peningamálastjórn er tiltölulega óvirk. Það skortir þar frumkvæði, það skortir þar heildarsýn, þar skortir upplýsingar um lykilstærðir. Ég hygg að við stöndum frammi fyrir því að við þurfum að samræma starfsskilyrði á lánamarkaðnum milli þeirra þriggja meginþátta sem þar starfa. Annars vegar er bankakerfið og sparisjóðirnir sem lúta lögum og lúta almennum starfsreglum um marga þætti sinnar starfsemi. Hins vegar eru fjárfestingarlánasjóðirnir, opinberir og hálfopinberir. Það hafa þegar verið gerðar veigamiklar breytingar á starfskjörum þeirra með því að stefnt er að því að létta af ríkisábyrgðum um áramótin. Og því næst er það sá þáttur peningakerfisins sem mest hefur vaxið að undanförnu þar sem er fyrst og fremst verðbréfamarkaður og ávöxtunarfyrirtæki ýmiss konar sem njóta í sínum starfskjörum ýmissa forréttinda umfram bankakerfið. Það hefur verið mikill vöxtur í þessum greinum og við stöndum frammi fyrr því að það hefur farið mjög vaxandi samkeppni fram á þessum tiltölulega illa skipulagða og ófullkomna lánamarkaði, annars vegar milli opinberra og hálfopinberra aðila og atvinnulífsins, sem hefur leitt af sér eða átt stóran þátt í því að vextir hafa farið mjög vaxandi og eru nú gríðarlega háir. Þetta er mál sem þarf að taka til heildarendurskoðunar. Það er ekkert nýtt. Að því er vikið í starfssáttmála ríkisstjórnarinnar. Það er jafnvel boðað að þarna þurfi að gera á ýmsar veigamiklar breytingar.

Markmiðið ætti að vera að reyna að ná settu markmiði ríkisstjórnarinnar sem er að tryggja hér raunvexti, jákvæða en hóflega raunvexti. Þetta er stórt mál. Þetta lýtur líka að þeim reglum sem núna gilda um húsnæðisfjármögnunina sem er meira og minna bæði samnings- og lögbundin.

Við búum við peningamálamarkað sem er um of hólfaður. Það er t.d. tvímælalaust að það hefur mikil áhrif á vaxtastig á Íslandi að langsamlega stærsti partur skyldusparnaðar í landinu, sem er fjármagn lífeyrissjóðanna, skuli annars vegar með lögum og hins vegar með samningum skuldbundinn til þess að verja því til byggingarlánasjóðanna. Ríkisvaldinu er stillt upp við vegg til samninga um ávöxtunarkjör á þessu fjármagni, en það er síðan lánað út til mjög langs tíma á stórlega niðurgreiddum vöxtum. Spyrja má hvaða afleiðingar það kynni að hafa ef þetta mikla fjármagn, 11 milljarðar, væri til frjálsrar ráðstöfunar á peningamarkaði og svo stóraukið fjármagn uppsafnaðs sparnaðar mundi ekki hafa veruleg áhrif í þá átt að lækka vaxtastig. Þetta varðar spurningar sem hafa verið hér til umræðu en hefur of lengi verið slegið á frest, spurningar um hvernig menn vilja móta ekki aðeins húsnæðisstefnu og félagslega húsnæðisstefnu heldur einnig fjármögnun húsnæðislánakerfisins. Þetta er aðeins einn þáttur þessara mála. Ég nefni þetta sem dæmi.

Það eru heldur ekki haldgóð rök að segja: Nú ætlar ríkisstjórnin að leyna hv. Alþingi einhverjum áformum um breytingar. Svona breytingum sem ég er að tala um verður að sjálfsögðu ekki leynt fyrir Alþingi því að þær verða ekki framkvæmdar nema að frumkvæði og fyrir tilstyrk löggjafarsamkomunnar þannig að það er ekki verið að draga neina dul á það. Og það er ekki búið að taka neinar ákvarðanir um efnahagsráðstafanir sem verið er að pukrast með eða halda leyndum fyrir Alþingi. Ég er aðeins að víkja að því almennum orðum, eins og reyndar hv. 7. þm. Reykv. gerði, að það fer ekki milli mála, við stöndum frammi fyrir því að þó að við höfum tekið myndarlega til hendinni í ríkisfjármálum er mörgum öðrum verkum að sinna. Verkinu er engan veginn lokið. Íslenskur þjóðarbúskapur er ekki í jafnvægi. Það þarf ekki hv. 7. þm. Reykv. til að lýsa því. Það veit öll þjóðin. Og áfram verður unnið að því verki að tryggja það jafnvægi í framkvæmd.

En meginatriði málsins var að ég vísa því frá mér að ég standi fyrir því að leyna hv. Alþingi einhverjum upplýsingum sem beðið er um. Ég hef látið í té allar þær upplýsingar sem á mínu valdi er að gefa og þar umfram hef ég beint því til nokkurra aðila að svara spurningum hv. þm.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég held að það þurfi ekki að koma neinum á óvart þó við stjórnarandstöðuþm. í hv. Ed. reynum að fara nákvæmlega í gegnum það frv. til l. um breytingu á söluskattslögum, sem liggur fyrir deildinni, áður en það er afgreitt til Nd. Hér er, eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um áðan, um að ræða eitt mesta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og það sem við samþykkjum hér og nú í hv. deild hefur kannski hvað mest að segja varðandi tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar. Fyrir svo utan það að lögin um söluskattinn koma e.t.v. langverst við hinn almenna launþega í landinu. Hér verða örlög lágtekjufólksins ráðin á næstu klukkutímum. Þótt möguleiki sé fyrir hendi að þm. í hv. Nd. muni gera einhverjar breytingar á frv. eftir að meðferð okkar hér í hv. Ed. er lokið er ekki við því að búast að það verði neinar stórfelldar breytingar sem komi til með að skipta sköpum. Því finnst mér afar eðlilegt að við yfirgefum ekki frv. né

ljúkum umræðum fyrr en við erum búin að fá svör við öllum spurningum og málin séu hrein og skýr.

Ég vil enn þá einu sinni leyfa mér að vitna til stuttrar blaðagreinar sem birtist í Morgunblaðinu í gær þar sem haft er eftir hæstv. fjmrh. að aldrei hafi tekjuáætlun ríkissjóðs verið eins nákvæm og fullkomin og nú. Við stjórnarandstöðuþm. teljum okkur hins vegar ráða það af þeim skjölum sem hefur verið útbýtt og þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá ýmsum embættismönnum fjmrn. og ríkiskerfisins að það sé þvert á móti hið gagnstæða sem sé staðreynd. Aldrei hafi tekjuöflun eða tekjuáætlun ríkissjóðs verið eins óviss og nú. Hún er óviss með þeim hætti, að mínu mati, eftir að hafa reynt að setja mig inn í fyrirliggjandi gögn eins vel og mér hefur verið framast unnt, að óvissan sé öll á plúshliðinni. Það er við því að búast að um stórfellda tekjuaukningu umfram tekjuáætlun verði að ræða á næsta ári.

Ég hef í höndunum vinnuskjal frá Þjóðhagsstofnun frá 4. des. 1987 og mig langar, með leyfi virðulegs forseta, að fá að lesa upp úr þessu vinnuskjali nokkrar tölur sem eru fróðlegar varðandi einmitt tekjuáætlun ríkissjóðs. Þar segir svo:

Heildartekjur skv. fjárlögum 1985 voru áætlaðar 25 milljarðar 335 millj. kr. Á árinu 1985 innheimtust hins vegar, þ.e. heildartekjur ríkissjóðs urðu, rúmlega 27 milljarðar 109 millj. kr. og þannig urðu heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1985 7% meiri en tekjuáætlun gerði ráð fyrir. Á árinu 1986 urðu þessar umframtekjur ekki mjög miklar. Þar kemur fram að heildartekjur skv. fjárlögum 1986 voru áætlaðar 37 milljarðar 854 millj. kr. en urðu 38 milljarðar 112,988 millj. kr. Hér er um að ræða 0,7% hækkun frá fjárlögum.

Það er hins vegar athyglisverðast að fjárlög 1987 gera ráð fyrir heildartekjum ríkissjóðs að upphæð 43 milljarðar 29 millj. kr. Skv. áætlun sem Þjóðhagsstofnun hefur gert í september munu innheimtast á árinu 1987 47 milljarðar 490 millj. kr. eða hækkun er 10,4%. Þetta er afar athyglisvert. Fyrir árið sem nú er að líða hafa heildartekjur ríkissjóðs orðið 10,4% hærri en áætlun skv. fjárlögum gerði ráð fyrir. Þetta er ekkert smáræði. Hér munar kannski mestu um þær gífurlegu álögur sem voru settar á allan almenning og fyrirtækin í landinu strax eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn kom til valda 8. júlí sl. þannig að það hefur væntanlega gerst á seinni helmingi ársins 1987 að tekjurnar fara skyndilega að vaxa svona ört.

Með þeim veltubreytingum sem óhjákvæmilega verða á næsta ári er alveg ljóst að umframtekjur ríkissjóðs verða sennilega miklum mun hærri en hér er verið að tala um og kæmi mér ekki á óvart þó heildartekjur ríkissjóðs, þegar við stöndum upp fyrir jólin 1988 að ári liðnu, verði kannski um 15%. Mér kæmi ekki á óvart þó það nálgaðist 20% sem tekjur ríkissjóðs verða hærri en nemur áætlun skv. fjárlögum. Það endar líklega með því að hæstv. fjmrh. verður að grípa til svipaðra aðgerða og teiknimyndafígúran Jóakim von And, en aðalvandamál hans var það að „peningatankurinn" hans var alltaf að rifna af því að hann troðfylltist svo af peningum. Það væri gaman að fá álit hæstv. fjmrh. á því hvað hann ætlar að gera við alla þá peninga sem koma í ríkissjóð umfram tekjuáætlunina þegar fólkið í landinu er farið að borga matarskatt af soðningu, hugsið þið ykkur, af soðningunni!

Það er afar fróðlegt að lesa dagblöðin þessa dagana og sjá yfirlýsingar hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni stangast á hverja við aðra. Einn segir að raunvaxtaokrinu verði að linna, en það er einmitt sá ráðherrann sem hefur verið í litlum takt við efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Hann hefur því miður verið það mikið fjarverandi að hann hefur lítið getað fylgst með hvað blessaðir hæstv. ráðherrar efnahagsmála eru að bjástra hér á hólmanum meðan hæstv. utanrrh., sem hér er átt við, hefur verið í útlöndum mestallan þingtímann frá því þing hófst hér 10. október. Þannig er ekki von að hann sé alveg í takt við það sem hæstv. ráðherra efnahagsmála er að gera. Leikur grunur á að hann muni geta notfært sér fjarveru sína þegar farið verður að tala um hinar óvinsælu efnahagsráðstafanir núv. hæstv. ríkisstjórnar við næstu kosningar. Það verður gaman að taka þátt í þeirri kosningabaráttu og fylgjast með því þegar hæstv. ráðherrar bæði Sjálfstfl. og Framsfl. í núv. hæstv. ríkisstjórn munu bera þetta allt af sér og bera því annaðhvort við að þeir hafi verið fjarverandi eða þeir hafi orðið að láta hæstv. ráðherra Alþfl. komast upp með þetta til að halda ríkisstjórninni saman. Ég er ekki í nokkrum vafa um hver fær sökina a.m.k. þegar svo langt verður komið.

En það er enn fremur mjög fróðlegt að velta fyrir sér hugmyndum hinna ýmsu ráðgjafarstofnana hæstv. ríkisstjórnar, Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka m.a., sem virðast nú vera komnar í hár saman um hver verði þróun efnahagsmála á næsta ári. Ég held að ég hafi aldrei lesið eins vitlaust plagg og þegar Seðlabankinn lét það frá sér fara að verðbólgan yrði hugsanlega komin niður í 5% undir árslok 1988. Það hefði frekar átt heima í þeirri teiknimyndaseríu sem ég var að vitna til áðan, í teiknimyndaseríunni vinsælu um Jóakim von And. Hún hefði betur átt heima þar, þessi spá.

Dettur nokkrum í hug að alþýða þessa lands og allt launafólk muni taka því þegjandi og hljóðalaust að helstu nauðsynjavörur heimilanna verði settar undir 25% söluskatt? Ég hef oft áður í umræðunum um söluskattsfrv. vikið að því óréttlæti að helstu nauðsynjavörur heimilanna verði nú með 25% söluskatti. Ég hef enga trú á því, þó svo að Íslendingar séu upp til hópa löghlýðið fólk og láti yfirleitt alla óáran yfir sig ganga, að þeir taki henni með jafnaðargeði og reyni síðan að standa árásirnar af sér eins og best verður gert. Eins og ég segi hef ég oft bent á að við höfum ekki þann blóðhita sem fylgir Suður-Evrópuþjóðunum sem fyrir löngu væru komnar út á göturnar. Það mætti segja mér að uppreisnin væri nánast hafin ef svona skattaálögur

hefðu verið settar á í löndum Suður-Evrópu. En alþýða manna hér uppi á Íslandi lætur þetta yfir sig ganga. Hún mun beita öðrum aðferðum til að verja sig. Ég hygg að þær aðferðir verði fyrst og fremst þær að í komandi kjarasamningum verði barist hart við samningaborðið. Og það er ekki nokkur vafi á því að launafólkið mun krefjast þess að kaupmátturinn haldist. Það mun reyna að beita vörnum við þeim hækkunum sem nú blasa við á helstu nauðsynjavörum og matvörum heimilanna. Það er því alveg ljóst að það verða settar fram gífurlegar kaupkröfur á næstunni þegar kjarasamningarnir fara virkilega á skrið. Þá verður gaman að sjá hvað verður um verðbólguspá þeirra seðlabankamanna sem voru svo bjartsýnir að þeir spáðu 5% verðbólgu hér við lok ársins.

En að lokum hefði ég gaman af því að fá svör við þeirri spurningu: Hvað áætlar hæstv. fjmrh. að umframtekjur ríkissjóðs á árinu 1988 verði miklar? Verða þær 10% eins og virðist stefna í með umframtekjur ríkissjóðs fyrir árið 1987 eða verða þær nær 20% sem mér kæmi ekki á óvart?

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði satt að segja ekki að tala í þessari umræðu, en kemst varla, held ég, hjá því að segja örfá orð einkum og sér í lagi þar sem svo vel ber í veiði að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. eru í deildinni okkur til ánægju og heiðurs. En fyrst vil ég taka fram að ég ætla ekki neitt frekar að ganga eftir upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun eða öðrum. Ég hef margsagt að það sé mjög erfitt að áætla tekjur t.d. í því frv. sem hér er til umræðu. Ég er sannfærður um að þær verða miklu meiri en þar um getur, en ég get ekki sannað það frekar en hinir embættismennirnir geti sannað að svo muni ekki verða. En mér finnst hitt þó óviðkunnanlegt að forstjóri Þjóðhagsstofnunar skuli ekki svara hæstv. fjmrh. bréfi sem hann ritar strax að umræðu lokinni hér um miðja nótt og forstjórinn hefur þá haft undir höndum í tvo eða þrjá sólarhringa, að hann skuli ekki svara að hann geti ekki upplýst málið. Það er allt í lagi að svara því. En láta ráðherrann þurfa að koma hér og segjast ekki hafa fengið neitt svar frá einum af æðstu embættismönnum þjóðarinnar, það finnst mér óviðkunnanlegt. (**SvG:** Ég er sammála.) Kannski hefur bréfinu bara verið hent beint í ruslakörfuna án þess að opna það. Ég veit ekki um það.

En hæstv. fjmrh. hefur í tvígang hafið almenna efnahagsmálaumræðu og það á þessum sama næturfundi. Ég sagði þá að hér væri staður en ekki stund til að ræða almennt um efnahagsmálin. Hér er vissulega staður til þess einmitt í þessari hv. þingdeild þar sem yfirleitt fara fram málefnalegar umræður og menn reyna að varast að vera með a.m.k. of mikið af skætingi eða útúrsnúningum. En þar að auki bætist við að hæstv. utanrrh. tekur heldur betur upp í sig í blaði sínu, Tímanum. Því miður er hann ekki hér í húsinu. Ég hefði gjarnan viljað að svo væri. En ég hygg að sjaldan hafi einn ráðherra ráðist harkalegar að öðrum í samsteypustjórnum en gert er í þessu viðtali við hæstv. utanrrh. Hann segir t.d., með leyfi forseta:

„Þá held ég að menn hljóti nú að fara að viðurkenna að svona getur ekki gengið. Þetta mun ríða fjölmörgum fyrirtækjum að fullu og getur ekki gert annað en blása mjög á glóðir verðbólgunnar."

Út af fyrir sig er ég sammála þessu og skal skýra frá mínum rökum á eftir.

„Ég er því ósammála því, sem kom fram hjá viðskrh. Jóni Sigurðssyni, að menn ættu að bíða og sjá hvort þetta markaðslögmál virki. Ég er ansi hræddur um að menn bíði of lengi og skaðinn verði orðinn of mikill" o.s.frv. o.s.frv.

Ég verð að rifja aðeins upp forsögu, en vil fyrst benda á að hæstv. utanrrh. talar um að einhver frjálshyggja ríki í peningamálum á Íslandi. Frjálshyggja þýðir í mínum orðabókum ekkert annað en fríhyggja eða trúleysi. En ef hann á við frjálsræði eða frjálslyndi, það sé frjálslynd stefna í peningamálum, þá er það argasta öfugmæli. Á Íslandi er mesta stjórnlyndi í peningamálum sem þekkist í lýðræðisríki. Það fullyrði ég. Svona fyrirbæri er hvergi nokkurs staðar í veröldinni til, allt það stjórnleysi, ofstjórnarbrjálæði í peningamálum. Það eina sem ekki er hægt að skammta eru peningar. Það er óleyfilegt. Það er ekki hægt að mismuna mönnum eins og gert var hér á verðbólgutímanum þegar vextir voru kannski upp í 40% neikvæðir og peningunum svo mokað til vildarvina, en alþýðan auðvitað sat fyrir utan.

Ég verð að rifja aðeins upp söguna. Það gerðist hér nefnilega einu sinni að næturlagi að það var smeygt inn í bandorm ríkisstjórnarinnar heimild til Seðlabankans að hækka bindiskyldu úr 28% í 38. Hver skyldi hafa gert það? Veit hæstv. viðskrh. hver gerði það? Ég fékk að vita þetta um hálfátta um morguninn þegar átti að leggja frv. fram og búið var að prenta það og sagt að það hefði ekki náðst til mín. Auðvitað greiddi ég atkvæði gegn þessu ofbeldi, að ætla að frysta fólk í hel, svelta það í hel með því að loka öllum peningastofnunum. Það kom í minn hlut, kannski hefur það aldrei gerst áður á Alþingi, að ég talaði bæði fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar, nefndarinnar allrar og síðan fyrir séráliti mínu, allt í sömu ræðunni og sumt af því sem var í þessum bandormi samþykkti ég með hangandi hendi. Ég held ég hafi rétt upp vinstri höndina einstaka sinnum. En það tókst þó að þrýsta þessari bindiskyldu úr 28 niður í 18.

Síðan gerist það í þessari hv. deild í aprílmánuði 1986 undir þinglok að hér er samþykkt að færa bindiheimild Seðlabankans í upprunalegt horf sem var 10%. Það var samþykkt með talsverðum atkvæðamun. Auðvitað átti málið þá að ganga til Nd. Ég féllst á að gera sátt við seðlabankastjóra og hún var bókuð í fundagerðarbók fjh.- viðskn. 21. apríl 1986, svohljóðandi með leyfi forseta, en seðlabankastjórarnir komu á fund með skriflega bókun og hún er orðuð svona:

„Peningamarkaðurinn hefur verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin tvö ár. Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna, svo sem innlánsbindingu, sem þegar hefur verið lækkuð úr 28% í 18%. Bankastjórn Seðlabankans mun leggja áherslu á að þessi þróun haldi áfram svo ört sem markaðsaðstæður og ytri skilyrði leyfa. Væntanlega verður unnt að taka umtalsvert skref til lækkunar á innlánsbindingu síðar á árinu.“ — Punktur, amen.

Þetta var auðvitað aldrei gert. Og þegar það loksins var gert að forminu til var það tekið til baka og rúmlega allt með því að heimta einhverja svokallaða lausafjárstöðu bankanna. Það er alltaf verið að búa til allra handa kenningar. Núna er bindiskyldan í raun 21% en ekki 10% eins og þessi deild samþykkti og Alþingi hefði vafalaust samþykkt hefði ég ekki verið sá asni að láta mér nægja þessa bókun.

Og nú er talað um að frysta meir. Það er talað um að það vanti yfirsýn, vanti meiri stjórn peningamála. Hver á að stjórna peningamálum á Íslandi? Hvað gera seðlabankar t.d. erlendis? Þeir hafa heimild til að ráða sínum forvöxtum og hækka þá og lækka um 1%, um ½% var núna verið að lækka í Þýskalandi o.s.frv. Og vextir á alþjóðamarkaði eru mjög lágir. Ég hygg að það sé rétt, sem hæstv. utanrrh. segir, að raunvextir á Íslandi séu helmingi hærri en annars staðar. Hvers vegna? Liggur það ekki í augum uppi? Ef það eru frjálsir vextir, þá verða líka að vera frjálsir peningar. Þá verður ríkisvaldið að sinna þeirri frumskyldu sinni að sjá til þess að eðlilegt peningamagn sé í umferð. Það getur ekki fryst peninga og svelt markaðinn og haldið svo að vextirnir lækki. Auðvitað verða okurvextir í því þjóðfélagi.

Ég hef skrifað svo mikið og rætt svo mikið um þessi mál að allir sem nenna að kynna sér það geta gert það. Ég ætla ekki að tefja tímann hér. Það var samkomulag um að reyna að ljúka öðrum málum en kvótanum svokallaða fyrir hálffjögur og ég stend að því samkomulagi. En ég komst ekki hjá að vekja aðeins athygli á þessu, að auðvitað gengur engin stefna neinnar ríkisstjórnar upp ef á að frysta alla peninga og maska fjármálakerfi þjóðarinnar. Þá er alveg sama hvað skattar eru miklir, háir eða lágir. Þetta er röng stefna í peningamálum, þetta er kreppustefna og það hafa verið kreppustjórar hér síðasta hálfan annan áratuginn, sem hafa ætlað sér að ráða öllu í þessu þjóðfélagi, öllu peningavaldi. Nú vill raunar svo til að þeir hafa ekki ráðið öllu vegna þess að í heiminum eru peningar að hverfa úr umferð. Þetta er allt að fara í tölvur og telex og ávísanir fram og til baka og þeir geta ekki fylgst með hverri einustu athöfn sem betur fer. Annars væri hér allt komið á hvínandi, hvínandi hausinn.

Ég vona bara að ráðherrarnir hugsi nú sitt ráð. Hvers vegna er þetta allt saman svona hjá okkur? Er það vegna þess að það vanti fleiri „apparöt“, fleiri þjóðhagsstofnanir, fleiri seðlabanka, það vanti meiri yfirstjórn, meiri samræmingu, meiri upplýsingar? Það vantar frjálsræði. Þetta er stjórnlynd stefna en ekki frjálslynd.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Júlíus Sólnes vildi heyra mat mitt á því hvort fjmrh. byggist við stórauknum tekjum umfram áætlun fjárlaga á næsta ári og þá hversu miklum. Við komum m.ö.o. aftur að sama hlutnum.

Hv. þm. vitnaði til blaðaviðtals í Morgunblaðinu, sem var að vísu stutt og snubbótt, þar sem það var haft eftir fjmrh. að mat á áætluðum tekjum af þessum nýju tekjuöflunarfrv. væri óvenjulega nákvæmt. Það er rétt. Það er unnt að meta það af nokkurri nákvæmni, meiri nákvæmni en oft áður, vegna þess að skattstofnarnir sjálfir eru betur og nákvæmar skilgreindir en verið hefur. Þetta breytir ekki því að það er veruleg óvissa um framvindu efnahagsmála á næsta ári. Það liggur alveg í augum uppi. Sú óvissa er um mjög stórar stærðir. Hún er t.d. um forsendur fiskveiðistefnu. Það er óvissa um verðlags- og verðbólguþróun þannig að fyrst og fremst slíkir þættir, verðbólgan, geta auðvitað fært samkvæmt reynslu allar áætlanir úr skorðum, en það breytir ekki raungildi þeirrar stærðar.

Hv. þm. vék einnig að því að hæstv. utanrrh., sbr. viðtal við dagblaðið Tímann í dag, væri að frýja sig ábyrgð af stefnu ríkisstjórnarinnar og mundi sennilega gera það í vaxandi mæli með vísan til þess að hann hefði verið mikið fjarverandi og lítinn þátt tekið í þeim ákvörðunum sem búa að baki, m.ö.o. ekki tekið þátt í að móta stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er rétt að hæstv. utanrrh. hefur verið mikið fjarverandi að sinna sínum embættisskyldum, en það breytir ekki því að sem formaður Framsfl. fer það ekkert á milli mála að í stjórnarmyndunarviðræðum og í umræðum innan ríkisstjórnar hefur formaður Framsfl. markað sér þá stefnu að hann hefur afdráttarlaust lýst þeim skoðunum sínum að ef nokkuð væri ætti að ganga lengra í skattlagningarátt. Það kom skýrt og skilmerkilega fram í fjölmiðlum í sambandi við stjórnarmyndunarviðræður að því er varðaði undirbúning að fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar að formaður Framsfl. var eindregið þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin ætti að ganga lengra í skattlagningarátt en niðurstaðan varð. Þetta er svar við þeim fullyrðingum hv. þm. Júlíusar Sólness að ef hæstv. utanrrh. hefði verið meira í landinu hefði einhverra breytinga verið að vænta í þessa átt. Ég held að það sé byggt á röngum forsendum.

Að lokum virðulegi forseti. Það var áður í þessum umræðum vísað til mótmælasamþykktar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og tveir hv. ræðumenn hafa spurt sem svo: Hvaða áhrif munu þessar aðgerðir hafa á kjarasamninga? Munu þessar aðgerðir spilla fyrir kjarasamningum eða munu þær út af fyrir sig ekki hafa nein áhrif á þá eða jafnvel hugsanlega greiða fyrir þeim? Menn virðast vera búnir að gleyma því í þessum umræðum að niðurstaðan af þessum heildaraðgerðum að því er varðar

hag fjölskyldna í landinu, heimilanna í landinu, meginniðurstaðan er sú að framfærslukostnaður heimilanna eins og hann er metinn breytist ekki, ekki nokkurn skapaðan hlut, og í annan stað að veigamiklir aðrir mælikvarðar á útgjaldaþætti heimilanna, þ.e. byggingarvísitala, lækka og að hin illræmda lánskjaravísitala, sem margir hallmæla og er mælikvarði á greiðslubyrði fólks, lækkar. Þess vegna spyr ég: Er einhver ástæða til að ætla að efnahagsráðstafanir sem fela það í sér að eyða halla á ríkissjóði, tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum á næsta ári, sem verkalýðshreyfingin, talsmenn Alþb., þó ekki sé það nú sami hluturinn, hefur hvað eftir annað talið jákvætt markmið og lýst yfir stuðningi við — er líklegt að verkalýðshreyfingin bregðist við aðgerðum sem tryggja þennan trausta fjárhag ríkissjóðs án þess að raska útgjöldum heimilanna, meti það svo að hér sé verið að leggja stein í götu kjarasamninga?

Hversu oft hafa menn ekki spurt sem svo: Hvað ætlar ríkisstjórnin að leggja á borð með sér ef hún verður kvödd til þríhliða viðræðna um kjaramál? Hversu margir eru ekki þeir sem hafa lýst aðdáun sinni á þeim gerningi fyrrv. ríkisstjórnar að koma að slíku samningaborði sem þriðji aðili og leggja talsvert á borð með sér, lækkun skatta, lækkun tolla, breytingar einmitt á þessum þáttum til að greiða fyrir hófsamlegum kjarasamningum sem tryggðu vaxandi kaupmátt? Ég man ekki betur en t.d. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi nefnt þetta sem dæmi um jákvæða aðgerð ríkisstjórnar sem hefði skilað árangri.

Hvað ætlar ríkisstjórn með tóman ríkiskassa að leggja á borð með sér? (Gripið fram í.) Hvað ætlar slík ríkisstjórn að leggja á borð með sér, með leyfi? Hverjir eru það sem hafa uppi kröfur um að ríkisvaldið komi inn í slíka samninga til að greiða götu skynsamlegra kjarasamninga? Er það rétt eða er það ekki rétt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi lýst þessu sem jákvæðu á sínum tíma? (**EKJ:** Þorsteinn Pálsson var einhver besti fjmrh. sem Ísland hefur haft.) Einmitt. Þá vitum við það. Einkum og sér í lagi vegna þess að þetta var gert. Þá förum við að sjá málin í nýju ljósi. Það var sem sagt hinn jákvæðasti þáttur. Það var haldið uppi kröfum um að ríkisvaldið eigi hlut að kjarasamningum og geri þá eitthvað slíkt.

Sömuleiðis er verið að segja: Á ríkisstjórnin að gera eitthvað til að bæta starfsskilyrði atvinnuveganna? Já, já, hún getur átt mikinn þátt í því. Hún getur gert það bæði að því er varðar skattlagningu og hún getur gert það að því er varðar önnur starfskjör. Hún getur t.d. haft viss áhrif í þá átt að reyna að stuðla að bættu jafnvægi á peningamarkaði. Það er ýmislegt sem ríkisstjórn getur gert til að draga úr raunvaxtastigi. Þannig er ekki alveg ljóst að samkvæmnin sé mikil í þessari gagnrýni. Ég held að þegar menn meta þetta í heild sinni séu þessar aðgerðir, að stuðla að jöfnuði í ríkisfjármálum og gera það með kerfisbreytingu sem raskar ekki útgjöldum heimilanna, engan veginn af hinu illa eða líklegar til að spilla kjarasamningum, fjarri því. Það eru bara kokhreysti og gífuryrði en innihaldslaus orð.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir: Það vantar meira frjálsræði á peningamarkaðnum. Það er meira stjórnlyndi ríkjandi í þeim málum hér á landi en víðast hvar annars staðar. Að sumu leyti er það, já. Gallinn er hins vegar fyrst og fremst sá að við höfum engan fjármagnsmarkað hér sem stenst neinn samanburð við fjármagnsmarkað annarra þjóða, því miður. Hann er hreinlega ekki til. Og ef menn vildu byggja hann upp hygg ég að við yrðum sammála um það, hv. þm. og ég, að það eigi að gera með því að samræma starfsskilyrði með almennum reglum en ekki með því að mismuna aðilum eftir því um hvaða rekstrarform er að ræða. Það liggur alveg ljóst fyrir að bankakerfi sem slíkt lýtur almennum starfsreglum hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þar eru lagaákvæði sem skylda bankakerfið bæði að því er varðar bindiskyldu, lausafjárhlutfall o.fl. Þessar almennu reglur gilda ekki um verðbréfamarkaðinn og ekki um ávöxtunarfyrirtæki þannig að það er ósköp eðlilegt að þegar þessum nýju aðilum eru búin hagstæðari skilyrði er vöxturinn þar, en jafnframt er líka alveg ljóst að sú stofnun sem á að fást við upplýsingaöflun á grundvelli slíkra upplýsinga, á að taka ákvarðanir og móta stefnu, Seðlabankinn, hefur ákaflega ótakmarkaðar og lélegar upplýsingar að gefa um þennan fjármagnsmarkað. Ef við lítum í vesturátt, lítum til Bandaríkja Norður-Ameríku, þá er alveg ljóst að upplýsingaskylda til stjórnvalda um þróun mála á peningamarkaði og lánsfjármarkaði við bankakerfi, á verðbréfamörkuðum og í kauphöllum er miklum mun meiri og strangari en það sem hér tíðkast.

Og á annað má einnig líta, að að því er varðar skattlagningu á tekjum af fjármagni væri ég prýðilega sáttur við að gera ekkert annað en að fylgja í einu og öllu ríkjandi skattalögum í Bandaríkjunum og upphefja þann mun sem nú er gerður á tekjum manna eftir því hvort þær eru sóttar til vinnuframlags eða vegna eigna. Þetta gat í íslenskri skattalöggjöf er m.a. einn partur af skýringunni á því hvers vegna fjármagnsmarkaðurinn hér er galinn.

Ég er enginn sérstakur talsmaður ofstjórnunar eða bákns. Ég er enginn vildarvinur Seðlabankans. Ég hef ekki lýst skoðunum á því að sú stofnun sé eitthvert þýðingarmikið stjórntæki í peningamálum. Þvert á móti er ég að lýsa þeirri skoðun minni og ég hef tekið undir það á opinberum vettvangi, t.d. á spástefnu Stjórnunarfélags Íslands þar sem besta erindi sem var flutt var gagnrýni Tryggva Pálssonar landsbankastjóra á þá stofnun og á markaðinn í heild. Þetta er ekkert persónubundið. Þetta styður bara þau rök, sem ég flutti áðan, að það væri mikil nauðsyn á því að ekki bara líta á starfsskilyrði atvinnuveganna, ekki bara reyna að ná lendingu með skynsamlegum kjarasamningum heldur að taka þennan ófullkomna svokallaða fjármagnsmarkað til

heildarendurskoðunar, endurskoða um hann lagarammann, setja um það almennar stjórnreglur og tryggja að hann starfi í einhverju samræmi við aðra þætti peningakerfisins.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um í örstuttri ræðu minni áðan hefur hæstv. fjmrh. í tvígang hafið almenna umræðu um efnahagsmál, ekki síst peningamál. Ég sagði þá að hér væri einmitt staðurinn til að ræða þessi mál, en það væri ekki stund til þess. Ég fer nú þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann hjálpi okkur til að hjálpa ríkisstjórninni til að koma þessum málum fram. Það erum við að gera hér alla tíð, leggja nótt við dag til að hjálpa ríkisstjórninni til þess að koma þessum málum fram, sumum náttúrlega röngum málum. (**JúlS:** Vondum málum.) Vondum málum, já, sem mættu gjarnan liggja. En stjórnin hefur þessa stefnu og hún verður að fá að koma sínum frv. fram.

Ég vildi afbiðja mér öll ummæli um að ég hafi verið hér með kokhreysti og köpuryrði. (**Fjmrh.:** Nei, því var ekki beint að ræðumanni.) Það lá alveg beint í orðunum að ég hefði verið með það. Ég vil alveg afbiðja mér slíkar fullyrðingar. Ég veit ekki annað en að ég hafi sýnt þessum hæstv. ráðherrum fulla kurteisi og tillitssemi. En ég geri þá kröfu að við fáum hér, það þarf auðvitað ekkert að krefjast þess, við erum öll sammála um það, svo fljótt sem við komum aftur saman eftir jólaleyfi, nægan góðan tíma til að tala um peningamálastefnu ekki bara þessarar ríkisstjórnar heldur þá peningamálastefnu sem hefur verið hér allar götur frá 1971, meira og minna ofstjórnarbrjálæði. Það þekkist hvergi í vestrænum löndum. Ég ætla ekki að kenna neinum einstökum um það. Það gengur ekkert upp að ætla sér að stjórn peningamagni og t.d. hafa frjálsa vexti. Hitt gengur enn þá síður upp að vera svo með stjórn á vöxtunum þegar kannski er komin yfir 100% verðbólga og vera þá með vextina í 60–70% og ívilna mönnum og gefa milljarða á milljarða ofan eins og ákveðnum fyrirtækjum hefur verið gefið gegnum tíðina með þeirri stjórnarstefnu. Það gengur heldur ekki upp. Menn verða að gera sér grein fyrir því að ríkisvaldið á að sinna þeirri frumskyldu að sjá um eðlilegt peningamagn í umferð á meðan það orðalag er notað, og það er þá notað yfir allar hugsanlegar millifærslur líka, þær sem til næst, og stjórnin hlýtur, þessi hæstv. ríkisstjórn eins og aðrar, að gera það mál upp við sig og ég vona að hún geri það fyrr eða síðar. Ætlar hún að reyna þetta stjórnlyndi áfram, kannski að herða enn á bindiskyldu, taka meiri peninga úr umferð, færa meira fjármagn til ríkisvaldsins frá borgurunum, frá atvinnuvegunum, sósíalísera þetta þjóðfélag meira en orðið er? Um þetta snýst málefnaleg umræða bæði innan flokka og milli flokka. Og ég ætla að ítreka að síst af öllu mun ég harma að taka þátt í slíkri málefnalegri umræðu og ég hef reyndar oftsinnis í tveggja manna tali rökrætt við hæstv. fjmrh. og þó við séum ekki alltaf sammála virðum við hvor annars sjónarmið og ég hlusta á það sem hann segir og tek tillit til þess í hans máli sem ég tel vera rétt. En sem betur fer eru menn ekki alltaf sammála, enda værum við ekkert að hugsa um neitt lýðræði og Alþingi og nein löggjafarstörf yfirleitt af allir væru á eitt sáttir og engir árekstrar eða umræður eða mismunandi skoðanir væru í mannlífinu.

Þessi umræða verður vonandi hér, en ég bið hæstv. ráðherra þess lengstra orða að við reynum sameiginlega að standa við það samkomulag sem hefur verið gert um að koma bæði þessu máli og lánsfjárlögunum í gegnum þessa hv. deild fyrir kl. hálffjögur svo að von verði til þess að þingi geti lokið fyrir jólahátíðina. Ég ætla að stuðla að því og þar með að hætta þessari ræðu minni.

En ég hlakka til að fá að rökræða við hæstv. fjmrh. um fjármál, skattamál og þjóðmálin almennt og halda þá kannski enn þá lengri ræður en hann hefur haldið hér, næturræðan var víst í hálftíma þegar við vorum öll orðin æði syfjuð. Ég hef reynt að stilla mínu máli í hóf eins og ég vona að hv. þingdeildarmenn viðurkenni að ég hafi gert. Og einkum og sér í lagi mundi ég fagna því ef hæstv. viðskrh. væri mættur líka eins og í dag þegar sú umræða fer fram um t.d. stofnun eins og Þjóðhagsstofnun, sem Alþingi ákvað í vor að leggja niður með 48:1 atkv. í nafnakalli, hvernig hefur gengið að koma verkefnum hennar til annarra og yfirleitt hvað þar hafi verið baukað í gegnum árin. Það er nauðsynlegt að við fáum slíka málefnalega umræðu um það sem gert hefur verið.

Ég tel að það hafi verið rangt stjórnað peningamálum landsins um langa tíð. Ég er ekki að ásaka neinn flokk eða neina einstaklinga í því efni. Ég tel bara að það hafi verið ofstjórn í þessu þjóðfélagi sem hvergi þekkist í öðru lýðræðisríki. Það fullyrði ég að hvergi er til slíkt stjórnlyndi í peningamálum eins og við höfum hérlendis og það er meginundirrót verðbólgunnar. Það er hvergi verðbólga ef peningar eru frjálsir. Halda menn að það verði verðbólga einhvern tíma í Sviss landi þar sem bankastjórarnir bíða á tröppunum að biðja menn að taka lán? Nei, þar hefur aldrei verið verðbólga. Og svo mætti lengi telja. Halda menn að það sé ekki verðbólga í Suður-Ameríku þar sem þó er verið að reyna að stjórna peningamagni, náttúrlega ekki með sömu þrælatökunum og hér þar sem peningar eru t.d. lokaðir inni? Þetta er allt saman öfugsnúið hjá þeim sem prédika nauðsyn meiri stjórnar í peningamálum, en mér virðist að þetta sé núna komið á oddinn einn ganginn í viðbót.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það var ekki ætlan mín að taka þátt í þessari umræðu þó að fullkomin ástæða hefði verið til. En ég sé mér ekki annað kleift en að gera athugasemdir við orðalag hæstv. fjmrh. hér áðan þegar hann segir að það séu upphrópanir og gífuryrði hjá verkalýðshreyfingunni að skattlagning matvæla torveldi samningsgerð. Ég vil gjarnan minna

hæstv. fjmrh. á að í langan tíma hefur það verið grundvallarstefna verkalýðshreyfingarinnar hver sem þar hefur farið með völd að skattlagning á matvælum væri ranglát. Þeirri stefnu fylgir verkalýðshreyfingin enn og meðan hún fylgir þeirri stefnu hljóta þeir sem eru í forsvari fyrir hana að halda þeirri stefnu fram. Þar á ekki að greina á milli pólitískra flokka eða pólitískra sjónarmiða. Þetta er stefna hreyfingarinnar. Hún hefur verið svona og hún er svona og ég átel hæstv. fjmrh. fyrir að halda því fram í ræðu að hér sé um gífuryrði hreyfingarinnar sem slíkrar að ræða þegar hún heldur því fram að skattlagning matvæla torveldi samningsgerð. Þetta hljóta menn að skilja. Og það er engin ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að láta slíkt út úr sér á Alþingi undir þeim kringumstæðum sem nú eru hér bæði að því er varðar þinghaldið og að því er varðar það sem fram undan er í samningum milli aðila vinnumarkaðarins og hugsanlega ríkisins. Þetta mun ekki greiða þá leið sem menn kannski ætluðu að fara ef hún væri fær. Þetta mun frekar torvelda það.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og hafin er af stjórnarliðum, einkum hæstv. fjmrh., að inn í þennan sal verði kvaddir fleiri *ráðherrar*, þ.e. hæstv. *forsrh.*, *sem er efnahagsmála*-ráðherra ríkisstjórnarinnar, og sömuleiðis hæstv. utanrrh. sem hefur eitt og annað við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að athuga, einkum og sér í lagi hæstv. viðskrh. Ég tel hugsanlegt að sú umræða, sem þeir eru aðilar að, færi fram undir liðnum lánsfjárlög mín vegna, en ég tel að hér hafi fallið svo stór orð, hér hafi verið gefnar svo alvarlegar yfirlýsingar um efnahagsákvarðanir á næsta ári af hæstv. fjmrh. að það sé aldeilis óhjákvæmilegt að þau mál verði rædd í þessari deild í dag.

Hér hafa menn ekki verið að spara við sig orðin. Hér hafa menn talað um verkalýðshreyfinguna og ályktanir hennar sem í fyrsta lagi kokhreysti, öðru lagi gífuryrði og í þriðja lagi innihaldslaust hjal. (**Fjmrh.:** Þau orð áttu við ummæli í ræðu hv. 7. þm. Reykv. sem nú stendur í ræðustólnum.) Það kom ekki fram þannig, hæstv. ráðherra, og vertu ekki að reyna að snúa þig út úr með þessum hætti. (**Fjmrh.:** Það var alveg skýrt.) Óstjórnlega er þetta ódýrt. Eftir að Karvel er búinn að skamma hæstv. ráðherra reynir hann að draga í land með þeim hætti. Var hæstv. ráðherra að skamma Albaníu en ekki Kína? (**Fjmrh.:** Ég var að svara þér.) (**HBl:** *Samtöl* eru bönnuð í ræðustólnum.) Samtöl eru ekkert bönnuð í ræðustólnum af hv. þm. úti í sal svo lengi sem forseti lætur þau líðast og auk þess finnst mér sjálfsagt að menn fái að talast pínulítið við í þessari notalegu deild, Ed. Alþingis.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að yfirlýsingar verkalýðshreyfingarinnar um að þessar ákvarðanir mundu spilla fyrir kjarasamningum væru kokhreysti, gífuryrði og innihaldsleysi. (**Fjmrh.:** Útúrsnúningur.) Það er rangt, hæstv. ráðherra, og ég geri ráð fyrir því að ráðherrann geti fengið að svara í ræðustólnum og býð upp á að gera hlé á máli mínu meðan hæstv. ráðherra gerir grein fyrir sinni afstöðu ef hann svo kýs. (**Gripið fram í:** Það er gott boð.) Ef ráðherrann vill koma í stólinn býðst ég til þess, hæstv. forseti, að það verði gert hlé á máli mínu. Ég vil ekki tæma ræðutíma minn eða ræðurétt í þessari umferð heldur opna fyrir þennan möguleika ef hæstv. fjmrh. vill tala, vill tala öðruvísi en úr stólnum, varinn af stólnum. (**Forseti:** Eins og fram hefur komið í máli þm. er eðlilegra að einn tali í einu þó að forseti amist ekki við örlitlum orðaskiptum undir ræðuhöldum. En ef ekki biðja aðrir um orðið eða gert verður hlé á *máli hv. 7. þm. Reykv. hvet ég hann til* að halda áfram máli sínu.) Ég er fús til þess, hæstv. forseti, að halda áfram máli mínu því að ég hef ýmislegt að segja í framhaldi af ummælum hæstv. fjmrh. áðan.

Það er annars sérkennilegt hvernig ráðherrann reynir að snúa sig út úr gífuryrðum sínum því að það voru fleiri en ég sem skildu orð hans svo að hann væri með þessum hætti að ráðast á verkalýðshreyfinguna. Ég tók ekki betur eftir en að varaformaður Verkamannasambands Íslands teldi sig til þess knúinn að standa upp á eftir ráðherranum og lýsa því yfir að þetta væru sérkennileg orð af hæstv. fjmrh., ekki til þess fallin að greiða fyrir kjarasamningum og heldur ekki til þess fallin að greiða fyrir því erfiða þinghaldi sem við núna stöndum frammi fyrir.

Það er athyglisvert ef hæstv. fjmrh. hefur skilið orð sín einn á þann veg, sem hann nefndi, að hann hafi verið að veitast að þeim sem hér stendur, en allir aðrir í deildinni skildu þau á hinn veginn, að hann væri að ráðast á verkalýðshreyfinguna, enda held ég að það hafi tvímælalaust verið þannig. Og hvað segir verkalýðshreyfingin um þennan matarskatt? Hún segir: Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga munu þau spilla frekar en orðið er samkomulagsmöguleikum á vinnumarkaði. Hverjir segja þetta? Vondir alþýðubandalagsmenn? Þetta segja menn úr öllum flokkum í forustusveit verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Og það dugir þessum stjórnglöðu krataráðherrum ekki að fara með fúkyrðum að verkalýðshreyfingunni í landinu eins og hæstv. fjmrh. gerði. Það dugir ekki. Það leysir engan vanda. Auðvitað hljóta allir að sjá að hækkun á matvörum um 5750 millj. kr. verður til þess að hinn almenni launamaður hlýtur eftir áramótin að rísa upp og segja: Ég verð að sækja kauphækkun á móti þessari kjaraskerðingu. Þetta er kjaraskerðing.

Hæstv. fjmrh. segir: Framfærsluvísitalan breytist ekki, byggingarvísitalan lækkar, lánskjaravísitalan lækkar. Ég bið hv. þm. að fylgjast með útreikningi þessara vísitalna eftir áramótin í janúar og febrúar og mars þegar verðhækkanirnar, sem þessir menn bera nú ábyrgð á, fara að koma til framkvæmda. Og ég bendi líka á að þær tölur sem hæstv. ráðherra er að nefna sýna *meðaltalsvísitölufjölskylduna*. Þær segja ekkert um láglaunafjölskyldurnar í landinu sem verða að eyða meiri hlutanum af tekjum sínum

til að kaupa matvörur.

Hæstv. fjmrh., sem mun enn þá vera formaður í jafnaðarmannaflokki að sögn, lýsir því yfir að það sé jákvætt markmið að mati verkalýðshreyfingarinnar að hafa jafnvægi á ríkissjóði. Það er út af fyrir sig rétt, en það er ekki sama hvaða aðferð er notuð. Halda menn að verkalýðshreyfingin segi já og amen við því að það verði náð jafnvægi í ríkissjóði með hvaða aðferð sem er? Hún vill auðvitað ná jafnvægi í ríkissjóði með því m.a. að taka skatta af fjármagnstekjunum, skatta af eignatekjunum, skatta af fyrirtækjunum sem hafa grætt stórkostlega fjármuni í góðæri undanfarinna ára. Þannig vill verkalýðshreyfingin ná jöfnuði vegna þess að verkalýðshreyfingin er jafnaðarsinnuð. Það er hæstv. fjmrh. bersýnilega ekki lengur í verki hvað sem orðinu líður. Síðan koma yfirlýsingarnar um hvað þetta á allt saman að þýða, skattlagning upp á 8750 millj. kr. Við erum búnir að bíða lengi eftir skýringum. Hvað á þetta nú að þýða, þessi fyrirgangur að skattleggja almenning með þessum hætti?

Svarið hjá hæstv. fjmrh. var þetta: Hvað á ríkisstjórnin að leggja á borð með sér í kjarasamningunum eftir áramótin? M.ö.o.: skattlagningin er til eins, tveggja eða þriggja mánaða til að taka aftur þegar gengið verður til kjarasamninga. Ég hef satt að segja aldrei nokkurn tíma, og er þó búinn að vera hér á Alþingi undir ýmsum ríkisstjórnum síðan 1978, heyrt jafnvitlausa yfirlýsingu frá einum fjmrh. því að auðvitað hefði hann þá átt að byrja á því að leggja skattana ekki á og ræða við aðila vinnumarkaðarins í stað þess að byrja á því að leggja á þessa hrikalegu skatta og segja svo í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins: Ja, við lögðum þetta bara á rétt si svona að gamni okkar til að geta gefið eitthvað eftir eftir áramótin í kjarasamningum. Við verðum að hafa eitthvað til að leggja á borð með okkur, sagði hæstv. ráðherra. Drottinn gaf og drottinn tók. (**Fjmrh.:** Farðu nú ekki fyrir borð.) Hér er um alveg dæmalausa afstöðu að ræða. Og yfirlýsingar hæstv. ráðherra í dag um efnahagsmál, bæði um verðlagsmál, um verkalýðshreyfinguna sjálfa, um lækkun skatta og kjarasamninga, eru með þeim hætti að það er útilokað að þessi mál, sem hér eru á dagskrá í dag, fari út úr þessari deild öðruvísi en að fram hafi farið ítarleg umræða um efnahagsmál.

Ég kannast vel við það að í gær sneru fulltrúar stjórnarflokkanna sér til stjórnarandstöðunnar í deildinni og óskuðu eftir að það yrði reynt að greiða fyrir málum í þessari deild. Og stjórnarandstaðan sagði já eins og hún er vön. Hún er tilbúin að greiða fyrir afgreiðslu mála. Það hefur ekki staðið á stjórnarandstöðunni í þeim efnum.

Síðan koma hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. fjmrh., með yfirlýsingar sem ég hef gert að umtalsefni, að ekki sé minnst á skrautblómin frá utanrrh. í málgagninu Tímanum í dag og yfirlýsingar frá forstjóra Þjóðhagsstofnunar um að það verði að fella gengið. Hann nennir að tala við Tímann og hefur tíma til að tala við Tímann þó hann opni ekki bréfin frá fjmrh. Hann hefur ekki enn þá svarað bréfi sem hæstv. fjmrh. sendi fyrir nokkrum dægrum. Hverju sætir það? Hæstv. fjmrh. ber því við að viðkomandi embættismaður sé undirmaður forsrh. Þá er best að fá forsrh. hingað. Þá er best að spyrja hann að því hvort þess sé ekki að vænta að það verði skrifað bréf. Og ég bendi hæstv. fjmrh. á að það er alveg óþarfi að póstleggja bréfið út af fyrir sig. Það mætti vel hugsa sér að „spandera" sendli ofan af Kalkofnsvegi 1 þar sem Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun eru til húsa og eru að fljúgast á þessa dagana eins og sést á opinberum yfirlýsingum. Það mætti alveg „spandera" sendli ofan að og hingað niður eftir með pappírinn, ef hann er til, því hann hlýtur að vera til. Á einhverju byggja menn allt þetta talnaflóð sem er hérna fyrir framan okkur. Nú verð ég að biðja hæstv. forseta að kalla í fjmrh. Ég get satt að segja ekki talað um þessi mál öðruvísi en að hann sé viðstaddur. Ég kann ekki við að hann sé á bak við luktar dyr þó ég skilji vel að hann vilji heldur vera þar en hér inni. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að ná í hæstv. fjmrh.) (**EgJ:** Hann er hér alveg við. Hann heyrir þetta áreiðanlega. Hann heyrir boðskapinn.) Hvað veit ritarinn um það? (**HBl:** Það á að segja skrifari.) Ég biðst afsökunar, hv. skrifari.

Ég óska mjög eindregið eftir því, hæstv. forseti, að hér fari fram ítarlegar umræður um efnahagsmál, í tilefni af yfirlýsingum hæstv. fjmrh. Hann segir að Þjóðhagsstofnun muni senda frá sér þessi gögn fyrir 3. umr. fjárlaga. Er hún ekki að bresta á eða hvað? Getur ekki verið að þessi gögn liggi þegar fyrir í fjvn.? Er ekki hugsanlegt að einhver maður í fjvn. hafi þennan pappír? Ég skil ekki að það sé nauðsynlegt að hafa hlutina svo flókna að það verði að bíða í óratíma eftir jafneinföldum hlutum og upplýsingum um á hverju þessir þættir byggjast milli áranna 1987 og 1988. Ég nefni þetta hér, virðulegur forseti, af gefnu tilefni. Ég hef fyrir framan mig í þessum pappírshaugum frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt þar sem gert er ráð fyrir að tekjuauki ríkissjóðs vegna breyttra skattlagningarreglna á birgðum fyrirtækja verði 297 millj. kr. Við yfirheyrslu á embættismönnum í nefnd í morgun kom í ljós að þessi tala byggist á vörubirgðum eins og þær voru í byrjun þessa árs eða í lok síðasta árs upp á 33 milljarða kr. En auðvitað eru þessar birgðir mikið meiri í krónutölu í lok þessa árs, sennilega 43 milljarðar en ekki 33, og skatturinn af því er þess vegna ekki 297 millj. heldur 387 millj. kr. Hérna skakkar nú bara litlum 100 millj., bara í þessu frv. sem á að sögn ríkisstjórnarinnar að gefa ríkissjóði í viðbótartekjur 150 millj. kr. en færir ríkissjóði sem betur fer örugglega 250 millj. en ekki 150. Og ég segi: Ef öll spekin er af þessum toga er eins gott að menn hinkri hér með þessi skattlagningarfrv., fjárlög og lánsfjárlög vegna þess að reikningslegar forsendur þessa alls eru byggðar á sandi. Hér er m.ö.o. alveg ljóst að það er af efnislegri ástæðu sem stjórnarandstaðan er að biðja um tölulegar upplýs-

ingar. Ég endurtek fyrir mitt leyti að ef ekki er hægt að kalla hingað utanrrh. og forsrh. í þessari umræðu er út af fyrir sig nóg að mínu mati að það gerist undir umræðunum um lánsfjárlög á eftir. En það er óhjákvæmilegt að þeir komi hingað vegna þeirra yfirlýsinga sem hæstv. fjmrh. hefur gefið, vegna þeirra yfirlýsinga sem hæstv. utanrrh. hefur gefið og vegna þeirra orða sem hæstv. fjmrh. hafði um hæstv. utanrrh. — Ja, hann er að vísu oft í útlöndum, var sagt. Hann var að tala um samstarfsmann sinn, hæstv. utanrrh. Hann er að vísu oft í útlöndum svo það er ekki víst að hann viti nú allt. Það er mjög sjaldgæft að menn séu mikið að bauna hver á annan í ríkisstjórninni. Það kemur fyrir að vísu í þessari stjórn, sbr. upphlaupið í kringum félmrh. hérna fyrir nokkru. Það kemur fyrir að menn eru að bauna hver á annan. Kannski hæstv. utanrrh. fari í verkfall eins og hæstv. félmrh., hætti að mæta hjá Þorsteini. Sérkennilegt er þetta eintak, þessi ríkisstjórn. Það verð ég að segja.

Ég ætla að lokum, hæstv. forseti, í þessari umræðu að benda á álit minni hl. fjh.- og viðskn. um lánsfjárlög þar sem birt er þetta plagg hér úr málgagninu Tíminn, 19. des. 1987, viðtal við hæstv. *utanrrh. og formann Framsfl. og þar af leiðandi einn* af burðarásum ríkisstjórnarinnar, og viðtal neðar á síðunni við forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Hann segir, með leyfi forseta: „Útflutningsgreinarnar þola ekki þessa gengisskráningu til lengdar.“ Og hæstv. utanrrh. segir: „Jón Sigurðsson viðskrh. má ekki bíða.“ Hann má ekki bíða. Og segir: „Raunvaxtaokrinu verður að linna,“ sem hæstv. viðskrh. ber ábyrgð á. Þetta segir hvorki meira né minna hæstv. utanrrh., svo furðulegt sem það er. Það er svo sérkennilegt með hann að ... (**Gripið fram í:** Það er ekkert furðulegt.) Nei, út af fyrir sig ekki og ég ætla aðeins að halda áfram, hv. þm. Þessi ráðherra er búinn að vera ráðherra núna síðan 1987, er það ekki, og hefur verið stuðningsmaður stjórnar síðan 1971 og ævinlega er eins og hann komi af fjöllum, það er alveg sama hvað fer aflaga í þjóðfélaginu, hvað ríkisstjórnin gerir vitlausa hluti og hvað Alþingi gerir vitlausa hluti. (**EgJ:** Við hvern á ræðumaður?) Hæstv. utanrrh. Ævinlega kemur hann eins og af fjöllum, hann hafi verið í óbyggðum, hafi ekkert fylgst með og viti ekki neitt í sinn haus og kennir ýmsum um. Hann er flinkur að finna menn til að kenna um eins og ég ætla að tala um við hann þegar hann kemur hér á eftir.

Það er Seðlabankinn t.d. Það er mikil list að kenna Seðlabankanum um alla hluti. Nú vill svo til að Seðlabankinn er undir ríkisstjórninni og sérstaklega viðskrh. auðvitað en líka forsrh. og efnahagsráðherrann þannig að það er óskaplega billegt að vera að kenna Seðlabankanum um hluti sem menn bera sjálfir ábyrgð á. Og mér finnst það satt að segja ekki heiðarlegt vegna þess að um embættismenn Seðlabankans má margt segja og menn geta gagnrýnt þá eins og þeim sýnist, en þá hafa þeir ekki aðstöðu til að verja sig á opinberum vettvangi fyrir skotum og árásum sem koma frá yfirmönnum þeirra, hæstv. ráðherrum. Árásir hæstv. utanrrh. lon og don á Seðlabankann eru ákaflega sérkennilegar.

Hæstv. utanrrh. segir hér, með leyfi forseta: „Ég vek einnig athygli á því að við erum fyrir löngu búin að fá reynslu á því í þessu litla efnahagsþjóðfélagi okkar, sem er langt frá því að vera í jafnvægi, að þar gilda alls ekki þessi heilögu lögmál hagfræðinnar.“

Hann er nú búinn að vera að basla við að stjórna landinu síðan 1971 og þessi heilögu lögmál hagfræðinnar, sem hann er að tala um, eru sömu lögmálin og voru í raun og veru innleidd af ríkisstjórninni fyrst og fremst vorið 1983, frelsislögmálin.

Og það er sérkennilegt að hlusta á talsmennina hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson og hæstv. fjmrh. þegar þeir eru að ræða hér um efnahagsmál. Í rauninni fallast þeir alveg í faðma (**EKJ:** Það er nú helst.) þannig að það er blygðunarefni að fylgjast með því, fullkomið blygðunarefni. Þegar tekið er utan af kjarnanum, hismið er tekið utan af kjarnanum kemur í ljós að það sem þeir eru í raun og veru báðir tveir að tala um er að markaðurinn eigi að fá að njóta sín, eins og hæstv. viðskrh. mundi orða það. Frelsið er frelsi markaðarins. Það er það sem *þessi hv. þm. og ráðherra eru að ræða um. En það er* rétt að búa þetta í dálítið annan búning vegna þess að það er skynsamlegt í stöðunni fyrir báða sennilega að láta ekki líta þannig út að þeir séu sammála.

Ég mun á eftir, hæstv. forseti, óska eftir því að utanrrh. og forsrh. verði viðstaddir hér umræðu um lánsfjárlög. Ég tel að henni sé ekki hægt að ljúka í þessari deild öðruvísi en að þeir séu hér viðstaddir þannig að hér geti farið fram almenn umræða um efnahagsmál. Það er nógur tíminn, segir hæstv. fjmrh. Við skulum nota okkur það bessaleyfi sem hann hefur tekið sér. Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það. Við skulum halda áfram umræðum um efnahagsmál. Það er ánægjulegt, fróðlegt og gæti kannski leitt til einhverrar niðurstöðu og að lokum slitið það út úr ráðherragenginu sem þeir þegja um eins og mannsmorð. Hvað ætla *þeir að gera bak jólum? Hvað ætla þeir að gera?* Það er ekki hefðbundin gengisfelling. Hver er hin óhefðbundna gengislækkun fjmrh. sem kemur til þjóðarinnar bak jólum ef svo fer sem horfir?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 385, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir o.fl. fluttu á þskj. 353 brtt. sem ég hygg að gangi lengra en sú till. sem hv. 7. þm. Reykn. stendur fyrir. Þetta er till. sem orðast svo: „Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal tryggt að mjólk og mjólkurvörur, kjöt og kjötvörur hækki ekki vegna almennrar skattlagningar á matvörur.“

Ég hygg að það sé rétt að þessi till. komi áður til

atkvæða. (**Forseti:** Já, en má ég benda hv. þm. á að till. sú sem hann talar um nefnir mjólk og mjólkurvörur, kjöt og kjötvörur, en till. á þskj. 352 fjallar um fisk og fiskmeti.) Já, gengur þar af leiðandi skemmra. Ja, það má segja að það er annað efnisatriði. (**Forseti:** Hún fjallar um annað efnisatriði í raun þannig að ég held að það sé ekkert að því að taka þetta í númeraröð í raun. En hún er fyrr fram komin þannig að það er kannski út af fyrir sig allt í lagi að bera hana upp fyrst ef hv. þm. óskar eftir því.)

Brtt. 352 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KP, MF, SvG, GuðmÁ, GA.

nei: SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg.

3 þm. (SkA, KSG, DS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Hér er runnin upp úrslitastund í sögu íslensku þjóðarinnar. Hér er verið að reyna að forða okkur frá því slysi að það verði settur söluskattur á undirstöðufæðutegund þjóðarinnar, fisk. Ég vona að þm. beri gæfu til að forða þjóðinni frá þessu slysi. Ég segi já.

Brtt. 353 felld með 12:6 atkv.

Brtt. 385 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 354 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, StG, VS, SalÞ.

nei: GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF, SvG.

3 þm. (KSG, DS, SkA) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Til að taka af misskilning tel ég nauðsynlegt að fram komi að það ósamræmi, sem er raunar gamalt, er í 3. gr. laganna að vélar og tæki til notkunar í landbúnaði, sem heimild er til að fella niður söluskatt af, eru talin upp, en hins vegar tollnúmer varðandi t.d. vélar, tæki og búnað til notkunar í fiskvinnslu. Ég tel að 17. tölul. sé þess eðlis að eðlilegt sé að hliðstæð tæki, sem þar eru óupptalin, falli undir þessar undanþáguheimildir og vænti þess að sá skilningur sé almennur í nefndinni. Ég segi já.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Auðvitað er ljóst að ýmsir þættir í þessu frv. eru með þeim hætti að ég fyrir mitt leyti hefði talið eðlilegt að þeir yrðu samþykktir og gengju í gegn. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt, vegna þess að hér er um að ræða skatta á matvörur, skatta á brýnustu lífsnauðsynjar alþýðuheimilanna í landinu, að láta það koma fram hér, þegar atkvæði eru greidd um þetta frv. í heild, að ég er andvígur matarskattinum og segi því nei.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er ómögulegt að styðja frv. sem er svo fjandsamlegt velferð fjölskyldna í landinu og mun einkum koma harðast niður á þeim sem lægst launin hafa og eiga flest börnin. Ég hef ítrekað mótmælt þeim matarskatti sem felst í því frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um og hlýt því að segja nei.

Frv. afgr. til Nd.

Lánsfjárlög 1988, 2. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 66, n. 340 og 380, brtt. 341.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að tala lengi fyrir þessu nál. Lánsfjárlögin fengu ítarlega athugun í nefnd. Eins og heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur árið 1988, sem birtist sem fylgiskjal með nál., ber með sér er gert ráð fyrir að erlend lán hækki um 469 millj. kr. og munar þar mest um að Hitaveita Suðurnesja fær 150 millj. kr. lánsheimild til byggingar raforkuhverfla eða hitahverfla til framleiðslu á rafmagni.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun fái 200 millj. kr. til að lána útgerðarmönnum vegna innlendrar skipasmíði. Þar er um samkeppnislán að ræða sem eru fullkomlega sambærileg við þau lán sem Útflutningslánasjóður lánar vegna annars iðnaðar í landinu og á rætur að rekja allt aftur til þess er samningar voru gerðir við EFTA á sínum tíma, en eins og hv. þm. er kunnugt er skýringin á að skipasmíðaiðnaðurinn varð ekki samferða í Útflutningslánasjóði eingöngu sú að þar var um svo mikið fjármagn að ræða að þeir sem standa að útflutningslánasjóðnum treystu sér ekki til að hafa skipasmíðasamninginn meðferðis. Gert er ráð fyrir því að þessi lán verði allt að 80% af meiri háttar viðhaldi og endurbótum eins og verið hefur og komi til útlána samkvæmt ákvörðun stjórnar Byggðasjóðs.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir 125 millj. kr. lántöku vegna flóabátsins Baldurs hf. Eins og hv. þm. er kunnugt höfðu verið gerðir samningar um það skip.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða að öðru leyti um þær brtt. sem nefndin flytur. Þær snúa í fyrsta lagi að lánsheimildum vegna hitaveitna og er lánsfé sem var óskipt í frv. breytt í brtt. og að auki 30 millj. kr. fjárhæð óskipt.

Í öðru lagi er að venju II. kaflanum breytt í samræmi við afgreiðslu fjárlaga og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur verið samkomulag um að reyna heldur að flýta umræðum og ætla ég af þeim sökum að stytta mjög mál mitt, vil að lokum aðeins bæta því við að að síðustu eru inni heimildagreinar fyrir Framkvæmdasjóð Íslands og Landsvirkjun til að hagræða lánum sínum erlendis þannig að þessar stofnanir geti jafnan haft sem hagkvæmust viðskipti við lánastofnanir.

Ég hafði, hæstv. forseti, gaman af ýmsu því sem hv. 7. þm. Reykv. talaði áðan um, sérstaklega um gjaldeyrismál. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þegar talað er um gengisfellingar hafa ráðherrar gripið til ýmissa ráða. Ég man eftir orðum eins og „fljótandi gengi" og „gengisaðlögun" sem uppi voru á sínum tíma. Eins og við heyrðum er hv. fjmrh. að tala með sérstökum hætti einnig um það hversu skráningu gengisins skuli háttað. Allt eru þetta skemmtilegar umræður og lýsandi og til þess fallnar að fara kannski í kringum kjarna málsins.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að ég óskaði eftir því fyrr í dag í umræðum um söluskatt að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. yrðu viðstaddir umræður vegna þess að hæstv. fjmrh. hóf hér fyrr í dag almenna umræðu um efnahagsmál og hæstv. utanrrh. hefur uppi vissar yfirlýsingar í málgagni sínu Tímanum í dag um efnahagsmál, sömuleiðis forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Ég mundi vilja fara þess á leit við stjórn hv. deildar að kannað yrði hvort ekki sé tryggt að þessir hv. ráðherrar geti verið viðstaddir þegar umræðunni verður haldið áfram eftir hlé sem verður víst til kl. 4 að því er mér skildist á hæstv. forseta. (**Forseti:** Forseti vill geta þess að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að ná í hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. situr á fundinum nú.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir að verða við þessum tilmælum.

Ég vil áður en ég vík að nál. minu spyrja út af till. meiri hl. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég hélt að það hefði verið um það talað að tölunni fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga yrði breytt. Ég hafði heyrt talað um 100 millj. í viðbót við 1485 millj. sem áttu að ganga til sérstakra uppgjörsverkefna, e.t.v. að frádregnum framlögum til tónlistarskóla sem mun hafa verið ákveðið af ríkisstjórninni að breyta á árinu 1988. Ég sé ekki þessa brtt., hv. 2. þm. Norðurl. e., og getur þó verið að þetta hafi farið fram hjá mér. (Gripið fram í.) Það er 10. tölul. sem þarna er átt við. Það rímar ekki alveg nákvæmlega við þær upplýsingar sem ég hef annars staðar að, en það getum við athugað seinna.

Ég vil þá lesa nál. sem birtist á þskj. 380 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við meðferð málsins í nefnd hefur meiri hl. tekið ákvörðun um að auka erlendar lántökur verulega. Er það í fullkominni mótsögn við ítrekaðar yfirlýsingar einstakra ráðherra efnahagsmála um að það sé einn hornsteinn stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að dregið verði verulega úr erlendum lántökum (sjá fylgiskjal VII með frv. til lánsfjárlaga)" sem ég vek athygli á í þessu sambandi og mun gera aðeins ítarlegri grein fyrir hér á eftir.

„Minni hl. telur að sjálfsögðu eðlilegt að reynt sé að afgreiða lánsfjárlög og fjárlög samtímis. Nú eru aðstæður hins vegar þannig að forsendur lánsfjárlaga og fjárlaga fyrir næsta ár eru allar svo óljósar að afgreiðsla þessara mála við núverandi aðstæður er hrein markleysa.

Minni hl. telur því að miðað við þá óvissu sem nú er ríkjandi í efnahagsmálum sé ekki kleift að afgreiða með eðlilegum hætti frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Flestallar efnahagsforsendur samfélagsins eru afar óljósar:

1. Fjmrh. hefur lýst því yfir að fljótlega þurfi að grípa til „umtalsverðra efnahagsaðgerða". Hann hefur ekki fengist til þess að greina frá því í hverju þær aðgerðir eru fólgnar." — Og reyndar má bæta því hér inn í að hæstv. fjmrh. bætti aðeins um betur í umræðunni áðan.

„2. Utanrrh. lýsir yfir því að „raunvaxtaokri verði að linna".

3. Viðskrh. neitar að grípa til beinna aðgerða gegn raunvaxtaokrinu og segir að ekki hafi reynt á markaðslögmálin til fulls.

4. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir m.a. í viðtali við Tímann í dag: „Útflutningsgreinarnar þola ekki þessa gengisskráningu til lengdar."

„Sjá enn fremur fskj. um þetta efni sem birt er með nál. þessu, sem er 3. síða í dagblaðinu Tíminn í dag 19. des. 1987, þar sem birtast viðtöl við hæstv. utanrrh. undir fyrirsögninni „Ríkisstjórnin taki af skarið." Ég ætla að skjóta því inn í af því að ég sé hæstv. utanrrh. nálægt mér: Hvaða tillögur hefur Framsfl. gert sérstaklega um að ríkisstjórnin taki af skarið? Þó hæstv. ráðherra hafi verið talsvert fjarri geri ég ráð fyrir því að á bak við svona orð frá stjórnmálamanni, sem tekur sig alvarlega, hljóti að liggja athafnir og væri fróðlegt að vita með hvaða hætti hæstv. utanrrh. hefur komið því á framfæri við ríkisstjórnina að hann vilji að ríkisstjórnin taki af skarið og segir reyndar í þessu viðtali: „Getum ekki beðið eftir að einhver heilög hagfræðilögmál kunni að virka."

Þá segir enn fremur í nál.: „Vegna yfirlýsinga, sem fram hafa komið, svo og vegna ágreinings ráðgjafarstofnana ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar", en þennan ágreining þekkja menn frá fjölmiðlaumræðu þessara sólarhringa, „telur minni hl. rétt að afgreiða ekki lánsfjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrr en ákvarðanir um aðgerðir í efnahagsmálum liggja fyrir. Því telur minni hl. eðlilegast að Ed. afgreiði nú frv. til lánsfjárlaga með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem allar forsendur lánsfjárlagafrv. eru óljósar og ríkisstjórnin stefnir að víðtækum aðgerðum í efnahagsmálum telur deildin rétt að frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 verði vísað frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fari svo að meiri hl. hafni tillögunni um rökstudda dagskrá áskilur minni hl. sér rétt til þess að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstakar greinar frv. Guðrún Agnarsdóttir sat fundi fjh.- og viðskn. og er sammála áliti minni hl.“

Undir þetta skrifa Svavar Gestsson og Júlíus Sólnes með fyrirvara.

Fylgiskjal með þessu plaggi er svo viðtal við hæstv. utanrrh. í dagblaðinu Tímanum í dag þar sem hann fer almennum orðum um efnahagsstefnuna, þá efnahagsstefnu sem nú er fylgt, og segir, með leyfi forseta:

„Steingrímur Hermannsson utanrrh. segir að frjálshyggjan á sviði peningamála muni sigla hér öllu í strand ef ekki verði gripið í taumana strax. Ekki sé rétt að bíða og sjá til hvort verið geti að einhver heilög hagfræðilögmál kunni að virka eins og viðskrh. segist vilja. Slík lögmál geti ekki virkað hér á landi miðað við verðbólguástandið og því megi ekki bíða með aðgerðir þar til annað hvert fyrirtæki í landinu verði komið í þrot.“

Þarna er ekki mjög vægt til orða tekið, trúi ég: annað hvert fyrirtæki í landinu verði komið í þrot. (**HBl:** Hann á við kaupfélögin.) Ég er ekki viss um það, hv. þm., að hann eigi við kaupfélögin. — Síðan heldur hæstv. utanrrh. áfram:

„Raunvaxtaokrið sé slíkt á Íslandi núna að engu tali taki og það hafi sýnt sig að alls ekki sé verjandi að láta „gráa“ peningamarkaðinn leika lausum hala öllu lengur. Allir helstu aðilar í bankakerfinu verði að skila strax inn tillögum til ríkisstjórnarinnar svo að hún geti bundið enda á þetta hrikalega ástand.“

Sem sagt: Annað hvert fyrirtæki er að fara á hausinn að því er hæstv. utanrrh. segir, lýsir þannig árangrinum af 16 ára stjórnarþátttöku Framsfl. með myndrænum hætti. (**Forseti:** Ef forseti má trufla hv. þm. Það hefur verið gert samkomulag um að fresta *fundum til kl. 4. Klukkan er nú þegar orðin eina* mínútu yfir hálffjögur og þetta er naumur tími til þingflokksfunda. Þess vegna vildi ég spyrja hv. þm. hvort hann sé að ljúka máli sínu eða vilji gera hlé á því.) Mér þætti vænt um, hæstv. forseti, ef ég mætti gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa hlutast til um að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. væru viðstaddir þessa umræðu ásamt hæstv. fjmrh., en hann fór með athyglisverða texta í dag. Það sem fyrst og fremst vakti athygli mína var þetta:

Hæstv. fjmrh. sagði að ástæðan fyrir allri skattagleðinni væri fyrst og fremst sú að ríkisstjórnin yrði að hafa eitthvað til að leggja á borð með sér í þeim samningaviðræðum sem fram færu um kjör á hinum almenna vinnumarkaði eftir hátíðarnar. Til þess að það sé ljóst hvað það var sem hæstv. ráðherra sagði ætla ég að vitna í ræðu hans, með leyfi hæstv. forseta. Hæstv. ráðherra sagði:

„Hvað ætlar slík ríkisstjórn að leggja á borð með sér með leyfi? Hverjir eru það sem hafa uppi kröfur um að ríkisvaldið komi inn í slíka samninga til að greiða götu skynsamlegra kjarasamninga? Er það rétt eða er það ekki rétt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónssn hafi lýst þessu sem jákvæðum hlut á sínum tíma.“ Svo er kallað fram í, EKJ, án þess að það skipti máli í málinu, en ég nefni það samt: „Þorsteinn Pálsson var einhver besti fjmrh. sem Ísland hefur haft“.

„Einmitt, þá vitum við það“, heldur fjmrh. áfram, „einkum og sér í lagi vegna þess að þetta var gert. Einmitt já“, sagði hæstv. fjmrh. „Þá förum við nú að sjá málin í nýju ljósi. Það var sem sagt hinn jákvæðasti hlutur. Það var haldið uppi kröfum um að ríkisvaldið eigi hlut að kjarasamningum og geri þá eitthvað slíkt. Sömuleiðis er verið að segja: Á ríkisstjórnin að gera eitthvað til þess að bæta starfsskilyrði atvinnuveganna?“

Og síðan heldur ráðherra áfram og endurtekur að ríkisstjórnin verði að leggja á borð með sér. Þess vegna sé verið að ákveða þessar skattahækkanir til að geta dregi þær þá til baka í samningunum, sagt við menn: Ef þið semjið um kaupið og hafið það á skikkanlegu stigi skulum við draga þessa skatta aftur. Og ég sagði áðan: Hefði ekki verið skynsamlegra að leggja skattana ekki á og fara í viðræður við aðila vinnumarkaðarins sem hafa mótmælt þessum sköttum sérstaklega og lýst því yfir að matarskatturinn spilli fyrir í samningum aðila vinnumarkaðarins?

Síðan viðhafði hæstv. fjmrh. þau orð um þá aðila sem segja að þessi skattlagning spilli fyrir: „Það eru bara kokhreysti og gífuryrði en innihaldslaus orð.“ Þessi ummæli lét hæstv. fjmrh. falla og það varð til þess að hv. 3. þm. Vestf., varaformaður Verkamannasambands Íslands, sá sig knúinn til að mótmæla sérstaklega þessum árásum formanns Alþfl. á verkalýðshreyfinguna.

En hann er ekki sá eini, þessi hæstv. ráðherra, sem hefur verið að tala í dag við þingið og þjóðina. Annar ráðherra, sem maður hefur séð sorglega lítið *af að undanförnu, er hæstv. utanrrh.* og hann hafði tíma til að spjalla við málgagnið sitt í gær og segir í fyrirsögn: „Raunvaxtaokrinu verður að linna“ og segir svo í fyrirsögn á 3. síðu í málgagninu í dag þannig að hinir tryggu lesendur, framsóknarmenn um allt land, megi sjá hvað formaðurinn er að hugsa: „Ríkisstjórnin taki af skarið“. Það er ekkert annað. (Gripið fram í). Það er að vísu rétt að það er maður og maður þar fyrir utan, en það eru ekki margir, hv. þm., eins og þú veist.

Síðan segir hæstv. utanrrh. og er haft eftir honum í málgagninu og ég efast ekkert um að er nokkurn veginn rétt eftir haft. (**Utanrrh.:** Hárrétt.) Já, hárrétt, segir hæstv. ráðherra. Gott að vita það strax í upphafi.

„Steingrímur Hermannsson utanrrh. segir að frjálshyggjan á sviði peningamála muni sigla hér öllu í strand ef ekki verði gripið í taumana strax. Ekki sé rétt að bíða og sjá til hvort verið geti að einhver heilög hagfræðilögmál kunni að virka eins og viðskrh. segist vilja. Slík lögmál geti ekki virkað hér á landi miðað við verðbólguástandið og því megi ekki bíða með aðgerðir þar til annað hvert fyrirtæki í

landinu verði komið í þrot."

Hérna er ekki verið að skafa utan af hlutunum, hæstv. forseti. Sú efnahagsstefna sem hæstv. utanrrh. hefur verið aðili að að framkvæma síðan 1971, því að svo lengi hefur Framsfl. stutt ríkisstjórnir hér á landi, er nú að leiða til þess að annað hvert fyrirtæki í landinu er að komast í þrot, 50% fyrirtækja í landinu eru að komast í þrot. Ég hygg að ekki nokkur maður hafi með slíkri hreinskilni fyrr lýst afrekum sínum og hæstv. utanrrh. gerir. Það er ótrúleg hreinskilni að ganga fram fyrir þjóðina rétt fyrir hátíðar og segja: Ja, þetta er nú þannig að annað hvert fyrirtæki er að komast í þrot. Og nú skal hæstv. utanrrh. ekki láta sér detta í hug að ég sé að mæla þessi orð af því að ég sé hatursfullur þó ég noti lýsingarorð sem hann hefur notað um mig á opinberum vettvangi. Þvert á móti. Heldur er ég að vitna hér í hans eigin orð sem ég veit að hæstv. ráðherra þakkar mér fyrir.

En hann bætir um betur. Það er fleira. Hann segir í þessu viðtali að „raunvaxtaokrið sé slíkt á Íslandi núna að engu tali taki og það hafi sýnt sig að alls ekki sé verjandi að láta „gráa" peningamarkaðinn leika lausum hala öllu lengur. Allir helstu aðilar í bankakerfinu verði að skila strax inn tillögum til ríkisstjórnarinnar svo að hún geti bundið endi á þetta hrikalega ástand."

Af þessu tilefni ætla ég að spyrja hæstv. forsrh., efnahagsmálaráðherra ríkisstjórnarinnar: Hafa þessir helstu aðilar í bankakerfinu skilað einhverjum tillögum og ef svo er, hverjar eru þær? Og í öðru lagi: Hvaða tillögur liggja fyrir frá Framsfl. um að stöðva raunvaxtaokrið?

Síðan heldur hæstv. utanrrh. áfram, lýsir ástandinu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil því segja að núna þegar það virðist vera orðið almennt viðurkennt að raunvextir hér á landi séu allt upp í þriðjungi til tvöfalt hærri en gerist í nágrannalöndum okkar, eins og glöggt kom fram í yfirlitinu í Tímanum, þá held ég að menn hljóti nú að fara að viðurkenna að svona getur ekki gengið. Þetta mun ríða fjölmörgum fyrirtækjum að fullu og getur ekki gert annað en að blása mjög í glóðir verðbólgunnar. Ég er því ósammála, sem kom fram hjá viðskrh. Jóni Sigurðssyni, að menn ættu nú að bíða og sjá til hvort þetta markaðslögmál virki." — Ég er því ósammála, segir hæstv. utanrrh. Og svo endar hann viðtalið á þessum orðum og það var þess vegna sem ég spurði í upphafi hvort það væri ekki örugglega allt saman rétt eftir haft. Hann er að lýsa stefnunni í peningamálum og lýkur með þessari setningu:

„Frjálshyggjan á sviði peningamála fer með allt til andskotans ef ekki verður fjótlega gripið í taumana" — fer með allt til andskotans!

Það er satt að segja orðið býsna langt síðan sá hái herra, andskotinn í neðra, hefur verið kallaður til í íslenskri stjórnmálaumræðu með þessum hætti, enda eru tilefnin talsverð. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að Alþingi fái að ræða þessar yfirlýsingar og deilur utanrrh. og viðskrh. um þessi mál.

Nú er það svo enn fremur, hæstv. forseti, að fyrir þinginu liggur skari, bunki af skattafrv. af margvíslegu tagi. Það liggur fyrir frv. til fjárlaga, frv. til lánsfjárlaga. Og á hverju byggja þessir pappírar? Þeir byggja á þjóðhagsáætlun. Á að taka mark á þessum pappírum? Það gerir Seðlabankinn. Hann reiknar út efnahagsdæmið á árinu 1988 á nákvæmlega sömu forsendum og fjárlagafrv. og kemst að þeirri niðurstöðu að verðbólgan verði komin niður í 4% í lok næsta árs og gengi íslensku krónunnar verði 30% hærra en það var í lok ársins 1986. Við ræddum það hér í Ed. í gær hvort það gæti verið að hæstv. ráðherrum hefðu borist beiðnir frá Tókýó eða New York og öðrum höfuðmiðstöðvum efnahagslífsins í heiminum þar sem þeir væru beðnir um að útlista hvernig þeir fara að því að hækka raungengi krónunnar um 30% meðan útflutningsatvinnuvegirnir eru á hausnum, verðbólgan er 30% og viðskiptahalli verulegur. Að krónan íslenska verði eini gjaldmiðillinn í heiminum sem á árinu 1988 standi af sér þessar miklu sviptingar í efnahagsmálum er mikið afrek. En Seðlabankinn reiknar út forsendur fjárlagafrv., birtir plagg og kemst að þessari niðurstöðu.

En viti menn. Á Kalkofnsvegi 1 er önnur stofnun en Seðlabankinn. Hún heitir Þjóðhagsstofnun. Hún sendir í dag út yfirlýsingu um allt, allt annað. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem hefur ekki haft tíma til að svara bréfum frá hæstv. fjmrh., segir um útreikninga Seðlabankans:

„Þórður segir þessa spá byggða á forsendum þjóðhagsáætlunar og því sé hún í raun og veru úrelt." Sem sagt: Talnagrunnur þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrv. og allra skattafrv. sem liggja á borðum þingsins er brostinn. Hann er úreltur, segir Þjóðhagsstofnun í dag. Og er það nema von að þm. stjórnar og stjórnarandstöðu vilji ræða hér um efnahagsmál?

Af hverju er þessi talnagrunnur úreltur? Forstjóri Þjóðhagsstofnunar upplýsir það, upplýsir Tímann um það þó hann hafi ekki fundið tíma til að upplýsa Alþingi um það. Hann segir í þessu viðtali:

„Í fyrsta lagi hefðu viðskiptakjör versnað vegna gengisfalls dollarans og sömuleiðis vegna hruns á verðbréfamörkuðum erlendis. Í öðru lagi væru líkur á minni sjávarafla á næsta ári en gert var ráð fyrir. Í þriðja lagi væri fyrirsjáanlegt að halli á viðskiptum við útlönd yrði meiri á þessu ári en ætlað var. Í fjórða lagi væri afkoma útflutningsfyrirtækja orðin mjög slæm við núverandi skilyrði.

Þórður sagði að þegar búið væri að taka saman þessi atriði og önnur, sem ekki væru eins veigamikil, þá væru forsendur verðbólguspár Seðlabankans brostnar og spáin þar með úrelt."

Þetta er plaggið sem þið viljið að Alþingi afgreiði þessa dagana.

Síðan segir forstjóri Þjóðhagsstofnunar að með flestum mælikvörðum væri hægt að rökstyðja að verðbólgan væri um 30% nú og bætir svo við: „Útflutningsgreinarnar þola ekki þessa gengisskrán-

ingu lengur." Forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir í málgagni utanrrh. í dag að það verði að fella gengið. Það er það sem hann er að segja. Það verður að fella gengið þegar menn taka hismið utan af kjarnanum.

Ég vil af þessu tilefni, út af yfirlýsingum ráðherranna, viðskrh., utanrrh., fjmrh., einna minnst frá hæstv. forsrh., spyrja þessa ráðherra, hæstv. forsrh. í fyrsta lagi: Hvaða ráðstafanir eru það í gengismálum, í vaxtamálum, í verðlagsmálum og að því er varðar viðskipti við útlönd sem ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir? Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hvaða tillögur eru það sem liggja fyrir frá Framsfl. til að ná niður raunvaxtaokrinu? Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Er hann sammála utanrrh. í þessum efnum um að það verði tafarlaust að grípa til aðgerða gegn raunvaxtaokrinu eða heldur hann sig enn við yfirlýsinguna úr útvarpinu í fyrrakvöld? Hann sagði þar: „Markaðslögmálin verða að fá að hafa sinn gang. Það er ekki fullreynt hvort þau geta skilað okkur árangri."

Það er alveg óhjákvæmilegt að þessum spurningum verði svarað. Og að lokum því: Hvor efnahagsspáin er rétt og hvor er vitlaus, Þjóðhagsstofnun eða Seðlabankinn? Hvor efnahagsspáin felur í sér stefnu ríkisstjórnarinnar? Þessu þurfa þessir hæstv. ráðherrar allir að svara.

Það er kannski rétt að ljúka þessu með því að segja: Ef það er almenn skoðun ríkisstjórnarinnar að mótmæli við matarskatti af hálfu verkalýðshreyfingarinnar séu kokhreysti og glannaskapur, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir hér áðan, er bersýnilegt að þessari ríkisstjórn getur ekki auðnast með svona viðhorf uppi að ná eðlilegri niðurstöðu í þeim flóknu verkefnum sem blasa við á hinum almenna vinnumarkaði á næsta ári.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir lestur hans úr Tímanum. Hann las vel og vandlega með sinni ljúfu og blíðu raust. Ég hef ákaflega litlu við það að bæta sem hann las þar. Mín skoðun á stjórn peningamála hefur iðulega komið fram. Ég gerði m.a. grein fyrir henni í umræðum um stefnuræðu forsrh. á þessu þingi.

Ég vil hins vegar leiðrétta hv. þm. þegar hann telur að þessi stefna hafi ríkt allt frá 1971. Það er misskilningur. Við samþykktum á hinu háa Alþingi nokkur lög á síðustu tveimur árum, m.a. lög um viðskiptabanka þar sem ákvörðun um vexti var færð til viðskiptabankanna og bankaráðanna. Í öðru lagi lög um Seðlabanka Íslands þar sem Seðlabanka Íslands er m.a. falið, það er sérstaklega tekið fram, að gæta þess að raunvextir hér séu svipaðir og í helstu viðskiptalöndum okkar og í öðru lagi að vaxtamunur sé hóflegur. Við samþykktum einnig lög um svokallaðan verðbréfamarkað þar sem gert er ráð fyrir að bankaeftirlitið hafi eftirlit með þeim markaði og ýmsar kvaðir settar á verðbréfamarkaðinn sem áttu að gera þeim sem með eftirlit í peningamálum fara kleift að fylgjast með og gera ráðstafanir ef nauðsynlegt væri gagnvart þeim markaði ekki síður en ríkisbönkunum.

Ég hef sagt hvað eftir annað að ég tel að því miður hafi þetta eftirlit, sem Seðlabanka og bankaeftirliti hefur verið falið með þessum lögum, brugðist. Ég get einnig vísað til ágætrar ræðu eins af okkar bestu bankamönnum, Tryggva Pálssonar, þar sem hann rekur á mjög skýran máta að ekki hafi verið haft nauðsynlegt eftirlit með t.d. kaupleigu, verðbréfamarkaði og fleira nefnir hann. Ég er Tryggva sammála. Ég lít svo á að Seðlabankanum beri skv. lögum sem ég hef nefnt að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að draga úr raunvöxtum sem hér eru nú sannanlega í sumum tilfellum a.m.k. tvöfalt, og ég hygg í einu tilfelli, þegar borið er saman við Japan, þrefalt hærri en þar.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég segi í viðtali við Tímann. Ég tel að engin fyrirtæki, hvorki hér á landi né erlendis, geti til lengdar þolað slíka raunvexti. Ég verð því miður að segja að ég er ósammála því að rétt sé að bíða og sjá hvort lögmálið um vexti og verðbólgu, sem oft hefur verið rakið af þeim sem flytja þann boðskap, sýni sig verka hér á landi. Við töldum að með þeim lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi væri í fyrsta lagi gert ráð fyrir nauðsynlegu eftirliti, en í öðru lagi með minnkandi verðbólgu óhætt að nálgast að hafa meira frelsi á peningamarkaði. Ég er þeirrar skoðunar að svo lengi sem íslenskt efnahagslíf er í svo miklu jafnvægisleysi sem það augljóslega er séum við á hálum ís. Mætti vitanlega nefna ótal dæmi um hluti sem gerast í íslenskum peningamálum, bæði af einstaklinga hálfu og fyrirtækja. Ég hygg að hvergi nokkurs staðar tíðkist sala á alls konar reikningum og skuldbindingum á okurvöxtum til þeirra sem stunda slík kaup.

Ég heyrði t.d. um daginn sagt frá einum ágætum fiskvinnslumanni sem tók þann kostinn að selja fimm fiskvinnsluvélar og taka þær allar aftur á kaupleigu og borga þar með 18% raunvexti. Ég held að það hljóti hver einasti maður að sjá að slíkt gengur ekki. Staðreyndin er sú að hér hefur ríkt, því miður, meira kapp en forsjá. Það á eflaust við okkur öll og fyrirtækin líka. Með batnandi afkomu í sjávarútvegi og meira fjármagni, sem streymt hefur hér inn í íslenskt efnahagslíf, hafa menn, við skulum segja af stórhug, viljað gera ansi mikla hluti. Margt af því er gott, en of hratt farið. Ég er þeirrar skoðunar að þetta verði að stöðva, en það eigi að gera með öðrum leiðum en háum vöxtum.

Ég spurði einn bankastjóra að því um daginn hvort hann gæti sagt mér hve margir sem til hans kæmu spyrðu um vexti. Hann hugsaði sig stutt um og hann sagðist ekki muna eftir neinum sem spyrði um vexti heldur bara hvort hann fengi lán.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég er sannfærður um það og veit það reyndar að ríkisstjórnin mun fjalla um þessi mál mjög ítarlega á næstu dögum og þá verða peningamálin ásamt öðrum þáttum efnahagsmála mjög til umræðu.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þær umræður sem hv. 7. þm. Reykv. hóf hér eru á margan hátt eðlilegar með tilliti til þeirra yfirlýsinga og ummæla sem vitnað var til. Hitt er svo annað mál að efnahagsmál eru stöðugt viðfangsefni stjórnvalda og ríkisstjórna. Það eru ekki viðfangsefni sem eru afgreidd einu sinni eða tvisvar á ári og þess vegna óþarfi að búa til allt of mikla spennu í kringum umræður um þau efni þó að ýmsar blikur séu á lofti.

Hv. þm. vék fyrst að ummælum hæstv. fjmrh. þess efnis að ríkisstjórnin þyrfti að leggja eitthvað á borð með sér í kjarasamningum og því hefðu verið teknar þær ákvarðanir um aukna tekjuöflun sem Alþingi hefur nú verið að fjalla um samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Sú ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóðs vegna þess að á haustmánuðum hafði hún undir höndum upplýsingar sem bentu til meiri viðskiptahalla á næsta ári en áður hafði verið gert ráð fyrir og því var það mat ríkisstjórnarinnar að stíga þyrfti stærra skref í þessu efni en áður hafði verið áætlað, en eins og kunnugt er hafði ríkisstjórnin uppi áform um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á þremur árum eins og reyndar áður hafði verið áformað þegar halli var ákveðinn í tengslum við þjóðarsátt við gerð kjarasamninga. Þetta var meginástæðan fyrir því skrefi sem stigið var. Auðvitað eru þetta um margt erfiðar ákvarðanir og það er fullkomlega eðlilegt að um þær sé rætt og um þær sé deilt. Hitt er annað að við búum nú við efnahagsástand sem hefur um nokkurt skeið einkennst af þenslu og þá er mikilvægt að mínu mati að ná jöfnuði aftur og fyrr en áður var áformað í ríkisfjármálum og þess vegna nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem ella hefði verið hægt að gera á lengri tíma og fara hægar í sakirnar.

Sú tekjuöflun sem nú er ráðgerð miðar að því að unnt verði að afgreiða fjárlög með jöfnuði. Hún stefnir ekki að rekstrarafgangi hjá ríkissjóði á næsta ári og það er því ekki unnt að taka af rekstrarafgangi til að slaka á í skattheimtu. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir að hún sé tilbúin til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins um lausn kjarasamninga að þeirri forsendu gefinni að víðtæk samstaða náist á milli þessara aðila innbyrðis og milli aðila vinnumarkaðarins sameiginlega og ríkisvaldsins um það meginmarkmið að draga úr verðbólgu á næsta ári og tryggja betra jafnvægi. Enn sem komið er hafa viðræður milli aðila vinnumarkaðarins innbyrðis ekki leitt til þess að tilefni hafi verið eða óskað hafi verið eftir því af þeirra hálfu að viðræður færu fram við ríkisvaldið.

En það er ljóst og skal tekið alveg skýrt fram að ríkisstjórnin hefur ekki samþykkt eða hefur uppi nein áform um að tekjuöflunin verði umfram það að ná jöfnuði á rekstri ríkissjóðs á næsta ári. Og þær tekjuspár sem nú er stuðst við benda ekki til þess að þar verði um umframtekjur að ræða.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði að því hvort þeir aðilar, sem hæstv. utanrrh. vitnar til í viðtali í dagblaðinu Tímanum í dag, allir helstu aðilar í bankakerfinu, hafi skilað inn tillögum um peningamál. Það hafa ekki verið lagðar fram af hálfu Seðlabankans fyrir ríkisstjórnina neinar tillögur í þessum efnum. Hitt vita hv. þm. að Seðlabankinn hefur í samræmi við ný lög, sem hann starfar nú eftir, skilað áfangaskýrslu um álit sitt á stöðu peningamála. Hér er um nýskipan að ræða. Áður gerði Seðlabankinn grein fyrir þessu með ítarlegri skýrslu í tengslum við ársfund bankans, en nú er lögum samkvæmt skylt að gera þetta tvívegis á ári og sú skýrsla hefur verið lögð fram í ríkisstjórn og eftir því sem ég best veit fyrir hv. fjárhags- og viðskiptanefndir Alþingis. Í þessum skýrslum kemur fram mat Seðlabankans á stöðu peningamála, en þar er ekki að finna neinar tillögur af hálfu bankans. En augljóst má vera að þetta er eitt af þeim verkefnum sem stjórnvöld á hverjum tíma þurfa að fylgjast með og fjalla um og kemur væntanlega fæstum þm. á óvart. Spurt var hvort lagðar hafi verið fram formlegar tillögur af hálfu eins stjórnarflokkanna í þessum efnum í ríkisstjórn. Því er til að svara að svo er ekki.

Þá vék hv. þm. að yfirlýsingu forstjóra Þjóðhagsstofnunar í dagblaðinu Tímanum í morgun þar sem því er haldið fram að sögn hv. þm. að þjóðhagsspáin sé úrelt. Það ætti ekki heldur að þurfa að koma hv. þm. á óvart að allar spár sem gerðar eru hafa tilhneigingu til þess að úreldast. Hlutirnir ganga fram á ýmsa vegu og menn sjá ekki alltaf fyrir allar breytingar sem verða. Þess vegna hljótum við á hverjum tíma að taka okkar ákvarðanir út frá því sem best er vitað á hverjum tíma, þar á meðal á þessum tíma árs þegar teknar eru ákvarðanir um fjárlög og lánsfjárlög, jafnvel þó að við gerum okkur grein fyrir því að á hverju ári geta þeir hlutir gerst í okkar umhverfi sem síðar breyta spám um framvindu efnahagsmála.

Það er ljóst að við höfum á síðustu vikum mætt andsreymi. Við stöndum frammi fyrir nýjum erfiðleikum vegna þess að sérstaklega dollarinn hefur verið að falla meir en áður hafði verið ráð fyrir gert. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa verið að versna af þessum sökum.

Hv. þm. vék að því að haldið hafi verið leyndum fyrir Alþingi upplýsingum um þessi efni. Svo er ekki. Ég vil af því tilefni vitna í bréf, sem mér barst í dag frá forstjóra Þjóðhagsstofnunar og jafnframt er sent fjvn. Alþingis, sem skýrir ýmis atriði sem þm. vék að. Með leyfi forseta segir svo í bréfi forstjóra Þjóðhagsstofnunar:

„Að beiðni fjvn. hefur Þjóðhagsstofnun í samráði við fjmrn. endurskoðað tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1988. Þessi endurskoðun nær annars vegar til áætlana um tekjur ríkissjóðs á þessu ári, m.a. í ljósi nýjustu upplýsinga um innheimtu tekna á síðustu mánuðum, og hins vegar til tekjuáætlunar fyrir næsta ár vegna breytinga sem ákveðnar hafa verið á tekjuöflun ríkissjóðs frá því að fjárlagafrv.

var lagt fram í október sl. Að öðru leyti byggist þessi tekjuáætlun á forsendum þjóðhagsáætlunar, sem lögð var fram á sama tíma og fjárlagafrv. í október, um almennar efnahagshorfur á næsta ári. Þessar horfur þarfnast endurskoðunar vegna ýmissa breytinga sem hafa orðið að undanförnu eða eru fyrirsjáanlegar. Þjóðhagsstofnun vinnur nú að þessari endurskoðun, en telur sér ekki fært að ljúka henni fyrr en eftir áramót þar sem ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár eru enn óráðnar. Í þessu sambandi er vísað til greinargerðar stofnunarinnar til fjvn. frá 12. des. sl. um efnahagshorfur og tekjuáætlun fjárlaga", en þar var þá þegar bent á ýmis atriði af þessu tagi.

Það er eðlilegt að Þjóðhagsstofnun afli sem bestra gagna áður en hún breytir eða gefur út nýja þjóðhagsspá og að mati stofnunarinnar er það ekki gerlegt fyrr en í byrjun nýs árs.

Þá fjallaði hv. þm. um hvort útflutningsgreinarnar þyldu þá gengisskráningu sem nú er. Um þetta atriði er það að segja að ég hygg að það sé óumdeilt að stöðugleikastefna í gengismálum hafi öðru fremur hjálpað til að ná niður óðaverðbólgu. Hún hefur líka veitt stjórnendum í atvinnulífi aukið aðhald, leitt til þess að hagræðing hefur átt sér stað og aðlögun að nýjum aðstæðum í atvinnulífinu, stuðlað að framleiðniaukningu þannig að atvinnulífið er í dag af þeim sökum hæfara til þess að takast á við vandamál en áður var. Því verður ekki á móti mælt að áföll síðustu vikna hafa sett sjávarútveginn, ekki síst frystingu, frammi fyrir nýjum vanda. Ríkisstjórnin hefur þegar rætt við forustumenn fiskvinnslunnar um þessi efni og ýmis atriði sem lúta að rekstri fiskvinnslunnar í landinu. Það var niðurstaða þess fundar að þeim viðræðum yrði fljótlega haldið áfram til þess að báðir aðilar gætu skýrt sín viðhorf og unnt væri að draga fram sem gleggst þær aðstæður sem við búum nú við og hver vandamálin væru í raun og veru.

Ég skil ekki og vil á engan hátt leggja orð hv. þm. út á þann veg að hann sé að fara fram á gengisfellingu eða mæla með því sérstaklega að til hennar verði gripið. Ég þykist alveg vita að hv. þm. er ljóst að fall krónunnar við þessar aðstæður gerir ekki það eitt að bæta afkomu útflutningsframleiðslunnar. Gengisfelling hefur áhrif á kjör fólksins í landinu. Spurningin um hvaða áhrif hún hefur til lengdar fyrir útflutningsframleiðsluna ræðst m.a. af því hvernig helstu kostnaðarþættir útflutningsframleiðslunnar þróast í kjölfar slíkrar ákvörðunar, þar á meðal hvernig launaákvarðanir yrðu teknar. Af öllu þessu má ráða að gengislækkun er ekki einhlít lausn á þeim vanda sem við er að etja.

Hv. þm. vék einnig að vaxtastefnunni. Ég get tekið undir það og hygg að það sé varla deiluefni að vextir á Íslandi eru of háir, fyrst og fremst vegna þess að það hefur verið of mikil þensla í þjóðarbúskapnum undanfarið og of mikil verðbólga. Við erum þessa dagana að taka mjög mikilvægar ákvarðanir í þeim tilgangi að ná betri tökum á efnahagsástandinu með því að stíga fyrr en áður var áformað það skref að ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem mun við þessar aðstæður hafa jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn. Aðalatriðið er þetta: Við þurfum að ná niður verðbólgu og koma í veg fyrir ofþenslu í hagkerfinu og þá náum við því markmiði að lækka vextina sem ég er sannfærður um að er sameiginlegt markmið allra þeirra sem sitja á Alþingi.

Menn geta svo kallað það skipulag, sem fyrrv. ríkisstjórn ákvað og setti í lög um vaxtaákvarðanir, út af fyrir sig hvaða nafni sem er. Við vitum að það skipulag sem nú gildir og fyrrv. ríkisstjórn setti í lög er sams konar kerfi og sósíaldemókratískar ríkisstjórnir á Norðurlöndum til að mynda innleiddu fyrir 2–3 áratugum. Hvort menn kalla þetta kratískt kerfi eða frjálshyggjukerfi skiptir ekki höfuðmáli. Það er efni þessara ákvæða sem í raun og veru skiptir máli og það sem er aðalatriðið er að menn taki höndum saman um að taka þær ákvarðanir sem geta leitt til þess að vextir lækki á ný því að það er höfuðmál fyrir atvinnuvegina og heimilin í landinu að það takist. Afgreiðsla fjárlaga á þessu þingi í jöfnuði og sá hemill sem nauðsynlegt er að hafa á erlendum lántökum mun stuðla að því að við færumst nær því að geta lækkað vexti á nýjan leik og ég vænti þess að um ráðstafanir af því tagi geti tekist víðtæk samstaða á hinu háa Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í umræðum í þessari hv. þingdeild í dag hefur mjög borið á góma viðtal við hæstv. utanrrh. í Tímanum í dag. Í þessu viðtali gætir mjög þeirra vaxandi áhyggna sem menn yfirleitt hér á landi hafa nú af því hvað vextir hafa hækkað mikið að undanförnu. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim vanda sem brennur nú á mörgum, bæði fólki og fyrirtækjum, en það þarf að hyggja mjög vandlega að því hvernig úr þessu megi bæta áður en menn hrapa að ályktunum um vaxtastefnuna.

Ég vildi taka undir það, sem kom hér fram frá hæstv. forsrh. áðan, að það er fullkomlega eðlilegt og rík ástæða til þess að um þetta sé rætt á hinu háa Alþingi og það er eingöngu hægt að harma að það skuli bera upp á þá daga þegar þingið er að ljúka sínum mikilvægu störfum fyrir jól til þess að hægt sé að ljúka fjárlögum og lánsfjárlögum sem eru nú reyndar lykillinn að því að unnt sé að lækka vextina. En að því vík ég kannski nokkru síðar í mínu máli.

Í viðtali því sem hv. þingdeildarmenn hafa vitnað til, einkum hv. 7. þm. Reykv. en reyndar einnig hv. 8. þm. Reykv., er haft eftir hæstv. utanrrh. í fyrsta lagi, með leyfi hæstv. forseta, að „frjálshyggjan á sviði peningamála muni sigla hér öllu í strand ef ekki verður gripið í taumana strax", í öðru lagi „að raunvaxtaokrið sé slíkt að engu tali taki" og í þriðja lagi „að alls ekki sé verjandi að láta „gráa" peningamarkaðinn leika hér lausum hala öllu lengur." Í fjórða lagi er svo sagt: „Ríkisstjórnin verður strax að taka í taumana". Og loks hefur Tíminn það í fimmta lagi eftir hæstv. utanrrh. að hann sé mér ósammála

um það að menn eigi nú að bíða og sjá hvort markaðslögmál virki.

Þetta eru, ef ég mætti leyfa mér að draga saman þetta viðtal, aðalatriðin í því sem þar er um rætt. Þar er margt sem athuga þarf og vissulega umræðu virði. En eins og ég sagði áðan er nú tíminn kannski ekki alveg nógur til þess að þingið geti gert þessu öllu skil. En mig langar þó að biðjast velvirðingar hv. þingdeildar á því að ég taki til þess nokkrar mínútur af dýrmætum tíma þingsins að fjalla um hvert þessara fimm atriða sem ég hef leyft mér að skipta efni viðtalsins í.

Lítum þá á frjálshyggjuna á sviði peningamála sem talin er ríkja hér á landi. Hér á hæstv. utanrrh. væntanlega við það fyrirkomulag vaxtaákvarðana sem komið hefur verið á hér á síðustu árum, fyrst með rýmkun á ákvörðunarvaldi lánastofnana á innlánsvöxtum um mitt ár 1984, síðan með lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem sett voru árið 1985 og loks lögum um Seðlabanka Íslands sem tóku gildi í nóvemberbyrjun 1986 og hafa þegar nú er talað gilt í rúmt ár. Í þessum ákvörðunum og lagasetningu fengu lánastofnanir frjálsar hendur um ákvörðun vaxta. Allt eru þetta, og ég legg áherslu á það, löggjöf og ákvarðanir sem teknar voru í forsætisráðherratíð hæstv. núv. utanrrh. Eins og hæstv. forsrh. benti á er með þessum breytingum, sem urðu á þessum síðustu þremur árum, gerð sú breyting á fyrirkomulagi vaxtaákvarðana hér á landi að það var fært nær því sem algengast er í nálægum löndum og m.a. á Norðurlöndum þar sem jafnaðarmenn hafa lengi ráðið ríkjum.

Kjarni þessa fyrirkomulags er að ríkið hlutist ekki til um vaxtaákvarðanir nema í undantekningartilfellum. Hér er því alls ekki um það að ræða að ríkisstjórnin sem nú situr hafi tekið ákvarðanir um þá vexti sem nú ríkja heldur eru þeir eins og vera ber samkvæmt því sem lögin segja niðurstaða af því að einstakar lánastofnanir hafa samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú ríkir að lögum tekið ákvarðanir um innláns- og útlánsvexti.

Það má á marga lund telja að þær skipulagsbreytingar, sem ég hef lýst hér í fáum orðum, hafi horft til framfara og ber flestum reyndar saman um það. En ég held að það sé of fljótt að dæma um hversu vel þetta fyrirkomulag dugir og reyndar mörg önnur atriði sem ræða þyrfti áður en menn fengju niðurstöðu í því máli. En enginn, vil ég leyfa mér að segja, vill þó að við hverfum aftur að skömmtunarstjórn á lánsfjármagni og neikvæðum raunvöxtum og þar með gjöfum til þeirra sem vildar njóta í lánastofnunum. Það er áreiðanlega fyrirkomulag sem enginn hér óskar sér að nýju.

En hvað má þá segja í öðru lagi um raunvaxtaokrið, sem svo er nefnt, hér á landi? Ef litið er á þróun raunvaxta frá því vextirnir voru gefnir frjálsir að kalla í fyrravetur er ljóst að þeir hafa hækkað verulega. En er þarna rétt að kenna árinni um? Hækkandi vextir eru mikið áhyggjuefni og valda reyndar mörgum, húsbyggjendum ekki síst, miklu hugarangri hvernig þeir eigi fram úr að ráða, en ég tel það alls ekki tímabært eða rökrétt að kenna frjálsræðinu um þessa þróun. Hér kemur til, eins og kom fram reyndar hjá hæstv. forsrh., sá almenni uppgangur í efnahagslífinu, sem hér hefur mjög mótað allan framgang efnahagsmála, og geysimikil eftirsókn eftir lánsfé til þeirra framkvæmda sem menn vilja í bjartsýni sinni ráðast í. Hann ræður miklu og reyndar að mínum dómi ekki síst sá mikli halli sem varð á fjármálum hins opinbera á undanförnum árum með mikilli lánsfjárþörf. Ef maður lítur á hagtölur um það hvernig raunvextir hafi breyst núna þetta liðið ár er rétt að það komi fram að framan af ári voru raunvextir alls ekki mjög háir ef borið er saman við nálæg lönd. Þeir voru 3–4%, þegar búið var að taka út verðbólguþáttinn, á sama tíma og þeir eru í löndunum í kringum okkur, sem við gjarnan berum okkur saman við á mælikvarða bestukjaravaxta, um 5%. Hitt er svo rétt að á síðustu mánuðum hafa raunvextir hækkað mjög mikið. Má nú telja að þeir séu á bilinu 7–11% eftir því á hvaða kvarða er litið. Hitt er þó rétt að menn athugi að það er ákaflega erfitt að meta hæð raunvaxta á líðandi stund. Þar er hvort tveggja á hverfanda hveli, matið á verðlagsbreytingunum og reyndar einnig við hvaða vexti skuli miða. Ég vil reyndar ekki halda því fram að þetta sé ógerlegt, en vil þó benda á að þarna er mjög mikilvægt að menn blandi ekki saman nafnvöxtum og raunvöxtum og skilji frá eftir því sem unnt er þann þátt í vöxtunum sem eingöngu er ætlaður til þess að verja fjármunina verðrýrnun.

Það er reyndar rétt að nefna einnig í þessu sambandi, þegar talað er um vaxtakostnað fyrirtækjanna, að mjög hátt hlutfall af vaxtakostnaði útflutningsfyrirtækjanna er beinlínis tengt erlendum vöxtum. Það gildir um alla afurðalánavextina og verulegan hluta af öðrum vöxtum að þeir hreyfast beint með erlendum vöxtum, millibankavöxtum, oftast nær í dollurum eða SDR. Þar er því ekki um það að ræða að innlendar ákvarðanir hafi ráðið hæð vaxtanna.

Með miklum sveiflum í verðbreytingum er þess vegna ákaflega erfitt að kveða svo upp úr, sem menn hafa gert hér að undanförnu, að svona mikill sé nú munurinn. Hvað sem öllum samanburði líður er það rétt að vextirnir eru nú óþægilega háir fyrir ákaflega marga og það er mjög brýnt að snúast við þeim vanda. Spurningin er hvernig á að snúast við því.

Í þriðja lagi vil ég segja það um „gráa" markaðinn að þar er ég sammála hæstv. utanrrh. um að það er mikilvægt að settar verði lágmarksleikreglur um fjármálastarfsemi utan bankakerfisins. Þeir aðilar sem starfa að fjármagnsmiðlun á öðrum vettvangi en banka og sparisjóða eiga að sinna sömu upplýsinga- og ábyrgðarskyldum og aðrir sem með fjármuni almennings fara. Þetta er ákaflega mikilvægt og nú er unnið að gerð tillagna um frv. og reglugerðir um þetta efni.

Í fjórða og fimmta lagi kem ég að þeirri yfirlýs-

ingu hæstv. utanrrh. að nú sé kominn tími til að ríkisstjórnin grípi í taumana. En vandinn er sá að það er ekki nóg að reyna að hrópa vextina niður. Jafnvel þótt menn hafi raddstyrk hv. 7. þm. Reykv. dugir hann ekki til. Við verðum að virða það stjórnkerfi sem í landinu ríkir. Ríkisstjórnin ræður ekki vöxtunum. Hún hefur aðgang að þeim eingöngu í gegnum vextina á spariskírteinum ríkissjóðs og fyrir tilstilli Seðlabankans með þeim vöxtum sem hann setur í viðskiptum sínum við bankana og loks eru í 9. gr. seðlabankalaganna ákvæði um að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra hlutast til um vaxtaákvarðanir ef raunvextir gerast hér hærri en í nágrannalöndunum og ef vaxtamunur er talinn keyra úr hófi.

Lítum nánar á þetta. Strax eftir að ég tók við embætti viðskrh. gerði ég ráðstafanir til þess að Seðlabankinn gerði reglulega grein fyrir þessum atriðum báðum. Það hefur hann þegar gert einu sinni, í septembermánuði sl., og taldi þá ekki ástæðu til að hlutast til um vaxtaákvarðanir á grundvelli þeirra staðreynda sem þá lágu fyrir. Ég á von á því að fram muni koma á allra næstu dögum önnur slík skýrsla sem fjallar þá nákvæmlega um hvernig þau atriði sem greinir í 2. mgr. 9. gr. seðlabankalaganna horfi nú við bankanum. Þetta er ákaflega mikilvægt og ég tek undir það með hæstv. utanrrh. og reyndar forsrh. hér áðan að við þurfum að huga mjög vandlega að þessum málum, en þó mun ég ítreka að það þarf fyrst og fremst að breyta markaðsaðstæðunum á lánamarkaði þannig að vextirnir geti farið lækkandi. Vextirnir eru ekki verðmiði sem menn skrifa að vild sinni. Þar ríður að mínum dómi mest á því að úr lánsfjárþörf hins opinbera verði dregið og hallinn á ríkissjóði valdi þar ekki spennu. Þar þarf að koma á betra jafnvægi. Það er enda verkefnið sem fyrir þessari hv. þingdeild liggur í dag að koma saman lánsfjárlögum.

Þetta eru nokkur atriði sem ég vildi hér hafa nefnt. Jafnframt tel ég nauðsynlegt að menn geri sér þess ljósa grein hvað það er sem menn ráða yfir þegar um vextina er að tefla. Þar tel ég að eyða þurfi eftir því sem nokkur kostur er óvissu um framtíðina í efnahagsmálum, um verðlagsþróun, um ríkisfjármál. Ef við náum tökum á þessu náum við líka tökum á vöxtunum. Þetta er kjarni málsins. Við þurfum að brjóta á bak aftur þann verðbólguhugsunarhátt sem hér hefur lengi verið viðvarandi og er ásamt þeirri óhjákvæmilegu þenslu sem fylgt hefur góðum afla og háu útflutningsverði að undanförnu orsökin fyrir hinni miklu eftirspurn eftir lánsfé. Þetta tvennt er það sem við þurfum að hemja. Það veit ég að okkur tekst ef við tökum höndum saman og látum ekki, hvað á ég að segja, hrekja okkur undan vindi allt of fljótt.

Við megum líka hafa hugfast að við þurfum hér ekki eingöngu að hugsa um skuldarana. Hér hefur mönnum gerst tíðrætt um hversu þungar vaxtabyrðarnar eru fyrir þá sem þær þurfa að bera, skuldugan almenning og atvinnuvegina. En hver er hin hlið málsins? Hvað þarf til þess að peningalegur sparnaður haldist hér í sæmilegu horfi? Hvað þurfa vextir að vera til þess að sparifjárinnstæður í lánastofnunum haldi verðgildi sínu? Það er mál sem ekki má vanrækja því það er ekki síst mikilvægt í okkar efnahagsstjórn nú að peningalegum sparnaði sé veitt örvun og hvatning. Til þess þurfa vextirnir að rísa undir nægilegri hvatningu fyrir fólk og verja eigur almennings sem á sitt fé í sparisjóðum og lífeyrissjóðum. Mjög margt af því er af hinni eldri kynslóð sem mikið hefur á sig lagt um dagana. Ef þessu er gleymt, þá er miklu gleymt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar og læt minni ræðu lokið.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Hér hefur farið fram afar fróðleg og athyglisverð umræða um efnahagsmál og hefði hún mátt koma öllu fyrr því hér hefur margt komið í ljós sem er forvitnilegt fyrir okkur þm. stjórnarandstöðunnar í hv. Ed. og hlýtur að skipta sköpum við afgreiðslu þeirra mikilvægu mála sem nú eru á dagskrá í hv. Ed.

Hæstv. forsrh. hélt athyglisverða ræðu þar sem hann lýsti því yfir að ekki væri stefnt að rekstrarafgangi 1988 og til að ná hallalausum ríkissjóði væri ekki hægt að slaka á. Einnig kom fram í máli hans að það yrði að hafa algeran forgang að ná sköttum af almenningi. Annað mætti bíða, þ.e. að íhuga hvar annars staðar mætti fá tekjur í ríkissjóð, hvort þyrfti að taka harðar á fyrirtækjunum í landinu. Nei, það átti að hafa algeran forgang að leggja íþyngjandi skattaálögur á almenning. Þetta út af fyrir sig kemur ekkert á óvart því að þetta er búið að vera inntakið í umræðunni undanfarnar vikur. Það eru þessar geysilegu skattaálögur sem allur almenningur býr sig nú undir að taka á herðar sínar eftir áramótin.

Annars barst okkur í þann mund sem hæstv. forsrh. kom í ræðustól afar merkilegt plagg frá Þjóðhagsstofnun sem er reyndar stílað til hv. þm. Halldórs Blöndals, 2. þm. Norðurl. e., formanns fjh.- og viðskn. Hæstv. forsrh. las upp hluta úr bréfi Þjóðhagsstofnunar til fjvn. Ég ætla eins, með leyfi virðulegs forseta, að lesa eina málsgr. í þessu bréfi, en þar stendur:

„Að öðru leyti byggist þessi tekjuáætlun á forsendum þjóðhagsáætlunar, sem lögð var fram á sama tíma og fjárlagafrv. í október, um almennar efnahagshorfur á næsta ári. Þessar horfur þarfnast endurskoðunar vegna ýmissa breytinga sem hafa orðið að undanförnu eða eru fyrirsjáanlegar. Þjóðhagsstofnun vinnur nú að þessari endurskoðun, en telur sér ekki fært að ljúka henni fyrr en eftir áramót þar sem ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár eru enn óráðnar."

Þetta sýnir betur en ella að það er alveg rétt, sem hefur komið fram m.a. í máli hv. 5. þm. Reykv., formanns Borgarafl., Alberts Guðmundssonar, þegar hann lýsir því blákalt yfir að fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. séu í raun fölsuð plögg. Það er

ekkert mark takandi á þessum plöggum. Það er ansi hart að þurfa að keyra í gegn hérna rétt fyrir jólin slík fölsuð plögg, því að þau breytast frá degi til dags. Hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar koma upp hver á fætur öðrum og lýsa því yfir að það sé í raun og veru allt í steik, eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. rétt áðan.

Í fskj. með bréfi Þjóðhagsstofnunar er greinargott yfirlit yfir tekjuáætlun fjárlaga og heildartekjur ríkissjóðs fyrir árin 1983–1988. Við skulum aðeins líta á hvað er að gerast varðandi fjárlagafrv. 1988. Þar kemur fram að talið er að beinir skattar hækki ekki nema um 8 millj. kr. frá því að frv. var lagt fram í byrjun þings, 10. október, vegna þeirra breytinga sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert á frv. Hér er um afar einkennilega málsmeðferð að ræða vegna þess að eftir 1. umr. um fjárlagafrv. er því vísað til fjvn., og meðan hún er að dunda við að yfirheyra ýmsa smákarla úr þjóðfélaginu, sveitarfélögin og ýmsar stofnanir, er hæstv. ríkisstjórn að gerbreyta öllum forsendum fjárlagafrv. Spurt er því hvort hér séu á ferðinni einhver ný vinnubrögð.

Öllu alvarlegra er þó þegar litið er á dæmið með óbeinu skattana eins og það hefur breyst í meðförum hæstv. ríkisstjórnar á fjárlagafrv. en ekki í meðförum fjvn. Þar kemur fram að óbeinir skattar alls hafa hækkað um 3,3 milljarða kr. frá því að fjárlagafrv. var lagt fram og þangað til breyttar forsendur koma hér í byrjun desember.

Ég sagði áðan að þetta væru fölsuð plögg og í raun og veru er ekkert vit í að afgreiða þessi fölsuðu plögg fyrir jól. En því miður er það kannski í mótsögn að best væri að afgreiða þessi plögg sem allra fyrst. Með hverjum mánuði þinghaldsins sem líður hækka skattar á almenning í landinu um 1½ milljarð á mánuði ef ekki meir því að hér sjáum við að heildartekjur ríkissjóðs hafa hækkað um rúmlega 3,3 milljarða frá því að frv. er lagt fram og fram til dagsins í dag þannig að þetta er rúmlega 1½ milljarður á mánuði. Kannski ættum við í framtíðinni að flýta okkur að samþykkja þessi fölsuðu plögg, helst eins og skot, svo það sé ekki hægt að hækka skatta á almenning í landinu um fleiri milljarða meðan mál eru í eðlilegri meðferð hjá Alþingi.

Hér hefur farið fram, eins og ég gat um, mjög skemmtileg og fróðleg umræða um vextina. Var afar fróðlegt að heyra orðaskipti hæstv. ráðherra þar sem þeir reyndu að koma sökinni hver á annan. Hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson benti réttilega á að hæstv. utanrrh. hefði oft og tíðum vakið athygli á því hve vextir væru háir, en allt hefði þetta þó gerst í tíð hans sem forsrh. í fyrri stjórn. Þar hefði grundvöllurinn verið lagður að því raunvaxtaokri sem núv. hæstv. utanrrh. hefur svo mjög áhyggjur af.

Annars, eins og ég gat um í máli mínu fyrr í dag, fer maður að spyrja að því hvort hæstv. utanrrh. ætli sér ekki að reyna að þvo hendur sínar af þessu öllu saman og bera því við, þegar verður farið að rífast fyrir næstu kosningar, að hann hafi því miður verið fjarverandi. Því hafi hann ekkert ráðið við samráðherra sína þegar þeir voru að koma öllum þessum sköttum og álögum á almenning.

Í raun og veru, eins og kom fram í máli manna fyrir nokkrum dögum, væri orðið tímabært, jafnvel þó að við séum í mikilli tímaþröng, að nota heilan dag á Alþingi til að ræða lánskjaravísitölu og vaxtastefnuna sem er við lýði í þjóðfélaginu. Það er komið fram á þingi þmfrv. um að afnema lánskjaravísitölu. Um það getur orðið fróðleg umræða þegar frv. loksins kemst á dagskrá. Ég er ekki í nokkrum vafa um að lánskjaravísitalan á stóran þátt í því að þetta svokallaða raunvaxtaokur er eins hrikalegt og hæstv. utanrrh. vakti svo skemmtilega máls á í blaðagrein í morgun, sem búið er að vitna mikið í hér í dag.

En það er annað sem vakti athygli mína þegar ég las blöðin í morgun. Í Morgunblaðinu, með leyfi virðulegs forseta, er sagt frá gengistryggðum innlánsreikningum sem taka gildi eftir áramót. Af því að hér situr hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson langar mig til að spyrja nánar út í þetta. Ég ætla að lesa þessi skrif Morgunblaðsins, með leyfi virðulegs forseta. Blaðagreinin byrjar svo:

„Gengistryggðir innlánsreikningar eftir áramót.

Reglugerð um gengisbundna innlánsreikninga í bönkum og sparisjóðum var í gær staðfest af Jóni Sigurðssyni viðskrh. Reglugerðin, sem tekur gildi 1. janúar nk., heimilar bönkum og sparisjóðum að taka við innlánum sem tengd verða reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins SDR eða Evrópureikningseiningu ECU og mun innistæðan breytast eftir því sem gengi íslensku krónunnar gagnvart þessum gjaldmiðlum breytist.“

Þegar við rifjum það upp að hæstv. fjmrh. hafði hér eina nóttina uppi orð um að hann hygðist grípa til efnahagsráðstafana strax eftir áramótin fer að læðast að manni grunur að eitthvað sé í bígerð, eitthvað skrýtið muni gerast kringum áramótin þar sem þessi grein kemur í kjölfarið á þessum ummælum hæstv. fjmrh. Ég spyr: Á nú að fara að lauma inn gengisfellingu um áramótin? Það má gera með ýmsum hætti. Einn fyrrv. fjmrh. kallaði slíkt „gengissig í einu stökki“ og það voru ýmsir tilburðir uppi um að reyna að fela slíkar gengisfellingar.

Núv. hæstv. ríkisstjórn stendur mjög fast á svokallaðri fastgengisstefnu. Henni má lýsa á máli stærðfræðinnar með þeim hætti að gengið myndar feril sem er samhliða ás, tímaásnum. Nú er það svo að ef gengið annaðhvort sígur eða breytist myndast halli annaðhvort upp á við eða niður á við á þessum ferli. En það vill svo til, ef menn kunna eitthvað fyrir sér í stærðfræði, að hægt er að komast fram hjá þessu á einn mjög svo skemmtilegan hátt. Það er að flytja ferilinn til, lækka ferilinn en hann heldur áfram að vera fastur. Það er fastgengisstefna. En þarna er um ósamfellu að ræða. Kannski eru hæstv. ráðherrar búnir að leysa þetta stærðfræðidæmi og um áramótin verði gripið til þess að notfæra sér þessa kenningu í stærðfræðinni um ósamfellda ferla.

Þó að gengið taki eitthvert ósamfellt stökk niður á við um áramótin er eftir sem áður um fastgengisstefnu að ræða. Ferillinn verður áfram samhliða ásnum og þannig er hægt að bjarga sér fyrir horn með því að beita fyrir sig smákúnstum í stærðfræðinni sem oft er gert.

Einn ágætis útflytjandi kom að máli við mig. Við vorum að skoða gott fyrirtæki hans í kjördæmi mínu, Reykjaneskjördæmi, í byrjun desember. Þá sagði þessi útflytjandi við mig: „Ja, það er björgulegt að verða, þetta ástand. Ef dollarinn fer niður fyrir 37 kr. get ég alveg eins lokað sjoppunni.“ Ég hef ekki hitt þennan ágæta útflytjanda síðan. Dollarinn er kominn langleiðina niður undir 36 kr. svo ég geri ráð fyrir því að hann hafi lokað sjoppunni nema hann sé enn þá að reyna að streitast við. Kannski hefur hann fengið einhverjar upplýsingar um að það eigi að beita þessum stærðfræðikúnstum með gengið um áramót. Það verður fróðlegt að vakna eftir gamlárskvöldið á nýársdag og heyra hvað hefur gerst yfir áramótin, svo mikið er víst.

Kannski við ættum að ræða lítillega um lánsfjárlög í leiðinni. Það mun vera það mál sem er á dagskrá og væri ekki úr vegi að fjalla um það líka. Við í minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. skiluðum minnihlutaáliti þar sem við leggjum til að þessu máli verði hreinlega vísað frá vegna þess að allar forsendur lánsfjáráætlunar og reyndar fjárlaga einnig virðast vera tóm vitleysa. Þetta eru, eins og margoft hefur verið sagt og hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson hefur líka ítrekað, allt saman fölsuð plögg. Til hvers á að vera að bera þetta fyrir virðulega deild? Því ekki að senda þetta til föðurhúsanna og fá það almennilega unnið til baka?

En ég vil gera nokkrar efnislegar athugasemdir við lánsfjárlagafrv. Það er eitt sem er skemmtilegt í því dæmi að í meðförum hv. fjh.- og viðskn. hafa erlendar lántökur verið stórauknar. Ég er út af fyrir sig samþykkur sumum þeirra vegna þess að í vissum tilvikum er verið að leysa brýn vandamál sem varð að leysa. Ef ekki er hægt að leysa þau með öðrum hætti en með erlendum lántökum verður svo að vera. En það er ansi fróðlegt fyrir þá sem muna eftir því að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni hafa barið sér hér á brjóst, frá því að þessi blessuð ríkisstjórn kom til valda 8. júlí sl., og sagt að erlendar lántökur yrðu ekki leyfðar í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Sérstaklega hefur hæstv. fjmrh. haft uppi um það mörg orð að hann muni ekki leyfa neinar erlendar lántökur. Þær verði einungis til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum af þeim erlendu lánum sem við höfum þegar tekið. Hann hefur haft uppi um það mörg og fögur orð. Reyndar geta virðulegir þm. í hv. deild flett upp á fskj. 7 með lánsfjárlagafrv. Það er fréttatilkynning um erlendar lántökur þar sem er vísað nánar í það að ekki eigi að taka nein erlend viðbótarlán hvorki á árinu 1987 eða á árinu 1988 umfram það sem nauðsynlegt reynist til að standa í skilum vegna þeirra erlendu lána sem við því miður erum enn þá með.

Það er ein góð verklagsregla, sem var tekin upp í tíð fyrrv. fjmrh. Alberts Guðmundssonar, að lánsfjárlög og fjárlög skyldu afgreidd samtímis. Ég held að þetta sé mjög góð regla svo fremi að sé yfirleitt hægt að afgreiða þessi plögg, að þau séu ekki tóm markleysa. Það er ekkert vit í að afgreiða fjárlög né lánsfjárlög ef um er að ræða einhverja markleysu. En að öðru jöfnu, ef ríkisstjórn situr við völd sem er treystandi til að fara með þessi mál þannig að það sé þá eitthvert vit í þeim, ber að sjálfsögðu að afgreiða bæði lánsfjáráætlun og lánsfjárlög og fjárlög samtímis fyrir jól.

Nú tala menn að vísu um að það verði kannski að fresta ýmsum málum jafnvel fram yfir áramót því að mér sýnist allt stefna í það að það sé gjörsamlega útilokað að við getum héðan af lokið þessu þinghaldi fyrir jól. Jafnvel þó að við stjórnarandstöðuþingmennirnir í báðum deildum hættum algjörlega að taka til máls og gerðum ekkert annað en vera með í afgreiðslu mála; með því annaðhvort að rétta upp hendur með eða á móti mundu þessi mál samt ekki klárast fyrir jól. Það hefur líka margoft komið fram að það eru ekki endilega við stjórnarandstöðuþingmennirnir sem höldum langar ræður. Það eru hv. stjórnarliðarnir sjálfir og kannski eru allra fremstir í flokki þar hæstv. ráðherrar sem þurfa mikið að tala í hvert skipti sem þeir koma upp í ræðustól. Ég held að það sé alveg ljóst að við ljúkum þessum málum ekki héðan af fyrir jól.

Það hefur verið talað um að lánsfjárlögin megi þá bíða, en ég ítreka að ég tel að það sé rétt þrátt fyrir allt að reyna að afgreiða bæði lánsfjárlög og fjárlög samtímis. Hvort það verður gert fyrir áramót eða einhvern tíma seint í janúar skal ósagt látið, en ég held að við verðum að gera þær kröfur, stjórnarandstöðuþingmennirnir, að það sé eitthvert mark takandi á þessum plöggum. Að þetta séu ekki fölsuð plögg eins og við höfum komist að undanfarið, þar sem verið er að breyta þessu í alls konar stofnunum úti í bæ samhliða því sem við erum að ræða þessi plögg inni á þingi. Í raun og veru vitum við ekki frá degi til dags hvað er að marka þær tölur sem standa í þessum plöggum, hvorki lánsfjárlögum né í sjálfum fjárlögunum.

Ég held að við getum haldið áfram umræðunni um lánsfjárlög eitthvað fram eftir kvöldi ef verkast vill. Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. varpaði fram fsp. áðan varðandi þá hækkunartillögu sem er vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en gert er ráð fyrir að sá liður hækki um 100 millj. kr. skv. till. meiri hl. nefndarinnar og er þá reiknað með í þeirri tölu að tónlistarskólarnir falli undir sveitarfélögin, jöfnunarsjóðinn, en ef svo fer að þeir verði færðir til ríkisins á næsta ári má segja að þessi tala þurfi að lækka. Ég vona að þetta sé nóg um þetta atriði.

Ég vil í öðru lagi lýsa yfir undrun minni á því að a.m.k. síðasti hv. ræðumaður hefur haft mjög við

orð að þær skýrslur og þau gögn sem nefndinni hafa borist séu fölsuð. Þetta held ég að sé mjög ofsögum sagt. Ég held að þeir embættismenn sem hafa komið til fundar við nefndina hafi lagt sig fram um að reyna að gefa þm. og þingnefndinni sem fyllstar upplýsingar eins og þær hafa legið fyrir á hverjum tíma. Hitt er svo annað mál að fyrir því er löng reynsla að á milli 2. og 3. umr. fjárlaga eru lögð fram síðustu gögn og þau nýjustu sem völ er á um hvernig búast megi við að tekjuáætlun ríkissjóðs verði fyrir næsta ár. Það er engin undantekning nú frá því sem áður hefur verið. Það var eins með þessum hætti þegar hv. 5. þm. Reykv. var fjmrh. Þá breyttust plöggin frá því fjárlög voru lögð fram og fram á síðustu stundu rétt eins og núna og ég hygg, enda var ég góður stuðningsmaður hv. 5. þm. Reykv. meðan hann var fjmrh., að hann hafi ekki viljað með þeim hætti vera með neitt fals eða draga dár að þinginu heldur hafi hann reynt á hverjum tíma að leggja fram sem fyllstar upplýsingar og hans embættismenn með sama hætti og ég hygg að embættismenn leggi sig fram um það nú að vera heiðarlegir í upplýsingum sínum við fjh.- og viðskn. deildarinnar og alþm. yfirleitt. Ég vil einmitt leggja áherslu á að síðast í dag barst nefndarmönnum ný tekjuáætlun fjárlaga frá Þórði Friðjónssyni, forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, sem mjög hefur verið vitnað til í ræðustólnum.

Ég vil í annan stað segja að það er mjög freistandi að fara hér út í almennar umræður um ríkisfjármál, um vaxtamál, um atvinnumál, um efnahagsmál á breiðum grundvelli. Það hafa verið gefin ærin tilefni til þess og satt að segja nokkuð undarlegt þegar hæstv. utanrrh. loksins kemur til landsins að hann skuli byrja á að láta hafa við sig jafndæmalaust viðtal og birtist í Tímanum í dag þar sem hver fullyrðingin rekur aðra sem hann getur hvorki staðið við eða getur gefið fullnaðarskýringar á, enda er ógerningur að skilja sum ummæli í þessu viðtali öðruvísi en svo að í því felist hið argasta vantraust á ríkisstjórnina. Ég get því vel skilið að undir rós hafi hæstv. viðskrh. verið þungorður áðan. Það má kannski segja að þegar menn eru mjög á förum sé nauðsynlegt að taka djúpt í árinni til þess að eftir því verði tekið þegar menn eru staddir hér á landi.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að hún er kona og getur því aldrei orðið herra.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta var vafalaust rétt athugasemd hjá hæstv. forseta áðan þó að það hafi staðið yfir stjórnarmyndunarviðræður á miðju þessu ári við fulltrúa Kvennalistans sem hefðu getað endað með því að þær hefðu orðið „herrar", þ.e. ráðherrar, nema lögum um Stjórnarráð Íslands hefði verið breytt sem má auðvitað gera.

Varðandi frv. til lánsfjárlaga, sem hér er óneitanlega til umræðu, vil ég að það komi fram að við munum greiða atkvæði gegn 11. gr. frv. sem lýtur að skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Í hann vantar 20 millj. kr., ef notuð er hin knappa skilgreining fjmrn., en 90 millj. ef notaðir eru þeir útreikningar sem félmrn. styðst við í þessu efni. Í samræmi við fyrri afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna í þessu sambandi munum við leggjast gegn skerðingarákvæðinu á Framkvæmdasjóði fatlaðra sem felst í 11. gr. frv.

Hið sama er að segja um 20. gr. þar sem gert er ráð fyrir að skerða framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það hefur tvisvar sinnum verið gert að skerða Atvinnuleysistryggingasjóð, byrjað á því í tíð fráfarandi ríkisstjórnar, og þeim leik er haldið áfram í lánsfjárlagafrv. núv. ríkisstjórnar. Gallinn við það er auðvitað ekki sá að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi svo miklar byrðar af atvinnuleysisbótum um þessar mundir, sem betur fer, heldur hefur hann ýmsar aðrar byrðar lögbundnar. M.a. er honum gert að greiða talsverðan hluta af eftirlaunum aldraðra skv. lögum sem sett voru um það leyti sem samið var um hið svokallaða nýja lífeyriskerfi.

Þá vil ég einnig geta þess að við munum leggjast gegn 21. gr. frv. sem gerir ráð fyrir að afnema tekjur Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum. Á þessu ári hefði Ríkisútvarpið átt að fá 300 millj. kr. í tekjur af aðflutningsgjöldum. Ríkisútvarpið stendur mjög illa fjárhagslega. Það er slæmt til þess að vita að meðan hin nýju útvarpslög eru í framkvæmd á fyrstu árum sínum skuli vera þrengt svo mjög að Ríkisútvarpinu sem raun ber vitni um. Það er þáttur sem við getum ekki sætt okkur við.

Ég vil þessu næst, virðulegi forseti, víkja aðeins að þeim umræðum sem fram hafa farið hér og byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tryggt að nokkrir ráðherrar hafa verið viðstaddir í deildinni í dag til að ræða almennt um efnahagsmál.

Áður en ég kem að því vil ég kannski nefna það meðan ég man sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi. Ég vona að mín orð hafi ekki í neinn tíma verið skilin þannig að ég telji að embættismenn hafi tregðast við að gefa upplýsingar þegar um það hefur verið beðið. Ég er óánægður með hversu seint forsendur breytinga milli 1987 og 1988 hafa borist okkur frá Þjóðhagsstofnun, en mér er ljóst að Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki eiga í miklum vanda þar sem afstaða ríkisstjórnarinnar, annars vegar við framlagningu fjárlagafrv. og hins vegar nú, að því er varðar grunnforsendur virðist ekki ríma. En ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e. að þeir embættismenn sem við höfum rætt við í fjh.- og viðskn. þessarar deildar hafa reynt að greiða okkar götu svo sem kostur hefur verið og iðulega lagt á sig mikla vinnu í þeim efnum.

Ég vil þessu næst víkja að orðum þeirra ráðherra sem hér hafa talað og ég vona að mér fyrirgefist þó

ég tali almennt um efnahagsmál. Ég ætla mér ekki að vera lengi að því samt. Ég byrja á því sem hæstv. utanrrh. sagði.

Hann sagðist hafa litlu við það að bæta sem fram kom í viðtali í Tímanum í dag þar sem hann telur að núverandi vaxtastefna eigi í réttu lagi að heita raunvaxtaokur. Mér fannst athyglisvert að þrátt fyrir þetta liggja engar tillögur fyrir frá Framsfl. í ríkisstjórninni um að ná þessu raunvaxtaokri niður.

Enn fremur upplýsti hæstv. forsrh. að engar tillögur lægju fyrir frá Seðlabankanum í þessu efni. Hæstv. forsrh. lagði á það áherslu að það skipti miklu máli að ríkið væri rekið á jöfnuði á árinu 1988. Það væri liður í því að treysta stöðu efnahagslífsins. Er allt gott um það að segja út af fyrir sig. Deilur eru uppi um hvaða aðferðir eru notaðar í þeim efnum, en ég tel þó að þetta sé markmið út af fyrir sig. En það sem ég hef verið að reyna að segja er að það gerir *enga stoð, jöfnuður í ríkisútgjöldum, ef útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með halla á sama tíma.* Ef verulegur viðskiptahalli er, ef lagður er á skattur eins og matarskatturinn, sem efnir til úlfúðar gagnvart samtökum launafólks, og ef iðkað er raunvaxtaokur eins og hæstv. utanrrh. hefur orðað það veikir þetta allt saman áhrifin af því að ríkið sé rekið í jöfnuði á árinu 1988.

Hæstv. forsrh. og utanrrh. ræddu nokkuð um gengisforsendurnar. Ég vil aðeins varðandi það mál segja: Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði. Gengisfelling leysir engan vanda vegna þess að hún er í besta falli skammgóður vermir, þ.e. hún getur hjálpað til í augnabliki, þangað til kostnaðarhækkanirnar innan lands, sem hljótast af gengislækkuninni, eru komnar í hús á ný. Þá stendur útflutningsatvinnuvegurinn nákvæmlega eins og hann stóð í upphafi. Þess vegna leysir gengisbreyting engan vanda.

Hvað á þá að gera? Til þess eru einhver ráð. Ein leiðin er sú að skera niður kostnaðarþætti útflutningsatvinnuveganna þannig að það þurfi ekki að fjölga krónum í útflutningsmyntunum til að standa undir kostnaðinum. Í þeim efnum er eðlilega horft á meginkostnaðarþætti útflutningsatvinnuveganna. Hverjir eru þeir? Það eru auðvitað laun. Það er meginkostnaðarþáttur útflutningsatvinnuveganna. Það er alveg ljóst að eftir það sem á undan er gengið hljóta menn að vera frekar uppi með kröfur um launahækkanir en launalækkanir til að vega upp á móti þeim skattahækkunum sem hafa átt sér stað. Þannig er engin forsenda til þess af neinu tagi að taka niður þann kostnaðarþátt sem heitir laun. Næsti kostnaðarþáttur í útflutningsatvinnuvegunum eru vextir. Og hvaða leiðir eru til þess að taka niður vexti hjá útflutningsatvinnuvegunum? Þær eru í grófum dráttum tvær. Fyrsta leiðin er sú að gera það með opinberri ákvörðun ofan frá og segja sem svo: Það er bannað að fjármagn beri meira en 2% raunvexti eða 3% raunvexti. Allt sem er þar umfram skal heita okur og dæmast sem slíkt. — Þetta er hægt að gera. Vandinn er hins vegar sá að ef um peningaskort er að ræða í kerfinu á sama tíma leitar sá skortur útrásar á svörtum markaði sem þýðir aftur hærri vexti þar, okur, kannski einmitt hjá þeim sem síst skyldi, sem komast ekki inn í bankakerfið, sem komast ekki inn í sjóðina og verða að leita sér að fjárhagslegri fyrirgreiðslu á svarta markaðnum.

Ein leiðin í þessu efni er aftur á móti sú sem hæstv. viðskrh. talar fyrir, gæti verið sú að reyna að láta allt hagkerfið virka saman í þá veru að vextir að lokum skili sér lágir. En forsendan fyrir því er aftur á móti sú að allir þættir hagkerfisins séu í tiltölulega góðu lagi, allir þættir hagkerfisins í einu. Mér finnst hæstv. viðskrh. stundum tala eins og hann sé staddur í þjóðfélagi 100 millj. manna eða svo, þjóðfélagi þar sem um er að ræða mjög þróað markaðshagkerfi. Þó að ég telji mig vera til vinstri í stjórnmálum lít ég þannig á að þróað markaðshagkerfi getið skilað skikkanlegri verðlagsþróun og jafnvel skikkanlegu vaxtastigi. Munurinn á þessu þjóðfélagi og okkar er sá að við erum kvartmilljón en ekki 100 millj. Það er æðimikill munur á því. Ég held að ríkisstjórninni og hæstv. viðskrh. gleymist það.

Við höfum búið í þjóðfélagi þar sem hefur verið gífurlegur peningaskortur um langt skeið. Atvinnuvegir hafa byggt sig upp á lánum og dýrum lánum. Þegar vextir hækka er það ekki þannig að þessir atvinnuvegir geti dregið úr sinni eftirspurn eftir lánsfé. Þeir auka eftirspurnina til að fjármagna háu vextina af lánunum sem þeir tóku á undan. Þannig verður þetta vítahringur og endar með því að þessir atvinnuvegir eiga enga peninga eftir og geta ekki borgað kaup. Dæmið gengur ekki upp. Ég sagði við hæstv. viðskrh. áðan: Sú messa sem hann flutti áðan er ágæt út af fyrir sig, en það gleymist að ef það tapast 80 íbúðir á ári á nauðungaruppboðum er stefnan hrunin og þeir sem ekki átta sig á því gleyma því sem stundum er kallað mannlegi þátturinn í pólitíkinni. Það verður gerð uppreisn gegn svona stefnu. Hæstv. utanrrh., svo klókur sem hann er, finnur auðvitað að það er sjóðandi andúð á þessari stefnu í þjóðfélaginu þó að hann beri á þessu talsverða ábyrgð og vill gjarnan bjarga Framsfl. fyrir horn með því að segja rétt fyrir jól: Heyrðu, það verður að stoppa raunvaxtaokrið.

Ég held að út af fyrir sig sé hæstv. viðskrh. — ég dreg það ekkert í efa — mjög vel að sér um efnahagslegt ferli, en inni í hinu efnahagslega ferli er fólk og það er oft með tilfinningar og þær verða sérstaklega mjög heitar þegar þetta fólk fer að missa eignirnar sínar, íbúðirnar á nauðungaruppboðum eða fyrirtækin sín á nauðungaruppboðum. Þess vegna gengur þessi stefna ekki upp að mínu mati eins og sakir standa. Ég hefði þess vegna viljað sjá að það yrði reynt að taka á öllum þessum þáttum í einu.

Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh. að þó ég sé rómsterkur get ég ekki hrópað niður vexti. Það getur heldur ekki hæstv. utanrrh. Þó að Tíminn eigi stórletur dugir það ekki til að hrópa niður vexti. Það er ljóst. En ég hygg að ef við næðum því að taka

utan um alla þessa þætti í senn, ef það yrði til í landinu ríkisstjórn sem færi yfir allt sviðið, væri unnt að ná niður vöxtum með óbeinum aðgerðum af ýmsu tagi. Hvaða þættir eru þetta? Ég ætla ekki að lengja mál mitt allt of mikið, en ég ætla að segja hverjir þeir eru.

Það er í fyrsta lagi hin almenna peningamálastjórn. Það er í öðru lagi ríkissjóður. Það er í þriðja lagi afkoma atvinnuveganna. Hún verður að vera skikkanleg. Annars leita þeir út í háu vextina. Í fjórða lagi er það t.d. þáttur eins og húsnæðismálin. Ég er alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti að húsnæðiskerfið hefur ekki stuðlað að lágum vöxtum heldur háum. Í fimmta lagi er það hin almenna verðlagsþróun í landinu. Og í sjötta lagi er það hinn stórkostlegi vaxtamunur sem stafar af því hvað bankakerfið á Íslandi er dýrt. Vaxtamunurinn hér er 7–9% hefur mér skilist meðan hann í grannlöndum okkar er helmingurinn af því. Ef við getum náð saman á þessu þingi þjóðarinnar um efnahagsstefnu þar sem tekið er á öllum þessum þáttum í einu getum við séð tiltölulega góða tíma bæði fyrir fólk og atvinnuvegi. En það leysir engan vanda að taka einn þáttinn og segja: Ríkissjóður er í jöfnuði og allt er í fínu lagi, hókus pókus. Það verður ekki þannig. Það þarf fleira til því að ríkið er ekki eitt í heiminum. Það er fólkið sem kostar rekstur ríkisins.

Þetta veit ég að er öllum hv. þm. ljóst. En ég vildi draga þessa þætti fram og svo segja að lokum: Þegar búið er að auka kostnað heimilanna þannig að menn verða að lyfta kaupinu, þegar búið er að hækka vextina svona rosalega á atvinnuvegunum og engin samstaða er í ríkisstjórninni um að taka vextina niður, það er niðurstaðan af þessum umræðum í dag að það er engin samstaða í ríkisstjórninni, spyr ég: Hvað er eftir varðandi það að koma í veg fyrir gengislækkun? Jú, það er eitt. Það er gamalt ráð sem við kunnum, við Lúðvík. Það er millifærslan. Það er millifærsla á fjármunum í samfélaginu. Ég get vel ímyndað mér að þeir framsóknarmenn, ef ég þekki þá rétt vegna þess að þeir eru ýmsu vanir og kalla ekki allt ömmu sína, gætu vel tekið þátt í einhverjum millifærsluaðgerðum, enda geta þær oft verið skynsamlegar, og ég ímynda mér að þeir sem eru ekki alveg háorthodox í Alþfl. gætu tekið þátt í þessu líka. Þá erum við hins vegar komin að hjartanu í Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur aldrei þolað millifærsluaðgerðir síðan 1960 að afnumið var það kerfi mismunandi gengis sem var í vinstri stjórninni 1956–1958 og viðreisnarstjórnin afnam.

M.ö.o., virðulegi forseti: Ég held að ríkisstjórnin sé upp við vegg og eigi ekki margra kosta völ. Ef hún aðhefst ekki neitt er það ljóst að útflutningsatvinnuvegirnir standast þetta ekki og, eins og hæstv. utanrrh. hefur orðað það svo varlega eða hitt þó heldur, leyfi ég mér að segja, annað hvert fyrirtæki fer á hausinn. Valið verður þarna á milli fyrir hæstv. ríkisstjórn. Ég hygg að góðar kenningar og ræður um raunvaxtastefnuna og jafnvægi markaðarins geri enga stoð þegar fyrirtækin fara að loka hvert af öðru og fólkið fer að ganga um atvinnulaust.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Á borði forseta er bjalla. Hún er notuð til að setja og slíta fundum í deildinni. Á henni er þríhyrnt handfang og á handfanginu stendur letrað og blasir við forseta ef bjallan snýr á þann veg: Þing skal til þrifnaðar landi.

Þau frv. sem hér er verið að flýta í gegnum þingið tel ég ekki að séu til þrifnaðar landi, eins og komið hefur fram í máli mínu um þau, t.d. það frv. um breytingar á söluskatti sem felur í sér matarskatt á fjölskyldurnar í landinu. En ég mun ekki fjölyrða um það hér.

Sama gildir um áætlanir um lánsfjárlög og fjárlög. Þær eru þannig gerðar að þær eru ólíklegar til þess að standast tímans tönn. Í þeim eru tölur, áætlanir og spár sem eru í raun ómarktækar stærðir, enda hefur komið fram dag eftir dag að þessar stærðir eru stöðugt að breytast. Það koma nýjar tölur og það koma nýjar spár. Því hefur minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. ákveðið að réttast sé að vísa þessu máli frá með rökstuddri dagskrá og fresta því þar til eftir áramót þannig að takast megi að gera það marktækara. Ég sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti. Réttast væri að gera það sama við fjárlögin því að eins og okkur hefur margoft verið sagt hanga þessi tvö mál órjúfanlega saman.

Í þeim eru eins og í mörgum öðrum málum hér ýmis pennaglöp, en það sem verra er, í þeim eru hreinlega hugsanaglöp. Þar eru mistök og yfirsjónir sem koma til með að hafa alvarleg áhrif í þjóðfélaginu. Eins og kom fram í máli hæstv. viðskrh. er tíminn ekki nógur. Tíminn er ekki nógur fyrir okkur til að fjalla um eða kynna okkur t.d. það plagg sem kom frá Þjóðhagsstofnun. Það hefur enginn tími gefist fyrir þann þm. sem hér talar til að lesa það blað vegna þess að annríkið hefur verið svo mikið frá því að ég fékk það í hendurnar. Þess vegna hitta upplýsingarnar sem í plagginu standa ekki í mark. Þær gagnast mér ekkert vegna þess að meiningin er að þetta mál verði afgreitt úr deildinni í kvöld. Ég næ ekki að gaumgæfa þessar upplýsingar, sé eitthvað á þeim mark takandi, áður en málið verður afgreitt. Þessi vinnubrögð eru afar slæm.

Í 1. umr. um málið ræddi ég ýmsa þætti þess og mun ekki setja á almenna umræðu, hvorki um þetta frv. í sjálfu sér né um efnahagsmálin, eins og margir aðrir hafa gert á undan mér vegna þess að ég kýs ekki að tefja þetta mál í raun þó að ég sætti mig ekki við það að þurfa að sinna því illa. Það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem ég tel ríka ástæðu til að vísa því frá.

Það eru flestir sem bera kvíðboga fyrir þróun efnahagsmála á næstunni og spár efnahagssérfræðinganna og reyndar ósamlyndi þeirra og afneitun stjórnvalda á sumum þeim spám og fullyrðingum, sem borin eru í fjölmiðla, svo og misvísandi staðhæfinga ýmissa ráðherra stjórnarinnar, allar

vekja þær ótta og kvíðboga manna. Gengisfelling er þegar orðin, segja menn, og takturinn fyrir verðbólgudansinn hefur verið sleginn. Hún er rétt að byrja. Og við vitum vel að verðbólgan hefur vaxið á undanförnum mánuðum. Þetta hefur þegar verið rætt og ég ætla ekki að fjölyrða um það meir.

Hins vegar kom fram í máli hæstv. fjmrh., hann sagði og mér finnst það afskaplega alvarlegt: „Það skortir upplýsingar um meginþætti, um lykilatriði í peningamálum þjóðarinnar.“ Á þessum mögru staðreyndum sem fást, sem eru ekki nema hluti af fjármagni því sem er í veltu í landinu, eru allar áætlanir um búrekstur þjóðarbúsins byggðar. Hvers vegna er búið svo um hnútana því að þetta er ekki í fyrsta sinn? Á öllum þeim árum sem allir þessir menn hafa farið með fjármál ríkisins hefur þeim ekki tekist að skilgreina og fá upp á yfirborðið þær meginstærðir sem þarf að hafa í huga þegar áætlanir eru gerðar. Hvers vegna hafa menn ráðskast með þetta bú án þess að tryggja sér þetta upplýsingaflæði og hvernig treysta þeir sér til að gera áætlanir sem eru svo illa grundvallaðar?

Hæstv. fjmrh. talaði líka um hólfaðan peningamarkað og það vakti með mér hugsun um hve öll sú ákvarðanataka, sem hér fer fram, bæði inni á þinginu og trúlega í ráðuneytunum líka, byggist á hólfaðri hugsun. Í hverju hólfi snýst hugsunin í kringum ákvörðunina um þann ákveðna málaflokk og það vantar illilega heildarsýnina og tenginguna á milli málaflokkanna til þess að útkoman geti komið sér vel fyrir fjölskyldurnar í landinu og fólkið, eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði, sem er inni í efnahagsferlinum, stærðirnar, tölurnar á blöðum fræðinganna og þeirra sem taka ákvarðanirnar. Getur verið að þessu hafi verið leyft að viðgangast af því að það hentar þeim sem stjórna vegna þeirra hagsmunatengsla sem þeir hafa? Og hollusta við hvern er það?

Dæmi um hólfaða hugsun, sem mig langar til þess að taka vegna þess að það varðar mál sem er minnst á í þessu frv., er dæmið um Ríkisútvarpið. Með annarri hendinni berjast menn fyrir því að gera fjölmiðlunina frjálsa. Með hinni hendinni reyna þeir að hlúa að menningu og tungu þessa lands. Og þeir skrifa, þeir geyma tilfinningarnar fyrir tungunni og menningunni í einhverju litlu hólfi. Ég veit ekki hvar það er. Kannski er það í hjartanu þeirra. Og þeir skrifa langlokur, þeir skrifa bréf í blöðin sín sem ná yfir báðar síður á sunnudögum. Og þeir skrifa leiðara og þeir láta þjóðina vita hversu annt þeim er um íslenska tungu og íslenska menningu og hversu vel við þurfum öll að gæta hennar. En hvað gera þeir? Þeir berjast fyrir því að samþykkja lög, lög sem renna um rætur tungunnar þannig að þær rotna. Þeir berjast fyrir veðrum, fjölmiðlaveðrum sem leika um jurtina, sem er íslensk tunga og íslensk menning, þannig að hún er svo viðkvæm og hún er svo smá að hún þolir það ekki. Hún er næstum því orðin úti í þessum stormi sem mennirnir hafa búið til sjálfir. Hverju á maður að trúa og hvernig á maður að skilja það á sama tíma og sá fjölmiðill, sem berst í bökkum og er einn af sterkustu miðlum íslenskrar tungu, getur ekki einu sinni vegna fjármagnsskorts eða vegna rangrar forgangsröðunar séð um að íslensk börn, sem eru þau sem eiga að taka við þessari tungu og þessari menningu, fái efni við sitt hæfi sem þau skilja, eins og kom fram í svari við fsp. um daginn.

Það var verið að spyrjast fyrir um hve mikið væri af barnaefni í Ríkisútvarpinu og þá sjónvarpinu með, sundurliðað, hve mikið af því væri á íslenskri tungu. Tveir menntamálaráðherrar komu upp, annar fyrrverandi og hinn núverandi, og lýstu yfir áhyggjum sínum. En hafa þeir engin tök á því, mennirnir, að útvega þessum mikilvæga fjölmiðli, sem ber margfalt meiri skyldur og ábyrgð en hinir svokölluðu frjálsu fjölmiðlar, hafa þeir engin ítök í þeirri stjórn sem þeir voru í eða eru í að útvega fjármagn til að tryggja að þessi tunga lifi af? Það þýðir ekkert að halda hátíðarsamkomur fyrir fullorðið fólk í Þjóðleikhúsinu. Tungan lifir ekki þannig. Hún lifir á því að næra rætur hennar og hlúa að þeim sem eiga að tala hana og gefa þeim tækifæri til að vera með foreldrum sínum og forsjáraðilum sínum þannig að þau geti talað saman, að minnka vinnuálagið með þjóðinni og greiða þau laun að fólki gefist tækifæri til að vera saman og tala saman. Þess vegna uni ég því ekki frekar en mörgu öðru í þessu frv. að það skuli skornar niður þær tekjur sem hafa verið megintekjur Ríkisútvarpsins, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum, á meðan í öðru frv., sem fer næstum samstiga í gegnum þetta þing, er verið að fella niður gjöld af afruglurum. Það er sterkasti samkeppnisaðili Ríkisútvarpsins sem nýtur góðs af því á sama tíma og gífurleg undirboð eiga sér stað og auglýsingaprútt sem er önnur tekjulind Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið hefur í raun fengið þverrandi auglýsingatekjur á undanförnum mánuðum og árum. Hvernig stendur á því að mennirnir í fyrsta lagi hegða sér svona? Meina þeir ekki það sem þeir segja? Og í öðru lagi: Hvernig dettur þeim í hug að nokkur trúi þeim þegar þeir hegða sér svona?

Þetta er dæmi um tvískinnung sem á sér stað í hverju málinu á fætur öðru. Ég tek þetta dæmi svo ítarlega vegna þess að þetta er svo algengt. Það er svo algengt að horfa upp á þennan tvískinnung. Og það er svo erfitt að trúa mönnum sem hegða sér svona, mönnum sem hafa haft aðgang að peningum og völdum og fara með þau á þennan hátt.

Eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. eru líka ýmis atriði sem við kvennalistaþingkonur munum greiða atkvæði á móti. Við unum því illa hvernig farið er með Framkvæmdasjóð fatlaðra, sömuleiðis með Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég gerði mér að gamni áðan þegar ég sat þarna að reikna hækkanirnar á brtt. meiri hl. því að þær eru orðnar drjúgar, þeir sem hafa sérstaklega fréttatilkynningu aftast í frv. um erlendar lántökur sem þeir vilja helst ekki hækka.

Ég ætla ekki að tefja umræður. Þess vegna ætla ég ekki að krefjast þess að ég fái svörin áður en umfjöllun um þetta mál lýkur. Það er nóg að fá það í Nd. Nú er ekki hæstv. fjmrh. hér, en hann þarf ég að spyrja. Þess vegna fer ég fram á að hann komi hingað, fjmrh. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að ná í fjmrh.)

Hitt er annað að það hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þessu frv. M.a. hefur verið sett inn hækkun til Iðnlánasjóðs sem átti í raun að skera talsvert niður. Ég gat þess við 1. umr. að mér þætti það óviðunandi miðað við það hve mörgum skyldum hann þarf að gegna við ýmsa vaxtarbrodda í iðnaði í landinu.

En ég vildi beina spurningu til hæstv. fjmrh. vegna þeirra brtt. sem koma fram frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég var að leika mér að því að leggja það saman. Það var ekki nema við sumar þessar brtt. sem kom fram að þar væri um að ræða erlent fjármagn. Hve mikil hækkun verður á erlendum lántökum vegna þessara brtt.? Hve mikil hækkun verður á innlendri lánsfjáröflun vegna breytinganna? Síðan langar mig til þess að spyrja sérstaklega um þá grein sem í frv. er 25. gr. Þessa grein á að fella niður. Það eru 2 milljarðar 850 þús. kr. til vegagerðar. Þ.e. framlag ríkissjóðs til vegamála skal eigi fara fram úr þessari upphæð. Hvað verður um þetta fé? Fer það ekki til vegagerðar í gegnum neina aðra farvegi? Er hreinlega ætlað að fella þetta alveg út? Á það að mæta þeim kostnaði sem verður við hækkun? (Gripið fram í.) Já, ég vil fá svar við þessu frá ráðherra.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja mál mitt. Ég gæti þess vegna á vissan hátt endurtekið talsverðan hluta þeirrar ræðu sem ég hélt hér í fyrra við lánsfjárlög því að útkoman er að sumu leyti sú sama. En ég óska þess að þessu verði svarað, ekki endilega við afgreiðslu málanna hér heldur að svarið berist í Nd. Og ég legg mikla áherslu á það sem ég sagði um fjárhag Ríkisútvarpsins. Ég ber verulegar áhyggjur vegna þess og ég tel að það verði menningarlegt slys ef Ríkisútvarpinu verður sniðinn svo þröngur stakkur að það geti ekki lifað af og alls enginn tekur við skyldunum og ábyrgðinni sem Ríkisútvarpið hefur gagnvart íslenskri tungu og íslenskri menningu.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég get glatt þingheim með því að ég mun ekki tala langt mál og einvörðungu um efnisatriði í þessu frv. Ég má þá kannski geta þess að mér leist ekki meira en svo á það sem sneri að landbúnaðinum í þeim stóru málum sem hafa verið til umræðu hér að undanförnu. Þar á ég við bæði fjárlög, lánsfjárlög, tollalög og þær söluskattsbreytingar sem áformaðar eru. Þetta hefur raunar flest færst mjög til hins betri vegar og ætla ég ekki að tíunda það frekar nema það sem víkur sérstaklega að frv. til lánsfjárlaga.

Í 22. og 23. gr. þess frv. eru veittar skv. frv. heimildir til að skerða eða afnema framlög vegna jarðræktarlaga og búfjárræktarlaga. Þetta hefur hins vegar færst heldur til betra horfs með tilkomu brtt. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., en samt er mér alveg óskiljanleg sú þörf sem er fyrir þær takmarkanir sem er gert þar ráð fyrir. — Já, mér þætti heldur vænt um að það væri opin hurð svo að hæstv. fjmrh. gæti hlýtt á orð mín. — Ég fæ ekki með neinum hætti séð hvaða þörf er fyrir 6. og 7. gr. Frá mínum bæjardyrum séð eru þær alveg ósættanlegar.

Mér þætti mjög mikilvægt, frú forseti, ef formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar og frsm. og fjmrh. þyrftu ekki endilega að vera við störf á meðan ég er að lesa þennan pistil því að hann er þeim ekki óviðkomandi. (**Forseti:** Ég held að bæði hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e. séu nú þegar mættir til leiks og muni hlusta með gaumgæfni á hv. 5. þm. Austurl.) Það þykir mér vænt um að heyra.

Þá er það fyrst varðandi 6. gr. í tillögum meiri hl. Ég skil ekki þann texta sem þar er settur upp. Það er talað um að skerða jarðabætur miðað við 141 millj. kr. Jarðabætur þessa árs verða ekki svo háar. Aftur á móti verður heildarfjárþörfin vegna jarðræktarlaganna hærri og það kemur einmitt vegna nýbúgreinanna. En fyrir utan þetta skil ég heldur ekki til hvers þarf að vera að kveða á um að það eigi ekki að greiða hluta af þessum framkvæmdum fyrr en á árinu 1989. Ef menn eru ekki tilbúnir að standa við lögin greiða þeir þær ekki frekar en stundum hefur verið gert gagnvart búfjárræktarlögunum. Alveg með sama hætti fæ ég ekki skilið hvernig á að skerða búfjárræktarlögin miðað við það sem stendur í fjárlögum um 9 millj. kr.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að þessar greinar eru ósættanlegar frá minni hendi. Af því að menn eru að tala um að það eigi að gera breytingar á þessari löggjöf verða þær varla öðruvísi gerðar en um þær sé a.m.k. nokkur sátt. Ég fæ ekki séð að slík endurskoðun geti farið fram með eðlilegum hætti undir þeirri svipu sem þarna er sérstaklega til höggs reidd gagnvart landbúnaðinum. Ég vil þess vegna beina því sérstaklega til nefndarinnar að fyrir 3. umr. verði þetta sérstaklega skoðað með tilliti til þess að fella þessar greinar báðar í burtu, en verði það ekki gert hlýtur það að koma til ákvörðunar hvort þær eigi að vera þarna inni eða ekki.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, virðulegi forseti. Ég vona að formaður fjh.- og viðskn. og fjmrh. hafi heyrt orð mín og á þá eftir að koma í ljós hvaða mið þeir kunni að taka af þeim og þar með ræðst afstaða mín til þessara tveggja greina við 3. umr. þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. um rökst. dagskrá á þskj. 380 felld með 12:5 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 341,1 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 341,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,3 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.–10. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 11:5 atkv.
12.–14. gr. (verða 13.–15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,5 (ný 15. gr., verður 16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
16.–19. gr. (verða 17.–20. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 11:4 atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ.
nei: SvG, DS, GuðmÁ, GA, MF.
5 þm. (JúlS, KSG, KP, SkA, StG) fjarstaddir.
Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eiður Guðnason:
Virðulegi forseti. Við afgreiðslu lánsfjárlaga undanfarin ár hef ég oft vakið athygli á því að mjög væri gengið nærri Ríkisútvarpinu. Ég er sömu skoðunar enn, en þar sem verið er að endurskoða útvarpslög treysti ég því að sú endurskoðun muni leiða til þess að Ríkisútvarpinu verði tryggður bærilegur rekstrargrundvöllur og því segi ég já.

Guðrún Agnarsdóttir:
Hæstv. forseti. Það er óverjandi að rýra lögboðna tekjustofna Ríkisútvarpsins meðan það á í harðri samkeppni um tekjuöflun og tilvist sína við svokallaða frjálsa fjölmiðla. Skyldur þess og ábyrgð sem menningarmiðils og til varnar íslenskri tungu, sem nú á í vök að verjast, eru ótvíræðar. Ég get ekki samþykkt slíka ráðstöfun og segi því nei.

Brtt. 341,6 (ný 22. gr., verður 23. gr.) samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VS, ÞK, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ.
nei: EgJ.
SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, MF greiddu ekki atkvæði.
4 þm. (KP, KSG, SkA, StG) fjarstaddir.
Brtt. 341,7 (ný 23. gr., verður 24. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 341,8 (25. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 341,9 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
26. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 341,10 samþ. með 11 shlj. atkv.
27. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
28.–29. gr. (verða 29.–30. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
30. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,12 (ný gr., verður 32. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
31. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 341,14 (ný gr., verður 34. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
32.–33. gr. (verða 35.–36. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

34. fundur, laugardaginn 19. des., að loknum 33. fundi.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal:
Frú forseti. Áður en lengra er haldið þá vil ég láta sérstaka ánægju í ljós yfir góðri stjórn deildarinnar í dag og ánægju yfir þeim forsetum sem hér hafa verið og stjórnað deildinni af mikilli röggsemi.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):
Forseti þakkar fyrir hlý orð í garð þeirra sem hafa farið með stjórn fundanna í dag.

Lánsfjárlög 1988, 3. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 393.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

33. fundur, laugardaginn 19. des., kl. 1 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, ein umr.

Stjfrv., 47. mál (skerðing lána, vextir o.fl.). — Þskj. 370.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Eins og fram kom fyrir nokkru hafði komið inn formgalli á þingskjali við afgreiðslu þessa máls frá deildinni til hv. Ed. og málið var meðhöndlað þannig að það var haft samráð við formann félmn. Ed. og beðið um að láta lagfæra þetta í meðferð hv. deildar. Í samræmi við þingsköp lýsi ég því hér með yfir fyrir hönd félmn. Nd. að nefndin er samþykk þeirri breytingu sem Ed. hefur gert á frv., þ.e. að niðurlag 1. mgr. 3. gr. orðist svo: „og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast þegar íbúðir verða veðhæfar“ en eins og áður hafði komið fram var þetta orðalag öðruvísi í afgreiðslu málsins héðan frá deildinni. Það var sett inn orðið „eða“ en þetta er sjálfsögð leiðrétting og félmn. Nd. leggur til að þetta verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GuðnÁ, GHelg, HG, JóhS, JónS, JSS, KE, MÁM, MálmS, ÓE, RA, RH, NL, SJS, SvH, ÞP, ÞÞ, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, JK.

IBA, ÓÞG, AðB, AG greiddu ekki atkv.

14 þm. (GB, GGÞ, HJ, JBH, KJóh, KH, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, SV, FÞ, GeirG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfum leitast við að greiða götu þessa máls í gegnum þingið eftir að mikil átök höfðu orðið um það á stjórnarheimilinu. Við gerum það þótt okkur sé ljóst að frv. þetta leysir aðeins að óverulegu leyti þann mikla vanda sem við er að fást og við blasir í húsnæðislánakerfinu þar sem um 10 þús. manns bíða úrlausnar og fyrir liggur að þeir sem sækja um lán þessa dagana til húsnæðismálastjórnar geta ekki vænst úrlausnar eða greiðslu þaðan fyrr en undir árslok 1990 að sagt er, þannig að biðtíminn er langur.

Frv., sem hér verður væntanlega að lögum, sníður vissa agnúa af gildandi lögum og með tilliti til þess að þarna er um vissa leiðréttingu að ræða og í von um betri tíð í þessum málum segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 384).

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 224, n. 356 og 382, brtt. 357, 381.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 356 og brtt. á þskj. 357 frá meiri hl. félmn. Nd., en þennan meiri hl. skipa auk frsm. Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson og Eggert Haukdal.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta mál og kvatt á sinn fund allmarga aðila, m.a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem kom formaður sambandsins, Sigurgeir Sigurðsson, og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félmrn., og Einar I. Halldórsson, fyrrv. bæjarstjóri, en þeir eru formenn nefnda er sömdu tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fjármálaleg samskipti, Kristófer Oliversson, starfsmaður Byggðastofnunar sem vann með nefndinni að tillögum hennar, Lárus Sighvatsson skólastjóri, fulltrúi Félags skólastjóra tónlistarskóla, Reynir Karlsson, íþróttafulltrúi ríkisins, Valdimar Örnólfsson íþróttakennari, formaður Íþróttasjóðs, Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri í menntmrn., Svandís Skúladóttir, deildarstjóri í menntmrn., Sveinn Ragnarsson, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, Jón Eiríksson, oddviti í Vorsabæ, Þór Magnússon þjóðminjavörður, Gunnlaugur Haraldsson, safnvörður á Akranesi, og Kristinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar í Neskaupstað.

Auk þessa fékk nefndin ýmsar tölulegar upplýsingar og skýringar er varða flesta þætti þessa máls, m.a. úttekt á áhrifum þessara fyrirhuguðu breytinga á öll sveitarfélög á Vesturlandi sem unnin var í samráði við nefndina og að hluta til að frumkvæði Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Eins og hv. alþm. sjá af þessari upptalningu taldi nefndin nauðsynlegt að reyna að fá sem gleggsta mynd af viðhorfum aðila til þessa frv. sem er til umræðu á þskj. 224.

Enda þótt ljóst sé og rétt að taka það fram að á svo skömmum tíma sem málið er til meðferðar hér á hv. Alþingi er varla hægt að senda frv. víðar út, sem hefði verið þörf á, því að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hefðu sjálfsagt haft áhuga á að setja fram álit sitt á málinu. Segja má þó að í þessum viðræðum við framangreinda aðila hafi sjónarmið um flest meginatriði frv. komið fram.

Meiri hl. nefndarinnar telur jákvætt að nú skuli eiga að stíga fyrstu skrefin í þessum málum. Þetta mál um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið vandlega undirbúið og m.a. voru

tillögur nefndarinnar kynntar fyrir öllum sveitarstjórnarmönnum á Íslandi og raunar fleirum.

Með þessu frv. er lagt til að hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt. Ráð er fyrir því gert að hluti tekna sjóðsins verði notaður til að jafna aðstöðumun milli sveitarfélaga í meira mæli en tíðkast hefur. Þetta er mjög þýðinarmikið atriði til að styrkja meira en verið hefur hin fámennari og vanmegnugri sveitarfélög og aukin framlög Jöfnunarsjóðs eiga að gera þeim kleift að takast á hendur aukin verkefni, en ný lög um tekjustofna sveitarfélaga eru nú í endurskoðun með tilliti til breytinga á hlutverki Jöfnunarsjóðs sem hlýtur að verða miklu, miklu áhrifameira miðað við þau áform sem fram undan eru enda full þörf á.

Í frv. er yfirleitt aðeins breytt þeim ákvæðum sem fjalla um viðkomandi lög, um fjárhagsatriði við stofnkostnað og rekstur og eins og fram kemur í grg. með þessu frv. hefur menntmrh. þegar ákveðið vegna breytinga þessara að láta endurskoða í heild sinni lög um byggingu og rekstur dagvistunarheimila fyrir börn, lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og íþróttalög. Það er mjög mikilvægt og á það ber að leggja sérstaka áherslu við þessa umræðu að góð samstaða náist um endurskoðun þessara laga.

Mér þykir rétt að koma aðeins inn á örfá atriði sem hafa verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu og e.t.v. valdið misskilningi. Þá vil ég fyrst tiltaka II. kafla íþróttalaga þar sem ákveðið hefur verið að endurskoða íþróttalögin í heild. Það hefur komið hér fram. Í þeirri endurskoðun, og það kemur viljayfirlýsing frá meiri hl. félmn. og raunar allri nefndinni, er gert ráð fyrir — það hefur komið fram í umræðum í nefndinni — að Íþróttasjóður starfi áfram og hafi það mikilvæga hlutverk m.a. að veita árlega byggingarstyrki til íþróttamannvirkja, íþróttafélaga og félagasambanda innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og Alþingi, samkvæmt þessu, veiti árlega fé í Íþróttasjóð sem skiptist af fjvn. eftir tillögum íþróttanefndar sem mun starfa áfram.

Sveitarfélögin munu að sjálfsögðu styrkja áfram íþróttastarfsemina í landinu í auknum mæli, enda fá þau með þessari yfirfærslu meira vægi í þeirri umfjöllun.

Bygging skólamannvirkja vegna íþrótta er óbreytt, sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Við næstkomandi áramót verður skuldastaða ríkissjóðs við íþróttamannvirkin í landinu, bæði á vegum félaga og sveitarfélaga sem styrk eiga að fá úr Íþróttasjóði samkvæmt gildandi lögum, gerð upp í gegnum Jöfnunarsjóð, sérdeild í Jöfnunarsjóði, sem ráðgert er að greiða að fullu á næstu fjórum árum. Samkvæmt uppgjöri sem liggur fyrir í dag er þessi staða samtals upp á 186,4 millj. kr. sem skiptast á 181 aðila. Þar af er hlutur sveitarfélaga 79,3 millj. og hlutur hinna ýmsu félagasamtaka um íþróttamál 107,1 millj. kr. Ég tel að þessi skipan mála, sem nú er verið að fara af stað með og hér hefur verið fest í stefnu í þessum bandormi sem við erum að tala um hér, muni með þessum breytingum sem verða með endurskoðun íþróttalaganna styrkja stöðu íþróttahreyfingarinnar í landinu. Ég vona að ég tali fyrir munn flestra landsmanna að efling íþróttastarfsemi í landinu sé ein besta fjárfesting sem við getum stuðlað að. Jafnframt er það sjálfsögð krafa að aðstaða til íþróttaiðkana sé fyrir hendi í öllum byggðarlögum landsins, en það er einn mikilvægasti þáttur í byggðaþróunarmálum, eins og fram hefur komið í umræðum á hv. Alþingi að menn eru yfirleitt sammála um.

Í viðræðum nefndarinnar við forsvarsmenn tónlistarskóla hefur m.a. komið fram að lengri tíma þurfi til að undirbúa breytingar á fjárhagsatriðum í rekstri tónlistarskólanna. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að komið verði til móts við þessi sjónarmið og gildistökukafla um breytingar á fjárhagsstuðningi við tónlistarskóla verið frestað til 1. sept. 1989. Eins og hv. alþm. sjálfsagt vita eru tónlistarskólar samkvæmt gildandi lögum reknir af sveitarfélögum en ríkið greiðir rekstrarstyrki sem eiga að nema helmingi af launakostnaði skólastjóra og kennara samkvæmt lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Hér er um að ræða málaflokk sem er mikilvægur þáttur í menningarlífi og skólastarfi um land allt. Þess vegna er skynsamlegt að gera sér glögga grein fyrir áhrifum þessara breytinga áður en þær verða gerðar og til þess þarf lengri tíma. Enn fremur er rétt að endurmeta þetta mál með tilliti til breyttrar verkaskiptingar í sambandi við grunnskóla sem fyrirhuguð er í tillögum verkaskiptanefndar og ríkisstjórnin hefur raunar lýst yfir því að að því verði unnið í framhaldi af því skrefi sem hér er verið að stíga. Verði brtt. sú sem ég lýsti um frestun á þessum áformum samþykkt þarf að sjálfsögðu að hækka fjárveitingar til tónlistarfræðslu í fjárlagafrv. eða í tengslum við það og það mun verða gert.

Þá hafa nefndinni borist tilmæli frá landbrn. um að í frv. verði tekið ákvæði um að sérdeild við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga endurgreiði sveitarfélögum ⅝ hluta útlagðs kostnaðar við eyðingu refa og minka. Ákvæði um endurgreiðslu þessa er nú í 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Í fjárlagafrv. 1988 er ekki reiknað með fjárveitingu til þessa verkefnis. Það er ljóst að þetta atriði, þ.e. eyðing refa og minka, er eitt af verkefnum sveitarfélaga og þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að í frv. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til að þessi kostnaður verði á árinu 1988 greiddur af sérdeild Jöfnunarsjóðs. Kostnaður þessi er áætlaður um 7 millj. kr. á árinu 1988. Það er ljóst að þarna þarf að huga að frekari lagasetningu sem yrði þá hægt að gera áður en ákvörðun verður tekin um fjárlög fyrir árið 1989.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þskj., 357.

Fyrsta breytingin er við 29. gr., að í stað 1. sept.

1988 komi 1. sept. 1989.

Annar liður brtt. er að við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður, sem verður III. liður, og orðist svo:

„Á árinu 1988 skal sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga greiða hlut ríkissjóðs og sýslusjóða vegna kostnaðar við eyðingu refa og minka, sbr. 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka."

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er hér um að ræða fyrsta skrefið í róttækum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta skref er að vísu ekki stórt en engu að síður mjög þýðingarmikið. Það er mjög mikilvægt að vel takist til með þessa framkvæmd eins og hér hefur verið bent á áður, m.a. við 1. umr. þessa máls.

Í umræðum um mál þetta hefur sú skoðun komið fram að sveitarfélögunum sé ekki treystandi til að sinna á viðunandi hátt sumum þeirra verkefna sem nú er ætlunin að flytja alfarið til þeirra. Ég tel að þessi skoðun sé byggð á of lítilli þekkingu á málefnum sveitarfélaga. Ég er ekki í neinum vafa um það að sveitarstjórnarmenn munu afsanna þessa skoðun á mjög skömmum tíma og byggi þar á þeirri reynslu sem ég hef af sveitarstjórnarmönnum almennt.

Um öll þessi verkefni á það við að þau eru best komin í höndum heimamanna vegna þekkingar þeirra á staðbundnum þörfum og aðstæðum. Sveitarfélögin hafa alla möguleika til að leysa þau á hagkvæmari hátt án þeirra afskipta sem tengjast óhjákvæmilegum fjárframlögum ríkisins. En auðvitað þurfa þau að hafa það tryggt að þau fái nægjanlega sterka tekjustofna og ráði algjörlega yfir þeim sjálf til þess að annast þessi mál.

Með frv. er lagt til að hrinda í framkvæmd áratuga gömlu baráttumáli sveitarfélaganna og sveitarstjórnarmanna um breytingar á verkaskiptingunni. Í því er einnig lagt til að stigið verði mjög stórt skref í þá átt að gera Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að raunverulegum jöfnunarsjóði. Þetta er mjög þýðingarmikið, einkum fyrir hin minni og vanmegnugri sveitarfélög.

Herra forseti. Það er skoðun mín að með gildandi samstarfssáttmála milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga sé opinn vettvangur til að taka afgerandi ákvarðanir um nýjar leiðir til að ákveða skiptingu verkefna og tekna milli ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, slíkar ákvarðanir séu gerðar á jafnréttisgrundvelli. Tekjustofnaskipting fyrir hvert ár sé gerð fyrir fram milli þessara tveggja aðalstjórnsýslustiga í landinu. Ný sveitarstjórnarlög auðvelda þessa nýskipan. Það er skoðun mín að með þessu móti muni vera hægt að auka valddreifingu í landinu og færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga á eðlilegan máta á fyrir fram skipulagðan hátt. Sveitarfélögin munu auka samstarf sín á milli sem mun fljótlega leiða til sameiningar þeirra í verulegum mæli í stærri og öflugri einingar sem um leið munu auka öryggi og þjónustu við íbúa hvar sem þeir búa í landinu og til hagsbóta fyrir þjóðina í heild.

Herra forseti. Þetta er mín framtíðarsýn og ég legg eindregið til að frv. sem er til meðferðar og brtt. sem um er talað verði samþykktar hér í hv. deild. Þetta mun þýða tölulega séð verkefnatilflutning sem er af stærðargráðunni, miðað við uppgjör við nk. áramót, kringum 430 millj. kr.

Frsm. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. félmn. Nd. sem er ég og hv. 6. þm. Suðurl., Óli Þ. Guðbjartsson, og er hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, einnig samþykkur því. Nál. er á þskj. 382.

Fyrirliggjandi frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er illa undirbúið og sú stefna sem birtist í einstökum köflum þess orkar mjög tvímælis. Minni hl. félmn. leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að málið verði endurskoðað í heild í samvinnu við sveitarstjórnir og þingflokka.

Verði tillögu þessari hafnað áskilur minni hl. sér rétt til að flytja brtt. við einstakar greinar frv.

Meginástæður fyrir þessari afstöðu minni hl. nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Með frv. er verið að flytja til sveitarfélaga verkefni sem hafa munu í för með sér meiri útgjöld af hálfu sveitarfélaganna en ríkið tekur að sér á móti.

2. Frv. fjallar aðeins um hluta af þeim mörgu viðfangsefnum sem tillögur hafa komið fram um að breyta í núverandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér liggur því ekki fyrir nein heildarstefnumörkun í þessum málum.

3. Fjármögnunarþáttur þeirrar verkaskiptingar sem frv. tekur til er í lausu lofti. Þannig hafa engin drög enn verið gerð að uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna þeirra framkvæmda sem ríkissjóður hefur tekið þátt í til þessa.

4. Ekki hafa verið kynntar reglur eða drög að reglugerð varðandi fjárframlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins og mismunandi kostnaðar í kjölfar breyttrar verkaskiptingar.

5. Fjárframlög vegna þessara fyrirhuguðu breytinga á að taka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en framlag til sjóðsins hefur verið skert mikið um árabil og svo er enn samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1988.

6. Einstakir kaflar frv., svo sem um byggðasöfn, tónlistarfræðslu og íþróttastarfsemi, snerta verkefni sem ekki hafa eingöngu verið bundin við einstök sveitarfélög eða verið á þeirra vegum.

7. Frv. hefur ekki verið sent til kynningar eða umsagnar sveitarstjórna eða annarra aðila og álit þeirra liggja því ekki fyrir.

8. Í ljós hefur komið að við samningu frv. var ekkert samráð haft við fólk sem starfar á þeim ýmsu sviðum sem frv. nær til, þar á meðal ekki við aðila sem unnið hafa að viðkomandi málum um áratugi.

9. Af þeim takmarkaða hópi sem nefndin kvaddi á sinn fund voru flestir andvígir þeim breytingum sem í frv. felast eða töldu að vinna þyrfti málið betur áður en ákvarðanir yrðu teknar af hálfu löggjafans. Það má kannski taka fram hér að

undantekningar voru þeir sem sömdu frv. að sjálfsögðu.

10. Frv. var undirbúið af fámennum hópi manna sem allir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins einn maður utan Suður- og Vesturlands kom á fund félmn. til viðræðna um frv.

Að hluta til er frv. byggt á tillögum tveggja nefnda, verkaskiptanefndar og fjárhagsnefndar, sem skipaðar voru af stjórnvöldum í september 1986. Nefndirnar skiluðu áliti í apríl 1987 um verkaskiptingu og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Samálit beggja nefndanna var prentað saman í bæklingi sem kallast Samstarf ríkis og sveitarfélaga og var gefinn út í apríl. Í nefndum þessum áttu sæti sjö menn, þar af tveir í báðum nefndum og skiptu með sér formennsku. Allir þessir menn voru af þéttbýlissvæðinu suðvestanlands og þeim til aðstoðar sérfræðingar af sama svæði. M.a. af þeim sökum telur minni hl. nauðsynlegt að fá umsögn sveitarstjórna um efni frv., ekki síst frá sveitarfélögum í strjálbýli og frá fámennari þéttbýlissveitarfélögum.

Því hefur verið haldið fram, m.a. í félmn. Nd., að álit ofangreindra nefnda hafi verið sent sveitarstjórnarmönnum um land allt og óskað hafi verið umsagnar þeirra. Engar slíkar umsagnir lágu fyrir eða voru kynntar í nefndinni, enda hefur aldrei verið leitað eftir þeim. Yfirborðsleg kynning nefndarálitanna á vettvangi einstakra landshlutasamtaka sveitarfélaga kemur ekki í staðinn fyrir kynningu frv. sem hefur engin verið gagnvart landshlutasamtökum sveitarfélaga eða hjá einstökum sveitarfélögum. Það má nefnilega ekki rugla saman frv. sem við erum að fjalla um núna og því áliti sem kemur fram í bókinni frá þessum tveimur nefndum sem ég hef talað um því það er alls ekki það sama sem kemur þar fram.

Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi 9. des. 1987 og hefur því gefist mjög skammur tími fyrir nefndina til að kynna sér málið. Í nefndinni var óskað eftir því að hún fengi drög að þeim fjölmörgu reglugerðum sem gert er ráð fyrir að setja um efni þess. Lögð var á það áhersla að fá fram drög að reglugerðum varðandi sérdeild og uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs, en þær deildir eiga að sjá um fjármálaleg samskipti við sveitarfélögin vegna tilfærslna á þeim verkefnum sem frv. gerir ráð fyrir.

Fjárhagslegt mat á tillögum samkvæmt álitum verkaskiptanefndar og fjármálanefndar byggir á óljósum og í sumum tilvikum a.m.k. veikum forsendum. Einnig er það úrtak þrettán sveitarfélaga, sem nefndirnar byggðu á sundurliðun á fjárstuðningi ríkisins til sveitarfélaga, mjög lítið þegar haft er í huga að sveitarfélög í landinu eru um 220 talsins og aðstæður þeirra afar ólíkar.

Ástæða er til að vekja athygli á að val á þeim verkefnaþáttum, þar sem breyta á verkefnaskiptingu „í fyrsta áfanga“ er næsta sérkennilegt og víst er að í því endurspeglast ekki áherslur sveitarfélaga á verkefnaflutningi né heldur annarra aðila er starfa að viðkomandi málum. Í því sambandi má benda á viðfangsefni eins og tónlistarskóla, íþróttamálefni og byggðasöfn.

Víðtæk andstaða og mótmæli hafa komið fram um fyrirætlanir samkvæmt VI. kafla frumvarpsins um tónlistarskóla. Fulltrúar Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands komu á fund félmn. og lýstu þungum áhyggjum vegna ákvæða II. kafla um breytingu á íþróttalögum. Þjóðminjavörður og talsmenn byggðasafna eru örvæntingarfullir vegna áformaðra breytinga samkvæmt VII. kafla frv. um stuðning ríkisins við byggðasöfn. Þar er vegið að menningarstarfsemi sem snertir alla landsmenn og er engan veginn bundin við einstök sveitarfélög. Deildarstjóri í menntmrn., sem fjallar um dagvistarheimili, lýsti þungum áhyggjum vegna þess að veikja ætti faglega umsjón stjórnvalda með dagvistarheimilum samkvæmt V. kafla frv.

Benda verður á að þrátt fyrir hátíðlegt tal um að gera sveitarfélögin óháðari ríkisvaldinu en nú er er víða í frv. að finna óljós skil og skörun varðandi valdsvið og fjárhagsleg samskipti. Má í því sambandi benda á kaflann um íþróttamálefni og dagvistarheimili.

Ámælisvert er að með frv. þessu er gripið inn í sérlög um einstaka málaflokka án þess að ráðrúm hafi gefist til heildarendurskoðunar á viðkomandi lögum. Í félmn. gafst ekki ráðrúm til að bera saman umrædda lagabálka og þær breytingar sem lagðar eru til samkvæmt frv. Þetta er hluti af ótækum vinnubrögðum sem einkenna málsmeðferð varðandi frv.

Minni hl. félmn. telur að með frv. sé byrjað á öfugum enda. Í stað þess að tryggja fyrst fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu er ráðist í „áfanga“ í verkefnatilfærslu og valdir úr þættir sem orka tvímælis að því er verkaskiptingu áhrærir og gagnast viðkomandi sveitarfélögum lítið fjárhagslega. Reynt er að láta líta svo út af talsmönnum frv. að í því endurspeglist vilji sveitarfélaga í landinu en þau hafa í raun ekki fengið að segja orð um efni þess.

Með vísan til ofangreindra atriða ítrekar minni hl. félmn. það álit sitt að vinna beri þetta mál í heild frá grunni áður en lögfest verði breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er því tillaga minni hl. að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta skrifa Kristín Einarsdóttir og Óli Þ. Guðbjartsson og Steingrímur J. Sigfússon, sem sat fundi nefndarinnar, er samþykkur þessu áliti.

Eins og ég sagði áðan er með þessu frv. verið að flytja til sveitarfélaga verkefni sem munu hafa í för með sér meiri útgjöld af hálfu sveitarfélaganna en ríkið tekur að sér á móti. Þetta eru tónlistarskólar, öll íþróttamál, dagvistarheimili, félags- og æskulýðsmál, landshafnir, vatnsveitur, byggðasöfn og málefni fatlaðra.

Í athugasemdum við frv. á bls. 9 er tafla yfir áhrif tillagna nefndanna, þessara tveggja nefnda sem talað var um áðan, á fjármál sveitarfélaga. Þar

kemur í ljós, ef skoðað er grannt, að öll þau verkefni sem hér eru talin upp nema um málefni fatlaðra eru til hækkunar á útgjöldum fyrir sveitarfélögin og málefni fatlaðra eru, ef litið er á þetta línurit, alminnsti fjármálalegi þátturinn sem ríkið mun taka yfir af því sem sveitarfélögin hafa hingað til haft. Hvers vegna í ósköpunum skyldi þetta nú vera? Af hverju eru eingöngu teknir til þeir þættir í verkaskiptingunni sem varða aukin útgjöld til sveitarfélaganna? Hvers vegna er ekki tekið yfir — við getum tekið sem dæmi sjúkrasamlög sem eru mjög stór póstur fyrir sveitarfélögin og tannlækningar sem ætti alls ekki að vera neitt erfitt að skipta eða flókið? Atvinnuleysistryggingasjóð má einnig nefna. Hvers vegna í ósköpunum eru eingöngu teknir partar sem koma sem aukin útgjöld á sveitarfélögin? Þetta er ákaflega erfitt að skilja og einkennilegt að fyrsta skrefið sem stigið er í átt til þessarar verkaskiptingar og meiri aðskilnaðar á milli verkefna ríkis og sveitarfélaga skuli eingöngu vera tekið á þessa hliðina. Það gæti kannski hvarflað að einhverjum að það ætti að stoppa núna og halda ekkert lengra áfram.

Varðandi þær tillögur sem þessar tvær nefndir, verkaskiptanefndin og fjármálanefndin, lögðu til um verkaskiptinguna ætla ég, að skýra þær aðeins og taka, með leyfi forseta, nokkra punkta upp úr grg. sem Kristófer Oliversson frá Byggðastofnun hefur gert og eru athugasemdir vegna frv. sem hér um ræðir.

Samkvæmt tillögunum eiga sveitarfélögin að kosta byggingu grunnskóla og reka þá að öllu leyti en ríkið á að greiða áfram kennslulaunin. Ljóst er að þessi breyting mun hafa mismikil áhrif á útgjöld einstakra sveitarfélaga. Hjá mörgum hreppum í dreifbýli eru útgjöld til grunnskóla 40–50% af rekstrarútgjöldum, en hjá sveitarfélögum í þéttbýli eru þau yfirleitt 6–9% af útgjöldum. Það er því alveg greinilegt að þessi breyting, ef af henni verður, mun koma sér miklu verr fyrir þá sem búa í dreifbýlinu.

Fræðsluskrifstofur, það er talað um að ríkið muni eingöngu kosta fræðsluskrifstofur og einnig framhaldsskóla. Það er lagt til að ríkissjóður beri að mestu leyti kostnað við framhaldsmenntun landsmanna. Nú er það þannig að sum sveitarfélögin eiga einhvern hlut þar að en það er sem sagt lagt til að ríkið annist og beri allan þann kostnað.

Varðandi tónlistarskólana leggur verkaskiptanefnd til að sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla en ríkið greiði kostnað við framhaldsmenntun í tónlistarskólunum í Reykjavík. Það er lagt til að ríkið hætti að greiða hluta af kennslu og stofnkostnaði almennra tónlistarskóla og viðkomandi sveitarfélag taki að sér þessa skuldbindingu einnig gagnvart einkaskólunum, en ríkissjóður hefur greitt um helming kennslulauna kennara við tónlistarskóla.

Verkaskiptanefndin leggur einnig til að sveitarfélög eða byggðasamlög þeirra kosti byggingu og rekstur byggðasafna. Ríkissjóður styrkir nú byggingu og rekstur byggðasafna. Það er heimilt að styrkja byggingu byggðasafna um allt að þriðjungi og síðan að greiða laun safnvarða að hálfu og það hefur verið veitt fé til þess af fjárlögum.

Nefndin leggur líka til að samstarf sveitarfélaga og ríkisins um þjóðvegi í þéttbýli verði óbreytt en ríkið taki að sér þá vegi sem nú flokkast undir sýsluvegi.

Forsjá heilsugæslu utan sjúkrahúsa og heimaþjónustu leggja nefndirnar til að verði í verkahring sveitarfélaganna. Stofnkostnaður heilsugæslu, beinn launakostnaður, rannsóknir og annar rekstrarkostnaður verði greiddur af sveitarfélögum að öðru leyti en því að sjúkratryggingar greiði þann hluta kostnaðar við læknaverk sem sjúkrasamlög greiða í dag. Heimaþjónusta verði eingöngu greidd af sveitarfélögum.

Það mætti sjálfsagt ýmislegt finna að þessum tillögum en þar sem það er ekki verið að ræða um þær núna heldur aðeins þetta frv. ætla ég ekki að fara neitt út í það nánar. Ég vil aðeins vekja athygli á þeim þáttum sem alltaf er verið að vitna til til að benda á hvaða þættir það eru sem skildir eru eftir og ætlaðir eru ríkinu að taka yfir af sveitarfélögunum. Það er líka lagt til að ríkissjóður beri einn kostnað af sjúkratryggingum landsmanna og sjái um rekstur, en eins og ég sagði áðan er það einna stærsti þátturinn af því sem ætlað er að ríkissjóður taki yfir miðað við þessar tillögur. Að mati nefndarinnar er heppilegast að leggja sjúkrasamlögin niður og fela sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar að sjá um þessa þjónustu í gegnum umboðskerfi sitt sem þá yrði styrkt. Kostnaður við heimaþjónustu yrði hins vegar greiddur af sveitarfélögum þar sem hún yrði í verkahring þeirra. Þá bæru sveitarfélög einnig kostnað af rannsóknum og heilsugæslustöðvum, svo og föst laun sérmenntaðs fólks, sem sums staðar eru að hluta greidd af samlögum. Það má svo sem velta fyrir sér hvort þetta er mikið til einföldunar. Það getur vel verið að þetta sé talin heppileg skipting en það verður náttúrlega að kanna það nánar.

Það er lagt til að allur kostnaður við tannlækningar fari yfir á ríkið, að sjúkratryggingar taki að sér þær skuldbindingar sem hingað til hafa verið varðandi þær.

Einnig er lagt til að sveitarfélögin hætti að greiða framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs og ríkissjóður taki að sér skuldbindingar hans. Af þessu má því sjá að allt það sem ríkið ætlar að taka að sér samkvæmt þessum tillögum og því sem frsm. talaði um hérna áðan er skilið eftir. Ég hafði á tilfinningunni að hálfpartinn væri verið að tala um alla verkaskiptinguna hér áðan en ekki bara þennan litla bút sem er dálítið einkennilega valinn og það má kannski spyrja þá sem vita betur en ég: Hvers vegna í ósköpunum var ekki annað tekið fyrir og hvers vegna var ekki farið að tillögum þessarar nefndar sem hér skilaði áliti í apríl 1987 og lagði til að þessar tillögur kæmu ekki til framkvæmda, ef samþykktar yrðu, fyrr en eftir ár héðan í frá, sem sagt um áramótin 1988–1989? Mig langar því mikið til að forvitnast um það

og vona ég að hv. 1. þm. Vesturl., formaður félmn. og hæstv. fyrrv. félmrh., og hv. varaformaður fjvn. geti upplýst mig um þetta atriði.

Í athugasemdum við frv. á bls. 9 stendur, með leyfi forseta: „Niðurstöður þessara athugana fjármálanefndar benda til að fjárhagur sveitarfélaganna muni fremur styrkjast við verkefnaflutning og breyttar úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs og er þá miðað við að fjárveitingar til sjóðsins verði í samræmi við ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

Og aðeins síðar stendur: „Í samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi er nú unnið að útreikningum á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjárhag allra sveitarfélaganna í kjördæminu miðað við 1985. Bráðabirgðaniðurstaða þeirra útreikninga varðandi breytingu á rekstrarútgjöldum og tekjum sveitarfélaganna benda til svipaðrar niðurstöðu og komu fram í úrtaki nefndarinnar.“ Það er að það bendir til að fjárhagur sveitarfélaganna muni styrkjast við verkefnaflutninginn.

Við skulum aðeins líta nánar á þetta því að í nefndinni var dreift þessum bráðabirgðaútreikningum á rekstrarútgjöldum sveitarfélaga á Vesturlandi til glöggvunar okkur sem vildum fá aðeins meiri upplýsingar um það hvernig þetta kæmi út fyrir sveitarfélögin. Og ef maður skoðar töfluna kemur ýmislegt í ljós. Ég tek það fram að þessi tafla er miðuð við það að allur heili pakkinn sé tekinn með, sem sagt allar tillögurnar sem standa í bókinni séu með. Við erum því ekki að tala um áhrif þeirra breytinga sem nú er verið að leggja til með frv. heldur er þetta allur pakkinn.

Við fengum aldrei neinar niðurstöður um nákvæmlega þessar breytingar og þess vegna get ég ekki fjallað um neitt annað en þetta, en það er samt mikil vísbending þar og þá stendur það greinilega eins og ég vitnaði til áðan og það er talað um að þá muni fjárhagur sveitarfélaganna styrkjast. Þá er náttúrlega vísað til eins dálks í þessari töflu sem er um hversu mikinn mismun þessi tilflutningur mundi hafa í för með sér á íbúa.

Og þá segir hérna, svo að ég vitni enn til þessarar grg. sem Kristófer Oliversson afhenti okkur í nefndinni, að í stuttu máli megi segja að tillögurnar komi vel út fyrir litlu sveitarfélögin enda er þeim bættur grunnskólakostnaður mjög ríflega auk þess sem þau fá framlag úr Jöfnunarsjóði vegna breyttrar verkaskiptingar að upphæð 1400 kr. á íbúa. Ef maður ber saman framlög úr Jöfnunarsjóði í dálki nr. 3 og 4 og ber það síðan saman við þann mismun sem kemur fram í dálki nr. 15 í töflunni kemur í ljós að það eru einungis sex sveitarfélög af þeim 38 sem tekin eru í töflunni sem munu hagnast á skiptingunni, þeirri verkaskiptingu sem hér er verið að leggja til, ef ekki er tekið tillit til framlags úr Jöfnunarsjóði. Skoðið þið bara þessa töflu. Ef þið berið saman dálk nr. 3 og 4 ... (Gripið fram í.) Ef þetta er rugl, eins og hrópað er hér af hv. 1. þm. Vesturl., þá leiðrétti hann mig því þetta er mjög greinilegt ef þetta tvennt er borið saman. Og ef ég kann ekki að lesa úr þessari töflu þá verður hann að hjálpa mér. En þetta höfðum við að sjálfsögðu ekki tíma til að gera í nefndinni. Það hefði nú verið ágætt að gera það þar í staðinn fyrir að vera að hrista höfuðið hérna úti í sal og fussa þegar maður kemur með réttar upplýsingar eða alla vega þær upplýsingar sem hér liggja fyrir.

Þetta miðast því við það að sveitarfélögin fái framlag úr Jöfnunarsjóði sem ég hef að sjálfsögðu ekki séð neinar reglur um. Það er sem sagt mjög auðvelt að fá jákvæða niðurstöðu ef taka á mismuninn fyrir sveitarfélögin úr sjóði sem stjórnvöld geta skorið niður að geðþótta og hafa gert undanfarin ár. Þessi tafla er kannski það sem maður hélt að mundi renna stoðum undir það hvað þetta væri jákvætt, en ég get ekki séð á neinn hátt að þetta sé glæsilegt fyrir sveitarfélögin því þarna er náttúrlega reiknað með framlagi úr þessum margfræga Jöfnunarsjóði sem alltaf er verið að skerða. En eins og allir vita hefur framlag Jöfnunarsjóðs alltaf verið skert frá 1984, en samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga eiga 8% af innheimtum söluskattstekjum af 20 söluskattsstigum að renna í Jöfnunarsjóð svo og 5% af innheimtum tekjum af aðflutningsgjöldum.

Ég hef hér undir höndum plagg frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þar sem fjallað er um jöfnunarsjóðinn og ætla ég að leyfa mér að lesa búta úr þessu plaggi, með leyfi forseta:

Á undanförnum árum hefur ríkisvaldið skert framlög til Jöfnunarsjóðs með þrennum hætti. 8% af hlutdeild af söluskattstekjum er nú aðeins af 20 söluskattsstigum af þeim 25 sem nú gilda. Allt frá árinu 1984 hefur með ákvæði í árlegum lánsfjárlögum verið sett þak á hlutdeild sjóðsins í söluskatts- og tollatekjum, þ.e. framlagið hefur verið bundið við áætlanatölu fjárlaga, en í reynd hafa tekjurnar orðið hærri og stundum verulega hærri en áætlanatölur fjárlaga. Síðustu ár hafa framlög til Jöfnunarsjóðs af söluskattstekjum til viðbótar verið skert, þannig að þau hafa verið lægri en 8% af 20 söluskattsstigum miðað við áætlanatölu fjárlaga. Þannig var söluskattsframlagið skert um tæpar 100 millj. kr. árið 1984 og 1985 hvort ár á verðlagi hvors árs og um 160 millj. kr. árið 1986 og á þessu ári um 350 millj.

Síðar í plagginu stendur: Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 er framlag ríkisins af tollatekjum alveg fellt niður en hefði að gildandi lögum átt að vera 177 millj. kr. Og aðeins síðar: Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs á árinu 1988 samkvæmt gildandi lögum ætti því að vera 1.685.760 kr. ef miðað er við sem sagt 8% af bara 20 söluskattsstigum, en er áætlað í frv. 1.485.000 kr. Samtals er því skerðingin tæplega 500 millj. kr. fyrir árið 1988.

Og svo er verið að tala um að byggja allar þessar breytingar og allar vonir sveitarfélaganna á framlagi úr Jöfnunarsjóði sem hefur þó verið skertur og lítur út fyrir að eigi að halda áfram að skerða. Allavega boðar þetta ekki neitt gott, og það er mjög einkennilegt að þegar fyrsta skref er tekið í átt að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sé Jöfnunarsjóðurinn enn skertur. Það hefði þó a.m.k. verið hægt að sýna

viljann til þess að þetta haldi áfram og að þetta muni taka til fleiri þátta, t.d. eins og þeirra þátta sem ríkið á að taka yfir, sérstaklega að því er varðar fjármögnunarþáttinn, en það hefur ekki verið gert og Jöfnunarsjóðurinn, eins og ég sagði áðan, er skertur um nær 500 millj. kr.

Herra forseti. Ég ætlaði eiginlega að tala meira við hv. 1. þm. Vesturl. og frsm. félmn. Nd., en hann er horfinn úr þingsalnum. Mér þykir mjög erfitt að tala þannig að hann heyri ekki það sem ég er að segja. Ég vildi gjarnan láta kalla á hann. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að ná sambandi við hv. 1. þm. Vesturl.)

Ég held því enn þá fram og ég get ekki betur séð en allt bendi til þess að fjármögnunarþátturinn sé þess vegna í lausu lofti. Það er ekki nokkur lifandi leið að sjá að sveitarfélögum sé tryggt það fé sem þau eiga að fá og enn hafa engin drög að uppgjöri verið kynnt — a.m.k. höfum við ekki fengið að sjá neitt af því — við einstök sveitarfélög vegna þeirra framkvæmda sem ríkissjóður hefur tekið þátt í. Ég verð að fá nánari skýringu á þessu ef þetta er einhver misskilningur hjá mér og ég óska eftir því að þessi tafla eða þessi fjármögnunarþáttur verði þá skýrður út fyrir þingheimi úr því að hv. 1. þm. Vesturl. segir að þetta sé ekki rétt. Mun það varla vefjast fyrir honum þar sem honum er svo vel kunnugt um alla þætti þessa máls.

Miðað er við að á árunum 1988–1991 eigi Jöfnunarsjóðurinn að greiða sveitarfélögunum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs sem eiga rætur sínar að rekja til framkvæmda til ársloka 1987. Ég endurtek, þetta er aðeins það sem rekja má til ársloka 1987 og í þessu tilfelli varðandi félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili. Við fengum upplýsingar um það í nefndinni hvernig hin ýmsu íþróttamannvirki standa nú við árslok 1987, en það er alveg ljóst að þetta kemur mjög misjafnlega niður á sveitarfélögunum og það er kannski erfitt að finna tímapunktinn þegar rétt er að hafa uppgjörið, en sérstaklega með tilliti til þess að sveitarfélögin reikna ekki með því að frv. verði að lögum nú og þessar breytingar eigi sér ekki stað nú um áramótin tel ég þetta ákaflega óréttlátt og að það geti komið sér mjög illa fyrir mörg sveitarfélög. Ég held að það verði að kanna það miklu betur hvernig hinar ýmsu framkvæmdir standa núna um áramótin eða hvenær svo sem þessar breytingar eiga sér stað og það skiptir þá engu máli hvort það eru þær breytingar sem eiga sér stað nú eða þær sem áætlað er að verði teknar seinna, einhver næstu skref sem eru í óljósri framtíð. Það hlýtur að vera þannig að sum sveitarfélög standa tiltölulega vel að vígi í þessum málum, önnur standa að sama skapi ekki eins vel að vígi. Sum sveitarfélög hafa kannski verið að leggja í framkvæmdir þar sem ríkið mun nú taka yfir en hafa kannski látið sitja á hakanum framkvæmdir sem þau munu nú sjálf þurfa að fjármagna, svo að þetta getur komið sér mjög illa og þarf að kanna það mjög vel og er spurning hvort það sé réttlátt að eingöngu verði tekin framkvæmdastaðan við árslok 1987. Ég tel að þetta þurfi að athuga miklu, miklu betur og styður það enn það að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og til nánari athugunar.

Það eru sem sagt engar reglur, en á bls. 17 í frv., í athugasemdum við það, er það eina sem við fáum um þessa uppgjörsdeild. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Uppgjörsdeildinni er ætlað það hlutverk að greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs vegna framkvæmda þeirra sem flytjast frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót. Hér er um að ræða dagvistarheimili fyrir börn, félagsheimili og íþróttamannvirki. Þar sem fjárveitingar til allra þessara framkvæmda hafa verið á vegum menntmrn. er ætlunin að fulltrúi frá því ráðuneyti og Sambandi ísl. sveitarfélaga komi sér saman um [Takið eftir því!] komi sér saman um fjárhagslega stöðu hvers verkefnis í árslok 1987 og uppgjörið verði síðan miðað við þessa stöðu. Reiknað er með að uppgjör þetta fari fram á næstu fjórum árum eftir því sem fé er veitt til þess í gegnum uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðsins.“ Eftir því sem fé er veitt — það er sem sagt akkúrat það. Þetta er allt mjög óljóst. Enn þá er talað um að eftir því sem fé er veitt — og hver er það sem ræður? Það skyldu þó aldrei vera stjórnvöld. Það eru alla vega ekki sveitarfélögin. Ég tel því að þetta sé aldeilis óviðunandi að samþykkja frv. sem ekki tekur betur á þessum þætti en hér er gert ráð fyrir.

Fjárframlög vegna þessara fyrirhuguðu breytinga á að taka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eins og ég sagði áðan. Og það er nú aldeilis snilldin í þessu öllu saman. Það á því að hafa þetta þannig að hlutur ríkisins í uppgjörinu á að greiðast af eigin fé sveitarfélaganna. Þetta er merkileg niðurstaða, að taka fé sem sveitarfélögin eiga, sem sagt úr Jöfnunarsjóðnum þann hluta sem ríkinu hefur hingað til verið ætlað að greiða af þessum framkvæmdum. Þetta getur varla talist sanngjarnt gagnvart sveitarfélögunum. Það er allt á eina bókina lært.

Ég gæti sjálfsagt haldið lengi áfram með fjármögnunarþáttinn, en mig langar aðeins, áður en ég skil alveg við hann, að minnast á sérdeildina, en sérdeild sjóðsins á að greiða framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra, eins og stendur í frv., 28. gr., með leyfi forseta: „Úr sérdeild sjóðsins skal greiða framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá ársbyrjun 1988. Greiðslur þessar skulu inntar af hendi samkvæmt reglugerð sem félmrh. setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um nánari skilyrði fyrir greiðslum úr sérdeild sjóðsins.“

Þarna þarf enn þá að fá reglugerð að sjálfsögðu. Við vitum ákaflega lítið hvernig þetta á að fara allt saman fram og það má taka það fram að auðvitað báðum við um að við fengjum drög að reglugerðum

sem hérna er rætt um og ekki bara á þessum stað í frv. heldur víðast hvar, en það var ekki orðið við þeirri ósk. Að sjálfsögðu var því vonandi komið til réttra aðila. Alla vega tók formaður félmn., hv. 1. þm. Vesturl., það að sér og ég trúi ekki öðru en að hann hafi gengið rösklega eftir því, því að hann gekk a.m.k. mjög rösklega eftir því þegar við vorum að fjalla um margumrætt húsnæðisfrv. sem hér er nýbúið að samþykkja sem lög frá Alþingi. Þá taldi hann, og við reyndar öll, að það væri mjög nauðsynlegt að fá reglugerðir og tók hann þátt í því að kvarta yfir vöntun á reglugerðum ekkert síður en við hin, en það hefur ekki heyrst mjög mikið í honum núna um að nauðsynlegt sé að reglugerðir við þetta frv. liggi hér fyrir Alþingi þegar við eigum að fara að samþykkja lagafrv. sem er miklu viðameira og fjallar um miklu, miklu viðameiri lagabálk. Þetta eru margir, margir lagabálkar og þá er allt í einu ekki orðið nauðsynlegt að við stöndum hérna með allar reglugerðir í höndunum til þess að hægt sé að samþykkja. Ég skil ekki hvaða munur er eiginlega á málflutningi hv. 1. þm. Vesturl., að honum skuli ekki finnast alveg jafnnauðsynlegt að fá reglugerðir við þetta frv. Mig langar til að spyrja hann líka, því að hann er kominn aftur í salinn, af hverju hann minntist ekki á að nauðsynlegt væri að reglugerðir lægju fyrir en því miður gera þær það ekki. Mér finnst það mjög nauðsynlegt og mér fannst það reyndar líka nauðsynlegt við húsnæðisfrv. (Gripið fram í.) Nei, en hv. þm. hlustaði ekki á það sem ég sagði. Ég skal endurtaka það sem ég sagði af því að hv. þm. hefur líklega ekki heyrt það. Ég sagði að ég reiknaði með því að það hefði verið gengið eftir því á sama hátt og gengið var eftir öðrum reglugerðum því mér fannst formaður nefndarinnar ganga mjög vel eftir því þá og ég sagði að það hefði væntanlega verið gert núna líka og ég reikna með því að svo sé. Og ef hv. þm. hefur ekki heyrt það sem ég sagði endurtek ég það: að ég reikna með að svo hafi verið. Ég heyrði hins vegar ekki áðan — ég hef kannski ekki hlustað nógu grannt — að það hafi verið kvartað sérstaklega undan því að þær liggi ekki fyrir. Ég hef e.t.v. bara ekki heyrt nógu vel. Ég hef líklega verið að hlusta á eitthvað annað. Ég fór a.m.k. ekki út á meðan hv. þm. talaði. Ég get að sjálfsögðu beint fyrirspurn til hæstv. ráðherra, sem er þá hæstv. félmrh., um þetta atriði vegna þess að mér þykir mjög nauðsynlegt að við fáum að vita eitthvað um reglugerðir varðandi frv. sem við óskuðum eftir í nefndinni að við fengjum og ráðuneytið hefur væntanlega fengið beiðnir um frá félmn.

Ég ætla nú að snúa mér aðeins að einstökum köflum frv. en þetta eina frv. fjallar um breytingar á tíu lagabálkum.

Lítum fyrst á I. kaflann sem fjallar á breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Þetta lagafrv. mun einfalda flókna kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Sem dæmi má taka að sveitarfélögin greiða hvorki stofn- né rekstrarkostnað af sambýlum fatlaðra en 15% af stofnkostnaði hjúkrunarheimila og 15% af stofn- og rekstrarkostnaði skammtíma fósturheimila, þannig að það er ótvíræður kostur að einfalda þessa flóknu verkaskiptingu. En svona í fljótu bragði þá er þetta eini kosturinn við þessa breytingu. Að öðru leyti er að mínu mati dálítið slæmt að flytja þennan þátt algjörlega yfir á ríkið vegna þess að sveitarfélög sem nokkurs konar framfærslueining á að sjálfsögðu að hafa skyldur við alla íbúa sveitarfélagsins, unga sem gamla, fatlaða og ófatlaða, eins og kemur fram t.d. í 6. gr. sveitarstjórnarlaga. En nú er ábyrgðin algjörlega tekin af sveitarfélögunum og fatlaðir eiga að verða núna á ríkisábyrgð en það gæti skapað fötluðum erfiðari aðstöðu þótt það þurfi þó ekkert endilega að vera og skal ég ekki dæma um það hér.

Ríkið á nú að greiða stofn- og rekstrarkostnað sérstakra dagvistarheimila fyrir fötluð börn en sveitarfélögin ef um er að ræða sérdeildir við venjuleg dagvistarheimili og þann aukakostnað sem því fylgir að hafa fötluð börn á venjulegum dagvistarheimilum, þ.e. ef frv. verður að lögum. Samkvæmt núgildandi lögum greiðir ríkið þennan aukakostnað. Breytingin gæti verkað letjandi á sveitarfélögin af því að fötluð börn þurfa oft manninn með sér á venjulegri dagheimilis- eða leikskóladeild, og það væri kannski freistandi að senda fötluð börn heim ef t.d. vinnuafl skorti. Það er náttúrlega ekki víst að svo verði og ég býst við því að sveitarfélögin sýni þá ábyrgð, sem þau hafa reyndar oftast gert hingað til gagnvart fötluðum, að það þurfi ekki að óttast þennan þátt. Að vísu kom fram í máli eins sveitarstjórnarmanns sem okkur heimsótti að hann hafði vissar áhyggjur af þessu og benti okkur á þetta. Ég hafði ekki tekið eftir þessu en hann sagði að þetta gæti orðið til þess að sveitarstjórnarmenn ýttu þessu kannski frekar frá sér og vildu frekar byggja sérstofnanir en að fötluð börn yrðu meðal annarra barna á almennum dagvistarheimilum. Ég hafði reyndar ekki hugsað um það svo mikið áður en hann minntist á það en ég tel þetta mjög til umhugsunar og þurfi að kanna þetta sérstaklega vel.

Síðan má líka spyrja: Hver verður rekstraraðilinn að ýmsum stofnunum sem sveitarfélögin nú reka í krafti þess að þau greiða 15% af stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, eins og t.d. skammtíma fósturheimili? T.d. í Reykjavík er fósturheimili á Álfalandi 6 og spurningin hvort ríkið ætlar að taka yfir rekstur þar. Og hvað með tilsjónarmann fatlaðra barna? Borgin hefur að undanförnu aukið slíka tilsjón með fötluðum börnum og unglingum sem eru félagslega einangruð. Ef ríkið ætlar að taka fatlaða upp á sína arma ætti þetta þá ekki líka að vera hluti af þjónustu ríkisins? Það er því enn ekki alveg ljóst hvernig þetta verður gert. Til viðbótar má nefna atvinnuleit fyrir fatlaða. Hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar er rekin sérstök deild fyrir fatlaða og þá er spurningin sú hvort ríkið ætli þá að taka yfir þessa deild vegna þess að nú virðist ríkið ætla að taka yfir rekstur allra heimila og stofnkostnað á rými fyrir fötluð börn, þannig að ég held að með þessu

frv. sem hér liggur fyrir verði verkaskiptingin ekkert skýrari, það verði mjög mörg verkefni enn þá sem skarast og þyrfti að kanna það miklu betur áður en þetta getur orðið að lögum.

Nefndin fékk á fundinn Svein Ragnarsson og hann taldi, eins og ég nefndi hér áðan, að almenn lög ættu að vera jafnt fyrir fatlaða sem aðra. Það ættu ekki að vera sérlög um þá. Og hann lýsti því yfir að hann væri ekki sáttur við lögin eins og þau eru núna, en taldi að í sjálfu sér skipti þessi breyting ekki neinu verulegu máli. En hann var líka sá eini sem við fengum á fundina sem fjallaði um þetta mál. Það hefði verið mjög gott að fá fólk frá t.d. Svæðisstjórn fatlaðra bæði hér á þéttbýlissvæðunum og eins frá Svæðisstjórn fatlaðra einhvers staðar utan af landi. Það hefði verið mjög æskilegt til þess að reyna að kanna betur hvernig þessar breytingar mundu koma út fyrir hin ýmsu byggðarlög.

Ef ég sný mér nú að II. kafla frv., sem fjallar um breytingar á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum, þá er mjög erfitt að sjá það á þessu hvernig þetta á að vera einföldun. Þarna stendur að opinber stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja eigi að vera á vegum íþróttafélaga og félagasambanda. Svo stendur síðar, með leyfi forseta: „Alþingi veitir þó árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður." Þarna er raunverulega verið að grauta saman. Það er bæði Íþróttasjóður enn þá sem Alþingi veitir fé úr og síðan er samt gert ráð fyrir því að sveitarfélögin styðji byggingu íþróttamannvirkja á vegum íþróttafélaga og félagasambanda þannig að það er nú erfitt að sjá að þetta sé til mikillar einföldunar. Ef maður les síðan aðeins aftar þá á að bæta við einni reglugerðinni enn, en þar stendur:

„Í reglugerð sem menntmrn. setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal ákveða nánar m.a. um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks."

Það er sem sagt reglugerð sem menntmrn. setur um það sem mér skilst að sveitarfélögin eigi að gera. Ég botna ekkert í þessu, þetta er hálfskrýtið. Ég efast um að þetta geti staðist, að menntmrn. eigi að fara að setja reglugerð um það hvernig sveitarfélögin styrkja hin ýmsu íþróttafélög. Þetta getur því varla orðið til einföldunar. Með þessu er líka verið að auka verkefni sem eiga að fara yfir á sveitarfélögin og getur þetta verið mjög bagalegt, sérstaklega fyrir fámenn sveitarfélög þar sem getur verið um að ræða mikil mannvirki. Ef um væri að ræða mannvirki sem væru byggð á vegum félagasamtaka og íþróttasamtaka sem ná yfir stór svæði — það má t.d. nefna Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands sem nær yfir mjög stórt svæði og það má nefna Héraðssambandið Skarphéðin, HSK, hér á Suðurlandi og Ungmenna- og íþróttasamband Borgarfjarðar sem nær yfir mörg sveitarfélög — þá er vandséð hvernig þeim íþróttafélögum reiðir af sem þurfa að leita til fjölda sveitarfélaga, ef þau fá engan styrk til bygginganna úr ríkissjóði, því þessi styrkur sem þó hefur komið úr Íþróttasjóði hefur verið þeim til mikillar hjálpar. En það sem kannski skiptir mestu máli er að þarna er áfram verið að grauta saman hlutverki ríkis og sveitarfélaga og engin skýr mörk þar á milli sem þó er einn aðaltilgangur frumvarpsins.

Ég get tekið það fram að þeir sem komu á fund nefndarinnar og fjölluðu um þetta svið, sem voru bæði fulltrúar frá ÍSÍ og UMFÍ og frá íþróttanefnd ríkisins, vöruðu eindregið við þessum breytingum. En ég ætla ekki að fara nánar út í það sem þar var talað um.

Í III. kafla frv. talað um breytingu á lögum nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum. Það tengist á vissan hátt lögum sem fjallað er um í IV. kafla frv., um breytingu á lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt. Þarna er verið að taka þann hluta af skemmtanaskatti sem hefur runnið í Félagsheimilasjóð en gert er ráð fyrir að hann renni á næsta ári í ríkissjóð án þess að merkt sé hvert hann á að fara, en hann hefur að hluta til farið til Sinfóníuhljómsveitarinnar og að hluta til til Félagsheimilasjóðs. En núna á að gera ráð fyrir að það fari áfram 10% til Sinfóníuhljómsveitar og 10% til Menningarsjóðs félagsheimila, hitt fer í ríkissjóð. Og það er eins og með aðra þætti málsins, þar vantar allt uppgjör, og mörg félagsheimili, sérstaklega úti á landi, sem á mörgum stöðum eru miðstöð menningar, geta verið misjafnlega langt komin og því er varasamt að skella þessu á núna þar sem ekki er ljóst hvernig uppgjör á að fara fram. Í 10. gr. frv. kemur fram enn þá einu sinni að nánari ákvæði um ráðstöfun fjárins skuli setja í reglugerðum sem menntmrh. og heilbrrh. setja. Enn þá ein reglugerðin sem við höfum ekkert séð af. Og þó að ég geti alveg fallist á það að framlög séu aukin til lista og menningarmála og forvarnarstarfs á sviði áfengis- og fíkniefnamála, eins og þarna er gert ráð fyrir, þá sjáum við ekki nein merki þess hvernig þetta á að gerast né hvernig þessu verður útdeilt, þannig að ég hef allan fyrirvara á varðandi þetta.

Ég ætla nú að víkja að V. kafla frv. sem fjallar um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum. Þó að ég hafi talið það vera af hinu góða að ríkið hafi styrkt sveitarfélögin í að byggja dagvistarheimili, þá skiptir sú skoðun mín ekki öllu máli í þessu sambandi. Ég tel að ríkið eigi að greiða hluta í þessari menntun rétt eins og menntun sem veitt er í grunnskóla. Ég tel þessa menntun fyrir forskólabörn ekkert síður mikilvæga en grunnskólamenntunina. Það er því spurning hvort þessi breyting á verkaskiptingunni hefði ekki verið betri á þann veg að ríkið greiddi laun þeirra starfsmanna sem fræða börnin og að sveitarfélögin byggðu yfir starfsemina eins og nefndirnar leggja til varðandi grunnskólana. Ég varpa því hér fram hvort ekki sé rétt að geyma þennan kafla frv. — og reyndar allt frv. Raunverulega þarf að velta fyrir sér hvert sé markmiðið yfirleitt með dagvistarheimilum. Lítur

ríkisvaldið á þetta sem einhverja geymslustaði? Ég vona að sveitarfélögin geri það ekki af því að þau eiga að taka þetta yfir núna. Eru þetta bara einhverjir geymslustaðir eða hafa dagvistarheimili uppeldislegu hlutverki að gegna? Ég tel að svo sé og ég tel það uppeldisstarf sem þar fer fram mjög mikilvægt og vil alls ekki draga úr mikilvægi dagvistarheimila. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki sé rétt að þetta verði meðhöndlað á sama hátt og önnur menntun í landinu.

Ef farið er að skoða þennan kafla aðeins nánar þá kemur í ljós að ef þessi breyting nær fram að ganga þá fellur niður öll fagleg umsjón menntmrn. A.m.k. er talað um það í 12. gr. frv. en þar stendur, með leyfi forseta: „Menntmrn. skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.“ Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir ráðuneytið, og kom reyndar fram í máli fulltrúa menntmrn. sem starfar að þessum málum að hún taldi að það væri ákaflega erfitt fyrir ráðuneytið að hafa þann lagabálk í höndum sem eftir samþykkt þessa frv. mundi gilda, þar sem aðeins væri kveðið á eins og stendur í 15. gr., með leyfi forseta:

„6. gr. laganna orðist svo:

Menntmrn. skal í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga setja reglugerð um almenn ákvæði varðandi húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir ákvæði laga þessara.“

Það er ekki talað um neitt annað. Það er ekki talað um neitt sem snýr að börnunum. Það er eins og þau skipti ekki máli. Það er ekkert hugsað fyrir því að það geti þurft að vera ákvæði um það t.d. hversu mörg börn megi vera á hverri deild, hversu stórt rými hvert barn þarf svona nokkurn veginn o.s.frv. Það er mjög einkennilegt ef á að fella út úr lögunum öll ákvæði um uppeldislegt hlutverk barnaheimilanna vegna þess að þá verður mjög erfitt um allt eftirlit eftir því sem upplýst er. Taldi fulltrúi menntmrn. að þar væri sérstaklega um að ræða að 11. gr. á að falla brott. Skv. 17. gr. frv. er gert ráð fyrir að 11. gr. falli brott. Ef hún á að falla brott þá þurfi alla vega að koma eitthvert viðbótarorð inn í 6. gr. laganna þannig að menntmrn. geti haft einhverja hönd í bagga með hvernig reksturinn er. Það er ekki forsvaranlegt að það séu engin takmörk fyrir því t.d. hversu mörg börn mega vera inni í ákveðnu herbergi, hversu mikið rými þau eigi að hafa. Sem dæmi þá heyrði ég einhvern tímann á tal manna að þeir skildu mjög vel af hverju fóstrur og þeir sem vinna á barnaheimilum hefðu svona lág laun, þar væru allt of fáir krakkar. Hver starfsmaður ætti bara að sjá um helmingi fleiri börn, þá mundu launin hækka um helming. Ég tek það fram að það var sveitarstjórnarmaður sem sagði þetta, en ég ætla ekki öllum sveitarstjórnarmönnum að hugsa svona þó að þessi hafi gert það. Ég hélt að hann væri að segja brandara, en það var því miður ekki. Honum var full alvara.

En ég endurtek að ég vara við að þetta verði samþykkt eins og þetta er hér þó að ég geri ekki athugasemdir við það hver byggir dagvistarheimilin ef ljóst er að fjármagn til þess verður tryggt, hvort sem það kemur út ríkissjóði eða úr sveitarsjóðum, ef það er tryggt að úr framkvæmdum verði. Og ég vil reyndar gjarnan og hef lagt til að auknu fé verði veitt til dagvistarheimila úr ríkissjóði, en brtt. þess efnis var felld við afgreiðslu fjárlaga. En mér er alveg sama þó það komi einhvers staðar annars staðar frá ef það er þá bara tryggt. Ég vara við þessari breytingu og svo gerði fulltrúi menntmrn. einnig sem fjallar um þessi mál.

Mér þykir mjög slæmt að hafa ekki fengið álit t.d. þeirra sem starfa á dagvistarheimilum. Það hefur hvorki verið haft samráð við fóstrur eða aðrar starfsstéttir sem á dagvistarstofnunum vinna eða þá sem reka dagvistarheimilin, sem eru sveitarstjórnir, né neina aðra sem um þessi mál hafa fjallað fyrir utan þessa einu ágætu konu sem við fengum til viðræðna frá menntmrn. Það má líka taka fram hér, sem eru kannski rök með því að ríkið greiði eitthvað til dagvistarheimila, að ríkið hefur nú miklar óbeinar tekjur af þjónustu dagvistarheimila í formi skatts á tekjur foreldra. Og það er raunar miklu meira en sveitarfélögin fá. Það er yfirleitt grundvallarskilyrði til að fólk geti farið út á vinnumarkaðinn að börnin hafi öruggt skjól t.d. á dagvistarheimilum. Auðvitað aukast tekjur ríkissjóðs og líka sveitarfélaganna vegna atvinnuþátttöku foreldra, en tekjur ríkissjóðs aukast miklu meira þannig að ég tel í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að ríkið styrki myndarlega sveitarfélög til byggingar dagvistarheimila. En eins og ég sagði áðan geri ég ekki athugasemd við það hvaðan peningarnir koma, bara ef þeir koma.

Þá ætla ég að fjalla örlítið um VI. kafla frv. sem fjallar um tónlistarskóla. Í viðræðum nefndarinnar við fulltrúa skólastjóra, sem var skólastjóri tónlistarskólans á Akranesi, Lárus Sighvatsson, varaði hann eindregið við þessari breytingu á verkaskiptingu, þessari niðurfellingu á styrkjum ríkisins til tónlistarskóla og má lesa það sama í bréfi frá samtökum tónlistarskólastjóra sem er stílað til mín, en ég reikna alveg með að allir hv. alþm. hafi fengið þetta bréf. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eftir ítarlegar umræður og athuganir á stöðu skólanna álítum við að afleiðingar lagasetninganna verði á þessa leið verði þau samþykkt óbreytt:

Í litlum bæjarfélögum og þar sem nokkur smá og fjárvana hreppsfélög hafa sameinast um rekstur eins tónlistarskóla er fyrirsjáanlegt að starfsemi skólans leggst niður. Áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um að jafnvel stærri og efnaðri bæjarfélög muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að standa að rekstri tónlistarskóla af þeim myndarskap sem nú tíðkast. Til að mæta aukinni hlutdeild sveitarfélaga og þar af leiðandi auknum kostnaði þeirra verður óhjákvæmilegt að stórhækka námsgjöld. Afleiðingin verður sú að færri foreldrar hafa efni á að senda börn sín í tónlistarnám, þ.e. jafnrétti til náms verður skert.

Hætti ríkið fjárhagslegum stuðningi við tónlistar-

skóla slitna þeir úr tengslum við hið almenna menntakerfi. Í því sambandi má minna á að á undanförnum árum hefur samvinna tónlistarskólanna og framhaldsskólanna aukist með því að tónlistarskólarnir hafa tekið að sér tónlistarkennslu nemenda á tónlistarbraut. Jafnframt meta þeir árangur annarra sem kjósa sér tónlist sem valgrein.

Við gildistöku nýrra laga falla úr gildi lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, og þá verður að fara 25 ár aftur í tímann eða til tímabilsins fyrir 1963 til að finna sambærilegt ástand í tónlistaruppeldi þjóðarinnar, þ.e.a.s. enga löggjöf um tónlistarskólana né fjárhagslegan stuðning við þá."

Bréfið er miklu lengra en að lokum segir í bréfinu: „Með framangreint atriði í huga heita Samtök tónlistarskólastjóra á þig, hv. alþm., að beita áhrifum þínum til að koma í veg fyrir að Alþingi stígi það óheillaspor að fella niður fjárhagslegan stuðning ríkisins við tónlistarskóla í landinu."

Undir bréfið skrifa fyrir hönd Samtaka tónlistarskólastjóra Lárus Sighvatsson, Kjartan Már Kjartansson og Sigursveinn Magnússon.

Þeir hafa greinilega verulegar áhyggjur af þessu og þeirra tillaga er að þessi grein verði felld út. Ekki bara að henni verði frestað heldur að alls ekki verði hætt að styrkja tónlistarskóla.

Mig langar líka til að lesa upp, með leyfi forseta, áskorun til Alþingis Íslendinga frá þó nokkuð mörgu fólki sem mér hefur ekki unnist tími til að telja, en þar stendur:

„Við undirrituð lýsum áhyggjum okkar vegna ráðagerða um að fella úr gildi lög um ríkisstuðning við tónlistarskóla. Það er á allra vitorði hver lyftistöng þau hafa verið tónlistaruppeldi í landinu og menningu þjóðarinnar. Við viljum vara við því voðalega slysi sem hlotist gæti af að hnekkja í flaustri lögum sem allir kunnugir eru á einu máli um að orðið hafi til gæfu."

Það er því mjög gott að fram hafi komið tillaga um að fresta gildistökunni. Auðvitað væri best að þessu yrði ekki breytt en það sem kannski væri allra best væri það að fram færi endurskoðun á lögum um tónlistarskóla. Og mér þykir eðlilegt, á sama hátt og mér þykir það eðlilegt með dagvistarheimilin, að laun tónlistarkennara greiðist úr ríkissjóði á sama hátt og gert er ráð fyrir með grunnskóla vegna þess að tónlistarmenntun er mjög mikilvæg. Ég tel hana vera mikilvægari en ýmislegt af því sem kennt er í grunnskólanum, og tel raunar að þetta eigi að falla undir grunnskólalögin og að það sé sjálfsagt og eðlilegt að tónlistarfræðsla standi öllum til boða og ætti raunar að vera miklu meiri en nú er. Það er alveg til skammar hvað lítið er um tónlistarfræðslu í skólunum og er það oft vegna þess að erfitt er að fá tónlistarkennara þannig að það virðist vera betra að mörgu leyti að hafa þetta í sérskólum. En ég tel nauðsynlegt að endurskoða þetta og mun þar af leiðandi styðja þá brtt. sem meiri hl. félmn. hefur lagt fram ef ekki verður farið að þeirri tillögu sem við leggjum til í minni hl., að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar. Ég vona auðvitað að svo verði, en ef það verður ekki gert þá mun ég að sjálfsögðu styðja þá tillögu sem meiri hl. félmn. flytur hér um að gildistöku V. kafla frv. verði seinkað um eitt ár.

Ég gæti haft miklu lengra mál um þetta en ég ætla ekki að gera það, herra forseti, ég ætla að snúa mér að VII. kafla frv. Hann er um breytingar á þjóðminjalögum, nr. 52/1969, með síðari breytingum.

Þar er gert ráð fyrir að bygging og rekstur byggðasafna verði eingöngu í höndum sveitarstjórna en núna er það þannig að ríkissjóður borgar ⅓ af stofnkostnaði og hálf laun starfsmanna. Þetta hefur mætt mjög sterkri andstöðu, m.a. þeirra tveggja manna sem komu fyrir nefndina, sem voru Þór Magnússon þjóðminjavörður og Gunnlaugur Haraldsson, safnvörður á Akranesi. Einnig hef ég í höndum álit Guðrúnar Kristinsdóttur á Egilsstöðum sem er safnvörður á Safnastofnun Austurlands. Allt þetta fólk varar eindregið við þessari breytingu. Gunnlaugur Haraldsson og Þór Magnússon komu fyrir félmn. og kynntu sín sjónarmið og las Þór Magnússon þar upp bréf, dagsett 17. des. 1987, til félmn. Nd. sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Frá því hefur verið skýrt að ákveðið sé að skilja að ýmsa þætti í rekstri ríkis og sveitarfélaga og mun félmn. Nd. Alþingis hafa til umfjöllunar lagafrv. þar að lútandi. Felur þetta frv. í sér m.a., ef að lögum verður, að áformað muni að fella niður ríkisstyrki til byggðasafna.

Í bréfi fjvn. Alþingis og menntmrh. benti ég á að á fjárlagalið 02-991, undirliður 640 Byggða- og minjasöfn, séu fleiri greiðslur en aðeins rekstrar- og byggingarstyrkir til byggðasafna heldur einnig viðgerðarstyrkir til ýmissa gamalla bygginga úti á landi sem ekki eru í eigu Þjóðminjasafnsins en sem það hefur unnið markvisst að að fá varðveittar og stuðlað að viðgerð á. Má þar nefna gömul verslunarhús í kaupstöðum, nokkrar gamlar og merkar kirkjur, gömul íbúðarhús, sem fæst eru notuð til sinna upprunalegu þarfa, og ýmis mannvirki önnur.

Við nánari athugun á hag byggðasafnanna sé ég að niðurfelling ríkisstyrkja muni jafnvel verða til að drepa sums staðar niður þá starfsemi sem þar er unnið að. Hafa líka margir starfsmenn haft samband við mig og látið í ljós miklar áhyggjur vegna safna sinna sem sum hver berjast mjög í bökkum og hafa litlu úr að spila og því hefur ríkisstyrkur verið oft á tíðum sá eini bakhjarl sem söfnin hafa getað reitt sig á. Mun mörgum alþm. fullkunnugt um að mörg þessi söfn eru hvað minnst fjárfrek allra menningarstofnana landsins og að þar takmarkast framkvæmdin algjörlega við getuna. Hins vegar þykir sjálfsagt að geta sýnt fyrirmönnum þessi söfn við ýmis tækifæri og allir vita að þau eru mjög fjölsótt af erlendum ferðamönnum sem sjá eðlilega gleggra en við Íslendingar hve þau eru hörmulega illa búin til að geta sinnt hlutverki sínu sem menningar- og fræðslustofnanir.

Látið er í veðri vaka að Jöfnunarsjóður sveitarfé-

laga eigi að taka hér við og sveitarfélögin eigi að úthluta byggðasöfnum styrktarfé af framlögum úr sjóðnum. Þetta eru margir safnamenn mjög uggandi um að muni ganga fyrir sig, enda hafa þeir margir hverjir hingað til staðið í basli með að toga hið smánarlega rekstrarfé út úr forsvarsmönnum sveitarfélaganna og um eigin tekjur byggðasafnanna er í fæstum tilvikum að ræða sem neinu nemi.

Því leyfi ég mér að fara þess mjög ákveðið á leit við hv. félmn. Nd. Alþingis að hún leggi til þær breytingar á frv. að byggðasöfnin skuli áfram njóta ríkisstyrkja svo sem verið hefur og einnig verði þá unnt að veita á sama lið fjárstuðning til viðgerða ýmissa gamalla bygginga á landsbyggðinni sem kallast mega þjóðminjar.

Hafa verður í huga að þótt byggðasöfnin séu að nafni til eign sveitarfélaga er hér um að ræða stofnanir sem vinna í þágu alþjóðar og vinna mörg hver starf sem Þjóðminjasafninu og þjóðminjavörslunni bæri að vinna. Milli Þjóðminjasafns og byggðasafnanna er mjög náin samvinna og safnverðir úti um land vinna mörg störf í þágu Þjóðminjasafnsins en óvíst er að um slíkt verði að ræða að neinu marki ef ríkissjóður hættir að styrkja söfnin. Vænti ég að hv. félmn. taki jákvætt í erindi þetta."

Undir bréfið ritar Þór Magnússon þjóðminjavörður.

Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi fram vegna þess að þeir lögðu mjög mikla áherslu á það báðir og höfðu af þessu þungar áhyggjur enda er þarna aðeins um að ræða mjög lítinn lið þannig að þetta er mjög lítil fjárhagsleg spurning fyrir ríkissjóð. En þetta getur skipt verulegu máli fyrir lítil söfn úti á landi sem kannski munar um jafnvel þó það sé ekki nema 50–100 þús. kr. til að geta haldið starfsemi sinni gangandi. Því tel ég nauðsynlegt að þessi tengsl Þjóðminjasafnsins og byggðasafnanna rofni ekki. Það var raunar atriði sem þjóðminjavörður og reyndar safnvörðurinn á Akranesi töldu skipta höfuðmáli, þessi tengsl þarna á milli, að þau rofnuðu ekki því það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir vörslu þjóðminja yfirleitt. Þjóðminjavörður taldi þessi tengsl mjög nauðsynleg. Þó að þessi fjármálastuðningur við byggðasöfnin úti á landi væri jafnóverulegur og raun bæri vitni, þá væri hann samt mjög mikilvægur.

Ég kýs að geyma mér að ræða um VIII. og IX. kafla, en VIII. kafli fjallar um breytingu á lögum nr. 93/1947, um aðstoð við vatnsveitur, þar sem ekki gafst neitt tækifæri til að kynna sér þessi mál í nefndinni og ég hef í önnunum ekki getað kynnt mér það sérstaklega né hvernig þetta kemur við einstök sveitarfélög. En það er kannski óþarfi að hafa áhyggjur af þessu og aðrir geta kannski hjálpað til með það. Samkvæmt lögum á ríkið að greiða um 50% stofnkostnaðar vatnsveitna og samkvæmt núgildandi lögum stendur að eingöngu sé veittur styrkur ef sveitarfélögin geta ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofnkostnaði. Það er þá náttúrlega spurning hvort rétt sé að fella þetta niður ef þessi styrkur er eingöngu veittur ef sveitarfélögin geta ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofnkostnaði. Þá veltir maður því fyrir sér hvort rétt sé að breyta þessu. Alla vega tel ég rétt að kíkja á þetta og athuga hvort það skiptir mjög miklu máli. Og þá er ég enn og aftur að hafa áhyggjur af minni sveitarfélögum sem e.t.v. eiga erfitt með að leggja í dýrar framkvæmdir.

Um landshafnir treysti ég mér ekki til að fjalla neitt verulega. Gert er ráð fyrir að ekki verði lengur neinar landshafnir þannig að landshafnirnar í Keflavík, Njarðvíkum, Þorlákshöfn og Rifi verði eign sveitarfélaganna. Þetta eru kannski helstu atriðin.

Mig langar aðeins til að minnast á þá brtt. um eyðingu refa og minka sem hér liggur fyrir. Ég get tekið það fram að ég er ekkert sannfærð um að það þurfi endilega að standa svo mikið í eyðingu refa og minka, en ég skal ekki deila við hv. þm. um það atriði. Ég held að einmitt sú tillaga sýni raunverulega hvað getur komið yfir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þarna er allt í einu tekið upp á síðustu stundu ákvæði sem eykur útgjöld sérdeildar sjóðsins, sem þó er aðeins gert ráð fyrir að hafi 100 millj. kr. á næsta ári til að mæta þeim útgjöldum sem sveitarfélögin eiga að taka við en ríkið hefur hingað til greitt og síðan er allt í einu ákveðið að nú sé best að taka kostnað við eyðingu refa og minka líka úr þessari sérdeild. Mig minnir að það séu 7 millj. sem fari í þetta, þá eru það þó 7 millj. af 100 millj. sem er nú ekki allt of há upphæð. Ég hefði því talið þörf á að auka fé Jöfnunarsjóðsins sem þessu næmi. Það hefði e.t.v. verið hægt að fallast á þetta ef fé Jöfnunarsjóðs hefði verið óskert í ár, en eins og ég sagði áðan þá er í fjárlagafrv. fyrir næsta ár áætlað að tekjur sjóðsins skerðist um nær 500 millj. kr. Þetta er því bara eitt dæmi um það sem e.t.v. koma skal, að það sé alltaf bætt og bætt við það sem Jöfnunarsjóðurinn á að taka á sig.

Ég vil því að lokum, herra forseti, átelja það að með þessu frv. sé verið að grípa inn í sérlög um mjög marga málaflokka án þess að okkur hafi gefist ráðrúm til neinnar skoðunar á þeim lögum og lagabálkum sem þessar breytingar ná til. Í félmn. gafst ekki ráðrúm til að bera þetta saman. Mestur tími nefndarinnar fór í það að tala við þá sem komu til viðræðna og hefðu þeir þurft að vera miklu fleiri. Mestur tími nefndarinnar fór í það að tala við þá sem komu til viðræðna og hefðu þeir þó þurft að vera miklu fleiri. Við nefndarmenn höfðum aldrei neinn tíma til að vinna saman og fara í gegnum frv. til þess að reyna að átta okkur á hvað þessar breytingar mundu þýða þannig að við höfum orðið að vinna það bara hvert og eitt einhvers staðar heima hjá okkur á nóttunni. Þetta er kannski bara hluti af þeim ótæku vinnubrögðum sem einkennt hafa alla þessa málsmeðferð.

Minni hl. félmn. telur sem sagt að með frv. sé byrjað á öfugum enda. Það verður náttúrlega fyrst að tryggja fjárhagslega stöðu áður en farið er að ýta öllum þessum verkefnum yfir á sveitarfélögin. Það

þýðir ekkert að tala um það, eitthvað óljóst og þokukennt, að það eigi að koma til móts við og það verði tryggt að litlu sveitarfélögin fari ekki illa út úr þessu og meira að segja er talað um það að þau fari sérstaklega vel út úr þessu miðað við önnur sem ég get alls ekki séð og óska enn eftir því að það verði dregið fram í dagsljósið því að það hlýtur að vera að þm. hérna úr hinum dreifðu byggðum landsins sé áhyggjuefni hvað hérna er á ferðinni. Ég ætti e.t.v. ekki að vera að tala svona mikið um þetta sem þm. Reykv. þar sem ég held að þessi breyting komi minnst við pyngjur Reykvíkinga og verði kannski frekar í áttina, því að mér sýnist í fljótu bragði að breytingin, ef af verður, komi yfirleitt betur út fyrir stærri sveitarfélögin þó að alls ekki liggi neitt beint fyrir um það eins og ég sagði áðan.

Ég held að það sé, ef á að gera slíkar breytingar, alveg nauðsynlegt að byrja á réttum enda einu sinni, ekki á öfugum enda. Mér finnst líka mjög ámælisvert að þegar verið er að fjalla um þetta frv. sé alltaf látið líta þannig út að maður sé að fjalla um alla breytinguna í einu. Við erum bara að fjalla um hluta af breytingunni og þetta frv., eins og ég sagði í upphafi, tekur einungis til þeirra þátta sem auka álögur á sveitarfélögin og sérstaklega minni sveitarfélögin. Mér finnst vera gefið í skyn í nál. meiri hl. að við séum að fjalla um miklu, miklu stærra mál og ég mótmæli því. Við erum bara að fjalla um mjög óverulegan hluta af þessum flutningi á verkaskiptingunni þannig að það má ekki rugla þessu öllu saman. Það verður að vera alveg ljóst um hvað við erum að taka ákvörðun hér ef frv., sem ég vona að verði, verður þá ekki vísað aftur til ríkisstjórnarinnar eins og minni hl. hefur lagt til og ég ítreka þá tillögu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið áður en umræðu er haldið áfram að ætlunin er að gefa hlé og fresta þessum fundi kl. hálffjögur, um klukkutíma.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Lagafrv. sem hér er til umfjöllunar er viðameira og umfangsmeira mál en þau fáu blöð sem það er fest á gefa til kynna vegna þess að það grípur inn á fjölmarga lagabálka og kemur til með, ef að lögum verður, að hafa yfirgripsmikil og afdrifarík áhrif á líf fólksins í landinu.

Árum saman hefur verið uppi umræða um það að sveitarfélögin þyrftu að verða sjálfstæðari og hafa meiri ákvörðunarrétt um eigin mál og sveitarstjórnarmenn hafa verið þeirrar skoðunar ekkert síður en aðrir.

Árið 1986 skipaði félmrh. nefndir til að undirbúa verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndaskipunin út af fyrir sig er allrar athygli verð. Svo sem auðvitað var voru þessar nefndir skipaðar hinum mætustu mönnum. Verkaskiptanefndina sátu tveir skrifstofustjórar, einn bæjarstjóri, einn framkvæmdastjóri og einn lögfræðingur. Fjármálanefndin var skipuð einum skrifstofustjóra, einum deildarstjóra, einum bæjarstjóra og einum lögfræðingi. Nefndunum til samstarfs voru svo viðskiptafræðingur, stjórnsýslufræðingur og skipulagsfræðingur. Þetta er auðvitað hinn álitlegasti hópur viturra manna en satt að segja virðist hann dálítið einlitur með öllum þessum stjórum og fræðingum sem allan vanda eiga að geta leyst samkvæmt þeirri ofurtrú sem nú á tímum virðist á óendanlegri visku slíkra manna, og ofurtrú á að þeirra reiknireglur og niðurstöður hljóti skilyrðislaust að vera þær einu réttu.

Þarna sátu að vísu tveir bæjarstjórar frá stórum og efnuðum bæjarfélögum, en þarna sást enginn oddviti eða sveitarstjóri frá smærri sveitarfélögum á landsbyggðinni. Að sjálfsögðu var hver einasti nefndarmaður af Stór-Reykjavíkursvæðinu og að sjálfsögðu var þar engin einasta kona. Ég er ekki að kasta neinni rýrð á þá menn sem sátu í nefndunum, en ég vil fullyrða að það hefði verið affarasælla á allan hátt ef þar hefðu líka setið sveitarstjórnarmenn úr dreifbýli, gagnkunnugir öllum högum þar eða þá a.m.k. menn sem einhvern tímann hefðu verið við sveitarstjórnarstörf á landsbyggðinni og hefðu fundið það á sjálfum sér við hvaða kjör og aðstæður fólk býr þar og hvernig er að starfa þar. Það hefði verið heppilegra, ekki síst vegna þess að þá hefðu sveitarstjórnarmenn um hinar dreifðu byggðir landsins treyst því betur að hagsmuna þeirra væri gætt. Ekki fara heldur sögur af því að nefndarmenn hafi ferðast um landið til að kynna sér aðstæður og vilja fólksins né heldur til að kynna tillögur sínar og áform, en þess hefði þó vissulega verið þörf. Upp úr tillögum og niðurstöðum nefndanna er svo frv. unnið.

Það hefur oft komið fram að niðurstöður og tillögur nefndarinnar hnígi einmitt í þá átt sem sveitarstjórnarmenn sjálfir vilji og það kann að vera rétt í meginatriðum. En það er ekki sama hvernig að málinu er staðið og þar er ýmsu áfátt. Ég fæ ekki séð hvernig er hægt að verja það að þessi breyting sé knúin fram svo hratt.

Ég sat fjármálaráðstefnu sveitarstjórnarmanna í nóvember sl. og ekki get ég sagt að þar ríkti óblandinn fögnuður við tilhugsunina um verkaskiptinguna. Mönnum fannst hana bera of brátt að og ekki gæfist nógur umþóttunar- og aðlögunartími að þessum marghátttuðu breytingum. Auk þess liggur alls ekki fyrir enn hvernig endanlegu uppgjöri við sveitarfélögin verður háttað og þar er verulegur uggur í sveitarstjórnarmönnum. Þeim er nefnilega þannig farið að þeir bæði kynna sér fjárlög og lesa Alþingistíðindi. Þeim er því fullkunnugt um meðferð ríkisstjórna á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga undangengin ár og lái þeim hver sem vill þótt þeir séu haldnir efasemdum um að þessum sjóði, sem er eign sveitarfélaganna, verði gert fært að standa við sínar skyldur.

Það er ekki hægt að segja annað en að það sé verulega ámælisvert hvernig staðið er að því að

knýja þessa breytingu fram einmitt nú fyrir þessi áramót. Af hverju liggur svo mjög á þessu að sveitarstjórnarmönnum sé ekki gefinn nokkur kostur þess að kynna sér frv., hvað þá að kynna það á opnum fundum? Þetta er nefnilega mál þjóðarinnar allrar en ekki einungis Alþingis.

Eins og öllum er kunnugt hafa vissir þættir verkaskiptingarinnar vakið hávær mótmæli um allt land og það rennir enn stoðum undir þá skoðun að nauðsyn hefði verið á að kynna málið lengur og betur og láta lagasetningu og framkvæmd bíða næsta árs. Ég verð að segja að ég hef vissar efasemdir um að þessi fyrirhugaða lagasetning nái tilgangi sínum, þeim tilgangi að dreifa valdi og ábyrgð. Sveitarfélögin kunna að vísu að hafa nokkurt val um forgangsröðun verkefna og tilhögun en valdið kemur ekki til með að liggja hjá þeim fremur en áður, að því er ég best fæ séð. Valdið hlýtur enn sem fyrr að liggja hjá þeim sem útdeilir fjármununum og skerðir Jöfnunarsjóð árlega, ríkisvaldinu.

Það hefur oft komið fram, eins og ég sagði áðan, að niðurstöður og tillögur nefndarinnar hnígi einmitt í þá átt sem sveitarstjórnarmenn sjálfir vilja og það kann að vera rétt í meginatriðum. En eins og ég sagði er ekki sama hvernig að málum er staðið og ég fæ ekki séð hvernig er hægt að verja að þessi breyting sé knúin fram svona hratt.

Ég sagði áðan að valdið hlyti enn sem fyrr að liggja hjá þeim sem útdeila fjármunum og skerða Jöfnunarsjóð árlega, þ.e. ríkisvaldinu. Með frv. er í raun verið að undirstrika ósjálfstæði sveitarfélaganna. Ríkisvaldið verður að leggja þeim til fé og í þeirri umfjöllun er oft ekki litið til þess hvað sveitarfélögin leggja ríkinu til í sameiginlega sjóði. Til skamms tíma var talið að um 70–80% útflutningstekna okkar kæmu frá landsbyggðinni, en þangað skiluðust aftur innan við 20% af því. Ég hygg að þessar tölur hafi ekki mikið breyst og sæti landsbyggðin að sínum hlut væri hag hennar trúlega vel borgið. En við skulum aðeins skoða þá farvegi sem fjármagnið fer í.

Til stjórnar- og fjármálamiðstöðvarinnar í höfuðborginni skal skila öllum gjaldeyri, tekjuskatti og söluskatti auk þess sem þangað safnast tollar, innflutningsgjöld, vörugjöld og fleira, svo sem lífeyrissjóðaféð. Auðvitað njótum við öll nokkurs góðs af þessu fé og suma stjórnsýslu og þjónustu er eðlilegt að hafa á einum stað fyrir allt landið. En hluta af tekjum þeim sem landsbyggðin aflar er svo skilað þangað aftur í formi alls konar styrkja og jöfnunarsjóða. Þetta tvöfalda millifærslukerfi er ákaflega seinvirkt og kostnaðarsamt því fjöldi fólks nærist fyrst á samansöfnun fjárins, síðan á flutningi þess fram og til baka og að lokum á útdeilingu þess til þeirra sem upphaflega öfluðu þess, þ.e. ef það fólk hefur geð í sér, tíma og þolinmæði til að knékrjúpa nægilega oft, og lengi fyrir öllum nefndunum og stjórnunum. Og vextirnir, verðbólgugróðinn og allur þjónustukostnaður verður eftir. Það versta við þetta allt saman er þó hversu margt fólk verður gersamlega ruglað í ríminu af þessu hringsóli fjárins. Það veit ekki lengur hvar í hringrásinni þess er aflað. Íbúar landsbyggðarinnar hafa þá tilfinningu að þjónustuhornið lifi á þeim, en margir íbúar höfuðborgarsvæðisins telja að þeir séu látnir styrkja dreifbýlisbyggðirnar og hvort tveggja er eðlilegt eins og málum er háttað, en það hefur valdið ómældu tjóni og tortryggni milli landshluta. Því er það óbifanleg skoðun mín að það sem öllu máli skiptir sé að landsbyggðinni sé gert fært að hafa meiri umráð fyrir eigin aflafé. Það skiptir öllu máli og þá fyrst er hægt að tala um valddreifingu.

Ég er samþykk því að þessi verkaskipting sem um er rætt fari fram, en ég er ekki sátt við að henni sé flýtt svo mjög eins og ég hef áður tekið fram. Það veltur svo óendanlega mikið á því að ekkert fari í handaskolum og að ekki verði trúnaðarbrestur milli sveitarstjórna og ríkisvaldsins því að þá er allt unnið fyrir gýg.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. í þessari deild býsna stórt og viðamikið mál sem reyndar á sér langa sögu og hefur mikið verið rætt í grundvallaratriðunum, þ.e. sú grunnhugsun að færa verkefni og vald frá miðstjórnarvaldinu, ríkinu, til sveitarfélaganna eða einhverra samstarfsvettvanga sveitarfélaganna. Það á sér langa sögu að menn hafa rætt um slíkt á Íslandi en minna hefur orðið úr framkvæmdum.

Hér er vissulega gerð tilraun til þess að stíga skref í þessa átt og því er við því að búast að margir horfi til frv. með nokkurri eftirvæntingu í ljósi þessarar miklu umræðu en ég held að það skref sem hér er lagt til og þó kannski sérstaklega hvernig að því er staðið sé ekki það vænlega upphaf á slíkri uppstokkun verkefnaskipta milli ríkis og sveitarfélaga sem margir höfðu vonast eftir.

Ég vil í fyrsta lagi segja að ég held að tímasetningin sé óraunhæf. Ég held að það sé bráðræði að ætla að hefja þessa uppstokkun og þennan fyrirhugaða verkefnatilflutning nú þegar við næstu áramót. Ég vek athygli á því að það starf sem unnið hefur verið á vegum ríkisins og samstarfsaðila sveitarfélaganna eða sambandsstjórnar sveitarfélaganna og sveitarstjórnarmanna hefur, til skamms tíma a.m.k., verið miðað við það að verkefnatilflutningurinn ætti sér stað í fyrsta lagi við áramótin 1988–1989.

Álit verkaskiptanefndar, eða hvað hún nú skyldi heita sem fjallað er um í þykkri skýrslu sem við nefndarmenn í félmn. og þeir sem í þeirri nefnd hafa starfað eru orðnir sæmilega kunnugir, gengur út á að þær tillögur í heild sinni, sem einn pakki, verði látnar koma til framkvæmda ekki núna við þessi áramót, heldur að rúmu ári liðnu og það breytir auðvitað mjög miklu hvort menn í fyrsta lagi hafa ár til viðbótar til að undirbúa verkefnið og í öðru lagi hvort það gerist allt í heild sinni eða einungis lítill hluti þess núna. Það nægir að benda á þá augljósu staðreynd í þessu sambandi að í þeim takmarkaða

hluta verkefna sem hér er ráðgert að færa til er nánast um einhliða færslu að ræða, þ.e. eingöngu frá ríkinu til sveitarfélaganna. Það er ekkert tekið í staðinn sem tekur því að nefna og flutt af herðum sveitarfélaganna yfir á ríkið. Og í ljósi þess að veiki bletturinn á öllum þessum hugmyndum, lausi endinn má segja sem alls staðar stendur út af, er fjármögnunin, er spurningin um það hver greiðir kostnaðinn og hvernig, er það auðvitað ekki traustvekjandi að ríkið skuli ekki taka yfir til sín verkefni eða útgjöld í sama mæli og það færir yfir á sveitarfélögin. Ég á hér ekki við Jöfnunarsjóðinn eða minni skerðingu hans sérstaklega. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ráðherra, hæstv. félmrh. og e.t.v. ætti hæstv. fjmrh. að svara þar einnig: Hvers vegna var ekki valin sú leið að bæta sveitarfélögunum upp þau útgjöld sem þau sjáanlega verða fyrir af því að axla þessar byrðar með því t.d. að taka sambærilegan kostnað af sjúkrasamlögum eða tannlækningakostnað á móti og færa hann af sveitarfélögum yfir til ríkis?

Nú gengur álit nefndarinnar út á það að liðir eins og tannlæknakostnaður og sjúkrasamlög, ef ég man rétt, útgjöld af þessum toga, færist frá sveitarfélögunum eða þeim verði létt af sveitarfélögunum og tekin upp af ríkinu þegar verkefnaskiptin í heild sinni, allur pakkinn er genginn í gegn. Ég held að nauðsynlegt sé að fá þessu svarað strax í upphafi því að það skiptir auðvitað miklu máli að gagnkvæmt trúnaðartraust ríki milli aðila þegar þessi verkefnafærsla á sér stað, hvort sem það er einhver hluti hennar eða verkefnafærslan í heild.

Ég hef, herra forseti, lagt fram brtt. á þskj. 381 og sú brtt. er mjög einföld. Hún er ein grein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 29. gr. Í stað „1. janúar 1988“ komi: 1. janúar 1989.“

Þessa brtt. ber að skoða sem varatillögu. Þó að það komi ekki fram í heiti tillögunnar er hún varatillaga eðli málsins samkvæmt vegna þess að ræðumaður styður álit minni hl. félmn. sem leggur til að málinu í heild verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég teldi það eðlilegustu málsmeðferðina að Alþingi segði við hæstv. ríkisstjórn: Gott og vel. Við viljum gjarnan að þessi mál séu skoðuð. Í því felst ekki að Alþingi taki neikvæða afstöðu nema síður sé til þess að haldið verði áfram á þessari braut og haldið verði áfram að vinna að þessum málum. En allt og sumt sem Alþingi segir er: Við viljum að hæstv. ríkisstjórn undirbúi þetta mál betur. Það tel ég í ljósi allra aðstæðna mjög skynsamlega málsmeðferð og styð því, eins og ég hef þegar tekið fram, álit minni hl. félmn. enda kemur það fram aftast í nál.

En fari svo að meiri hl. hv. alþm. fallist ekki á þessa tilhögun og felli það að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þá hef ég lagt fram við þessa umræðu brtt. þess efnis að öll verkefnafærslan frestist um eitt ár. Ég vil fá það, herra forseti, fram við þessa umræðu, við 2. umr. hér í deildinni, hvort meiri hl. alþm. hlustar hvorki á röksemdir stjórnarandstæðinga og annarra þeirra sem komið hafa til að mynda til viðræðna við hv. þingnefnd um nauðsyn þess að binda betur lausa enda í þessu máli og ef svo fer að hv. stjórnarliðar og þeir sem styðja ríkisstjórnina stundum og stundum ekki fallist ekki á það og ekki heldur að fresta gildistöku breytinganna um eitt ár, þá vil ég að það liggi ljóst fyrir þegar eftir 2. umr. málsins hér í þessari deild, þannig að enn sé þá eftir ein umr., 3. umr., þar sem menn geti rætt málin út frá þeirri niðurstöðu atkvæðagreiðslu ef svo færi að ríkisstjórnin ætlaði að knýja allar þessar breytingar á þegar við næstu áramót og sé ekki til viðtals um það að fresta gildistöku breytinganna. Þá kemur auðvitað til greina að ræða það og láta á það reyna hvort eitthvert samkomulag sé til um að fresta gildistöku tiltekinna hluta þeirrar færslu sem hér er lögð til.

Hæstv. ríkisstjórn er reyndar þegar á undanhaldi með einn þátt þess máls þar sem eru tónlistarskólarnir. Ég hef skilið það svo, a.m.k. í félmn., að það sé væntanleg, ef ekki þegar komin fram, brtt. um að fresta gildistöku þess að tónlistarfræðslan færist yfir á sveitarfélögin a.m.k. um missiri. (Gripið fram í.) Fram til 1. sept. 1989. Þá er það upplýst. Þakka fyrir. Þetta sýnir auðvitað að hæstv. stjórnarliðum er ekki alls varnað. Þeir hafa áttað sig á því að það mætir mikilli andstöðu að flytja þetta verkefni einhliða yfir á sveitarfélögin. Það er talið óskynsamlegt af ýmsum faglegum ástæðum. Það gengur í raun þvert á dóm reynslunnar sem segir okkur að fátt hafi orðið jafnmikil lyftistöng tónlistarfræðslunni og það þegar ríkið tók upp að greiða hluta af kostnaði því samfara.

Ég tel t.d. að það sé annar liður inni í þessu frv. sem nákvæmlega sama máli gegni um og það er rekstur byggða- og minjasafna. Ég tel það órökrétt, nánast hvernig sem á það mál er litið, að ætla að færa það verkefni alfarið yfir á sveitarfélögin. Ég hefði talið meiri hl. félmn. menn að meiri ef þeir hefðu líka lagt til að a.m.k. fresta færslu þess verkefnisþáttar vegna þess að það háttar svo til um báða þessa málaflokka sérstaklega að endurskoðun, annaðhvort á heildarlögum um þá eða endurskoðun annarra hluta sem tengjast þessum verkefnum, er í bígerð. Ég á hér við heildarendurskoðun laga um þjóðminjavörslu. Og ég á við það að grunnskólalög og færslu grunnskólanna yfir til sveitarfélaganna verður auðvitað að skoða í samhengi við tónlistarfræðsluna. Á það hefur einmitt verið bent af mörgum sveitarstjórnarmönnum að það sé með öllu órökrétt að tónlistarfræðslan sæti annarri meðferð en önnur almenn fræðsla. Ef það verður niðurstaðan, hvort sem það verður að ári liðnu eða einhvern tímann seinna, að verkefni á sviði grunnskóla skiptist þannig upp milli ríkis og sveitarfélaga að sveitarfélögin annist rekstur en ríkið greiði laun, þá spyr maður og ég spyr hæstv. félmrh.: Hver eru rökin fyrir því að hafa ekki nákvæmlega sama hátt á í tónlistarskólunum, tónlistarskólum á grunnskólastigi, eða tónlistarfræðslu fyrir börn og unglinga? Ég spyr: Hver eru rökin? Hvað er það í tónlistarskólum, þar

sem verið er að kenna börnum tónmennt, sem er öðruvísi en í grunnskólum þar sem verið er að kenna ýmis önnur fræði? Hvað er það sem rökstyður það að sveitarfélögin eigi ein að bera allan kostnað af fræðslu á þessu sviði en ekki annars staðar? Ég held að þarna væri verið að búa til ósamræmi sem væri óskynsamlegt og þarna væri verið að brjóta niður ákveðna frjóanga menningarstarfsemi sem hafa verið að blómgast víða um landið á undanförnum árum.

Ég vil því í fyrsta lagi að hæstv. félmrh. — og ég geri ráð fyrir að hann tali fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þó maður efist nú stundum um það að hve miklu leyti einstakir ráðherrar tjá sig fyrir hönd allrar ríkisstjórnarinnar þegar maður hlustar á umræður og les ummæli þeirra í blöðum þessa dagana — ég vil að hæstv. ráðherra byrji á því að svara til um það: Er einhver samkomulagsflötur í þessu máli af því tagi að gildistöku breytinganna verði frestað? Annaðhvort með því að hæstv. ríkisstjórn taki málið til sín aftur eins og lagt er til í nál. minni hl. eða með samkomulagi um að fresta gildistöku laganna þannig að a.m.k. eitt ár líði til þess númer eitt, númer tvö og númer þrjú að endurskoða lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, setja þar lög og láta þeim fylgja reglugerðir þar sem alveg morgunljóst er hvernig á að jafna út aðstöðumun sveitarfélaganna í þessu sambandi, hverjar verða tekjur Jöfnunarsjóðs í tengslum við þær skattkerfisbreytingar sem nú eru að ganga yfir. Nú er það svo, eins og menn vita, í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að hann hefur tekjur úr tveimur áttum, annars vegar af söluskatti og hins vegar verðtollstekjur. Báðum þessum tekjustofnum er nú verið að gerbreyta og hér eru opin frv. á hinu háa Alþingi um þetta tvennt. (**Forseti:** Ég vil beina því til ræðumanns hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni þar sem nú er ákveðið að hafa hlé á fundinum.) Já, herra forseti, ég hygg að ég geti lokið ræðu minni á tveimur mínútum ef það leyfist. (**Forseti:** Já, þá mun það leyft.)

Ég vil gjarnan, herra forseti, hafa þessi orð ekki miklu fleiri að sinni vegna þess að ég vil gefa hæstv. ráðherra kost á því að svara hér sem fyrst og hann gerir það þá vonandi í upphafi þess að við höldum fundinum áfram. Ég tel nauðsynlegt fyrir umræðuna að það fáist strax fram hvaða möguleikar eru á einhverju samkomulagi um þetta mál. Það má öllum ljóst vera að það á eftir langa og stranga vegferð hér í gegnum þingið ef hæstv. ríkisstjórn er ekki til nokkurs samkomulags um meðferð þess. Ég held að ósk stjórnarandstöðunnar um að þessi mál verði tekin til betri skoðunar og þá varatillögur um það að gildistöku breytinganna verði frestað séu sanngjarnar óskir. Þær eru studdar efnislegum rökum og ég vil þá a.m.k. fá að heyra frá hæstv. ráðherra og öðrum talsmönnum ríkisstjórnarinnar hvað það er sem gerir það að verkum ef svo er að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að ræða a.m.k. um slíka möguleika. — [Fundarhlé.]

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 246 við frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Brtt. hljóðar þannig:

„Við II. kafla, um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum. Kaflinn falli brott."

Ég hef eytt hér ómældum tíma í að ræða gildi íþrótta í gegnum tíðina fyrir land og þjóð og ætla ekki að þreyta þm. á að fara yfir þá rullu alla enn einu sinni, en bent hefur verið á að taki þessi lög gildi þá muni aðstöðumunur verða óviðunandi hvað varðar íþróttaaðstöðu í landinu þar sem minni félögin muni líða fyrir það hversu smá þau eru og úr hve litlu þau hafa að moða af fjármagni. Þetta mun einnig leiða til þess að það verður röskun á byggðamálum þannig að hér er um málefni byggðastefnu að ræða einnig þar sem ljóst er að æskufólk og þeir sem vilja stunda íþróttir leita þangað sem aðstaðan er og hún mun væntanlega ekki verða í heimabyggð í smærri sveitarfélögum og þar af leiðandi mun metnaðarfullt íþróttafólk sækja á þá staði þar sem aðstaðan er fyrir hendi en það er væntanlega í stærri byggðarfélögum og þá einna helst hérna á höfuðborgarsvæðinu.

Mikið hefur verið rætt um fólksflóttann af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið og væri því illa gert að stuðla að því enn frekar að fólk flýi landsbyggðina inn á höfuðborgarsvæðið.

Einnig hefur verið bent á það að íþróttir eru almenningseign. Það á ekki að vera í hendi sveitarstjórna út um hina dreifðu byggð hvort íþróttir séu almennt stundaðar í viðkomandi sveitarfélagi eða ekki. Það verður þannig ef þessi lög taka gildi þar sem það verður í hendi sveitarstjórna hvort þau stuðla að uppbyggingu íþrótta í sínu sveitarfélagi. Og það segir sig sjálft að þar sem fjármagn er af skornum skammti þá er hætta á því að íþróttir verði látnar sitja á hakanum.

Það hefur verið bent á forvarnarstarfið og hvað íþróttir vigta þungt í forvarnarstarfinu. Íþróttamenn neyta minna áfengis og minna tóbaks en gengur og gerist um jafnaldra þeirra og ætti Alþingi að bera gæfu til að stuðla að slíku hvar sem hægt er.

Nefnt hefur verið uppeldishlutverk íþróttanna. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það hversu þroskandi þær eru og þá ekki síst hversu mjög þær spara heilbrigðisgeiranum í útlögðum kostnaði.

Þá hefur verið talað um landkynningarþátt íþróttanna og nægir þar að benda á hina fjölmörgu núorðið heimsfrægu íþróttamenn sem við eigum eins og t.d. Ásgeir Sigurvinsson, sem getið hefur sér frægðarorð í Belgíu, Þýskalandi og víðar, Arnór Guðjohnsen sem aflað hefur sér frægðar í Belgíu, formann Borgarafl., sem varð kunnur í Englandi, Skotlandi, Ítalíu, Frakklandi og víðar og Einar Vilhjálmsson um allan heim fyrir afrek sín í spjótkasti. Svona má náttúrlega lengi telja og væri reyndar gaman að fá það útreiknað miðað við síðupláss í dagblöðum þar sem nafn Íslands kemur fram hvers virði þetta er fyrir landið miðað við þann

auglýsingakostnað sem yrði að leggja í fyrir bragðið. Enda sagði hv. þm. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., að hér væri á ferðinni einhver besta fjárfesting sem völ væri á.

Hv. þm. sagði einnig að það væri krafa að aðstaða væri fyrir hendi í öllum byggðarlögum landsins. Með því að samþykkja þessi lög óbreytt eins og þau eru nú er engan veginn hægt að standa undir þessari kröfu. Hann kom einnig inn á það að endurskoða þyrfti íþróttalög. Ég er honum fyllilega sammála en ég tel að það eigi að gera það áður en svona skref er stigið þar sem færa á allt íþróttastarfið yfir á sveitarfélög.

Nefndin hefur borið gæfu til að taka á málefnum tónlistarskóla og ákveða að fresta gildistöku þeirra laga fram á mitt ár 1989. Ég tel mjög eðlilegt að gert sé slíkt hið sama hvað varðar íþróttir og það skoðað út frá nánast sömu rökum og frestað er núna gildistöku laga um tónlistarskóla og tónlistarkennslu.

Engu að síður viðurkenna þeir nú hálfpartinn, meiri hl. félmn., að þeir fari ekki alveg með rétt mál því að þeir setja inn svona „mini"-íþróttasjóð eða eins og ég sagði um daginn, svona snuð sem er stungið upp í okkur sem erum að röfla hérna um íþróttir og hæstv. ráðherrar hirða nánast ekki að svara um þegar þeir eru spurðir um það málefni. Þeir brosa út í annað og leggja á flótta út úr sal. Þeim íþróttasjóði sem þarna er ráð fyrir gert eru skammtaðar 15 millj. og það sér hvert mannsbarn að fyrir heila landsbyggð stuðlar það að nánast engri uppbyggingu, og ég fullyrði reyndar engri, því þessar 15 millj. fara í það að greiða upp þær skuldbindingar sem Íþróttasjóður er þegar bundinn við.

Ég hef spurt ráðherra að því, og ég sé að hæstv. menntmrh. er í salnum, hvernig þeir hyggist taka á því ef landssambönd fara út í byggingu íþróttamannvirkja. Ég hef nefnt sem dæmi ef Handknattleikssamband Íslands hyggst byggja höll og hugsanlega þurfa þeir jafnvel að byggja sér aðstöðu ef þeir taka við heimsmeistarakeppninni 1994. Hvaða sveitarfélag á að taka þátt í því? Á Reykjavíkurborg að standa ein undir slíku? Ég efast um að hv. Davíð Oddsson fallist á slíkt ef svona lög taka gildi, enda ekki hægt að krefja hann um það að hans sveitarfélag eitt standi að slíkri uppbyggingu.

Ég vil því hvetja menn til að greiða þessari brtt. atkvæði og gefa okkur betri tíma til að skoða málefni íþrótta. Ef út úr þeirri endurskoðun kemur að þau eru betur geymd á herðum sveitarfélaga en eins og er í dag, á herðum bæði ríkis og sveitarfélaga, þá skulum við aftur taka það mál upp.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Nú er komið til 2. umr. afar mikilsvert mál sem er frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég segi mikilsvert mál ekki vegna þess að þetta frv. sem slíkt sé eitthvert fagnaðarerindi, því miður er svo ekki, heldur af þeirri ástæðu að hér er verið að gera tillögur af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta hennar hér á Alþingi og tekið undir af meiri hl. í félmn. að ráðast nú í svokallaðan fyrsta áfanga í breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og það skiptir auðvitað afar miklu, og þar er ég sammála því sem kom fram hjá talsmanni meiri hl. félmn., hv. þm. Alexander Stefánssyni, að það skiptir afar miklu að þær ákvarðanir sem teknar verða takist vel. Og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að vanda til þess verks sem verið er að boða með þessu frv.

Ég hef farið yfir álit meiri hl. og minni hl. félmn. og það hefur þegar komið fram að áheyrnarfulltrúi Alþb. í félmn. hv. deildar, hv. 4. þm. Norðurl. e., styður nál. minni hl. félmn. Ég er að sjálfsögðu sammála honum um það viðhorf. Mér sýnist að minni hl. hafi fært mjög veigamikil og gild rök fyrir þeirri skoðun að vísa beri þessu máli til ríkisstjórnarinnar til þess að yfir þetta mál verði farið að nýju með allt öðrum hætti en gert hefur verið til þessa í samvinnu við sveitarfélög í landinu og þingflokka á Alþingi. Svo hér er verið, því miður, að boða vegferð sem enginn sér fyrir endann á. Og ég tek undir með hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur þegar hún greindi frá í sínu máli og tekið var undir af hv. 4. þm. Norðurl. e., að hér er byrjað á öfugum enda. Það er nú kjarni málsins. Það er kjarni málsins. Það er byrjað á öfugum enda, tilfærslu í ýmsum atriðum, fjárhagslega tiltölulega veigalitlum liðum fyrir sveitarfélögin en þó allflóknum, og ekki bara sveitarfélög heldur sem snerta marga fleiri aðila, og annað skilið eftir. Það er einkennið á þessum svokallaða fyrsta áfanga.

En áður en ég kem að frv. sjálfu, virðulegur forseti, í einstökum atriðum þá kemst ég ekki hjá því að ræða svolítið almennt um viðhorf til þessara mála, þ.e. stjórnskipunarinnar í landinu, spurningarinnar um skiptin milli þeirra stjórnsýslustiga sem við nú höfum og hugmynda um breytingar á þessari undirstöðuskipan stjórnsýslunnar sem er mikið til umræðu í landinu og snertir í grundvallaratriðum það mál sem hér er á dagskrá. Þar á ég við þá spurningu sem mikið hefur verið rædd á Alþingi í byggðanefnd þingflokkanna, í endurskoðunarnefnd stjórnarskrár landsins, í umræðum um frv. um breytingu á stjórnskipun Íslands sem flutt hafa verið hér á Alþingi og um land allt, þ.e. spurningin um það hvort ekki sé rétt og tímabært, til þess að dreifa valdi og auka lýðræðisleg áhrif almennings í landinu, að stofna til nýs stjórnsýslustigs sem kallað hefur verið þriðja stjórnsýslustigið eða millistigið í stjórnsýslunni og ýmist eru nefnd héruð, héraðsstjórnir eða fylki í hinni almennu umræðu.

Ég hef verið talsmaður þess bæði hér á hv. Alþingi, í mínum þingflokki og í almennum umræðum í landinu að það sé rétt og tímabært raunar fyrir löngu að stofna til millistigs í stjórnsýslunni, efna til stærri eininga, skipta landinu upp í stærri heildir til viðbótar við sveitarfélögin sem séu þess megnugar að taka við með myndugum hætti stórum verkefnum sem nú eru á hendi ríkisins og færa umsjá þeirra og ráðstöfun fjármagns er þau snertir nær

fólkinu innan héraða og undir stjórn lýðræðislega kjörinna héraðsstjórna.

Ég held að það hefði verið æskilegt að menn næðu landi í umræðu um þetta efni eins og svo mörg önnur sem snerta valddreifingu í landinu og möguleika á áhrifum almennings áður en farið væri að taka á þeim þætti hverju skuli ráðstafað, t.d. af þeim verkefnum sem ríkið nú styður og stjórnar, til sveitarfélaga og að sumu leyti öfugt að því er fjárhagslegan stuðning snertir, að sveitarfélögin taki á sig ákveðna þætti.

Ég vil aðeins fara yfir það hér, virðulegur forseti, að fyrir tveimur árum voru sett hér ný sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Þessi lög voru ekki með þeim hætti sem væntingar stóðu til um af hálfu þeirra sem unnu að undirbúningi þeirra og lögðu frv. hér fram á hv. Alþingi til þeirra laga, hvað þá til að uppfylla væntingar þeirra sem barist hafa fyrir því að auka áhrif landsbyggðarinnar og koma þar upp nýju afli sem einhverju máli skipti í togstreitunni um völd og áhrif við ríkisvaldið sem hreiðrað hefur um sig hér í höfuðstað Íslands, hefur hér sínar miðstöðvar, hefur átt hlut í því að gera Reykjavík og Reykjavíkursvæðið að því sem það er í dag, ofvöxnu höfuði í stóru en fámennu landi. Og þar hefur áhrifamöguleikum stjórnskipunarinnar ekki verið beitt sem skyldi til þess að andæfa gegn þessari þróun. Því miður.

Menn minnast þess vafalítið að í frv. til sveitarstjórnarlaga, sem lagt var fram hér á þinginu 1985–1986 og endurflutt haustið 1986, var sérstakur kafli um héraðsstjórnir. Þar endurspeglaðist sú hugsun að koma upp millistigi í stjórnsýslunni, að vísu ekki nákvæmlega með þeim hætti sem ég hef mælt með að gert yrði, vegna þess að það voru agnúar á því verulegir, bæði á stærð þeirra héraða sem þar voru lögð til svo og kjör til héraðsstjórna sem áttu að fara með málefni þessara svæða. En engu að síður var þetta mál flutt inn í stjfrv. í áttina að því sem kröfur höfðu staðið til um.

Við meðferð þessa máls hér á Alþingi á hinu síðara þingi 1985–1986 lagði ég fram brtt. við frv. um myndun héraða, um að endurreisa þann kafla í breyttu formi sem þáverandi stjórnarmeirihluti heyktist á að þoka fram og lögfesta, kaflann um héruð og héraðsstjórnir. Ég gerði það að tillögu minni þá að landinu yrði skipt upp í jafnmörg héruð og kjördæmin eru í landinu, þ.e. átta talsins. Sú tillaga var hugsuð af minni hálfu þannig að einfaldast væri að ganga þannig til verka að miða við núverandi kjördæmaskipan vegna þess að margháttað samstarf fer fram meðal sveitarfélaga á grundvelli kjördæmaskipunar í landinu og í ýmsu öðru formi, þar á meðal varðandi starfsemi sem við erum að ræða hér, að vísu ekki nákvæmlega skipt eftir kjördæmum, sumpart á sýslugrundvellinum gamla, þ.e. í sambandi við sýslufélögin, og þá á ég m.a. við íþróttastarfsemina sem er einn þáttur af því frv. sem hér er til umræðu.

Ég lýsti því þá yfir og ég lýsi því yfir enn að ég er til viðræðu um einhverja aðra landfræðilega skiptingu í sambandi við þriðja stjórnsýslustigið í landinu. Ég er fyllilega til viðræðu um aðra skipan en ég var að leggja til, það er mér ekki heilagt. En ég held að þetta þurfi að vera tiltölulega stórar einingar og þurfi helst að falla að núverandi félagslegu kerfi í landinu eins vel og auðið er og þar sýnist mér að kjördæmin geti gilt, nema hér á höfuðborgarsvæðinu. Það var eina breytingin sem ég gerði tillögu um að yrði frá því að fella þetta að kjördæmaskipan, þ.e. höfuðborgarsvæðið yrði eitt hérað, höfuðborgarsvæðið sem slíkt frá Hafnarfirði upp í Mosfellssveit að Seltjarnarnesi meðtöldu, og Suðurnes eða Reykjanes að öðru leyti, Reykjaneskjördæmi, sem ekki yrði innan höfuðborgarhéraðsins, yrði sérstakt hérað sem kallaðist Suðurnes.

Í tillögum um breytingu á frv. til sveitarstjórnarlaga útfærði ég þessa hugmynd nánar og gerði það að tillögu í formi lagatexta að til héraða skyldi færa hið fyrsta eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni. Og ég vil leyfa mér að nefna þessa málaflokka af tilefni þessarar umræðu hér í dag, virðulegur forseti.

Svæðisbundin verkefni: 1. Húsnæðismál. 2. Almannatryggingar. 3. Skipulagsmál. 4. Byggðamál. 5. Menntamál. 6. Þjóðminjavernd. 7. Heilbrigðismál. 8. Vegamál. 9. Orkumál. 10. Opinbert eftirlit. 11. Ráðgjöf í atvinnumálum.

Þessari tillögu fylgdi að samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skyldi dregið úr umsvifum Stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil skýra þetta aðeins nánar. Hugsunin er ekki sú að afmunstra Stjórnarráð Íslands á þessu málasviði. Það er ekki hugsunin. Heldur að koma upp svæðisbundinni stjórn á þeim málaflokkum sem ég hér tilgreindi í tillögu minni, en auðvitað gátu og geta ýmis önnur komið þar til greina. Þegar menn hafa rætt um tilfærslu eða uppbyggingu ríkisstofnana úti um land hefur þetta stundum verið kallað útibúaleiðin, en sá munur er á þessari tillögu að þarna er ætlunin ekki að ríkið sem slíkt ráði yfir þessu heldur héruð og lýðræðislega kjörnar héraðsstjórnir yfir þeim þáttum mála er varða viðeigandi svæði.

Þessar tillögur hlutu ekki hljómgrunn. Þessi tillaga mín var felld hér á Alþingi eða fékk þann andbyr að hún náði ekki fram að ganga og fylgdu henni þó tillögur um tekjustofna. Því það er eðlilegt að um það sé spurt þegar við ræðum um þetta mál hér: Var þm. á þessum tíma bara að gera tillögur um verkefnaflutning án tekjustofna? Svo var ekki. Það fylgdu þessu útfærðar tillögur um tekjustofna héraða. Hvernig tryggja skyldi að héruðin fengju tekjustofna til þess að standa undir uppbyggingu á þeirri svæðisbundnu starfsemi og yfirstjórn sem þarna var gerð tillaga um. Og það fylgdi einnig útfærð tillaga í formi frumvarpstexta um það hvernig kosið skyldi til yfirstjórnar þessara héraða, þessara svæða sem þarna var gerð tillaga um að stofnað yrði til.

Ég minni á þetta, virðulegur forseti, vegna þess að hér er um að ræða undirstöðuatriði þegar verið er að meta hversu langt á að ganga og hvernig á að ganga að því verkefni að skipta upp verkum milli stjórnsýslustiga í landinu, sem nú eru aðeins tvö, eftir að sýslurnar, sem voru nú eins konar botnlangi í kerfinu með vissum hætti, en voru, ég segi illu heilli, afnumdar með lagasetningunni þegar sveitarstjórnarlögin voru samþykkt 1986 og eiga að leggjast af sem sjálfstæðar heildir í árslok 1988. Ég segi því miður illu heilli, vegna þess að það hefði vissulega verið eðlilegt að taka upp sýsluskipanakerfið í landinu og setja í staðinn nýtt millistig í takt við tímann. Í takt við þróun mála í landinu, byggðamála, samgöngumála og annarra þátta nútímalífs á Íslandi. En ekki að leggja sýslurnar niður með þessum flausturslega hætti sem gert var með þessari lagasetningu og hverfa frá og kistuleggja þá tillögu sem m.a.s. birtist í stjfrv. að efna til myndunar formlegra héraða sem millistigs í stjórnsýslunni.

Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að það sé mikil þörf á því að leitast við að andæfa gegn miðstýringartilhneigingum í íslensku samfélagi. Kemur það svolítið þvert á það sem almennt er verið að reyna að núa okkur alþýðubandalagsmönnum um nasir þegar ágætir menn, sem hafa fengið uppeldi sitt í æskulýðsfélögum hægrifylkingarinnar í landinu, Heimdalli og öðrum slíkum, eru að flytja ræður sínar eða skrifa í málgögn sín, þá leitast þeir gjarnan við að koma þeim stimpli á Alþb. að það sé flokkur miðstýringar. Það sé flokkur sem vilji hafa allt undir ríkisforsjá, undir einu miðstýrðu valdi. Ef nokkuð er öfugmæli þá er það það viðhorf. Vissulega höfum við ætíð viljað tryggja að velferðarmál og jöfnunarmál í landinu væru tryggð með löggjöf og það giltu ein lög yfir Ísland á þeim grundvelli að menn nytu hér jafnréttis, óháð búsetu, á sem flestum sviðum. En verkefnin bæði í atvinnulífi og í félagsmálum eru best komin nálægt heimavettvangi sem viðfangsefni þeirra sem taka þátt í þeim og hafa best skilyrði til þess að leysa viðkomandi þætti.

Þessi viðhorf, herra forseti, endurspeglast í þingmáli sem ég hef þrívegis ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. flutt hér inn á Alþingi í formi þáltill. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Þessi till. kom síðast fram á þskj. 39 1986, sem 39. mál á því þingi og var rætt þar í þriðja sinn en ekki afgreitt frá nefnd. Ég hef ekki hreyft þessu máli á yfirstandandi þingi, þó ég hafi flutt hér ásamt fleiri þm. Alþb. ýmis mál sem snerta byggðamál í landinu, og mun ég aðeins víkja að því síðar eftir ástæðum í umræðunni því það snertir það efni sem hér er til umræðu.

En ég vil víkja aðeins að efni þeirrar tillögu um valddreifingu til héraða og sveitarfélaga sem ég nefndi til þess að menn skilji hvaða hugsun er þarna á ferðinni. Ég vil leyfa mér til að stytta mál mitt, herra forseti, að fara yfir nokkur tölusett meginatriði eins og þau koma fram í upphafi grg. með þessari till. um nýja byggðastefnu og valddreifingu, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Með þáltill. þessari um nýja byggðastefnu og valddreifingu er gert ráð fyrir róttækri breytingu í byggðamálum með það að markmiði að efnaleg staða landsbyggðarinnar styrkist sem fyrst og sjálfræði einstakra landshluta og sveitarfélaga í eigin málum vaxi til muna frá því sem nú er. Till. gerir ráð fyrir að þessum markmiðum verði m.a. náð með eftirtöldum hætti:

1. Rekstrarstaða frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, verði strax leiðrétt og milliliðir og þeir sem sitja í yfirbyggingunni í þjóðfélaginu komist ekki upp með að blóðmjólka þær lengur.

2. Hlutur landsbyggðarinnar í þjónustustarfsemi verði markvisst aukinn, m.a. með tilfærslu opinberra þjónustuþátta og viðskiptastarfsemi út í landshlutana.

3. Nýsköpun í atvinnumálum verði að verulegu leyti miðuð við eflingu atvinnulífs út um land, reist á góðu skipulagi, virkri ráðgjafarþjónustu og frumkvæði heimamanna.

4. Aðstaða heimila og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni verði bætt með því að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu svo sem orku og fjarskipti.

5. Komið verði á héraðsstjórnum sem kjörnar verði með lýðræðislegum hætti í hlutfallskosningum innan viðkomandi þjónustusvæða eða kjördæma.“ — Það er það mál sem ég hef nánar útskýrt hér áðan og flutti um sérstaka brtt. við sveitarstjórnarlagafrv. þegar það var hér síðast til umræðu.

„6. Héraðsstjórnir fái tekjustofna til að ráðstafa í verkefni í ýmsum málaflokkum á viðkomandi svæði. Slíkir tekjustofnar taki m.a. mið af framleiðslustarfsemi á svæðinu og athugað verði að veita til héraða í samræmi við íbúafjölda ákveðnum hundraðshluta af söluskatti eða öðrum tekjustofnum sem ríkið hefur not af.

7. Ýtt verði undir stækkun sveitarfélaga með samruna þannig að lífvænlegar einingar myndist í atvinnumálum, félagsmálum og daglegri þjónustu.

8. Sveitarfélögin fái aukið sjálfræði í tekjuöflun svo og nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum frá ríkinu.

9. Sjálfstjórn fámennra byggða varðandi sérmálefni haldist að miklu leyti þótt sveitarfélögin stækki. Í því skyni verði kosin hreppsráð í stað hreppsnefnda er fari með heimamálefni í samvinnu við sveitarstjórn.

10. Verkefni Byggðastofnunar verði flutt út í landshlutana þar sem myndaðir verði þróunarsjóðir og komið á fót þróunarstofum er vinni að hagrænum málum og áætlanagerð á vegum héraðsstjórna.“

Þetta eru þau tíu tölusettu atriði sem fylgdu till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarstjórna.

Ég hef íhugað að taka þetta mál enn og aftur upp á Alþingi vegna þess að hafi það verið brýnt fyrir þremur árum er það enn brýnna í dag. Ég tel að það sé ein viðbótarröksemd við það sem fram kemur í

annars ágætu áliti minni hl. félmn. þess efnis að vísa frv. sem við ræðum hér til ríkisstjórnarinnar að það sé brýnt og nauðsynlegt að taka héraðaskipanamálin upp til umræðu í þinginu, marka þar stefnu og láta reyna á það hvort vilji er fyrir slíkri nýskipan eða ekki. Er hægt að ná samstöðu um slíka nýskipan? Það mun gerbreyta grunninum undir því sem hér er til umræðu með hvaða hætti á að auka sjálfræði byggðanna, með hvaða hætti, hvað á að vera í hlut sveitarfélaga. Það er margt og margt sem á að koma þar til viðbótar, en hvað er betur komið hjá millistigi í stjórnsýslunni í héruðum sem í aðalatriðum gætu fallið að kjördæmaskipan í landinu?

Ég þarf ekki að rifja upp, virðulegur forseti, að starfandi var hér að tilhlutan eða með samkomulagi þingflokka fyrir fáum árum sérstök byggðanefnd þingflokkanna sem skilaði áliti í júlí 1986 um þróun byggðar, atvinnulífs og stjórnkerfis í ágætri samantekt sem frá henni kom, eftir að þingflokkarnir höfðu fengið til umræðu ákveðnar hugmyndir frá nefndinni. Þessi nefnd var að mig minnir, virðulegur forseti, sett á laggirnar í febrúarmánuði 1985 og var skipuð tilkvöddum fulltrúum þingflokka. Af hálfu míns þingflokks sat í nefndinni þáverandi 2. þm. Austurl. Helgi Seljan, sem því miður er ekki lengur meðal okkar í þingsölum, en hann vann mikið starf í þessari nefnd eins og fulltrúar annarra flokka og þeir náðu þar góðri samstöðu innbyrðis um tillöguflutning sem varðaði stjórnskipun í landinu. Í þessum hópi var m.a. hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir sem fjallaði þar um þessi mál með öðrum fulltrúum þingflokkanna og stóð að því áliti sem þaðan kom um þessi efni. Ég held það sé ástæða til þess, virðulegur forseti, að athuguðu máli, vegna þess að það er það margt af nýju fólki sem er komið inn á Alþingi og þessar tillögur hafa legið í óþægilega miklu þagnargildi undanfarin missiri eða a.m.k. frá því að kosið var síðast til þings á Íslandi, frá því sl. vor, að rifja upp um hvað var samstaða í byggðanefnd þingflokkanna varðandi það efni sem við ræðum hér. Það er ekki mjög löng tilvitnun þannig að ég held að það sé ekki ofætlan, þó við höfum mikið að gera, að minna á kjarnann í þessu áliti. Þar segir, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Sérstaka áherslu verður að leggja á að veruleg breyting er óhjákvæmileg ef vinna á að aukinni valddreifingu og virkara lýðræði með umtalsverðri tilfærslu verkefna og fjármálaábyrgðar frá ríki til heimastjórnvalds þannig að landsmenn geti í auknum mæli ráðið eigin málum eins og fyrir er lagt."

Þetta er sameiginleg niðurstaða nefndarinnar, þ.e. byggðanefndar þingflokkanna. Á hinn bóginn greinir einstaka nefndarmenn á um hvernig breyta eigi stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga í einstökum atriðum til þess að tilætluð áhrif náist. (**Forseti:** Ég vil upplýsa ræðumann um það honum til hægðarauka að það er ætlunin að gera hálftíma hlé á þessum fundi kl. fimm vegna fundar forseta og formanna þingflokka. Það fer þá eftir atvikum hvort hann kýs að ljúka máli sínu eða halda áfram eftir það hlé. Ég vildi aðeins upplýsa þetta.) Já, virðulegur forseti, ég er staddur hérna mitt í mínu máli og á eftir að fjalla um efnisþætti frv. þannig ég á ekki von á að ég ljúki máli mínu á þeim fimm mínútum sem eru þá eftir. (**Forseti:** Ég er að sjálfsögðu ekki að hefta málfrelsi hv. ræðumanns að neinu leyti. Þetta er aðeins til upplýsingar.) Ég þakka, herra forseti. Ég átti ekki von á því.

Í áliti byggðanefndar, svo ég nýti þann tíma sem liggur fyrir, segir í framhaldinu: „Aðalvandinn við að ná þeim markmiðum, sem nefndinni er uppálagt að stefna að með tillögum sínum, felst í því að fámennari sveitarfélögin, sem sífellt eru að veikjast, valda ekki þeim verkefnum sem þeim eru ætluð að lögum. Þau ráða því ekki við aukin verkefni nema til komi auknar tekjur frá samfélaginu öllu, stækkun sveitarfélaga eða aukin samvinna þeirra í einhverri mynd. Alkunna er að umræða um sameiningu sveitarfélaga hefur staðið í áratugi. Árangur af viðleitni í þá átt með frjálsum samningum er sáralítill. Enginn vafi er á að með sameiningu og stækkun sveitarfélaga væri hægt að sinna betur þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin. Á hinn bóginn verður að benda á að sameining tveggja eða fleiri fámennra sveitarfélaga í strjálbýli leysir ekki vandann. Búast má við áframhaldandi hlutfallslegri eða beinni fækkun íbúa þeirra samkvæmt fenginni reynslu þrátt fyrir sameininguna.

Óhætt er að fullyrða", segir byggðanefnd þingflokkanna enn fremur, „að mikil breyting þarf að verða á pólitískri afstöðu til sameiningar sveitarfélaga til að hægt sé að færa veruleg verkefni og völd frá ríkinu til sveitarfélaganna ef sú breyting ein yrði gerð á stjórnkerfinu."

Ég vek athygli á áliti byggðanefndar þingflokkanna frá 1986.

Í framhaldi er vikið að möguleikum á samstarfi sveitarfélaga og í því samhengi segir nefndin m.a.: „Nefndin telur að styrkja beri sveitarstjórnarstigin. Til þess eigi að stefna að sameiningu sveitarfélaga eftir því sem við verður komið, aukinni samvinnu þeirra og stofnun raunverulegs jöfnunarsjóðs sem greiði ákveðin lögboðin útgjöld fámennustu sveitarfélaga. Þá ber að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna með tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríkinu að svo miklu leyti sem þau verða sem stjórnunareiningar talin fær um að taka að sér aukin verkefni. Mikilvægt er að áður eða jafnhliða verði fámennustu sveitarfélögin efld með framangreindum hætti eða þeim veittur fjárhagslegur stuðningur eins og fyrr segir. Á hinn bóginn er það niðurstaða nefndarinnar að verulegum árangri í valddreifingu og virkara lýðræði verði ekki náð með slíkum ráðstöfunum einum saman. Til þess að auka svo nokkru nemi völd og áhrif landsmanna allra óháð búsetu þeirra þurfi að koma til þriðja stjórnsýslustigið sem taki við umtalsverðum verkefnum og tekjum fyrst og fremst frá ríkinu.

Þrátt fyrir mismunandi skoðanir í ýmsum atriðum varðandi útfærslu og umfang hugsanlegs þriðja

stjórnstigs eru nefndarmenn sammála um að umdæmi þessi eigi að vera stór, t.d. núverandi kjördæmi. Nefndin telur að beinar kosningar eigi að verða til þessa stjórnstigs, t.d. í tengslum við sveitarstjórnarkosningar. Á þann hátt einan verður pólitískur styrkur sem næst í hlutfalli við fylgi kjósenda í hverju heimastjórnarumdæmi hverju sinni."

Þetta er tilvitnun í meginniðurstöður byggðanefndar þingflokkanna sem skilað var til Alþingis á árinu 1986. Ég vek athygli á að þær áherslur eru í fullu samræmi í öllum meginatriðum við þær tillögur sem ég hef mælt fyrir ásamt mörgum öðrum um að koma á slíkum styrkum einingum til að taka við verkefnum frá ríkinu með öðrum og ákveðnari hætti en hægt er að gera ráð fyrir að hin fjölmörgu, á þriðja hundrað, ólíku sveitarfélög í landinu séu fær um að skipta á milli sín svo vel fari.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eins og ég tók fram fyrir stundu verður þessum fundi nú frestað. (**GHelg:** Forseti. Ég tel mig hafa nauðsynlegar upplýsingar í höndum fyrir væntanlegan forsetafund og vil fara fram á við forseta að ég fái 2–3 mínútur áður en forseti frestar fundi.) Þar sem hv. þm. hefur upplýst að hann muni aðeins gera örstutta athugasemd er það leyft í skjóli þess að hv. þm. segist vera með nýjar upplýsingar um þetta mál sem gætu varpað á það ljósi. Hv. 13. þm. Reykv. tekur til máls, en það rýrir ekki rétt hv. 2. þm. Austurl. til að halda áfram sínu máli eftir fundarhlé.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma hér í ræðustól. Mér var ljóst að forsetafundurinn yrði kl. 5 og síst af öllu var meiningin af minni hálfu að rýra ræðutíma hv. 2. þm. Austurl.

En ástæðan fyrir því að ég kem upp fyrir hönd þm. Reykvíkinga er sú að okkur hefur í dag borist bréf frá borgarritaranum í Reykjavík og þar sem allir forsetar þingsins eru þm. utan Reykjavíkur töldum við alveg nauðsynlegt að þetta bréf yrði kynnt fyrir þingheimi áður en fundað verður um hvaða mál skuli ná fram fyrir jól. Ég held að þetta bréf taki af öll tvímæli um að frv. er ekki afgreiðanlegt fyrir jól. Þetta bréf er frá Jóni G. Tómassyni, borgarritaranum í Reykjavík. — Ég vil raunar spyrja, herra forseti: Er félmrh. í húsinu? (**Forseti:** Það skal upplýst að félmrh. er ekki í húsinu eins og stendur. Hæstv. ráðherra kom að máli við mig og sagðist þurfa að bregða sér frá. Hann er væntanlegur í húsið innan tíðar en ekki fyrr en eftir hlé.) Þá verðum við að vera án nærveru hennar. En bréfið hljóðar svo:

„Hjálagt sendi ég yður afrit af bréfi mínu frá 18. þ.m. til félmrh. varðandi frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og fram kemur í bréfi mínu til ráðherra var gerð veruleg breyting á frv. því sem nefndin samdi án þess að höfð væru samráð við mig um það og þrátt fyrir að ég hafði á nefndarfundum lýst því afdráttarlaust yfir að ég mundi ekki fallast á tillögu sama efnis. Í skipunarbréfi nefndarinnar frá 12. fyrra mánaðar var henni þó falið að semja frv. til laga. Ég tel að þessi vinnubrögð jaðri við fölsun og séu móðgandi gagnvart mér og þeim aðila sem tilnefndi mig í nefndina.

Aðalatriðið er hins vegar að ekki verða séð nein efnisrök fyrir því að fjvn. eigi að skipta greiðslum úr uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs. Í athugasemdum við 28. gr. frv. eins og nefndin samdi það er skýrt að uppgjörsdeild er ætlað að greiða áfallnar skuldbindingar ríkissjóðs vegna framkvæmda sem flytjast frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót og samkvæmt sérstöku uppgjöri sem gert verður um stöðu hvers verkefnis gagnvart hverju sveitarfélagi.

Tillaga nefndarinnar var að greiðslum samkvæmt fjárveitingum hvers árs yrði síðan skipt milli aðila eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga en ekki háð geðþóttaákvörðunum.

Á fundi sínum 18. þ.m. samþykkti stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að mæla gegn því að fjvn. verði falið þetta verkefni. Vegna reynslu Reykjavíkur af störfum fjvn. mælist ég til þess að þingmenn Reykjavíkur stuðli að því að breyta frv. í það horf sem nefndin lagði til.

Bréf þetta sendi ég öllum þingmönnum Reykjavíkurkjördæmis.

Jón G. Tómasson."

Herra forseti. Ég skal mjög stytta mál mitt, en ég held að nauðsynlegt sé að víkja að því bréfi sem Jón G. Tómasson víkur aðeins að í þessu bréfi til okkar þm., en það er til hæstv. félmrh. og dagsett 18. des., þ.e. í gær:

„Með bréfi til yðar dags. 7. þ.m. skilaði nefnd, sem ég átti sæti í samkvæmt tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga, tillögu að frv. til l. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að því er snertir kaflann um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í b-lið 28. gr. frv., sbr. 194. þingmál, er tillögu nefndarinnar breytt og kveðið á um að fjvn. skipti greiðslum úr uppgjörsdeild. Í tillögu nefndarinnar sagði: Greiðslum úr uppgjörsdeild skal skipt milli þeirra sveitarfélaga og félagasamtaka sem hér um ræðir eftir reglum sem félmrh. setur að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneytis.

Þessi breyting var ekki borin undir mig sem hafði þó mótmælt hugmynd sama efnis í fyrstu frumvarpsdrögum. Engu að síður er gefið í skyn í greinargerð með frv. að ég hafi staðið að þessari tillögu. Þessum vinnubrögðum hlýt ég að mótmæla jafnframt því sem ég lýsi þeirri skoðun minni að greiðslur úr uppgjörsdeild eigi að vera fjvn. óviðkomandi og að eðlilegra sé að farið verði eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga.

Jón G. Tómasson."

Herra forseti. Ég held að alveg sé nauðsynlegt að aðrir þm. viti af þessum bréfum því að í frv. því sem við höfum rætt um í allan dag eru lokaorð grg. þessi, með leyfi forseta:

„Í þeirri nefnd voru Indriði H. Þorláksson skrif-

stofustjóri, tilnefndur af fjmrh., Jón G. Tómasson borgarritari, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félmrh."

Ég tel það alveg ljóst að frv. er þannig vaxið að það er ekki vit í að það verði afgreitt í flýti fyrir jól. Ég hef ekki tök á því að ræða það efnislega, geri það kannski seinna, en ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessi bréf verði lögð fyrir þann forsetafund sem nú á að hefjast á hverri stundu. Ég hygg að þetta geti breytt töluvert afstöðu manna til frv.

Ég þakka svo, herra forseti, fyrir að fá að seinka honum á forsetafund um heilar fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég var kominn þar máli mínu að ég hafði fjallað um álitsgerð byggðanefndar þingflokkanna í framhaldi af því sem ég hafði lýst mínum sjónarmiðum í sambandi við stjórnskipan í landinu, uppbyggingu hennar, og þær tillögur sem ég hef flutt á undanförnum árum varðandi það að taka upp nýtt stjórnsýslustig í landinu á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er að sjálfsögðu skoðun mín að það þurfi að taka eðlilegt tillit til slíkra hugmynda þegar verið er að færa verkefni milli ríkis og sveitarfélaga því það breytir verulega stöðunni út frá hvaða grunni menn ganga. Ég hef jafnframt lýst því viðhorfi mínu að eðlilegt sé að auka hlut sveitarfélaganna fjárhagslega og verkefnalega séð á ýmsum sviðum þó svo að sett verði á fót þetta millistig í stjórnsýslunni sem ég hef kallað héruð en aðrir hafa nefnt fylki í sínum hugmyndum og tillögum og geri ég engan greinarmun á orðum í því samhengi.

Ég ætla að geyma mér að ræða þá grundvallarhugsun að sinni en víkja hins vegar að þeim hugmyndum sem fram hafa komið á undanförnum árum og birtast m.a. að hluta til í frv. sem hér er til umræðu um flutning verkefna eða verkefnaskipti milli ríkis og sveitarfélaga með öðrum hætti en verið hefur. Ég ræði það með tilvísan til þess sem ég hef sagt um mín sjónarmið varðandi þriðja stjórnsýslustigið en ætla ekki að blanda því að öðru leyti inn í umræður um þetta frv. Ég vil þó minna á það varðandi þriðja stjórnsýslustigið að það hefur fengið góðar undirtektir hjá fjölmörgum aðilum, m.a. samtökum um jafnrétti milli landshluta sem hafa haft það alveg sérstaklega á dagskrá sinni og tekið það upp sem kröfu, og stjórnmálaflokkur, sem bauð fram í einum fimm kjördæmum fyrir síðustu kosningar, hafði þetta ofarlega á dagskrá, þar sem var Þjóðarflokkurinn og hin frjálsu samtök um jafnrétti milli landshluta sem starfa áfram og hafa lyft merki á ný. Þrátt fyrir að efnt var til myndunar sérstaks stjórnmálaflokks eða gerð tilraun til þess fyrir síðustu kosningar halda þessi frjálsu samtök uppi dampi og hafa kynnt sín viðhorf á nýjan leik í tímariti sínu Útverði, 3. tbl. þessa árs. Ég gæti vísað þar til ýmissa greina frá gagnmerku fólki sem skrifar í þetta málgagn. Þar á meðal er Austfirðingur sem ég þekki vel til, hans sjónarmiða, þar sem er Sigurður Helgason, sýslumaður Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði. Hann var raunar áður búsettur á höfuðborgarsvæðinu en er mikill talsmaður heimastjórnar í landshlutunum. Hann skrifar ágæta grein í þetta blað, Útvörð, einmitt um héraðahugmyndina og það baráttumál. En ekki meira um það að sinni, virðulegur forseti.

Tillögur hafa lengi verið uppi um það af hálfu sveitarstjórnarmanna að breyta verkefnaskiptingu og samskiptunum við ríkisvaldið og það er mjög að vonum. Það er mjög eðlilegt og ég get fyllilega tekið undir margt sem hefur komið fram á þeim vettvangi um óskir um aukin verkefni en umfram allt um traustan fjárhagsgrundvöll undir breyttri verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga. Það voru starfandi nefndir á undan þeim sem vitnað er til í þessari hvítbláu bók, Samstarf ríkis og sveitarfélaga, skýrslunni sem gefin var út í apríl 1987. Ég vísa til þess að á árunum upp úr 1980 eða í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens voru starfandi nefndir sem settar voru á fót í samvinnu ríkis og sveitarfélaga um þessi efni og störfuðu að hluta til á vegum þáv. félmrh., nú hv. 7. þm. Reykv. Svavars Gestssonar. Sú nefnd sem að því verki vann skilaði ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar áliti, dags. 19. ágúst 1983. Formaður þessarar nefndar var Egill Skúli Ingibergsson. Vissulega má finna svipaðar áherslur í álitum þeirrar nefndar og þeirra nefnda sem skiluðu áliti sínu til fyrrv. félmrh. í apríl 1987 og sagt er að sé undirstaða að því frv. sem við erum að ræða hér. Hv. þm. Alexander Stefánsson, sem ég sé ekki í þingsal eins og er, virðulegur forseti, hv. talsmaður meiri hl. félmn., fékk þetta álit í hendur og hann vék að þeim hugsjónum sem væru undirstaða að því frv. sem hér væri flutt og hann mælir með að samþykkt verði. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé einhvers staðar nærstaddur og þætti ágætt ef hann væri viðstaddur umræðuna. En alveg sérstaklega sakna ég, herra forseti, hæstv. félmrh. Ég hef látið það óátalið þótt hæstv. ráðherra væri í jólainnkaupum fyrr á deginum. (**Forseti:** Ég vil upplýsa hv. ræðumann um að félmrh. er væntanlegur. Hún kom að máli við mig og kvaðst þurfa að víkja úr húsinu um stund. Hún er væntanleg á fund. Og ég hef gert ráðstafanir til að kalla í til viðræðu hv. 1. þm. Vesturl. til þess að hann geti hlýtt á umræður.)

Virðulegur forseti. Ég var ekkert að kalla eftir hæstv. ráðherra fyrr við umræðuna því að ég var að tala um almenn viðhorf mín til þessara mála, en þar sem ég er að víkja að efni þessa frv. alveg sérstaklega finnst mér ekki við hæfi að halda umræðum áfram að hæstv. félmrh. fjarstöddum. Ég vek athygli á að ég held að búðir í Reykjavík séu opnar til kl. 22 í kvöld, ef ég hef heyrt rétt eftir haft í auglýsingum, þannig að ef það eru jólainnkaup sem tefja þm. frá störfum er hægt að sinna þeim síðar. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að hæstv. félmrh. mun ekki vera í jólainnkaupum, en hins vegar skal ég gera ráðstafanir til að

gera henni viðvart um að hennar sé óskað við umræðu.) Já, ég vænti þess að þau boð komist til skila skjótlega. Ég mun gera hlé á máli mínu að sjálfsögðu á meðan hæstv. ráðherra er beðið. (**Menntmrh.:** Ég vil vekja athygli á því að það er forsrh. sem er flm. þessa frv.) Hæstv. menntmrh. bendir á það, sem er alveg réttmætt, að það er hæstv. forsrh. sem mælti fyrir málinu. En málefni þetta snertir sveitarstjórnirnar í landinu þannig að það er eðlilegt að hæstv. félmrh. sé þar viðstaddur eins og hæstv. menntmrh. sem hefur þó fyrir því að hlýða á mál, en undir hæstv. menntmrh. falla ýmis þau efni og reyndar meiri hlutinn af þeim verkefnum sem nú er verið að gera tillögur um að flutt verði yfir til sveitarfélaganna. Það er á réttum stað að hæstv. menntmrh. hlýðir hér á umræður. En ég vænti þá að hæstv. forsrh. sé a.m.k. viðstaddur til þess að hlýða á umræðuna. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. tilkynnti mér áður en hún yfirgaf húsið að hún hefði látið hæstv. forsrh. í té gögn við þessa umræðu. Ég mun gera ráðstafanir til að aðvara hann ef það mætti verða til að hv. ræðumaður héldi áfram sinni ræðu.) Já, ég mun láta þar við sitja, ef hæstv. forsrh. kemur sem ábyrgðaraðili þessa máls, í von um að hæstv. félmrh. komi fljótlega, en vek athygli virðulegs forseta á að hann gerði ráð fyrir og taldi sig hafa orð hæstv. félmrh. fyrir því að hún yrði komin kl. hálfsex þegar gert var ráð fyrir að fundur hæfist á ný hér í deildinni. En ég doka þá aðeins við uns hæstv. forsrh. kemur í þingsalinn.

Virðulegur forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er genginn í sal og ég mun halda áfram máli mínu um það efni sem hann mælti fyrir í gær líklega, 194. mál, frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en vænti þess að hæstv. félmrh. verði fljótlega viðstaddur framhaldsumræðu um málið.

Ég gat þess að unnið hefði verið að þessu máli um langa hríð og það væri um vissa samfellu að ræða í þeirri vinnu af hálfu sveitarstjórnarmanna eins og það liggur fyrir í nál. sem skilað var í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og aftur sl. vor, reyndar áður en sú stjórn fór frá völdum. Það álit sem liggur fyrir í þessari skýrslu um samstarf ríkis og sveitarfélaga er talið af þeim sem flytja frv. þetta vera undirstaða, ekki aðeins hugmyndaleg heldur líka í reynd, að því frv. sem hér liggur fyrir. Ég geri við þessa túlkun mjög alvarlega athugasemd. Það er að vísu tekið fram að hér sé aðeins um áfanga að ræða í sambandi við verkefnatilfærslur, fyrsta áfanga, en jafnframt er reynt að láta líta svo út sem búið sé að kynna sveitarstjórnarmönnum í landinu málið, eins og það er orðað í áliti meiri hl. félmn. um frv. Slíkt er á algerum misskilningi byggt og í rauninni virðist manni sem þar sé um rangtúlkun að ræða, yfirvegaða rangtúlkun, því það er langt bil á milli innihalds tillagna frá nefnd eins og þær liggja hér fyrir og þess frv. sem hæstv. forsrh. mælti fyrir. Það er svo langt frá því að þar gæti samræmis í öllum greinum og langt frá því að staðið sé við þær kröfur sem fram koma í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Raunar gerðist það á þingfundi áðan að hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir vakti athygli á erindi sem þm. Reykvíkinga hefur alveg nýlega, ég hygg í dag, borist frá einum af þeim sem störfuðu í þessari nefnd að ég hygg, annarri þessara nefnda, Jóni G. Tómassyni lögmanni, ég hygg að ég fari rétt með, þar sem hann gerði mjög alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð og samhengi í sambandi við undirbúning þessa máls. Þannig er það ekki aðeins minni hl. félmn. sem gerir athugasemd við málsmeðferð að þessu leyti. Það frv. sem við ræðum hér hefur ekki verið sent einni einustu sveitarstjórn í landinu til umsagnar.

Mér þætti vænt um, virðulegur forseti, að það yrði skilið á milli þingsalar og skákáhugaklúbbsins hérna vinstra megin þannig að ræðumaður heyri í sjálfum sér og væri reyndar betur að það væri regla að lokað væri þessum hliðardyrum því það er ekki aðeins að það berist þaðan skvaldur heldur einnig mengun inn í þingsal. Það ætti að vera athugunarefni fyrir forustu þingsins að reyna að tryggja að lög séu haldin í sambandi við opinbert fundahald í landinu að þessu leyti. (**Forseti:** Þessi ábending mun verða tekin til athugunar.) Já, virðulegur forseti, ég þakka fyrir það.

En ég tel að það sem fram kemur í áliti meiri hl. félmn. um þetta atriði, þ.e. kynningu þessa frv., séu beinar rangfærslur og vitna nú til nál. og sakna þess að málsvari þess, frsm., skuli ekki vera viðstaddur umræðu og er þegar að því fundið. Læt ég gott heita þó virðulegur þm. sé ekki í þingsal á þessari stundu, en hlaupinn er burt hæstv. forsrh. að því er virðist sem mér skildist að ætlaði að vera viðstaddur umræðuna. Á að una því, virðulegur forseti? Ekki af minni hálfu. (**Forseti:** Ég hef þegar kallað í þingvörð til að aðvara hæstv. forsrh. — Þá er hæstv. forsrh. genginn í salinn.)

Virðulegur forsrh. Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli þína, hæstv. ráðherra, á því að í nál. meiri hl. félmn. um þetta mál er að finna ranga staðhæfingu og hygg ég að það sé raunar til þess vísað í áliti minni hl. félmn. þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta: „Mál þetta hefur verið vandlega undirbúið og m.a. kynnt fyrir öllum sveitarstjórnarmönnum á landinu.“ Ég tel að það sé mjög alvarleg staðleysa sem hér er á ferðinni.

Þetta frv., sem hæstv. ráðherra mælti fyrir í þingdeildinni í gær, hefur ekki verið sent einni einustu sveitarstjórn í landinu til umsagnar, ekki einni einustu, að því er upplýst hefur verið af talsmönnum úr félmn. Ekkert lá a.m.k. fyrir sem álitsgerðir. Málið kemur inn í þingið 9. des. sl. þannig að miðað við póstsamgöngur væru skilaboðin kannski ekki komin á milli skriflega, en það hefur ekki verið nein viðleitni af hálfu forustumanna þessa máls að kynna það einni einustu sveitarstjórn í landinu. Það þýðir ekkert að vísa í skýrslu frá því í apríl 1987 því að þó að það séu hugmyndaleg tengsl milli efnis þessa frv. og þess sem stendur í nál. í þessari skýrslu er svo langt frá því að það sé verið að

færa þar í lagatexta hvað þá að kljúfa málið upp í áfanga eins og verið er að gera með þessu frv. Þetta eitt út af fyrir sig er nátturlega svo alvarlegs eðlis að af þeim sökum einum saman ætti þegar í stað að fallast á þá till. minni hl. félmn. að vísa þessu máli á ný til ríkisstjórnar til frekari umfjöllunar á vegum sveitarstjórna og þingflokka ásamt ríkisstjórn til þess að hægt sé að telja það þinghæft í rauninni og hægt að taka afstöðu til þess með sómasamlegum hætti á Alþingi.

Það er fráleitt að kljúfa þetta mál upp með þeim hætti sem hér er lagt fyrir, ekki síst vegna þess að botninn vantar í tunnuna, botninn er suður í Borgarfirði. Fjárhagsleg undirstaða þessa máls er algerlega á floti. Það eru engar tryggingar fyrir því að við þau atriði sem snúa að fjárhagslegu uppgjöri og um er fjallað í X. kafla þessa frv. að ég hygg verði staðið. Þar er í fyrsta lagi verið að taka af tekjum Jöfnunarsjóðs í væntanlegt uppgjör. Þar eru einhverjar slumpupphæðir sem ekkert formlegt uppgjör liggur fyrir um á hverju byggist þannig að þar er sannarlega ekki á vísan að róa. Út af þeirri ástæðu einni saman hygg ég að sveitarstjórnir í landinu, sem fengju þetta mál til skoðunar, mundu ekki taka mjög undir að innsigla þetta frv. sem lög héðan frá Alþingi. Það er ég nokkuð viss um því að þó að sveitarstjórnarmenn hafi haft uppi eðlilegar óskir lengi um að fá aukin verkefni og hreinni skil í viðskiptum sínum við ríkisvaldið hafa þeir auðvitað alltaf reist þá kröfu með þeim fyrirvara að fjárhagsleg staða slíkrar verkefnatilfærslu væri tryggð, að sveitarfélögin bæru þar ekki skarðan hlut frá borði.

Er nú hv. 1. þm. Vesturl. genginn í þingsal og nefni ég þá aftur það, sem ég sagði að viðstöddum nokkrum þm., að um rangar staðhæfingar væri að ræða í nál. meiri hl. félmn. um að mál þetta hafi verið kynnt öllum sveitarstjórnarmönnum í landinu. Það er gróf fölsun og furðulegt að bera slíkt fram í opinberu nál. til Alþingis þegar ekki einni einustu sveitarstjórn í landinu hefur verið sent það þingmál til umsagnar sem hér er til umræðu. Og það er ekki hægt að ganga, finnst mér, öllu grófar fram í málsmeðferð en hér er gert með þessum hætti. Það verður að vænta þess að meiri hl. hér á Alþingi sjái sóma sinn í því að taka ekki undir vinnubrögð af þessu tagi, vinnubrögð sem snerta um 230 sveitarfélög. Ég hef ekki alveg nákvæma tölu yfir fjölda þeirra, en þau munu vera yfir 230. Slíkt er auðvitað hin mesta óhæfa.

En það eru fleiri þættir í nál. hv. meiri hl. félmn. sem ástæða er til að gera athugasemdir við nú þegar hv. 1. þm. Vesturl. er viðstaddur umræðuna ef hann þá nær að hlýða á mál mitt. (**AS:** Er ekki ráðherra þessara mála hér?) Nei, það vill svo til að ráðherra þessara mála er ekki viðstaddur. (**AS:** Það er venja að þingnefndaformenn séu ekki í forsvari fyrir stjfrv.) Hv. þm. Ég hef þegar og ítrekað óskað eftir nærveru hæstv. félmrh. við þessa umræðu. Forseti hefur tjáð mér að félmrh. sé einhvers staðar úti í bæ en hafi ætlað að vera viðstaddur reyndar fyrir alllöngu. Hæstv. menntmrh. hefur vakið athygli á því að forsrh. væri ábyrgðaraðili þessa máls. Hann er hér eins og fló á skinni, hefur fengist í þingsalinn en er að vörmu spori á bak og burt og hvergi nærstaddur. Ég vænti þess að virðulegur forseti athugi hvað valdi því að hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur umræður um þetta mál, (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að aðvara forsrh.) en á meðan ætla ég, virðulegur forseti, að víkja að nokkrum atriðum í nál. meiri hl. félmn., auk þeirrar fölsunar sem ég hef þegar vakið athygli á í sambandi við að mál það sem hér er til umræðu, frv. til laga, hafi verið kynnt öllum sveitarstjórnarmönnum á landinu á sama tíma og ekki ein einasta sveitarstjórn hefur fengið þetta mál til umsagnar svo að mér sé kunnugt.

Það segir í áliti meiri hl. að nefndin hafi fengið ýmsar tölulegar upplýsingar og skýringar varðandi flesta þætti þessa máls. Það eina sem við höfum í rauninni fengið um það efni eru þær tölur sem hv. 1. þm. Vesturl. hafði yfir í sambandi við íþróttamannvirki og uppgjör þar að lútandi. Ég hafði ekki heyrt það fyrr en hann mælti fyrir nál. En ég fullyrði að það vantar mjög mikið á að upplýsingar liggi fyrir um aðra þætti þessara mála og skal út af fyrir sig ekki leggja neitt mat á þær tölur sem hv. 1. þm. Vesturl. flutti hér, hvorki rengja þær né staðfesta, að því er snertir íþróttamannvirki.

En það hefur þegar verið vakin athygli á því að sú úttekt, sem vísað er til að gerð hafi verið í Vesturlandskjördæmi, kjördæmi hv. þm. Alexanders Stefánssonar, sé reist á harla veikum grunni og allsérkennilegt uppgjör sem þar sé á ferðinni. Það kom fram í máli talsmanns minni hl. félmn. að þar væri á því byggt m.a. að Jöfnunarsjóður hefði yfir því fjármagni að ráða sem lög mæla fyrir en væri ekki skertur og auk þess væri þetta uppgjör miðað við heildarhugmyndir eins og þær koma fram í skýrslunni frá því sl. vor frá verkaskiptingar- og fjármálasamskiptanefnd sem um þetta fjallaði og stendur að baki þeirra álitsgerða sem þar liggja fyrir. Það er sem sagt verið að reyna að læða því hér að að úttekt gerð á Vesturlandi leiði þetta og hitt í ljós, en þá kemur fram að hún snertir ekki þetta mál eitt út af fyrir sig heldur er þar verið að slá fram tölum sem byggja á heildarhugmyndum sem fram koma um verkefnatilfærslu og fjárhagsleg samskipti og liggja fyrir í nefndri skýrslu. Þetta er tvennt ólíkt sem hér er á ferðinni og bætist við annað sem sýnir með hvaða hætti þeir, sem bera þetta mál fram á Alþingi, ætla sér að smeygja beislinu upp á sveitarfélögin í þessum efnum hvað fjárhagsleg samskipti snertir. Það er alveg furðulegt að þátttakendur í því skuli vera fyrrverandi sveitarstjórnarmenn og ábyrgðarmenn þessara mála sem ganga fram með þeim hætti sem þar blasir við, aðilar sem að vísu hafa staðið fyrir því á undanförnum árum að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í landinu með þeim hætti sem skjalfest liggur fyrir ár frá ári um háar upphæðir, rýra þann sjóð sem sérstök lög gilda um, en ár frá ári

hefur hann verið skertur. Svo á að fara að halda því að sveitarfélögunum að nú skuli koma betri tíð með blóm í haga í þessum efnum og framreiddir hér útreikningar og staðhæfingar öðru fremur um það hver yrði niðurstaðan úr slíku uppgjöri.

Í nál. meiri hl. félmn. segir einnig, með leyfi forseta: „Með frv. er lagt til að hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt." Já, rétt er það. Það á að hlaða á jöfnunarsjóðinn verulegum upphæðum, talað er um fjögurra ára tímabil til að standa að uppgjöri við sveitarfélögin á því dæmi sem hér liggur fyrir. Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um það í sinni framsögu að það væri verið að endurskoða lög um fjárhag sveitarfélaganna, tekjustofna sveitarfélaganna. Ætli það hefði ekki verið betri svipur á því að það væri slík endurskoðun sem væri hér til umræðu á tekjustofnum sveitarfélaganna og varðandi jöfnunarsjóðinn, að það væri byrjað á þeim endanum en ekki gengið til verka með þeim hætti sem hér er, með blekkingum, að því er virðist vera vísvitandi, þó að maður vilji helst ekki trúa því, í sambandi við undirbúning þessa máls? Það verður ekki hjá því komist að vekja athygli sveitarstjórnarmanna í landinu á því hvernig hér er gengið til verka af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það er verið að veifa því hér að aukin framlög Jöfnunarsjóðs eigi að gera þeim kleift að takast á hendur aukin verkefni, svo að orðrétt sé vitnað í álit meiri hl. félmn. Hvernig birtist það okkur í sambandi við frv. til fjárlaga fyrir 1988? Er hugmyndin að standa þar að fullu við framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga? Þær tillögur hafa ekki borist okkur hér heldur þvert á móti, áframhaldandi skerðing á þessum tekjustofni sveitarfélaganna, þessum lögbundna sjóði.

Enn stendur í nál. meiri hl. félmn. að hæstv. menntmrh. hafi ákveðið vegna breytinga þessara, eins og þar segir, „að láta endurskoða í heild sinni lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og íþróttalög. Mikilvægt er að góð samstaða náist um endurskoðun þessa." Enn dæmi um hvernig byrjað er á röngum enda í þessu máli, verið að kippa út úr samhengi einstökum lagagreinum, aðallega varðandi fjárhagsleg samskipti, út úr gildum lagabálkum og ekki einu sinni haft fyrir því að leiða fram í grg. með frv. í hverju þetta sé fólgið.

Já, það eru margir liðirnir í þessum bandormi, hæstv. forsrh. Ég hygg að hæstv. forsrh. muni það úr sinni náttúrufræði, eins og það mun hafa verið kallað þegar hann gekk í skóla, hafi hann eitthvað fræðst um bandorminn, að það er mjög sérkennileg skepna, eins og hæstv. forsrh. rekur eflaust minni til, og eitt af sérkennum þessa dýrs er það að hann er liðskiptur, bandormurinn, og það losna frá honum liðir eftir því sem á æviskeið hans líður og ganga aftur af dýrinu og þeim hýslum þar sem hann lifir því að sníkill er þetta. (**Forsrh.:** Það hefur enginn kallað frv. bandorm nema hv. þm.) Það er gott, hæstv. forsrh., að minnst er á þetta því að það skyldi ekki vera að það orð leyndist jafnvel í framsöguræðu hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir þessu frv. A.m.k. hafa talsmenn þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar haft það orð oftar en einu sinni í munni.

Nú eru til margar tegundir af bandormum og það hafa komið fram, virðulegur forsrh., upplýsingar um þau efni, en það hafa komið fram slíkir lagabálkar, sem gengið hafa undir þessu nafni, fyrr á árum þegar verið er að slengja saman í eitt mismunandi atriðum, mismunandi þáttum eins og hér er gert.

Ein er sú tegund bandorma sem var mikil plága hér á Íslandi fyrr á öldum og allt fram á þessa öld og framkallaði það sem þá var nefnt og enn er nefnt sullaveiki og herjaði á Íslendinga meira líklega en nokkra þjóð aðra. En með því að ráðast gegn þessum vágesti og viðhafa hundahreinsun í landinu, það sem kallað var hundahreinsun í landinu, tókst að bægja þessum vágesti frá að mestu. En nú er hæstv. ríkisstjórn sem sagt komin á nýjan leik af stað með sinn bandorm, sullast fram í þingið með þetta frv. sem er þannig gert að það er ansi hætt við því að leiði til lítillar hollustu fyrir landslýðinn. Tengslin þarna á milli eru sem sagt býsna skýr. Það er réttnefni að kalla þetta frv. bandorm eins og talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hafa gert oftar en einu sinni við umræður um málið.

Eitt af því sem hv. 1. þm. Vesturl., talsmaður meiri hl. félmn., hafði að segja sér til málsbóta þegar hann mælti fyrir þessu máli var að fram væri komin brtt. þess efnis að fresta gildistöku eins kafla þessa bandorms, að kippa einum liðnum út úr um eins árs skeið, þ.e. varðandi tónlistarskóla. Það á að auðvelda að koma þessu skrímsli í gegnum þingið að fresta gildistöku laga eða frumvarpsákvæðis um tónlistarskóla um eitt ár. Þar er staðið að verki með sama hætti eins og gert hefur verið um aðra þætti, með blekkingum.

Það er látið að því liggja í nál. að þeir aðilar, sem standa að rekstri tónlistarskólanna og starfa við þá sem ábyrgðaraðilar og sent hafa til hv. þm. fjölmörg erindi, hafi lagt fram sjónarmið í þessa átt, það sé verið að koma til móts við þeirra sjónarmið með þessu, rétt eins og þeir hafi verið með tillögur uppi að taka upp þá skipan sem felst í frv. Ég hygg að það hafi komist allvel út til landsmanna hvernig staðið er að málum einmitt í sambandi við tónlistarskólana og vegna þess hve aðstandendur þeirra hafa verið ötulir við að kynna sín sjónarmið og þau vandkvæði sem eru á tillögum varðandi þetta mál. Hef ég undir höndum gildan bunka af erindum, virðulegur forseti, frá tónlistaráhugafólki og starfsmönnum tónlistarskólanna, þar á meðal erindi sem liggur frammi á lestrarsal Alþingis og er áskorun til Alþingis Íslendinga undirritað af fjölda manns og afhent virðulegum forseta Sþ. í fyrradag, að ég hygg, þar sem margir rita undir stutt aðfaraorð svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Við undirrituð lýsum áhyggjum okkar vegna ráðagerða um að fella úr gildi lög um ríkisstuðning

við tónlistarskóla. Það er á allra vitorði hver lyftistöng þau hafa verið tónlistaruppeldi í landinu og menningu þjóðarinnar. Við viljum vara við því voðalega slysi sem hlotist gæti af að hnekkja í flaustri lögum sem allir kunnugir eru á einu máli um að orðið hafi til gæfu."

Er hægt að orða þetta öllu skýrar, hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh., sem ætti nú að finna til þegar hann heyrir þessi orð, sjálfur áhugamaður um tónlist? — „. . . . því voðalega slysi sem hlotist gæti af að hnekkja í flaustri lögum sem allir kunnugir eru á einu máli um að orðið hafi til gæfu", segir í þessu erindi til Alþingis Íslendinga með undirskriftum fjölda manns á mörgum síðum.

Þannig eru stoðirnar undir áliti meiri hl. félmn. Þær hrynja ein af annarri þegar farið er að líta á innviðina. Það eru fúnar stoðir sem þetta er reist á frá upphafi til enda og mætti vitna til enn fleiri þátta í annars stuttu áliti frá meiri hl. félmn.

Ég vil í sambandi við tónlistarskólana benda á að þar er talað um að gildistökunni verði frestað, eins og brtt. liggur fyrir um, til 1. sept. 1989, en „verði brtt. þessi samþykkt þarf að hækka fjárveitingar til tónlistarfræðslu í fjárlagafrv." — Þetta stendur í álitinu. Við höfum ekki enn þá séð þá till. Væntanlega kemur hún fram við 3. umr. fjárlaga fyrir lok þessa árs. Við skulum ætla að hún geri það og þá væntanlega í beinu ríkisframlagi til tónlistarfræðslunnar samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur þar að lútandi því að við skulum ekki ætla hæstv. ríkisstjórn, þó að illa sé hér að verki verið, að leggja þær byrðar á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er væntanlega ekki ætlunin að gera það. Við verðum að treysta því.

Virðulegur forseti. Ég hygg að ekki hafi verið í ráði að halda hér áfram umræðu fram á kvöldið. Er það rétt skilið? (**Forseti:** Ég get ekki svarað því alveg.) (**AG:** Það var samið um að hætta kl. 7.) (**Forseti:** Já það kann að vera, en aðalforseti kemur hingað eftir andartak og getur vafalaust svarað.) Já, þá ætla ég, ef það reynist vera rétt að það sé hér takmarkaður fundartími að þessu leyti, með tilliti til annarra hv. þm. og hæstv. ráðherra að stytta mál mitt. En ég vildi gjarnan fá það staðfest áður en ég dreg saman mín ályktunarorð í fyrstu ræðu minni við þessa umræðu og bíða eftir því að fá það frá 1. forseta deildarinnar.

En ég á mjög mikið ósagt í sambandi við þetta frv. því að það er eiginlega ekki hægt að komast þar á milli greina, hvað þá á milli kafla án þess að mann reki í vörðurnar. Ég verð að segja að ég er aldeilis stórundrandi, ég er aldeilis hlessa á þeim þm. af landsbyggðinni sem sitja í hv. þingdeild og talist hafa til stjórnarliðs ríkisstjórnarinnar að þeim skuli detta í hug að ljá nafn sitt við þann bandorm, sem ríkisstjórnin hefur hér efnt í, í einum tíu liðum, í einum tíu köflum, og ætla að að flytja slíkt mál heim sem lög frá Alþingi fyrir jólin. Ég veit ekki hvar þeir þm. eru með hugann, enda höfum við svo sem ekki heyrt afstöðu þeirra nema þeirra sem undirritað hafa þetta dæmalausa álit meiri hl. félmn.

Virðulegur forseti. Ég innti forseta eftir hvort það væri rétt skilið að hér væri ekki gert ráð fyrir löngum fundi fram á kvöldið því ég ætlaði þá að draga í land með annars allmikið mál sem ég hefði þurft að flytja. (**Forseti:** Það skal upplýst að ekki er ætlunin að hafa kvöldfund í kvöld. Hér var ætlunin að halda áfram til sjö eða hálfátta eftir atvikum, hvernig þessari umræðu miðaði. Hér er einn á mælendaskrá auk hv. ræðumanns og hugsanlega gæti bæst á hana. Ef þessari umræðu sýnilega lýkur ekki verður þessum fundi frestað í síðasta lagi hálfátta.) Já. Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Ég tel mér skylt, vegna þess að hér er þannig mál á ferðinni sem snertir svo marga, að greiða fyrir því að hér geti orðið skoðanaskipti og hæstv. ráðherrar geti komist að við þessa umræðu, enda verði þeir viðstaddir á þingfundi en á því er allnokkur skortur. Hv. 5. þm. Reykv. hefur að vísu sagt á stundum þegar verið er að lýsa eftir ráðherrum að það væri lítill söknuður að því þó þeir séu ekki viðstaddir, en við viljum þó eiga öðru hvoru við þá skoðanaskipti.

Ég get í raun tekið undir öll þau rök sem fram koma í nál. minni hl. félmn. og fjölmargt af því sem fram kom í ítarlegu máli frsm. fyrir minni hl. og tel að þar sé að finna svo hollar og góðar leiðbeiningar fyrir meiri hl., sem lagt hefur fram sitt álit, og fyrir þingdeildina að það ætti ekki að þurfa að vefjast fyrir mönnum að gera upp hug sinn og taka undir þá till. sem þar liggur fyrir um að vísa máli þessu til ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að það verði endurunnið eða unnið frá grunni í samvinnu við sveitarstjórnir í landinu og þingflokka og borið fram sem frambærilegt mál að nýju á Alþingi því að áhugi okkar allra beinist vafalaust að því að geta þokað þessum málum fram, að ná betri skipan á samstarf ríkis og sveitarfélaga. Ég a.m.k. tel mig í hópi þeirra sem hafa áhuga á því að svo geti orðið, en það verður að gera með þeim hætti að tryggt sé að sveitarfélögin í landinu standi styrkari eftir, að samskiptin verði betri en þau hafa verið, skýrari og skilmerkilegri en þau hafa verið á undanförnum árum. Það er í raun í trausti þess að menn nái áttum í þessu fyrr en seinna á Alþingi Íslendinga sem ég lýk ræðu minni nú og áskil mér hins vegar rétt til, sem ég geri ekki ráð fyrir að vefengdur sé, að ræða þessi mál frekar síðar við þessa umræðu ef ástæða er til og ekki verður horfið frá því ráði að reyna að knýja mál þetta fram í gegnum Alþingi í þeim miklu önnum og á þeim litla tíma sem við höfum til umráða fram til áramóta.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir lokaorð í ræðu hv. 2. þm. Austurl., sem hér var að ljúka máli sínu, um það meginatriði að það mál sem hér er á dagskrá er þess eðlis að það er mikil nauðsyn á því að það verði ekki afgreitt af því flaustri sem því miður virðist í stefna.

Annars er það svo að við Íslendingar búum til-

tölulega fámenn þjóð í ákaflega stóru, a.m.k. miðað við mannfjölda, landi og strjálbýlu. Þetta einkenni lands okkar er verulegt og hefur verið nánast alla tíð.

Það atriði sem hér er sérstaklega á dagskrá eru sveitarfélögin eða hrepparnir sem eru í rauninni hin elsta félagseining á landinu. Að vísu eru heimildir ekki með öllu öruggar um hvenær hrepparnir urðu til sem lögformlegar heildir, en það er víst að það var nokkuð nærri upphafi þjóðarsögu okkar. Þegar í byrjun er þessara félagsheilda getið í sambandi við ýmiss konar verkefni sem einstaklingi var ofviða að fást við eða rísa undir, svo sem eins og að rétta við eftir stóráföll, skipstapa eða brunatjón. Fátækraframfærsla varð og eitt fyrsta verkefni hreppa og ýmiss konar önnur verkefni sem þurfti samtök til, svo sem fjallskil og fleira í þeim dúr.

Hreppaskipulagið verður því að telja einn merkasta ávöxtinn af félagshyggju Íslendinga þegar á þjóðveldisöld og e.t.v. verður gildi þess mönnum enn skýrara í minni ef hafðar eru í huga ófagrar lýsingar annála af ástandi mála um það leyti er skipulag þetta var að festast hér í sessi. Svo var t.d. veturinn 975–976. Hann var nefndur Óöld hin fyrri og í viðauka Skarðsárbókar segir, með leyfi hæstv. forseta, að „þá átu menn hrafna og melrakka og mörg óátan ill var etin. Sumir létu bera út börn, drepa gamalmenni, ómaga og hrinda fyrir hamra."

Auðvitað gleymi ég því ekki að kristindóm bar hér að garði um aldarfjórðungi síðar sem vitaskuld skerpti hér náungakærleik, en hreppaskipulagið var þá fyrir hendi og hefur vissulega reynst óbrotgjarn farvegur í margháttuðu félagsstarfi aldanna sem í hönd fór.

Annars er það með ólíkindum hve litlu munar í landfræðilegum mörkum og stærð sveitarfélaga hér á landi í dag og frá þeim tíma sem fyrstu öruggar heimildir greina um sveitarfélög hér á landi, en það er með Jarðabókinni sem samin er 1703–1712 og þeir félagar Árni Magnússon og Páll Vídalín settu saman með ærinni fyrirhöfn og ferðalögum. Það er í rauninni ekki fyrr en með þéttbýlismynduninni á þessari öld, sem nefna má byltingu miðað við þróunina allan hinn tímann, sem hin verulega breyting verður, sem menn sem komnir eru yfir miðjan aldur muna vel og þekkja, tímann eftir seinni heimsstyrjöldina sem er afdrifaríkastur tími í þessari þróun.

Það frv. til l. sem hér er til umræðu á sér þess vegna rót, nokkuð djúpa, í íslenskri sögu og sérstaklega vegna þess að þróunin í þessum efnum hvað sveitarfélögin varðar hefur verið ákaflega hæg. Þéttbýlismyndunin við Faxaflóann tímann eftir seinni heimsstyrjöld hefur hins vegar ekki verið hæg, öðru nær. Og röskunin sem því hefur fylgt á marga lund er margvísleg í okkar þjóðfélagi. Þess vegna er það að nánast allan þennan tíma hefur verið uppi sú skoðun meðal sveitarstjórnarmanna um allt land að það væri í rauninni úrbóta þörf í skipulagi sveitarfélaganna sem slíkra með tilliti til ríkisheildarinnar og ríkishagsmunanna. Það er búið að ræða þetta atriði lengi. Mig minnir að það hafi komið fram í framsöguræðu fyrir meirihlutaáliti því sem hér er til umræðu að þessi umræða sé búin að standa hartnær 25–30 ár. Það er vafalaust rétt, en engu að síður er ekki hægt að draga yfir það fjöður að nokkur þróun hefur orðið í þessu efni þennan tíma og ég mun líklega koma að því atriði síðar í máli mínu.

Sú löggjöf, sem hér er verið að leggja grunn að í tíu köflum, sem snertir a.m.k. tíu önnur lög, kannski 14–15 eftir því hvernig á verður litið, er ákaflega viðamikil og kemur í rauninni víða við. Upphafið að þessari vinnu má þó rekja til samráðsfundar sem haldinn var á kjörtímabili fyrrverandi hæstv. ríkisstjórnar, en á þeim samráðsfundi, sem þá var haldinn milli þeirrar ríkisstjórnar og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga þann 6. júní 1986, var ákveðið að skipa tvær nefndir til að kanna og gera tillögur um breytingar á samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Önnur nefndin skyldi endurskoða verkaskiptingu á milli þessara aðila, en hin skyldi endurskoða fjármálaleg samskipti. Nefndirnar voru skipaðar í september 1986 og hafa lokið starfi sínu á þessu ári, nokkuð snemma, og sendu síðan álit sitt til hæstv. félmrh. og fjmrh. Með nefndunum var samstarf og ákveðin verkaskipting. Það kom m.a. fram í því að sinn hvor formaður var fulltrúi í báðum nefndum.

Þáverandi hæstv. félmrh. Alexander Stefánsson skipaði verkaskiptanefndina 12. sept. 1986. Í þá nefnd voru skipaðir Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri, sem tilnefndur var af Sambandi ísl. sveitarfélaga, formaður þess sambands raunar, Einar I. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af fjmrh., Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, tilnefndur af heilbr.- og trmrh. og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri, tilnefndur af menntmrh. Húnbogi Þorsteinsson var skipaður formaður nefndarinnar, en Þórhildur Líndal deildarlögfræðingur ritari.

Hin nefndin, sem nefnd hefur verið fjárhagsnefndin, eða sú sem fjallaði sérstaklega um fjárhagshlið þessara mála, var skipuð af þáverandi hæstv. fjmrh. og átti að gera tillögur um breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Í þeirri nefnd störfuðu Einar I. Halldórsson lögfræðingur, formaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, og raunar þáverandi varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga en núverandi formaður, og Snorri Olsen fulltrúi.

Það er sem sagt ljóst að þessar nefndir voru að verulegu leyti skipaðar sömu mönnum og mönnum sem komu af sömu sviðum, ef svo má segja, innan þessa kerfis sem hér tekur til. Þarna eru t.d. bæði formaður og varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga, auk þess ráðuneytismenn og formaður úr hvorri nefnd fyrir sig.

Ég geri þetta að sérstöku umtalsefni vegna þess að það fer ekki milli mála að þarna eru ekki fulltrúar öðruvísi en héðan af þéttbýlissvæðunum fyrst og fremst. Ég er ekki að láta að öðru á einn eða neinn

hátt liggja en að þessir menn hver fyrir sig séu valinkunnir heiðursmenn og prýðilega til þess fallnir að gegna þessum störfum, en bakgrunnur þeirra er með þeim hætti að það er ekki breidd að því leyti í þessum nefndum eins og að minni hyggju hefði þurft að vera ef nefndirnar hefðu átt að geta tekið tillit til allra þeirra sjónarmiða sem eru lögð undir í þessu starfi.

Ég get ekki varist þeirri hugsun, og vil láta hana koma strax fram, að mér finnst í niðurstöðum þessara nefnda, sem hafa verið kynntar í mjög mikilli bók sem heitir Samstarf ríkis og sveitarfélaga og hefur verið veruleg þungamiðja í þessum umræðum, að vísu verð ég að biðja afsökunar á því, hæstv. forseti, að ég hef ekki getað verið viðstaddur umræðuna alla í dag af þeim ástæðum að ég hef verið að störfum í hv. fjvn., — en mér finnst það koma nokkuð greinilega fram í niðurstöðum beggja þessara nefnda að ákaflega lítið er litið á þróunina sem ég minntist á áðan að hefði þó orðið á undanförnum árum og raunar áratugum meðal sveitarfélaganna á landinu. Þar á ég við að sveitarfélögin í landinu hafa tekið smám saman um allt land upp með sér samstarf. Þetta samstarf mun líklega hafa fyrst komist í íslensk lög 1974 þegar grunnskólalögin voru samþykkt á hinu háa Alþingi vornótt eina árið 1974. Þá mun fyrst hafa verið getið í íslenskri löggjöf fyrirbrigðis sem heitir landshlutasamtök sveitarfélaga. Því nefni ég þetta að ég sé varla á það minnst í þeim tillögum sem hér er fjallað um að þessi samtök eða þessi samstarfsvettvangur meðal sveitarfélaga í heilum landshlutum, í heilum kjördæmum, sé til. Það er að vísu minnst lítillega á það í bókinni eða í tillögunum að fræðsluráð á grunnskólastiginu séu hluti af þessum samstarfsvettvangi en tæplega á annan veg. Þetta finnst mér benda til þess að báðar þær nefndir, sem að unnu, sneiði með ákveðnum hætti fram hjá þessari staðreynd meðal sveitarfélaga á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að þessi staðreynd, samstarf sveitarfélaga sem smám saman hefur myndast af ýmsum ástæðum, um ýmsa þætti — ég get nefnt sem dæmi brunavarnir, sem hefur gengið þvert á mörk sveitarfélaga jafnvel, ég get nefnt ýmis önnur dæmi sem hafa smám saman myndast, um skólahald, um skipulag skólaaksturs og ýmislegt fleira í þeim dúr — sé þess eðlis að það sé óraunhæft að ætla sér að ná árangri í verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og láta svo sem þetta fyrirbrigði sé ekki til.

Það er töluverður tónn í þeirri niðurstöðu sem kemur fram hjá nefndunum og það er líka áreiðanlega ætlun þeirra sem skipuðu nefndirnar að ná fram skýrari skilum. (**Forseti:** Þar sem sýnt er að þessari umræðu lýkur ekki í kvöld munum við halda okkur við upphaflega ætlun okkar að fresta fundi um kl. sjö, en þar sem hv. ræðumaður hefur tjáð mér að hann muni ekki ljúka ræðu sinni á þessum fundi vil ég gefa honum kost á að ljúka þeim kafla með einni setningu ef hann óskar þess en að öðru leyti fresta þessari umræðu og að hann haldi áfram ræðu sinni þegar málið verður tekið upp á ný.)

Ég þakka þetta, hæstv. forseti. Það þarf ekki að gera nein sérstök kaflaskil í ræðu minni. En ég er reiðbúinn til þess að halda henni fram þegar málið kemur næst á dagskrá.

Umræðu frestað.

Efnisskrá.

Afstaða Íslands til skilyrðislausrar framkvæmdar afvopnunartillagna (204. mál) 2383.
Almannatryggingar (190. mál, greiðsla mæðralauna og sjúkradagpeninga) 2266, 2279.
Ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar (189. mál) 2395.
Bann við ofbeldiskvikmyndum (141. mál, gildistími) 2244, 2246, 2375.
Barnaefni í fjölmiðlum (146. mál) 2377.
Brunavarnir og brunamál (188. mál, brunavarnagjald) 2331, 2355, 2357, 2530, 2535.
Erlent starfsfólk hérlendis (187. mál) 2391.
Fjárlög 1988 (1. mál) 2037, 2184.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (180. mál, yfirfærðar tekjur) 2226, 2230, 2267, 2513, 2529.
Greinargerð utanrrh. um skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli 2403.
Heilbrigðisþjónusta (203. mál, heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað) 2356, 2357, 2482.
Húsnæðisstofnun ríkisins (47. mál, skerðing lána, vextir o.fl.) 2208, 2246, 2536, 2541, 2721.
Kirkjugarðar (129. mál, kirkjugarðsgjöld) 2359, 2374, 2505, 2526, 2536.
Kosning umboðsmanns Alþingis 2402.
Launaskattur (137. mál, gjaldskylda) 2202, 2207, 2360, 2552, 2650.
Lánsfjárlög 1988 (63. mál) 2688, 2720.
Ríkisfjármál og heilbrigðisáætlun (192. mál) 2399.
Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (195. mál) 2200, 2207, 2360, 2583, 2587.
Snjómokstur (161. mál) 2388.
Sóknargjöld (128. mál, heildarlög) 2358, 2373, 2502, 2525, 2535.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (125. mál, skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.) 2226, 2230, 2268, 2509, 2529.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (136. mál, ávöxtun og iðgjaldagreiðslur) 2225, 2230.
Söluskattur (196. mál, matvæli, undanþágur o.fl.) 2345, 2476, 2515, 2661.
Tekjuskattur og eignarskattur (206. mál, skattlagning fyrirtækja) 2233, 2530, 2545, 2588.
Tollalög (198. mál, tollskrá) 2279, 2323, 2332, 2588.
Um þingsköp 2323 (vinnubrögð í Ed.); 2373 (vinnutilhögun í Nd.); 2541 (uppprentun þingskjala); 2661 (stjfrv. um söluskatt); 2720.
Vegamál við Siglufjörð (160. mál) 2381.
Veiting ríkisborgararéttar (163. mál) 2244, 2245, 2374, 2587, 2654.
Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga (194. mál, breyting ýmissa laga) 2722.
Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins (121. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 2243, 2245.
Vörugjald (197. mál, heildarlög) 2333, 2476, 2507, 2515, 2527, 2654.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2195, 2198, 2200, 2454.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 2089.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 2200, 2225, 2330, 2331, 2508, 2524, 2525, 2539, 2540.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 2661, 2709, 2720.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 2373, 2543, 2544, 2569, 2570, 2571, 2573, 2745, 2761.
Forseti Nd. Óli Þ. Guðbjartsson 2606.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 2458, 2466, 2473, 2697.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 2359, 2374, 2375, 2396, 2398, 2495, 2502, 2505, 2643, 2700.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 2208, 2260, 2331, 2392.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 2173, 2192, 2194, 2232, 2233, 2242, 2267, 2268, 2277, 2313, 2344, 2360, 2400, 2407, 2514, 2520, 2522, 2530, 2579, 2588, 2630, 2646, 2654, 2659, 2667, 2676.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 2191, 2482, 2492, 2501, 2639.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 2567.
Landbrh. Jón Helgason 2195.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 2376, 2379, 2380.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 2382, 2389, 2425, 2475.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2478.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 2384, 2387, 2403, 2471, 2695.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 2430, 2582.
Albert Guðmundsson 2163, 2180, 2186, 2193, 2194, 2364, 2375, 2619, 2641, 2648, 2652, 2653, 2659.
Alexander Stefánsson 2070, 2186, 2355, 2544, 2721, 2722.
Árni Gunnarsson 2187, 2188, 2437.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 2117, 2188, 2524, 2525.
Eggert Haukdal 2145, 2583.
Egill Jónsson 2186, 2187, 2717.
Eiður Guðnason 2223, 2224, 2244, 2478, 2524, 2525, 2526, 2719.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2199, 2296, 2335, 2386, 2528, 2673, 2679.
Friðjón Þórðarson 2141.
Geir H. Haarde 2225, 2383, 2387, 2542, 2546.
Guðmundur Ágústsson 2254, 2265, 2275, 2304, 2481, 2512, 2517, 2526, 2534, 2540.
Guðmundur H. Garðarsson 2205, 2253, 2258.
Guðmundur G. Þórarinsson 2358, 2359.
Guðni Ágústsson 2194.
Guðrún Agnarsdóttir 2146, 2193, 2201, 2204, 2224, 2244, 2249, 2257, 2276, 2307, 2343, 2350, 2380, 2391, 2394, 2395, 2398, 2399, 2401, 2448, 2481, 2491, 2502, 2510, 2534, 2537, 2688, 2714, 2719.
Guðrún Helgadóttir 2193, 2356, 2544, 2761.
Halldór Blöndal 2192, 2195, 2198, 2200, 2202, 2204, 2279, 2323, 2333, 2345, 2478, 2480, 2507, 2509, 2512, 2513, 2514, 2515, 2522, 2528, 2539, 2667, 2687, 2688, 2708, 2720.
Hjörleifur Guttormsson 2088, 2090, 2189, 2196, 2367, 2386, 2541, 2542, 2543, 2559, 2570, 2571, 2573, 2581, 2624, 2721, 2753, 2763.
Hreggviður Jónsson 2240, 2365, 2463, 2585, 2615.
Ingi Björn Albertsson 2105, 2609, 2647, 2660, 2752.
Jóhann Einvarðsson 2244, 2530.
Júlíus Sólnes 2162, 2196, 2200, 2203, 2209, 2224, 2246, 2264, 2273, 2323, 2335, 2347, 2480, 2516, 2519, 2527, 2539, 2540, 2670, 2687, 2704.
Karl Steinar Guðnason 2266, 2397.
Karvel Pálmason 2680.
Kjartan Jóhannsson 2229.
Kristín Einarsdóttir 2100, 2542, 2726.
Kristín Halldórsdóttir 2240, 2366, 2376, 2402, 2552, 2583, 2589, 2656.
Margrét Frímannsdóttir 2057.
Málmfríður Sigurðardóttir 2084, 2745.
Niels Árni Lund 2186, 2199, 2232, 2376, 2397, 2649.
Ólafur G. Einarsson 2572, 2587.
Ólafur Þ. Þórðarson 2186, 2187, 2543, 2583, 2606.
Óli Þ. Guðbjartsson 2075, 2561, 2567, 2772.
Páll Pétursson 2226, 2454, 2545, 2552, 2584, 2588.
Pálmi Jónsson 2066.
Ragnar Arnalds 2123, 2184, 2381, 2383, 2388, 2390.
Ragnhildur Helgadóttir 2190, 2192, 2356.
Salome Þorkelsdóttir 2312, 2511.
Sighvatur Björgvinsson 2037, 2199.
Skúli Alexandersson 2138, 2188, 2518.
Stefán Valgeirsson 2135.
Steingímur J. Sigfússon 2152, 2187, 2188, 2197, 2198, 2226, 2227, 2230, 2236, 2361, 2373, 2412, 2468, 2474, 2547, 2553, 2565, 2569, 2572, 2583, 2584, 2592, 2625, 2642, 2650, 2653, 2657, 2748.
Svavar Gestsson 2110, 2176, 2190, 2193, 2198, 2201, 2202, 2205, 2207, 2223, 2252, 2270, 2278, 2282, 2327, 2330, 2334, 2354, 2442, 2465, 2467, 2476, 2477, 2478, 2481, 2483, 2495, 2502, 2507, 2509, 2513, 2515, 2516, 2519, 2521, 2523, 2524, 2528, 2533, 2661, 2667, 2681, 2686, 2687, 2689, 2709.
Sverrir Hermannsson 2380, 2545.
Valgerður Sverrisdóttir 2536.
Þórhildur Þorleifsdóttir 2129, 2377, 2380, 2432.

SAMEINAÐ ÞING

36. fundur, mánudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður, ráðherra og sendiherra, andaðist að heimili sínu hér í borg aðfaranótt laugardagsins 19. des., 78 ára að aldri.

Guðmundur Í. Guðmundsson var fæddur í Hafnarfirði 17. júlí 1909. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur skipstjóri Magnússon, sjómanns í Hafnarfirði Auðunssonar, og Margrét Guðmundsdóttir útvegsbónda á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd Ívarssonar. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1930 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands vorið 1934.

Að prófi loknu varð hann fulltrúi í málflutningsskrifstofu Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Ásgeirs Guðmundssonar og hálfu öðru ári síðar meðeigandi Stefáns Jóhanns að skrifstofunni, stundaði málflutning og önnur lögfræðistörf á vegum hennar fram á árið 1945, varð hæstaréttarlögmaður 1939.

Hinn 1. júní 1945 var hann skipaður sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði og gegndi því embætti þar til hann varð utanríkisráðherra í ráðuneyti Hermanns Jónassonar í júlí 1956. Ráðherra var hann síðan hátt í áratug, varð utanríkis- og fjármálaráðherra á Þorláksmessu 1958, í ráðuneyti Emils Jónssonar, en aftur utanrrh. frá 20. nóv. 1959 til ágústloka 1965, í ráðuneytum Ólafs Thors og síðar Bjarna Benediktssonar.

Síðustu 14 árin fram að sjötugu var hann sendiherra Íslands víða um lönd. Á árunum 1965–1971 var hann sendiherra í Bretlandi og jafnframt í Hollandi, Portúgal og á Spáni og í lokin einnig í Nígeríu. Árin 1971–1973 var hann sendiherra í Bandaríkjuum og jafnframt í Argentínu, Brasilíu, Kanada, Mexíkó og á Kúbu. Árin 1973–1977 var hann sendiherra í Svíþjóð og jafnframt í Finnlandi og Austurríki. Loks var hann árin 1977–1979 sendiherra í Belgíu og Lúxemborg og fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu.

Guðmundur Í. Guðmundsson gegndi ýmsum trúnaðarstörfum jafnframt aðalstarfi sínu. Árið 1936 var hann skipaður í nefnd til að gera tillögur um vinnulöggjöf og var formaður hennar. Hann var því í forustu við samningu frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem árið 1938 varð að lögum og gilda enn harla lítið breytt.

Árin 1938–1946 var hann stjórnarformaður Sjúkrasamlags Reykjavíkur. 1939–1949 var hann formaður Byggingarfélags verkamanna í Reykjavík. Hann var kosinn í milliþinganefnd til að athuga og gera tillögur um launakjör alþingismanna 1942 og í milliþinganefnd í skattamálum 1943. Árið 1947 var hann kosinn í flugráð og átti sæti í því til 1956. Sama ár, 1947, var hann skipaður í nefnd til að endurskoða skatta- og útsvarslöggjöfina. Í varnarmálanefnd var hann 1952–1953 og 1954 var hann kosinn í milliþinganefnd um brunamál utan Reykjavíkur. Árið 1957 var hann kosinn í bankaráð Útvegsbanka Íslands og sat í því til 1965, var formaður þess frá 1961.

Guðmundur Í. Guðmundsson var í miðstjórn Alþfl. frá 1940, varaformaður flokksins 1954–1965. Hann var í kjöri fyrir flokkinn við alþingiskosningarnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1942–1959 og í Reykjaneskjördæmi 1959 og 1963. Hann hlaut sæti á Alþingi haustið 1942 og sat á þingi til 1949. Við kosningarnar það ár varð hann landskjörinn varaþingmaður og tók sæti á þremur næstu þingum í tímabundnum fjarvistum aðalmanna.

Haustið 1952 hlaut hann fast sæti á Alþingi eftir að aðalmaður afsalaði sér þingmennsku. Var hann síðan landskjörinn alþingismaður til 1965 er hann sagði af sér þingmennsku og varð sendiherra. Alls átti hann sæti á 25 þingum.

Guðmundur Í. Guðmundsson lagði sig fram við nám og störf sem hann fékkst við. Hann lauk lögfræðiprófi með hárri einkunn og gat sér góðan orðstír við málflutning og önnur lögfræðistörf. Hann naut alla tíð trausts fylgis í kjördæmi sínu og vann flokki sínum margt og mikið. Honum var laginn málflutningur á sviði þjóðmála og utanríkismála, jafnt sem í dómsölum stundum í hörðum deilum. Á þriðja áratug sinnti hann utanríkismálum sem ráðherra og síðar sendiherra á tímum merkra ákvarðana í öryggismálum og í hafréttarmálum og kom hann þar víða við. Síðustu árin átti hann rólega ævidaga hér heima.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Guðmundar Í. Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

EFRI DEILD

35. fundur, mánudaginn 21. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 201, n. 388, 350, 371 og 378, brtt. 205, 218, 234, 383, 389, 391, 392.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um stjórn fiskveiða 1988–1991 með þeim breytingum sem nánar verður frá greint.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og kvatt til viðtals eftirtalda menn: Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Árna Benediktsson frá félagi Sambandsfiskframleiðenda, Bjarna Lúðvíksson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Dagbjart Einarsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Arthur Bogason, Sævar Einarsson, Harald Jóhannesson og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Guðmund Stefán Maríasson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda og Gunnlaug Claessen ríkislögmann. Þá hafa fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins komið á fund nefndarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 389.

Samkvæmt því er lagt til að gildistími laganna verði þrjú ár í stað fjögurra.

Þá er gert ráð fyrir að úr 5. gr. frv. verði felld ákvæði um sérstakt 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi hann ekki verið veginn hér á landi.

Varðandi smábáta er lagt til að bátar undir 10 brl., sem stunda línu- og handfæraveiðar, þurfi eingöngu að sæta tímabundnum veiðibönnum eins og verið hefur. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að allir bátar 6 brl. og stærri fái sérstök veiðileyfi með aflahámarki. Þessi breyting er í samræmi við samþykktir 46. fiskiþings.

Meiri hl. nefndarinnar telur að sem mestur jöfnuður eigi að ríkja varðandi meðalaflahámörk sóknarmarksskipa. Ráðgert er að setja í fyrsta skipti meðalaflahámark á karfaafla togara. En það er nauðsynlegt að mati fiskifræðinga þar sem karfastofninn er álitinn vera mjög veikur. Er í því sambandi nauðsynlegt að tillit sé tekið til þess að útgerðarkostnaður í hlutfalli við aflaverðmæti er meiri við karfaveiðar en við þorskveiðar. Er því eðlilegt að karfaaflahámörk verði hækkuð nokkuð frá því sem lagt er til í drögum að reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1988. Meðalaflahámörk togara verði sem hér segir:

39 metrar og styttri: Þorskaflahámark – 660 smálestir á I. svæði; 1000 smálestir á II. svæði.

Lengri en 39 metrar: Þorskaflahámark – 1160 smálestir á I. svæði; 1650 smálestir á II. svæði.

39 metrar og styttri: Karfaaflahámark – 850 smálestir á I. svæði; 100 smálestir á II. svæði.

Lengri en 39 metrar: Karfaaflahámark – 1700 smálestir á I. svæði; 600 smálestir á II. svæði.

Þeim togurum, sem velja sóknarmark með meðalaflamarki, verði heimilt að veiða karfa í stað þorsks innan samanlagðra aflahámarka beggja tegundanna.

Undir þetta meirihlutaálit rita Guðmundur H. Garðarsson frsm., Stefán Guðmundsson, Jóhann Einvarðsson og Halldór Blöndal.

Ég vil í sambandi við álit meiri hl. segja eftirfarandi til viðbótar við það sem fram kemur í nál. Það er rétt að varpa fram þeirri spurningu hvað verið sé að tryggja þegar fjallað er um stjórn fiskveiða og í því sambandi kemur auðvitað upp spurningin: Hvers vegna kvóti?

Það dylst engum að kröfur um aukin lífsgæði, fæði, klæði, nýtískulegt húsnæði, menntun, tryggingar, hjúkrun o.s.frv. hafa aukist mikið hér á landi sem annars staðar. Þrátt fyrir miklar framfarir á Íslandi á öllum sviðum er sjávarútvegur enn sem fyrr mikilvægasta atvinnugreinin í landinu og sú uppspretta auðs sem gerir Íslendingum, 240 þús. manns, kleift að búa mannsæmandi lífi á þessu landi. Stöðugt meiri kröfur um aukin lífsgæði og auknar kröfur um að stærri og stærri hluti þjóðartekna fari til þjónustu við velferðarríkið hefur knúið á um auknar veiðar, þ.e. að veiddur væri meiri fiskur til að fullnægja þessu markmiði um betri lífskjör. Það hefur þýtt harðari sókn í fiskistofnana, fleiri og stærri skip, fullkomnari veiðitækni og miklu meiri afköst við veiðarnar. Árangurinn er gífurlegur. Ekkert ríki heims, þ.e. engin fiskveiðiþjóð, kemst með tærnar þar sem Íslendingar hafa hælana í þessum efnum.

Árið 1986 voru um 238 smálestir á bak við hvern starfandi sjómann í landinu. Miðað við verðmæti landaðs afla voru meðalársafköst pr. sjómann að verðmæti um 2,7 millj. kr. Engin önnur atvinnugrein á Íslandi getur komið með sambærilega niðurstöðu í verðmætasköpun pr. starfandi mann. Þetta ættu allir Íslendingar að vita og skilja. Á því er því miður mikill misbrestur. Frá þessu er ekki skýrt sem skyldi í skólum landsins né í fjölmiðlum eða þar sem máli skiptir svo að allir Íslendingar skilji til hlítar hver sé undirstaða íslensks þjóðfélags efnalega sem og menningarlega.

En hinar hörðu og miklu kröfur sem gerðar eru til sjávarútvegsins í útvegun þeirra miklu verðmæta sem þjóðin þarfnast hafa tekið sinn toll, þ.e. sinn skatt. Í því sambandi finnst mér rétt — og það er fróðlegt að koma með það hér inn í umræðuna þegar fjallað er um stjórn fiskveiða — að gera sér nokkra grein fyrir því hvernig aflinn skiptist milli helstu tegunda eða stærða fiskiskipa. Skýrir það vægi þeirra og þýðingu í fiskveiðum sem og mikilvægi í verðmætasköpuninni. Til að gera málið ekki of flókið er árið 1986 tekið sem dæmi.

Árið 1986 er hægt að skipta fiskiflotanum í eftirfarandi þrjár eða fjórar meginstærðir, þ.e. togara, millistærð af fiskiskipum og vélbáta.

Á togurum landsins voru starfandi sjómenn árið 1986 alls 1576. Afli togaranna á því ári var um 420 þús. smálestir þannig að á hvern sjómann komu um 266 smálestir.

Millistærðarfiskiskip voru með starfandi sjómenn um 3500 manns og afli þeirra var um 1,2 millj. smálesta.

Ef tekin eru út þau skip sem eru yfir 100 brúttólestir þá voru starfandi á þeim skipum 1726 sjómenn og afli pr. sjómann er 610 smálestir. Ráða loðnuveiðar þar mestu um.

Ef hins vegar eru teknir minni fiskibátar, þ.e. allt að 100 brúttólestum, þá voru starfandi á þeim 1874 sjómenn og meðalafli pr. sjómann á því ári 84 smálestir.

Á opnum vélbátum voru skráðir 1742 sjómenn og heildarafli var á árinu 1986 samkvæmt tölum Fiskifélagsins álitinn vera 21 641 smálest en mun hafa orðið nokkru meiri og er meðalafli pr. starfandi sjómann samkvæmt því aðeins 12 smálestir sem segja auðvitað ekki alla söguna því að í þessum hópi eru margir sportveiðimenn sem draga niður þann hluta sem starfandi sjómenn eiga meginið af.

En það er fróðlegt að skoða nokkuð hvaða verðmæti eru bak við hvern sjómann eftir þessum flokkum á árinu 1986. Meðalaflaverðmæti pr. sjómann á togurum mun hafa verið um 5,4 millj., á stærri fiskiskipum, þ.e. 100 smálestir og yfir, 2,2 millj. og á minni skipunum 3,3 millj., en á opnu vélbátunum 233 þús. kr. En þótt þessar tölur sýni góðan árangur og undirstriki það hversu afkastamikill sjávarútvegur er, er það ekki einhlítt að vera með þess háttar samanburð þegar fjallað er um stjórn fiskveiðanna. En þær skýra samt á einfaldan hátt hvað er í húfi og hvað ber m.a. að hafa hugfast þegar verið er að móta stefnuna í fiskveiðimálum Íslendinga fyrir næsta ár.

Staðreyndin er sú að það hefur verið gengið of nærri auðlindinni. Sóknin hefur verið of hörð, skipin of mörg og afköstin of mikil. Í tæpan eða rúman áratug hefur þetta viðgengist og þrátt fyrir umdeildar veiðitakmarkanir standa Íslendingar enn einu sinni frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa að takmarka veiðarnar enn meir. Um tvennt er raunverulega að ræða:

Í fyrsta lagi: Á að fækka skipunum? Eða í öðru lagi: Á að skipta áætluðum leyfilegum afla á flotann eins og hann er í dag? Fáir treysta sér til að leggja til að fiskiskipum verði fækkað. Enn færri ef nokkrir mundu treysta sér til að leggja til að skipum verði lagt. Niðurstaðan er því sú að takmarka skuli veiðarnar með svonefndu kvótakerfi.

Flestir eru á móti höftum og skömmtunarkerfum en raunveruleikinn setur manni takmörk. Staðreyndin er: Helstu fiskistofnar eru á niðurleið; fiskurinn í aflanum er smærri í ár en næstu ár á undan; fiskifræðingar óttast um þýðingarmestu fisktegundina, þorskinn. Þeir leggja því til að Íslendingar minnki veiðarnar á næstu árum ef ekki á illa að fara. Fyrir þessum staðreyndum beygja landsmenn sig. Jafnframt gerir fólkið þær kröfur til valdhafanna, þ.e. hins háa Alþingis, að það setji þau lög og reglur sem tryggi sem best og hagkvæmast nýtingu fiskimiðanna samfara sem bestri nýtingu á þeim framleiðslutækjum sem við þessa atvinnugrein eru bundin, þ.e. í veiðum og vinnslu.

Í fleiri mánuði hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls af hálfu stjórnvalda og annarra sem hafa reynslu og þekkingu af sjávarútvegi. Í framhaldi þess starfs lagði hæstv. ríkisstjórn fram í byrjun desember frv. til laga um stjórn fiskveiða fyrir árin 1988–1991. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í hv. deild og í sjútvn. Ed. Einnig hafa verið sameiginlegir fundir í sjútvn. Ed. og Nd. þar sem fjallað hefur verið ítarlega um frv. og brtt. Þótt ágreiningur væri um nokkur atriði í frv. eru flestallir hv. þm. sammála um að við ríkjandi aðstæður og ástand fiskistofna sé nauðsynlegt að takmarka veiðarnar og vísast til nál. í þeim efnum.

Kjarni málsins er: Það verður að móta fiskveiðistefnu sem tryggir heildarhagsmuni þjóðarinnar á næstu árum. Verkið er vandasamt, skoðanir eru mismunandi og mat manna ekki ætíð byggt upp á sömu forsendum. Miklu máli skiptir að þekking og reynsla samfara yfirveguðu mati ráði úrslitum þegar endanlegar ákvarðanir verða teknar. Þröngir hagsmunir verða að víkja en þess verður jafnframt að gæta að í skjóli laga sé réttur manna virtur í samræmi við mótaða fiskveiðistefnu hins háa Alþingis.

Sjálfstfl. leggur áherslu á þetta atriði og áskilur sér allan rétt til tillagna til breytinga á væntanlegri fiskveiðilöggjöf á gildistíma ef í ljós koma veigamiklir ágallar á framkvæmd laga og reglugerða.

Það er vissulega þungbært að þurfa að viðurkenna að þannig sé ástatt um helstu fiskistofna við Ísland að takmarka þurfi aðgang manna að miðunum, en því miður er þetta óhrekjanleg staðreynd. Þess vegna er mikils um vert að festa og ábyrgð ráði um gjörðir manna þegar þeir taka ákvarðanir og fjalla um þetta mál á hinu háa Alþingi.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem menn upplifa á langri ævi. Það eru fjögur ár síðan hér hinum megin við dyrnar í hv. Nd. voru umræður í fyrsta skipti um kvóta. Þar var harðasti gagnrýnandi þess kerfis sá hv. þm. Reykv. sem hér var að ljúka máli. Hann gagnrýndi það harðlega hvernig þeir „SÍS-menn", eins og hann orðaði það þá, ætluðu sér að haga fiskveiðum næstu árin.

Ég var einn af þeim sem tóku þátt í slíkum umræðum og var jafnframt gagnrýnandi þessa kerfis. Og ég er það enn. En nú hafa orðið hlutverkaskipti. Forsvarsmenn einkaframtaksins vilja nú einoka auðlindir hafsins við tiltekna fámenna klíku sem á að ráða lögum og lofum yfir þessum auðæfum. Þessu hefur verið mótmælt harðlega og hlýtur að verða það áfram. En nóg um það í bili.

Ég hlýt í byrjun, herra forseti, að víkja örfáum orðum að því hvernig þetta mál hefur borið að og hvernig það hefur þróast. Kannski þykir hv. þingdeildarmönnum það með ólíkindum að hér sé að tala formaður sjútvn. þessarar hv. deildar sem í almennu máli er talinn stjórnarsinni.

Ég sagði það hér við 1. umr. þessa máls að vissulega væri mikill ágreiningur í þessu máli, ekki bara milli flokka heldur og milli manna innan

flokka. Og það hefur verið staðreyndin hér undangengin ár sem þetta mál hefur verið til umræðu í þinginu. Ég sagði jafnframt að hvað sem þessu liði þá hlyti ég að gegna þeim skyldum mínum sem formaður viðkomandi nefndar að láta málið fá þinglega meðferð og að hin þinglega meðferð hlyti að ráða niðurstöðum hér í þessu máli.

Á þskj. 378 flyt ég sérstakt nál., að vísu stutt, en ég held að það segi þá sögu hvernig þetta mál hefur þróast í gegnum sjávarútvegsnefndir í báðum deildum. Það var ákveðið frá upphafi að freista þess að báðar nefndir ynnu sameiginlega að þessu máli og jafnframt um það talað að fulltrúi sjútvrn. sæti alla þá fundi og veitti allar þær upplýsingar sem um væri beðið. Það var gert og fyrir það vil ég sérstaklega þakka. Ég vil líka þakka öllum nefndarmönnum fyrir það samstarf sem ég átti við þá þó að ekki tækist endanlega að eiga samleið til loka.

Varðandi þetta mál voru haldnir tíu fundir, þar af átta sameiginlegir fundir nefndanna beggja þannig að málið hefur, að ég held, miðað við kringumstæður fengið nokkuð ítarlega umræðu þó að vissulega hefði hún þurft að verða lengri vegna þess hversu málið er stórt og tími hefði þurft að vera rýmri til þess að ræða málið. Aðstæður hafa hagað því svo, því miður, og hvernig málið var undirbúið af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar, að lengri tími gafst ekki til þess að fjalla um málið innan nefndanna.

Strax þegar nefndir hófu störf, og raunar miklu fyrr, og allan þann tíma sem kvótinn hefur verið í gildi hefur verið bullandi ágreiningur um þetta kerfi, bullandi ágreiningur. Formenn sjútvn. beggja deilda töldu að í ljósi þessa væri a.m.k. skynsamlegt að leggja fram drög að hugsanlegum brtt. við frv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórnar, drög að brtt. sem hugsanlega gætu orðið til þess að sætta frekar þau sjónarmið sem uppi eru heldur en það sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta var gert og þessar hugmyndir að brtt. voru ræddar ítarlega í nefndunum báðum. Ég held að ýmsir nefndarmanna sem slíkir hafi viljað ganga verulega lengra til móts við þessar brtt. heldur en endirinn varð á. Þar hafa greinilega einstakir þm., kannski hópar þm., verið píndir og plagaðir til annarra hluta en þeirra eigin sannfæring hefur gert ráð fyrir. Þar hefur ráðherravaldið ráðið ferðinni og það er ekkert nýtt. Og það er með eindæmum að mínu viti hversu hæstv. sjútvrh. tekst að hnýta þá hnúta til þess að framkvæma nánast það sem honum dettur í hug að því er varðar sjávarútvegsstefnuna.

Með þessu frv. sem menn eru nú að tala um er verið að auka gífurlega þá haftastefnu sem kvótinn núverandi hefur haft í för með sér. Enn á að auka vald hæstv. ráðherra til fleiri þátta í fiskveiðum en verið hefur. Það á að þenja út heimilishald hæstv. ráðherra yfir fiskveiðum á Íslandi. Hæstv. ráðherra hefur undangengin ár farið með fiskveiðistefnuna eins og heimilisbókhaldið hjá sjálfum sér. Og það er gífurlegt vald sem meiri hl. Alþingis hefur fært tilteknum ráðherra í þessum efnum og með ólíkindum að menn ætli sér að halda slíku áfram. Ég tala nú ekki um að auka slíkt vald. (**HBl:** Hv. þm. stendur að því að hann er áfram sjútvrh.) Ég veit ekki til þess að ég hafi greitt atkvæði með slíku. Hefur hv. þm. vitað til þess? (**HBl:** Ég veit að hv. þm. er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar.) (**Gripið fram í:** Væntanlega að biðja um vantraust á sjútvrh.) Er hv. þm. að biðja um einhverja breytingu í þessum efnum? (**HBl:** Nei, síður en svo.) En hvað? (**HBl:** Ég er bara að álykta að við treystum báðir hæstv. sjútvrh.) Ég bið nú hv. þm. Halldór Blöndal að tala ekki mínu máli í einu eða neinu. Ég hef hingað til talið mig geta það sjálfur. Nei, hafi mönnum þótt kvótafyrirkomulagið slæmt eins og það nú er, þá er hér verið að herða enn á því og verður vikið að því sérstaklega á eftir.

Mér heyrist að ekki hafi verið gert neitt samkomulag um það með hvaða hætti menn ræða þessi mál. Ég skal taka það strax fram, og sagði það raunar strax við 1. umr., að ég hef ekki, að ég best veit, undir neinum kringumstæðum reynt að tefja þetta mál í meðferð nefndarinnar og tel að nefndirnar hafi báðar sýnt það í verkum að þær hafi skilað málinu eftir bestu getu miðað við þær kringumstæður sem þær bjuggu við. Og ég mun ekki gera tilraunir til þess að tefja þetta mál með einum eða neinum hætti. Auðvitað er þetta mál það stórt að það verður að fá eðlilega umfjöllun hér í þinginu. Það má telja vítavert að í hvert skipti sem slíkt mál er lagt hér fram á Alþingi, þá er það gert nánast á síðustu dögum Alþingis og ég lít svo á að það sé gert til þess að stilla þm. upp við vegg þannig að þeir geti ekki rætt málið með eðlilegum hætti.

Ég minni á að það var í gildandi lögum endurskoðunarákvæði og skv. því að endurskoða lögin fyrir ári síðan. Það var ekki gert þannig að hér búa menn við eitthvert harðsvíraðasta haftakerfi sem um er að ræða.

Ég sagði hér áðan að við 1. umr. þessa máls hefði ég rifjað upp mína afstöðu til kvótamálsins eins og það hefur verið. Ég tala nú ekki um í ljósi þess sem á að bæta við. Ég minni menn á það að í stjórnarsáttmála hæstv. núv. ríkisstjórnar, sem margir hafa byggt á og telja trausta, er sérstaklega vikið að sjávarútvegsstefnunni. Og þar var gert ráð fyrir, að mér skilst, að sett yrði sérstök nefnd stjórnarflokkanna til þess að fara yfir það mál og það tímanlega að sú nefnd gæti skilað niðurstöðum það vel fyrir áramót að hægt væri að breyta um stefnu í fiskveiðum frá því sem nú er. Sú nefnd hefur engu áliti skilað enn og ég spyr þá sem stóðu í þeirri meiningu að það væri þess nefnd sem ætti að leysa málið, ég spyr þá að því: Eru þeir þeirrar skoðunar enn að þetta hafi verið lykillinn að lausn fiskveiðistefnunnar sem ætti að gilda frá áramótum?

Frv. hæstv. ráðherra er með gildistíma fjögur ár. Meiri hl. sjútvn. Ed. virðist hafa sameinast um það að hafa þann gildistíma nú þrjú ár. Og mér sýnist að þær breytingar sumar hverjar, sem meiri hl. sjútvn. Ed. gerir tillögu um, geri frv. enn verra en hæstv. ráðherra lagði það fyrir þingið. Þar minni ég á þá

breytingu sem menn voru að tala um á smábátaþættinum að ég sé ekki hvað þar kann að koma út úr. Mér er ekki ljóst hvað sú breyting kann að hafa í för með sér þar sem hæstv. ráðherra er nánast gefið valdið til þess að útfæra það í reglugerð. Og ég minni líka á það að með brtt. meiri hl. sjútvn. Ed. eru menn að koma bakdyramegin að þeim sem hafa búið við norðursvæðið og eru að opna inn fyrir suðursvæðið, norður-suðurlínuna eins og menn hafa kallað það. Og það er einkennilegt að heyra þann málflutning hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni þegar hann segir hér áðan: „Karfastofninn er mjög veikur en það er eðlilegt að aflamark karfa verði hækkað." Hvers konar málflutningur er þetta? Karfastofninn er veikur ... (**GHG:** Ég held að hv. þm. þekki ekki aflatölurnar eins og þær eru í dag.) Ég bara tók tal mannsins fullkomlega alvarlega. (**GHG:** Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér þær.) Og ég ætlast til þess að á þeim hv. þm. sem hér tala úr pontu sé hægt að taka mark. (**GHG:** Það þarf að minnka veiðarnar.) Hv. þm. sagði nánast orðrétt: „Karfastofninn er mjög veikur, en það er eðlilegt að karfaaflamark verði hækkað." Hvað þýðir þetta? Af því að stofninn er veikur þá á að veiða meira. (**GHG:** *Innan kvótans.*) *Þetta eru nú rökin sem menn eru að* tala um í þessu máli. Og ef rökin eru öll með þessum hætti þá sýnist mér nú ekki gefandi mikið fyrir málið. (Gripið fram í.) Auðvitað geta menn kallað fram í hér úr sætum, en ég vil nú heldur taka mark á því sem menn tala hér formlega úr ræðustól. (**GHG:** Rétt verður að vera rétt.) Auðvitað er rétt rétt og við skulum lesa þetta á eftir hvernig þetta var orðað. Ég hygg að hv. þingdeildarmenn hafi heyrt þessi ummæli aðrir en ég, þannig að þetta er ekki minn tilbúningur. En hér var sá að tala sem hefur allt til þessa viljað ganga lengst í því að vernda einstaklingsframtakið. Einstaklingsframtakið. Og þetta er *afraksturinn. Þetta er afraksturinn eftir fjögur ár.* Að hefta veiðimannaþjóðfélagið í enn meiri fjötra en nokkrum öðrum hefur dottið í hug í gegnum árin. (**GHG:** Eigum við að auka smáfiskadrápið?) Eigum við að auka? (**Forseti:** Má ég biðja hv. 14. þm. Reykv. að hafa hóf á frammígripum.) Ekki hef ég á móti því þó að hv. þm. líði svo illa að hann verði að tala við mig bara beint. (**Forseti:** Ég bið um ákveðna hófsemi í þessum efnum.) (**GHG:** Eigum við ekki að tala um smáfiskadrápið?) Við skulum vissulega tala um smáfiskadrápið. Við höfum kannski nægan tíma til þess í áframhaldi.

Ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig á því standi að sú nefnd sem átti að skipa af hálfu stjórnarflokkanna til að fara ofan í þetta mál og vinna úr því, gera tillögur um breyttar kvótaúthlutunarreglur frá og með komandi áramótum, hvernig á því stendur að hún hefur ekki skilað áliti. Hver er ástæðan fyrir því? Ég fullyrði það að frv. ráðherrans eða hæstv. ríkisstjórnar eins og það liggur nú fyrir og þær brtt. sem meiri hl. leggur til ganga þvert á stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar. Þær ganga þvert á hann. Og ég trúi því ekki að þeir menn sem að honum standa og vilja virða hann standi að þessari afgreiðslu sem hér er lögð til.

Það er kannski einkennilegt en ég er einn af þeim sem a.m.k. gera tilraun til að segja það sama bæði fyrir og eftir kosningar, hafa sömu skoðun bæði fyrir og eftir kosningar — hvort sem mönnum líkar það nú betur eða verr, það verða menn að hafa — og svo ætti að vera um fleiri. Mér sýnist á ýmsu að margir hafi nú allt aðrar skoðanir eftir kosningar en þeir höfðu fyrir kosningar. Það á við þetta mál. Það á við fleiri mál. En eigi að síður er best að sjá hver *endirinn á þessu verður. Lengi skal manninn reyna* og batnandi mönnum er best að lifa. Og vonandi sjá menn fram úr því að leiðrétta þessa hluti í átt til þess sem lofað var fyrir kosningar.

Ég minnti líka á það við 1. umr. þessa máls að þegar kvótinn var settur á höfðu þeir kvótamenn fyrst og fremst verndunarsjónarmiðin að leiðarljósi, að þeir sögðu sjálfir. Þrátt fyrir þetta hefur staðreyndin orðið sú að það verður veitt um eða yfir 30% umfram það aflamark sem sérfræðingar, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var sérstaklega að víkja að hér áðan, um eða yfir 30% umfram það sem sérfræðingar í þessum efnum töldu að mætti gera. (**SkA:** *Það gæti nú verið smáfiskur í því.*) Það er hugsanlegt. Ekkert skal ég fullyrða um það. En ég vil minna á í þessu sambandi, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að í Kanada hefur þetta kerfi verið við lýði einhvern tíma, en það er að hrynja — ef ekki hrunið. Og það er þetta kerfi sem einn af aðalpostulum hægri manna á Íslandi, Guðmundur H. Garðarsson, er að predika hér yfir þingheimi að eigi nú að herða og taka meira upp.

Það hefur ekki farið milli mála hjá neinum, sem hefur fylgst með þessu máli, hversu gífurlegu valdi Alþingi er að afsala sér til eins einstaklings, í þessum efnum til hæstv. sjútvrh. Og hann, hæstv. ráðherra, *hefur kunnað að fara með málið eins og honum* hentaði. Hann er út af fyrir sig ekkert gagnrýnisverður fyrir það vegna þess að meiri hl. Alþingis fól honum þetta vald. Og hann spilar og spilar mikið. Og enn ætla menn að auka þetta vald og gefa honum betri spil á hendur.

Ég minni á að í frv. hæstv. ráðherra eins og það var lagt fram og hæstv. ríkisstjórnar átti ekki bara að viðhalda núverandi kvótakerfi. Það átti að þrengja verulega að smábátum og enn er ekki séð fyrir endann, hvað hugmyndir meiri hl. sjútvn. Ed. kunna að hafa í för með sér fyrir smábáta. Mér er það ekki ljóst, ég viðurkenni það, hvernig þær kunni að reynast. En í upphaflegu frv. átti verulega að þrengja hag smábáta, átti nánast að banna mönnum að kaupa skektu. Það átti líka að setja kvóta á úthafsrækjuveiðina og á skv. frv. og því mælir meiri hl. sjútvn. með. Ég skil ekki þá menn, sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar á hv. Alþingi, sem telja sig geta staðið undir þeirri gífurlegu ábyrgð að haga sér með þessum hætti að því er varðar lífsbjörg fleiri hundruð heimila í landinu. Eru menn virkilega reiðubúnir að leggja fjölda heimila úti á landsbyggð-

inni í mismunandi stórum sjávarþorpum í rúst? Það sýnist mér vera a.m.k. vilji sumra, tilgangur sumra og kannski leggja þeir blessun sína yfir það hér. Er mönnum virkilega ekki ljóst enn hversu kvótinn hefur haft gífurleg áhrif á byggðastefnu eins og hún hefur þróast? Kvótinn er ein aðalorsökin í því hversu landsbyggðin hefur farið illa út úr málum undangengin ár. Og ætla menn virkilega, ekki bara að halda áfram á þeirri braut, frekar að þrengja að landsbyggðinni?

Ég vil minna menn á að eitt meginmál í kosningaslagnum á síðasta vori á Vestfjörðum var spurningin um að létta af eða leiðrétta a.m.k. það kvótakerfi sem við búum við. Um það voru allir sammála. Allir frambjóðendur voru sammála um það. Ætla menn nú að snúa til baka þar? Ætla menn að draga í land? Ætla menn að standa þannig að verkum að samþykkja ekki bara óbreyttan kvóta heldur gífurlega aukinn á fleiri sviðum en hann hefur verið? Voru það kosningaloforðin sem menn gáfu í síðustu kosningum? Ég held ekki. Ég held að menn hafi gefið allt önnur loforð. Og ég er nánast viss um að þessi mál hafi ekki verið síður í mikilli umræðu og til umfjöllunar á öðrum landsvæðum en Vestfjörðum fyrir kosningarnar síðustu. Þær hafa trúlega verið það víðar og trúlega verið sagt svipað á þeim svæðum eins og ég er hér að lýsa að sagt var á Vestfjörðum. Ætla menn líka þar að breyta til? Ætla menn þar að stíga skrefið lengra inn í kvótann en verið hefur og herða tökin? Auðvitað spyr landslýður þessara spurninga. Þessari spurningu verða þm., hvar í flokki sem þeir eru, af hvaða landsvæði sem þeir eru, að svara og þeir verða að sjálfsögðu að standa ábyrgir fyrir þeim loforðum sem þeir gáfu og fyrir því svari sem þeir ætla að ákveða. Þetta hlýtur hver og einn þm. að gera sér ljóst. Ekki ætla ég mönnum annað.

Ég fullyrði að a.m.k. á því svæði þar sem ég þekki best til, sem eru Vestfirðir, þar hefur þáttur kvótans verið hvað mestur í því að draga fólk frá framleiðslustörfunum í frystihúsunum og framleiðslu á fiski til þjónustustarfsins á suðvesturhorninu á landinu. Kannski er meining stjórnvalda að það sé allt í lagi að byggja bara blokkir hér og færa allt liðið hingað suður. En ætli það mundi ekki minnka í buddunni hjá sumum syðra ef slíkt væri gert? Ætli það yrðu ekki minni innkaupin ef ætti að halda áfram á þeirri braut að hefta framleiðsluna en bæta alltaf við í þjónustuna?

Ég sagði áðan, og raunar tók frsm. meiri hl. það fram líka og gerði grein fyrir því, að margir aðilar, fulltrúar samtaka hefðu komið á fund sjútvn. og gert grein fyrir sínum viðhorfum til þessa máls. Þau voru að sjálfsögðu mismunandi og sum viðhorf voru önnur þegar menn fóru út en þegar þeir komu inn. Það er tilgangur þingnefnda að reyna að fá fram viðhorf þeirra aðila sem næst standa tilteknu máli sem um er að ræða og fá viðbrögð. Ég er handviss um að innan þessara raða er bullandi ágreiningur um þetta mál. Það er ágreiningur innan sölusamtakanna, það er ágreiningur innan sjómannasamtakanna og það er ágreiningur víðar. Hér eru menn ekki að leysa nein mál til þess að stærri hópur verði sammála en verið hefur. Hér eru menn að ganga þveröfuga leið. Menn eru nánast með þessu frv., ef það verður að lögum, að segja landsbyggðinni stríð á hendur í þessum efnum. Kannski mönnum finnist þetta stór orð. En það skyldi samt ekki vera að að þessu dragi ef menn ætla að halda áfram þessa leið. Ég skil ekki þm. af svæðum sem að verulegu leyti, það fólk sem á þeim býr, byggir lífsafkomu sína að 80 eða 90% á fiskveiðum og fiskvinnslu ef þm. þeirra landsvæða ætla að láta þetta ganga yfir.

Það kann vel að vera að þetta sé í lagi í Reykjavík. Það er kannski ekki mest hættan hér. En hvað ætla menn, sem þetta leggja til, að bjóða fólki úti á landsbyggðinni sem hefur 80–90% af sínu lífsviðurværi af fiskveiðum og fiskvinnslu? Hvað ætla menn að bjóða því þegar svona á að fara með sjávarútvegginn? Þar er ekki í önnur hús að venda. Menn grípa ekki upp þar önnur atvinnutækifæri sem brúa bilið. Það eru engar auðlindir á vissum svæðum landsins eða kringum landið aðrar en auðlindir hafsins. Það er skynsemi og skynsemi ein að búa þannig um fiskveiðistefnu að þeir sem búa næst fiskimiðunum geti hagnýtt sér þau sem best, nýtt aflann sem best og skilað mestu verðmæti. En það er ekki sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja til í þessu máli. Hún er önnur.

Menn hafa mikið í þessum umræðum sumir hverjir verið að býsnast yfir því hversu ágangur smábáta væri mikill, hversu stóran hluta þeir tækju úr heildaraflamagninu sem verið væri að taka á land. Staðreyndin er sú og það vita menn að hlutfallslegur afli smábáta, þá erum við að tala um innan við 10 tonn, milli 1986 og 1987 hefur ekkert aukist. Hann er nánast sá sami. Og að láta sér detta í hug að hefta með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir trilluhorn, skektur og báta að 10 tonnum. Það er hreinasta firra. Það vita allir menn sem vilja hugsa, hafa hugsun, vilja nota hana og geta notað hana, að það er veðrið fyrst og fremst sem ræður sókn þessara báta, veðurfarið. Ég ítreka enn einu sinni og bið menn að taka eftir orðum núv. hæstv. fjmrh., formanns Alþfl., sem hann sagði og skrifaði, að það væri fásinna að ætla sér að stjórna fiskveiðum við Ísland með reglustikuákvörðunum frá skrifborði í Reykjavík. Ég veit ekki til að formaður Alþfl., hæstv. fjmrh., hafi breytt um skoðun í þessum efnum. Mér er það ókunnugt, enda á ég ekki von á að hann hafi gert það. En þetta er rétt hjá honum og það er ekki í fyrsta sinn sem hann fer með rétt mál.

Þetta er meginkjarninn í málinu. Það er ekki hægt að stjórna fiskveiðum við Ísland með reglustikuákvörðunum frá skrifborði í Reykjavík. Þetta ætla menn að gera, ekki bara eins og það var eða er heldur stórauka það. Þetta er jólaboðskapur meiri hl. sjútvn. Ed., tveir dagar til Þorláksmessu. Þetta er boðskapurinn. Hann er þægur, hlýtur að vera, fyrir það fólk sem á honum á að lifa í framtíðinni.

Ég sagði í upphafi að menn hefðu vitað og vissu það raunar löngu fyrr en þetta frv. kom fram að um málið var bullandi ágreiningur. Þess vegna töldu formenn beggja sjútvn. rétt að þreifa fyrir sér með brtt. innan nefndanna beggja til að reyna að fá breiðari samstöðu um málið. Þær tillögur voru lagðar fram fyrst og fremst í ljósi þess að freista þess að fá þá samstöðu um fleiri þætti en líkur voru á þegar frv. var lagt fram.

Ég vil, herra forseti, fara aðeins yfir þessar tillögur til að undirstrika það kerfi sem við búum við og ætlum að auka við. Ef fram ná að ganga brtt. meiri hl. sjútvn. munu menn í auknum mæli sjá auglýsingar í blöðum sem þessa. Hér stendur: Til sölu þorskkvóti, 80 tonna. Upplýsingar í síma o.s.frv. Það er þetta kerfi sem menn vilja auka og festa í sessi, láta tiltekna einstaklinga eiga fiskinn í sjónum og geta þannig braskað með hann. Kannski eru þeir sem voru andvígir þessari stefnu að uppgötva núna að það er kannski einstaklingsframtakið. Það á tiltekinn þröngur hópur að eiga þetta og hann á að geta deilt og drottnað yfir því. Hann á að geta skammtað hinum.

Eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vék að flytja þeir meirihlutamenn í sjútvn. Ed. brtt. Í frv. hæstv. ríkisstjórnar er gert ráð fyrir að sérstakt aukagjald sé lagt á gámaútflutning umfram það gjald sem er á útflutningi með öðrum hætti. Þeir fjórmenningar leggja til að þetta gjald sé fellt niður. Ég lýsi samstöðu við það. Það var ein af þeim tillögum sem formenn sjútvn. beggja deilda lögðu til að yrði gerð og þess vegna flyt ég ekki brtt. um þann þátt málsins. Annað leggja þeir til og það þykir mér með eindæmum og þá á ég auðvitað við Sjálfstfl. Það þarf nánast ekkert að tala um hinn flokkinn því það er einn sem ræður ferðinni í Framsfl. í þessu máli og það er hæstv. sjútvrh. Þar þarf engan að spyrja. Það er í hæsta máta að hann spyrji þá hinn sem er hjá íhaldinu. En það sem kemur mér afskaplega mikið á óvart er þetta: Þingflokkur Sjálfstfl. lét þau boð út ganga áður en frv. var lagt fram að hann hefði sérstakan fyrirvara um gildistöku laganna og hann miðar við tvö ár. Það tók ekki langan tíma hjá hæstv. ráðherra að þagga niður í þessum piltum. (**JE:** Það er létt.) Það virðist vera létt, segir hv. þm. Jóhann Einvarðsson úr Reykjanesi. Það virðist hafa verið afskaplega létt fyrir hæstv. sjútvrh. að þagga niður í þingliði íhaldsins á Alþingi til að fá þá til að falla frá þessum fyrirvörum og bleyta þriggja ára tímabilið að vísu vonandi með einhverjum undantekningum. Einstakir þm. kunna að hafa sjálfstæða skoðun enn þar innan dyra. (Gripið fram í.) Er það rétt hjá mér? Það kemur í ljós. (**HBl:** Einhver verður nú að reyna að samræma sjónarmiðin úr því að formanni nefndarinnar fórst það svo illa úr hendi.) Ég hef afskaplega mikla ánægju af því að tala við hv. þm. Halldór Blöndal svona beint yfir borðið. Ég mótmæli því að formanni nefndarinnar hafi tekist illa í sínu starfi og ég á ekki von á því að mér verði borið það á brýn. (**GHG:** En varaformaður?) Ekki heldur nema að því leytinu til að hann er allt annarrar skoðunar núna en hann var fyrir fjórum árum. Ef mönnum þykir að sjónarmið hafi breyst svo gífurlega úr svörtu í hvítt á þessum tíma eiga menn auðvitað að skipta um skoðun og af því eru menn meiri. En hitt er svo annað mál að ég dreg í efa að það sé sannfæringin sem býr á bak við þessa skoðun. Hv. þm. hefur verið píndur og plagaður til þessarar skoðunar. Hann vildi hafa allt aðrar skoðanir í nefndinni í Ed., vildi ná miklu meira fram til leiðréttingar en raunin varð á. Þar hefur verið lagst á hv. þm. Ég var að vona að hann stæði það af sér, en það hefur ekki dugað.

Síðan kemur brtt. meiri hl. sjútvn. sem víkur að smábátunum. Ég segi enn: Ég sé ekki enn hvernig sú breyting kann að koma út í reynd. Hvað þýðir þessi breyting fyrir smábátana frá því sem nú er? Mér er það ekki ljóst. Ég hygg að reglugerðin muni segja mest um það og menn vita hverjir setja hana. Það er sá sem öllu hefur ráðið síðan kvótinn var á settur, einn og hinn sami. Hæstv. sjútvrh.

Síðan er enn eitt ákvæðið í brtt. meiri hl. Það er að koma bakdyramegin að þeim sem búið hafa við norðursvæðislínuna, koma bakdyramegin að þeim, auka á suðursvæðinu bæði karfa og þorsk og þá í samhengi við það sem varaformaður sjútvn. Ed. segir: Karfastofninn er veikur en þá á að veiða meira úr honum, þorskstofninn er veikur en það á líka að veiða meira úr honum. Þetta eru rökin. Finnst mönnum það virkilega, ég spyr þá sem búa við norðursvæðislínuna, að hér sé farið þannig að að menn geti samþykkt svona mál? Finnast mönnum þetta eðlileg og venjuleg vinnubrögð í máli sem þessu? Þetta hefur hæstv. sjútvrh. höndlað með eins og annað. Hann hefur höndlað með þetta í jólakauptíðinni. Þetta er alveg furðulegt að mínu viti. Þessu eiga menn að mótmæla harðlega, vinnubrögðum af þessu tagi.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að segja meira um brtt. Það væri hægt að segja meira um málið sem heild, en ég skal ekki, forseti, lengja öllu meira mitt mál hér. Ég verð þó eigi að síður að fara enn nokkrum orðum um þær brtt. sem ég stend að að flytja.

Í fyrsta lagi er það brtt. við 4. gr. frv. Þar er um að ræða breytingu í þá veru að bæta við veiðiheimildum frá stjórnvöldum fyrir skip sem hafa fengið heimild til erlendrar lántöku og fjármögnuð eru þannig. Um þetta hefur verið deila og er enn. Hér er um að ræða skip sem ekki hafa verið endurnýjuð, þurfa að komast í gagnið aftur. Af sumum svæðum hafa dottið út skip úr loðnunni, t.d. eitt á Vestfjörðum, það eina sem var á loðnuveiðum en hefur ekki verið endurnýjað. Ég hlýt að spyrja: Er það eitthvert lögmál að Vestfirðingar megi ekki eignast loðnuskip en allir aðrir landshlutar geta átt slíkt?

Í öðru lagi flyt ég brtt. að því er varðar smábátana undir 10 tonn að stærð. Þar legg ég til að ákvæði frá gildandi lögum verði óbreytt. Ég tel að það sé ekkert sem knýr á um að herða tökin að smábátum eins og menn vilja gera bæði í frv. og mér sýnist að

menn séu einnig að gera í brtt. meiri hl.

Ég flyt einnig till. að því er varðar rækjuna. Mönnum sýnist að það sé mikið vandamál að skipta rækju til helminga á skip og vinnslu. Þannig er ástand við Ísafjarðardjúp, þar sem upphaf rækjuveiða átti sér stað, að þannig hefur verið haldið á málum í fiskveiðistefnunni að vinnslufyrirtækin hafa ekki fengið að eignast skip, en síðan hefur hæstv. ráðherra tínt upp úr poka sínum tugi vinnsluleyfa annars staðar á landinu þannig að vinnslustöðvum hefur fjölgað gífurlega á sama tíma og þeim sem upphófu rækjuveiðina á sínum tíma hefur verið neitað um að eignast skip til að afla fyrir verksmiðjurnar á því svæði. Ef þetta yrði gert eins og frv. gerir ráð fyrir yrði það líklega eitt skip við Ísafjarðardjúp sem fengi heimild til rækjuveiða. Þetta hlýtur að vera liður í því að efla byggðastefnuna. Trúlega er það liður í því að efla byggðastefnuna ef menn ætla að halda svona á máli.

Ég flyt einnig till. um að menn reyni að feta sig út úr gildandi kvótakerfi eins og það er og reyni að finna farveg. A.m.k. til að byrja með: Ef skip hverfur frá veiðum í tilteknu byggðarlagi, sem raskar verulega stöðu þess byggðarlags, sé ráðherra gefin heimild til að færa veiðileyfi slíks skips yfir á önnur skip í byggðarlaginu. Menn hafa trúlega fylgst með því hvað kvótinn hefur gert af sér í uppsprengdu skipaverði eins og það hefur gerst undangengin ár.

Og meira en það. Menn hafa nánast getað gert út á kvótann einan og sér án þess að hafa nokkurt skip. Menn bara gera út á kvótann. Þeir eiga hann í sjónum og gera út á hann þó að þeir eigi ekkert skip. Þetta er skynsamleg stefna hjá veiðimannaþjóðfélagi eða hitt þó heldur.

Ég geri líka brtt. við 15. gr. frv. um hina svokölluðu samráðsnefnd. Þar er gert ráð fyrir að fjölga í þeirri samráðsnefnd. Ég er þeirrar skoðunar að það sé um tómt mál að tala að halda því áfram að ráðherra einn geti sagt til um hverjir eigi að vera í samráðsnefnd, en það hefur hann gert til þessa. Ég legg til að það verði kosnir þrír af Alþingi í slíka samráðsnefnd og að síðan komi til fulltrúar hagsmunaaðilanna, sjómanna og útvegsmanna. Þessi nefnd á að gera tillögur um lausn þeirra vandamála sem upp koma og takist henni það ekki á ráðherra að úrskurða. En í öllum tilfellum til þessa hefur ráðherra einn ákvarðað í þessum efnum. Eins og frv. er getur ráðherra nánast kallað hvaða mann sem er til sín sem hagsmunaaðila því auðvitað er þetta hagsmunamál allra Íslendinga. Það er ekkert minna en það. Þetta er hagsmunamál allra Íslendinga og ráðherra hefur núna heimild til að kalla til sín hagsmunaaðila málsins og síðan ræður hann. Þetta er afar slæmt. Þessu verður að breyta. Það gengur ekki lengur að hæstv. ráðherra sé einráður í þessum efnum. Nóg er nú samt.

Síðan kem ég að a.m.k. einni af mikilvægustu brtt. sem ég flyt, en það er ákvæði til bráðabirgða. Það væri afskaplega gott ef einhver úr ráðherragenginu vildi hlýða á að því er varðar þennan þátt málsins. Í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar stendur, með leyfi forseta, undir Sjávarútvegur og nú bið ég menn að hlusta:

„Fiskveiðistefnan verði tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Endurskoðunin verður falin sérstakri nefnd sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar."

Þarna vil ég skjóta inn í. A.m.k. þingflokkur Alþfl. gerði ráð fyrir því og fullyrðir að það ætti að skipa sérstaka nefnd stjórnarflokkanna til að gera úttekt á þessu máli og tillögur. Það varð nánast að draga slíka skipun út úr hæstv. sjútvrh. Sú nefnd var að vísu skipuð seint og um síðir en skilaði engu af sér. Þetta er aðeins innskot að því er þennan þátt varðar, en síðan heldur áfram:

„Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

1. Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip."

Hvað segir þetta okkur í stjórnarsáttmálanum sjálfum? Eru menn ekki að ýja að því að það eigi að breyta frá því sem er, að veita ekki veiðiheimildir eingöngu út á skip? Ekki er frv. þannig.

„2. Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi." Taki menn nú eftir. Ég ætla að lesa þessa setningu aftur þannig að menn átti sig á því: „Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi." Sýnist mönnum frv. vera með þessum hætti? Ekki aldeilis. Það gengur þvert á þetta. Ég skil ekkert í þeim sem voru fullir af eldmóði í stuðningi við þennan þátt stjórnarsáttmálans ef þeir ætla að láta þetta yfir sig ganga.

„3. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.

4. Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda."

Þetta eru þeir meginþættir sem stjórnarsáttmálinn gerði ráð fyrir að yrðu framkvæmdir við endurskoðun laganna um fiskveiðiheimildir. En frv. og tillögur meiri hl. sjútvn. Ed. ganga þvert á þetta allt saman, gersamlega þvert á þetta.

Ég legg hins vegar til að það komi inn í lögin ákvæði til bráðabirgða sem hljóði svo:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskistofna að loknum gildistíma laga þessara. Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:"

Og þarna kemur einmitt að þeim þáttum sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir.

„1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg. Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af fiskveiðistjórn þeirra. Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum innan lands sem utan sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar."

Með þessari till. er verið að útfæra þann kafla stjórnarsáttmálans sem fjallar um fiskveiðar. Og ég spyr: Ætla stjórnarsinnarnir, sem kallaðir eru svo, að standa gegn því að víkka út þetta, að auka þátttöku byggðarlaganna, auka frelsið fyrir unga menn til að koma inn í greinina og byggja hana þannig upp? Ætla menn að greiða atkvæði gegn slíku? (**SvG:** Fella stjórnarsáttmálann.) Já, fella hluta stjórnarsáttmálans. Rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, enda glöggur maður mjög.

Hér er beinlínis lagt til að standa við þennan þátt stjórnarsáttmálans. Ég á eftir að sjá framan í hv. þm. stjórnarliðsins ef þeir greiða atkvæði gegn þessu eða fella. Hvað gerist þá? (**SvG:** Þá kemur önnur stjórn.)

Þetta fer að styttast, herra forseti. Ég fer að ljúka mér af í bili. Síðan kemur í áttunda lagi ákvæði til bráðabirgða II og það orðist svo:

„Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983 og 1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki."

Síðan eru skipin talin upp. Það er Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56, Sóley SK-8.

Þessi upptalning á nöfnum skipa er gerð vegna þess að sjútvrn. er að rugla allt þetta mál vísvitandi. Það er komið með stóra tölu úreldingarskipa sem það leggur til jafns við það ef skip ferst og ætlar þannig að rugla menn í ríminu að því er þetta varðar. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því hvort þetta er leiðarvísirinn að stjórnarsáttmálanum í fiskveiðum, að gera mönnum kleift að koma nýir inn í, ég tala nú ekki um þá sem eru fyrir, átt skip sem hafa farist en komast ekki inn í. Eða hvað eru menn að tala um í þessum efnum? Hvað ætla menn að fara? Kannski hæstv. sjútvrh. finnist að hér gangi menn allt of langt í þessum efnum, frelsið sé orðið allt of mikið þarna, það dugi ekki slíkt frelsi á Íslandi. Ég held samt að þetta sé nauðsynlegt og hjá þessu verði ekki komist.

Í síðasta lagi er hér till. um að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða III er orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Sigga Sveins, ÍS-29, skipaskrárnúmer 1846, úthlutað veiðileyfi er miðist við veiði á úthafsrækju."

Þetta nýja skip hefur legið bundið við bryggju vestur á fjörðum í líklega þrjá mánuði a.m.k. og ráðherra alltaf neitað, m.a.s. neitað því að þetta skip fengi að veiða afla annars skips sem er í endurnýjun í sex mánuði og er ekkert að veiðum. Slík er nú sanngirnin í framkvæmdinni. Ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma smíði þessa skips og svo ætla menn að halda svona á, bara byggja það til að láta það liggja við bryggju. Það er skynsamleg fjárfesting eða hitt þó heldur.

Það hefur gengið maður undir mann til að reyna að fá hæstv. sjútvrh. til að taka sönsum í þessu máli, m.a.s. framsóknarmenn líka og er þá kannski langt gengið. Þeir hafa gengið maður undir mann til að reyna að breyta viðhorfum hæstv. ráðherra en ekkert gerst. (**Gripið fram í:** En sálfræðingarnir?) Nei, þetta á að vera svona. (**SvG:** Það ætti eiginlega að vera betra.) Nei, þetta er mál sem ekki gengur upp, hv. þm. Egill Jónsson. Þetta er þröngsýni sem er alveg óverjandi. Menn sölsa undir sig nánast einhliða völdin og haga sér svo með þessum hætti þegar á reynir.

Og ég spyr enn. Fyrst og fremst ætti ég kannski að spyrja mína flokksbræður ágæta, ráðherra Alþfl.: Ætla þeir að láta þetta allt yfir sig ganga? (**EgJ:** Þeir eru búnir að því.) Það er rangt, hv. þm. Egill Jónsson. Það er ekki búið að greiða atkvæði um eitt eða neitt hér. Atkvæðisréttinn hafa menn hér enn það ég best veit innan dyra. Það er ástæða til að spyrja þessa ágætu hæstv. ráðherra hvort menn ætli að láta þetta ganga yfir sig þvert á það sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir og kollsigla öllum þeim loforðum sem gefin voru fyrir kosningar. Kannski verður það svo. En á því verða aðrir að bera ábyrgð en ég.

Í síðasta lagi er rétt að taka fram, það gerði ég raunar við 1. umr. þessa máls, að ég legg til að verði þessar brtt. mínar samþykktar verði gildistími laganna í tvö ár. Ég verð að viðurkenna að ég átti eiginlega fullkomlega von á því að þingflokkur Sjálfstfl. fylgdi því. Ég verð að viðurkenna það. En ég er líklega svo heimskur í pólitík að láta mér detta í hug að menn meini það sem þeir segja. Það virðist ekki eiga að hvarfla að neinum að hinir svokölluðu ábyrgu stjórnmálamenn meini eitthvað af því sem þeir segja.

Ég hef enn þá von um að fjötrar hæstv. sjútvrh. séu ekki svo sterkir að hann haldi öllu íhaldsliðinu saman á Alþingi til að teygja það í þá átt sem hann nú gerir tilraun til. Ég viðurkenni að vísu að einn af þeim hv. þm. sem ég var að vona að héldu sönsum í þessum efnum hefur horfið frá því. Þar á ég við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson. Hann hefur horfið frá því í bili að halda sönsum í þessu máli. Ég vona eigi að síður enn að innan þeirra veggja séu menn sem vilja hafa einhverjar hömlur á þessu SÍS-stýri í fiskveiðum við Ísland. (**GHG:** Þá vakna ég.) Já, þú hefðir betur vaknað fyrr, hv. þm. Það hefði verið ástæða til.

Hér er verið að fela hæstv. sjútvrh., einum af toppunum í SÍS-veldinu, eitthvert mesta vald sem einum einstaklingi hefur verið falið á Íslandi, stórkostlega aukið vald frá því sem verið hefur í kvótamálum. Og ætlar íhaldið að leggjast svo lágt að grípa þarna heils hugar um, fylgja sem hundar í bandi? Er það virkilega orðið svo að forsvarsmenn einkaframtaksins, sem þannig hafa „presenterað" sig á Alþingi og utan þess, ætli að ganga þessa leið í bandi hæstv. sjútvrh.? Ég vona að svo verði ekki. Ég vænti þess fastlega að menn sjái a.m.k. að einhverju leyti að sér og hneppi ekki landsbyggðarfólk í áframhaldandi og enn verri fjötra en það hefur verið í undir þeirri fiskveiðistjórn sem gilt hefur. En verði það svo að íhaldið láti teyma sig í bandi framsóknar til þessara hluta hygg ég að almenningur í landinu verði búinn að fá nóg og komi til með að segja sitt á réttum stað og réttum tíma.

Ég vænti þess að menn láti ekki fara þannig með sig, menn reyni, a.m.k. geri tilraun þó ekki væri annað til að standa við gefin fyrirheit, gefin loforð sem menn gáfu þjóðinni fyrir síðustu alþingiskosningar. Frv. sjútvrh. eða hæstv. ríkisstjórnar og brtt. meiri hl. Ed. sjútvn. ganga ekki í þá veru. Frv. og brtt. ganga þvert á stjórnarsáttmála sem hæstv. ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gaf út á sínum tíma og menn lofuðu og prísuðu að því er varðaði sjávarútveg. Þeir sem ætla að halda áfram að prísa þann stjórnarsáttmála verða að breyta um skoðun samkvæmt því sem meiri hl. sjútvn. leggur til. Það er klárt.

Ég vona að augu manna opnist í þessum efnum. Ég á kannski ekki von á því að þau opnist upp á gátt, en vonandi rifar í þau þannig að menn geti séð meira af raunveruleikanum en þeir hafa séð til þessa.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Okkur sem störfum hér bárust þær fréttir í gær að eitthvað væri lítið um samkomulag um þinghaldið og í framhaldi af því lýsti hæstv. forsrh. því yfir að menn yrðu að taka sér eðlilegan tíma til að fjalla um mál. Að sjálfsögðu hlýtur stjórnarandstaðan að verða við þeim tilmælum forsrh. Það er eðlilegt. En það er þannig með þm. eins og aðra að þeir þurfa matarhlé og þegar nógur er tími hlýtur að vera í lagi að taka eðlileg matarhlé. Þar sem allt virðist vera í lausu lofti og óvenjulega stendur á vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvenær hann hyggst fresta fundi þannig að menn geti meðtekið næringu svo að unnt sé af því afli sem okkur er gefið að halda áfram umræðum endurnærðir eftir eðlilegan matartíma. Ég tek fram að hv. þm. sem hér stendur er ekki sérstaklega svangur, það er ekki það, heldur teldi ég eðlilegt að þingið hefði sinn gang úr því að hér er ekki gert ráð fyrir að ljúka þessu — ja, ég held bara yfirleitt nokkurn tíma og ætla menn að vera að þessu fram eftir nýju ári.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Forseti hefur ákveðið að matarhlé verði tekið kl. hálfeitt og standi til kl. 2 þannig að hv. þm. geti fengið sér næringu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þann skilning sem hann sýnir á næringarástandi alþm. Einkum á þessum síðustu dögum ársins áður en matarskatturinn verður lagður á er skynsamlegt að reyna að taka til sín sem mesta ódýra næringu áður en nýi skatturinn rennur í garð á nýársdag.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Það er svo að þm. hafa sjálfsagt gert ráð fyrir því að umræður um fiskveiðistefnu, um kvótakerfið, hér í hv. deild mundu verða á öðrum tíma en nú er staðreynd. Jafnvel fyrir tveimur dögum eða svo létu menn sér ekki detta í hug að við mundum standa hér í dag og vera að fjalla um fiskveiðistefnuna í 2. umr. í hv. deild, a.m.k. ekki við stjórnarandstæðingar. Þegar þann 18. des. var ljóst hvernig mál mundu fara í sjútvn., nefndin búin að ljúka sínu verki og ekki um annað að gera en að fara að fjalla um þetta mikilsverða mál og gefa þm. svolítinn tíma til þess. En sú hefur ekki orðið raunin á og staðreyndin er sú að við erum hér þann 21. des. 1987 að fjalla um væntanlega fiskveiðistefnu þó að þetta mál hafi verið í undirbúningi, a.m.k. að nafninu til, á vegum hæstv. ríkisstjórnar og þá fyrst og fremst á vegum hæstv. sjútvrh. allar götur frá því 8. júlí að núv. ríkisstjórn tók við völdum. En framtakssemin og dugnaðurinn hjá stjórnarflokkunum, ekki skal ég setja það allt saman á hæstv. sjútvrh., hann á ekki skilið að fá hól fyrir allan þann dugnað, eru ekki meiri en að málið er nú til umræðu í staðinn fyrir að það hefði vitaskuld átt að vera til umræðu í byrjun desember og umfjöllunar þannig að það hefði verið fyrir hendi eðlilegur tími til að fjalla um þetta mikilsverða mál. En nóg um það að sinni.

Kannski er rétt að benda á það í tengslum við málið sjálft og umræður að núna fimm mínútum fyrir ellefu, rétt fyrir klukkutíma, tæpum þó, barst fyrst inn á borð hv. þm. prentað þskj. með brtt. meiri hl. nefndarinnar. Reyndar hafði því verið dreift fyrir helgi fjölrituðu. Það skal tekið fram sérstaklega. (Gripið fram í.) Já. Það skal líka tekið fram að við stjórnarandstæðingar fengum dálítið að fylgjast með fæðingunni. Það er alveg rétt, hv. þm. Við fengum að fylgjast með því hvernig þrenging-arnar voru hjá stjórnarflokkunum við að koma þessu saman og það sem áttu að vera mektugar brtt. varð ekki meira en raun ber vitni og með því innihaldi sem við vitum öll um og hv. þm. Karvel Pálmason lýsti áðan.

En við 1. umr. bar ég fram eina ósk til hæstv. sjútvrh. og hún var sú að við fengjum upplýsingar um hve flotinn hefði stækkað og hve sóknarkraftur hans hefði aukist eða aðallega hvað hann hefði stækkað, hvað hefði verið mikið um endursmíði og annað eftir því. Ég var að blaða á borðinu hjá mér í þeirri pappírshrúgu sem þar er saman komin og

hrúgast nú upp á hverjum degi og athuga hvort upplýsingar um þetta væru þar komnar. Ég fann þær ekki og ég hef ekki tekið eftir þeim enn þá í mínum gögnum. Vera má að allur þessi seinagangur við að koma saman nál. og því frá meiri hl. hafi kannski tengst því að ráðuneytið hafi verið að hamast við að undirbúa og láta í té þau gögn sem var beðið um við 1. umr. Var það að ekki 7. desember? Ekki man ég betur.

Ég færði í tal við ágætan fulltrúa ráðuneytisins, sem sat alla fundi nefndanna, að ég hefði nefnt þetta við ráðherra í umræðunum og ætlaðist til þess, ég bað hann ekki um það held ég, að hann ítrekaði þessa ósk mína við ráðherra. Ég hefði gaman af því að spyrja t.d. varaformann sjútvn. hvort hann hefði fengið þessar upplýsingar, séð þessar upplýsingar frá ráðherra. Eða hefur hæstv. forseti tekið eftir því að þessar upplýsingar, sem beðið var um fyrir 7. desember, hafi komið? (**EgJ:** Þær hafa allar verið hjá nefndinni, sjútvn.) Þær komu ekki í sjútvn., það held ég að sé alveg óhætt að fullyrða.

Það er hægt að fá ýmsar upplýsingar með öðrum leiðum en gegnum hv. ráðuneyti og þó að þær séu kannski ekki mjög útfærðar færði hv. þm. Svavar Gestsson mér lista um að mér sýnist einhverja breytingu á skipum þó að ég geri mér ekki alveg fyllilega grein fyrir því og verði að skoða þetta betur og fjalla um þetta í seinni ræðu minni í dag. En ég ítreka enn og fer fram á að áður en þessari umræðu er lokið í deildinni komi allítarlegar upplýsingar frá ráðuneytinu um þessa hluti því þetta er einn af þeim þáttum sem hafa mistekist, sem gefur upplýsingar um hvernig núverandi fiskveiðistefna hefur mistekist, einn af þeim þáttum sem hæstv. sjútvrh. og stuðningsmenn hans, hagsmunaaðilar og það allt saman lið, hafa haldið fram að væri grundvöllur fiskveiðistefnunnar og nauðsynlegt til að halda sóknarþunganum í skefjum, að flotinn stækkaði ekki. En ég hef vissan grun um það, þó að ég hafi ekki plöggin og upplýsingarnar enn frá ráðuneytinu, að þróunin hafi verið á þann veg að flotinn hafi stækkað og á svipaðan máta hafi það mistekist eins og fiskveiðistjórnin sjálf eins og hv. þm. Guðmundur Garðarsson var að lýsa áðan í framsöguræðu sinni en reyndar í öfugum formerkjum.

Fiskveiðistjórnin hefur mistekist á þann veg að það hefur verið sótt mikið meira í fiskstofnana en málsvarar stefnunnar hafa sagt að ætti að gera. Sú staða sem hv. þm. Guðmundur Garðarsson réttlætir nú afstöðu sína út frá, að nú sé orðið svo mikið af smáfiski og fiskstofnarnir orðnir svo litlir, er til orðin vegna þess að þessi fiskveiðistefna hefur mistekist. Og nú á að framlengja hana um þrjú ár. Hvað skyldi fiskurinn verða orðinn smár eftir þrjú ár fyrst meðalþyngdin er núna um 2 kg? Það verða kannski ekki kosningar á næsta þriggja ára tímabili og líklegt að þm. verði hér áfram eftir þrjú ár nema þessi stjórn fari að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Það er ekki trúlegt. En hann mundi kannski réttlæta stuðning sinn við þetta með því að þá verði meðalþyngdin orðin 1 kg og fiskstofninn orðinn þetta miklu minni. Ég ítreka enn ósk mína til ráðuneytisins um að ég fái þessar upplýsingar áður en umræðu um málið verður lokið í deildinni.

Hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir hélt góða tölu í fyrradag, þegar var verið að ræða um lánsfjárlög, um tvöfeldni manna í sambandi við afstöðu til ákveðinna hluta og var þar að fjalla um Ríkisútvarpið. Menn héldu langar ræður um nauðsyn þess að styrkja þá stofnun, en þegar kæmi að því að ganga frá því að tryggja þessari stofnun ákveðið og nægilegt fjármagn til þess að hún gæti staðið við sitt hlutverk kæmi upp allt önnur skoðun. Er ekki ósköp svipað að gerast í hv. deild í sambandi við umræðu um fiskveiðistjórnina? Hafa menn ekki í kosningum og í almennri umræðu á undanförnum tveim árum meira og minna verið að ræða um að nauðsynlegt væri að breyta þeirri fiskveiðistefnu sem við höfum búið við, meira og minna verið að benda á galla hennar, meira og minna verið að tala um að fyrsta hlutverk þeirrar ríkisstjórnar sem tæki við og þeirrar ríkisstjórnar sem sæti þegar við værum laus við þau lög sem við búum við enn þá væri að breyta þessu? Vitaskuld fann ríkisstjórnin sem nú situr þennan þrýsting í kosningunum í sumar og það var vegna þess sem það var sett í stjórnarsáttmálann sem hv. þm. Karvel Pálmason las upp áðan og ég las upp við 1. umr.

Hv. þm. skýrði frá því hvernig umræða hefði verið á Vestfjörðum, hvernig loforðin hefðu gengið þar frá frambjóðendum um að þessu skyldi breyta, það skyldi ekki þurfa yfir þjóðina að ganga aftur að búa við þessa fiskveiðistefnu. Mér er vel kunnugt um og man eftir umræðunni á Vesturlandi þó að þannig væri að við héldum ekki sameiginlega framboðsfundi, því miður. En við heyrðum yfirlýsingar fyrir það. Þar held ég að hv. þm. Eiður Guðnason hafi verið með í hóp að lýsa því yfir að það væri mjög nauðsynlegt að breyta þessari fiskveiðistefnu. Ég veit ekki nema frambjóðendur Sjálfstfl. hafi líka sagt þetta og haft kannski um það stór orð að ekki væri hægt að búa við þessa stefnu öllu lengur, framsóknarstefnu, sem oftast var kölluð því nafni þegar verið var að lýsa henni sem vondri, en ábyrga stefnu þegar verið var að lýsa henni sem góðri eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan. Þá er það ábyrg stefna. En þegar er komið undir kosningar og gott er að tala um hlutina á þann veg sem ég hef verið að lýsa er hún reyndar kölluð framsóknarstefna. (**JE:** Þetta er nokkurn veginn rétt.) Já, það er mikið til í því.

Tvöfeldnin kemur fram á þann máta að nú eru þessir þm., sem lýstu þessu yfir og fengu fólk til að kjósa sig út á þessi loforð, út á þessa yfirlýsingu, hver um annan þveran að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu. Við horfum sem sagt fram á að það verður samþykkt fiskveiðistefna, sem er jafnvel verri miðað við gallalýsingarnar sem áður voru en sú fiskveiðistefna sem við búum við í dag. Það er meira af valdi fært til ráðherra og meiri

skerðingar eiga sér stað gagnvart ákveðnum þáttum fiskveiðinnar í þessu frv. en því frv. sem við búum við. Þetta eru heilindin. En þau koma fram á fleiri vegu, heilindin. Þau koma líka fram í því að flokkarnir hver fyrir sig, það má a.m.k. segja stóru flokkarnir, það er ekki gott að átta sig á stefnu Alþfl. nú um stundir, en Sjálfstfl. og Framsfl., reyna að hengja sig í eigum við að segja einhverja stefnu. Sjálfstfl. boðar frelsi til atvinnurekstrar og þar eru oft og tíðum fluttar hástemmdar yfirlýsingar um að menn eigi að hafa frelsi til að reka fyrirtæki á þennan eða hinn mátann, en þegar kemur til stærstu atvinnugreinar þjóðarinnar er þessi hugsjón, þessi stefna látin flakka og borið við að nú þurfi að sýna ábyrgð, jafnvel þó að hægt sé að færa að því óyggjandi sannanir að þessi stefna sýnir ekki ábyrgð, hún er öll að fara með þennan atvinnuveg til hins verri vegar.

Ég er ansi hræddur um að þetta skömmtunarkerfi, sem Sjálfstfl. ætlar enn að framlengja, falli í engu saman við þær kenningar sem flokkurinn er enn að burðast með, hvað þá ef væri hugað til, eins og gert hefur verið nokkuð í deildinni í umræðu undanfarið, að nefna liðna foringja. Það voru nefndir hér Jón Þorláksson og Jón Baldvinsson fyrir nokkrum dögum. Ég hef tilfinningu fyrir því að Jóni Þorlákssyni og Ólafi Thors mundi ekki hafa þótt hátt risið á þeim sjálfstæðismönnum sem mæla með þessari stefnu nú og fyndist lítið skylt við þá stefnu sem þeir héldu fram.

Og Framsfl. Það gæti verið að þeir framsóknarmenn væru orðnir svangir, sjávarútvegsnefndarmenn úr Framsfl. hafi þurft að fara að fá sér fisk áður en söluskatturinn lendir á honum. Það er víst svo að það þarf kannski ekki síður að biðja um að sérstakir þm. séu í salnum, en nokkuð finnst mér leiðinlegt að spjalla um fiskveiðistefnuna ... (**Forseti:** Forseti mun gera ráðstafanir til að mönnum verði gert viðvart um að ræðumaður óski eftir að hafa fleiri í salnum.) Ég vorkenni ekki þm. að bíða með að fá sér í svanginn fram til hálfeitt. Forseti hefur tilkynnt okkur að við fáum þá góðan matartíma.

Ég ætlaði að fara að spjalla um tvöfeldnina í framsóknarmönnum. Mín fræði, sem ég lærði í Samvinnuskólanum í sambandi við framkvæmd samvinnustefnu, voru m.a. á þann veg að samvinnufyrirtæki ættu að vera í eðlilegri samkeppni við einkafyrirtæki og samvinnustefnan ætti ekki að byggja sína afkomu á því að það væru einhver höft sem þyrftu að tryggja rekstur samvinnufyrirtækja. Atvinnurekstur á samvinnugrundvelli byggðist fyrst og fremst á að það væri eðlilegt frelsi, viðskiptafrelsi og atvinnufrelsi. Nú leggja þessir höfðingjar til að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar verði bundinn ákveðnum takmörkunum sem við vitum um og ákveðinn einkaréttur sé færður ákveðnum hópi manna og enginn möguleiki til þróunar eða breytinga. Hvað skyldu þeir hafa sagt, Þingeyingarnir, hefðu þeir staðið frammi fyrir því að Guðjohnsen á Húsavík hefði haft þannig lög í landinu að það hefði verið ómögulegt fyrir þá að stofna Kaupfélag Þingeyinga? Það eru svipuð lög sem verið er að leggja til að verði samþykkt hér. Og það eru svipuð lög sem við höfum búið við í fiskveiðistjórn. Þannig er tvöfeldnin í þessu liði og nærri því sama hvar er borið niður. Mennirnir boða og segja allt annað í framboðsræðum og í stefnuræðum en þeir gera svo í lagagerð á Alþingi.

Það er kannski rétt að minna á það líka, fyrst verið er að tala um samvinnuhreyfinguna, að fyrir nokkrum dögum kom forstjóri Sambandsins, Guðjón Ólafsson, í sjónvarp. Hann mun líkast til hafa komið bæði á Stöð 2 og í okkar gamla góða ríkissjónvarpi. Ég sá hann í ríkissjónvarpinu og þar var hann að útskýra fyrir okkur stöðuna í vaxtamálum og stöðu fyrirtækja í landinu. Hann nefndi þar einn sérstakan hlut. Hann nefndi að nú um stundir hefðu verið þau lög í landinu að menn hefðu mátt færa í bókhald sitt froðufærslur. Hvenær skyldu þessar froðufærslur hafa orðið til? Hver skyldi hafa verið höfundur froðufærslunnar? Hverjir skyldu hafa staðið að því að samþykkja heimild til froðufærslna í bókhald fyrirtækja þannig að þegar upp væri staðið gætu fyrirtæki sýnt allt aðra útkomu en þá raunverulegu? Það skyldi þó aldrei vera að það sé eitthvað tengt Framsfl.? Það skyldi þó aldrei vera að því hafi verið lýst yfir að það væri mjög nauðsynleg ábyrgð sem fylgdi því að heimila mönnum að færa froðufærslur í bókhald sitt? Vita kannski þm. eitthvað um hverjir lögðu þetta til, komu þessu í lög? (**JE:** Ég er ekki viss, en mig grunar að það hafi verið í tíð Ragnars Arnalds.) Það hafi verið í tíð Ragnars Arnalds, fyrrv. fjmrh. Gæti verið að núv. sjútvrh. hafi átt nokkurn þátt í þessu? Við látum þetta að jöfnu. Gæti verið að það væri Ragnar og gæti verið að það væri sjútvrh. En það er sama hver höfundurinn væri. Ég held að það sé verið að innleiða í íslenskan sjávarútveg aðrar froðufærslur. Þær hinar fyrri eru kannski ekki eins afgerandi og þær sem eru að koma inn og eru að þróast í sambandi við fiskveiðistefnuna, en þær eldri, sem forstjóri Sambandsins var að tala um, munu búa til stórkostlegri froðu í bókhaldið en þær eldri. En til að upplýsa hvernig froðufærslurnar eru núna í bókhaldi má segja frá því að sé fyrirtæki með 100 millj. kr. skuldir en eigi svo lausafé á móti um 30 millj., mismunurinn sé 70 millj., mega menn reikna sér tekjufærslu, mig minnir að það séu 17–18%, út á þessar skuldir og fyrirtækið, sem skuldaði í þessu tilfelli 70 millj., mundi fá 12–13 millj. tekjufærslu. Það má vel vera að sumir álíti að þarna séu nýjar eignir.

En í nýja dæminu í sambandi við fiskveiðistefnuna er þetta miklu stórkostlegra vegna þess að staðreyndin er sú að þar eru þetta ekki 17–18% heldur tvöföldun, ekki þó fært í bókhald, a.m.k. ekki nema hjá sumum, en verðgildi, söluverð íslensks fiskiskipaflota hefur tvöfaldast undir þeirri fiskveiðistjórn sem við búum við nú. Ef við tökum dæmi af skipum getum við nefnt Gautinn, sem seldur var til

Grundarfjarðar og kom frá Suðurnesjum, og Dagstjörnuna sem seld var til Akureyrar. Annað skipið er reyndar í 120%, Dagstjarnan, en Gauturinn í 92% þannig að þar er hrein tvöföldun á verði út frá tryggingarmatsverði sem mætti undir sumum kringumstæðum segja að væri eðlilegt matsverð inni í reikningum.

Ef við stöndum svo frammi fyrir því að þessari fiskveiðistefnu verði svo breytt, sem við verðum að vona, koma einkennilegir hlutir upp vegna þess að stór hópur af þeim mönnum sem eiga nú fiskiskip reka skipin sín út frá þessari stærð, ekki út frá matsstærðinni heldur út frá því að þeir geti selt þessi skip á tvöföldu matsverði. Það er farið í stækkanir og það er farið í breytingar á skipum beinlínis í þeirri trú að hægt sé að selja skipið fyrir hærra verð en það matsverð sem á því er í trausti þess að þessi fiskveiðistefna haldi áfram, í trausti þess að þessi froðuverðmyndun í íslenska fiskiskipaflotanum verði til frambúðar. Hvað er verið að gera í rekstrargrundvelli íslenskrar útgerðar með þessu móti? Það er verið að þrýsta á að við verðum að búa við kvótafyrirkomulag um ókominn tíma vegna þess að fleiri og fleiri eru að fjárfesta beinlínis út frá þessum stærðum en ekki hinum raunverulegu kostnaðarstærðum og matsstærðum eigna.

Við höfum heyrt haft eftir hæstv. sjútvrh. að þeir sem færu í fjárfestingar væru glannar. Þeir sem taka mark á stefnu sjútvrh. finna fyrir því hvernig hún verkar, finna hvernig froðumyndunin er. Þeir eru glannar. Það er nærri því svo að maður hafi heyrt haft eftir hæstv. ráðherra að það sé ekki nema eðlilegt að slíkir aðilar fari á hausinn og það sé varla hægt að vorkenna þeim. Í Dagblaðinu 20. nóv. er mikið viðtal við hæstv. ráðherra. Þar fer hann m.a. nokkrum orðum um þá menn sem hafa tekið mark á sjávarútvegsstefnunni hans og fjárfesta. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa niðurlagsorðin í þessu viðtali:

„Að mínu mati hafa sumir farið mjög óvarlega í fjárfestingum svo sem endurnýjun skipa og mér sýnist afar tæpur rekstrargrundvöllur fyrir þau skip. Sumum skipum, sem voru í hættu 1983 þegar ég byrjaði hér, hefur verið bjargað, en það hefur þó allt verið á tæpasta vaði. Mér þykja sumir útgerðarmenn vægast sagt vera miklir glannar og því miður er ég kvíðafullur og óttast að margir þeirra standi frammi fyrir gjaldþroti.“ Svo mörg eru þau orð.

Af hverju standa menn frammi fyrir gjaldþroti? Það er eins og ég hef sagt vegna þess að þeir treysta á að áfram haldi sú fiskveiðistefna og sú aukaverðmyndun í fiskiflotanum sem ég hef verið að lýsa. Þeir treysta því. Þeir vita að ef sú stefna heldur áfram geta þeir komist út úr sínum fjárfestingum með því að selja þessi skip vegna þess að verðið er raunverulega tvöfalt.

Það styttist í matarhlé, en áður en við tökum matartíma er vert að fara nokkrum orðum um ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar. Að mörgu leyti væri kannski eðlilegast að fjalla um ræðu þm. með því að lesa ræðu hans frá 1983. Ég ætla ekki að gera það, ekki a.m.k. að sinni, en þó ætla ég í upphafi, með leyfi forseta, að lesa smátilvitnun úr ræðunni. Hún er svo:

„Nú stöndum við frammi fyrir því að vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður væntanlega að grípa til mjög umdeildra aðgerða sem geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og áhrif á alla þessa forsögu og framtíðarmótun þessara mála.“ Hann á vitaskuld við sjávarútveginn. „Við skulum bara nota rétt orð yfir rétta hluti. Frv. gerir raunverulega ráð fyrir að við séum að fara inn í hafta- og skömmtunarkerfi á þessu grundvallarsviði í atvinnulífi Íslendinga. Það er í algerri andstöðu við það frjálsa fyrirkomulag sem ríkt hefur á Íslandi í fiskveiðum frá því að Íslendingar tóku þessi mál í eigin hendur.“

Þetta er kjarni málsins. Hér er um að ræða alger tímamót. Vitaskuld voru að gerast tímamót þegar þessi ræða var flutt og það er verið að festa þau tímamót í sessi. Það er verið að festa þá stefnu í sessi sem þá var samþykkt. Og það er ekki, eins og ég sagði hér áðan, aðeins það að við séum að festa stefnu í sessi heldur er verið að herða á hlutunum. Það er ekki vegna þess að það hafi verið ofgengið í karfastofninn, eins og hv. þm. nefndi, að það sé verið að setja upp eitt „systemið“ í sambandi við sóknarmarksskipin, heldur er þar verið að búa til fallegri mynd, verið að reyna að jafna stöðuna milli norður- og suðurskipanna með því að stilla upp aflakvóta á karfa. Það er verið að þrengja að í sambandi við þá hluti og það er verið að þrengja í sambandi við veiðar smábáta. Og það er verið að gefa hæstv. ráðherra meira og meira vald. Raunveruleikinn er að með því frv. sem samþykkt var 1983 var rekstrargrundvelli íslensks sjávarútvegs breytt og núna ætla sjálfstæðismenn að samþykkja að þetta skuli ríkja áfram í þrjú ár. Þeir voru fyrir nokkrum dögum talandi um að það væri nóg að hafa þetta í tvö ár, en nú eru þeir komnir á þá skoðun að þetta skuli vera í þrjú ár.

Með tveggja ára gildistímanum, sem við erum að klára núna, kom strax í ljós að gildistíminn í tvö ár hafði svo marga ókosti að erfitt var við að ráða. Núna réttlætir hæstv. sjútvrh. stöðuna í sambandi við aflasóknina í fiskistofnana með því að kerfið hafi verið rangt, að kerfið sem hann bjó til sjálfur hafi verið rangt og hann hafi ekki getað lagað það vegna þess að þetta voru tvö ár. Hvernig væri staðan núna ef við hefðumn samþykkt þá, eins og ráðherrann óskaði, að það yrði þriggja ára tímabil? Hvernig stæðum við frammi fyrir því? Við hefðum orðið að taka kerfið upp og breyta því. Til hvers erum við þá að ganga út í að samþykkja þriggja ára kerfi nú þegar við samkvæmt reynslunni á tveggja ára tímabili nú stöndum frammi fyrir að það gekk ekki upp að binda stefnuna til tveggja ára? En Sjálfstfl. telur að það þjóni frelsinu, sem oftast nær tengist hans skoðunum, að hafa tímabilið bundið í þrjú ár og vald ráðherra yfir þessari aðalatvinnugrein okkar bundið

í svo langan tíma.

Í tengslum við gildistímann hefur komið auka-ákvæði við frv., ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir að sjútvrh. skuli skipa nefnd „samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma þessara laga. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á þessum lögum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal m.a. kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989."

(**Forseti:** Ég bið hv. ræðumann að gera hlé á máli sínu þar sem matarhlé er fyrirhugað kl. hálfeitt.) Það skal gert. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar í ræðu minni þegar fundi var frestað að ég hafði lesið úr frv. ákvæði til bráðabirgða en það tengist því að lagt er til að samþykkja lög til þriggja eða fjögurra ára. Ákvæðinu er ætlað að tryggja það að skipuð verði nefnd til þess að fjalla um endurskoðun og áhrif laganna og áhrif þeirra á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi o.s.frv. Það sem vekur kannski fyrst og fremst athygli varðandi þessa tillögu um nefndarskipan er það að á síðustu mánuðum hefur verið við störf svipuð nefnd og hér er lagt til að verði skipuð, þ.e. nefnd skipuð hagsmunaaðilum og fulltrúum þingflokka, nefnd sem væri mjög lík þeirri ráðgjafarnefnd sem fjallaði um undirbúning þessara mála í haust.

Ég held að ekki sé nein deila um það að þeirri nefnd hafi ekki tekist að sinna því hlutverki sem henni var ætlað, þ.e. undirbúa frv. Það kom bara í ljós að þetta var ágætis viðræðunefnd, umræðunefnd. Þar gátu menn komið inn og viðrað skoðanir sínar. En það að þetta væri starfsnefnd sem sinnti því að semja uppkast að tillögum að nýrri fiskveiðistefnu — það var af og frá að hún næði utan um þann verkahring. Það kom líka fram nokkrum sinnum á fundum nefndarinnar að nefndarmenn voru sammála um það að svona skipuð nefnd hefði ekki möguleika á því að fjalla um mál á þann veg. Hitt voru menn sammála um að slík nefnd væri ágæt nefnd til þess að ræða málið. Til þess að koma með nýjar tillögur var hún hins vegar ekki nógu góð. Mér finnst þess vegna að hér sé verið að endurtaka svipaðan hlut. Það er verið að bjóða upp á það að á næstu árum verði umræða um fiskveiðistefnuna í nefnd sem þessari en valdið og aðstaðan til að leiða umræðuna úti í þjóðfélaginu verði áfram eins og var í haust í höndum ráðuneytis hæstv. sjútvrh.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að svona nefnd sé þannig skipuð að líkur séu fyrir því að hún geti unnið á þann veg að hún semji tillögur, jafnvel þó að svo færi að svona nefnd næði ekki samkomulagi sem er kannski ekki líklegt, en að þar gæti skapast meiri hluti og minni hluti og fram kæmu vel unnar tillögur kannski tveggja eða þriggja aðila, ekki kannski endilega til þess að leggjast fyrir Alþingi, heldur eins og ætlast er til að gætu verið umræðuvettvangur í þjóðfélaginu þannig að ekki væri eingöngu boðið upp á tillögur ráðuneytis eins og hefur verið á undanförnum árum. Því miður hefur það verið þannig að sú umræða sem í gangi hefur verið í sambandi við gagnrýni á fiskveiðistefnuna hefur ekki verið, það þýðir ekkert að leyna því, það öflug eða það vel skipulögð að það hafi komið mjög markvissar tillögur um það hvernig skuli stjórna ef frá því kvótakerfi væri horfið sem við búum við.

Það urðu þó nokkrar umræður á sl. sumri og reyndar fyrr um það að það ætti að færa kvótavaldið eða kvótaeignina frá bátum yfir til fiskvinnslustöðva. Forustumenn samtaka fiskvinnslustöðvanna komu á ritvöllinn og héldu fram þessum skoðunum, en því miður (**Gripið fram í:** Þröstur líka.) — alveg rétt, líka fulltrúar frá Verkamannasambandinu og þetta var rætt á verkamannasambandsþingi, en því miður voru þær tillögur ekki útfærðar á þann máta að þær hafi fylgt eftir umræðunni hingað inn á Alþingi eða fylgt eftir umræðunni í ráðgjafarnefndinni nema mjög stuttan tíma. Ég held þess vegna að þegar við stöndum frammi fyrir því að verið er að ganga frá þessum hlutum núna, fiskveiðistefnu til þriggja ára sem allar líkur eru fyrir að verði, ekki fjögurra ára eins og er í frv., verði þarna ekki unnið á sama máta og hefur verið gert í haust og farið verði að tillögu Karvels Pálmasonar og Matthíasar Bjarnasonar sem þeir voru með í sjávarútvegsnefndunum að kjörin verði níu manna nefnd af Alþingi til að fjalla um þessa hluti á tímabilinu sem þessi lög eru í gildi.

Ég ætla aðeins að fjalla um vinnubrögðin í sjávarútvegsnefndunum. Það var valinn sá kostur að sjávarútvegsnefndir beggja deilda störfuðu saman og ég tel að það hafi verið rétt á þeim stutta tíma sem þingið hafði til þess að fjalla um frv. Það kom furðu fljótt fram að innan nefndarinnar voru mjög ákveðnar raddir um það að breyta frv. og það virtist sem svo að þó nokkur hluti nefndarmanna tæki undir þær skoðanir að það væri æskilegt að vinna sameiginlega að því og leita ráða til þess að þegar málið kæmi hér inn í hv. deild væri það nokkuð vel undirbúið, ef mætti orða það svo, verstu agnúarnir væru felldir út.

Eftir nokkra fundi — fyrst voru reyndar fundir með gestum sem voru kallaðir á fund nefndarinnar, svokallaðir hagsmunaaðilar, en þegar nefndirnar fóru að starfa og fara yfir frv. komu fljótlega fram tillögur frá formönnum nefndanna um leiðréttingar og breytingar á frv. Það getur verið að það hafi verið í mínum huga einhver óskhyggja að mér fannst sem svo að það væri mikill vilji fyrir því hjá meginhluta nefndarmanna að taka undir a.m.k. sumar af tillögum þeirra formannanna, en svo gerðist það, það mun hafa verið 17. desember, að hópur nefndar-

manna lýsti því yfir að það mundi ekki vera grundvöllur fyrir því og það mundi ekki vera meiri hl. fyrir því að breyta frv. á þann máta sem þeir formenn lögðu til.

Þær breytingar sem voru aðallega til umræðu í nefndunum voru í fyrsta lagi breyting við 4. gr. en í nýjum texta í greininni voru tillögur um það að þeim aðilum sem einhverra hluta vegna höfðu fallið út úr leyfisveitingum — það var hreinlega verið að fjalla um skip sem höfðu farist á ákveðnu tímabili — yrði gert mögulegt með lögunum að fá heimild til þess að eignast skip á ný og njóta þess réttar sem þeir höfðu. Þetta er hlutur sem Karvel Pálmason flytur brtt. um. Ég er á því að í tillögu hans sé farið heldur vítt yfir. Hann nefnir þar 10 skip. Mín tilfinning er sú að umræðan hafi svona frekar breiðst út frá upphafi umræðu í nefndinni. Menn voru að tala frekar þar um færri skip en þetta, en það var svona viss tilhneiging ráðuneytisins að koma þá með fleiri nöfn en þeirra aðila sem höfðu beinlínis verið að sækja eftir því á undanförnum árum að halda þeim veiðirétti sem þeir höfðu haft á þessu tímabili.

Í öðru lagi var það svo breyting við 5. gr. Þar er verið að reyna að gera tilraunir til þess að lappa upp á þetta kerfi sem við búum við. Það er nú svo að einn af ókostum kerfisins er sá að það hefur innbyggðan hvata til þess að flytja fisk út óunninn á erlendan markað, ferskfisk, og í 5. gr. er verið að reyna að lappa upp á þessa hluti, reyna að laga þarna einn agnúann. Þeim formönnum fannst þarna heldur langt gengið, vildu draga svolítið úr refsivendinum, hafa hann ekki eins þungan. Ég held að þessir hlutir séu á þann veg að allar svona sektir séu mjög neikvæðar og það bæti nú ekki þetta kerfi ef á að fara að þyngja þær umfram það sem hefur verið, ekki síst ef þarf nú að fara að standa í því að hafa eftirlit með því að það eigi sér stað vigtun og það geti farið í gang ýmsir hlutir sem þarf að hafa þó nokkuð mikið eftirlit með. Þetta er einn af göllunum sem höfundar fiskveiðistefnunnar hafa búið til sjálfir og það er erfitt eins og með marga aðra þætti að fara að breyta þessu svo nokkru nemi.

Við leggjum aftur á móti til, alþýðubandalagsmenn, að í stað þess að vera með þessa skerðingu í sambandi við kvótann verði lagt á útflutningsgjald, útflutningsgjald sem taki mið af þeim sköttum sem viðkomandi viðskiptaþjóðir okkar leggja á unninn fisk, þannig að með því móti værum við beinlínis að jafna stöðu fiskvinnslunnar gagnvart þeim aðilum sem vildu flytja út ferskan óunninn fisk. Sú tillaga okkar tengist ekki neitt kvótakerfinu. Hún gæti verið alveg í fullum rétti þó að ekkert kvótakerfi væri.

Það hefur ekki verið tekin fullnaðarákvörðun í okkar þingflokki um það hver afstaða okkar verður til þessara hluta ef svo fer að okkar tillaga verður ekki samþykkt, en mér finnst að hér sé, eins og ég hef sagt áður, fyrst og fremst um það að ræða að þeir sem eru höfundar kerfisins séu að reyna að lappa upp á þetta kerfi og skapa sér sjálfsagt ýmiss konar vandamál með þessari löppun sem þeir eru að reyna að koma hér á.

Í fyrstu greinum frv. og um frv. allt er meira og minna af valdi sem fært er ráðherranum beint. Það hefur ekki verið minnkað, eins og ég hef sagt áður, með frv., heldur er það aukið og það eru vissar fyrirskipanir í frv. líka, sumar nýjar. Eitt er það að í 17. gr. telst þeim í ráðuneytinu alveg nauðsynlegt að setja inn eitt nýtt orð. 17. gr. er á þann veg að útgerðarmönnum og skipstjórnarmönnum og kaupendum afla sé skylt að láta ráðuneytinu í té ýmsar upplýsingar. Það þurfti reyndar ekki að búa til um það ný lög. Ég held að þessum aðilum sé skylt að láta þessar upplýsingar allar í té til Fiskifélags Íslands og þeir hafi gert það í áranna rás og ekkert hafi verið um það talað hvort það væri ókeypis eða á hinn veginn. (Gripið fram í.) Ekki hef ég nema gaman af að heyra þetta orð þarna, en það hvarflar að manni að spyrja: Mundi ráðuneytið vera undir sömu sök selt í sambandi við það að veita upplýsingar þeim aðilum sem það væri í viðræðum við og umræðum við? Væri það skyldugt til þess að afhenda þessum eða hinum aðilunum ókeypis upplýsingar um hvað eina sem beðið væri um? Ég hef grun um að svo sé og svo ætti að vera. En kannski í sumum tilfellum eru hlutirnar á þann veg að ráðuneytið telur sér ekkert skylt að veita einar eða neinar upplýsingar og afgreiðir ákveðnar beiðnir frá þeim aðilum sem það hefur verið í viðræðum eða viðskiptum við á þann máta að þeir geti fengið þetta hjá sjálfum sér. Þeir aðilar sem svara þannig til og biðja svo aðra um að skila hlutunum ókeypis í hendur sér, í þeim er náttúrlega hægt að segja að sé svolítill hofmóður. (**KP:** Og er þá ekki mikið sagt.) Og er ekki mikið sagt.

Sem svar við einni beiðni til ráðuneytisins um að fá gögn úr þeirra höndum sem send var ráðuneytinu í haust, ósk um upplýsingar — ég ætla ekki að nefna nein nöfn í sambandi við það en ég skal lesa upp svargrein frá ráðuneytinu sem sýnir hvernig þeir svara þegar beðið er um upplýsingar frá þeirra hendi. Hún er á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi það erindi að ráðuneytið láti yður í té afrit af bréfum varðandi kvótaúthlutun til útgerðar þessa skips vill ráðuneytið taka fram að öll bréf sem varða úthlutun á kvótum til einstakra skipa eru send eigendum þeirra. Því munuð þér hafa undir höndum öll þau bréf sem varða kvótaúthlutun þessa skips."

Þegar einstaklingur biður um afrit af bréfum frá ráðuneytinu sem honum voru send vegna þess að hann hafði þau afrit ekki undir höndum er svar ráðuneytisins á þennan veg. Það er ósköp eðlilegt að þetta ráðuneyti leyfi sér síðan að koma með lagabókstaf um það að aðrir skuli senda þessu ráðuneyti ókeypis gögn. Og ekki nóg með það að ráðuneytið geri þessa hluti, heldur hefur það ekki vilja til þess að senda gögn sem þeir eru beðnir um að senda, gögn sem þeir lýsa yfir að séu í þeirra höndum frá viðkomandi aðila, en sá hinn sami gerir sér ekki

grein fyrir því að þessi gögn séu í höndum ráðuneytisins, áttar sig ekki á því, óskar eftir því að fá ljósrit af þessu plaggi til þess að getað áttað sig á því hvaða gagn þetta er. Það eru liðnir u.þ.b. tveir mánuðir síðan þessi ósk var send ráðuneytinu. Það hefur ekki komið svar frá þessu háa ráðuneyti enn þá í sambandi við þessa hluti. Er þá eðlilegt að þetta ráðuneyti óski eftir því að Alþingi samþykki síðan svona hluti eins og hér er lagt til gagnvart hinum almenna borgara í landinu? Og það er ekki nóg með það að ráðuneytið hagi sér á þennan veg gagnvart þeim aðilum sem leita eftir upplýsingum frá því, heldur eru þeir að reyna að búa til alls konar aukaklásúlur inn í reglugerðir til þess að hafa enn þá meira vald til þess að framkvæma hlutina á þennan máta.

Í uppkasti að reglugerð sem lögð var fyrir sjávarútvegsnefndir var ákvæði þar sem ráðuneytið gat sent áframhaldandi reglur út frá reglugerðinni til þess að stjórna þessum málum. Það var ekki nóg að hafa ákvæði í lögum um það að ráðuneytið gæti sett reglugerð, heldur þurfti líka að bæta við inn í reglugerðina sjálfa ákvæði um það að þeir gætu bætt þar reglugerð ofan á reglugerð. En sem betur fer, í þessu tilfelli, dró ráðuneytið þessa tillögu sína til baka. Ég held að það ætti að sýna sóma sinn í því að taka þetta „ókeypis" út úr lögunum líka.

Það málefni sem mest hefur verið rætt í sambandi við fiskveiðistjórnunina og hefur farið eins og rauður þráður um alla umræðuna er afstaðan til smábátaútgerðar á Íslandi. Í fyrsta uppkasti ráðuneytisins um það hvernig smábátakvóti skyldi vera var gengið ansi langt, það er ekki meira hægt að segja, í að skerða stöðu þessara báta, þessa flota. Ég hélt að þetta væri gert eins og ýmislegt fleira í sambandi við umfjöllun þessara mála til þess helst að umræðan í þjóðfélaginu snerist fyrst og fremst um smábátana, hún snerist ekki um það að verið væri að ofveiða þorskinn, hún snerist ekki um það að það væri alltaf smærri og smærri fiskur, aflinn sem við værum að færa að landi, hún snerist ekki um verðmyndunina og hún snerist ekki um stækkun flotans. Nei, hún snerist fyrst og fremst um smábátana.

Ég hef enn þá grun um það að þetta hafi verið tilætlunin í málinu og ég hafði von um það að þegar kæmi að því að við færum að fjalla um hlutina hér á hv. Alþingi yrði búið að breyta þessum tillögum þannig að það væri liðinn umræðutíminn og menn færu að taka alvöruna og það væri ekki meiningin að taka einn hóp út úr og skerða hann alveg sérstaklega. En því miður, eftir þeim tillögum sem hér liggja fyrir, fyrst í frv. og svo í brtt. meiri hl. sjútvn., sýnir það sig að það á að halda áfram leiknum. Þetta var ekki eingöngu gert til þess að halda umræðunni í gangi um smábátana og láta hitt fara meira og minna í hvarf af því. Nei, þetta er líka gert til þess að ráðast á þennan hóp manna sem að smábátaútgerð stendur, einan af öllum aðilum í sambandi við útgerð á Íslandi. Það hafa verið í gildi reglur í sambandi við smábáta, í sambandi við togara, í sambandi við báta, sl. tvö ár og hæstv. ráðherra hefði viljað að þetta gilti í eitt ár í viðbót eins og hann óskaði eftir 1985. Við hefðum staðið frammi fyrir því að vera með óhefta sókn smábátanna næsta árið hefði verið farið að ráðum hans. Hefði verið farið að ráðum hans hefði hún verið óskipt, óbreytt. En núna á að taka þennan hóp út úr og skerða hann sérstaklega. Þessi hópur hefur byggt sig upp á grundvelli þeirrar fiskveiðistefnu sem við búum við í dag. Hvers á hann að gjalda, einn, ef við ætlum að framlengja þessa fiskveiðistefnu, að það verði breytt fyrir hann einan? Ég held að það séu engin rök fyrir því.

Fulltrúar smábátaeigenda hafa bent á það að það er ekki aflaaukningu að kenna, það er engin aflaaukning að marki, það er ekki verið að sækja of mikið í stofninn í gegnum smábátana, það er af og frá. Það er bara einhver sérstök stefna að ráðast á þennan hóp manna og hún er á margan hlut ansi merkileg. Ég hef meira að segja hitt menn úr hópi þeirra sem telja nauðsynlegt að minnka smábátaútgerð á Íslandi sem hafa sagt við mig: Haldið þið að það sé nú vit í því að hann Sigurður Kristjánsson skipstjóri — hann er skipstjóri á Skarðsvíkinni frá Rifi — sé að fara út á trillu yfir sumarið? Haldið þið að það sé vit í því að hann Eggert Gíslason eða Haraldur Ágústsson leyfi sér það að fara út á trillu, þessir menn sem eru búnir að þéna þessi ósköp og allt eftir því? Haldið þið að það sé vit í því? Dómharkan gagnvart þessum hlutum er á þann furðulega veg en hverjir skyldu eiga það frekar skilið að stunda svona útgerð og fara út á trillu en þessir menn? Hverjir skyldu vera hásetarnir þeirra? Ætli það séu kannski ekki sonur, barnabörn? Hvar haldið þið að sé betri skóli fyrir íslenska framtíðarsjómenn en að fá að vera sumartíma í fylgd með svona fólki? Þetta er kallað allt af hinu verra og það er nærri því sama hvað er rætt gagnvart sumum, gagnvart þessum hóp, það er allt fordæmt.

Það er nú svo að það er staðreynd að kerfið leyfði það, fiskveiðistefnan leyfði það að smábátum fjölgaði og þeim hefur fjölgað svolítið og þeim er að fjölga. Og fyrst og fremst fór þeim að fjölga þegar farið var að tala um að það yrði sett á bann og stopp. Þá reyndu menn að grípa tækifærið og búa sig undir það að þessi ósköp dyndu yfir. Er nokkur staða til þess að segja við þetta fólk, við þessa menn sem eru að byggja báta, eru nýbúnir að kaupa báta, vegna þess að það var fiskveiðistefna í gildi og þeir treystu því að það væru lög í landinu sem mætti fara eftir: Við ætlum að breyta þessum lögum með einu pennastriki og þið verðið að taka ábyrgðina á því sjálfir? Það er ekki hægt að segja þetta. Þeir sem eiga að taka ábyrgðina eru þeir sem sömdu lögin og gengu frá þeim. Það eru ekki þeir menn sem standa frammi fyrir því, ef frv. verður samþykkt eins og hér er lagt til, að verða meira og minna, ja, sumir kannski gjaldþrota, sumir að hverfa frá þeirri atvinnugrein sem þeir óska eftir að stunda. Það er verið að ganga gegn þeim á óheiðarlegan máta. Það er enginn siðferðislegur réttur til í því þegar verið er að framlengja fiskveiðistefnuna eins og verið er að gera

hér. Það er enginn siðferðislegur réttur að taka einn hóp út úr og skerða hann alveg sérstaklega.

Ég er búinn að taka dálítinn tíma af deildinni þannig að í þessari umferð mun ég nú ekki tala mikið lengur. En aðeins áður en ég hætti ætla ég að segja frá tveimur brtt. sem við flytjum, við Danfríður Skarphéðinsdóttir, á þskj. 383 og 391. Á þskj. 383 er brtt. þar sem við leggjum til að skil norðursvæðis verði færð frá Látrabjargi í Öndverðarnes. Nú er ég farinn að ræða um hluti sem voru mikið til umræðu í fjölmiðlum fyrir nokkrum vikum, þ.e. norður-suður línuna. Ég ætla að láta liggja á milli hluta þó að þar sé ýmslegt sem gaman væri að rifja upp. En við teljum og höfum reyndar alltaf talið að þegar miðunum var skipt upp í tvö svæði hafi verið, miðað við reynslu eins og alltaf er verið að tala um, rangt að staðið að hafa ekki vesturmörkin milli norður- og suðurlínu um Öndverðarnes. Það er vegna þess að Breiðafjörðurinn, útgerð á Breiðafirði, hefur alltaf verið og er enn mun líkari útgerð á vestur- og norðursvæðinu en suðursvæðinu. Karfasókn frá togurum á Breiðafirði hefur alltaf verið tiltölulega lítil. Ég hef rætt um þessa hluti á undanförnum þingum þegar þessi mál hafa verið til umræðu en það hefur aldrei gengið það langt að flutt hafi verið um þetta bein brtt. enda hefur ákvæði um norður-suður línuna verið í reglugerð en ekki bundið í lögum. Við urðum að taka þann kostinn að færa grein úr reglugerðinni inn í 7. gr. frv. og bæta þar við að 1. svæði næði frá Eystra-Horni vestur og norður um að Öndverðarnesi, áður var það að Látrabjargi, og 2. svæði frá Öndverðarnesi norður og austur um að Eystra-Horni.

Mér er kunnugt um að það eru stuðningsmenn að þessari tillögu í hv. Nd. Þm. Vesturl. í Nd. munu styðja þessa tillögu og ég hef von um það eða ég vænti þess, réttara sagt, að hv. þm. hér í Ed. muni veita okkur stuðning við að fá þetta réttlætismál fram.

Í öðru lagi erum við með brtt. um það á þskj. 391 að í sambandi við sölu á fiskiskipum verði ástandið ekki eins og það er í dag, að með því að kaupa sóknarmarksskip hér syðra og færa það norður bætist við það kvóti, heldur að á tímabilinu meðan lögin gilda skuli kvótinn bara fylgja frá hverju svæði, fylgja skipinu, þ.e. kvóti héðan sunnan lands getur ekki aukist við það að skipið sé keypt norður og á sama máta getur ekki kvóti skipsins minnkað þó að skipið sé keypt suður. Með þessu móti fengju Sunnlendingar því allt í einu svolítinn möguleika á að bæta sér upp þá stöðu sem þeir hafa staðið í, að horfa á eftir sínum skipum norður vegna þess að þau hafa fengið aukinn kvóta, þá gætu þeir keypt skipin að norðan og fengið með þeim svolítið meiri kvóta en hefur verið.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. sjútvn. og les það, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta um stjórn fiskveiða á næstu árum tekur til viðamikilla þátta sem snerta daglegt líf og afkomu allra Íslendinga.

Auðlindirnar í hafinu umhverfis landið eru sameign allrar þjóðarinnar. Það er því ljóst að taka verður tillit til margra sjónarmiða þegar tekin er ákvörðun um svo veigamikið mál sem skipulag og stjórn á nýtingu þessarar dýrmætu auðlindar er. Síðast en ekki síst verður að líta til framtíðar, að hugsa til komandi kynslóða með því að taka aðeins vextina af auðlindinni en láta höfuðstólinn ósnertan.

Sú fiskveiðistjórn, sem hefur verið við lýði undanfarin fjögur ár, hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

Heildarþorskafli hefur á hverju ári farið langt fram úr því hámarki sem fiskifræðingar hafa lagt til.

Fiskiskipum hefur fjölgað og ný skip eru í flestum tilvikum stærri en þau sem úrelt eru.

Sjávaraflinn er ekki nógu vel nýttur og miklu af nýtilegu hráefni er kastað á glæ.

Kjör starfsfólks í sjávarútvegi eru óviðunandi.

Einstaklingar hafa hagnast um hundruð milljóna á sölu kvóta sem þeir fengu úthlutað gefins, en um leið horfa íbúar ýmissa byggðarlaga oft á eftir einu atvinnu sinni án þess að fá rönd við reist.

Í ljósi þessa er augljóst að leita þarf nýrra leiða sem samrýmast betur þeim markmiðum sem stefnt er að með stjórn fiskveiða. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir endurskoðun á fiskveiðistefnunni, m.a. með það fyrir augum að athuga hvort veiðiheimildir skuli eingöngu bundnar við skip og á hvern hátt megi taka meira tillit til byggðasjónarmiða. Þetta stendur á bls. 8 og 9 í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Þessir tveir þættir hafa að mati 2. minni hl. alls ekki fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg hefði verið og frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum á þeim.

Reynslan sýnir að sú skipan að binda veiðiheimildir við skip í eigu einstaklinga eða útgerðarfélaga hefur valdið straumhvörfum í atvinnulífi margra byggðarlaga og jafnvel haft í för með sér mikla byggðaröskun.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta: „Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign þjóðarinnar."

Í stefnuskrá Kvennalistans segir svo, með leyfi forseta: „Lífríki hafsins er ein dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að. Þessa auðlind, sem er eign allrar þjóðarinnar, verðum við að umgangast þannig að ekki sé hætta á ofnýtingu."

Kvennalistinn getur því vel tekið undir þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem fram kemur í 1. gr. frv. Sú tilhögun að úthluta veiðiheimildum síðan gefins beint til einstaklinga og útgerðarfélaga, sem geta ráðskast með þær í eiginhagsmunaskyni, hlýtur hins vegar að vera í mótsögn við yfirlýsinguna um þjóðareign.

Kvennalistinn hefur lagt fram brtt. við 4.–15. gr. frv. svo og 17., 18. og 21. gr. Markmiðið með brtt.

er fyrst og fremst að rjúfa það óeðlilega samband sem nú er á milli skips og veiðiheimildar og taka tillit til byggðasjónarmiða, að draga úr ofstjórn og miðstýringu, að efla rannsóknir, að hvetja til betri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og búa betur að starfsfólki í sjávarútvegi."

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég byrja á því að þakka nefndarmönnum í sjútvn. í þessari hv. deild samstarfið í því annasama starfi sem við höfum staðið í undanfarnar vikur. Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa talað hefur það starf hvorki verið viðburðasnautt né heldur tilbreytingarlítið. En ég vil einnig þakka hæstv. sjútvrh. og hans starfsfólki fyrir þeirra þátt í því að greiða fyrir störfum nefndarinnar. Þó frv. hafi komið seint inn í sali Alþingis var þó reynt að kynna málið í þeim tveimur nefndum sem ráðherra skipaði í haust. Það tel ég góða viðleitni og tel rétt að taka það fram hér og nú þar sem ég hef á undanförnum dögum gagnrýnt þá fljótaskrift sem óneitanlega verður á meðferð margra mála í þeim önnum sem hér ríkja nú og sömuleiðis að mörg þeirra mála sem lögð eru fram á hinu háa Alþingi hafa verið í umfjöllun samtaka og hagsmunaaðila úti í bæ, en eru síðan lögð á borð okkar þm. nánast sama daginn og um þau á að fjalla.

Frv. þau sem eru sem óðast að verða að lögum þessa dagana eru að sjálfsögðu á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar, en ábyrgð stjórnarandstöðu er að mínu mati engu minni þegar hún tekur afstöðu til efnisatriða hinna ýmsu mála sem eru í senn viðamikil og flókin.

Þegar fyrirsjáanlegt var að óvenjulega naumur tími yrði til að afgreiða þessi stóru mál fyrir áramót hefðu fleiri hæstv. ráðherrar mátt taka sér hæstv. sjútvrh. til fyrirmyndar í þessum efnum. En það er svo auðvitað mat hvers og eins hversu mikið gagn hann eða hún hefur af slíkum upplýsingum og fer það trúlega einnig eftir þeirri þekkingu sem viðkomandi hafði í upphafi á því efni sem fjallað er um. Það er reyndar samt tilfinning mín að fundirnir mörgu væru e.t.v. fyrst og fremst haldnir til að kynna rækilega kosti frv. og ekki væri ætlast til að á því væru gerðar neinar grundvallarbreytingar, enda hefur reyndin orðið sú að ekki er útlit fyrir það í þeim gögnum sem nú liggja fyrir. En þessi ágæta kynning varð reyndar til þess að menn einblíndu á það kerfi sem gilt hefur sl. fjögur ár, festust í hjólförunum og komust alls ekki upp úr þeim.

Frv. er því aðeins lagfæring á helstu göllum þess kerfis sem við nú búum við og allmargir viðurkenna að hafði þegar gengið sér til húðar. Við kvennalistakonur teljum að í ljósi þessa hefðum við átt að nota vorblíðu haustsins til að rífa allt upp með rótum og gróðursetja upp á nýtt en reyta ekki bara arfann. Þess vegna lögðum við fram brtt. þegar við 1. umr. málsins sem reyndar mun ekki vera venjan á hinu háa Alþingi, en það gerðu einnig hv. þm. Alþb. og Borgarafl. vegna þess tímaskorts sem fyrirsjáanlegt var að mundi hrjá okkur síðustu starfsdaga þingsins á þessu ári.

Í 1. umr. um fiskveiðistefnuna kynnti ég allítarlega till. Kvennalistans um stjórn fiskveiða og mun því ekki fara út í þær í smáatriðum við þessa umræðu. Þar skilgreindi ég m.a. markmiðið með þeirri mannlegu stjórnun fiskveiða sem við hljótum að hafa sett okkur í upphafi. Það hlýtur að vera fyrsta markmiðið, yfirmarkmiðið yfir þessu öllu hlýtur að vera að hindra ofveiði, að vernda og byggja upp fiskistofna. En ef litið er á árangurinn er hægt að fullyrða að þetta markmið hefur engan veginn náðst. Heildarþorskaflinn fer á hverju ári langt fram úr þeim mörkum sem fiskifræðingar hafa talið ráðlegt og samanlagður umframafli þeirra fjögurra ára sem kvótakerfið hefur verið í gildi er um 366 þús. tonn og það mun samsvara heildarafla heils árs. Aukin sókn í ýmsar aðrar fisktegundir gerir það að verkum að sífellt fleiri tegundir þarf að setja undir kvóta.

Í öðru lagi hlýtur tilgangurinn með kvótakerfi að vera að auka hagkvæmni og minnka tilkostnað bæði við veiðar og vinnslu. Það má segja að þetta markmið hafi að hluta til náðst. Það má að einhverju rekja til kvótakerfis en lægra olíuverð og aðrar ytri aðstæður hafa haft sitt að segja. Eitthvað hefur þó dregið úr hagkvæmninni síðustu ár við meiri ásókn í sóknarmarkið sem hefur orðið hvati til aukinnar fjárfestingar. Og till. okkar gera reyndar ráð fyrir að leggja það með öllu af vegna þess að það er ein aðalorsök ofveiðinnar.

Flestir telja að stefna beri að því að fækka fiskiskipum og minnka flotann í heild. Þróunin hefur orðið á hinn veginn. Fiskiskipum hefur fjölgað og þau hafa stækkað. Ný skip eru í mörgum tilfellum stærri en þau sem hefur verið lagt til hliðar.

Í þriðja lagi hlýtur kvótakerfið að stefna að því að bæta meðferð sjávaraflans. Á síðustu árum má segja að hún hafi batnað nokkuð, en það er að þakka árangri aukinnar þekkingar og skilnings þeirra sem með aflann vinna. Það má vera að kvótaskiptingin geti átt þar hlut að máli þar sem magnið er gefinn hlutur en gæðin ráða tekjum. Hins vegar er ljóst að hér má bæta um betur.

Í fjórða lagi hljótum við að stefna að því að nýta sjávaraflann til fullnustu, en þar vantar enn þá mikið á. Miklu er kastað á glæ í orðsins fyllstu merkingu, bæði fisktegundum og fiskhlutum, svo sem lifur, hrognum og slógi. Nefna má sem dæmi um lifrina sem hent er að það væri hægt að markaðssetja hana án nokkurs tilkostnaðar því að lýsisframleiðendur bíða hreinlega eftir því sem þar er kastað og gætu sett það á markað án aukins tilkostnaðar.

Í fimmta lagi hljótum við að reyna að stuðla að bættum kjörum þeirra sem vinna í sjávarútvegi, bæta aðbúnað þeirra, auka öryggi og greiða hærri laun. Um þennan lið þarf ekki að fara mörgum orðum því það er öllum ljóst að kjör starfsfólks í fiskiðnaði eru alls óviðunandi.

Í sjötta lagi hljótum við að stefna að sanngjarnri dreifingu atvinnu og arðs eftir aðstæðum á hverjum

stað. Það má deila um hvernig hér hefur til tekist. Mörg dæmi eru um það nú síðustu árin að illa stæðar útgerðir hafa getað selt skip sín á margföldu verði milli byggðarlaga og hagnast þannig um hundruð milljóna á meðan íbúar viðkomandi byggðarlags mega horfa á eftir atvinnu sinni og fá ekki rönd við reist.

Niðurstaða okkar hlýtur því að vera sú að leiðin sem valin hefur verið við stjórnun fiskveiða á undanförnum árum skilar alls ekki tilætluðum árangri og því ber að leita nýrra leiða sem samrýmast betur þeim markmiðum sem sett voru.

Í starfsáætlun og stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar segir svo á bls. 8 og 9, með leyfi forseta: „Fiskveiðistefnan verði endurskoðuð og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs." Þá eru í stefnuyfirlýsingunni og starfsáætluninni ákvæði um skipan nefndar sem fjalla skal um málið, m.a. með tilliti til eftirfarandi atriða, með leyfi forseta: „Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði eingöngu bundnar við skip. Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila."

Ekkert þessara atriða hefur hlotið ítarlega umfjöllun í þeim nefndum sem hafa verið að störfum og því ekki að sjá að niðurstaðan hljóði upp á neinar stórfelldar breytingar, en breytinga hefði svo sannarlega verið þörf, eins og best sést á því að frá stjórnarandstöðuflokkunum öllum liggja fyrir brtt. um grundvallaratriði. Það hafa einnig heyrst margar og afar mismunandi skoðanir meðal stjórnarliða á atriðum sem varða þetta mál. E.t.v. hefur það þó oft viljað vera þrándur í götu að umræðan um málið hefur snúist um eiginhagsmuni, en það sýnir svo ekki verður um villst að þetta eru hagsmunir okkar allra, þetta eru hagsmunir allrar þjóðarinnar, hvort sem um er að ræða stórfellda fjármuni, eins og t.d. það að úthluta veiðiheimildum á skipin, eða afkomu einstakra fjölskyldna eða byggðarlaga sem draga lífsbjörg sína úr sjó á trillum.

Helsta vandamálið við fiskveiðarnar á Íslandsmiðum hefur hingað til verið óskilgreindur eignarréttur á auðlindinni. Nú hefur sá eignarréttur hins vegar verið skilgreindur í því frv. sem hér er til umræðu, en í því segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þessa stefnumarkandi yfirlýsingu getum við kvennalistakonur svo sannarlega tekið undir, enda höfum við ætíð litið á þessa auðlind sem sameign allra Íslendinga. Við viðurkennum jafnframt nauðsyn mannlegrar stjórnunar á nýtingu auðlindarinnar með hliðsjón af þeim rannsóknum sem vísindamenn gera og þeim ráðleggingum sem þeir gefa stjórnmálamönnum þegar meta skal hversu mikið má nýta hverju sinni. Við viðurkennum líka að með aukinni tækni og þróun verða niðurstöður vísindamanna æ öruggari og því er erfitt að sniðganga þær tillögur sem sérfræðingar eru að gera hverju sinni.

Hitt vefst fyrir okkur kvennalistakonum og eflaust fleirum hvernig þessi yfirlýsing í 1. gr. frv. samræmist þeim greinum sem á eftir koma í frv. Í þeim er alls staðar gengið út frá því að veiðiheimildum sé úthlutað til einstaklinga eða útgerðarfyrirtækja án endurgjalds. Þetta er gert án þess að eigandinn, þ.e. þjóðin, sé að einu eða öðru leyti hafður með í ráðum. Það er viðurkennd staðreynd að veiðiheimildir, þegar þær eru bundnar við skipin, kosta ákveðna upphæð. Hið svimandi háa verð skipa stafar ekki einungis af því að ekki er leyfilegt að stækka flotann með því að kaupa ný skip. Þar hefur kvótinn einnig mikið að segja, enda er algengt að heyra eða sjá auglýsingar um að tiltekið magn af kvóta sé til sölu sem þýðir að hann gengur kaupum og sölum á tilteknu markaðsverði.

Það er því ekki óeðlilegt að fleiri sem sjávarútvegi tengjast vilji gjarnan fá sinn hlut í kvótanum, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir reyndar í síðasta hefti Sjávarfrétta þar sem hann fjallar m.a. um nauðsyn þess að skera milli skips og kvóta. Hann segir m.a., með leyfi forseta: „Þetta er úthlutun verðmæta svo mönnum þarf ekki að koma á óvart þó aðrir, svo sem fiskvinnslan, sækist eftir að fá hlutdeild."

Með till. okkar um að úthluta veiðiheimildum til byggðarlaga vildum við kvennalistakonur í fyrsta lagi undirstrika nauðsyn þess að rjúfa sambandið milli skips og kvóta, afhenda fólkinu sjálfu aðgöngumiðann að þessari sameiginlegu auðlind okkar, taka meira tillit til byggðasjónamiða og draga úr þeirri ofstjórn og miðstýringu sem ríkt hefur í sjávarútveginum og margfaldlega hefur verið gagnrýnd hér í hverri einustu ræðu sem hér hefur verið flutt í dag held ég mér sé óhætt að segja.

Á sl. árum hefur þessi ofstjórn leitt til þess m.a. að skip hafa gengið kaupum og sölum á milli byggðarlaga án þess að íbúarnir hafi neitt getað gert og hafa mátt horfa á eftir atvinnu sinni. Með því að flytja ákvörðunarréttinn um úthlutun veiðiheimilda til fólksins erum við einnig trúar hugmyndum okkar um raunverulega valddreifingu sem við viljum reyndar færa út á öll svið þjóðfélagsins. En við teljum það í raun valddreifingu að gefa íbúunum í hinum ýmsu byggðarlögum tækifæri til að taka sínar eigin ákvarðanir og bera ábyrgð á þeim. Það teljum við hina einu sönnu valddreifingu sem losar fólk úr viðjum alls kyns skrifborðsákvarðana sem teknar eru í stofnunum fjarri fólkinu sjálfu.

Hér á hinu háa Alþingi er þessa dagana til umfjöllunar frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem við nánari yfirlestur kemur í ljós að er einungis fólgið í því að færa til fjármuni en ekki nein raunveruleg völd. Þessi till. okkar byggir á því að valdinu verði í raun og veru dreift út til fólksins í landinu. Eins og fram hefur komið í máli hv. þm.

telja þeir hæstv. sjútvrh. og hans ráðuneyti hafa haft of mikil völd í þessu máli og ættu því væntanlega að geta tekið undir þær hugmyndir okkar.

Það kerfi sem við bjóðum upp á gefur líka tækifæri til að betur megi taka tillit til þeirra aðstæðna sem fyrir hendi eru á hverjum stað. Öll höfum við átt mörg og löng viðtöl við trillukarla og fengið frá þeim mörg bréf þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum aðallega vegna afkomu þeirra byggðarlaga sem af ýmsum ástæðum hafa lífsviðurværi sitt af smábátaútgerð eða einstaklinga sem hafa stundað sjómennsku hjá öðrum alla sína tíð en hafa nýlega fest kaup á trillum til að gerast eigin húsbændur seinni hluta starfsævinnar. Við höfum líka átt samskipti við menn sem hafa misst báta sína en ekki fengið leyfi til endurnýjunar. Mér þykir hins vegar undarlegt hversu lítið heyrist frá hinum svokallaða útgerðaraðli, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson kallar reyndar „lénsherra" í því viðtali sem ég vitnaði til í síðasta tölublaði Sjávarfrétta. Sitja þeir nú heima saddir og sælir og bíða þess að jólahátíðin gangi í garð? Það er greinilegt að þótt ekki hafi náðst samstaða í sjútvn. innan Alþingis hefur náðst afar náin og góð samstaða og samstarf á milli lénsherranna svokölluðu og ráðuneytisins sem virðast vera mjög samstiga í þessu máli.

Nú síðustu dagana hefur sjútvn. þessarar hv. deildar ítrekað reynt að koma frv. þessu til 2. umr., en eins og frá upphafi var ljóst eru skoðanir manna svo skiptar að úrslit málsins urðu fjögur nál. og a.m.k. fjórar nýjar brtt. til viðbótar við þær þrjár sem fyrir lágu. Það er á þessari stundu vandséð hvernig hægt er að koma þessu máli frá áður en núgildandi lög falla úr gildi og langt frá því að stjórnarliðar séu jafnsammála innbyrðis eins og hæstv. ráðherra og útvegsmenn virðast greinilega vera. Maður sér stundum þessa dagana fyrir sér einhverja mynd af föngum sem er búið að hlekkja um ökklann og þeir verða allir að ganga í sama takti til þess að standa uppréttir.

Fyrir liggja till. varðandi skiptingu landsins í tvö veiðisvæði, en þetta er mál sem er afar umdeilt eins og fram kom fyrr á þingtímanum og teygja deilur um þetta sig þvert í alla flokka á þinginu. Í desemberhefti Sjávarfrétta er viðtal við tvo hv. þm. sem báðir hafa gegnt embætti sjútvrh., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem ég hef fyrr í máli mínu vitnað í, svo og hv. þm. Matthías Bjarnason. Þó þeir séu ekki sömu skoðunar varðandi fiskveiðistefnuna og fyrirkomulag hennar má þar finna sameiginlega punkta sem snerta reyndar þau grundvallaratriði sem við kvennalistakonur höfum lagt fram brtt. um.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir svo um úthlutun veiðiheimilda, með leyfi forseta: „Núverandi fyrirkomulag er eins konar lénsskipulag. Ákveðnum aðilum eru afhent veiðiréttindin."

Um sama atriðið segir hv. þm. Matthías Bjarnason, með leyfi forseta: „Í þriðja lagi get ég ekki fellt mig við að ákveðnir einstaklingar fái þau forréttindi að eiga tiltekið magn af fiski í sjónum og geti selt það öðrum."

Um tengsl veiðiheimilda og atvinnuöryggis í tilteknum byggðarlögum hafa þessir tveir sömu hv. þm. eftirfarandi að segja.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir, með leyfi forseta: „Ég vil að kvótinn fylgi ekki skipi við sölu út af atvinnusvæði nema þá að takmörkuðum hluta heldur komi kvótinn til endurúthlutunar innan sama svæðis."

Um sama atriði segir hv. þm. Matthías Bjarnason, með leyfi forseta: „Í öðru lagi er það ákaflega alvarlegt mál þegar staðir missa rétt til veiða við það að fiskiskip er selt burt."

Nú er spurningin sem hlýtur að vakna meðal okkar: Ætla þessir hv. þm. að greiða því frv. sem hér um ræðir atkvæði sitt þar sem ekkert tillit er tekið til þessara þátta sem eru algjör grundvallaratriði? Við úthlutun veiðiheimilda árið 1983 fór fram einhver mesta tekjustýring og verðmætaúthlutun sem átt hefur sér stað. Sú úthlutun var endurtekin þegjandi tveimur árum seinna og nú stöndum við frammi fyrir spurningunni: Skal þetta endurtekið enn einu sinni og kerfið þar með fest í sessi? Ætlum við enn og aftur að úthluta þessum sameiginlegu verðmætum þjóðarinnar til einstakra aðila og gefa þeim tækifæri til að kaupa og selja eftir eigin lund?

Ég hef ekki hugsað mér að fara mjög náið út í einstakar greinar þess frv. sem fyrir liggur, en vil reyndar taka undir till., sem fram er komin frá hv. þm. Karvel Pálmasyni, um að hér verði skipuð sérstök þingmannanefnd til að fjalla um endurskoðun fiskveiðistefnunnar vegna þess að ég tel það vera einn megingallann, sem hefur verið núna í haust, að við höfum ekki fengið nægan tíma. Þó við höfum byrjað fyrr í þessu nefndarstarfi en í mörgum öðrum nefndum á þinginu hefur ekki náðst sú umræða sem hefði þurft að verða, þ.e. að ræða grundvallaratriðin og reyna að sjá upp úr því kerfi sem við erum sokkin til botns í að því að mér sýnist.

Það var líka galli að í nefndum komu ekki fram hreinar línur fyrr en á allra síðustu stundu og það sýnir og undirstrikar hversu mikið ágreiningsmál þetta er. En ég ítreka að sú till., sem hv. þm. Karvel Pálmason hefur hér lagt fram, um sérstaka nefnd, sem mundi ræða þessi mál og gera úttekt á þeim án þess að vera í tímaþröng, væri til mikilla bóta og er alveg nauðsynlegt að þar eigi allir flokkar sína fulltrúa vegna þess að það getur háttað svo til að í dag er einn í stjórn og annar á morgun.

En það kemur líka fram í brtt. að gildistíminn verði styttur miðað við það sem upphaflega var ætlað. Það er slæmt fyrir þá sem í útgerð standa og þurfa að skipuleggja sinn rekstur, en ég held að það sé samt nauðsynlegt vegna þess að eins og ég hef ítrekað sagt hér í máli mínu hefur ekki gefist nægur tími til að fjalla um nýjar hliðar á þessu máli.

Það er þó eitt sem ég vildi tala um að lokum. Það er varðandi 4. gr. frv. sem nú liggur fyrir. Ég held að með því að setja mannlega stjórn á fiskveiðar verðum við að hafa það fyrst og fremst fyrir augum

að draga úr ofveiði og vinna að uppbyggingu fiskistofnanna. Því tel ég hæpið það sem segir í 4. gr., með leyfi forseta: „Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur sem veiðist á línu skuli ekki eða aðeins að hluta til talinn með í aflamarki eða söknarmarki fiskiskips."

Hér er verið að ýta undir það sem kallað er smáfiskadráp. Það hefur komið fram í umræðunni að meðalþyngd á þorski undanfarin ár er rétt rúm 2 kg, en var um 5 kg fyrir átta árum, þannig að ég held að hér sé þörf á að gæta vel að. Það segir einhvers staðar að betri sé smár fiskur en tómur diskur, en ég held að við ættum ekki að láta diskinn tæmast og við verðum að grípa til aukins veiðieftirlits. Það er einn af göllunum að það er ekki gert ráð fyrir neinu auknu veiðieftirliti hér í þessu frv. en það þyrfti svo sannarlega að vera vegna þess að sjómenn viðurkenna jafnvel sjálfir að þeir hendi svo og svo miklu í sjóinn.

Það hefur líka verið rætt um í sambandi við rækjuveiðar að þar eru uppi ákveðnar hugmyndir um að skipta kvóta á veiðar og vinnslu. Það er ákveðin krafa uppi um það frá verksmiðjum að þær fái sína hlutdeild í kvótanum og það er spurning: Er hér ekki að koma upp það, sem við höfum verið að tala um, að kvótinn eigi ekki einungis að vera bundinn við fiskiskipin? Ef hægt er að skipta milli veiða og vinnslu rækjuafla hlýtur það að vera hægt líka varðandi aðrar fisktegundir. En ég vildi segja, vegna þess að ég talaði um ofveiði og smáfiskadráp allra síðast, að mér þykir líka heldur kæruleysislega farið með áætlaðar rækjuveiðar upp á 36 000 tonn, en fiskifræðingar hafa mælt með 30 000 tonna ársveiði. Ég tel vafasamt að fara út í að gera út á rækju í þeirri von einni að það uppgötvist ný rækjumið einhvers staðar hér í hafinu í kring.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég átti sæti í hv. sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi þar sem Borgarafl. á ekki fulltrúa í þeirri nefnd í Ed. Nál. liggur þar af leiðandi ekki fyrir af minni hálfu eða Borgarafl. við þessa umræðu. Af þessum sökum verð ég að gera grein fyrir áliti Borgarafl. í þessari þingræðu. Áður en ég vík að áliti okkar borgaraflokksmanna á framlögðu frv. og þeim brtt. sem meiri hl. sjútvn. hefur gert vil ég fjalla lítillega um þau orðaskipti sem hafa átt sér stað við 2. umr. og aðallega í morgun.

Ég vil þá í upphafi harma að ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um breytingar þær sem formenn beggja deilda þingsins lögðu fram og þá sérstaklega er varða veiðar smábáta og gildistíma laganna. Í upphafi nefndarstarfsins töldu nefndarmenn það mjög líklegt því meiri hluti virtist vera fyrir því að breyta þessum lögum töluvert mikið. Ég vil sérstaklega minnast eins nefndarmanns sem bæði í ræðu og riti hefur lýst andstöðu við kvótakerfið eins og það leggur sig, en það er hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson.

Í Morgunblaðinu árið 1985, þegar framlenging varð á þessu kvótakerfi, segir hann í viðtali: „En við viljum ekki að þessu sé miðstýrt með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir af innisetumönnum eða stjórnmálamönnum". Síðan segir hv. 14. þm. Reykv.: „þ.e. miðstýringunni". Og síðan er haft eftir blaðamanninum samkvæmt þeim athugunum sem þá fóru fram um hverjir greiddu atkvæði: „Hann hefur greitt atkvæði gegn kvótakerfinu og hefði ekki breytt um afstöðu nú."

Af þessum sökum er það einkennilegt að hann er frsm. meirihlutaálitsins og leggur beint til nú að kvótakerfið skuli halda áfram og nærri því óbreytt frá því sem áður var. Þarna er um verulega stefnubreytingu að ræða hjá hv. þm. og kannski öllum Sjálfstfl.

Það er annars einkennilegt að velta því fyrir sér með Sjálfstfl. í þessari stjórn að þegar maður lítur yfir farinn veg og athugar hverju flokkarnir hafa komið í gegn getur Sjálfstfl. ekki státað sig nema af einu. Framsfl. getur státað sig af fiskveiðistefnunni, Alþfl. af ríkisfjármálunum en Sjálfstfl. aðeins af flugvallarbyggingunni sem er mjög umdeild. Annað hefur Sjálfstfl. ekki gert í þessari stjórn. (Gripið fram í.) Ja, ég get ekki úttalað mig um það hér. Ég þekki það mál ekki, því miður.

En það er annars gaman að velta því fyrir sér hvað formaður Sjálfstfl. segir. Í Vogum, málgagni Sjálfstfl. í Kópavogi, er hinn 6. desember viðtal við Þorstein Pálsson, hæstv. forsrh. Megininntakið í þeirri grein er þar sem talað er um Framsfl. þá varar ráðherrann við þeim flokki og segir: „enda þótt Framsfl. hafi brugðið yfir sig kufli frjálslyndis og borgaralegs yfirbragðs megi menn ekki gleyma því að sá flokkur hafi ekki breyst. Flokkurinn sé og verði forsjárflokkur sem vill hafa vit fyrir almenningi og skammta til hægri og vinstri. Reynslan tali hærra en tunguliprir stjórnmálamenn í því efni." Þennan boðskap sendir hæstv. forsrh. Framsfl. í þessari grein. En samt sem áður kyngir Sjálfstfl. öllu því sem á borð hans er borið bæði af Alþfl. og Framsfl.

Í framhaldi af þessu leyfist mér að spyrja hv. þm. Guðmund H. Garðarsson hvort stefna Sjálfstfl. sé í þeim anda sem kemur fram í frv. Þetta er mjög mikilvæg spurning og í tengslum við þá atkvæðagreiðslu sem fram fer á eftir eða hvort Sjálfstfl. er, eins og lýst var hér í morgun, aðeins í bandi hjá framsókn.

Eins og ég sagði áðan áttum við þm. Borgarafl. ekki sæti í hv. sjútvn. Ed. og verð ég því að gera grein fyrir bæði stefnu Borgarfl. í þessari þingræðu varðandi sjávarútvegsmál og hverju við viljum breyta í því frv. sem hér liggur frammi. Ég vil að það komi skýrt fram að stefna Borgarafl. í sjávarútvegsmálum er önnur en sú sem fram kemur í frv. sem hér er til umræðu. Stefna Borgarafl. er að tekinn verði upp heildarkvóti og hið svokallaða skrapdagakerfi. Leggjum við til að helstu agnúar þess kerfis sem var við lýði hér áður verði sniðnir af, en eins og menn muna var aldrei gerð tilraun til að bæta það kerfi

heldur var því varpað fyrir róða og nýtt kerfi tekið upp.

Ég vil ekki á þessu stigi endurtaka það sem samflokksmaður minn, hv. 6. þm. Reykn. Júlíus Sólnes, sagði við 1. umr. um hvernig við hugsuðum okkur þessar endurbætur, en leyfi mér að staðhæfa að það kerfi er í anda athafnafrelsisins og kemur í veg fyrir brask og eignatilfærslur til ákveðinna hagsmunahópa í samfélaginu og í sjávarútvegi.

Það sem við höfum á móti kvótakerfinu er það aðallega að í því felst allt of mikil miðstýring, eins og hæstv. forsrh. bendir á í þeirri grein sem ég nefndi áðan, og að það dragi úr athafnasemi manna. Þá hefur það í för með sér brask bæði með kvóta og skip. Þá teljum við að kvótakerfið hamli því að nýjar hugmyndir fæðist í atvinnugreininni og komi í veg fyrir nýsköpun. Í einfaldleika sínum teljum við að verið sé að yfirfæra kvótakerfið í landbúnaði yfir á fiskveiðar með sömu afleiðingum og landbúnaðurinn hefur sýnt, stöðnun og meðalmennsku. Að lokum óttumst við að með lögbindingu kvótakerfisins nú, hvort sem er til þriggja ára eða fjögurra ára, verði ekki að þeim tíma liðnum hægt að losa sig út úr þessari haftastefnu.

Þau nál. sem hér hafa verið lögð fram getum við þm. Borgarafl. ekki fallist á óbreytt og því skrifum við ekki upp á neitt þeirra.

Að gefinni þeirri forsendu að ekki er hér til umræðu annað stjórnkerfi en kvótakerfið vil ég hér á eftir gera grein fyrir sjónarmiðum Borgarafl. sem væru til bóta á frv. og raunar nauðsynleg svo eitthvað vitrænt komi út úr þessu kerfi.

Áður en ég vík að brtt. okkar, sem eru á þskj. 234, vil ég fara fáum orðum um aðrar till. og nál. sem hér hafa verið lögð fram. Vík ég þá fyrst að till. meiri hl. sjútvn.

Meiri hl. leggur fram þrjár till. til breytinga. Í fyrsta lagi að heimildir smábáta verða auknar að því er virðist. Í öðru lagi að 3. og 4. tölul. 5. gr. falli niður, að ísfiskssölur erlendis og gámaútflutningur skerði aðeins kvótann um 15% en ekki 25% eins og gert var ráð fyrir í frv. sjútvrh. fyrir gámafiskinn. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í brtt. að gildistíminn verði þrjú ár í stað fjögurra ára.

Eins og hver maður sér er ekki um veigamiklar breytingar að ræða og ekkert er tekið á þeim málum sem mest voru til umræðu í nefndinni. Þar á ég við skiptingu rækjukvóta milli skipa og vinnslu, heimildir til þeirra sem hafa misst skip sín, valdaframsal Alþingis til ráðherra, samráðsnefndir, ráðgjafarnefndir o.fl. Finnst mér þetta mjög miður og þá sérstaklega að meiri hl. skuli ekki taka skrefið til fulls er varðar veiðar smábáta.

Í þjóðfélaginu verður einstaklingurinn að eygja eitthvert frelsi og mjög er óheppilegt að skera tækifæri manna þannig við nögl að þeir geti ekki unnið sig upp úr því aftur. Það held ég að verið sé að gera með smábátana, að skerða rétt þessara einyrkja. Það eru nógu mikil höft nú þegar og meiri höft eru aðeins til þess fallin að minnka trú almennings á því að við lifum í landi athafnafrelsis og bræðralags.

Sú brtt. að við höfum aðeins kerfi til þriggja ára í stað fjögurra er að því einu leyti til bóta að við höfum ekki þessa haftastefnu nema þá í þrjú ár. En ég átti von á því að sjálfstæðismenn mundu aldrei samþykkja lengri tíma en tvö ár miðað við allar þær yfirlýsingar sem sá flokkur hefur gefið undanfarið og jafnframt í nefndinni. Maður veit ekki hvað er komið yfir þennan blessaða flokk síðan kjarninn fór úr honum.

Þriðju brtt., að breyta álagi úr 25 í 15%, gæti ég út af fyrir sig tekið undir.

Brtt. þær sem Alþb. hefur lagt fram og raunar Kvennalistinn líka vil ég skýra næst.

Brtt. Alþb. um að úthluta kvóta milli skipa og byggðarlaga í ákveðnum hlutföllum og þær till. Kvennalistans að færa veiðiheimildirnar alfarið til byggðarlaganna eru í samræmi við 1. gr. frv. um að fiskistofnar séu sameign þjóðarinnar. Þessar till. eru nokkuð athyglisverðar og draga úr því mikla valdi sem frv., eins og það liggur nú fyrir, færir sjútvrh. Spurning er hins vegar hvort byggðarlögin séu tilbúin að taka á móti þessum kvótum og hvort það skapi ekki enn þá fleiri vandamál að úthlutun fari fram innan byggðarlaganna, þá er spurning hvernig byggðarlögin eigi að skipta þessum kvóta og hve hvert veiðiskip á að fá mikið.

Brtt. okkar borgaraflokksmanna koma, eins og ég áður sagði, fram á þskj. 234 og mun ég ræða þær næst og gef mér eflaust nægan tíma í það þar sem þetta er fyrsta tækifærið sem við höfum haft til að ræða till. Þær eru í tíu greinum og mun ég hér á eftir fara yfir þær.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 1. gr. breytist, að hún verði þannig: „Auðlindir innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og að tryggja byggð og trausta atvinnu um allt land. Óheimilt er að skipta landinu í veiðisvæði og stuðla að misrétti milli landshluta."

Fyrri hluti þessarar greinar er eins og hann er í núverandi frv., en seinni hlutinn, að ekki megi skipta veiðisvæðinu í tvö veiðisvæði, er nýmæli og er einkum stefnt gegn þessari svokölluðu suður-norður línu.

Í 2. brtt. er gert ráð fyrir að á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi: „Sérstök framkvæmdanefnd fer með stjórn fiskveiða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningu til eins árs í sameinuðu Alþingi eftir gildistöku laga þessara. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Formaður nefndarinnar boðar hana til fundar í samráði við sjávarútvegsráðherra. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna."

Síðan kemur í framhaldi af þessu og verður þá 3. gr.:

„Verkefni framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða eru:

1. Að gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um reglugerðir um framkvæmd laga þessara.
2. Að fjalla um leyfi, heimildir og undanþágur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gera tillögur í þeim efnum til ráðherra.
3. Að fjalla um álita- og ágreiningsmál, sem ekki falla undir fiskveiðidóm, varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra."

Þarna er gert ráð fyrir að framkvæmdanefnd verði sett á stofn er hafi þessi verkefni með höndum og tilgangurinn með þessari grein er að draga úr því valdi sem frv. gefur sjútvrh. til að ákveða einhliða hvernig hann vill stýra þessum veiðum. Þarna er gert ráð fyrir níu manna nefnd sem kosin er á Alþingi til að fjalla um allt er lýtur að stjórn fiskveiða.

Í 3. brtt. er breyting við 2. gr., er verður þá 4. gr., en hún orðist svo: „Fyrir 15. nóvember ár hvert skal framkvæmdanefnd um stjórn fiskveiða, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, gera tillögur til sjútvrh. um afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra skal síðan fyrir 1. desember gefa út reglugerð þar að lútandi. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, að hækka eða lækka aflamark innan árs sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl."

Þarna er gerð sú breyting að það er framkvæmdanefndin sem gerir tillögur til ráðherra um hvað veiða megi mikið úr fiskistofnunum, en ekki eins og í dag að það er ákvörðun ráðherra eins hvað veiða skuli mikið.

Í seinni lið sömu greinar segir síðan: „Ráðherra er og heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndarinnar, að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 14. gr., miðast við það magn."

Þarna er bara framhald af fyrri greininni, að það sé alfarið í höndum framkvæmdanefndarinnar að ákveða það magn sem veiða má úr einstökum fiskistofnum við Íslandsstrendur.

Þá er komið að 4. brtt. Það er brtt. við 10. gr., en 10. gr. verður 12. gr. í núverandi frv., og orðist svo:

„Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:

A. Í tíu daga um páskahelgi í mars og í apríl 1988. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.

Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.

B. Frá og með 15. desember 1988 til og með 31. desember 1988.

2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki.

Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul. 1. mgr."

Hérna er gert ráð fyrir því varðandi smábáta að greinin verði samhljóða þeirri sem er í núgildandi lögum. Við þm. Borgarafl. teljum mjög áríðandi að veiðar þessara báta verði ekki skertar frá því sem nú er, að þeir hafi sömu heimildir og þeir höfðu. Það eru svo veigamikil rök fyrir því að þeir einyrkjar, sem eru á þessum bátum, haldi sínum rétti að við teljum að hið íslenska þjóðfélag geti ekki staðið á móti þeim.

Höfuðröksemdirnar sem eru fyrir því eru þessar: Þessir bátar eru undirstöðuatvinnutæki fjölmargra minnstu sjávarplássa landsins. Bátar þessir koma flestallir daglega að landi með fyrsta flokks hráefni. Kostnaður við veiðar þeirra er mun minni en annarra skipa. Slysatíðni á þessum bátum var langtum minni en á öðrum skipum fyrir tíma kvótakerfisins og er raunar enn. Fjölgun smábáta er tvímælalaust lyftistöng lítilla sjávarplássa og fjölgunin er síður en svo vandamál, en sumum hentar að gera vandamál úr henni.

Vegna tækniþróunar um borð í smábátum og þar af leiðandi meiri afkastagetu eru þetta miklu öruggari atvinnutæki en áður var. Öruggt má telja að þjóðhagslega sé hagkvæmast að veiða sem mest á smábátum og kannski fellur ekkert betur að byggðaþróun en einmitt það.

Þessi rök eru svo veigamikil og sterk að ég held og raunar er fullviss um það að við alþm. getum ekki skert þær heimildir sem þeir hafa í dag. Við verðum að hugsa um landsbyggðina og verðum að hugsa um þessa menn, sem eru kannski búnir að fjárfesta fyrir margar milljónir á síðustu árum, og verðum að hugsa um hvað verður ef við skerum af heimildir til þeirra.

Við gerum sem sagt þá breytingu, þm. Borgaraf l., að þessi grein verði óbreytt varðandi smábátana frá því sem áður var.

Í fimmta lagi gerum við breytingu við 15. gr. að hún falli niður. En í 15. gr. í frv. er talað um sérstaka samráðsnefnd. Þarna er eiginlega bara tilflutningur á lagagreinum. Við viljum kalla þetta framkvæmdanefnd, sem ég fjallaði um áðan, og ætti að koma þá í 2. gr. frv. og 3. gr. Sú samráðsnefnd sem er talað um í 15. gr. falli niður.

Í sjötta lagi gerum við þá breytingu við 16. gr.,

sem verður 17. gr. miðað við þá tilfærslu sem ég talaði um, að greinin orðist svo: „Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, sbr. 2. og 3. gr."

17. gr. fjallar um upplýsingagjöf frá útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla. Í staðinn fyrir að láta þær til ráðuneytisins legg ég til að þær fari til samráðsnefndar sem síðan fjallar um þær.

Í sjöunda lagi gerum við þá brtt. við 18. gr. frv., sem verður þá 19. gr., að 3. málsgr. falli brott, en hún er þannig skv. frv: „Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. málsgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku."

Í staðinn, og er það 8. brtt. sem við gerum, fyrir að það verði ráðuneytið sem úrskurði um sekt þeirra sem taldir eru hafa brotið gegn lögunum gerum við ráð fyrir að á eftir 18. gr. sem verði 19. gr. komi þrjár greinar svohljóðandi:

„a. Í Reykjavík skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann fiskveiðidómur. Dómurinn hefur það verksvið sem kveðið er á um í lögum þessum.

b. Í fiskveiðidómi eiga sæti þrír menn skipaðir af dómsmrh. til fjögurra ára. Forseti dómsins og varamaður hans skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar. Annar meðdómandi skal vera, eða hafa verið, starfandi skipstjóri á fiskiskipi en hinn skal vera sérfróður um fiskifræði. Varamenn þeirra skulu uppfylla sömu skilyrði. Dómendur fiskveiðidóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

c. Fiskveiðidómur starfar að öðru leyti eftir almennum ákvæðum um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 74/1974."

Þarna er sem sagt gert ráð fyrir að settur verði á stofn dómstóll er dæmi í málum ef einhver gerist brotlegur, hvort sem það er útgerðarmaður, fiskvinnsluaðili eða aðrir sem ætlað er að hafi brotið gegn lögunum. Þessi dómstóll kveði á um sekt eða sýknu en ekki eins og nú er að það er ráðuneytið sem fer með það vald, ráðuneytið setur reglugerðirnar, ráðuneytið fylgist með og ráðuneytið dæmir eða úrskurðar. Við teljum þetta óeðlilega málsmeðferð.

Í níunda lagi gerum við þm. Borgarafl. till. um breytingu á 21. gr., er verður 25. gr., að sú grein orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1988. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands."

Við leggjum til að gildistími þessara haftalaga, sem hér á að fara að samþykkja, verði aðeins tvö ár en ekki fjögur ár eins og í frv. kemur fram og þrjú ár eins og kemur fram í nál. meiri hl. sjútvn.

Í tíunda lagi er talað um að frv. heiti: Lög um stjórn fiskveiða, en ekki eins og nú er: Lög um stjórn fiskveiða árin 1988–1991.

Ég hef nú í stórum dráttum farið yfir brtt. sem við þm. Borgarafl. gerum á því frv. sem liggur frammi og hefur verið til umræðu, en það skal tekið skýrt fram að þessar brtt. eru til að laga þetta kvótafrv. en það segir ekkert um þá stefnu sem við borgaraflokksmenn höfum um stjórn fiskveiða. Að sjálfsögðu viljum við eins og aðrir flokkar og landsmenn allir hafa stjórn á þessum málum og vernda fiskistofnana þar sem þetta er auðlind sem kemur okkur öllum að gagni og við megum ekki ganga of hart að henni. Við teljum að frv. sé á margan hátt og raunar í heild kannski ekki mistök, en það felast í því mikil höft á athafnasemina. Við teljum að svoleiðis lög eigi ekki að gilda hér nema allt annað hafi verið reynt áður. Við teljum að það hafi ekki verið.

En kjarninn í okkar brtt. er sá aðallega, við getum tekið það saman, að smábátaeigendur hafi sömu heimildir og þeir höfðu áður og að það verði framkvæmdanefnd sem skeri úr um og hafi með höndum fiskveiðistjórnina en ekki ráðherra einn og svo í þriðja lagi að settur verði upp fiskveiðidómstóll er skeri úr ágreiningsmálum eða réttara sagt opinberum málum sem upp kunna að koma.

Við 1. umr. þessa frv. lagði ég áherslu á þrennt sem ég taldi að þetta frv. fæli í sér og væri andstætt grundvallarreglum lögfræðinnar.

Það er í fyrsta lagi 1. gr. í samanburði við 4. gr., svo þessar 20 framsalsheimildir sem eru til ráðherra og í þriðja lagi svokölluð norður-suður lína. En það er engin heimild í lögunum fyrir því að skipta landinu í tvö veiðisvæði heldur er það aðeins í reglugerð. Síðan gæti ég nefnt í tengslum við þetta að það er aðeins verið að veita ákveðnum mönnum heimildir en það er ekki verið að leggja á þá menn neinar skyldur. Með frv. er ekki verið að leggja skyldu á þá sem fá veiðiheimildir að koma með gott hráefni að landi, það er ekki verið að leggja á þá skyldu til að koma með allan aflann að landi.

Mun ég nú aðeins ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, við 1. umr., til skýringar á þessum veilum sem ég held að í þessari lagasetningu felist. Þá tek ég fyrst 1. gr. frv. Að vísu eru allir sammála um það að fiskistofnar við Ísland séu sameign þjóðarinnar en þegar verið er að setja í 1. gr. að eitthvað sé sameign þá er ekki hægt að setja í 4. gr. að það séu ekki nema ákveðnir aðilar sem mega nýta sér þessa sameign. Það er algjörlega andstætt — er það ekki, Guðmundur? (Gripið fram í.) Ég minntist á það í fyrri ræðu minni að þetta jafngilti því ef það ætti að friða fisk í vötnum að sett yrðu lög um friðun á þessum vötnum og þeir einu sem hefðu keypt sér veiðistöng fyrir gildistöku laganna mættu veiða í vötnunum á eftir.

Í öðru lagi tel ég að þetta framsalsvald sem Al-

þingi er að gefa ráðherra sé í hæsta máta óeðlilegt. Það er í lögfræðinni viðurkennt að löggjafinn geti framselt vald til ráðherra til þess að setja verklagsreglur um ákveðið málefni en ekki að ráðherra geti ákveðið eitthvað sem er ekki til í lögunum, þ.e. hann getur ekki sett efnisreglur. Og það er einmitt það sem ég minntist á hér áðan að hann getur ekki ákveðið svokallaða norður-suður línu. Það verður þá að koma fram í lögunum að landinu skuli vera skipt í tvö veiðisvæði.

Í fjórða lagi eru það skyldur á hendur þeim aðilum sem fá þessi veiðileyfi til að koma með allan aflann að landi og koma með hann í því ástandi helst sem hann var veiddur úr sjónum. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að lesa upp úr bréfi sem forstjóri Lýsis hf. sendi ráðgjafarnefnd um fiskveiðistjórnun hinn 29. sept. 1987. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum tveimur árum hafa umsvif Lýsis hf., þessa hálfrar aldar gamla fyrirtækis, aukist verulega. Þannig má t.d. nefna að velta fyrirtækisins verður um 180 millj. á þessu ári samanborið við 79 millj. árið 1985. Mestur hluti af tekjum fyrirtækisins er af sölu á lýsisafurðum, afurðum sem fyrirtækið og þjóðfélagið allt getur verið stolt af. Nú dregur hins vegar ský fyrir sólu. Í viðtölum mínum við fiskframleiðendur og útvegsmenn síðustu vikur hefur sú skoðun ítrekað komið fram að með tilkomu fiskmarkaðanna hér á vertíðarsvæðinu muni veruleg aukning verða á því að gert sé að afla um borð í veiðiskipunum sjálfum. Til að freista þess að útvegsmenn og sjómenn hirði lifur um borð í skipum sínum ákvað Lýsi hf. að hækka verð á haustlifur verulega, í 15 000 kr. fyrir tonnið. Með þessari hækkun má heita að allri verðhækkun á lýsi á undanförnum mánuðum hafi verið veitt til þessara aðila."

En það hefur engin breyting orðið. Lýsið hefur ekkert aukist til þessa fyrirtækis. Þess vegna finnst mér mikilvægt að í lögunum komi fram að þessum aðilum sem fá heimildir, þessum fáu aðilum og útgerðarmönnum sem fá heimildir séu lagðar þær skyldur á herðar í lögum að koma með öll verðmæti sem þeir veiða úr sjónum til landsins.

Ég vil að lokum leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. varðandi smábátana. Hvað felst í þessum breytingum sem verið er að gera núna og minni hl. hefur talað um því sem áður var? Og mig langar að spyrja hann einnig hvort búið sé að breyta reglugerðinni, hvort hægt sé að fá hana á borð þm. og einnig hvort þessar brtt. séu í samræmi við ályktun síðasta fiskiþings. Ég vonast eftir því að hann svari þessum spurningum varðandi smábátana. En því hefur verið haldið hér fram af frsm. meirihlutaálitsins að þetta sé í algjöru samræmi við ályktun 45. fiskiþings. Og í framhaldi af því sem ég sagði áðan spyr ég hvort eitthvað sé í bígerð um það að skylda aðila sem fá úthlutað veiðileyfi til þess að koma með að landi þau verðmæti sem þeir draga úr sjó, hvort sem það er smáfiskur eða lifur eða annað sem nýta má í landi.

Ég hef þá ekki þessi orð mín lengri að sinni en vonast eftir því að ráðherra svari þessum spurningum og að við getum haldið áfram að tala um þetta eftir að hlé hefur verið gefið og velt upp þeim öðrum atriðum sem ég hef ekki talað um í þessari ræðu minni, eins og t.d. rækjuveiðarnar eða úthafsrækjuna og fleira sem ástæða er til að tala um.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það kemur auðvitað ekki á óvart að umræður um stjórn fiskveiða skuli vera miklar hér í þinginu og að þetta mál skuli hafa verið lengi í nefnd. Við vitum að aðdragandi þessa máls er sá að í árslok 1983 var augljóst að þorskstofninn hafði orðið fyrir verulegu áfalli svo þá var talið nauðsynlegt að herða mjög reglur um stjórn fiskveiða. Var þá sá háttur upp tekinn að setja aflakvóta á öll skip í landinu sem voru 10 tonn eða stærri. Þessi ákvörðun var umdeild á þeim tíma en það er eftirtektarvert að á þeim tíma sem síðan hefur liðið hefur fylgi þeirra sem vinna við sjávarútveg vaxið við þá stjórn fiskveiða sem hér hefur verið eða m.ö.o. menn hafa ekki séð aðra leið betri til þess að reyna að tryggja skynsamlega nýtingu þorskstofnsins en þá að halda kvótaskiptingunni á hin einstöku skip. Þetta er auðvitað mjög eftirtektarvert.

Og það er líka eftirtektarvert að fylgi þeirra sem sjávarútveg stunda, hvort sem þeir eru útgerðarmenn eða sjómenn, við það frv. sem hér er til umræðu er í engu samræmi við fylgi frv. hér á hinu háa Alþingi. Það kemur m.ö.o. í ljós að ýmsir hv. þm. eru að reyna að fiska í gruggugu vatni, svo maður noti þessa líkingu af því að verið er að tala um fiskveiðistefnu, reyna að finna viðkvæma punkta í þessu máli til þess að slá sig til riddara með og er hv. 4. þm. Vesturl. ekki barnanna bestur í þessu efni eins og glöggt sést t.d. á tillögu sem hann ásamt öðrum þm. Vesturl. flytur þar sem hann vill miða við Öndverðarnes, auðvitað vegna þess að hann veit að það kemur sér betur fyrir tvo togara sem eru gerðir út frá Snæfellsnesi.

Þessi stutta brtt. þessara tveggja hv. þm. er mjög dæmigerð fyrir umræðuna eins og hún hefur verið hjá vissum hv. þm. Þeir hafa verið að reyna að hamra á þeim punktum í þessu máli sem sérstaklega varða þeirra eigin kjördæmi en á hinn bóginn ekki fengist til þess að taka ábyrga afstöðu og horfa á málið í heild.

Miklu verra er þó dæmið af hv. 3. þm. Vestf. sem hefur tíðkað það nú mjög upp á síðkastið að reyna að elta almenningsálitið, reyna að vera á móti þeim málum sem stjórnin verður að standa að sem viðkvæmust eru úti í þjóðlífinu, en reyna svo að ná sér í einhverjar hlaupavinsældir á því að hrósa sér af hinu sem í kjölfarið fylgir og kannski er hægt að gera vegna þess að við verðum annað slagið, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, að standa að aðgerðum sem ekki hljóma vel í augnablikinu og orka kannski tvímælis. En þennan hv. þm. vil ég aðeins spyrja: Hvernig stendur á því að hann er nú, eftir að málið

er í heild tekið fyrir til meðferðar, stjórn fiskveiða, fallinn frá þeirri hugmynd sem hann var með á síðasta þingi? En þá flutti hann um það tillögu að við úthlutun á aflamarki og sóknarmarki til einstakra skipa bæri ráðherra að taka sérstakt tillit til þess ef skip væri gert út í byggðarlagi þar sem a.m.k. 36% vinnuafls starfaði við fiskveiðar og fiskvinnslu og skyldi aflamark og sóknarmark þeirra skipa, verði eftir því leitað, aukið um a.m.k. 25% frá því sem það hefði ella orðið eftir almennri úthlutunarreglu. Hvernig stendur á því að þessi hv. þm. endurflytur ekki þessa brtt. frá síðasta þingi?

Getur verið að skýringin sé sú að frá þeim tíma sem þessi tillaga var samþykkt og til dagsins í dag hafa atvinnuhættir breyst svo í byggðarlaginu Ísafirði að nú á 35%-reglan ekki lengur við, að nú mundi þessi regla þessa hv. þm. skaða Ísfirðinga verulega gagnstætt því sem hann ætlaðist til á sl. ári? En eins og nál. meiri hl. sjútvn. Nd. frá síðasta þingi ber með sér hefði þessi tillaga þá, ef að lögum hefði orðið, valdið því að þorskfiskafli Ísfirðinga hefði minnkað um 5658 tonn, verið 7075 tonn í staðinn fyrir að vera 12 733 tonn. Hvernig stendur nú á því að þessi hv. þm. Ísfirðinga endurflytur ekki þessa tillögu? Það væri fróðlegt að fá gerða glögga grein fyrir því nú, þegar málið er til umræðu og tekið fyrir í heild, hvort hann er fallinn frá þessum hugmyndum sem hann hafði á síðasta þingi og var svo mælskur þegar hann mælti fyrir. Hvernig skyldi standa á því að hann flytur ekki málið nú? Skyldi vera að hann hafi fengið orð í eyra í sínu kjördæmi eftir að uppvíst varð hvaða áhrif þessi tillöguflutningur mundi hafa eftir að í ljós kom að færri en 35% ársverka voru við sjávarútveginn á Ísafirði? En árinu áður var því öfugt farið. Þá voru það fleiri en 35% ársverka. Þannig breyttist þetta nú á einu ári og þannig breyttist skoðun þessa hv. þm., vegna atvinnunnar á þessum eina stað, á því hvernig standa ætti að stjórn fiskveiða í landinu.

Auðvitað var þessi tillaga á sl. ári, sem þeir hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 15. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson, og hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson stóðu sameiginlega að, flutt í bráðræði. Þannig kom t.d. í ljós að þessi tillaga hefði verkað svo á Austfjörðum að verulega hefði orðið að skera niður fiskafla t.d. í Vopnafirði.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að tíunda þessa gömlu tillögu, nema vegna þess að hún er lýsandi fyrir málflutning hv. 3. þm. Vestf. Ef tillögur hans eru skoðaðar grannt þá sér maður auðvitað undir eins hvaða fiskur liggur undir steini.

Nú vil ég segja það að ég var upphaflega mjög tortrygginn á að rétt væri að fara þá leið að binda ákveðið aflamark við tiltekin skip og taldi að vel mætti vera að sú leið mundi til langframa geta reynst okkur hættuleg. Ég tók eftir því að hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson hafði af því miklar áhyggjur að sú miðstýring sem felst í slíkri ákvörðun væri í hróplegu ósamræmi við grundvallarstefnu Sjálfstfl., og er í raun og veru hálfleiðinlegt að þessi hv. þm. skuli ekki vera hér inni, en við skulum ekki vera að gera neitt vesen út af því. (**Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni því fyrirhugað er að hafa kaffihlé og hlé fyrir þingflokksfundi.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil nú þegar ræðunni er fram haldið aðeins segja það að þær hugmyndir sem fram koma á þskj. 392 frá hv. 3. þm. Vestf. eru athyglisverðar fyrir þá sök að þar er gert ráð fyrir því að rýmka mjög um margvíslegar heimildir til þess að auka sóknargetu eða sóknarþunga fiskiskipastólsins. Væri fróðlegt að fá um það upplýsingar hjá hv. þm. hvað hann gerir t.d. ráð fyrir því að 4. liður þessara brtt. muni þýða, en sú grein hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Þessar heimildir allar eru mjög almennar og er erfitt að gera sér grein fyrir því nákvæmlega hvað hv. þm. á við og þó svo að það væri skýrt með almennum orðum, en hitt liggur að sjálfsögðu í augum uppi að með þessu er verið að auka aflaheimildirnar sem auðvitað veldur því að það þrengist hjá öðrum. Það sama á við um 1. tölul. brtt. hv. 3. þm. Vestf. sem nánar skýrist í 8. tölul. með upptalningu á skipum sem þar eru nefnd í 8. og 9. tölul. (**KP:** Er ekki verið að færa í milli?) Þar er verið að ræða um skip sem eigi að fá veiðirétt og ... (**KP:** Hv. þm. hefur misskilið þetta.) Nú, má ég heyra? (**KP:** Ég geri það í ræðustólnum.) Það er ljómandi. Þar er gert ráð fyrir því að heimildir fáist til þess að bæta skipum við í stað þeirra sem fórust á árunum 1983–1984. Ég geri ráð fyrir því að þessi skip eigi að fá aflamark og þar með eigi að þrengja hlut annarra skipa sem fyrir eru. Er það misskilningur hjá mér, hv. þm.? (**KP:** Ég mun koma hér á eftir, hv. þm.) Já, það verður fróðlegt að heyra það, því að varla hugsar hv. þm. sér það að þessi skip bætist í flotann án þess að þau fái veiðiheimildir, að önnur skip bætist við í stað þessara, þannig að ég geri ráð fyrir því að þar hugsi hv. þm. sér að til skjalanna komi nýjar veiðiheimildir sem auðvitað þrengi hlut þeirra sem fyrir eru.

En nú langar mig til að spyrja hv. þm.: Mundi hann nú, ef svo stæði á í hans kjördæmi að skip hefði verið úrelt á árinu 1983, sætta sig við að um það giltu ekki þær sömu reglur og hér er gert ráð fyrir? Nú var það mjög umrætt á sínum tíma þegar kvótalögin voru sett í fyrsta skipti hvort heimilað skyldi t.d. að annað skip yrði keypt í stað Sólbaks sem þá hvarf úr rekstri. Þetta var mjög rætt bæði við setningu kvótalaganna fyrir 1984 og eins við setningu kvótalaganna fyrir árið 1985 og sú varð niðurstaðan hjá Alþingi þá að ekki skyldu veittar heimildir fyrir

Útgerðarfélag Akureyringa til að fá annað skip í staðinn. Eigi að síður liggur fyrir að þetta útgerðarfélag hafði þá áhuga á því að fá annað skip, enda var aldrei hugmyndin með úreldingu þessa togara sú að draga úr eða fækka varanlega um eitt skip í togaraflota þessa útgerðarfélags heldur var alltaf hugmyndin að kaupa annað skip í staðinn. Nú langar mig að fá rökstuðning frá hv. þm. fyrir því að hvaða leyti gildi annað um þetta skip en þau skip sem talin eru upp hér í 8. tölul.

Ég vil að síðustu aðeins segja það að auðvitað eru þessi mál mjög viðkvæm. Við erum að tala um það að nauðsynlegt sé að setja reglur sem hafi þann tilgang einan að draga úr sóknargetu þeirra skipa sem við eigum í landinu. Með því er verið að minnka olnbogarýmið, en við erum sammála um að þetta sé nauðsynlegt því að öðrum kosti séu fiskstofnarnir í hættu með þeim hörmungum sem það mundi leiða af sér. Það hversu vandasamt þetta mál er endurspeglast í því að stjórnarandstaðan hefur ekki treyst sér til þess að standa saman um neinar heildartillögur né þeir menn sem standa gegn því frv. sem hér er til umræðu. Við, sem í meiri hl. erum, erum að sjálfsögðu ekki endilega sammála um útfærslu á hverju einstöku atriði. En við gerum okkur á hinn bóginn ljóst að á okkur, sem berum ábyrgð á stjórn landsins, hvílir sú skylda að sjá um það að stjórn fiskveiðanna geti farið fram með skikkanlegum hætti á næsta ári. Og ég held að það sé almannarómur og flestra þeirra sem heyrst hefur í varðandi reynsluna af stjórn fiskveiðanna á þessu ári að eins og sakir standa verður ekki á betra kosið en framlengja í stórum dráttum það kvótakerfi sem við höfum nú búið við.

Ég get fallist á að æskilegt væri að rýmka um eins og hægt er. Um það má velta vöngum. Um það getum við hugsað síðar. En eins og sakir standa núna er fullkomið ábyrgðarleysi að tefja fyrir þessu máli eða standa gegn því að frv. verði að lögum án þess að bent sé á eitthvað annað í staðinn sem líklegt sé að geti svarað þeim tilgangi sem gera verður um lög um stjórn fiskveiða.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. 7. þm. Reykn., sem er hér næstur á mælendaskrá, er á fundi að beiðni stjórnarmeirihluta, óska ég eftir því að umræðu verði frestað þangað til þeim fundi er lokið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. sjútvrh. hafði beðið um orðið og ég hefði talið að það væri ekkert á móti því að leyfa hæstv. ráðherra að nota tímann ef ekki koma athugasemdir við það. En að sjálfsögðu fær hv. 7. þm. Reykn. tækifæri til að flytja sitt mál þegar fundi er lokið með forsetum og þingflokksformönnum.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka þá ósk sem hér kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni frá 7. þm. Reykn. sem er nú á fundi með forseta og þingflokksformönnum að skipuleggja störf þingsins á næstu klukkutímum eða svo. Ég tel og veit reyndar að hv. þm. hefur fullan áhuga á því að fá að heyra það sem hæstv. sjútvrh. kann að segja í ræðu sinni hér á eftir sem getur að vissu leyti haft áhrif á hans málflutning þegar hann kemur hér til starfa í deildinni. Mér finnst öll rök mæla með því að það verði orðið við ósk hv. þm. um það að fresta fundi, það getur varla tekið svo langan tíma, að fundi verði frestað hér í deildinni þar til forsetafundur og fundur með formönnum þingflokkanna er búinn.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ef það er ósk deildarmanna að ég svari þeim spurningum síðar sem til mín hefur verið beint, þá get ég allt að eins gert það við 3. umr. og get því fallið frá orðinu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ef hæstv. sjútvrh. hefur skilið orð mín þannig að ég væri að óska eftir því að hann frestaði sinni ræðu á annan hátt en þann að það yrði beðið eftir því að hv. 7. þm. Reykn. kæmi hér, þá er það hinn mesti misskilningur. Ég held að það hljóti að vera ósk þingdeildarmanna að ráðherra taki þátt í umræðunni nú við 2. umr. og fresti ekki sínum upplýsingum til 3. umr., en það hlýtur jafnframt að vera eðlileg og sjálfsögð ósk þess þm. sem fór fram á það að fundi yrði frestað að hann fái að fylgjast með því sem hæstv. ráðherra segir og ég sé ekki að það geti breytt mjög miklu í störfum þingsins þó fundi verði frestað í eitthvað 5–10 mínútur eða svo.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem fram hefur komið eindregin ósk um að þessum fundi verði frestað um stund á meðan formenn þingflokka ásamt forsetum funda um starfstilhögun þingsins, þá verður fundinum nú frestað í 15 mínútur og er þess að vænta að þá verði hægt að halda fundi áfram. — [Fundarhlé.]

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég ætla að leggja nokkur orð í belg varðandi fiskveiðistefnuna. Mig langar fyrst til að fjalla um hana nokkrum almennum orðum.

Við erum hér á örlagastundu að ræða eitt mikilvægasta mál sem snertir alla þjóðfélagsþegna á einn eða annan hátt, en það er með hvaða hætti sjávarútvegurinn skuli verða rekinn næstu — ja, sumir segja tvö ár, aðrir segja þrjú ár og hæstv. ráðherra segir fjögur ár. Um það að sjálfsögðu eigum við eftir að fjalla nánar, þ.e. hvað sú fiskveiðistefna sem hér verður samþykkt á hinu háa Alþingi muni hafa langan gildistíma.

Ég ætla strax að lýsa þeirri skoðun minni að ég sem fulltrúi míns flokks, Borgarafl., tel að þessi lög eigi helst ekki að hafa lengri gildistíma en eitt ár því að svo vond er þessi stefna að mínu mati að ég tel að það æskilegasta sem við gætum gert væri að nota

árið 1988 til að koma okkur út úr þessu hrikalega skömmtunarkerfi sem Framsfl. hefur hneppt þjóðina í fjötra í. Það ætti ekki að þurfa að taka lengri tíma en eitt ár að semja alveg nýja fiskveiðistefnu, koma okkur út úr þessu skömmtunarkerfi sem er að drepa niður allt sjálfstætt framtak landsmanna.

Að sjálfsögðu eru allir sammála um það að sjávarútvegur sem slíkur er mikilvægasta atvinnugrein landsmanna. Á sjávarútvegi byggjum við afkomu okkar. Það hefur þjóðin að verulegu leyti gert gegnum aldirnar ásamt og með landbúnaði. Á undanförnum árum og áratugum hefur sjávarútvegurinn tekið gífurlegum framförum. Tækninýjungar hafa verið með eindæmum. Þegar við berum saman útgerð, rekstur fiskiskipa nú við það sem var fyrir nokkrum áratugum, þá undrast menn þá tæknibyltingu sem hefur átt sér stað. Því miður höfum við ekki haft tækifæri eða framsýni til að nýta okkur þessar tækninýjungar til að skapa hér blómlegt atvinnulíf í ýmsum hliðargreinum við sjávarútveginn. T.d. má nefna að upp úr 1960 hélt rafeindatæknin fyrir alvöru innreið sína í sjávarútvegi á Íslandi, þó svo að einhverju leyti væri hún komin fyrr. Það má segja að það hafi aðallega verið eftir 1960 sem hin flóknu rafeindatæki fara að sjást í íslenskum fiskiskipum. Í stað þess að notfæra okkur þessa byltingu til hins ýtrasta létum við Norðmönnum það alfarið eftir að þróa iðnað á sviði rafeindatækja í fiskiskip þannig að þeir hafa náð slíku forskoti að þeir eru meðal fremstu þjóða heims í að smíða rafeindatæki, fisksjár, fiskleitartæki og margt fleira í fiskiskip. Þessari þróun mála í Noregi höfum við Íslendingar að verulegu leyti staðið undir. Hún er að verulegu leyti kostuð af íslenskri útgerð, af íslenskum sjávarútvegi.

Á sama hátt hafa orðið gífurlegar framfarir í gerð veiðarfæra. Höfum við Íslendingar raunverulega lagt fjármagnið til þess að þróa nýjar tegundir veiðarfæra. Sérstaklega var þetta áberandi á 7. áratugnum þegar síldin var enn þá hér við land og veiddist að útgerðarmenn prófuðu nýjar og nýjar síldarnætur, af nýrri og nýrri gerð og Japanar sérstaklega nutu góðs af. Þeir notuðu raunverulega Íslendinga sem nokkurs konar tilraunaaðila fyrir framleiðslu sína og í Japan þróaðist upp mjög fullkominn veiðarfæraiðnaður sem við Íslendingar hefðum getað átt nokkurn þátt í.

Ég minnist þess að fyrir líklega einum 20 árum eða svo, þá voru Japanar hér á ferð sem höfðu vissan áhuga á því að koma hér upp veiðarfæraverksmiðju til þess að framleiða veiðarfæri, fiskinet og nætur t.d. fyrir Evrópumarkaðinn. Voru Japanar þá til í að hafa samstarf við íslenska aðila um að hefja veiðarfæraframleiðslu hér á Íslandi.

Þannig er saga sjávarútvegs á Íslandi, önnur en um sjálfar veiðarnar, saga hinna glötuðu tækifæra. Oft og tíðum á þetta rætur sínar að rekja til stefnu stjórnvalda, þeirra sem hafa stýrt sjávarútvegi á Íslandi, þ.e. þessi vantrú á innlendri getu.

Mig langar þess vegna aðeins til þess að koma inn á fleiri atriði því að þetta hangir allt saman. Það er ekki einungis fiskveiðistefnan sem segir okkur hvernig á að draga fiskinn úr sjónum, það er ekkert síður hvernig fiskurinn er verkaður í landi og með hvaða aðferðum og með hvaða tækjum við veiðum fiskinn. Þetta hangir allt saman. Þess vegna held ég að það sé ekkert á móti því að hér sé farið nokkrum orðum um einn viðamikinn þátt fiskveiðistefnunnar, en það er skipakosturinn, hvar hann verður til og hvernig.

Það skortir ekkert á það að Íslendingar eru duglegir sjósóknarmenn og þannig hefur það alla tíð verið. Við eigum þetta að rekja til forfeðra okkar, sem voru svo duglegir sjómenn að undrum þykir sæta. Það voru engir veifiskatar sem sigldu hér á opnum bátum og uppgötvuðu Ameríku á sínum tíma eða sigldu til Íslands og einnig til Grænlands. Þegar landnám Íslands fór fram komu menn hingað á knörrum og langskipum með búslóð sína, fénað, fólk og ýmiss konar búnað til þess að nema hér land. Ég hef oft velt því fyrir mér hvað skyldi síðan hafa orðið um þessi skip eftir að menn komu til landsins, settust hér að og byrjuðu sín hefðbundnu landbúnaðarstörf. Ég geri ráð fyrir því að menn hafi eitthvað gert út á knörrunum, þ.e. ekki hafa þeir eyðilegt skipin strax þó svo það hafi kannski verið freistandi að nota þau til eldiviðar, en á þeim tíma þegar landnám Íslands fer fram, þá er nóg um eldivið á Íslandi. Nógur var skógurinn samkvæmt gömlum sögum, þannig að ég hef oft velt því fyrir mér hvort landnámsmennirnir hafi ekki gert tilraunir til þess að fiska á knörrunum. Knerrirnir voru ákaflega hagkvæm skip. Þau voru góð í sjó og væntanlega gott að sækja sjóinn til fiskveiða á knörrum.

Það er eitt sem er mjög athyglisvert að Íslendingar hafa nánast frá fornu fari séð um að smíða öll skip sjálfir sem þeir notuðu til útgerðar. En hvað varðar smíði stærri báta þá fór minna fyrir því af eðlilegum orsökum. Við vorum engin iðnaðarþjóð hér Íslendingar á landnámsöld og söguöld, enda var málum þannig komið þegar Gamli sáttmáli er undirritaður að hann er fyrst og fremst afleiðing þess að við áttum ekki lengur nein stór skip sem voru haffær. Við gátum ekki siglt til útlanda og við vorum neyddir til þess að treysta algjörlega á skip frá útlöndum til þess að færa okkur vistir hingað því að jafnvel á þeim tíma voru viðskipti Íslendinga við útlönd mjög mikil. Við vorum háðir erlendum viðskiptum þegar við gerum Gamla sáttmála og göngumst undir Noregskonung til þess að sex skip, eins og er lofað í Gamla sáttmála, sigli til Íslands á ári hverju með vistir. Ég hef oft rætt þessa sögu um þessi sex skip. Menn greinir á um hvort það hafi verið til þess að vistir kæmust til Íslands. Sumir segja að það hafi ekkert síður verið til þess að Noregskonungur gæti fengið skattana sína til baka til Noregs. Ég held nú og er sannfærður um að ástæðan fyrir því að við gerum Gamla sáttmála og göngumst á hönd Noregskonunga hafi raunverulega verið sú að tryggja að sex skip taki land á Íslandi á ári hverju

með vistir og birgðir frá útlöndum sem við þurftum á að halda.

Íslendingar eru landbúnaðarþjóð á þessum árum og sjósókn er aukabúgrein. Bændur við sjávarsíðuna sóttu sjóinn, enda hefur verið gnægð fiskjar ekkert síður þá og e.t.v. miklu meiri en er í dag. En þessi sjósókn fór fram á heimasmíðuðum bátum, opnum bátum sem var róið frá jörðum sem áttu land að sjó. Þessir bátar munu allir hafa verið smíðaðir af innlendum hagleikssmiðum en viður til þeirra er allur innfluttur. Það er m.a. sá innflutningur sem hefur komið með þessum sex skipum.

Það er ekki fyrr en á 15. öld að sjávarútvegur fer að verða atvinnugrein á Íslandi. Það er hin svokallaða enska öld þegar við eigum mjög fjörug viðskipti við Englendinga og seljum þeim fisk í stórum stíl að sjávarútvegur hefst til vegs og virðingar og fer að verða atvinnugrein á Íslandi. En eins og ég gat um áður var þetta fyrst og fremst aukabúgrein fyrir bændur sem áttu auðvelt með að stunda sjósókn frá býlum sínum við sjávarsíðuna.

Það er gaman að velta því fyrir sér hvernig sjávarútvegur á Íslandi þróast smám saman í það sem hann er í dag. Mig langar til að nefna hér sem dæmi að það var einn merkisbóndi í Selárdal á öndverðri 17. öld, Páll í Selárdal. Hann mun vera fyrsti íslenski útgerðarmaðurinn sem reynir þilskipaútgerð og það er talið að hann hafi látið smíða þilskipið hér á Íslandi, fengið til þess hagleikssmiði innlenda til þess að smíða þilskip. Og hann gerir fyrstur manna á Íslandi tilraun til þess að gera út með þilskipi. Það er hins vegar fróðlegt sérstaklega fyrir þá sjómenn sem kunna að hlusta á mál mitt að það gekk mjög erfiðlega að manna þilskip. Íslendingar á þeim öldum voru ekki beinlínis sjómenn. Þeir voru fyrst og fremst bændur og vildu hafa þetta eins og ég segi sem aukabúgrein. Þeir voru ekki undir það búnir að gera þetta að sínu aðalstarfi að stunda sjóinn þannig að þetta einstaka tilvik með þilskipaútgerð Páls í Selárdal er undantekning frá miðöldum.

Skúli fógeti, sem var mjög framsýnn maður, sá hins vegar að það yrði að fara að treysta á það að sjósókn og útgerð kæmu inn sem íslenskur atvinnuvegur við hliðina á landbúnaði. Á vegum Innréttinganna, fyrirtækis Skúla fógeta, voru smíðuð tvö þilskip. Þau eru líklega smíðuð í Danmörku því að eins og ég gat um áðan voru Íslendingar fullfærir um að smíða opna báta en höfðu lítið fengist við smíði stærri og meiri háttar fiskiskipa. Skúli lét gera þessi tvö þilskip út á veturna hér á suðvesturhorninu þannig að það má segja að þar með hafi hugtakið vetrarvertíð hafist, það er með þilskipaútgerð Skúla fógeta. Og hann gerði þetta af ásettu ráði til þess að trufla ekki landbúnaðarstörfin á sumrin. Hann vildi ekki taka verkafólk úr landbúnaðinum á sumrin til útgerðar því að það veitti ekki af öllum vinnufærum mönnum til þess að vinna í landbúnaði það stutta sumar sem er hér á Íslandi.

Konungsverslunin síðari tók síðan upp þráðinn eftir Skúla fógeta og lét smíða og gera út fjölmörg þilskip á seinni hluta 18. aldar, en það er athyglisvert og það kemur enn fram að Íslendingar voru á þeim árum ekki neinir sjómenn. Þeir voru fyrst og fremst bændur þannig að það þurfti að manna þessi þilskip með útlendingum. Voru aðallega danskar áhafnir á þilskipum konungsverslunarinnar hér á síðustu áratugum 18. aldar. Árið 1787 var konungsverslunin afnumin eins og öllum ætti að vera kunnugt. Þá dettur þilskipaútgerð að mestu leyti niður. Þessi skip, sem þá voru til hér á Íslandi sem konungsverslunin hafði átt, gengu þó kaupum og sölum eitthvað fram eftir 19. öldinni. Þannig átti Bjarni Sívertsen frumkvæði að því að halda áfram tilraunum með þilskipaútgerð á Íslandi. Þessi skip gengu þannig kaupum og sölum meðan þau entust.

Upp úr 1850 kemur síðan kippur í þilskipaútgerð. Þá eru margir athafnamenn farnir að hugsa sér til hreyfings í útgerð og loksins fer útgerð að verða að mati ýmissa framsýnna manna raunhæfur atvinnuvegur á Íslandi. Pétur Thorsteinsson á Bíldudal, sem gerði út þilskip á árunum 1870 til 1880, var merkur brautryðjandi á þessu sviði. (**Forseti:** Ég verð að gera athugasemdir aðeins hér og minna á að frv. um stjórn fiskveiða er til umræðu og biðja hv. ræðumann að ræða um það og geyma söguskoðun.) Virðulegur forseti, ég tel að þetta sé nauðsynlegur inngangur að því sem ég ætla að ræða hér á eftir, þ.e. sá þáttur fiskveiðistefnunnar sem lýtur að fiskiskipunum sjálfum því að fiskiskipin eru náttúrlega órjúfanleg frá fiskistefnu ... (**Forseti:** Ég mælist til þess að ræðumaður íhugi hvað er á dagskrá.) Já, virðulegur forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt. Ég er að ljúka þessum kafla ræðunnar og síðan mun ég taka til við fiskveiðistefnuna, þ.e. með hvaða hætti skipin tengjast henni.

Ég var að tala um Pétur Thorsteinsson, merkan útgerðarmann á Bíldudal, en hann byrjaði með skútur og líklega hefst á hans vegum útgerð með fyrsta gufuskipið hér á landi, þ.e. gufuskipið Mugg. Togaraútgerð hefst svo hér upp úr aldamótunum þegar Jón forseti kemur til landsins. Einar Benediktsson hafði að vísu í samvinnu við Englendinga reynt að stuðla að togaraútgerð hér á þeirra vegum rétt fyrir aldamót.

Síðan þróast málin hratt og Íslendingar fara nú út í útgerð í stórum stíl. Nú er svo komið að á útgerð byggir þjóðin afkomu sína. Nú má segja að sjávarútvegur sé orðinn okkar aðalatvinnuvegur og ef ekki er þannig búið að sjávarútvegi að hann hafi sem best rekstrarskilyrði, þá er allt þjóðlíf Íslendinga í voða. Þess vegna er þetta alvörumál sem við erum að ræða hérna og það er síður en svo að ég sé með þennan inngang til þess að tefja málið, ef virðulegur forseti heldur það, ég er að reyna að leiða rök að því hvernig fiskveiðistefnan hefur áhrif, ekki bara á útgerð heldur einnig á allar hliðargreinarnar sem tengjast henni. Og mig langar til að koma ... (**EgJ:** Hvernig þessu hefur verið stjórnað í gegnum aldirnar.) ja, það er alveg nauðsynlegt að gera sér það ljóst. Eftir því sem útgerð eykst á Íslandi þá að

sjálfsögðu fjölgar skipum og íslensk og innlend skipasmíði verður umfangsmeiri samhliða því að fullkomnari og betur útbúin skip eru keypt frá útlöndum.

Við skulum hafa það hugfast að 25% af þeim kostnaði sem er við að ná fisk úr sjó er vegna skipsins sem er notað til veiðanna. Þess vegna er það ekkert út í hött að hér sé talað um smíði fiskiskipa. Skipið sjálft, þ.e. sá kostnaður sem er vegna smíði skipsins, er um 25% af þeim kostnaði sem er við fiskveiðarnar. Þess vegna er það alls ekki út í bláinn að ég tala hér um skipasmíðar og geri þeim sérstaklega skil hér í upphafi ræðu minnar. Ef skip eru smíðuð erlendis, þá er 25% af kostnaði við fiskveiðarnar erlendur kostnaður og þennan kostnað greiðum við aðeins með einum hætti, þ.e. með því að draga fisk úr sjó, selja hann til útlanda til þess að skapa gjaldeyri og nota síðan þennan gjaldeyri til að borga þessi 25%, þ.e. þennan hluta kostnaðarins við að veiða fiskinn. Ef skipið er smíðað innan lands, þá er u.þ.b. helmingur af þessum kostnaði erlendur, þ.e. efni til skipsins, 12½% af kostnaði vegna fiskveiðanna er þar með erlendur kostnaður, en 12½% verður nú innlendur kostnaður vegna innlendrar smíði. Það má færa sterk rök fyrir því að með því að smíða skip innan lands er hægt að ná kostnaði við fiskveiðarnar niður um 12½%. Og hvað þýðir það? Það þýðir það að við þurfum að ná minni afla úr sjónum til þess að greiða erlendan kostnað. Ég veit ekki hvort menn hafa nokkurn tíma almennilega reynt að skoða þetta dæmi í heild sinni. (**EgJ:** Fer það ekki eitthvað eftir verðinu á skipunum?) Það er talið að almennt sé helmingur kostnaðar við innlenda skipasmíði erlendur, en ef skipið er algjörlega smíðað erlendis þá eru 25% af kostnaði vegna veiðanna erlendur kostnaður, þannig að þetta skiptir verulegu máli. Það má því færa gild rök fyrir því að það yrði um verulegan gjaldeyrissparnað að ræða að auka innlenda skipasmíði og ekki nóg með það, við gætum raunverulega veitt minna úr sjónum af því að við þurfum ekki eins mikinn fisk til sölu erlendis til að borga þennan erlenda kostnað.

Saga skipasmíða hér síðustu áratugina er mikil sorgarsaga vegna þess að það liggur fyrir að það þarf að smíða árlega um 4000 rúmlestir í nýjum fiskiskipum. Það væri eðlileg endurnýjun fiskveiðiflotans ef þessum málum væri stýrt af einhverri skynsemi þannig að hér væru að jafnaði endurnýjuð skip sem svarar u.þ.b. 4000 rúmlestum árlega. Íslenskar skipasmíðastöðvar komust í hámark með innlenda skipasmíði á árinu 1971, en þá voru smíðaðar innan lands um 2200 rúmlestir á einu ári og það er mesta skipasmíðaár Íslendinga í sögu skipasmíða frá því að landnámsmenn komu hingað eins og ég rakti fyrst í ræðu minni.

Þannig er þetta eitt af hinu glötuðum tækifærum, þ.e. að með þeirri gífurlegu útgerð sem er orðin á Íslandi höfum við ekki hirt um hliðargreinarnar, að notfæra okkur þessa miklu útgerð til þess að skapa hér styrka stöðu fyrir ýmiss konar þjónustu- og hliðargreinar sem tengjast útgerðinni. Ef skynsamlega hefði verið haldið á málum gætum við nú verið leiðandi í því að framleiða veiðarfæri, í því að framleiða ýmiss konar flókinn tækjabúnað í fiskiskip og í því að framleiða fiskiskipin sjálf. Í staðinn höfum við glutrað þessum tækifærum niður. Við höfum fyrst og fremst hjálpað Norðmönnum við það að byggja upp mjög öflugan skipasmíðaiðnað og mjög öflugan iðnað við það að framleiða ýmiss konar tækjabúnað í fiskiskip.

Þetta vildi ég segja um þennan þátt málsins, þ.e. ýmsar hliðargreinar við fiskveiðarnar sem skipta verulegu máli fyrir atvinnulíf landsmanna. Ég ítreka hér enn einu sinni að við hefðum getað gert atvinnulíf okkar mun fjölbreyttara ef við hefðum reynt að nýta okkur þau tækifæri sem við gátum í sambandi við þessar hliðargreinar við fiskveiðarnar.

Ég hef oft fengið þær spurningar að undanförnu hver væri þá fiskveiðistefna Borgarafl. og mér er ljúft að gera nákvæmlega grein fyrir henni enn þá einu sinni. Ég hef reyndar gert það áður. Ég er hér með ályktanir fyrsta landsfundar Borgarafl. sem var haldinn 24.–26. september sl. og með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa tvær málsgr. sem kannski skýra í mjög stuttu máli afstöðu okkar til fiskveiðimála.

„1. Sjávarútvegur er og verður undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga. Því verður að búa þannig að honum að hann eflist og styrkist þjóðarbúinu til heilla."

Ég efast stórlega um að það frv. til l. um fiskveiðistefnu sem hér hefur verið lagt fram sé í nokkru samræmi við þá stefnu sem kemur fram í landsfundarályktun okkar borgaraflokksmanna, jafnvel þó það verði gerðar einhverjar lítils háttar bragarbætur á frv. Mér virðist að ástandið hér á þingi sé orðið með þeim hætti að þá stjórnarþingmenn, sem höfðu hvað hæst um að það væri ómögulegt fiskveiðistefna sem hæstv. sjútvrh. hefði nú lagt fram og höfðu mikinn hug á að breyta henni, sé nú verið að kúga til hlýðni þannig að þeir séu að gefast upp einn af öðrum og innan tíðar sitjum við uppi með frv. ráðherrans nánast óbreytt. Þannig verða lög um fiskveiðistefnu samþykkt frá Alþingi einhvern tímann fyrir áramót eða í janúar því að eins og þinghaldið gengur nú er ekki að vita hvenær þessu máli lýkur.

Í öðru lagi segjum við: „Borgarafl. leggur áherslu á að núverandi kvótakerfi var sett á sem neyðarlausn þegar ekki var samstaða um aðra tilhögun. Nú hafa þegar komið í ljós miklir vankantar á kerfinu sem skekkja heilbrigðan rekstur í útgerð og beinlínis hamla gegn eðlilegri endurnýjun í atvinnugreininni. Því vill Borgarafl. leggja niður kvótakerfið í núverandi mynd. Borgarafl. vill taka upp heildarkvóta sem verði endurskoðaður árlega með tilliti til stærðar fiskistofna hverju sinni. Heildarkvótanum verði skipt í ákveðin tímabil. Friðun á uppeldis- og hrygningarsvæðum verði aukin frá því sem nú er, unnið verði að nánu samstarfi Hafrannsóknastofn-

unar, sjómanna og útvegsmanna til að ná þessum markmiðum, gætt verði ákveðins sveigjanleika í framkvæmdinni og möguleiki verði til að færa heildarkvóta milli tímabila."

Þetta er í stuttu máli fiskveiðistefna Borgarafl. Ég mundi kannski vilja skýra þetta örlítið betur.

Áður en núverandi kvótakerfi var tekið upp í ársbyrjun 1984 hafði um skeið ríkt svokallað skrapdagakerfi. Sett var heildaraflamark fyrir árið og síðan sóttu menn eins og þeir gátu nema það voru ákveðnir banndagar þegar ekki mátti veiða þorsk og eins var reynt að loka svæðum þar sem ungfiskur gerði vart við sig. Ég minnist þess að Hafrannsóknastofnun og fiskifræðingar voru oft mjög tortryggðir á þessum árum, sérstaklega á árunum í kringum 1980. Þeir vöruðu þá mjög við því að þorskur sérstaklega yrði ofveiddur þar sem ástand þorskstofnsins væri mjög slæmt, en orð þeirra voru tekin mátulega trúanleg og það ríkti viss tortryggni í garð fiskifræðinga. Þess vegna virkaði þetta gamla kerfi ef til vill ekki nógu vel. Alla vega var niðurstaðan sú að einkum þorskstofninn var ofveiddur og stjórnun fiskveiða með skrapdagakerfinu tókst ekki sem skyldi. Eftir því sem ég kemst næst er þetta höfuðástæðan fyrir því að menn samþykkja kvótann.

Fjórum árum síðar er öldin allt önnur. Þessi tortryggni, sem var milli sjómanna, útgerðarmanna og fiskifræðinga, er ekki lengur fyrir hendi. Ég held að núna séu þessir aðilar mjög sammála um ástand fiskstofna og hvernig haga beri veiðunum. Þess vegna held ég að núna mundi kerfi þar sem væri settur hámarksaflakvóti fyrir veiðarnar í heild sinni geta virkað mjög vel. Ég held að það væri tiltölulega auðvelt með góðu samstarfi milli útgerðarmanna, sjómanna og fiskifræðinga hjá Hafrannsóknastofnun að ná samkomulagi um með hvaða hætti skuli reynt að friða ungfiskinn þegar hann gerir vart við sig og friða hrygningarfiskinn á sumrin með banndögum þegar á þarf að halda. Ég held það yrði tiltölulega auðvelt að ná slíkum aðgerðum fram núna þó það hafi verið fremur erfitt á árum áður. Enda er ekki svo að sjá að blessað kvótakerfið hafi skilað svo miklum árangri í þessum efnum. Ég veit ekki betur en að það hafi margkomið fram, m.a. í umræðum hér á hinu háa Alþingi, að á þessum fjórum kvótaárum er búið að veiða sem nemur heilum ársafla af þorski umfram það sem allir hafa talið æskilegt. Ekki hefur stýringin tekist betur með kvótakerfinu. Hins vegar eru gallarnir sem kvótakerfinu fylgja svo stórkostlegir að það er hreint með ólíkindum að menn skuli vilja halda í þetta hrikalega skömmtunarkerfi sem, eins og ég gat um, er að drepa allt í dróma, allan framkvæmdavilja, alla framkvæmdagleði þeirra sem eiga að vinna að sjávarútvegsmálum.

Slíkt skömmtunarkerfi, sem hér er verið að tala um að framlengja í 3–4 ár, er dæmigert fyrir Framsfl., en Framsfl. hefur alltaf haft það sem sitt aðalsmerki að vilja skammta helst alla skapaða hluti. Ef flokkurinn einhvern tímann fengi slík völd að hann geti ráðið hér einn er ég ekki í nokkrum vafa um að allt yrði sett í kvóta. Það yrði bókstaflega kvóti á öllu, kvóti á innflutningi, kvóti á fiskveiðum, kvóti á bílum og kvóti á skemmtanahaldi. Það yrði allsherjarkvóti á öllum sköpuðum hlutum í þjóðfélaginu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það því að það virðist vera aðalstefnumál framsóknarmanna að setja kvóta á nánast allt.

En ekkert, eins og ég segi, er eins áhrifamikið til að drepa niður framkvæmdagleðina, koma öllu niður í meðalmennskuna þannig að þetta lullar allt saman í einhverri allsherjar meðalmennsku. Enginn dugnaðarmaður getur rutt sér braut í sjávarútvegi lengur. Hann kemst ekkert að. Það eru allar dyr lokaðar. Hann hefur engan kvóta. Það eru sömu aðilarnir sem hafa allan kvótann. Kannski er stefnt að því að SÍS fái allan kvótann áður en yfir lýkur þannig að þá megi hafa þetta allt saman innan dyra hjá Framsfl. Má vera að það sé það langtímamarkmið sem menn hafa sett sér. Ég skal ekkert segja um það. Kannski lifa einhverjir stórútgerðarmenn áfram, eins og Útgerðarfélag Akureyringa og Grandi hérna í Reykjavík. Ég veit ekki hvernig þetta fer. En svo mikið er víst að það eru duglegir aðilar sem gegnum aldirnar hafa rutt brautina fyrir nýjungum í sjávarútvegi, eins og ég var að segja áðan í ræðu minni, og hafa alltaf gætt þess að við værum í fremstu röð meðal fiskveiðiþjóða heims í sjávarútvegi. Ég veit ekki hvernig við eigum að tryggja að þessir menn fái notið sín lengur. Þeir komast ekki að. Það er búið að taka upp eitthvert lénsgreifaskipulag. Það er búið að úthluta kvótanum til ákveðinna aðila sem halda að sjálfsögðu fast um hann. Þeir halda væntanlega þannig utan um hann að kvótinn gengur í arf til næsta manns alveg eins og lénin, eins og aðalsættirnar höfðu það í Evrópu á öldum fyrr.

Eina greinin innan sjávarútvegs þar sem einhver smáendurnýjun hefur átt sér stað er útgerð smábáta. Þar er aðeins smuga inn í kerfið. Þar hafa ungir dugnaðarmenn getað haslað sér völl. Það er eina smugan sem hefur verið í kvótakerfinu. Þannig hafa ungir athafnamenn getað náð að gera út smábáta, fikrað sig kannski upp í allt að 10 tonna bátum, og þannig komist með löppina inn fyrir dyr. En nú er talið sjálfsagt að reyna að stemma stigu við þessu því það er talið alveg voðalegt að það skuli vera slík glufa á þessu skömmtunarkerfi þannig að þarna gætu einhverjir duglegir menn virkilega komist inn fyrir dyr. Það er vont mál því það gæti orðið til þess að þeir aðilar, sem halda mjög uppi merki meðalmennskunnar, yrðu óþægilega fyrir barðinu á þeim duglegu mönnum sem færu að gera út á smábátum. Mér er sagt að sumir duglegustu sjómennirnir á smábátunum fari létt með að fiska á við minni togara jafnvel, einir sér með handfærarúllu.

Í fórum mínum er fróðleg skýrsla sem Raunvísindastofnun Háskólans hefur unnið að ósk sjútvrn. í september 1987. Höfundar þessarar skýrslu eru þeir sérfræðingar Raunvísindastofnunar

Snjólfur Ólafsson og Þorkell Helgason. Þessi skýrsla heitir: Áhrif kvótakerfisins árin 1984–1986 á sóknarafköst botnfiskveiðiflotans og nýtingu fiskistofnanna. Í þessari skýrslu er rakið hvernig útgerðarkostnaður á liðnum kvótaárum hefur verið. Hefur útgerðarkostnaður sparast? Það er ekki að sjá betur en að hjá togurum hafi þetta sveiflast upp og niður. Það hefur nánast engin breyting orðið á árunum 1982–1986. Vísitala kostnaðar við botnfiskaflatonn hjá togurum, eins og er talað um í skýrslunni, virðist sveiflast fram og aftur án þess að það sé hægt að draga af því neinar ályktanir. Það er ekki að sjá að það sé neinn ávinningur, það sé neitt hagræði í kvótakerfinu þannig að það komi fram í því að hvert botnfiskaflatonn sé raunverulega ódýrara, þ.e. sóknin.

Hins vegar eru á annarri mynd í þessari skýrslu sýndir bátar. Þar ber svo við að vísitala kostnaðar við botnfiskaflatonn miðað við óbreyttar stofnstærðir 1982 fer sílækkandi, þ.e. að kostnaður við að sækja hvert botnfiskaflatonn með smábátum fer sílækkandi 1982–1986. Það er alveg greinilegt að það er mun hagkvæmara að sækja botnfiskaflatonnið með smábát en með togara. Þá vilja menn helst afnema smábátaútgerð og halda áfram með togarana því það er náttúrlega ekkert vit í því að það sé hægt að ná í botnfiskaflatonnið á ódýran og hagkvæman hátt. Það rústar alveg meðalmennskulögmálið í sjávarútvegi að það skuli allt í einu uppgötvast að það eru til aðilar sem geta gert þetta á ódýran og hagkvæman hátt. Það ruglar meðalmennskulögmálið og þess vegna verður einhvern veginn að losna við þessa aðila.

Nú er það einu sinni svo að að sjálfsögðu hlýtur að vera eðlilegast að hafa útgerð með blönduðum hætti á Íslandi. Við erum með djúpfiskinn, þ.e. fisk langt úti á djúpmiðum, og það er ósköp eðlilegt að það verði að nota stór og traust skip til að sækja þann afla. Þess vegna verða togarar alltaf virkur þáttur og að sjálfsögðu stærsti og meginburðarásinn í fiskveiðum okkar. En það er ekki nokkur vafi á því að grunnfiskinn, sem liggur grunnt, er miklu hagkvæmara að sækja með smábátum. Þess vegna fæ ég ekki séð annað, þegar maður skoðar þessi gögn, en að það eigi síður en svo að amast við smábátaútgerðinni. Þess vegna finnst mér með ólíkindum hvernig frv. til l. um fiskveiðistefnu, eins og það hefur verið sett fram hér í hv. deild, gerir nánast ráð fyrir því á afar — ja, ég mundi næstum því segja á lævíslegan hátt að með ákveðnum aðferðum er reynt að koma algjörlega í veg fyrir smábátaútgerð. Henni er skammtað svo þröngt að það getur enginn lifað á því að gera út á smábáta.

Ég er hér með stutta grein úr blaði sjálfstæðismanna, Vogum, sem er gefið út í Kópavogi. Þeir sjálfstæðismenn hafa oft notað tækifærið í þessu merkilega blaði, Vogum, sem er gefið út af Félagi sjálfstæðismanna í Kópavogi, að skamma hina samstarfsflokkana og koma þar fram með alls konar gagnrýnim, oft og tíðum á stefnu hinna stjórnarflokkanna, sem þeir þora ekki að setja fram í aðalmálgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu. Þarna bregða þeir fyrir sig þeirri gamalkunnu aðferð, sem var mjög algeng hjá Sovétríkjunum áður fyrr, að sovéskir valdamenn skömmuðu gjarnan Albaníu þegar þeir ætluðu að skamma Kína. Með leyfi virðulegs forseta langar mig til að lesa upp ummæli sem eru höfð eftir Þorsteini Pálssyni forsrh. í blaði Voga 7. des. 1987, þ.e. þetta blað kemur út fyrir hálfum mánuði eða svo. Þar er sagt:

„Framsókn hefur brugðið yfir sig kufli frjálslyndis og borgaralegs yfirbragðs, en sá flokkur hefur ekkert breyst.

Í grein sinni í þessu tölublaði Voga segir Þorsteinn Pálsson forsrh. m.a. að „borgaraleg öfl njóti mikils fylgis um þessar mundir". „ — Væntanlega á hann þar við fylgismenn Borgarafl. — „Varar ráðherrann við því að enda þótt Framsfl. hafi brugðið yfir sig kufli frjálslyndis og borgaralegs yfirbragðs megi menn ekki gleyma því að sá flokkur hefur ekkert breyst. Flokkurinn sé og verði forsjárflokkur sem vilji hafa allt fyrir almenningi og skammta til hægri og vinstri. Reynslan tali hærra en tunguliprir stjórnmálamenn í því efni."

Þetta er álit hæstv. forsrh. á Framsfl., öðrum samstarfsflokka sinna, og væntanlega á hann við fiskveiðistefnuna þegar hann segir að „flokkurinn sé og verði forsjárflokkur sem vilji hafa allt fyrir almenningi og skammta til hægri og vinstri." Ég er algjörlega sammála hæstv. forsrh.

Þá var mjög fróðlegt að hlusta á framsögu hv. 14. þm. Reykv. sem varð að taka að sér að flytja hér meirihlutaálit sjútvn. hv. Ed. þar sem formaður hennar er í svo algjörri andstöðu við frv. hæstv. sjútvrh. að hann hvorki gat né vildi standa að meirihlutaáliti nefndarinnar, enda hefur hann bæði lagt fram sérálit og brtt. við frv. hæstv. ráðherra sem eru í algjörri andstöðu við frv.

En hv. 14. þm. Reykv. talaði mikið fyrir tveimur árum eða svo gegn kvótakerfinu og fann því allt til foráttu. Mig langar til að grípa hér niður í ræðu sem er vitnað til í Morgunblaðinu 1985 um þetta leyti árs, með leyfi hæstv. forseta. Þá er haft eftir hv. 14. þm. Reykv.: „Eftir tveggja ára kvóta er fiskvinnslan að klára eigið fé."

„Guðmundur H. Garðarsson lýsti yfir andstöðu við frv. ríkisstjórnarinnar um stjórnun fiskveiða við 2. umr. í Nd. Alþingis á fimmtudag: „Ég er einn þeirra sjálfstæðismanna sem eru þeirrar skoðunar að stjórnun fiskveiða á Íslandi sé best ef hún er í höndum útgerðarmanna og sjómanna og þeir njóti ráðgjafar fiskifræðinga."

Þetta er nákvæmlega sú stefna sem Borgarafl. hefur um stjórnun fiskveiða, þ.e. að sjómenn, útgerðarmenn og fiskifræðingar taki höndum saman og ráði því með hvaða hætti stjórn fiskveiða fari fram, en það verði ekki með þeim hætti, sem hér er lagt til, að ráðherra heimili, ráðherra setji reglugerð, ráðherra ákveður. Það munu koma 20 sinnum fyrir í frv. til l. um stjórn fiskveiða setningar af þessu

tagi: Ráðherra ákveður, ráðherra er heimilt, ráðherra setur með reglugerð. Því ekki að segja eins og ég sagði víst í þingræðu við 1. umr.: Ráðherra er einráður um stjórnun fiskveiða. Það þarf ekki að segja meira í þessum lögum. Það er nóg. Þetta gæti verið eina lagagreinin. Einhver bætti því þá við að það mætti kannski hafa aðra lagagrein með og hún ætti að hljóða svona: Ráðherra er heimilt að hafa samráð við formann LÍÚ. Fleira þarf þar ekki að vera.

Í raun og veru segir frv. til l. um stjórnun fiskveiða ekkert meira en að ráðherra er einráður *um stjórn fiskveiða og ráðherra er heimilt að hafa* samráð við forustusveit LÍÚ. Frv. segir ekkert meira. Þannig hefur þetta einnig verið undanfarin ár. (**Gripið fram í:** Hvað er LÍÚ?) Landssamband ísl. útvegsmanna. (Gripið fram í.) Einhverjir sjálfstæðismenn munu nú vera þar innan dyra. Svo mikið er víst að það eru ekki neinir stuðningsmenn okkar sem eru þar í forsvari.

En við skulum halda áfram að vitna í ummæli hv. 14. þm. Reykv. sem eru höfð eftir honum í Morgunblaðinu í þessari umtöluðu grein.

„En við viljum ekki að þessu sé miðstýrt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir af innisetumönnum eða stjórnmálamönnum.“ Þetta er nákvæmlega það sem hér er verið að tala um, þ.e. að fiskveiðum Íslendinga verði stjórnað af innisetumönnum og stjórnmálamönnum. Ég tek undir orð hv. 14. þm. Reykv. Það er nákvæmlega rétt sem hann sagði fyrir tveimur árum að það er stefnt að því að fiskveiðum Íslendinga verði stjórnað af innisetumönnum og stjórnmálamönnum.

„Guðmundur minnti á að þegar kvótafyrirkomulagið var tekið upp fyrir tveimur árum, þá hefði hann lýst því yfir í mörgum ræðum að hann væri ósammála þeirri heildarstefnu sem fælist í því, þ.e. miðstýringunni. Hann hefði greitt atkvæði gegn kvótakerfinu og hefði ekki breytt um afstöðu nú.“ (**GHG:** Ég er enn þá á móti miðstýringu.) Það væri þá ágætt ef hv. 14. þm. Reykv. vildi láta það koma fram við atkvæðagreiðslurnar á eftir hver er hans raunverulega afstaða, hvort hann er samþykkur þessari miðstýringu eða ekki.

Þá langar mig til að gera að umtalsefni eitt af þeim atriðum sem er mjög áberandi og sýnir best hvers konar ómanneskjulegt kerfi kvótakerfið er. Rétt fyrir áramótin 1983–1984, þegar búið var að samþykkja kvótafrv. í fyrsta sinn og kvótastefnan hélt innreið sína við upphaf árs 1984, sátu nokkrir útgerðarmenn uppi með þann vanda að fiskiskip þeirra höfðu farist skömmu fyrir áramótin. Einhver hefði nú haldið að þessu hefði fljótt verið kippt í lag, að menn hefðu þó verið það manneskjulegir að sjá réttlæti þess að maður sem missir skip sitt, skip sem ferst ekki nema rúmlega mánuði áður en kvótakerfið var sett í gang, fái sambærilegan kvóta og það skip, sem hann missti, hefði átt að fá. Það var nú öðru nær.

Mig langar til að grípa ofan í greinargerð sem mér barst í dag, með leyfi hæstv. forseta, en fyrirsögnin er: „Minnispunktar vegna óskar eigenda fiskiskipanna Brimness SH, Ragnars Ben ÍS og Kára VE, er fórust á árunum 1983–1984, um að þm. styðji brtt. við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991 þess efnis að heimilað verði að ný skip fái veiðiheimildir í fiskveiðilögsögu Íslands í stað ofangreindra skipa.“

Það er með ólíkindum að þessir menn, sem urðu fyrir þessu tjóni áður en kvótakerfið var sett í gang, eru enn þá að reyna að fá leiðréttingu sinna mála. Það er með ólíkindum að þetta geti gerst í lýðræðisríkinu Íslandi. Og ég ætla að halda áfram, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr þessari greinargerð:

„Með 3. gr. laga nr. 82/1983 frá 28. des. er tóku gildi þann 1. jan. 1984, um breytingu á 14. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, var sjútvrh. heimilað að ákveða að fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands væru háðar leyfum í ríkara mæli en dæmi voru til um í sögunni fyrr. Jafnframt þessu var ráðherra með 1. gr. laga nr. 82/1983 veitt heimild til að skipta afla milli einstakra skipa, þ.e. úthluta þeim kvóta. Með þessum lagaákvæðum varð gerbylting í íslenskri útgerðarsögu.“

Ég held að það geti allir verið sammála um það. Svo heldur áfram:

„Eftir breytingarnar hljóðaði 14. gr. svo:

„Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að veiðar á ákveðnum tegundum fiskistofna og sjávardýra, veiðar í tiltekin veiðarfæri, þar á meðal botn- og flotvörpu, eða veiðar ákveðinnar gerðar skipa skuli háðar sérstökum leyfum. Getur ráðherra bundið leyfin og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem þurfa þykir. Getur ráðherra m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tilteknar veiðar hafa stundað.“

Í ofangreindum lagagreinum fólst gífurlegt valdaframsal Alþingis til sjútvrh., enda gengu lögin einatt undir nafninu: Ráðherra getur allt.“ — Þetta er nákvæmlega það sem ég var að segja. Ráðherra getur allt, ráðherra ræður öllu. Og áfram er haldið:

„En hvernig notaði ráðherra það vald sem Alþingi hafði veitt honum? Með 2. gr. reglugerðar nr. 44 1984, um stjórn botnfiskveiða 1984, var sú regla sett að einungis þeim sem leyfi sjútvrn. höfðu var heimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á skipum 10 brúttólestir og stærri. Skv. 3. gr. sömu reglugerðar komu við veitingu veiðileyfa árið 1984 til greina eftirtaldir aðilar:

1. Útgerðir þeirra skipa sem stunduðu botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóv. 1982 til 31. okt. 1983 og ekki höfðu horfið varanlega úr rekstri.

2. Útgerðir nýrra og nýkeyptra fiskiskipa sem ekki höfðu verið á veiðum á framangreindu tímabili og búin voru til botnfiskveiða, enda hefðu samningar um kaupin verið gerðir milli hlutaðeigandi útgerðar og seljenda fyrir 31. des. 1983.

3. Önnur skip ef í stað nýs eða nýkeypts skips hafði annað af svipaðri stærð verið tekið úr rekstri.

En hvernig komu þessar reglur við þá aðila sem hér um ræðir? Brimnes SH fórst eftir bruna þann 2.

sept. 1983 og Ragnar Ben ÍS fórst þann 16. nóv. 1983. Þannig höfðu eigendur þeirra einungis frá hálfum öðrum til þriggja mánaða til að ganga frá kaupum á nýju skipi skv. reglugerð sem ekki sá dagsins ljós fyrr en rúmum mánuði eftir að frestur sá, þ.e. til 31. des. 1983, sem var ákveðinn í reglugerðinni, rann út. Að vísu mun af hálfu sjútvrn. hafa birst auglýsing fyrir árslok 1983 þess efnis að þessar reglur væru yfirvofandi. En bæði er það að kaup á fiskiskipi eru flókin og verða ekki gerð á augabragði, enda um miklar fjárhæðir að tefla og að ekki verður séð að ráðuneytið hafi haft nokkra lagaheimild til að auglýsa með þessum hætti þar sem lög 82/1983 voru ekki sett af Alþingi fyrr en 28. des. 1983 og tóku ekki gildi fyrr en 1. jan. 1984.

En það var fleira sem kom í veg fyrir að umræddir aðilar gætu endurnýjað skip sín. Á þessum tíma var innflutningur á fiskiskipum bannaður. Því banni var ekki aflétt fyrr en 1. ágúst 1984. Þannig var raunverulegur möguleiki þessara einstaklinga til að endurnýja skip sín, sem þeir höfðu misst af óviðráðanlegum orsökum, í raun ekki fyrir hendi.

Kári VE var sigldur niður í apríl 1984. Skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 44/1984 segir að skip sem komi í stað þeirra skipa sem hverfa úr rekstri eigi rétt á veiðiheimild. En af hverju nýtti rétthafi þessarar veiðiheimildar hana ekki? Þar er að nokkru það sama uppi á teningnum og varðandi eigendur Brimness og Ragnars Ben, þ.e. bann við innflutningi á fiskiskipum sem var formlega í gildi til 1. ágúst 1984. Eftir að því var aflétt var svo Fiskveiðasjóður lokaður. Með lögum nr. 118/1984 var kvótakerfið framlengt um eitt ár og ráðherra veittar hliðstæðar heimildir og í lögum nr. 82/1983, sem áður hefur verið greint frá, og á grundvelli þeirrar heimildar voru í 3. gr. reglugerðar nr. 1/1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, settar þær reglur að einungis gætu fengið veiðileyfi árið 1985 þau skip sem veiðileyfi höfðu 1984, sem Kári VE hafði, og ekki höfðu horfið varanlega úr rekstri.“ (**Forseti:** Má ég biðja ræðumann að gera hlé á máli sínu þar til matarhléi er lokið. Það er fyrirhugað að gefa matarhlé til kl. 8.30.) — [Fundarhlé.]

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara út í efnisatriði þessa stóra máls. Ég hef áður gert það hér í deildinni og það hefur orðið um þetta mál mjög ítarleg efnisleg umræða. Ég er ekki sammála öllu því sem hefur komið fram í umræðum eins og gefur að skilja, en ég ætla ekki að eyða tíma deildarinnar til að svara því heldur eingöngu því sem um hefur verið spurt.

Hv. þm. Skúli Alexandersson bað um ákveðnar upplýsingar, sem hann hefur fengið í hendur, og hv. þm. Guðmundur Ágústsson spurðist fyrir um hvað fælist í þeim breytingum sem hafa verið gerðar að tillögu meiri hl. sjútvn. Ed. varðandi veiðar smábáta eða hvernig ég skildi þær breytingar og hvort þær væru í samræmi við það sem hefði komið fram á fiskiþingi. Í því sambandi er að sjálfsögðu rétt að rifja upp hvað var samþykkt á fiskiþingi, en þar voru saman komnir fulltrúar alls staðar að af landinu og m.a. áttu sæti á fiskiþingi fulltrúar Landssambands smábátaeigenda. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef var sú tillaga samþykkt þar samhljóða. En á fiskiþingi var eftirfarandi samþykkt og nú ætla ég að bera það jafnóðum saman við það sem felst í tillögum meiri hl.:

„1. Nýir bátar fá ekki veiðileyfi nema sambærilegir bátar hafi horfið varanlega úr rekstri á sama hátt og gildir um skip stærri en 10 brúttólestir. Takmörkun þessi miðist við 1. jan. 1988.“

Í till. meiri hl. er gert ráð fyrir því að öll skip sem eru 6 brúttólestir og stærri séu háð endurnýjunarreglum, þ.e. það verði að úrelda sambærilegt skip til þess að nýtt megi koma inn í staðinn. Hins vegar hefur það ekki verið tekið upp að bátar undir 6 brúttólestum að stærð þurfi að lúta slíkum reglum. Í þeim tillögum sem hér hafa verið fluttar, og m.a. skildi ég það svo hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, er gert ráð fyrir að allir bátar séu háðir slíkum úreldingarreglum.

Ég fæ ekki skilið hvernig annars vegar því er haldið fram að það megi ekki hefta alla í þessa ofstjórn og á sama tíma er lagt til að bátar undir 6 tonnum séu háðir slíkum úreldingarreglum. Það má vel vera að skilja beri till. hv. þm. Karvels Pálmasonar öðruvísi og ég er ekki alveg viss um það, en það var það sem lagt var til á fiskiþingi og einnig voru það tillögur frá Landssambandi smábátaeigenda að þannig væri farið að. Það er rétt að hafa í huga að bátar undir 6 brúttólestum að stærð voru 1. jan. 1987 1442. Það er því ekkert smáræðis verkefni að ætla sér að koma upp stjórnunarkerfi fyrir alla þá báta. Að þessu undanskildu má segja að till. meiri hl. sé sambærileg.

„2. Bátar sem stunda netaveiðar skulu velja sér aflamark eða meðalaflamark sem miðast við aflareynslu hópsins og hvers báts á tímabilinu 1. nóv. 1984 til 1. nóv. 1987.

3. Bátar sem standa línu- og handfæraveiðar sæti almennum sóknartakmörkum.

Í þeim tillögum sem hér hafa verið fluttar er gert ráð fyrir að allir þeir bátar sem stunda eingöngu línu- og handfæraveiðar sæti almennum sóknartakmörkunum og banndögum þeirra er fjölgað um þrjá að sumrinu, um verslunarmannahelgina og fimmtán í desember. Þessi fjölgun banndaga í desember skiptir að sjálfsögðu ekki mjög miklu máli því að það er ekki hefðbundinn tími þessara báta þó að einhverjir þeirra séu á sjó, en að öðru leyti eru allir þeir bátar undir 10 brúttólestum, sem stunda línu- og handfæraveiðar eingöngu, frjálsir að sínum veiðum. Hins vegar eru þeir bátar sem stunda netaveiðar háðir aflamarki eða aflahámarki. Það aflahámark hefur ekki verið ákveðið, en það skal ákveðið með reglugerð. Það liggur hins vegar fyrir að þeir sem reynslu hafa af slíkum veiðum munu njóta reynslu sinnar þannig að með því eru verndaðir

hagsmunir allra þeirra sem slíkar veiðar hafa stundað á undanförnum árum. Það má hins vegar halda því fram að þeir sem eru að koma inn í greinina hafi ekki það svigrúm í netaveiðum sem þeir hafa sem stundað hafa veiðarnar á undanförnum árum.

Auðvitað má taka sérstakt tillit til þeirra með því að hafa aflahámörkin rýmri, en mér finnst vera á margan átt merkilegt að það skuli vera sérstakt áhugamál manna að auka netaveiðar smábáta. Ég hefði talið að það væri mikilvægast að gefa þeim fullt svigrúm til að stunda handfæra- og línuveiðar. Ég minni m.a. hv. þm. Karvel Pálmason á að bátar fyrir Vestfjörðum stunda eingöngu slíkar veiðar og ég veit að það er ekkert sérstakt áhugamál í þeim landshluta að auka netaveiðarnar. Það kemur mér nokkuð á óvart að það skuli vera áhugi fyrir því. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að það er sérstakt vandamál fyrir þá báta milli 9 og 10 brúttólestir sem hafa verið smíðaðir upp á síðkastið og er líklegt að þeir geti lent í nokkrum rekstrarerfiðleikum. Það er að sjálfsögðu spurning hvort taka skuli sérstakt tillit til þeirra aðstæðna. En ef á að taka tillit til slíkra aðstæðna og ýmissa annarra mun það að sjálfsögðu bitna á flotanum í heild.

Ég minni á að miðað við þau aflahámörk sem gert er ráð fyrir í þorski, þ.e. 345 þús. tonn, var gert ráð fyrir að það þyrfti að skerða aflamark alls flotans um a.m.k. 6% í þorski. Nú hefur verið felld niður að hluta skerðing vegna gámaútflutnings sem gerir það að verkum að sú skerðing er fallin niður og verður þá að bitna á flotanum í heild. (**KP:** Er ráðherra samþykkur því?) Ja, þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því að sami fiskurinn verður ekki dreginn tvisvar þannig að ef á að halda aflanum innan ákveðinna heildarmarka verður það að sjálfsögðu að dreifast yfir flotann með réttlátum hætti. Auðvitað verða smábátar að fá réttlátan skerf í sinn hlut, en það er óeðlilegt að þeir fái meiri hlut en aðrir sjómenn og það eigi sérstaklega að skerða alla sjómenn í flotanum eða þá sjómmenn sem starfa þar en það eigi ekki að koma við þá sjómenn sem stunda smábátaútgerð. Það er með eindæmum að því skuli vera haldið fram að það sé sérstakur áhugi fyrir því að ráðast að hagsmunum þessara manna.

Ég vænti þess að ég hafi með þessu svarað fsp. hv. þm., þ.e. að ég tel að sú brtt. sem hér er fram borin sé í fullu samræmi við það sem var samþykkt á fiskiþingi. Hins vegar kemur ekki fram í samþykkt fiskiþings hver aflahámörkin skuli vera á einstaka báta, en það er að sjálfsögðu fyrst og fremst gert ráð fyrir því í þeirri umræðu sem þá var að sú aflareynsla sé miðuð við reynslu undangenginna ára og það sé gætt samræmis í aflahámörkum þessara báta við aflahámörk annarra skipa í flotanum. Þetta er að sjálfsögðu aðalatriði málsins og þyrfti ekki að ræða um það frekar.

Hv. þm. spurðist einnig fyrir um hvort fyrirhugað væri að skylda skipin til að koma með allt að landi. Það hafa lengi verið í framkvæmd tilraunir með meltuvinnslu og ýmislegt fleira í því augnamiði að gera mögulegra að hirða allan úrgang. Það er til vansa í okkar sjávarútvegi hve miklu er hent af ýmsum úrgangi. Þennan úrgang er hægt að nýta ef markaður finnst fyrir viðkomandi afurðir. Ég tel að það hilli undir að slíkan markað megi finna og það muni koma sá dagur áður en langt um líður að aðstæður skapist til að skylda skipin til að koma með allt að landi. Til þess eru fullar heimildir, en ráðuneytið hefur ekki getað lagt slíkar skyldur á skipin nema aðstæður hafi verið fyrir hendi að losna við viðkomandi afurðir. Það hafa verið að skapast nýjar aðstæður t.d. að því er varðar lifur og ýmsan annan úrgang þannig að ég vænti þess að veruleg breyting verði á þessum málum á næstu árum.

Að lokum vildi ég aðeins koma inn á að hér hefur verið rætt sérstaklega um nokkur skip sem hafa horfið úr íslenska flotanum á árunum 1983 og 1984. Hér er um að ræða tíu fiskiskip. Á árinu 1983 var kvótakerfið ekki komið og um þau skip sem fórust á árinu 1984 má segja að það hafi verið tekin afstaða til þess þegar lögin voru sett í árslok 1984 fyrir árið 1985 að ekki var reiknað með að þau skip væru með. Í þessum hópi eru átta skip sem hafa stundað hefðbundnar veiðar, bolfiskveiðar, humarveiðar og ýmislegt annað og má gera ráð fyrir að ef þessi skip kæmu inn í flotann þyrftu veiðiheimildir þeirra að vera, miðað við þær tillögur sem uppi eru og meðaltöl, allt að 3 þús. tonn eða fast að 1% af úthlutuðum þorskafla. Að því er varðar loðnuflotann er verið að tala hér um tvö ný loðnuskip. Loðnuskipin eru 50 og ef tvö ný skip koma inn verður að gera ráð fyrir að skerða verði hlut hinna 50 um 4% hvert skip, bæði í loðnu og rækju, og þar með talið að lækka laun þeirra sjómanna sem þar starfa. Að sjálfsögðu getur hv. Alþingi tekið slíkar ákvarðanir, að það beri að skerða hlut þeirra manna sem þarna starfa í dag. Það hefur verið tilgangur laganna að vernda hagsmuni þeirra sem fyrir eru í greininni. Ég er andvígur því að fjölga í flotanum og stækka hann og sé ekki að það séu ástæður til að fara nú að fjárfesta í fiskiskipum. Ég gæti áætlað, ef þessi skip kæmu inn, að það væri á bilinu 1 milljarður til 1½ milljarður. Mér sýnist að það sé ýmislegt betra hægt að gera við það fjármagn sem við kunnum að hafa handa í milli en fjárfesta í slíkum skipum þegar sá floti sem fyrir er getur fiskað mikið meira og þarf í mörgum tilvikum að fá mun betri rekstrargrundvöll. Við erum að berjast fyrir ýmsum framfaramálum í þessu landi og viljum flest hver sækja fram á veg. Ég er þeirrar skoðunar að það sé svo margt annað sem sé vitlegra að gera að það væri mikið slys ef heimilað væri að smíða öll þau skip sem hér um ræðir og það hlýtur að koma niður á einhverjum öðrum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál. Ég hef reynt fyrst og fremst að svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint og reynt að forðast að fara í ítarlegar umræður um efnisþætti málsins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er vissulega komið að einu stærsta máli þingsins, sem er frv. til l. um stjórn fiskveiða, og er ekkert óeðlilegt að það mál sé rætt nokkuð ítarlega vegna þess að hér er um að ræða mál sem snertir undirstöðu efnahags- og atvinnulífs í landinu, lífskjör fólksins og stöðu þjóðarbúsins í heild. Það þarf auðvitað engan að undra þó að í þessum umræðum komi menn nokkuð víða við. Ég kann satt að segja ekki að meta það þegar fjölmiðlar eru að gera mikið úr því að menn séu með málþóf þó að þessi mál séu sæmilega rædd. Ég kannast ekki við að hér hafi verið haldið uppi málþófi í þessari virðulegu deild a.m.k. og hef ekki frétt af því þarna úr neðra heldur. Þvert á móti finnst mér að þeir sem hafa haldið á þessum málum hér, talsmenn flokkanna, fyrr í dag hafi farið efnislega yfir málin og gert grein fyrir afstöðu sinni til einstakra þátta og einstakra brtt. Eins og gengur er þetta þannig að menn eru ekki að lesa hér upp skrifaða texta þannig að *það fara kannski örlítið fleiri orð í efnisatriðin* en mundi vera hjá nóbelsskáldinu t.d. Þó er fullgilt að haldið sé á málum eins og hér hefur verið gert.

Það sérkennilega við stöðuna núna er hins vegar að það hefur held ég aldrei áður gerst að þetta mál hafi í rauninni verið í jafnmiklu uppnámi og núna. Ég hef setið öll þau þing þegar kvótakerfið hefur verið til meðferðar, árin 1983, 1984 og 1985, og það hefur oft verið mikil umræða og nokkuð löng og ströng, eins og ég kem að á eftir, en ævinlega hefur það samt verið þannig að menn hafa séð nokkurn veginn fyrir endann á málinu. Ég man að vísu eftir því að haustið 1983 vorum við á fundum í Nd. þangað til kl. 5.30 um morgun og áttum ágæt skoðanaskipti þá um þetta mál, en staðan var þó allt önnur en hún er núna.

Ríkisstjórnin sem nú situr er að því leytinu til öðruvísi en hin að það eru núna kratar inni í ríkisstjórninni. Það er eins og það fylgi krötunum alltaf vesen umfram aðra menn. Þetta er í þriðja sinn á síðustu 30 árum sem menn hafa neyðst til að halda þing kringum hátíðarnar, halda þing milli jóla og nýárs og strax eftir áramót. Fyrst var það 1958. Þá var kratastjórn. Svo var það 1979 og þá var kratastjórn. Og nú er 1987 og það er auðvitað hálfgerð kratastjórn þannig séð að þeir skrifuðu Jónsbók og voru montnir af henni framan af, en það eru aðeins farnar að renna á þá tvær grímur í þeim efnum. Það er engu líkara en það sé heldur til vandræða oft með kratana í ríkisstjórnum. Þessi stjórn, sem nú situr, er ekki eins og afgreiðslufæriband heldur er hún eins og neitunarvaldsfæriband. Það er rúlla, eilífðarvél þar sem hver beitir annan neitunarvaldi og þegar allir flokkarnir eru búnir að beita hver annan neitunarvaldi hálfan mánuð eða svo fara þeir að beita neitunarvaldi hver á annan innan flokkanna og niðurstaðan verður svo algert stjórnleysi, m.a. hér á hv. Alþingi. Ég segi stjórnleysi vegna þess að auðvitað skiptir máli að þeir sem stýra verkum meiri hl. viti hvað þeir ætla að gera. Núverandi meiri hl. veit að vísu nokkurn veginn að ég held hvað hann ætlar að gera. Hann ætlar að klára öll þessi mál helst núna á einum sólarhring eða svo, ein tíu skattafrv. og smámál eins og þessa fiskveiðistjórn, og telur bersýnilega að þingsköpin, sem gera ráð fyrir þremur umræðum í hvorri deild, þvælist heldur fyrir. Það er bersýnilegt að sá meiri hl. sem hér situr nú ætlar minni hl. lítinn rétt að ekki sé meira sagt, heldur lítinn rétt. Og þegar minni hl. loksins fer að segja eitthvað um málið grenja þeir í sjónvarpinu hver í kapp við annan, formenn þingflokka stjórnarliðsins. Ég hef aldrei séð annað eins táraflóð í sjónvarpinu eins og í kvöld frá hv. 3. þm. Vesturl., formanni þingflokks Alþfl., vælandi þar skerminn upp og skerminn niður yfir því að stjórnarandstaðan væri að tala. Það er skrýtið fyrir mann sem er búinn að vera í stjórnarandstöðu lengi, lengi og hefur sjálfur orðið að taka þátt hér í umræðum aftur og aftur um hin mætustu mál. En hann er ekki fyrr orðinn aðili að ríkisstjórn en hann fer að klaga stjórnarandstöðuna *utan þings og þar með náttúrlega flokksbróður sinn*, hv. formann sjútvn. Ed., sem hefur staðið sig að ég hygg vel í þessu máli. Hann hefur stýrt því þannig að málið fengi þinglega meðferð þó að hann sé andvígur því í grundvallaratriðum. Ég hygg að það sé tæplega hægt að gera meiri kröfur til andstæðings kvótamálsins en að hann haldi á málum eins og hv. þm. Karvel Pálmason hefur gert.

Það er þessi væll í stjórnarliðinu yfir lýðræðinu. Það er athyglisvert hvað þeim leiðist lýðræðið, þessu stjórnarliði. En það er nokkuð sem þeir verða að læra. Allt tekur tíma. Umræður eru þrjár í hvorri deild og það er alveg ástæðulaust að vera að bera stjórnarandstöðuna mikið út á sjónvarpsskermum eins og hv. 3. þm. Vesturl. sem var að gráta yfir (**EG:** Ég heyrði þetta allt áðan.) meðferð stjórnarandstöðunnar á stjórnarflokkunum áðan. — Það er gott að þm. heyrði það. Þá þarf ég ekki að endurtaka það (**EG:** Þú getur stytt ræðu þína.) vegna þess að mér er mjög í mun að hafa mál mitt knappt, stytta ræðu mína og greiða sem mest má vera fyrir afgreiðslu mála á hv. Alþingi.

Nú bárust um það fréttir í gær að það yrði ekkert samkomulag í þinginu um eitt eða neitt. Það verður að vísu að halda jól. Það er einu sinni í landslögum að það eru ákveðnir dagar helgidagar þjóðkirkjunnar og menn vilja ekki brjóta þau lög með því að halda þing yfir bláhátíðarnar. Í þessum efnum kom fram í gær að það næðist ekki í raun og veru samkomulag um neitt og menn segja: Ja, það er allt í stórkostlegri hættu. Þá leyfi ég mér að spyrja: Hvaða hættu? Það skyldi ekki verða neinn meiri háttar héraðsbrestur þó að þetta kvótafrv. yrði ekki afgreitt fyrr en 5.–8. janúar. Ekki fiska menn þessi 315 þús. tonn á þessum fimm dögum í janúarmánuði, fyrir þorra. Það væri sérkennilegt. Ég get ómögulega séð að það liggi þessi lifandis ósköp á. Ég skil ekki þennan spreng sem stjórnarliðið virðist vera í út af þessu máli.

Eins er það um ýmis önnur mál, sem hér hafa

verið til meðferðar, að það eru þessi ógnarlegu læti í að klára þetta innan sólarhrings eða svo og þó sér maður ekki að það sé neitt sem rekur svo mikið á eftir. Halda menn t.d. að þjóðin lifði það ekki af að fá matinn sinn eins og 20% ódýrari fram á 10. janúar eða svo? Halda menn að þjóðin þyldi það ekki að það yrði óbreytt verð á Chanel 5, ilmvötnum og varalitum eins og fram á 8. janúar eða svo? Ógnarlegur fyrirgangur er þetta. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því að við höfum sæmilegan tíma og skulum ekki vera að klaga hvert annað í fjölmiðlum eins og gert hefur verið síðustu sólarhringana. Það er alger óþarfi.

Það er að vísu eitt mál sem þarf að afgreiða hið snarasta, ég viðurkenni það, og það er frv. til l. um tekju- og eignarskatt einstaklinga. Þannig vill til að það er verið að koma á staðgreiðslukerfi skatta og skiptir mjög miklu máli að frá því máli sé gengið hið allra fyrsta. Þannig vill til að hjá ríkinu eru laun greidd fyrir fram. Það er byrjað að keyra launatékka ríkisins annað kvöld, að kvöldi þess 22. des., þannig að í rauninni er ekki boðlegt að neinu leyti að þingið skuli ekki afgreiða það mál sem snertir staðgreiðslukerfi skatta. Þó það sé auðvitað gallað að ýmsu leyti er hitt ljóst að við höfum ákveðið að koma á staðgreiðslukerfi skatta. Af hverju í ósköpunum skyldi það ekki vera afgreitt því það hefur legið tilbúið í neðrideildarnefndinni núna í viku? Jú, það er vegna þess að Framsfl. vill koma skák á Alþfl. Skilja menn hvernig það gengur fyrir sig? Ég skal skýra það aðeins nánar.

Framsfl. vill hafa skák á Alþfl. og segja við þá: Ef þið ekki afgreiðið kvótafrv. í Ed. afgreiðum við ekkert skattafrv. í Nd. Þegar menn eru að tefla svona hvor á annan gersamlega óskyldum málum þar sem miklir hagsmunir eru í húfi, eins og staðgreiðslukerfi skatta vissulega er, er illa komið og *ekki von að menn lendi hlutunum skikkanlega.* Ég segi það alveg eins og er að þeir stjórnarliðar sem hafa verið að reyna að greiða úr þessum málum síðustu sólarhringana eiga alla mína samúð því þetta er bersýnilega einhver snúnasta ríkisstjórn sem hér hefur setið að því er varðar að ná samkomulagi um hlutina og jafna ég þó til þeirra stjórna sem ég sat í fyrr á öldinni og þóttu nú ekki barnanna bestar.

Það hefur komið fram, og vík ég nú aðeins að frv., að það séu uppi hugmyndir um að á næsta ári veiði menn aðeins 315 þús. tonn af þorski, geti kannski farið í 345 þús., ýsu 65 þús. tonn, ufsa 80 þús., karfa 85 þús., grálúðu 30 þús. Ef það gengur eftir að samdrátturinn yrði niður í 345 þús. tonn þýðir það samdrátt í þorskveiðum upp á 45 þús. tonn sem hefur bersýnilega gífurleg áhrif á afkomu þjóðarbúsins á næsta ári. Ég held að það sé nauðsynlegt að við í þessari umræðu athugum aðeins hverjar séu horfurnar um stöðu þjóðarbúsins á árinu 1988. Ég held að menn megi ekki ganga að því gruflandi að hér er um að ræða eitthvert allra stærsta málið þegar rætt er um lífskjör í þessu landi. Ef við gerum ráð fyrir að þetta gangi eftir, þessi ótíðindi gangi eftir stefnir bersýnilega á að viðskiptahallinn á næsta ári getur orðið tvöfaldur á við það sem er á þessu ári, þ.e. 9–10 þús. millj. kr. Ég held að það sé óhjákvæmilegt við þessa umræðu að spyrja enn þá einu sinni: Hvaða hugmyndir eru uppi í stjórnarflokkunum um hvernig á að takast á við þennan gífurlega vanda? Við ræddum um það í fyrradag við nokkra ráðherra og það er rétt að halda því aðeins áfram: Eru menn með hugmyndir um að lækka gengið? Eru menn með hugmyndir um að taka á vaxtaokrinu, raunvaxtaokrinu eins og hæstv. utanrrh. kallar það réttilega? Eða hvaða aðrar hugmyndir eru menn með?

Nú fréttist í gær að stjórnarflokkarnir hefðu boðað til sín fulltrúa samtaka launafólks, þ.e. Verkamannasambands Íslands, og þar hafi verið boðið upp á að hækka soðninguna aðeins minna gegn því að menn settust að samningaborðinu að mér skilst. Varaformaður Verkamannasambandsins, sem á sæti í þessari virðulegu deild, tók ekki þátt í þessum leiðangri. En það væri fróðlegt að vita hvað það er sem ríkisstjórnin er að bjóða aðilum vinnumarkaðarins þessa stundina. Hvað er það? Hvaða kaupbreytingar eru það sem menn eru þarna að tala um? Eru menn kannski að gera ráð fyrir óbreyttu kaupi á árinu 1988? Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég er algerlega sannfærður um að það gengur ekki. Það getur ekki gengið vegna þess að kaupmáttur launa hefur hrapað á undanförnum vikum um mörg prósent. Það er alveg augljóst mál að kaupið verður að hækka á næsta ári, enda er *kominn tími* til að þeir aðilar sem hirtu pening í góðæri liðinna ára verði látnir bera skellinn af samdrætti næsta árs ef hann verður einhver. Þeir eiga að þola þennan skell. Það á ekki að leggja hann á hinn almenna launamann í okkar landi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt af því að við höfum hér hæstv. *viðskrh., sem er eins konar faðir kvótakerfisins,* að hann upplýsi okkur um hvað ríkisstjórnin er að bjóða aðilum vinnumarkaðarins. Er það gengislækkun? Er það vaxtalækkun? Er það kauplækkun eða er það kauphækkun? Varla er það gengishækkun, varla er það vaxtahækkun eða hvað? Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um þetta vegna þess að það er grundvöllur þjóðfélagsins em við erum hér að tala um, stjórn fiskveiða. Við lifum öll á fiski, við lifum í þessu landi á fiski. Það er alveg sama hvað við gerum, hvort við erum á þingi, hvort við erum kennarar eða hvar við vinnum. Við lifum á fiski. Það er kannski eitt alvarlegasta áhyggjuefnið á Íslandi í dag að það eru færri og færri sem gera sér grein fyrir því að við lifum á fiski og fleiri og fleiri sem halda að við lifum á því að velta peningunum hvert til annars eða gefa út pappíra hvert á annað, hvort sem það er í kringlunum eða kaupþingunum eða hvað þær heita allar þessar nýmóðins sjoppur frjálshyggjunnar sem hafa verið settar hér upp á síðustu árum.

Við höfum að undanförnu fengið upplýsingar um hvernig staða utanríkisviðskipta og gjaldeyrismála er á árinu 1987 og horfur fyrir árið 1988 og ég ætla

að vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta. Í skýrslu Seðlabankans, sem heitir Greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, gjaldeyrismálum og gengismálum skv. 4. gr. laga nr. 36/1986, dags. 7. des. 1987, segir svo, með leyfi forseta:

„Vöruskiptajöfnuður á fyrstu níu mánuðum ársins 1987 var hagstæður um 235 millj. kr. á móti 4312 millj. kr. á sama tímabili árið áður og varð þannig 4077 millj. kr. lakari á fyrstu níu mánuðum þessa árs en á sama tímabili árið áður reiknað á gengi janúar–september 1987. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 14,8% en vöruinnflutnings um 30,4%. Mikill munur var hins vegar á þróun útflutningsvörubirgða á tímabilinu janúar–september 1987 og sama tímabili árið áður. Á þessu tímabili í ár jukust útflutningsvörubirgðir um 175 millj. kr. en árið áður minnkuðu þær um 2360 millj. kr. Sé vöruskiptajöfnuður leiðréttur fyrir þessari sveiflu útflutningsvörubirgða og sérstökum innflutningi, sem var 1180 millj. kr. meiri 1987 en árið áður vegna stóraukins skipainnflutnings, jafnframt jafnað milli ára reynist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur aðeins um 360 millj. kr. lakari í janúar–september 1987 en á sama tímabili árið áður í stað 4077 millj. kr. samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum."

Ég veit að hv. þm. ná þessu alveg beint í æð um leið og þetta er lesið. Þetta er þessi gullaldartexti frá opinberum stofnunum sem við þm. erum vanir að lesa og finnst óskaplega gaman að velta fyrir okkur.

„Aukning varð á útfluttri þjónustu um 8,9% og innfluttri um 11,1%. Halli á þjónustujöfnuði á fyrstu níu mánuðum 1987 varð 2790 millj. kr. sem er um 570 millj. kr. lakari en á sama tímabili árið áður. Viðskiptajöfnuður í heild var neikvæður um 2555 millj. kr. á fyrstu níu mánuðum ársins en jákvæður um 2090 millj. kr. á sama tímabili árið áður og varð þannig 4,6 milljörðum kr. lakari í ár en í fyrra, en þar af má rekja 3,7 milljarða kr. til áðurgreindrar sveiflu útflutningsvörubirgða og sérstaks innflutnings. Í talnasamanburði við fyrra ár er miðað við janúar–september bæði árin á gengi janúar–september 1987 nema annað sé sérstaklega tekið fram."

Þannig er sýnt fram á í þessari skýrslu Seðlabankans að það hefur sigið mjög á ógæfuhliðina á þessu ári og er alveg augljóst mál, hvernig sem þessir hlutir eru skoðaðir, að efnahagsráðstafanir núv. ríkisstjórnar hafa að engu leyti orðið til að koma á móti þessum vanda útflutningsatvinnuveganna og viðskiptanna við útlönd eins og hefði auðvitað þurft að gera strax á miðju þessu ári. Gleggstu tölurnar um þessa þróun eru þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um raungengi krónunnar og þróun þess frá 1980 til dagsins í dag. Þar kemur það fram að ef við segjum að raungengi krónunnar hafi verið 100 1980 var það 106,7 1981, 101,2 1982, hrapar svo niður í 84,8 1983, 84,5 1984, 85,8 1985, 86,9 1986, fer svo upp í 103,8, takið eftir, hækkar um 19,4% raungengi krónunnar á þessu ári, og á árinu 1988 er því spáð að það hækki um 12,3%. Við þessar aðstæður hlýtur maður að spyrja: Hvaða vit er í þessum töflum Seðlabankans þegar því er spáð að raungengi krónunnar hækki um 35% á tveimur árum? Hvernig er farið að því?

Ég hef spurt að því áður úr þessum ræðustól: Getur það verið að kauphallirnar í Tókýó og New York hafi frétt af efnahagsundrinu mikla á Íslandi? Eru menn ekki í Tókýó og New York farnir að kaupa sér krónur í stórum stíl til að bjarga sér undan hruni dollarans þegar þessi sterka mynteining, íslenska krónan, skagar eins og tindur upp úr hinu peningalega kerfi veraldarinnar? Það kæmi mér ekki á óvart í framhaldi af þessu þó hæstv. fjmrh., formaður Alþfl., yrði minnst aðalritari Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, minnst það, og yfirbankastjóri Alþjóðabankans líka ef þetta gengi eftir því annað eins efnahagsundur eins og þetta hefði aldrei átt sér stað. Að vísu kemur það ekki fram í töflum Seðlabankans hvað þetta mundi þýða fyrir útflutningsatvinnuvegina, en staðreyndin er hins vegar sú að þeir væru allir komnir á hausinn ef þetta gengi eftir. Annað hvert fyrirtæki væri komið á hausinn, segir hæstv. utanrrh. Flest væri á leiðinni til andskotans, með leyfi hæstv. forseta. Ég var að vitna í utanrrh.: Flest væri á leiðinni til andskotans, tilvitnun í Tímann í fyrradag, hér á landi ef þetta gengi eftir, segir hæstv. utanrrh. Þessar spár Seðlabankans um hækkandi raungengi íslensku krónunnar fram eftir öllu árinu 1988 eru tómt rugl. Þetta getur ekki gengið. Fyrirtækin fara á hausinn, þeim verður lokað og atvinnuleysi brestur á í stórum stíl. Þetta gengur ekki nema það sé stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla að atvinnuleysi. Er það tilfellið að núv. ríkisstjórn hinna kreddufóstu hagfræðinga, sem hafa aldrei ráðið eins miklu og í núv. ríkisstjórn, getur það verið að þeir vilji koma á því sem hagfræðingar frjálshyggjunnar kalla „hæfilegt atvinnuleysi"? Og hvað er hæfilegt atvinnuleysi? Það er atvinnuleysi af þeirri stærðargráðu að verkalýðshreyfingin haldi sér á mottunni og sé ekki mikið að heimta kauphækkanir því þá fari fyrirtækin á hausinn og menn séu til friðs og ekki með röfl. Getur það verið að það sé þessi stefna hins hæfilega atvinnuleysis sem Alþfl. er að reyna að hrinda hér í framkvæmd? Nei, auðvitað er það ekki þannig, herra forseti, vegna þess að í Alþfl. eru margir ágætir menn og það er ekki sú stefna sem þeir vilja framkvæma. Hins vegar eru þeir orðnir hálfgerðir tugthúslimir, þessir góðu kratar, hálfgerðir tugthúslimir þessara reiknimeistara. Þeir eru handjárnaðir af þessum reiknimeisturum, fjötraðir af þeim. (**Gripið fram í:** Það á ekki við alla.) Það á vissulega ekki við þá alla og hér sé ég út undan mér, mér til vinstri handar tvo prýðilega krata sem ég veit að eru heldur illa haldnir yfir þessum ósköpum. (**KP:** Allt læt ég það nú vera.) Ég veit að vísu að hv. þm. Karvel Pálmason ber sig ævinlega vel, en ég er sannfærður um að ég veit líka hvernig honum er innanbrjósts.

Staðreyndin er sú að þessi efnahagsstefna, sem öll þau mál byggja á sem við erum hér með til meðferðar, er hrunin til grunna. Hún gengur ekkert upp.

Það er ekki hægt að reka útflutningsatvinnuvegina með bullandi halla. Niðurstaðan er líka sú að til þess að ná sömu samkeppnisstöðu fyrir útflutninginn og hann hafði 1979 þarf að fella gengið, segir Seðlabankinn, um 15,2%. Í rauninni hefur gengið aldrei verið vitlausar skráð en núna miðað við þessar forsendur. Nú skulu menn ekki koma hingað á eftir og segja: Er hv. 7. þm. Reykv. að panta gengislækkun? Auðvitað er ekkert slíkt uppi. Auðvitað höfum við alþýðubandalagsmenn sagt að við núverandi aðstæður á að keyra vaxtaokrið niður. Það væri besta leiðin til að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna þannig að þeir yrðu á ný samkeppnisfærir.

En þetta sjá þeir ekki, þessir kerfiskratar sem stjórna landinu núna. Þeir sjá bara einhverja talnadálka og þó að það séu boðin upp á nauðungaruppboðum 80 hús eða 80 íbúðir, þó að það sé annað hvert fyrirtæki á hausnum, sem jafnvel utanrrh. sér sem kemur þó eiginlega aldrei til landsins, og þó að hann lýsi því yfir að þetta sé allt á leiðinni til andskotans, með leyfi forseta enn þá einu sinni, halda þeir sínu striki, þessir kerfiskratar. Þeir minna á hross, með leyfi forseta, sem er beitt fyrir ölvagna í stórborgum. (**Gripið fram í:** Bjórhesta.) Bjórhestar eru þeir kallaðir. Þeir eru þannig útbúnir til að þeir fælist ekki bílaumferð að það eru settar hlífar báðum megin við augun þannig að þeir sjái aðeins beint fram fyrir sig. Þannig eru þessir kerfisreglustrikukratar, eins og bjórhestar. Þeir gleyma hinum mannlega þætti. Það er það sem er að gerast í stjórn efnahagsmála núna.

Skoðum svo samkeppnisstöðu sjávarútvegsins eina út af fyrir sig. Það er mat Seðlabankans að gengið þurfi að falla á næsta ári til að ná því sem var 1979 um 13%. Það er bara sjávarútvegurinn. Og ef við tökum útflutningsiðnaðinn er talan ekki 13 heldur 28,8%. Á því tímabili sem ég hef tölur yfir frá 1979 hefur útflutningsiðnaðurinn aldrei nokkurn tíma staðið eins illa og hann gerir núna.

Þetta segir, herra forseti, að það er útilokað að ræða um þessi mál, stjórn fiskveiða, öðruvísi en í tengslum við hin almennu efnahagsmál. Þannig hefur það reyndar alltaf verið, herra forseti, að þegar þessi mál hafa verið til umræðu hefur verið rætt um hin almennu efnahagsmál. Þannig var það t.d. 1983 þegar umræður hófust um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þær umræður tóku marga tugi dálka í þingtíðindum eins og vonlegt er og það er athyglisvert núna eftir reynslu þessara ára að rifja aðeins upp þá umræðu. Sérstaklega er nú fróðlegt að lesa um kratana, fyrir utan hv. þm. Karvel Pálmason sem ég tek alveg út fyrir sviga í flestum eða öllum málum þegar ég ræði um þann flokk. Það getur vel verið að honum líki illa að ég skuli hæla honum úr þessum ræðustól, en hann hefur kost á því síðar í umræðunum að bera af sér hólið ef honum líður illa undir þessu.

Hv. þm. Guðmundur Einarsson var á þessum tíma leiðtogi Bandalags jafnaðarmanna og gekk svo með öllu sínu liði svo að segja í Alþfl. Það var ekki verið að skafa utan af því þegar var verið að lýsa kvótakerfinu þá. Þetta var talið gersamlega óalandi og óferjandi kerfi. Nú er niðurstaðan hins vegar sú að hann er, blessaður maðurinn, að vinna hjá þessum stjórnmálaflokki sem er að reyna að keyra þetta mál ofan í hausinn á þinginu þessa sólarhringa.

Árið 1983 var það þannig að þá var jafnvel Sjálfstfl. með örlitlu lífsmarki. Jafnvel hv. þm. Halldór Blöndal gagnrýndi nokkuð kvótakerfið og hv. 14. þm. Reykv., sem þá var 6. þm. Reykv., var ekki að skafa utan af því. Hann sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta, um sjútvrh. fyrst:

„Ráðherra sagði einnig að hann óskaði eftir því að mál þetta yrði hafið yfir flokkadeilur. Ég tek undir þessi orð ráðherrans. Ég verð að segja eins og er að það er seint í rassinn gripið að ætla núna að forða skaða í sambandi við fiskveiðar Íslendinga. Það hefði verið nær að gera það fyrr, t.d. þegar verið var að kaupa og byggja nýja skuttogara á síðustu árum. Það er mat flestra sem til þekkja að sú fjölgun skuttogaranna sem varð á árunum 1978–1983 hafi verið óæskileg og óþörf og raunverulega sé þar um að ræða þann umframfjölda togara sem málið kemur til með að snúast meira og minna um, sérstaklega í framkvæmd.

Varðandi það atriði, sem margir tala um, samráð við hagsmunasamtökin, er ég auðvitað sammála því út af fyrir sig að hv. Alþingi og ráðherra hafi samráð við hagsmunasamtök. En ég verð að taka undir þau orð, sem hér hafa komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að þetta mál er náttúrlega hafið yfir það að einhver takmörkuð eða fá hagsmunasamtök, þó að í sjávarútvegi og fiskiðnaði séu, eigi að ráða alfarið hvaða stefna verði tekin í þessum málum. Hér er um að ræða að mínu mati eitt örlagaríkasta skrefið sem hefur verið tekið í atvinnusögu Íslendinga í áratugi", segir varaformaður sjútvn., „ef þetta frv. verður að lögum með hugsanlega þeirri útfærslu sem það gerir ráð fyrir og þær stærðir sem þar um ræðir þannig að þetta mál snýr að þjóðinni allri, hverju einasta mannsbarni.

Ég er alfarið á móti því að afgreiða jafnmikið og stórt mál með þeim hætti að örfáir fulltrúar, þó þeir séu fulltrúar helstu hagsmunasamtaka á þessu sviði, eigi að ráða þar einir eða réttara sagt mæla einir um það við ráðherra hvernig þessum málum skuli hagað." (Gripið fram í.) Já, ég tel ástæðu til þess, herra forseti, þó það sé kannski ekki mitt hlutverk heldur frekar forsetans, að bjóða velkominn í salinn hv. 14. þm. Reykv.

Ég hef haft þá ánægju, svo og deildin, að hlýða á ræðu hv. 14. þm. Reykv., sem hann flutti 12. des. 1983, og held ég nú áfram lestrinum. (**GHG:** Hún var góð.) Þetta er klassísk speki:

„Hér er um svo víðtækar verkanir að ræða, ef frv. verður að lögum, með þeim aðgerðum sem gera verður að raunverulega hefði þetta mál þurft að fá miklu meiri og víðtækari umræðu en bara hér á þingi á örfáum dögum eða nokkrum klukkutímum og í samráði við örfáa menn, ég segi ekki þröngum

samtökum en samt takmörkuðum miðað við umfang þessa máls."

Ævinlega segir maðurinn rétt. Það væri kannski rétt að hann hugleiddi aðeins hvort það sem hann er að gera í dag er í samræmi við það sem hann segir að hafi verið rétt árið 1983 og held ég nú áfram með lesturinn og ætla aðeins að víkja að því sem hann segir. Þessi hv. þm. hefur betri skilning á sjávarútvegi en flestir þm. Sjálfstfl., þekkir það mjög vel, hefur mikla reynslu í þeim efnum og hann hefur auðvitað áhyggjur af því að kvótakerfi þýði miðstýringu og ofstjórn og það drepi niður einkaframtakið í sjávarútveginum, einkaframtakið. Einhvern tíma heyrði maður það fyrr á öldinni þegar ég var yngri að Sjálfstfl. hefði áhuga á einkaframtakinu. Og hv. 14. þm. Reykv. hafði það líka 1983. Hann segir enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkjandi skipulag í sjávarútvegi á að baki sér áratuga þróun og er algert einsdæmi hvað viðvíkur frábærum árangri á liðnum árum. Um það erum við allir sammála. Afköst íslenskra sjómanna, miklir veiðihæfileikar skipstjórnarmanna, sem er bakgrunnur hins mikla árangurs í veiðunum, hefur byggst á því fram til síðustu ára að þeir hefðu frjálsan aðgang að fiskimiðunum. Þá er það staðreynd að íslenskir útgerðarmenn og skipstjórnarmenn hafa haft frumkvæði og forustu um uppbyggingu fiskiflota, fiskiskipa sem eru talin vera meðal hinna bestu sem völ er á. Öll hefur þessi uppbygging, hinar miklu framfarir og góður þjóðhagslegur ávinningur byggst á frelsi manna til athafna á því erfiða starfssviði sem útgerð og sjómennska eru. Hvatinn hefur verið", nú kemur þetta rétt eins og upp úr stefnuskrám og kosningaræðum íhaldsins, „að takast á við erfið og ég vil segja heillandi verkefni sem fólu í sér mikla arð- og aflavon. Á grundvelli þessa hafa Íslendingar byggt upp nútímaþjóðfélag almennrar velmegunar og hagsældar. Það má því orða það þannig að frelsi tiltölulega fárra til að nýta auðæfi hafsins hafi orðið fjöldanum til mikillar blessunar."

Þetta er svo hjartnæmt að maður staldrar aðeins við. (**GHG:** Er þm. á móti því að maður tali vel um sjómanninn?) Þetta er allt rétt og ég er að lesa þetta, hv. þm., til að stytta mál mitt. Ég er að greina frá kjarnmiklum setningum þar sem sjónarmiðunum er þjappað saman með óvenjulega skýrum og eftirminnilegum hætti. Ég vona að hv. þm. leiðist ekki þó ég sé að fara yfir þetta. Síðan segir hér:

„Við erum í raun líka að tala um hvernig íslenski sjómaðurinn hefur þróast upp í íslenskum sjávarútvegi og haft forustu í íslenskum sjávarútvegi í áratugi. Hann dró björg í bú. Hann lét smíða góð fiskiskip og hann byggði í meginatriðum fiskiverin en ekki kerfismenn hér suður í Reykjavík. Það er þessi stofn, það er þetta fólk sem á eftir að finna mest fyrir því sem gert verður með þessu frv. Það er þessi stofn, það er þetta fólk sem finnur mest fyrir því sem kvótalögin eru að segja fyrir um. Þetta hefur langsamlega mest áhrif á þetta fólk sem er íslensku þjóðinni verðmætast. Þess vegna þarf að fara með varúð og aðgætni að þessu máli og ígrunda það vel áður en miklar ákvarðanir eru teknar sem geta haft ófyrirsjáanlegar og hættulegar afleiðingar fyrir framtíðarþróun þessara mála.

Þróunin í eignarhaldi og rekstrarskipulagi sjávarútvegs og fiskiðnaðar á Íslandi hefur byggst á þessum einföldu staðreyndum. Þrátt fyrir mjög mikinn pólitískan ágreining um eignarfyrirkomulag á Íslandi er það söguleg staðreynd að allir flokkar og jafnvel þeir flokkar sem lengst til vinstri hafa verið hafa viðurkennt þetta. Það hefur aldrei verið gengið svo langt með aðgerðum hér á Alþingi að eyðileggja sjálfstæðan eignargrundvöll í sjávarútvegi og fiskiðnaði, ekki einu sinni til að styrkja og efla félagslegan rekstur og er ég þá sérstaklega með í huga samvinnurekstur sem sósíalistum hefur verið í lófa lagið að styðja og styrkja til að yfirtaka þær eignir sem hér um ræðir.

Þetta eru stór orð. Vonandi kemur ekki til þess að á þessu verði breyting. En hið svokallaða stórkapítal á Íslandi", þetta er ekki ræða eftir mig heldur hv. 14. þm. Reykv., „varð til í þessu blandaða skipulagi, varð til í þessu skipulagi þar sem sjómaðurinn hafði rétt á grundvelli þeirra miklu aflabragða, þeirrar miklu aflavonar og arðgjafar sem hann skapaði til þess að vera þátttakandi sem eignaraðili í útgerð og fiskiðnaði." (**KP:** Maður nánast tárast.) Ég skil það vel með menn sem þekkja vel til í þessari grein, hv. þm.

En ég held áfram: „Flestir leiðandi menn í sjávarútvegi og fiskiðnaði, þá er ég ekki endilega að tala um eigendur heldur einnig framkvæmdastjóra, verkstjóra o.s.frv., hófu starfsferil sinn á þessu sviði til sjós. Hæfileikar og dugnaður þeirra, reynsla og þekking hafa ráðið úrslitum um hina góðu þróun, sem sagt: hin mikla þróun byggðist á frelsi. Það var hin eina og örugga leið, hinn eini og öruggi hvati dugnaðar mannsins á þessu sviði sem dugði íslensku þjóðinni."

Ég hefði gaman af því, herra forseti, ef hv. 14. þm. Reykv. — (**Landbrh.:** Ekki herra.) Ég bið innilega afsökunar, hæstv. forseti. Þetta er vissulega mjög vandasamt mál fyrir þm. Þeir sjá ekki með hnakkanum og jafnvel þeir sem síst vildu láta það henda sig að mismæla sig í þessu efni. Það er veruleg fötlun að hafa ekki auga í hnakkanum. Þess vegna tel ég að þetta ætti að hvetja til að breyta skipulagi í þinginu þannig að maður sjái örugglega hver er í forsetastól á hverjum tíma. En það var innskot, nánast um þingsköp. (**Sjútvrh.:** Það má tala skemur.) Það mætti líka tala skemur og það á kannski sérstaklega við um stjórnarliðið. Það er alveg til vandræða hvað þeir blaðra lengi hérna.

Það væri gaman ef hv. 14. þm. Reykv. vildi vera svo vænn að útlista aðeins hvernig frelsið, framtakið, aflavonin, arðshvatinn fær að njóta sín í núverandi pólitík, hvernig menn fá að vaxa upp og njóta dugnaðar síns, hvernig menn geta lagt í útgerð svo að segja á mjög ungum aldri og unnið sig upp til

forustu og sigurs í þessari miklu grein. Það væri líka gaman ef hv. þm. útlistaði hvernig þeir Ingvar Vilhjálmsson, Einar Guðfinnsson og Haraldur Böðvarsson mundu hafa blómstrað og risið upp í því sjávarútvegskerfi sem er í dag, hvernig þessi flaggskip sjávarútvegsins á Íslandi hefðu orðið til við þær aðstæður sem eru í dag.

Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég sé það ekki alveg hvernig það mundi gerast í dag að þessir menn af dugnaði, útsjónarsemi og ósérhlífni *rifu upp stór fyrirtæki þar sem sköpuð væri vinna* fyrir hundruð manna árum og áratugum saman sem jafnvel er grundvöllur heilla byggðarlaga að verulegu leyti eins og t.d. í Bolungarvík. Ég fæ ekki séð hvernig þetta framtak, þessi kraftur getur orðið til í því kerfi sem við höfum í dag. Þess vegna er ég að lesa þessa ræðu að hún er ekki einasta hjartnæm heldur kallar hún á að það verði skýrt fyrir þingheimi hvernig það má gerast að menn fái notið sín í þessu kerfi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir í þessari ræðu. *Við vinstri menn á Íslandi, sósíalistar, höfum ekki* verið með kröfur um allsherjar þjóðnýtingu eða þjóðnýtingu skipaflotans. Tillögur um ríkisútgerðir t.d. eru afar fátíðar á síðustu 40–50 árum. Ef við lesum sögu t.d. Sósíalistaflokksins sjáum við hvernig Sósíalistaflokkurinn stendur að uppbyggingu atvinnuveganna í nýsköpunarstjórninni 1944–1946. Ef við lesum sögu Alþfl. sjáum við engin dæmi um að þeir á fyrri áratugum væru með sérstaka áherslu á að ríkið ætti að eiga skipin. Það er ekki hægt að benda á nein dæmi þess.

Á árunum 1944–1946 átti sér stað einhver stærsta lífskjarabyltingin í sögu íslensku þjóðarinnar, m.a. vegna þess að menn höfðu vit á að nýta stríðsgróðann til að kaupa skip, til að byggja upp fiskiðjuver allt í kringum landið sem urðu síðan grundvöllurinn að betri og batnandi lífskjörum, bæði í kaupi og félagslegri þjónustu hér á landi. Og hið sama er að segja *um vinstri stjórnina* 1955–1956 og 1971–1974.

Það er athyglisvert að hugsa um það fyrir Sjálfstfl. sem þykist vera flokkur atvinnuveganna og hafði í sinni forustu fyrir hálfri öld eða tæplega það menn sem komu þá úr grundvallaratvinnugreinum þjóðlífsins eins og sjávarútveginum. Ætli það hafi ekki veiið vinstri stjórnirnar sem tóku skarpast á uppbyggingu sjávarútvegsins, hvort sem um er að ræða nýsköpunarstjórnina 1944–1946, vinstri stjórnina 1956–1958 eða vinstri stjórnina 1971–1974? Segir það ekki sína sögu í þessu sambandi, virðulegur forseti, að það eru þessar stjórnir sem létu færa út landhelgina, tryggðu að landhelgin var færð út í 12 sjómílur og síðan 50? Ætli ekki sé ljóst að þetta gerðist vegna þess að þessar stjórnir áttuðu sig á því að grundvöllur sæmilegra lífskjara hér er sjávarútvegurinn, fiskveiðarnar, fiskvinnslan og fiskiðjan og útflutningsverðmæti þessara greina og þarna verður ekki skilið á milli?

Það er skrýtið líka að hugsa um að við erum með í þessari virðulegu deild einn fremsta hugmyndafræðing Sjálfstfl. um áratuga skeið, Eyjólf Konráð Jónsson, og hann hefur þá kenningu að það eigi að prenta seðla út á verðmætin, það eigi alveg gersamlega að banna að skammta peninga. Ég veit að þetta er sjónarmið sem t.d. fátæku fólki líkar vel, sem verður að velta fyrir sér hverri krónu, því að ekkert er eins ljótt og að skammta því peninga. En svo koma þessir snillingar og greiða atkvæði með kvótafrv., svo rosalegu skömmtunarkerfi að það hefur aldrei annað eins heyrst. Það hefur það einhver *maður í flimtingum hér í húsinu stundum* að þeir hafi boðist til að skipta við hæstv. sjútvrh., vinir okkar í Sovétríkjunum. Þeir vilji láta okkur hafa verðlagskerfið sem þeir eru með, það er orðið svo dýrt í meðferð, og fá í staðinn kvótakerfið frá Íslandi. Slétt skipti. (**GHG:** Líst þér ekki vel á það?) Sá ræðumaður sem her stendur hefur ekki tekið afstöðu til þess, en það væri fróðlegt að vita hvaða skoðun hæstv. sjútvrh. hefur á því máli.

Ég er í sjálfu sér ekkert undrandi á sjónarmiðum hæstv. ráðherra, en hitt undrar mig alveg sérstaklega að *þessir miklu postular frelsisins skuli greiða* hér atkvæði alveg hreint eins og vélar, upp með hendur alveg eins og vélar, í hvert skipti sem Halldór Ásgrímsson sjútvrh. ýtir á hnappinn. Það er alveg ótrúlegt. Ég á margar minningar frá þinginu á undanförnum árum þegar þessir menn hafa verið að dragast í salinn vansvefta undir morgun að greiða atkvæði eftir takkanum hjá hæstv. sjútvrh. Það fara orð af því að það sé þvílíkur flokksagi í Framsfl. að hvergi sé annað eins á byggðu bóli, en aginn sem hæstv. ráðherra hefur á þeim í íhaldinu er alveg undur.

Í umræðum um þetta mál á árinu 1983 flutti sem sagt hv. 14. þm. Reykv. prýðilega og fróðlega ræðu og þar töluðu fleiri ágætir þm. Karvel Pálmason fór ítarlega yfir málin og það gerðu fleiri því þetta var í fyrsta sinn sem kvótafrv. kom inn í þingið, þá undir hattinum: „Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands."

Á því þingi fluttum við þm. Alþb. í hv. Nd. og ég trúi í Ed. líka till. um breytingar á þessu kerfi sem ég ætla að rifja upp til þess að menn sjái hið skýra samhengi í okkar tillögugerð í þessum efnum. Fyrsta till., en flm. voru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson í Nd., var þessi: „Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga." Þetta var till. sem við fluttum 1983. Það er náttúrlega ekki að sökum að spyrja að hún var alveg kolfelld í nafnakalli bæði í Ed. og Nd. þessi till. *með ýmsum rökum eins og gengur.* Það er kostulegt að sjá það svo gerast hér 1987 að þessi gamla till. Alþb. kemur svo upp í tillögugerð Alþfl. þegar hann er að glíma við hæstv. sjútvrh. Það er niðurstaða að taka inn setningu sem er ekki óskyld þessari og niðurstaðan verður sú að Alþýðublaðið birtir fyrirsögn af því tilefni á þessa leið, með leyfi forseta: „Halldór gaf sig."

Í annan stað fluttum við till. þar sem við lögðum áherslu á mjög víðtækt samráð um þessi efni.

Í þriðja lagi um aukið vald Alþingis en minna vald ráðherra.

Í fjórða lagi höfnuðum við því algerlega að ákveðið yrði aflamark á handfæra- eða línubáta. Þessar till. voru allar felldar haustið 1983 eftir mjög ítarlegar umræður um málið. Satt að segja hygg ég að þegar menn skoða þessar till. í dag sjái þeir glöggt að það hefði verið skynsamlegt að taka tillit til þeirra strax árið 1983 til að reyna þannig að skapa betri frið um þetta umdeilda kerfi.

Því hefur stundum verið haldið fram, hæstv. forseti, að frá upphafi vega hafi hagsmunasamtökin sagt amen og hallelújá við þessu kerfi. Það er nú eitthvað annað. Þegar þetta kerfi var fyrst ákveðið gerði miðstjórn Alþýðusambands Íslands sérstaka samþykkt og þar segir, með leyfi forseta:

„Í frv. til laga um breyting á lögum nr. 81 31. mars 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er ráðherra gefið einræðisvald til að ákveða fiskveiðistefnu og stjórn veiða á ákveðnu tímabili. Sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands er ljóst að nauðsynlegt er að einhver hafi úrskurðarvald um þessi mál svo fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti sem aðstæður krefjast hverju sinni. Hins vegar bendir sambandsstjórn ASÍ á að raunhæf fiskveiðistefna verður ekki mótuð nema í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Því beinir sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands því til hæstv. Alþingis að það beiti sér fyrir að skýrt komi fram í lögunum að ráðherra sé skylt að hafa samráð við hagsmunaaðila í sjávarúrvegi um framkvæmd laganna. Hér er átt við samtök sjómanna, útgerðarmanna, verkafólks í fiskvinnslu og eigenda fiskvinnslufyrirtækja. Sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands telur að víðtækt samráð og samstaða allra hlutaðeigandi aðila sé forsenda raunhæfs skipulags veiða og vinnslu og að slíkt samstarf geti, ef vel til tekst, dregið úr hættu á atvinnuleysi."

Þetta var afstaða verkalýðssamtakanna strax í upphafi þannig að það er beinlínis rangt að þessu kerfi hafi verið komið á í samráði og með stuðningi allra hagsmunasamtaka sem hlut eiga að máli. Auðvitað eiga þessi samtök landverkafólks hlut að máli. Auðvitað er það þannig.

Það er einnig fróðlegt að rifja aðeins upp að fyrir nokkrum dögum kom það fram, ég hygg frá formönnum sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík ef ég tók rétt eftir, að þeir lýstu andstöðu við þetta kerfi. Það er ekki nýtt að Reykvíkingar hafi lýst alveg sérstakri andstöðu við þetta kerfi. Það gerðist t.d. strax 1983. Þá sagði í samþykkt, sem var samþykkt samhljóða með fulltrúum allra flokka í útgerðarráði Bæjarútgerðarinnar, á þessa leið, með leyfi forseta: „Flest bendir til þess að Alþingi muni nú á næstu dögum samþykkja frv. til laga, sem nú hefur verið lagt fram, um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1981. Útgerðarráð telur að nauðsynlegt sé að draga úr hættunni á ofveiði á Íslandsmiðum og þá sérstaklega með hliðsjón af ástandi þorskstofnsins um þessar mundir en telur jafnframt orka tvímælis að sjútvrh. skuli fengnar jafnvíðtækar heimildir til skiptingar afla eftir tegundum á einstök fiskiskip og gert er ráð fyrir í frv. Útgerðarráð beinir þeim eindregnu áskorunum til þm. Reykjavíkur að þeir gæti þess að ekki verði gengið á hagsmuni þessarar stærstu verstöðvar landsins við útfærslu málsins."

Það er sem sagt ekkert nýtt, virðulegi forseti, að Reykvíkingar vari sérstaklega við því kerfi sem hér er verið að framlengja enn þá einu sinni og í raun inni er miklu meira kvótakerfi, þetta sem á að framlengja núna fyrir árið 1988, en það kerfi sem við höfum búið við, bæði vegna þess að það er dregið úr sóknarmarkinu, það er þrengt að trillunum og rækjan er tekin inn í þessa mynd.

Margt mætti fleira, virðulegi forseti, rifja upp úr þessari fróðlegu umræðu sem fór fram á Alþingi um kvótakerfið 1983. Ekki verður það gert að sinni heldur staldrað aðeins við umræður í þessari virðulegu stofnun haustið 1985. Þá flutti maður nokkur, sem heitir Jón Baldvin Hannibalsson, býsna langar athyglisverðar og eftirminnilegar ræður um þetta mál. Það er alveg óhjákvæmilegt að lesa nokkrar setningar upp úr þeim ræðum þó það væri ekki nema til að benda á það, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði í dag, að það er með þessa ráðherra kratanna að þeir eru búnir að gleyma öllu því sem þeir sögðu fyrir kosningar. Það er alveg sama hvort það er um launamál, skattamál eða fiskveiðimál. Það er allt gleymt, allt, allt. Það er alveg hreint eins og þröskuldurinn í Stjórnarráðinu hafi verið eins og strokleður á heilann á þeim, að um leið og þeir gengu yfir þennan þröskuld er allt gufað upp, ekkert, ekkert eftir, eins og hinn nýi maður sem verður til úr engu, úr tómarúmi, aldrei gaf nein kosningaloforð, aldrei hafði neina kosningastefnu og aldrei sagði þinginu yfirleitt eitt eða neitt. Alveg kostulegt. Það væri fróðlegt að gera efnagreiningu á þessum þröskuldi þarna í Arnarhvoli.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði á Alþingi 27. nóvember 1985: „Við höfum kynnst afleiðingum kvótakerfis skömmtunarstjórnar stjórnmála- og embættismanna í heilum atvinnuvegi býsna vel á undanförnum árum í landbúnaði." Síðan fer hann yfir landbúnaðarkerfið og er nú ekki að skera utan af því. Segir svo m.a.: „Á seinni árum hefur þótt ærin ástæða til að spyrja, herra forseti, hverjir eiga Ísland." — Menn muna eftir því. Það var verið að gá að því á 100 fundum allt í kringum landið hverjir ættu Ísland. — „Og það er ekki síður ástæða til að spyrja hverjir eiga fiskinn í sjónum. Ég vék að því í utandagskrárumræðum í gær að sá maður sem nú er nýbúið að gefa út bók um og frægur er í Íslandssögu undir nafninu Jörundur hundadagakonungur lýsti sig hæstráðanda til sjós og lands. Skv. þessu frv. til laga fer ekki milli mála að hæstv. sjútvrh. er hæstráðandi til sjós. Samkvæmt því á hann að ákveða hver má veiða, hvað má veiða, hvar á að veiða og hvenær á að veiða. Þetta hlutverk var áður fyrr í höndum guðs almáttugs, skapara allra

lífsins gæða“ — og ég vek athygli forseta á því að ég er að lesa eftir hæstv. fjmrh. — „en nú er þetta vald í höndum hæstv. sjútvrh. Þetta vekur upp spurninguna um hvort við ættum ekki þessu til samræmis að taka upp nýtt tímatal í Íslandssögunni, þ.e. að atburðir hafi ekki gerst fyrir eða eftir Krist heldur fyrir eða eftir kvóta eða fyrir eða eftir Halldór. Halldór á sem sagt fiskinn í sjónum, virðulegi forseti, en útgerðarmenn mega hirða hann í umboði hans. Sjómenn hins vegar, þeir sem draga fiskinn, þeir eiga engan fisk. Þeir bara vinna þarna, eins og sagt er. Ef útgerðarmenn geta ekki náð sínum kvóta, ef útgerðarmenn geta ekki gert út, ef útgerðarmenn leggja sínum skipum, ef útgerðarmenn leggja sínum bátum upp á græn grös og fara að búa eiga þeir samt sem áður sinn kvóta og geta selt hann hæstbjóðanda á uppsprengdu verði í umboði hæstv. ráðherra. Þar eiga sjómenn engan hlut.“

Þetta var örlítill kafli úr ræðu hæstv. fjmrh. Mér finnst athyglisverð hugmynd að miða tímatalið við hæstv. núv. sjútvrh. En ég hef þó enn þá betri hugmynd. Hún er sú að miða tímatalið við það þegar kratarnir gleymdu kosningaloforðunum sínum því önnur eins kúvending hefur aldrei nokkurn tímann átt sér stað. (**KP:** Þetta á ekki við alla.) Nei, nei, nei, enda sagði ég áðan, hv. þm., að ég tæki þann sem þarna stendur stundum út fyrir sviga þegar ég er að ræða um þessi mál. Mér gleymist oft að hann hefur iðulega tilheyrt þessum hópi, sem kallaður er kratar, og gerir sjálfsagt enn. En ég veit ekki hvort það segir meira um hann en kratana að ég skuli iðulega gleyma því að hann tilheyrir þessari grúppu.

Sá maður sem barðist þannig með kjafti og klóm svo að segja í ræðustól á Alþingi gegn þessu kvótakerfi ár eftir ár eftir ár, hélt hér fleiri, fleiri ræður og leitaði að því allt í kringum landið hverjir ættu Ísland, talaði um það allt í kringum landið og hafði alveg sérstakan mann í því að auglýsa sig á fundum í Múlakaffi og guð veit hvað, Ámunda Ámundason, og fékk aldrei svar við því hverjir ættu Ísland, þessi snillingur stendur núna frammi fyrir því að hann er orðinn eins konar jarl hjá þessum hundadagakóngi sem hann kallaði Halldór Ásgrímsson árið 1983. Hann er orðinn eins konar innsiglisvörður væri réttara að kalla það, innsiglisvörður hjá þessum hæstráðanda til sjós, sem heitir Halldór Ásgrímsson, hæstv. sjútvrh.

Það væri satt að segja fróðlegt, virðulegur forseti, að fara víðar yfir þessa ræðu hv. þáv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, en hann talar aldrei minna í þessum umræðum en að það taki eina ellefu dálka í þingtíðindum á þessum tíma. En þar sem hér er margt að gera, nauðsynlegt að þingmál fái sem greiðasta meðferð, skýrasta afgreiðslu ætla ég ekki að tefja fundinn á óþarfa málalengingum heldur læt ég hér staðar numið að að vitna í þennan hæstv. ráðherra að sinni. En af nógu er að taka.

Ég vil þessu næst víkja aðeins að þeim brtt. sem liggja fyrir við frv. Það er komið mikið af brtt. og ég hygg að það hafi ekki áður við meðferð þessara mála verið jafnmikið af ítarlegum brtt. og núna. Ég held að það sé alveg nýtt. Hvort sem maður er sammála þeim till. eða ekki eiga þeir þm. allir heiður skilið sem og þakkir sem hafa reynt að glöggva sig á þessu máli og reyna að finna á því betri lausn en frv. sjálft.

Á þskj. 205 flytjum við þrír þm. Alþb. í þessari virðulegu deild brtt. þar sem segir: „Auðlindirnar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Öll stjórn á nýtingu þeirra skal taka mið af því. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda og stuðla með því að traustri atvinnu og byggð í landinu.“

Það hefur stundum verið sagt að till. af þessu tagi fjalli mest um sjálfsagða hluti sem í raun og veru þurfi ekki að vera í lögunum. Þetta er misskilningur. Ef menn lesa í gegn meginlagabálka íslenska lagasafnsins sjá menn að í upphafi þeirra flestra eru greinar, sem í fræðum Ólafs Jóhannessonar heita stefnugreinar, þar sem með almennum hætti er lagður grundvöllur að þeirri hugmyndafræði, að þeirri pólitík, að þeirri stefnu sem þau lög eiga að byggjast á sem um er að ræða hverju sinni.

Við höfum alltaf talið að það væri þess vegna eðlilegt að fiskveiðilögin byrjuðu á einhverri grein af þessum toga. Því hefur yfirleitt verið hafnað af meiri hluta þingsins. Nú er það þannig aftur á móti að Alþfl. kveðst hafa náð svipuðu efni inn í frv. og er það út af fyrir sig vel. Gallinn er hins vegar sá að greinarnar sem á eftir koma í núverandi stjfrv. taka allt til baka sem stendur í 1. gr. Það er vissulega nýlunda í lagasmíð en æði sérkennileg.

Af hverju eru menn að segja þetta í 1. gr., 1. brtt.? Það er vegna þess að við viljum að það liggi fyrir að þjóðin öll á þessa auðlind sameiginlega og það má ekki afhenda einhverjum einum hópi aðgang, einokun eða einkarétt á nýtingu þessara auðlinda. Við bendum á: Það er ekki aðeins útgerðin sem þarna skiptir máli. Það eru líka sjómennirnir, það er verkafólkið í landi og það er í rauninni þjóðin öll sem á allt sitt undir því að á þessum hlutum sé tekið með skynsamlegum hætti og auðlindirnar nýttar með skynsamlegum hætti. En þetta á einnig og alveg sérstaklega við um byggðarlögin sjálf eins og tekið er fram í brtt. Alþb. á þskj. 205. Þess vegna er brtt. um leið grundvöllurinn að 2. brtt. frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni o.fl. þar sem fjallað er sérstaklega um byggðakvóta, tengingu þessara mála við byggðarlögin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Veiðiheimildum á botnfiski, til fiskiskipa sem eru 10 brl. eða stærri, skal skipta í tvo flokka. ⅓ hluta skal úthluta til útgerðar (á skip, skipamark) og ⅔ hlutum til byggðarlaga (byggðarmark).

Sá þriðjungur, sem kemur í hlut skipa, skal reiknaður út með sama hætti og ákveðið var með reglugerð nr. 518 frá 22. des. 1986 fyrir árið 1987, og sbr. 8. og 10. gr. laga þessara.

Hluti byggðarlaga skal reiknaður að ¼ út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðar-

lögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og að ¾ hlutum út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum í árslok 1987.

Eftir að aflahluti byggðarlags hefur verið reiknaður út og ákveðinn skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá úthlutað skipamarki í því byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlagi fylgir þeim einungis sá aflahluti sem úthlutað var til útgerðar, skipamark. Þeim aflahluta, sem eftir verður í byggðarlagi við söluna, byggðarmarki, skal ráðstafa til að bæta upp afla skipa er keypt verða í byggðarlagið nái þær veiðiheimildir, er þau færa með sér, ekki meðaltali á því svæði eða til að auka veiðiheimildir skipa í byggðarlaginu samkvæmt nánari reglum er settar verði af sjútvrn. í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Á sama hátt skal ráðuneytið setja sérstakar reglur um skiptingu aflahluta milli byggðarlaga ef seld eru skip sem hafa landað til vinnslu innan lands frá árinu 1984 að meðaltali meira en 40% afla síns utan heimabyggðar."

Síðan segir í b-lið: „Við úthlutun veiðiheimilda til skipa og byggðarlaga skv. 5. gr. er frá og með árinu 1989 heimilt að halda eftir allt að 5% þess afla helstu botnfisktegunda sem ákveðinn er skv. 2. gr."

Síðan er rakið nokkru nánar í hvaða tilgangi þetta skuli gert, en aðalatriðið er að með greininni er gerð tillaga um að tengja þessa úthlutun byggðarlögunum sjálfum, að þau hafi möguleika til að hlutast til um það, ef skip fer í burtu, að það sé ekki þar með ljóst að allur fiskurinn fari í burtu um leið, sem þetta skip hefur haft, eins og aftur og aftur hefur gerst og við höfum séð um hin verstu dæmi, sem hafa farið mjög illa með ýmsa staði eins og t.d. Grundarfjörð, og mætti nefna fleiri dæmi því til sönnunar.

Einhverjir mundu segja: Gallinn við þessa brtt. er sá að hún gerir áfram ráð fyrir því að það sé kvóti á skip. Það er rétt. Í rauninni er hér miðað við að það sé áfram kvóti á skip, en hann sé tengdur byggðarlögunum. Ég satt að segja skil það ekki, hreint út sagt skil það ekki, þegar um er að ræða jafnmikið deilumál og þetta, sem skiptir jafnmiklu máli fyrir alla þjóðina, átta ég mig ekki á því hvernig í ósköpunum stendur á því að menn segja ekki sem svo: Við skulum reyna að ná saman um tillögur af þessum toga sem breyta í nokkru, ekki mjög verulegu og ekki í grundvallaratriðum en að nokkru, þeim hugmyndum sem uppi eru.

Ég spyr hv. þm., varaformann sjútvn. o.fl.: : Vilja menn ekki samkomulag um þessi mál? Eru menn alveg á móti því að ná samkomulagi? Vilja menn undir engum kringumstæðum ná samkomulagi um þessi trillumál? Vilja menn ekki ná samkomulagi um að tengja þetta við byggðirnar? Eða vilja menn endilega stríð? Eru þetta andlegir afkomendur Þorgeirs Hávarssonar sem taka jafnan stríðið fram yfir friðinn ef kostur er á því hvoru tveggja? Hvernig í ósköpunum stendur á því að menn leggja sig ekki fram við að reyna að ná hlutunum saman því þetta er stjórnarskrá fiskveiðanna sem hér er verið að tala um, grundvallarplagg fiskveiðanna í þessu landi? Hvernig í ósköpunum má það vera? Ríkisstjórnin er mynduð 8. júlí og það eru skrifuð einhver orð þarna í þennan stjórnarsáttmála sem hv. þm. Karvel Pálmason las upp. En það er ekkert farið að gera í þessu máli fyrr en kemur fram á réttir, september, október, og málið kemur svo ekki inn í þingið fyrr en í jólamánuðinum, í þær miklu annir sem hér eru að öðru leyti. Mér er spurn: Hvað voru menn eiginlega að gaufa? Er þetta enn eitt dæmið um það algjöra verkstjórnarleysi í þessari ríkisstjórn sem er að gera þetta þing svo að segja að viðundri gagnvart þjóðinni þessa dagana? Hvernig í ósköpunum víkur því við að menn leggja ekki vinnu í að ná saman um svona hluti? Hafa fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna eða kvótaandstæðingar í ríkisstjórnarliðinu sagt: Við viljum ekki koma nálægt málinu. Það er nú eitthvað annað. Ég hef ekki heyrt betur en þeir hafi verið að kvarta yfir því að það hafi ekki verið byrjað nægilega snemma á þessu máli, andstæðingar kvótans. Það er ekkert við þá að sakast.

En síðan er komið með þetta frv. enn þá einu sinni á síðustu stundu inn og sagt: Afgreiða, afgreiða, stimpla, stimpla, stimpla, og þegar stjórnarandstaðan talar í málinu, færir rök fyrir sínu máli grenja þeir á sjónvarpsskermunum hver í kapp við annan, leiðtogar stjórnarflokkanna hér í þinginu, væla þar upp skerminn og niður skerminn yfir því að menn skuli tala og gera grein fyrir máli sínu með rökum.

Við höfum, þm. Alþb., flutt einnig brtt. á þskj. 205 við 10. gr. frv. sem snertir smábátana. Það er stundum talað um smábáta rétt eins og þetta séu einhverjir örfáir mér liggur við að segja forréttindamenn í þessu landi, þetta sé eitthvert forstjóragengi aðallega sem rær til fiskjar sér til skemmtunar um helgar. Hvernig ætli þetta sé? Ég hef aflað mér upplýsinga um það, kjördæmi fyrir kjördæmi, hversu margir bátar eru í byggðarlögunum samkvæmt tölum úr félagaskrá Landssambands smábátaeigenda. Þar kemur þetta fram:

Vesturland 254, Vestfirðir 205, Norðurland vestra 91, Norðurland eystra 333, Austurland 280, Suðurland 58, Reykjanes 155, Reykjavík 76. Samtals 1452 bátar. Þá má gera ráð fyrir að á þessum bátum séu 2200–2400 manns. Hér er ekki lítill hópur á ferðinni. Og af hverju í ósköpunum er ekki reynt að setjast niður við að raða þessu vandamáli þannig upp að menn reyni að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu? Er það kannski vegna þess að menn hafi gert upp við sig í eitt skipti fyrir öll að eini maðurinn sem eigi að semja við um þetta mál heiti Kristján Ragnarsson? Svo eru menn að bera fyrir sig sem rök í málinu að þessi stefna eigi að ganga í gegn af því að hagsmunaaðilar vilja það. Ja, þó það nú væri að LÍÚ vilji þetta kerfi. Skárra væri það nú. En eru það einhver rök í málinu? Auðvitað engin. Auðvitað eru það ekki nokkur einustu rök þó að LÍÚ vilji hafa þetta kerfi og gæti ég kannski seinna í

umræðunni lesið upp dálítinn kafla úr Jóni Baldvini Hannibalssyni um lýðræðið í LÍÚ og ég geri það sennilega seinna ef þörf krefur í þessari umræðu.

En það er svo undarlegt að þegar kemur að þessum smábátamálum líka má ekki reyna að ná víðtæku samkomulagi. Nei, það á með þessari þurrafrekju að nudda málinu hér í gegn, menn séu hér í ræðustólum helst á nóttunni, en þannig hefur það verið öll árin sem þessi mál hafa verið til meðferðar. Það er kannski ekki von á góðu þegar það er í skjóli náttmyrkurs sem verið er að nudda þessu í gegnum löggjafarsamkomuna. Þannig hefur það verið ár eftir ár og þó að menn viti um þennan mikla ágreining úti í þjóðfélaginu er það ekki þannig að menn setjist niður og segi: Við skulum reyna að semja, við skulum reyna að ná samkomulagi og skoða málin. — Nei, nei, nei. Á síðustu stundu er komið með málin inn á þessa virðulegu stofnun.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að margar af þeim till. sem hv. þm. Karvel Pálmason flytur hér eru þannig að ég get ákaflega vel hugsað mér að styðja þær. Ég vil nefna eina till. alveg sérstaklega frá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Það er 7. brtt. sem er svona, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskistofna að loknum gildistíma laga þessara. Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni í veiðum.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru á reynslu annarra þjóða af fiskveiðistjórn þeirra. Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum innan lands sem utan sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar."

Flm. till., hv. þm. Karvel Pálmason 3. þm. Vestf., segir: Ja, þetta er stjórnarstefnan. Þetta er það sem stendur í stjórnarsáttmálanum. Hv. þm. er m.ö.o. svo vinsamlegur við ríkisstjórnina að hann leggur til að kafli úr stjórnarsáttmálanum verði tekinn í lög. Svo eru menn að saka þennan alþýðuflokksmann um óbilgirni. Hann leggur til að kafli úr stjórnarsáttmálanum verði tekinn í lög. Og nú bíðum við eftir því, hinir þm., hver afdrif þessarar till. verða. Fellir meiri hl. stjórnarsáttmálann hér? Verður það niðurstaðan að meiri hl. Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í þessari virðulegu deild felli stjórnarsáttmálann? Þá tekur nú steininn úr ef við stæðum allt í einu frammi fyrir því að við þm. stjórnarandstöðunnar styddum stjórnarsáttmálann en þm. stjórnarliðsins greiddu atkvæði á móti stjórnarsáttmálanum. Ja, það er von að menn setji á langar ræður um virðingu Alþingis og samkvæmni. En það virðist allt benda til þess að niðurstaðan verði þessi, hún verði algjörlega á haus.

Ég held satt að segja að þetta sé enn eitt dæmið líka um það hvaða — orðið frekja datt mér í hug en það er ekki nógu gott — tillitsleysi er hér uppi hjá meiri hlutanum. Þvergirðingsháttur er kannski réttasta orðið. Það gengur svo langt einstefnan að það má ekki einu sinni samþykkja það sem er í stjórnarsáttmálanum. Ég hygg satt að segja að þessi samlíking við björhestana sem ég tók fyrr í ræðu minni eigi óvíða betur við en í sambandi við þetta. Menn eru svo gjörsamlega sannfærðir um að það verði að fella allar till., setja þær í grjótmulningsvélina, fella allar till. og valtra yfir allar till., að þegar það kemur jafnvel að því að það eru till. uppi um að lögfesta þeirra eigin orð eru þeir á móti því líka. Svo eru menn í þessari virðulegu stofnun að biðja um að stjórnarandstaðan greiði fyrir meðferð mála þegar framkoman er með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Það er ekki hægt að fara fram á það við þessar aðstæður. Ef allt væri með felldu og stjórnarflokkarnir klofnir að endilöngu í þessu máli mundu menn reyna að ná samkomulagi í tæka tíð og byrja á því á miðju sumri og koma hérna með málið um leið og þing byrjaði. Nei, nei, nei. Öllu slíku er hafnað. Og það verð ég að segja að það eru forundarleg vinnubrögð.

Það væri kannski ekki úr vegi að spyrja hv. þm. Sjálfstfl. sem hér eru: Hvernig samræmist það kenningunum um frelsi einstaklingsins og framtak að standa að þessu plaggi? Ég skora á þessa hv. þm., Guðmund H. Garðarsson og Eyjólf Konráð Jónsson og aðra mæta menn hér, Halldór Blöndal, að koma hér og gera grein fyrir því hvernig þetta gengur upp. Það hefur verið talað um það mikið af þessum mönnum, sjálfstæðisflokksmönnum, að SÍS-valdið í landinu væri allt að drepa. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**GHG:** Það á eftir að koma í ljós.) SÍS-valdið væri hér allt að drepa og allt að beygja undir sig. Þeir skrifa ekki svo kosningagreinar og halda ekki svo kosningaræður að ekki sé talað um að SÍS og SÍS og SÍS sé að snúa hér alla niður, það sé ekki hægt að snúa sér við hér í landinu fyrir SÍS. Og þeir skrifa helst um það greinar rétt fyrir kosningar að þeir ætli að vera harðir í baráttunni gegn krumlu framsóknar og SÍS-valdsins. Þeir skrifa gjarnan leiðara, jafnvel í Morgunblaðið og kosningablöðin, um að þetta kerfi, kvótakerfið, sé alveg rakið SÍS- og framsóknarkerfi úr verstu skúffu, halda fundi allt í kringum landið, þingmálafundi í öllum kjördæmum, Norðurlandi vestra og guð má vita hvað, og segja: Burt með SÍS-kerfið, niður með SÍS-kerfið, snúum niður SÍS-kerfið. En þeir eru ekki fyrr sestir inn í þingið en það er eins og þeir væru komnir í vinnu hjá kaupfélögunum. Og hæstv. sjútvrh., lengi endurskoðandi SÍS, stjórnar þeim gjörsamlega eins og brúðum. Ég verð ekki var við að þeir hafi nokkra einustu sjálfstæða skoðun, þessir menn. Ég hef ekki

frétt af því, en þeir hafa það rétt fyrir kosningar. Þá hafa þeir gríðarlega sjálfstæðar skoðanir, geysilega sjálfstæða skoðun og styðja frelsið á móti höftunum. En um leið og búið er að kjósa þá inn í þingið eru þeir búnir að gleyma þessu alveg gjörsamlega.

Er nema von að spurt sé: Hvernig í ósköpunum ætlast menn svo til þess að það sé tekið mark á þeim eftir þessa endalausu kollhnísa út og suður? Það er ekki minnsta samræmi milli orða og athafna hjá þessum snillingum, því miður. Það er ekki bara í þessu máli, það er líka í þessum skattamálum sem verið er að hvolfa yfir þjóðina þessa dagana, 8750 millj. kr. í skatta, takk. Þm. Sjálfstfl. eru hér á harðahlaupum að afgreiða þetta eins og ekkert sé, flokkurinn sem ætlar að stuðla að því að atvinnuvegirnir hafi sem mest svigrúm og ríkið þenji sig ekki allt of mikið út og leggi ekki „kalda krumlu" sína yfir athafnafrelsi einstaklingsins. En það er ekki nóg með að þeir séu óðara búnir að samþykkja þetta kerfi, fiskveiðikerfið, um leið og þeir eru komnir inn í þingið, heldur samþykkja þeir líka að leggja meiri skatta á landsmenn en nokkur dæmi eru til um. Það væri fróðlegt að þeir rifjuðu upp hvernig hinir djarfhuga athafnamenn og snillingar ætla sér að blómstra í þessu kerfi, sem þeir kalla SÍS-kerfið fyrir kosningar, skattlagðir svo rosalega að það eru engin dæmi um annað eins. M.a.s. okkur, sem tölum fyrir vinstri flokkana, sem erum heldur skattaglaðir, ofbýður og er þá langt gengið. Hvernig ætla þeir að rökstyðja þetta, þessir menn? Hvernig ætla þeir að ganga fyrir kjósendur og segja: Góðan daginn, ég er á móti þessu skömmtunarkerfi, þegar þeir eru búnir að styðja það með atkvæði sínu? Hvernig ætla þeir að ganga fram fyrir kjósendur fyrir næstu kosningar og segja: Heyrðu, við erum á móti skattlagningu, skattpíningu vinstri stefnunnar, þegar þeir eru sjálfir búnir að samþykkja mestu skatta sem um getur í Íslandssögunni? Það dugir ekkert fyrir menn að vera að hrista sig aðeins út af einhverju einu og einu vörugjaldsfrv., eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar eftir sem áður. Hann ber ábyrgð á þessu liði og stefnunni og hv. þm. Egill Jónsson líka. Hv. þm. Egill Jónsson ber líka ábyrgð á þeirri landbúnaðarstefnu, (**EgJ:** Já.) sem núna er í framkvæmd, sem hann var að greiða atkvæði á móti hér fyrir nokkrum kvöldum, aðeins til að friðþægja sjálfum sér, til að geta sagt við kjósendur á Austurlandi næst þegar hann kemur austur: Ja, ég var á móti þessari skerðingu landbúnaðarins, ég var á móti henni. Ykkur er alveg óhætt að treysta mér í hagsmunamálum landbúnaðarins. Ég stend alltaf með ykkur. (**EgJ:** Hvernig greiddir þú atkvæði?) En svo stendur hann ævinlega með (**EgJ:** Og Alþb.?) ríkisstjórninni þegar á á að herða. Þessi tvöfeldni og margfeldni hjá íhaldinu er auðvitað alveg yfirgengileg og staðreyndin er sú að íhaldið kæmist ekki upp með þessa tvöfeldni og margfeldni nema af einni ástæðu. Hver er hún? Þeir eiga stærsta blað landsins sem er breitt eins og teppi yfir vitleysurnar sem þeir hafa gert þannig að menn gleymi þeim sem fyrst og þeir geti enn á ný gengið fram fyrir kjósendur og sagt: Við erum vinir bænda, við erum vinir sjómanna, við erum á móti millifærslu, við erum á móti höftum og við viljum ekki skattlagningu. Mogginn hefur lengi verið hryggsúlan í Sjálfstfl. og er það enn og bjargar þeim inn á þing sem enn þá sitja þar þó þeir skilji það fæstir. Ég veit að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skilur það. (**GHG:** Það er gott.)

Nei, virðulegur forseti. Hér er komið að kjarnanum í íslenskum stjórnmálum, þ.e. hvaða samræmi er á milli orða og athafna. Verslunarráð Íslands gaf út bók fyrir fáeinum árum sem hét „Frá orðum til athafna" og ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar framkvæmdi þá stefnu, sem var skrifuð upp í þeirri bók, alveg lið fyrir lið. Það er óravegur frá orðum frambjóðenda Sjálfstfl. og Alþfl. fyrir síðustu kosningar til þeirra athafna sem þeir eru núna að framkvæma. Af hverju buðu þeir sig ekki bara fram í nafni Framsfl.? Af hverju að vera að breiða yfir nafn og númer og þykjast vera kratar og þykjast vera þetta og þykjast vera hitt? Af hverju buðu þeir sig ekki fram fyrir Framsfl.? Þeir eru að framkvæma nákvæmlega þá stefnu í þessu máli sem Framsfl. er búinn að panta. Það er óskaplega óviðkunnanlegt þegar menn í pólitík haga sér eins og sjóræningjaskip, mála yfir einkennisstafina og þykjast vera eitthvað allt annað en þeir eru til að sækja atkvæði til fólks. Ég mun hins vegar gera það sem ég get til að rifja upp fyrir kjósendum fyrir næstu kosningar, hvenær sem þær verða, verða sennilega fljótlega ef að líkum lætur eftir samkomulaginu á stjórnarheimilinu, hvaða tvöfeldni og margfeldni hefur ríkt í afstöðu þessara manna miðað við það sem þeir sögðu fyrir síðustu kosningar. Það er satt að segja svo ofboðslegt að það er engu lagi líkt.

Hins vegar veit ég að þessum mætu mönnum, hv. 8. þm. Reykv. og hv. 14. þm. Reykv., líður ekki vel undir þessu og þeir eiga kost, þeir eiga enn þá möguleika á því að snúa við blaðinu, gjörbreyta stöðu sinni í stjórnmálum íslensku þjóðarinnar. Þeir eiga kost á því að reisa sig og sýna að þeir eru sjálfstæðir einstaklingar en ekki í vinnu hjá Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. ráðherra, að þeir eru sjálfstæðir einstaklingar sem byggja á tilteknum pólitískum grundvallaratriðum, þeir eru ekki eins og vélbrúður í höndunum á hæstv. sjútvrh., þeir hafa sjálfstæðar skoðanir. Og hugsið þið ykkur nú, hæstv. forseti, ef það gerðist að þessir menn segðu núna: Hingað og ekki lengra. Í samræmi við það sem ég sagði fyrir kosningarnar í vor læt ég ekki bjóða mér þetta hér. (**GHG:** En lendum við þá bara ekki í einni sæng?) Ja, það er nefnilega það, hv. þm. Þetta var út af fyrir sig athyglisverð hugmynd sem er full ástæða til að ræða og ég heyri og sé á svipnum á hv. þm. að honum líkar tilhugsunin vel. Hann er þreyttur á framsóknarfaðmlögunum svona lengi og það er eðlilegt. Það er einmitt það sem hv. þm. gætu gert. Þeir taka að vísu þá áhættu að framsókn vilji ekki vera með þeim lengur í stjórn. Framsókn leggur þetta

alveg að jöfnu við grundvallarstefnu sína, kvótakerfið. Kvótakerfið fyrir framsókn er orðið eins og samvinnustefnan og samvinnuhugsjónin var einu sinni. Benedikt á Auðnum er mættur hér að mati framsóknarmanna, frumkvöðullinn, Jónas frá Hriflu og allir heilagir menn Framsfl. fyrr og síðar. Það er kvótakerfið, kvótakerfið, það er hrygglengjan í framsókn, hryggsúlan, flaggið. (**NL:** Og hefur staðið.) Hefur staðið. Það er rétt hjá hv. varaþm. Steingríms Hermannssonar sem situr á móti mér og er boðinn alveg sérstaklega velkominn í þessa deild. Það er nefnilega nákvæmlega rétt sem hv. þm. segir. Það hefur alltaf staðið. Þeir hv. þm. Sjálfstfl. hafa sagt aftur og aftur: *Við látum sjútvrh. ekki bjóða okkur þetta aftur. Við samþykkjum ekki nema eitt ár,* segja þeir. *Við samþykkjum ekki nema tvö ár. Hvar eru þeir núna? Hvað er það nú? Eru það ekki þrjú?* Og svo koma kratarnir og segja: *Við samþykkjum aldrei þessa endileysu,* og segjast hafa breytt einhverju og niðurstaðan er sú að þeir ákveða að það verður sett á nefnd. Það er breytingin hjá þeim. En þetta stendur, það er rétt. En ég er ekki viss um að þetta sé hollt fyrir Framsfl. hins vegar, að þetta sé hans eina stjórnmálastefna, kvótinn. Það er þeirra mál en ekki mitt. (**EgJ:** Þeir hafa nú skoðanir á ýmsu.) *En það er rétt sem hv. þm. Egill Jónsson* segir. Þeir hafa skoðanir á ýmsu. En aðallega hafa framsóknarmenn þann hæfileika að þeir hafa ýmsar skoðanir jafnvel á sömu hlutunum. Þannig eru framsóknarmenn oft snjallari en aðrir stjórnmálamenn. Ég hef tekið eftir því með formann Framsfl., minn ágæta vin Steingrím Hermannsson, sem þykir sérstaklega vænt um mig eins og kunnugt er, að hann hefur iðulega a.m.k. tvær skoðanir á máli í sömu setningunni. Það var stundum sagt um Gylfa Þ. Gíslason að hann skipti um skoðanir mánaðarlega, en Steingrímur Hermannsson, hæstv. utanrrh. hefur *náð algerri fullkomnun í þessu. Hann hefur alveg* harðákveðnar skoðanir á þessu máli í upphafi málsgreinar, en í aukasetningunni í lokin tekur hann það allt til baka aftur. Og ef hann er svo spurður að því hvort þetta sé ekki mikill hringlandaháttur og hvort þetta sé ekki hæpið og hvor skoðunin sé ofan á segir *hann einfaldlega eins og hann sagði við mig í* fyrradag: Ég stend við þetta allt saman. Þó það sé algerlega þversum, hundrað prósent, alveg hornrétt hvert á móti öðru. Þannig eru þeir framsóknarmenn að mörgu leyti merkileg pólitísk eintök og hafa snúið sér með athyglisverðum hætti út úr pólitískum vandamálum eins og framsóknarmenn núna. Nú eru þeir allt í einu á móti raunvaxtaokrinu. Formaður Framsfl. rís upp og segist vera á móti raunvaxtaokrinu og kemur þar með raunvaxtaokrinu alveg gjörsamlega yfir á Sjálfstfl. og Alþfl. og þeir geta enga björg sér veitt. Þeir eru með raunvaxtaokrinu. Svo er hæstv. utanrrh. líka að brydda upp á ýmsum nýjum athyglisverðum og skemmtilegum og jákvæðum hlutum í utanríkismálum vegna þess að hann finnur að það á við.

Þannig er Framsfl. undarlegt eintak og aldrei að vita hvar hann kemur upp. Það er sagt frá því í þjóðsögum að það var skepna sem ævinlega var barin niður í Fróðárhreppi aftur og aftur og hún kom alltaf upp aftur, reisti upp hausinn. Eins er það með framsókn. Hún rífur sig upp og ómögulegt að segja hvar hún kemur upp í dag. Þó hún hafi verið barin niður hér í dag kemur hún upp einhvers staðar annars staðar á morgun. Á þessu vara þeir sig ekki, þessir snillingar sem eru með þeim í ríkisstjórn, hvorki hv. þm. Sjálfstfl. nú né heldur ég. Ég var með þessum mönnum í ríkisstjórn í mörg ár. Það er einhver fróðlegasti kafli ævi minnar og ég er staðráðinn í því að skrifa um það endurminningar þegar *kemur fram á næstu öld og ég kemst á virðulegan* ellilífeyrisaldur, skrifa um reynslu mína af framsóknarmönnum. Það er alveg sérstaklega fróðleg lífsreynsla. (Gripið fram í.) Það er skynsamlegt, hv. þm., og brýnt innlegg eins og fleira í fiskveiðistefnuna.

Virðulegi forseti. Ég tel að miðað við allar aðstæður núna væri langskynsamlegast að það væri gert hlé á fundum deildarinnar, umræðum yrði frestað og menn kæmu að umræðu hressir og endurnærðir aftur á morgun til að fjalla um þetta mikilvæga mál því það gerir ekki neitt þó þetta dragist *smávegis. Það er enginn héraðsbrestur uppi þó það* verði hinkrað með þetta mál eins og fram á 5., 6., 7. janúar, skiptir ekki nokkru einasta máli. Það verður að vísu þannig að það verður reglugerðarlaust í sambandi við þetta mál í fimm eða sjö daga rétt eins og það var í 1000 ár fyrir 1983. Það gerist ekkert *voðalegt að öðru leyti. Ég veit að stjórnlyndum* mönnum mun líða illa að vera reglugerðarlausir í heila fimm daga, ég tala nú ekki um sjö, en það er ekki þar með sagt að við hin þurfum endilega að hlíta því. Ég er reyndar sannfærður um, virðulegur forseti, að það hefði verið hægt að ná samkomulagi í *þinginu um þetta mál, allsherjar samkomulagi allra* flokka nema Framsfl. Framsfl. er eini flokkurinn sem hangir á þessu frv. og því öllu eins og hundur á roði, eins og steinbítur í borðstokki ef menn vilja það frekar. Aðrir flokkar eru örugglega tilbúnir til þess og geta náð samstöðu. Ég er sannfærður um það. Ég tala t.d. þá út frá því sem hér hafa mælt í kvöld og fyrr fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna. Ég tala út frá því sem ég veit um ástandið í Alþfl. Ég tala út frá því sem ég heyri af einstökum talsmönnum Sjálfstfl. Ég er algerlega sannfærður um að það væri hægt að ná þarna samstöðu, en Framsfl. hefur gert þetta að sínu grundvallaratriði, sínu kommúnistaávarpi. (**SvH:** Þá er ekki von á góðu.) Ég held að það væri ráð að þeir hv. neðrideildarmenn, sem eru af og til að koma, fengju sér sæti þannig að það væri hægt að ræða við þá. Ég teldi eðlilegt að við byðum þá sérstaklega velkomna í þetta herbergi því að hér er gott að vera og hér er margt talað sem skiptir miklu máli. En það sem ég átti við, hv. þm. Sverrir Hermannsson, var að Framsfl. hefur gert þetta kvótamál eins og að sinni grundvallarstefnu þar sem má ekki hvika frá einum

einasta bókstaf. Framsfl. er þannig orthodox kvótaflokkur orðinn, hreintrúar kvótaflokkur. Það má ekki draga kenninguna í efa, hina heilögu kenningu kvótans, hún er hið rétta. Páfinn situr á Lindargötu, hæstv. sjútvrh., og þá er ég að vitna í hæstv. fjmrh., hæstráðandi til sjós. Og þið, þm. Sjálfstfl., eruð eins og atvinnumaskínur. Í hvert skipti sem hæstv. sjútvrh. ýtir á hnapp kemur hægri höndin upp rétt eins og þið hefðuð aldrei nokkurn tímann látið ykkur detta í hug að gagnrýna Framsfl. (**SvH:** Það er dálítið til í þessu.) Ja, hann er ekki dauður úr öllum æðum sem betur fer. Ég spurði að því áðan af hverju í ósköpunum þið buðuð ekki bara fram í nafni Framsfl. í síðustu kosningum? Af hverju voruð þið að þessu „veseni"?

Virðulegi forseti. Ég skora á stjórnarliðið og forseta þessarar deildar að sýna nú þingheimi og þingdeildinni sanngirni. Hér er búin að vera umræða um þessi mál síðan kl. 10 í morgun. Nú er vel starfað orðið, í 12 klst. rúmar. Skynsamlegt væri nú að fresta málinu. (**JE:** Viltu þá fá vinnulöggjöf?) Hún hefur aldrei gilt í þessu húsi. Skynsamlegt væri að fresta málinu og byrja svo aftur að ræða þetta mál í fyrramálið. Það liggur ekkert á. Ég vil beina því til forustu stjórnarliðsins í þessari virðulegu deild að hún kanni hvort ekki er hæst að fresta þessu máli þannig að menn geti farið til síns heima, safnað kröftum og hafið störf að nýju í býtið ef vill í fyrramálið til þess að það sé hægt að ljúka fundi á morgun á skikkanlegum tíma því það er meiningin að vera hérna á milli hátíðanna, jóla og nýárs, og svo strax eftir áramót að mér skilst. (**GA:** Veðrið er að versna.) Veðrið er að versna, segir hv. 6. þm. Reykv. sem hefur sjálfsagt hlýtt á veðurfregnir sem ég hef misst af vegna skyldustarfa minna í þessum ræðustól. — Ég hygg að það væri langeðlilegast að hinkra með þetta mál. Það liggur ekkert á. Og það eru engin rök komin fram um að það liggi neitt á þessu máli. Hæstv. ráðherrar hafa sagt í útvarpi og sjónvarpi síðustu dagana: Við skulum bara taka okkur tíma. Við skulum gera það. Þetta er mikilvægt mál og eðlilegt að ræða það rækilega.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég held að ég geti fullyrt að erindi mitt hingað verður ekki til þess að lengja mjög fund þessarar virðulegu deildar. (**SkA:** Það er aldrei að vita til hvers getur leitt þín umræða, Egill.) Það sem mér er efst í huga er C-liður 2. gr. brtt. Að því er varðar B-liðinn, þetta á við smábátana eins og menn gjarnan vita, þá er alveg augljóst hvað þar er átt við að því er varðar línuveiðarnar. Ég held að það dyljist engum, sem les þessar brtt., að þar er að sjálfsögðu átt við frjálsar veiðar að öðru leyti en því að banndagakerfi er þar í gildi og er reyndar banndögum fjölgað frá þeim reglum sem nú eru í gildi. Það má vera að í þeim efnum sé gengið heldur langt til að torvelda veiðar þessa flota. En það er alla vega kostur við B-liðinn að hann er alveg skýr. Menn sjá alveg hvað við er átt.

Ég vil biðja hv. frsm. meiri hl. að hlýða á mál mitt því ég á von á því að hann gefi mér þá síðar við þessa umræðu nánari skýringar og það tel ég vera mikilvægt ekki síst vegna þess að C-liðurinn fjallar í rauninni um reglugerðarákvæði og það er afar þýðingarmikið að það sé skýr túlkun á slíku ákvæði ef það fer í gegnum þingið án þess að kveðið verði skýrar á.

Með leyfi forseta hefst C-liður 2. gr. þannig: „Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu."

Þá er spurningin: Hvers vegna er ekki kveðið hér skýrara á um? Ef á að úthluta veiðileyfum með tilliti til stærðar bátanna má þó engan veginn minna vera en að það sé skýrt hér með nákvæmum hætti hvað nefndin á við í þessum efnum. Og alveg með sama hætti, þar sem hér er talað um veiðireynslu, verður heldur ekki komist hjá því að spyrja mjög grannt um hvað er átt við með þessu orðalagi.

Nú vita menn kannski líka að það eru mjög misjafnar ástæður í þessum flota. Sumar þessar útgerðir hafa um margra ára skeið stundað netaveiðar, en aðrir um skemmri tíma. Ef við tökum dæmi og hugsum okkur t.d. að það væri tveggja eða þriggja ára viðmiðun hlýtur að verða að tala skýrt út um með hvaða hætti á að ákveða kvóta þeirra báta sem ekki hafa slíka aflareynslu.

Ég tel að í heild sinni hafi meiri hl. nefndarinnar náð verulegum árangri í þessari umfjöllun í deildinni. Það er að vísu ókostur að tími skuli ekki hafa verið rýmri til að fjalla um þetta mál. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að það verður betra næði fyrir Nd. að starfa að þessum málum og annað eins hefur hent eins og að það þyrfti eitthvað að lagfæra á milli deilda.

Ég legg hins vegar á það áherslu á þessu stigi málsins að hv. frsm. meiri hl. skýri C-liðinn sem allra greinilegast því að eins og hann er orðaður þarna felur hann í rauninni ekkert annað í sér en heimild til ráðherra til að setja reglugerð um aflamörk þeirra báta sem stunda netaveiðar. Það er ekki forsvaranlegt að ekki komi fram nákvæmar skýringar um hvernig menn hugsa sér að slíkar heimildir verði fundnar.

Júlíus Sólnes (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var staddur þar í máli mínu áður en fundi var frestað fyrir kvöldmat að ég var að lesa upp, með leyfi virðulegs forseta, úr grg. forsvarsmanna þriggja skipa sem fórust á árunum 1983 og 1984 og baráttu þeirra við kerfið um að fá leiðréttingu sinna mála. Ég ætla að halda því áfram, með leyfi virðulegs forseta, og klára þennan lestur. Ég hef þá lesturinn þar sem segir frá Kára VE: „Kári VE var sigldur niður í apríl 1984. Skv. 2. málsgr. 3. gr. reglugerðar nr. 44/1984 segir að skip sem komi í

stað þeirra skipa sem hverfa úr rekstri eigi rétt á veiðiheimild. En af hverju nýtti rétthafi þessarar veiðiheimildar sér hana ekki? Þar er að nokkru það sama uppi á teningnum og varðandi eigendur Brimness og Ragnars Ben, þ.e. bann við innflutningi á fiskiskipum sem var formlega í gildi til 1. ágúst 1984 og eftir að því var aflétt var Fiskveiðasjóður lokaður. Með lögum nr. 118/1984 var kvótakerfið framlengt um eitt ár og ráðherra veittar hliðstæðar heimildir og í lögum nr. 82/1983 sem áður hefur verið greint frá og á grundvelli þeirrar heimildar voru í 3. gr. reglugerðar nr. 1 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, settar þær reglur að einungis gætu fengið veiðileyfi 1985 þau skip sem veiðileyfi höfðu 1984 (sem Kári VE hafði) og ekki höfðu horfið varanlega úr rekstri. Enn fremur ný og nýkeypt skip hafi kaupin verið gerð fyrir 31. des. 1983, svo og skip er kæmu í stað skipa sem hyrfu úr rekstri 1985.

Þannig var veiðileyfi skips sem kæmi í stað Kára VE þurrkað út með reglugerðinni. Með núgildandi lögum nr. 97 1985, um stjórn fiskveiða 1986 og 1987, er miðað við að einungis fái veiðileyfi þau skip sem veiðileyfi höfðu árið 1985. Það er mikil meginregla, sem kom fram í reglugerð nr. 44 1984, reglugerð nr. 1 1985 og fram kemur í 3. gr. laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986 og 1987, og 4. gr. frv. til laga um stjórn fiskveiða 1988–1991, að í stað skipa sem farast megi koma önnur í staðinn er fái sömu veiðiheimildir og það skip er fórst.

Þeir einstaklingar sem hér leita ásjár alþm. eru allir skipstjórar sem af slysförum misstu skip er þeir voru með í fullum rekstri og áttu því rétt á að endurnýja skipin. Vegna þeirra atvika sem að framan er lýst var þeim það ómögulegt á þeim skamma tíma sem þeim var ætlaður í reglugerðum. Vegna þessa hefur orðið veruleg röskun á högum þeirra. Það má með réttu segja að þeir hafi orðið fyrir barðinu á kerfinu án þess að kerfinu hafi verið ætlað það markmið. Eini raunhæfi möguleiki þessara manna er að Alþingi rétti hlut þeirra."

Þetta lýsir mjög vel þessu ómanneskjulega kerfi. Þegar einstaklingar verða fyrir barðinu á kerfinu, eins og hér kemur fram, mæta þeir járnköldum vegg. Kerfið á engar mannlegar tilfinningar til. Það kemur best fram með svari sjútvrn. sem ég ætla að fá að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytinu hafa borist þrjú bréf yðar, dags. 19. október og 20. október 1987, varðandi mb. Brimnes SH 257 og fleiri mál. Varðandi óskir yðar um að úthlutað verði veiðiheimildum til nýs skips í stað mb. Brimness SH 257 vill ráðuneytið taka fram að skv. 3. gr. laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986 til 1987, er aðeins heimilt að veita þeim skipum veiðileyfi sem slíkt leyfi fengu á árunum 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri. Samkvæmt skráningu Siglingamálastofnunarinnar brann og sökk mb. Brimnes SH 257 3. sept. 1983. Að ofangreindu athuguðu telur ráðuneytið ekki samrýmast ákvæðum 3. gr. laga nr. 97/1985 að veita umbeðið leyfi og hafnar því erindinu.

Varðandi það erindi að ráðuneytið láti yður í té afrit af bréfum varðandi kvótaúthlutun til útgerðar mb. Brimness SH 257 vill ráðuneytið taka fram að öll bréf, sem varða úthlutun á kvótum til einstakra skipa, eru send eigendum þeirra. Því munuð þér hafa undir höndum öll þau bréf sem varða kvótaúthlutun mb. Brimness SH 257.

Í þriðja bréfi yðar er óskað eftir skýringum vegna breytinga á úthlutuðum kvótum nokkurra tilgreindra skipa. Að þessum tíu tilvikum athuguðum virðist ráðuneytinu að hér sé um alls óskyld og óviðkomandi mál að ræða er varða útgerðir sem á engan hátt virðast tengjast mb. Brimnesi SH 257. Ráðuneytið sér því ekki ástæðu til að fjalla um þær óskir frekar."

Þetta lýsir mjög vel hvernig ráðuneytið, hvernig innisetumennirnir líta á mál útgerðarinnar og sjómannanna í heild. Ég held að þetta lýsi betur en önnur orð fá lýst hver er afstaða ráðuneytisins til allra þessara mála.

Í brtt., sem hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason hefur lagt fram við frv. til laga um stjórn fiskveiða 1988–1991, segir m.a. svo í brtt. 1 á þskj. 392:

„Þá skulu þau skip er koma í stað skipa er fórust á árunum 1983–1984 og ekki hafa verið endurnýjuð eiga rétt á veiðleyfi sem sé meðaltal aflamagns skipa í sama stærðarflokki. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. des. 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987."

Þessa brtt. munum við þm. Borgarafl. í Ed. styðja heils hugar og verði hún felld í lok 2. umr. munum við áskilja okkur rétt til að leggja fram aðra brtt., væntanlega brtt. sem gangi eilítið skemmra en þessi, til að freista þess að a.m.k. hv. þm. hér í hv. deild séu manneskjulegri en ráðuneytið og innisetumennirnir sem stjórna fiskveiðum landsmanna.

Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, sem var gefin út skömmu eftir stjórnarmyndunina 8. júlí í sumar sem leið, segir svo um sjávarútveg, með leyfi virðulegs forseta:

„Fiskveiðistefnan verður tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Endurskoðunin verður falin sérstakri nefnd sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks, og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða: Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip. Hvernig megi taka meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi." — Ég endurtek þetta: „auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda á milli aðila, hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda."

Það frv. til laga um stjórn fiskveiða, sem hér hefur verið lagt fram, uppfyllir kannski að hluta til þau markmið sem hér hafa verið sett fram, a.m.k. stendur ekki hversu lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda, þannig að ég get ekki ásakað hæstv. ráðherra fyrir að hann hafi ákveðið að leggja frv. fram með gildistímann fjögur ár. Það er út af fyrir sig ekkert í ósamræmi við þau markmið sem koma fram í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar frá því í sumar. En ég er ekki í nokkrum vafa um að það frv. til laga sem hér er til umfjöllunar í hv. Ed. er í algerri mótsögn við þá setningu sem er í markmiðum ríkisstjórnarinnar: „auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi."

Ég hef milli handanna upplýsingar sem voru til umræðu í þeirri ráðgjafarnefnd sem er vitnað til í þeirri stefnuskrá sem ég var að lesa upp úr áðan. Þar koma fram upplýsingar og hugmyndir um hámarksafla nokkurra botnfisktegunda fyrir árið 1988. Þar er talað um að af þorski megi veiða 300 þús. lestir, ýsu 65 þús. lestir, ufsa 80 þús. lestir, karfa 90 þús. lestir og grálúðu 30 þús. lestir. Ef fylgt væri þeirri fiskveiðistefnu sem við borgaraflokksmenn mundum kjósa að væri tekin upp í staðinn fyrir þetta margumrædda kvótakerfi mundum við vilja segja sem svo: Gott og vel. Þetta eru þær hugmyndir sem fiskifræðingar, þ.e. Hafrannsóknastofnun, og væntanlega útgerðarmenn og sjómenn því þeir hafa átt sína fulltrúa í ráðgjafarnefndinni, hafa orðið ásáttir um að skuli vera hámarksafli fyrir árið 1988. Og ég mundi síðan segja: Væri nokkuð á móti því að skipta þessum hámarksafla niður á tímabil þar sem væri tekið mið af því hvernig ástand fiskstofna er breytilegt yfir árið? Við skulum taka sem dæmi að það mætti hugsanlega veiða hluta af þessum 300 þús. þorsklestum fyrstu þrjá mánuði ársins, hafa ef til vill meiri hlutann þar, draga úr veiðum aftur næsta ársfjórðung og svo fram eftir götunum og sama mætti gilda um hinar botnfisktegundirnar. Síðan væri mönnum gefin heimild til þess að sækja þennan afla frjálst. Að sjálfsögðu yrði að hafa þá friðunardaga sem eru nauðsynlegir og sérstaklega friða svæði þegar verður vart við mikinn ungfisk og eins friða svæði þar sem hrygningarfiskurinn gerir vart við sig. Það mætti vel hugsa sér það að slíkir friðunardagar væru mismunandi eftir landshlutum til þess að koma til móts við sérstakar aðstæður í þeim. Það væri vel hægt að hugsa sér það að beita slíkum ákvæðum, að haga friðunardögum og lokun svæða breytilega eftir landshlutum til þess að ná samræmingu og til þess að tryggja það að allir landshlutarnir standi sem jafnast að vígi. Þetta kerfi mundi um leið takmarka sjálfkrafa þann skipastól sem þyrfti til þess að ná þessum afla því að ég fer ekki að ímynda mér það að menn hafi áhuga á því að gera út ef þeir ná ekki nægum afla til þess að útgerðin borgi sig. Slík útgerð mun þá væntanlega leggja upp laupana og skipin seld. Þeir sem kunna að gera út gera þá út, þeir sem kunna það ekki, skussarnir, hætta þá.

Við gerum okkur það ljóst að við munum ekki fá því áorkað að gerbreyta frv. einir sér, til þess höfum við ekki nægilegan þingstyrk þó að við eigum marga bandamenn hér, bæði í öðrum stjórnarandstöðuflokkum og marga þm. úr liði stjórnarflokkanna, og verðum að sætta okkur við það að það besta sem við náum fram hér á þessum síðustu dögum fyrir hátíðarnar sé að það takist að bjarga í horn, að það takist að fá fram einhverjar skynsamlegar breytingar á því ómanneskjulega kerfi sem er verið að staðfesta með frv. hæstv. ráðherrans og ég vona að sem flestir þm. reyni að taka höndum saman og gera a.m.k. þær bragarbætur á frv. að við fáum lifað við það næsta árið. Ég vona fyrst og fremst að það náist breitt samkomulag um það að gildistíminn verði alls ekki lengri en tvö ár. Við mundum vilja láta gildistímann vera eitt ár og er það í okkar tillögum, en ég geri mér grein fyrir því að það er e.t.v. óskhyggja. Við getum ekki vænst þess að sú tillaga nái fram að ganga.

Mér var sögð ein saga sem kannski sýnir betur en aðrar sögur hvernig komið er með kvótakerfinu. Það var sögð saga af athafnamanni norður í landi sem að vísu var alltaf í fjárhagserfiðleikum. Hann frétti af togara einum hér sunnan lands sem væri til sölu. Hann lagði af stað suður akandi til þess að vita hvort hann gæti ekki keypt togarann en varð að byrja á því að slá fyrir bensíninu því að hann átti ekki fyrir bensíni á bílinn suður. Engu að síður tókst honum að ná góðu samkomulagi við sparisjóðinn á staðnum um að það yrði geymdur fyrir hann tékki svo að hann gæti bæði borgað bensínið á bílinn og keypt togarann. Síðan að sjálfsögðu, um leið og hann var búinn að kaupa togarann og skrifa undir kaupsamning, gat hann selt hluta af viðbótarkvótanum vegna norður-suður línunnar. Nægði það til að borga tékkann sem var geymdur og fyrir útborgun í togarann. Eftir að hafa átt togarann í tvö ár seldi hann togarann og losaði þar einar 60 millj. Flutti hann þá suður í dýrðina hér á höfuðborgarsvæðinu en kvaddi sparisjóðinn sinn með þeim orðum: Ja, það tók mig tvö ár að ná sömu eiginfjárstöðu og það hefur tekið ykkur 110 ár að ná. Þetta er góð lýsing, held ég, á kvótabraskinu.

Að lokum langar mig til að rifja upp söguna af því þegar Grettir barðist við Glám og lagði hann að velli á Þórhallastöðum við munn Forsæludals upp af Vatnsdal. Ég var þar á ferð í sumar og talaði þar við aldna konu sem á heima á bænum Forsæludal. Hún var að benda mér yfir ána á rústirnar af Þórhallastöðum þar sem Glámur var á sínum tíma húsmaður hjá bónda. Skessan í Forsæludal kom þar og drap Glám. Glámur gekk þá aftur, reið þar húsum og var öllum til óþæginda. Endaði síðan með því að Grettir tókst á við drauginn og lagði hann. En eins og menn muna, þeir sem hafa lesið Grettissögu, sagði draugurinn við Gretti, þegar hann var í andarslitrunum, ef hægt er að tala þannig, að hann skyldi hafa fyrir augum sér glyrnurnar sínar það sem eftir væri af ævi hans. Það háði Gretti mjög það sem hann átti eftir ólifað að sjá glyrnurnar í draugnum.

Þessi gamla kona í Forsæludal sagði mér að þegar

væri mjög drungalegt og þungbúið í Forsæludal fyndist henni eins og hún sæi glyrnurnar í draugnum hinum megin árinnar á Þórhallarstöðum. Ég vona það að ég og afkomendur mínir, þegar við horfum út yfir Seltjörnina á Seltjarnarnesi út á Atlantshafið, megum sjá þar glyrnurnar í kvótadraugnum (Gripið fram í.) þegar búið er að leggja hann að velli. Hann mætti mín vegna gjarnan vera í búningi framsóknarmaddömunnar. En ég vona það að við megum sjá glyrnurnar í kvótadraugnum þegar við höfum lagt hann að velli hér á Alþingi.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Hér hafa orðið mjög langar og miklar og ítarlegar umræður í dag um stjórn fiskveiða og hefur víða verið komið við. Mörgu verður auðvitað ekki svarað en samt er tilhlýðilegt og rétt að koma inn á þau atriði sem máli skipta.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að byrja á því að svara hv. 5. þm. Austurl., Agli Jónssyni, varðandi það sem snýr að fsp. hans í sambandi við smábáta.

Ég vil taka það samt strax fram áður en ég gef mitt svar að ég hef verið þeirrar skoðunar að það hefði verið æskilegast og best að smábátarnir hefðu búið við það sem við mundum nefna algjört frelsi en þó með ákveðnum fyrirvara um það að það hefði ekki verið misnotað þannig að menn hefðu notað bæði netaveiðar sem og línu- og handfæraveiðar til þess að ná óeðlilega miklum afla. Ég veit að hv. þm. skilja hvað ég á við því við erum hér að tala um það hvernig á að nýta takmörkuð náttúruauðæfi.

En í sambandi við spurningu Egils Jónssonar vil ég segja þetta. Hann spurði í sambandi við C-lið 2. gr. hvernig ætti að skýra þá grein og hvað nefndin ætti við. Ég vek í fyrsta lagi athygli á því að í meðförum sjútvn. Ed. tókst okkur að breyta frá framlögðu frv. mjög veigamiklu atriði. Frv. gerði ráð fyrir kvóta allra báta, 6 brl. og stærri, hvort sem þeir stunduðu línu-, handfæra- eða netaveiðar. Í brtt. meiri hl. nefndarinnar eru handfærin og línan undanþegin kvóta, gefin frjáls. Þá er ég auðvitað að tala um 10 tonna báta og þar undir, en netin eru enn þá háð kvóta. Þetta er mjög veigamikið atriði og það hafa sagt við mig, því að margir hafa nú rætt við okkur hv. þm. af hálfu smábátaeigenda, fulltrúar þessara aðila að þetta væri mjög veigamikið atriði og hef ég tekið undir það og meiri hl. nefndarinnar og einnig aðrir sem hér hafa komið í ræðustól í dag. Enginn hefur mótmælt því að þetta er veigamikið atriði varðandi smábátana.

Hitt atriðið er hins vegar rétt sem fram kom hjá hv. þm. Agli Jónssyni að C-liður er ekki nægilega skýr. Þessi liður byggist mjög á reglugerð og hvernig hún verður útfærð. Það var rætt um það að í sambandi við þetta mál ættu að gilda tvö bestu ár síðustu þriggja ára. Ég vil segja það sem mína skoðun að mér finnst eðlilegt að hámarkinu sé eitthvað lyft. Ef ég man rétt var í gömlu reglugerðinni gert ráð fyrir 80 smál. Ég fyrir mitt leyti gæti vel hugsað mér 100 smál. Þetta er mín skoðun, en ég set ekki reglugerð. Það er annarra, en hins vegar geri ég mér vonir um það að allt verði gert sem hægt er til þess að tryggja hag og hagsmuni smábáta.

Það er mjög auðvelt að koma hér í ræðustól og flytja ábyrgðarlausar ræður og tala við ágæta menn sem eiga og reka slíka útgerð. Mér dettur það ekki í hug. Ég fór á fund hjá Félagi smábátaútgerðarmanna hér í Reykjavík fyrir viku eða 10 dögum og ef einhverjir eru hér staddir sem voru á þeim fundi og fylgdust með honum var þetta það fyrsta sem ég sagði í upphafi fundar: Ég er ekki kominn hingað til þess að lofa ykkur gulli og grænum skógum. Þetta mál er þess eðlis að það er við marga að semja og það þarf að deila og skipta milli margra aðila og hér eru miklir hagsmunir í húfi. Þess vegna finnst mér það að mörgu leyti ómerkilegt þegar menn eru að vekja upp vonir eða segja að það sé hægt að gera hlutina öðruvísi en framkvæmanlegt er. Hins vegar er okkur öllum frjálst að tjá okkur um það hvað við vildum helst gera og ég vona að sá dagur komi fyrr en síðar að það verði hægt að gefa þessar veiðar frjálsar, sérstaklega veiðar smábáta.

Ein er sú ræða sem hér hefur verið flutt og ég vil segja að mér finnst að hafi verið einhver sú besta af mörgum góðum sem fluttar hafa verið í dag. Það er ræða hv. þm. Svavars Gestssonar, 7. þm. Reykv. Ég verð að segja það að ræðan var mjög snjöll og vel flutt eins og honum er tamt, en fyrir okkur hérna í gamla íhaldinu var hún sérstaklega skemmtileg. Þetta var ástaróður til íhalds og einkaframtaks, þetta var upphafning á borgaralegu frelsi og þetta var upprifjun úr Heimdallarhugsjón okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 8. þm. Reykv., og mín. Þetta yljaði alla vega mér og ég geri ráð fyrir líka Eyjólfi mjög um hjartaræturnar. Það kveður við nokkuð annan tón hjá alþýðubandalagsmönnum núna en hefur gerst í gegnum árin. Allt í einu eru upp sprottnir alþýðubandalagsmenn sem eru upptendraðir í því að verja einkaframtak og frelsi og einkarekstur og er það auðvitað gott fyrir okkur að vita af því. Allt okkar erfiði í gegnum árin í baráttunni við kommúnistana hefur þá borið þann árangur að nú standa þeir upp og tala og flytja lofræður um einkaframtak og frelsi. Ég held að það sé ekki hægt að ná lengra í því en sannfæra menn um það hvernig á að leiða þá af villu þeirra vegar. (Gripið fram í.) Það er stundum sagt í sambandi við áróður að þá hafi menn náð árangri sem ekki ráða sjálfir yfir blöðum eða fjölmiðlum eins og útvarpi eða sjónvarpi þegar ritstjórarnir séu farnir að skrifa með þeim hætti sem menn vilja helst framkalla sínum málstað til stuðnings og er ég auðvitað að ræða það í sambandi við það sem jákvætt er en ekki neikvætt. Ég held að hægt sé að segja það að ræða sem flutt hefur verið á borð við þá ræðu sem hv. þm. Svavar Gestsson flutti einkaframtaki til framdráttar sé hápunkturinn í okkar störfum í sambandi við það að sannfæra menn um ágæti einkaframtaksins, hv.

þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og mín, og Svavar Gestsson hafi kvittað fyrir það starf og þau verk í gegnum árin.

En þegar hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í ræðu *mína frá haustmánuðum, í desember minnir mig*, 1983 get ég sagt hér og nú að ég hef ekki breytt um skoðun í einu einasta atriði, efnislegu, sem fram kom í þeirri ræðu. Mínar hugsjónir eru eftir sem áður *nákvæmlega eins og hafa sama innihald eins og* fram kom í þeirri ræðu á þeim tíma. Þetta var þegar byrjað var að ræða um það hvort menn skyldu setja kvóta. Þá varð verulegur ágreiningur um það, ekki endilega út af fyrir sig það að við kynnum að neyðast til þess að setja kvóta, heldur um það hvernig framkvæmd kvótans skyldi vera háttað. Það var verulegur ágreiningur um það hvort væri réttara að láta þá sem hefðu verið fyrir og byggt upp sína útgerð af reynslu og þekkingu, ekki bara á þriggja ára tímabili, heldur á mun lengra tímabili, njóta síns erfiðis í þeim kvóta sem menn töldu nauðsynlegt að setja á þeim tíma, þ.e. hvort þeir sem fyrir voru ættu að fá að veiða þennan takmarkaða fisk frekar en aðrir sem voru komnir með ný skip inn í flota sem þegar var orðinn of stór. Þarna voru mikil átök um það hvort togarar í rekstri á Íslandi skyldu vera 104 eða 70–80. Þar var um að ræða það atriði sem er upphaf þess máls sem gerir okkur erfiðara fyrir í dag að fjalla um það með þeim hætti að allir geti sameinast um niðurstöðuna. Það er, og ég bakka ekki með það, að ég tel að við höfum farið rangstæðir af stað í sambandi við fyrirkomulag kvóta á Íslandi. Við stefndum of stórum flota á of litla fiskistofna. Þetta er grundvallaratriðið. En það er enginn, ekki einn einasti hv. þm. sem hefur talað hér í dag, sem hefur rætt um þann möguleika hvort við ættum að hverfa frá því kvótafyrirkomulagi sem við erum að tala um á grundvelli framlagðs frv. og fara út í það að ræða um það hvort á að fækka skipunum, ekki einn einasti. Ég tek það fram að ég er ekki reiðubúinn til að ræða það hér og nú með sama hætti og ég var reiðubúinn til að gera sumarið 1983 og get ég rökrætt það ef menn vilja frekar hér á eftir en tel ekki ástæðu til. Ég tel hv. þm. sem hafa fylgst með þessum málum gera sér grein fyrir því hvers vegna það er ekki hægt og ætla ekki að tíunda það ofan í þá, enda hafa þeir haft vit á því að þegja um það.

Um samráðið vil ég segja þetta. Ég gagnrýndi það mjög harðlega árið 1983, í desember — þá sat ég sem varamaður á þingi í takmarkaðan tíma og hafði þar af leiðandi ekki jafngóðan undirbúning eða langan aðdraganda að umræðu þessa máls eins og ég hef haft nú — hvað mér fannst hafa verið haft lítið samráð við hagsmunaaðila og fleiri aðila. Það er allt öðruvísi umhorfs í dag í sambandi við samráð. Það hefur enginn sagt hér að af hálfu sjútvrh. og sjútvrn. hafi ekki verið reynt að hafa samráð við þá aðila sem hafa reynslu og þekkingu á þessu máli á þessu hausti. Þegar í byrjun september hóf ráðuneytið og ráðherra undirbúning að því að taka upp samstarf og samráð við alla þá aðila sem höfðu starfað í þessum kvóta sl. fjögur ár og leitaði álits. Þetta voru fulltrúar útgerðar, þ.e. fulltrúar útgerðarmanna, þetta voru fulltrúar sjómanna, þetta voru fulltrúar fiskverkenda eða vinnslustöðvanna, þetta voru fulltrúar verkafólks, þetta voru fiskifræðingar, þetta voru sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum, auk þess sem ráðuneytismenn sem höfðu starfað við þetta komu til skjalanna. Það var haft allt öðruvísi og miklu skipulagðara og efnislega betra samráð við þá aðila sem höfðu starfað og starfa í þessari atvinnugrein. Það er óhrekjanlegt. Þess vegna stöndum við núna með gögn í höndunum með allt öðrum hætti en þegar farið var út í kvótann 1983. Ég bið þann hv. þm. sem getur hrakið þetta að standa upp og gera það eða endurtaka það. Ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson gerir það ekki.

En ég vil segja það í sambandi við kvótann að því miður er staða mála þannig nú að það er ekki unnt að opna þá möguleika á ný fyrir fullt frelsi til athafna sem ég hefði óskað eða minn flokkur. Hv. þm. Svavar Gestsson veit þetta. Hann veit einnig, ekkert síður en ég að staða fiskstofnanna er með þeim hætti að þeir neyða menn, þar á meðal mig, til að beygja mig fyrir þeirri staðreynd, ég segi ömurlegri staðreynd, að það er ekki nema um annað tveggja að velja, í fyrsta lagi að fækka skipunum eða í öðru lagi takmarka sóknina. Það hefur enginn hv. þm. lagt til að leggja niður kvótann. Það hefur enginn hv. þm. í umræðunni lagt til að fækka skipunum. Ástæðan er sú að þeir vita eins vel og ég að það er gjörsamlega útilokað á þessu stigi án mjög rækilegs undirbúnings og eftir mikla umræðu að fækka skipunum vegna þess að eins og þessi mál hafa þróast og eins og atvinnumál hafa þróast á Íslandi hafa væntingar manna t.d. í sambandi við uppbyggingu iðnaðar ekki orðið með þeim hætti að það væri hægt að fækka skipum þannig að fólk þyrfti að flytjast búferlum til þess að fara í aðrar atvinnugreinar eða fara úr öðrum störfum. Þetta vita allir hv. þm. Þess vegna er það að það að ætla að neita því að ræða málið og fjalla um það út frá veiðitakmörkunum við ríkjandi aðstæður jafngildir því að neita því að taka afstöðu til þessa máls. Það gerir að sjálfsögðu enginn ábyrgur þm.

Það sem við raunverulega erum alltaf að ræða um hér er skorturinn. Það er skortur í þeirri merkingu og þeim skilningi að það er ekki nægilega mikill fiskur í hafinu sem gerir okkur kleift að menn geti veitt að vild, ég segi því miður. Þetta fer verst með einkaframtak og einkarekstur, það vitum við sem berjumst fyrir stöðu einkaframtaks á Íslandi. Við vitum það að höft og skömmtunarkerfi fara allt of illa með einkaframtak, einkarekstur og einstaklinga almennt. Hástemmdar ræður vinstri manna um það að þeir beri einkaframtakið sérstaklega fyrir brjósti eru auðvitað markleysa, það vita allir. Í hjarta sínu eru sannir sósíalistar hörðustu andstæðingar einkaframtaks og einstaklingshyggju. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Ég neita því ekki, það væri rangt af mér að gera

það, að Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn eru í ákveðinni varnarstöðu í þessu máli. Það er vegna þess að við erum í grundvallaratriðum á móti höftum og öllum skömmtunarkerfum. Kringumstæðurnar knýja okkur hins vegar til og valda því að við neyðumst til þess í bili að taka þátt í því ásamt öðrum ábyrgum þm. að takmarka aðgang fiskimanna að miðunum.

Það gefur auga leið, menn verða að þora að segja það, að það að geta ekki veitt að vild þegar maður hefur það í huga hvað markaðir eru góðir og miklir möguleikar eru á að selja fisk skerðir tekjur manna. Það hefur áhrif á eignastöðu manna og fyrirtækja og það getur haft og hefur því miður sérstaklega neikvæð áhrif á þróun einkaframtaks. Öll höft, allar óeðlilegar takmarkanir, eru af hinu vonda. Það held ég að allir hv. þm. geti verið sammála um og of mikil afskipti stjórnmálamanna, vinstri sósíalismi og borgaraleg hentistefna skaða stöðu einstaklingsins. Við höfum litið á það sem okkar hlutverk, sjálfstæðismenn, að reyna að verja stöðu einstaklingsins sem best og sérstaklega þegar ríkja neikvæðar aðstæður sem setja mönnum takmörk.

Ekki breytum við né aðrir hv. þm. neikvæðri stöðu fiskstofnanna. Ekki breytum við náttúrulögmálunum. Við getum og verðum að taka þátt í hagkvæmri nýtingu fiskimiðanna og fiskstofnanna.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði mikið um það að nú þyrfti allt að blómstra. Ég get verið sammála honum í þeim efnum og vildi svo sannarlega að allt gæti blómstrað undir sjálfstæðisstefnunni og undir okkar stjórn. En því miður blómstrar fátt þegar náttúruauðlindir fara þverrandi. En það er gott að vera kokhraustur þegar menn bera ekki ábyrgð með sama hætti og þeir sem fara með stjórn í landinu.

Að gefnu tilefni, þar sem hv. þm. Svavar Gestsson bryndi mig sérstaklega sem sjálfstæðismann um framkvæmd minna hugsjóna, hvers vegna skyldi Alþb. vera komið niður í um 10% fylgi hjá þjóðinni? Þá kem ég að því títt nefnda og títt um talaða orði tvöfeldni og margfeldni. Það skyldi þó ekki vera að það væri einhver samfylgni þarna á milli fylgis við Alþb. og þessara hugtaka tvöfeldni og margfeldni? Ég ætla ekki að leggja frekar út af því. Það verða bara hv. þm. að gera sem hér eru staddir og aðrir. En ég held að menn ættu ekki að hætta sér út í umræðu um slíkt í sambandi við stjórnmál og brýna menn of mikið í þeim efnum.

Ég vil taka fram til þess að það komi skýrt fram hér í sambandi við ræðuhöld og það hvernig menn hafa tjáð sig um kvótann, t.d. þegar hann var að brýna mig á því, hv. þm., að ég væri einhver sérstakur fylgismaður kvóta í fiskveiðistefnu og að ég hafi gefið hugsanlega önnur loforð í þeim efnum fyrir síðustu kosningar, að ég lofaði aldrei, ekki í einni einustu ræðu né riti, að ég mundi geta afnumið kvótann kæmist ég á þing um áramótin 1987–1988, aldrei. Hins vegar sagði ég eins og flestallir aðrir sjálfstæðismenn að við ætluðum að þróa útgerðina út úr kvótanum. Það er og verður lífsspursmál. En til þess að geta þróað okkur út úr kvótanum verðum við að byggja upp fiskstofnana að nýju og það gerist ekki með pólitískum ræðum á hinu háa Alþingi heldur gerist það á grundvelli réttrar ákvörðunartöku á Alþingi og með réttum tökum á framkvæmd heilbrigðrar fiskveiðistefnu. Það erum við að reyna að þróa og móta í núverandi stjórnarsamstarfi.

Það er skylda okkar að verja fiskstofnana frá ofveiði. Það er skylda okkar að byggja þá upp með von um betri daga þannig að við getum þróað okkur út úr þessu vonda ástandi sem við erum komin í. Það er ekkert nýtt og engin nýlunda að slíkt hafi tekist. Ég nefni sem dæmi síldina og loðnuna. Það eru ekki mörg ár síðan það var veiðibann á síld og loðnu á Íslandi. Þá var gripið til mjög harðra aðgerða í sambandi við vernd þessara stofna. Nú er svo komið að loðnustofninn er orðinn það sterkur að það er hægt að veiða árlega hundruð þúsunda tonna af loðnu. Það er vissulega mikil búbót fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Fiskifræðingar segja einnig og sjómenn að síldarstofnarnir séu að styrkjast og við eigum von á því að unnt verði að veiða meiri síld á næsta ári og næstu árum en á undangengnum árum. Þetta er því að þakka að menn þorðu og tóku afstöðu um það að byggja upp stofnana og lögðu hart að sér.

Sl. sunnudag voru nokkrir loðnu- og síldarskipstjórar heima hjá mér að ræða við mig um loðnuveiðar og síldveiðar og ég vil segja það að á meðal þeirra voru menn sem þurftu að leggja skipunum sínum við mjög erfiðar aðstæður á sínum tíma. Þessir menn þraukuðu og þeir horfa nú á betri daga fyrir þær fórnir sem þeir þurftu að færa í sambandi við þessi mál þegar veiðibann var á síld og loðnu. Sama getur og verður að gerast í sambandi við uppbyggingu þorskfiskstofnanna. Ef það tekst ekki höfum við, sérstaklega hv. alþm., brugðist íslensku þjóðinni og steypt henni á vonarvöl. Það er þrekleysi að þora ekki eða vilja ekki víkja um stund af leið frá flokkslegum sjónarmiðum til að tryggja heildarhagsmuni þjóðarinnar. Það er þrekleysi að láta undan pólitískri hégómagirnd, hentistefnu og tækifærismennsku til að reyna að líta vel út í augum þjóðarinnar á kostnað annarra í máli sem þessu. Og það eru svik við fólkið í landinu að vera ekki sannur í stjórnmálum þegar menn ræða um jafnalvarlegt mál og fiskveiðar Íslendinga. Það að þróa fiskstofnana er veigamikið atriði. Það er raunverulega veigamesta atriðið sem hv. þm. fjalla um og munu fjalla um á næstu dögum.

Hér var vikið að tillögum okkar, meiri hl., af öðrum þm. og er af mörgu að taka. Ég hef sérstaklega helgað mig hingað til ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Hv. þm. var að mörgu leyti mjög málefnalegur og ræðan þess eðlis að það var þess fyllilega virði að eyða miklum tíma í að svara honum og ítreka og undirstrika ákveðin atriði sem ég taldi jákvæð í ræðu hv. þm.

Á undan honum töluðu hins vegar aðrir þm. og fóru sumir allgeyst svo að ekki sé meira sagt. Hefðu menn betur hugsað áður en þeir töluðu, sumir

hverjir. Það á ekki endilega við þann sem ég ætla að vísa til fyrst í röðinni. Það vill svo til að hann talaði fyrstur, hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason. Mér fannst hann tala af frekar miklu gáleysi miðað við þá stöðu sem hann skipar, fyrir utan það að vera hv. þm., sem annar helsti verkalýðsleiðtogi landsins. Hann talaði m.a. um það að það væri verið að herða kvótann enn meir. Hann gaf það í skyn að ... (**KP:** Er það ekki rétt?) Jú, ég mun koma að því. Hann gaf það í skyn að þetta væri eiginlega af illum hvötum gert. (**KP:** Það er rangt.) Ja, þá hefði hv. þm. átt að koma með betri rök fyrir sínu máli áðan. Og hver eru nú höfuðrökin þegar maður talar um það, og er að reyna að höfða til tilfinninganna, hvers vegna ekki er hægt að gera allt sem hv. þm. telur að eigi að gera? Hver er nú meginástæðan? Eru það illar hvatir hæstv. sjútvrh. eða hv. þm., stjórnarþingmanna sem þora og ætla sér að taka afstöðu í þessu máli þrátt fyrir það að þeir vildu hafa hlutina öðruvísi? Nei. Það sem við erum að tala um eru harðar, kaldar, óþægilegar staðreyndir um það hvað hefur verið að gerast í sambandi við þróun fiskstofna og fiskveiða á Íslandi. Það er það sem ég á við. Menn verða að kynna sér það hvað þeir eru að tala um, hvað þeir eru að fjalla um. Þeir verða að hafa þau gögn í höndunum ef þeir hafa ekki reynslu úr daglegu lífi sem máli skiptir.

Hv. þm. horfði fram hjá því eins og það væri ekkert mál að stofnarnir hefðu verið ofveiddir 1983 og væru hugsanlega enn ofveiddir árið 1987, ekki vegna þess að menn hafi ekki reynt í gegnum kvóta að takmarka veiðarnar. Það eru önnur skilyrði sem ráða því líka hvernig fiskstofnar þróast á Íslandi. Hann fór létt með það og fannst það mjög undarlegt og þversögn í minni ræðu þegar ég talaði um það að togarar á suðursvæðinu eigi að fá dálítið meira í sinn hlut af karfa en ráð var fyrir gert. Hann áttaði sig ekki á því að ég var að tala um það innan þess kvóta sem við erum að tala um. Og um hvaða kvóta erum við að tala, hv. þm.? Erum við að tala um kvóta á grundvelli hámarksveiða eins og þær voru 1983 þegar karfaveiði Íslendinga komst upp í 122 749 smálestir? Eða erum við að tala um tilfærslu á karfa innan kvóta sem við verðum að setja núna í fyrsta skipti vegna þess að aflinn er kominn árið 1986 niður í 85 997 tonn, karfinn. Þetta er lækkun um hvorki meira né minna en ¼ á aðeins fimm árum, 25,2% nákvæmlega. Þarna voru stundaðar frjálsar veiðar. Þetta var eitt af því sem ég m.a. óttaðist, vegna þess svæðis sem ég er þm. fyrir, að mundi gerast í sambandi við skiptinguna á kvótanum 1983 og var eitt meginefnið í mínum ræðum á þeim tíma. Ég mótmælti því harðlega þá hvað suðvestursvæðið fór illa út úr skiptunum vegna þess að ég treysti því ekki að karfinn gæti komið í staðinn og treyst útgerðina og fiskverslun á þessu svæði með þeim hætti sem ég hefði viljað óska eftir. Því miður — því miður, segi ég — reyndist ég hafa rétt fyrir mér um það hvernig karfinn mundi þróast. Ég er ekki að gera þeim mönnum það upp, sem töldu að þeir gætu skipt þorskkvótanum með þeim hætti sem þeir ákváðu á þeim tíma og ég greiddi atkvæði á móti, að þeir hafi gert það til að knésetja útgerð á suðvestursvæðinu. Þeir bara mátu stöðuna þannig og ég vil kenna því um að þeir höfðu kannski dálítið aðra reynslu og aðra innsýn inn í þetta en ég sem er fæddur og uppalinn á þessu svæði og hef tekið þátt því bæði sem sjómaður og starfsmaður í fiskvinnslu auk þess sem ég hef haft mjög góðan aðgang að helstu sérfræðingum Íslendinga um þróun fiskveiðistefnu í gegnum vináttu við þann mann sem mest og best og gerst þekkir til þróunar karfastofna á Íslandi.

Nei, það sem ég var að tala um áðan var að miðað við þessa þröngu stöðu mættust menn á miðri leið til þess m.a. að þurfa ekki að skerða þorskkvótann á norðursvæðinu og þá var reynt að lyfta karfakvótanum vegna skipanna á suðursvæðinu. Ég trúi því ekki að hv. þm. Karvel Pálmason vilji vinna gegn því að það verði með þeim hætti sem meiri hl. sjútvn. Ed. leggur til í sínu þingskjali. Ég hef ástæðu til að halda það að hv. þm. sé mjög jákvæður varðandi þessa uppsetningu þannig að ég flokka þetta undir misskilning en tel nauðsynlegt að það komi inn í þingtíðindi hvernig þetta er hugsað svo að það valdi ekki misskilningi síðar og menn séu ekki með rangtúlkanir í þeim efnum.

Nei, það sem okkur gekk til var að jafna afkomu milli karfaskipa annars vegar og þorskskipa hins vegar eftir því sem unnt er innan þess karfakvóta sem við neyðumst til að starfa undir á næstu árum ef við ætlum ekki að gjöreyðileggja karfastofninn. Það tekur nefnilega ansi langan tíma að byggja upp karfastofninn.

Ég mun þá víkja nokkuð að hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni. Ræða hans gefur eiginlega tilefni til þess að spyrja hv. þm.: Hvers vegna kom hv. þm. ekki með tillögur um grundvallarbreytingar á fiskveiðistefnunni? Ég spyr. Hvers vegna leggur Alþb. það ekki til og hvers vegna kemur Alþb. ekki með þessa heilsteyptu fiskveiðistefnu sína hér inn í þingsali mótaða í frv. til laga þannig að menn hafi þetta allt saman fyrir framan sig og geti gert sér grein fyrir því hvað þetta þýðir, ekki aðeins fyrir byggðarlögin, hvert fyrir sig, heldur einstakar greinar? Hvaða áhrif hefur þetta á togaraútgerð? Hvaða áhrif hefur þetta á millistærð af fiskiskipum? Hvaða áhrif hefur þetta á vélbáta o.s.frv. o.s.frv. Staðreyndin er sú og það liggur hér fyrir skjalfest að ekki einn einasti stjórnarandstæðingur kemur með nýja stefnu í fiskveiðimálum Íslendinga, enginn. En flestallir, að vísu ekki Borgaraflokkurinn, hann lagði ekki fram skriflegar tillögur, allir hinir koma með brtt. við framlagt frv., hver einasti. (Gripið fram í.) Já, fyrirgefið þið, þið komuð líka með brtt. Sem sagt, allir eru með brtt. um megingrundvöllinn í fiskveiðistefnunni sem felst í frv. sem ríkisstjórn og hæstv. ráðherra lagði fram en við höfum verið að reyna að breyta í meiri hl. innan sjútvn. Ed., stjórnarstuðningsmenn. Um hvað eru þessir hv. þm. eiginlega að tala sem eru í stjórnarandstöðunni? Þeir

eru að kroppa í mál sem þeir þora ekki að koma með grundvallarbreytingar á vegna þess að þeir vita eins og ég að þó að við vildum gera það á þessari stundu þá er það ekki framkvæmanlegt. Það þarf miklu, miklu lengri aðdraganda heldur en nokkra mánuði, hálft ár eða eitt ár. Það þarf nefnilega að framkvæma það eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði frv. Það þarf að gerast í gegnum mikið og öflugt og heiðarlegt ráðgjafarstarf. Þegar ég tala um heiðarlegt ráðgjafarstarf á ég við það sérstaklega að alþm. og stjórnmálamenn taki af sér grímuna einu sinni sumir. Það eru ekki allir grímuklæddir, sem betur fer, það eru ekki allir í grímudansi á Alþingi Íslendinga. Ég á þar sérstaklega við kvennalistakonur. Þær koma yfirleitt grímulausar til leiks sem betur fer og hafa haft mjög góð áhrif á gang mála og alla umræðu í þingi það sem ég sé til þeirra. Ég er að vísu ekki sammála þeim í sambandi við öryggis- og utanríkismál. Ég mundi aldrei treysta þeim fyrir þeim. En í öðrum málum eru þær í ýmsu mjög til fyrirmyndar. En margir aðrir hv. þm. eru alltaf í þessum eilífa grímuleik, sérstaklega þeir sem setið hafa lengi á hinu háa Alþingi. Þess vegna segi ég: Komið þið hv. stjórnarandstæðingar, sem eigið nú kost á því, ef frv. verður samþykkt með bráðabirgðaákvæðinu, í ráðgjafarnefndina þar sem þið getið tekið þátt í að móta nýja stefnu með fólki, sem hefur þekkingu á þessum málum, úr atvinnulífinu, úr ráðuneytum, sérfræðingar, hafrannsóknamenn, fiskifræðingar o.s.frv., komið þið til starfa og leggið fram vinnu um að móta nýja fiskveiðistefnu fyrir Íslendinga. Það væri miklu meiri manndómur í því en að tala eins og sumir hafa talað í þessum umræðum í dag.

Nei, þið skulið ganga hreint til verks eins og við gerum hinir sem þorum og ætlum okkur að keyra þetta í gegn, ef þið viljið orða það þannig, og ætlum okkur að samþykkja fiskveiðistefnu fyrir Íslendinga sem á að gilda á næstu árum. Við ætlum ekki að gefa íslensku þjóðinni þá nýársgjöf að hún viti ekki hvar hún stendur um þróun þessara mála. Það væri mikið óheillaverk ef hv. þm. gerðu sér ekki grein fyrir því að Íslendingar ætlast til þess að Alþingi Íslendinga móti ákveðna fiskveiðistefnu fyrir þá. Þeir gera sér grein fyrir því, þótt sumir hv. þm. geri það ekki og vilji ekki viðurkenna, að það er ekki tímabært að tala af jafnmiklu gáleysi um þetta mál og hér hefur verið gert í dag af sumum stjórnarandstæðingum. Ég hef aldrei talið hv. þm. Karvel Pálmason stjórnarstuðningsmann. Ég vil lofa honum að vera stjórnarandstæðingur. Ég held að það færi best á því að kratarnir þyrftu ekki að vera að standa í því að telja manni trú um að hv. þm. sé stjórnarstuðningsmaður. Hann er það ekki og hann á ekki að vera það samkvæmt því hvernig hann talar.

Það var vitnað hér í Ólaf Thors, þann látna heiðursmann, og svo langt var seilst jafnvel að vitna í Jón Þorláksson. Mér þykja þeir alþýðubandalagsmenn vera orðnir fróðir í fræðunum okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs um túlkun og framkvæmd okkar foringja á sjálfstæðisstefnunni og fögnum við því hvað þeir eru iðnir við kolann að lesa okkar fræðirit og kynna sér hugsjónir okkar flokks og ég tala nú ekki um ræður og rit okkar forustumanna frá fyrri tíð.

Það var sagt, og klökknuðu sumir þegar þeir hlustuðu á það: Það er einhver munur á núv. forustumönnum Sjálfstfl. eða Ólafi Thors. Nú eru þeir að taka þátt í höftum og skömmtunarkerfi. Það er einhver munur á, Ólafur Thors og forgöngumenn núv. forustumanna Sjálfstfl. Hafa þessir hv. þm., þar á meðal hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson, ekki kynnt sér aðrar greinar atvinnulífsins en sjávarútveg? Man hann ekki þá tíð þegar Ólafur Thors, þáv. foringi Sjálfstfl., þurfti ásamt vinstri mönnum að setja á skömmtunarkerfi og höft í sambandi við innflutning á vörum og varningi til Íslands? (**SkA:** Ætli það hafi verið í mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið?) En hverjir voru það sem tóku þátt í því? Ég man ekki betur en góðvinur hv. þm. Skúla Alexanderssonar, Einar Olgeirsson, hafi verið einn af þeim sem tóku þátt í þessu. Hvers vegna gerðu þessir menn það á þeim tíma? Það var vegna þess að það var skortur á vörum. Íslendingar áttu ekki nægan gjaldeyri. Við keyptum svo marga togara. Við fjárfestum að vísu í góðum framkvæmdum, en við gátum ekki notað sama peninginn tvisvar. Þar af leiddi að það þurfti að grípa til hafta og takmarkana í sambandi við innflutning á öðrum vörum auk þess sem sjávarafli brást.

Nei, *því miður höfum við sjálfstæðismenn þurft* að taka þátt í því fyrr að setja á ákveðnar takmarkanir við erfiðar kringumstæður sem hafa verið okkur sem og öðrum óviðráðanlegar. En hins vegar er hægt að leysa vandann. Menn verða að gera sér grein fyrir því í hverju hann er fólginn og reyna að þróa sig út úr honum og innleiða aftur það frelsi sem við sjálfstæðismenn leggjum alveg sérstaka áherslu á. Það er skorturinn, það er vöntunin sem neyðir okkur til að taka þátt í haftakerfi tímabundið. Það hefur gerst áður og því miður er það að gerast nú í sambandi við sjávarútveg vegna þess hvernig ástand fiskistofna er.

Ég minni einnig á að þegar Sjálfstfl. ásamt Alþfl. var að berjast fyrir því að koma frelsi á á ný á árunum 1959–1971 var hart barist á móti hverju einasta atriði, hverju einasta skrefi sem þessir flokkar tóku í þeim efnum á þessum árum. Sá flokkur sem þar var fremstur var Alþb. Alþb. barðist á móti frelsi í viðskiptum. Alþb. barðist á móti öllu því sem viðreisnarstjórnin stóð fyrir. Alþb. barðist gegn nýjungum og nýframkvæmdum á sviði iðnaðar. Alþb. barðist á móti því að Íslendingar gerðust aðilar að fríverslunarsvæði Evrópu sem hv. þm. Svavar Gestsson tók síðar þátt í sem hæstv. viðskrh. og naut sín vel í því starfi og stóð sig með mikilli prýði sem viðskrh. Það get ég sagt. (**SvG:** Hann var formaður ráðherranefndar EFTA.) Ég tala nú ekki um ósköpin. Þá var ég í ráðgjafarnefnd EFTA en komst því miður ekki á fund og missti af öllum herlegheitunum. Mig minnir að það hafi verið í

Noregi sem ég átti að mæta. En Genf var náttúrlega aðalstaðurinn.

Sem betur fer í þessu máli eins og öðru hefur hv. þm. Svavar Gestsson viðurkennt að hann hafi ekki verið á réttri leið. Hann viðurkennir það í verki þegar hann gerist viðskrh. að frelsi sé best í viðskiptum. Hann viðurkennir það hér í ræðu fyrir skömmu, eða var það á síðasta þingi, að því miður hafi hann verið á móti frjálsu útvarpi. Hann viðurkenndi, ég man það ekki alveg orðrétt, að það hefði verið betra að þeir alþýðubandalagsmenn hefðu gert sér grein fyrir því hvert þróunin stefndi í þeim efnum. Hvað sem liði því hvernig menn vernda íslenska tungu sem við verðum að ræða síðar. Hv. 7. þm. Reykv. sagði að það hafi verið mistök af hálfu Alþb. að standa ekki með frelsinu. (**SvG:** En við erum á móti frelsi í útflutningi báðir tveir.) Það er kapítuli út af fyrir sig.

En allt þetta er af hinu góða. Menn hneigjast til frelsisins því að þeir gera sér grein fyrir því að það frelsi sem við sjálfstæðismenn höfum prédikað er það eina sanna, svo að maður segi þetta með pólitískum litbrigðum, hið eina sanna frelsi sem allir vilja tileinka sér þegar frelsið er komið á. (**SvG:** Það segir Sölumiðstöðin líka.) Við viðurkennum frelsið að sjálfsögðu vegna þess að við berjumst fyrir okkar málum. Ég get sagt enn þá „við" því ég hætti ekki formlega fyrr en 31. des. í því ágæta fyrirtæki. Við höfum barist í frelsinu á þeim mörkuðum þar sem við teljum sjálfum okkur trú um að frelsið sé mest, sem er vestur í Bandaríkjunum. Þar höfum við barist í harðri samkeppni og viðurkenna allir að þar hafa Íslendingar staðið sig af mikilli prýði og ætla ég ekki að fara frekar út í þá sálma, enda allt það sem þar hefur verið gert eða svo til allt til fyrirmyndar.

Ég veit ekki hvort ég á að orðlengja þetta frekar svo ég verði ekki einn af þeim sem eru að lengja umræður allt of mikið. (**KP:** Þú ert orðinn það þegar.) (**SvG:** Nei, nei, nei, nei.) Ég skil vel að hv. þm. Karvel Pálmason þoli illa þessa ræðu. (**KP:** Nei.) En ég vil undirstrika það, vegna þess sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði um smábátana, að hann gaf í skyn að í þeim efnum væri það stefna okkar stjórnarsinna að fara illa með smábátamenn. Það er alrangt og mér finnst það ekki svara vert vegna þess að hv. þm. er heiðursmaður og ég veit að hann meinti það ekki eins og hann sagði það. En auðvitað munum við sjálfstæðismenn leggja sérstaka áherslu á það, með þeim áhrifum sem við höfum væntanlega í ríkisstjórn á mótun reglugerða, að reynt verði að tryggja að þeir sem eru með smábátana búi við mannsæmandi og góð kjör. Það liggur í augum uppi. Það hefur alltaf verið stefna okkar sjálfstæðismanna að vernda og styrkja einyrkja hvort sem þeir eru í útgerð eða annars staðar.

Hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir lagði mikla áherslu á að það bæri að hindra ofveiði og get ég tekið undir það. Hún sagðist hins vegar vera ósammála því að upp skyldi hafa verið tekið svonefnt sóknarmark. Það var sú breyting sem tekin var upp fljótlega eftir að kvótinn kom á í ársbyrjun 1984 og ég verð að segja, þó að menn hafi verið að gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir að það hafi verið veitt of mikið á síðustu fjórum árum, að sú breyting að fara í sóknarmark hefur að mínu mati ráðið úrslitum um velgengni íslensks sjávarútvegs á síðustu fjórum árum. Það var óhjákvæmilegt að fara yfir sóknaraðferðina með þeirri niðurstöðu sem við þekkjum. Það var ekki aðeins nauðsynlegt með tilliti til þess að reyna að létta á þorskinum og beina sókn skipanna í aðrar fiskitegundir heldur líka einnig út frá því að þetta hafði gífurlega mikla þýðingu frá mórölsku sjónarmiði gagnvart sjómönnum. Þetta er geysilega þýðingarmikið atriði þannig að ég er þeirrar skoðunar og þar af leiðandi ósammála hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur um að það eigi ekki að halda áfram að veiða eftir því sem tök eru á á grundvelli sóknarmarkmiða. Það er valkostur sem ég tel að sé nauðsynlegur og óhjákvæmilegt að viðhalda því að í honum er mikill hvati til sjómanna.

Það er útilokað að allir geti verið sammála um hvernig eigi að ganga frá og móta fiskveiðistefnuna. Það er einnig mikið atriði sem er órætt og mun væntanlega verða mikið rætt á næstu árum hvernig eigi að haga málum í sambandi við hvaða aðgang og hverjir hafi aðgang að þessum veiðum. Ég mun ekki á þessu stigi ræða of mikið um það.

Varðandi það atriði hvernig skipting aflans er, þ.e. verðmætaskipting, vil ég undirstrika það, sem ég sagði í ræðu þegar frv. var lagt fram, að hlutur sjómannsins er mjög stór í þeim afla sem dreginn er á land þannig að menn skyldu ekki gera lítið úr því hvernig aflinn skiptist annars vegar milli útgerðar og sjómanns hins vegar. Hlutur sjómannsins hefur farið vaxandi. Ég segi sem betur fer. Sjómaðurinn á auðvitað að búa við góð kjör, en við skulum einnig hafa hugfast að það fé sem fer í vel rekna útgerð fer í að endurnýja tækin, þ.e. skipin. Það er hluti af því sem menn verða að hafa í huga. Það er hluti af kjörum sjómannsins að skipin séu vel útbúin þannig að þau skili góðum árangri og allur aðbúnaður sé góður um borð. Þáttur fjármagnsins verður því ekki fyrir borð borinn.

Hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson vitnaði mikið í ræðu mína, sem ég flutti hér á sínum tíma, og varð tíðrætt um það þegar ég ræddi um miðstýringu. Það þarf ekkert að brýna mig á því. Ég er og verð á móti miðstýringu. En ég vil segja við hv. þm.: Það mætti eiginlega segja að lög sem slík, þau sem lúta að atvinnuvegunum, hvort sem það er þetta frv. eða eitthvað annað, fela alltaf í sér ákveðna miðstýringu. Lagasetning felur í sér að það er verið að setja einstaklingum, þjóðinni, ákveðinn ramma, ákveðnar reglur. Það er verið að takmarka frelsi manna. Ég er ekki lögfræðilega menntaður maður og á ekki að þurfa að segja hv. þm. það. Hann er lögfræðingur en ekki ég, einn af mörgum. Þetta er eitt af því sem allir vita og þarf ekki að fara í háskóla til að skilja það.

Hv. þm. fannst undarlegt að ég skuli ljá máls á því

að móta ákveðna fiskveiðistefnu með þeim hætti sem við erum að reyna að gera. Hann hefur sjálfur ekki treyst sér til að koma með stefnu sem gengur í aðra átt. Hann hefur sjálfur komið með brtt. við frv. sem hér liggur fyrir. Í því felst yfirlýsing um að hann sé reiðubúinn að stefna í sömu átt. Um hvað er hv. þm. að tala? Hann er raunverulega búinn að taka afstöðu til þess að hann vilji eiga hlutdeild í miðstýrðu kerfi en bara með annarri útfærslu. Brtt. fela það í sér. Það er ekki ein einasta brtt. í tillögum hv. þm. Borgarafl. sem felur í sér þá grundvallarbreytingu að það verði ekki miðstýring í ákveðinni merkingu þess orðs á grundvelli frv. (**GuðmÁ:** Það kom nú skýrt fram í máli mínu.) Ef menn vilja anarkisma eða upplausn er hægt að tala eins og hv. þm. gerði. Hann getur verið hissa fyrir mér í alla nótt og um alla framtíð. Ég bara geri þær kröfur til hans, af því að ég veit að þetta er skynsamur ungur maður, að hann hugsi hlutina í samhengi en láti ekki tilfinningar eða eitthvert afl, sem ég sé ekki og finn ekki fyrir hér í sölum Ed. sem betur fer, hafa áhrif á sig og snúa sér til verri vegar í þessu máli því ég veit að hann hefur greind og skynsemi til að skilja hvað felst í brtt. hans sjálfs.

Hann spyr hvort sú stefna Sjálfstfl. að vera með frv. þessarar gerðar sé í anda flokksins. Það er skylda Sjálfstfl. að haga sínum störfum á Alþingi sem annars staðar með þeim hætti að hann verji þjóðina fyrir áföllum, hann verji þjóðina fyrir þeim áföllum að óstjórn og ofveiði leiði til þess að fiskistofnarnir hrynji. Vilja hv. stjórnarandstæðingar sama ástand og hefur skapast í fiskveiðum Dana og Breta sem eiga allt sitt undir veiðum í Norðursjó? Vilja hv. þm. að það sé gert með sama hætti hér á Íslandi og gerðist þar fyrir nokkrum árum? Þegar Íslendingar stóðu í sínum deilum um 200 mílurnar og Bretar stóðu sem harðast á móti okkur var sagt við Breta að það væri orðið tímabært að reyna að stjórna veiðum í Norðursjó, en þeir gerðu það ekki heldur börðust þeir gegn okkur í okkar viðleitni til að vernda okkar fiskimið. Vilja þessir menn að það verði haldið áfram með þeim hætti, sem Bretar og Danir og Efnahagsbandalagsríkin gerðu eftir 1976 allt fram til 1984, að það sé óskipuleg veiði með þeim afleiðingum að fiskistofnar hafa hrunið í Norðursjó? Vita hv. þm. ekki hvers vegna Íslendingar fá svona hátt verð fyrir sinn fisk á meginlandi Evrópu og í Bretlandi? Gera menn sér ekki grein fyrir því? Það er vegna þess að fiskistofnarnir í Norðursjó hafa hrunið vegna ofveiði, vegna græðgi þeirra sem héldu að þeir gætu fengið meira út úr því sem ekki var fyrir hendi. Ef það er sakarefni að flokkur eins og Sjálfstfl. tekur ábyrga afstöðu við slíkar kringumstæður er flest orðið sakarefni og þá skal ég taka það á mig og mæta fyrir þeim dómstól. Ég vildi ekki mæta fyrir dómstól sakaður um að innleiða upplausn eða þann anarkisma sem borgaraflokksmenn boða á hv. Alþingi, ekki bara í þessu máli heldur í flestöllum málum, og geta þeir sparað sér að vitna til miðalda um fiskveiðar og sjávarútveg. Ég held að þeir ættu að kynna sér það sem er nær þeim í tíma eða rúmi.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja að lokum að það er meginatriði í þessu máli að allir hv. þm. þrátt fyrir allt geri sér grein fyrir að við verðum að stjórna fiskveiðunum. Við getum síðan deilt hart um hvaða aðferðir við viljum viðhafa. Svo verður tíminn að leiða í ljós hver hafði rétt fyrir sér og hver hafði rangt fyrir sér. En það hefur enginn hv. þm. treyst sér til þess að fenginni reynslu, og ég þar á meðal, að segja að það eigi að gefa veiðarnar frjálsar, ekki einn einasti. Þeir eru allir reiðubúnir að taka þátt í stjórn fiskveiða, en með mismunandi áherslum. Það er skiljanlegt.

Ég vil síðan undirstrika að stjórnarandstæðingar eru mjög ósamstæðir í þessum efnum. Það er engin heilsteypt stefna hjá þeim, engin heilsteypt stefnumótun. Brtt. þeirra fela ekki í sér neina heilsteypta stefnu. Hins vegar eru þær kropp í þá megin- og grundvallarstefnu sem ríkisstjórnin setur fram í sínu frv. og meiri hl. sjútvn. Ed. gerir með þeim breytingum sem fram eru komnar. Allir flokkar á Alþingi Íslendinga telja það óumflýjanlega nauðsyn að stjórna fiskveiðum á grundvelli þessa frv. Allir viðurkenna nauðsyn stjórnunar, en ágreiningur er um leiðir og það er eðlilegt.

Í því felst þingræði og lýðræði að menn meta hlutina öðruvísi og þeir hafa frelsi til að tjá sig um þá og þeir hafa frelsi til að reyna að breyta með áhrifum sínum hvernig þetta þróast. Það er það sem skiptir líka máli. En númer eitt og tvö og það er meginatriði: Hv. þm. verða að fjalla um þetta á grundvelli ábyrgðartilfinningar og þeir mega ekki taka þá áhættu sem felst í óheftum veiðum er leiðir til þess að fiskistofnarnir verða ofveiddir sem mundi fela í sér gjaldþrot íslensku þjóðarinnar. Við erum ákveðnir í því, stjórnarsinnar, að forða þjóðinni frá því að lenda í slíkum hörmungum, sem gjaldþrot mundi hafa í för með sér, því að fiskistofnarnir eru okkar inneign. Fiskistofnarnir eru sú inneign sem skiptir máli fyrir íslensku þjóðina. Við erum ákveðnir í því hvað sem líður fortíðinni, vegna þess að við trúum því að vel athuguðu máli, að það verði að stjórna veiðunum á grundvelli þess sem við höfum lagt fram til þess að forðast það ástand að stofnarnir hrynji. Hruni fiskstofnanna fylgdi neyð, hallæri sem mundi hafa í för með sér að sjálfstæði og frelsi þjóðarinnar væri teflt í hættu. Frá þeirri hættu vilja allir góðir Íslendingar forða þjóðinni.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að taka það fram strax út af ræðu hv. síðasta ræðumanns að það er mesti misskilningur að ég hafi þolað illa undir þessari ræðu. Það sem ég var mest undrandi á er hversu hafi tekið stuttan tíma að heilaþvo nánast þann gamla stjórnmálaref sem var að fara úr ræðustól. (**GHG:** Gamla hvað, sagðirðu?) Stjórnmálaref. (**GHG:** Þetta hef ég aldrei heyrt áður.) Þessi hv. þm.

er ekkert nýr í pólitík. Þetta er gamall stjórnmálarefur í gegnum tíðina og er að koma upp og reyna að telja þingheimi trú um það að hann sé tiltölulega nýr í faginu. (**GHG:** Hvað er stjórnmálarefur?) Þetta er mesti misskilningur. Þetta er með eldri stjórnmálarefum sem eru inni á Alþingi, en hefur samt verið heilaþveginn á fjórum árum svo gersamlega að ekkert er eftir af þeirri stefnu sem hann hélt fram þá. Ekki eitt einasta orð stendur eftir af þeim ræðum sem þessi hv. þm. hélt fyrir fjórum árum. (**EgJ:** Breyttar aðstæður.) Ég hefði aldrei trúað því að þessi hv. þm. yrði eftir fjögur ár mesti talsmaður kvóta á Íslandi, ekki þess kvóta sem við erum núna að búa við heldur aukins kvóta frá því sem nú er. Hver hefði trúað þessu fyrir fjórum árum? (Gripið fram í.) Hver hefði trúað þessu fyrir fjórum árum þegar menn hlustuðu á hv. þm. í Nd. Alþingis tala þá um kvótann? (**GHG:** Hefur hv. þm. ekki komið til Vestfjarða nýlega?) Jú, það er stutt síðan hann var þar. (**GHG:** Já, og menn eru ánægðir.) Af hverju spyr hv. þm.? (**GHG:** Ja, hann á að geta svarað sér sjálfur.) Hvort það sé stutt síðan ég hafi komið til Vestfjarða? Já, það er stutt síðan. (Gripið fram í.) Hv. þm. Núna er ég að tala um mína skoðun. Ég geri ráð fyrir að menn taki ekki upp eftir pöntunum óskir manna hingað og þangað. Hafa menn enga sjálfstæða skoðun í þessu máli orðið? Taka menn bara upp það sem kemur fram úti í bæ? Er það háttur þeirra sem nú hafa snúið af braut þess að verja þetta kerfi?

Hv. þm. sagði áðan að ég hefði talað af gáleysi í dag. Það er mesti misskilningur. Hann hélt því líka fram að ég hefði svo um talað að meiri hl. sjútvn. Ed. flytti brtt. af illum hvötum. Ég man ekki betur, og það geta menn auðvitað fengið á bandi, ég man ekki betur en ég hafi tekið það sérstaklega fram að nefndarmenn margir hverjir hefðu viljað ganga svipaða leið og formenn nefndanna lögðu til í upphafi starfsins. Ég fullyrði að Guðmundur H. Garðarsson, hvað sem hann segir í ræðustól, vildi ganga miklu lengra en brtt. gera ráð fyrir. Og komi hann upp og neiti því ef hann þorir. (Gripið fram í.) Nei, hann vildi ganga miklu lengra en þær brtt., sem hann var píndur inn á, gera ráð fyrir. (**GHG:** Málamiðlun.) Menn verða að meta það hver fyrir sig hvað þeir eru að gera. Þetta er ekki málamiðlun í mínum huga. Málamiðlunin var sú sem við formenn nefndanna vorum með og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson vildi ganga inn á en var píndur af þeirri braut. Hver gerði það? (**GHG:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er víst rétt. (**GHG:** Nei, ég sagðist aldrei styðja allar tillögur.) Ekki allar. Því bjóst nú enginn við. En miklu meira en hér er um að ræða af hálfu meiri hl.

Þetta sýnir að hv. þm. hafði heila skoðun á tímabili. Hann var sjálfum sér samkvæmur allt fram á að það þurfti að fara að taka ákvarðanir. Það var þá sem pressan var sett á, hvaðan sem hún kom, og menn guggnuðu og hefði ég síst búist við því í þessum herbúðum hjá hv. þm. (**GHG:** Ég tek undir það.) Ég hefði síst búist við því þar, en það gerðist eigi að síður.

Hv. þm. talaði um karfaaflann á suðvestursvæðið. Ég spyr hv. þm.: Hvaðan á að taka þetta aukna karfamagn? Verður það hvergi tekið? Frá hverjum verður það tekið þar sem suðursvæðið á að fá meira? Hvaðan kemur það? (**EgJ:** Úr sjónum, sjáðu.) Já, hverjir hefðu fengið það ella? Hverjir hefðu fengið aflamagn þetta ella ef það fer ekki á suðursvæðið? Ja, ég er ekki hissa þó mönnum verði fátt um svör í þessum efnum. Skyldi enginn hafa vitað það annar en hv. þm. Guðmundur Garðarsson að aflinn kemur úr sjónum? Eru það ný vísindi? (**GHG:** Það var hv. þm. Egill Jónsson sem sagði þetta.) Það skiptir ekki máli hvorum megin það er. Það breytir ekki hlutunum hvorum megin það kemur. Nei, auðvitað er hér verið að taka upp annað form en verið hefur. Hér er verið að ganga á rétt einhvers og menn verða þá að skilgreina hver það er ef menn eru að tala um nákvæmlega sama aflamagnið en það er fært til. Ég óska eftir að fá vitneskju um hverjir það eru sem eiga að láta af sínu til suðursvæðisins.

Svo kemur hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og segir: Við verðum að þróa okkur út úr kvótanum. Er verið að gera það núna? Ég spyr menn að því. Eru menn með frv. og brtt. meiri hl. sjútvn. Ed. að þróa sig út úr kvótanum? Hvernig getur mönnum dottið í hug að tala með slíkum hætti hér á Alþingi? Það er með ólíkindum að jafngreindur maður og hv. þm. er skuli láta slíkt út úr sér. Hér eru menn að herða tökin á kvótanum. Hér eru menn að bæta við. Frv. gerði ráð fyrir kvóta á smábátana. Að vísu hefur verið slakað til þar, en samt ekki nóg. Og frv. gerir ráð fyrir kvóta á úthafsrækjuna til viðbótar. Hér eru menn að ganga enn lengra inn í kvótann en hafði verið. (**GuðmÁ:** Ertu á móti því að setja kvótareglur?) Ég er á móti því að gera það eins og frv. gerir ráð fyrir, já. (**GuðmÁ:** Já, en ertu á móti því að setja kvótareglur?) Ég er ekkert á móti stýringu í þessum efnum. Máli skiptir hvernig stýringin er. Það er ekki sama hvernig þú notar stýrið. (**StG:** Þú vilt láta aðra ráða.) Það er ekki sama hvernig þú notar stýrið, hv. þm. Til þess er nú einu sinni stýri á bíl að menn verða að koma við það. Það stýrir ekki sjálft. Og það er ekki sama hver heldur um stýrið, hvorki á bíl eða bát. Og það fer eftir því hver sá er sem ræður ferðinni. Það er meginmálið. Menn tala hér eins og ég veit ekki hvað.

Ég spyr hv. þm. Guðmund H. Garðarsson: Hverjir eru að vekja upp vonir hjá almenningi í þessu máli? Við hvern á hann? Það væri gott að fá skýringu á slíku. Hefur einhver verið að gefa falskar vonir í þessum efnum? Það eru þá kannski þeir sem lofuðu einhverju öðru fyrir kosningar en þeir ætla að gera núna, ef hann á við það? Kannski það sé það sem hann meinar, að þeir sem núna ætla að standa að þessu hafi sagt eitthvað allt annað fyrir kosningar. Þá hafa menn verið að gefa falskar vonir ef það er það sem hv. þm. á við. Ég tek það svo ef

engin andmæli koma.

Ég legg áherslu á að það er alveg með ólíkindum að þeir sem nú koma upp mæla með kvóta, léti vera þó menn mæltu með óbreyttum kvóta, en að óska eftir viðbót og að herða tökin á miðstýringunni. Mér heyrðist að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson væri að afþakka minn stuðning sem stjórnarsinna, eins og hann orðaði það, og vildi heldur að ég væri í vörninni hinum megin frá. Það skil ég ósköp vel, ef það er það sem hann á við, hann vilji hafa góða vörn á þeim kantinum sem á að taka höggið af. Þetta er rétt skilið auðvitað. Menn treysta sér ekki um of, sem eru að framkvæma þetta hér, að verja til hlítar, ég tala nú ekki um þeir sem hafa talað þveröfugt fyrir nokkrum árum. (**GHG:** Breyttar aðstæður.) Breyttar aðstæður! Þá áttu menn að segja það fyrr. Það voru ekkert breyttar aðstæður hjá hv. þm. fyrr en fyrir nokkrum dögum. Hann hefur verið sveigður inn á þessa línu, píndur og plagaður nánast til að taka þessa afstöðu. Það er það sem hefur gerst hver sem þar á í hlut.

Ég tek þetta í öfugri röð við það sem kom fram hjá hv. ræðumönnum. Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Garðarssyni að hv. þm. Svavar Gestsson flutti góða ræðu, enda las hann megnið af ræðunni upp úr ræðum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar fyrir fjórum árum, algerlega þveröfugt við það sem hv. þm. var að tala áðan, alveg í „kruss". Og það var besta ræðan, sagði hann, það var besta ræðan sem afsannaði allt sem Guðmundur H. var að segja í kvöld, langbesta ræðan. Það er nú samhengi hjá mönnum að tala í þessum dúr hér. Ja, guð hjálpi þér, Guðmundur H. Garðarsson. Ég segi ekki annað. (**GHG:** Það gerir hann líka.) Ég vona það a.m.k. En láta sér detta í hug að tala í þessum dúr á hv. Alþingi. Langbesta ræðan sem flutt hefur verið í kvöld var sú sem Svavar Gestsson hélt og hann las upp úr mínum ræðum fyrir fjórum árum sem er allt annað en ég meina í kvöld og segi. Þetta er alveg með slíkum ólíkindum að engu tali tekur. Ég hef aldrei heyrt annað eins og hef ég þó sjóast talsvert í pólitík um ævina. En að heyra svona málflutning! Ég skil bara ekkert í þeim sem eru með honum í þessu ef þeir halda heilsu eftir svona tal. (**GHG:** Hefur hv. þm. aldrei skipt um skoðun?) Jú, að sjálfsögðu eiga menn að skipta um skoðun. Það eiga menn að gera ef þeir telja annað réttara. Ég segi eins og maðurinn sagði. Ég er á þessari skoðun þangað til ég breyti um. (**GHG:** Gott að fá þetta í þingtíðindin.) Alveg rétt. En ég er á sömu skoðun enn og ég var fyrir fjórum árum, hv. þm. (**GHG:** Af því að þú treystir því að aðrir bjargi þessu.) Nei takk, hv. þm. Ég frábið mér slíkt. Það vissu allir um mína afstöðu að því er varðaði kvótann frá upphafi. Ég hef engan leynt því. En það eru kannski aðrir sem hafa leynt einhverju þar til nú. Mér heyrist það á þeim málflutningi sem hér átti sér stað áðan og vísa til gömlu ræðnanna.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði: Af hverju reyna menn ekki að semja um þetta mál? Af hverju reyna þeir ekki að ná því saman? Það var einmitt það sem við formenn sjútvn. vildum gera og lögðum fram ítarlegar brtt. til að reyna að ná samstöðu. Ég veit ekki betur, og leiðrétti menn þá ef ég fer rangt með, en stjórnarandstaðan, ef menn tala á þeim nótum, hafi verið verulega inni á þessum breytingum og m.a.s. gallharðir stjórnarliðar eins og Guðmundur H. Garðarsson og fleiri. En einhvers staðar var kippt í, einhvers staðar var lokað á. (Gripið fram í.) Ég var að enda við að segja að ég vissi ekki betur en stjórnarandstaðan hefði að verulegu leyti fallist á brtt. sem formenn nefndarinnar lögðu fram. (**Gripið fram í:** Þeir komu sér ekki saman um neitt.) Er það rangt, hv. þm.? Þeir geta þá kannski svarað því hér á eftir, fulltrúar stjórnarandstæðinganna. (**Gripið fram í:** Við sjáum það bara á þingskjölunum.) Á þingskjölunum? Þær brtt. komu fram áður en formenn nefndanna gerðu sínar athugasemdir. Neita menn þessu? Það er fyrst í gær sem brtt. frá mér komu fram í þinginu sem þskj. Ég veit ekki betur en brtt. Alþb., Borgarafl. og Kvennalistans hafi komið sem þskj. löngu áður. Neita menn því? Ég held að menn ættu að vita hvað þeir eru að tala um. Það var það sem við vildum reyna, að ná þessu meira saman en er. Þetta er allt meira og minna tvístrað hvað sem menn vilja tala nú um að haldi í meiri hl.

Ég held mig enn við þá stefnu sem hæstv. fjmrh., formaður Alþfl., lagði til í byrjun fyrir ári, nákvæmlega sömu stefnu.

Og þá skulum við koma að hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann er nú horfinn héðan fyrir löngu. Hann er einn af þeim sem alltaf eru að spyrja hv. þm.: Hvað meinar þú með þessu eða hinu? en er svo farinn um leið og menn fara að tala við hann. Ég vildi gjarnan fá þann hv. þm. í salinn, Halldór Blöndal, herra forseti. Hann beindi spurningum til mín og ég vil fá að svara þannig að hann heyri. (**Forseti:** Hann á að vera hér samkvæmt tölvuspám.) Vill forseti gera ráðstafanir til þess að hann verði hér? Ég hyggst ekki halda áfram máli mínu fyrr en hann kemur þá. (**VS:** Geturðu ekki talað um eitthvað annað á meðan, hv. þm.?) Ég tel það, skrifari vor, svo mikilvægt mál sem hv. þm. Halldór Blöndal spurði um að ég tel nauðsynlegt að eyða talsverðum tíma í að ræða það. Það hefur breytt æðimiklu efnislega það mál sem hann spurði um og ég vil endilega fá hann í salinn. Í þeim efnum er ekki mér um að kenna. Ég er þm. sem er í andstöðu við meiri hl.

Ég fagna því að hv. þm. Halldór Blöndal gengur í salinn. Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir því var að hv. þm. beindi til mín nokkrum spurningum í ræðu í kvöld sem ég hyggst svara.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði í kvöld að fylgi þeirra sem vinna við útgerð og fiskvinnslu hafi farið vaxandi við kvótann. Er þetta rétt? Og hann vitnaði í því sambandi til frv., sem ég var um að tala áðan, sem formaður Alþfl., hæstv. fjmrh., flutti ásamt mér og hv. þm. Ólafi Þórðarsyni á sl. hausti, og spurði um það: Af hverju er hv. þm. Karvel Pálmason fall-

inn frá því frv. sem hann flutti í fyrra? Þessi hv. þm., sem hér stendur, er ekkert fallinn frá því. En það hafa sumir fallið á því að gagnrýna það á sínum tíma. Við skulum rifja það aðeins upp. Hverjir gagnrýndu þetta mest? Það var hv. þm. Gunnar G. Schram. Menn vita nú örlög hans sem þm. Það er eins og mér bjóði í grun að íhaldið hafi tapað einhvers staðar víðar í kjördæmum. Hver var hinn aðalgagnrýnandinn? Það var hv. þm. Halldór Blöndal. Það er eins og mig rámi í að íhaldið hafi tapað eitthvað á Norðurlandi eystra í síðustu kosningum og það verulega. Eða er þetta ekki rétt? (**EgJ:** Við töpuðum alls staðar.) Það er ekki alveg rétt, hv. þm. (**HBl:** Af hverju flytur ekki þm. frv. aftur ef hann vill það?) Ég er bara að svara spurningum hv. þm. Þeir sem gagnrýndu þetta frv. og reyndu að slá pólitískar keilur út frá því hafa fallið hver um annan þveran, bæði í prófkjörum og í kosningum. Og hvar er betri sönnun fyrir því að þetta frv., þessi hugsun á fullan rétt á sér? Og um hvað var hún? Hún var um það að gefa önglaveiðarnar frjálsar og láta þau sjávarþorp, sem að verulegu leyti, langmestu leyti byggja lífsafkomu sína á fiskveiðum og fiskvinnslu, njóta einhvers forgangs. (**HBl:** 65% nákvæmlega.) Við getum deilt um prósentuna, hv. þm. (**HBl:** Hv. þm. gaf sjálfur prósentuna.) Hún var ekki óumbreytanleg. (**HBl:** Hún var óumbreytanleg.) Hv. þm. Halldór Blöndal. Ég veit um frv. Það var rifjað upp í Morgunblaðinu og ég hygg að menn hafi lesið það þar. Það er ekki orð um það í þessu frv., hv. þm. Halldór Blöndal, að það eigi að skera niður annars staðar, ekki orð. Ef menn eru á því að það sé ekki nægilegt aflamagn verður að gera ráðstafanir til að þeir, sem búa einvörðungu að þessum veiðum, njóti forgangs. (**HBl:** Þetta er frv. um að leggja niður útgerð á Íslandi.) Það eru hrein ósannindi hjá hv. þm. Þessi hv. þm. gerði sér það að dundri í gegnum sjávarútvegsnefndir að panta sérstaka, eftir pöntun frá Byggðastofnun, umsögn um þetta frv. á fölskum forsendum. Því hefur verið svarað opinberlega. Og það var mjög gott að fá þetta inn í umræður um þetta mál einmitt á þessum grundvelli. Ég veit um það sem hv. þm. er með í höndunum. Það er sérstök pöntun fyrir íhaldið sem átti að nota fyrir kosningarnar í vor og þeir féllu þá á eigin bragði eins og oft áður, þeir sem harðast börðust gegn því. Þetta er sannleikurinn, hv. þm. Halldór Blöndal.

Hv. þm. spurði líka um hvað ég meinti með brtt. minni um byggðakvótann. Auðvitað hugsa ég þá um þær byggðir sem búa fyrst og fremst við þessi lífsskilyrði, að þessu sé ekki kippt frá þeim í einum vetfangi. Það er átt við að kvótinn sé fyrir hendi þó að einhver áföll verði hjá einstaka skipi, en byggðarlagið blæði ekki fyrir það. (**HBl:** Og hvar má taka kvótann?) Það er kvóti sem var á öðru skipi. Hefur ekki hv. þm. lesið brtt.? Það er kannski ástæða til þess að gera athugasemdir við það. Þetta ætti hv. þm. að vita því hann er í sjútvn. Ed. og mætti á tveimur fundum af níu eða tíu þannig að ég er ekki hissa þó að hann sé illa upplýstur að því er þetta varðar, hefði getað verið það betur. Það er tímafrekt að fara margar umferðir yfir nákvæmlega sama málið, fyrst í nefndunum þar sem hv. þm. eiga að vera og taka svo aðra stund í það í þinginu og þarf að draga þá inn með töngum til að þeir hlýði á mál manna. (**HBl:** Þm. leiðist ekki í ræðustólnum.) Það hefði kannski verið þarfara verk að tala við einhvern annan hv. þm. en Halldór Blöndal, en eigi að síður skal það gert.

En það er ástæða til að spyrja hv. þm. Halldór Blöndal um það þegar hann er að gera mér upp þessar hugmyndir eða skoðanir: Á hann þá ekki líka við hæstv. fyrrv. sjútvrh., hv. þm. Matthías Bjarnason? Hann er svipaðrar skoðunar og ég. Hann stóð að þeim brtt. sem lagðar voru fram í nefndinni og var fjallað um. Hvað er hv. þm. Halldór Blöndal að gefa í skyn með flokksbróður sinn, fyrrv. sjútvrh.? Hvað skyldi það vera? Er þetta öll einingin innan þingflokksins? Ég bið menn að hugsa um þetta. Kannski ræður hæstv. fyrrv. sjútvrh. eitthvað álíka, hefur álíka þungavigt í flokknum og hv. þm. Halldór Blöndal. (**EgJ:** Er Alþfl. sammála ræðumanni?) Alþfl. er sammála því, og það var í stefnuskrá Alþfl. fyrir kosningarnar, að útvíkka og gera kvótakerfið sveigjanlegra en það er nú. Lesi menn stefnuskrána. (**EgJ:** Hvað hefur ræðumaður að segja?) Ég er að segja það. Hefur ekki þm. hlustað? Ég hélt að ég talaði svo hátt að menn heyrðu. Það er einmitt það sem ég hef verið að segja. Ég er að útfæra stefnu Alþfl. Ég er ekki síst að útfæra stefnu Alþfl. á Vestfjörðum. (**EgJ:** En hinir?) Þar verða þeir að svara fyrir sig. Eg tek ekki umboð af mönnum til þess að tala fyrir þá. Ég geri ráð fyrir að þeir geti svarað því hér ef þeir eru algerlega ósammála mér. En ég ætla þeim að hafa sínar skoðanir eins og ég vil hafa mínar. Það gildir jafnt.

Ég spyr hv. þm. Halldór Blöndal: Er hann að gera Matthíasi Bjarnasyni upp svipaðar hugrenningar og hann ætlar mér? Ég skil það ef hann ætlar það til mín, en mér er það ekki alveg fullkomlega skiljanlegt ef hann meinar það líka til hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar því að ég hygg, hvað sem menn segja um þann að miklu leyti ágæta mann, að hann hafi talsvert mikið vit á þessum hlutum að því er varðar fiskveiðar og fiskvinnlu, útgerð, og þekki nokkuð til hvað er þjóðinni fyrir bestu í þeim efnum.

Ég held nefnilega, hv. þm. Halldór Blöndal, að það sé rangt hjá þér að Matthías Bjarnason sé að reyna að fiska í gruggugu vatni í þessum efnum. (**EgJ:** Var einhver að segja það?) Hv. þm. Halldór Blöndal sagði það, já. Um leið og hann nefnir mitt nafn í þessum efnum stóð Matthías Bjarnason líka að þeim breytingum sem ég var að flytja. Menn geta ekki skotið sér á bak við slíkt. Hv. þm. Halldór Blöndal er að tala um að Matthías Bjarnason sé að fiska í gruggugu vatni í þessum efnum. Þetta eru kveðjurnar frá hinu efra til hins neðra. Og svo segir hv. þm. Halldór Blöndal að ég sé að tala um skoðanir fyrir mitt kjördæmi. Það skyldi ekki vera að það væru fleiri sammála mér í þessum efnum, að það ætti

númer eitt að láta þá njóta auðlinda hafsins sem búa næst þeim, er handhægast að sækja aflann og þar sem er ódýrast að koma honum til skila? Ég hugsa að það yrðu margir, hvar í pólitískum flokki sem menn eru, sem eru sammála mér í þessu. Og m.a.s. var það svo að þeir hv. þm. íhaldsins sem börðust harðast gegn þessu féllu á því bragði.

Svo sagði hv. þm. Halldór Blöndal að Karvel Pálmason væri að elta almenningsálitið. Ja, ég held að það verði ekki sagt um hv. þm. Halldór Blöndal að hann njóti mikils almenningsálits í landinu að því er varðar kjörfylgi, það tek ég fram, þannig að það er kannski munur á okkur í þessum efnum. En um það ætla ég ekki að deila við hv. þm. Mitt frv. var sett fram nær hálfu ári áður en kosningar áttu sér stað og ég a.m.k. met það svo að mín sjónarmið hafi verið staðfest. Menn hafi verið á því að það þyrfti meiri sveigjanleika til að styrkja landsbyggðina og til að koma nýjum aðilum inn í þessa útgerðargrein og það þurfti líka og þarf enn að hyggja betur að smábátunum. Með þeirri stefnu sem frv. gerir ráð fyrir, að vísu er nokkur breyting með brtt. meiri hl. nefndarinnar, en eins og frv. gerði ráð fyrir eru menn í raun og veru að rústa heilu byggðirnar í landinu. Kannski menn vilji það, telji ekki nóg að gert í þeirri byggðastefnu sem verið hefur um áraraðir og telji meiri þörf á að láta frekar kné fylgja kviði í þeim efnum en verið hefur.

Hæstv. sjútvrh. var mjög hógvær í kvöld eins og hann er yfirleitt. Hann sagði að þær tillögur sem hér hefur verið um að ræða hafi verið samþykktar samhljóða á fiskiþingi. Það má vera að rétt sé. En viti ég rétt eiga smábátaeigendur ekki sérstakan fulltrúa á fiskiþingi. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Eru þeir með sérstakan fulltrúa? (**EgJ:** Já.) Þá biðst ég velvirðingar hafi ég farið með rangt mál. Alltaf vil ég hafa það sem réttara er. Einhver segir hér að þetta sé rangt hjá ráðherra. Ekki þori ég að fullyrða neitt þar um því ég þekki það ekki nógu vel. En það breytir í sjálfu sér ekki meginmálinu um hvort menn eru að gera rétt eða rangt. Meginmálið er að menn eru að skerða möguleika þessara aðila í greininni og eru að skerða þá meira en aðra að því er varðar veiðar. Það er meginmálið. Telja menn þörf á því að skerða frekar smábátana eða meira en aðrar veiðar? Það er verið að gera það, hv. þm. Halldór Blöndal. (**EgJ:** Smábátana?) Já, það er verið að skerða þá meira en verið er að gera annars staðar.

Hæstv. ráðherra sagði að það væri óeðlilegt að auka netaveiðar. Það getur menn greint á um. En hann sagði líka: Það er ekki áhugamál á Vestfjörðum að gera slíkt og þó er ég að flytja málið. Þetta fer ekki alveg saman við kenningar hv. þm. Halldórs Blöndals, að ég hugsi einvörðungu um Vestfirðinga.

Hæstv. ráðherra vék að þeim skipum sem horfið hafa. Ég vil gera greinarmun á því hvort skip hafa farist eða hvort um er að ræða úreldingu á skipum. Mér finnst þar reginmunur í þessu dæmi.

Mér finnst í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að það sé endurnýjað skip í stað þess sem ferst. Mér finnst uppi annað viðhorf þegar menn eru að tala um úreldingu hjá öllum þeim sem þar eru tilteknir af ráðuneytinu. Þetta er tvö mál í mínum huga. (**GHG:** Það hentar þér.) Þetta eru tvö mál í mínum huga. Hæstv. ráðherra segir að það muni kosta um 3000 tonn ef þetta verði gert, 1% af heildarafla. Ekkert rengi ég það. En ég held að það þurfi að horfast í augu við þær staðreyndir að þetta þurfi að gerast.

Síðan talaði hæstv. ráðherra um loðnuskipin og sagði að tvö ný loðnuskip þýddu 4% af aflanum. Er það ekki rétt? Ekkert rengi ég það. En eigi að síður. Það var loðnuskip fyrir hendi á Vestfjörðum. Er það þá réttlætanlegt að ekkert skip komi í staðinn fyrir það þó að nánast fullkomin verksmiðja sé fyrir hendi á svæðinu til að vinna loðnu? Auðvitað getur menn greint á um þetta. En ég er eigi að síður þeirrar skoðunar að Vestfirðingar eigi að eiga möguleika á því að vinna loðnu eins og í öðrum landshlutum. Ég sé ekkert sem mælir með því að þeir séu settir hjá.

Hæstv. ráðherra sagði: Það er ekki ástæða til að fjárfesta í nýjum skipum nú. Það kann að vera rétt. En var ástæða, hæstv. ráðherra, til að fjárfesta í öllum vinnslustöðvunum sem veitt hefur verið leyfi fyrir á undanförnum 2, 3, 4 árum? Var ástæða til að fjárfesta þar þó að nægar vinnslustöðvar væru fyrir hendi til að vinna þann afla sem barst að landi? Ég held að menn verði að hafa samhengi í þessu. Það er búið að fjárfesta í vinnslustöðvum, 17, 18, 19 ef ekki meira, en neitað um skip þeim stöðvum sem hófu veiðar fyrir áratugum. Ég tel að það sé ekkert samræmi í þessu.

Ég hef fengið upplýsingar um það að því er varðar smábátamenn, ég held að það sé rétt hjá mér, að þeir greiði ekki atkvæði á fiskiþingi. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt. Kannski breytir það ekki miklu í þessu máli því að hér eru menn að tala um hvort eigi að gera grundvallarbreytingar á því að skerða veiðar smábáta. Og ég spyr hæstv. ráðherra að því: Er nokkuð verra að hafa óbreytta greinina að því er varðar smábátana eins og hún er í lögunum nú en hún hefur verið undanfarin tvö ár, kannski einhverjar breytingar frá því í fyrra í reglugerðum? En er verra að hafa það næsta ár en hefur verið undangengin ár? Ég er þeirrar skoðunar að menn þurfi ekki að hafa svo miklar áhyggjur af þessari bátastærð. Það hefur a.m.k. verið reynslan í gegnum tíðina að veðurfar hefur ráðið meira um róðra á þessum bátum en reglustrikureglugerð hér í Reykjavík. Það segir miklu meira til sín á þessari bátastærð veðurfarið en eitthvð annað. Það þarf ekki að vera að herða þær reglur sem að þessum aðilum lúta. Það er ekkert skynsamlegt.

Ég spyr þá menn sem eru núna að tala um að það þurfi að auka karfaaflann á suðurlínusvæðinu eins og menn kalla: Hvað var gert þegar kvótinn var settur á við Vestfirði? Þeir voru lækkaðir verulega. Þeir voru settir saman við Norðurland. Þeir hefðu átt að hafa meira hefði verið bara tekið tillit til þeirra. Þeir voru lækkaðir verulega þá. Um það geta

menn deilt hvort það var rétt eða rangt. En ég er þeirrar skoðunar að við landshluta eins og Vestfirði, sem númer eitt byggir fyrst og fremst á fiskveiðum og fiskvinnslu, eigi að gera betur en aðra af því að aðrir landshlutar hafa önnur tækifæri til atvinnusköpunar. Það er ekkert réttlæti í því að fólk sem lifir nánast einvörðungu á fiskveiðum og fiskvinnslu sé sett til jafns við fólk sem býr í landshlutum sem hefur aðrar atvinnugreinar til að byggja upp með. Það er það sem þarna er um að ræða. Þessa hafa Vestfirðir goldið frá upphafi.

Ég held að það sé algerlega út í hött hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að tala um það hér og nú að menn séu að feta sig út úr kvótanum. Ég held að menn séu að festa sig enn meira í kvótann og herða enn meira tökin frá því sem verið hefur. Hv. þm. *Guðmundur H. Garðarsson gagnrýndi menn fyrir* að koma ekki með heilu frumvörpin, lagabálkana og leggja hér á borðið. Hafa menn ekki haft nógu úr að spila í þeim efnum undangengin dægur? Þurfa menn meira í þeim efnum? Menn eru að rífast um stýringuna á þessu kerfi og það er það sem máli skiptir. Það er ekki sama hver skipstjórinn er heldur, hv. þm. *Halldór Blöndal. Það breytir líka miklu.* Með þessu eru menn, hafa verið og eru, að fela einum einstaklingi nánast allt það vald sem hér er um að ræða og ég skil ekki að Sjálfstfl. skuli nánast í einu vetfangi hafa gengið undir þessa takkameðferð hæstv. sjútvrh., takkameðferð. **(EgJ:** Hvað er það?) Það er að styðja á takka og þá fer allt í gang og menn hlýða. Svo einfalt er það. Ég sé ekki betur en það hafi gerst. Ég tók fyrirvara þingflokks Sjálfstfl. um gildistíma t.d. sem svo að hann væri algerlega andvígur því að vera neitt að tala um meira en tvö ár. Það hefur orðið önnur raunin á. Mér skilst að menn séu búnir að fallast á þrjú ár, meiri hl. Allt samkomulag, auðvitað. Helmingaskiptareglan blífur enn. Það er enginn vafi á því. Hún blífur enn og mun blífa lengi, íhald framsókn. Þar mun það blífa. **(GHG:** Þm. þekkir þetta.) Nei, sem betur fer þekkir sá þm. sem hér stendur þetta ekki. En ég heyri að aðrir þekkja og feta þau spor áfram. **(EgJ:** Hvernig semja þeir við vinnuveitendur, verkalýðsmennirnir?) Hefur hv. þm. aldrei staðið í slíku? **(EgJ:** Er það ekki málamiðlun?) Það er mjög misjafnt. Það er ekki oft sem það gerist, þá tala ég um verkalýðshreyfinguna, að hún sveigir sig algerlega undir ægivald vinnuveitenda eins og mér sýnist að þingflokkur Sjálfstfl. hafi gert í skiptum sínum við framsókn. Það er ekki oft sem slíkt gerist. **(EgJ:** Ég sagði málamiðlun.) Ég er að tala um staðreyndir.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, virðulegi forseti. **(HBl:** Það er synd.) Það koma trúlega aðrir í staðinn. En ég segi fyrir mig að með frv. eins og það lítur út mun ég ekki greiða atkvæði. Ég tel að það sé brot á stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar að útfæra fiskveiðistefnuna með þeim hætti. Það gengur líka gegn samþykktum kjördæmisþings Alþfl. á Vestfjörðum fyrir síðustu kosningar í fiskveiðimálum. Ég styð ekki að frv. sem slíkt gerir nái hér fram að ganga.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er sönn ánægja að því að byrja á því, reyndar að hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni fjarstöddum, að þakka fyrir jákvæð orð og hrósyrði í garð okkar kvennalistakvenna. Ég get fullvissað hann um að við mundum líka fara hægt og hljótt í utanríkismálunum og honum væri óhætt að treysta okkur fyrir þeim. Við mundum reyna að taka á þeim af þeirri sömu ábyrgð sem við reynum að vinna alltaf eftir.

En það hefur margt komið fram í umræðunum í dag sem hefði auðvitað verið mjög gagnlegt að við hefðum verið búin að ræða dálítið löngu fyrr í *nefndarstarfi okkar og það kannski sést best á* umræðunum að við ræddum alls ekki nóg eins og ég reyndar gat um fyrr í máli mínu hér í dag. En ég gat líka um það hérna í 1. umr. að Kvennalistinn studdi á sínum tíma kvótafrv. og við þóttumst á þeim tíma eða þær þingkonur sem voru hér á Alþingi þá sjá á því ýmsa galla, en sáum ekki betri leið þannig að *tekin var ákvörðun um* að styðja það. Að þessum reynslutíma loknum teljum við hins vegar að við höfum séð á því þá annmarka og höfum þess vegna gert á því þær brtt. sem ég kynnti hér við 1. umr. málsins.

En við erum algerlega sammála því að mannlegrar stjórnunar er þörf. Það er ekki hægt að veita ótakmarkaða sókn í þessa takmörkuðu auðlind okkar þannig að mannlegrar stjórnunar er svo sannarlega þörf núna því að við þurfum ekki að hugsa bara um okkur sjálf og daginn í dag heldur líka um framtíðina og þá sem eiga að erfa landið.

Eitt af því sem fram hefur komið aftur og aftur í umræðunum í dag er þetta með valdið, valdið sem liggur í sjútvrn. varðandi fiskveiðistjórnunina, og eins og ég hef sagt teljum við að ekki sé vafi á að stjórnunar sé þörf, en spurningin er hver á að hafa valdið og hvar á það að liggja. Með því valdi sem sjútvrn. er veitt er einum manni falið vald sem snertir lífsafkomu og í raun örlög byggðarlaga víða um landið sem byggja á sjávarútvegi. Þetta varðar hag fyrirtækja og einstaklinga sem hafa framfæri sitt af sjávarútvegi og standa næst honum. En það er svo sannarlega ekki hægt að öfunda hæstv. sjútvrh. af öllu því valdi sem honum er gefið og þess vegna er rétt og honum greiði gerður með því að draga úr því.

Það sem ég varpaði fram í upphafi máls míns voru tvær pólitískar grundvallarspurningar sem ég talaði um í dag. Það var annars vegar þetta með valdið og hins vegar spurningin um hver á auðlindina. Það hefur verið skilgreint í því lagafrv. sem fyrir liggur að það sé íslenska þjóðin sem á þessa auðlind. Eins og ég sagði í morgun finnst mér það skjóta skökku við að þessi auðlind sé síðan afhent einstaklingum og útgerðarfyrirtækjum.

Við höfum lagt fram brtt. eins og fram kom og það er mjög trúlegt að þær séu ekki 150%

fullkomnar. Við höfum ekki heilt ráðuneyti á bak við okkur til að útfæra þær. Það hefur komið í ljós eftir fjögurra ára reynslutíma þeirra laga sem nú eru í gildi að þau eru ekki gallalaus þó svo þau hafi verið unnin af sérfræðingum í sjútvrn. á sínum tíma. Við vildum svo sannarlega taka þátt í því að reyna að endurskoða þetta kerfi, eins og reyndar kom fram fyrr í kvöld — ég man nú ekki lengur einu sinni hjá hvaða hv. þm. — um það að við værum kannski að styðja starfsáætlun ríkisstjórnarinnar með því að vilja endurskoða, en það kemur ekki fram mikil endurskoðun í því frv. sem við höfum fyrir framan okkur. Það er orðið nokkuð undarlegt og skýtur skökku við ef stjórnarandstaðan er að reyna að framfylgja starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, ef hún getur ekki gert það sjálf.

Við höfum allan tímann meira og minna verið að ræða kerfi en alls ekki nóg um hugmyndir. Við höfum fest í þessu kerfi og ekki séð upp úr því, en það eru raunar ýmsar hugmyndir sem þarf að ræða. Það eru kannski fyrst og fremst grunnspurningar í sambandi við valdið og hver á auðlindina. Í brtt. okkar leggjum við til að það sé ekki algerlega ókeypis aðgangur að þessari auðlind. Við leggjum til að þeir sem fá að njóta hennar greiði fyrir það eitthvert tiltekið gjald sem ég er ekki með nákvæmlega uppp á krónu, en alla vega að 20% af veiðiheimildum verði gjaldskyld miðað við þá annaðhvort afla upp úr sjó eða einhverja viðmiðun sem menn gætu fundið sér.

Ég ætla aðeins að vitna til greinar úr DV frá fimmtudeginum 19. nóv. sl. Þar skrifar dr. Jónas Bjarnason, sem er deildarstjóri hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, um fiskveiðistjórnunina í kvótasölu. Þó ég sé ekki sammála því að það eigi algerlega að bjóða kvótann til sölu á frjálsum markaði finnst mér rétt að vitna í þessa grein því að þar kemur fram ágætis skilgreining á því hver á fiskinn í sjónum. Greinarhöfundur undirstrikar það ágætlega í máli sínu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú er að koma í ljós að ekki er unnt að ná fram helstu þjóðhagslegu markmiðum varðandi útgerð á Íslandi án kvótasölu eða auðlindaleigu á annan hátt. Á miðjum síðasta áratug bentu margir á þetta. Minnast má á prófessor Gylfa Þ. Gíslason, en hann hefur kennt fiskveiðihagfræði í Háskóla Íslands í mörg ár eftir að hann lauk stjórnmálastörfum. Kristján Friðriksson í Últíma ritaði mikið um málið og flutti fyrirlestra um land allt. Svo voru ýmsir aðrir sem einnig rituðu í sömu veru og greinarhöfundur var einn þeirra. Í lok síðasta áratugar varð einnig ljóst að íslensk pólitík yrði ekki móttækileg fyrir þeim rökum fyrir auðlindaskatti sem reynt hafði verið að kynna þjóðinni. Ástæðan fyrir því er hin sama og svo oft áður. Íslenskir alþm. sjá sumir hverjir svona rétt fram fyrir nefið á sjálfum sér. Nú hafa hlutir gerst sem marka ný þáttaskil í málinu. Nú heyrist af hvers manns vörum að nauðsynlegt sé að selja kvóta af hendi hins opinbera.“ Og höfundur spyr: „Hvers vegna eru menn orðnir vitrir nú? Vegna þess að fólkið horfir nú upp á það að skip eru seld á milli landshluta fyrir upphæðir sem eru e.t.v. 100 millj. hærri en sem nemur verðmæti skipanna. Allt í einu sér fólk að það er verið að selja aðgang að þorskveiðum en ekki skip. Þetta mátti allt sjá fyrir, en málið þarf að vera áþreifanlegt. Allt í einu er kvótaguðinn orðinn að skurðgoði. Að ætla sér að framselja takmörkuð veiðiréttindi varanlega til tiltekinna og fárra útgerða á grundvelli veiðireynslu frá þremur árum í byrjun þessa áratugar er brjálæðisleg hugmynd. Að LÍÚ skuli vilja það er eins auðskiljanlegt og þegar franski aðallinn barðist gegn landakröfum almennings í Frakklandi síðla á 18. öld. Ef einhver samtök hafa komist yfir forréttindi munu þau aldrei af frjálsum vilja gefa þau eftir. Adam gamli Smith, forfaðir hagfræðinnar, lýsti þessu betur en aðrir fyrir rúmum tveimur öldum. Allir vilja bindast samtökum um forréttindi og hindra síðan frekari aðgang annarra að þeim.“

Hann varpar hér næst fram spurningunni: Hverjir eru hagsmunaaðilar? „Svarið er einfalt: Það eru allir Íslendingar. Auðvitað eru útgerðirnar hagsmunaaðilar, en það eru einnig fiskvinnslurnar í landi, allar ungu kynslóðirnar sem ætlað hafa að hasla sér völl í sjávarútvegi, allur almenningur sem metið hefur fiskveiðiauðlindina sem íslenska og fyrir Íslendinga, einnig skattborgarar landsins sem greitt hafa rekstur allra opinberra stofnana sem unnið hafa að því að koma stjórn á fiskveiðimálin þannig að ofveiði mætti minnka og útgerðarkostnaður yrði hóflegur. Íslendingar hafa staðið saman um að stefna að meginmarkmiðum í þessu máli, en nú er þröngur hópur hagsmunaaðila og stjórnmálamanna sem segir: Veiðirétturinn á að breytast í eignarrétt í höndum tiltekinna útgerða. Þá kippast margir við.“

En það er ekki einungis Jónas einn sem hefur varpað fram þessari hugmynd. Það hefur líka fyrrverandi leiðtogi Alþfl. gert í Morgunblaðinu 5. des. þar sem hann talar um þetta mál undir fyrirsögninni „Takmörkun sóknar, sala veiðileyfa.“ Ég hef gert árangurslausar tilraunir í dag til þess að verða mér úti um stefnuskrá Alþfl. Mig grunar að þar sé skilgreining á þeirri auðlind sem hafið er. Það hefur hins vegar ekki tekist og hún er sennilega uppurin síðan fyrir kosningarnar í vor. Hún hlýtur að vera eftirsótt mjög. Það er kannski eins gott að fólk lesi hana ekki mjög vel núna. (**GA:** Kannski er hún í felum.) Það sagði reyndar einn hv. þm. Alþfl. í dag: Þetta er eins og hún ætti að hafa verið. En hann segir ýmislegt hér, hann Gylfi Þ. Gíslason, í grein sinni. Ég ætla aðeins að vitna til hennar, með leyfi forseta. Hann segir:

„Ráðstafanir þær sem gerðar hafa verið hér og annars staðar af opinberri hálfu til stjórnar á fiskveiðum hafa stefnt að því að takmarka veiðar að því marki að komið sé í veg fyrir ofveiði frá líffræðilegu sjónarmiði. En á grundvelli þeirra staðreynda, sem getið var í fyrri grein, að afli vex æ hægar með sóknaraukningu, hefur verið sýnt fram á að hámarkshagnaður af veiðum fæst með minni sókn en

skilar hámarksafla. Þegar fiskifræðingar hafa sýnt fram á að um ofveiði sé að ræða er því ekki nóg að draga úr sókninni þangað til hámarksafla er náð, heldur þarf að draga úr henni þangað til hagnaður hlutaðeigandi fiskveiða hefur náð hámarki." Ég ætla ekki að þreyta ykkur með mjög löngum lestri úr þessu, en þetta er afar fróðlegt og vekur einmitt mjög upp þessa spurningu sem á okkur brennur: Hver er eigandinn? Hann segir hér í lok greinarinnar, með leyfi forseta:

„Sú breyting sem innheimta gjalds fyrir öll veiðileyfi hefði í för með sér er svo gagnger að ekki kæmi til greina að stíga slíkt spor í einu lagi, heldur yrði að gera það smám saman og árlega. Í þessu sambandi er þess líka að geta að meginatriðið er ekki aðeins að leiðrétta það misrétti sem þegar er orðið, heldur að koma í veg fyrir að nýtt misrétti skapist á komandi árum. Þess vegna er mörkun meginstefnu nauðsynleg þótt ekki verði þegar í stað gripið til framkvæmda. E.t.v. væri hyggilegt að hafa í væntanlegri löggjöf um fiskveiðistefnu næstu ára ákvæði um að gjald fyrir veitt veiðileyfi sé eðlilegt og þegar skuli hafin athugun á framkvæmd málsins."

Og hér er reyndar einn til sem skrifar um það sama og heitir sá Rögnvaldur Hannesson og er prófessor í fiskihagfræði. Hann segir í desemberhefti Sjávarfrétta, með leyfi forseta:

„Hins vegar sé skipting ágóðans af afrakstri fiskimiðanna ekkert einkamál þeirra sem útgerð stundi, heldur varði það þjóðina alla og því sé ekki óeðlilegt að kvótarnir, m.ö.o. afnotaréttirnir af fiskimiðunum, lúti skattlagningu."

Og hann segir um fyrstu kvótakynslóðina, sem er sú kynslóð sem fékk þennan ókeypis aðgöngumiða að auðlindunum fyrir fjórum árum síðan, með leyfi forseta: „Ágóðinn af kvótakerfinu hafði þannig fallið fyrstu kvótakynslóðinni í skaut sem eins konar happdrættisvinningur. Þeir sem á eftir komi þurfi að kaupa sér aðgöngumiða, þ.e. kvóta, til þess að komast í útgerð." Og hann leggur í þessu viðtali ríka áherslu á það að hafið sé auðlind sem er í upphafi félagseign þjóðarinnar.

Það er margt sem hefur verið skrifað og fjallað um í fjölmiðlum undanfarnar vikur varðandi fiskveiðistefnuna. Ég ætla að leyfa mér næst að vitna í DV 13. nóv. sl. þar sem einn hv. þm. Framsfl., Guðmundur G. Þórarinsson, skrifar grein undir fyrirsögninni „Fiskveiðistefnan og lénsskipulagið." Og auðvitað vakna sömu spurningar og ég varpaði hér fram í morgun: Hvernig ætla þessir hv. þm. sem ég hef vitnað til og tilheyra nú stjórnarliðinu að greiða þessu fiskveiðifrv. atkvæði sitt þegar þar að kemur? Guðmundur spyr hér í grein sinni:

„Hver á veiðiréttinn? Enginn vafi er á að kvótakerfið hefur þjónað mikilvægum tilgangi undanfarin ár. En margt hefur breyst og ekki verður komist hjá að taka nokkurt mið af breytingum. Stjórn á fiskveiðum er óhjákvæmileg. Auðlindin er takmörkuð og enginn getur tekið áhættuna af ofveiði og hruni fiskstofna. Kvótakerfi virðist óhjákvæmilegt en úthlutun fiskveiðikvóta er vandasamt mál. Mér virðist það úthlutunarkerfi sem verið hefur við lýði ekki ganga upp."

Annar kafli er hér undir yfirskriftinni „Lénsskipulagið", með leyfi forseta:

„Þetta minnir óneitanlega á hið illræmda lénsskipulag hér á árum áður. Lénsherrar fengu frá stjórnvöldum, konungi eða keisara yfirráð yfir auðlindum ákveðinna svæða, léna. Þessar auðlindir voru ýmist akrar, skógar, veiðilendur, beitilönd eða þess háttar. Afraksturinn rann til lénsherranna. Aðrir voru leiguliðar.

Meginauðlindir íslensku þjóðarinnar eru fiskimiðin. Útflutningsverðmæti okkar eru 70–80% sjávarafurðir. Stjórn þessara auðlinda verður að vera með þeim hætti að öll þjóðin njóti sem jafnast. Hugsum okkur augnablik t.d. að sjútvrh. úthlutaði öllum veiðikvótum til fiskvinnslunnar. Fiskvinnslan mundi þá auðvitað bjóða veiðarnar út. Þá mundi þróast frjáls markaður á fiskveiðum. Þeir útgerðarmenn sem gætu veitt fiskinn fyrir minnst verð næðu verkefninu, en fiskvinnslan mundi auðvitað fá að hluta erlenda togara til veiðanna ef þeir gætu skilað aflanum gegn lægra verði. Útgerðin mundi í harðri samkeppni um veiðina teygja sig niður í verði og afrakstur auðlindanna, fiskimiðanna, lenti hjá fiskvinnslunni sem ætti veiðiréttinn."

Hann segir síðan í lok greinar sinnar, með leyfi forseta, þar sem yfirskriftin er „Þróunin fram undan": „Áframhaldandi úthlutunarkerfi hefur þá margar hliðstæður við lénsskipulagið. Ákveðnir aðilar eiga afnotaréttinn að fiskimiðunum og jarlinn af Halamiðum, greifinn af Selvogsbanka og fleiri slíkir munu spóka sig á götum borgarinnar og víða um landið. Hér er því flókið og viðkvæmt mál á ferðinni. Úthlutun kvóta til margra ára getur verið hættuleg."

Í lokakaflanum talar hann um sölu veiðiréttinda:

„Ég fæ ekki betur séð en að sala veiðiréttinda sé eina réttláta leiðin. Sala fiskveiðikvóta er reyndar við lýði. Líklega væri rétt að feta sig áfram til slíks kerfis, selja t.d. 10–20% veiðikvótanna á næsta ári. Þessa leið þarf að hugsa vel. Hagnað af sölu veiðikvóta mætti setja í sjóð er keypti upp gömul og óarðbær fiskiskip og væri auk þess nýttur á margvíslegan hátt til almannaheilla. Spurningunni um hver á veiðiréttinn hlýtur að verða að svara þannig að þjóðin sem heild eigi hann. Á fiskveiðum byggist það að unnt er að lifa nútímalífi hér norður við Dumbshaf. Við megum ekki koma upp lénsskipulagi á Íslandi. Auðlindir hafsins eru þjóðareign og afrakstur þeirra verður að dreifast sem jafnast í þjóðfélaginu."

Þetta staðfestir enn einu sinni það sem við erum búin að vera að ganga í gegnum í allan dag að skoðanirnar eru trúlega jafnskiptar eins og fólkið sem um þær á að fjalla er margt. En hér minnist ég á þessar hugmyndir um hlutasölu á kvóta vegna þess að þetta kemur einmitt fram í þeim brtt. sem við fluttum. Hér er reyndar ein önnur grein sem ég hef um það

sama eftir dr. Ragnar Árnason. Hann segir hér í *Vísbendingu sem er vikurit um erlend viðskipti* og efnahagsmál frá 12. ágúst 1987, með leyfi forseta:

„Heildarverðmæti aflakvóta um þessar mundir er vafalaust talið í milljörðum króna. Er fram líða stundir og fiskveiðarnar færast nær hagkvæmustu stöðu má ætla að heildarverðmæti aflakvóta hvers árs gæti auðveldlega numið 10 milljörðum króna."

Þess má geta að þessir milljarðar sem hann tiltekur þarna eru hvorki meira né minna en þrefaldur tekjuskattur allra fyrirtækja í landinu.

Ég ætla aðeins að lokum að minnast á þær brtt. sem fram komu í sjútvn. og eru fram bornar hér í hv. Ed. af hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hann bar fram nokkrar brtt. Ég minntist á einhverjar þeirra í dag og skoðun mína á þeim og að ég gæti hugsað mér að styðja þær einhverjar. *Þó svo að við höfum lagt fram* brtt., kvennalistakonur sjáum við ekki á þessari *stundu, ef á að afgreiða þetta eins snarlega og lítur* út fyrir núna, að hér gefist ráðrúm til svo mikilla skoðanaskipta að það verði hægt að breyta þessu alveg núna, en þetta eru hugmyndir sem eru komnar inn í umræðuna og það er greinilegt að þegar kvótakerfið var sett á 1985 komu fram þessar hugmyndir um t.d. byggðakvóta og þær hafa verið mjög í umræðunni núna.

Það komu líka hugmyndir fram um að skilgreina auðlindina sem þjóðareign og þetta gerist kannski smám saman. Við komum okkar hugmyndum á framfæri, þeir sem ekki eru svo heppnir, eða hvernig sem menn vilja líta á það, að vera í þessu svokallaða stjórnarliði.

Ég var að minnast hér á tillögur sem fram voru bornar af hv. þm. Karvel Pálmasyni og hugsanlegan stuðning okkar kvennalistakvenna við þær. Ég tiltók þær í dag og ætla ekki að fjölyrða um þær núna, en eins og ég segi, við sjáum ekki fram á að allar okkar brtt., ég held að óhætt sé að fullyrða að þær verði ekki samþykktar svona í einum grænum. Það væri mjög óraunsætt að standa hér upp og halda því fram, en þær síast kannski inn smám saman. Við munum hins vegar að sjálfsögðu taka þátt í að laga til það sem hægt er að laga til í þessu frv. sem við höfum liggjandi hér fyrir framan okkur á borðinu. Annars hefðum við að sjálfsögðu ekki tekið þátt í starfi nefndarinnar og ekki gert neitt til þess að reyna að koma okkar hugmyndum á framfæri, þannig að það var reynt í nefndinni, eins og hv. formaður gat um hér áðan, að *ná einhverri samstöðu um* þær hugmyndir sem hann og formaður sjútvn. í Nd. báru fram sameiginlega og verða væntanlega bornar fram þar líka, en það tókst sem sé ekki. Það verður því að koma í ljós hver úrslit þeirra verða.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Þeir sem voru höfuðsmiðir að kvótakerfinu og jafnvel fleiri halda því fram að þar hafi allt gengið sæmilega vel upp og að þetta kerfi hafi skilað flestu því sem því var ætlað. Eins er mér sagt um þá verkfræðinga sem gengu frá loftræstikerfinu hér í húsinu að þeir haldi því fram að það sé allt í lagi með það þó að ástandið sé nú ekki öllu betra en það að það er nokkur raun að standa hér í ræðustól hv. deildar mikið lengur en hálftíma, vegna þess að hitinn er það mikill hér í deildinni að það er varla við verandi, hvað þá ef menn eru að reyna að brýna raustina og ... (**Gripið fram í:** Er það ekki bara hiti umræðunnar?) Það er nú ekki eingöngu það, en þegar það bætist við fer þetta að verða dálítið erfitt. Það er oft og tíðum þannig með þá sem smíða einhverja hluti, gera einhverja hluti eða leggja drög að einhverjum hlutum að þeir halda því eins lengi fram og mögulegt er að allt sé ágætt frá þeim þó að þetta sé allt á annan veg. Og þeir eru ágætir verkfræðingar sem hönnuðu loftræstikerfið. Mér er sagt að þeir hafi fyrirskipað það að þessir gluggar hér bak við hæstv. forseta yrðu allir negldir aftur þannig að það væri alveg útilokað að opna þá við þær aðstæður að hér væri frekar heitt í húsinu. Til þess að fá svona sæmilega loftræstingu inn í fundarsalinn verða menn að biðja um það að opnaðir séu hliðargluggar, og þá er ólífandi fyrir þá sem þar eru þann tíma, þar verður of kalt, til þess að jafna svolítið hitann hér í hv. deild. Svona er nú um mörg mannanna verk að það er fullyrt að allt hafi gengið upp sem ætlað var, en oft er það nú á hinn veginn að hlutirnir eru ekki alveg á þann veg. Og þannig er með fiskveiðistefnuna sem við höfum búið við undanfarandi ár að það er ansi langt frá því að hlutirnir hafi gengið upp eins og þeir sem undirbjuggu hana, *smiðirnir, ætluðu sér að hafa hana.*

Hér hefur átt sér stað góð umræða. Það eru komnir um 15 tímar sem hefur verið svo gott sem samfelld umræða hér í hv. deild um þetta merkilega mál. En sjálfsagt er það nú svo að það verður sagt um þessa umræðu að það hafi fyrst og fremst verið við stjórnarandstæðingar sem höfum haldið henni uppi og verið þeir aðilar sem höfum hvatt til hennar og lagt okkur fram í því að ræða málin, en þeir stjórnarsinnar hafi flækst með frekar en hitt að það hafi verið af miklum vilja gert hjá þeim þó að ég geri alls ekki lítið úr þeirra hlut í umræðunni, það er langt frá því.

Stundum er það nú svo, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan, að þm. íhaldsins *lifa fyrst og fremst á því hve Mogginn* er duglegt málgagn. Það kemur þó einstaka sinnum fyrir að það stóra blað túlki nokkuð aðrar skoðanir en íhaldsþingmenn eru að halda fram hér í sölum hv. Alþingis og vilji stundum láta vinna svolítið öðruvísi. Þess vegna tók ég með mér hér upp í ræðustólinn úrklippu úr því stóra blaði, Morgunblaðinu, og mér datt í hug að lofa hv. þm. að heyra hvernig Morgunblaðið lagði til að umræðan yrði um kvótakerfið. Og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þennan leiðara sem var í Morgunblaðinu 3. desember sl. Leiðarinn heitir „*Ríkisstjórnin og kvótakerfið*".

„Um síðustu helgi varð töluvert uppnám í fjölmiðlum vegna þess að Alþfl. hafði uppi ákveðnar

kröfur í sambandi við breytingar á kvótakerfinu. Í opinberum yfirlýsingum þá taldi Halldór Ásgrímsson ljóst að ekki væri hægt að gera umtalsverðar breytingar á fiskveiðistefnunni þar sem allvíðtæk samstaða hefði tekist með hagsmunasamtökum í sjávarútvegi um fyrirkomulag kvótakerfisins næstu árin.

Ekki var hægt að skilja sjútvrh. á annan veg en þann að hann teldi ófært að ganga gegn vilja hagsmunaaðila. Nú sýnist hins vegar sæmilegur friður í herbúðum stjórnarflokkanna þótt málgagn Framsfl. kvarti undan því í gær að Alþfl. hafi ögrað Framsfl. með því athæfi að hafa aðrar skoðanir á fiskveiðistefnunni en sjútvrh. og þá sé komið að mjög alvarlegum punkti í stjórnarsamstarfinu. Þetta ber að sjálfsögðu að skilja svo að Framsfl. geti talið sig knúinn til þess að rifta stjórnarsamstarfinu ef samstarfsflokkarnir fallist ekki á fiskveiðistefnu Halldórs Ásgrímssonar.

Morgunblaðið ætlar ekki að blanda sér í deilur alþýðuflokksmanna og framsóknarmanna um kvótakerfið. Hins vegar er sú afstaða sjútvrh. meira en lítið umhugsunarefni að ekki sé fært að gera breytingar á fiskveiðistefnunni vegna þess að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi fyrir sitt leyti samþykkt þá stefnu sem ráðherrann hefur átt mestan þátt í að móta.

Nú er það svo að auðlindir hafsins eru sameign þjóðarinnar allrar. Það eru engir ákveðnir hópar í þessu þjóðfélagi, hvorki útgerðarmenn, sjómenn eða aðrir sem geta gert meiri kröfur til þessara auðlinda en aðrir. Þess vegna fer það ekki á milli mála að það eru löglega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, alþm., sem hafa lokaorðið í þessu máli en hvorki hagsmunaaðilar í sjávarútvegi né sjútvrh. sjálfur.

Það eru auðvitað óhæf vinnubrögð að setja Alþingi upp að vegg með þeim hætti sem nú sýnist vera gert. Í raun og veru er sagt við þm.: Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa samþykkt þessa stefnu. Tíminn er svo naumur fram að áramótum að það er ekkert ráðrúm til þess að fjalla um verulegar breytingar á þessari fiskveiðistefnu. Þess vegna verðið þið að samþykkja hana hvort sem ykkur líkar betur eða verr. Þegar umbúðirnar hafa verið teknar utan af málflutningi Halldórs Ásgrímssonar um síðustu helgi og málgagni hans í gær er þetta niðurstaðan.

Að sjálfsögðu getur þingið ekki látið bjóða sér þetta og kjósendur í landinu geta ekki samþykkt svona vinnubrögð fyrir sitt leyti. Alþingi Íslendinga verður að finna leið til þess að ítarlegar og djúptækar umræður geti farið fram á þjóðþinginu nú um fiskveiðistefnuna.“ (**KP:** Hver segir þetta, hv. þm.?) Ritstjóri Morgunblaðsins. Eigi veit ég hvort hann á heima á Hagamelnum eða einhvers staðar annars staðar en þetta er leiðari úr Morgunblaðinu 3. desember, daginn áður en frv. var lagt hér fram í hv. deild. Áfram ætla ég að lesa, ég ætla að klára að lesa leiðarann:

„Þingið er að bregðast hlutverki sínu ef slíkar umræður fara ekki fram. Það verður að liggja fyrir hvort Alþingi er reiðubúið að láta það viðgangast að gífurleg eignatilfærsla haldi áfram að fara fram í skjóli kerfis sem sett var upp til þess að vernda fiskstofnana. Umræður á þingi LÍÚ eða á þingum annarra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi geta ekki komið í stað umræðna á Alþingi Íslendinga. Stefnumótun í nefndum og ráðum getur ekki komið í stað þeirrar stefnumörkunar sem á að fara fram á þjóðþinginu.

Það er ósköp hvimleitt þegar ráðherrar, þingmenn eða aðrir talsmenn stjórnmálaflokka hafa uppi hótanir um stjórnarlit þegar ágreiningur kemur upp um einstök mál í ríkisstjórn. Enginn neyðir þá flokka sem aðild eiga að núv. ríkisstjórn til þátttöku í henni. Enginn þeirra situr lengur í ríkisstjórninni en þeir telja sjálfum sér henta. Ef Framsfl. vill rjúfa stjórnarsamstarfið vegna þeirrar sjálfsögðu kröfu að lýðræðislegar umræður fari fram um eitt stærsta mál þjóðarinnar í dag, fiskveiðistefnuna, á löglega kjörnu þingi þjóðarinnar verður það að vera hans mál.“

Svo stór eru þau orð sem Morgunblaðið flytur lesendum sínum og þá hefur það sjálfsagt verið að reyna að koma þessum skilaboðum til hv. þm. Sjálfstfl. hér á hv. Alþingi. En mér sýnist sem svo að ótti Morgunblaðsins um það að það væri fyrirskipunartónn innan ríkisstjórnar sem mundi ráða því hver úrslitin yrðu hér á þinginu hafi komið fram. Þm. Sjálfstfl. hafi sem sagt samþykkt úrslitaskilyrði Framsfl., samþykkt það að það væri í sjálfu sér ekki þjóðþingið sjálft sem réði þessum málum, heldur væri það einn ráðherra úr ríkisstjórninni sem skipaði fyrir um hvernig hlutirnir skyldu vera. Það er a.m.k. víst að við höfum ekki haft tíma til þess að halda uppi almennri umræðu um þessi mál.

Umræðan í sjávarútvegsnefndum varð á þann veg að við urðum að taka nefndirnar saman vegna þess að það var það naumur tími til umræðu. Því miður var það allt of skammur tími og það var raunverulega ekki tími til þess að fjalla um málið lið fyrir lið. Til þess var ekki tími þó að það skuli viðurkennt og enn undirstrikað að formenn beggja nefnda lögðu sig fram í því að leita leiða til þess að taka mestu agnúana af því frv. sem er til umræðu. Því tilboði þeirra, hv. þm. Karvels Pálmasonar og hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, var hafnað og eins og kom fram í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar áðan mátti svona finna fyrir því að einhvers staðar hefði komið fram fyrirskipun um að ganga ekki til samstarfs við stjórnarandstöðuna um það að breyta frv. á þann máta sem virtist vera nokkuð mikill vilji fyrir í nefndunum.

Um þennan leiðara mætti margt spjalla en ég sé kannski ekki beinlínis ástæðu til þess, en aðalatriðið í honum er það að Morgunblaðið hefur hvatt til þess að mikil umræða fari fram um þetta mál og það sem sé að gerast með kvótasetningunni sé það að það sé að eiga sér stað gífurleg eignatilfærsla á þann máta að fámennur hópur í þjóðfélaginu sé að fá eignir svo gott sem á silfurfati og það er verið að festa þessa

eignatilfærslu í sessi með því að framlengja kvótalögin enn til viðbótar við þann tíma sem þau eru búin að gilda. Og nú er það ekki nóg að þau séu samþykkt til tveggja ára eins og var búið að lýsa yfir frá Sjálfstfl. að *væri þeirra stefna, heldur skal það* vera í þrjú ár. Það skal verða látið undan framsóknarvaldinu þarna líka. Með því að samþykkja frv. og þessa eignatilfærslu er vitaskuld verið að festa hana í sessi og það verður erfiðara að hverfa frá þessari stefnu eftir þrjú ár en ef það hefði verið eftir aðeins tvö ár, hvað þá ef þingið vildi fara að tillögu okkar alþýðubandalagsmanna að vera með þetta óbundið, vera ekki að setja þarna upp eitthvert ákveðið tímatak*mark, heldur þannig að það væri samþykkt* eins og venjuleg lög til óákveðins tíma og við gætum strax þegar þing kemur saman aftur eftir, ja, trúlega eitthvert fundarhlé farið að huga að því að flytja brtt. við þau lög sem verða samþykkt innan fárra daga. En sú leið verður trúlega ekki valin. Það virðist sem svo að Sjálfstfl. hafi fallist á þau vinnubrögð að *láta tiltölulega litlar umræður verða hér á* hv. Alþingi um þetta mál og svo fallist á þá stefnu sjútvrh. að þessi mikla eignatilfærsla og þetta mikla vald hagsmunasamtaka, sem þeir hafa gjarnan tíundað hér, skuli ráða yfir Alþingi Íslendinga.

Hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson spurði mig áðan í ræðu sinni, ákveðið: Hvernig stendur á því að Alþb. og aðrir *koma ekki með* ákveðnar tillögur um nýtt fiskveiðikerfi, nýja fiskveiðistjórn? Það má segja það að tillögur okkur eru mikill vísir að því, en það er alveg rétt að þær eru ekki fullkomin breyting á því kerfi sem við búum við og það skapast af því að við gerðum okkur fullkomlega grein fyrir því að hér á Alþingi var orðinn til meiri hluti um það að framlengja þetta kerfi sem við höfum búið við og við tókum þá stefnu að freista þess að breyta þessu *kerfi í staðinn fyrir að koma* með nýtt kerfi sem hefði tekið þó nokkuð mikla vinnu. Við höfðum ekki aðstöðu til að vinna eins vel og ráðuneytið hefur haft og hefur, en við völdum þá leið að koma með tillögur sem mundu breyta þessu kerfi í grundvallaratriðum því stærsti liðurinn í okkar tillögum er að í staðinn fyrir að meginhluta afla*magnsins verði úthlutað á skip, beint til eignar* og ráðstöfunar, eru okkar tillögur um það að ⅔ hlutum verði úthlutað og þeir bundnir við byggðir. Það þýðir það að þessi eignatilfærsla sem er einn af aðalgöllum þessa kerfis er ekki nema að litlum hluta eftir. Það má segja það að trúlega mundi þessi ⅓ sem fylgir skipi hafa tiltölulega lítil áhrif á verðmyndun skipa. Verðlag á skipum *eftir að tekinn yrði upp* byggðakvóti eins og við leggjum til mundi því trúlega verða mjög raunhæft, raunhæf verðmyndun. Þetta má segja að sé grundvallarbreyting á fiskveiðistefnunni þó að við gerðum okkur grein fyrir því að það varð að vissu leyti að tengjast því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að við vissum að það *átti og það var meiri hluti fyrir því að koma* frv. eða meginstefnu sjútvrh. fram.

Eins og ég nefndi áðan virðist sem svo að þetta mundi ekki ganga upp, því miður, þrátt fyrir mikinn vilja hér á hv. Alþingi og ég fullyrði mikinn vilja í þjóðfélaginu til þess að hverfa frá þessu kerfi eða lagfæra það á þann hátt að viðunandi væri til stutts *tíma en sá tími yrði notaður til* þess að byggja upp nýtt kerfi sem þjónaði frekar þeim markmiðum sem okkur hefur verið talin trú um eða reynt hefur verið að telja okkur trú um að þetta kerfi ætti að stefna að.

Það væri kannski svolítið fróðlegt að líta aðeins á það hvað hæstv. sjútvrh. sagði haustið 1985 um þau markmið sem skyldi vinna að og fara aðeins yfir það hvernig þetta hefur tekist allt saman og hvort það er trúlegt að fylgið við þessa stefnu sé vaxandi eins og a.m.k. hv. þm. Halldór Blöndal fullyrti og mátti kannski heyra svona hálfpartinn á hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, en hann mun ekki hafa fullyrt það eins ákveðið.

Í ræðu sinni segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi er eitt meginatriði frv. gildis*tími. Það er gert ráð fyrir því* að gildistími laganna, ef samþykkt verða, verði tvö ár.“ Og svo heldur ráðherra áfram að ræða um ágæti þess að vera með lengri tíma en eitt ár eins og fyrra kerfið var. Ég hef nefnt það hér áður að þessi tvö ár, þessi tveggja ára gildistími, var ókostur við kerfið. Hæstv. ráðherra sjálfur hefur lýst því yfir þrásinnis að hinn svokallaði *mikli sveigjanleiki í kerfinu, sem sérstaklega kom* fram á árinu 1987, í ár, hafi orðið til þess að um ofveiði var að ræða. Það var séð fyrir fyrir ári síðan að þetta var að þróast í þessa átt. Ef það hefði ekki verið tveggja ára kerfi hefði verið auðveldara að laga þetta. En vegna þess að búið var að binda þetta í tvö ár var það erfiðara og það var ekki gert og fyrir bragðið stöndum við frammi fyrir því að trúlega um 70 þús. tonn af smáfiski eru veidd umfram það sem ráðgert var og ætlað var að gera. Þannig fór um sjóferð þá. Þannig fór um fyrsta punktinn. Og ætli það sé ekki eitthvað svipað sem blasir við í sambandi við ákvörðunartökuna um þrjú árin nú, sem verið er að boða, jafnvel þó að nú sé samþykkt bráðabirgðaákvæði um að kjósa nefnd til að fylgjast með þessu og gera tillögur um breytingar frá ári til árs, þó ekki fyrstu breytingarnar fyrr en haustið 1989, þ.e. ekki fyrr en eftir tvö ár?

Svo kemur kannski rúsínan í pylsuendanum um ágæti fiskveiðistefnunnar eins og hún var lögð fyrir hv. Alþingi 1985. Hvað skyldi vera númer tvö hjá hæstv. ráðherra? Með leyfi forseta:

„Í öðru lagi er eitt af meginatriðum þessa frv. að *sveigjanleiki almennt er aukinn.*“ Takið eftir, virðulegu þm. „Í öðru lagi er eitt af meginatriðum þessa frv. að sveigjanleiki almennt er aukinn.“ T.d. er ljóst að með þeim sveigjanleika sem gildir í dag hefur afli farið nokkuð fram úr því magni sem úthlutað var upphaflega. Það var úthlutað 1. jan. 1985 250 þús. lestum. Síðan fóru fram nokkrar leiðréttingar upp í 5 þús. lestir, hálfur línuafli í janúar og febrúar upp í 6 þús. lestir. Síðan var bætt við 13. maí 5% eða 12 500 lestum.

Þessi þáttur, sveigjanleikinn, er núna lagður til grundvallar þess að það þurfi endilega að breyta frv., það þurfi að breyta stefnunni, það þurfi að hverfa frá sóknarmarkinu, færa frá því að það var hægt að veiða 20% yfir niður í það að fara með 10% og að menn geti ekki aflað sér aukareynslu óðruvísi en bara innan sóknarmarks skipanna, þ.e. það er lokað fyrir þann möguleika raunverulega að menn geti fengið sér nýja reynslu af því að líkurnar fyrir því að einhver aukning eigi sér stað innan þessa hóps eru sáralitlar ef nokkrar. Það er þá ekki nema vegna þess að eitthvert skip gæti farið það illa að það næði ekki sínum kvóta, en það er nú ótrúlegt að það eigi sér stað við þær aðstæður sem nú eru, þ.e. það er ótrúlegt að nokkrir fari að velja sér sóknarmark nema alveg í undantekningartilfellum við þær aðstæður sem nú er boðið upp á. Það er sem sagt verið að þrengja kerfið með því að taka úr því sveigjanleikann sem var einn af kostunum árið 1985.

Þriðja meginatriði ráðherra var þetta, og er það kannski það eina sem stendur fullkomlega eftir og verður varla gagnrýnisvert, með leyfi forseta: „Þriðja meginatriðið í þessu frv. er það að hér eru meginatriði máls sett fram í frumvarpsformi í þeim tilgangi að festa þau í löggjöf.“ Vitaskuld var þetta rétt þróun og það er eðlilegt að það séu fleiri hlutir hafðir í löggjöf og að það sé ekki allt gefið í hendi ráðherra með reglugerðarheimildum til þess að framkvæma þessa hluti. Þeir eru víst nógu margir eftir.

Fjórða meginatriðið var, með leyfi forseta: „Fjórða meginatriði þessa frv. er að haldið er þeirri meginreglu að það sé val milli aflamarks og sóknarmarks. Það er þess valdandi að ekki er hægt að halda því fram að hér sé um að ræða ofstjórn, eins og menn segja gjarnan, að menn eigi ekkert val.“

Svo var það og svo fór um sjóferð þá. Hlutirnir eru þannig í dag með frv. sem verið er að leggja fram að þessu er öllu saman kippt til baka vegna þess að í eðli sínu er ekkert val. Það munu engir eða mjög fáir taka sóknarmark. Góði punkturinn, fjórði punkturinn frá 1985, er þar með fallinn um sjálfan sig. Ágæti frv. frá þessum tíma er ekki meira í dag en þetta.

Svo kemur fimmti punkturinn, með leyfi forseta: „Í fimmta lagi er sú stefnumörkun í þessu frv. skv. 3. gr. að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki miðað við núverandi aðstæður.“

Það er nú svo. Ég hef fengið frá hæstv. ráðherra það sem ég fór fram á við hann í upphafi umræðna, í 1. umr., þ.e. lista yfir stækkun á skipun og hann ber ekki með sér að á þessu tímabili hafi skipastóllinn stækkað. Vitaskuld hefur ekki verið staðið við þennan þátt frekar en annað í stefnumörkun frá því 1985. Skipum hefur verið að fjölga eða skip hafa verið að stækka sérstaklega og inn í flotann hefur komið stór nýr floti, miklu afkastameiri floti en áður var. Það sem kannski er stórstígast af þessu er að það er kominn floti af verksmiðjuskipum sem notfæra sér aflakvóta sem áður var úthlutað á landróðraskip, ef mætti orða það svo, en núna gildir um borð í verksmiðjuskipum. Þarna hefur átt sér stað stórkostleg breyting, bæði á þann veg að sóknin hefur aukist og ákveðnum hóp aðila gefið sérstakt tækifæri til að nýta kvóta sem þeir hafa komist yfir á allt annan máta en ætlast var til og reynslan byggðist upp á.

Svo er hætt að númera hlutina. Hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni, með leyfi forseta, það er ekki í sjötta lagi, sem væri kannski eðlilegt: „Eitt meginatriði til viðbótar, sem mikið hefur verið rætt um, eru ákvæði um svokallaða smábáta. Þau hafa valdið miklum deilum“ o.s.frv. Mikið rétt. Það skal viðurkennt, og ég viðurkenndi það í umræðum þegar var verið að fjalla um fiskveiðistefnuna 1985, að það var mikil lagfæring. Stefnan í sambandi við smábátana var að mínu mati nokkuð góð þó að það megi kannski ekki segja að hún hafi verið algóð, en hún var nokkuð góð. En nú er þetta eitt af þeim atriðum sem á að fara að breyta, hverfa frá þeirri stefnu sem var talin góð á árinu 1985. Af hverju? Ég fjallaði um það í ræðu minni í dag og tel þess vegna ekki ástæðu til að ræða það mikið frekar. En það er mjög sérstakt að þeim þættinum, sem að mínu mati hefur valdið minnstum deilum milli aðila, milli stjórnenda og þeirra sem hafa búið við fiskveiðistjórnunina, þarf endilega að breyta til þess að gera þá aðila óánægða sem voru sæmilega sáttir við sinn hlut. Er trúlegt með nýrri fiskveiðistefnu, eins og hún var lögð fram hér, að fylgi við þessa stefnu hafi aukist mjög mikið innan raða smábátamanna? Mér finnst það ótrúlegt.

Aðeins má bæta því við að umræðan um stöðu smábátanna hefur verið á nokkuð sérstakan veg. Af ráðuneytisins hálfu hefur því verið haldið fram að smábátar væru sýknt og heilagt að bæta sinn hlut, auka sinn hlut í aflanum, en því hefur verið mótmælt frá hendi fulltrúa smábátamanna og færðar sönnur á að svo er ekki og m.a.s. þegar ráðuneytið ætlar að fara að afsanna þessar fullyrðingar smábátamanna eru lögð fram gögn sem vitaskuld eru ekki sönnunargögn fyrir ráðuneytið. Þetta eru bein sönnunargögn, sem voru lögð fram í sjávarútvegsnefndum, fyrir því sem smábátamenn höfðu haldið fram um að aflahlutur þeirra hefði ekki aukist umfram aflahlut annarra nema síður væri. En svo er því haldið fram að þetta sé á annan veg og haft sem rök fyrir því að það þurfi að breyta þessari stöðu, breyta þessum þætti, jafnvel eina þættinum sem sæmilegur friður er um á milli stjórnenda og þeirra sem var stjórnað. Það er skrýtin þessi framsóknarpólitík og ég er alveg hissa á að menn skuli almennt úr hinum flokkunum öllum taka undir svona stefnu og að menn eins og stjórnarsinnar skuli láta binda sig á þann veg. Látum vera að þeir samþykki stefnuna óbreytta frá síðasta tímabili eða lítið breytta. En að láta hafa sig í að breyta þessum þáttum í því eina augnamiði að gera þá aðila óánægða sem voru sæmilega ánægðir með sinn hlut án þess að það væru nokkur rök, fiskifræðileg, aflamarksleg eða á annan veg, fyrir málefninu. Það væri rétt að þm. Sjálfstfl. gegndu Mogganum í

þetta skipti, svo oft hefur hann bjargað þeim. (Gripið fram í.) Mogginn er oft ágætur, já. (**SalÞ:** Hann er allra blað.) Allra blað, já, ekki er verra að fara eftir slíku en ef það væru beinlínis flokkslínur.

Í sambandi við smábátana sagði hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson að það væri stefna hans og Sjálfstfl. að stefna að algeru frelsi fyrir smábátana. Það er gott að hafa stefnu, en ef hún er útfærð á þann veg sem raun ber vitni um í brtt. meiri hl. sjútvn. og í frv. ber nú lítið á frelsinu sjálfu. En hann rökstuddi að það yrðu að vera einhverjar takmarkanir nú á þessum málum vegna þess að staða fiskstofnanna væri á þann veg að það væri nauðsynlegt að taka í taumana og stjórna og hafa kerfi, hafa skömmtun. Það er varla erfitt að viðurkenna þetta að vissu marki. En ég veit ekki betur en að haustið 1983, þegar þm. lagðist gegn þessu kerfi, hafi verið stefnt að því að laga stöðuna, bæta stöðuna, það hafi verið stefnt að því að byggja upp fiskistofnana, gera eins og við gerðum í sambandi við síldina og loðnuna, byggja upp þorskstofninn. En hver er raunin á? Hver er raunin á eftir fjögurra ára stjórn með þessu kerfi? Hún er sú að okkur er boðað núna að 5–10% skerðing verði á aflasókninni miðað við síðasta ár. Hvað sannar þetta? Það sannar að það kerfi sem er verið að „hallelúja" upp hér einn ganginn til hefur mistekist. Og er hægt að vonast til þess og er nokkuð rökfræðilegt að Sjálfstfl. og þm. hans geti boðið upp á framtíðarfrelsið sitt undir þeim kringumstæðum að búa við þetta kerfi? Ég held að það verði ansi langt í land að við getum horft upp á að þeim verði tilkynnt það smábátamönnunum að nú megi þeir róa og sækja sjó í algeru frelsi nema með einni athugasemd. Ég skildi hana ekki almennilega. Það mætti ekki ná í óeðlilegan afla. Ég hef aldrei áttað mig á því hvernig menn geta farið að því að ná í óeðlilega mikinn afla. En látum vera að þetta skilyrði sé með. Ég held að það sé samt langt í land að þetta frelsi komi. Það sé fagnaðarerindið sem við sjáum einhvers staðar langt inni í framtíðinni.

Hv. þm. Egill Jónssn (**KP:** Hann er sofandi.) hefur lagt sig. (**KP:** Þú hefur svo hátt að það vekur hann.) Hann hélt gagnmerka ræðu og benti á galla brtt., þær væru óljósar sem er ekki mikið sagt. Ég held að það sé sjálfsagt að taka undir að eins og cliðurinn er er varla hægt að setja þetta inn í lagakafla. Það er engin réttlæting að þm. geti sagt að þeir séu ekki reglugerðarsmiðir. Það er ekki réttlæting þegar það liggur fyrir að lagagreinar eru svo óljósar að það er ómögulegt að lesa út úr þeim hvað þeir meina. Þm. geta ekki réttlætt það, sem bera fram slíkar tillögur, að þetta verði lagað með reglugerð og þeir viti svo sem ekkert hvað í þeirri reglugerð kemur. Það er enn þá verra þegar það kemur á eftir. Í þessari grein hlýtur að vera einhver ákveðin meining. (Gripið fram í.) Já, túlka þeir það? Alveg rétt, hv. þm. En það er ekki nóg að segja það í ræðustól, hefur oft og tíðum reynst þannig, en valdið sé allt annars staðar, útfærslan, og í auknum mæli í frv. eru smábátamenn settir undir vald ráðherrans samkvæmt reglugerð, samkvæmt því sem ráðherra heimilar o.s.frv. Þetta er eitt af því sem er á hinn verri veg í þessu frv.

Hv. þm. lét þau orð falla að við værum að segja að það væri hægt að hafa hlutina á þann veg sem við teldum æskilegt en væri erfitt að framkvæma eða væri ómögulegt að framkvæma. Ég held að þetta sé hinn mesti misskilningur. Það sem við erum að leggja til, t.d. í sambandi við breytinguna á smábátunum, er fyrst og fremst það sem hefur verið í gangi og hefur tekist vel. Hitt, sem verið er að leggja til, eru rangindi.

Hv. þm. kvartaði undan því að við stjórnarandstæðingar vildum ekki gera okkur grein fyrir því hvernig staða fiskistofnanna væri. Ég held að það sé hinn mesti misskilningur. Ég held að við gerum okkur betur grein fyrir því en þeir sem eru að samþykkja þau kvótalög sem nú er verið að leggja til að verði samþykkt vegna þess að þá er verið að endurtaka sama hlutinn. Það er verið að endurtaka að við stöndum frammi fyrir því að á komandi árum verður sótt of mikið í fiskistofnana. Eins og ég sagði í dag: Með þessari stefnu megum við búast við því að þróunin verði áfram sú að það verði alltaf smærri og smærri fiskur sem verður fluttur að landi. Ætli meðalþyngdin hafi ekki verið í upphafi tímabilsins upp á 3–4 kg, ekki 5 kg eins og var á bestu tímum. Nú er hún orðin í kringum 2 kg. Gæti verið að með þessari samþykkt á kvótalögunum verði hún eftir þrjú ár kominn niður í 1 kg? (**SvG:** 300 grömm.) Jafnvel það, hv. þm., jafnvel niður í 300 grömm. Við hefðum ekki viljað ræða um þær leiðir sem þyrfti að ákveða til að takmarka sóknina, við hefðum ekki viljað ræða um hvort það þyrfti að fækka skipum og við vildum ekki standa að fiskveiðistjórn, segja þeir. Allt eru þetta ósannindi og hreinlega útúrsnúningar. Við höfum verið tilbúnir að standa að því að fiskiskipaflotinn stækkaði ekki undir þessari fiskveiðistjórn, en það hefur bara ekki gerst. Hvað hefur gerst? Hann hefur stækkað og stækkað og orðið öflugri og öflugri þrátt fyrir fiskveiðistjórnina. Sama er að segja um hinn þáttinn. Það þýðir ekkert að þykjast vera með fiskveiðistjórn þegar sú fiskveiðistjórn gengur ekki upp, hún vinnur ekki að því markmiði sem henni er ætlað.

Það er ósköp fallegt að koma upp í ræðustól og segja: Við verðum að byggja upp fiskistofnana. Það er nú líkast til. Samþykkja svo eða ætla að samþykkja síðan aftur það kerfi sem ekki hefur dugað til þess. Vilja ekki leggja á sig tíma, vilja ekki leggja á sig vinnu við að leita leiða til að laga þetta kerfi og hafna þeim tilboðum sem þar voru frammi, hafna samstarfstilboði frá hv. þm. Karvel Pálmasyni og Matthíasi Bjarnasyni um að taka mestu agnúana af þessu kerfi. Því hefur verið hafnað. Vitaskuld var það gert, eins og ég sagði hér áðan, að kröfu framsóknarráðherrans. Því miður fóru þeir sjálfstæðismenn ekki eftir leiðbeiningum frá Mogganum sínum núna. Þeir gegndu því ekki að fara ekki eftir

fyrirskipunum frá einhverjum svokölluðum hagsmunasamtökum sem þykjast eiga þennan þjóðarauð og eiga hann ekkert frekar en allir Íslendingar. Sjútvrh. telur sig meira og minna fulltrúa þessara aðila vegna þess að þeir styrkja hans vald. Vitaskuld væri vald sjútvrh. ekki mikið og hann gæti ekki beitt því valdi sem Alþingi er að afhenda honum ef bak við hann stæðu ekki þessir hagsmunaaðilar sem alltaf er verið að flagga með að standi bak við sjávarútvegsstefnuna. Það var nefnt nafn áðan sem hefur ekki heyrst í umræðunum fyrr. Ég ætla ekki að fullyrða hver nefndi nafn Kristjáns Ragnarssonar. (**KP:** Það var Svavar Gestsson.) Það var Svavar Gestsson, já. Vitaskuld vitum við öll að undirbúningur og uppbygging þessarar fiskveiðistefnu er fyrst og fremst verk þessara tveggja manna, Halldórs Ásgrímssonar og Kristjáns Ragnarssonar, og til viðbótar var einn til. (**Gripið fram í:** Hver var sá?) Hann er núv. ráðherra, mun heita Jón Sigurðsson, mjög mikill hvatamaður og stóð að þessari kvótauppbyggingu. (**HBl:** Í hvaða flokki er hann?) Ja, það vil ég ekki fullyrða. Hann mun sjálfsagt vera skráður í Alþfl., en hvort hann er beinlínis í þeim flokki skal ég ekki alveg fullyrða. En hann er mikill markaðshyggjumaður. (**GHG:** Ætli hann sé ekki hægra megin við íhaldið?) Hann gæti verið hægra megin við það. Ekki vil ég skilgreina það frekar.

Hv. þm. Halldór Blöndal fór að bera saman úreldingarskipin, sem höfðu farið í Úreldingarsjóð og verið borguð úr Úreldingarsjóði, við þau skip sem við höfum verið að tala um að þyrftu að njóta þess réttar að fá aflakvóta og endurbyggingu eða þeir aðilar sem misstu skip að eignast aftur skip. Þetta voru skip sem fórust á tímabilinu 1983–1984 og áttu rétt á aflakvóta, höfðu aflað sér aflakvóta og reynslu. Það er allt, allt annar hlutur en úreldingarskipin sem gengu sjálf inn í til úreldingar. Það eru tveir ólíkir hlutir og til einskis samjöfnuður. (**HBl:** Viltu útskýra það nánar?) Ja, útskýra það nánar. Það er tvennt ólíkt hvort menn standa fyrir því að velja um að láta skip sitt í úreldingu, sem menn vissu að var greitt fyrir, eða hvort menn standa frammi fyrir því að missa skipið sitt í sjótjóni eða líku tjóni. Það er tvennt ólíkt. (**HBl:** Var óeðlilegt að þeir héldu áfram að gera út sem úreltu gamla báta sína? Það eru fjölmörg dæmi um það.) Það verður þá gengið frá því um leið. Það var búið að stoppa endurnýjun á skipum. Ef menn völdu úreldinguna og fengu borgað úr Úreldingarsjóði gátu menn valið á milli þannig að það er ekkert saman að jafna þessu tvennu.

Ég nefndi áðan að það væri gaman að fylgjast með því hvað ráðuneytið hefði mikinn vilja til að fá aukið vald, ekki aðeins að sett sé inn í lagabókstaf á ýmsa vegu að það hafi þetta eða hitt valdið heldur líka að ná sér í hina og þessa aðstöðuna.

Í gær eða fyrradag varð ég var við að hér fór að ganga blað á milli manna þar sem lagt var til að það yrði tekin upp ný grein í frv. Hún mundi eiga að vera 21. gr. Þá mundi gildistímagreinin sjálfsagt komast aftur fyrir. (**KP:** Eða falla bara út.) Eða jafnvel falla út já. Það hefði kannski verið það besta. Það er best ég lesi þessa grein, virðulegi forseti, með leyfi:

„Ný grein, verði 21. gr.:

Við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo:“

Ég hef svolítið misskilið þetta. Þetta á að fara inn í önnur lög en þau sem við erum að fjalla um hér. En söm er ætlunin. Það skiptir ekki miklu máli í hvaða lög þetta fer.

„Útgerðir skulu standa undir fæðiskostnaði við dvöl eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum. Jafnframt skulu útgerðir skipa sem frysta afla um borð greiða kostnað af ferðum eftirlitsmanna og laun þeirra meðan þeir eru um borð í veiðiskipi.“

Þetta þurfti endilega núna að komast inn í lagabókstaf og er sjálfsagt einhvers staðar í gangi, en nokkuð var það sérstakt ef ráðuneytismenn, sem eru í eftirliti til þess að fylgjast með að hlutirnir séu á sem bestan máta, eru allt í einu orðnir svo fullkomlega háðir þeim sem þeir eiga að líta eftir, bæði í launum og þjónustu. Ég teldi a.m.k. eðlilegra að þessir hlutir væru reknir á þann veg að þetta væri tekið með einhverjum milliliðum. Ég er ekki að hafa á móti því að útgerðir borgi þennan kostnað, en að ætlast til þess að fara á þennan veg að þessum hlutum finnst mér alveg furðulegt. Það mætti vel hugsa sér að útgerðir þessara verksmiðjuskipa borguðu ákveðið verð fyrir hvert kg sem þau lönduðu fyrir þessa eftirlitsþjónustu, en að gera eftirlitsmennina að starfsmönnum og háðum þeim sem þeir eiga að hafa eftirlit með er alveg furðulegt. En þarna ætlaði ráðuneytið endilega að sýna vald sitt. Þú skalt bara borga beint, gerðu svo vel. Þetta er þeirra vani og nærri því regla.

Nokkur umræða hefur orðið um karfann í tengslum við breytta uppsetningu á sóknarmarki sóknarmarkstogaranna og því hefur verið haldið fram af ræðumönnum að það væri verið að takmarka sóknina í karfann með þessari aðferð. Getur verið, en við skulum sjá að leikslokum hvernig það kemur út. Frekar hef ég tilfinningu fyrir því að þarna hafi verið sett upp falleg pótemkintjöld til að láta hlutina líta vel út, láta nú sjá hvað allt sé glæsilegt og fallegt, það sé bara jafnt aflamark fyrir sunnan og norðan hina svokölluðu suður-norður línu, búa til reikningskúnst til að lækka hávaðann í mönnum út af þessari línu. Það hefur tekist að fá menn til að vera sátta að kalla á þetta ógurlega ranglæti sem var haldið fram að væri fyrir nokkrum vikum. En það er svolítið meira en karfinn sem settur er þarna upp. Það eru nokkur tonn líka færð á milli af þorski. Þar hljótum við að spyrja: Hvaðan koma þau? Hv. þm. Egill Jónsson sefur. Hann getur ekki sagt frá því að þau komi úr sjónum. En vitaskuld eru þau tekin frá öðrum. Í þessu lokaða kerfi getur engin millifærsla skeð öðruvísi en það sé verið að taka frá öðrum, ef einhverjum öðrum er fært annað. Og hvað er verið að gera þarna? Þetta er svo sem ekki mikið og varla

hægt að vera að tala um þetta. Vitaskuld er verið að taka fyrst og fremst frá bátaflotanum. Það er verið að færa yfir til togaraflotans frá bátaflotanum. Og hver skyldi vera þessi stóri sigur þeirra Reykjanesmanna við að færa þennan fisk til? Hann er sá að þessi tonn fara fyrst og fremst frá bátaflotanum á Reykjanesi af því að hér er aðalbátaflotasvæði landsins. Reykjanes, Faxaflói, Vestmannaeyjar og Snæfellsnes eru mesta bátasvæðið. Og þessi fáu tonn, sem færð eru þarna á milli og eiga að skapa réttlæti, eru á þennan veg. Ja, skrýtið er þeirra réttlæti stundum og oftast nær. Þetta samþykkja þeir þm. Reykjaness í góðri trú jafnvel um að það sé verið að bæta stöðuna á Suðurnesjum. Það er ekki svo.

Enn væri hægt að spjalla mikið um þetta mál og við erum búin að vera hér í 16 tíma og nokkur umræða og góð umræða hefur átt sér stað, en við eigum enn eftir 3. umr. og trúlega verður hún ekki mikið styttri. Og þó að ég geri það ekki beinlínis að reglu að fara eftir því sem Morgunblaðið leggur til mun ég gera það í þetta skipti. Ég mun í 3. umr. halda áfram að fjalla um þetta mál og ég vænti þess að þeir hinir aðrir, sem hafa tekið þátt í umræðunni í þessa 16–17–18 tíma sem hún verður, haldi áfram og taki 3. umr. jafnrösklega og við höfum haldið umræðu uppi nú í 2. umr.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns hafa umræður um þetta mál nú staðið yfir í 16 klukkustundir með litlum hléum og það er ljóst að umræða getur staðið lengi enn. Jafnframt er ljóst að áður en langur tími líður gengur í garð sá tími að þm. og starfslið Alþingis vilja fara að losa aðeins um sig vegna þess að við búum í þjóðfélagi sem byggist á forsendum lútersk-evangelísku kirkjunnar þar sem eru haldin jól.

Hins vegar standa mál svo þannig að í kvöld á að byrja að keyra launaseðla ríkisstarfsmanna með tilliti til hins nýja skattkerfis og fyrir fáeinum mínútum lauk 3. umr. í hv. Nd. um frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem er útfærsla á lögum um staðgreiðslukerfi skatta sem var samþykkt fyrir nokkrum dögum. Við umræðu málsins í Nd. áðan lagði stjórnarandstaðan mikla áherslu á að málið fengi eðlilegan framgang þannig að tryggt yrði að með eðlilegum hætti væri hægt að standa að framkvæmd staðgreiðslukerfis skatta burtséð frá því þó að menn, m.a. þm. stjórnarandstöðunnar, hafi haft eitt og annað að athuga við innihald frv. um tekju- og eignarskatt.

Nú stendur þannig á að það er alveg augljóst mál að þessu frv. og meðferð þess lýkur ekki á þinginu fyrir jól. Gildir einu í rauninni hvort frv. bíður yfir hátíðarnar í þessari deild eða hinni. Hins vegar er brýnt að þessi deild fái til meðferðar hið fyrsta frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Ég kvaddi mér hljóðs, virðulegi forseti, til að fara fram á að það verði kannað hvort ekki getur orðið um það samkomulag að á því máli verði tekið þannig að við stofnum ekki staðgreiðslukerfinu, sem hefur verið í undirbúningi núna mjög lengi, í verulega hættu vegna þeirrar óvissu sem dráttur málsins í þinginu hefur þegar skapað og mun enn frekar skapa ef málið liggur áfram. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi hlutast til um að forustumenn þingflokkanna bæru nú saman bækur sínar til að kanna hvort ekki er áhugi á því meðal þeirra og ríkisstjórnarinnar að ljúka þessu máli um tekju- og eignarskatt vegna þess hversu brýnt það er. Jafnframt er ljóst að tími til að taka kvótafrv. fyrir áfram er nægur á milli hátíðanna og þess vegna ástæðulaust að vera að halda mönnum hér mikið lengur í umræðum um það mál úr því sem komið er.

Ég sé að hæstv. forseti deildarinnar, Karl Steinar Guðnason hv. 9. þm. Reykn., er kominn í salinn og ég vil inna hann eftir því hvort ekki væri hugsanlegt að hann beitti sér fyrir því að slíkur fundur forvígismanna flokkanna í þinginu yrði haldinn til að kanna hvort ekki gæti náðst um það samstaða að taka fyrir með afbrigðum, þó á undarlegum tíma sé, frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem er brýnt að klárist vegna þess að ríkiskerfið fer að keyra út sína launaseðla hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar í kvöld og hið sama á við um Reykjavík.

Ég ætla ekki hér, hæstv. forseti, að ræða um vinnubrögðin í þessu máli í Nd. Ég hef tekið eftir því að nál. frá minni hl. þar eru komin fyrir löngu. Ég tók hins vegar eftir því að nál. frá meiri hl. og brtt. komu fyrst í dag. Ég á satt að segja erfitt með að skilja svona vinnubrögð, en þar sem neðrideildarmenn mega ekki mæla í þessari deild læt ég ógert að gagnrýna þeirra vinnubrögð frekar, en spyr hæstv. forseta hvort hann gæti hugsað sér að hlutast til um að samráðsfundur verði kvaddur saman og gefið þinghlé í nokkrar mínútur meðan málin eru skoðuð.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að menn geri stutt hlé og ræði saman. Það hefur verið talað um það hér, og er hv. 7. þm. Reykv. áreiðanlega fullkunnugt, að ljúka þessu máli í nótt. En það er ekkert því til fyrirstöðu ef vilji er fyrir hendi um að ljúka fleiri málum. Þá er alveg sjálfsagt að ræða það.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni vekja athygli á því að það er að sjálfsögðu mikilvægt að koma staðgreiðslukerfi skatta í framkvæmd. En ég vildi jafnframt vekja athygli á því að á grundvelli þess frv. sem nú er verið að fjalla um og verður væntanlega að lögum þarf að gefa út reglugerðir sem þegar hafa verið lögð fram drög að og það þarf að gefa út veiðiheimildir til alls íslenska fiskiskipaflotans þannig að hann geti hafið veiðar með eðlilegum hætti í upphafi næsta árs. Ég tel að hér sé um mjög stórt mál að ræða. Auðvitað má gagnrýna hversu

seint þetta mál er hér á ferðinni og fyrir því eru ýmsar ástæður. En ég vil aðeins benda á að það er um mun veigameira mál að ræða og stærra að þessar veiðiheimildir geti farið út með eðlilegum hætti um áramótin en nokkurn tíma staðgreiðslukerfi skatta og vil ég þó á engan hátt draga úr mikilvægi þess máls. Ég vænti þess því að hv. þm. reyni á næstu dögum og ef nauðsynlegt er á milli jóla og nýárs að greiða fyrir því að íslenski fiskiskipaflotinn og íslenskir sjómenn fái nauðsynlegar heimildir til að afla sjálfum sér og þjóðarbúinu tekna.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi hefur ekki komið fram hvort forusta deildarinnar er tilbúin að kveðja saman samráðsfund forustumanna flokkanna. Í öðru lagi verð ég að segja alveg eins og er út af ræðu hæstv. sjútvrh. og athugasemd áðan að það er alveg hárrétt að við höfum fjallað í dag og í nótt um mikilvægt mál og það er hárrétt líka, sem sagt hefur verið í umræðum fyrr, að ekkert gengur í þessu þjóðfélagi öðruvísi en að menn fiski. Hins vegar vill þannig til að jafnvel þó að þetta frv. hæstv. sjútvrh. yrði ekki afgreitt fyrr en 5. janúar eða svo gengur ekki neinn verulegur héraðsbrestur yfir þetta land. Hins vegar höfum við á undanförnum árum undirbúið staðgreiðslukerfi skatta og það er ljóst að ef ekki tekst að ganga frá því með eðlilegum hætti núna þýðir það frestun þess máls um mjög langan tíma. Er það vilji ríkisstjórnarinnar að þæfa þetta kvótamál frekar og taka áhættu varðandi staðgreiðslukerfið? Ef ríkisstjórnin vill taka þá áhættu er það hennar mál, en þá er líka best að liggi fyrir hver það er sem áhættuna tekur og á því ber ábyrgð. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, ef ekki tekst að ná fram einhverjum samráðsfundi forustumanna flokkanna á hv. Alþingi, að hæstv. fjmrh. verði kallaður í salinn vegna þess að ég vil spyrja um hvort hann er reiðubúinn sem vörslumaður ríkissjóðs og fulltrúi skattgreiðenda að taka á sig þessa ábyrgð?

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst hv. 7. þm. Reykv. leggja fram myndarleg boð og er ánægjulegt að heyra það, en mér finnst líka að þessi umræða hafi verið í myndarlegum gangi, herra forseti, og vænti þess að hv. 7. þm. Reykv. sé mér sammála um að einlægast og eðlilegast sé að ljúka umræðu um stjórn fiskveiða. Við vorum búnir að ræða um að þingstörfin gengju greiðar fyrir sig. Við vitum ofurvel að þær umræður sem fram fara nú í nótt eru þess eðlis, eins og fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv., að ætlunin er að reyna að draga þær svo á langinn að mál komist ekki fram í Ed. eins og búist hafði verið við. Ég hygg að engum þm. blandist hugur um hvað hér sé á ferðinni. Mér finnst rétt, herra forseti, að ljúka umræðum, hafa atkvæðagreiðslu og mér finnst höfðinglega boðið hjá hv. 7. þm. Reykv. að við gætum tekið 1. umr. um skattamálin einnig í nótt og lokið kvótamálinu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekkert talað í deildinni í dag um það mál sem hér hefur verið til umræðu og hef þar af leiðandi ekkert gert til að tefja það mál. En ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að það erum ekki bara við sem erum að vinna í þessu húsi. Hér vinnur starfsfólk þingsins, sem hefur verið undir óvanalega miklu vinnuálagi undanfarna daga og vikur, og mig langar bara að bera fram þá spurningu: Ætla menn að láta nótt og dag ná saman á þessum sólarhring? Ætla menn að hefja fjárlagaumræðu á morgun? Ætla menn að hefja fundi snemma morguns? Ætla menn að vera langt fram á kvöld? Ætla menn að mæta þeim veðrum, sem Veðurstofan hefur spáð, norðaustanátt með éljagangi norðanlands? Ætla menn heim fyrir jól?

Ég held við þurfum að vera raunsæ um hverju við fáum áorkað á þeim stutta tíma sem lifir til jóla. Við verðum að fara að velja og hafna.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég og aðrir þm. Borgarafl. höfum alla tíð lýst því yfir að okkur er ekkert að vanbúnaði að taka þátt í umræðum og stuðla að því að þau verkefni sem liggja fyrir þinginu fái eðlilega afgreiðslu, en um leið áskiljum við okkur að sjálfsögðu fullan rétt til að taka hér þátt í umræðum á málefnalegan og skipulegan hátt.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að við erum búin að tala nú um kvótakerfið í líklega um 15 klukkutíma með hléum. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út, enda skiptir það ekki orðið öllu máli. Ég hlýt þó að taka undir orð hv. 7. þm. Reykv. að það er meira en lítið undarlegt að hv. þm. stjórnarflokkanna skuli hafa litlar áhyggjur af því að það á að fara að greiða út laun 1. janúar á forsendum tekju- og eignarskattslaga sem ekki hafa verið samþykkt á Alþingi. Ég vil fyrir okkar leyti boða brtt. við frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. M.a. erum við alls ekki sáttir við frádráttarliði, þ.e. persónuafsláttinn, né heldur skattprósentuna. Ég er ekki að segja að við fáum slíkar tillögur samþykktar, en það getur vel verið að við með rökum gætum fengið menn til að ganga til liðs við okkur. Og hvað vilja menn? Vilja menn að það sé byrjað að borga laun út á algerlega fölskum forsendum? Ef þm. stjórnarflokkanna vilja það, þá þeir um það. Mér finnst skynsamlega boðið af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni að við erum reiðubúin að fallast á að hér verði ein umræða um frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og við sjáum ekki nauðsyn þess að ljúka umræðu um fiskveiðistefnuna. Það er nógur tími til að klára það mál milli jóla og nýárs.

Ég verð að taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég fæ ekki séð að landið fari á hvolf eða sökkvi í sæ þó að það yrði róið í nokkra daga eftir áramót án þess að skömmtunarstefna hæstv.

sjútvrh. nái fram að ganga. Satt að segja held ég að það væri þjóðinni fyrir bestu að hún tefðist sem allra lengst, helst eitthvað fram á vorið. En látum það vera. Ég geri nú ráð fyrir því og reyndar er staðreyndin sú að stjórnarflokkarnir hafa mjög öflugan meiri hluta á þingi. Og það er meira en lítið furðulegt að velta þeirri staðreynd fyrir sér að hér skuli allt vera komið í harðan hnút með þennan mikla meiri hluta. Við erum um það bil ⅓ af þingliðinu sem erum að reyna að halda uppi málefnalegum umræðum og þetta gengur þannig að málin eru hlaupin í harðan hnút. En ég verð að segja eins og er að þetta er að mínu mati vel boðið og ég hvet eindregið til þess að þessi samráðsfundur eigi sér stað svo að stjórnarliðar geti áttað sig á því hvert ástandið er nú.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil að gefnu tilefni óska eftir því að rætt verði um það í samráðshléi hvernig málum skuli skipað, en það verði ekki gert í ræðustól.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa ákveðið að kveðja saman samráðsfund forustumanna flokkanna í þinginu núna á þessari nóttu til að átta sig á því hvernig menn vilja að málum vindi fram.

Ég vil fyrir mitt leyti að það verði alveg skýrt, ef til þess kemur, hverjir það eru sem stöðva staðgreiðslukerfi skatta. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að bæði þessi mál fari í gegn á þessari nóttu. Það er óhugsandi, útilokað mál. Ríkisstjórnin verður að velja þarna á milli. Vill hún stöðva staðgreiðslukerfi skatta og þá gífurlegu vinnu sem lögð hefur verið í það mál allt í kringum landið á skattstofunum að undanförnu eða vill hún hleypa því máli hér í gegn með eðlilegum hætti eða kýs hún að þumbast áfram með þetta mál í nótt án þess að það hafi í rauninni nokkurn tilgang vegna þess að það breytir engu hvort þetta frv. liggur afvelta yfir jólin í þessari deild eða hinni? Ég mótmæli því að þm. eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. séu að gera tilraunir til að snúa út úr máli þm. í þingskapaumræðum eins og hann gerði áðan. Auðvitað er sú hugmynd, sem hér hefur komið fram frá stjórnarandstöðunni, bundin því að stjórnarliðið velji þarna á milli, geri upp við sig hvort er brýnna. Ef stjórnarliðið kýs að halda áfram með kvótann í nótt hefur það sinn gang, en þá liggur líka fyrir að stjórnarflokkarnir og þar með hæstv. fjmrh. eru að stöðva það að staðgreiðslumálin fái eðlilegan framgang.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Nú hafa hinir æfðu stjórnmálamenn hafið sinn pólitíska póker. Það er pólitískt áhættuspil að haga sér eins og hv. þm. haga sér. Ég nefni þar sérstaklega hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson og hv. þm. Júlíus Sólnes. Það getur vel verið að það henti hv. þm. að haga sér með þessum hætti, en ég er ekki viss um að íslenska þjóðin kunni að meta það.

Ég ætla að fá að ljúka mínum athugasemdum við þingsköp. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kom í pontuna með mjög málefnaleg rök fyrir því að ljúka bæri umræðu ef ég skildi hana rétt. Ég undirstrika að við stjórnarliðar erum reiðubúnir að ljúka umræðu um þetta mál. Það erum ekki við sem erum að tefla þeim málum í hættu sem hv. þm. Svavar Gestsson talaði um áðan. Það er hluti stjórnarandstæðinga sem vill teygja umræðurnar á langinn, skapa sundrung og óvissu hjá þjóðinni. Því mótmæli ég og ég krefst þess að umræðan haldi áfram. — [Fundarhlé.]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Áður en hlé var gert áðan var rætt um þann möguleika hvort það væri vilji til þess hjá hv. stjórnarsinnum að reyna að tryggja að frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem lýtur að staðgreiðslukerfi skatta, yrði að lögum fyrir jól. Ég vildi kanna og heyra af því hver niðurstaðan hafi orðið á þessum fundi, ég vildi gjarnan heyra það af forsetastóli þannig að það megi liggja fyrir hvaða ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Niðurstaða þessa fundar varð sú að halda áfram að ræða stjórn fiskveiða og verður það því gert.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér hefur verið tjáð að á síðasta sólarhring hafi verið um það rætt að þannig yrði að málum staðið á hv. Alþingi að frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 yrði tekið til 3. umr. í Sþ. núna á eftir, síðdegis í dag, og umræðu yrði svo fram haldið að hún yrði langt til búin um fimm- eða sexleytið í dag þannig að þm. og starfslið þingsins gætu tekið sitt jólaleyfi. Mér er tjáð að þetta hafi verið rætt og menn hafi miðað við þetta. Það var af þeim ástæðum m.a. sem við hreyfðum því fyrr í nótt að það færi fram umræða um frv. um tekju- og eignarskatt.

Nú heyri ég að ríkisstjórnin virðist hafa tekið um það ákvörðun að hafna því, gerir kröfu til þess að haldið verði áfram umræðu um fiskveiðistjórnina í nótt og það er sjálfsagt að verða við því. En þar með er stjórnarliðið að hafna því að ákveða og afgreiða tekjuskattsfrv. Það er mjög athyglisvert. Mér nægir ekkert minna í þessu efni en hæstv. fjmrh. verði kallaður út og látinn gera grein fyrir því frammi fyrir þingheimi og þjóðinni að hann beri þar með ábyrgð á því að frv. komi ekki til afgreiðslu fyrir jól vegna þess að það næst ekki allt. Menn skulu ekki láta sér detta það í hug þótt þeir séu með ⅔ meiri hluta á þinginu eða hvað það nú er að þeir geti fengið hér alla hluti á færibandi svo að segja. Það gengur ekki. Þeir sem núna áðan tóku um það ákvörðun að ræða

ekki frv. um tekju- og eignarskatt voru að segja: Skítt með undirbúninginn á staðgreiðslukerfinu. Við tökum á okkur þá ábyrgð að það verði í uppnámi.

Ég tel hins vegar að til þess að það svar sé fullgilt sé eins gott að hæstv. fjmrh. stígi hér fram og segi: Mér er sama um það verk sem mitt fólk hefur verið að vinna mánuðum saman um allt land til að undirbúa þessa miklu kerfisbreytingu. Það er þá best að hann segi það héðan úr þessum ræðustól helst við sitt fólk.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Hér var hv. 7. þm. Reykv. að segja að það væri verið að heimta allt og það ætti að afgreiða allt á færibandi. Staðreyndin er allt önnur. Það er búið að ýta út af borðinu og fyrirsjáanlega að fresta þar til milli hátíða eða eftir áramót hverju stórmálinu á fætur öðru. Það eru aðeins þrjú mál sem verið er að tala hér um og er mjög einfalt mál að afgreiða þau á þeim tíma sem er eftir. Ég tek fyllilega undir með formanni þingflokks Alþb. þau orð, sem hann viðhafði í sjónvarpi í Þingsjá á föstudagskvöldið var, að auðvitað gæti ⅓ þm. ekki stöðvað framgang mála. Þetta er alveg hárrétt. En engu að síður er það staðreynd, sem við okkur blasir, að ⅓ þm., stjórnarandstaðan, hefur ásamt með ýmsu öðru, það er ekki eingöngu stjórnarandstaðan sem þar á hlut að máli, orðið þess valdandi. Stjórnarsinnar eiga líka þátt í því, það viðurkenni ég fúslega. Hverju stórmálinu á fætur öðru hefur verið ýtt til hliðar. Það er ekki verið að afgreiða mál út úr þinginu eins og fiskveiðistjórnunarfrv. Það er verið að koma því á milli deilda. Þetta er svo einfalt og svo auðvelt mál að ljúka þessu eins og um hefur verið talað. Ég veit að stjórnarandstaðan hefur ekki fallist á þá vinnuáætlun, sem stjórnarflokkarnir hafa gert, að koma fiskveiðistjórnunarfrv. milli deilda, að afgreiða tekjuskattinn úr þessari hv. deild á morgun, hefja 3. umr. fjárlaga, sem yfirleitt að jafnaði er ekki mjög löng, og stefna að því að ljúka henni um kvöldmatarleytið. Þetta er allt hægt og þetta eru engar nýjar fréttir.

Stjórnarandstaðan er búin að stöðva mörg stór mál. Það er alveg ljóst. Það viðurkennum við. Það er naumur tími milli jóla og nýárs til að afgreiða þau mál. Það verður væntanlega mjög erfitt. En ef hv. stjórnarandstæðingar vilja halda áfram umræðum um stjórnun fiskveiða, en nú er mið nótt, í alla nótt verður það að vera þeirra ákvörðun. En auðvitað verður að taka umræðu um tekjuskattsfrv. á morgun. Þetta er bara það sem um hefur verið talað og það er algerlega á valdi hv. stjórnarandstæðinga hvernig þetta mál nú gengur fram. Það þarf ekkert að kalla hæstv. fjmrh. hingað í þessa deild. Það er allt með hans samþykki. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur sjálfur gegnt ráðherraembætti og staðið í þeim önnum sem því fylgja. Ég þykist vita að hæstv. fjmrh. sé nýfarinn heim. Ef það er skýlaus krafa hv. þm. Svavars Gestssonar að fjmrh. verði vakinn og kallaður hingað verður það auðvitað gert. Það er venja hér. Ég bið hv. þm. að íhuga þetta aðeins betur, en það er alveg sjálfsagt að biðja starfsmenn þingsins um að vekja hæstv. fjmrh.

En það er algerlega á valdi stjórnarandstöðunnar hversu lengi þessi umræða mun standa.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég spyr hv. 3. þm. Vesturl. hvað hann á við þegar hann segir: Stjórnarandstaðan er búin að stöðva mörg stór mál? Ég vil að hann skýri þetta út.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég held að hv. 11. þm. Reykv. hafi ekki hlustað nógu grannt. Ég sagði: Stjórnarandstaðan og ýmislegt annað. Þar hafa þm. stjórnarliðsins líka átt hlut að máli með löngum umræðum, sett á langar tölur og orðið þess valdandi að ýmis mál hafa lent í útideyfu. Ég þarf ekkert að skýra það nánar fyrir hv. þm. Viti hann ekki skýringuna og skilji hana ekki hefur hann einfaldlega ekki verið að fylgjast með þingstörfum undanfarið.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Í umræðum að undanförnu hefur hv. 3. þm. Vesturl. oft og tíðum komið hér upp og kvartað undan því að Borgarafl. hafi stöðvað hvert málið á fætur öðru og í sjónvarpsviðtölum og öðru hefur hann endurtekið þetta. Það hefur verið athugað að það er Alþfl. sem er búinn að tala hérna síðustu daga langmest af öllum flokkum. Ég vil að þetta komi skýrt fram. Ég hjó alveg sérstaklega eftir því að í fyrstu orðum hv. þm. kom þetta fram: Stjórnarandstaðan er búin að stöðva mörg stórmál. Ég mun þegar þetta verður prentað benda hv. þm. á þessi orð.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem hann benti á, að ég gegndi ráðherrastörfum í tæplega hálfan áratug. Ég minnist þess ekki að það hafi gerst að það hafi þurft að vekja mig á nóttunni til að taka þátt í störfum þingsins. Ég man ekki betur en ég hafi yfirleitt verið hér á vettvangi þegar mín mál voru til meðferðar.

Ég geri enga kröfu um að hæstv. fjmrh. verði á þessari stundu ræstur út. Ég tek orð hv. 3. þm. Vesturl. gild um þá ákvörðun sem hér er orðin til um það m.a. að láta kvótamálið hafa forgang fram yfir staðgreiðslukerfið. Ég tek orð hans gild um það efni eins og þau hefði mælt hæstv. fjmrh.

Varðandi það hins vegar að stjórnarandstaðan hafi verið að tefja málin, þá er það alger fjarstæða eða að hún hafi stöðvað mörg mál. Hvað er það sem hefur stöðvað hér mörg mál annað en fyrst og fremst að það hefur verið haldið illa á verkstjórn af hálfu hæstv. ríkisstjórnar undanfarna sólarhringa? Það er kjarni málsins. Stjórnarliðar hafa teflt málum fram hver gegn öðrum, kvótanum gegn skattinum og skattinum gegn kvótanum, til að skapa sér samn-

ingsstöðu í pólitísku þrátefli milli þessara svokölluðu stjórnarflokka. Það eru þessar ástæður sem valda því að við stöndum hér nú klukkan að ganga fjögur og erum að ræða um mál. Ábyrgðin er öll á hendi stjórnarflokkanna og verkstjórnarinnar á Alþingi. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir stjórn þingsins hvort þinginu, þm. og starfsmönnum þessarar stofnunar er ekki beinlínis þegar ofboðið með því vinnuálagi sem hér hefur verið og hvort það kann góðri lukku að stýra til að efla virðingu Alþingis að þannig sé að hlutum staðið.

Svo vill til að ég leit við í hv. Nd. áðan. Ég tók eftir því að hvað eftir annað þurfti að taka þar upp atkvæðagreiðslu vegna þess að menn voru vansvefta og þreyttir og vissu ekki hvað var að gerast. Ég hygg að þeim sem er annt um virðingu Alþingis hljóti einnig að verða hugsað til þess að þau vinnubrögð sem nú eru tíðkuð hér undir forustu þessarar ríkisstjórnar eru ekki til að efla þá virðingu og styrkja.

Til að leggja áherslu á samkomulagsvilja stjórnarandstöðuflokkanna í þessum málum á þessari nóttu hefur það gerst í hv. Nd. að frv. um tekju- og eignarskatt var tekið í gegnum tvær umræður í Nd. og í þær umræður fór ekki mjög mikill tími. Tilgangurinn var sá að reyna að greiða fyrir því að þessi mikilvæga kerfisbreyting, staðgreiðslukerfi skatta, gæti gengið þannig fyrir sig að það yrði ekki þinginu, okkur öllum til skammar. Hvernig halda menn að það líti út gagnvart þjóðinni næstu daga þegar á að fara að ganga frá hlutum sem snerta staðgreiðslukerfi skatta og það er allt í uppnámi vegna þess að menn hafa verið að tefla þrátefli hver á annan milli þessara svokölluðu stjórnarflokka? Hér er fullkomlega ljóst að gagnrýnin á þetta lendir ekki aðeins á stjórnarflokkum eða hæstv. fjmrh. Hún lendir á þinginu öllu. Það hlýtur að verða okkur öllum áhyggjuefni.

Síðan er algerlega óþarfi að vera að taka það fram að minni hluti þings stöðvar ekki mál. Þriðjungur þings stöðvar ekki mál. Það er alveg ljóst. En jafnvel þó það væri aðeins 1/10 þm. í stjórnarandstöðu, sex eða sjö þm., ættu þeir sinn rétt. Þess vegna eru þingsköp Alþingis í lögum, til að verja þennan rétt. Í grannlöndum okkar er það víða þannig að þingsköp eru ákveðin með þingsályktunum en ekki með beinum lagafyrirmælum eins og hér er. Af hverju höfum við kosið að ákveða þingsköpin með lögum? Til að verja þennan rétt minni hlutans eins tryggilega og mögulegt er. Þannig skulu fara fram þrjár umræður í báðum deildum þingsins um lagafrv.

Auðvitað dettur okkur í stjórnarandstöðunni ekki í hug að við stöðvum eitt eða neitt, enda veit ég ekki til þess að það hafi verið reynt af stjórnarandstöðunni. Ég þekki það ekki að stjórnarandstaðan hafi verið að stöðva þau mál sem hv. 3. þm. Vesturl. var að tala um. Stjórnarandstaðan hefur ekki stöðvað hér mál. Hún hefur lýst því yfir að hún sé tilbúin að taka þátt í eðlilegri afgreiðslu allra mála. En þingræðinu er ofboðið þegar það er ætlast til þess að það séu ellefu mál, skattamál, afgreidd á örfáum dögum. Það er ekki hægt. Þetta er ekki offors fyrst og fremst gagnvart stjórnarandstöðunni. Látum það vera. Þetta er offors gagnvart þingræðinu og Alþingi Íslendinga.

Auðvitað verður hæstv. forseti að ákveða hvað sæmir honum sem forseta í þessum efnum. Auðvitað verður hann að taka afstöðu til hvernig hann best gætir sóma síns embættis. En ég skora á hann að íhuga hvort það er endilega víst að hann geri það best með því að halda málum áfram með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Ef hins vegar meiri hlutinn og forsetinn kjósa að gera svo hlýðum við í minni hlutanum og höldum áfram umræðum um málin. Við eigum engan annan kost. Á okkur er ekki hlustað af þessum meiri hluta.

Ég hef setið á Alþingi síðan 1978. Ég man aldrei eftir því að það hafi áður gerst að ábendingum og ráðum stjórnarandstöðunnar hafi verið hafnað eins gersamlega og núna. Ég man aldrei eftir því að það hafi áður gerst að menn hafi ekki náð samkomulagi um hvernig ætti að ljúka þinginu fyrir hátíðar eða að vori. Þannig er þessi stjórn einstök, örugglega um margra ára ef ekki áratuga skeið. Og ef núv. stjórn þingsins telur að hún gæti best sóma síns með því að halda áfram þessum vinnubrögðum, þá hún um það. En það er þá hennar ákvörðun en ekki minni hlutans.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. svaraði áðan þeim fsp. sem ég lagði fyrir hann varðandi smábáta og ég þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf. Hins vegar er ýmislegt sem ég hef við svör hans að athuga og þá í fyrsta lagi varðandi reglugerðina, hvernig hann hyggst breyta reglugerðinni miðað við þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á lögunum sem ég á frekar von á að verði samþykktar, þær tillögur sem hafa verið settar fram af meiri hl.

Í öðru lagi lagði ég fyrir hann þá spurningu hvort ekki er hægt að skylda aðila, sem fá úthlutað veiðileyfi, til að koma með allan afla að landi sem veiðist. Í framhaldi af því sagði hann að að sjálfsögðu væri það framtíðin ef markaður fengist fyrir þau verðmæti sem þarna er um að ræða.

Það vildi svo til að ég rakst í reglugerðinni, sem lögð var fram í sjútvn., á 9. gr., en þar segir:

„Skylt er að hirða og koma með að landi allan fisk af eftirtöldum tegundum sem fæst í veiðarfæri fiskiskipa: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, skarkoli, grálúða og steinbítur."

Sem sagt, miðað við þetta og er þá óhætt að henda t.d. löngu og blálöngu, hrognum, lifur o.fl. Ég mundi, a.m.k. á þessu stigi, krefjast þess að það verði bætt við a.m.k. löngunni og blálöngunni. Þetta eru mikil verðmæti og ég þykist vita af minni reynslu að hátt verð fáist fyrir þessar afurðir erlendis.

En ég vil samt þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf. Þau voru skilmerkileg í flesta staði. En ég harma samt að hann er ekki tilbúinn varðandi smábátana að stíga skrefið til fulls og hafa lögin um þá í

líkingu við það sem er í núgildandi lögum, en vonast eftir því að aðrir þm., sem hér eru inni og koma til með að greiða atkvæði, greiði atkvæði með þeirri brtt. sem við þm. Borgarafl. leggjum fram.

En það er annað í þessu sem hefur valdið smáruglingi meðal þm. sem talað hafa um okkar tillögur. Það er varðandi úreldingu á smábátum. Í þeim brtt. sem við höfum lagt fram er í raun réttri ekki gert ráð fyrir úreldingu, en við erum tilbúnir að fallast á að úrelding verði tekin upp á þeim skipum sem skylt er að skrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en það eru skip sem eru yfir 6 m. En hvað snertir skip sem eru undir 6 m, tveggja og hálfs til þriggja tonna bátar, sem yfirleitt eru notaðir til grásleppuveiða, verði frjálst að kaupa og selja þær skektur.

Ég get farið löngu máli um fiskveiðistefnuna sem slíka, en það sem ég ætlaði aðallega að tala um eru þau svör sem hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson gaf mér við þeim fsp. sem ég lagði fyrir hann. (**Gripið fram í:** Hann er í glugganum.) Nú, er hann í glugganum? (**GHG:** Ég heyri þetta allt saman. Hv. þm. getur haldið áfram þess vegna.) Þá vil ég í fyrstu endurtaka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar um stefnu Borgarafl. í sjávarútvegsmálum. Hann hélt langa tölu um að enginn stjórnarandstöðuflokkur hefði lagt neitt fram. (**GHG:** Það er ekki rétt.) Þú sagðir víst að allir væru tilbúnir að samþykkja kvótann, bara með mismunandi útfærslu. (**GHG:** Allir koma með brtt.) Það mátti skilja á orðum þínum. En það er alveg ljóst að við höfum skýra stefnu í sjávarútvegsmálum og bæði ég og hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes höfum lýst henni hér. Við leggjum áherslu á heildarkvótann sem við viljum skýra út. Ég get lesið fyrir hv. þm. þá stefnu eins og hún birtist í kosningastefnuskránni. Þar kemur fram að „sjávarútvegur er og verður undirstöðuatvinnuvegur Íslendinga. Því verður að búa þannig að honum að hann eflist og styrkist þjóðarbúinu til heilla. Borgarafl. leggur áherslu á að núverandi kvótakerfi var sett á sem neyðarlausn þegar ekki var samstaða um aðra tilhögun. Nú hafa þegar komið í ljós miklir vankantar á kerfinu sem skekkja heilbrigðan rekstur í útgerð og beinlínis hamla gegn eðlilegri endurnýjun í atvinnugreininni. Því vill Borgarafl. leggja niður kvótakerfið í núverandi mynd. Borgarafl. vill taka upp heildarkvóta sem endurskoðaður verði árlega með tilliti til stærðar fiskistofna hverju sinni. Heildarkvótanum verði skipt í ákveðin tímabil. Friðun á uppeldis- og hrygningarsvæðum verði aukin frá því sem nú er. Unnið verði í nánu samstarfi við Hafrannsóknastofnunina, sjómenn og útgerðarmenn til að ná þessum markmiðum. Gætt verði ákveðins sveigjanleika í framkvæmdinni og möguleiki verði til þess að færa heildarkvóta á milli tímabila."

Þetta er í aðalatriðum okkar stefna. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni: Þar sem annað virðist ekki vera til umræðu hér en það frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram lögðum við fram þessar brtt. til að bjarga því sem bjargað verði, en þær teljum við að séu til mikilla bóta bæði fyrir sjómenn og þjóðina alla. Þá vona ég að ég hafi skýrt nægilega fyrir hv. 14. þm. Reykv. hver stefna Borgarafl. er.

Svo var það annað sem vafðist fyrir hv. þm. Það er miðstýring. Hann bað mig um að skýra það út. Í þeirri blaðagrein sem ég las upp í fyrri ræðu minni talar hann einmitt um miðstýringu. Það er kannski ágætt að ég endurtaki hvað haft er eftir honum. Þessi grein er viðtal við hv. þm. sem birtist í Morgunblaðinu árið 1985 í desember þegar gengið var frá framlengingu á kvótakerfinu. Þar kemur fram:

„Guðmundur H. Garðarsson lýsti yfir andstöðu við frv. ríkisstjórnarinnar um stjórnun fiskveiða við 2. umr. í Nd. Alþingis á fimmtudag: „Ég er einn þeirra sjálfstæðismanna sem eru þeirrar skoðunar að stjórnun fiskveiða á Íslandi sé best ef hún er í höndum útgerðarmanna og sjómanna og þeir njóti ráðgjafar fiskifræðinga", sagði Guðmundur. „En við viljum ekki að þessu sé miðstýrt með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, af innisetumönnum eða stjórnmálamönnum."„

Síðan heldur áfram: „Guðmundur minnti á að þegar kvótafyrirkomulag var tekið upp fyrir tveimur árum hefði hann lýst því yfir í mörgum ræðum að hann væri ósammála þeirri heildarstefnu sem í því fælist, þ.e. miðstýringunni. Hann hefði greitt atkvæði gegn kvótakerfinu og hefði ekki breytt afstöðu sinni."

Það sem felst í miðstýringu — svo ég reyni að skýra það út frá lögfræðilegu sjónarmiði eins og hann bað um — er í einfaldleika sínum að ríkið hugsi fyrir borgarana og ríkið stjórni því hvaða þarfir borgararnir hafa. Það er píramídakerfi, að sá sem stendur efst hugsar fyrir hina. Það má vitna aftur í stefnuskrá Borgarafl., með leyfi hæstv. forseta. Þetta eru bara tvær greinar þar sem við tölum um stjórnsýslumál og ágætt að kynna fyrir hv. þm. hvað stendur í þessu merka plaggi sem hann hefði eflaust viljað taka undir og tekur eflaust undir í mörgum atriðum, en þar segir:

„Borgarafl. leggur á það megináherslu að hið opinbera vald skuli þjóna borgurunum en ekki þeim sem fara með þetta vald. Samþjöppun valds á einum stað og þar af leiðandi miðstýring veikir undirstöðu lýðræðisins og vekur ótrú almennings á gerðum og athöfnum valdhafa."

Þetta skýrir kannski betur en margt annað hvað felst í miðstýringu. Það er að eins og það er í framkvæmdinni í dag er allt vald að færast hingað yfir á Reykjavíkursvæðið og hvað varðar fiskveiðar er það að færast í sjútvrn. en þaðan er stýrt hvað hver bátur og hvað hvert skip og hvað hver skekta mega veiða mikið. Þetta kallast miðstýring. Það er hugsað fyrir borgarana og það er hugsað fyrir því hvað eigi að gera og hvað eigi ekki að gera. Þetta mætti kallast að öðru leyti einræði, en hann bað mig um að skýra hver væri munurinn á einræði og lýðræði hérna niðri áðan, og öðru nafni heilaþvottur. Miðstýring leiðir þegar til lengri tíma er litið til eins

konar heilaþvottar. Þá hefur ríkið forsjá allra, sér um hvaða þarfir borgararnir hafa. Hann ætti að vera kunnugri þessu. Það sem er kannski mest búið að gagnrýna er ástandið í Sovétríkjunum. Þar er miðstýring í mestum hávegum höfð. Og það er það sem núverandi ríkisstjórn vill lögleiða hér í sjávarútvegi, landbúnaði o.fl.

Ég gagnrýndi í fyrri ræðu minni Sjálfstfl. fyrir að elta framsókn í öllu því sem hún leggur til málanna. Mér finnst, eins og ég sagði í fyrri ræðunni, illa komið fyrir Sjálfstfl., enda heyrði maður í ræðu hv. þm. að hann var búinn að gangast undir allt sem hæstv. sjútvrh. er búinn að leggja fram um stjórn fiskveiða. Það fer ekki hnífurinn þarna á milli. Ja, að eltast við framsóknarmaddömuna kallast þetta.

Ég vil ekki hafa þessa ræðu mína mjög langa. En það var annað sem hv. 14. þm. Reykv. Guðmundur H. Garðarsson var að væna okkur borgaraflokksmenn um. Það væri anarkismi að við vildum ekki stjórna fiskveiðum. (**GHG:** Þetta er stjórnleysi.) Ég veit að þetta er stjórnleysi. (**EgJ:** Hv. þm. notaði orðið anarkismi.) (**GHG:** Já, ég notaði það. Það er rétt.) Ég þykist vita hvað anarkismi þýðir. (Gripið fram í.) Auðvitað gera borgaraflokksmenn og allir landsmenn sér grein fyrir því að það verði að vernda fiskistofna, en hins vegar erum við í Borgarafl. ekki sammála því að stjórna eigi þessum málum á þann hátt sem fram kemur í frv. Það er það sem við erum að gagnrýna. Við erum að gagnrýna kerfið í heild sinni. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að það þarf að hafa stjórn á þessum veiðum. Það er verið að tala um anarkisma eða stjórnleysi, en það er alger fásinna.

Ég vil líka að það komi skýrt fram þó ég sé búinn að minnast á það áður að í brtt. sem við leggjum fram, þm. Borgarafl., felst að sjálfsögðu ekki nein viðurkenning á kvótakerfinu. Það er verið að reyna að lappa upp á, fá einhverja heila brú í þetta kvótakerfi.

Ég vona að ég hafi svarað því sem að mér hefur verið beint frá hv. þm. og vonast svo sannarlega eftir því að hann hafi gert sér grein fyrir því að það kvótakerfi sem hér er til umræðu eigi ekki hljómgrunn innan raða manna í Borgarafl.

En ég vil að síðustu út af þeim ummælum sem komu fram um sjútvn. segja að ég fyrir mitt leyti vonaðist eftir því að þær till. sem formenn nefndanna, hv. þm. Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason, lögðu fram fengju hljómgrunn. Við vorum búnir að athuga innan okkar flokks að það var umræðugrundvöllur undir að ná samstöðu um stjórnun fiskveiða. Ég tek undir með Karvel Pálmasyni að allir stjórnarandstöðuflokkarnir voru tilbúnir að leggja það til grundvallar, en því miður gerðist eitthvað í Framsfl. og Sjálfstfl. sem leiddi til þess að þeir breyttu sinni afstöðu, breyttu henni þannig að þeir voru ekki á seinni fundum tilbúnir að breyta þessari stefnu neitt, alla vega ekki að verulegu leyti. Það eru minni háttar breytingar. Það er að hafa gildistímann í þrjú ár í staðinn fyrir fjögur. Ég held að það í sjálfu sér skipti það ekki máli, þrjú ár geri það sama og fjögur að því leytinu til að eftir þrjú ár sé þetta kerfi búið að festast svo í sessi að það verði erfitt að rífa sig upp úr því aftur og koma á einhverju nýju kerfi.

En varðandi hinar breytingarnar vil ég segja að að vísu er þetta til batnaðar varðandi smábátana, en ég mundi helst vilja að það væri gengið lengra og sömuleiðis varðandi þann toll sem ísfiskskip þurfa að greiða. Við getum kallað það toll sem þau þurfa að greiða með því að selja beint á erlendan markað. Ég held að það sé til bóta að breyta þar úr 25% í 15% og hafa það sama yfir gámafisk og ísfisk.

Ég skal ekki hafa þessa ræðu mína lengri, en áskil mér rétt til, ef hv. 14. þm. Reykv. fer eitthvað að mótmæla því sem ég hef sagt hér eða ef hann vill fá *nánari skýringar á því sem ég hef sagt*, að gera örstutta athugasemd.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég byrja á að taka fram að þó við hefðum gjarnan viljað afgreiða þetta staðgreiðslumál, eins og ég gat um í umræðum um þingsköp fyrir stundu, tel ég að umræður um þessi fiskveiðimál hafi verið góðar og gagnlegar og ég leyfi mér, þó það sé ekki beint í mínum verkahring kannski, að þakka þeim þm. fyrir sem hafa lagt orð í belg því þar hefur margt verið skynsamlega sagt. Og þó ég hafi ekki verið sammála hv. 14. þm. Reykv. var hann með prýðilega rökstudda ræðu og setti sín sjónarmið fram með nokkuð skilmerkilegum hætti. Það er alltaf ánægjulegt, jafnvel þó maður sé ekki sammála öllu því sem fram kemur í ræðum.

Ég ætla hér, herra forseti, að víkja að nokkrum atriðum sem hafa komið fram í umræðunum, en hafa þó í raun og veru verið rædd of lítið. Það er galli við þessa kvótaumræðu alltaf að það er eins og það séu engin önnur sjávarútvegsmál til. Þetta er eina málið af vettvangi sjávarútvegsins sem er almennilega rætt á hv. Alþingi. En auðvitað er það fjöldamargt sem ætti að ræða frekar og ekki síður a.m.k. Í því sambandi nefni ég stöðu fiskvinnslufólks og kjör þess, ég nefni kjör sjómanna og ég nefni afkomu fiskvinnslunnar. Það er merkilega lítið sem þau mál hafa verið rædd hér. Kvótamálið hefur yfirskyggt allt mörg undanfarin ár eins og kannski eðlilegt er. En það er vissulega óheppilegt ef menn halda að það séu einu sjávarútvegsmálin sem þm. fást við. Það er fjöldamargt annað sem ástæða er til að hugleiða. Eitt af því sem ég staldraði aðeins við fyrr í umræðunum í gær var afkoman miðað við fastgengisstefnuna.

Í síðasta mánuði birtist áætlun frá SÍF um afkomu fiskvinnslunnar miðað við fastgengi í 17–29% verðbólgu milli ára. Niðurstaðan varð sú að miðað við þær forsendur blasti við tap á fiskvinnslunni upp á 14–24% árið 1988. Ég held að það væri innlegg í þessa umræðu á þessari nóttu að fá um það hugmyndir hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir varðandi afkomu fiskvinnslunnar á næsta ári. Nauðsynlegt er að

veiða fisk, nauðsynlegt er að hafa skýra fiskveiðistjórn og fiskveiðistefnu, en hvort tveggja það, þó mikilvægt sé, dugir ekki til ef afkoma fiskvinnslunnar er í hættu, ef fyrirtækin eru rekin með halla og kannski stórkostlegu tapi sem jafngildir eignaupptöku hjá þeim sem bera ábyrgð á rekstri fiskvinnslunnar eða eiga fiskvinnslufyrirtæki.

Í frétt í dagblaðinu Tímanum, sem birtist miðvikudaginn 18. nóv., er um þetta fjallað og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við þær forsendur sem nú blasa við, þ.e. fastgengisstefnu og almennt litlar verðbreytingar á sjávarafurðum erlendis, er áætlað að tap á botnfiskvinnslu árið 1988 geti orðið allt frá rúmlega 5% og upp í tæplega 16% fyrir fjármagnskostnað og frá tæplega 14% upp í rúmlega 24% að honum meðtöldum.

Þetta kom fram í ræðu Magnúsar Gunnarssonar, forstjóra SÍF, á aðalfundi LÍÚ snemma í nóvembermánuði. Lægri tölurnar, þ.e. 14% tapið, miðast við forsendur fjárlaga, þ.e. mjög lækkandi verðbólgu milli ára og enga magnbreytingu. En hærri tölurnar aftur á móti, 24% tap á fiskvinnslunni á næsta ári, miðast við aðrar forsendur, sem eru kallaðar í Tímanum forsendur verslunarráðsins en ég hygg að séu sömu forsendur og Þjóðhagsstofnun nú miðar við um 2% verðbólgu milli ára. Í báðum þessum dæmum hér er miðað við að gengi dollarans sé 39 kr. sem er ívið hærra en það gengi sem við búum nú við þar sem gengi dollarans er milli 36 og 37 kr. ef ég man rétt.

„Á fundi SÍF kom það fram að á þessu ári sé um að ræða að mati þeirra 6% hagnað fyrir fjármagnskostnað á frystingunni en 3,1% hagnað að meðtöldum fjármagnskostnaði. Á saltfiskvinnslunni er áætlaður 14,1% hagnaður fyrir fjármagnskostnað á þessu ári sem lækkar niður í 6,6% að meðtöldum fjármagnskostnaði. Afkoma botnfiskvinnslunnar í heild eftir fjármagnskostnað er áætlað að verði aðeins 0,4% yfir núllinu á yfirstandandi ári. Af áætlunum SÍF um þróun helstu tekju- og gjaldaliða frá niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar fyrir 1986 má nefna að reiknað er með að útflutningur á frystum fiski minnki um 5% en aukist um 10% á saltfiski. Markaðsverð freðfisksins er áætlað að hækki um 22% en saltfisksins um 28% milli ára."

Hér er sem sagt augljóslega um að ræða mjög alvarlegan vanda. Það þýðir auðvitað ekkert að ætla sér að horfa fram hjá því, herra forseti, að þessi atvinnuvegur verður ekki rekinn með þessum halla á næsta ári. Jafnframt er ljóst að frá samtökum fiskvinnslufólks liggja fyrir eðlilegar og verulegar kaupkröfur til samræmis við verðhækkanir a.m.k. sem hafa gengið yfir að undanförnu þannig að það er ekki nokkur vafi á því að strax núna í janúarmánuði stendur ríkisstjórnin og forráðamenn fiskvinnslunnar frammi fyrir því að þó það takist að gefa út öll leyfin um það sem má fiska á næsta ári er alls ekki víst að fyrirtækin hafi afkomu til að vinna þann afla sem þarf til að skila aftur á okkar markaði erlendis. Þetta er ákaflega alvarlegt. Það þýðir að ef ekkert verður að gert mun fiskvinnslan á næsta ári éta upp allan ávinninginn frá árunum 1986 og 1987 sem hafa verið mikil veltiár í sjávarútveginum vegna hækkandi verðs á afurðum okkar erlendis. Allur þessi hagnaður, sem þá er um að ræða og var kannski fyrst og fremst það að fiskvinnslan fékk nokkuð upp í tap næstu ára þar á undan, ef við horfum bara yfir tímabilið 1986–1988, hverfur ef svo heldur fram sem horfir. Auðvitað er það þannig að ríkisstjórnin hlýtur að gera sér þetta ljóst. Og auðvitað er það þannig að hv. Alþingi verður að gera sér ljóst að þó að menn núna telji að það sé afskaplega mikilvægt að afgreiða kvótafrv. breytir það ekki nokkrum sköpuðum hlut ef fiskvinnslan er á hausnum sem á að vinna fiskinn úr skipunum. Mér finnst stundum að þessi umræða um afkomu fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins í heild hafi ekki verið nægilega ítarleg í tengslum við þessi kvótamál og menn hafi verið of uppteknir af þeim.

Hér hefur, herra forseti, nokkuð á þessari nóttu verið fjallað um kvótann og hugmyndafræði Sjálfstfl. og það sem kallað er haftabúskapur yfirleitt af þeim sjálfstæðismönnum, sérstaklega rétt fyrir kosningar. En svo samþykkja þeir það venjulega þegar þeirra menn eru komnir í stjórnarstóla. Hér hefur hv. 4. þm. Vesturl. á þessari nóttu vitnað í Morgunblaðið þannig að ég leyfi mér að gera það líka eins og félagi minn gerði hér á undan. Í forustugrein Morgunblaðsins nýlega var fjallað um það sem kallað er „fylgikvillar í haftabúskap". Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýlega urðu umræður utan dagskrár á Alþingi vegna þess að Útgerðarfélag Akureyringa hefur keypt togarann Dagstjörnuna frá Suðurnesjum. Hefði þar með sjöundi togarinn verið seldur af þessu svæði", sem hæstv. forseti þekkir ákaflega vel, Suðurnes.

„Í umræðum um málið kom fram að útgerð á Suðurnesjum ætti ekki síst undir högg að sækja vegna kvótareglnanna svonefndu, þ.e. þeirra reglna sem gilda um skiptingu afla á milli einstakra fiskiskipa og þar með landshluta. Á þingi Verkamannasambandsins í síðustu viku vakti Þröstur Ólafsson, fulltrúi sambandsins í ráðgjafarnefnd um stjórnun fiskveiða, máls á sölu þessa sama togara og sagði m.a.:

„Ég hef heyrt að kaupverð á togaranum Dagstjörnunni hafi verið um 180 millj. kr. Glöggir menn telja að gangverð á svona skipi án kvóta sé um 50 millj. kr. Vátryggingarverð er um 80 millj. og það er venjulega allt of hátt. Kvóti skipsins, 2700 tonn, er því seldur á um 130 millj. kr., 50 þús. kr. tonnið og 50 kr. kílóið. Kvótinn verður reyndar notaður áfram til fjögurra ára verði það samþykkt á Alþingi og þá kostar hvert kg af fiski a.m.k. 12,50 kr."„

Þetta var orðrétt tilvitnun í Þröst Ólafsson. Síðan heldur áfram: „Þessar umræður um sölu á Dagstjörnunni eru rifjaðar hér upp til að varpa ljósi á eina hlið fiskveiðistefnunnar. Mótun þessarar stefnu

fyrir næstu ár er nú í deiglunni. Fjölmenn ráðgjafarnefnd hefur haldið fundi undanfarnar vikur og á döfinni er þing Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandsins og formannaráðstefna Sjómannasambands Íslands, auk fiskiþings. Þarna koma saman fulltrúar þeirra sem standa fiskveiðistefnunni næst, ef þannig má orða það, auk fiskvinnslunnar. Undirbúningur stefnumótunarinnar er að verulegu leyti í höndum þessara aðila en að lokum er það Alþingi sem tekur af skarið."

Þetta er nokkuð fróðlegt að sjá, að það skuli vera Alþingi sem tekur af skarið. Ætli það hefði ekki verið nær að segja: að lokum er það Halldór Ásgrímsson sem tekur af skarið.

Jæja, síðan segir Morgunblaðið, blað allra landsmanna: „Er mikið í húfi því hér er ekki verið að fjalla um neina einkaeign þeirra sem sækja sjóinn eða vinna verðmæti úr aflanum heldur sameign þjóðarinnar allrar, sjálfa undirstöðu þjóðarbúskaparins.

Ef þær tölur, sem fram koma í ræðu Þrastar Ólafssonar og vitnað var til hér að ofan, eru réttar hafa fiskveiðistefnan og kvótareglurnar haft svipuð áhrif og innflutningshöftin fyrir fjórum áratugum eða svo."

Nú vildi ég gjarnan að yrði ræstur hv. 14. þm. Reykv. þannig að það væri hægt að tala við hann smástund um höftin. (**Forseti:** Það skal gert.) Hann er sérfræðingur í höftunum og frelsinu. Mætti ræsa hann einhvers staðar? Það verður gaman að sjá þegar hann gengur gugginn í salinn. (**Forseti:** Hann er vel vakandi.) Hann er vel vakandi, segir hæstv. forseti. *Ég trúi því.* — *Já,* hv. 14. þm. Reykv. er genginn í salinn og er boðinn hjartanlega velkominn. (**GHG:** Kærar þakkir.) Og hefur tekið með sér svein nokkurn úr Norðurlandi. Hann er gríðarlega vel menntur á þessari stundu.

Þannig er að okkur hefur orðið tíðrætt á þessari nóttu um frelsi og höft. Eins og ég sagði áðan fannst mér ræða hv. 14. þm. Reykv. góð. Ég var ekki sammála öllu því sem hann sagði, en mér fannst hann gera góða grein fyrir máli sínu og ég vona að það komi honum ekki í koll í næsta prófkjöri Sjálfstfl. þó að ég hæli honum á einum næturfundi. (**GHG:** Við höfum engin prófkjör.) Það er búið að leggja þau niður þannig að þetta er allt í lagi.

Í forustugrein Morgunblaðsins fyrir nokkru var rætt um það sem kallað er fylgikvillar í haftabúskap. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, eftir að rakið hefur verið verðið á Dagstjörnunni og salan á henni sem menn kannast við:

„Ef þær tölur, sem fram koma í ræðu Þrastar Ólafssonar um verðið á Dagstjörnunni og vitnað var til hér að ofan, eru réttar hafa fiskveiðistefnan og kvótareglurnar haft svipuð áhrif og innflutningshöftin fyrir fjórum áratugum eða svo. Þá þurftu menn að leita til viðskiptanefndar og fjárhagsráðs ef þeir vildu fá erlendan gjaldeyri eða flytja inn varning frá útlöndum. Þá var svartur markaður með gjaldeyri hluti af hinu daglega lífi í landinu og vörur sem leyfi fékkst fyrir voru seldar á uppsprengdu verði af því að menn borguðu svo og svo mikið fyrir leyfið. Sagt var að jeppar sem kostuðu 20 000 kr. væru seldir á 70 000 kr. vegna þess hve leyfið sjálft var verðmætt í augum þeirra er vildu eignast jeppa."

Ég veit að í eyrum hv. 14. þm. Reykv. hljómar þetta eins og grýlusögur í eyrum barna forðum. Þetta er svo hroðalegur tími. Síðan segir Morgunblaðið:

„Efnahagssaga áranna frá 1930 til 1960 ætti að vera mörgum þeirra, sem vinna að því að móta fiskveiðistefnuna, í minni. Af eigin raun kynntust útgerðarmenn, sjómenn og fiskverkendur því hve fylgikvillar haftakerfisins voru alvarlegir. Ekki nóg með það. Reynslan sýndi einnig að höftin höfðu alls ekki þau áhrif sem að var stefnt með þeim. Atvinnulífið var drepið í dróma, opinber ofstjórn var óskilvirk og menn beittu öllum ráðum til að fara í kringum kerfið. Ættu því þingmenn að huga að þessum kafla í sögu Alþingis og líta á tíðar umræður innan veggja þess um höftin og hindranirnar þegar þeir huga að opinberum afskiptum af fiskveiðum.

Sagan sýnir að þeir sem voru andvígir höftunum létu sig hafa að kyngja þeim í þeirri trú að þeir væru að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Enginn stjórnmálaflokkur var sannfærðari um gildi opinberrar íhlutunar í málefni atvinnu og verslunar en Framsfl. þótt ekki vildi hann þjóðnýtingu eins og Alþfl. og kommúnistar. Í skjóli þessa kerfis náði SÍS öruggri fótfestu. Allir eru á einu máli um" — og líka ég — „nauðsyn þess að hafa stjórn á sókninni í takmörkuð auðæfi sjávar. Í þeirri viðleitni mega menn *ekki horfa fram hjá fylgikvillunum.* Þeir geta ekki síður orðið hættulegir en sá sjúkdómur sem ætlunin er að uppræta."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. (**GHG:** Hvaða dag er þetta skrifað?) Þetta var rétt í kringum byltingarafmælið góða.

Ég hygg að þetta megi vera mönnum nokkurt umhugsunarefni, einmitt sagan um jeppana. Hún rifjar upp að það er að verða nokkuð svipað ástand með fiskiskipin. Fiskiskip sem ætti að kosta án kvóta 50 millj. fer á 180 millj. Jeppi sem hefði átt að fara á 20 þús. fer á 70 þús. Þannig er þetta kerfi að breytast í skrímsli. Og það er verst af öllu ef skrímslin éta jafngóða menn og hv. 14. þm. Reykv.

Á þessum haftaárum gerðist margt sem væri ástæða til að rifja upp. Nú skal sögð af því lítil saga.

Maður nokkur bjó á eyju úti í Kúðafljóti. Þurfti þegar hann fór í land gjarnan að vaða því fljótið er ekki bátgengt, jafnvel á flatbytnum, nema stundum. Þess vegna þurfti sá ágæti maður sem þarna bjó að fá sér stígvél og helst klofstígvél og hefðu dugað svokölluð ofanálímd klofstígvél sem við munum sum sem eldri erum hvernig voru. Nú voru góð ráð dýr. Nú þurfti þessi bóndi að leita skriflega til viðskiptanefndar og fjárhagsráðs ríkisins um þetta mál, skrifaði bréf. Sagði að til þess að geta stundað sinn búskap á eyju þessari yrði hann að eignast klofstíg-

vél. Honum hefði borist það til eyrna að úthlutun á klofstígvélum stæði fyrir dyrum og hvort nefndin mundi ekki allra náðarsamlegast fallast á að hann fengi líka klofstígvél. Honum berst síðan svar frá nefndinni sem er eitthvað á þessa leið:

„Herra bóndi" — sem ég nefni ekki nánar.

„Okkur hefur borist beiðni yðar", dagsett á tilteknum degi. „En þar sem klofstígvél eru eingöngu ætluð sjómönnum og ekki er lagaheimild fyrir því að veita þau bændum er yður hér með synjað um klofstígvélaleyfið."

Bóndinn gaf sig ekki, þrjóskur eins og Skaftfellingar, enda hafa þeir þurft á því að halda í gegnum aldirnar að láta ekki beygja sig af einu bréfi, því það er margt bréfið, eins og maðurinn í Bláskógaheiðinni sagði við kóngsböðulinn á Þingvöllum forðum. Hann skrifar annað bréf til fjmrn. og segir sínar farir ekki sléttar, viðskiptanefndin hafi hafnað klofstígvélabeiðninni. Og fjmrn. svarar um hæl, á þessa leið:

„Herra bóndi ...

Vér höfum yfirfarið niðurstöðu viðskiptanefndar vegna beiðni yðar um klofstígvél. Vér höfum komist að sömu niðurstöðu og viðskiptanefndin um það að þar sem takmarkaðar birgðir séu til af klofstígvélum í landinu sé ekki eðlilegt að menn sem hafa landbúnað að aðalatvinnu fái af þeim birgðum.

Virðingarfyllst, f.h. ráðherra,
Sigtryggur Klemensson."

Þessi saga er hér sögð vegna þess að mér finnst að við séum að sumu leyti að leggja inn á þessa vafasömu braut, menn verði allra náðarsamlegast að sækja um leyfi til að fá að fiska jafnvel á trilluhorni og ef þeir ekki gera það samkvæmt reglum eru varðskipin ræst út og látin sækja þá sem annars, eins og kunnugt er, hvíla rólega oft við bryggjur í Reykjavík. Ég held að þetta mætti vera hv. 14. þm. Reykv. nokkurt umhugsunarefni. Vissulega verður að hafa reglur sem takmarka, um það eru ekki deilur, en það er jafnframt væntanlega ljóst að þessu kerfi, sem einhverjir mundu einhvern tímann hafa kallað haftakerfi, fylgja margir fylgikvillar. Hættan er sú, ef við erum ekki vel á verði, að við verðum fylgikvillunum að bráð og þeir ráði. Gallinn hins vegar við þetta kerfi miðað við klofstígvélakerfið, sem áður var vitnað til, er sá, eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á áðan: Þegar þetta kvótakerfi pr. skip hefur verið til í mörg ár komumst við ekki út úr því þó við fegin vildum. Fengjum við ekki þá, þegar kvótakerfið hefði kannski verið búið að vera í gangi í tíu ár og við vildum breyta því, taka þennan einkarétt af útgerðarmönnunum, yfir okkur yfirlýsingar frá útgerðarmönnunum um að þeir hefðu átt þennan rétt í tíu ár, það hefði myndast heilagur eignarréttur samkvæmt stjórnarskránni og hann mætti ekki skerða nema fullar bætur komi fyrir og almannaheill krefjist. Gerum við okkur grein fyrir því að hér er verið að mynda hóp í landinu sem kemur til með að hafa lykilvald um þróun íslenska þjóðfélagsins á grundvelli þessara forréttinda langt umfram alla aðra? Og gerum okkur líka grein fyrir því að þegar svona er komið og þegar þessi verðmæti verða dýrari og dýrari og torfengnari og torfinnari, hverjir verða það þá sem geta keypt þau og eignast þau? Ætli það sé einhver áhugasamur ungur maður sem vill allt í einu fara að brjótast til fiskjar? Ætli það séu ekki stórfyrirtækin? Ætli það séu ekki auðmennirnir? Ætli það sé ekki stórkapítalið sem þá leggur þennan atvinnuveg undir sig? Ætli það væri t.d. ekki auðveldara fyrir SÍS, sem er alls góðs maklegt, að ná undir sig verulegum hluta veiðileyfa en t.d. dreifða hópa smáútvegsmanna allt í kringum landið? Ætli það yrði ekki þröngt fyrir dyrum hjá mörgum kotkarlinum, eins og sagt var forðum, þegar þeir ættu, þessir smáútgerðarmenn, að fara að keppa við þessa stórlaxa sem allt í einu snara úr vasa sínum stórsummum til að kaupa banka á miðju sumri, snemma á hundadögum og kom þeim öllum á óvart hjá íhaldinu, vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið og voru teknir í bælinu? Átta menn sig ekki á því sem hér er að gerast? Átta menn sig ekki á því að hér er í raun og veru verið að búa til fyrstu verulega öflugu kapítalistana í þessu landi? Kapítalistarnir á Íslandi hafa sem betur fer svo að segja alltaf verið hálfgerðir ræflar. Þeir hafa ekki átt svo mikið af peningum. Þeir hafa verið á opinberu framfæri út og suður og alltaf hlaupið grenjandi til ríkisins, stóru mömmu, þegar þeir hafa farið að tapa, en svo vilja þeir ekkert af ríkinu vita þegar þeir eru farnir að græða eins og Flugleiðir. En þeir voru fljótir að stökkva hingað inn í þingsalinn og liggja hérna fyrir þm. og ráðherrum þegar þeir töpuðu og biðja um pening og pening og pening.

Nei, kapítalið hefur alltaf verið heldur aumt á Íslandi sem betur fer og það er einn meginkosturinn við Ísland. Hins vegar er verið að búa til stóreignaauðvald í landinu með þeim till. sem hv. 14. þm. Reykv. og félagar hans eru að setja í gegnum þingið. Það er verið að búa til stóreignaauðvald, mikið sterkara en við höfum áður séð í þessu landi. Þetta vildi ég segja við þann góða mann, Guðmund H. Garðarsson hv. þm., í allri vinsemd. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar í sambandi við sjávarútvegsinn að það væri heldur betra fyrir þróun sjávarútvegsins að eignarhald báta og vinnslufyrirtækja væri á höndum margra aðila. Ég vil hafa það þannig. Svoleiðis þjóðfélagi vil ég búa í. Og mér gest ekki að því þegar menn ganga fram í nafni félagshyggju og samvinnuhugsjóna, eins og maður heyrir stundum, og eru að sölsa undir sig hagsmuni, tiltölulega purkunarlaust. Ljótasta dæmið sem ég man eftir nýlega var þegar Sambandið var látið kaupa lóðirnar m.a.s. undan hreppnum á Svalbarðseyri. Ég kann ekki við þegar slíkt er gert með því að signa sig með félagshyggju í bak og samvinnuhugsjón fyrir. Ég kann ekki að meta það. (**VS:** Það var ekki Sambandið.) Var það ekki Samvinnubankinn? (**VS:** Jú, það er ekki það sama.) Nei, en það er nokkuð skylt skeggið hökunni eins og sést á mér.

Þetta vildi ég nefna, hv. þm., og vona að mér verði fyrirgefið þó mér sé dálítið niðri fyrir vegna þess að mér finnst þetta skipta máli um gerð íslenska þjóðfélagsins. Það er kostur við þetta þjóðfélag að valdið er dreift og það eru margir að glíma við verkefnin.

Þessu næst ætla ég, herra forseti, að víkja að öðru máli sem mér finnst nokkuð athyglisvert, en það er smákafli um Framsfl. í sambandi við útgerð smábáta. Blaðið Dagur er sennilega tryggara Framsfl. en flest annað. Það er alveg tilviljun að ég nefni þetta næst. Það er ekki vegna þess að ég sé sérstaklega að svara hv. ritara deildarinnar.

Hæstv. sjútvrh. flutti ræðu í lok október um smábátaútgerðina í landinu og komst þannig að orði að þetta yrði allt saman að takmarka og það væri erfitt ástand í Grímsey og Borgarfirði eystri, en samt yrði að takmarka þetta. Svo segir Dagur, með leyfi forseta: „Til smábátaútgerðar á slíkum stöðum þarf að taka sérstakt tillit og leysa vanda þeirra á viðunandi hátt.“ Svo kemur þessi flokkstrygga setning sem ég held að ætti að vera yfirskrift á öllu þessu máli. Eftir að búið er að tala um hvað það er nauðsynlegt að taka tillit til smábátaeigendanna og hagsmuna þeirra segir Dagur: „Ljóst er að fullur skilningur er á því innan sjútvrn.“ — Ja, þetta er að kalla ekki allt ömmu sína. Það er búið að sýna fram á það með tilvitnunum í hæstv. ráðherra að hann er með þessar ströngu veiðitakmarkanir og allt það, búið að sýna fram á að það er samt nauðsynlegt að þessi útgerð sé til, en þegar hagsmunirnir rekast hvor á annan alveg gjörsamlega, er sagt í stað þess að benda á það: Fullur skilningur er á þessu máli innan sjútvrn. — Ja, þvílíkt!

Ég tel, virðulegi forseti, að það séu fjöldamörg önnur mál í tengslum við sjávarútveginn sem ekki hafi fengið nægilega umræðu á hv. Alþingi, ekki heldur á þeim allítarlega fundi sem nú stendur yfir og á eftir að standa yfir í nokkra klukkutíma enn, fjöldamörg mál sem þyrfti að ræða ítarlega og hafa skoðanaskipti um. Og ég hef tekið eftir því, af því að ég hef langa reynslu á næturfundum hér á þinginu, að menn eru oft þeim mun frjórri í umræðum sem lengra líður á nóttina, tala um þetta opnum huga og óbundið og glaðvakandi oft á tíðum. Glaðvakandi! Og ég hef tekið eftir því að upp úr slíkum fundum hafa oft komið hin þörfustu mál þannig að ekki er ég að kvarta undan því að menn haldi áfram og ræði málin aðeins.

Eitt af því sem mér finnst ekki hafa verið rætt nægilega ítarlega í kvöld og nótt og í gær — já, í gær, það er ekki komið „í fyrradag“ enn þá — það er varðandi þessar merkilegu niðurstöður með tillögur Hafrannsóknastofnunar og tillögur sjútvrh. og svo veiddan afla. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur að vísu gert þessu máli ágæt skil, sömuleiðis hv. 4. þm. Vesturl. En mér finnst rétt að vekja sérstaka athygli á því að frá því að kvótakerfið blessað var tekið upp eru liðin fjögur ár, það er 1984, 1985, 1986 og 1987. Fyrsta árið fór veiddur afli 81 000 tonn fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar, annað árið 122 000 tonn, þriðja árið 66 000 tonn og fjórða árið virðist ætla að vera 80–90 000 tonn. Á þessum árum fjórum hefur aflinn farið alls 360 000 tonn fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar þannig að fiskimenn í kringum landið hafa í raun og veru nælt sér í eitt aukaár á þessum tíma. Það er stundum verið að halda fyrir okkur erindi um það og sýna okkur um það súlur og töflur og ég veit ekki hvað, að þessi stefna við að takmarka sóknina í fiskinn hafi lánast alveg sérstaklega vel. En niðurstaðan eftir þessi fjögur ár er samt sú að á þessum fjórum árum hafa menn bætt við sig fimmta árinu extra án þess í rauninni að nokkur maður fengi rönd við reist. Þetta er býsna athyglisvert, verð ég að segja, og nokkurt umhugsunarefni fyrir leikmenn sem horfa á þessar tölur í þeirri umræðu sem hér fer fram nú.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að víkja aðeins að 10. gr. frv., sem snertir sérstaklega smábátaeigendur, og fara lítillega yfir grg. frá Landssambandi smábátaeigenda um 10. gr. frv. og þær breytingar sem komu frá meiri hl. sjútvn. Ed. og hv. 14. þm. Reykv. gerði grein fyrir í dag. Í þessari grg. segir:

„Með framsetningu 10. gr. á nú í þriðja sinn á fjórum árum að skipta nær algjörlega um veiðifyrirkomulag smábáta, raunar í fjórða skiptið vegna þess að fyrir daga kvótans voru þessir menn látnir afskiptalausir. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst að það er ekki heiglum hent að skipuleggja sinn rekstur fram í tímann undir slíkum kringumstæðum. Engum hópi útgerðarmanna hefur verið boðið upp á aðrar eins uppákomur og með öllu óskiljanlegt hvers vegna smábátaeigendum er ætlað slíkt.“

Þetta er athyglisverður punktur, verð ég að segja, og umhugsunarverður. Hvað eru ekki oft haldnar ræður í þinginu og úti um allt þjóðfélagið um nauðsyn þess að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu, að fyrirtækin geti gert áætlanir þannig að menn viti hvað gerist þá og þá. Það er allt rétt. En þegar kemur að þessum blessuðum mönnum, á þriðja þúsund manns sem tengjast þessum útvegi, má allt vera í uppnámi árum saman og það er skipt um kerfi svo að segja árlega. Það er nokkuð athyglisvert, það er nokkurt umhugsunarefni hvaða kjörum þessir menn mega sæta miðað t.d. við forustuna í LÍÚ sem er alltaf kölluð hagsmunaaðilar þó hún sé í raun og veru bara ein persóna og rétt rúmlega það.

Þá segir í þessu plaggi, í greinargerð Landssambands smábátaeigenda, um 10. gr.: „Þá er einnig núna gjörbreytt því fyrirkomulagi að þessar veiðar skuli alfarið bundnar með lögum, en fyrir árið 1986 lagði ráðherra mikla áherslu á að veiðarnar skyldu vera með þeim hætti. 1984 og 1985 var fyrirkomulagið svo til alfarið í höndum ráðherrans og sjálfur lýsti hann því margsinnis yfir að það væri ekki það form sem hann óskaði eftir. Þessu voru smábátaeigendur algjörlega sammála og eru af eðlilegum ástæðum enn þá. Þar sem 10. gr. fjallar að stofni til um heimildir til handa ráðherra er nauðsynlegt að

hafa til hliðsjónar þær hugmyndir sem ráðuneytið hefur gefið frá sér um útfærslu 10. gr. Þrátt fyrir að meiri hl. sjútvn. Ed. hafi fengið sjútvrn. til að gera smávægilegar breytingar á umræddri grein frv. hefur nú þegar verið gefin út reglugerð sem sýnir glögglega hvaða hugmyndir ráðuneytið hefur varðandi útfærslu 10. gr. og ekkert sem bendir til þess að þar verði veruleg breyting á.

Í a-, b- og c-lið brtt. meirihlutaálits sjútvn. Ed. er fjallað um báta milli 6 og 10 tonn. Þar er gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt og gefa þeim er netaveiðar hyggjast stunda kost á meðalaflamarki sem fengið er með þeirri aðferð að þeir aðilar sem hafa undanfarin ár gert það mjög gott eru látnir mynda meðalkvóta handa þeim er lakar hafa staðið sig og þeim sem hafa nýbyrjað útgerð.

Samkvæmt þeirri reglugerð sem þegar hefur verið smíðuð [það eru nú væntanlega drög að reglugerð því að þó að þetta sé nú fullkomið í sjútvrn. gefa þeir ekki út reglugerð áður en lögin eru sett] er þessum mönnum í sárabætur gefinn kostur á því að taka mið af eigin reynslu, fá 90% af henni, en þó aldrei meira en 135 tonn, 108 tonn af slægðum fiski með haus. Þá er einnig heimilt að hafa helming línuafla utan kvóta í nóvember, desember, janúar og febrúar.

Það er mjög ámælisvert", segir hér í grg., „að hvetja smábátasjómenn beinlínis til að róa á þeim árstíma þegar vályndust eru veður og birta af skornum skammti. Þetta þýðir ekkert annað en að þeir aðilar sem best hafa staðið sig eru verst settir eftir á. Á það skal bent að flestir þessara aðila eru í byggðarlögum sem mikið eða alfarið byggja á þessari útgerð. Þá er sú úthlutun sem talað er um mjög hvetjandi til að menn fari að róa einir á báti þar sem áður voru tveir og jafnvel þrír í áhöfn."

Þá er athyglisvert, herra forseti, að þær tölur sem nefndar eru til úthlutunar í reglugerðardrögunum eru 50 tonn til báta 6–8 brl. og 70 tonn til báta 8–10 brl. Það er svo síðar tekið fram að hér sé um óslægðan fisk að ræða sem þýðir í raun 40 tonn til báta 6–8 brl. og 56 tonn til báta 8–10 brl. Þetta eru undarlegar tölur í ljósi þess að skerða eigi þorskafla um 10% og netabátar undir 10 brl. hafa fengið 80 tonn af slægðum þorski til úthlutunar fyrir þrjá mánuði á vetrarvertíð árin 1986 og 1987.

B- og D-liðir brtt. meiri hl. sjútvn. Ed. fjalla um báta undir 6 tonnum og þá báta yfir 6 tonnum sem eingöngu stunda krókaveiðar. Þar er einnig gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt. Annars vegar þeir sem geta fengið netaveiðileyfi og hins vegar þeir sem ekki geta fengið þau. Þeir síðarnefndu eru settir í banndagakerfi með svipuðu sniði og verið hefur sl. tvö ár. Þó er talað um að fjölga banndögum um 30% á sama tíma og talað er um að draga 10% úr þorskafla. Hvaða rök eru fyrir þessari talnaspeki? Ég hef ekki heyrt þau. Kannski þarf ekkert að svara þessum mönnum. Ég hef ekki heyrt nein rök frá ráðuneytinu í þessu efni.

Þá er segir hér í grg. að þeir sem stunduðu netaveiðar á árunum 1986 og 1987 geti fengið netaveiðileyfi. Hér er um stórkostlega eignaupptöku að ræða hjá fjölda manna sem annaðhvort hafa ekki stundað þennan veiðiskap þessi ár eða á þeim tíma er leyfi þurfti, en eiga öll tæki til þess og þeim sem hafa fjárfest í útbúnaði til slíkra veiða en ekki hafið þær. Á það skal bent að grásleppuvertíð hefst undir vertíðarlok á vetrarvertíð við Vesturland en grásleppuvertíð á Norður- og Austurlandi er samtímis vorvertíðinni. Flestir ef ekki allir þeir aðilar á Norður- og Austurlandi eiga úthald á hvort tveggja en úthald þeirra til þorskfisknetaveiða yrði með þessu gert verðlaust og ónýtt. Þessir menn hljóta að spyrja: Hversu langt geta stjórnvöld gengið í því að gera eigur þeirra verðlausar? Netaveiðibann á minnstu bátana hefur verið rökstutt með því að af þeim stafi mikil slysahætta og þeir skili lélegu hráefni. Engar skýrslur hafa verið lagðar fram þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi er vitnað til Grímseyjar og áður en ég held lengra með þetta plagg frá Landssambandi smábátaeigenda ætla ég aðeins að fara hér yfir plagg sem mér hefur borist sem ber yfirskriftina „Fiskveiðistjórnunin og Grímsey". Grímsey er eins og kunnugt er merkilegt pláss, m.a. í Íslandssögunni, því að einu sinni gerðu menn tilraun til þess að reyna að véla hana af Íslendingum en það var sem betur fer stöðvað, þannig að hún tilheyrir nú enn þá Íslandi.

Í þessu plaggi um Grímsey segir:

„Grímsey er 23 sjómílur norðaustur frá Gjögurtá austan Eyjafjarðar. Hluti hennar nær norður í Íshaf. Veðurfar þar er eitt hið versta við Ísland og lífsbarátta íbúanna er hörð. Afkoma fólksins byggist á sjósókn og fiskvinnslu. Vegna hafnleysu eru Grímseyingar dæmdir til þess að hafa minnstu gerð báta og það er misskilningur að það sé að ósk þeirra sjálfra.

Í frv. til laga um stjórn fiskveiða fyrir árið 1988–1991 er gert ráð fyrir svo miklum samdrætti í afla smábáta undir 10 tonnum að furðu sætir. Vitanlega kemur þetta harðast niður þar sem undirstaða atvinnulífs er afli af bátum þessarar stærðar. Verði þetta frv. óbreytt að lögum, eða eins og það lítur út núna, kann þetta að koma svo hart niður á Grímsey á næstu fjórum árum að staðurinn standi það naumast af sér.

Fyrir nokkrum árum var tekið af Grímseyingum það samgöngutæki á sjó er þjónað hafði staðnum best, þ.e. flóabáturinn Drangur. Ríkisskip áttu að leysa flóabátinn af en hin stóru skip Ríkisútgerðarinnar geta ekki þjónað Grímsey hvað sem áhafnir þeirra leggja sig fram. Vegna veðra og sjógangs komast skipin ekki að bryggju jafnvel vikum saman.

Gegnum aldirnar hefur handfærið verið aðalveiðarfæri Grímseyinga og var það til skamms tíma. Handfæraveiðar voru svo háðar veðráttu að sjóferðir bátanna urðu vart fleiri en 80–90 á ári eða varla fjórða hvern dag ársins og mun færri en annarra staða á Norðurlandi. Segja má að bylting hafi orðið í atvinnulífi eyjabúa þegar bátar tóku upp veiðar með þorskanetum. Það árabil sem þessar veiðar hafa verið stundaðar hefur vetrarvertíð aldrei brugðist og

nú er svo komið að nær allir opnir bátar, niður í 3½ tonn, stunda þorskanetaveiðar seinni part vetrar og vor. Fáránlegt væri að svipta þessa menn leyfum til netaveiða því sú veiði ber nú uppi ársaflann og allir hafa þeir keypt fyrir háar fjárhæðir veiðarfæri, spil og önnur tæki á bátana. Þess má og geta að svo stutt er frá Grímsey á fengsæl fiskimið að olíukostnaður er þar í algjöru lágmarki.

Eftir lestur frv. um stjórn fiskveiða og þá yfirlýsingu fiskifræðinga að ástand þorskstofnsins sé nokkuð gott þótt nú sé búið að veiða ársafla fram úr þeirra tillögum á fjórum árum, þá spyrja menn: Hvað hefur staður eins og Grímsey og aðrir álíka staðir til saka unnið? Fyrir hvað er verið að refsa þeim? Hafa þeir ekki skilað sínum hluta til þjóðarbúsins á sínum litlu bátum eða hvað? Er þetta kannski byggðastefna nýrrar ríkisstjórnar?" — er hér spurt. Og það er von að spurt sé.

Þetta getur kannski orðið okkur tilefni til dálítilla hugleiðinga um ýmsa staði af þessu tagi allt í kringum landið, eins og Grímsey. (**VS:** Hvenær er þetta bréf dagsett, hv. þm.?) Ég hef nú ekki dagsetninguna á því, hv. þm. En ég hygg að ég gæti aflað hennar fyrir 3. umr. hér á eftir. Þessir litlu staðir allt í kringum landið eru býsna fjarri því lífi sem við lifum hér í höfuðstaðnum og okkur verður sumum sjálfsagt ekki oft hugsað til þessara staða og þeirra lífskjara sem fólk þar býr við, lífskjara sem eru allt, allt önnur en þau sem við þekkjum frá degi til dags. Og við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvaða Ísland það yrði ef þessir staðir allt í kringum landið, mjög litlir staðir, fámennir staðir, ef þeir færu úr byggð. A.m.k. er það öruggt að þeir staðir sem hafa farið úr byggð af þessum toga, sú staðreynd hefur gert Ísland miklu fátækara land en það þyrfti að vera. Dæmi: Suðurhluti Vestfjarða og fleiri svæði mætti nefna.

Ég hygg að í þessum efnum sé það nauðsynlegt fyrir okkur, sem hér erum og róum á þessu skipi sem heitir ráðustóll á Alþingi, að gera okkur ljóst að við verðum að meðhöndla hagsmunamál þessa fólks af fyllstu tillitssemi og þegar verið er að setja hér lög þar sem stendur bara 10. gr., þá þurfum við að gera okkur grein fyrir því að hér er um að ræða afkomu á þriðja þúsund fjölskyldna allt í kringum landið og það er einnig ljóst af þeim upplýsingum sem liggja fyrir að það er veruleg hætta á efnahagslegu, fjárhagslegu hruni á stórum hluta þessara heimila sem hér er um að ræða. Og ég vil spyrja hv. þm.: Hvaða rétt höfum við til að leggja fjárhag þessa fólks í rúst? Það að greiða atkvæði hér á hv. Alþingi í Ed., jafnvel þó komið sé undir morgun, það er ekki bara það að lyfta hér upp hægri hendinni. Það hefur áhrif á líf fólks. Við erum ekki bara að taka ákvörðun um okkur sjálf og okkar nánasta umhverfi. Við erum að taka ákvörðun sem snertir verulegan hluta landsmanna. Þess vegna er ábyrgðin hjá okkur og við megum aldrei spyrja hvernig þetta kemur út fyrir mig eða þig hér í þessum sal. Við hljótum að spyrja: Hvernig kemur þetta út fyrir þann fjölda sem ákvörðunin snertir? Og það er það sem skiptir máli.

Ég hef stundum, herra forseti, í þessu sambandi tekið dæmi af svokölluðu bjórmáli þar sem þm. jafnvel leyfa sér að segja úr ræðustól: Ég vil leyfa bjór af því að ég treysti mér alveg til að drekka hann. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um það hvort sú ákvörðun að leyfa bjór hefur jákvæð áhrif fyrir þjóðina í heild eða ekki. Ég er ekki þeirrar skoðunar að hún hafi það. Málið í þessu efni snýr ekki bara að spurningunni um það að verja fiskistofnana, að vernda fiskistofnana og rækta þá. Spurningin snýst líka um fólk, lifandi fólk, og þetta er nákvæmlega sama sagan og í umræðunum um vaxtamálin. Var það ekki á laugardaginn hér í þessari deild þegar hæstv. viðskrh. flytur þessa líka litlu messu um vextina? Það jafni sig nú smátt og smátt og allt það. En ég sagði þá við hann: Vaxtastefnan er á enda gengin. Þegar búið er að bjóða upp á nauðungaruppboði 80 íbúðir verður gerð uppreisn gegn þessari stefnu. Og þessir reglustikumenn mega ekki gleyma mannlega þættinum, það er fólk, það er lifandi fólk, og ekki bara þeir sem vinna við þetta þá og þá heldur líka börn, fjölskyldur og byggðarlög. Það er svo sérkennilegt stundum að sitja hér í þessari stofnun og upplifa það að það er eins og menn geri sér enga grein fyrir því að á milli ákvörðunarinnar hér og lífsins úti í landinu séu tengsl. Það er eins og menn geti slæmt hér hendinni upp í loftið án þess að það þýði nokkurn skapaðan hlut. Auðvitað er málið ekki þannig.

Í grg. Landssambands smábátaeigenda er fjallað nánar um 10. gr. frv. og þar segir, með leyfi forseta:

„Um E-lið er fátt að segja annað en þetta. Það ætti að vera búið að halda fleiri lofræður um þann nauðsynlega og hagkvæma þátt í kvótakerfinu að hafa framsal aflamarks sem rúmast. F-liður hefur ekki enn verið útskýrður af ráðuneytinu þannig að ekki er unnt að fjalla um hann. Er hér gott dæmi um að ráð þessara manna skuli alfarið liggja í höndum ráðherra.

Um F-lið er það að segja að öðru leyti að hann er til kominn út af því að ráðuneytið hefur talið fjölgun smábáta keyra úr hófi fram. Þó er aðeins gert ráð fyrir því að færa úreldingarregluna niður að 6 tonnum. Það er þó vitað mál að langmesta fjölgunin hefur átt sér stað fyrir neðan 6 tonn. Sé þessi fjölgun svo mikið vandamál þá er það síður en svo leyst með þessum hætti og í raun bein hvatning til manna að hefjast handa við smíði minnstu bátanna. Er það í hrópandi ósamræmi við allar umræður um öryggismál sjómanna. Nú þegar eru bátahönnuðir farnir að velta vöngum yfir 5,9 tonna bátum. Engar mælingarreglur virðast vera til sem snjallir bátahönnuðir geta ekki farið í kringum.

Í öllum stafliðum 10. gr. er vísað til ákvörðunar ráðherra og er greinin ein samfelld heimild honum til handa. Veiðum smábáta gæti hann stjórnað að vild og er það í rauninni það sem farið er fram á með 10. gr. Af ráðherraheimildum hafa trillukarlar afar slæma reynslu undanfarin ár og engin ástæða er til

að ætla að það mundi taka stakkaskiptum.

10. gr. í þeirri mynd sem hún er flækir veiðifyrirkomulag smábáta til mikilla muna." — Það er nú ekki einföldunin eins og í skattafrv. Alþfl. eða skilvirknin. Nei, nei, það er ekki. — „Í núverandi fyrirkomulagi er hópnum skipt í tvennt:

1. Handfæra- og línuveiðar í banndagakerfi.
2. Netabátar í sóknarmarki yfir hávertíðina.

Nú er boðið upp á:

1. Handfæra- og línubátar undir 6 brl. sem eru í banndagakerfi.
2. Aðilar undir 6 brl. sem geta fengið netaveiðileyfi eftir ákveðinni uppskrift.
3. Veiðileyfi handa bátum yfir 6 brl. sem eingöngu stunda handfæra- og línuveiðar.
4. Veiðileyfi með aflahámarki handa bátum yfir 6 brl. sem netaveiðar stunda, og þeim svo aftur skipt í 6–8 brl. og 8–10.
5. Sérstök reglugerð fyrir botnfiskveiðar báta sem stunda skel- og rækjuveiðar."

Hér er ekki verið að einfalda hlutina. Hér er nú allt gert sem hægt er til að flækja þá enda verða menn náttúrlega að hafa eitthvað að gera á vissum stöðum í landinu.

Því hefur verið borið við og kom hér fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að í raun og veru væri hér verið að fara meira og minna að samþykktum fiskiþings. Af þessu tilefni benda smábátamenn á:

„1. Í tillögum 46. fiskiþings er orðið „aflamark" notað en ekki aflahámark.

2. Í þeim tillögum er hvergi getið um skiptingu hópsins í allt það sem á undan hefur verið talið heldur þvert á móti tekin sama skiptingin og verið hefur þó lagt sé þar til að netabátar fari í aflamark í stað sóknarmarks.

3. Þar er hvergi minnst á bann við netaveiðum á einhvern hluta hópsins, hvað þá að aðilar á ákveðinni stærð báta þurfi að hafa haft leyfi til netaveiða undanfarin tvö ár.

4. Ekki er fjallað um að taki menn mið af fyrri veiðireynslu í aflamarki skuli vera ákveðið þak á þeirra reynslu.

5. Þá er ekki talað um að aflamark þeirra er stundi netaveiðar skuli vera óframseljanlegt.

Í starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar er tekið fram um sjávarútvegsmál að sérstakt tillit skuli tekið til byggðasjónarmiða og athafnafrelsis manna í sjávarútvegi. 10. gr., sú sem hér er fjallað um gengur í þveröfuga átt. Þegar athafnafrelsi manna er skert með jafnveigamiklum hætti og hér um ræðir hljóta að þurfa liggja fyrir því ærnar ástæður.

Í upphafi kvótakerfisins var þorskstofninn talinn í mikilli hættu og því nauðsyn á harkalegum aðgerðum. Í skriflegum svörum frá Hafrannsóknastofnun við nokkrum spurningum sem Landssamband smábátaeigenda lagði fyrir stofnunina er það staðfest að þorskstofninn sé ekki talinn í hættu. Í ljósi þess er það undarlegt að vega eigi að þeim þætti útgerðarinnar sem viðurkennd er hagkvæmust. Hagkvæmni hennar sést best á því að 15% íslenskra sjómanna komast bærilega af með sig og sína útgerð með 5–6% heildarafla flat- og botnfisks.

Vonandi taka alþingismenn á þessum málum af þeim skilningi að trillukarlar þurfi ekki nær árvisst að berjast fyrir tilverurétti sínum. Öllum ætti að vera ljóst að því minni höft sem lögð eru á smábátana því hagstæðara verður það fyrir atvinnu og lífsafkomu smæstu sjávarplássanna."

Ég hef síðan, herra forseti, aflað mér ítarlegri upplýsinga um þessi mál. M.a. að því er varðar afstöðu einstakra hópa smábátaeigenda. Hv. 14. þm. Reykv. var svo vinsamlegur að taka með sér í salinn hér mikinn snilling, hv. 2. þm. Norðurl. e. (**Gripið fram í:** Hann er farinn aftur.) Og hann er nú farinn aftur. En sama er það. Mér kemur hann jafnan í hug þegar ég heyri góðs manns getið. Hér er ég með fundarsamþykkt frá fjölmennum fundi Félags smábátaeigenda á Norðurlandi sem var haldinn á Akureyri 15. nóv. 1987 en Akureyri er einmitt í kjördæmi hv. þm. (**VS:** Og mínu líka.) Já, og reyndar fleiri þm., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og margra ágætra manna. Í þessari samþykkt segir:

„Þessi fjölmenni fundur mótmælir harðlega þeirri háskalegu aðför að lífskjörum smábátaeigenda og atvinnulífi víða á landsbyggðinni sem felst í 9. gr., nú 10., frv. til laga um fiskveiðistefnu. Þessi aðför kemur skýrt fram í hugmyndum sjútvrn. um skipulag veiða báta undir 10 tonnum, dagsett 23. okt. 1987.

Fundurinn heitir því á þingmenn þjóðarinnar, sveitarstjórnarmenn, félagasamtök og almenning að taka höndum saman og verja landsbyggðina þeim alvarlegu áföllum af atvinnuleysi og byggðaröskun sem augljóslega dynja yfir ef 9. gr. frv. verður að lögum." — Og þetta var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundi á Hótel KEA sem sóttu á annað hundrað manns.

Ég er einnig hér, herra forseti, með ítarlega ... (**Gripið fram í:** Eitthvað hefur þetta nú breyst í meðferðinni.) Frumvarpið? Já. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. og ég var einmitt að fara yfir það áðan hvernig breytingin kæmi út alveg lið fyrir lið. Mér þykir leitt ef hv. þm. hefur misst af ræðu minni þannig að það er kannski rétt að ég byrji á henni aftur. (**Gripið fram í:** Nei, ég heyrði ágætlega.) Það er svo guðvelkomið. (**Gripið fram í.**) Já, ég efa það nú ekki að þú þolir það vel, hv. þm. Ég var nú að bjóða upp á þetta af greiðasemi. (**Gripið fram í:** Nei, ég þekki þetta allt saman.) Hv. þm. þekkir þetta allt saman þannig að ég er ekkert að þreyta aðra þm. sem hafa hlustað grannt á því að lesa sérstaklega fyrir hann. Ég fer með hann hérna út í horn á eftir og les þetta fyrir hann.

Ég hef einnig aflað mér ítarlegra upplýsinga um hlutdeild smábáta í heildarafla á undanförnum árum og sömuleiðis um fróðleg orðaskipti Landssambands smábátaeigenda og sjútvrn. Þá hef ég aflað mér plaggs sem ég hygg að sé nauðsynlegt að hv. þingheimur geri sér ljóst hvað er, en það eru nöfn þeirra 1400 manna sem starfa við þessa grein og eru skrif-

aðir fyrir bátum. Þessir menn hafa nú sent Alþingi bænarskrá um að fá að stunda sinn atvinnuveg í sæmilegum friði. Nú vill svo vel til, herra forseti, (**Forseti:** *Herra, ekki lengur.*) hæstv. forseti, ég biðst enn afsökunar. Þetta er alveg hroðalegt. Þetta er að verða alveg afleitt mál. Ég held að við verðum bara að fara að gera eitthvað í þessu máli. (**KP:** Þetta hendir alltaf sama hv. þm.) Alltaf sama hæstv. forseta. Ég tala nú ekki um. Þannig að það er eitthvað sérkennilegt með mig og núverandi hæstv. forseta greinilega. (**Forseti:** Tengslin eitthvað að rofna.) Ég biðst innilega afsökunar og er tilbúinn að gera opinbera iðran í þessu efni, aftur og aftur svo lengi sem þetta hendir mig. En vandinn er sá að maður sér ekki þegar skipt er um sæti.

Nei, það væri ástæða til að fara yfir þessi mál ítarlegar, hæstv. forseti. En svo vel vill til að ríkisstjórnin mun vera svo hugulsöm að hún ætli að hafa 3. umr. líka í dag. Þá mun ég fara yfir félagatal Landssambands smábátaeigenda ásamt upplýsingum um heimilisföng og bátsnöfn og skráningarnúmer þannig að það fari ekkert á milli mála að hér er á ferðinni fólk, fjölmennur hópur, sem á sinn rétt, sem okkur ber að taka tillit til í þessari virðulegu stofnun, jafnvel þó nú renni senn nýr dagur.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að tefja lengur hér að sinni. Það verður fróðlegt að sjá hver verður niðurstaðan við 2. umr. málsins þegar henni lýkur og atkvæðagreiðsla fer fram í morgunsárið. Það verður einnig fróðlegt að fylgjast með 3. umr., að ég tali nú ekki um hvað verður ánægjulegt að taka á móti þm. Nd. þegar þeir koma hér um tíuleytið á eftir. Allt er þetta til marks um að við erum með alveg sérstaka snillinga að stjórna landinu. Verkstjórnin í þinginu er með þvílíkum fádæmum. Ég vona satt að segja að það sé ljóst að formenn þingflokka stjórnarliðsins fái að minnsta kosti orðu *á nýársdag fyrir einstaka frammistöðu við að klúðra* málum. Það er Íslandsmet, alveg örugglega Íslandsmet. Þeir klúðra málum þannig að það er ekki hægt að afgreiða fyrir jól eitt einasta mál. Það var af því að hofmóðurinn rann á þá í gær, á sunnudeginum, og þeir uppgötvuðu að ⅔ þingsins hljóta að ráða yfir ⅓. Þeir þurftu að fá útrás fyrir þessa valdagleði og láta þennan þriðjung finna til tevatnsins. „Kýla á'ann", eins og krakkarnir segja, og vera ekkert að hlífa þeim. Þetta valdakast, sem meiri hl. fékk í gær, hefur orðið til þess að það er ekki hægt að afgreiða eitt einasta mál fyrir jól og mikið vafamál að það sé hægt að afgreiða öll þau mál sem þeir lögðu þó fram pantanir á fyrir áramót.

Og að lokum, hæstv. forseti, tel ég sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því að hv. 2. þm. Norðurl. e. er kominn í salinn. Kemur mér hann jafnan í hug þegar ég heyri góðs manns getið og þykir vænt um að sjá hann hér og einkum og sér í lagi ef hann vildi vera svo vinsamlegur að kynna sér hvernig hans handaverk, sem hann ætlar að fara að framkvæma núna með annarri hendinni, koma niður á fólki í Grímsey sem er eitt pláss í hans kjördæmi.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Úrskurður virðulegs forseta veldur mér að sjálfsögðu miklum vonbrigðum. Ég tók til *máls í 2. umr. um frv. til laga um stjórnun* fiskveiða og lauk ekki ræðu minni þannig að ég var í ræðustóli kl. 7 í gær, er það að verða, það er ekki í fyrradag, þegar fundi var frestað. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. 7. þm. Reykn. velvirðingar á þessu. Það mun vera rétt hjá honum. Ég sjálf var hér í forsetastóli þegar hann tók til máls eftir kvöldverðarhlé og gat þess sérstaklega að þá héldi hann áfram ræðu sinni. Ég hafði talið að hann væri eftir það búinn að taka til máls að nýju, en það mun vera misskilningur.)

Já, þar sem ég geri ráð fyrir því að sá virðulegi forseti sem nú er að taka sæti í forsetastóli muni halda til streitu þessum úrskurði langar mig að fá að skýra út mín sjónarmið. Ég byrjaði á því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þennan úrskurð hæstv. forseta. En eins og ég gat um var það í gærkveldi fyrir *alllöngu að ég stóð hér í ræðustóli* og gat ekki lokið máli mínu þegar fundarhlé var gert kl. 19. En af óviðráðanlegum orsökum gat ég ekki komið því við að vera mættur á slaginu 20.30 þegar fundur skyldi áfram halda og ég reiknaði þá með því að ég yrði settur aftar í röðinni og fengi þannig að halda áfram í ræðu minni. (**Forseti:** Ástæðan fyrir því að forseti hefur gefið þennan úrskurð er sá að fundur var boðaður kl. 20.30. Ræðumaður hafði frestað sinni ræðu, hann mætti ekki á réttum tíma og enn hef ég ekki fengið skýringar á því af hverju viðkomandi gat ekki mætt. Það varð að taka annan ræðumann fram fyrir til að geta hafið fund að nýju. Ég tel það óvirðingu við Alþingi að mæta ekki á réttum tíma eða gefa skýringu á því. Þess vegna var þessi úrskurður gefinn.) Já, virðulegur forseti, ég er aðeins að segja í umræðum um þingsköp að mér þyki þetta leitt og ég mun ekki gera frekari ágreining um þennan úrskurð virðulegs forseta. Ég vildi bara að mitt sjónarmið kæmi fram. Ég ég taldi að ég mundi ljúka ræðu minni þó að ég yrði settur aftur á bak í röðina. En ég ætla ekki að gera frekari ágreining við úrskurð virðulegs forseta, og hef lokið máli *mínu um þingsköp.*

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Hv. 7. þm. Reykn. bað um orðið og það er venja að menn fái að gera stutta athugasemd. Reyndar segja þingsköp að það skuli gert þegar gerðar eru athugasemdir við þingsköp, atkvæðagreiðslu eða til að bera af sér sakir. Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram tel ég ástæðu til þess að hv. þm. geri athugasemd og megi hafa hana allt að 10 mínútum.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég þakka þennan úrskurð sem ég met mikils. En ég er einmitt hingað kominn í ræðustól til að bera af mér sakir.

Hv. 14. þm. Reykv. sagði hér í ræðustóli einhvern tímann fyrr í nótt eða upp úr miðnætti að Borgararfl. vildi stjórnleysi, það væri sú stefna sem Borgarafl. aðhylltist, ekki bara í stjórnun fiskveiða heldur væntanlega í öllum þeim málum sem við höfum fjallað um hér á þingi og greint frá afstöðu okkar, að byggja á stjórnleysi eða anarkisma eins og hv. 14. þm. Reykv. nefndi þetta.

Anarkismi var stefna sem var mjög áberandi í Evrópu um og kringum síðustu aldamót. Var mikið um alls kyns hryðjuverk sem mátti rekja til anarkista sem töldu að ríkinu væri best stjórnað á þann veg að það væri engin stjórn heldur ríkti stjórnleysi.

Ég ætla ekki að rifja þá sögu upp, en mig langar til að gera nokkrar athugasemdir við þessa skoðun hv. 14. þm. Reykv. Guðmundar H. Garðarssonar og spyrja hann í leiðinni hvort hv. þm. hafi hugsanlega týnt stefnu Sjálfstfl. eða hvort hann kunni hana ekki lengur. (**GHG:** Ég skil ekki alveg.) Við erum ekkert að draga dul á það í Borgarafl. að við aðhyllumst frjálslynda og framfarasinnaða stefnu. Því hefur oft verið haldið fram, m.a. af formanni Borgarafl., að hún líkist e.t.v. mest þeirri gömlu og góðu sjálfstæðisstefnu sem var ríkjandi stefna Sjálfstfl. þegar hann var undir forsjá manna eins og Ólafs heitins Thors. Ég tryði því ekki, væri Ólafur Thors leiðtogi sjálfstæðismanna á þingi, að þm. Sjálfstfl. mundu þá standa hér að því að samþykkja lög um stjórn fiskveiða sem nánast byggja á því skömmtunarkerfi sem er eitt það hrikalegasta sem þetta þjóðfélag hefur nokkru sinni flækt sig inn í. Eins og hér hefur verið lýst og hefur margoft komið fram í máli manna í nótt þarf ekkert að fara í grafgötur um að hér er um að ræða kerfi sem minnir einna helst á kreppuástand í þjóðfélögum þar sem allt er skammtað.

Ég er þrátt fyrir allt svo gamall að ég man vel þegar ég ásamt föður mínum fór með skömmtunarmiða til að sækja smjörstykki í Kaupfélagið á Akureyri og afhentum við þar okkar skömmtunarseðil og fengum eitt stykki smjör. (**GHG:** Versluðuð þið við kaupfélagið?) Við gerðum það. Ég get rifjað það upp, ef hv. þm. vill fá upplýsingar um það, að faðir minn var einn af fáum mönnum á Akureyri sem hafði heimild til þess að nota viðskeytið VK fyrir aftan nafn sitt, en þar var merkingin „Vinur KEA". En það var svo að þarna var verslað á þann hátt að það þurfti að sýna skömmtunarseðla og það er það kerfi sem hér er verið að taka upp.

Það var ekkert óeðlilegt að væri verslað við KEA á þessum árum þegar varð að nota skömmtunarseðla því að skömmtunarselar og kaupfélagið eru mjög nátengd.

En eins og ég segi: Fiskveiðar Íslendinga fyrr á öldum, eins og ég reyndi að rekja hér í máli mínu fyrr í dag, hafa fram á okkar daga byggst á dugnaði einstaklinganna, byggst á dugnaði þeirra sem hafa áræði, þor og vilja til að stunda sjósókn á Íslandi í þeim veðrum sem hér eru og á þeim bátskeljum sem hér áður fyrr voru notaðir til slíkra hluta. Það voru ekki skömmtunarmenn. Það voru ekki menn sem vildu beygja sig undir það skömmtunarkerfi sem hér er verið að taka upp.

En ef hv. 14. þm. Reykv. trúir því að það sé í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að taka upp slíkt kerfi, sem hér er verið að ræða um, hefur stefna Sjálfstfl. breyst verulega frá því sem var þegar menn eins og Ólafur heitinn Thors voru leiðtogar þess ágæta flokks. Og satt best að segja, sé þetta orðin stefna Sjálfstfl. er ég a.m.k. mjög ánægður með að vera ekki lengur innan veggja í þeim ágæta flokki.

Ég sé þá ekki ástæðu til að tefja þetta lengur. Ég ítreka enn og einu sinni og þakka virðulegum forseta fyrir að veita mér heimild til að tala hér ívið lengur en stutt athugasemd gerir ráð fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 234,1 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 205,1 felld með 12:3 atkv.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 234,2 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 234,3 felld með 12:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 218,1 felld með 12:1 atkv.
Brtt. 392,1 felld með 12:5 atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 205,2 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 389,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 205,3 felld með 12:3 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 383 felld með 12:5 atkv.
7.–9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 205,4 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 234,4 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 389,2A–B (ný 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 389,2C (ný 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, VS, ÞK, KSG.

DS, GuðmÁ, JúlS, KP, SkA, SvG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (EKJ, GA, MF) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Egill Jónsson:

Herra forseti. Sá texti sem er á C-lið 2. gr. er svo óskýr að hann er tæpast hæfur sem lagatexti, en með tilliti til þeirra skýringa sem komu fram hjá frsm. meiri hl. Guðmundi H. Garðarssyni við þeirri fsp. sem ég lagði fram fyrr í umræðunum segi ég já.

Brtt. 389,2D–G (ný 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 392,2 kom ekki til atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 392,3 felld með 11:4 atkv.
12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 392,4 felld með 11:4 atkv.
13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 391 felld með 10:5 atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 205,5 felld með 11:4 atkv.
Brtt. 234,5 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 392,5 felld með 11:4 atkv.
Brtt. 218,2 felld með 11:2 atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 234,6 kom ekki til atkv.
16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 218,3 felld með 11:1 atkv.
17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 218,4 felld með 11:1 atkv.
Brtt. 234,7 felld með 11:4 atkv.
18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 234,8 kom ekki til atkv.
19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 205,6–7 felld með 11:4 atkv.
Brtt. 234,9–10 felld með 11:4 atkv.
Brtt. 392,6 felld með 11:5 atkv.
Brtt. 218,5 felld með 11:1 atkv.
Brtt. 389,3–4 (ný 21. gr. og ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 392,7 felld með 11:5 atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 392,8 felld með 10:7 atkv.
Ákv. til brb. II samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 392,9 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GuðmÁ, JúlS, KP, SkA, SvG.

nei: VS, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, KSG.

ÞK, EgJ greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (EKJ, GA, MF) fjarstaddir.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

36. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 5.37 árdegis.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 410, brtt. 411, 412.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 14:3 atkv.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Við höldum nú áfram 3. umr. um stjórn fiskveiða. (**EgJ:** Hún er að hefjast bara.) Virðulegur forseti. Ég biðst velvirðingar á því þó að það sé orðið svolítið ruglað sem kemur út úr þm. eftir þessa löngu umræðu. Við skulum gera okkar besta til þess að umræðan megi verða áfram málefnaleg og skipuleg.

Ég tel að þrátt fyrir mjög langar umræður, bæði undir 1. og 2. umr., sé ýmislegt ósagt um stjórn fiskveiða og sjávarútveg á Íslandi. Ég er að velta því fyrir mér hvort Framsfl. sé ekki kominn á villigötur með fiskveiðistefnuna. Þess vegna tók ég með mér í ræðustól hvernig menn hugsuðu áður innan raða framsóknarmanna um fiskveiðistefnu og mig langar til, með leyfi virðulegs forseta, að rifja upp nokkur orð sem einn af hinum ágætustu framsóknarmönnum, sem því miður er nú liðinn, Kristján heitinn Friðriksson, hafði um þessi mál að segja. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að rifja þessi mál upp og þá þær hugmyndir sem voru þá innan raða framsóknarmanna um með hvaða hætti skyldi stjórna fiskveiðum við Ísland. Ég held að hv. þm. Framsfl. í virðulegri Ed. hafi mjög gott af því að rifja þessi mál upp. Með leyfi virðulegs forseta hef ég lesturinn:

„Um sjávarútvegsmál. Samkvæmt framsóknarstefnu væri æskilegast að fiskimiðin væru hagnýtt af útvegsbændum. Nánar tilgreint táknar þetta að útvegsbændurnir ættu að vera sem flestir en ekki örfáir mjög stórir."

Þetta er mikilvægt atriði og kemur mjög heim og saman við það sem ég hélt fram í fyrstu ræðu minni þar sem ég var að lýsa þróun fiskveiða við Ísland, en það er alveg ljóst að eins og þróun fiskveiða var voru þetta yfirleitt smáir aðilar. Þetta voru einmitt útgerðarbændur. Þetta voru bændur sem áttu jarðir að sjó, sem reru, og það voru þeir sem sáu um sjávarútveg landsmanna í gegnum margar aldir.

„Stórrekstrarmennirnir mundu taka verksviðið af svo og svo mörgum einstaklingum sem færir væru um að annast þetta þjóðlífsverkefni, frekar samkvæmt fiskveiðistefnu 1000 smáútvegsbændur en t.d. 30 stórútgerðarmenn . . ."

Það munar ekki miklu að hann hafi hitt á þessa 33 útgerðarmenn sem stefna að því er virðist að því að reyna að ná undir sig öllum auðæfum landsins, fiskimiðunum, og ekki nóg með það að ná undir sig öllum fiskimiðunum heldur einnig öllum bönkunum í landinu þannig að það er alveg greinilegt að Kristján heitinn Friðriksson hefur verið framsýnn maður, hann hefur séð fyrir hvað koma skyldi í þessum málum.

„. . . og/eða margar bæjarútgerðir." Þarna greinir framsóknarstefnan sig mjög skýrlega frá stefnunum bæði til hægri og til vinstri. Eflaust gerði hún það þá en ég er svona farinn að velta því fyrir mér hvers konar stefna þetta sé nú í dag. Hún er náttúrlega eins og Framsfl. er, eiginlega hvorki til hægri né vinstri, en það sem verra er, hún er ekki einu sinni í miðjunni heldur. Hún er einhvers staðar fyrir utan allt þetta því að hún er, eins og ég segi, óskiljanleg.

„Ef það reynist rétt, sem höfundur þessara pistla dregur þó í efa, að nauðsynlegt sé að hafa eitthvað af útgerðinni í stórum rekstrareiningum, þá væri æskilegast að reksturinn yrði sem mest í höndum ábyrgra

einkaeignaraðila sem hefðu hann með höndum á félagslegum grundvelli, annaðhvort sem útgerðarsamvinnufélög, til dæmis hlutastöðufélög, sbr. ritgerð mína um það félagsform, eða sem hlutafélög í eigu sem flestra einkaaðila." Undir þetta vil ég nú taka, enda hefur nýlega verið stofnað eitt slíkt hlutafélag á Suðurnesjum í kjördæmi mínu og virðulegs forseta, en þar var stofnað útgerðarfyrirtækið Eldey hf. sem er einmitt með þeim hætti sem hér er talað um, hlutafélag í eigu sem flestra einkaaðila og er það vel.

„En ef stuðningur byggðafélaga þarf að koma til, þá sé hann sem minnstur og eignaraðild einstaklinga sem mest." Ég held, eins og ég segi og hef sagt áður, að Kristján heitinn Friðriksson hafi verið mjög framsýnn maður. Hann sá það fyrir sér hvernig bæjarútgerðir mundu að lokum sigla öllu í strand.

„Best er þá að einkaeignaraðildin verði sem mest af hálfu þeirra sem að útgerðinni vinna, t.d. skipstjórnarmanna, háseta, þeirra sem annast um rekstur inn í landi o.s.frv." Það er einmitt það að það séu þeir aðilar sem stunda fiskveiðarnar sem eigi og reki skipin. Mikið er ég sammála þessu.

„Ákveðið stefnuatriði ætti að vera að einkaeignaraðild væri í meiri hluta. Stefnuatriðið er að þetta verksvið dragist ekki úr höndum hinna persónulegu, ábyrgu aðila í hendur ópersónulegra aðila, þ.e. stórkapítalista, né heldur ríkisauðvalds eða byggðaauðvalds. Aðeins í neyðartilvikum má grípa til byggðafjármagns." Þetta hafa verið orð í tíma töluð, en það er kannski eins gott að Kristján heitinn Friðriksson fékk ekki tækifæri til að upplifa það sem hér er að gerast, þ.e. það að innisetumenn og embættismenn í sjútvrn. skammta mönnum hvað þeir megi veiða.

Ég sé það reyndar fyrir mér að að fjórum árum liðnum, reyndar að þremur árum liðnum því það er þó búið að bjarga einu ári fyrir horn af gildistímanum, stöndum við væntanlega hér — það er að vísu mjög erfitt að segja fyrir um framtíðina. Ekki er víst að ég standi hér, ég skal ekkert um það segja, en einhverjir þm. munu standa hér að þremur árum liðnum og samþykkja ef fer sem fer að Framsfl. heldur áfram að belgjast út eins og púkinn á fjósbitanum — þá verðum við væntanlega hér staddir í virðulegri Ed., einhverjir þm., við það að samþykkja nýtt kvótafrv. og mér kæmi ekki á óvart þó að það kvótafrv. yrði þá allmiklu flóknara en það sem við erum að sjá fara í gegnum deildina nú á þessari nóttu. Mér kæmi ekki á óvart þó að þar væru ákvæði sem þessi að t.d. bátar af stærðinni 7–7,25 rúmlestir mættu veiða svo sem eins og aðra hverja viku í janúar, mars, maí, júlí, september, nóvember o.s.frv. Síðan mættu bátar sem væru 7,25 og upp í 7,5 rúmlestir veiða kannski þriðju hverju viku í öðrum hverjum mánuði og þar fram eftir götunum. Síðan yrði sennilega haldið áfram á sömu braut. Væntanlega verður farið að marka ákveðin veiðisvæði á hafinu kringum Ísland og ætli endi ekki með því að þetta verði selt með lottómiðunum, réttur til þess að fara inn á eitthvert veiðisvæðið.

Ég held áfram lestrinum, með leyfi, virðulegur forseti:

„Samkvæmt framsóknarstefnu verða þessi fyrirtæki sem önnur hagkvæmar rekin í höndum einkaaðila heldur en í höndum byggðavalds, ríkisauðvalds eða auðvalds stórkapítalista. En ef velja þarf milli eignaraðildar byggðar eða kaupfélags, þá þó frekar kaupfélags heldur en byggðar (hreppsfélags eða borgarfélags) vegna þess að eignaraðild kaupfélagsins verður þó venjulega persónubundnari og þar með ábyrgari en eignaraðild byggðar."

Svo mörg voru þau orð. Ég er ekki alveg viss um að allt sem Kristján heitinn Friðriksson sagði hafi verið rétt og ég er ekkert sannfærður um að kaupfélagsútgerð sé betri en venjuleg gamaldags bæjarútgerð. En látum nú vera þó að það séu einhverjir agnúar á þessum hugmyndum.

„Rétt er að taka fram í þessu sambandi að samkvæmt framsóknarstefnu tel ég að það sé ekkert höfuðatriði þó um nokkuð misstóra eignaraðila verði að ræða. Þeir mega gjarnan vera misstórir. Útvegsbóndinn má vera nokkuð stór eignaraðili í félagsútgerð þannig að völd hans í félaginu séu mikil.

En hvar eru þá takmörkin milli kapítalistans og stóra útvegsbóndans? Þessu skal reynt að svara. Þegar einn maður er farinn að eiga marga togara, marga báta, e.t.v. margar vinnslustöðvar o.s.frv. og ef hann svo hefur fengið lán af almannafé hjá bankakerfinu, e.t.v. með ríkisábyrgðum, þá er þessi maður orðinn kapítalisti." En hvað ég einhvern veginn þekki öll þessi orð. Mér finnst eins og hann sé að lýsa því ástandi sem er að skapast nú.

„Vegna hvers? Vegna þess að hann er farinn að leggja undir sig auðlindir, í þessu tilviki fiskimið sem eðlilegra væri að miklu fleiri hefðu persónulega aðild að til hagnýtingar." Þetta er mjög athyglisvert sem þarna kemur fram. Ég sé það nefnilega fyrir mér að með því sem fer fram, ef fer fram sem horfir, kemst þessi auðlind á færri og færri hendur þangað til þetta verður orðinn svona nokkuð lokaður, þröngur, lítill klúbbur sem snýst í kringum hæstv. ráðherrann og á öll fiskimiðin við landið og þjappar sér væntanlega saman í stórar útgerðareiningar, akkúrat eins og hér er lýst. Og ég geri ráð fyrir að þessir örfáu greifar, lénsgreifarnir, muni þá eiga fiskinn í sjónum í kringum Ísland, hvað sem svo verður sagt í 1. gr. kvótafrumvarpa framtíðarinnar.

Það var mjög athyglisvert að það skyldi þó hafast inn að lýsa því í 1. gr. frv. að þetta væri auðlind sem væri sameign íslensku þjóðarinnar þó svo að flestir lögfræðingar séu sammála um að slíkt standist nú alls ekki í lagasetningu að setja inn slíka mgr. eins og hefur verið gert í þessu merkilega kvótafrv.

Hér er haldið áfram á eftirfarandi hátt:

„Hann hefur lagt undir sig svið sem samkvæmt framsóknarstefnu ætti að vera verksvið margra ábyrgra aðila. Með þessu hefur hann fækkað í þeim hópi sem gætu verið ábyrgir í rekstri þjóðarbúsins.

Framsóknarstefnan vill hafa sem flesta ábyrga án smámunasemi um það hvort þeir eru talsvert misstórir. Maður sem á eitt veiðiskip og er í félagsskap um vinnsluna starfar samkvæmt framsóknarstefnu. Sömuleiðis maður sem er aðaleigandi eða stór meðeigandi í félagi sem gerir út 2–3 skip eða lítinn togara. En maður sem á 10–20 skip, margar eigin vinnslustöðvar o.s.frv. er orðinn að kapítalista sem gjalda verður varhuga við."

Það er að vísu mjög erfitt að setja þarna mörk hvenær menn eru orðnir að útgerðarkapítalistum eða útgerðarlénsgreifum í umboði hæstv. sjútvrh., en ég er ansi hræddur um að kvótakerfið, verði því fram haldið, en mér sýnist það ætla að fara svo, hafi einmitt þá afleiðingu í för með sér að rétturinn til fiskveiða þjappast á æ færri hendur. Það er verið að reyna að lappa eilítið upp á fyrstu tillögu ráðherrans varðandi smábátaveiðarnar. En mér sýnist þær breytingar sem náðst hafa fram vera frekar magrar en við vorum einmitt að samþykkja eða öllu heldur, það var verið að samþykkja — ég vil firra mig allri ábyrgð á þeirri samþykkt — rétt áðan í virðulegri deild þær tillögur sem ég geri ráð fyrir að muni verða hinar raunverulegu tillögur, þ.e. ég á ekki von á að þær komi til með að breytast öllu meira í meðförum þingsins. Að þessari umræðu lokinni fæ ég ekki séð að það komi neinar frekari brtt. til afgreiðslu við frv. eins og það leit út eftir 2. umr. og atkvæðagreiðsluna sem þá fór fram og ég hef ekki mikla trú á því þó að það verði kannski talað lengi í Nd. að þar verði gerðar miklar breytingar á frv. Ég held því miður að örlög okkar séu ráðin með þeirri afdrifaríku samþykkt sem fór fram hér í virðulegri deild rétt áðan við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr.

Ég er því nokkuð hræddur um að það muni stórlega draga úr smábátaveiðum. Það á auðvitað eftir að sýna sig hvernig þeim vegnar, smábátaeigendunum, með þeim reglum sem hér hafa verið samþykktar, hvort rekstrargrundvöllur er fyrir útgerð smábáta. Það kemur allt saman í ljós. Ég er að vísu nokkuð viss um að við næstu afgreiðslu kvótalaga að þremur árum liðnum verður væntanlega enn þá hert á. Það er nefnilega einkennilegt og ég hef orðið var við það sem er að mínum dómi bein afleiðing af því að þessi skömmtunarstefna, þetta skömmtunarkerfi, hefur nú verið hér við lýði svo lengi að í skoðanakönnunum um fylgi flokkanna sem hafa verið að birtast núna undanfarið er vegur framsóknarmanna mjög að aukast og eflast. Það er ósköp eðlilegt vegna þess að menn gera sér grein fyrir að framsóknarmenn hafa tökin á þessu skömmtunarkerfi. Það eru þeir sem stjórna því. Þeir munu gera það áfram næstu árin og ég býst einfaldlega við því að mjög margir úti á landsbyggðinni sjái ekki aðra lausn á sínum málum en að ganga til liðs við skömmtunarstjórana því að afkoma þeirra og fjölskyldna er í húfi. Ef fer sem fer kæmi mér því ekkert á óvart að Framsfl. ætti eftir að bólgna mjög eins og púkinn á fjósbitanum að loknum þessum átökum um fiskveiðistefnuna hér á hinu háa Alþingi.

Það er dálítið einkennilegt í því sambandi að velta fyrir sér afstöðu sjálfstæðisþm. hér á þingi. Þeir virðast hafa litlar áhyggjur af því þó að þeir hafi eftirlátið Framsfl. þetta skömmtunarkerfi og verði því að sætta sig við að þeirra hagur verði ekkert sérstaklega góður í framtíðinni. Menn munu flykkjast til skömmtunarstjóranna og reyna að koma sér vel við þá til þess að vera með í úthlutuninni þegar að henni kemur. Það er ósköp eðlilegt. Ég get ekki láð neinum það þó að hann til þess að tryggja hag fjölskyldu sinnar og sína afkomu freistist til þess að ganga til liðs við skömmtunarstjórana. Þetta er væntanlega skýringin á hinum furðulegu skoðanakönnunum sem mæla mikla fylgisaukningu til handa Framsfl. þrátt fyrir það að sá flokkur hefur varla komið fram hér á þinginu í haust — ja, það er svona vart að maður hafi tekið eftir því að þm. Framsfl. hafi verið hér á þingi. Þeir hafa vart tekið til máls eða haft nokkuð um málin að segja, en það skiptir ekki máli eins og ljóst er.

Ég held að rétt sé að halda áfram lestrinum því að það er mjög margt merkilegt sem kemur fram í þessu riti Kristjáns heitins Friðrikssonar sem er mjög hollt fyrir hv. þm. að huga að á þessari örlagastundu:

„Hjá öðrum þjóðum hafa það einmitt verið slíkir menn sem hafa í mörgum tilvikum gengið í félagsskap við alþjóðaauðvaldið sem þannig hefur náð tökum á atvinnugreinunum. Þannig eru um þetta dæmi frá Bretlandi og Þýskalandi . . ." (**Forseti:** Má ég biðja ræðumann um að fresta aðeins ræðu sinni?) Já, sjálfsagt, virðulegur forseti.

Ég var að lesa upp hugleiðingar um alþjóðaauðvaldið sem þannig hefur náð tökum á atvinnugreininni. Mínar persónulegu skoðanir eru að vísu þær að það sé margt gott við alþjóðaauðvaldið. Það er hægt að hagnast á viðskiptum við það eins og marga aðra. Ég tek að vísu undir þær áhyggjur sem þarna koma fram um að alþjóðaauðvaldið gæti hugsanlega náð tangarhaldi á þessari auðlind okkar. Við skulum segja að þeir væru orðnir tiltölulega fáir, lénsgreifarnir, sem í umboði hæstv. sjútvrh. hefðu aðgang að þessari auðlind og við skulum hugsa okkur það — eins og mér sýnist vera mjög upplagt þar sem engin endurnýjun verður lengur í þessu kerfi, þ.e. lénsgreifarnir halda að sjálfsögðu fast utan um rétt sinn til auðlindarinnar og þeir munu ekki hleypa neinum þar inn. Væntanlega láta þeir þetta ganga í erfðir til ættingja sinna þannig að við tökum þá væntanlega upp svona nokkurs konar aðalsmannakerfi og það kemur eins og oft vill verða að því að ættliðirnir sem taka við verða dugminni en kannski þeir sem voru duglegir áður fyrr og þá náttúrlega kemur upp sú freisting að fela einhverjum alþjóðlegum aðilum að sjá um þetta fyrir sig og þeir geta þá bara sest að í útlöndum og látið greiða sér leigu fyrir það að útvega einhverjum alþjóðlegum útgerðaraðilum aðgang að auðlindinni. Það er alltaf hægt að finna einhverja menn á Íslandi til þess að

vera þá andlit hinna erlendu auðvaldsaðila. Það er áreiðanlega margt að athuga við það og mjög fróðlegt að velta fyrir sér hvernig þessi þróun gæti orðið með áframhaldandi skömmtunarkerfi sem ég er ekki í nokkrum vafa um að á eftir að versna mjög því að mér sýnist allt stefna í þá átt. Með hverju kvótafrv. sem hér verður að lögum á hinu háa Alþingi getum við búið okkur undir það að tökin verði hert og þróun mála verði þannig að færri og færri eigni sér þessa auðlind.

„Dæmi um þetta eru bæði frá Bretlandi, Þýskalandi, Noregi og víðar. Smáútvegsmennirnir, þ.e. hinir eiginlegu útvegsbændur, hafa nær aldrei gengið alþjóðaauðhringunum á hönd.“ Það er akkúrat eins og hér er sagt: Smáútvegsmennirnir gera þetta ekki en þessir stóru aðilar, lénsgreifarnir — þegar þeir eru búnir að ná þessum tökum á auðlindinni, sem ég er að lýsa áhyggjum mínum yfir, falla frekar í þá freistni því að þá er virkilega komin einhver verslunarvara. Hugsum okkur að hér væru svona 33 aðilar. Það er nokkuð þekkt tala í sjávarútvegsumræðunni undanfarna mánuði. Ef þeir einir væru búnir að ná undir sig aðgangi að allri auðlindinni hlyti að verða mjög mikil freisting hjá kannski einhverjum þeirra, svona þegar fram liðu stundir að fela bara einhverjum öðrum að sjá um þetta fyrir sig og fá fyrir það nokkuð góða þóknun sem dygði til þess að lifa góðu lífi einhvers staðar í útlöndum og koma svo heim öðru hverju til að veiða lax á sumrin.

Hér er svo endað á því í þessum kafla að fjalla um bæjarútgerðirnar:

„Bæjarútgerðirnar hafa oft reynst taprekstrarfyrirtæki, spillingarbæli íhalds og krata.“ Svo mörg voru þau orð. „Vinnslustöðvarnar eiga að vera annaðhvort í einkaeign, t.d. eigu smáhlutafélaga, eða reknar á samvinnugrundvelli útvegsbænda. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er jákvætt dæmi um þetta.“

Ég held að við getum tekið undir þetta að mörgu leyti að bæjarútgerðirnar hafa oft reynst taprekstrarfyrirtæki, spillingarbæli íhalds og krata, enda er svona næstum búið að leggja niður flestar bæjarútgerðir og þær eru þá komnar í einkaeign eða kaupfélögin hafa tekið þær yfir þar sem möguleiki hefur verið fyrir hendi.

Síðan er hér kafli sem heitir „Hófnýting fiskimiða“ og mér finnst hann eiga fyllilega rétt á sér enn. Hér eru mjög skynsamlegar athugasemdir sem eiga erindi til okkar í dag eins og þegar þær voru skrifaðar:

„Miðin umhverfis landið eru eign allra Íslendinga sameiginlega.“ Það er engu líkara en að Kristján heitinn Friðriksson hafi fengið að semja þessa setningu sem er nú komin inn í 1. gr. laganna. Að vísu, eins og ég gat um áðan, eru menn sammála um að það sé ónauðsynlegt að setja slíka setningu inn í lög, hún er það sjálfsögð. Það er þó ekki óeðlilegt að menn hafi viljað setja þessa setningu í lögin því að slíkt er orðið ofríki hæstv. sjútvrh. að það endar með því að kannski verða bara einhvern tíma samþykkt lög á Alþingi þar sem annaðhvort hæstv. sjútvrh. eða Framsfl. verða afhent fiskimiðin alfarið. Þess vegna væri rétt að beita einhvers konar ítölu á fiskimiðin. Ástæðulaust er þegar Íslendingar hafa fengið fullan umráðarétt allra miðanna að kosta til þess að hafa þar meiri skipakost en þörf er á til hóflegrar nýtingar. Um þetta eru allir sammála og það hafa verið reyndar ýmsar leiðir til þess að draga úr skipakostinum, en þær hafa langflestar brugðist. Jafnvel kvótakerfið hefur ekki megnað að sporna við þeirri þróun að fiskiskipastóllinn er allt of stór og hann hefur allt of mikla afkastagetu, enda eru í gildi alls kyns reglur um að það megi stækka skip sem nemur um 30% ef þau eru úreld á móti nýju skipi sem er þá smíðað, þá má nýja skipið vera þessum mun stærra. Flotinn er því þrátt fyrir allt alltaf að stækka með þessu móti.

Það er að vísu látið heita svo að fyrir hvert nýtt skip sem kemur til veiða skal úrelda skip á móti og eins og ég gat um má mismunurinn ekki vera meiri en 30% og það er þá um það að ræða oft og tíðum að reynt er að selja skipið til útlanda. Mörg þau skip sem hafa verið smíðuð í seinni tíð eru smíðuð með þeim hætti að norskar skipasmíðastöðvar, sem við höfum verslað mikið við, hafa tekið gamla fiskiskipið, sem útgerðaraðilinn rak áður, upp í smíðina. Þessi skip hafa síðan verið seld áfram, t.d. til Chile. Það er verið að þreifa fyrir sér núna að selja íslensk fiskiskip til Pakistan og til Austurlanda fjær. Það er að verða eitt stærsta vandamálið hjá okkur hvernig við eigum að losna við gömlu fiskiskipin til þess að geta látið smíða ný. Mér var hins vegar tjáð að það væri til ein undankomuleið sem hefur verið reynd hér. Hún er einfaldlega þessi að þegar búið er að úrelda skip á móti nýsmíði, sem er þá 30% stærri, er keypt minna skip sem er úrelt á móti gamla skipinu, þá 30% minna. Síðan er keypt enn eitt skip sem er þá 30% minna en skipið þar fyrir aftan og þannig er haldið áfram niður röðina þangað til menn eru komnir niður í lítinn árabát og honum er þá bara siglt hérna út á flóann og honum sökkt. Þannig er það mál leyst. Enda bar svo við að fiskiskip sem hafði verið tekið upp í nýsmíði hjá sænskri skipasmíðastöð mun hafa verið á sölulista hér á Íslandi eftir að það hafði verið afhent hinni sænsku skipasmíðastöð. Þessa sögu heyrði ég hér, ég hef ekki haft tækifæri til að fá hana staðfesta, en mundi þó gjarnan vilja hafa tíma til þess þegar við höfum lokið störfum hér á Alþingi fyrir hátíðarnar.

Ég hef áður gert ítarlega grein fyrir þeirri skoðun minni að 70-80 þúsund lesta floti muni vera hæfilega stór til að hófnýta miðin miðað við nútímatækni. Í framtíðinni mun því þurfa að skammta — takmarka með einhverjum hætti aðgang að miðunum. Kristján heitinn Friðriksson hefur reyndar séð fyrir einhvers konar skömmtunarkerfi og sannleikurinn er sá að ég held að ágreiningurinn sé ekki um það að ekki þurfi að takmarka aðgang að fiskimiðunum hér með einhverjum hætti. Það hefur margoft komið fram í máli manna hér í umræðunum sem hafa bráðum

staðið í — ja, það fer að styttast í að þær hafi staðið næstum því í 24 tíma, en það er nú önnur saga.

Þm. Borgaraflokksins hafa m.a. lýst sinni fiskveiðistefnu sem byggir að verulegu leyti á því kerfi sem var við lýði áður en kvótakerfið var tekið upp. Við höfum þá trú að það sé miklu skárra kerfi að því leytinu til að þar er frumkvæði einstaklinganna ekki alveg drepið í dróma eins og með kvótakerfinu svo að við verðum að taka undir þessar hugleiðingar Kristjáns heitins Friðrikssonar að það þurfi að skammta, takmarka með einhverjum hætti aðgang að miðunum.

„Í framtíðinni tel ég að réttast væri að selja eða veita þennan rétt til sjálfstæðra útvegsbænda, hlutafélaga þeirra eða framleiðslusamvinnufélaga.“ Það er ekki svo að sjá að Kristján heitinn Friðriksson hafi talið rétt að binda þennan aðgang að fiskimiðunum við skipin. Hann virðist telja að það eigi að veita þennan rétt sjálfstæðum útvegsbændum, hlutafélagi þeirra eða framleiðslusamvinnufélögum. Hér þarf að vera vel á verði gegn því að auðvald, innlent eða erlent, einkaauðvald, ríkis- eða bæjaauðvald hrifsi til sín útgerðarréttinn, ef til vill rányrki miðin, komi svo og heimti útgerðarstyrki eftir að þessir sömu aðilar hafa rányrkt. Útgerðarstyrkirnir, rányrkjustyrkirnir, yrðu lagðir á skattþegnana með einhverjum hætti. Það hefur svo sem komið fram hér í umræðunum áður að það hefur reyndar verið landlægt hér hjá vissum útgerðaraðilum að þegar illa gengur og útgerðin er rekin með tapi er beðið um hjálp frá ríkinu, en þegar vel árar vilja menn lítið heyra á ríkið minnst. Þetta á alls ekki við alla útgerðaraðila svo að það sé sagt strax hér en því miður hefur oft borið á þess háttar hugsanagangi.

„Svo leiðir þetta til óþarfrar lífskjaraskerðingar og óþarfrar áhættu í þjóðarbúskap, já, raunverulega tapaðs tækifæris til að skapa þjóðinni efnahagslega sérstöðu, sbr. síðar. Dæmi skal tekið:

Ef þúsund útvegsbændum víðs vegar um landið yrði veitt leyfi til að gera út 70 lesta skip að meðaltali mundi það vera við hæfi. Þúsund einstaklingum yrði gefinn kostur á að vera sjálfstæðir, ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi þó sumir gerðu út aðeins 15 lesta skip, en aðrir allt upp í 500 lesta skip, jafnvel 1000 lesta, en þá yrðu fleiri að vera saman um eignaraðildina.“

Þessar hugleiðingar eru stórmerkilegar og þarna finnst mér vera að mörgu leyti skynsamlegri hugsun á bak við það sem hér er sagt en það sem kemur fram í frv. sem við höfum verið að afgreiða hér í hv. deild. Það hlýtur að vera eðlilegt að hafa fjölbreytni í útgerðinni, að ekki sé verið að binda stærð báta eins og t.d. er gert í frv. Frv. byggir á því að það eru reglur fyrir báta sem eru stærri en 10 tonn og síðan eru aðrar reglur fyrir báta minni en 10 tonn. Þetta veldur að sjálfsögðu því að það verða þarna algjör þáttaskil og það verður mikil fjölgun báta einmitt undir 10 tonnum og var á þeim tíma sem kvótakerfið hefur verið í gangi frá 1984, en e.t.v. hefði verið miklu heppilegra að fiskiflotinn hefði þróast og breyst með öðrum hætti. T.d. væri ekkert ólíklegt að það væri heppilegt að gera hér út meira af við skulum segja 25 tonna bátum, jafnvel 50 tonna bátum þannig að meiri fjölbreytni væri í stærð skipanna. Eins og kvótafrv. og kvótakerfið er sett upp verður lítil sem engin fjölbreytni. Bátar verða yfirleitt yfir 100 tonn eða undir 10 tonnum. Þó að það séu náttúrlega þó nokkuð mörg skip enn þá á bilinu 10–100 tonn í útgerð er viðbúið að öll nýsmíði verði annaðhvort undir 10 tonnum eða yfir 100 tonnum, það komi til með að vanta þessa millistærð sem gagnar mjög vel undir vissum kringumstæðum.

„Íhaldsstefna á þessu sviði mundi leiða til ótakmarkaðrar stærðar útgerðarfélaga sem mundu hlífðarlaust heimta réttinn til að rányrkja og jafnvel vera til sölu fyrir útlenda þátttöku til enn frekari rányrkju. Bæjarrekstur mundi líka vera erfiður í stjórnun og ekki hika við hallarekstur.“ Þetta er staðreynd sem við höfum oft og tíðum séð í sambandi við bæjarútgerðir. „Bæði formin tækju verksvið sem kjörið er fyrir hina sjálfstæðu framsæknu einstaklinga. Ef aðsóknin að miðunum yrði takmörkuð með auðlindaskatti, þá eru næg verkefni fyrir þann sjóð sem þannig myndaðist:

1. Hann mætti nota að hluta sem afla- og verðtryggingarsjóð.
2. Hann mætti nota til að létta af ofsköttun.
3. Hann mætti nota til að byggja upp nýjar greinar iðnaðar sem yrðu samkeppnishæfar við erlendan iðnað ef þær nytu verulegs stofnfjárstyrks líkt og landbúnaður nýtur nú.“

Hér er lýsing á hinum fræga auðlindaskatti sem einmitt hefur oft verið rakinn til Kristjáns heitins Friðrikssonar og kenndur við hann. Umræðu um auðlindaskatt hefur aftur skotið upp á yfirborðið núna síðustu mánuðina í tengslum við þá umræðu sem hefur farið fram hér allt haustið vegna væntanlegs frv. um fiskveiðistefnu. Það hafa birst margar mjög athyglisverðar blaðagreinar um þessi mál frá því í sumar. Ég minnist þess t.d. að hafa lesið mjög athyglisverðar greinar um hugsanlega kvótasölu þar sem er lagt til að í stað þess að úthluta veiðileyfum eða úthluta kvóta á skip yrði að einhverju leyti tekin upp kvótasala. Auðlindaskattur fékk strax á sig mikið óorð og þess vegna hafa menn varast að nota það hugtak, en í staðinn hafa menn viljað tala um kvótasölu sem í sjálfu sér er ekkert annað en eitt og hið sama.

Þá kom mjög athyglisverð hugmynd frá fiskilíffræðingi sem heitir Alda Möller, en hún lýsti því í blaðagrein í Morgunblaðinu í haust að e.t.v. væri það réttasta að senda hverri einustu fjölskyldu í öllu landinu sinn hlut af kvótanum og hún hafði reiknað það út að venjuleg fjölskylda ætti kröfu til þess að fá 6 tonna þorskkvóta. Einhleyp amma eða eldri kona gæti kannski fengið svo sem eins og eitt tonn. Hún gæti þá bara jafnvel farið með þetta tonn sitt í sjoppuna og selt það um leið og hún kaupir lottóseðilinn sinn. Þetta er ein leið að hreinlega senda öllum

landsmönnum sinn hluta í heildarkvóta ársins og ráðuneytið gæti þá bara látið prenta út seðla. Það stæði á seðlunum 100 kg, 1000 tonn, 100 tonn, 1 tonn og þetta yrði bara sent til aðila og síðan gætu menn farið með þetta. Við gætum hugsað okkur að sjoppurnar tækju við seðlunum og kæmu þeim áfram í sölu. Menn gætu síðan bara farið í sjoppurnar og þegar þeir kaupa lottóseðlana gætu þeir keypt svo sem eins og 1000 tonna þorskkvóta í leiðinni. Þetta er ein leið. Ég er alveg til í að skoða svona hugmyndir og ég ætla ekkert að segja það álit mitt hér að einhvers konar auðlindaskattur eða kvótasala komi ekki til greina, ef menn endilega vilja hafa slíkan kvóta.

Hér er tekið mjög skemmtilegt dæmi um stefnufrávik — því miður eru framsóknarmennirnir orðnir heldur framlágir hér í hv. deild þannig að það er ekki víst að þetta nái til þeirra. Þó sé ég virðulegan þm., hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefán Guðmundsson. Hann er enn þá hér uppistandandi — en þar segir svo:

„Það óhapp henti fulltrúa Framsfl. á Alþingi nýlega að flytja tillögu um togaraútgerð ríkisins. Þetta er eitt af dæmum sem sýna hversu mikilsvert er að hafa framsóknarstefnuna sem greinilegast markaða. Ljóslega er þetta gagnstætt flokksstefnunni. Hvaða vit væri í því að fara að skattpína þegnana með taprekstri á útgerð ríkisins, láta þessa togara veiða fiskinn á miðunum frá útvegsbændum sem eru tilbúnir að sinna verkefninu og gjalda sína skatta inn í samsjóði ríkis og bæja? Tillagan um ríkisútgerð togara hefði verið eðlilegra að kæmi frá sósíalistum."

En það er nú einu sinni svo að framsóknarmönnum er ekkert allt of lagið að vera stefnufastir. Stefna Framsfl. vill svona vera eins og á kompás sem hefur bilað. Þið þekkið það þegar nálin hefur losnað á kompásnum og bara dansar í allar áttir og það ræðst ekkert við hana. Þannig er kannski best að lýsa stefnu framsóknarmanna.

„Indíánagullið og íslensku fiskimiðin. Um aldabil höfðu Spánverjar og Portúgalar mikil sæði í Suður-Ameríku sem nýlendur. Þeir arðrændu íbúana og drápu en fluttu mikil auðæfi dýrra málma heim til landa sinna. Þessi auður gerði þeim fært að kaupa allar þær iðnaðarvörur, sem ráðandi stéttir þessara landa kærðu sig um, frá öðrum löndum. Með þessu var þróun heimaiðnaðar vanrækt, bæði hjá Spánverjum og Portúgölum. Kaup þeirra á iðnaðarvörum fyrir indíánagullið átti talsverðan þátt í að efla iðnað annarra þjóða, sem sé Hollendinga og síðan Breta og Þjóðverja. Svo þegar gullið þraut í nýlendunum stóðu þessar þjóðir uppi með vanþróaðan iðnað, ósamkeppnisfæran við iðnað Breta og Þjóðverja. Þetta hefur átt sinn þátt í að veikja efnalega stöðu þessara þjóða, þ.e. Spánverja og Portúgala, og halda niðri lífskjörum þar til langframa.

Þetta er rifjað upp hér vegna þess að Íslendingar hafa farið svipað að á síðustu áratugum og eru þó e.t.v. að ganga enn lengra inn á þessa braut allra síðustu missirin."

Ég kom dálítið inn á þetta í ræðu minni í gær, en ég lýsti í upphafi hennar með hvaða hætti við höfum hlaðið undir atvinnugreinar í nágrannalöndunum, t.d. í Noregi, þar sem við höfum raunverulega falið Norðmönnum og jafnvel fjarlægari þjóðum að sjá um allt sem við þurfum á að halda í sambandi við sjávarútveg. Þannig, eins og ég lýsti því, vorum við þess valdandi að í Noregi komst á laggirnar mjög merkilegur atvinnuvegur, ný atvinnugrein sem byggir á því að smíða ýmiss konar rafeindatæki fyrir fiskiskip, fiskileitartæki, fiskisjá o.s.frv.

Þetta er nákvæmlega það sem verið er að lýsa hér með Spánverja og Portúgala. Þeir arðrændu íbúana og drápu, ég er ekki að segja að Íslendingar hafi gert það, en þeir hafa kannski rányrkt fiskimiðin að einhverju leyti. Við verðum að játa þá sök á okkur að einhverju leyti. Öllum er í fersku minni þegar síldin hvarf hér svona upp úr miðjum 7. áratugnum, Norðurlandssíldin, vegna rányrkju, og við notuðum gullið sem við fengum fyrir þetta til þess að kaupa hluti frá öðrum löndum en sinntum því ekki að byggja upp iðnaðinn sjálfir. Við höfðum greinilega hugarfar Spánverja og Portúgala í þessu efni en ekki hugarfar Breta og Þjóðverja sem lögðu einmitt á það áherslu á miðöldum að byggja upp iðnað meðan Portúgalar og Spánverjar létu sér nægja að fá gullið frá indíánunum og kaupa allt sem þeir þurftu á að halda annars staðar frá.

Þó að þetta sé kannski svolítið flókin samlíking sem Kristján heitinn tekur þarna í þessu riti sínu er hún mjög raunhæf vegna þess að hún sýnir mjög vel þessa gullöld sem við gengum í gegnum þegar við gátum mokað upp úr fiskimiðunum okkar og raunverulega þurftum ekkert að vera hugsa um svoleiðis smámuni eins og að vera að smíða eitthvað fyrir skipin okkar eða vera að kaupa veiðarfæri eða öllu heldur að framleiða veiðarfæri hér. Við áttum nóga peninga. Við bara keyptum þetta erlendis frá. Það þurfti ekkert að vera að huga að því að byggja upp slíkan iðnað hér á Íslandi.

Svo þegar gullið þraut í nýlendunum stóðu þessar þjóðir uppi með vanþróaðan iðnað, ósamkeppnisfæran við iðnað Breta og Þjóðverja. Það er rétt að endurtaka þetta. Þannig hefur einmitt farið fyrir okkur. Í dag er það orðið of seint fyrir okkur t.d. að ætla að reyna að byggja hér upp rafeindaiðnað í tengslum við fiskleitartæki. Við erum að vísu nú að reyna að hasla okkur völl á þeim vígvelli og hefur orðið nokkuð ágengt þar sem við höfum farið inn á þá braut að hefja framleiðslu á flóknum tækjabúnaði. Ég nefni t.d. tölvuvogir og ýmis framleiðslukerfi í fiskiðnaði sem við höfum náð nokkuð góðum árangri með. Við höfum því til allrar guðs lukku ekki algjörlega glatað þessum tækifærum og það er vel því að það er eins og hafi orðið hér einhver vakning svona síðustu 10 árin þar sem menn hafa séð að það gat ekki gengið lengur að moka bara upp fiskinum, fá fyrir hann gjaldeyri og kaupa síðan allt sem við þurftum til útgerðar frá útlöndum. Þetta

kemur kannski líka að einhverju leyti fram vegna þess að gullið er ekki eins mikið og það var þannig að við höfum vaknað upp við þann vonda draum að við þurfum kannski að passa svolítið betur upp á það sem við fáum út úr fiskimiðunum. Það er ekki víst að þetta sé óþrjótandi. (**HBl:** Svo er nú gott að fá virðisaukaskattinn í útflutninginn.) Ja, það er nú líkast til, hv. þm. Það verður nú munur.

„Í þessari líkingu lítur dæmið þannig út að nú er verið að framkvæma stórfellda rányrkju fiskimiðanna," þetta er nú skrifað á þeim tíma þegar það er augljós staðreynd en heimaiðnaðurinn hér er vanræktur. Þegar svo verður búið að tæma miðin með því að siga allt of stórum flota á fiskitorfurnar, þá stöndum við uppi með taprekstrarútgerð sem hefði getað verið stórgróðaútgerð, stöndum uppi með tæmd fiskimið og iðnað sem er skammt á veg kominn. Þetta stafar af því að mikill hluti ráðamanna, m.a. alþm., virðist vera á svipuðu stigi skammsýni og spánska aðalsstéttin meðan hún var að sóa indíánagullinu frá Suður-Ameríku.

Þessi missirin er verið að veita stofnlán til rányrkju fiskimiða, lán til handa útgerðinni til þess samtímis að skemma fiskimiðin og eyðileggja framtíðarrekstraraðstöðu sjálfrar sín. En það getur verið stórgróði að þeirri útgerð þar sem ekki væri nema 70 þús. veiðilestir í gangi. Sú útgerð þyldi auðlindaskatt og hefði þó glæsilega afkomu, en 120 þús. lesta floti hlýtur að verða rekinn með tapi (styrkjum) og leggur framtíð fiskimiða í hættu vegna ofnýtingar. Þetta liggur í augum uppi."

Og ég tek undir það. Þetta liggur í augum uppi. Frá því að þetta er skrifað hafa menn vaknað upp við vondan draum. Margt af því sem þarna er sagt gekk fram, varð að raunveruleika og menn tóku í ofboði til við að reyna að minnka flotann og koma einhverju lagi á aðgang flotans að fiskimiðunum þannig að það væri hægt að bjarga því sem bjargað varð. Það veldur þó nokkrum vonbrigðum að ekki hefur tekist að ná upp þorskstofninum að neinu gagni enn og sérstaklega á það við um stærð og þyngd aflans, þ.e. fiskanna. Okkur virðist ekki ætla að takast að ná upp hinum gömlu, duglegu þorskstofnum þegar var verið að veiða stórfiskinn hér á vetrarvertíðinni á Suðvesturlandi. Það virðist vera liðin tíð.

Íhaldsráðið, frímarkaðsstefnan, það sem við höfum kallað í dag nýfrjálshyggjuna, það er frelsið til þess að láta allt fara eins og það fara vill, það var það sem réði ríkjum í fiskveiðum hér áður fyrr. En ég veit ekki hvort það er betra að fara eins og oft er sagt úr einum brautaskurðinum í annan. Það er nefnilega einkennileg árátta okkar Íslendinga hvað okkur gengur illa að halda okkur á miðjum veginum. Við aðhyllumst alltaf öfgastefnur. Ég er ekki að segja að það séu öfgastefnur til hægri eða vinstri, en þær eru oft öfgastefnur í framkvæmdum. Við búum okkur til eitthvert kerfi, öfgakerfi á þennan veg og þegar það virkar ekki, þá förum við í eitthvert öfgakerfi á hinn veginn. En okkur gengur afar illa að halda okkur á miðjum veginum. Þetta kann að vera innbyggt í þjóðarsálina og er e.t.v. ekkert við þessu að gera, en til þess erum við nú einu sinni hér alþm. á hinu háa Alþingi að reyna að halda vagninum á miðjum veginum, en ég verð að segja eins og er, að það gengur afar illa.

„Rétt framsóknarstefna" — og nú væri vel að framsóknarmennirnir hlýddu vel á — „Rétt framsóknarstefna væri að beita viðeigandi höftum gegn ránnýtingu, beita skipulagsaðgerðum og áætlunarbúskap með heildarhag fyrir augum einmitt í þágu þjóðhagslega hagkvæms einkaframtaks." Og þar mundi ég telja hiklaust smábátaútgerðina með, en því miður virðist sem framsóknarstefna dagsins í dag taki ekki mið af þessu.

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti þetta gott heita í bili. Það væri náttúrlega hægt að halda hér langar ræður enn um stjórn fiskveiða og sérstaklega væri mjög fróðlegt að taka langa umræðu um auðlindaskattinn og kvótasöluna. Það er þrátt fyrir allt farið að örla á slíkum hugmyndum, m.a. í röðum framsóknarmanna. Ég minni á athyglisverðar blaðagreinar, sem hv. 10. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, hefur ritað í dagblöð í haust þar sem hann hefur stungið upp á því að gerð yrði tilraun til að selja einhvern hlut af kvótanum, t.d. ein 20%, og ég er ekkert frá því að það væri þess virði að reyna slíkt. Í stað þess að úthluta öllum aflakvótanum á skip eins og gert er, því þá ekki að prófa þessa hugmynd að selja 20% af kvótanum og sjá hvernig gengur? Það gæti verið ágætis tilraun að gera það.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Nú er þetta frv. komið til 3. umr. og það hafa átt sér stað merkilegar atkvæðagreiðslur. M.a. hefur verið felld tillaga úr stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og annað eftir því má segja. Það er sem sagt búið að móta hér með atkvæðagreiðslum fiskveiðistefnu næstu þriggja ára. Sjálfstfl. og Alþfl. hafa látið sig hafa það að samþykkja stefnu Framsfl., gera hana að sinni. Og það var dálítið fróðlegt að heyra hvað hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes sagði áðan í sambandi við þær skoðanakannanir sem hefðu farið fram um stöðu flokka, að það væri verið að tylla það mikið undir framsókn, að þm. þyrftu ekkert að gera. Fólkið í landinu vissi að það væri búið að afhenda þeim alla fyrirgreiðslupólitík í landinu. Þeir væru annað hvort sjávarútvegsráðherrar með öll leyfin þar eða formenn Byggðastofnunar. (**Gripið fram í:** Það er ekki framsókn.) Er það ekki framsókn, nei. Það var ekki núna, en þeir eru þá vel mannaðir þar. Þeir eru vel mannaðir í stjórn Byggðastofnunar hver um annan þveran. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Og hafa góða aðstöðu til þess að láta menn vita um að það sé hægt kannski að laga hlutina til fyrir þennan eða hinn.

Og það er ekki nóg með það að hlutirnir séu á þann veg að fyrirgreiðslupólitíkin komi út á þennan

hátt, heldur verður það þannig að þetta óskaplega mikla fyrirgreiðsluvald hefur þau áhrif á þjóðfélagið að menn bugta sig bara og beygja, þora ekki að ymta kjafti eins og sagt er. Og þegar maður segir það, þá er maður nú að tala út frá nokkurri reynslu í því. Maður hefur kynnst því að þessir höfðingjar með mikla leyfisvaldið í sjútvrn. hafa það ógnunarvald yfir þeim sem þurfa að hafa viðskipti við þá, jú og það er orðinn hver einasti sem stundar sjó, og það er ekki nóg með að það sé hver einasti sem stundar sjó, heldur hver einasti sem fæst við fiska á einn eða annan máta. Þeir eru settir undir vald þessa ráðuneytis og ef þeir stíga ekki sporin eins og ráðuneytið ætlast til og vill að þeir geri, hvort sem það er bundið reglum eða ekki, þá má búast við því að á ýmsan veg sæki þetta ráðuneyti inn á þeirra vettvang þannig að það er best að hafa sem hægast um sig.

Svo langt gengur þetta að þó að einn og einn leyfi sér að kvarta undan valdi ráðuneytisins, undan framkvæmd valds ráðuneytisins, þá heldur ráðuneytið því fram lon og don að það sé enginn sem kvarti og þetta stenst á þann veg að það þorir enginn að fylgja því eftir að hann kvarti af ótta við það að þetta vald láti þær upplýsingar bitna um síðir, við einhverjar sérstakar aðstæður, á viðkomandi.

Vald ráðuneytisins hefur komið fram í ýmsu, m.a. í því hvernig frv., sem nú er komið til 3. umr., var undirbúið, hvernig það var kynnt, hvernig það var lagt fram hér fyrir hv. Alþingi. Það var undirbúið á þann veg að það voru fengnar stofnanir til þess að fjalla um það að athuga efnahagsleg áhrif kvótakerfisins. Það var viðskiptadeild Háskóla Íslands. Og það voru fengnir hinir vísustu menn til þess að skoða þá þætti sem ráðuneytið taldi að hefðu tekist hefði ekki farið á þann veg, sem ég var að lýsa hér í fyrri umræðunni, hvernig kostir kerfisins væru, hvað kostir kerfisins væru miklir. Það var Raunvísindastofnun Háskólans, það var viðskiptadeild Háskóla Íslands og svo var fenginn prófessor frá Bergen til þess að segja Íslendingum hvað kvótakerfið vær gott. Ég hélt nú að þeir hefðu spandérað pappír undir erindið hans hér aftan við frv. en svo virðist nú ekki vera. En það hefur kannski verið af því að það erindi, sem prófessorinn úr Bergen flutti yfir ráðgjafarnefnd, undirbúningsnefndina, var birt tvisvar í Morgunblaðinu, tvisvar í sama blaðinu. Þess vegna hefur ráðuneytið kannski ekki talið ástæðu til þess að hafa það hér með frv. líka, þannig að það átti að duga að birta Íslendingum það í Morgunblaðinu, tvisvar sömu greinina. (**HBl:** Það lesa allir Moggann.) Ja, það er trúlegt, það lesa flestir Moggann. Þetta hefði átt að duga. Þessi ágæti prófessor kom hér árið 1985. Þá var líka umræða um kvótakerfið og við megum búast við því að haldi hann heilsu þá komi hann hér aftur 1991 þegar við þurfum að fara að fjalla um kvótakerfið á nýjan leik. En það er nú bara það að sá ágæti prófessor skipti ekki um skoðun. Það væri nú voðalegt ef það skyldi koma fyrir, en ég hef mikinn grun um það að hann hafi skipt um pólitíska skoðun á námsvistarárum sínum og starfsárum úti í Noregi. Ef ég man rétt þá var þessi ágæti prófessor mjög róttækur vinstri maður, (**SvG:** Það er rétt.) marx-leninisti ef ekki meira, en hann ku vera horfinn frá þeirri skoðun sinni og tekinn að hallast meira til þeirra manna sem nú tala um markað og frelsi. (**HBl:** Er hann ekki að hverfa aftur til barnatrúarinnar, sem hann hafði?) Eigi veit ég hvenær hann tók marx-leninistatrúna, en það mun hafa verið dálítið snemma, en hann ku vera horfinn frá henni. Það gæti farið svo að eftir þrjú ár væri prófessorinn horfinn frá þessari trú og farinn að kenna kannski eitthvað annað. Ég bendi hæstv. sjútvrh. á að fylgjast mjög vel með, því að svo gæti farið að prófessorinn komi og boði bara allt annað en hann boðaði árið 1985 og hann boðaði nú. Það er nú svo.

Við höfum verið hér á dálítið merkum tímamótum. Nú munu vera sólhvörf. Já, og nú er aðeins að byrja að lengjast dagur, um hænuspor. Og það er dálítið merkilegt að vera að fjalla um mikilsverð mál hér á hv. Alþingi Íslendinga þann sólarhringinn sem nærri flestum Íslendingum þykir hvað vænst um: Þegar sólin fer aftur að hækka á lofti. Við njótum þess að hafa fengið að vera hér í nótt og raunverulega finna fyrir því (**HBl:** Maður sér sólina rísa.) að sólin er aðeins að rísa. Landið er að rísa.

Ég var að segja það áður en þeir hv. sjálfstæðisþm. komu hér inn í þingsalinn að enn hefur það gerst — þeir hafa kannski heyrt til mín, ég veit ekki hvort nokkur apparöt eru til núna, og eru sjálfsagt ekki í gangi hér um húsið, til þess að heyra það að ég var að lýsa því að þeir hafi nú einu sinni enn gengið til liðs við hana framsókn, stutt hana dyggilega í því að bæta aðstöðu flokksins til góðrar fyrirgreiðslu. (Gripið fram í.) Samstarf á milli Dagsbrúnar og Miklagarðs. Ja, ég held, þegar maður fer að hugsa út í þetta, að þá sé gott samstarf þar á milli, milli Dagsbrúnar og Miklagarðs vegna þess að framkvæmdastjóri Dagsbrúnar, Þröstur Ólafsson, mun vera stjórnarformaður Miklagarðs. Ég mundi telja það af hinu góða að framkvæmdastjóri verkamannafélagsins Dagsbrúnar (**GHG:** Hann þjónar SÍS.) Hann þjónar ekki beinlínis SÍS, heldur þjónar hann félagslegri stofnun á höfuðborgarsvæðinu. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þingdeildarmenn að gæta þess að halda fundarsköp.)

Það er einmitt ósköp eðlileg tenging að starfsmaður verkalýðsfélags, framkvæmdastjóri verkalýðsfélags sé stjórnarformaður í félagslegri stofnun eins og Mikligarður er. (**Gripið fram í:** Óumdeilanlega félagsleg stofnun.) Óumdeilanlega félagsleg stofnun vegna þess að meirihlutaeign í Miklagarði er hjá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, í félagi sem við köllum venjulega Kron. Og þessi maður, sem hér var nefndur til, er líka stjórnarformaður í Kron. (**GHG:** Og í stjórn Granda hf.) Og líka í stjórn Granda. Þar mun hann samkvæmt útlistingum borgarstjórans í Reykjavík hafa verið settur í stjórn, ekki vegna þess að hann hafi verið kosinn af borgarstjórn Reykjavíkur eða skipaður af borgarstjóranum, held-

ur til þess að fulltrúi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gæti haft viss áhrif á rekstur þessa stóra og mikla atvinnufyrirtækis hér í Reykjavík. (Gripið fram í.) Já, það kemur stundum fyrir að sjálfstæðisíhaldið gerir svona einn og einn hlut sem er félagslega tengdur og það kemur fyrir nokkrum sinnum að m.a.s. stóríhaldið á Morgunblaðinu skrifar góða leiðara eins og leiðarann sem ég las hér upp fyrr í kvöld, nei, í gær var það, gagnmerkan leiðara og það hefði verið æskilegt að þeir sjálfstæðisþm. hefðu tekið dálítið mark á Morgunblaðinu sínu, tekið mark á þeim leiðara. Þá hefðu þeir kosið öðruvísi og stutt og flutt mál öðruvísi en þeir hafa gert hér og gerðu í gær. (**Gripið fram í:** Það væri kannski rétt að lesa hann aftur.) Það er líkast til, ég er bara ekki með hann hér uppi. En það hefði verið gott fyrir ykkur að fá þá lesningu yfir ykkur aftur, hv. þm. Sjálfstfl. hér í deildinni. En það er líkast til bara annar ágætis leiðari í Morgunblaðinu sem ég sé að er kominn — nei, þetta var nú verri leiðari, hann var úr sjálfum Tímanum. Ég sting honum hér undir. (Gripið fram í.) Já, kemur hann. (**GHG:** Dagsetninguna fyrst.) Daginn fyrir framlagningu frv. hér í hv. deild. (Gripið fram í.) Ja, það sýnir fyrirhyggju Morgunblaðsins. (**Forseti:** Ég bið hv. þingdeildarmenn að vera ekki að þessum eilífu frammíköllum og samtölum.) Það þýðir að Morgunblaðið sýnir svona einstaka sinnum fyrirhyggju að það skuli hafa áttað sig á því að senda þm. sínum kveðju einmitt daginn áður en frv. um fiskveiðistjórn var lagt hér fram á hv. Alþingi. En í þessum leiðara Morgunblaðsins segir, með leyfi forseta:

„Það er ósköp hvimleitt þegar ráðherrar, þingmenn og aðrir talsmenn stjórnmálaflokka hafa uppi hótanir um stjórnarslit þegar ágreiningur kemur upp um einstök mál í ríkisstjórn.“ Það er ósköp hvimleitt þegar svoleiðis er unnið. Og það er líka ósköp hvimleitt þegar þm. láta undan slíkum hótunum eins og greinilega hefur skeð hér á hv. Alþingi nú. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að tala um félmrh. Það var einmitt verið að ræða fyrst og fremst um það mál sem við erum að ræða hér. Ég er ekki að fara út um víðan völl með mína umræðu og held mig við umræðu um fiskveiðistjórnunina. Ég mun ekki fara að ræða húsnæðismál undir þessum dagskrárlið, enda veit ég það að hæstv. forseti mundi ekki telja það eðlilegt og óska eftir því að ég breytti þá um málflutning.

„Það er ósköp hvimleitt“, segir Morgunblaðið, „þegar ráðherrar, þingmenn og aðrir talsmenn stjórnmálaflokka hafa uppi hótanir um stjórnarslit þegar ágreiningur kemur upp um einstök mál í ríkisstjórn. Enginn neyðir þá flokka sem aðild eiga að núverandi ríkisstjórn til þátttöku í henni.“ Þetta hefðu menn mátt muna. Það er enginn neyddur til þess endilega að taka þátt í ríkisstjórn gegn vilja sínum eða þegar menn finna það að þeir eru að vinna gegn hagsmunum kannski meiri hluta flokksmanna sinna, gegn eðlilegri stefnu þeirra. Þeir sem vilja halda fram frelsi í atvinnuháttum eru allt í einu farnir að styðja boð og bönn og skömmtun. Það neyðir mann enginn til þess að gera slíkt. Sem betur fer er ekki sú staða hér á Íslandi.

Það er ótrúlegt hvað menn láta flækja sig til og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson talar um að það sé af eintómri ábyrgð, menn verði að sýna ábyrgð, hugsa um fiskistofnana. (**GHG:** Að sjálfsögðu.) Að sjálfsögðu. Og samþykkja aftur fiskveiðistefnu, sem — ja, það er nú ljótt að segja að hún hafi haft þann tilgang því hún hafði ekki þann tilgang sem út úr því kom: Skerðing á fiskistofnunum, skerðing á þorskstofninum a.m.k., við stöndum frammi fyrir því undir þessari fiskveiðistefnu að þorskstofninn hefur minnkað. Og hvenær vorum við að skerða svona þorskstofninn? Við vorum að skerða hann á mestu góðærisárum sem yfir landið hafa gengið í áraraðir. Það var ekki nóg að við sólunduðum peningum í hinar og þessar fjárfestingar, vitlausar fjárfestingar eins og flugstöð og annað eftir því, við gengum líka á varasjóðinn okkar í sjónum. Það er ekki nóg að erlendar skuldir aukist og aukist heldur erum við líka að ganga á höfuðstólinn okkar hér heima, höfuðstólinn við strendurnar. Og nú er talið mjög nauðsynlegt að framlengja þetta kerfi sem hefur kallað á þessa þróun í sambandi við fiskistofnana, þorskstofninn. Okkur er tilkynnt núna: Þið skuluð herða sultarólina. Það er greinilegt að það verður a.m.k. 40 þús. tonna minni afli á árinu 1988 en var á árinu 1987. Það er greinilegt að það verður að minnka kaupmátt almennings í landinu vegna þessara hluta. Og það er staða sem ekki verður frestað. Við stöndum frammi fyrir orðnum hlut. Við ættum kannski að fá aukin lán, aukin erlend lán til þess að reyna að bæta þessa stöðu? Það er allt á sömu bókina lært. Það er óstjórn í landinu á alla vegu.

Þeir sjálfstæðismenn hafa reynt að halda til haga og búið til tröllasöguna um verðbólguna þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens skilaði af sér hér á vordögum 1983. Ja, sú mynd var kannski ekkert falleg. En hvað er hún miðað við þá mynd sem hægt er að stilla upp núna af afrakstri ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., og núna Alþfl.? Í mesta góðæri sem yfir þjóðina hefur gengið aukast skuldir þjóðarbúsins og það er gengið á fiskistofnana. Atvinnutækin við sjávarsíðuna eru ekki endurnýjuð. Við erum með stóran hluta af fiskveiðiflotanum okkar 30–40 ára gamlan og þar sitjum við vegna þessa einkaréttarkerfis. Og það eru kallaðir vondir menn sem leyfa sér að smíða báta. Þeir eru hroðalegir þessir sem eru að smíða 9,9 tonna bátana. Það eru alveg voðalegir menn. Öll framþróun í nafni þessara manna er vond, sérstaklega ef það er í undirstöðuatvinnuveginum, sjávarútveginum. En ef þeir geta sólundað og eytt eins og í flugstöð án nokkurra heimilda, þá er það af hinu góða. Og hver ráðherrann á fætur öðrum lýsir því yfir að sóun og stjórnleysi, eins og átti sér stað við byggingu flugstöðvarinnar, sé ekkert athugaverð. (**HBl:** Hvað segir Morgunblaðið um það?) Ég leit nú ekki í leiðara Morgunblaðsins í morgun. Það var líka mánudagur í

gær. Það var ekkert Morgunblað í gær. (**Forseti:** Það er þriðjudagur í dag.) Það er kominn þriðjudagur, já. Það getur vel verið að það sé góður leiðari í Morgunblaðinu í dag og ég vona það, en það er nú kannski heldur seint til þess að leiðrétta hv. þm. (Gripið fram í.) Það er nú ekki nýtt.

Ég held að það sé bara full þörf á að við lesum leiðara Morgunblaðsins. Við gerum það nú allir. En Morgunblaðið er á réttum vettvangi og leiðari Morgunblaðsins fjallar um tímaþröng á Alþingi. Það hefði nú kannski átt að skrifa um það á föstudaginn eða laugardaginn. Það er kannski heldur seint að gefa þm. sínum línuna eftir að við erum búin að missa af starfsdegi út úr höndum okkar sem byrjaði á mánudagsmorgni og samtengdist þriðjudegi á þann skemmtilegan máta að við fundum fyrir því að sólhvörfin gengu yfir okkur og hænusporið bættist við í tímalengdina, sólin fór að rísa. En ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að lesa úr Morgunblaðinu þriðjudaginn 22. des. 1987 leiðara sem heitir „Tímaþröng á þingi“:

„Líkur standa til þess að Alþingi starfi á milli jóla og nýárs. Það hefur ekki skeð síðan 1958“, — og skal í minnum haft, en þá, árið 1958, var alþýðuflokksstjórn við völd. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú. (Gripið fram í.) Nei, Emilía. Mun hafa tekið við á Þorláksmessu eða daginn fyrir Þorláksmessu eða svo. (Gripið fram í.) Stendur heima. Gæti það verið að þessi vandræði fylgdu krötunum? (**GHG:** Það er aldrei að vita.) Nei, það er aldrei að vita. Við skulum vita hvað kemur fram í leiðaranum. Það gæti verið.

„Þá baðst vinstri stjórn Hermanns Jónassonar lausnar í desembermánuði að fjárlögum óafgreiddum.“ — Sem er í minnum haft. „Ástæðan var ágreiningur við verkalýðshreyfinguna um frestun verðbóta á laun, sem var liður í ráðgerðum efnahagsaðgerðum og verðbólguvörnum stjórnvalda. Við tók minnihlutastjórn Emils Jónssonar. Hún var undanfari viðreisnarstjórnarinnar sem þrír formenn Sjálfstfl. leiddu, hver eftir annan. Sú stjórn var bæði langlíf og farsæl. Verðbólga var að meðaltali innan við 10% á ári — á 11 ára starfsferli hennar.“

Þarna var meðaltalsreglan, já. Þarna kom meðaltalsreglan. Upp í 11 ára tímabil. Já. Henni var ekki beitt á verðbólguna í ríkisstjórnartíð Gunnars Thoroddsens. Þá voru bara teknir nokkrir dagar og skotið á verðbólguhraða. Það var ekki einu sinni notað eitt ár. Þarna var verðbólgan á 11 ára tímabili. Meðaltalstala innan við 10% á ári.

„Líkur standa jafnframt til þess að Alþingi hefji störf einhvern fyrstu daga hins nýja árs, jafnvel 4. janúar, en oft hefur starfshlé þingsins yfir jól og áramót staðið fram yfir miðjan mánuðinn. Ástæða þess að Alþingi breytir starfsháttum að þessu leyti er sú, að mörg og viðamikil mál hafa safnast saman til afgreiðslu á síðustu þingvikum. Það hefur að vísu áður skeð en ekki í jafnríkum mæli sem nú.“

Hvernig skyldi standa á því að Morgunblaðið segir að þetta hafi safnast svona mikið upp núna síðustu þingvikurnar? Ætli það sé að segja satt þar? Jú, það er nú víst að segja satt. Og ekki getur það verið af slóðaskap þessarar ríkisstjórnar að allt hafi dregist fram á síðustu stundu? Við megum ekki ætla að það geti verið. En getum við ekki verið sammála um varðandi það málefni sem við erum að ræða hér að það hafi verið fyrst og fremst af slóðaskap a.m.k. ákveðins hluta ríkisstjórnarinnar að það var ekki komið — hv. þm. er dálítið syfjaður. Það er kannski heldur stórt að segja að það sé slóðaskapur en af svona, æ, ég veit ekki hvað ætti að kalla það þegar ekkert er gert í verkum allar götur frá því 8. júlí og fram yfir miðjan september. Það er sofandaháttur. Er ekki hægt að kalla það sofandahátt? Að það hafi verið sofandaháttur ráðherra og þeirra aðila sem áttu að ýta á eftir því að hann ynni verkin? Að það hafi verið sofandaháttur að það skyldi ekki hafa verið farið að vinna í þessum málum fyrr en gert var og að það frv. sem við fjöllum hér um hafi ekki komið inn á hv. Alþingi fyrr en 4. des., daginn eftir að Morgunblaðið birti sinn ágæta leiðara sem skal í minnum hafur. Og áfram skal halda við lesturinn:

„Enginn vafi er á því að nýjar þingskapareglur, sem þetta þing starfar eftir, skapa skilyrði til bættra þingstarfa. Þær hafa þó ekki dugað til þess að starfshættir þingsins, það sem af er vetri, geti talist eftirbreytni verðir.“ Nú líst mér á Morgunblaðið. „Orsökin er margþætt. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að stjfrv., sem fá eiga afgreiðslu fyrir áramót, séu lögð fram fyrr á starfstíma þingsins en raun varð á nú.“ — Þetta er svona góðlátleg ábending til þingliðs Morgunblaðsins. — „Spurning er jafnvel, hvort ekki þurfi að binda í starfsreglur Alþingis að frumvörp, sem fá eiga afgreiðslu fyrir áramót, skuli lögð fram fyrir einhvern tilskilinn tíma.“ — Og nú kemur dagsetning. Hún gengi illa upp undir núverandi ríkisstjórn. Morgunblaðið nefnir 20. nóv. Hvað skyldu mörg frv. ríkisstjórnarinnar hafa verið lögð fram fyrir 20. nóv.? Eða hvað skyldu þau vera mörg sem komu eftir 20. nóv.? Eru nokkrar upplýsingar um það hjá hæstv. forseta hve mörg frv. ríkisstjórnin hefur lagt fram eftir 20. nóv.? Það breytir svo sem engu, en við vitum að meginhluti þeirra frv. sem verið er að fjalla um voru lögð fram eftir 20. nóv. og nokkur veigamikil frv. á síðustu dögum þingsins. — Þetta er bókin hans Egils. Ég vil ekki í neinu trufla hana því að hún verður að vera hér og hann verður að geta gengið að henni vísri þegar hann kemur til starfs í fyrramálið.

„Stjórnarfrumvörpum má og dreifa jafnara á starfstíma Alþingis, til að nýta hann betur — sem og þingdeildir. Mergurinn málsins er þó sá að ná sæmilegri sátt milli stjórnar og stjórnarandstöðu um vinnulag þingsins á mestu álagstímum þess. Það hefur jafnan tekist, þótt dýpra virðist á slíku samkomulagi nú en áður.“

Hér undirstrikar Morgunblaðið einmitt það, sem hv. þm. Svavar Gestsson var að segja frá áðan, að hann myndi ekki eftir því á þingsögu sinni að það hefði komið fyrir að það hefði ekki verið samkomu-

lag á milli stjórnar og stjórnarandstöðu um hvernig væri gengið frá frestun eða slitum þingsins þar til nú þegar þessi stóri meiri hl. er á hv. Alþingi. Þá telja forustumenn þessara flokka ástæðu til að leita ekki neins samstarfs við stjórnarandstöðuna heldur reyna að nauðga fram sínum vilja með valdi.

„Hvað veldur skal ósagt látið, en fjölgun þingflokka auðveldar ekki sátt af þessu tagi."

Það mætti kannski segja það að fjölgun ríkisstjórnarflokka auðveldi ekki sátt af þessu tagi. Það er kannski meiri metingur innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar um hvaða mál verði afgreidd en metingur á milli stjórnarandstöðu og stjórnar í heild. Ákveðinn grun hef ég um það. — Eru hv. sjávarútvegsnefndarmenn að fara af þingi? (**GHG:** Nei, nei, nei. Þeir eru bara rétt að teygja úr sér.) Já, það er rétt, svo þeir stirðni ekki upp. Það er alveg rétt. (**GHG:** Halda sér í horfinu.) (**HBl:** Finnst þér ekki miklu betra að hafa okkur hérna?) Jú, mikill munur að hafa ykkur hérna. (**GHG:** Ekki einn einasti stjórnarandstæðingur.) Þeir eru til hliðar.

„Það er á hinn bóginn hvorki í anda lýðræðis né þingræðis að stjórnarandstaða tefji eða torveldi meiri hluta löggjafarsamkomunnar með málþófi" — Það er hverju orði sannara. — „að koma fram málum sínum. Stjórnarandstaða verður hins vegar að fá eðlilegan tíma til að tíunda sín sjónarmið.

Meðal stórra mála, sem þetta þing hefur fjallað um, eru húsnæðislánakerfið og fiskveiðistefnan, auk fjárlaga og lánsfjárlaga. Óvenjumörg og mikilvæg frv. tengjast síðan fjárlagafrv., enda má segja að tekjukerfi ríkisins sé nánast stokkað upp, samhliða því að stefnt er að breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Staðgreiðsla skatta hefst eftir fáeina daga, í endað „skattlaust ár"."

Hér segir Morgunblaðið líkast til heldur mikið, herra forseti. Allar líkur benda til þess að það sé verið að koma í veg fyrir að skattkerfisbreytingarnar eigi sér stað þar sem ekki var orðið við ósk stjórnarandstöðunnar um að ganga frá tekjuskattsfrv. sem Nd. afgreiddi í nótt og stóð til boða frá okkar hendi að afgreiða þegar á fyrri fundi deildarinnar, en var hafnað af stjórnarsinnum. Vera má að Morgunblaðið sé að segja hér heldur meira en það getur staðið við og að staðgreiðsla skatta hefjist ekki fyrr en jafnvel eftir mánuð, jafnvel kannski tvo mánuði, vegna þess að allt það kerfi sem búið er að byggja upp til að sinna skattheimtunni nýtist ekki ef lögin verða ekki samþykkt fyrir áramót sem nú stefnir sjálfsagt að vegna þeirrar ótrúlegu afstöðu stjórnarflokkanna að hafna boði stjórnarandstöðunnar um að ganga frá þessu máli í gærkvöld.

„Og þær söluskattsbreytingar, sem stefnt er að, eru skref í átt að virðisaukaskatti. Slíkur skattur hefur verið tekinn upp í flestum viðskiptalöndum okkar. Líkur standa til að hann verði lögtekinn fyrir næsta ár." (**Forseti:** Ég minni á að frv. um stjórn fiskveiða er á dagskrá.) Það skal tekið tillit til þess og sjálfsagt, en við þær aðstæður sem nú eru í hv. deild taldi ég ekki óeðlilegt að það væri að nokkru fjallað um hina miklu tímaþröng. Fyrst svo var að málgagn aðalríkisstjórnarflokksins kom í hendur mér taldi ég rétt að fjalla lítillega stuttan hluta af ræðu minni um þá sérstöku stöðu sem nú er hér á hv. Alþingi og ég vænti þess að hæstv. forseti telji eðlilegt að það blandist nokkuð inn í þá umræðu sem hér fer fram. En ég mun stytta mál mitt um þennan þátt.

„Tilgangur uppstokkunar tekjukerfis ríkisins er margþættur. Skattakerfið er einfaldað. Eftirlit með réttum skattskilum er auðveldað. Innflutningsgjöldum breytt til að færa þá verslun frekar inn í landið sem landsmenn hafa í stríðum straumum sótt til útlanda. Þar fylgir hins vegar böggull skammrifi, er undanþágum söluskatts er fækkað. Tiltekin matvæli hækka í verði. Ríkisstjórnin staðhæfir að sú hækkun sé bætt eftir öðrum leiðum. Stjórnarandstaðan talar hins vegar um „matarskatt" sem gangi þvert á meint sósíaldemókratísk viðhorf.

Fjárlagadæmið skarast síðan við þann efnahagsvanda sem við blasir um áramót: nauðsyn þess að draga saman þorskafla," — tengist beint þeirri umræðu sem við erum að fjalla um hér og er beinlínis staðfesting á því, sem ég var að ræða um hér, hvað hefði komið út úr kvótakerfinu sem nú gildir, þeirri stjórnun — „versnandi viðskiptakjör (m.a. vegna slæmrar stöðu bandaríkjadals), minnkandi hagvöxt, vaxandi viðskiptahalla, efasemdir um úthald fastgengisstefnunnar — og ýmiss konar verðbólguteikn."

Ekki er fallegur listinn sem talinn er upp um stöðu þjóðarbúsins. Og að það skuli vera Morgunblaðið sem birtir þennan lista og þessa yfirlýsingu eftir að Sjálfstfl. er búinn að vera í ríkisstjórn frá því 1983. Þetta er þá viðskilnaðurinn. Viðskilnaðurinn tengist svo á síðustu tímum að Sjálfstfl. lét Framsfl. samþykkja fyrir sig og framlengja núverandi fiskveiðistefnu sem í flestu hefur mistekist.

„Fjárlagadæmið skarast ekki síður við þá kjarasátt sem aðilar vinnumarkaðarins verða að ná saman um undir hækkandi sól hins nýja árs. Sameinuð stendur þjóðin af sér vandamálin. Sundruð uppsker hún vorið frá 1983."

Mikið er það satt. Sundruð uppskárum við ríkisstjórn framsóknar og íhaldsins. Vegna þess að vinstri flokkarnir, félagshyggjuflokkarnir, náðu ekki saman á þeim tíma uppskárum við ríkisstjórn framsóknar og íhalds og bjuggum við þá ríkisstjórn síðustu fjögur ár. Þjóðin sýndi þeim höfðingjum þó ekki þá tillitssemi að kjósa þá svo að þeir gætu haldið áfram ríkisstjórn og til að framlengja líf þeirrar ríkisstjórnar urðu þeir að fá Alþfl. sér til stuðnings og nú situr hér ríkisstjórn framsóknar, Sjálfstfl. og Alþfl.

Því er verr og miður, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að ég var rétt að ljúka við að lesa leiðara Morgunblaðsins þar sem Morgunblaðið lýsir því hvernig ástandið sé í þjóðarbúinu nú og ekki er sú lýsing skemmtileg. Ofan á það bætist sú samþykkt, sem gerð var her fyrir skömmu, að sjálf-

stæðismenn létu sig hafa það að samþykkja fyrir framsókn þá fiskveiðistjórn sem við búum við núna. (**GHG:** Er það í Morgunblaðinu?) Það er ekki komið í Morgunblaðið, en það má nærri því lesa það á milli línanna, það sé ein af hörmungunum sem yfir okkur gengu. Og aðrar hörmungar eru, ef ætti að lesa: Nauðsyn þess að draga saman þorskafla, versnandi viðskiptajör, minnkandi hagvöxtur, vaxandi viðskiptahalli, efasemdir um úthald fastgengisstefnunnar og ýmiss konar verðbólgutákn, allt í sama liðnum. Og svo segir í lok leiðarans: „Sameinuð stendur þjóðin af sér vandamálin. Sundruð uppsker hún vorið frá 1983." Sundruð uppsker hún ríkisstjórn framsóknar og íhalds sem við erum búin að búa við síðan.

Þessa sundrung eigum við ekki að halda áfram með. Við eigum að hverfa frá þeirri sundrungu og við eigum ekki að láta það gerast, eins og hefur gerst undir ríkisstjórn framsóknar og íhalds, að á bestu aflaárum, bestu tíðarfarsárum sem yfir þjóðina hafi gengið séum við að ganga á höfuðstól þjóðarinnar, bæði í fiskstofnum og fjármunalega, með því að auka skuldir við útlönd og fjárfesta í hlutum sem eru lítið arðbærir.

Það er sjálfsagt ekki mikið meira í þessu ágæta Morgunblaði sem hægt er sérstaklega að fjalla um í tengslum við það mál sem við erum að ræða hér þannig að ég ætla að fletta því fljótlega og vita hvort ekki er eitthvað sem við þurfum sérstaklega að leggja áherslu á. Hér er bjórmálið. Við erum ekki að fjalla um það núna.

Það gæti verið að það bjargaði sjávarútveginum að menn færu að fiska flugvélar. Þeir eru byrjaðir á því á Suðurnesjum, virðulegi forseti. Það er víst enginn kvóti á því. (**Forseti:** Það er utan kvóta.) Það er utan kvóta. Það segir frá því í Morgunblaðinu, sem við höfðum reyndar heyrt í fréttum áður, að togarinn Ólafur Jónsson GK-404 hafi komið í gær til hafnar í Njarðvík með flugvélarflak. Hér er mynd af því í Morgunblaðinu og virðist vera furðuheillegt.

Eins og oft áður er Morgunblaðið sá fjölmiðillinn sem sinnir fréttum héðan af hv. Alþingi hvað best. Ekki vil ég segja að það sé alltaf best hjá Morgunblaðinu, en Morgunblaðið er með á bls. 41 fréttir af umræðum um fiskveiðifrv. á hv. Alþingi og í fyrirsögn blaðsins stendur: „Sjávarútvegsnefnd efri deildar fjórskipt í afstöðu til kvótans." Það væri kannski ekki úr vegi að átta sig á því hvernig Morgunblaðið fjallar um málið, en greinilegt er með því að líta á þetta að það hefur tekið vel eftir því hvað fulltrúi þess, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, hefur sagt um þetta. Fyrir okkur, sem vorum kannski um eitthvað að hugsa þegar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að flytja ræðu sína í morgun, væri það kannski ekki úr vegi að við færum yfir ræðu hans eða uppkast Morgunblaðsins, útdrátt Morgunblaðsins af ræðu Guðmundar H. Garðarssonar, þannig að við gætum fundið þar einhverja nýja stefnumörkun — (**GHG:** Það var nú góð ræða.) Já, ég hugsa að það hafi verið góð ræða. — og fundið einhver rök fyrir því af hverju hv. þm. Sjálfstfl. standa svo fast að baki framsóknarmönnum í sambandi við þetta mál. En með leyfi hæstv. forseta segir Morgunblaðið:

„Kvótafrv. kom til 2. umr. í Ed. Alþingis í gær. Sjútvn. deildarinnar er fjórskipt í þessu máli, en meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt ásamt nokkrum brtt. Umræður stóðu lengi fram eftir og var ætlunin að afgreiða málið til Nd." — Ekki í gær. Það er kominn annar dagur. Klukkan að verða hálfátta þriðjudaginn 22. des. 1987. Í gær var 21. Það er ábyggilegt. Það var aldrei ætlunin að afgreiða málið þá til Nd.

„Guðmundur H. Garðarsson mælti fyrir áliti meiri hl. sjútvn. Ed. Meiri hl. leggur fram nokkrar brtt. við frv., m.a. að gildistími laganna verði þrjú ár í stað fjögurra."

Við skulum muna að Guðmundur hefur gert þetta, þó kannski nauðugur hafi hann gert það, vegna þess að það var margbúið að lýsa því yfir að Sjálfstfl. ætlaðist til þess að gildistíminn væri bara tvö ár. Ekki hef ég nú sérstakar yfirlýsingar frá hv. þm. Halldóri Blöndal, en formaður þingflokksins hafði margoft lýst því yfir.

Ég hef komist að því að á 41. síðu Morgunblaðsins er glöggt fréttayfirlit yfir umræður í deildinni í gær og ég tel rétt, sérstaklega fyrir okkur stjórnarandstæðinga, að rifja upp ræðu þm. Guðmundar H. Garðarssonar og átta sig á aðalþungapunktum ræðunnar og undirstrika sérstaklega þar sem þm. hefur gengið kannski gegn yfirlýstri stefnu flokksins eins og það sem ég var að nefna í upphafi. (**HBl:** Hann er afleitur með þetta.) Hann er afleitur með þetta, já. (**GHG:** Lætur illa að stjórn.) (**SvG:** Það er munur eða Halldór Blöndal.) Það er munur eða Halldór Blöndal, það er rétt. En ég hafði bent á að flokkurinn hafði gefið út þá stefnumörkun að flokkurinn teldi eðlilegt og jafnvel nóg að gildistími laganna væri tvö ár, en eins og raun ber vitni um og fram kom í ræðu þm. og staðfest var í atkvæðagreiðslu í gærkvöld samþykktu sjálfstæðismenn þvert á skoðun sína að það skyldi vera þriggja ára tímabil sem fiskveiðistefnan skyldi gilda.

Og áfram hefur Morgunblaðið eftir Guðmundi H. Garðarssyni um fiskveiðistefnuna: „Þá er gert ráð fyrir að úr 5. gr. frv. verði felld ákvæði um sérstakt 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi hann ekki verið veginn hér á landi. Varðandi smábáta er lagt til að bátar undir 10 brl., sem stunda línu- og handfæraveiðar, þurfi eingöngu að sæta tímabundnum veiðibönnum eins og verið hefur."

Er það staðreyndin? Er það tilfellið að í brtt. meiri hl. sé lagt til að hlutirnir séu eins og þeir hafi verið í sambandi við veiðiheimildir? (**GHG:** Þetta er frétt blaðsins.) Ja, tilfinning mín er sú að blaðið sé að hafa eftir hv. þm. það sem hann hefur sagt og ekki man ég betur en í brtt. séu ekki aðeins taldir upp ákveðnir stoppdagar (**GHG:** Það er rétt, stoppdagar.) heldur sé bætt við að ráðherra hafi heimild

til að vera með sérstök tvö stopptímabil þegar honum hentar. Ekki man ég betur en að brtt. séu á þann veg. (**HBl:** Ráðherrann verður að hafa rúmar hendur.) Rúmar? Hvað er það? Rúmar hendur! En það er erfitt að gera það dæmi upp hvort Morgunblaðið hefur rétt eftir hv. þm. Maður verður að ætla að svo sé. Mér þykir miður ef þm. hefur verið að samþykkja allt annað en hann hefur talið sig vera að leggja fram. En það er eins og annað sem sjálfstæðismenn verða að láta yfir sig ganga í þessari bandingjatíð hjá íhaldinu.

„Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að allir bátar 6 brl. og stærri fái sérstök veiðileyfi með aflahámarki, en sú breyting er í samræmi við samþykktir 46. fiskiþings."

Getur verið að það sé verið að hafa líka eftir þm. að þetta sé eftir samþykkt 46. fiskiþings? Mér finnst það ótrúlegt. Og getur það verið að þm. hafi verið að greiða atkvæði út frá þeim grundvelli að hann hafi verið með tillögur 46. fiskiþings inni í hv. Alþingi? (**HBl:** Hann sagði þetta aftur og aftur.) Sagði hann þetta aftur og aftur? Ja, mér líst nú á þm. Sjálfstfl. ef þeir eru að telja sér trú um að þeir séu að flytja málefni og séu með innihald í tillgr. á allt annan veg en þeir eru með í huga og greiða svo atkvæði eftir því sem er í huga þeirra, en það eru allt aðrir hlutir sem eru á prenti og fram lagðir og verða síðan að lögum. Ja, vondur er bandingjahátturinn!

Morgunblaðið heldur áfram og segir: „Meiri hlutinn telur að sem mestur jöfnuður eigi að ríkja varðandi meðalaflahámörk söknarskipa og er ráðgert að setja í fyrsta skipti meðalaflahámark á karfaafla togara. Í því sambandi sé nauðsynlegt að taka tillit til þess að útgerðarkostnaður í hlutfalli við aflaverðmæti verði meiri við karfaveiðar en við þorskveiðar. Telur meiri hlutinn ... „

Það er ekkert verið að tala um fulltrúa Sjálfstfl. Það er bara talað um meiri hlutann. Eins og mér finnist að Morgunblaðið kæri sig lítið um það að eigna sér þennan meiri hluta. Þeir lemja stöðugt á því að tala um meiri hluta en ekki fulltrúa ríkisstjórnar eða Sjálfstfl.

„Telur meiri hlutinn því eðlilegt að karfaaflahámörk verði hækkuð nokkuð frá því sem lagt er til í drögum að reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1988. Meiri hlutinn leggur líka til að þeim togurum sem velja söknarmark með meðalaflamarki verði heimilt að veiða karfa í stað þorsks innan samanlagðs aflahámarks beggja tegundanna."

Það skal benda einmitt á þetta. Þetta gleymdist alveg hreint í hinni almennu umræðu. Í sambandi við aflahámarkið á karfanum var karfastofninn allt í einu orðinn nógu stór, virðulegi forseti, og sunnantogarar eða hverjir aðrir togarar, sem vildu veiða karfa, gátu bara lagt til hliðar þorskkvótann sinn og veitt karfa út á hann. Ekki benti það beint til þess að það væri verið að breyta þessu út af því að það þyrfti að minnka sóknina í karfastofninn heldur alveg á þveröfugan veg. Það virðist svo að karfastofninn sé nógu stór eða að það eigi ekkert að fara eftir tillögum fiskifærðinaga, ganga bara á karfastofninn. Getur verið að enn hafi hv. þm. ekki haft hugmynd um hvað þeir voru að samþykkja? Getur verið að þeir hafi verið í góðri trú að samþykkja að það mætti ekki sækja nema ákveðið magn í karfastofninn og eru svo með innbyggt í kerfinu hvata til að ganga enn frekar á stofninn?

Svo segir Morgunblaðið áfram: „Guðmundur H. Garðarsson sagði staðreynd málsins vera þá að gengið væri of nærri auðlindunum, sóknin væri of hörð og veiðin of mikil. Niðurstaðan hefði verið sú að takmarka þyrfti veiðar þar sem nauðsynlegt væri að beygja sig fyrir staðreyndum fiskifræðinga." Svo mörg eru þau orð.

Loksins hættir Morgunblaðið að tala um meiri hluta og færir umræðuna yfir á nafn hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þegar þarf að undirstrika að fiskveiðistefnan, sem við höfum búið við á undanförnum árum, hafi mistekist. Þá notar Morgunblaðið ekki meiri hlutann heldur tengir það beint nafni framsögumannsins, þm. Sjálfstfl. hér í Reykjavík, 14. þm. Reykv., þegar þarf að undirstrika að stefnan í fiskveiðimálum á undanförnum árum hafi mistekist. Og ég skal endurtaka, ég skal lesa á nýjan leik það sem Morgunblaðið segir að Guðmundur H. Garðarsson hafi sagt um þessa hluti, með leyfi forseta:

„Guðmundur H. Garðarsson sagði staðreynd málsins vera þá að gengið væri of nærri auðlindunum. Sóknin væri of hörð og veiðin of mikil. Niðurstaðan hefði því verið sú að takmarka þyrfti veiðar þar sem nauðsynlegt væri að beygja sig fyrir staðreyndum fiskifræðinga" og kvótakerfisins, hefði mátt bæta við, afleiðingum kvótakerfisins.

Og áfram segir Morgunblaðið: „Unnið hefði verið að þessu máli í fleiri mánuði og væru flestallir þm. sammála um að takmarkanir á veiði væru nauðsynlegar þó þeir væru kannski á móti einstaka efnisatriðum. Hér væri um að ræða heildarfiskveiðistefnu sem gæti tryggt öryggi þjóðarinnar á næstu árum. Mikilvægt væri að festa og ábyrgð réði um gjörðir manna þegar teknar væru ákvarðanir."

Ja, mikið rétt. Þetta er reyndar í beinu framhaldi að því þegar Morgunblaðið ávarpar þm. sinn beint með nafni. Það er ekki nóg með það að Morgunblaðið vilji undirstrika að fiskveiðistefnan hafi mistekist og að þm. Sjálfstfl. séu að samþykkja slíka stefnu heldur vill það undirstrika ábyrgð þá sem þeir eru að taka á sig um leið og þeir samþykkja þessa stefnu til frambúðar.

Á fyrstu auglýsingasíðu Morgunblaðsins, bls. 43, kemur í ljós að enn er sú staða uppi að það vantar menn á fiskiskipaflotann. Á þessari einu síðu er auglýst eftir þremur stýrimönnum. Jafnvel þó almenningur í landinu hafi fundið fyrir því að sá fagnaðarboðskapur væri yfir okkur að ganga að það væri verið að samþykkja nýja fiskveiðistefnu á Alþingi er eftirsóknin eftir þessum störfum ekki meiri en svo að á fyrstu auglýsingasíðu Morgunblaðsins blasa við þrjár auglýsingar eftir stýrimanni.

Einnig er verið að auglýsa eftir vélavörðum, a.m.k. einum vélaverði. Og fyrst ég er að fara yfir fyrstu auglýsingasíðu Morgunblaðsins og tek eftir að þar er verið að auglýsa eftir sjómönnum á íslensk fiskiskip sé ég líka að Morgunblaðið er í svolitlum vandræðum þar vestra, vestur á Hellissandi. (**GHG:** Vantar beitningamenn?) Nei, nei. Það vantar blaðbera fyrir Morgunblaðið á Hellissandi. Það er auglýst eftir blaðbera. Ég vona að þetta ágæta blað fái einhvern duglegan mann þar vestra til að sinna því að maður fái nú Moggann sinn þegar maður kemst heim í jólafríið, hann safnist ekki allur saman upp á pósthúsinu.

Þá vildi ég biðja sjávarútvegsnefndarmenn Sjálfstfl. að doka aðeins við. (**StG:** Þeir hljóta nú að fá Moggann.) Fá Moggann? Það vona ég ef þá vantar ekki blaðburðarmann eins og fyrir vestan. Það vantar blaðburðarmann fyrir Morgunblaðið á Hellissandi. Það gæti farið svo að það væri eins í hverfunum hjá hv. þm. Ja, það er ekki skemmtilegt. (**GHG:** Blað allra landsmanna kemst ekki út.) Blað allra landsmanna kemst ekki út og menn geta ekki fengið það.

En ég vakti athygli á því í ræðu minni áðan að Morgunblaðið nefnir meiri hluta sjútvn. þegar það útlistar málflutning hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar þar til að því kemur í lok umfjöllunar blaðsins um ræðu þm. að það er greinilegt að blaðið telur nauðsynlegt að tengja það nafni þingmannsins og þar með í eðli sínu flokksins, flokksins hér í Reykjavík. Og það er sérkennilegt að hvaða málefni blaðið snýr sér þegar það nefnir nafn hv. þm. Mun ég lesa þetta upp að nýju:

„Guðmundur H. Garðarsson sagði staðreynd málsins vera þá að gengið væri of nærri auðlindunum. Sóknin væri of hörð og veiðin of mikil." Þetta sagði þm. allt saman. „Niðurstaðan hefði því verið sú að takmarka þyrfti veiðar þar sem nauðsynlegt væri að beygja sig fyrir staðreyndum fiskifræðinga." Greinilega vantar pínulítið þarna á eftir. Þm. sagði það ekki, nei, nei, nei, en það hugsa ýmsir svoleiðis. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hafa hljóð í salnum.) Þarna er einmitt verið að staðfesta, þegar Morgunblaðið þarf að tengja nafn þm. síns við efnisatriði í ræðu hans, að kerfið hafi klikkað, fiskveiðistjórnun á undanförnum árum hafi ekki staðið sig. Það er verið að benda þm. á að hann sé og hafi verið málsvari meiri hluta sem sé að staðfesta kerfi sem hafi mistekist. Hv. þm. sagði þetta allt saman, en í fyrri hluta greinarinnar var bara talað um meiri hlutann. En þegar Morgunblaðið vill leggja áherslu á hlutina tengdi það það manninum og benti honum á að hann væri að gera sig ábyrgan. Og Morgunblaðið heldur áfram. Þar vísar það reglulega til þm. sinna. Þó það nefni ekki nema einn þm. í þessu tilfelli, sem óeðlilegt var og ekki eðlilegt, á það vitaskuld líka við þm. eins og Halldór Blöndal, hv. 2. þm. Norðurl. e., ekki síður. — Þá segir Morgunblaðið:

„Unnið hefði verið að þessu máli [og haft eftir Guðmundi H. Garðarssyni] í fleiri mánuði og væru flestallir þm. sammála um að takmarkanir á veiði væru nauðsynlegar þó þeir væru kannski á móti einstaka efnisatriðum. Hér væri um að ræða heildarfiskveiðistefnu sem gæti tryggt öryggi þjóðarinnar á næstu árum. Mikilvægt væri að festa og ábyrgð réði um gjörðir manna þegar teknar væru ákvarðanir." Sérstök áhersla á að tengja þetta sjálfstæðisþingmönnunum á Alþingi Íslendinga. (**GHG:** Góðir blaðamenn sem Morgunblaðið hefur.) Hafa djúpa og einlæga tilfinningu fyrir því hvernig staða þm. flokksins er og hvernig þeir eru bandingjar Framsfl. á hv. Alþingi.

Ég legg varla í að fletta Morgunblaðinu mikið meira af því að það geta komið upp ýmsar upplýsingar sem maður á ekki að vera að berja á hv. þm. Sjálfstfl. með í sambandi við stöðu þeirra í þessu máli. En ég er með smágrein eftir Jakob G. Pétursson, kennara í Stykkishólmi. Þessi maður, Jakob G. Pétursson, er búinn að vera kennari í Stykkishólmi í nokkur ár. Fyrir 30 árum var Jakob einn af fyrstu skipstjórum sem réru úr Rifshöfn á Snæfellsnesi. Sá þm. sem hér stendur var meðeigandi með Jakobi G. Péturssyni að trilluhorni þar vestra og það voru fyrstu kynni mín við útveg þar undir Jökli. Þetta var harðduglegur maður og laginn og var raunverulega, eins og ég hef sagt, viss landnámsmaður þar vestra í sambandi við útgerð frá Rifi. Trillan var svokallaður Breiðfirðingur, ætli það hafi ekki verið 7–8 tonna trilla, hét Bryndís, og Jakob stundaði sjó á henni í nokkra vetur. Síðan flutti hann inn í Flatey þaðan sem hann mun hafa átt ættir að telja og síðan í Stykkishólm og mun hafa allt þetta tímabil verið meira og minna tengdur sjóróðrum á smábátum.

En Jakob hefur talið ástæðu til að blanda sér í umræðuna í sambandi við fiskveiðistjórnunina og hefur tekið sig til og skrifað grein í Dagblaðið, mun þetta líkast til vera, 18. nóvember sl. Ég ætla með leyfi forseta, þar sem hér er fjallað beint um fiskveiðistjórnunina, að leyfa mér að lesa grein Jakobs. Ég hef mikla ánægju af því upp á gamlan kunningsskap við Jakob að þessi hans ágæta grein verði nú skráð í þingtíðindi Íslendinga. (**Forseti:** Um fiskveiðistjórnun.) Um fiskveiðistjórn, Ofstjórn og óstjórn heitir það. Og þá, með leyfi forseta, hefst lesturinn:

„Það er mikið fjallað um frelsi um þessar mundir," — mikið satt — „talað um frelsi í stjórnmálum, frelsi í fjölmiðlum, persónufrelsi meðal einstaklinga og fleira. En frelsi hverra til hvers? Hvað ber hæst í þeim umræðum? Ætla mætti að þar á meðal væri frelsi einstaklingsins til að marka sér sjálfstætt athafnasvið sér til lífsframfæris þar sem saman fara hans hagsmunir og þess samfélags sem hann lifir og hrærist í.

Var ekki einhvern tíma stofnaður stjórnmálaflokkur með þess konar frelsi að markmiði? Hefur nokkur haft spurnir af honum nýlega?"

Gæti verið að þeir menn sem sátu fyrir framan mig og voru að spjalla við mig áðan hefðu getað

tilheyrt honum? Það er ekki gott að segja.

„Er máske svo komið að öðrum frelsisþáttum sé hampað oftar eða nánast einvörðungu í hinu umfangsmikla síbyljufimbulfambi fjölmiðla um frelsi hér og frelsi þar? Skiptir máske mestu að algert frelsi ríki í verslunarálagningu og hvers konar viðskiptabraski eða að ráðamenn í æðstu stöðum geti markað sér launakjör og fríðindi að vild? Eða er það toppur frelsisins að í boði sé auðfenginn áfengur bjór handa þorstlátum?"

Gæti verið að bjórinn tengdist eitthvað fiskveiðistefnunni. Aldrei að vita, aldrei að vita. Það er frelsi. Það er frelsi og höft. Já, það passar.

„Þennan formála læt ég mér nægja í því efni er ég vil lítillega fjalla um hér í blaði, en það er sú aðför sem virðist fyrirhuguð að rekstri smábáta við strendur landsins.

Tilkostnaður.

Sú árátta sýnist færast stöðugt í vöxt í þessu þjóðfélagi að ef þörf kallar á skipulag og stjórnun á einhverju sviði leiði það fljótlega til ofstjórnunar og lítillar sanngirni. Og verst er þegar svokölluð lagfæring stefnir til verri hátta en fyrir voru. Þetta kemur mjög í ljós um þessar mundir hvað varðar aflaheimildir fyrirhugaðar smábátum á næstu árum.

Þessir bátar, sem að vísu hefur fjölgað ört að undanförnu, virðast nú vera taldir aðalógnvaldurinn gagnvart fiskistofnum að mati kvótahönnuða. Þó sýna tölur að ársafli þeirra fer vart yfir 10–12% af heildaraflanum." Sem er sjálfsagt ofætlað hjá Jakob.

„Nú er vitað að þessir bátar skila hvað bestu hráefni að landi og með minnstum tilkostnaði.

Ef meta ætti þessa hluti með einhverju broti af réttsýni er einkum tvennt sem bæri að skoða. Annað er tilkostnaður við hráefnisöflun miðað við magn, annars vegar við smábátaveiðar og hins vegar stærri skipa. Þjóðarbúinu er lítill hagur í því aflaverðmæti sem fer til greiðslu á beinum og óbeinum tilkostnaði, oftast í erlendum gjaldeyri. Hins vegar ber að skoða þýðingu smábátaútgerðar fyrir ýmis byggðarlög í landinu. Þar gæti víða horft til auðnar ef tekst að drepa alveg þann atvinnuþátt eins og stefnt virðist að.

Grímseyingar hafa þegar látið til sín heyra. Auðvitað verður málum bjargað þar í bili (eitt kjörtímabil eða svo) með einhverri ölmusuviðbót." Það er varla svo að það verði gert. „Það mun trúlega verða gert á fleiri stöðum í bili. Og þingmenn munu vænta sauðtryggrar fylgisþjónustu íbúanna á viðkomandi stöðum fyrir greiðann.

Stjórn á búsetu?

Í raun er þetta aðeins lymsk aðferð við að fylgja eftir þeirri opinberu leynistefnu, sem æ oftar lætur á sér bæra, að smala eigi allri þjóðinni á eitt og sama landshornið.

Hví ekki að gefa krókaveiðar frjálsar á smábátum? Það mundi litlu breyta um heildarmagn. Aftur á móti má deila um netaveiðar, bæði smábáta og annarra, í því formi sem þær eru stundaðar hér við land. Allir þingmenn hljóta að vita að æðimörg sjávarpláss víðs vegar um landið eiga mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við útgerð smábáta að sumarlagi.

En það er fleira í þessu sambandi sem til óheilla horfir eins og þessi furðulegheit eru upp sett. Talað er um mikla slysahættu við útgerð smábáta. Enginn lastar þá umhyggjusemi. Að vísu skortir upplýsingar um samanburð í þeim málum gagnvart mismunandi stærðum fiskiskipa. En spyrja má: Getur nokkur hönnuður þessarar veiðistefnu verið svo skyni skroppinn að ætla að hún auki öryggi manna á smærri bátum?

Með því að takmarka svona aflamagn minnstu báta og ráðslagast að geðþótta með veiðitíma sumra þeirra hlýtur að skapast sú hætta að þeir sem í lengstu lög reyna að bjarga sér, þrátt fyrir allt, telji sig knúna til að nýta sem mest þær stundir sem þeir mega vera að og gætu í því kappstreði þá stundum teflt á tæpasta vaðið.

Tæpast verður því trúað að þessi fáránlega aðför að smábátaútgerð, eða öllu heldur útrýmingarherferð á þeim atvinnuþætti, fari í gegn á Alþingi. Eflaust munu allir smábátaeigendur og þeirra aðstandendur fylgjast náið með framgangi málsins. Þar er um stóran hóp að ræða. Varla finnast mörg dæmi um það í veröldinni að þjóðkjörnir landsstjórnendur telji æskilegt markmið að fólki sé af litlu tilefni meinað að velja sér búsetu vítt og breitt um náttúruauðug landsvæði til þess fyrst og fremst að afla á sem ódýrastan hátt þeirra undirstöðuverðmæta sem afkoma þjóðarinnar byggist mest á. Það er því kaldhæðnislegt ef tekst að fá þingsamþykkt fyrir þessu gerræði sem virðist mótað af þvermóðskufullum ráðherra og formanni félags þeirra útgerðarmanna sem gera út togara og stærri veiðiskip. Auðvitað undir yfirskini skynsamlegrar stjórnunar.

Ný stjórnmálaöfl.

Ef allt um þrýtur og blind gerræðishyggja ræður málum til niðurdreps hinu eina raunhæfa persónufrelsi og sjálfræði í framleiðslu sjávarafurða hljóta þolendur að bregðast við með afgerandi hætti. Eðlilegt væri að þeir mynduðu með sér pólitísk samtök fyrir næsta þingkjör. Þeir sem tengjast þessum atvinnuþætti skipta þúsundum. Afstaða einstakra þingmenn og þingflokka mun skýrast við lokaafgreiðslu þessa máls í þingsölum. Þá mun koma í ljós hvort ráðlegt sé fyrir þennan umrædda atvinnuhóp að mynda samstöðu við eitthvert núverandi stjórnmálaafl í næsta þjóðkjöri. Að öðrum kosti hlýtur að koma til alvarlegrar athugunar hjá þessu fólki að taka upp náið pólitískt samstarf við ný stjórnmálaöfl. Doði og ýmiss konar neikvæð vinnubrögð stjórnvalda í byggðamálum hafa þegar hrundið slíkum hreyfingum af stað.

Þegar svo er komið að kerfisvaldið færir sig stöðugt upp á skaftið og gerist æ ómennskara og andsnúnara stórum hópum starfsstétta og sér í lagi þeim er að sköpun grunnverðmæta vinna, þá er ljóst að breytinga er þörf.

Hverjir hrópuðu í vígamóði hér um árið: kerfið burt! Getur verið að þeir hinir sömu hafi snúið blaðinu við og æpi nú í eigin röðum: kerfið kjurt!

Það hefur of lengi viðgengist í okkar þjóðfélagi að menn gætu á auðveldan hátt aflað sér umboða til þingmennsku á fölskum og villandi forsendum. Vonandi er sjálfseyðingarhvötin ekki svo rík í fari fjölmennra hópa að slíkt megi lánast til lengdar.

Og vonandi auðnast útgerðaraðilum smábáta að standa saman í baráttu sinni gegn sálarlausum kerfisöflum sem af lítt skiljanlegum ástæðum leitast við að svipta þá möguleikum til sjálfstæðra athafna. Þá gæti svo farið að að þeir sjái brátt betri tíð fram undan með blóm í haga."

Svo mörg voru þau orð míns ágæta vinar, Jakobs G. Péturssonar, kennara í Stykkishólmi. (**SvG:** Og lengi í Grímsey.) Var hann í Grímsey líka? Þetta er mikill höfðingi. Og gaman að þessi grein hans er nú komin á leið í þingtíðindin.

Ég mun nú stytta mál mitt, en minni á að ég er hér samflutningsmaður að till. með Júlíusi Sólnes og Danfríði Skarphéðinsdóttur um ákvæði til bráðabirgða, það verði ákvæði til bráðabirgða II, þar sem lagt er til að skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1982–1984, skuli eiga rétt á veiðileyfi sem nemur meðaltali aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Hér eru talin upp: Brimnes SH 257, Ragnar Ben ÍS-210 og Kári VE 95. Ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn muni veita þessari till. okkar stuðning. En umræða um stöðu þessara skipa hefur verið í gangi alla umræðuna um frv.

Það mætti enn fjalla þó nokkuð mikið um frv., en ég mun stytta mál mitt, en langar þó til að benda á einn smáhlut í lokin. Ég hef þá tilfinningu að þetta frv. sé að mörgu leyti vel unnið, t.d. sæmilega unnið málfarslega og miklu betur en mörg önnur frv. sem hafa verið á borðum þm. Samt eru í því eitt og eitt orð sem eru svolítið skrýtin svo ekki sé meira sagt. Og merkilegt að þeir í sjútvrn. skuli ekki tengjast sjávarútvegsmálum betur málfarslega en raun ber vitni um. Það er nefnilega komið svo að þeim finnst endilega að aftan við orðið „útgerð" þurfi að bæta nærri því heilu orði til þess að það sé skiljanlegt. Þeir geta ómögulega sagt: Hafi útgerð ekki valið á milli þessa og þessa heldur segja þeir „útgerðaraðili". Óskaplega mikið atriði er nú að koma þessu „aðila"-viðskeyti að. Ég er alveg viss um að foreldrar okkar hæstv. forseta hefðu alls ekki áttað sig á hvað væri verið að tala um hefði verið í þessu sambandi nefnd „útgerð" á þennan máta. Útgerðaraðili, hvað skyldi það nú vera? Ég hélt að það dygði í íslensku máli, þegar við værum að tala um útgerð á skipi eða þegar við værum að tala um skipið sem útgerð, að þá næði þetta fallega íslenska orð fullkomlega yfir alla þá meiningu. En það er eins og fleira sem þeir þurfa að klúðra þar í ráðuneytinu. Þeir þurfa endilega að hengja þetta „aðila"-skraut aftan við þetta góða orð.

Það er eins og fleira sem þeir klúðra í sambandi við meiningu málsins, í sambandi við stefnuna og annað eftir því. Þó þetta sé kannski í litlu má segja að svona meðferð á þessu grundvallarorði í sambandi við sjávarútveg á Íslandi er vond meðferð. Ég vænti þess og mun nú beina því til hæstv. forseta, þar sem þetta er málfarslegur galli, ekki efnislegur galli, að hæstv. forseti bendi höfundum frv. á þetta þannig að svona „lapsus", — það var ljótt orð — svona orðskrípi verði ekki í frv. Ég vænti þess að hæstv. forseti komi þessari ábendingu minni til skila. Mun ég nú láta máli mínu lokið. Fyrri ræðu minni við 3. umr. er nú lokið. En ég mun að sjálfsögðu koma upp aftur og nota tækifærið til að fjalla frekar um það sem kemur fram í umræðunum á eftir og hefur komið fram í umræðunum og ég hef ekki þegar fjallað um.

Svavar Gestsson:

Herra forseti, góðan dag. (**Forseti:** Góðan dag.) Nú fer að lengja daginn, sólin að rísa. Væri fróðlegt að fara aðeins nánar yfir stöðu þessara mála og rifja upp eitt og annað sem fram hefur komið í sambandi við þau á undanförnum árum. Ekki síst væri fróðlegt að rifja örlítið upp áður að við vorum áðan að greiða atkvæði. Það er kannski ekki úr vegi að biðja hæstv. forseta að kanna hvort eitthvað af stjórnarliðinu er enn þá með rænu. Mér þætti vænt um ef þeir væru kallaðir hér inn því þetta er umræða. Þetta er ekki „mónólóg" eða eintal eins og það heitir á leikhúsmáli heldur er þetta umræða, samtal, samtal í gegnum tíðina. Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi vera svo vænn að kanna hvort stjórnarliðar eru í húsinu yfirleitt, athuga hvort þeir eru vakandi. Jú, sko til. Lengi von á einum. Hæstv. sjútvrh. er boðinn alveg sérstaklega velkominn og sömuleiðis býð ég honum góðan dag héðan úr þessum ræðustól. (**Sjútvrh.:** Góðan daginn.) Hæstv. ráðherra tekur undir.

Við erum stödd í umræðu um nýtingu íslensku fiskveiðilandhelginnar. Þá er kannski hollt að rifja upp að það eru ekki nema 30 ár síðan því var lýst yfir að landhelgi Íslands yrði færð út í 12 mílur hverjar svo sem niðurstöður Genfar-ráðstefnunnar, sem þá stóð yfir, yrðu. Það var vinstri stjórnin 1956 sem tók ákvörðun um útfærslu landhelginnar í blóra við íhaldið vegna þess að Sjálfstfl. taldi að það væri ekki við hæfi að færa út landhelgina í trássi við bandalags- og vinaþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu eins og það heitir. Innan vinstri stjórnarinnar hófust síðan mikil átök um útfærslu landhelginnar. Og 1958, um vorið þá, var harkan orðin slík í ríkisstjórninni að þáv. hæstv. forsrh. velti því fyrir sér og lét það koma fram opinberlega að biðjast lausnar fyrir þáv. hæstv. sjútvrh. Lúðvík Jósepsson, fyrst og fremst vegna þess að hann var staðráðinn í að gefa út reglugerð um útfærslu landhelginnar í 12 sjómílur, hvað hann og gerði, reglugerð sem dagsett var 30. júní 1958. Og það má segja að þar með verði mjög afdráttarlaus kaflaskil í sögu íslenskrar sjálfstæðisbaráttu, þeirrar sem hélt áfram eftir stofnun lýðveldisins 1944, þeirrar sjálfstæðisbaráttu sem gekk út á það að við helguðum okkur fiskimiðin í kringum

landið með afdráttarlausum hætti.

Nú er það svo í seinni tíð að allir vildu Lilju kveðið hafa. Allir flokkar eru þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að gæta vel landhelginnar og það eru sennilega flestir, nema við sem höfum fylgst með stjórnmálum dálítinn tíma, búnir að gleyma því að það voru stórkostleg átök um það hvort ætti að færa út landhelgina. Þar var Alþfl., flokkur hæstv. forseta, oft aumastur allra flokka. Það kom t.d. mjög glöggt í ljós á þessum árum, þegar landhelgin var færð út í 12 sjómílur, því að í framhaldi af þeirri útfærslu og eftir að Íslendingar höfðu raunverulega unnið sigur á Bretum og Vestur-Þjóðverjum ákveður viðreisnarstjórnin sem eitt af sínum fyrstu verkum að gera samninga við Breta og Vestur-Þjóðverja um að Íslendingar megi alls ekki færa út landhelgina nema Bretar og Vestur-Þjóðverjar samþykki, þ.e. úr 12 mílum. Hér gerðist það, sem síðar átti eftir að endurtaka sig í landhelgisdeilunum, að hægri stjórn, viðreisnarstjórnin í þessu tilviki, gaf unnið tafl og í stað þess að halda á málum og íslenskum málstað af fullum myndugleika var niðurstaðan sú að gerðir voru samningar við Breta og Vestur-Þjóðverja sem voru kallaðir nauðungarsamningar og lýstir sem slíkir af þáverandi stjórnarandstöðuflokkum, Alþb. og Framsfl. Þessir tveir flokkar höfðu síðan uppi um það ákveðnar kröfur allan tímann sem viðreisnarstjórnin sat eða til 1971 að það ætti að færa út landhelgina og má segja að hámarki hafi þessi krafa náð með því að þessir flokkar fluttu sameiginlega á þinginu, hér á hv. Alþingi, till. um stefnuyfirlýsingu um útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur.

Þáverandi ríkisstjórn, viðreisnarstjórnin, Sjálfstfl. og Alþfl., lét sig hafa það á þeim tíma að lýsa því yfir að 12 mílur væru í raun og veru alþjóðalög og það væri ekki við hæfi að Íslendingar færðu landhelgina út fyrir 12 mílur. Um þetta var kosið m.a. í kosningunum 1971 og niðurstaðan varð sú að þeir flokkar sem höfðu gert kröfu um 50 sjómílna landhelgi náðu þar mjög sterkri stöðu. Viðreisnarstjórnin féll og flokkarnir tveir, Framsfl. og Alþb., mynduðu ríkisstjórn ásamt Samtökum frjálslyndra og vinstri manna.

Þessi ríkisstjórn var í raun og veru mynduð um landhelgismálið. Það var aðalmál þeirrar stjórnar. Og það er mjög merkilegt að hugleiða það, herra forseti, hvað það var í raun og veru erfitt fyrir þessa stjórn að ná samstöðu meðal landsmanna um útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur. Ég ætti öllu frekar að segja: meðal stjórnmálamanna, vegna þess að landsmenn allir eða meiri hluti þeirra studdu stjórnina í viðleitni hennar. Eftir útfærsluna í 50 sjómílur gerast þau tíðindi að Bretar senda herskip inn í landhelgina til að auðvelda breskum fiskiskipum að stunda hér ólöglegar veiðar. Þegar fram í sótti varð það niðurstaða þáv. ríkisstjórnar að senda á vettvang varðskip með klippur, sem urðu síðan býsna frægar, og endaði með því að Bretarnir treystu sér ekki til að halda hér úti veiðum vegna þess að þeir fiskuðu ekki neitt. Það var ekki friður til að fiska og breskir sjómenn höfðu engan áhuga á að standa í þessu stríði eða treystu sér ekki til þess þó að breski herinn væri með skip, freigátur, inni í landhelginni.

Þá gerðist það m.ö.o. að bandalagsþjóð okkar í Atlantshafsbandalaginu, Bretar, tekur um það ákvörðun að ráðast á aðra bandalagsþjóð og þótti það í rauninni nokkuð sérkennilegt þegar staðan var orðin þannig að það hernaðarbandalag, sem að sögn stuðningsmanna þess átti að verja okkur fyrir utanaðkomandi árásum, beitti sínum eigin herskipum gegn Íslendingum. Niðurstaðan varð engu að síður sú að Bretar urðu að láta í minni pokann. Það er merkilegt að líta yfir sögu landhelgismálsins og skoða hvernig þjóðirnar reyndust okkur sem eru með okkur í Atlantshafsbandalaginu. Hjálpuðu þær til í þessu efni?

Ég var svo heppinn fyrir fáeinum vikum að eiga þess kost að ræða mjög ítarlega við Hans G. Andersen, sendiherra Íslands í New York, um landhelgisstríðið og þá sérstaklega hvernig svokallaðar bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu reyndust í þessu stríði. Hann sagði mér að í rauninni hefði verið tiltölulega mjög lítið lið að Norðurlandaþjóðunum. Hann taldi að það hefðu ekki síst verið Belgar sem hjálpuðu vegna þess að þeir áttu skip innan landhelginnar og voru áhugasamir um að semja við okkur um að þessi skip fengju að vera þar eitthvað áfram. Niðurstaðan varð svo sú að þessir aðilar, Belgar, beittu sér fyrir því að hin Atlantshafsbandalagsríkin létu okkur í friði.

Í þessu landhelgisstríði gerist sá sögulegi atburður að Íslendingar, smáþjóð, ná með frumkvæði sínu að skapa alþjóðlegt fordæmi og búa þannig til nýja alþjóðlega reglu sem að lokum fær staðfestingu í Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum staðfest fyrir okkar leyti. Þessi reynsla af landhelgismálinu sýnir ákaflega vel hvað það skiptir í rauninni miklu máli að smáþjóð eins og Íslendingar reki sjálfstæða og einarða utanríkisstefnu og láti erlenda aðila, útlend stórveldi ef vill, hvergi beygja sig heldur haldi fram rétti smáþjóðarinnar af fullri reisn og fullum þrótti.

Ég hygg að þessi saga landhelgismálsins frá síðustu áratugum sé sérstaklega mikilvæg í ljósi þess máls sem við erum að ræða hér. Hér erum við að ræða hvernig við eigum að nýta þá landhelgi sem áður var setin erlendum veiðiskipum í stórum stíl en við nú ein ráðum yfir. Og þá skiptir miklu í sambandi við þá hluti að ekki einasta sé vel að því gætt að landhelgin sé skipulega nýtt og vel með fiskistofnana farið og arðsemi þeirra tryggð. Það skiptir einnig miklu máli í þessu sambandi að það sé sem bestur friður um nýtingu landhelginnar.

Herra forseti. Mér þykir gaman að tala við hæstv. forseta, en ég veit að okkur þætti síst lakara ef stjórnarliðið mætti í salinn þannig að það væri hægt að eiga við það nokkur orðaskipti. Ef hæstv. forseti vildi vera svo vinsamlegur að hóa í þá stjórnarliða sem flesta þannig að það mætti eiga við þá nokkrar

viðræður. Eða eru þeir kannski farnir úr húsinu? (**Forseti:** Nei, nei.) Það væri kannski rétt að láta ganga atkvæði. Ætli við séum ekki fimm úr stjórnarandstöðunni og þrír úr stjórnarliðinu eða svo, eða kannski bara einn, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti.

Það sem ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi er að það er mikilvægt fyrir þjóðina að það sé sæmilegur friður um nýtingu landhelginnar, sæmileg samstaða um nýtingu landhelginnar en það sé ekki efnt til ófriðar að óþörfu um nýtingu hennar. Ég hélt því fram í ræðu minni fyrr í þessari umræðu að það hefði ekki verið nægilega mikið gert til að stuðla að þessum friði. Um hvað gæti sá friður verið? Ég hygg að í rauninni sé hægt að svara því með einu orði. Það hefði verið unnt að ná sæmilegum friði um þessi mál ef tekið hefði verð eðlilegt tillit til byggðarsjónarmiða, sjónarmið byggðarlaganna hefðu fengið að njóta sín með eðlilegum hætti. Ég tel að það sé mjög alvarlegt, þegar íslenska þjóðin er eftir þorskastríð og átök búin að tryggja sér 200 mílna landhelgi, að efna til ófriðar um nýtingu fiskveiðilandhelginnar eins og aftur og aftur hefur gerst hér á undanförnum árum.

Það er með landhelgina og fiskimiðin eins og ýmislegt fleira sem við eigum sameiginlegt, segjum t.d. tekjustofna ríkisins og fleiri slíka þætti, að það er háttur skynsamra stjórnvalda að reyna að stuðla að því að sem víðtækastur friður og sem víðtækast samkomulag geti tekist um málin á hinum innlenda vettvangi. Það skiptir líka miklu máli gagnvart útlendum aðilum að þeim sé ljóst að við ekki einasta förum vel með auðlindina, fiskimiðin, heldur sé þeim líka ljóst að það er tiltölulega mjög gott samkomulag með þjóðinni um útfærslu og nýtingu fiskistofnanna. Þess vegna er sú stríðsstefna sem birst hefur hér á undanförnum árum aftur og aftur, stríð við byggðarlög, stríð við sjómenn, stríð við fiskvinnslufólk, stríð við trillukarla, þessi stríðsstefna, þessi ófriður, sem rekinn hefur verið hér á undanförnum árum varðandi nýtingu fiskistofnanna, slæmt mál. Við þurfum á því að halda að eiga samstöðu um þessa dýrmætu auðlind sem vissulega er undirstaða alls lífs í þessu landi.

Mér finnst sem stjórnarandstæðingi nú og fyrr býsna dapurlegt að verða vitni að því að þegar ríkisstjórnin er í þriðja eða fjórða sinn að koma þessu máli í gegn skuli enn þá vera svo mikil átök um málið að hún skuli þurfa að keyra málið í gegn með þeim hætti að við erum núna búin að vera á fundum svo að segja samfellt síðan kl. 10 í gærmorgun, í 22½ klukkustund. Það er verið að keyra þetta í gegnum þingið eins og með fallhamri, eins og með kröftum. Það er ekki eins og hér séu menn að takast á með rökum í eðlilegri umræðu. Hér takast menn á af afli. Meiri hlutinn hefur ákveðið að láta minni hlutann finna til tevatnsins. Meiri hlutinn hefur ákveðið að láta minni hlutann finna að þriðjungur þingsins ræður engu. Ég hygg að allir, einnig þeir sem skipa meiri hlutann, hljóti að hafa af því nokkrar áhyggjur ef ekki er hægt að marka leikreglur í þinginu milli meiri hlutans og minni hlutans sem stuðlar að eðlilegri meðferð mála. Ég tel fyrir mitt leyti að það sé ekki eðlileg meðferð mála að halda áfram umræðum heila nótt, bráðum í heilan sólarhring, jafnvel þó málið sé mikilvægt, vegna þess að það er ljóst að það klárast ekki fyrir jól. Með þessari afstöðu er meiri hlutinn ekki að gera neitt annað en sýna afl sitt. Hann er eins og maður með kraftadellu sem er að hnykla vöðvana framan í minni hlutann og segja: Sjáið þið, við höfum valdið. Þessi framkoma meiri hlutans í okkar garð í minni hlutanum er í senn ólýðræðisleg og hún er óheppileg við meðferð mála af þessu tagi og í rauninni við meðferð allra mála á hv. Alþingi. Ég rifja upp að fyrr í nótt buðu stjórnarandstæðingar upp á að frv. til laga um tekju- og eignarskatt yrði tekið í gegnum deildina til nefndar. Því var hafnað þó svo ljóst sé að með því er staðgreiðslukerfinu stofnað í hættu. En hér er verið að beita kröftum. Hér er verið að beita minni hlutann ofbeldi. Næst þegar forsetar Alþingis flytja ræður um virðingu þingsins og biðja þm. um að sýna þinginu virðingu er það a.m.k. alveg ljóst í mínum huga að ég tek ekki mikið mark á þeim ræðum. Í þeim er holur hljómur því að þessir sömu forsetar hafa stuðlað að því að meiri hluti þingsins reynir með kerfisbundnum hætti að niðurlægja minni hlutann hér á Alþingi þannig að einstakt er.

Ég hef setið á hv. Alþingi frá 1978. Þetta er lengsti fundur sem ég hef tekið þátt í á hv. Alþingi. Ég hygg að það þurfi að fara mjög mörg ár aftur í tímann til að finna önnur eins vinnubrögð og þau sem höfð hafa verið uppi núna, herra forseti. Ég held að þetta allt saman hljóti að vera forustu þingsins áhyggjuefni ef hún ber virðingu fyrir verkefnum sínum.

Fyrr á þessum fundi, herra forseti, gerðist það að bornar voru upp nokkrar brtt. við frv. og þær voru felldar, allar brtt. stjórnarandstöðunnar. Hvað voru menn að fella? Það var t.d. till. frá Skúla Alexanderssyni o.fl. á þessa leið: „Auðlindirnar innan fiskveiðilögsögu Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Öll stjórn á nýtingu þeirra skal taka mið af því. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda og stuðla með því að traustri atvinnu og byggð í landinu."

Þetta var fellt. Gera menn sér ljóst í þessari hv. deild hvað þeir voru í raun og veru að fella? Þeir voru að hafna því sjónarmiði að markmið laganna væri m.a. að stuðla að traustri atvinnu og byggð í landinu. Þetta var hin efnislega niðurstaða atkvæðagreiðslunnar. Skyldi meiri hlutinn þá vera á móti traustri atvinnu og byggð í landinu? Auðvitað er það ekki svo. Hér er bara verið að sýna afl sitt, hér er verið að sýna kraftana, að hvað sem minni hlutinn leggur til, þó meiri hlutinn sé sammála því, skuli það fellt miskunnarlaust.

Eins er t.d. með tillögu frá hv. þm. Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni á þskj. 234 um framkvæmdanefnd sem fari með stjórn fiskveiða, nefndin skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningu í

Sþ. Þessi till. er felld. Þó er hún í raun og veru þannig að að bestu manna yfirsýn og mati allra þeirra sem þekkja til væri þetta fullkomlega eðlilegt. Samt er hún felld. Af hverju er hún felld? Er hún felld vegna þess að meiri hluti þingsins telji þetta vitleysu? Nei. Hún er felld vegna þess að meiri hlutinn vill sýna kraftana, vill sýna hnefann, vill sýna að hann geti haft minni hlutann undir.

Eins er það með tillögu frá Karvel Pálmasyni á þskj. 392 þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Svo og ný og nýkeypt skip sem fjármögnuð hafa verið með erlendum lánum með heimild stjórnvalda á árunum 1986–1987. Þá skulu þau skip, sem koma í stað skipa sem fórust á árunum 1983–1984 og ekki hafa verið endurnýjuð, eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki."

Þessi tillaga hv. þm. Karvels Pálmasonar er felld.

Hv. þm. Karvel Pálmason er þm. Vestfjarða og hann heldur vel á málum síns byggðarlags, en hann er einnig þm. í Alþfl., stjórnarflokki. Hann tekur sem slíkur við formennsku í sjútvn. þessarar deildar og maður skyldi ætla að það yrði reynt eitthvað aðeins að koma til móts við þennan hv. þm. sem gegnir mikilvægum trúnaðarstöðum fyrir Alþfl. og er einn af fremstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Nei, þessari tillögu er hafnað þó að allir viðurkenni að hún er sanngjörn og hún er eðlileg, allir viðurkenni það og meiri hlutinn líka, en það á að sýna kraftana, sýna hverjir ráða, sýna minni hlutanum hvar Davíð keypti ölið.

Hið sama er að segja um till. Alþb. á þskj. 205 frá Skúla Alexanderssyni o.fl. um byggðasjónarmið við úthlutun veiðiheimilda og um að kvóti verði eftir í byggðarlögunum í nokkrum mæli. Það er alveg augljóst mál að yfirgnæfandi meiri hluti þingsins er sammála þessari tillögu eða þeim grundvallarsjónarmiðum sem þar koma fram. Hún er felld. Af hverju er hún felld? Ekki vegna þess að menn séu á móti tillögunni eða telji að hún í grundvallaratriðum raski þessu margumtalaða kvótakerfi. Nei, það gerir tillagan nefnilega ekki. Hún byggist á kvóta á skip áfram. Það er ekki eins og það sé verið að hrófla við grundvallarkennisetningum þessarar kvótakirkju sem hér er í hávegum höfð. En menn þurfa að sýna afl sitt, sýna hver það er sem ræður.

Síðan flytja þm. úr ýmsum flokkum till. varðandi trillurnar. Þær eru felldar af miklu tillitsleysi. Af hverju halda menn að hér hafi verið pallar fullir í 20 klukkutíma? Það hefur aldrei nokkurn tíma áður gerst að hagsmunahópur hafi vaktað þingið með þeim hætti sem trillusjómennirnir hafa gert í nótt og gærkvöld. Af hverju ætli menn hafi gert það? Vegna þess að þeir vita og finna að hérna er um að ræða þeirra lífshagsmuni í grundvallaratriðum og þeir óttast að efnahagslegur grundvöllur þess rekstrar, sem þeir eru með, hrynji. Halda menn virkilega að það sé einhver leikaraskapur á bak við að þessir menn sitja á pöllunum í 20 klukkustundir og fylgjast með umræðum hér? Þeir eru nefnilega líka haldnir af því, blessaðir mennirnir, að þeir vona að lýðræðið hafi áhrif, að lýðræðið fái að njóta sín, að sanngirnin verði ofan á. Þeir gera ráð fyrir að hér fari fram eðlileg lýðræðisleg skoðanaskipti. Þeir gera ráð fyrir að hér séu menn að tala saman í alvöru. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að hér eru menn handjárnaðir í stórum stíl og þora ekki að gera það sem þeir sjálfir vildu helst gera.

Af hverju skyldi hafa verið felld tillaga eins og sú sem birtist frá hv. þm. Karvel Pálmasyni á þskj. 392, tillaga sem er tillaga beint upp úr stjórnarsáttmálanum? Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara.

Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.

2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af fiskveiðistjórn þeirra.

Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum, innan lands sem utan sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar."

Þetta er úr stjórnarsáttmálanum. Það er ekki eins og þetta sé einhver bolsévismi sem við erum að leggja til í Alþb. eða þá sá vondi Kvennalisti eða Borgarafl. sem nýtur þess heiðurs þessa dagana að vera talinn verstur allra hér í deildinni. Ég óska þeim til hamingju með það. — Nei, það er ekki eins og svoleiðis lið hafi verið að finna þetta upp. Þessi tillaga er beint upp úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, flutt af hv. þm. Karvel Pálmasyni, formanni sjútvn. þessarar virðulegu deildar. Og hver er niðurstaðan? Stjórnarliðið fellir stjórnarsáttmálann með 12:5 atkv. Við greiddum atkvæði með stjórnarsáttmálanum, þetta stjórnarandstöðudót, en stjórnarliðið felldi sinn eigin stjórnarsáttmála. Af hverju? Ekki vegna þess að stjórnarliðið sé ósammála stjórnarsáttmálanum. Nei, nei, nei, nei. Ekki vegna þess, heldur vegna þess að stjórnarliðið þarf að sýna okkur í minni hlutanum í tvo heimana, láta það finnast hver það er sem ræður, hver það er sem valdið hefur í þessari virðulegu stofnun.

Og hv. þm. Karvel Pálmason leyfir sér að flytja till. á þskj. 392 sem er svona:

„Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8."

Þessi tillaga var felld í nótt með minni hluta atkvæða hér í deildinni. Það voru tíu sem greiddu atkvæði á móti þessari till., sjö studdu tillöguna, en tveir ef ég man rétt eða þrír sátu hjá. Þannig er staðan. Það er ekki eins og ríkisstjórnin sé alls staðar með stormandi meiri hluta í þessum málum sínum. Ekki aldeilis, ó ekkí, ekki er það. Stjórnarflokkarnir eru klofnir út og suður, Alþfl. og Sjálfstfl. Ég veit að vísu ekki um Framsfl., það hefur ekki örlað þar á sjálfstæðri skoðun um áratuga skeið. En hinir tveir eru rótklofnir í þessu máli og Framsfl. reyndar líka. Ég gleymi hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það skal ég ekki gera aftur. Framsfl. er klofinn líka niður í rót, allir flokkarnir klofnir og það eru svo hart rekin tryppin að það er felld svona tillaga sem er augljós sanngirnistillaga. Hún er felld með minni hluta atkvæða því að meiri hlutinn er svo stór að hann getur leyft sér að skipta sér þegar mikið liggur við.

Síðan er felld ein tillaga enn frá hv. þm. Karvel Pálmasyni á þskj. 392, um að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða III er orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Sigga Sveins, ÍS-29, skipaskrárnúmer 1846, úthlutað veiðileyfi er miðist við veiði á úthafsrækju."

Skyldi það geta verið þannig að þessi tillaga byggi á því, sem bent er á í till. hv. þm. Karvels Pálmasonar á þskj. 392,1, að þessi skip hafi verið fjármögnuð með lánum sem tekin voru með leyfi íslenskra stjórnvalda? Hvers lags stjórnvöld eru það í þessu landi sem leyfa mönnum að byggja skip, lána mönnum til að smíða skip eða kaupa skip en svo þegar skipið loksins er tilbúið má það ekki veiða?

Stundum er verið að tala um að það sé erfitt fyrir þjóðina að lynda við stjórnvöld, en hvernig í ósköpunum má það gerast að ríkisstjórnin samþykkir lán til að smíða ákveðið skip eða kaupa ákveðið skip, en svo koma þessir kerfistrukkar í þinginu og segja: Skipið má ekki veiða, bannað að veiða? Skip eru til þess að veiða með, einkum og sér í lagi fiskiskip.

Það er athyglisvert, hæstv. forseti, með stjórnarliða, sem hér ættu að vera staddir í þessari umræðu, að þeir koma hér rétt í mýflugumynd, náfölir, til að greiða atkvæði af og til, en að þeir taki þátt í eðlilegum umræðum með lýðræðislegum hætti, slíkt er af og frá. Getur verið að þeir skammist sín, hæstv. forseti? Gætu þeir verið með vonda samvisku? Getur verið að þeir finni til innan í sér, blessaðir mennirnir, og þeim líði þrátt fyrir allt illa? Ég óska engum ills, en ég segi alveg eins og er að mér þætti það heldur betra ef mennirnir hefðu pínulítið samviskubit. Heldur þætti mér betra að vita af því þó að það sé kannski óþarfi að vera svo skömmustulegur að þora ekki að láta sjá sig inni í deildinni þegar umræður standa sem hæst því að nú er, hæstv. forseti, að hefjast nýr dagur og nú geta menn loksins farið að tala með sæmilegri samvisku. Nú fara menn að mæta á vettvang á ný. Bráðum koma útsofnir neðrideildarmenn í húsið og þá getum við farið að spjalla aðeins við þá um landsins gagn og nauðsynjar. Nú þarf ég að biðja forseta forláts. Ég þarf að seilast í bók án þess að slíta ræðu mína. (**Forseti:** Gerðu svo vel.) Ég má ekki tala nema tvisvar og ég vil ekki taka neina áhættu í þeim efnum eins og forseti skilur.

Nei, það skyldi þó aldrei vera að þeir væru eitthvað ræfilslegir innan um sig, væru með einhverjar innantökur, ylgring út af þessu, hvernig þetta er í raun og veru. Þeir rúlla yfir allar tillögur sem við flytjum, tillögur sem þeir eru sammála í raun og veru, fullkomlega sammála. En framsóknarbattaríið segir nei. Halldór segir nei. Hans heilagleiki segir nei og þeir gegna. Ég er sannfærður um að það er ekki hægt að finna nokkurt barnaheimili á Íslandi þar sem aginn er eins ofboðslegur og þegar hæstv. sjútvrh. birtist gagnvart þessum mönnum. Þessir menn þeytast um allar jarðir, haldandi ræður út og suður og skrifandi greinar, staffírugir flokksleiðtogar þriggja stjórnmálaflokka og verkalýðssamtaka. En svo þegar kemur hæstráðandi til sjós og lands, þ.e. sjós, hæstv. sjútvrh., glúpna þessar hetjur og renna af hólmi. Það er óskaplegt að sjá þetta! Verst er þó að vita að þeir eru eins og að ganga í augun á hæstv. sjútvrh., sýna honum hvað þeir eru miklir karlar að „kýla á" stjórnarandstöðuna. Og stjórnarandstaðan býður þessum snillingum upp á það í nótt að það mætti hugsa sér að taka málin með öðrum hætti þannig að 2. umr. verði lokið, 3. umr. verði tekin á mánudaginn eftir hátíðar, taki svona klukkutíma. Þegar boðið er upp á slíkt og tíminn yfir jólin notaður til að skoða málin eru sjálfstæðismennirnir alveg ólmir í að athuga þetta og fara á leynifund með hæstv. sjútvrh. en koma svo eins og lúbarðir hundar, með leyfi hæstv. forseta, og segja: Það verður að halda áfram. Hvílíkt ofurvald, húsbóndavald hefur ekki hæstv. sjútvrh. yfir þessu liði! Það er alveg með ólíkindum!

Sérstaklega er það kannski skrýtið þegar þetta gerist með menn sem hafa fram undir það síðasta verið þekktir fyrir að hafa tiltölulega sjálfstæðar skoðanir, eins og forseti þessarar virðulegu deildar, sá mæti alþýðuflokksmaður og verkalýðsleiðtogi.

Á þinginu 1985 var fiskveiðistjórnin til umræðu í þessari virðulegu deild og þá mælti hv. 9. þm. Reykn., hæstv. núv. forseti deildarinnar, á þessa leið m.a.:

„Það fer ekki hjá því að þegar ég sem Reyknesingur og manneskja . . ." — Það hefði ég haldið að færi yfirleitt saman. Ég get ímyndað mér að það sé varla völ á öðrum Reyknesingum en manneskjum. „Það fer ekki hjá því þegar ég sem Reyknesingur og manneskja velti fyrir mér kvótamálum hugsi ég til þess að á Reykjanesi var afli af landsmeðaltali 1968–1983 27%. Aflinn var 1984 aðeins 19% þrátt fyrir að

kvótaúthlutun hafi verið 25%. Það eru margar ástæður fyrir þessu en sjálfsagt er gildasta ástæðan sú að flotinn hefur streymt af þessu svæði til annarra byggðarlaga, hvar menn hafa haft meiri efni á að kaupa þessi skip en þar syðra. Útvegur á því svæði hefur átt við ramman reip að draga og nú er svo komið að sjávarútvegur á þessu svæði, sem var vaxtarbroddur útgerðar í áratugi, er nú að því kominn að hverfa ef svo mætti segja. Fyrirtækin þar eru, eins og einn ágætur maður sagði í Nd. fyrir skemmstu um aðra aðila, hvert á fætur öðru að fara í biðsal dauðans. Hvort þau komast þaðan aftur skal ósagt látið, en hitt er sannað að miklir erfiðleikar eru þar á ferðinni.

Ég tek undir þá gagnrýni," segir hér enn fremur, „sem fram hefur komið hjá öðrum alþm., að samráð við sjávarútvegsnefndir var ekki eins og skyldi."

Síðan er það rakið nokkuð og sérstaklega tekið undir með hv. þm. Skúla Alexanderssyni í ýmsum málum. Það leynir sér ekki á þessari ræðu að hæstv. forseti hefur verulegar áhyggjur af þessari þróun á Suðurnesjum og í landinu í sjávarútveginum, enda man ég ekki betur en Alþfl. berðist fyrir því í bæjarstjórnarkosningunum í Keflavík 1986 að það yrði höfuðverkefni bæjarstjórnar Keflavíkur að auka kvótann handa Keflvíkingum þegar þeir fengju tækifæri til að ráða einhverju.

Nú gerist það aðeins örfáum mánuðum eftir að ríkisstjórnin er mynduð að hæstv. forseti gengur í þetta verk með stjórnarliðinu eins og ekkert sé. Með sama áframhaldi getur það ekki endað með neinu öðru en því að hann verði kominn alla leið eða í Framsfl. eftir eitt ár eða svo. Þessar umræður, sem hér hafa verið í nótt, til hvers ætli þar séu nú? Er það þannig að stjórnarandstaðan hafi haldið uppi málþófi fyrst og fremst vegna þess að hún vilji stöðva öll mál og vera þversum á öllum sviðum? Ég tel að ein ástæðan fyrir þeirri umræðu sem fram hefur farið hér í nótt sé sú að í henni kemur fram það sem ég vil kalla sjálfstæðisbaráttu stjórnarandstöðunnar og þar með þingræðisins því að það er ekkert þingræði nema það sé til stjórnarandstaða sem þorir að hafa skoðanir.

Okkur var sagt í gær, stjórnarandstöðuflokkunum: Við ykkur verður ekkert talað. Stjórnarflokkarnir báðu um viðræður. Stjórnarandstöðuflokkarnir sögðu: Við skulum semja um framgang mála ef það gerist að þið stöðvið matarskattinn. Því var algerlega hafnað af stjórnarliðinu og jafnframt lýst yfir að stjórnarliðið mundi beita afli til að koma öllum málum í gegn. Ég vil segja við hæstv. forseta: Stjórnarandstaðan mun ekki láta bjóða sér svona vinnubrögð þegjandi og hljóðalaust. Það er engin ástæða til að sætta sig við svona vinnubrögð. Og þó að það kosti að menn þurfi að vinna fyrir kaupinu sínu nótt og nótt breytir það engu. Við kvíðum því engu.

En hin ástæðan til þess að þessar umræður standa svo lengi er m.a. sú að við viljum freista þess að skapa möguleika til þess hér í þinginu að frv. verði breytt og þó því verði ekki breytt í þessari deild höfum við vonir um, höfum við hugmyndir um að það séu möguleikar til að breyta því milli hátíðanna í Nd.

Hér fara fram á þessum morgni og þessari nóttu mjög hörð pólitísk átök. Það hefur komið í ljós að núv. ríkisstjórn ræður ekki við verkefni sitt. Í ríkisstjórninni er engin verkstjórn. Þar er hver höndin upp á móti annarri. Flokkarnir beita hver annan neitunarvaldi, tefla ólíkum málum hverju gegn öðru. Einn segir: Ef ég ekki fæ kvótann færð þú ekki tekjuskattinn. Og annar segir: Ef ég ekki fæ tekjuskattinn færð þú ekki kvótann. Þannig er koll af kolli. Það er teflt saman gersamlega ólíkum málum. Það er allsherjar hrossaprang í hverri kytru í þessu húsi daginn út og daginn inn og hefur verið langtímum saman. Þá er ekki verið að spyrja um grundvallaratriðin eða skoðanirnar heldur hitt: Hvað er það sem ég fæ fram og helst, ef ég fæ eitthvað fram, væri best ef hinn tapaði einhverju í leiðinni. Í góðsemi vegur þar hver annan, segir í gömlu, góðu, frægu kvæði. Ég hygg að það kvæði sé klassískt bókmenntaverk og það hafi í rauninni sjaldan komið betur fram en á þessari nóttu á Alþingi Íslendinga.

Ég hef enga ástæðu til að halda mjög langa ræðu, herra forseti. Ég teldi eðlilegt að forseti gæfi morgunverðarhlé og vil spyrja hann að því hvort það sé ekki siður góðra verkalýðsleiðtoga að sjá til þess að þrælar hans fái a.m.k. kaffihlé í korter eða svo. Eins vildi ég nefna við hæstv. forseta hvort það mundi vera viðeigandi nú, af því að klukkan er nú rétt að verða níu, að vekja fjmrh. Ég bað um það í nótt að hans hátign yrði vakinn. Það var þá sagt að hann hefði nýlega fest blund á brá og það væri tæplega viðeigandi að við, þessir óbreyttu alþm. hér, þessir vinnuþrælar minni hlutans, værum að kalla á hæstv. ráðherra upp úr volgu bólinu um hánótt. Og ég féll frá því. Ég aulaðist til að vera svo sanngjarn. En það er spurning hvort ekki væri gott að fá hæstv. fjmrh. upp úr bólinu til að vita hvort hann hefur nokkurn áhuga á að afgreiða staðgreiðslukerfi skatta.

Við erum í sjálfu sér, þm. minni hlutans, tilbúnir vænti ég flest til að halda áfram störfum okkar í dag eins og ekkert hafi í skorist. (**Gripið fram í:** Það eru allir.) Ja, það hefur mér ekki sýnst, hv. þm. Ég hef ekki séð að menn hafi verið hér mikið að störfum. Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef aftur og aftur beðið um að eitthvað af stjórnarliðum kæmi í salinn til að væri hægt að tala við þá. Það hefur verið hörgull á því. En kannski er það svo að allir séu tilbúnir að vinna hér áfram í dag og ég vona að svo sé. Og við sem erum vön að vinna kveinkum okkur ekkert undan því. En hitt væri ekki lakara ef það færi að rifa aðeins í glyrnurnar á hæstv. fjmrh. þannig að það væri hægt að fara að tala við hann um skatta þegar þessi mál þrýtur, sem hér eru nú til umræðu, og svo munum við að sjálfsögðu væntanlega halda áfram að tala um einhver önnur mál í nótt og á morgun. Það er ekki nema Þorláksmessa á

morgun. Ég vona að það komi ekki til þess að það þurfi að setja jólatré á mitt gólfið til þess að við verðum einhvers aðnjótandi varðandi jólahátíðina. En það væri svo sem eftir öðru. (**EKJ:** Við höfum heyrt í nógum jólasveinum í nótt, held ég.) Mér sýnist að hv. þm. sé hálfgerður jólasveinn að verða, satt best að segja, a.m.k. er hann þannig til geðsmunanna. Ég held að menn eigi ekki að bregða sér í líki Hurðaskellis þó að hann sé einn af jólasveinunum. Reyndar hefur það verið þannig að það hafa mest verið Gluggagægir og Stekkjarstaur sem hafa verið hér á ferðinni í nótt, kíkjandi hér inn um gættirnar. — Gáttaþefur heitir hann reyndar sem hefur af og til rekið nefið hér inn.

Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti vildi kanna hvort fjmrh. hefði ekki sofið nægju sína og hvort það væri ekki hægt að fara að spjalla við hann aðeins um skattana því að senn þrýtur þetta mál og þá þarf að halda áfram því að hér er mjög mikið að vinna á hv. þingi. Ríkisstjórnin hefur áhuga á að koma fram hinum merkustu málum og þá er nauðsynlegt að ræða þau og afla sér gagna í þeim þannig að umræðan megi verða sem málefnalegust, knöppust og einbeitt og ekki út um víðan völl, þar sem tekið er á kjarna málsins og aðalatriðunum en menn séu ekki að þvælast í kringum hvað sem er. Vandinn í nótt hefur fyrst og fremst verið sá að það hefur verið svo erfitt að fá stjórnarliða til að skiptast á skoðunum þannig að við í stjórnarandstöðunni höfum orðið að leggja okkur til hugsanleg svör stjórnarliða í hinum ýmsu málum. Þetta eru ekki skynsamleg skoðanaskipti, hæstv. forseti, og ég veit að forsetinn er mér sammála um að það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af virðingu Alþingis þegar stjórnarliðar haga sér eins og þeir hafa gert í nótt, koma í líki jólaveina inn í dyrnar af og til, hlaupa svo út, skella hurðum, gá í gættina og stökkva svo út aftur, taka ekki þátt í þeim lýðræðislegu verkefnum sem þm. á að sinna heldur láta okkur ein um að starfa að þessum mikilvægu verkum.

En ég endurtek, hæstv. forseti: Fróðlegt væri að vita hvort hæstv. fjmrh. væri risinn til meðvitundar og vildi kannski fara að líta aðeins á mál sem heitir staðgreiðslukerfi skatta.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Enn bendi ég á að frv. um stjórn fiskveiða er á dagskrá og bið hv. þm. að gæta að orðbragði sínu. Hæstv. fjmrh. mætir til vinnu í ráðuneytið kl. 8 á morgnana og kemur hingað innan tíðar þannig að þá verður hægt að verða við óskum hv. 7. þm. Reykv.

Svavar Gestsson:

Ég þakka hæstv. forseta hjartanlega og af alhug fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt okkur um að hæstv. fjmrh. sé mættur til vinnu sinnar og komi senn hvað líður á þennan vettvang.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er farið að teygjast ansi mikið úr þessari umræðu sem maður átti ekki von á að yrði svo löng í gærmorgun þegar við hófum hana. En það sem ég vildi gera að umtalsefni er í fyrsta lagi að gera þingheimi grein fyrir hvað hann var að gera í nótt þegar allar þær brtt., sem við stjórnarandstæðingar lögðum fram, voru felldar. Gerðu þm. sér virkilega grein fyrir því hvað í þessum brtt. fólst? Hæstv. forseti las aðeins upp brtt. á þskj. nr. þetta og hitt og frá þessum og hinum. Ef það var stjórnarliðið var höndin komin upp. Ef það var brtt. frá sjútvn. var höndin niðri, en þegar átti að greiða atkvæði var hún komin upp.

Svona er því miður þinghaldið hér. Það byggist allt á því að þó að það séu þrír flokkar er bara ein skoðun. Það er ekki nema einn maður hér inni sem hefur getað klofið sig út úr þessu og greitt atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni. Auðvitað eiga alþm. að greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni. Það er talað um það skýrt og skorinort í stjórnarskránni, 48. gr. stjórnarskrárinnar ef ég man það rétt. Ég þykist vera nokkuð glöggur á stjórnarskrána.

En það sem ég ætlaði aðallega að skýra og það er ágætt að einn stjórnarliði er hér inni. Það má alltaf breyta einum — eða eru hér tveir? (**StG:** Sénslaust með mig.) Þú ert líka í Framsfl. Við þm. Borgarafl. gerðum þá tillögu til breytingar á því frv. sem liggur hér frammi að taka upp framkvæmdanefnd, nefnd sem yrði ráðherra til ráðuneytis um hvernig og með hvaða hætti ætti að setja reglugerðir og hvað ætti að koma fram í þeim reglugerðum ásamt því hvort heimild væri til í lögunum til að setja þessar reglugerðir. Það er grundvallaratriði að reglugerðir mega ekki fara út fyrir þau mörk sem lögin setja.

Ég hef hér áður talað um að lögin segja því miður mjög takmarkað. Hins vegar kemur fram í reglugerðunum allt sem sjómenn og þeir sem eru hagsmunaaðilar í sjávarútvegi þurfa að vita. Það sem er annað mikilvægt í því að hafa allar efnisreglurnar í reglugerð er að það er alltaf hægt að breyta reglugerðum með einfaldri yfirlýsingu frá ráðherra. Hann þarf ekki að fara með þær í Alþingi. Af hverju haldið þið að allar reglurnar og allt það sem máli skiptir sé í reglugerð? Svo ráðherra hafi vald til að breyta ef honum sýnist svo. Þess vegna lögðu þm. Borgarafl. til, svo að hann misnotaði ekki þetta vald, að framkvæmdanefnd yrði skipuð, sem kosin yrði á Alþingi, og hún færi með vald til að setja reglugerðir í samráði við ráðherra. Þarna teljum við vera komið að lýðræðinu í þessu landi og takmörkun á þeirri miðstýringu sem við höfum verið að tala um, ég og hv. 14. þm. Reykv. í nótt.

Við þm. Borgarafl. lögðum mikla áherslu á það í ræðum okkar að ekki yrði hróflað við smábátum, að þeir hefðu sömu heimildir og áður. Ég held að enginn í okkar þjóðfélagi vilji takmarka þann rétt sem smábátaeigendur hafa. Sá eini er sjútvrh. og hann ræður þessu eins og skýrt kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. sem talaði áðan. Hann hefur, eins og þar kom fram, stýrt allri þessari stefnu og allri þeirri umræðu sem hér hefur farið fram af hálfu stjórnar-

liða. M.a.s. hefur sjútvrh. tekist að „kristna" þann mann sem maður hélt að aldrei mundi turnast í þessu máli, hv. 14. þm. Reykv.

Ég harma mjög að stjórnarliðar skuli ekki hafa greitt tillögu okkar eða þeim tillögum sem komu fram frá Alþb. eða hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni, sem allar eru mjög líkar, atkvæði sitt.

Svo er það annað sem við þm. Borgarafl. lögðum mikla áherslu á. Það var að koma upp fiskveiðidómi eða dómstól sem mundi úrskurða í þeim málum ef ætla mætti að einhver hafi brotið gegn ákvæðum laganna. Eins og staðan er og eins og meiri hluti þm. hefur nú ákveðið vilja þeir hafa skipunina eins og áður var, að þetta sé allt í höndum ráðuneytisins. Ráðuneytið átti að setja reglugerðirnar, ráðuneytið átti að ákveða allar útreikningsreglur, ráðuneytið átti að rannsaka málið og ráðuneytið átti að úrskurða í málinu um sekt eða sýknu, yfirleitt sýknu.

Síðan varð ég fyrir miklum vonbrigðum með að þessi haftastefna skuli eiga að gilda næstu þrjú ár. Við þm. Borgarafl. lögðum til í till. okkar að hún ætti aðeins að gilda í eitt ár. En við hefðum getað fallist á að hún skyldi gilda í tvö ár. Ef samstaða væri um það mundum við ekki skera okkur út úr.

Það sem ég vil því næst víkja að er sú till. sem meiri hlutinn hefur hér fellt og miðar að því að eigendur þeirra skipa sem fórust á árunum 1983 og 1984 fengju heimild til að útvega sér ný skip og heimild til að stunda þessa atvinnugrein. Ég vona alla vega að sú brtt. sem við leggjum fram, stjórnarandstaðan, um að þetta takmarkist við þrjú skip nái fram að ganga. Þeir þrír aðilar sem þarna er um að ræða hafa frá því að þeir misstu skip sín barist mikið fyrir því innan ráðuneytisins, meðal þm. og annars staðar að fá leiðréttan sinn hlut. Ekkert hefur gerst annað en að þeim hefur verið haldið volgum í þessi tvö til þrjú ár. Slíkt á ekki að gerast meðal þm., þeir eiga ekki að gefa loðin loforð um að eitthvað muni ganga í gegn en síðan þegar á hólminn kemur greiða atkvæði á móti. Slíkt sæmir ekki þm. Það sem ég var búinn að kíkja á þessi mál og við þm. stjórnarandstöðunnar í sameiningu fannst okkur þetta mikið réttlætismál og að sjálfsögðu greiðum við þessu atkvæði.

Þá er það annað mál sem sérstaklega var tekið til umfjöllunar. Það er sú brtt. sem var ákvæði til bráðabirgða III, að eitt skip, Siggi Sveins ÍS-29, fengi veiðiheimild. Þetta skip hefur legið í þrjá mánuði við bryggju í Ísafjarðarhöfn. Þetta skip heimilaði ríkisstjórnin að keypt yrði eða smíðað. En það er ekki nóg að fá að smíða skip. Það verður að hafa veiðiheimild út af því að kvótinn gerir ráð fyrir því að skip sé einskis virði nema það hafi kvóta. Þarna erum við komin að merg þessa máls. Það er kvótinn. Þótt eitthvað sé verðmætt eða verðmæti felist í einhverjum hlut er það einskis virði nema hægt sé að nýta hlutinn til þess sem hann er smíðaður til að þjóna.

Ég vík aftur að þeim aðilum sem misstu skipin sín. Ég er með hérna fyrir framan mig mál er varðar eitt þessara skipa, Kára VE-95. Það er til upplýsingar fróðlegt að lesa þetta upp svo að fólk geri sér grein fyrir hvað er þarna um að ræða. Ætla ég að lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta. Þetta heitir Yfirlýsing. Hún er svona:

„Flangey sf., Höfn í Hornafirði, er þinglesinn eigandi Kára VE-95. Með kaupsamningi dagsettum 14. sept. 1982 og viðbótarsamningi síðar seldi Flangey sf. Einari Jóhannssyni, Móatúni 1, Tálknafirði, bátinn. Greiðsla kaupverðs af hálfu Einars Jóhannssonar lenti í vanskilum og hafi Einar því ekki fengið afsal frá Flangey sf. þegar báturinn fórst hinn 3. maí 1984. Þær eftirstöðvar sem ógreiddar voru voru tryggðar með veði í mb. Kára VE-95 næst á eftir þinglesnum samningsbundnum veðum. Frá útgáfu veðskjala og þinglýsingu hafði ekki verið gengið vegna vanskilanna. Aðilar eru sammála um að eftirstöðvar kröfu seljanda nemi nú ákveðinni upphæð."

Síðan kemur: „Aðilar óska eftir því að vátryggingarfélag skipsins, Vélabátaábyrgðarfélag Ísafjarðar, greiði Flangey sf., Höfn í Hornafirði, ofansagða fjárhæð [sem eru 4,6 milljónir] af vátryggingarfé bátsins. Aðilar eru sammála um að með samkomulagi þessu og framkvæmd þess séu að fullu upp gerð öll viðskipti þeirra vegna kaupa Einars á mb. Kára VE-95 og að þessu samkomulagi uppfylltu eigi Einar Jóhannsson allar heimildir yfir vátryggingarfé bátsins og öðrum réttindum tengdum bátnum."

Síðan kemur í framhaldi af þessu: Þarna fórst bátur skömmu eftir gildistöku laganna 1984 og hefði að öllu óbreyttu átt að hafa veiðiheimild en það var ekki og raunar teknar af honum þær heimildir sem hann hafði og var búið að úthluta honum.

Það er margt hægt að ræða um það frv. sem er hér til umræðu, en þar sem stjórnarandstaðan vill greiða fyrir þinghaldi og gerir sér grein fyrir því að mikil ábyrgð hvílir á henni á eftir þegar tekist verður á við lög um tekju- og eignarskatt vill hún flýta þessari umræðu eins og kostur er og stefnir að því að klára þetta fyrir hádegi. Ég vil að þessu sögðu og þar sem þetta er aðeins fyrri ræðutími minn ekki hafa þessi orð öllu lengri, en stjórnarsinar mega eiga von á því, ef eitthvað nýtt kemur fram í þessu máli, að ég komi upp aftur og skýri þá frekar það sem þá vanhagar um.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að leggja aðeins orð í belg. Umræðan hefur nú farið vítt og breitt, enda staðið alllengi. Fyrst í máli mínu við 2. umr. málsins var ég að tala um hugmyndir og að mér hefði þótt á það skorta í sjútvn. að við ræddum raunverulegar hugmyndir. Það kom líka fram hjá mér að það komu ansi seint fram línurnar, hvaða línur lágu inn í sjútvn. Það tel ég að hafi tafið mjög fyrir og orðið til að lengja umræður núna.

Ég vil taka undir það, sem hv. fyrri ræðumenn hafa sagt hér áður, að það er margt undarlegt í

sambandi við vinnubrögðin hér. Manni finnst hálfskrýtið að standa hér. Ég er næstum því viss um að hæstv. forseti, sem áður stundaði sama starf og ég, hefur ekki verið mjög kátur að tala yfir tómum bekk eða tala við töflu, eins og við kennarar neyðumst stundum til að gera þegar við finnum að athyglin er hvergi nærri.

En það er líka annað sem kemur upp í hugann og það er meðferð alla þeirra mála sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram núna alveg frá 10. október, frá fyrsta degi þingsins. Þessum málum hefur hreinlega verið sópað til hliðar og þau mál sem koma í lok nóvember og byrjun desember fara í algeran forgang og eiga að vinnast með þeim hætti sem við erum að reyna að vinna þetta núna, með miklum hraða. Þetta eru stór, flókin og viðamikil mál. T.d. það mál sem er til umræðu núna, fiskveiðistefnan til næstu ára, er þvílíkt hagsmunamál allrar þjóðarinnar að það er ekki hægt að taka á því með neinum vettlingatökum. Þess vegna tel ég að þau skoðanaskipti sem fara fram hér innan stjórnarandstöðuflokkanna geti orðið okkur að miklu gagni. En ég harma að það skuli ekki fleiri stjórnarliðar taka þátt í umræðunum og þess vegna hef ég reynt með gögnum sem ég hef í höndunum að draga þá inn í umræðuna því margir hverjir hafa sett fram skoðanir sínar í blöðum. Þeir hv. þm. sem ég vitnaði til fyrr í máli mínu, hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson og Matthías Bjarnason, eiga reyndar allir sæti í Nd. og eru þess vegna ekki hér á staðnum af eðlilegum ástæðum, en væntanlega munu þeir tjá sig um sínar skoðanir þegar þar að kemur í Nd. ef ekki er búið að spyrða þá saman við alla hina eins og virðist vera reyndin hér. Ég minntist reyndar á, í gærkvöld trúlega, að þetta minnir mann helst á fólk sem er búið að hlekkja saman á ökklunum. Það verða allir að ganga í takt og taka sama skrefið til þess að það detti ekki öll keðjan. Þetta minnir á einhvers konar fangakeðju. En ef þessir hv. þrír þm. eru í raun þeirrar skoðunar sem kemur fram í blaðagreinum sem ég hef hér, annars vegar úr Dagblaðinu 13. nóv. sl., grein eftir hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson, og síðan tvö viðtöl úr síðasta tölublaði Sjávarfrétta, þá er ég hrædd um að umræðan í Nd. eigi eftir að dragast enn þá lengur en hér vegna þess að þar eru helmingi fleiri þm. og þar eru greinilega þm. úr stjórnarliðinu sem þora að láta uppi skoðanir sínar.

En ég vil aðeins segja eitt varðandi vinnubrögð hérna. Það væri gaman að fá að vita frá einhverjum hv. þm. Alþfl. t.d. hvernig þeim líður. Þeir eru nýkomnir úr stjórnarandstöðu og væntanlega hafa þeir ekki upplifað neitt svipað og við erum að reyna núna því mér skilst að það sé að öllu leyti óeðlilegt ástand hversu seint málin eru á ferðinni. En það hlýtur að vera skrýtið að vera kominn hinum megin við borðið og í þetta að stíga ofan á hlutverk og gera fleira en gott þykir. Það hlýtur að vera undarlegt því það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan þeir voru hinum megin.

Ég gerði líka að umræðuefni fyrr hugmyndir og að við þyrftum að ræða hugmyndir varðandi þessa grundvallar efnahags- og atvinnuspurningu allrar þjóðarinnar. Það er mjög eðlilegt að mínu mati að þegar sett er á nýtt kerfi þurfi að endurskoða það tiltölulega mjög fljótlega. Því höfum við komist að t.d. með húsnæðislánakerfið. Í ljós kom að það þurfti að gera á því smálagfæringar til að draga þar úr sjálfvirkni. Það er eins með kerfið sem heitir fiskveiðistefna. Það hlýtur að þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Miðað við þær hugmyndir allar sem fram hafa komið, bæði í hópi stjórnarandstæðinga og stjórnarliða, eru komnar svo margar hugmyndir fram að það hlýtur að vera grundvöllur til að taka á einhverjum nýjum viðfangsefnum.

Tveir hv. fyrri ræðumenn hafa talað um þær till. sem voru felldar hér í nótt, allar felldar, allt fyrir fram ákveðið. Mér þótti það sjálfri ákaflega undarleg tilfinning að vera búin að undirbúa að mér þótti skynsamlegar og sjálfsagðar till. við 2. umr. fjárlaga og sjá þær allar stráfelldar. Þetta er mjög undarlegt. Þegar maður sér að svo er hægt að setja peninga í ýmislegt annað sem manni sjálfum finnst vera miklu minni þörf á.

En það hefur komið fram brtt. í nótt, sem ég er meðflm. að, og ég vildi gera aðeins grein fyrir henni núna. Ég hafði hugsað mér að hafa nafnakall og gera þá grein fyrir atkvæði mínu, en ég get alveg eins hugsað mér að nota tímann til þess núna. Það var varðandi skip sem menn misstu á árunum 1983 og 1984. Fram kom brtt. fyrr í nótt um að þau tíu skip sem fórust á þessum tíma fengju öll sínar veiðiheimildir til baka. Sú till. var felld þannig að við ákváðum að freista þess að reyna að ná inn þeim þremur sem hafa ákaft leitað réttar síns í þessu máli. Sú afgreiðsla gæti þá væntanlega orðið fordæmi fyrir þau sem eftir eru. Það var náttúrlega fellt, en vonandi hugsa menn sig um áður en tekið er á þessum þremur síðustu.

Ég var að tala hér um kerfi áðan. Þegar nýtt kerfi er tekið í notkun er mjög eðlilegt að eitthvað falli á milli þessara tveggja kerfa. Það er eitthvað sem lendir á milli skips og bryggju, eins og það heitir á sjómannamáli. Það er einmitt það sem hefur gerst með þessi skip. Þau hafa lent á milli í kerfinu og þess vegna dottið út. Nú virðist allt stefna í það að við festumst í þessu kerfi. Það hefur komið fram hér hvað eftir annað að allt útlit er fyrir að sama fiskveiðistefnan eða nánast sú sama gildi næstu þrjú til fjögur árin. Ég held að það væri mjög gott, ef yfirvöld hugsa sér að láta þess stefnu festast í sessi, að hreinsa út öll mál sem eru vafaatriði því hér er augljóslega um vafaatriði að ræða. Það þarf að gera þessi mál upp áður en kerfið er endanlega orðið sjálfvirkt.

Hugmynd mín með því að þessi skip komi inn aftur þýðir ekki endilega að það þurfi að auka heildaraflamagnið. Ég held að það hljóti að vera arðbærara fyrir okkur að taka frekar af stærri skipunum núna. Með því að reyna að halda aflanum

í skefjum held ég að við veiðum betri fisk eftir nokkur ár og þá vinnum við þetta upp þó það gæti orðið eitthvert kreppuástand um stund. En við höfum lifað ýmislegt af í sambandi við okkar atvinnuvegi. Ég efast ekkert um að þetta geti gengið með skilningi og góðri samvinnu manna.

Það er annað líka sem mjög oft ber hér á góma og ég hafði eiginlega hugsað mér að minnast ekki á sérstaklega, en ég held að ég geri það úr því sem komið er. Það eru blessaðir smábátarnir. Ég minntist á það reyndar fyrst í máli mínu í gærdag, eftirmiðdaginn, að mér þætti undarlegt hversu þöglir útgerðarmennirnir eru eða „lénsherrarnir" eins og bæði Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson kalla útgerðarmennina. Það er undarlegt hversu náin og góð samvinnan er og hvernig þeir spila alveg á sömu strengina, LÍÚ og hæstv. sjútvrh. Mig grunar að það sé eins og venjulega að við mennirnir séum búnir að gera að náttúrulögmáli að ráðast alltaf á garðinn þar sem hann er lægstur. Það þekkjum við sem höfum staðið í launabaráttu t.d. að það er alltaf leitað á lægstu launahópana. Það eru þeir sem þurfa að bera tekjuskerðingu þegar verið er að semja.

Ég fór að tala um arðsemi áðan. Það er dálítið teygjanlegt hugtak hvað er arðbært. Ég held að við þurfum að skilgreina upp á nýtt hugtakið „arðsemi". Nágrannar okkar í Mið-Evrópu t.d. eru sem óðast að uppgötva að það er ekki tæknin sem er endilega lausnarorðið fyrir mannkynið eins langt og við erum komin á þeirri braut. Við getum auðvitað notað tæknina tækninnar vegna, en við eigum ekki að gerast þrælar hennar. Það má segja t.d. um landbúnaðinn að það er held ég æ fleiri að verða ljóst að eina lausnin í sambandi við landbúnaðarmálin er einhvers konar afturhvarf til náttúrunnar, ef ég má orða það svo, eða afturhvarf til þeirra vinnubragða sem tíðkuðust fyrr á þessari öld. Þessi gegndarlausa tæknivæðing hefur ekki leitt það af sér sem menn vonuðust til.

Mér dettur í hug að lesa smágrein sem birtist í Morgunblaðinu miðvikudaginn 25. nóvember og heitir: „Smábátaveiðar í þjóðarhag." Greinin er skrifuð af Níelsi Einarssyni. Með leyfi forseta segir þar:

„Þessa dagana er verið að vinna að nýjum lögum um stjórnun fiskveiða og hefur sjútvrh. lagt fram sínar tillögur. Í þeim tillögum felst m.a. að verulega verði gengið á rétt þeirra sem eiga lífsafkomu sína undir veiðum á smábátum og hafa smábátaeigendur því eðlilega mótmælt harðlega. En hvers vegna á að leyfa trillukörlum að stunda sjóinn án boða og banna yfirvalda? Hér eru þrjár röksemdir mikilvægastar.

Í fyrsta lagi færa trillukarlar sem stunda dagróðra að landi ferskan fyrsta flokks fisk sem vinna má úr verðmætustu vöruna sem skilar mestu í þjóðarbúið.

Í öðru lagi er mun minni kostnaður á bak við hvert kg af trillufiski ef miðað er t.d. við togarafisk. Hér má taka sem dæmi að á meðan skuttogari af minni gerðinni notar um 330 lítra af olíu á hvert eitt tonn má búast við að hefðbundinn trillubátur noti liðlega 30 lítra eða um tífalt minna á tonn. Með þetta í huga er hægt að fullyrða um þjóðhagslega hagkvæmni smábátaveiða.

Í þriðja lagi má búast við að menn fari að róa harðar og meir í tvísýnum veðrum ef þeim er skammtaður tíminn til veiða. Nógu mörg og löng eru þau tímabil sem ekki má veiða nú þegar og trillukarlar verða eins og aðrir að sjá sér og sínum farborða.

Afskipti yfirvalda af veiðum smábáta eru ekki af hinu góða. Þau þjóna í mesta lagi stundarhagsmunum þeirra stórútgerðarmanna sem er eftirsjá í afla smábáta sem þó er nú aðeins 8% af þorskafla landsmanna. Sömu útgerðarmönnum er einnig í mun að stöðva flótta sjómanna frá stóru skipunum til smábátanna. Þessir sjómenn vilja nú koma undir sig fótunum sem sjálfstæðir trillukarlar, enda margir búnir að fá nóg af því að eyða meiri hluta ársins á sjó án þess að bera mikið meira út býtum en meðaljóninn í landi. Það verður ekki fyrr en sjómenn fá aftur þann skiptahluta sem rænt var frá þeim fyrir fjórum árum að þeir hætta að flýja stóru bátana. Sjómenn gera það ekki að gamni sínu að vinna erfitt og hættulegt starf sem krefst að auki þeirra fórna sem langtímafjarvera frá heimilum hefur í för með sér.

Að lokum. Ef það fólk sem ákveður fiskveiðistefnu næstu ára hefur skynsemi og þjóðarhag að leiðarljósi mun það komast að þeirri niðurstöðu að trillukarlar skuli fá að stunda sinn veiðiskap í friði. Í þessu tilfelli er smátt svo sannarlega fagurt."

Ég held einmitt að það sé þetta smáa sem gæti verið fagurt sem við ættum að reyna að líta á, líta aðeins nær okkur sjálfum og í okkar nánasta umhverfi og athuga aðeins okkar gang, hvað það er í rauninni sem er einhvers virði í þessu lífi og hvað er raunverulega arðbært. Það er ein af þeim spurningum sem við þurfum að gera upp við okkur frá byrjun.

Það vekur enn furðu að ekki skuli hv. stjórnarliðar vera komnir á fætur eða hvar sem þeir nú eru. Það er kannski svo hlýtt inni í þeirra herbergjum að þeir sjái sér alls ekki fært að koma hingað þar sem andar köldu frá okkur, að þeim finnst hugsanlega, en við vildum gjarnan skiptast á skoðunum og hugmyndum við þá. Við höfum ítrekað það í alla nótt og það er undarlegt hvernig þeir koma, eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, eins og Gluggagægir eða Gáttaþefur, rétt koma hér í gættina og forða sér hið snarasta aftur.

En það er líka önnur spurning: Er mönnum svolítið kalt þarna uppi á toppnum? Næðir um þá? Það getur verið að það sé einangrandi að vera þarna og finna næðinginn alls staðar í kringum sig og vera þar að auki hugsanlega með slæma samvisku.

Í máli mínu hefur komið fram að ég hef flutt hér tillögu sem felur í sér að það koma hér ný skip til veiða. Sömuleiðis hef ég samúð með smábátamönnum og þeirra hagsmunamálum, en ég sagði í upphafi

máls míns að ég liti alls ekki svo á að við gætum leyft meiri veiðar. Ég held að þetta sé spurningin um að þora að taka af aflanum þar sem hann er mestur. Það er eins með launabaráttu og laun, það er að þora að taka einu sinni af þeim best settu og gera vel við þá lægst launuðu. Ég vildi ítreka þetta. Ég er ekki að efna til ofveiði vegna þess að ég mælti mjög á móti henni í upphafi máls míns.

En það er ýmislegt fleira sem hægt er að velta vöngum yfir hér. Eins og margoft hefur komið fram í máli okkar erum við undrandi á því að standa hér og tala hvert við annað. Maður veltir oft vöngum yfir því hvort maður ætti kannski að standa í bréfaskriftum í gegnum Alþingistíðindi við einhverja, en ég vona að hv. stjórnarliðar gefi sér tíma til að lesa þær perlur í jólabókaflóðinu sem Alþingistíðindi þessarar nætur verða væntanlega.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið úr þessu vegna þess að það eru fleiri á mælendaskrá sem vilja gjarnan komast að. Ég held að ég hafi reifað þær meginhugmyndir sem ég vildi ræða í þetta sinn, en þessari umræðu er nú reyndar ekki lokið. Við ætlum einmitt í dag að fjalla um hina perluna í jólabókaflóðinu, þ.e. fjárlögin, Jónsbókina, og erum að undirbúa líka í huganum að reyna að flytja eitthvað af þeim brtt. sem við fluttum þar og voru kolfelldar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég vona að mér gefist tækifæri til að hreinsa gleraugun því að augun eru farin að láta á sjá. Þetta eru reyndar enn þá alþýðubandalagsgleraugun. Ég vona að sjón mín brenglist ekki við að horfa á sumt sem ég ætla að lesa upp í gegnum gleraugu alþýðubandalagsmanna. Ég mun reyna að lesa þetta rétt engu að síður.

En það er eitt atriði, sem hefur enn þá farið fram hjá í umræðunni, sem ég tel nauðsynlegt að fara um nokkrum orðum. Það sem mig langar til að gera að umtalsefni í þessari ræðu minni er hvers vegna og hvaða skýringar eru á því að ekki rættust þær spár að þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna, fyrst í 50 mílur rétt þarna eftir 1970 og svo nokkrum árum seinna í 200 mílur, yxi fiskafli okkar gífurlega. Ég man það vel þegar þessir atburðir voru að gerast. Þetta voru gífurlega merkilegir og mikilvægir atburðir í sögu þjóðarinnar og það fer ekkert á milli mála að seinna meir, þegar menn skrifa Íslandssöguna, verða þetta með merkilegri ártölum í sögu þjóðarinnar.

Umræðan á þeim árum snerist um það að þegar við að lokum værum lausir við erlendu togarana úr fiskveiðilögsögunni, værum búnir að losa okkur við Englendingana, Belgana og Þjóðverjana, þó í minna mæli væru, og svo Færeyingana af okkar fiskimiðum mundu ekki líða nema tiltölulega fá ár þangað til þorskveiðin færi kannski upp í milljón tonn á ári. Ég man vel eftir þessu. Menn voru mjög bjartsýnir og reiknuðu með því að á nokkrum árum mundi þorskaflinn vaða upp þannig að við mundum leika okkur að því að skófla upp svo sem eins og milljón tonnum af þorski árlega. Það mundi allt fyllast hér af fiski þegar við værum lausir við erlendu togarana.

Ég man nefnilega eftir því sem ungur drengur þegar ensku togararnir voru inni á öllum fjörðum, þegar við vorum með þriggja mílna landhelgi. Þeir voru að fiska uppi í landsteinunum. Það er ósköp eðlilegt að þeir menn sem voru aldir upp við það reiknuðu með að þegar við að lokum losnuðum við þessa erlendu togara burt úr fiskveiðilögsögunni, af miðunum, mundi aldeilis koma gósentíð, Ísland yrði gósenland. Gnægtir sjávarins mundu tryggja okkur hér gífurleg auðæfi og gæti nánast hálf þjóðin búið niðri á Mallorka og fengið sendan tékkinn þangað meðan svo sem eins og 5000 sjómenn og annað eins af fólki í landi sæi um að afla auðæfanna, gæti síðan sent hinum hlutanum, sem gæti þá lifað í vellystingum praktuglega í útlöndum, a.m.k. hluta úr árinu, tekjurnar af hinum gífurlegu auðæfum sem felast í sjónum í kringum landið.

Það er einkennilegt að þetta hefur ekki gengið eftir. Þvert á móti hefur þorskaflinn að vísu sveiflast í kringum 300 þús. tonnin, en hann hefur ekki komist mikið upp úr því. Að vísu er eitt ár undanskilið. Það er árið 1981 þegar þorskaflinn komst í 461 þús. tonn sem er líklega metár í sögu fiskveiða hér á landi þar sem þorskafli verður mestur. En þetta er mjög fróðleg spurning að velta fyrir sér og reyna að fá svör við: Hvernig stóð á því að það gekk ekki eftir sem allir töldu þó að hlyti að verða þegar landhelgin væri komin út í 200 mílur?

Ég hygg að flestir sem hér eru inni muni eftir hinni svokölluðu „svörtu skýrslu“ sem Hafrannsóknastofnun sendi frá sér fyrir allmörgum árum. Hún var mjög umdeild. Eins og ég kom inn á í máli mínu hér fyrr í gær einhvern tíma greindi aðila á þeim árum á um réttmæti þeirra rannsókna og athugana sem fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar stóðu fyrir. Bæði sjómenn og útgerðarmenn og kannski sérstaklega stjórnmálamennirnir og innisetumennirnir voru mjög vantrúaðir á staðhæfingar fiskifræðinga um að ástandið væri svona slæmt. Það kann að vera að einhverju leyti skýring á því að aflinn hefur ekki skilað sér eins og við vonuðum.

Ég held, virðulegur forseti, þó að við séum kannski farnir að vera aðeins þreytandi hér, að það sé alveg nauðsynlegt að fá að fjalla nokkuð um þetta atriði málsins, sem mér finnst hafa orðið svolítið út undan í umræðunum, hvernig stendur á að það gekk ekki eftir að aflinn færi upp í 1 millj. tonna eða svo.

Ég er með mjög athyglisverða grein sem birtist í því ágæta blaði Þjóðviljanum 23. febr. 1979. Þar skrifar Jóhann J. E. Kúld mjög góða grein um fiskimál og nefnir hana „Hugleiðingar um skýrslu og tillögur Hafrannsóknastofnunar í fiskveiðimálum 1979“. Með leyfi virðulegs forseta langar mig til að lesa kafla úr þessari grein og fjalla nokkuð um þetta mál, en eins og ég segi finnst mér að við höfum ekki farið nóg niður í þetta vandamál sérstaklega. En ástæðan fyrir kvótakerfinu má segja er einmitt þetta, sem ég gat um, að það gekk ekki eftir að

þorskaflinn mundi vaxa gífurlega við það að við náðum að friða fiskimiðin, við fengum 200 mílna efnahagslögsögu. Mig langar til að grípa niður í þessa grein og lesa kafla úr henni og þá kannski rifjast upp fyrir mönnum hin margfræga svarta skýrsla Hafrannsóknastofnunar:

„Út hefur verið gefin skýrsla Hafrannsóknastofnunar um ástand fiskistofna á Íslandsmiðum og tillögur um hámarksveiði hvers stofns árið 1979.

Meginundirstaða allrar fiskvinnslu í landinu hefur hvílt og hvílir á þorskstofninum og af þeirri ástæðu eiga allir landsmenn mikið undir því, að nægilega mikið aflamagn af þorski komi á land árlega svo hægt sé að fullnægja þeim mörkuðum sem byggðir hafa verið upp síðustu áratugina á þeirri fisktegund.

Árið 1950 er heildarþorskafli af Íslandsmiðum talinn vera 350 þús. tonn og 1951 348 þús. tonn."

Þetta er nú mjög fróðlegt. Þarna sjáum við að þorskaflinn 1987 er ekkert meiri en hann var 1951 þegar bresku togararnir voru hér inni á öllum fjörðum. Það er mjög fróðlegt að velta fyrir sér hvað eiginlega veldur því að við höfum nánast ekki grætt neitt á útvíkkun landhelginnar nema við getum auðvitað sagt sem svo að hefðum við ekki náð að stækka landhelgina, efnahagslögsöguna, veiddist hér e.t.v. enginn þorskur meir. Það er svo önnur saga. Það er kannski líklegast, að við sætum uppi í dag algerlega þorsklausir. Það má vel vera og er ekki ólíklegt að svo hefði verið. En mér finnst mjög merkilegt að gera sér grein fyrir þessu og ég tel að það ætti að eyða miklum tíma í að rannsaka og fjalla um þetta atriði málsins.

Margir hafa líka velt því fyrir sér hvort við ættum að taka þá áhættu að veiða engan þorsk í svo sem eins og eitt ár og vita hvort ekki væri hægt að hafa hann á einhvers konar lánskjaravísitölu í sjónum. Hafa menn velt því nægjanlega vel fyrir sér að geyma þorskinn með verðbótum í sjónum, láta hann fylgja lánskjaravísitölu og í staðinn fyrir að veiða 300 þús. tonn eitt árið veiða ekkert í eitt ár og veiða svo kannski 700 þús. tonn á einu ári í staðinn? Það gæti vel verið að það væru mjög góðar verðbætur, jafnvel betri en lánskjaravísitalan gefur sem þykir vera með því betra þó sem menn fá.

„Þá kemur aflasveifla upp á við frá 1952 til 1960."

Ég sé að mér hefur orðið aðeins á í messunni og bið velvirðingar á því, virðulegur forseti, að mig minnti að aflatalan frá 1981 hafi verið með hinni mestu, en það kemur í ljós að þorskaflinn er að meðaltali a.m.k. jafnhár á þessu tímabili og reyndar aðeins hærri, en það er sagt hér að tímabilið 1952–1960 verði þorskafli að meðaltali á ári 485 þús. tonn. (**HBl:** Það er heildaraflinn, er það ekki?) Það segir hérna í blaðagreininni að þetta sé þorskaflinn, heildarþorskafli.

„Þá kemur tímabilið 1961–1975 og er meðaltalsþorskaflinn yfir þetta 15 ára tímabil 394 447 tonn á ári. Síðasta árið sem breski togaraflotinn er á Íslandsmiðum er árið 1976, en það ár verður heildarþorskaflinn 347 849 tonn. Þarna er um aflaminnkun að ræða milli ára sem er 23 142 tonn því að árið 1975 varð þorskaflinn 370 991 tonn.

Það bendir ekkert til þess að þessi aflaminnkun orsakist vegna minnkaðrar stofnstærðar þorsksins því á árinu 1976 voru Bretum torveldaðar mjög veiðar á miðunum. Mig undrar mikið frekar á því hvað aflaminnkunin er lítil þegar aðgerðir varðskipanna eru teknar með í reikninginn.

Þegar við svo förum sjálfir að ráða miðunum árið 1977, þá fer ársaflinn niður í 340 þús. tonn og árið 1978 niður í 330 þús. tonn", svo að það er ekki nema von að menn hafi farið að verða hræddir.

„Þessi aflaminnkun er vegna þess að stofninn hefur á löngu tímabili verið að minnka, segja fiskifræðingar. Og máli sínu til staðfestingar birta þeir tölur um stofnstærðir þorsksins frá því tímabili sem aflatölurnar hér að framan eru teknar."

Ég man vel þessa umræðu sem fór fram á síðustu árum áttunda áratugarins, þ.e. rétt fyrir 1980. Menn voru í raun mjög hissa. Ég man reyndar eftir því að sterkasti árgangur þorsks sem var þá talið að hefði komið var frá 1976 en upp úr því hefur verið talið að þorskstofninn sé frekar veiklulegur.

Reyndar er líka fróðlegt að velta öðru fyrir sér frá þessum árum þegar við erum að veiða þennan mikla þorskafla á árunum fyrir 1960. Ég hef oft verið að velta því fyrir mér að það væri gaman að athuga, og það hefur vissulega verið gert þó að ég hafi reyndar ekki lesið slíkar skýrslur, að væntanlega hefur fiskiskipaflotinn verið öllu óburðugri á þeim árum en hann er í dag og væri gaman að sjá samanburð á því hvað það hafi kostað að sækja tonnið á þeim árum miðað við það sem kostar að sækja tonnið í dag.

„Hvaða áhrif hefur friðunin haft?" Þetta er hlutur sem menn spurðu mjög um. Á árunum 1957–1959 telur Hafrannsóknastofnunin að hrygningarstofn þorsksins hafi verið 1 millj. tonna, 1970 hafi hrygningarstofninn verið kominn niður í 700 þús. og 1978 aðeins 165 þús. tonn. Þarna virðist vera um algert hrun að ræða og þess vegna var þetta líka kölluð svarta skýrslan því að samkvæmt henni varð ekki annað séð en þorskurinn væri nánast að hverfa af Íslandsmiðum.

„Þá segir stofnunin að heildarstofn þorsksins hér við land árið 1955 hafi verið 2,6 millj. tonna, en sé árið 1978 kominn niður í 1,2 millj. tonna.

Þessi mikla rýrnun á hrygningarstofninum á átta ára tímabili, 1970–1978, er samkvæmt þessu hvorki meira né minna en 66 875 tonn á ári. Meginorsök þessarar minnkunar telur stofnunin vera hina stórauknu sókn í hinn ókynþroska hluta stofnsins. Í sambandi við minnkaðan þorskafla áranna 1977 og 1978 þykir mér vanta í skýrsluna að það sé metið hvaða áhrif hafi haft á aflamark þessara ára þær friðunarráðstafanir sem í gangi hafa verið. Það fer ekki á milli mála að friðunarráðstafanir hafa valdið minnkuðum afla, enda eru þær til þess gerðar, en hve miklu þetta nemur treysti ég mér ekki að fullyrða neitt um."

Það er fjallað hér um áhrif annarra takmarkana.

„Stækkun á möskva úr 135 mm í 155 mm í togaravörpu er gerð til þess að hlífa smáfiski, en það þýðir minnkað aflamagn. Þá er lokun veiðisvæða þegar fjöldi fiska sem er undir 58 cm verður 40%. Þetta verkar á sama hátt og þýðir minna aflamagn, en allt fyrir það nauðsynlegt að mínum dómi.

Hafrannsóknastofnun vill að hert verði á lokun veiðisvæða þannig að ef 32% fiska á svæðinu reynist undir 60 cm verði viðkomandi svæði lokað og gildi það ákvæði allt árið.

Þá er enn ótalið að ef meira en 10% af þorski er í afla samkvæmt þunga sem er undir 54 cm máli þá er slíkur afli upptækur. Þetta er gert til þess að menn forðist að drepa smáfisk. Þetta þýðir líka minnkað aflamagn sé miðað við þegar smáfiskur var veiddur án nokkurrar takmörkunar á íslenskum miðum. Þá eru veiðibönnin á þorski sem í gildi hafa verið. Þau hafa hlotið að koma fram í minnkun afla, enda til þess gerð."

Þetta er mjög athyglisvert og það vakna ýmsar spurningar við þessa þróun mála. Sjómenn hafa oft verið ásakaðir fyrir að drepa smáfisk og það sem verra er: þeir hafa verið ásakaðir fyrir að hirða hann ekki. Það gengur m.a.s. svo langt að sumir halda því fram um sérstaklega stóru verksmiðjutogarana að það væri hægt að gera út skip sem gerði ekki annað en hirða upp fiskinn eftir verksmiðjutogarana. Það væri hægt að setja minna skip í að hirða upp slóðina eftir þá. Ég man að þetta var mjög rætt fyrr á árum og voru sjómenn mjög ásakaðir fyrir smáfiskadráp-ið. Það kann að vera að eitthvað hafi verið til í þessum sögum. Ég hef oft rætt við sjómenn sem hafa lýst andúð sinni á því smáfiskadrápi sem þeir hafa orðið vitni að á togurunum sérstaklega. Kannski þarna séu skýringar á því að þorskstofninn virðist vera orðinn svona viðkvæmur og veiklulegur miðað við það sem hann var þó meðan Bretarnir voru hér að veiðum. Það finnst mér athyglisverðast að við skulum hafa verið með svona gífurlega sterkan þorskstofn meðan Bretarnir voru valsandi um öll miðin. Þetta er mjög merkilegt og þessar tölur eru ákaflega fróðlegar og athyglisverðar. Spurningin er hvort það væri ekki hægt að draga meiri lærdóm af þessu og koma því inn í stjórn fiskveiðanna.

Ef menn vildu hugsa svolítið minna um þetta skömmtunarkerfi og kvótavesen sitt og reyna heldur að velta betur fyrir sér þessum hlutum. Þetta er einmitt það sem við höfum lagt til með fiskveiðistefnu Borgarafl. Það er að hún sé fyrst og fremst byggð á rannsóknum á ástandi fiskstofnanna þannig að það sé fylgst mjög náið með því hvert sé ástand fiskstofnanna hverju sinni og á hverjum stað og það sé gripið til friðunaraðgerða í hvert skipti sem eitthvað gerir vart við sig, ýmist of mikill smáfiskur á einhverjum stað eða að vart verður við hrygningarfisk á sumrin sem þarf að friða.

Ég er á því að ef menn vildu einbeita sér að þessu og stýra fiskveiðunum í takt við slíkar upplýsingar værum við miklu betur komnir en að festa okkur í þessu skömmtunarkerfi, kvótakerfi þar sem er úthlutað svo og svo mörgum tonnum af þorski á hvern bát og svo er bara farið að ná í þann þorsk og þá varðar menn lítið um hvort hann er stór eða lítill.

„Meta verður út frá friðunaraðgerðum", segir í greininni. „Ég álít að meta hefði átt hve mikla rýrnun á ársafla allar framangreindar friðunarráðstafanir hafa orsakað. Því sannleikurinn er sá að það er ekki hægt að bera saman ársafla þorsks nú, eftir að friðunarráðstafanir voru gerðar, við ársafla þorsks á Íslandsmiðum áður þegar engum veiðisvæðum var lokað, möskvi í vörpu miklu minni og smáfiskur drepinn miskunnarlaust hvar sem til hans náðist ef hægt var að nýta hann til einhvers. Það voru ekki bara Bretar sem drápu smáþorsk heldur Íslendingar líka. 20–30 cm skreiðin vitnaði um þetta smáfiskadráp sem nú er blessunarlega hætt. Þá voru heldur engin veiðibönn sett á þorskveiði. Ég tel það ekki heiðarlegt ef tvö síðustu árin eru borin saman, hvað aflamagni viðvíkur, við það aflamagn sem fékkst áður, þegar engin friðun var í gildi, án þess að tekið sé fullt tillit til þessa."

Sú aflaminnkun sem verður á árunum 1970–1978 skýrist að sjálfsögðu með þeim friðunaraðgerðum sem þá er farið að beita að lokum.

„Á bls. 5 í margumræddri skýrslu Hafrannsóknastofnunar segir orðrétt um hrygningu þorsksins á vetrarvertíð 1978: „Hrygningin á sl. ári var ekki nærri eins dreifð og árið áður þegar hluti hrygningarstofnsins gekk á grunnmið norðanlands. Lítið varð vart við hrygningarfisk á hefðbundnum slóðum suðvesturlands. Helst var hann að finna á svæðinu frá Eystra-Horni að Hjörleifshöfða. Endurmat á stærð hrygningarstofnsins bendir til að hann hafi verið 165 þús. tonn í upphafi vertíðar í stað 180 þús. tonna sem spáð hafði verið. Klak tókst þó allþokkalega."

Ég stansaði við þessa grein um hrygninguna og las hana yfir nokkrum sinnum.

Óneitanlega hefði verið gaman og fróðlegt að heyra eitthvað um rannsóknir á hrygningunni á grunnslóð norðanlands 1977. Og eitthvað hefur líka verið minnst á hrygningu norðanlands 1978. Það er haft eftir Akureyrarskipstjóra að hann hafi fengið hrygnandi þorsk á Skagagrunni á vertíð 1978. En það var nú ekki helst þetta sem ég fór að hugsa um við lesturinn heldur þessi setning: „Lítið varð vart við hrygningarfisk á hefðbundnum slóðum suðvesturlands."

Hitt hefur þó ekki farið fram hjá neinum að netabátar voru með þorskanet á Selvogsbanka og allt út á Hrygg, sem er yst á bankanum, og þaðan fluttu þeir hrygningarþorsk að landi. Þetta hefði ég nú haldið að væri hefðbundin hrygningarslóð."

Það er mjög fróðlegt að heimsækja fiskverkunarhús m.a. á Suðurnesjum. Ég kom í nokkur slík hér í kosningabaráttunni sl. vor. Þeir voru þar að verka saltfisk m.a. og þar voru heilu stæðurnar með miklum smáfiski. Þeir Suðurnesjamenn kölluðu slíkan fisk Vestfirðinga. Það voru Vestfirðingar. Það var smáfiskurinn sem lá þar í stæðunum. Þeir hafa

oft ásakað einmitt sjómennina á Vestfjörðum fyrir að það komist ekkert nema smáfiskur suður fyrir í stað þess, eins og var í gamla daga, að stórþorskurinn veiddist á vetrarvertíð á Suðvesturlandi. Það var þá sem stóri þorskurinn veiddist. Hann hrygnir út af Norðurlandi og Vestfjörðum og síðan fer hann og sækir suður á við. Það var í gamla daga að menn tóku stórþorskinn á vetrarvertíðinni á Suðvesturlandi. Þetta er alveg horfið þannig að nú veiðist bara smáþorskur á vertíðarbátunum suðvestanlands. Reyndar er orðið miklu minna um stórþorsk yfirleitt. (Gripið fram í.) Það er kannski að verða eitt aðalvandamálið að stórþorskurinn er alveg horfinn úr aflanum eða hann a.m.k. er orðinn svo lítill hluti af aflanum því að við erum alltaf að drepa smáþorskinn. Þess vegna spyr ég enn einu sinni hvort það væri hægt að geyma þorskinn í sjónum svo sem eins og eitt ár og fá út úr þeirri geymslu vel ríflega skv. lánskjaravísitölu af þorski.

„Áhrif minnkandi sóknar. Þá segir að afli netabáta á Suðvesturlandi hafi minnkað úr 66 þús. tonnum 1977 í 54 þús. tonn 1978 eða um 12 þús. tonn". Þetta er það sem ég var að segja áðan, að vertíðaraflinn fer minnkandi, kannski einkum vegna þess hvað fiskurinn er miklu minni. Um þetta segir orðrétt í skýrslunni: „Skýringin á þessari minnkun milli ára er sú staðreynd að 1970 árgangurinn, sem kom í hrygningarstofninn árið 1977, er nú að mestu uppurinn og hans gætti lítið í aflanum á sl. vetrarvertíð, minna en fiskifræðingar áttu von á, aðeins 16% þorsksins á vetrarvertíð voru af þessum sterka árgangi. "Þetta er að endurtaka sig sí og æ, að við verðum alltaf fyrir meiri og meiri vonbrigðum með hvað fiskurinn er lítill."

Ekki skal ég vefengja að þetta hafi getað orðið til þess að minnka aflann. En ég vil jafnframt halda því fram að færri bátar á þorskanetum, sem þýðir minnkandi sókn, geti líka verið orsök í minnkandi afla." Það er rétt að taka öll atriði inn í umræðu sem þessa því það er ekki hægt að skýra þetta allt kannski á einn veg, að það sé lélegri hrygningarstofn og minnkandi fiskar. Það verður að taka alla þessi þætti saman. Þess vegna er ekki nokkur vafi á því að þessi margfræga skýrsla er mjög fróðleg.

„Og í framhaldi af þessari skoðun minni þá þykir mér það skrýtið ef ekki er hægt að skrifa eitthvað af þeirri 10% minnkun á heildarafla suðvestursvæðisins, sem varð á milli áranna 1977 og 1978 á kostnað þess að fiskveiðifloti Suðurnesjamanna minnkaði."

Það er nefnilega það. Hann var farinn að minnka þá þegar 1977 og 1978 og hefur haldið áfram að minnka allar götur síðan. Ef ekkert verður að gert hverfur fiskveiðiflotinn af Suðurnesjum endanlega. Við þm. í stjórnarandstöðunni höfum verið með nokkra tilburði í þá átt að vekja sérstaklega athygli á því hvernig er ástatt á Suðurnesjunum. Ég vil rifja upp að fyrr í haust stóðum við þm. Borgarafl. fyrir utandagskrárumræðu um sölu fiskiskipa af Suðurnesjum sem er komin til vegna hins illræmda kvóta þar sem skip sunnan margfrægrar norður-suður línu verða skyndilega svo miklu verðmætari þegar þau eru teymd norður fyrir þá línu. Þetta hefur valdið því að það stefnir hraðbyri í þá átt að það verður ekki bjástrað mikið við útgerð sunnan línunnar.

„Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, allra hluta vegna, að reyna að greina á milli aflaminnkunar sem verður þannig, að við leitum að fleiri en einni orsök, en sláum því ekki föstu að minnkandi afli þurfi alltaf að vera því að kenna að stofninn hafi minnkað og það sé eina orsökin."

Ég vildi að þetta væri rétt, að það væru aðrar skýringar, þannig að við kannski ættum eftir að upplifa það ævintýri að þorskurinn skili sér eins og við héldum þegar var verið að víkka og stækka fiskveiðilögsöguna, þegar menn voru svo bjartsýnir upp úr 1970 að það mundi ekki líða langur tími þangað til þorskafli kæmist í svo sem eins og milljón tonn. Þvílíkt góðæri og gósenland sem við byggjum þá í. (**EgJ:** Voru það einhverjir sem hugsuðu þannig?) Það voru margir, hv. 5. þm. Austurl. Egill Jónsson. Það var mjög um það rætt manna á meðal að það væri ekkert ósangjarnt að ætlast til þess að við gætum náð upp undir milljón tonnum af þorski miðað við hvernig ástandið hafði verið. Við náðum þó, eins og ég segi og eins og kemur fram fyrst í skýrslunni, að meðaltali 485 þús. tonnum tímabilið 1952–1960 meðan bresku togararnir voru vaðandi nánast upp í landsteinana.

Svo kemur dökka útlitið sem varð til þess að þetta varð að hinni frægu svörtu skýrslu.

„Annars er það sannast sagna að Hafrannsóknastofnun lítur mjög dökkum augum á framtíð þorskstofnsins og telur eina ráðið að draga úr sókninni í hann. Hún vill að hámarksafli á þessu ári fari ekki fram úr 250 þús. tonnum í stað 330 þús. tonna afla á sl. ári. Þetta þýðir minnkun á þorskafla sem nemur 80 þús. tonnum og munar um minna bæði fyrir þjóðarbúið og fiskvinnslustöðvarnar. Og sé það rétt að hrygningarstofninn hafi verið kominn niður í 165 þús. tonn á vetrarvertíð í fyrra og 83 þús. tonn af þeim stofni hafi verið drepin á árinu þá þurfa að bætast 118 þús. tonn í hrygningarstofninn nú svo hann nái 200 þús. tonnum eins og áætlað er að hann verði á þessari vertíð."

Síðan kemur tafla um álit Hafrannsóknastofnunar á stærð hrygningarstofns þorsks með óbreyttri sókn. Árið 1979 er talið að hrygningarstofninn verði 200 þús. tonn, árið 1980 266 þús. tonn, árið 1981 184 þús. tonn og árið 1982 221 þús. tonn, árið 1983 278 þús. tonn og árið 1984 234 þús. tonn.

Ef farið hefði verið að tillögum og friðunarhugmyndum Hafrannsóknastofnunar, þá gerði stofnunin ráð fyrir því að hrygningarstofninn mundi verða árið 1979 200 þús. tonn eins og í hinni töflunni, 1980 ívið meiri eða 329 þús., 1981 303 þús., 1982 384 þús. og 1983 505 þús. tonn.

Það er fróðlegt að bera þetta saman við það sem veiddist á þessum árum. Ég er með töflu 10 á bls. 37 í grg. með kvótafrv. Þar er einmitt sagt frá því að árið 1981 veiddust 461 þús. tonn af þorski, árið 1982

veiddust 382 þús. tonn af þorski og árið 1983 294 þús. tonn af þorski þannig að tölur Hafrannsóknastofnunar ollu töluverðu fjaðrafoki á þessum árum. Þetta varð kannski til þess að það varð trúnaðarbrestur eða kom upp tortryggni í garð Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga. Sjómenn sérstaklega áttu bágt með að trúa þessum tölum og vefengdu þær á ýmsan hátt og útgerðarmenn ekkert síður og stjórnmálamennirnir voru frekar vantrúaðir á þetta. Þess vegna fór sem fór að fiskveiðistjórnunin með heildaraflamarki, sem átti að byggjast á friðunarhugmyndum Hafrannsóknastofnunar, virkaði aldrei eins og hún átti að gera vegna þess að aðilar treystu hvorki né trúðu hver öðrum á þessum árum. Það er raunverulega undanfari kvótakerfisins. Það er ástandið sem skapaðist út af þessari svörtu skýrslu á árunum strax á eftir, hvernig stjórn fiskveiða fór fram þá með heildaraflamarki og þeirri friðun sem átti að byggja á tímabundinni lokun svæða með ungfiski og banndögum á sumrin þar sem hrygningarfiskurinn gerði vart við sig.

Ég segi eins og er að ástandið var þannig þá, en það er allt annað ástand í dag. Ég held að í hjarta sínu séu nær allir útgerðarmenn sannfærðir um að kvótakerfið er eitt það versta kerfi sem við höfum nokkurn tíma látið okkur detta í hug að taka upp. Hins vegar er því ekkert að leyna að mjög margir útgerðarmenn eru tiltölulega sáttir við að starfa og gera út í þessu kerfi. Þeir hafa fengið mjög ríflegan kvóta. Ég þekki svo vel til hjá t.d. Útgerðarfélagi Akureyringa að ég hygg að forráðamenn þess ágæta fyrirtækis séu í sjálfu sér ekkert mjög óhressir að starfa undir kvótafyrirkomulagi. Þeir hafa mjög góðan kvóta og eru reyndar nýlega búnir að stórauka hann með því að kaupa Dagstjörnuna af Suðurnesjum þannig að ég er ekkert viss um að þeir vilji mikið breyta til. Þeir eru mjög sáttir við núverandi fyrirkomulag þó að kannski hver og einn forráðamanna þar mundi segja: Mér finnst kvótakerfið alveg fráleitt. En ég get ekki áfellst þessa menn þó að þeir kæri sig ekkert um að breyta þessu kerfi. Þeir hafa það ágætt í þessu kerfi. Og þannig er e.t.v. um velflesta útgerðarmenn. Við skulum því ekkert vera hissa á því að það hafi verið veifað alls konar stuðningsyfirlýsingum við kvótakerfið frá þingum Landssambands útgerðarmanna, frá fiskiþingum og ótal öðrum samkundum þar sem útgerðarmenn koma saman og jafnvel sjómenn líka. Það má segja alveg það sama um velflesta sjómenn. Þeir vita hvað þeir hafa í þessu kerfi og það út af fyrir sig kemur ekkert mjög illa út. En ég held að hver og einn þessara manna, ef hann væri spurður hvert væri álit hans á þessu kvótakerfi, ef hann gæti fengið því breytt og ráðið því einn, mundi vilja taka upp gamla kerfið sem í dag ætti að geta virkað mjög vel þar sem, eins og ég hef margoft fjallað um, ástandið er allt annað nú en það fyrir fyrir 6–7 árum þegar þessi svarta skýrsla Hafrannsóknastofnunar var nýkomin út og menn tortryggðu og vantreystu hver öðrum.

Núna held ég að það sé mikil samstaða og traust milli útgerðarmanna, sjómanna og fiskifræðinga um að reyna að byggja upp þorskstofninn og beita til þess skynsamlegum friðunaraðgerðum. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að með heildaraflamarki samfara skynsamlegum friðunaraðgerðum, og það mætti vel hugsa sér að beita svæðisaðgerðum, vera með mismunandi friðunaraðgerðir eftir svæðum, eftir byggðarlögum og láta heildaraflamarkið vera breytilegt, þ.e. að heildaraflamark sé ákveðið fyrir eitt ár í senn, en þá má skipta því misjafnlega niður á hluta ársins, ég er alveg sannfærður um að með slíku kerfi gætum við náð miklu betri stýringu og nýtingu á fiskstofnunum. Eins og ég hef margítrekað í ræðum mínum í sambandi við meðferðina á frv. til l. um stjórn fiskveiða hv. Ed. mundum við þá geta nýtt frumkvæði einstaklinganna, gert það virkt.

Ég ætla svo að ljúka máli mínu með því að lýsa enn þá einu sinni yfir undrun minni yfir því að hv. þm. Sjálfstfl. í Ed. skuli virkilega geta staðið hér eða setið öllu heldur frammi fyrir alþjóð og rétt upp hönd með þessu kerfi. Þá er illa farið fyrir Sjálfstfl. þar sem ég þrátt fyrir allt starfaði um árabil, en þetta er kannski skýringin á því að ég sá mér ekki fært að starfa með Sjálfstfl. öllu lengur. (**GHG:** Hv. þm. gerði aldrei athugasemd við þetta meðan hann var í flokknum, aldrei.)

Að lokum áður en ég lýk máli mínu, virðulegur forseti, vil ég hvað mig varðar lýsa yfir undrun minni yfir þessari umræðu allri og vekja athygli á því, sem ég býst við að fleiri fulltrúar stjórnarandstöðunnar eigi eftir að gera á eftir, að svo virðist sem menn hafi engar áhyggjur af skattamálum, þ.e. að það á að fara að borga út laun hér í þjóðfélaginu 1. janúar og búið að reikna þau laun út á grundvelli skattalaga sem ekki hafa enn verið samþykkt á Alþingi. Við óskuðum eftir því að fá hingað í hv. Ed. hæstv. fjmrh. til að svara fyrir hvort hann teldi að þetta væri allt í lagi og hvort það lægi meira á að ræða hér fiskveiðistefnu 24 tíma eða svo. Við gætum væntanlega fyrir löngu verið búnir að samþykkja sem lög frá Ed. frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt þannig að það væri þá hægt að borga út laun um næstu mánaðamót byggt á lögum en ekki bara á einhverjum lausum hugmyndum manna um hverjar verði skattprósentur og persónuafsláttur og þess háttar. Við getum ekkert svarið fyrir það í hv. Ed. að það geti ekki komið til greina að það verði einhverjar breytingar á frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Það er ekki hægt að sverja fyrir það þó það hafi reyndar margkomið fram að hér fer fram hálfgerð leiksýning hvað það varðar. Hv. stjórnarþm. virðast ekki vera hér til að greiða atkvæði í samræmi við sína sannfæringu heldur eru þeir allir hlekkjaðir saman og síðan ýtir hæstv. sjútvrh. á takka og þá rétta allir upp hönd samtímis.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér hefur staðið yfir umræða í 24 klukkustundir með litlum hléum þar sem rætt hefur verið um stjórn fiskveiða, en fleira býr undir þessari

umræðu eins og allir vita. Ég vil í þeim efnum taka eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi að með málflutningi okkar í gær og í nótt höfum við viljað undirstrika tillögur okkar um breytingar á kvótakerfinu. Ég hygg að þess séu ekki dæmi áður úr meðferð kvótamálsins á hv. Alþingi að stjórnarandstöðuflokkar og reyndar einstakir þm. úr stjórnarflokkum hafi lagt fram jafnviðamiklar brtt. við það kerfi sem notast hefur verið við í kvótamálinu og gert hefur verið nú. Þessar tillögur höfum við undirstrikað með málflutningi okkar í gær og í nótt.

Í öðru lagi höfum við með málflutningi okkar viljað leggja á það áherslu að við gerum það sem við getum, þó að við séum lítill minni hluti, aðeins þriðjungur þingsins, til þess að verjast eins og kostur er þegar að okkur er sótt. Þessar umræður eru hluti af því þrátefli sem nú er um að ræða í þinghaldinu á þeim klukkutímum sem eftir lifa af því fram að jólum. Auðvitað beinist þetta þrátefli og þessi pólitísku átök ekki síst að matarskattinum illræmda sem enn er til 1. umr. í Nd. Þrátefli, átökin og samkomulagsleysið í þinginu núna stafa fyrst og fremst af því að ríkisstjórninni hafa verið mislagðar hendur um framlagningu mála og verkstjórn alla á hv. Alþingi. Stjórnarflokkarnir hafa komið sér seint og illa saman um einstök mál og þar af leiðandi hefur tekið lengri tíma en ella að koma þeim fram, bæði til að leggja þau fyrir þingið og eins til að taka þau fyrir eftir að þau voru komin inn í hv. Alþingi.

Hitt vil ég einnig undirstrika nú eftir þennan langa fund að stjórnarandstaðan gerði til þess ítrekaðar tilraunir í nótt og í gærkvöld að fá til meðferðar frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, sem er mikilvægur þáttur staðgreiðslukerfis skatta sem á að taka gildi frá og með 1. janúar nk., og reyndar er það svo að í kvöld á að hefja keyrslu hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar á launum og launamiðum þúsunda launamanna.

Ég tel einnig nauðsynlegt að undirstrika eftir þennan sólarhrings fund að málflutningur okkar hefur ekki síst beinst að því að undirstrika sjálfstæði minni hlutans. Minni hlutinn á hv. Alþingi, þó hann sé aðeins þriðjungur þingheims, lætur ekki bjóða sér hvað sem er, lætur ekki meiri hlutann, þó hann sé ⅔ þingheims, ganga yfir sig umyrða- og möglunarlaust. Ég vænti þess að eftir þessa nótt hafi hv. meiri hluti og forustumenn hans gert sér grein fyrir þessari staðreynd. Hér er ekki um að ræða það sem venjulega er kallað málþóf. Hér hefur ekki verið um það að ræða að einstakir þm. stjórnarandstöðunnar hafi fullnýtt þá ræðumöguleika sem þingsköpin opna fyrir, langt frá því, hvorki við 2. eða 3. umr. málsins. Það liggur t.d. fyrir að því fer víðs fjarri að við höfum, andstæðingar frv., tæmt þann rétt sem þingsköp skapa okkur. Hins vegar er það okkar skoðun að nú þegar klukkan er orðin liðlega tíu sé eðlilegt að ljúka þessari umræðu þar sem gert hafði verið ráð fyrir að hér hæfist fundur í deildinni á þessum tíma til að fjalla um tekju- og eignarskattsfrv. og við viljum greiða fyrir því að það mál fái þinglega meðferð.

Ég veit að það er óvenjulegt, en ég vil af minni hálfu segja að það hefur verið einkar athyglisvert að fylgjast með því að alla þessa 24 tíma hafa setið á pöllunum fulltrúar þeirra manna sem hvað mestra hagsmuna eiga að gæta varðandi afgreiðslu þessa máls. Það kannski sýnir betur en margt annað að við erum ekki aðeins að fjalla um kvótafrv., sem er pappír, heldur um fjöregg, um lífskjör þúsunda manna í landinu sem bíða nú milli vonar og ótta eftir því hvað kemur út úr þessum málum. Þetta er fólk sem trúði því og hélt að Alþingi Íslendinga væri lýðræðisleg stofnun þar sem menn tækjust á með rökum og gagnrökum, gengju frjálsir, ekki bundnir af neinu nema samvisku sinni, til atkvæða, að Alþingi Íslendinga væri ekki stofnun þar sem menn væru handjárnaðir af einstökum ráðherrum og neyddir til að taka ákvörðun þvert gegn sinni eigin samvisku.

Þessi atriði, herra forseti, vildi ég undirstrika um leið og ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir einkar ánægjulegt fundarhald þessa síðustu 24 klukkutíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 412 felld með 12:2 atkv.

Brtt. 411 felld með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GuðmÁ, GA, JúlS, MF, SkA, SvG.

nei: VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, KSG.

KP greiddi ekki atkvæði.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég gerði eiginlega grein fyrir atkvæði mínu í ræðu áðan, en þá voru fáir viðstaddir þannig að ég ætla að gera það aftur núna. Ég sagði þá að mér fyndist óeðlilegt að þurfa að gera svona tillögu, en það er spurning þegar þeir aðilar sem þarna er um að ræða hafa lent greinilega í einhverri afarstöðu í kvótakerfinu. Ég held að nú stefni allt í að það sé verið að festa kvótakerfið í sessi. Ég lít svo á að það þurfi að hreinsa öll svona gömul mál áður en það gerist. Þess vegna segi ég já.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég till. um að taka út úr tíu skip sem ég taldi að ættu rétt á því að fá veiðileyfi aftur. Sú tillaga var felld hér í atkvæðagreiðslu. Ég mun ekki taka afstöðu til þessa máls og greiði því ekki atkvæði.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Hér fer fram atkvæðagreiðsla um brtt. við 4. gr. frv. sem ætlað er að tryggja veiðileyfi skipa sem koma í stað þeirra sem fórust á árunum 1983 og 1984. Ég tel þetta vera réttlætismál og ég harma að ekki hefur tekist að ná samkomulagi um

þetta atriði þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Vegna stöðu málsins nú og þess samkomulags sem náðst hefur í meiri hl. sjútvn. og í von um að frekari umfjöllun málsins leiði til betri lausnar áður en það verður endanlega afgreitt á hv. Alþingi segi ég nei við þessari brtt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með skírskotun til atkvæðaskýringar hv. 6. þm. Reykn. segi ég já.

Frv. samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, VS, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, KSG.

nei: SkA, SvG, ÞK, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með tilliti til þess að brtt. Alþb. við frv. þetta hefur verið hafnað, með tilliti til þess að ekki hefur verið tekið neitt tillit til almennra ábendinga okkar og vegna málsmeðferðar og stöðu þessara mála í þinginu nú segi ég nei.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Við höfum staðið hér og rætt þetta frv. alllengi og við höfum aðallega rætt hvert við annað, stjórnarandstaðan. Okkar hugmyndir hafa ekki fengið að njóta sín á einn eða annan hátt við breytingar á frv. Allar brtt. okkar kvennalistakvenna hafa verið felldar. Þess vegna segi ég nei.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Það kann að vera nokkur ósigur sem felst í því að sjá frv. verða samþykkt í hv. Ed. eftir að við höfum staðið meira eða minna í ræðustóli rúmlega 24 tíma. En ég held samt sem áður að það sé enginn ósigur í því fólginn. Við höfum bent á mörg atriði þess og sýnt fram á og sannað að frv. er rangt og ég segi nei.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Það frv. um fiskveiðistjórn, sem hér er nú til lokaumræðu í deildinni, er að mínu áliti í andstöðu við stefnu og starfsyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar. Þetta frv. er líka í andstöðu við yfirlýstar ákvarðanir kjördæmisþings Alþfl. á Vestfjörðum. Mér sýnist að samþykkt þessa frv. geti haft þær afleiðingar að jafnaðarmenn á Vestfjörðum snúist gegn hæstv. ríkisstjórn. Hvort slíkt verður kemur í ljós á seinni tímum. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Nd.

EFRI DEILD

37. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 10.33 árdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 408.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 13 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem flutt er í tengslum við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Flestar undanþágur í skattalögum í formi skattfrelsis vissra tekna, vöru eða þjónustu eða í formi frádráttarheimilda af mismunandi gerð eru í flestum tilvikum gerðar af góðum hug og þeim ætlað að þjóna markmiðum sem átt hafa og eiga vafalaust sum hver einhvern rétt á sér. Því miður hefur reynslan af undanþágukerfi í sköttum nær alls staðar orðið sú að því fylgir misnotkun og það býður upp á skattundanskot og skattsvik. Niðurstaða sem leiða má af reynslu undanfarandi ára er tiltölulega einföld. Annars vegar: Látum skattkerfið vera einfalt tekjuöflunarkerfi og undanþágulaust. Með því sköpum við því forsendur til að vera skilvirkt skattkerfi og sköpum bestu skilyrði til góðrar framkvæmdar og eftirlits. Hins vegar er hitt sjónarmiðið: Mætum réttmætum þörfum einstakra þjóðfélagshópa og pólitískum markmiðum með meiri fjárveitingum og styrkjum. Sköpum þannig ábyrga afstöðu fyrir opnum tjöldum en felum hana ekki í frumskógi undanþágufrávika sem enginn veit hvert leiða eða hvaða merkingu hafa þegar upp er staðið.

Langt er síðan sett var fram sú kenning að tekjuskatt einstaklinga ætti að leggja á tekjur eins og þær eru skilgreindar hagfræðilega, þ.e. samtölu af neyslu einstaklings og breytingum á eignum hans á tilteknu tímabili. Samkvæmt þessu á að leggja að jöfnu í skattalegu tilliti allar tekjur, hvort sem þær koma sem afrakstur launavinnu, sem hagnaður af rekstri fyrirtækis, eign hlutabréfa, sem vextir af sparifé eða öðrum eignum eða aukningu á eignum og verðmæti eigna.

Þótt þessi viðhorf hafi öðlast víðtæka viðurkenningu og stuðning hagfræðinga og stjórnmálamanna hefur reynst tafsamt að koma á breytingum skattalöggjafar á þessum grundvelli. Með þeim lögum sem hér eru til umræðu var á síðasta þingi tekið stórt skref í átt til þess að einfalda skattakerfið sem er samræmt í þeim skilningi að sami skattur verði lagður á sömu tekjur óháð því hvaðan þær koma. Einkenni slíks skattkerfis er breiður skattstofn sem gerir hins vegar kleift að lækka skatthlutföll sé stefnt að óbreyttum skatti. Þótt stórum áfanga sé náð eru aðrir eftir vandasamir og líklegir til þess að verða til-

efni til nokkurs ágreinings þar sem er skattlagning eignatekna og skattlagning fyrirtækja.

Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um breytingar á lögum nr. 75/1981, einkum þeim þáttum þeirra laga sem ákveðnir voru á síðasta Alþingi, en með þeim voru gerðar veigamiklar breytingar á skattlagningu einstaklinga. Helstu breytingarnar eru annars vegar þær að skattstofnar tekjuskattts og útsvars eru sameinaðir í einn stofn og niður felldar nær allar sérstakar frádráttarheimildir. Hins vegar var álagning tekjuskatts og innheimta útsvars ákveðin með einu skatthlutfalli og almennum persónuafslætti og sjómannaafslætti. Auk barnabóta og barnabótaauka voru teknar upp húsnæðisbætur.

Þegar skattafrumvörpin voru til umfjöllunar á Alþingi sl. vor var ákveðið að skipa nefnd sem skyldi yfirfara og endurmeta ákvæði hinna nýju laga, m.a. þegar fyrir lægju framtöl fyrir tekjur ársins 1986 og álagningu gjalda 1987. Nefnd þessi, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka auk fulltrúa frá fjmrn., ASÍ og VSÍ, hefur skilað ítarlegri álitsgerð sem ég vísa til hér að öðru leyti. Nefndin var sammála um öll meginatriði í því verkefni sem henni var falið en nokkrir nefndarmanna gera í sérálíti grein fyrir sérstöðu sinni til einstakra mála eða áskilja sér allan rétt til annarrar niðurstöðu á síðari stigum málsins.

Frv. þetta byggir í aðalatriðum á álitsgerð nefndarinnar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt vegna álagningar á því ári var miðað við að beinir tekjuskattar einstaklinga til ríkisins að meðtöldu gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og að viðbættum sóknar- og kirkjugarðsgjöldum yrðu um 4,3% af heildartekjum einstaklinga. Skattbyrði mæld með þessum hætti átti þannig að lækka frá 4,6% árið 1986 eða um 0,3%. Lækkun þessi svaraði til 300 millj. Til viðbótar við þessa lækkun ákvað núverandi ríkisstjórn við valdatöku á miðju ári hækkun barnabóta sem svaraði til 0,1% í skattbyrði. Samkvæmt því átti skattbyrði þessa árs að vera 4,2% hefðu áætlanir um verðlags- og kauplagsþróun gengið eftir.

Staðreyndin er hins vegar sú að þær áætlanir gengu ekki eftir. Þessi sveifla í skattbyrði, sem stafar af því að ófyrirséðar breytingar valda frávikum frá áformun Alþingis, er dæmi um neikvæð einkenni núverandi skattkerfis.

Við mat á skattbyrði og samanburði við liðinn tíma og athuganir á þeim útreikningum sem gerðir voru fyrir milliþinganefndina og fylgja áliti hennar verður að hafa nokkur atriði í huga þegar almennar ályktanir eru dregnar. Í fyrsta lagi var áformuð skattbyrði 1987 og þar með áformuð skattbyrði skv. frv. hærri en varð í reynd 1987. Í álitsgerðinni er hins vegar gerður samanburður við árið 1987 þegar skattbyrði varð um 0,8% lægri. Í öðru lagi er núverandi kerfi þannig að verðbólga og launabreytingar breyta skattbyrðinni misjafnlega eftir tekjum og sköttum. Í þriðja lagi þarf að hafa í huga að hluti af breytingu skattlagningarinnar er fólginn í breikkun skattstofnsins. Sú breikkun kemur misjafnlega út og er talið að breikkunin muni leiða til aukinnar skattlagningar í efri hluta tekjuskalans.

Að lokum skal minnt á að í útreikningum milliþinganefndarinnar um skattbyrði er reiknað með 6,25% útsvari til sveitarfélaga þar sem sýnt er að sú tala nægði þeim til að halda óbreyttum hlut.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða má telja fullvíst að skattbyrði af tekjuskatti til ríkisins í heild verði um 4,2% eins og að var stefnt verði frv. þetta að lögum.

Dreifing skattbyrðarinnar verður væntanlega í litlu frábrugðin því sem nú er að því frátöldu að skattleysismörk hækka verulega. Slíkt getur þó ekki orðið nema til komi einhver hækkun hjá öðrum. Að hluta til stafar þessi hækkun frá því að frádráttarliðir eru felldir niður og skattstofn breikkaður. Að sjálfsögðu er ekki hægt að fullyrða að hvergi verði um að ræða óbreytta skattbyrði, enda yrði ekki stefnt að slíku marki nema menn séu sannfærðir um að núverandi skattkerfi sé fullkomið.

Sú gagnrýni hefur komið fram að með kerfisbreytingunni verði dregið úr stígandi í skattlagningu, skattar lækkaðir á hæstu tekjur og því verði ástæða til að bæta við sérstöku skattþrepi fyrir hæstu tekjur. Röksemdafærsla fyrir þessari gagnrýni er ekki alveg skýr og ályktanir ekki einhlítar. Í fyrsta lagi er á það að líta að í núverandi kerfi hefur stígandi skattlagningar verið breytilegur eftir verðbólgustigi og hraða launabreytinga. Sem dæmi um það má taka það sem henti á þessu ári og gera ráð fyrir að raunverulegur jaðarskattur á tekjuskatt í efsta skattþrepi og útsvar verði að jafnaði 34–35%. Jaðarskattur á hæstu tekjur er þannig í ár lægri en sá jaðarskattur sem frv. gerir ráð fyrir. Í öðru lagi er það vitað að frádráttarheimildir nýttust betur í efri hluta tekjuskalans en neðar og möguleikar til undanskots voru þar meiri. Í þriðja lagi er rétt að minna á það að hin endanlega dreifing skattbyrðar ræðst að mjög miklu leyti af þeim tveimur þáttum tekjuskatta sem ekki er fjallað um í frv. þessu, þ.e. skattlagningu eignatekna og atvinnurekstrar.

Í upphaflegri gerð frv. voru fjárhæðir persónuafsláttar, barnabóta og barnabótaauka hækkaðar umfram verðlagsbreytingar sem nemur því hvað laun hækkuðu umfram verðlag á milli áranna 1986 og 1987. Þetta hefur það í för með sér að í stað þess að þessir liðir haldi óbreyttu verðgildi hækkar það sem nemur aukningu kaupmáttar milli áranna. Við þetta hafa bæst hækkanir á barnabótum og barnabótaauka sem ákveðnar voru síðar og ég vík að brátt.

Frv. gerir ráð fyrir verulegri hækkun sjómannaafsláttar. Frv. gerir ráð fyrir miklum breytingum á húsnæðisbótum. Stærsta breytingin er fólgin í því að réttur til húsnæðisbóta verður látinn fylgja einstaklingi en ekki íbúð. Leiðir það til lækkunar á fjárhæð bótanna. Þá er í frv. endurskoðun bráðabirgðaákvæðis II þannig að skýrt sé að þeir sem eignuðust fyrstu íbúð sína á árunum 1984–1987 og njóta ekki

vaxtafrádráttar á þeim árum eiga rétt á húsnæðisbótum frá og með álagningarárinu 1988. Ákvæði um vaxtaafslátt handa þeim sem notið hafa réttar til vaxtafrádráttar er breytt þannig að vaxtaafslátturinn verður miðaður við 40% greiddra vaxta umfram 7% af tekjuskattsstofni. Breytingin úr 30 í 40% er gerð með tilliti til þess að afsláttur þessi verði virkur eftir á við framtal og á að vera í meira samræmi við áhrif af núverandi vaxtafrádrætti. Enn fremur hefur í Nd. verið fellt út ákvæði sem takmarkaði útgreiddan vaxtaafslátt á árinu 1988.

Í frv. þessu er nýtt bráðabirgðaákvæði þess efnis að heimilt verður að lækka skattgreiðslur í því tilviki að maður hafi á síðustu árum greitt samtímis tekjuskatt í erlendu ríki og hér á landi. Till. þessi miðast eingöngu við að tekið verði tillit til einstaklinga sem lent hafa í tvöfaldri skattgreiðslu á síðustu árum hins víkjandi kerfis.

Að lokum skal minnt á að í frv. er ákvæði þess efnis að lögaðilum verði sem hingað til heimilt að draga frá skattskyldum tekjum gjafir til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga svo sem verið hefur. Er hér hvað meginatriði varðar ekki um að ræða breytingu frá því sem verið hefur en nauðsyn að bæta ákvæði þessu inn þar sem heimild þessi hefði ella fallið niður og ekki þykir rétt að hreyfa við ákvæði þessu fyrr en skattlagning fyrirtækja í heild verður tekin til endurskoðunar.

Ég hef í meginatriðum skýrt frá efni þessa frv., en vísa til grg. um einstök atriði. Að lokum er rétt að drepa á þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. Auk minni háttar lagfæringa eru breytingarnar þessar:

Í fyrsta lagi: Barnabætur og barnabótaauki hækka um 320 millj. kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar í tengslum við aðrar breytingar í skattamálum. Þessu marki er náð með því að hækka bótafjárhæðir um 9%, auk þess sem barnabótaauka er breytt á þann veg að tekjutengd skerðing hans verður hægari eftir því sem börn eru fleiri.

Í öðru lagi er gerð sú breyting að þeir sem búa erlendis en fá greiddan lífeyri úr sjóðum hér á landi verða framvegis skattlagðir að því er slíkar tekjur varðar eins og þeir byggju hér, þ.e. mundu njóta persónuafsláttar í stað þess að greiða af öllum tekjum eins og nú er.

Í þriðja lagi er takmörkun á skattfrjálsum framlögum lögaðila miðuð við aðstöðugjaldsstofn í stað tekjuskattsstofn eins og verið hefur.

Að lokum er bráðabirgðaákvæðum breytt í þremur atriðum. Takmörkun útgreiðslu vaxtaafsláttar 1988 er aflétt, tímabil þeirra sem kost eiga á húsnæðisbótum er fært frá 1985 aftur til 1984 og síðar og hámarkstími varðandi heimild til undanþágu vegna greiðslu í tveimur löndum lengdur úr sex árum í tíu ár.

Þetta eru meginbreytingarnar. Auk þess skal þess getið að í umræðu í hv. Nd. var því beint til fjmrh. að skoða vandlega rétt leigjenda í tengslum við húsnæðisbætur, þ.e. að skoða vandlega, ekki innan staðgreiðslukerfisins heldur hugsanlega í eftirágreiðslu skattsins, hvort gerlegt væri að skoða rétt íbúðaleigjenda til frádráttar að hluta til. Því hefur verið svarað til af minni hálfu að af hálfu fjmrn. sé vissulega vilji til þess að skoða það mál vandlega og betur en tími vannst til í milliþinganefnd. Þetta er sagt án skuldbindinga eða loforða fyrir fram, en á það skal aðeins bent að það er tími til að skoða það betur þar sem um eftirágreiðslu er að ræða.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að þó þetta frv. sé seint hingað komið, sem er auðvitað ríkisstjórninni að kenna vegna þess að hún þrjóskaðist við að halda uppi tilgangslítilli umræðu í alla nótt til að þræla í gegn þessu kvótakerfi sínu, verði að afgreiða það, verði að ná á þessu afgreiðslu. Það kann að vera að það sé ekki þinglegt að segja það, en niðurstaða mín er engu að síður sú að okkur er ekkert annað eftir skilið eða lítið annað eftir skilið en að treysta á niðurstöðu og yfirferð hv. Nd. á málinu. Hugmynd manna var sú að þessi ákvörðun varðandi staðgreiðslukerfið yrði til að flýta fyrir meðferð þingmála að öðru leyti. Nú berast mér þær fregnir að það eigi að halda áfram að berja höfðinu við steininn, djöflast, með leyfi forseta, á þingræðinu það sem eftir er af þessum sólarhring og sjálfsagt þann næsta líka. Ríkisstjórnin setur núna skilyrði á skilyrði ofan um hin ýmsu mál. Ég verð að segja að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. sýna ekki sömu tillitssemi gagnvart stjórnarandstöðunni að þessu leyti og þingræðinu eins og stjórnarandstaðan sýndi gagnvart hæstv. fjmrh. í nótt. Þegar ég spurði að því hér í hv. deild hvort það væri ekki hugsanlegt að taka fyrir 1. umr. þessa máls, strax þá, var okkur tjáð að hæstv. fjmrh. væri nýlega sofnaður og það væri ekki við hæfi að vekja hans hátign þó mikið lægi við. Við þessar ábendingar gerðum við það, eins og við erum vön af því að við erum sanngjörn, og sögðum sem svo: Hinkrum til morguns. Nú er hins vegar meiningin hjá hæstv. ríkisstjórn, eftir því sem ég hef fregnað nýjast, að klára helst fyrir jól afgreiðslu fjárlagafrv. og skapa ekkert svigrúm til að taka á því máli bak jólum. Þetta er auðvitað þvílík frekja og þvílíkt tillitsleysi eftir það sem á undan er gengið að ég segi a.m.k. fyrir mig, herra forseti: Ég kann ekki að meta þessi vinnubrögð. Ég læt það hins vegar ekki hafa nein áhrif á afstöðu mína til þess máls sem hér er uppi og mun gera allt sem ég get til þess sem nefndarmaður í hv. fjh.- og viðskn. að greiða götu málsins.

Mér er tjáð að í kvöld eigi að prenta út launamiða opinberra starfsmanna í Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Það má ekki stofna staðgreiðslukerfinu í uppnám, stofna því í hættu og stefna í uppnám, á þessum síðustu klukkustundum sem eftir lifa af þinghaldinu fram að jólum. Þess vegna mun ég fyrir mitt leyti gera það sem mér er unnt til að hjálpa til að málið fái afgreiðslu.

Ég vísa í þessu sambandi, herra forseti, til ítarlegs nál. hv. 4. þm. Norðurl. e. í Nd., sem hann gaf út um þetta mál, ásamt fylgiskjali með séráliti Ragnars Árnasonar úr milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta, í öðru lagi fylgiskjals II, sem er frá Þjóðhagsstofnun, athugun á tillögu Alþb. um tekjuskatta, og enn fremur vísa ég til þeirra brtt. sem við fluttum í Nd. og ég áskil mér rétt til að endurflytja í þessari hv. deild.

En það eru hins vegar tvö efnisatriði í frv. sem ég neyðist til að nefna hér. Það er fyrst varðandi vaxtaafslátt þeirra sem hafa notið hans á undanförnum árum. Samkvæmt gildandi kerfi eins og það hefur verið lagt hér fyrir er ljóst að þeir sem hafa haft verulegan vaxtaafslátt frá sköttum fá ekki notið hans fyrr en í ágúst til september og síðar á árinu 1988. Það þýðir að skattbyrði þeirra sem skuldugastir eru, þeirra sem hafa verið að byggja og basla á undanförnum árum, þyngist verulega á fyrri hluta ársins, janúar til ágúst. Og ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvaða hugmyndir ráðuneytið er með um að koma til móts við þetta fólk. Ég tel að það sé unnt m.a. með því að veita og úrskurða bráðabirgðafrádrátt á fyrri hluta ársins í samræmi við skattaframtal viðkomandi einstaklinga sem skilað er í lok janúar eða byrjun febrúar á næsta ári. Ég tel þess vegna að það sé ekkert annað en hver annar kerfisstirðleiki ef menn fást ekki til að taka á þessu máli.

Hitt málið snertir vasapeninga aldraðra og öryrkja í stofnunum. Mér hafa borist upplýsingar um það frá fjmrn. og embættismönnum þess að ætlunin sé að ganga þannig frá þessu máli að í fyrsta lagi myndi þessir vasapeningar ekki staðgreiðsluskattstofn og í öðru lagi verði gefinn út á móti vasapeningunum frádráttur jafnhár vasapeningunum, dagpeningunum á þessum stofnunum, þannig að þetta myndi heldur ekki tekjuskattsstofn.

Ég vildi gjarnan að þetta yrði einnig nefnt í svarræðu hæstv. fjmrh. þegar við 1. umr. ef það mætti verða til að greiða fyrir meðferð málsins. Það kann að vera að hæstv. fjmrh. hafi nefnt eitthvað af þessu í sinni upphaflegu ræðu, en lái mér hver sem vill að hún var á þann veg lesin að mér auðnaðist ekki að nema hana sem skyldi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það er undarleg staða í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu sem komin er upp á þessum síðustu dögum þingsins, af hverju svo sem það stafar. Hér er til umræðu eitt af þeim málum sem sannarlega er mjög nauðsynlegt að ná í gegnum þetta þing fyrir áramót og helst fyrir jól. Og það má hæstv. fjmrh. vita að stjórnarandstaðan gerði í nótt tilraun til að fá þetta mál tekið fyrir þannig að 1. umr. væri lokið í nótt og nefndin gæti byrjað störf þegar nú í morgun. Það fékkst reyndar ekki. En nú liggur málið fyrir og ekki langur tími til umfjöllunar og ég vil ekki tefja þetta mál með því að fara löngu máli um það í 1. umr. vegna þess að ég tel nauðsynlegt að það nái fram að ganga bæði fljótt og vel. Þó vil ég hafa um það nokkur orð því ég tel að það sé nauðsynlegt að gera á því nokkrar breytingar.

Frv. sem hér um ræðir er að miklu leyti samhljóða þeim tillögum milliþinganefndar um staðgreiðslu skatta sem sett var á laggirnar en því miður hóf störf mjög seint í haust. Um þessi störf hennar má lesa í álitsgerð sem allir þm. hafa fengið. Fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, Kristín Sigurðardóttir, hringdi reyndar mörgum sinnum til að vita hvort nefndin hefði ekki enn tekið til starfa því við bjuggumst við því að það yrði mjög fljótt síðla sumars. Það reyndist þó ekki. En þegar hún hóf störf sinnti hún þeim vel.

Fulltrúi okkar í nefndinni hafði fyrirvara um álit nefndarinnar, sem er reyndar prentað á bls. 20 í álitsgerðinni sem við höfum öll fengið, og ég vil aðeins til glöggvunar lesa það, með leyfi forseta, en það er ekki langt.

„Það er álit mitt að nefnd um staðgreiðslu skatta hafi að ýmsu leyti unnið gott verk og sniðið alvarlega agnúa af lögum um staðgreiðslu skatta og öðrum lögum er því fylgja. Einnig hefur í störfum nefndarinnar náðst samstaða um ný atriði sem verða til bóta. Tíminn, sem nefndin fékk til starfa, var þó óþægilega knappur. Eðlilegast hefði verið að nefndin hefði hafið störf snemma í sumar í stað september. Tveggja vikna hlé skar einnig af vinnutíma nefndarinnar. Fyrirvari minn byggir á því sem ekki náðist samstaða um og einnig á öðrum liðum sem ekki fékk að reyna á, annars vegar vegna þess að tíminn var skammur og hins vegar vegna skilgreiningar á hlutverki nefndarinnar. Ég vil nefna nokkur atriði: mánaðarleg framreiknun persónuafsláttar, greiðsla óskertra barnabóta til móður, hátekjuskattþrep, skattlagning fjármagns- og eignatekna. Jafnframt minni ég á athugasemdir og tillögur Kvennalistans við afgreiðslu skattalaganna á sl. vori. Ég er mótfallin hugmyndum um lækkun útsvarsprósentu sveitarfélaga í staðgreiðslu. Fulltrúar Kvennalistans munu áfram vinna að skattalegum endurbótum á Alþingi." — Undir þetta ritar Kristín Sigurðardóttir.

Við umræðuna í Nd. lögðu kvennalistakonur fram brtt. sem voru teknar til umfjöllunar í nefndinni, en þær náðu því miður ekki fram að ganga. Þessar brtt. vörðuðu fyrst og fremst skattþrep. Við settum inn tvö skattþrep á tekjuskattinn. Í öðru lagi vörðuðu þær persónuafslátt sem við hækkuðum. Og í þriðja lagi vörðuðu þær barnabætur sem við vildum að greiddar yrðu til móður fyrst og fremst.

Ég mun ekki fara ítarlega út í þessar brtt. nú en kynna þær nánar við 2. umr. málsins og freista þess að kynna þær í nefndinni þannig að þær megi hafa áhrif á framgang málsins. Ég mun heldur ekki hirða um að rekja efni frv. hér, enda hefur lítið tóm gefist til að kynna sér þær breytingar sem urðu í Nd. í nótt og eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns las hæstv. ráðherra bæði lágt og hratt og var erfitt að glöggva sig á því eftir svefnlitla nótt. En það gefst vonandi tími í nefndinni því að ráðgjafaraðilar hafa verið boðaðir á fund nefndarinnar nú þegar og hún mun taka til starfa strax að lokinni þessari umræðu.

En ég vona að þessar brtt. nái fram að ganga.

Síðasti ræðumaður hv. minntist einnig á það sem við höfum áður rætt hér um vasapeninga aldraðra og hafði ég vonast til að þær brtt. kæmu inn í þessi lög um tekju- og eignarskatt því það er nauðsynlegt að bundin séu í lögum en ekki einungis í reglugerð þau ákvæði sem koma í veg fyrir að vasapeningar ellilífeyrisþega séu skattlagðir. En ég vonast til þess að loforð ráðuneytisins dugi í þessum efnum og við getum gert þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir slíka skattheimtu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. um breytingu á lögum nr. 75 frá 1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. kemur í framhaldi af því frv. sem samþykkt var á síðasta þingi og átti að vera til leiðréttingar á því, en í meðförum þess þings var ákveðið að stofnuð skyldi milliþinganefnd sem mundi taka til athugunar þau álitaefni sem þm. á síðasta þingi þótti að yrði að breyta. Ég átti sæti í þessari milliþinganefnd sem varamaður Óla Þ. Guðbjartssonar, 6. þm. Suðurl., sem var skipaður af hálfu Borgarafl. í nefndina. Ég mætti þarna í nokkur skipti og tók þátt í því að gera tillögur til fjmrn. um tilhögun á þessum málum.

Ég verð að segja það hér að ég sakna þess mjög að ein tillagan, sem fram kom í þessari nefnd, skuli ekki hafa verið tekin upp í frv. sem hér liggur fyrir. Það er að ónýttur persónufrádráttur maka skuli vera yfirfæranlegur á hinn makann að fullu. Það var samdóma álit allra nefndarmanna að þetta skyldi vera tekið upp. Ég nefni þetta hér því í máli hæstv. fjmrh. kom fram sú rangfærsla að frv., sem hér liggur frammi, hafi verið byggt á áliti þessarar nefndar. Það var það eina sem ég gat greint í orðum hans. Ég vil því beina því til þm., þegar mál þetta verður tekið til meðferðar í nefnd, að þetta atriði verði athugað sérstaklega.

Ég er ekki sammála hv. 7. þm. Reykv. Svavari Gestssyni og 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur að því leyti til að mikil nauðsyn sé að koma frv. í gegn. Ég tel að í frv. felist veruleg skattahækkun beinna skatta frá því sem verið hefur. Þetta kemur m.a. fram í grg. með frv. undir liðnum „skattbyrði". Ætla ég, með leyfi forseta, að lesa upp nokkur atriði þegar talað er um skattbyrði:

„Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt vegna álagningar á því ári var miðað við að beinir tekjuskattar einstaklinga til ríkis að meðtöldu gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og að viðbættum sóknar- og kirkjugarðsgjöldum yrðu um 4,3% af heildartekjum einstaklinga. Skattbyrði mæld með þessum hætti átti þannig að lækka frá 4,6% árið 1986 eða um 0,3%. Lækkun þessi svaraði til 300 millj. kr. Til viðbótar þessari lækkun ákvað núverandi ríkisstjórn við valdatöku á miðju þessu ári hækkun barnabótaauka sem svaraði til um 0,1% í skattbyrði. Samkvæmt því átti skattbyrði þessa árs að vera 4,2% hefðu áætlanir um verðlags- og kauplagsþróun gengið eftir og fékk nefndin það verkefni í erindisbréfi sínu að endurmeta álagningarreglur laganna með tilliti til þess að sömu skattbyrði yrði náð í nýju kerfi."

Þarna segir að það eigi að miða við sömu skattprósentu og gamla kerfið gerði ráð fyrir við álagningu. En nú er það þannig að í gamla kerfinu eru eftirágreiddir skattar. Peningar sem álagðir eru rýrna vegna verðbólgu. Því kemur fram í seinni hluta þessarar sömu grg., eins og þar segir:

„Eins og kunnugt er varð þróun kauplags og verðlags önnur en ætlað var í upphafi árs. Í stað um 20% hækkunar á launum milli áranna 1986 og 1987 lítur nú út fyrir að þessi hækkun verði 37–38%. Leiðir það til þess að skattbyrði af tekjuskatti til ríkisins og öðrum framangreindum gjöldum verður um 3,4% í stað 4,2% eins og áformað var."

Þetta segir að skattbyrði 1987 er 3,4% en ætlunin er á næsta ári með staðgreiðslunni að hækka hana upp í 4,2% þegar tekið hefur verið tillit til hækkunar vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Í þessu felst mismunur upp á 0,8% í skattbyrði. Þarna er um verulega þyngingu að ræða á beinum sköttum. Ég held að fólk verði að átta sig á þessu þegar þetta nýja skattkerfi er metið.

Þá vil ég minna á að þetta nýja skattkerfi, staðgreiðslan, gerir ráð fyrir að skattur verði borgaður alla tólf mánuði ársins en ekki tíu eins og gamla kerfið gerði ráð fyrir. Þó að fólk sjái kannski nú að það borgi álíka skatta og á síðasta ári verður það að gera sér grein fyrir því að þarna er um tólf mánaða greiðslur að ræða en ekki tíu eins og áður var.

Þetta vil ég sérstaklega að komi fram við 1. umr. svo nefndarmenn geti gert sér grein fyrir við hvaða atriði þeir eiga að staðnæmast þegar þeir leggja mat á þetta nýja kerfi. Það er sem sagt skattbyrðin og sú tillaga nefndarinnar að taka ónýttan persónuafslátt maka að fullu til greina.

Þá vil ég við þessa umræðu geta þess að við þm. Borgarafl. í Ed. munum leggja fram brtt. við þetta kerfi er feli í sér m.a. það sem ég nefndi hér áðan um ónýttan persónuafslátt og svo önnur atriði, þar á meðal um starfslok, að þegar maður hættir ævistarfi sínu fái hann að njóta þess að þurfa ekki að borga skatt síðasta árið. Einnig mun koma fram í þessum brtt. að barnabætur verði greiddar til 18 ára aldurs í stað 16 ára eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég vil að þessum orðum mæltum ekki tefja þessa umræðu öllu frekar þó ástæða væri til þess miðað við þær fregnir sem maður fékk áðan, fyrir þessa umræðu, að það á að kýla öll þau mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á á mettíma í gegn og það á ekkert að hætta fyrr en það er búið. Fundir eru búnir að standa hérna yfir sleitulaust frá kl. 10 í gær og svo ætlar ríkisstjórnin með hörku að kýla mál í gegn og fá þetta staðgreiðslukerfi sitt í gegnum allar þrjár umræðurnar í dag. Mér finnast þetta ómanneskjuleg vinnubrögð og ekki til þess fallin að auka virðingu þingsins, a.m.k. ekki fyrir þessu frv. Hér er

þó um veigamikið frv. að ræða sem felur í sér það sem fólk gerir sér miklu betur grein fyrir, en það eru beinu skattarnir, frekar en þeim óbeinu. Ég tel það skyldu okkar þm. að gaumgæfa þetta frv. vel því í því felst veruleg kerfisbreyting frá því sem áður var þegar skattar voru eftirágreiddir, fyrir utan það að fólk úti í þjóðfélaginu gerir sér ekki grein fyrir hvað í frv. felst.

En eins og ég sagði áðan vil ég ekki tefja þessa umræðu öllu frekar eða segja meira um frv. að sinni, en áskil mér rétt við 2. umr. að fara ítarlega ofan í greinar frv. og frv. í heild og hvernig það geti komið til með að verka á næsta ári þegar skattayfirvöld fara að herja á hinn almenna borgara með þessu kerfi.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín var beint tveimur spurningum, fyrst að því er varðar hugsanlega nýtingu á afgreiðslu vaxtafrádráttar ef það mætti byggja á framtölum fram komnum í janúar til febrúar á næsta ári þegar úrvinnslu þeirra er lokið. Þessari hugmynd hefur áður verið hreyft. Hún hefur verið rædd í nefnd. Á henni eru þeir einir annmarkar að framkvæmdaaðilar skattkerfisins efast um að þeir geti við þessu orðið, en það verður kannað.

Að því er varðar fsp. hv. 7. þm. Reykv. um vasapeninga aldraðra, þá er það rétt sem hann sagði. Þær upplýsingar sem hann hafði eru réttar og ég staðfesti það hér með.

Að lokum, herra forseti. Að því er varðar þau orð sem féllu um tilhögun þinghalds vil ég aðeins taka fram að ég var að sjálfsögðu reiðubúinn til þess hvenær sem var í nótt að mæla fyrir þessu frv. ef þess hefði verið óskað. Það er hins vegar forseta og oddvita þingflokkanna að ná samkomulagi um þinghaldið og það var einfaldlega ekki á mínu valdi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

34. fundur, mánudaginn 21. des.,
að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Söluskattur, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum um söluskatt. Þetta er eitt þriggja frv. sem öll varða mikilvæga kerfisbreytingu á skattakerfinu. Hin tvö fjalla um breytingu á tollalögum og vörugjaldi. Þessar breytingar fela m.a. í sér eftirfarandi:

1. Lækkun tolla og afnám sex annarra gjalda.
2. Verulega fækkun undanþága og samræmdan söluskatt.
3. Öruggari tekjuöflun ríkissjóðs.
4. Bætt skattaskil.
5. Lækkun verðbólgu.

Þessar breytingar koma til framkvæmda um leið og tekið verður upp staðgreiðslukerfi skatta. Með þessum aðgerðum og ákvörðun um 22% virðisaukaskatt, sem tekinn verður upp í ársbyrjun 1989 þegar gamla söluskattskerfið verður afnumið, er lokið umfangsmestu þáttunum í boðaðri endurskoðun skattakerfisins.

Á síðustu árum hefur greinilega komið í ljós að söluskattskerfið uppfyllir ekki lengur þær kröfur um öryggi í framkvæmd og eftirlit með innheimtu sem verður að gera til þessa mikilvægasta tekjustofns ríkisins. Í því sambandi hefur einkum verið bent á það hve hinar fjölmörgu undanþágur frá skattskyldunni gera framkvæmd erfiða og óörugga. Mikill fjöldi undanþága, sem m.a. er afleiðing uppsöfnunaráhrifa söluskattsins í framleiðslustarfseminni, mælir með því að upp verði tekinn virðisaukaskattur hér á landi.

Vorið 1986 skilaði áliti sérstök nefnd skipuð af fjmrh. sem kannaði orsakir og umfang skattsvika. Í ábendingum sínum um leiðir til úrbóta er höfuðáhersla lögð á nauðsyn þess að einfalda skattakerfið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skattaeftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir."

Á síðasta áratug var ítrekað gripið til þess ráðs að undanþiggja í stórum stíl vélar og tæki til samkeppnisiðnaðar tollum og söluskatti. Á sama hátt hefur söluskattur verið felldur niður af ýmsum vélum og tækjum til fiskvinnslu og landbúnaðar í því skyni að skapa þessum atvinnugreinum betri starfsskilyrði. Þá var í vaxandi mæli farið að undanþiggja neysluvörur söluskatti, m.a. í því skyni að halda vísitöluhækkunum í skefjum og lokaskrefið í þessu undanþágufargani var stigið haustið 1978 þegar matvörur voru endanlega undanþegnar söluskatti til þess að halda aftur af fyrirsjáanlegri launahækkun þá. Þannig hefur skattsviðið smám saman verið að þrengjast en það hefur óhjákvæmilega leitt til hækkandi skatthlutfalls.

Það segir sig sjálft að því hærra sem skatthlutfallið er, þeim mun meiri verður ásóknin í undanþágur, enda ljóst að skatturinn getur haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og framleiðsluvara gagnvart keppinautum. Þessi þróun hefur þannig torveldað eftirlit með skilvísri skattheimtu

og vafalaust ýtt undir tilhneigingar til undandráttar.

Með þessu frv. er mörkuð ný stefna í þessum efnum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að efla öryggi í framkvæmd söluskatts að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt án nýs neysluskattakerfis sem tekur meira mið af þörfum atvinnulífs en söluskatturinn. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið markað þá stefnu að virðisaukaskattur verði tekinn upp í ársbyrjun 1989.

Þær breytingar sem söluskattsfrv. felur einkum í sér eru þessar:

1. Matvæli verða á ný að fullu söluskattsskyld. Það er staðreynd að engin aðgerð hefur grafið jafnmikið undan framkvæmd og eftirliti með skilum á söluskatti og afnám söluskatts af matvælum gerði á sínum tíma. Ástæðan er sú að mjög erfitt er að halda söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindum á smásölustigi. Til þess að ákvarða söluskattsstofninn hefur m.a. verið notast við sérstakar reiknireglur sem aldrei eru nægilega nákvæmar auk þess sem það er bæði erfitt og tímafrekt að koma við nauðsynlegu eftirliti með því að þeim sé framfylgt. Þessu fylgir mikil fyrirhöfn, bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð svo og fyrir skattayfirvöld.

Um það er engin spurning að þegar undanþágur söluskatts af matvælum hafa verið felldar niður verður söluskattsuppgjör matvöruverslana mikið einfaldara. Jafnframt verður eftirlit skattyfirvalda með söluskattsskilum mun auðveldara en nú er. Á þessu leikur ekki vafi. Þeir sem halda öðru fram hafa annaðhvort ekki kynnt sér málin nægilega vel eða tala þar gegn betri vitund.

Í tengslum við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á söluskattslögum hafa komið fram spurningar um það hvort ekki ætti að skylda smásölufyrirtæki, t.d. þau sem væru yfir ákveðinni stærð, til þess að nota löggilta innsiglaða búðarkassa. Raunar er það svo að skv. 17. gr. söluskattslaga er ráðherra heimilt að ákveða að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli notaður slíkur innsiglaður peningakassi.

Þessi mál voru á sínum tíma könnuð rækilega í nefnd sem skipuð var í júní árið 1980 af hæstv. þáv. fjmrh. Ragnari Arnalds til þess að gera tillögur um bætta innheimtu söluskatts. Í skýrslu nefndarinnar sem skilað var í mars 1981 kemur m.a. fram að nefndin taldi þetta bestu tryggginguna fyrir réttu uppgjöri söluskatts á staðgreiðslusölu. Á þessum tíma treysti nefndin sér þó ekki til að mæla með því að kassanotkun yrði gerð að skyldu, m.a. vegna þess að heildarvelta samkvæmt kassanum og söluskattsskyld velta var ekki sú hin sama. Það var vegna hinna fjölmörgu undanþága frá söluskatti, sér í lagi á matvælum. Nefndin gerði hins vegar tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum söluskatts sem m.a. gengu út á auknar kröfur um tekjuskráningu.

Með þeim breytingum sem hér er lagt til að komi til framkvæmda um áramót eru aðstæður gjörbreyttar. Þess vegna hef ég ákveðið að láta kanna það sérstaklega hvort ekki sé rétt að stíga þetta skref til fulls og skylda smásöluaðila til að nota löggilta peningakassa.

2. Aðrar breytingar sem frv. felur í sér eru að söluskattur verður á ný lagður á heilsuræktarstofur, nuddstofur, ljósastofur, aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum og fleiri skemmtunum sem um nokkurt skeið hafa verið undanþegnar söluskatti og kaup á einkaflugvélum og eldsneyti fyrir þær.

3. Fallið er frá skiptingu söluskatts í almennan söluskatt, 20%, og söluskattsauka, 2,5%, orkujöfnunargjald 1,5% og húsnæðisgjald 1%. (**Forseti:** Ég vil biðja menn að hafa hljóð, en ég er búinn að gera ráðstafanir til þess að láta athuga hvort magnarakerfið sé í lagi því það hefur verið kvartað undan því að það sé ekki með venjulegum hætti. Það verður skoðað.) Sé svo, herra forseti, þá skal ég brýna raustina.

4. 6. og 7. gr. laganna sem fjalla um undanþágur eru felldar saman í eina grein og hún gerð fyllri þar sem gert er ráð fyrir að heimild ráðherra skv. 20. gr. gildandi laga til þess að undanþiggja vörur eða þjónustu söluskatti verði afnumin. Af þessu leiðir að undanþágur, sem má rekja til þessarar heimildar, falla niður. Þær undanþágur, sem ákveðnar hafa verið með þessum hætti og ekki þykir rétt að afnema, er því að finna í 3. gr. frv.

5. Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir árið 1988 er talið óeðlilegt að í fjárlögum sé kveðið á um víðtækar heimildir til niðurfellingar eða lækkunar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts. Þetta hefur verið lenska á undanförnum árum eins og 6. gr. fjárlaga ber vitni um. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að fjárlög verða afgreidd með öðrum hætti en venjuleg lög og því vafasamt að ákveða í þeim efnisreglur um skattaleg málefni. Það er miklu eðlilegra að hafa þessar heimildir í viðkomandi skattalögum. Í samræmi við þetta er í 4. gr. frv. að finna ýmsar undanþáguheimildir sem annars hefur verið að finna í 6. gr. fjárlaga. Á sama hátt er lagt til að undanþáguheimildir sem nú eru í sérlögum, t.d. lögum um Jarðboranir hf., Vísindaráð og Vísindasjóð verði framvegis í lögum um söluskatt þar sem þær eiga í raun heima. Með þessum hætti verður söluskattslöggjöfin heildstæðari en ella.

6. Loks er gerð tillaga um að færa ýmsar lágmarksfjárhæðir laganna upp í samræmi við verðlagsþróun.

Þá er þess að geta að samhliða er gert ráð fyrir hækkun á sérstökum söluskatti af sérfræðiþjónustu sem ákveðin var með brbl. nr. 68/1987, úr 10 í 12%.

Þær breytingar á söluskatti sem felast í þessum frumvörpum eru sem fyrr segir nátengdar umfangsmiklum breytingum á lögum um tollskrá og vörugjald. Jafnhliða samræmingu söluskatts og vikkun skattstofns verða tollar lækkaðir og sex mismunandi vöru- og aðflutningsgjöld lögð niður. Í stað þeirra verður tekið upp eitt vörugjald, 14%, sem leggst á

nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka. Um þetta er fjallað nánar í tveimur sérstökum frumvörpum sem verið hafa til umræðu.

Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalds verður mætt með tekjum af breiðari söluskattsstofni.

Mikilvægt er að það komi skýrt fram að þessar kerfisbreytingar fela ekki í sér aukna skattbyrði á almenning frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., heldur er einungis verið að færa tekjuöflunina á milli einstakra tekju- og gjaldstofna. M.ö.o., þeir rúmlega tveir milljarðar kr. sem kerfisbreytingin skilar umfram áætlun fjárlagafrv. fara rakleiðis út aftur í auknum niðurgreiðslum á helstu nauðsynjavörum, hærri ellilífeyri og auknum barnabótum. Skattbyrðin er því óbreytt fyrir og eftir breytinguna.

Á hinn bóginn standa vonir til þess að kerfisbreytingin auðveldi skatteftirlit og geri innheimtu um leið skilvirkari. Þetta ætti að leiða til bættra skattskila þegar á næsta ári og færa ríkissjóði þar með auknar tekjur. Þetta kalla ég hins vegar ekki aukna skattbyrði, heldur minni skattundandrátt.

Þær umfangsmiklu breytingar sem hér er gerð tillaga um hafa auðvitað margvísleg áhrif á vöruverð. Heildaráhrif þessara breytinga á verðvísitölur að teknu tilliti til niðurgreiðslna eru þessi: Framfærsluvísitala breytist ekki. Byggingarvísitala lækkar, lánskjaravísitala lækkar. Breytingar á vöruverði eru í meginatriðum þessar:

Mikilvægustu búvörur hækka ekki í verði. Aðrar matvörur ýmist lækka, standa í stað eða hækka en hækkun þeirra er metin að meðaltali um 7%. Tollalækkanir og afnám hinna ýmsu vörugjalda leiða jafnframt af sér lækkun fjölmargra vörutegunda. Þar á meðal er ýmis matvara, hreinlætis- og snyrtivörur, borðbúnaður og búsáhöld, íþróttavörur og hljómtæki, reiðhjól og ritvélar, barnavagnar, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Heildaráhrifin af öllum þessum aðgerðum eru þau að ekki er um að ræða hækkun á framfærslukostnaði heimilanna samkvæmt framfærsluvísitölu. Það er mikilvægt að almenningur sé ekki blekktur með villandi upplýsingum um stóraukin útgjöld vegna þessara aðgerða því að sannleikurinn er sá að útgjöld meðalfjölskyldu á Íslandi, hjóna með tvö börn eins og þau mælast í vísitölu framfærslukostnaðar, haldast óbreytt og er það kjarni þessa máls.

Að því er aðrar fjölskyldur varðar, t.d. barnafjölskyldur og eldra fólk, er svarið þetta: Þótt þessar aðgerðir komi út á sléttu gagnvart meðalfjölskyldunni hefur ríkisstjórnin ákveðið að til viðbótar við auknar niðurgreiðslur skuli varið 600 millj. kr. á næsta ári í auknar lífeyrisgreiðslur og barnabætur. Þessari fjárhæð verður þannig varið að um það bil helmingur hennar rennur til þess að hækka lífeyrisgreiðslur um áramótin þannig að heildarhækkun bótagreiðslna verði að meðaltali 7%, þ.e. jafnmikil og nemur áætlaðri hækkun á matvælum vegna aðgerðanna. Hinn helmingur fjárhæðarinnar verður notaður til þess að hækka barnabætur og barnabótaauka um 10% frá áramótum. Jafnframt verður ákveðinni fjárhæð varið til þess að hækka skerðingarmörk í barnabótaauka sérstaklega ef börn eru fleiri en eitt. Þessi hækkun barnabóta og barnabótaauka svarar til um 5 þús. kr. á hvert barn á ári að meðaltali. Með þessum viðbótaraðgerðum til tekjujöfnunar er því enn frekar dregið úr áhrifum hækkunar á matvælaútgjöldum að þessu sinni hjá barnmörgum og tekjulágum fjölskyldum.

Eitt atriði er ástæða til að nefna. Það er nauðsyn þess að vel sé fylgst með framkvæmd þessara breytinga um áramót. Þetta á alveg sérstaklega við um þau tilvik þar sem vöruverð á að lækka vegna tollalækkunar og/eða niðurfellingar vörugjalda. Það er auðvitað alltaf einhver hætta á að þessar lækkanir skili sér ekki að fullu til hins almenna neytanda. Besta leiðin til þess að draga úr þessari hættu er að efla verðskyn neytenda. Viðskrh. hefur þegar falið Verðlagsstofnun að gera sérstakar verðkannanir í verslunum fyrir og eftir áramót og koma upplýsingum jafnharðan á framfæri við neytendur. Þetta er ákaflega brýnt og mikilvægt að vel sé að því staðið. Auk þess er mikilvægt að koma upplýsingum um líkleg áhrif skattbreytinganna á almennt verðlag á framfæri við neytendur eins fljótt og kostur er til þess að stuðla að virkara verðlagseftirliti.

Herra forseti. Með þeim breytingum á tolli, vörugjaldi og söluskatti sem áformaðar eru um næstu áramót samkvæmt þessum þremur frv. er stefnt að verulegri einföldun á núgildandi skattakerfi. Með þeim kemst á betra samræmi milli verðhlutfalla hér innan lands og erlendis og ekki síður milli innlendrar og erlendrar vöru, en undanfarin ár og jafnvel áratugi hafa eðlileg verðhlutföll milli einstakra vörutegunda meira og minna brenglast. Ástæðurnar fyrir þessu eru sjálfsagt margvíslegar og vafalaust hefur verið hægt að réttlæta ýmsar þeirra á sínum tíma. Hitt er jafnljóst að þegar litið er á verðmyndun í landinu í samhengi blasir víða við verulegt misræmi í verðlagningu. Það má telja fullvíst að þetta misræmi hafi óheppileg áhrif á eðlilega verðmyndun hér á landi, bæði með óhagkvæmari innkaupum og lægra vöruverði en ella. Enn fremur hefur það vafalaust í mörgum tilvikum ýtt undir óeðlilega viðskiptahætti og þannig í reynd stuðlað að undandrætti frá skatti. Þess vegna er orðið tímabært að vinda ofan af þessu kerfi og gera það auðveldara í framkvæmd og eftirliti, en það er megintilgangur þessarar kerfisbreytingar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get ekki svarið fyrir að ég hafi náð að heyra hvert einasta orð sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, en ég tók ekki eftir því að hann fjallaði

um hin nýju stórtíðindi í matarsköttunum sem eru tilboð ríkisstjórnarinnar eða áform um að greiða að einhverju leyti til baka söluskatt af fiski. Ég tel rétt að við hefjum þessa umræðu á því að fá þau mál á hreint, hvað felst í því mikla kostaboði og hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að standa að því, hvort það sé þegar ákveðið eins og heyra mátti á hæstv. forsrh. í gær. — Herra forseti. Ég sé nú ekki nokkra ástæðu til að halda áfram umræðum um söluskatt ef hvorki hæstv. fjmrh. eða forsrh. eru viðstaddir. (**Forseti:** Það munu verða gerðar ráðstafanir til að aðvara þá.) Ég fæ mér bara vín hússins á meðan, forseti. Þetta er frá Langjökli og það gæti verið býsna gamalt.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er mættur til leiks og það væri að mínu mati mjög æskilegt ef hæstv. forsrh. væri í húsinu og vildi heiðra okkur með nærveru sinni vegna þess að hann hafði orð fyrir hæstv. ríkisstjórn í útspilinu mikla um söluskattinn á fiski. Ég tel alveg nauðsynlegt að fá það á hreint hvað í því tilboði felst, hvernig meiningin er að standa að þessari hlutaendurgreiðslu söluskatts af neyslufiski því að það er þá nauðsynlegt að fá það útskýrt hvers vegna það er allt í einu í lagi að taka eina slíka vörutegund út undan þar sem helstu rökin fyrir matarsköttunum, pakkanum sem slíkum, hafa verið þau að það megi ekki vera neinar undanþágur, það megi ekki vera neinir flokkar undandregnir því þá hverfi hin mikla skilvirkni og hinn mikli árangur af matarsköttunum.

Það væri kannski líka ástæða til, herra forseti, að rifja ofurlítið upp atburði gærdagsins, bæði þá sem áttu sér stað í þessu húsi og eins þá sem urðu uppi í Stjórnarráði að mér skilst þegar hæstv. ríkisstjórn fékk á fund sinn hluta af framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins. Ég held að það sé ekkert leyndarmál, enda hafa hv. stjórnarliðar túlkað að sínum geðþótta þau orðaskipti og þær viðræður sem fóru fram í gær milli stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna og ég tek mér þá það sama leyfi að segja mína útgáfu af þeim málum og það er vel við hæfi, herra forseti, að ræða það hér þar sem um var að ræða útspil eða tilboð sem gekk út á að breyta þeim söluskattsinnheimtum sem hér er verið að ræða um í frv. Og það var þannig að hæstv. ríkisstjórn kom með það stóra tromp að endurgreiða að einhverjum hluta til söluskatt af matfiski eða neyslufiski, niður undir 10% að okkur skildist. Þó var það ekki skilgreint nánar og um aðferðafræðina sjálfa var ekki fjallað út í hörgul, en það var upplýst að þetta gæti kostað upp undir 160 millj. kr. og þótti náttúrlega hæstv. ríkisstjórn vel boðið. Peningarnir áttu ekki að koma af himnum ofan, heldur hafði hæstv. ríkisstjórn hugkvæmst að taka upp hugmynd sem ég setti fram á fundi fjh.- og viðskn. á föstudaginn og felst í því að leggja vörugjald á snyrtivörur. Þannig er með hæstv. ríkisstjórn að henni hafði ekki hugkvæmst að það er ofurlítill eðlismunur á vörugjaldi og tollum og vegna þess að einhverjir menn bauka við það hér úti í bæ að hella ilmvatni af kútum yfir á glös og saga niður varalit og troða honum ofan í hólka er til snyrtivöruiðnaður á Íslandi og það þýðir að fróðra manna sögn að við getum ekki lagt á tolla því að hér er um samkeppnisiðnað að ræða, ekki satt, hæstv. fjmrh.? En einhvern veginn hafði þessi ógæfa slegið stjórnarsinna svo út af línunni að þeir höfðu haft snyrtivöruflokkinn sem slíkan vörugjaldslausan einnig þannig að hann var með öllu án álaga í þeim tolla- og vörugjaldafrv. sem hv. fjh.- og viðskn. Nd. var þarna að byrja að vinna að. Ég kom þá með þá hugmynd og bað um að það yrði athugað hvort ekki væri unnt að leggja fullt vörugjald á þennan flokk. Af hagræðingarástæðum var ákveðið að undanskilja sápur eða sjampó, en að öðru leyti yrði snyrtivaran öll, eins og hún leggur sig, þ.e. varalitirnir margfrægu, sem hæstv. fjmrh. hefur rækilega vakið athygli á að eigi að lækka, og ilmvötn og rakspírar og hárlökk og einhver krem og ég kann varla að nefna alla þessa hluti, sett í flokk og á hana látið ganga fullt vörugjald.

Þessi hugmynd mín varð slíkur innblástur á heimili hæstv. ríkisstjórnar að hún var orðin að drifkraftinum í tilboðinu mikla um niðurgreiðsluna á fiski sólarhring síðar. Þá voru stjórnarsinnar búnir að láta reikna það út að þetta vörugjald gæti gefið, ef ég man rétt, einar 120 millj., 120 eða 140, ég man ekki hvort heldur var, alla vega langleiðina upp í söluskattsniðurgreiðsluna á fiskinum þannig að þarna átti náttúrlega að taka úr einum vasanum í annan.

Gott og vel. Ég er efnislega hjartanlega sammála því að það sé skynsamlegra að leggja álögur á snyrtivörur, enda hugmyndin frá mér komin, og verja þeim peningum með einhverjum skynsamlegum hætti, til að mynda til að niðurgreiða matfisk. Það er ágætishugmynd. En er þá ekki hægt að halda áfram á þessari braut, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.? Eigum við ekki bara að leggja saman? Ég skal koma með góðar hugmyndir um það hvar er hægt að taka inn tekjur með þessum hætti og síðan verðum við örugglega ekki í neinum vandræðum með að eyða þeim á þann hátt sem er hagstæður fyrir almenning í landinu.

Hvernig væri t.d. að leggja vörugjald á einhverja aðra viðlíka þarfa málaflokka og þetta jukk sem menn eru með framan í andlitinu á sér og verja því t.d. til að niðurgreiða innlent grænmeti? Og svo má áfram telja. Ég held nefnilega að það felist miklir möguleikar í þessu — ef hæstv. ríkisstjórn hættir að hanga eins og hundur á roði á því að leggja skatt á alla matvöruna. Það er það sem málið snýst auðvitað um.

Það væri gaman, herra forseti, að fara aðeins ítarlegar yfir gærdaginn. Þetta var auðvitað alveg sérstaklega skemmtilegt allt saman og einstaklega er það ánægjulegt þegar maður fær svo að vita það að það sem átti að láta mann kaupa var þegar selt öðrum eða gefið öðrum og það vakti athygli mína þegar ég sá dagskrá Nd. Alþingis á skrifstofu minni í morgun að hið mikla ágreiningsmál sem ríkisstjórnin af miskunn sinni ætlaði að bjóðast til að fresta fram

yfir áramót er ekki meira kappsmál en svo að það er horfið út af dagskrá deildarinnar. Það væri ástæða til þess að hæstv. forseti okkar segði okkur ofurlítið um það hvort þetta sé bara allt í lagi með verkaskiptinguna og við megum kannski vænta þess að hafa hana ekki frekar fyrir augunum fyrr en einhvern tíma á vorþingi. Forseti á eflaust eftir að taka til máls síðar við fundarstjórn, þannig að ég skýt þessu svona að honum til íhugunar og hann svarar því kannski síðar.

Nei, ég held að það sé alveg ástæða til þess að ræða svolítið ofan í kjölinn um þessa matarskattahugmynd, þessa krataskattahugmynd sem hæstv. ríkisstjórn leggur hreinlega líf sitt við, að koma þessum sköttum á matvæli. Það er rétt að fara aðeins yfir rökin hjá hæstv. fjmrh. Ef hann sæist hér augnablik, herra forseti, væri það til mikils hagræðis. Það er leiðinlegt að vera að leita að honum hér í sölunum. Ég var farinn að horfa undir borð og stóla hvort hann hefði skriðið einhvers staðar undir bekki kannski. Það er sennilega ekki, hann er hér í hliðarsal. Hæstv. forsrh. er hins vegar gufaður upp. (**Forseti:** Það skal upplýst að hann er hér í salnum.) Nú, þetta er mjög ánægjulegt. Eru báðar stórstjörnurnar hér?

Við skulum aðeins fara yfir það hvort þetta er svona eins og hæstv. fjmrh. er algjörlega búinn að sannfæra sjálfan sig um, enda búinn að segja þetta eitthvað á annað hundrað sinnum, hundrað sinnum á fundunum frægu og nokkrum tugum sinnum í viðbót a.m.k. hér, að vandinn í söluskattskerfinu sé það að matvaran hafi ekki verið skattlögð. Við skulum aðeins ræða það, hæstv. fjmrh. Er það nú tilfellið? Er hæstv. fjmrh. m.ö.o. að segja að helstu söluskattssvikarar þjóðfélagsins séu matvöruverslanirnar. Það séu þær búðir sem selja í bland matvörur og aðrar vörur, nýlenduvörur og matvörur, kjöt og fisk og mjólk og svo föt og iðnaðarvörur. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. fjmrh. sé með þessu sífellda stagli, að þetta sé vandamálið í söluskattskerfinu, að bera öll skattsvikin upp á þessa aðila. Og hverjir eru nú stórtækastir á þessu sviði? Það eru stórmarkaðirnir. Það eru Hagkaup, það er Mikligarður og það eru aðrir slíkir aðilar. Er að trú hæstv. fjmrh. að helstu söluskattssvikin í landinu séu í þeim verslunum þar sem mest fer fram af sölu á blönduðum varningi, matvöru annars vegar og öðrum þeim vöruflokkum sem hafa verið undanþegnir söluskatti, fyrst og fremst matvara, og svo hinum sem bera söluskatt. Ég held að það sé ástæða til að hæstv. fjmrh. fari nú að tala skýrt og kveði upp úr um það. Er það sem sagt hans skoðun? Er þá ekki ástæða til að fara í svolitla úttekt á þessum aðilum? Hæstv. fjmrh. nefnir stundum stórar tölur þegar hann talar um skattsvikin í landinu, söluskattssvikin í landinu og nú segir hann aftur og aftur og aftur: Þetta er meginvandamálið, að ákveðnir vöruflokkar, matvaran, hefur verið undanþegin söluskatti. Þetta er meginvandinn. Þarna liggur undandrátturinn.

Ég er ekki sammála hæstv. fjmrh. Ég held að þetta sé bull og viti hæstv. ráðherra ekki betur er rétt að fræða hann aðeins, hann sem hefur talað allra manna mest og allra manna hæst og á allra flestum fundum um söluskattssvik og hið ónýta skattkerfi. Og er hann svo kominn að þeirri niðurstöðu að það séu stórmarkaðirnir, sem eru auðvitað með mjög þaulskipulagt kerfi, bæði innra eftirlit og eins uppgjörseftirlit til yfirvalda, að þar liggi hundurinn grafinn? Það er fljótlegt að fara niður listann af þeim aðilum sem mest selja af varningi af þessu tagi. Ég hygg að það þurfi ekki að fara upp í ýkja marga tugi stærstu stórmarkaðanna hér á þéttbýlissvæðinu og í helstu kaupstöðunum til þess að vera búnir að ná inn mjög stórum hluta af vörusölunni í landinu hvað þetta varðar. Ef menn hafa virkilega trú á því að þetta sé rétt hjá hæstv. fjmrh., að þarna liggi hundurinn grafinn, er það þá svo óleysanlegt verk að fara ofan í saumana á því? Nei, auðvitað ekki. Enda vita allir að vandinn liggur ekki þar. Það kemur fram í þeirri skýrslu, sem hæstv. fjmrh. hefur oft og tíðum vitnað í en gerir það ekki beint í þessu samhengi, að vandinn er annars staðar, bæði hvað varðar eftirlit og trúlega umfang skattsvikanna. Það er auðvitað hjá hinum fjölmörgu smáu eða smærri aðilum sem eru með ýmiss konar vörusölu og þjónustuviðskipti. Þar eru erfiðleikarnir vegna þess að þar er orðið um gífurlega erfitt og stórt mál að ræða ef á að fara að hafa eitthvert eftirlit. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna í þessa merku skýrslu, skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika, kom hér inn á Alþingi 18. apríl 1986. Þetta er alveg gagnmerk skýrsla, enda hefur oft verið til hennar vitnað. Og við skulum fara aðeins hér í niðurstöðurnar, samandregnar niðurstöður, til þess að flýta fyrir þingstörfunum og vera ekki að lesa þetta ítarlega í köflum, heldur fara í hinar samandregnu niðurstöður. Ég geri þetta með sérstöku tilliti til þeirra anna sem hér eru. (**ÓÞÞ:** Það mætti lesa hana alla.) Það mætti auðvitað og væri mjög þarft verk, hv. þm., en ég er auðvitað eins og ævinlega allur af vilja gerður og ég ætla þess vegna að reyna að notast við hinar stuttu samandregnu niðurstöður til þess að sýna hæstv. fjmrh. fram á að hann er á verulegum villigötum. Og með leyfi þínu, forseti, ætla ég að lesa ofurlítið:

„Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum kr. árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu.

Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla um 2,5–3 milljarða kr. árið 1985.“ Um þetta er fjallað ítarlegar í kafla 4.2 sem hv. þingdeildarmenn geta þá flett upp í ef þeim nægir ekki þessi skjóta yfirferð.

„Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar (4.4.5) og matsaðferðarinnar (4.3) eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi:

a. Byggingarstarfsemi [það er ekki matvöruverslun, það er byggingarstarfsemi].

b. Persónuleg þjónustustarfsemi (s.s. bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv. [Enn bólar ekkert á matvöruversluninni, ekki baun.]

c. Iðnaður, [og svo kemur loksins] verslun, veitinga- og hótelrekstur." Verslunin er í c-lið inni á milli annarra hluta talið og það er ekkert minnst þar sérstaklega á matvöruverslun. Það er væntanlega átt við alla verslun í landinu, ekki síður hina smáu aðila sem eru að selja í turnum og sjoppum úti um víðan völl. Ég leyfi mér að halda því fram að í þessu felist ekki rök fyrir því að það séu þær stærri verslanir sem hafa á boðstólum bæði eitthvert umtalsvert magn af söluskattslausri matvöru og öðrum vörum sem þarna eru sérstaklega fram taldar. Ég fullyrði það. Það er einfaldlega þannig, ef menn fara út í verslanir, að það er ekki fyrr en komið er upp í nokkuð stærri verslanir sem þær hafa það vöruúrval að vera bæði með ferska matvöru, matvöru í kæliborðum og aðra slíka vöru sem hefur verið söluskattslaus og eitthvert umtalsvert magn af öðrum vörum. Þetta vita þeir sem hafa einhvern tíma farið út að versla, sem kaupa í matinn fyrir sjálfa sig þó ekki sé annað. En það er eins og hæstv. fjmrh. sé algjörlega búinn að færa það verkefni yfir á konu sína eða a.m.k. kemur það ekki fram í vitneskju hans að hann átti sig á því hvernig þetta gengur fyrir sig í landinu.

Nei, þetta er svona, herra forseti, og það er alveg nauðsynlegt að fara þá bara dálítið ofan í saumana á þessu. Hvað er hæstv. fjmrh. eiginlega að meina hér? Ég segi: Hann er að bera söluskattssvikin upp á þessa aðila. Hann er að gera það, hæstv. ráðherra, með því að fullyrða það að vandamálið hafi legið í þessu, vandamálið hafi legið í því að í nokkrum tugum eða hundruðum af stærri verslunum í landinu séu menn að selja söluskattsfrjálsar matvörur og aðrar vörur í einni og sömu búðinni. En hann minnist ekki á í þessum röksemdum sínum fyrir matarskattinum að meginniðurstöður skattsvikanefndarinnar voru allt, allt aðrar greinar og ég ætla að lesa þetta aftur með leyfi þínu, herra forseti:

Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunarinnar og matsaðferðarinnar eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi: Byggingarstarfsemi, og það er enginn smágeiri í þjóðfélaginu, persónuleg þjónustustarfsemi, svo sem bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv., þ.e. það er allur sá geiri sem er persónuleg þjónustustarfsemi af þessu tagi, þar sem einhver vörusala fer fram í bland gjarnan, eins og þeir vita sem hafa komið inn á dekkjaverkstæði eða hárgreiðslustofu og keypt sér þar rakspíra í leiðinni eða eitthvað slíkt. En það er líklega þannig að hæstv. fjmrh. er búinn að velta þessu líka yfir á konu sína. Það er eins og hann kunni ekki á þetta heldur. Væntanlega þarf hann þó að fara til rakara sjálfur. Síðan kemur þarna iðnaður, verslun og veitinga- og hótelrekstur.

Síðan er haldið áfram í þessum stuttu samandregnu niðurstöðum og sagt:

„Helstu ástæður skattsvika teljum við vera þessar:

a. Flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.

b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast . . ." Allt á þetta í raun og veru meira við skattagreiðslur einstaklinga og tekju- og eignarskatta en söluskattinn nema ef vera skyldi hið fyrsta að einhverju leyti.

„c. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri." Þetta er auðvitað alveg rétt og hefur lengi verið vitað og það er eins og fagmenn segja: Það er svo mikill þjófnaðarhvati í kerfinu vegna þess að það er svo hár skatturinn. Það heitir á vinnumáli þjófnaðarhvati og þetta er alveg rétt. En hvað er hæstv. fjmrh. að gera núna í sambandi við þjófnaðarhvatann, þessa háu skattprósentu? Hann ætlar að halda henni alveg jafnhárri og hún hefur nokkurn tíma áður verið þó að hann breikki skattstofninn geysilega. Það er mjög umhugsunarvert efni. Það er sem sagt ekki meiningin hjá hæstv. fjmrh. með því að breikka skattstofninn nánast út um allt þjóðfélagið þannig að það er leitun að hlutum sem ekki eru skattlagðir að reyna á móti að lækka skattprósentuna einmitt líka til þess að draga úr þjófnaðarhvatanum. Nei. Hæstv. fjmrh. hefur dottið svo illa á höfuðið frá því að hann hélt ræður á síðasta þingi að nú kemur hann upp í ræðustólinn galvaskur og rökstyður 25% söluskatt á alla vöru og þjónustu næstum að segja í landinu. Það er ástæða til að ræða þetta líka ofurlítið nánar við hæstv. fjmrh. þó ekki væri nema næstum að segja af sálfræðilegum ástæðum með það í huga hvernig hann talaði um þessi efni hér á síðasta þingi, hæstv. ráðherra, þáv. hv. þm. og formaður Alþfl. eins og hann reyndar er enn þann dag í dag, því að slík voru ræðuhöld hæstv. ráðherra hér á hinu háa Alþingi sl. vetur. Slík var fordæming hans á hinni háu skattprósentu, að það er alveg nauðsynlegt að fara ofan í það hvernig stendur á þessum sinnaskiptum og ég mun gera það nú í næsta efnisþætti ræðu minnar.

En áður en ég segi alveg skilið við þetta um söluskattssvikin í tengslum við matvörudreifinguna vil ég að hæstv. ráðherra, ef hann ætlar að láta taka mark á sér á annað borð — hann hefur líka punktað þetta niður með sínum rauða penna eins og ég sé — komi hér í ræðustólinn og segi eitthvað meira en bara að fullyrða að vandinn í söluskattskerfinu hafi legið í því að ákveðnar tegundir matvöru hafi verið undanþegnar. Mér duga ekki fullyrðingar af því tagi þegar ég hef fyrir framan mig skýrslu skattsvikanefndarinnar sem segir annað og þegar ég hef bara mína staðþekkingu á þessum hlutum. Ég tel að þeir stóru dreifingaraðilar eins og stórmarkaðirnir séu einhverjir traustustu gjaldendur söluskatts í landinu. Ég leyfi mér að fullyrða það og er það þó ekki

sérstakt hlutskipti mitt í lífinu að standa hér í málsvörn fyrir Hagkaup eða aðra slíka aðila og hefur ekki verið. En þetta skal ég segja vegna þess að þar er um mikla veltu að ræða, þar er þróað skipulag, bæði innra eftirlitsskipulag og uppgjörskerfi við hið opinbera. Ég vil að hæstv. fjmrh. komi hér og svari því: Er hann að tala um þessa aðila sem eru með stóran hluta vörudreifingar í landinu á þessu sviði eða ekki? Ber að skilja hæstv. ráðherra svo sem það séu alveg sérstaklega Hagkaup og Mikligarður og KRON og Víðir og Jón Loftsson og KEA á Akureyri og þessir aðilar sem eru kannski með stærstu einingarnar í þessari dreifingu sem séu vandamálið í þessum efnum? Eða hvað á hæstv. ráðherrann við?

Þá förum við yfir í skattprósentuna. Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra skuli þenja söluskattsstofninn út um víðan völl en engu að síður ætla að halda honum jafnháum og hann var fyrir? Hver er skýringin á því? Hvað er hér á ferðinni? Nú gefur það auðvitað auga leið að það er meiningin að taka alveg geysilegar viðbótartekjur inn í ríkissjóð með þessari nýju söluskattsinnheimtu og látum það vera. Auðvitað er gott að ríkissjóður fái aura og ekki ætla ég að fara að tala sérstaklega gegn því en hef auðvitað margoft bent á að það eru til fleiri leiðir.

Það væri hægt að ná svipuðum eða sambærilegum tekjum inn með ýmsu öðru móti þó að þar væri ekki gengið jafnlangt fram í skattheimtu, þ.e. innheimtu söluskatts. Þar kæmi náttúrlega tvennt til, annars vegar að undanþiggja einhverjar vörur eða tvennt eða þrennt, hins vegar að færa tiltekna vöruflokka niður á lægra söluskattsþrep og svo auðvitað í þriðja lagi að lækka prósentuna heilt yfir. Allt þetta kemur til greina.

En niðurstaðan er ekki sú. Niðurstaðan er sú að hæstv. ráðherra tekur upp nokkrar nýjar greinar þjónustu og leggur á þær söluskatt sem nú á að hækka um áramótin úr 10% í 12% og tekur síðan allar vörur, næstum því að segja sem finnast í landinu, og skellir yfir þær 25% söluskatti. Ég hirði ekki að rekja þessar undanþágugreinar því að þær eru það léttvægar fyrir allan almenning í landinu og ég ætla ekki að lasta það. Það er vissulega til bóta það sem þar er undanþegið í 3. gr.

Hæstv. ráðherra hélt hér á Alþingi sl. vetur mjög miklar ræður um skattamál og þá talaði hann m.a. þegar til umræðu var frv. um virðisaukaskatt. Það var hæstv. þáv. fjmrh. og hæstv. núv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, sem mælti fyrir frv. til laga um virðisaukaskatt á þskj. 227. Þar var nú framtíðarríkið boðað og er reyndar enn þá. Hinn margþráði virðisaukaskattur. Það urðu auðvitað um þetta, eins og oft þegar viðamikil skattamál eru til meðferðar hér á Alþingi, miklar umræður eins og auðvitað gætu orðið í dag af því að hér er viðamikið skattamál til meðferðar. Í þeirri umræðu tóku þátt hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Og hann var nú ekki að korta með stóru orðin í þeirri umræðunni og ég held að ég verði sagnfræðinnar vegna og samhengisins að lesa ákveðna kafla upp úr ræðu hæstv. núv. fjmrh. og fara svona í rólegheitum yfir þetta með honum hvað hér hefur skeð. Hann hóf ræðu sína svona með leyfi þínu, herra forseti:

„Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. fjmrh. á þá leið að þrír stjórnmálaflokkar hafi lýst yfir stuðningi við tillögur um virðisaukaskatt vil ég taka það fram strax í upphafi máls míns að þingflokkur Alþfl. styður ekki þetta frv. Ég hef líka ástæðu til að ætla að því fari fjarri að stuðningur við þetta frv. sé víðtækur innan raða stjórnarflokkanna."

Síðan veltir hæstv. ráðherra, þáv. hv. þm., vöngum yfir því að einn og einn þm. í Framsfl. sé ekkert sérstaklega spenntur fyrir þessu frv. og það mun hafa verið rétt hjá hæstv. ráðherra ef ég man rétt. Síðan heldur hæstv. fjmrh. áfram þarna í ræðu sinni:

„Þetta segi ég strax til þess að taka af allan vafa um afstöðu okkar þingflokks vegna þess að hitt er rétt að við erum opnir til viðræðna við aðra stjórnmálaflokka um það að taka upp virðisaukaskatt sem slíkan" — já, enda stóð ekki á því, það kom síðar í ljós — „sem hefur út af fyrir sig nokkra kosti umfram það söluskattskerfi sem við höfum þekkt á undanförnum árum, en þá því aðeins að sú löggjöf fullnægi mjög ströngum skilyrðum. Úr því sem komið er teljum við eðlilegast að endurskoðun skattkerfisins, sem auðvitað er löngu tímabær, verði tekin upp í heild sinni á vegum nýrrar ríkisstjórnar." Hvað varð. „Alla vega sýnist mér auðsætt að úr því sem komið er verði það ekki á valdi þessa þings að ná þeirri æskilegu samstöðu um þessa heildarendurskoðun sem út af fyrir sig er ef ekki forsenda þá a.m.k. veigamikill þáttur í því að taka upp svona róttækar breytingar á skattalöggjöfinni í heild."

Svo kemur ágætisklausa sem er gott að rifja upp fyrir hæstv. fjmrh.

„Í því efni bendi ég sérstaklega á að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og um virðisaukaskatt. Vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi sinn við það, með því að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaprósentu eða ekki."

Þetta er nú fín setning fyrir menn að hafa hér inni í skattasamhenginu og ég er að hugsa um að afmarka hana vel þannig að ég finni hana hvenær sem ég þarf á henni að halda. Þetta er slíkt gullkorn frá hæstv. fjmrh. Ég ætla að leyfa mönnum að heyra þetta aftur með leyfi þínu sem ég veit að er góðfúslega veitt. Þetta er hæstv. núv. fjmrh., þáv. hv. þm. og formaður Alþfl., sem talar sl. vetur og hann er að fjalla um möguleikana á því að Alþfl. styðji heildarendurskoðun skattakerfisins með þessum orðum:

„Í því efni bendi ég sérstaklega á að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og um virðisaukaskatt. Vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi

sinn við það, með því að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaprósentu eða ekki.“

M.ö.o., hæstv. fjmrh. ætlaði ekki bara að lækka söluskattsprósentuna sem var allt of há sl. vetur eða virðisaukaskattinn. Hann ætlaði líka að lækka tekjuskatt af launum. Hver er niðurstaðan hjá þessum hæstv. ráðherra ef þessi ósköp ganga hér í gegnum þingið? Hún er sú að greiðslubyrði tekjuskatts almennra launa þyngist um 25% milli ára ef staðgreiðslukerfið kemst á og fleiri, fleiri milljarðar verða teknir af almenningi í viðbót í matarsköttum með sömu söluskattsprósentu eftir að búið er að fletja hana út yfir næstum því alla vöru og þjónustu í landinu. Þetta er slík firn, herra forseti, þetta er slík umpólun að ég get helst líkt þessu við það sem skeð hefur nokkrum sinnum í jarðsögunni að segulsvið jarðarinnar umpólast og norðurpóll verður suðurpóll og suðurpóll norðurpóll með geysilegum afleiðingum fyrir allt dýralíf og náttúrufar á jörðinni. Slík firn hafa gerst nokkrum sinnum í jarðsögunni og eru gagnlegar vísbendingar og aldurskvarðar í jarðlögum, en það er eitthvað af þessu tagi sem hefur gerst í pólitískri sögu Alþfl. Þessi hrikalegu sinnaskipti hæstv. fjmrh. eru af þessari stærðargráðu. Sem pólitísk niðurlæging fyrir Alþfl. hlýtur þetta að jafnast á við það versta sem sá flokkur hefur upplifað í sögu sinni og er hún þó orðin býsna löng, a.m.k. á mælikvarða íslenskrar stjórnmálahreyfingar.

Ég held að ekki sé hægt að sleppa hæstv. fjmrh. við það að rökstyðja ofurlítið betur nauðsyn þess að halda í 25% skattprósentu á miklu breiðari skattstofn en hann var að fjalla um sl. vetur. Það kemur ekkert fram um það í þessari klausu.

Ég get leyft mönnum að heyra nokkrar fleiri perlur úr þessu safni hæstv. fjmrh. Annars hvet ég menn til þess, af því að ég vil ekki lengja fundi hér með ástæðulausum upplestri, að ná sér í þingtíðindin þessa daga, 8., 9., 10., 11., 12. og 13. des. sl., þegar við vorum hér í rólegheitum að ræða skattamál og lesa bara fyrir sig sjálfa þessar perlur hæstv. núv. fjmrh. Hann segir á einum stað, það er í dálki 1467. Ekki hefur nú verið búið að tala mikið þegar þetta var í desember:

„Lítum aðeins nánar á fyrstu röksemdina“, segir hæstv. núv. fjmrh. „að skattprósentan sé allt of há, 24%. Rökin fyrir því að hverfa frá núverandi söluskattskerfi eru mörg. Menn segja í fyrsta lagi: Söluskattskerfið er ónýtt vegna þess hve undanþágum hefur verið fjölgað óhóflega á undangengnum árum. Þar af leiðandi er eftirlit allt í molum. Og menn eru yfirleitt á einu máli um það að söluskattsundandráttur sé mjög verulegur. En einmitt vegna þess hve undanþágusviðið er vítt hefur skattprósentan sjálf farið síhækkandi og er nú 25%.“

Jahá, einmitt. M.ö.o., ef við snúum þessu aftur, ef við bökkum þessu, er hæstv. fjmrh. að segja: Eina ástæðan fyrir 25% söluskattsstigi eru allar þessar undanþágur þannig að ef við afnemum þær keyrum við bara söluskattsprósentuna niður að sama skapi. Það er ómögulegt að skilja hæstv. ráðherrann öðruvísi. Svo kemur áfram nokkru neðar í dálkinum, með leyfi þínu áfram, herra forseti:

„Þetta frv. gerir ráð fyrir því að þurfa að taka 20,9% í virðisaukaskatti, þrátt fyrir víkkun skattsviðsins og afnám undanþága, til þess að halda óbreyttum tekjum. Og því næst er gert ráð fyrir því að auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega, á þriðja milljarð, með því að halda prósentunni uppi í 24% og þessum hálfum þriðja milljarði á síðan að verja til niðurgreiðslna og annarra tekjujafnandi aðgerða.“

Svo kemur algjör perla hjá hæstv. ráðherra:

„Ef ekki er hægt að ná betri árangri en þetta við upptöku virðisaukaskatts spyr maður sjálfan sig: Þrátt fyrir þær fræðilegu röksemdir, sem beita má virðisaukaskatti til stuðnings, umfram núverandi söluskattskerfi, duga þær ekki ef við vegum og metum saman annars vegar þær fræðilegu röksemdir um það að virðisaukaskattur á að vera hlutlaus gagnvart atvinnurekstri, virðisaukaskattur á að vera öruggari í innheimtu þrátt fyrir allt, þær duga ekki út af fyrir sig til þess að vega upp á móti þeim alvarlegu göllum sem felast í að skattprósentan er svona há.“ Jafnvel sjálfur virðisaukaskatturinn, sjálft fyrirheitna landið í skattamálunum duga ekki ef skattprósentan á að vera svona há, 24%, sagði hæstv. fjmrh. Þá voru allir kostir virðisaukaskattsins vegnir saman á móti 24% orðnir að engu og rúmlega það, dugði ekki til. Slík var óbeit hv. þáv. þm. á svona hárri skattprósentu á sl. vetri. Hvað hefur komið fyrir manninn?

Svo heldur hæstv. ráðherra, þáv. hv. þm., áfram og segir m.a.:

„Við leggjum þess vegna megináherslu á það að virðisaukaskattstprósentan, sem hér er lagt til að tekin verði upp, er allt of há.“

Og enn heldur hæstv. ráðherra áfram 10. des. og segir:

„Það nær ekki nokkurri átt ef við ætlum að gera samtímis breytingar á tekjuskattskerfi og neysluskattakerfinu að ganga út frá því til frambúðar að við búum við neysluskattastig á bilinu 20–30%. Við erum hér að tala um hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi,“ sagði hæstv. núv. fjmrh.

Þetta er auðvitað þannig uppákoma að mínu mati, herra forseti, þegar menn fara í svona loftköstum og éta það svo allt ofan í sig og rúmlega það, gera nákvæmlega hið gagnstæða. Þetta sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, var einhvern tíma sagt. Sennilega hefur hv. þáv. þm., formaður Alþfl., ekki haft jafnmikla óbeit á neinu ef marka má þessi ræðuhöld hans sl. vetur en svona háum skattprósentum í söluskatti eða virðisaukaskatti. Nú liggur hins vegar þessi dapurlega niðurstaða fyrir í frumvörpum hæstv. ráðherra að það á að ganga til öfugrar áttar, gera hið gagnstæða á öllum sviðum. Í staðinn fyrir að lækka tekjuskatt á launatekjum á að hækka hann. Í staðinn fyrir að lækka söluskatt á að hækka hann, það á að taka inn nýjar greinar og hækka á þeim prósentuna og það á að taka inn flest-

allar vörur sem í einhverju umtalsverðu magni eru seldar hér innan lands og setja þær upp í þennan óþolandi háa prósentuflokk, 25%. Það er ekki von að þm. neiti sér um það að ræða þessi mál ofurlítið við hæstv. ráðherra, herra forseti. Ég held að það skilji það allir að menn langi til að fá svolítil svör, langi til að fá á því skýringar hvað hér hefur gerst. Er það nema von?

Ég ætla af ýmsum ástæðum að hlífa hæstv. fjmrh. við að hafa þennan hluta ræðu minnar lengri. Ég held að það sé ekki rétt að leggja meiri upplestur á hæstv. ráðherra í einu, að leggja meiri upplestur úr ræðum hans á hann núna í einni lotu. Það getur vel verið að einhverjir aðrir hv. þm. vilji líka minna hann á eitthvað sem hann hefur sagt, til að mynda hv. 6. þm. Norðurl. e. Mér dettur það í hug, að hv. þm. hefði ekkert á móti því að nefna við hæstv. núv. fjmrh. ýmislegt sem hann boðaði áður fyrr á árunum í skattamálunum.

Ég ætla hins vegar að víkja að því sem hæstv. fjmrh. sagði hér í umræðum í Ed. og snertir þessa skattheimtu, þ.e. hæstv. fjmrh. hafði þar uppi býsna digur ummæli um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar og líkleg viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við þessum matarskatti. Það er eins og öllum er ljóst mikil andstaða við þessa matarskattlagningu úti í þjóðfélaginu. Fjölmenn samtök hafa mótmælt henni, ekki fámennari en Alþýðusamband Íslands og fjöldamörg önnur stéttarfélög og ýmiss konar fagfélög og ýmsir aðilar og það náttúrlega væri blint og heyrnarlaust fólk sem ekki gerir sér grein fyrir því að almenningur hefur andúð á þessum breytingum. Það gengur ekki upp í hugum almennings að lækka ýmiss konar lúxusvörur á sama tíma og matvaran er hækkuð í verði, keyrð upp um 25%. En hæstv. fjmrh. hefur ekki miklar áhyggjur af þessu. Hann hefur nú aldeilis stöðuna til að tala digurbarkalega að eigin dómi. Og hvað sagði hæstv. ráðherra um þessi efni í Ed. núna á dögunum? Það er ágætt að rifja það hér upp. Ég held að það sé rétt að deildirnar viti af því hvað skeður hinum megin við þilið, hinum megin við hurðina, þannig að menn séu samstilltir í þessum efnum. Kannski vill hæstv. fjmrh. koma upp og endurtaka ummæli sín fyrir hv. Nd. um það hvaða áhrif þessir matarskattar kynnu að hafa á stöðuna í kjaramálunum. Hvernig var þetta? Ég held ég verði að lesa hér talsverðan bút úr ræðu hæstv. ráðherra sem ég hef fengið vélritaða. Sennilega er það ekki nema hluti ræðunnar og þó skal ég ekki fullyrða um það. Það skal tekið fram að einhver orðaskipti höfðu orðið í hv. Ed. um viðtal sem dagblaðið Tíminn tók við hæstv. utanrrh. þar sem hann þvoði ákaflega hendur sínar af öllu því sem miður fer í þessari ríkisstjórn eins og hans er háttur. Hann er öðrum mönnum fremur snjall í að standa frír, býsna fjarri öllu sem illa tekst í ríkisstjórnum, en eigna sér það sem betur gengur, hvort sem það er að selja saltsíld eða gera eitthvað annað. Hæstv. fjmrh. fórust þannig orð um þetta allt saman, Tímaviðtalið og stöðuna í kjaramálum, með leyfi þínu, herra forseti, upp úr ræðu hæstv. fjmrh. í Ed. fyrir einum eða tveimur sólarhringum síðan — ég held að það sé nauðsynlegt að loka hurðum, herra forseti, því að þeim liggur líka hátt rómur í Ed. —:

„Hv. þm. [sem gæti hafa verið 7. þm. Reykv., þó veit ég það ekki alveg] vék einnig að því að hæstv. utanrrh., sbr. viðtal við dagblaðið Tímann í dag, væri að fría sig ábyrgð á stefnu ríkisstjórnarinnar og mundi sennilega gera það í vaxandi mæli með vísan til þess að hann hefði verið mikið fjarverandi og lítinn þátt tekið í þeim ákvörðunum sem búa að baki, m.ö.o. ekki tekið þátt í að móta stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er rétt að hæstv. utanrrh. hefur verið mikið fjarverandi að sinna sínum embættisskyldum en það breytir ekki því að sem formaður Framsfl. þá fer það ekkert milli mála að í stjórnarmyndunarviðræðum og í umræðum innan ríkisstjórnar hefur formaður Framsfl. markað sér þá stefnu að hann hefur afdráttarlaust lýst þeim skoðunum sínum að ef nokkuð væri þá ætti að ganga lengra í skattlagningarátt."

Hér túlkar hæstv. fjmrh. grundvallarafstöðu hæstv. utanrrh. í skattamálum. Sem sagt að það sé varla gengið nógu langt, svona naumast. Og áfram les ég:

„Það kom skýrt og skilmerkilega fram í fjölmiðlum í sambandi við stjórnarmyndunarviðræður að því er varðaði undirbúning að fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar að formaður Framsfl. var eindregið þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin ætti að ganga lengra í skattlagningarátt en niðurstaðan varð."

Það væri nú fróðlegt að fá um það ítarlegri upplýsingar frá einhverjum talsmönnum Framsfl. ef einhverjir þeirra eru enn í salnum. Þeir eru kannski allir farnir út. Nei, hér er a.m.k. einn hv. þm. Framsfl., og tveir — bíddu nú við, ég verð að fara að telja betur — en fleiri munu þeir nú tæpast vera, nema forseti sem að sjálfsögðu er hér og tilheyrir þeim flokki.

Hvernig ætlaði hæstv. utanrrh. að ganga lengra? Kannski hæstv. fjmrh. segi okkur það úr því hann er farinn að túlka og tala fyrir hans hönd í skattamálum hvort sem er.

Og þetta er svar við þeim fullyrðingum hv. þm. Júlíusar Sólnes, og þá höfum við það við hvaða hv. þm. er átt, að ef hæstv. utanrrh. hefði verið meira í landinu hefði einhverra breytinga verið að vænta í þessa átt. „Ég held að það sé byggt á röngum forsendum", segir hæstv. fjmrh. í Ed.

„Að lokum, virðulegi forseti. Það var áður í þessum umræðum vísað til mótmælasamþykktar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og tveir hv. ræðumenn hafa spurt sem svo: Hvaða áhrif munu þessar aðgerðir hafa á kjarasamninga? Hér er auðvitað verið að fjalla um skattheimtuna. Munu þessar aðgerðir spilla fyrir kjarasamningum eða munu þær út af fyrir sig ekki hafa nein áhrif á þá eða jafnvel hugsanlega greiða fyrir þeim? Menn virðast vera búnir að gleyma því í þessum umræðum að megin-

niðurstaðan af þessum heildaraðgerðum að því er varðar hag fjölskyldna í landinu, heimilanna í landinu, er sú að framfærslukostnaður heimilanna, eins og hann er metinn, breytist ekki, ekki nokkurn skapaðan hlut, og í annan stað að veigamiklir aðrir mælikvarðar á útgjaldaþætti heimilanna breytast, þ.e. byggingarvísitala lækkar og að hin illræmda lánskjaravísitala, sem margir hallmæla og er mælikvarði á greiðslubyrði fólks, lækkar.

Þess vegna spyr ég: Er einhver ástæða til að ætla að efnahagsráðstafanir sem fela það í sér að eyða halla á ríkissjóði, tryggja jöfnuð í ríkisfjármálunum á næsta ári, sem verkalýðshreyfingin, talsmenn Alþb. þótt ekki sé það sami hluturinn, hefur sérstaklega hvað eftir annað talið jákvætt markmið og lýst yfir stuðningi við, er líklegt að verkalýðshreyfingin bregðist við aðgerðum sem tryggja þennan trausta fjárhag ríkissjóðs án þess að raska útgjöldum heimilanna, meti það svo að hér sé verið að leggja stein í götu kjarasamninga? Hversu oft hafa menn ekki spurt sem svo: Hvað ætlar ríkisstjórnin að leggja á borð með sér ef hún verður kvödd til þríhliða viðræðna um kjaramál? Hversu margir eru ekki þeir sem hafa lýst aðdáun sinni á þeim gerningi fyrrverandi ríkisstjórna að koma að slíku samningaborði sem þriðji aðili og leggja talsvert á borð með sér? Lækkun skatta, lækkun tolla, breytingar einmitt á þessum þáttum til þess að greiða fyrir hófsamlegum kjarasamningum sem tryggðu vaxandi kaupmátt."

Hér eru svoleiðis orðblóm á ferðinni að það liggur við að setji hlátur að ræðumanni, þegar hæstv. fjmrh. er að tíunda þau ágæti sem hæstv. ríkisstjórn hafi að leggja á borð með sér, bullandi skattahækkanir og álögur á heimilin í landinu, og tala svo mjög digurbarkalega um það að hann komi nú aldeilis ekki illa nestaður að samningaborðinu með þessar skattahækkanir því að þá geti hann kannski tekið eitthvað til baka. Ber ekki að skilja hæstv. ráðherra þannig? Er nokkur einasta leið að lesa annað út úr þessu? Hann heldur áfram hæstv. ráðherrann: „Hvað ætlar ríkisstjórn með tóman ríkiskassa að leggja á borð með sér?" Ja, það er von að spurt sé. „Hvað ætlar slík ríkisstjórn að leggja á borð með sér, með leyfi?" spyr hæstv. fjmrh. Og ég hirði ekki um að lesa mikið meira upp úr þessu til að tefja nú ekki tímann. En niðurstaða hæstv. fjmrh. er dregin saman eitthvað á þessa leið: „Ég held," segir hæstv. fjmrh. í Ed. fyrir tveimur sólarhringum síðan eða svo: „Ég held að þegar menn meta þetta í heild sinni séu þessar aðgerðir, að stuðla að jöfnuði í ríkisfjármálum og gera það með kerfisbreytingu sem raskar ekki útgjöldum heimilanna, engan veginn af hinu illa eða líklegar til þess að spilla kjarasamningum, fjarri því. Það er bara kokhreysti og gífuryrði og innihaldslaus orð." — Svo mörg voru þau nú hjá hæstv. fjmrh.

Við skulum aðeins fara yfir það: Hvernig hugsar hæstv. fjmrh. sér þá væntanlega að greiða fyrir kjarasamningum? Með því að leggja á matarskatta og söluskattskerfisbreytingar upp á fimm og hálfan milljarð og með samanlagðri skattheimtu upp á átta og hálfan frá því að ríkisstjórnin tók við. Auðvitað á að eyða þeim peningum einhvern veginn, það vitum við, en útþensla skattstofnsins í landinu er þessi. Inntektin í ríkissjóð á grundvelli nýrra álagna verður þessi. Það hefur hæstv. fjmrh. ekki getað hrakið. Jú, ég held ég skilji hugsanagang hæstv. fjmrh. Ég hef nefnilega séð svipaðar aðfarir til hans áður. Við könnumst við aðferðina, hún er þekkt. Þetta er hótunarstefna. Þetta er skiptimyntarstefna. Og í hverju felst hótunarstefnan? Hótunarstefnan var útskýrð með skólabókardæmi á sl. hausti. Þegar hæstv. ríkisstjórn boðaði matarskattana, kynnti þá fyrir verkalýðshreyfingunni, gífurlegar álögur á neysluvörur, brýnustu neysluvörur heimilanna, fylgdi nefnilega ofurlítill taglhnýtingur. Það var hnýtt aftan í pakkann að ef verkalýðshreyfingin yrði þæg í kjarasamningum mundi ríkisstjórnin kannski hætta að einhverju leyti við að leggja á matarskatt. Það var nefnilega aðferðin. Það var hótunarstefnan. — Ef þið verðið ekki góðir, ef þið semjið ekki um kauplækkun, í mesta falli óbreytt kaup, fáið þið yfir ykkur matarskatta. Þetta er aðferðin, nema bara nú er gengið lengra, nú eru fyrst lagðir á skattarnir, síðan er meiningin að koma til launamanna, ef þeir verða þægir, og bjóða þeim kannski eitthvað pínulítið til baka. Það er auðvitað veislukosturinn sem hæstv. fjmrh. ætlar að leggja á borð með sér. Það eru skattarnir miklu. Það er inntektin í ríkissjóð. Svona framkoma er að mínu mati, herra forseti, svo langt fyrir neðan allar hellur að ég tel að samtök launafólks eigi ekki að ræða við svona menn. Undir svona kringumstæðum eiga samtök launafólks ekki að ganga til viðræðna, undir svona hótunarsvipu.

Ég vil fara aðeins lengra með þessa formúlu hæstv. fjmrh. og spyrja menn hver væri þá munurinn á því ef hæstv. fjmrh. eða forsrh. gæfi út dagskipun og segði: Nú ætlum við að hýða hvern einasta launamann í landinu 50 vandarhögg á næsta ári. Það hefur verið tekin um það ákvörðun í ríkisstjórninni að kaupa 20 000 hrísvendi og hýða hvern einasta launamann á Íslandi 50 högg. En ef menn sætta sig við kauplækkun eða menn borga skattana sína eða menn verða þægir, ja, þá kannski fækkum við höggunum eitthvað og jafnvel hættum alveg við að hýða menn. Þetta er aðferðin. Þetta er aðferðin í hnotskurn. Það er svona sem hæstv. ráðherra ætlar að koma fram við menn og er í raun og veru alltaf að gera það. Þetta er sama skiptimyntar- og hótunarstefnan sem hæstv. ríkisstjórn notar núna í skattamálunum, í haust þegar hún kynnti verkalýðshreyfingunni matarskattana, og þetta er í raun og veru sama aðferðin sem beitt er á sveitarfélögin þegar Jöfnunarsjóðnum er stolið af þeim en síðan er sagt við þau: Ef þið viljið taka hérna að ykkur verkefni upp á nokkur hundruð milljónir stelum við eitthvað aðeins minna. Þetta eru býttin sem boðið er upp á aftur og aftur og aftur af hæstv. ríkisstjórn og undir slíkt á auðvitað ekki að ganga, ekki undir nokkrum kringumstæðum. Og ég vil draga það hér inn í þessa

mynd vegna þess að á margnefndum fundi í fjh.- og viðskn. á föstudaginn var, þar sem snjallræðið um vörugjaldið á snyrtivörurnar komst á loft, mættu líka til viðræðna um tollamál aðilar verkalýðshreyfingarinnar og Neytendasamtakanna. Og hvað sögðu þeir okkur, hæstv. fjmrh.? Þeir upplýstu það að allt samráðið sem haft hefur verið við launþegahreyfinguna í landinu, samtök launamanna, fólst í því að þeim voru snemma í haust, rétt í nágrenni við framlagningu fjárlaga kynntar óljósar hugmyndir í þessa átt. Búið. Punktur. Síðan hafa fulltrúar Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, sem mættir voru á fundi í fjh.- og viðskn., ekki komið að tollamálum, ekki komið að vörugjaldsmálum, ekki komið að söluskattsfrv. Fyrir því hef ég óbreytt orð talsmanna þessara samtaka á fundi í fjh.- og viðskn. á föstudaginn var. Það liggur hins vegar fyrir að samtök atvinnurekenda, sérstaklega iðnrekenda, og fleiri slíkir hafa setið að þessu með hæstv. ríkisstjórn vikum saman. Svo talar hæstv. fjmrh. digurbarkalega eins og ekkert sé sjálfsagðara en það, þetta hljóti að greiða stórlega fyrir kjarasamningum ef eitthvað er, alveg stórlega. Hækka bara duglega skattana á matvöruna, bara í 70%, þá er alltaf hægt að bjóða að lækka þá eitthvað til baka. Ég tel að ráðherra þyrfti að gera miklu betur í raun og veru ef hann ætlar að vera alveg öruggur með að ná samningum. Því fer ekki ráðherrann í 50% til að hafa svolítið meira til að bakka með, ha? Þetta er engin samningalist. (Gripið fram í.) Ef hæstv. iðnrh. þarf að tjá sig mikið í umræðunni er hugsanlegt að hann gæti fengið orðið seinna, er það ekki, herra forseti? Og verður hann þá vonandi í svona góðu skapi, aftur. Gaman að hafa hæstv. iðnrh. hérna hjá okkur við og við, hann er afskaplega notalegur í framan.

Nei, þetta eru náttúrlega þannig efni hér, herra forseti, að það er varla hægt að ræða þau í gamansömum tón og í raun og veru ekki nokkur leið. Mér er það ekki nokkur leið.

Ég tel og það verð ég að segja að ég gagnrýni forustumenn samtaka launafólks í landinu fyrir það að hafa ekki tekið miklu harðar á móti þessari hótanastefnu ríkisstjórnarinnar. Að mínu mati er verkalýðshreyfingin allt of sanngjörn í garð svona vinnubragða. Það á ekki að láta bjóða sér það að ræða hlutina undir svona svipu, undir svona keyrum. Ekki með nokkru móti. Og hæstv. ráðherra ætti að hafa vit á því að taka þessi ummæli sín til baka.

Ég held að það sé öllum ljóst nema þá e.t.v. hæstv. fjmrh., hvers heimilisútgjöld ég veit eiginlega ekki hvernig eru samsett, að matarskattarnir koma til með að bitna þyngst á láglaunafólkinu. Forseti Alþýðusambands Íslands segir á fundi með fjh.- og viðskn. að þegar tekin séu útgjöld vísitölufjölskyldunnar og miðað við að fjölskyldan hafi sambærilegar tekjur, þ.e. útgjöld upp á um 105–110 þús. á mánuði og sambærilegar tekjur, sé e.t.v. ástæða til að ætla að útgjöld til matarkaupa séu ekki fjarri því sem framfærslugrundvöllurinn miðar við, þ.e. nálægt 20%. Þá sé e.t.v. hægt að nota það sem viðmiðun þó að auðvitað sé ljóst að hér er um að hluta til skakka mynd af neyslu fólks að ræða og úreltar upplýsingar að einhverju leyti. En við skulum vinna með þetta á þeim grundvelli að þetta sé nálægt hinu rétta og gefum okkur að hér sé fjögurra manna fjölskylda með 110 þús. kr. mánaðarlaun og þá eyðir hún um 20% af launum sínum í matarkaup og það er upplýst að matarliðurinn í körfunni, í neyslukörfu vísitölufjölskyldunnar, hækkar um 7%. En hvað skeður svo ef við stækkum fjölskylduna upp í sex eða sjö manns og lækkum launin niður í 80 000 eða 70 000 eða 60 000 eins og auðvitað sumar fjölskyldur, fimm og sex og sjö manna fjölskyldur, þurfa að láta sér nægja? Þá hleypur auðvitað matarliðurinn upp í 30%, í 40%, jafnvel í 50%, af ráðstöfunartekjum þessarar fjölskyldu og hvað þýðir þá 7% hækkun á þessum lið? Ég leyfi mér að segja að þó að þetta hækki ekki nema um helming, um 50%, úr 20 í 30%, sé það alveg ljóst að þar með er komin kjaraskerðing á þá fjölskyldu upp á 3–5% vegna þess að matvaran fer upp og aðrar vörur fara niður í neyslu þessarar fjölskyldu. Það gefur auga leið að stóra fjölskyldan með lægri launin hún kaupir ekki bæði mat og varaliti fyrir sömu krónuna. Er það ekki rétt, hv. þm.? Og þá erum við að segja það að kjaraskerðingin verður þyngri og þyngri eftir því sem matarliðurinn stækkar og aðrar vörur minnka í samsetningu neyslu viðkomandi fjölskyldu.

Forseti Alþýðusambandsins segir: Ef við hækkum matarliðinn úr 20% í 30% getum við reiknað með að þar með sé komin kjaraskerðing upp á 2–4% hjá viðkomandi fjölskyldu. Ég tek mark á þessum tölum. Þegar forseti Alþýðusambandsins, sem situr í kjararannsóknarnefnd og er með fróðustu mönnum á landinu um þessa hluti, setur þetta fram, að vísu með fullum fyrirvörum sem ég vil líka halda til haga, vegna þess að hvorki Alþýðusambandinu né öðrum hefur gefist tóm til þess að gera á þessu neinar marktækar kannanir, neinar ítarlegar kannanir eða útreikninga. En þetta eru viðbrögð studd reynslu og þekkingu á þessum málum.

Það er einmitt þetta, herra forseti, sem á ekki að láta hæstv. fjmrh. komast upp með, að fara sífellt í kringum eins og köttur sem fær heitan graut í skál vegna þess að það eru meðaltöl og meðaltöl og meðaltöl og aftur meðaltöl sem hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn byggir allan sinn málflutning á. Það er meðaltalsfjölskyldan, það er meðaltalsneyslan, það er fólk sem notar nógu mikið af varalitum og nógu mikið af vídeótækjum og nógu mikið af öllu því sem nær jöfnu en einungis það fólk.

Þessar staðreyndir við þessar skattkerfisbreytingar, herra forseti, verða ekki faldar. Þær eru ljósar hverjum einasta hugsandi manni í landinu, enda sýna viðbrögð almennings það við matarskattinum að fólkið skilur þetta betur en hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðherra hefur gert dálítið úr því að það sé nauðsynlegt til samræmingar, að manni skilst á einhverjum alþjóðlegum grundvelli, að taka hér upp

eitt söluskattsstig og væntanlega eitt virðisaukaskattsstig þegar þar að kemur. Ég hef ekki heyrt annað frá talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar en að meiningin sé að hér verði eitt flatt stig, skattprósenta, í virðisaukaskatti. Þetta er heimskulegt og ég ætla að fara um það nokkrum orðum.

Það er bull og þvættingur hjá hæstv. fjmrh. að það sé eitthvert samræmingaratriði við aðra aðila úti í heimi að taka upp eina skattprósentu hvort sem heldur er í söluskatti eða virðisaukaskatti. Staðreyndin er sú að þær eru margar í mörgum nágrannalöndum og að innan Efnahagsbandalags Evrópu er þróunin öll í þá átt að taka upp tvö skattstig í virðisaukaskatti. Í þeim löndum þar sem verið hafa mörg stig eru prósenturnar núna yfirleitt að draga sig saman í tvö skattþrep, lágt þrep og hærra þrep. Þá eru vörur flokkaðar upp með tilliti til þess hversu nauðsynlegar eða brýnar þær eru almenningi og lenda í flokkum út frá því. Ég hygg að hæstv. ráðherra ætti sjálfur eða þá að láta sérfræðinga sína kynna sér þróun mála í þessum efnum, ekki bara innan Efnahagsbandalags Evrópu heldur líka hjá hinum Norðurlandaþjóðunum sem eru að undirbúa samskipti sín við hinn stóra sameiginlega markað Evrópubandalagsins. Það er glapræði og heimska að láta glepjast af ummælum hæstv. fjmrh., séu þau ekki studd betri rökum en hingað til hafa fengist um þessi efni.

Ég tek fram að ég ætla ekki að fara að gera mig að sérfræðingi í skattamálum Evrópubandalagsríkja, en þær upplýsingar sem ég hef aflað mér benda í fyrsta lagi til þess að yfirgnæfandi líkur séu á því að samkomulag verði um það innan Evrópubandalagsins að menn sameinist um tvær skattprósentur í virðisaukaskatti. Svíar og jafnvel Norðmenn eru þegar farnir að undirbúa breytingar í sínu skattakerfi til að taka á móti þessari þróun. Svíar hafa gefið um það yfirlýsingu að þeir séu tilbúnir að grípa til býsna róttækra ráðstafana í sínu efnahagslífi, í sínu skattakerfi til að „harmónera" við hinn stóra sameinaða evrópska markað sem er í stofnun.

Svo kemur hæstv. fjmrh. uppi á Íslandi og ætlar að nota það sem rök fyrir einni skattprósentu, hvort sem heldur er í söluskatti eða virðisaukaskatti, að það sé eitthvert samræmingaratriði. Þetta er fjarri öllu lagi. Hæstv. ráðherra er í raun og veru að viðurkenna það með verðandi 12% skatti sínum á ýmsa þjónustu að það er ekkert auðveldara en að hafa þetta með mismunandi hætti, hafa þetta í tveimur eða jafnvel fleiri þrepum.

Vissulega er það rétt hjá hæstv. ráðherra að það er lengi hægt að gera tilveruna einfaldari, en er það alltaf keppikefli að gera alla hluti endalaust einfaldari, burtséð frá allri sanngirni og öllum rökum að öðru leyti? Er t.d. því fórnandi á altari þessarar einföldunarþráhyggju að leggja 25% skatt á matvöru? Ég segi nei. Auðvitað ekki. Auðvitað erum við Íslendingar ekki þeir bjálfar, úr því að aðrar þjóðir geta byggt upp virðisaukaskattskerfi með þrepum þar sem neysluvaran er flokkuð lægra en ýmis annar varningur, að við getum þá ekki líka smíðað svoleiðis kerfi, ekki nokkur vandi. Það er vissulega ekki eins einfalt og þetta þráhyggjukerfi hæstv. ráðherra, en það getur verið fyllilega skilvirkt og miklu réttlátara og það er mergurinn málsins.

Ég hygg að það vanti upplýsingar á íslensku um þróun mála í Efnahagsbandalaginu og annars staðar í nágrannalöndunum, á Norðurlöndunum og jafnvel í Norður-Ameríku, til að nota til grundvallar í þessari vinnu. Ég hef spurst fyrir um hvað liggi fyrir um þetta efni. Í Alþýðusambandi Íslands fékk ég þær upplýsingar að þar væru til, að vísu á dönsku og sænsku, skýrslur um aðgerðir hinna Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði og áform. En þær hafa ekki verið þýddar enn þá vegna þess að Alþýðusamband Íslands hefur ekki endilega bolmagn til að sjá um alla upplýsingaöflun þar sem ríkisstjórnin bregst. Ég fór að athuga bók sem Öryggismálanefnd gaf út um Ísland og Evrópubandalagið. Þar er vissulega að finna gagnlega hluti þessu tengda. En það vantar þá ítarlegu umfjöllun um skattkerfis- og efnahagsmálahlið þessara hluta sem við þyrftum að hafa í höndunum á íslensku áður en hæstv. ráðherra fer að fullyrða jafnmikið og hann gerir um þetta efni.

Ég hef að vísu áður vitnað til skýrslu í umræðum á Alþingi um nátengt mál þar sem er tollastefna Evrópubandalagsins. Mér tókst að komast yfir skýrslu á miðju sl. sumri, leyniplagg frá efnahagsmálanefnd Evrópubandalagsins. Hún hefur ekki verið þýdd enn þá, a.m.k. ekki af minni hálfu. Þessa skýrslu fékk ég hjá útflytjendum sjávarafurða í landinu sem eru af eigin rammleik að reyna að afla sér upplýsinga og fylgjast með þessum málum og gera að mínu mati oft og tíðum betur en hæstv. ríkisstjórn og stofnanir hennar. Alla vega kom þessi skýrsla ekki í mínar hendur frá viðskrn. eða Þjóðhagsstofnun eða fjmrn. Nei, hana fékk ég hjá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.

Í þessari skýrslu eru mjög mikilsverðar upplýsingar um markvissa tolla- og skattastefnu Evrópubandalagsins sem hafa stórpólitíska tilgang að baki sér, þann tilgang að ná ítökum og áhrifum í fiskveiðilögsögu þriðju ríkja, ríkja utan bandalagsins eins og Íslandi. Og ekki bara með því að senda þangað skip til að veiða. Nei, vegna þess að það er erfitt í framkvæmd. Nei, með því að ná hráefninu af þessum fiskimiðum ódunnu inn í Evrópubandalagið. Ef hæstv. ráðherra kemur hér með fullyrðingar um samræmingarþörf og ætlar að fara að tala efnislega um þessa hluti skulum við fara ofan í þá. Þá skulum við brjóta þetta til mergjar. Og ekki bara söluskattsprósentur, hvort það sé nauðsynlegt að hafa eina söluskattsprósentu á Íslandi í einhverju alþjóðlegu samhengi. Við skulum líka fara yfir tollamálin, fara yfir tollamálin og skattamálin á þessum stóra markaði sem við skiptum mjög mikið við, flytjum yfirgnæfandi af okkar vörum frá og flytjum til í mjög vaxandi mæli ár frá ári. Við skulum hugleiða, og er ágætt að muna eftir því í tengslum við þessar skattkerfisbreytingar og þessa uppstokkun alla, að

það geta gerst mikil tíðindi á næstu þremur til fimm árum í samskiptum okkar við Evrópubandalagið, t.d. þau tíðindi að Noregur boði inngöngu sína í bandalagið á allra næstu árum. Það mun gerast snöggt, segja fróðir menn, vegna þess að almenningur í Noregi er enn lítt hrifinn af hugmyndinni, en upplýsingar benda til þess að forustumenn í stjórnmálalífi og viðskiptalífi Noregs séu orðnir því mjög hlynntir að keyra Noreg inn í Evrópubandalagið á næstu árum. Það eru tíðindi sem Íslendingar skulu hyggja grannt að og undirbúa sig fyrir ef þau er í vændum. Svíar hafa gefið út um það yfirlýsingu að þeir séu þrátt fyrir sitt hlutleysi og sína þekktu sjálfstæðu stöðu reiðubúnir að grípa til umfangsmikilla ráðstafana í sínu skattakerfi og efnahagslífi til að auðvelda sambúðina og samskiptin við Evrópubandalagið á næstu árum.

Ég fer þá fram á það, herra forseti, úr því að hæstv. fjmrh. er að láta liggja að ýmsu í sambandi við samskipti okkar við erlenda aðila í tengslum við þessa skattkerfisbreytingu, að hann tali eins og hann hefur vit til um þessi mál og tali út um þau. Við skulum þá ræða þetta efnislega. Ég vil t.d. fá að vita hvaða upplýsingar hæstv. ríkisstjórn hefur í höndum um þessa hluti. Hvað skýrslur liggja þar fyrir og er hægt að fá þeim dreift? Allt eru þetta mikilsverðir hlutir sem skipta okkur miklu máli. Við skulum líka gá að því að við erum að fjalla um, ekki síst með afgreiðslu tolla- og vörugjaldsfrv., mjög mikilsverða þætti sem snerta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þar sem verið er að uppstokka allt tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og alla skatta landsmanna erum við nánast á öllum sviðum að grípa inn í þessi mál, sbr. þá miklu umræðu sem varð um frv. um launaskatt á útflutningsgreinar sem nýlega er orðið að lögum illu heilli.

Nei, herra forseti. Það duga ekki hálfkveðnar vísur eða stóryrði í þessum efnum. Við skulum þá ræða þetta efnislega og fá svör frá hæstv. fjmrh. og reyndar hæstv. forsrh. sem vill svo til að er í raun yfirmaður efnahagsmála í ríkisstjórninni hvort sem menn gera sér grein fyrir því eða ekki. Ég býst ekki við að hæstv. forsrh. afneiti því að á hans herðum hvíli sú mikla ábyrgð í raun og veru. Þrátt fyrir hið mikla rykti hæstv. fjmrh. er það þó þrátt fyrir allt forsrh. sem er hinn eiginlegi efnahagsmálaráðherra landsins og hefur með höndum samræmingu þeirra mála milli ráðuneyta, milli viðskrn. og bankamálanna, milli fjmrh. og milli atvinnumálaráðuneytanna. Þannig væri engin goðgá þó hæstv. forsrh. kæmi hér og talaði nokkur orð a.m.k. um þessi mál. Það væri engin goðgá að ætlast til þess.

Ég hef í hyggju að fara nú að stytta mál mitt, herra forseti, enda tel ég að ég hafi komið kannski að stærstu efnisþáttum þessa máls núna í fyrri ræðu, sem ég flyt við þessa umr. Ég tel að að því loknu að hafa heyrt svör hæstv. fjmrh. muni mig langa til að ræða við hann ofurlítið nánar. En ég vona að svör hans verði efnisleg, hæstv. fjmrh. — Ef hæstv. iðnrh., sem hefur hugsað sér að taka þátt í umræðum á eftir, gæti látið hæstv. fjmrh. í friði smástund gæti sá síðarnefndi e.t.v. fylgst með umræðunum. (**Iðnrh.:** Við fylgjumst vel með báðir.) Já, ég tel að það sé óæskilegt að hæstv. iðnrh. sé að trufla hæstv. fjmrh. Það er ekki á það bætandi. Hæstv. fjmrh. veitir ekki af allri sinni athyglisgáfu til að fylgjast með þessum umræðum. (**Iðnrh.:** Ég er að reyna að aðstoða við það.) Já.

Ég vil bæta einu við og það er spurningin um hvort eða hvort ekki er söluskattur á mjólk og á kjöti og þeim vörum öðrum sem með niðurgreiðslum er meiningin að strika út. Auðvitað er söluskattur á þessum vörum. Er það ekki ljóst, hæstv. fjmrh.? Hann er bara niðurgreiddur. Mjólk og kjöt er ekki undanskilið í undanþágugrein frv. Nei, það er rétt. M.ö.o.: það er söluskattur á þessum vörum. Rétt. Og hvað er þá verið að segja? Það á að niðurgreiða hann. Hvernig? Með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum á hverju einasta ári. Hvað þýðir það? Það þýðir að þegar við næstu fjárlög getur hæstv. ríkisstjórn krukkað í þessar niðurgreiðslur, komið andaktug fram fyrir þjóðina og sagt: Ja, því miður. Nú er hart í ári, nú er erfitt í búi, kassinn bara tómur og við höfum ekki efni á að niðurgreiða þetta nema 15%. (Mundu kannski segja 18 í fyrsta tilhlaupi.) Þeir sem hafa sett traust sitt á að landbúnaðarvörurnar innlendu mundu fljóta á því að niðurgreiðslurnar mundu vega upp söluskattinn, hvaða tryggingu hafa þeir í höndunum? Enga, enga nema takmörkuð loforð ríkisstjórnar sem ég tel að þeir hafi ekki mikla ástæðu til að treysta. Og ég verð að segja að að því leyti sem þessi söluskattur, þessi matarskattur, bitnar ekki á neytendum tel ég þetta vera hina dökku hliðina á málinu. Það er dökka hliðin sem snýr að íslenskum landbúnaði og neytendum í leiðinni því þeir fá væntanlega að borga brúsann þegar niðurgreiðslurnar hrapa niður á næstu árum, alla vega ef þessi hæstv. ríkisstjórn og þessi hæstv. fjmrh. á að fara með ríkisfjármálin áfram.

Mig langar til að spyrja hv. þm. í Framsfl. og Sjálfstfl., ef þeir væru einhverjir hér, þessir bændagarpar í þessum flokkum: Eru þeir hæstánægðir með að það sé hæstv. núv. fjmrh., eftir allan sinn málflutning um landbúnað á Íslandi, sem þetta standi og falli með, ef þessi hæstv. fjmrh. á nú eftir að undirbúa þrenn fjárlög í viðbót? Við skulum segja að hann hefði það á bak við eyrað að afnema niðurgreiðslurnar á móti söluskatti eða virðisaukaskatti í þremur áföngum. Þá gætu það verið 15% og 7% og 0% eða eitthvað svoleiðis. Ekki rétt, hv. þm. Níels Árni Lund? Það væri fræðilega mögulegt. Ég verð að segja að það sé barnaskapur í þessu máli að gera sér ekki grein fyrir því hvernig hin pólitíska staða er í málinu og vitandi að það er mjög sterkur áróður gegn því að niðurgreiða landbúnaðarvörurnar og hefur verið lengi. Telja menn líklegt að í höndunum á fjmrh. Alþfl. verði staðið við þessi fyrirheit mörg ár í viðbót? Ég er ekki trúaður á það. Ég held að það þyrfti ekki að skipta ýkjamiklu máli

þó að virðulegur ritstjóri Jónas Kristjánsson væri fjmrh. eða hvort hann heitir Jón Baldvin Hannibalsson. Svo hafa farið saman að mörgu leyti skrif þessa ágæta manns um landbúnaðarmál og talsmáti og málflutningur hæstv. núv. fjmrh. Hvað mikið er búið að tala hér um að skera landbúnaðarbáknið niður? Hvað með öll ræðuhöldin frá undanförnum árum? Ég hef að vísu sannað með dæmum að það er ekki endilega alltaf mikið að marka. Þó hæstv. fjmrh. hafi eina skoðun í dag er ekki víst að hún verði mjög lífseig hjá honum á morgun.

En ég leyfi mér samt að segja að það sé a.m.k. næstmesta blekkingin í þessu máli að reyna að láta líta svo út sem það sé ekki söluskattur á þessum mikilvægustu flokkum innlendu matvörunnar því það er söluskattur á þeim. Það eina sem er gert er að í augnablikinu eru niðurgreiðslur og aðrar ráðstafanir látnar vega þetta upp. En það er tímabundið ástand. Það getur breyst skjótar en hendi er veifað. Það getur t.d. breyst með því að niðurgreiðslurnar séu ekki verðbættar í verðbólgu, þær séu látnar standa í ákveðinni krónutölu. Með þeirri ráðstöfun einni getur innan árs orðið gífurleg lækkun á þessum pósti og hefur oft gerst. Hvað ef verðbólgan verður nú 30% og fer kannski í 40% á næsta ári en niðurgreiðslurnar sitja fastar við ákveðna krónutölu í frv.? Þær hafa reyndar lengi gert það og oft gert það, m.a. næstum því alla tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá hrynur verðgildi þeirrar upphæðar og vörurnar hækka og söluskatturinn kemur einfaldlega inn í verðið smátt og smátt. Því miður er það það sem mun gerast og stendur ábyggilega til að gera — eða hvað tryggingar hafa menn? Hvað stendur til að gera gagnvart landbúnaðarvörunum þegar virðisaukaskatturinn kemur? Vill hæstv. fjmrh. upplýsa það? Vilja þeir gefa hér yfirlýsingu, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., um að meðan þessi ríkisstjórn situr verði séð til þess að raungildi niðurgreiðslna verði allan tímann þannig að söluskattsálagningin hafi ekki áhrif? Ég vil fá svör við þessu. Þetta er einfalt mál. Það er hægt að segja já eða nei.

Ég held að það mundi hafa umtalsverð áhrif víða um landið ef hæstv. ríkisstjórn, hæstv. forsrh. allra manna helst, gæfi slíka yfirlýsingu í tengslum við afgreiðslu þessa máls. Mér duga engar þokukenndar yfirlýsingar, ekkert holtaþokuvæl um þetta mál, næsta árið. Hér þarf að liggja fyrir einhver langtímastefnumörkun. Það er svo alvarlegt að taka upp söluskatt á alla innlendu matvöruna, sérstaklega á landbúnaðarframleiðsluna í ljósi þeirrar stöðu sem þar er, og auðvitað pólitísk og efnahagsleg heimska því hæstv. ríkisstjórn fær slíkt í hrygginn á sér vegna þeirra samninga sem hún hefur gert við bændur nema standi til að rjúfa þá eða breyta þeim.

Ég verð að segja alveg eins og er að þó að mér þyki viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar í landinu ekki hafa verið nógu hvöss og markviss gegn hótanastefnu hæstv. ríkisstjórnar finnast mér blessuð samtök bænda ekki hafa tekið á móti þessu máli sem skyldi því þetta er í mínum huga örlagaríkt mál fyrir landbúnað á Íslandi ef af verður.

Herra forseti. Ég hef aðeins drepið á nokkur af stærstu atriðunum sem tengjast kerfisbreytingum á þessu söluskattsfrv. hér. Það væri margt fleira sem ástæða væri til að taka til ítarlegrar umræðu í þessum efnum og eins og menn hafa tekið eftir og heyrt hef ég ekki farið yfir frv. Ég hef ekki rætt þær undanþágur eða endurgreiðsluheimildir sem hér eru. Það væri vissulega eðlilegt að gera og vissulega þarft. Það er t.d. stór spurning hvort þessi flokkun er sanngjörn gagnvart ýmsum aðilum, hvort ekki er ástæða til að breyta og bæta við. Ég vek athygli á lið B 12, um sölu á vatni frá vatns- og hitaveitum ásamt mælaleigu svo og íssölu til fiskiskipa. Sama á við um rafmagn til hitunar húsa, laugarvatns, varmadælna og dælingar hitaveitna. Hér er um að ræða flokkun sem vissulega væri hægt að hugsa sér að væri öðuvísi þegar þessi svið eru undanþegin söluskatti. En ég ætla að bíða til betri tíma með að ræða þessa hluti í smáatriðum, m.a. sjá hvaða stefnu og hvaða skoðun þessi mál fá í nefnd, hvort það er meiningin að hv. fjh.- og viðskn. Nd. rétt líti á þetta eins og þetta sé hvert annað smámál.

Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni að hv. þm. Páll Pétursson geti orðið óskaplega fljótur að fara yfir þetta mál. En í raun og veru er þetta stórmál og mætti hann gerst vita, bóndinn norðan úr Höllustöðum. En við skulum sjá til. Við skulum ætla hæstv. ríkisstjórn og þessum ágæta nefndarformanni allt hið besta og vonast til að þessi mál fái rækilega skoðun. Ekki stendur á mér að vinna að þessum málum í fjh.- og viðskn. þó það væri jafnvel jóladagana ef það eru þá ekki helgispjöll. Það gæti komið til greina að hæstv. kirkjumrh. gæfi okkur undanþágu, okkur hv. þm., mér og 1. þm. Norðurl. v., til að vinna í nefnd yfir jólin. Ekki stendur á mér.

En ég vil fá svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram til að mynda um niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Ég sætti mig illa við að fá einhverjar þokukenndar yfirlýsingar og ég tel að það sé óvirðing af ráðherrum að tæpa á efnisatriðum eins og þeim hvernig þessar skattkerfisbreytingar snerti stöðu okkar gagnvart erlendum þjóðum án þess að ræða þau mál af skynsemi og talsvert ítarlega. Það tel ég að eigi að gera. Hér eru ekki smámál á ferðinni. Mér hafa tjáð erlendir menn að efnahagsspekingar alþjóðastofnana og virtra tímarita, sem skrifa um þau mál, séu forundrandi yfir því sem er að gerast á Íslandi. Ritstjórar Economist og sérfræðingar hjá alþjóðastofnunum, OECD og fleiri slíkum, séu alveg gapandi yfir því sem er að gerast uppi á Íslandi. Þeir hafi aldrei vitað til þess fyrr að ein þjóð leggi út í það á einum og sama næstum að segja sólarhringnum að gjörbylta öllu tekjuöflunar- og skattlagningarkerfi sínu á einu bretti. Þetta vekur slíka athygli og undrun að hæstv. fjmrh. er sjálfsagt á góðri leið með að verða frægur að endemum úti í hinum stóra fjármálaheimi fyrir þann mikla garpskap að ætla að gera þetta allt næstum að segja eigin hendi á fáeinum sólarhringum.

Nú er það sjálfsagt tilfellið að menn hafa mikið traust víða í þjóðfélaginu á hæstv. fjmrh., ekki dreg ég það í efa, og ugglaust líta margir hv. þm. upp til hans, en ég leyfi mér samt að efa, og það er ekki illa meint gagnvart hæstv. fjmrh., að slík sé trú manna á hann og mátt hans og garpskap að mönnum finnist þetta traustvekjandi vinnubrögð. Það verð ég að segja. Og ég hef tilhneigingu til að taka líka mark á efnahagsspekingum, sprenglærðum ritstjórum (**Gripið fram í:** Erlendum.) og sérfræðingum alþjóðastofnana sem hafa sérhæft sig í því um árabil að fylgjast með efnahagslífi þjóða heimsins og skoða þær hræringar sem þar eru á ferðum. Ég leyfi mér að segja að ég skil að þeir séu hissa þegar menn ætla sér slíka hluti og hafa ekki meiri áhyggjur af því en raun ber vitni, eru jafnborubrattir, jafnvissir um að þetta sé allt í fínu lagi. Ja, það er nú það.

Herra forseti. Það verður fróðlegt að heyra svör hæstv. ráðherra.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, það er margt búið að segja um þetta mál úti í þjóðfélaginu og ég efast um að hæstv. ráðherrar og þm. sem standa að þessu máli hafi áttað sig á því hvað andstaðan gagnvart þeim breytingum sem er verið að gera er mikil og almenn. Það er alveg sama við hvern menn tala. Það er alltaf það sama: Getur það verið, er það hugsanlegt að þetta muni ná fram að ganga jafnvel fyrir áramót? Ég hitti einn af alþýðuflokksmönnum fyrir tæpri viku, mann sem var að vinna fyrir þá í síðustu alþingiskosningum, og ég sagði við hann: Jæja, eruð þið nú ekki ánægðir, kratarnir? Hvað ertu að segja? Ég er enginn krati. Ég spurði hann þá að því hvort hann ætlaði að neita því að hann hafi verið að vinna fyrir þá fyrir síðustu kosningar. Þá leit hann niður fyrir sig og sagði: Það er að vísu rétt, en ég er það ekki lengur.

Þannig væri hægt að tiltaka marga einstaklinga í hinum flokkunum, m.a.s. þá hörðustu í þeim flokki sem ég tilheyrði, útgerðarmenn og alls konar menn sem eru í rekstri, vitnisburður þeirra um þessa ríkisstjórn er sá að aldrei hafi verið verri stjórn á Íslandi og það þýði ekkert annað en að hætta þessum rekstri.

Það er furðulegt að hæstv. ráðherrar og þm. segja í sambandi við það mál sem við erum að ræða hér, um söluskattinn, að þá sé það nauðsynlegt, sé ekki hægt að komast hjá því að leggja á skatt sem er jafn á allt vegna þess að það sé fyrirhugað að taka upp virðisaukaskatt. Það er merkilegt að t.d. Efnahagsbandalagsþjóðirnar þekkja ekki þessi rök nema Danir. En þó segja hæstv. ráðherrar og þm. í blöðum, nýverið kom það í blaðinu Degi á Akureyri, að það sé ekki hægt að komast hjá því að leggja sama skatt á matvörurnar vegna þess að það sé fyrirhugað að taka upp virðisaukaskatt. Blekkingarvefurinn er jafnt og þétt ofinn, en hvaðan fá þeir þráðinn? Þeir fá þráðinn frá hæstv. fjmrh. Það er að vísu bláþráður víða á þeim þræði og flest bendir til þess að hann gæti slitnað hvenær sem er.

Ég er með í höndum merkilegt plagg sem ég tel nauðsynlegt að lesa upp til að það komi alveg fram hvernig þessi mál eru hjá Efnahagsbandalagsþjóðunum. Þetta er úr fréttabréfi Alþýðusambands Íslands og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsstjórnarfundur ASÍ, haldinn dagana 30. nóv. til 1. des. 1987, ítrekar mótmæli miðstjórnar Alþýðusambands Íslands vegna áforma stjórnvalda um skattlagningu matvara um næstu áramót. Skattlagning matvöru kemur óhjákvæmilega harðast niður á þeim sem tekjulágir eru og nota stóran hluta tekna sinna til matvörukaupa. Sambandsstjórn krefst þess að ríkisstjórnin hætti við öll áform um matarskatt og að felldar verði niður þær álögur sem þegar hafa tekið gildi. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga munu þau spilla frekar en orðið er samkomulagsmöguleikum á vinnumarkaði.

Virðisaukaskatturinn mun vera frönsk uppfinning og í dag búa öll ríki Efnahagsbandalagsins og ýmis fleiri lönd við það kerfi. Í umræðunni um virðisaukaskattinn hér á landi er því haldið fram að útilokað sé að hafa fleiri en eitt skattstig í slíku kerfi. Matarskatturinn og samræming í eina skattprósentu sé því óhjákvæmileg aðgerð. Það merkilega er að ríki Efnahagsbandalagsins virðast ekkert vita um þessa nauðsyn á einni prósentu. Danir búa einir allra landa Efnahagsbandalagsins við eina prósentu."

Hér vil ég skjóta inn í að þar mun þó vera undantekning í vissum tilvikum þó ég sé ekki búinn að afla mér nákvæmlega upplýsinga um hvernig því er fyrir komið. Og þá held ég áfram lestrinum, með leyfi hæstv. forseta.

„Allir aðrir eru að minnast á tvö skattstig, flestir fleiri, og í þeim tillögum sem framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins lagði fram nú í haust um samræmdan virðisaukaskatt er aldeilis ekki miðað við eina skattprósentu. Það er þvert á móti stefnt að tveimur skattprósentum. Virðisaukaskattur á nauðsynjum verði á bilinu 4–9% og virðisaukaskattur á öðrum vörum og þjónustu á bilinu 14–19% samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi lands. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru nú til umræðu í aðildarlöndum Efnahagsbandalagsins. Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem lögð var fram innan Efnahagsbandalagsins nú í haust, er skattaprósentan eftirfarandi:

Í Belgíu eitt lágþrep 1–6%, almennt þrep 19%, háþrep 20–28%. Danmörk er eins og áður segir eina landið með almennt þrep 22%. Frakkland er með 1,1%, 4%, 5,1%, 7% og almennt þrep 18,6% og háþrep 33,33%. Vestur-Þýskaland 7% og 14%, Grikkland 6% og 18%, Írland 2,4%, 10% og 25%, Ítalía 2%, 9%, 18% og háþrep 38%, Lúxemborg 3%, 6% og 12%, Holland 6% og 20%, Portúgal 8%, 16% og 30% háþrepið, Spánn 6%, 12% og 33%, Bretland 15%. Ákveðnar vörur og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti. Á Írlandi og Bretlandi eru flestar nauðsynjar undanþegnar." — Hvers konar rök eru

það sem hæstv. ríkisstjórn og meiri hl. Alþingis hefur fyrir þessu máli?

„Rétt er að vekja sérstaka athygli á að tvö lönd, Írland og Bretland, eru með stóran hluta nauðsynja alveg undanþeginn virðisaukaskatti. Hin löndin, öll nema Danmörk, leggja hins vegar aðeins lágan skatt á nauðsynjar eins og taflan sýnir, almennt innan við helming af þeim skatti sem leggst á aðrar vörur og þjónustu.

Efnahagsbandalagslöndin hafa þannig öll nema Danmörk valið að hafa það þannig að lágtekjufólk, sem notar stóran hluta tekna sinna í kaup á nauðsynjum, borgi minna í skatt en hátekjufólk. Efnahagsbandalagið stefnir nú að samræmdu kerfi og lágum skattstiga, 4–9%, fyrir nauðsynjar og almennum skattstiga, 14–19%, fyrir aðra vöru og þjónustu.

Þær tillögur sem nú eru í meðferð í Efnahagsbandalaginu gera ráð fyrir að eftirfarandi liðir verði með lægri skattprósentuna: matvörur, drykkjarvörur, þó ekki áfengir drykkir, orka til upphitunar og lýsingar, vatn, lyf, bækur, blöð, tímarit, farþegaflutningar.

Það er áætlað að lægri prósentan muni falla á ⅓ af heildarstofni virðisaukaskattsins og almenna skattprósentan komi á ⅔ skattstofnsins. Rétt er að benda á að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins mælir eindregið með því að lægra þrepið verði frekar sett nær 4% en 9%.

Allmörg Efnahagsbandalagslöndin eru með sérstaka háa virðisaukaskattsprósentu á völdum vörum, lúxusvörum. Einnig þannig er virðisaukakerfið notað til þess að jafna afkomu fólks. Háa skattstigið nær til innan við 10% skattstofnsins og er það rökstuðningur framkvæmdastjórnarinnar fyrir því að tillögur sem hún hefur lagt fram gera ekki ráð fyrir þremur þrepum, aðeins tveimur, lágþrepi og almennu þrepi.

Það er einföld staðreynd að samræmingin innan Efnahagsbandalagsins stefnir ekki að einni virðisaukaskattsprósentu. Danir mótmæla þeim áformum í dag, en e.t.v. ekki fyrst og fremst vegna þess að skattprósentur eigi að vera tvær heldur meira vegna þess að tillögurnar gera ráð fyrir því að ⅓ skattstofnsins skattleggist með 4–9% en ⅔ með 14–19%. Danir skattleggja allt í dag með 22% og sjá því ekki hvernig ríkissjóðurinn danski muni komast af ef af samræmingu verður því samræmingin mundi leiða til um þriðjungs lækkunar tekna danska ríkissjóðsins af virðisaukaskatti. Sá vandi yfirskyggir væntanlega andstöðu þeirra við tvö þrep í skattinum.

Tvö þrep eru því nánast gefin niðurstaða í samræmingu Efnahagsbandalagsins. Á sama tíma ætlum við á Íslandi að halda því fram að virðisaukaskattur verði að vera í einu þrepi, ein prósenta á allt. Þeir sem reynslu hafa af virðisaukaskattinum vilja ekki fara þá leið nema e.t.v. Danir. Við sem erum að taka trúna skulum vera kaþólskari en páfinn“, segir í þessu fréttabréfi frá Alþýðusambandi Íslands sem ég hef nú lesið.

Mér er kunnugt um að í Svíþjóð er verið að ræða um það núna og í Noregi að setja skatta svipaða og eru eða verða í Efnahagsbandalagsríkjunum. Svíar t.d. hafa við það að stríða að það er miklu af bæði nautum og svínum slátrað í heimahúsum einmitt vegna þess hvernig þessir skattar eru þar og fer sú verslun fram þar í stórum stíl. Sannleikurinn er sá að það er bara að yfirvarpi sem þessi skattur er ákveðinn hér sama prósenta. Það kom fram bæði í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. og hefur komið fram hjá mörgum þessum frjálshyggjupostulum í þjóðfélaginu að það þurfi að taka fyrir að greiða niður vöruverð. Mér blandast ekki hugur um að það sé stefnan, stefnan sé sú að koma þessum skatti á nú og síðan eigi að ganga frá landbúnaðinum á þann hátt að láta þennan skatt koma á hann án niðurgreiðslna.

Menn skulu athuga í þessu sambandi hvað er verið að gera. Ég hef fyrir því sannanir að t.d. Hollendingar, Belgar og fleiri Evrópuþjóðir líta þannig á að þegar þær eru í vafa um að eitthvað af grænmeti og þess háttar sé á mörkum þess að komast í gegnum skoðun heilbrigðiseftirlits í löndunum sé það sent til Íslands. Ef það er ekki sent til Íslands er það sent á öskuhaugana. Það er fleira en bílar sem er ekki hægt að selja annars staðar en á Íslandi eða þá að eyðileggja. Hvað þýðir þetta? Hæstv. heilbrmrh. er ekki hér, en ég hefði viljað spyrja að því: Hvernig er eftirliti háttað í sambandi við innflutning á ýmsum vörum, grænmeti t.d., frá Evrópuþjóðunum? Hvernig er það? Læknir sem var í Hollandi fullyrðir að það sé ekkert nema málamyndaeftirlit á þessum vörum. En hvað er hæstv. ríkisstjórn að gera? Hún er að koma á neyslubreytingu í þessu þjóðfélagi. Mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. fjmrh. sé genginn af þeirri trú að það þurfi að minnka landbúnaðinn ofan í ekki neitt og hann sé ekki með það enn í huga, ef hann ræður einhverju áfram í þjóðfélaginu, sem ég tel nú litlar líkur á sem betur fer, að það verði þá hætt niðurgreiðslunum. Ég vil líka benda á að ef verður svipuð neysla á þeim vörum sem á að greiða nú og á síðasta ári sé ég ekki betur en það séu aðeins ⅔ af því sem á að borga niður miðað við 25% söluskatt. Ég spyr eftir því hvort tryggt sé að á meðan þessi ríkisstjórn situr, hún líklega situr nú ekki nema í þrjá mánuði í mesta lagi, verði staðið við það þann tíma sem hún situr.

Ég endurtek þá spurningu og ég óska eftir því, það er víst ekki nema einn framsóknarmaður hér inni, nei þeir eru tveir, að annar þeirra taki að sér að koma því til hæstv. heilbrmrh. að hann upplýsi í þessum umræðum, ég mun þá taka málið upp við 2. og 3. umr. ef ég fæ ekki svör, hvernig heilbrigðiseftirliti er háttað í sambandi við innflutning t.d. á grænmeti og öðrum matvörum frá þeim löndum þar sem skógarnir eru að deyja. Það þarf enginn að segja mér að það geti ekki verið menguð matvara sem er framleidd í jarðvegi sem skógarnir þrífast ekki í. Og er, sem umræddur læknir sagði við mig að væri útbreidd skoðun í Evrópu, óhætt að flytja grænmeti og annað upp á það til að gera að það yrði

ekki stöðvað af heilbrigðiseftirliti? Þetta er mál sem verður að brjóta til mergjar hvort sem það er í sambandi við þennan söluskatt eða ekki.

Mér er líka sagt að það hafi átt að senda til Finnlands grænmeti og hafi verið stoppað vegna þess að þeir hafi ekki talið það vogandi, en slík sending hafi lent á Íslandi. Þetta er alvarlegt mál.

Ég sagði áðan að mótmæli heyrðust hvaðanæva. Það hefur verið sagt frá fundi bænda á Blönduósi — það er verst að hv. formaður fjh.- og viðskn. er ekki hér — þar sem þessum skatti er algerlega mótmælt. En það er einn aðili sem er ánægður í þessu þjóðfélagi yfir þessum skatti. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er Verslunarráðið. Það er farið að koma fram í blöðum í sambandi við t.d. innflutning eins og á frönskum kartöflum og öðru. Þeir mótmæla því að það skuli eiga að hamla gegn þeim innflutningi. Við vitum það, sem heyrum og skiljum, að um leið og verður farið að greiða niður þessar vörur byrjar söngurinn fjálshyggjumannanna, Verslunarráðsins og annarra um að það verði að gefa þetta frjálst. Undir það tekur almenningur, sem er að sligast undir matarkaupunum ef það fer sem mér sýnist alveg greinilega, enda fór hæstv. fjmrh. ekki dult með hvað fyrir honum vakti í hans fjárlagaræðu. Það átti ekki að borga niður. Það átti að bæta fólki með því að auka fjölskyldubætur, hækka persónufrádrátt. Það átti ekki að borga niður.

Ég óska hv. þm. Framsfl. og dreifbýlisþingmönnum annarra flokka til hamingju með að hafa kyngt þessu. Eru menn virkilega hér á hv. Alþingi á árinu 1987 svo linir að þeir láti kúga sig í þessum málum? Er það tilfellið? Er það alveg eins og í vaxtamálunum? Menn berja sér þar á brjóst sumir hverjir og segja: Þetta gengur ekki, þetta gengur ekki, m.a.s. hæstv. utanrrh. Hann gerði það vandlega í Tímanum og sagði að allt væri að fara í strand. Þessi vaxtastefna væri að eyðileggja alla. Og það er eins og blöðin, a.m.k. Tíminn, telji að þetta sé alveg ný uppgötvun ráðherrans. Ég er búinn að halda þessu fram síðan í haust. Hins vegar er hlutleysi fjölmiðlanna. Auðvitað eru þeir hlutlausir. Hverjum dettur annað í hug en að t.d. Sjónvarpið sé hlutlaust? En hlutleysi þeirra birtist í ýmsum myndum. Þeir hafa t.d. ekki rætt við þann sem stendur hér í ræðustól nema einu sinni síðan þetta þing tók til starfa og það var um bjórinn, ekki um það þó ég segði hér á Alþingi að þetta væri strandstefna, vaxtapólitíkin í landinu. Þeir hafa ekki minnst á það. Við héldum ráðstefnu 5. desember norður á Akureyri til að fjalla um þessi mál öll, ég kem að því síðar, en hlutleysi blaðanna kemur þannig fram að það var Morgunblaðið eitt sem birti þær ályktanir sem þar voru samþykktar. Dagblaðið birti að vísu það sem frétt, en brenglaði því. Allir fjölmiðlar fengu þær tillögur sem sú ráðstefna samþykkti með samhljóða atkvæðum á annað hundrað manns. Þar kemur fram einmitt hvernig sá hópur sem þar var lítur á það sem hér er að gerast og ég mun koma að því betur seinna.

Nei, frjálshyggjan nærist á misrétti og veitir þeim sem hafa fjármuni og völd allan rétt á kostnað hinna, á kostnað almennings. Í umræddu viðtali við Tímann, sem hæstv. utanrrh. hefur í Tímanum laugardaginn sl., er stríðsfyrirsögn: „Raunvaxtaokri verður að linna.“ Það er formaður eins stjórnarflokksins sem segir þetta. Er honum ekki ljóst að hann ber ábyrgð á því eins og hinir? Er ekki ráðherrum og þm. ljóst að þeir bera sameiginlega ábyrgð á því sem er að gerast í þingsölunum? Það þýðir ekkert fyrir þá að krossa sig. Og ef kæmi til kosninga í vor, sem eru nú miklar líkur fyrir, þýðir ekkert fyrir þá að krossa sig og segja: Ég var á móti þessu. En auðvitað samþykkja þeir allt. Ég veit ekki hvað hæstv. utanrrh. gerir, hvort hann kemur inn í þingið eða verði ekki viðstaddur atkvæðagreiðsluna. Það kann að vera.

En hvernig er þessum málum fyrir komið? Ég hef haldið því fram áður að þó það sé í lögum að það séu bankaráðin sem ráði vöxtunum í bönkunum vil ég minna á það, sem kom fram hjá Tryggva Pálssyni í Landsbankanum, en hann sagði að til Seðlabankans færu rúm 2% af vöxtum bankanna. Þetta er það sem skýrir þann vaxtamun sem er í þessu þjóðfélagi. (**Forseti:** Þar sem klukkan er nú orðin hálfeitt vil ég inna ræðumann eftir því hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni. Ef svo er mun honum heimilt að halda áfram eftir fundarhlé.) Já, herra forseti. Ég á nokkuð langan hluta eftir ef röddin bregst mér ekki. Ég mun þá gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun ekki hefja ræðu mína fyrr en eitthvað af hæstv. ráðherrum er komið í salinn. Ég mun bíða þess hér í ræðustól að hefja mál mitt þangað til þeir sjást. (**Forseti:** Það munu gerðar ráðstafanir til þess.)

Herra forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er mættur. Ég sakna þess að fjmrh. er ekki kominn. Ég hefði viljað beina fyrst og fremst orðum mínum til hans og hæstv. viðskrh. þar sem ég var þangað kominn í ræðu minni að tala um vaxtamálin. (**Forseti:** Það er upplýst að fjmrh. er í húsinu og þarna gengur hann í salinn.) Eins og ég sagði, herra forseti, var ég kominn þar í ræðu minni að ég var að tala um vaxtamálin og var búinn að taka fram að það væru ekki bankaráðin sem réðu vaxtastefnunni heldur væru það hæstv. ríkisstjórn og raunar Seðlabanki en þar sem ég fullyrti þetta vil ég færa rök fyrir því í máli mínu.

Þannig eru mál að eins og nú standa sakir er bönkunum skylt að binda í Seðlabankanum 13% af heildarinnlánum bankanna og það gildir auðvitað með sparisjóði og innlánsstofnanir kaupfélaganna. Það eru raunar allir aðrir en „grái“ markaðurinn sem er í sérstökum hávegum hafður hjá hæstv. ríkisstjórn. Þessi 13% eru með verðtryggingu en engum vöxtum. Síðan gerist það stuttu eftir að hæstv. ríkisstjórn tók við völdum að sett var önnur kvöð á bankana, þ.e. að þeir áttu að binda ákveðið hlutfall af sínum innstæðum. Þetta er flókinn reikningur en til þess að einfalda málið, þá eru það um 11% af

heildarinnlánum sem verða að vera á reikningum hjá Seðlabankanum annaðhvort í ríkisvíxlum eða í reikningum Seðlabankans. Ef þeir eiga ekki þetta inni á hverjum tíma verða þeir að borga vexti af mismuninum, þ.e. að ef Búnaðarbankinn, sem ætti að eiga þarna um 1100 millj., á ekki nema 900 millj. verður hann að borga af þessum 200 milljónum 4,1% refsivexti, af því sem hann þó ekki skuldar.

Tryggvi Pálsson í Landsbankanum mat það þannig að þegar allt væri til tekið tæki Seðlabankinn til sín rúmlega 2% af heildarinnlánunum. Ef ég útskýri þetta frekar: Þessi 13% í Búnaðarbankanum eru um 1,7 milljarðar. Ef ég gef mér að þetta fé væri lánað út af Búnaðarbankanum með þeim vöxtum sem nú eru en tæki ekki það sem er ef menn þurfa að skuldbreyta hjá sér því þá eru vextirnir hærri, en ef ég miðaði við 9,5%, það er kannski ekki sanngjarnt að setja dæmið svona upp, það er ekki svona einfalt, þá eru þetta um 160 millj. Síðan er það sem er bundið í Seðlabankanum á þeim reikningum sem ég gat um áðan. Þeir voru í janúar 15%, sem Seðlabankinn gaf af því sem þar er inni, en hækkuðu í ágúst upp í 26% og hefur það ekki breyst síðan. Það er fleira sem gerist. Það er einnig inni, bæði hjá Framkvæmdasjóði, sem er með ákveðnum vöxtum, og ríkisábyrgðasjóði, sem er líka með ákveðnum vöxtum, en þegar þetta allt er metið er það niðurstaða Tryggva Pálssonar sem ég sagði áðan.

Þegar verið er að deila á bankana fyrir að vaxtamunur sé mikill verða menn að athuga að skatturinn, sem þeir í raun og veru borga, er rúm 2% eftir mati Tryggva Pálssonar og menn verða að hafa í huga, hv. þm., hvernig á þessum skattamun stendur. Þegar ríkisvíxlarnir voru boðnir út voru 90 daga ríkisvíxlar, þegar þessi hæstv. ríkisstjórn kom til valda, 22,5% eða ársávöxtun 26,6. Á fimm mánuðum til 1. des., sem hæstv. ríkisstjórn hefur setið að völdum, hefur þetta hækkað úr 26,06% upp í 41,3% ávöxtun, þetta eru 90 daga víxlar, eða um 15,24% sem er 60% hækkun á valdaferli þessarar ríkisstjórnar eða 12% að meðaltali á mánuði. Það er mikil vaxtalækkun sem hefur orðið hjá hæstv. ríkisstjórn eða finnst ekki hv. þm. það skila sér vel? Það er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Hæstv. utanrrh. sagði í Tímanum sl. laugardag, eins og ég gat um áður, og er með stríðsfyrirsögn og með leyfi forseta ætla ég að lesa nokkrar setningar upp úr Tímanum:

„Steingrímur Hermannsson utanrrh. segir að frjálshyggjan á sviði peningamála muni sigla hér öllu í strand ef ekki verði gripið í taumana strax. Ekki sé rétt að bíða og sjá til hvort verið geti að einhver heilög hagfræðilögmál kunni að virka, eins og viðskrh. segist vilja. Slík lögmál geta ekki virkað hér á landi miðað við verðbólguástandið og því megi ekki bíða með aðgerðir þar til annað hvert fyrirtæki í landinu er komið í þrot."

Þetta segir formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., um ríkisstjórn sem hann er aðili að. Hvers vegna segir hæstv. utanrrh. þetta? (**SJS:** Hvar er hæstv. ráðherra?) Hann á ekki sæti á þingi, hv. þm. (**SJS:** Hann gegnir ráðherraskyldum.) Annars getur sjálfsagt hæstv. forseti upplýst hvar hann er. (**SJS:** Hann er ekki búinn að segja af sér ráðherraembætti.) (**Forseti:** Ég vil benda á að hæstv. utanrrh. er ekki á þingi sem stendur.) (**SJS:** Er hann ekki ráðherra? Gegnir hann ekki þingmannsskyldum?) (**Forseti:** Hann gegnir ekki þingmannsskyldum eins og er vegna þess að hann er með varamann á Alþingi. En hann svarar að sjálfsögðu fyrir sín mál hér á þingi eins og áður þó hann eigi hér ekki sæti. Það er hin almenna regla.)

Ég hef haft það á tilfinningunni að í raun og veru sé hæstv. utanrrh. ekkert sæll að vera í þessari ríkisstjórn og kann að vera að hann sé farinn að skilja að það er orðið stutt í bláþræðinum sem blekkingarvefur ríkisstjórnarinnar er ofinn úr og sé nú stutt í að hann slitni.

En ég endurtek að það er mikil ábyrgð sem hvílir á hæstv. ríkisstjórn í sambandi við vaxtamálin. Ég er hér með viðtal við einn af þeim sem stjórna „gráa" markaðnum, viðtal sem sýnir hvert stefnir. Hann segir að hann hafi verið að eignast tvö fyrirtæki og hann segir í þessu viðtali að hann ætli sér að eignast mörg fleiri fyrirtæki. Og hann tekur það fram: Þetta er löglegt. Ég þarf ekkert að fela. Þetta er löglegt.

Annað þetta fyrirtæki rak einn athyglisverðasti hönnuður hér á landi, segist ekki hafa fengið fyrirgreiðslu, hefur síðan lent í þessum „gráa" markaði. Og þessi maður, sem blaðið á viðtal við, segir hiklaust: Ég ætla mér að eignast eignir. Það er mín stefna.

Segir þetta ekki hv. þm. nokkra sögu um hvert stefnir? Það skiptir engu máli hvað menn segja hér eða annars staðar. Þeir þm. sem fylgja þessari ríkisstjórn bera ábyrgð á heildarstefnunni og það þýðir ekkert fyrir þá að reyna að þvo hendur sínar. Þær verða jafnkámugar eftir þann þvott ekki síður en hjá Pílatusi forðum.

Af vaxtastefnunni leiðir það, eins og ég gat um áðan, að þegar ríkissjóður auglýsti ársávöxtun fyrst upp á 39,6% og tíu dögum síðar upp í 41,3% fór að streyma fé út úr bönkunum og þá áttu bankarnir engan kost annan en hækka innlánsvextina sem leiðir svo til þess að útlánsvextirnir verða að hækka því annars yrðu þeir að borga í refsivexti eins og áður segir 41%. Þetta er það kerfi sem við búum við. Þetta er það kerfi sem er að gera tiltölulega fáa einstaklinga auðmenn en hið venjulega fólk öreiga. Það hefur fjöldi manns haft samband við mig, bændur, húsbyggjendur, þeir sem eru með alls konar iðnað, og segja: Það stefnir nú í gjaldþrot hjá mér.

Ég sakna hæstv. viðskrh. Hann taldi að það væri ekki búið að sýna sig, það þyrfti að sýna sig hvort þessi aðferð, að hækka sífellt vextina mundi bera árangur. Er það jafnaðarstefnan á Íslandi í dag að gera þá ríku ríkari og fjöldann öreiga? Er þetta stefna Framsfl.? Er það? Það var það ekki. En er það? Þeir eru ábyrgir fyrir þessari stefnu, það skulu

þeir vita, og þýðir ekkert fyrir þá að firra sig ábyrgð og það sama vil ég segja ekki síst um landsbyggðarþingmenn Sjálfstfl.

Hér er lýst svo aðferðunum til að koma þessu kerfi í gegn. *Í hvaða blaði?* Það er *í sjálfu* Morgunblaðinu þar sem því er lýst nákvæmlega hvernig það gerðist. Það er haft samband við örfáa menn. Fyrst koma þeir sér saman gamla viðreisnarstjórnin, þ.e. Sjálfstfl. og Alþfl., og það er ekki fyrr en þeir eru búnir að ná saman sem er haft samband við hæstv. sjútvrh. Það þurfti ekki að tala við aðra. Eftir því sem Morgunblaðið segir tók hann að sér að tala við Steingrím Hermannsson, hæstv. utanrrh. Það þurfti ekki að tala við þm. Það var ekki málið. Og það þarf ekki í Sjálfstfl. að tala við þm., enda sagði varaformaður þingflokksins þegar ég fór að ræða við hann um fjárlögin: Ja, þetta eru okkar vinnubrögð. Það er okkar vani að vera ekkert að leggja málin fyrir þingflokkinn. Hvað kemur þingflokknum við hvað Sjálfstfl. ætlar að gera? Hann á að hlýða og gera það sem við segjum. Þetta kemur í raun og veru fram með óbeinum orðum í Morgunblaðinu sem ég get lesið upp við 2. eða 3. umr. ef mál munu leggjast þannig að ég telji það nauðsynlegt. Ef ekki einhver annar. Ég get líka lánað öðrum það sem er kannski með sterkari rödd en ég í dag.

En það er nauðsynlegt að þetta sé tekið inn í umræður hér til að það fari ekkert á milli mála hvernig er unnið að þessum málum. Hér kemur fram alveg svart á hvítu hvernig þessi mál eru unnin sem betur fer. Mér kemur þetta ekkert á óvart. Ég þekki þessi vinnubrögð. Ég þekki það í öllum þessum flokkum. En það er nauðsynlegt að landsbyggðin, láglaunafólkið, sem er verið að níðast á með þessari kerfisbreytingu, fái að vita allt það sanna í því efni.

Hvernig halda hv. þm. að sé komið fyrir þeim mönnum, t.d. þeim bændum sem skulda um áramótin á aðra milljón þó þeir hafi stór fjárbú, að bera þá vexti sem nú eru í þjóðfélaginu? Annars segir Dagur á Akureyri í leiðara, og væri fróðlegt að vita eftir hverjum slíkt er haft, að raunvextir séu um 2–3% á sama tíma og Landsbankinn er að auglýsa eftir fjármagni og býður 10,8% með fullri verðtryggingu. Eru leiðarahöfundar blaðanna orðnir svo heilaþvegnir að þeir láti lesa fyrir sig og setji svo stafina sína undir? Er það orðið þannig?

Ég var ekki hér, herra forseti, þegar tollafrv. kom til 1. umr. Ég ætla ekki að ræða það mikið, en kemst ekki hjá því að minnast á það við þessa umræðu þó ég kannski taki það betur í gegn síðar þegar það kemur til 2. umr. En það er nauðsynlegt að benda á örfá atriði í því sambandi. Það kemur fram í úrklippum úr Morgunblaðinu hverjir það eru sem bera ábyrgð á eða voru starfsmenn hæstv. ríkisstjórnar, fyrst og fremst hæstv. fjmrh., að útbúa þá kerfisbreytingu sem er hér búið að leggja fram. Það voru þeir Björn Björnsson, Bolli Bollason, Ólafur Ísleifsson, Ólafur Davíðsson og Víglundur Þorsteinsson. Þegar maður fer að athuga tollskrána, þó ég hafi ekki á þessum tíma getað farið mikið ofan í hana, sést að hún ber með sér að Víglundur Þorsteinsson hefur farið um hana höndum. Ég kannski ræði það betur síðar.

En það sem er athyglisverðast er að sumt af hinum unga iðnaði okkar verður þannig leikinn, ef þetta fer fram óbreytt, að hann stöðvast, einhverjar greinarnar, eða verður gjaldþrota nema verði úr bætt. Það er t.d. með gúmmíiðnaðinn, sólninguna, með endurvinnsluna á dekkjum, eins og Gúmmívinnslan á Akureyri hefur verið að þróa í sl. fjögur ár og býr til gúmmímottur, dýnur og bobbinga úr dekkjum sem hún rífur upp. En hvernig gera Svíar þetta aftur á móti? Það er alltaf verið að vitna í einhverjar Norðurlandaþjóðir eða reynt að benda á hvernig þessi mál eru annars staðar. Þeir leggja t.d. á gúmmíbarðana ákveðið endurvinnslugjald sem þeir fá síðan greitt þegar þeir koma á þá staði sem taka að sér að endurvinna dekkin. Á þennan hátt vernda Svíar þennan iðnað og koma í veg fyrir að hann leggist niður, en eitt af því sem er erfitt hjá þeim eins og okkur er að bæði það og annað hrúgast upp. Aðrar þjóðir leggja höfuðáherslu á að endurvinna sem mest af úrgangi alls konar. Alveg sama er með t.d. eggjabakkana sem eru unnir úr dagblöðum eða öðrum pappír. Mér er sagt að það muni stöðvast. Eitthvert fyrirtæki er í Hafnarfirði, sem ég kann ekki nægileg skil á, sem býr til stiga og annað úr áli. Mér er sagt að það sé í Hafnarfirði. Enn fremur álpönnur sem eru unnar á Eyrarbakka. Einhvers staðar sá ég að það væri búið að bjarga því máli með einhvers konar breytingum þó ég ekki kunni á því skil þar sem ég hef ekki getað af heilsufarslegum ástæðum fylgst nægilega vel með. En ef ég hef tekið rétt eftir er búið að bjarga því máli.

Þannig væri hægt að halda áfram að tína upp ýmis fyrirtæki, sem hafa verið og eru í harðri samkeppni við innflutning, sem manni sýnist að sé verið að skera alveg á. Mér dettur ekki í hug að hæstv. ríkisstjórn sé af illvilja að gera þetta heldur er þetta ekki skoðað. Menn vita ekki, hvorki hæstv. ráðherrar eða þm., til hvers leiðir þessi kerfisbreyting, enda kemur í ljós, ef maður fer að tala við hv. þm., að þeir hafa ekki hugmynd um til hvers það leiðir.

Þá er ég kominn að þeim kafla ræðu minnar sem ég skal vera frekar stuttorður um, en það er í sambandi við landbúnaðinn. Það kannski þarf ekki að hafa mjög mörg orð um landbúnaðinn ef heldur sem horfir. Það er ekkert undarlegt þó það sé þannig. Þegar búvörulögin voru samþykkt 1985 var ég formaður landbn. þessarar deildar. Þá átti sæti í nefndinni núv. hæstv. fjmrh. Það voru haldnir margir fundir í landbn., ekki man ég hvað margir, eitthvað milli 10 og 20 formlegir fundir, og margir fundir þá með meiri hlutanum. En þegar málið kom hér til 2. umr. lá fyrir dagskrártillaga frá þáv. þm., núv. hæstv. fjmrh., *Jóni Baldvini Hannibalssyni*. Það var á tvo eða þrjá fundi sem hæstv. ráðherra mætti í landbn. Ég man ekki hvort þeir voru tveir eða þrír. Ekki meira en þrír. En þá leyfði hæstv.

ráðherra sér að leggja fram dagskrártillögu sem er þess eðlis að ég vil lesa hana upp hv. þm. til upprifjunar og þeim sem eru nýir svo að þeir viti hvernig þessi hv. þm., núv. hæstv. fjmrh., stóð þá að málum. Það er með undarlegasta hætti að t.d. framsóknarþingmenn, Framsfl., skuli svo láta þennan mann, með þá afstöðu sem hann hefur haft og hefur í landbúnaðarmálum, stjórna þessari kerfisbreytingu, í raun og veru stjórna mestu um það sem er að fara fram á hv. Alþingi.

En dagskrártillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem

– frv. þetta er að meiri hluta til samið af alþm. sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta við lögfestingu þess,

– það hefur ekki fengið þinglega meðferð, er m.a. órætt í landbn. og fékkst ekki sent til umsagnar aðila sem geta beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón af lögfestingu þess,

– byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,

– byggir á úreltum stjórnsýsluhugmyndum frá átjándu öld um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhögg við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,

– lokar síðustu smugum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,

– útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með öllu alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðla þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,

– felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstjórnarkerfinu eru vanþóknanlegar, og mismunar því einstaklingum fyrir lögum,

– tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna, en mun að öllum líkindum hækka verulega allan tilkostnað við framleiðslu, vinnslu, dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf“ á þessu ári,

– slær á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru, óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem hefur neytendur jafnt sem bændum rð féþúfu,

– mun kosta þjóðina marga milljarða króna á ári hverju verði það að lögum,

telur Alþingi frv. þetta í sjálfu sér til vansa, bændum, neytendum, skattgreiðendum, ríkissjóði og þjóðarbúinu til skaða og vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þannig hljóðaði dagskrártillaga þess manns sem kom á tvo eða þrjá fundi í landbúnaðarnefnd og sem nú stendur í vegi fyrir því að bændur fái umsamda greiðslu skv. þessum lögum. Á þessu bera ábyrgð allir hv. þm. sem styðja þessa ríkisstjórn. Svo vill nú til að hv. þm. Eiður Guðnason flutti þessa flottu dagskrártillögu aftur í Ed. Ég bendi á að það þyrfti að komast til Vestlendinga, a.m.k. þeirra í strjálbýli, hvernig Alþfl. stóð þá að þessu máli og hvernig hann stendur að þessum málum nú.

Í þessari umræðu ætlaði ég að lesa fleira upp, en vegna þess að röddin er farin að bresta mun ég draga það til 2. umr. málsins í þeirri von að hún verði þá komin í lag.

Það er umhugsunar vert hvernig er staðið að málum í Áburðarverksmiðju ríkisins. Ef ég man rétt kom það í hlut bænda á þeim tímum sem verðbólgan var mest og gengisfellingarnar að borga rekstrarfé hennar eins og það kostaði. Það var alltaf í erlendum gjaldeyri eins og það var á hverjum tíma. En nú eru breyttir tímar og nú eru það vildarkjör að fá rekstrarlánin í erlendum gjaldmiðli. En hvað gerist þá? Þá gerist það að þó þetta sé eins og áður, ég veit ekki með hvaða vöxtum fyrir víst en aldrei meiri en 9% vöxtum, verða bændur látnir borga þetta eins og það væri innlent fé, með afurðavöxtum eins og landbúnaðurinn borgar af sínum afurðalánum. Þ.e. í dag er þetta 33% en hefði verið aldrei meira en 9%. Menn halda e.t.v. að þetta komi í sama stað niður, en það er langt því frá. Það er vegna þess að verðið sjálft kemur í grundvöllinn, en vextirnir af afurðalánunum koma þar ekki fram. Þess vegna eru bændur látnir bera þennan mismun og fá það ekki að neinu leyti uppi borið. Fyrst þetta er svona ætti landbúnaðurinn einnig að geta fengið erlend lán út á sínar afurðir. Ef þau væru tekin með SDR-vöxtum er hægt að fá þau með 9% vöxtum a.m.k. eða innan við það. Og ef þau væru tekin í þýskum mörkum væri hægt að fá þessi lán með 6% vöxtum. Þó að gengið hefði verið fellt um 15% mundi það samt borga sig fyrir bændur. En þannig er staðið að þessum málum og ég tel ástæðu til þess að það komi hér fram.

Ég mun fara að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil þó endurtaka það, sem hefur komið fram hjá mér í ræðu minni, að það er fyrirsláttur einn að það þurfi að setja á matarskatt vegna þeirrar kerfisbreytingar sem hæstv. ríkisstjórn vinnur að að framkvæma eftir rúmt ár. Ég hef skýrt frá því hér að framan að Efnahagsbandalagsþjóðirnar stefna í að það séu a.m.k. tvö skattþrep. Ég hef líka skýrt frá því að það séu í gangi umræður í Noregi og Svíþjóð um að samræma sína skatttöku miðað við það sem er og verður hjá Efnahagsbandalagsþjóðunum. Ríkisstjórnin stendur því þarna nakin frammi fyrir þjóðinni. Það er tilbúningur að þetta sé gert vegna kerfisbreytingarinnar. Ég geri ekki ráð fyrir því, þó að ég ræði þessi mál hér, að t.d. blöðin, hvort sem það er Tíminn eða Dagur, það er helst Morgunblaðið, muni minnast á það sem hér kemur fram. Þeir eru þá feigir ef þeir taka eitthvað upp af því sem ég kann að segja á þessum vettvangi. En ég mun kannski tala til þeirra betur síðar.

Ég vænti þess að sá fundur sem verður í dag á Lækjartorgi opni augu hæstv. ríkisstjórnar fyrir því að þetta gengur ekki. Ég vona að hæstv. viðskrh. átti sig á því að ef vaxtastefnan verður svona áfram,

og get ég vel tekið undir það, muni það segja eitthvað til sín að hækka sífellt vextina. En hvernig segir það til sín? Það stöðvar fyrirtækin. Það stefnir í gjaldþrot. Það stefnir hjá mörgum í atvinnuleysi eins og er þegar t.d. með ullariðnaðinn og fleiri aðila. Það er nýtt fyrir mér ef það er hin sanna jafnaðarstefna sem þarna er fylgt.

Ég mun bæta við þetta við 2. umr. og ég er tilbúinn með öðrum að standa að brtt. og láta á reyna hvort það verður hægt að handjárna þm. stjórnarflokkanna í þessu máli. Það gæti orðið erfitt fyrir suma að standa þannig að málum að setja á slíkan skatt sem mundi hafa þær afleiðingar sem ég hef lýst að nokkru en mjög mörgu væri hægt að bæta við.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég sé reyndar ekki hæstv. fjmrh. í salnum, en ég veit að þeir eru nánir samstarfsmenn, hæstv. dóms- og viðskrh. og kirkjumálaráðherra og hann, og ég treysti því að þeir beri boð sín á milli.

Hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu afkvæmi sínu í fundarbyrjun og talaði hratt og lágt og ég lái honum það ekki. Ég hugsa að ég hefði gert það sama. Það er ekki von að hann vilji að menn heyri of grannt þegar hann mælir fyrir þessu.

En þá er hún loks komin hingað, sprengjan mikla sem maður í raun og veru trúði aldrei að yrði varpað á landsmenn. Og ég verð að segja það, herra forseti, þótt það kunni að hljóma barnalega og óraunsætt, að ég vonaði og trúði í lengstu lög að þessi ófögnuður yrði endursendur hæstv. ríkisstjórn til að gera sinn usla á stjórnarheimilinu en ekki á heimilum landsmanna. En ekki er öll nótt úti enn. Það hefur gerst fyrr í sögunni að viti bornir menn taki sönsum, átti sig á villu síns vegar og snúi af rangri leið.

Það er í rauninni aldeilis ótrúlegt hvað þetta mál er komið langt eins og andstaðan er hörð, ekki bara hjá stjórnarandstöðunni hér á þinginu og ekki bara úti í þjóðfélaginu hjá almennu launafólki heldur hjá fjölmörgum stjórnarsinnum hér á Alþingi, en þeir virðast ætla að kyngja hverju sem er undir yfirskini einföldunar og skilvirkni og virðast jafnvel halda að réttlætinu verði fullnægt í leiðinni.

Víst er, herra forseti, að mörgum þeirra líður ekkert allt of vel þessa dagana og ég held að þeir ættu að hugsa sitt ráð, gefa sér tóm til þess, þessar síðustu stundir áður en jólahelgin gengur í garð, að íhuga áhrif þessara aðgerða. Auðvitað er ég fyrst og fremst að fjalla um þann þátt þess frv. sem nú er hér á dagskrá sem snertir afkomu heimilanna langmest, þ.e. sú breikkun söluskattsstofnins sem felur í sér sköttun matvæla.

Ég nefndi áðan nálægð jólanna sem virðist geta hrært einhverja strengi í brjóstum manna og komið fólki til að hugsa um réttlætið og finna til umhyggju í garð náungans þótt auðvitað eigi ekki að þurfa nálægð jólanna til. Þessar tilfinningar og kenndir eiga að geta bærst með okkur alla daga, ekki síst með okkur sem er trúað til þess að setja lög og annast framkvæmd ýmissa aðgerða sem snerta hag fólksins í landinu. Engu að síður hafa jólin oft mannbætandi áhrif á okkur og ég fann til þessarar umhyggju á þeirri ögurstund sem okkur hv. þm. gafst í gær til að átta okkur aðeins á milli strangra þingfunda og nefndarfunda. Umhyggja mín beindist satt að segja að þessu sinni alveg sérstaklega að þeim sem vilja með öllum ráðum koma í gegn nú fyrir jólin þessum skelfilega matarskatti. Ég reyndi af öllum mætti að setja mig í spor þessara manna og átta mig á hvað kæmi þeim til að vilja senda landsmönnum slíka og þvílíka jólagjöf. En herra forseti. Viðleitni mín bar ekki nokkurn einasta árangur. Ég get ekki sett mig í spor þeirra þótt ég ætti lífið að leysa.

Það rifjaðist enn einu sinni upp að hæstv. fjmrh. talaði stundum um nauðsyn þess að breikka söluskattsstofninn meðan hann var óbreyttur þm., bæði á þingfundum og vafalaust á landsreisufundum sínum þegar hann var að leita svara um það hverjir ættu þetta land og reyna að laða menn til fylgis við það sem hann kallar jafnaðarstefnu en er nú að mér sýnist allt annað en það sem ég hef a.m.k. hingað til haldið vera jafnaðarstefnu.

Hæstv. fjmrh. er afar röggsamur maður og það mátti búast við því að hann sæti ekki auðum höndum þegar hann settist í langþráðan ráðherrastól. Hann hafði vissulega sem óbreyttur þm. og ekki síst eftir að hann varð formaður Alþfl. oft og mörgum sinnum talað um nauðsyn þess að endurskoða og endurskipuleggja allt tekjuöflunarkerfi ríkisins sem hann sagði ekki einasta í molum heldur í fullkominni rúst. Eitt af því sem ég minnist að hafa heyrt hann prédika var að þetta söluskattskerfi væri handónýtt og yrði að gerbylta því, innheimtan væri í molum vegna þess að undanþágur væru legíó og skattprósentan allt of há. Forsenda þess að þetta kerfi gæti gengið væri að fækka undanþágum verulega og lækka skattprósentuna myndarlega. Ég trúi varla að mig misminni þetta, enda hefur þetta verið rifjað upp hér í umræðunum. Ég gaf mér reyndar ekki tíma til að leita að staðfestingum í Alþingistíðindum þó það hvarflaði sannarlega að mér því ekki er nóg að sjá staðfestingu þess að hæstv. ráðherra muni þessi orð sín. En það hefur nú verið rifjað upp að svona var þetta. Ég er a.m.k. 100% viss um að engum lifandi manni datt í hug að þegar formaður Alþfl. fengi tækifærið til að vinna úr stefnu flokks síns og koma hugsjónum alþýðuflokksmanna í framkvæmd mundi hann nota það á þann hátt sem við sjáum í því frv. sem er hér til umræðu. (**HG:** Er ekki rétt að ráðherrann heyri þetta?) Hann heyrir og hlustar af athygli. Um það get ég borið.

Jafnaðarmennska hæstv. ráðherra felst í því einu að tosa öllum brýnustu nauðsynjavörum upp í 25% skattinn sem hann var búinn að prédika að væri allt of, allt of hár. Hann og hans nánasti samstarfsmaður í framkvæmd hugsjónanna, hæstv. dóms- og viðskrh. og kirkjumálaráðherra, eru miklir talsmenn einföldunar og skilvirkni og þeir tala um nauðsyn hlutleysis af hálfu ríkisvaldsins. Í athugasemdum við þetta lagafrv. er sagt að þessar breytingar feli í sér

lækkun tolla og afnám sex annarra gjalda, og allt er það vissulega satt og rétt, fækkun undanþága og samræmdan söluskatt. Já, vissulega fela þessar breytingar í sér fækkun undanþága, en samræmingin er langt frá því alger og erfitt að sjá hlutleysið í því samhengi öllu.

Þriðji punkturinn, sem er hér sérstaklega merktur, er að þessar breytingar feli í sér öruggari tekjuöflun ríkissjóðs. Að sjálfsögðu má alltaf búast við nokkru öryggi í því að skattleggja það sem enginn lifandi maður getur án verið. Það liggur í augum uppi. Og það er auðvitað alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að þetta er mjög örugg tekjuöflun í sísoltinn ríkissjóð sem er farinn að minna óneitanlega á plöntuna merkilegu í „Litlu hryllingsbúðinni".

Stórbætt skattskil er fjórði punkturinn sem nefndur er í athugasemdum við lagafrv. En hæstv. ráðherra: Er það alveg víst að þetta hafi í för með sér stórbætt skattskil? Og hvað er það í þessum breytingum sem tryggir stórbætt skattskil? Eftir sem áður er allnokkuð um undanþágur. Ég hef ekki talið þær saman, en þær eru mjög margar, skipta tugum, m.a. vegna afruglara svo að ein nauðþurftin sé nú nefnd. Og við eigum eftir að sjá að menn komi ekki auga á einhverjar glufur og smjúgi um þær.

Ég held að það sé alger óskhyggja hjá hæstv. ríkisstjórn að skattskilin verði eitthvað betri nema hæstv. ráðherra ætli að taka upp leikaðferðina maður á mann. Það kostar eitthvað. Þetta leiðir hugann að því sem áður hefur reyndar verið spurt um í umræðum hér á Alþingi og það alveg nýlega. Það var, held ég að ég muni rétt, hv. 5. þm. Reykv., áhugamaður um fjármál ríkisins, sem spurði hvernig hæstv. fjmrh. ætlaði að framkvæma þá stefnu sína, sem hann hefur boðað hátt og lengi, að það þurfi að uppræta skattsvik og koma í veg fyrir undandrátt. Mér fundust svör hæstv. ráðherra við spurningum hv. 5. þm. Reykv. nýlega ekki gefa til kynna að hann hefði neinar sérstakar aðgerðir á prjónunum umfram það svo sem að trúa í blindni á að þær kerfisbreytingar sem hér er verið að leggja til mundu vinna það verk fyrir hann. — Og var ánægjulegt að verða vitni að því að hv. alþýðuflokksmaður Karvel Pálmason gekk hér um salinn því hann er áhugamaður um það sama efni og við erum að ræða hér, þ.e. matarskatt eða ekki matarskatt, og veri hann velkominn sem oftast hingað í deildina.

Það kann vissulega svo að vera um sumt það sem hér er lagt til að það tryggi betri skil, svo að maður sýni svolitla sanngirni í umfjöllun, en ég held að það séu fáir sem trúa því að þessar aðgerðir dragi langt í þeim efnum. Það hlýtur að þurfa einhverjar sérstakar aðgerðir, eitthvað sem hefur ekki verið reynt áður.

Svo er reyndar hérna fimmti punkturinn sem hljóðar svo að þessar breytingar muni fela í sér lækkun verðbólgu. Og þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að setja svona vitleysu inn í athugasemdir við frv.? Og hæstv. ríkisstjórn segir, og ber fyrir sig Þjóðhagsstofnun og hver veit hvað, að þessi þríhöfða þurs, sem við höfum verið að fjalla um þessa dagana, tollabreytingar, vörugjald og söluskattsbreytingar, muni ekki hækka framfærsluvísitölu og jafnvel lækka byggingarvísitölu. Þar með er gert ráð fyrir að þessar breytingar skili sér nákvæmlega si svona eftir þeim reiknireglum sem menn ástunda í þessum stofnunum. En er það nú fjarska líklegt? Mér finnst þessi fullyrðing standa býsna völtum fótum, en látum svo vera. Hagfræðingar mega sannarlega reikna út og suður mín vegna.

En það sem við erum að fjalla um er 25% álagning á brýnustu nauðsynjar, matinn sem allir verða að borða ef þeir eiga að lifa. Þessi óréttláta álagning á það sem enginn getur verið án vegur miklu þyngra hjá þeim lægst launuðu en öðrum. Það liggur í augum uppi og er viðurkennt af öllum, m.a. af hæstv. ríkisstjórn sem setur nú upp geislabaug, a.m.k. einn, og ætlar að hækka barnabætur og lífeyri. Hvað er nú orðið af kenningunni um hlutleysi? Auðvitað getur ríkisvaldið ekki verið hlutlaust og má ekki vera hlutlaust. En með þessari stefnu er verið að blekkja fólk.

Og hvað segja svo alþýðuflokksmenn almennt um þetta? Hefur formaðurinn flokksmenn sína almennt á bak við sig í þessum aðgerðum? Bágt er að trúa því ef maður t.d. les hið merka blað, Alþýðublaðið, sem stundum ber á góma í þingsölum, ekki síst eftir að formaður Alþfl. komst í ráðherraembætti. Sjálfsagt les hæstv. ráðherra þetta blað vel og vandlega þegar hann hefur tíma frá önnum sínum, en þar sem ég er ekki eins viss um aðra hv. þm. ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í viðtal sem birtist þar nýlega og ég held að það saki ekkert að það rifjist upp fyrir hæstv. ráðherra ef hann er búinn að gleyma því. Þetta er viðtal sem er haft við ritara verkalýðsmálanefndar Alþfl., sem heitir Þráinn Hallgrímsson, og yfirskrift viðtalsins er: „Við borðum ekki varalit."

Í samtali við Alþýðublaðið segir Þráinn að hann hafi að vísu ekki séð heildarúttekt á þessu dæmi, og á við öll frumvörpin þrjú, né hvaða áhrif þessar hækkanir koma til með að hafa á hagsmuni hins almenna launþega, en sér sýnist þó að þetta stefni allt í öfuga átt miðað við það sem búast hefði mátt við af ríkisstjórn sem jafnaðarmenn eiga aðild að. „Ég er mjög ósáttur við þessa hækkun vöruverðs eins og hún kemur út í þessu", segir Þráinn Hallgrímsson, ritari verkalýðsmálanefndar Alþfl. Og í greininni segir eftir honum:

„Nefna mætti t.d. svínakjöt, nautakjöt, nýtt grænmeti og sérstaklega fisk, sem hækkar um 25%, sem dæmi um hækkanir á nauðsynjavörum. Þessar vörur væru ákveðnar frumþarfir, uppistaðan í matvörukaupum margra fjölskyldna sem stórhækkuðu á meðan aðrir liðir, sem skipta miklu minna máli fyrir afkomu launafólks, lækkuðu, eins og t.d. myndbönd og hljómflutningstæki. Þetta væri grundvallarbreyting sem að sínu mati væri mjög neikvæð. „Ég skil í raun og veru ekki hvað liggur að baki hjá fjmrh. og hans fólki, hvað þeir eru eiginlega að

hugsa. Þeir tala um það að þeir vilji koma á einföldun kerfisins, en er ekki nauðsynlegra að almenningur fái ódýran mat heldur en við séum með einfaldara söluskatts- og tollakerfi?"„

Og áfram er vitnað til þess að hann segir að sér þætti að jafnaðarmenn ættu frekar að hugsa í þeim dúr að það sé meira áríðandi að fólki geti fengið ódýrari nauðsynjar en vera að gæla við kerfið á þennan hátt.

„Varðandi niðurgreiðslur og fjölskyldubætur sem talað væri um í þessum áætlunum", og nú bið ég hæstv. ráðherra að hlusta vel, „sagði Þráinn að niðurgreiðslur kæmu úr okkar eigin vösum. Þar væri aðeins verið að taka úr hægri vasanum og setja í þann vinstri. Um fjölskyldubæturnar sagði hann að það væru fjölmargir hópar í þjóðfélaginu, láglauna- og meðaltekjufólk og t.d. fatlaðir, sem ekki fengju neinar slíkar bætur og mundu því beinlínis taka þetta út af sínum launum. Sagði hann að þessi kerfisbreyting hafi alltaf verið varin með því að hægt yrði að lækka hina almennu söluskattsprósentu, en nú væri ekkert talað um það lengur. „Til hvers er þá verið að þessu?" Sér þætti að með þessari breytingu, þ.e. að stórhækka nauðsynjavörur en lækka um leið vörur sem hægt væri að kalla munaðarvörur, sem almenningur gæti að þarflausu sleppt, væri verið að breyta yfir í eins konar ölmusukerfi þar sem ríkisvaldið getur ef það þarf að fara að skammta fólki auknar bætur svo að það geti lifað af launum sínum. Þetta væri ekki bein stefnumörkun sem jafnaðarmenn ættu að setja á oddinn í ríkisstjórn. „Við eru að færast í þá átt að gera fólki á lágum og meðallaunum erfiðara að lifa af þessum launum, það þurfi að fá sérstaka fyrirgreiðslu ríkisvaldsins til að geta það."

Auðvitað væru þarna líka ákveðnir punktar, eins og t.d. lækkun á búsáhöldum, heimilistækjum og byggingarvörum, en yfirþyrmandi væri hækkun á nauðsynjum. Að sínu mati væri ekki hægt að sjá neitt sem réttlætti þessa breytingu.

Varðandi lækkunina á byggingarvörum sé umdeilanlegt hvort nú sé rétti tíminn til að lækka þessar vörur. Þenslan á byggingarmarkaðnum sé alveg gífurleg, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hvort ekki hefði verið betra að framkvæma lækkunina þegar tiltölulega lítil þensla væri á markaðnum þannig að það hefði virkað hvetjandi á hann. Sagði Þráinn að fjmrh. hefði átt að átta sig út frá allri umræðunni um matarskattinn að þetta er pólitískt mjög vont mál og jafnaðarmenn hefðu ekki átt að hafa forgöngu um að hækka verð á nauðsynjavörum til almennings. „Fólk á eftir að finna verulega fyrir þessu þegar það þarf að fara að borga. Þá áttar það sig á að fiskur hefur hækkað um 25% o.s.frv." Þá komi fram megn óánægja meðal fólks, enda sést það vel á því hverjir taka breytingunum vel, í hverra þágu þær eru. Það er ekki launafólk heldur iðnrekendur, verslunareigendur og atvinnurekendur. Þessar breytingar leiða til enn frekari ójafnaðar í þjóðfélaginu. „Við borðum ekki varalit eða tannkrem. Við lifum ekki á sápum, sjampói eða rakspíra, en við lifum á fiski og við lifum á mat. Mér finnst að Jón Baldvin og ráðgjafar hans ættu að setjast niður og athuga á hvaða leið þeir eru, hvort þeir eru á leið jafnaðarstefnunnar fyrir hinn almenna launþega eða hvort þeir eru að vinna fyrir einhverja aðra aðila."

Ég get tekið undir öll þau orð sem ég hef lesið hér upp og þar sem vitnað er til Þráins Hallgrímssonar, ritara verkalýðsmálanefndar Alþfl. Þau falla mjög vel að þeirri stefnu sem við kvennalistakonur höfum túlkað hér.

En það er fleira. Þetta er ekki eina röddin sem hefur heyrst í þessa átt. Og hafi hæstv. fjmrh. lesið það sem ég var að vitna til núna í blaðinu, sem túlkar þá stefnu sem hann á að vera fulltrúi fyrir, er ekki að vita nema hafi farið fram hjá honum lesning í Morgunblaðinu nýlega þar sem er verið að kanna viðhorf manna gagnvart þessum breytingum á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Þetta er ekki mjög löng frétt, en vitnað í allmarga aðila. Með leyfi hæstv. forseta segir hér:

„Fisksalar og viðskiptavinir þeirra, sem blaðamaður Morgunblaðsins ræddi við síðasta miðvikudag, voru almennt óánægðir með fyrirhugaðan söluskatt á fisk, en áformað er að hann verði 25%. Helgi Helgason hjá Fiskverslun Hafliða benti þó á að skattlagningin hefði ekki tekið gildi enn og söluskatturinn gæti verið pólitísk leikflétta til að ríkisstjórnin hefði eitthvað til að semja um í komandi samningum. Rafn Stefánsson sagði að skatturinn kæmi harðast niður á láglaunafólki og þá helst öldruðum. Elísa Tómasson, sem er ellilífeyrisþegi og er þýsk að uppruna, sagði að matvöruverð væri þegar of hátt og hún líkti kjörum aldraðra við ástandið í Þýskalandi í seinni heimsstyrjöldinni."

Í fréttinni segir: „Rafn Stefánsson, verslunarmaður í fiskbúðinni Sæbjörgu í Dunhaga, sagðist ekki skilja í að nokkur kaupi fisk eftir áramót. Hann sagði að ýsuflök, sem nú væru um 240 kr., mundu hækka í 300 kr. og silungsflök í rúmar 600 kr. kg. Hann sagðist ekki skilja þá pólitísku husgun sem lægi að baki söluskatti á fiski. Hann sagði að svo virtist sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar beindust að því að auka sölu á fjallalambi. Læknar legðu þó áherslu á að breyta þurfi neysluvenjum fólks og hvetji það til að neyta hollustufæðis, þar á meðal fisks. Nú væri aftur á móti lagður hár söluskattur á þessa hollu fæðu og á sama tíma væri kjöt greitt niður.

Hann bætti því við að þessar aðgerðir kæmu helst niður á láglaunafólki og þá aðallega öldruðum sem hefðu margir hverjir ekki efni á að kaupa kjöt og margir þeirra væru þar að auki hættir að geta borðað það. Rafn sagði enn fremur að svo gæti farið að svindlað verði á söluskattinum." — Og taktu nú eftir, hæstv. ráðherra. „Til að mynda gætu mötuneyti tekið upp á því að kaupa fisk án þess að greiða söluskatt.

Helgi Helgason, verslunarmaður í Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar, var hins vegar á þeirri skoðun að söluskatturinn mundi skila sér í ríkissjóð.

Hann sagði hins vegar að e.t.v. væri raunhæft að leggja 8% söluskatt á fisk, en 25% væri allt of há skattlagning. Hann benti á að á sama tíma og gert sé ráð fyrir að dilkakjöt hækki ekki og annað kjöt aðeins um 10–15% væri fiskur gerður að munaðarvöru. Hann taldi að sala á öllum fisktegundum mundi minnka, a.m.k. fyrst um sinn. Hann sagði þó að ekki væri víst að þessi skattlagning tæki gildi og hann taldi ekki útilokað að áformin um söluskatt á matvæli væru aðeins lögð fram til að ríkisstjórnin hefði eitthvað að semja um í komandi kjarasamningum.

Fisksalarnir voru sammála um að líklega hefði fólk almennt ekki enn gert sér grein fyrir hversu mikla hækkun væri hér um að ræða. Ingunn Jónsdóttir, viðskiptavinur í Fiskverslun Hafliða Baldvinssonar, var á sama máli og sagði í stuttu samtali við Morgunblaðið að vegna vinnu sinnar hefði hún ekki haft tíma til að fylgjast með umræðunni um söluskatt á matvæli, en þegar fisksalinn tjáði henni að ýsan mundi hækka upp í 300 kr. kg sagði hún að það væri allt of mikil hækkun. Hún sagðist þó ekki gera ráð fyrir að hætta að kaupa fisk eftir hækkunina.

Viðskiptavinur í fiskbúðinni Sæbjörgu sagði að fiskur væri það sem þjóðin lifði á og hækkunin bitni helst á fátæka fólkinu sem hefði ekki efni á að borða fisk og yrði að borða kjöt. Hann hefði oft séð ellilífeyrisþega tína til smápeninga upp á búðarborðið og biðja fisksalann um dálítið minna flak til að peningarnir dygðu.

Elísa Tómasson var sammála þessu og sagði að peningar ellilífeyrisþega dygðu varla þó þeir væru alltaf að reyna að kaupa það allra ódýrasta. Hún sagði að ekki mundi ástandið batna ef lagður yrði söluskattur á matvæli og hún lýsti ástandinu sem hörmung. Hún hefði aldrei upplifað annað eins og þó hefði hún búið í Þýskalandi á stríðsárunum. Þá hefði verið skortur á vörum en ekki hefði vantað peninga til að kaupa þær. Nú væru aftur á móti nægar vörur, en skortur á peningum."

Þetta eru vissulega umhugsunarverð orð, herra forseti, og hrollvekjandi. Það var ekki að undra þó hæstv. ráðherra talaði bæði hratt og lágt og afskaplega óskýrt þegar hann mælti fyrir þessu máli áðan. Hann hlýtur þrátt fyrir mikið annríki að hafa heyrt andmælin og skynjað ótta manna við afleiðingar þessara lagabreytinga og hæstv. ráðherra má ekki láta slíkar raddir sem vind um eyrun þjóta.

Þetta leiðir hugann að því sem reyndar hefur komið upp aftur og aftur í sambandi við þessar víðtæku breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Hverjir komu þar að verki? Hverjir voru spurðir ráða? Hvað með fjölskyldunefndina sem sett var á stofn? Var hún spurð ráða? Ég man ekki betur en hlutverk hennar væri að vera hæstv. ríkisstjórn til ráðgjafar um fjölskyldumál og hvernig styrkja mætti stöðu fjölskyldunnar á alla lund. Er það líklegt til að styrkja fjölskylduna að skattleggja brýnustu nauðsynjar hennar? Það hefði að sjálfsögðu átt að koma til kasta þessarar fjölskyldunefndar, nema hún hafi verið hugsuð sem alger sýndarnefnd, e.t.v. til að friða góðar og gegnar jafnaðarkonur í öllum stjórnarflokkum því vissulega er nefndin eingöngu skipuð konum.

Og hvað um manneldisráð? Var það spurt? Hæstv. ráðherra kannast við viðhorf okkar kvennalistakvenna til allra þessara lagabreytinga með tilliti til manneldisstefnunnar sem við styðjum einlæglega og teljum nauðsynlegt að fylgja, ekki aðeins vegna þess að hún sé nauðsynleg með tilliti til velferðar einstaklinganna og rétts hvers einstaklings til heilbrigðis og mannsæmandi lífs heldur einnig vegna þess að hér er um hagkvæmni og sparnað að ræða fyrir ríkið. Heilbrigður og ánægður einstaklingur er vissulega mikils virði fyrir þjóðfélagið og það er okkur öllum keppikefli að eiga sem flesta slíka þótt okkur sé vitanlega einnig skylt að aðstoða þá sem ekki fá að njóta sömu lífsgæða. Það er þeim mun auðveldara að tryggja þeim mannsæmandi líf sem fleiri eru heilbrigðir og færir um að styrkja þetta þjóðfélag.

Í skýrslu heilbr.- og trmrh. um íslenska heilbrigðisáætlun, sem var lögð fram á síðasta þingi, um tiltekin manneldismarkmið, og er ástæða til að vitna í þessa skýrslu í þessari umræðu þótt það hafi raunar verið gert áður, það er svo mikil hreyfing á hv. þm. að það er aldrei að vita hver heyrir hvað, en með leyfi forseta, þá stendur m.a. í þessari skýrslu:

„Næringarástand þjóðarinnar er talið gott. En það þarf að sjá um að allir fái nægan mat og í honum séu rétt hlutföll frá næringarfræðilegu sjónarmiði. Leggja skal áherslu á framleiðslu og neyslu kornmetis, fisks, kjöts sem er magurt, kartaflna og grænmetis."

Og áfram segir: „Stuðla skal að neyslu mjólkurvara með lágu fituinnihaldi með fræðslu og verðstýringu. Neyslu matar, sem hefur mikið af sykri, og neyslu sætinda svo og saltaðs matar á að minnka með upplýsingastarfsemi og verðstýringu."

Þessi stefna, sem þarna kemur fram, er mjög góð stefna og hún er það enn þá. Hæstv. núv. ríkisstjórn virtist sannarlega með á nótunum og virtist hafa kynnt sér þessa stefnu þegar hún samdi og birti stefnuyfirlýsingu sína og starfsáætlun því að þar segir einmitt í kaflanum um heilbrigðismál á bls. 24, með leyfi forseta:

„Samræmdar verði aðgerðir stjórnvalda til að framfylgja neyslu- og manneldisstefnu með heilbrigði landsmanna að leiðarljósi."

Þetta var það sem hún ætlaði að gera, hæstv. forseti. Síðan tiltekur hún að landbúnaðarvörur sérstaklega séu mikilvægasti neysluhluti almennings, en hún tekur hvorki tillit til þeirra manneldissjónarmiða sem hafa komið fram í manneldismarkmiðum heilbrigðisáætlunarinnar né heldur í þeim markmiðum sem Manneldisfélag Íslands hefur sett sér.

Í grein í Morgunblaðinu frá 9. des. eftir Jón Gíslason, sem er næringarfræðingur og formaður Manneldisfélags Íslands, segir m.a., með leyfi

forseta:

„Þegar samkomulag ríkisstjórnarinnar er athugað nánar kemur hins vegar í ljós að manneldismarkmið, sem taka mið af því að efla heilbrigði þjóðarinnar, hafa ekki verið höfð til hliðsjónar um mótun þess", þ.e. þessa frv.

Og hann segir enn fremur: „Manneldisráð Íslands, sem lögum samkvæmt skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál, lauk á sl. ári við gerð manneldismarkmiða fyrir Íslendinga. Markmiðin eru sett fram í þeim tilgangi að efla heilbrigði þjóðarinnar með leiðbeiningum um fæðuval og eru byggð á þeim rannsóknum og þeirri þekkingu sem fyrir liggur um tengsl mataræðis og heilsu."

Hann segir síðan frá því að þetta hafi verið kynnt hjá fyrrv. ríkisstjórn og hlotið góðar undirtektir. Síðan telur hann upp nákvæmlega þær fæðutegundir og fleiri, sem ég minntist á áðan, sem allar hljóta þau örlög í frv. sem hér er til umræðu að þær munu hækka.

Jón Gíslason segir enn fremur í þessari tilvitnuðu grein: „Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt aðild að áætlun 33 Evrópuþjóða um forvarnarverkefni sem nefnt er „Heilbrigði allra árið 2000", en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur unnið að undirbúningi þess verkefnis á síðustu árum. Eitt af meginmarkmiðum áætlunarinnar er að vinna að öflugum forvörnum þannig að koma megi í veg fyrir sjúkdóma. Mataræði getur haft áhrif á heilsufar á fleiri vegu og tengsl mataræðis og heilsu eru því einn þeirra þátta sem heilbrigðisyfirvöld verða að leggja áherslu á ef markmið áætlunarinnar eiga að nást.

Einn veigamesti þáttur forvarna vegna langvinnra sjúkdóma, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki og tannsjúkdóma, er fræðsla um rétt fæðuval."

Nú er það svo, herra forseti, að Manneldisfélag Íslands stóð fyrir ráðstefnu um manneldisstefnu á Íslandi 31. okt. og 1. nóv. sl. og þegar unnið var að undirbúningi þessarar ráðstefnu sendi félagið fjmrn. bréf þar sem óskað var eftir að fulltrúi ráðuneytisins flytti erindi á ráðstefnunni um verðlagningu matvæla með tilliti til manneldismarkmiða. Það kemur fram í grein Jóns Gíslasonar að ráðuneytið gat ekki orðið við þessari ósk og bar því við að einmitt um þessar mundir væri verið að vinna að veigamiklum breytingum á þessu sviði. Þegar niðurstöður ríkisstjórnarinnar af þessari miklu vinnu liggja nú á borðum hv. alþm. hljóta þeir að álykta sem svo að ráðuneytið hefði átt að leyfa sér þann munað að sækja þessa ráðstefnu því niðurstaðan hlýtur að vera sú að hæstv. ríkisstjórn hefur hreint ekkert spurt manneldisráð um hvað því fyndist um þessar ráðstafanir. — Ég bið um að hurðunum verði ekki lokað þarna þó að þeir skemmti sér vel. Ég treysti því að orð mín nái til hæstv. ráðherra sem er mikill áhugamaður um þau efni sem hér eru á dagskrá. — En ef þetta er ævinlega viðhorfið í ráðuneytinu þegar á að byrja fyrsta skrefið í þeirri löngu göngu að marka heilbrigðisstefnu og framfylgja hérlendis verður það aldrei gert vegna þess að það verður ekki ráðrúm til þess ef ráðamenn gefa sér ekki tíma til að kynna sér hvað kunnáttumenn hafa um þessi mál að segja. Það er ekki hægt að líta á svar ráðuneytisins við boði manneldisráðs öðruvísi en sem hroka og lítilsvirðingu. Og það er ekki úr vegi að spyrja hæstv. ráðherra að því hvers vegna enginn treystir sér til að fórna tíma sínum í að sækja þessa ráðstefnu og kynna sjónarmið ráðuneytisins í þessum málum, sérstaklega með tilliti til þess að verið var að móta þessa stefnu í ráðuneytinu einmitt þessa dagana. Þetta er útkoman úr dæminu, þ.e. stefnan, sem birtist í þessum ráðstöfunum, og stefnan, sem birt var í markmiðum ríkisstjórnarinnar þegar starfsáætlun hennar var birt, eru greinilega dæmi um hægri og vinstri höndina sem margsinnis er vitnað til.

En herra forseti. Eitthvað er þó farið að síast inn í hæstv. ráðherra um það sem sagt hefur verið bæði um hollustu og um afkomu heimilanna og neysluvenjur — eða skyldi eitthvað annað liggja að baki þess tilboðs hæstv. ríkisstjórnar, ef tilboð skyldi kalla, að greiða neyslufisk að hluta til niður? Það merkilega við þetta tilboð er hvernig það er til komið. Menn komust nefnilega að þeirri niðurstöðu í umfjöllun um þau frv., sem hér liggja fyrir þinginu um tollabreytingarnar og álagningu vörugjalds, að það gengi ekki, sem þeir höfðu ætlað, að lækka verð á ýmsum ilmvörum í fínum merkjum eins og Dior og — Ja, ég er nú heldur illa að mér í fínum merkjum og man ekkert fleira. Ég man ekkert annað en Dior gamla og hætti mér því ekki út í það frekar.

En við vorum sem sagt upplýst um það í hv. fjh.- og viðskn. að ef verð slíkra vara lækkaði í verslunum hér, fríhafnarversluninni sem öðrum, mundi monsieur Dior og þeir félagar hans í sömu greinum bara ekki líða slíkt og þeirra ráð yrði að hækka vöruna frá sér því það væri bein lítilsvirðing við þeirra framleiðslu ef hún yrði seld á hálfgerðum launamannaprís, það væri ekki líðandi. Og nú voru góð ráð dýr, ef svo má að orði komast í þessu samhengi, því menn vildu ekki fyrir nokkurn mun láta Dior og co. hagnast á þessari kerfisbreytingu hér heima á Fróni. Það var snarlega ákveðið að leggja vörugjald á þessar vörur, þ.e. ilmvötn og ýmislegt fleira því skylt í leiðinni sem ég man ekki alveg upp að telja nú á stundinni. Svo hugkvæmdist mönnum það snjallræði, eða hafa þeir kannski alltaf haft það uppi í erminni, að nota þá upphæð sem þarna fengist til að greiða niður hluta af neyslufiski eins og við höfum fengið fréttir af. Og var nú látið heita sem svo að það væri tilboð til stjórnarandstöðunnar til að greiða fyrir þingstörfum svo að þeim mætti ljúka fyrir jól. Þetta eru þvílíkar hundakúnstir að maður stendur klumsa. Þessu fylgdu svo sem engar útlistanir á því hvernig þessu ætti að koma fyrir, en það mátti ekki heita undanþága frá söluskatti. Það má ekki minnast á undanþágur frá söluskatti í sambandi við matvæli.

Herra forseti. Síst af öllu færum við kvennalistakonur að berjast gegn því að fiskverði yrði haldið

niðri. En þessi aðferð hugnast okkur ekki of vel. Ég hugsa að hún sé ótrygg og bjóði upp á vandamál í framkvæmd. Eina rétta leiðin, hæstv. ráðherra, er að undanþiggja alla matvöru söluskatti og þá til þrautavara þá matvöru sem alls ekkert heimili getur verið án. Hér er rétt að geta þess að kvennalistakonur í Ed., hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir og Danfríður Skarphéðinsdóttir, lögðu fram brtt. við frv. þegar það var til afgreiðslu í Ed. sem ég leyfi mér hér að kynna því að þær segja allt um stefnu Kvennalistans og vilja í þessum málum. Þær lögðu fram tillögu til breytinga við 1. mgr. 3. gr. frv., sem er í raun sambærileg við þá undanþágu sem nú er í reglugerð um söluskatt, þess efnis að undanþegnar yrðu vörur sem um ræðir í 1.–4. flokki Viðauka I í tollalögum og ætlaðar eru til manneldis. Ég held að það sé rétt, herra forseti, með þínu leyfi, að ég lesi tillöguna:

„Undanþága skv. þessum tölul. tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru skv. lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru skv. þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt skv. lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat."

Þetta er, eins og ég sagði áðan, sambærilegt við þá undanþágu sem nú er í reglugerð um söluskatt.

Þær voru enn fremur með brtt. um það að 14. tölul. 2. mgr. 3. gr. frv. orðaðist svo:

„Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum", sem sagt að þessi atriði væru undanþegin.

Hér er um að ræða að bæta inn í undanþágurnar heilsuræktarstöðvum. Þar kemur enn til sögunnar heilsuræktar- og forvarnarsjónarmiðið sem við teljum að verði að fást viðurkenning á og stuðningur við. Okkur hefur verið tjáð að sú leikfimi sem boðið er upp á í þessum heilsuræktarstöðvum sé í mörgum tilvikum eina líkamsræktin sem margir leyfa sér og njóta og menn óttast að úr því dragi stórlega ef það verður mikið dýrara.

Herra forseti. Það er í rauninni alveg óþarft að spyrja hæstv. ráðherra hverjir hafi verið spurðir ráða þegar þetta frv. og fylgifrv. tvö um tolla og vörugjald voru samin. Það er deginum ljósara að þeir sem þessar breytingar bitna fyrst og fremst á voru ekki spurðir og þeir sem settir eru til að gæta hagsmuna þeirra voru ekki spurðir. Fjölskyldunefndin var ekki spurð ráða. Ég trúi því a.m.k. ekki að hún hafi verið spurð ráða. Manneldisráð var ekki spurt ráða. Neytendasamtökin voru ekki spurð ráða. Og launþegasamtökin voru ekki spurð ráða. Það er þó hreint ekki svo að þau hafi ekki komið ýmsum mótmælum á framfæri þegar vitnaðist um áform ríkisstjórnarinnar. Við höfum vafalaust öll fengið í hendurnar eða a.m.k. nefndarmenn í fjh.- og viðskn. ýmis mótmæli frá t.d. Alþýðusambandi Íslands sem mótmælti þegar í júlí þessari skattheimtu á matvöru og ítrekaði mótmæli sín í október og enn komu fram mótmæli á sambandsstjórnarfundi ASÍ sem var haldinn dagana 30. nóv. og 1. des. 1987. Þar voru enn ítrekuð mótmæli miðstjórnar ASÍ vegna áforma stjórnvalda um skattlagningu matvara um næstu áramót. Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Skattlagning matvöru kemur óhjákvæmilega harðast niður á þeim sem tekjulágir eru og nota stóran hluta tekna sinna til matvörukaupa. Sambandsstjórn krefst þess að ríkisstjórnin hætti við öll áform um matarskatt og að felldar verði niður þær álögur sem þegar hafa tekið gildi. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga munu þau spilla frekar en orðið er samkomulagsmöguleikum á vinnumarkaði."

Þetta er vitaskuld mjög alvarlegt, hæstv. ráðherra, og mann undrar satt að segja staðfesta ríkisstjórnarinnar að halda sig við þessi áform þrátt fyrir öll þau rök sem færð hafa verið fram gegn þeim og mótmæli. En það er bersýnilegt að þeir aðilar, sem ég taldi hér upp áðan, voru svo sannarlega ekki spurðir þegar verið var að undirbúa þessar breytingar. Það höfum við allt fengið upplýst á nefndarfundum í hv. fjh.- og viðskn. Þessir aðilar voru að ósk fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni kallaðir til umsagnar um tolla- og vörugjaldsfrv. Fulltrúi Neytendasamtakanna hafði aldrei verið spurður fyrr en þá, þ.e. í fyrradag á fundi fjh.- og viðskn., og það var mjög áberandi og mjög athyglisvert að þessum aðilum, þótt þeir væru kallaðir til umsagnar um tollafrv. og vörugjaldsálagninguna, sem eru þau mál sem við höfum nú til meðferðar í nefndinni, var söluskattsálagning þeim ríkust í huga. Þeir komu aftur og aftur að matarskattinum sem fjölmargir í þjóðfélaginu, ef hæstv. ráðherra skyldi ekki enn hafa áttað sig á því, líta nánast á sem náttúruhamfarir. Maður spyr sig auðvitað hvort þeir sem móta þessa stefnu og leggja til þessa kerfisbreytingu hafi ekki viljað leita ráða þess fólks eða bara ekki dottið það í hug, finnist það ekki skipta neinu máli hvað þessu fólki finnst um þessar breytingar og hverjar afleiðingar þær kunni að hafa. Það er satt að segja með ólíkindum ef menn trúa því að þessar breytingar verði til þess að lækka verðbólgu. Hvaða rök eru eiginlega fyrir slíkum fullyrðingum? Hundakúnstir með vísitölur duga ekki í þessu efni og það er svo sannarlega ekki skoðun þeirra aðila sem ég vitnaði í hér áðan. Fulltrúar ASÍ og BSRB voru ekki í vafa um það að þessar aðgerðir, sérstaklega í sambandi við matarskattinn, væru verðbólguhvetjandi og mjög afdrifarík aðgerð.

Herra forseti. Það þurfti ekki að koma neinum á óvart að við kvennalistakonur værum andvígar þessum matarskatti. Það höfum við alltaf verið og látið oft í ljós hvenær sem tækifæri hefur gefist og þar fylgir hugur máli. Mér er í fersku minni þegar mikið

at var í kringum stjórnarmyndunarviðræður á sl. vori og einhver spekingurinn með hagfræðimenntun hugðist gefa okkur góð ráð, eins og svo margir aðrir sem töldu sig vita allt betur, hann kom með tölur til okkar um það hvernig við gætum náð í milljarðana sem við þyrftum til þess að gera allt sem við vildum gera til hagsbóta fyrir lágtekjufólk og barnafólk og aðra sem bera þungar byrðar. Þessi ágæti maður lagði einmitt til að lagður yrði söluskattur á matvæli og hvað fengist við það í beinhörðum peningum. Og mér er vissulega í minni hver viðbrögðin urðu í okkar hópi, enda margkomið fram hvernig við litum á slíkt. Satt að segja trúði ég því aldrei að til þessa mundi koma, svo óréttlátt sem það er.

Við kvennalistakonur brugðumst við þegar hæstv. ríkisstjórn á sínum fyrstu dögum á valdastólum steig fyrsta skrefið til þess að auka álögur á almenning í formi matarskatts. Við sendum ríkisstjórninni mótmæli í formi ályktunar og mæltumst til þess að hún endurskoðaði áform sín sem mundu ekki einasta raska stórlega afkomu heimilanna heldur einnig ganga í berhögg við markmið ríkisstjórnarinnar um lækkun verðbólgu. En hæstv. ráðherrar hlustuðu ekki á okkur og þeir halda áfram á þessari braut og líklega voru þeir klókir að stíga þetta fyrsta skref á þessum sumardögum, einhverju veðurblíðasta sumri sem við munum, og á þessum tíma þegar menn voru orðnir leiðir á að fylgjast með þrasinu í kringum stjórnarmyndunarviðræður, voru eiginlega fegnir því að það væri þó komin einhver stjórn. Það voru sem sagt hagstæðar aðstæður fyrir stjórnina að gera slíkar aðgerðir sem þessar án þess að fá á sig mjög mikil mótmæli.

En nú eru aðstæður aðrar og það er geysileg ólga og mótmælaalda í þjóðfélaginu. Í dag verður t.d. útifundur á Lækjartorgi kl. 17 og ég hefði nú haldið að hæstv. fjmrh. ætti að mæta þar og hlusta á fólkið sem þar ætlar að mótmæla — ef hann má vera að. Að fundinum standa Sóknarkonur, bókagerðarmenn, fóstrur, sjúkraliðar, kennarafélögin, Iðja, Samtök kvenna á vinnumarkaði og fleiri. Skyldi nú nokkurn undra þótt hér sé að meiri hluta til um að ræða félög sem konur eru fjölmennar í? Yfirskrift fundarins er: Til hvers að lækka verð á hnífapörum þegar fólk á ekki til hnífs og skeiðar?

Vel á minnst, herra forseti, bókagerðarmenn standa að þessum fundi. Þeir hafa sínar ástæður og það ekki bara hvað varðar munn og maga. Ég var að fletta í blaðabunkanum í því hléi sem okkur gafst hér í gær og rakst þá á eitt og annað sem birst hefur undanfarna daga, m.a. merkilega grein sem birtist nýlega í Morgunblaðinu. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að vitna í þessa grein, ekki síst vegna þess að hæstv. ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar hennar hafa látið svo sem þeir láti sig menninguna miklu varða. Greinin er eftir Ólaf Ragnarsson sem er útgefandi og formaður Bókasambands Íslands. Hann spyr í fyrirsögn: „Samþykkir Alþingi 25% lestrarskatt á bókaþjóðina?“ Hann segir:

„Við Íslendingar eigum fáein heimsmet. Þeim er hampað mismikið enda sum þeirra okkur fremur til háðungar en hitt.

Hérlendis er t.d. lagður hærri söluskattur á bækur en í nokkru öðru landi. Það heimsmet heyrist ekki nefnt þegar ráðamenn þjóðarinnar flytja ræður um íslenska menningu á hátíðastundum og minna á nauðsyn þess að efla og auðga móðurmál okkar.

Þessi skattur ríkisins hækkar bókaverð til kaupenda um hvorki meira né minna en einn fjórða. Allt hugsandi fólk hlýtur að sjá hve fráleitt er að heimta skatt af tjáningu á íslenskri tungu, hugsmíðum og fræðslu, mennta- og menningarefni. Þetta er enn öfugsnúnara fyrir þá sök að bækur eru eini prentmiðillinn sem skattlagður er með þessum hætti.

Jón Baldvin Hannibalsson fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi fyrir helgina frv. til laga um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Meðal nýmæla í þessu frv. er að almennar heimildir fjmrh. til að veita undanþágu frá söluskatti, sem hingað til hafa falist í útgáfu reglugerða, eru felldar úr gildi.

Í stað þess að löggjafinn framselji þannig vald sitt til að leggja á skatta eða aflétta þeim mun nú Alþingi sjálft ákvarða með lögum hvaða vörur, vinna og þjónusta verði undanþegin söluskatti.

Í frv. ríkisstjórnarinnar er listi yfir 22 vöruflokka og 22 þjónustuliði sem verða undanþegnir söluskatti eftir áramót verði frv. að lögum óbreytt. Sömuleiðis eru taldir upp í 20 liðum ákveðnir þættir sem fjmrh. er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af. Bækur á íslensku eru ekki meðal liðanna 64 á þessum lista. Þær virðast enn ekki eiga upp á pallborðið hjá ríkisstjórn þjóðar sem löngum hefur verið kennd við bækur og bókmenningu. Bókmenntir verða því áfram skattlagðar af meiri þunga en dæmi eru um annars staðar í heiminum nema Alþingi grípi í taumana. Því verður tæplega trúað að *kjörnir fulltrúar bókaþjóðarinnar samþykki þennan* lista ríkisstjórnarinnar óbreyttan, en niðurstaða fæst væntanlega í málinu fyrir jólaleyfi þingmanna.

Ráðamenn hafa undanfarin missiri lýst alvarlegum áhyggjum sínum af flóðbylgju alþjóðlegrar fjölmiðlunar og óæskilegum áhrifum erlendra mála á íslenska tungu. Allir virðast þeir sammála, hvar í flokki sem þeir standa, um að nú megi ekki bíða lengur með áhrifamiklar aðgerðir til eflingar móðurmálinu.

Skemmst er að minnast ræðu Þorsteins Pálssonar forsrh. á hátíðarsamkomu stúdenta 1. des. sl. Hann sagði þar að mestu skipti um þessar mundir að varðveita það sem gerði okkur að sjálfstæðri þjóð — íslenska menningu og íslenska tungu.

Orðrétt sagði ráðherrann: „En á sama hátt og sagt var árið 1918 að það væri skylda allra að auka veg hins íslenska ríkis getum við sagt nú árið 1987 að það sé skylda okkar allra að auka veg íslenskrar tungu. Hér er í raun um sjálfstæði okkar að tefla.“

Ég vona svo sannarlega að forsrh. beiti áhrifum sínum til þess að auka veg íslenskrar tungu. Það er skylda okkar allra eins og hann sagði. En orð á

hátíðarstundum duga skammt. Forustumenn þjóðarinnar verða að sýna í verki að þeim sé alvara og ræðurnar ekki orðagjálfur. Auðvitað er í mörg horn að líta í þessum efnum sem öðrum en menn verða samt að vera sjálfum sér samkvæmir.

Er furða þótt ýmsir efist um að hugur fylgi máli hjá ráðherrum þegar nýtt frv. frá ríkisstjórninni sýnir að áfram er ætlunin að leggja söluskatt af fullum þunga á helstu máttarstoðir tungunnar, íslenska bókiðju og bóklestur — en afruglarar, sem veita flóði efnis á erlendum tungum inn á heimili landsmanna, eru undanþegnir söluskatti?

Einhver kynni að spyrja: Er hægt að taka prentað mál í bókum fyrir sérstaklega og undanþiggja það söluskatti? Hvað um efni sem látið er á þrykk út ganga í blöðum og tímaritum?

Menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af öðrum prentmiðlum hér á landi í þessu sambandi. Yfirvöld hafa leyft landsmönnum allra náðarsamlegast að njóta efnis þeirra án þess að þeir séu neyddir til að greiða af því sérstakan skatt til ríkisins og er það vel.

Margs kyns önnur menningarstarfsemi hefur verið án söluskatts og stjórnvöld þannig stuðlað að því að gróska gæti ríkt á sem flestum sviðum íslenskrar menningar. Meðal þess sem er undanþegið söluskatti auk blaða og tímarita má nefna málverkasýningar, tónleika, leiksýningar og sýningar íslenskra kvikmynda.

Á texta á bókum á okkar ástkæra ylhýra máli er aftur á móti lagður 25% lestrarskattur!

Þennan skatt er löngu kominn tími til að afnema. Það getur ekki samrýmst menningarstefnu bókaþjóðarinnar að skattleggja bókmenntir og bóklestur umfram aðra miðlun menningar í landinu.

Í Noregi var söluskattur á bókum felldur niður fyrir nokkrum árum. Höfuðrök stjórnvalda fyrir þeirri ákvörðun voru þau að landið væri svo lítið málsvæði og norsk tunga í svo mikilli hættu frá öðrum tungum að óhjákvæmilegt væri að grípa til aðgerða til að styrkja samkeppnisstöðu bóka á norsku gagnvart erlendu efni af ýmsum toga. Áhrifamesta aðgerðin í þá átt var talin vera niðurfelling söluskatts af bókum.

Í mörgum öðrum Evrópuríkjum eru bækur undanþegnar söluskatti, svo sem í Englandi, Írlandi, Grikklandi, Sviss, Portúgal og Júgóslavíu. Í þeim löndum þar sem söluskattur er lagður á bækur er hann yfirleitt verulega lægri en á vörur almennt.

Skyldu tungumál þessara milljónaþjóða eiga fremur í vök að verjast en íslenska? Ætli flóðbylgja fjölmiðlunar á útlendum málum muni t.d. fyrr drekkja norsku en íslenskri tungu? Ef niðurfelling söluskatts í því skyni að lækka bókaverð og stuðla að auknum bókakaupum og bóklestri hefur verið nauðsynleg aðgerð í Noregi ætti ekki að vera síður þörf á slíku hér á landi. Málfélagið norska er 17 sinnum stærra en sá hópur fólks sem talar íslensku hér norður á hjara.

Áskorun um afnám söluskatts af bókum á íslensku var á haustdögum afhent ríkisstjórn Íslands. Það gerðu stjórnarmenn Bókasambands Íslands, en innan vébanda þess eru á þriðja þúsund einstaklingar og fyrirtæki um land allt sem tengjast bókum með ýmsu móti.

Í áskoruninni var vakin sérstök athygli á því óréttlæti gagnvart bókafólki sem viðgengist hefur í söluskattsmálum. Eðlilegast væri að um bækur giltu sömu reglur og um aðra prentmiðla, svo sem dagblöð og tímarit, sem væru án söluskatts. Auðvitað ætti enginn texti á íslensku máli að vera skattaður.

Fjmrh. hlýddi á boðskap og óskir sendinefndar Bókasambandsins, hélt uppi dálitlum vörnum og sagði að um áramót yrðu allar undanþágur frá söluskatti felldar niður og þá gengi eitt yfir bækur og aðra miðlun prentaðs máls.

Undanþáguliðirnir 64 í söluskattsfrv. segja hins vegar aðra sögu. Þar eru síður en svo allar vörutegundir, þjónusta og menningarstarfsemi á sama báti. Enn eykur á þetta misræmi að lagaákvæði frá því í sumar um svonefndan „sérstakan söluskatt“ á ýmsa starfsemi og þjónustu verða áfram í gildi og í þeim tilvikum er skatturinn aðeins 10%.“ — Hér er rétt að skjóta inn í að hann mun eiga að verða 12%. En áfram vitna ég í þessa grein:

„Forsrh. var jákvæður þegar við hann var rætt um erindi Bókasambandsins í haust og menntmrh. var málinu mjög fylgjandi. Sá síðarnefndi lýsti því reyndar yfir opinberlega í útvarpi fyrir skemmstu að hann væri algerlega mótfallinn því að söluskttur væri lagður á bækur, en erfiðlega hefði gengið að fá fjmrh. til fylgis við þá skoðun. Vonandi beitir menntmrh. sér að nýju í þessu máli í þingsölum og nefndaherbergjum nú þegar söluskattsmálin eru til meðferðar á Alþingi.“

Hæstv. forseti. Ætli hæstv. menntmrh. sé í húsinu? Mér láðist eiginlega að biðja um að hann yrði kallaður hingað til þess að vera viðstaddur þessa umræðu í einlægum áhuga mínum til að tefja nú ekki þingstörfin. (**Forseti:** Það skal upplýst að hæstv. menntmrh. er ekki í húsinu sem stendur. En hann bað mig hér fyrr í dag að láta sig vita ef hans yrði óskað við umræðuna og skal það gert. Hins vegar vil ég upplýsa að það var ætlunin að gera hlé kl. 4 vegna þingflokksfunda, þannig að óvíst er að ég gæti náð í hann fyrir þann tíma, en ég skal gera ráðstafanir til þess að láta hann vita um þessa umræðu.)

Ég þakka hæstv. forseta. Ég sé að það eru þá aðeins fjórar mínútur eftir og ég á enn eftir nokkuð af mínu máli. Ég mun þó halda áfram nú og vona að hæstv. menntmrh. verði viðstaddur þegar umræðan hefst aftur og þá mun ég endurtaka það sem ég hef sagt hér um þetta mál. En ég ætla að halda áfram:

„Fráleitt ósamræmi hefur leitt af því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skattlagningu prentaðs máls og mun gilda áfram samkvæmt söluskattsfrv. taki alþm. ekki á sig rögg og bæti íslenskum bókum á undanþágulistann. Þjóðinni er gert að greiða hæsta söluskatt af hugverkum sem miðlað er í bókaformi, en sama efni er án söluskattsef það er birt í öðrum prentmiðlum.

Hvers vegna eiga lesendur að greiða 25% aukaskatt til ríkisins ef þeir vilja kaupa ljóð í bók, en ljóðið fæst án söluskatts ef það birtist í helgarútgáfu dagblaðsins eða í tímariti?

Hvaða sanngirni er í því að 25% söluskattur er lagður á smásögu ef hún birtist í bók, en sagan er laus við þann skatt ef hún er prentuð í dagblaði eða tímariti?

Hvað veldur því að ráðamenn bókaþjóðarinnar leggja 25% skatt á skáldsögu sem komið er á framfæri við lesendur í bók, en telja eðlilegt að sama hugverk sé án söluskatts ef það er prentað sem framhaldssaga í blaði eða tímariti eða t.d. birt í formi kvikmyndar?

Hvernig stendur á því að efni um sögu þjóðarinnar, fræðilegar uppgötvanir eða nýjar kenningar sem fram koma í íslenskum bókum er allt háð 25% skattheimtu ríkisins, en fullkomlega eðlilegt þykir að sama efni sé selt landsmönnum á síðum dagblaða eða tímarita söluskattslaust?

Erfitt hefur reynst að finna rökrétt svör við spurningunum hér að framan, enda hæpið að þau séu til.

Tjáningarfrelsi Íslendinga hlýtur að vera hið sama hvort sem það er á síðum bóka eða í öðru prentformi og á sama hátt hlýtur þjóðin að eiga jafnmikinn rétt á að njóta þess efnis í hvaða prentmiðli sem er án þess að þurfa að greiða skatta af orðunum. Í þessu efni eru bækurnar sér á báti. Í þeim er textinn skattlagður.

Bækur hafa um aldir verið eins konar undirstaða íslenskrar menningar og sætir furðu að stjórnvöld skuli íþyngja þeim landsmönnum sem vilja njóta efnis þessa hljóða og hugþekka miðils með sérstakri skattlagningu.

Alþingi og ríkisstjórn ættu nú að sjá sóma sinn í að létta lestrarskattsbyrðinni af bókaþjóðinni um áramót með því að bætaíslenskum bókum á undanþágulistann í söluskattsfrv. Sú aðgerð gæti skipt sköpum fyrir tungu og menningu þjóðarinnar.Vaxandi bókmenntasköpun hefði örvandi og auðgandi áhrif á tunguna og bækur yrðu landsmönnum í auknum mæli uppspretta menningar, þekkingar og þroska.

Ef milljónaþjóðir telja þörf á að vera á varðbergi og styrkja þjóðtungur sínar með áhrifamiklum aðgerðum megum við ekki sofna á verðinum. Við skulum ekki gleyma því að bækur á eigin tungu gegna því þýðingarmeira hlutverki sem þjóðirnar er að þeim standa eru stærri.

Niðurfelling söluskatts af bókum á íslensku tæki af öll tvímæli um að umhyggja þm. og ráðherra fyrir móðurmálinu væri meiri en orðin tóm. Með þeirri ákvörðun yrði stigið þýðingarmikið skref í þá átt að efla íslenska tungu og unninn raunverulegur áfangasigur í stríðinu við fjölmiðlun á framandi tungum."

Þetta var nú um menninguna, herra forseti, og það atriði sem snertir okkur sérstaklega sem bókaþjóð sem við gjarnan viljum kalla okkur. Ég vona einlæglega að hæstv. forseti sjái til þess að hæstv. menntmrh. sé gert viðvart um að um þetta mál verði fjallað hér í umræðunni á eftir þegar fundur hefst aftur að loknu hléi. Þá mun ég endurtaka örlítið af því sem ég vitnaði til hér áðan. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa alla þessa grein aftur þó hún sé harla góð, en ég mun vitna til þeirra orða sem ég vil sérstaklega koma á framfæri við hæstv. menntmrh. og benda honum á það sem hér er sagt og geri það þá þegar fundur hefst aftur. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu fyrir þetta fundarhlé þá óskaði ég eftir því að hæstv. menntmrh. yrði gert viðvart. Ég hef veitt því athygli að hann er staddur í húsinu og mér þætti vænt um ef hann mætti heyra mál mitt. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að honum verði gert viðvart um að umræðan sé byrjuð aftur.) Er þá ekki í lagi að ég doki við? Mér sýnist hæstv. ráðherra vera á leiðinni.

Herra forseti. Ég býð hæstv. menntmrh. velkominn í salinn. Ég mun ekki tefja hann mjög lengi því að það er nú að verða áliðið dags og margir sem eiga eftir að tjá sig um þetta mál og ég vil ekki verða til þess að skerða fyrir þeim tímann.

Ég vitnaði hér áðan, hæstv. menntmrh., í blað sem ég vænti að sé hæstv. ráðherra þóknanlegt, þ.e. Morgunblaðið, sem er þekkt fyrir áhuga á varðveislu menningar, ekki síst íslenskrar tungu. Ég vitnaði í grein sem varðar skattlagningu á íslenskt mál eins og það birtist í bókum meðan hins vegar texti í blöðum og tímaritum er skattfrjáls. Höfundur greinarinnar er Ólafur Ragnarsson útgefandi og formaður Bókasambands Íslands. Hann bendir á hvernig þessum málum er hagað í öðrum löndum, t.d. að söluskattur hafi verið felldur niður á bókum í Noregi fyrir nokkrum árum og höfuðrök stjórnvalda þar voru þau að landið væri svo lítið málsvæði og norsk tunga í svo mikilli hættu frá öðrum tungum að óhjákvæmilegt væri að grípa til aðgerða til að styrkja samkeppnisstöðu bóka á norsku gagnvart erlendu efni af ýmsum toga. Áhrifamesta aðgerð í þá átt hafi verið talin niðurfelling á söluskatti af bókum.

Hann bendir einnig á hvernig þessum málum er hagað í ýmsum öðrum Evrópuríkjum þar sem bækur eru undanþegnar söluskatti, svo sem í Englandi, Írlandi, Grikklandi, Sviss, Portúgal og Júgóslavíu og í þeim löndum þar sem söluskattur er lagður á bækur sé hann yfirleitt lægri en á vörur almennt. Greinarhöfundur spyr hvort tungumál þessara milljónaþjóða kunni að eiga fremur í vök að verjast en íslensk tunga og er nú von að spurt sé.

Greinarhöfundur minnir á það að á haustdögum hafi ríkisstjórn Íslands verið afhent áskorun um afnám söluskatts af bókum á íslensku. Þar hafi verið vakin sérstök athygli á því óréttlæti gagnvart bókafólki sem viðgengist í söluskattsmálunum og lét í ljós þá skoðun sína að um bækur ættu að gilda sömu reglur og um aðra prentmiðla, svo sem dagblöð og tímarit sem væru án söluskatts. Hann lýsir för þeirra til hæstv. fjmrh. sem hafði hlýtt á boðskap og óskir sendinefndar Bókasambandsins. Ráðherra hafði haldið uppi dálitlum vörnum og sagt að um áramót yrðu allar undanþágur frá söluskatti felldar niður og

þá gengi eitt yfir bækur og aðra miðlun prentaðs máls. En eins og margir aðrir hefur greinarhöfundur veitt því athygli að undanþáguliðirnir 64 í söluskattsfrv. segja allt aðra sögu því að þar eru síður en svo allar vörutegundir, þjónusta og menningarstarfsemi á sama báti.

Hann minnist líka á það að forsrh. hafi verið jákvæður þegar við hann var rætt um erindi Bókasambandsins í haust, minnir á orð ráðherra á hátíðarsamkomu stúdenta 1. des. sl. og segir að menntmrh. hafi lýst sig mjög fylgjandi málinu. Svo að ég vitni hér beint í grein Ólafs Ragnarssonar — ég vil ekki tefja tímann með því að lesa hana alla hér aftur en ég saknaði hæstv. menntmrh. og geri fastlega ráð fyrir að hann hafi líka veitt þessari grein athygli og taki á henni mark — en svo að ég vitni örstutt beint í greinina þar sem fjallað er um viðtökur menntmrh., þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta,:

„Sá síðarnefndi," þ.e. hæstv. menntmrh., „lýsti því reyndar yfir opinberlega í útvarpi fyrir skemmstu að hann væri algerlega mótfallinn því að söluskattur væri lagður á bækur, en erfiðlega hefði gengið að fá fjmrh. til fylgis við þá skoðun. Vonandi beitir menntmrh. sér að nýju í þessu máli í þingsölum og nefndaherbergjum nú þegar söluskattsmálin eru til meðferðar á Alþingi.

Fráleitt ósamræmi hefur leitt af því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skattlagningu prentaðs máls og mun gilda áfram samkvæmt söluskattsfrv. taki alþm. ekki á sig rögg og bæti íslenskum bókum á undanþágulistann. Þjóðinni er gert að greiða hæsta söluskatt af hugverkum sem miðlað er í bókaformi, en sama efni er án söluskatts ef það er birt í öðrum prentmiðlum. Hvers vegna eiga lesendur að greiða 25% aukaskatt til ríkisins ef þeir vilja kaupa ljóð í bók, en ljóðið fæst án söluskatts ef það birtist í helgarútgáfu dagblaðsins eða í tímariti? Hvaða sanngirni er í því að 25% söluskattur er lagður á smásögu ef hún birtist í bók, en sagan er laus við þann skatt ef hún er prentuð í dagblaði eða tímariti? Hvað veldur því að ráðamenn bókaþjóðarinnar leggja 25% skatt á skáldsögu sem komið er á framfæri við lesendur í bók, en telja eðlilegt að sama hugverk sé án söluskatts ef það er prentað sem framhaldssaga í blaði eða tímariti eða t.d. birt í formi kvikmyndar? Hvernig stendur á því að efni um sögu þjóðarinnar, fræðilegar uppgötvanir eða nýjar kenningar sem fram koma í íslenskum bókum er allt háð 25% skatttheimtu ríkisins, en fullkomlega eðlilegt þykir að sama efni sé selt landsmönnum á síðum dagblaða eða tímarita söluskattslaust? Erfitt hefur reynst að finna rökrétt svör við spurningunum hér að framan enda hæpið að þau séu til."

Og örlitlu neðar segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi og ríkisstjórn ættu nú að sjá sóma sinn í að létta lestrarskattsbyrðinni af bókaþjóðinni um áramót með því að bæta íslenskum bókum á undanþágulistann í söluskattsfrv. Sú aðgerð gæti skipt sköpum fyrir tungu og menningu þjóðarinnar. Vaxandi bókmenntasköpun hefði örvandi og auðgandi áhrif á tunguna og bækur yrðu landsmönnum í auknum mæli uppspretta menningar, þekkingar og þroska.

Ef milljónaþjóðir telja þörf á að vera á varðbergi og styrkja þjóðtungur sínar með áhrifamiklum aðgerðum megum við ekki sofna á verðinum. Við skulum ekki gleyma því að bækur á eigin tungu gegna því þýðingarmeira hlutverki sem þjóðirnar er að þeim standa eru stærri.

Niðurfelling söluskatts af bókum á íslensku tæki af öll tvímæli um að umhyggja þingmanna og ráðherra fyrir móðurmálinu væri meiri en orðin tóm. Með þeirri ákvörðun yrði stigið þýðingarmikið skref í þá átt að efla íslenska tungu og unninn raunverulegur áfangasigur í stríðinu við fjölmiðlun á framandi tungum."

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hlýða á þessi orð, ég veit að hann mun kynna sér þessa ágætu grein, og mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðherra mundi tjá sig um þetta efni í þessari umræðu. En eins og hér hefur verið bent á kemur einmitt í ljós gífurlegt misræmi í skattlagningu, misræmi sem menn hamast nú gegn á ýmsum öðrum sviðum og segja ekki líðandi, t.d. í sambandi við matarskattinn. Og hvar er nú réttlætishugsjónin, hæstv. ráðherrar?

Þetta var nú um menninguna og það atriði sem snertir okkur sérstaklega sem bókaþjóð sem við gjarnan viljum kalla okkur.

Ég hef ekki miklu við það að bæta sem kom fram í þessari ágætu grein og verð reyndar að játa það á mig að þessi grein ýtti mjög óþyrmilega við mér. Ég var svo upptekin af því ranglæti sem mér finnst matarskatturinn vera að ég hafði ekki hugleitt þessa hlið málsins eins og vert væri, ekki í þetta skipti. Annars er í þessari ágætu grein aðaláherslan lögð á bækurnar sem vonlegt er og það er minnt á þá undarlegu ráðstöfun að undanþiggja afruglara söluskatti. Auðvitað veit ég hver röksemdin er. Þetta er arfur frá hæstv. fyrrv. fjmrh., núv. hæstv. forsrh. sem upp á sitt eindæmi felldi niður söluskatt af afruglurunum til þess að létta Stöð 2 fyrstu sporin á sinni braut. Og nú segja menn að ef þessu verði ekki viðhaldið þá sé það mismunun gagnvart landsbyggðinni sem sé smám saman að afruglast. Já, það skortir ekki rök ef viljinn er fyrir hendi. Ef menn vildu þá gætu þeir líka staðið sig gagnvart Ríkisútvarpinu og tryggt að það gæti staðið undir þeim skyldum sem því eru lagðar á herðar. En það er nú eitthvað annað. Það er svipt lögboðnum tekjum í formi aðflutningsgjalda án nokkurra eiginlegra röksemda og eigum við vafalaust eftir að ræða það betur þegar lánsfjárlögin koma til umræðu.

Herra forseti. Ég fer nú mjög að stytta mál mitt enda búin að koma mínum sjónarmiðum að um þessi tvö atriði sem fyrst og fremst ráða afstöðu okkar kvennalistakvenna gagnvart þessu frv. Ég vil aðeins vekja athygli á því sem stendur á bls. 6 í athugasemdum með frv. Það eru orð sem ég má til með að vitna aðeins til. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sínum tíma uppfyllti söluskatturinn að mörgu leyti ágætlega þær kröfur sem gerðar eru til neysluskatta almennt. Skattstofninn var stór, undanþágur fáar, skatthlutfallið lágt og framkvæmdin einföld og ódýr. Öll þessi atriði eru forsendur nauðsynlegs öryggis í framkvæmd skattheimtu af þessu tagi."

Og neðar á sömu blaðsíðu er komið inn á það að smám saman hafi verið farið að undanþiggja neysluvörur söluskatti, m.a. í því skyni að halda vísitöluhækkunum í skefjum og segir svo: „Þannig hefur skattsviðið smám saman verið að þrengjast, en það hefur óhjákvæmilega leitt til hækkandi skatthlutfalls.

Með hækkandi skatthlutfalli hefur ásókn í undanþágur aukist til mikilla muna, enda er ljóst að skatturinn getur haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og framleiðsluvara gagnvart keppinautum. Þessi þróun hefur torveldað eftirlit og alla framkvæmd og aukið mjög tilhneigingu til undandráttar.

Með frv. þessu er mörkuð ný stefna í þessum efnum í því skyni fyrst og fremst að efla öryggi söluskattsframkvæmdarinnar að svo miklu leyti sem slíkt er talið mögulegt án nýs neysluskattskerfis sem tekur meira mið af þörfum atvinnulífsins en söluskatturinn gerir. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið markað þá stefnu að virðisaukaskattur verði upp tekinn í ársbyrjun 1989."

Og enn segir, með leyfi forseta:

„Matvæli verða á ný að fullu söluskattsskyld. Það er staðreynd að engin aðgerð hefur grafið jafnmikið undan framkvæmd söluskatts og afnám söluskatts af matvælum gerði á sínum tíma. Ástæðan er sú að mjög erfitt er að halda söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindum á smásölustigi."

Allar hníga röksemdirnar í sömu átt: að því hærri sem skattprósentan sé, þeim mun erfiðara sé að beita þessu kerfi og tryggja réttláta framkvæmd þess. Hvað gerist svo í þessu frv.? Jú, söluskattsstofninn er breikkaður heldur betur, um allnokkra milljarða og þá gefst nú hæstv. ráðherra gott tækifæri til þess að framkvæma þá stefnu sína, þá hugsjón að lækka prósentuna. En það er nú eitthvað annað. Hann kippir bara undanþágudótinu upp í 25% og rökstyður það m.a. með því að lækkun prósentunnar mundi ekki skila sér því að kaupmönnum sé ekki treystandi til að skila verðlækkun til viðskiptavina sinna. Hvað er hæstv. ráðherra að segja með þessu? Það verður þá m.ö.o. aldrei hægt að lækka þessa prósentu. Aldrei. Því að þeir einu sem hagnist á því verði kaupmenn. Svo boðar hæstv. ráðherra virðisaukaskatt, 22%. Ég ætla ekki að endurtaka allt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um þetta mál hér fyrr í dag og um afstöðu hæstv. ráðherra þegar hann var óbreyttur þm. Það var mjög athyglisverð upprifjun og sjálfsagt á hæstv. ráðherra eftir að skýra fyrir okkur óbreyttum hvað veldur stefnubreytingu hans. Mér finnst hann skulda okkur þá skýringu, okkur sem var stuðningur að stefnu hans þá í umfjöllun um þetta mál.

Ég minni á að þegar þetta mál, þ.e. virðisaukaskattur, var til umræðu á síðasta þingi, þá lýsti Kvennalistinn sig mjög andvígan slíku frv. í þeirri mynd sem það þá var og sömuleiðis gerði hæstv. núv. fjmrh. Ekki síst vorum við kvennalistakonur mótfallnar því að virðisaukaskattur legðist á matvæli eins og þar var lagt til, þannig að þar gildir sama og um það frv. sem hér er til umræðu. Og þó að sá skattur sé ekki beint til umræðu nú — og þó, hans er svo sannarlega getið í aths. við frv. — þá er ekki úr vegi að minnast örlítið á reynslu annarra þjóða svo sem fram hefur komið, í fyrri ræðum að vísu. En í Noregi t.d. hefur virðisaukaskattskerfið ekki skilað þeim árangri sem af því var vænst, hvorki til einföldunar, réttlætis eða skilvirkni.

Árið 1972 ætluðu Norðmenn í Efnahagsbandalagið og til þess að undirbúa inngöngu sína þangað löguðu þeir skattakerfið sitt í þá átt að taka upp virðisaukaskatt. Síðan felldi reyndar þjóðin í atkvæðagreiðslu þessa tillögu um inngöngu í Efnahagsbandalagið þannig að Noregur sat uppi með virðisaukaskattskerfið. Reynsla þeirra er sú að menn hafa orðið að setja mismunandi skattþrep á vörur í þessu skattkerfi. Þeim hefur ekki reynst það jafneinfalt og skilvirkt og þeir vonuðu. Aðilum í því kerfi sem annast innheimtu fjölgar næstum því þrefalt og það kallar á eftirlitsaðila. Rökin um það að menn eigi að hafa eftirlit hver með öðrum falla um sjálf sig vegna þess að það hefur ekki síður sýnt sig að menn bindast samtökum í raun til þess að forðast þetta eftirlit.

Menn segja það brýnt að hafa aðeins eina prósentu, einföldun, skilvirkni. En það hefur ekki gengið í öðrum löndum. Þau hafa einmitt mismunandi þrep í virðisaukaskattskerfi sem ná til matvæla eða þá þar sem söluskattur ríkir eru þau lægri eða jafnvel enginn skattur á matvælum. M.a.s. í Englandi hjá ríkisstjórn Margrétar Thatcher hefur tekist að halda matvælum tiltölulega ódýrum miðað við margt annað í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég fer alveg að ljúka máli mínu enda margir sem bíða eftir að tjá sig og ég vona að við fáum að heyra viðhorf allra þingflokka, m.a. hv. framsóknarmanna sem eru svo sinnaðir fyrir manneldismarkmið og hollustu. Í því sambandi verð ég að segja að mér þótti ekki mikið til koma þegar hæstv. heilbrrh., svo velviljaður sem hann nú er, kom hér upp í ræðustól um daginn í umræðum um tollafrv. og reyndi að verja stuðning framsóknarmanna, m.a. við þá manneldisstefnu sem fram kemur í þessum málum, með því að íþróttavörur mundu lækka. Ég verð nú að segja að það kemur að harla litlu haldi fyrir aldraða, sjúka, ófrískar konur, yngstu börnin, fatlaða o.s.frv. En kannski heyrum við eitthvað betri röksemdir frá einhverjum öðrum framsóknarmönnum.

Mér þótti heldur lakara, herra forseti, að ég varð fyrir því oftar en einu sinni í fundarhléi núna áðan að vera sökuð um það að halda uppi málþófi hér í hv. deild. Ég verð að nota tækifærið þessar allra síðustu

sekúndur sem ég stend hér til þess að frábiðja mér slíkar ásakanir. Ég veit að þeir sem hafa hlustað á ræðu mína geta borið um það að hún hefur eingöngu snúist um það mál sem hér er á dagskrá, sem er ekkert smámál sem verður afgreitt á einhverjum örfáum mínútum enda þótt hæstv. fjmrh. teldi sig hvorki þurfa langan tíma né að tryggja það að mál sitt heyrðist skýrt og greinilega.

En þessar ásakanir, sem ég fékk að heyra hér í fundarhléi, vöktu upp þær spurningar í huga mér hvað menn meintu eiginlega með málþófi, hvort það flokkaðist t.d. undir málþóf þegar hæstv. fjmrh. notaði tvær eða þrjár klukkustundir til að mæla fyrir fjárlagafrv. sínu eða hvort það flokkaðist undir málþóf þegar hv. formaður fjvn. taldi sig þurfa alllangan tíma til þess að mæla fyrir nál. fjvn. Það kalla ég ekki málþóf. Ég kalla það ekki málþóf ef fólk heldur sig við efnið og flytur mál sitt sæmilega skipulega. Þetta er mál sem okkur kvennalistakonum liggur mjög á hjarta og ég ítreka það og legg áherslu á það að það mál sem hér um ræðir þarfnast umræðu. Við verðum að koma sjónarmiðum okkar að. Þetta er mikilvægt mál og afdrifaríkt og það hlýtur að krefjast ítarlegrar umfjöllunar. En þetta mál á nú áreiðanlega eftir að fá mikla umræðu enn og umfjöllun í nefnd og ég mun að sjálfsögðu reyna að fá fram þær breytingar sem nauðsynlegar eru á þessu frv.

Ég hlýt, hæstv. forseti, að vara hæstv. ríkisstjórn við því að hundsa þau sjónarmið — ég get beðið á meðan ráðherrar eru uppteknir. (**AG:** Það er dónaskapur, herra forseti, að hafa tvo fundi í gangi hérna og láta ræðumann bíða í ræðustól.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. ráðherrar, ef ykkur vantar tíma til að ljúka fundi. En ég vildi bara segja þetta að lokum að ég hlýt að vara hæstv. ríkisstjórn við því að hundsa þau sjónarmið sem komið hafa fram í máli okkar sem hér höfum talað í dag. Mér er að vísu ekki sérstaklega annt um líf þessarar ríkisstjórnar en ég verð að gera ráð fyrir því að aðstandendur hennar vilji reyna að tryggja henni eitthvert framhaldslíf.

En ef þessi ríkisstjórn heldur fast við þennan óréttláta matarskatt sem hér er nú kominn með annan hramminn inn fyrir dyr íslenskra heimila, þá kann ég ekki að spá ef þessi ríkisstjórn verður ekki búin að grafa sér sína eigin gröf fyrir vorið.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er liður í viðamikilli skattkerfisbreytingu, liður í viðamikilli breytingu á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ég hygg að flestir ef ekki allir séu sammála um það að breytinga er þörf. Annars vegar vegna þess að okkar tekjuöflunarkerfi er orðið glettilega flókið. Einföldun er til mikilla bóta. Um það held ég að menn greini ekki mikið á. Hins vegar vegna þess að menn hafa talið að í því tekjuöflunarkerfi sem við búum við séu glettilega margar leiðir til undanskots á skattgreiðslum. Það er án efa á ábyrgð stjórnvalda að haga lagasetningu og framkvæmd laga á þann hátt að slík undanskot og möguleikar til slíkra undanskota séu sem minnstir.

Það frv. sem hér er til umræðu um söluskatt fjallar um viðamesta og langstærsta tekjustofn íslenska ríkisins. Álit sérfræðinga og innheimtumanna, sem um þessi mál hafa fjallað, hefur verið á eina lund, á þá lund að undanþágur frá söluskatti geri kerfið hriplekt, geri það að verkum að eftirlit með innheimtu söluskattsins sé mjög erfitt ef ekki nánast óframkvæmanlegt. Það hlýtur því að vera ljóst að það er nauðsynlegt fyrir framkvæmdarvaldið að reyna að breyta þessu og raunar á ábyrgð allra þm. að takast á við slíkan vanda. Það hygg ég að flestir séu sammála um.

Annað mál kann að vera, þó að menn séu sammála um breytingar, að ekki séu allir sammála um hverjar þær breytingar skuli vera. Einföldun leiðir ekki alltaf til réttlætis. Einföldun er í eðli sínu slík að hún samræmir og gerir sem minnstan mun á milli einstaklinga og þegna í þjóðfélaginu. Það segir í Njálu einhvers staðar að vandskept sé almannaspjót og það er því alveg ljóst að sú breyting sem hér er verið að gera er mjög vandasöm og hún er líka unnin á skömmum tíma og mér dettur ekki í hug að halda því fram að hún sé gallalaus frekar en önnur mannanna verk. Það er alveg ljóst að ábyrgð þm. og embættismanna við gerð þessara laga og framkvæmd þeirra er mikil. En það þýðir ekki að það sé ástæða til að hlaupast frá vandanum eða að koðna niður í vöflum. Breyting er nauðsynleg og hún verður að koma fram. En sú breyting sem hér fjallar um er mjög viðamikil breyting á verðlagningar- og álagningarkerfi. Og það er engan veginn auðvelt að sjá fyrir hversu þessar breytingar koma við hina ýmsu hópa og þjóðfélagsþegna.

Þeir reikningar, sem við höfum að mestu í höndum, miðast við meðaltöl, meðaltalsreikninga og meðaltalsathuganir. Meðaltalsreikningar sýna okkur að framfærsluvísitala eigi ekki að hækka þó að gripið sé til þessara skattkerfisbreytinga, enda er um að ræða hliðarráðstafanir sem hafa þar veruleg áhrif.

En eins og ég sagði áðan þá hefur einföldun ekki alltaf í för með sér réttlæti og það er auðvitað mikil ábyrgð sem fylgir því þegar ákvörðun er tekin í þessum málum að gæta þess að þessar breytingar komi ekki þar niður sem síst skyldi, að þær leggi ekki byrðar á þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þess vegna eru viðhlítandi hliðarráðstafanir nauðsynlegar jafnhliða því sem nauðsynlegar aðgerðir eru gerðar til einföldunar og til þess að gera skattkerfið skilvirkara.

Ég hef margoft lýst því yfir bæði í viðtölum og greinum að ég tel að söluskattur á matvæli sé óframkvæmanlegur nema gripið sé til viðhlítandi hliðarráðstafana. Það er ljóst að samhliða þessum aðgerðum verður varið rúmlega 2000 millj. til niðurgreiðslna á matvælum og í barnabætur og lífeyrisgreiðslur. Verðbreytingar á hefðbundnum landbúnaðarvörum eiga að verða á flestum engar og sumum

litlar.

Í þingflokki framsóknarmanna hefur eðlilega verið mikið rætt um þessar breytingar. Þar hafa margir þm. lýst áhyggjum sínum vegna verðhækkana sem verða á fiski og brauði við þessar breytingar. Menn hafa ítrekað rætt hversu megi við því bregðast og hvort unnt sé að finna leiðir til að koma í veg fyrir þær hækkanir. Vandinn er að finna leiðir þannig að þær geri ekki að engu það markmið breytinganna að setja undir undanskotsleiðir. Ég vil þess vegna segja það hér að það var mér gleðiefni að heyra í viðtali við forsrh. í sjónvarpi í gær að ríkisstjórnin hefði fundið leið til að sjá til þess að hækkanir á fiski kæmu ekki fram nema þá að hluta. Ég tel það ákaflega mikilvægt og tel að þar sé komið til móts við þær sterku raddir sem verið hafa innan þingflokks framsóknarmanna í þessa átt.

Brauðið er reyndar eftir. Hvort unnt er að finna leiðir í þá átt á eftir að leysast. Í því sambandi vil ég nefna annað mál sem snertir innflutning á brauði og kökum þó að ekki tengist þessu beint. En ég hygg að það sé eðlilegt að heilbrrh. athugi það alveg sérstaklega hvort unnt sé að koma við jafnvel banni eða sérstöku eftirliti með innflutningi á kökum og brauði þar sem blandað er í rotvarnarefnum.

Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að hér komi fram varðandi mína afstöðu sem ég hef nú sagt. Kerfisbreyting er nauðsynleg. Það er á ábyrgð þm. að viðhalda kerfi sem býður upp á viðamiklar undanskotsleiðir. Það er á ábyrgð þm. en það er jafnframt á ábyrgð þm. að gæta þess að slík kerfisbreyting komi ekki niður þar sem síst skyldi, að hún verki ekki á þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Það er erfitt mál að meta hvort þær hliðarráðstafanir sem gripið er til séu fullnægjandi. Það er ekki einfaldur reikningur. Menn binda miklar vonir við þær, en það er enginn vafi að það þarf að fylgjast vel með.

Ég ætla ekki að gera þetta söluskattsfrv. að umræðuefni í smáatriðum. Ég hygg að þar séu mörg atriði sem kunni að orka tvímælis eins og reyndar allt gerir þegar gert er. Ég vil þó taka undir eina athugasemd sem hér hefur komið fram. Mér þykir það óeðlilegt þegar komið er að heilsuræktinni og fyrirbyggjandi aðgerðum í heilbrigðismálum þjóðarinnar að þeir sem stunda sund skuli sleppa við að greiða söluskatt og þeir sem stunda skíði skuli sleppa við að greiða söluskatt, en hinir, sem velja það að stunda leikfimi, skuli þurfa að greiða söluskatt í heilsurækt. Þetta finnst mér að þurfi að endurskoða, þó að ég grípi hér aðeins á einu atriði, og ég mun vissulega beita mér fyrir endurskoðun þessa atriðis í nefnd.

Ég vil enn á ný benda á það og þá í tengslum við frv. sem ég hef flutt hér í þinginu að þetta frv., sem nú liggur fyrir, leiðir ekki til breytingar á 1. mgr. 21. gr. laganna um söluskatt, þar sem heimild er í höndum ráðherra að fella niður söluskatt ef sérstakar ástæður þykja fyrir hendi, en athugun bendir til að túlkun þeirra orða „sérstakra ástæðna“ hafi verið mjög rúm. Haldi menn sér sterkt í það að undanþágur virki og vinni gegn skilvirkni laganna, þá er óeðlilegt annað en að fella þessa heimildargrein út.

Að lokum þetta, herra forseti. Sú breyting sem hér er verið að gera er jákvæð í eðli sínu. Hún er jákvæð og hún er nauðsynleg til þess að gera kerfið skilvirkara. En hún er vandasöm í framkvæmd og sú ábyrgð hvílir á þingi og ríkisstjórn að hún bitni ekki á þeim sem minnst mega sín. Sú ábyrgð hvílir því á ríkisstjórn að fylgjast vel með þeim hliðarráðstöfunum sem gerðar eru og grípa inn í telji menn að þær dugi ekki til þeirra aðgerða sem þeim er ætlað.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá og hefur verið rætt hér lengi dags er ekki eitt af þeim minnstu, eitt af þeim þýðingarminnstu, sem hér er um að fjalla þessa dagana.

Líklega hefur það aldrei gerst í sögu þingsins að aðrar eins annir hafi verið í desembermánuði um jafnviðamikil mál og nú eru. Árvisst er það að hér eru annir vegna afgreiðslu fjárlaga en nú er fjárlagaumræðan sjálf og fjárlagaafgreiðslan í rauninni lítið mál miðað við það annað sem er á dagskrá.

Þetta mál sem hér er á dagskrá í dag, söluskatturinn, er eitt af fjölmörgum öðrum frv. svipaðs eðlis þó að ekki fari á milli mála að þetta frv. er þýðingarmest af þeim öllum. Þegar litið er á tekjuáætlun fjárlagafrv. fer það ekkert á milli mála að söluskatturinn skiptir þar miklu máli.

Þegar hæstv. ríkisstjórn tók við völdum á sl. sumri var það hennar fyrsta verk að taka til hendi einmitt á þessu sviði með bráðabirgðalögum, bráðabirgðalögum sem ekki hafa hlotið staðfestingu enn en eru þó að hluta til nefnd í einni grein lagafrv. sem hér er sérstaklega til umræðu.

Það sem hæstv. ríkisstjórn gerði fyrst af öllu var að leggja 25% söluskatt á tölvur og farsíma. Það var fyrsta aðgerð hennar. Önnur aðgerð hæstv. ríkisstjórnar á þessu sviði var að leggja 10% söluskatt á unnin matvæli og ýmsa þjónustu og þá stefndi strax í þá átt sem við nú stöndum frammi fyrir. Þriðja aðgerð hæstv. ríkisstjórnar á sl. sumri var að leggja á nýjan bifreiðaskatt. Fjórða aðgerð hæstv. ríkisstjórnar á þessu sama sumri var að leggja á kjarnfóðurgjald. Fimmta aðgerðin var að leggja á gjöld fyrir ríkisábyrgðir. Sjötta aðgerðin var síðan að leggja skatt á erlendar lántökur.

Þessar aðgerðir, þessar sex aðgerðir, þýddu vitaskuld tekjuauka. Það lá fyrir strax við valdatöku hæstv. ríkisstjórnar að halli væri á fjárlögum. Svo hafði verið ráð fyrir gert við afgreiðslu fjárlaga á sl. ári. Tekjuaukinn við þessa skattlagningu í sumar átti hins vegar að verða ríflega milljarður nú á árinu 1987 og þessar breytingar sem þarna var fylgt úr hlaði áttu að þýða tekjuauka fyrir ríkissjóð upp á 3,7 milljarða 1988 samkvæmt því frv. til fjárlaga sem nú er í vinnslu.

Í fjárlagafrv. er hins vegar lögð á það mikil áhersla, mjög mikil áhersla, að boðuð er breikkun á

söluskattsstofni. Breikkun á söluskattsstofni er hugtak sem þýðir það að söluskattur er lagður á miklu fleiri vörur en áður hefur verið og var ráð fyrir því gert að sá söluskattur yrði lægri en sá sem verið hefur í gildi hér undanfarið. Ég kem að því síðar í máli mínu. Þetta var sem sagt sjöunda atriðið í þeirri skattastefnu sem hæstv. ríkisstjórn rekur.

Áttunda atriðið var að leggja á 1% launaskatt til viðbótar þeim launaskatti sem fyrir er í lögunum. Þessi 1% launaskattur skyldi leggjast á þær greinar sem höfðu sloppið fram að þessu, þ.e. iðnað ýmiss konar og fiskvinnslu og jafnvel fiskrækt og annað fleira í þeim dúr. Aðeins landbúnaður skyldi sleppa. Þetta var samþykkt héðan frá hinu háa Alþingi fyrir fáum dögum. Þarna var um að ræða skatt sem lagður er sérstaklega á þær greinar sem nú eiga erfiðara en ráð var fyrir gert í haust, þ.e. útflutningsgreinarnar, um allan rekstur. Þetta er skattur sem sérstaklega bitnar á landsbyggðinni að auki og gengur þess vegna þvert á loforð í því efni sem áður höfðu verið gefin af hæstv. ríkisstjórn.

Þessar níu skattaráðstafanir allar áttu síðan að nema tekjuauka upp á 5,7 milljarða samkvæmt fjárlagafrv. 1988. Þegar hér er komið sögu er þó fjárlagafrv. enn með tekjuáætlun upp á 59,5 milljarða, þ.e. heildartekjur ríkissjóðs upp á 59,5 milljarða. Nú hefur það gerst sem öllum þingheimi og þjóðinni er í rauninni kunnugt eftir 2. umr. um frv. til fjárlaga að tekjuaukinn á milli umræðna hefur orðið 3 milljarðar röskir í viðbót og þar komum við einmitt að kjarna þess máls sem hér er á dagskrá, það er hækkun söluskattsins og breikkun skattstofnsins eins og hér er lagt til.

Það er langur tími síðan söluskattur var fyrst lagður á. Ég held að það hafi verið í upphafi viðreisnartímabilsins, í febrúarmánuði 1960. Það var lág prósenta í byrjun og fór hægt fyrstu árin. Þá var líka samsetning tekna ríkisins með allt öðrum hætti en er í dag. Þá voru tolla- og aðflutningsgjöld yfir 50% af tekjum ríkisins og þá var líka hlutfall tekjuskattanna hærra en nú er orðið. Nú hefur þetta gjörsamlega breyst og ekki síst með þeirri löggjöf sem verið er að vinna að hér þessa dagana þegar aðflutnings- og tollagjöldin verða komin niður úr þeim 11% sem þau eru í dag af tekjum ríkisins niður í líklega um 5%. Á móti er verið að vinna þennan tekjumissi ríkissjóðs upp, og hann er fenginn með þessum hætti á seinasta stigi viðskiptanna, sem næst heimilum og neytendum í landinu. Það er af hálfu þessara aðila talin heppilegasta leiðin, bæði til þess að ná skilvirkni í kerfinu og réttlæti. Ég mun líklega koma svolítið nánar að því atriði síðar í ræðu minni. En áður en ég geri það langar mig til að koma að þessu máli frá svolítið annarri hlið.

Þetta nýja hlutfall sem söluskatturinn er farinn að hafa í tekjuöflun ríkisins er þýðingarmikið atriði og það er fróðlegt að líta á þróun þess máls á undangengnum árum. Ég skal ekki fara lengra aftur en til ársins 1985. Þá er staðan þannig að 1985 eru hér vitaskuld afgreidd fjárlög eins og lög gera ráð fyrir og þá er ætlast til þess að tekjur ríkissjóðs af söluskatti verði 9 milljarðar 835 millj. kr. Þetta gekk vitaskuld eftir. Síðan líður árið 1985 og þegar það er til enda runnið eru tekjur ríkissjóðs ekki 9 milljarðar 835 millj. kr. heldur 10 milljarðar 724 millj. 565 þús. kr. Þetta skilaði sér sem sagt þann veg að þetta hækkaði í meðförunum til staðreyndarinnar, þegar skattheimtan var tekin af þjóðinni, um 9%.

Árið 1986 eru vitaskuld samþykkt fjárlög eins og lög gera ráð fyrir og þá er hækkunin ekkert lítil á milli ára. Þar sem áður höfðu verið lagðir á 9,8 milljarðar í söluskatt verða nú 14 milljarðar 335 millj. Hækkunin á milli ára á þessum tekjustofni var hvorki meiri né minni en 45,7%. En athugum nú hvernig þetta skilaði sér. Þetta er annálsvert ár, 1986. Það er annálsvert vegna þess að þetta er árið þegar hæstv. forsrh. fer suður til Ísrael til þess að greina frá því hvernig menn hér á landi ná þeim markmiðum að ná verðbólgustigi mjög niður á skömmum tíma. Þessa árs verður vafalaust lengi minnst í okkar sögu. Þá er innheimt af þessum 14 milljörðum og 335 millj. í söluskatt 14 milljarðar 443 millj. 756 þús. kr., þ.e. munurinn á þessu annálsverða ári í innheimtu var ákaflega lítill. Það hafði munað 9% árið áður en nú munar það 0,7%. Þetta er annálsvert ár fyrir margra hluta sakir, verðbólgan er á niðurleið, það er vinnufriður í landi, það er almennur skilningur meðal allra stjórnmálamanna, forustumanna í verkalýðshreyfingu, þjóðarinnar allrar, að það sé þjóðarnauðsyn að ná niður verðbólgu. Það sýnir sig m.a. á þessari staðreynd 1986.

Síðan, þegar þessi uppskera varð, eftir þjóðarsátt, eftir aðhald á mörgum sviðum, þó svo að ekki hafi verið hallalaus fjárlög á þessum tíma, gengur árið 1987 í garð og enn eru samþykkt fjárlög. Það er fróðlegt eftir þessa þróun 1986 að líta á tölurnar hvað söluskattinn varðar. Þá er samþykkt í fjárlögum ríkisins fyrir árið 1987 að söluskatturinn skuli verða 17 milljarðar 430 millj. kr. Hækkunin á milli ára frá því árið áður er 21,6%. Nú skyldum við ætla að svipuð þróun yrði, að svipað yrði innheimt af fólkinu og til var ætlast. Enn er vinnufriður í landi. Enn er mönnum ljóst hvert aðalatriði er í þessu efni að verðbólgustigið aukist ekki. Það var komið niður um 13–15% um þetta leyti og menn bjuggust við og markið var að komast kannski niður fyrir 10% verðbólgustig á þessu ári. 17 milljarðar og 430 millj. kr. skyldu innheimtast. Eftir upplýsingum sem okkur berast um þetta leyti, að vísu byggðum á upplýsingum frá því í septemberlok, er gert ráð fyrir því að innheimtir verði um 19 milljarðar 650 millj. kr., þ.e. 12,7% meira en ráð var fyrir gert í fyrra. Yfirleitt er reiknað með því í upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun að rösklega 10% muni í tekjuauka ríkisins frá því sem ráð var fyrir gert yfir sviðið allt þegar beinu skattarnir eru teknir með líka, innflutningsgjöld og allt heila klabbið. Slík skekkja mundi þýða fyrir næsta ár á sjöunda milljarð króna.

Ég geri ráð fyrir því að menn séu varla með það í huganum dags daglega hversu gífurlegar fjárhæðir er

um að ræða og það er enginn vafi á því að það er fyrst og fremst í óbeinu sköttunum sem þetta misgengi verður.

Ég bið menn í framhaldi af þessu að athuga það að enn erum við auðvitað með fjárlagafrv. á milli handa og það frv. keyrir þó um þverbak að þessu leyti. Frv. í fyrra gerði ráð fyrir 17,4 milljörðum í innheimtu söluskatts sem verða 19,6. Þegar frv. er lagt fram núna í októberbyrjun var gert ráð fyrir 26,3 milljörðum kr. í innheimtu söluskatts. Eins og það stendur í dag frá fjvn., og kemur væntanlega til 3. umr. á morgun kl. 3 var ég að frétta rétt áðan, er þessi tala komin upp í 31 milljarð 860 millj. kr., þ.e. hækkun á þessum lið frá því að menn ræddu þessi atriði hér úr þessum ræðustól og annars staðar í þessum sal fyrir ári síðan er 82,78%, 82,78% hækkun. Síðan búast menn við því að hér sé unnið að fjárlagagerð sem annars vegar stuðli að lækkun verðbólgu, hins vegar að aðstæðum sem leggi grunn að kjarasamningum. Ég held að það ætti að vera augljóst hverjum einasta manni að þetta er ekki leiðin til þess að mynda þann grundvöll sem þar er nauðsynlegur, sérstaklega þegar menn athuga nánar hvaða atriði það eru einmitt hér í söluskattsstofninum sem eru ný og áhersla lögð á að ná til skattheimtu. Það er búið að ræða í allan dag um þetta atriði og það hefur ekki tekið hér til máls, að heita má, einn einasti maður sem mælir þessari leið bót.

Um þetta leyti í fyrra stóð hæstv. fjmrh. í þessum stól, væntanlega sem þáv. hv. þm. í stjórnarandstöðu, og hann lagði fram við 3. umr. fjárlaga ásamt flokksfélögum sínum ýmsar tillögur. Það er engin ástæða til þess að draga það undan að þessar tillögur sem hann lagði fram er hann að mjög verulegu leyti að framkvæma í dag. Þess vegna langar mig, hæstv. forseti, til þess að vitna til ummæla hæstv. núv. ráðherra um þessi efni á þessum vettvangi. Þm. Alþfl. lögðu þá fram tillögur við 3. umr. fjárlaga eins og ég sagði og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þeim markmiðum sem fylgdu tillögum þeirra. Með leyfi hæstv. forseta segir svo hér í þingtíðindum:

„Markmiðin sem við setjum okkur með þessum till. eru fyrst og fremst þau að draga úr háskalegum fyrirsjáanlegum verðbólguáhrifum [eðlilegt markmið!] af svo taumlausum hallarekstri í ríkisbúskapnum og tryggja þannig eftir því sem tök eru á að ríkisvaldið reyni að standa við sinn hlut að því er varðar nýgerða kjarasamninga.“ Þá voru kjarasamningar nýgerðir. Nú eru þeir ógerðir að öðru leyti en því að það er einn hópur í þessu landi sem er með kjarasamninga sem eiga að gilda út næsta ár. Það er e.t.v. í því skjóli sem er skákað í dag. Líklega eru um 25% af þeim fjárlögum sem hér verða væntanlega afgreidd launagjöld og þess vegna skipta þau auðvitað máli.

Síðan segir hér áfram með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta reynum við að gera með því:

1. að afla ríkissjóði nýrra tekna.“ Það er út af fyrir sig eðlilegt markmið og það hafa þeir hv. alþm. Alþfl. sannarlega ekki svikist um að reyna að koma í framkvæmd.

„2. Að takmarka skattaívilnanir fyrirtækja nú í miðju góðærinu,

3. að dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu.“ Þetta markmið er ákaflega þýðingarmikið og það er í rauninni lærdómsríkt að hafa það í huga núna þegar verið er að fjalla hér um söluskatt á mestu lífsnauðsynjum hvers manns. — Að dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu. Það fer auðvitað ekkert á milli mála hvar skattbyrðin af matarskattinum lendir þyngst. Það þarf ekkert að útlista það fyrir mönnum. Það er hverjum manni ljóst að skattbyrðin kemur þeim mun þyngra niður sem tekjurnar eru minni, sem framfærslan er þyngri, sem fjölskyldurnar eru stærri. Þetta er augljóst mál. En þetta var markmið þeirra alþýðuflokksmanna í fyrra, að dreifa skattbyrðinni með réttlátari hætti eftir greiðslugetu. En í gærkvöldi rann það upp fyrir mönnum að það gæti nú komið til greina að láta réttlætið koma svolítið betur út yfir fisk en ekki brauð. Auðvitað ekki brauð. Hugsanlega þó.

„4. að draga úr millifærslum til atvinnuvega af skattpeningum,

5. að hefjast handa um þá óumflýjanlegu kerfisbreytingu [ekki í sköttum] í ríkisrekstri sem felst í því að leggja niður nokkrar óþarfar ríkisstofnanir“ — það virðist hafa gleymst, þetta atriði frá því í fyrra eða er þá kannski eftir — „og ætla öðrum að afla meiri sértekna með sölu sérfræðiþekkingar og þjónustu. Miðað er við að sú breyting komi til framkvæmda um mitt næsta ár.“

Ég vil þó ekki draga undan að mér er kunnugt um eina ætlun í þessu efni sem er í sambandi við bifreiðaskoðun sem ég held að sé af hinu góða. En mig langar aðeins, hæstv. forseti, til að vitna svolítið frekar í orð hæstv. fjmrh. frá því fyrir ári. Hann segir hér nokkru síðar í ræðu sinni, þessari sömu ræðu í 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1987:

„Í nál. okkar sem lagt var fram við 2. umr. fjárlaga segir svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Síþensla ríkisútgjaldanna styðst ekki við neina markvissa heildaráætlun heldur er hún afleiðing undanlátssemi ríkisstjórna við sérhagsmuni og handahófskenndra skottulækninga sem gripið er til út frá skammtímasjónarmiðum án þess að skeyta um afleiðingarnar til lengri tíma litið. Fyrsta verkefnið er því að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt. Sérstaða Alþfl. meðal íslenskra stjórnmálaflokka er sú að hann er ekki þjónn neinna sérhagsmuna. Flokkurinn hefur lýst sig andstæðing ríkisforsjár og miðstýringar. Samkvæmt hugmyndum jafnaðarmanna er hlutverk ríkisvaldsins takmarkað en þýðingarmikið. Í efnahags- og fjármálum eiga afskipti ríkisvaldsins af efnahagslífi að lúta að almennum skilyrðum til atvinnurekstrar, að því að bæta umhverfi fyrirtækja en ekki að hafa áhrif á sjálfan rekstur þeirra. Ríkisvaldið á að forðast beina íhlutun í atvinnulífinu, nema í algjörum undantekningartilvikum. Það á að draga úr pólitískri stýringu fjár-

magns gegnum banka- og sjóðakerfi.“ — Þetta eru fögur markmið. — „Dýrkeypt reynsla af fjárfestingarmistökum liðinna ára hefur fært okkur heim sanninn um þetta. Í stað þess að eyða kröftum sínum í ótal afskipti, sem hafa skammvinn áhrif og oft beinlínis skaðleg, á ríkisvaldið að einbeita sér að fáum afmörkuðum sviðum sem það á hins vegar að sinna vel. T.d. á ríkisvaldið að tryggja þjóðinni gott skólakerfi og góða heilbrigðisþjónustu. Það á að beita fjárlögum ríkisins sem hagstjórnartæki til að draga úr sveiflum og treysta jafnvægi. Það á að beita þeim hagstjórnartækjum öðrum sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða til þess að hafa áhrif á eigna- og tekjuskiptinguna í jafnaðarátt.“ Takið eftir því til þess að hafa áhrif á tekju- og eignaskiptinguna í jafnaðarátt. „Þetta á að gera í gegnum einfalt og skilvirkt skattakerfi, almannatryggingar, lífeyristryggingar og húsnæðislánakerfi.“

Ætli menn hafi komist nær þessu markmiði með nýrri samþykkt hins háa Alþingis í húsnæðismálum? Við skulum aðeins líta á þann þátt.

Það fyrsta sem heyrðist frá því ágæta kerfi eftir að sú löggjöf var samþykkt var þetta: Hluti þeirra 6000 aðila sem hafa beðið síðan í mars vegna þess að stjórnvöld stöðvuðu afgreiðslu fær kannski svör eftir einn til tvo mánuði um það að þeir fái e.t.v. úrlausn eftir eitt til tvö ár. Ætli þetta sé að leysa húsnæðisvanda þjóðarinnar á viðunandi hátt? Berja hins vegar höfðinu við steininn og eru ekki til viðtals um það að ræða lausn sem t.d. hefur falist í þeim frv. sem Borgarafl. hefur lagt fram, bæði í Nd. og Ed., þar sem gert er ráð fyrir að ganga þannig til verks í þessum málum að menn reyni að leysa þau til frambúðar en ekki á þann hátt að þvæla um hluti fram og aftur sem engu máli skipta.

Síðan segir áfram í þessari ágætu ræðu hæstv. fjmrh. frá í fyrra: „Í staðinn á ríkisvaldið að láta af handahófskenndum og einatt skaðlegum afskiptum af fyrirtækjarekstri, millifærslum og möndli í þágu sérhagsmuna.“

Ég skal segja ykkur eitt lítið dæmi: Í gær er stjórnarandstaðan sett nánast upp við vegg í fjölmiðlum og víðar út af tímaskorti hér fyrir jól. Þá kemur það upp úr dúrnum að hæstv. forsrh. leggur til, að vísu samkvæmt brtt. sem borgaraflokksþingmenn í Ed. höfðu lagt fram, að endurgreiða eða taka af söluskatt á fiskmeti. Það var þrautavaratillaga þeirra hv. þm. Júlíusar Sólnes og Guðmundar Ágústssonar. Jú, þá kom það fram í sjónvarpsfréttum í gær að þetta væri tilboð til stjórnarandstöðu, tilboð til verkalýðshreyfingar til þess að leggja grunn að samningum. Menn tóku þessu út af fyrir sig vel og þóttu þetta heldur góð tíðindi þó að sumir vildu að vísu brauð til viðbótar. En ég frétti það áðan að á fundi fjvn., sem hófst fyrir fjórum mínútum og ég er boðaður á, sé eitt af fjórum málum sem afgreiða á þar að leggja fyrir þingið til afgreiðslu á morgun að þessi tillaga hæstv. forsrh. verði samþykkt. Þetta kosti að vísu um 160 millj. kr. Gott og vel. Í staðinn á að leggja nokkurn veginn sams konar skatt á ákveðinn rekstur í landinu, þ.e. verslun með ilmvötn og snyrtivörur, sem sérstaklega mun verða til hjálpar Fríhöfninni í Keflavík. Þetta verður sjálfsagt allt saman staðreynd á morgun. En við skulum líta aftur á ræðu hæstv. fjmrh. frá því í fyrra. Þetta er sjálfsagt eftir þeirri forskrift sem þá var gefin:

„Í staðinn á ríkisvaldið að láta af handahófskenndum og einatt skaðlegum afskiptum af fyrirtækjarekstri, millifærslum og möndli í þágu sérhagsmuna.“

Ég veit ekki hvað er möndl í þágu sérhagsmuna ef ekki það sem hér er verið að fjalla um á þessum mínútum úti í Þórshamri. Hins vegar er það ekki möndl um sérhagsmuni að líta á það af hálfu Alþingis að fólkið í landinu, sérstaklega það fólk sem myndar undirstöðu þjóðfélags okkar, þeir sem framleiða þau verðmæti sem allt annað byggist á, á það skilið að til hagsmuna þess sé litið um skattheimtu eins og hér er uppi höfð með því frv. sem sérstaklega er til umræðu.

Mig langar, áður en ég held lengra í máli mínu, til þess að grípa svolítið aftur niður í ræðu hæstv. fjmrh. frá því í fyrra. Þar segir hann: „Í ljósi þessarar stefnu mun ríkisstjórn, sem Alþfl. á aðild að, beita sér fyrir heildarendurskoðun á ríkisbúskapnum. Í fjmrn. í höndum Alþfl. yrði unnið að þessu verkefni samkvæmt fjögurra ára áætlun.“

Þetta er alveg rétt og það er alls ekki nokkur ástæða til að draga fjöður yfir það að hæstv. fjmrh. gengur á þann veg til verks að hann ætlar sér að vinna þetta verk á fjórum árum.

Við skulum líta á forskriftina frá því í fyrra áður en við höldum lengra:

„Sem dæmi um slík viðfangsefni má nefna:

1. Skattakerfið og skipulag þess. Mótun nýrrar heildarstefnu í skattamálum.“ Og það er einmitt það sem við erum að byrja að fjalla hér um í dag.

„2. Húsnæðiskerfið og fjármögnun þess.“ Við höfum séð fyrsta skrefið hjá Alþfl. í þeim efnum og áhrif þess.

„3. Landbúnaðarstefnan frá sjónarmiði heildarhagsmuna og ríkisfjármála.

4. Atvinnufyrirtæki með þátttöku ríkisins.

5. Þjónustufyrirtæki ríkisins fyrir atvinnuvegina.

6. Heilbrigðisþjónusta, skipulag hennar og fjármögnun.“ Síðan er ýmislegt fleira í þeim dúr talið áfram upp.

En mig langar til þess að fjalla aftur um það mál sérstaklega sem hér er á dagskrá, skattakerfið, söluskattinn og áhrif hans.

Fyrir nokkrum vikum lagði ég áherslu á ákveðna hugmynd í stuttri þingræðu og hæstv. fjmrh. svaraði mér fáeinum orðum um þá hugmynd sem ég bar þar fram að ég þyrfti að athuga hana betur og ég þyrfti að leita mér frekari upplýsinga. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá þeim vísa manni að þess þarf ég með. Sú hugsun sem þar lá að baki hefur hins vegar ekki látið mig í friði enn þann dag í dag og ástæðan er sú að grunnurinn að þeirri skattastefnu sem hæstv. fjmrh. leggur fram með því að leggja slíkt ofurkapp

á hækkun söluskattsins sem hann gerir er að minni hyggju rangur og ástæðan er þessi:

Íslenskt þjóðfélag, íslenskt efnahagslíf er með allt öðrum hætti en í þeim löndum sem hæstv. fjmrh. og ýmsir aðrir vilja leggja að líku. Þar á ég við löndin í Evrópubandalaginu. Eitt megineinkenni flestra þessara landa, við skulum t.d. taka Danmörku eða Þýskaland, er það að um 80% af neysluvörum manna þar í landi er heimafenginn baggi, er unnið að verulegu leyti í landinu þar sem skattlagningin fer fram. Þetta er einkenni sem telja má nánast gegnumgangandi um flest lönd Evrópubandalagsins. Um 20% af því sem menn neyta á heimilum er innflutt. Hvernig eru aðstæðurnar hér að þessu leyti? Þveröfugar. Vafalítið eru um 80% af því sem flest venjuleg íslensk heimili neyta og nota dagsdaglega innflutt vara. Um 20% er sjálfsagt heimafenginn baggi. Það er þessi meginmunur á þjóðfélagsgerð okkar sem gerir það að verkum að það er röng stefna, það er í grundvallaratriðum röng stefna að ætla að beita hér sams konar kerfi út frá sömu sjónarmiðum og lögð er nú höfuðáhersla á til þess að nálgast aðstæður í Evrópubandalagslöndunum. Það er þess vegna sem við þm. Borgarafl. viljum fá það miklu betur grundað og skoðað að söluskattur á fyrsta stig viðskipta yrði meiri þáttur í þessum efnum en hér er lagt til.

Í þessum umræðum er stundum rætt um réttlæti og ranglæti og það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þegar um svo viðkvæmt atriði er að ræða sem skattlagningu á mat. Ég kom í verslun hér í borginni í morgun á milli kl. 9 og 10 fyrir fund í sameinuðu þingi, og af tilviljun kom ég þar sem ung stúlka var að kaupa sér úlpu. Ég veit að vísu ekki hvort það var fyrir hana sjálfa eða einhvern annan. En svo vildi til að stúlkan hafði ekki nóg fyrir þessari úlpu, hún stóð þarna við búðarborðið með peninga í höndum og varð síðan að hverfa frá. Ég sá hvað hún var með. Ég sá hvað úlpan kostaði. Og mér datt í hug þessi munur sem þar var á milli, það var nokkurn veginn ríkishlutinn í viðskiptunum. Þetta er kannski lítið dæmi og þetta var fatnaður sem þarna var um að ræða. En þegar það fer að snerta hvert heimili í landinu. Hugsið þið ykkur, fjórðungur af andvirði matarins sem grundvöllur undir skattheimtu, aðalatriðið í skattheimtu til ríkisins sem hagar svo sínum útgjöldum á þann veg að stærstu málaflokkarnir, heilbrigðisgeirinn, menntakerfið, tryggingarnar og allt það — í fjvn. Alþingis er nánast ekki minnst á hin raunverulegu framkvæmdaratriði á þessum vettvangi. Það er nánast ekki minnst á þau. Fjvn. notar tíma sinn vikum og mánuðum saman til að taka á móti sveitarstjórnarmönnum af öllum landshlutum, sem koma algjöra erindisleysu til fjárveitingarvaldsins af því að það stendur ekki til, það stendur ekki á einn eða neinn hátt til að aka málum á þann veg að við þeim óskum verði orðið sem þar voru fram bornar.

Það er stundum talað um réttlæti og það er stundum talað um ranglæti og það er stundum talað um heiðarleika. Það er ekki langt síðan hæstv. ríkisstjórn lagði fram á þskj. í sameinuðu þingi 22. mál, þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988. Þar er náttúrlega víða komið við eins og gefur að skilja. Og við skulum ætla að þetta mál sem hér er til umræðu, söluskattur á matvæli og söluskattur almennt, væri í grundvallaratriðum á sama hátt og lagt er til í þeirri þjóðhagsáætlun. Við skulum grípa þar niður. Ég sé að klukkan er að verða sjö og það er ekki orðið margt hér í salnum. Ég geri ráð fyrir því að fundi verði frestað um kukkan sjö. Er það ekki rétt, hæstv. forseti. (**Forseti:** Það er rétt, jú.) Já. Þess vegna langar mig áður en ég held lengra í máli mínu að grípa niður í þjóðhagsáætlunina. Þar segir í kaflanum um ríkisfjármál:

„Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum er að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, stokka upp tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og endurmeta útgjaldaþörf ríkisins og herða skattaeftirlit.

Jafnvægi í ríkisbúskapnum er mikilvægur þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Í starfsáætlun sinni markaði ríkisstjórnin þá stefnu að eyða hallanum á ríkissjóði á þremur árum.“ — Á þremur árum. Það var starfsáætlunin. Við vitum hvert markmiðið er í dag. — „Fyrsta skrefið í þessa átt var tekið á miðju sumri. Þegar ríkisstjórnin var mynduð voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að afla ríkissjóði viðbótartekna á árinu. Annað skref í þessa átt eru aðgerðir þær í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til nú í byrjun október. Loks verður skrefið stigið til fulls með fjárlagafrv. fyrir árið 1988 sem gerir ráð fyrir að ríkissjóður verði hallalaus á næsta ári.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er annað veigamikið atriði í þessari stefnumörkun. Tilgangurinn er að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru:“ — og nú bið ég menn að athuga.

„Veruleg fækkun söluskattsundanþága.“ — Látum vera að þetta frv. hæstv. fjmrh. leiði til þess. En síðan segir í þessari áætlun sem hér er lögð fram fyrir þingið fyrir fáum vikum. „Jafnframt verði skatthlutfallið lækkað og miðað við eina álagningarprósentu.“

Fyrir örfáum vikum leggur hæstv. ríkisstjórn þetta plagg fram þar sem ætlast er til að skatthlutfallið verði lækkað. Það er búið að halda þessu fram allan tímann. Þetta hefur verð rauður þráður í þessari pólitík: Að lækka skatthlutfallið. Og það er gengið svo langt að ríkisstjórnin leggur það fram sem plagg í þessu máli í sameinuðu þingi að skatthlutfallið sé lækkað. (**Forseti:** Þar sem klukkan er nú orðin sjö vil ég inna hv. ræðumann eftir því hvort hann muni ljúka ræðu sinni eða hvort hann muni kjósa að halda áfram eftir kvöldmatarhlé.)

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að segja mörg fleiri orð til þess að koma þeim aðalatriðum til skila sem ég hef reynt að leggja hér áherslu á. En þau eru í örfáum orðum að sá flokkur sem ég er fulltrúi fyrir,

Borgarafl., er andstæður þessu frv. í allri grein. Fulltrúar hans í Ed. hafa lagt fram brtt. sem þar fengust ekki samþykktar. En það er okkur ánægja að kjarninn í úrslitatillögu okkar hefur náð á þann veg fram að ríkisstjórnin sjálf bauð það í gær sem sáttaatriði, leggur það fram í fjvn. í dag, það verður vafalaust afgreitt hér á morgun. Það er okkur umbun en við erum fráleitt ánægðir með þá niðurstöðu sem hér er um að ræða vegna þess að grundvallaratriðin í þessari stefnu, hæstv. fjmrh., eru röng. — [Fundarhlé.]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Óneitanlega er það býsna óvenjulegt ástand sem nú hefur skapast. Fjárlög verða bersýnilega ekki afgreidd fyrir jól. Öll tekjuöflun fjárlagafrv. er í óvissu og væntanlega þinghald á milli jóla og nýárs sem ekki hefur gerst í tæp 30 ár. Hvað veldur þessum ósköpum? Hvað veldur því að þinghaldið er nú í meira uppnámi, meiri óvissu en nokkru sinni fyrr í 30 ár? Ekki eru stjórnarskipti eins og var fyrir 30 árum síðan þegar þetta gerðist síðast, árið 1958, og ekki er hægt að kenna neinum óvenjulegum ytri aðstæðum um. Ég held að svarið liggi nokkuð í augum uppi. Það er óvenjulegt stjórnleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þessu veldur. Forustuleysi í löggjafarstarfinu.

Af þessu tilefni langar mig til að leggja spurningu fyrir hæstv. forsrh. sem er nú nýgenginn út úr þingsalnum og ég vildi biðja forseta að kalla á hann, enda ótækt að forsrh. sé ekki viðstaddur þær umræður sem hér fara fram og reiðubúinn að svara þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. (**Forseti:** Ég hef þegar hringt á þingvörð, hv. ræðumaður.) Það er dálítið erfitt að leggja spurningar fyrir fjarstadda menn. Já, herra forseti, þá birtist hæstv. forsrh.

Ég var að fjalla um það hér áðan hve óvenjulegt stjórnleysi væri ríkjandi um þessar mundir og mig langaði til þess að nefna það sem dæmi að í gær var það fært í tal við stjórnarandstæðinga á Alþingi að ef þeir greiddu fyrir því að mál gætu náð fram að ganga fyrir jól, þá stæði það til boða að söluskattur yrði ekki lagður á fisk. Mér er kunnugt um að umræður fóru fram milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar einmitt um þetta atriði um miðjan dag í gær og þess vegna kom það mér ekki svo lítið á óvart þegar ég heyrði það í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins að hæstv. forsrh. hefði fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar eða í öllu falli einhver fulltrúi ríkisstjórnarinnar hefði komið því á framfæri við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar að til boða stæði að leggja ekki söluskatt á fisk ef verkalýðshreyfingin yrði þá frekar til viðtals um hagstæða niðurstöðu fyrir ríkisstjórnina í komandi kjarasamningum. Ég verð af þessu tilefni að fá að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort þetta sé rétt sem þarna kom fram og hvort það sé virkilega svo að hann hafi verið að bjóða sama köttinn tvisvar, tveimur aðilum, verið að bjóða stjórnarandstöðunni að semja við hana um framkvæmd mála hér á Alþingi, en hafi svo á nákvæmlega sama tíma verið að reyna að koma þessari verslunarvöru sinni á framfæri við verkalýðshreyfinguna sem eins konar skiptimynt í komandi kjarasamningum. (**ÓÞÞ:** Keyptuð þið nokkuð köttinn?) Það er hins vegar skemmst af því að segja eins og hv. þm. þekkir eins vel og allir aðrir að við stjórnarandstæðingar keyptum ekki köttinn. (**ÓÞÞ:** Þá selur hann náttúrlega öðrum.) Og ég hygg að verkalýðshreyfingin hafi heldur ekki keypt köttinn. En þess vegna spyr ég að það mundi heyra til talsverðra tíðinda ef þetta væri rétt að hæstv. forsrh. hefði reynt að selja sama köttinn tvisvar sama daginn og það á sama tíma tveimur ólíkum aðilum. Þess vegna spyr ég hreint út: Er þessi frétt Ríkisútvarpsins rétt eða röng? Og ég ætlast til þess að hæstv. forsrh. svari þessari spurningu skýrt og ákveðið.

Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. fjmrh., Jón Baldvin Hannibalsson, að því hvort honum finnist ekki ef hætt er við að leggja söluskatt á fisk að meginröksemd hans fyrir álagningu söluskatts á matvörur sé þar með fallin. Hann hefur haldið því fram að nauðsynlegt væri að leggja söluskatt á matvörur til þess að einfalda kerfið og reyna með þeim hætti að draga úr skattsvikum. Hann hefur sagt að ekkert mætti undan skilja af því sem selt væri í matvöruverslunum. Við hljótum því að spyrja: Ef hægt er að undanskilja eina vörutegund með þessum hætti, sem ég vissulega sjálfur tel að hægt sé að gera, hvað telur hann að verði þá um kerfið sem átti að vera svona einfalt og rökrétt og undantekningalaust? Er ekki röksemd hans fyrir einföldun kerfisins þar með niður fallin ef í flestum matvöruverslunum bæjarins verður áframhaldandi fleiri en eitt söluskattsstig, þ.e. enginn söluskattur í sumum tilvikum en söluskattur í öðrum tilvikum? Auðvitað er þessi röksemd hæstv. fjmrh. hreinn fyrirsláttur.

Auðvitað morar allt af undantekningum í þessu kerfi eftir að lögin hafa verið samþykkt eins og við best sjáum á frv. sjálfu. Þar er heil blaðsíða þar sem undantekningarnar eru raktar og sjá auðvitað allir að götin eru gríðarlega mörg eftir sem áður. En aðalatriðið er það að hér er verið að gera breytingar á söluskatti sem eru mjög íþyngjandi fyrir láglaunafólk í landinu. Og við hljótum að verða að fá að vita hvers vegna þeirri röksemd er haldið fram einn daginn að enga undantekningu megi gera, alls enga í hverri matvöruverslun, en svo aftur annan daginn boðið fram að sleppa þessari vörutegundinni eða hinni.

Reyndar er það alveg ljóst af vinnubrögðunum við undirbúning þessa máls að þar er hin mesta happa/glappa aðferð á ferðinni. Í desembermánuði var talað um það af hálfu stjórnarliða að til stæði að skattur á landbúnaðarvörur yrði um 18%. Þetta var m.a.s. svo heilög tala að við þm. fengum bréf frá Stéttarsambandi bænda þar sem gerð var mjög ítarleg grein fyrir því hvað 18% skattur á landbúnaðarvörur mundi hafa í för með sér til samdráttar á kaupum og neyslu þessarar vöru. Það var líka talað

um það að söluskatturinn yrði almennt 22% og satt best að segja trúðu því flestir að sá yrði endirinn á, langt fram eftir þessum mánuði, þar til allt í einu að tekin er ákvörðun um það, líklega snemma í mánuðinum, að söluskatturinn skuli vera 25%.

Allt sýnir þetta að aðdragandi málsins er mjög tilviljanakenndur, ber vott um mjög hroðvirknisleg vinnubrögð. Það er reynt að klastra þessu einhvern veginn saman þannig að það passi í kramið hjá stjórnarflokkunum. En að það sé einhver rökhyggja á bak við þessa skattkerfisbreytingu, það er auðvitað hin mesta fjarstæða.

Ég held að dæmið sem ég tók hérna áðan um það að forsrh. hefði reynt að selja sömu vöruna tvisvar í gær *tveimur ólíkum aðilum sé ágætt dæmi um* hvernig þessi vinnubrögð hafa verið að undanförnu. Venjulega er það yfrinn starfi fyrir Alþingi að afgreiða fjárlög, lánsfjárlög, kvótafrv. og síðan einhverjar tilteknar breytingar á skattalögum áður en þing fer í jólaleyfi. En það sem gerist nú er að á seinustu stundu er kastað inn í þingið miklum frv. til breytinga á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Það eru tollamál, þar er heill doðrantur á ferðinni, það eru mjög verulegar söluskattsbreytingar, gríðarlega fjölþættar breytingar á vörugjaldi og síðan tillögur um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og Alþingi er ætlað að afgreiða þetta á fáeinum dögum. Ef einhver forusta væri af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsrh. við undirbúning þessara mála, þá sæi hann auðvitað til þess að þau ein mál væru hér til afgreiðslu seinustu tvær vikurnar sem óhjákvæmilegt væri að afgreiða fyrir jól. Og hann mundi gera einhverja tilraun til að semja við stjórnarandstöðu, eins og gert hefur verið undanfarin 30 ár, um það hvernig þessi mál mættu koma fram og þá auðvitað tekið eitthvert visst tillit til sjónarmiða stjórnarandstöðunnar um afgreiðslu mála þannig að hægt væri að koma þessu öllu heim og saman á endanum. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig um marga áratugi. Og þó oft hafi litið illa út þá hefur alltaf tekist að ganga frá málum fyrir jól. En í þetta sinn, þegar hæstv. forsrh. heitir Þorsteinn Pálsson, þá fer þetta allt í vaskinn, þá skapast þessi mikli glundroði. Og þegar síðan til á að taka að samningar séu upp teknir við stjórnarandstöðu, þá eru handabakavinnubrögðin *með þessum dæmalausa hætti sem ég var að* lýsa hérna áðan að auðvitað getur engin niðurstaða orðið.

Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á söluskatti. Ég tel að brtt. þessar horfi flestar ef ekki allar til hins verra. Ég er algjörlega andvígur þessu frv. og tel að það séu fyrst og fremst fjórar ástæður sem valda því að okkur þm. ber að fella þetta frv.

Í fyrsta lagi er ljóst að samþykkt þessa frv. mun valda stórhækkun á nauðþurftum almennings. Hún mun hafa þau áhrif á kjör láglaunafólks að þau munu versna sem nemur rétt um 4%.

Í öðru lagi er ljóst að samþykkt þessa frv. mun hafa mikil verðbólguáhrif, einfaldlega sem rökrétt framhald af fyrstu ástæðunni. Fólk hlýtur auðvitað að gera meiri kröfur um kauphækkun eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt.

Í þriðja lagi hefur það verið ágætlega rakið hér af mörgum hv. þm. hversu fráleit samþykkt þessa frv. er frá manneldissjónarmiði.

Í fjórða lagi er ljóst að samþykkt frv. mun magna enn þá erfiðleika sem fyrir hendi eru í landbúnaði.

Afnám söluskatts af matvörum átti sér stað endanlega og yfir alla línuna á árinu 1978. Flokkarnir sem stóðu að þessari breytingu voru auk Alþb. Framsfl. og Alþfl. Það er afskaplega sérkennilegt, að ekki sé meira sagt, að einmitt Alþfl. og Framsfl. skuli nú beita sér fyrir því að skattur sé aftur lagður á þessar vörutegundir.

Ég minnist þess að þegar þessi breyting var samþykkt hér á Alþingi var hún óumdeild. Það gerði ekki nokkur þm. tilraun til þess að hafa uppi andmæli gegn því að söluskattur á matvörum yrði afnuminn. Það var engin andstaða fyrir hendi hér á Alþingi og ég held að í þjóðfélaginu öllu hafi þessari ákvörðun verið mjög fagnað. Rökin fyrir þessari ákvörðun á sínum tíma voru auðvitað þau að afnám söluskatts á matvörum styrkti augljóslega hag láglaunafólks mjög verulega. Í öðru lagi var þetta tvímælalaust ákvörðun sem var mjög hagstæð fyrir landbúnaðinn og stuðlaði að aukinni sölu innlendrar framleiðslu. Í þriðja lagi átti þessi ákvörðun þátt í því að draga úr verðbólgu og gerði það tvímælalaust á haustinu 1978 þótt vissulega dygði hún ekki til að ná niður verðbólgu í verulegum mæli, fyrst og fremst vegna þess að skömmu seinna hækkaði olía meira í verði en gerst hafði um margra ára skeið. Það var önnur mikla olíuverðshækkunin sem þá dundi yfir. Hin fyrri var árið 1973 og afleiðingin varð sú að verðbólgan hélt áfram í nokkuð svipuðu fari, 50–60% eins og áður hafði verið. En það er nokkuð ljóst að ef söluskattur hefði ekki verið afnuminn á matvælum þá hefði verðbólgan orðið miklu meiri en raun bar vitni á þessum tíma.

Það er hins vegar rétt að rifja það hér upp að ýmis matvæli höfðu verið undanþegin söluskatti um langt skeið áður en til þessa kom. Satt best að segja hefur söluskattur aldrei verið lagður á *nýmjólk*, svo dæmi sé tekið, fyrr en með þessari ríkisstjórn. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar og í tíð ríkisstjórna á síðasta áratug gerðist það aldrei að söluskattur væri lagður á mjólkina. Sama gilti reyndar um saltið í grautinn og örfáar aðrar neysluvörur. Kartöflur voru t.d. undanþegnar söluskatti frá upphafi. Síðan gerist það árið 1970 að soðningunni er bætt við og þá er það sem sagt fiskurinn og kartöflurnar, saltið í grautinn og súrmjólkin og undanrennan sem ekki eru skattlögð með söluskatti. Svo er það aftur í kringum 1975 að nokkrar aðrar vörutegundir bætast við. Það var fyrst og fremst grænmetið, ávextirnir, kaffið, teið og brauðið. Þetta voru þær vörutegundir sem voru undanþegnar söluskatti þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar kom hér til valda og ákvað að afnema söluskatt með öllu af matvælum. Það var að okkar hyggju veruleg hreinsun vegna þess að það var á

margan hátt óeðlilegt að sum matvæli væru án söluskatts en önnur væru með skatti eins og þá hafði verið um 18 ára skeið eða allt frá upptöku söluskattsins. Við töldum að það væri best að hafa hreinar línur í þessum efnum og segja: Öll matvæli eru undanþegin og þar liggur línan.

Að vísu voru nokkrar vörutegundir í matvöruverslunum áfram með söluskatti og má sérstaklega nefna hreinlætisvörurnar, sælgætið og gosið, sem var með söluskatti alla tíð. Ég spyr nú að því: Getur einhver haldið því fram í fullum rétti og með einhverjum rökum að með þessari ákvörðun sem tekin var árið 1978 hafi skattsvik aukist? Hefur því verið haldið fram af nokkrum þeim sem rannsakað hefur þetta mál að skattsvik hafi aukist við það að söluskattur væri afnuminn á matvörum? Ég hygg að ekki nokkrar vísbendingar í nokkurri skýrslu hafi komið fram í þá átt. Hitt viðurkenni ég að til voru ýmis takmarkatilvik sem gátu valdið misskilningi. Þar nefni ég t.d. að ákveðið var frá upphafi að það væri fyrst og fremst kaldur matur sem væri undanþeginn söluskatti, en þegar maturinn væri orðinn heitur, þá væri búið að matreiða hann og þá hlyti hann að falla undir mat sem seldur væri á veitingahúsum. Það er erfitt að draga þar mörkin á milli, þannig að það þótti einfaldast að draga mörkin á milli þess hvort maturinn væri kaldur eða heitur. Auðvitað er þetta á margan hátt óþægilegt takmarkatilvik, en alltaf verður einhvers staðar að draga línuna og þó að kannski megi segja að þetta hafi verið í einstaka tilviki orsök einhvers misferlis, þá hygg ég að það verði að teljast smáræði miðað við margt annað í kerfinu, algjört smáræði.

Eins viðurkenni ég að það er óheppilegt að í matvöruverslunum hefur lengi verið dregin línan á milli mats annars vegar og sælgætis hins vegar. Það eru til vörutegundir sem eru þarna á mörkunum. Það getur hljómað einkennilega í eyrum fólks að þessi vara sé skattskyld vegna þess að hún sé sælgæti en hin varan óskattskyld af því að hún sé matur. En ég vek hins vegar á því athygli að eftir að sú breyting hefur verið gerð sem ríkisstjórnin gerir hér tillögu um, þá verða óteljandi takmarkatilvik áframhaldandi, jafnvel þótt fiskinum verði ekki sleppt eins og þó virðast vera uppi hugmyndir um.

Það hefur t.d. verið rakið hér ágætlega af hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur í dag að það að skattleggja bækur en sleppa hins vegar tímaritum hlýtur að valda ýmiss konar mismunun, ýmiss konar einkennilegri útkomu þar sem sami hluturinn sleppur ef hann telst vera í tímaritsformi en sleppur ekki ef hann er í bókarformi. Hver er munurinn á bók og tímariti? Ætli menn þekki það ekki að þar geta verið mikil takmarkatilvik á ferðinni. Þannig mætti nefna mörg dæmi.

Ég sé það t.d. að í brtt. hv. fjh.- og viðskn., sem munu hafa verið samþykktar í Ed., er gert ráð fyrir því að viss tegund af nuddi sé undanþegin söluskatti en aðrar tegundir af nuddi séu söluskattsskyldar. Ég er ansi hræddur um að það geti orðið erfitt fyrir hæstv. fjmrh., sem reyndar er nú ekki hér staddur sem er auðvitað hrein ósvinna, ég held að það hljóti að vera mjög erfitt fyrir hann að greina á milli þegar hann er kvaddur á vettvang til að skera úr um það hvort þetta nuddið eða hitt sé söluskattsskylt.

Það er líka ljóst að viss lýsing, sem ætluð er til að létta fólki lífið og gera það brúnna á hörund, getur verið söluskattsskyld í vissum tilvikum en ekki söluskattsskyld í öðrum. Það má því vænta þess að það geti orðið nokkurt annríki hjá hæstv. fjmrh. að skera úr um það hvort þessi sóldýrkandinn eða hinn eigi að borga til hans söluskatt eða ekki. Þarna er á ferðinni takmarkatilvik, kannski af svipuðu tagi eins og löngum hafa verið í löggjöf, en ég er ansi hræddur um að á þessu sviði verði ekki um mikla einföldun að ræða frá því sem nú er þegar öll svona starfsemi er söluskattslaus. Nú á hins vegar að fara að meta það samkvæmt ákvæðum laganna hvort maðurinn sem liggur á sólbekknum er að þessu samkvæmt læknisráði eða hvort hann er að þessu af hreinni hégómagirnd eða í öllu falli af hreinni og beinni ánægju og sér til hressingar án þess að hafa til þess meðmæli læknis.

Ég segi fyrir mig að ef gera ætti hreint borð í matvöruverslunum þá tel ég að hæstv. fjmrh. ætti miklu einfaldari og betri kost þar sem er einfaldlega að afnema söluskatt á hreinlætisvörum og ákveða það að sælgæti og gos skuli selja í sérstakri deild í hverri matvöruverslun en ekki innan um aðrar nýlenduvörur ef hann vill hirða af þeim vörum söluskatt áfram, sem ég tel út af fyrir sig eðlilegt og sjálfsagt. Þá er til sú einfalda leið, vegna þess að þessar vörur eru gjarnan á sérstökum stað í verslunum og þær tengjast oft kannski sölugötum eða einhvers konar sjoppum sem eru starfræktar á vegum verslananna, að ákveða það að þessum vörum skuli haldið aðskildum og þær skuli seldar samkvæmt sérreikningi, en hins vegar allar vörur í matvöruverslunum, bæði hreinlætisvörur og matvörur skuli undir eina sök seldar að því leyti að þær séu söluskattsfrjálsar. Staðreyndin er sú að í matvöruverslunum í dag er tiltölulega lítið eftir af vörum sem bera söluskatt. Það eru hins vegar hreinlætisvörurnar sem þarna eru eftir og þær eru hugsanlega 1/10 af heildarveltunni. Það er ekki mikið meira en það. Það eru því auðvitað margar leiðir hugsanlegar til þess að gera kerfið einfaldara og skilvirkara aðrar en þær að leggja skattinn yfir alla línuna og fara svo upp á nýtt að taka eina og eina vöru út úr eins og fiskinn sem mér skilst að um hafi verið rætt í gær.

Um langt skeið hefur staðið fyrir dyrum endurskoðun aðflutningsgjalda, samræming gjalda sem innheimt eru í tolli, þ.e. hins almenna tolls í þess orðs eiginlegu merkingu og svo aftur vörugjalda og ýmiss konar gjalda sem lögð eru á innflutning varnings. Ég hef persónulega lengi verið þeirrar skoðunar að þörf væri á því að einfalda þetta kerfi og ég setti af stað nefndir og starfsmenn til þess einmitt að undirbúa þessa einföldun. Og ég hygg að þau frv., sem hæstv. ráðherra er hér að leggja fram

sem einföldun kerfisins, reki sig að talsverðu leyti til vinnu sem undirbúin hafði verið í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens þegar einmitt var unnið að því að draga úr hinni miklu mismunun sem er í tollum og jafna óbeina skatta.

Það er alveg rétt sem sagt hefur verið að það er óhóflegur munur ríkjandi í tollakerfinu. Sumar vörur eru mjög hátt tollaðar og aðrar mjög lítið eða ekkert. Ég var þeirrar skoðunar og ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt og sjálfsagt að jafna þennan mun, draga úr þessum mun. Að því var unnið og þetta verk var talsvert langt komið þegar sú stjórn fór frá. Það er því í sjálfu sér ýmislegt jákvætt við þá meginhugmynd sem stendur að baki tollalagafrv. að því leyti að reynt er að jafna tollana, gera þá rökréttari og muninn á milli þeirra minni. Hitt held ég að engum hafi dottið í hug á sínum tíma, ekki nokkrum manni, að fara að leggja skatt á matvörur til þess að koma þessu máli í höfn. Ég minnist þess að menn töluðu fyrst og fremst um það að vörugjald yrði hækkað yfir alla línuna ellegar að þessu yrði náð með því að hækka tolla á sumum vörum en lækka þá á öðrum. En ég er næstum því viss um að áður en þessi ríkisstjórn kom til valda hafði engum dottið í hug sú ósvífni að ætla að innheimta það sem þyrfti til að koma þessu fram með því að leggja skatta á matvörur.

Eins og hér hefur verið rakið þá kemur þessi breyting mjög sérkennilega út. Fiskurinn er hækkaður um 25% svo að dæmi sé nefnt, en kryddið í matinn er svo aftur lækkað um 35%. Þegar kemur að grænmetinu þá sjáum við að það á að hækka heil ósköp eða um 15–25% ef það er nýtt, en sé það aftur á móti niðursoðið og nógu gamalt, þá á það að lækka um 15%. Alveg nákvæmlega það sama virðist uppi á teningnum með ávextina. Ef þeir eru nýir og ferskir og fullir af vítamínum, þá hækka þeir um 15–25%, en séu þeir aftur á móti gamlir og þurrkaðir og orðnir fátækir af hollustu, þá lækka þeir um 35%. Brauðið hækkar um 25%, eggin hækka um 25%, en svo er aftur á móti ýmislegt annað á móti sem lækkar og skiptir kannski hinn almenna mann ansi miklu minna máli. Hæstv. fjmrh. hefur sérstaklega nefnt varalitina sem lækka um 47% og ilmvötn og rakspírar lækka reyndar líka um 45%. Rakspírinn flokkast reyndar undir hvort tveggja í senn, hreinlætisvöru og neysluvöru og er því ekki óeðlilegt að nefna hann í þessu samhengi. En svo þegar við komum aftur að heimilistækjunum þá er þar um að ræða langstórfelldasta hækkun á þeim vélum sem algengastar eru á heimilum og sem helst geta flokkast undir nauðþurftir. Þvottavélarnar hækka um 15%, saumavélarnar um 16%, kæliskáparnir um 16%. Þetta eru einmitt þær vélar sem fólk þarf mest á að halda til heimilisstarfa og það eru einmitt þær sem mest hækka. Þetta er sannarlega sérkennileg stefna sem mörgum hefur gengið erfiðlega að skilja.

Þegar matarskatturinn er annars vegar er ljóst að þar er um þrenns konar skatt að ræða eða þrjá áfanga, þrjár flóðbylgjur matarskatta.

Í fyrsta lagi er það matarskatturinn sem var lagður á í sumar þegar 10% skattur var lagður á allar matvörur aðrar en mjólk og kjöt, fisk og egg.

Síðan stöndum við núna frammi fyrir annarri flóðbylgjunni. Það er sú bylgja sem á að hellast yfir heimilin um næstu áramót og lýsir sér einmitt í því sem ég var að rekja hérna áðan, að mestu hollustuvörurnar, eins og nýtt grænmeti, nýir ávextir og fiskur og brauð stórhækka í verði, en þar á móti lækka sömu vörur séu þær niðursoðnar og innfluttar. Og svo aftur hitt að nauðsynlegustu heimilisvélar hækka, en aftur á móti þau tæki og þær vélar lækka sem frekar væri hægt að telja til munaðarvarnings. Ljóst er að almennt mun þessi skattlagning ýta undir aukinn innflutning. Innfluttar vörur lækka frekar en ýmis innlend framleiðsla á eftir að hækka og stendur því verr að vígi á eftir.

En síðan er ljóst að þriðja flóðbylgjan er þá enn eftir, það er þriðji matarskatturinn. Mjólk, skyr, smjör og dilkakjöt hækkar ekki í verði nú. Ástæðan er sú að hækkun þessara vörutegunda er falin með hækkuðum niðurgreiðslum. En ég þarf ekki að rekja það hér fyrir hv. þm. að það hefur komið fram, t.d. hjá hæstv. fjmrh. aftur og aftur, að hann hefur sannarlega í huga að láta þessar niðurgreiðslur dvína, láta þær deyja út með tíð og tíma. Hann sagði það beinlínis í blaðaviðtali fyrir líklega einni viku síðan að þessar vörur yrðu fyrst um sinn, fyrst um sinn, niðurgreiddar að þessu marki. Það er alveg ljóst að það er áform ríkisstjórnarinnar, það er áform hæstv. fjmrh. að þessi skattur verði felldur niður senn hvað líður og sennilegast verður það gert á þann hátt að niðurgreiðslurnar verða ekki hækkaðar í takt við verðbólguna.

Ég vildi leyfa mér að bera þá spurningu fram til hæstv. fjmrh. hvernig niðurgreiðslum á þessum vörum verði hagað, þ.e. á mjólk, skyri, smjöri og dilkakjöti. Verður hverju sinni þegar þessar vörur hækka í verði vegna innlendra kostnaðarhækkana, verður þá bætt við niðurgreiðslum sem svarar þessum hækkunum eða í öllu falli þannig að niðurgreiðslurnar haldist sem rétt hlutfall af verðinu? Eða mun hækkunin verða niðurgreidd í fyrsta sinn sem vörurnar hækka af völdum söluskattsins og síðan látið þar við sitja að halda þeirri niðurgreiðsluaukningu í sömu krónutölu mánuð eftir mánuð? Það er alveg óhjákvæmilegt fyrir okkur alþm. að átta okkur á þessu atriði og fá skýr svör hæstv. fjmrh. við þessari spurningu.

Okkur nægir ekki að fá svör við þessari spurningu varðandi árið 1988. Við hljótum að ætlast til þess að svarað verði til um það hvernig þessum málum verður hagað á árinu 1989 og 1990 og reyndar í tíð þessarar ríkisstjórnar. Eru það sammæli ríkisstjórnarflokkanna að halda þessu hlutfalli áframhaldandi eða má búast við því að niðurgreiðslurnar haldist fyrst og fremst miðað við upphaflegu niðurgreiðslurnar og þar af leiðandi muni þriðji matarskatturinn dynja yfir jafnt og þétt í hvert einasta skipti sem

landbúnaðarvörur hækka í verði með þessari sérstöku aðferð að niðurgreiðslurnar verða ekki látnar hækka í takt við hækkun landbúnaðarafurðanna? Mig grunar að svo verði. Ég er reyndar alveg sannfærður um að svo verður, en ég vil hins vegar að hæstv. fjmrh. svari þessu svo að það komist alveg greinilega til skila hver áform hæstv. ríksstjórnar eru í þessum efnum.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherrann hvort endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar í sambandi við fiskinn. Eins og ég rakti hér í upphafi þá var það boðið fram sem einhvers konar tilboð til stjórnarandstöðunnar að ekki yrði lagður söluskattur á fisk. Nú viljum við fá að vita hvort þessar ákvarðanir hafi verið teknar eða hvort þetta er bara áframhaldandi söluvara hjá hæstv. fjmrh. sem hann ætlar að reyna að koma í verð fyrr eða síðar í viðskiptum við einhvern og þá helst að selja þá vöru oftar en einu sinni.

Landbúnaðarvörur fá mjög misjafna meðferð samkvæmt þessum frv. ríkisstjórnarinnar. Eins og ég hef nú rakið eru nokkrar landbúnaðarvörur sem hækka ekki. Það er eins og ég hef nefnt fyrst og fremst mjólkin, skyrið, smjörið og dilkakjötið, og þá að sjálfsögðu undanrennan sem er bara ein tegund mjólkur. Svo eru aftur aðrar vörur sem hækka um 12% að því er manni skilst. Það er osturinn og 3.–6. flokkur kindakjöts. Þessar vörur hækka um 12%. Svo eru enn aðrar landbúnaðarvörur, og þær ófáar, sem eiga að hækka um 25%. Þar má t.d. nefna stórgripakjöt, hrossakjöt og nautakjöt og annað stórgripakjöt, og einnig sláturafurðir. Ég held að það sé ljóst af þessum tillögum að þessar vörur eiga að hækka um 25%. Ekki get ég séð neitt annað í því sem fram hefur komið um þetta mál. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að auðvitað er þetta mikið áhyggjuefni sláturleyfishafa vegna þess að það er alveg ljóst að einmitt þessar vörur, þ.e. stórgripakjötið og slátrið verða meira eða minna óseljanlegar eftir að þær hafa hækkað um 25% á sama tíma og annað kjöt ýmist stendur í stað eða hækkar um 12%.

Það er því alveg ljóst að þessar ákvarðanir munu magna mjög erfiðleikana í landbúnaði og var sannarlega ekki á bætandi. En hversu miklir erfiðleikar munu af þessu hljótast er ekki svo auðvelt að átta sig á. Auðvitað fer það mjög mikið eftir því hvernig á niðurgreiðslumálum verður haldið. Eins og ég hef þegar lýst mun vandinn strax koma upp í sambandi við stórgripakjötið og slátrið, en það er alveg ljóst að ef aðrar landbúnaðarvörur eiga eftir að hækka mjög verulega vegna þess að niðurgreiðslurnar hækka ekki í takt við verðbólguna, sem kannski getur orðið allt að 30% eða meira á næsta ári, þá verður verulegur samdráttur í sölu landbúnaðarvara sem mun bæði koma bændum mjög í koll og eins valda stjórnvöldum miklum erfiðleikum þar sem þau hafa tekið á sig vissar skuldbindingar í sambandi við sölu á þessum afurðum.

Í fréttatilkynningu, sem Stéttarsamband bænda sendi frá sér ekki alls fyrir löngu, segir svo, með leyfi forseta:

„Með búvörulögunum frá 1985 er mörkuð stefna í framleiðslumálum landbúnaðarins. Þessi stefna felur í sér stórfelldari breytingar á landbúnaðinum og högum bænda en orðið hafa um langan tíma. Stéttarsambandið hefur gengið til samvinnu um framkvæmd þessarar breyttu stefnu í þeirri trú að hún auki atvinnu og afkomuöryggi bændastéttarinnar þegar til lengri tíma er litið og treysti rekstrargrundvöll landbúnaðarins í heild. Á grundvelli þessara markmiða hefur Stéttarsambandið gert samning við ríkisvaldið um þróun mjólkur- og kindakjötsframleiðslunnar til ársins 1992.

Stjórn Stéttarsambandsins telur að með álagningu söluskatts á þessar afurðir og lækkandi hlutfalli niðurgreiðslna í verði þeirra sé þeim áætlunum um sölu kindakjöts og mjólkurvara sem búvörusamningurinn byggir á kollvarpað nema til komi auknar niðurgreiðslur. Augljóst er að samdráttur í sölu kindakjöts og mjólkurvara innan lands mun auka þörfina fyrir útflutning. Ekki verður annað séð en með slíkum aðgerðum sé markvisst stefnt að því að minnka hlutdeild innlendra afurða á matvörumarkaðnum og kippa grundvellinum undan atvinnumöguleikum verulegs hluta bændastéttarinnar.

Stjórn Stéttarsambandsins mótmælir því harðlega að þannig sé af hálfu ríkisvaldsins horfið frá stefnu búvörulaganna og umsömdum markmiðum búvörusamninganna."

Auðvitað er það alveg nauðsynlegt fyrir okkur alþm. að fá það á hreint hvaða afleiðingar þessi nýja stefna hvað varðar söluskatt á matvæli hefur fyrir þann landbúnaðarsamning sem fyrir liggur og fyrir bændastéttina í heild. Ég geri ráð fyrir að Stéttarsamband bænda hljóti að meta það svo að skylt sé að halda uppi niðurgreiðslum, þessum nýju niðurgreiðslum sem nú er verið að ákveða, sem svara til söluskatts á þessar vörur, alveg til ársins 1992. Ella sé verið að kollvarpa þessum samningi. Því að samningurinn var að sjálfsögðu gerður á þeirri forsendu og með það í huga að söluskattur er ekki á þessum vörutegundum.

Ég nefndi það hér áðan að ljóst væri að álagning söluskatts á matvörur hefði í för með sér stórhækkun nauðþurfta. Það er afar nauðsynlegt fyrir okkur alþm. að reyna að átta okkur á því hversu mikil þessi hækkun er hjá lágtekjufólki. Ég vil því leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. forsrh., sem hlýtur að vera hér nærstaddur því að hann getur ekki brugðið sér lengi frá þegar svo stórt mál er á ferðinni sem gjörbreytt álagning söluskatts er, hann verður að vera hér viðstaddur alla þessa umræðu hvort sem hún stendur til áramóta eða lengur og ég vil eindregið fara þess á leit við forseta að hann ... (**Forseti:** Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að aðvara forsrh.) Hæstv. forsrh. gengur í salinn. — Hæstv. forsrh. verður að gera sér grein fyrir því að hann getur ekki fleygt hverju stórmálinu á fætur öðru hér inn í þingið og ætlast til þess síðan að þm. sitji hérna yfir jólin til að afgreiða þessi mál án

þess að hann sé viðstaddur. Þessi mál snerta embætti hans á svo margvíslegan hátt að hann verður að sjálfsögðu að vera viðstaddur alla þessa umræðu og vera reiðubúinn að hlýða á spurningar sem þm. þurfa að leggja fyrir hann um þessi mál.

Ég vildi leggja enn eina spurningu fyrir hæstv. forsrh. fyrst og fremst vegna þess að undir hann heyra útreikningar af því tagi sem ég vildi að hann beitti sér fyrir. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að reiknað verði út og gefin einhver dæmi um það hversu mikil hækkun verður á framfærslukostnaði lágtekjumannsins í þjóðfélaginu við álagningu söluskatts með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Vissulega verður þá að gefa sér einhver grunnhugtök og viðmiðunartölur, en ég held að það ætti að reyna að reikna það út hve mikil hækkun verður hjá lágtekjufólki, og þá er ég að tala um þann þriðjung launafólks sem talist getur einna lægst í tekjuskalanum. Þá er ég að tala um fjölskyldutekjur t.d. á bilinu 40–70 þús. kr. eða þar um bil. Auðvitað yrðu reiknimeistarar að gefa sér einhverjar slíkar grunnstærðir og síðan er þá auðvelt að reikna það út miðað við framfærslugrundvöll í vísitölu framfærslukostnaðar hver aukning útgjaldabyrðarinnar er hjá fjölskyldu af þessu tagi. Því að ég veit að hæstv. forsrh. gerir sér eins góða grein fyrir því og við aðrir hv. þm. að framfærsluvísitalan er ekki alveg einhlítur mælikvarði. Framfærsluvísitalan er meðaltalsviðmiðun sem er þess eðlis að hún er ekki marktæk um efnahag og framfærslu lágtekjumanna. Það er talið að matvöruliðurinn sé um 20% í framfærsluvísitölunni, en aftur á móti er hann um 30% hjá lágtekjufólkinu.

Ég hef grun um það að þó að framfærsluvísitala sé reiknuð á sléttu við þær breytingar sem hér er verið að gera tillögu um, þá muni þetta koma talsvert miklu öðruvísi út fyrir lágtekjufólkið, t.d. þann hópinn sem ég nefndi áðan, þannig að kjaraskerðingin sem gæti numið allt að 5%. Jafnvel meira.

Það er ljóst að launamenn verða núna fyrir stórfelldri kjararýrnun. Laun þeirra skerðast á tímabilinu frá 1. sept. til áramóta um líklega ein 8–9%. Það verða allir hv. alþm. og hæstv. ráðherrar að gera sér grein fyrir því að þessar ákvarðanir fela beinilínis í sér 4–5% kjaraskerðingu fyrir lágtekjufólk sem kemur þá ofan á þá kjararýrnun sem á sér stað á sama tíma. Forustumenn í verkalýðshreyfingu verða að hafa þetta til hliðsjónar þegar þeir ganga til næstu kjarasamninga. Þeir verða að fá þennan mun bættan. Og þeir verða að fá enn meira en þetta ef það reynist rétt, sem margir hafa nokkurn grun um, að niðurgreiðslur eigi eftir að rýrna á komandi mánuðum vegna þess að þær hækki ekki í takt við hækkun verðbólgunnar.

Það þarf síðan ekki að fara mörgum orðum um það að þessi ákvörðun og þær almennu launahækkanir á vinnumarkaðinum, sem hljóta að fylgja í kjölfarið, munu síast út um hagkerfið með margvíslegum hætti og hljóta fyrr eða síðar að hafa áhrif til verðhækkunar og aukningar á verðbólgu. Enda er það svo sem engin tilviljun að verkalýðshreyfingin hefur mótmælt þessum ákvörðunum mjög eindregið. Og þó ég sé ekki að eyða dýrmætum tíma okkar með því að lesa upp þær samþykktir, enda hefur það þegar verið gert hér í dag, þá blasir það við hverjum manni sem vita vill að þessar ákvarðanir hljóta að torvelda mjög verulega komandi kjarasamninga.

Ég gat þess hér fyrr að mjög hefði verið um það rætt fyrr í þessum mánuði að um leið og álagður söluskattur kæmi á miklu breiðari skattstofn en áður hefur verið mundi söluskattsprósentan lækka og talan 22% var mjög nefnd í því sambandi. Hæstv. viðskrh. var að því spurður í fjölmiðlum hvers vegna ekki hefði verið við þetta staðið og hann hélt því fram eins og reyndar fleiri ráðherrar að rökin fyrir þessu væru þau að ef um lækkun á söluskatti væri að ræða úr 25% í 22% yrði mismunurinn tekinn ófrjálsri hendi af smásöluaðilum. Kaupmennirnir mundu sem sagt stela þessari hækkun allri saman. Hún kæmi því aldrei til neytenda.

Það þarf auðvitað ekki að orðlengja það að kaupmenn í borginni brugðust ókvæða við og töldu sig hafa orðið fyrir stórfelldri móðgun, að þeim væri borið á brýn að þeim væri ekki trúandi til að framfylgja lögum með þessum hætti, heldur mundu þeir stela öllum mismuninum í eigin vasa.

Ekki vil ég fullyrða neitt um það hvort rök hæstv. viðskrh. eiga sér einhvern skynsamlegan grundvöll. Hitt veit ég að auðvitað er þetta tylliástæða þegar horft er á skattlagningu til eins árs. Þetta ætti auðvitað fyrst og fremst við þær vörur sem eru í verslununum þegar breytingin á sér stað. Það er þekkt af fenginni reynslu að kaupmenn eru oft tregir til að breyta verðlagi á vörum sem er þegar búið að verðmerkja og þá gildir einu hvort um er að ræða hækkun eða lækkun. Þeir hafa vissa tilhneigingu til þess að selja þá vöru upp og gera þá ekki breytingu fyrr en næsta vörusending kemur því að ekki þarf að orðlengja það að verðbreytingar hljóta auðvitað að hafa mikla fyrirhöfn í för með sér í verslunum. En að þeir nái í sinn vasa 3% söluskattsmun á heilu ári er auðvitað hrein fjarstæða. Auðvitað hefði ekki verið um að ræða nema nokkurra vikna vörubirgðir, nokkurra vikna skattlagningu í vissum tilvikum, í öðrum tilvikum aðeins nokkurra daga vörubirgðir, en lækkun á skattinum hefði hins vegar skilað sér að nokkrum dögum og í mesta lagi nokkrum vikum liðnum til almennings í formi lækkaðs verðs á þeim vörum sem áður báru 25% skatt en hefðu þá verið færðar niður í 22%.

Ég hef rakið það hér, herra forseti, að margir ágallar eru á þessari tillögu um söluskattsbreytingu, að ekki sé nú meira sagt. Það er alveg ljóst að undanþágurnar verða býsna margar áframhaldandi, takmarkatilvikin verða óteljandi og það koma upp mjög mörg skringileg tilvik eins og t.d. þau sem nefnd voru hér í dag og ég nefndi hér áðan með tímaritin og bækurnar. Ég tel að það sé mjög til álita að undanþiggja bækur söluskatti með öllu. Ég held að íslensk menning þurfi á því að halda að fá virkan

stuðning með þeim hætti og úr því að tímarit og blöð eru undanþegin er þar um að ræða mjög óþægilegt takmarkatilvik þar sem þessar vörur eru gjarnan seldar í sömu verslunum. Ég held því að á margan hátt sé einfaldast að undanþiggja bækur með öllu söluskatti þannig að öll prentuð vara sem á boðstólum er sé undanþegin. Það væri þá um leið framrétt hönd ríkisstjórnarinnar og Alþingis til styrktar íslenskri menningu og á því þarf menningarstarfsemin í landinu að halda.

Ég tel líka að það sé mikið og alvarlegt skref aftur á bak þegar nú á að leggja söluskatt á aðgangseyri að innlendum kvikmyndum. Þar er að vísu um að ræða takmarkatilvik sem er óþægilegt, þ.e. nú er söluskattur á erlendum kvikmyndum en ekki á innlendum kvikmyndum. Þetta var reyndar ekki svona þegar ég átti sæti í ríkisstjórn. Ég vildi ekki að þessi mismunun væri í kvikmyndahúsunum þannig að sumar kvikmyndir væru söluskattslausar en aðrar væru með söluskatti. Ég taldi það ekki skynsamlegt og því var ákveðið þegar ég var í fjmrn. að það skyldi vera söluskattur á öllum kvikmyndum en hins vegar skyldi endurgreiða hann í þeim tilvikum að sannað væri að kvikmyndir hefðu komið út með halla, innlendar myndir stæðu sem sagt illa fjárhagslega, hefðu ekki borið sig og þar af leiðandi væri mikil hætta á að þau fyrirtæki sem að þeim hefðu staðið færu á hausinn. Í þeim tilvikum var um endurgreiðslu söluskattsins að ræða til viðkomandi fyrirtækja. Þetta gafst vel og ég held að enginn hafi haldið því fram að þarna hafi getað verið nokkur söluskattssvik á ferðinni. En í þeim tilvikum að mynd skilaði hagnaði átti allur söluskatturinn af viðkomandi kvikmynd að renna í Kvikmyndasjóð, þannig að í báðum tilvikum skilaði ríkissjóður þessu fé til baka. Þegar um halla var að ræða á kvikmynd gekk það beint til viðkomandi framleiðanda, en þegar hagnaður var rann það í Kvikmyndasjóð. Það var svo aftur eftirmaður minn sem ákvað að hafa þetta á hinn veginn, að leggja ekki söluskatt á innlendar kvikmyndir og það hefur auðvitað þennan galla að þá er sem sagt um tvenns konar skattlagningu að ræða á þessu sviði sem alltaf er heldur til hins lakara.

Ég tel sem sagt að íslensk menningarstarfsemi eigi ekki að bera söluskatt eða þá hitt, ef söluskattur er á lagður, að hann endurgreiðist með þeim hætti sem gert var í sambandi við innlendu kvikmyndagerðina.

Ég tel að ekki eigi heldur að leggja söluskatt á heilsurækt, ekki á gufubaðstofur, nuddstofur og ljósastofur eins og nú er ætlunin að gera og tel reyndar alveg fráleitt og dæmi um þau handabakavinnubrögð sem hér eru viðhöfð að fara að skilja þarna á milli þannig að nuddið sé söluskattsskylt ef það er af þessari tegund en svo sé aftur eitthvert annað nudd söluskattsfrjálst. Það tel ég að gangi ekki upp og það er einmitt dæmi um þann áframhaldandi ruglanda sem verður í þessu söluskattskerfi og hefur svo sem löngum verið, hefur þurft að gera einfaldara en tekst ekki betur til en hér er nefnt.

Ég tel einnig að allar útisamkomur eigi að vera lausar við söluskattsinnheimtu, enda mundi það vera partur af þeirri meginstefnu að ekki væri lagður söluskattur á mat, ekki væri lagður söluskattur á menningu, ekki væri lagður söluskattur á heilsurækt af neinu tagi.

Virðulegi forseti. Klukkan er tíu. Mér skilst að nú sé fyrirhugaður fundur forseta með formönnum þingflokka. Ég ætla að láta þessi orð nægja að sinni en hef auðvitað margfalt fleira að segja um þessi mál en nú hefur komið fram.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Þetta er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Það eru fjórir á mælendaskrá núna og ætlunin var að slíta nú þessum fundi og boða síðan til annars fundar eftir um það bil 15 mínútur, en hæstv. forsrh. hefur kvatt sér hljóðs og tekur nú til máls.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu en vegna þeirra fsp. sem hv. þm. beindi hér til mín í upphafi síns nokkuð langa máls en kannski ekki að sama skapi efnismikla tek ég fram að þær umræður sem fram fóru á milli fulltrúa stjórnarflokka og stjórnarandstöðu fólu ekki í sér nein verslunarviðskipti um þau mál sem hér eru til meðferðar.

Það er líka útúrsnúningur hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að segja að ríkisstjórnin hafi verið að falbjóða tveimur aðilum breytingar á þeim frumvörpum eða einu þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir og er til umræðu í kvöld. (**RA:** *Það er ljóst að þú gerðir það.*) Ég vil einungis taka hér fram og ítreka það sem átti sér stað og fram hefur komið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Innan stjórnarflokkanna þriggja höfðu að undanförnu farið fram umræður og bollaleggingar um að söluskattshækkun á neyslufiski þyrfti ekki að koma að öllu leyti til framkvæmda. Þessar umræður áttu sér m.a. stað vegna þess að nú standa fyrir dyrum kjarasamningar og það var mat stjórnarflokkanna að slík breyting gæti auðveldað samningsaðilum að ná saman. Það var hins vegar engin ákvörðun af hálfu stjórnarflokkanna að blanda sér í kjarasamningaviðræður með þessum breytingum. Það hlaut að verða einhliða ákvörðun ríkisstjórnar að stíga slíkt skref.

Þegar viðræður fóru fram milli fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu um framgang mála í þingi þótti mér ekki óeðlilegt að ígrunda það hvort ákvörðun af þessu tagi, ef hún yrði tekin fyrr en ella, gæti greitt fyrir framgangi mála hér í þingi því að þetta var eitt af þeim atriðum sem höfðu valdið ágreiningi. Ekki er um nein verslunarviðskipti að ræða og ég ímynda mér ekki að stjórnarandstaðan vilji setja sig í þá stöðu að vera að versla með efnisatriði í málum ríkisstjórnarinnar. Hitt er annað að ef ríkisstjórnin er að undirbúa breytingar sem fara saman við meginskoðanir þm. og þingflokka og er tilbúin að flýta

slíkum ákvörðunum er ekki óeðlilegt að líta svo á að slík ákvörðun megi greiða fyrir framgangi mála sem deilum valda í þinginu. Að tala um verslunarviðskipti í þessu sambandi er auðvitað fjarri lagi og sömuleiðis auðvitað út í hött að tala um að vera að tvíselja slíkar vörur. Hér er einfaldlega engin vöruskiptaverslun, ekki á nokkurn hátt.

Hv. þm. talaði um lélega verkstjórn. Það er rétt að tekjuöflunarfrumvörpin sem tengjast fjárlagafrv. komu seint fram. Á því hafa verið gefnar eðlilegar skýringar. Hér er um að ræða einhverjar umfangsmestu kerfisbreytingar í tekjuöflun ríkisins sem um getur og það tók allnokkurn tíma í ráðuneyti að undirbúa þessi mál áður en þau gátu komið hér inn í sali Alþingis. Eftir það hefur umræðu og skipulagi allra umræðna verið háttað með mjög eðlilegum hætti og án þess að íþyngja um of, miðað við það sem venjulegt er á þessum árstíma, kröftum alþm.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt og greinilega fram vegna upphafsorða hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég ætla ekki að fara hér í efnisatriði í ræðu hans. Hann fjallaði þó allmikið um undanþágur og skipulag söluskattsmála, ræddi m.a. um söluskatt á menningarvörur. Ég ætla bara að rifja upp að þegar hv. þm. var fjmrh. framkvæmdi hann mjög ítarlegt mat á því hvernig ætti að skattleggja menninguna í landinu. Niðurstaða hv. þm. meðan hann var fjmrh. var sú að halda áfram skattlagningu á bækur en fella niður söluskatt af Speglinum.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

35. fundur, mánudaginn 21. des., kl. 11.00 síðdegis.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 2. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 314, n. 397.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frv. var upphaflega flutt í hv. Ed. af tveimur þingkonum Kvennalistans en þar sem gert var ráð fyrir að svokallað sólarlagsákvæði í lögunum yrði fellt brott við meðferð málsins í Ed. lagði hæstv. menntmrh. til að frv. yrði breytt í þá veru að 6. gr. laganna orðaðist þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1988.“

Hæstv. ráðherra lýsti því jafnframt yfir að unnið væri að endurskoðun laganna í menntmrn. Þannig er þetta mál komið frá hv. Ed. og allshn. leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 199, n. 400, 402 og 404, brtt. 334, 401, 403 og 405.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um tekju- og eignarskatt. Nál. liggur fyrir á þskj. 400.

„Nefndin hefur athugað frumvarpið á mörgum fundum. Hún kvaddi til ráðuneytis Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Indriða Þorláksson, Snorra Olsen og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Björn Ólafsson og Sturla Þorgilsson frá „Sigtúnshópnum“.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.“

Undir þetta rita stjórnarliðar í fjh.- og viðskn., þ.e. Geir H. Haarde, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Bjarnason og Páll Pétursson.

Brtt. þær sem við flytjum eru á þskj. 401. Ég ætla að fara örfáum orðum um þessar brtt.

1. brtt. fjallar um hver útgjöld séu undanþegin staðgreiðslu og þar þótti eðlilegt að útvíkka þá grein nokkuð, enda er útlagður kostnaður ekki eðlilegur skattstofn.

2. brtt. er umorðun á frádráttarheimildum þar sem í frv. er gert ráð fyrir annarri viðmiðun en í brtt.

3. brtt. er nákvæmari tilvísun.

4. brtt. fjallar um það að það þurfti að ráðstafa 320 millj. aukalega vegna barnabóta og barnabótaauka og breytast tölur í samræmi við það. Enn fremur er teygt úr tekjubilinu sem barnabótaauki greiðist á, þ.e. barnabótaauki við fjórða barn verður við tekjur upp á 1 millj. 450 þús. en ekki 900 þús.

eins og er í óbreyttum lögum.

Í 4.d eru réttari tilvísanir.

5. brtt. er breytt orðalag allrar greinarinnar og efnisbreyting reyndar líka, að 35% verða nú 20%. Jafnframt er í þeirri grein fjallað um það að lífeyrisþegar og eftirlaunaþegar sem dveljast erlendis en taka lífeyri frá Íslandi hljóta sömu skattalegu meðferð á lífeyri og eftirlaunum eins og ef þeir byggju hér á Íslandi.

Í 6. brtt. er fellt niður þak sem var á vaxtaafslætti.

7. brtt. er einungis breyting á ártölum.

8. brtt. er við bráðabirgðaákvæði IV, þannig að „lækkun skattstofns kemur því aðeins til greina að dvalartími erlendis hafi ekki verið lengri en 6 ár," segir í frv., en við komum okkur saman um að leggja til að þarna yrði um 10 ár að ræða.

9. og 10. brtt. eru leiðréttingar á röngum tilvísunum.

Það voru nokkur vafamál sem hafa verið hér á orði á milli manna í umræðu undanfarna daga og ég hef í höndum bréf frá Indriða H. Þorlákssyni til fjh.- og viðskn. Ed. og vil kynna það hér. Það fjallar um vasapeninga frá Tryggingastofnun ríkisins í staðgreiðslu. Bréfið hljóðar svo:

„Í reglugerð þeirri um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu er út verður gefin á næstu dögum verða dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins felldir inn í efni 2. gr. sem tiltekur hvaða greiðslur falli ekki undir staðgreiðslu."

Í Ed. kom fram einhver tortryggni um að það væri einungis verið að fresta skatttöku af þessum fjármunum, en dagpeningagreiðslur fær ekki nema fólk sem er á mjög lágum tekjum hvort sem er og þess munu ekki vera neinar líkur að það beri skatta á annað borð.

Menn hafa líka rætt um skattalega meðferð á sveiflukenndum tekjum, t.d. listamanna. Þar er ekki fyrirhugað að breyta þeim praxís sem verið hefur. Ég vil leyfa mér að lesa 61. gr. skattalaganna. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%." Og síðan: „Enn fremur getur hann heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári. Einnig er skattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa annarra en björgunarskipa hljóta."

Við leggjum sem sagt til í meiri hl., herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem prentaðar eru á þskj. 401.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. sem er prentað á þskj. 402 og jafnframt þeim brtt. sem ég flyt og eru á þskj. 403.

Það hefur verið unnið ágætt starf miðað við aðstæður í fjh.- og viðskn. Nd. við að skoða frv. Við höfum notið þar góðra krafta hv. þm. Kjartans Jóhannssonar sem er málinu kunnur eftir að hafa leitt milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta, hv. 4. þm. Reykn. svo að hann sé nú rétt ávarpaður, og það nýttist auðvitað nefndinni vel að hafa slíkan fagmann og kunnáttumann við hendina. Engu að síður má víst segja um þetta mál eins og fleiri að einhverjir hefðu nú kosið að hafa meiri tíma til að fara yfir það, enda komu í ljós ýmis atriði sem nauðsynlegt var að lagfæra og brtt. nefndarinnar og meiri hl. og minni hl. vitna um.

Það skal strax tekið fram að ræðumaður og flokkur hans eru hlynntir staðgreiðslukerfisbreytingunni sem slíkri og hafa reynt að greiða götu þess máls, bæði nú og fyrr. Sú milliþinganefnd sem hefur unnið að málinu undanfarna mánuði er tilkomin vegna tillögu páv. formanns flokksins, hv. þm. Svavars Gestsonar, við lokaafgreiðslu málsins hér á Alþingi sl. vetur. En það var þá eins og stundum áður og síðar tilfinning manna að málið væri ekki svo fullkomlega af mönnunum gert að ekki þyrfti þar í neinu úr að bæta. Því var talið ráðlegt með tilliti til þess að gildistökutíminn var ekki fyrr en um þau áramót sem í hönd fara að nýta þann tíma með því að vinna að endurskoðun laganna. Hér eru því á ferðinni lög sem ekki hafa enn öðlast gildi en þegar er lagt til að breyta þar sem eru lögin sem samþykkt voru á Alþingi 18. mars 1987 og eru breytingar við lög um tekju- og eignarskatt nr. 75 frá 1981. Þetta gerir það að verkum að ekki hefur verið prentuð sérútgáfa af tekjuskatts- og eignarskattslögunum í heild sinni, svo breyttum, enda hafa þau lög sem þeim áttu að breyta ekki enn tekið gildi. Þetta þurfa menn að hafa í huga þegar þeir skoða þær brtt. sem hér eru til meðferðar, að þar þarf að skoða saman bæði gildandi lög um tekju- og eignarskatt, lög nr. 75 frá 1981, og lög nr. 49 sem samþykkt voru á Alþingi 18. mars 1987.

Þær breytingar sem lagðar eru til á þskj.199, 179. máli, eru í flestum atriðum samhljóða niðurstöðu milliþinganefndarinnar og í samræmi við ábendingar hennar. Þó er þar ekki farið að öllu leyti eftir því sem milliþinganefndin lagði til. Síðan hafa menn orðið ásáttir um það að enn þurfi að gera betur og nú eru fluttar brtt. við frv. sem átti að breyta lögunum sem ekki eru enn farin að hafa áhrif. Ég held að þessi staðreynd sýni mönnum kannski ofurlítið að menn hafa þurft margar atrennur að því að reyna að gera þetta kerfi sæmilega skammlaust og framkvæmanlegt.

Nú er staðan sú, virðulegur forseti, að ég hygg að ríkisbókhaldið ætli sér að tölvukeyra launamiða almennings, opinberra starfsmanna í landinu, næstu nótt á grundvelli m.a. þessa frv. sem hér er til umfjöllunar og ekki er enn orðið að lögum. Þegar launabókhaldið verður keyrt út á næsta sólarhring,

næstu nótt, eiga að vera inni í því skattprósentur og álagningarákvæði sem ættu að vera samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Og megi þetta verða mönnum nokkurt umhugsunarefni um það hvernig þessi staða er.

Það er rétt að hafa það líka í huga að í nefndinni, hv. fjh.- og viðskn. Nd., var fullt samkomulag um að taka málið út á fyrsta fundi sem formaður lagði til að það yrði gert. Ég vil að þetta sé skráð í þingtíðindunum, herra forseti, þannig að það sé öllum ljóst, vegna ýmissa ógætilegra ummæla sem falla þessa dagana, að a.m.k. með þeim hætti hefur ekki verið tafið fyrir því að þessi kerfisbreyting næði fram að ganga. Hins vegar hefur hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar ekki fjallað um frv. núna í nokkra sólarhringa og er þar auðvitað við þann sem verkum stýrir að eiga.

Ég geri nú, herra forseti, nokkra grein fyrir mínu nál. og mínum brtt. og skal reyna að gera það í sem stystu máli með tilliti til aðstæðna þar sem líður að lágnætti. En þeir sem þetta nál. skoða sjá að það er allítarlegt og í því er að finna miklar upplýsingar um þá útfærslu þessa kerfis sem við alþýðubandalagsmenn leggjum til. Þar er í fyrsta lagi nál. sjálft, það er í öðru lagi fskj. I sem er sérálit Ragnars Árnasonar, fulltrúa Alþb. í milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta, og þar er í öðru lagi fskj. II sem er athugun Þjóðhagsstofnunar á tillögum Alþb. um skattstiga og persónuafslátt sem var gerð í þeirri ágætu stofnun að ósk minni. Þetta bið ég menn að hafa í huga og þetta geta menn nýtt sér ef þeir vilja kynna sér nánar þá útfærslu á staðgreiðslukerfinu og tekju- og eignarskattsálagningunni sem við leggjum til.

Ég hygg, herra forseti, að það sé málinu mest til framdráttar og skýringar að ég lesi fyrst mitt nál. þar sem það hefur ekki legið á borðum hv. þm. nema í 10–15 mínútur eða e.t.v. rúmlega það og renni síðan yfir brtt. í framhaldinu sem að nokkru leyti skýrast og eru rökstuddar í nefndu nál. Með leyfi hæstv. forseta:

„Í frumvarpi þessu felast ýmsar lagfæringar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast gildistöku staðgreiðslu skatta um næstkomandi áramót. Eru þar í flestum tilfellum á ferðinni breytingar sem milliþinganefndin lagði til að gerðar yrðu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og staðgreiðslu skatta og eru til bóta.

Skattkerfisbreyting sú, sem í frumvarpi þessu felst og fylgifrumvörpum þess, felur í sér verulega einföldun álagningar og staðgreiðslu skatta. Þessum meginmarkmiðum er þingflokkur Alþb. samþykkur og hefur áður lagt slíkt til með flutningi frumvarpa og tillagna. Þar skilur þó á milli stefnu Alþb. og ríkisstjórnarinnar að Alþb. vill láta eitt yfir alla ganga og hefur lagt til hliðstæðar breytingar á skattlagningarreglum fyrirtækja.

Því miður er ljóst að þær breytingar, sem nú verða á staðgreiðslum einstaklinga, leiða ekki til skattalækkana hjá launafólki í heild. Þvert á móti munu þær álagningarprósentur, sem ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur til, leiða til verulega þyngri skattbyrðar einstaklinga í heild miðað við tekjur á greiðsluári. Kemur hún til með að nema allt að 25% milli áranna 1987 og 1988. Þar með er einnig ljóst að það markmið að lækka eða afnema tekjuskatt af almennum launatekjum er enn jafnfjarri sem fyrr.

Tillögur þær, sem þingflokkur Alþb. hefur lagt fram á Alþingi í skattamálum, bæði í formi frumvarpa og breytingartillagna við einstök skattafrumvörp og fjárlög, fela í meginatriðum í sér eftirfarandi:

Skattbyrði er færð af fólki með meðaltekjur og lægri yfir á fólk með hátekjur og eignamenn og fyrirtæki.

Skattbyrði einstaklinga í heild er lækkuð um nálægt 1500 milljónir króna með hækkun persónufrádráttar og breytingum á skattstiganum. Sú hækkun er borin uppi af auknum skattgreiðslum eignamanna, fjármagnseigenda og fyrirtækja.

Frádráttarheimildir fyrirtækja eru afnumdar, komið í veg fyrir að einkaeyðsla og risna sé færð á kostnað fyrirtækja og tekjuskattsprósenta fyrirtækjanna hækkuð til samræmis við hátekjuskattþrep einstaklinga.

Skattfrelsismörk einstaklinga hækka og skattbyrði léttist miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar á tekjum upp að rúmlega 100 þúsund krónum á mánuði. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar eru nú áætluð nálægt 110 þúsund krónum á mánuði.

Skattar á tekjum yfir 110 þúsund krónum á mánuði hækka með sérstöku hátekjuskattþrepi, en samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar mundu skattar lækka á hæstu tekjur frá því sem verið hefur.

Auk þess felast í tillögum Alþb. fjölmargar leiðréttingar og úrbætur í skattamálum, svo sem ákvæði um virkara eftirlit, ákvæði sem tryggja eiga hagsmuni leigjenda, sem ríkisstjórnin ætlar að setja út á klakann, og síðast en ekki síst má nefna frumvarp um sérstakan skattadómstól.

Á sérstöku þingskjali flytur 1. minni hl. breytingartillögur um nokkrar helstu lagfæringar sem hann telur óhjákvæmilegt að gera á frumvarpi ríkisstjórnarinnar og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. þau ákvæði sem snerta skattlagningu einstaklinga. Um rökstuðning fyrir þeim tillögum vísast til þess sem að framan er rakið, til sérálits Ragnars Árnasonar í skýrslu milliþinganefndar um staðgreiðslu skatta sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu og að lokum í útreikninga Þjóðhagsstofnunar á tillögu undirritaðs fyrir hönd Alþb. sem birt er sem fylgiskjal II.

Tekið skal fram að athugun Þjóðhagsstofnunar nær einungis til þess mismunar sem er á tillögum undirritaðs og ríkisstjórnarinnar hvað varðar persónufrádrátt og breyttan skattstiga," þ.e. brtt. á þskj. 403 að öðru leyti en hvað þetta áhrærir voru ekki til sérstakrar athugunar Þjóðhagsstofnunar.

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, í þessu nál. á þskj. 402 og tel ég ekki auðvelt að segja það á

styttri tíma eða með færri orðum sem er í raun kjarninn í skattatillögum Alþb., bæði hvað varðar skattlagningu einstaklinga og birtist í þessu frv. og brtt. við það og einnig í öðrum till. sem við höfum flutt varðandi tekjuskatta fyrirtækja og varðandi fleiri frv. sem hér eru til meðferðar.

Í brtt. á þskj. 403 er í fyrsta lagi lagt til að á eftir 1. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr liður sem verði 4. liður — og 30. gr. laganna, A-liður, fjallar um, svo að allir þingdeildarmenn hafi það nú á hreinu, frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstrar. Í lögunum sem samþykkt voru á Alþingi 18. mars 1987 er 30. gr. breytt þannig að eftir standa þar einungis þrír liðir. Það eru í raun einungis þrír liðir sem falla undir frádrátt manna frá tekjum utan atvinnurekstar, útgjöld vegna móttekinna ökutækjastyrkja, launatekjur greiddar embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum hjá alþjóðastofnunum og tekjur sem skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. eru skattfrjálsar samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjmrh. 1. brtt. er að við þennan lið um frádrátt manna frá tekjum bætist: Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 18 ára aldurs.

Það er eins og kunnugt er af umræðum undanfarinna daga ljóst að stjórnarmeirihlutinn ætlar sér að fella niður þá heimild sem verið hefur í lögum um að heimilt sé að draga frá tekjum allt að helmingi greiddra meðlaga með börnum upp að 18 ára aldri. Ég sé ekki rök fyrir því að afnema þessa frádráttarheimild. Þau hafa að mínu mati ekki verið færð fram og við leggjum til að þessari heimild verði haldið.

2. brtt. fjallar í raun um sjálfan skattstigann og er svohljóðandi:

1. tölul. 67. gr. laganna orðist svo:

Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 62 þús. kr. á mánuði en 38% á það sem er umfram 62 þús. kr.

3. brtt. tengist þessu beint og er svohljóðandi: 1. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 188 þús. kr. á mánuði. Þetta hefur þau áhrif að í fyrsta lagi, eins og ég hef þegar rakið, léttist skattbyrði á miðlungstekjum og þar fyrir neðan ef svo má að orði komast. Þetta er við það miðað að skattbyrði léttist allt upp að þeim tekjum sem taldar eru nú nægja vísitölufjölskyldu til framfærslu eða nálægt þeim mörkum. Þessu er náð með því að hækka persónufrádrátt nokkuð og lækka lægra tekjuskattsþrepið af tveimur sem við leggjum til að notuð verði. Þetta þýðir svo á hinn bóginn að laun yfir þessum mörkum færast smátt og smátt yfir í hærra skattþrep, hátekjuskattþrep og þar af leiðandi taka þeir sem hærri hafa launin en þetta í vaxandi mæli á sig byrðar af þessum sökum.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, herra forseti, að með þessu sé á engan hátt kastað á glæ því markmiði að hafa álagningarreglurnar einfaldar. Þvert á móti tel ég að þetta sé nokkurn veginn eins einfalt og það geti verið og sé ekki að menn færi haldbær rök fyrir því að einföldunarþráhyggja manna þurfi að vera slík að ekki sé hægt að útfæra réttlátan tekjuskattsstiga með tveimur skattþrepum eins og einu. Kostirnir eru ótvíræðir. Þá er hægt að létta skattbyrði á lægri og miðlungstekjum en bera það að einhverju verulegu leyti uppi með ívið hærri skattlagningu á hátekjur.

Sá augljósi ágalli er á tekjuskattsstiga hæstv. ríkisstjórnar eða meiri hlutans að við vissar aðstæður í fjármálum og við vissa efnahagsþróun getur orðið um umtalsverða skattalækkun að ræða á hæstu launum frá því sem verið hefur. Það er naumast markmiðið. Þó svo að jákvætt sé að þetta kerfi komi þeim til góða sem lægst hafa launin og um það sé ekki deilt að það sé æskilegt er það varla markmiðið heldur að lækka sérstaklega skattbyrðina á hæstu launum. Þetta þýðir auðvitað samþjöppun skattbyrðarinnar á miðju launabilsins og það er mín tilfinning að þar sé einmitt að finna margar þær fjölskyldur í landinu sem ná saman endum með mikilli vinnu og hafa ekki mikið afgangs þrátt fyrir allt og því sé það keppikefli og markmið í sjálfu sér að reyna að koma þessum breytingum þannig fram að ekki verði um skattþyngingu þeirra aðila að ræða í þessu kerfi fyrr en þá er komið a.m.k. upp í laun sem nægja vísitölufjölskyldu til framfærslu að því er talið er.

Ég vísa í úttekt Þjóðhagsstofnunar á þessum tillögum og bendi á að þar er sýnt fram á að skattbyrðin er lægri samkvæmt tillögum Alþb. allt upp að því marki að laun fara yfir 110 þús. eða vel yfir 100 þús. á mánuði eða yfir 1300 þús. kr. á ári. Svo að dæmi séu tekin þýðir þetta að af launum upp á 1 millj. kr. greiðast skattar samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar upp á 162 þús. kr. en samkvæmt tillögum Alþb. 135 þús. kr. Af launum upp á 1500 þús. kr. greiðast skattar upp á 285 þús. kr. samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar en 342 þús. kr. samkvæmt tillögum Alþb. Af launum upp á 3,5 millj. kr. greiðast skattar upp á 988 þús. kr. samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar en 1190 þús. kr. samkvæmt tillögum Alþb. Þessi dæmi ættu að nægja mönnum til að skilja hvernig tekjuskattsstiginn snýst þarna við og bilið breikkar eftir því sem launin hækka milli tillagna Alþb. og ríkisstjórnarinnar enda markmiðið í sjálfu sér að þeir sem hærri hafa launin beri meira af þessum byrðum en aðrir.

Ég ætla þó að taka fram að að sjálfsögðu er ekki endilega um hið endanlega réttlæti að ræða í þessum viðmiðunarmörkum eða þessum skattstiga og það er feimnislaust af minni hálfu að viðurkenna að ég sem einstaklingur hafði ekki afl né aðstöðu til að vinna þessar tillögur og útreikna jafnítarlega og ég hefði gjarnan viljað, enda við ramman reip að draga þar sem er fjmrn. og allt það batterí sem að baki ríkisstjórnarfrv. stendur en ég vil þó leyfa mér að halda því fram að hér sé á ferðinni heiðarleg tillaga að útfærslu sem gefi sanngjarna og réttláta dreifingu skattbyrðarinnar.

Auðvitað er hér lagt til að skattabyrði launa-

manna í heild léttist og það verulega, eða um 1500 millj. kr., en þau útgjöld höfum við hugsað okkur að taka inn með öðrum hætti og höfum þegar gert ítarlega grein fyrir því.

Ég minni á markmið sem hér var samþykkt á Alþingi og allir flokkar til skamms tíma tóku undir, að stefna að því að afnema í áföngum tekjuskatta af almennum launatekjum. En eins og fram kemur í tillögum hæstv. ríkisstjórnar er það markmið í raun að fjarlægjast með þeim álagningarprósentum sem frv. ríkisstjórnarflokkanna gengur út á.

Það væri einnig æskilegt ef unnt væri að sýna fram á með grafískum hætti þann mun sem er á þessum tillögum og hefði verið gaman að fá sérfræðinga til að keyra fleiri útgáfur af þeim mismun sem getur verið á eins og tveggja þrepa skattstiga með því að byggja hann upp á þennan hátt.

Herra forseti. 4. brtt. er við 8. gr. frv., C-liðinn, þar sem fjallað er um húsnæðisbætur. Ég tel, og vísa í sérálit Ragnars Árnasonar, að lausn húsbyggjenda eða þeirra sem eiga þegar húsnæði og skulda umtalsvert í því sé ekki nógu góð í niðurstöðu meiri hl. Ég óttast því miður að vaxtafrádráttarákvæði og þessar húsnæðisbætur muni duga skammt til að létta undir með því fólki sem nú ber mikla bagga vegna skuldasöfnunar í íbúðarhúsnæði og hefur, margt hvert, síðustu árin haft fyrir augunum í skattalögum frádráttarákvæði sem í mörgum tilfellum gátu gefið umtalsverðar hagsbætur fyrir þessa hópa. Það er að vísu umdeilt hversu lengi mönnum hafi að meðaltali nýst þessar hagsbætur í formi gömlu reglnanna um vaxtaafslátt en hitt þarf væntanlega ekki að útskýra fyrir hv. þm. að vegna þess hversu skammt er liðið frá verðtryggingu lána almennt og vegna þess að lán hafa lengst er ástæða til að ætla að vaxtafrádrátturinn hefði nýst mönnum, tilteknum hópum, lengur en ella ef horft er til fortíðarinnar og því er varasamt að nota fortíðina í þessu efni sem spá um framtíðina.

Ég er því líka ósáttur við að sett sé þak á vaxtaafsláttinn og um það fjallar næsta brtt. En mín tillaga, 4. brtt., a-liður, gengur út á það að C-liður 69. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðisbætur skulu vera 50 þús. kr. á ári fyrir einstakling sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.

Í frv. er gert ráð fyrir að sú breyting verði upp tekin að húsnæðisbæturnar fylgi einstaklingum í stað íbúðar og verði 38 þús. kr. á ári á einstakling í stað 55 þús. kr. á íbúð eins og menn höfðu fyrr hugsað sér. Ég skil þær röksemdir sem færðar eru fram fyrir því að það einfaldi málin að færa húsnæðisbæturnar yfir á persónulegan grundvöll, láta þær fylgja einstaklingi og koma til einstaklings einu sinni á ævi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að við ættum að skoða þá leið víðar, til að mynda almennt í húsnæðislánakerfinu. Það leysir mörg vandamál að binda slíka fyrirgreiðslu, sérstaklega ef hún stendur hverjum og einum einstaklingi til boða einu sinni á ævinni, þá við einstaklinginn en ekki fasteign eða eitthvað annað. Þess vegna er ég í sjálfu sér ekki andvígur þeirri hugsun að menn færi þarna til. En ég bendi á að með því að lækka þessa tölu jafnmikið og raun ber vitni er í raun verið að ívilna sambýlisfólki og hjónum en minnka stuðninginn við einstaklinga. Út af fyrir sig er það ágætt og allt gott um það að segja en þannig er það nú orðið í æ vaxandi mæli í okkar þjóðfélagi að einstaklingar þurfa líka að búa í íbúðum og þær eru oft og tíðum ekkert sjáanlega ódýrari en þær sem par eða sambýlisfólk býr í. Ég tel því ósanngjarnt að lækka þessa tölu jafnmikið og raun ber vitni og legg til að hún verði 50 þús. kr. á einstakling eða ívið lægri en áður hafði verið hugsað að hafa á hverja íbúð.

Og b-liður 4. liðs brtt. er svohljóðandi:

Við C-lið bætist ný mgr. sem verði 10. mgr. og orðist svo:

Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Ég bar fram það sjónarmið í fjh.- og viðskn. Nd. að það væri með öllu órökrétt og ósanngjarnt að ætla að taka allan stuðning við leigjendur út úr skattalögum á sama tíma og verið væri að festa í lögum umtalsverða aðstoð við húsbyggjendur og þá sem bera skuldir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Ég tel að með þessu sé verið að mismuna húsnæðisformum í landinu á ósanngjarnan og óskynsamlegan hátt. Ég held að leigjendur og það að fólk einhvern hluta ævi sinnar leigi húsnæði sé fullkomlega eðlilegur hlutur. Aðstæður manna krefjast þess oft að þeir leigi sér húsnæði en festi ekki á því kaup um tíma a.m.k. Og við skulum heldur ekki gleyma þeim sem kjósa sér það húsnæðisform fremur að leigja og eiga þá hugsanlega einhverja fjárfestingarmöguleika aðra á móti. Ég er því ekki sammála og sætti mig ekki við að það ákvæði sem í lögum hefur verið um frádrátt vegna húsaleigu verði fellt niður með öllu og ekkert komi í staðinn.

Ég tek það fram að sú brtt. sem ég flyt gengur að sjálfsögðu lengra en ég hefði hugsanlega getað sætt mig við ef menn hefðu verið til viðræðu í hv. fjh.- og viðskn. um eitthvert samkomulag að þessu leyti. Ég hefði að sjálfsögðu verið til viðræðu um samkomulag um það að leiga yrði eftir sem áður, þó ekki væri nema að hluta til, frádráttarbær frá skatti, jafnvel með einhverjum takmörkunum um árafjölda. Ég sætti mig hins vegar ekki við að leigjendur séu með öllu settir út úr þessum lögum og hvergi sé þá að finna í samanlagðri löggjöfinni sérstakan stuðning við þann hóp sem kýs eða verður að leysa húsnæðismál sín með þeim hætti annaðhvort hluta ævinnar eða allan tímann. Ég tel það verulega miður að ekki náðist um þetta eitthvert samkomulag og þó að það sé kannski að bera í bakkafullan lækinn og maður hafi stundum verið bjartsýnni en einmitt þessa allra síðustu sólarhringa að beina tilmælum til hæstv. ríkisstjórnar og höfða þar til sanngirni ætla ég að leyfa mér að gera það einu sinni enn. Ég ætla að leyfa mér einu sinni enn að beina tilmælum til hæstv. ríkisstjórnar, höfða til almennra sanngirnissjónar-

miða og spyrja: Er ekki hugsanlegt, m.a. í ljósi þess að menn vilja greiða götu þessara kerfisbreytinga hér í gegnum þingið og þarf nokkuð til, hæstv. fjmrh., þar sem starfsmenn þínir þurfa að fara að keyra launabókhald ríkisins út seinni part næsta dags ef vel á að vera á grundvelli nýrra laga um tekju- og eignarskatt, að hæstv. ríkisstjórn skoði aðeins í vasa sína um það hvort unnt sé að koma eitthvað til móts við leigjendur áður en þessu lagafrv. verður lokað? (Gripið fram í.) Já, menn geta flissað ef það er af þessu tilefni og ef ekki þá óska ég mönnum til hamingju með brandarann sem örugglega hefur verið góður. En mér er full alvara. Ég held að það vefðist ekki tæknilega fyrir okkur ef hér væri fyrir því pólitískur vilji að koma þó ekki nema í litlu væri til móts við leigjendur að þessu leyti. Og ég spyr um rök fyrir því að taka þá pólitísku ákvörðun hér og nú við afgreiðslu þessa tekjuskattafrv. að setja leigjendur endanlega og með öllu út úr fyrirgreiðslu eða stuðningi hvað þetta varðar í löggjöf. Er það sem sagt pólitísk niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar að yfirgefa það form með öllu með þessum hætti og láta þar við sitja?

Ég ætla ekki að fjalla með sambærilegum hætti um neinar aðrar brtt. mínar þó að ég telji þær reyndar allar góðar og þær þyrftu auðvitað helst allar að ná fram, en ef það skyldi auka eitthvað þunga minna tilmæla læt ég duga að höfða til þessara sanngirnissjónarmiða í tengslum við þennan eina hóp.

Í 5. brtt. er fjallað um það, eins og ég reyndar áður vék að, að það þak sem til hefur staðið og meiningin er samkvæmt frv. að setja á vaxtafrádráttinn, þ.e. þann árafjölda sem vaxtafrádrátturinn verði takmarkaður, nánar tiltekið við sex ára tímabil, verði fellt brott. Nú skal ég að vísu fúslega viðurkenna, herra forseti, að ég hef ekki lesið vandlega í gegnum endanlegar brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. en það ég best veit er ekki tillaga um að fella þessa áratakmörkun í burtu. Og ef ég fer þar rétt með — (Gripið fram í.) — legg ég það að sjálfsögðu til að þessi árafjöldi verði takmarkaður, verði felldur brott. Hvers vegna? Vegna þess að ég sé ekki ástæðu til að takmarka þetta með þessum hætti ef mönnum kynni að nýtast vaxtafrádrátturinn lengur en í sex ár. Ef ekki þarf væntanlega ekki að hafa áhyggjur af því að ákvæðið standi inni í frv. Það gerir þá engum mein, eða hvað, þó það stæði þarna lengur. Ég held ekki. Það sem ég veit að hv. 4. þm. Reykn. er vís til að segja hérna á eftir, er að það séu sex ár til stefnu að setja þá framlengingu inn, er auðvitað hárrétt hjá honum. En mér finnst skemmtilegra að ganga frá löggjöf eins og maður trúi því sjálfur að maður sé að vanda vel til þess sem lengi eigi að standa og búi sér ekki til tilefni af því tagi að taka lögin upp aftur innan sex ára. Ég flyt því þessa brtt. og stend við hana.

Í öðru lagi flyt ég brtt. um að 4. mgr. I. bráðabirgðaákvæðis falli brott. Mér til mikillar ánægju er þar á ferðinni sambærileg tillaga frá meiri hl. fjh.- og viðskn., enda var reyndar ágætis samkomulag orðið um að afnema það þak sem upphaflega stóð til að setja sérstaklega á vaxtafrádráttinn, nýtt þak sem ekki var í gildandi lögum.

Enn legg ég til að bætt verði við bráðabirgðaákvæðin í 13. gr. og að þessu sinni við IV. bráðabirgðaákvæðið og það er síðasti liður, c-liður síðustu brtt. sem er nr. 5. Það er á þá leið að við IV. bráðabirgðaákvæðið bætist ný mgr. er orðist þannig:

Heimilt er ríkisskattstjóra jafnframt að lækka tekjuskattsstofn eftirtalinna aðila samkvæmt nánari skilyrðum og reglum er settar verði: 1. Námsmanna á fyrsta starfsári að loknu langskólanámi. 2. Manna sem eru að ljúka störfum fyrir aldurs sakir eða verða fyrirsjáanlega að hætta störfum vegna varanlegrar örorku.

Hér er á ferðinni tilraun eða viðleitni til að koma til móts við tvo hópa sem ég tel að fari nokkuð ómaklega út úr þessum breytingum eða ég óttast að hlutur þessara hópa sérstaklega verði ekki eins góður og skyldi. (**Gripið fram í:** Hvers vegna?) Hvers vegna? Jú, vegna þess að námsmenn hafa í gildandi lögum haft ákveðna aðstoð við að koma undir sig fótum á fyrstu starfsárum eftir að langskólanámi lýkur. Þar á ég við þann námsmannafrádrátt sem verið hefur í gildi og undirritaður nýtur m.a. góðs af enn þann dag í dag, svo merkilegt sem það nú er, enda innan við fimm ár síðan hann lauk sínu langskólanámi.

Í öðru lagi minni ég á að nú er felld út heimild til að lækka skattgreiðslur ungmenna sem stofna til heimilis. Í gildandi lögum var jafnframt ákvæði sem heimilaði skattstjóra að taka tillit til þess. Þannig gat það tvennt farið saman hjá ungu fólki sem var að ljúka námi og var að stofna heimili að það gat bæði notið námsmannafrádráttar sérstaklega og aðstoðar á því ári sem til heimilis var stofnað.

Um seinni liðinn, menn sem eru að ljúka störfum fyrir aldurs sakir eða verða fyrirsjáanlega að hætta störfum vegna varanlegrar örorku, þarf í raun og veru ekki að segja margt. Mönnum er kunnugt um það að í gildandi lög voru komin ákvæði um að heimilt væri að fella niður skattgreiðslur manna sem voru að ljúka sinni starfsævi og það þó að þar væri um eftirágreiðslukerfi að ræða þannig að viðkomandi einstaklingar hefðu í upphafi notið skattfrelsis á fyrsta starfsári. Þar með var í raun fallist á og í reynd létt sköttum af mönnum bæði við upphaf starfs, fyrsta árið í eftirágreiðslukerfi skatta og við starfslok þannig að þar var í raun og veru á ferðinni tvöföld aðstoð að þessu leyti sem ég tel ýmsar sanngirniskröfur mæla með. Ég veit að vísu, vegna þess að ég er orðinn sæmilega kunnugur lögunum um tekju- og eignarskatt, að 66. gr. þeirra laga heimilar ríkisskattstjóra ákveðnar ívilnanir til aðila sem vegna ellihrörleika, slysa eða mannsláts hafa verulega skert gjaldþol, til manna sem hafa foreldra eða vandamenn sannanlega á framfæri sínu o.s.frv. Þar er sem sagt liður sem heimilar skattstjóra nokkrar ívilnanir í sérstökum tilfellum af því tagi, en þar er ekki á

ferðinni almennt ákvæði sem dugar skattstjóra til að gera ráðstafanir gagnvart heilum hópum eins og þeim sem eru að ljúka sinni starfsævi eða verða fyrir slysum eða óhöppum eins og brtt. fjallar um.

Það er nú svo að auðvitað er það kostur og ágætt markmið í sjálfu sér að stefna að því að skattkerfið sé sem einfaldast. Ég tek að sjálfsögðu undir það. En fyrir mér er það ekki aðalatriðið. Ég er ekki haldinn slíkri einföldunarþráhyggju að ég fórni á altari hennar félagslegum sjónarmiðum og sanngirnissjónarmiðum sem ég tel mig hér hafa mælt fyrir. Skattkerfi er ekki gott þó það sé einfalt nema það sé líka sanngjarnt og réttlátt. (Gripið fram í.) Já, ég tek þetta til greina. Þetta er góð ábending. En einföldunarþrá manna getur gengið út í öfgar, það er alveg ljóst, ef hún er á kostnað allra sanngirnissjónarmiða, hv. þm. Eggert Haukdal. Er það ekki rétt? Já. Og þess vegna tel ég að þó að menn séu vissulega að leitast við að hafa þessi ákvæði sem einföldust og skýrust þá megi þeir ekki missa sjónar á hinu að þau þurfa líka að vera réttlát og sanngjörn. Það getur vel verið að við þurfum að enda tekjuskattskerfi okkar einu sinni á 25 ára fresti vegna þess að við hneigjumst til að taka inn ákvæði og undanþágur sem smátt og smátt geri það veikbyggðara og erfiðara í notkun. En það er vegna þess að við erum sanngjörn í eðli okkar og viljum reyna að hafa skattakerfið réttlátt og gott. Þess vegna tel ég að það sé varasamt að láta einföldunarþrána leiða sig á villigötur.

Herra forseti. Ég ætla með tilliti til aðstæðna sem ég þarf ekki að hafa um mörg orð ekki að hafa þessi orð mín lengri. Ég hefði gjarnan viljað ræða þetta frv. allmiklu ítarlegar og ég hefði gjarnan viljað eiga hér ánægjulega næturstund í samræðum við hæstv. fjmrh., m.a. um kosti þess og galla að vera með eins eða tveggja þrepa álagningu á tekjuskatti. En ég ætla að geyma mér það til betri tíðar því að ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni að það geti verið að við hæstv. fjmrh. eigum eftir að ræða skattamál oftar á ævinni.

Ég ætla þá bara að lokum að ítreka einu tilmælin sem ég hef beint úr þessum ræðustóli til hæstv. fjmrh. og þar sem ég höfðaði til sanngirnisraka og réttlætissjónarmiða.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 404 hef ég leyft mér að bera fram nál. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðgreiðsla opinberra gjalda launafólks var lögfest á síðasta þingi, en heildarendurskoðun skattalaganna var slegið á frest. Kvennalistakonur höfðu margt við þá lagasetningu að athuga, enda þótt þær væru fylgjandi því að staðgreiðslu yrði komið á.

Kvennalistinn átti fulltrúa í milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta sem fór yfir og endurmat hin nýsamþykktu lög varðandi staðgreiðslu skatta nú á haustmánuðum. Margt tókst að færa til betri vegar í meðförum þeirrar nefndar, en eins og fram kemur í fyrirvara fulltrúa Kvennalistans um álit nefndarinnar voru nokkur atriði sem ekki náðist samstaða um og önnur sem ekki fékk að reyna á vegna tímaskorts og skilgreiningar á hlutverki nefndarinnar. Meiri hl. milliþinganefndar taldi það t.d. ekki í sínum verkahring að fjalla um hátekjuskatt né heldur skattlagningu á fjármagns- og eignatekjur. Auk þessa gerði fulltrúi Kvennalista ágreining um tilhögun barnabótagreiðslna og framreikning persónuafsláttar.

Við afgreiðslu þessa frv. skal þess nú enn freistað að fá fram þær lagfæringar á lögunum sem Kvennalistinn telur brýnastar um leið og sú skoðun er áréttuð að endurskoðun skattakerfisins í heild hefði verið hið eina rétta. Það er ekki vansalaust hversu mjög sú endurskoðun hefur dregist.

Í brtt. Kvennalistans felast eftirfarandi atriði:

Skattþrepin verði tvö þar sem tekjur yfir 2 500 000 kr. á ári bera 33% tekjuskatt. Jafnframt er lagt fram frv. á þskj. 406 um mishátt útsvar eftir tekjum þar sem heimilt verður að leggja allt að 9% útsvar á tekjur yfir 2 500 000 kr. á ári. Þetta gefur svigrúm til hækkunar persónuafsláttar, um 5000 kr. á ári.

Í öðru lagi er lagt til að barnabætur verði greiddar til móður ef barnið er í hennar umsjá, annars þeim sem því hlutverki gegnir. Rökin fyrir því eru þau að barnið er í flestum tilfellum fyrst og fremst í umsjá móður, hún tekur á sig ómælda vinnu sem hvergi er metin til launa og oftast er það móðirin sem verður fyrir tekjutapi vegna umönnunar barnsins. Og hverjar svo sem aðstæðurnar eru þá er móðirin nær undantekningarlaust tekjulægri en faðirinn. Auk þess er hagræði að því að greiða barnabætur út óskiptar þar sem útsendingar verða miklu færri.

Fyrir deildinni liggur tillaga um að endurskoða upphæðir persónuafsláttar og barnabóta mánaðarlega, en ekki tvisvar á ári, eins og lögin mæla fyrir um, en það getur munað skattgreiðendur dágóðri upphæð hvor aðferðin er notuð. Kvennalistinn styður þá tillögu, enda er hún samhljóða tillögu Kvennalistans við afgreiðslu núgildandi laga á síðasta þingi.

Að þessum tillögum samþykktum leggur 2. minni hl. til að frv. verði samþykkt."

Herra forseti. Ég hygg að ekki þurfi að fara mjög mörgum orðum til viðbótar um þær brtt. sem við flytjum, þ.e. sú sem hér stendur og hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir og birtast á þskj. 405. Menn sjá það að hér er um raunverulegar hátekjur að ræða sem við viljum miða við, þ.e. rúmlega 200 þús. kr. á mánuði sem við viljum skattleggja umfram lágar tekjur og miðlungstekjur, enda erum við þeirrar skoðunar að þetta mark þurfi að vera hátt.

Ég veit, herra forseti, að hér er ekki staðurinn né stundin til að mæla fyrir frv. sem einnig var dreift hér áðan á þskj. 406, flutt af sömu aðilum og flytja brtt., en ég mundi vilja, ef hæstv. forseti leyfir, fá að lesa þá örstuttu grg. sem er með frv. Það tekur varla meira en eina eða tvær mínútur, en það sýnir að við viljum einnig taka upp hátekjuþrep hvað útsvarið

varðar og viljum miða við sömu árstekjur og hafa heimild í lögum til þess að leggja allt að 9% útsvar á tekjur yfir því marki. En í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt núgildandi lögum er innheimt útsvar ákveðinn hundraðshluti af tekjum og gildir þá einu hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Sama er um tekjuskattinn; núgildandi lög kveða á um eina og sömu skattprósentu á háar tekjur sem lágar.

Kvennalistinn telur eðlilegt að beita skattalögum til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og leggur því til að skattþrepin verði tvö bæði við álagningu útsvars og tekjuskatts. Á þskj. 405 er gerð brtt. við 179. mál Nd., frv. um breytingu á tekjuskattslögunum. Tillagan felur það í sér að greiddur verði 33% skattur af hæstu tekjum, þ.e. af tekjuskattsstofni yfir 2 500 000 kr. á ári. Frv., sem hér er fram borið, gerir svo ráð fyrir að útsvar af hæstu tekjum geti orðið allt að 9%. Samtals gæti því álagning á hæstu tekjur orðið 42%, en samanlagður tekjuskattur og útsvar á tekjur þar fyrir neðan getur numið allt að 36% samkvæmt ákvæðum núgildandi laga."

Þær tekjur sem þessar lagabreytingar mundu gefa mundu nema u.þ.b. 600 millj. kr. samkvæmt upplýsingum og útreikningum Þjóðhagsstofnunar, en það mundi gefa okkur svigrúm til þess að hækka persónuafsláttinn um 5000 kr. á ári eins og ég gat um í framsögu minni áðan fyrir nál. Það er ekki eins og menn sjá um mjög stórvægilegar breytingar að ræða en við vildum halda okkur innan þess viðmiðunarramma sem gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Hvað 3. brtt. varðar á þskj. 405 þá tekur hún til greiðslu barnabóta eins og segir í nál. sem ég las hér áðan. Ég kynnti þessa tillögu í hv. fjh.- og viðskn. og vissulega var hlustað á mál mitt þar og ég leyfi mér m.a.s. að vona að þetta sjónarmið og rök okkar fyrir þessari tillögu hefðu náð eyrum og athygli a.m.k. einhverra hv. nefndarmanna. Það dugði þó ekki til að þessi brtt. næði inn í tillögur meiri hl. En ég trúi ekki öðru en þetta fyrirkomulag verði tekið upp, þótt síðar verði, svo sanngjarnt sem það er. Ég ræddi um þetta í 1. umr. um þetta mál og ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá. Ég hef vissulega heyrt það að sumir telji að hér sé um hreina mismunun að ræða. Jafnréttið krefjist þess að barnabótum sé skipt milli foreldra. Það finnst mér fráleitt í þessu samhengi og er reiðubúin til rökræðna um það ef áhugi er fyrir hendi. En aðrir liðir í 3. brtt. á þskj. 405 eru tengdir þessari breytingu sem við viljum gera í sambandi við greiðslu barnabóta og eru nauðsynlegar í því samhengi og ber að skoða þannig.

Auk þessara tillagna reyndi ég að fá breytt þeirri ákvörðun stjórnvalda að endurskoða upphæðir persónuafsláttar og barnabóta aðeins tvisvar á ári, en tillaga Kvennalistans um mánaðarlega endurskoðun var felld við afgreiðslu þessa máls á síðasta þingi. Fulltrúi Kvennalistans í milliþinganefndinni reyndi að fá fram mánaðarlega endurskoðun en tókst það því miður ekki. Það er því sjálfgefið að við styðjum eindregið tillögu hv. þm. Borgarafl. sem kom fram strax við 1. umr. þessa máls og er samhljóða þeim tillögum sem við höfum barist fyrir allt frá upphafi. Auk þessa styð ég flestar tillögur meiri hl. nefndarinnar á þskj. 401, sérstaklega náttúrlega 4. brtt. Hvað varðar brtt. á þskj. 403 frá hv. 4. þm. Norðurl. e. þá ganga þær í svolítið aðra átt en þær sem ég hef hér borið fram, en sumar þeirra get ég vel hugsað mér að styðja og mun skoða þær betur hér við atkvæðagreiðslu á eftir. Það hefur gefist skammur tími til að skoða þær út í hörgul og mér hafði ekki gefist tími til þess að skoða þær betur áður en þær birtust hér á þskj.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Eins og menn heyra þá er kominn svefngalsi í Ed. og hlátrasköll berast þaðan sem alls ekki er orðið ótítt. Hér er hins vegar hið alvarlegasta mál á dagskrá og ég mæli fyrir brtt. á þskj. 334 sem ég hef leyft mér að flytja ásamt öðrum hv. þm. Borgarafl. í þessari deild, þeim Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Albert Guðmundssyni, Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni. Þetta eru brtt. við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987, sem taka eiga gildi 1. jan. 1988.

Brtt. eru fjórar. Sú fyrsta á við 2. gr. frv. en í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa grein."

Brtt. okkar hljóðar svo:

„Við 2. gr. Síðari hluti greinarinnar, frá orðunum „þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda", falli brott."

Það eru sem sagt þessi tvö atriði, „þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda", og síðan hitt atriðið, að fjmrh. ákveði með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falli undir þessa grein.

2. brtt. okkar er við 5. gr. frv., en sú grein er ákaflega stutt og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 158 820 kr."

Það er líklega ekki seinna vænna fyrir hið háa Alþingi að taka ákvörðun í þessu efni því að mér skilst að það hafi í rauninni helst átt að gerast í nótt að keyrð yrðu út laun og þar með aftökur á gjöldum samkvæmt þessu nýja kerfi ef vel hefði átt að vera.

Brtt. okkar við 5. gr. er svohljóðandi:

„Greinin orðist svo:

1. og 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr.

67. gr. skal vera 158 820 kr."

Þarna erum við í rauninni alveg sammála fyrirliggjandi frv., en viljum að framhaldið verði svohljóðandi: „Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er skv. ákvæðum 63. gr. og skal þá sá hluti persónuafsláttar makans sem enn er óráðstafað" — það er í rauninni þetta atriði sem er nýtt og kjarninn í okkar brtt. — „bætast við persónuafslátt hins makans."

Í gildandi lögum um þetta atriði segir hins vegar: „Og skulu þá 80% af óráðstöfuðum hluta persónuafsláttar makans bætast við persónuafslátt hins makans." Við leggjum til að þarna sé ekki miðað við 80% heldur 100.

Síðan er framhald brtt. okkar þetta: „Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

Þarna er kjarni brtt. okkar sá að miðað sé við 100% en ekki 80% makans.

3. brtt. okkar er við 8. gr. frv. 8. gr. frv. er ákaflega viðamikil, er í rauninni ný 69. gr. laganna, um barnabætur, barnabótaauka og húsnæðisbætur, A-, B- og C-liður. Við gerum þrjár brtt. í rauninni við 8. gr. og 1. brtt. okkar er við A-liðinn, um barnabætur. Þar leggjum við til, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað orðanna „16 ára" 1. málsl. 1. mgr. A-liðar komi: 18 ára."

Varðandi b-liðinn er í rauninni það sama. Í stað orðanna „16 ára" í 1 máls. 1. mgr. B-liðar komi: 18 ára.

Síðan leggjum við til í þriðja lagi að á eftir C-lið komi nýr liður, D-liður, starfslok, og orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Maður, sem er að ljúka starfsævi sinni, skal fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu tólf mánaða fyrir starfslok, enda hafi hann öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði. Verði maður að hætta störfum vegna varanlegrar örorku af völdum veikinda eða slyss skal hann njóta sömu réttinda og um getur í fyrri mgr."

Þetta er sem sagt nýr liður varðandi 8. gr. Í sjálfu sér er hér ekki um að ræða nýmæli. Þetta er sams konar atriði og enn mun í gildi í eftirágreiðslu skatta, en þetta atriði er hér fært inn miðað við þá nýskipan sem væntanlega gengur í garð með áramótum.

Ég kem þá að 4. brtt. okkar sem er við 12. gr. frv.

12. gr. frv. er um það að 2. mgr. 121. gr. laganna orðist svo:

„Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn 1. des. 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. júní 1987, þ.e. 1687 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. des. 1987." Þetta er frumvarpsgreinin.

Við leggjum til að framan við 12. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

„1. mgr. 121. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu skv. lögum nr. 13 1979."

Þetta er án efa eitt þýðingarmesta atriðið sem við leggjum til í þessum brtt. og er samhljóða till. sem Kvennalistinn mun hafa borið upp á Alþingi þegar lögin voru samþykkt á sl. vori. Þetta er einnig sams konar tillaga og fulltrúi Kvennalistans lagði áherslu á í milliþinganefndinni og ég býst við því að beri þingmeirihluti ekki gæfu til að fara að þessari tillögu muni það koma illa við margan mann, þ.e. þann sem er tiltölulega neðarlega í skattstiga, þann sem matarskatturinn lendir sérstaklega á þegar hann er orðinn að lögum. Það eru sömu hóparnir sem verið er að fjalla um í báðum þessum tilfellum og það verður í sama hlutfalli og aukning verðubólgunnar verður hverju sinni sem á þessu fólki verður níðst öðrum fremur. Þess vegna leggjum við á það þunga áherslu að menn skoði þetta vel og hugsi til þeirrar stundar þegar þessi lög verða afgreidd á Alþingi, að það er verið að fjalla um mjög veigamikið viðkvæmt atriði einmitt fyrir þá í þjóðfélaginu sem standa höllum fæti.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín ákveðnum tilmælum í máli sínu áðan í framhaldi af umræðum um ákvæði frv. um húsnæðisbætur til handa þeim sem festu kaup á íbúð í fyrsta sinn og njóta húsnæðisbóta til sex ára. Voru tilmæli hans á þá leið að það yrði skoðað hvort ekki væri unnt að verða við því að taka tillit til kostnaðar leigjenda með húsnæðisfrádrætti, jafnvel þótt það yrði ekki innan staðgreiðslukerfisins heldur sem hluti af eftiráuppgjöri skatts.

Um þetta vil ég segja að það er nægur tími til að skoða þetta mál betur því við erum ekki að tala um það innan staðgreiðslunnar. Til þess höfum við nægan tíma. Persónulega er ég vissulega reiðubúinn til þess að skoða það mál gaumgæfilega þó ég taki jafnframt skýrt fram að þetta er ekkert fyrirheit eða loforð af minni hálfu. Málið var rætt í milliþinganefndinni á sínum tíma. Vafalaust þarf að skoða vendilega hvaða fjárhæðir hér er um að ræða, hvaða kostnað er hér um að ræða, en að svo miklu leyti sem þessi tilmæli varðar um að málið fái rækilega skoðun er til þess bæði tími og vilji.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 401,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 403,1 felld með 22:7 atkv.
Brtt. 334,1 felld með 23:2 atkv.
Brtt. 401,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 401,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 403,2 felld með 23:5 atkv.
Brtt. 405,1 felld með 24:10 atkv.
Brtt. 334,2 felld með 25:1 atkv.
Brtt. 403,3 felld með 24:10 atkv.
Brtt. 405,2 felld með 24:10 atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
6.–7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 334,3a felld með 23:10 atkv.
Brtt. 401,4a samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 405,3a-c felld með 23:4 atkv.
Brtt. 334,3b felld með 23:8 atkv.
Brtt. 401,4b samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 401,4c samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 405,3d-g kölluð aftur.
Brtt. 401,4d samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 403,4a felld með 22:12 atkv.
Brtt. 403,4b felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓÞG, RA, SJS, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA.
nei: JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, NL, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JK.
KE, KH, MálmS, ÞÞ, AG greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (MB, RH, SV, SvH, AðB) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Þessi brtt. lýtur að því að leigjendum, þeim sem kjósa eða þurfa af einhverjum ástæðum að leysa sín húsnæðismál með því að leigja sér húsnæði, verði ekki úthýst úr hópi þeirra sem njóta skattaívilnana vegna húsnæðiskostnaðar. Ég tel það pólitísk ótíðindi ef þessi hópur verður nú tekinn sérstaklega út úr og fær ekki lengur neinar ívilnanir af þeim kostnaði sem af húsnæðisöflun leiðir. Ég mótmæli því að mönnum sé mismunað með þeim hætti á grundvelli þess hvaða húsnæðisform þeir velja sér. Ég segi já.

Brtt. 334,3c felld með 21:12 atkv.
8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 401,5 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
10.–11. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 334,4 felld með 22:13 atkv.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 403,5a felld með 22:10 atkv.
Brtt. 403,5b kölluð aftur.
Brtt. 401,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 401,7 samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða III samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 401,8 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 403,5c felld með 22:9 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða IV, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 401,9 samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 401,10 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

36. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 1.46 árdegis.

Bann við ofbeldiskvikmyndum, 3. umr.

Frv. GA og DS, 141. mál (gildistími). — Þskj. 314.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 409).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 408.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

EFRI DEILD

38. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 11.36 árdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 408, n. 424 og 425, brtt. 413, 414, 426.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. kom saman á fund nú í hádeginu og fékk til liðs við sig þá Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra, Indriða Þorláksson skrifstofustjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra í fjmrn., og fórum við yfir frv.

Í stuttu máli sagt voru allir nefndarmenn sammála um nauðsyn þess að frv. yrði afgreitt. Nefndin skiptist eigi að síður í tvo hluta og mun hv. 7. þm. Reykv. gera sérstaklega grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

Hv. 6. þm. Reykv. sat fund nefndarinnar og hv. 7. þm. Reykn. skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Ég þarf ekki að fara út í einstök efnisatriði. Þau eru hv. þingdeildarmönnum kunn svo mjög sem um þessi mál hefur verið fjallað og þarf ekki að fara nánar út í þá sálma. Ég vil þó láta í ljós sérstaka ánægju yfir því að í ákvæðinu um barnabótaaukann skuli skerðingarhlutfallið nú vera mismunandi eftir því hversu mörg börnin eru og er það mjög til bóta. Ég vil sem sagt lýsa ánægju minni yfir því.

Hv. þingdeildarmönnum er kunnugt að með staðgreiðslunni hækka skattleysismörkin nokkuð. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir svipaðri skattbyrði og áætlað var fyrir einu ári þannig að í reynd mun frv. fela í sér nokkra þyngingu skattbyrðarinnar miðað við það sem hún reyndist á árinu 1987 sem er auðvitað lýsandi fyrir hversu erfitt er að ákveða eftirágreidda skatta í miklu verðbólguþjóðfélagi.

Herra forseti. Ég legg sem sagt til að frv. verði samþykkt óbreytt og þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir mikið og gott starf í nefndinni við afgreiðslu frv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 425 birtist nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. sem er á þessa leið:

„Í frv. þessu felast ýmsar lagfæringar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast gildistöku staðgreiðslu skatta um næstkomandi áramót. Eru þar í flestum tilfellum á ferðinni breytingar sem milliþinganefndin lagði til að gerðar yrðu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og staðgreiðslu skatta og eru til bóta.

Skattkerfisbreyting sú, sem í frv. þessu felst og fylgifrv. þess, felur í sér verulega einföldun álagningar og staðgreiðslu skatta. Þessum meginmarkmiðum er þingflokkur Alþb. samþykkur og hefur áður lagt slíkt til með flutningi frumvarpa og tillagna. Þar skilur þó á milli stefnu Alþb. og ríkisstjórnarinnar að Alþb. vill láta eitt yfir alla ganga og hefur lagt til hliðstæðar breytingar á skattlagningarreglum fyrirtækja.

Því miður er ljóst að þær breytingar, sem nú verða á staðgreiðslu einstaklinga, leiða ekki til skattalækkana hjá launafólki í heild. Þvert á móti munu þær álagningarprósentur, sem ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur til, leiða til verulega þyngri skattbyrði einstaklinga í heild miðað við tekjur á greiðsluári. Kemur hún til með að nema allt að 25% milli áranna 1987 og 1988. Þar með er einnig ljóst að það markmið að lækka eða afnema tekjuskatt af almennum launatekjum er enn jafnfjarri sem fyrr.

Tillögur þær, sem þingflokkur Alþb. hefur lagt fram á Alþingi í skattamálum, bæði í formi frumvarpa og breytingartillagna við einstök skattafrumvörp og fjárlög, fela í meginatriðum í sér eftirfarandi:

– Skattbyrði er færð af fólki með meðaltekjur og lægri yfir á fólk með hátekjur og eignamenn og fyrirtæki.

– Skattbyrði einstaklinga í heild er lækkuð um nálægt 1500 millj. kr. með hækkun persónufrádráttar og breytingum á skattstiganum. Sú hækkun er borin uppi af auknum skattgreiðslum eignamanna, fjármagnseigenda og fyrirtækja.

– Frádráttarheimildir fyrirtækja eru afnumdar, komið í veg fyrir að einkaeyðsla og risna sé færð á kostnað fyrirtækja og tekjuskattsprósenta fyrirtækjanna hækkuð til samræmis við hátekjuskattþrep einstaklinga.

– Skattfrelsismörk einstaklinga hækka og skattbyrði léttist miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar á tekjum upp að rúmlega 100 þús. kr. á mánuði. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar eru nú áætluð nálægt 110 þús. kr. á mánuði.

– Skattar á tekjum yfir 110 þús. kr. á mánuði hækka með sérstöku hátekjuskattþrepi, en samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar mundu skattar lækka á hæstu tekjur frá því sem verið hefur.

Auk þess felast í tillögum Alþb. fjölmargar leiðréttingar og úrbætur í skattamálum, svo sem ákvæði um virkara eftirlit, ákvæði sem tryggja eiga hagsmuni leigjenda, sem ríkisstjórnin ætlar að setja út á klakann, og síðast en ekki síst má nefna frv. um sérstakan skattadómstól," sem liggur fyrir þessari hv. deild.

„Á sérstöku þingskjali flytur undirritaður brtt. um nokkrar helstu lagfæringar sem hann telur óhjákvæmilegt að gera á frv. ríkisstjórnarinnar og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. þau ákvæði sem snerta skattlagningu einstaklinga. Að öðru leyti leggur minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.“

Á þskj. 426 eru brtt. undir fjórum töluliðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að um verði að ræða tvö skattþrep í stað eins. Við gerum ráð fyrir því að þrepin verði þannig að það verði greidd 26,75% af tekjum upp að 744 þús. en 38% af tekjum þar fyrir ofan. Skattstigi tekjuskatts í frv. ríkisstjórnarinnar er 28,5%.

Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því að 1. tölul. 67. gr. laganna orðist svo: „Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 62 þús. kr. en 38% á það sem er umfram 62 þús. kr.“

2. tölul. á þskj. 426 gerir ráð fyrir því að um verði að ræða nokkra hækkun á persónuafslætti, þ.e. að í stað tölunnar 158 þús. og 20 kr., sem er í frv. ríkisstjórnarinnar, verði talan 188 þús. kr. á árinu.

Í tölul. 3 er um að ræða tvær brtt. Annars vegar er gert ráð fyrir breytingu á húsnæðisbótum. Húsnæðisbætur skulu vera 50 þús. kr. á ári fyrir einstakling sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr. og í öðru lagi er undir þessum tölul. gert ráð fyrir að leigjendur eigi rétt til húsnæðisbóta og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Tölul. 4 í brtt. minni hl. er við 14. gr. og er tvískiptur. Annars vegar er gert ráð fyrir því að felld verði niður takmörkunin sem gert er ráð fyrir í frv. á vaxtaafslættinum, en þar er gert ráð fyrir að þessi afsláttur geti verið til í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988. Við leggjum til að þessi takmörkun verði felld niður og hygg ég að þetta sé í samræmi við brtt. sem Alþb. og Alþfl. fluttu á síðasta þingi.

Í b-lið 4. tölul. þessa þskj. flyt ég till. sem er á þá leið að á eftir 4. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo: „Skattstjóri skal áætla vaxtaafslátt samkvæmt framtali skattgreiðanda strax og umsókn berst, en þó eigi síðar en í ágúst ár hvert.“

Hér er m.ö.o. gert ráð fyrir að það verði heimilt að framkvæma bráðabirgðaálagningu að því er vaxtaafsláttinn varðar og að heimilt verði að greiða út samkvæmt þeirri bráðabirgðaálagningu talsvert fyrr en gert er ráð fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar, en eins og hv. þm. vita gerir frv. ráð fyrir að vaxtaafslátturinn verði allur greiddur út í einni greiðslu í ágústmánuði svipað og húsnæðisbæturnar. Hér er m.ö.o. opnað fyrir þann möguleika að þetta verði gert talsvert fyrr. Ef það er ekki gert hins vegar þýðir það verulega skattþyngingu hjá því fólki sem er með þyngstar húsnæðisskuldir í byrjun ársins 1988. Það er mjög veruleg og tilfinnanleg skattþyngingu og mér er ljóst að það er ekki einfalt að koma við leiðréttingu, en hins vegar tel ég að hér sé um svo mikla skattþyngingu að ræða að það sé full ástæða til að gera þá tillögu sem hér liggur fyrir um að skattstjórar einfaldlega áætli vaxtaafslátt samkvæmt framtali skattgreiðanda strax og skattgreiðandinn sækir um það og síðan geti skattyfirvöld endurgreitt þennan vaxtaafslátt og byrjað á því fyrr en í ágúst, t.d. í mars eða svo, ef gert er ráð fyrir því að skattaframtölum verði skilað í lok janúar eða byrjun febrúar.

Ég tók eftir þeirri yfirlýsingu sem fjmrh. gaf varðandi vasapeninga aldraðra og öryrkja á stofnunum. Ég hef engu við það mál frekar að bæta. Það er skýrt að á þá peninga verður ekki lagður skattur.

Ég tel að það sé mjög brýnt að þetta mál verði að lögum. Neðrideildarnefndin fór rækilega yfir málið. Flokkarnir fóru einnig mjög rækilega yfir þetta mál á síðasta þingi þannig að þeir sem voru á síðasta þingi þekkja þetta mál mjög vel.

Efrideildarnefndin eyddi ekki löngum tíma í að fara yfir þetta mál, en ég hygg að hún hafi þó farið yfir það eins og hægt er að ætlast til miðað við þær aðstæður sem nú eru á hv. Alþingi.

Ég held að hér sé um að ræða mikið framfaraspor í íslenska skattakerfinu, verulega mikið framfaraspor, og skipti miklu máli um að það takist vel til um framkvæmdina og ég held að kynningarstarfið þurfi að taka til sérstakrar skoðunar.

Ég er sannfærður um það reyndar að til að byrja með mun hið nýja kerfi valda margvíslegri óánægju og misskilningi. Það er mjög nauðsynlegt að allt embættismannaliðið og allir starfsmenn skattstofanna sýni lipurð og aðgát við framkvæmd á þessu kerfi, annars gæti illa farið. En ég óttast að það sé fyrst og fremst einn hópur sem fer mjög illa út úr kerfisbreytingunni. Það er misgengishópurinn. Hann fer mjög illa út úr kerfisbreytingunni alveg örugglega frá janúar og fram í júlí á næsta ári þangað til vaxtaafslátturinn verður greiddur út. Ég er sannfærður um að þessi hópur mun hækka verulega í sköttum frá því sem var á síðasta hluta ársins 1987 núna í janúar strax og af dæmum sem hv. þm. geta sett niður á blað fyrir framan sig eftir bráðabirgðaákvæði I í frv. er alveg ljóst að þessi skattþynging getur numið um 15 þús. kr. á mánuði, hið mesta að vísu, sem er býsna mikil skattþynging þegar um er að ræða að fólk sem ella hefði 25 þús. á mánuði í skatta fær eftir þessa kerfisbreytingu 40 þús. kr. á mánuði í janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí. Þetta er gífurleg þynging á þessu fólki og ég legg á það mjög mikla áherslu að allt verði reynt sem hægt er til að þetta verði sem sársaukaminnst. Ég játa alveg að ég hef ekki aðferðina, hvernig á nákvæmlega að framkvæma það, en ég er viss um að það verður svo víðtæk óánægja og sárindi í þessum hópum að nauðsynlegt sé að hafa þá sérstaklega í huga, ekki síst þegar þess er gætt að í störfum félmrh. og fjmrh. sitja einstaklingar sem gáfu giska hátimbruð fyrirheit varðandi stuðning við misgengishópinn fyrir síðustu kosningar og ég er viss um að eftir því verður leitað að við þau fyrirheit verði staðið.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Sem fulltrúi Borgarafl. í hv. fjh.- og viðskn. Ed. hef ég skrifað undir álit meiri hl. nefndarinnar með fyrirvara. Í fyrirvara mínum felst aðallega tvennt. Ég óttast viss neikvæð áhrif þessarar skattkerfisbreytingar. Ég vil þó flýta mér að taka fram að ég tel að þrátt fyrir allt eigi þessi kerfisbreyting rétt á sér. Hún felur í sér vissa einföldun á skattkerfinu sem er mjög kærkomin. En ég held engu að síður að við megum ekki gleyma að horfast í augu við viss neikvæð áhrif sem mjög auðveldlega geta komið fram og eiga áreiðanlega eftir að koma fram á næsta ári.

Í fyrsta lagi þekktu menn gamla skattkerfið mjög vel og vissu að hverju þeir gengu þar ár hvert þegar var verið að leggja á skatta miðað við þær tekjur sem þeir höfðu á fyrra ári. Það sem getur gerst í staðgreiðslukerfi er einfaldlega að verði mikil verðbólga hér, sem allt virðist nú benda til, því miður, að verði á næsta ári, er mjög fljótt í að skattbyrði verði verulega hærri með staðgreiðslukerfi skatta en var með gamla kerfinu. Þannig höfum við látið reikna út áhrif verðbólgu með því að taka nokkra ákveðna markhópa skattgreiðenda, t.d. fjölskyldu með eða án húsnæðisbóta, og kannað hvernig skattbyrði þessarar fjölskyldu hefði orðið miðað við gamla skattkerfið og borið það saman við skattbyrðina eins og hún verður í staðgreiðslukerfinu miðað við mismunandi verðbólgustig. Það kemur þannig út að þegar verðbólgan er farin að nálgast 25 og 30% og þar yfir, og því miður verð ég að endurtaka að það er ýmislegt sem bendir til þess að þetta geti einmitt orðið verðbólguþróunin á næsta ári, þá er alveg ljóst að skattbyrðin fyrir meginþorra skattgreiðenda verður meiri í staðgreiðslukerfinu en í gamla kerfinu.

Þessi skattkerfisbreyting hefur fyrst og fremst verið seld launþegum með þeim slagorðum að hér væri um mikla einföldun á skattkerfinu að ræða og mun auðveldara væri fyrir launþega að fylgjast með sköttum sínum, hvað þeim bæri að greiða í skatta og hvaða tekjur þeir hefðu til ráðstöfunar að greiddum sköttum.

Það er alveg rétt að í gamla kerfinu var þetta ekki eins ljóst. Þó má segja að langflestir launþegar greiddu einhvers konar staðgreiðsluskatt í gamla kerfinu vegna þess að atvinnurekendum var skylt að halda eftir af launum vegna fyrirframgreiðslu skatta fyrri hluta árs og seinni hluta árs eftir að álagningin var ljós bar atvinnurekendum að halda eftir af launum launþeganna skatthlutanum. Þannig er þetta í sjálfu sér ekki mjög mikil breyting fyrir langflesta launþega að öðru leyti en því að ég tel að margir munu vakna upp við vondan draum þegar þeir skyndilega ekki njóta skattlausu mánaðana, þ.e. janúar og júlí, sem mjög margir launþegar notuðu einmitt í gamla kerfinu til að rétta við fjárhag sinn. Það var mjög algengt að menn gátu loksins andað aðeins léttar einmitt í janúar og svo aftur í júlí og þannig náð áttum á nýjan leik með því að notfæra sér þessa tvo skattlausu mánuði til að ná landi í skuldasúpunni sem því miður þjáir marga launþega hér á landi vegna allt of lágra launa. En eins og ég hef sagt eru líkur á því að skattbyrði í nýja kerfinu verði óþarflega há og mun hærri en í gamla kerfinu strax og verðbólgan fer á hreyfingu.

Þá er ég ekki viss um að hvernig skattbyrðin dreifist á mismunandi launþega í samræmi við tekjur þeirra sé sanngjarnt eða hvort hún gæti ekki öllu heldur verið sanngjarnari, svo að ég orði það þannig. Við höfum látið kanna ýmsar leiðir. M.a. höfum við athugað hvaða áhrif það hefði að breyta bæði persónuafslætti og heildarskattprósentu frá því sem liggur fyrir í frv., en þær tölur voru reyndar orðnar nokkuð ljósar á síðasta þingi. Í frv. er gert ráð fyrir að persónuafsláttur inn, sem hver einstaklingur fær til frádráttar sköttum þegar búið er að reikna þá út, verði um það bil 14 700 kr., þegar búið er að reikna persónuafsláttinn út miðað við 1. des. í ár, og skattprósentan, sem einnig inniheldur útsvarið til sveitarfélaganna, hefur endað í tölunni 35,2%. Þetta þýðir ákveðinn feril skattbyrði miðað við mismunandi tekjur einstaklinga og sambýlisfólks.

Það væri hægt að hugsa sér að auka persónuafsláttinn verulega, t.d. fara með hann upp í 30 þús. kr., og auka skatthlutfallið samtímis því. Þannig höfum við skoðað mismunandi ferla fyrir skattbyrði sem fall af tekjum miðað við tölur eins og ég gat um, 30 þús. kr. í persónuafslátt og 45–48% heildarskattálagningu. Slíkir skattbyrðisferlar virðast koma mun sanngjarnar út fyrir launþega og sérstaklega lágtekjufólk því að þeir eru að því leyti frábrugðnir þeim skattbyrðarferli sem frv. gerir ráð fyrir að þar verða almennar launatekjur nánast skattlausar, skattleysismörk verða nærri 80 þús. kr. fyrir einstaklinga, en skattbyrðin eykst verulega hjá þeim sem hafa tekjur umfram við skulum segja 1,8 til 2 millj. kr. á ári. Nú er það að vísu rétt, en við höfum ekki haft nægilegar upplýsingar þó að þær liggi nú orðið fyrir í áliti milliþinganefndar, að hafa þarf inni í þessum útreikningum sem hliðarskilyrði að ríkissjóður skuli ná inn sömu skatttekjum í báðum tilvikum, þ.e. með þeim skattferli sem lagður er til grundvallar í frv. og þeim skattferlum sem við höfum verið að skoða. En þar er einmitt komið að kjarna málsins. Um árabil hafa stjórnmálaflokkarnir, a.m.k. sumir hverjir, lofað því að almennar launatekjur skuli verða skattlausar. En ég er ansi hræddur um að með staðgreiðslukerfinu takist að loka fyrir þann möguleika í eitt skipti fyrir öll. Ég er hræddur um að við eigum aldrei eftir að heyra framar í kosningabaráttunni loforð sem þessi, að launamannaskatturinn skuli burt. Einkum hefur Sjálfstfl. verið duglegur við að lofa þessu í undanförnum kosningum og hafa þeir tekið ýmis heljarstökkin til að reyna að sýna kjósendum fram á að þetta markmið hafi náðst. Það er hins vegar víðs fjarri að þetta markmið hafi náðst. Eftir sem áður verða miðlungs launatekjur með töluvert þungri skattbyrði.

Við höfum lagt fram brtt. við frv. í hv. Nd. og við höfum leyft okkur að endurflytja þessar brtt. við frv.

í hv. Ed. Langar mig til að greina í örstuttu máli frá þeim hugmyndum sem liggja til grundvallar brtt.

Okkur þótti í fyrsta lagi að 2. gr. frv., þar sem er verið að fjalla um gjafir til líknarstofnana og ýmissa annarra stofnana sem gætu orðið skattlausar, væri dálítið illa orðuð þannig að það væri ekki alveg ljóst hvernig ætti að túlka hana. En þetta er ekki mikið ágreiningsmál af okkar hálfu.

Hins vegar höfum við lagt til viðamikla breytingu á 5. gr. þar sem við leggjum til að persónuafsláttur færist óskertur milli maka. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða að annar makinn sjái um heimilið og hinn makinn um að afla allra tekna fyrir heimilið. Þar teljum við rétt og skynsamlegt að persónufrádráttur þess makans sem ekki hefur neinar atvinnutekjur færist óskertur yfir til hins makans sem aflar teknanna.

Nú er okkur tjáð að þetta kosti ríkið of mikið þannig að það sé alveg fráleitt að gera þetta. Eins og frv. gerir ráð fyrir færast 80% af ónýttum persónuafslætti makans til þess maka sem hefur allar tekjurnar. Það mun vera allt of dýrt að færa þennan persónuafslátt yfir að fullu. Það skal viðurkennt að við höfum ekki látið reikna þetta út, enda gerum við ekki ráð fyrir því að þessar brtt. okkar verði samþykktar, en þær eru samt settar hér fram í þeim tilgangi að vekja menn til umhugsunar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að á næsta þingi munum við eiga eftir að slást við staðgreiðslufrv. einu sinni enn vegna þess að þá koma í ljós alls kyns agnúar og ambögur sem mönnum hafa yfirsést. Þá liggur reynslan fyrir eftir eitt ár og ég er ekki í nokkrum vafa um að við þurfum enn á ný að taka til við að lagfæra lög nr. 75 frá 1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, og lagfæra ýmsa þá agnúa sem kunna að koma í ljós þegar reynslan kemur fram.

Þá höfum við lagt til að það verði alvarlega hugsað um að foreldrar njóti barnabóta og barnabótaauka fyrir börn sem eru á heimili þeirra allt fram til 18 ára aldurs. Þetta er í samræmi við þá þjóðfélagsbreytingu, sem er að eiga sér stað núna seinni árin, að börn og unglingar dveljast lengur á heimilum en var fyrir við skulum segja 10–15–20 árum. Þetta er vegna þess að húsnæðisvandamál ungs fólks eru orðin svo gífurleg að ungt fólk reynir að vera eins lengi heima og það getur. Það er eðlilegt vegna þess að 16–18 ára unglingar eiga ekkert heimangengt. Þeir geta hvergi fengið húsnæði sem er viðráðanlegt fyrir þá. Það segja allir sem ég hef talað við að það sé sameiginleg reynsla þeirra að börnin dveljast nú orðið lengur á heimilum en var fyrir svo sem 10–15 árum. Þarna hefur orðið mjög merkileg breyting sem ég tel að stafi af því að húsnæði er orðið svo miklu, miklu dýrara en var áður. Þess vegna væri ekkert á móti því að láta heimilin njóta góðs af þessu, enda er það ljóst að börn eru lengur á framfæri fjölskyldna sinna en var áður.

Þá höfum við lagt til, reyndar var það tillaga sem hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson, þáv. fjmrh., beitti sér fyrir, að fólk sem er að ljúka starfsævi sinni þyrfti ekki að greiða skatta af síðasta starfsári sínu. Í staðgreiðslukerfinu er ekki gert ráð fyrir þessu því þeir sem eru að ljúka starfsævi sinni greiða staðgreiðsluskatt af síðustu tekjum sínum. Ég sé ekki að það sé neinn munur þarna á. Hvort menn greiða skattinn eftir á eða þeir greiða hann samtímis því að þeir afla teknanna síðasta starfsárið skiptir í mínum huga ekki meginmáli. Ég tel þess vegna, og við höfum lagt fram brtt. þar að lútandi, að maður sem er að ljúka starfsævi sinni eigi rétt á því að fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu tólf mánuði fyrir starfslok.

Ég þykist vita að viðbrögð stjórnarliða verði með þeim hætti að þetta sé allt of dýrt og komi ekki til greina. Gott og vel. Við því er ekkert að gera. En ég vonast þá til þess að menn hugsi um þessar hugmyndir og velti þeim fyrir sér því eins og ég gat um er alveg ljóst að við þurfum áreiðanlega að taka til við að gera ýmsar breytingar á þessum sömu lögum á næsta haustþingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu í morgun tel ég mikilvægt að þessu máli verði hraðað í gegnum þingið áður en því lýkur núna fyrir jólahléið. En ég vil þó í stuttu máli kynna þær hugmyndir sem Kvennalistinn hefur komið fram með í málinu til að reyna að hafa áhrif til að bæta það.

Það var nokkuð vel unnið að því í Nd. Okkur hefur gefist mun skemmri tími til þess í Ed. vegna ýmissa aðstæðna. En hv. þm. Kristín Halldórsdóttir skilaði nál. þar sem hún átti aðild að fjh.- og viðskn. Nd. Í þessu nál. kom fram að þótt kvennalistakonur hefðu verið fylgjandi því og hafa reyndar verið fylgjandi því lengi að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á höfðum við ýmislegt við þá lagasetningu að athuga sem samþykkt var á þinginu í fyrra og studdum að heildarendurskoðun skattalaganna fylgdi í kjölfarið á þeirri samþykkt, en henni hefur því miður verið slegið á frest og teljum við það miður. Við áttum reyndar fulltrúa í milliþinganefndinni, eins og kom fram hjá mér í morgun, og hennar mat og okkar var að margt hefði tekist að færa til betri vegar í þeirri nefnd, en eins og kom fram í þeim fyrirvara sem ég las í morgun, sem fulltrúi Kvennalistans hafði um álit nefndarinnar, voru þar nokkur atriði sem ekki náðist samstaða um og önnur sem fékk ekki að reyna á vegna tímaskorts og einnig vegna skilgreiningar á hlutverki nefndarinnar.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar taldi nefnilega ekki í sínum verkahring að fjalla um hátekjuskatt né heldur skattlagningu á fjármagns- og eignatekjur, en þetta voru að okkar mati vænlegar fjáröflunarleiðir fyrir ríkissjóð. Auk þessa gerði fulltrúi Kvennalistans ágreining um tilhögun barnabótagreiðslna og framreikning persónuafsláttar sem ég mun víkja lítillega að síðar.

Við afgreiðslu frv. í Nd. freistaði Kvennalistinn að

fá fram þær lagfæringar á lögunum sem við teljum brýnar um leið og við áréttuðum þá skoðun að endurskoðun skattkerfisins í heild væri nauðsynleg. Í brtt., sem við höfðum lagt fram bæði í Nd. og einnig nú í Ed. og ég kynnti á fundi nefndarinnar áðan, felast eftirfarandi atriði:

Skattþrepin verði tvö þar sem tekjur yfir 2,5 millj. kr. á ári bera 33% tekjuskatt. Jafnframt höfum við lagt fram frv., í þessari deild er það á þskj. 423, um mishátt útsvar eftir tekjum þar sem heimilt verður að leggja allt að 9% útsvar á tekjur yfir 2,5 millj. kr. á ári. Meðflm. minn að þessu frv. hér í deildinni er Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingkona Kvennalistans. Þetta gefur svigrúm til að hækka persónuafslátt um 5000 kr. á ári.

Í öðru lagi leggjum við til að barnabætur verði greiddar til móður ef barnið er í hennar umsjá, annars þeim sem því hlutverki gegnir. Rökin fyrir þessu eru þau að barnið er í flestum tilfellum fyrst og fremst í umsjá móður. Hún þekkir þess vegna þarfir þess, veit hvað barnið vanhagar um, það sem má kaupa fyrir peninga. Hún tekur einnig á sig ómælda vinnu, sem hvergi er metin til launa, og er oftast sú sem verður fyrir tekjutapi vegna umönnunar barnsins. Og hverjar sem aðstæðurnar eru er móðirin jafnan undantekningarlaust tekjulægri en faðirinn. Að auki er hagræði að því að greiða barnabætur út óskiptar þar sem útsendingar verða talsvert færri. Ræddi ég þetta við fulltrúa fjmrn. og ríkisskattstjóra í nefndinni áðan og sáu þeir engan meinbug á þessari ráðstöfun, en töldu þetta vera pólitíska ráðstöfun fyrst og fremst en ekki ákvörðun embættismanna.

Við höfðum í hyggju að flytja brtt. einnig um að endurskoða upphæðir persónuafsláttar og barnabóta mánaðarlega en ekki tvisvar á ári eins og gert er ráð fyrir, en það getur munað skattgreiðendur talsverðri upphæð hvor aðferðin er notuð. Reyndar flutti hv. þm. Kristín Halldórsdóttir dæmi þess í máli sínu við umræðu um frv. í Nd., þar sem hún hafði látið reikna út hvernig munurinn á þessum tveimur aðferðum hefði verið á árinu 1983 og mætti að sjálfsögðu taka önnur ár til viðmiðunar. En ég vil stuttlega gera grein fyrir því.

Það var að vísu dálítið sérstakt ár og ástæða til þess að skoða það. Persónuafsláttur hefði orðið það ár á mánuði að meðaltali um 4825 kr. ef mánaðarleg endurskoðun hefði verið notuð, en 4065 ef endurskoðað hefði verið tvisvar á ári eins og frv. gerir ráð fyrir. Frá upphafi til loka þess árs munar því um 18,67%, til að vera nákvæm, sem persónuafslátturinn hefði orðið hærri ef hann hefði verið reiknaður mánaðarlega en ef hann hefði verið endurskoðaður aðeins tvisvar á ári eins og frv. gerir ráð fyrir. Munurinn hefði verið um 9000 kr. Þannig mætti reyndar skoða þetta út frá ýmsum árum, en ég læt þetta nægja tímans vegna.

Við styðjum því þær till. sem liggja fyrir um þann hátt á endurskoðun. Að þessum till. okkar samþykktum leggjum við til að frv. verði samþykkt þó við hefðum í sjálfu sér ýmislegt við það meira að athuga.

Í brtt. sem við hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir flytjum við frv., þær eru á þskj. 413 hér í deildinni, leggjum við til að á eftir 5. gr. frv. komi ný grein svohljóðandi:

„67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. í tveimur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 2 500 000 kr., reiknast 28,5%.

2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 2 500 000 kr., skal reikna 33%.

Frá þannig reiknaðri fjárhæð dregst persónuafsláttur skv. A-lið 68. gr. og sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.

Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar."

Í 2. tölul. gerum við brtt. við 6. gr. Þar leggjum við til að persónuafsláttur manna verði hækkaður úr 158 820 í 163 820 kr.

Við 9. gr., sem nú er orðin eftir meðferð frv. í Nd., þar sem fjallað er um barnabætur og barnabótaauka, leggjum við til að 4. mgr. A-liðar orðist svo:

„Framfærandi samkvæmt þessum staflið er móðir barnsins ef barnið er í hennar umsjá, annars sá sem gegnir því hlutverki. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi."

Ég hef áður rökstutt af hverju við viljum að þetta fé renni fyrst og fremst til móður og ég mun ekki orðlengja um það.

Í b-staflið leggjum við til að 5. mgr. A-liðar falli brott, en hún hljóðar svo: „Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. málsgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki að vera skattlagt skv. þeirri grein."

Þetta varðar aftur þá hugmynd að barnabæturnar renni beint til móður.

Í staflið c leggjum við til að 8. mgr. A-liðar orðist svo: „Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld framfærandans" — Orðið „framfærandans" bætist sem sé inn í málsgreinina. — „frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs."

Þarna viljum við takmarka þannig að vangoldnar skuldir eigi einungis við móður barnsins eða þann framfæranda sem þiggur barnabætur samkvæmt okkar skilgreiningu, að þar eigi ekki aðrir í hlut. Einnig getur oft verið um að ræða að atvinnurekendur eigi vangoldnar skuldir og það bitni síðan á barnabótum móður.

Í d-staflið leggjum við til að í stað orðanna „framfæri hjóna" í 4. mgr. B-liðar komi: heimili. Þetta varðar sömu hugmynd.

Í e-staflið leggjum við til að 5. mgr. B-liðar orðist svo: „Framfærandi skv. þessum staflið er móðir barnsins, ef barnið er í hennar umsjá, annars sá sem gegnir því hlutverki. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi."

Í f-staflið er lagt til að 6. mgr. B-liðar falli brott, en hún er mjög samhljóða því sem við gerðum tillögu um í 5. málsgr. A-liðar og mun ég ekki hirða um að lesa hana aftur.

Og í síðasta lagi g-staflíður. Fyrir aftan orðið orðið „sveitarsjóðsgjöld" í 8. málsgr. B-liðar komi: framfærandans. Hér er aftur um að ræða sömu hugmynd.

Fleiri brtt. höfum við ekki gert, en áskiljum okkur vitanlega rétt til að styðja brtt. annarra sem ganga í þá átt sem okkur finnst vera til bóta á frv.

Ég minntist á það þegar ég vitnaði til nál. hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur frá Nd. að við flyttum frv. til laga á þskj. 423, Danfríður Skarphéðinsdóttir og ég. Þetta er reyndar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 38/1987.

1. gr. frv. hljóðar svo: „1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af tekjum manna með allt að 2,5 millj. kr. á ári og allt að 9% af tekjum manna með yfir 2,5 millj. kr. ári.

2. gr. Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988."

Í grg. frv. stendur að skv. núgildandi lögum sé innheimt útsvar ákveðinn hundraðshluti af tekjum og gildir þá einu hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Sama er um tekjuskattinn. Núgildandi lög kveða á um eina og sömu skattprósentu á háar tekjur sem lágar. Kvennalistinn telur eðlilegt að beita skattalögum til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og leggur því til að skattþrepin verði tvö, bæði við álagningu útsvars og tekjuskatts. Kvennalistinn flytur brtt. við 179. mál, frv. um breytingu á tekjuskattslögunum. Till. felur í sér að greiddur verði 33% skattur af hæstu tekjum, þ.e. af tekjuskattsstofni yfir 2,5 millj. kr. á ári. Frv. sem hér er fram borið gerir svo ráð fyrir að útsvar af hæstu tekjum geti orðið allt að 9%. Samtals gæti því álagning á hæstu tekjur orðið 42%, en samanlagður tekjuskattur og útsvar á tekjur þar fyrir neðan getur numið allt að 36% skv. ákvæðum núgildandi laga.

Það væri ýmislegt fleira, herra forseti, sem ég hefði kosið að ræða við þessa umfjöllun málsins í deildinni, en ég vil ekki lengja mál mitt né tefja meðferð þessa máls og læt því nægja að kynna þessar till. okkar í örstuttu máli í þeirri von að þær megi hafa einhver áhrif á skoðanamyndun þeirra þm. sem eiga eftir að greiða atkvæði um frv. Ég vil því ekki tefja málið lengur og læt þetta nægja. Lýk ég svo máli mínu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að gera smáathugasemd. Það frv. sem hér liggur frammi er að vissu leyti til bóta og getur í flestum kringumstæðum komið fólki mjög vel. En ég óttast að þetta frv. hafi í för með sér skattahækkanir. Við 1. umr. rökstuddi ég það nokkuð og ætla við þessa umræðu að lýsa þeirri skoðun minni að ég mun ekki greiða atkvæði með þessu frv., en ég mun heldur ekki greiða atkvæði á móti því heldur sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Ég byggi þetta einkum á því, sem ég sagði áðan, að ég hef vissa trú á að þetta leiði til aukningar á sköttum. Þetta er það eina sem ég vildi koma að hér og skýrir það sjónarmið mitt við atkvæðagreiðslunni sem fram fer

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 414,1 felld með 11:1 atkv.
3. gr. samþ. með 12:1 atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 413,1 felld með 12:3 atkv.
Brtt. 426,1 felld með 12:2 atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 426,2 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 413,2 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 414,2 felld með 12:1 atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 414,3a–b felld með 12:2 atkv.
Brtt. 414,3c felld með 11:3 atkv.
Brtt. 413,3a–g felld með 12:2 atkv.
Brtt. 426,3a–b felld með 12:3 atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 414,4 felld með 12:3 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 426,4a felld með 12:4 atkv.
Brtt. 426,4b tekin aftur til 3. umr.
14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
15.–17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

39. fundur, þriðjudaginn 22. des., að loknum 38. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 179. mál (barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.). — Þskj. 408, brtt. 426, 4B.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði sam-

þykkt með 16 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Við 2. umr. dró ég til baka brtt. sem snerti vaxtaafslátt frá sköttum. Ástæðan var sú að ég var ekki sjálfur ánægður með tæknilega útfærslu á till., auk þess sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér við 2. og 3. umr. málsins að þetta mál væri í sérstakri athugun í fjmrn. Mér fannst óskynsamlegt að láta þessa till. falla og dreg hana því alveg til baka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 431).

Kveðjur.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Komið er að lokum síðasta fundar þessarar hv. deildar fyrir jólahlé. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf sem ekki hefur hvað síst reynt á nú hin síðustu dægur. Ég óska hv. þingdeildarmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Einnig óska ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári um leið og ég þakka þeim ánægjulegt samstarf og fyrirgreiðslu alla sem unnin er við erfiðar aðstæður og hefur ekki hvað síst reynt á síðustu 28 klukkustundir, en það eru rúmlega 28 klukkustundir síðan þessi fundalota hófst. Þeim hv. þingdeildarmönnum sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil þegar jóladögunum lýkur.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingdeildarmanna þakka virðulegum forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum réttláta fundarstjórn það sem af er þessu þingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar. Skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu vil ég fyrir okkar hönd þakka einstaka þolinmæði, lipurt og gott samstarf, ekki síst í þeim óvenjulegu önnum sem sett hafa svip sinn á þingstörfin síðustu daga. Þeim öllum og fjölskyldum þeirra óska ég gleðilegra jóla. Ég vil svo biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum og taka undir þessi orð mín. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég þakka hv. 6. þm. Vesturl. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingdeildarmönnum fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingdeildarmanna og alls starfsfólks Alþingis og segi þessum fundi slitið.

NEÐRI DEILD

37. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í Ed. stendur yfir fundur sem hófst í gærmorgun kl. 10. Við erum að hefja fund eftir þó nokkra fundahríð. Ég veit að það eru nokkir þm., svo ég tali ekki um starfsfólkið, sem er þannig ástatt um að ég efast um þeir fengju læknisvottorð til að vera það mikið á fótum sem starfsemin hér krefur nú. Ég er einn á meðal þeirra. Ég er nýstaðinn upp úr hjartatilfelli og ég veit ekki hvað ég má bjóða mér í fundahöldum. Ég veit ekki hvað má bjóða hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem hefur farið í gegnum enn þá þyngri aðgerðir, og getur vel verið að það leynist meðal þm. einhverjir fleiri sem ekki þola það álag sem Ed. hefur þurft að standa í á þessum sólarhring. Síðan er kannski fyrst og fremst starfsfólkið. Þetta hús, Alþingishúsið, er ekki starfhæft án starfsfólks. Nú hefur Ed. verið á fundum í sólarhring. Fundur sem hófst kl. 10 í gærmorgun stendur enn. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvað á að misbjóða fólki mikið og lengi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þeirri fsp. sem beint var til mín svara ég með þeim orðum að sjálfsögðu ber ég ekki ábyrgð á fundahöldum í Ed. Til fundar í þessari deild er boðað eftir að menn hafa fengið allnokkurn svefn því hér lauk fundi kl. 2 í nótt. Það er ekki óvenjulegt á þessum tíma þannig að það er ekkert því til fyrirstöðu að fundur geti haldið áfram í þessari hv. deild.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég harma að hafa fengið mjög ófullkomið svar. Við vorum hér fram eftir síðustu nótt, höfum verið á næturfundum áður þannig að það er farin að safnast þreyta bæði í menn í þessari deild og í Alþingi almennt. Ég var aðallega að tala um starfsfólkið þó ég leiddi mína fsp. með því að byrja á því að tala um þm., en þeir eru minna virði en starfsfólkið í þessu tilfelli. Það kemur ekki bara okkur við hvað skeður í Ed. Það er sama starfsfólkið fyrir þessa deild og Ed. Fyrir utan að það eru forsetafundir sem taka ákvarðanir um gang mála og dagskrár Alþingis. Hæstv. forseti þessarar deildar getur ekkert vísað því frá sér að svara hvað þessi deild ætlar að bæta á vinnu starfsfólksins sem er í

störfum fyrir þessa deild núna og hefur verið í vinnu samfleytt frá því það vaknaði til vinnu í gærmorgun. Þetta er ekkert gamanmál, ef hæstv. iðnrh. er að gefa mér eitthvert sérstakt merki með því að brosa til mín þegar ég spyr. Þetta er ekkert gamanmál og ég óska eftir því að forseti svari öðruvísi og betur en hann gerði.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Hv. þm. gat þess að forsetafundir tækju ákvörðun um starf í þingdeildum og á hv. Alþingi. Ég vil geta þess í þessu sambandi að forsetafundur var haldinn í gærkvöld og þar var komist að þeirri niðurstöðu um gang mála að klára frv. um tekjuskatt í þessari hv. deild í nótt og það samkomulag stóðst. Síðan var ætlunin að taka þetta frv. fyrir í Ed. Alþingis kl. 10, en umræður hafa þróast þannig í þeirri deild í nótt að slíkt er ekki mögulegt.

Þar sem hér hefur ekki verið óeðlilegur hvíldartími á þessum tíma og það er ekki óvenjulegt að fundir standi fram á nætur á þessum tíma og svo hefur verið á undanförnum þingum er ekkert því til fyrirstöðu að fundir byrji í hv. deild. Ég tek undir að það er mikið álag á starfsfólki þingsins þessa stundina, en hins vegar verð ég að segja að hv. þm. hafa í ræðulengd ekki hugað mikið að því að hér sé fólk að störfum við framgang þinghaldsins. Ég tel ekki ástæðu til að fresta fundi deildarinnar vegna starfsmanna þess, enda hefur ekki verið farið fram á slíkt við okkur forseta af trúnaðarmönnum starfsfólks.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tek mjög eindregið undir orð hv. 5. þm. Reykv. Mér blöskrar gjörsamlega að stjórn þingsins skuli láta viðgangast þessi vinnubrögð og það vinnulag sem viðhaft er hérna í þinginu og sem ég held að hljóti að teljast hreinlega brot á vinnulöggjöfinni og þá er ég fyrst og fremst að hugsa um starfsfólk þingsins en ekkert síður um hv. þm. Ég tel það fremur ómaklegt af hæstv. forseta að vega að þm. fyrir að nota málfrelsi sitt. Ég fer fram á það við hæstv. forseta, sem er hluti af stjórn þingsins, að hann hlutist til um að það verði haldinn fundur forseta um áframhaldandi störf hér í dag.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið í þessu sambandi að ég mun að sjálfsögðu hlutast til um að forsetafundur verði haldinn þegar fundi í Ed. lýkur.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forseti sjái til um það að vinnulöggjöfin verði athuguð ef menn, þeir sem voru á þingi þegar hún var samþykkt, eru búnir að gleyma þeim lögum. Það er ekki boðlegt hvernig er farið með það fólk sem vinnur hér í Alþingi. Það eru að koma jól og sumt af því er búið að vera á vakt í alla nótt og er það áfram. Sumt af því eru konur sem þurfa að hugsa um heimili. Það hefur aldrei gerst í þingsögunni að ég hygg fundur hafi staðið í heilan sólarhring eins og hefur verið í Ed. og venjulega hefur fundum verið slitið um þetta leyti fyrir jól, í síðasta lagi 22. des. Og ef það er, sem okkur hefur verið boðað, að það eigi að taka fyrir í Sþ. fjárlög til 3. umr. klukkan þrjú hljóta þeir sem stjórna hér þingstörfum að ætlast til þess að það verði önnur vökunótt í sambandi við þá umræðu því henni lýkur aldrei á stuttum tíma eins og mál hafa þróast hér og eins og allt stendur. Hæstv. ríkisstjórn getur ekki kennt neinum um nema sjálfri sér hvernig komið er. Það er fimm manna nefnd sem hefur starfað fyrst og fremst og útbúið þessar kerfisbreytingar sem við erum að fjalla um og allt snýst um. Þm. er boðið upp á að sjá slík frv. tíu dögum eða svo fyrir venjulegt jólafrí og svo ætlast ríkisstjórnin til að við afgreiðum þetta án þess að tala um það, án þess að lesa það. Til hvers er þingið? Er það eingöngu í huga forseta og hæstv. ríkisstjórnar til að afgreiða á færibandi frv. sem eru svo mikil kerfisbreyting sem við þekkjum öll? Það verða sjálfsagt lengi í minnum höfð vinnubrögð hér fyrir þessi jól og stjórnin öll á þingstörfunum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil vegna þeirra orða sem virðulegur forseti lét falla um ræðutíma þm. og áhrif þess á andvökur starfsmanna þingsins fara ofurlítið yfir hvernig og hvers vegna atburðir síðasta sólarhrings hafa þróast eins og þeir hafa gert. Ég tel að það efni varði þingsköp vegna þess að það snertir spurninguna um skipulag og eða samkomulag um störf þingsins.

Ítrekað var boðið af hálfu stjórnarandstöðunnar í gær að reyna að ná samkomulagi um að taka tiltekna áfanga í meðferð þingmálanna og ganga út frá því að ljúka störfum á skikkanlegum tíma í dag þannig að menn kæmust til síns heima og í jólafrí. Í því sambandi bauð stjórnarandstaðan að klára umræður um fiskveiðistjórn í Ed., að gera að lögum fyrir miðjan dag það frv. sem enn er ekki komið á dagskrá Ed. og hefja 3. umr. um fjárlög og láta hana standa til kl. 18 í dag og ljúka þá þingstörfunum að sinni og hverfa til síns heima. Á þetta tilboð féllst ekki stjórnarliðið og engar aðrar útgáfur sem í tengslum við það voru ræddar. Það var val stjórnarliðsins að beita afli í staðinn fyrir að reyna að ná samkomulagi og það hlýtur þá stjórnarliðið að hafa. Það var ekki að okkar ósk né er það okkar sök hvernig málunum er komið. Umræður hafa að sönnu verið langar í Ed. í nótt, en þó er það þannig að innan ramma þingskapa gætu þær enn staðið klukkustundum saman og væri þó allt með eðlilegum hætti, virðulegur forseti. Ég hygg að það finnist engin ræða einstaks þm. í þessum umræðum báðum, 2. og 3. umr., sem hafi farið yfir eina og hálfa klukkustund og telst það ekkert óvenjulegt — eða hvað?

Við erum enn til viðræðu um að greiða gang þingstarfanna og stuðla að því að hér verði hægt að ljúka störfum á skikkanlegum tíma í dag. Tilboð okkar um

að gera staðgreiðslukerfisfrv. að lögum stendur að mínu viti enn. Hæstv. ríkisstjórn hefur valið aðra forgangsröðun, en fyrst og fremst hefur hún valið aflið í staðinn fyrir samkomulagið og það er sú staðreynd sem við stöndum nú frammi fyrir.

En varðandi fundartíma í þessari virðulegu deild og fundarstjórn alla er það hárrétt, sem forseti tók fram í upphafi, að hér fór það samkomulag fram, sem rætt var, að taka hér frv. um tekjuskatt og eignarskatt í gegnum 2. og 3. umr. og afhenda Ed. ef það mætti verða til að greiða þess götu og gera það að lögum í dag eins og þjóðarnauðsyn liggur við.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það skal tekið fram vegna orða síðasta ræðumanns að forseti hefur aldrei haldið því fram að umræður í Ed. hafi ekki verið innan ramma þingskapa. Þingsköp gefa, eins og hv. þm. er kunnugt, mjög rúman tíma og takmarka ekki málfrelsi manna. Þó að fundir í Ed. hafi dregist á langinn eru umræður vafalaust innan ramma þingskapa og hér hafa aldrei verið látin önnur orð falla um það. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin og ekki við hæfi að hefta málfrelsi þm. að neinu leyti, enda hefur það ekki verið gert í þessari lotu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem þér létuð falla um þingtöf með löngum ræðum bendi ég á að ég hef ekki tekið þátt í umræðum enn þá sem hafa tafið þinghald þannig að það er alrangt að hér hafi átt sér stað mikil töf þess vegna.

Hitt er annað mál að ég tók þátt sem forustumaður Borgarafl. í að reyna að ná samkomulagi um þinghald, en því var hafnað eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. og gefið í skyn af hæstv. forsrh. í fjölmiðlum að stjórnarandstaðan hafi verið með nýjan stjórnarsáttmála í huga þegar um samkomulagsumleitanir var að ræða.

Þetta er alrangt. Við í Borgarafl. stöndum að þeirri ósk eins og aðrir í minni hlutanum að fella niður eða setja ekki söluskatt á matvæli. Það er rétt. Borgarafl. er á móti flestum af þessum nýju sköttum sem hafa verið settir á og er þá má segja eini flokkurinn sem ekki vill skatta, telur þá ekki nauðsynlega umfram það sem var þegar frv. ríkisstjórnarinnar komu fram bara breytinganna vegna, ekki vegna þess að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni heldur vegna breytinganna, til að geta sagt: Við erum öðruvísi en allir aðrir. En þegar til kastanna kemur þarf fólkið, hvað sem þið kallið kerfin, að borga meira. Það er það sem furðar okkur að ekki skyldi nást samkomulag um að fella niður matarskattinn sérstaklega af því að það hefur verið ákaflega andstætt fram að síðustu tímum stefnu t.d. Sjálfstfl. að haga sér í skattamálum eins og ríkisstjórnin gerir nú.

En við höfum ekki tafið fundi hingað til og erum reiðubúnir til þess, og ég undirstrika það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að ganga til samninga. En ríkisstjórnin undir forustu forsrh. óskar eftir því, ég undirstrika það, að stjórnarandstaðan mæti á sunnudagsmorgni til að ræða um möguleika á að semja um lok þinghalds fyrir jólafrí og stjórnarandstaðan tekur mark á hæstv. forsrh. og stjórnarliðum og mætir hér eftir langan laugardagsfund fram á nótt til að semja. En hvað skeður? Það er lagður fram eins konar skömmtunarseðill. Við skulum taka 25% söluskatt af hluta af fiskafurðum gegn því að leggja vörugjald á aðrar vörur, hreinlætisvörur, að sömu upphæð og við skulum láta verkaskiptingarfrv. bíða. Ef þið ekki samþykkið þetta fáið þið ekki neitt. Til hvers er verið að draga stjórnarandstöðuna niður í þinghús á sunnudagsmorgni til að afhenda slíkan skömmtunarseðil? Þegar stjórnarandstaðan leyfir sér að setja fram hugsanlega skilmála til þess að samkomulag geti verið en ekki skömmtunarseðill frá ríkisstjórninni hleypur hæstv. forsrh. í fjölmiðla og segir: Stjórnarandstaðan neitar að samþykkja að 25% söluskattur fari af fiskafurðum. En á sama tíma fréttist að hann hafi boðið Verkamannasambandinu eða þeim sem hann stendur í kjarasamningum við nákvæmlega það sama. Hann var að reyna að selja sömu vöruna tveimur aðilum á sama tíma. Þetta er samkomulagsleiðin sem ríkisstjórnin taldi líklegt að næði í gegn við stjórnarandstöðuna á sunnudagsmorgni. Það var ekki verið að semja. Það var verið að skammta. Stjórnin og stjórnarmeirihlutinn á að hafa áttað sig á því að verkstjórnarleysi og skeytingarleysi gagnvart andstæðingum, hvort sem þeir eru meiri eða minni máttar, gengur ekki á Alþingi Íslendinga vegna þess lýðræðisfyrirkomulags sem við getum unnið eftir í okkar máttleysi og minni hluta.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Með vísan til þeirra orða sem fallið hafa frá hv. þm. stjórnarandstöðunnar um að enn væri vilji til samkomulags um að greiða fyrir þingstörfum vildi ég í allri vinsemd koma á framfæri hugmynd sem felur í sér að greiða fyrir gangi mála en tryggja jafnframt að þeir þm. sem lifað hafa andvökunótt fái nokkra hvíld fyrir afgreiðslu fjárlaga. Mín hugmynd væri einfaldlega sú, sem ég leyfi mér að koma á framfæri við forseta, að við gengjum nú til þess verks að heimila framsögu fyrir tveimur óafgreiddum málum í deildum, þ.e. fyrir lánsfjárlagafrv. í hv. Nd. og tekju- og eignarskattsfrv. í Ed., en það gæti hugsanlega tryggt að hv. þm. fengju þó ekki væri nema fjögurra tíma hvíld fyrir afgreiðslu fjárlaga. Ég hreyfi þessari hugmynd og kem henni á framfæri við hæstv. forseta í því skyni að það gæti orðið til að greiða fyrir framgangi mála en tryggja fólki a.m.k. einhverja lágmarkshvíld.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eftir því sem ég sé í gegnum hálfopnar dyr yfir í Ed. er hún í þann veginn að ljúka atkvæðagreiðslu um kvótafrv. og þá mun væntanlega vera næsta verkefni þeirrar deildar að taka fyrir

frv. til l. um tekju- og eignarskatt þannig að það felst í sjálfu sér ekki annað í tilboði hæstv. fjmrh. en það sem væntanlega gerist hvort eð er næstu mínúturnar.

En hvað það varðar að slíta í sundur umræður um það frv. sem hér liggur næst fyrir og er á dagskrá þessarar deildar og þegar var búið að ræða allítarlega í gær, þá sé ég ekki að það þjóni neinum sérstökum tilgangi að taka upp framsögu fyrir öðru dagskrármáli og fresta þá væntanlega þeirri umræðu þannig að hér liggi í deildinni tvö hálfkláruð mál. Mér finnst það óskipulegt verklag og ég legg frekar til, án þess að ég ætli að fara að hlutast til um störf forseta, að við höldum okkur við að halda áfram þeirri umræðu sem hér stóð í gær um söluskatt.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Mér þykir mjög slæmt ef fjmrh. getur ekki verið hér. Ég var búin að óska eftir því að hann yrði það. Hann mun vera að mæla fyrir tekjuskatti í Ed. þannig að ég veit ekki hvernig maðurinn getur verið á tveim stöðum í einu. (Gripið fram í.) Já, ég veit það, en ég var búin að óska eftir því að hann yrði hér þegar ég talaði. Ég veit ekki hvernig á að leysa þetta vandamál. (**Forseti:** Við getum að sjálfsögðu gert hlé þangað til fjmrh. hefur lokið sinni ræðu. Ef það hins vegar nægir ræðumanni gæti ég kallað í forsrh., sem líka ber ábyrgð á málinu, og mun ég skjóta því til ræðumanns hvort hún getur átt við hann orðastað á meðan hæstv. fjmrh. lýkur ræðu sinni.) Ég vildi helst að hæstv. fjmrh. yrði hér meðan ég talaði vegna þess að það kemur beint inn á hans verksvið sem ég ætla að ræða, en get alveg beðið. (**Forseti:** Þá bíðum við á meðan og ég geri fjmrh. aðvart. — Það hefur komið fram að hæstv. fjmrh. er enn þá að mæla fyrir frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, en viðskrh. hefur tjáð að hann muni taka niður spurningar til hans og ég beini því til hv. ræðumanns hvort það nægi til að hann geti haldið áfram máli sínu.)

Ég ætla að óska eftir því til að tefja ekki lengur að hæstv. samgrh. muni þá koma því það varðar örlítið samskipti samgrh. og fjmrh. sem ég ætlaði aðeins að koma inn á líka. Ég mun þá hefja mál mitt. Ég mun gera hlé á máli mínu það þegar þar að kemur. Er hann í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. samgrh. er ekki í húsinu, en það munu verða gerðar ráðstafanir til að aðvara hann um að hans sé óskað við þessa umræðu.) Ég mun þá hefja mál mitt í trausti þess að viðskrh. muni koma þeim boðum til fjmrh. sem ég hef fram að færa.

Herra forseti. Ég þarf varla að taka fram að við kvennalistakonur erum ákaflega mikið á móti þeim matarskatti sem hér hefur verið mikið talað um og ætla ég ekki að endurtaka öll þau rök sem mæla gegn honum. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði ágæta grein í gær fyrir afstöðu Kvennalistans í þessu máli þannig að ég ætla ekki að halda langa ræðu um það og tel slíkt óþarfa á þessu stigi málsins.

Tilgangurinn með frv. er sagður vera að gera innheimtu söluskatts einfaldari, skilvirkari og réttlátari. Ef litið er á fyrsta atriðið, einföldun, virðist ekki vera vafi hjá hæstv. ríkisstjórn að það sé mjög einföld aðgerð að setja söluskatt á matvæli. Í athugasemdum með frv. því sem hér er til umræðu stendur á bls. 6, með leyfi forseta:

„Matvæli verða á ný að fullu söluskattsskyld. Það er staðreynd að engin aðgerð hefur grafið jafnmikið undan framkvæmd söluskatts og afnám söluskatts á matvælum gerði á sínum tíma.“

Af þessu mætti halda að mestu söluskattssvik væru tengd sölu matvara, alla vega að dómi hæstv. ríkisstjórnar, en ef gluggað er aðeins í skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika og lögð var fyrir Alþingi hinn 18. apríl 1986, stendur þar á bls. 9, með leyfi forseta, þar er um að ræða samandregnar niðurstöður:

„Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af vergri landsframleiðslu. Ef miðað er við 6%, sem er meðaltal, nemur það um 6,5 milljörðum kr. árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu.“

Og aðeins síðar: „Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar og matsnefndarinnar eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi: a. byggingarstarfsemi.“

Ég ætla ekki að lesa meira um það, en ég tek fram að verslunin er síðust í upptalningunni í þessari röðun.

Vegna þess að svo virðist sem mestu skattsvikin séu einmitt í byggingarstarfsemi samkvæmt þessari skýrslu mætti halda að það hafi verið sérstaklega tekið á þar til að einfalda skattheimtu í þeirri grein. En ef við lítum aðeins nánar á undanþágur sem veittar eru frá söluskatti í 3. gr. frv., kafla B, þar sem upp er talin sú starfsemi og þjónusta sem undanþegin er söluskatti, þá er þar í 1. tölul., með leyfi forseta:

„Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.“ — Þetta er það sem er undanþegið. — „Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan tekur einvörðungu til vinnu á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð.“

Því hefur verið haldið fram af þeim sem eitthvað þekkja þessi mál að einmitt það atriði sem þarna stendur valdi miklu eða alla vega að þar séu miklir möguleikar til undandráttar. Ég veit ekki sjálf hversu mikil brögð eru að því, en því er haldið fram

að þeir sem vinna t.d. á byggingarstað eða vinna að mannvirkjagerð telji sig vinna meiri hlutann af öllu, sem gert er, á byggingarstað þó svo sé alls ekki í raun. Þetta veldur ákveðnum ruglingi og er síður en svo til einföldunar að hafa þetta ákvæði eins og þarna er. Ég er ekki að segja að ég geti bent á neina góða leið til að koma í veg fyrir þetta, en þetta er a.m.k. ekki mikil einföldun. Þar sem það er tekið sérstaklega fram í þeirri skýrslu sem ég vitnaði til áðan að mestu undanskotin séu í byggingarstarfsemi mætti líta betur á þetta atriði og reyna að einfalda úr því að sá er tilgangurinn með þessu frv.

Lítum aðeins nánar á 4. gr. frv. þar sem talið er upp það sem fjmrh. er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af. Það var kannski ekki síst út af þessari grein sem mig langaði sérstaklega til að fjmrh. væri staddur hér. Það var líka einmitt vegna þessa liðar sem mig langaði til að samgrh. væri hér. Ég spyr forseta hvort samgrh. sé kominn í húsið. (**Forseti:** Hann er ekki kominn í húsið, en það er búið að aðvara hann þannig að hann mun vera væntanlegur. En ég skal ganga frekar úr skugga um hvenær hans er von.) Mál mitt verður ekki langt. Ég verð að treysta á að viðskrh. komi einnig boðum til hans. Ég vil ekki tefja allt of lengi. En það sem mig langaði til að vekja sérstaka athygli á er í 10. lið í 4. gr. frv., sem verður þá 7. gr., þar sem eru talin upp þau atriði sem fjmrh. er heimilt að fella niður. Þar sem búið er að skamma fjmrh. svo mikið fyrir frv. langar mig þó til að lýsa ánægju minni með þetta atriði. Það eru að koma jól og hann verður að fá eitthvað jákvætt.

Mig langar til að beina því til fjmrh. að hann noti þessa heimild til að fella niður söluskatt eða endurgreiða — ég veit ekki hvort hann telur einfaldara, hann verður að finna það sjálfur út — búnað til notkunar við leitar- og björgunarstörf úr sjávarháska. Ég tel þetta ákaflega mikilvægt atriði. D-liður 10. liðar hljóðar svo, með leyfi forseta: „Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir eru af Silgingamálastofnun, til notkunar um borð í skipum.“ Þetta er það sem ráðherra er m.a. heimilt að veita undanþágu fyrir. Ég vek athygli á þessum lið vegna þess að í sjónvarpsfréttum, í ríkissjónvarpinu, fimmtudaginn 17. desember, var fjallað um öryggisbúninga og í fréttinni var talað um öryggisbúninga sem seldir hafa verið í Danmörku og eru stórhættulegir fyrir þá sem þá nota. Þar var m.a. talað um að sex manns hefðu beinlínis látist vegna notkunar á þessum búningum. Því var lýst þannig í fréttinni að ef búningarnir voru í vatni tóku þeir svo mikið vatn í sig að þeir sukku undan sínum eigin þunga. Þarf ekki að spyrja að því ef fólk væri í búningunum hversu þungir þeir yrðu þá. Það var talað um í þessu tilfelli í Danmörku, sem var held ég frá því 1982, þegar sex menn dóu, að þeir hefðu verið svo þungir að það þurfti þrjá menn til að lyfta þeim upp úr sjónum af því að búningarnir voru svo þungir.

Ég hef haft spurnir af því að þessir búningar væru líka til sölu á Íslandi og væri búið að selja þá hér í tvö til þrjú ár. Ég ætlaði einmitt að beina því til fjmrh. og þá um leið samgrh., sem er yfirmaður Siglingamálastofnunar, að sjá til þess að fjmrh. veiti ekki undanþágu frá söluskatti vegna slíkra búninga og að samgrh. sjái til þess að svona búningar séu ekki seldir hér á landi. Núna er kannski fólk að kaupa búninga í tilefni jólanna er til að gefa ástvinum sínum í jólagjöf. Ef þessir búningar eru til sölu hér vona ég að það sé ekki með vitund Siglingamálastofnunar. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um hversu hættulegt og hversu sorglegt þetta getur verið ef það er rétt, sem ég held að þessir búningar séu seldir í verslunum hér.

Það var einmitt þetta sem ég vildi sérstaklega koma til þeirra tveggja í fullri vinsemd og benda á að þarna verður að fara sérstaklega varlega þegar verið er að ræða um öryggisbúnað.

Ég sé það að hæstv. samgrh. hefur ekki komist í tæka tíð þannig að ég ætla að ljúka máli mínu núna en vonast til þess að hæstv. viðskrh. komi þeim boðum til bæði fjmrh. og samgrh. sem ég hef beint til þeirra.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég veiti því athygli að hér er annar fundur í gangi og ég sé ekki ástæðu til að ræða málin á meðan. (**Forseti:** Forseti var truflaður augnablik og missti af orðum hv. þm.) Ég sagði að ég sé og heyri að það er hér annar fundur í gangi þannig að ég sé ekki ástæðu til að hefja ræðu mína. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn að láta af samtölum hér innan dyra svo friður gefist til ræðuhalda í hv. deild.) Já, ég vænti þess að það verði sæmileg kyrrð yfir, ekki síst þar sem skammt er í jólahátíðina og menn væntanlega að komast í hátíðaskap, einnig hér innan veggja á hv. Alþingi, þó ástandið sé með nokkuð óvanalegum hætti í aðdraganda jólanna.

Ég hlýt, vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. og þess utan í tengslum við önnur mál, virðulegur forseti, að vekja athygli á hvernig mál eins og þetta hefur borist inn í þingið, hvaða ráðrúm við höfum haft undanfarna daga til að taka á hverju stórmálinu á fætur öðru. Ég hef fyrir framan mig útskrift yfir þingmálin og vil nefna ein átta þingmál, hvenær þau eru lögð fram. Það er í fyrsta lagi frv. um launaskatt, það kom inn í þingið 24. nóv., frv. um tekjuskatt og eignarskatt þann 4. des., um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda sama dag, 4. des., um stjórn fiskveiða, mál sem hefur verið til umræðu í sólarhring í hv. Ed., það kom inn þann sama dag 4. des., frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þann 10. des., frv. um söluskatt, sem hér er til umræðu, þann 9. des. og frv. um vörugjald og tollalög, sitt hvort frv., þann sama dag. Af þessu yfirliti mega menn ráða hvernig aðstæður eru hér til þingstarfa og um hvað við höfum þurft að fjalla hér síðustu 10–15 dagana, aðallega þó á einni viku. Það er ekki með góðri

samvisku sem maður gengur hér til afgreiðslu mála miðað við þann örstutta tíma sem er til að skoða þau og ég hygg að sú umræða sem hér hefur farið fram um málin beri þess nokkur merki að þm. eru áhyggjufullir út af starfsháttum og meðferð einstakra mála.

Ég ætla hér að ræða fyrst og fremst frv. um söluskatt og ýmislegt í tengslum við það og ég vildi óska eftir því, virðulegur forseti, að hér verði viðstaddir hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Ég treysti mér ekki til að halda áfram máli mínu nema þessir hæstv. ráðherrar séu hér viðstaddir því ég þarf að beina máli mínu til þeirra. Það þjónar ekki tilgangi að vera að endurtaka það þannig að ég óska eftir nærveru þerra. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er viðstaddur, en hins vegar mun ég koma orðum til fjmrh., hvort hann geti vikið hingað yfir, þó ég viti að hann sé við umræður í Ed. Ég mun gera ráðstafanir til þess.) Ég þakka, virðulegur forseti, og ég mun eitthvað halda áfram máli mínu og við munum þá athuga þegar ég kem sérstaklega að þáttum sem ég vil beina til hæstv. fjmrh., og þeir eru reyndar allmargir, hvort hann verður ekki kominn í þingsal. Ég vildi biðja virðulegan forseta að greina hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni frá því að ég mun aðeins víkja máli til hans vegna ræðu sem hann flutti um daginn. Ég geri að sjálfsögðu enga kröfu um að þm. sé viðstaddur, en finnst eðlilegt að hann fái um það vitneskju. (**Forseti:** Ég mun greina hv. 10. þm. Reykv. frá því.)

Það hafa komið fram undanfarna daga margar yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum og vegna þess að hæstv. forsrh. er viðstaddur er rétt að ég komi aðeins að hans þætti í þeim efnum sem tengist þeim tekjuöflunarfrv. og kerfisbreytingum í fjáröflun ríkisins sem eru til umræðu. Hæstv. forsrh. tók þátt í umræðu í gær, ég man ekki hvort það var í umræðu um söluskatt eða í þingskapaumræðu, en hann fjallaði þar um tilboð sitt til að breyta því frv. sem hér er rætt, frv. um söluskatt, á þann veg að breyting yrði á álagningu á söluskatti á fisk til neyslu. Ekki kom sú útfærsla nákvæmlega fram, en það kom fram á fundi, sem hefur verið rætt um hér í umræðunum og hæstv. forsrh. ásamt fleiri forustumönnum úr ríkisstjórnarliðinu átti með stjórnarandstöðunni sl. sunnudag, að þar bauð hæstv. forsrh. einhverja breytingu á þessum þætti fyrirliggjandi frv. Við hlýddum síðan á hæstv. ráðherra lýsa því yfir í sjónvarpi sama kvöld að það hefði komið fram tilboð af sama tagi við verkalýðshreyfinguna eða talsmenn hennar þann sama dag og um það hefur verið rætt hér að það sé nokkuð sérkennilegt að hæstv. ríkisstjórn með forsrh. hæstv. í fararbroddi sé að sýna á kort af þessu tagi á tveimur vígstöðvum í senn í von um að bitið sé á agn af þessu tagi. Hæstv. ráðherra tók það fram í umræðu í gær að það hafi ekki verið ætlunin að blanda sér inn í kjarasamninga heldur yrði um einhliða ákvörðun að ræða, en hins vegar hafði hann talið rétt að ígrunda, ég held að hann hafi notað þá sögn, „að ígrunda“, hvort ákvörðun um breytingu á álagningu söluskatts á neyslufisk gæti greitt fyrir starfi í þingsölum.

Þessi tilboð hæstv. fjmrh. eru með því sérstæðara sem fram hefur komið í þrátefli sem hér hefur verið undanfarna daga í sambandi við mál og tengjast þeirri lotu sem fram undan er hjá ríkisstjórninni, að því er hæstv. ráðherrar boða, að gera hér efnahagsráðstafanir en reyna jafnframt að stuðla að samningum á vinnumarkaði.

Ég held að sú samningatækni sem þarna er viðhöfð sé ekki vænleg af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að skila miklum árangri. Ég ætla ekki að fara að gefa þessum samningum eða samningaviðleitni hæstv. forsrh. neina nýja einkunn eða nýtt heiti. Hann notaði orðið „vöruskiptaverslun“ og neitaði því að um slíkt væri að ræða.

En ég vek athygli á því, virðulegur forseti, og vænti að boð hafi komist til hv. 10. þm. Reykv. (**Forseti:** Ég hef sent honum boð.) Er þm. í húsinu? (**Forseti:** Hann er í húsinu, já.) Þá teldi ég nú rétt að doka við í eina mínútu eða svo og vita hvort hv. þm. kemur í þingsal svo ég þurfi ekki að endurtaka mál mitt er hann birtist.

Ég sé, virðulegur forseti, að hv. 10. þm. Reykv. er genginn í þingsal. Það er af kurteisi við hann að ég óskaði eftir nærveru hans þannig að hann vissi að ég ætlaði aðeins að víkja orði að máli hans í gær í umræðu um frv. það sem hér er rætt. Það tengist tilboðum hæstv. forsrh. til stjórnarandstöðu, til aðila á vinnumarkaði. Það upplýstist í ræðu hv. 10. þm. Reykv. að það væri þriðji vettvangurinn þar sem þetta tilboð hefði átt að hrífa, um að breyta álagningu söluskatts á neyslufiski. Þessi þriðji aðili er þingflokkur Framsfl. eða a.m.k. hluti þess þingflokks. Þetta kom skýrt fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv. því að hann greindi frá því að það hefðu verið þungar áhyggjur í þingflokki framsóknarmanna út af verðhækkunum, eins og hv. þm. sagði, ekki aðeins á fiski heldur einnig á brauði, og þess vegna hefði viðtalið við hæstv. forsrh. í sjónvarpi sl. sunnudagskvöld orðið sér sérstakt gleðiefni. Þarna er þriðji aðilinn sem hæstv. forsrh. er að tala til með þessum annars óútfyllta víxli sínum, þ.e. einn af þremur samstarfsaðilum í ríkisstjórn.

Hv. 10. þm. Reykv. taldi að hér væri um mjög mikilvægt atriði að ræða og hér væri komið til móts við þær sterku raddir sem hafa verið innan þingflokks Framsfl. að þessu leyti þannig að hæstv. forsrh. er í gervi huggarans á mörgum vígstöðvum í senn eins og sjá má af þessu. (**Forsrh.:** Hefur hann nokkuð á móti því, hv. þm.?) Nei, en þetta er afskaplega athyglisverð samningatækni, svo notað sé orð sem þekkt er á vinnumarkaði og hæstv. forsrh. kannast við. En þetta var ekki upplýst, þessi þriðja „addressa“ var ekki upplýst fyrr en hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson greindi frá áhyggjum þingflokks framsóknarmanna og hvernig menn hefðu kippst við, hvernig hjarta þeirra hefði tekið kipp þegar þeir heyrðu í hæstv. forsrh. í sjónvarpi. Má nú segja að ekki þarf mjög mikið á þeim bæ til

huggunar og ekki virðist vera að menn standi þar fast í ístaðinu þegar verið er að semja um málin á vettvangi ríkisstjórnar, hvað þá þegar þingflokkar eru að fjalla um málin, og kemur það út af fyrir sig ekki mjög á óvart þar sem Framsfl. er annars vegar því að honum reynist það afskaplega hægt og auðvelt að tala tveimur tungum. Það er hans eðli. Hæstv. forsrh. veit það og hann notfærir sér það. En samstarfsaðilar í ríkisstjórn hafa mátt reyna þessa náttúru, þetta eðli Framsfl. óspart að undanförnu, m.a. í formi yfirlýsinga í fréttamiðlum fyrir utan þau orð sem falla á þingi.

En hv. 10. þm. Reykv. sagði eitt sem ég held að sé nauðsynlegt að árétta ef það hefur farið fram hjá hæstv. forsrh., hann sagði eitt til viðbótar, þannig að huggarinn á stjórnarheimilinu geti haft það í huga næst þegar hann kemur á sjónvarpsskjáinn og fjallar um söluskattinn. Það var eitthvað á þessa leið af vörum hv. 10. þm. Reykv.: Brauðið er reyndar eftir. Fiskurinn er kominn að mati hv. þm., enda búið að heita því af hæstv. forsrh., en brauðið er reyndar eftir og eftir er að sjá hvort leiðir finnast varðandi það líka. **(Forsrh.:** Hv. þm. hefur ekki minnst á leikina.) Hæstv. forsrh. er með eitthvert innskot og kannski ég ætti að víkja aðeins úr ræðustól og leyfa honum að blanda sér í umræðuna með beinum hætti. Ég hefði ekkert á móti því, virðulegur forseti, alls ekkert. **(Forseti:** Þess verður ekki farið á leit. Ég vil aðvara þingdeildarmenn og minna þá á að hv. ræðumaður hefur orðið.) Ég hef, virðulegur forseti, síst á móti því að eiga orðastað við hæstv. ríkisstjórn meðan ég stend í ræðustól því það er ekki svo auðvelt að fá hæstv. ráðherra til að taka mikinn þátt í umræðum, efnislegum, um þessi mál.

En það er sannarlega orð að sönnu hjá hv. talsmanni Framsfl. í þessari umræðu, 10. þm. Reykv., að það er margt tilfinnanlegt sem tengist þeim söluskatti sem leggst á matvörur í landinu og þar er brauðið eftir og margt, margt fleira.

Hv. þm. gat um eitt atriði til viðbótar og það er kannski svolítið minna mál þannig að hæstv. forsrh. gæti haft það í huga ef hann ætlar ekki að spila stórt út gagnvart þingflokki Framsfl. næst. Það er atriði sem stjórnarandstaðan flutti um brtt. í hv. Ed., þættir eins og heilsurækt af ýmsu tagi og kvikmyndir o.fl. Hv. 10. þm. Reykv. nefndi heilsuræktina sérstaklega.

Já, ég nefndi það, virðulegur forseti, að Framsfl. kæmi kannski ekkert á óvart upp á síðkastið, en kveðjurnar sem gengið hafa fram frá hæstv. utanrrh., sem er nú utan þings þessa dagana en hér situr varamaður hans, hafa verið í snarpara lagi, þær yfirlýsingar sem fram hafa komið af hálfu hæstv. forsrh. Nægir í því sambandi að vísa til viðtals sem birtist við hæstv. utanrrh. laugardaginn 19. des. sl. þar sem hæstv. ráðherra í rauninni afneitar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar næstum „en gros", næstum í heild sinni. Hann munar ekkert um það, hæstv. ráðherra, að gefa þær yfirlýsingar þann 19. des. eftir að það var í Morgunblaðinu, líklega 5. des., á þessari gleðistundu sem rann yfir ríkisstjórnina og eigum við ekki að ætla landslýðinn líka, þann 5. des., að menn lásu í Morgunblaðinu um samkomulag ríkisstjórnarinnar um skatta- og tollabreytingar sem hér liggja fyrir. Þá tók sig til hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sem er afbragðs túlkandi stefnu þess flokks með tvær tungur uppi þegar henta þykir, og greindi frá því, sem er svolítið á skjön við það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði okkur hérna, að það væru miklar og þungar áhyggjur í þingflokki Framsfl. út af fiski, út af brauði, út af heilsurækt og hver veit hverju, en þetta kemur eftir að hæstv. utanrrh. lýsir yfir eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta, í Morgunblaðinu 5. des. sl. Þar er eftir honum haft svo látandi:

„Steingrímur Hermannsson utanrrh. sagðist vilja leggja á það verulega áherslu að full samstaða væri á milli stjórnarflokkanna um þessi mál, en enginn vafi léki á að hægt væri að finna að ýmsum atriðum þegar svona mikilvægar breytingar væru gerðar. Í heild væru þó langtum fleiri atriði til bóta og ýmsir agnúar hefðu verið sniðnir af í meðferð þessara mála síðustu daga."

Og einnig segir hæstv. utanrrh. við blaðamann Morgunblaðsins: „Steingrímur sagðist jafnframt vilja leggja á það áherslu að enn væru í söluskattskerfinu fjölmargar undanþágur sem ekki hefði tekist að ráða við og yrði ekki fyrr en með virðisaukaskattinum. Þar væri enn þá margt ógert sem ríkisstjórnin muni taka á á næsta ári."

Nú veit ég ekki hvort þessi upplestur úr Morgunblaðinu á orðum hæstv. utanrrh. hefur orðið til hugarléttis fyrir hv. 10. þm. Reykv. sem var í ræðu sinni í gær að lýsa áhyggjum þingflokks framsóknarmanna ofan í þær gildu yfirlýsingar, þær ákveðnu yfirlýsingar sem formaður flokksins, hæstv. utanrrh., gaf þegar stóra stundin rann upp 4. eða 5. des. og ríkisstjórnin gerði samkomulag um skatta- og tollabreytingar sem síðan hefur snjóað yfir Alþingi á dögum sem síðan eru liðnir.

En það má segja að vinarþelið á ríkisstjórnarheimilinu sé með nokkuð svipuðum hætti og verkstjórnin á Alþingi undir forustu hæstv. forsrh. sem auðvitað er sá sem er þar við stýrið fyrst og fremst. Hnúturnar ganga á milli, ekki aðeins varðandi söluskatt heldur varðandi aðra þætti eins og vextina, eins og vaxtamálin sem rædd voru í gær, m.a. ítarlega af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni sem mælti margt skynsamlegt í þeim efnum. Þar skortir ekki yfirlýsingarnar og þær ganga dálítið á víxl.

Við minnumst merkrar stefnuræðu hæstv. forsrh. á Alþingi í októbermánuði síðla. Þar sagði forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar um vaxtamálin sem eru eitt helsta afrek fyrri ríkisstjórnar og boðað var sem þáttaskil í Íslandssögunni af hæstv. forsrh. í ágúst 1985 þegar frjálsræðið var innleitt í vaxtamálum á Íslandi. Og hæstv. forsrh. hnykkti á í stefnuræðu sinni með svofelldum orðum um þetta efni, með leyfi virðulegs forseta:

„Ákvörðun um að heimila bönkum og sparisjóð-

um að ákveða eigin vexti í ágúst 1984“ — Ég hef farið áravillt, hæstv. forsrh., ef þetta er rétt ártal hér. Ég bið velvirðingar ef svo er sem trúlegt er. — „var fyrsti áfangi á braut frjálsræðisþróunar á peninga- og lánsfjármarkaði hér á landi. Síðan hefur hver áfanginn rekið annan í átt til aukins frjálsræðis á þessu sviði. Þessi grundvallarbreyting hefur verið mikilvæg forsenda vaxtar í þjóðarbúskap okkar Íslendinga.“

Þetta segir hæstv. ráðherra í stefnuræðu sinni í október sl. varðandi vaxtamálin og væri nú gott ef hæstv. viðskrh. að fjmrh. fjarverandi vildi vera viðstaddur til að bera á milli þau efni sem að þessu snúa, að þeim sem flytur hér inn í þingið frv. til l. um söluskatt sem tengist að sjálfsögðu verðþróunarmálum í landinu.

En hæstv. utanrrh. er ekki aldeilis á sama máli og forsrh. í þessu efni því hann segir í Tímanum sl. laugardag, hæstv. utanrrh., virðulegur forseti, ég vona að ég hafi leyfi til að vitna til orða formanns Framsfl.:

„Ég vil því segja að núna þegar það virðist vera orðið almennt viðurkennt að raunvextir hér á landi séu allt upp í þriðjungi til tvöfalt hærri en gerist í nágrannalöndum okkar, eins og kom glöggt fram í yfirlitinu í Tímanum, þá held ég nú að menn hljóti að fara að viðurkenna að svona getur ekki gengið. Þetta mun ríða fjölmörgum fyrirtækjum að fullu og getur ekki gert annað en að blása mjög í glóðir verðbólgunnar. Ég er því ósammála því, sem kom fram hjá viðskrh. Jóni Sigurðssyni, að menn ættu nú að bíða og sjá til hvort þetta markaðslögmál virki. Ég er ansi hræddur um að menn bíði of lengi og skaðinn verði orðinn of mikill. Ég legg á það áherslu að þeir sem með peningamálin fara geri strax tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að draga úr vaxtamun bankanna og draga úr þessu raunvaxtaokri sem er að drepa hér annað hvert fyrirtæki.“

Þetta segir formaður Framsfl., maðurinn sem var í forsæti þeirrar ríkisstjórnar sem innleiddi þessa vaxtaokurstefnu, sem tók þær ákvarðanir sem leitt hafa til þeirrar dæmalausu vaxtaokurstefnu sem hér ríkir og er einsdæmi í Evrópu a.m.k.

Og hvað skyldi svo ganga eftir? Ætli þetta sé bara eitt af þessum áhyggjuópum sem hæstv. utanrrh. er að flytja út úr þingflokksherbergi Framsfl. til að hugga menn þar, hugga þingflokkinn sinn, að hann hafi nú nefnt þetta í Tímanum 19. des., geti vísað til þess, bent á að hann sé ekki sammála hæstv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni í vaxtamálum. Það skyldi nú ekki vera. Eða meinar Framsfl. nokkurn skapaðan hlut með því sem forustumenn hans eru að segja? Er ekki bara á ferðinni þessi gamla saga, þessi alþekkta saga, hvernig Framsfl. leikur það af talsverðri list og nokkurri reynslu að mæla tveimur tungum og meina í rauninni ekkert með því hvort er nú reynt að tala til vinstri eða til hægri. Aðalatriðið er að miðjumoðið blífi.

Hæstv. viðskrh. vill doka við og sjá til enda þessarar þróunar, hvort það gerist nú ekki, eins og hann og seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, hafa trú á, að það komi sú stóra stund á Íslandi að markaðslögmálin hvað snertir fjármagnskostnað fari að virka á Íslandi. Ég spyr hæstv. viðskrh. og fjmrh. og ekki síst hæstv. forsrh.: Hvað ætla þeir að bíða lengi? Hefur það verið tímasett? Er það út næsta ár? Er það til loka kjörtímabilsins sem þeir ætla að doka við og sjá hvort vaxtamarkaðslögmálin fari ekki að virka og það fari að slá á eftirspurn eftir lánum á Íslandi vegna þeirrar vaxtastefnu sem hér er rekin og þeir hafa trú á að verði til að hamla eftirspurn eftir lánsfé og draga úr þenslu.

Ég komst ekki hjá því, virðulegur forseti, að nefna þessi atriði í tengslum við þetta mál vegna þess að allt er þetta ein samvafin heild, þessi efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar. (**Forseti:** Ég vil geta þess við hv. ræðumann að ég sagði í upphafi fundar að við mundum gefa fundarhlé um það leyti sem fundi í Ed. lyki og ráðgast þá þingforsetar og jafnvel formenn þingflokka um áframhaldið. Nú er fundi lokið í Ed. og mun ég gefa hv. ræðumanni færi á því, ef hann er með einhver kaflaskipti í ræðu sinni, að ljúka máli sínu á örfáum mínútum en síðan verður gefið fundarhlé til kl. hálftvö.) Já, virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þau skilaboð og ég vil nota mér það að gera þáttaskil í ræðu minni og taka fáeinar mínútur í viðbót sem snerta þau einkennilegu skilaboð sem fara fram ekki aðeins hér í umræðum á Alþingi heldur ekki síður á síðum stjórnarmálgagnanna, málgagna ríkisstjórnarinnar, milli hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni varðandi efnahagsmál og þau frv. sem við erum að ræða á Alþingi. Það skal ekki þurfa að vera mjög langt og ég bið virðulegan forseta að spara ekki að gefa mér merki ef hann telur að mál sé að fresta fundi því að ekki ætla ég að hafa á móti því að menn taki sér hlé. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að fresta fundi um tólfleytið þannig að það er heimilt að halda áfram ræðunni að sjálfsögðu.) Já.

Nýjast af nálinni, virðulegur forseti, í þeim sérkennilegu skilaboðum sem ganga á milli hæstv. ráðherra í ríkisstjórn kemur fram sl. sunnudag í Morgunblaðinu og kann þó að vera að blöð dagsins, þessa þriðjudags, hafi ný boð að flytja, en ég hef ekki haft tóm til að fara í gegnum þau. En þar talar hæstv. fjmrh., sem enn er fjarri góðu gamni, og nú spyr ég virðulegan forseta: Er hæstv. fjmrh. ekki í seilingarfjarlægð eða kallfæri? Varla er hann bundinn við umræðum í Ed. lengur. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að við munum hafa misst hæstv. fjmrh. úr húsinu. Ég mun láta ganga úr skugga um það.) Já, en hæstv. viðskrh. situr hér stilltur og prúður og ég treysti honum fyllilega til að færa á milli þær athugasemdir sem ég ætlaði að gera hér því ég vil síst verða til að tefja þingstörfin á þessum annasömu dögum.

En þetta snertir þær yfirlýsingar sem er að finna í máli hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu sl. sunnudag. Morgunblaðið greinir frá því eftir að hafa gefið

þessu fyrirsagnir með svofelldum orðum. Virðulegur forseti. Ég vitna í Morgunblaðið:

„Fjmrh. sagði í ræðu á Alþingi aðfaranótt fimmtudags að ástandið væri þannig nú að það kallaði á umtalsverðar efnahagsaðgerðir. Þegar Morgunblaðið spurði fjmrh. hvað hann ætti við sagði hann að síðan ákvarðanir voru teknar á miðju sumri um t.d. að frysta hluta af uppsöfnuðum söluskatti vegna sjávarútvegs hefði efnahagsástandið snúist til hins verra og nú væri ljóst að bæta þyrfti starfsskilyrði atvinnuveganna og sérstaklega fiskvinnslunnar."

Og áfram segir ráðherrann samkvæmt Morgunblaðinu: „Jón Baldvin sagði að þáttur í lausn þessa vanda væri traustur ríkisfjárhagur en einnig þyrfti að koma böndum á fjármagnsmarkaðinn og koma á hóflegum raunvöxtum."

Hér stoppa ég tilvitnun í Morgunblaðið. Það er tvennt hérna, virðulegur forseti, að endurskoða þyrfti bindingu eða frystingu eins og það er kallað á uppsöfnuðum söluskatti vegna sjávarútvegs. Við vorum að ræða þetta efni fyrir helgina, við vorum að ræða um launaskatt á sjávarútveginn og við vorum að ræða um uppsafnaðan söluskatt á fiskvinnsluna og við gengum á hæstv. ráðherra hvort það væri nú ekki ráð að breyta til, doka við, og við greiddum atkvæði gegn þessum launaskatti á fiskvinnsluna. En hæstv. ráðherra, sem tók loks til máls í þessu máli, gaf ekki á því nokkurn kost. Síðan kemur hann fram í Morgunblaðinu og fer að viðra þá hugmynd, sennilega gagnvart fiskvinnslunni, að þarna sé kannski pínulítið agn sem þeir ættu nú að athuga, talsmenn fiskvinnslunnar, en segir svo síðar í sama viðtali, dregur í land, því það er verið að veifa þessu agni ekki bara gagnvart fiskvinnslufyrirtækjunum heldur gagnvart launafólki, Verkamannasambandi Íslands. Og í þriðja lagi segir ráðherrann: En það má ekki raska jafnvægi í ríkissjóði því það er lykillinn að þessu.

Hér eru á ferðinni mjög svipuð og áþekk vinnubrögð og hjá hæstv. forsrh. í sambandi við söluskatt á fiski. Það er talað til margra átta í senn. Verið að sýna eitthvert agn og aðilum er ætlað að bíta á það. Í þessu tilviki kemur fjmrh. og heldur lokinu yfir sínum ríkissjóði áfram, en segir: Ég er hérna með uppsafnaðan söluskatt. Hann gæti kannski hjálpað eitthvað í fiskvinnslunni. Hann gæti kannski hjálpað í sambandi við þá kjarasamninga sem fram undan eru. Hvers konar ríkisstjórn er þetta? Hvers konar vinnubrögð eru hér á ferðinni? Ráðherrarnir eru að veifa plöggum, en það er ekki nokkur leið að greina hverjum merkið er ætlað, nema það er ljóst að það er ætlað mörgum í senn. Þetta sýnir ráðleysi sem ríkir á ríkisstjórnarheimilinu og það sýnir þann pólitíska vanda sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir vegna innra sundurþykkis og ósamkomulags sem endurspeglast í endurteknum stórum yfirlýsingum einstakra ráðherra, hnútum hver í annan á síðum málgagna ríkisstjórnarinnar og svo leikflétta af því tagi sem hér er á ferðinni af hálfu hæstv. forsrh. og ég hef vitnað til og hæstv. fjmrh. og gjarnan má hæstv. utanrrh. fylgja með í þeirri upptalningu.

En svo er það, virðulegur forseti, aðeins ein ábending inn í þetta einkennilega púsluspil til viðbótar. Ég þarf ekki að minna hæstv. viðskrh. á hvernig hv. þm. Árni Gunnarsson reynir að skapa sér fríspil í Alþfl. í sambandi við vaxtastefnuna sem viðskrh. afneitar jafnóðum. Ég ætla ekki að gera mikið úr því. Það er viðlíka eins og þegar hv. 10. þm. Reykv. er að tala um að nú sé brauðið eftir og að það þurfi að fá breytingar á því. En það er eitt stærra atriði sem ég vil nefna og það tengist húsnæðismálunum.

„Einnig kæmi til greina að hætta að binda ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í byggingarlánasjóðum ríkisins. Ef það fé færi án skuldbindinga á fjármagnsmarkaðinn mundi framboð á lánsfé aukast og vextir minnka."

Hann sagði síðan að endurskipuleggja þyrfti verðbréfamarkaðinn sem nyti ýmissa forréttinda umfram bankakerfið.

Hvað er hér á ferðinni? Við vorum að afgreiða sl. laugardag, virðulegur forseti, í þessari deild svokallað húsnæðisfrv. sem alþýðuflokksmenn hafa verið að reyna að gera að einhverjum tíðindum en öllum er að verða ljóst að er í rauninni afskaplega lítið mál og leysir ekkert þann vanda sem við er að fást í húsnæðislánakerfinu. En svo kemur yfirráðherra fjármálanna, hæstv. fjmrh., með þau skilaboð til hæstv. félmrh. væntanlega í gegnum þetta viðtal að það komi vel til greina að hætta að binda ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í byggingarlánasjóðum ríkisins. Hvað er hér á ferðinni? Er þetta ætlun ríkisstjórnarinnar í alvöru? Eru menn búnir að gefast upp á því verkefni að semja við lífeyrissjóðina? Er það bara farið? Það virðist eins og enginn hafi tekið eftir þessum orðum hæstv. fjmrh. í víðlesnasta blaði landsins. Er það vegna þess að ráðherrar eru orðnir svo marklausir á Íslandi að tíðindi af þessu tagi þykja ekki lengur fréttnæm, að hætta að binda fjármagn lífeyrissjóðanna í byggingarsjóðum ríkisins þó menn hafa verið að veifa einhverjum lausnum framan í 10 000 umsækjendur sem bíða eftir lánum? Nei, það er hrein ráðgáta hvernig menn ætla að sigla áfram og það er best að hafa kaflaskilin þar, virðulegur forseti. — [Fundarhlé.]

Umræðu frestað.

Kveðjur.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Síðan fundi var frestað höfum við forsetar og formenn þingflokka rætt saman. Það hefur verið ákveðið, þar sem sýnt er að umræðum um söluskatt lýkur ekki á þessum fundi, að slíta nú þessum fundi og það verði hlé fram að fundum í sameinuðu þingi sem hefjast væntanlega upp úr kl. hálfþrjú þegar

umræðum lýkur í Ed. Þá hefst 3. umr. fjárlaga. Það verður því ekki fleira gert á þessum fundi og þetta er auk þess síðasti fundur sem haldinn verður í þessari hv. þingdeild fyrir jólahelgina.

Af því tilefni vil ég leyfa mér að þakka hv. þingdeildarmönnum gott samstarf það sem af er þingtímanum. Ég þakka varaforsetum og skrifurum mikilsverða aðstoð við mig við fundarstjórn. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins þakka ég vel unnin störf þessa annasömu daga. Hv. þingdeildarmönnum og starfsfólki Alþingis óska ég gleðilegra jóla, farsæls nýárs og ég vona að við hittumst öll heil þegar Alþingi tekur til starfa aftur eftir hlé nú að lokinni jólahelginni.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Ég þakka honum sanngjarna fundarstjórn og ágæta forustu um þingstörfin. Fyrir hönd okkar allra óska ég honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég einnig þakka skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis öllu vel unnin störf, óska því og fjölskyldum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og leyfi mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á ný að loknu þinghléi. Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir vinsamlegar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og ég endurtek þakkir mínar og heillaóskir til þingdeildarmanna og starfsfólksins og ég endurtek að ég vona að við hittumst hér heil þegar þing kemur til starfa aftur nú að lokinni jólahelginni.

SAMEINAÐ ÞING

37. fundur, þriðjudaginn 22. des., kl. 2.55 miðdegis.

Fjárlög 1988, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 301, brtt. 321, 322, 323, 394, 395.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Fjvn. hefur nú lokið störfum fyrir 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1988. Nefndin hefur á sínum síðasta fundi, sem haldinn var fyrir 30 mínútum, afgreitt formlega tillögu um skattvísitölu sem verður ný 7. gr. í frv., svo og tillögur um viðbót við heimildagrein frv., 6. gr. Þessum tillögum ásamt örfáum öðrum mun verða dreift í sérstöku þskj. sem er nú verið að ljúka við prentun á.

Þá hefur nefndin einnig á sínum síðasta fundi nú afgreitt tillögu ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu söluskatts á neyslufiski, svo og tekjuöflun í því skyni. Sú heildarafgreiðsla mun auka útgjöld fjárlaganna um 30 millj. kr. Þessar afgreiðslur hefur nefndin þegar gert og munu þær tillögur verða lagðar fram á hinu háa Alþingi innan örfárra mínútna, en tillögurnar eru nú í ljósritun eins og ég áður sagði.

Tillögur þær sem frá fjvn. berast og ég mæli fyrir að þessu sinni eru á þrem þskj. Fyrst eru það brtt. við 3. gr. fjárlaganna, tekjugreinina, og eru þær tillögur frá meiri hl. fjvn. og prentaðar á þskj. 394. Á sama þskj. frá meiri hl. fjvn. eru prentaðar brtt. við 5. gr. fjárlagafrv., þ.e. brtt. er varða rekstur svokallaðra B-hluta stofnana. Þessum tillögum tengjast ákvarðanir um gjaldskrárbreytingar sem nánari grein verður gerð fyrir síðar í framsögu.

Á þskj. 395 eru síðan brtt. sem fjvn. stendur öll að og eru það brtt. við 4. gr. frv., þ.e. við útgjaldahliðina, svo og við 6. gr. frv., heimildagreinina. Varðandi þessar tillögur ber að taka fram að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., sem standa að brtt. á þskj. 395, áskilja sér að sjálfsögðu rétt til þess að flytja aðrar brtt. en þar koma fram svo og að fylgja öðrum brtt. sem kunna að koma fram frá öðrum hv. þm. við 3. umr.

Þá flytur nefndin sameiginlega brtt. á þskj. sem enn hefur ekki verið útbýtt og veit ég því ekki þingskjalsnúmerið og eins flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. um skattvísitölu, um nýja 7. gr., sem einnig er á leiðinni, sem ekki hefur enn verið gefið þingskjalsnúmer, en ég vona, hæstv. forseti, að til að spara tíma verði mér veitt heimild til að mæla fyrir þessum brtt. öllum í þessari framsöguræðu, enda á ég von á að umræddum tveimur þskj., sem nú er verið að ljósrita, verði útbýtt meðan á ræðu minni stendur.

Það yfirlit yfir tekjur og gjöld sem ég gef hér á eftir í ræðu minni er miðað við að tillögur fjvn. svo og tillögur meiri hl. fjvn. á öllum þeim þskj. sem ég hef hér getið um verði samþykktar.

Áður en tekið er til við að gera grein fyrir einstökum brtt. fjvn. og meiri hl. nefndarinnar og áhrif þeirra skýrð vil ég í örfáum orðum endurtaka þakkir mínar, sem ég viðhafði í 2. umr. í garð samnefndarmanna minna í fjvn., bæði meirihlutamanna og fulltrúa stjórnarandstöðu. Samstarfið í fjvn. hefur verið gott og fundastörf gengið greiðlega. Einnig vil ég þakka ritara nefndarinnar, starfsfólki hagsýslu, starfsfólki Ríkisendurskoðunar, starfsfólki í Þórshamri og í Alþingishúsinu, en allt þetta fólk, sem unnið hefur með fjvn., hefur lagt sig fram um að veita nefndarmönnum aðstoð og greiða götu þeirra.

Eins og að vanda lætur kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar til fundar við fjvn. fyrir 3. umr. fjárlaga og

lagði fyrir nefndina endurskoðaða tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1988, en þá endurskoðun hafði Þjóðhagsstofnun unnið í samráði við fjmrn. að beiðni fjvn. Þessi endurskoðun náði annars vegar til áætlana um tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 í ljósi nýjustu upplýsinga um innheimtu tekna á síðustu mánuðum og hins vegar til tekjuáætlunar fyrir næsta ár vegna breytinga sem ákveðnar hafa verið og fyrirhugaðar eru á tekjuöflun ríkissjóðs. Inn í þær breytingar hafa verið metin áhrif þeirra breytinga sem Alþingi hefur nú þegar gert á þeim þáttum, sérstaklega um breytta verkaskiptingu, sem áhrif hafa á niðurstöðutölu fjárlaga. Þannig hafa útgjöld til tónlistarfræðslu verið hækkuð í tillögum fjvn. um 52 millj. kr. og greiðslur í Jöfnunarsjóð lækkaðar um sömu upphæð vegna þeirrar ákvörðunar sem felst í tillögum félmn. Nd. Alþingis um frestun á því að kostnaður við tónlistarfræðslu færist alfarið af ríkissjóði og yfir til sveitarfélaganna. Hin endurskoðaða tekjuáætlun byggist því á þeim afgreiðslum sem framast er nú vitað að Alþingi muni hafa á tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar svo og þeim frv. öðrum, eins og varðandi breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem tengjast afgreiðslu fjárlaga. Að öðru leyti byggist tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. á forsendum þjóðhagsáætlunar sem lögð var fram á sama tíma og fjárlagafrv. í október um almennar efnahagshorfur á næsta ári.

Það má teljast til nýmæla við fjárlagaafgreiðslu nú að þegar fyrir 2. umr. fjárlaga gerði Þjóðhagsstofnun fjvn. grein fyrir bráðabirgðaáætlun um endurskoðaða tekjuhlið fjárlaganna, en þá kom fram að ýmislegt benti til þess að endurskoða þurfi sumar forsendur þjóðhagsáætlunar sem fjárlagafrv. byggir á. Í greinargerð Þjóðhagsstofnunar til fjvn. frá 12. des. sl., sem rakin var við 2. umr. fjárlaga, var sérstaklega tekið fram í þessu sambandi að horfur væru á meiri viðskiptahalla á næsta ári en spáð hafði verið og enn fremur er auðvitað ekkert vitað nú fremur en þá um innihald launasamninga annarra en þeirra sem þegar hafa verið gerðir við opinbera starfsmenn. Einnig liggur enn ekki fyrir afgreiðsla Alþingis á lögum um stjórn fiskveiða þannig að enn sem komið er verður ekkert fullyrt um hvaða áform verða um fiskafla á næsta ári. Eins og frá var skýrt við 2. umr. fjárlaga hefur sú ákvörðun að sjálfsögðu mikil áhrif á helstu þætti í þjóðarbúskapnum.

Eins og fram kom þegar við 2. umr. fjárlaga vinnur Þjóðhagsstofnun nú að endurskoðun þjóðhagsáætlunar, en telur sér ekki fært að ljúka henni fyrr en eftir áramót þar sem svo mikilvægar forsendur þjóðhagsspár eru enn óráðnar. Gefur auga leið að ekki er hægt að ljúka slíkri endurskoðun fyrr en fyrir liggja öruggar upplýsingar um ýmsa þá þætti sem ég hef þegar nefnt, svo sem eins og launamál og ákvarðanir um heildaraflamagn. Svo miklu máli skipta þessar efnahagsstærðir í spá um afkomu þjóðarinnar að til lítils er að ljúka endurskoðun á þjóðhagsáætlun fyrr en meira er vitað en nú.

Eins og raunar kom fram þegar fyrir 2. umr. hafa orðið verulegar breytingar á tekjuáætlun fjárlagafrv. sem lagt var fram í október. Þær breytingar tengjast að sjálfsögðu ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gerbreytingar á öllum mikilvægustu tekjustofnum ríkisins svo og þeim hliðarráðstöfunum, svo sem eins og hækkun barnabóta og ellilífeyris, sem ríkisstjórnin hyggst grípa til í því skyni að bæta kjör hinna lægst launuðu og barnafólks í landinu. Ég vek hins vegar athygli á því að ekki er nú um stórvægilegar breytingar að ræða ef miðað er við bráðabirgðatölur þær um endurskoðaða tekjuáætlun sem kynntar voru fjvn. þann 12. des. sl. og gerð var grein fyrir við 2. umr. fjárlaga.

Breytingar frá bráðabirgðatölunum sem kynntar voru fyrir 2. umr. og til hinnar endanlegu áætlunar sem lögð var fram nú eru svo óverulegar að mér kemur satt að segja á óvart að sjá í blöðum umfjöllun um hina endurskoðuðu tekjuáætlun eins og um einhverjar nýjar fréttir væri að ræða. Meginniðurstaðan hefur þegar komið fram og á henni hafa litlar breytingar orðið. Einu breytingarnar eru hækkun óbeinna skatta um samtals 320 millj. kr. þar sem verulegur hluti eða allt að 200 millj. kr. skýrist af auknum hagnaði af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, en í viðræðum við fjvn. milli 2. og 3. umr. lét forstjóri stofnunarinnar þess getið að rekstrarútkoma ársins 1987 hjá stofnuninni benti ótvírætt til þess að hagnaður ÁTVR yrði á næsta ári 150–200 millj. kr. meiri en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Á þeim upplýsingum stofnunarinnar sjálfrar byggjast áformin um aukinn rekstrarhagnað í brtt. meiri hl.

Í þskj. 394 eru tólf tillögur frá meiri hl. fjvn. 1. till. er um breytingar á tekjugreininni, 3. gr., og eru þar raktar þær breytingar sem verða á tekjuöflunarkerfi ríkisins, annars vegar að teknu tilliti til endurskoðaðra veltumagns- og verðbreytinga og hins vegar með hliðsjón af þeim áformum sem fram koma í frv. þeim er varða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og breytta verkaskiptingu sem nú liggja fyrir þinginu.

Í brtt. 1 á þskj. 394 frá meiri hl. er hver skattstofn fyrir sig uppfærður með tilliti til þeirra breytinga sem ég hef rakið. Samandregin heildaráhrif eru þau hvað varðar óbeina skatta að tekjur af söluskatti hækka um 5 milljarða 427 millj. kr. Á móti þessari hækkun söluskatts kemur lækkun tolla og vörugjalds að fjárhæð 2 milljarðar 402 millj. kr. Aðrir óbeinir skattar hækka síðan um 320 millj. kr., en þar af er aukinn hagnaður af rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins metinn 200 millj. kr. eins og ég sagði áður. Nettóhækkun óbeinna skatta nemur þannig skv. brtt. meiri hl. 3 milljörðum 390 millj. kr.

Beinir skattar hækka hins vegar nettó um 8 millj. kr. Skýrist það af því að eignarskattar hækka alls um 188 millj. kr. og er það eingöngu afleiðing af hækkun á fasteignamati milli ára svo og vegna bættrar innheimtu eignarskatts félaga. Tekjuskattar félaga hækka hins vegar um 140 millj. kr. vegna aukinna tekna félaga og bætts innheimtuhlutfalls, en á móti hækka barnabætur að tillögu ríkisstjórnarinn-

ar um 320 millj. kr. þannig að tekjuskattar í heild lækka um 180 millj. kr. Í heild hækka því beinir skattar aðeins um 8 millj. kr. eða úr 8 milljörðum 247 millj. kr. skv. fjárlagafrv. í 8 milljarða 255 millj. kr. skv. niðurstöðum í tillögum meiri hl. fjvn. Á móti þessari hækkun skatta koma svo, eins og áður hefur verið bent á, stóraukin framlög til niðurgreiðslna svo og hækkaður ellilífeyrir, auk hækkunar barnabóta sem þegar hefur verið á minnst.

Verði brtt. meiri hl. fjvn. á þskj. 394 við 3. gr. samþykktar verða heildartekjur ríkissjóðs í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 áætlaðar 63 milljarðar 91 millj. kr. sem er hækkun frá framlagningu frv. að fjárhæð 3 milljarðar 528 millj. kr. eða um 5,9%.

Miklar umræður hafa orðið á Alþingi sem annars staðar um þau tekjuöflunaráform sem felast í fjárlagafrv. og fylgifrv. þess. Auðvitað er það ljóst að í þeim áformum felst nokkur aukin skattheimta frá yfirstandandi ári, enda urðu tekjur ríkissjóðs á því ári lægra hlutfall af landsframleiðslu en gert var ráð fyrir, einkum og sér í lagi vegna mikils launaskriðs og veltubreytinga sem orðið hafa.

Miðað við óbreyttar aðstæður hefðu gjöld ríkisins í fjárlögum ársins 1988 orðið um það bil 8 milljörðum kr. umfram tekjur. Slíkur hallarekstur hefði ekki aðeins verið með öllu óviðunandi heldur í senn ábyrgðarlaus og stórhættulegur. Ríkisstjórnin tók því þá ákvörðun að stefna að hallalausum ríkisbúskap á árinu 1988. Það segir sig sjálft að án mjög verulegra kerfisbreytinga í ríkisrekstrinum, meiri kerfisbreytinga en aðstæður voru til að fá framkvæmdar á nokkrum mánuðum, hefði ekki verið unnt og verður ekki unnt að ná niður slíkum umframútgjöldum með niðurskurðinum einum saman.

Reynt hefur verið af fremsta megni að halda í við útgjaldaáform og draga saman seglin í rekstri ríkisins og stofnana þess og framast hefur verið unnt, eins og marka má af því að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu, bæði innan veggja Alþingis og utan, eru sáróánægðir með þær niðurstöður um fjárveitingar til framkvæmda og viðfangsefna sem felast í þessu fjárlagafrv. Slíkur niðurskurður getur þó einn alls ekki jafnað 8–10 milljarða mun á útgjöldum og tekjum miðað við óbreyttar aðstæður og var því ekki um annað að ræða og verður ekki um annað að ræða, ef menn vilja koma í veg fyrir hallarekstur á ríkissjóði, en að bæta nokkuð tekjur ríkisins og hefur það verið gert.

Það er hins vegar mikill misskilningur að með þessum áformum sé stefnt í miklu meiri skattbyrði og hærri skattlagningu hlutfallslega en fordæmi séu fyrir. Miðað við bráðabirgðatölur um verðlag vergrar landsframleiðslu að teknu tilliti til veltu- og verðlagsbreytinga, sem vitaðar eru, er líklegt að hlutfall ríkistekna af vergri landsframleiðslu, sem notuð er sem mælikvarði á skattbyrði, verði á næsta ári um 24,25%. Er það mjög svipað hlutfall og jafnvel öllu lægra en var t.d. á síðustu árum áttunda áratugarins og fyrstu árum þess níunda, en vissulega nokkru hærra hlutfall en var á yfirstandandi ári.

Verði brtt. meiri hl. fjvn. við 3. gr. allar samþykktar verður heildartekjuöflun í fjárlögum því áætluð 63 milljarðar 91 millj. kr. sem er eins og áður sagði 5,9% hækkun frá þeim tölum sem voru í fjárlagafrv. þegar það var lagt fram. Það er sem sé þessi fjárhæð sem er til ráðstöfunar til útgjalda á vegum ríkissjóðs á næsta ári og fram úr þeirri fjárhæð mega áform um ríkisútgjöld ekki fara ef halda á við þau markmið ríkisstjórnarinnar að ekki verði stefnt í hallarekstur á ríkissjóði á árinu 1988.

Í fullu samræmi við þetta meginmarkmið eru útgjaldatillögur á þskj. 395 frá fjvn. miðaðar við að heildarútgjöld fari ekki fram yfir heildartekjur fjárlaganna og verði allar brtt. fjvn. á þskj. 395 samþykktar, svo og þær brtt. aðrar sem berast munu frá fjvn. og meiri hl. nefndarinnar munu heildarútgjöld fjárlaga 1988 nema 63 milljörðum 37 millj. kr. sem er nokkru minni hækkun á útgjöldum frá upphaflegu frv. en hækkuninni á tekjunum nemur. Tekjur verða þannig umfram gjöld að öllum tillögum fjvn. og meiri hl. fjvn. samþykktum að fjárhæð 54 millj. kr. sem er 27 millj. kr. betri staða en frv. gerði ráð fyrir í upphafi. Því til viðbótar er þess að geta að þá hafa ekki verið teknar inn í þessar tölur áhrif brtt. frá samvn. samgm., en verði þær samþykktar munu útgjöld á 4. gr. aukast um 18 millj. kr., né heldur hefur verið tekið tillit til áhrifa af tillögum formanna þingflokka sem hér hafa verið fluttar, en þær munu, ef samþykktar verða, auka heildarútgjöld ríkissjóðs um nokkrar milljónir kr. En þótt þessi atriði séu öll tekin með er ljóst að tekjur umfram gjöld við lokaafgreiðslu fjárlaga verða álíka miklar og fólust í frv. í fyrstu gerð þess og er þá að sjálfsögðu við það miðað að fleiri útgjaldatillögur en þær sem ég hef hér rætt um verði ekki samþykktar.

Þó svo að það sé bitamunur en ekki fjár þegar talað er um örfáa tugi milljóna í plús eða mínus við afgreiðslu fjárlaga með niðurstöðutölur að fjárhæð 63 milljarðar kr. er þó engu að síður ljóst að fari útgjöld ekki fram úr þessum afgreiðslum verða fjárlög ársins 1988 afgreidd án rekstrarhalla sem er meginkjarninn í þeirri stefnu sem ríkisstjórnin boðaði við framlagningu fjárlagafrv.

Frekari sundurgreining á heildargjöldum skv. tillögum fjvn. er sú að verkefni tengd landbrn. hækka þá um 642 millj. kr. samtals ef gengið er út frá fjárlagafrv. í upphaflegri gerð þess. Verkefni tengd heilbr.- og trmrn. hækka um 542 millj. kr., verkefni tengd menntmrn. um 348 millj. kr. og verkefni tengd öðrum ráðuneytum um 520 millj. kr. Ef gefið er frekara yfirlit um breytingar á útgjaldaflokkum frv. hækka launaútgjöld um 194,8 millj. kr. frá frv. og til lokaafgreiðslu verði brtt. fjvn. samþykktar og aðrar ekki, en þar er um 1% hækkun frá frv. til lokaafgreiðslu að ræða.

Önnur rekstrarútgjöld hækka út frá sömu viðmiðun um 2,6 milljarða kr. eða um 7,8%. Sértekjur lækka frá frv. í upphaflegri gerð þess um 25,1 millj. eða um 0,8%. Samtals hækka rekstrar- og tilfærslu-

gjöld þannig um 2 milljarða 830 millj. kr. eða um 5,6%. Stofnkostnaður og viðhald hækkar hins vegar um 671,2 millj. kr. eða um 7,7%. Heildarhækkun útgjalda er þannig 3 milljarðar 501 millj. 700 þús. kr. eða 5,9%.

Enn skal minnt á að mjög stór hluti þessarar hækkunar í frv. frá upphaflegri gerð þess og til lokaafgreiðslu er vegna ákvarðana sem beinlínis tengjast tekjuöflunaráformum hæstv. ríkisstjórnar. Er þar að sjálfsögðu átt við framlög til niðurgreiðslna sem hækka um 1450 millj. kr. svo og aðrar breytingar og tilfærslur sem ákveðnar hafa verið í tengslum við önnur frv. svo sem eins og tekjustofnafrv. og verkaskiptingarfrv.

Ef þessi hækkun upp á 3,5 milljarða kr. er greind eftir uppruna erinda, en um það má að sjálfsögðu ávallt deila í hvaða flokka eigi að skipa hverju erindi um sig, eru verðlags- og launaleiðréttingar upp á 215,6 millj. kr. eða 6,5% af hækkuninni. Afgreiðslur samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar eru samtals upp á 2 milljarða 737 millj. kr. eða 78,2% af heildarhækkuninni og aðrar afgreiðslur fjvn. samtals 548,9 millj. kr. eða 16,4% af heildarhækkuninni frá frumvarpstölunni.

Sný ég mér nú að umfjöllun um brtt. eins og þær eru við 4. gr. á þskj. 395 og því þskj. sem væntanlega verður dreift síðar en ekki er enn komið fram.

1. till. varðar Alþingi og útgjöld þess. Um er að ræða tillögu um heildarhækkun á fjárlagafrv. um 45 millj. kr. Þar að auki kemur svo nýtt viðfangsefni sem er kostnaður vegna starfa umboðsmanns Alþingis. Í báðum þessum tilvikum er stuðst við skiptingu niður á viðfangsefni samkvæmt tillögum forseta Alþingis. Útgjöld vegna umboðsmanns Alþingis eru miðuð við að auk umboðsmannsins verði í starfi á næsta ári einn ritari svo og að tekið sé á leigu húsnæði til starfseminnar og keyptur búnaður. Á næsta ári mun hinn nýi umboðsmaður svo að sjálfsögðu í samráði við forseta þingsins og aðra taka stefnumótandi ákvarðanir um framtíðarskipan þessara mála.

Ástæða er til að staldra sérstaklega við staflið j í till. 1 á þskj. 395, en það er nýr liður, hönnunarkostnaður 6 millj. kr. Kom fram hjá forsetum þingsins að gerð er tillaga um 6 millj. kr. framlag til hönnunar á nýbyggingu Alþingis. Þannig segja forsetar að hægt sé að halda áfram því verki sem unnið hefur verið að á þessu ári skv. fjárlögum 1987. Gert er ráð fyrir að það fjárframlag sem nú er lagt til að ráðstafa í þessar þarfir nægi til þess að hönnunin nái því stigi sem nauðsynlegt er til þess að Alþingi geti tekið efnislega afstöðu til þeirrar tillögu sem hlaut 1. verðlaun í samkeppni um gerð og skipulag nýbygginga fyrir starfsemi Alþingis. Eru þá teikningar komnar í það horf að skipulags- og byggingaryfirvöld geti tekið afstöðu til þeirra og gera megi kostnaðaráætlun sem Alþingi geti tekið mið af við ákvarðanatöku um hvort og hvenær hafist verði handa við byggingarframkvæmdir. Þá má ætla að lokið sé um 15–20% af heildarhönnun nýbyggingarinnar.

Brtt. 2 á þskj. 395 varðar Ríkisendurskoðun og er þar um að ræða hækkun um 12,5 millj. kr. frá fjárlagafrv. Er þar um að ræða launakostnað og annan reksturskostnað, m.a. vegna nýrra verkefna Ríkisendurskoðunar sem tengist nú starfsemi Alþingis eins og áður hefur verið frá greint.

Brtt. 3 varðar jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans og er efni tillögunnar að frá og með miðju næsta ári verði ráðinn sérfræðingur til starfa á jarðfræðistofu á sviði kaldavatnsrannsókna.

Brtt. 4 varðar Háskólann á Akureyri. Hækkun frá fjárlagafrv. er samtals að fjárhæð 15 millj. 150 þús. kr. Þegar frá fjárlagafrv. var gengið lágu ekki fyrir endanlegar tillögur um útgjöld vegna Háskólans á Akureyri sem á næsta ári mun hefja starfsemi sína. Þær tillögur bárust hins vegar fjvn. fyrir nokkru og hefur nefndin unnið sjálfstætt að skoðun þeirra tillagna. Verði brtt. nefndarinnar samþykkt mun hún gera Háskólanum á Akureyri fært að hefja eðlilega starfrækslu og starfsemi á næsta skólaári.

Brtt. 5 varðar Kennaraháskóla Íslands og er þar lagt til að samþykkt verði 1200 þús. kr. hækkun vegna sérstaks viðfangsefnis á Norðurlandi.

6. brtt. varðar tónlistarfræðslu og er til samræmis við breytingu sem gerð hefur verið á verkaskiptingarfrv. ríkisstjórnarinnar í meðferð málsins á hinu háa Alþingi.

Brtt. 7 varðar nýja starfsemi upplýsingaþjónustu stúdenta og er lagt til að 800 þús. kr. verði veitt til þessa viðfangsefnis.

Brtt. 8 tengist verkaskiptingarmálum. Felldur var niður liður í fjárlögum þar sem veittir voru styrkir m.a. til byggðasafna, en þau söfn eiga nú skv. verkaskiptingarfrv. að færast alfarið til sveitarfélaga. Inni á þessum lið voru auk byggðasafnanna nokkur önnur verkefni sem ekki færast til sveitarfélaga. Voru þau verkefni með verðlagsuppfærslu metin kosta um 3 millj. kr. á næsta ári. Jafnframt samþykkti fjvn. að leggja til 500 þús. kr. til viðbótar innan þessa verkefnis sem hluta af launakostnaði Harðar Ágústssonar sem skrifar nú byggingarsögu gamalla húsa.

Þá var í frv. inni á lið 5.01 Fasteign 8,4 millj. kr. til viðhaldsverkefna við húseign Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu, en þar að auki á sama verkefnalið 2,7 millj. kr. til verndunar gamalla húsa. Fjvn. leggur til í tillögu 8 að þessi fjárhæð, 2,7 millj. kr., verði flutt út af umræddum viðhaldslið sem verði þannig sjálfstæður liður með númeri 501 og nefnist Húseign við Suðurgötu, en búinn verði til nýr liður, er heiti Verndun gamalla húsa, er fái til ráðstöfunar umræddar 3,5 millj. vegna tilfærslunnar svo og þær 2,7 millj. sem áður voru inni á viðhaldi fasteignar.

9. brtt. nefndarinnar varðar Listasafn Íslands og er þar lagt til að fjárveiting til Listasafnsins verði hækkuð um 3 millj. kr.

Brtt. 10 varðar Náttúruverndarráð og þarfnast ekki sérstakra skýringa umfram það að skv. brtt.

sem þar eru lagðar til svo og öðrum tillögum sem þegar hafa verið samþykktar er gert ráð fyrir að verkefnið Sérfræðirannsóknir við Mývatn hafi til ráðstöfunar alls 8,5 millj. kr. og að hækkaðar verði nokkuð fjárveitingar til þjóðgarðsins í Skaftafelli og eru það breytingar sem óhjákvæmilegar eru bæði vegna viðhalds húsnæðis, sbr. d-lið, og vegna launakostnaðar þjóðgarðsvarðar, sbr. b-lið.

11. till. á þskj. 395 varðar Kvikmyndasjóð og er um að ræða að framlög til Kvikmyndasjóðs verði hækkuð um 20 millj. kr.

12. brtt. nefndarinnar varðar æskulýðsmál. Lagt er til að framlög til Ungmennafélags Íslands hækki um 5 millj. kr. og framlög til starfsemi KFUM og KFUK hækki upp í 1 millj. 250 þús., en í fjárlögum yfirstandandi árs var framlagið 1 millj. 50 þús. þannig að hér er aðeins um verðlagsuppfærslu að ræða, en framlagið var lækkað í fjárlagafrv. frá því sem það hafði verið í fjárlögum yfirstandandi árs.

13. brtt. nefndarinnar varðar Íþróttasamband Íslands. Leggur nefndin til að fjárveiting til þess verði hækkuð um 5 millj. kr. og er það til samræmis við þá tillögu sem nefndin gerir um hækkun á fjárframlagi til Ungmennafélags Íslands.

Brtt. 14 fjallar um tvö ný viðfangsefni. Annars vegar er tillaga gerð um 400 þús. kr. fjárveitingu til Dimmuborga í Mývatnssveit og hins vegar er tillaga gerð um byggingarframlag að fjárhæð 4,5 millj. kr. til skóla Ísaks Jónssonar.

Brtt. 15 varðar utanrrn. Þar er lagt til að framlag til viðskiptaskrifstofu á vegum ráðuneytisins hækki um 3,5 millj. kr. og jafnframt að umrætt verkefni, viðskiptaskrifstofa, verði gert að sérstöku viðfangsefni undir utanrrn.

Brtt. 16 varðar Háskóla Sameinuðu þjóðanna og er um verðlagsuppfærslu að ræða.

Brtt. 17 varðar Búnaðarfélag Íslands og er um að framlagið verði hækkað um 80 þús. kr. og er tillaga gerð um sundurliðun á þskj.

Brtt. 18 varðar Áburðarverksmiðju ríkisins. Gerð er tillaga um að framlag til hennar úr ríkissjóði verði 20 millj. kr. Í fjvn. kom fram að nauðsynlegt væri að taka rekstur verksmiðjunnar til sams konar meðferðar fyrir árið 1989 og allar líkur væru á og vilji væri til að styðja hana með sambærilegum hætti og nú er gert. Eftir það ættu ekki að þurfa að koma til sérstök framlög á fjárlögum til verksmiðjunnar þar eð hún mundi þá geta staðið alfarið á eigin fótum, en miklar breytingar hafa orðið til bóta í rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins að undanförnu. Þessi ákvörðun um framlag á fjárlögum til Áburðarverksmiðju ríkisins tengist að sjálfsögðu ákvörðun um áburðarverð, en með þessari afgreiðslu mundi verksmiðjan standa undir rekstri sínum miðað við 21% hækkun á áburðarverði á næsta ári.

Brtt. 19 varðar viðfangsefnið Skógrækt ríkisins og er þar um tvö verkefni að ræða. Annars vegar nýjan lið, Til framkvæmda í Fljótsdal og Vallahreppi, sem gerð er tillaga um að 850 þús. kr. verði varið til. Hér er um skógræktarverkefni að ræða, en allar horfur eru á að jafnhá fjárhæð fáist úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins verði þessi till. samþykkt. Þá er lagt til í staflið b að framlag til nytjaskógræktar hækki um 3 millj. kr., en mikill áhugi er nú á að nýta sér kosti þeirrar nýju búgreinar.

20. brtt. tengist ákvörðun sem raunar er einnig verið að taka í öðru þingmáli, en það er að liðurinn Mat á landbúnaðafurðum verði sérstakur liður á fjárlögum, almenn rekstrarútgjöld, að fjárhæð 4 millj. 737 þús. kr., en að sértekjur að sömu fjárhæð fáist til viðfangsefnisins þannig að ekki er hér um útgjöld að ræða hjá ríkissjóði.

21. brtt. svo og 22. brtt. varða landgræðslu- og landverndaráætlun, en á vegum fjvn. hefur verið lögð mikil vinna í að uppreikna áætlunina til verðlags í samræmi við samþykktir Alþingis.

Tillögur 21 og 22 gera ráð fyrir að framlög hækki vegna verðlagsuppfærslunnar frá fjárlagafrv. um 38 millj. 421 þús. kr. og er nánari sundurliðun gerð í tillögunum.

Um tillögu 23 er vísað sérstaklega í sundurliðun á sérstöku yfirliti.

Tillaga 24 tengist þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að endurgreiða hluta kjarnfóðurgjalds til þess að ekki verði veruleg röskun á verðhlutfalli milli svokallaðs hvíts kjöts og eggja annars vegar og kindakjöts hins vegar vegna mikillar aukningar á niðurgreiðslum á því síðar nefnda.

Tillaga 25 er um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Tillaga 26 er um að safnliðurinn Landbúnaðarmál, ýmis verkefni, verði hækkaður um 450 þús. kr., en þessum lið mun fjvn. skipta með bréfi síðar eins og venja er.

Tillaga 27 varðar Bændaskólann á Hvanneyri. Þar er lögð til hækkun um samtals 1,5 millj. kr.

Tillaga 28 varðar Bændaskólann á Hólum og er þar lögð til hækkun um samtals 1,8 millj. kr.

Tillaga 29 er um söluskatt í sjávarútvegi. Þar er ekki gerð tillaga um hækkun endurgreiðslu heldur um að sama afgreiðsla verði viðhöfð og síðast, að liðurinn Útflutningsráð Íslands komi sérstaklega þar inn með 30 millj. kr. fjárveitingu af samtals 350 millj. kr. endurgreiðslufjárhæð. Er þessi tillaga gerð að tilmælum sjútvrn.

Brtt. 30 varðar vinnuhælið að Litla-Hrauni og er þar gerð tillaga um 500 þús. kr. hækkun á viðhaldsfé.

Tillaga 31 er um lækkun sértekna á vegum skipulagsstjóra um 12 millj. kr. Er það tillaga ríkisstjórnarinnar sem fjvn. hefur gert að sinni.

Tillaga 32 varðar málefni fatlaðra. Er þar alls staðar um verðlagsuppfærslu að ræða, en hvergi í tillögum fjvn. er gert ráð fyrir neinni fjölgun á stöðum í sambýlum á vegum fatlaðra eins og frá var skýrt við 2. umr. fjárlaga. Engin breyting er gerð þar á.

Tillaga 33 varðar Sólheima í Grímsnesi. Að fengnum tillögum félmrn. gerir fjvn. tillögu um 950 þús. kr. hækkun á framlaginu til Sólheima. Er sú hækkun

einvörðungu ætluð til að greiða leigukostnað vegna tveggja húsa fyrir vistfólk sem félmrn. hefur samþykkt. Stofnun þessi á hins vegar við mikla rekstrarörðugleika að etja og umtalsverðan rekstrarhalla. Eru mál hennar nú í sérstakri skoðun og ljóst er að huga verður að breytingum á starfsháttum stofnunarinnar sem og annarra sólarhringsstofnana. Er það mál í vinnslu hjá félmrn.

Tillaga 34 varðar lífeyris- og slysatryggingar á vegum Tryggingastofnunar ríkisins.

Tillaga 35 er um 600 þús. kr. hækkun á fjárveitingum til landlæknisembættisins.

Tillaga 36 varðar rekstrarvanda endurhæfingarstöðvar Sjálfsbjargar á Akureyri, en um nk. áramót verður samansafnaður rekstrarhalli á stofnuninni orðinn um 9 millj. kr. Verður að gera sérstaka könnun á málefnum þessarar stofnunar í þeim tilgangi að finna á þeim framtíðarlausn. Er hér gerð tillaga um að veittar verði 3 millj. kr. á fjárlögum sem greiðsla upp í umræddan rekstrarafgang.

Tillaga 37 varðar yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð og er um að fjárveiting til K-byggingar á fjárlögum verði hækkuð um 20 millj. kr. Yfirstjórn mannvirkjagerðarinnar hefur lagt málefni K-byggingar fyrir nefndina og einnig hefur nefndin rætt við stjórnarnefnd ríkisspítala um sama mál. Í málflutningi forsvarsmanna byggingarframkvæmda hefur komið fram að nokkuð skortir á að takast megi að hefja lækningar með nýjum búnaði og tækjumn. Þá hefur yfirstjórn mannvirkjagerðarinnar einnig lagt sérstaka áherslu á undirbúning og fyrstu framkvæmdir við innréttingu á þeim hluta sem þegar er risinn og til stefnumörkunar við framhald framkvæmda við þetta þýðingarmikla hús. Þessi tillaga um 20 millj. kr. viðbótarframlag til K-byggingar er gerð með hliðsjón af því að fjmrh. muni nýta á þessu ári lánsfjárheimild þá sem ráðherranum var veitt við síðustu fjárlagagerð vegna framkvæmdar við K-byggingu.

Tillaga 38 varðar 800 þús. kr. hækkun á framlagi til heilsugæslustöðva og tillaga 39 er um að nýr liður komi inn undir Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nefnist sá liður Réttargeðlækningar og er gerð tillaga um 250 þús. kr. fjárveitingu til þessa viðfangsefnis.

Tillaga 40 er um að veittur sé 700 þús. kr. styrkur til Samhjálpar hvítasunnumanna. Er sá styrkur ætlaður til stuðnings við miklar framkvæmdir sem Samhjálp hvítasunnumanna stendur nú í varðandi endurnýjun vistheimilisins í Hlaðgerðarkoti.

Tillaga 41 varðar Stórstúku Íslands og er þar lögð til hækkun að fjárhæð 220 þús. kr.

Tillögur 42, 43, 44 og 45 varða skipulagsbreytingar í tollamálum.

Tillaga 46 varðar samgrn. og er um 240 þús. kr. hækkun sem heimili ráðningu ritara á árinu.

Tillaga 47 varðar Póst- og símamálastofnunina og er um 14,3 millj. kr. hækkun í almennan rekstur, en nánar verður rætt um Póst- og símamálastofnunina þegar rætt verður um B-hluta stofnanir hér á eftir.

Herra forseti. Mér hafa nú borist þau tvö þskj., þskj. 429 og þskj. 430, sem ekki lágu fyrir þegar ég hóf mína ræðu og vegna þess að ég er að ræða um Póst- og símamálastofnunina vil ég vekja athygli á því þegar þessum þskj. hefur verið dreift, ef þeim hefur ekki þegar verið dreift, að í fyrra þskj. frá meiri hl. fjvn. eru villur þar sem fjallað er um Póst- og símamálastofnunina og útgjöld og tekjur hennar. Þær villur hafa engin áhrif á sjálfa niðurstöðuna heldur er aðeins um talnaleiðréttingar innbyrðis að ræða þannig að ég fer þess á leit, herra forseti, ef það samrýmist þingsköpum, að því sem segir í þskj. 430 um Póst- og símamálastofnun verði skotið inn í staðinn fyrir það sem um þá stofnun segir í brtt. meiri hl. fjvn. Það breytir engu um þá niðurstöðu sem ég kunngeri á eftir. Þarna er aðeins um að ræða villur í talnauppsetningu sem hafa komið í ljós eftir að búið er að prenta og dreifa þskj.

Tillaga 48 varðar sjóvarnargarða, en sundurliðun er á sérstöku yfirliti.

Tillaga 49 varðar flugmálastjórn og er hér aðeins um að ræða launaleiðréttingar vegna launasamninga sem gerðir voru eftir að fjárlagafrv. var samið nema hvað e-liður varðar framlag Alþjóðaflugþjónustunnar til Flugmálastjórnar.

Brtt. 50 varðar Ferðamálasjóð. Til fjvn. hafa borist erindi um rekstrarvanda nokkurra tiltekinna hótela. Fjvn. telur nauðsynlegt að erindum þessum sé sinnt, en til þess þarf meiri tíma en nefndinni gafst til að skoða málið. Leggur nefndin því til að samþykkt verði fjárveiting úr ríkissjóði, 15 millj. kr., sérstaklega í því skyni og mun nefndin gera tillögur um það til Ferðamálasjóðs hvernig með skuli fara á nýju ári.

Tillaga 51 varðar Landmælingar Íslands. Við 2. umr. var gengið nokkuð til móts við sjónarmið stofnunarinnar um nauðsyn á lækkun sértekna, en allar líkur bentu til að sértekjur stofnunarinnar hafi verið mjög verulega ofáætlaðar í fjárlögum undanfarinna ára og hefur það skapað mikla erfiðleika hjá stofnuninni. Á milli 2. og 3. umr. fékk fjvn. í hendur niðurstöður sérstakrar nefndar sem skipuð hafði verið til að skoða fjárhagsstöðu Landmælinga Íslands og gera tillögur um hvernig með skuli fara. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„Augljóst er einnig út frá sömu forsendum að sértekjur stofnunarinnar eins og þær eru í fjárlagafrv. fyrir árið 1988 eru verulega ofmetnar og því leggur starfshópurinn eindregið til að við 3. umr. fjárlagafrv. verði sértekjur lækkaðar um 7 millj. kr. Þetta verður að telja algera forsendu fyrir nokkurn veginn óbrjáluðum rekstri Landmælinga Íslands 1988."

Fjvn. hefur fallist að mestu á tillögur umrædds starfshóps en þó ekki að fullu og leggur til að sértekjur Landmælinga Íslands verði lækkaðar um 5 millj. kr. við þessa afgreiðslu og hefur þá lækkun sértekna stofnunarinnar alls orðið um 7 millj. kr. við fjárlagaafgreiðslu nú þegar höfð er hliðsjón af þeirri lækkun sem þegar hefur verið samþykkt við 2. umr.

52. brtt. varðar sértekjur á vegum Orkustofnunar og eru þær lækkaðar um rösklega 9 millj. kr.

Tillaga 53 varðar Orkusjóð, viðfangsefnið Sveitarafvæðingu. Í fjárlagafrv. voru 25 millj. kr. ætlaðar til sveitarafvæðingar, en vegna nýrra reglna um greiðslur heimtaugagjalda er ljóst að sú fjárhæð öll mun einvörðungu ganga til þess að greiða skuldir vegna heimtaugagjalda frá árinu 1987. Leggur fjvn. því til að framlagið til sveitarafvæðingar verði nú hækkað um 15 millj. kr. þannig að eitthvert fé sé til ráðstöfunar á næsta ári til að greiða hlut kostnaðar við heimtaugagjöld sem ella mundi allur falla á notendur.

Tillaga 54 varðar síðan niðurgreiðslur á vöruverði og hefur þegar verið rætt ítarlega um það mál í þinginu.

Tillaga 55 og tillögur þar fyrir aftan eru síðan brtt. fjvn. og nýjar tillögur við 6. gr. fjárlagafrv. Ástæðulaust er að skýra þær tillögur hverja fyrir sig, þær skýra sig sjálfar, en rétt er að geta þess í sambandi við tillögur sem nefndin gerir og varða aðflutningsgjöld og söluskatt að hér eru aðeins gerðar tillögur um heimild til niðurfellingar aðflutningsgjalda og söluskatts vegna tiltekinna sérstakra viðfangsefna sem ekki eru heimildir til fyrir í viðkomandi lögum sjálfum skv. þeim frv. sem nú er verið að afgreiða um þessa tekjustofna í þinginu.

Áður en skilist er við þskj. 395 með brtt. frá fjvn. er rétt að minnast á mál sem tillögur eru ekki gerðar hér um en afgreiðslu hafa engu að síður hlotið í nefndinni þó að þær afgreiðslur séu ekki með þeim hætti að tillögur séu nú gerðar um fjárveitingar.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða vandamál Iðnskólans í Reykjavík. Vegna þrengsla neyðist skólinn til að vísa frá stórum hópi nemenda, en Iðnskólinn í Reykjavík er eins og allir vita langöflugasti iðnfræðsluskóli landsins. Fjvn. hefur rætt málefni skólans, m.a. þær hugmyndir sem uppi hafa verið hjá forráðamönnum hans um leigu á húsnæði til kennslu sem kæmi a.m.k. til bráðabirgða í staðinn fyrir nýbyggingu. Þetta mál er ekki að fullu rætt, en nefndin hefur samþykkt að hún fari þess á leit við menntmrn. og fjmrn. að þessi ráðuneyti í samstarfi við Iðnskólann í Reykjavík og fjvn. leiti leiða til lausnar á húsnæðisvandamálum skólans sem gætu komið til framkvæmda á næsta skólaári.

Í öðru lagi hefur nefndin sérstaklega rætt vandamál í tengslum við smíði Breiðafjarðarferju. Til þess að ferjan komi að fullu gagni hið sama ár og smíði verður lokið, þ.e. árið 1989, þarf að skapa ferjunni hafnaraðstöðu á báðum endastöðvum hennar, þ.e. á Brjánslæk og í Stykkishólmi. Er nú unnið að framkvæmdum við ferjubryggjusmíði á Brjánslæk, en talið er að í Stykkishólmi þurfi að vinna mjög umtalsverðar hafnarframkvæmdir til þess að ferjan geti fengið þar varanlegt athafnasvæði. Í fjárveitingum til hafnarmála á næsta ári er ekki gert ráð fyrir slíkri framkvæmd við Stykkishólmshöfn. Nauðsynlegt er þó að taka það vandamál föstum tökum með það að markmiði að finna heildarlausn sem gæti tryggt að ferjusmíðin kæmi að tilætluðum notum.

Á þskj. 430 eru nokkrar brtt. sem varða 4. gr. Þessar brtt. allar eru frá fjvn.

1. brtt. varðar hækkun á vörugjaldi. Þessa brtt. ber að lesa saman við brtt. 4 sem er um niðurgreiðslur á neyslufiski. Talið er að kostnaður við að greiða niður neyslufisk um 15% af þeim 25% sem fiskurinn mundi hækka í verði með tilkomu söluskatts muni nema 160 millj. kr. og er í brtt. 4 á þskj. 430 lagt til að sú niðurgreiðsla sé samþykkt. Brtt. 1 á sama þskj. er hins vegar um að liðurinn Vörugjald verði hækkaður um 130 millj. kr. Þetta er gert fyrst og fremst með því að leggja vörugjald á ýmsar snyrti- og fegrunarvörur, fyrir hið veikara kyn einkum og sér í lagi að ég held, en fram hefur komið í fjh.- og viðskn. og sjálfsagt í öðrum nefndum þingsins að allar líkur séu á því að hinir erlendu framleiðendur slíkra merkjavara mundu svara mikilli verðlækkun á þeim hér á innanlandsmarkaði einfaldlega með því að hækka verðið til Íslendinga þar eð þessir framleiðendur merkjavara eru ekki reiðubúnir að selja sína merkjavöru hér á landi á mun lægra verði en þeir telja eðlilegt að bjóða fyrir slíka vöru. Hér er um að ræða leiðréttingu í kjölfar þessara upplýsinga.

2. brtt. á þskj. 430 varðar Verslunarskóla Íslands. Hún fjallar um tölvunám við Verslunarskóla Íslands, en beiðni frá skólanum hefur legið fyrir fjvn. um sérstaka meðferð þessa máls. Umrætt nám hefur nú þegar verið undirbúið og allmargir nemendur hafa þegar verið innritaðir og mun tölvunámið fara af stað þegar í upphafi næsta árs. Hugmyndir hafa verið uppi um að ríkið greiddi vegna þessa náms kostnað sem samsvarar 56% hærri útgjöldum á nemanda en sá kostnaður er sem greiddur er fyrir nemanda á menntaskólastigi, en Verslunarskólinn er eins og kunnugt er einn af þeim framhaldsskólum sem útskrifa stúdenta. 56% hærri kostnaðargreiðsla á nemanda en því nemur sem greitt er fyrir nemanda á menntaskólabraut samsvarar fjárupphæð sem greidd er á nemanda við ýmsar deildir Háskóla Íslands.

Tillögur fjvn. um þetta viðfangsefni miðast við að sama greiðsla verði innt af hendi úr ríkissjóði til Verslunarskólans vegna tölvunámsins og nemur greiðslu þeirri sem innt er af hendi til skólans á nemanda í því námi öðru á vettvangi skólans sem nemendur stunda.

Þá er 3. brtt. á sama þskj. sem varðar Krabbameinsfélag Íslands. Í fjárlagafrv. er mjög mikil hækkun á framlagi til Krabbameinsfélagsins, en sú hækkun skýrist alfarið af samningi sem gerður hefur verið við Krabbameinsfélagið um tiltekin rannsóknarverkefni í krabbameinsrannsóknum og verða greiðslur inntar af hendi fyrir hverja rannsókn eins og nánar er skýrt í grg. með fjárlagafrv. Engin hækkun er hins vegar lögð til í fjárlagafrv. á öðrum greiðslum til Krabbameinsfélagsins, þar á meðal á rekstrarstyrk til félagsins sem verið hefur á fjárlögum í mörg ár. Tillaga fjvn. um 3 millj. kr.

hækkun til Krabbameinsfélagsins er um að þær 3 millj. skoðist ekki sem viðbótarframlag vegna umræddra rannsókna heldur sem framlag beint til stuðnings við annan rekstur á vegum félagsins.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir brtt. fjvn. við 4. gr. frv. svo og heildaráhrifum þeirrar breytingar á útgjöld frv. og einnig hef ég áður gert grein fyrir niðurstöðum brtt. meiri hl. fjvn. á tekjuhliðinni og samverkandi áhrifum útgjalda og tekna skv. þeim tillögum.

Þá sný ég mér aftur að brtt. á þskj. 394 við stofnanir í B-hluta. Þær brtt. eru á bls. 4, 5, 6, 7, 8 og 9 á því þskj. Ekki er ástæða til að rekja lið fyrir lið allar stofnanir í B-hluta fjárlagafrv. Þegar hefur verið rætt um Áburðarverksmiðju ríkisins og tillögur sem henni tengjast. Þá er frá því að segja að forsvarsmenn Skipaútgerðar ríkisins gengu á fund fjvn., en þeir töldu ekki liggja neinar ástæður fyrir því að fara fram á breytingar á þeim tillögum sem gerðar eru um málefni þeirrar stofnunar í fjárlagafrv. og hefur það ekki verið gert.

Eru þá þrjár stofnanir eftir sem tengjast ákvæðunum um gjaldskrá, en þær eru Póstur og sími, Rafmagnsveitur ríkisins og Ríkisútvarpið. Verða þeim stofnunum nú gerð sérstök skil.

Í viðræðum við forsvarsmenn Pósts og síma kom fram að nú stefnir í 213 millj. kr. greiðsluerfiðleika hjá stofnuninni í árslok 1987. Ástæðuna má m.a. rekja til mun meiri fjárfestinga í ár en samþykktar voru við afgreiðslu fjárlaga fyrir einu ári. Fjárfesting ársins í ár er þannig áætluð um 100 millj. kr. meiri en forsendur um framkvæmdir voru við afgreiðslu fjárlaga. Hefur stofnuninni verið skrifað af þessu tilefni og þess óskað að hún geri fjvn. skriflega grein fyrir því hvers vegna framkvæmt var fyrir svo miklu meira fé en ráð hafði verið fyrir gert. Eins og áður byggjast afgreiðslur þær sem tillaga er gerð um að gerðar verði nú á málefnum stofnunarinnar á tilteknum ákvæðum um fjárfestingar sem nema samtals 577 millj. kr.

Þess hefur verið farið á leit við Póst- og símamálastofnun að fjvn. og samgrn. fái að fylgjast reglulega með framkvæmdum á vegum stofnunarinnar þannig að tryggt sé að við framkvæmdaáform sé staðið eins og frá þeim er gengið sem forsendu fyrir þeirri ákvörðun um málefni stofnunarinnar sem hér er lögð til. Þá er staðreynd að mikillar tregðu hefur gætt í hækkun gjaldskrár Pósts og síma á undanförnum árum. Á tímabilinu frá fyrst í nóvember 1981 til fyrst í ágúst 1987 hefur gjaldskrá Pósts og síma þannig tvö og hálf-faldast á meðan lánskjaravísitala hefur ríflega fimmfaldast, launavísitalan tæplega fimmfaldast, gjaldskrá Ríkisútvarpsins sjöfaldast og gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur áttfaldast. Erfiðleikar í rekstri Pósts og síma og þröngur fjárhagur stofnunarinnar til umsvifamikilla framkvæmda og nauðsynlegrar uppbyggingar og endurnýjunar hefur takmarkast af þessu. Kemur það einnig niður á tekjumöguleikum stofnunarinnar því að forsendan t.d. undir því að stofnunin hafi mestar mögulegar tekjur af farsímakerfi eru að í umtalsverðar framkvæmdir sé ráðist á sviði radíómóðurstöðva og farsímastöðva.

Þá eru ýmsar nýjungar sem stofnunin áformar svo sem eins og þráðlaust kallkerfi, sem kostar nokkra fjármuni, en allar slíkar endurbætur og nýjungar verða að sjálfsögðu að byggjast á því að heimiluð sé eðlileg gjaldskrárhækkun hjá Pósti og síma. Þær gjaldskrárhækkanir sem reiknað er með að þurfi til að koma til að rekstur Pósts og síma standi í jafnvægi miðað við þau framkvæmdaáform sem þegar hefur verið lýst eru að meðaltalshækkun á gjaldskrá Pósts og síma verði um 20% og eru afgreiðslur meiri hl. sem leggur til að Alþingi staðfesti málefni stofnunarinnar við slíka gjaldskrárhækkun miðaðar.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga í talsverðum greiðsluerfiðleikum, m.a. í sambandi við lánayfirtöku ríkissjóðs af fyrirtækinu í árslok 1986, en þar hafa yfirtökur lána ekki allar átt sér stað með sama hætti. Eru þau mál nú í sérstakri skoðun. Af þessum sökum m.a. hefur fyrirtækið þurft að taka bráðabirgðalán í Landsbankanum á þessu ári.

Þann 1. des. síðastliðinn hækkaði gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins um 16,8%, en Landsvirkjun hafði þá hækkað gjaldskrá sína frá og með sama tíma um 9%. Miðað við verðlagsforsendur frv. þarf ekki frekari hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins en þegar hefur orðið til þess að dæmið gangi upp. Breytist forsendur fjárlaga um verðlag og laun þarf hins vegar að sjálfsögðu að endurskoða þetta. Þrátt fyrir það, eins og sagt er, að dæmið gangi þannig upp verður ljóst að verulegt rekstrartap verður hjá Rafmagnsveitum ríkisins á næsta ári, en það rekstrartap er samt nokkru minna en samanlagðar afskriftir hjá fyrirtækinu, en mun engu að síður valda fyrirtækinu verulegum greiðsluerfiðleikum.

Í afgreiðslum meiri hl. fjvn., sem gerð er tillaga um að staðfestar séu, er ráð fyrir því gert að tekið verði lán að fjárhæð 60 millj. kr. til línulagna niður á Krosssand á næsta ári, en það er undirbúningsframkvæmd undir það að hafinn sé flutningur á raforku til fjarvarmaveitu í Vestmannaeyjum. Til að ljúka því verki þarf auk þess að reisa háspennulínu frá Búrfelli niður á Hvolsvöll og er talið að heildarkostnaður muni nema 150–200 millj. kr. Mun þessi viðamikla framkvæmd tryggja orku til Fjarvarmaveitu Vestmannaeyja þegar framkvæmdinni lýkur, en til þess er ætlast að raforkuverðið til Vestmannaeyja nægi til að standa að fullu undir framkvæmdakostnaðinum og er þá miðað við að raforkuverðið yrði 50,5 aurar á kwst. Þar sem hér er um mjög viðamiklar framkvæmdir að ræða sem fjármagnaðar verða með lánsfé er hins vegar auðséð að þær framkvæmdir, þó endurgreiddar verði á löngum tíma í raforkuverði, muni skapa Rafmagnsveitum ríkisins erfiða greiðslufjárstöðu til nokkurrar framtíðar.

Þá er loks komið að Ríkisútvarpinu. Fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins er afar erfið í ár og eru

yfirdráttarskuldir þess nú áætlaðar 115 millj. kr. auk launaskulda við ríkissjóð. Samtals munu þessar skuldir nema 240–250 millj. kr. Í lánsfjárlögum 1987 voru markaðar tekjur og aðflutningsgjöld til Ríkisútvarpsins skert að fullu, en á árinu öllu mundu þessar tekjur hafa numið 300 millj. kr. þannig að segja má að sú skerðing á tekjum sé álíka há og heildarskuldir þær eru orðnar sem myndast hafa vegna reksturs útvarpsins á yfirstandandi ári.

Með aukinni samkeppni í sjónvarps- og útvarpsrekstri hefur rekstrarstaða Ríkisútvarpsins versnað verulega. Einkum og sér í lagi kemur þetta fram í lækkun auglýsingatekna. Hlutdeild auglýsingatekna af heildartekjum Ríkisútvarpsins nam þannig 50% árið 1985, en er komin niður í 33,6% í ár. Að nokkru leyti skýrist þessi mikla lækkun af hækkun afnotagjalda á þessu ári en óbreyttri gjaldskrá auglýsinga. Þó fer ekki milli mála að það er ekki einhlít skýring heldur hafa auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins dregist verulega saman.

Í sambandi við þær afgreiðslur sem meiri hl. fjvn. gerir að tillögu sinni að gerðar séu á málefnum stofnunarinnar nú er við það miðað og um það er fullt samkomulag við stjórnendur Ríkisútvarpsins að stefna skuli að 10% raunhækkun auglýsingatekna hjá Ríkisútvarpinu á næsta ári og er það markmið sem stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa sjálfir sett sér. Næðist sú raunaukning auglýsingatekna þarf jafnhliða 15% raunhækkun afnotagjalda á árinu 1988 að koma til og væri þá til þess ætlast að stofnunin stæði undir, auk rekstrarútgjalda á árinu 1988, þeim skuldum sem safnast hafa saman vegna rekstrarhallans á árinu 1987. 15% raunhækkun afnotagjalda á árinu 1988 mundi þýða að afnotagjald Ríkisútvarpsins yrði á mánuði röskar 1100 kr., en til samanburðar er afnotagjald á Stöð 2 nú um 1250 kr. á mánuði.

Ríkisútvarpið hefur óskað eftir 13% hækkun á afnotagjöldum þeim sem innheimta er nú í þann veginn að hefjast á. Hefur verið fallist á þær tillögur stofnunarinnar og hefur í dag verið gefin út auglýsing um 13% hækkun afnotagjalda. Til þess að endar náist saman miðað við afgreiðslu á tillögum meiri hl. vantar því enn 2% raunhækkun á afnotagjöld Ríkisútvarpsins sem fram þyrfti að koma við næstu útsendingu afnotagjaldaseðla og verður sú raunhækkun að vera því meiri þeim mun lengra sem liðið er af árinu 1988 áður en hún kemur til framkvæmda.

Skv. lögum skulu 10% af tekjum útvarpsins renna í sérstakan framkvæmdasjóð. Á næsta ári verður þetta 141 millj. kr. sem þannig rennur í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Gengið er út frá því að afborganir ásamt vöxtum af kaupleigusamningi sem Ríkisútvarpið gerði á árinu 1987 vegna kaupa á upptökubíl verði greiddar af þeirri fjárhæð, en upphæð afborgana og vaxta mun nema um 75 millj. kr. Einnig er út frá því gengið að af eftirstöðvum renni 11 millj. kr. til að jafna fjárveitingar úr Framkvæmdasjóði umfram tekjur á árinu 1987. Eftir eru þá til framkvæmda á árinu 1988 55 millj. kr. í Framkvæmdasjóði. Þeirri fjárhæð verður vart breytt til lækkunar nema með breytingu á viðkomandi lögum og er ekki tillaga um það gerð við þessa afgreiðslu.

Allar þær forsendur, þar á meðal fyrir gjaldskrárhækkunum, sem hér hefur verið greint frá, eru þær hinar sömu gagnvart B-hluta stofnunum og er um A-hlutann og breytist þær forsendur, t.d. varðandi verðlag, gengi eða laun, frá því sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. munu þær að sjálfsögðu hafa sín áhrif á B-hlutann með sama hætti og A-hlutann, þar á meðal einnig á gjaldskrárákvarðanir og gjaldskrárþarfir sem hér hefur verið greint frá.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. bæði fjvn. og meiri hl. nefndarinnar við fjárlagafrv. 1988 við 3. umr. Ég legg til að frv. verði samþykkt að þeim breytingum gerðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 427, 428, 429, 430, 432, 421 og 422, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjvn. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlagafrv. vakti minni hl. fjvn. athygli á því í nál. sínu hve forsendur fjárlagafrv. eru ótryggar. Þó ekki sé liðin nema vika frá því að 2. umr. fór fram hafa dag eftir dag birst í ræðum manna hér á hv. Alþingi og í fjölmiðlum upplýsingar og staðreyndir sem sanna þetta álit. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar höfðu greint fjvn. frá því fyrir 2. umr. að ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988, sem fjárlagafrv. byggir á, hefðu breyst frá því að frv. var unnið og lagt fram í október sl. Í því sambandi nefndu þeir fjögur atriði mikilvægust.

1. Viðskiptakjör hafa versnað verulega og horfur um viðskiptakjör næsta árs mun lakari en reiknað var með í október, álverð reiknað í dollurum hefur lækkað og mikil óvissa ríkir um verð á sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir að eftirspurn eftir íslenskum útflutningsvörum verði minni en ella. Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir að viðskiptakjörin í heild yrðu óbreytt milli áranna 1987 og 1988. En ef tekið er mið af stöðu viðskiptakjara nú í desember er ljóst að þau verða mun lakari á árinu 1988 en þau eru í ár.

2. Allt bendir til þess að framleiðsla sjávarafurða verði minni á næsta ári en miðað var við í þjóðhagsáætlun. Samdráttur þorskafla um 40–50 þús. tonn gæti þýtt 4–5% samdrátt í vöruútflutningi og 1–2% samdrátt í þjóðartekjum.

3. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar bentu á að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verði langtum meiri en reiknað var með í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1987 í október. Þá var reiknað með að viðskiptahalli á þessu ári næmi 2,4 milljörðum kr. sem samsvarar rúmlega 1% af þjóðarframleiðslu. Nú er ljóst að þessi spá reynist ekki rétt. Í fyrsta lagi hefur innflutningur aukist meira á síðustu mánuðum en reiknað var með og í öðru lagi verða tekjur af út-

flutningi minni en gert var ráð fyrir. Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir því að viðskiptahalli á árinu 1988 yrði um 4,5 milljarðar kr., um 2% af landsframleiðslu. Miðað við núverandi ástand er ljóst að hann verður mun meiri.

4. Þá er ljóst að staða útflutningsfyrirtækja hefur almennt versnað. Innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum. Sérstaklega er staða fiskvinnslunnar talin slæm, einkum í frystingu sem nú er rekin með verulegu tapi.

Þetta var staðan að mati Þjóðhagsstofnunar 12. des. sl. Hinn 19. des. komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar aftur á fund fjvn. og ekkert bjartsýnni en þeir höfðu verið. Engar breytingar höfðu orðið sem gefa ástæðu til meiri bjartsýni að þeirra mati. Enn ríkir því sama óvissan um forsendur fjárlagafrv. fyrir árið 1988, óvissa sem viðurkennd er af hæstv. ríkisstjórn og ráðgjöfum hennar. Samt skal afgreiða fjárlög.

Hæstv. fjmrh. hefur við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár verið einn af hörðustu gagnrýnendum á gerð fjárlaga, m.a. gagnrýnt harðlega hversu lítt trúverðug fjárlög hvers árs hafa verið. Nú þegar hann situr sjálfur í stól fjmrh. og leggur fram sitt fyrsta frv. til fjárlaga hafa forsendur þjóðhagsáætlunar, sem jafnframt eru forsendur frv., sjaldan verið eins ótryggar. Verið er að vinna að endurskoðun þjóðhagsáætlunar. Stefnt er að því að ljúka þeirri endurskoðun fljótlega eftir áramót þannig að fjárlagafrv. mætti taka til endurskoðunar strax í janúar eftir jólafrí þingsins ef eitthvert verður. En það má ekki. Frv. skal í gegn. Trúverðugt eða nú þegar ómarktækt plagg skiptir ekki máli. Það skal í gegn.

Stefnt er að hallalausum ríkissjóði við áramót 1988/1989. Það er vissulega virðingarvert markmið, en hversu mikil alvara er að baki þegar ljóst er við hvaða aðstæður er verið að afgreiða fjárlögin?

En það er einn þáttur fjárlaganna sem liggur ljósari fyrir hv. þm. en hann gerði við 2. umr. fjárlaga. Tekjuhlið frv. hefur tekið verulegum stakkaskiptum, reyndar gjaldahliðin líka. Nú er áætlað að heildartekjur ríkissjóðs nemi 63 milljörðum 91 millj. kr. Þar vegur sölugjaldið hvað mest í hækkuninni vegna breikkunar á söluskattsstofni. Í fjárlagafrv. var miðað við að söluskatturinn um nk. áramót yrði 22% þegar fjöldi nýrra vöruflokka, svo sem matvæla, fengju á sig þennan skatt. En þetta var aðeins sýnd veiði en ekki gefin. 4. des. tilkynnti ríkisstjórnin að söluskatturinn yrði ekki 22% heldur 25%, en nokkrar vörur, svo sem mjólk, ostur og dilkakjöt, mundu ekki hækka í verði. En þannig vildi til að aðeins nokkrum dögum áður en ríkisstjórnin tilkynnti þessa söluskattshækkun, áður en tilkynningin kom frá ríkisstjórninni höfðu einmitt þessar vörur hækkað í verði.

Í nál. minni hl. fjvn. við 2. umr. fjárlaga gagnrýndum við matarskattinn harðlega, einnig þá stefnu ríkisstjórnarinnar að jafnvægi í ríkisfjármálum á að ná með því að leggja enn þyngri skattbyrðar á almenning. Og það versta er svo að þó við vitum nokkuð hver skattbyrði almennings verður á næsta ári vitum við í raun ekkert um aðrar aðstæður, t.d. hver launin verða. Kjarasamningar eru í nánd og ef almennar kauphækkanir eru miðaðar við að tryggja kaupmátt lágmarkslauna þannig að kaupmátturinn verði sá hinn sami á næsta ári og hann er í ár og gert er ráð fyrir óbreyttri stefnu í verðlagsmálum, að gengi erlendra gjaldmiðla fylgi kostnaðarbreytingum, þyrfti að koma til á næsta ári yfir 30% kauphækkun til þess að kaupmáttur launa héldist frá því sem nú er.

Kaupmáttur launa er nú 5% lægri en meðaltal kaupmáttar þessa árs. Laun þyrftu því að hækka strax um 5% til að endurheimta fyrri kaupmátt, auk þess hátt í 5% til viðbótar til að vega upp þær hækkanir sem fyrirsjáanlegar eru.

Í frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir um 7% hækkun launa og um 10% hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. En hvernig lítur dæmið um framfærslukostnaðinn út núna? Árið 1987, á 1. ársfjórðungi, hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 5,21%, á 2. ársfjórðungi um 4,92%, á 3. ársfjórðungi um 5,57% og 4. ársfjórðung um 5,5%. Miðað við þetta, svo og þá staðreynd að vísitala kaupmáttar hefur farið lækkandi nú seinni hluta árs, var á 1. ársfjórðungi 101,3 ef miðað er við vístöluna 100 árið 1980 en er nú rúmlega 97 og fer lækkandi, þá virðast forsendur frv. um 7% launahækkun og 10% hækkun framfærslukostnaðar vera út í hött. Óöryggi heimilanna í landinu er því mikið, ekki aðeins að maturinn verði dýrari, skattarnir hærri, kaupmáttur launa fari lækkandi, samdráttur blasi við á vinnumarkaðnum heldur býr fólk líka við hótanir hæstv. ráðherra um að vegna óstöðugleika í efnahagshorfum verði að grípa til róttækra ráðstafana strax eftir áramót. Hverjar þær ráðstafanir eru og hvað þær þýða fær hins vegar enginn að heyra.

Til þess að draga úr hótunum einstakra ráðherra um þessar róttæku ráðstafanir kom sú framtíðarsýn Seðlabankans um framfærsluvísitölu og verðbólgu á árinu 1988, framtíðarsýn sem byggð er á sömu úreltu forsendunum og fjárlagafrv. sem nú á að afgreiða, enda kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar strax fram á sjónarsviðið og sagði að þessi jólagjöf þjóðarinnar frá Seðlabankanum væri ónothæf. Þetta er grunnurinn að fjárlagafrv. Svona er hann tryggur. Það hefði hins vegar í ár átt að vera auðveldara að setja saman fjárlög en oft áður ef tekið er mið af því góðæri sem þjóðin hefur lifað undanfarin ár. Við höfum búið við hagstæðari ytri aðstæður en áður hafa þekkst, aukinn afla, hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum, mikla aukningu landsframleiðslu og hærri þjóðartekjur á mann en áður eru dæmi um. Við ættum því að vera undir það búin að taka því þó eitthvað harðni í ári.

En svo vel hefur ekki verið staðið að málum. Síðustu ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tókst þrátt fyrir stórkostlega aukningu ríkistekna að spila þannig úr að hvert góðærisárið var rekið með bullandi halla. Árið 1985, ef tekið er á meðalverðlagi þessa

árs, var hallinn 3 milljarðar, árið 1986 2,6 milljarðar og nú er útlit fyrir halla sem nemur rúmum 2 milljörðum. Þessa hallasúpu á svo að leysa með aukinni álagningu á almenning og miðað við forsendur fjárlaga með því að lækka launin. Það hefur að vísu gefist vel áður. Í upphafi stjórnartíma síðustu ríkisstjórnar voru launin skorin niður um fjórðu hverja krónu þannig að þegar stjórnin skildi við fjórum árum seinna hafði vísitala kaupmáttar rétt náð því stigi sem hún hafði þegar ríkisstjórnin tók við.

Nú er útlit fyrir að leika eigi sama leikinn, ekki bara þarna heldur hvað varðar aðrar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að leggja söluskatt á mat, síðan boðið að draga pínulítið af honum til baka ef verkalýðsfélögin verði til friðs. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er skertur svo nemur hundruðum millj. kr. á undanförnum árum. Síðan er boðið upp á að draga úr skerðingunni ef sveitarfélögin taki á sig verkefni sem ríkið hefur sinnt áður. Þannig er endalaust hægt að telja upp atriði í þessum blekkingarleik stjórnvalda. Sveitarfélögin fá verkefni frá ríkinu án þess að fá á móti aukna nýja tekjustofna sem var þó forsenda þess að þessi tilfærsla verkefna ætti sér stað.

Uppgjörsstaða ríkisins við sveitarfélögin er ekki ljósari nú en hún var við 2. umr. fjárlaga. Ekki er búið að afgreiða sem lög frá Alþingi verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hún skal samt í gegn skv. fjárlagafrv. Ekki er búið að afgreiða sem lög frá Alþingi ýmsa tekjustofna fjárlagafrv. Það skal samt í gegn. Hér hafa hv. alþm. staðið að samþykktum laga um framlög til ýmissa málaflokka. Þær samþykktir eru aftur og aftur virtar að vettugi við gerð og samþykkt fjárlaga ár hvert.

Ég hef ekki farið hér neinum orðum um þær brtt. sem gerðar eru af fjvn. milli 2. og 3. umr. Minni hl. fjvn. hefur ekki staðið að brtt. við B-hluta frv. og ekki ákvörðunum sem fela í sér breytingar á gjaldskrám ýmissa fyrirtækja ríkisins eins og Pósts og síma og Ríkisútvarpsins. Við teljum að rétt hefði verið að láta afgreiðslu fjárlaga bíða þar til endurskoðun þjóðhagsáætlunar liggur fyrir og afgreidd hafa verið frv. sem varða tekjuhlið frv. Og síðast en ekki síst teljum við að afgreiðsla fjárlaga eigi að bíða þangað til ljóst er hverjar þær efnahagsráðstafanir eru sem ríkisstjórnin ætlar að sögn að grípa til eftir áramót.

Alþb. hefur lýst stuðningi við það markmið að reka hallalausan ríkissjóð. Reyndar hefur Alþb. þar látið verkin tala á undanförnum árum. Við viljum hins vegar aðrar leiðir að þessu markmiði hvað varðar tekjuöflun og ég vísa þá til tillagna Alþb. sem m.a. birtast í nál. við skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Við viljum líka aðra forgangsröðun varðandi gjaldahlið frv. og höfum lagt þar fram tillögur.

En ég þakka nefndarmönnum fjvn. mjög gott samstarf. Nefndin hefur staðið í ströngu. Stærsti hluti tíma hennar hefur farið í að taka á móti sendinefndum sveitarfélaga, félagasamtaka og stofnana. Það var hins vegar ekki stór hluti af fjármagni ríkisins sem nefndin fékk til að úthluta, þ.e. þeirri hækkun útgjalda sem orðið hefur milli umræðna. Þar var um 3 milljarða og 500 millj. að ræða. 250 millj. af þessari upphæð voru vegna verðlags- og launaleiðréttinga. Samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar var úthlutað 2,7 milljörðum. Fjvn. fékk þannig í sinn hlut um 550 millj. til úthlutunar. Lítil upphæð það. Ég þakka líka samstarfsfólki fjvn. mjög gott samstarf.

Herra forseti. Það væri auðvitað fjöldamargt annað sem ástæða væri til að ræða í tengslum við þessa sérkennilegu afgreiðslu fjárlaganna. En af ástæðum sem varla ætti að þurfa að rekja fyrir hv. þm. hef ég kosið að stilla máli mínu í hóf. Með því móti vil ég leggja mitt af mörkum til þess að umræðu ljúki á hóflegum tíma og starfsfólk Alþingis, sem hefur á síðustu sólarhringum verið undir óhóflegu vinnuálagi, komist heim í jólaleyfi sem fyrst. Það ástand sem ríkt hefur í störfum Alþingis síðustu sólarhringa og fyrirsjáanlegt er strax eftir jól er vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að kenna. Því ætti stjórnarandstaðan að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að þetta öngþveiti bitni ekki á starfsfólki Alþingis meira en orðið er.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir lokaorð í ræðu seinasta ræðumanns, hv. 4. þm. Suðurl. Það er rétt sem ræðumaður sagði. Það er ástæðulaust annað en að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ljúka megi þessu þingi sem fyrst með eðlilegum hætti þrátt fyrir þá hluti sem hér hafa gerst undanfarið.

Ég vil enn fremur í upphafi, hæstv. forseti, þakka samstarf sem verið hefur í fjvn. og þakka ekki síður öllu starfsfólki nefndarinnar kærlega fyrir samstarfið.

Það verður varla sagt með réttu að bjart sé yfir íslenskum þjóðmálum nú við 3. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1988. Að vísu hefur fjvn. einungis komið fimm sinnum saman til fundar á milli 2. og 3. umr. og þá nánast til að meiri hl. gæfist kostur á að gera minni hl. grein fyrir tillögum sínum um þau atriði sem út af stóðu við 2. umr. Þá hefur staða ýmissa stofnana í B-hluta fjárlaga verið rædd á þessum fundum og fulltrúar þeirra, svo sem Rafmagnsveitna ríkisins og fleiri aðila, hafa gert nefndinni grein fyrir stöðu stofnananna og tillögum þar að lútandi.

Hinn 19. desember sl. komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar á fund fjvn. og gerðu nefndinni grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1988. En fulltrúar Þjóðhagsstofnunar höfðu komið á fund fjvn. 12. desember sl. fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. Það mun vera í fyrsta sinn sem Þjóðhagsstofnun gefur fjvn. slíkar nýjar upplýsingar fyrir 2. umr. fjárlaga. Yfirleitt mun slíkt hafa verið látið bíða fram til undirbúnings fyrir 3. umr., en nú var þessi nýbreytni upp tekin og er vissulega spor í rétta átt vegna þess að við 2. umr. eru meginlínur dregnar um gjaldahlið

fjárlagafrv. hvað A-hlutann varðar sem yfirleitt mun fremur lítið breytast við þá þriðju. 3. umr. er einkum frágangur B-hlutans eins og við höfum heyrt í umræðunum fram að þessu, tekjuhliðar frv. og afgreiðsla fjárlaganna í heild.

Áður en ég sný mér að þeim yfirlitum sem Þjóðhagsstofnun gaf fjvn. um efnahagshorfur almennt, annars vegar 12. desember sl. og hins vegar 19. desember, vil ég fara nokkrum almennum orðum um það ástand sem hefur ríkt í vinnubrögðum hins háa Alþingis nú allra seinustu daga. Annir Alþingis í desembermánuði eru árvissar og alkunnar og þá einkum tengdar afgreiðslu fjárlaga. Ég býst við að álíka spenna einkenni flest þjóðþing af sama tilefni. Hér hafa að auki verið ríkar heföir í heiðri hafðar um samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu, grundvallaðar á grónu lýðræðismati þjóðarinnar og ekki síst því viðhorfi að minni hl. eigi einnig rétt sem meiri hl. leyfist ekki að brjóta á bak aftur og alls ekki með rangtúlkun eða óbilgirni. Ef nokkur setning lifir í vitund þjóðarinnar frá hinu háa Alþingi og langri sögu þess eru það þau orð sem féllu af þess konar tilefni í öldnu húsi Menntaskólans þegar þingið var þar háð í hallinum hér handan við lækinn. Nú stendur hins vegar svo á að til eindæma verður að telja.

Auk frv. til fjárlaga er til meðferðar nú í desember mikill fjöldi lagafrv. tengdra einhverjum þeim mestu umskiptum í tekjuöflunarkerfi ríkisins sem orðið hafa, a.m.k. í einu. Þessi málafjöldi er vel á annan tug. Enn fremur tengist þessari ætlan frv. til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem aftur snertir ekki færri en tíu önnur lög, e.t.v. fleiri. Það mál var fyrst lagt fram 9. desember sl. Ótalið er svo það mál sem þýðingarmest af þeim öllum verður að telja, frv. til laga um stjórn fiskveiða sem ætlunin er að gildi næstu þrjú ár eftir því sem seinustu horfur benda til. Er nokkur furða þó að einhvers staðar hrikti í og mönnum ofbjóði sú ætlan, sem þeir er hér ráða för hafa vafalítið ætlast til, að öll þessi mál yrðu afgreidd án þeirrar umræðu, athugunar eða kynningar sem telja verður lágmark í nútímaþjóðfélagi sem a.m.k. kennir sig við lýðræði og þingræði?

Meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar er stór en vel hefur það hins vegar komið í ljós á undanförnum dögum að hann er um margt sjálfum sér sundurþykkur um þau grundvallaratriði sem hér er verið að fjalla um. Mergur málsins er sá að hér hefur komið í ljós veruleg brotalöm í starfsháttum hins háa Alþingis. Greinilega skortir ákveðin tímamörk sem ríkisstjórn ellegar öðrum ættu að vera sett um flutning eða framlagningu þeirra mála sem ætlað er að afgreiða fyrir áramót. Þannig mörk eru ákvæðin um frv. til fjárlaga og önnur mál miðað við lok vorþings samkvæmt hinum nýju þingskapalögum. Það er greinilega ekki nóg að styðjast við áhrif eða myndugleik ráðherra eða ríkisstjórnar um þessi efni. Það þarf skýrari reglur.

Annars þarf ekki annað en að nefna fáein atriði sem einkenna bakgrunn þess ástands sem ríkir í efnahags- og fjármálum hins íslenska þjóðfélags um þessar mundir. Þau eru nánast öll á eina lund. Viðskiptahalli er geigvænlegur og fer vaxandi. Útflutningstatvinnuvegirnir í miklum vanda, m.a. vegna fastgengisstefnunnar. Vaxtakostnaður og vaxtakjör úr öllu hófi gengin. Verðbólgan hækkar stig af stigi. Skattagleði hæstv. ríkisstjórnar með þeim firnum að aldrei hefur annað eins sést hér á landi þar sem matarskatturinn trónir hæst og kemur verst við þá sem síst skyldi. Þessi lýsing á ríkjandi ástandi er ekki röng, en alvarlegast er þó að flest bendir til hatrammra átaka á vinnumarkaði í kjölfar þeirrar óbilgirni sem einkennt hefur viðhorf hæstv. ríkisstjórnar á nær öllum sviðum. Engu er líkara en að menn hafi með öllu litið fram hjá þeim mannlega þætti sem mikilvægastur er þegar skapa á svigrúm og aðstæður til hagstæðra kjarasamninga, en fátt skiptir íslenskt þjóðfélag nú meira máli en að þar takist betur til en nú a.m.k. horfir.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um þær upplýsingar sem Þjóðhagsstofnun gaf fjvn. annars vegar 12. desember og hins vegar 19. desember um ástand og horfur almennt í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir.

Efnahagshorfurnar fyrir árið 1988 hafa breyst, segja þeir vísu menn, frá því í október. Þjóðhagsstofnun vinnur að endurskoðun þjóðhagsspár fyrir næsta ár í ljósi þessara breytinga og það er stefnt að því að þessari endurskoðun verði lokið eftir áramót. Taki menn eftir því, eftir áramót, ekki fyrir áramót. Það ríkir veruleg óvissa um ýmsar mikilvægar forsendur þjóðhagsspár fyrir árið 1988. Það er ekki undan dregið. Þannig hefur t.d. hámarksafli einstakra fisktegunda á næsta ári ekki enn verið ákveðinn, enda er það í meðförum þessa hv. þings. Jafnframt virðist langt í land með að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði fyrir næsta ár verði gerðir og ég hef þegar gert það hér að umtalsefni hvernig búið er í hag þeirra samninga eða hitt þó heldur.

M.a. af þessum sökum er að svo stöddu, að mati Þjóðhagsstofnunar, einungis hægt að fjalla í almennum orðum um þær breytingar sem hafa orðið síðustu tvo mánuði á efnahagshorfum fyrir næsta ár. Í því sambandi eru fjögur atriði mikilvægust að mati stofnunarinnar.

Í fyrsta lagi eru það viðskiptakjörin. Þau hafa versnað síðustu tvo mánuði og horfur um viðskiptakjör fyrir næsta ár eru nú lakari en reiknað var með í október. Hér veldur gengislækkun bandaríkjadollars í kjölfar verðhrunsins á hlutabréfamörkuðum heimsins í lok októbermánaðar mestu, en jafnframt hefur álverð reiknað í dollurum lækkað og óvissa ríkir um verð á sjávarafurðum. Horfur um hagvöxt og þar með aukningu almennrar eftirspurnar í iðnríkjunum á næsta ári eru nú lakari en reiknað var með í haust. Erfitt er að meta áhrif þessa á eftirspurn eftir íslenskum útflutningsvörum en þó má gera ráð fyrir að hún verði heldur minni en ella hefði verið. — Og við þessar aðstæður þótti hinu

háa Alþingi kjörið að hækka launaskatt á nýjum aðilum í útflutningsgreinum.

Enn fremur segir hér í umsögn Þjóðhagsstofnunar: Flest bendir nú til að framleiðsla sjávarafurða verði minni á næsta ári en miðað var við í þjóðhagsáætlun. Þar var reiknað með óbreyttri sjávarvöruframleiðslu frá því sem gert var ráð fyrir að hún verði á þessu ári og var það byggt á nokkrum samdrætti í afla sem talið var að breytt samsetning framleiðslunnar gæti vegið upp.

Fyrirsjáanlegt er, segir enn fremur í umsögn Þjóðhagsstofnunar, að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verði meiri en reiknað var með í endurskoðaðri þjóðhagsspá fyrir árið 1987 í október. Þá var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári yrði 2,4 milljarðar kr. eða sem svarar rúmlega 1% af landsframleiðslu. Þessi spá byggðist m.a. á því að afgangur yrði af vöruviðskiptum við útlönd að fjárhæð 1,4 milljarðar. Nú stefnir hins vegar í að afgangurinn af vöruskiptunum verði lítill sem enginn. Ástæðurnar fyrir þessu eru nokkrar og snerta bæði inn- og útflutning. Í fyrsta lagi hefur innflutningur aukist meira síðustu mánuði en reiknað var með. Í öðru lagi verða tekjur af útflutningi minni en gert var ráð fyrir vegna lakari viðskiptakjara sem rekja má til gengislækkunar bandaríkjadollars. — Flest annað í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar til fjvn. er í sama dúr.

Í 4. gr. umsagnarinnar segir þetta:

Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur því almennt versnað að undanförnu þar sem innlendur kostnaður hefur hækkað meira en verð útflutningsafurða í íslenskum krónum. Gengislækkun bandaríkjadollars hefur komið sér illa fyrir mjög mörg útflutningsfyrirtæki. Þetta á ekki síst við um fiskvinnslu, einkum frystingu, sem nú er rekin með verulegu tapi. Áætlað er að botnfiskvinnslan í heild sé nú rekin með tapi sem nemur 3–5% af tekjum. Þar af er áætlað að tap í frystingu nemi 7–9% af tekjum. Jafnframt eru ástæður víða erfiðar í öðrum útflutningsgreinum. Má í því sambandi m.a. minna á rekstrarerfiðleika ullariðnaðarins.— Allt voru þetta sjálfsagt kjörnar aðstæður til sérstakrar þyngingar í skattlagningu á þessa aðila. — Erfitt er að fullyrða nokkuð um stöðu innlendra framleiðslugreina sem keppa við innflutning, segir enn fremur í þessari skýrslu.

Þá er hér að lokum sérstakur kafli um verðlag sem er einkar athyglisverður:

Mikil óvissa ríkir um verðlagshorfur á næsta ári. Fyrir þessu eru margar ástæður. Í fyrsta lagi er ekki að svo stöddu unnt að segja hverjar verði niðurstöður kjarasamninga eins og fram hefur verið tekið fyrr í skýrslunni. Í öðru lagi hefur innlendur kostnaður hækkað mjög mikið á þessu ári en gengi krónunnar haldist að mestu óbreytt.— Þarna er efast um fastgengisstefnuna. — Þessi þróun getur ekki haldið áfram til lengdar, segir berum orðum hér í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Í þriðja lagi er stefnt að umfangsmiklum breytingum á tollum og öðrum óbeinum sköttum um áramótin, eins og hv. alþm. þekkja nú vel. Um það segir hér í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar:

Áhrif þessara breytinga á verðlag verða víðtæk en erfitt er að meta þau með nákvæmni á þessari stundu.

Með þessum fyrirvörum er sú verðlagsspá sem fylgdi þessari vinnu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1988.

Einni viku síðar komu sömu aðilar til fjvn. og staðfestu í rauninni nákvæmlega það sama og þeir áður höfðu sagt um þessar meginforsendur sem liggja til grundvallar fjárlagafrv. sem hér er til afgreiðslu.

Ég mun nú í framhaldi af þessu fara örfáum orðum um tillöguna í heild samandregna eins og hún kemur mér fyrir sjónir.

Varðandi tekjuhlið frv. eru þar náttúrlega mest einkennandi þær breytingar sem nú verða á milli 2. og 3. umr. Eignarskattar eru áætlaðir töluvert hærri en var við 2. umr. Þá var gert ráð fyrir að eignarskattar yrðu 1 milljarður 547 millj. kr. Það hefur hækkað í meðförum í 1 milljarð 735 millj. kr. eða um 888 millj. kr., um 12% hefur það hækkað í meðförum þingsins. Þessi hækkun er þó 36,5% frá gildandi fjárlögum. Beinir tekjuskattar lækka hins vegar í þessari meðferð þingsins.

Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir að tekjuskattarnir yrðu 6 milljarðar 700 millj. kr., en samkvæmt áætluninni eins og hún liggur fyrir eru tekjuskattar, beinir skattar, áætlaðir 6 milljarðar 520 millj. eða 180 millj. kr. lægri, þ.e. lækkun um 2,6% á milli umræðna. Engu að síður er þetta 25% hækkun beinna skatta frá gildandi fjárlögum og við skulum hafa í huga verðbólgustigið sem er um það bil 30 þessa stundina, 30%.

Mest er breytingin á milli umræðna varðandi innflutningsgjöld, vörugjald og söluskatt og það er einkar fróðlegt að sjá hvernig það dæmi lítur út. Þegar frv. var lagt hér fram í haust var gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af innflutningsgjöldum yrðu 7 milljarðar 31 millj. kr. Endurskoðunin leiðir hins vegar í ljós að þessari upphæð er ætlað að lækka um 1 milljarð röskan eða 14,2% og verður nú 6 milljarðar 29 millj. kr. Vörugjald lækkar einnig úr röskum 3 milljörðum í upphafi niður í 1 milljarð 772 millj. Það er mesta lækkunin vegna tollabreytinganna.

Það er svo sannarlega upp borið í söluskattinum. Söluskatturinn var þegar frv. var lagt fram að upphæð 26 milljarðar 340 millj. kr. Við þessa endurskoðun hefur sú upphæð hækkað í 31 milljarð 860 millj., hvorki meira né minna en um 5 milljarða 520 millj., um 21% á milli umræðna, 21%. En frá gildandi fjárlögum hækkar söluskattur í þessu tekjumynstri ríkisins um 82,78%, frá lögunum í fyrra.

Launatengd gjöld eru áætluð mjög nærri því sem var þegar frv. var lagt fram í haust. Þá voru áætluð launatengd gjöld um 4 milljarðar 623 millj. kr. en eru nú 4 milljarðar 673 millj. kr. eða um 50 millj. kr.

hækkun.

Rekstrarhagnaður af ÁTVR hækkar einnig nokkuð, úr 4 milljörðum 75 millj. kr. í 4 milljarða 275 millj. kr. eða um 200 millj. kr.

Heildarniðurstaðan í þessari tekjuáætlun ríkisins er sú að þegar frv. var lagt fram í haust var gert ráð fyrir tekjum ríkisins að upphæð 59 milljarðar 563 millj. kr. Það hefur nú hækkað í 63 milljarða 91 millj. kr. eða um 3 milljarða 346 millj. kr., 5,9% hækkun frá því í haust, 46,2% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ég bið menn að hafa í huga verðbólgustigið, um 30%.

Það er ýmislegt fleira í þessu stóra dæmi sem er fróðlegt til athugunar á þessari stundu, m.a. að bera saman þær tölur eins og ég hef hér verið að lesa frá því að fjárlagafrv. er lagt fram til þeirrar stundar að fjárlög eru samþykkt og síðan rauntölur þegar viðkomandi ár er liðið og uppgjör hefur farið fram. Ég er hér með fyrir framan mig upplýsingar um þrjú ár í þessu sambandi. Árið 1985 voru heildartekjur ríkisins 21 milljarður 980 millj. kr. eða 21,9 milljarðar þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Það hækkaði verulega í meðförum þingsins eða upp í 25,3 milljarða. Það hækkaði um 15,3% í meðförum þess þings. Síðan líður árið 1985 og hækkun þessara tekna ríkisins verður síðan sú staðreynd að tekjurnar hækka um 7%. Þegar innheimt er af þjóðinni hækkuðu þessir 21,9 milljarðar í 27,1 þegar upp var staðið. Hækkunin frá því málið er lagt fyrir þing varð hvorki meira né minna en 22,3% frá fyrstu áformum til staðreyndarinnar.

Sams konar yfirlit yfir árið 1986 lítur þannig út. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var tekjuáætlun ríkisins að upphæð 33,5 milljarðar. Þegar fjárlögin voru síðan afgreidd fyrir 1986 höfðu þessir 33,5 milljarðar hækkað í 37,8 milljarða eða um 12,9%. Þetta er það fræga ár 1986 þegar verðbólgan er á niðurleið. Og þegar þessar tekjur ríkissjóðs eru innheimtar í árslok 1986 eru þessir 33,5 milljarðar sem átti að innheimta samkvæmt frv. orðnir að 38,1. Frá frv. til staðreyndar hafði hækkunin numið 13,6%.

Árið 1987 þegar frv. til fjárlaga er lagt fram var upphæðin nánast sléttir 40 milljarðar. Þegar fjárlögin voru afgreidd voru heildartekjurnar 43 milljarðar röskir, en þegar innheimtum lýkur í lok þessa mánaðar er ætlað að tekjurnar verði 47,5 milljarðar kr. Hækkun frá frv. í fyrra til staðreyndar í árslok er 18%.

Þegar hækkunarprósentur þessara þriggja mjög mismunandi ára, 1985, 1986 og 1987, eru lagðar saman, 22,3%, 13,6% og 18%, og við fáum við út ákveðið meðaltal, 17,96%, mjög svipað og útkoman er í ár. Ef við reynum að gera okkur í hugarlund hvernig hér verður ástatt að þessu leyti má búast við því að tekjuauki ríkisins, eingöngu af þessum ástæðum, eingöngu af veltiástæðum, vegna veltuaukningar og verðbólgustigs og annars sem því fylgir, verði hvorki meira né minna en 10,7 milljarðar kr. Þetta sýnir í rauninni hvers konar kviksyndi það er sem menn standa í þegar þeir reyna að áætla við þær aðstæður sem hér ríkja. Þess vegna er engin furða þó að hv. alþm. fari vinsamlega fram á það að þau frumvörp til laga sem tengd eru fjárlögum komi til meðferðar þingsins með sæmilegum fyrirvara þannig að hægt sé að vinna hér á eðlilegan hátt.

Hæstv. forseti. Ég mun senn fara að stytta mál mitt, en áður en ég lýk því vil ég segja þetta. Það frv. til fjárlaga fyrir árið 1988, sem hér er til 3. umr. án þess að margar forsendur þess hafi hlotið staðfestingu og samþykki þingsins, hefur mörg þau einkenni sem ganga þvert á stefnu Borgarafl. Borgarafl. er í meginatriðum andstæður þeirri skattastefnu sem er hornsteinn þess frv. sem hér liggur fyrir og raunar burðarás. Borgarafl. er algjörlega andvígur matarskattastefnu hæstv. ríkisstjórnar, í fyrsta lagi vegna þess að hún kemur þyngst niður á þeim sem síst mega við áþján af þessu tagi. Þetta er í hæsta máta óréttlát skattheimta, eykur þann kostnað sem fyrir var mun hærri en gerist með nágrannaþjóðum okkar. Í annan stað vegna þess að svo mikil skattheimta, um 25% nánast gegnumsneitt, er dæmd til að mistakast. Hún mun enn auka á misréttið í þessu þjóðfélagi hvað skattheimtu varðar þvert ofan í margyfirlýstan vilja stjórnvalda.

Í þessu sambandi má gjarnan minna á að það er ekki lengra en fáeinar vikur síðan hæstv. ríkisstjórn lagði fram þjóðhagsáætlun þar sem hún greindi frá stefnu sinni í ríkisfjármálum með því markmiði m.a. að veruleg fækkun söluskattsundanþága yrði framkvæmd, en síðan stóð í næstu línu: Jafnframt verði skatthlutfallið lækkað. Þetta fárra vikna margendurtekna loforð hefur nú verið svikið með eftirminnilegum hætti. Hæstv. ríkisstjórn mun vafalítið benda á auknar niðurgreiðslur sem málsvörn sína í þessu efni. En hún er bæði hæpin og í meira lagi lævísleg. Vísast verður þar um fasta fjárhæð að ræða sem hjaðnar og jafnast út í 30% verðbólguhraða eins og óumdeilt er að nú ríki.

Þessi skattheimtustefna hæstv. ríkisstjórnar er í grundvallaratriðum röng. Meginástæðan er sú að íslenskt þjóðfélag er að því leyti annarrar gerðar en flest nágrannaríki, a.m.k. þau sem mynda Evrópubandalagið, að við erum að miklum mun háðari innflutningi alls kyns neysluvöru en þau, en búum við fremur einhæfa útflutningsverslun. Þess vegna er svo mikið vægi skatta á seinasta stig viðskipta alls ekki vænlegasta leiðin til að ná þeirri skilvirkni sem æskileg er og hver hæstv. ríkisstjórn vill án efa stefna að.

Hæstv. núv. ríkisstjórn hefur sjálf kveðið upp dóminn yfir þeim árangri sem hún ætlar að ná, 400 millj. kr. í bættri innheimtu af 63 milljarða heildartekjum, 400 millj. einungis af 63 milljörðum eða rúmt ½%, sem telja verður mjög rýran árangur en líklega er þetta mat rétt og í réttu hlutfalli við viljann. Ég tel þessi einkenni í skattheimtustefnu hæstv. ríkisstjórnar versta þáttinn í því frv. til fjárlaga fyrir 1988 sem hér er til lokaafgreiðslu.

Við 2. umr. gerði ég að umtalsefni hve útgjalda-

áform ríkisins væru í litlu samræmi við aðrar forsendur frv. þar sem útgjaldaaukning margra ráðuneyta næmi 50–80% hækkun á milli ára þegar 17–18% hækkun er meginverðlagsforsenda frv. Þegar þjóðhagsstofnunarfulltrúarnir komu á fund fjvn. 13. desember sl. gerðu þeir jafnframt grein fyrir því að áætlað væri að hækkun framfærsluvísitölu næmi 17% meðalhækkun á fyrra ári, takið eftir, 17% meðalhækkun frá fyrra ári, sögðu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar. Fyrir fáeinum mínútum lauk síðasta fundi fjvn. fyrir þessa fjárlagaafgreiðslu. Þá var tilkynnt áform um að skattvísitalan yrði 131 miðað við 100 á sl. ári. Jafnframt var tilkynnt að hækkun framfærsluvísitölu næmi, ekki 17% eins og fulltrúar Þjóðhagsstofnunar höfðu áður sagt, heldur 27% frá samþykkt seinustu fjárlaga, ekki 17%, heldur 27%. Trúa mín er sú að mörg heimili í þessu landi eigi eftir að finna íþyrmilega fyrir þeim afleiðingum sem þessari staðreynd óhjákvæmilega fylgja.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forrseti.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kynni því betur að hæstv. fjmrh. væri í salnum þegar verið er að ræða um fyrsta fjárlagafrv. frá hans hendi og kannski eina. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er kominn í salinn.)

Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrv. lýsti ég nokkuð útliti í þjóðarbúskapnum eins og það var þá samkvæmt forsendum frv. Við 2. umr. höfðu ýmsar þær forsendur breyst og flestar til þess verra. Má þar nefna að viðskiptakjör höfðu þegar versnað og spáð var að þau yrðu enn lakari. Óvissa ríkti um verð á útflutningsafurðum okkar og eftirspurn virðist minnkandi auk þess sem allt bendir til að samdráttur í sjávarútvegi verði meiri en búist var við, viðskiptahalli yrði meiri en reiknað var með vegna vaxandi innflutnings og minni tekna í útflutningi.

Í þjóðhagsáætlun var gert ráð fyrir að viðskiptahalli á árinu 1988 yrði 4½ milljarður eða um 2% af landsframleiðslu. Staðan í dag segir okkur að hann verði mun meiri. Ljóst er að staða útflutningsfyrirtækja hefur versnað að mun og fiskvinnslan, sérstaklega frystingin, er rekin með tapi.

Nú við 3. umr. eru hinir vísu spámenn Þjóðhagsstofnunar ekki bjartsýnni en þeir voru fyrr í mánuðinum og því ríkir enn sama óvissan um efnahagsforsendur fjárlagafrv. og áður, í orði kveðnu, þó að ýmsir hafi uppi þær skoðanir að þær séu í raun flestar brostnar.

Þó gengisfall dollars yrði ekki meira en orðið er, sem enginn getur sagt fyrir um, er viðskiptastaða okkar þegar mjög slæm. Vextir innan lands eru háir, of háir, og eru því enn einn bagginn á útflytjendum og öðrum fyrirtækjum sem og almenningi. Háir vextir eru húsbyggjendum þungir í skauti sem og öðrum þeim sem skulda og áhrif þeirra eru söm hér og annars staðar í heiminum. Háir vextir draga úr vilja fjármagnseigenda til að ávaxta fé sitt í áhætturekstri og þeir draga einnig úr getu fyrirtækja til að leggja í arðbærar framkvæmdir. Háir vextir hindra þannig margs konar nýjungar í atvinnurekstri og draga úr möguleikum á hagvexti. Þetta er það sem blasir við atvinnulífinu nú.

Þessir háu vextir sem við búum við hafa ekki orðið til þess að draga úr ásókn í lánsfé. Fólk er enn með góðærisglýjuna í augunum og það sama virðist gilda um ríkisstjórnina. Hún virðist ekki sjá að nú eru að fara í hönd gjörbreyttir tímar, tímar samdráttar og versnandi viðskiptakjara. Ríkisstjórnin hlýtur að þurfa að grípa til efnahagsaðgerða á næsta ári, aðgerða sem við óttumst að komi illa við launafólk. Á næsta ári verða allir skattar að fullu verðtryggðir en persónuafsláttur ekki reiknaður út nema tvisvar. Þetta hlýtur enn að þyngja skattbyrðina. Staða launafólks hlýtur því að fara versnandi og ljóst er að láglaunafólk á sér ekki bandamenn innan ríkisstjórnarinnar. Því er ekki líklegt að hún leggi launafólki lið í þeirri varnarbaráttu sem fram undan er hjá því.

Þrátt fyrir allt tal um þenslu í viðskiptum og kaupgetu almennings er það staðreynd að kaupmáttur launa nú í desember er 5% lægri en á sama tíma í fyrra. Framfærsluvísitalan mun hækka strax um áramót og því er ljóst að kauphækkanir verða að vera meiri en reiknað er með í fjárlagafrv. ef laun eiga að halda kaupmætti. Slíkt væri þó hógvær krafa og ekki líklegt að launafólk sætti sig aðeins við það.

Í hönd fer nú sannkallað skattaár. Almenningur mun vissulega finna fyrir aukinni skattheimtu í viðbót við þann samdrátt sem ytri aðstæður valda. Því munu ráðstöfunartekjur heimilanna rýrna verulega. Við þessar aðstæður og með gengisfellingu vofandi yfir sér er unnið að nýjum kjarasamningum og það blasir við að taxta verður að færa nær greiddum launum ef ekki á að koma til stórkostleg kjaraskerðing. Nú hrópa útflutningsatvinnuvegirnir á gengisfellingu og þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar um að gengið verði ekki fellt er ekki úr vegi að minnast þess að á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í nóvember sl. var sú spurning lögð fyrir hæstv. fjmrh. hvort gengið yrði fellt. Orðrétt svaraði hann: „Það ræðst af kjarasamningum.“ Það á sem sagt að hafa verkalýðshreyfinguna sem blóraböggul þegar til þess kemur að fella gengið.

Með gengisfellingu væri enn ein forsenda fjárlagafrv. brostin. Það er þessi óvissa um forsendur frv. sem gerir það tortryggilegt og þær ytri aðstæður sem við búum við, svo sem versnandi viðskiptakjör, orsaka ótrygga efnahagsstöðu og ótryggt útlit í efnahagsmálum.

Það má að sjálfsögðu segja margt um tekjuöflunarleiðir þær sem hæstv. ríkisstjórn fer til að forðast fjárlagahallann. En þær eru allar sama markinu brenndar, einföldun þeirra og skilvirkni er ekki réttlát og í stórum dráttum byggja þær á harðari og nærgöngulli skattheimtu en fyrr hefur þekkst. Frá því að hæstv. ríkisstjórn settist að völdum hefur hver tilskipunin rekið aðra í þeim efnum.

Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ákveðið að leggja á nýja skatta sem nema um 3,7 milljörðum kr.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram var bætt við tveim milljörðum. Við 2. umr. var enn bætt á 2 milljörðum og 50 millj. kr. og þar að auki er talið að veltubreytingar færi í ríkissjóð um 600 millj. og betri innheimta söluskatts skili um 400 millj. Þannig er hér um að ræða 8 milljarða 750 millj. kr. í tekjuaukningu ríkissjóðs á næsta ári. En þar af er matarskatturinn einn 5 milljarðar 750 millj. kr. Það eru gjöld sem leggjast á almenning umfram það sem áður hefur verið og þar er valin greiðasta leiðin, skattlagt það sem helst enginn getur án verið hvort sem hann er ríkur eða fátækur og engum hlíft.

Þegar ákveðið var að söluskatturinn skyldi verða 25% á flestallar neysluvörur held ég að flestum hafi ofboðið. Mánuðum saman hafði ákvörðunin um breikkaðan söluskattsstofn verið réttlætt með því að þá yrði söluskattsprósentan jafnframt lækkuð. Þessi ákvörðun er eins og köld vatnsgusa framan í landsmenn og gengur þvert á það sem hæstv. ríkisstjórn hafði áður boðað.

Ýmsir hv. þm. hafa sýnt fram á það hér í ræðustól hvernig tollalögin leggja ýmsar nauðsynjavörur heimilanna í einelti. Nauðsynleg heimilistæki sem fæstir telja sig geta verið án hækka í verði en önnur ónauðsynlegri lækka — svo maður tali nú ekki um afruglarana. Tollastefna hæstv. ríkisstjórnar veldur einnig neyslustýringu sem gengur þvert á hollustu- og manneldissjónarmið og það er hörmung að heyra ráðherra verja þá stefnu með því að þar á móti lækki íþrótta- og útivistarvörur svo að fólk eigi nú auðveldara með að stunda heilbrigða lifnaðarhætti. Hvernig gagnast sú lækkun fötluðum og lömuðum, öldruðum og sjúkum, ungum börnum og barnshafandi konum? Mundi þessu fólki ekki koma öllu betur að hollur matur væri ódýr heldur en íþróttavörurnar? Forvarnarstarfið er greinilega ekki haft í fyrirrúmi, enda stendur líka til að leggja manneldisráð niður svo að það sé ekki að skipta sér af svona hlutum. Og það er ekki gert endasleppt við heimilin, heimili þar sem eru börn og unglingar á skólaaldri. Pennar, blýantar og litir eru í 30% tollflokki og allar pappírsvörur, svo sem stílabækur og þess háttar, bera 10% toll. Þá fer ýmsum að detta í hug fjölskyldunefndin góða sem hæstv. forsrh. skipaði fyrir allnokkru síðan. Var ekki hennar hlutverk að láta til sín taka það sem varðaði hag fjölskyldnanna í landinu? Finnst þessari ágætu nefnd ekkert að því að manneldisráð og áfengisvarnaráð séu lögð niður? Hefur þessi nefnd ekkert til málanna að leggja um það hve aðgerðir ríkisstjórnarinnar þrengja að högum barnmargra fjölskyldna og hvernig hollusta í mataræði er sveigð af leið undir tolla- og skattastefnunni sem verið er að koma á? Hefur þessi nefnd ekkert að segja um slíkar aðgerðir? Til hvers er hún þá?

Ekki má svo gleyma launaskattinum sem nú á bæði að breikka og hækka og á að skila 400 millj. í ríkiskassann. Er þetta viturleg ráðstöfun nú þegar staða sjávarútvegsins er slæm og horfur ekki góðar í þeim efnum og fiskvinnsla rekin með tapi?

Í öllu þessu tolla- og skattafrumvarpaflóði er svo enn eitt skattfrv., lítið og feimnislegt, skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem áætlað er að skili 210 millj. Þarna er nú ekki verið að hafa hátt. Þarna er nefnilega verslunin, hin heilaga kýr. Henni þarf að strjúka með silkihönskum meðan stöðugt er þrengt að almenningi. Hefði ekki verið óhætt að tvöfalda þessa upphæð og draga fremur úr álögum annars staðar?

Ég hef nú rakið í stuttu máli þær álögur sem tekjuöflun hæstv. ríkisstjórnar veldur. Það getur hver séð sem vill sjá að þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir er ekki hreyft þeim sem stórgræddu á góðærinu á hagvaxtartímanum. Þeim er hlíft. Það er fólkið með miðlungstekjurnar sem verður harðast úti.

Og þá minnast menn manns sem stóð hér í ræðustól fyrir ári síðan og talaði um stefnu Alþfl. í skattamálum. Einn þáttur þeirrar stefnu var þá að sögn ræðumanns að dreifa skattbyrðinni með réttlátum hætti eftir greiðslugetu. Ja, það var og. Það er einstaklega furðulegt hvaða breytingar verða á skoðunum og áhugamálum manna við að setjast í ráðherrastól. Í fyrra var það eitt heitasta áhugamál þessa sama manns að skattleggja stóreignir og ná inn milljörðum sem skotið væri undan skatti. Hvar eru nú aðgerðir boðbera jafnaðarstefnunnar í þessum efnum?

Ég vil líka minna á að fyrir rúmi ári stóð þessi maður, núv. hæstv. fjmrh., hér í ræðustól og sagði þá að Alþfl. hefði uppi tillögur um nýja atvinnustefnu í landbúnaði, sjávarútvegi og fiskvinnslu með nýja sókn í atvinnumálum landsbyggðarinnar að leiðarljósi. Hvar örlar á þessari stefnu Alþfl.? Ég held að landsbyggðarfólk hafi ekki orðið vart við hana enn þá þrátt fyrir fögur fyrirheit í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar, en þar er líka yfirlýsing um að ríkisstjórnin líti á það sem eitt meginverkefni sitt að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Áframhaldandi verslun með kvóta rennir sennilega styrkum stoðum undir þetta fagra fyrirheit.

Þar sem umræðum um frv. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið frestað ræði ég það mál ekki hér en mælist til þess að sveitarstjórnir um land allt verði hvattar til að kynna sér frv. svo að menn viti fyrir víst hvað þeir eru að takast á hendur og geti látið í ljós skoðanir sínar á því ef vera kynni að tillit yrði tekið til þess.

Við kvennalistakonur erum ekki talsmenn þess að ekki eigi að innheimta skatta. Við erum bara ekki sáttar við hvernig það er gert og bendum þar á að tekjujöfnunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar með hækkuðum persónuafslætti og auknum barnabótum gagnast ekki öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Við höfum lagt fram tillögur um tvö tekjuskattsþrep svo að hátekjur yrðu skattlagðar. Væri það ekki öllu réttlátara? Við höfum bent á að hægt væri, ef vilji væri fyrir hendi, að ná inn stórmiklu fé sem skotið hefur verið fram hjá skatti. Við teljum að ráðstafa eigi tekjum ríkisins með hag almennings að leiðarljósi.

Við erum ekki sáttar við útþenslu yfirstjórnar ráðuneyta og bifreiðakaup ríkisstofnana fyrir forstjóra sína. Við erum ekki sáttar við að fleygja milljörðum í steinsteypuhrúgald á Miðnesheiði meðan heft er uppbygging sjúkrahúsa.

Herra forseti. Við 2. umr. komu fram nokkrar brtt. frá kvennalistakonum og eru þær flestar endurfluttar á þskj. 427 og 428. Þar er um að ræða aukin framlög til nokkurra liða sem varða menntun, menningu og listir, umhverfismál og bættan hag kvenna og barna, en áhersla á þessa málaflokka einkennir stefnu Kvennalistans. Þingkonur Kvennalistans mæltu fyrir þessum tillögum við 2. umr. og skýrðu þau rök sem að baki þeim liggja. Ef brtt. okkar næðu fram að ganga gerðist eftirfarandi:

Námsgagnastofnun yrði gert kleift að sinna hlutverki sínu.

Jafnrétti til náms yrði aukið með jöfnun námskostnaðar til framhaldsskólanema úr dreifbýli og auknu framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Auknu fé yrði veitt til rannsókna.

Stuðlað yrði að uppbyggingu ferðaþjónustu með auknu fé til Ferðamálaráðs og ferðamálasamtaka landshlutanna.

Rekstrargrundvöllur Kvennaathvarfs yrði tryggður.

Kvikmyndaeftirlitð gæti sinnt verkefnum sínum og skyldum.

Krabbameinsfélagið fengi aukið fé til krabbameinsleitar og forvarnarstarfsemi.

Unnt yrði að framfylgja lögum um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Aðstaða fatlaðra yrði bætt.

Aukin áhersla yrði á umhverfisvernd og umhverfisfræðslu.

Aukin framlög til menningarmála mundu gera hvort tveggja að styðja innlenda sköpun og létta kjör listamanna.

Því miður felldi meiri hl. þm. tillögur okkar kvennalistakvenna í atkvæðagreiðslu við 2. umr. um framlag til byggingar dagvistarheimila sem stjórnvöld hyggjast nú varpa algjörlega yfir á sveitarfélögin. Framkvæmd þeirra verkaskipta er hins vegar algjörlega ófrágengin og öll í lausu lofti.

Auk þess fluttum við tillögur um aukið framlag til Geislavarna ríkisins og til umhverfisverndar í Dimmuborgum í Mývatnssveit. Fjvn. tók myndarlega á málefnum Geislavarna og samþykkti að veita 400 þús. kr. til Dimmuborga. Við lögðum að vísu til að sú fjárveiting næmi 1 millj. en ákváðum að sætta okkur við framlag fjvn. í trausti þess að betur yrði gert við þessa náttúruperlu í framtíðinni.

Herra forseti. Í starfsáætlun ríkisstjórnar stendur eftirfarandi málsgrein, með leyfi hæstv. forseta: „Átak verður gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti.“ Þetta frv. ber engin merki um að þessi stefna hafi verið höfð að leiðarljósi við gerð þess. Kvennalistakonur hafa lagt til að sérstakri fjárhæð yrði varið til að bæta kjör kvenna í þjónustu ríkisins. Hefði nú ekki verið við hæfi að einhverju af þeim 5½ milljarði, sem heimilin eiga að útvega ríkissjóði í gegnum matarskattinn, yrði varið til þessa málefnis? Það eru oftast konur sem sjá um matarinnkaup og matargerð og hefðu þær því verið best að því komnar að fá til baka svona 200 millj. Það hefði verið þeim góð búbót og gert fyrrgreinda setningu að sannmæli.

Herra forseti. Í ljósi þess sem ég hef dregið fram í máli mínu um ótryggar forsendur fjárlagafrv. og óvissu um afleiðingar þeirra efnahagsráðstafana sem því fylgja vísa ég allri ábyrgð á gerð þess og afleiðingum til ríkisstjórnarinnar.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Svo sem venja er hafa menntmn. beggja deilda komið saman til að fjalla um skipan heiðurslauna listamanna. Á því ári sem nú er senn að líða hafa 16 listamenn skipað heiðurslaunaflokk. Svo hagar til að einn þessara listamanna lést á árinu, skáldið Snorri Hjartarson, þannig að nú eru í þessum flokki 15 listamenn.

Eftir nokkra umfjöllun hafa menntmn. beggja deilda komist að þeirri niðurstöðu að leggja ekki til fjölgun í heiðurslaunaflokknum að þessu sinni, en hér er um erfiða og vandasama ákvörðun að ræða. Hins vegar leggja nefndarmenn fram brtt. á þskj. 398 við 4. gr. liðarins 02-982 170 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Brtt. snýst um það að fyrir 6 900 000 komi: 7 500 000. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti sem brtt. fylgir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar frá 12. des. sl. kemur ótvírætt fram staðfesting á þeirri óstjórn sem ríkt hefur síðustu missiri. Þrátt fyrir fádæma góðæri hefur ekkert verið lagt til hliðar ef verr skyldi ára. Þessari ríkisstjórn virðist fyrirmunað að reyna að stjórna landinu enda eru allar aðgerðir hennar í anda hrossakaupa. Jafnvel Morgunblaðið gagnrýndi hér fyrr á árum slíkt og taldi það ekki eftir sér. Jafnvel Vísir flutti slíkan boðskap.

Því er þetta nú rifjað upp að á stóli forsrh. situr fyrrum dálkahöfundur og ritstjóri nefndra fjölmiðla sem stendur að slíkum hrossakaupum. Stjórnarmyndunarviðræður og stjórnarsáttmálinn sl. sumar gefa sterklega til kynna hversu hrossakaupin hafa verið dýr og það sjáum við nú í fjárlögum og þeim skuldbindingum sem ætlunin er að leggja á þjóðina. Viðskiptakjör versnuðu undir haustið í kjölfar stjórnlauss innflutnings og rangrar gengisskráningar. Víst er það svo sem snjall þjóðhagsfræðingur sagði á síðum Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum að besta kjarabótin er fastgengisstefnan, en hún verður þá að eiga sér forsendur í þjóðhag og slíkar aðstæður eru ekki nú.

Hvaða afleiðingar mun samdráttur í þorskafla á næsta ári hafa? Minni gjaldeyristekjur, hlutfallslega minni þjóðartekjur í kjölfar minnkandi atvinnutekna. Hvar ætlar ríkisstjórnin að innheimta skatta

þegar hinar vinnandi hendur geta ekki borgað? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að selja skuldabréf á fjármagnsmörkuðum? Hafa menn áttað sig á að þá mun jafnframt dragast saman sú upphæð sem almenningur getur eytt í verðbréf? Hvað með iðgjöld hjá lífeyrissjóðum þegar fyrirtæki safna þar skuldum? Það er verið að semja við lífeyrissjóði um kaup á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins, en hefur það verið kannað hversu mikil vanskil eru við lífeyrissjóðina? Þar á ég við iðgjöldin. Ég hef grunsemdir um að þau vanskil séu gífurleg.

Ný stefna í efnahagsmálum var fyrst mörkuð í október, en þó kröpp og erfið sigling sé fram undan í átt að nýju jafnvægi í þjóðarbúskapnum má alls ekki gefast upp. En með óhæfilegri skattheimtu er ríkisstjórnin einmitt að gera það. Stjórn peningamála hér á landi hefur farið úrskeiðis. Stjórn þeirra skiptir meira máli hérlendis en sums staðar annars staðar. Í fyrsta lagi á aukning landsframleiðslu rætur að rekja til sjávarútvegs, en tækninýjungar og menntun hafa minni áhrif hér enda þjóðfélagið vel þróað. Vöxtur þjóðarframleiðslunnar er því að mestu háður utanaðkomandi aðstæðum vegna þess og hins að þjóðfélagið er mun einhæfara. Meginmáli skiptir að peningastjórn sé á þann veg að sveiflur í sjávarútvegi virki með fullum krafti í auknum eða minnkandi kaupmætti í þjóðarbúinu með tilheyrandi þenslu eða samdráttaráhrifum. Það sem hefur gerst er að peningamagn í umferð og kaupmáttur þjóðarinnar hefur vaxið hraðar en æskilegt er miðað við mögulega aukningu í framleiðslugetu þjóðarbúsins.

Ástandið í efnahagsmálum er á þann veg nú að sprengihætta er gífurleg, en fargið eru skattarnir sem ríkisstjórnin ætlar sér að leggja á. Um leið viðurkennir hún mistök sín sl. missiri, sbr. fullyrðingar hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Mikilvægt er að auka og skerpa möguleika Seðlabankans til að hafa áhrif á stjórn peningamála, en hann er í dag algjörlega máttlaus og aðeins risavaxið bákn á brauðfótum. Annaðhvort er bankanum illa stjórnað eða hann skortir lagaheimildir til að gera það sem þarf, og það sem meira er að víxlhagsmunir koma e.t.v. í veg fyrir bætta stjórn í peningamálum. Það er hins vegar alveg skýrt að ríkisvaldið á og má ekki fyrir nokkurn mun misnota tengsl sín við Seðlabankann.

Meginmarkmið Seðlabankans er að varðveita gildi krónunnar. Sl. tvö ár hefur ríkt þensluástand sem hefur ásamt miklum halla á ríkisbúskapnum leitt til þess að veruleg þörf var fyrir aukið aðhald í fjármálum og peningamálum. Erlend lántaka ríkissjóðs hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Ein af afleiðingum þessa ástands er að raunvextir eru almennt hærri hér á landi en annars staðar eða jafnvel 9,5% sem er hrollvekjandi siðleysi. Auðvitað er sjálfsagt að menn fái sanngjarna leigu af fjármagni, en þar er skólabókardæmið um 5% raunvexti æskilegt.

Arðsemi atvinnulífsins hérlendis gefur ekki tilefni til 9,5% vaxta og þetta eykur verðbólgu sem leiðir til stjórnleysis. Þess vegna mun ástand efnahagsmála verða hrollvekja á næsta ári. Það hefði átt að reka ríkissjóð með tekjuafgangi á líðandi ári í ljósi góðærisins.

Nú horfir illa við því raungengi krónunnar er mjög óhagstætt útflutnings- og samkeppnisgreinunum. Það er mjög alvarlegt að þjarma að þessum greinum og svo gæti farið að framleiðslugeta útflutnings- og samkeppnisgreinanna skertist varanlega með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Og hvað gerir hún þá?

Aðalmarkmið á næsta ári er að sparnaður haldist í hendur við lánsfjárnotkun og breytingu hennar þannig að nýtt erlent lánsfé haldist í hendur við afborganir eldri lána og í reynd þarf auðvitað að draga saman erlendar lántökur meira en sem þessu nemur. Alvarlegar horfur eru á að markmið þetta náist ekki því áætlanir ríkisstjórnarinnar miðast við söfnun erlendra skulda og aukinn viðskiptahalla.

Í bréfi sem barst fjvn. og er dags. 19. þessa mánaðar er komið inn á þessi mál frekar og það rakið að forsendur fyrir fjárlögum séu rangar. Það kemur mjög greinilega fram í þessu bréfi að þau fjárlög sem hér liggja fyrir séu ekki rétt og forsendur þeirra rangar. Sú tekjuspá sem þar er er röng og þær forsendur sem gefnar eru upp. Það er því skýrt að forsendur fjárlaga eru falskar og gefa ekki rétta mynd af efnahagshorfunum á næsta ári.

Sú kerfisbreyting sem nú á sér stað undir kjörorðunum „skilvirkni, réttlæti og einföldun“ er um margt ágæt en kjörorðin eru röng og gefa falska glansmynd af þessum breytingum. Niðurstaða mín er þessi: Það verður ekki meiri skilvirkni heldur minni skilvísi og tilhneiging til að draga undan skatti. Réttlætið verður ekki meira með þessum breytingum heldur öfugt. Fólk með lægri tekjur og miðlungslaun mun koma verr út úr þessum breytingum heldur en oftast áður. Einföldun verður ekki nema að hluta og helst eru það einfaldir stjórnmálamenn sem munu trúa því.

Þá er það hvað þessi breyting þýðir í raun. Hún þýðir mestu skattaálögur í sögu þjóðarinnar. Sú gífurlega skattlagning vekur undrun og sú spurning hlýtur að vakna: Hvað ætla menn að gera í slæmu árferði? Ráðleysi og fálm núverandi ríkisstjórnar mun lengi lifa í sögunni. Reyksprengjur stjórnarliða munu taka enda og fólkið í landinu sjá í gegnum vafurlogann. Hin þríhöfða stjórn kvóta og skömmtunar er áhyggjuefni fyrir hin borgaralegu öfl í landinu. Borgarafl. er eina skjól þeirra sem hafa trú á frjálsu þjóðfélagi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í fjarveru hv. þm. Karvels Pálmasonar, sem er formaður samvinnunefndar um samgöngumál, tala ég hér fyrir nál. samvinnunefndar um samgöngumál og fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur.

Ég leyfi mér að mæla fyrir brtt. samvn. samgm. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um erindi

þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta eru á Faxaflóa, á Breiðafirði og Ísafjarðardjúpi og á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa um flutninga á landi, svo sem um rekstur snjóbifreiða eða um mikinn snjómokstur, þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Enda þótt reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Á undanförnum árum hefur í framsögu fyrir tillögum nefndarinnar verið gerð nákvæm grein fyrir einstökum þáttum þeirra, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó. Þar sem þessum þáttum eru gerð ítarleg skil í áliti nefndarinnar sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstaka báta heldur vísa til nefndarálitsins.

Ég vil taka það fram að með flestöllum umsóknum fylgdu greinargóðar upplýsingar um viðkomandi verkefni og á þetta einkum við um flutninga á sjó. Enda þótt þeir aðilar sem styrks til landflutninga njóta hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgrn. fyrir yfirstandandi ár.

Ég mun nú víkja að tillögunni og þeim breytingum sem nefndin er sammála um að gera á fjárframlagi til þessa málaflokks á fjárlögum fyrir árið 1988.

Nefndin leggur til að framlag til flóabáta og vöruflutninga verði 92 millj. 719 þús. kr. á næsta ári. Samsvarandi upphæð á fjárlögum yfirstandandi árs er 74 millj. 10 þús. kr. Hér er um að ræða 25,3% hækkun á milli ára.

Til flutninga á landi er lagt til að verja 14 millj. 289 þús. kr., en í ár er til þess liðar varið 10 millj. 635 þús. kr. Hækkunin nemur 34,4%.

Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að framlagið verði 78 millj. 430 þús. kr. en samsvarandi framlag í ár er 63 millj. 357 þús. kr. Hækkunin er 23,8%.

Nefndin leggur til að veittur verði styrkur til 56 verkefna vegna flutninga á landi eða tveimur fleiri en eru á fjárlögum í ár. Af þessum liðum leyfi ég mér að gera að umtalsefni lið nr. 56, Óráðstafað, en um hann er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir skv. reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn., að hann annist greiðslur slíkra reikninga í samráði við formenn samgn. Alþingis. Eitt slíkt tilfelli liggur þegar fyrir þar sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld af varahlutum til snjóbifreiða á Oddsskarði verði endurgreidd af þessum lið.

Í nefndinni hefur verið rætt um að þar sem ákveðið hefur verið að fella úr 6. gr. fjárlaga heimildir til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af kaupum á snjóbílum og tækjum til þeirra kæmi til álita að nota þetta fjármagn að einhverju leyti til þess að greiða slíkan kostnað.

Til reksturs flóabáta og skyldra verkefna leggur nefndin til að styrkir verði veittir til níu aðila eða einum færri en er á fjárlögum í ár. Styrkur til Hnúksnesbáts fellur niður, enda hefur ferðum bátsins milli Stykkishólms og Hnúksness verið hætt.

Herra forseti. Ég mun þá samkvæmt venju víkja að brtt. þeirri sem samvn. samgm. hefur sett fram á þskj. 422. Ég veit ekki, herra forseti, hvort rétt er að lesa hér lið fyrir lið þessa brtt. Ég efa satt best að segja að það sé nauðsynlegt. Ef til vill rekur marga í rogastans með það hvað upphæðir eru sums staðar litlar og má ljóst vera að ekki verður mikið fyrir þær gert, en ég vil þó fullyrða að þessar upphæðir margar hverjar sætta menn við það að þurfa að bíða í nokkur ár og í sumum tilfellum allmörg ár enn eftir því að vegasamband verði viðunandi við nærliggjandi svæði. Ég hygg að það eina aðalatriði sem rétt er að vekja athygli á sé það að í 6. gr. fjárlaga á seinasta ári var heimild til að semja um skuldir við ríkisábyrgðasjóð. Þessi heimild var handa fjmrh. vegna Skallagríms hf. en hann rekur eins og menn vita Akraborgina. Þessi heimild var nýtt og þar voru veittir verulegir fjármunir, um 45 millj. kr. Ég ætla nú að víkja frá þessu málefni og víkja að tveimur atriðum í 6. gr. fjárlaga sem ég tel rétt að ræða hér dálítið.

Annað atriðið fjallar um mjög opna heimild til ráðherra vegna þess að eftir að menn höfðu áttað sig á hvaða fjárhæðir voru settar í heilsugæslu þá vildu sumir aðilar ekki við una. Auðvitað er það svo að það má lengi deila um hve mikið fjármagn þjóðin á að leggja í sjúkrahús og uppbyggingu á aðstöðu fyrir aldraða, en satt best að segja hygg ég að þetta sé einn af þeim málaflokkum engu að síður sem við Íslendingar erum komnir lengra áleiðis með en velflestar aðrar þjóðir. Nú er það svo að það kann að mínu viti ekki góðri lukku að stýra að þegar menn ná ekki fram því sem þeir vilja í 4. gr. fjárlaga, þá sé stefnt að því að koma málinu á framfæri í 6. gr. og ef það tekst ekki þá reyna menn gjarnan að fara með

það inn á lánsfjárlög. Auðvitað er það svo með þetta eins og fleira að það eru takmörk fyrir því hvað það er skynsamlegt að hafa heimildir opnar og hvað það getur haft í för með sér ef sú venja verður upp tekin að hafa svo rúmar heimildir að sveitarstjórnarmenn af landinu öllu eltist við ráðherra fram eftir öllu sumri til að fá hann til að fara af stað með framkvæmdir sem ella hefðu orðið að bíða til næsta árs. Ég tel, herra forseti, að hér sé of langt gengið. Ég mun þó ekki greiða atkvæði gegn þessari heimild en ég treysti mér ekki til að fylgja henni.

Hitt atriðið, sem ég tel að sé þess eðlis að um hrein mistök sé að ræða af hálfu ríkisins, vildi ég gera hér að umræðuefni. Það er nú svo að þó að gott árferði sé nú hefur oft verið harðæri í þessu landi. Harðærið hefur haft þær afleiðingar að heil héruð hafa stundum mátt búa við grasleysi og mikla erfiðleika. Til þess að reyna að draga úr því að mikil búseturöskun hlytist af þessum ástæðum höfum við á undanförnum árum verið að reyna að koma okkur upp sterkari stöðu til að framleiða fóður hér á landi. Það er svo að við kunnum okkur kannski hóf í fáu og niðurstaðan af þeirri uppbyggingu varð sú að við vorum búnir að byggja upp of margar grasköggla-verksmiðjur. Þær voru of margar og of smáar. Það hefði verið betra að hafa þær stærri en mun færri. Ein af þessum grasköggla-verksmiðjum er á Flatey í Skaftafellssýslu. Þar hagar svo til að mikið landrými er til staðar. Flatlendi mun vera eitthvað um 2200 hektarar fyrir utan það að jökullinn hefur heldur hopað og landið stækkar af þeirri ástæðu. Þarna hafði verið byggð grasköggla-verksmiðja og stendur í dag. Þar hefur ekki verið slegið í sumar og geymslan á þessum stað er með miklum birgðum af grasköggl-um. Þessi grasköggla-verksmiðja liggur þannig við landfræðilega að hún hentar betur sem varaaðstaða fyrir Norðausturland en nokkur önnur grasköggla-verksmiðja.

Auðvitað er það svo að þegar góðæri koma eins og nú er ekki mikil þörf á því að selja grasköggla. Þá þarf að stöðva framleiðsluna. Það er ekkert um annað að ræða. Hitt er aftur á móti spurning hvort skynsamlegt sé að láta af hendi þær eignir í húsum, vélum og verkfærum og verksmiðjunni sjálfri ásamt landinu að ekki verði hægt ef árferði kólnar að setja þarna af stað starfsemi.

Ég hef ekki þá trú að auðvelt sé að skapa fyrir því vilja á nýjan leik að byggja upp á öðrum stað ef þetta verður í burtu tekið. Mér virðist að gætt hafi verulegs fljótræðis við þá ákvörðun að selja þessa grasköggla-verksmiðju. Nú er það svo að það land sem ég nefndi áðan, 2200 hektarar, er að mínu viti ekki allt selt. Ég hygg að það sé verið að selja 700–800 hektara, er þó ekki nógu kunnugur til að átta mig á því gjörla samkvæmt þeirri merkjalýsingu sem hér fylgir með. En miðað við það svæði sem þarna er ræktað og mér hefur verið sagt frá að selt hafi verið ætla ég að þetta sé nálægt réttri stærð.

Svona til gamans svo að menn átti kannski á stærðinni á spildum: Ef lagt var af stað um áttaleytið til að slá passaði til að menn kæmu í kaffi þegar þeir voru búnir að keyra í kringum spildu sem menn voru að glíma við að slá og lögðu undir í einu. Allar stærðir á ræktuðu landi á venjulegu bóndabýli eru náttúrlega hreint skop miðað við þá landsstærð sem þarna er verið að tala um.

Þessu fylgja vélar og verkfæri og mín skoðun er sú að verðið á þeim sé ekki undir 20 millj. kr. En heildarverðið á þessari eign eins og hugmyndin hefur verið að selja hana er 20½ millj. kr.

Nú er það vitað að hæstv. fjmrh. fór í ferðalög um þetta land og spurði: Hverjir eiga Ísland? Ekkert var óeðlilegt við þessa fundaherferð eða þessa fyrir-spurn. Hins vegar munu menn spyrja eftir söluna á þessu landi: Hvað metur þú dýrt þetta land?

Ég skora á hæstv. fjmrh. að vinna að því að þetta verði fellt úr heimildargreininni og menn hiki við, endurskoði þessa ákvörðun og hugleiði það hvort ekki er hægt að hafa á þessum stað einhverja starf-semi aðra en grasköggla-framleiðslu. Þarna er íbúð-arhús og stórt starfsmannahús með það mörgum herbergjum að það mætti reka þar sumarhótel og gönguferðir inn í dalinn fyrir ofan þar sem grösugt svæði er gætu verið ágæt afþreying fyrir gesti á staðnum. Verði aftur á móti sú ákvörðun tekin að selja þetta hef ég litla trú á því að rekstur á hreinni grasköggla-verksmiðju á staðnum muni verða til langframa. Ég hygg að góðærin muni drepa þann rekstur og menn taki upp á einhverju öðru, sem er ekki óeðlilegt ef einstaklingur á þetta, sem skili vissulega arði en komi gjörsamlega í veg fyrir að hið upprunalega markmið, að velja einn af bestu stöð-um þessa lands til að koma þar upp möguleikum til að hafa forðabúr fyrir hinar harðbýlli sveitir þegar veðrátta væri á þann veg að þar væri erfitt um hey-öflun.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru nú rúmlega 31½ klukku-stund síðan fundur var settur í Ed. Alþingis og hafa fundir staðið sleitulaust síðan. Það mun ekki vera til dæmi um slíkt áður frá upphafi þinghalds á Íslandi. Ég mun því stytta mál mitt mjög, ekki síst af tillits-semi við starfsfólk Alþingis.

Ég vil þó segja að það sem verið er að ræða nú, þ.e. um fjárlög, það er verið að ljúka 3. umr. fjárlaga, og það sem við erum að gera er í raun og veru marklaust vegna þess að það veit enginn hverjar tekjur ríkisins verða á næsta ári. Má þar fyrst og fremst vitna í Þjóðhagsstofnun sem treysti sér ekki til þess að segja neitt um það fyrr en eftir áramót. Ef vinnubrögð væru hér af einhverju viti ætti að fresta afgreiðslu fjárlaga þangað til þetta liggur fyrir vegna þess að hér er verið að fjalla um mál þar sem enginn veit hvaða tölur munu koma upp. Það er ekki fyrr en búið er að skoða t.d. þessa kerfisbreytingu, hvað hún gefur ríkissjóði. Við get-um auðvitað litið á útgjöldin miðað við þá forsendu sem menn gefa sér í sambandi við verðlagsþróun en hver veit um það? Það er athyglisvert að niðurstöður

fjárlaga nú hafa hækkað á milli ára um 46,2% eða 18% fram yfir lánskjaravísitölu og 19% fram yfir framfærsluvísitölu eftir því sem hún er upp gefin.

Þannig standa mál hér á Alþingi 22. desember. Ég ætla ekki að ræða þetta öllu frekar en endurtek þó það að ég sé ekki annað en fjárlög verði tekin upp á fyrstu tveimur mánuðum næsta árs vegna þess, eins og ég sagði áðan, að forsendur fyrir þessari fjárlagagerð liggja ekki fyrir.

Það er líka dálítið athyglisvert í brtt. meiri hl. hv. nefndar sem fjallar um fjárlög hvernig einstaka menn hafa otað sínum tota og þarf ekki annað en líta yfir þessi þingskjöl. Ég mun geyma mér að ræða um það frekar á milli hátíða.

Ég flutti nokkrar brtt. við 2. umr. og tók þær til 3. umr. í von um það að a.m.k. ein þeirra eða tvær yrðu teknar til athugunar á milli 2. og 3. umr. af fjvn. en svo varð ekki. Það eru auðvitað ástæður til að flytja miklu fleiri brtt., kannski bæði til hækkunar og lækkunar, en það var út af hafnaraðstöðu á vissum stöðum sem ég flutti þessar brtt. og sérstaklega í sambandi við Grímsey og Kópasker þar sem dýpkunarskip er að fara þar fram hjá og óvíst að það komi þar nærri á næstu árum. En það er eins og fram kom þegar ég ræddi um þessar tillögur að í mörgum tilvikum verða strandferðaskipin að fara þar fram hjá og það skip sem íbúar þessara staða byggja afkomu sína á í sambandi við rækjuveiðar á í mjög miklum örðugleikum og er oft tvísýnt um það hvort það geti lagst þar að landi, þannig að þarna er mjög brýnt að laga.

Ein tillagan var í sambandi við Orkustofnun og varðar sérverkefni tengt fiskeldi. Þar kom ég með tillögu um nokkra hækkun vegna þess að vonir ýmissa, ekki síst við Öxarfjörð eru um það að það sem geti bjargað þeim sé fiskeldi. Það vantar hins vegar fjármagn til þess að ljúka rannsóknum þar á háhitasvæðinu og í raun og veru einnig til öflunar kaldavatns á þessum stað.

Ég sé það að þessi tillaga hefur ekki notið náðar fyrir augum ríkisstjórnar eða fjvn. en ég endurflyt hana samt og veit auðvitað hver afdrif hennar verða eins og annarra brtt. stjórnarandstöðunnar.

Ég endurtek bara það sem ég sagði í upphafi. Það sem við erum að gera nú er í sjálfu sér marklaust.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Í tilefni athugasemda hv. 2. þm. Vestf. áðan út af heimildargrein um sölu á fóðurverksmiðju í Flatey og nýtingu á þeirri heimild vil ég aðeins segja það að nýting þessarar heimildar verður skoðuð því kannski leikur vafi á hvort sala hefur farið fram með lögformlegum hætti.

Annars vildi ég aðeins nota tækifærið þegar líður að verkalokum við fjárlagasmíð fyrir árið 1988 að þakka fyrir þá upplýstu og málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram. Að sjálfsögðu eru skiptar skoðanir um stefnu og einstök atriði. Samt hygg ég að það sé býsna víðtæk samstaða meðal hv. alþm. um það að það sé mjög æskilegt meginmarkmið í ríkisfjármálum við ríkjandi kringumstæður að tyfta sjálfan sig til þess að stefna að jöfnuði í ríkisfjármálum hvað svo sem líður ólíkum áherslum og ólíkum pólitískum viðhorfum einstakra þm. og flokka. Mér er það mikið ánægjuefni að þetta markmið hefur náðst við þá fjárlagasmíð sem hér er verið að lúka.

Ég vil enn fremur nota tækifærið til þess að færa öllum þeim sem lagt hafa haga hönd að verki sérstakar þakkir fyrir þeirra störf, hv. þm. öllum, sér í lagi fjárveitinganefndarmönnum og formanni fjvn. en á þeim mæðir meira en öllum öðrum í starfi þingsins og að öðrum ólöstuðum.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, og þakka jafnframt starfsmönnum þingsins fyrir þeirra mikla vinnuframlag. Við vitum að það hefur verið óvenjulega mikið og þykir það miður eins og fram hefur komið, en það minnsta sem hægt er að gera er að þakka fyrir að það hefur verið innt vel og dyggilega af höndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kveðjur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er að ljúka miklu annríki sem hv. þm. og starfslið Alþingis hafa staðið í undanfarin dægur. Samt verður ekki um venjulega þingfrestun að ræða vegna jólanna. Gert er ráð fyrir að Alþingi sitji að störfum milli jóla og nýárs og næsti fundur sameinaðs þings verði nk. mánudag, 28. þessa mánaðar.

Með því að nú er að ljúka síðasta fundi fyrir jól vil ég nota tækifærið til þess að þakka hv. þm., skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis fyrir mjög ánægjulegt samstarf það sem af er þessu þingi.

Ég flyt öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis óskir um gleðileg jól. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess að við hittumst öll heil eftir jólahelgina.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum líka fyrir sanngjarna fundarstjórn og ágæta forustu um þingstörfin nú sem endranær.

Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og ég vil jafnframt leyfa mér fyrir hönd okkar alþm. að þakka skrifstofustjóra og starfsfólki þingsins öllu fyrir ómetanleg störf og aðstoð við okkur í miklum önnum undanfarið. Ég vil leyfa mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á ný að loknum jólum.

Ég vil biðja hv. alþm. um að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, fyrir hans hlýju orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég ítreka óskir mínar þingheimi til handa og starfsliði Alþingis um gleðileg jól.

Efnisskrá.

Bann við ofbeldiskvikmyndum (141. mál, gildistími) 3109, 3128.
Fjárlög 1988 (1. mál) 3159.
Kveðjur 3141, 3158, 3200.
Minnst látins fyrrv. alþingismanns 2777.
Stjórn fiskveiða (181. mál, heildarlög) 2778.
Söluskattur (196. mál, matvæli, undanþágur o.fl.) 3021, 3147.
Tekjuskattur og eignarskattur (179. mál, barnabætur, vaxtaafsláttur o.fl.) 3012, 3110, 3128, 3129, 3140.
Um þingsköp 3142 (vinnuálag á Alþingi).

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 2777, 3200.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 2795, 2921, 2922, 2946, 2991, 3141.
Forseti Ed. Salome Þorkelsdóttir 2829, 2830.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 3142, 3143, 3145, 3158, 3159.
Forseti Nd. Óli Þ. Guðbjartsson 3108.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 3108.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3012, 3021, 3126, 3146, 3199.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 2830, 2843, 2918.
Albert Guðmundsson 3142, 3145, 3159.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 2809, 2900, 2994, 3010, 3011, 3141.
Egill Jónsson 2871, 2948.
Eiður Guðnason 2918, 2923, 2924.
Guðmundur Ágústsson 2817, 2829, 2924, 2926, 2991, 3019, 3140.
Guðmundur H. Garðarsson 2778, 2877, 2921.
Guðmundur G. Þórarinsson 3083, 3192.
Guðrún Agnarsdóttir 2920, 3017, 3136.
Halldór Blöndal 2826, 2919, 3129.
Hjörleifur Guttormsson 3150.
Hreggviður Jónsson 3192.
Júlíus Sólnes 2830, 2872, 2920, 2946, 2949, 2999, 3011, 3132.
Karvel Pálmason 2782, 2890, 3010, 3011.
Kristín Einarsdóttir 3147.
Kristín Halldórsdóttir 3061, 3121, 3143.
Margrét Frímannsdóttir 3176.
Málmfríður Sigurðardóttir 3187.
Ólafur G. Einarsson 3109.
Ólafur Þ. Þórðarson 3194.
Óli Þ. Guðbjartsson 3086, 3124, 3180.
Páll Pétursson 3110.
Ragnar Arnalds 3095.
Salome Þorkelsdóttir 3010.
Sighvatur Björgvinsson 3159.
Skúli Alexandersson 2796, 2829, 2830, 2905, 2962.
Stefán Valgeirsson 3049, 3143, 3198.
Steingrímur J. Sigfússon 3026, 3111, 3127, 3144, 3146, 3200.
Svavar Gestsson 2795, 2796, 2847, 2917, 2919, 2921, 2922, 2924, 2930, 2980, 2991, 3008, 3011, 3016, 3129, 3141.

SAMEINAÐ ÞING

38. fundur, mánudaginn 28. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1988, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 301, n. 421 (samvn. samgm.), brtt. 321, 322, 323, 394, 395, 398, 399, 407, 416, 417, 418, 422, 427, 428, 429, 430, 432.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 417,1-2 felld með 43:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GA, HG, KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, DS.

nei: EG, FÞ, FrS, GHH, GuðmÁ, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, HJ, IBA, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞG, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, ÞK.

SV greiddi ekki atkvæði.

6 þm. (EKJ, GHelg, KP, ÓÞÞ, PJ, EgJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér eru til atkvæða brtt. þm. Alþb. um tekjuöflun og vega þær upp og gera reyndar betur þær brtt. aðrar sem Alþb. flytur og eru til útgjaldaauka. Það er því ekki rétt, sem haldið hefur verið fram sums staðar, að stjórnarandstaðan, a.m.k. ekki Alþb., flytji eingöngu brtt. um aukin útgjöld. Hér eru fluttar tillögur um tekjuöflun á móti. Það er rétt að geta þess í leiðinni að þessar tekjuöflunartillögur eru að flestu leyti hliðstæðar þeim sem hv. þm. Alþfl. hafa flutt á undanförnum árum og væntu tillögumenn sér því í upphafi góðs af stuðningi þeirra hv. þm. Ég segi já.

Brtt. 430,1 samþ. með 34:3 atkv.

Brtt. 394,1, svo breytt, samþ. með 34:6 atkv.

Brtt. 395,1a–b samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 321 samþ. með 49:1 atkv.

Brtt. 395,1c–i samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 395,1j samþ. með 36:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MF, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, SalÞ, SighB, StG, SV, StH, SJS, SvH, VS, ÞP, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, JE, JHelg, ÞK.

nei: KE, KH, SvG, ÞÞ, DS, GeirG, GHG, GA, HBl, HG, HJ, IBA.

JúlS, MB, MálmS, RH, SkA, AðB, EH, GuðmÁ, JóhS, JBH greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (KP, PJ, EgJ, EKJ, GHelg) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég er andvíg því að það hús, sem hér um ræðir, verði reist á þeim stað sem því er ætlað og ég tel að húsnæðisvanda Alþingis sé unnt og æskilegt að leysa með öðrum hætti. Ég segi nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem kom fram í framsögu minni með þessari till. Þarna er um það að ræða að ljúka hönnun umrædds húsnæðis þannig að skipulagsyfirvöld borgarinnar geti tekið ákvörðun um hvort þau fallast á þessar byggingarframkvæmdir og í framhaldi af því getur þingið síðan tekið ákvörðun um hvort það óskar að reisa húsið. Ég ítreka þessa umsögn mína og segi já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með skírskotun til atkvæðaskýringar hv. 5. þm. Vestf. segi ég nei.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þykir fyrirhuguð bygging falla illa inn í umhverfið og vera of hátimbruð og segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel margt brýnna að leysa í þágu Alþingis og alþm. en húsnæðismál. Ég hygg að bið verði á því að reist verði sú bygging sem verið er að leggja til að hönnuð verði til loka. Ég held að menn ættu að nota þann tíma til að hugsa sitt ráð betur en gert hefur verið. Ég segi nei.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú bygging, sem hér er verið að greiða atkvæði um, er þegar búin að kosta töluvert fé. Ég tel að hún fari bæði illa í þessu umhverfi og verði allt of kostnaðarsöm og það verði hægt að leysa húsnæðismál Alþingis á ódýrari og betri hátt. Ég segi nei.

Brtt. 395,2–4 samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 428,1 felld með 36:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GuðmÁ, GA, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS.

nei: FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, ÞK.

ÓÞÞ greiddi ekki atkvæði.

6 þm. (GHelg, KP, PJ, SV, EgJ, EKJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga var felld till.

um hækkun á framlagi til Rannsóknasjóðs í 100 millj. kr. Þessi sjóður var stofnaður að ég hygg 1985 samkvæmt ákvörðun þáv. ríkisstjórnar. Fjárveiting til hans hefur ekki haldið verðgildi sínu. Rannsóknaráð með þm. stjórnarliða og stjórnarandstöðu ályktaði um aukið framlag til sjóðsins undir forsæti Sverris Hermannssonar þáv. hæstv. menntmrh. Sjóðurinn hefur ekki haldið verðgildi sínu. Menn eru að leggja til lækkun í raun á fjárveitingum til sjóðsins, þeir sem að mótun tillagna standa. Það er hin mesta óhæfa. Á öðru er þörf. Ég segi já.

Brtt. 395,5 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 427,1 felld með 32:17 atkv.
Brtt. 395,6 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 430,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 416,I,1 felld með 35:16 atkv.
Brtt. 427,2 felld með 30:20 atkv.
Brtt. 417,3 felld með 37:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, HG, HJ, IBA.

nei: JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, ÞK.

5 þm. (KP, PJ, EgJ, EKJ, GHelg) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi brtt. lýtur að hækkun á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 200 millj. kr. Sú hækkun mun láta nærri til að duga þannig að af megi taka þá skerðingu sem hæstv. fyrrv. menntmrh. Sjálfstfl. hafa gripið til og hæstv. núv. menntmrh. hyggst viðhalda. Sú skerðing nemur nálægt 20% á lánum til námsmanna. Þessi hækkun mundi eins og áður sagði duga til að afnema þá skerðingu sem engin rök eru fyrir og er í raun andstæð anda laga um námslán og námsstyrki. Ég segi já.

Brtt. 427,3 kom ekki til atkv.
Brtt. 395,7 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 427,4 felld með 26:16 atkv.
Brtt. 417,4 felld með 37:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, HG, HJ, IBA, JúlS.

nei: KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, ÞK.

5 þm. (KP, PJ, EgJ, EKJ, GHelg) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég tel það sérstaklega ljótan blett á fjárveitingavaldinu að stuðningur við nemendur sem stunda framhaldsnám fjarri heimabyggð sinni skuli hafa minnkað óðfluga ár frá ári vegna þess að hann er svo til sama krónutala ár frá ári. Ég tel þetta algerlega óviðeigandi og til skammar og segi já við þessari tillögu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Sú aðstaða sem dreifbýlisbúar búa við er orðin helmingi lakari að þessu leyti en var fyrir örfáum árum eftir könnun sem gerð var og svari við fsp. frá Sturlu Böðvarssyni að dæma þannig að það er auðséð hvernig fjárveitingavaldið og meiri hluti á Alþingi lítur á þessi mál að reyna að jafna aðstöðumuninn í þjóðfélaginu. Ég minni á þeirra orð að þeir ætluðu að vinna að því. Ég segi já.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Þingheimur hefur rétt í þessu fellt till. frá mér og öðrum þingkonum Kvennalistans um þetta sama efni, að í raun verði jafnaður námskostnaður nemenda sem stunda nám í framhaldsskóla fjarri sinni heimabyggð. Tillaga okkar gerði ráð fyrir hækkun dreifbýlisstyrks í 100 millj. kr. Það verður æ fleirum ljóst að menntun er eitt af mikilvægustu atriðunum varðandi dreifbýlið. Til að halda þar byggð verða börn dreifbýlisbúa að eiga jafnan rétt á við aðra til menntunar. Það kom fram sem svar við fsp. fyrr á þingtímanum að upphæð sú sem nemendum er ætlað að lifa af eða réttara sagt er ætluð til jöfnunar á námskostnaði var upphaflega 26 þús. á núgildandi verðlagi, en er komin niður í 12 þús. Nemendur borga hátt á annað hundrað þús. kr. fyrir fæði og húsnæði í heimavist við framhaldsskólana. Þó þessi tillaga gangi ekki eins langt og tillaga okkar kvennalistakvenna er um nokkra bót að ræða fyrir nemendur dreifbýlisins. Ég segi því já.

Brtt. 395,8–9 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 416,II,1 felld með 28:17 atkv.
Brtt. 427,5a felld með 32:18 atkv.
Brtt. 395,10 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 427,5b–6a felld með 27:17 atkv.
Brtt. 417,5 felld með 26:19 atkv.
Brtt. 427,6b felld með 27:20 atkv.
Brtt. 395,11 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 427,7a–q felld með 31:14 atkv.
Brtt. 398 samþ. með 54 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁrnG, BÍG, DS, EH, EG, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðmÁ, GB, GGÞ, GuðnÁ, GA, HÁ, HBl, HG, HJ, IBA, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, JúlS, KSG, KJóh, KE, KH, MF, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RH, SalÞ, SighB, SkA, StG, SV, SJS, SvG, SvH, VS, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, ÞK.

9 þm. (EgJ, EKJ, GHG, GHelg, JE, JóhS, KP, PJ, StH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að þessi heiðurslaun eigi að vera hafin yfir flokkadrætti og dægurþras lítur þessi listi þannig út að við kvennalistakonur getum ekki sætt okkur við hann. Það er augljóst mál að hlutur kvenna er þarna mjög illa fyrir borð borinn og fær ekki náð fyrir augum þm. þegar kemur að því að meta hverjir listamenn skuli verðugir launanna. Auðvitað á kynferði ekki að ráða þegar um er að ræða mat á listaverkum, en hingað til hefur það greinilega ráðið. Það var mikið rætt núna í menntamálanefndunum að ráða núna bót á þessu, en raun varð á að nú var fækkað og launum þess listamanns, Snorra Hjartarsonar, sem lést á sl. ári var skipt á hina 15 sem eftir lifðu og kallað hækkun. Í trausti þess að á þessu verði ráðin bót myndarlega á næsta ári með sérstöku tilliti til hlutar kvenna segi ég já.

Brtt. 427,7r felld með 36:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, HG, KE, KH, MF, MálmS.

nei: PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÞK.

AG, IBA, JúlS, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (PJ, EgJ, EKJ, GHG, GHelg, HJ, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er órökstutt með öllu og algerlega úr lausu lofti gripið að Alþingi hafi nokkru sinni haft kynskiptan hugsunarhátt þegar þeir listamenn hafa verið valdir sem Alþingi hefur þótt rétt að heiðra sérstaklega með ákvörðun hér á Alþingi. Að gefa slíkt í skyn er í senn ósmekklegt og óviðeigandi og ég harma að það skuli hafa gerst. Ég segi nei við þessari tillögu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með tilvísan til afar skilmerkilegrar greinargerðar hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir atkvæði sínu áðan segi ég já.

Brtt. 407,1 felld með 36:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ.

nei: HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

KJóh greiddi ekki atkvæði.

6 þm. (GHelg, KP, PJ, ÞÞ, EgJ, EKJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í tillögum fjvn. er gert ráð fyrir allnokkurri aukningu á fjárveitingu til íþróttastarfseminnar. Betur mætti gera, en þetta verður að nægja að sinni og því segi ég nei.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er hörmulegt til þess að vita að áhrifamestu menn í ríkisstjórn lýsa yfir stuðningi við íþróttir og vitna í að örlítið hafi verið hækkað framlag af fjvn. frá því að fjárlagafrv. var kynnt í upphafi. En þar sem framlagið eins og það lítur nú út hækkað á fjárlögum nær ekki þeirri upphæð sem var á síðasta árs fjárlögum segi ég já.

Brtt. 395,12 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 407,2a felld með 37:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JúlS, MF, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, AðB, AG, GeirG, GuðmÁ, HG, HJ.

nei: JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, ÞK.

KE, KH, MálmS, DS greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (KP, PJ, ÞÞ, EgJ, EKJ, GA, GHelg) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Um leið og ég geri grein fyrir atkvæði mínu vil ég draga athygli að því að það kostar líklega um 1000 millj. að reka íþróttahreyfinguna á Íslandi næsta ár. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort styrkurinn á að vera 27 millj. rekstrarstyrkur eða ekki sem þó er þó nokkuð lægri styrkur en var á fjárlögum sl. ár. Ég harma að afstaða Alþingis skuli vera svo neikvæð til íþróttahreyfingarinnar. Ég segi já.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég geri svipaða grein fyrir atkvæði mínu nú og ég gerði við 2. umr. fjárlaga. Við umræður á Alþingi undanfarna daga hafa verið færð fyrir því gildi rök að íþróttahreyfingin hafi ekki verið hlunnfarin í fjárlögum af hálfu Alþingis og með það í huga að eftir að októbermánuður hafi verið gerður upp hjá Íslenskri getspá námu greiðslur til eignaraðila sem hér segir: Íþróttasambands Íslands 95,6 millj. kr., Öryrkjabandalags Íslands 82 millj., Ungmennafélags Íslands 27,3 millj., og með það í huga að þessar upphæðir hafa hækkað verulega síðan og íþróttahreyfingin hefur líklega aldrei fengið eins mikla fjármuni fyrir atbeina Alþingis og einmitt um

þessar mundir segi ég nei.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Svo sem fram hefur komið hefur íþróttahreyfingin fyrir atbeina Alþingis nú rýmri fjárráð en nokkru sinni fyrr og þrátt fyrir ummæli hv. 5. þm. Reykv., formanns Borgarafl. og fyrrv. fjmrh., held ég að fjárhagslega standi hagur íþróttahreyfingarinnar nú með meiri blóma en meðan sá hv. þm. gegndi embætti fjmrh. Ég segi því nei.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér höfum við verið að greiða atkvæði um framlög til Íþróttasambands Íslands og till. um að fjárveitingar til þess verði óbreyttar að krónutölu miðað við síðustu fjárlög. Það er í samræmi við till. fjvn. til Ungmennasambands Íslands þar sem fjvn. gerir ráð fyrir óbreyttum framlögum frá síðustu fjárlögum. Það er því tvöfeldni sem hér er á ferð og greinilegt að það er vegið að íþróttahreyfingunni með ósmekklegum hætti. Sú fullyrðing að hún eigi nóg af peningum, sem kom fram hjá hv. þm. Alþfl. hér, er ekki rétt. Það er nú svo að rekstur hennar kostar jafnvel meira en 1 milljarð. Við erum með öruggar tölur um reksturinn á hreyfingunni þannig að þrátt fyrir þessi framlög og tekjur af lottói er þetta samtals innan við 10% af rekstri þeirra hreyfinga.

Ég tel að það hafi verið vegið mjög ósmekklega að formanni Borgarafl. áðan af hv. 3. þm. Vesturl. og hann ætti að kynna sér málin betur áður en hann fer upp og talar um það sem hann veit ekki nægjanlega mikið um. Við sem höfum staðið í forustu fyrir íþróttahreyfingunni (**Forseti:** Hvernig greiðir þm. atkvæði?) munum muna þetta og þm. segir já.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég átti síst von á því, eftir að hafa eytt allri þeirri starfsævi sem ég á frá sjö ára aldri í íþróttahreyfingunni og lagt þar af mörkum sjálfboðaliðsstarf sem hefur verið metið af hreyfingunni með æðstu viðurkenningum, að vera mín á Alþingi gæti orðið til þess að lítið yrði gert úr mínum þætti í uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar af hv. þingmanni eða þingmönnum. Ég stend á virðulegu Alþingi og get horft framan í hvern einasta mann sem hér er inni án þess að blikna og borið saman mitt ævihlaup í íþróttahreyfingunni og annars staðar og þar hefur aldrei komið króna fyrir. Eitt af því sem ég átti mikinn þátt í að sett yrði af stað voru getraunirnar þar sem íþróttahreyfingin í heild vinnur sjálfboðaliðsstarf og fær ákveðinn prósentuhluta af seldum miðum fyrir hvert félag. Það var fyrrv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason sem kom því af stað.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég vil minna hv. þm. á að hér er aðeins leyfilegt að ræða um þingsköp en ekki um íþróttamál og þó verður að viðurkennast að forseti sýndi mikið umburðarlyndi þegar þm. voru að gera grein fyrir atkvæði sínu. Það nálgaðist að þetta yrðu umræður um íþróttamál. En ég bið hv. ræðumann að hafa í huga að hér er einungis heimilt að ræða um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Ég met orð forseta, en ég vil biðja hæstv. forseta, réttlátan eins og hann hefur verið, að taka tillit til þess að hér var vegið að mér sem persónu og eins að mínum embættisgjörðum sem fjmrh. við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú eru til afgreiðslu. En ég skal stytta mál mitt mjög. Ég vil mótmæla því að íþróttahreyfingin hafi rýmri fjárhag en áður. Það er rangt. Ég vil líka segja að bæði lottóið, getraunirnar og líka afrakstur þeirrar vinnu sem íþróttahreyfingin og hver einstaklingur þar leggur á sig til að afla fjár á annan hátt er sjálfsaflafé þó svo landslög hagi því þannig að það skuli þurfa leyfi til frá opinberum aðilum að stunda þá fjáröflun. Það er ekki framlag Alþingis, hvorki lottó né getraunir. Það er sjálfsaflafé íþróttahreyfingarinnar og á ekki að rugla saman við afgreiðslu á fjárlögum.

Brtt. 395,13 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 407,2b–c felld með 30:18 atkv.
Brtt. 395,14 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 395,15 samþ. með 36:10 atkv.
Brtt. 395,16–18 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 395,19–25 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 416,II,2 felld með 30:17 atkv.
Brtt. 395,26 samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 432 felld með 36:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DS, GeirG, GuðmÁ, GA, HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG.

nei: EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, ÞK.

6 þm. (EgJ, EKJ, GHG, GHelg, KP, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Tillaga þessi fjallar um stuðning við fræsöfnun og frædreifingu til endurheimtu birkiskóga. Þetta er stórmerkilegt framtak sem byggir á sjálfboðaliðastarfi tugþúsunda manna um allt land og þetta starf þarfnast stuðnings okkar. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Ég segi já.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Þar sem ég lít svo til að tillaga um 3 millj. kr. hækkun til nytjaskóga, sem þegar hefur verið samþykkt, sé ætluð til þessa verkefnis, þá segi ég nei.

Brtt. 395,27–28 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 428,II felld með 31:15 atkv.

Brtt. 395,29a samþ. með 36:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÞK.

nei: RA, SkA, SV, SJS, SvG, AðB, AG, DS, GuðmÁ, HG, HJ, IBA, JúlS, MF, ÓÞG.

ÞÞ, GeirG, KH, MálmS greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (PJ, EgJ, EKJ, GHG, GA, GHelg, KP, KE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Mér skilst á þessum lið að fyrst hafi endurgreiðsla á söluskatti í sjávarútvegi verið skorin niður um helming og síðan sé verið að saxa af þeim helming, sem á að endurgreiða til sjávarútvegsins, einar 30 millj. til að standa undir kostnaði við Útflutningsráð Íslands sem annars kæmi úr ríkissjóði. Ég segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 700 millj. kr. upphæð til endurgreiðslu á söluskatti í sjávarútvegi. Í fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. var þessi upphæð lækkuð í 350 millj. Hér er enn verið að leggja til lækkun um 30 millj. Þetta gerist á sama tíma og ráðgjafarstofnanir ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál telja þörfina á gengislækkun vegna stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi, þar á meðal fiskvinnslu, vera á bilinu 11–15%. Ég segi nei.

Brtt. 395,29b–31 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 427,8 felld með 27:16 atkv.

Brtt. 395,32–33 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 427,9 felld með 25:12 atkv.

Brtt. 395,34–37 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 418 felld með 35:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GuðmÁ, GA, HG, HJ, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞP, AG, DS.

nei: GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JBH, JóhS, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, ÞK.

9 þm. (GHG, GHelg, IBA, KP, PJ, RH, AðB, EgJ, EKJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Nú bíða 354 einstaklingar og 76 hjón eftir plássi fyrir aldraða í Reykjavík, en þessi hópur er að mati Félagsmálastofnunar Reykjavíkur í brýnni þörf fyrir þjónustu. Auk þeirra eru 276 einstaklingar og 46 hjón sem að mati Félagsmálastofnunar geta beðið, þó aðeins um skamma hríð. Hér er alls um að ræða 1380 manns. Einn stærsti áfanginn í því verkefni að stytta biðlista eftir þjónustu við aldraða í Reykjavík væri að ljúka við B-álmu Borgarspítalans. Samkvæmt upplýsingum heilbrmrn. verður B-álman hins vegar fyrst fullbúin árið 2003 með sama framlagi og verið hefur og gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Hér er hins vegar flutt tillaga um að flýta þessu mikilvæga verkefni. Ég segi já.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vísa að öllu leyti til þess sem kom hér fram hjá hv. 7. þm. Reykv., en áður en ég geri grein fyrir atkvæði mínu vil ég fagna því sérstaklega, ef það er rétt, ef ég hef ekki tekið skakkt eftir, að hæstv. fjmrh. greiddi atkvæði með. Hann sagði já. Ég segi það líka. Ég segi já.

Brtt. 395,38 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 427,10a felld með 24:17 atkv.

Brtt. 430,3 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 427,10b felld með 28:16 atkv.

Brtt. 395,39–41 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 395,42 samþ. með 32:5 atkv.

Brtt. 395,43–45 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 430,4 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 322 samþ. með 34:13 atkv.

Brtt. 323 samþ. með 40:3 atkv.

Brtt. 395,46–47 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 422 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 399,1 felld með 27:7 atkv.

Brtt. 395,48–49 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 427,11–12 felld með 34:9 atkv.

Brtt. 395,50 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 416,II,3 felld með 35:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, GA, HG, HJ, IBA, KE, KH, MF, MálmS, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞP, AðB, AG, DS.

nei: GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, StG, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, ÞK.

10 þm. (GeirG, GHelg, JúlS, KP, ÓÞG, PJ, RH, StH, EgJ, EKJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er oft talað um það fagurlega á Alþingi að ferðamannaiðnaðurinn sé ný og blómstrandi atvinnugrein sem skapi miklar gjaldeyristekjur og það er út af fyrir sig rétt. Hér er hins vegar verið að selja íslenska náttúru og það er ekkert lagt til sem heitið getur til að vernda hana gegn þeim átroðningi sem til er stofnað með ferðamennskunni. Eini votturinn sem ég sé í fjárlagafrv. sem hér er verið að afgreiða eru litlar 400 þús. kr. til Dimmuborga í Mývatnssveit og 200 þús. kr. til hönnunar ferðamannaaðstöðu við Gullfoss. Á þessu ári er ekkert veitt til

umhverfisverndar á ferðamannastöðum utan 1 millj. kr. til Dimmuborga að mig minnir. Það sem hér er lagt til er aðeins örlítið brot af því sem þyrfti að verja til umhverfisverndar vegna ferðamennsku, þessar 10 millj. kr. sem hér eru lagðar til, og þyrfti það að vera fimmföld eða tífföld upphæð ef vel ætti að vera. Ég segi já.

Brtt. 395,51 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 399,2 felld með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, HG, HJ, IBA, KE, KH, MF, SkA, SV, SJS, SvG, AðB, AG, DS, GuðmÁ.

nei: HÁ, HBl, JE, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GHG, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

15 þm. (GHelg, JóhS, JúlS, KP, KJóh, MálmS, ÓÞG, PJ, RA, RH, ÞÞ, EgJ, EKJ, GeirG, GB) fjarstaddir.

Brtt. 416,I,2 felld með 25:15 atkv.

Brtt. 395,52–53 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 416,II,4 felld með 35:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, GA, HG, IBA, KE, KH, RA, SkA, SV, SJS, SvG, AðB, AG, DS.

nei: GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HJ, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EG, FÞ, FrS, ÞK.

EH greiddi ekki atkvæði.

13 þm. (GHelg, HBl, JúlS, KP, KJóh, MF, MálmS, ÓÞG, PJ, ÞÞ, EgJ, EKJ, GeirG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Verð á raforku til húshitunar hefur farið ört hækkandi, á yfirstandandi ári samanlagt um nær 45% og almennir taxtar hafa hækkað um 36,5% hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta eru mun meiri hækkanir en orðið hafa hjá samsvarandi veitum á höfuðborgarsvæðinu og munurinn á orkuverði hefur þannig farið vaxandi á landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu. Til ljósa og eldunar er verðmunurinn nú nær 36%, en var kominn niður undir 20% í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ég sat í síðast. Hér er lagt til að lækka þá upphæð sem varið skal til niðurgreiðslna á rafhitun um 30 millj. kr. í krónutölu frá því sem var á síðasta ári. Sú aðgerð ein leiðir til 40% hækkunar á raforkuverði til húshitunar. Þar breyta engin hugsuð meðaltöl varðandi næsta ár. Ég segi já, herra forseti, við þessari tillögu.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hækkun raforkuverðs til húshitunar vegna minni niðurgreiðslna verður 4,5% samkvæmt útreikningum Rafmagnsveitna ríkisins sem gerðir voru til að leiðrétta ummæli hv. fyrri flm. þessarar brtt. við 2. umr. fjárlaga, en þau virðast hafa verið byggð á misskilningi. Hann taldi hækkunina nífalt hærri en hún í raun verður af þessum sökum og endurtók það síðan áðan í sinni atkvæðaskýringu. Þrátt fyrir þessa hækkun vegna minni niðurgreiðslna og vegna hækkana sem koma til vegna áætlaðra verðlagsbreytinga verður raforkuverð til húshitunar á næsta ári talsvert lægra á föstu verðlagi en það var á árunum 1980, 1981, 1982 og 1983 en þá var hv. fyrri flm. orkumálaráðherra. Ég segi nei.

Brtt. 395,54 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 394,2–9 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 430,5 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 394,10 kom ekki til atkv.

Brtt. 394,11 samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 394,12 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 395,55–58 samþ. með 34 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þess skal getið, sem ég hefði átt að láta getið fyrir atkvæðagreiðsluna en vona að það komi ekki að sök, að í þessari brtt., undirlið 5.23, stendur: „Að kaupa húsnæði fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán". Þarna er um misprentun og glöp að ræða, þ.e. Þroskaþjálfaskóla Íslands. Það á að standa Þjálfunarskóli ríkisins. Og vænti ég að enginn geri athugasemd við þetta. Það verður haft það sem sannara reynist, enda mundi það hafa verið gert þó það hefði ekki verið tekið eftir því hér við atkvæðagreiðsluna þar sem hér er um ritstjórnaratriði að ræða.

Ég vænti þess að menn fallist á að sú atkvæðagreiðsla sem fór fram verði látin sem hún hafi ekki farið fram. Hæstv. fjmrh. kom til mín út af sérstöku máli og hefur óskað eftir hléi á fundinum og það verður gefið fundarhlé í fimm mínútur til að athuga málið. Fundinum er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Athygli okkar hefur verið vakin á því fyrir skömmu að þau mistök hafi verið gerð við brtt. 4.37 að þar hafi fallið niður ákveðin skilyrði fyrir heimild til sölu fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins o.s.frv. sem eru í fjárlögum yfirstandandi árs. Því miður er ekki unnt að flytja brtt. og leiðréttingu við ákvæðið. Þess vegna hefur fjvn. samþykkt að kalla þessa tillögu til baka, en nefndin mun við fyrstu hentugleika flytja sérstakt frv. sem veitir umrædda heimild til ráðherra um sölu á þessum fasteignum með sömu skilmálum og eru ríkjandi fyrir yfirstandandi ár.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér eru menn að reyna að bjarga því að ekki séu framkvæmd mistök á elleftu stundu. Á bls. 200 í því fjárlagafrv. sem þm. hafa undir

höndum er óskað eftir heimild til að selja eign sem samkvæmt afsali útgefnu 15. okt. 1987 hefur nú þegar verið seld. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir þingið að veita ráðherrum heimild til að selja eign sem þeir hafa þegar selt og óska ekki eftir í heimildargreinum að fá keypta að nýju svo þeir geti þá selt aftur. Það virðist ekki vera nema ein leið hjá ráðherranum að eiga þess kost að selja þetta á nýjan leik og það er að komast yfir eignina með óvönduðum hætti úr því sem komið er þar sem þeir hafa þegar látið hana af hendi og óska ekki eftir löglegri heimild til að eignast hana á nýjan leik. Það sem um er að ræða er sala á grænfóðurverksmiðjunni í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu. (**Forseti:** Hv. þm. skal bent á að það orkar a.m.k. tvímælis að þetta sé um þingsköp.) Herra forseti. Ég vek athygli forseta á að á meðan þetta atriði er inni í frv. er gersamlega vonlaust að greiða atkvæði um greinina eins og hún kemur fyrir og ég treysti mér ekki til þess þar sem mér virðist að ofan á stjórnarskrárbrot, sem framið hefur verið, sé óskað eftir heimild til að endurtaka sölu á eign sem ríkið hefur þegar selt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé að allri fjvn. hefur orðið á. Það væri nóg ef einhver einn úr fjvn. hafnaði því, sem formaðurinn sagði, að draga þessa till. til baka, þá væri það ekki heimilt. Ég hafði búist við því að heimild til að selja fasteignir Grænmetisverslunarinnar væru í þessu fjárlagafrv. og verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því ef slík handvömm hefur átt sér stað að formaður fjvn. treystir sér ekki til annars en draga till. til baka. Hér er einungis um heimildargrein að ræða þannig að hæstv. ráðherra hefur í hendi sér hvort hann beitir heimildinni. Ég vek athygli á þessu, herra forseti.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. fjvn. fari rétt að að koma í veg fyrir að mistök eigi sér stað ef þau eru sjáanleg að mati fjvn. Ég fagna því að fjvn. hefur komið sér saman um að flytja frv. til að fá heimild Alþingis til að selja eignina Síðumúla 34 í Reykjavík, en ég óska eftir því að það frv. komi ekki fram fyrr en kaupandi er fundinn og fyrir liggja skilmálar fyrir sölunni.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Það er mjög erfitt að taka afstöðu til þessa máls hér í atkvæðagreiðslu um frv. eftir að upplýst hefur verið það sem hann greinir frá varðandi tölul. 4.27 í heimildargrein frv. og upplýst er af ráðherrum fjármála og landbúnaðar að þessi gjörningur sé þegar orðinn sem þarna er óskað eftir heimild á af hálfu ráðuneytanna. Ég vek athygli á þessu og mér finnst þetta ekki eðlilega að verki verið og ætla ekki að ræða þetta efnislega að sinni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að þetta ákvæði, sem vitnað er í í frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr., 6. gr., undirliður 4.27, er ekki til ákvörðunar á þessum fundi. 6. gr. verður ekki borin undir atkvæði nú við 3. umr. Það eru aðeins bornar undir atkvæði brtt. sem liggja fyrir á þessum fundi og frv. í heild.

Undirliður 4.37 í brtt. 395,58 kallaður aftur.

Brtt. 395,55–58, svo breyttar, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 430,6 samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 429 samþ. með 35 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HBl, JE, JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, JSS, KSG, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SalÞ, SighB, StG, StH, SvH, VS, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, EG, FÞ, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, ÞK.

nei: AG.

HG, HJ, IBA, JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞP, AðB, DS, GeirG, GuðmÁ, GA greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (GHelg, KP, PJ, EgJ, EKJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er að ljúka afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1988. Forsendur þessa frv. eru afar veikar og sumar hverjar reyndar þegar brostnar. Gengismálin eru í uppnámi, tekjuöflunarfrv., önnur meginhlið fjárlaganna, eru enn að velkjast í þinginu ósamþykkt. Mat sérfræðiaðila, svo sem Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans, á efnahagshorfum stangast á. Um eitt eru þessir aðilar þó sammála, þ.e. þá miklu óvissu sem fram undan er. Engar upplýsingar hafa legið fyrir við afgreiðslu fjárlaganna um afgerandi þætti eins og líkur á viðskiptahalla á næsta ári. Við þessar aðstæður væri að sjálfsögðu eðlilegast að hæstv. ríkisstjórn tæki málið til sín að nýju fremur en að láta samþykkja til málamynda fyrirsjáanlega ómarktæk fjárlög. Alþb. vísar allri ábyrgð af slíkum vinnubrögðum á hendur hæstv. ríkisstjórnar. Ég greiði ekki atkvæði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í stuttu máli hefur ríkisstjórnin breytt stefnu sinni frá því að vinna niður halla fjárlaganna á þremur árum í það að ná halla fjárlaga niður á einu ári. Ég tel að með þessu sé ríkisstjórnin að færa halla fjárlaga og ríkissjóðs yfir á heimilin og atvinnuvegina sem þola ekki frekari álögur en þegar er orðið og ég segi því nei.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að á milli mín og hæstv. fjmrh. hefur verið ágreiningur um framkvæmd laganna um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1986, en þá var samþykkt að leggja á

sérstakan eignarskattsauka sem standa skyldi undir kostnaði við byggingarframkvæmdir. Áður en fjárlög verða endanlega afgreidd tel ég rétt að gera hv. Alþingi grein fyrir samkomulagi sem ég og hæstv. fjmrh. höfum gert í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Samkomulagið er svohljóðandi:

„Byggingarnefnd þjóðarbókhlöðu hefur gert áætlun um framkvæmdir ársins 1988 og fjármagnsþörf til þeirra. Samkvæmt þeirri áætlun mun þurfa 110–130 millj. kr. á næsta ári til að byggingarhraðinn geti talist eðlilegur. Menntmrh. og fjmrh. hafa orðið sammála um eftirfarandi gang mála á árinu 1988.

1. Af innheimtum eignarskattsauka á árinu 1988 verði 50 millj. kr. varið til byggingarframkvæmda eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum.

2. Af innheimtum eignarskattsauka á árinu 1987 verði varið til byggingarframkvæmda við þjóðarbókhlöðu allt að 20 millj. kr. til viðbótar við framlag á fjárlögum.

3. Ráðuneytin taki upp viðræður eftir áramót um framtíðarskipun þessara mála áður en útboðsáfangi X kemur til framkvæmda."

Til skýringar er rétt að geta þess að útboðsáfangi IX, þ.e. glerjun hússins, mun verða tilbúinn til útboðs fljótlega eftir áramót, en útboðsáfangi X, sem er 1. áfangi í innréttingum, verður tilbúinn til útboðs á miðju næsta ári.

Þótt enn sé ekki að fullu útkljáður ágreiningur okkar um mál þetta tel ég að með þessu samkomulagi sé tryggt að byggingarframkvæmdir muni á næsta ári ganga með eðlilegum hætti og í samræmi við áætlun byggingarnefndarinnar. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, fyrri umr.

Páltill. utanrmn., 210. mál. — Þskj. 339.

Frsm. utanrmn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Páltill. þessi er sams konar og áður hefur verið flutt á undanförnum þingum af utanrmn. og er sams konar og gert samkomulag við Norðmenn á undanförnum árum um heimildir þeirra til loðnuveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Aðdragandinn er sá að í byrjun loðnuvertíðar 1987–1988 var leyfilegt heildaraflamagn ákveðið 500 þús. lestir, en að loknum frekari rannsóknum var í þessum mánuði ákveðin 550 þús. lesta aukning heildaraflamagns. Norðmenn eiga samkvæmt samkomulagi Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál rétt á hlutdeild í viðbótarmagninu og það þykir haganlegt nú eins og áður að hluti þess verði veiddur nú á vetrarvertíðinni fremur en það leggist við veiðiheimildir Norðmanna á næstu sumarvertíð.

Eins og ég sagði í upphafi er þessi till. hliðstæð tillögum sem áður hafa verið fluttar og utanrmn. hefur verið sammála um að flytja hana nú með sama hætti og áður hefur gerst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.

EFRI DEILD

40. fundur, mánudaginn 28. des., að loknum fundi í Sþ.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

NEÐRI DEILD

38. fundur, mánudaginn 28. des., að loknum fundi í Sþ.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 410.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stjórn fiskveiða fyrir árin 1988–1990. Hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða sem væri ástæða til að fjalla um í löngu máli en þar sem mjög er mikilvægt að mál þetta nái fram að ganga fyrir áramót þá vil ég vísa til framsögu minnar í Ed. og þeirrar umfjöllunar sem hefur verið um málið á almennum vettvangi og hér á Alþingi að undanförnu.

Málið hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu um nokkurra mánaða skeið. Það hefur verið tekið fyrir á þingum allra helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og flestir hagsmunaaðilar, þ.e. hagsmunasamtök sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnsluaðila, komist að þeirri niðurstöðu að það beri að byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið á undanförnum árum. Vissulega hafa verið um málið miklar umræður, ýmsar skoðanir komið fram og lagðar hafa verið fram brtt. á hinum ýmsu stigum málsins. Margar þessara breytinga hafa þegar komið inn í frv. auk þess sem nokkrar breytingar hafa verið gerðar á málinu í hv. Ed.

Það má segja að það séu tveir meginkostir í fiskveiðistjórnun, annars vegar almennar sóknartakmarkanir eða sérstakar veiðiheimildir til einstakra aðila. Það er enginn vafi á því að sérstakar veiðiheimildir til einstakra aðila hafa ótvíræða kosti. Það er hægt að ná fram mun meiri hagkvæmni í veiðunum en með hinu laginu. Auðvitað fylgja báðum þessum aðferðum ókostir og kostir en sú síðari, þ.e. sérstakar veiðiheimildir til einstakra aðila sem kall-

að hefur verið kvótakerfi, hefur ótvíræða kosti sem leiðir til þess að hægt er að ná takmörkuðum afla með minni tilkostnaði en ella.

Við þurfum á því að halda að takmarka sókn í okkar fiskistofna með tvennum hætti, þ.e. takmarka fjölda fiskiskipanna og jafnframt að takmarka veiðiheimildir einstakra skipa.

Meginatriði þessa frv. sem ég vildi leyfa mér að fara yfir í stuttu máli er í fyrsta lagi það að í frv. eru ákveðnar allar helstu meginreglur um úthlutun veiðileyfa og þar hefur orðið veruleg breyting á því fyrst þegar slíkar heimildir voru afgreiddar fyrir árið 1984 og síðan 1985 var um almennar heimildir að ræða sem í meginatriðum voru síðan ákveðnar í reglugerð. Hér hefur orðið mikil breyting á sem betur fer því mikilvægt er að hægt sé að ákveða öll helstu atriði í lögunum sjálfum.

Gildistími þessa frv. eins og það er nú er ákveðið þrjú ár og endurskoðunarákvæði er í ákvæðum til bráðabirgða sem ekki er ástæða til að fara mikið út í en þar kemur fram að nefnd skal hafa skilað tillögum um endurskoðun laganna eigi síðar en haustið 1989. Það er mikilvægt mál fyrir sjávarútveginn að hann geti búið við sem stöðugust rekstrarskilyrði og það sé vitað nokkur ár fram í tímann, og helst sem lengst, hvers sé að vænta að því er varðar veiðiheimildir. Það er nauðsynleg forsenda þess að einstakir aðilar sem útgerð stunda geti tekið nauðsynlegar ákvarðanir, ekki síst til að koma við hagræðingu í rekstri sínum.

Mikilvægar breytingar eru gerðar með frv. á svokölluðu sóknarmarki. Sóknarmarkið hefur á undanförnum árum gefist vel og það má segja að með því hafi verið fundin leið til þess að komast frá þeirri viðmiðun sem ákveðin var í upphafi, þ.e. viðmiðunarárunum 1981–1983. Það var ljóst frá upphafi að slík viðmiðun gæti ekki staðist til lengdar og nauðsynlegt að finna almennt form þannig að hin ýmsu skip gætu unnið sér nýja reynslu. Þess vegna var sóknarmarkið ákveðið og hefur gefist vel en hitt er svo annað mál að nauðsynlegt er að það sé hægt að auka aflann ef slíkt kerfi á að virka vel til langframa. Skipin hafa haft möguleika til að auka aflareynslu sína samkvæmt sóknarmarkinu eða bæta 20% á hverju ári við sitt aflamark. Slíkt gat ekki gengið til lengdar og nú þegar ljóst er að draga verður saman afla verður að draga úr þessum heimildum og því gerir frv. ráð fyrir því að í stað 20% sé 10% heimild til aukningar á aflamarki ef skip velja svokallað sóknarmark.

Eitt er það atriði sem hvað vandasamast er í þessu frv. en það eru reglur um veiðar á úthafsrækju. Veiðar á úthafsrækju hafa gengið mjög vel á síðustu árum og hafa verið einn helsti vaxtarbroddur í sjávarútveginum á undanförnum árum. Nú er svo komið að það þykir nauðsynlegt að setja verulegar takmarkanir á þessar veiðar ef ekki eigi að ofgera rækjustofnunum. Um það hefur verið fjallað mjög ítarlega að undanförnu með hvaða hætti slíkar takmarkanir skulu settar og er gert ráð fyrir því að kvótar skuli ákveðnir fyrir einstök skip en jafnframt gert ráð fyrir því að heildartakmarkanir eða hámarkstakmarkanir verði settar á einstakar rækjuverksmiðjur þannig að þær geti ekki tekið á móti meiri afla en reynsla þeirra gefur til kynna á undanförnum árum. Með þessu er verið að ákveða að ekki skuli fjölgað þeim verksmiðjum sem vinna rækjuna meir en orðið er og að þær verksmiðjur sem nú starfa fái nokkra tryggingu fyrir því að þær geti haldið sínum hlut í vinnslunni.

Það eru mjög misjafnar aðstæður í landinu til að taka á móti rækju og misjafnir flutningsmöguleikar á milli landshluta. T.d. er ljóst að ekki er hægt með sama hætti að flytja hráefni til Vestfjarða og á milli t.d. Norðurlands og Suðurlands. Samgöngur leyfa það ekki að slíkir flutningar eigi sér stað. Það er því eðlilegt að landshluti eins og Vestfirðir sé nokkuð uggandi um sinn hag í þessu sambandi og því nauðsynlegt að veita þeim verksmiðjum sem þar eru og annars staðar meiri tryggingu en þær annars mundu hafa.

Auðvitað vakna spurningar í þessu sambandi hvort hið sama eigi ekki við um aðra fiskvinnslu og má vissulega segja það með nokkrum rökum. Það er hins vegar mikilvægt að reyna að tryggja eins mikið athafnafrelsi í þessari atvinnugrein og nokkur kostur er og því ekki á það bætandi að fara að setja vinnsluhámark á einstakar fisktegundir í landinu.

Mikið hefur verið fjallað um útflutning á óunnum fiski og er í frv. gert ráð fyrir því að sérstakt álag leggist á þann fisk sem fluttur er óunninn á erlendan markað þegar til útreiknings á kvóta kemur. Hefur þetta álag verið ákveðið 15% en í Ed. var fellt niður sérstakt vigtarálag sem var 10% eins og það var þegar frv. var upphaflega flutt.

Í 10. gr. frv. er fjallað um veiðar smábáta sem hafa valdið miklum umræðum á undanförnum vikum og hefur glögglega komið í ljós að þau hagsmunasamtök sem eigendur smábáta mynda hafa verið mjög óánægð með frv. og lýst andstöðu sinni við það í ýmsum atriðum.

Hér er í fyrsta skipti gerð tilraun til þess að ákveða aflakvóta fyrir einstaka smábáta, þ.e. báta undir 10 brl. að stærð, en bátum þessum hefur fjölgað mikið á undanförnum árum og því þykir nauðsynlegt að settar séu reglur til samræmis við aðra fiskibáta. Eins og greinin er eftir að henni var breytt í Ed. þá eru allir bátar undir 10 brl. að stærð frjálsir að stunda veiðar með línu og handfærum en eru bannaðar allar botnfiskveiðar 10 daga um páskahelgi, 10 daga um verslunarmannahelgi, 10 daga í júní og 10 daga í októbermánuði. Enn fremur frá 1. des. til 15. jan. Er þetta nokkur aukning á banndögum frá því sem áður var, þ.e. að í stað 7 daga stöðvunar í júní og um verslunarmannahelgi kemur 10 daga stöðvun og við bætist 15 daga stöðvun í desember. Sú stöðvun hefur ekki mjög mikla þýðingu í öllu venjulegu árferði og er ekki eðlilegt að miða við góð ár eins og nú er því venjulega er umhleypingasamt í desembermánuði og sá mánuður hefur ekki þótt

fýsilegur til að gera út smábáta í. Auðvitað fer það nokkuð eftir landshlutum en hér áður fyrr var það afar sjaldgæft að bátar af þessari stærð reru í þeim mánuði. Það má einnig telja vafasamt út frá öllum reglum um öryggi að það sé æskilegt að hvetja til róðra í þeim mánuði.

Þá er gert ráð fyrir því að allir þeir bátar, sem stunda netaveiðar og eru undir 6 brl. að stærð og hafa stundað netaveiðar, fái heimildir til slíkra netaveiða áfram. Einnig hafi allir bátar á bilinu 6–10 brl. heimildir til netaveiða. Þessum bátum ber að ákveða aflahámark á grundvelli reynslu undanfarinna ára og hefur verið við það miðað að þeir fái að njóta reynslu sinnar á árunum 1985–1987 eða nánar tiltekið frá 1. nóv. 1984 til 1. nóv. 1987 og fái að njóta tveggja bestu ára sinna. Er gert ráð fyrir að þeir fái 90% af reynslu sinni en gert er ráð fyrir því að þorskafli þurfi að dragast saman um 10% og því þykir eðlilegt að miða þessa reynslu við 90% en verði þó bundin ákveðnu hámarki.

Það er eftir að ákveða hvert þetta hámark er en í uppkasti að reglugerð sem lagt var fram við umfjöllun málsins var gert ráð fyrir eigin reynslu eða meðaltalsafla, en þar var gert ráð fyrir 50 tonnum fyrir bátana sem eru 6–8 tonn að stærð en 70 tonnum fyrir bátana sem eru 8–10 tonn að stærð.

Það kom mjög glögglega fram við meðferð málsins í Ed. að aðilum þótti þessar tölur vera of þröngar og væri nauðsynlegt að rýmka þær nokkuð. Þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka mið af aflareynslu bátanna frá undanförnum árum og sýnist mér öll rök hníga til þess að rétt sé að rýmka þessi aflamörk nokkuð í samræmi við eindreginn vilja sem kom fram í hv. Ed.

Þá er það einnig ljóst að nokkur hluti þessa flota verður í verulegum vanda vegna þess að sumir þeirra hafa enga reynslu frá fyrri tíð, bátar þessir eru margir hverjir mjög dýrir og þess vegna mundu lág meðaltöl fyrir stærstu bátana, sem í reynd eru sumir hverjir stærri en 10 tonn, þær veiðiheimildir vera mjög þröngar.

Það virðist því vera nauðsynlegt að taka upp sérstakan flokk báta sem þessir aðilar gætu þá veitt innan en þess ber að gæta að veiðiheimildir slíkra skipa fari aldrei yfir veiðiheimildir þeirra sem eru í næsta flokki fyrir ofan.

Þótt eðlilegt sé og nauðsynlegt að þeir sem smábátaútgerð stunda njóti fyllstu sanngirni í þessum málum þá verður að sjálfsögðu að gæta þess að þeir hljóti veiðiheimildir sem eru í eðlilegu samræmi við aðra sjómenn sem stunda veiðar við landið.

Veiðar smábáta hafa farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Þegar kvótakerfið var tekið upp á sínum tíma var talið að veiðar þessara báta væru innan við 10 þús. tonn, en eru nú á bilinu 30–40 þús. tonn eða vel yfir 30 þús. tonn. Það er áætlað að þorskveiði þeirra geti orðið u.þ.b. 32 þús. tonn í ár þótt engar nákvæmar tölur liggi fyrir um það enn þá. Það er ljóst að ef þessir bátar njóta rýmri heimilda en aðrir, þá er við því að búast að sjómenn sæki í auknum mæli yfir á slík skip og fari af öðrum skipum í flotanum en smátt og smátt mundi það óhjákvæmilega koma við aflaheimildir annarra.

Menn gera stundum nokkuð lítið úr þessum afla og segja að hann skipti tiltölulega litlu máli en ég minni á að það nálgast nú að hér sé um að ræða 10% af þorskaflanum eða ríflega 8%. Auðvitað skiptir ekki meginmáli hver þessi afli hefur verið í ár eða á sl. ári. Það skiptir meginmáli í hvað stefnir ef þarna eru ekki takmarkanir eins og hjá öðrum. Hin mikla fjölgun bátanna hefur einnig orðið til þess að nauðsynlegt er að breyta reglum.

Það má vissulega um það deila hvort endurnýjunarreglur skuli vera fyrir hvern einasta smábát í landinu en þeir voru 1. jan. sl. yfir 1600 talsins og hefur farið fjölgandi. Slíkt er nær útilokað og því hefur verið ákveðið í þessu frv. að gera einungis ráð fyrir því að bátar sem eru 6 tonn og stærri séu háðir slíkum endurnýjunarreglum. Það er mikilvægur þáttur í okkar þjóðlífi að sem flestir geti notið þess að fara út á sjó og draga fisk, sérstaklega sér til skemmtunar. Það hefur verið mikilvægur þáttur í uppeldi margra manna í landinu og því mikilvægt að þessir bátar, þ.e. minnstu bátarnir, geti verið sem frjálsastir að því er varðar línu- og handfæraveiðar og ekki sé gripið til þess ráðs að allir þurfi að búa við endurnýjunarreglur.

Ég hef, herra forseti, aðeins drepið á nokkur mikilvæg atriði þessa máls sem er mjög þýðingarmikið og varðar hagsmuni hvers einasta byggðarlags í landinu og í reynd hvers einasta manns. Auðvitað er það svo að um það eru skiptar skoðanir og menn hljóta ávallt að leita lýðræðislega sátta í svo mikilvægu máli sem þessu. Ég tel að það hafi verið gert með umfjöllun þessa máls að undanförnu. Það hefur hlotið meiri umræðu og meiri umfjöllun úti í samfélaginu en flest önnur mál og það hefur verið tekið tillit til mjög margra ábendinga við gerð þess.

Auðvitað er það svo að það er ekki mögulegt að ákveða alla hluti til þriggja ára í senn og þess vegna hlýtur að þurfa að ákveða mörg veigamikil atriði með reglugerð og hafa drög að slíkum reglugerðum legið fyrir þótt þær séu engan veginn fullmótaðar. Það kemur fram í ákvæði til bráðabirgða II að sjútvrh. skuli í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa um það samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þessi samráð séu höfð og legg ég á það áherslu að það verði gert og vænti þess að um það geti verið gott samstarf við sjútvn. þingsins og helstu hagsmunaaðila þótt ég vænti þess að þau drög sem þegar liggja fyrir að þessum reglugerðum greiði fyrir því starfi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er komið til umræðu í hv. deild

stórt og viðamikið mál sem, eins og frummælandi, hæstv. sjútvrh., gat um í máli sínu áðan, snertir hag flestra byggða á Íslandi og allra byggða í reynd því að sjávarafli er undirstaða í okkar þjóðarbúskap. Um það deilir enginn. Hér er því komið til umræðu mál sem hlýtur að verða eitt stærsta mál þessa þings eins og það hefur verið þegar fiskveiðistjórnun hefur verið til umræðu á undanförnum þingum.

Ég legg á það áherslu að jafnframt því sem mál þetta fái góða og ítarlega meðferð þá verði staðið við það af hálfu hæstv. sjútvrh. og þeirra sem eru stuðningsmenn hans í þessu máli að leita sem mestrar lýðræðislegrar samstöðu, eins og ráðherrann hæstv. orðaði það hér áðan, um niðurstöðu málsins því að fátt er mikilvægara en að um fiskveiðistjórnunina megi takast þokkalegur friður í landinu, meiri friður en ríkt hefur, og menn noti það tækifæri sem nú er til þess að læra af reynslu undanfarinna ára í sambandi við það stjórnkerfi sem tekið var upp, fyrst til eins árs í senn og síðan til tveggja ára, 1984 og 1985 og síðar.

Það er áreiðanlega vilji míns þingflokks að hægt verði að móta slíka samstöðu en þá þurfa fleiri að koma til. Þeir sem bera málið hér inn á Alþingi þurfa einnig að leggja sig fram um það að mæta þeim sjónarmiðum sem koma fram hér og einnig úti í þjóðfélaginu. Í því sambandi get ég ekki annað en minnst á blaðagrein í einu stjórnarmálgagnanna, dagblaðinu Tímanum, sem lesa mátti á Þorláksmessu. Ég hef því miður ekki viðkomandi blaðagrein hér handa á milli til þess að vitna til hennar með beinum hætti en þar var farið hinum háðulegustu orðum um það fólk sem er að reyna að hafa samstarf við okkur alþm., samband við okkur um þetta mikla lífshagsmunamál og leggur á sig að koma hingað til Reykjavíkur, sumir um langan veg, til þess að ræða við okkur alþm. og kynna sín sjónarmið, hafa jafnvel fyrir því að eiga hér vökunætur eins og þm. á þingpöllum án þess að trufla með nokkrum hætti þingstörf. Um þetta fólk, og ég hygg að þar hafi smábátaeigendur verið í meiri hluta, sem lagði á sig vökunótt aðfaranótt 22. des. sl., fór stjórnarmálgagnið Tíminn hinum háðulegustu orðum. Menn geta gluggað í þetta málgagn þar sem ég hygg að einnig hafi verið birt mynd af þeim sem mættir voru á þingpalla til þess að fylgjast með málum þessa nótt þegar málið var til langrar umræðu í Nd. þingsins.

Það er ekki þannig sem á að vinna að málum af þeim sem völdin hafa, með því að kasta glósum og fúkyrðum í það fólk sem reynir með eðlilegum lýðræðislegum hætti að hafa samband við sína umbjóðendur, kynna Alþingi sín sjónarmið. Við þurfum þvert á móti á því að halda hér á Alþingi Íslendinga að þar sé opið hús en ekki lokað eins og lagt var til í skrifum stjórnarmálgagnsins Tímans umræddan dag. Ég vona að hæstv. sjútvrh. — er raunar viss um það að hann stóð ekki að baki þeim skrifum sem slíkur þó þau væru í málgagni þess flokks sem hann tilheyrir. Ég vænti þess að það liggi að baki orða hans hér áðan um lýðræðislegt samstarf raunverulegur vilji til þess að koma til móts við gild sjónarmið, rökstudd sjónarmið sem stór hluti þm. í þessari hv. deild ber fyrir brjósti, jafnt í stjórnarandstöðu sem í stjórnarliði.

Því er mjög á lofti haldið nú þegar mál þetta er tekið til umræðu að það verði að afgreiða það fljótt og það sé hin mesta óhæfa ef áramótin líði án þess að frv. þetta, sem hér er nú tekið til 1. umr. í hv. þingdeild, öðlist lagagildi. Við heyrum þetta ekki aðeins varðandi þetta mál, stjórn fiskveiða. Við, stjórnarandstaðan, fengum kveðjur frá hæstv. fjmrh. í kvöld í gegnum sjónvarpið þar sem hellt var yfir okkur heldur óvægilegum orðum og dómum. Mig minnir að mikill usli hafi komið þar við sögu. Og þetta mæla ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sem skila þingmálum, stærri þingmálum en Alþingis hefur fengist við um langt skeið, hér inn þegar vika er liðin af aðventunni, af jólaföstunni. Þeim sæmir það þessum herrum að koma fram fyrir alþjóð í fjölmiðlum og velja stjórnarandstöðu, sem er að gæta lýðræðislegs réttar síns, sem er að notfæra sér lýðræðisleg réttindi og rækja lágmarksskyldur sínar til að reyna að fylgjast með þeim málum sem hér eru lögð inn, til að reyna að knýja fram breytingar sem við metum réttar á þessum málum. Það er ansi hart að fá það dag eftir dag, þegar ríkisstjórnin stendur þannig að málum að hér háttar til með óvenjulegum hætti á Alþingi Íslendinga, að það sé stjórnarandstaðan sem sé að gera usla í samfélaginu. Ég vara hæstv. ráðherra við málflutningi af þessu tagi. Ég vara þá við að ætla að ganga þannig fram gagnvart Alþingi Íslendinga, framkvæmdarvaldinu og þeim sem ráða ferðinni og eru sterku öflin í flokkum ríkisstjórnarliðsins. Ég er ekki viss um að það verði allir þeirra stuðningsmenn sem eru stimplaðir inn á töfluna hérna frammi sem taka heils hugar undir vinnubrögð af því tagi. Ég segi þetta hér að gefnu tilefni við upphaf míns máls um þetta frv.

Hæstv. sjútvrh. sagði með réttu að það væri mjög þýðingarmikið að vandað væri til verks af þessu tagi. Ég tek undir það með honum en ég hlýt um leið að spyrja: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra, sem ekki er neinn nýgræðingur í sjútvrn. eða í ríkisstjórn landsins heldur hefur haldið þar um stjórnvöl frá því að þetta stjórnkerfi var upp tekið, skuli ekki hafa undirbúið þetta mál með öðrum hætti en raun ber vitni, með markvissari hætti þannig að Alþingi gæti fengið það til meðferðar við upphaf þings á sl. hausti? Það hefði verið að ástunda markviss vinnubrögð og að gera þinginu kleift í reynd að fjalla um málið með eðlilegum og lýðræðislegum hætti. En þetta gerðist ekki. Það er fyrst um miðjan septembermánuð sem hæstv. ráðherrann kallar saman ráðgjafarnefnd, stóran hóp hagsmunaaðila, og óskar eftir þátttöku þm. í störfum þeirrar nefndar sem endaði með því í nóvembermánuði, það má orða það svo, að þessi ráðgjafarnefnd gufaði upp því að eftir hana lágu í rauninni engar tillögur. Þar var ekki komist að neinu markvissu samkomulagi eða tillögugerð og maður spyr sig: Hvers vegna var

hópur af þessu tagi ekki kvaddur til fyrir ári síðan eða a.m.k. í lok þings sl. vor til þess að fjalla um málin þannig að það mætti þá grípa til annarra ráða ef svo færi, sem fór, að þessi ráðgjafarnefnd næði ekki saman um málið?

Hæstv. ráðherra greip síðan til þess ráðs í byrjun nóvember, þegar sýnt var hvert stefndi með störf þessarar ráðgjafarnefndar, að kveðja til hóp þm., óska eftir hópi þm. til þess að ráða ráðum og reyna að mynda einhvers konar samstöðu um þetta mál á grundvelli draga að frv. um stjórn fiskveiða sem hann hafði þá tekið saman og lagt fyrir þá aðila sem um þetta fjölluðu undir forustu hans ráðuneytis. Uppskeran úr þessu starfi varð nánast ekkert önnur en gerðist í ráðgjafarnefndinni. Það fór lítið fyrir starfi þessa þingmannahóps, það var takmarkað a.m.k., og allt of seint til komið til þess að vænta mætti skilmerkilegs árangurs af því starfi. Því réðust málin með þeim hætti sem ég hef hér nefnt og hv. alþm. þekkja að það er í rauninni aðeins jólafastan sem eftir er fyrir þm. og fyrir sjútvn. þingdeilda til þess að fjalla um þetta stóra og þýðingarmikla efni.

Ég held því að við þurfum að átta okkur á því nú 28. des. að ef við í þessari þingdeild ætlum að fara yfir þetta mál með þeim hætti sem vert væri og við í rauninni hljótum að krefjast af okkur, þá getum við ekki verið bundin af dagatalinu. Ég er ekki með því að útiloka neitt í sambandi við afgreiðslu þessa frv. hvað snertir áramót. Ég er ekki með neinar vísbendingar í þá átt, en ég tel það þó með ólíkindum ef það ætti að takast á þeim tveimur þingdögum sem eftir lifa að afgreiða mál af þessu tagi sem lög frá þinginu þannig að allir geti sæmilega sáttir upp staðið eftir þann gjörning.

Ég hef heyrt það, bæði af vörum margra þm. sem teljast í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar og ég hef lesið það í ummælum þeirra, jafnvel í ummælum einstakra ráðherra, að það er langt frá því að þar sé friður, að þar sé sátt í hugum þeirra við frv. eins og það er komið hér til þingdeildarinnar og því hljóta menn hér að leita leiða til breytinga sem ásættanlegar geta verið fyrir meiri hl. í hv. þingdeild. Framkvæmdarvaldsins er ekki að vera með nefið um of ofan í þessum málum eftir að það er komið inn í þingið. Ég hef auðvitað ekkert á móti því að ráðherrar greiði götu mála og leggi fram sín sjónarmið, en þeirra er ekki valdið og á ekki að vera valdið gagnvart Alþingi eftir að mál eru hingað inn komin til meðferðar og umfjöllunar.

Það væri óskandi, nú þegar Alþingi í þriðja sinn tekur stjórn fiskveiða til meðferðar, að um afgreiðslu þessa máls takist betri samstaða en orðið hefur þegar málið hefur verið til meðferðar tvívegis áður. Ég segi þetta vegna þess m.a. að þó að fiskveiðarnar séu gildur þáttur og geysilega þýðingarmikill þá eru það fleiri svið í sjávarútvegi sem Alþingi þarf að taka sér tíma til að fjalla um og marka aðra stefnu en verið hefur. Þar á ég sérstaklega við nýtingu aflans eftir á land er komið, um stöðu og þróun fiskvinnslunnar í landinu sem hefur verið hornreka stjórnvalda nú um langan tíma og birtist okkur síðast hér á Alþingi í dag og raunar við lok 2. umr. fjárlaga 22. des. sl. þegar ríkisstjórnarstuðningsliðið hér á Alþingi felldi tillögur um aukið fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi og átaks í þróun í fiskvinnslu í landinu sérstaklega.

Ég ætla ekki að fjalla um það svið hér og nú en ég vænti þess að á því máli verði tekið á nýju ári svo brýnt sem það er að þingið láti sig þau efni skipta. Þar fyrir utan er svo sá stóri vandi sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og þróun mála, ytri aðstæður í tengslum við okkar útflutning, hafa valdið, sú hrikalega efnahagslega staða sem fiskvinnslan í landinu býr nú við og þar með undirstöðuatvinnuvegur landsmanna, undirstöðuútflutningsatvinnuvegur landsmanna. Við höfum gengið eftir svörum frá hæstv. ríkisstjórn um þau efni. Ég ætla ekki að endurtaka þær fsp. nú, svörin hafa nánast engin verið. Þar er vísað út í vindinn. Kannski er það æðsta ósk ríkisstjórnarinnar að losna við þingið þannig að hún geti farið að kokka þann graut sem ráðherrarnir telja sig áreiðanlega þurfa að matreiða, hvað þá áður en þeir verða samstiga um þær aðgerðir sem grípa verður til í einhverju formi til að koma í veg fyrir stöðvun á sjávarútveginum og þá sérstaklega fiskvinnslunni.

Ég vík örfáum orðum, herra forseti, að reynslunni af því stjórnkerfi sem við höfum búið við í fiskveiðum á undanförnum árum. Við tókum upp nýtt kerfi með lagasetningu 1983 og kvöddum þá stjórnkerfi sem sjútvrh. Framsfl. hafði staðið fyrir og farið með, sjútvrh. í ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens, Steingrímur Hermannsson, þ.e. hið svokallaða skrapdagakerfi.

Vissulega syrgði ég ekki að upp væri tekin breytt stjórnun fiskveiða frá því sem þá hafði verið um árabil. Ég gagnrýndi á þeim árum harðlega það stjórnleysi sem í rauninni ríkti undir forustu Steingríms Hermannssonar í ríkisstjórn sem sjútvrh. þar sem mjög var látið vaða á súðum. Ég taldi hins vegar, þegar upp var tekið kvótakerfið 1984, frá byrjun þess árs, að þar væri verið að færa allt of mikil völd inn í sjútvrn. með lagasetningu sem ekki átti sér hliðstæðu og einum ráðherra falin í rauninni öll völd í þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna. Ég var ekki með þeim hætti að fordæma það kerfi sem upp var tekið eða lýsa það óhæft fyrir fram. Og ég tel sjálfsagt að við lítum fordómalaust á reynsluna af kvótakerfinu svokallaða í sambandi við fiskveiðistjórnun. Vissulega má finna því sitthvað til málsbóta.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé fyllilega ómaksins vert að reyna að byggja á þessari reynslu, þróa það stjórnkerfi sem við höfum verið að reyna á undanförnum árum. En við verðum þá óhikað að taka á mestu agnúum þess sama kerfis. Það er ekki gert sem skyldi í frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Eitt meginmarkmið kvótakerfisins, þess stjórnkerfis sem við höfum búið við undanfarin ár í fiskveiðum, átti að vera það að hefta of mikla sókn í fiskstofna

okkar, í aðalfiskstofnana, og með því að taka upp skiptingu aflans hvað þorskinn varðaði á skip. Þetta hefur ekki tekist nema að takmörkuðu leyti. Alþingi hefur að vísu ekki fylgt til hins ýtrasta, og ekki sjútvrh. með reglugerðarvald sitt, tillögum Hafrannsóknastofnunar í sambandi við veiðar úr helstu nytjastofnum okkar og þá sérstaklega þorskinum, yfirleitt sett markið nokkru ofar.

Menn geta haft sér sitthvað til afsökunar í þeim efnum. Hér er um mikla hagsmuni að tefla fyrir þjóðarbúið, fyrir útgerð, fyrir sjómenn ekki síður. Ég er ekki að álasa neinum þó að þar hafi ekki alltaf og í öllu verið farið að ýtrustu kröfum en þó hljótum við, þegar litið er til lengri tíma, að gera þá kröfu til samfélagsins og okkar sjálfra að við teflum aldrei á tæpasta vað, og aldrei á tæpt vað varðandi sókn í okkar helstu nytjastofna. Kvótakerfið hefur hins vegar komið út með þeim hætti að það er mjög langt frá því að staðið hafi verið við þau markmið sem ráðherra hefur sett á blað í reglugerð hverju sinni.

Umframaflinn á fjögurra ára tímabili nemur hátt í það sem svarar til ársafla á þessum árum, á fjórða hundrað þús. tonn af þorski sem farið mun hafa verið yfir þau mörk sem sett voru samanlagt á þessum árum. Þarna kemur vissulega til sá sveigjanleiki sem leitast var við að byggja inn í þetta kerfi með sóknarmarki. Þann sveigjanleika á nú að sníða af að nokkru leyti, og ég tel það út af fyrir sig geta verið réttlætanlegt. En það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni þegar fiskveiðistjórnun fer það langt frá því markmiði sem henni er ætlað að aflinn skuli fara fram úr með þeim hætti sem þarna er um að ræða.

Menn spyrja: Er ekki allt í lagi þó að þetta gerist? Höfum við beðið af því nokkurn teljandi hnekki? Eru fiskstofnarnir í hættu? Er þorskstofninn í hættu? Um það höfum við orð forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jakobs Jakobssonar, sem birt voru sem fylgiskjal með nál. 1. minni hl. í Ed., Skúla Alexanderssonar sem stóð að þeim minni hl. Þar kemur það fram hversu gífurlega þyngd þorsksins hefur minnkað og dregist saman á þessum árum, þannig að meðalþyngdin er nú komin jafnvel undir þrjú kíló eftir að hafa verið nær fimm kílóum fyrir allnokkru síðan.

Þetta er þróun sem við verðum að horfast í augu við og taka alvarlega því að þetta er háskaleg þróun ef svo heldur fram sem horfir. Þegar þetta gerist við góðar aðstæður, vaxtarskilyrði í sjónum við Ísland, getum við spurt okkur: Hvað gæti gerst? Hvað mun gerast ef þessi skilyrði versna til muna? Hvað verður þá um nytjastofninn? Hvað verður um þyngd þorsksins? Ég held að við þurfum að hafa hættumerki af þessu tagi vel í huga þegar við ræðum hér um mótun fiskveiðistefnu.

Hæstv. ráðherra tók talsvert af sínum tíma í máli sínu áðan til þess að ræða um smábáta, veiðar þeirra og annmarka sem komið hefðu fram í sambandi við veiðiheimildir til smábáta. Ég mun koma að því sérstaklega hér á eftir því að þar er vissulega um að ræða þátt sem snertir marga og þó að ekki sé þar um að ræða nema um 8% af heildarafla af þorski sem dreginn er úr sjó er þarna um að ræða framfæri mjög margra fjölskyldna víða um land sem eiga sitt undir hvernig farið verður með stjórnun varðandi báta undir 10 brúttórúmlestir.

En það eru fleiri sem hafa verið að leita að lausnum í sambandi við fiskveiðistefnu en hæstv. sjútvrh. og þær nefndir sem hann hefur kvatt sér til ráðuneytis. Alþb. hefur á undanförnum missirum, undanförnum árum, lagt mikið af mörkum til þess í sínu starfi að ná sáttum innbyrðis í sambandi við fiskveiðistjórnun því að það er langt frá því að þar höfum við verið á einu máli hér á árum áður eins og menn þekkja, ekki frekar en í öðrum flokkum. Sú vinna sem þar hefur farið fram hefur þó leitt til þess nú að Alþb., bæði þingflokkur þess og forusta, þar á meðal miðstjórn flokksins, hefur náð saman um mörkun skilmerkilegrar fiskveiðistefnu sem Alþb. leggur til grundvallar brtt. sem það flytur við stjfrv., eða eigum við að segja frv. sjútvrh., sem hér er fram lagt.

Ég ætla að koma, í tengslum við þessar tillögur okkar alþýðubandalagsmanna sem liggja fyrir í prentuðu þskj., áliti 1. minni hl. sjútvn. Ed. þingsins, að þeim till. og minna á þær brtt. sem við alþýðubandalagsmenn leggjum hér fyrir þingdeildina, sömu brtt. og fluttar voru af þingmönnum Alþb. í Ed. þingsins.

Fyrsta atriðið í stefnumörkun Alþb. varðandi fiskveiðistjórnun, stefnumörkun sem samþykkt var samhljóða í miðstjórn flokksins 5. desember sl., er atriði sem snertir eignarréttinn á sjávarauðlindum landsmanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fiskistofnarnir og aðrar sjávarauðlindir eru ævarandi sameign allra Íslendinga. Grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar verður að vera hinn sameiginlegi eignarréttur þjóðarinnar á auðlindum hafsins."

Þetta stefnumið er ekkert nýtt af okkar hálfu. Við höfum flutt þetta í bæði þau skipti sem stjórnun fiskveiða hefur verið til umræðu hér á Alþingi sem brtt. við fyrirliggjandi stjfrv., en hún hefur verið felld í bæði skiptin, tillaga okkar um það að marka stefnu, sameignarstefnu varðandi sjávarauðlindir.

Það hefur hins vegar gerst í sambandi við núverandi frv., svo að ég víki að stjfrv., að inn í það er komin 1. gr. þar sem segja má að tekið sé undir þetta stefnumið í orði, þar sem segir, með leyfi forseta: „Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu." Mér er sagt að þetta stefnuatriði sé þarna inn komið vegna kröfu alþýðuflokksmanna í ríkisstjórninni og á Alþingi og það er út af fyrir sig vel að þessi orð skuli komin þarna inn í frv. með þessum hætti. En því miður er útfærslan í frv. sjálfu ekki í samræmi við þetta markmið, því miður segi ég, því að þá væri margt með öðrum hætti en lesa má í þeim greinum

sem á eftir fylgja.

Það virkar því svo sem þetta stefnumark í 1. gr. stjfrv. sé nánast aðskotahlutur og vil ég þó síst vanþakka það að þessi orð skuli þar inn komin. Það er kannski vísir að öðru og meira í framtíðinni ef menn ná saman um það að útfæra þetta markmið með skilmerkilegum hætti.

Annað stefnumið í fiskveiðistefnu sem Alþb. hefur sent frá sér varðar skipulega stjórnun veiða. Þar segir:

„Sótt verði í fiskistofnana á skipulagðan hátt í samræmi við sérfræðilegt mat á stærð þeirra og undir eftirliti óháðrar stofnunar. Markmið veiðistjórnunar verði að auka gæði afla og afurða, að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil, að ofveiði eigi sér aldrei stað."

Þetta telja menn e.t.v. almenn markmið og ég er ekki að segja að ég eigi von á því að það komi andmæli við þeim. Hins vegar vantar mikið á að þau séu útfærð af stjórnvalda hálfu með þeim hætti að hægt sé að segja að við nálgumst þau. Það vantar mikið á varðandi gæði afla, hvað þá að við höfum náð því marki að fá hámarksafrakstur af okkar fiskstofnum.

Þá kemur í þriðja lagi að því sem er eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við þá stefnumörkun sem við setjum fram í Alþb., það er um hinn svokallaða byggðakvóta í staðinn fyrir að binda aflann eingöngu við skip. Um það segir, með leyfi forseta:

„Það eru öðrum fremur sjómenn og fiskvinnslufólk sem skapa verðmæti úr fiskistofnunum við landið. Því skulu sameiginlegir hagsmunir sjómanna og fiskvinnslufólks hafðir í fyrirrúmi við stjórnun fiskveiða. Óháð reglum um hvernig heildaraflamagn landsmanna verður ákvarðað eða hvernig heildarsókn fiskiskipa verður takmörkuð verði veiðiheimildum úthlutað til byggðarlaga. Við ákvörðun aflamagns sérhvers byggðarlags verði tekið mið af veiðum skipa í viðkomandi byggðarlagi.

Í stað þess að binda kvóta alfarið við skip eins og gert hefur verið á undanförnum árum verði nú tekið upp nýtt kerfi þar sem veiðiheimildum á bolfiski verði skipt í tvo flokka:

Í fyrsta lagi skal ⅔ hlutum veiðiheimildanna úthlutað til byggðarlaga og skal fjórðungur þessa nýja byggðakvóta reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og ¾ hlutar reiknaðir frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum í árslok 1987.

Í öðru lagi skal ⅓ hluta veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987.

Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður út skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlaginu" — og það er kannski hið þýðingarmikla „praktíska" atriði, herra forseti, í sambandi við þennan þátt tillögu okkar — „fylgir þeim einungis sá hluti af aflakvóta sem úthlutað var til útgerðar, ekki sá hluti sem fór til byggðarlagsins. Þeim hluta aflakvótans sem eftir verður í byggðarlaginu verði ráðstafað á nýjan leik í samræmi við ákveðnar reglur.

Með því að binda veiðiheimildir að verulegu leyti við byggðarlög er verið að tryggja hag starfsfólks í fiskiðnaði, fiskvinnslustöðva og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla. Óeðlilegt verð á fiskiskipum og brask í tengslum við skipa- og kvótasölu ætti að mestu að hverfa úr sögunni. Einnig er leitast við með útreikningsaðferð á byggðakvótanum að koma nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum."

Þetta atriði, sem snertir í rauninni eignarréttinn á fiskstofnunum, spurninguna um það að útfæra hann eða útfæra þá hugsun að fiskstofnarnir skuli vera sameign, verður ekki gert með því að tengja fiskikvóta einvörðungu við skip og láta hann hafa m.a. þau áhrif á verðlagningu fiskiskipanna sem raun ber vitni og við höfum séð að gerst hefur með mjög óeðlilegum hætti. Þar er í rauninni verið að afhenda einstaklingum, eigendum fiskiskipa, háa ávísun, eða eigum við að segja ávísanir, á verðmæti sem þeir hafa ekki skapað, sem ekki hafa orðið til fyrir þeirra tilstuðlan, heldur einvörðungu vegna þess kerfis sem hér er verið að móta.

Ég hef vissulega heyrt viðbárur af því tagi að verð á fiskiskipum kynni að hafa þróast með svipuðum hætti ef menn hefðu haldið fast við takmarkanir á stærð flotans, ef menn hefðu staðið fast í ístaðinu í sambandi við fjölgun skipa, innflutning skipa eða nýsmíði. Það kann að vera nokkuð til í því, en við höfum ekki reynslu af slíku frá undangengnum árum. Við höfum hins vegar reynsluna af því stjórnkerfi sem hér er til umræðu með þeirri tilhögun sem hér um ræðir og gert er ráð fyrir að halda óbreyttri í reynd í frv. því sem við ræðum hér, þ.e. að verð á fiskiskipum fer í einstökum tilvikum tvöfalt fram úr vátryggingarupphæð skipanna og þar með er verið að afhenda eigendum þeirra stórar fúlgur, tugi milljóna, svo að ekki séu nefndar hærri upphæðir, í rauninni til ráðstöfunar.

Þetta kann að þykja þolanlegt af sumum svo lengi sem slíkur arður helst innan sjávarútvegsins, í viðskiptum milli sjávarútvegsfyrirtækja. En fyrir því er út af fyrir sig engin trygging. Hér getur verið um að ræða einstaklinga sem einfaldlega vilja losna við sínar eignir, selja fiskiskipin, vissulega öðrum til nota en sitja uppi með þann gróða sem í þessu tilviki hlýtur að teljast mjög óeðlilegur.

Einn stærsti annmarki núverandi stjórnkerfis tengist þeirri miklu áhættu sem sjávarplássin í landinu búa við þar sem um er að ræða aðeins fá veiðiskip, þar sem um er að ræða kannski aðeins einn eða tvo togara og hættuna á því að þeir verði seldir úr byggðarlaginu og rofið það samhengi, sem svo mjög var rómað fyrir nokkrum árum og átti að

verða eitt helsta leiðarljós í fiskveiðistjórnun, að tengja saman veiðar og vinnslu. Með tillögu okkar alþýðubandalagsmanna um byggðakvóta er verið að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst í reynd. Það er verið að stöðva þá sölu, þá hömlulitlu sölumöguleika sem eru til staðar í sambandi við fiskiskipin sem kippt geta í einu vetfangi grundvellinum undan atvinnu fjölda fólks og rekstri fiskvinnslufyrirtækja.

Ég ætla ekki, herra forseti, að orðlengja þennan þátt svo þýðingarmikill sem hann er. Ég vil aðeins staðhæfa að það er tími til kominn að snúa af þeirri braut, sem lagt var inn á 1983, að tengja yfirráðarétt yfir ákveðnum aflahlut við fiskiskip einhliða, eins og síðan hefur verið og það er mjög hætt við því að ef við festum okkur í þessu fari, t.d. til þriggja ára í viðbót, telji margir að þar sé komin á hefð, þar séum við komnir inn á braut sem ekki verður snúið til baka á. Þess vegna legg ég á það afar ríka áherslu að á þessu atriði verði tekið nú við meðferð þessa máls hér í þinginu.

Við bendum á það í tillögum okkar, alþýðubandalagsmenn, að nauðsynlegt sé, jafnhliða því sem stjórnkerfið er endurskoðað og í reynd miðað við að úthluta afla tengt veiðiskipum eins og ég hef gert grein fyrir, að samt verði svigrúm til þess að nýta hluta af þeim afla sem menn telja sig geta tekið til þess að gera kerfið sveigjanlegra, eins og reynt var með vissum hætti í sambandi við sóknarmark, en við erum þar með hugmyndir um aðra þætti sem nauðsynlegt er að geta komið við, eins og möguleika á því að tryggja aðgang nýrra rekstraraðila að veiðunum til þess að leiðrétta hag einstakra byggðarlaga og til þess að gera tilraunir með nýjar stjórnunaraðferðir. Í því skyni leggjum við til að frá árinu 1989 verði hluta eða sem nemur 5% af úthlutuðum heildarafla ráðstafað í þessu skyni, eða allt að því marki, og auðvitað er æskilegt að hægt sé að taka slík skref, sem eru auðvitað tilfinnanleg fyrir þá aðila sem tekið er frá ef um það er að ræða, auðvitað er æskilegt að slíkt geti gerst jafnhliða aukningu á heildarafla, að tengja það við aukningu á heildarafla ef slíkt þykir fært. En ég hygg að allir geti verið sammála um að það er mjög óæskilegt að hafa stjórnkerfi í fiskveiðum sem sé svo lokað að þar geti engir nýir aðilar komið við sögu, að þar sé ekki svigrúm til þess að leiðrétta hag einstakra byggða og að tryggja æskilega nýbreytni og þróun í veiðunum.

Ég kem þá, herra forseti, að veiðum smábáta. Þar gerum við alþýðubandalagsmenn ráð fyrir og gerum um það tillögu einnig hér í brtt. okkar við frv. sem hér er til umræðu að haldið verði í grundvallaratriðum við óbreytt kerfi hvað snertir veiðar smábátanna, þó með þeirri undantekningu að tekið verði fyrir verulega fjölgun slíkra báta sem orðið hefur á undanförnum árum, sérstaklega síðustu eitt, tvö árin þegar orðið hefur um mikla fjölgun að ræða hjá bátum undir 10 brl. og bátum sem hafa afkastagetu sem er kannski meiri en tengist hugtakinu smábátar.

Mig langar í þessu sambandi aðeins til að rifja upp með hvaða hætti haldið hefur verið á þessu máli síðan 1983 að fyrsta frv. var lögfest um kvóta á skip. Þá var þessi þáttur, veiðar smábátanna, eitt af því umdeildasta í því frv. og það má segja að það hafi fylgt umræðum um þetta mál allar götur síðan. Þá gerði hæstv. sjútvrh., sá hinn sami og nú fer með það embætti, tillögu um það að smábátar yrðu utan kvóta en yrði úthlutað afla í einum óskiptum potti, mig minnir eitthvað nálægt 10 000 lestum sem þeim var ætlað, og var hann þó mjög varaður við að taka upp stjórnun af því tagi gagnvart smábátunum. Það voru margir sem bentu á það við umræðu um málið í desember 1983 að þarna væri verið að fara út í mjög óeðlilegt og óraunsætt kerfi og smábátaeigendur, sem ekki voru þá í formlegum samtökum eða öflugum samtökum eins og þeir hafa myndað með sér nú, gáfu ábendingar um aðra tilhögun sem þeir töldu vænlegri og líklegri til þess að unnt væri að búa við til einhverrar frambúðar. Þeir voru jafnvel reiðubúnir að ræða um að taka upp skömmtun á bát, á smábátana, taka upp kvóta á smábátana, a.m.k. að skipta þessum potti eftir landshlutum og byggðarlögum þannig að það væru ekki allir að keppa um sama skammtinn.

Á þetta var ekki hlustað á þeim tíma og frv. var afgreitt með þessum hætti. Hins vegar sprungu þessi ákvæði í höndum framkvæmdarvaldsins, aflinn fór fljótt langt fram úr því sem áætlað hafði verið af sjútvrn., var orðinn tvöfaldur að mig minnir haustið 1984 og alveg ljóst að þarna var ekki fundinn neinn lykill, fyrir utan þær áhættur sem teknar voru. Veiðiskapurinn sem þessu fylgdi ýtti að sjálfsögðu undir að teflt væri á tvær hættur í sambandi við sókn á smábátunum þegar menn voru að keppa hringinn í kringum landið um takmarkað heildarmagn.

Það gerðist því þegar mál þetta var til umræðu öðru sinni, 1985, að knúin var fram breyting og hæstv. ráðherra lét sig hafa það, ég vil ekki vanþakka hans hlut í því efni, og tekið upp það kerfi sem búið hefur verið við nú um tveggja ára skeið í sambandi við veiðar smábáta, hin umtalaða 9. gr. að ég hygg í gildandi lögum. Þar var tekið upp banndagakerfi sem smábátum var ætlað að búa við en sókn þeirra að öðru leyti gefin frjáls. Vissulega voru gagnrýnd atriði í þessari skipan þegar henni var komið á. Það var bent á það að óeðlilegt væri að setja stíft og ósveigjanlegt banndagakerfi sem ætti að gilda um veiðistöðvar hringinn í kringum landið þar sem skilyrði til sjósóknar væru misjöfn og í rauninni skammtaði náttúran af í sambandi við sókn smábáta þannig að ekki þyrfti að setja slíkar takmarkanir eins og þessa banndaga. En þó er það svo að reynslan af þessu kerfi fyrir smábátana hefur orðið með þeim hætti að hagsmunaaðilar, talsmenn Landssambands smábátaeigenda sem stofnað hefur verið og gert hefur vart við sig með góðum og skilmerkilegum hætti undanfarin missiri, mæla með því að þetta kerfi verði framlengt, að búið verði við það áfram, og eru reiðubúnir að taka á sig þær takmarkanir sem þar er að finna auk þess sem tekið

verði á fjölgunarþættinum, þ.e. að ekki verði um hömlulausa fjölgun smábáta að ræða eins og orðið hefur undanfarin ár þar sem þetta eru einu skipin sem hafa komist á sjó og getað stundað frjálsa sjósókn. Það er hins vegar ekki mál smábátaeigenda sem slíkra. Þeir stóðu ekki að þeim tillögum að engar hömlur skyldu gilda, þannig að við þá verður ekki sakast í þeim efnum. Þar getur stjórnvaldið, jafnvel Alþingi, sakað sjálft sig um að hafa ekki verið nægjanlega framsýnt.

Það er tillaga okkar alþýðubandalagsmanna að undir þetta verði tekið, að veiðiheimildir smábáta verði með svipuðu sniði og verið hefur jafnframt því sem fjölgun bátanna verði stöðvuð. En hæstv. sjútvrh. og þeir sem hafa stutt hann fram að þessu hér í þinginu, í hv. Ed., eru ekki á sama máli. Þar hafa að vísu verið gerðar nokkrar breytingar frá því frv. sem ráðherrann lagði hér fyrst fram, þ.e. að ef um er að ræða eingöngu veiðar með línu og handfærum skuli þær lúta svipuðu kerfi og verið hefur, þær skuli vera frjálsar að öðru leyti en því að skammtaðir eru af fleiri banndagar heldur en áður giltu. Þetta má segja að sé góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Hæstv. ráðherra er hins vegar, og hans stuðningsmenn í þessu máli, að innleiða annað kerfi með aflamarki varðandi þorskfisknetaveiðar á smábáta og þar með í rauninni að skerða veiðimöguleika mjög margra sem stunda veiðar á smábátum og stunda ýmist veiðar með línu og á handfæri eða með net. Þetta þekkir hæstv. ráðherra að sjálfsögðu vel, eins og aðrir hv. þm., að er tíðkað ekki síst á þeim stöðum þar sem smábátaútgerðin er undirstaða í afla viðkomandi byggðarlaga og nægir að minna á byggðarlög eins og Grímsey, Bakkafjörð og Borgarfjörð eystri, en mörg fleiri mætti þar upp telja.

Ég átta mig ekki á því með hvaða hætti hæstv. ráðherra í raun ætlar að halda á þessu máli ef þessi grein, nú 10. gr. í hans frv., gengi fram með þeim hætti sem hún kemur hingað frá hv. Ed. Ég tel að þarna sé ekki aðeins verið að stefna afkomu fjölda fólks í hættu að ástæðulausu, heldur verði útfærslan á þessu kerfi meira en tvísýn, meira en vafasöm og þarna sé verið að búa til vanda sem í rauninni sé engin þörf á fyrir Alþingi Íslendinga eða framkvæmdarvaldið að efna til. Ég held að þorskfisknetaveiðar, eins og þær eru stundaðar á smábátum, skili t.d. síst lakari afla en fæst á línu og handfæri, þannig að varla er það af þeim sökum sem hæstv. ráðherra er að fitja upp á reglum af þessu tagi og meiri hl. sjútvn. í hv. Ed. Ég vara við þessu kerfi sem þarna er verið að efna til og ég treysti því að hér í þingdeildinni sé nægjanlegur vilji og stuðningur til staðar til að knýja fram eða fá fram breytingar á þessum ákvæðum þannig að smábátaeigendur geti að mestu búið við sams konar kerfi og þeim var ætlað með 9. gr. í gildandi lögum.

Ég held að hæstv. ráðherra ætti að íhuga það, ef hann vill greiða götu þessa máls sérstaklega í gegnum þingið, að endurskoða m.a. þessa gr. frv. Ég held að hann væri maður að meiri ef hann tæki það til endurskoðunar frá grunni og hefði forustu um það gagnvart sínum stuðningsmönnum hér á þingi, sem ég hygg að sumir hverjir gangi hálfnauðugir til þessa leiks, að styðja þær tillögur sem liggja fyrir þingdeildinni að þessu leyti og láti það koma fram hér við umræðuna hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess að gera hér breytingar á, stuðla að breytingum á þessum ákvæðum, og í síðasta lagi að slíkur vilji komi fram gagnvart sjútvn. sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar fljótlega.

Ég ætla ekki, herra forseti, að gera þennan þátt, veiðar smábátanna, að umræðuefni í mikið lengra máli. Ég hef í höndunum ekki aðeins röksemdir í stöflum frá smábátaeigendum ásamt viðbrögðum frá sjútvrn. í sambandi við nokkrar athugasemdir sem þar hafa komið fram en í rauninni staðfesta í öllum meginatriðum það sem Landssamband smábátaeigenda hefur komið á framfæri við þingnefndir sem fjallað hafa um þetta mál, m.a. í erindi frá 6. des. 1987, heldur hef ég líka ályktanir úr byggðarlögum, úr kjördæmi okkar hæstv. sjútvrh., og miklu víðar að af landinu þar sem skorað er á Alþingi að efna ekki til þess vanda sem hér liggja fyrir tillögur um í sambandi við þennan veiðiskap, hagsmuni heilla byggðarlaga sem eiga sitt undir og fjöldann allan af fólki sem þetta mál snertir.

Ég ætla þá að nefna hér einn þátt í tillögum okkar alþýðubandalagsmanna sem tengist útflutningi á óunnum fiski sem er til umræðu í tengslum við þetta frv. þar sem gert er ráð fyrir sérstöku álagi, allt að 15% álagi, og eins og frv. kom fram upphaflega var reiknað með möguleika á 10% viðbótarálagi á allan þann afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Við alþýðubandalagsmenn viljum taka með öðrum hætti á þessu máli og höfum orðað það svo í okkar samþykkt, með leyfi forseta:

„Ákveðið verði útflutningsgjald á fisk sem fluttur er út óunninn og komi það að einhverju eða öllu leyti í stað þeirra skerðingarákvæða sem í gildi hafa verið. Útflutningsgjaldið verði ákvarðað með hliðsjón af tollastefnu Evrópubandalagsins og annarra viðskiptalanda og verði því ráðstafað til rannsókna og þróunarstarfsemi á vegum Rannsóknastofnunar og fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins."

Ég tel að hér sé á ferðinni tillaga sem geti skilað góðu og um leið sett hömlur á þann útflutning sem gert er raunar ráð fyrir að taka á með öðrum hætti samkvæmt 5. gr. fyrirliggjandi frv. sem við ræðum hér.

Þær tillögur sem við alþýðubandalagsmenn stöndum að stefna vissulega að því marki að reyna að tryggja sem mesta hagkvæmni í fiskveiðum og afrakstur af fiskstofnunum til lengri tíma litið. Að mati fiskifræðinga sem við tökum undir í okkar tillögum ætti það að þýða að unnt verði að veiða 400–450 þús. tonn af þorski á ári þegar menn eru búnir að vinna sig upp úr þeirri lægð sem þorskstofninn nú er í. Veiði á ýsu, karfa, ufsa og grálúðu teljum við að stjórna beri í tengslum við veiðistjórn á þorski eins og gert er ráð fyrir með vissum hætti í

fyrirliggjandi frv., m.a. í sambandi við aflahámark á karfaveiðar sem ég tel út af fyrir sig skynsamlega nálgun, svo að notað sé tæknilegt orðalag, skynsamlega hugmynd sem ekki sé óeðlilegt og reyna og taka upp eins og málum er háttað.

Skipulag veiða á síld og loðnu teljum við að eigi áfram að vera með svipuðu sniði og á undanförnum árum. Áhersla verði lögð á markaðsleit og stóraukna kynningu á síldarafurðum til að tryggja að sem stærstur hluti aflans úr vaxandi síldarstofni verði nýttur í góðar og verðmiklar manneldisvörur. Þar vantar mikið á að unnið sé að markaðsfærslu með þeim hætti sem þyrfti. Þar erum við vissulega í verulegri hættu í sambandi við markaðinn í Sovétríkjunum eins og við megum reyna ár hvert þótt betur hafi úr því ræst en á hefur horfst fram að þessu.

„Aflamarki á úthafsrækju," segir í okkar ályktun, „verði úthlutað jöfnum hlutum til skipa og vinnslustöðva með hliðsjón af aflareynslu skipanna og vinnslustöðvanna undanfarin ár. Rækjumið og skelfiskmið innan fjarða og flóa verði nytjuð af íbúum viðkomandi strandsvæða. Aukin verði veiði á ýmsum sjávardýrum og fiskum sem lítið hafa verið nýtt til þessa." Í því sambandi minni ég á þál. sem samþykkt var hér á Alþingi fyrir einu ári eða svo í sambandi við kortlagningu á miðum slíkra lægri sjávardýra til þess að auðvelda sjómönnum aðgang að slíkum stofnum og tryggja um leið að ekki verði um ofnýtingu að ræða.

Ég hef hér, herra forseti, vikið að nokkrum þáttum í tillögum okkar alþýðubandalagsmanna í sambandi við fiskveiðistefnu. Við leggjum þar, fyrir utan það sem ég hef hér sagt, ríka áherslu á að kjör og starfsaðstaða fiskvinnslufólks og sjómanna verði jafnan með þeim betri, launakjör þessara starfsstétta verði jafnan með þeim betri í þjóðfélaginu, og leiðrétt verði þegar í stað það misrétti og ranglæti sem skapast hefur í launamálum fiskvinnslufólks í samanburði við aðrar starfsgreinar. Sjómenn okkar eiga og þurfa að búa við bestu kjör sem gefur í þessu landi. Það er markmið sem við hljótum að setja okkur. Þar er um slík störf að ræða að engin sanngirni væri í öðru.

En til að tryggja hámarksafrakstur af veiðunum þarf fleira að koma til en tekist hefur til þessa sem skyldi. Þar segjum við varðandi gæði afla og afurða, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að tryggja aukin gæði sjávarafla og fiskafurða verði komið á nýrri skipan sem feli í sér að allur fiskur sé settur í kassa og kör um borð í veiðiskipum, að sem stærstur hluti af afla verði slægður um borð í veiðiskipum, að allur afli verði nýttur: lifur, hrogn og fleira, að fiskmóttökur séu kældar, að umhverfi og ytra útlit fiskvinnslustöðva þoli samanburð við útlit og umhverfi banka, verslana og mjólkurvinnslustöðva, að vinnuaðstaða fiskvinnslufólks samræmist matvælaframleiðslu í besta gæðaflokki."

Og síðast en ekki síst segjum við í okkar stefnumótun, minnum á byggðaþróunina þar sem fiskveiðistefnan er einn undirstöðuþátturinn:

„Til að tryggja búsetu um allt land og eðlilega byggðaþróun verði þess gætt við stjórnun fiskveiða að hvert svæði njóti aðstöðu vegna nálægðar við fiskimið, að núverandi útgerð og fiskvinnslu verði tryggður réttur á heimaslóð."

Þetta tengist ekki síður því sem ég hef þegar rakið í sambandi við byggðakvótann og að koma í veg fyrir það að fiskiskipin safnist á fárra hendur, á fáa útgerðarstaði á landinu, og þar með yrði kippt fótum undan því byggðamynstri sem nú ríkir og sem við viljum halda í öllum meginatriðum, þeir sem byggja vilja landið allt til frambúðar.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt enda á ég sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég gat um það að hæstv. ráðherra ætlaði okkur ekki ýkja langan tíma til að fjalla um þetta efni. Ég skildi orð hans svo að hann legði áherslu á að mál þetta mætti ná fram að ganga í þingdeildinni fyrir áramót. Ég vil ekki hér og nú vera að leggja neitt mat á þá beiðni af hálfu hæstv. ráðherra. Það væri auðvitað mjög eðlilegt að við gætum ekki aðeins afgreitt fiskveiðistefnu fyrir árslok heldur með talsverðum fyrirvara fyrir lok þess árs þegar gildandi lög renna út.

Eitt af markmiðunum í sambandi við fiskveiðistjórnun þarf að vera að henni sé komið í það horf að hún geti gilt til langs tíma, að um hana ríki slík samstaða að líklegt sé talið að hún fái staðist um árabil. Slíkt er sannarlega æskilegt með tilliti til þess að þessi atvinnuvegur, sjávarútvegurinn, og þeir sem við hann starfa hafi starfsfrið og skilyrði til þess að taka ákvarðanir til lengri tíma. Við alþýðubandalagsmenn höfum gert um það tillögu að tímasetja ekki gildistíma þessara laga, að það verði ótímabundið, en auðvitað er það miðað við það af okkar hálfu að um þessa lagasetningu geti tekist sæmilegur friður, a.m.k. ef gera á ráð fyrir að lögin gildi um lengri tíma. Ég tel það hins vegar markmið sem Alþingi beri að keppa að og framkvæmdarvaldinu að stilla þannig til í sambandi við fiskveiðistjórnun að líkur séu til að meginþættirnir í því stjórnkerfi geti orðið endingargóðir og menn geti byggt þar á grunni sem þokkalegur friður sé um. Það eykur líkurnar á því að náð verði markmiðunum um hámarksafrakstur, að náð verði hagkvæmni, og að menn geti einbeitt sér að þeim þáttum í sambandi við nýtingu aflans sem ég hef gert hér að umræðuefni en ekki er beinlínis efni í tengslum við frv. um fiskveiðistjórnun.

Fari svo að við þurfum meiri tíma til að ná landi í sambandi við þetta mál, ná fram afgreiðslu sem ásættanleg sé hér að mati meiri hlutans í þessari hv. þingdeild, hefur hæstv. sjútvrh. auðvitað ákveðnar heimildir til veiðistjórnunar í byrjun komandi árs þar sem eru lög um veiðar í landhelgi Íslands frá 1976 sem notuð voru sem undirstaða undir því kerfi sem ríkti hér fyrir 1984 varðandi veiðistjórnun. Ég bið hæstv. ráðherra og aðra ekki að taka þetta öðruvísi en sem leiðbeiningu af minni hálfu.

Ég held að það sé ástæðulaust að vera að mála það allt of dökkum litum þó að Alþingi telji sig e.t.v. þurfa meiri tíma en eftir er til áramóta til þess að fjalla um þetta geysiþýðingarmikla málefni og stilla hér saman strengina og það sé betur að staðið að skilja hér þokkalega sáttir að þessu leyti með lagasetningu sem líkleg sé til að endast, ekki aðeins þau þrjú ár sem tillögur standa nú til um, heldur til eitthvað lengri tíma hvað uppistöðu snertir. Það gerist hins vegar ekki nema breytingar verði á frv. frá því sem það liggur hér fyrir þingdeildinni og það er verkefni okkar í umræðunni, í nefnd og síðan í frekari umræðum um þetta mál að reyna að ná þar landi, lýðræðislegri samstöðu sem hæstv. ráðherra var að hvetja til, með vönduðum vinnubrögðum sem ráðherrann einnig gat um í sínu máli. Sú er ósk mín að það megi takast og að því viljum við alþýðubandalagsmenn stuðla að svo geti orðið.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Nokkrum dögum eftir að drög að frv. til laga um stjórnun fiskveiða 1988–1991 bárust inn á borð hjá þm. Alþfl. gerði ég þingflokksformanni mínum skriflega grein fyrir því að ég hefði alla fyrirvara um samþykki við 9. gr. frv. eins og hún hét þá en hún er nú orðin 10. gr. eins og frv. liggur fyrir Alþingi. Ég vil taka þetta skýrt fram þannig að það komi engum á óvart að andstaða mín við frv. byggist að verulegu leyti á andstöðu minni við 10. gr. þess sem ég verð að játa að ég hélt upphaflega þegar ég las að væru mistök eða byggð á einhverjum misskilningi sem yrði þá væntanlega leiðréttur áður en frv. yrði lagt fram hér á hinu háa Alþingi. Svo reyndist þó ekki vera. Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að ég mun ekki stuðla að því að tefja það að frv. komist til nefndar hér í hv. Nd. enda hygg ég að það geti orðið sá grundvöllur til sátta og samningagerðar í þessu máli sem nauðsynlegur er til þess að frv., a.m.k. með 10. gr., fari í gegnum þessa deild.

Ég verð að játa að það hefur verið mér nokkur ami þegar ég hef heyrt hina hörðu stuðningsmenn kvótafrumvarpsins eða frv. til laga um stjórn fiskveiða láta að því liggja í tíma og ótíma að þeir menn sem ekki eru sáttir við frv. hafi lítið vit á því og kvótakerfinu í heild og þess vegna beri þeim helst ekki að ræða það. Þetta má orða dulítið öðruvísi. Þetta má orða þannig að kvótalögin, frv. sem hér er til umræðu, sé orðið svo flókið að það sé ekki á valdi annarra að skilja það en æfðustu embættismanna. Ef svo er verð ég að greina frá þeirri skoðun minni að flókin lög séu vond lög. Lög sem fólkið í landinu skilur ekki eru vond lög. Slík lög eigum við að forðast í lengstu lög.

Það væri hægt að fara mörgum orðum um kvótamálið og þær tilraunir sem hér hafa verið gerðar til fiskveiðistjórnunar. Kvóti er fyrst og fremst eignarréttur á óséðum afla sem mönnum er afhentur. Í okkar tilviki eru það útgerðarmenn sem fá þennan eignarrétt á einhverjum mestu auðæfum sem þjóðin í heild á. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er mikið vandaverk, þegar fiskiskipaflotinn, einkum og þó sér í lagi hin stærri skip eru orðin allt of mörg, að gera þennan kvóta þannig úr garði að hann verði réttlátur.

Ég verð hins vegar að segja það að 10. gr. frv., eins og hún liggur fyrir, er mér svo á móti skapi að ég get aldrei samþykkt hana. Ástæðurnar fyrir því eru fjölmargar. Ég get rakið nokkrar:

Áhrifin af þessari grein á afkomu landsbyggðar, ýmissa byggðarlaga á landsbyggðinni, eru ófyrirséð og geta orðið mjög alvarleg. Áhrifin á einstakar fjölskyldur á landsbyggðinni geta orðið mjög alvarleg. Hér er verið að þrengja mjög hlut þeirra manna sem stunda trilluútgerð sem að mínu mati er eitthvert geðslegasta form einkarekstrar sem ég þekki. Það er verið að þrengja svo hlut þessara manna að ég hygg að ekkert í líkingu við það hafi verið gert á undanförnum árum í meðferð kvótamála. Ég hygg að þetta geti orðið til þess að smærri byggðarlög verði fyrir svo miklu efnahagslegu áfalli að þau bíði þess ekki bætur. Í þessari grein er að mínu mati fólgið mikið misrétti og henni verður að breyta.

Menn geta spurt hvers vegna ég telji þetta svona mikið misrétti. Jú, það er misrétti fólgið í því ef mönnum er ætlaður afli sem þeir geta ekki lifað á, mönnum sem hafa dregið meiri afla úr sjó á undanförnum árum en þeim er ætlaður með frv.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt við umræðu þessa máls að menn gangi nú þá sáttaleið sem fær er eða ég hygg að sé fær. Í fyrsta lagi er til sú leið að framlengja óbreytta grein úr gildandi lögum a.m.k. á meðan sjútvrn. fær tölur frá þessu ári sem það getur stuðst við. Á hinn bóginn má hugsa sér aðra leið, þá að 10. gr. frv. orðaðist eitthvað í þessa veru:

1. Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum. Bannaðar eru allar botnfiskveiðar í 76 daga á ári sem skiptast þannig: Í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi, sjö daga í júní og sjö daga í október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir ⅔ af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessari málsgrein frá og með 1. til og með 11. janúar og frá og með 1. til og með 31. desember.

2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með 70 tonna þorskaflamarki miðað við slægðan fisk með haus.

3. Aflamark skv. lið 2 hér að ofan er óframseljanlegt.

4. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

5. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. lið 2, sem skráðir eru á skipaskrá hjá

Siglingamálastofnun ríkisins 31. des. 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi með aflamarki komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri.

Bátar sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara eiga kost á veiðileyfum með aflamarki samkvæmt reglum hér að ofan enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir þessum hugmyndum hér við 1. umr. Ég sagðist ekki mundu lengja hana en áskil mér allan rétt til þess að ræða málið nánar við 2. umr.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Mér er það mikill heiður að í fyrsta skipti sem ég tek til máls á hinu háa Alþingi skuli ég tala í sambandi við málefni sjómanna. Íslenskur sjávarútvegur er undirstaðan að okkar efnahagslífi. Sjómennirnir eru driffjöðrin þar sem án þeirra verður ekkert og er ekkert. Þegar við erum að ræða um fiskveiðistefnu, stjórn fiskveiðimála, verðum við að vanda vel til. Við verðum að gera vel við þessa menn.

Ríkjandi kvótakerfi hefur lengi verið undirorpið mikilli gagnrýni í mínum flokki, Alþfl., þannig að þegar við alþýðuflokksmenn gengum til kosninga á sl. vori vorum við með stefnu sem gekk nokkurn veginn þvert á ríkjandi lög, kvóta í sjávarútvegi, allt öðruvísi að uppbyggingu og anda. Í stórum dráttum vildum við að í sjávarútvegi kæmist á stjórnkerfi sem lagaði sig að frjálsum fiskverðsákvörðunum. Stefnt yrði að sveigjanlegri beitingu veiðileyfa með veiðiréttindum sem komi í hlut útgerðar en ekki á hvert skip þannig að aflamönnum sé gert kleift að njóta sín og byggðarlögum sé tryggð öflun hráefnis betur en nú er gert. Við töldum að sveigjanlegt veiðileyfakerfi af þessu tagi skapaði svigrúm fyrir eðlilega endurnýjun fiskiskipaflotans.

Við lögðum sem sagt áherslu á þrennt. Við vildum losa kvóta frá skipi, við vildum leggja áherslu á byggðaatriðið og við vildum leggja áherslu á að eðlileg endurnýjun fiskiskipaflotans ætti sér stað.

Þessi atriði er einnig að finna í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Í kaflanum um sjávarútveg segir að skipa skuli nefnd sem m.a. skuli taka afstöðu til eftirfarandi atriða, með leyfi forseta:

„Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.

Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi, hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila og hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda."

Hvorugt þetta plagg, starfsáætlun ríkisstjórnarinnar eða stefnumál Alþfl., er í anda ríkjandi laga um kvóta og þau eru ekki í anda þess frv. sem hér hefur verið lagt fram um væntanlegt fyrirkomulag í stjórn fiskveiða.

Helstu gagnrýnisatriði á ríkjandi kerfi eru e.t.v. þessi:

Kerfið er staðnað og miðstýrt og minnir á sovéskt framleiðslukerfi þar sem kvaðir eru settar á framleiðsluaukningarnar, þar sem menn strjúka ekki um frjálst höfuð, þar sem frjálst framtak er steypt í helsi. Einnig er kvótinn í þessu kerfi bundinn við skip. Byggðasjónarmiðið fær ekki að njóta sín. Í mínu byggðarlagi urðum við fyrir því að allt í einu voru seldir tveir togarar öllum að óvörum í byggðarlaginu. Þetta dundi yfir eins og reiðarslag. Kvótinn hvarf úr bænum. Atvinnupláss hurfu úr bænum. Og þó það væri einungis fyrir dugnað og atorku manna sem eftir urðu að kvótinn minnkaði ekki þá er kerfið engu að síður slæmt sem getur valdið þessu.

Gagnrýnispunktur er einnig að öll framkvæmd á þessu kerfi er í höndum ráðherra. Í 21 grein í því frv. sem hér er lagt fram eru 25 málsgreinar þar sem segir: Sjávarútvegsráðherra skal ákveða með reglugerð ... Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð ... Í reglugerð má ákveða ... Ráðherra getur í reglugerð ... Getur ráðherra ákveðið ... Jafnframt getur ráðherra gefið kost á ... 25 sinnum kemur þetta fyrir í frv. sem er aðeins 21 grein og þar af er ein heil grein sem segir einungis: Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd þessara laga — mitt í milli 25 annarra setninga. Þó segir í athugasemdum með þessu frv., með leyfi forseta: „Raunar má segja að óeðlilegt sé að sjávarútvegsráðherra axli einn ábyrgð á slíkum ákvörðunum." Nú má vera að í augnablikinu búum við við mjög traustan sjútvrh., en við getum ekki sniðið lög frá Alþingi í kringum einn mann. Það getur ekki verið.

Það má segja í þriðja lagi að ríkjandi kvótakerfi hafi valdið því að stækkun flotans sé komin úr böndum. Við þekkjum þá gagnrýni sem beinst hefur að smábátamönnum og smábátaflotanum, um hversu óeðlileg stækkun flotans hafi orðið.

Á ráðstefnu um öryggismál sjómanna, sem haldin var 18. september á þessu hausti, segir í grein eftir Steinar Viggósson skipatæknifræðing, með leyfi forseta, að reyndar hafi verið alls konar leiðir til að finna út úr þessu kerfi. Reynt hafi verið að koma upp reglu: Skip á móti skipi. Ef keypt væri nýtt skip skuli annað tekið úr. Gallinn væri bara sá að allt of mörg skip sem sett voru upp í ný lentu á einhvern hátt aftur inn í landið þannig að flotinn hélt áfram að stækka. Það var reynt við 20 tonna reglu sem ekki reyndist vel. Síðan var sett upp 33%-regla og um það segir Steinar Viggósson: „Hafi fyrri reglugerðir haft slæm áhrif á möguleika manna til að endurnýja skip sín með nýjum fullkomnum skipum þá var þessi hálfu verri. Á það sérstaklega við um þá sem eiga minni og meðalstóra báta."

Gagnrýni á ríkjandi kvótakerfi er því mikil og að því er mér virðist á öllum veigamestu punktum kerfisins. Þó er ekkert svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Nokkrar breytingar hafa orðið á

ríkjandi kerfi sem vel eru þess virði að eftir sé tekið þannig að menn geti vel við unað. T.d. hljóðar 3. málsgr. 5. gr. svo, með leyfi forseta:

„Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur, er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost."

Það hefði verið mjög gott ef þessi regla hefði verið til þá þrír af fjórum togurum í mínu kjördæmi voru í lamasessi og urðu að kaupa sér kvóta annars staðar frá, kaupa sér kvóta sem aðrir höfðu fengið gefins. Þetta bendir á meiri sveigjanleika, sýnir að kerfið stefnir í rétta átt.

Í 1. gr. þessa frv. segir að fiskistofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta er e.t.v. gott veganesti fyrir þriðja atriðið sem er verulega til bóta, en það er ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að sjútvrh. skuli skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og skuli sú nefnd móta tillögur um breytingar á þessum lögum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skuli m.a. kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Þetta atriði tel ég vera það mikilvægt að það bjargi þessu sem hér stendur til atkvæða: Hvort við viljum eða viljum ekki.

Einhvern tímann var hér frv. til atkvæðagreiðslu þar sem einn stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar kvað já við með semingi. E.t.v. notfæri ég mér þennan seming þegar ég segi já við þessu frv. og samþykki það til laga. Ég held að þetta ákvæði til bráðabirgða sé það mikilvægt að við getum samþykkt frv. Þó er eitt atriði í frv. sem ég get alls ekki fellt mig við, eins og kom fram hjá flokksbróður mínum hér áðan, og þá á ég við 10. gr. laganna. Hún er þess eðlis, bæði eins og hún var í upphaflegum drögum frv. og eins og hún kemur frá Ed., að ég get alls ekki fellt mig við hana í því horfi sem hún er í dag.

Menn hafa sagt að þessi ströngu ákvæði varðandi báta undir 10 brl. séu tilkomin vegna fjölgunar bátanna. Sérstaklega hefði orðið að grípa til ráðstafana til að sporna við þessari fjölgun. Ég er sammála því að fjölgunin hefur verið gífurleg. Það verður að stemma stigu við þessu því að þróunin á þessu sviði hefur keyrt um þverbak. Það er rétt. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að hér sé skotið með fallbyssum á spörfugla. Mér finnst ráðstafanirnar það strangar að þær séu úr öllu lagi. Við verðum nefnilega að gera greinarmun á áhugaveiðimönnum, sem stunda veiðar einungis hluta úr ári, og svo hinum, sem eru mun færri og eru eiginlega minnihlutahópur meðal trillukarla, þ.e. þeim sem eiga sína afkomu undir sjósókn á þessum litlu bátum árið um kring.

Í grg. Landssambands smábátaeigenda segir, með leyfi forseta:

„10. gr. í þeirri mynd sem hún er flækir veiðifyrirkomulag smábáta til mikilla muna. Í núverandi fyrirkomulagi er hópnum skipt í tvennt:

Í fyrsta lagi handfæra- og línuveiðar í banndagakerfi.

Í öðru lagi netabátar í sóknarmarki yfir hávertíðina.

En það sem nú er boðið upp á er í fimm greinum:

1. Handfæra- og línubátar undir 6 brl. sem eru í banndagakerfi.

2. Aðilar undir 6 brl. sem geta fengið netaveiðileyfi eftir ákveðinni uppskrift.

3. Veiðileyfi handa bátum yfir 6 brl. sem eingöngu stunda handfæra- og línuveiðar.

4. Veiðileyfi með aflahámarki handa bátum yfir 6 brl. sem netaveiðar stunda og þeim er skipt í 6–8 brl. og 8–10 brl.

5. Sérstök reglugerð fyrir botnfiskveiðar báta sem stunda skel- og rækjuveiðar.

Kerfið allt er gert miklu flóknara."

Eins og áður sagði er í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar tekið fram um sjávarútvegsmál að sérstakt tillit skuli tekið til byggðasjónarmiða og athafnafrelsis manna í sjávarútvegi. 10. gr., sú sem hér er fjallað um, gengur í þveröfuga átt þegar athafnafrelsi manna er skert með jafnveigamiklum hætti og raun ber vitni. Öllum ætti að vera ljóst að því minni höft sem lögð eru á smábátana því hagstæðara verður það fyrir atvinnu og lífsafkomu smæstu sjávarplássanna. Enginn ætti að takmarka sjósókn þessara fiskimanna nema höfuðskepnurnar sjálfar. Og til þeirra telst ekki hæstv. sjútvrh. Þessir menn eru síðustu fulltrúar þess frelsis sem einu sinni ríkti í útgerð á Íslandi. Við skulum varðveita þessar leifar vel og ekki færa þessa góðu menn í ónauðsynlega fjötra kerfisins. Ég er sérstaklega á móti því að takmörk séu sett á sjósókn trillukarla á meðan stundaðar eru önglaveiðar, þ.e. línu- og handfæraveiðar.

Í grg. Landssambandsins segir einnig, með leyfi forseta, að gert sé ráð fyrir að skipta hópnum í tvennt. Annars vegar þeir sem geta fengið netaveiðileyfi og svo þeir sem ekki geta fengið þau. Þeir síðarnefndu eru settir í banndagakerfi með svipuðu sniði og verið hefur sl. tvö ár. Þó er talað um að fjölga banndögum um 30% á sama tíma og talað er um að draga 10% úr þorskafla. Mér finnst öðru máli gegna þegar um þorskfisknetaveiðar er að ræða, enda er þar þegar um stórvirkari veiðiaðferð að ræða. Veiðarfærakostnaður þeirra sem eiga allt sitt undir sjósókn allt árið hlýtur að vera meiri. Það skal bent á að grásleppuvertíð hefst undir vertíðarlok á vetrarvertíð við Vesturland, en grásleppuvertíð á Norður- og Austurlandi er samtímis vorvertíðinni. Flestir ef ekki allir þeir aðilar á Norður- og Austurlandi eiga úthald á hvort tveggja. En úthald þeirra til þorskfisknetaveiða yrði með þessu gert verðlaust og ónýtt. Þessir menn hljóta að spyrja hversu langt stjórnvöld geti gengið í að gera eigur þeirra verðlausar.

Ef hins vegar er sett aflahámark á þessa báta þá á það ekki að skipta máli hvernig þessum afla er náð,

hvort heldur er með netum eða önglum. Ef aflahámark er hins vegar einungis sett á þorskfisknetaveiðar þá hljóta ákvæði 4. mgr. 5. gr. einnig að gilda um báta undir 10 brl., en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur sem veiðist á línu skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips."

Mjög mikilvægt er og raunar skiptir öllu máli að þeir sem hafa sína aðalatvinnu af sjósókn á trillum geti þá líka lifað af því. Alþingi getur ekki sent frá sér lög þar sem það er undir hælinn lagt eða háð svokallaðri „nánari ákvörðun ráðherra" hverju sinni hvert verður væntanlegt aflamark hverrar trillu fyrir sig. Það nær ekki nokkurri átt að einungis hjá þessum hópi sjómanna sé aflahámark miðað við óslægðan fisk, eins og fram kemur í frumdrögum að reglugerð frá 11. des. um veiðar smábáta árið 1988. Þarna verður að koma viðmiðun sem er mælanleg í landi svo menn viti um hvað er að ræða og þar á ég við þolanlega tölu af slægðum fiski. Fram að þessu hefur verið um 80 tonn að ræða og út frá þeim grunni er hægt að tala um afkomuöryggi trillukarla sem stunda sjómennsku sína af alvöru.

Setning aflahámarks báta undir 10 brl. verður að vera með skýrum hætti þannig að vilji Alþingis komi þar ljóslega fram og þar með sé tekin sú kvöð af hæstv. ráðherra að deila niður sovéskum fullvirðisrétti á hvert og eitt trilluhorn í landinu. Ég mun bíða og sjá hvaða meðferð þessi grein fær í sjútvn. Nd. og áskil mér rétt til að flytja brtt. við þessa grein ef hún verður ekki þannig að sómi verði af.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Fá mál vekja nú svo miklar deilur með þjóðinni og það frv. til laga um stjórnun fiskveiða sem hér er til umræðu. Það er enginn vafi að þær aðferðir sem beitt hefur verið á undanförnum árum við stjórn fiskveiða og nú er ætlunin að framlengja að mestu óbreyttar mæta nú meiri andspyrnu en áður. Umræður meðal sjómanna og útgerðarmanna sýna það, umræður í fjölmiðlum einnig, svo og er það staðfest af umræðum og atkvæðagreiðslum í hv. Ed. fyrir jólin.

Ástæðan fyrir vaxandi andstöðu við framlengingu á svo til óbreyttum reglum er sú að æ betur hafa komið í ljós ýmsar þær afleiðingar sem menn sáu ekki fyrir í upphafi en eru nú ljósar. Þar má nefna að eignarhald á auðlindum hafsins, sem þjóðin hefur talið að hún ætti öll aðild að, hefur verið að færast í hendur einstaklinga sem beinhörð fjármagnseign til ráðstöfunar fyrir þessa sömu einstaklinga. Það sem áður var þjóðareign er að verða einkaeign útvaldra og erfist milli ættliða í sérstökum nýjum forréttindahópum meðal landsmanna. Þær reglur sem gilt hafa gera nær ókleifa aðild nýrra aðila að útgerð og halda niðri eðlilegri þróun og nýsköpun. Reglurnar um mismunandi veiðiréttindi skipa eftir veiðisvæðum valda því að einstaklingar og félög á svæðum sem njóta umframréttinda til veiða geta boðið hærra verð en aðilar á svæðum með minni veiðiréttindi þegar seld eru skip á svæðum með lægra aflamarki á skip vegna ákvæða um hækkun aflamagns þegar það skip flyst milli svæða við sölu. Þessir vankantar geta haft varanleg áhrif á afkomu manna í einstökum byggðarlögum þegar aflakvóti tapast af svæðinu af þessum sökum. Þannig hafa komið í ljós ýmis vandamál sem ekki voru svo ljós í upphafi og allt hefur þetta þau áhrif að andspyrna er nú meiri en fyrr gegn endurnýjun og framlengingu laganna í lítt eða ekki breyttri mynd eins og stefnt er að með því frv. sem hér er til umræðu.

Þess er þó skylt að geta að varðandi ágreining um svonefnda suður-norður línu, þ.e. mismunandi aflakvóta togara á sóknarmarki eftir landsvæðum, hefur í frv. nokkuð verið komið til móts við þá sem hafa að undanförnu vakið athygli á því að þeir uni ekki lengur þeirri mismunun milli svæða sem gilt hefur, einkum vegna afleiðinga hennar á sölu skipa af suðursvæði á norðursvæði. Ég tel þó að ekki sé nóg að gert til leiðréttingar og óhjákvæmilegt að í lögin verði bætt ákvæði um að togarar sem seldir eru milli svæða haldi þeim veiðirétti sem þeir höfðu á fyrra svæði eða a.m.k. bæti ekki við sig aflakvóta einungis vegna sölu á milli svæða.

Hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson hefur gert rækilega grein fyrir tillögum okkar alþýðubandalagsmanna um umfangsmiklar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem m.a. er stuðlað að því með sérstökum byggðakvóta að eyða allri hættu á að áfram haldi sú þróun að reglur um stjórn fiskveiða stuðli sérstaklega að samdrætti og jafnvel hruni í grundvallaratvinnugreinum í einstökum byggðarlögum. Tími hv. Alþingis til afgreiðslu á þessu máli fyrir áramót er naumur og ég tel ekki ástæðu til að bæta neinu við ræðu hv. þm. um till. Alþb. eða athugasemdir hans við frv. að öðru leyti. Á hinn bóginn vil ég fara nokkrum orðum um það sem ég tel vera grundvallaratriði þessa máls sem hér er til umræðu en mér finnst hafa verið minna rætt en skyldi.

Það er eðlilegt að umræðan snúist talsvert um þau vandamál sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna á undanförnum árum og birtast helst í því sem landsmönnum finnst vera misrétti milli landshluta og þeirri togstreitu sem kemur upp milli einstakra hagsmunahópa í sjávarútvegi. Þegar þarf að skammta er eðlilegt að þeir takist á sem sækjast eftir þeim gæðum sem skömmtuð eru. Ýmsir vilja að lögin tryggi til frambúðar að þeir sem mest öfluðu áður en skömmtunarlögin voru sett sitji áfram að þeim umframafla, einnig eftir að aflaskömmtun er tekin upp, og þykir lögin ganga um of á snið við þá kröfu. Öðrum þykir of mikið tillit tekið til aflaskiptingar fyrir setningu laganna.

Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að sú stefna eigi endilega rétt á sér að þeir sem mest öfluðu eigi að fá mestan hlut til frambúðar í því stranga skömmtunarkerfi sem hefur orðið að taka upp. Ef

hungursneyð yrði í landinu svo að skammta yrði matvæli er ég ekki viss um að tekin yrði gild krafa þeirra sem kæmu og segðu: Við átum meira en aðrir þegar nóg var að bíta og brenna, þess vegna eigum við nú að fá stærri matarskammt en aðrir. En ýmsir virðast nú leggja áherslu á að þessi regla gildi við úthlutun veiðileyfa.

Þær umræður sem hafa átt sér stað um það mál sem hér er á dagskrá hafa að mestu einkennst af deilum milli byggðarlaga og milli hagsmunahópa í útgerð og fiskvinnslu. Þetta eru að sjálfsögðu mikilsverðir þættir málsins og lausn þeirra getur ráðið miklu um lífskjör í einstökum byggðarlögum og um afkomu einstaklinga í sjávarútvegi. Þessi málsatriði, þótt mikilvæg séu, skipta þó í mínum augum ekki eins miklu og það höfuðatriði sem minna hefur verið rætt, þ.e.: Hver hefur árangur af lagasetningu og framkvæmd á stjórn fiskveiða verið að því er tekur til vaxtar og viðgangs þeirrar auðlindar sem öll þjóðin byggir afkomu sína á? Höfum við verið að efla og styrkja fiskistofnana eða höfum við gengið á þá? Hafa þau lög og reglur sem gilt hafa og hér er ætlunin að framlengja borið þann árangur í verndun og uppbyggingu þessarar auðlindar sem fiskistofnarnir eru að rétt sé að halda áfram á sömu braut eins og hér er lagt til af hálfu stjórnvalda eða er niðurstaðan sú að óhjákvæmilegt sé að leita nýrra leiða?

Á sl. árum hefur þjóðin upplifað meira fjárhagslegt góðæri af ytri ástæðum en áður hefur þekkst. Síðasta ríkisstjórn hélt þó svo á málum að í öllu góðærinu safnaði ríkissjóður og þjóðin öll milljarða króna skuldum erlendis. Skuldum sem henni er ætlað að endurgreiða þegar allt bendir til að verulega harðni í ári. Þetta var frammistaðan í efnahagsmálum í góðærinu.

Talið er að hliðstætt góðæri hafi ríkt í náttúrufari sjávar á undanförnum árum. Hátt hitastig og mikill viðgangur átu í sjónum hefði átt að vera eðlilegur grundvöllur að aukningu á þeirri auðlind sem fiskistofnarnir eru þjóðinni. En hefur ekki sama sagan verið að gerast þar og í efnahagsmálum í efnahagsgóðærinu undanfarin ár þegar við söfnuðum milljarða króna skuldum erlendis? Höfum við ekki einnig og á sama tíma gengið á fiskistofnana í góðæri sjávarins þegar náttúrlegar ytri aðstæður gáfu okkur færi á eflingu auðlinda okkar ef rétt hefði verið staðið að stjórnun fiskveiða? Höfum við í raun ekki haldið jafnhrikalega illa á stjórnun fiskveiða og stjórnun efnahagsmála í góðærinu til lands og sjávar? Ýmislegt bendir til þess og er nærtækast að nefna að nú er verið að gera ráð fyrir því að draga úr heildarveiðum á næsta ári vegna þess hvernig komið er.

Það kom fram hjá forstjóra Hafrannsóknastofnunar á aðalfundi LÍÚ í haust að svo hrikalega höfum við gengið fram í smáfiskadrápi að það jafnast næstum á við versta smáfiskadráp Breta á sínum tíma. En þá var það okkar ákvörðun að óhjákvæmilegt væri að við stækkuðum landhelgina og tækjum málin í okkar eigin hendur til þess að fiskistofnunum yrði ekki eytt af völdum ofveiða útlendinga. Til þess að ljóst sé hvað hefur verið að gerast í nýtingu auðlindar okkar Íslendinga vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr ræðu forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jakobs Jakobssonar, á fyrrgreindum aðalfundi LÍÚ í haust. Forstjórinn sagði m.a.:

„Í skýrslu okkar er gert ráð fyrir því að meðalþyngd þorsksins á þessu ári sé tæp 3 kg. Það þýðir að við þurfum að veiða 130 millj. þorska til þess að ná 380 þús. tonna afla. Á undanförnum árum hef ég oft rætt við ykkur um nauðsyn þess að nýta þorskstofninn á annan hátt en gert hefur verið til þessa. Hingað til finnst mér ég ekki hafa haft erindi sem erfiði. Hafi útskýringar mínar á nauðsyn þess að breyta nýtingu þorskstofnsins verið of flóknar skulu nú tekin nokkur einfaldari dæmi þessu til skýringar.

Ég nefndi hér áðan að í ár þyrftum við að veiða um 130 millj. þorska til að ná 380 þús. tonna afla. Árið 1980 voru veiddar 118 millj. þorska og árið 1981 124 millj. Hver var svo aflinn þessi tvö ár? Var hann 380 þús. tonn hvort ár? Nei ekki aldeilis, góðir fundarmenn. Árið 1980 var þorskaflinn á Íslandsmiðum yfir 430 þús. tonn og árið 1981 varð hann 465 þús. tonn. Við þurfum að fara aftur til daga fyrstu svörtu skýrslunnar, til ársins 1976, til þess að finna álíka nýtingu þorskstofnins og við stefnum nú að. Það ár veiddum við um 120 millj. þorska sem gaf okkur 346 þús. tonna afla. Þ.e. á verstu dögum smáfiskadráps Breta fór meðalþyngdin aðeins niður fyrir það sem við stöndum frammi fyrir nú. Sé þetta hins vegar athugað lengra aftur í tímann komum við að árinu 1955. Þá veiddust um 130 millj. þorska, þ.e. nákvæmlega jafnmargir og gert er ráð fyrir að veiðist í ár. Var aflinn þá 380 þús. tonn eins og hann verður væntanlega í ár? Nei, góðir fundarmenn, hann var 538 þús. tonn.

Fyrir rúmum áratug eyddum við ekki svo litlu púðri í að sannfæra heiminn um rányrkju Breta á Íslandsmiðum. Við á Hafrannsókn skrifuðum ófáar greinar og skýrslur um smáfiskadráp Bretans og þegar maður stendur frammi fyrir hlut eins og nýtingu þorskstofnsins í dag kemst maður ekki hjá því að spyrja sjálfan sig: Til hvers eyddum við öllu þessu púðri á Bretann? Hver er árangur af okkar starfi í þessum málum eða hvað er til bóta?"

Eins og ég sagði áður einkennast deilur um það frv. sem hér er til umræðu fyrst og fremst af togstreitu milli landsvæða og hagsmunahópa í sjávarútvegi. Eðlilegt er að um þau atriði sé deilt en öllum ætti þó að vera ljóst að höfuðatriðið er nýting, vöxtur og viðgangur þeirrar auðlindar sem lífsafkoma Íslendinga byggist á í nútíð og framtíð. Og smáfiskadrápið, sem þær reglur sem gilt hafa hafa ekki komið í veg fyrir, sýnir að við kunnum ekki fótum okkar forráð og erum að stofna framtíðarhagsmunum okkar í hættu.

E.t.v. erum við of háðir þeim veiðiaðferðum og gerð veiðarfæra sem beitt var þegar við töldum okkur ekki þurfa að hafa áhyggjur af fiskistofnunum

í sjónum og öllu skipti að ausa upp sem mestu á sem skemmstum tíma. Við það var m.a. möskvastærð botnvörpu miðuð. Er ekki komið að því að við verðum að kasta fyrir róða öllum fyrri viðmiðunum í þessu efni að því er varðar möskvastærð botnvörpu og íhuga hvort við verðum ekki að tryggja á fullgildan hátt að allur fiskur sem ekki nær t.d. 2 kg. sleppi tryggilega úr vörpunum jafnframt því sem við yrðum að endurskoða möskvastærð á þorskanetum? Er vit í öðru en að fiskur sem kemst yfir hættulegasta skeið ævinnar, klak og seiðatímabil, fái að vaxa og ná þeirri stærð sem hagkvæm er til þess að sjávarauðlind okkar ávaxtist og nýtist til fulls?

Enginn garðyrkjubóndi sem fær fræ sín til að spíra og skjóta kímblöðum rífur þá jurt upp fyrr en hún nær eðlilegum vexti. Hvaða vit er í því að haga sér með öðrum hætti við nýtingu fiskistofna okkar?

Ég fer fram á það við hv. sjútvn. sem fær þetta frv. til meðferðar að hún snúi sér fyrst og fremst að þessu vandamáli en týni ekki frá sér þessu aðalatriði málsins vegna deilna um þá þætti sem minna skipta þó mikilvægir séu.

Ég vænti þess að nefndin afli upplýsinga um vöxt og viðgang fiskistofnanna í góðæri sjávarins undanfarið og áhrif veiðireglna í því efni, afli gagna um stærðarskiptingu afla togaraflotans og bátaflotans og verði sér úti um upplýsingar um slíka skiptingu, jafnvel í afla einstakra veiðiskipa. Síðan meti nefndin til hvaða ráðstafana verði að grípa til þess að við þurfum ekki að horfa upp á það að sú auðlind sem þjóðin byggir lífsafkomu sína á rýrni og eyðist á sama tíma og góðæri í náttúrunnar ríki gefur færi á að auka vöxt og viðgang fiskistofnanna ef rétt er á haldið. Ef í ljós kemur að aðgerðir, sem eru í höndum sjútvrn. en ekki tilgreindar í lögum, hafa ekki dugað í þessu efni þá er óhjákvæmilegt að hyggja að því að festa í sjálf lögin ákvæði t.d. um möskvastærðir eða aðrar ráðstafanir, þar á meðal skerðingu á aflakvóta einstakra skipa ef smáfiskur fer yfir ákveðið hlutfall í heildarafla þeirra, en á því gæti verið fullt eins mikil þörf og að skerða aflakvóta skipa vegna siglinga með fisk á erlendan markað.

Ég legg áherslu á að hv. sjútvn. festist ekki í störfum sínum í þeim atriðum málsins sem fyrst og fremst hafa valdið deilum milli landshluta og hagsmunahópa í sjávarútvegi heldur snúi sér ekki hvað síst að aðalatriðum málsins, þ.e. hvernig stjórn fiskveiða á að vera háttað svo við eflum sem best vöxt og viðgang fiskistofnanna og hvaða vald Alþingi þarf sjálft að taka í því efni til þess að sá árangur verði tryggður. Lífskjör þjóðarinnar á næstu árum ráðast ekki síst af því hvernig á þeim málum er tekið og í því efni eru hagsmunir allra landshluta og hagsmunahópa hinir sömu.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Sá garðyrkjumaður mundi ekki fá mikla uppskeru sem ekki hefði vitið fyrir sér með því að grisja garðinn sinn. Ekki verða öll kímblöð sem upp koma garðyrkjumanninum að fullum notum ef hann hefur ekki vit á því að búa þannig að ræktuninni að mestur afrakstur náist en ekki endilega mestur fjöldi einstaklinga.

Herra forseti. Það er vitað að það er mjög mikill ágreiningur hér á hinu háa Alþingi um grundvallaratriði þess máls sem hér er um að ræða. Svo mikill er sá ágreiningur að ég tel að það skipti höfuðmáli fyrir sérhverja ríkisstjórn sem ætlar að móta sér fiskveiðistefnu að hún leggi sig fram um það að reyna að ná a.m.k. í stuðningsliði sínu sem mestum einhug um þá stefnu sem á að móta.

Fyrir lá þegar núverandi hæstv. ríkisstjórn var mynduð yfirlýsing frá samtökum alþýðuflokksmanna á Vestfjörðum þess efnis að vestfirskir jafnaðarmenn mundu ekki styðja neina þá ríkisstjórn sem ætlaði sér að framlengja óbreytt það kvótakerfi sem við höfum búið við. Þetta er aðeins dæmi um hversu mikill ágreiningur er uppi um grundvallaratriði þessa máls. Og við erum ekkert einir um það, vestfirskir jafnaðarmenn, að hafa þessa afstöðu. Þessi afstaða er víðar í stjórnarliðinu. Þess vegna skipti það auðvitað sköpum fyrir þessa ríkisstjórn og hverja þá ríkisstjórn aðra, sem ætlaði sér að takast á við þessi mál, að halda þannig á öllum undirbúningi að reynt yrði eins og kostur væri að ná samstöðu innan stjórnarflokkanna og stjórnarliðsins um þær tillögur sem ætti að gera á Alþingi. M.a. vegna þessa var lögð á það áhersla af okkur alþýðuflokksmönnum við myndun þessarar ríkisstjórnar að menn gengju þá þegar í það verk að reyna að ná pólitískri samstöðu innan stjórnarflokkanna um þær tillögur sem ætti að gera. Að sjálfsögðu gengum við eins og allir aðrir út frá því að yrði að hafa samráð og náið samráð við hagsmunaaðila. En það eru ekki hagsmunaaðilarnir sem fara með löggjafarvaldið heldur Alþingi Íslendinga. Þess vegna skiptir það sköpum að hér á Alþingi Íslendinga náist samstaða um þá lagasetningu sem á að verða og að sú samstaða sé ekki síst innan þeirrar ríkisstjórnar sem á að standa ábyrg fyrir verkum. Þess vegna, herra forseti, var sagt í stefnuyfirlýsingu þessarar ríkisstjórnar orðrétt svo, með leyfi forseta:

„Fiskveiðistefnan verði tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem tekur gildi þegar í upphafi næsta árs.

Endurskoðunin verður falin sérstakri nefnd sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.

Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi.

Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.

Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda."

Það er auðvitað alveg ljóst að hér er hæstv. ríkisstjórn í málefnasáttmála sínum að setja fram pólitískt stefnumarkandi atriði sem hún og stuðningsflokkar hennar ætlast til að lögð sé vinna í að reyna að ná um samstöðu milli stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Að sjálfsögðu í fullu samráði við hagsmunaaðila. En því miður hefur það af ýmsum ástæðum orðið svo að þessi vinna, sem átti að vinna á grundvelli þessarar pólitísku stefnumótunar í stjórnarsáttmálanum, hefur ekki farið fram eins og til stóð. Það hefur verið mikill tími tekinn til þess að ræða við hagsmunaaðila og fulltrúa þeirra þó svo að orðið hagsmunaaðili í þessum efnum sé aldrei tæmandi. Auðvitað eru miklu fleiri hagsmunaaðilar sem að þessu máli koma heldur en aðeins þeir sem voru í þeirri samráðsnefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði. En þó svo að allmikill tími hafi verið tekinn í það samráð þá skortir mjög á að nægilega mikill tími hafi verið tekinn til þess að stjórnarflokkarnir og stuðningsmenn þeirra gætu fengið tækifæri til þess að reyna að leita að lausn sem allir eða allflestir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar gætu staðið að.

Það var viðbára við þessum orðum sem ég er að segja hér nú að það hafi legið svo mikið við að fá samstöðu við hagsmunaaðilana að sá takmarkaði tími sem til ráðstöfunar var hefði verið betur nýttur með viðræðum við þá en með því að stuðningsmenn og stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar reyndu að ná heildarsamkomulagi sín á milli.

En staðreynd er það engu að síður að það tókst eigi að heldur samkomulag við svokallaða hagsmunaaðila. Ýmsir þeir sem til þess samráðs voru kallaðir, svo sem eins og fulltrúi Verkamannasambands Íslands, eru ekki sáttir við þá niðurstöðu sem birtist í þessu frv. Og ýmsir aðrir, sem mikilla hagsmuna eiga að gæta, t.d. fulltrúar smábátaeigenda, eru það ekki heldur. Niðurstaðan varð því sú þegar þetta frv. var lagt fram að þá hafði það vissulega stuðning en það hafði ekki heils hugar stuðning hagsmunaaðila og það hafði ekki heldur heils hugar stuðning stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar.

Á frv. frá fyrstu gerð þess hafa vissulega verið gerðar breytingar og þær ber að meta og þær met ég, en engu að síður held ég að það sé ljóst af þeim orðum sem þegar hafa fallið hér í þessari hv. deild að það er ekki samstaða í stjórnarliðinu um óbreytt ákvæðin í frv. eins og þau eru nú. Ég held að það dyljist engum. Og ég held að það liggi líka fyrir að það er ekki þingmeirihluti, við skulum orða það þannig, það er ekki viljugur þingmeirihluti til þess að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Hvort sá meiri hluti verður til, hvort menn láta sig hafa það að samþykkja frv. eins og það er, þeirri spurningu er ósvarað enn, en það er engu að síður staðreynd eins og mál standa nú að það er ekki viljugur meiri hluti hér á þinginu til þess að samþykkja frv. í þeirri mynd sem það er nú. Þess vegna kemur til með að mæða mjög mikið á þeirri þingnefnd sem fær málið til meðferðar og auðvitað eru stjórnarsinnar ekki síður en stjórnarandstæðingar reiðubúnir til þess að leita samkomulagslausnar í þessu máli sem gæti tryggt að það verði viljugur þingmeirihluti sem gengur til þess verks að samþykkja það frv. sem samkomulag kann að nást um.

Þegar umræður hófust fyrst um stjórn fiskveiða fóru þær umræður af stað út frá verndunarsjónarmiðum, út af nauðsyn þess að vernda fiskistofnana. Þm. og aðrir muna sjálfsagt eftir „svörtu skýrslunni" sem hæstv. þáv. sjútvrh. barst. Þar var byggt á úttekt fiskifræðinga og vísindamanna Hafrannsóknastofnunar sem töldu að nauðsynlegt væri að grípa í taumana til þess að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju á Íslandsmiðum og höfð um mörg og stór orð.

Ég ætla ekki að ræða í löngu máli um þessi efnisatriði en langar aðeins til að beina athygli að mjög glöggri yfirlitsgrein um þetta efni sem birtist í DV þriðjudaginn 1. des. 1987 og rituð er af fréttamanninum Sigurdóri Sigurdórssyni. Þar gaf fréttamaðurinn í stuttu máli yfirlit yfir þær forsendur sem Hafrannsóknastofnun hafði notað í málflutningi sínum, þær niðurstöður sem orðið höfðu, og bað menn að draga ályktanir af þeim upplýsingum sem lágu fyrir. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þessa samantekt sem er mjög glögg. Út af fyrir sig er hægt að hafa um það miklu lengra mál, en ég tel ekki ástæðu til að gera það nú. Sigurdór Sigurdórsson segir m.a. í þessari yfirlitsgrein sinni, með leyfi forseta:

„Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að þorskaflinn á næsta ári verði takmarkaður við 300 þús. tonn en áætlaður þorskafli þessa árs er 380 þús. lestir. Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra hefur boðað að undanförnu að stefnt sé að því að minnka þorskaflann á næsta ári og halda sig sem næst tillögum fiskifræðinga. Það hefur aftur á móti ekki verið gert sl. sjö ár. Ýmist hefur verið veitt miklu meira en þeir hafa lagt til ellegar að ekki hefur náðst að veiða það magn sem þeir töldu óhætt að veiða. Þegar farið er í gegnum þessar skýrslur Hafrannsóknastofnunar frá 1980 er ljóst að einhvers staðar hefur eitthvað farið úrskeiðis varðandi þorskrannsóknir stofnunarinnar. Spár hennar, tillögur hennar um hámarksafla og raunafli hvers árs standast aldrei."

Síðar í þessari yfirlitsgrein segir Sigurdór Sigurdórsson, með leyfi forseta:

„Það er fróðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á þessum málum að fá sér ritið Hafrannsóknir frá því það byrjaði að koma út og gera samanburð á milli ára. Árið 1979 veiddust 360 þús. lestir af þorski. Í ritinu Hafrannsóknir, 20. hefti, um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1980, segir að enda þótt þorskárgangurinn 1976, sem var sagður mjög sterkur, sé að koma inn í veiðina og stofninn því aftur í vexti leggi Hafrannsóknastofnun til að þorskafli

ársins 1980 verði takmarkaður við 300 þús. lestir. Segir og að nauðsynlegt sé að byggja hrygningarstofninn upp og því sé við þessa tölu miðað. Árið 1980 varð þorskaflinn hins vegar 428 þús. lestir, en hrygningarstofninn var talinn vera 300 þús. lestir.

Í ritinu Hafrannsóknir, 22. hefti, þar sem skrifað er um ástand þorskstofnsins og aflahorfur fyrir árið 1981, segir að forsendur fyrir stærð stofnsins á næstu árum séu komnar undir stærð árgangsins frá 1976, en gert sé ráð fyrir því að hann sé afar sterkur eins og ungþorskarannsóknir gefi til kynna.

Þar segir enn fremur að verði þorskafli takmarkaður við 400 þús. tonn fari þorskstofninn vaxandi. Því leggi Hafrannsóknastofnun til að þorskstofninn 1981 verði takmarkaður við 400 þús. tonn. Þarna bætir stofnunin við 100 þús. tonnum frá árinu áður jafnvel þótt á því ári hafi verið veitt 120 þús. tonnum meira en stofnunin taldi framast óhætt að veiða. Árið 1981 voru veiddar 460 þús. lestir af þorski, 60 þús. tonnum meira en stofnunin taldi óhætt að veiða.

Þegar 24. hefti Hafrannsókna kom út með aflahorfum fyrir árið 1982 var enn rætt um árganginn frá 1976 og sagt að allur framreikningur á þróun þorskstofnsins sé undir stærð hans kominn. Þar er tekið fram að minna hafi verið landað af þorski úr þessum árgangi en reiknað hafi verið með. Talað er um að hámarksafrakstur stofnsins sé talinn vera 450 þús. lestir og lagt til að þorskafli ársins 1982 verði takmarkaður við 450 þús. lestir. Það ár veiddust hins vegar ekki nema 382 þús. lestir af þorski.

Í 26. hefti Hafrannsókna, með horfum fyrir árið 1983, er komið annað hljóð í strokkinn. Þar segir að samkvæmt nýju mati á stærð þorskstofnsins sé gert ráð fyrir því að hann sé minni en ætlað var við síðustu úttekt. — M.ö.o.: Sterki árgangurinn frá 1976 kom aldrei fram. — Þar segir líka að niðurstöður sýni að hvort sem árgangurinn 1976 sé 280 eða 360 milljónir nýliða muni þorskstofninn minnka talsvert ef veiddar verði 400 þús. lestir. Sú tala er þó 50 þús. lestum minni en lagt var til að veiddar yrðu árið áður og 20 þús. lestum minni en náðist að veiða árið áður."

Þegar kemur að því að spá síðan fyrir 1984 þá fer Hafrannsóknastofnunin að efast um þær aðferðir sem hún hefur notað til að meta stofnstærð og veiðiþol þorksins öll þessi ár. M.ö.o.: Þá fer stofnunin að efast um að mælingar hennar og mat öll þessi ár sé byggt á réttum upplýsingum. Og hvað þýðir það fyrir þjóðarbúið og efnahagsafkomu Íslendinga? Það er nýlega búið að skýra frá því hvað það þýði ef t.d. dregið er úr afla á næsta ári um 50 þús. tonn frá því sem nú á sér stað. Ætli það sé ekki það sem nokkurn veginn samsvari þeim samdrætti í þjóðartekjum og skerðingu kaupmáttar af þeim sökum sem verið er að spá á næsta ári? Þetta er ekkert smámál sem menn eru að tala um hér þegar stofnun eins og Hafrannsóknastofnun uppgötvar það árið 1984 að stofnstærðarmælingar hafi sennilega alltaf byggst á ónákvæmum mælingaraðferðum. En árið 1984 er stofnunin sem sé farin að efast um sínar eigin greiningar.

Í 28. hefti ritsins Hafrannsóknir er greint frá því að reynslan hafi sýnt að sú greining, sem stofnunin hafi notað fram að því sem byggist á sýnum úr lönduðum afla og notuð var til þess að meta stærð þorskstofnsins í heil 10 ár — þar á meðal þau ár sem hæstv. þáv. sjútvrh. Matthías Bjarnason fékk sína „svörtu skýrslu" —, sé ekki nógu nákvæm, eins og komist er að orði í riti Hafrannsóknastofnunar sjálfrar. Þar er sagt að yngstu árgangarnir sem ekki séu farnir að veiðast komi ekki fram við greininguna og ekki heldur göngur þorsks frá Grænlandi. Því hafi verið ákveðið að taka nú upp öðruvísi aðferðir við stofnmælingar og er sú aðferð kölluð „togararall" og þá breytist nú aldeilis tónninn í þeim hafrannsóknarmönnum, þegar nýju aðferðirnar við mælinguna koma upp. Og síðan hefur það verið meginmarkmiðið hjá stofnuninni að stuðla að vexti þorskstofnsins í þeim tilgangi að auka afrakstursgetu hans.

Það virðist vera, herra forseti, að þeir vísu menn haldi að það sé hægt að leggja þorskinn inn á bankareikning. M.ö.o.: Þann smáfisk sem ekki er veiddur sé hægt að leggja inn á einhvers konar bankareikning þar sem hann liggi inni með vöxtum og síðan sé hægt að taka hann út aftur með vöxtum og vaxtavöxtum nokkrum árum síðar. Þetta er kenning sem haldið var mjög á lofti fyrir örfáum árum, m.a. af Kristjáni Ragnarssyni og var þá talað um að Kanadamenn, sem væru allra manna mest vísindalega sinnaðir í þessum verndunarmálum, væru nú að slá okkur Íslendinga alveg út af laginu því að þetta væri einmitt aðferðin sem þeir væru búnir að taka upp til að byggja upp fiskiðnaðinn hjá sér og fiskveiðarnar. Þeir ætluðu að spara smáfiskinn í nokkur ár, leggja hann inn á sinn bankareikning, sína fiskibanka við strendur Kanada og taka hann síðan út nokkrum árum síðar og slá þá okkur Íslendinga gersamlega út af laginu með framboði á fiski á Bandaríkjamarkaði. Ég held að ég muni það rétt að á þessu ári, árinu 1987, hafi menn þannig verið búnir að slá því föstu og gera ráð fyrir því að Kanadamenn mundu veiða u..þ.b. 1 milljón tonna af þorski með þessum aðferðum. Með bankareikningsaðferðunum.

Nú hef ég, herra forseti, ekki í höndunum tölur um veiðar Kanadamanna en mig grunar að hér séu menn inni sem hafi slíkar upplýsingar með höndum. Það skyldi nú ekki vera að það skeikaði svo sem eins og 40% á úttektinni? Að það vanti nú hvorki meira né minna en 40% upp á það að þessi fiskveiðibúskapur Kanadamanna gangi upp á árinu 1987. Þeir eru aldeilis ekki að slá okkur Íslendinga út á Bandaríkjamarkaði eins og menn héldu. Auðvitað finna menn skýringar á því. Að sjálfsögðu. Það hefur eitthvað komið fyrir. Það hefur eitthvað sem menn hafa gleymt að taka tillit til komið fyrir, segja menn, því að menn viðurkenna ekki fyrr en í lengstu lög, og sjálfsagt aldrei, að þeir hafi gert mistök í

slíkum málum. Engu að síður býst ég við að þetta sé staðreynd sem ég er að nefna þó ég sé ekki reiðubúinn til þess að nefna beinar tölur í þessu sambandi. Og hræddur er ég um að þeir Kanadamenn séu nú ekkert yfirtak ánægðir með bankainnleggsaðferðirnar sínar í fiskveiðipólitík. Og ætli það sé nú ekki það sama sem við Íslendingar erum að upplifa og höfum upplifað öll þessi ár sem okkar annars ágætu vísindamenn hafa verið að búa til „teoríur" á grundvelli grunnupplýsinga sem síðan ganga ekki upp?

Vel má vera að það sé rétt og ég efa það ekki að meðalþyngd þorsks hafi farið lækkandi. En það getur átt sér stað af tveimur orsökum. Annaðhvort er það vegna þess að stóra fiskinum fækkar eða vegna þess að smáa fiskinum fjölgar. Það gefur hvort tveggja sömu niðurstöðu. Ég reikna ekki með því að íslenskir sjómenn séu að gera það að gamni sínu að elta smáfiskinn um allar þorpagrundir, ef svo má segja. En staðreyndin er bara sú að smáfiskurinn er nú á svo til hverri einustu veiðislóð. Og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá er ástæðan einfaldlega sú að einstaklingarnir í þeim árgangi sem stendur undir smáa fiskinum í dag eru svona margir. Þess vegna hlýtur auðvitað meðaltalsþunginn að lækka. Það er ekki bara vegna þess að stóra fiskinum sé að fækka að tiltölu heldur einfaldlega vegna þess, eins og Hafrannsóknastofnunin segir sjálf, að það sé ágætt ástand á fiskimiðum Íslands. Hún kvartar ekkert undan því í sínu nýjasta riti, hún segir aðeins: Við eigum að nýta fiskinn þannig að við eigum að leyfa honum að vaxa. Við eigum að leggja hann inn á bankabókina og taka hann síðan út eftir nokkur ár þegar hann er orðinn stærri og þyngri. En ég er ansi hræddur um að við Íslendingar eigum eftir að upplifa það sama og Kanadamenn að þegar við ætlum að ganga í bankann og taka út af bankabókinni þá vanti innstæðuna. Þá vantar 40% af þeirri innstæðu sem hinir vitru menn voru búnir að reikna sig til að þeir mundu eiga tveimur eða þremur árum eftir að þeir töldu sig hafa lagt inn. Þá finnst mér líka kasta alveg tólfunum þegar menn eru farnir að tala um það í alvöru að veiðar smábáta hringinn í kringum landið séu einhver ógnun við þorskstofninn. Þó menn séu að draga nokkra titti sér til skemmtunar á smábátum takmarkaðan tíma úr árinu, að það stefni bara öllu í stórkostlegan voða! Það eru furðuleg vísindi að minni hyggju.

Herra forseti. Þessi umræða, sem áður var kjarnaumræðan í fiskveiðipólitíkinni, verndunarsjónarmiðið, hún hefur smátt og smátt dottið niður, m.a. af þeim orsökum sem ég var að lýsa hér áðan, þannig að hún er horfin að mestu út úr myndinni. Þegar menn ræða kvótakerfið í dag þá ræða menn ekki nema rétt af og til verndunarsjónarmiðið í því sambandi.

Einn af gleggstu meðlimum „kvótavinafélagsins", Þorkell Helgason prófessor, skrifaði mjög athyglisverða grein í Morgunblaðið miðvikudaginn 4. nóv. sl. þar sem þetta sjónarmið kemur m.a. fram. Þar segir hann, með leyfi foseta:

„Frjáls og óheftur aðgangur að fiskimiðum og öðrum álíka auðlindum leiðir ávallt til ofnýtingar fyrr eða síðar. Ofveiði getur stefnt tilvist fiskistofna í voða, þ.e. að svo mikið sé tekið úr þeim að hætta verði á útrýmingu ellegar að viðkomubrestur er yfirvofandi. Hugsanlega varð norsk-íslenski síldarstofninn fyrir barðinu á slíkri ofveiði." — Taki menn svo eftir, herra forseti. Hann segir: — „Sem betur fer virðast botnfiskstofnar geta verið í jafnvægi við nánast hvaða veiðiálag sem er."

Það er ekki hv. alþm. Skúli Alexandersson sem er að segja þetta. Nei, nei. Það er einn úr stjórn „kvótavinafélagsins", prófessor Þorkell Helgason. „Sem betur fer virðast botnfiskstofnar geta verið í jafnvægi við nánast hvaða veiðiálag sem er." M.ö.o.: Helsti sérfræðingur þeirra kvótavina í útreikningunum lýsir því yfir þann 4. nóv. að reynslan hafi leitt það í ljós að sóknin raski ekki svo umtalsvert sé jafnvægi botnfiskstofna því þeir geti verið í jafnvægi við nánast hvaða veiðiálag sem er. M.ö.o.: Þetta er yfirlýsing um að það sé ekki verndunarsjónarmiðið sem sé meginkjarninn í kvótakerfinu, a.m.k. ekki hvað botnfiskstofnana varðar. Hvað er það þá? Jú, prófessor Þorkell heldur áfram og segir: „En löngu áður en kemur til lífrænnar ofveiði eru fiskistofnar ofveiddir í hagrænum skilningi."

Síðan heldur prófessor Þorkell áfram í grein sinni og rökstyður það mjög skynsamlega að meginmarkmiðið með stjórn fiskveiða eigi að vera að taka þann afla sem á annað borð á að taka að landi með sem minnstum tilkostnaði og sem mestum árangri. Og það er sko allt önnur Ella. Það er sjónarmið sem ég get fúslega samþykkt, að þann afla sem menn ætla sér að taka að landi eigi að taka með sem minnstum tilkostnaði og með sem mestum árangri. Þá vaknar spurningin sem er kjarni málsins: Hverjir eiga þá að sækja þennan fisk? Það eru annars vegar þeir sem ná mestum árangri við veiðarnar og hins vegar þeir sem veiða með minnstum tilkostnaði fyrir þjóðarbúið. Hverjir skyldu þetta nú vera? Ekki eru þetta alltaf sömu mennirnir því ekki er togaraveiðin, þó árangursrík sé, alltaf rekin með minnstum tilkostnaði, en enginn held ég að efist um hvað snertir trillukarla, sem eru að damla einn og tveir saman á sínum bátum, að það sé varla hægt að komast mikið neðar í tilkostnaði en hjá þeim. En eins og kvótakerfið er úr garði gert núna er verið að stefna gegn þessum sjónarmiðum. Það er verið að stefna gegn þeim sem veiða með minnstum tilkostnaði og það er verið að stefna gegn þeim sem veiða með mestum árangri. Það er verið að vinna gegn hagkvæmnissjónarmiðunum sem leiða af því að menn geta komist af með ekki allt of dýr tæki og það er verið að vinna gegn því, sem við Íslendingar höfum metið allt frá alda öðli, að einn fiskimaður er betri fiskimaður en annar af ástæðum sem fiskifræðingarnir og hagfræðingarnir geta aldrei reiknað sig til skilnings á því það er ekki hægt.

Kvótakerfið eins og það er úr garði gert núna vinnur ekki að verndun. Það liggur fyrir ef maður ber saman annars vegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar og hins vegar reynsluna af veiðunum. Það vinnur heldur ekki með hagkvæmni heldur er verið að beita kerfinu gegn hagkvæmninni. Hvað er það þá sem málið snýst um? Jú, málið snýst um að það er verið að skipta stórkostlegum verðmætum, sem þjóðarheildin á, upp á milli tiltölulega fárra einstaklinga sem ekki aðeins ætla að kasta eign sinni á þessi verðmæti á meðan þeir lifa sjálfir heldur ætla að láta börn sín, barnabörn og komandi kynslóðir taka þessi verðmæti í arf eftir sig þannig að engir aðrir fái nálægt þeim að koma. Þetta hefur aldrei áður gerst í Íslandssögunni vegna þess að það er eitt sem góður íslenskur fiskimaður getur aldrei arfleitt börn sín að, a.m.k. ekki nema í undantekningartilvikum, og það er sá hæfileiki sem gerir greinarmuninn á milli góðs fiskimanns og slæms fiskimanns. Þess vegna höfum við Íslendingar búið við þær aðstæður að það er ekki endilega víst þó að einni kynslóð gangi vel að stýra skipi og útgerðarfyrirtæki að erfingjarnir séu jafnvel af guði gerðir. Þetta hefur gert það að verkum að það hefur getað átt sér stað í atvinnugreininni mikil endurnýjun. Ungir og duglegir menn, sem hafa búið yfir þessum hæfileikum, hafa getað komið fram á völlinn, náð undir sig fótunum og byggt utan um sig öflug atvinnufyrirtæki sem hafa verið mikil lyftistöng í þeirra byggðarlögum. Það er svo undir aðstæðum, hæfileikum og getu manna komið hvort börn þeirra eða barnabörn geta staðið undir því að halda rekstrinum áfram með slíkum myndarbrag eða hvort aðrir koma í staðinn og fá ný tækifæri. Kvótakerfið eins og verið er að búa það upp núna er sérréttinda- og forréttindakerfi. Það er verið að koma í veg fyrir að sjómenn af ungu kynslóðinni geti nokkurn tíma unnið þau verk sem feður þeirra, afar og forfeður í gegnum aldirnar gátu gert. Það er verið að koma því kerfi á að auðlindir sem eru sameiginleg eign þjóðarinnar allrar séu framseljanlegar í braski, framseljanlegar til erfða, en útilokaðar fyrir alla aðra en þá sem njóta þeirrar náðar stjórnvalda að hafa aðgang að þessum auðlindum hér og nú. Menn skulu gera sér í hugarlund að þetta eru engin lítil verðmæti.

Það kemur fram í grg. með frv. hæstv. ráðherra að það sé áætlað að u.þ.b. 25% af kvótanum muni á þessu ári ganga kaupum og sölum. Hafa menn gert sér ljóst að hér er um að ræða verðmæti á milli fjögur og fimm hundruð millj. kr., á því verði sem kvótinn er almennt seldur á milli manna, sem þjóðarheildin á en verið er að afhenda einstaklingum fyrir ekkert sem þeir síðan braska með sín á milli. Og menn skulu huga að því: Það er oft sagt: Ja, sjómennirnir njóta þessa. Hvað skyldu margar af þessum krónum, herra forseti, hafa komið í hlut sjómannanna sem hlut eiga að máli? Skyldu þeir hafa fengið aflahlut af þessari kvótasölu, af þessum 400–500 millj. sem í því liggja af sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar sem verður afhent nokkrum einstaklingum? Nei, auðvitað ekki. Íslenskir sjómenn hafa ekki fengið eyris virði af þessu braski. En fiskverkafólkið? Skyldi það njóta þess? Nei. Ekki fær fiskverkafólkið svo mikið sem einn eyri af þessu fé til sín. En byggðarlögin sem hlut eiga að máli? Nú í kvöld, herra forseti, var verið að loka nýlegu hraðfrystihúsi vestur á Patreksfirði vegna raforkuskulda. Þar hefur ekki farið skip á sjó síðan um miðjan desember sl. Þar á sér ekki stað lengur nein fiskverkun, engin útgerð. Það er búið að selja burtu úr þessu plássi alla möguleika fólksins til að bjarga sér. Þó hefur sjaldan eða aldrei verið jafnmikil fiskgengd í Patreksfjarðarflóanum og nú. En fólkið fær ekki að bjarga sér. Skyldi þetta fólk, sjómennirnir sem hlut eiga að máli, bæjarbúarnir þarna, verkafólkið, hafa fengið einhverja hlutdeild í þeim fjármunum sem komið hafa inn fyrir það brask sem hefur verið ástundað á lífsbjörg þessa byggðarlags? Nei. Ekki eyris virði. Fólkinu þarna eru allar bjargir bannaðar. Ungir sjómenn geta ekki farið á sjó því þeir hafa ekki leyfi til að fiska. Fólkið getur ekki stundað sína vinnu vegna þess að það er búið að loka húsunum. Bátarnir hafa verið seldir í burtu. Það er búið að selja sjálfan frumburðarréttinn sem þetta fólk og forfeður þess hafa haft síðan þetta land var numið. Það var fyrir tilstilli þessa kvótakerfis sem það var gert.

Herra forseti. Það er þetta sem er að gerast. Kvótakerfið er ekki lengur tæki til að vernda íslenska fiskistofna. Það er ekki heldur tæki til að tryggja að þjóðin hafi sem mesta hagkvæmni og mestan afrakstur af sinni mikilvægustu auðlind. Nei, kvótakerfið er kerfi til að tryggja að tilteknar stéttir og hópar manna á þessu landi fái eignarhald yfir sameiginlegri auðlind Íslendinga allra, sem hefur verið sameign okkar síðan þetta land byggðist, og geti ráðstafað því að vild til erfingja sinna eða annarra sægreifa fyrir gjald sem menn hirða sjálfir gjörsamlega án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á afkomu heilla byggðarlaga. Um þetta snýst málið og ekkert annað.

Ég hef átt aðild að því svo lengi sem ég hef verið á Alþingi að flytja á þingi till., sem ekki hafa fengist samþykktar, um að sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar eins og auðlindir til landsins, sem engir einstaklingar geta gert eignartilkall til að lögum, verði lýstar þjóðareign og hef ekki náð neinum umtalsverðum árangri í því. Vissulega fagna ég því eins og í þessu frv. er gert að 1. gr. frv. skuli slá því föstu að fiskistofnar á Íslandsmiðum séu sameiginleg eign íslensku þjóðarinnar. Þetta er í mínum huga merkilegt mál og gott. En því miður stefna flestar hinar greinar frv. gegn ákvæðum þessarar.

Ég ætla ekki að segja mikið meira, herra forseti, á þessari stundu en bið þm. að hafa bæði augun opin fyrir því hvað við erum að gera. Við erum að skipta sameign Íslendinga allra upp á milli örfárra einstaklinga þeim til frjálsrar ráðstöfunar út yfir gröf og dauða.

Um frv. sjálft skal ég vera stuttorður að öðru

leyti. Ég hef sagt að ég telji 1. gr. þess vera mikinn ávinning. Ég segi eins og ýmsir aðrir sem hér hafa talað að það er nauðsynlegt að taka 8. gr. til endurskoðunar. Ég er ósáttur við ákvæði 8. gr. B-liðar þar sem álag sóknarmarksskipanna er lækkað úr 20% í 10% og undrar mig að það skuli ekki aðrir hafa vakið máls á því fyrr en í þessum umræðum, annaðhvort í þessari hv. deild eða í Ed. Ég vil einnig benda á þær sérstöku aðstæður sem skapast þegar búið er að taka rækjuna undir kvótakerfið. En það er staðreynd að þá aðila, sem höfðu allt frumkvæði að uppbyggingu úthafsveiða á rækju og völdu þann kost fremur en að kaupa sér skip til að stunda veiðarnar að leigja slík skip af öðrum, hafa rekið þau sjálfir alfarið á eigin ábyrgð, byggt upp úthafsrækjuveiðarnar og reynsluna og þekkinguna sem fyrir er, á að svipta möguleika á að halda áfram þessu uppbyggingar- og vinnslustarfi með kvótakerfinu eins og það er hugsað. Ég tel að þetta sé ósanngjarnt. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að skoða allar samkomulagslausnir í því efni sem geta tryggt það í fyrsta lagi að óunnin vinnslurækja verði ekki seld brott af landinu til vinnslu annars staðar og í öðru lagi að þeim rækjuvinnslustöðvum sem nú eru starfræktar verði tryggt hráefni nokkurn veginn jöfnum höndum allt árið í kring. Ég er reiðubúinn að skoða hvaða samkomulagsleið sem kynni að tryggja þetta.

Ég læt svo bíða, herra forseti, að ræða frekar um aðrar efnisgreinar frv., enda vona ég að lagt sé kapp á það í hv. sjútvn. að reyna að ná því víðtæka pólitíska samkomulagi um framgang þessa máls sem ég tel að hefði átt að reyna að ná áður en hæstv. ríkisstjórn lagði frv. fram á Alþingi en ekki eftir að það kom fram eins og því miður raun er orðin á.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það er ekki hálfur annar áratugur liðinn frá því að útlendingar tóku helming af fiskaflanum á Íslandsmiðum og þá var lengst af landhelgin, fiskveiðilögsagan, 4 mílur, síðan 12 mílur, eftir það 50 mílur og loks 200 mílur. Það var ekki fyrr en ári síðar að tókst að ná samningum þannig að útlendingar fóru af miðunum. Það má segja að hurð hafi skollið nærri hælum því að hin svarta skýrsla, sem einhver minntist á fyrr í kvöld, kom síðla árs 1974 og varaði þjóðina við ofveiði.

Það má segja að það hafi tekist að mörgu leyti vel að vernda fiskistofnana með fjölmörgum verndaraðgerðum sem gerðar voru bæði til að takmarka sókn í smáfisk en einnig að friða ákveðin veiðisvæði, en ég held að í þessum friðunarmálum hafi stærsta átakið og merkilegasta sem gert var verið samþykkt Alþingis á lögunum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands en þau lög voru samþykkt 31. maí 1976. Það er mjög viðamikill lagabálkur sem hefur æ síðan verið í gildi og við höfum byggt á friðunaraðgerðir þangað til gripið var til þeirra ráða að bera fram frv. til l. um stjórn fiskveiða sem náði að takmörkuðu leyti inn á svið þessara merku laga.

Nú segja menn að það sé knappur tími til stefnu. Hæstv. sjútvrh., svo skildist mér á honum, telur nauðsynlegt að Alþingi, eða þessi hv. deild, afgreiði þetta mál fyrir áramót. Það er nú senn að byrja 29. des. þannig að það eru þá tveir dagar eftir sem Alþingi hefur til umráða á þessu ári. Ég vil leyfa mér að segja það sem nefndarmaður í sjútvn., sem kemur væntanlega til með að fá frv. til meðferðar, að ég tel útilokað að hægt sé að afgreiða þetta frv. frá nefndinni á jafnskömmum tíma.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar hvað sem líður afstöðu, bæði minni og annarra, til hinna ýmsu greina frv. að það sé nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þess eins og kostur er. En frv. eins og þetta verður ekki afgreitt á færibandi, einn, tveir og þrír, eftir pöntun ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Ég vil líka benda á til upprifjunar að í þeim lögum sem renna út á áramótum eru ákvæði til bráðabirgða sem segja að sjútvrn. skuli fyrir 1. nóv. 1986 láta endurskoða lög þessi og hafa samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun. Löggjafinn reiknaði með því að það væru hvorki meira eða minna en 14 mánuðir til stefnu að fjalla um málið á Alþingi, en þessi endurskoðun lá ekki fyrir og er ekki gripið til hennar, að endurskoða þessi lög, fyrr en fjallað er um það við stjórnarmyndun og í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, en þar segir:

„Fiskveiðistefnan verður tekin til endurskoðunar og stefna mörkuð sem taki gildi þegar í upphafi næsta árs. Endurskoðun verður falin sérstakri nefnd, sem hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúar útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks, og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Nefndin mun m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

1. Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.

2. Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi.

3. Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.

4. Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda."

Síðan er komið inn á aðra mikilvæga þætti í sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Það er svo ekki fyrr en 28. sept. að við sem tilnefndir vorum frá hendi þingflokkanna erum formlega skipaðir í nefnd þar sem þessa starfsáætlun ríkisstjórnarinnar á að taka til endurskoðunar. Í staðinn fyrir að skipa eðlilega nefnd er skipuð þarna stór og mikil ráðgjafarnefnd sem hóf störf 16. sept., en bréfið er dags. 28. sept.

Það hefur verið minnst á störf þessarar nefndar í þessum umræðum og ég ætla ekki að fjölyrða mikið um það, en ég verð þó að segja að fyrsti þátturinn í starfi þessarar fjölmennu ráðgjafarnefndar var víð-

tækur erindaflutningur hinna ýmsu sérfræðinga sem átti að verða til að heilaþvo okkur sem vorum margir hverjir ekki opnir fyrir kvótakerfinu og þeirri löggjöf sem verið hefur í gildi á undanförnum árum. Ég verð að segja það, hvort sem það er vegna gáfnaskorts hjá mér eða ekki, að þessum ágætu sérfræðingum hefur illa tekist að koma skoðunum sínum inn hjá mér og ég hef margt við þær skoðanir að athuga sem þessir ágætu menn höfðu fram að færa. Þeir bjuggu sér til forsendur, sem er afskaplega auðvelt að gera, með því að segja: Ef þetta væri svona mundi þetta verða svona o.s.frv. En þetta passar ekki við lífið á sjónum og við að afla fiskjar eða við vinnslu á fiski.

Það er ekki fyrr en 2. nóvember að hæstv. sjútvrh. skipar nefnd þm. til að vinna að þessu máli og sú nefnd kom nokkrum sinnum saman með hæstv. sjútvrh. eða ráðuneytisstjóra og var lítið gert annað en ræða óformlega um þessi mál þangað til á næstsíðasta fundi. Þá var rætt mjög ákveðið og efnislega um þessa hluti.

Ég hef orðið var til það í ræðum í kvöld hjá stjórnarþingmönnum að þeir telja mjög mikilvægt í ákvæði til bráðabirgða að sjútvrh. skuli skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt á nefndin að móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal m.a. kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip, og nefndinni er ætlað að hefja störf hið allra fyrsta, starfa á gildistíma væntanlegra laga og skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

Mér finnst þetta ákvæði til bráðabirgða vera afskaplega ófullkomið. Það er í hendi ráðherra hvort hann ætlar að skipa álíka ráðgjafarnefnd og hann skipaði á sl. hausti eða hvort hann ætlar að fjölga í slíkri ráðgjafarnefnd, hafa þar kannski 60, 70 eða 80 manns. Það má finna nóg af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi því að sjávarútvegurinn er svo mikilvæg atvinnugrein að í raun og veru gætu allir Íslendingar farið í nefndina hjá ráðherranum. Og þá getum við séð hvernig gengi að endurskoða þessa stefnu.

Nú tel ég að skynsamlegasta aðferðin sé sú að Alþingi kjósi hlutfallskosningu þá nefnd sem hafi með þetta að gera og sú nefnd leiti álits samtaka í sjávarútvegi og annarra þeirra sem nefndarmenn telja eða þeir aðilar óska eftir að komi fram með sínar tillögur. Það væri miklu fyllra og ákveðnara að hafa þann hátt á.

Við deilum ekki um að það er nauðsyn á því að hafa stjórn á veiðum og skipulag í sjávarútvegi. Það sem fyrir okkur vakir er að vernda fiskistofnana en ekki að búa til eitthvert óskaplegt miðstýringarvald þar sem einhver einn maður eða eitt ráðuneyti eigi að segja öllum fyrir verkum og hafa allt í sinni hendi. Við höfum flestir kosið að draga úr miðstýringarvaldi frá því sem verið hefur og það hefur verið tregða við að láta lög um stjórnun fiskveiða gilda nema mjög takmarkaðan tíma. Helst hafa menn viljað eitt ár. Sumir hafa viljað tvö ár.

Hæstv. sjútvrh. sagði áðan í sinni framsögu að það væri nauðsynlegt að láta slík ákvæði gilda sem lengst þannig að menn gætu haft mið af því í sínum atvinnurekstri. Síðan kemur það aftur að þó að þetta sé ekki búið að vera í lögum nema takmarkaðan tíma telur ráðherrann að nauðsyn sé að gera margvíslegar breytingar. Ein breytingin er sú að hefta verulega það frjálsræði sem t.d. smábátar eða bátar innan við 10 tonn hafa haft. Það er tekið inn að hefta rækjuveiði o.fl. Það er í þessu frv. eins og það kemur frá Nd. meiri miðstýring en er í lögunum sem eru að renna sitt skeið á enda á gamlárskvöld. Það er meiri miðstýring. Við höfum heyrt þm., og það úr stjórnarliðinu, tala um að það eigi að hverfa frá miðstýringu. Auðvitað ráða þeir því og þingmeirihluti alþm. ef þeir meina eitthvað með orðum sínum. Ég var að vonast til þess að það hefði verið hægt að ná samkomulagi um að breyta nokkrum ákvæðum í frv., en reynt er að keyra það áfram með þeim hætti sem raun ber vitni. Árið 1976 var aftur á móti gengið inn á fjölmargar breytingar sem komu frá alþm., ekki eingöngu þm. stjórnarliðsins heldur einnig þm. stjórnarandstöðu, og það náðist um þau mikilvægu lög mjög víðtæk samstaða sem skipti afar miklu máli og skipti svo miklu máli að meginkjarni þeirra laga er í gildi enn þá og lítt umdeildur.

Það var minnst áðan á ástand fiskstofnanna og vitaskuld er það stórt og mikið atriði sem a.m.k. tveir ræðumenn hafa minnst á. Aðrir telja að það sé drepið of mikið af smáfiski. Ég minnist þess að við setningu 45. aðalfundar Landssambands ísl. útvegsmanna sagði formaður samtakanna:

„Ég átti þess kost sl. vetur að kynnast fiskveiðum í Kanada. Fannst mér athyglisverðast að kynnast því hvernig þeir hafa byggt upp fiskstofna með góðum árangri. Í því efni hafa þeir sett sér miklu lægri mörk um hvað er veitt úr hverjum stofni en við höfum gert. Stefna þeirra felst raunverulega í því að geyma fisk í sjónum. Á árinu 1977 veiddu þeir um 450 lestir af botnlægum fiski og af því voru um 200 þús. lestir þorskur. Á árinu 1981 veiddu þeir 750 þús. lestir af botnlægum fiski og þar af um 370 þús. lestir af þorski. Á árinu 1987, þessu ári, ætla þeir að veiða um 1 millj. lesta af botnlægum fiski, þar af 650 þús. lestir af þorski. Af þessu má sjá hvílík ógn okkur Íslendingum stafar af þessum möguleikum þeirra. Einnig var athygli vert að þar ríkti ekki þessi tortryggni í garð fiskifræðinga eins og hér á sér stað."

Ég fékk upplýsingar um það nýlega að í lok nóvember var veiðin hjá Kanadamönnum í Atlantshafi um 687 þús. tonn af botnlægum fiski og þar voru 439 þús. tonn þorskur. Þrátt fyrir þessa geymslu hefur ekki tekist betur til. Ég vek athygli á því að einn mánuður er þá eftir, en miðað við þetta gæti það varla orðið yfir 40 þús. tonn af þorski þannig að

þorskurinn getur í hámark farið í 480 þús. tonn á móti 650 þús. lestum sem þeir Kanadamenn töldu að mætti geyma í sjónum. Þannig geta aðferðir vísindamanna verið misjafnar og árangurinn að sama skapi, hvort sem við lítum á okkar vísindamenn eða þeirra vísindamenn sem hafa þessar skoðanir. Ekkert af þessu er öruggt eins og menn sjá af þessu.

Hér hefur verið rætt nokkuð um sóknarmarksskipin og það að álagið hafi verið lækkað úr 20 í 10. Ég tel að með þessum breytingum sé verið að leggja sóknarmarkið niður. Ég held að það hljóti að fara á þann veg að þau skip sem hafa notað sér sóknarmarkið fari í aflamarkið og kaupi þá kvóta. Því ekki þá að gera þá breytingu á frv. að leyfa þessum sóknarmarksskipum að færa á milli skipa? Það heldur þá við þessu sóknarmarki þó að við sættum okkur þá við þá breytingu sem er í frv.

Það er mikils virði að byrja eitt lagafrv. eða lög á því, eins og hefur verið gert mikið úr hér, að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Svo koma allar aðrar greinar og samkvæmt þeim eru fiskistofnarnir fyrst og fremst í eigu fárra útvaldra. Mér finnst þetta ekki skipta mjög miklu máli. Ég er þeirrar skoðunar að fiskistofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Ég er algjör andstæðingur þess að einstaklingar geti selt fiskinn í sjónum og það í vaxandi mæli og haft af því miklar tekjur. Ég væri miklu frekar á því, þó að ég sé enginn kvótavinur, að ganga inn á það að þeir sem ekki geta veitt sinn skammt skilji hann þá eftir í hafinu og stjórnvöld hafi þá að einhverju leyti möguleika á að ráðstafa þeim afla þar sem nauðsynlegt er að bæta afla við eftir byggðarlögum, og ef ekki þarf á því að halda nema að einhverju litlu leyti má fiskurinn vera í sjónum. Þá geymum við eins og Kanadamenn hafa gert til næsta árs þennan hluta af aflanum.

Ég bendi líka á að það er erfitt verk og vanþakklátt að taka jafnmikilvægar ákvarðanir og sjútvrh. verður að gera hverju sinni. Hann verður að taka mið af svo mörgu í þjóðfélaginu. Hann fer í meginatriðum eftir tillögum fiskifræðinga eða að svo miklu leyti sem hann treystir sér til, hver sem hann er. Ég sé það og finn í þessu að fiskifræðingar hafa lagt til að heimiluð verði veiði á um 30 000 tonnum af úthafsrækju, en ráðuneytið eða ráðherra reikna með að heimila 36 000 tonna veiði. Þetta er verulega fram yfir það sem fiskifræðingar leggja til. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það hér og nú hvort hér sé gengið of langt eða ekki, en það kemur mjög illa við þá sem byggja á þessari veiði. Ég tel líka að það sem vanti inn í þetta frv. sé að taka tillit til þeirra sem byggt hafa upp fyrst og fremst þessa veiði og þessa vinnslu. Fyrst var þetta, og lengi vel, innfjarðaveiði sem hefur verið tröppugangur á. Hún hefur stundum verulega dregist saman, náð sér aftur eftir þeim fáu svæðum sem hún hefur verið stunduð á. Verksmiðjurnar fóru út í að kaupa úthafsrækju af Sovétmönnum og unnu hana í nokkur ár á meðan var verið að þróa úthafsveiðina hjá okkur Íslendingum. Þar hafa þessir aðilar farið í fjárfestingu upp á hundruð milljóna og sumir staðir byggja að verulegu leyti lífsafkomu fólksins á því. Því held ég að þegar tekin er upp slíkt skömmtunarfyrirkomulag beri að taka tillit til þess sem þar hefur gerst alveg eins og gert hefur verið frá upphafi varðandi innfjarðarækjuna.

Ég bendi á að 1975 voru samþykkt á Alþingi lög um samræmingu vinnslu og veiða. Tilgangur þeirra laga var fyrst og fremst og í raun og veru eingöngu sá að koma í veg fyrir að rækjuverksmiðjum fjölgaði þannig að þær hefðu eitthvað til að vinna úr. Þá var um að ræða afla sem var ákvörðun stjórnvalda hverju sinni, hversu mikill mætti vera. En síðan hefur það gerst að rækjuvinnslustöðvum hefur verulega fjölgað, einkum á síðustu fjórum árum, sem ég tel vera mjög miður að hafi gerst því að við þurfum að miða við og starfa eftir gildandi lögum. Með þessu er ég auðvitað að gagnrýna hæstv. sjútvrh. hvað þetta snertir.

Við getum alltaf deilt um á hvern hátt við eigum að skipta þessum afla á milli togara og milli báta, á milli landshluta. Ég vil benda hv. 5. þm. Reykn. á að það er afar mismunandi hvernig afli er og hvað menn hafa veitt á undanförnum árum. Í þeim lögum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða hafa verið ákveðin viðmiðunarár. Úti fyrir Vestfjörðum eru fengsæl þorskveiðimið og þeir togarar sem þar eiga heima hafa verið með jafnvel 75–85% af afla sínum í þorski, en hér syðra hefur þetta verið miklu minna, meira sótt í karfa og ufsa. Þegar svokölluð norður-suður lína var sett minnkaði veiði, sérstaklega vestfirsku togaranna, því að þorskafli bæði Austfirðinga og Norðlendinga var mun minni fyrir og þess vegna kom lækkunin fyrst og fremst við Vestfirðinga.

Ég get ekki skilið að þeir sem aldrei hafa náð vissu aflamarki á meðan engin takmörkun var á veiðum eigi að fara yfir það sem þeir höfðu á kostnað hinna sem sótt hafa þennan afla. Á að taka upp nýtt fyrirkomulag þannig að Vestfirðingar og Norðlendingar komi suður til að fiska karfa og flytji hann svo aftur til Vestfjarða og Norðurlands og austur, en Sunnlendingarnir fari í ríkara mæli vestur og flytji aflann aftur suður en fiski ekki hér út af? Ég hélt að þetta væri ekki hagræðing sem menn hafa verið mikið að tala um og nauðsynlegt er að gera.

Eitt af því sem gerir að verkum að ég er mjög andvígur frv. eins og það er núna er gildistími frv. Í mínum flokki var samhljóða álit að það mætti alls ekki fara yfir tvö ár gildistími frv. og við vorum þó nokkrir sem vildum ekki hafa hann nema eitt ár. En við töldum að það væri rétt að gagna til samkomulags um tvö ár. Það er þannig að við erum að tala um að reyna að hverfa frá miðstýringunni, hverfa frá þessum höftum á hvern einstakling, en það verður með þeim hætti að það er alltaf verið að auka þau og í staðinn fyrir að samþykkja tvö ár er núna gengið inn á það af flokkssystkinum mínum í Ed. að lögin gildi í þrjú ár. Sjútvrh. er alltaf að vinna sigur, sigur eftir sigur, og fá meiru framfylgt af sínu. Hann setur

markið hátt. Hann er einlægur kvótamaður og mikill skömmtunarstjóri eins og allir vita. Þó að margt hafi verið gott í samskiptum okkar á milli og ég meti hann á margan hátt mikils ber þar mjög mikið á milli í skoðunum okkar.

Ég tel að frv. þurfi að vera manneskjulegra en það er. Það verður að taka tillit til manna sem stunda þessa atvinnugrein. Við verðum að taka tillit til þess að smábátaeigendum var gefið allvíðtækt frelsi með þessari löggjöf. Þegar ótal bönn og takmarkanir hafa verið á öðrum hefur verið gripið til þess ráðs að fjölga skipum undir 10 tonnum og það mjög mikið og alvarlega mikið að mínum dómi. Mér finnst ekki vera hægt að koma í bakið á þeim mönnum með því að setja svo harðar og ákveðnar takmarkanir, eins og gert er, og sömuleiðis á þeim mönnum sem þessar veiðar hafa stundað að undanförnu. Ég tel að það sé fullkomin ástæða til að taka miklu meira tillit til þeirra en gert er í frv. eins og það kemur frá Ed.

Ég ætla ekki að halda uppi langri ræðu eða málþófi. Það kemur í ljós þegar málið kemur til nefndar hvernig til tekst og ég mun reyna eins og ég get að hraða afgreiðslu þessa máls, en ég er sannfærður um að það tekst ekki að afgreiða á þeim tveimur dögum sem eftir eru þannig að þetta frv. verði að lögum þó að það spari töluverða vinnu sem unnið var sameiginlega í nefndum beggja þingdeilda, en það var ekki nema að takmörkuðu leyti.

Ég skal ekki á þessu stigi fara frekar út í efni frv., en mun ræða þau við nefndarmenn í Nd. Ég vænti þess allra hluta vegna að einhver lausn fáist á því að breyta frv. til meira frjálsræðis en nú er og ná þannig frekar saman á Alþingi. Ég legg ekki höfuðáherslu á að stjórnarlið setji löggjöf eitt út af fyrir sig í jafnmikilvægu máli og nýting fiskimiðanna umhverfis Ísland er. Við þurfum líka að halda á skilningi þeirra sem stjórnarandstöðu skipa. Og ég treysti því að bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar láti ekki pólitískt karp ráða skoðunum sínum í þessum efnum því að þetta mál er svo stórt og mikið að það er hafið yfir allt pólitískt karp og flokka.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru þrjár og hálf klukkustund síðan þetta mál var tekið til umræðu. Sex eru búnir að tala og fjórir af þeim styðja hæstv. ríkisstjórn. Það er um að ræða stjfrv. sem fær þessar viðtökur í hv. deild.

Það hlýtur að vera umhugsunar vert hvernig þessi mál standa. Ég get vissulega tekið undir síðustu orð síðasta hv. ræðumanns og raunar margt annað sem kom fram í hans máli þó að við séum ekki alla jafnan sammála, a.m.k. var það hér á fyrri árum, en svona geta hlutirnir breyst. Sjálfsagt hafa skoðanir beggja breyst á liðnum árum.

Ef ég hef skilið hæstv. sjútvrh. rétt kom fram í hans máli, að ég tel, að hann væri að boða hv. deild að hann væri til viðræðu um breytingar á 10. gr. frekar en hún er orðin. Hafi ég skilið hæstv. ráðherra rétt var galli á hans máli að ekki kom fram hverju hann væri tilbúinn að breyta í þessari grein. Ég held að ef þetta er réttur skilningur hjá mér mundi það hafa stillt ræður ýmissa ef það hefði komið betur fram í máli hans.

Það er margt sem ég hef velt fyrir mér í sambandi við þetta mikilvæga mál síðan hæstv. ráðherra lét mig hafa frv. eins og það var til umfjöllunar fyrir aðila í sjávarútvegi. Það eru margar spurningar sem hljóta að koma upp í hugann þegar slíkt mál er til umfjöllunar. Hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, 5. þm. Norðurl. v., taldi að það væri 25 sinnum í frv. sem hæstv. sjútvrh. er nefndur, en ég komst að þeirri niðurstöðu, hvort sem hún er alveg rétt eða ekki, að ef maður tæki með þar sem stendur sjútvrn. eða sjútvrh. væri það a.m.k. 29 sinnum nefnt. Mér skilst þess vegna að það ætti að vera hægt að stytta þetta frv. nokkuð mikið þar sem það er í raun og veru allt í valdi ráðherra eða ráðuneytis hvernig á þessum málum er haldið því að það eru heimildir til að breyta þessu sitt á hvað í flestöllum greinunum. Ég held að það séu 2–3 þar sem það er ekki tekið fram að það eigi að gera hitt og þetta með reglugerð eða ýmsum ákvörðunum.

Ég man ekki til þess að það sé nokkurt frv., sem ég hef lesið eða fjallað um í þau rúm 20 ár sem ég hef verið hér, sem er gert með þessum hætti, og hafi mér ekki missýnst er um það bil 50% aukning á heimildum skv. þeim lögum sem nú eru að falla úr gildi. Þetta er í sjálfu sér umhugsunarvert atriði.

Það sem mér er þó fyrst og fremst í huga er 10. gr. Það er af mörgum ástæðum. Það er t.d. um viðmiðunarárin. Það er vegna þess að fiskigengd á grunnslóð er mjög misjöfn frá ári til árs. Ef ég tek þann landshluta sem ég þekki best var mjög lítið um fiskigöngu nú fyrir Norðurlandi. Hún kom aldrei t.d. inn á Eyjafjörð. Ég man ekki til eins mikils fiskileysis við Eyjafjörð og var á þessu ári.

Annað sem er í mínum huga er það að margir af trillumönnum, sem gera út þessa litlu báta, hafa haft verulegar tekjur af grásleppuveiðum. Nú horfir mjög illa um slíkt. Það þarf að taka tillit til þess einnig.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi ekki verið athugað um þá sem höfðu verulegar tekjur undanfarið ár af hrefnuveiðum og fengið jafnvel ádrátt hjá ráðuneytinu og ráðherra að þeirra sögn um að þeir mundu fá að veiða eitthvað á þessu og jafnvel síðasta ári en hefur ekki að þeirra sögn verið tekið tillit til þess í sambandi við botnfiskveiðar þessara báta. Þetta þarf að hafa líka í huga þó að þetta séu fáir menn. Þeir eru nógu margir til þess að það þarf að taka tillit til þeirra að mínu mati.

Ég mundi í fullri vinsemd vilja benda hæstv. ráðherra á að með því að breyta 10. gr. held ég að það sé hægt að ná sáttum í þessu máli. Ég væri ánægðastur með að hún væri eins og 9. gr. er í þeim lögum sem nú gilda að því undanteknu að ég held að það hafi verið mikil mistök um báta yfir 6 og 10 tonn að ekki skyldi hafa verið takmarkað hve mikið mætti fjölga þeim, en eins og orðið hefur á sl. árum er sú

fjölgun mikil. Það eru held ég mistök. En þetta mál þarf að athuga og ég vil ekki trúa öðru en það væri hægt að ná sáttum í þessu máli ef hæstv. ráðherra leggur sig fram við það. Og þó að það séu ýmis önnur atriði sem ég hefði viljað hafa öðruvísi og jafnvel flestir þeir hv. þm. sem hér hafa talað hygg ég að 10. gr. muni vega þyngst í þessu máli.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að minnstur kostnaður við veiðar væri hjá trillunum. Ég held að það sé alveg ugglaust rétt. Fyrir einum tveimur, þremur árum, þegar ég var að athuga þessi mál, það hefur líklega verið fyrir rúmum tveimur árum, þegar þau lög sem nú eru að falla úr gildi voru í meðferð, var talið að um 70% af aflaverðmætinu færu til mannsins eða mannanna sem á þessum bátum voru. Þá var talið að það væri alveg öfugt með stóru skipin, stærstu skipin. Eitthvað hefur þetta kannski breyst síðan, en þetta eru tölur sem þýðir ekki að loka augunum fyrir, fyrir utan að þarna er stór hópur manna og heilar byggðir í mikilli hættu ef á að skerða þennan afla eins og ég skil frv. þó að það hafi tekið breytingum í Ed. Ég veit t.d. um báta sem hafa verið keyptir nýlega og mér er sagt að fjármagnskostnaðurinn sé með netum og öllu hálf fjórða milljón. Þá geta menn séð með þeim vöxtum sem eru í dag hvað þessir bátar þurfa að hafa til þess að það sé lífvænlegt að reka þá og engin leið að selja þessa báta að öllu óbreyttu.

Ég ætla ekki að tala lengi. Ég vil þó segja að það er margt umhugsunarvert í þessu sambandi. Eins og horfir t.d. um hrefnu- og hvalveiðar og jafnvel um fjölgun á selastofninum munu þessi dýr taka nokkuð stóran hlut af þeim fiski sem annars væri óhætt fyrir okkur að veiða. (**HG:** Ekki hvalurinn.) Jú, jafnvel hvalirnir. Eftir því sem mér er sagt er það dálítið. (**HG:** Það er vitleysa.) Ja, það kann að vera, en mér er sagt þetta. En ég hef séð úr hrefnumaga líklega um eða yfir 100 kíló, úr hrefnu sem var á milli 4 og 5 tonn. Ég hef séð líka að selurinn tekur verulegt magn. M.a.s. er fullyrt að hann taki lax. Og ég hef veitt silung sem var selbitinn. Það fer áreiðanlega ekki á milli mála.

Hv. 5. þm. Vestf. var að fagna hvernig 1. gr. í þessu frv. er, með leyfi forseta:

„Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Ég man ekki betur en í stjórnarsáttmálanum standi líka að það sé stefnt að því að lækka vexti — eða er það ekki, hv. þm.? En raunin er sú að þeir hafa dálítið hækkað. Á fimm mánaða tímabili hækkuðu vextirnir um 60% eða um 12% að meðaltali á mánuði. Það er ekki nóg að hafa markmið. Það þarf að fara eftir þeim. Og þó ég sé ekki að gefa það í skyn að frv. þetta sé eins slæmt og vaxtastefnan er áreiðanlega þörf á því og verða aldrei sættir um annað en breyta frv., a.m.k. 10. gr.

Forseti. Ég ætla að láta máli mínu lokið að sinni, en mun e.t.v. ræða þetta fyllra við 2. umr. ef ekki verður breyting á a.m.k. 10. gr.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu stærsta mál þjóðarinnar og það sem varðar íslensku þjóðina mest. Sá tími sem okkur er ætlaður til að afgreiða þennan málaflokk hér á Alþingi er skammur. Það hefði verið ástæða til þess að Alþingi Íslendinga hefði fengið að fjalla ítarlega um þennan málaflokk og ræða hann mjög gaumgæfilega. En það er lögð áhersla á að þetta verði afgreitt í flýti og sem mest eftir vilja hæstv. sjútvrh.

Allt frá útfærslu landhelginnar 1975 í 200 mílur og með endanlegum yfirráðum okkar yfir fiskistofnum, auðlindum okkar í hafinu umhverfis landið hafa átt sér stað jákvæðir hlutir, en þó einnig óæskilegir. Það góða er að við höfum einir yfirráð og stjórn á fiskveiðum umhverfis landið. Þetta hefur orðið til þess að við búum nú við mesta góðæri í sögu landsins. Hin efnahagslegi ávinningur af yfirráðum okkar yfir fiskveiðunum er svo mikill að nú erum við með þjóðartekjur sem eru meðal hinna hæstu er þekkjast á vesturhveli jarðar. Það er hins vegar vandamál að fara svo vel sé með þann þjóðarauð sem hafið er okkur Íslendingum. Meginhluti þessa vanda er að við tryggjum ávallt að fiskistofnar séu verndaðir en um leið hámarksveiðar. Það er því ljóst að halda verður áfram með takmarkanir á aflamarki en ekki hvað síst með í huga að bylting hefur átt sér stað í fiskveiðum hin síðustu ár svo nánast er hægt að finna og veiða hvaðeina sem óskað er.

Undanfarin ár hefur verið hamlað gegn ofveiði með svokölluðu kvótakerfi. Þetta kerfi í núverandi mynd hefur gengið sér til húðar. Þar kemur ýmislegt til. Í fyrsta lagi var aldrei ætlunin að ákveðnir aðilar ættu alla fiska sjávar, öll auðæfi sjávar þjóðarinnar, og skiptu þeim á milli sín. Þessi auðæfi eru sameign allra landsmanna og þeir eiga að njóta þess. Í annan stað er núverandi fyrirkomulag siglt í strand vegna spillingar, fáránleika og heimsku sem þetta leiðir af sér. Í þriðja lagi hefur þetta leitt af sér óeðlilega breytingu á rekstri fyrirtækja í fiskverkun og veiðum eftir landshlutum og byggðarlögum. Samkeppni, framsýni, áræði og vilji til að vera fremstur meðal jafningja hefur verið drepið í dróma með gamla skömmtunarkerfinu þar sem aðilum er stundum hyglað eftir möguleika á atkvæðaöflun.

Þá er það fyrst atriðið, sem ég ræddi um, hvernig eignarhaldi á nytjum sjávarfangs er varið eða ætti að vera varið. Hver á fiskinn? Hver á þær lífverur sem við veiðum í hafinu kringum landið? Samkvæmt núverandi kerfi hafa þeir sem áttu skip þegar þetta fyrirkomulag var sett á laggirnar eignast fiskinn í sjónum að stórum hluta. Hvað þýðir það að einhver á kvóta? Jú, samkvæmt nýjustu upplýsingum um sölu á skipum geta menn selt hvert tonn af kvóta á töluvert háar upphæðir umfram dýrleika skipsins. Þetta eru staðreyndir sem verður ekki gengið fram hjá.

Við umræður um þetta mál og yfirlestur á því frv.

sem hér hefur verið lagt fram hafa komið í huga mér hugmyndir Vilmundar heitins Gylfasonar varðandi þingnefndir og ýmsa þá stjórnarfarsbreytingu sem hann hafði í huga. Ég held að margt af því sem hann sagði hafi verið rétt.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér, en ég vil minna á að sagan af þessu fyrirkomulagi er löng. Það voru margir menn sem stóðu að því að koma á 200 mílna landhelgi sem var sett á í mörgum þrepum eins og við vitum. Ég vil vitna í grein sem dr. Gunnar Thoroddsen heitinn skrifaði í Morgunblaðið sunnudaginn 2. sept. 1973, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Utan núgildandi 50 mílna marka eru mikilvæg fiskimið. Þar eru ýmsir nytjafiskar, bæði uppsjávarfiskar og djúpfiskar. Sumir þessara fiskistofna eru í bráðri hættu og mörg dæmi eru því miður um stórkostlaga ofveiði af hálfu erlendra fiskiflota á hafsvæðum á milli 50 og 200 mílna. Þessi ógn, sem yfir vofir, knýr okkur til aðgerða. Lífshagsmunir þjóðarinnar veita okkur rétt til þess. En það er einnig skylda okkar gagnvart framtíð íslensku þjóðarinnar. Og hverjum stendur það nær en strandríkinu, sem að öllum réttum rökum á þessi mið, að reyna að hindra rányrkju skammsýnna stórþjóða og gera það áður en það er um seinan?"

Þetta er meginmarkmiðið í fiskveiðistefnu okkar, að þegar við náðum yfirráðum yfir hafsvæðinu í kringum landið var það fyrst til að hindra rányrkju skammsýnna stórþjóða, síðan til að hindra rányrkju okkar sjálfra og nýta fiskinn sem best. Það fer ekki milli mála að það er meginmarkmiðið. En ef við lítum á það fyrirkomulag sem fyrst var tekið upp og það fyrirkomulag sem er núna sjáum við að þessi markmið hafa ekki náðst með núverandi fyrirkomulagi. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir hámarksafla af botnfiski og öðrum fisktegundum, en það hefur ekki skilað í raun því sem til stóð frekar en eldra fyrirkomulagið sem við bjuggum við þannig að núverandi fyrirkomulag hefur enga kosti fram yfir það fyrirkomulag sem við höfðum áður en núverandi lög voru sett. Það hefur ekki skilað neinu í heildaraflamagni, í heildarfriðun og heildarstýringu frekar en eldra kerfið nema það eru margir vankantar á núverandi kerfi.

Það er í fyrsta lagi að endurnýjun skipa er komin í sjálfheldu. Helst er það að menn taki gömul skip og geri þau upp og byggi í rauninni alveg ný skip úr þeim í staðinn fyrir að það þyrfti að verða endurnýjun á skipaflotanum, eðlileg endurnýjun. Þar að auki hefur það orðið nú upp á síðkastið að við endurnýjun og endurbyggingu skipa hefur aðbúnaði sjómanna verið ábótavant. Það hefur verið afturför varðandi þessi atriði. Það er farið að takmarka það rúm sem sjómönnum er ætlað um borð vegna þess að skipin eru höfð svo lítil að það er ekki pláss fyrir sjómennina.

Þá er það kaup og sala skipanna. Við höfum séð að söluverð skipa, eins og ég kom réttilega inn á áðan, hefur verið langt umfram það sem raunvirði skipanna er þannig að menn hafa verið að kaupa og selja skip á allt öðru verði en raunvirði þeirra er. Þetta er ekki þjóðhagslega hagkvæmt. Þá er núverandi kerfi þannig uppbyggt að okkar gamla stolt er úr sögunni, aflamennirnir sem börðust um fiskinn. Það var stolt allra að við áttum aflakónga. Nú er ekki miðað að því. Það skiptir ekki máli lengur því nú er allt njörvað niður og aflakóngarnir, sem voru mikið fréttaefni fyrr á árum, eru ekki lengur til. Þessi eiginleiki, sem er misjafn og ekki öllum gefinn, að veiða fisk, er drepinn í dróma. Síðan er það, og ekki hvað minnst, að það er ekki litið á tilkostnað við veiðarnar. Það liggur ljóst fyrir að minnsti tilkostnaðurinn er á smábátunum. Því er þjóðhagslega hagkvæmt að reka þessa báta og útgerðir þeirra. Nú á að setja bönd kvótans yfir á þessi hagkvæmu atvinnutæki.

Þau forréttindi sem kvótakerfið hefur skapað eru einstæð. Nú er að myndast ný stétt, svokallaðir „kvótaeigendur", sumir hafa kallað þá „sjávargreifa" eða öðrum slíkum nöfnum, sem á fiskinn í sjónum. Menn geta erft fiskinn í sjónum ef menn hafa átt skip á réttum tíma. Hagkvæmni og afrakstur eru ekki lengur aðalmarkmið í útgerð.

Ég minnist þess að þegar við færðum út í 200 mílurnar reit ég grein í Morgunblaðið, sunnudaginn 18. ágúst 1974. Þá sagði ég m.a.: „Það er mikill ábyrgðarhluti að öðlast einir yfirráð þeirra hafsvæða sem tilheyra Íslandi. Það er ekki nægilegt að fá ráðin yfir þessum auðugu fiskimiðum heldur verður einnig að varðveita þau og bæta. Við verðum að skipuleggja veiðar allt í kringum landið í samræmi við stærð fiskistofnanna. Kaup fiskiskipa og endurnýjun flotans verða að haldast í hendur við raunhæfa nýtingu fiskistofnanna. Sú happa- og glappaaðferð, sem ráðið hefur hingað til að mestu leyti, verður að víkja fyrir markvissum vinnubrögðum. Í dag stöndum við á tímamótum. Dugnaður og elja Íslendinga í sjávarútvegsmálum hefur skipað þeim í fremstu röð. En við verðum að horfast í augu við breytta tíma næstu áratugina og byggja sjávarútveginn upp með hliðsjón af þessu. Þegar það er haft í huga að fiskistofnarnir fara minnkandi og sú hætta vofir yfir að ofveiði geri út af við fiskisæld hér við land er ekki vonum seinna að tekið verði til óspilltra málanna og tilraunir hafnar til að auka fiskistofna með hjálp manna. Ef mið er tekið af árangri við fiskirækt og fiskeldi í ferskvatni er ekki fráleitt að álíta að svipaður árangur geti náðst í framtíðinni í sjónum."

Því vitna ég í þessa grein mína hér, sem að vísu fjallaði meira um 200 mílurnar sem slíkar, að ég held að í þessum stutta kafla komi einmitt fram þau vandamál og það sem þurfti einmitt að leysa nú.

Það er ekki út í hött að það er barist um kvótana. Það er ekki aðeins að hér er um mikil verðmæti að ræða heldur mestu verðmæti þjóðarinnar sem um getur.

Ég held að þegar við lítum á hlutverk sjómannastéttarinnar sé hlutur hennar ekki mikill í þessu fyrirkomulagi. Ég minnist þess að Guðmundur

Kjærnested skipherra skrifaði í 5. tölublað Víkings 1974 og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Nú fara í hönd alþingiskosningar og ekki er þar margur sjómaðurinn í vonarsæti. Þeir hafa víst ekkert á þing að gera. Þar nægir að hafa lögfræðinga og kennara til þess að ákvarða landhelgina og bændur og leikara til þess að ákveða hvar má fiska í landhelginni. Þar eru ekki höfð í ráðum samtök sjómanna. Það eru aðrir spekingar sem þar vita betur."

Ég held að að sumu leyti eigi þetta vel við hér. Raunverulega eru sjómenn, þeir sem vinna hörðum höndum og hafa dregið afla að landi, ekki hafðir með í ráðum. Það er gengið fram hjá þeim. Sérstaklega á þetta við smábátana. Ég held að þessi orð eigi vel rétt á sér í dag.

Í Morgunblaðinu, 4. nóvember núna í haust, var skrifuð merkileg forustugrein. Hún fjallaði að sjálfsögðu um þetta svokallaða kvótafrv. Eftirfarandi stendur þar, með leyfi hæstv. forseta:

Fyrirsögnin er svohljóðandi: „Fylgikvillar í haftabúskap."

„Nýlega urðu umræður utan dagskrár á Alþingi vegna þess að Útgerðarfélag Akureyringa hefur keypt togarann Dagstjörnuna frá Suðurnesjum. Hefði þar með sjöundi togarinn verið seldur af þessu svæði. Í umræðum um málið kom fram að útgerð á Suðurnesjum ætti ekki síst undir högg að sækja vegna kvótareglnanna svonefndu, þ.e. þeirra reglna sem gilda um skiptingu afla á milli einstakra fiskiskipa og þar með landshluta.

Á þingi Verkamannasambandsins í síðustu viku vakti Þröstur Ólafsson, fulltrúi sambandsins í ráðgjafarnefnd um stjórnun fiskveiða, máls á sölu þessa sama togara og sagði m.a.:

„Ég hef heyrt að kaupverð á togaranum Dagstjörnunni hafi verið um 180 millj. kr. Glöggir menn telja að gangverð á svona skipi án kvóta sé um 50 millj. kr. Vátryggingarverð er um 80 millj. og það er venjulega allt of hátt. Kvóti skipsins, 2700 tonn, er því seldur á um 130 millj. kr., 50 þús. kr. tonnið og 50 kr. kg. Kvótinn verður reyndar notaður áfram til fjögurra ára verði það samþykkt á Alþingi og þá kostar hvert kg af fiski a.m.k. 12,50 kr."

Þessar umræður um sölu á Dagstjörnunni eru hér rifjaðar upp til að varpa ljósi á eina hlið fiskveiðistefnunnar. Mótun þessarar stefnu fyrir næstu árin er nú í deiglunni. Fjölmenn ráðgjafarnefnd hefur haldið fundi undanfarnar vikur. Á döfinni eru þing Landssambands ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandsins og formannaráðstefna Sjómannasambands Íslands auk fiskiþings. Þarna eru komnir saman fulltrúar þeirra sem standa fiskveiðistefnunni næst, ef þannig má orða það, auk fiskvinnslunnar.

Undirbúningur stefnumótunar er að verulegu leyti í höndum þessara aðila, en að lokum er það Alþingi sem tekur af skarið. Er mikið í húfi því að hér er ekki verið að fjalla um neina einkaeign þeirra sem sækja sjóinn eða vinna verðmæti úr aflanum, heldur sameign þjóðarinnar allrar, sjálfa undirstöðu þjóðarbúskaparins.

Ef þær tölur sem koma fram í ræðu Þrastar Ólafssonar og vitnað var til hér að ofan eru réttar, þá hafa fiskveiðistefnan og kvótareglurnar haft svipuð áhrif og innflutningshöft fyrir fjórum áratugum eða svo. Þá þurftu menn að leita til viðskiptanefndar og fjárhagsráðs ef þeir vildu fá erlendan gjaldeyri eða flytja inn varning frá útlöndum. Þá var svartur markaður með gjaldeyri hluti af hinu daglega lífi í landinu og vörur sem leyfi fékkst fyrir voru seldar á uppsprengdu verði af því að menn borguðu svo og svo mikið fyrir leyfið. Sagt var að jeppar sem kostuðu 20 þús. kr. væru seldir á 70 þús. kr. vegna þess hve leyfið sjálft var verðmætt í augum þeirra sem vildu eignast jeppa.

Efnahagssaga áranna 1930–1960 ætti að vera mörgum þeirra sem vinna að því að móta fiskveiðistefnuna í minni. Af eigin raun kynntust útgerðarmenn, sjómenn og fiskverkendur því hve fylgikvillar haftakerfisins voru alvarlegir. Ekki er nóg með það. Reynslan sýndi einnig að höft höfðu alls ekki þau áhrif sem stefnt var að með þeim. Atvinnulífið var drepið í dróma, opinber ofstjórn var óskilvirk og menn beittu öllum ráðum til að fara í kringum kerfið. Ættu þm. að huga að þessum kafla í sögu Alþingis og líta á tíðar umræður innan veggja þess um höftin og hindranir þegar þeir huga að opinberum afskiptum af fiskveiðum. Sagan sýnir að þeir sem voru andvígir höftum létu sig hafa það að kyngja þeim í þeirri trú að þeir væru að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Enginn stjórnmálaflokkur var sannfærðari um gildi opinberrar íhlutunar í málefnum atvinnu og verslunar en Framsfl. þótt ekki vildi hann þjóðnýtingu eins og Alþfl. og kommúnistar. Í skjóli þessa kerfis náði SÍS öruggri fótfestu.

Allir eru á einu máli um nauðsyn þess að hafa stjórn á sókn í takmörkuð auðæfi sjávar. Í þeirri viðleitni mega menn ekki horfa fram hjá fylgikvillunum. Þeir geta ekki síður orðið hættulegir en sá sjúkdómur sem ætlunin er að uppræta."

Ég held að þessi leiðari eigi afskaplega vel við um þetta frv. Við í Borgarafl. höfum flutt brtt. við þetta frv. þótt við séum andvígir því í megindráttum vegna þess að við teljum að það þjóni ekki þeim hagsmunum, þeim markmiðum sem við setjum okkur við fiskveiðar.

Við höfum og munum leggja fram brtt. við þetta frv. sem eru samhljóða þeirri brtt. sem við fluttum í Ed.

Það er í fyrsta lagi það að við gerum þá brtt. við þetta frv. og óskum eftir því að það breytist að óheimilt sé að skipta landinu í veiðisvæði og stuðla að misrétti milli landshluta. Ég vil þó segja um þessar breytingar í heild að við flytjum þær brtt. sem við teljum að geti náð fram hér og séu raunhæfar þó að við vildum allt aðra stjórn á þessum fiskveiðum.

Þá komum við að nýrri grein sem við leggjum hér fram og er um það að sérstök framkvæmdanefnd fari

með stjórn fiskveiða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningum til eins árs í Sþ. eftir gildistöku laga þessara. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Formaður nefndarinnar boðar hana til fundar í samráði við sjútvrh. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna.

Verkefni framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða eru að gera tillögur til sjútvrh. um reglugerðir um framkvæmd laga þessara, að fjalla um leyfi, heimildir og undanþágur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gera tillögur í þeim efnum til ráðherra. Að fjalla um álita- og ágreiningsmál, sem ekki falla undir fiskveiðidóm varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og að gera tillögur til ráðherra um úrvinnslu þeirra.

Ég held að við séum hér komin að mjög mikilvægum punkti í þessu máli. Hér er verið að færa valdið frá Alþingi, valdið frá dómstólunum undir framkvæmdarvaldið.

Það þótti, þegar lögin 1976 voru samþykkt, á mörkunum að þau stæðust samkvæmt stjórnarskrá Íslands. Þessi lög hér standast alls ekki þau meginmarkmið sem eru í okkar stjórnarskrá og ákvæði um þrískiptingu ríkisvaldsins í framkvæmdar-, löggjafar- og dómsvald. Í þessum lögum er aðeins eitt vald, þ.e. vald ráðherrans, vald ráðherra og ráðuneytis. Og eins og hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes komst að orði í sinni ræðu í Ed. hefði þetta frv. alveg eins getað hljómað svona:

1. gr. Ráðherra er einráður um stjórnun fiskveiða.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar maður er búinn að lesa allan þennan lagabálk liggur það ljóst fyrir að Alþingi ræður engu. Ráðherra ræður öllu. Þar að auki er dómsvaldið fært í hendur ráðherra, þannig að hann starfar sem dómstóll, framkvæmdarvald og löggjafarvald. Þetta frv. hér er raunverulega málamyndafrv. Það skiptir engu máli hvað stendur í því því að ráðherra er einvaldur um það sem í því stendur. Meginmálið er að Alþingi er hér valdalaust og það skiptir engu máli hvað við samþykkjum hér miðað við það frv. sem hér liggur fyrir vegna þess að ráðherra er einráður. Hann getur gert hvað sem er. Hann getur búið til reglugerðir eins og honum sýnist um hvað sem er og það skiptir engu máli í rauninni hvað við samþykkjum hér. Við stöndum hér á tímamótum í sölum Alþingis. Við stöndum á þeim tímamótum að við erum að taka afstöðu til þess hvort það er Alþingi sem setur lögin eða hvort það er ráðherra. Ef það er ráðherra þurfum við ekki Alþingi. Þetta er kjarnaatriði í okkar stjórnskipun. Stjórnarskráin kveður skýrt á um þetta og ég tel að þetta frv. jaðri við stjórnarskrárbrot. Það er farið algjörlega á skjön við okkar meginhugmyndir um lýðræði.

Þá vil ég koma að því sem við höfum lagt fram í brtt. Við leggjum til að réttur smábáta, 9. gr. sem var í gamla frv., verði óbreyttur. Það er alveg ljóst að smábátarnir eru ekki það afl að þeir ofveiði fiskinn. Ég mun vitna hér í bréf sem Hafrannsóknastofnunin hefur sent Landssambandi smábátaeigenda varðandi fyrirspurnir þess félags. Og það er dálítið athyglisvert bréf um margar sakir. Ég vil með leyfi forseta lesa hér úr því, en þar segir m.a.:

„Varðandi fyrirspurn ykkar um fiskifræðileg rök er liggja að baki aflatillögum Hafrannsóknastofnunar skal eftirfarandi tekið fram:

Fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar til stjórnvalda miðast við það að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins. Til þess að svo megi verða gerir Hafrannsóknastofnunin tillögur um aflahámark sem dregur úr eða kemur í veg fyrir ofveiði á viðkomandi tegund. Hugtakið ofveiði hefur í daglegu tali þrenns konar merkingu.

1. Ofveiði sem skerðir nýliðun, þ.e. að svo hratt er sótt í fiskstofn að hann nær ekki að endurnýjast eðlilega. Slík ofveiði leiðir fyrr eða síðar til viðkomubrests og hruns viðkomandi stofns. Nærtækt dæmi: Íslenska vorgotssíldin sem aldrei hefur náð sér eftir hrun seint á 7. áratug.

2. Ofveiði sem dregur úr nýtingu. Slík ofveiði getur verið með tvennum hætti.

Í fyrsta lagi þegar of hratt er sótt í stofninn í heild, þannig að vegna mikils sóknarþunga næst ekki hámarksafrakstur á nýliða. M.ö.o., fiskveiðidánarstuðlar í stofninum eru of háir til þess að einstaklingar nái þeim vexti sem gefur hámarksafrakstur.

Í öðru lagi þegar svo hratt er sótt að hlutfallsleg sókn í smáfisk er það mikil að einstaklingarnir í stofninum ná ekki að vaxa og afraksturinn því minni en ella.

Í þriðja lagi, hagræn ofveiði. Þegar sókn í fiskstofn er meiri en sú sem gefur hámarksarð. Hagræn ofveiði er oftast til staðar áður en líffræðileg ofveiði segir til sín. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar varðandi þorskstofninn beinist fyrst og fremst að því að sporna gegn þeirri ofveiði sem dregur úr nýtingu hans. Til þess að bæta nýtingu stofnsins hefur Hafrannsóknastofnunin lagt áherslu á að dregið sé úr smáfiskadrápi með öllum tiltækum ráðum. Í þessu skyni hefur möskvi verið stækkaður í botnvörpupoka í 155 mm, komið hefur verið á friðuðum svæðum þar sem reynslan hefur sýnt að smáfiskur heldur sig jafnan. Enn fremur hefur verið gripið til skyndilokana þegar hlutur smáfisksins í afla hefur farið yfir svonefnd viðmiðunarmörk.

Nokkur árangur hefur náðst við að vernda smáfiska, en hin allra síðustu ár hefur sókn í smáfiska þó aukist á ný. Hægt hefur miðað að draga úr sókn í heild þar sem fiskveiðidánarstuðlar í þorskstofninum eru enn langt umfram æskilegt mark sem þarf til þess að stofninn gefi af sér hámarksafrakstur. Þess vegna hefur Hafrannsóknastofnunin árum saman lagt til ákveðinn hámarksafla sem miðar að því að draga úr þessari umframsókn í þorskinn. Tillögur um hámarksafla hafa tekið mið af því að nýta stærð þeirra árganga sem eru að koma inn í veiðistofninn á

þann hátt að stofninn vaxi á næstu árum eða m.ö.o. að minna sé veitt úr stofninum en sem nemur árlegri endurnýjun hans.

Þegar litið er á sókn, veiðidánartölu, í þorskstofninn undanfarna þrjá áratugi er mjög áberandi að þrátt fyrir að nýliðun hafi verið svipuð undanfarna áratugi hefur afli ekkert aukist þótt sókn hafi tvöfaldast á þessu tímabili. Hins vegar hefur veiðistofn rýrnað allverulega á sama tíma. Minnstur varð hann um 800 þús. tonn árið 1983 en á árunum fyrir 1960 var veiðistofninn milljón lestum stærri. Stofninn hefur aftur farið vaxandi nú allra síðustu árin, fyrst og fremst vegna þess að tveir stórir árgangar frá árunum 1983 og 1984 eru nú að koma inn í veiðistofninn. En þegar þeirra nýtur ekki lengur við og lakari árgangar frá árunum 1986 og 1987 bætast í veiðistofninn mun stofninn minnka aftur ef veiðar verða ekki takmarkaðar.

Sú ráðgjöf sem Hafrannsóknastofnun hefur veitt nýlega miðar að því að nýta þessa tvo stóru árganga til endurreisnar stofnsins á þann veg að spornað verði við því að stofninn minnki á ný er fram í sækir. Meginrökin fyrir stækkun þorskstofnins eru þau að þegar stofninn er stór eru í honum fleiri árgangar en þegar stofninn er lítill. Veiði á stórum stofni byggist því á fleiri árgöngum. Misfarist klak eitt árið verður minni sveifla niður á við í aflabrögðum en þegar veiði byggist á litlum stofni. Með stækkun þorskstofnsins er því fyrst og fremst verið að tryggja að aflasveiflur minnki frá ári til árs. Þótt ekki hafi fundist samband á milli stærða hrygningarstofnsins og fjölda nýliða er ljóst að með stærri stofni mun hrygning ná víðar í tíma og rúmi sem hugsanlega stuðlar að betri nýliðun. Þá mun meiri afli á sóknareiningu fást úr stórum stofni en litlum og stuðlar því stærri stofn einnig að hagkvæmari veiðum. Enn fremur er markmiðið að nýta stofninn í samræmi við fæðuframboð hverju sinni svo og í samræmi við gagnvirkni stofna í hafinu umhverfis landið og er unnið að rannsóknum á því sviði. Og nú kemur niðurstaðan.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt að framan fylgja svör við spurningum mínum:

1. Er jákvætt jafnvægi milli stofnstærðar og nýliðunar?

Svar: Ekki hefur fundist beint samband milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar. Ekki er heldur vitað hve hrygningarstofn þorsksins getur verið lítill án þess að viðkomu þorskstofnsins sé hætta búin. Víst er þó að einhvers staðar hljóta neðri mörkin að vera, a.m.k. yrði engin nýliðun án hrygningarstofns.

2.a. Er þorskstofninn svo illa á vegi staddur að það sé nauðsynlegt að grípa til róttækra takmarkana?

Svar: Íslenski þorskstofninn er ekki í hættu staddur að því er virðist. Hins vegar er mjög lítið af eldri fiski í stofninum, þ.e. fimm ára og eldri. Uppistaða hans er tveir árgangar sem nú eru að bætast í veiðistofninn, þ.e. árgangarnir frá 1983 og 1984. Ef ekkert er að gert til að draga úr veiði á þessum ungfiski er hætta á að árgangarnir nýtist illa vegna harðari sóknar einmitt þegar fiskurinn vex hvað hraðast. Þá telur Hafrannsóknastofnunin æskilegt að nýta þessa tvo árganga að nokkru leyti til að byggja stofninn upp svo að unnt verði að halda tiltölulega stöðugum afla enda þótt nýliðun versni hugsanlega á næstu árum.

b. Er Hafrannsóknastofnun þeirrar skoðunar að góðærið eitt sér ráði vexti fiska?

Svar: Það sem einkum ræður vexti fiska er fæðuframboð og sjávarhiti.

c. Eru fiskifræðingar ekkert hræddir við það að þorskurinn geti étið sig út á gaddinn?

Svar: Þorskstofninn er nú talinn vera rúm ein milljón tonna. Þetta er talsvert innan við helming þess sem hann var á sjötta áratugnum, ekki bara af því að hann æti sig út á gaddinn þá. Miðað við núverandi fæðuframboð og stærð stofnins er slíkt mjög ólíklegt.

3. Hvað er það sem réttlætir sóknartakmarkanir þegar sóknarafrakstursferillinn er slíkur?

Svar: Þegar afraksturinn á hvern nýliða er reiknaður, sbr. ýsulínuritið á bls. 13 í skýrslu okkar, er gert ráð fyrir viðteknu fiskveiðimynstri. Ef þetta fiskveiðimynstur breytist þannig að meira eða minna er veitt af smáýsu en þarna er gert ráð fyrir minnkar og eykst afraksturinn á nýliða. Nú er væntanlegur í veiðistofni ýsu mjög stór árgangur. Þær takmarkanir sem nú er lagt til að verði á ýsuveiðum beinast einkum að því að þessi árgangur nái út nokkrum þroska áður en hann er allur uppurinn. M.ö.o. til þess að ná sem bestri nýtingu úr þessum árgangi er nauðsynlegt að takmarka sóknina í hann meðan hann er enn í örum vexti."

Ég held að þetta sé mjög athyglisvert bréf og sýni svo að ekki verður um villst að það er langt frá því að okkar ágætu fiskifræðingar viti nákvæmlega hvað er að gerast. Það er líka ljóst að það verða ekki smábátarnir sem ofveiða fiskinn og ég hef ekki trú á því að þeir muni breyta miklu um þar.

Ég vil undirstrika það að við stöndum mjög fast við bakið á smábátaeigendum og höfum flutt og flytjum hér í deildinni við 2. umr. tillögu um það að 9. gr. sem núna er 10. gr. verði óbreytt frá fyrri lögum. Ég tel að reglur um smábáta eigi að fá að vera nánast óbreyttar. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Þetta er stórt mál, þetta varðar fjölda fólks og það er alvarlegt mál ef þessu verður breytt.

Þá er ég kominn að þeim hluta sem við gerum brtt. um. Við gerum ráð fyrir því að skipaður verði sérstakur dómstóll til að fjalla um brot gegn lögum þessum. Ég kom hér inn á áðan að það er áhyggjuefni að dómsvaldið skuli fært frá Alþingi, frá dómstólunum, þannig að dómsvaldið skuli vera í höndum ráðherra. Það væri vafalaust mikill léttir fyrir ráðherra og starfsmenn ráðuneytisins ef þeir þyrftu ekki að vera að fjalla um dómsmál. Eins og ég kom inn á fyrr í ræðu minni var þetta talið mikið álitamál þegar lögin voru samþykkt 1976 og núna tel ég að

það sé ekki nokkur vafi að þetta stangist á við stjórnarskrána. Í nýföllnum dómi Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins kom það mjög skýrt fram að dómsvaldið verður að vera sér. Það verður að vera þrískipting valdsins, í framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómsvald. Og ég er sannfærður um það að við munum fá annað mál sem rekið verður fyrir Mannréttindadómstólnum í Evrópu ef ekki verður tekið inn ákvæði um dómstól í þessum lögum og íslensk stjórnvöld munu tapa því máli og við munum setja niður í annað skipti því að við höfum ekki farið eftir þeim reglum og þeim lögum sem við höfum samþykkt hjá Evrópuráðinu.

Það er mjög stórt atriði að við höldum okkur innan þeirra marka sem stjórnarskrá okkar setur okkur um þrígreiningu valdsins. Það er mjög mikilvægt að við framfylgjum stjórnarskránni því að þrátt fyrir að hún sé stutt er hún góð að mínu mati og ef farið er eftir því sem stendur í henni þurfum við ekki að örvænta. Sú stefna sem rekin hefur verið undanfarin ár, að færa æ meiri vald undir framkvæmdarvaldshafana, er hins vegar ekki í anda stjórnarskrárinnar, er ekki í anda lýðræðisins. Þess vegna er mikilvægt að við höldum okkur við ákvæði stjórnarskrárinnar og látum dómarana um dómsvaldið, Alþingi um löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið um sinn þátt.

Hér í umræðum í kvöld hafa komið fram mörg ágæt sjónarmið og flest eru í þá veru að menn eru langt frá því að vera ánægðir með frv. sem liggur fyrir. Það er meginniðurstaðan. Það er því ámælisvert þegar reynt er að þvinga þetta stærsta hagsmunamál þjóðarinnar í gegnum Alþingi undir yfirskini tímapressu í orðsins fyllstu merkingu.

Í Tímanum 23. desember er forsíðufrétt og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnlaus veiði á miðunum í janúar. Svo getur farið verði frumvarp um fiskveiðistjórnun ekki samþykkt fyrir áramót. Sífellt fleiri alþýðuflokksmenn tvístígandi í afstöðu sinni til frumvarpsins.“ — Fréttin heldur áfram hér á innsíðu og þar er talað um að verði óheftar veiðar eða gripið til kyrrsetningar.

Það er áhyggjuefni að frv. skuli lagt fram svo skömmu fyrir áramót að það á að notfæra sér það til að knýja í gegn frv. nær óbreytt í nafni tímapressu. Það er mjög mikilvægt að í þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar fái Alþingi tíma til að ræða um það og komast að þeirri niðurstöðu sem er talin best á hverjum tíma. Ég tek undir orð þau sem hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, fyrrverandi sjútvrh., hafði hér fyrr í kvöld um þessi mál þar sem hann lýsti yfir því að það væri mikilvægt að það væri samstaða, ekki aðeins með stjórnarþingmönnum, heldur einnig með stjórnarandstöðu um þetta stærsta hagsmunamál.

Ég held að þegar við lítum á þetta mál sjáum við að það er ábyrgðarleysi ef ekki næst samstaða um þetta og það er ábyrgðarleysi af ríkisstjórn Íslands að ætla að knýja þetta frv. í gegn undir því yfirskini að við séum að falla á tíma. Það er ábyrgðarleysi ef á að knýja það, eins og það liggur fyrir, í gegn. Ég tel, eins og ég hef komið inn á áður að það að það skuli brjóta í bága við stjórnarskrá Íslands sé eitt hið stærsta mál sem við fjöllum um hér. Það er ekki ætlast til að allt valdið sé fært undir ráðherra eða ráðuneyti.

Ég hef töluvert farið í gegnum þetta frv. eins og ég kom inn á áðan og það er ekki þess efnis að a.m.k. við í Borgarafl. getum samþykkt það í þá veru. Ég tel mikilvægt að þegar sjútvn. Nd. fær þetta mál til umfjöllunar verði rætt um allar leiðir og alla þá þætti sem við teljum að séu mikilvægir því að þetta er stærsta og mesta hagsmunamál þjóðarinnar. Og það er ekki vansalaust að ætlast til þess að við hér á Alþingi afgreiðum þetta mál eins og þetta sé bara alls ekki neitt mál. Við eigum að afgreiða það í snarhasti aðeins vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki lagt frv. fram nægilega tímanlega hér á þingi og það hefur heldur ekki verið unnið með þeim hætti sem Alþingi er sæmandi. Ég tek líka undir það sem ég las áðan úr forustugrein Morgunblaðsins að Alþingi eigi að gefa sér þann tíma sem það þarf til að fjalla um þetta mál.

Ég hef undir höndunum töluvert mikið af gögnum sem ég gæti farið yfir, sem ég gæti rætt varðandi þetta mál hér í ræðustól en ég ætla ekki að gera það núna. Ég held að við verðum að staldra við. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að með þessu kerfi nú erum við að hverfa til miðalda. Við erum að hverfa aftur til þess tíma þegar örfáir menn réðu yfir þjóðum og verðmætum. Frv. stuðlar aðeins að meira óréttlæti og stuðlar að því að ákveðinn hópur eigi allan fiskinn í sjónum. Ég get ekki staðið að slíku frv. Ég tel það mikilvægt að við hverfum aftur til þess tíma þegar meira frelsi var í þessu. Við höfum séð það í fjöldanum öllum af málum að slík ofstjórnun leiðir alltaf af sér spillingu, leiðir alltaf af sér það að málið endar í blindgötu. Ég held þess vegna að við eigum að feta þennan veg með sama hætti og við höfum fetað í mörgum öðrum málum, að við höfum sem rýmstar reglur. Þess færri reglur sem við getum komist af með þess betra.

Ég vil ekki gera þessi orð mín öllu lengri nú en ítreka það að í sjútvn. fái þetta mál alla þá umfjöllun sem nefndin telur að þurfi og þar verði reynt að komast að samkomulagi og niðurstöðu sem bæði stjórnarþm. og stjórnarandstöðuþm. geta sætt sig við. Verði það ekki verður ófriður um þetta mál og það verður erfitt að framfylgja þessum lögum. Ég er viss um það að sumum hlutum þeirra verður ekki hægt að framfylgja.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Oft og mörgum sinnum höfum við hv. þm. gagnrýnt vinnubrögð hér á þessum sérstæða vinnustað, harmað tímaskort og lélegar aðstæður til þess að kanna alla málavöxtu. Sú gagnrýni á ekki að öllu leyti við um þetta mál sem hér er til umræðu. Það er orðið okkur gamalkunnugt og nokkuð svo umrætt og hæstv. sjútvrh. verður ekki sakaður um

það að hafa ekki gert fulltrúum allra þingflokka kleift að fylgjast með undirbúningi þess þótt sá undirbúningur hefði vissulega mátt standa lengur eins og hefur komið fram áður í umræðunni. Hæstv. ráðherra hefur sannarlega gert sér far um það að tryggja að allir hefðu aðgang að upplýsingum og hvers konar gögnum og boðið alla þá aðstoð við þingflokka sem ráðuneyti hans gæti hugsanlega veitt. Þetta hefur þingflokkur Kvennalistans notfært sér eftir föngum í þetta sinn eins og jafnan áður og vil ég nota tækifærið til þess að þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi vinnubrögð svo langt sem þau ná. Því miður eru þau þó ekki einvörðungu lofsverð. Það verður að segjast eins og er að áhugi og umhyggja hæstv. ráðherra og ráðuneytis hans virtist nokkuð einhliða og beinast að því nánast eingöngu að skýra sjónarmið hans og vilja hans í þessu máli, en þau sjónarmið og vilji falla nokkuð ljúflega að sjónarmiðum og vilja meginþorra allra útvegsmanna í landinu og kom það mjög glöggt fram á fundum í ráðgjafarnefndinni svokölluðu. Miklu minna og raunar nær ekkert fór fyrir áhuga á sjónarmiðum og tillögum annarra.

Ég naut þess heiðurs að sitja fundi í ráðgjafarnefndinni af hálfu Kvennalistans og var það vissulega lærdómsríkt á margan hátt. Þar voru fluttir margir fróðlegir fyrirlestrar og skýrðar skýrslur um ástand nytjastofna og aflahorfur, skýrslur um útgerðarstaði, um þróun og horfur í þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar Íslendinga. Menn hlýddu á þetta allt saman af misjafnlega miklum áhuga, en mér fannst þetta afar fróðlegt og ég held að þessum tíma hafi verið vel varið og menn urðu reyndar nokkuð sammála um það þótt vissulega gætti töluverðrar óþolinmæði því að mönnum fannst tíminn vera að renna úr greipum sér á meðan hlýtt var á fyrirlestra þar inn frá.

Hins vegar hvessti heldur betur í nefndinni þegar menn að öllum þessum fyrirlestrum loknum tóku að leggja á ráðin um mótun fiskveiðistefnu næstu ára. Þá kom í ljós að menn skiptust í þessari stóru nefnd í allmörg horn eftir afstöðu sinni til þess hvernig haga bæri stjórnun fiskveiða. Þar voru þeir sem vildu núgildandi kerfi áfram, e.t.v. ofurlítið slípað eða eftir að verstu agnúarnir höfðu verið sniðnir af og það var fljótlega ljóst að þeir höfðu þéttan stuðning ráðuneytismanna. Síðan voru þeir sem vildu tryggja fiskvinnslunni eignarrétt á hluta af fengnum, helst upp á helmingaskipti, og urðu nú töluverðar umræður og háværar um þær tillögur. Þá voru þeir sem vildu veiðistjórnun af almennara tagi, takmörkun á veiðitíma, skyndilokanir og almennar friðunaraðgerðir og loks var svo hreyft hugmyndum um byggðakvóta. Það kom mér mjög á óvart hversu lítinn hljómgrunn slíkar hugmyndir fengu.

Ég hafði satt að segja vonast til þess einmitt vegna þess hve mikil umræða hafði verið ekki síst fyrir kosningarnar um byggðamál og nauðsyn þess að treysta byggðina utan höfuðborgarsvæðisins og um allt land. Öll þessi umræða leiddi til þess að maður hlaut að álykta sem svo að menn vildu gjarnan í raun og veru leita leiða, m.a. í gegnum stjórnun fiskveiða til þess að styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni og skapa öryggi um atvinnu í sjávarplássum víða um landið. Í þessari ágætu nefnd, ráðgjafarnefndinni, reyndist sá áhugi nánast í núlli. Hins vegar fann ég það í viðtölum við ýmsa, svona einn og einn, að þeir voru ekki svo frábitnir hugmyndum af þessu tagi. Almenna afstaðan virtist hins vegar sú að ekki þýddi neitt að ræða grundvallarbreytingar í fiskveiðistjórnun þar eð núgildandi fyrirkomulag ætti svo breiðan stuðning í röðum útvegsmanna og sjómanna og síðast en ekki síst væri stefna sjútvrh. óhagganleg með öllu. Engu að síður minntu menn á það í tíma og ótíma að það væri Alþingi sem hafa mundi síðasta orðið og var það nú stundum í mínum eyrum svolítið falskur tónn sem þar hljómaði því í raun og veru datt, held ég, viðstöddum ekki í hug að þm. færu að leggjast gegn vilja hagsmunaaðila, eins og það er sífellt orðað.

Ég gerðist svo djörf að lýsa því yfir á fundi í ráðgjafarnefndinni að ég efaðist um það að frv. byggt á þeim drögum sem við þá höfðum í höndunum nyti stuðnings meiri hluta alþm. Ég lýsti þar einnig vonbrigðum mínum með það að ekki hefðu fengist ræddar neinar hugmyndir um nýjar leiðir, enda þótt fyrir lægju upplýsingar til staðfestingar því að núgildandi fyrirkomulag hefði ekki náð tilætluðum árangri.

Ég lýsti afstöðu Kvennalistans og kynnti tillögur okkar á fundi í ráðgjafarnefndinni 11. nóvember og þeim var dreift skriflega meðal nefndarmanna skömmu síðar. Þá voru tillögur Kvennalistans kynntar í grein í Morgunblaðinu 17. nóvember sl. undir fyrirsögninni „Ný uppskrift af fiskveiðikvóta". Afstaða okkar þurfti því engum að koma á óvart þegar þetta mál kom loks til umfjöllunar í Ed. Alþingis né heldur þær brtt. sem hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir fluttu í þeirri hv. deild. Þessar tillögur hafa verið alllengi í mótun hjá okkur, enda er hér ekki um neitt einfalt mál að ræða. Vafalaust eru þessar tillögur ekki gallalausar og við erum mjög fúsar til að ræða þær fram og aftur til þess að gera þær sem best úr garði því að við erum allar af vilja gerðar til að finna bestu mögulegu leiðirnar að því marki sem við hljótum að setja okkur með stjórnun fiskveiða. En það er hér um bil það eina sem flestir a.m.k. eru sammála um, þ.e. að stjórnun af einhverju tagi sé nauðsynleg.

Sá tími er vissulega liðinn að náttúran var látin einráð um stjórnun fiskveiða. Mannleg stjórnun hefur gilt árum saman, friðunaraðgerðir, skyndilokanir uppeldissvæða, afmörkun sóknartíma, aflamark á fisktegundir og takmarkanir af ýmsu tagi. Allar þessar aðgerðir hafa verið vægast sagt umdeildar og hagsmunaárekstrar tíðir.

Undanfarin fjögur ár hefur verið í gildi svokölluð kvótaskipting í sjávarútvegi sem byggist á skiptingu heildaraflans á milli skipa. Kerfið hefur verið nokkuð sveigjanlegt með möguleikum á vali milli afla-

marks og sóknarmarks með hámarki á þorskafla. Veiðar báta undir 10 brúttólestum hafa svo fyrst og fremst lotið reglum um sóknardaga.

Það er rétt og skylt að geta þess að Kvennalistinn studdi núverandi lög um stjórnun fiskveiða þegar þau voru sett fyrir tveimur árum, enda sáum við ekki þá skárri leið til þess að hamla gegn þeirri ofveiði sem flestir virtust sammála um að allt stefndi í. Nú er komin enn meiri reynsla á þetta fyrirkomulag og ágallarnir eru orðnir bersýnilegri en áður. Við mótun á fiskveiðistefnu næstu ára er eðlilegt og sjálfsagt að líta til þess hvernig núgildandi fiskveiðistjórnun hefur reynst, hversu vel hefur tekist að ná þeim markmiðum sem höfð eru að leiðarljósi við mótun stefnunnar og hvernig bæta megi það sem miður hefur farið. Það skiptir miklu að gera sér grein fyrir markmiðum með stjórnun fiskveiða og vitanlega ná sem bestri og víðtækastri samstöðu um leiðir að þeim markmiðum. Að mati Kvennalistans ber að skilgreina markmiðin á eftirfarandi hátt.

Í fyrsta lagi viljum við hindra ofveiði, og við viljum vernda og byggja upp fiskistofna. Í öðru lagi hljótum við að stefna að aukinni hagkvæmni og minni tilkostnaði, bæði við veiðar og vinnslu. Í þriðja lagi viljum við bæta meðferð sjávaraflans og í fjórða lagi viljum við stefna að hámarksnýtingu sjávaraflans. Í fimmta lagi ber að stefna að bættum kjörum þeirra sem vinna í sjávarútvegi, bættum aðbúnaði, meira öryggi og hærri launum. Í sjötta lagi viljum við stefna að sanngjarnri dreifingu atvinnu og arðs eftir aðstæðum. Rétt er að taka fram að hér er ekki um forgangsröð að ræða. Þessi atriði eru að flestu leyti jafnrétthá.

En hver er þá reynslan af fiskveiðistjórnun síðustu ára með hliðsjón af framangreindum markmiðum?

Fyrst er það þá markmiðið um hindrun ofveiði, verndun og uppbyggingu fiskistofna. Staðreyndirnar sýna og sanna að heildarþorskaflinn hefur á hverju ári farið langt fram úr því sem fiskifræðingar hafa talið ráðlegt. Samanlagður umframafli í þorski sl. fjögur ár nemur um 366 þús. tonnum eða sem svarar afla heils árs. Aukin sókn í aðrar fisktegundir gerir það svo að verkum að sífellt fleiri tegundir eru felldar undir kvóta. Það liggur því beint við að ályktа sem svo að þetta markmið hafi ekki náðst.

Margir telja að annað markmiðið sem ég nefndi, þ.e. um aukna hagkvæmni og minni tilkostnað, hafi náðst að hluta til og megi að einhverju leyti rekja til kvótakerfisins. Vafalaust hefur hins vegar lægra olíuverð og aðrar ytri aðstæður haft sitt að segja. Eitthvað hefur dregið úr hagkvæmninni síðustu ár við meiri ásókn í sóknarmarkið sem hefur orðið hvati til aukinnar fjárfestingar. Flestir telja að stefna beri að fækkun fiskiskipa og minnkun flotans í heild, en þróunin hefur orðið algjörlega á hinn veginn. Fiskiskipum hefur fjölgað, mest í minnstu skipunum, og þau hafa einnig stækkað, þ.e. ný skip eru í mörgum tilvikum stærri en þau sem hefur verið lagt.

Þá er það þriðja markmiðið, um bætta meðferð sjávaraflans. Það er reyndar okkar mat að á síðustu árum hafi meðferð sjávarafla batnað mikið og er það vafalaust fyrst og fremst árangur aukinnar þekkingar og skilnings þeirra sem vinna með aflann. Þar hefur sjútvrn. m.a. átt hlut að máli og ber að virða það sem vel er gert. Hugsanlega getur kvótakerfið átt þarna hlut að máli þar sem magnið er gefinn hlutur en gæðin ráða tekjum. Hins vegar er ekki nokkur efi á því að hér mætti bæta um enn þá betur og er það afar mikilvægt í framtíðarþróun í þessari atvinnugrein.

Fjórða markmiðið varðar svo hámarksnýtingu þess afla sem dreginn er úr sjó. Þar skortir mikið á að því markmiði sé náð. Og þar er við mjög erfiðan þátt að fást. Miklu er kastað á glæ í orðsins fyllstu merkingu, bæði fisktegundum og fiskhlutum, svo sem lifur og hrognum jafnvel og slógi. Sem dæmi má nefna að árlega er kastað í hafið 2000–3000 tonnum af tindabikkju sem er ágætur matfiskur. Annað dæmi er lifrin sem er hent í stórum stíl þótt íslenskt fyrirtæki vilji kaupa hana til lýsisframleiðslu og gæti framleitt helmingi meira af meðalalýsi án þess að þurfa að hreyfa legg né lið til markaðsöflunar því að markaðurinn beinlínis bíður eftir þessari vöru. Mörg fleiri dæmi mætti tína til því til sönnunar hversu langt við erum frá þessu markmiði að nýta sjávaraflann vel. Við heyrum nánast daglega slíkar sögur sagðar og þar eru ekki síst sjómenn að verki sem viðurkenna það blygðunarlaust að þeir hendi þúsundum og jafnvel tugþúsundum tonna af sjávarafla í sjóinn.

Fimmta markmiðið var bætt kjör þeirra sem vinna í sjávarútvegi. Um þann lið þarf varla að fara mörgum orðum svo augljóslega sem á skortir að kjör þessa fólks séu viðunandi. Með því er vitanlega ekki eingöngu átt við launakjör, heldur einnig vinnuskilyrði. Öryggisleysi er hlutskipti þessa fólks. Það vinnur hættuleg störf og slítandi, slys og vinnusjúkdómar eru hlutfallslega meiri en í flestum atvinnugreinum ef ekki öllum og launakjörin smánarleg, einkum í fiskvinnslunni, og þar er mikið umbótastarf óunnið.

Sjötta markmiðið er um sanngjarna dreifingu arðs og atvinnu eftir aðstæðum. Vafalaust er umdeilanlegt hvernig hér hefur tekist til, en mörg dæmi eru um það nú síðustu árin að illa stæðar útgerðir hafa getað selt skip sín á margföldu verði milli byggðarlaga og hagnast þar með um hundruð milljóna á meðan íbúar viðkomandi byggðarlaga hafa mátt horfa á eftir atvinnu sinni og ekki fengið rönd við reist. Í þessum tilvikum er það oftast kvótinn sem hleypir verði skipanna upp, kvótinn sem viðkomandi útgerðaraðili hefur fengið ókeypis á silfurfati frá stjórnvöldum.

Niðurstaðan af þessu öllu saman er því að sú leið sem farin hefur verið í stjórnun fiskveiða á undanförnum árum skilar alls ekki tilætluðum árangri og því ber að leita nýrra leiða sem samrýmast betur fyrrgreindum markmiðum. Það höfum við kvennalistakonur gert og lagt alúð í þá vinnu. Við höfum kynnt okkar leið, eins og ég sagði áðan, og það gleður okkur vissulega að hafa fundið samhljóm við

aðra í þessum efnum, sérstaklega í röðum alþýðubandalagsmanna og, sem ekki er minna um vert, meðal alþýðuflokksmanna og reyndar víðar. Þess vegna erum við vongóðar um að sú leið verði farin á endanum, jafnvel þótt menn hiki við að feta hana nú.

Á þskj. 218 eru brtt. sem þingkonur Kvennalistans í Ed., Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir, báru þar fram og við munum leggja fram hér í hv. Nd. einnig. Í þessum brtt. koma fram meginatriði þeirrar fiskveiðistefnu sem Kvennalistinn hefur mótað. Það er okkar tillaga að árlegur heildarafli verði eftir sem áður ákveðinn af sjútvrh. að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar en svigrúm verði til þess að hækka eða lækka þetta aflamark innan ársins ef aðstæður leyfa eða krefjast. Það eru svo okkar tillögur að heimildir til botnfiskveiða verði í tvennu lagi.

Í fyrsta lagi verði 80% heildaraflans skipt milli byggðarlaga eða útgerðarstaða með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára.

Í öðru lagi renni 20% heildaraflans í sameiginlegan sjóð og verði til sölu, leigu eða sérstakrar ráðstöfunar eftir ákveðnum reglum. Gjald byggðarlaga fyrir kvóta miðist við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó og tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda verði varið til eftirtalinna verkefna:

Í fyrsta lagi fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna. Í öðru lagi til rannsókna í tengslum við sjávarútveg, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir. Og í þriðja lagi til verðlauna til handhafa veiðiheimilda fyrir sérstaka frammistöðu í nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

Það er svo okkar tillaga að byggðarlög fái að vera nokkuð sjálfráð með það hvernig þau skipta þeim afla sem þau ráða yfir. En reikna má með að byggðarlög framleigi réttinn með þeim skilyrðum að aflanum yrði landað að stærstum hluta í viðkomandi byggðarlagi eða eftir aðstæðum á hverjum stað.

Það væri vissulega freistandi að setja reglur um nokkurs konar gæðabónus sem fæli það í sér að handhafar kvótans gætu áunnið sér ákveðinn rétt til aflamarks næsta árs með mikilli nýtingu og góðri meðferð aflans og með því að búa vel að sínu starfsfólki. Slíkar reglur ber þó ekki að okkar mati að festa í lögum, heldur verður að treysta heimamönnum á hverjum stað til þess að móta þær reglur sem stuðlað geta að sem bestum árangri. Ríkinu bæri þó að veita ráðgjöf í þessum efnum ef þess væri óskað.

Rétt er að taka það fram að það er ekki okkar meining að þetta fyrirkomulag yrði sveitarfélögunum til byrði. Þau hlytu að framleigja eða selja þann kvóta sem þau verða að kaupa á sama verði eða ekki lægra verði en þau verða að láta af hendi sjálf. Það væri hins vegar eðlilegt að ætlast til þess, ef þau hefðu aukatekjur af framleigu kvótans, að þær yrðu notaðar til þess að bæta aðstöðu í höfnum og auka þjónustu við þessa atvinnugrein.

Árangur af þessari fiskveiðistefnu og ávinningur yrði að okkar dómi margþættur, en í sem allra stystu máli yrði þetta kerfi einfaldara, skilvirkara og réttlátara, svo að notuð séu nú þau einkunnarorð sem stjórnmálamenn gjarnan beita fyrir sig þegar kerfisbreytingar eru á dagskrá.

Með þessu kerfi yrði verulega dregið úr miðstýringu og ofstjórn og byggðasjónarmiðum gert hærra undir höfði. Það yrði auðveldara að halda heildarafla nálægt þeim mörkum sem yrðu sett og verslun með kvóta, sem svo sannarlega er fyrir hendi, þjónaði heildarhagsmunum en ekki einstaklingum. Stuðlað yrði að eflingu rannsókna og bættri þjónustu við sjávarútveginn, unnt yrði að byggja inn hvata til meiri nýtingar og bættrar meðferðar sjávaraflans og til þess að betur yrði búið að starfsfólki í sjávarútvegi. Það er því vissulega til nokkurs að vinna.

Herra forseti. Það væri auðvitað mikil kokhreysti ef ég fullyrti það hér og nú að þessi stefna fengist samþykkt í þessari umferð. Það dettur mér reyndar ekki í hug. Mér dettur hins vegar sannarlega í hug að þessar hugmyndir geti orðið uppistaðan í fiskveiðistefnu okkar innan fárra ára.

Í hv. sjútvn. Nd. verður hins vegar fyrirliggjandi frv. hæstv. ráðherra fyrst og fremst til umræðu og vafalaust, því miður, tekst kvótavinum og stuðningsmönnum „sægreifanna“ að troða þessum ófögnuði í gegnum þingið þrátt fyrir víðtæka og mikla andstöðu. Ég verð að segja að aumt er hlutskipti þeirra stjórnarsinna sem þvert gegn sannfæringu sinni láta tilleiðast að hjálpa trúarsetningum hæstv. sjútvrh. í gegnum þingkvörnina. Þeir eiga vafalaust eftir að njóta þess svo sem þeir hafa unnið til.

Það var hins vegar ánægjulegt að hlýða á ræður sumra þeirra sem talað hafa á undan mér og það vakti vonir um það að unnið verði að breytingum á frv. sem geri það viðsættanlegra en það nú er. Ég held að við ættum öll að sameinast í því að stefna að því að fá fram þær breytingar sem geta orðið til þess að það njóti víðtækari stuðnings en nú er.

Svo sem ljóst má vera, herra forseti, og er reyndar löngu komið fram styðja kvennalistakonur ekki frv. óbreytt og allra síst aðförina að þeirri útgerð sem einn stjórnarsinna sagði að væri sér geðfelldust, ef ég man orð hans rétt, og þar á ég við smábátaútgerðina. Eftir þær ræður sem fluttar hafa verið hér við 1. umr. um þetta mál tel ég öldungis ljóst að frv. verður að breyta hvað þetta varðar og við kvennalistakonur viljum gjarnan eiga þar hlut að máli, svo og við umfjöllun um aðra þætti þessa máls. Við erum reyndar þannig settar að við eigum ekki fullgilda aðild að sjútvn. þessarar deildar og ég vildi gjarnan, herra forseti, mælast til þess við hv. nefnd að við fengjum heimild til áheyrnar þar við umfjöllun um þetta mál.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur nú þegar komið fram að minn flokkur er á móti frv. eins og það liggur fyrir. En þar sem hér hafa komið fram svo margir, og það úr röðum stjórnarliða, sem hafa lýst því yfir að þeir séu einnig á móti ætla ég ekki að fara hérna út í langa ræðu, heldur bíða þess hvað kemur úr sjútvn.

Það er hins vegar rétt að gera í stuttu máli grein fyrir því hvers vegna ég er á móti því. Það er fyrst og fremst vegna 10. greinarinnar. Þessi grein, ef samþykkt verður óbreytt, hlýtur að hafa í för með sér byggðaröskun og það er þegar orðin nóg byggðaröskun í landinu. Hún hefur í för með sér að fjölskyldur missa sitt lífsviðurværi. Það er eins og það sé alveg lokað fyrir hæstv. sjútvrh. að það eru fleiri hundruð manns sem sækja allt sitt lífsviðurværi í þessa atvinnugrein. Þetta eru engir sportveiðimenn hingað og þangað úti um landið. Þetta eru menn sem lifa á þessu. Alþingi hefur ekkert leyfi til þess að eyðileggja þeirra lífsviðurværi.

Sjómenn hafa alla tíð verið miklir vinir mínir, eða í mínum vinahóp eru margir sjómenn. Sjómenn eru kjarnyrtir og geta gjarnan látið sína skoðun í ljós þannig að það sé auðvelt fyrir alla að skilja. Ég hef verið að glugga hér í ýmsar ræður á öryggisráðstefnu sjómanna og þar á meðal í ræðu sem fulltrúi Landssambands smábátaeigenda hélt. Það væri freistandi að lesa hana alla því að þessi ræða er hrein snilld að mínu viti. Ég ætla að láta duga að lesa lítinn kafla og mér þykir nú vænt um að hæstv. sjútvrh. er kominn og heyrir hann. Ég ætla að lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt tal um bann á sjósókn smábáta á þessum eða hinum tíma eða með þessu eða hinu veiðarfærinu er frá sjónarhóli trillukarlsins, sem hefur haft þetta starf að atvinnu, harla fáfengilegt. Skulu menn þá vera þess minnugir að því fleira sem bannað er í einu landi því nær er viðkomandi þjóðfélag að glata sjálfu sér. Uppistaðan í smábátasjómönnum eru úrvalssjómenn og að því leyti er öryggi þeirra í lagi ef svo má að orði komast. Sjómenn sem alist hafa upp á smábátum eru mjög margir í flotanum. Þeir hafa í æsku lært að bera tilhlýðilega virðingu fyrir höfuðskepnunum og eru að jafnaði farsælir í starfi. Að því leyti stuðlar uppeldi sjómanna á smábátum að auknu öryggi í flotanum."

Þessir sjómenn, sem hafa byrjað sitt sjómannauppeldi á smábátunum, fara oft á tímabili á togarana. Margir af þeim trillusjómönnum sem ég hef verið að tala við núna síðustu daga hafa jafnvel verið í nokkur ár á togurum. En fjölskyldumenn þreytast á togaralífi og í samráði við sínar fjölskyldur hafa þeir farið í að stunda trillusjómennsku. Ýmsir af þeim eru að eignast báta. Ef það á að svipta þá þeim möguleikum að fiska nema einhvern ákveðinn og lítinn kvóta missa þeir þessi skip. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. sjútvrh. að brosa að því. Þetta er staðreynd. Þeir missa þessi skip. Og ég vil ekki stuðla að því á einn eða annan hátt.

Það er greinilegt á öllu, sem hér hefur komið fram, að hæstv. sjútvrh. er ráðríkur maður. Það er að mörgu leyti ágætt. Hann þarf að vera ráðríkur í þessu starfi. En ég held samt sem áður að það væri alveg óhætt fyrir hann að láta drottin ráða öðru hvoru. Hvað trillukarlana snertir passar hann upp á að þeir séu ekki of marga daga á sjó á ári. Ég býst við að ráðherra hafi farið í gegnum það, a.m.k. í sínu byggðarlagi, hvað marga daga þeir hafa orðið að vera í landi vegna veðurs. Ætli það sé ekki alveg nóg? Ég gæti vel trúað því.

Ég hef ekki í hyggju að lengja mál mitt meira í nótt en geyma heldur það sem ég hef að segja þar til málið er komið úr nefnd.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Nái frv., sem hér er lagt fram, fram að ganga óbreytt, þ.e. frv. til l. um stjórn fiskveiða fyrir 1988–1990, er stigið stórt skref og óheillavænlegt fyrir íslensku þjóðina, það skref að færa alræðisvald til eins ráðherra og eins ráðuneytis. Má væntanlega búast við að framhald yrði á því og yrði það miður ef svo færi. Þess vegna treysti ég því að frv. fái góða umfjöllun í nefnd og á því verði gerðar nauðsynlegar breytingar.

Ég vil einnig fagna því að hæstv. fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason boðaði að samstarf við stjórnarandstöðu kæmi til greina. Það hefur fram að þessu ekki komið til greina á hinu háa Alþingi og sást það best reyndar í dag þegar við vorum að greiða atkvæði um fjárlögin þar sem mörg góð mál voru sett fram af hendi stjórnarandstöðunnar en það kom ekki til greina að samþykkja þau vegna þess að þau komu ekki úr réttri átt.

Smábátar á Íslandi eru um 1600 talsins. Á þeim starfa þá væntanlega um 3000 manns miðað við uppgefið 1,6 mann pr. bát. Ef við tökum vísitölufjölskylduna með er þarna sennilega um 10 000 manns að ræða eða um 4% af þjóðinni. Landssamband smábátaeigenda færir eftirfarandi rök fyrir veiðum smábáta, með leyfi forseta:

„1. Þessir bátar eru undirstöðuatvinnutæki fjölmargra minnstu sjávarplássa landsins.

2. Bátar þessir koma flestallir daglega að landi með fyrsta flokks hráefni.

3. Kostnaður við veiðar þeirra er mun minni en annarra skipa." — Og nægir að líta í töflu með frv. á bls. 25 þar sem er vísitala kostnaðar við botnfiskflotann og hlutfall kostnaðar á móti aflaverðmæti. Báðar þessar töflur sýna berlega hversu hagkvæmir bátar eru miðað við togara.

„4. Slysatíðni á þessum bátum var langtum minni en á öðrum skipum fyrir tíma kvótakerfisins og er raunar enn.

5. Fjölgun smábáta er tvímælalaust lyftistöng lítilla sjávarplássa og fjölgunin er síður en svo vandamál, en sumum hentar að gera vandamál úr henni.

6. Vegna tækniþróunar um borð í smábátum og þar af leiðandi meiri afkastagetu eru þetta miklu öruggari atvinnutæki en áður var.

7. Öruggt má telja að þjóðhagslega sé hagkvæm-

ast að veiða sem mest á smábátum og kannski fellur ekkert betur að byggðaþróun en einmitt það."

Framtíð þessara aðila er nú stefnt í voða ef frv. þetta nær fram að ganga óbreytt. Mikil skerðing vofir yfir verulegum hluta smábátaeigenda þar sem gert er ráð fyrir aðeins 50 tonna kvóta til báta 6–8 brl. og aðeins 70 tonna kvóta til báta 8–10 brl.

Samkvæmt frumdrögum að reglugerð með frv. þessu, reglugerð um veiðar smábáta árið 1988, segir í 2. gr.:

„Veiðar báta 6 brl. og stærri eru háðar sérstöku veiðileyfi. Í veiðileyfi skal tilgreint aflahámark fyrir viðkomandi bát. Aflahámark fyrir báta 6 brl. að 8 brl. er 50 lestir í þorskígildum reiknað, sbr. 12. gr. reglugerðar í desember 1987, um stjórn botnfiskveiða 1988. Aflahámark fyrir báta 8 brl. og stærri skal vera 70 lestir í þorskígildum talið."

Í 3. gr. segir: „Útgerðaraðilar báta 6 brl. og stærri, sem hafa aflað meira en meðaltalið 1985–1987 en nemur aflahámarki skv. 2. gr., geta sótt um að fá botnfiskleyfi með aflahámarki sem byggist á eigin reynslu, enda leggi þeir fram aflaskýrslur er sýni afla þeirra tímabilið 1985 til 1. nóv. 1987. Aflahámark þeirra skal ákveðið sem 90% af meðaltalsafla þeirra á viðmiðunartímanum en skal þó aldrei vera hærra en 135 þorskígildi." Aflahámarkið er sem sagt 135 þorskígildi.

„Þeir útgerðaraðilar", segir í 4. gr., „báta undir 6 brl. sem fengið hafa leyfi til þorsknetaveiða 1986 eða 1987 og þorsknetaveiðar stundað á árinu 1988 geta sótt um að fá sérstakt veiðileyfi með 50 lesta aflahámarki í þorskígildum talið eða með aflahámarki sem byggist á eigin reynslu skv. ákvæðum 3. gr."

Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum í 5. gr.: „Aflahámark skv. 2., 3. og 4. gr. [er ég var að lesa] er óframseljanlegt og miðast við óslægðan fisk með haus." Sem sagt: þegar menn koma með óslægðan fisk með haus er það 20% skerðing. Það þýðir að 50 tonn verða að 20 tonnum, 70 tonn verða að 56 tonnum.

Herra forseti. Hv. Ed. gerði á þskj. 389 nokkrar breytingar á frv. Ég vil, með leyfi forseta, lesa upp brtt. og í framhaldi af því grg. frá Landssambandi smábátaeigenda um frv. með áorðnum breytingum. Brtt. orðast svo, og ég sleppi fyrsta lið, 2. lið:

„Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar sérstökum takmörkunum:

A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl.

B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu og handfærum, eru bannaðar allar botnfiskveiðar í tíu daga um páskahelgi og verslunarmannahelgi og í júní- og októbermánuði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. desember til og með 15. janúar.

C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim aðilum, sem leyfi fengu til þorskfisknetaveiða á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið og gilda þá um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

E. Aflahámark samkvæmt C- og D-liðum er óframseljanlegt.

F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi með aflamarki komi þeir í stað sambærilegra báta . ."

Grg. Landssambands smábátaeigenda um 10. gr. og þær breytingar er koma frá meiri hl. sjútvn. Ed. er svohljóðandi:

„Með framsetningu 10. gr. á í þriðja sinn á fjórum árum að skipta nær algerlega um veiðifyrirkomulag smábáta. Raunar í fjórða skiptið vegna þess að fyrir daga kvótans voru þessir menn látnir afskiptalausir. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst að það er ekki heiglum hent að skipuleggja sinn rekstur fram í tímann undir slíkum kringumstæðum. Engum hópi útgerðarmanna hefur verið boðið upp á aðrar eins uppákomur og með öllu óskiljanlegt hvers vegna smábátaeigendum er ætlað slíkt. Þá er einnig gjörbreytt því fyrirkomulagi að þessar veiðar skuli alfarið bundnar með lögum, en fyrir árið 1986 lagði ráðherrann mikla áherslu á að veiðarnar skyldu vera með þeim hætti. 1984 og 1985 var fyrirkomulagið svo til alfarið í höndum ráðherrans og sjálfur lýsti hann því margsinnis yfir að það væri ekki það form sem hann óskaði eftir. Þessu voru smábátaeigendur algjörlega sammála og eru enn.

Þar sem 10. gr. fjallar að stofni til um heimildir til handa ráðherra er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar þær hugmyndir sem ráðuneytið hefur gefið frá sér um útfærslu 10. gr. Þrátt fyrir að meiri hl. sjútvn. Ed. hafi fengið sjútvrn. til að gera smávægilegar breytingar á umræddri grein frv. hefur nú þegar verið gefin út reglugerð sem sýnir glögglega hvaða hugmyndir ráðuneytið hefur varðandi útfærslu 10. gr. og ekkert sem bendir til þess að þar verði veruleg breyting á.

Í A-, B- og C-lið brtt. meirihlutaálits sjútvn. Ed. er fjallað um báta milli 6 og 10 tonn. Þar er gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt og gefa þeim er netaveiðar hyggjast stunda kost á meðalaflamarki sem fengið er með þeirri aðferð að þeir aðilar sem

hafa undanfarin ár gert það mjög gott eru látnir mynda meðalkvóta handa þeim er lakar hafa staðið sig og þeim sem hafa nýhafnið útgerð. Skv. þeirri reglugerð sem þegar hefur verið smíðuð er þessum mönnum í sárabætur gefinn kostur á því að taka mið af eigin reynslu, fá 90% af henni en þó aldrei meira en 135 tonn, þ.e. 108 tonn af slægðum fiski með haus.

Þá er einnig heimilt að hafa helming línuafla utan kvóta í nóvember, desember, janúar og febrúar.

Það er mjög ámælisvert að hvetja smábátasjómenn beinlínis til að róa á þeim árstíma þegar vályndust eru veður og birta af skornum skammti. Þetta þýðir ekkert annað en að þeir aðilar sem best hafa staðið sig eru verst settir eftir á. Á það skal bent að flestir þessara aðila eru í byggðarlögum sem mikið eða alfarið byggja á þessari útgerð. Þá er sú úthlutun sem talað er um mjög hvetjandi til að menn fari að róa einir á báti þar sem áður voru tveir og jafnvel þrír í áhöfn.

Þá er athyglisvert að þær tölur sem nefndar eru til úthlutunar í reglugerðinni eru 50 tonn til báta 6–8 brl. og 70 tonn til báta 8–10 brl. Það er svo síðar tekið fram að hér er um óslægðan fisk að ræða sem þýðir í raun 40 tonn til báta 6–8 brl. og 56 tonn til báta 8–10 brl. Þetta eru undarlegar tölur í ljósi þess að skerða eigi þorskaflann um 10% og að netabátar undir 10 brl. hafa fengið 80 tonn af slægðum þorski.

B- og D-liðir brtt. meiri hl. sjútvn. Ed. fjalla um báta undir 6 tonnum og þá báta yfir 6 tonnum sem eingöngu stunda krókaveiðar. Þar er einnig gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt. Annars vegar þeir sem geta fengið netaveiðaleyfi og þeir sem ekki geta fengið þau. Þeir síðarnefndu eru settir í banndagakerfi með svipuðu sniði og verið hefur sl. tvö ár. Þá er talað um að fjölga banndögum um 30% á sama tíma og talað er um að draga 10% úr þorskafla. Þá er talað um að Oeir sem stunduðu netaveiðar á árinu 1986 og 1987 geti fengið netaveiðaleyfi. Hér er um stórkostlega eignaupptöku að ræða hjá fjölda manna sem annaðhvort hafa ekki stundað þennan veiðiskap þessi ár eða á þeim tíma er leyfi þurfti en eiga öll tæki til þess og þeim sem hafa fjárfest í útbúnaði slíkra veiða en ekki hafið þær.

Á það skal bent að grásleppuvertíð hefst undir vertíðarlok á vetrarvertíð við Vesturland, en grásleppuvertíð á Norður- og Austurlandi er samtímis vorvertíðinni. Flestir ef ekki allir þeir aðilar á Norður- og Austurlandi eiga úthald á hvort tveggja, en úthald þeirra til þorskfisknetaveiða yrði með þessu gert verðlaust og ónýtt. Þessir menn hljóta að spyrja: Hversu langt geta stjórnvöld gengið í að gera eigur þeirra verðlausar?

Netaveiðibann á minnstu bátana hefur verið rökstutt með því að af þeim stafi mikil slysahætta og þær skili lélegu hráefni. Engar skýrslur hafa verið lagðar fram þessu til stuðnings, enda ekki hægt. Þær sýna þveröfuga útkomu. Þess skal getið að í Grímsey hefur ekki farist maður við fiskveiðar á þessari öld og ætti ekki að þurfa að taka það fram að þar eru einhverjar erfiðustu aðstæður til sjósóknar sem þekkjast.

Um E-lið er fátt að segja annað en þetta: Það ætti að vera búið að halda fleiri lofræður um þann nauðsynlega og hagkvæma þátt í kvótakerfinu að hafa framsal aflamarks sem rúmast.

F-liður hefur ekki enn verið útskýrður af ráðuneytinu þannig að ekki er unnt að fjalla um hann. Er hér gott dæmi um að ráð þessara manna skuli alfarið liggja í höndum ráðherra.

Um G-lið er það að segja að hann er til kominn út af því að ráðuneytið hefur talið fjölgun smábáta keyra úr hófi fram. Þó er aðeins gert ráð fyrir því að færa úreldingarregluna niður að 6 tonnum. Það er þó vitað mál að langmesta fjölgunin hefur átt sér stað fyrir neðan 6 tonn. Sé þessi fjölgun svo mikið vandamál er það síður en svo leyst með þessum hætti og í raun bein hvatning til manna að hefjast handa við smíði minnstu bátanna. Er það í hrópandi ósamræmi við allar umræður um öryggismál sjómanna. Nú þegar eru bátahönnuðir farnir að velta vöngum yfir 5,9 tonna bátum. Engar mælingar virðast vera til sem snjallir bátahönnuðir geta ekki farið í kringum.

Í öllum stafliðum 10 gr. er vísað til ákvörðunar ráðherra og er greinin ein samfelld heimild honum til handa. Veiðum smábáta gæti hann stjórnað að vild og er það í raun það sem farið er fram á með 10. gr. Af ráðherraheimildum hafa trillukarlar afar slæma reynslu undanfarin ár og engin ástæða er til að ætla að það mundi taka stakkaskiptum.

10. gr. í þeirri mynd sem hún er flækir veiðifyrirkomulag smábáta til mikilla muna. Í núverandi fyrirkomulagi er hópnum skipt í tvennt:

1. Handfæra- og línuveiðar í banndagakerfi.
2. Netabátar í sóknarmarki yfir hávertíðina.

Nú er boðið upp á:

1. Handfæra- og línubáta undir 6 brl. sem eru í banndagakerfi.
2. Aðila undir 6 brl. sem geta fengið netaveiðileyfi eftir ákveðinni uppskrift.
3. Veiðileyfi handa bátum yfir 6 brl. sem eingöngu stunda handfæra- og línuveiðar.
4. Veiðileyfi með aflahámarki handa bátum yfir 6 brl. sem netaveiðar stunda og þeim skipt í: a. 6–7 brl., b. 8–10 brl.
5. Sérstök reglugerð fyrir botnfiskveiðar báta sem stunda skel- og rækjuveiðar.

Rétt er að fara nokkrum orðum um eftirlitsþáttinn. Sjútvrn. hefur margbent á að mjög erfitt sé að fylgjast með þessum fjölda báta. Leysir þessi framsetning þann vanda? Þá verður vafalaust fróðlegt að fylgjast með úrlausn þessa þáttar þar sem talað er um að aðilar undir 6 tonnum geti fengið netaveiðileyfi eftir ákveðinni uppskrift og hverju þeir fengju úthlutað.

Í ályktun meiri hl. sjútvn. Ed. Alþingis er sagt að hér sé um breytingar að ræða sem styðji samþykktir 46. fiskiþings. Af þessu tilefni er rétt að benda á:

1. Í tillögum 46. fiskiþings er orðið „aflamark" notað en ekki „aflahámark" [og væri reyndar fróð-

legt að fá á því skýringu hjá ráðherra hver munurinn er á aflamarki og aflahámarki].

2. Í þeim tillögum er hvergi getið um skiptingu hópsins í allt það sem á undan hefur verið talið heldur þvert á móti tekin sama skipting og verið hefur þó lagt sé þar til að netabátar fari í aflamark í stað sóknarmarks.

3. Hvergi er minnst á bann við netaveiðum á einhvern hluta hópsins, hvað þá að aðilar á ákveðinni stærð báta þurfi að hafa haft leyfi til netaveiða undanfarin tvö ár.

4. Ekki er fjallað um að taki menn mið af fyrri veiðireynslu í aflamarki skuli vera ákveðið þak á þeirri reynslu.

5. Ekki er talað um að aflamark þeirra er stundi netaveiðar skuli vera óframseljanlegt.

Í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar er tekið fram um sjávarútvegsmál að sérstakt tillit skuli tekið til byggðasjónarmiða og athafnafrelsis manna í sjávarútvegi. 10. gr. sú, sem hér er fjallað um, gengur í þveröfuga átt. Þegar athafnafrelsi manna er skert með jafnveigamiklum hætti og hér um ræðir hljóta að þurfa að liggja fyrir því ærnar ástæður.

Í upphafi kvótakerfisins var þorskstofninn talinn í mikilli hættu og því nauðsyn á harkalegum aðgerðum. Í skriflegum svörum frá Hafrannsóknastofnun við nokkrum spurningum sem Landssamband smábátaeigenda lagði fyrir stofnunina er það staðfest að þorskstofninn sé ekki í hættu. Í ljósi þess er það undarlegt að vega eigi að þeim þætti útgerðarinnar sem er viðurkennd hagkvæmust. Hagkvæmni hennar sést best á því að 15% íslenskra sjómanna komast bærilega af með sig og sína á útgerð með 5–6% heildarafla flat- og botnfisks. Vonandi taka alþm. á þessum málum af þeim skilningi að trillukarlar þurfi ekki nær árvisst að berjast fyrir tilverurétti sínum. Öllum ætti að vera ljóst að því minni höft sem lögð eru á smábátana, því hagstæðara verður það fyrir atvinnu- og lífsafkomu smæstu sjávarplássanna."

Þetta var álit Landssambands smábátaeigenda á 10. gr. með áorðnum breytingum.

Þá vil ég, með leyfi forseta, halda áfram að vitna til Landssambands smábátaeigenda og er ég hér með bréf frá þeim dags. 7. des. 1986, enn um 10. gr. Þar segir í skýringum um 10. gr. frv. um fiskveiðistefnu:

„Með reglum þessum er greint á milli réttinda stærri og minni báta auk þess sem reynt er að taka sérstakt tillit til þeirra aðila sem aðalatvinnu hafa af fiskveiðum á smábátum."

Aths.: Allar þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að takmarka afla smábáta hafa fyrst og fremst komið niður á þeim aðilum sem hér er talað um að taka eigi sérstakt tillit til. Reynt hefur verið að draga línu á milli þeirra sem af þessu hafa aðalatvinnu og þeirra sem stunda þessa útgerð að takmörkuðu eða mjög litlu leyti. Það er viðurkennt að þetta er óframkvæmanlegt.

Árið 1984 og 1985 voru banndagarnir settir á eftir hendinni af hálfu ráðuneytisins. Þeir komu aðallega á vertíð á haust- og vetrardögum, þeim tíma sem þeir aðilar eru að sem enga aðra atvinnu stunda. Þau ár var settur á fyrirframákveðinn heildarkvóti sem m.a. kom þannig út að fjölmargir bátar á Suður- og Austurlandi voru rétt búnir að gera sig klára fyrir hávertíðina þegar banndagar skullu á vegna þess að gott fiskirí gerði á Vesturlandi.

Árin 1986 og 1987 voru netaveiðar smábáta settar í sóknarmark yfir hávertíðina, auk þess sem banndagar eru flestir á haust- og vetrardögum. Það er á þeim árstíma sem atvinnumenn einir stunda róðra og vinnur því gegn þeim tilgangi í fiskveiðistefnu að taka sérstakt tillit til atvinnu manna.

Nýjustu hugmyndir ráðuneytisins ganga enn í sömu átt, þ.e. að þrengja kost atvinnumanna. Í þeim er gert ráð fyrir að fjölga banndögum mest yfir haust- og vetrartímann, banna bátum undir 6 tonnum netaveiðar sem ekki hafa fengið leyfi til þeirra á árunum 1986 eða 1987, auk þess sem bátar yfir 6 tonnum eru settir í fastákveðið aflamark.

Það er staðreynd að þeir aðilar sem stunda veiðar að hluta til eða óverulegu leyti eru í miklum meiri hluta á bátum undir 6 tonnum. Þeir eiga auðvelt með að hliðra sínu sóknarmunstri til og frá þannig að þeirra heildartekjur skerðist lítið vegna banndaga og netaveiðar stunda þeir ekki. Það liggur því ljóst fyrir að þeir aðilar sem verða fyrir barðinu á þessum tilraunum til veiðistýringar eða aflatakmörkunar eru þeir sem aðalatvinnu hafa af þessum útvegi."

Herra forseti. Fjölmörg félög hafa sent áskoranir vegna þeirrar meðferðar sem nú er boðuð á smábátaeigendur í landinu. Meðal annarra var svohljóðandi fundarsamþykkt frá fjölmennum fundi hátt á annað hundrað manns sem haldinn var af Félagi smábátaeigenda á Norðurlandi:

„Fjölmennur fundur Félags smábátaeigenda á Norðurlandi haldinn á Akureyri 15. nóvember 1987 mótmælir harðlega þeirri háskalegu aðför að lífskjörum smábátaeigenda og atvinnulífi víða á landsbyggðinni sem felst í 9. gr. frv. til l. um fiskveiðistefnu, nú 10. gr. Þessi aðför kemur skýrt fram í hugmyndum sjútvrn. um skipulag veiða báta undir 10 tonnum, dags. 23.október 1987. Fundurinn heitir því á þingmenn þjóðarinnar, sveitarstjórnarmenn, félagasamtök og almenning að taka höndum saman og verja landsbyggðina þeim alvarlegu áföllum af atvinnuleysi og byggðaröskun sem augljóslega dynja yfir ef 9. gr. frv. verður að lögum."

Þá hefur stærsta sveitarfélag Vesturlands sent frá sér samþykkt frá bæjarstjórnarfundi sem ég tel að hér eigi að heyrast og hún er svohljóðandi:

„Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var 24. nóv. sl., var m.a. rætt um hugmyndir um skerðingu fiskveiða smábáta sem fram koma í frumvarpsdrögum til laga um stjórnun fiskveiða árin 1988-1991. Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Bæjarstjórn Akraness mótmælir hugmyndum um stórfellda skerðingu fiskveiða smábáta sem fram koma í frumvarpsdrögum til laga um stjórnun fiskveiða árin 1988–1991. Bæjarstjórn Akraness telur

sér skylt að minna á að allt að 100 fjölskyldur á Akranesi byggja afkomu sína á smábátaútgerð. Ef 9. gr., nú 10., frumvarpsdraganna verður samþykkt óbreytt mun afkomu þessara fjölskyldna stefnt í mikla óvissu."

Það er óþarfi, herra forseti, að lesa meira úr þessu.

Svo að ég haldi áfram að lesa fyrir þingheim, enda tel ég að hann sé ekkert of góður að heyra allar þær raddir sem berast smábátaeigendum til varnar, vildi ég gjarnan lesa bréf sem barst frá Grímseyingum svohljóðandi með fyrirsögninni „Fiskveiðistjórnunin og Grímsey."

„Grímsey er 23 sjómílur norðaustur af Gjögurtá austan Eyjafjarðar. Hluti hennar nær norður í Ishaf. Veðurfar þar er eitt hið versta við Ísland og lífsbaráttа íbúanna er hörð. Afkoma fólksins byggist á sjósókn og fiskvinnslu. Vegna hafnleysu eru Grímseyingar dæmdir til þess að hafa minnstu gerð báta og það er misskilningur allra sem telja það ósk þeirra sjálfra.

Í frv. til l. um stjórnun fiskveiða fyrir árin 1988–1991 er gert ráð fyrir svo miklum samdrætti í afla báta undir 10 tonnum að furðu gegnir. Vitanlega kemur þetta harðast niður þar sem undirstaða atvinnulífs er afli af bátum þessarar stærðar. Verði þetta frv. óbreytt að lögum kann þetta að koma svo hart niður á Grímsey á næstu fjórum árum að staðurinn standi það naumast af sér.

Fyrir nokkrum árum var tekið af Grímseyingum það samgöngutæki á sjó er þjónað hafði staðnum best, þ.e. flóabáturinn Drangur. Ríkisskip áttu að leysa flóabátinn af, en hin stóru skip ríkisútgerðarinnar geta ekki þjónað Grímsey hvað sem áhafnir þeirra leggja sig fram. Vegna veðra og sjógangs komast skipin ekki að bryggju jafnvel vikum saman. Kannski er lausn þessa máls líka sú að minnka það sem flytja þarf, t.d. salt til eyjarinnar og saltfisk frá, ásamt þá minnkandi þörf eyjabúa til viðurværis. Tæplega er þetta hugsað þannig af ráðamönnum, en skammsýni þeirra veldur þessu.

Gegnum aldirnar hefur handfærið verið aðalveiðarfæri Grímseyinga og var það til skamms tíma. Handfæraveiðar eru svo háðar veðráttu að sjóferðir bátanna urðu vart fleiri en 80–90 á ári eða varla ¼ hvern dag ársins og mun færri en annars staðar á Norðurlandi. Segja má að bylting hafi orðið í atvinnulífi eyjarbúa þegar bátar tóku upp veiðar með þorskanetum. Það árabil sem þessar veiðar hafa verið stundaðar hefur vetrarvertíð aldrei brugðist og nú er svo komið að nær allir opnir bátar niður í 3½ tonn stunda þorsknetaveiðar seinni part vetrar og vor. Fáránlegt væri að svipta þessa menn leyfum til netaveiða því að sú veiði ber nú uppi ársaflann og allir hafa þeir keypt fyrir háar fjárhæðir veiðarfæri, spil og önnur tæki á bátana. Þess má og geta að svo stutt er frá Grímsey á fengsæl fiskimið að olíukostnaður er þar í algeru lágmarki.

Eftir lestur frv. um stjórnun fiskveiða og þá yfirlýsingu fiskifræðinga að ástand þorskstofnsins sé nokkuð gott þótt nú sé búið að veiða ársafla fram úr þeirra tillögum á fjórum árum, þá spyrja menn: Hvað hefur staður eins og Grímsey og aðrir álíka staðir til saka unnið? Fyrir hvað er verið að refsa þeim? Hafa þeir ekki skilað sínum hluta til þjóðarbúsins á sínum litlu bátum eða hvað? Er þetta kannski í reynd byggðastefna nýrrar ríkisstjórnar?"

Herra forseti. Í lokin vildi ég fá að lesa bréf sem barst frá Norðurlandskjördæmi eystra, að sjálfsögðu um sama málefni. Það hljóðar svo:

„Vegna fram komins frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991 viljum við undirritaðir beina eftirfarandi upplýsingum til þingmanna kjördæmisins.

Í 9. gr., nú 10., frv. er fjallað um veiðar smábáta undir 10 brl. Verði umrædd grein samþykkt mun það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu nokkurra sjávarplássa í kjördæminu. Í því sambandi skal bent á að undanfarin þrjú ár hefur afli verið afar rýr þó komið hafi fyrir á stöku stað að sæmilega hafi aflast í stuttan tíma. Hér verður sérstaklega fjallað um Grímsey, en íbúar eyjarinnar lifa allir á sjósókn.

Vegna þess að heildarafli hefur aukist í eynni um nokkurt árabil, þá hefur íbúum eyjarinnar fjölgað nokkuð. Reikna má með að samdráttur í afla Grímseyinga þýði fækkun fólks í eynni og því fleiri mundu trúlega flytja burt sem aflaminnkunin yrði meiri. Árið 1986 var afli smábáta í Grímsey 1194 tonn en mundi falla niður í um 500 tonn ef frv. yrði samþykkt. Það er um 30% aflaminnkun hvað varðar heildarafla í eynni.

Vegna umtals um mikla aflaaukningu smábáta viljum við taka eftirfarandi fram:

1. Það sem af er þessu ári hefur þorskafli aukist verulega. Fyrstu níu mánuði ársins hefur heildarafli í landinu farið yfir 21 þús. tonn umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar. Þar af hafa smábátar aðeins veitt 200 tonn.

2. Ekki er gert ráð fyrir að bátar undir 10 tonnum hafi möguleika til sóknarmarks. Á sama tíma er með öllu útilokað að smábátar geti bætt sína stöðu miðað við framkomið frv.

3. Að Grímsey undanskilinni höfum við ekki viðhlítandi tölu varðandi hvaða áhrif samþykkt frv. hefur á hvert sjávarpláss í kjördæminu, en fullljóst má vera að sums staðar mundu áhrifin verða verulega. Víst er að fólk mundi flytja eitthvað í burtu frá hinum ýmsu stöðum.

Hér hefur aðeins lítið eitt verið tíundað, en af fleiru er að taka hvað varðar þá mismunun sem okkur er ætlað að þola, það sem okkur er bannað en öðrum leyfist, og skýrir frv. sig best sjálft. Við væntum þess að þið, hv. þm., munið gæta vandlega réttar okkar þegar kemur að afgreiðslu frv."

Undir þetta skrifa aðilar frá Húsavík, Grímsey, Ólafsfirði, Akureyri, Grenivík, Hrísey og Þórshöfn.

Herra forseti. Það verður ekki hjá því komist að vitna örlítið í látinn mann að vísu en mjög virtan. Hann hét Kristján Friðriksson og var eftir því sem mér skilst heili framsóknarmanna í sjávarútvegsmálum. (**Gripið fram í:** Fyrir nokkru síðan.) Fyrir

nokkru síðan, já. En þeir taka slíka kúvendingu að það verður ekki hjá því komist að hnippa í þá.

„Samkvæmt framsóknarstefnu", segir hann, „væri æskilegast að fiskimiðin væru hagnýtt af útvegsbændum. Nánar tilgreint táknar þetta að útvegsbændurnir ættu að vera sem flestir en ekki örfáir og mjög smáir. Stórrekstrarmennirnir mundu taka verksviðið af svo og svo mörgum einstaklingum sem færir væru um að annast þetta þjóðlífsverkefni. Frekar samkvæmt framsóknarstefnu 1000 smáútvegsbændur en t.d. 30 stórútgerðarmenn" — Og í hvað stefnir nú? — og/eða margar bæjarútgerðir. Þarna greinir framsóknarstefnan sig mjög skýrlega frá stefnum bæði til hægri og vinstri."

Dæmi nú hver fyrir sig. Hver er staðan í dag? Er hún ekki þveröfug? Það er allt á hvolfi.

Herra forseti. Hér hafa talað ég veit ekki hvað margir, sennilega 10–12, mjög snjallir ræðumenn. Aðeins einn hefur talað með þessu frv. og það er 1. flm. Það hlýtur að segja okkur eitthvað. Það hlýtur að gefa okkur vonir, smáljóstýru í myrkrinu.

Sú mikla skerðing sem hér á sér stað og sá mikli voði sem nú vofir yfir fjölmörgum, ég segi ekki öllum en fjölmörgum, smábátaeigendum er óviðunandi. Hvernig á að taka á þeim sem t.d. eru nýbúnir að kaupa eða þeim sem eru með báta í smíðum? Hvernig eiga þeir að standa í skilum með stórskertan kvóta? Ekki geta þeir selt bátinn. Hver kaupir bátinn með nánast engum kvóta? Til svona hluta verður að taka tillit. Það er ekki hægt að gera þetta með einu pennastriki, eins og sagt var um árið.

Frú Aðalheiður benti á byggðaröskunina. Það er alveg ljóst að þetta hefur ófyrirséð áhrif á byggðastefnu í landinu. Hvað eiga menn, sem fótunum verður kippt undan, að gera, hæstv. ráðherra? Ég sé það ekki. Það er ekki um auðugan garð að gresja. Ætli þeir flytji ekki allir hingað á malbikið?

Það hefur verið minnst á eignaupptöku. Hvað á að gera við veiðarfærin fyrir báta sem ekki mega nota netin sín lengur? Hver kaupir þau? Ekki sjútvrn. Það er alveg ljóst. Og hvernig eiga menn að framfleyta fjölskyldum, svo að ég sleppi nú afborgunum? Hvernig eiga þeir að reka útgerðina sína? Hvernig eiga þeir að hafa lífsframfæri af þessu? Á sama tíma er viðurkennt að besti aflinn eða alla vega jafnbesti aflinn komi af smábátum.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson boðaði brtt. Borgarafl. hvað varðar þessi mál.

Þá hefur ekki verið minnst á þá menn sem ekki hafa látið selja sig með skipunum sínum úr plássinu. Það eru fjölmargir aðilar sem ekki hafa látið selja sig og þess vegna farið út í smábátaútgerð. Hvernig er staða þeirra í dag? Hvar standa þeir á eftir? Hér er oftast um duglegustu mennina að ræða, menn sem eru búnir að skila sínu á togurunum og vilja nú fara að vinna sjálfstætt. Hvernig eiga ungir menn að byrja útgerð núna? Kaupa eitthvert handónýtt drasl til að henda og geta þá byttað á nýjum? Það eru fjölmargar spurningar sem þarf að svara.

Og menn neyðast til að vera einir á bátum. Hvað segja menn um hættuþáttinn í því?

Það er ekki nokkur leið að verja að menn eigi að reka útgerð á 40 tonnum hversu stór sem báturinn er því fram að þessu hafa þeir verið 2–3 á bát og það dugar ekki einu sinni fyrir einum hvað þá hinum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu langa. Ég fagnaði því að hæstv. fyrrv. sjútvrh. gat þess að þetta mál yrði ekki afgreitt á færibandi. Hann ætlar að gefa sér tíma og vinna málið vel, enda treysti ég honumn vel til þess ekkert síður en núv. ráðherra. Það þarf að opna augu hans betur.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Í nýlegu blaðaviðtali segir hv. 1. þm. Vestf., fyrrum hæstv. sjútvrh., svo m.a., þá var rætt um sjávarútvegsmál og landhelgismál, með leyfi hæstv. forseta:

„Við unnum stóra og fræga sigra í landhelgismálinu og leiddum það til lykta á tiltölulega skömmum tíma. Lokaspretturinn, útfærslan í 200 mílur og brotthvarf útlendinga af fiskimiðunum, er stærsti og mesti sigur sem við höfum unnið í sjálfstæðisbaráttunni að undanskilinni einungis lýðveldisstofnuninni 1944. Ef brotthvarf útlendinga af miðunum hefði dregist öllu lengur byggjum við hér nú við fátækt og atvinnuleysi."

Þetta mun mála sannast. En þegar við höfðum náð þessum sigri, að ráða yfir hafinu umhverfis landið, þá var það okkar verk og viðfangsefni að vernda það og rækta, fara vel með þessa auðlind en nýta hana. Og þá kom að því að hinar svonefndu kvótareglur voru settar í samráði við hagsmunaaðila.

En hinar títtnefndu kvótareglur komu illa við marga og margir undu þeim ekki vel. Það var bæði deilt um veiðisvæðin og margt annað. T.d. hafa Breiðfirðingar bent á hin köldu viðmiðunarár sem lögð voru til grundvallar. Enginn hefur lýst þeim köldu viðmiðunarárum oftar né betur en Soffanías Cecilsson, útgerðarmaður í Grundarfirði, svo sem vitað er. Íbúar við Breiðafjörð vildu gjarnan hafa línuna dregna út frá Öndverðarnesi í staðinn fyrir út frá Bjargtöngum. Þetta kom fram m.a. nú í hv. Ed. þegar tveir af þm. Vesturl. fluttu brtt. þessa efnis og það er svo með Breiðfirðinga og Vestfirðinga, eins og bent hefur verið á, að þeir fiska tíðum hlið við hlið. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt að mönnum finnist að um þau skip sem veiða hlið við hlið eigi að gilda svipaðar reglur. Það er alveg eins og ef tveir menn vinna á skrifstofu að sömu störfum við sama borðið, báðir duglegir menn þá finnst manni að það eigi ekki að vera mikill launamunur milli þeirra.

Ef við horfum aðeins til baka þá er ljóst að við Vestlendingar, Breiðfirðingar, höfum orðið harkalega fyrir barðinu á kvótareglunum. Þess er skemmst að minnast frá liðnu kjörtímabili þegar eitt stærsta og besta fiskiskip við Breiðafjörð var selt burt úr Grundarfirði. Það tók með sér þriðjung kvótans. Um þetta voru fluttar margar ræður af

hálfu okkar þm. Vesturl. á sl. kjörtímabili. Við gerðum margar og margvíslegar tilraunir til að fá þetta á einhvern hátt leiðrétt, en gengum jafnan bónleiðir til búðar. En það verð ég að segja að yfirleitt hefur verið mjög góð samstaða hjá þm. Vesturl. í þessum málum öllum.

Hér fyrr í kvöld minntist hv. 5. þm. Vestf. á það að svo til allt væri að fara í rúst á Patreksfirði vegna þess að skipin væru seld burt þaðan. Ef það er svo að þetta er kvótareglunum að kenna að einhverju eða kannski öllu leyti, þá tel ég að þarna þurfi heldur betur að taka á því að bágt á maður með að sætta sig við að annað eins gósensvæði og Patreksfjörður og sú góða byggð verði fyrir miklum skakkaföllum af þessum sökum.

En nú á að endurskoða þessar reglur og lagfæra þær, það er að vísu seint á ferðinni, og þá er að líta á hvað helst þarf að athuga, hvað helst þarf að lagfæra. Herra forseti, það er nú komin nótt og nýr dagur svo að ég skal ekki fara langt út í einstök atriði þessa máls. En ég bendi á að það voru miklar og harðar umræður um þetta viðkvæma mál í hv. Ed. og satt að segja ekki að undra þó að margir vilji láta skoðun sína í ljós um þessi efni.

Ég ætla að benda á örfá atriði þar sem ég tel að bæta megi úr ágöllum að fenginni reynslu. Þá eru það fyrst smábátarnir sem mikið hefur verið rætt um hér í kvöld. Ég tel að við verðum að hlynna að smábátaútgerðinni. Þeir hafa fengið að vera tiltölulega frjálsir á undanförnum árum og þeir eiga það skilið, enda er það svo að ég heyri það sem betur fer að þeir eiga mjög marga góða, trausta, einlæga en kannski nokkuð orðmarga vini hér í röðum hv. alþm. í kvöld. Og það er vonandi að þeir standi við sín góðu orð.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa vini mína á smábátunum. En ég vil aðeins nefna eitt enn. Ég tel að það þurfi að líta ja, ég vil segja í miskunn til þeirra örfáu manna sem lentu í því að missa báta sína þegar kvótareglurnar skullu yfir og hafa frá þeirri stundu verið hálf vegavilltir á þurru landi. Ég tel að þó að horft yrði á erindi þessara manna mundi það ekki valda neinum straumhvörfum til óheilla í þessum efnum. Hitt er annað mál að það er kannski erfitt að taka þá og telja upp nöfn þeirra í löggjöf eins og reynt var að gera í hv. Ed. Það er miklu nær að setja einhverja reglu sem hæstv. sjútvrh. getur notað í þessum efnum. Að vísu hefur hann miklar og margvíslegar heimildir skv. þessum lögum, en bæði hann og við allir verðum að vita að það er ómögulegt að setja algjörlega undantekningarlausar og almennar reglur sem hæfa hvaða tilvikum sem kunna að bera að höndum.

Þá finnst mér að þessi mál séu enn í það mikilli deiglu, enn þá það skiptar skoðanir manna á meðal að það nægi alveg að þetta frv. eða þau lög sem sett verða gildi í tvö ár.

Allir vitum við það, og ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða frv. sjálft lið fyrir lið, en við vitum það allir að við verðum að komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli. Það er ekki hægt að vísa neinu máli frá með þeim rökum að það sé svo erfitt eða jafnvel óleysanlegt. Stjórn og skipulag verður að vera á fiskveiðum. Það eru allir alþm. sammála um. Og síðast var það tekið mjög skýrt fram af hv. 1. þm. Vestf. hér áðan.

Nú siglir þetta frv. að lokinni þessari umræðu til hv. sjútvn. Þar er í forsæti títtnefndur hv. 1. þm. Vestf.og fyrrum. sjútvrh. Það er von mín að hv. nefnd athugi þetta stórmál, reyni að ná samkomulagi og finni leiðir sem flestir geta við unað.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það leita á mann ýmsar hugrenningar þegar maður veltir fyrir sér þeim örlögum þessa kvóta sem mér virðist næsta augljóst að sé gjarnan til umræðu á nóttunni. Ég er ekki búinn að sitja óskaplega lengi hér á þingi og kvótinn í þeirri mynd sem hann er núna á sér ekki ýkja langa sögu eða fjögur ár. Málið hefur verið þrisvar til umfjöllunar í formi frv. hér á Alþingi ef ég fer rétt með og ég held að í öll skiptin hafi það verið örlög málsins að vera til umræðu á nóttunni meira og minna. Þannig að það hafa verið svona hálfgerð næturverk sem menn hafa staðið í ár eftir ár að samþykkja fiskveiðistefnuna í formi svona kvótafrv.

Það voru á árunum 1983, í desember 1983, og 1984 miklar og strangar umræður um þessi mál og þá tóku frv. í bæði skiptin nokkrum breytingum í meðförum Alþingis. Þá höfðum við hv. alþm. þó það miklu betri tíma til að ræða málin að ég man það fyrir víst að í seinni deild var málið til umfjöllunar á löngum og ströngum fundum nálægt 15. des. og þótti þó óþarflega knappt skammtaður tíminn bæði fyrir umræður og þó kannski aðallega fyrir nefndastörf. Nú sitjum við uppi með það að vera með þetta mál hér til 1. umr. fáeinum sólarhringum fyrir áramót, hafandi yfir okkur fullyrðingar um það að nánast himinn og jörð gangi af göflunum ef ekki verði komin ný lög um stjórn fiskveiða fyrir áramót sem taki gildi 1. janúar.

Ég skil vel eðlilegan áhuga bæði hæstv. ráðherra og embættismanna að fá þau lög í gildi við áramótin sem þeir ætla að stjórna og starfa eftir á næstu árum, en á hitt verður að líta að sú spurning vaknar hvort það sé virkilega svo að allt fari á hvolf þó menn reru til fiskjar eina tvo, þrjá, fjóra, fimm sólarhringa á Íslandi án þess að hafa yfir sér svona löggjöf.

Ég hef enga trú á því að við eigum þess kost að rífa upp ársafla í fyrstu viku janúar þó að menn sæki grimmt. Auðvitað er það þannig að ef þetta frv. nær ekki fram að ganga og verða að lögum, eins og hæstv. ráðherra hefur reyndar sjálfur minnt mig á, þá koma einfaldlega til framkvæmda og í gildi ákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976 og mundu þá gilda um þær veiðar sem fram færu þangað til önnur lög tækju yfir.

Ég fagnaði því þess vegna að hv. formaður sjútvn. þessarar deildar, 1. þm. Vestf., hélt hér rólega og yfirvegaða ræðu, ræddi með rökum um þetta mál og

tók það m.a. fram að hann mundi beita sér fyrir því að þrátt fyrir þá nauðsyn sem auðvitað er á að afgreiða þetta mál þá fengi það vandaða skoðun í sjútvn. deildarinnar.

Ég veit ekki, virðulegur forseti, númer hvað ég er í röðinni hér í ræðumannahópnum en ætli það sé ekki einhvers staðar á bilinu 10–12 og eins og bent var á hér af hv. síðasta ræðumanni hafa flestir sem upp hafa komið haft meiri og minni athugasemdir uppi við frv. Það er þá orðinn um fjórðungur virðulegrar Nd. sem hefur þegar tjáð sig í málinu og flestir ... (**Forseti:** Ég vil upplýsa að ræðumaður er 13. í röðinni.) Já, það var happatalan. Já, þess þá heldur, herra forseti, þá vil ég undirstrika það að þessar upplýsingar náttúrlega rökstyðja það enn fremur að það er alveg nauðsynlegt að í sjútvn. fari fram könnun á því hvort til er samstöðuflötur um breytingar á þessu frv. sem kannski yfirgnæfandi meiri hluti þm. getur sameinast um. Það er nú einu sinni svo að afstaða manna í þessu blessaða kvótamáli hefur lengst af verið nokkuð persónubundin, öðrum málum fremur, og mótast kannski af staðbundnum aðstæðum ekki síður en pólitískum grundvallarhugsjónum. Ég tel þess vegna eðlilegt, sérstaklega með tilliti til allra aðstæðna og forsögu málsins, að sú meginregla verði viðhöfð í vinnubrögðum að leita að sem víðtækastri samstöðu, hvort sem hún gengur að einhverju leyti þvert á bönd ríkisstjórnar eða stjórnarandstöðu. Það held ég að sé mönnum alveg ljóst að afstaða er ekki bundin algjörlega við þau mörk í þessu máli. Það hefur komið fram í þessari umræðu. Ég ætla að vona og ég satt best að segja treysti því að virðuleg sjútvn. vinni að þessu máli með þetta leiðarljós næsta sólarhringinn eða svo. Og þá ætla ég síður en svo að útiloka, ef slík samstaða gæti skapast um breytingar, sem auðsjáanlega er mikill vilji fyrir í öllum, ja, ef ekki öllum þá öllum þingflokkum nema einum á Alþingi, að þetta verði rækilega skoðað.

Herra forseti. Ég þarf ekki að halda hér ýkjalanga ræðu. Hér hafa hv. 2. þm. Austurl. og 5. þm. Reykn. talað þegar úr mínum flokki og ég get tekið undir það sem þar var sagt og þarf ekki annað en vitna til þess. Það eru nokkur sérstök efnisatriði sem mig langar til að renna ofurlítið yfir með hæstv. ráðherra ef hann má vera að því að leggja eyrun við. Það er í fyrsta lagi þetta með gildistímann. Ég er sammála því að mörgu leyti að það væri til hagræðis fyrir rekstur í þessari atvinnugrein ef gildistími svona veigamikilla forsendna, eins og lög um stjórn fiskveiða auðvitað eru, gæti verið alllangur. Það er alveg augljóst mál. Ekki á það síst við um stærri fyrirtæki sem eru með allviðamikla útgerð og fiskvinnslu og hafa kannski talsverða möguleika á að hagræða í sínum rekstri og skipuleggja hann út frá sinni stærð. Þetta er augljóslega fyrir hendi. En á hinn bóginn verða menn að átta sig á því og hæstv. ráðherra verður auðvitað að skilja það pólitíska eðli málsins að þegar farið er að ræða um allt upp í fjögurra ára, nú þó ekki sé nema þriggja ára gildistíma þessa frv., þá hefur það á sér þann svip að verið sé að festa þetta kerfi mjög varanlega í sessi. Það er hin hlið málsins. Og vegna þeirra annmarka og þeirra ágalla sem margir hafa bent á og sannanlega eru fyrir hendi og þýðir ekkert að þræta fyrir, þá verður að sigla þarna að mínu mati einhvern meðalveg. Annað er einfaldlega ekki í stöðunni.

Ég held að sú mikla andstaða, sem frv. hefur mætt víða, bæði úti í þjóðfélaginu af ýmsum aðilum og hér inni á þingi og fram hefur komið í ræðum ýmissa talsmanna úr öllum eða flestum flokkum, sú andstaða er fyrir hendi og er jafnrík sem raun ber vitni, ekki síst vegna þess að menn hrökkva dálítið við þegar verið er að tala um gildistíma upp á fjögur og nú þrjú ár. Þá fara menn að meta þetta kerfi í ljósi reynslunnar meira en ella og gallarnir koma til skoðunar. Ég þarf ekki að endurtaka það að sannanlega hefur þetta kerfi ekki náð sumum þeim markmiðum sem menn vonuðust til, eins og þeim að tryggja þá hóflegustu sókn sem æskileg hefði verið. Ég vil líka meina að í ljósi reynslunnar þýði ekki að horfa fram hjá því að þetta frv., þessi stjórnun hefur haft í för með sér ýmsar óæskilegar aukaverkanir. Ég held að það sé ágætt að nota þetta heiti sem gjarnan er nú haft um áhrif af lyfjum sem gefin eru í einhverjum tilteknum tilgangi en hafa svo kannski einhver áhrif á sjúklinginn að öðru leyti. Ég vil gjarnan tala um þetta með þeim hætti að burt séð frá því hversu virkt stjórntæki þetta hefur verið og hversu vel þetta hefur náð fram þeim verndunarsjónarmiðum og hagkvæmnisjónarmiðum og nýtingarsjónarmiðum sem menn hafa verið að keppa að, þá er augljóslega um að ræða ýmsar aukaverkanir af kerfinu.

Alvarlegasta og versta aukaverkunin er að mínu mati það yfirverð á skipum sem komið hefur til sögunnar með kvótanum og það að gera skipin með þeim hætti og veiðileyfi þeirra, aðgöngumiða að auðlindinni. Þetta er að mínu mati langalvarlegasta aukaverkunin og einn versti gallinn á kerfinu. Og að mínu mati þýðir þetta að komið hafi í ljós að það gengur ekki að binda veiðileyfin og aðgöngumiðana að auðlindinni eingöngu við skip.

Ég tel að annar alvarlegur annmarki sé það öryggisleysi sem landverkafólk og byggðarlög eru nánast dæmd til að búa við þegar veiðileyfin eru eingöngu bundin skipunum. Og eins og hér hefur verið bent á fyrr í umræðunni, lífsbjörgin getur þannig siglt burtu eða verið keypt burtu á einni nóttu þess vegna frá heilu byggðarlagi.

Það væri út af fyrir sig gaman að ræða líka um ýmsa kunningja frá fyrri árum eins og smáfiskadráp, hvort fiski sé hent eða ekki hent og margt fleira sem ég man að við ræddum talsvert bæði á árinu 1983 og 1984. En það eru að mínu mati minni mál og í sjálfu sér afsleppara viðfangsefni, erfiðara um það að fjalla af einhverjum sannanlegum rökum eða sannanlegu viti. Þar hafa menn kannski ekki svo mikið haldbært við að styðjast þó að ýmsir þykist nú af kunnugleika við aðstæður geta sagt eitt og annað um

þau mál. Ég ætla þar af leiðandi að sleppa því að gera það að miklu máli, en vissulega tel ég að kvótinn bjóði þar upp á hættur.

Ég er enn sömu skoðunar og ég var árin 1983 og 1984 að það væri hægt að hugsa sér betra fyrirkomulag á þeim reglum sem eru í gildi, sem eiga að tryggja það að ekki sé um of sótt í smáfisk og sem eiga jafnframt að tryggja að komi hann á annað borð upp á dekk og sé drepinn þá sé hann fluttur að landi en ekki hent. Sama mætti segja um þá hættu sem vissulega er fyrir hendi þegar aflakvóti er settur á að lakari hluti hráefnisins glatist með einhverjum hætti vegna þeirra augljósu hagsmuna sem menn eiga af því að láta ekki lélegri og verðminni afurð éta upp fyrir sér kvótann eða taka frá sér kvótann.

En þetta eru nú allt minni hlutir þó þeir séu vissulega með og ástæða væri til að ræða þá ef við hefðum betri tíma og fengjum einhvern tíma að fjalla um þetta mál á kristilegum tíma að degi til. En ég vil ekki vera að þreyta menn hér á næturfundi með miklum og ítarlegum umræðum um þetta og gæti þess vegna vísað í þá umræðu sem fór hér fram áður fyrr á árunum.

Eins og ég kom að hér áðan held ég að einn megingallinn, sem hefur sannanlega komið í ljós við þetta, að slepptu því að kvótinn hefur ekki reynst það verndunartæki sem að hefði þurft að stefna, sé sá að hagsmunir annarra aðila en sjálfra veiðanna eru ekki nógu vel tryggðir í þessu kerfi. Það þýðir ekkert að þræta fyrir það. Nú stendur þannig á fyrir ræðumanni að hann er reyndar frá landsvæði sem hefur heldur bætt sinn hlut heldur en tapað í þessu kerfi. En það breytir ekki nokkrum sköpuðum hlut um þá skoðun mína að það sé varasamt og mjög óréttlátt að þeir sem eru ómissandi og hafa um áratuga skeið og aldir verið ómissandi hluti af því að búa til verðmæta vöru úr íslenskum fiski, þ.e. fólkið í landi og þau byggðarlög sem standa að baki þessari framleiðslu, að þau séu nánast réttlaus í þessu dæmi. Það er ekki sanngjarnt og það er ekki gáfulegt. Og þó að mín heimabyggð og fleiri byggðarlög í mínu kjördæmi hafi í sjálfu sér náð að bæta heldur hlut sinn heldur en hitt með því að kaupa skip, þá hefur það auðvitað þýtt tap einhvers staðar annars staðar og ég vil vera sjálfum mér samkvæmur í því að ég tel þetta kerfi ekki réttlátt.

Þess vegna er það að mínu mati fullkomlega rökrétt og skynsamleg niðurstaða sem orðið hefur hjá okkur í Alþb. að sjá fyrir þessum göllum með þeirri aðferð, sem er auðvitað langeinföldust í þessu ljósi, að tengja kvótann eða veiðiheimildirnar að hluta til við byggðarlög og reyna með þeim hætti að tryggja betur öryggi fleiri aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta. Og ég vísa til þeirrar umfjöllunar og kynningar sem þær tillögur okkar um byggðakvóta hafa þegar fengið.

Það kemur mér í raun á óvart að menn skuli ekki hafa lagt meiri hugsun í það, lagt meiri vinnu í það að kanna hvort ekki sé til einhver slík útfærsluaðferð á því að láta veiðiheimildirnar, kvótann, renna í gegnum byggðarlögin til skipanna til þess að sjá við þessum augljósa vankanti sem núverandi fyrirkomulag hefur á sér. Ég sé ekki annað en að frá sjónarhóli útgerðarinnar mætti einu gilda hvort úthlutunaraðilinn, eða sá aðili sem kvótinn færi í gegnum á leið sinni til skipanna, væru byggðarlögin í staðinn fyrir að vera ráðuneytið beint. Munurinn er fyrst og fremst sá að þegar kemur til sölu skipa er réttarstaða byggðarlagsins og landverkafólksins sem þar býr önnur en í núverandi kerfi. Hagkvæmni í útgerð á að geta orðið nákvæmlega hin sama. Skipin vita fyrirfram hvað þau mega veiða og hafa fullan ráðstöfunarrétt á þeim afla sem þau mega taka þannig að að því leyti til er hér um nákvæmlega sambærilegar aðstæður útgerðarinnar að ræða. Eini munurinn er í raun og veru þessi — en það er líka grundvallarmunur, algjör grundvallarmunur: Útgerðin á ekki þennan veiðirétt nema að mjög takmörkuðu leyti og getur ekki gert hann að féþúfu eða siglt með hann eða selt hann burt úr byggðarlaginu.

Ég vil aðeins ræða við hæstv. sjútvrh. og aðra hv. þingdeildarmenn að sjálfsögðu um skerðingarákvæði vegna útflutnings á ferskfiski eða ísfiski. Ég er þeirrar skoðunar að þar sé hálfgert vandræðamál á ferðinni eins og þetta lítur út í frv. og reynt hefur verið að framkvæma þetta undanfarin ár. Fyrst og fremst auðvitað vegna þess að það er ákaflega erfitt í framkvæmd og ég held að það sé nánast að verða útilokað með tilkomu fiskmarkaðanna og fleiri slíkra hluta í þessum efnum að finna á því einhverja sanngjarna útfærslu með svona álags- eða skerðingarákvæðum eins og meiningin hefur verið að nota. Það hefur a.m.k. enginn maður getað sýnt mér fram á hvernig eigi að tryggja að það komi réttlátlega út og hægt sé að tryggja það að þar sé þá um fullt samræmi að ræða og allir sitji þar við sama borð.

Það eru aðrar ástæður til þess að ég held að einhvers konar útflutningsgjald af því tagi sem tillögur Alþb. gera ráð fyrir væri miklu gáfulegri aðferð og mun ég nú aðeins koma að því. Fyrst er þá náttúrlega til að taka að ég tel að við verðum að hafa einhver skerðingar- eða álagsákvæði af þessu tagi. Ég er reyndar og hef alltaf verið þeirrar skoðunar að við þurfum að stýra miklu betur streymi, þ.e. framboði inn á þessa ferskfiskmarkaði, til þess að nýta þá okkur í hag sem best. Og ég tel að verðhrunsdæmi frá sl. sumri og reyndar lengra aftur sanni það svo ekki verði um villst að þessir markaðir hafa ákveðið þol og við getum auðveldlega stórskemmt fyrir okkur með því að dæla þarna inn óheftu magni af fiski og munum gera það ef ekki verður tekið upp eitthvert betra aðhaldskerfi að þessum málum heldur en nú er í gildi.

Það hafa sagt mér Íslendingar sem starfa við það erlendis að taka á móti eða miðla ferskum fiski inn á þessa markaði, bæði í Vestur-Þýskalandi og Bretlandi, að ábendingum þeirra t.d. sl. sumar, endurteknum ábendingum frá sl. sumri um að senda ekki meiri fisk, draga úr framboðinu hafi ekki verið sinnt. Æ ofan í æ var dælt inn miklu, miklu meiri

fiski á markaðina í Vestur-Þýskalandi og Bretlandi en þessir staðkunnugu aðilar töldu að markaðirnir þyldu, auðvitað með þeim afleiðingum að verðið hrundi niður úr öllu valdi og stór hluti af sumum sendingunum endaði í gúanó.

Síðan er við það að eiga, virðulegur forseti, og aðrir hv. áheyrendur, að við erum að flytja þarna inn á hinn sameiginlega markað Evrópubandalagsins. Og þá kem ég nú að umræðuefni sem mér er ákaflega kært, þ.e. sambúð okkar Íslendinga við Evrópubandalagið. Þar held ég að við þurfum aðeins að velta því fyrir okkur hvað er að ske á þessum ágætu árum þegar menn hrópa húrra yfir því að þeir fái gott verð fyrir gámafisk og gott verð fyrir siglingar o.s.frv. Jú, jú. Allt gott um það að segja. En hvað er að ske? Við Íslendingar erum að auka framboð á óunnum fiski á markaði Efnahagsbandalagsríkjanna og minnka hlutfall þess fisks sem við flytjum út unninn. Að einhverju leyti erum við þarna, eins og menn vitna oft til, að koma til móts við breytingar á neysluvenjum í þessum löndum. En aðeins að hluta til. Það er alveg vitað að ferskur fiskur eða ísfiskur frá Íslandi hefur verið keyptur beint til vinnslu erlendis, bæði í saltfisk og frystingu. Síðan er mér sagt af kunnugum mönnum hjá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda að frændur okkar Danir t.d. liggi nú á því lúalagi að kaupa af okkur ísfisk, verka hann í salt, bíða með hann þangað til tollkvótar Íslendinga fyrir saltfisk í Efnahagsbandalagsríkjunum eru uppurnir og þá dæli þeir honum inn á markaðinn í skjóli þess tolls, verndartolls, sem þar með er kominn á.

Ég held að við eigum að líta á þessi mál svolítið út frá þeim sjónarhóli, ekki bara hvernig við þurfum að tryggja okkar atvinnuhagsmuni og verðmætasköpun hér heima fyrir heldur líka hvernig það spilar inn í tollastefnu Evrópubandalagsins. Hvað er að gerast í Evrópubandalaginu? Hvaða afstöðu hafa þeir menn sem þar ráða ríkjum til þessara mála? Sá áhugi, sem Efnahagsbandalagsríkin hafa á því að skapa sér veiðiheimildir eða ná sér í hráefni í öðrum ríkjum, er ekkert leyndarmál. Áhugi þeirra á því að komast inn í íslensku og norsku landhelgina o.s.frv. liggur alveg fyrir. Okkar verkefni er auðvitað að tryggja okkar hagsmuni í þessu samhengi og halda jafnframt, eftir því sem við getum, þessum mörkuðum. Hvers vegna segi ég að það væri rökréttara og skynsamlegra að skoða hvort við getum ekki með einhverju slíku útflutningsgjaldi, sem væri tekjustofn sem við gætum stýrt upp og niður eftir aðstæðum, spilað á móti bæði þeirri tilhneigingu, sem við viljum hafa hemil á, að ná sér í skjótfengna verðmætaaukningu með því að senda fiskinn út óunninn og koma með krók á móti bragði þeirrar markvissu tollastefnu Efnahagsbandalagsins að ná til sín sem mestu af hráefni inn á sitt svæði?

Ég ætla að vitna hér í skýrslu sem ég hef nefnt einum tvisvar sinnum áður á hinu háa Alþingi og, með leyfi forseta, hugsanlega að lesa eitthvað upp úr henni — þó mér leiðist það að vísu að ég er hér með eintak sem er á enskri tungu og er kannski fyrir trassaskap hjá ræðumanni að hafa ekki orðið sér úti um þýtt eintak sem ég hef þó grun um að sé til í landinu. Þetta er skýrsla frá einhverri efnahagsnefnd eða tollanefnd innan Evrópubandalagsins og þar er nú ekki verið að skafa utan af hlutunum. Þar er einfaldlega sagt að það sé yfirlýst markmið samræmdrar tollastefnu Evrópubandalagsins í þessum efnum að halda lágum og helst sem minnstum tollum eða gjöldum á innflutningi óunnins fisks inn í bandalagslöndin en draga á móti úr tollfrjálsum kvótum á unnum fiski. Það er sem sagt markviss og í raun þarna yfirlýst stefna — ja, ekki yfirlýst, það er of mikið sagt vegna þess að þetta er ekki opinbert plagg hjá Efnahagsbandalagsríkjunum heldur var því stolið í sumar — en það er engu að síður stefna Evrópubandalagsins, og það liggur fyrir sannað, að færa þetta jafnvægi svona til. Auka og rýmka fyrir heimildum um að flytja fiskinn óunninn inn í Efnahagsbandalagsríkin en draga á móti úr heimildum fyrir tollfrjálsan útflutning héðan, og frá Noregi hugsanlega og fleiri löndum, á saltfiski og unnum vörum. Þetta finnast mér vera þeir alvöruhlutir, herra forseti, að mér finnst það skrýtið og eiginlega sérkennilegt að í þessari umræðu um sjávarútvegsmál, bæði fiskveiðistefnuna og reyndar þeirri umræðu sem var hér um rekstrarskilyrði sjávarútvegsins í tengslum við ákvörðun um launaskatt, þá skyldu menn í raun og veru ekkert ræða þessa hluti. Ég held að þetta sé eitt stærsta framtíðarverkefni í sambandi við stöðu íslensks sjávarútvegs, markaðsstöðuna, að ræða hvernig við getum brugðist við þessari stefnu Efnahagsbandalagsins sem er að verða einn okkar allra þýðingarmesti markaður og verja okkar rétt til þess að koma þá einhverjum krók á móti.

Menn eru að tala um það hér að það séu nú einhverjir erfiðleikar og einhver vandkvæði á því fyrir okkur Íslendinga að gera nokkuð í þessu máli. Er það þá þannig að við ætlum bara að setjast niður og sætta okkur við það að Efnahagsbandalagsblokkin setji okkur leikreglur í þessum efnum í báða enda, alla enda, skammti okkur kvótana, tollfrjálsu eða tolllágu kvótana á útflutning á unnum vörum og geti líka komið í veg fyrir það að við getum þá gripið til einhverra innri ráðstafana til að hafa hemil á útflutningi óunnins fisks? Þetta finnast mér vera miklar grundvallarspurningar sem ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. sjútvrh. úttala sig eitthvað um. Ég held að þetta séu í raun engin hernaðarleyndarmál lengur. Það er að vísu þannig að þessir hlutir hafa verið til umræðu í hv. utanrmn. Alþingis um nokkurt skeið og fóru þar fyrst kannski ekki mjög hátt af eðlilegum ástæðum vegna þess að um viðkvæma hluti er að ræða en þetta hefur komið fram í íslenskum blöðum og verið til umræðu þannig að ég held að það sé ekki lengur eftir neinu að bíða í sjálfu sér fyrir Alþingi að ræða þetta mál fyrir opnum tjöldum, enda langhreinlegast.

Og herra forseti. Ég vona að það hafi skilist hvað

ég er að fara og ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. sé þessu máli kunnugur og ég þurfi þess vegna ekki að vera að niðurlægja mig við það að lesa upp tilvitnanir úr þessari skýrslu á ensku. En ég get gert það ef menn óska til að rökstyðja það enn frekar hvert er verið að fara þarna í Efnahagsbandalaginu. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fá þetta þýtt ef það er ekki þegar búið og láta dreifa því hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla þá að nefna aðeins tvö eða þrjú atriði í viðbót, herra forseti. Í fyrsta lagi þetta með smábátana. Ég þarf í raun og veru litlu við það að bæta þar sem margir hv. alþm. hafa fjallað hér um það mál. Ég vil þá bara segja að fyrir mér eru sæmilega rýmilegar veiðiheimildir smábáta mikið byggðamál. Stærra og meira byggðamál en mér finnast margir átta sig á. Ég er þá ekki bara að tala um þá staði sem nú er orðið mjög í tísku að nefna hér, Grímsey og Bakkafjörð, sem vissulega eiga allt sitt undir smábátaútgerð og allir vita. Ég er ekkert síður að tala um fjöldamörg sjávarpláss hringinn í kringum landið sem eru þannig saman sett að þar er kannski einhver útgerð stærri báta og einn eða tveir togarar eftir atvikum en hryggjarstykkið félagslega í þessum kauptúnum og plássum eru samt smábátasjómenn. Það er nú einu sinni þannig að við getum haft einn togara og tvo báta, það er kannski 15 manna áhöfn á togaranum, þar af er helmingurinn aðkomumenn eða alls konar lausamenn og síðan eru nokkrir heimamenn á bátum. En það eru kannski 25 eða 30 smábátar gerðir út. Af þeim eru e.t.v. 15 eða 20 heimilisfeður í viðkomandi sjávarplássi. Það er kannski ⅓ af öllum fjölskyldum á staðnum sem á sína fyrirvinnu á þessum smábátum. Ég þekki þetta af eigin raun af því að ég er alinn upp í svona umhverfi. Þessir menn eru oft á tíðum hryggjarstykkið í þessum byggðarlögum eða sjávarplássum félagslega, kjölfestan í byggðinni. Þar með er verið að segja dálítið alvarlegan hlut. Það er kannski verið að fjalla um lífsafkomu og grundvöll stórs hluta þeirra íbúa sem eru kjölfestan í byggð á viðkomandi stöðum. Þetta á ekkert síður við um marga staði þar sem hlutfall aflans sem kemur á smábátum er ekkert óskaplega hátt, kannski af því að það er einn ágætur togari í viðkomandi plássi sem aflar býsna mikið, stórt hlutfall miðað við 20 trillur. En frá sjónarhóli byggðarinnar séð er afkoma og staða smábátaútgerðarinnar alveg afgerandi og prósentutölur breyta því ekki. Prósentutölur og þessi, með þínu leyfi forseti, fjandans meðaltöl, sem er nú alltaf verið að nauðga upp á mann í öllum umræðum, þær breyta nefnilega stundum ekki staðreyndum lífsins þó að það sé hægt að vitna í þær. Það eru einfaldlega staðreyndir lífsins í mörgum þessum plássum að smábátaútgerð er kjölfestan í byggðinni og það eiga menn að hafa í huga.

Ég gæti lesið upp mörg bréf úr mínu kjördæmi og vitnað í mörg símtöl og samtöl sem ég hef átt við fjöldann allan af, ekki bara smábátasjómönnum heldur sveitarstjórnarmönnum og ýmsum frammámönnum atvinnulífs í mínu kjördæmi og víðar sem hafa á því skilning hversu mikilvægur þessi þáttur er. Það er fyrir neðan allar hellur að ræða um þessa hluti á þeim grundvelli að hér sé um heimtufrekju einhvers fámenns þrýstihóps að ræða. Það er ekki þannig. Þetta er miklu, miklu, miklu stærra mál og verður ekki aðskilið frá byggðamálunum og því stóra samhengi sem verður að skoða þessa hluti í.

Vissulega er það svo þannig að það rúmast margt undir þessari regnhlíf sem einu nafni er nefnd smábátaútgerð. Það er alveg rétt og gerir vandamálið kannski dálítið flóknara en ella. Það er náttúrlega einungis hluti þessa hóps sem hefur allt sitt framfæri og á allt sitt undir þessari útgerð. Það er vissulega rétt. En það er hins vegar erfitt mál og ég hef ekki séð fram úr því hvernig menn ættu þá að fara að draga þá menn í sundur. Þess vegna held ég að það sé engin önnur leið til en sú að hafa þessar reglur sæmilega rýmilegar þannig að menn hafi þarna þokkalega afkomumöguleika og þokkalegan grundvöll. Auðvitað njóta þá einhverjir þess sem kannski þurfa ekki endilega á því að halda til þess að geta dregið fram lífið en þannig er það nú einu sinni með allar reglur sem við setjum að menn eru í mismunandi mikilli þörf fyrir þau réttindi og þá aðstoð sem verið er að setja reglur um hverju sinni og því verður ekki breytt hér frekar en annars staðar. Ég ætla að láta þetta duga um smábátana og vísa þar til þeirrar rækilegu og ágætu umfjöllunar og ræðuhalda sem hér hafa verið um það mál.

Ég tek undir með þeim ræðumönnum sem nefnt hafa stöðu þeirra sem voru svo ógæfusamir eða ólánssamir að missa sín skip á þeim tíma sem þessar kerfisbreytingar voru að ganga í garð. Ég held að það sé sanngirnis- og réttlætismál að reynt verði með einhverjum hætti að koma til móts við þá aðila sem þar með duttu með hastarlegum hætti út úr myndinni, kannski eftir að hafa unnið eða starfað að þessu um langan tíma, stóðu svo uppi réttindalausir vegna þeirra meinlegu atvika sem höguðu því svo að þeir áttu ekki skip nákvæmlega á réttum degi. Ég held að það væri hægt að leysa það mál með einhverjum þeim hætti sem hv. 2. þm. Vesturl., sem talaði hér áðan, stakk upp á, þ.e. setja einhvers konar heimildarákvæði án þess að nefna þar nöfn eða sérstök dæmi sem hægt væri að nota til þess að koma til móts við þá aðila sem þarna áttu hlut að máli og vilja komast aftur inn í þennan útveg.

Þá er ekki nema eitt eftir, herra forseti, og hefur mér nú miðað alveg geysilega vel áfram. Það er ofurlítið um eftirlit og réttargæslu í þessu kerfi. Ég get bara ekki stillt mig um að ræða það mál pínulítið, herra forseti, og er ég þó ekki júristi eða haldinn neinni sérstakri áráttu til þess að ræða slík mál yfirleitt. Satt best að segja leiðist mér yfirleitt lögfræði. En þegar maður les yfir þessar greinar, þar sem ráðuneytinu og ráðherranum er í svo til hverri einustu setningu falið alls konar vald og alls konar heimildir og opnað fyrir hans rykti og makt í víðu samhengi, og hugsar um það, hversu geysilega vandasamt verkefni þetta er, sem lagt er á herðar,

að vísu ágætlega breiðar, eins hæstv. ráðherra, að annast alla þessa miklu framkvæmd, fara með allt þetta mikla framkvæmdarvald og taka við öllu þessu mikla valdi af Alþingi í raun og veru, þá finnst manni að sá hæstv. ráðherra hljóti að vera með fangið alveg fullt af þessu verkefni og það geti ekki verið eftirsóknarvert né heppilegt, skynsamlegt og réttlátt að á þessum herðum hvíli líka allt eftirlit, úrskurðarvald, um það hvort menn hafi eða hafi ekki hegðað sér samkvæmt þessum reglum, og refsingarvald, í raun og veru heimildir til að typta menn, sekta menn eða refsa mönnum eftir atvikum, allt hjá einum og sama manninum. Ef Alþingi gengur frá hlutunum með þessum hætti með tiltölulega almennri rammasetningu sem felur framkvæmdarvaldinu mikilvægt verkefni og hlutverk, sem auðvitað getur átt rétt á sér og oft er verið að gera í löggjöf, þá eru menn þó yfirleitt að skáka í því skjóli að í landinu sé þrískipting valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. En sú þrískipting er í raun og veru í meira og minna mæli brotin upp hér. Og þó að þetta sé að vísu á grundvelli ákvæða eldri laga um heimildir til að gera upptækan ólöglegan afla o.s.frv., sem að vísu er geysilega útvíkkað með þeim ákvæðum sem hér er bætt inn í og ætlað er að koma til framkvæmda á grundvelli hinna eldri ákvæða eða eldri heimilda, þá held ég að menn verði að muna að hér er um tiltölulega sérstakar heimildir að ræða sem eru, og eiga auðvitað að vera, ef þær eiga þá nokkurn rétt á sér, undantekning frá þeirri reglu að þetta sé ekki á sömu hendi. Eftirlit með því og rannsóknar- og úrskurðarvald yfir því hvort farið sé að lögum á ekki að vera hjá þeim sem annast framkvæmdina. Þetta er nú bara aldagömul regla sem nánast allar þjóðir hafa komist að raun um að sé nauðsynlegt að viðhafa.

Þess vegna finnst mér að þegar maður les t.d. þær greinar sem einhvern tímann voru 17. og 18. gr. frv. og eru það kannski enn, þá er þar í fyrsta lagi þessi snilldarlega klausa um það að menn verði nú að láta ráðuneytinu alla skapaða hluti í té ókeypis og í öðru lagi heimildirnar sem ráðherra hefur til þess að nýta sér lögin bæði frá 1924 og 1976, um sektir og upptöku ólöglegs afla, brjóti menn gegn þeim reglum sem þetta frv. setur. Ég ætla að líta, virðulegur forseti, í frv. eins og það kom frá Ed. og sjá hvort þetta hefur númerast upp. Nei, þetta er 17. og 18. gr. og, með þínu leyfi, stendur í 17. gr.:

„Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu óOeypis í té og í því formi sem óskað er eftir allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara."

Þetta er mjög hliðstætt ákvæði og ríkisskattstjóri hefur t.d. sums staðar í lögum og ýmsir slíkir aðilar, annaðhvort innan dómskerfisins eða skattarannsóknakerfisins eða á öðrum stöðum, hafa til þess að ganga að upplýsingum. En hér er framkvæmdarvaldið að fá þessar heimildir í hendur. Til hvers? Jú, það kemur fram í næstu grein:

„Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2–14 þús. gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla skv. lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla."

Áfram segir að reynist afli fara yfir úthlutað aflamark o.s.frv., þá skuli farið með það samkvæmt heimild þessara laga. Og enn fremur segir:

„Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settum samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr." — Þ.e. sektum eða upptöku afla á grundvelli þeirra fyrri laga hvorra tveggja sem vitnað var til. — „Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku."

Það er ekki bara það að heimilt sé að refsa mönnum, heldur er líka heimilt að nota þessar refsingar, ef menn borga ekki sektina sem er úrskurðuð, yfir menn á grundvelli þessarar greinar. Þá er þetta eiginlega komið í hring ef ég skil þetta rétt, herra forseti. Þannig gæti ráðherrann þess vegna haldið áfram að refsa endalaust, þ.e. hækka á mönnum refsinguna og ef menn borga svo ekki sektina, þá getur hann aftur refsað mönnum o.s.frv.

Það sem hér er auðvitað að gerast er það að í lögum er verið að fela ráðherra heimildir til refsinga bæði á grundvelli laganna og þeirra reglugerða sem hann má setja samkvæmt lögunum og leyfisbréfa sem hann má gefa út. Ég veit það ekki, herra forseti, eins og ég sagði hér áðan er ég ekki lögfræðingur, en mér finnst að þetta hljóti að vera nánast einsdæmi og afbrigðilegt í ljósi þeirrar þrískiptingar valdsins sem við þykjumst þó vera að reyna að viðhafa hér í landinu.

Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra ef hann skyldi nú eiga eftir að tjá sig hér áður en þetta frv. verður að lögum sem ég á nú von á: Er þetta heppilegt og æskilegt? Er ekki hugsanlegt að koma því einhvern veginn þannig fyrir án þess að af því hljótist mikill kostnaður, mikið apparat eða bákn, að einhver óháðari aðili en hæstv. ráðherra sjálfur og ráðuneyti hans fari með þetta allt saman, alla þessa hluti? Og er ekki óþarfi að hafa þetta orð „ókeypis" þarna inni? Er ekki bara nóg að segja að ráðuneyti geti fengið þær upplýsingar sem það telur sig þurfa? Mér finnst hér vera fulllangt gengið. Það verð ég að segja alveg eins og er.

Og ég spyr: Hefur verið farið ofan í það nú eða fyrr hvernig þessar heimildir skv. 17 og 18. gr. og önnur ákvæði sem því tengjast hér í frv., hvernig þau standa réttarfarslega séð gagnvart stjórnskipan og réttarfarsreglum í landinu? Er þetta fullkomlega eðlilegt eða hvað? Hefur verið leitað umsagnar óháðra aðila, t.d. lögfræðilegra greinargerða frá lagadeild Háskólans eða öðrum slíkum aðilum, um það hvort þetta skipulag sé í raun og veru heppilegt? Nú veit ég af því að ég hef heyrt það áður að hæstv.

ráðherra vísar auðvitað til þess að þeir sem telji sig órétti beitta geti leitað á náðir dómstólanna og það er auðvitað fyrir hendi. Það er svo sem ekki verið að leggja niður dómstólana í landinu. En það breytir samt ekki hinu þó áfram séu til dómstólar að þarna er ráðuneytið að fá allar þessar heimildir í hendur til þess að nota þær og beita þeim og það er þá upp á einstaklingana, sem fyrir því verða að fá yfir sig úrskurði samkvæmt þessu, að leita réttar síns. Það stendur upp á þá með það. Það er þeirra að sanna sakleysi sitt. Og er það nú skynsamleg réttarfarsregla að málin snúi þannig að það sé til sérstakt úrskurðar- og sektunarvald sem geti fellt yfir menn úrskurði og menn verði þá sjálfir að reyna að sanna sakleysi sitt ef þeir ætla að fá slíku hnekkt hjá hinum eiginlegu dómstólum landsins?

Allan þann tíma sem þessi kvóti hefur verið til umræðu hefur mikið verið talað um það mikla vald sem hæstv. ráðherra og framkvæmdarvaldið fá í hendur með þessum lögum. Það er auðvitað rétt og það er ekki heppilegt að mínu mati að framselja allt of mikið af eiginlegu löggjafarvaldi þannig út í ráðuneyti eða eitthvað annað. En mér finnst þó sök sér að slíkt sé gert ef tryggilega er frá því gengið í lögum, og það er auðvitað alveg ljóst, að ráðherra fer ekki með aðra hluta málsins en framkvæmdarvaldið í viðkomandi málaflokkum. Hér er verið að gera miklu meira. Hér er í raun og veru verið að leggja til eitt víðtækasta valdaafsal yfir til framkvæmdarvaldsins sem gert er í nokkurri löggjöf, plús öll þessi ákvæði sem ég hef hér vitnað um sem varða eftirlit, rannsókn og úrskurði á framkvæmd laganna. Mér finnst þessi þáttur hafa komið merkilega lítið til umræðu miðað við þær háu upphrópanir sem heyrst hafa bæði nú og fyrr um allt þetta mikla valdaafsal.

Ég veit að ekki einum einasta manni hér, sem hlýtt hefur á mál mitt, hefur dottið í hug að ég sé að tala um þetta sérstaklega vegna þess að hæstv. sjútvrh. heiti Halldór Ásgrímsson. Ég vona að það geri enginn slíku skóna. Ég ræði þetta í fullkominni hreinskilni og einlægni vegna þess að ég vænti þess að ráðherrann taki málinu þannig og mér finnst að við eigum að geta hafið okkur upp yfir það að ræða hlutina í því samhengi hverjir gegna tilteknum störfum á tilteknum tímum. Ég tel þetta vera prinsipmál og hef um það verulegar efasemdir að það sé skynsamlegt réttarfarslega séð að standa svona að hlutunum, ekki síst þegar menn eru að tala um að lögleiða þetta kannski til þriggja ára, þá finnst mér nauðsynlegt að það liggi þá fyrir hvernig þessi gjörð stendur gagnvart réttarfari og réttarskipun í landinu, hvort þetta sé eðlilegt og hvort þá séu ekki til einhverjar leiðir til þess að haga þessu með öðrum hætti. Ég held að þetta sé eitt, auðvitað bara eitt, en þó eitt af því sem gæti greitt fyrir einhverju samkomulagi um afgreiðslu þessa máls ef menn gætu komist að einhverri lendingu í þessum efnum. Ég segi það fyrir mitt leyti a.m.k. að mér þykir það skipta nokkru máli, þegar rætt er um málið í heild sinni, hvernig með þetta eftirlits- og úrskurðarvald er farið og hvar því er fyrir komið.

Ég held, herra forseti, og fer ég alveg að ljúka máli mínu, að það væri einhver mesti greiði sem hæstv. sjútvrh. væri gerður ef hægt væri að taka þennan kaleik af honum og koma honum fyrir hjá einhverjum öðrum aðilum sem ekki þyrftu nálægðar sinnar vegna við málið að öðru leyti að vera í jafnslæmri stöðu og hæstv. ráðherra hlýtur að vera þegar til hans kasta kemur að fella úrskurði á grundvelli þessara heimilda.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel eiginlega óhjákvæmilegt að beina nokkrum orðum til virðulegs forseta út af þessu fundahaldi hér. Ég tel það afar eðlilegt að það séu margir sem taka hér þátt í umræðum um þetta þýðingarmikla mál. Þrettán manns hafa verið hér í sex tíma að ræða þetta stjfrv. En ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að við erum komin langt út yfir öll þau mörk sem hafa verið fyrir venjulegu kvöldfundarhaldi hér á Alþingi það sem af er þessa þings og má reyndar leita lengra að ég hygg. Hér hefur lengst staðið fundur fyrr á jólaföstunni til kl. 1.50 að því er skrifstofa þingsins upplýsir. Menn hófu fund í Sþ. kl. tvö í dag. Þar fór fram löng og ströng atkvæðagreiðsla, í fjóra tíma eða svo sem sá fundur stóð. Og nú höfum við verið hér linnulaust í rauninni á kvöld- og næturfundi í sex tíma.

Ég vildi vekja athygli virðulegs forseta á þessu og inna hann eftir því hvað fyrirhugað sé í sambandi við framhald þessarar umræðu. Mér finnst það ekki við hæfi í rauninni að við, ekki fleiri en við erum hér, ræðum svo þýðingarmikið mál sem hér er til umræðu áfram fram á rauðan morgun eða fram á rauða nótt og bjartan morgun vonandi, heldur væri skynsamlegra, vegna þess að mér hefur skilist að ekki stæði til að þetta mál færi til nefndar á þessum fundi nú, að þeim sem eiga eftir að tjá sig hér við 1. umr. málsins gefist kostur á því við eðlilegar aðstæður á þessum degi, en eftir að morgnar. Mér hefur skilist að það stæði til að halda hér fund fyrir hádegi.

Þetta mæli ég í fullri vinsemd, virðulegur forseti, vegna þess að mér er ljóst að fyrirhugað er að halda áfram fundahaldi hér næstu tvo daga a.m.k. og kann þá að reyna á alllangar fundasetur manna. Og miðað við hvað mál eru mörg og flókin sem hér þarf að afgreiða þá veitir ekkert af því að menn haldi sæmilega vöku sinni og góðum sönsum, einnig þeir sem starfa þurfa í nefndum við afgreiðslu þessara mála.

Ég hef tekið eftir því að hér á fundinum hafa verið síðustu einn til tvo tímana 20 þm. af 42 sem sæti eiga í þessari virðulegu deild, þ.e. minni hl. þingmanna, 10 stjórnarliðar af 28 eða rétt um þriðjungur og 10 stjórnarandstæðingar af 14 eða ⅔ þeirra stjórnarandstæðinga sem sæti eiga hér í hv. deild. En vissulega hefur þátttakan í umræðunni verið blönduð og hefur undir það verið tekið sem góðs viti í umræðunni að það hafi verið þátttaka jafnt af stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum.

Ég vek athygli virðulegs forseta á 34. gr. þing-

skapa Alþingis þar sem segir: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni.“ Ég veit út af fyrir sig ekki hvaða nauðsyn það er sem bannar mönnum að vera hér fleiri en raun ber vitni. Hér er ekki helmingur þingdeildarinnar viðstaddur á fundi og ég spyr virðulegan forseta hvort hann hafi heimilað þeim sem ekki eru hér viðstaddir fjarveru. Ég sakna t.d. virðulegs 2. varaforseta þessarar deildar, Sighvats Björgvinssonar. Það eru orðnir nokkrir klukkutímar síðan hann vék af fundi og er þó í stjórnarliðinu og í forustu fyrir þingdeildinni. Ég spyr hvort það sé með vilja virðulegs aðalforseta að annar varaforseti deildarinnar úr ríkisstjórnarliðinu sé farinn heim, e.t.v. að sofa. Mér finnst það ekki við hæfi að jafnþýðingarmikið mál og hér er til umræðu sé rætt við þessar aðstæður öllu lengur og það sé verið að slá hér öll met af því að það sýnist nú ekki að það ráði neinum úrslitum um þetta mál. Hitt gæti verið farsælla að menn ræddu það við betri aðstæður. Það hefur komið fram hjá formanni sjútvn. þingsins að hann telji að það þurfi nokkurn tíma til að vinna í þessu máli þannig að áramótaklukkan hefur að hans mati þegar slegið gagnvart þessu máli, en ég ætla ekki frekar en í kvöld að spá neinu um það út af fyrir sig.

Ég vildi, virðulegur forseti, vekja athygli á þessu og jafnframt bera fram ósk um að það sé hægt að stilla næturfundarhaldi hér í eðlilegt hóf. Mér finnst þetta hóf í rauninni vera fram gengið og þegar úr hófi gert í sambandi við þetta fundarhald. Þetta er langlengsti næturfundur í deildinni fram að þessu og ég skil ekki nauðsyn þess að halda því fram miðað við að ekki sé ráðgert að koma málinu til nefndar á þessum fundi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð síðasta ræðumanns skal tekið fram að það hefur verið kynnt sú ætlun að ljúka þessari umræðu um stjórn fiskveiða og koma málinu til nefndar. Þingflokksformönnum mun hafa verið kunnug sú ætlan að atkvæðagreiðsla um þetta mál yrði á morgunfundi og það mundi takast að ljúka umræðu á fundi nú, enda er langt liðið á 1. umr. Þó að enn séu þrír á mælendaskrá hefur verið almenn þátttaka í þessum umræðum, eins og hv. 2. þm. Austurl. tók fram, en hv. þm. hafa yfirleitt ekki haldið ýkja langar ræður í málinu. Þannig má ætla að 1. umr. geti lokið á skikkanlegum tíma ef ræður hv. þm. verða ekki lengri en þær hafa verið hingað til.

Það var ætlunin og er að taka fyrir 1. mál á dagskrá, en þar var umræða hafin, þ.e. um söluskatt, og þar eru ekki margir á mælendaskrá þó að auðvitað geti alltaf bæst við. Þetta var hv. þm. kunnugt. Ég þarf ekki að tíunda þann tímaskort sem er í þessari hv. deild og mörg stór verkefni bíða.

Þetta vildi ég taka fram. Fjarvistir hv. þm. eru ekki með mínu leyfi og ef á þarf að halda að kalla þá til þessarar umræðu er ekkert því til fyrirstöðu að það verði gert.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir athugasemdir sem hv. 2. þm. Austurl. hefur gert um stjórn þingsins. Ég held að það sé ekki boðlegt í neinni atvinnugrein. Ég verð að taka undir orð hv. 2. þm. Austurl. (**Forseti:** Ég biðst velvirðingar á því að ég var truflaður þannig að ég heyrði ekki orð hv. ræðumanns.) Ég er að endurtaka það og ég var kominn þar í mínu máli að ég lét þess getið að það væri ekki boðlegt í neinni atvinnugrein að fólk sé pínt til að vinna lengri vinnudag en það heilsu sinnar vegna þolir. Það þolir enginn maður það vinnuálag sem forsetar hafa í skjóli aukins meiri hluta má segja pínt minni hlutann til að taka á sig.

Það er ekki boðleg nokkrum manni slík framkoma sem hér hefur átt sér stað og síst af öllu þegar sá meiri hluti sem á þennan hátt notar forseta til að kúga minni hlutann til að vera hér og taka þátt í umræðum er að mestu leyti sofandi heima. Það gengur ekki, virðulegur forseti. Ég veit ekki hvað skeður ef borgaraflokksmenn fara nú heim að sofa eins og meiri hlutinn af meiri hlutanum hefur löngu gert vegna þess að þá er hér varaforsetalaust. Ég bið hæstv. forseta um að stytta þessar umræður á þeim forsendum sem komu fram hjá hv. 2. þm. Austurl. Að öðrum kosti sé ég ekki að mælendaskrá sé lokuð. Það eru þrír á mælendaskrá. Þessum umræðum verður ekkert lokið á þessum fundi. Það er alveg ljóst. Ef forseti ætlar að storka minni hlutanum áfram verður minni hlutinn að skilja þau skilaboð.

Og að ætla sér að taka söluskattsmálin á dagskrá eftir það mál sem nú er rætt — ja, ég veit ekki klukkan hvað og á hvaða degi. Við skulum hætta að tala um klukkana og fara að tala um almanakið og vita hvort við verðum að koma í kapp um hvort forseti þolir að vaka lengur en við hinir. Slík vinnubrögð eru ekki boðleg neinum og ég bið virðulegan forseta um að átta sig á því hvað hann er að framkvæma í valdi meiri hluta sem ræður ekki við minni hlutann. Hann ræður ekki við minni hlutann þegar kemur til kasta tímalengdar í sambandi við fundahöld.

Ég bið virðulegan forseta um að setja mig á mælendaskrá í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil eingöngu skýra frá því hvernig þetta mál var kynnt okkur formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar á fundi í Alþingishúsinu kl. 20 í kvöld. Það bar þannig að að á þeim fundi sátu þrír hæstv. ráðherrar og formenn þingflokka stjórnarliðsins og þeir kynntu þar þau áform sín að reyna að láta ljúka umræðum um fiskveiðistefnuna og um söluskatt á fundi í Nd. í kvöld eða nótt. Við móttókum þann boðskap og mikið meira var ekki við því að segja. Sá fundur var hins vegar gallaður, ef svo má að orði komast, eða ekki nógu vel skipulagður að mínu mati að því leyti til að þar

sátu ekki forsetar og ekki heldur forseti þessarar virðulegu deildar sem að sjálfsögðu stýrir hér fundum. Hann var því ekki til staðar til að ráðgast við hann um fundahaldið. Þar veltu menn vöngum yfir því hversu löng þessi umræða gæti orðið, jafnframt um 1. dagskrármálið. Nú hefur hins vegar farið svo, sem búast mátti við og spáð var, að hér þyrftu margir að tjá sig. Það hefur verið gert á málefnalegan hátt og yfirleitt í stuttum ræðum og þeir sem talað hafa hafa verið í bland nokkurn veginn til helminga stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar. Það er því allt með fullkomlega eðlilegum hætti.

Hitt er ekki jafneðlilegt, og ég tek undir það, að hér skuli vera þunnskipaður salur og að stjórnarliðar skuli flestir vera fjarverandi, upplýst af forseta án þess að hafa til þess leyfi. Það er ekki gott að halda umræðum áfram lengi nætur við þær aðstæður og ekki í raun viðunandi að hér sé haldið fram umræðum þegar hv. þm., sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrr, eru farnir heim. Og hvað skeður nú ef menn vilja svara eða spyrja út úr þá hv. ræðumenn suma sem hér hafa talað og margir úr stjórnarliðinu en eru nú farnir af fundi, eins og hv. 2. varaforseti deildarinnar sem þegar hefur látið dreifa hér brtt. við þetta frv.? Að vísu kemur hún eðli málsins samkvæmt ekki til umræðu við 1. umr. en liggur engu að síður frammi. Nú er upplýst að hv. 5. þm. Vestf. sé ekki á fundinum og ef ég hef skilið forseta rétt án heimildar forseta. Ég bið forseta að leiðrétta mig ef það er ekki rétt að hv. 2. varaforseti hafi farið af fundi án leyfis forseta.

Ég vildi, herra forseti, koma á framfæri hvernig þessi fundur fór fram og hvað þar gerðist og leyfa mér að lýsa þeirri ósk minni að ætli menn að halda áfram slíku samráði, sem út af fyrir sig er gott, verði það gert með því að forsetar Alþingis, a.m.k. þeirra þingdeilda sem í hlut eiga hverju sinni, séu viðstaddir þannig að ekki þurfi þá að bera boðin um langan veg á milli manna.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð síðasta hv. ræðumanns skal tekið fram að framvegis skal sá háttur hafður á að forseti verði á samráðsfundum við formenn þingflokka og ráðgist við þá um gang þingmála. Sá háttur mun verða hafður á eftirleiðis.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég skildi þín orð svo áðan að ráðgert væri ekki aðeins að ljúka umræðum um þetta mál, sem hér er enn rætt og nokkrir menn á mælendaskrá, heldur einnig að taka upp umræður um annað dagskrármál að því loknu. Ég verð að segja að ég hefði vart reiknað með að heyra eitthvað ótrúlegra af vörum virðulegs forseta en yfirlýsingu af því tagi nú þegar klukkuna vantar 17 mínútur í 4 að morgni að það standi ekki aðeins til að ljúka umræðum um dagskrármálið, sem hugsanlega er hægt á ekki löngum tíma, ég átta mig þó ekki á því hvað það er langur tími sem til þess þarf, en að það standi til að taka þá upp umræðu um annað mál á dagskránni og það að minni hluta þingdeildarinnar viðstöddum, ⅔ hlutar stjórnarþm., stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, farnir fyrir löngu heim að sofa. Ég átta mig ekki á hvers konar þinghald þetta á að vera. Er hugmyndin að svo verði haldið fram til áramóta og við göngum inn í nýtt ár — ja, kannski ekki með heilaskemmdir af vöku en alla vega ekki mjög vel á okkur komin?

Ég treysti virðulegum forseta til að meta þetta mál yfirvegað og það sem bíður manna á komandi degi, ekki aðeins okkar þm. heldur starfsmanna þingsins sem enn eru hér að störfum og þess ágæta fólks sem fylgist með þessari umræðu af áhuga. Eðlilegast væri að þessari umræðu yrði nú frestað og henni fram haldið á fundi á komandi degi og við eðlilegar aðstæður, svo og önnur þau mál sem á dagskránni eru.

Ég treysti því að heyra frá virðulegum forseta orð í þá átt að í mesta lagi verði reynt að ljúka þessari umræðu, en ekki lagt upp í þá ósvinnu, svo ég orði það mildilega, að ætla að fara að taka hér enn eitt mál á dagskrá þegar fer að nálgast rismál að gömlu tímatali.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 2. þm. Austurl. skal tekið fram að hér eru þrír á mælendaskrá um stjórn fiskveiða, en þegar eru búnir að tala 13 þm. í því máli þannig að ætla má að umræðum gæti lokið á tiltölulega stuttum tíma.

Varðandi söluskattsfrv. er hv. 2. þm. Austurl. þar á mælendaskrá og hefur hafið sína ræðu en ekki lokið henni og tveir aðrir hv. þm. Að sjálfsögðu eru mælendaskrár í þessum málum báðar opnar enn þá, en ég endurtek að það var ætlunin að ljúka þessum málum báðum á þessum fundi og koma þeim til nefndar. Þó að nefndir fjalli um þessi mál eru tvær umræður um þau mál eftir í hv. deild. Ætlunin var þessi. Það mun verða haldið áfram umræðum um stjórn fiskveiða og haldið áfram með þá mælendaskrá sem nú er.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þó að rösklega þrír stundarfjórðungar séu nú liðnir fram um óttu þessarar nætur hefur vitaskuld mikið verið sagt í kvöld og nótt og trúa mín er sú að komið verði nokkuð fram um rismál eða miðjan morgun áður en umræðu lýkur.

Ég er þó ekki með þessum orðum að gefa til kynna að ræða mín verði sérlega löng. En ég kvaddi mér hljóðs nokkuð snemma kvölds. Þá munu hafa verið einir 12 eða 13 á mælendaskrá og eins og ég sagði hefur margt síðan fram komið.

Mér er það nokkur árátta á stundum eins og þessari að velta fyrir mér ártölum. Mér koma í hug ártöl eins og 1903, 1948, 1958, 1971, 1975, 1976.

Ég býst við því að flestir sem á mál mitt hlýða séu ekki í vafa um hvað tengi saman þessi ártöl úr þjóðarsögu okkar. Laust eftir aldamótin síðastliðnu

var landhelgi Íslands ákvörðuð þrjár sjómílur. Langur tími leið við misjafnar aðstæður til þess tíma að landgrunnslögin voru sett árið 1948. Með landgrunnslögunum 1948 er í rauninni lagður grunnur að þeirri stöðu sem við byggjum á í dag. Persónulega er mér þó ekkert þessara ártala sérstaklega minnisstætt. Ég mun koma að því síðar í máli mínu. Árið 1958 urðu 12 mílurnar staðreynd við baráttu, 1971 50 mílurnar, 1975 200 mílur og 31. maí 1976, eins og hæstv. fyrrv. sjútvrh. sagði fyrr í máli sínu í kvöld, voru reglur um hagnýtingu fiskveiðilögsögu Íslendinga lögfestar hér á hv. Alþingi.

Persónulega er mér eitt ártal minnisstætt úr þessari sögu, það er 1952. Það er vegna þess að þá er ég unglingur vestur á Vestfjörðum og þannig stendur þá á á mínu heimili, þar sem ég átti heima vestur við Arnarfjörð, að nánast fyrirvaralaust hafði verið sett löggjöf á hv. Alþingi um að stöðva dragnótaveiðar á Vestfjörðum og raunar víðar um land. Í þorpi eins og ég átti heima í í þann tíð þýddi þetta nánast dauðadóm yfir þær atvinnugreinar sem voru burðarásar í þessum þorpum. Sá var þó munur á, miðað við margt sem stendur til í dag, að þessari löggjöf fylgdi ákveðin, ekki aðeins vísbending, heldur ákvörðun frá Alþingi um það að bætur yrðu greiddar fyrir það tjón sem viðkomandi aðilar höfðu beðið af þessari löggjöf. Ég leyni því ekki að mér og sjálfsagt mörgum sem þarna áttu hlut að máli var ekkert hlýtt til þessarar hv. stofnunar á þeim tíma. Það var vegna þess fyrst og fremst hversu hratt þetta mál bar að og fyrirvaralaust. Það var líka vegna þess að viðbúnaðurinn í þorpum á þeim tíma var afskaplega lítill til að mæta slíkum aðstæðum. Í því þorpi sem ég átti heima í, sem var dálítið sérstætt, hafði það hins vegar gerst að fjörðurinn, Arnarfjörður, hafði tvisvar sinnum tæmst frá stríðslokum af þeirri veiði sem þegar var farið að gæta verulega þar við fjörðinn og þar á ég við rækju. Eins og menn vita var rækjuveiði einna fyrst stunduð hér á landi við Ísafjarðardjúp og Arnarfjörð. Síðan gerist það laust eftir árið 1952, líklega 1954, að forráðamenn þess veiðiskapar við Arnarfjörð leita til atvinnudeildar Háskólans sem þá starfaði og biðja um aðstoð fiskifræðings við stjórn rækjuveiðanna. Ég held að þarna hafi í rauninni í fyrsta sinn í sögu fiskveiða hér við land verið lagður grunnur að skipulagðri fiskveiðistjórn. Og mér finnst ánægjulegt að minnast þess að frá þessum tíma að þetta var gert hefur fjörðinn aldrei þrotið að þessari veiði.

Þetta sannfærði mig snemma um það að fiskveiðistjórn er nauðsyn sem við verðum að horfast í augu við og við verðum að taka tillit til ef við ætlum að lifa af þessu sjávarfangi sem við eigum í rauninni allt undir. Það þýðir hins vegar ekki að það sé sama hvernig að þeirri fiskveiðistjórn er staðið. Við stöndum við það og sitjum þessa nótt að fjalla um það líklega í þriðja sinn hvernig að verður staðið með heildarstjórn að þessu leyti fyrir okkur Íslendinga í næstu framtíð.

Á hverju hausti þegar Alþingi kemur saman er fyrsta mál hvers þings fjárlög. Það er eitt fyrsta mál sem rætt er af alvöru og opnað í þinginu. Það er afgreitt til einnar fjölmennustu nefndar þingsins sem starfar nánast sleitulaust, venjulegast fram til jóla. Málin eru síðan tvírædd síðar, oftast afgreidd fyrir jól. Þessi löggjöf á á hverju ári aðeins að gilda í eitt ár. Að þessu sinni hefur að vísu því miður ekki tekist að afgreiða þá löggjöf fyrr en á milli jóla og nýárs og einmitt þá á þeim degi sem nýlega er lokið. Sú löggjöf sem við erum að ræða um núna átti hins vegar að tilhlutan þeirra sem lögðu málið fram að standa í fjögur ár. Ætlan þessara aðila var að þessi hv. deild fjallaði um þetta mál, eins og hér hefur margsinnis komið fram í kvöld, á þessum næturfundi, 1. umr., væntanlega yrðu nefndarstörf á morgun. Eftir einn dag og ætti síðan löggjöfin að verða staðreynd eftir að vísu umfjöllun í hv. Ed. Þetta er mál sem er nánast fyrst lagt fram í þinginu í þessum mánuði þó að undirbúningur hafi vitaskuld verið svo og svo langur. En fyrir venjulegan þingmann er þetta staðreyndin. Menn hafa þetta hér á borðum til umfjöllunar og nú fyrst til umræðu í þann mund sem öll nótt er að verða úti um að koma löggjöfinni í gegn.

Mér er það að vísu fullljóst að hæstv. sjútvrh. er ekki vandi á höndum að hafa stjórnina á hendi í þessum málum enda þótt þessi mál taki lengri umfjöllunartíma á hv. þingi en ég hef verið að lýsa. Því nefni ég þetta að það hefur komið fram í máli nánast hvers einasta manns, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðings, meira að segja í máli hæstv. ráðherra, að umfjöllunartími í þessu efni er of skammur, a.m.k. ef til þess er ætlast að menn fjalli um málin á þann veg að þeir ígrundi þau, athugi þau og ég tala nú ekki um að viðkomandi nefndir fái tíma til umfjöllunar.

Það eru ekki mörg atriði sem ég mun fjalla um á þessu stigi málsins, það munu vera ein fjögur atriði sem ég mun fjalla um sérstaklega. Áður en ég geri það langar mig til að kynna atriði sem ekki hefur borið á góma í umræðunum í kvöld en er þó í skýrslu sem mun hafa verið kynnt af hálfu ráðuneytisins í þessu máli og er eftir íslenskan höfund sem heitir Rögnvaldur Hannesson, með leyfi hæstv. forseta, sem er prófessor í fiskihagfræði í Verslunarháskólanum í Bergen í Noregi. Þessi maður er sjálfsagt hinn gegnasti vísindamaður og ég get sagt það í fáum orðum að ritgerð hans er í stórum dráttum meðmæli með kvótakerfi almennt. En það er ekki af þeirri ástæðu sem mig langar til að vitna í lokaorð þessarar skýrslu, heldur af því að mér sýnist að þar sé í rauninni drepið á atriði sem vakir að baki þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, sem vakir að baki þeirri lagasetningu sem verið er að fjalla um í þriðja sinn. Margur hefur sagt hér í kvöld að löggjöf af þessu tagi festist ef hún er sett á æ ofan í æ. En enginn hefur minnst á, svo að ég hafi heyrt, það sem þessi vísindamaður, Rögnvaldur Hannesson, fjallar um í lokaorðum sínum. Með leyfi forseta langar mig að grípa niður í lokaorðin, en þar segir:

„Hinu opinbera standa til boða tvær meginleiðir til að afla sér tekna af kvótum og þar með skerða verð kvótanna eins og það horfir við kvótaeigendum. Hægt er að selja kvótana í eitt skipti fyrir öll eða leggja á þá sérstakan skatt á ári hverju. Þessar aðferðir útiloka ekki hvor aðra.“ Mig langar til að taka þetta skýrt fram: Ég er ekki með þessum lestri að mæla á einn eða neinn hátt með því sem þessi maður leggur til. Með þessum lestri er ég að vekja athygli á atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að menn viti af í þessari umræðu.

„Sala kvóta í eitt skipti fyrir öll virðist ekki ráðleg leið ein saman að minnsta kosti. Bæði er það að kvótarnir yrðu þá enginn varanlegur tekjustofn fyrir hið opinbera og eins hitt að verð það sem fengist fyrir kvótana yrði að öllum líkindum miklu lægra en núgildi afraksturs þeirra. Kemur þar tvennt til, óvissa um framtíðarafrakstur kvótanna og viðleitni manna til að komast hjá áhættu. Fáir eða engir eru líklegir til að kaupa kvóta á verði til jafns við vongildi þeirra tekna sem þeir vænta sér af kvótunum. Þessi leið hefur hvergi verið reynd en Nýsjálendingar leggja sérstakt árgjald á sína kvóta,“ eins og Rögnvaldur hafði fyrr nefnt í skýrslu sinni.

Ég ætla að drepa á tvö önnur atriði úr skýrslu Rögnvalds. Hann segir þetta um kvótaúthlutun til takmarkaðs tíma:

„Í þessu tilfelli er eignarréttur aflakvótanna óumdeilanlega í höndum hins opinbera. [Það höfum við greinilega fundið í þeirri umfjöllun sem hér hefur verið.] Þetta eykur náttúrlega rétt hins opinbera og skerðir rétt einstaklinga og félaga að sama skapi. Með slíku fyrirkomulagi kynni að verða auðveldara að koma í veg fyrir að kvótarnir lentu í höndum þeirra sem ekki nota þá sjálfir. Gæta yrði þess að kvótarnir væru til nógu langs tíma til að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum í fiskiskipum. Slíkir tímabundnir kvótar gætu skapað ýmis vandamál í framkvæmd, eins og t.d. ef kvótahafi vill hætta útgerð eða endurnýja skip sitt áður en kvótatímabil rennur út. Í þessu tilviki getur hið opinbera aflað sér tekna af aflakvótunum með því að leigja þá eða skattleggja. Varla er rétt í þessu tilviki að tala um sölu á kvótum þar eð enginn varanlegur afnotaréttur fylgir kvótunum. Munurinn á skattlagningu og leigugjaldi sem ákveðið yrði við kvótaúthlutun er svipaður og áður greinir um sölu og skatt. Leigutaki yrði væntanlega ófús til að greiða leigu sem næmi vongildi þess ágóða sem hann væntir sér af kvótanum. Leiga á kvótum yrði þó varanlegri tekjustofn en sala í eitt skipti fyrir öll.“

Síðan kemur merkileg spurning. „En hve hátt á svo að skattleggja kvótana? Eða á hve háu verði á að selja þá?“ Þetta er í fyrsta lagi spurning um í hve ríkum mæli verðmæti kvótanna á að renna til útgerðarinnar eða til hins opinbera. „Slíkt er álitamál,“ segir vísindamaðurinn. „Slíkt er álitamál [og er að furða] sem ekki er hægt að gefa neitt ótvírætt svar við. Í öðru lagi er þetta spurning um með hvaða aðferðum hið opinbera geti náð í sem stærstan hluta af fiskveiðirentunni. Útboð kvóta á samkeppnismarkaði virðist líklegast til að hámarka hlutdeild hins opinbera í fiskveiðirentunni.“

Þá kem ég að lokakafla prófessors Rögnvaldar: „Hvernig skipta má fiskveiðirentunni.“

„Hvernig ber svo að ráðstafa arðinum af félagseigninni? Hér er um tvær leiðir að velja. Hægt er að úthluta arðinum milli þjóðfélagsþegnanna eftir ákveðnum reglum. Það er þá á valdi hvers og eins hvernig hann eða hún ráðstafar sínum hluta arðsins. Þessi leið er farin að nokkru í Alaska, svo að dæmi sé nefnt.“ Og enn tek ég fram: Fyrir hvern mun bið ég hlutaðeigendur alla að taka það ekki sem svo að ég sé boðberi á einn eða neinn hátt þessara kenninga sem hér er um að ræða. Ég vil hins vegar vekja athygli á því hver niðurstaða vísindamanns, íslensks, sem til hefur verið kvaddur í þessu efni, er, hver hans boðskapur er. Ég held að það sé nauðsynlegt að sá boðskapur komist inn í umræðuna en fyrir hvern mun takið mig ekki sem slíkan spámann.

„Verulegum hluta af tekjum Alaskafylkis af olíuvinnslu er varið í sérstakan sjóð sem ár hvert sendir öllum íbúum Alaska ávísun upp á ákveðna peningaupphæð. Hin leiðin er sú að gera arðinn af fiskimiðunum að tekjustofni fyrir ríkið og skipta honum óbeint milli þegnanna gegnum umsvif hins opinbera. Þannig hagnýta t.d. Norðmenn og Bretar og margar aðrar þjóðir rentuna af olíuvinnslu.

Eins og kunnugt er eru skoðanir skiptar um það hve vel hið opinbera sinnir bæði félagslegum og öðrum þörfum þjóðfélagsþegnanna. Rétt er þó að taka það fram að þung rök hníga að því að gera arðinn af fiskimiðunum að tekjustofni fyrir hið opinbera.“ Þessi setning Rögnvaldar Hannessonar sýnist mér vera í rauninni niðurstaða hans.

„Skattur á aflakvótarentu uppfyllir einmitt þetta skilyrði,“ segir hann, „þar eð hann leggst á arð umfram þann sem nauðsynlegur er til að tryggja fjárfestingu í skipum og veiðitækjum. Þar eð ekki verður komist hjá einhverri skattheimtu hins opinbera er um að gera að hún valdi sem minnstum skaða í hagkerfinu.“

Hér er óneitanlega fjallað um atriði sem ég býst við að flestum okkar séu nokkuð fjarri og þó að Kristján heitinn, sá mæti maður í Últíma, hafi á sínum tíma ritað margt um þessi mál og m.a. auðlindaskatt býst ég varla við að menn hafi búist við að fiskveiðistjórn kæmi svo snemma að þeim atriðum sem þessi umræddi vísindamaður fjallar um í þessari skýrslu. Mér finnst það í rauninni dálítið merkilegt að á þetta hafi tæpast, ef nokkuð, verið minnst, a.m.k. ekki í þessari hv. deild. Ég átti þess ekki kost að fylgjast með umræðum í hv. Ed. Það kann að vera að þessir hlutir hafi verið ræddir þar en mér er ekki um það kunnugt.

Ég mun nú víkja örfáum orðum að þeim fjórum atriðum sem mig langar sérstaklega að gera að umtalsefni í því frv. til laga um fiskveiðistjórn sem hér liggur fyrir.

Það fer ekki á milli mála í því kjördæmi þar sem ég

er fulltrúi, eða a.m.k. nærlendis þar sem ég bý, hvaða atriði það er sem veldur þar í rauninni mestri óánægju. Ég held að ég geri á sem stystum tíma grein fyrir því með því að lesa fáein orð sem maður sem vinnur við þennan atvinnuveg hripaði fyrir fáeinum dögum um viðhorf Sunnlendinga í nágrenni við hann til norður-suður línunnar og áhrifin af henni. Hann segir þessi ágæti maður, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram kemur í gögnum Fiskifélags Íslands um rekstur minni togara 1986 er meðalskipið sunnlenska rekið með hálfrar annarrar millj. kr. halla meðan togarar á svæði 2 skila nær 10 millj. kr. hagnaði. Þessar tölur virka kunnuglega á menn og var þó munurinn meiri á undanförnum kvótaárum þótt ufsa- og karfaverðbætur bættu úr. Þannig dæmir fiskveiðistefnan ákveðinn hóp manna í taprekstur sams konar atvinnutækja eftir búsetu í landinu. Þessi tekjumunur dregur afl úr sunnlenskri útgerð, lækkar hlut sjómannsins sunnlenska um yfir 200 þús. kr. á ársgrundvelli, minnkar verkefni vinnslunnar, minnkar tekjur hennar, minnkar einnig tekjur sunnlensks fiskvinnslufólks.

Furðu gegnir," segir þessi ágæti maður, „stuðningur og afskiptaleysi margra forustumanna sjómannasamtaka og verkalýðs í þessu máli." — Stuðningsleysi á hann vitaskuld við. — „Þrátt fyrir háværar yfirlýsingar þeirra sem ferðinni ráða um einhug og samstöðu hagsmunahópa gagnvart fiskveiðistefnunni undanfarið og fram lögðu frv. nú þá er hitt staðreynd að djúpstæður og vaxandi ágreiningur er á milli þeirra sem eiga og gera út togara á svæði 1 og svæði 2."

Í atkvæðagreiðslum sem fram hafa farið undanfarin missiri um afnám ákvæða um skiptingu sóknarmarkstogara hafa orðið hörð átök og oft munað litlu í atkvæðum. Þó hefur tekist að svínbeygja menn, hræða þá jafnvel suma, og jafnvel bátamenn að allur jöfnuður þýði aukningu í þorskafla sunnantogara sem þá yrði tekinn af bátakvótanum. Undir þetta taka síðan svæðismenn 2 fullum hálsi þótt þeir viti manna best að hlutur þeirra hefur aukist óðfluga á kostnað svæðis 1. Vegna þessara átaka og mótmæla sunnlendinga þótti ekki annað fært en að bjóða svæði 1 þorskígildisjafnræði sem er í því fólgið þegar frv. var fyrst kynnt að karfa átti að úthluta á skipin og fá sunnlendingum 1400 tonn á skip þannig að þorskígildin eru ca. 2000 tonn á báðum svæðum. Vissulega er hér um leiðréttingu að ræða en málið er ekki svona einfalt. Enginn er kominn til að segja að sunnlensku skipin nái að veiða 1400 tonn af karfa. Algeng veiði er um 1000 tonn. Enda þótt svo yrði er það langtum dýrari veiðiskapur, fleiri veiðiferðir með helming verðmætis, meiri olíukostnaður og margfalt veiðarfæraslit. Þarna er því sýnd veiði en ekki gefin.

Það fer þess vegna ekki á milli mála að mitt viðhorf er það að norður-suður línan sé einn sá þáttur í þessu máli sem erfitt, a.m.k. fyrir mig, reynist að samþykkja. Ég þykist þó gera mér grein fyrir því að ekki séu mikil líkindi til þess að það náist að þessu sinni að fá því breytt. En það sem mér hefur þótt einna athyglisverðast í umræðunum hér í kvöld eða nótt er þó það að heyra upphafsorð hæstv. sjútvrh. og á vissa lund yfirlýsingu hans og vilja á því að taka tillit til þeirra gagnrýnissjónarmiða sem fram hafa komið gagnvart frv. Þetta finnst mér skipta ákaflega miklu máli. Í annan stað finnst mér annálsvert að heyra orð formanns hv. sjútvn. þessarar hv. deildar þar sem hann lagði áherslu á nákvæmlega sömu atriði, reyndur maður í pólitík, reyndur maður af stóli hæstv. sjútvrh., maður sem hefur vaxið að víðsýni um langan aldur. Þessi atriði sem þarna komu fram hjá þessum tveimur mönnum gefa mér þá von að ekki sé barist til einskis, hvorki það sem gerðist í hv. Ed. né það sem gerist hér á þingpöllum nótt eftir nótt, ekki það sem gerist dag eftir dag hjá mönnum sem berjast fyrir rétti sínum, nánast tilverurétti, eins og margur maður gerir þessa dagana í þessu máli.

Ég þykist vita það frá fornu fari að óvíða fylgir jafnmikill hugur máli og meðal sjómanna. Stundum er því haldið fram að sjómenn séu í aðra röndina kannski hjátrúarfyllri en annað fólk og sú skýring þá gefin á því að þeir búi nærri höfuðskepnunum og séu í fangbrögðum við þær nánast daglega. En kynni mín af sjómönnum eru á þann veg að fáir séu traustari þegar á reynir og fáir láti síður hlut sinn baráttulaust. Ég held einmitt að slík stund sé kannski í nótt, sé þessa daga, sé e.t.v. fram undan þegar til úrslita dregur í þessu máli. Við skulum ekkert draga það undan að hér er verið að fjalla um efnahagsmál, hér er verið að fjalla um stærsta mál þessarar þjóðar, hér erum við að fjalla um pólitík.

Það er ekki, ég þori að fullyrða það, með vilja hæstv. sjútvrh. sem þetta mál kemur svo seint til þings. Ég efast ekki um að helst hefði hann kosið að geta lagt þetta mál a.m.k. fram í þingbyrjun. Ekki ætla ég honum það að hann geri það af ráðnum hug að draga málið til þess að það fái þá minni ígrundun hér en ella, það geri ég ekki. Ég býst við að hér liggi að baki pólitískar aðstæður. Hann hefur lagt sig í líma við að reyna að ná samstöðu, auðvitað stjórnarmeirihlutans, til þess að málið fengi síðan eðlilegan byr í gegnum þingið.

Mig langar í þessu sambandi til að hverfa aftur til síðustu mánaðamóta. Þá er málið í burðarlið og eitt aðalmálgagn stjórnarinnar, Morgunblaðið, birtir þá leiðara um aðstæður á stjórnarheimilinu varðandi þetta mál eins og þær voru þá dagana. Með leyfi hæstv. forseta langar mig að fjalla svolítið um þennan leiðara. Þar segir:

„Ríkisstjórnin og kvótakerfið.

Um síðustu helgi" — þetta er rétt eftir mánaðamótin nóvember–desember — „varð töluvert uppnám í fjölmiðlum vegna þess að Alþýðufl. hafði uppi ákveðnar kröfur í sambandi við breytingar á kvótakerfinu. Í opinberum yfirlýsingum þá taldi hæstv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson ljóst að ekki væri hægt að gera umtalsverðar breytingar á fiskveiðistefnunni

þar sem allvíðtæk samstaða hefði tekist með hagsmunasamtökum í sjávarútvegi um fyrirkomulag kvótakerfisins næstu árin.“ Allvíðtæk samstaða, taki menn eftir. Ætli það eigi við um bátasjómenn? Varla. „Ekki var hægt að skilja sjútvrh.á annan veg en þann að hann teldi ófært að ganga gegn vilja hagsmunaaðila. Nú sýnist hins vegar sæmilegur friður í herbúðum stjórnarflokkanna þótt málgagn Framsfl. kvarti undan því í gær að Alþfl. hafi ögrað Framsfl. með því athæfi að hafa aðrar skoðanir á fiskveiðistefnunni en sjútvrh. og þá sé „komið að mjög alvarlegum punkti í stjórnarsamstarfinu“.

Þetta ber að sjálfsögðu að skilja svo að Framsfl. geti talið sig knúinn til að rifta stjórnarsamstarfinu ef samstarfsflokkarnir fallist ekki á fiskveiðistefnu hæstv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar.

Morgunblaðið ætlar ekki að blanda sér í deilur alþýðuflokksmanna og framsóknarmanna um kvótakerfið, vitaskuld ekki. Hins vegar er sú afstaða sjútvrh. meira en lítið umhugsunarefni, að ekki sé fært að gera breytingar á fiskveiðistefnunni vegna þess að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi fyrir sitt leyti samþykkt þá stefnu sem ráðherrann hefur átt mestan þátt í að móta.“ Taki menn eftir. Þegar þessi orð eru rituð er tæpast stafkrókur kominn til Alþingis um málið.

„Nú er það svo að auðlindir hafsins eru sameign þjóðarinnar allrar. Það eru engir ákveðnir hópar í þessu þjóðfélagi, hvorki útgerðarmenn, sjómenn eða aðrir sem geta gert meiri kröfur til þessara auðlinda en aðrir. Þess vegna fer það ekki á milli mála að það eru löglega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, alþingismenn, sem hafa lokaorðið í þessu máli en hvorki hagsmunaaðilar í sjávarútvegi né sjútvrh. sjálfur.“

Þetta er niðurstaða úr fyrri hluta leiðara Morgunblaðsins í byrjun desember. Ég held að fróðlegt sé að íhuga þetta og lesa núna í morgunsárið og líta í rauninni yfir salinn þegar verið er að fjalla um málið hér á hv. Alþingi. Það er sagt hér í leiðaranum: Það eru ekki útvegsmenn, það eru ekki sjómenn, það eru alþingismenn sem eiga að fjalla um málið.

Gott og vel. Ég ætla mér þó ekki að draga undan þá skoðun mína að öðrum fremur hlýtur það að snerta sjómenn, frekar en aðra, sem eiga allt sitt lífsbrauð undir því hvernig hér tekst til þó að þjóðin sé þar auðvitað öll á sama báti.

Áfram segir í leiðara Morgunblaðsins frá sl. mánaðamótum:

„Það eru auðvitað óhæf vinnubrögð að setja Alþingi upp að vegg með þeim hætti sem nú sýnist vera gert.“ Ætli það hafi verið búist við því að hv. Nd. fengi málið til umfjöllunar á einum næturfundi, einn dag í nefnd, og síðan yrðu hraðafgreiðslur við tvær umræður eins og nú virðist ætlunin? Ég efast um það. „Í raun og veru,“ segir hér áfram í leiðaranum, „er sagt við þingmenn: Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa samþykkt þessa stefnu.“ — Það er náttúrlega ekki stafkrókur um smábátasjómenn. — „Tíminn er svo naumur fram að áramótum. Það er ekkert ráðrúm til þess að fjalla um verulegar breytingar á þessari fiskveiðistefnu. Þess vegna verðið þið að samþykkja hana hvort sem ykkur líkar betur eða verr. Þegar umbúðirnar hafa verið teknar utan af málflutningi hæstv. sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar, um síðustu helgi og málgagns hans í gær er þetta niðurstaðan.“ Og taki menn eftir: Þetta eru ekki orð mín sem stjórnarandstæðings. Þetta er forustugrein í aðalmálgagni ríkisstjórnarinnar sem leggur fram frv. við þessar aðstæður.

Síðan segir áfram, með leyfi hæstv. forseta sem sýnir mér langlundargeð:

„Að sjálfsögðu getur þingið ekki látið bjóða sér þetta og kjósendur í landinu geta ekki samþykkt svona vinnubrögð fyrir sitt leyti.“ Þeir eru líka teknir, eðlilega, inn í myndina. „Alþingi Íslendinga verður að finna leið“ — og nú kemur að kjarna — „til þess að ítarlegar og djúptækar umræður“ — Djúptækar umræður! Það er ekki oft notað þetta lýsingarorð eða þessi lýsingarháttur réttara sagt. — „geti farið fram á þjóðþinginu nú um fiskveiðistefnuna. Þingið er að bregðast hlutverki sínu ef slíkar umræður fara ekki fram. Það verður að liggja fyrir hvort Alþingi er reiðubúið að láta það viðgangast að gífurleg eignatilfærsla haldi áfram að fara fram í skjóli kerfis sem sett var upp til að vernda fiskstofnana. Umræður á þingi LÍÚ eða á þingum annarra hagsmunasamtaka í sjávarútvegi geta ekki komið í stað umræðna á Alþingi Íslendinga. Stefnumótun í nefndum og ráðum getur ekki komið í stað þeirrar stefnumörkunar sem á að fara fram á þjóðþinginu. Það er ósköp hvimleitt þegar ráðherrar, þingmenn eða aðrir talsmenn stjórnmálaflokka hafa uppi hótanir um stjórnarslit þegar ágreiningur kemur upp um einstök mál í ríkisstjórn.“

Út af fyrir sig ætla ég ekki að segja neitt frekar um þetta atriði, ég blanda mér ekki í það, en undir þann kjarna í þessari forustugrein vil ég taka að Alþingi getur ekki vikist undan þeirri skyldu sinni að taka sér þann tíma sem þingið þarf til umfjöllunar í þessu efni.

Síðan er vikið að því í lok þessa leiðara að það sé mál Framsfl. hvort hann rýfur stjórnarsamstarf eða ekki. Það finnst mér skipta nánast engu máli í þessu sambandi. Það sem skiptir máli er sú niðurstaða þessa leiðara að þingið þarf að taka sér þann tíma sem það ætlast til í þessu efni.

Hæstv. forseti. Ég hef í rauninni fjallað um þau meginatriði sem ég ætlaði mér í þessu efni, en á þó aðeins eftir fátt eitt sem ég mun nú tala um.

Þau fjögur atriði sem ég sagðist ætla að leggja áherslu á voru í fyrsta lagi þetta: Ég mæli gegn norður-suður línunni. Ég mæli eindregið gegn þeirri stefnu gagnvart smábátum sem kemur fram í frv. Hv. 5. þm. Vesturl. vitnaði til margra aðila sem fjallað hafa um mál smábáta og þeirra málsvörn víðs vegar að af landinu. Ég þarf ekki að tíunda það frekar. Þar töluðu þeir sjálfir fyrir sínu máli og það skiptir auðvitað öllu, en ég vil bera einlæga ósk fram

hér og ég höfða til þess sem hæstv. sjútvrh. sagði fyrr í umræðunum að hann hefði vilja til þess að menn næðu saman. Ég held að menn nái ekki saman nema það náist sættir um málefni smábátanna þannig að smábátamenn geti við unað og aðrir sem hér eiga hlut að.

Þriðja atriðið sem ég vildi gera að sérstöku umræðuefni er yfirfærsla valdsins í nánast hverri grein til hæstv. ráðherra. Það hefur verið mikið fjallað um það hér í nótt. Ég vil taka undir gagnrýni á þessa yfirfærslu í allri grein. Ég vil taka undir þá hugmynd, sem fram hefur komið af hálfu Borgarafl. og raunar víðar, að það væri eðlilegt að miklu stærri hópur fjallaði um a.m.k. öll ágreiningsmál og nánast útfærslu á þessum málum með ráðherravaldinu vegna þess að hér er verið að fjalla um einstæða hluti í okkar þjóðarbúskap. Hér er verið að fjalla um undirstöðuna sjálfa og færa allt vald til eins ráðherra. Það er með slíkum ólíkindum að það skuli geta gerst eins og hér er lagt til. Í þessu felst ekki vanmat á þeim einstaklingi eða þeim einstaklingum sem með þetta vald hafa farið, en þetta gengur þvert á þá grundvallarþætti í stjórnskipan okkar sem margfaldlega hefur hér verið fram tekið í nótt.

Seinasta atriðið sem mig langar til að minnast á er það sem ég hef leyft mér að kalla útburðina. Ég þekkti það mál ekki neitt að marki fyrr en af orðspori frá hv. Ed. eftir umræðurnar þar. Þar mun það hafa komið fram að a.m.k. þrjú skip, munu hafa verið tíu upphaflega, liggja óbætt hjá garði vegna þess að þau ýmist farast, brenna eða á einhvern annan hátt fara forgörðum hjá eigendum sínum á þeim tíma sem var viðkvæmur í þessu efni, viðmiðunartímanum sem svo er nefndur. Og það fær mig ekkert til að trúa því að þessi þrjú skip, þó þau væru tíu, skipti einhverjum sköpum um fiskistofna þessarar þjóðar. Það fær mig ekkert til þess að trúa því að það sé ekki til leið af sanngirni til að bæta þann hlut sem þarna hefur orðið. Mér finnst það með ólíkindum að mál af þessu tagi skuli fara í gegnum heila þingdeild, eins og hv. Ed., án þess að leitað sé sátta í jafnsjálfsögðu máli og hér er um að ræða. Hvaða heilskyggn maður vill ekki rétta hlut annars sem stendur höllum fæti og ber skarðan hlut frá borði vegna slyss? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að Alþingi Íslendinga láti þann ósóma um sig spyrjast að rétta ekki hlut þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Það er nú orðið langt liðið á nóttina og þreyta farin að segja til sín, en mig langar til að vekja athygli hv. þm., og þó sérstaklega þeirra sem eru í sjútvn. deildarinnar, á skýrslu sem ég hef undir höndum frá Hafrannsóknastofnun. Það eru að vísu mjög fáir eftir hérna. Ég veit ekki hvort það tekur því að tala yfirleitt þegar meiri hluti þm. er heima hjá sér og spurning hvort ekki ætti að vekja fólk til að það geti hlustað á það sem við höfum hér fram að færa.

Þessi skýrsla, sem ég er hér með, er fjölritið nr. 11 frá stofnuninni og heitir „Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1987. Aflahorfur 1988". Á bls. 8 í þessari ágætu skýrslu stendur, með leyfi forseta, en þar er verið að ræða um ástand nytjastofna og talað um þorskinn:

„Aflinn dreifist á 4–8 ára þorsk. Mest var hlutdeild sjö ára þorsks, þ.e. árgangur 1980, með 28% fjölda en 32% að þyngd. Næstalgengastur í vertíðaraflanum var fjögurra ára þorskur, árgangur 1983, 22% miðað við fjölda en um 9% miðað við þyngd vertíðaraflans. Miðað við fjölda var sex ára fiskur þriðji í röðinni með 17% hlutdeild. Hlutdeild fimm og átta ára þorsks var 11% og 12% miðað við fjölda. Hlutdeild níu ára og eldri fisks var sáralítil eða innan við 10% að fjölda."

Það kemur líka seinna fram að ári seinna er hlutdeild sjö ára fisks í fjölda 13% þannig að það er yfirleitt talað um í þessari skýrslu hve margir einstaklingar eru af hverjum árgangi.

Aðeins síðar, á bls. 9, stendur, með leyfi forsteta:

„Gert er ráð fyrir að annar hver fiskur sem veiðist árið 1987 verði annaðhvort þriggja eða fjögurra ára þorskur, árgangarnir 1984 og 1983. Fari afli fram úr 36 000 tonnum á árinu 1987 mun það fyrst og fremst verða til þess að hlutfall smáfisks í afla eykst enn frá því sem gert er ráð fyrir. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í september 1986. Þó virðist veiði smáfisks verða enn meiri en þá var gert ráð fyrir. Þetta er vegna þess að 1983-árgangurinn er að hluta til vaxinn upp fyrir viðmiðunarmörkin."

Það kemur hér fram að gert er ráð fyrir að hlutur smáfisks verði meiri í afla í ár og næsta ár. Það hefur einnig komið fram í umræðunni um þetta mál að þm. hafa áhyggjur af smáfiskadrápi. Ég hef svo sannarlega haft áhyggjur af því líka, en þegar ég fer að glugga í þessa skýrslu fer ég að velta vöngum.

Þá vildi ég líka vekja athygli á töflu á bls. 32 í þessari sömu skýrslu, töflu nr. 16.1. Þessi tafla sýnir fjölda þorska í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilið 1972–1986. Þannig er alltaf verið að tala um fjölda þorska. Ef farið er að kanna aðeins nánar sést að árið 1983 veiddust 3,5 millj. einstaklingar sem voru þriggja ára. Árið 1984 voru þeir sem voru þá fjögurra ára 31 millj. Árið 1985 eru þeir orðnir fimm ára. Þá veiðast 35 millj. Og árið 1986 eru þeir rúmar 30 millj. Á þessu sést að fjöldi einstaklinga er mjög hár úr þessum sama árgangi. Þetta er allt sami árgangurinn. Það virðist ekki neitt benda til þess að einstaklingum fækki verulega ef ég tek dæmi um einn árgang.

Ég vildi vekja athygli á þessu og einnig á aflatölum fyrir 1986, en mér sýnist að ef litið er á þær sé tilefni til bjartsýni ef ég les rétt úr tölunum sem þar standa. Það má vel vera að hægt sé að lesa eitthvað neikvætt út úr því sem þar stendur, en mér er fyrirmunað að lesa annað út úr þessum tölum en að nýliðunin sé mikil og ekki sé ástæða til að óttast ofveiði.

Ég tel ástæðu til að benda hv. sjútvn. á þessa skýrslu Hafrannsóknastofnunar og þá ekki síst þessa

umrædda töflu nr. 16.1. Það er líka ýmislegt fleira sem er hægt að lesa út úr þessari töflu held ég. Ég er ekki búin að hafa mjög langan tíma til að skoða skýrsluna fremur en annað varðandi frv. sem við höfum fengið allt of seint til meðferðar.

Ég tek undir með hv. 1. þm. Vestf., formanni sjútvn. Nd., að ekki sé hægt að ætlast til þess að frv. verði afgreitt á þeim fáu dögum sem eru til áramóta. Ég veit ekki hvort á að telja þá tvo eða þrjá. Það fer eftir því hvað fólk ætlast til að við séum hérna lengi. Það eru kannski margir klukkutímar ef það er ætlast til þess að við séum hérna allan sólarhringinn.

Ég vildi í þessum umgangi einungis vekja athygli á þessu og benda á að það er ýmislegt sem þyrfti að fara betur ofan í ef þetta mál ætti að fá eðlilega umfjöllun í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

EFRI DEILD

41. fundur, þriðjudaginn 29. des., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 364, n. 377, brtt. 379.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ríkisskattstjóri og Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri fjmrn., voru kallaðir fyrir fjh.- og viðskn. vegna þessa máls og var farið yfir einstök efnisatriði frv. Mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt þó svo að einstakir nefndarmenn 0skilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. og er hv. 6. þm. Reykv., sem sat fundi nefndarinnar, samþykk þessu áliti.

Eins og fram kemur á þskj. 379 flytur hv. 7. þm. Reykv. brtt. við frv. sem hann mun gera grein fyrir á eftir og ég sé ekki ástæðu til að fara út í að öðru leyti en því að ég legg til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eins og það ber með sér er hér um að ræða nokkrar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt fyrirtækja eða einstaklinga sem standa fyrir atvinnurekstri jafnframt því sem skattprósentunni er breytt til samræmis við staðgreiðslukerfi skatta og er alls gert ráð fyrir því að þetta frv. feli í sér um 160 millj. kr. tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. Þarf ekki að kynna fyrir hv. þingdeild að sú er stefna ríkisstjórnarinnar sem nú situr að reka ríkissjóð með greiðsluafgangi á næsta ári, m.a. til að draga úr þenslu, ef það mætti verða til þess að eftirspurn eftir fjármagni á innlendum markaði minnkaði nokkuð og raunvextir yrðu nokkru lægri en nú er.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þessa sálma, en mæli sem sagt með að frv. verði samþykkt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gat um skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn lýtur ekki að efnisgreinum frv. Ég tel þetta gott frv. í meginatriðum. Minn efnislegi fyrirvari lýtur frekar að því að ég hefði viljað ganga aðeins lengra í þá átt að draga úr skattfríðindum fyrirtækja en gert er skv. frv. Í samræmi við það flyt ég nokkrar brtt. og mun gera grein fyrir þeim.

Það er þá í fyrsta lagi að ég geri ráð fyrir því að það verði dregið úr heimildum fyrirtækja til að draga frá tekjum í árslok tap á útistandandi viðskiptaskuldum. Eins og þetta er núna geta fyrirtæki dregið frá tekjum 5% af útistandandi viðskiptaskuldum í árslok. Ég geri ráð fyrir að þessi heimild verði felld niður í áföngum, þ.e. að í fyrsta lagi verði á árinu 1988 aðeins heimilt að draga frá 4% af útistandandi viðskiptaskuldum, á árinu 1989 3%, á árinu 1990 1%, en þá falli þessar heimildir niður.

Hér er um að ræða till. sem ég hef flutt ásamt öðrum þm. Alþb. í þessari virðulegu deild í sérstöku frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og mundi vafalaust færa ríkissjóði umtalsverða fjármuni. Það er hins vegar erfitt að áætla hversu háar þær upphæðir eru. Þegar ég spurði ríkisskattstjóra og Indriða Þorláksson að því á fundi hv. fjh.- og viðskn. hversu miklar upphæðir hér gæti verið um að ræða kom í ljós að ráðuneytið hefur ekki yfirlit yfir þær viðskiptaskuldir sem fyrirtæki telja fram, enda ekki von vegna þess að slíkt yfirlit verður ekki unnið nema með því að handvinna skattframtöl fyrirtækja í verulegum mæli því að þessi tala um útistandandi viðskiptaskuldir í árslok er ekki skráð sérstaklega á framtölum með þeim hætti að það sé tölvutækt.

Ég legg hér til í samræmi við þau rök sem ég hef áður flutt að fyrirtækin verði látin bera nokkuð af þeim vanda sem ríkissjóður hefur átt í og í samræmi við aðrar tillögur sem ég flutti fyrir jólin um að lækka verulega tekjuskatt einstaklinga. Við gerðum þar ráð fyrir því að lækka tekjuskatt einstaklinga um um það bil 800–900 millj. kr. og gerum ráð fyrir því að þessi till. gangi þar á móti.

Í annan stað vil ég víkja að brtt. ríkisstjórnarinnar um að 4. tölul. 31. gr. laganna falli niður, en það er heimld fyrirtækja til að draga 10% vörubirgða í árslok frá tekjum. Ég fagna þessari breytingu, en vil benda á að ríkisstjórnin byggir sína útreikninga á því að vörubirgðir í árslok 1986 hafi verið 33 þús. millj. kr. og áætlar tekjuauka ríkissjóðs samkvæmt því upp á í kringum 100 millj. kr. Auðvitað á að reikna þennan tekjuauka ríkissjóðs út frá vörubirgðum í árslok 1987. Þá eru vörubirgðir vafalaust á bilinu 40–44 milljarðar kr., fært upp eins og annað verðlag í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að sú breyting sem

ríkisstjórnin gerir hér tillögu um þýði um 100 millj. kr. meira fyrir ríkissjóð en gert er ráð fyrir í grg. frv. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því og einkum og sér í lagi að Sjálfstfl. skuli hafa fallist á þessa till. Alþb. Og mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. skuli einnig hafa gert þessa tillögu að sinni.

En út af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. er það rétt að nauðsynlegt er að hafa jafnvægi í ríkisfjármálum og bendi ég honum á að ef hann samþykkti 1. brtt. Alþb. yrði þetta jafnvægi þeim mun tryggara en ella er um að ræða.

Í annan stað flyt ég till. um að við 3. gr. frv. bætist tveir nýir liðir á þá leið að eftirtaldir þættir verði aldrei dregnir frá: persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess og ríkisskattstjóri skal gefa út reglur árlega um takmörk skv. þessum lið og síðan að risnu má aldrei draga frá nema að hún sé sannanlega í þágu fyrirtækis. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækis.

Þessa till. flutti ég líka í frv., sem hér liggur fyrir hv. deild, í haust og sömuleiðis á síðasta þingi. Á síðasta þingi naut þessi till. stuðnings Alþfl. Ég vil láta á það reyna hvort þeir alþýðuflokksmenn fallast á þessa tillögu nú. Hér er ósköp einfaldlega um að ræða að það verði lokað fyrir að menn geti fært persónulega eyðslu sína á fyrirtækin í stórum stíl. Að því munu vera brögð að menn færi símakostnað, bílakostnað og jafnvel matarkostnað á reikninga fyrirtækjanna og fái það þannig dregið frá skatti. Ég hygg að þetta sé einn ljótasti þátturinn í íslenskri skattameðferð. Þegar skýrsla skattsvikanefndarinnar kom út var það nefnt sem alveg meginvandamál hvað þessi mörgu litlu fyrirtæki á Íslandi, þau munu vera milli 20–25 þús. fyrirtækin í þessu landi, gera mikið af því að færa persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækjanna og risnu undir nafni risnu má segja á reikninga fyrirtækjanna til frádráttar og þannig að lækka skattgreiðslur fyrirtækjanna stórkostlega. Þannig er verið að búa til tvær stéttir í þessu landi, annars vegar þá sem reka fyrirtæki, geta fært alla sína færslu á fyrirtækin og hins vegar þá sem taka við sínum launum og verða auðvitað að greiða af þeim ósköp einfaldlega án þess að fá dregið frá skatti öll sín venjulegu útgjöld. Ég vona að hv. þingdeild fallist á þessa till. Hún er örugglega til bóta og auðveldar ríkisskattstjóra að koma í veg fyrir að menn séu að færa risnu fyrirtækjanna og persónulega eyðslu forráðamanna þeirra á fyrirtækin í stórum stíl.

Í þriðja lagi flyt ég hér brtt. þar sem gert er ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækjanna verði 52% af tekjuskattsstofni, en aftur á móti gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að talan verði 45%. Rök ríkisstjórnarinnar eru þau að þegar tekið er upp staðgreiðslukerfi skatta og fækkað frádráttarliðum sé eðlilegt að lækka álagningarprósentuna til að draga úr áhuga á skattsvikum. Það eru fullgild rök að mínu mati og sambærileg rök og beitt var þegar gerð var mjög víðtæk skattkerfisbreyting í Bandaríkjunum fyrir þremur árum undir forustu Reagans forseta, skattkerfisbreyting sem skar úr nær alla frádráttarliði fyrirtækja, stórlækkaði skattaprósentuna og tryggði að lokum mun betri skattskil en áður voru dæmi til um þar í landi. Gallinn hins vegar við þá skattprósentu sem ríkisstjórnin er hér með er sá að þar er verið að lækka þessa prósentu mjög mikið af því að þetta er eftirágreiddur skattur. Það er ekki staðgreiðsla hér heldur eftirágreiðsla. Skattaprósenta fyrirtækjanna í segjum 30% verðbólgu er því að fara niður í eða niður fyrir það sem einstaklingunum er gert að greiða. Þó að í minni till. sé gert ráð fyrir að skattprósentan verði 52% er sú tillaga örugglega einnig undir 10% miðað við að þetta er eftirágreiddur skattur. Ég m.ö.o. fellst á „prinsippið“ um að það eigi að setja þessa prósentu aðeins niður fyrir 50%, en þetta er eftirágreiðsluskattur og þess vegna verður talan að vera aðeins hærri vegna verðbólgunnar.

Í fjórða lagi flyt ég brtt. 4 varðandi útistandandi skuldir sem er nánari útfærsla á 1. till. og ekkert frekara um hana að segja.

Loks geri ég í fimmta lagi ráð fyrir því að inn í skattalögin verði tekið eftirfarandi ákvæði:

„Skattrannsóknarstjóri skal á hverju ári láta fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja sem ákveðin verða samkvæmt útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðla skal að því að fyrirtæki og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökuð reglulega.“

Ég hef þá, herra forseti, lokið við að mæla fyrir brtt. Ég endurtek að ég tel að margt af þeim till. sem ríkisstjórnin gerir hér tillögur um að verði settar inn í skattalög sé til bóta og ég tek fram að ég mun fyrir mitt leyti styðja þær allar. Ég tel hins vegar að breytingar ríkisstjórnarinnar muni skila a.m.k. 100 millj. meira en gefið er upp í grg. frv. Ég tel það rangar upplýsingar sem þar koma fram. Það er út af fyrir sig mjög alvarlegt að reyna að villa mönnum sýn varðandi hvað skattar geta gefið. Ég vorkenni ekki fyrirtækjunum að borga þessar 100 millj. og þó meira væri. Hins vegar þykir mér dapurlegt ef þessi tala er höfð miklu lægri í grg. frv. til að blekkja einhverja af fylgismönnum ríkisstjórnarinnar til að styðja frv. Ég trúi því ekki að þeir láti blekkjast. Ég vil vekja athygli þeirra á þessu máli, en segi jafnframt: Ef þeir fara að móast við mun ég gera allt sem ég get til að hjálpa hæstv. fjmrh. við að koma málinu í gegnum þingið.

Að öðru leyti, herra forseti, ítreka ég að við munum fyrir okkar leyti greiða götu frv. svo sem þörf krefur.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skal reyna að fara ekki út í of miklar málalengingar. Ég vil í fyrsta lagi leggja

áherslu á að auðvitað er það svo skv. núgildandi lögum að einkaneyslu er óheimilt að blanda saman við rekstrargjöld fyrirtækis. Ef svo er gert í rekstrarreikningi einhvers fyrirtækis er greinilega um skattsvik að ræða og þarf ekki lagabreytingu til þess að svo sé. Það er þess vegna mjög villandi í grg. frv. sem hér er til umræðu þegar þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 31. gr. laga um tekju- og eignarskatt er ákvæði þess efnis að sem rekstrargjöld til frádráttar megi einungis draga kostnað sem gengur til að afla tekna, tryggja og viðhalda eignum. Ákvæði þetta er að efni til afdráttarlaust en þarfnast frekari útfærslu í reglugerð þar sem m.a. verði tekið á skattalegri meðferð risnu og annarrar einkaneyslu svo og einkaafnota bifreiða."

Eins og ég skil skattalögin þar að auki er alls ekki rúm fyrir að einkaneyslu sé hægt að telja með þeim gjöldum sem frádráttarbær eru til skatts. Á hinn bóginn er, eins og ég hygg að skilja beri þessi orð í grg., sem annars eru mjög ruglingsleg, meiningin eða hugsjónin á bak við þetta að útfæra nákvæmar en nú er gert hvað skuli kallast risna og kemur það inn á sömu hugsun og er í 2. brtt. Svavars Gestssonar þar sem hann einmitt talar um að ríkisskattstjóri skuli setja reglur um risnukostnað o.s.frv. Þarna er komið inn á sömu hugsun og ég tel þess vegna ástæðulaust að fjölyrða um það.

Ég vil í annan stað segja vegna ummæla hv. þm. að það getur verið eðlilegt að símakostnaður t.d., einkasími, sé að einhverju leyti greiddur af fyrirtæki og teljist til eðlilegra rekstrarútgjalda fyrirtækis alveg með sama hætti og við t.d. alþm. sáum ástæðu til þess þegar lög voru sett um þingfararkaup að við fengjum símakostnað uppi borinn vegna starfa okkar í okkar einkasímum. Rökstuðningurinn á bak við er sá að þm. þurfa mjög mikið að nota sinn einkasíma til að gegna sínu starfi og af þeim sökum tekur Alþingi þátt í greiðslu þess kostnaðar. Með sama hætti getur það verið nauðsynlegt hjá ýmsum forráðamönnum fyrirtækja að fá kostnað við einkasímann að hluta uppi borinn. Það hefur á hinn bóginn verið svo, eða var svo meðan ég fékkst við þessi mál, að eðlilegt þótti að þeir sem fengju símkostnað greiddan yrðu samt sem áður að greiða af eigin fé sem svaraði a.m.k. fastagjaldi símans og var það „praktíserað" með þeim hætti á þeim tíma. Ég tel að þarna sé ekki mikill munur á.

Ég segi varðandi 5. tölul.: Ég er auðvitað sammála hv. þm. um nauðsyn þess að með útdrætti sé valinn ákveðinn fjöldi fyrirtækja og farið í gegnum þau til þess með þeim hætti að veita strangara aðhald með því að fyrirtæki teldu rétt fram. Þetta er gert í framkvæmdinni nú og ég hygg að skattrannsóknarstjóri fari með þessum hætti í gegnum bókhald eins margra fyrirtækja á hverju ári og hann hefur mannskap til. Þetta er auðvitað gert.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja að það er matsatriði hvað eðlilegt sé að heimilt sé að afskrifa mikið af útistandandi viðskiptaskuldum á hverjum tíma. Samkvæmt skattalögum er sú einfalda regla viðhöfð að heimilt sé að draga frá viðskiptaskuldir sem sannanlega séu tapaðar og til viðbótar sé heimilt að færa viðskiptaskuldir niður um 5%. Það er matsatriði hvort það eigi að beita slíkri almennri reglu eða hvort eðlilegt sé að knýja fyrirtæki til að fá fyrir fram úrslit í skuldamálum. Það verður líka að muna eftir því að gjaldþrotamál geta dregist mjög lengi. Ég veit ekki hver túlkun skattyfirvalda er á því, hversu ströng hún er á því hvað sé sannanlega töpuð skuld. Ég þekki ekki þau vinnubrögð sem um það eru viðhöfð. En ég hygg að þessi regla sé ekki óeðlileg og geri mér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar það mundi hafa ef hún yrði niður lögð. Ég er þess vegna andvígur brtt. við 1. gr. frv.

Ég vil svo að lokum aðeins, herra forseti, leggja áherslu á að ég er fullkomlega sammála hv. þm. um að frádráttarliðir ættu að vera sem fæstir. Ég er líka sammála honum um að við eigum að leggja mikið á okkur til að fylgja því eftir að nægilegt aðhald sé með framtölum fyrirtækja þannig að undandrátturinn frá skatti sé sem allra minnstur, en auðvitað gerum við okkur grein fyrir því báðir að hann hlýtur alltaf að verða einhver svo mikil sem freistingin er. En einn liðurinn í því einmitt að draga úr freistingu til undandráttar eða réttara sagt minnka möguleika manna á því að svíkja undan skatti er fólginn í því að færa út grunn söluskattsins sem ég skal ekki fara nánar út í hér.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að það er ýmislegt til bóta í þessu frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt lögaðila. Við höfum þó nokkrar athugasemdir fram að færa og skýrir það m.a. þann fyrirvara sem ég setti með undirskrift minni á nál. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Við höfum sérstaklega áhyggjur af því að það virðist stefnt að því að afnema alveg heimildir lögaðila til að leggja í fjárfestingarsjóði og í varasjóði. Ég tel að með heimild til að leggja framlag í fjárfestingarsjóði sé séð fyrir nauðsynlegum möguleikum fyrirtækja að mæta ýmsum skakkaföllum og eins felst í því hvatning til fjárfestingar. Ég leyfi mér því mjög að efast um réttmæti þess, eins og sagt er í grg. með frv., að það er stefnt að því að þessi réttur fyrirtækja verði algerlega afnuminn. Hins vegar tek ég undir með hv. 7. þm. Reykv. að ég er ekki eins viss um að það hafi verið sýnt nægilega vel fram á að það sé réttmætt að lækka skattprósentu af tekjum lögaðila úr 51% niður í 45%. Í grg. með frv. er sagt að þetta muni lækka skattgreiðslur um 187 millj. Er forsenda fyrir þessu og reyndar ástæða fyrir þessari skattalækkun sú að það er talið hæfilegt að lækka þetta niður í 45% með hliðsjón af verðbólgu og eins að þetta skuli vera til samræmis við skatthlutfall þeirra sem borga staðgreiðsluskatta, þ.e. í staðgreiðslukerfinu er gert ráð fyrir 35,2% skatti. Hluti atvinnurekstrartekna hjá einstaklingum með rekstur verður skattlagður samkvæmt því hlutfalli. En hvað

snertir skatta fyrirtækja sem verða þá greiddir eftir á þykir hæfilegt að þau greiði 45%.

Mér finnst að það hafi ekki komið nægilega fram, hvorki í grg. né í meðförum nefndarinnar, hver áhrifin séu af þessu og ég mundi sjálfur kjósa að þetta skatthlutfall væri áfram eins og það var, 51%, en frekar haldið inni möguleikum á því að leggja 40% í fjárfestingarsjóð.

Að öðru leyti höfum við ekki mikið við frv. að athuga. Ég endurtek að það er margt þarna til bóta og ýmislegt sem er verið að breyta í gömlu lögunum til að gera þau skýrari og ákveðnari, en ég leyfi mér að ítreka að við vörum við þeirri þróun að taka af fjárfestingarsjóðsframlagið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í sambandi við það sem hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan held ég að það sé mjög skynsamlegt hjá ríkisstjórninni í þessu frv. að draga úr fjárfestingarfrádrætti fyrirtækja. Ég held að þjóðin þurfi ekki endilega á því að halda að menn eyði peningum í steinsteypu eða fjárfestingu. Það væri nær, ef menn væru með frádráttarliði hér inni, að vera með sérstakan frádrátt til fyrirtækja t.d. vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Ég hef flutt tillögur um slíkt, gerði það í Nd. í fyrra. Það fékk ekki góðar undirtektir og ég lét það eiga sig núna. Ég er því heldur á því, sem ríkisstjórnin gerir hér tillögu um, að draga úr fjárfestingarfrádráttum.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, sem hann sagði varðandi skattprósentu fyrirtækjanna, að málið liggur þannig að í 30% verðbólgu er í raun og veru verið að tala um hjá ríkisstjórninni 34% skatt miðað við eftirágreiðslu, 34,6%. Það er lægra en einstaklingum er ætlað að greiða í staðgreiðslu. Einstaklingar eiga að greiða 35–36% skv. lögum sem við höfum nýlega samþykkt. Hér er fyrirtækjunum gert að greiða lægra skatthlutfall af sinni síðustu krónu en einstaklingunum og ég tel það slæmt. Sú tillaga, sem ég er hér með, um 52% þýðir 40% skatthlutfall í raun í eftirágreiddum skatti sem menn geta þá borið saman við 36% í samtímaskattlagningunni.

Varðandi það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi, þá hygg ég að það sé rétt, sem hann benti á, að skattstjórar ganga mjög strangt fram varðandi túlkunina á hvað séu tapaðar viðskiptaskuldir. Ég hygg að í þeim efnum sé það ekki talin töpuð viðskiptaskuld nema dómur hafi gengið þannig að í rauninni var reglan um útistandandi viðskiptaskuldir sett til þess að fyrirtækin gætu haft örlítið borð fyrir báru og vegna þess að túlkun skattstjóranna að því er varðaði tapaðar viðskiptaskuldir var þetta ströng. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt og eðlilegt að veita fyrirtækjunum ákveðið aðhald til að þau knýi á um að þau fái sínar skuldir greiddar og þess vegna er lagt til í tillögum mínum að þetta verði fellt niður.

Varðandi brtt. 2, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vék að, er alveg rétt að það er ekki heimilt að færa persónulega eyðslu á fyrirtækin. Það er ekki heimilt að færa risnu í stórum stíl á fyrirtækin umfram það sem má segja að samræmist eðlilegum viðskiptaháttum hjá góðum viðskiptavinum. En það er gert. Það liggur fyrir í skýrslu skattsvikanefndarinnar. Þetta er ekkert sem ég er hér að fullyrða. Þetta er gert í stórum stíl. Brtt. mín, till. 2, er alveg í samræmi við grg. frv. ríkisstjórnarinnar, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var að lesa upp úr áðan, að þetta sé mikið vandamál, á því þurfi að taka. Þess vegna tel ég að þessi brtt. sé í fullu samræmi við það sem stendur í grg. með frv. og ætti þess vegna að vera útlátalaust fyrir stjórnarliðið að samþykkja mína brtt. Hún er í samræmi við það frv. sem ríkisstjórnin er sjálf að flytja.

Þetta vildi ég segja í tilefni af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. og að öðru leyti endurtaka að ég fagna því sérstaklega að það virðist vera samstaða um að stíga örlítið skref í þá átt að skattleggja fyrirtækin, örlítið skref. Og ég lýsi mig fyrir hönd Alþb. reiðubúinn til að ganga lengra í þeim efnum ef aðrir hér í þinginu vilja hjálpa til á þessari hinni sömu braut.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir meiri hlutann af því sem hér hefur verið sagt varðandi það frv. sem er til umræðu. Það sem knúði mig mest upp var brtt. frá hv. 7. þm. Reykv. um persónulega eyðslu, risnu á fyrirtæki o.fl. Hann fullyrðir að hér séu tvær stéttir, önnur stéttin hinn almenni launþegi og hin stéttin sjálfstæðir atvinnurekendur sem geti sett ýmsa persónulega eyðslu á fyrirtækin sín.

Ég hef átt sjálfur við nokkuð mikið af skattframtölum og get staðfest hér að það er þó nokkuð mikið til í því sem hv. þm. segir. En hins vegar er spurningin: Hvernig er hægt að koma í veg fyrir þetta? Þó svo við setjum eitthvað í lagatexta um að þetta megi ekki eða annað megi virðist því miður alltaf vera hægt að koma sér undan nema með mjög virku eftirliti. Þegar það er ekki til staðar sér maður ekki beint tilganginn með þessu.

Það eina sem ég hef orðið var við hvað snertir skattframtöl er að sá liður sem heitir risna hjá fyrirtækjum er athugaður en ekki aðrir liðir. Þess vegna hefur verið lenska bæði hjá lögmönnum og endurskoðendum að færa þennan risnulið mjög lágt niður en hins vegar að bæta við aðra liði, eins og t.d. ferðakostnað, mat starfsfólks og eitthvað svoleiðis, færa persónulega eyðslu undir þá liði. Niðurstaðan af þessu er sú að það þyrfti að fara gagngert ofan í bókhald fyrirtækja til að sjá hvar hver liður á heima.

En svo að maður fari ofan í frv. sem slíkt, þá fagna ég 3. gr., að það skuli ekki vera núna gerður greinarmunur á fjármögnunarleigu eða kaupleigu og fjárfestingum með öðrum hætti með lánum. Eins og reglurnar voru var mjög hagkvæmt að kaupa lausafé, bíla o.fl., á kaupleigu og var hægt að færa þetta allt til frádráttar. Hér er verið að taka fyrir þennan leka. Hins vegar mætti líka velta fyrir sér að mörg þeirra viðskipta sem fóru fram t.d. á síðasta ári voru gerð í þeim tilgangi að fá þann frádrátt sem lögin þáverandi heimiluðu og eru þá kannski með þessum

lögum brostnar forsendur fyrir því.

Hér varð tíðrætt um tapaðar viðskiptaskuldir og ég verð að segja að mér finnst að þessi heimild þurfi að vera í lögum. Það er þannig að það er alveg ljóst að mörg fyrirtæki verða fyrir verulegum skakkaföllum vegna lánsviðskipta og tekur oft mjög langan tíma að innheimta margar skuldirnar, bæði vegna gjaldþrota og út af því að viðkomandi aðilar, sem hafa stofnað til skuldbindinga við fyrirtækin finnast ekki. Mér finnst sanngjarnt gagnvart fyrirtækjunum að þau geti haft þennan frádráttarlið.

Varðandi tekjuskattsstofninn má segja að það sé vissulega „lapsus" í þessum lögum að það er verið að lækka þarna tekjuskatt fyrirtækja um 6% og þar fyrir utan að þetta heldur áfram að vera eftirágreiddur skattur á meðan skattur hækkar á einstaklingum. Þetta aftur á móti kemur á móti þeim auknu tekjum sem ríkið hefur af þessum breytingum.

Ég sé ekki að í þessu frv. séu neinar stórvægilegar breytingar á tekju- og eignarskatti fyrirtækja, en tel raunar að þær tekjur sem ríkisstjórnin áætlar að afla með af þessu séu allt of lágt metnar, enda er grunnurinn að ég tel mjög veikur þar sem þetta eru stærðir sem erfitt er að henda reiður á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 379,1 felld með 9:4 atkv.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, MF, SalÞ, SkA, StG, SvG, VS, KSG.

DS, GuðmÁ, GA, JúlS greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (ÞK, EgJ, KP) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrir þinginu liggur sem 8. mál þess frv. til l. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, flutt af mér og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Skúla Alexanderssyni. Sú grein sem hér er gerð tillaga um af hæstv. ríkisstjórn er upp úr því frv. Ég fagna því og segi já, herra forseti.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 379,2 felld með 10:7 atkv.
3.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 379,3 felld með 10:6 atkv.
5. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 379,4 kom ekki til atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 379,5 felld með 11:7 atkv.
8.–9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 132, n. 386 og 396, brtt. 387.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 386 um frv. til staðfestingar á brbl. um breytingar á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, ásamt brtt. á þskj. 387.

Í brtt. er kveðið á um að 202 millj. kr. af tekjum ríkissjóðs af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi verði varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda afurða alifugla og svína veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dilkakjöts.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbrn. og Gunnar Guðbjartsson frá Stéttarsambandi bænda. Landbn. klofnaði í afstöðu sinni til frv. og skilar minni hl. nefndarinnar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er till. um á þskj. 387.

Frsm. minni hl. landbn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hl. landbn. á þskj. 396 við frv. til um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ásamt brtt. Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frv. þetta miðar annars vegar að því að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og að efla notkun íslensks kjarnfóðurs og hins vegar að afla tekna í ríkissjóð.

Minni hl. getur ekki fallist á skattlagningu dýrafóðurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan, sem meiri hl. ber fram, kemur í framhaldi af þeirri umdeildu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 25% söluskatt á matvæli. Hún felur í sér tímabundnar mildandi aðgerðir vegna 25% skattlagningar á brýnustu nauðsynjar fólks þannig að verðhækkanir á afurðum svína, nauta og fugla verði um 10%.

Minni hl. hefur frá upphafi lýst sig andvígan matarskattinum og getur því ekki fallist á þá hugmynd, sem fram kemur í breytingartillögunni, að greiða að hluta til ofantaldar afurðir niður í aðeins eitt ár."

Undir þetta ritar auk mín hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson.

Herra forseti. Ég ítreka að að sjálfsögðu styðjum við brtt. sem felur í sér þó ekki sé nema tímabundnar mildandi aðgerðir til að draga úr þeim áhrifum sem 25% skattlagning á matvæli mun hafa í för með sér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 387 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

42. fundur, þriðjudaginn 29. des., að loknum 41. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238, n. 440.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Salome Þorkelsdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. heilbr.- og trn., sem er á þskj. 440, um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 14/1986, um breytingu á lögum nr. 59 1983, um heilbrigðisþjónustu.
Frv. þetta fjallar um frest fyrir Reykjavíkurlæknishérað og heilsugæsluumdæmi Garðabæjar til að koma á heilsugæslukerfi svo sem lög nr. 59 frá 1983, um heilbrigðisþjónustu, kveða á um. Frestur þessi skal veittur í eitt ár í mesta lagi.
Í umræðum um þetta frv. í hv. deild kom fram að þegar eru hafnar viðræður um ofangreinda kerfisbreytingu við bæjarstjórn Garðabæjar og því líkur taldar á að hún komi til framkvæmda fljótlega upp úr áramótum. Jafnframt lýsti hæstv. heilbrmrh. þeirri ætlan sinni að hefja viðræður við Reykjavíkurborg svo fljótt sem verða má um að koma þar á um eða upp úr miðju næsta ári samræmdu heilsugæslukerfi sem beri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum svæðisins skv. lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.
Nefndin hefur rætt frv. og með tilliti til þess sem hér var frá greint leggur hún til að það verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Guðmundsson og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 206. mál (skattlagning fyrirtækja). — Þskj. 364.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 443).

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 441.

Of skammt var liðið frá 2. umr.og útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

43. fundur, þriðjudaginn 29. des., að loknum 42. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað). — Þskj. 238.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 442).

NEÐRI DEILD

39. fundur, þriðjudaginn 29. des., kl. 1 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þannig háttar um þingstörf hér í dag að ætlunin er að taka fyrir eina málið sem er á dagskrá, frv. til l. um söluskatt. Stefnt er að því að ljúka þeirri umræðu um kl. 4 og er ekki ætlunin að fundahöld verði meiri í dag. Ætlunin er að ljúka málinu og hafa atkvæðagreiðslu í lok umræðunnar og koma málinu til nefndar. Ég vildi geta þessa áður en við göngum til dagskrár.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390.

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt að fá tækifæri til að halda hér áfram ræðu sem ég byrjaði á tólfta tímanum þann 22. des. þegar þetta mál, frv. til l. um söluskatt, með síðari breytingum, var síðast til umræðu í hv. þingdeild. Ég hafði ekki nema rétt byrjað mitt mál þegar virðulegur forseti sá ástæðu til að fresta fundi og það er fyrst nú sem mér gefst færi á að halda áfram ræðu minni sem ég hafði þá rétt hafið.

Ég hlýt við upphaf þessa fundar að vekja athygli á því sérkennilega vinnulagi sem ríkir hér á Alþingi og aðstæðum sem eru hér í þingdeildinni þar sem 10 mínútur af boðuðum fundartíma líða án þess að unnt sé að setja þingfund vegna þess að ekki er mættur helmingur þm. Það er ekki aðeins yfirgnæfandi þungi stjórnarliða, 28 talsins hér í þingdeildinni, sem vísar á það að það eru þeirra fjarvistir sem þessu valda. Hér er vel mætt af stjórnarandstöðu. Þetta með öðru sýnir það furðulega verklag eða kannski ætti að segja verklagsleysi, þann skort á verkstjórn sem ríkir í stjórnarliðinu núna síðustu vikur og alveg sérstaklega síðustu daga þegar Alþingi er kvatt til þingfunda milli jóla og nýárs.

Hér var haldinn fundur, virðulegur forseti, eins og við báðir munum vel eftir sl. nótt, settur kl. hálfsex í gær og lauk um sexleytið í morgun þar sem á dagskrá var frv. til l. um stjórn fiskveiða og fleiri mál. Þá voru aðstæður í þingdeildinni þær að lengst af nóttu var ekki helmingur þm. viðstaddur og var þó upplýst af virðulegum forseta að menn hefðu ekki fjarvistarleyfi, ættu að vera á þingfundi skv. 34. gr. þingskapalaga. Í þessum hópi voru a.m.k. ⅔ hlutar stjórnarþm. sem vermdu ból sín að líkindum á sama tíma og þó 20 þm. úr stjórn og stjórnarandstöðu voru hér að ræða hið stóra og þýðingarmikla mál, stjórn fiskveiða, sem vísað var til nefndar með samkomulagi og samstilltu átaki stjórnar og stjórnarandstöðu um sexleytið í morgun. Hafði þá tekist að draga nokkra stjórnarliða úr bólum til þess að koma málinu til nefndar. Eftir rösklega tveggja tíma svefn var ég kvaddur á nefndarfund í sjútvn. og hún hefur verið að störfum í morgun, starfaði í tvo tíma undir ötulli forustu formanns sjútvn. þannig að menn eru ekkert að spara sig hér á þingi til þess að þoka málum áfram eins og af þessu má sjá.

En það er ekki almenn þátttaka í þessari viðleitni og þar hljótum við sérstaklega að sakna stjórnarliðsins og ég tala nú ekki um forustunnar í ríkisstjórninni sem ég varð nú bara alls ekkert var við á þingfundi í gær og hlýt að nefna hér og óska eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. forsrh. sjái ástæðu til að vera hér á þingfundinum af því að þetta er að degi til og hæstv. forsrh. væntanlega vel hvíldur, en ég ætla ekki að mæla fleiri orð fyrr en hann er genginn í þingsal. — Hæstv. forsrh. birtist hér vel á sig kominn. Það er gott að einhverjir hafa séð ástæðu til að halda sig við eðlilega lífsháttu og söknuðum við hans þó hér á fundi alla síðustu nótt ásamt fjölmörgum öðrum þm. sem ekki voru hér viðstaddir þingfund, að meiri hluta stjórnarliðar sem ekki voru hér viðstaddir og án þess að hafa boðað forföll frá þingfundi.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, vegna ræðu minnar hér á eftir að ég vænti þess að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., verði hér viðstaddur á þingfundi sem allra fyrst því að við söknuðum hans einnig á þingfundi sl. nótt. Ég varð ekki var við að hann væri hér í þinghúsi, formaður Framsfl., sem er þó kominn til þings. Það urðu þau tíðindi og þáttaskil í þingstörfunum nú bak jólum að tilkynnt var að hæstv. utanrrh. tæki sæti sitt á Alþingi, en það hefur ósköp lítið sést af hæstv. utanrrh. í þessu sæti síðan, a.m.k. varð ég ekki var við hann í gær. Og vegna þess að ég á vantalað við hann um efni þess máls sem hér er á dagskrá óska ég eftir að hann komi til fundar. (**ÓÞÞ:** Það væri nú annað hvort.) (**PP:** Hann er væntanlegur. Ég er búinn að gera ráðstafanir til þess að hann verði sóttur.) Það er aðeins verið að tyfta menn í þingflokki Framsfl. Formaður þingflokksins upplýsir að hann hafi gert ráðstafanir til þess að ráðherrann komi til fundar og er það vissulega gott að hér á að taka upp bætta siði. Það er einhver siðbót í vændum, enda gengur hæstv. utanrrh. í salinn, væntanlega vel útsofinn eins og hæstv. forsrh. eftir að hafa tekið sér nóttina til þess á meðan við ræddum hér um stjórn fiskveiða í þessari virðulegu þingdeild.

Í upphafi ræðu minnar 22. des. sl. ræddi ég dálítið við hv. 10. þm. Reykv. Guðmund G. Þórarinsson sem tók þátt í umræðu um þetta mál fyrr í umræðunni. Og vegna þess að ég á eftir að eiga við hann nokkurn orðastað frekar þætti mér vænt um ef hv. 10. þm. Reykv. yrði gert viðvart um að mig langaði að ávarpa hann hér. Það gildir hið sama um hann og þá sem hér voru nefndir, hæstv. ráðherrar, að við

söknuðum hv. þm. á þingfundi hér alla síðustu nótt og reyndar frá upphafi þingfundar. Minnir mig þó að hann hafi látið sig eitthvað varða fiskveiðistjórnunarumræðuna á undanförnum vikum, sá hv. þm. A.m.k. varð ég var við hann í sjónvarpi þar sem hann átti orðastað við hæstv. sjútvrh. og fleiri í sambandi við stjórn fiskveiða. Ég vænti, virðulegur forseti, að þessi skilaboð mín komist áleiðis. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir jafnóðum til þess að hafa samband við þá hv. þm. sem ræðumaður hefur nefnt.) Ég þakka, virðulegur forseti, og treysti því að úr rætist.

Ég mun þá snúa mér að frv. sem er hér til umræðu og aðeins til þess að ná samhengi í mitt mál vil ég rifja það upp að fæðing þessa máls hefur verið mjög söguleg svo ekki sé nú sterkar að orði kveðið. Ég held að því hafi verið allt of lítill gaumur gefinn með hvaða hætti þetta frv. svo og önnur svokölluð tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar voru í heiminn borin. Það var sannarlega ekki þrautalaus fæðing eftir því sem upplýst er af viðtölum við ýmsa ráðherra um tilurð þessara mála sem við erum með hér í þinginu til meðferðar enn og komið nálægt áramótum.

Hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir þessu máli, hefur lýst því við ýmis tækifæri hvílík tangafæðing það var að ná þessum málum út úr ríkisstjórn og koma þeim inn í þingið seint og um síðir, en flest voru málin lögð fram hér í þinginu þegar um það bil vika var liðin af jólaföstunni. Ég vil í því samhengi ítreka það sem ég nefndi í ræðu í gær í þingdeildinni að það gegnir satt að segja nokkurri furðu að hæstv. ráðherrar iðka þann leik nú í fjölmiðlum, m.a. í sjónvarpi svo sem sjá og heyra mátti af vörum hæstv. fjmrh. í gærkvöldi í Ríkisútvarpinu/sjónvarpi, að hann hafði uppi mörg orð um það hversu stjórnarandstaðan væri vond við sig og ríkisstjórnina þessa dagana og hjálpaði ekki með eðlilegum hætti til við að vippa þessum þingmálum ríkisstjórnarinnar í gegnum þingið og fá á það tilskilda stimpla innan þeirra dagsetninga sem hæstv. ráðherra ætlaði sér og lesa má um í gildistökuákvæði með t.d. frv. til l. um söluskatt.

Hæstv. fjmrh. vildi sakfella stjórnarandstöðuna á Alþingi fyrir það að það yrðu einhver óhöpp í kringum áramótin í sambandi við þessi mál, tollamál, skattheimtuna í ríkissjóð og annað. Þetta og hitt muni gerast ef þessi mál verða ekki komin hér í gegn fyrir áramótin. Það verði um að ræða usla í landinu, stjórnarandstaðan valdi miklum usla, svo notuð séu orð sem ég man úr munni hæstv. ráðherra í sjónvarpinu í gær, en ég mun brátt hafa handa á milli orðrétt ummæli hans eins og þau lágu þar fyrir. Það veitir ekkert af að minna hæstv. ráðherra á það að þeir gerðu nú kannski margt þarfara en vera með munninn glenntan í fjölmiðlum utan þingsala gagnvart stjórnarandstöðunni, sem er að gegna hér þingskyldum sínum, á sama tíma og þessir hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin og forusta hennar sjá ekki ástæðu til að sitja þingfundi, hvað þá meira.

Ég verð að segja að það er hægt að láta sér renna í skap yfir minni háttar atriðum en þeim sem hér eru til umræðu og það gegnir satt að segja furðu, svo að vægt sé til orða tekið, hvernig ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið kemur fram gagnvart þinginu þessa daga. Það er með slíkum fádæmum að ég held að það þurfi langt að leita til samjöfnuðar. Stjórnleysið í ríkisstjórnarherbúðunum er með þeim hætti að það þarf áreiðanlega bjartsýnar spákonur eða spámenn — skulum við segja og hafa það hlutlaust, karla eða konur, völvur — til þess að ætla þessari ríkisstjórn mikið lengra líf. Það má vel vera að hún hangi saman á illskunni áfram og það harðni þannig skrápurinn á hæstv. ráðherrum eftir að þeir hafa boxað hverjir aðra, eins og við höfum orðið áheyrendur að og lesum um í fjölmiðlunum þar sem aðalefnið í fjölmiðlum landsins eru hnútuköstin á milli aðilanna að ríkisstjórn, einstakra stjórnarflokka og einstakra hæstv. ráðherra. Um það hef ég nóg efni hér fyrir framan mig en ætla ekki að taka tíma til þess að rifja upp mikið af því nú.

En vegna samhengis í þessu og vegna þess að ég var að lýsa inn í erfiðar fæðingarhríðir þess frv. sem hér er til umræðu vil ég benda þeim sem áhuga hafa á þessum málum á mjög athyglisverða fréttaskýringu í Morgunblaðinu þann 10. des. sl., fréttaskýringu eftir fréttamennina Björn Vigni Sigurpálsson og Ólaf Björn Kárason undir fyrirsögninni „Erfið fæðing en efnilegt barn". Ég tek undir fyrri hluta þessarar fyrirsagnar. Það er skjalfest hér í þessari grein að fæðingin var erfið en, virðulegur forseti, undir seinni hlutann get ég ekki tekið, að króginn sé sérstaklega efnilegur, sá sem við höfum hér til umræðu, sá sem við erum að berja augum hér og ræða um á þessum þingfundi. Hér er það rakið með skilmerkilegum hætti hvernig þessi frv. loks náðust út með töngum.

M.a. er greint frá því hverjar voru ljósmæðurnar, svo notað sé hefðbundið orðalag þó að um karla hafi verið að ræða, hverjar voru helstu ljósmæðurnar við þessa tangafæðingu, þessa erfiðu tangafæðingu þessara tekjuöflunarfrv. Jóns sterka, hæstv. fjmrh., sem verðskuldar það viðurnefni fyllilega því að hann segir okkur hér í hverri ræðunni eftir aðra að það sé nú ekkert mál að afgreiða þessa hluti hér. Hann hafi tekið svo mikið á uppi í fjmrn., vakað svo mikið og unnið svo mikið með örfáum mönnum, drifið málið hér inn á þing og þingið sé sko ekkert of gott að hjálpa til að koma þessum málum í gegn með álíka kraftalegum vinnubrögðum og hæstv. ráðherra hafi tamið sér og tíðkað uppi í fjmrn. En ég er ekki alveg viss um að allir taki undir það að skynsamlegt sé fyrir lýðræðislega afgreiðslu mála að nota fyrst og fremst kraftana eins og hæstv. fjmrh. er farinn að iðka og beitir ekki bara gagnvart stjórnarandstöðu heldur einnig gagnvart samstarfsaðilum sínum í ríkisstjórninni og fær reyndar endurgoldið eins og lesa má um.

Ég minntist á ljósmæðurnar og ég held að það sé rétt að það sé upplýst hverjir það voru öðrum fremur samkvæmt þessari heimild, með leyfi virðu-

legs forseta, það er verið að ræða hér tiltekinn dag meðan á þessari erfiðu fæðingu stóð og segir:

„Síðdegis sama dag var þó ákveðið að reyna að leysa hnútinn.“ Sakna ég þess nú að hæstv. utanrrh. er horfinn á nýjan leik og var viðvera hans stutt í þingsal. (**Forseti:** Ég geri ráðstafanir til að aðvara hann, en hann mun hafa gengið hér í hliðarherbergi.) Hann var einn af þeim sem var yfir sænginni þegar þessi fæðing átti sér stað. En ljósmæðurnar voru m.a. eins og segir hér í umræddri grein 10. des. í Morgunblaðinu:

„Síðdegis sama dag var þó ákveðið að reyna að leysa hnútinn. Víglundur Þorsteinsson og Björn Björnsson, sem hafa áður unnið mikið saman við gerð kjarasamninga, unnu að tillögugerð í samræmi við hugmyndir iðnrekenda. Björn útfærði þær síðan og Víglundur tók að sér að afla þeim fylgis innan Sjálfstfl. Á þingflokksfundi hjá Sjálfstfl. lagði Þorsteinn Pálsson fram tillögu um að söluskattur yrði 25% og lagður á allar neysluvörur. Niðurgreiðslur yrðu 1200 millj. kr. og vörugjald 13%.“

Þetta er aðeins glefsa úr þessari ítarlegu fréttaskýringu um fæðingarhríðirnar í sambandi við þetta frv. sem Morgunblaðið, eða þeir sem halda þar á penna, telur vera efnilegt barn. Ég vek athygli á því að ljósmæðurnar eru menn sem hafa komið við sögu í ýmsum málum, m.a. þegar verið var að reyna að berja saman ríkisstjórn í vor. Þá voru þessir menn ekki víðs fjarri, a.m.k. minnist ég þess að það var farið í sagnfræðilegar vangaveltur og skýringar á þeim tíma af þeim sem hér eru nafngreindir að hluta og dregin fram í dagsljósið alveg ný sannindi í þeim efnum, söguskýring þess efnis að það hafi alltaf verið ríkjandi grófur launamunur í samfélögum allt frá dögum Hammúrabís eða þar austur í Mesópótamíu fyrir 3000 árum.

Án þess að fara að ræða frekar um hlut einstakra manna sem ekki eiga sæti hér á Alþingi kemst ég þó ekki hjá að rifja það upp að annar þessara hjálparmanna á stjórnarheimilinu, formaður Félags ísl. iðnrekenda, hefur nýlega lagt það sérstaklega til að Ísland vippi sér inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Þar sem greinilega er um mjög áhrifaríka aðila að ræða megum við trúlega vænta þess að þeir sannfæri ríkisstjórnina bráðlega um, eins og í sambandi við tekjuöflunarmálin, að næsta heilræðið sé að vippa sér inn í Efnahagsbandalag Evrópu eins og þessi varaþm. Sjálfstfl. hefur opinberlega lýst yfir sem þjóðráði og nauðsynjamáli. Að vísu er ekki alls staðar undir það tekið, sem betur fer, þannig að eitthvað kann það að dragast að hann fái undirtektir að því leyti.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að fara yfir þetta sögulega yfirlit frekar. En ég hvet hv. þingdeild til þess að kynna sér þessa fréttaskýringu því að hún er sannarlega þess virði að henni sé á lofti haldið í tengslum við umræðu um þessi mál.

Eftir þessa erfiðu fæðingu, eftir þessa tangafæðingu komu ráðherrarnir, forustumenn stjórnaraðilanna, formenn flokkanna, þar á meðal hæstv. fjmrh., fram á blaðamannafundi brosandi og sælir og lýstu yfir harðri, eindreginni samstöðu í þessum málum sem hafði tekið tíma að berja saman og ekki allir alveg ósárir að þeim leik loknum eins og heyra hefur mátt síðan.

Ég greindi hv. 10. þm. Reykv., sem er því miður að víkja úr sal nú, virðulegur forseti, einmitt þegar ég ætlaði að beina til hans máli, ætli það verði hægt að bæta úr því? (**Forseti:** Hv. þm. mun hafa verið kallaður í símann, en hann kemur að vörmu spori.) Já, það er ansi erfitt að eiga orðastað hér við hv. stjórnarliða. Þeir eru ókyrrir í sætunum og það er kannski ósköp eðlilegt miðað við efni máls sem hér er til umræðu. En það var hetjusvipur á forustumönnum stjórnarflokkanna þegar þeir voru að kynna þennan króga á blaðamannafundi líklega þann 4. eða 5. des. sl. og þeir báru sig vel. Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., sem enn er fjarri góðu gamni, lýsti því sérstaklega yfir samkvæmt heimildum í stjórnarmálgögnum að það gengi ekki hnífurinn á milli stjórnarliða í þessu máli. Það er m.a. þess vegna sem ég vil hafa hv. 10. þm. Reykv. hér nærri. — Ég hlýt að hinkra aðeins, virðulegur forseti, rétt á meðan.

Þetta er erfitt, virðulegur forseti. Það er ekki aðeins að næturstundirnar séu þungbærar fyrir hv. stjórnarliða gagnvart störfum hér á Alþingi, þeim veitist erfitt að sækja þingfundi, heldur um hádaginn. Um hádaginn er ekki einu sinni hægt að eiga hér orðastað við hv. stjórnarliða með eðlilegum hætti! Ráðherrarnir hlaupnir út fyrr en varir þegar beint er orðum til þeirra og stjórnarliðar sem tekið hafa þátt í umræðum um þetta mál hlaupa á dyr um það leyti sem vikið er á þá orði. Hvers konar þinghald er þetta?

Virðulegur forseti. Ég heyrði hér mál hæstv. utanrrh. úr hliðarherbergi, (**Forseti:** Ég vil benda á það að nú er hv. 10. þm. Reykv. genginn í salinn.) sem fullvissar að hann hlusti vel og nú er kominn hingað hv. 10. þm. Reykv. sem tók þátt í umræðunni hér áður. Þá gefst færi á eftir nokkurt hlé og bið að beina til hans orðum og þeirra virðulegra þm. Framsfl., hæstv. utanrrh. og hans.

Hv. 10. þm. Reykv. kom að því í ræðu sinni 22. des., fyrr í þessari umræðu, að það hefðu verið þungar áhyggjur í þingflokki Framsfl. í sambandi við þetta mál. Það hefðu verið þungar áhyggjur, sérstaklega í sambandi við fiskinn. Sérstaklega í sambandi við söluskatt á fisk. En áhyggjurnar voru nú ekki meiri en það að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., gaf um það yfirlýsingu á blaðamannafundi, með orðum Morgunblaðsins þann 5. des. sl., með leyfi virðulegs forseta:

„Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra sagðist vilja leggja á það verulega áherslu að full samstaða væri á milli stjórnarflokkanna um þessi mál, en enginn vafi léki á að hægt væri að finna að ýmsum atriðum þegar svona mikilvægar breytingar væru gerðar.“

Þetta eru orð hæstv. utanrrh. Þarna er hann svona að klappa á kollinn á samþm. sínum í Framsfl.,

mönnum sem leyfist að finna að ýmsum atriðum þegar svona mikilvægar breytingar eru gerðar, en tekur af skarið: „Það er full og óskoruð samstaða.“ En hv. þm. Framsfl. leyfist að koma hér upp í stólinn eftir á — eftir að hæstv. forsrh. hefur gefið út yfirlýsingar um að hann sé hlaupinn frá söluskatti á fisk — og lýsa því yfir svona eftir á: Jú, það voru þungar áhyggjur í þingflokki Framsfl. yfir þessu.

Við hæstv. utanrrh. vil ég segja að það kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv., þá var hæstv. utanrrh. utan þings, að hann hefði einnig áhyggjur vegna brauðsins. Hann hefði ekki bara áhyggjur af fiskinum, heldur líka af brauðinu. Og nú vonaði hann að svo væri hægt að stilla málum að brauðið fylgdi á eftir og það yrði náð fram breytingum á frv. í þá átt að söluskattur yrði endurgreiddur eða felldur niður af brauði. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. Hvar er hann? Hvar er hæstv. fjmrh.? (**Gripið fram í:** Hann er staddur í símanum.) Já, það er eins og fyrr að það væri best að hafa síma hér uppi í ræðustólnum til að komast í samband. Hvað segir hæstv. fjmrh. um áhyggjur Framsfl. út af brauðinu, söluskatti af brauði og hógværum óskum frá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni um að tekið verði upp hliðstætt fyrirkomulag varðandi endurgreiðslu á söluskatti á brauði eins og tekið hefur verið upp að frumkvæði forsrh. að ég hygg varðandi fiskinn og kannski vegna þess að ýmsir hafa viðrað áhyggjur út af söluskatti á nauðþurftum fólks? Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að bregðast við í sambandi við brauðið og hvað ætlar hv. 10. þm. Reykv. að gera ef ekki verður orðið við óskum hans og fleiri sem hafa áhyggjur í þingflokki Framsfl. út af þessum matarsköttum? Ætlar hv. 10. þm. Reykv. þá að bregðast við með viðlíka hætti eins og Guðrún Jónsdóttir í sögunni af brauðinu dýra? Ég spyr. Hv. 10. þm. Reykv. er vel að sér í bókum að ég hygg og kannast við söguna af brauðinu dýra og man eftir henni Guðrúnu Jónsdóttur sem gekk um Mosfellsheiðina í eina þrjá sólarhringa í villu með brauð frá Mosfelli án þess að snerta við því þó að hungrið syrfi að. Hún var spurð að því, svo að ég leyfi mér nú aðeins að staðfæra þessi ummæli, virðulegur forseti: „Getur maður aldrei orðið of húsbóndahollur?“ Konan spyr á móti: „Getur nokkur nokkurntíma verið nokkrum trúr nema sjálfum sér? Varstu samt ekki fegin að vera til þegar þú sást sólina aftur, Guðrún mín? Konan sagði að víst þakkaði maður fyrir að fá að halda tórunni; en maður þakkaði líka fyrir að fá að losna við hana. Lángömmu minni gekk feikn illa að deya, sagði hún. Á endanum varð að hvolfa yfir hana potti.“ (Gripið fram í.)

Hvernig skyldu lyktirnar verða í þingflokki Framsfl. ef hæstv. fjmrh. verður ekki við hógværum óskum þeirra um að lækka verðið á brauði, endurgreiða söluskattinn á brauði með viðlíka hætti og í sambandi við fiskinn? Ætlar hv. 10. þm. Reykv. bara að una því að hæstv. fjmrh. hvolfi yfir hann potti og sagan búin með því? Ég spyr. Það verður fróðlegt að sjá hverjar verða lyktir þessa máls á stjórnarheimilinu.

En virðulegur forseti. Svo að vikið sé frá þessum aðstæðum á ríkisstjórnarheimilinu og hjá stjórnarliðum í sambandi við meðferð þessa máls hlýt ég að vekja athygli á því að það eru ekki aðeins þær skattaálögur sem ríkisstjórnin er nú að hlaða á landsmenn í formi matarskatta sem valda okkur áhyggjum þegar við erum að ræða um tekjuöflun í ríkissjóð hér á Alþingi og breytingar á tekjuöflunarkerfinu eins og það er kallað. Við hljótum að hafa áhyggjur af þeim fréttum sem við heyrum og lesum annan hvern dag um hækkanir á opinberri þjónustu sem ríkisstjórnin stendur fyrir, hækkanir á opinberri þjónustu sem leggjast á landslýðinn af ekki meira réttlæti en matarskattarnir eins og þeir koma niður á þeim sem þurfa að brauðfæða marga í fjölskyldu.

Hvað ætli sé t.d. að gerast í sambandi við verðlagningu á orku í landinu? Nokkuð hefur verið rætt hér á Alþingi, í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, um þær álögur sem þar dynja á landsfólkinu, hækkanir sem skipta tugum prósenta þar sem landsmönnum er mismunað með grófum hætti og á landsbyggðina sérstaklega lagður aukinn þungi í gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu eins og orku sem ég gat um í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og færði fram dæmi um það hvernig þau mál hafa þróast að undanförnu.

Við erum að lesa um það í dag og fréttum af því í gær að hæstv. heilbrrh. hefði nýlega komið frá sér reglugerð um breytingar á reglugerðum um greiðslu sjúkratrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þessa reglugerð gefur hæstv. heilbrrh. út 9. des. 1987 og hún felur í sér auknar álögur á almenning, þá sem leita þurfa til læknis eða fá aðhlynningu, ekki svo skiptir prósentum í einni tölu, heldur tugum prósenta, lyfjakostnaður, greiðslur til lækna, hækkanir um 40%, og kostnaður á lyfjum mjög aukinn, kostnaður vegna sjúkraflutninga um 25%, svo að gripin séu niður dæmi sem afleiðingar af þessari reglugerðarbreytingu hæstv. heilbr.- og trmrh., og ferðakostnaður sjúklinga innan lands hækkar um 27% vegna breytinga á reglum samkvæmt ákvörðun hæstv. heilbrrh. Þeir taka nefnilega þátt í því alveg hringinn í kringum borðið, ríkisstjórnarborðið, þessir hæstv. ráðherrar, að þyngja álögurnar. Það er ekki bara hæstv. fjmrh. sem er þar á ferðinni, heldur fulltrúar allra stjórnaraðila þó að mest fari þar fyrir fjmrh. í þeim efnum.

Ég hefði ástæðu til þess að ræða við hæstv. iðnrh. um hækkunina á orkunni betur en tækifæri var til hér við afgreiðslu fjárlaga í gær og þar sem hæstv. iðnrh. reiddi fram tölur, sem er ástæða til að taka upp við hann nánar, og vildi telja fólki trú um að eina breytingin á húshitunarkostnaðinum með rafmagni væri sem næmi 4,8% þegar hann er að lækka niðurgreiðsluhlutfallið í sambandi við orkuna svo nemur háum upphæðum. Ég held að rétt sé þó að hæstv. iðnrh. sé ekki hér viðstaddur — hann var þó hér hluta úr morgni sá hæstv. ráðherra, það verður að geta þess sem vel er gert á stjórnarheimilinu, hann var einn af fáum vökumönnum hér í þinghús-

inu í nótt. (**Forseti:** Það skal upplýst að hann er hér í húsinu.) Hann er hér í húsinu, já. Þá sakaði auðvitað ekki að hæstv. ráðherra væri hér viðstaddur.

Mig langar til að nefna í sambandi við hækkanirnar á raforkunni að samkvæmt áætlun Rafmagnsveitna ríkisins telur sú stofnun að vegna samdráttar í niðurgreiðslum til þessa þáttar þurfi að hækka orkukostnað á kwst. úr 1,34 kr. í 1,87 kr. eða sem nemur 40%. Svo kemur hæstv. ráðherra hér við afgreiðslu fjárlaga og segir: Þetta er bara rugl, þetta eru bara 4,8%. Þetta er stofnun undir hans veldissprota, Rafmagnsveitur ríkisins, sem leggur þetta hér fyrir og tölulega sé ég ekki að hrakinn verði nokkur skapaður hlutur úr þeim upplýsingum sem þar komu fram svo að það er sannarlega kynlegt, yfirklórið hjá hæstv. ráðherrum í sambandi við þessi efni.

Herra forseti. Í sambandi við frv. um söluskatt eru þar sannarlega mörg atriði sem er þörf á að ræða, en ég ætla ekki, vegna þess að við ætlum að reyna að hafa hér skaplegan þingfund í dag eftir því sem hæstv. forseti hefur upplýst og samkomulag varð um hér undir morgun, við rismál, að fara út í öll þau mörgu atriði sem ég þyrfti að gera athugasemdir við varðandi frv. Þar nefni ég aðeins fátt á þessu stigi, en kostur gefst á að ræða þessi mál ítarlega við 2. umr. málsins eftir að nefnd hefur um það fjallað.

Ég bendi alveg sérstaklega á, fyrir utan matarskattinn sem er auðvitað stóra málið í þessu samhengi, ýmis atriði sem snerta breikkun á þessum gjaldstofni og vil taka undir með þeim sem hafa áður í umræðunni vakið t.d. athygli á því hvernig bókaútgáfa í landinu kemur út í sambandi við þær kerfisbreytingar sem eru í gangi. Ég tel að það hafi komið mjög vel fram í máli hv. 10. þm. Reykn., Kristínar Halldórsdóttur hvernig farið er með bókaútgáfu í landinu í sambandi við þessar breytingar og undir það var tekið af hv. þm. Ragnari Arnalds, í máli hans fyrr við umræðuna. Ég tel að fyrir utan matarskattana séu þættir, sem snúa að menningu í landinu og sem snúa að heilbrigði í landinu, heilsurækt og slíkum þáttum, atriði sem ekki er viðunandi að séu knúin hér í gegn í sambandi við þessa kerfisbreytingu. Þar er staðið að málum með svo fráleitum hætti að við hljótum ekki aðeins að vekja athygli á því heldur að gera kröfur til þeirra sem eru að reyna að koma þessum málum hér í gegnum þingið að það verði tekið tillit til rökstuddra ábendinga og tillagna um breytingar af hálfu stjórnarandstöðunnar sem fá stuðning hjá svona einum og einum úr stjórnarliðinu sem kemur hér upp í ræðustól í sambandi við umræðu um þessi mál.

Hv. 10. þm. Reykn. vitnaði í gagnmerka grein sem Ólafur Ragnarsson skrifaði í Morgunblaðið einmitt um söluskatt á bækur og það ósamræmi sem gætir í því að bókaútgáfa er ekki undanþegin með sama hætti og gegnir um innlend dagblöð og hliðstæð blöð og tímarit skv. 21. tölul. 3. gr., en þar eru þessi atriði með öðru undanþegin söluskatti en á bækurnar skal hann leggjast. Þetta er auðvitað hin mesta óhæfa og í rauninni stangast það algerlega á við þau ummæli sem stundum má heyra frá valdamönnum hér í ræðustól í sambandi við menningarstarfsemi í landinu. Sama gildir um heilsuræktina og það sem snýr að slíku. Ósamræmið í þeim efnum blasir við og það var vel á því máli tekið af hv. þm. Ragnari Arnalds í ræðu hans hér og get ég vísað til hans ábendinga þar að lútandi, svo og í sambandi við innlendar kvikmyndasýningar og fleira sem snýr að menningarmálunum.

Mig langar hins vegar, herra forseti, til að vekja á því sérstaka athygli að þegar hæstv. fjmrh. mælir fyrir þessum málum, hann sér ekki alltaf ástæðu til að koma inn í umræður, ekki mikið, en hann hefur ekkert farið dult með það að hér sé aðeins um áfanga í hans stóra kraftaverki að ræða. Næsti áfangi, þ.e. þriðji áfangi ef ég man röðina rétt — fyrsti áfangi var í sumar þegar settur var á 10% söluskatturinn og við erum hér stödd líklega í öðrum áfanga þessa kraftaverks hæstv. fjmrh. — á svo að vera upptaka virðisaukaskatts að ári liðnu. Og það er sko ekkert farið dult með það af hæstv. ráðherra að með þeirri fullkomnun sköpunarverksins sem hann telur að felist í upptöku virðisaukaskatts verði nú hægt að láta af þessum bannsettu undanþágum sem enn er þó að finna í sambandi við söluskattinn, jafnvel í sambandi við matvæli og niðurgreiðslur og annað þess háttar. Þá verði hægt að draga í land varðandi þessa dellu sem samráðherrar hans sumpart, svo að ekki sé nú talað um stjórnarandstöðuna, hafa knúið hann til að taka inn í undanþáguheimildir í sambandi við söluskattinn. Hæstv. fjmrh. fer ekkert dult með þetta. Hann fer ekki heldur dult með, hæstv. ráðherra, fyrirætlanir sínar í sambandi við endurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, í sambandi við niðurgreiðslurnar sem svo eru kallaðar, sem eru auðvitað ekkert annað en endurgreiðslur á hluta af þessum söluskatti sem verið er að leggja á matvælin, að þetta muni ekki vara mjög lengi, það muni renna upp betri tíð eftir formúlum Alþfl. í þeim efnum að auðvitað eigi þetta jafnt yfir allt að ganga í sambandi við álögurnar, í sambandi við skattlagninguna, jafnaðarmennskan eins og hún er túlkuð á því heimili fái að blómstra með upptöku virðisaukaskatts. Ég nefni það hér, vegna þess að menn eru að reyna að skreyta sig með 1250 millj. kr. í svokallaðar niðurgreiðslur, að það liggja nú ekki fyrir miklar tryggingar um það að þessari endurgreiðslu á álögðum söluskatti verði haldið þannig að því megi treysta, enda sé ég að hæstv. landbrh. klórar sér bak við eyrað hér í hliðarherbergjum þegar hann heyrir á þessi mál minnst. Ég hygg að hann hafi nú áhyggjur eins og fleiri í sambandi við fullkomnun sköpunarverksins sem fram undan er hjá hæstv. fjmrh. í sambandi við upptöku virðisaukaskatts og telji það ekki gulltryggt að það verði bætt í niðurgreiðslurnar þegar næstu hækkanir koma á afurðaverði og framleiðendur landbúnaðarafurða þurfa að taka sitt í þeirri miklu verðbólgu sem er í

gangi í landinu.

Hefur hæstv. landbrh. — ég spyr hann að því af því að ég hygg að hann heyri mál mitt — tryggingu fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að niðurgreiðsluhlutfallið varðandi innlendu matvöruna haldist þannig að ekki verði úr því hlutfalli dregið? Hefur hann loforð hæstv. fjmrh. fyrir því að við það verði staðið? Ég spyr hæstv. landbrh. og vona að orð mín nái eyrum hans eða þeim verði komið áleiðis af starfsbræðrum hans í ríkisstjórninni sem einhverjir eru hér í hliðarsölum, en hér sitja aðeins tveir virðulegir og hæstv. ráðherrar Alþfl. sem ekki eru beinir aðilar að þessu frv. inni í sínum sætum.

Ég held að um þennan þátt sem ég nefndi um verðið á matvælunum verði spurt: Hver verður þróunin áfram að því leyti? Kemur breyting eins og hv. 10. þm. Reykv. var að boða í sambandi við brauðið dýra? Kemur slík breyting af hálfu hæstv. forsrh. eða fyrir milligöngu hans á milli fagráðherra í ríkisstjórninni? Kannski hæstv. forsrh. taki sig til eins og með söluskattinn á fiski og gangi á milli í þessum efnum og tryggi að létt verði áhyggjum af þm. í þingflokki Framsfl. varðandi brauðið dýra. Ég spyr hæstv. forsrh. að því. Megum við vænta þess að núna fyrir áramótin gleðji hann ekki aðeins hv. 10. þm. Reykv. heldur landslýð allan með yfirlýsingu um það að tekin verði upp endurgreiðsla á álögðum og væntanlegum söluskatti fjmrh. á brauð? Það eru þungar áhyggjur hjá nokkrum mönnum í stjórnarliðinu í sambandi við brauðið dýra. Og við bíðum eftir svari frá hæstv. forsrh. eða ætlar hann bara að hvolfa potti yfir höfuð hv. 10. þm. Reykv. og annarra sem leyfa sér að æmta í ræðustól í stjórnarliðinu?

Já, virðulegur forseti. Þetta mál er ekki útrætt og ég hef aðeins minnst á örfáa þætti sem varða framlagningu þessa máls og efnisþætti þessa máls og beint fsp. hér til þeirra ráðherra sem hlut eiga að þessum málum. Auðvitað snertir þetta ríkisstjórnina í heild sinni og ekki síst hæstv. forsrh. sem hefur einstöku sinnum látið til sín heyra í þessum efnum en við höfum saknað eins og fleiri hæstv. ráðherra í sambandi við umræður að undanförnu um þau stórmál sem ríkisstjórnin er að reyna að knýja hér fram í tímaleysi milli hátíða.

Ég vil gefa hæstv. ráðherrum hér við lok máls míns að þessu sinni það heilræði að ég teldi skynsamlegt að þeir reyndu að rækja þingskyldur sínar betur en að undanförnu, þeir sæju sóma sinn í því að taka þátt í umræðum um þessi stóru mál í staðinn fyrir að verma ból sín eins og gerðist sl. nótt og þeir ættu aðeins að draga í land í yfirlýsingum í fjölmiðlum og árásum utan þingsala á stjórnarandstöðuna sem er við mjög óvenjulegar aðstæður að reyna að greiða fyrir gangi þingmála og að mál þokist fram með eðlilegum hætti og fái lágmarksskoðun og þinglega meðferð. Þeir ættu að sjá sóma sinn í því og víti til varnaðar eru þar m.a. ummæli hæstv. fjmrh. í Ríkisútvarpinu/sjónvarpi í gærkvöldi.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi til umræðu frv. til l. um söluskatt og er eitt af þeim frv. sem auka skattlagningu á almenning. Það hefur vakið athygli að við umræður undanfarnar vikur hefur lítt sést, yfir höfuð, til ráðherra eða stjórnarþingmanna og ég vil koma þeim boðum til hæstv. forseta hvort ekki væri ráð að breyta svolítið sætaskipun í deildinni, að fengnir verði stólar úr flugvélum a.m.k. fyrir suma, þannig að þeir héldust við hér inni, frekar en að hafðir væru þessir stólar sem voru fengnir í haust. Það gæti þá verið að þeir væru frekar hér inni í salnum ef þeir fengju stóla úr flugvélum.

Það verður ekki heldur komist hjá því að minnast á ómaklegar árásir ráðherra og þá sérstaklega fjmrh. í gærkvöldi á hendur stjórnarandstöðunni þar sem því er lýst yfir að hún standi fyrir og komi í veg fyrir afgreiðslu mála og hún sakfelld í þá veru. Það hefði verið betra fyrir hæstv. ráðherra að segja það sem satt er að þau frv. sem liggja fyrir eru svo viðamikil og svo seint fram komin að þau verða auðvitað ekki útrædd á þeim stutta tíma sem hann vill að þau verði útrædd á. Það er líka alveg ljóst að hæstv. ráðherra og aðrir ráðherrar hafa lagt fram eiginlega öll veigamestu frv. í runu í Ed. sem þó hefði átt að leggja fram eins í Nd. þannig að þar hefðu verið eðlileg þingstörf. Það á ekki að vera þannig að önnur þingdeildin sé nánast í fríi meðan hin fjallar um öll málin í runu og ég vísa þessum ummælum heim til föðurhúsanna. Þá framkomu sem hæstv. ráðherrar hafa haft gagnvart þinginu er ekki hægt að verja. Þær einræðiskenndir sem þar koma í ljós eru áhyggjuefni fyrir lýðræðið í landinu og þó að frýjuorð gangi á milli ráðherra í blöðunum verður lítið mark tekið á því. Ég vil koma að því að hæstv. fjmrh. varð uppvís að stjórnarskrárbroti í gær þegar hér kom upp að hann var búinn að selja eignir, ákveðnar eignir, og það lágu fyrir skjöl um það, án þess að hafa heimild í fjárlögum. Honum væri nær að ræða það í sjónvarpinu. Það gerist ekki oft að ráðherra sé sekur um stjórnarskrárbrot.

Þegar þetta frv. sem liggur fyrir var lagt fram var það gert undir því yfirskini að meiri skilvirkni yrði, réttlæti og einföldun. Það er gott að hafa fögur orð og slagorð. Sannleikurinn er hins vegar sá að þessi orð eru marklaus. Þegar talað er um einföldun og að það verði að hafa eitt söluskattsstig á öllum vörum til einföldunar er það í rauninni bara bull. Það vita allir sem hafa fært bókhald eða komið nálægt rekstri að það er ekkert einfaldara á tölvuöld en að skrá og færa sérstakan lista yfir þær vörur sem bera mismunandi söluskatt. Það er ekkert mál. Það er minnsta mál í heimi að halda bókhaldi þannig til haga að hægt sé að skila því með góðum skilum. Þannig að um einföldun er ekki að ræða enda kemur það fram í því að í stað einföldunar er verið að flækja málið. Fyrst er söluskatturinn tekinn af vörunum og síðan á að greiða þær niður. Og hvað er hér á ferðinni? Jú, það er ekki einföldun. Þetta er stefnan sem heitir að deila og drottna, að taka af fólkinu og rétta því svo til baka hluta af því og segja: Þetta máttu hafa. Til

að sýna valdið, til að sýna það hver ræður.

Það hefur komið hér fram, raunar fyrir jól þegar þetta mál var til umræðu og þá tekið út af dagskrá, að í Efnahagsbandalaginu sem sérstaklega hefur verið vitnað til vegna einföldunar eru fleiri en eitt prósentustig á virðisaukaskatti. Og í bréfi þar sem Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, tekur þetta fyrir segir hann um þetta að það sé að vera kaþólskari en páfinn því samkvæmt virðisaukakerfinu í Efnahagsbandalaginu séu 4–9% lögð á nauðsynjar og 14–19% á aðrar vörur. Þetta er staðreyndin í málinu og alls staðar er lögð áhersla á það að matvæli og nauðsynjavörur séu með lágum prósentum og beri ekki mikla skatta en aðrar vörur fái hærri þrep. Hér í þessu yfirliti er þetta talið upp: Belgía, Frakkland, Vestur-Þýskaland, Grikkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Spánn og Bretland. Í öllum þessum löndum eru tvö eða þrjú prósentustig. Og jafnvel eru vörur undanþegnar virðisaukaskatti. Það á við um t.d. Írland og Bretland að þar er að stórum hluta þannig gengið frá hlutunum að nauðsynjar eru alveg undanþegnar virðisaukaskatti. Þetta er staðreyndin, þetta er sannleikurinn í málinu og sú fölsun að hér sé um einföldun að ræða er einstæð. Það er engin einföldun og skiptir engu máli hvort prósentustigin eru eitt eða tvö. Í tölvuvæddu nútímaþjóðfélagi, eins og ég sagði áðan, er minnsta mál að færa tvo vörureikninga í fyrirtæki sem selja vörur. Það er ekki nokkurt mál og ekkert meiri vinna. Þetta er aðeins spurning um skipulag.

Í Efnahagsbandalaginu er stefnt að því að lægri skattaprósentur verði á matvörum, drykkjarvörum og orku til upphitunar og lýsingar, vatni og lyfjum, bókum, blöðum og tímaritum og farþegaflutningum. Þetta er ekki að ástæðulausu. Þetta er það sem menn hafa lært af reynslunni að er mikilvægt að halda lágu verði. Það eru margar vörutegundir sem eru þannig að það er hægara að hafa hærra verð á þeim. Það liggur ljóst fyrir að sú hækkun á prósentu á söluskatti á matvöru sem hér er lögð til mun hækka þessar nauðsynjar allverulega. Það kerfi sem á að taka upp með því að greiða það niður á móti er enn þá flóknara en að hafa tvö prósentustig.

Við þessar umræður hefur verið fróðlegt að fylgjast með því hverjir hafa tekið til máls og hverjir hafa haft skoðun á þessu. Það er athyglisvert að Sjálfstfl. virðist alveg horfinn á þessu þingi og farinn í felur, hefur enga skoðun á þessum málum. Ég gæti haldið, þegar ég lít hér yfir þingsalinn, að það væri enginn maður á þingi frá Sjálfstfl., a.m.k. sjást þeir ekki hér í salnum. Það má vel vera að svo sé, að þeir hafi bara verið kjörnir á þing. Þetta segi ég af því að lengi vel var þessi flokkur sem ég tilheyrði málsvari skattalækkana. Ég hef tekið að gamni tilvitnanir, gamlar greinar um þessi mál sem ég á í fórum mínum vegna þess að sumir þessara manna hafa verið allmikið í sviðsljósinu undanfarið. Hér er hin ágætasta grein eftir Víglund Þorsteinsson, formann Félags ísl. iðnrekenda núna, sem er rituð í Morgunblaðið 18. okt. 1978. Með leyfi hæstv. forseta stendur þar:

„Skattamál komust enn í brennidepil með hinum siðlausu og afturvirku bráðabirgðalögum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar. Í stuttu máli má segja að undanfarin 30 ár hafi skattar á Íslandi vaxið jafnt og þétt þrátt fyrir jafnlangt tal íslenskra stjórnmálamanna um nauðsyn aðhalds í ríkisfjármálum og niðurskurði ríkisútgjalda. Í a.m.k. tíu ár höfum við Íslendingar á hverju hausti heyrt grátstafi alþingismanna um að svo erfitt sé um vik um niðurskurð vegna þess að allt að 80% ríkisútgjalda séu lögbundin með einum eða öðrum lögum. Alþingismenn góðir. Hversu lengi enn á þjóðin að hlusta á þetta harmakvein ykkar? Hvenær ætlið þið að taka til hendinni og taka upp þá nýbreytni við endurskoðun íslenskra laga um hin ýmsu málefni að slík endurskoðun miði að útgjaldalækkun en ekki útgjaldahækkun eins og alltaf gerist nú?“

Enn heldur greinarhöfundur áfram. Hann segir: „Uppáhaldsiðja íslenskra stjórnmálamanna hefur verið að metast um það hversu mikil skattheimtan í þjóðfélaginu sé á hverjum tíma sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni. Sá galli er á þessum útreikningum að inni í þjóðarframleiðslunni teljast óbeinir skattar, svo sem söluskattur. Miðað við þá skattastefnu sem ríkt hefur hér á undanförnum árum er þjóðarframleiðsla hækkuð með því að lækka óbeina skatta og þannig gefur þetta hlutfall ranga mynd af samanburði á skattheimtu frá ári til árs.

Önnur leið er sú að miða við þjóðartekjur og er sú leið að mínu mati réttari. Þegar átt er við þjóðartekjur hafa óbeinu skattarnir verið teknir út úr þjóðarframleiðslunni og miðað við hina raunverulegu verðmætasköpun til þess að gera fólki grein fyrir mismuninum á þessum tveimur reikningsaðferðum ...“ — Og svo gerir hann grein fyrir því.

Ég held út af fyrir sig að það hefði þurft að leggja hér fram útreikninga á bæði beinum sköttum og óbeinum þannig að menn sæju svart á hvítu hvað hvort um sig þýddi. En hér á hinu háa Alþingi hefur ekki neitt slíkt verið lagt fram enda vita hæstv. ráðherrar, hæstv. fjmrh. þar með talinn ekki með nokkurri vissu hvað þessir skattar verða miklir. A.m.k. var það þannig þegar við afgreiddum fjárlög í gær að þau voru miklu lægri, tekjuhliðin, en ætla hefði mátt samkvæmt upplýsingum frá öðrum aðilum.

Ég held að það sé alveg ljóst að sú skæðadrífa nýrra og hækkandi skatta sem nú hefur dunið yfir þjóðina sé í andstöðu við þann flokk, eins og ég sagði áðan, sem hefur þóst berjast fyrir skattalækkunum. Þeir sögðu í nál. frá Alþingi sem var birt í Morgunblaðinu 18. apríl 1980:

„Mikil skæðadrífa nýrra og hækkaðra skatta hefur dunið yfir þjóðina að undanförnu. Nú er svo komið að heildarskattheimta ríkis og sveitarfélaga þyngist á yfirstandandi ári um 54 milljarða vegna aðgerða núverandi ríkisstjórnar og fyrri vinstri stjórna. Þessi aukna skattbyrði nemur hvorki meira né minna en 13 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta fé hefðu heimilin handbært í ár ef

sömu álagningarreglur skatta til ríkis og sveitarfélaga giltu eins og 1978, áður en vinstri stjórnin tók þá við völdum.“ Það er þegar sjálfstæðismenn réðu síðast ríkisfjármálum.

Og nú er spurningin. Það er víst enginn sjálfstæðismaður hér inni til að svara því. (**AG:** Jú, jú.) Hv. 5. þm. Reykv. réttir upp höndina. Er þetta vinstri stjórn? (**AG:** Ef ég má svara segi ég já.) Og þingmaðurinn segir já. Er þetta vinstri stjórn? Ef marka má þetta nál. er hér um vinstri stjórn að ræða og er greinilegt að það hefur orðið gjörbreyting á stefnu þessa flokks við aðild að núverandi stjórn því að það hefur dunið á okkur mesta skæðadrífa sem um getur í sögu lýðveldisins af nýjum sköttum og hækkuðum sköttum sem við þekkjum og það er sá flokkur sem er stærsti flokkur ríkisstjórnarinnar sem stendur fyrir því. Ég gæti ímyndað mér að fjarvera sjálfstæðismanna í þingsölum við þessi skattamál stafi kannski af því að þeir séu í felum því þeir þyrðu ekki að líta framan í ræðumenn þegar þeir eru að fara yfir skattamálin, en það hefur verið baráttumál þessa flokks í fjölda ára að koma í veg fyrir að skattar hækkuðu. Ég hefði haft gaman af því að heyra eitthvað frá þeim fulltrúum um þessar skattahækkanir, en nú munu þær sennilega vera alveg ágætar og flokkurinn sem áður barðist gegn sköttum telur sig nú sjálfsagt vinstri flokk og vill hækkaða skatta.

Í nál. sem fulltrúar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. Ed., þeir Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason og Albert Guðmundsson, lögðu fram á Alþingi 1980 segir m.a.:

„Af þessu má vera ljóst að skattheimta ríkisins hefur aukist til muna síðustu þrjú árin. Ekkert lát virðist þar á. Hefur núverandi ríkisstjórn ekki aðeins framlengt nær alla vinstri skattana heldur bætt þar töluvert á og er enn að bæta á, sbr. væntanlega bensínhækkun.“

Og enn fremur segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Ljóst er að núverandi ríkisstjórn heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu, eykur skattaálögur, þenur út ríkisútgjöldin og eykur ríkisafskiptin sem leiðir til þess að borgararnir eru meira og meira háðir ákvörðun stjórnvalda um hegðun sína. Samtímis er þrengt að atvinnurekstrinum.“

Skyldi þetta ekki vera hægt að hafa um þessi mál hér? Það væri fróðlegt að heyra í sjálfstæðismönnum um þetta. Þeir hafa kannski týnt stefnunni? Það er merkilegt að lesa nál. og álit þeirra manna sem hafa nú horfið úr þingsölum vegna þess að þeir eru sjálfsagt hræddir við sínar eigin gerðir eða eru fangar þessarar stefnu.

Í grein í Morgunblaðinu þriðjudaginn 11. júlí 1985 er ljómandi góð grein eftir hv. 8. þm. Reykv. Eyjólf Konráð Jónsson. Hann fjallar þar um hækkun söluskatts og eignarskattsauka. Í fyrirsögninni segir: „Gengur þvert á stefnu og gefin fyrirheit ríkisstjórnarinnar“.

Í nál. fjh.- og viðskn. leggja þeir Valdimar Indriðason, Egill Jónsson og Jón Kristjánsson til að frv. verði samþykkt, en Eyjólfur Konráð Jónsson segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með flutningi frv. þessa gengur ríkisstjórnin þvert á birta stefnu sína og margítrekuð fyrirheit um skattalækkanir. Í þessu efni er fylgt fordæmi vinstri stjórnarinnar frá 1978 sem kristallaðist í svokölluðum Ólafslögum þar sem ofstjórnaræðið var lögfest. Stefna þessi gekk sér til húðar 1983 þegar verðbólguhraðinn var kominn upp í 130% miðað við eitt ár og erlendar skuldir hrönnuðust upp í mesta góðæri Íslandssögunnar og gjaldmiðillinn var hruninn.“

Skyldi þetta ekki eiga við í dag? Víst er það svo. Og það er alveg ljóst að bæði 1978 og 1983 barðist Sjálfstfl. af hörku gegn skattahækkunum. En núna er sú stefna horfin og séu tekin upp þeirra eigin orð er Sjálfstfl. nú vinstri flokkur. Hann er vinstri flokkur! Ég ætla að taka mark á því sem sjálfstæðismenn hafa sagt um þessi mál. Það er alveg ljóst að sú vinstri stefna, sem hér kemur fram um hækkun á öllum sköttum, er einstæð.

Sá matarskattur sem hér er til umræðu er aðeins einn hluti af þessum skattahækkunum. Það hefur lengi verið ósk launþegahreyfingarinnar að sköttum á matvæli væri haldið í lágmarki. Nú ber svo við að þessari stefnu er hætt. Söluskatturinn á matvæli sérstaklega skapar tímamót í sögu þjóðarinnar og er einstæður í sögu vestrænna ríkja. Eins og ég rakti fyrr í máli mínu er alls staðar í okkar nágrannalöndum lögð rík áhersla á að skattar á nauðsynjavörur séu lágir og það kalla þeir réttlæti, skilvirkni og einföldun en ekki að leggja 25% skatt á allar nauðsynjavörur og deila svo út ölmusu í niðurgreiðslum.

Í frv. um söluskatt er m.a. lagður söluskattur á heilsuræktarstöðvar. Það er sennilega af því að hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. fjmrh. telur að eftir að verður kominn söluskattur á matvæli verði fólk sjálfkrafa í megrunarkúr og þurfi ekki á heilsurækt að halda því það hafi ekki orku til að hreyfa sig. Og þó að þeir hafi aðeins gengið til móts við óskir okkar um að lækka þennan skatt á fiskmeti. Það er engan veginn ljóst hvaða fiskur og fiskmeti þetta eru. Þetta er okkar höfuðbjörg og það ætti að vera svo að allur fiskur og fiskmeti og matvæli væru undanþegin söluskatti eða með lágu prósentustigi.

Hv. 10. þm. Reykn. kom inn á í mjög góðum málflutningi skatt á bókaútgáfu og bendir á að menningarverðmæti þyrftu líka að vera undanþegin söluskatti. Það er í raun í samræmi við stefnu Efnahagsbandalagsins að bækur, blöð og tímarit séu undanþegin söluskatti. Það væri því ekkert meira að svo væri einnig um bækur, en blöð og tímarit hafa fallið undir þetta, því hér hafa menn talað með miklum fagurgala um tungu og menningarverðmæti, en það nær ekkert lengra en í ræðustól því að þegar kemur að því að styðja við þetta í raun brestur þessi stuðningur.

Það er því alveg ljóst að sú samræming söluskatts sem hér er boðuð og á að vera svo mikið til

einföldunar, skilvirkni og réttlætis hefur algjörlega misheppnast. Það er ekki þetta sem skiptir máli. Það er spurningin um á hvað skattarnir eru lagðir og með hvaða hætti. Við gætum alveg eins tekið okkur til fyrirmyndar Efnahagsbandalagið, eins og ég kom áðan inn á, um að skattleggja ekki nauðsynjavörur með þessum hætti. Það er ekkert flóknara mál að hafa tvö prósentustig en eitt. Í nútímaþjóðfélagi á tölvuöld er þetta minnsta mál í heimi.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki taka nú meira af ræðutíma. Við höfum komist að samkomulagi um að reyna að halda máli okkar innan vissra marka þar sem við höfum ákveðið að hafa stuttan fund í dag.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, verður sennilega alla tíð sá blettur sem mun fylgja þeirri ríkisstjórn sem við völd situr og þá einkum og sér í lagi vegna hins fyrirhugaða matarskatts.

Hv. síðasti ræðumaður nuddaði sjálfstæðismönnum upp úr sinni stefnu. Ég get vel tekið undir hana alla og væri kannski rétt að minna þá á kjörorð þeirra í síðustu kosningabaráttu, að vera á réttri leið. Það má segja að það sé á réttri leið að hér heyrist ekki hósti né stuna frá sjálfstæðismönnum og hefur ekki heyrst í allt haust og kannski enn betra að þeir varla sjást heldur. Ég verð að taka undir að nú loksins hljóta þeir að vera komnir á rétta leið.

Sú skattpíning sem hér fer fram nánast daglega á allan almenning og láglaunafólk í landinu er gjörsamlega óþolandi. Matarskatturinn ríður þar hæst. Hann leggst þyngst á lágtekjufólk, barnmargar fjölskyldur, sjúklinga og aðra er minna mega sín. Eftir því sem laun eru lægri verður skattbyrðin þyngri. Þetta get ég ekki séð að samræmist jafnaðarstefnu á einn né annan hátt. Hér er talað á móti því að hægt sé að hafa fleiri en eitt prósentustig í söluskatti. Síðasti ræðumaður kom reyndar ágætlega inn á að það er, eins og gjarnan er sagt, tómt rugl. Það er ekkert einfaldara en að hafa fleira en eitt, fleira en tvö og jafnvel þrjú, fjögur stig eins og sýnir sig í öðrum löndum í kringum okkur. Þau rök eru því marklaus, enda koma þau reyndar beint úr herbúðum Félags ísl. iðnrekenda sem kom því inn í kollinn á hæstv. ríkisstjórn að verslunarmönnum í landinu væri ekki treystandi til að lækka prósentu sína úr 25 niður í 22% hvað þá að hafa tvö prósentustig.

Reyndar kemur forseti ASÍ inn á þetta mál mjög vel í ágætum pistli sem hann kallar að vera kaþólskari en páfinn. Ég efast um að hv. fjmrh. hafi lesið hann. Ég ætla að leyfa mér að lesa hann fyrir hann því þar koma fram fullgild rök fyrir því að fleiri en eitt stig gildi í virðisaukaskattskerfi. Með leyfi forseta hljóðar þetta svona:

„Virðisaukaskatturinn mun vera frönsk uppfynding og í dag búa öll ríki Efnahagsbandalagsins og ýmis fleiri lönd við það kerfi. Í umræðunum um virðisaukaskattinn hér á landi er því haldið fram að útilokað sé að hafa fleiri en eitt skattstig í slíku kerfi. Matarskatturinn og samræming í eina skattprósentu sé því óhjákvæmileg aðgerð. Það merkilega er að ríki Efnahagsbandalagsins virðast ekkert vita um þessa nauðsyn á einni prósentu. Danir búa einir allra landa Efnahagsbandalagsins við eina prósentu. Allir aðrir eru með minnst tvö skattstig, flestir fleiri, og í þeim tillögum sem framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins lagði fram nú í haust um samræmdan virðisaukaskatt er aldeilis ekki miðað við eina skattprósentu. Þar er þvert á móti stefnt að tveimur skattprósentum. Virðisaukaskattur á nauðsynjum verði á bilinu 4–9% og virðisaukaskattur á öðrum vörum og þjónustu á bilinu 14–19% samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi lands.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnar sem lögð var fram innan Efnahagsbandalagsins núna í haust eru skattprósentur eftirfarandi:“

Síðan kemur tafla yfir allnokkur lönd þar sem kemur fram að skattprósentunni er skipt í þrennt, í lágþrep, almenn þrep og háþrep. Innan flokksins lágþrep eru allt frá einu prósentustigi upp í fjögur prósentustig í Frakklandi, þ.e. 2,1%, 4%, 5,5% og 7%. Í almennu þrepi er víðast hvar eitt stig, frá 12% upp í 25%. Og í háþrepi frá 25% upp í 38%.

„Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að tvö lönd, Írland og Bretland, eru með stóra hluta nauðsynja alveg undanþegna virðisaukaskatti. Hin löndin öll nema Danmörk leggja hins vegar aðeins lágan skatt á nauðsynjar eins og taflan sýnir, almennt innan við helming af þeim skatti sem leggst á aðrar vörur og þjónustu. Efnahagsbandalagslöndin hafa þannig öll nema Danmörk valið að hafa mismunandi skattprósentu. Skattkerfinu er ætlað að taka mið af aðstöðu fólks þannig að lágtekjufólk sem notar stóran hluta tekna sinna í kaup á nauðsynjum borgi minna í skatt en hátekjufólk. Efnahagsbandalagið stefnir nú að samræmdu kerfi og lágum skattstiga, 4–9%, fyrir nauðsynjar og almennum skattstiga, 14–19%, fyrir aðrar vörur og þjónustu. Þær tillögur sem nú eru í meðferð í Efnahagsbandalaginu gera ráð fyrir því að eftirtaldir liðir verði með lægri skattprósentunni: matvörur, drykkjarvörur, þó ekki áfengir drykkir, orka til upphitunar og lýsingar, vatn, lyf, bækur, blöð og tímarit og farþegaflutningar.

Það er áætlað að lægri skattprósentan muni falla á ⅓ af heildarstofni virðisaukaskattsins og almenna skattprósentan komi á ⅔ skattstofnsins. Rétt er að benda á að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins mælir eindregið með því að lægra skattþrepið verði frekar sett nær 4% en 9%.

Allmörg Efnahagsbandalagslöndin eru með sérstaka háa virðisaukaskattsprósentu á útvöldum vörum, lúxusvörum. Einnig þannig er virðisaukaskattskerfið notað til að jafna afkomu fólks. Háa skattstigið nær til innan við 10% skattstofnsins og er það rökstuðningur framkvæmdastjórnarinnar fyrir því að þær tillögur sem hún hefur lagt fram gera ekki ráð fyrir þremur þrepum, aðeins tveimur, lágþrepum og almennu þrepi.

Það er einföld staðreynd að samræming innan Efnahagsbandalagsins stefnir ekki að einni virðisaukaskattsprósentu. Danir mótmæla þeim áformum í dag, en e.t.v. ekki fyrst og fremst vegna þess að skattprósenturnar eiga að vera tvær heldur vegna þess að tillögurnar gera ráð fyrir því að ⅓ skattstofnsins skattleggist með 4–9% og ⅔ með 14–19%. Danir skattleggja allt í dag með 22% og sjá því ekki hvernig ríkissjóðurinn danski muni komast af ef af samræmingu verður því samræming mundi leiða til um þriðjungs lækkunar tekna danska ríkissjóðsins af virðisaukaskatti. Sá vandi yfirskyggir væntanlega andstöðu þeirra við tvö þrep í skattinum. Tvö þrep eru því nánast gefin niðurstaða í samræmingu Efnahagsbandalagsins. Á sama tíma ætlum við á Íslandi að halda því fram að virðisaukaskattur verði að vera í einu þrepi, ein prósenta á allt. Þeir sem reynslu hafa af virðisaukaskattinum vilja ekki fara þá leið nema e.t.v. Danir. Við sem erum að taka trúna skulum vera kaþólskari en páfinn.

Það er talið að verði rúmlega 20% söluskattur lagður á alla matvöru eins og ríkisstjórnin áformar muni það hækka framfærsluvísitöluna um 3,5% að meðaltali og um 5% hjá lágtekjufólki. Gagnráðstafanir munu draga úr þessari hækkun, en enn liggur ekki fyrir hverjar þær yrðu. Ljóst er að matarskatturinn kæmi þyngst niður á lágtekjufólki og ólíklegt er að niðurgreiðslum yrði haldið áfram til lengdar. Aðrar gagnaðgerðir eru einnig ótryggar. Matarskatturinn kann að vera til einföldunar en hann er augljóslega óréttlátur. Eins og hér hefur verið dregið fram er það undantekning í Efnahagsbandalagslöndum að sama skattprósenta sé lögð á allt, enda flestir sammála um að söluskattssvindlið sé einkum á þjónustugreinum ýmsum en ekki í matvöru.“ — Svo mörg voru þau orð.

Herra forseti. Á síðasta þingi, hinu 109., fóru fram umræður um virðisaukaskatt. Þar segir hæstv. núverandi fjmrh. ýmislegt sem stangast á við þá gullvægu setningu sem hann segir í fjárlagaræðu sinni þann 4. nóv. Þar segir hann, með leyfi forseta: „Menn verða að hafa pólitískt þrek til að vera sjálfum sér samkvæmir.“

Við lestur virðisaukaskattsumræðunnar á síðasta þingi stenst þessi setning engan veginn. En það er náttúrlega ekkert nýtt. Þetta höfum við séð í nánast hverju málinu á fætur öðru og nægir að minnast á íþróttamálin. En meira til skemmtunar en annað væri þess virði að glugga aðeins í nokkur af gullkornum hæstv. fjmrh. frá því í fyrra. Hann segir m.a. inni í miðri ræðu hér:

„Í því efni bendi ég sérstaklega á það að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og virðisaukaskatt vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi sinn við það með því að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaprósentu eða ekki.“ — Hver er hún í dag? Hver verður virðisaukaskatturinn næsta ár? Hann verður ekki undir 25%.

Seinna segir hæstv. ráðherra: „Ef ætlunin er að reyna að ná einhverju samkomulagi um upptöku virðisaukaskatts verður ein meginforsendan að vera sú, þegar menn taka upp virðisaukaskatt og eru þar með að útrýma undanþágum og víkka út skattskyldusviðið, að skattálagningarprósentan lækki mjög verulega.“ — Ég minni enn á hver hún er í dag.

„Þetta frv. gerir ráð fyrir því að þurfa að taka 20,9% í virðisaukaskatt þrátt fyrir víkkun skattsviðsins og afnám undanþága til þess að halda óbreyttum tekjum og því næst er gert ráð fyrir því að auka tekjur ríkissjóðs mjög verulega, á þriðja milljarð, með því að halda skattprósentunni uppi í 24% og þessum hálfa þriðja milljarði á síðan að verja til niðurgreiðslna og annarra tekjujafnandi aðgerða. Ef ekki er hægt að ná betri árangri en þetta við upptöku virðisaukaskatts spyr maður sjálfan sig: Þrátt fyrir þær fræðilegu röksemdir sem beita má virðisaukaskatti til stuðnings umfram núverandi söluskattskerfi duga þær ekki ef við vegum og metum saman annars vegar þær fræðilegu röksemdir um það að virðisaukaskattur á að vera hlutlaus gagnvart atvinnurekstri, virðisaukaskattur á að vera öruggari í innheimtu þrátt fyrir allt. Þær duga ekki út af fyrir sig til þess að vega upp á móti þeim alvarlegu göllum sem í því felast að skattprósentan er svo há. Það eitt að skattprósenta á neysluskatta er svona há hvetur nefnilega mjög eindregið til skattundandráttar.“ — Og enn minni ég á að skattprósentan í dag er 25%, í fyrra var hún hjá hæstv. fjmrh. allt of há þegar hún var ætluð 24%. Og þar tala menn sérstaklega um skattprósentu á neysluskatta.

Og enn segir hann: „Við leggjum þess vegna megináherslu á það að virðisaukaskattprósentan, sem hér er lagt til að tekin verði upp, er allt of há.“ — Enn einu sinni.

Síðar í ræðunni segir hæstv. fjmrh.: „Ég trúi því ósköp einfaldlega ekki að þessar aðgerðir, útvíkkun söluskattssviðsins, afnám undanþága, bætt innheimta og hert eftirlit, leiði ekki til meiri tekjuauka fyrir ríkissjóð í virðisaukaskattskerfi en hér er gert ráð fyrir. Af hverju segi ég þetta? Með vísan til þeirra upplýsinga sem fjmrn. hefur áður lagt fram sem svar við fyrirspurnum mínum um tekjuauka ríkissjóðs við afnám á undanþágum í óbreyttu kerfi eru þær rök fyrir því að unnt sé að lækka álagningarprósentuna í virðisaukaskattkerfi til mikilla muna meira en hér er gert ráð fyrir. Og það er mjög þýðingarmikið atriði. Það er beinlínis lykilatriði. Það nær ekki nokkurri átt, ef við ætlum að gera samtímis breytingar á tekjuskattskerfinu og neysluskattakerfinu, að ganga út frá því til frambúðar að við búum við neysluskattastig á bilinu 20–30%. Við erum hér að tala um hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi.“ Takk fyrir.

Við erum ekki til viðræðu um að taka upp virðisaukaskatt sem er svona hrikalega hár, hæstv. ráðherra. Við erum ekki til viðræðu um að taka upp

virðisaukaskatt sem er svo hrikalega hár. Hvað hefur breyst?

Það er ýmislegt fleira hægt að tína út úr þessari ágætu ræðu, sem ég hef merkt hérna sérstaklega við, en ég held ég hlífi hæstv. ráðherra við því, enda held ég að nóg sé komið.

Ráðherra talaði mikið um skilvirkt kerfi og undanþágulaust kerfi. Hann hefur gjarnan verið spurður að því hvers vegna í ósköpunum sé undanþága á afruglurum fyrir Stöð 2. Er það vegna fjölskyldutengsla? Er það vegna flokkstengsla? Það er ekkert svar að þetta sé byggðastefna. Það svar kom fram hjá hæstv. ráðherra í Ed. að undanþága söluskatts á afruglara væri liður í byggðastefnu Alþfl. Það er margt skrýtið þar. Það er alveg ljóst. (Gripið fram í.) Nei, það er alveg rétt. Það er þá margt annað sem má færa sömu rök fyrir, hv. þm.

Ég lofa guð fyrir það að hér í gær voru samþykkt fjárlög þar sem þau höfðu hækkað um 1,5 milljarða á mánuði fram að því og var það því sennilega happ fyrir þjóðina að drifið var í að samþykkja þau áður en þau hækkuðu enn meira. Það má spyrja hvort matarskatturinn hjálpi til við að draga úr því mikla söluskattssvindli sem hæstv. fjmrh. hefur margoft talað um. Ég álít að hér sé ekki ráðist á rétta aðila. Það er ekki í stórmörkuðunum eða í versluninni almennt sem söluskattssvik hafa farið fram. Það er í þjónustugreinum, í bílskúrum og kringum alls konar iðnað. Hitt er svo annað mál að það ná hallalausum fjárlögum á einu ári á kostnað almennings og láglaunafólks í landinu er hróplegt óréttlætismál. Má kannski minna á tilboð þegar ríkisstjórnin bauð stjórnarandstöðunni til samninga fyrir síðustu helgi, hygg ég að það hafi verið. Þar var siglt undir fölsku flaggi eins og mjög gjarnan hefur verið gert hér. Þar var verið að bjóða upp á samninga um atriði sem ríkisstjórnin hafði þegar ákveðið. Það var ekki boðið upp á neitt í raun og veru. Og ef má aflétta söluskatti af fiski, af hverju má þá ekki stíga skrefið til fulls?

Hér tala menn um að viðhalda kaupmætti næsta ár. Hvernig í ósköpunum er hægt að viðhalda kaupmætti þegar allt rýkur upp, skattar snarhækkaðir, komnir í nýtt Íslandsmet og sennilega fellur metið aftur á næsta ári? Matvæli hækka, allur almennur kostnaður hækkar, lyf hækka, vorum við að frétta í dag. En hvað mega launin hækka? Þau mega hækka um 7% samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar á tímum 30% verðbólgu sem sjálfsagt á eftir að fara upp líka.

Borgaraflokksmenn í hv. Ed. hafa flutt brtt. við frv. Það munum við einnig gera í Nd. á seinni stigum þessa máls.

Talandi um ríkisstjórnina er athyglisvert að kíkja á leiðara sem birtist í málgagni hæstv. fjmrh. rétt fyrir jólin. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Stjórnleysi ríkisstjórnarinnar og innri átök hafa leitt til þess að stjfrv. hrannast nú upp á síðustu dögum fyrir venjulegt jólaleyfi Alþingis.“

Og seinna: „Forustuleysi og seinagangur ríkisstjórnarinnar hafa valdið því að stjórnarandstaðan, sem að öllu jöfnu er bæði veik, ósamstæð og duglaus, hefur náð undirtökum á Alþingi.“ — Það er ekkert annað.

Og enn síðar í málgagni hæstv. fjmrh. og þeirra krata: „En í sjálfu sér getur ríkisstjórnin sjálfri sér um kennt að hafa ekki haft dug eða framsýni til að leggja fram stjfrv. með viðráðanlegum fyrirvara. Þessa geldur ríkisstjórnin nú, blýföst í skrúfstykki stjórnarandstöðunnar.“ — Svona talaði málgagn hæstv. fjmrh.

Fjölmörg mótmæli hafa borist víða að af landinu út af matarskattinum og er skemmst að minnast útifundar sem haldinn var á Lækjartorgi fyrir nokkrum dögum þar sem matarskattinum var mótmælt af ýmsum félögum launþegasamtakanna. Þar taka þeir dæmi um hækkanir eins og t.d., sem reyndar er nú úr gildi fallið sennilega, að ýsuflök hefðu átt að kosta 240 kr. kg en í janúar hefðu þau farið upp í 300 kr. Að vísu er búið að kippa í spottann þarna. Epli og appelsínur kosta nú 69 kr. kg, í janúar 87 kr. Brauð sem kostaði 80 kr. hækkar í 104 kr.

Síðan segir í þessu ágæta plaggi: „Samkvæmt útreikningum ASÍ verður kjaraskerðingin vegna aukinnar skattbyrði 30% eftir áramót“ — 30% kjaraskerðing. — „Þá er ekki reiknað með hugsanlegri gengisfellingu.

Í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 7% launahækkun á árinu á móti 30% kjaraskerðingu. Það sér hver heilvita maður að kjaraskerðingin verður minnst 23% á þann kaupmátt sem þegar hefur skerst síðan í október. Og síðan tala menn um að viðhalda kaupmætti.“

Herra forseti. Þá er fróðlegt að glugga í viðtal sem birtist í málgagninu Alþýðublaðinu, hinu víðlesna blaði. Þar er viðtal við Þráin Hallgrímsson, ritara verkalýðsmálanefndar Alþfl., þar sem hann segir, með leyfi forseta, í fyrirsögn: „Við borðum ekki varalit“ — sem eru engin ný tíðindi.

En hann segir m.a.: „Það er verið að stórhækka þá vöru sem almenningur getur ekki verið án, en um leið eru lækkaðar ýmsar munaðarvörur. Kratar í ríkisstjórn ættu að fara að hugsa sinn gang, þeir séu farnir að vinna að málum sem þeir hefðu átt að berjast gegn. Leiðin er í átt til ölmusukerfis þar sem ríkið kemur til með að þurfa að aðstoða hinn almenna launþega við að lifa af launum.“

Síðar segir hann að „sér sýnist þó að þetta stefni allt í öfuga átt miðað við það sem búast hefði mátt við af ríkisstjórn sem jafnaðarmenn eiga aðild að. Ég skil í raun og veru ekki hvað liggur að baki fjmrh. og hans fólki, hvað þeir eru eiginlega að hugsa. Þeir tala um að þeir vilji koma á einföldun kerfisins en er ekki nauðsynlegra að almenningur fái ódýran mat heldur en að við séum með einfaldara söluskatts- og tollakerfi?“

Og enn segir ritari verkalýðsmálanefndar Alþfl. í þessu viðtali að „þessi kerfisbreyting hafi alltaf verið varin með því að hægt yrði að lækka hina almennu söluskattsprósentu en nú væri ekkert talað um það

lengur. Til hvers er þá verið að þessu? Sér þætti að með þessari breytingu, þ.e. að stórhækka nauðsynjavörur en lækka um leið vörur sem hægt væri að kalla munaðarvörur, sem almenningur gæti að þarflausu sleppt, væri verið að breyta yfir í eins konar ölmusukerfi þar sem ríkisvaldið getur eða þarf að fara að skammta fólki auknar bætur svo það geti lifað af launum sínum. Þetta væri ekki beint stefnumörkun sem jafnaðarmenn ættu að setja á oddinn í ríkisstjórn. Við erum að færast í þá átt að gera fólki á lágum og meðallaunum erfiðara að lifa af þessum launum, það þurfi að fá sérstaka fyrirgreiðslu ríkisvaldsins til að geta það."

Og áfram heldur fulltrúi Alþfl.: „Þessar breytingar leiða til enn frekari ójafnaðar í þjóðfélaginu. Við borðum ekki varalit eða tannkrem. Við lifum ekki á sápum, sjampói eða rakspíra en við lifum á fiski og við lifum á mat. Mér finnst að Jón Baldvin og ráðgjafar hans ættu að setjast niður og athuga á hvaða leið þeir eru, hvort þeir eru á leið jafnaðarstefnunnar fyrir hinn almenna launþega eða hvort þeir eru að vinna fyrir einhverja aðra aðila." — Svo mörg voru þau orð.

Síðan fylgir þessu ágæta viðtali listi yfir vörur sem ýmist hækka eða lækka. Það er freistandi að kíkja á það. Þar kemur fram að alifugla- og svínakjöt hækkar um 5–10%, nautakjöt hækkar um 10–15%, nýtt grænmeti hækkar um 15–25%, kaffi um 2–3%, sykur um 13%, brauð, ostar og egg um 25%, nýir ávextir um 15–25%. Á móti þessu kemur svo hvað lækkar. Hvað skyldi það nú vera? Jú, sjónvörp og myndbandstæki. Þau lækka um 11%. Það gera sjálfsagt tengslin við Stöð 2 og afruglara. Hljómflutningstæki lækka, frystikistur lækka, íþrótta- og tómstundavörur lækka, bifreiðavarahlutir lækka, blöndunartæki lækka. Ekkert af þessu kemur til neinna nota í hinni hörðu baráttu sem láglaunafólkið á í í dag til að draga fram lífið og ekki á hún eftir að léttast þegar fram líða stundir nema þá að þessi ríkisstjórn fari að hvíla sig.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mikið meira. Ég ítreka að Borgarafl. mun leggja fram brtt. við frv. sem tekur sérstaklega á matarskattinum en einnig ýmsum öðrum liðum, en það mun bíða síns tíma.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Þá erum við loks farin að ræða söluskattsfrv., þetta söluskattsfrv. sem á eftir sögn hæstv. fjmrh. að bæta eiginlega allan efnahag landsins. Það getur vel verið að sumir hafi trú á þessu, enda ekki langt síðan ungur maður fór um landið eins og eldibrandur og hrópaði: „Hverjir eiga Ísland?" Það voru sjálfsagt margir sem trúðu því að hann meinti að alþýða manna ætti það eða ætti a.m.k. að eignast það.

Þessi söluskattur, sem hann er nú að leggja á, bendir ekkert í þá átt. Þetta frv. er faglega unnið þannig séð að skatturinn er hæstur á þær vörur sem heimilin geta ekki komist af án, síðan fer hann lækkandi á þeirri vöru sem er látin bíða. Ég held að þessi skattur, ég reyndar held það ekki ég veit það, söluskattur hæstv. fjmrh. á eftir að valda heimilum í landinu miklu böli. Það eru nefnilega mörg heimili í landinu sem hafa það heldur knappt eins og er og þau þola alls ekki að taka við þessu. Og að leggja skatt á mat og fyrst og fremst á þann mat sem einmitt þeir sem minna mega sín, svo sem aldrað fólk og barnafólk, notar mest, það er fyrir neðan allar hellur.

Ég veit að sumir ráðherrarnir í þessari ríkisstjórn eru ungir og þeir hafa kannski tamið sér aðrar lífsvenjur en við, en ég veit líka að þeir eiga ættingja sem farnir eru að eldast og þeir vita vel að þeirra aðalneyslufæða er fiskur, kartöflur, brauð, mjólk.

Þeir hafa verið að slá um sig með því núna síðustu daga að þeir ætluðu að lækka skattinn á fiskinum. Það er dálítið fyndið hvernig þeir leggja þetta út því það er ekki enn þá búið að samþykkja þennan skatt sem þeir eru að lækka.

Það veit heldur enginn hvað lengi þetta stendur. Það veit heldur enginn hvað lengi það stendur að þeir greiða niður landbúnaðarvörur. Það er í raun og veru 25% skattur á öll matvæli um þessi áramót ef frv. nær fram að ganga.

Það hefur komið fram í máli hæstv. fjmrh., að því er ég las í blaðinu hans, ég heyrði þetta nú ekki, að honum finnast lítil viðbrögð hjá verkalýðshreyfingunni við þessum skattahækkunum. Ég get alveg tekið undir það. Mér finnst að launþegahreyfingin í heildina tekið hafi ekki tekið nógu vel á þessu. En það er samt ljós punktur í málinu. Mér eins og mörgum öðrum hefur fundist kvenfólkið halda sig of mikið bak við karlana í launþegahreyfingunni, enda hafa þær dregist aftur úr. Þetta vita allir. En nú bregður svo við að konurnar hafa frumkvæðið. Þær tóku sig til rétt fyrir jólin, einn daginn, og boðuðu til fundar á Lækjartorgi. Þetta voru konur úr ýmsum stéttarfélögum og konur sem ekki höfðu átt auðvelt með að hafa samstarf áður. Þessi fundur var að vísu ekki eins fjölmennur og hann hefði gjarnan mátt vera, en þetta var líka síðustu dagana fyrir jól. Ég get upplýst að síðan hann var haldinn hafa streymt inn til þeirra félaga sem stóðu að fundinum skeyti hingað og þangað utan af landi og enn einkum frá kvenfélögum en líka reyndar blönduðum félögum.

Mér finnst þetta afar góðs viti því ef konurnar standa saman má jafnvel hraustur maður eins og hæstv. fjmrh. fara að vara sig. Og ég held að þær standi saman. Þær gera sér nefnilega grein fyrir því að þessi skattur bitnar verst á heimilunum og það sem bitnar verst á heimilunum er mál sem þær koma til með að ráða fram úr. Þessar konur eru búnar að reikna sitt af hverju og þær reikna rétt. Þær reikna á blað með blýanti, en ekki á þessar fínu tölvur spekinganna. Þær vita t.d. alveg hvað brauðið hefur hækkað síðan í sumar. Og fjölskyldufólk notar mikið af brauði.

Nú sé ég að hv. 10. þm. Reykv. er að kinka kolli. Þá dettur mér í hug að ég man ekki betur en

framsóknarkonur hafi líka fundað og mótmælt matarskatti. Hvað ætla framsóknarkarlar að gera á Alþingi? Ætla þeir að styðja fjmrh. gegn konum í sínum eigin flokki? Ja, svona eru stjórnmál, segja þeir vafalaust. Það má satt vera.

Ég horfði heilmikið á sjónvarpið í gærkvöld. Mér finnst þægilegt að horfa á sjónvarp þegar ég er búin að horfa mikið á auða stóla yfir allan daginn, að ég tali nú ekki um þegar ég horfi beint í stólana með skjaldarmerkinu. Ég er svo gamaldags í mér að ég hélt að menn sem létu búa sér til svo fína stóla með skjaldarmerki sætu einstaka sinnum í þeim, þeir bæru svo mikla virðingu fyrir þeim. En það er afar sjaldan sem það skeður.

Ég sá náttúrlega hæstv. fjmrh. í sjónvarpinu. Mér finnst alltaf svolítið gaman að sjá hann, kannski ekki alltaf eins að heyra hann. Ég sá ýmislegt annað. Nú eru fíkjutrén í Flugstöðinni að deyja. Og meira en það: allur suðræni gróðurinn þar er að deyja líka. Þetta er svo sem enginn peningur, bara 5 millj. Það hefði mátt nota þessar 5 millj. til að greiða fleiri listamönnum heiðurslaun. Ekki hefði ég harmað það þó að nokkrar konur hefðu flotið þar með, svo sem eins og Jakobína Sigurðardóttir, Svava Jakobsdóttir, Guðrún Á. Símonar o.fl. o.fl. En það er engin hætta á að þetta verði ekki greitt. Hæstv. fjmrh. greiðir þetta eins og hann greiðir allar óreiðuskuldirnar af flugvallarbyggingunni.

Hann er heldur ekki í neinum vanda staddur. Hann tekur það bara úr vasa almennings. Hann leggur á einhverja nýja skatta, þessi skattaglaði maður, og tekur þetta bara úr vasa almennings.

Ég sá líka annað. Það eiga öll lyf að hækka um 40% um áramótin. Á hverjum skyldi það nú bitna verst? Það þarf engan að spyrja að því. Það vita allir að það eru fyrst og fremst sjúklingar sem nota lyf eða fólk sem er lasið. Mjög oft er þetta fólk sem er að reyna að vinna, getur jafnvel ekki unnið fulla vinnu og þarf á þessu að halda. Það kom nú reyndar fram að aldraðir og öryrkjar borguðu minna. En skýringin kom á því, að þess lífeyrir hefði hækkað tiltölulega minna en laun og hæstv. heilbrmrh. reyndi að taka það til greina.

Það var annað sem mér líkaði mjög illa í sambandi við hækkun á heilbrigðisþjónustunni og það er hækkunin sem verður á því ef fólk þarf að leita sérfræðiþjónustu. Ég er nefnilega alveg viss um að fólk sem ekki getur látið litla matarpeninga endast svíkst um að fara til sérfræðinga þó það þurfi að gera það. Sú kona sem hefur úr of litlu að spila, sem vantar jafnvel peninga fyrir matnum ofan í börnin, skrópar. Hún fer ekki til sérfræðings þó hún þurfi þess.

Ég óttast líka hvað snertir hina mörgu sem verða að fara á göngudeildir t.d., og það er einmitt oft fólk sem ekki á bíla, þarf jafnvel að taka sér leigubíla til að fara, að þetta verði mjög erfiður skattur.

Já, það verður margt erfitt fyrir alþýðufólk í þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Auðvitað ber ríkisstjórnin öll ábyrgð á þessum ráðstöfunum. Það gefur alveg auga leið. Hún ber öll ábyrgð á því. Það geta engir ráðherrar verið með fríspil og sagt: Það er bara þessi sem gerði það. Ég gerði það ekki.

Ég vona að konurnar í landinu haldi vöku sinni og þær sýni hæstv. fjmrh. og öðrum ráðherrum að þær láta ekki bjóða sér hvað sem er.

Ég ætla að virða það samkomulag sem gert hefur verið hérna og ekki tala lengur svo að fleiri geti komist að.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt þó að þingheimur gefi sér tíma til að ræða það mál sem hér er á dagskrá. Ég hafði og ætlað mér að taka mér í það góða stund í dag að ræða það. Nú hefur það aftur á móti gerst að svefndrukknir menn gerðu samkomulag, samkomulag fyrir hönd manna sem þeir höfðu ekki umboð fyrir, og hendir það stundum því ég veit ekki til þess að það sé heimilt að semja um það fyrir hönd eins eða neins þm. að hann falli frá því að ræða hér mál. Hins vegar þykir mér rétt, miðað við stöðu mála, að fresta því að flytja þá ræðu sem ég ætlaði að flytja hér og flytja hana við 2. umr. málsins þó óneitanlega geti það orðið til þess að ég verði ögn langorðari.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þetta er til að nota þann tíma sem eftir er af samkomulaginu og ég vona að þm. almennt virði það samkomulag þrátt fyrir orð hv. 2. þm. Vestf.

Ég hefði gjarnan viljað nota þessar fáu mínútur, sem ég hef hugsað mér að vera í ræðustól, til að biðja um betri skýringar og fá svör frá hv. 10. þm. Reykv. og að sjálfsögðu frá hæstv. fjmrh., en báðir hafa þeir látið slík orð falla. Hv. 10. þm. Reykv. sagði „að allir væru sammála um að breytingin á flóknu kerfi, sem nú væri í bígerð, væri til bóta og kæmi í veg fyrir undanskot á söluskatti.“ Þetta hefur hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson endurtekið og hæstv. fjmrh. líka.

Nú vill svo til að enn þá einu sinni sér þm. í ræðustól ástæðu til að draga athygli forseta að því að stjórnarþm. hlaupa úr salnum, þegar til þeirra er talað, til að ansa í síma. Það eru ákveðnar reglur, sem voru settar um símaþjónustu við þm., sem virðast alls ekki vera í gildi lengur. En ég ætla að fá að bíða, virðulegur forseti, eftir því að hv. 10. þm. Reykv. komi til baka úr símanum. Það er ágætt að gera samkomulag og stjórnarliðið sjái sér svo ekki hag í því að það verði haldið.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að halda áfram og ég vona að ég geti haldið áfram ótruflaður af utanaðkomandi aðilum, en ég mun standa hér í ræðustól og bíða eftir þeim sem fara úr salnum ef ég þarf að tala til þeirra, en það eru aðallega hæstv. fjmrh. og hv. 10. þm. Reykv.

Þar var ég kominn í máli mínu þegar ég var truflaður að hv. þm. og hæstv. ráðherra hafa staðhæft að hér sé verið að einfalda og gera skilvirkara

flókið innheimtukerfi á sköttum til ríkissjóðs, þar á ég að sjálfsögðu við söluskattskerfið, og að þetta nýja kerfi muni gera undanskot miklu erfiðara. Nú er það svo að til viðbótar við það innheimtustig sem upphaflega var lagt fram er komið nýtt kerfi innan kerfisins. Það er komið nýtt söluskattskerfi innan kerfisins fyrir eina vörutegund. Ég ætla að biðja um skýringu á því frá báðum þessum virðulegu kjörnu fulltrúum á Alþingi hvernig þetta er einföldun eða hvernig kerfið á að virka, kerfið innan kerfisins. Nú hefur það skeð að tillögu forsrh. að álagningarprósenta á eina vörutegund, sem er fiskur, hefur verið lækkuð en þó ekki lækkuð. Hún á að vera 10% þegar uppgjör hefur farið fram, en annars er hún 25% í viðskiptum manna á milli sem á að endurgreiða að hluta. Sem sagt: álagningarprósenta í söluskatti á fisk er 25%, en það á að endurgreiða 15% og það á ekki að gera það úr ríkissjóði eða af innheimtuupphæð söluskattsins heldur á að gera það með því að leggja nýjan hækkaðan söluskatt á vellyktandi og hreinlætisvörur sem þjónar þeim tilgangi til viðbótar við að endurgreiða hluta af álagningarprósentu á fiskinn að það gerir söluvarninginn á Keflavíkurflugvelli seljanlegri en ella hefði orðið hefði söluskattur ekki verið settur á þær vörutegundir.

Þetta kerfi innan kerfisins vildi ég gjarnan fá útskýrt, hvernig á það að virka? Hvernig á söluskattskerfið innan söluskattskerfisins að virka fyrir fiskinn? Hvernig eru þessi 15% endurgreidd af nýjum tekjustofni? (**HG:** Og svo er brauðið líka.) Brauðið kemur kannski. Það er góð spurning. Hvernig verður með brauðið?

Það verður ekki til að einfalda kerfið að koma með nýtt kerfi innan kerfisins. En þessu til viðbótar eru þrjú innheimtustig. Það er 0% t.d. á myndlykla, afruglara, sem í mínum huga eru orðnir ruglarar. Það eru 12% af nýjum aðilum sem kemur fram í III. kafla held ég að það hafi verið, 18. gr. Það er sérstakur söluskattur, sem er nýtt: „Greiða skal í ríkissjóð 12%, tólf af hundraði, sérstakan söluskatt af endurgjaldi fyrir eftirtalda þjónustustarfsemi eða verðmæti:" Og svo kemur talning hérna: lögfræðiþjónusta, verkfræðiþjónusta, tæknifræðiþjónusta, hagfræðiþjónusta, viðskiptafræðiþjónusta og svona er hægt að halda áfram í 1. liðnum. Í 2. lið byrjar bókhaldsþjónusta, framtalsaðstoð, tollskýrslur, álits- og matsgerðir, tölvuþjónusta, tölvuvinnsla og áfram langur listi. Í þriðja dálkinn kemur þjónusta, fasteignasala, seljendur notaðra bifreiða o.s.fv. o.s.frv. Haldið þið að þessi viðbót sé einhver einföldun á kerfinu? Við hvern heldur hæstv. fjmrh. að hann sé að tala þegar hann talar til íslensku þjóðarinnar? Ég get upplýst hann um að hann hafi talað við vel upplýst fólk þó það sé ekki allt hagfræðingar og sérmenntað til að verða forsætisráðherrar. Þetta er hv. 10. þm. Reykv. að verja og kalla einföldun á kerfi. Þetta er margföldun á flækjum í kerfinu. Og að það verði eitthvað einfaldara að innheimta undanskot í bílskúrum, eins og kom áðan fram, og annars staðar þar sem undanskot hafa átt sér stað, þau verði erfiðari fyrir þá sem ætla sér að skjóta undan söluskatti. Slíkt er rangt.

Ég er að biðja um skýringu á því hvernig stendur á því að viti bornir menn, langskólagengnir, verkfræðingar og sérmenntaðir forsætisráðherrar reyni að bera þetta á borð fyrir fólk. Þvílík vitleysa! Íslendingar eru miklu betur upplýstir en þessir hv. fulltrúar fólksins halda að fólkið sé.

Ég vildi gjarnan fá að vita, það hlýtur að liggja ljóst fyrir núna á lokastigi afgreiðslu á söluskatti, hvernig þetta einfalda kerfi er ódýrara og skilvirkara. Hvað er það miklu ódýrara fyrir ríkið sem þarf að kaupa mat fyrir alls konar stofnanir, fyrir skólafólk, að vísu í litlum mæli, en fyrir spítala og sjúkt fólk víða á stofnunum, fyrir utan mötuneytin sem ríkið er sjálft með hingað og þangað um landið? Hvað kostar þessi söluskattshækkun fyrir ríkið sjálft? Ég efast um að það sé til svar vegna þess að menn reikna aldrei hvað þeir hafa upp úr hlutunum og hvað það kostar þá þegar þeir eru að fara með annarra manna fé.

Svo segja þessir háu herrar um allar þessar hækkanir á matvælum sem þýða 25% hækkun eins og þeir séu að tala við einhverja kjána: Þessi breyting á kerfinu hækkar ekki framfærsluvísitöluna. Hver á að trúa þessu? Fólkið sem verður að borga meira og meira af sömu krónutölu í launum? Á það að trúa því? Á það bara að sitja eftir og spyrja: Hvernig stendur á því að ég er með færri krónur í dag eftir að hafa borðað fisk en ég átti síðast þegar ég keypti fisk? Hvernig stendur á því? Og þó segir fjmrh. að þrátt fyrir hækkunina á framfærslan að hafa staðið í stað. Hvað er að ske? Hvernig stendur á því að fólk er tekið eins og fífl með því að telja því trú um að svart sé hvítt þegar við vitum að hvítt er hvítt og svart er svart og verður það alltaf, hvað sem gert er í niðurröðun á fallegum orðum sem eru merkingarlaus slagorð. Einhvern tímann í góðu tómi skulum við taka okkur saman, þeir sem eiga að trúa því að hækkanirnar hafa ekki nokkra þýðingu fyrir framfærsluna, og segja þessum háu herrum hver á Ísland. Við skulum koma þeim í skilning um að þeir eigi ekki Ísland, þeir geti ekki farið svona með Ísland og þeir geti ekki eyðilagt það góða land sem guð almáttugur hefur gefið okkur.

Ég ætla ekki að fjölyrða miklu meira um þennan söluskatt. Það er ekki bara söluskatturinn, það er svo margt annað sem hefur verið að hækka. Það eru ekki bara tölvurnar sem eru ekkert öruggari í höndum verkfræðinganna en blað og blýantur í höndum húsmóðurinnar sem þarf að vita hvað brauðið kostar frá degi til dags, svo við gleymum soðningunni í bili. Blýanturinn og blaðið er ekki verra vopn í höndum þeirra sem ekki kunna að fara með tölvur en tölvan sem við skulum segja verkfræðingar eru orðnir svo háðir að þeir geta varla notað blað og blýant.

Það er ýmislegt annað. Unnar matvörur hafa hækkað, bifreiðaskattur, kjarnfóðurgjöld, ríkisábyrgðir. Skattur verður settur á erlent lánsfé. Svo er

lengi hægt að halda áfram. Og nú er kominn launaskattur líka sem á að gefa ríkissjóði eins og inn um bakdyrnar litlar 400 millj., en ég held að það verði kannski 500–600 millj. þegar upp er staðið. Allar þessar hækkanir falla undir fullyrðingar ráðamanna um að það hafi engin áhrif á framfærsluvísitölu eða buddu heimilanna.

En ég vil gjarnan vita, þó ekki nema bara að það sé ekki hægt að fá svar við því, hvað kostar þessi 25% matarskattur ríkið sjálft. Tilvera okkar er orðin svo flókin að við höfum ekki efni á að reikna út hvað aðgerðir okkar kosta okkur sjálfa. Nú er verið að tala um gengislækkun. Hvað kostar það fólkið í landinu þegar heildar erlendar skuldir eru kannski komnar yfir 80 milljarða og helmingurinn af því eða rúmlega það er í dollurum? Hvað skuldum við minna í krónutölu vegna gengisfalls dollarans og hvað græðum við á því á sama tíma sem ríkisstjórnin er farin að tala í alvöru um gengislækkun til þess að þóknast nokkrum útgerðarmönnum svo þeir fái svolítið fleiri krónur en þó miklu færri en ríkið sjálft græðir á gengislækkun dollarans. Væri hægt að reikna það út? Væri hægt að fá það á blaði? Hvað kostar gengislækkun og hvað höfum við upp úr henni? Nógar stofnanir höfum við með tölvur til að reikna það út, en dæmið er svo einfalt að það er hægt að reikna það á reiknitæki húsmóðurinnar, með blaði og blýanti.

Hver er okkar heildarframleiðsla til útflutnings og hvað gefur það okkur í aukinni krónutölu? Hverjar eru okkar heildarskuldir og hvað töpum við á því að lækka gengið? Ég hugsa að það hafi ekkert verið gert, það hafi ekki verið reiknað út frekar en kostnaðurinn við allar þær hækkanir sem ríkisstjórnin hefur nú undanfarið skellt yfir þjóðina. Nei, það er ekki hægt að hrekja það með nokkrum rökum, vegna þess að rökin eru ekki til, að ríkissjóður og ríkisstjórnin er að færa vandamál sitt yfir á heimilin í landinu og það er hægt að reikna með blaði og blýanti. Það er jafnvel hægt að reikna það í huganum. Það er svo augljóst.

Virðulegur forseti. Ég stóð að samkomulagi hér í nótt. Ég ætla mér að standa við það. Ég hef margt um þessi mál að segja sem ég sleppi vegna þess að annar stjórnarandstæðingur er á mælendaskrá og var þar á undan mér. Ég ætla að skilja rúman tíma eftir handa honum. En ég hef takmarkað mitt mál við tvær spurningar, um kerfið sem á að vera skilvirkara, einfaldara þrátt fyrir þessar flækjur, um kerfið innan kerfisins sem er þetta sérstaka söluskattskerfi fyrir fisk, niðurgreiðslu á hluta af skatti sem átti að koma á fisk, niðurgreiðslu á 15% af 25% sem eru á fiski í söluskatt og hvernig það kerfi virkar með nýjum álögum á hreinlætisvörur til að greiða niður hluta af söluskatti á fiski, hvernig þetta kerfi innan kerfisins einfaldar það kerfi sem fyrir var, hvernig það á að skila betur söluskattinum hér eftir en hingað til og hvað hefur breyst í kerfinu sem er sjálft innheimtukerfið sem leyfir hæstv. fjmrh. að fullyrða að nú sé búið að komast fyrir allt sem heitir svik í söluskattsskilum. Hættið þið að raða saman fallegum orðum, hættið þið að nota slagorð til að blekkja.

Það var talað um Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) Það var nefnilega það. Hvað er nú það? Hvar er hann? Hvar er hann þegar ég lít upp. Sumir segja að hann sé í taumi hjá Alþfl. eins og hundur. Ég er hérna með litla bók og þar er haft eftir merkum manni sem hét Franklin Delano Roosevelt. Hann segir hérna: „Íhaldsmaður, hvað er það? Íhaldsmaður er maður sem stendur föstum fótum í lausu lofti."

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hefur verið upplýst úr þessum ræðustól að það hafi verið gert samkomulag um það einhvern tímann í nótt að umræðum um þetta mál, söluskattinn, mundi ljúka kl. 4 í dag. Það hefur líka verið frá því sagt að það hafi verið kallaðir þm. upp úr rúmum sínum kl. 6 í morgun. Ég tek það fram að ég er ekki vanur því að fara af þingfundi fyrr en lýkur og mér var sagt eftir hæstv. forseta að það yrði ekki atkvæðagreiðsla um málið í nótt. Ég vil líka taka fram að ég hef ekki verið spurður um eða rætt um það við mig að þessari umræðu lyki kl. 4.

Ég held að í raun og veru hefði ekki verið vanþörf á að fá afruglara á hæstv. ríkisstjórn eins og staðið er hér að verkum. Það er kominn 29. desember. Það er alveg augljóst að þessum málum lýkur engan veginn fyrir áramót. Nú veit ég að margir landsbyggðarþingmenn vilja komast heim fyrir gamlársdag. Það hefur ekki verið upplýst hvernig eigi að haga hér störfum. Á t.d. að vera þingfundur á morgun eða jafnvel næstu nótt? Hvenær hyggst hæstv. ríkisstjórn kalla saman þing eftir áramót? Ég vil fá svör við þessum spurningum því að ég tel mig ekki bundinn af neinu samkomulagi. Ég er á mælendaskrá og það fer alveg eftir því hver svör verða hvernig ég haga máli mínu þegar kemur að mér á mælendaskránni. Ég óska eftir því að hæstv. forseti athugi þetta mál og ég fái svör áður en ég hef mál mitt á eftir.

***Forseti* (Sighvatur Björgvinsson):**

Varðandi spurningu hv. 6. þm. Norðurl. e. getur sá sem nú situr í forsetastól því miður ekki svarað henni. Hins vegar eru forsetar þingsins núna á fundi og væntanlega mun liggja fyrir að þeim fundi loknum hvernig forsetar hyggjast haga störfum þingsins í dag og á morgun. Ég skal beina fyrirspurn hv. þm. til aðalforseta þessarar deildar að þeim fundi loknum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil vegna orðaskipta síðasta ræðumanns og forseta virðulegs upplýsa að það er rétt, sem fram kom, að það var rætt um í nótt að reyna að stuðla að því að þetta mál kæmist til nefndar, 1. umr. lyki og það kæmist til nefndar hér í dag, en að sjálfsögðu er jafnhárrétt að hv. 6. þm. Norðurl. e. var ekki þar á þeim fundi og er að sjálfsögðu jafnóbundinn af því samkomulagi og það

væri ekki til. Ég beini þeim tilmælum til virðulegs forseta að hann noti tímann á meðan ég lýk máli mínu, sem verður á næsta korterinu eða svo, að aðhuga með svör við þeim spurningum sem hv. síðasti ræðumaður bar fram þannig að virðulegur forseti geti þá svarað einhverju til þegar ég lýk máli mínu og áður en hv. 6. þm. Norðurl. e. fær aftur orðið.

Ég vil fyrir mitt leyti að sjálfsögðu reyna að stuðla að því að þessi umræða lengist ekki fram yfir þau mörk sem við ræddum um á sínum tíma og get geymt mér ýmislegt af því sem ég vildi gjarnan ræða nú eða a.m.k. verð að ræða einhvern tíma við hæstv. fjmrh. o.fl. um þetta efni. Ég hef, eins og mönnum ber að gera, notað tímann vel, lært heima eins og það hét nú þegar maður var í skóla, og kynnt mér dálítið ýmsar hliðar á beinum sköttum og neyslusköttum bæði heima og erlendis. Ég hef m.a. aflað upplýsinga um hvernig þessum málum er fyrir komið í okkar nágrannalöndum vegna þess að ég tel að sú mynd sem dregin hefur verið upp í rökstuðningi fyrir þessum háu matarsköttum og m.a. sótt eftir rökum til nágrannalandanna sé alls ekki sanngjörn, alls ekki rétt. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt áður en afgreiðslu þessara mála lýkur að við eigum ítarlegar umræður um hvert stefnir í skattheimtu af þessu tagi almennt í heiminum. Er það tilfellið að það sé í samræmi við einhverja þróun að við Íslendingar tökum upp 25% flatan neysluskatt á nánast allar vörur og þjónustu í landinu? Svarið er nei. Svarið er einfaldlega nei. Það mundi ganga nánast þvert á þá þróun sem virðist vera að eiga sér stað í okkar nágrannalöndum. Ég tek undir með hv. 5. þm. Vesturl. og þær upplýsingar sem hann var með, m.a. grg. frá forseta Alþýðusambands Íslands sem sá ágæti maður hefur tekið saman um virðisaukaskatt og stöðu þeirra mála í Evrópu, sérstaklega í Efnahagsbandalaginu.

Ég er hér með frv. til laga um virðisaukaskatt sem lagt var fram á síðasta þingi og fór yfir það mál í jólafríinu til að rifja það aðeins upp fyrir mér. Það er í skötulíki þegar maður fer að velta því fyrir sér hverjar upplýsingar hafa síðar komið fram um virðisaukaskattinn og áform Efnahagsbandalagsins um samræmingu í þeirri skattheimtu. Því er t.d. haldið fram í grg. með frv. að það stefni í eina skattprósentu í löndum Efnahagsbandalagsins. Það er beinlínis fullyrt hér. Það eru a.m.k. úreltar upplýsingar svo ekki sé vægara til orða tekið. Þau rök sem notuð voru í málflutningi fyrir frv. til laga um virðisaukaskatt sem kynnt var hér á síðasta þingi eru hvað þetta varðar í öllu falli brostin.

Það segir á bls. 25 í þessu ágæta virðisaukaskattsfrv. frá síðasta þingi, sem var 212. mál 109. löggjafarþings, með leyfi forseta:

„Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut og er fjöldi skatthlutfalla og flokkun einstakra tegunda af vörum og þjónustu á þessi skatthlutföll mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum."

Svo kemur: „Undanþágur og mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá hugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess skapar slík mismunun á milli hinna ýmsu tegunda vöru og þjónustu torleyst vandamál við einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur því einungis verið notað eitt skatthlutfall og stefna innan Evrópubandalagsins hefur verið sú að samræma reglur aðildarríkjanna þannig að eitt og sama hlutfall gildi um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis."

Þetta er úrelt. Þetta er rangt. Og ég tel nauðsynlegt að menn hafi það í huga þegar þeir ræða um söluskattsinnheimtu á næsta ári sem er boðuð sem aðdragandi að virðisaukaskatti sem taki gildi í upphafi árs 1989.

Svo kemur á bls. 35 í grg. með virðisaukaskattsfrv. frá síðasta þingi alveg dýrðleg setning. Þar segir, með leyfi þínu, herra forseti:

„Hér verður við það miðað" — þ.e. hér á Íslandi — „að skatthlutfall verði aðeins eitt, sbr. það sem segir um ókosti margra skatthlutfalla hér að framan."

Sbr. hvað? Hvað segir um ókosti margra skatthlutfalla? Það er ein setning í öllu frv. Það er nú allur rökstuðningurinn gegn því. Þar er það fullyrt að þetta sé vont og því logið eða í besta falli var það með villandi hætti sett inn í þá grg. að stefnt væri að einu skattþrepi í allri Evrópu. Það er rangt. Samkomulag Evrópubandalagsríkjanna frá sl. hausti um að gera alla Evrópu að einum stórum sameiginlegum markaði og samræmingaraðgerðir í skatta- og tollamálum því samfara miða að öðru. Það er niðurstaða Evrópubandalagsins að stefna að tveimur þrepum, virðisaukaskatti á nauðsynjum á bilinu 4–9%, 4–9%, ég endurtek, herra forseti. Þó eru það tilmæli stjórnar og þings Evrópubandalagsins að reyna að halda sig nær lægri tölunni, vera nær 4% en 9%. Það er nú skattprósentan á nauðsynjarnar eins og hún er fyrirhuguð í Evrópu. Hitt þrepið yrði þá á bilinu 14–19%. Ríki eins og Vestur-Þýskaland, Grikkland og Holland notast við tvær prósentur, Vestur-Þýskaland með lágþrep upp á 7% og almennt þrep upp á 14%, Grikkland með þrep upp á 6% á matvæli og nauðsynjar og almennt þrep upp á 18% og Holland með þrep upp á 6% á nauðsynjarnar og 20% almennt á vörur. Úr því að þetta gengur í þessum löndum, og ég hef ekki heyrt um að menn séu þar að fara á hausinn eða missa ráð og rænu út af því þó þeir hafi ekki eitt hlutfall í virðisaukaskatti, hvaða ástæða er til að ætla að við getum ekki gert það einnig?

Ég held að menn verði að átta sig á því, herra forseti, þvílík stórtíðindi það eru ef það er að gerast á Íslandi í dag að menn festast í neysluköttum upp á 25% á allar nauðsynjavörur. Hvað þýðir það í raun og veru? Það þýðir í fyrsta lagi algera uppgjöf við að reyna að jafna aðstöðu manna í gegnum þetta

óbeina skattakerfi. Og meira en uppgjöf. Það liggur fyrir að þetta hefur ójöfnunaráhrif gagnvart lágtekjufólkinu í för með sér. Þetta þýðir í raun og veru versnandi stöðu þess, veldur vaxandi ójöfnuði og aðstöðumun í landinu. Hvað er orðið um áformin um að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum? Hvar eru þau? Hvað gerist í nýja staðgreiðsluskattakerfinu? Skattbyrðin þyngist á öllum almennum launatekjum með þeirri léttingu þó sem verður á allra lægstu launum. Hér eru þeir hlutir að gerast í skattakerfi landsmanna að ég held að það sé ástæða til að menn átti sig á því og menn ræði svolítið hvílíkar gífurlegar skattbyrðar eru hér að færast yfir á herðar hins almenna launamanns. Hvaðan? Auðvitað frá þeim sem betur mega sín, frá peningamönnunum, frá gróðafyrirtækjunum. Um það þarf ekki að deila.

Hér er sem sagt verið að ræða um að taka upp einhverja hæstu skattprósentu í heimi og láta hana ganga út yfir allar nauðsynjar án nokkurra undanþága. Hæstv. fjmrh. hefur það auk þess sem sérstakt keppikefli sitt að afnema á næstu árum allar niðurgreiðslur. Það er margyfirlýst stefna hæstv. fjmrh. og ég held Alþfl. í heild sinni að afnema allar niðurgreiðslur á matvörum og nauðsynjavörum. Hvar standa menn þá eftir örfá ár? Með 22% skatt á alla matvöru og engar niðurgreiðslur, enga aðstoð af því tagi. Það verða slík regintíðindi ef það á yfir okkur að ganga að það er ekki von að það gangi mjög liðugt ofan í kokið á mönnum hér á fáeinum sólarhringum.

Herra forseti. Ég fékk í ræðustólinn smápappír sem var í vélritun fyrir mig. Það eru ummæli hæstv. fjmrh. í kvöldfréttum sjónvarpsins um stöðu mála í þinginu o.fl. Ég hef heyrt þau ummæli í frásögn annarra manna, hef ekki enn náð að lesa þau, en ég ætla að gera það hér, með þínu leyfi, herra forseti, lesa upp þessa hljóðritun úr kvöldfréttum sjónvarpsins, og við skulum svo sjá hvernig þetta hljómar. Ef mér hefur verið rétt frá sagt er ástæða til að eyða þeim fáu mínútum sem ég ætla að taka í viðbót af þessum fundartíma í orðaskipti við hæstv. fjmrh. um þessi ummæli. Ég les með leyfi þínu, herra forseti. Það er spurning fréttamanns:

Er fjmrh. sáttur við fjárlögin eins og þau urðu endanlega afgreidd á Alþingi?

Ég er aldrei fyllilega ánægður, segir hæstv. fjmrh., en ég er ánægður með þá niðurstöðu að markmiðið náðist að tryggja hallalausan ríkisbúskap á næsta ári. Hækkun fjárlaga í meðförum þingsins er helst til mikil. Hún nemur frá því að frv. var lagt fram 3000 milljónum og eitthvað, en þá er líka þess að gæta að 2200 milljónir rúmlega af þessu eru aukin tekjuöflun vegna kerfisbreytingarinnar í heild sem leiðir af tollum, vörugjaldi og söluskatti sem er greitt út jafnóðum í niðurgreiðslur og barnabætur og lífeyrisgreiðslur og endurgreiðslur á neyslufiski. — Já, ekki má nú gleyma því. — Sem dæmi er hækkunin að þessu frátöldu um 1150 millj. kr., þ.e. um 2% frá frv.

Spurning: Er það viðunandi? Svar: Það er miklu minna heldur en hefur verið á undanförnum árum.

Spurning: Nú eru ýmis helstu tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar, tollalög og söluskattur, óafgreidd. Er ekki mikil óvissa um öll ríkisfjármál á næsta ári? Svo er rétt, er svarið. Þessi þrjú mál eru óafgreidd og kvótamálið líka. Það er alveg rétt að menn átti sig á því hvað það þýðir ef þessi frv. ná ekki gildistöku um áramót. Okkur sýnist — og þessir „við" eru væntanlega hæstv. ríkisstjórn — að það þýði í fyrsta lagi að það eru ekki heimildir til að innheimta nema 24% söluskatt. — Það er alveg ægilegt áhyggjuefni. Söluskattsprósentan verður ekki nema 24%. — Menn geta svo spáð í það hvort neytendur muni njóta þessa 1% einhverja daga eða vikur. Menn geta sett sig í spor matvöruverslana sem þurfa að búa sig undir það að hafa tvenns konar söluskattsprósentu í einum og sama mánuðinum.

Annað: Það falla niður allar heimildir til undanþágu frá söluskatti, t.d. hvað varðar aðföng samkeppnisiðnaðar. — Það er nú eitt. — Og hvað varðar tollafrumvarpið er það stórfelld lækkun. Það er lykilatriði í þeirri lækkun vöruverðs á fjölmörgum vöruflokkum sem eiga að taka gildi eftir áramót og nái það frv. ekki fram að ganga fyrir tilverknað stjórnarandstöðu, — ég endurtek, herra forseti: og nái það frv. ekki fram að ganga fyrir tilverknað stjórnarandstöðu, þá þýðir það ósköp einfaldlega að hér verður ekki verðlækkun eins og til stóð heldur áframhaldandi verðhækkun og með þeim afleiðingum sem það hefur, við skulum segja ekki bara á framfærsluvísitölu heldur lánskjaravísitölu.

Spurning: Eru menn orðnir vondaufir að þessi mál nái fram að ganga fyrir áramót?

Svar: Ég trúi því að sjálfsögðu ekki fyrr en ég tek á því að stjórnarandstaðan vilji með málþófi valda slíkum usla í þjóðfélaginu. Hún er auðvitað í minni hluta hér á þessu þingi. Hún gæti hugsanlega valdið slíku, en þar með væri hún bókstaflega að valda slíku öngþveiti í viðskiptalífi þjóðarinnar og fjölmörgum öðrum lítt bærilegum afleiðingum að ég trúi því ekki þegar menn átta sig á því að það sé vilji stjórnarandstöðunnar.

Herra forseti. Ég verð að segja það, hafandi nú lesið þessi ummæli, vonandi og væntanlega í örugglega hárréttri afritun starfsmanna Alþingis af hljóðböndum frá Ríkisútvarpinu/sjónvarpi, að á sama tíma sat ég á fundi með þessum hæstv. fjmrh. niðri í einu herbergi Alþingishússins þar sem hann var að sjálfsögðu ekkert nema gæðin að fara fram á það við stjórnarandstöðuna að reyna að hafa nú sem best samstarf um hlutina. Þar voru ekki uppi ásakanir um málþóf. Þar voru ekki uppi ásakanir um ábyrgðarleysi eða óeðlilega framgöngu okkar á nokkurn hátt. Ég verð að segja að ef hæstv. fjmrh. dettur í hug að þetta sé aðferðin til að ná einhverju samkomulagi við stjórnarandstöðuna, að ætla að velta yfir á hennar herðar allri ábyrgð af þeirri óráðsíu, skipulagsleysi og ósamkomulagi sem verið hefur í ríkisstjórninni og er orsök þess hvernig málum er komið,

þá er mér meira en nóg boðið. Ég tek því ekki þegjandi ef hæstv. fjmrh. ætlar með þessum hætti að hvítþvo sjálfan sig og ríkisstjórnina af allri ábyrgð í þessum efnum og velta henni yfir á stjórnarandstöðuna sem hefur með fullkomlega eðlilegum hætti reynt að starfa þingræðislega að málunum síðustu daga og vikur. Ég bið þá hæstv. fjmrh. að benda mér á dæmi þess að óeðlilega hafi verið staðið að hlutunum. Eru þetta e.t.v. þakkir hæstv. fjmrh. fyrir að við í stjórnarandstöðunni beittum okkur sérstaklega fyrir því að frv. til l. um tekju- og eignarskatt, sem tengdist staðgreiðslukerfisbreytingunni, næði fram að ganga með alveg sérstöku hraði á dögunum fyrir jól? Var það dæmi um að stjórnarandstaðan hafi sérstakan áhuga á einhverjum skæruhernaði hér í þessum efnum? Það er best að hæstv. fjmrh. svari því þá. Og lítur hann svo á að þegar við hjálpum til við að greiða fyrir slíkum málum sé það allt í lagi, en um leið og við erum ósammála einhverju og notum okkar þingræðislega og lögbundna rétt til að ræða málin og krefjast þess að þau verði skoðuð séum við óhelg, þá sé öll ábyrgð á því sem miður fer í þjóðfélaginu komin yfir á okkar herðar?

Ég held að það sé engin ástæða til þess að taka slíku þegjandi og ég vona að það leyfist mér þó að klukkan sé orðin tvær mínútur yfir fjögur að koma þessum ábendingum á framfæri við hæstv. fjmrh. Ég held að hann ætti að passa á sér munninn, hæstv. ráðherra, ef hann ætlast til þess að það verði samkomulag og samstarf um framgang viðkvæmra, jafnvel deilumála í gegnum þingið á næsta sólarhring. Það er ekki aðferðin að rjúka í sjónvarpið og sitja svo samtímis kannski á fundum með stjórnarandstöðunni ekkert nema blíðan í framan og biðja um gott veður, en ausa svo yfir hana því sem ég get ekki kallað annað, með þínu leyfi, herra forseti, en svívirðingar, bera hana þvílíkum sökum eða gefa í skyn að ábyrgð hennar verði slík á því sem hann líkir eiginlega við óhæfuverk að annað eins er fáheyrt, að valda sem sagt slíku öngþveiti í viðskiptalífinu og lítt bærilegum afleiðingum. Það er ekkert smáræði sem í vændum er. Ef það gerist að söluskattsprósentan lækkar úr 25% í 24% um áramótin og það líða einhverjir dagar þangað til matarskattar hæstv. ráðherra komast á er sem sagt stjórnarandstaðan nánast að leggja þjóðfélagið í rúst. Hæstv. ráðherra verður ekki skilinn öðruvísi.

Ég uni þessu afar illa, herra forseti, og ég held að það sé tvennt til fyrir hæstv. ráðherra, að biðjast formlega afsökunar á þessum ummælum, bera þau þá til baka ef þetta er ekki rétt eftir honum haft eða rétt afritað, eða með einhverjum öðrum hætti gera grein fyrir því hvert er viðhorf hans í þessum efnum. Meinti hæstv. ráðherra þetta virkilega? Var honum alvara? Er það hans skoðun að svona verði þetta ef þetta fari ekki í gegn fyrr en um áramót, þá sé bara hægt að velta allri ábyrgðinni af því yfir á herðar stjórnarandstöðunnar eins og hér sé við hana eina að sakast, um hana eina að ræða? Ber hæstv. ríkisstjórn enga ábyrgð? Er það allt á ábyrgð stjórnarandstöðunnar hvernig mál ganga fram í þinginu yfirleitt? Er það kannski stjórnarandstöðunni sérstaklega að kenna að hæstv. ríkisstjórn kom þessum málum ekki frá sér inn í þingið fyrr en eftir 10. desember velflestum? Eigum við kannski að bera ábyrgðina á því líka? Eigum við að bera ábyrgðina á ósamstöðu og rifrildi stjórnarliða dögum og náttum saman?

Ég ætla að leyfa mér, hæstv. fjmrh., að vera innan óvissumarka. Ég tel að plús eða mínus fimm mínútur á samkomulagi um ræðutíma sem átti að vera þrjár klukkustundir hljóti að fyrirgefast. Ég fékk ekki í hendur þetta afrit fyrr en nokkrum mínútum fyrir fjögur og ég tek mér það leyfi, og skal þá taka það á mig að brjóta þetta samkomulag um 3–4 mínútur, vegna þess að ég tel að þessi ummæli eigi erindi inni í umræðunum. Ég held að það sé alveg eins gott að ég noti tækifærið við 1. umr. áður en málið fer til nefndar til að vekja á því athygli og beina því til hæstv. fjmrh. að hann hugsi sinn gang í ljósi þess hvaða ummæli hann hefur haft um stöðu mála hér og látið út ganga til allrar þjóðarinnar gegnum öflugasta fjölmiðil landsins í gærkvöld. Ég held að það sé ástæða til fyrir hæstv. ráðherra.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég kom áðan fram með nokkrar spurningar þar sem ég bað um orðið um þingsköp og það var ekki einungis um hvernig fundir yrðu haldnir hér á morgun eða hvort þeir yrðu sem mér finnst vera langt gengið, að það skuli vera gerðar ráðstafanir til þess að landsbyggðarmenn komist ekki heim fyrir áramótin. Ég spurði enn fremur um hvenær þing yrði kallað saman eftir áramót og ég ætlaðist til þess að fá svör við því. Fyrst og fremst vegna þess að hv. 5. þm. Reykv. hefur farið þess á leit við mig að ég fari ekki að flytja mitt mál hér og nú mun ég verða við þeirri beiðni, en ég áskil mér allan rétt til að flytja það mál, sem ég ætlaði mér að flytja í dag við 1. umr., við 2. umr. málsins.

Ég vil endurtaka spurningu mína til forseta í sambandi við framhaldið: Verður fundur á morgun, á hvaða tíma, hvenær lýkur honum og hvenær byrjar þing eftir áramót? (**Forseti:** Ég mun ekki hafa verið í forsetastól þegar bornar voru fram þessar spurningar áðan og vil þá svara því til að hér má búast við að verði fundur fyrir hádegi á morgun. Um það höfðum við samráð. Hvenær honum lýkur get ég ekki sagt um á þessu stigi. Það fer eftir umræðuefninu að sjálfsögðu. En það má reikna með því að það verði kallað saman þing eftir áramótin því að ég sé ekki fram á að þeim verkefnum verði lokið á morgun sem fram undan eru. Ég vona að þetta nægi hv. þm. Þetta eru þau svör sem er hægt að gefa í þessu efni.) Já, herra forseti. Hv. þm. og aðrir sem hér eru hafa heyrt mál forseta og það leynir sér ekki að hæstv. ríkisstjórn veit ekki sitt rjúkandi ráð. Það eru sem sagt dauðamerki á fleiru en fíkjutrénu á Keflavíkurflugvelli og þykir engum mikið. En vegna beiðni fyrst og fremst hv. 5. þm. Reykv. mun ég geyma meiri orðræður þar til við 2. umr.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Með vísan til samkomulags, sem tókst milli talsmanna stjórnarflokkanna og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í gærkvöld eða öllu heldur í nótt, um það að ljúka þessari umræðu nú klukkan fjögur og afgreiða þetta mál til nefndar get ég ekki leyft mér þann lúxus að svara öllum einstökum ræðumönnum að því er varðar þeirra málflutning, enda sýnist mér að það komi að vísu ekki að sök við umfjöllun málsins því að af þeim 28 álitamálum sem nefnd hafa verið sýnist mér að 26 hafi þegar fengið umfjöllun í framsöguræðu þannig að út af fyrir sig stendur ekki upp á mig að svara af hálfu ríkisstjórnarinnar að því það varðar. Þetta snertir fyrst og fremst kjarna málsins sem er spurningin um þetta: Hver eru heildaráhrif á framfærslubyrði heimilanna í landinu af þessari kerfisbreytingu? Niðurstaðan er sú, óhrekjanlega, að framfærslukostnaður meðalfjölskyldu í landinu hækkar ekki af þessum sökum, og ef menn spyrja um einstaka hópa, þ.e. barnmargar fjölskyldur, einhleypa foreldra með börn og hina eldri í landinu, þá er niðurstaðan sú að þessir hópar eru betur settir eftir en áður vegna þeirra hliðarráðstafana sem hefur verið gripið til. Þetta er kjarni málsins.

En þó voru það örfá atriði þar sem farið var fram á frekari upplýsingar sem ekki komu fram við framsögu málsins og er rétt að svara.

Einir þrír hv. þm. spurðust fyrir um hvernig yrði hagað niðurgreiðslu á verði á neyslufiski. Í máli eins hv. þm. kom fram sá misskilningur að hann standi í þeirri trú að ríkisstjórnin hefði ákveðið að falla frá söluskatti á fisk. Í fyrsta lagi er rétt að leiðrétta það. Svo er ekki heldur er niðurstaðan sú að verja 160 millj. kr. til að greiða niður verð á neyslufiski þannig að verðhækkun á 65% fiskafurða og þá á smásölustigi verður ekki af þessum sökum nema um 10%. Niðurgreiðslurnar ná til fersks fiskjar til daglegrar neyslu, þ.e. ýsa, þorskur, lúða, rauðspretta, karfi o.fl., auk þess er þar með talið saltaður fiskur og reyktur. Undanskilin verða rækja, humar, hörpudiskur og kavíar. Niðurgreiðslan tekur ekki til fiskjar sem seldur er á veitingastöðum eða mötuneytum. Með þessum hætti tekur niðurgreiðslan til 65% af heildarneyslu. Til þessa er varið 160 millj. kr. Niðurgreiðslan fer fram á smásölustigi og á grundvelli söluskattsskýrslna verður niðurgreiðslan ákveðin sem tiltekið hlutfall af heildarsölu. Það skal tekið fram til upplýsingar að mikill meiri hluti neyslufiskjar er nú seldur á höfuðborgarsvæðinu í stórmörkuðum. Fiskbúðir eru tiltölulega fáar. Þannig er enn haldið til skila þeirri grundvallarreglu að það verði ein og sama söluskattsálagningin í allri vöruverslun í landinu, allri vöruverslun.

Niðurgreiðsla af þessu tagi, sem byggist á framlögðum söluskattsskýrslum, mun ef nokkuð er bæta fremur innheimtu söluskatts af þessari verslun. Vísitöluáhrif af þessari niðurgreiðslu svara til lækkunar á framfærsluvísitölu um 0,1%. Fjármögnun, eins og fram hefur komið, byggir á því að lagt verður vörugjald á nokkrar tegundir snyrtivara, ilmvötn og andlitsfarða sem mun skila um 130–140 millj. kr. Ástæðan fyrir því að það var gert, það hefur komið fram í umræðunum, er m.ö.o. sú staðreynd að þessar merkjavörur geta menn ekki gert sér vonir um að verð lækki á svo sem vert væri við lækkun tolla og vörugjalds.

Annað sem rétt er að árétta ögn betur snertir spurninguna um hvort við erum hér að fara aðrar leiðir en grannþjóðir okkar, þ.e. í því efni að tala um eins stigs söluskatt eða eins stigs virðisaukaskatt þegar þar að kemur. Þar hafa menn vitnað til Efnahagsbandalagsins og spurt spurningarinnar hver er kaþólskari en páfinn. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið í máli hv. þm. er það svo að virðisaukaskattur í Evrópbandalagslöndum er allt frá 7 og upp í 38% og í sex söluskattsþrepum í sumum löndum, mörgum tveimur, mörgum þremur, aðeins einu í einu þrepi. Það sem er að gerast í Efnahagsbandalaginu er að menn eru að gera sér ljóst að þetta kerfi er brostið. Það er verið að reyna að fækka þessu í þá átt að fækka úr sex í tvö. Það er verið að reyna að fara að feta sömu slóð, samræma og einfalda kerfið sem er orðið allt of flókið, skilar illa sínum tekjum, hefur legið undir gífurlegri gagnrýni. M.ö.o. þeir eru að stefna í sömu átt. Þeir geta hins vegar ekki gert sér vonir um að ná lengra á þessu stigi af þeirri einföldu ástæðu að þarna er um að ræða fjölþjóðlegt bandalag og þrátt fyrir allt talsvert miklu meiri erfiðleika á samræmingu en við getum vænst á okkar landi. Samanburðurinn er ekki annar en sá að við erum eftir sem áður þrátt fyrir þessa breytingu með tveggja stiga söluskatt. Við erum með eins stigs söluskatt út þetta ár á alla vöruverslun. Við erum í annan stað með 12% söluskatt á þjónustu og við erum með undanþágur frá söluskatti á fjölmörg aðföng, vélar, tæki og hráefni til samkeppnisiðnaðar af þeirri nauðsyn að söluskattur býður ekki upp á annað. Þessu getum við ekki breytt fyrr en við tökum upp virðisaukaskatt.

Við njótum þess að geta gert betur en Efnahagsbandalagið. Við þurfum m.ö.o. ekki að lúta páfanum og förum þar að fordæmi Norðurlandaþjóða þar sem er virðisaukaskattur eins stigs á bilinu frá 19 og upp í 23%. Í því efni er vert að staldra við að það er auðvelt að bera saman tekjuöflunarkerfi ríkis og velferðarþjónustu í þeim löndum. Ég held að sú gagnrýni sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar og beinist þá að löndum sem hafa eins stigs virðisaukaskatt, þar með á matvæli, og hafa haft lengi, að það sé svo skelfilegt ástand, standist ekki skoðun.

Jæja. Önnur atriði held ég að ég þurfi ekki að staldra við. Jú, það var beint til mín og hæstv. samgrh. tilmælum um að nýta ekki heimild til undanþáguveitingar frá aðflutnings- og sölugjaldi að því er varðar björgunarbúnað eins og t.d. flotgalla nema því aðeins að tryggt væri að það væru raunveruleg björgunartæki en ekki dauðagildrur. Við

svo sjálfsögðum tilmælum er aðeins eitt svar: Að sjálfsögðu verður reynt að verða við því og þá vona ég að það verði tryggt að faglegt mat þeirra stofnana sem meta slíka hluti sé traust og áreiðanlegt.

Að því er varðar umræðu um ummæli mín í sjónvarpi í gærkvöld kom það fram við upplestur hv. þm. Steingríms Sigfússonar að hér var ekki verið að vaða að stjórnarandstöðu með ásökunum eða brigslyrðum. Þvert á móti var því lýst yfir að ég tryði því ekki fyrr en ég tæki á því að stjórnarandstaðan vildi eiga þátt að því eða bera ábyrgð á þeim afleiðingum sem af hlytust ef þessi frv. yrðu ekki að lögum um áramótin. Það er rétt að allir þm. átti sig skilmerkilega á því hvað það þýðir. Þá er ég ekkert að vega eða meta sök stjórnar eða stjórnarandstöðu, einfaldlega að spyrja spurningarinnar: Hvaða afleiðingar hefur það ef tekjustofnalögin, sem eru forsenda fjárlaganna, taka ekki gildi um áramót?

Afleiðingarnar eru þessar: Annars vegar er um að ræða tekjustofnafrv. um tolla og vörugjald sem fela í sér verulega lækkun á verðlagi, mjög verulega lækkun á tollum, afnám vörugjalds á mjög margar vörutegundir. Þetta felur í sér verðlækkun sem hefur um 2½% áhrif til verðlækkunar í framfærsluvísitölu. Hins vegar er um að ræða samræmda söluskattsálagningu sem felur í sér verðhækkun.

Þá þýðir málið það í fyrsta lagi að ef frv. um tolla og vörugjald verða ekki að lögum munu menn ekki njóta verðlækkana sem af því leiðir. Ef söluskattsfrv. tekur gildi en á grundvelli óbreyttra tolla og vörugjalds munu af því hljótast verðhækkanir óhjákvæmilega sem erfitt er að sjá fyrir endann á en eru óvæntar. Í annan stað er það tæknilegt atriði að það falla úr gildi heimildir fyrir mjög margvíslegum undanþágum ef söluskattsfrv. nær ekki fram að ganga þannig að þar með er skylt að innheimta söluskatt af aðföngum, vélum, tækjum og hráefnum til t.d. samkeppnisiðnaðar og reyndar til mjög margra vöruflokka annarra.

Ég endurtek: Þetta er ekki spurning um ásakanir í garð stjórnarandstöðu. (Gripið fram í.) Já, já, ég sagði ósköp einfaldlega að ég tryði því ekki að stjórnarandstaðan vildi eiga hlut að því að þessar afleiðingar hlytust af. Svo geta menn sagt: Það er alveg eins stjórnarliðum um að kenna. Það skal ég ekkert leggja dóm á hér. Það er ekkert meginatriði málsins. Hins vegar þurfa allir að vita, jafnt hv. þm. í stjórn og stjórnarandstöðu, sem og allur almenningur í landnu, hverjar afleiðingarnar verða ef svona fer. Það er ósköp einfalt mál. Hitt er aukaatriði hvernig menn vilja deila sök á milli stjórnar og stjórnarandstöðu úr því sem komið er.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð, en vona að málið fái vandlega umfjöllun í nefnd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, IBA, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, KE, KH, MB, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, SighB, SV, StH, SJS, ÞP, AG, AS, ÁrnG, BÍG, FÞ, JK.

9 þm. (GHelg, HJ, ÓÞG, PJ, RA, SvH, ÞÞ, AðB, EH) fjarstaddir.

EFRI DEILD

44. fundur, miðvikudaginn 30. des., kl. 2.30 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

EFRI DEILD

45. fundur, miðvikudaginn 30. des., að loknum 44. fundi.

Útflutningsleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56, n. 451, 456 og 461, brtt. 239, 457.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. þetta sem er mjög einfalt í sniðum. Á fundi hennar komu Friðrik Pálsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Benedikt Sveinsson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Einar Benediktsson frá Síldarútvegsnefnd og enn fremur Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri viðskrn. Kom m.a. fram í máli þeirra, fulltrúa útflutningsaðila, að samstarf þeirra við viðskrn. hefði verið mjög gott og enn fremur að þeir væntu þess að svo yrði einnig eftir breytinguna hjá þeim sem um það ræddu sem var a.m.k. einn þeirra aðila sem komu til fundar við nefndina.

Frv. þetta er liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við það samkomulag stjórnarflokkanna í viðræðum um stjórnarmyndunina að ný verkaskipting yrði milli viðskrn. og utanrrn. sem í því yrði fólgin að utanríkisviðskiptin yrðu færð frá viðskrn. til utanrrn. en innflutningsverslunin eftir sem áður í höndum viðskrn.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Þessi breyting hefur oft komið til álita. Það hefur oft verið um það rætt að eðlilegt sé að utanríkisviðskiptin væru á hendi utanrrn. og hefur m.a. verið rætt um það í því sambandi að leggja viðskrn. niður. Raunar hefur sú skoðun átt víða fylgi að ráðuneytin

séu of mörg og jafnvel of smá og rétt sé að hafa þau færri og þá sterkari. Um þetta má auðvitað flytja langt mál. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, af þessu tilefni, enda er hér aðeins gripið á mjög smáum þætti í starfi heils ráðuneytis þar sem er meðferð útflutningsleyfanna.

Meiri hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Hér er vissulega á ferðinni mál sem kannski má með réttu segja að flokkist ekki undir stórmál ef það er skoðað einangrað og ef menn slá því föstu að þetta mál hljóti að ganga fram og setja málin þannig upp að í rauninni hafi ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir valdið, þingið skipti engu máli eða mjög litlu máli, það sé svona vesen að vísu, taki smátíma, stjórnarandstaðan sé heldur leiðinleg, en að öðru leyti skipti þingið ekki miklu máli og hinir háu herrar hinna hvítu húsa ákveði þessa hluti bara fyrir sig rétt si svona.

Þetta eru auðvitað algeng viðhorf manna sem hafa gaman af því að stjórna og sérstaklega flokka sem eru búnir að sitja lengi í ríkisstjórn eins og Framsfl. sem er búinn að vera þar í rúmlega hálfan annan áratug, 16–17 ár, þannig að það kemur svo sem ekki á óvart þó að menn þar líti þannig á að þetta sé nú bara smámál og af því það hafi þurft að smyrja einhverju á Framsfl. þegar formaður hans gaf eftir forsrn. og bæta við utanrrn. útflutningsversluninni, þá séu það í raun og veru nóg rök í málinu og efnisleg umræða hér í þinginu skipti ekki nokkru einasta máli. Þetta viðhorf heyrir maður talsvert í seinni tíð. Umræðan um þingið núna síðustu sólarhringana og þinghaldið ber þessa vitni þegar maður m.a. horfir á það að verið er að ganga frá nál. hér í Nd. án þess að nefndir fái aðstöðu til að fjalla um brtt. og álit meiri hl. nefnda þannig að það er bersýnilegt að menn gera lítið með þingræðið hér. Ég tel að sú staða sem stjórnarandstaðan er í núna á þessum síðustu sólarhringum eða klukkutímum áður en þinginu lýkur fyrir áramót snúist í raun og veru fyrst og fremst um það að stjórnarandstaðan reyni af mætti að verjast yfirgangi stjórnarflokkanna, stjórngleði ráðherra, ýmist hinna nýju sem eru óvanir því að taka mikið tillit til þingsins og hafa ekki sinnt ráðherrastörfum áður, eða þá hinna gömlu sem eru orðnir svo vanir því að ráða lögum og lofum í hinum hvítu húsum að þeir telja að það skipti í raun og veru hverfandi máli hvað þingið er að gera og segja.

Ég tel þess vegna að það sé nauðsynlegt í þessari stöðu að stjórnarandstaðan geri það sem hún getur til að verja þingræðið og lýðræðið fyrir þeim yfirgangi sem ég tel að sé beitt hér þessa dagana með algjörlega óvenjulegum hætti og ég vísa á bug öllum yfirlýsingum stjórnarliðsins um málþóf af hálfu stjórnarandstöðunnar. Um það hefur ekki verið að ræða. Þvert á móti hefur hún lagt sig fram um að greiða fyrir málum og gerir örugglega enn. Það kannski að þykja sérkennilegt einhvers staðar en þegar það gerist að það berast fyrirskipanir úr dagblöðum bæjarins frá einstökum ráðherrum til þingsins um það hvað eigi að afgreiða núna fyrir áramótin, þá er ekki að undra þó að menn hrökkvi við og spyrji: Hvaða virðing er þetta fyrir þinginu sem þarna birtist? Þarna er ég ekki síst að hugsa um viðtal við hæstv. utanrrh., sem birtist í dagblaðinu Tímanum í dag, sem er afar athyglisvert frá sjónarmiði þingræðisins og ég hvet hv. þm. til að kynna sér.

Ég ætla í þessari umræðu, herra forseti, í fyrsta lagi að fara nokkuð yfir aðdraganda þessa máls varðandi breytingu á lögum um útflutningsleyfi og reyna að svara þeirri spurningu: Er reglugerð sem gefin var út í sumar af hæstv. fráfarandi forsrh. í samræmi við lögin um Stjórnarráð Íslands og þann anda sem ríkti á Alþingi þegar þau lög voru til umræðu árin 1968 og 1969?

Eins og kunnugt er ákváðu stjórnarflokkarnir að flytja í sumar utanríkisviðskiptin yfir í utanrrn., núv. stjórnarflokkar, en reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands var breytt af fráfarandi forsrh. Hann treysti m.ö.o. ekki viðtakandi forsrh. til þess að ganga sómasamlega frá þessu máli og gaf út reglugerðarbreytingu eigin hendi sem forsrh. 8. júlí 1987, sem ég hygg að sé sami dagur og stjórnin sjálf var mynduð. Sem sagt að morgni þess dags gefur hann út reglugerð um breytingu á verkaskiptingu ráðherra í ráðuneyti sem hann fer ekki með heldur annar maður samkvæmt samningum sem hæstv. núv. utanrrh. hafði gert við Sjálfstfl. og Alþfl. Í lögunum um Stjórnarráð Íslands er aftur og aftur tekið fram að það sé forsrh. sem skuli t.d. skera úr varðandi verkaskiptingu ráðherra. Og það væri auðvitað eðlilegt við þær aðstæður, og það byggðist örugglega betur á hefðum en sú leið sem valin var í sumar, að viðtakandi forsrh. — ef menn á annað borð fóru þessa leið sem ég tel vafamál að standist stjórnarráðslögin út af fyrir sig — en það hefði verið eðlilegt að viðtakandi forsrh. hefði þá gefið reglugerðina út.

Ég tel það algjörlega óeðlilegt, og það á sér engin fordæmi, að fráfarandi forsætisráðherra gefi út reglugerð um breytta verkaskiptingu ráðherra í stjórn sem er að taka við. Það eru engin dæmi til þess. Engin. Reglan var sú áður en þessi stjórnarráðslög voru sett sem nú eru í gildi að forsætisráðherrar gáfu út auglýsingu eða reglugerð um verkaskiptingu ráðherra þegar stjórn var mynduð, rétt eins og nú eru á grundvelli nýju stjórnarráðslaganna gefnar út reglugerðir eða auglýsingar um verkaskiptingu ráðherra skv. stjórnarráðslögunum. Og þær eru auðvitað gefnar út af viðtakandi forsætisráðherra en ekki fráfarandi forsætisráðherra. Eins og þessi breyting á reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands átti sér stað er það fráfarandi ráðherra sem breytir verkaskiptingu verðandi ríkisstjórnar. Þetta tel ég með öllu óeðlilegt.

Hvað er það sem þarna breytist? Það sem breytist

er það að verkefni eru flutt frá viðskrn. yfir til utanrrn. með reglugerð. Ég dreg það í efa að þessi reglugerðarútgáfa sé í samræmi við lögin um Stjórnarráð Íslands eins og ég ætla að rökstyðja nánar hér á eftir, en bendi á að ef þessi reglugerðarútgáfa skapar fordæmi þá er hægt að flytja hvaða verkefni sem er hvert sem er í Stjórnarráði Íslands. Það eru í rauninni engar hömlur á því eftir að þessi reglugerð, nr. 64/1987, hefur verið gefin út. Það er hægt að flytja dómsmál yfir í menntmrn., menntamál yfir í dómsmrn. vegna þess að á bak við þessa reglugerðarútgáfu er ekkert prinsip annað en það að flokkarnir hafi komið sér saman um þessa verkaskiptingu. Ekkert annað. Og ef menn lesa lögin um Stjórnarráð Íslands, sjá hvernig einstök mál eru þar lögð til ráðuneyta og lesa reglugerðir sem gefnar eru út um þessi efni, þá er alveg ljóst að með þessu fordæmi hefur núv. ríkisstjórn sagt: Það má færa hvaða verkefni sem er í hvaða ráðuneyti sem er.

Ég get ekki sagt það að ég sé út af fyrir sig haldinn yfirleitt mikilli reglugerðartrú. Ég segi hins vegar alveg eins og er að ég tel að það séu ákveðin grundvallarlög og ákveðnar grundvallarreglur í íslenska lýðveldinu sem megi aldrei hrófla við nema með lögum og aldrei með brbl. Ég er þarna t.d. að hugsa um lögin um Stjórnarráð Íslands, ég er þarna að hugsa um lögin um Hæstarétt, ég er þarna að hugsa um þingsköp Alþingis, svo ég nefni dæmi, grundvallardæmi meginþáttanna í íslensku stjórnkerfi. Slíku má aldrei breyta með brbl. að mínu mati. Það má aldrei gerast.

En ég segi líka: Það er óeðlilegt og hættulegt fordæmi að breyta verkaskiptingu ráðherra með þeim hætti sem gert var í sumar vegna þess að það stangast á við grundvallaranda stjórnarráðslaganna eins og þau voru sett í upphafi. Og með þessu fordæmi er í raun og veru verið að lýsa því yfir að hægt sé að flytja hvaða mál sem er hvert sem er. Ég tel reyndar að í svona umræðum eins og þessari þyrfti það að vera þannig að einstakir þm. gengju til umræðna um mál óbundnir af flokknum sínum. Það er alveg óþolandi fyrir þingið að láta stilla sér upp við vegg varðandi svona grundvallaratriði eins og þetta, eins og nú er verið að gera með því að reyna að þræla þessu máli í gegnum þingið fyrir áramótin án þess að nein efnisleg eða pólitísk nauðsyn standi til þess að þetta mál verði endilega að afgreiða áður en árið 1988 gengur í garð. Það er engin nauðsyn. Engin. Breytir ekki nokkrum hlut þó að þetta mál sé látið liggja fram á þrettándann eða fram í miðjan janúar eða hvað það nú er.

Víkjum þá aðeins að stjórnarráðslögunum og undirbúningnum að þeim. Þau voru tekin fyrir hér til umræðu á Alþingi fyrst 17. okt. 1968 en frv. var útbýtt 14. okt. og fyrir frv. mælti þáv. hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson. Hann gerði glögga grein fyrir málinu, skýrði m.a. frá því að undirbúningur að þessum breytingum á Stjórnarráði Íslands tók 10 ár. Af hverju ætli það hafi nú verið að það tók 10 ár að koma þessu frv. saman og leggja það hérna fyrir þing? Af hverju ætli það hafi verið nema vegna þess að menn vildu vanda sig, en það er kannski fyrirbæri sem er alveg óþekkt undir núv. ríkisstjórn, a.m.k. þessa síðustu daga, að vanda sig, vita hvað menn eru að gera, vita hvaða áhrif hlutirnar hafa sem verið er að taka fyrir. Í ræðu sinni kom hæstv. forsrh. m.a. að því hvert væri aðalefni frv., grundvallarefni þess, snúningspunktur þessara breytinga á lögum um Stjórnarráð Íslands. Og hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti er aðalefni þessa frv. um það að kveða á með lögum og fastbinda í lögum hvaða málefni skuli heyra undir hvert ráðuneyti. Það er aðalefni þessa frv." Og hæstv. forsrh. tekur dæmi máli sínu til rökstuðnings. Hann segir, með leyfi forseta:

„Nú er það auðvitað svo að þrátt fyrir þessa meginskiptingu er verulegur vandi á höndum að kveða á um hvernig deila eigi einstökum málum á hvert ráðuneyti. Og eins og ég sagði var það aðalefni nefndarfrv. gamla að þar var tekið upp og talið rækilega hvað undir hvert ráðuneyti heyrði. Ég hafði það til athugunar eins í sumar hvort þessi háttur væri æskilegur, en að athuguðu máli sýndist mér að það væri eðlilegra að forsætisráðherra skipti málum niður á milli ráðuneyta, en þó með þeim fyrirvara, sem er berum orðum fram tekinn til þess að örugglega sé frá öllu gengið, að mál verður að heyra undir það ráðuneyti sem eðli málsins samkvæmt á með það að fara. Við skulum segja," heldur Bjarni Benediktsson áfram, „svo að við tökum einfalt dæmi, þá er það svo að samgöngumál greinast í nokkra þætti. En úr því að sérstakt samgönguráðuneyti á að vera til er eðlilegt, að bæði samgöngur á sjó, landi og í lofti og þá einnig Póstur og sími heyri undir það ráðuneyti, þannig að það væri óheimilt eftir þessari löggjöf með stjórnarúrskurði að ákveða að samgöngur á landi heyrðu t.d. undir landbúnaðarráðherra, á sjó undir sjávarútvegsmálaráðherra og Póstur og sími undir iðnaðarráðherra Að greina þannig á milli mundi ekki standast eftir þeirri leiðbeiningu sem hér er gefin og eru þannig veruleg takmörk á valdi forsætisráðherra til þess að skipta þessu."

Ég leyfi mér að spyrja í framhaldi af þessu: Hver er sá lögspekingur í Stjórnarráði Íslands sem leyfir sér að ráðleggja ráðherrum í núv. ríkisstjórn að breyta reglugerðum á grundvelli laganna um Stjórnarráðið? Hver er sá lögspekingur sem telur sig þess umkominn að vísa á bug því sem Bjarni Benediktsson, bæði sem lögfræðingur og sem forsrh., hefur að segja þegar hann leggur málið fram og kynnir vilja löggjafans? Hvert er það lagatröll, liggur mér við að segja í fullri alvöru, sem er þess umkomið að segja: Túlkun Bjarna Benediktssonar, framsöguræða fyrir þessu máli á sínum tíma ,skiptir okkur engu máli. Ég vil einnig segja: Getur það verið að þm. stjórnarliðsins, og þá alveg sérstaklega Sjálfstfl., séu tilbúnir til að láta þetta sem vind um eyru þjóta? Ég get út af fyrir sig skilið það að í þeim sviptingum sem

stjórnarmyndunarviðræður eru, þá lendi menn auðvitað í því að fallast á eitt og annað, lendi í því að ganga frá einu og öðru. En er ekki hugsanlegt að menn við betri athugun og skoðun mála vildu haga þessum hlutum öðruvísi og segja þá sem svo: Ef þið, þingið á annað borð vill breyta þessu, þá á að gera það með lögum. Þá á að afnema reglugerð nr. 74 frá 1987, leggja fram frv. um breyt. á lögum um Stjórnarráð Íslands og þannig að flytja verkefnin á milli.

Í ræðu hæstv. forsrh. á þessum tíma, Bjarna Benediktssonar, segir enn fremur um þessi mál:

„Samkvæmt frv. er svo ætlast til þess að fyrirmælin í stjórnarskránni, þar sem segir að forseti skipti störfum á milli ráðherra, verði skilin með þeim fyrirvara eða með þeim takmörkunum, sem að mínu viti tvímælalaust fær staðist, að það megi ekki skipta einstökum ráðuneytum upp á milli ráðherra eins og nú er gert. Það hefur lengi tíðkast og í vaxandi mæli má segja, en er þó gamall háttur, að við stjórnarmyndanir, og ekki síst þegar um samsteypustjórn er að ræða eins og langoftast hefur verið, er einstökum ráðuneytum skipt upp á milli ólíkra ráðherra þannig að tínd eru til tiltekin málefni úr einstökum ráðuneytum og þau látin í hendur ólíkra ráðherra, bæði eftir því sem hugur þeirra stendur til og eftir því sem þykir nauðsynlegt til að skapa jafnræði eða jafnvægi á milli þeirra ólíku flokka sem taka þátt í stjórnarmyndun. Þetta er að mínu mati ákaflega óheppilegt. Og það er þetta sem lögin um Stjórnarráð Íslands áttu fyrst og fremst að breyta."

Ég vil einnig, herra forseti, vitna í þessu sambandi í lokaorð hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssonar í umræðum um þessi mál. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég tek það fram að hér er ekki um neitt flokkspólitískt mál að ræða og ég óska eftir sem bestri samvinnu við hv. stjórnarandstæðinga um athugun á málinu vegna þess að hér er um að gera að skapa þá skipan sem allir geti sæmilega við unað."

Er þetta nú í rauninni í samræmi við það sem gerðist hér sl. sumar? Auðvitað er það ekki. Það er náttúrlega ekki haft samráð eða samvinna við stjórnarandstöðuna að neinu lagi í þessu efni. Náttúrlega ekki. En það er ekki tekið tillit til þess heldur að lögin um Stjórnarráð Íslands eru til endurskoðunar og hafa verið um árabil. Og það er viðurkennt hér af páv. formanni Sjálfstfl. að þegar verið er að setja lög um Stjórnarráð Íslands þá eigi að stuðla að sem bestri samvinnu allra flokka í þinginu. Af hverju? Af því að þeir sem eru í stjórnarandstöðu í dag kunna auðvitað að verða í stjórn á morgun o.s.frv. Þess vegna er það eðlilegur hlutur. Hv. páv. þm. Eysteinn Jónsson tók sérstaklega undir þessi atriði úr ræðu hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssonar á sínum tíma. Hv. páv. þm. Eysteinn Jónsson sagði í umræðunni um þetta atriði sérstaklega varðandi verkaskiptinguna:

„Fljótt á litið sýnist mér að þetta muni líka vera til bóta því að það hefur valdið verulegum vandkvæðum að niðurstaðan hefur orðið sú í þessum samningum um samsteypustjórnir að tæta ráðuneyti í sundur." Þetta segir Eysteinn Jónsson, með leyfi forseta. Að tæta ráðuneyti í sundur, því þurfi að linna, þess vegna séu lögin sett. Og hvað eru menn að gera núna? Menn eru að tæta ráðuneyti í sundur.

Það var margt gott sagt í þessari umræðu 17. okt. 1968. Ég læt vera að vitna hér í mjög skýra og greinargóða ræðu eins og von er eftir Gísla Guðmundsson og ég læt vera að vitna hér í ræðu eftir Benedikt Gröndal. Ég grip hér niður í ræðu eftir Hannibal Valdimarsson, páv. hv. þm. Hann segir m.a. um verkaskiptinguna, með leyfi forseta:

„Málefnaskiptingin undir ráðuneytum hefur verið mjög losaraleg og á reiki og ég fullyrði á margan hátt óeðlileg. Vafalaust yrði með ráðuneytaskiptingu eins og hér er lagt til starfsskiptingin færð í horf sem miklu meira væri í samræmi við nútímaaðstæður. Ég tel því af þessum ástæðum að í meginatriðum mundi ég vera fylgismaður þessa frv. um Stjórnarráð Íslands."

Þetta frv. fór síðan samhljóða í gegnum Nd. Alþingis. Það kom fyrir Ed. seint á þinginu og frsm. allshn. hér í hv. Ed. var Jón Þorsteinsson, páv. þm. Alþfl. Og hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann telur upp aðalatriði þessa máls, að ráðuneytum er fjölgað úr 10 í 13 o.s.frv.:

„Annað aðalatriði þessa frv. er það að ráðuneyti má eigi setja á stofn samkvæmt frv. né leggja af nema með lögum. Er í alla staði eðlilegt að taka upp þá reglu að röskun á skipan ráðuneyta verði ekki gerð án atbeina Alþingis."

Nú segi ég það að ekki hef ég ævinlega verið sammála Jóni Þorsteinssyni lögfræðingi. En mér finnst að hv. þm. Alþfl., aðilar að þessari stjórn, hefðu mátt eins og renna augum yfir Alþingistíðindi og umræður um þetta mál á sínum tíma. Það er ekki nema hálftíma til klukkutíma verk að gera það og það er engum manni ofraun að komast í gegnum það.

Jón Þorsteinsson flutti nokkrar brtt. við frv. í Ed. og það er athyglisvert sérstaklega að hann flytur brtt. við 16. gr. frv. og segir þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 16. gr. geri ég brtt. Það er 8. brtt. á þskj. 690, en í þessari 16. gr. frv. segir svo: „Með reglugerð forseta Íslands má skv. tillögu forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsmenn ráðuneyta, starfsháttu og meðferð mála í ráðuneytum og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina sem lög fjalla eigi um sérstaklega."

Hjá mér er þessi grein miklu styttri og hljóðar þannig:

„Með úrskurði forseta Íslands má skv. tillögu forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara."„

Hvað er það sem hv. þm. Jón Þorsteinsson leggur til að verði tekið út? Hvað er það? Hann lætur nægja að það megi setja reglugerð um framkvæmd laga

þessara, en hann sleppir hverju? Þessu: „Þar á meðal um starfsmenn ráðuneytanna, starfsháttu og meðferð mála í ráðuneytum og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina."

M.ö.o. leggur hann til, þingmaðurinn, að gildisrammi laganna verði þrengdur mjög verulega að því er reglugerðarheimildir til forsætisráðherra varðar. Mjög verulega. Og hv. þm. Jón Þorsteinsson segir þessu til rökstuðnings:

„Kemur hér til í fyrsta lagi sú breyting í samræmi við það sem áður var komið að setja úrskurð forseta í staðinn fyrir reglugerð og niðurlagi 16. gr. er alveg sleppt í minni brtt., en þar sagði: „Þar á meðal um starfsmenn ráðuneyta, starfsháttu og meðferð mála í ráðuneytum og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina sem lög fjalla eigi um sérstaklega." Þarna væri forsætisráðherra og forseta fengið mjög mikið vald og í raun og veru er með niðurlagi þessarar greinar að mínum dómi verið að fara út fyrir efni þessa frv. og sérstaklega ef í framkvæmd yrði lagður í það víðtækur skilningur og ég tel þess vegna rétt að þetta verði fellt niður. Mig minnir nú að einhver nefndarmaður hafi þegar þetta var til umræðu komist svo að orði um niðurlag þessarar greinar að út á þessa setningu mætti raunverulega stjórna öllu landinu ef þetta væri lögfest." Þetta segir hv. þm. Jón Þorsteinsson.

M.ö.o. opnar tillagan fyrir mjög víðtækar reglugerðarheimildir handa forsrh. Ed. fær málið til meðferðar, formaður allshn. leggur til að þessar víðtæku reglugerðarheimildir verði felldar út úr frv. Og nú kunna menn að segja: Hér er bara á ferðinni einn þm. sem leggur þetta til. Hvað skyldi deildin hafa gert við þessa tillögu Jóns Þorsteinssonar? Hún var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 7. Hún var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 7 vegna þess að þingið taldi að sú reglugerðarheimild sem ráðherranum var þarna lögð til væri of víð og hæpin og stangaðist á við ákvæði laganna að öðru leyti. Ég vek athygli á því, herra forseti, að þingið samþykkir þarna brtt. sem nokkrir stjórnarliðar og nokkrir stjórnarandstæðingar styðja. Hvað segir það? Það segir okkur það að menn gengu óbundnir til þess að fjalla um þetta grundvallaratriði, stjórnarráðslögin, gengu óbundnir og ekki handjárnaðir til atkvæða um það eins og nú er og samþykktu í seinni deild verulega breytingu til að undirstrika að það er þingið en ekki einstakur ráðherra sem á að geta breytt grundvallaratriðum varðandi skipan Stjórnarráðs Íslands.

Í þessum umræðum í hv. Ed. komu fram margar brtt. frá hv. 4. þm. Reykn., Pétri Benediktssyni. Hann fagnaði því sérstaklega að það væru skýr ákvæði um það hvað ætti að heyra undir hvert ráðuneyti og varðandi það ef gamla ástandið héldi áfram, sagði þm., með leyfi forseta: „Það mundi því halda við því óþurftarástandi sem verið hefur núna um allmörg undanfarin ár að ráðuneyti hafa verið klofin oft í mjög marga hluta og sami ráðuneytisstjóri þurft að þjóna ekki aðeins tveimur herrum, sem þykir nógu erfitt, heldur þremur og jafnvel fjórum í sömu ríkisstjórninni."

Nú geri ég ráð fyrir því að lagaspekingar núverandi ríkisstjórnar mundu segja sem svo: Hér er ekki verið að setja málið þannig upp að sami ráðuneytisstjórinn eigi að þjóna mörgum ráðherrum. En meginatriðið er það að það er í raun og veru verið að opna leið til að taka svo að segja öll verk undan ráðuneyti og ráðuneytisstjóra og flytja þau inn í eitthvert annað ráðuneyti ef pólitísk nauðsyn krefur, burtséð frá efni málsins.

Í þessum umræðum tók einnig til máls hv. þáverandi þm. Ólafur Jóhannesson og styður hann þessa grundvallarbreytingu sem gerð er á lögunum um Stjórnarráð Íslands með nákvæmlega sömu rökum og hæstv. þáverandi forsrh. Með nákvæmlega sömu rökum. Og ég get kannski endurtekið fyrri spurningu mína hér: Hvar eru þau lagatröll, hvar eru þeir lagasnillingar, lögspekingar, mér liggur við að segja nóbelsverðlaunahæfir, sem láta sig hafa það að henda í ruslakörfuna með einu handbragði áliti Bjarna Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar? Hvar skyldu þessir lagasnillingar vera? Svo mikið er víst að ég hef ekki orðið var við þá hér á hv. Alþingi í seinni tíð.

Í þessum umræðum var það rætt hvort setja ætti utanríkisviðskiptin undir utanrrn. Það var rætt. Og hæstv. þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, sagði um það mál sérstaklega, með leyfi forseta: „Ég vil þó taka fram að ég er honum [þ.e. Ólafi Jóhannessyni] ósammála í því efni er hann taldi að utanríkisráðuneytið og viðskiptamálaráðuneytið ætti að vera eitt og hið sama. Ég tel að slíkt sé ekki framkvæmanlegt. Hvort sem menn vilji hafa ráðuneytin mörg eða fá þá hljóti viðskiptamálaráðuneytið ætíð að fjalla um ýmis mál sem ekki með nokkru móti verða talin eðli sínu samkvæmt heyra undir utanríkisráðuneytið."

Þetta var enn tilvitnun í Bjarna Benediktsson.

Þá kem ég að afgreiðslu mála og endurtek það sem ég sagði áðan: Brtt. Jóns Þorsteinssonar var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 7 hér í þessari deild, fer síðan aftur til Nd. og er samþykkt þar samhljóða. Eins og oft vill verða hér í þessari virðulegu deild voru þessar umræður um Stjórnarráð Íslands ekki aðeins þurrar „júrídískar" umræður heldur líka skemmtilegar umræður og einkum og sér í lagi er gaman og fróðlegt að fylgjast með orðaskiptum þeirra bræðra, hv. 4. þm. Reykn. Péturs Benediktssonar og hæstv. forsrh. Bjarna Benediktssonar. Ég ætla aðeins að leyfa mér í þessari yfirferð að vitna í hv. þm. Pétur Benediktsson en hann flutti margar brtt. sem hæstv. forsrh. sagði að fjölluðu mest um smekksatriði. Og hæstv. forsrh. og formaður Framsfl. Ólafur Jóhannesson lögðust alveg sérstaklega gegn þessum tillögum af því að þær fjölluðu um smekksatriði. Hv. þm. Pétur Benediktsson sagði m.a.:

„Bæði hæstv. forsrh. og hv. formaður Framfl. höfðu í sínum ágætu og mjög svo samdóma ræðum í málinu við 2. umr. sérstakan ímugust á öllum

smekksatriðum við afgreiðslu þessa máls og skal þó hætta á það að fara ofurlítið lengra í því efni." — Síðan segir hann að hann ætli að leggja til nokkrar breytingar á þessu frv. um Stjórnarráðið, smekksatriði, og m.a. ætli hann að leggja til að orðinu „mála" verði bætt inn í heiti menntaráðuneytisins og það verði látið heita menntamálaráðuneyti, eins og það heitir í dag, en bætir við, með leyfi forseta: „Ég ætla t.d. ekki að leggja til að fjármálaráðuneytið verði kallað fjárráðuneytið enda er ég hræddur um að viss ráðherra mundi þá heimta stjórnina yfir því og það yrði deild undir landbúnaðarráðuneytinu."

Þeir sem muna þessa tíma átta sig á því að hverju þarna er verið að víkja. Þetta nefni ég til marks um það að það er engin nýlunda að menn geri sér gaman að málum stundum hér í þessari virðulegu deild.

Hvernig væri að fá eitthvað af þessum ráðherrum hér í salinn, forseti? Þeir eru kannski að kaupa rakettur eða efna í brennu eða undirbúa sig fyrir áramótaskaupið? (**HBl:** Er ekki þm. fullsæmdur af þeim stjórnarliðum sem hér eru mættir í deildinni?) Vissulega og mér þykir leitt ef ég hef sært hv. 2. þm. Norðurl. e. en menn þurfa auðvitað að sinna mörgum skyldustörfum á þessum örlagaríku tímum eins og eðlilegt er, sérstaklega þegar verið er að ákveða fiskveiðistefnuna í Tímanum eins og hún leggur sig.

Þessi mál varðandi Stjórnarráðið voru tekin til meðferðar hér í þinginu eins og ég gat um, annars vegar í október og hins vegar í maí og ég ætla að nefna hér eina brtt. frá hv. þm. Pétri Benediktssyni sem var felld. Það var 2. brtt. hans á þskj. 718 við 6. gr. frv. þeirri brtt. lauk með þessum orðum: „Að öðru leyti kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneyta í deildir." Þessi brtt. á þessum stað var felld við atkvæðagreiðslu með 11 atkvæðum gegn 5. Eftir stendur í lögunum þessi grein: „Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum." Hvað þýðir þetta? Það þýðir að viðkomandi fagráðherra getur ákveðið hvernig hann skiptir verkefnum í sínu ráðuneyti. Þegar ég fór með félmrn. gerðist það t.d. að sett var reglugerð um vinnumáladeild félmrn. og deild félmrn. um málefni fatlaðra. Hér er m.ö.o. ekki lagaheimild til þess að forsrh. skipti verkum öðruvísi innan hvers ráðuneytis fyrir sig.

Í 8. gr. stjórnarráðslaganna segir aftur á móti: „Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt að ráðuneyti lúti málefni sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr."

M.ö.o. er reglugerðarvald ráðherra með þessari gr. og umræðum um málið, nál. og grg. stórkostlega takmarkað og þingið samþykkir að fella niður málsgreinar úr 6. gr. frv. með 8 atkvæðum gegn 7 sem í raun og veru opna það svið fyrir ráðherra sem nú var notað, án þess að lögin í raun opnuðu þann möguleika eftir að Alþingi hafði tekið sína ákvörðun vorið 1969.

Ég vil, herra forseti, ljúka þessari yfirferð yfir þessi grundvallaratriði með því að minna á ný á þá ræðu sem hæstv. þáverandi forsrh. hélt og ég vitnaði í hér áðan þar sem það er afdráttarlaust tekið fram að reglugerðarvald ráðherra er mjög takmarkað eftir anda þessara laga. Mjög takmarkað. Almennt séð er það mjög takmarkað, en svo hitt, sem gerist að auki, að fráfarandi forsrh. breytir verkaskiptingu ráðherra í næstu ríkisstjórn á eftir, það er fordæmalaust. Það er algjörlega fordæmalaust. Ef þessi vinnubrögð verða áfram við lýði þá er hægt samkvæmt lagatúlkun núverandi ríkisstjórnar að flytja hvaða mál sem er hvert sem er í Stjórnarráðinu. Eða vill einhver rökstyðja eftir þessa reglugerð hvaða takmarkanir eru á því, hvað er það sem forsrh. getur í raun og veru ekki flutt eftir að þessi reglugerð var gefin út?

Ég held, herra forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að bæði ráðherrar og þingmenn temji sér vissa lágmarksvirðingu fyrir ákveðnum grundvallarlögum lýðveldisins. Ég held að þegar kemur að setningu reglugerða um lög um Stjórnarráð Íslands, reglugerða á grundvelli laga um Hæstarétt eða breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, þá eigi menn að segja sem svo: Hér vöndum við okkur. Hér leggjum við okkur fram. Hér förum við í saumana á hlutunum. Hér kynnum við okkur viðhorf löggjafans og ef eitthvað, þó lítið sé, orkar tvímælis en ríkisstjórn vill engu að síður koma því fram, þá flytur hún um það frv. og lætur reyna á það hvort þingmeirihlutinn breytir lögunum en menn reyna ekki á þanþol laganna með reglugerðarútgáfu eins og þessari sem er mikið vafamál að standist lög og er örugglega ekki í samræmi við anda stjórnarráðslaganna og vilja löggjafans þegar stjórnarráðslögin voru sett.

Hér erum við, herra forseti, að ræða um stjfrv. um útflutningsleyfi o.fl. og sem 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. hef ég gefið út nál. á þskj. 456 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpi þessu verði hafnað. Til að undirstrika þá afstöðu leggur 1. minni hl. til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að reglugerð um breytta verkaskiptingu ráðherra frá 8. júlí sl. verði afnumin og að í frumvarpinu verði kveðið á um að viðskiptaráðuneyti fari með útflutningsmálin, svo sem verið hefur, í staðinn fyrir utanríkisráðuneyti.

Fyrsti minni hl. mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í framsöguræðu, en meginrök hans eru þessi:

1. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að meðferð útflutningsmála verði einfaldari í meðferð utanríkisráðuneytis en í meðferð viðskiptaráðuneytis.

2. Bent hefur verið á að frumvarpið og reglugerð forsætisráðherra frá 8. júlí sl. brjóti í bága við anda stjórnarráðslaganna í grundvallaratriðum.

3. Bent hefur verið á að flutningur utanríkisviðskipta í utanríkisráðuneytið hafi það í för með sér að útflutningsverslun og innflutningsverslun verði ekki

lengur í sama ráðuneyti, en í lögunum um Stjórnarráð Íslands er byggt á þeirri meginforsendu að skyldum málum sé skipað saman í Stjórnarráðinu.

4. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að útflutningsverslun verði skilvirkari undir utanríkisráðuneytinu en viðskiptaráðuneytinu.

Í rauninni liggja engin rök fyrir breytingunni önnur en pólitísk „rök", þau að nauðsynlegt hafi verið fyrir stjórnarflokkana að láta Steingrím Hermannsson hafa utanríkisverslunina til þess að hann sætti sig við að vera ekki forsrh. áfram. Þau „rök" telur 1. minni hl. svo léttvæg að hann telur enga ástæðu til að fallast á frv."

Nál. er undirritað af þeim sem hér stendur.

Það væri gott ef hæstv. sjútvrh. skilaði sér bráðum í deildina sína, hæstv. forseti, því að ég vildi ræða aðeins við hann um útflutningsatvinnuvegina.

Í samræmi, herra forseti, við það nál. sem ég hef kynnt flyt ég þrjár brtt., í fyrsta lagi að reglugerð forsrh. nr. 64/1987, um breyting á reglugerð nr. 96 31. des. 1969, um Stjórnarráð Íslands, verði numin úr gildi og í öðru lagi að í stað orðsins „utanríkisráðuneyti", sem er í frv. um útflutningsleyfi, komi orðið viðskiptaráðuneyti.

Nú er það vissulega svo að á þessum tímum sem við erum stödd á eru blikur á lofti að því er varðar stöðu útflutningsins í landinu, einkum og sér í lagi sjávarútvegsins en einnig margra iðnfyrirtækja í landinu. Ég hef undir höndum nýjar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandi ísl. samvinnufélaga um stöðu útflutningsatvinnuveganna núna í lok ársins 1987. Og ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, þar sem menn hafa ákveðið að taka þetta mál til umræðu, að staða útflutningsatvinnuveganna verði nokkuð rædd. — Ætli sjútvrh. sé í húsinu? (**Forseti:** Ég á von á því að svo sé.)

Í gærmorgun komu á fund fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar fulltrúar frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sjávarafurðadeild, og frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þegar þeir gengu af fundi bað ég þá um upplýsingar um stöðu útflutningsgreinanna núna við áramótin og í dag barst mér bréf frá Benedikt Sveinssyni, starfsmanni sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, þar sem koma fram satt að segja ógnvekjandi og fróðlegar upplýsingar um stöðu útflutningsgreinanna núna um áramótin.

Í þessum upplýsingum kemur fram að menn bera saman annars vegar hækkun erlendra gjaldmiðla, þ.e. gengisvog, og hins vegar kostnaðarhækkanir innan lands, lánskjaravísitölu, á tímabilinu frá 1980 til september 1987. Ef tekin er þróunin í gengi annars vegar og lánskjaravísitölu hins vegar á árabilinu frá miðju ári 1980 til miðs árs 1985 er hlutfall hækkana, gengis annars vegar og lánskjaravísitölu hins vegar, 1 á móti 1,3. Sjávarafurðadeildin segir um þetta: Hér er þetta hóflegt, einn skammtur af gengisaðlögun á móti 1,3 skammti af verðbólgu.

Síðan er tekinn samanburður frá miðju ári 1985 fram á mitt ár 1986. Þar er hlutfallið framleiðsluatvinnuvegunum í óhag orðið 1 á móti 1,6. Síðan er tekið tímabilið desember 1985 til desember 1986. Þá er hlutfallið útflutningsatvinnuvegunum í óhag orðið 1 á móti 2,4. Svo er tekið hlutfallið 1986 í september til 1987 í september. Þá er hlutfallið orðið 1 á móti 7,3. M.ö.o. meðan gengisbreytingin er 2,7, gengisvogin breytist um 2,7, hækkar lánskjaravísitalan um 19,7 eða 7,3 sinnum meira en gengisbreytingunni nemur á sama tíma og hér segja þeir sambandsmenn í þessu plaggi sem ég hef undir höndum: Hér keyrir um þverbak. Einn skammtur af gengisaðlögun á móti rúmlega sjö skömmtum af verðbólgu.

Hérna er verið að lýsa þróun útflutningsatvinnuveganna, eða frystingarinnar sérstaklega, í einu mesta góðæri sem yfir þjóðina hefur gengið. Hér er verið að lýsa ástandinu eins og það í raun og veru var þrátt fyrir glansmyndir stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar. Fyrir síðustu kosningar lýstu stjórnarflokkarnir því yfir að verðbólgan yrði með sama áframhaldi komin niður í eins stafs tölu í lok þessa árs. Hagfræðingar Háskólans, eins og Þráinn Eggertsson og Þorvaldur Gylfason, nefndu miklu hærri tölur, töluðu um 30–40% verðbólgu í lok ársins 1987 og þegar við stjórnarandstæðingar nefndum þessar tölur á síðasta þingi eftir Þorvaldi Gylfasyni og Þráni Eggertssyni var það auðvitað talið bara til marks um enn eitt svartagallsrausið og ruglið í stjórnarandstöðunni og ekkert á því að byggja. Ég man eftir að hæstv. núv. utanrrh. sagði einhvern tímann: Ja, svona gæti þetta kannski orðið ef landið væri alveg stjórnlaust. Alveg stjórnlaust. Hann hélt ekki að það væri þannig, aldeilis ekki.

Niðurstaðan er sú að verðbólgan í lok þessa árs er margfalt meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi ársins og ef verðbólgan væri nú reiknuð upp eins og verðbólgan í júní 1983 þegar fyrrv. ríkisstjórn tók við og menn sögðu 130 eða 160% eða guð veit hvað þegar þeir náðu sér sem best á strik í að reikna út tölurnar, tóku júnímánuð 1983 og margfölduðu hann upp tólf sinnum. Ef verðbólgan í dag væri reiknuð upp með svipuðum hætti erum við hér komin með verðbólgu sem er á bilinu 40–50% þrátt fyrir miklu lægra kaup á tímann. Kaupmáttur kauptaxta er miklu lægri en hann var þá.

Mér hefur einnig borist frá sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga yfirlit yfir verðbólgu og gengisþróun í samkeppnislöndum okkar erlendis, þ.e. í Kanada, Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, Sviþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. Þar kemur fram verðbólgan á tólf mánaða bili, þ.e. frá desember 1986 til desember 1987 hjá okkur en október 1986 til október 1987 hjá öðrum. Tölurnar eru þessar:

Kanada: verðbólga 4,3%. Lækkun bandaríkjadollars á sama tíma um 5,1% gagnvart kanadískri mynt.

Frakkland: verðbólga 3,1%. Lækkun bandaríkjadollars á sama tíma 13,2%.

Vestur-Þýskaland: verðbólga 1%. Lækkun bandaríkjadollars á sama tíma 16,2%.

Svíþjóð: verðbólga 5,1%. Lækkun bandaríkjadollars á sama tíma 13,2%.

Bretland: verðbólga 4,5%. Lækkun bandaríkjadollars á sama tíma um 21,4%.

Ísland: verðbólga 22,3% á þessum tíma, þ.e. frá desember til desember. Lækkun bandaríkjadollars um 10,7%.

M.ö.o.: Það er sagt við útflutningsgreinarnar: Meðan kostnaðaraukningin innan lands er 22,3% og dollarinn lækkar um 10,7% skuluð þið vesgú bara standa í lappirnar og hafa það huggulegt. Auðvitað gengur þetta ekki. Auðvitað gengur þetta ekki upp. Og þó að menn sýni einhverjar tölur um hagstæðan ríkissjóð er það eins og byggt á sandi og ekkert annað.

Sigurður Markússon framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambandsins setti þetta dæmi aðeins öðruvísi upp fyrir mig og afhenti mér tölur um það sem hann kallar misvísun verðbólgu og gengis í þessum löndum.

Í Kanada er þessi misvísun verðbólgu og gengis, sem ég var að tala um áðan, 9,4%, í Frakklandi 16,3%, í Vestur-Þýskalandi 17,2%, í Svíþjóð 18,3%, í Bretlandi 25,9% á Íslandi 33%. Misvísun kostnaðarbreytinga og gengisbreytinga á þessum tíma er 33% meðan hún er 9,4% í Kanada sem er aðalsamkeppnisland okkar á Bandaríkjamarkaði. Misgengið hjá okkur er 3,5 sinnum meira en hjá Kanadamönnum, hörðustu samkeppnisaðilum okkar á fiskmarkaði í Bandaríkjunum um þessar mundir.

Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh. spurninga, ef hann má heyra mál mitt, þegar staðan er þessi: Hvaða hugmyndir hefur ríkisstjórnin um það að bæta úr þessum vanda og koma til móts við þennan vanda útflutningsatvinnuveganna? Hverjar eru þær tillögur sem hin stefnufasta ríkisstjórn og sjútvrh. hennar hafa um það að taka á þessum vanda útflutningsatvinnuveganna? Hvað verður það sem á að gera?

Ég tek mikið mark á Sambandi ísl. samvinnufélaga eins og komið hefur fram í máli mínu. Það veit ég að hæstv. ráðherra gerir líka. Hins vegar kunna að vera til menn í hv. deild sem eru ekki eins trúaðir á Sambandið eins og við, ég og hæstv. ráðherra. Þess vegna aflaði ég mér líka gagna frá Þjóðhagsstofnun sem ég veit að er alveg sérstaklega vinsæl í þessari deild, einkum og sér í lagi hjá hv. 8. þm. Reykv. Hvað segir Þjóðhagsstofnun um þessa afkomu útflutningsatvinnuveganna? Hún segir að hallinn á frystingunni núna sé talinn vera 7,3–8,7%, virðulegi forseti, miðað við gengisskráninguna 37,20 í dollar. Hver er hún núna? 35,70 ef ég man rétt, eitthvað þar í kring. Þýðir m.ö.o. að á forsendum Þjóðhagsstofnunar er hallinn á frystingunni orðinn 10–12%. Ég hygg að Sölumiðstöðin mundi nefna töluna 12, ég hygg að Þjóðhagsstofnun mundi nefna töluna 10. Einhvers staðar á því bili er hallinn á frystingunni núna. Ég ítreka þess vegna þá spurningu sem ég bar fram fyrir hæstv. sjútvrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að koma til móts við þennan mikla vanda, hrikalega vanda sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga við að glíma?

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að tefja fundi þessarar deildar með löngum ræðuhöldum. Ég vildi hins vegar koma á framfæri eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Ég tel að reglugerðin sem gefin var út í sumar um breytingar á reglum um Stjórnarráð Íslands sé hæpin, standist tæplega eða ekki anda stjórnarráðslaganna með tilliti til vilja löggjafans á þeim tíma.

2. Ég tel að frv. sem hér eru til meðferðar séu óþörf, ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að það séu nein efnisleg rök með málinu önnur en þau að það hafi þurft að leysa pólitíska hnút í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar.

3. Ég tel að óhjákvæmilegt sé að hér komi fram hvað það er sem hin stefnufasta ríkisstjórn og sjútvrh. hennar ætla að gera varðandi þann hrikalega vanda sem nú er uppi hjá útflutningsatvinnuvegunum og ég hef lýst upp úr gögnum frá Þjóðhagsstofnun og tölum sem ég fékk í dag frá Sigurði Markússyni hjá sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.

Ég legg því til, virðulegi forseti, að í þessari umræðu fáum við svör við fram komnum spurningum, að frv. verði síðan fellt, það er óþarft, bæði málin felld vegna þess að ég held að þau séu best geymd í viðskrn. um sinn. Það er auðvitað hugsanlegt að flytja þessi mál einhvern tímann á milli sem hluta af heildarendurskoðun á lögunum um Stjórnarráð Íslands en það á ekki að gera svona mál, grundvallarmál, að skiptimynt í stjórnarmyndunarviðræðum flokka sem eru að reyna að koma sér saman í þröngri stöðu.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. hv. Ed. sem kemur fram á þskj. 461. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa nál.:

„Við myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var gert samkomulag milli stjórnarflokkanna þess efnis að málefni utanríkisviðskipta skyldu færast yfir til utanríkisráðuneytisins, en þau hafa fram til þessa verið undir stjórn viðskiptaráðuneytisins.

Þessi breyting hefur að hluta til þegar átt sér stað. Þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, breytti reglugerð um Stjórnarráð Íslands á síðasta starfsdegi fráfarandi ríkisstjórnar, 7. júlí sl., í þá veru að verkefni á sviði utanríkisviðskipta skyldu flytjast frá viðskiptaráðuneytinu yfir til utanríkisráðuneytisins. Einungis er eftir að breyta lögum um útflutningsleyfi og Útflutningsráð til þess að þessi nýja verkaskipting hafi náð fram að ganga.

Þessi ráðstöfun hefur þótt orka mjög tvímælis. Hefur einkum verið gagnrýnt að slíka breytingu á starfsemi Stjórnarráðs Íslands bæri að með þessum hætti. Eðlilegra væri að slík breyting ætti sér stað samfara heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu og þá á grundvelli þingræðislegrar meðferðar á Alþingi,

en ekki í tengslum við pólitísk hrossakaup. Þá hefur ekki verið bent á nein efnisleg rök fyrir því að þessi breyting væri skynsamleg, svo ekki sé talað um nauðsynleg.

Á fund nefndarinnar komu nokkrir fulltrúar útflutningsgreina og fulltrúi frá viðskiptaráðuneytinu. Af viðbrögðum og svörum þessara aðila má ráða að þeir ýmist sjá ekki ástæðu til þess að gera þessa breytingu eða telja að það megi reyna þetta í tilraunaskyni án þess að brýna nauðsyn beri til. Öllum aðilum ber saman um það að útflutningsmálin hafi verið í góðum höndum hjá viðskiptaráðuneytinu og að ekkert sé upp á starfsemi þess á þeim vettvangi að klaga.

Þá kom það m.a. fram að viðskiptaráðuneytið hefur um langan tíma haft beint samband við öll sendiráð Íslands erlendis og sendiráðin að sama skapi beint samband við viðskiptaráðuneytið. Því er þessi breyting ónauðsynleg hvað það varðar að betur þurfi að tengja saman starfsemi sendiráðanna og stjórn utanríkisviðskipta á Íslandi. Hins vegar kom það sjónarmið fram að verið gæti að með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, væri hætta á því að verslunarhagsmunir og pólitískir hagsmunir gætu stangast á þegar hvort tveggja verður undir stjórn utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var bent á að innflutningsverslunin verður eftir sem áður undir stjórn viðskiptaráðuneytisins. Þar með er komin upp sú sérkennilega staða að fulltrúar viðskiptaráðuneytisins munu t.d. semja um olíukaup af Rússum en fulltrúar utanríkisráðuneytisins stjórna samningagerð varðandi sölu á útflutningsafurðum. Verður að telja að þetta fyrirkomulag sé óheppilegt. Eðlilegra væri að eitt og sama ráðuneytið sjái um útflutnings- og innflutningsverslunina.

Af framansögðu er ljóst að engin efnisleg rök mæla með þeirri breytingu á skipan mála sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að færa utanríkisviðskiptin yfir til utanríkisráðuneytisins. Því er 2. minni hl. andvígur þessari breytingu."

Nál. undirritar sá sem hér stendur.

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um þetta frv. til laga um útflutningsleyfi o.fl. var töluvert fjallað um efnisatriði frv., þ.e. um útflutningsleyfin sem slík og fóru fram málefnalegar umræður um það hvort útflutningsverslunin skyldi vera frjáls eða hvort hún skyldi vera háð leyfum. Það kom skýrt fram við þá umræðu að ekki bæri að ræða þetta efnisatriði frv. þar sem fyrst og fremst væri verið að fjalla um að færa meðferð þessara mála yfir til utanrrn. frá viðskrn. Engu að síður notuðu virðulegir þm. í hv. deild tækifærið til þess að ræða og fjalla ítarlega um útflutningsleyfi og útflutningsverslun Íslendinga og sögulega þróun sem hefur orðið undanfarna áratugi varðandi utanríkisverslunina. Það er ekki þörf á að endurtaka þá umræðu hér en mig langar til að fara nokkrum orðum um ástæðuna fyrir því að nú er verið að flytja þessi verkefni frá viðskrn. yfir til utanrrn.

Við stjórnarmyndunina í sumar sem leið var mjög áberandi hvað það var ofarlega á dagskrá hjá núverandi stjórnarflokkum að ráðstafa ýmsum embættum og völdum. Hinum almenna áhorfanda kom það svo fyrir sjónir að það væri aðalatriði stjórnarmyndunarviðræðnanna hverjir yrðu ráðherrar, hverjir yrðu væntanlegir bankastjórar, hverjir yrðu formenn áhrifamestu nefndanna og reyndar ýmissa annarra stjórna og ráða á vegum ríkisvaldsins. Það var mjög greinilegt að þetta virtist vera aðalatriðið í stjórnarmyndunarviðræðunum, enda kom á daginn að það reyndist nauðsynlegt að fjölga ráðherrum frá tíu upp í ellefu og þótti nú ýmsum nóg fyrir og hefur áður verið vikið að þessu í umræðum hér í hv. deild, þessari öfugþróun að þetta litla land sem aðeins telur um 250 þús. íbúa skuli þurfa að burðast með ríkisstjórn með ellefu ráðherrum. Minna má nú gagn gera og hefur oft verið minnt á að kannski ein affarasælasta ríkisstjórn sem hér hefur verið við völd, þ.e. viðreisnarstjórnin allan 7. áratuginn, lét sér nægja að hafa sjö ráðherra og þótti ýmsum það þó of mikið. Það hafa margir bent á að því fleiri sem ráðherrarnir eru, þeim mun erfiðar gengur að stjórna landinu og það er víst engin vitleysa því að það hefur mjög berlega komið í ljós síðustu vikurnar hvað gengur erfiðlega að stjórna landinu.

Á bifreið eins hæstv. ráðherrans sem var lagt í Austurstræti fyrir framan einn bankann í morgun var búið að líma miða á afturrúðuna og þar gat að líta svohljóðandi orðsendingu: „Við brosum við stýrið, það gerir ríkisstjórnin einnig."

Já, ég get séð það fyrir mér að ríkisstjórnin brosi við stýrið. Svo björguleg eru málin í höndum núv. ríkisstjórnar að það er ástæða til að brosa. Það er allt í uppnámi á hv. Alþingi. Málin komast ekki í gegn vegna þess hvað þau eru illa undirbúin og klaufalega fram sett og allt of seint komin til kasta hér á hv. Alþingi og annað er eftir þessu þannig að það er full ástæða fyrir hæstv. ráðherrana að brosa við stýrið.

Þessi breyting sem lögð er til, að færa utanríkisverslunina yfir til utanrrn., hlýtur vægast sagt að orka mjög tvímælis. Það er raunar mjög athyglisvert að það hafa engin rök verið færð fyrir því að þetta sé nauðsynlegt, enda var mjög fróðlegt að hlusta á álit þeirra fulltrúa útflutningsgreina og eins ráðuneytisstjórans í viðskrn. á þessari ráðstöfun. Það var augljóst að sumir hverjir sem komu til fundar hjá hv. fjh.- og viðskn. voru stjórnarsinnar og þeir áttu því erfitt með að lýsa því eindregið yfir að þeir væru mótfallnir þessari breytingu. Þeir gátu þó ekki samvisku sinnar vegna lýst því yfir að þeir væru hlynntir þessari breytingu eða teldu hana nauðsynlega. Það kom fram hjá þessum ágætu fulltrúum útflutningsgreinanna sem við ræddum við að þeir gætu út af fyrir sig samþykkt að þessi tilraun yrði gerð án þess þó að þeir sæju beinlínis ástæðu til þess. Þeir settu sig hins vegar ekki gegn því að slík tilraun væri gerð. Annað fékkst ekki raunverulega togað upp úr þessum ágætu mönnum þó að þeir segðu okkur ýmislegt annað fróðlegt sem kom fram í þeim viðræðum sem við áttum við þá. (**Forseti:** Ég vil

biðja hv. ræðumann að gera hlé á máli sínu. Það hefur verið gert hálftíma hlé á fundi Nd. vegna þingflokksfunda og þess er farið á leit að það sama gerist í þessari hv. deild. Það verður gert hálftíma hlé á fundi deildarinnar.) — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var að lýsa þeim viðræðum sem við áttum við ýmsa fulltrúa útflutningsatvinnuveganna. Í þeim viðræðum kom margt mjög athyglisvert fram. Reyndar hefur hv. 7. þm Reykv. gert ágæta grein fyrir þeim vandamálum sem blasa við útflutningsatvinnugreinunum, en ég bæti kannski aðeins við.

Það var mjög fróðlegt að heyra álit þessara ágætu manna sérstaklega á hinum stóra markaði fiskafurða í Bandaríkjunum. Þeir óttast mjög um þennan markað og hafa áhyggjur af þeirri þróun mála sem verið hefur undanfarið. Eins og kom réttilega fram í máli hv. 7. þm. Reykv. hefur frystingin átt mjög erfitt uppdráttar seinni hluta ársins vegna þess að bandaríkjadalur hefur hríðlækkað í verði og er kominn niður fyrir 36 kr. samkvæmt nýjustu gengisskráningu, en verðbólga innan lands og allur tilkostnaður hefur aukist verulega. Það mun vera orðin rúmlega 30% breyting til hins verra fyrir frystinguna sem þar af leiðandi er nú rekin með miklu tapi.

Það sem mér þótti fróðlegast að heyra hjá þessum ágætu mönnum var hin mikla framsókn Kanadamanna á þessum mörkuðum. Kanadamenn eru nú mjög umsvifamiklir á Bandaríkjamarkaði með fiskafurðir og er stutt í land með að þeir nái svipuðum gæðum á sínum frystu fiskafurðum og Íslendingar hafa verið frægir fyrir um langa tíð, en íslenski fiskurinn á Bandaríkjamarkaði hefur verið talin mesta gæðavara sem völ hefur verið á varðandi frystar fiskafurðir. Þessir ágætu fulltrúar okkar sem við hittum í morgun telja að það sé stutt í land með að Kanadamenn nái okkur hvað þetta atriði varðar.

Þá hefur ríkisstjórnin í Kanada tekið mjög myndarlega á málum fiskútflytjenda, útgerðaraðila í Kanada, þannig að þeir hafa styrkst mjög. Risastór fyrirtæki eru komin til sögunnar í Kanada sem flytja frystar fiskafurðir á Bandaríkjamarkað. Var okkur sagt að um væri að ræða útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslufyrirtæki sem hefðu yfir að ráða tugum togara og væri í vændum gífurleg framsókn þessara aðila á Bandaríkjamarkað. Þess vegna fyndist mér og eflaust fleirum að meiri ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessu en hvaða ráðuneyti fer með yfirstjórn þessara mála, að eyða heldur meiri tíma í það að ræða með hvaða hætti við gætum styrkt þessar útflutningsgreinar okkar, einkum og sér í lagi reynt að styrkja stöðu þeirra á Bandaríkjamarkaði, en eyða minni tíma og hafa ekki eins miklar áhyggjur af því hvaða ráðuneyti stjórnar þessum málum, sérstaklega þegar svör allra þeirra sem hlut eiga að máli eru á sama veg, að hvorki sé þessi breyting beinlínis nauðsynleg né brýnt að huga að henni þessa stundina.

Þá kom það fram, sem mér þótti afar fróðlegt, að viðskrn. hefur um langa tíð haft beint samband við öll sendiráð Íslands erlendis. Það hefur oft verið talað um að sendiráðin íslensku sinni afar illa verslunar- og viðskiptalegum hagsmunum Íslendinga á erlendri grund. Sú gagnrýni hefur heyrst að sendiráðin séu fyrst og fremst að vafstra í sambandi við pólitísk málefni og fulltrúar okkar á erlendri grund hafa verið sakaðir um það að sinna meira veisluhöldum en að leita uppi markaði fyrir afurðir okkar og sinna viðskiptalegum hagsmunum okkar. Ég hygg að þetta sé ósanngjarnt að mörgu leyti því að í utanríkisþjónustunni er margt hæfra manna sem hafa haft augun opin í gegnum árin fyrir bæði mörkuðum og viðskiptalegum hagsmunum. Einnig hefur oft verið talað um að þessir aðilar séu undir stjórn utanrrn. og utanrrh. og það geti verið of löng leið yfir í viðskrn. þar sem stjórn hinna viðskiptalegu hagsmuna fer fram.

Það kom fram í viðræðum við ráðuneytisstjóra viðskrn. í morgun að um langan aldur hefur viðskrn. haft beint samband við sendiráð Íslands erlendis. Skapast hefur sú venja og sú hefð að bréfaskipti milli viðskrn. og sendiráðanna eru bein, en afrit af slíkum bréfaskiptum eru síðan ævinlega send utanrrn. til athugunar svo að því er svo sannarlega ekki haldið utan við slík bein tengsl. Því fer fjarri. Það er því ekki nauðsynlegt að flytja utanríkisverslunina yfir til utanrrn. vegna þess að viðskrn. hefur alla tíð haft þessi beinu samskipti við sendiráðin og sendiráðin sömuleiðis bein samskipti við viðskrn.

Annars er það kapítuli út af fyrir sig að velta fyrir sér með hvaða hætti við höfum byggt upp utanríkisþjónustuna og hvernig við höfum staðsett sendiráð okkar erlendis. Það hefur oft verið gagnrýnt að við höfum valið sendiráðum okkar stað lítt með hliðsjón af markaðssókn og viðskiptalegum hagsmunum en byggjum fremur á gömlum hefðum, jafnvel arfi frá þeim tíma þegar við vorum í ríkjasambandi við Danmörku. Þannig höfum við haft sendiráð á öllum Norðurlöndunum nema í Finnlandi. Við erum með sendiráð í þremur Evrópulöndum þar fyrir utan, í London, París og Bonn. Síðan höfum við að sjálfsögðu sendiráðið í Moskvu og svo sendiráðið í Bandaríkjunum.

Hinum stóra markaði í Austurlöndum fjær hefur verið sinnt algjörlega frá Íslandi. Við höfum að vísu sendiherra, sem er með búsetu á Íslandi en gegnir embætti sendiherra okkar í Austurlöndum fjær, en ég hef oft velt því fyrir mér hvort þetta sé nóg. Það hefur verið talað um að það sé of dýrt að reka sendiráð í Austurlöndum fjær. Þetta hefur vissulega verið kannað. Þegar ég dvaldist árlangt við nám í Tókýó fyrir rúmlega 20 árum kynntist ég töluvert þeim sendiráðsstarfsmönnum sem þar voru. Nánast hvert einasta ríki á jarðkúlunni var þar með sendiráð utan Ísland. Það sem mér þótti fyrst og fremst fróðlegt að sjá var að yfirleitt öll ríki, sama hve lítil þau voru, töldu brýna nauðsyn að vera með sendiráð í Tókýó. Svo mikilvægur var þá þegar markaðurinn í Austurlöndum fjær orðinn að mati yfirleitt allra

ríkja nema þá Íslands.

Ég man að mér þótti það afar kyndugt að Vatíkanið og ýmis smáríki voru þarna með sendiráð og svo öll stóru ríkin að sjálfsögðu, en Íslendingar höfðu ekki einu sinni konsúl í Tókýó þegar ég dvaldist þar við nám. Hann kom að vísu ári síðar en hvort hann hefur gert mikið til þess að afla okkur markaða eða gæta viðskiptalegra hagsmuna Íslendinga í þessum heimshluta er mér ókunnugt um.

Hins vegar minnist ég þess að á ferðum mínum á þessum slóðum var ég oft spurður að því hvort ekki væri hægt að komast í verslunarsamband við Íslendinga. M.a. höfðu menn áhuga á því að kaupa af okkur lambakjöt. Og menn höfðu áhuga á því að kaupa af okkur ýmiss konar niðursuðuvörur. En það var alltaf sama sagan. Þeir vissu ekkert hvert þeir ættu að snúa sér því að það voru engir fulltrúar fyrir þetta fjarlæga land í nálægð við þá í þessum fjarlæga heimshluta frá okkar bæjardyrum séð og þar með var að sjálfsögðu ekki leitað frekar eftir slíkum viðskiptum.

Ég minnist þess að hafa dvalist á Filippseyjum, í Manila um skeið og þar voru aðilar sem höfðu mikinn áhuga á því að kaupa niðursoðnar sardínur og spurðust mikið fyrir um það hvernig þeir gætu komist í tengsl við íslenska aðila og keypt af þeim sardínur. Einn mikill verslunarmaður, sem ég kynntist þar, hafði orðið svo frægur að millilenda á Keflavíkurflugvelli einhvern tíma á ferð sinni milli Evrópu og Bandaríkjanna svo að hann vissi nokkuð hvað var að gerast á Íslandi. Honum var m.a. kunnugt um það að við hefðum töluvert sterkan niðursuðuiðnað. Hann sagði mér að það væri flutt gífurlegt magn af niðursuðuvörum til Filippseyja m.a. frá Noregi og hinum Norðurlöndunum og taldi vel athugandi hvort ekki mætti kaupa slíkar vörur af Íslendingum. En því miður vissu þessir menn ekkert hvert ætti að leita. Þeir þekktu ekkert til á Íslandi. Þeir þekktu enga aðila þar og þar af leiðandi var erfitt að koma slíkum viðskiptum á þar sem engir fulltrúar Íslendinga væru í þessum heimshluta sem hægt væri að tala við.

Ég held að nær hefði verið að velta þessum hlutum betur fyrir sér, hvernig við getum verið með framverði alls staðar þar sem von er á markaði fyrir okkar útflutningsatvinnugreinar og reynt að skipuleggja átak í þeim efnum. (**HBl:** Heyrði ekki útflutningur niðursuðuvara undir iðnrn. á þessum tíma?) Jú, það má vel vera að hann hafi gert það, en engu að síður væri hugsanlega hægt að koma á tengslum með verslunarfulltrúum á vegum Íslendinga. Það þarf ekki endilega að vera um það að ræða að við rekum sendiráð með sendiherra í Tókýó t.d. Við gætum einfaldlega verið þar með verslunarsendinefnd og reynt að láta verslunarfulltrúa okkar þar leita uppi slíka markaði. Og bara það að hafa þar fastan fulltrúa sem gerir ekkert annað en að taka við fyrirspurnum þegar einhverjir aðilar erlendis leita eftir viðskiptum við Íslendinga er mikils virði, að þeir geti þó a.m.k. snúið sér til hans, því að það liggur alveg ljóst fyrir að menn í fjarlægum heimshlutum, sem ekkert þekkja til á Íslandi, eiga ekki frumkvæði að því að koma neinum verslunarviðskiptum á við Íslendinga eins og málin standa núna.

Hin Norðurlöndin hafa verið miklu opnari fyrir þessu. Þau hafa sinnt því mjög vel að vera með sendiráð og verslunarfulltrúa víða erlendis. Sérstaklega er athyglisvert framtak Svía sem hafa undanfarin ár verið að ráða svokallaða tæknilega sendifulltrúa við öll sín sendiráð. Þeim er ætlað að fylgjast með tækniþróun í viðkomandi löndum og tryggja að upplýsingar um allar tækninýjungar berist hratt og vel til heimalandsins. Þannig hefur tæknilegur sendifulltrúi Svía starfað í Tókýó líklega ein 15 ár. Hann fylgist með öllu því sem er að gerast hjá Japönum á sviði iðnþróunar og ýmiss konar rannsókna í atvinnulífinu og sér um að koma slíkum upplýsingum jafnharðan til heimalandsins þar sem unnið er úr upplýsingunum og athugað með hvaða hætti þær megi verða til þess að efla innlenda iðnþróun og tryggja að sænskir atvinnurekendur fylgist með því sem er að gerast erlendis. Þarna er gat í okkar utanríkisþjónustu sem mætti reyna að stoppa upp í. Ég ítreka það að það hlýtur að vera hægt að gera miklu betur þarna en við höfum gert hingað til. Ég hef grun um að utanríkisþjónustan sé kannski í besta falli gamaldags. Eins og ég gat um áðan veit ég að fulltrúar okkar í utanríkisþjónustunni gera allir það sem þeir geta og þeir hafa allir verið opnir fyrir því að reyna að finna markaði fyrir okkar afurðir, en það er oft að þeir eru ekki á réttu stöðunum. Svo einfalt er málið.

Þá þótti mér athyglisvert það sem kom fram í viðræðum okkar í nefndinni í morgun, en það er sá klofningur sem verður á innflutningsversluninni og utanríkisversluninni. Það kom fram að innflutningsverslunin verður áfram í viðskrn. og undir stjórn þess. Þannig kemur upp kyndug staða. Við skulum hugsa okkur að það sé verið að semja t.d. um olíukaup af Rússum. Þá er það fulltrúi viðskrn. sem annast slíka samninga. Síðan koma fulltrúar utanríkisþjónustunnar til þess e.t.v. að semja um sölu á afurðum eða gera einhverja viðskiptasamninga við Rússa strax í kjölfar fulltrúa viðskrn. sem hafa verið þar á ferð til að semja um kaup á rússneskum afurðum. Þetta virkar mjög ankannalegt og ég leyfi mér að fullyrða að fæst ríki hafi þennan háttinn á. Ég held að víðast hvar sé í sama ráðuneytinu stjórn á innflutningsversluninni og stjórn á útflutningsversluninni, enda hljóta þessi mál að vera svo nátengd að það er mjög óeðlilegt að þau heyri undir mismunandi ráðuneyti.

Ég ætla að stytta mál mitt. Ég held að ég hafi rakið hér í nokkru og flutt rök fyrir því að sú breyting sem hér er verið að leggja til er aldeilis óþörf og óskynsamleg. Það hefði verið mun betra að leggja vinnu í að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna og vinna að því að reyna að kanna nýjar leiðir, með hvaða hætti við getum sótt fram á öllum mörkuðum með okkar afurðir og með hvaða hætti

við getum tryggt að okkur berist upplýsingar hvaðanæva að úr heiminum um allt það sem er að gerast þannig að við getum fylgst með og við höfum alltaf til reiðu upplýsingar um hvar er von á mörkuðum fyrir afurðir okkar og við höfum menn stöðugt á ferðalagi til að kanna og rannsaka hvort það sé ekki hægt að koma útflutningsafurðum okkar í gott verð. Þó ég vilji ekki lasta þá hefðbundnu markaði sem við höfum unnið okkur á undanförnum áratugum er hins að gæta að það er ekkert eins breytilegt og einmitt utanríkisverslunin. Hún er mjög viðkvæm og hún tekur sífelldum breytingum þannig að öll þjóðfélög sem hafa náð góðum árangri með utanríkisverslun hafa einmitt unnið á þeim grundvelli að hafa allan heiminn sem markaðssvæði og eru síðan sífellt að kanna nýja og nýja möguleika, ný og ný hagsmunasvæði og leita uppi nýja og nýja kaupendur.

Tökum dæmi um markað sem hefur kannski keypt einhverja afurð lengi. Skyndilega hrynur hann. Almenningur kemst upp á lag með eitthvað annað. Það er ekki lengur þörf fyrir þessa ákveðnu afurð sem hugsanlega hefur verið þarna til sölu áratugum saman. Þannig getur útflutningsmarkaður hrunið í einu vetfangi. Þetta þekkja a.m.k. nágrannalönd okkar mjög vel og eru því undir þetta búin. Þar er alltaf verið að leita að nýjum og nýjum mörkuðum. Það er þá annaðhvort hægt að snúa sér að öðrum markaðssvæðum ef það verður hrun á markaði einhvers staðar og/eða fara yfir í nýjar vörutegundir, breyta hugsanlega umbúðum eða reyna að koma á þeirri vöruþróun að varan sé breytileg, það sé ekki alltaf verið að bjóða upp á það sama. Þannig mætti lengi telja.

Það eru slík atriði sem við þurfum að huga miklu betur að. Og í ljósi þess þá virkar það óendanlega lítilfjörlegt að vera að eyða tíma Alþingis í að færa stjórn utanríkisviðskipta yfir til utanrrn. frá því ráðuneyti sem hefur sinnt þessum málum mjög vel í langan tíma og fulltrúar atvinnuveganna og útflytjenda eru sammála um að þeir hafi bókstaflega ekkert upp á þá þjónustu að klaga sem viðskrn. hefur veitt íslenskum útflytjendum.

Með þessum rökum legg ég til og við þm. Borgarafl. í hv. Ed. að þetta frv. verði fellt.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um útflutningsleyfi. Eins og fram hefur komið hjá þeim þm. sem hafa talað á undan mér varð það samkomulag milli stjórnarflokkanna við stofnun þessarar stjórnar að utanríkisviðskipti skyldu vera í utanrrn. og eins og réttilega kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. var gefin út reglugerð þar sem þáv. forsrh., núv. utanrrh., ákvað að utanríkisverslun skyldi vera í utanrrn. Ég fagna því sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv. er hann ræðir um grunnreglur stjórnskipunar Íslands og þá sérstaklega hvort heimilt hafi verið af forsrh. að gefa út þessa reglugerð og þá bæði fyrir myndum stjórnarinnar og eftir myndun stjórnarinnar.

Ég leyfi mér að fullyrða hér og færi rök að því aðeins síðar að þetta hafi ekki verið heimilt. Byggi ég það í fyrsta lagi á því að þegar lög um Stjórnarráð Íslands voru samþykkt á þinginu 1969 var á því byggt að öll viðskipti, bæði innflutnings- og utanríkisviðskipti, skyldu vera í höndum viðskrn. Breyting á þessu kallar á lagabreytingu en ekki reglugerðarbreytingu. Það verður að athuga mjög vel þegar reglugerðir eru settar hvaða heimildir ráðherrar hafa til slíks. Ef þarna hefði verið um að ræða tilfærslur á ákveðnum litlum stofnunum sem enginn eða lítill ágreiningur er um og ekki veigamiklum stofnunum, undir hvaða ráðuneyti ættu að fara, væri þetta heimilt, en þegar um stórkostlega breytingu er að ræða, eins og að færa utanríkisviðskipti úr viðskrn. yfir í utanrrn., kallar það á breytingu á lögum um Stjórnarráðið. A.m.k. þyrfti að bera sérstaklega undir þingið hvort þetta er heimilt.

Það er mjög bagalegt að sjá stundum sett lög, og á þeim tíma sem ég hef starfað hér, í þrjá mánuði, hefur það gerst, þar sem ráðherrum er heimilt að breyta nokkurn veginn flestu því sem lögin segja til um. Í lagasetningu hin síðari ár hefur verið opnað ótæpilega fyrir ráðherra til að setja reglugerðir. Mætti nefna nýlegt dæmi um það úr þessari deild, þ.e. um stjórn fiskveiða. Þar er nánast tekið fram í lögunum á 22 eða 23 stöðum að ráðherra sé heimilt að ákveða nánar í reglugerð um framkvæmd laganna og einnig að setja svokallaðar efnisreglur um ákveðin atriði. Skilningur lögfræðinnar er yfirleitt að lögin marki rammann og síðan er það ráðherra að setja verklagsreglur. En sú löggjöf, sem á síðustu árum hefur verið komið á, er öðruvísi. Hún hrúgar þessu öllu saman og það er enginn greinarmunur gerður á efnisreglum og verklagsreglum.

Þegar lögin um Stjórnarráð Íslands voru sett var þetta mjög skýrt. Þá áttu lögin að marka rammann, en síðan átti með stjórnskipunarlegri reglugerð að ákveða í eitt skipti fyrir öll hvernig þessum málum yrði háttað til framtíðar. Eins og ég sagði áðan: ef það ætti að breyta þessu að verulegu leyti þyrfti Alþingi að fjalla um þá hluti.

Efnislega er hér verið að tala um hvar útflutningsleyfi eigi að vera. Eiga þau að vera í viðskrn. eða eiga þau að vera í utanrrn. eins og frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir? Við þm. Borgarafl. erum á því að þetta eigi að vera áfram í viðskrn. og teljum ekki nein rök fyrir því að færa þetta yfir í utanrrn., enda eru allir þeir sem um þessi mál hafa fjallað sammála því að viðskrn. hafi unnið gott starf á meðan leyfisveitingin var þar. Það er slæmt til þess að vita að einu rökin fyrir því að breyta þessu skuli vera tilkomin vegna eins manns sem gerir kröfur til þessa.

Svo ég víki aftur að Stjórnarráðinu og hvernig lagaheimildir um þetta atriði mælast fyrir hjá Ólafi Jóhannessyni í Stjórnskipun Íslands, þá segir í nýútgefinni bók, endurútgefinni af Gunnari G. Schram:

„Auk laganna um Stjórnarráð Íslands er önnur

meginréttarheimildin á því sviði reglugerðin um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969. Segir þar í 1. gr. að stjórnarmálefni beri undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðarinnar. Er síðan frá því greint hver slík málefni heyra undir hvert ráðuneytanna. Málefni, sem eigi er getið í þeirri upptalningu (2.–14. gr.), skulu lögð til ráðuneytis þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima (15. gr.). Ef vafi leikur á því hvaða ráðuneyti skuli fara með mál, sker forsætisráðherra þar úr. Þegar tiltekin verkefni eru í lögum falin ákveðnu ráðuneyti, þá verður þeirri skipan eigi breytt með forsetaúrskurði eða annarri stjórnarráðstöfun, heldur aðeins með nýrri löggjöf."

Þarna tekur höfundur þessarar bókar, Ólafur Jóhannesson, sem talinn hefur verið okkar fremsti lögfræðingur á sviði stjórnskipunar, skýrt af um það að ef á að breyta er ekki nægilegt að breyta reglugerðinni heldur þarf að breyta löggjöfinni. Ég verð að taka undir með hv. 7. þm. Reykv. að ég skil ekki hvaða lögfræðingar hafa verið til ráðuneytis þegar þetta var ákveðið. Mér finnst í svona tilvikum, þegar um beint brot er að ræða að ég tel, ástæða til að fara nánar ofan í þessa hluti og jafnframt að velta því fyrir sér hvort á fleiri sviðum sé brotið gegn þessum grundvallarreglum hinnar íslenskrar stjórnskipunar. Þá á ég t.d. við það sem ég nefndi áðan um fiskveiðilögsöguna þegar allt er tekið saman, hvort svo víðtækar framsalsheimildir sem þar er um að ræða standist allar ýtrustu kröfur sem gera verður til lagasetningar.

Vonast ég eftir að við, alla vega í stjórnarandstöðunni, getum verið sammála um að athuga þetta nánar. Þó ég efist ekki um að þetta hafi af stjórnarliða hálfu verið að einhverju leyti kannað veit ég að vegna pólitísks þrýstings vítt og breitt sé sá hrærigrautur til kominn að m.a.s. stangast oft á í sömu lögum mismunandi greinar. Rakti ég það um daginn þegar ég talaði um fiskveiðistefnuna að 1. gr. stangaðist á við þá 4. Það er ekki nema eðlilegt að margar lagaþrætur séu uppi þegar um slíkt er að ræða.

En að öðru leyti en því sem ég hef hér rakið vil ég vísa til þess sem fulltrúi Borgarafl., Júlíus Sólnes, sagði um frv. sem hér hefur verið lagt fram. Að sjálfsögðu tek ég undir allt sem hann sagði um afstöðu okkar borgaraflokksmanna. En það væri gaman að spyrja hæstv. utanrrh. hvaða augum hann líti á þá reglugerð sem þarna var gefin út og hvort hann hafi borið þetta sérstaklega undir einhverja lögfróða menn. Þá hef ég ekki meira um þetta að segja að sinni.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Það var vegna fsp. hv. 7. þm. Reykv. til mín, en hann spurðist fyrir um hvaða ráðstafanir væru fyrirhugaðar af hálfu ríkisstjórnar vegna slæmrar afkomu sjávarútvegsins og þá sérstaklega frystiiðnaðarins. Ég er hv. 7. þm. Reykv. sammála um að afkoma útflutningsatvinnuveganna er mjög slæm og liggur fyrir að hún er miklu verri en séð varð þegar kosningar voru á sl. vori og þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð. Þá var ákveðið að fella niður að hluta endurgreiðslur til sjávarútvegsins vegna uppsafnaðs söluskatts og leggja gjöld á sjávarútveginn sem hann hafði ekki borið áður um nokkurt skeið og var samið um við gerð kjarasamninga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að sjávarútvegurinn beri sambærileg gjöld og aðrar atvinnugreinar í landinu og það sé ekki til góðs að hann sleppi við þau, sérstaklega þegar vel gengur, því að það hvetur þá fremur til þess að gengi krónunnar sé of hátt skráð og muni valda öðrum atvinnugreinum erfiðleikum. Nú hefur hins vegar orðið hér mikil breyting á vegna kostnaðarhækkana innan lands. Það eru miklar væntingar í þessu þjóðfélagi og mikil þensla á mörgum sviðum bæði hjá hinu opinbera og eins hjá einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Það er mikið fjárfest og virðist ríkja almenn bjartsýni í landinu.

Þetta og margt annað hefur orðið til þess að kostnaðarhækkanir eru svo miklar að ekki verður séð að útflutningsatvinnuvegirnir geti borið þær þegar til lengri tíma er litið, auk þess sem gengi bandaríkjadollars hefur þróast á þann veg að það er mjög alvarlegt fyrir okkur Íslendinga. Það hefur ekki orðið nein niðurstaða um það enn til hvaða ráðstafana skuli gripið, enda er um margslungið mál að ræða sem varðar tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, væntanlega kjarasamninga og ýmislegt fleira.

Ég hef lagt til í ríkisstjórn og undir það hefur verið tekið þótt það hafi ekki endanlega verið afgreitt að endurgreiddur söluskattur, sem stóð til að yrði frystur í Verðjöfnunarsjóði, yrði endurgreiddur til sjávarútvegsins og ég vænti þess að sú greiðsla geti átt sér stað fljótlega á næsta ári. Auk þess hefur verið um það rætt að hækka þessa greiðslu, en fyrir því er ekki gert ráð í fjárlögum. Þar er gert ráð fyrir um 350 millj. og er ég þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að svo verði gert.

Í stuttu máli sagt hafa þessi mál að sjálfsögðu verið rædd í ríkisstjórninni á allmörgum fundum, en endanleg niðurstaða er ekki komin og hefur verið ákveðið að láta það bíða þar til afgreiðslu fjárlaga var lokið. Hins vegar má ljóst vera að hér er um algjört forgangsmál að ræða þegar afgreiðslu fjárlaga hefur verið lokið og þeim tekjuöflunarfrv. sem fjárlögunum fylgja.

Ég vænti þess að þetta svar mitt sé fullnægjandi þó að ekki felist mikið efnislegt svar í því. Ég geri mér grein fyrir því, en ég vænti þess að hv. þm. skilji að frekari upplýsingar get ég ekki gefið á þessu stigi.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. utanrrh. svaraði nokkrum spurningum sem ég bar fram fyrir hann fyrr í dag í þessu máli. Mér þætti vænt um ef forsetinn gæti hlutast til um að hæstv. ráðherra kæmi og legði orð í þennan belg þannig að umræðan geti gengið áfram með eðlilegum hætti.

Þarna er ráðherrann mættur þannig að það er vonandi. (**Utanrrh.:** Ég hef ekki orðið var við neinar spurningar til mín.) Ekki var við neinar? Þá er best ég endurtaki þær, ef ég má, forseti, við þingskapaumræðu, en ég skal vera fljótur. (**Forseti:** Já, forseti leyfir að þessar spurningar verða endurteknar til að greiða fyrir málum á þingi.)

Virðulegur forseti. Spurningin var í fyrsta lagi sú hvort ráðherrann telur að útgáfa reglugerðar nr. 64 1987 sé í samræmi við anda stjórnarráðslaganna miðað við þær forsendur sem lágu fyrir þegar þau voru sett samkvæmt þeim upplýsingum sem ég var með upp úr ræðum og grg. frá þeim tíma þegar lögin voru sett, úr ræðum Bjarna Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar.

Í annan stað vildi ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji ekki óeðlilegt að fráfarandi forsrh. breyti verkaskiptingu viðtakandi ríkisstjórnar og hvort hann geti nefnt nokkur dæmi um það. Ég teldi æskilegt að fá það upplýst. Jafnframt vildi ég spyrja hann: Ef hægt er að breyta stjórnarráðsverkaskiptingunni með reglugerð eins og hann gerði í sumar hverju er þá ekki hægt að breyta? Er þá í rauninni ekki hægt að flytja flesta málaflokka á milli ráðuneyta eins og mönnum sýnist ef pólitískur vilji stendur til þess?

Ég get svo bætt því við til að stytta umræðuna hér: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að skoða þær athugasemdir, sem ég gerði áðan, núna yfir hátíðarnar með tilliti til þess hvort ríkisstjórnin mundi vilja fara þá leið frekar að taka breytingarnar, sem voru ákveðnar með stjórnarskrárreglugerðinni, í gegnum lög en reglugerð?

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu var þessi breyting vandlega athuguð af lögfræðingum, sem ég tel ekki ástæðu til að vefengja, og eingöngu gerð eftir að þeirra álit lá fyrir. Ég vek athygli á því að í lögum um Stjórnarráð Íslands gætir þess á nokkrum stöðum, m.a. í sambandi við utanríkisviðskiptin, að þau voru víðar en á einum stað. Það segir í lögum og reglugerð að utanrrn. fari með alla samninga Íslands á erlendum vettvangi. Það eru m.a. samningar við Fríverslunarbandalag Evrópu, samningar við Evrópubandalagið, samningar innan GATT, samningar við Sovétríkin, svo það helsta sé nefnt. Það er einnig alveg ljóst að á síðari árum hefur umfang sendiráðanna á sviði viðskipta mjög aukist og þó það sé hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Júlíusi Sólnes áðan, að vitanlega hafa bréfaskipti farið fram beint á milli sendiráða og viðskrn., er það hygg ég óvefengjanlegt að sendiráðin heyra undir utanrrn.

Það er mat manna að þáttur utanríkisþjónustunnar í utanríkisviðskiptum hlyti að fara vaxandi vegna þeirrar mikilvægu þróunar sem er bæði austan og vestan Atlantshafs sem ég þarf ekki að rekja hér, fríverslunarsamningur milli Bandaríkjanna og Kanada og sameining Vestur-Evrópu í einn markað. Það orkar í raun tvímælis hvorum megin utanríkisviðskiptin eru meiri, hjá utanrrn. í öllum slíkum samningum eða hjá viðskrn. sem fer ekki með samningsréttinn þótt vitanlega væru allir samningar gerðir í fullu samráði við viðskrn.

Ég vek athygli á að fyrrverandi utanrrh. hafði sett á fót sendiráð í Brussel sem er nánast eingöngu í viðskiptamálum og að sjálfsögðu heyrir það sendiráð undir utanrrn.

Að þessu öllu athuguðu þótti þeim sem leitað var álits hjá að fullu standast í samræmi við anda laganna og þær umræður sem um lögin höfðu farið fram að utanríkisviðskiptin yrðu hjá utanrrn.

Fyrst ég er staðinn upp má vekja athygli á því að svipuð þróun hefur átt sér stað hjá æðimörgum öðrum þjóðum. Norðmenn hafa nú ákveðið að leggja niður viðskrn. og sameina utanríkisviðskiptin og utanrrn. Í Svíþjóð eru þessi tvö mál nátengd í einu ráðuneyti, en að vísu með tveimur ráðherrum. Ég hygg að það muni verða svo einnig í Noregi. Ég hef haft tækifæri til að ræða við ráðherra frá báðum þessum löndum allítarlega um þessi mál og mér sýnast þau rök sem þar eru færð fram eiga að fullu við hér. Þau eru í meginatriðum þau að með þessu móti nýtist utanríkisþjónustan betur í þágu utanríkisviðskipta.

Ég get tekið undir það, sem hv. þm. Júlíus Sólnes sagði áðan, þó hann sé ekki hér staddur, að það má nota utanríkisþjónustuna langtum betur í þágu þessa mikilvæga málaflokks, t.d. ef við hefðum fjármagn til að setja tæknilega viðskiptafulltrúa í sendiráðin. Þetta gera Svíar, enda eru sendiráðin sænsku og utanríkisþjónustan sem slík og viðskiptamálin nánast undir einum hatti, eða a.m.k. í einu ráðuneyti.

Ég vek athygli á því að þegar þessari reglugerð var breytt var það að sjálfsögðu gert í fullu samráði við þá flokka þingsins sem voru að mynda ríkisstjórn, m.ö.o. í fullu samráði við þá sem skipa þann meiri hluta sem er á Alþingi. Út af fyrir sig hefði engu breytt hvort það hefði verið gert að morgni dagsins áður en ríkisstjórnin fer frá, daginn sem ríkisstjórnin fer frá eða morguninn eftir. Það var samkomulag um það með flokkunum að afgreiða þetta mál strax þannig að málið lægi fyrir þegar forsetabréf væru gefin út um verkefnaskiptingu þó út af fyrir sig kæmi það ekki þar fram, en það lægi fyrir einnig gagnvart forseta Íslands.

Ráðgert er að gera ýmsar breytingar á stjórnarráðslögunum. Það kemur einnig fram í samkomulagi stjórnarflokkanna. T.d. er lögð mikil áhersla á að umhverfismálum verði betur fyrir komið og verði a.m.k. samræmd innan eins ráðuneytis. Í stjórnarmyndun var rætt um ýmis önnur mál sem kemur til greina að breyta, eins og frekari breytingar á viðskrn. Jafnvel hefur sú hugmynd komið fram að leggja það niður og stokka ráðuneytin töluvert meira upp.

Hæstv. forsrh. hefur skipað nefnd sem fjallar um þessi mál, sérstaklega um umhverfismálin, og hún hefur ekki lokið störfum. Ég geri fastlega ráð fyrir því að frv. um Stjórnarráðið verði lagt hér fram og

þá verður að sjálfsögðu þessi breyting staðfest í því frv. og í þeim lögum sem það væntanlega leiðir til. Hitt er svo annað mál að til að geta hafið þessa mikilvægu starfsemi af fullum krafti, þ.e. utanríkisviðskiptastarfsemina, hefur mér þótt nauðsynlegt sérstaklega að Útflutningsráð færðist undir utanrrn. því að ég geri ráð fyrir að starfsemi þeirrar deildar í ráðuneytinu sem viðskiptadeild er kölluð verði í mjög nánum tengslum við Útflutningsráð. Ég hef mætt á fundum hjá Útflutningsráði, átt margar viðræður við formann þess og framkvæmdastjóra. Það er allt í undirbúningi, en að sjálfsögðu er þeim málum eðlilegar fyrir komið þegar Útflutningsráð hefur flust formlega með lagabreytingu undir utanrrn.

Ég vil taka fram að þessi mál hafa ekki verið á forgangslista hjá ríkisstjórninni. Ég kannast ekki við það. Þetta eru hins vegar einu málin sem liggja fyrir þessari hv. deild og því sjálfsagt að ræða þau og ræða þau eins og mönnum sýnist. Ég hef ekki gert hina minnstu tilraun til að takmarka umræður um þetta mál.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er sannarlega ánægjulegt að nota tímann til að ræða um störf Alþingis og samskipti þess við önnur stjórnvöld og þá sérstaklega ríkisvaldið og ekkert nema gott um það að segja að menn leggi vinnu í að afla heimilda og umsagna um stjórnarráðslögin þegar þau voru sett. Það gerði hv. þm. Svavar Gestsson með prýði að rifja upp fyrir okkur í hv. deild hvað þá gerðist og hvernig ummæli margra okkar bestu foringja féllu þá. Það er líka ánægjulegt að hæstv. utanrrh. var rétt í þessu að lýsa því yfir að við gætum haft allan þann tíma sem okkur sýndist til að ræða þessi mál, sem eru hreint ekki lítilvæg heldur mjög mikilvæg, og þar á meðal lögfræðilegan ágreining sem kann að vera og er uppi um hvort nákvæmlega þessi aðferð, að nota reglugerðarsetningu til að gera breytingu á Stjórnarráðinu, sé hin rétta eða ekki. Ég held það væri ágætt fyrir okkur að taka svolítið hlé og ræða kannski málið betur á eftir, en mér finnst alveg ástæðulaust annað, ef við eigum að vera hér áfram, en nota tímann til að ræða um þessi miklu mál.

Ég hef vakið á því athygli hér áður, fyrir hálfum mánuði, að við gæfum okkur allt of lítinn tíma til að tala um störf Alþingis og þá að sjálfsögðu um samskipti við framkvæmdarvaldið. Ég held að við þurfum að huga að því og nota einhvern tíma, kannski ekki að kvöldlagi eða næturlagi heldur hinn reglulega tíma á Alþingi þegar lítið er að gera, t.d. snemma þings eða eftir þinghlé, til að ræða rækilega þessi mál. Einmitt sá upplestur sem hv. þm. Svavar Gestsson var með áðan bendir manni á að hinn almenni þm. hér áður fyrr lagði á sig mikla vinnu til þess einmitt að huga að stjórnskipuninni sjálfri og samskiptum við embættismenn og stjórnvöld.

Þetta held ég að við eigum að gera, en ég vil ekki eyða miklum tíma í það núna. Það gæti, eins og ég sagði, verið heppilegt að taka eitthvert hlé, ef fleiri væru ekki á mælendaskrá, og hittast þá kannski þegar við værum búnir að snæða af því að mér skilst að þingfundum muni haldið áfram, a.m.k. í Nd. Þá er það að venju svo þegar þingi er að ljúka að báðar deildir eru reiðubúnar að taka við frv. hvor frá annarri ef til þess þarf að koma að einhverjar breytingar séu gerðar í annarri deildinni sem þurfi síðan að fara til hinnar. Þess vegna ítreka ég að það væri kannski hægt að fá matarhlé á meðan beðið væri eftir því að sjá hvort við fengjum fleiri mál eða nota tímann til málefnalegrar umræðu um þetta mál. Ég tek það alvarlega þegar a.m.k. einn lögfræðingur hér ræðir málið út frá þeim forsendum að hæpið sé að þetta standist stjórnskipulega og þegar maður hlustar á ummæli Bjarna Benediktssonar, Péturs Benediktssonar, Eysteins Jónssonar, Hannibals Valdimarssonar o.s.frv. sem ég var búinn að einhverju leyti að gleyma.

En mér leist satt að segja aldrei á að gera þetta með reglugerð og líst ekki á það enn þá. Þegar þess vegna er boðið upp á að þetta mál sé ekki í forgangsröð og utanrrh., sem þessi mál eiga að heyra undir, segir að það liggi ekkert á að afgreiða þessi lög, það séu ný stjórnskipunarlög í undirbúningi, þá tel ég mjög heilbrigt af hans hálfu að benda á að það liggi ekki á að afgreiða málið.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegur forseti. Ég vil leiðrétta að ég hafi sagt að það lægi ekkert á að afgreiða málið. (**EKJ:** Það væri ekki í forgangsröð.) Það er rétt. Þegar leitað var samninga um að ljúka þingi fyrir jólahátíðina sagði ég strax að þessi mál yrðu ekki til fyrirstöðu. Það hafa engir samningar orðið, ekki neinir. Þetta eru einu málin sem liggja fyrir deildinni að því er mér er tjáð svo ég held að það væri langsamlega eðlilegast að nota þá þennan ágæta tíma og ræða þessi mál.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. held ég að það sé ekki nokkur minnsta ástæða til að gefa fundarhlé nú fyrr en verður e.t.v. gefið hlé í kringum kvöldverðartíma. Mér finnst sjálfsagt að hv. þm. stjórnarandstöðunnar fái að segja allan hug sinn til þeirra flóknu mála sem hér eru til umræðu. Ég ætla ekki að hefja neinar efnislegar umræður um þetta mál. Það er ekki eftir hætti að gera það undir þessum lið. Aðeins er ég að tala um framhald fundarins. Og ég mælist eindregið til þess að virðulegur forseti haldi fundinum áfram þannig að menn geti fengið að tjá sig að vild.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Það hefur verið rætt um málið í síðustu ræðum nema stjórnarliðar rufu málefnalega umræðu með ótímabærum athugasemdum um þingsköp, látandi liggja að því að stjórnarandstaðan væri

eitthvað treg til að ræða mál. Ég vil alveg frábiðja mér að það sé einhver sérstök tregða að við ræðum um málið. Það er nú eitthvað annað. Menn hafa verið ötulir að spjalla um hlutina. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda þessari málefnalegu umræðu áfram þó það sé býsna freistandi að skjóta því inn í að það er skrýtið þegar leiðtogi Alþfl. í deildinni leggur alveg sérstaka áherslu á að kýla þetta mál áfram, langt umfram utanrrh. og óralangt umfram hv. 8. þm. Reykv. Eftir stendur það núna á þessu síðdegi, daginn fyrir gamlársdag, að að er Alþfl. sem er alveg ólmur í að koma málinu fram. Þetta sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, mætti kannski segja af þessu tilefni, virðulegur forseti. En við skulum ekki eyða tíma í það heldur hitt að mig langar til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann gaf við mínum spurningum og það innlegg sem hann kom með og sömuleiðis hæstv. sjútvrh. og einnig fyrir þær athugasemdir sem fram komu frá hv. 8. þm. Reykv.

Málið sem við erum að reyna að ræða heitir Útflutningsleyfi en í tengslum við það höfum við spurt þeirrar spurningar: Var eðlilega að verki staðið varðandi útgáfu reglugerðar nr. 64/1987 um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands? Ég hygg að ég hafi rökstutt mál mitt allvel með tilvitnunum í fyrrverandi hæstv. forsrh. Bjarna Benediktsson sem mælti fyrir stjórnarráðsfrv. á sínum tíma. Ég var eins og að vonast til þess að hv. þingdeild, stjórnarliðar ekki síður en aðrir, vildi allra vinsamlegast leggja eyrun við og velta því fyrir sér hvort ekki væri efnisleg ástæða til að taka tillit til þessara athugasemda. Ég held að það geti verið góður siður að hlusta stundum á það sem menn segja, jafnvel úr stjórnarandstöðunni, og sérstaklega þegar menn eru að lesa upp úr efnislegum ræðum sem fluttar hafa verið af mönnum eins og Bjarna Benediktssyni og Ólafi Jóhannessyni. Ég hygg að að öðrum mönnum ólöstuðum á þessari öld liggur mér við að segja séu fáir menn sem standa þeim jafnfætis, hafa staðið þeim jafnfætis hvað þá heldur framar að því er varðar lög um stjórnskipun Íslands og stjórnarfar. Ég var satt að segja í barnaskap mínum, bláeygðum barnaskap mínum, sveitamennsku, að gera mér vonir um að það væri hægt að rökræða málið. Ég tel mig ekki hafa verið með málþóf og tel heldur ekki að mín ræða í dag hafi gefið neitt tilefni til þess að menn væru hér uppi með skæting og svigurmæli heldur reyndi ég að ræða málið efnislega. Þetta er mér mikið alvörumál. Mér finnst að það skipti miklu máli hvernig þingið tekur á svona máli, skipti miklu máli hvernig þingið og þingræðið stendur gagnvart framkvæmdarvaldinu, sérstaklega þegar um er að ræða lög eins og lög um Stjórnarráð Íslands, lög um Hæstarétt og lög um þingsköp Alþingis, svo ég nefni þrjú dæmi úr ræðu minni fyrr í dag. Þegar ég heyrði í hæstv. utanrrh. áðan hvarflaði að mér hvort ekki væri hugsanlegt að við tækjum til við og lykjum 2. umr., svo sem staðið hefur til, um málið, tækjum okkur síðan morgunfund á mánudaginn kemur, 4. janúar, þegar þingið kemur saman aftur, í fjh.- og viðskn. og færum aðeins yfir þessi atriði. Það er allt og sumt sem ég hef verið að nefna. Ég skírskota til sanngirni hæstv. utanrrh. í þessu efni. Ég vænti þess að hann hafi hlýtt á það sem ég sagði hér í dag og veit að hann gerði það. Ég skírskota til sanngirni hans í þessu efni því ég held að sum mál séu þannig, þó það séu harðar deilur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að þá sé óhjákvæmilegt að menn temji sér stundum a.m.k. sanngirni í meðferð mála eins og þessa því að það snertir grundvallaratriði.

Þessa frómu ósk vil ég bera hér fram, en síðan segja þetta út af því sem hæstv. utanrrh. sagði.

Í fyrsta lagi er það alveg rétt að utanrrn. hefur alltaf farið formlega með samninga fyrir Íslands hönd gagnvart erlendum þjóðum og ríkjabandalögum. Dæmi um það er að viðskrn. hefur unnið samninga gagnvart GATT og EFTA, Efnahagsbandalagi Evrópu, en hinn formlegi samningsaðili er utanrrn. Eins er það t.d. með landbrn., svo ég nefni dæmi. Landbrn. fer með samskipti Íslands við FAO, en utanrrn. er þó sá aðili sem tekur ákvarðanir þegar t.d. á þeim vettvangi koma upp formleg deilumál. Eins er það með Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Samskiptin við hana fara fram í gegnum heilbr.- og trmrn., en þegar þar koma upp pólitísk deilumál er það utanrrn. sem tekur ákvarðanir. Sama er að segja um Alþjóðavinnumálastofnunina. Samskiptin við hana heyra undir félmrn., en pólitísk álitamál heyra undir utanrrn. Ég man eftir því að þegar ég gegndi störfum félags- og heilbrmrh. kom það oft fyrir að á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar komu upp pólitísk mál sem ég hafði alveg ákveðna skoðun á, sem ég reyndar hafði grunsemdir um að hæstv. þáv. utanrrh. hefði aðra skoðun á, og þó það væri mér sárt lét ég það ævinlega ganga fram rétta boðleið að utanrrh. tæki ákvörðun um afstöðu Íslands til viðkvæmra pólitískra deilumála hjá þessum alþjóðastofnunum. Það er í sjálfu sér ekkert sérstakt í þessu máli.

Það er líka rétt, sem hæstv. ráðherra segir, að auðvitað eru þessi mál víða. Ég veit ekki betur en Síldarútvegsnefnd hafi einkaleyfi á útflutningi á síld og hún heyri að fullu og öllu undir sjútvrn. Þannig mætti lengi telja. Auðvitað er það þannig í okkar stjórnarráðslögum að þessi mál koma víða fyrir.

Varðandi EFTA-löndin, sem hæstv. ráðherra nefndi, er það þannig að þau eru öll, EFTA-löndin, til skamms tíma a.m.k., með sérstök utanríkisviðskiptaráðuneyti. Ég held að það hafi verið skynsamlegt af okkur að vera með fyrirkomulag í þessum efnum sem ekki er ólíkt því sem gerist í EFTA-löndunum.

Hæstv. utanrrh. svaraði því engu hvort þess væru dæmi að fráfarandi forsrh. hafi breytt verkaskiptingu verðandi eða viðtakandi ríkisstjórnar. Ég hygg að þess séu reyndar engin dæmi. Það gildir í raun og veru einu í þessu efni hvort hinir stjórnarflokkarnir voru sammála þessu eða ekki. Auðvitað voru þeir

sammála. Ég var að spyrja hérna um fordæmi og ég heyrði ekki að ráðherrann nefndi dæmi, enda hygg ég að þau séu tæplega til.

Ég hygg að það sé umdeilanlegt að þessi reglugerð sé í samræmi við anda laganna. Það er ekki mitt hlutverk að benda ríkisstjórninni á eitt eða neitt, en auðvitað getur maður spurt sem 1/63 partur af löggjafarvaldinu hvort ekki væri skynsamlegra að taka þessi efnisatriði inn í sérstök lög, frv. til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, fremur en að ganga frá því í reglugerð.

Ég vil ekki, virðulegi forseti, vera að lengja þessa umræðu. Ég tel enga ástæðu til þess. Ég fór ekki í stólinn til þess heldur til að fara almennt yfir málið. Ég lýk máli mínu með því að segja að það sem hæstv. sjútvrh. benti á staðfestir það sem áður hafði komið fram varðandi afkomu útflutningsatvinnuveganna. Hann sagði að útkoman væri núna önnur en séð hefði verið fyrir þegar ríkisstjórnin var mynduð. Hvað hefur breyst síðan? Það er þrennt. Í fyrsta lagi hafa orðið launabreytingar. Í öðru lagi hafa vextir hækkað gífurlega. Og í þriðja lagi hefur dollarinn haldið áfram að lækka. Þetta er það sem hefur gerst. En ég hygg að það sé ómótmælanlegt að burt séð frá dollaralækkuninni sé myndin í sjávarútveginum núna miklu svartari en maður hefði mátt ætla ef maður hefði fest trúnað á það sem frambjóðendur stjórnarflokkanna sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar.

Ég tók einnig eftir þeim tillögum sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram varðandi hag sjávarútvegsins, Verðjöfnunarsjóð o.fl. og ég tel að þær séu mjög góðra gjalda verðar og skynsamlegar í þeirri stöðu sem nú er uppi.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég svaraði ekki spurningunni um fordæmin. Ég hef það ekki í kollinum. Það verður að segjast eins og er. Ég er ekkert viss um að reglugerð um Stjórnarráðið hafi verið mjög oft breytt. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að mér finnst sjálfsagt að skoða öll þessi mál vandlega. Ég hafði gert mér vonir um, af því að þessi mál komu fram mjög snemma á þinginu, að það hefði verið gert. Ég held reyndar að nefndir hafi fjallað um þessi mál og ég taldi ljóst að allt hlyti að vera komið fram sem mikilvægast væri í málunum. En mér finnst sjálfsagt að verða við ósk hv. þm. og ég sætti mig mjög vel við það ef þessi hv. deild vill afgreiða til 3. umr. þau tvö mál, það eru hérna tvö mál sem eru nátengd og við höfum rætt í einu lagi, útflutningsleyfin og útflutningsráð, og taka síðan fund á mánudagsmorgun til að fjalla um þau atriði sem hér hafa enn verið nefnd. Mér finnst sjálfsagt að verða við því. Ég vil hins vegar lýsa því að ég vona þá eindregið að þessi mál verði afgreidd frá deildinni á mánudag, þriðjudag eða svo og sé ekki að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu. Ég fagna því ef það getur verið samkomulag um slíka meðferð þessara mála.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær undirtektir sem fram komu í hans máli varðandi mína málaleitan og ég tek undir það með honum að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hægt eigi að vera að koma þessum málum í gegnum deildina á mánudag, þriðjudag eftir áramótin, þ.e. 3. umr. Ef um þetta getur orðið samkomulag, sem hæstv. ráðherra var að nefna, mun ég fyrir mitt leyti draga til baka til 3. umr. þær brtt. sem ég flyt á sérstöku þskj. við frv. til laga um útflutningsleyfi. Ég mun hins vegar halda til haga afstöðu minni til 1. gr. beggja frv., greiða atkvæði á móti þeim, en ekki láta reyna á brtt. fyrr en við 3. umr., virðulegur forseti.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Mér falla afskaplega vel, hæstv. forseti, þessi árslok í deildinni að hér skuli allt vera í einingu andans og bandi friðarins og stendur síst á mér að taka undir að við hittumst þegar eftir áramótin og athugum nákvæmlega þær brtt. sem fram hafa komið og förum aftur yfir þetta mál. Ég tek sem sagt undir það sem hæstv. utanrrh. og hv. 7. þm. Reykv. sögðu um þau efni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 239 og 457 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 8:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40, n. 450, 458 og 462.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er mjög einfalt í sniðum og felur í sér breytingu til samræmis við það samkomulag sem varð milli stjórnarflokkanna um nýja verkaskiptingu milli viðskrn. og utanrrn. Þó er það svo að samkvæmt lögum um Útflutningsráð Íslands eiga bæði ráðuneytin, utanrrn. og viðskrn., aðild að Útflutningsráði og auk heldur iðnrn., landbrn., samgrn. og sjútvrn. Það er vel fyrir Stjórnarráðinu séð í Útflutningsráði.

Eins og fram kom í umræðum um útflutningsleyfi hefur orðið samkomulag um það í deildinni að þessi frv. bæði komi aftur til frekari athugunar í nefndinni

milli 2. og 3. umr. og mun ég boða til fundar í fjh.- og viðskn. þegar eftir áramótin til þess að við getum enn þá betur grandskoðað frv., hæstv. forseti, og var þó síður en svo að höndunum væri til þess kastað því að fyrir fund nefndarinnar komu hvorki meira né minna en fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Síldarútvegsnefnd. Auk heldur Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri viðskrn. sem er þessum málum öllum gjörkunnugur.

Frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Um þetta mál hef ég lagt fram sérstakt nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem lagt er til að frv. verði hafnað með sömu rökum og ég rakti í nál. um frv. til laga um útflutningsleyfi o.fl. Tel ég ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það, virðulegur forseti, með tilliti til þeirra umræðna sem fram hafa farið um þessi mál í deildinni núna á síðasta klukkutíma varðandi framgang þeirra.

Frsm. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. sem kemur fram á þskj. 462. Með leyfi virðulegs forseta ætla ég að lesa nál.:

„Undirritaður telur ótímabært að gera breytingu á stöðu Útflutningsráðs Íslands miðað við það hve skammur tími er liðinn frá stofnun þess. Þá mæla engin rök með því að starfsemi ráðsins sé betur komin undir verndarvæng utanrrn. Undirritaður er því andvígur þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir. Um frekari rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um útflutningsleyfi o.fl. á þskj. 461."

Ég held að öll rök sem ég hef fram að færa í málinu hafi komið fram við umræðu um útflutningsleyfi og ekkert því frekar um þetta að segja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv.
2.–5. gr. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

40. fundur, miðvikudaginn 30. des., kl. 11 árdegis.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 441.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þetta frv. var flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á sl. sumri, um að heimilt væri að leggja sérstakt grunngjald á innflutt kjarnfóður allt að 4 kr. á hvert kg.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þann mikla stuðning og fjárframlög sem varið er í nágrannalöndum okkar til að greiða niður framleiðslukostnað á búvörum og þá ekki síst á korni. Þetta hefur leitt til þess að útflutningsverð á korni í löndunum í kringum okkur varð svo lágt á þessu ári að það varð lægra en kostnaðurinn við að flytja það til landsins. Slík íhlutun með fjármagni frá öðrum ríkjum raskar að sjálfsögðu verðhlutföllum á milli innflutts fóðurs og innlends framleiðslukostnaðar þannig að óviðunandi er. Af þeim sökum var ákveðið að leggja þetta sérstaka grunngjald á.

Í Ed. var síðan flutt brtt. við frv. með ákvæðum um að tekjur þær sem komi inn af þessu sérstaka grunngjaldi og nokkru meiri fjárhæðum skyldi varið úr ríkissjóði til að draga úr röskun sem söluskattsskylda á nokkrum afurðum veldur á markaðnum. Þar er um að ræða afurðir af fuglum, alifuglum og svínum og enn fremur af nautakjöti þannig að verð þessara vara raskist ekki í hlutfalli við aðrar vörur.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það hefur verið lítið ráðrúm í hv. deild að líta á þetta mál, en ég hygg að þar séu ýmis álitaefni sem ég vildi nefna við 1. umr. um málið. Þau snerta sérstaklega þann þátt málsins, eins og það liggur fyrir eftir breytingar í hv. Ed., að gert er ráð fyrir skattlagningu á dýrafóður til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Það kemur í framhaldi af þeirri ákvörðun, sem er til umræðu í hv. deild í sambandi við breytingu á söluskatti, að leggja 25% söluskatt á matvæli. Ég held að það þurfi í nefnd að athuga þetta atriði alveg sérstaklega. En markmið frv. virðist vera að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og efla notkun íslensks kjarnfóðurs og það er út af fyrir sig markmið sem ég hlýt að taka undir. En hinn þáttinn, sem ég hef nefnt, að nota þetta til tekjuöflunar í ríkissjóð tel ég vera þátt sem þurfi sérstakrar skoðunar við og hef fullan fyrirvara við þann þátt málsins.

Ég vildi að þetta kæmi fram við 1. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 336, n. 444 og 448, brtt. 445.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 444 frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

Á fund fjh.- og viðskn. komu Lárus Ögmundsson úr fjmrn., Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði, Guðmundur Karl Jónsson, forstjóri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna, Albert Þórisson garðyrkjubóndi og Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Undir þetta skrifa fulltrúar í nefndinni frá meirihlutaflokkunum, þ.e. auk mín Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson.

Við flytjum brtt. á þskj. 445. Hún er um að í 3. gr. bætist tollskrárnúmer sem þar eru upp talin. Hér er um að ræða að halda í tolli snyrtivörum, enda var upplýst á fundi fjh.- og viðskn. að verðlækkun sem hlytist af tollinum kæmi ekki neytendum til góða að líkum því að framleiðendur þessarar merkjavöru, snyrtivara, vildu halda ákveðnum „standard" á sínum vörum, ákveðnum verð-"standard".

Þetta er þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs og fyrirhugað að nota þá fjármuni sem þarna aflast í tolltekjum til að greiða niður fisk og teljum við það vel ráðið.

Við leggjum sem sagt til að frv. til laga um vörugjald verði samþykkt eins og Ed. gekk frá því að viðbættri þeirri breytingu sem lögð er til á þskj. 445.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna þess að hér er að koma á dagskrá og til umræðu fyrsta frv. af mörgum sem væntanleg eru eða hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta taka hér fyrir um skatta vil ég þegar í upphafi umræðunnar um þetta mál gera athugasemdir við vinnubrögð og niðurstöðu mála í hv. fjh.- og viðskn. Ég tel nauðsynlegt að það komi strax fram þó þær athugasemdir snúi meira að málum sem hér eru væntanleg til umræðu á eftir, þ.e. frv. til laga um breytingu á tollalögum, sem er á dagskrá þessa fundar, og frv. til laga um söluskatt.

Ég vil taka það fram að hvað varðar afgreiðslu þessa máls, vörugjalds, út úr fjh.- og viðskn. var um það samkomulag og ekki ágreiningur að það mál yrði afgreitt út af fundi nefndarinnar í gærkvöld. Síðan gerist það, þegar við mætum á fund í þessari sömu ágætu nefnd í morgun, að okkur er tilkynnt að meiri hl. nefndarinnar hafi fundað áfram í gærkvöld og gengið frá nál. og brtt. við frv. til laga um tollalög og þau séu komin inn í þingið, enda mættu þau hv. þm. á borðum þeirra þegar þeir settust að fundi kl. 11. En málið hafði vel að merkja ekki verið afgreitt út úr fjh.- og viðskn. og átti það að nafninu til að vera þar áfram til umfjöllunar. Þessi staða mætti okkur nefndarmönnum minni hl. þegar við mættum þar á fund í morgun. Og er nú ekki öll sagan sögð, herra forseti, því síðan var tekið til við að ræða söluskatt og þar komu menn til viðtals í nefndinni. Þegar nokkrar mínútur voru eftir af þeim fundartíma sem nefndin hafði, þ.e. fram að deildarfundi kl. 11, fóru síðustu gestir nefndarinnar út. Þá lagði formaður til að málið yrði afgreitt úr nefndinni þrátt fyrir að fjöldamörg álitamál væru óræddd eða hefðu verið lítillega rædd og lögð til hliðar og í sömu andrá boðaði formaður meiri hl. áfram á fund kl. 1 í dag til að halda áfram að vinna við málið og ganga frá brtt. og niðurstöðu nefndarinnar. Þessu get ég ekki unað, herra forseti. Ég hef aldrei fyrr kynnst slíkum vinnubrögðum. Ég lét að sjálfsögðu bóka mótmæli mín við því að málið yrði afgreitt út úr nefndinni.

Þar sem þetta hangir allt saman tel ég nauðsynlegt að koma þessu á framfæri. Ég get ekki kallað þessi vinnubrögð annað en ofbeldi. Ég skil í raun og veru ekki til hvers er verið að hafa nefndir sem starfa sem slíkar, sem ein eining að málunum, ef svona er unnið aftur og aftur.

Ég vil koma þessum mótmælum á framfæri undir þingskapaathugasemd þó ég að sjálfsögðu muni gera nánari grein fyrir óánægju minni þegar hvert og eitt mál kemur til umræðu.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að taka fram að það var ágætt samkomulag eins og jafnan í fjh.- og viðskn. Við áttum ágætan fund í gærkvöld. Við áttum reyndar fund um þessi mál, mjög langan fund, þann 19. desember og höfum haft þessi mál til athugunar yfir hátíðarnar. Að vísu kom formlega ekki til okkar söluskattsfrv. fyrr en í gær þannig að við gátum ekki tekið það formlega fyrir, en ræddum þessar kerfisbreytingar auðvitað allar í einingu því öll þessi þrjú frv. eru nátengd. Við vorum búin að gefa okkur allnokkurn tíma til að fjalla um þessi málefni.

Við höfum, eins og sést á þskj., rætt við mikinn hóp manna. Við kvöddum til allmarga aðila til að ræða við okkur og var ágætt samkomulag um það. Þeir voru kvaddir til ekkert síður sem fulltrúar minni hl. vildu ræða við og við áttum sem sagt tvo gagnlega fundi um þessi mál.

Varðandi vörugjaldið var ágætt samkomulag um að ljúka því í gærkvöld. Það er alveg rétt hjá síðasta ræðumanni að tollalagafrv. var ekki formlega afgreitt í nefndinni fyrr en í morgun. Hins vegar lá það fyrir í gærkvöld að nefndinni auðnaðist ekki að hafa samstöðu um það mál. Við tókum þann kost, stjórnarliðar, að ganga frá okkar þskj. og koma því í prentun, m.a. til að létta róðurinn fyrir starfsfólk

þingsins. Það er sjálfsagt að bíða eftir þskj. minni hl., að þau komi sínum þskj. í vinnslu í þinginu. Ég sé ekki að það hafi verið neitt afbrot þó að við skiluðum inn okkar þskj. í gærkvöld. Það var bara til að flýta fyrir. Það lá fyrir að minni hl. mundi ekki vilja standa að nál. með okkur.

Varðandi söluskattinn höfum við skamman tíma til að fjalla um málið í nefndinni. Það lá fyrir að var djúpstæður ágreiningur um það mál og bæði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir lýstu því yfir að þau gætu ekki staðið að brtt. eða nál. með meiri hl. og munu skila sérnál. eins og reyndar hefur legið fyrir allan tímann. Ég sé ekkert óeðlilegt við það þó að við, úr því að nefndin var klofin, afgreiddum málið og þó að meiri hl. eigi eftir að ræða hugmyndir að brtt. sem eru á kreiki á meðal okkar tel ég að við getum sem hægast gert það þó að fulltrúar minni hl. séu ekki viðstaddir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil taka undir gagnrýni hv. 4. þm. Norðurl. e. og hafði raunar ætlað að gera mjög alvarlegar athugasemdir við umræðu þess máls sem hér er á dagskrá því að okkur fulltrúum minni hl. hafa gjörsamlega blöskrað þessi vinnubrögð í öllum þeim málum sem hv. fjh.- og viðskn. Nd. hefur haft til meðferðar á mjög skömmum tíma og meiningin er að ræða í dag með afbrigðum samkvæmt dagskrá og samkvæmt áætlun um síðari fundi í dag.

Það mál sem er á dagskrá og er til umræðu, fyrsta málið á dagskrá, er að mínum dómi alveg á mörkunum hvað afgreiðslu snertir. Það hefur engan veginn fengið þá umfjöllun sem þyrfti og mun ég koma að því betur hér á eftir. Það er hins vegar skásta dæmið um vinnubrögðin og ég staðfesti það, sem kom fram áðan, að það var samkomulag um að afgreiða það með þessum hætti út úr nefndinni og minni hl. hefur lagt á sig þá vinnu sem þarf til að taka þetta fyrir núna með þeim skamma tíma sem við höfum haft til að semja nál. og undirbúa okkur undir þá umræðu. En hér á eftir er ætlunin að taka með afbrigðum, eins og meiri hl. var að samþykkja áðan á fundinum, frv. um tollamál sem minni hl. getur í rauninni alls ekki fallist á að hafi verið afgreitt með eðlilegum hætti út úr nefndinni. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti áðan fórum við af löngum nefndarfundi í gærkvöldi í þeirri trú að þetta mál væri ekki afgreitt af nefndarinnar hálfu og yrði gert á fundi í dag. Við fréttum það fyrst þegar við komum til fundar í morgun að meiri hl. hefði afgreitt það af sinni hálfu og væri búinn að skila sinni vinnu í sambandi við þá afgreiðslu.

Við höfum að sjálfsögðu afskaplega lítinn tíma til að skila nál. og höfum ekki getað gert það hér og nú. Við höfum verið á fundi í allan morgun í fjh.- og viðskn. og sumir nefndarmanna hafa alls ekki getað setið þann fund að fullu. Þeir hafa verið upptéknir á fundum annars staðar. Þetta eru vitanlega forkastanleg vinnubrögð.

Frestunin í gærkvöldi var til komin vegna ágreinings á milli stjórnarliða um hvernig afgreiða skyldi þetta tollamál og það lá hreint ekki ljóst fyrir þegar fundi lauk að þeim mundi takast að jafna sinn ágreining og var aldeilis fráleitt að við gætum litið á það sem frágang málsins.

Söluskattsfrv., sem hv. formaður nefndarinnar lýsti áðan að hefði verið rætt töluvert í samhengi við önnur mál sem hafa verið til umfjöllunar í nefndinni, þetta stóra og veigamikla mál, hefur í raun og veru aðeins verið til formlegrar umfjöllunar í nefndinni á þessum tveimur fundum sem ég var að lýsa, í gærkvöldi og í morgun. Og hvað sem segja má um að fjölmargir aðilar hafi verið kallaðir til, vissulega að beiðni stjórnarandstöðunnar, sjá menn hvílíkan tíma nefndarmenn hafa haft til að bera fram spurningar undir stöðugri tímapressu og þrýstingi um að afgreiða málið sem allra fyrst. Ég tek því alveg eindregið undir þá gagnrýni sem komið hefur fram á störf nefndarinnar og gagnrýni á meiri hl. fyrir að ætla sér að afgreiða þetta mál fyrir sitt leyti út úr nefndinni í hádegishléi. Eins og kom fram áðan hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar, minni hl., þegar látið bóka mótmæli gegn þessum vinnubrögðum, sem eru ólíðandi með öllu, og hefur að sjálfsögðu ekki sagt sitt síðasta í því máli.

Herra forseti. Ég tel alveg nauðsynlegt að þetta komi hér fram og tel í rauninni nauðsynlegt að stjórn þingsins taki til alvarlegrar athugunar hvaða vinnubrögð hv. þm. eru farnir að sætta sig við og sem nefndir þingsins láta sér sæma eða öllu heldur meiri hl. sumra nefndanna. Ég held að það væri ekki vanþörf á að stjórn þingsins athugaði þessi mál og veitti þeim tiltal sem bera ábyrgð á þessum vinnubrögðum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en næsti hv. ræðumaður tekur til máls vil ég geta þess að að sjálfsögðu mun stjórn þingsins fylgjast með framvindu mála í dag mjög grannt og mun í hléinu, sem verður gert á eftir, fara yfir stöðu mála. Ég vænti þess, af því að það hefur fram komið að það er ekki ágreiningur um afgreiðslu fyrsta dagskrármálsins úr nefnd, að það geti farið fram umræða um það á þessum fundi og ég vænti þess að það sé hægt að mæla fyrir áliti meiri hl. í tollalögum og síðan að fara yfir stöðuna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þessa athugasemd um þingsköp stutta.

Ég vil í fyrsta lagi taka fram að ég hefði getað greitt atkvæði með afbrigðum áðan ef borin hefðu verið upp sérstaklega afbrigði fyrir 1. og 2. dagskrármálinu, þ.e. 1. málinu sér, því að við það hef ég og hafði ekkert að athuga, en það var dálítið erfitt fyrir mig að samþykkja að taka tollalög á dagskrá með afbrigðum þar sem ég var með væntanlegt nál. minni hl. í höndunum, enn þá að skrifa það, hafandi ekki vitað fyrr en á nefndarfundi sem hófst rúmlega

níu að málið væri afgreitt eða ætti að afgreiða það og hafandi setið á þeim fundi til kl. 11 og mætti þá á fundi hér í hv. Nd. Vinnutími minn til að ganga frá þessu nál. var því stuttur.

Það er allt rétt sem hv. nefndarformaður segir um að við fengum ágætismenn til viðræðu í nefndinni, suma kvadda þangað að ósk stjórnarandstöðu og aðra að ósk stjórnarsinna. Þeir mættu að vísu sumir án þess að vita hvað ætti að tala um, en hvað um það. En tíminn sem nefndin hafði til að skoða málið sjálf að fjarstöddum gestum eða utanaðkomandi aðilum, ætli hann hafi ekki verið svona tvær mínútur. Ætli það hafi ekki verið svona tvær mínútur sem hv. fjh.- og viðskn. átti að hafa til að ræða frv. um söluskatt eftir að gestir voru farnir af fundi nefndarinnar. Á þeim tveimur mínútum gerðist það að formaður nefndarinnar hafði orðið og lagði til að það yrði tekið út úr nefndinni. Þannig var þetta, herra forseti. Á þessu vil ég vekja athygli. Ef mönnum þykja það sómasamleg vinnubrögð, þá það. En mér þykja það ekki. Ég vil að það komi fram hér undir athugasemdum um þingsköp vegna þess að þingsköp eru þetta og snertir starfsemi þingsins, vinnubrögð hér. Ég tel t.d. að það hefði verið strax mun skárri svipur á því fyrir hv. nefndarformann, hv. 1. þm. Norðurl. v., ef hann hefði boðað þó ekki væri nema stuttan fund í nefndinni aftur í hádeginu eða um miðjan dag í dag til að afgreiða þá málið þar.

Varðandi það að það sé ágreiningur um málið og þess vegna séu þessi vinnubrögð eðlileg, þá er það fjarstæða að heyra nefndarformann hér á Alþingi tala með þessum hætti um hlutina. Hvað er hv. nefndarformaður að segja? Er hann að segja að í hverju einasta máli sem ágreiningur sé um, ef minni hl. eða einhverjir þm. eða nefndarmenn eru ósáttir við niðurstöðu málsins, eigi þeir að segja sig frá vinnu í nefndinni? Er verið að segja að nefndir eigi einungis að starfa saman að þeim þingmálum sem fullt samkomulag er um? Um hvað eiga þær þá að ræða? Til hvers er þá nefndarstarf?

Ég held að hv. 1. þm. Norðurl. v. eigi að hugsa sinn gang aðeins. Getur það verið að svona þingreyndur maður, fyrrverandi forseti Norðurlandaráðs og mektarmaður á þingræðissviði Norðurlanda, gott ef ekki í heiminum, hafi ekki dýpri skilning á vinnubrögðum og hlutverki þingsins og þingnefnda en þetta, að hann haldi að þá sé leyfilegt að beita svona vinnubrögðum ef einhver ágreiningur sé um málin?

Ég hef ævinlega, herra forseti, unnið í þingnefndum af einurð og heilindum og lagt mitt til málanna burt séð frá því hvort líklegt var eða ekki líklegt að nefndin yrði endanlega sammála um málið þegar það væri afgreitt. Ég hef að sjálfsögðu látið mínar skoðanir koma fram, komið með mínar ábendingar, stungið upp á breytingum þó að fyrir lægi að um einhver önnur atriði málsins væri ágreiningur og yrði ágreiningur. Ég tel að menn eigi ekki að segja sig frá störfum í þingnefndum, minni hl. t.d., þó að litlar líkur séu á því að endanlega náist algjör samstaða um málið. Til hvers er þá verið að hafa nefndir? Ég spyr.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að þessum ummælum hv. nefndarformanns sé mótmælt. Ég geri hér við það formlegar athugasemdir að formaður í þingnefnd fjalli um málið með þessum hætti. Það bætir síst úr skák að mínu mati með þau vinnubrögð sem þarna voru ástunduð þó að það hafi legið fyrir að ágreiningur væri um málið. Þá breytir það engu um.

En ég ætla ekki að hafa þetta lengra undir umræðum um þingsköp, en að sjálfsögðu gæti farið svo að maður neyddist til þess í umræðum um þau dagskrármál sem hér koma að taka þetta upp einnig.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessa þingskapaumræðu. Ég vil þó láta koma fram rækilega að ég tel að það hafi ekkert verið óeðlilegt við vinnubrögð nefndarinnar. Það er mjög mikilvægt að þessi kerfisbreyting taki gildi fyrir áramót. Það er mjög óheppilegt vegna allra aðstæðna í þjóðfélaginu að það dragist og ég tel mjög mikilvægt og það eru áform ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að reyna að vinna að því að þessi þrjú mál verði að lögum fyrir áramót.

Títtnefndum fundi í gærkvöld í fjh.- og viðskn. lauk vegna þess að einn nefndarmaður þurfti að fara af fundinum. Ég var búinn að gera tillögu um að afgreiða tollalög ásamt með vörugjaldi. Það er rétt, sem fram hefur komið, að ágreiningur var innan stjórnarliðsins. Stjórnarandstæðingar vissu af því eða ég vona að þeim hafi ekki dulist að ég var búinn að skrifa nál. Það var búið að ganga á milli nefndarmanna og meirihlutafulltrúarnir allir nema einn búnir að skrifa á það. Þessi ágreiningur leystist hins vegar að fundinum loknum og þá sáum við ekkert óeðlilegt við það að létta á starfsfólki þingsins með því að skila inn nál. þó að hins vegar málið væri ekki afgreitt formlega og bókað út úr nefndinni fyrr en í fundarbyrjun í morgun.

Ég tel sjálfsagt að óska eftir því við forseta að hann taki ekki málið til umræðu fyrr en minnihlutafulltrúanum hefur gefist tækifæri til þess að skila sínu nál., þ.e. um tollafrv. Stjórnarflokkarnir eru búnir að liggja yfir þessum kerfisbreytingum í langan tíma og að því leyti til er búið að vinna mikið í þessu máli. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur unnið í þessum málum sameiginlega í líklega samtals 6–8 klst. á þremur löngum fundum og ég tel að þessi vinnubrögð séu alveg viðunandi. (**SJS:** Til sóma?) Já, til sóma.

Við skilum við a.m.k. tvö þeirra ítarlegum brtt. og höfum lagfært ágalla sem á þeim voru. Nál. eru að sjálfsögðu útbúin af þeim sem ábyrgð bera á þeim og að þeim standa og ég er ekkert að kássast í því hvernig minni hl. útbýr sín nál. fremur en að ég tel ástæðu til þess að minni hl. sé viðlátinn þegar við meirihlutamenn erum að semja okkar nál.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þessa umræðu vil ég geta þess að að sjálfsögðu hefur aldrei staðið til að halda áfram umræðum í þeim málum þar sem þskj. minni hl. liggja ekki fyrir. Minni hl. fær að sjálfsögðu tíma til að skila þeim. Ég mun í samræmi við það sem hér hefur komið fram þá ekki taka 2. dagskrármálið til umræðu fyrr en nál. minni hl. liggur fyrir. En ég endurtek það, sem ég áður sagði, að ég vænti þess, af því að samkomulag er um fyrsta dagskrármálið, að við getum rætt það á þessum fundi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við höfum orðið hér áheyrendur að umræðu og upplýsingum um alveg nýja starfshætti á Alþingi og höfum við þó ýmsu vanist undanfarna daga og vikur í sambandi við vinnubrögð og gert okkar athugasemdir við þau. En mér sýnist að hér sé í rauninni verið að ganga með svo grófum hætti yfir ekki aðeins venjur í starfsháttum þingsins heldur raunverulega þingskapalög, þingsköp Alþingis, að það sé með öllu útilokað að slíku sé látið ómótmælt af þingdeildinni og þess krafist að forusta þingsins, allir forsetar þingsins, taki á þessu máli og fari yfir það nú þegar áður en haldið er áfram umræðum í þinginu um mál sem tekin hafa verið á dagskrá og það með afbrigðum sem eingöngu meiri hl. greiddi atkvæði um eins og fram kom áðan.

Það hefur komið fram að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem eins og lýst hefur verið menn töldu að væri þingreyndur maður, er það a.m.k. að árum til, ætlar sér að hafa forustu um að ganga gegn þingsköpum Alþingis og fitja upp á alveg nýjum starfsháttum í þinginu, formaður þingflokks Framsfl. Ég verð að segja að ég átti ekki von á því, herra forseti, að þessi hv. þm. hefði forustu um vinnubrögð af þessu tagi og tæki sig út úr að þessu leyti. Það veldur mér vonbrigðum. En nú höfum við heyrt það og séð og hv. þm. segir að þetta séu vinnubrögð til sóma. Ja, hann munar ekki um að taka upp í sig, þann ágæta hv. þm., og segir svo jafnframt að það sé alveg knýjandi nauðsyn að þau skattalagafrv. sem hér liggja fyrir og mál þeim tengd fái afgreiðslu fyrir áramót með vinnubrögðum af því tagi sem hann stendur hér fyrir.

Ég var að störfum í morgun í sjútvn. þessarar hv. deildar undir forustu hv. 1. þm. Vestf. og ég verð að segja að það er ólíku saman að jafna í sambandi við þau vinnubrögð sem þar hafa verið viðhöfð eins og ég þekki þau og eins og því hefur verið lýst hvernig starfað hefur verið og haldið á málum af forustu í fjh.- og viðskn. hv. þingdeildar.

Í sjútvn. er verið að fjalla um stórt og viðamikið og flókið mál og það eru þau mál sem hér eru einnig á dagskrá, en þar er haldið á málum með eðlilegum hætti og ekki verið að láta trufla sig með því að það séu áramót fram undan, það sé gamlárskvöld og í framhaldi af því væntanlega nýársdagur og nýtt ár, vegna þess að það er mat forustunnar í sjútvn. deildarinnar að það séu ekkert hundrað í hættunni þó að þessi áramót líði án þess að búið sé að setja lög um þessi efni, þ.e. um stjórn fiskveiða, þar séu ákvæði sem grípa megi til þannig að eðlileg vinnubrögð geti fram farið. Og ætli það sé nú ekki eitthvað svipað uppi í sambandi við þau mál sem hv. 1. þm. Norðurl. v. er að halda fram að sé alveg knýjandi nauðsyn að ákveða um áramótin?

Ætli það væri a.m.k. ekki sæmra að reyna að standa þannig að þessum málum að það sé ekki verið að brjóta þingsköp og móta einhverja alveg splunkunýja starfshætti í þinginu sem talsmenn stjórnarandstöðunnar í þessum nefndum hafa lýst í þingskapaumræðu sem ofbeldislegum vinnubrögðum.

Ég tel, herra forseti, að það sé fráleitt að halda áfram umræðum um þessi mál sem stjórnarliðar hafa lýst að séu öll saman samtengd, hangi öll saman og þurfi að fá samhliða afgreiðslu. Ég held ég hafi lesið það í stjórnarmálgagninu Tímanum í morgun að það væri sammæli um það meðal stjórnarliða að öll þessi tekjuöflunarfrv. ættu að ganga fram samtímis og ekkert eitt að skilja sig þar frá. Ætli sé þá ekki eðlilegt að það sé litið á þessi mál í samhengi hér í sambandi við umræðu og vinnubrögð í þinginu ef það er rétt sem lesa má í Tímanum um viðhorf stjórnarmeirihlutans?

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til 11. gr. þingskapa Alþingis. Þar segir: „Forsetar stjórna umræðum og sjá um að allt fari fram með góðri reglu."

Og seinna í sömu grein: „Forsetar hafa sameiginlega umsjón með starfi þingnefnda. Þeir skipa fyrir um fasta fundartíma nefndanna þannig að fundir rekist ekki á. Þeir halda skrá um þingmál sem til nefndanna hefur verið vísað og fylgjast með gangi mála svo sem nauðsynlegt kann að vera til þess að geta skipað málum niður á dagskrá þingfunda í hagkvæmri tímaröð. Forsetar fara sameiginlega með framkvæmdastjórn Alþingis."

Þetta eru atriði úr 11. gr. þingskapa Alþingis sem okkur er ætlað að starfa eftir og ég vísa til þessara ákvæða og geri kröfu til þess áður en umræða er upp tekin um þau mál sem eru á dagskrá að forusta þingsins, forsetar allir, sem bera hér sameiginlega ábyrgð, fari yfir þá starfshætti sem upp hafa verið teknir í fjh.- og viðskn. þingsins og lýst hefur verið af talsmönnum minni hlutans og staðfest af formanni nefndarinnar, hv. 1. þm. Norðurl. v., að rétt sé með farið.

Hvað var það sem hv. þm. var að segja hér, hv. þm. Páll Pétursson? Hann var að segja að hann væri farinn að standa fyrir nefndarstarfi hluta fjh.- og viðskn. til að flýta fyrir málum og greiða fyrir málum. Hann hefur enga þörf fyrir að hafa minni hl. á fundi. Hann telur fullnægjandi að meiri hl. skjótist saman í skúmaskotum á óboðuðum fundum gagnvart minni hl. og reyni að leysa þar úr sínum ágreiningsefnum. Því hv. þm. greindi frá því að það hefðu einmitt verið ágreiningsefni sem hefðu staðið í vegi fyrir afgreiðslu mála í þingdeildinni, ekki

ágreiningsefni við minni hl., við stjórnarandstöðuna, heldur innan stjórnarmeirihlutans og hann hefði staðið fyrir því að reyna að greiða úr þeim ágreiningi. Hann hefði unnið að því að greiða úr þeim ágreiningi og leysa hann og hann hefði leystst og þegar hann var leystur skilaði hv. þm. inn þinggögnum, áliti frá meiri hl. og brtt. varðandi mál sem hér er á dagskrá, án þess að búið væri að taka málin út úr þingnefndinni.

Það er alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, herra forseti, að þessi vinnubrögð séu nú þegar tekin til umræðu af forustu þingsins og rætt um hvort hér sé eðlilega að málum staðið, hvort þessi vinnubrögð standist gagnvart þingsköpum Alþingis og það verði upplýst af forseta áður en umræða er upp tekin um mál á dagskrá um mat forustu þingsins að þessu leyti.

Það hefur komið fram, herra forseti, að talsmenn ríkisstjórnarinnar telji æskilegt að fá hér afgreidd mál fyrir áramót, tekjuöflunarmálin sem hafa verið á reiki á milli stjórnarliða eins og hv. formaður fjh.- og viðskn. lýsti því. Þau hafa verið fram á þennan morgun í óvissu innan stjórnarliðsins í nefndunum sem ætlar að reyna að koma sér saman á óformlegum nefndarfundum og leysa sinn ágreining og skila sínum viðhorfum inn í þingið.

Þetta eru vinnubrögð sem er ekki hægt að una, en ég vil nefna fleira í þessu sambandi, herra forseti. Ég óska eftir því að áður en hér verður haldið áfram umræðum upplýsi forseti um með hvaða hætti hann hyggst bregðast við óskum stjórnarliða, meiri hl. svokallaðs í nefndum, þó hann liggi ekki formlega fyrir nema á þskj. með ólögmætum hætti gagnvart þingsköpum, og forseti upplýsi okkur um hvernig hann hyggst bregðast við þeim kröfum sem hann fær frá stjórnarliðinu um afgreiðslu þessara mála fyrir áramót, hvernig hann hyggst haga störfum þingdeildarinnar ef hann ætlar að bregðast við þessum kröfum eftir að búið er að koma einhverri skikkan á störf þingnefnda þannig að viðunandi sé. Hæstv. forseti er að sjálfsögðu forseti okkar allra og hlýtur að haga störfum sínum í samræmi við það, enda efast ég ekkert um það. Ég óska eftir að hann greini okkur frá því hvernig hann ætli sér að haga störfum áfram á þessum degi.

Við höfum fengið útbýtt dagskrá 40. fundar í hv. þingdeild og síðan boðaður 39. fundur í Sþ. á þessum degi að loknum fundum í deildum og þar á að taka mál á dagskrá, í Sþ. Ég ber fram þá ósk við hæstv. forseta að hann greini okkur frá því hvenær hann muni ljúka fundum í deildinni í dag til að greiða fyrir þessum boðaða fundi í Sþ. samkvæmt útbýttri dagskrá þannig að menn átti sig á því hvernig forseti og forusta þingsins, því það er hæstv. forseti Sþ. sem stendur að þessari dagskrá að sjálfsögðu líka, hyggst haga störfum í dag. Ég læt mér ekki detta í hug að menn ætli Sþ. ekki sæmilegan tíma til að ræða það mál sem þar er á dagskrá og kannski mál utan dagskrár sem óskir hafa komið fram um að rædd verði þannig að við hljótum að stefna að því að ljúka fundum í hv. deild fyrir kvöldmat til að ljúka umræðum um þau mál sem á að ræða fyrir áramótin í hv. þingdeild. Og ég vil sem utanbæjarmaður, sem hyggst halda áramótin heima hjá mér, fá upplýsingar um það frá hæstv. forseta hvort því megi ekki treysta að þingfundum ljúki á skikkanlegum tíma í kvöld þannig að mönnum gefist ráðrúm til að halda til síns heima og halda þar áramót og fagna nýju ári með eðlilegum hætti. Það hefur borist okkur til eyrna og er haft eftir forustu þingsins, vitnað til hennar, að það sé stefnt að því að hefja fundahald að nýju 4. janúar nk., mánudaginn 4. janúar, og það er gert ráð fyrir störfum þingnefnda, a.m.k. hv. sjútvn., að morgni þess dags þannig að mönnum er ekki ætlaður mikill tími til að dvelja heima hjá sér yfir áramótin ef þeir eiga að geta sinnt þingskyldum og mætt til boðaðra funda í nefndum að morgni mánudags. Það hlýtur að vera krafa okkar eindregin að fundum ljúki með skikkanlegum hætti á yfirstandandi sólarhring, á þessum degi, eins og ég raunar vil lesa út úr þessari dagskrá, þannig að menn geti haft skikkanlegt ráðrúm til þess, ef veðurguðirnir leyfa, að komast leiðar sinnar til þess að kveðja gamalt ár og fagna nýju við eðlilegar aðstæður. Það stóð glöggt með jólin, veðurguðirnir hagstæðir. Það er ekki alveg eins gott fram undan í veðurspánum núna, virðulegur forseti. Þó að vald forseta sé mikið veit ég að hann ætlar sér ekki að stjórna veðri og vindum, en á hans valdi er að greiða fyrir því að eðlilegur tími sé til ferða fyrir þm. Ég ítreka þessa ósk um leið og ég geri um það kröfu að forusta þingsins ræði þá stöðu sem upp er komin vegna vinnubragða í hv. fjh.- og viðskn. undir forustu hv. 1. þm. Norðurl. v.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi vinnubrögð þingsins í dag héldum við forsetar fund með formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar í gær og formönnum allra þingflokka reyndar og kynntum þeim þau áform sem eru um starf í dag. Þau áform voru að halda morgunfund, byrja hann kl. 11, og sá fundur stendur nú yfir, gera síðan hlé til kl. hálfþrjú, byrja þá fund aftur og taka þau mál þá sem tilbúin eru. Að sjálfsögðu verða þau mál tekin fyrir með venjulegum hætti, að leitað verður eftir afbrigðum um það hvort þau megi koma fyrir á dagskrá eins og hér hefur ávallt verið. Síðan var ætlunin að halda fund með formönnum þingflokka um fjögurleytið í dag og sjá hvernig mál ganga fram og ræðast við um framhaldið. Þetta var sú áætlun sem var kynnt í gær um mál hér. Á fundinum kl. fjögur mundi þá væntanlega koma fram hvenær útlit væri fyrir að málum ljúki því að þá sjáum við hvernig umræðum miðar.

Ég hef áður sagt það við þessa þingskapaumræðu og það hefur komið fram hjá nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. að það er ekki ágreiningur um meðferð fjh.- og viðskn. á fyrsta dagskrármálinu þannig að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það geti komið til umræðu á þessum fundi og það sé hægt að mæla þar

fyrir nál. og taka umræðu um það eftir því hverjir til máls vilja taka. Síðan, þegar hlé verður gert, munum við þingforsetar að sjálfsögðu ræða vinnubrögð fjh.- og viðskn. og ræða framhald mála í samræmi við þær upplýsingar sem fram hafa komið hér. Ég vænti þess að fundur geti haldið áfram og umræða um 1. dagskrármálið, sem ekki hefur verið ágreiningur um hér, geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessum umræðum um þingsköp hefði ekki formaður fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., verið með afskaplega einkennilega túlkun á því hvernig nefndum bæri að starfa og sérstaklega vegna þess að margir hv. þm. eru hér inni sem eru að sitja sitt fyrsta þing. Ég fullyrði að öll vinnubrögð á þessu þingi séu alveg með sérstökum hætti. Ég er búinn að vera rúm 20 ár hér og nefndarformaður í á annan áratug í mörgum mismunandi nefndum. Hér er t.d. inni a.m.k. einn hv. þm. sem hefur verið með mér í nefndum. Ég hef alltaf skilið það þannig að nefndir eigi að ræða málin og athuga allar hliðar á hverju einasta atriði. A.m.k. hjá mér hefur það oft komið fyrir að stjórnarandstæðingur hefur bent á ýmis atriði sem betur mættu fara og við höfum stundum náð saman vegna þess að við höfum haldið marga fundi, kallað marga til. Þetta eru alveg ný vinnubrögð. Hv. 1. þm. Norðurl. v. er að gefa ranga ímynd af Alþingi, algjörlega ranga. Ég er alveg undrandi á þessum vinnubrögðum og hans þjónustulund við fjmrh., enda sá ég að hæstv. fjmrh. var að klappa honum öllum utan sem er ekkert undarlegt því að hún er alveg með eindæmum þessi þjónustulund. Ég hefði nú talið líklegra að einhverjir aðrir mundu gegna því hlutverki en hv. þm. Páll Pétursson.

Nefndir eiga að starfa þannig að athuga mál í sameiningu og þegar það er búið, ef ekki næst saman, á að skipta nefndinni og þá er eðlilegt að hver hluti ræði málin. Þetta eru hinar hefðbundnu reglur sem þingið hefur unnið eftir í tugi ára, líklega allt frá upphafi. En nú eru komnir nýir herrar, nýir hættir, ný vinnubrögð sem eru þannig að það er með eindæmum. Og eins og ég sagði í gær: Hæstv. ríkisstjórn virðist ekki vita sitt rjúkandi ráð. Það var orðið samkomulag að ég hélt, herra forseti, að það yrði bara á fimmtudögum sem yrði byrjað fyrir hádegi á fundum og að nefndir hefðu tóm til að ræða málin fyrir hádegi. Ekki einu sinni í þessum mikilvægu málum fá nefndir eðlilegan tíma. Hverjum dettur í hug að tollafrv., 340 bls., hafi verið rætt af neinu viti? Mér dettur það ekki í hug. Ég mun koma með ýmsar spurningar til nefndarformanns á eftir. Við skulum sjá hvað hann getur leyst úr þeim. Þessir nefndarmenn, m.a.s. nefndarformaður, hafa ekki hugmynd um hvað felst í raun og veru í þessum frv. Þannig standa málin 30. des. 1987 og ríkisstjórnin er svo glámskyggn að hún heldur að það sé hægt að klára þessi mál fyrir kl. 12 á gamlársdag. Ætli umræður endist ekki fram að þeim tíma ef á að haga vinnubrögðum á þennan hátt.

Ég er ekki að kenna hæstv. forseta um þessi vinnubrögð. Hins vegar er það hans að neita þessum vinnubrögðum þegar svona er að staðið. Hann á að neita. Hann á ekki að láta ríkisstjórn sem er í raun og veru örvita kúga sig til að breyta öllum hefðum þingsins eins og mér virðist að nú sé gert.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., formanni hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar, að það er mikilvægt fyrir alla og ekki síður stjórnarflokkana að koma þeim þrem málum sem hann minntist á í gegn fyrir áramótin, en vegna vinnubragða fram að þessu hefur frá upphafi, frá því að þessi mál öll komu fyrir Alþingi, verið tímapressa og fyrirsjáanlegt að þessi mál kæmust ekki í gegnum báðar deildir Alþingis og yrðu að lögum nema með mjög góðu samstarfi við minni hl., sem ekki hefur verið vegna þess að meiri hl. hefur ekki talið sig þurfa á neinu samkomulagi að halda við minni hl. Það er stærilæti sem kemur fram hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. þegar hann storkar minni hl. með því að segja orðrétt: „Það er ásetningur stjórnarinnar að þessi mál fari í gegn.“ (**PP:** Að stuðla að því að þessi mál fari í gegn.) Ég skrifaði orðrétt niður. Það getur verið að ég hafi heyrt vitlaust. En ég skrifaði niður það, sem ég hélt að væri orðrétt, að það væri ásetningur stjórnarinnar að svo verði. Samkomulag er ekkert nauðsynlegt vegna þess að hér er hv. formaður að fara í sama farveginn og aðrir í stjórnarmeirihlutanum hafa gert hingað til við afgreiðslu mála, að hnefarétturinn skal vera þingræðinu yfirsterkari. Er ekki meiri hl. farinn að skilja að hann ræður ekki við minni hl. sem fer eftir þingræðislegum reglum og gefur ekkert fyrir hótanir eða þann hnefarétt sem meiri hl. er að taka sér?

Stjórnarflokkarnir hafa legið yfir kerfisbreytingum í langan tíma, sagði virðulegur formaður fjh.- og viðskn., sem ég skildi þannig að vegna þess hve þeir hafa sín á milli vandað sín vinnubrögð og legið yfir þeim málum sem hér liggja fyrir til afgreiðslu í langan tíma komi minni hl. ekkert við hvernig þessi mál líta út. Hann á bara að þegja og ekkert að taka þátt í afgreiðslu þeirra. Hann á bara að átta sig á því að meiri hl. hefur í langan tíma legið yfir málum. Ég kallaði það einu sinni að þeir hefðu sofið á verðinum. Hvar þeir hafa legið er mér ráðgáta. (**HG:** Þeir sváfu fram í desember.) Þeir hafa ekki verið að vinna að málunum því að þau eru illa unnin og þarf að senda á milli deilda í stórum málum til að leiðrétta misskilning eða slæm vinnubrögð sem átt hafa sér stað.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að ekki væri hann eða meiri hl. að „kássast“ í því hvernig minni hl. gerir sín nál. Þakka skyldi honum. En þingsköp ætlast til þess að minni hl. hafi tíma til að vinna. Þingsköp ætlast til þess að nefndarmenn hafi hug-

mynd um hvenær mál koma á dagskrá nefnda og hvenær þau fara af dagskrá nefndar og til afgreiðslu þingdeilda. Minni hl. hlýtur að vera búinn að koma þeim skilaboðum yfir til meiri hl. fyrir löngu á þessu þingi að meiri hl. tekst ekki að nota hnefaréttinn. Við erum að verða eins konar krossberar réttlætis í þingsköpum, þó fáir séum miðað við þann aukna meiri hl. sem stjórnin styðst við. Og við látum ekki troða á okkur. Við erum ekki bara að verja okkar rétt. Við erum að verja vinnubrögð Alþingis í langan tíma. Við erum að byggja okkar vinnubrögð á þeirri hefð sem hefur skapast frá upphafi til þessa dags. Það er engin ríkisstjórn ólíkra flokka, ríkisstjórn andstæðinga í gegnum tíðina frá upphafi þessara þriggja flokka, sem mynda ríkisstjórnina, sem kemur til með að brjóta niður þá hefð og þær reglur, þau lög sem um Alþingi gilda. Ef meiri hl. heldur augnablik að þeir hafi tíma sem vinnur með þeim skulu þeir átta sig á því að tíminn eins og almenningsálitið vinnur með minni hl. Það verður engin afgreiðsla á Alþingi með hnefarétti fyrir þessi áramót. Það verður engin afgreiðsla á neinu í dag ef utandagskrárumræður, að gefnu tilefni frá stjórnarliðinu, taka allan tímann. Það þýðir ekkert fyrir hvorki fjmrh. né aðra óvandaða menn, sem koma með ósannindi frá Alþingi í sjónvarp og útvarp, í ríkisfjölmiðlana, að segja að minni hl. sé um að kenna að mál komist ekki í gegn.

Ef þessar kerfisbreytingar verða til þess, nái þær ekki fram að ganga, að eitthvert ástand skapast í þjóðfélaginu er það vegna þess að meiri hl. með sínu hringli, sem hefur verið á öllum málum, breytingar á öllu, allt það sem var er ekki nýtanlegt, í staðinn skal koma eitthvað sem Alþfl. býr til og teymir hina stjórnarflokkana með sér út í það fen, skapi það óreiðu í þjóðfélaginu lýsi ég allri ábyrgð á þessar andstæður í flokkum, andstæður í hugsjónum sem standa að þeirri ríkisstjórn sem við verðum að þola í dag og ætlast til að ráðherrar komi ekki í ríkisfjölmiðlana til að kenna stjórnarandstöðunni um hvernig verður þegar það ástand hefur skapast af þeirra völdum.

Virðulegi formaður fjh.- og viðskn. og ágætu vinir í meiri hl. Ég ætla að biðja ykkur um að átta ykkur á því að við sem erum í minni hl. látum ekki nokkurn mann troða á þeim þinglega rétti sem okkur tilheyrir. Það getið þið ekki þó þið viljið. Það verður ekki þó þið reynið.

Við virðulegan hæstv. forseta vil ég segja að forseti þessarar deildar, forseti Ed. og að sjálfsögðu fyrst og fremst forseti sameinaðs Alþingis eru forsetar minni hl. ekki síður en meiri hl. og mega aldrei verða verkfæri meiri hl. Forseti verður að gæta þess öryggis sem minnihlutaréttur okkar gefur okkur. Og við treystum á réttlæti forseta hér eftir sem hingað til. Ég ítreka að við munum líka standa að því að forseti þessarar deildar, forseti Ed. og forseti sameinaðs Alþingis skuli aldrei verða starfsmenn meiri hl.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi seinustu orð ræðumanns vil ég taka fram að að sjálfsögðu verða þingsköp haldin í umræðum í einu og öllu, (**AG:** Ég vissi það.) enda hefur það verið gert í þingstörfum fram að þessu. Ég lýsi því yfir, enda heyrði ég ekki að ræðumaður héldi því fram að slíkt hefði verið brotið. Það verður að sjálfsögðu farið að því sem þingsköp mæla fyrir á hv. Alþingi nú eins og hingað til, enda hefur ekki komið þrýstingur á forseta frá ríkisstjórninni um annað. Ég vil lýsa því yfir hér.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég treysti því fyllilega að hæstv. forseti taki tillit til gagnrýni okkar og þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram og kem ekki hér upp til að lengja umræður um þingsköp. Það kunna að gefast fleiri tilefni í dag.

En það var fyrst og fremst innlegg hv. 6. þm. Norðurl. e. sem hvatti mig til að taka aftur til máls um þingsköp og segja örfá orð. Það vill svo til að einmitt fulltrúar minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. hafa reynslu af samstarfi við þann hv. þm. í nefnd og undir hans forustu og það kom raunar til umtals við 1. umr. einhvers af þeim þremur málum sem við höfum haft til umfjöllunar í nefndinni að undanförnu. Þá var hv. þm. fjarverandi vegna veikinda og heyrði ekki þau orð sem þá féllu. En þá minntust ýmsir þess hvernig hann hefur staðið að umfjöllun mála í nefnd. Ég get borið um það hér að undir hans stjórn var ekki gefið eftir með að fara yfir hvert einasta atriði í þeim frv. sem til umfjöllunar voru og aldrei látið undan þrýstingi ríkisstjórnar með að afgreiða mál án skoðunar í nefnd. Þessi störf höfum við tekið sem dæmi um fyrirmyndar nefndarformennsku og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það komi hér aftur fram.

Mér dettur í hug, vegna þess það er mikil trú á endurhæfingu og námskeiðahaldi og menntun, símenntun, í þjóðfélaginu, að það væri mjög til athugunar fyrir stjórn þingsins að efna til námskeiðahalds fyrir hv. þm. og þá allra helst formenn þingnefndanna um hvernig nefndastörf geta sem best farið fram. Ég sé ekki að við værum svikin af því ef til hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er elsti þm. og einn af þeim þingreyndustu, væri leitað um slíkt námskeiðshald.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns. Ég vek athygli hv. forseta á því að hv. 6. þm. Norðurl. e. er ekki aðeins með 20 ára þingreynslu að baki og vel það heldur einnig aldursforseti þingsins og við höfum setið undir hans forsæti í þessari hv. þingdeild sem slíks oftar en einu sinni.

Ég heyrði það af vörum virðulegs forseta að hann teldi að þingsköp hefðu verið haldin hingað til í umræðu og í starfsháttum. Ég spyr virðulegan forseta að því og óska eftir því að um það verði fjallað

af forsetum þingsins, hæstv. forseta sameinaðs þings einnig og hv. forseta Ed. einnig, hvort það sé í samræmi við þingsköp og hefðir að hér komi fram prentuð nál. eins og á þskj. 446 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi breytingar á tollalögum ásamt brtt. á þskj. 447 án þess að búið sé að ljúka umfjöllun um málin í nefnd og án þess að búið sé að ljúka nefndarstörfum varðandi viðkomandi þingmál. Þetta tel ég að sé í rauninni kjarnaatriði í sambandi við það sem við erum að ræða í sambandi við þingsköp.

Það liggur fyrir, virðulegur forseti, að við í stjórnarandstöðu erum andstæð mörgum þáttum í þeim frv. sem hér eru á dagskrá og fyrirhugað er að taka á dagskrá fyrir áramót, matarskatti og fleiri atriðum. En það er ekki kjarninn í þessari umræðu. Það er mál út af fyrir sig sem við ræðum þegar þau mál koma til umræðu, okkar viðhorf til þeirra. Kjarninn í þeirri umræðu sem hér fer fram er spurningin um þingræðið í landinu. Það er spurningin um hvort minni hl. á Alþingi á að hafa sinn rétt í sambandi við störf þingsins, hvort meiri hl. á að líðast að fara offari með þeim hætti sem hér hefur verið lýst og viðurkennt af hv. 1. þm. Norðurl. v., hvort stjórnarmeirihluti á Alþingi á að geta hagað störfum sínum að geðþótta gegn lögum, reglum og hefðum varðandi störf þingsins. Þetta er spurningin um hvort þingræðið á Íslandi verður í heiðri haft eða ekki. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að forsetar þingsins, forusta þingsins hittist nú þegar til að ræða um þau efni sem hér hafa verið til umræðu og deilt hefur verið á í sambandi við störf viðkomandi þingnefndar sem hér hafa verið rædd í tengslum við þingsköp Alþingis.

Ég heyrði ekki að virðulegur forseti gæfi neitt til kynna áðan sem svar við minni spurningu um hvernig fyrirhugað sé að ljúka störfum þingdeildarinnar í dag, hvernig og hvenær hann hefur hugsað sér að ljúka störfum þingdeildarinnar í dag og fyrir áramótin. Við höfum hér fyrir okkur dagskrá um fund í virðulegri þingdeild, en við höfum einnig dagskrá sem gefur til kynna 39. fund í Sþ. að loknum fundum í deildum og ég er að biðja um upplýsingar um hvenær virðulegur forseti ætlar að ljúka störfum þingdeildarinnar fyrir áramót og hvaða tíma ætlar Sþ. sér til umræðu samkvæmt boðaðri dagskrá. Þetta hlýtur að liggja fyrir. Maður skyldi ætla að þetta liggi fyrir áður en gengið er frá þessum málum til dagskrár. Ég tel mig eiga kröfu á því að fá um það upplýsingar hér og nú frá virðulegum forseta og forustu þingsins, áður en umræða er upp tekin, hvenær ákveðið er að ljúka störfum þingsins fyrir áramót þannig að þm. gefist kostur á að halda til síns heima með lágmarksfresti þó, sem þegar er orðinn, því auðvitað ættum við í rauninni að vera með þingfrían dag í dag til þess að mönnum gæfist kostur á að ferðast til sinna heimkynna og heimila til að kveðja gamalt ár og fagna nýju. Þess vegna geng ég eftir svari frá virðulegum forseta um hvort treysta megi því að fundum ljúki í hv. þingdeild t.d. um kvöldmatarleytið eða hvenær á þessum degi þannig að við vitum að hverju við göngum að þessu leyti. Við eigum á því heimtingu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það kom fram í orðum mínum áðan að það er ætlunin að ræða við formenn þingflokka klukkan fjögur um með hverjum hætti þingstörfum má ljúka hér í dag, en því má ekki treysta að það verði lokið þingstörfum um kvöldmatarleytið. Það er ætlun þingforseta að reyna að fá um það samkomulag að ljúka þingstörfum á þessum degi. Það hefur verið ætlunin að ljúka þingstörfum í dag. Það er ætlunin að ræða hvernig það megi takast. Þetta vil ég upplýsa, en tímasetningu get ég ekki gefið eins og stendur. Þetta kom reyndar fram áður í mínu máli.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 448 er nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. leggur til að ríkisstjórninni verði falið að vinna þetta frv. betur. Fari svo að meiri hl. Nd. haldi fast við að afgreiða málið, án frekari umfjöllunar, áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja brtt. við einstakar greinar frv.

Nd. hefur haft allt of skamman tíma til þess að fjalla um þetta frv., svo og nátengt frv. um tollamál, og inni í þeim tíma eru hátíðisdagar jólanna. Fráleitt er að ætla svo nauman tíma, annasaman og sundurslitinn, til þess að fjalla um svo stór mál af vandvirkni.

Það sýnir best hve mál þessi eru illa undirbúin að ný álitamál koma upp á hverjum einasta fundi í nefndinni, enda þótt meiri hl. Ed. hafi þegar breytt frv. í fjölmörgum atriðum.

Þá er ljóst að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings við undirbúning þessara mála. Félag íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda virðast hafa haft málin til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að sjá þau. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband íslenskra samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þeirra kæmu á fund fjh.- og viðskn. Ed. Neytendasamtökin komu hvergi nærri þessum málum fyrr en stjórnarandstaðan lét boða fulltrúa þeirra á fund í nefnd Nd. Heilsufars- og manneldissjónarmið hafa algjörlega verið fyrir borð borin við undirbúning málanna þrátt fyrir gefin fyrirheit í stjórnarsáttmála um forvarnarstarf. Fulltrúi Manneldisfélags Íslands var ekki kallaður til samráðs fyrr en að kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

Meðal þess sem átti að lækka í verði við tollabreytingar voru ilmvötn og snyrtivörur af ýmsu

tagi.“ — Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. og viðskrh. einnig vildu gera hlé á sínum fundi því að hér kem ég að mjög mikilvægum kafla í nál. minni hl. sem ég tel þeim hollt að hlýða á.

„Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram sú skoðun að erlendir ilmvatns- og snyrtivöruframleiðendur mundu sjá leið til þess að hagnast meira á þessum breytingum en íslenskir neytendur. Varð því að ráði að leggja vörugjald á þessar vörur og nýta þær tekjur... „

Herra forseti. Er þm. deildarinnar ætlað að fjalla um þetta mál án þess að hæstv. fjmrh. hafi tíma til að hlýða á mál okkar þó ég sé nýbúin að orða það að mér þykir mikils vert að hann hlusti? (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. mun hafa gengið í hliðarherbergi.) Ég get alveg beðið. (**Forseti:** Ég mun biðja hann að koma inn í þingdeild þannig að ræðumaður geti haldið áfram.) Ég get líka beðið á meðan fundi lýkur í hliðarherbergi.

„Varð því að ráði að leggja vörugjald á þessar vörur og nýta þær tekjur, sem væntanlega munu nema um 130–140 millj. kr., til þess að greiða niður hluta af neyslufiski til almennings. Þetta dæmi sýnir glöggt að þær leynast víða matarholurnar. Minni hl. lýsir sig reiðubúinn til þess að vinna með meiri hl. að því að finna þessar matarholur í frv. um tollamál og vörugjald og afla þannig tekna sem komið geta í staðinn fyrir þær tekjur sem ríkisstjórnin vill afla með söluskatti á matvæli. Matarskattinn mun stjórnarandstaðan hins vegar aldrei samþykkja.

Þar sem ekki fékkst frekari umfjöllun um þetta mál í nefndinni leggur minni hl. til að því verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og henni falið að vinna það betur í samhengi við breytingar á vörugjöldum og söluskatti.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti minni hl.“

Undir þetta rita Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Herra forseti. Þetta nál. og till. okkar fulltrúa minni hl. í fjh.- og viðskn. segir í rauninni í afar stuttu máli flest það sem segja þarf. Þetta álit og sú till. sem þar kemur fram um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar er borin fram í fyllstu einlægni og raunar í algjörri nauðvörn því vitaskuld hefðum við helst viljað fjalla áfram um þetta mál í nefndinni við eðlilegar kringumstæður, undir viðunandi vinnuálagi og án þeirrar óeðlilegu pressu sem hér er í öllum málum. Það er með miklum trega og eftirsjá sem þessu áliti er fylgt úr hlaði því mér finnst þetta mál verðskulda svo miklu meiri umfjöllun og mér rann hreinlega til rifja þegar ég fór að draga saman orð í þetta nál. hver staða okkar er varðandi þetta mál því það kom hver spurningin af annarri upp í huga mér sem hefur ekki gefist ráðrúm til að leita svara við og jafnvel þótt svara hafi verið leitað hefur ekkert ráðrúm gefist til að skrifa þau niður og vinna úr hlutunum sem vert væri. Slíkur er asinn nú á öllu og pressan frá stjórnarliðinu að hespa nú af málum á kostnað vandaðra vinnubragða.

Það undrar mig raunar að svo virðist sem meirihlutamenn á Alþingi skilji ekki hvað þeir gera sjálfum sér illt með þessu, að ekki sé nú minnst á almenning sem auðvitað er þolandinn hvað svo sem við aðhöfumst á þessum vinnustað.

Í þessu nál., herra forseti, sem ég var að lesa, kemur fram tilboð sem ég sé ástæðu til að ítreka og undirstrika og vekja rækilega athygli hv. þm. á og þá sérstaklega hæstv. ráðherra. Að mínu áliti er þetta tilboð sem ekki er hægt að hafna. Væri nú hæstv. fjmrh. sæmra að draga ofurlítið niður í rosta sínum og leggja algjörlega niður áreitnar og ósanngjarnar athugasemdir og sendingar til stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlum og þiggja heldur framboðna aðstoð stjórnarandstöðunnar við að koma fram málum á Alþingi og leysa vandamál bæði ríkissjóðs og almennings með þeim hætti sem unað yrði við.

Við bjóðum fram aðstoð okkar, og setjum það tilboð fram í þessu nál., við að finna þá liði í þessum frv. um tollamál og vörugjald sem þola þær álögur sem gefið geta ríkissjóði tekjur og um leið mundum við forða hæstv. ríkisstjórn frá því voðaverki að leggja skatt á matvæli. Við höfum hér fordæmið sem kom upp í hendur okkar nánast fyrir tilviljun. Það hefur kannski alls ekki komið nægilega vel fram hvernig það vildi til. Það gafst vitanlega ekki tími til að skoða þessi frv., þessa samvöxnu tvíbura, tollafrv. og vörugjaldsfrv., lið fyrir lið eins og við hefðum þurft að gera og fulltrúar minni hl. vissulega fóru fram á. Ég tek það fram að við fórum fram á í nefndinni að það yrði farið yfir þessi frv. lið fyrir lið svo að nefndarmenn mættu kynna sér á eðlilegan hátt hvað í þessum frv. felst. Ég get endurtekið það sem ég sagði áðan um þau vinnubrögð sem æskileg eru í nefndum, að ég er sannfærð um að ef hv. 6. þm. Norðurl. e. hefði stjórnað þessari nefnd hefðum við fengið að viðhafa þau vinnubrögð. En það má vel vera að einhverjir nefndarmanna telji sig hafa farið sæmilega yfir þau og telji sig þess umkomna að afgreiða þau.

En það nánast vildi til á einum þessara örfáu funda sem við ræddum þessi mál að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon fór að spyrja út í tilgang þess að lækka svo mjög álögur á ilmvötn og snyrtivörur. Það var eins og við manninn mælt að hver studdi annan í því að þetta ráðslag mundi engum koma vel nema snyrtivörukóngum úti í heimi sem mundu ekki líða að fína varan þeirra lækkaði í verði hér á Fróni og þeir mundu því bara hækka verð vörunnar frá sér til innkaupsaðila. Það var því ekki um neina fyrirstöðu að ræða í þessu máli, bara skellt á vörugjaldi, einn, tveir og þrír og ekkert mál. Við vitum öll hvað meiningin er að gera við þá aura sem þarna fást, eitthvað töluvert á annað hundrað milljóna kr. Það er rétt að það komi fram hér að mér er reyndar ósárt um þótt ilmvötn og eitthvað meira af slíku dóti fái á sig vörugjald, jafnvel þótt hér sé um að ræða að langmestu leyti vörur sem konur nota. En mér þótti að vísu heldur verra að hárþvottaefni þyrfti endilega að fylgja þar með. Það

varð samt niðurstaðan og ég verð að játa að ég man ekki svo glöggt hvers vegna ekki mátti undanskilja það og væri ástæða til að fá það upplýst hér. Ef hv. 1. þm. Norðurl. v., sem mun hafa stjórnað fundum nefndarinnar og veit sjálfsagt allt um þessi frv. og hver áhrif sú lagasetning hefur, væri viðstaddur gæti hann vafalaust skýrt það fyrir okkur á eftir. Ég er búin að gleyma því því að það var eitt af því sem fór nokkuð hratt fram í nefndinni. En ég verð þó að segja að ef það er spurning um sjampó eða fisk hlýt ég að velja fiskinn.

En þannig gerðist þetta, eins og ég segi, eins og fyrir tilviljun en ekki við einhverja nákvæma skoðun málsins. Það var síður en svo. Og við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni, bæði við tvö sem eigum fullgilda aðila að nefndinni svo og fulltrúi Borgarafl. sem hefur þar áheyrnaraðild, erum þess fullviss að við markvissa leit og með ákveðin markmið að leiðarljósi má finna fleiri slíkar matarholur. En það þarf að vinna slíkt verk af nákvæmni og alúð. Það dugir ekkert handahóf. Við þurfum svolítinn tíma, hæstv. ráðherra, og vinnufrið, en það er allt hægt ef viljinn er nægur og ef menn eru sammála um markmiðin.

En ef svo illa fer að þetta mál verði keyrt í gegn í dag eða næstu daga höfum við kvennalistakonur lagt fram brtt. við frv. sem hér er til umræðu, frv. um vörugjald, og það er á þskj. 449. Ég vil skýra það aðeins fyrir hv. þm. að þessi till. okkar felur í sér að vörugjald verði lagt á ýmiss konar sykur og sykurvörur. Þessi till. er í fyllsta samræmi við þau heilsufars- og manneldissjónarmið sem við höfum lagt mjög ríka áherslu á og talað fyrir í umræðum um öll þau mál sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Ég vil að vísu taka það strax fram að einn hv. þm. benti mér á villu sem væntanlega er hérna í brtt. og hefur þá einnig verið í till. eins og henni var dreift í Ed. Ég á eftir að kanna það. Ég hef ekki mátt vera að því. En ég held að það hljóti að vera villa hérna. Það er nr. 1703.1001 eins og stendur í brtt. Það er næst síðasta talan í aftasta dálki. Það hlýtur að eiga að vera nr. 1702.1001. En þessi tollskrárnr. er að finna á bls. 40 og 41 í tollafrv. Ég vil hvetja hv. þm. til að kynna sér hvað þessi till. felur í sér og vitaskuld vonast ég til þess að þeir muni styðja þessa till. við afgreiðslu málsins hvenær sem hún verður og get fullvissað þm. um að þetta er gert í samráði við sérfræðinga í þessum málum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Við þessa umræðu ætla ég fyrst og fremst að beina einni spurningu til formanns fjh.- og viðskn. sem talaði fyrir nál. meiri hl. Í 5. gr. frv. er sagt: „auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar". Nú er að vísu komin brtt. fram frá hv. þm. Borgarafl., en þó hlýtur nefndin að hafa skoðað það mál. Er þetta eðlileg tala? Er þetta tala sem hv. 1. þm. Norðurl. v. telur vera hæfilega, sama tala sem ríkið ætlar að leggja á sem matarskatt, 25%?

Ég átti einu sinni hlut í heildverslunarfyrirtæki, fyrir tugum ára, og þá var talið að 5–7% væri alveg nægilegt fyrir slíkan innflutning. Nú hef ég ekki fylgst með þessu, en þessi tala stingur mjög í augu. Ég ætla ekkert að fullyrða hvort hún er allt of há. Mér finnst hún alveg ótrúlega há og með því að setja þetta inn í lög er verið að tryggja að hún verði a.m.k. ekkert lægri.

Nú þarf hv. 1. þm. Norðurl. v. að tala við fjmrh. til að vita hvað hann á að segja. Það þykir mér líka líklegt. En nú er þetta það frv. sem mest hefur verið fjallað um af þessum frv. Það hefur verið upplýst. Og ég kem bara með eitt af mörgu sem ég ætla að tala um í 3. umr. þegar ég er búinn að fá svar við þessu.

Það hefur ekki verið kastað til höndunum held ég í sambandi við afgreiðslu þessara mála. Það má nú segja. Og ég er ekkert hissa á því þó hv. 1. þm. Norðurl. v. sé hreykinn af þessum vinnubrögðum, að brjóta í blað í þingsögunni, ég fullyrði það, í sambandi við þessi veigamiklu mál, hvernig hefur verið unnið að þeim. Það er til þess líka að hreykja sér af því.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki ýkjamargt út af fyrir sig sem ég þarf að bæta við hér. Ég stend að nál. minni hl. Þar eru okkar helstu röksemdir tíundaðar fyrir því að vísa þessu máli frá og vísa því aftur til ríkisstjórnarinnar. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir, þrátt fyrir tilraunir virðulegs formanns fjh.- og viðskn. og annarra hér til að reyna að breiða yfir hversu snöggsoðin þessi mál eru, að hér hefur verið unnið allt of hratt að málunum. Það er ekki nokkur leið að halda því fram að það sé eðlileg skoðun og eðlileg stefnumörkun að baki þessarar miklu frumvarpssmíðar, tollalaganna, vörugjaldsins og söluskattsbreytinganna. Ég ætla að benda mönnum á að fjöldi brtt. liggur nú fyrir eða er á döfinni við öll þrjú frv. í seinni deild. Þeim var öllum breytt í fyrri deild og þeim verður væntanlega öllum breytt aftur í seinni deild vegna þess að það hafa komið upp á hverjum einasta fundi fjh.- og viðskn., sem eru reyndar ekkert óskaplega margir en þó nógu margir til þess, sem þessi mál hafa verið til meðferðar, fyrst og fremst vörugjaldið, sem kom fyrst inn í nefndina, síðan tollarnir og svo náttúrlega söluskattsfrv. með þeim endemum sem hér hefur nú verið rætt um, á hverjum einasta fundi hafa komið fram, annaðhvort í viðtölum við menn sem hafa verið hjá nefndinni eða í formi bréfa og erinda til nefndarinnar, ábendingar um hluti sem betur mættu fara og margar hverjar verið teknar til greina. (**Dómsmrh.:** Er það ekki hlutverk þingnefnda?) Það er vissulega hlutverk þingnefnda, hæstv. viðskrh., en bendir það nú ekki til þess að þessi mál hafi ekki verið alfullkomin þegar þau birtust hér á Alþingi? Þrátt fyrir mjög takmarkaða skoðun og nauman tíma sem þingnefndirnar, sérstaklega auðvitað í seinni deildinni, hafa haft til að kynna sér þau og skoða, koma menn með hendurnar fullar, bara við fljótan yfirlestur, fljóta

skoðun, stutt viðtöl við gesti nefndarinnar, af atriðum sem nauðsynlegt reynist að breyta eða þyrfti að breyta. Mjög mörg álitamál, sem komu upp í starfi nefndarinnar og snerta bæði vörugjaldsfrv., tollana og söluskattinn, voru einfaldlega lögð til hliðar. Þau voru lítillega rædd og lögð til hliðar. Brtt. meiri hl. snerta einungis örfá af þessum álitamálum.

Ég tek undir það sem frsm. minni hl., hv. 10. þm. Reykn., sagði áðan um það dæmi sem kom upp við fyrstu yfirferð fjh.- og viðskn. á vörugjaldsfrv. þegar farið var að ræða um hvernig stæði eiginlega á því að þessi mikla vöruverðslækkun væri lögð til á ýmsum snyrtivörum, hlutum sem ekki teljast til lífsnauðsynja og er að mínu mati fyllilega eðlilegt að séu tollaðir og verðlagðir hátt. Svörin voru auðvitað engin. Það var engin sérstök ástæða til þess. Það var engin sérstök stefnumörkun að baki, ekki nokkur. Það er það heldur ekki með þessa vöruflokka yfirleitt. Það hef ég komist að raun um. Um allar þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hvort sem heldur er fulltrúa fjmrn. eða aðra aðila og snerta það hvers vegna tiltekinn vöruflokkur er með eða án vörugjalds, hvers vegna 10% tollur er á þessu en 30% tollur á hinu, hefur borið að sama brunni. Niðurstaðan er ævinlega ein og hin sama. Það liggur í raun engin sérstök stefnumörkun, engin pólitísk meðvitund að baki því að vörur eða þjónusta eru meðhöndluð með tilteknum hætti.

Ég ætla að nefna eitt alveg sérstakt dæmi í þessu sambandi. Það snertir eðlismuninn sem er á vörugjöldum og tollum. Ég er ekki viss um að allir hv. þm., a.m.k. hv. stjórnarliðar, hafi gert sér grein fyrir því að sá er munur á að tollar eru lagðir á innflutning til landsins. Þeir hafa því mjög afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu, ef um er að ræða annars vegar framleiðslu innan lands og hins vegar innflutning. Vegna aðildar okkar að EFTA og Evrópubandalaginu höfum við ekki heimildir til að leggja tolla á samkeppnisvörur, samkeppnisiðnað. En vörugjaldið leggst bæði á innflutning og framleiðslu innan lands og það er í okkar valdi að setja vegna þess að það hefur ekki áhrif. Og nú tek ég dæmin.

Með því að leggja vörugjald á tiltekna vörutegund, sem við skulum segja að að 5% til sé framleidd í landinu en 95% innflutt, er verið að gera þá vörutegund að tekjustofni fyrir ríkið og það er heimilt. Það er okkar mál að ráða því. En ef 5% eru framleidd af hljóðkútum í landinu en 95% flutt inn megum við ekki leggja þar á toll. Þetta gerir að verkum að það er mjög nauðsynlegt að lesa og skoða vörugjaldafrv. með hliðsjón af tollskránni og þeim takmörkunum sem aðild okkar að fríverslunarsamtökum og rammasamningar okkar við Efnahagsbandalagið setja okkur í þessum efnum. Þetta tel ég að hafi ekki verið gert. Og hvers vegna nefni ég dæmi? Ég nefni dæmið um það hlálega mál sem kom upp hjá fjh.- og viðskn. í gær þegar fulltrúar utanrrn. mættu á fundi nefndarinnar og bentu nefndinni, fulltrúum fjmrn. og öðrum á að í gleði sinni höfðu fulltrúar fjmrn. gert ráð fyrir að taka af tolla á innflutningi sjávarvara til landsins, m.a. frá Evrópubandalaginu. Hvað er það? Það er makríll, sardínur og ýmislegt slíkt dót sem flutt er inn í landið, fiskitegundir og matvara úr sjó sem ekki er framleidd hér eða veiðist hér. Hver er ástæða þess að það hefur verið skynsamlegt að halda tollum á þessum vörum? Hún er sú að það hefur verið vopn í samningum okkar við Evrópubandalagið um tollfrelsi og tollamál, t.d. á útflutningi saltfisks. Og hvað gerist svo? Það gerist að hægri hönd stjórnvalda, fjmrn. og snillingarnir þar, strikar þetta út í gleði sinni. Við viljum endilega losna við alla tolla af þessu. En utanríkis- og viðskiptaráðuneytið, hæstv. viðskrh., missa þar með úr höndum sér eitt skársta vopnið í samningaviðræðum okkar við Evrópubandalagið um tollamál. (**Dómsmrh.:** Það eru stór orð um lítið mál.) Já, þetta er kannski lítið mál, hæstv. viðskrh. Það getur vel verið að hæstv. viðskrh. hafi engar áhyggjur af þessu. Þá er best að hæstv. viðskrh. komi hér upp og segi okkur að það sé allt í fína lagi með samninga okkar við Evrópubandalagið. Það þurfi engar áhyggjur að hafa af því þó við fellum niður sjálfviljugir alla tolla sem við getum notað í samningaviðræðum okkar við það. Þetta er auðvitað lítið mál hvað varðar það að ekki er um mikið magn að ræða. Það er ljóst. En ég trúi fulltrúum utanrrn. þegar þeir segja að þetta hafi verið notadrjúgt tæki í samningum við þessa aðila og mættu þeir gerst vita sem hafa yfir að segja þeim starfsmönnum, eins og t.d. sendiráði okkar á meginlandi Evrópu, í Brussel, sem sérstaklega hefur mætt á að semja við Evrópubandalagið um okkar tollfríðindi á hverju einasta ári og eytt í það drjúgum hluta af sínum tíma að ég tel.

Þetta er þannig, herra forseti, að það er alveg ljóst að þessi frv. hafa ekki verið lesin saman eða verið byggð upp í því samhengi við alla þessa hluti sem nauðsynlegt er. Ég tel að það hafi komið rækilega fram bæði í umræðum, með þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram í báðum deildum og með þeim öðrum dæmum sem ég hef hér rakið. Hvers vegna er t.d. ekki farið yfir vörugjaldsfrv. með það sérstaklega í huga að nota vörugjöldin sem tekjustofna fyrir ríkið á þeim vöruflokkum sem menn eru sammála um að betur séu til þess fallnir að vera skattstofnar en t.d. matvaran og ýmis slík nauðsynjavara og þær tekjur sem ríkissjóður fær með þeim hætti notaðar til þess að lækka þá vöruverð á nauðsynjum?

Þetta dæmi, sem hér var rakið, um snyrtivörurnar er svo sláandi þegar spurt er: Hvers vegna er heill vöruflokkur skv. tollskrárnúmerum, varalitur, ilmvötn, rakspíri, hárlökk o.s.frv., algerlega án vörugjalda á sama tíma og hér á að leggja miklar álögur t.d. á matvörur? Hver er ástæðan? Svarið er: Æ jæja, þetta bara var nú svona. Það er alveg sjálfsagt að leggja á þetta vörugjald. Það er ágætis hugmynd. Eigum við ekki bara að gera það? Jú, jú, við skulum bara gera það. Svona gerðist þetta, herra forseti. (**HG:** Hvar eru ráðherrarnir?) Eru þetta

markviss vinnubrögð? Bendir þetta til þess að sú hugsun og sú stefnumörkun liggi að baki þessu vörugjaldafrv. sem nauðsynlegt er? Nei, auðvitað ekki. Þetta er yfirgengilegt að upplifa.

Halda menn að það sé ekki ýmislegt fleira sem mætti fella undir þennan flokk? Hafa menn áttað sig á því hvernig það er fyrir óbreytta þm. að ætla sér að lesa þetta saman? Vita menn hvernig þetta er upp byggt? Þetta er þannig að hér er frv. til l. um vörugjald. Vörugjöldin leggjast á vörur eftir því hvernig þær flokkast í tollskrárnúmer. Það er sem sagt stuðst við þá flokkun sem notuð er í tollskrá þegar vörur eru flokkaðar með tilliti til vörugjalda. Það þýðir að ef hv. þm. ætla t.d. að vita hvaða vöruflokk er verið að leggja á vörugjald upp á 14% eða 17,5, ef um innflutning er að ræða í raun og veru, þegar tollskrárnr. 3920.1000 er allt í einu sett í vörugjöld, byrjum við á því að lesa það í vörugjaldafrv. Svo förum við í tollskrána. Þar flettum við upp á númerinu 39 og nú er ég að reyna að gera það, herra forseti, 3922.1000. Það eru baðker, sturtubaðker, handlaugar, skolskálar, salernisskálar, setur, lok og vatnsgeymar til að skola niður og áþekk hreinlætistæki úr plasti. Í dálki A er 10%, í dálki E er 0%. Það þýðir að ytri tollur á vöruna er 10%, innri tollur enginn. Ef við ætlum að vita hvaða breyting á sér hér stað frá fyrri frv. þurfum við að hafa gömlu tollskrána. Við þurfum líka að fletta upp í henni því að í nýja frv. kemur ekki fram hvernig tollarnir breytast, eingöngu hvernig þeir eiga að verða. Og við verðum að hafa ýmis aukagögn vegna þess að gamla tollskráin dugði ekki ein sér eftir því sem ágætur starfsmaður einnar heildsölu í bænum, sem setið hefur fundi fjh.- og viðskn., hefur tjáð mér. Það þarf að hafa ein fjögur, fimm slík gögn í höndunum ef maður ætlar í fyrsta lagi að vita um hvaða vörur er að ræða, í öðru lagi hvaða tolla ber hún, í þriðja lagi hvaða tolla bar hún o.s.frv. Þetta eru fínu vinnuskilyrðin sem þm. hafa ef þeir ætla að komast til botns í frv. sem samanlagt eru eitthvað á fimmta hundrað bls. Það er eitthvað á fimmta hundrað bls. með smáu letri sem hér er verið að afgreiða á örfáum sólarhringum.

Herra forseti. Ég ætla að láta þessu lokið. Ég ætla ekki að fara dýpra út í efnisumræður um þetta frv. Ég tek fram og undirstrika að hvað varðar afgreiðslu þessa máls frá fjh.- og viðskn. var út af fyrir sig samkomulag, enda þetta það mál sem kom fyrst inn í nefndina og hefur mesta skoðun hlotið þrátt fyrir þann feril sem ég hef nú hér gert nokkra grein fyrir og þá stöðu málsins.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Að gefnu tilefni og vegna fsp. frá hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég að það komi fram að í gildandi lögum um vörugjald var lagt 80% gjald á stofn innlendrar framleiðslu. Til þess að losna við þessa áætlunarupphæð var fundin upp þessi regla. Ég vil leyfa mér að lesa úr skýringum við 5. gr. frv. Í þeirri grein er fjallað um gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum:

„Skv. 7. gr. frv ber að innheimta gjaldið við tollafgreiðslu af innfluttum vörum með sama hætti og tíðkast hefur skv. gildandi lögum um vörugjöld. Gjaldstofn innfluttrar vöru er skv. greininni tollverð að viðbættum tollum, sé um þá að ræða, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Hér er um að ræða breytingu frá ákvæðum gildandi laga um vörugjöld. Breytingin felst í því að áætluð heildsöluálagning er tekin inn í gjaldstofninn við tollafgreiðslu vörunnar áður en vörugjaldið er reiknað. Í gildandi lögum um vörugjald er gjaldstofn innfluttrar vöru hins vegar tollverð hennar að viðbættum tolli. Með þessum hætti er tryggt að gjaldstofn innfluttrar vöru verði sambærilegur vörugjaldsstofni innlendrar framleiðslu, sbr. 2. og 3. málsgr. 6. gr., þ.e. heildsöluverð vörunnar en ekki verksmiðjuverð hennar án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði eins og gildandi lög kveða á um."

Ég held að þetta sé ekki óskynsamleg leið og ég held að þetta sé ekki lakara fyrirkomulag en það sem við höfum búið við heldur betra. Hitt er svo annað mál hvort þessi 25% eru nákvæmlega rétt prósentutala. Ég get fallist á það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að það kann að vera að hún sé óþarflega há.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

41. fundur, miðvikudaginn 30. des., að loknum 40. fundi.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 366, n. 444 og 448, brtt. 445, 449, 452.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá, 1. dagskrármálið, vörugjald, stjfrv., þskj. 366 ásamt framlögðum brtt., er hið þýðingarmesta mál og snertir í rauninni mörg önnur sem eru til umfjöllunar þessa dagana og hafa verið frá því um miðjan desember. Þetta mál kom á dagskrá þessarar hv. deildar kl. 11 í morgun og þeir hv. þingdeildarmenn sem hér voru þann tíma urðu vitni að dálítið sérstæðri umræðu sem varð um þingsköp í hartnær tvo tíma. Það var út af fyrir sig lærdómsrík umræða vegna þess að hún sýndi í sjálfu sér hvernig þessi mál hafa verið hér undirbúin eða réttara sagt hversu lítið þau eru undirbúin. Mín ætlun er að fjalla um eitt efnisatriði þess máls sem er á dagskrá, en vil þó áður en ég geri það vekja athygli á því kannski enn betur eða enn frekar en hér var gert í morgun hversu undirbúningslítil þessi miklu mál, sem hér er verið

að fjalla um, í rauninni eru.

Það kemur fram þegar þetta mál er á dagskrá í hv. Ed., a.m.k. kemur það fram í nál. sem þar var lagt fram á þskj. 311, að hagsmunaaðilar í þessu efni höfðu ekki fengið tækifæri til að fjalla um málið. Ekki nema annan kantinn ef svo má segja, þ.e. einungis Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag ísl. iðnrekenda, en þeir aðilar höfðu fengið málið til umfjöllunar alllöngu áður en hv. Alþingi var gefinn tími til að ræða þessi atriði. Síðan hefur það gerst fyrir tilstilli stjórnarandstöðu fyrst og fremst að aðrir hagsmunaaðilar hafa fengið að leggja að nokkru orð í belg. T.d. aðilar eins og fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, fulltrúar frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, náttúrlega allt aðilar sem skipta máli í þessu efni eða réttara sagt sú löggjöf sem verið er að undirbúa hér skiptir þessa aðila máli. Við fengum í þessari hv. deild í morgun, þ.e. þeir stjórnarandstæðingar sem hér voru mættir og örfáu stjórnarsinnar, lýsingu á því hvernig hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um þetta mál á tveimur, þremur fundum, en raunverulega, að því er fram kom í þessum umræðum, voru u.þ.b. tvær mínútur til raunverulegrar umræðu um málið.

Nú er það rétt og eðlilegt að þetta mál, um vörugjald, sé skoðað í tengslum við aðra stóraukna skattheimtu sem hér er uppi höfð þessa dagana í löggjöf frá hv. Alþingi. Í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. er á það lögð þung áhersla að á þetta mál sé litið í heild í tengslum við önnur skattheimtufrv. sem hér er um að ræða. Það munu vera nær 9 milljarðar kr. í nýrri skattheimtu sem hér er á ferðinni og vörugjaldið er aðeins lítill hluti af því máli öllu saman.

Mín ætlun var hins vegar að ræða sérstaklega einn þátt frv. um vörugjald. Frv. er, eins og hér getur að líta, í 12 greinum og með tveimur ákvæðum til bráðabirgða eins og gjarnan er um hin merkustu lög frá hv. Alþingi, en það er 5. gr. þessa lagafrv. sem ég vildi sértaklega gera að umtalsefni og beina í því sambandi spurningu til t.d. formanns hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar eða hæstv. fjmrh. ellegar hæstv. viðskrh. En eins og nú standa sakir í þessari hv. deild er enginn þessara aðila viðlátinn til að hlýða á mál mitt og raunar ekki einn einasti stjórnarsinni. Að vísu gengur einn þeirra í salinn í þessum töluðum orðum og annar situr hér fyrir auk forseta. En enginn þeirra aðila sem raunverulega kemur þetta mál við formlega og efnislega í meðförum þingsins hefur talið ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu. Ég vildi fara þess á leit við hæstv. forseta að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, ef þessir menn á annað borð mega vera að því að koma hingað í salinn, að þeir yrðu látnir um það vita að þetta mál sé á dagskrá þó ekki væri nú meira. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að það verði sent eftir hæstv. ráðherrum.) Ég læt þá fyrir berast hér í stólnum á meðan og hef hægt um mig. Það er ekki að sjá að séu miklar annir á Alþingi þessa dagana.

Ég sé að hæstv. viðskrh. gengur í salinn og ég fagna því. — Ég gerði, hæstv. ráðherra, hlé á máli mínu vegna þess að mig langaði til að leggja fram tvær, þrjár spurningar til aðila um það mál sem hér er á dagskrá. Að vísu hafði ég ætlað sérstaklega að beina spurningum mínum til formanns fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, sem hefur fjallað þegar um það mál sem er á dagskrá, en ég býst við að hæstv. ráðherra hafi vafalaust hugmynd um hvað fram fór í viðkomandi nefnd og geti efnislega svarað því sem mér liggur á hjarta.

Í 5. gr. þessa frv. til laga er fjallað um gjaldstofn. Ég ætla mér að lesa þá grein, með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðar svo:

„Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt 8.–10. gr. tollalaga að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar."

Það sem mér skilst að hér sé kjarni máls, þó að það komi ekki beint fram í þessari grein, er annars vegar að verið er að leggja hér vörugjald á vöru við innflutning til landsins, svo sem verið hefur, en hins vegar er það nýtt ákvæði að nú er verið að leggja vörugjald á vöru sem framleidd er í landinu að einhverju eða öllu leyti. Það sem er nýtt í þessu efni er það að nú er gert ráð fyrir 25% áætlaðri heildsöluálagningu sem kemur inn í gjaldstofninn áður en viðkomandi vörugjald er lagt á og þess vegna er fyrsta spurning mín þessi:

Hver er ástæða þess að reiknað er með 25% áætlaðri heildsöluálagningu? Hver er ástæða þess að það er akkúrat þessi prósenta sem verður fyrir valinu? Er einhver sérstök ástæða til þess? Er það vegna þess að mönnum eru 25% svo ríkulega í huga vegna söluskattsins, sem á nú að vera 25% svo að segja gegnumsneitt, eða er þetta svo yfirleitt í heildsöluversluninni? Ég þekki það ekki svo. Eða eru einhverjar aðrar ástæður fyrir því að það er akkúrat þessi prósenta, 25%? Fjórðungur er ekkert lítið mál. Er ástæðan e.t.v. sú að þarna er verið að ná upp muninum frá 14–17% í endanlegri útkomu? Þetta er mér hulin ráðgáta, ég vildi gjarnan fá að vita um þetta.

Ég vildi enn fremur fá að vita um það hvort fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur sérstaklega fjallað um þetta atriði á sínum fundum sem hér voru sérstaklega til umræðu í morgun.

Þá er annað atriði sem ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um í þessu efni og er af nokkuð öðrum toga og má kannski segja að í rauninni snerti allt eins frv. um tollalög, sem hér eru raunar til umræðu þessa daga og mun vera annað mál á dagskrá þessa fundar hér í dag. En engu að síður held ég að það sé í lagi að ég spyrjist fyrir um það einmitt núna í leiðinni. Hér segir, eins og ég las áðan í 5. gr.: „Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra

eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga.“ Fyrirspurn mín er um tollverðið.

Nú er það svo að þegar tollverð er reiknað út, eins og menn vita, þá er það gert á þann hátt að til grundvallar liggur fob-verð vörunnar, þ.e. raunverulegt verðgildi vörunnar við innflutning í landið, fob-verð. Þegar tollverðið er reiknað út er síðan bætt við flutningskostnaði til landsins. Nú er það öllum mönnum ljóst að Ísland hefur þá sérstöðu að vera úti í miðju Atlantshafi og af þeirri ástæðu er flutningskostnaður til landsins töluvert meiri en annars staðar yfirleitt gerist. Af þeirri ástæðu hefur mér alla tíð þótt það ákaflega hæpið réttlæti, svo ekki sé meira sagt, sérstaklega þegar tollar voru hér háir, meðan þeir voru yfir 50% af tekjum ríkisins, að þá skyldi þessi hái flutningskostnaður til landsins vera notaður til þess að hækka gjaldstofninn annars vegar á tollum og hins vegar líka vörugjöldum, og nú auðvitað líka til viðbótar söluskattinn. Þess vegna langar mig líka til að spyrjast fyrir um það: Hefur það ekki komið til álita, hvorki í hv. fjh.- og viðskn., í meðförum málsins hjá ríkisstjórn þegar málið var undirbúið né á öðrum stigum þessa máls, hefur það ekki komið til álita að breyta þessari aðferð um myndun gjaldstofns fyrir vörugjald, nú ellegar tolla ellegar söluskatts að þessu leyti, að hætta því að hafa flutningskostnaðinn sem grundvöll að tollverði eins og hér er áfram lagt til? Að auki má bæta því við að það er ekki bara flutningskostnaðurinn sem leggst við fob-verðið þegar tollverðið er reiknað út, það er líka vátryggingarkostnaður. Hann er að jafnaði 1% nema á innflutningi á bifreiðum þá er hann um 2%. Þegar þetta leggst svo allt saman þá myndar þetta tollverðið og það er ekkert lítill kostnaður sem leggst við vöruverð þegar verið er að mynda þennan gjaldstofn hér á landi þegar þessum mikla flutningskostnaði til landsins er bætt við fob-verðið og tollverðið myndað.

Nú gerist það hins vegar að auki að ofan á þetta allt saman á að bæta 25% áætlaðri heildsöluálagningu áður en gjaldstofninn fyrir hið nýja vörugjald er fundinn út. Þannig að margföldunin í sköttum í þessu efni er gífurleg. Fyrir mér er aðalatriði þessi sérstaða landsins hér úti í miðju Atlantshafi, þessi langa vegalengd og eðlilega mikli kostnaður. Hvers vegna í ósköpunum þurfum við endilega að nota hann til þess að hækka þennan gjaldstofn sem hér er um að ræða?

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi þessi orð mín ekki öllu fleiri að sinni. Spurningar mínar eru sem sagt í meginatriðum tvær: Hver er ástæðan fyrir 25%? Og: Hefur það komið til orðs á fyrri stigum þessa máls hér í undirbúningi fyrir þessa umræðu í þinginu að breyta grundvelli að útreikningi á tollverði?

Mér hefur hins vegar, hæstv. forseti, ekki auðnast að teygja svo lopann hér í ræðustól að þessu sinni að dygði til þess að formaður hv. fjh.- og viðskn. léti svo lítið að ganga hér í sal og vera viðstaddur þessa umræðu. Það hefur ekki tekist.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. til l. um vörugjald og samkvæmt upplýsingum sem fram komu í máli þeirra sem mæltu fyrir nál. meiri og minni hl. er þetta það mál sem er sagt að eitthvert ráðrúm hafi gefist til af hálfu hv. fjh.- og viðskn. til að fjalla um andstætt því sem verið hefur um frv. til breyttra tollalaga og frv. til l. um söluskatt sem einnig eru á dagskrá þessa fundar ef leyft verður.

Samt er það svo að í sambandi við þetta frv. eru uppi margar spurningar og upplýst hefur verið af talsmönnum minni hl. nefndarinnar að á hverjum fundi sem haldinn var hafi bæst við ný atriði, ekki bara eitt, ekki bara tvö, heldur mörg og ábendingar hafi komið fram af hálfu þeirra sem með litlum undirbúningi og fyrirvara komu til viðræðu við nefndina.

Hæstv. viðskrh., sem er einn ráðherra hér viðstaddur þessa umræðu, gat þess með frammíkalli að hann teldi það vera verkefni þingnefnda einmitt að fara ofan í mál og átta sig á veilum. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði um það efni. Það á að vera verkefni þingnefnda. Til þess þurfa þingnefndir hins vegar tíma og þeir starfshættir sem ríkisstjórnin tíðkar í sambandi við þessi mál bjóða einmitt ekki upp á þessi vinnubrögð sem hæstv. viðskrh. með réttu taldi að væri verkefni þingsins að fjalla um, finna veilur, breyta stefnu ef meiri hl. er fyrir því í frv. sem frá ríkisstjórn koma. Og eigi það við um þetta mál sem hér er til umræðu, hvað þá um hin stóru málin? Hvert ráðrúm hefur þingnefndum gefist til að gaumgæfa þau og leggja til breytingar að yfirveguðu ráði þeirra sem þar hafa lagt nótt við dag? Sá tími hefur enginn verið. Málunum hefur verið hent inn í þingið með sérstæðum hætti eins og hér hefur komið til umræðu. En ég ætla ekki að ræða það út af fyrir sig frekar hér, virðulegur forseti, í umræðu um þetta mál. Ég óska hins vegar eftir því að hér komi til fundarins hæstv. fjmrh., sem stendur að þessu máli, og hv. 1. þm. Norðurl. v., sem er frsm. meiri hl. Það verður auðvitað ekki hægt að halda hér áfram umræðu um málið að þeim fjarstöddum svo ég treysti því að þeir komi von bráðar í þingsal og geri hlé á máli mínu. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er þegar genginn í salinn.) Hæstv. fjmrh. er genginn í sal. Vel er það, virðulegur forseti. Þá vantar okkur hv. þm. Pál Pétursson sem ég ætla að beina til fsp. hér á eftir, en ég skal halda áfram máli mínu og ræða við hæstv. viðstadda ráðherra um þessi efni en sjá til hvort hv. þm. Páll Pétursson ekki kemur í þingsal.

Það er sannarlega lærdómsríkt að heyra málflutning talsmanna minni hl. nefndarinnar um það hvernig staðið hefur verið að málum í sambandi við þetta frv. um vörugjald og hvernig þar tókst að finna matarholur, a.m.k. eina álitlega sem nokkru skiptir, og hv. 10. þm. Reykn. gat þess í sinni framsögu að þær væru áreiðanlega margar ef eftir væri leitað.

Það var einnig mjög fróðlegt að heyra hjá hv. 4.

þm. Norðurl. e. hvernig þessi mál eru búin í hendur þm. og hvaða gögn menn þurfa að fara í gegnum til þess að átta sig á þeim frv. sem hér eru lögð fyrir og saman standa í aðalgreinum af tölustöfum einum saman. Þar þurfa menn að hafa ýmislegt við hendina og hafa aðstöðu til þess að taka sér tíma til að fletta upp í þeim gögnum, bæði tollskrám, fyrirhugaðri tollskrá með breytingum og eldri tollskrá til þess að átta sig á samhengi hlutanna.

Hæstv. viðskrh., ég hafði hug á að beina til þín einni fsp. og skal láta hana koma hér. (**Dómsmrh.:** Með leyfi forseta, ég þarf að vera við viðræðu í Ed.) Viðræðu í Ed., en væntanlega verður hæstv. ráðherra fljótlega í þingsal hér. (**Dómsmrh.:** Já, ég verð það.) Þá áskil ég mér rétt til þess að koma aftur inn í umræðuna og beina til hans fsp. um þetta efni.

Það er nánast útilokað fyrir okkar, sem ekki eigum sæti í þingnefnd til að vinna að þessum málum, að átta okkur á efnisatriðum sem hér er verið að leggja til varðandi breytingar á vörugjaldi á þeim tíma sem okkur er ætlaður til þess. Ég ætla ekki að gera það sérstaklega frekar að umræðuefni, vek hins vegar athygli á þessu. Það hefði auðvitað átt að fylgja með frv. yfirlit sem opnaði fyrir okkur þá dularfullu tölustafi sem þarna eru fram bornir, yfirlit um það hvaða vöruflokkar eru hér á ferðinni. Þetta er, hæstv. fjmrh., auðvitað ekki frambærilegt að leggja fyrir þm. frv. af því tagi eins og gert er hér varðandi vörugjaldið þar sem 3. gr. samanstandur af eintómum tölustöfum og ekki er að finna í neinu fskj. hvaða vöruflokka er um að ræða. Þetta eru alls ekki frambærileg vinnubrögð og gerir okkur auðvitað mjög erfitt fyrir að taka á þessum málum af einhverju viti. En það er hér ein grein, hæstv. ráðherra, sem ég ætlaði að gera að sérstöku umtalsefni og það er 11. gr. þessa frv. sem mér sýnist að ekki hafi orðið nein breyting á í Ed., en greinin hljóðar svo: (**Fjmrh.:** Ég er kvaddur í símann.) — Virðulegur forseti, enn kemur það fram að hér er ekki hægt að eiga eðlilegar viðræður úr ræðustól við hæstv. ráðherra vegna þess að það er vöntun á síma. Hæstv. ráðherrar taka símann fram yfir viðveru í þingsal. Það er nú umhugsunarefni út af fyrir sig að síminn skuli hafa forgang, að það skuli vera forgangsatriði hjá hæstv. ráðherrum að hlaupa í símann. Það væri betur að við hefðum einhverjar slíkar boðleiðir hér í ræðustólnum. — Hæstv. ráðherra, það er 11. gr., hún er svohljóðandi komin frá Ed.:

„Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

Hér er að finna í þessum frumvarpstexta, sem ætlunin er að gera að lögum hið fyrsta skv. ósk ríkisstjórnar, í fyrsta lagi reglugerðarákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og framkvæmd laga þessara. Og ég spyr: Hefur reglugerð um þessi efni verið sýnd? Lá hún fyrir, hv. 1. þm. Norðurl. v., í fjh.- og viðskn. þegar um þetta mál var fjallað? Lágu fyrir reglugerðardrög frá hæstv. ráðherra um þetta efni? Og þó enn frekar spyr ég og nú beint til hæstv. ráðherra: Hvers konar heimildarákvæði er það sem hér er á ferðinni í þessari 11. gr. og mun hafa verið, ef trúa má athugasemdum við einstakar greinar í frv. eins og það er lagt fram, efnislega svipað í gildandi lögum um vörugjald sem opnar fyrir heimildir, mjög rúmar að mér virðist, heimildir fyrir ráðherra bara að stokka upp spilin? Stokka upp spilin með tilliti til þessa ákvæðis að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara. Ég átta mig í fljótu bragði ekki á hvað í rauninni hægt er að spila á ákvæði af þessu tagi. En mér sýnist það vera óhugnanlega óljóst og rúmt. Maður setur stórt spurningarmerki við það starf sem hv. fjh.- og viðskn. hefur á sig lagt til þess að fara í gegnum þessa hluti og athuga þá betur en sendir frá sér málið án þess að það séu tillögur um einhverja skýringu eða nánari útfærslu á þessum ákvæðum sem eru jafnrúm og mér virðist a.m.k. vera og gera hæstv. ráðherra kleift bæði að fella niður og auka við talnalyklana skv. 3. gr. Til hvers er þá verkið unnið og hvað felst nánar í þessu?

Ég bið hv. 1. þm. Norðurl. v. að skýra það fyrir okkur, það væri best að hann riði á vaðið og útlistaði því það er þingið sem er að fjalla um málið. Framkvæmdarvaldið hins vegar leggur það fyrir þingið, hæstv. fjmrh., og það væri þá ágætt að hann kæmi líka til að segja hvað honum er í hug í sambandi við þetta efni, hvað hann gæti talið að undir þetta atriði gæti fallið.

Þetta tel ég vera ekkert smámál heldur veigamikið atriði eins og það að reglugerðardrög séu sýnd í sambandi við ákvæði eins og kveður á um í 1. málsl. 11. gr. frv. Í skýringum með 11. gr. í frv. eins og það var lagt fyrir þingið á þskj. 227 segir, með leyfi forseta:

„Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um vörugjöld. Í greininni er þó lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að leiðrétta ósamræmi sem kann að vera í skattlagningu skv. frv." — Sem kann að vera í skattlagningu skv. frv. Þetta virðist samkvæmt þessari skýringu í rauninni vera nýtt og rýmra en ákvæði gildandi laga þannig að ég hef sennilega ekki haft alveg rétt fyrir mér fyrr í ræðu minni þegar ég ályktaði sem svo að þetta væri hliðstætt, því það segir: er þó lagt til að leiðrétta ósamræmi.

Við höfum verið að inna eftir því hér í sambandi við ýmis mál, bæði stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuþm., að fá einmitt upplýsingar um svona opin ákvæði, heimildir til ráðherra varðandi einstaka þætti í öðrum málum en þessum og hér sýnist mér ástæða til þess að biðja um skýringar og þær helst sem fyllstar. Ég bið hæstv. ráðh. að reiða hér fram dæmi, skýr dæmi um það hvaða tilvik gætu

komið til í sambandi við þetta heimildarákvæði, nefna þar til vöruflokka og nefna til eitthvað úr talnalyklunum skv. 3. gr., hvað það er hugsanlega í þessum talnaröðum hér sem gæti þurft breytinga við vegna þess að menn hafa ekki hlutina á hreinu. Er tilfellið að það sé verið að biðja um þetta heimildarákvæði vegna þess að þetta er svo hraðsoðið plagg að menn eigi eftir að átta sig á hvort samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara? Er það hugsanlegt? Hvað segir þingnefndin um þetta? Hvað segja nefndarmenn í fjh.- og viðskn. sem töldu sig hafa dálítinn tíma til að líta á þetta? Var það upplýst í nefndinni að það væri ekki tími til þess að fara nánar í þetta og þess vegna skildu menn eftir opna heimild fyrir ráðherrann til að taka upp 3. gr., undirstöðugrein frv., bæta inn nýju atriði til þess að kleift sé fyrir ráðherrann bara að stokka þetta svona upp að eigin mati?

Hver á að meta þetta? Hver á að meta þetta, hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Norðurl. v.? Hver á að meta það hvort samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara? Það er væntanlega framkvæmdarvaldið eins og gengið er frá þessum texta hérna. En er það skynsamlegt að senda frá sér mál þegar ekki er búið að fara yfir það hvort fulls samræmis gæti í þessum efnum? Og er það skynsamlegt að vera að láta menn puða hér vansvefta í þinginu í því að reyna að fara í gengum þessa talnalykla, sem enginn lykill fylgir með í frv. eins og það er lagt fyrir og menn þurfi að fletta upp í gömlum tollskrám og væntanlegum tollalögum til þess að átta sig á hlutunum? Ég veit ekki hverjum það er bjóðandi í rauninni að standa að vinnu með þeim hætti.

Ég verð að segja að það er sannarlega ekki auðvelt að fjalla efnislega um mál sem er svona lagt fyrir. Ætli hv. 10. þm. Reykv. t.d. gæti sagt mér, ef hann mætti koma hér með mér í ræðustólinn og fara yfir þessa 3. gr. með mér, hvað býr á bak við hvert talnanúmer? Ég efast um, þó að hv. þm. sé glöggur maður, að hann réði við það þó hann hafi kynnt sér tollalögin og fjallað um þessi mál. Ég hygg að hv. þm. eigi sæti í fjh.- og viðskn. og áreiðanlega ... (Gripið fram í.) Einmitt, og þá kemur hv. þm. væntanlega hér á eftir, virðulegur forseti, og segir sína túlkun á því sem ég var að fjalla um varðandi 11. gr. Hvaða óvissuatriði eru þetta, hv. 10. þm. Reykv., sem um er að ræða í 11. gr., sem valda því að það þarf að hafa þessa rúmu heimild til ráðherrans, að hann geti bara gripið inn í aðalgrein frv. og hagrætt þar hlutunum, ýmist fellt niður eða aukið við? Er hv. 10. þm. Reykv. sáttur við þessi vinnubrögð? Ég veit að hann ber mikið traust og jafnvel lotningu fyrir hæstv. fjmrh. Það hefur komið fram að hann hefur lýst áhyggjum og ber mikið traust til hans bæði í sambandi við brauð o.fl. Og það virðist eiga að gilda um vörugjaldið í heild sinni að hv. þm. ætlar bara ráðherranum að geta gripið inn í þessa talnalykla alla saman, kippt þar út og bætt við.

En þetta lýsist nú væntanlega allt þegar frsm. meiri hl. nefndarinnar skýrir sinn skilning á þessu og meiri hl. því að það skiptir nokkru máli hvert viðhorfið er. Það liggur ekkert fyrir í nál. það ég hef séð varðandi þetta atriði. Svo kemur væntanlega hæstv. fjmrh. hér og segir okkur dæmi um það hvað það er sem er svo hraðsoðið að það þurfi að hafa þessa heimild fyrir framkvæmdarvaldið. Síðan fáum við að heyra í hv. 10. þm. Reykv. um viðhorf hans til þessa. Ég get vel nefnt úr sæti mínu fyrir þm. einstakar tölur og prófað hann meðan hann er hér í ræðustól. Ég er ekki búinn að fara ofan í þetta mál þannig að ég sé læs á þessa lykla án hjálpargagna.

Og svo er það hæstv. viðskrh., sem nú er kominn hér í þingsal á ný. Það var upplýst af hv. 4. þm. Norðurl. e. í umræðu um málið á fyrri fundi að utanrrn. hefði komið með á síðustu stundu, undir lok nefndarstarfs varðandi þetta mál, ég hygg í gær, upplýsingar um ýmis atriði sem snerta tolla og vörugjöld og samspil þessara þátta og varða samkeppnisstöðu íslensks samkeppnisiðnaðar, þar sem svo virðist sem hæstv. fjmrh. og hans aðstoðarmenn hafi skóflað út ákvæðum í tollalögum að ástæðulausu og, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi, til veikingar ekki aðeins varðandi samkeppnisstöðu viðkomandi greina eða framleiðslu hér innan lands heldur einnig í hugsanlegum, eigum við að segja væntanlegum samningum eða samningaumleitunum við Efnahagsbandalag Evrópu varðandi tollamál og okkar hagsmunaatriði í þeim efnum. Er það virkilega svo að hæstv. viðskrh. hafi ekki verið með í ráðum í sambandi við þessi efni? Hann ber mikla ábyrgð einmitt á þessum viðskiptum fyrir utan hæstv. utanrrh. sem ætlar reyndar að taka til sín lungann af verkefnunum í sambandi við utanríkisviðskiptin. En ekki virðist aðgæslan hafa verið ýkja mikil á þeim bæ heldur, hjá hæstv. utanrrh. sem er að óska eftir heimildum eða breytingu á lögum til þess að taka til sín utanríkisviðskiptin og fá verkefni sem undir viðskrn. hafa fallið. En þó rumskuðu menn í utanrrn. og það er þakkarvert. Og mér skilst að það séu komnar fram brtt. eftir skjóta skoðun á þeim bæ á þessum þáttum og það er sannarlega eitt af mörgu sem sýnir veilurnar í undirbúningi þessara mála.

Spurning mín til hæstv. viðskrh. er sú að hve miklu leyti hans ráðuneyti hafi að þessum málum komið, hvort þess hafi verið gætt við undirbúning málsins að ekki væri að ástæðulausu verið að veikja samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar eða samningsstöðu okkar gagnvart viðskiptaaðilum eins og Efnahagsbandalagi Evrópu, hvaða aðilar og embættismenn af hálfu framkvæmdarvaldsins tóku þátt í undirbúningi mála að þessu leyti og hvernig það megi vera að það sé fyrst degi áður en málið er komið til 2. umr. í þinginu að ráðuneytisstjóri utanrrn. mætir til leiks, mér skilst nánast án fyrirmæla og án þess að sérstök ósk hafi komið um það af hálfu nefndarinnar, jafnvel bara fundið það á sér að þarna gætu einhverjir skrýtnir hlutir verið á ferðinni. Þetta veit ég ekki en ég spyr. (Gripið fram í.) Ja, ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra og það væri

ágætt ef hæstv. utanrrh. væri hér einnig, sem þriðji aðili og væntanlegur yfirbjóðandi utanríkisviðskipta í landinu, til þess að varpa ljósi á þetta.

En ég treysti því, virðulegur forseti, að umræddir ábyrgðarmenn þessa máls, hv. 1. þm. Norðurl. v. og hæstv. ráðherrar fjármála og viðskipta geri grein fyrir þessum þáttum og lýsi inn í það samhengi sem ég hef komið hér að og þær beinu spurningar sem ég hef lagt fyrir varðandi 11. gr. sérstaklega, reglugerðina, sem þar er um að ræða: Hvort reglugerðin hafi verið kynnt í nefndinni, hvort hún sé undirbúin að einhverju leyti af hálfu fjmrn. og alveg sérstaklega um þessar einkennilegu rúmu heimildir fyrir fjmrh. til þess að stokka upp spilin varðandi 3. gr. Ég bíð spenntur eftir að heyra svörin fyrir utan svo þá kennslu sem ég vænti að við fáum hér frá hv. 10. þm. Reykv. í sambandi við þessi efni og þær flóknu talnaraðir sem er að finna í 3. gr.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég nota tækifærið meðan bankamálaráðherra er viðstaddur til þess að upplýsa Alþingi um það að mér hefur borist til eyrna oftar en einu sinni í dag að þrálátur orðrómur sé víða um land um að gengi íslensku krónunnar verði fellt jafnvel í kvöld eða á morgun, í síðasta lagi nú um áramótin. — (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því að hér eru aðeins undir þessum lið þingsköp til umræðu.) Ég er að gera fsp. um það sem hefur verið og er á dagskrá, það eru efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar. — Og gjaldeyrisdeildum bankanna muni verða lokað á morgun. Þetta er fullyrt við mig víða að. Ég vil því spyrja: Er þetta rétt? Og ef svo er: Er þetta þáttur í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar sem er hluti af þeim umræðum sem eiga sér stað nú í þessari hv. deild. (**Forseti:** Ég vek athygli á því að undir umræðum um þingsköp rúmast aðeins umræður um þau efni, en ekki almennar umræður um efnahagsmál.)

Virðulegur forseti. Það er ekkert af því sem er á dagskrá núna og snertir tolla og innflutning og tollskrá, tollflokkun og tollnúmer sem ekki fellur beint undir gengismál. Það er ekkert af því sem hér er til umræðu í dag sem ekki fellur beint undir gengismál og því óska ég eftir því að hæstv. ráðherra bankamála svari því til vegna þess að ríkisstofnanir, bankarnir, eru þegar — það er fullyrt í mín eyru — farnir að gera það sem kallað er spákaupmennska, ráðstafanir til þess að bjarga sínum eignum á sama tíma sem þeir gera hliðstæðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einstaklingar geti gert það sama.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Mig satt að segja undrar það að hæstv. bankamálaráðherra skuli sitja undir þessum fsp. án þess að svara. Ég tel þær þess eðlis að þær kref'jist svars nú þegar því þau mál sem hér eru til umræðu hljóta að tengjast gengismálum almennt mjög verulega fyrir utan hvað það er stórt mál fyrir þjóðina alla. Mér finnst það ámælisvert ef hann ætlar sér að sitja undir því.

Hv. 6. þm. Suðurl. Óli Þ. Guðbjartsson spurði hæstv. bankamálaráðherra um fob-tollun, spurðist fyrir um hvort það væri eðlilegt að við greiddum toll af flutningsgjaldi. Ég vil aðeins bæta því við hvort það sé frekar eðlilegt að við borgum toll af pökkun, af innanlandsflutningskostnaði erlendis, lestakostnaði t.d., af tryggingum og öllum aukagjöldum sem koma á vörur. Ég tel fyllilega nóg að íslenska þjóðin beri tolla af vörunni sjálfri en ekki af flutningi, tryggingum og öðrum kostnaði.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom aðeins inn á störfin í nefndinni. Ég vil taka undir flest ef ekki allt sem hann sagði. Það er engan veginn hægt að vinna slík plögg, eins og frv. til laga um breytingu á tollum og vörugjaldi er, án þess að hafa heildarmyndina fyrir framan sig. Það höfðu þm. ekki. Þar vantaði inn í, eins og hann kom inn á, gömlu tollskrána og handbók sem henni fylgir til að gera sér grein fyrir öllum þeim aukagjöldum sem fylgja. Ég efast um að þm. yfirleitt viti um öll þau aukagjöld sem áður voru og mörg eru reyndar enn þá. Varðandi vörugjaldið voru tvö almenn vörugjöld, 24% og 30%. Þegar menn hins vegar skoða nýja frv. um vörugjald þá hafa þeir ekki hugmynd um hvað þau númer báru eða hvort þau báru nokkurt vörugjald, þannig að menn renna algerlega blint í sjóinn þegar þeir eru að skoða þetta frv.

Frv. er að vísu til einhverra bóta en það er líka til trafala. Það eru miklar gloppur í því og margar matarholur, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir benti á. Ég tek undir það að við erum reiðubúin að vinna að því að finna þær ef það má verða til þess að aflétta matarskatti af íslensku þjóðinni.

Þm. Borgarafl. í hv. Nd. hafa á þskj. 452 lagt fram brtt. við frv. til l. um vörugjald og vildi ég fá að gera grein fyrir þeim í stuttu máli. Tillagan hljóðar svo:

„1. Við 3. gr. Brott falli númerin“ o.s.frv. Ég ætla ekki að tefja þingdeildina á að lesa þau öll upp, en hins vegar ætla ég að fá að renna aðeins í gegnum þau.

Það er fyrst númerið 3922.1000. Á sama tíma og talað er um að stöðugt sé hugsað til heimilanna, þá skýtur það skökku við að í 39. kafla, sem er kafli upp á einar fjórar síður með óteljandi númerum, skuli baðker, sturtur o.fl., sem fellur beint undir heimilin, vera eini flokkurinn á þessum fjórum síðum sem ber vörugjald. Þarna leggjum við til að vörugjald verði fellt af, og þá væntanlega í framhaldi af því eins og af öllum öðrum númerum EFTA-núllið.

Næstu þrjú tollnúmer eru reyndar inni í sama kafla en þá tökum við til númerið 6910.1000. Áfram er kaflinn allur vörugjaldslaus nema þegar kemur að heimilunum með vaska, handlaugar og annað slíkt.

Þá kemur að kafla 7324. Og enn eru það vaskar og handlaugar. 7418, hreinlætisvörur og hlutar til þeirra, eina númerið í öllum kaflanum með vörugjald.

Herra forseti. Ég sé engan tilgang í að fara í

gegnum frv. án þess að í það minnsta formaður fjh.- og viðskn. sé viðstaddur. Það er hann sem á að fjalla um ef svo ólíklega skyldi fara að þessar tillögur yrðu samþykktar. Ég veit til þess af störfum nefndarinnar að það er ekki farið í gegnum umræður þannig að það er nauðsynlegt að hann hlusti á í staðinn. Ég óska þess að það verði kallað á hann. (**Forseti:** Formaður fjh.- og viðskn. mun hafa brugðið sér frá, en það verða gerðar ráðstafanir til að kalla á hann svo að hann geti verið við þessa umræðu.) Ég skal þá geyma augnablik að fara yfir númerin.

Ég vil segja að í „prinsippi" er ég mótfallinn vörugjaldi. Ég sé enga ástæðu til þess að taka sérstakt vörugjald í tolli. Það er mín skoðun að það hefði mátt færa þennan tekjustofn alfarið inn í tollunina og taka hann þar. Hér er alltaf verið að tala um einföldun á öllu. Ég tel að það hefði orðið til einföldunar að hafa engin vörugjöld en taka þetta þess í stað beint í tolli.

Þá sé ég enga ástæðu fyrir 25% heildsöluálagi og skil það reyndar ekki. Það er búið að leggja fram fsp. til ráðherranna um það og ég vænti þess að þeir svari því. Ég skil ekki af hverju hefði þá ekki einfaldlega mátt segja að vörugjald væri 17,5%. Það er það í raun og veru. Það er alls ekki í anda ríkisstjórnarinnar að einfalda hluti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari því. Ég er margbúinn að spyrja ráðherrann hverju þetta 25% heildsöluálag skili í tekjur til ríkisins. Það þurfti að særa hæstv. fjmrh. upp um daginn. Þrisvar sinnum varð ég að ganga á hann með spurninguna til að fá hann upp í ræðustól sem er ekki óalgengt. Hann er eins og fló á skinni út um allt hús, en þegar hann loksins kom upp hafði hann ekki hugmynd um það. Nú hefur hann haft einar tvær vikur til að átta sig á því og vonandi veit hann það í dag.

Kvennalistinn hefur lagt fram brtt. líka sem ég vil taka undir. Þær vilja setja vörugjald á sykur ef ég man þessi númer rétt. Undir það vil ég fyllilega taka, ekki síst eftir að hafa heyrt álit fulltrúa manneldisráðs, og er þar komin ein matarholan. Þar er um geysilegan innflutning að ræða og hlýtur að geta vegið þungt í því að greiða á móti niðurfellingu matarskatts ef ríkisstjórnin gæti hugsað sér það.

Ég hef líka spurt ráðherrann hvernig eigi að taka þetta vörugjald í tolli. Á að reikna þetta tvisvar? Á fyrst að reikna 14% og svo 25% álagið ofan á 14% eða á að reikna beint 17,5? Þá kemur enn að því aftur: Af hverju er þetta ekki einfaldlega 17,5?

Það má gagnrýna að tollverðir hafa ekkert verið spurðir álits. Það eru þeir sem þurfa að vinna eftir þessu. Tollstjóri kom að vísu á fund hjá okkur, en hversu góður sem hann er vinnur hann ekkert eftir tollskránni sem slíkur. Hann hefur aðra til þess eðlilega. Það fullyrða við mig tollverðir að það verði ekkert grín að starfa eftir þessu. Má t.d. nefna að vörugjald er víða á varahlutum. Á mjög svipuðum vörutegundum er vörugjald á einn hlut en ekki á hinn og verður vandasamt verk fyrir þá að skilja þar á milli og reyndar ógerningur í mörgum tilfellum.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að lengja veru mína í ræðustól, en ef hún verður löng er það á herðum hv. formanns fjh.- og viðskn. Ég ætla að bíða með að fara yfir þær brtt. sem Borgarafl. hefur við þetta mál því að ég tel að hann hafi ekki nema gott af því að heyra það. (**Forseti:** Formaður fjh.- og viðskn. mun vera væntanlegur í salinn.)

Það gengu hraðar fyrir sig störfin í nefndinni en að bíða eftir formanninum. (**Forseti:** Þar sem ekki næst í svipinn til formanns fjh.- og viðskn. skal upplýst að hann hefur haft samband við mig og sagt að hann yrði af óviðráðanlegum ástæðum að vera fjarverandi frá því kl. 4 til 5, en hann mun vera samkvæmt minni skrá vikinn úr húsinu og hef ég látið kanna að það sé rétt. Ef ræðumaður telur sig ekki geta haldið áfram ræðu sinni nema fá hann til andsvara er ekkert því til fyrirstöðu að fresta hans ræðu í málinu og taka fyrir önnur mál sem eru á dagskrá og ljúka þessari umræðu síðar. Ég spyr ræðumann hvort hann vilji ljúka sinni ræðu. Ég bendi á að hæstv. fjmrh. er við þessa umræðu og hvort það sé nægjanlegt til að ræðumaður geti haldið áfram máli sínu.)

Herra forseti. Þar sem við förum ekki að ráði frænda okkar Dana með það að ráðherrar sitji nefndarfundi tel ég það alveg nauðsynlegt að formaður nefndarinnar sé viðstaddur þannig að ég tek ágætu boði forseta og fresta ræðu minni.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 441, n. 454 og 455.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Landbn. Nd. fékk til umfjöllunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Nefndin hefur athugað frv. sem flutt er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 10. júlí 1987.

Nefndin klofnaði við afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á frv. í Ed. Vísað er til fskj. með nál. meiri hl. landbn. Ed. á þskj. 386.

Undir þetta nál. rita nöfn sín Árni Gunnarsson, Alexander Stefánsson, Pálmi Jónsson, Páll Pétursson og Eggert Haukdal.

Frsm. minni hl. landbn. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. landbn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á bú-

vörum. Álitið hljóðar svo:

„Frv. þetta miðar annars vegar að því að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og að efla notkun íslensks kjarnfóðurs og hins vegar að afla tekna í ríkissjóð.

Minni hl. getur ekki fallist á skattlagningu dýrafóðurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan, sem meiri hl. landbn. Ed. bar fram, kom í framhaldi af þeirri umdeildu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 25% söluskatt á matvæli. Hún fól í sér tímabundnar mildandi aðgerðir vegna 25% skattlagningar á brýnustu nauðsynjar fólks þannig að verðhækkanir á afurðum svína, nauta og fugla verði um 10%.

Minni hl. hefur frá upphafi lýst sig andvígan matarskattinum og getur því ekki fallist á frv. eins og það kemur frá Ed., þ.e. að greiða að hluta til ofantaldar afurðir niður í aðeins eitt ár."

Við þetta hef ég engu að bæta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, StH, ÞP, AS, ÁrnG, JK.

GeirG, HG, HJ, IBA, KH, ÓÞG, SV, SJS, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GHelg, JóhS, KE, MÁM, MálmS, PP, RA, RH, SighB, SvH, ÞÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þó það varði ekki kjarna þess sem ég ætla hér að mæla vek ég athygli virðulegs forseta á því að kl. er rúmlega fjögur og fyrr á deginum greindi virðulegur forseti þingdeildinni frá því að kl. fjögur í dag mundu menn hittast til að ráðgast fyrir um þinghaldið og lofaði mér m.a. svari í framhaldi af því um hvernig haldið yrði fram umræðum í deildinni um þau mál sem yrðu á dagskrá og leyft yrði að kæmu fyrir, þá með tilliti til þess að ég og sjálfsagt fleiri utanbæjarþingmenn hafa áhuga á að vera heima hjá sér um áramótin. Til þess að það geti orðið getur þinghald auðvitað ekki staðið langt fram á kvöldið, miðað við það líka að fyrirhugaður er fundur í sameinuðu þingi. Forseti greindi okkur frá því, ég held að mig misminni það ekki, að það yrði fundur um þetta hjá forustu þingsins um framhald þingstarfa kl. 4, en ætlaði að taka fyrir nýtt mál til 2. umr., frv. til laga um söluskatt. Ég inni virðulegan forseta eftir því: Er úr sögunni að það verði ráðgast fyrir um þinghaldið og framhald á umræðum í þinginu á þessum degi og þessum fundi eins og þó hafði verið gefið til kynna? Ég óska eftir því að fá hið fyrsta vitneskju um hvenær verði lokið fundi í þingdeildinni, hvenær eigi að ljúka fundi fyrir áramótin og tel að við eigum á því eðlilega kröfu þm., ekki síst þeir sem búa utan höfuðstaðarins.

En það sem ég vildi auk þess mæla í sambandi við þingsköp snertir það að hér á að taka á dagskrá nýtt mál á sama tíma og ekki er lokið umræðum um annað dagskrármál sem var til umræðu. Ég hafði borið fram fsp. til þriggja tiltekinna hv. þm. og hæstv. ráðherra og það hefur ekkert reynst mjög auðvelt að fá þá til að vera viðstadda umræður í þingsal, hvað þá þegar fleiri en einn koma við sögu, varðandi mál. Þetta varðaði 11. gr. frv. til laga um vörugjald sérstaklega og einnig fleiri þætti. Mér hefði þótt eðlilegt að þetta mál fengi eðlilega áframhaldandi meðferð í þingdeildinni og inni eftir því hvað valdi að svo er ekki og beini jafnframt óskum til virðulegs forseta um að hann stuðli að því að frv. til laga um vörugjald fái hér áframhaldandi umræðu þar sem það er eina málið í rauninni sem sómasamlega er undirbúið og liggur hér fyrir. Það hefur komið fram að ekki er búið að dreifa nál. um söluskattinn.

Þetta er sem sagt mín ósk við virðulegan forseta, auk þeirrar fsp. um þinghaldið sem ég hef þegar komið á framfæri.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það skal upplýst í sambandi við þann fund sem hv. ræðumaður nefndi að hann er áætlaður kl. 4 og ég er orðinn of seinn á hann og ætlaði einmitt á þeirri stundu sem þessar umræður byrjuðu að kalla varaforseta til og víkja á þann fund. Ég mun að sjálfsögðu faraá hann.

En í sambandi við 1. dagskrármálið, sem var til umræðu, var það hér rétt í þessu að umræðu var frestað um það mál vegna þess að það var óskað eftir formanni fjh.- og viðskn. til umræðunnar. Ég hef látið hafa samband við hann og óskað eftir því að hann komi til þeirrar umræðu. Það er ekkert því til fyrirstöðu að halda henni áfram þegar hann kemur hér, auk þess sem hann er frsm. í 2. dagskrármálinu sem eru tollalög. Þar sem álit meiri hl. liggur fyrir í 4. dagskrármálinu var ákveðið að taka það á dagskrá hér, taka það fyrir, en að sjálfsögðu ekki halda áfram umræðu í því fyrr en álit minni hl. liggur fyrir.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil draga athygli forseta að því að í dag er þingflokksfundadagur og ég hafði hugsað mér að boða til þingflokksfundar hjá Borgarafl. klukkan fjögur þar sem ég gerði ráð fyrir að deildarfundi yrði frestað um einhvern tíma. Ég óska eftir því að forseti bindi ekki 1. varaforseta í forsetastól því við munum hittast, hvort sem verður gefið

fundarhlé eða ekki, að vörmu spori.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek athygli virðulegs forseta á því eins og ég gerði áðan með frammíkalli, leyfði mér, að nál. minni hl. í 4. dagskrármálinu er ekki komið fram. Það er til prófarkarlestrar og fer í dreifingu hér eins fljótt og hægt verður. En ég bendi á að 2. dagskrármálið bíður einnig 2. umr. Þar eru nál. bæði meiri og minni hl. komin fram. Það vill svo til að sömu frsm. eru þar á ferðinni, a.m.k. af hálfu minni hl., þ.e. ræðumaður, en hann er jafnframt, þessi ræðumaður, boðaður á fund niðri í herbergi með forsetum á þessu augnabliki. Það fer að verða vandlifað fyrir ræðumanninn a.m.k. í þessu samhengi. Ég held að það gangi tæplega upp að halda áfram fundi um dagskrármál þar sem ég á að vera frsm. minni hl. á sama tíma og ætlast er til að ég sé á samráðsfundi um þinghaldið niðri í herbergi. Ég fer þá fram á að þessi tvö mál, 4. dagskrármálið og 2. dagskrármálið, verði ekki rædd á meðan ég þarf að vera fjarverandi á þessum samráðsfundi og alls ekki 4. dagskrármálið fyrr en nál. minni hl. er komið fram. Ég bendi á að umræða um 1. dagskrármálið stendur yfir og svo skjótt sem tilteknir stjórnarsinnar koma í húsið er hægt að halda henni áfram. Ég sætti mig að sjálfsögðu við að þeirri umræðu haldi áfram þó að ég sé fjarstaddur um sinn þar sem ég hef lokið minni þátttöku í þeirri umræðu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Hvað varðar þingflokksfundi má segja að við séum hér þá daga sem eru ekki ætlaðir til þinghalds að venju þannig að við höfum gefið hlé fyrir þingflokksfundi ef þess hefur verið óskað. Þær óskir hafa ekki komið fram við okkur forseta í dag. Hins vegar, ef talið er nauðsynlegt að þingflokkar hittist núna, mun ég verða við því og gefa hálftíma hlé á þessum fundi þannig að þingflokkar geti hist og fresta þá fundi um hálftíma. — [Fundarhlé.]

Fundi er fram haldið í Nd. Alþingis. Varðandi þinghaldið hefur það verið rætt að halda áfram umræðum um þau mál sem á dagskrá væru og ljúka þeirri umræðu þannig að freista megi þess að þessi mál verði að lögum fyrir áramót af þeim ástæðum sem hafa verið raktar. Hvað sú umræða tekur langan tíma er ekki víst, en sýnt er að hún tekur langan tíma þannig að hér verður kvöldfundur í kvöld og má búast við löngum kvöldfundi eftir því sem umræður þróast um þessi mál. Þetta er það sem um málið er hægt að segja á þessari stundu, en það er stefnt að því að nota þann tíma sem er fyrir hendi til hins ýtrasta til að freista þess að ljúka málum. Hins vegar hefur ekkert verið afráðið um hvenær hætt verður og ekkert verið afráðið um lengd umræðna og munu þær að sjálfsögðu fara fram eftir því sem þingsköp kveða á um.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa mikilli undrun yfir því sem hér hefur komið fram frá virðulegum forseta í sambandi við þinghaldið, að það sé áformað að halda áfram að ræða þau stóru og viðamiklu mál sem hér eru til 2. umr. um ótiltekinn tíma fram að áramótum, ef ég skil virðulegan forseta rétt, því að hann nefndi engan lokatíma varðandi þá umræðu sem fram undan væri um þessi efni. Ég spyr virðulegan forseta að því hvort það sé hugmynd hans með þessu að koma í veg fyrir að þm. geti haldið til síns heima yfir áramót og dvalið heima hjá sér í byrjun nýs árs og hvort hann gerir ráð fyrir því, virðulegur forseti, og forusta þingsins að það skipti einhverju máli í reynd varðandi afgreiðslu mála á næstu dægrum, þau eru kannski ekki í fleirtölu mörg enn þá til umræðu á þessu ári, varðandi afgreiðslu mála sem eru flókin og eftir er að gera grein fyrir eftir að þau koma frá nefnd, að það getið ráðið einhverjum úrslitum hvort hér sé kvöldfundur og næturfundur á komandi nóttu. Ég tel að það sé mikil glámskyggni af virðulegum forseta ef hann og aðrir í forustu þingsins ímynda sér að slíkir starfshættir séu líklegir til að skila árangri í sambandi við þessi mál út frá sjónarhóli hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar hér. Ég get ekki annað en látið koma fram af minni hálfu andúð á þessum ákvörðunum meiri hluta á þingi og forustu þingsins.

Ég vil jafnframt spyrja hvað verður um þann fund í Sþ. sem var á dagskrá, sem lá fyrir í morgun að halda átti, 39. fund Sþ., jafnvel umræður utan dagskrár sem óskað hafði verið eftir á slíkum fundi. Hvar er þessum fundi ætlað rúm á þessum degi?

Að lokum vil ég spyrja virðulegan forseta um hvort forusta þingsins hafi fjallað um þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í fjh.- og viðskn. í gærkvöld og morgun í sambandi við frv. til tollalaga og fleiri efni og voru til umræðu vegna þingskapa í morgun, hvort um það hafi verið fjallað. Ég er út af fyrir sig ekki að óska eftir uppgjöri í því máli fyrr en að því kæmi að það ætti að koma á dagskrá, en mér fyndist þó ekki óeðlilegt að upplýsa hvort um það hafi verið fjallað og hvort það liggur fyrir niðurstaða af hálfu forustu þingsins varðandi þessi vinnubrögð í nefndum og þá að hæstv. forseti mundi greina okkur frá niðurstöðu að því leyti.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi spurningar hv. 2. þm. Austurl. vil ég geta þess að ég vonast að sjálfsögðu til að umræður þurfi ekki að dragast á langinn þannig að þær dragist langt fram á nótt. Það er ætlunin að halda fund í Sþ. að loknum deildarfundum. Það er óbreytt.

Varðandi meðferð fjh.- og viðskn. á 2. dagskrármálinu vil ég upplýsa að ég gekk úr skugga um að fjh.- og viðskn. hélt fund í hádeginu og tók þetta mál fyrir og nál. minni hl. í málinu er komið fram. Forsetar sjá ekki ástæðu til frekari aðgerða í því máli og það getur komið til umræðu á þessum fundi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta þinghald á milli hátíða er með

slíkum endemum að ég er alveg viss um að það má leita um mörg þjóðlönd að annað eins finnist. Það er ekki nóg með að formaður fjh.- og viðskn. talar fyrir frv. og síðan hverfur hann. Hann lætur ekki sjá sig. Það má fresta umræðu um mál vegna hans fjarveru. Ég er t.d. með upplýsingar, sem ég ætla ekki að fara að ræða um, í sambandi við það sérstaka gjald sem er ætlað heildsölum og hvernig það verkar. Ég geri það ekki undir þessum lið. En það breytir öllu málinu, þær upplýsingar. Það breytir öllu málinu. Eins og kom fram hjá formanni fjh.- og viðskn., 1. þm. Norðurl. v., hafði hann ekki hugmynd um hvernig þetta verkaði. Honum fannst þetta aðeins of hátt kannski. Búið! En hvernig þetta verkaði hafði hann ekki hugmynd um. Þetta er eina málið sem hefur verið upplýst hér í þinginu að hafi fengið hér um bil eðlileg vinnubrögð. Hvað um annað?

Ég spurðist fyrir um það í gær, virðulegur forseti, hvernig þinghaldið yrði. Ég heyri að það er ætlast til þess að við verðum hérna a.m.k. á gamlárskvöld og líklega fram á hið nýja ár. En eitt vil ég aðvara forseta um og það er að ráðherrar og formenn, a.m.k. þeirra nefnda eða frsm. þeirra frv. sem verða á dagskrá, séu hér inni. Annars t.d. mun ég standa í ræðustól þangað til þeir koma ef þeir verða ekki viðstaddir í umræðum. Ég hef gert það áður. Ég læt ekki bjóða mér slík vinnubrögð sem hér fara fram öðruvísi en þetta mun ég gera. En ég vil vegna forseta aðvara hann um þetta.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þessi aðvörunarorð eru óþörf vegna þess að þess hefur hingað til ávallt verið gætt, ef hv. ræðumenn hafa beðið um ráðherra eða formenn nefnda til umræðunnar, að hafa við þá samband og kveðja þá hingað ef þeir hafa ekki verið viðstaddir sem hefur ekki verið mikið um á þessum löngu dögum. Þeir hafa yfirleitt verið nærstaddir nema þá af einhverjum eðlilegum ástæðum. Ég vil geta þess í sambandi við þetta þinghald allt saman að þegar fundir standa dögum saman geta legið til þess fullkomlega skiljanlegar ástæður a.m.k., þó að menn hafi einhver önnur sjónarmið uppi, að menn þurfi að ganga aðeins frá þó að fundur standi yfir. Ég vil biðja hv. þm. að skilja það. En hins vegar hef ég ætíð gert ráðstafanir til að láta menn vita og menn hafa ávallt brugðist við því vel að koma hingað til umræðunnar.

Söluskattur, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390, n. 460 og 463, brtt. 465, 466, 467.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 460 um frv. til laga um söluskatt. Nál. er frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 390. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt."

Undir þetta nál. rita Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason og Guðmundur G. Þórarinsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er kannski ofurlítið vanbúinn því að umræða hæfist um söluskatt vegna þess að við vorum að ræða vörugjald og síðan hafði ég frekar reiknað með því miðað við röð dagskrármála að böndin bærust næst að tollum, en út af fyrir sig er ég tilbúinn til að mæla fyrir nál. og geyma þá þær athugasemdir aðrar sem ég kynni að þurfa að koma að í þessu máli til síðari hluta umræðunnar.

Ég tel að hér sé í raun og veru á ferðinni langsamlega stærsta málið af þessum skattatillögum öllum í pólitísku samhengi séð, fyrst og fremst vegna þess að sú mikla skattheimta á matvæli og nauðsynjar, sem hér er lögð til, er tímamótaviðburður í sögu íslenska skattkerfisins og í sögu þjóðarinnar. Þetta er ekki bara tímamótaviðburður á Íslandi, herra forseti, heldur sýnist mér eftir nokkra athugun á þeim málum að þetta sé tímamótaviðburður í heiminum. Það sé tímamótaviðburður í henni veröld þegar sú þjóð sem býr við einhverja dýrustu matvöru heimsins ætlar að leggja ofan á hana alla saman 25% söluskatt. Ég hef farið yfir það, m.a. með því að kynna mér stöðu þessara mála í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða OECD-löndunum, hvernig þessu er háttað hjá öllum þeim löndum og ég mun fara yfir það hér á eftir og leiða að því rök að það sem stendur til að gera á Íslandi með gildistöku þessa frv. er nánast einstakt í heiminum þannig að hæstv. fjmrh. er ekki lítill karl. Hann er ekki bara að slá algert Íslandsmet í skattheimtu og skapa tímamót í álögum á almenning. Hann er nánast að gerast heimsmeistari í skattlagningu á nauðþurftir eins og ég mun koma rækilegar að síðar.

Nál. minni hl. hefst á þeim orðum að minni hl. sé andvígur till. um matarskatt. Það er í rauninni kjarninn í afstöðu okkar til þessa frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt. Breytingarnar að öðru leyti eru léttvægar og skipta nánast ekki máli að slepptu því sem varðar skattlagningu á matvæli.

Minni hl. telur, eins og fram kemur í nál. á þskj. 463, að matarskatturinn komi verst við láglaunafólkið eins og margoft hefur verið sýnt fram á og ég tel ástæðu til að fara um það nánari orðum.

Forseti Alþýðusambands Íslands, sem mætt hefur

á fundum fjh.- og viðskn. a.m.k. í tvígang til að ræða þessi skattamál, hefur leitt að því líkur að ef tekinn er sá hluti launafólks, til að mynda sá þriðjungur launafólks í landinu sem lægstar hefur tekjurnar, og það skoðað hvernig sá hópur fer út úr þessum breytingum komi í ljós, ekki það sem haldið hefur verið fram, að framfærsluvísitala eða framfærslukostnaður breytist ekki við þetta, heldur að hvað þennan hóp varðar muni það valda a.m.k. 3% hækkun framfærslukostnaðar. Að sjálfsögðu er rétt að hafa á þessu þá fyrirvara sem eru auðskiljanlegir í ljósi þess nauma tíma sem gefist hefur til að skoða þessa hluti og þeirrar óvissu sem er auðvitað um ýmsa þætti málsins. Það sem fyrst og fremst veldur þessari hækkun er það, sem öllum mönnum ætti að vera auðskilið, að menn þurfa að borða hver sem launin eru og eftir því sem þau eru lægri eru þessar brýnustu lífsnauðsynjar, þær sem koma fyrst í röðinni, þyngri og þyngri. Og ef við gefum okkur að að meðaltali, þó leiðinlegt sé að nota það orðalag, eyði þessi þriðjungur launamanna, sem lægstar hefur tekjurnar, ekki 20% tekna sinna til matarkaupa eins og vísitölufjölskyldan margfræga er talin gera heldur 30 eða 35%, þá komi þessi niðurstaða út. Þrátt fyrir að að meðtaltali breytist ekki framfærsluvísitalan hreyfist þetta á þennan veg gagnvart þessum hluta launafólks, fyrst og fremst vegna þess að matvaran vegur þar þyngra, en einnig er hugsanlegt og kæmi þá til viðbótar að láglaunafólkið kaupi minna hlutfallslega af þeim vörum sem stendur til að niðurgreiða og ekki eiga að hækka þannig að að hlutfalli til bitni hækkunin í matvöruflokknum þyngra eftir því sem launin eru lægri. Er þetta ekki ólíklegt m.a. vegna þess að dýr hluti matvörunnar eins og kjöt á ekki að hækka, en ýmislegt annað, sem kæmi þá kannski í staðinn fyrir kjöt hjá því fólki sem ekki hefur efni á eða aðstöðu til að hafa það á borðum oft og tíðum, væru vörur sem hækka. Þannig yrði neyslusamsetningin enn til þess að auka misrétti þessa hóps og ég tel það reyndar líklegt.

Herra forseti. Þetta er alveg yfirgengilegt. Hér er þingsalurinn að tæmast. Hvað eru margir orðnir eftir af stjórnarliðum, til að mynda þeim sem sæti eiga í fjh.- og viðskn., til að taka þátt í þessari umræðu? Að vísu er hér hæstv. fjmrh. og ég met það, en ég hefði talið jafnvel ástæðu til að hér væri hæstv. forsrh. vegna þeirra atriða sem ég ætla að fara að víkja að næst og eru sem sé hvernig þessar ráðstafanir óhjákvæmilega hljóta að hafa áhrif á þá kjarasamninga sem fyrir dyrum standa á vinnumarkaðnum. Vil ég þá enn vitna til forseta Alþýðusambands Íslands og ýmissa upplýsinga sem hann lagði fjh.- og viðskn. Nd. til. Ef virðulegur forseti vildi kanna hvort hæstv. forsrh. er farinn að hafa fataskipti til að undirbúa áramótahátíðahöld eða eitthvað annað eða hvort hann er enn í húsinu til að sinna þingstörfum. (**SV:** Hann er hér í húsinu.) Já, það gleður mig stórlega og væntanlega er hann þannig klæddur að hann getur mætt inn í þingsalinn.

Forseti Alþýðusambands Íslands upplýsti það og það kann að hafa komið fram áður að líklega yrði kaupmáttur lágmarkslauna 4–5% lægri í desember en hann verður að meðaltali á þessu ári. Svo mikið er fall kaupmáttarins á síðustu mánuðum ársins vegna verðbólgunnar að kaupmáttur lágmarkslaunanna verður að líkindum 4–5% lægri nú í desemeber en hann verður að meðaltali á öllu árinu. Og hvaða fólk erum við þar að tala um? Ætli það sé ekki drjúgur hluti þess hóps sem er í lægsta þriðjungi hvað tekjur snertir? Jú, auðvitað. Til viðbótar því að framfærslan hækkar hjá þessum hluta launamanna blasir sú staðreynd við að kaupmáttur launa þeirra er að hrapa í verðbólgunni og verður núna í desember 4–5% lægri að líkindum en hann verður að meðaltali á árinu. Það er því ekki lítil kjaraskerðing sem er þegar orðin og fyrir dyrum stendur hjá þessum hluta launamanna í landinu ef frv. verður að lögum og tekur gildi núna. Við þessar aðstæður eru nánast allir kjarasamningar lausir í landinu. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að líta í kringum sig og skoða þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu þegar hún er að láta matarskatta sína dynja yfir. Síðan er upplýst enn að kæmi til að mynda til 7% gengisfelling, sem heyrst hefur nefnd, þýði hún næstum samstundis um 3–4% hækkun framfærslunnar og kaupkröfur upp á 1–2% væntanlega í viðbót ef á að jafna þann mun upp. Það er alveg ljóst að þær hækkanir sem koma til framkvæmda með frv., fall kaupmáttarins og óhjákvæmilegar kaupkröfur í framhaldi af því, ef síðan við bætist gengisfelling, eru að vísa okkur inn í verðbólgu á næsta ári upp á 40–60%. Það er alveg ljóst. Þær kauphækkanir sem verða að koma til, eigi launafólk á Íslandi að þó ekki nema halda kaupmætti sínum, plús þær miklu verðhækkanir sem munu fylgja þessum frv., plús verðhækkanir á opinberri þjónustu á ýmsum sviðum, allt þetta leggur sig saman upp á verðbólguspár nálægt 40%. Komi til gengisfelling þar ofan á erum við að tala um verðbólguhraða af stærðargráðunni 40–60%. Við þessar aðstæður ætlar hæstv. ríkisstjórn að dengja sköttum á matvöru í landinu sem nema a.m.k. 7% hækkun þess liðar í framfærslu vísitölufjölskyldunnar. Það er mikið umhugsunarefni.

Það væri í framhaldinu gaman að spyrja hæstv. fjmrh. að því af því að nú er nýbúið að samþykkja fjárlög sem byggja á reiknitölu varðandi hækkanir milli ára af stærðargráðunni 17–18%, ef ég man rétt. Þar inni er liður sem heita niðurgreiðslur og er fært undir viðskrn., niðurgreiðslur á vöruverði. Þær eru einn stærsti liðurinn í því að bæta launafólki upp þá kjaraskerðingu sem það tekur á sig með þessum vöruverðshækkunum og skattapakka hæstv. ríkisstjórnar. Hvernig er sá liður verðtryggður ef hér verður verðbólga 40–60% á næsta ári? Hvað verður um verðgildi þeirrar krónutölu sem ráðstafa á í niðurgreiðslur? Skyldi það ekki geta farið svo að þegar á næsta ári snarrýrni þær hliðarráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að telja mönnum trú um að eigi að gera almenningi þessar breytingar allar kostnaðarlausar? Það er vert að hugleiða.

Síðan er það auðvitað svo að þessi meginréttlæting matarskattsins, að það eigi að grípa til ýmissa ráðstafana til hliðar, sem eigi að bæta mönnum það upp, byggir á sandi og meira en á sandi. Það er verra en svo. Það liggur fyrir og er yfirlýst stefna a.m.k. tveggja af þremur stjórnarflokkum að þeir telja niðurgreiðslur hið mesta skaðræði og vilja afnema þær eins fljótt og þeir geta. Hæstv. fjmrh. er alveg sérstakur baráttumaður og krossfari gegn niðurgreiðslum, búinn að vera það um árabil. Trúa hv. þm. stjórnarliðsins, sem væntanlega hafa gert sér að góðu að samþykkja þennan matarskatt á grundvelli þess að það ættu að koma til hliðarráðstafanir sem bættu hann upp, að við það verði staðið? Sýnast þeim líkur á því þegar m.a.s. hvað eftir annað hefur komið fram í ummælum hæstv. fjmrh. og fleiri aðila að menn reikni með að þetta verði tímabundið, tímabundnar ráðstafanir til að taka af almenningi í landinu sárasta höggið rétt á meðan þessar breytingar ganga yfir?

Herra forseti. Það er þessi hlið þessa skattlagningarmáls, burt séð frá öllu öðru, sem ég hefði talið ástæðu til að hæstv. forsrh. legði eyrun eftir ef hann á annað borð er enn við að reyna að uppfylla skyldur sínar sem slíkur, ef hann er enn í embættinu. Hann ætti að vera í þingdeildinni og fylgjast með umræðum um þetta mál. Ég hefði talið ástæðu til fyrir forsrh. sem er með ríkisstjórnarmálin í þeirri stöðu sem raun ber vitni, án þess að ég sé að gera lítið úr hæstv. fjmrh. Auðvitað fer hann með hluta þeirra mála sem tengjast kjaramálum, þ.e. samninga við opinbera starfsmenn. En það er þó einu sinni hæstv. forsrh. sem á að heita yfir efnahagsmálum í heild sinni og þetta heyrir auðvitað líka mikið undir hann. Það eru þær staðreyndir sem ég hef dregið fram um hvernig kaupmáttur lægstu launa er að lækka í landinu vegna dýrtíðarinnar, um þá hækkun sem sá hópur væntanlega verður sérstaklega fyrir við þessar breytingar og þá stöðu sem þetta hlýtur að setja kjarasamninga á næstu mánuðum í sem ég vil að menn hafi í huga þegar um þetta er fjallað. Það verður sérstök áhersla og krafa um og nauðsyn á því að hækka laun þeirra sem minnst bera úr býtum í ljósi þeirra ójafnaðaraðgerða sem hér á að fara að grípa til. Þetta er nefnilega ójafnaðarmennska, herra forseti, af verstu tegund og niðurlægjandi fyrir þetta orð, jafnaðarmennska, að nota það í þessu samhengi þó að forskeytinu sé bætt við. Þetta er mismununar- og óréttlætisstefna.

Herra forseti. Eins og ég nefndi áðan er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeirri staðreynd að verði frv. að lögum er verið að festa í sessi einhverja hæstu skattprósentu af þessu tagi sem þekkist í okkar heimshluta. Og hvað á ég við með því? Ég á við að það þekkist naumast í okkar heimshluta og út af fyrir sig hvergi í veröldinni að jafnháir óbeinir skattar séu lagðir á matvæli og hér stendur til að fara að gera. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því að það er lagður söluskattur á allar matvörur með frv., líka á mjólk, líka á kjöt, líka á fisk, allar tegundir matvæla. Meiningin er hins vegar að auka niðurgreiðslur á tilteknum flokkum þannig að það vegi hvað annað upp, en söluskatturinn er í raun lagður yfir þessar vörur vegna þess að þær eru ekki taldar upp í þeirri grein frv., 3. gr., þar sem listaðar eru þær vörutegundir og sú þjónusta sem er undanþegin söluskatti. Ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á þessu. M.a.s. bændur landsins margir hverjir virðast enn ekki hafa áttað sig á þeirri staðreynd að það á að leggja söluskatt á allar matvörur í landinu. (**Gripið fram í:** Kvótasöluna.) Og sjálfsagt á kvótasölu líka. Líklegt er að hún verði söluskattsskyld. Það er góð ábending hjá hv. þm. Ed. sem er farinn að taka þátt í umræðum.

Ein helsta röksemd stjórnarliða fyrir því að leggja söluskatt einnig á matvörur er sú að það sé nauðsynlegt einföldunar- og samræmingaratriði og að það sé undirbúningur undir virðisaukaskatt sem taka á upp á næsta ári. Það hefur einnig verið gefið í skyn, m.a. af hæstv. fjmrh., að með þessum breytingum séum við að fara í þá átt og breyta til samræmis við þróun mála í okkar nágrannalöndum og þá stöðu sem þar er á um þessi efni. Þetta er rangt. Þetta er ekki rétt. Staðreyndin er sú að verði þessar breytingar gerðar og lagafrv. samþykkt eru Íslendingar að halda einir út á nýja braut svo að segja. Þeir væru að fara fram úr frændþjóðum sínum á Norðurlöndum sem þó hafa lengst af staðið upp úr hvað varðar skattlagningu á þessu sviði. Þar er líklegra að þróunin verði til baka, til lægri óbeinna skatta og sérstaklega lægri skatta á matvöru til samræmis við það sem verður niðurstaðan á hinum stóra sameinaða evrópska markaði og þegar hafa verið teknar ákvarðanir um. Eins og fram hefur komið er nú stefnt að því innan Evrópubandalagsins að samræma skatta með því að virðisaukaskattur verði tvö þrep og annað þrepið, þ.e. lægra þrepið, á bilinu 4–9% og undir það falli vel að merkja allar helstu nauðsynjar, fyrst og fremst matvörur, þannig að á sama tíma og í Evrópubandalaginu er verið að taka ákvörðun sem mun í framtíðinni þýða skattlagninguna 4–6% á matvörur og aðrar nauðsynjar er hér verið að leggja 25% söluskatt á alla matvöru. Þetta er munurinn og þetta er rétt að menn hafi í huga.

Ég tel því, herra forseti, að það sé nánast sama hvernig er litið á þessa matarskatta. Þeir eigi sér engar raunverulegar málsbætur sem standast nánari skoðun málsins. Það eru engin skattaleg úrslitarök. Það hafa engin skattaleg úrslitarök verið færð fram fyrir því að hér sé ekki hægt að hafa kerfi óbeinnar skattheimtu án þess að í því felist skattlagning á matvæli.

Ég kalla það engin rök þó að menn séu hér með „frasa“ um samræmingu og einföldun án þess að rökstyðja þá nánar. Það geta allir talað í fyrirsögnum af því tagi. Auðvitað er endalaust hægt að skjóta sér á bak við slíkt, en ef menn skýra þá ekki út við hvað er átt verður það harla gagnslítið. Ég spyr: Úr því að flestallar aðrar þjóðir, t.a.m. flestallar þjóð-

irnar innan OECD, treysta sér til að innheimta óbeina skatta í þrepum eða með því að undanskilja matvöru eða með því að hafa sem sagt mjög lága skattheimtu á matvöru, hvers vegna geta þá Íslendingar ekki gert það? Er verið að segja það að við ráðum ekki við nema svo bláberlega einfalt skattkerfi að það sé alveg sérstakt í veröldinni? Treysta menn ekki framkvæmdaaðilum þessa máls? Treysta menn ekki fjmrn. og treysta menn ekki þeim aðilum sem eiga að hafa eftirlit með þessu til þess að framkvæma skattkerfi hér á Íslandi sem er eitthvað svipað því sem gerist í nálægum löndum? Það virðist ekki vera.

Ég ætla, herra forseti, að fara hérna ofurlítið yfir það hvernig þessu er háttað í löndum sem tilheyra OECD-stofnuninni eða skila skýrslum um sín mál þangað inn. Ég er með í höndunum vinnuskýrslu frá þeirri deild sem fjallar um efnahags- og tölfræðileg málefni, dagsetta í ágúst 1987, þar sem er að finna ágætis yfirlit um það hvernig skattheimta fer fram í öllum aðildarlöndum stofnunarinnar. Þessa skýrslu dró ég með töngum út úr hagdeild Seðlabankans eftir að hafa leitað upplýsinga af þessu tagi hér út um dal og hól í öllu kerfinu í marga daga, og gengið vægast sagt illa. Helstu upplýsingarnar sem ég hafði fram að því fengið voru frá Alþýðusambandi Íslands sem hefur gert dálítið af því að kynna sér þessi mál af augljósum hagsmunum sinna félagsmanna, og fyrst og fremst í raun til þess að afla sér gagna til að rökstyðja það að ekki sé nauðsynlegt að leggja 25% söluskatt á matvöru.

Og hvernig er þetta nú, herra forseti, í þessum löndum OECD- stofnunarinnar? Við skulum aðeins fara yfir það því að ég tel að það sé ástæða til þess að við skoðum þessar miklu breytingar sem hér er lagt til að gera á íslenska skattkerfinu í ljósi þess hvað mönnum hefur gefist vel og hvert hlutirnir stefna í öðrum löndum. Það er engin ástæða fyrir því, held ég, að íslenska skattkerfið þurfi að vera eitthvert alveg sérstakt úníkúm, alveg einstakt í heiminum og með öðrum hætti en nágrannaþjóðir okkar og þær þjóðir sem helst eru sambærilegar um lífskjör og aðstæður viðhafa.

Til þess að rifja það upp fyrir mönnum er best að byrja á Íslandi til að menn gleymi því ekki hvernig samsetning skatta er á Íslandi ef einhverjir skyldu hafa gert það. Þessi ágæta stutta úttekt OECD er jafngóð fyrir okkur held ég eins og aðra. Ég get því notast við það sem hér stendur.

Það er þannig að samanlögð skattheimta á Íslandi er samkvæmt þeim mælikvörðum sem þarna eru notaðir, „total tax revenues", með leyfi forseta, upp á 18,5% af vergri landsframleiðslu á árinu 1986. Af þeirri tölu koma 87,3% frá óbeinum sköttum. 87,3% koma frá óbeinum sköttum. Hlutfall óbeinna skatta hér er, ef ekki hæsta, þá örugglega með því hæsta sem þekkist í heiminum. Mig rekur ekki minni til þess að hafa séð innan þessa hóps landa sambærilega tölu. Af þessum óbeinu sköttum skila söluskattarnir um helmingi en, vel að merkja, fyrir þær breytingar sem hér er verið að tala um, skila rúmum helmingi af þeim 87%, rúmum, sem óbeinu skattarnir leggja til á Íslandi, eða tæpum 44%. Og þetta er auðvitað sömuleiðis einhver hæsta tala sem finnst af þessu tagi. Nú er verið að breyta skatthlutföllunum þannig að lækka stórlega hlutfall tolla og vörugjalda og auka hlut söluskatts, þannig að þó að hlutfall óbeinna skatta í heildarskattheimtu landsmanna kunni að breytast lítið, reyndar fer það upp á við eins og margoft hefur verið sýnt fram á, mun hlutur söluskattsins eða arftaka hans stórhækka við þessar breytingar. Hér er því verið að tala um einhvern hæsta söluskatt að hlutfalli í tekjuöflun nokkurs ríkissjóðs í heiminum. Rétt, hæstv. fjmrh. kinkar kolli. Það er þessi hæsti söluskattur að hlutfalli sem á að leggjast út yfir allar matvörur, á einhverjar dýrustu matvörur sem finnast. Þessar staðreyndir, herra forseti, tel ég nauðsynlegt að draga fram um leið og ég mæli fyrir þessu nál. og þær eru að hluta til dregnar þar saman á tveimur blaðsíðum. Og mig langar til, til þess að rökstyðja mál mitt enn betur, að fara yfir það í eins stuttu máli og mér er unnt hvernig þessum málum er háttað hjá hinum einstöku aðildarlöndum innan OECD.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er skattheimta upp á 29% af þjóðarframleiðslunni á árinu 1984. Þar vega skattar á vöru og þjónustu, þ.e. sá skattflokkur sem helst er sambærilegur við okkar söluskatt og áform um hann 18,2% af þessum hluta. Þar kemur að vísu ekki fram hver heildarskattheimta óbeinna skatta er, en það er alla vega ljóst að þar er hlutur söluskatts, eða vöruskatta, miklu, miklu minni en hér. Og það segir enn fremur að í skattakerfinu bandaríska séu skattar á vörur og þjónustu tiltölulega léttvægir í efnahagslegu samhengi. Ef mér leyfist að lesa þetta á enskri tungu er það svona, herra forseti: „relatively unimportant in the economywide context", sem sagt tiltölulega léttvægir.

Hvernig eru þessir skattar á vöru og þjónustu? Þeir eru þannig að í 45 ríkjum og í Colombíuhéraði eru söluskattar, RST-skattar, „Retailed Sales Taxes", á bilinu 4,25% og upp í 8,25%. Það er sú skattprósenta sem þar er notuð, 4,25–8,25%. Ekki er það sambærilegt við 25% matarskatt, eða hvað? Ekki er verið að stefna til samræmis við það með því að leggja 25% skatt á matvælin? Nei. Hvernig er þetta í Japan? Í Japan er skattheimtan 27,4% af þjóðarframleiðslu. Þar vega skattar af vörum og þjónustu einungis 15,1% af þeirri heild. Sem sagt, mjög léttvægir. Svo segir áfram um japanska skattkerfið: Þar eru engir venjulegir neysluskattar en allfjölbreyttir skattar á vöru og þjónustu, bæði á ríkisgrundvelli og innan fylkja, — eða á staðbundnum vettvangi. Og enn segir um áform Japana í skattamálum: Ætlunin var að innleiða virðisaukaskatt sem yrði nálægt 5% á árinu 1988 til að koma í stað hinna mörgu óbeinu skatta og fjármagna þann hluta lækkunar á beinum sköttum sem til stóð að gera. Síðan segir: „However this proved very unpopular." Aftur á móti reyndist þetta mjög óvinsælt.

Japanar voru mjög óhressir með áform stjórnarinnar um að taka upp 5% virðisaukaskatt sem hefði náttúrlega lagst þá yfir matvöru líka. En Íslendingar eiga ekki að fá fimm heldur fimm sinnum fimm prósent ofan á sínar matvörur.

Hvernig er þetta í Vestur-Þýskalandi? Þar vegur heildarskattheimtan líklega nálægt 38% og um 25% koma í gegnum skattlagningu á vöru og þjónustu. Þar segir enn fremur: „Mikilvægasti skatturinn á vörur og þjónustu er virðisaukaskattur, „valuated tax", sem er í tveimur þrepum upp á 14% og 7% og þau 7% eru fyrst og fremst notuð við skattlagningu á matvælum. Í Vestur-Þýskalandi eru þetta sem sagt 7% sem hér eiga að verða 25%.

Hvernig er þetta í Frakklandi sem er nú reyndar föðurland virðisaukaskattsins? Þar er þetta þannig að heildarskattheimtan er nálægt 45% af þjóðarframleiðslu, og tæp 30% koma frá skattlagningu á vörur og þjónustu. Þar er síðan að finna mjög fjölbreyttan skattstiga, mjög skrautlegan skattstiga í virðisaukaskatti þar sem svona meðaltalsprósentan er nálægt 18,5% en mörg þrep finnast í skattinum allt frá 5,5% og upp í 33,5%. Tilhneigingin er sem sagt höfð á þá lund að skattleggja upp á við eða hækka skattana eftir því sem vara er flokkuð sem meiri lúxusvara. Og eins og venjulega er matvaran í lægsta skattþrepinu eða 5,5%.

Ekki er það til samræmis við skatta í Frakklandi, ekki í Þýskalandi, ekki í Japan, ekki í Bandaríkjunum, að leggja 25% söluskatt á mat. Öll hafa þessi lönd miklu, miklu lægri og margfalt lægri skattlagningu á þessu sviði.

Hvernig er þetta í Bretlandi? Þar er heildarskatttekja til opinberra aðila um 38,6% af þjóðarframleiðslu á árinu 1985 og um 30% rúm koma frá sköttum á vörur og þjónustu. Þar er mikilvægasta neysluskattlagningin í formi virðisaukaskatts þar sem almenna skattþrepið er 15% og nær það yfir rétt rúmlega helming þeirra vöruflokka og þeirrar þjónustu sem finnst í landinu. En þar er um umtalsverðar undanþágur frá virðisaukaskattinum að ræða, bæði til lækkunar og núllunar, þ.e. hluti varnings er með öllu virðisaukaskattslaus, fyrst og fremst matvælin, fyrst og fremst matvælin. Ekki er það til samræmis við óbeina skatta í Stóra-Bretlandi þar sem matvara er virðisaukaskattslaus, núll, að leggja hér á 25% matarskatt?

Hvernig er þetta á Ítalíu? Þar er heildarskatttekja opinberra aðila um 41% af þjóðarframleiðslu. Og skattar á vöru og þjónustu nálægt 26%. Og svo segir, og ég er að þýða þetta beint, herra forseti, þannig að mér fyrirgefst vonandi þó að mig reki pínulítið í vörðurnar: Virðisaukaskatturinn leggur til um 60% af sköttum á vöru og þjónustu og er lagður á með skattþrepum allt frá 2% og upp í 38% — tvö prósentin að sjálfsögðu notuð á matvöruna. Stór hluti matvörunnar á Ítalíu ber einungis 2% virðisaukaskatt á sama tíma og mestu lúxusvörurnar bera 38% virðisaukaskatt. Þannig er þetta hjá Ítölum. Ekki er það til samræmis við skattakerfið á Ítalíu að leggja 25% flatan söluskatt á matvöru. Það er nú eitthvað annað.

Hvernig er þetta í Kanada? Þar er heildarskatttekjan um 34% og um 30% koma frá sköttum á vöru og þjónustu. Svo segir enn fremur um skattakerfið í Kanada í þessari ágætu vinnuskýrslu frá OECD, sem Seðlabankinn var svo vænn að senda mér og er nú einhver mesti greiði sem sú stofnun hefur gert mér, kannski sá eini, að óbeinir skattar eru teknir á „provincial level", þ.e. teknir í héruðum sem söluskattur, RST-skattur. Venjulega er þó matvara undanþegin. Með þínu leyfi, forseti: „Usually excluding food and some others items." Þannig er þetta í Kanada. Virðisaukaskattur er tekinn í fylkjunum. Yfirleitt er matvara og einhverjar aðrar nauðsynjar undanþegnar. Er það þá til samræmis við skattkerfið í Kanada að leggja hér 25% flatan skatt á matvöru? Nei, það er ekki tilfellið. Þar er einmitt matvaran undanþegin virðisaukaskatti í stórum stíl.

Hvernig er þetta í Ástralíu? Þar var heildarskatttekja nálægt 31% á árinu 1984 og þar komu 32% af þeirri tölu frá sköttum á vöru og þjónustu. Þar eru skattar á vöru og þjónustu á bilinu 10–30% og matvaran auðvitað lægst, auðvitað lægst, 10% á sama tíma og aðrar vörur liggja á bilinu þaðan frá og allt upp í 30%.

Í Austurríki er skatttekja há, nálgast það sem er á Norðurlöndunum, 42,3% af þjóðarframleiðslu. Þar koma um 32% frá sköttum á vöru og þjónustu. Og þar er skatttekjan, óbeina skatttekjan, þ.e. skattar á vörur og þjónustu í formi virðisaukaskatts, með frekar fáum undanþágum en þó eru þær til og snerta fyrst og fremst matvöru — þar er meðaltalsprósentan nálægt 20 með háþrepi upp á 32% og lágþrepi upp á 10% og auðvitað er 10%-þrepið aðallega notað til þess að skattleggja matvöru. Lægsta álagningin er á matvöru. Þannig er þetta í Austurríki. Ekki er það til samræmis við skattkerfið í Austurríki að leggja hér á 25% flatan skatt yfir matvæli. Nei. Þeir hafa þar allt annan hátt á.

Hvernig er þetta í Belgíu? Þar er heildarskatttekjan miðað við þjóðartekjur há, 46,7% og skatttekja af vörum og þjónustu er þar af um 25%. Aðalskatturinn á vörur og þjónustu er virðisaukaskattur og þar er um sex mismunandi þrep að ræða frá 1% og upp í 33%, lægstu þrepin, eina prósentið, og nálæg þrep fyrst og fremst notuð til að skattleggja matvörur. Og þá sjá menn að sjálfsögðu að þessu eina prósenti er fyrst og fremst haldið inni af bókhaldsástæðum í skattinum til að varan sé virðisaukaskattsskyld og færð sem slík en auðvitað munar ekki um 1% álagningu á vöruna. Ekki er það til samræmis við skattkerfið í Belgíu að leggja 25% flatan söluskatt fyrir alla matvöru þar sem trúlega stór hluti hennar er skattlagður upp á 1%.

Hvernig er þetta í Danmörku? Þar er heildarskatttekja mjög há eins og við vitum, 49,4%, og þar af koma 34,5% frá sköttum á vöru og þjónustu. Jafnvel þar er þó hlutfall vöruskatta mun lægra en á

Íslandi. Og þar er notast við eitt skattþrep upp á 22% í virðisaukaskatti með mjög fáum undanþágum. Það er þó auðvitað helst Danmörk af þessum ríkjum sem hægt væri að líkja þessum fyrirætlunum hæstv. fjmrh. við en, vel að merkja, Danir undirbúa nú það vegna aðildar sinnar að EBE að lækka virðisaukaskattinn og þá alveg sérstaklega á matvörunni vegna þess að þeir þurfa að samræma sitt skattkerfi því sem er innan Evrópubandalagsins.

Hvernig er þetta í Finnlandi hjá frændum okkar þar? Þar er heildarskatttekja einna lægst, ef ekki lægst, á Norðurlöndunum, fyrir utan Ísland, 37,1% af þjóðarframleiðslu. Af óbeinu sköttunum er virðisaukaskattur upp á 16% mikilvægastur en er einungis lagður á hluta af vörum og þjónustu, undanþegnar eru til að mynda matvörur í stórum stíl. Ekki er þetta til samræmis við skattkerfið í Finnlandi. Það er annar háttur hafður á þar.

Grikkland, hvernig er það? Þar er heildarskatttekjan 35% af þjóðarframleiðslu árið 1984 og koma þar af um 43% af sköttum á vöru og þjónustu. Það er þá helst í Grikklandi sem er hægt að finna sambærilegt hlutfall söluskatts eða vöruskatta við það sem var á Íslandi áður en þessar kerfisbreytingar eiga sér stað.

Og hvernig er virðisaukaskatturinn byggður upp í Grikklandi? Hann er þannig byggður upp að hann er í stigum á bilinu 6, 18 og 36% og auðvitað matvara fyrst og fremst í lægsta þrepinu, 6%.

Næst á eftir Grikklandi í stafrófinu yfir OECD-löndin kemur Ísland og ég er þegar búinn að gera grein fyrir því hvernig þessum málum er þar háttað og menn vita það væntanlega af umfjöllun undanfarinna daga og hafa kannski haft um það góða vitneskju hvort sem var.

Hvað á þá að segja um Írland? Þar er heildarskatttekjan 38,4% af þjóðarframleiðslu og koma 44,4% frá sköttum á vöru og þjónustu, eða mjög sambærilegt hlutfall við það sem var á Íslandi áður en söluskattsbreytingar hæstv. fjmrh. hófust.

Ég vek athygli manna á því aftur að skýrslan er dagsett í ágúst og er væntanlega samnin þá á mánuðunum fyrir þann tíma, áður en hæstv. fjmrh. hóf að leggja söluskatt á hluta af matvöru. Og Írar hafa þetta þannig að aðalskatturinn er virðisaukaskattur með meðaltalsskattálagningu upp á nálægt 25% en þrep, 10%-þrep og 0%-þrep, sem er matvara, 0% matvara. Þetta er því eins hjá frændum okkar Írum sem eru náskyldir a.m.k. sumum okkar að þar er virðisaukaskatturinn í þessum þrepum og 0 á matvöru, eins og í Kanada og víða, víða annars staðar. Er það þá til samræmis við skattkerfið í Írlandi að leggja 25% flatan söluskatt á alla matvöru? Nei. Nei. Það kemur sem sagt í ljós þegar að er gáð að það er ekki.

Í Lúxemborg er þetta þannig að ... (Gripið fram í.) Ég treysti mér ekki til að kveða upp úr um það. Í Lúxemborg er þetta þannig að heildarskatttekja er 41,4% af þjóðarframleiðslu. Þar koma um 24% frá sköttum á vöru og þjónustu. Óbeinir skattar: þar er fyrirferðarmestur virðisaukaskattur með aðalþrep upp á 10% en lægri þrep upp á 5% og 2% á matvöru, orku og ýmsar persónulegar þarfir og lyf og fleira, þannig að í Lúxemborg, þangað sem Flugleiðir fljúga nú, er skattlagningin svona, virðisaukaskattur upp á 10% en matvara, lyf, orka til húshitunar og annað slíkt er skattlagt upp á ýmist 5% eða 2%. Ekki er það til samræmis við skattkerfið í Lúxemborg að leggja 25% flatan söluskatt á alla matvöru. Það er alveg ljóst þegar að því er gáð.

Í Hollandi er heildarskatttekja upp á tæp 45% af þjóðarframleiðslu árið 1985. Þar af koma 25,7% frá sköttum á vöru og þjónustu. Og hvernig er óbeina skatttekjan í Hollandi? Hún er þannig að aðalskattur á vöru og þjónustu er virðisaukaskattur sem er lagður á tiltölulega breiðan grunn með nánast meðaltali eða aðalskattþrepi nálægt 20% en aukaþrepi upp á 6% á nauðsynjar og með undanþágu fyrir ýmsa þjónustu. Sem sagt, matvaran, sem hlýtur að flokkast undir nauðsynjar í þessu eins og annars staðar í heiminum hjá þeim Hollendingum, er skattlögð upp á 6%, aðrar vörur upp á 20. Ekki er það þá til samræmis við Hollendinga að leggja hér 25% skatt á matvæli.

Hvernig er þetta hjá þeim andfætlingum okkar á Nýja-Sjálandi, í Kiwilandi, sem ræðumaður þekkir býsna vel og dvaldist í einu sinni svo árum skipti. Það er þannig að skatttekja hjá þeim frændum mínum þarna niður frá var upp á 30,9% á árinu 1984 af þjóðarframleiðslu og þar af komu 27,2% frá ýmsum óbeinum sköttum, þ.e. allir óbeinir skattar samanlagt í Nýja-Sjálandi eru ekki nema 27,2% af heildarsköttum, þar með taldir skattar á hraðbrautir og brúartollar og ýmislegt fleira. Þar er því auðvitað um miklu lægra hlutfall að ræða en hjá okkur.

Hvernig er óbeina skatttekjan? Í hvaða formi er hún? Hún er fyrst og fremst í formi söluskatts sem lagður er á heildsöluviðskipti eða viðskipti á heildsölustigi og er á bilinu 10–50% og enn sem fyrr er auðvitað matvaran, eins og þeir segja, „selected goods", ýmsar vörur, aðallega matvara, í lægsta þrepinu eða á lægstu þrepunum. Þannig að á sama tíma og þeir Kiwimenn leggja nálægt 10% skatt eða rúmlega það kannski á matvöruna og ýmsar helstu nauðsynjar fara þeir alveg upp í 50% á hinum endanum með skatt á ýmsar aðrar vörur. Ekki er því einn flatur skattur upp á 25% og þar með talið yfir alla matvöru til samræmis við skattakerfi þeirra ágætu manna sem byggja þessar eyjar þarna langt niður á hinum enda hnattarins.

Í Noregi er þetta nokkuð þekkt. Þar er skatttekja 47,8% af þjóðarframleiðslu árið 1985 og skattar á vöru og þjónustu skila 37,6%. Þar er langstærsti óbeini skatturinn virðisaukaskattur upp á 20% sem er á mjög breiðum grunni, matvara þar inn undir og 10% á flestar fjárfestingar. Það er þá enn sem fyrr helst hægt að horfa til Norðurlandanna, Noregs til að mynda, um samanburð við það sem hér á að fara að gera. Þó munar þarna orðið 5% á því sem virðisaukaskatturinn er þar og því sem hér er

áformað að taka upp á matvöru.

Enn minni ég á það að bæði kaupmáttur launa er þar hærri og matvara mun ódýrari og það er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga.

Í Portúgal er heildarskatttekja 31,5% af þjóðarframleiðslu árið 1985 og óbeinir skattar leggja þar til um 42,6% af því hlutfalli. Hvernig er óbeinu skatttekjunni háttað í Portúgal? Þar er auðvitað mikilvægasti skatturinn virðisaukaskattur eins og í öðrum sambærilegum löndum og hann er í þrepum frá 8%, um 14% og upp í 30% og leggst á um helming heildarviðskipta í landinu, afgangurinn þá væntanlega undanþeginn, og enn sem fyrr er að sjálfsögðu aðallega matvaran í lægsta skattþrepinu, 8%. Það er sem sagt skatturinn á matvöruna í Portúgal þannig að ekki eru þessar breytingar á Íslandi til samræmis við skattkerfið í Portúgal, óbeinu skattatekjuna í Portúgal. Það hefur nú komið í ljós við athugun málsins.

Á Spáni, hvernig er þetta þar? Þar er heildarskatttekja 28,5% af þjóðarframleiðslu og þar af koma 26,4% frá sköttum á vöru og þjónustu. Hvernig er þeirri skatttekju háttað á Spáni? Þar er auðvitað aðalskattstofninn virðisaukaskattur með meðalþrep, almennt þrep, upp á 12% en nauðsynjar — eða eins og segir í enska textanum, með leyfi þínu, forseti: „and necessities and luxuries rates of 6 and 33% respectively", sem sagt, nauðsynjar, matvara og annað slíkt á 6% og lúxusvörur á 33%. Þannig er þetta á Spáni. Er þetta til samræmis við skattkerfið á Spáni, hv. fjh.- og viðskiptanefndarmaður Matthías Bjarnason? Nei, það er ekki. Þeir skattleggja matvöruna á 6% og lúxusvörurnar á 33%.

Hvernig er þetta í Svíþjóð þar sem heildarskatttekja er ein sú hæsta í heimi, yfir 50% af þjóðarframleiðslu á árinu 1985? Þar vega þó neysluskattar ekki nema 26,3% í þeirri köku. Þar eru sem sagt aðrir skattar, eins og reyndar víðast hvar annars staðar í heiminum, miklu þyngri á metunum en hér hjá okkur. Þar er um að ræða tvö þrep í skatti, í virðisaukaskatti upp á 23,46% og lægra þrep upp á 12,87% sem aðallega er á ýmiss konar þjónustu, svo sem viðskipti, veitingahús o.fl. Þar er væntanlega fundið hæsta skattþrepið sem enn hefur komið fram af þessu tagi hjá þeim frændum okkar Svíum og er næst því að nálgast heimsmetstilraun hæstv. fjmrh. Þó skakkar þar nokkru og Svíar hafa nýlega lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til að breyta sínu skattkerfi og ýmsu öðru í sínu efnahagslífi til að aðlaga sig væntanlegum breytingum í hinum stóra sameinaða evrópska markaði sem væntanlega þýðir breytingar á þessu líka.

Hvernig er þetta í Sviss, því mektarríki sem er nú eitt grónasta og stöðugasta þjóðfélag Evrópu og hefur sloppið við styrjaldir og ýmsa aðra óáran vegna sinnar hlutleysisstefnu og friðsamlegrar sambúðar við aðrar þjóðir? Það er þannig að heildarskatttekja er um 32% af þjóðarframleiðslu og þar af koma um 19% frá vörum og þjónustu. Og hvernig er svo óbeinu skatttekjunni háttað í Sviss? Þar er um að ræða viðskiptaskatt sem ég kann nú ekki almennilega að nefna á íslensku sem er sem sagt ákveðin tegund af söluskatti eða virðisaukaskatti, svonefndur „turnover"-skattur og skattprósentan er 6% á smásölustigi og 9% á heildsölustigi og er eingöngu lagður á vörur og með mörgum undantekningum, svo sem mat og eldsneyti. Þó að söluskatturinn eða vöruskatturinn, neysluskatturinn, hjá þeim Svisslendingum sé ekki nema 6% á smásölustigi og 9% á heildsölustigi er samt undanþegin matvaran og eldsneytið. Ekki eru því þessar breytingar hér til samræmis við skattkerfið í Sviss þar sem matvara er undanþegin 6% og 9% söluskatti.

Og nú er ég kominn býsna aftarlega í stafrófið, herra forseti, og styttist lesturinn því að Tyrkland er næst á dagskrá, þessi vinaþjóð okkar í NATO eins og sumir segja, ha, það merka og þróaða ríki Tyrkland þar sem lýðræðisástin hefur lengi átt traustan bólstað í hvers manns hjarta og þjóðin enda verið heiðursfélagi í hópi vestrænna lýðræðisþjóða, ekki satt? Jú, jú, jú. (Gripið fram í.) Herra forseti, ræðumaður verður að viðurkenna að hann verður fyrir nokkrum truflunum úr hliðarsal. (**Forseti:** Ég áminni enn hv. þingdeildarmenn um það að vera ekki svo skemmtilegir að þeir trufli ræðumenn.) Já, ég ætla að reyna að koma mér að því, herra forseti, að ljúka þessari umfjöllun um Tyrkland og þetta er þannig: (Gripið fram í.) Já, skattkerfi þeirra ágætu manna er þannig að þeir taka um 15,6% af þjóðarframleiðslunni á hverju ári í formi skatta. Þar af koma 44,4% frá sköttum á vöru og þjónustu. Hvernig er svo skattheimtunni háttað? Hún er þannig að mikilvægasti óbeini skatturinn er virðisaukaskattur með almennt þrep upp á 12% og lægri þrep upp á 5% og 1% á ýmsum nauðsynjum og matur er undanþeginn, þ.e. lagður er virðisaukaskattur upp á 0% á mat í Tyrklandi. Þannig er það nú. Þetta er sett svona fram vegna þess að matvaran er færð sem slík undir virðisaukaskattskerfið en skattprósentan er núll.

Þá hef ég farið yfir þessar merku þjóðir, herra forseti, sem teljast til og skila inn gögnum til OECD-stofnunarinnar. Engin einasta þeirra hefur skatta á matvöru af þeirri stærðargráðu sem hér á að leggja til, engin. Langflestar þeirra eru annaðhvort með engan skatt á matvöru eða mjög lágan skatt. Hvað er þá orðið um samræmingarrökin? Hver eru þau? Var kannski ekki meiningin að íslenska þjóðin ætti að vita af því áður en matarskatturinn yrði afgreiddur að það stendur til að slá heimsmet í skattheimtu á matvæli með þessu frv. verði það að lögum? Hæstv. fjmrh. ætlar sér ekkert minna með stuðningi Framsfl. og annarra góðra manna hér en að slá heimsmet í skattheimtu því að það liggur auðvitað alveg á borðinu að úr því að ekki finnast skattaálögur af þessu tagi í hópi mestu velmegunarþjóðanna eru þær ekki annars staðar.

Eins og menn hafa e.t.v. tekið eftir af þessum lestri eru þær þjóðir, sem þó hafa lægsta framleiðslu

og lökust lífskjör en teljast til OECD, yfirleitt með lægstu skattana líka. Það er nú einu sinni þannig að það eru mestu velmegunarríkin sem eru með umfangsmesta velferðarkerfið sem leggja á hæstu skattana. Þeim mun lakari sem lífskjörin eru, þeim mun lægri er yfirleitt skattlagningin, sérstaklega á nauðsynjarnar, af þeirri eðlilegu og einföldu ástæðu að fólkið þarf að geta dregið fram lífið líka í þeim löndum. Nú er staðan þannig á Íslandi að hér er kaupmáttur með því lægra sem þekkist í OECD-löndunum, matvaran hins vegar dýrari en nokkurs staðar annars staðar. Meira að segja í Noregi þar sem lengi hefur nú þótt dýrt í soðið, a.m.k. í pottinn, er matvaran ódýrari. Það liggur fyrir. Ég hef spurst fyrir um það hjá Neytendasamtökunum íslensku og spurði einnig fulltrúa Alþýðusambandsins sem kom á fund nefndarinnar um þessa hluti. Þeir höfðu ekki í höndunum tölur yfir það en töldu sig geta fullyrt að ekki fyndust hliðstæð dæmi við verð á matvörum hér, þannig, herra forseti, að hafi mönnum þótt það eitthvað ástæðulaust að fara aðeins yfir það hvernig þessum málum er háttað hjá okkar nágrannaþjóðum þykist ég geta og þegar hafa sýnt fram á að svo var ekki. Ég tel einmitt að það sé ástæða til þess að íslenska þjóðin viti að það á að fara að slá á henni heimsmet með skattlagningu á matvæli.

Hvar er nú hæstv. fjmrh.? Og allt í einu er hv. formaður fjh.- og viðskn. gufaður upp. Óskapleg óeira er þetta í blessuðum mönnunum.

Ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni, herra forseti, að menn hafi ímyndað sér að sljóleiki þjóðarinnar og kannski líka stjórnarandstöðunnar væri slíkur að matarskattarnir mundu rúlla í gegnum þingið án þess að menn tækju eftir því hvað væri að gerast, án þess að menn áttuðu sig almennilega á því að það ætti að fara að slá heimsmet í skattlagningu á brýnustu lífsnauðsynjar almennings. Á sama tíma fer kaupmáttur lækkandi og verðbólgan æðir upp. Það skal a.m.k. vera alveg ljóst, herra forseti og hæstv. utanrrh., að sá sem hér stendur og talar mun gera sitt til þess að íslenska þjóðin viti það, í öllu falli áður en þetta verður að lögum, hvað hér stendur til að gera. Ég tel alveg sérstaka ástæðu til að ræða þetta við formann Framsfl., til að mynda hvernig þetta kemur til með að reynast íslenskum landbúnaði í reynd þegar til langs tíma er litið. Telur hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. að þetta sé greiði við bændur landsins og landbúnaðinn, matvælaframleiðsluna í landinu og lífskjör þjóðarinnar, að stuðla að því að leggja 25% söluskatt á alla matvöru sem, þegar niðurgreiðslum og öðrum hliðarráðstöfunum hefur svo verið kippt til baka, situr auðvitað eftir eins og allir aðrir skattstofnar sem settir eru á? Það er alveg sama hvernig menn hatast gegn skattstofnum þó þeir séu í stjórnarandstöðu, eins og íhaldið gerði lengi gegn skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, um leið og menn komast sjálfir í stjórn verður það þeim kærast sem þeir áður börðust mest gegn og þeir framlengja það og viðhalda því og hækka það jafnvel ár eftir ár. Þannig að auðvitað verður söluskattur af matvælum aldrei tekinn af, a.m.k. ekki á meðan þessir menn ráða ríkjum, ef hann kemst á vöruna á annað borð. Það mun þá þurfa kaflaskipti í stjórnmálum á Íslandi og algjör stjórnarskipti ef það á að takast að koma honum aftur af.

Hitt er miklu líklegra, því miður, sú framtíðarsýn er því miður miklu raunhæfari að reikna með því að á næstu árum hrynji niðurgreiðslur að verðgildi og jafnvel ýmsar aðrar stoðaðgerðir í tengslum við þessar breytingar þannig að innan tiltölulega fárra ára sitji almenningur uppi með 25% skatt á allar sínar lífsnauðsynjar, óbættur hjá garði, því miður. Ég held að íslenska skattkerfið, sem lengi hefur verið skrýtið og sérstakt með þjóðunum, verði að slíku undrabarni, slíku viðundri er líklega betra orð, slíku viðundri í hópi skattkerfa heimsins ef þessar breytingar verða, þar sem óbeinir skattar verða kannski yfir 90% allrar skatttekju í landinu, þar af söluskattur e.t.v. yfir 50% eða virðisaukaskattur, og þegar það bætist svo við að þessi skattur á að leggjast yfir allar matvörur og allar lífsnauðsynjar, að engu tali tekur.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er algjörlega forundrandi á því hvað hv. þm. stjórnarliðsins — nudda þeir nú stírur úr augum sér, sumir hverjir — hafa látið bjóða sér þegar þeir í sínum þingflokkum, eins og mér skilst að gerst hafi, samþykktu það að þetta yrði lagt fram sem stjfrv. Ég man ekki eftir því að einn einasti þm. stjórnarliðsins af því að ég tel hv. þm. Karvel Pálmason ekki þar með. (**ÓÞÞ:** Ha?) Ég tel hann ekki stuðningsmann ríkisstjórnarinnar, alla vega ekki í þessu máli og að honum slepptum man ég ekki eftir því að einn einasti þm. stjórnarliðsins hafi mótmælt þessu, hafi haft fyrirvara á þegar þetta var lagt fram sem stjfrv.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég held að það sé ekki nóg að horfa bara á þær breytingar sem hér eru að verða, einangrað. Við eigum að skoða íslenska skattkerfið í heild vegna þess að það er verið að snúa því öllu á haus, tollum, vörugjöldum, söluskatti, tekjuskatti, bæði á einstaklinga og fyrirtæki, og fleira kemur e.t.v. í framhaldi. Við skulum því horfa aðeins á þessi hlutföll. Í hvers konar feni erum við að festast með þessa geysilega háu prósentu óbeinna neysluskatta, þar af líka söluskatt á matvæli? Þegar það kemur svo í ljós eftir skoðun, herra forseti, eins og ég hef hér framkvæmt, að þetta er hvergi nokkurs staðar annars staðar svona í heiminum, allar aðrar sambærilegar þjóðir eru með annan hátt á og langflestar hafa allt, allt annað fyrirkomulag á þessum málum, undanskilja eða skattleggja mjög vægilega brýnustu lífsnauðsynjarnar, hlýtur maður auðvitað að spyrja hvaða snillingar eiginlega voru það uppi á Íslandi sem fengu þessa hugmynd? Hvar finnast slík séní á Íslandi að láta sér detta þetta í hug að ætla að gera þessar breytingar hér og gera okkur að slíkum viðundrum með þessum hætti sem raun ber vitni? Gera menn sér ekki grein fyrir því hvað Ísland er sérstakt

þjóðfélag hvað það varðar að matvaran og lífsnauðsynjarnar vega svona þungt eins og raun ber vitni? Það virðist ekki vera. Menn virðast bara ekki hafa nokkrar tilfinningar fyrir því hvernig þessum hlutum er hér fyrir komið.

Herra forseti. Ég hef vissulega eytt nokkru máli í það að ræða sérstaklega þessa skattlagningu á matvörur enda, eins og ég sagði, frv. að öðru leyti næsta ómerkilegt. Í því felst í raun og veru nánast engin breyting að mínu mati nema þessi að leggja fullan söluskatt á allar matvörur. Það eru stórtíðindin, en það eru líka stórtíðindi sem eru að gerast eða mundu gerast ef þetta yrði að lögum. Það má sleppa því í raun og veru mín vegna að ræða aðra hluta þessa frv. Ég tel að þeir skipti nánast ekki máli í samanburði við þetta.

Það væri auðvitað hægt að ræða ýmislegt, til að mynda það hvers vegna á að fara að taka söluskatt af aðgöngumiðum að íslenskum kvikmyndum? Og hvers vegna á að fara að taka söluskatt af aðgöngumiðum að útisamkomum og ýmislegt slíkt? En mér finnst það léttvæg mál, svo léttvæg mál að þó að ég gæti út af fyrir sig við aðrar og betri aðstæður vel rætt þau og lagt mitt af mörkum til þess að reyna að finna þar sanngjarna niðurstöðu einnig held ég að minni hagsmunir víki fyrir meiri og það er langbrýnast að gera mönnum grein fyrir því hvað er að gerast í sambandi við þessa fyrirhuguðu skattlagningu á matvöru. Það er í raun og veru stóra verkefnið ef hægt væri að kveikja einhverja týru í sálarkirnum hv. stjórnarþm. sem létu sig hafa það möglunarlaust að samþykkja að þetta yrði lagt fram sem stjfrv. Það eru regintíðindi og ég veit, þó að það sé auðvitað dapurlegt í sjálfu sér, í dapurlegu samhengi, að verði þetta að lögum með sérstökum stuðningi og fyrir tilstuðlan hv. landsbyggðarþm. stjórnarliðsins, til að mynda Framsfl., verður manni það aðhlátursefni í framtíðinni ef þeir menn ætla að láta taka sig alvarlega um málefni t.d. íslensks landbúnaðar og matvælaiðnaðar eftir slíka gjörð. Eftir það afrek, ef af verður, að koma 25% söluskatti yfir alla innlendu matvælaframleiðsluna verður það varla annað en aðhlátursefni ef þeir menn ætla að fara að tala um kjör landbúnaðar eða aðstöðu hans í framtíðinni.

Herra forseti. Rök meiri hlutans fyrir þessu frv. eru sögð fyrst og fremst þau að með því náist fram skilvirkni í skattakerfinu, með því náist fram réttlæti, það er sérstakt réttlætismál — það er tíundað sem rök fyrir þessari skattlagningu að það náist fram réttlæti — og í þriðja lagi er það einföldunin. Það er einföldunarþráin sem við urðum sammála um að kalla svo, ég og hæstv. viðskrh. hérna á dögunum, að það væri fallegra orð að kalla þetta einföldunarþrá en einföldunarþráhyggju. Ég get fallist á það hjá hæstv. viðskrh. að það sé málfarslega réttara að tala um einföldunarþrá. En undir því yfirskini, liggur mér við að segja, er sem sagt verið að leiða menn út í þessar ógöngur, fremja það sem ég get varla kallað annað en óhæfu. Það er djúp pólitísk sannfæring mín, herra forseti, að verði þetta gert sé það pólitískt óhappaverk af þeirri stærðargráðu að það þurfi jafnvel áratugi aftur til að finna sambærilegar aðgerðir, að slepptu kannski því sem mætti segja að jafnist á við eða nálgist þetta í stærð sem er vaxtabrjálæðisstefna hæstv. núv. og hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar, þær geysilegu ógöngur sem þær hafa leitt auðvitað yfir þjóðina með sínum vitleysisgangi í peningamálum og vaxtamálum. Þó held ég að þessi aðgerð, ef framkvæmd yrði, mundi hafa verri og djúpstæðari áhrif á lífskjör almennings og meiri pólitíska þýðingu í reynd þegar til langs tíma yrði litið. Vegna hvers? Vegna þess að með þessu er auðvitað verið að færa skattbyrðina í landinu í enn þá hrikalegri mæli en áður hefur verið yfir á herðar almennings, yfir á herðar hins almenna launamanns. Og þeir sem hagnast í þjóðfélaginu, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki, njóta auðvitað þess ef bein skattheimta lækkar á móti. Það er ævinlega þannig og hlýtur að verða þannig.

Í fyrsta lagi þetta um skilvirknina. Ég tel að ósannað sé með öllu að þessar breytingar, fyrst og fremst það að taka matvöru inn undir söluskattinn líka, leiði til meiri skilvirkni í íslenska söluskattskerfinu. Ríkisskattstjóri kom á fund fjh.- og viðskn. Hann var þar að því spurður hvort það hefði verið aðalvandamálið í sambandi við skattaeftirlit á Íslandi, söluskattinn, að sumar vörutegundir hefðu verið undanþegnar. Sá ágæti maður sagði auðvitað nei. Vissulega hefur það skapað erfiðleika og verið mikið verkefni að fylgjast með því hvernig undanþágurnar kæmu fram. En það er ekki vöruverslunin, það er ekki matvaran í því sambandi, sem er erfiðust viðureignar, nei. Það eru undanþágur á ýmsum öðrum sviðum. Það eru markatilfelli í öðrum greinum eins og innan byggingariðnaðarins í heild sinni og í ýmissi persónulegri þjónustu sem eru auðvitað erfiðust viðureignar. Þetta sagði ríkisskattstjóri. Og það stendur reyndar í ágætri skýrslu sem ég hef vitnað til áður í umræðunni um umfang skattsvika. Þetta með skilvirknina gengur því ekki upp. Það reynist ekki vera rétt, í öllu falli stórlega ýkt.

Hvað með réttlætið? Í hverju felst það mikla réttlæti sem boðað er og koma á með þessum breytingum? Ég lýsi nú bara eftir því. Hver treystir sér til þess að koma hér upp úr stjórnarliðinu og útskýra fyrir mér í hverju réttlætið er fólgið? Ég bið um þann mann. Það má vera bara hver sem er af þeim stjórnarliðum sem kynnu að vera hér eftir í húsinu.

Og hvað með einföldunina? Jú, jú. Auðvitað er þetta einföldun. Lengi má einfalda hlutina. Það er auðvitað einfaldast að hafa ekkert skattkerfi. Það er langeinfaldast. Vilja menn það kannski? Hve langt ætla menn að ganga í einföldunaráttina ef hún á að ráða ferðinni á annað borð? Ætla menn að ganga yfir öll önnur sjónarmið? Já. Ég tel það. Ég tel að með þessu séu menn í raun og veru að segja það að öll önnur sanngirnissjónarmið, réttlætissjónarmið, skuli víkja fyrir þessari einföldunarþrá, þessari óskaplegu einföldunarþrá. Heimurinn verður að

vera svo einfaldur fyrir þessa menn. Það má ekkert vera flókið. Það þarf að vera svo einfalt, svona óskaplega einfalt. En er það nú í samræmi við raunveruleikann? Er raunveruleikinn einfaldur? Er veröldin einföld? Er lífið einfalt? Nei. Þetta er allt saman mjög flókið. Það er því auðvitað bull og vitleysa að skattkerfið geti verið einfalt, endalaust einfalt. Það er þá ekkert skattkerfi. Það er þá ekki í samræmi við aðrar aðstæður. Auðvitað verður það að taka mið af hlutum eins og lífsafkomu fólks, aðstöðu fólks. Öðruvísi er það ekkert skattkerfi og er ekkert í samræmi við aðrar aðstæður í þjóðfélaginu.

Ég tel því, herra forseti, að þetta þrennt, skilvirknin, réttlætið og einföldunin, séu, þegar til kastanna kemur, engin rök. Þetta eru engin rök. Hvernig duga t.d. þessi rök á móti því að spyrja: Af hverju er ekki stefnt á Íslandi, ef menn ætla að skattleggja matvörur á annað borð sem ég er andvígur, en ef menn ætla að gera það af hverju er þá ekki stefnt á tvö þrep hvort heldur sem er í söluskatti eða virðisaukaskatti, matvöruna t.d. upp á 2 eða 4% og restin upp á 24 eða 25, eða 28 ef menn þurfa með til þess að ná inn tekjum? Hvað er svona flókið við það? Hvað er svona óréttlátt við það? Hvað er svona óskilvirkt við það að taka þá t.d. upp svoleiðis kerfi? Ég vil fá svör við því vegna þess að mér dugar ekki það að það þurfi að einfalda hlutina og að það eigi að leggja 25% söluskatt á allar matvörur og aðrar lífsnauðsynjar og síðan eigi að taka upp virðisaukaskatt á næsta ári.

Herra forseti. Ég tel mig hafa farið yfir þá helstu efnisþætti sem fram koma í samanþjöppuðu máli í nál. minni hl. á þskj. 463 og ætla ekki að hafa mál mitt lengra við þessa umræðu. Ég hef reynt að toga ýmsa hv. stjórnarliða fram úr skúmaskotunum til þess að ræða þessi mál, til að mynda hæstv. fjmrh. Hér á sínum tíma við 1. umr. þessa máls þegar ég vitnaði í ræður hans frá síðasta ári um hið brjálæðislega háa virðisaukaskattsstig sem þá var kynnt og hæstv. fjmrh. var þá svo óskaplega mikið á móti eins og raun ber vitni. Ég las upp úr skýrslu um þróun þessara mála í Evrópubandalagsríkjunum og spurði hæstv. fjmrh. ýmissa spurninga í því sambandi. Það voru heldur stuttaraleg svörin og ekki hefur hann lagt mikið til þessarar umræðu enn þá a.m.k.

Ég held, herra forseti, að það gangi ekki hjá hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hl. að ætla að láta menn kaupa þetta mál, þennan matarskatt á svona veigalitlum rökum, á svona hæpnum forsendum. Ef þeir ætlast til þess að þjóðin og þingið og aðrir trúi þeim, umheimurinn trúi þeim, verða þeir að færa einhver betri rök fyrir þessu en þetta. Hvernig lítur það út t.d. í augum útlendra manna sem kæmu hingað og fregnuðu af því og sannreyndu að á því landi þar sem matvaran er hvað dýrust í heiminum, kaupið lægra en í mörgum nálægum löndum, miklu lægra á tímann, standi til að leggja 25% nýja skatta á helstu lífsnauðsynjar? Hvers konar speki er það? Hver fékk þessa hugmynd? Það ætti að leiða fram í dagsljósið þá snillinga sem kveiktu þessa hugsun. Ég teldi ástæðu til. Það væri hugsanlegt að finna út einhver verðlaun sem væru við hæfi svipað og veitt voru hér á félagsvistum og kannski framsóknarvistum stundum, ekki fyrir þá sem voru hæstir, ég tek það fram. Það væri alveg hugsaniegt að grípa það gamla fordæmi upp og veita verðlaun sem menn fengu stundum á félagsvistum í gamla daga, vel að merkja ekki þeir sem urðu hæstir.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem við vorum áðan í miðri umræðu um 1. dagskrármálið og þar sem hv. 1. þm. Norðurl. v. er mættur munum við halda áfram þeirri umræðu, en fresta umræðum um 4. dagskrármálið þar til síðar á fundinum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég byrjaði á að ávarpa forseta eins og venja er þó að umræður fari fram um þingsköp og vona ég að hv. 4. þm. Norðurl. e. misvirði það ekki við mig.

Ég vek á því athygli að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur flutt alveg stórgóða ræðu og komið á framfæri við deildina gífurlegum upplýsingum frá Seðlabankanum, en eins og menn vita er þar bókasafn sem mikinn fróðleik hefur að geyma og sennilega er þetta samantekt úr því sem hann hefur hér flutt. Það er mjög bagalegt eftir jafnfróðlegan fyrirlestur ef málið er tekið af dagskrá meðan manni er nokkurn veginn í fersku minni hvað sagt var í þessum efnum. Ég tel að forseti geri beinlínis í því að rugla deildarmenn með því að skipta svo ört á milli eins og upp er tekið og mælist nú undan því að það sé gert mikið af því heldur reynt að klára eitthvert af þessum málum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil taka það fram að forseti ber mikið traust til dómgreindar hv. deildarmanna, telur reyndar alveg útilokað að rugla þá þó að það væri reynt. Ég ber enn þá meira traust til minnis hv. 2. þm. Vestf. og tel honum ekki verða skotaskuld úr því að muna hinar lengstu ræður þó að það dragist fram yfir kvöldmatarhlé að þessari umræðu verði haldið áfram. En þessi umræða var upp tekin til þess að nýta þann takmarkaða tíma sem við höfum vegna þess að ég féllst á tilmæli hv. 5. þm. Vesturl. um að gera hlé þangað til þeir þm. væru gengnir í salinn sem hann vildi eiga orðastað við. (**AG:** Er búið að takmarka tímann?) Það hefur að engu leyti verið takmarkaður tími þannig að umræðum verður nú haldið áfram um 1. dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 366, n. 444 og 448, brtt. 445, 449, 452.

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Herra forseti. Ég fagna því að hv. formaður fjh.- og viðskn. skuli vera viðstaddur, en ég hafði í nokkrum orðum farið yfir frv. og var byrjaður að fara yfir brtt. þær sem Borgarafl. leggur fram og taldi nauðsynlegt í ljósi þess að í nefndinni er ekki farið yfir þær umræður sem eiga sér stað inni á þingi, til þess að það kæmist til skila til hv. formanns, að hann væri hér viðlátinn. Hann er það nú svo að ég mun þá fara aftur yfir þetta.

Þær brtt. sem Borgarafl. leggur fram eru í og með framhald á þeirri yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar að taka tillit sérstaklega til heimilanna. Það skref hefur ekki verið stigið til fulls og með brtt. sem við leggjum fram er það sjálfsagt ekki enn, en það er þó stigið aðeins lengra en komið er.

Við leggjum fram till. um að vörugjald verði fellt niður af tollskrárnúmerum 3922.1000, 2000, 9001, 9009 sem eru í 39. kafla. Það er kafli, eins og ég hef áður sagt, upp á allmargar síður. Eini liðurinn í þeim kafla sem ber vörugjald eru hlutar til heimilisnota eins og baðker, sturtubaðker, handlaugar o.fl. Við leggjum til að vörugjald verði fellt niður og eins og ég hef áður sagt, þar sem þess þarf þá með í framhaldi af niðurfellingu vörugjalds, verði 0-eftun felld niður einnig.

Við erum einnig með brtt. við 69. kafla sem má segja það sama um. Þar er um sömu vöru nánast að ræða nema úr öðrum efnum. Sama má segja um kaflann. Hann er allur vörugjaldslaus nema þessi heimilistæki.

Við erum með tillögur um breytingar á tollskrárnr. 7324.1000, 2100, 2900 og 9000. Þarna er um að ræða enn það sama, vaska, handlaugar og annað slíkt. Í kafla 7418.2000, hreinlætisvörur, eina númerið í öllum kaflanum þar sem vörugjald er. 7615.2000, aftur hreinlætisvörur. Eina númerið í kaflanum með vörugjald. 8450.9000 er mjög athyglisvert að skuli bera vörugjald. Þar er um að ræða varahluti í þvottavélar sem eru í 15% tolli og eiga að bera vörugjald, en varahlutir í uppþvottavélar og þurrkara bera hins vegar engin vörugjöld. Þarna er mikið ósamræmi á og vægast sagt hlýtur að skapa mikil vandamál fyrir tollverði hvernig þeir eiga að grípa á slíkum varahlutum og má benda á að það er afskaplega einfalt fyrir innflytjendur hreinlega að láta merkja vörurnar sem varahluti í uppþvottavélar og sleppa þar með við vörugjaldið. Þarna er um samræmingaratriði að ræða og ég vænti að það verði tekið tillit til þess.

8509.9000. Það er það sama. Þar eru varahlutir í annars konar tæki. Það eru hlutir í ryksugur og hrærivélar. Það á að taka vörugjald af þeim en ekki öðrum heimilistækjum. Það má nefna straujárn, rakvélar, hárþurrkur og slíkt. Tollnr. 8516.4009. Þar á að taka vörugjald af straujárnum sem ómótmælanlega eru mikið notuð á heimilunum, en hins vegar ekki af kaffivélum, brauðristum eða öðrum álíka tækjum. 8518.3000. Það eru heyrnartól. Þar er ráðgert að taka vörugjald. Hins vegar á fyrir 8518.1000 ekki að taka vörugjald. Þarna er um má segja sömu hlutina að ræða. Þetta eru hljóðnemar. Má kannski benda á að hljóðnemi eins og þessi hér ber ekkert vörugjald. Hljóðnemi sem aftur fréttamaður mundi nota við útsendingar mundi bera vörugjald. Þarna er mikið ósamræmi á ferðinni.

8518.9000, sem eru hlutir í þetta, varahlutir eða aðrir smáhlutir, eiga að bera bæði tolla og vörugjald og verður það til þess að það er ódýrara að flytja inn heilu stykkin en taka inn varahluti og er þá nær að panta inn heilu stykkin og rífa þau í sundur og nota sem varahluti og henda þá því sem ónothæft er. Má þá spyrja um gjaldeyrisnotkun Íslendinga, hvort hún er þarna í skynsamlegum farvegi.

8519.2100 eru hinir marg- og títtrættu laser-spilarar sem nefndin tók á og lækkaði tollinn á. Hér er farið fram á og lagt til að skrefið sé stigið til fulls og tekið af þeim vörugjaldið einnig. Þarna er um viðurkenndan smyglvarning að ræða. Þau rök voru m.a. notuð í nefndinni við það að lækka tollinn á þeim.

Þetta eru þau númer sem Borgarafl. leggur til að vörugjald verði fellt niður af. Ég vildi gjarnan, úr því að hv. formaður fjh.- og viðskn. sýndi mér þann heiður að hlýða á þetta, að hann segði sitt álit á þessum hlutum. Ég skal lána honum þessar tillögur vandlega merktar ef þetta hefur eitthvað skolast til.

En áfram um vörugjaldið. Ég var að vísu búinn að fara yfir flest það sem ég vildi segja í þessari umferð, en ég vil spyrja hæstv. viðskrh., úr því að hann er hér, um þetta 25% heildsöluálag sem hér er verið að leggja á og ég taldi mig hafa spurt hann að því þegar þetta var til 1. umr. hvort mætti túlka þetta sem svo að hér væri ríkisstjórnin að varða veginn fyrir heildsala í landinu og segja okkur þar með, sem höfum að innflutningi staðið, að 25% sé línan sem við skulum fylgja. Ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstjórn fari mjög varlega í sakirnar þegar hún áætlar heildsöluálag og varla fara heildsalar mikið niður fyrir það. (**Dómsmrh.:** Það er frjáls álagning.) Það er frjáls álagning. Það er alveg rétt. En það er gott að hafa eitthvert lágmark og ef þetta er það er mikils virði að vita af því.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja að svo stöddu. En ég varpaði fjölmörgum spurningum til viðskrh. sérstaklega í fjarveru fjmrh. þá stundina. Ég vænti þess að fá svör við því. Ég vænti þess einnig að hv. formaður nefndarinnar tjái sig hér. Ég að vísu, svo að hann viti af því, tók undir þá gagnrýni sem hér kom fram á störf nefndarinnar og taldi að það væri ekki boðlegt að starfa að slíkum lagabálki sem þetta er án þess að hafa heildarmyndina fyrir framan sig sem þýðir að hafa öll þau gögn sem í gildi eru í dag og þau gögn sem í gildi eiga að vera á morgun. Öðruvísi er ekki hægt að gera sér grein fyrir því hvað er á ferðinni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég spurði frsm. fjh.- og viðskn. um 25% áætlaða heildsöluálagningu. 5. gr. frv. sem hér er til umræðu, frv. til l. um vörugjald, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt 8.–10. gr. tollalaga að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar."

Ég hef haft samband við nokkra aðila sem þekkja inn á þessi mál og þeir tjá mér að heildsöluálagning sé yfirleitt frá 2 upp í 10%, í einstaka tilvikum 25% og það hafi fundist fyrir ári 30%. Fram kom í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann hefði ekki athugað þetta mál, en taldi að þetta væri kannski nokkuð hátt. Það er búið að margspyrja hæstv. viðskrh. að þessu og hann varpaði því fram úr sæti sínu að það væri frjáls álagning og þar af leiddi að þetta væri í lagi að mér skildist. En við skulum láta álagninguna út af fyrir sig eiga sig, þ.e. að það sé ekki alveg víst að heildsöluálagningin breytist mjög mikið, og við skulum gera ráð fyrir því að það sé meðaltalsálagning, þ.e. 10% eins og þeir aðilar allir hafa tjáð mér sem ég hef haft samband við.

Þarna er verið að hækka viðmiðunina úr 10% upp í 25%. Síðan kemur söluskattur og svo álagning smásalans og mér er tjáð að hún sé að meðaltali um 30%. Bara þessi aðgerð, hvað annað sem um er að ræða, mundi hækka verðið að mér er tjáð eitthvað yfir 20%, sennilega 26–27% eftir því hvernig álagningin er.

Í fréttum í gærkvöld kom fram að það væri álit verðlagsstjóra eða þeirrar stofnunar að sú lækkun sem reiknað væri með mundi ekki koma fram, a.m.k. ekki fyrst um sinn. Þá var ekki tekið tillit til þessara 25% sem koma ofan á tollverð. Það er talan sem er ágiskunartala. Það skyldi ekki vera að þetta hafi þau áhrif þrátt fyrir tollalækkunina og þegar hún kemur fram að þetta breytti ekki miklu á vöruverði þegar upp er staðið? Það er alveg sama hvað hæstv. viðskrh. segir, hvort það er úr sæti sínu eða úr ræðustól, þessi viðmiðun, þessi 25%, hefur veruleg áhrif á vöruverðið. Ég skora á hv. frsm. fjh.- og viðskn. að skoða þetta mál nánar áður en lengra er haldið. Það gæti komið honum og öðrum í koll síðar ef það er rétt sem mér er tjáð, m.a.s. af hagfræðingi. Ég hef lagt þetta fyrir hagfræðing sem er vanur maður í viðskiptum.

Ég ætla að láta lokið máli mínu um þetta atriði, en ég ætla að koma áður en ég lýk máli mínu inn á það atriði sem hefur verið nokkuð rætt hér og ég hef heyrt að utan þessa salar vekur mikla athygli, þ.e. vinnubrögðin hjá þingnefndum og Alþingi yfirleitt.

Ég las upp rökstudda dagskrá um daginn frá núverandi hæstv. fjmrh. í sambandi við umfjöllun þáverandi landbn. á búvörulögunum og ég ætla að minna aftur á eina grein til að sýna fram á hvernig hugur hans var þá í sambandi við störf nefnda, en það munu hafa verið tólf formlegir fundir í þeirri nefnd þó að hann mætti ekki nema á tvo. Hann segir í till. til rökstuddrar dagskrár m.a., með leyfi forseta: „Hefur ekki fengið þinglega meðferð. Er m.a. órætt í landbn. og fékkst ekki send til umsagnaraðila sem geta beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón af lögfestingu þess." Þetta sagði hæstv. fjmrh. þá. Þá var hann ekki fjmrh. Ég efast um að nokkurt frv. á þessu ári hafi fengið eins mikla umfjöllun og búvörulögin á þeim tíma. Ég efast um það og a.m.k. er óhætt að fullyrða að þau frv. sem hér er verið að fjalla um hafi enga umfjöllun fengið miðað við þá umfjöllun. En þannig ganga hlutirnir fyrir sig.

Ég minni hæstv. forseta á að ég kom með fsp. til heilbrmrh. og félmrh. m.a. í sambandi við söluskattinn. (**Forseti:** Hann gengur nú í salinn, heilbrmrh.) Sem hefur ekki verið. Hann var þá ekki hér viðstaddur og ég bað fyrir skilaboð til hans. En ég vil minna á að forseti komi skilaboðum til hans svo hann verði viðstaddur þegar ég ræði þau mál hér í þingsalnum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið til umræðu frv. um vörugjald. Ég tók þátt í þessari umræðu fyrr í dag, nálægt um fjögurleytið eða svo, áður en að tekin var upp umræða um söluskatt og ég lagði fram ákveðnar fsp. til þriggja nafngreindra hv. þm., þar af tveggja hæstv. ráðherra. Nú virðist sem enginn sé á mælendaskrá í máli þessu, en enginn af þessum aðilum hefur séð ástæðu til að svara mínum fsp. Ég beini því til virðulegs forseta hvort hann telur þetta eðlilegt þó ég viti að virðulegur forseti getur ekki neytt menn til að koma upp í ræðustól. En ég leyfi mér að benda á þetta. Mér finnst það vera harla kynlegt í máli sem þessu, þegar beint er efnislegum spurningum til þeirra ráðherra sem málið snertir og framsögumanns viðkomandi þingnefndar, að þeir skuli ætla að þruma það af sér að svara hér efnislegum fsp. þm. Ég tel að þetta sé óviðunandi verklag og vinnubrögð og hlýt að gagnrýna það mjög. Ég ætla ekki að biðja um orðið frekar í þessari umræðu fyrr en ég hef heyrt viðbrögð við fsp. mínum frá viðkomandi aðilum og sé enga ástæðu til þess í rauninni að ég fari að taka tíma í þingdeildinni, sem hefur mikið að gera, til slíkra ræðuhalda nema tilefni gefist til eftir að viðkomandi hv. aðilar hafa svarað. Ég ætla ekki að fara að rifja upp efnislega um hvað spurt var. Ég treysti því að menn hafi það í minni, bæði hv. 1. þm. Norðurl. v., hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. sem er með sérfund í hliðarherbergi að ég hygg en ætti frekar að vera í þingsal til þess að hlýða á mál manna. Fari svo hins vegar að viðkomandi þm. og hæstv. ráðherrar sjái ekki ástæðu til að taka hér efnislegan þátt í þessari umræðu hlýt ég að taka til máls sérstaklega um þetta mál og fleiri sem snerta þessi tekjuöflunarmál. Ég vil að það liggi hér fyrir og vona að þetta hafi náð eyrum viðkomandi hv. þm. Það var m.a. 11. gr. og það sem í henni stendur, þær heimildir sem þar eru á blaði svo ég nefni eitt efnisatriðið sem spurt var um.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Eins og hv. ræðumaður tók reyndar fram er það ekki í valdi forseta að draga hvorki þm. né ráðherra upp í ræðustól og ég held umræðunni áfram í samræmi við þá mælendaskrá sem fyrir liggur.

Óli Þ. Guðbjartsson:
Hæstv. forseti. Meðan hv. 2. þm. Austurl. er að búa sig þeim gögnum sem hann þarf að hafa með sér í ræðustólinn vildi ég aðeins af því tilefni sem hér gefst rétt minna á að ég er í hópi þeirra þm. sem leyfðu sér fyrr við umræður um vörugjald í dag að bera fram ákveðnar, þær voru að vísu ekki margar, fsp. til formanns hv. fjh.- og viðskn. og eða hæstv. ráðherra. Þær fsp. voru fyrst og fremst um 5. gr. þessa lagafrv. Efnislega var ein þeirra mjög svipuð þeirri sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hafði lagt fram. Það hefur ekki komið fram eitt einasta atriði í svari, hvorki frá þessum hv. aðilum né nokkrum öðrum stjórnarsinna, í allan dag. Ég hef verið viðstaddur umræðurnar alveg frá byrjun. Ég er að vísu ekki aldinn í þingstörfum, en ég hef reynslu af einu stigi stjórnskipunar, þ.e. sveitarstjórnarlögum, verið þar hartnær fjórðung aldar, og framkoma af þessu tagi þætti ekki burðug á þeim bæ. Þess vegna vil ég ákveðið ítreka það sem ég fyrr af fullri einlægni lagði hér fram. Þetta var annars vegar um störf viðkomandi nefndar, hins vegar um ákveðin efnisatriði og viðhorf og vinnubrögð. Af því tilefni sem hv. 2. þm. Austurl. gaf hér fyrr vildi ég ekki láta hjá líða að það kæmi þó fram að ég á þar líka hlut að máli og er ekki einn um það.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):
Herra forseti. Mér sýndust engar líkur til að komið væri að lokum þessarar umræðu, jafnvel þó enginn væri á mælendaskrá, og reiknaði með að fá fleiri fsp. og ætlaði að geyma mér að svara og vildi helst svara sem flestum í einu. En út af fyrir sig er skyldugt að svara skynsamlegum og kurteislega fram bornum fsp. jafnvel þó umræða sé kannski að verða óþarflega ítarleg.

Ég verð að biðja afsökunar á því að ég hef ekki getað fylgst með allri þessari umræðu og sumt af þessum fsp. heyrði ég ekki sjálfur og kann að vera að eitthvað verði út undan sem menn hafa beint til mín, en menn hafa verið að bera til mín spurningar sem þeir hafa verið að hripa niður hér, stjórnarsinnar, og einkum er það viðskrh. sem hefur verið mér innan handar með að bera það til mín sem til mín hefur verið beint og sumt hef ég heyrt sjálfur.

Ég var búinn að svara Stefáni Valgeirssyni, hv. 6. þm. Norðurl. e., um 25% álagið. En Óli Þ. Guðbjartsson spyr: Af hverju 25% álag á innflutning?

Það er í fyrsta lagi til þess að gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar sé sá sami. Þetta er óbreytt frá því sem nú er nema hvað í stað þess að reikna vörugjaldið á 80% af innlendri framleiðslu er þetta gert á innflutningshlið, þ.e. með 25% álagi.

Í öðru lagi: Á bak við þessa prósentu liggur sú hugmynd að heildsöluálagning sé á bilinu 20–30%. Til að einfalda málið er miðað við eina prósentu, 25%. Það er mjög gott og eftirbreytni vert ef heildsöluálagning er til muna lægri en þetta og þá hljóta þeir heildsalar sem svo vel versla að dafna og verða langlífir í landinu og koma þá lögmál samkeppninnar væntanlega þeim til góða.

Í þriðja lagi má nefna að samkvæmt fríverslunarsamningum okkar við EFTA og EBE má ekki mismuna innlendum og erlendum vörum með mismunandi vörugjaldi. Þess vegna þarf að beita 25% reglunni, annaðhvort á innlendu vöruna eða þá innfluttu. Til þess að vera vissir um að álag á erlenda vöru verði ekki minna en á hina innlendu er þessi regla upp tekin.

Hv. 6. þm. Suðurl. Óli Þ. Guðbjartsson spurði líka um hvað tollverð væri. Tollverð er fob-verð + fragt + trygging. Það verður cif-verð. Mismunur á fob og cif er ca 10%.

Í þriðja lagi spurði hann: Af hverju ekki fob-verð? Spurning um tekjur, þ.e. að þá þyrfti að bæta tekjutapið með öðrum hætti. Með þeim tollalækkunum sem frv. felur í sér veldur þetta miklu minni mun í söluverði en áður, þ.e. fob eða cif. Munurinn skiptir minna máli eftir en áður.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði hvort 11. gr. vörugjaldsfrv. væri óbreytt frá fyrri tíð. Svar er já.

Hv. 6. þm. Vesturl. spurði hverju 25% álagið skilaði og ég hef aflað mér gagna um það. Það er áætlað að það skili um 25 millj. kr.

Í öðru lagi spurði hann um vörugjald á sykur sem ég verð að viðurkenna að er sérstakt áhugamál mitt. Þetta telja þeir í fjmrn. að gæti skilað 15–20 millj. kr. nettó. Þá er reiknað væntanlega með því eftir að hefði verið endurgreitt iðnaðinum. Ég er ekki sannfærður um að þetta séu réttir útreikningar, en þessu halda þeir starfsmenn fjmrh. fram. Ég held að þarna sé vannýttur tekjustofn sem við getum vel litið til í framtíðinni og vitna til reynslu Norðmanna sem skattleggja sykur. M.a. af hollustuástæðum er ágætt að hafa þessa vöru dýra. Ég bendi á að sykur hér á landi er óeðlilega ódýr og eðlilegt að hann væri í hærra verði.

Ég vona að ég hafi komið frá mér svörum við þeim meginspurningum sem til mín hefur verið beint. Vera kann að eitthvað hafi fallið niður af því sem ég hef verið spurður að, en ég mun þá reyna að bæta úr því síðar í umræðunni.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Það var raunar fleira sem ég beindi til hv. 1. þm. Norðurl. v., en þetta eitt, hvort um óbreytt ákvæði væri að ræða. Ég vakti athygli á að í athugasemdum við þessa grein er tekið þannig til orða að ég skil að um breytingu sé að ræða þó hér sé staðhæft að greinin sé óbreytt. Ég hef ekki haft tíma til að kanna gildandi lög um vörugjald, en ég bendi á að í athugasemdum við greinina stendur eftirfarandi:

„Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um vörugjöld. Í greininni er þó lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að leiðrétta ósamræmi sem kann að vera í skattlagningu samkvæmt frv.“

Er hv. 1. þm. Norðurl. v. viss um að það standist sem hann fullyrti hér í ljósi þeirrar athugasemdar sem fylgir greininni?

Ég vakti athygli á að með 11. gr., og bið hv. þingdeildarmenn að gefa því gaum, er verið að veita ekki aðeins hæstv. fjmrh. heimild til reglugerðar heldur stendur þar líka, með leyfi virðulegs forseta:

„Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.“

Samkvæmt þessu virðist vera hægt að kippa út úr 3. gr. heilum flokkum, sem þar eru tilteknir aðeins með tölustöfum, fella niður eða bæta við. Þetta tel ég óeðlilega og allt of rúma heimild og ég gekk eftir því við hæstv. fjmrh. að hann greindi frá því hvernig á því stæði. Ég vænti þess að hann heyri mál mitt og verði kallaður í þingsal, sá hæstv. ráðherra, fjmrh., og hann greini frá því hvort það sé vegna þess hversu snöggsoðið þetta frv. er af hálfu ríkisstjórnarinnar að óskað er eftir heimild af þessu tagi. Ég hefði talið nauðsynlegt af hálfu nefndarinnar að hún færi yfir það hvað gæti þarna helst verið um að ræða. Það er ekkert smáræði sem verið er að fjalla um þarna. Það er hægt bara að kippa út heilu liðunum, breyta og auka við, fella niður. Þetta er ekki sómasamleg lagasetning eins og mér sýnist þetta mál liggja þó ég verði að viðurkenna að ég hef ekki haft aðstæður til að sökkva mér niður í það eins og vert væri, hvað þá að kanna þá vöruflokka sem liggja að baki þeim talnaröðum sem lesa má og sjá í 3. gr. frv. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. láti til sín heyra um þetta efni, ef ekki við 2. umr. þá í síðasta lagi við 3. umr., og í millitíðinni verði kannað hvort hér sé um breytingu að ræða eða ekki, hvort staðhæfing hv. 1. þm. Norðurl. v. er rétt eða ekki og hvers vegna er þá tekið til orða svona í athugasemdum við frv.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég held að við í minni hlutanum ættum að þakka meiri hlutanum, þakka ríkisstjórninni fyrir þá tillitssemi sem hún sýnir okkur minni hlutanum að hafa hugsað sér að gefa matarhlé innan tíðar. (**Forseti:** Ég vil benda hv. 5. þm. Reykv. á að þakka þingforseta fyrir matarhléið. Það er ekki ríkisstjórnin sem hefur ákveðið hlé. Það er á ábyrgð forseta.) Já, ég segi: Eins og guð gaf og ríkisstjórnin tók. Ég tek það aftur. Ég hélt að ríkisstjórnin væri með í þessu samkomulagi um fundarhald, en það hlaut að vera að eitthvað gott kæmi annars staðar frá. En ég þakka a.m.k. hvað mig snertir virðulegum forseta fyrir væntanlegt matarhlé.

Það var skrýtið fyrir mann sem hafði hugsað sér að gera innflutning að ævistarfi að hlusta á hv. 1. þm. Norðurl. v. koma með skýringar sem snerta þá atvinnugrein sem tilheyrir innflutningi og vitna í fagmann, viðskrh. sjálfan, sem hefur verið ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir um efnahagsmál. Innflutningur er gríðarlega stór liður.

Ég skildi hann ekki. Ég hreinlega skildi ekki hvað hann var að fara. Fyrst tekur hann fram að umræður hafi verið óþarflega ítarlegar. Ég hélt að engar umræður um nokkurt mál á Alþingi Íslendinga væru óþarflega ítarlegar. En það getur verið að ég hafi þar rangt fyrir mér.

Hann talar um, ef ég skildi hann rétt, ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki viss um að ég hafi skilið hann, að 25% heildsöluálagning, sem er bætt inn í álagningarstofn á vörugjaldinu, sé til þess að það sé ekki minni álagning á erlendum en innlendum vörum og þetta sé einhver skylda til að jafna á milli EFTA og innlendra tolla. — Nú er það ekki ég sem tef fundinn, hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að reyna að tala stutt. En það er líklega síminn einu sinni enn. Ég verð líklega bara að bíða. (**Forseti:** Þar sem kl. er nú 5 mínútur yfir 7 vil ég gefa hv. ræðumanni kost á að halda máli sínu áfram eftir kvöldmatarhlé.) Virðulegur forseti. Má ég svara forseta strax? Ef forseti óskar eftir því að ég tali stutt ráðlegg ég forseta að ... (**Forseti:** Það var ekki óskað eftir því sérstaklega og hv. ræðumanni voru ekki settar neinar skorður um ræðulengd. Ég innti hann eftir því hvort ræða hans mundi verða löng því ef hún hefði verið það hefði ég gefið kvöldmatarhlé fyrst. Ég ætla mér að gefa hlé núna. Ef hv. ræðumaður lýkur ekki máli sínu fer ég þess á leit við hann að hann haldi áfram eftir kvöldmatarhlé.) Já, hæstv. forseti, og ég segi forseta fyrir fram að sú ræða verður miklu lengri en sú sem ég hefði flutt ef ég hefði klárað hana núna.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

42. fundur, miðvikudaginn 30. des., kl. 9 síðdegis.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka bæði forseta og ríkisstjórn aftur fyrir kvöldmatarhlé og endurtek þakkir mínar til ríkisstjórnar þrátt fyrir athugasemdir forseta vegna þess að á meðan ég naut kvöldmatarins las ég forsíðu Tímans þar sem getið er um fund ríkisstjórnar og þingforseta og sagt að þeir hafi komið sér saman um áframhald þeirrar vinnu sem við eigum eftir hér á þessu ári.

En ég er hissa á stjórn þingsins. Eftir hvaða þingsköpum er farið? Það er kannski hægt að teygja

reglur og beygja, en það er búið að hoppa á milli allra mála sem eru á dagskrá í allan dag. Við gerðum athugasemdir við það fyrr í dag, fyrr á þessum fundi og ég verð, hæstv. forseti, að lýsa furðu minni á því að enn skuli gripið til sama leiks. Hvað heldur hæstv. forseti eða stjórnarliðið eins og það leggur sig að það hafi upp úr svona vinnubrögðum? Ekki neitt annað en harðnandi andstöðu, mjög harðnandi andstöðu.

Ég verð að harma það, sem mér var að berast til eyrna núna, að tveir af forustumönnum stjórnarliðsins skyldu koma fram í sjónvarpi á Stöð 2 í kvöld og bera það á borð fyrir alþjóð að stjórnarandstaðan hafi verið með málþóf þó að hún ræði um og taki sinn tíma til að ræða þau mál sem meiri hluti alþm. og ríkisstjórn leggur fram til umræðu og afgreiðslu. Hinn forustumaðurinn ber það á borð að stjórnarandstaðan hafi hafnað samningum. Um hvað? Hvaða samningar hafa verið í boði? Sem formaður Borgarafl. hef ég ekki fengið neitt boð um neina samninga eða boð um að taka þátt í samningum. Ég veit ekki að til þess hafi komið. (**ÓE:** Þú hefur ekkert verið á þeim fundum.) Ég hef verið á öllum þeim þingfundum sem haldnir hafa verið og mig hefur hvorki vantað í sætið né í salinn. Það er meira en hv. þm. getur sagt sem varla hefur sést hér, kannski sofið heima eða niðri. Það hafa engir samningar verið í boði fyrir stjórnarandstöðuna. Hvernig stendur á því að stjórnarþm. leyfa sér og það ábyrgir forustumenn þjóðarinnar að bera slíkt á borð fyrir alþjóð? Geta þessir menn aldrei sagt satt? Er þeim fyrirmunað að segja satt? Ég harma svona vinnubrögð.

Virðulegur forseti. Ég skildi af þeim fréttum sem ég las í dagblaðinu Tímanum í kvöldmatarhléinu að forsetar og forusta ríkisstjórnarinnar þingaði í gær án samráðs við stjórnarandstöðuna sem þýðir það, sem ég hef verið að halda fram, að hnefinn skal ráða. Það á að nota meirihlutaafl til að taka ákvarðanir. Ég verð að harma ef það á eftir að koma í ljós að forsetar láta ganga á rétt minni hlutans. Ég harma ef það á eftir að koma í ljós. Og ég lýsi aftur furðu minni á þessum hringlanda í fundarsköpum á milli mála.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Á þessum fundi erum við að leitast við að koma þremur málum áfram í umræðum í þessari hv. deild sem eðli máls samkvæmt þurfa að fylgjast að þar sem þetta allt saman tilheyrir tekjuhlið fjárlaga eins og hefur oft komið fram við þessa umræðu. Það hefur ekki staðið til að forsetar gengju nokkuð á rétt stjórnarandstöðunnar í umræðum. Það mun koma í ljós hvernig þessari umræðu vindur fram og auðvitað munum við forsetar fylgjast grannt með því og taka okkar ákvarðanir í samræmi við það.

Söluskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390, n. 460 og 463, brtt. 465, 466, 467.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef hlustað í dag á mjög fróðlegar umræður þar sem kynntar hafa verið reglur þær sem gilda í öðrum löndum um skattheimtu. Samkvæmt því sem þar hefur komið fram held ég að ég hafi rétt metið að hér er ekki um neitt illa þýddan lagabókstaf á erlendri tungu að ræða heldur frumsmíði og sérstætt og sjálfstætt hugverk. (**SJS:** Þjóðlegt frv.) Hv. 4. þm. Norðurl. e. leiðréttir ef hér er ekki rétt frá greint.

Ég tel þess vegna bæði tímabært og rétt að rifja örlítið upp afskipti alþýðuflokksmanna af skattheimtu í þessu landi. Ég ætla ekki að fara mjög langt aftur.

Á vordögum 1984 voru samþykktar tvær þáltill. á Alþingi Íslendinga. Flm., sá fyrsti, að báðum þessum þáltill. var Jóhanna Sigurðardóttir og mismikill fjöldi alþýðuflokksþingmanna skrifaði upp á þessar tillögur. Báðar till. skrifaði þó hæstv. núv. fjmrh. upp á. Þessar þáltill. fóru í gegnum allshn. Þennan vetur var ég formaður allshn. Það þykja að sjálfsögðu nokkur tíðindi á hverjum tíma þegar formaður í nefnd á Alþingi Íslendinga hleypir í gegn með sínum stuðningi máli sem stjórnarandstæðingar flytja. (**HJ:** Hvað átti það líka að þýða?) Og hér heyrist hljóð úr horni: Hvað átti það líka að þýða? Það er ekkert skrýtið að þetta hljóð heyrist vegna þess að á grundvelli þessara till. skipaði þáv. hæstv. fjmrh. Albert Guðmundsson nefnd. Hvað átti það að þýða? Var maðurinn e.t.v. að undirrita sinn dauðadóm í Sjálfstfl.? Ég er ekki viss nema svo hafi verið, minnugur þess að ég veit ekki hvort fyrrv. hæstv. forsrh., Gunnari heitnum Thoroddsen, var nokkurn tímann fyrirgefið að koma á skattalögreglu hér á landi.

En það er ekki skrýtið þótt spurt sé úr salnum: Hvað átti það að þýða? Það blasir nefnilega við að nú hefur það komið upp að sá sem á sínum tíma stóð að því að flytja hér krefjandi þingmál sem stjórnarandstæðingur situr nú í þeirri stöðu að eiga að framkvæma þær þáltill. sem hann barðist fyrir að koma áfram. Það eru hvorki meira né minna en samanlagt tíu atriði á þessum till. sem voru sett inn. Og mín spurning til hæstv. ráðherra er: Hvað hefur hann komið miklu í verk að framkvæma af þessum tíu atriðum?

Forveri hans í starfi, hæstv. núv. forsrh., fékk sem sagt í arf, e.t.v. í óþökk, ég veit það ekki, í fyrsta lagi skýrslu sem var uppskera þessara till. og fjallar um umfang skattsvika. Nú stendur þannig á að verið er að gjörbreyta skattakerfi íslensku þjóðarinnar á þann veg að miklu stærri hluti en áður af tekjum ríkissjóðs kemur í gegnum söluskatt. Tollar voru hvergi nefndir sem stórkostlegur möguleiki til skatt-

svika í þessari skýrslu. Jafnvel þó eitthvert smygl hafi átt sér stað er það smávægilegt miðað við aðra möguleika. Eitt af því sem kom fram í skýrslunni var að höfundar hennar telja sig geta á því staðið að þeim mun menntaðri sem menn eru þeim mun meiri líkur séu á skattsvikum. Það er stöðug framför í menntun hjá þjóðinni.

Ég vil líka vekja athygli á því að þegar þeir vega og meta tíðni nótulausra viðskipta á Norðurlöndum eru það Norðmenn sem standa sig best í þeirri iðju. Og hvaðan erum við komnir? Frá Noregi. Búast má við því, ef menntun þjóðarinnar vex, að við verðum ekki eftirbátar Norðmanna. (**JHB:** Hvers vegna fórum við frá Noregi?) Það er kannski líka rétt að rifja það upp. Við vildum enga skatta greiða. Það var ástæðan, enga skatta greiða til Noregskonungs, hreinar línur. Spurningin er: Er útlit fyrir einhverja breytingu í þessum efnum? Ég sé ekki að það sé mikið útlit fyrir breytingu því nú hefur hæstv. Alþingi afhent útgjöld fyrir næsta ár, en þegar kemur að því að ganga frá tekjunum er hik, mikið hik á mönnum að afgreiða það mál. Viðleitnin virðist því vera á sama veg.

Ég ætla að víkja að einu atriði í 4. lið annarrar þáltill. sem samþykkt var. Þar er sett fram sú krafa, með leyfi forseta, að láta tafarlaust fara fram gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi söluskattskerfisins með það markmið að koma á skilvísara eftirliti með innheimtu söluskatts. Heimild sú sem er í 17. gr. laga um söluskatt til að fylgjast með fjármagnsstreymi í fyrirtækjum verði notuð þar sem því verður við komið. Athugað verði einnig hvort hægt sé að fá betri skil með því að fækka undanþágum og lækka þar með söluskatt. Það merkilega hefur gerst að menn hafa snúið sér mjög skipulega að því að fækka undanþágunum. Það hefur ekki verið farið í það enn að framkvæma það, sem Alþingi krafðist þó á sínum tíma að gert væri, að fylgjast með fjármagnsstreymi hjá fyrirtækjunum. Hæstv. forsrh. og þáv. fjmrh. hlýddi ekki fyrirmælum Alþingis í þessum efnum.

Ég vil bæta örfáum orðum við. Hafi einhvern tímann verið arðbært að stela undan söluskatti á Íslandi verður það nú eftir áramótin. Og því gildir það að hæstv. fjmrh. hefur stuttan tíma til að koma sér að því verki sem hann sjálfur á sínum tíma krafðist að yrði farið út í. Er of mikið þó stjórnarsinni fari fram á það við hæstv. fjmrh. að það sem hann lagði til, fékk samþykkt, sjái hann nú um framkvæmdina á þannig að það verði til fyrirmyndar? Ég verð að segja eins og er að ég vænti þess að sá þm. og núv. ráðherra sem var 1. flm. að þessum till. hugleiði nú í fúlustu alvöru hvílík ábyrgð hlýtur að hvíla á henni sem félmrh. ef alþýða Íslands verður skattlögð eins og hér er verið að gera ráð fyrir en stór hluti af tekjunum kemur aldrei í kassann. Það sem gerir mig svartsýnan er hve lítil uppskeran hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir að yrði skv. þeim fjárlögum sem hér voru samþykkt. Ég tel að það séu ekki undir 2 milljarðar sem ættu að verða tekjuafgangur hjá íslenska ríkinu á næsta ári ef það verður framkvæmt sem stóð í þessum þáltill.

Ég undirstrika að eitt af því sem verður að gera, ætli menn að ná einhverjum árangri í þessum efnum, er að greiða því starfsfólki sem vinnur á skattstofunum þau laun að þar tolli þeir menn sem hafa menntun og þekkingu til að vinna þessi verk. Ég veit að það er mikið af mönnum á skattstofunum sem hafa þekkingu og menntun til þess, en engu að síður tel ég að þeir séu yfirhlaðnir störfum og eftirlitið í dag sé nánast í molum.

Þetta var það erindi sem ég átti í ræðustól til að koma á framfæri við hæstv. fjmrh. Ég vona að hann geri sér grein fyrir því að það verður fylgst með því hvernig að þessu verki verður staðið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að ég verði jafnskemmtilegur og síðasti ræðumaður hér í ræðustól, en ég mun reyna að sjá til þess að sumir ráðherrarnir og a.m.k. formaður þeirrar nefndar sem fjallaði um þessi mál verði hér inni ef ég á að ljúka ræðu minni.

Ég frestaði því fyrir beiðni fyrst og fremst þm. Alberts Guðmundssonar í gær að flytja mitt mál þá, en ætla mér að taka nú þann tíma sem ég tel mig þurfa til að ræða um þessi mál.

Ég heyrði það og sá í sjónvarpinu að hæstv. forsrh. vildi meina að hér væri uppi málþóf. Hins vegar minntist hann ekki á þau vinnubrögð sem eru á hinu háa Alþingi þessa dagana nema að því leyti að hann viðurkenndi að frv. sem við erum að fjalla um hefðu verið síðbúin. Það er ekkert undarlegt þó hv. þm. vilji fjalla um þessi mál sem hefur komið fram svo óvæntjandi er að voru ekki athuguð í nefnd á þann veg sem venja er og skylt er. Til hvers er verið að skipta Alþingi í tvær deildir og láta nefndir beggja deilda fjalla um mál? Til hvers? Er það bara til málamynda? Það er auðvitað til að reyna að tryggja að mál séu skoðuð nokkurn veginn forsvaranlega. Og jafnvel þó að það sé gert er hægt að koma með mörg dæmi þess að slys hafi orðið. Ég minnist þess að það hafa komið t.d. mál í nefnd sem ég hef átt sæti í frá Ed. sem hafa verið gerðar 29 brtt. við í seinni deild.

Ég vil segja það við hæstv. utanrrh. að ég mun eiga erindi við hann síðar á fundinum.

Þetta verða hv. þm. að hafa í hyggju þegar við teljum okkur þurfa að ræða um þau mál sem eru til umfjöllunar. Ef þetta er ekki tilgangurinn, sem ég hef hér sagt, þýðir ekkert annað en að leggja þessar nefndir niður ef þetta á að vera til málamynda, ef á ekkert að fjalla um málin. Og það er ekkert lítið sem hér er verið að gera. Það er verið að gjörbreyta því fyrirkomulagi sem hefur verið um tekjuöflun ríkissjóðs. Það er verið að breyta því, sem áður hefur verið, að hæstu skattarnir leggist á það sem við köllum lúxusvörur. Það er verið að snúa því við blátt áfram. Nú er mestu skattarnir í sjálfu sér settir á matinn til þess að seilast í vasa þeirra sem þurfa að kaupa mat.

Já, þó hæstv. iðnrh. hristi höfuðið er þetta allt staðreynd. Það eru mörg heimsmetin sem væri hægt að skrá í heimsmetabókina. Það eru ekki eingöngu þau frv. sem hér eru og þau vinnubrögð. Hvernig er það, hæstv. utanrrh., um vaxtastefnu núv. ríkisstjórnar? Var það það sem átti að gerast, miðað við það sem lofað var fyrir kosningar, að hækka vextina um að meðaltali 12% á mánuði frá því að þessi ríkisstjórn var mynduð á Alþingi eða samtals 60%? Var það þetta?

Nei, það er ekkert undarlegt þó a.m.k. þeir sem eru fulltrúar hinna verr settu í þjóðfélaginu vilji ræða þessi mál og gera tilraun til þess að matarskatturinn sé ekki lagður á eða a.m.k. breytt frá því sem hann er í frv.

Það kom fram í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. að hverju hann stefndi. Hann stefndi ekki að því að borga niður vöruverðið. Hann stefndi að því að gera það með öðrum hætti. Hann hefur nú gefið út þessa merkilegu ræðu sína í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og setið í bókaverslunum og ritað á nafn sitt. En hvað er ráðherrann að fara í þessari kerfisbreytingu? Það er alveg rétt að það er kannski auðveldara að ná sköttum með því móti sem hann er að gera það, þ.e. að leggja söluskatt á búvörur. Það er yfirlýst hans stefna, hans flokks og frjálshyggjumannanna í Sjálfstfl. að láta niðurgreiðslur hverfa. Það er alveg merkilegt að eins mætur maður og formaður fjh.-viðskn. er, hv. 1. þm. Norðurl. v., skuli láta hafa sig í að fylgja þessum skatti. Ég tók að vísu eftir því að hann vildi ekki tala fyrir nál. um þennan skatt. Hann fékk annan til þess, mann sem er vanur því að geta talað þannig að svart virðist vera hvítt. En í ræðu hans í dag gerði hann það ekki. Það hefur kannski verið ætlun formanns fjh.- og viðskn. að fá slíkan mann til að tala fyrir nál. meiri hl., en það brást. Hann treysti sér ekki í það.

Það eru ýmsir sem hafa látið heyra í sér út af þessum söluskatti. Ég trúi því ekki að hv. þm. Páll Pétursson sé farinn að heyra svo illa eða lesa svo lítið að hans kjósendur hafi ekki náð til hans í sambandi við þessi mál. A.m.k. hef ég heyrt í þeim. Og ég hygg að það séu margir fleiri. (**HG:** Ætli þeir kjósi hann aftur?) Ég skal ekkert segja um það. Þeir verða að svara því. Hitt er alveg áreiðanlegt að óánægja í kjördæmi hv. þm. hefur aldrei verið eins mikil og á þessari stundu. Það er alveg klárt. Hvað þeir kjósa skal ég ekkert fullyrða um. Það verður að sýna sig. Það er alveg áreiðanlegt, miðað við það sem er að gerast nú, að hv. þm. fær tækifæri til að ræða bæði við mig og aðra í sínu kjördæmi út af því sem er að gerast nú þar sem búið er að koma því þannig fyrir að hvorki Tíminn eða Dagur fást til að birta það sem frá okkur kemur nema í undantekningartilvikum. Hverjir sem hafa svo haft áhrif á það. Það skal ég ekki hér og nú fullyrða.

Hlutleysi ríkisfjölmiðlanna er einnig með þessum hætti að t.d. við mig hefur Sjónvarpið einu sinni rætt síðan þetta þing hófst. Og um hvað? Um bjórinn. Ekki um útlitið eins og það er, ekki um afstöðu okkar í Norðurlandi eystra margra. Ekki um útlitið nú. Um bjórinn. Þetta er það hlutleysi sem við verðum vör við, stjórnarandstæðingar flestir, en þó er það ekki á þann veg sem ég er að tala um í sambandi við mín samtök.

Af þessum ástæðum er óumflýjanlegt að ég hafi nokkur orð um það hér á eftir hvernig viðskipti mín við formann Framsfl. og formann þingflokks hans, hv. þm. Pál Pétursson, hafa verið vegna þess að því er haldið fram að það sé enginn munur á skoðunum okkar og Framsfl. Ég fékk það staðfest hjá þeim báðum á fundi norður á Akureyri að þeir litu svo á málin. Þeir voru í fjötrum að manni sýndist og mun ég koma að því betur síðar í minni ræðu.

Ég óskaði eftir því fyrr í þessum umræðum að heilbr.- og trmrh. upplýsti við umræðu um þetta mál hvernig eftirliti væri háttað á innflutningi á matvörum og sérstaklega grænmeti frá Evrópu. Það er nokkuð athyglisvert að við höfum verið að reyna að selja kartöflur til Norðurlanda og við höfum orðið vitni að því hvernig þeir bregðast við. Þeir hafa ekki einu sinni, þeir hafa beðið tvisvar sinnum um að fá sendar prufur til að athuga í hvaða ástandi þessi vara er. Það er búið að senda tvisvar sinnum til Finnlands, tvisvar sinnum til Noregs. Og það er ekki nóg með það. Nú vilja Norðmenn koma hingað til Íslands til að athuga ástand og geymslur og allt um þessa vöru þrátt fyrir að það sé búið að senda tvívegis prufur. En hvernig er það svo með okkur hér? Mér er t.d. tjáð að grænmeti hafi verið sent til Finnlands frá Hollandi og Finnar hafi skoðað það og ekki talið að það væri vara í því ástandi sem þeir gera kröfur til. Mér er sagt að þá hafi verið um tvennt að ræða, annaðhvort að senda þetta á öskuhaugana eða til Íslands, og sendingin hafi farið til Íslands.

Nú vil ég þess vegna fá upplýst í þessu sambandi: Er það rétt, sem sagt er og fullyrt, að það sé lítið eða ekkert eftirlit með svona innflutningi? Maður hefur heyrt að það sé verið að ferðast með geislavirk efni til Þýskalands og við vitum að skógarnir þar eru að deyja í stórum stíl. Það þarf enginn að halda að það geti ekki verið a.m.k. hætta á því að það sé ekki forsvaranleg söluvara sem er framleidd upp úr mold sem skógarnir þrífast ekki í. Þetta var ástæðan fyrir því að ég vildi að hæstv. heilbrmrh. upplýsti þetta og það fyrir skilaboð þar sem hann var ekki í þingsalnum þegar ég ræddi um þessi mál.

Ég get ekki betur séð en við þær breytingar sem er verið að gera verði vaxandi þrýstingur á að flytja inn grænmeti. Það þarf auðvitað að vera eftirlit með innflutningi á þeim vörum hingað til lands eins og annars staðar mun vera að manni er tjáð. Í raun og veru er það sem ég sagði um Norðmenn og Finna glöggt dæmi um það eftirlit sem þeir hafa á slíkum innflutningi. Við munum nú þegar við fengum kartöflur forðum daga frá Finnlandi sem voru sýktar og hefur orðið af verulegt tjón. Þannig höfum við oft brennt okkur á slíkum málum.

Ég hefði viljað, hæstv. forseti, að þeir lokuðu þarna dyrunum, ef það þarf að vera svo hátt að ég

heyri ekki í sjálfum mér, á hliðarsal. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að lækka róminn, sem eru í samtölum, svo hv. ræðumaður geti haldið áfram sinni ræðu ótruflaður.) Talað er um að sú kerfisbreyting sem er verið að gera hér muni leiða það af sér að það verði minna af undanskotum í sambandi við greiðslu á söluskatti og að því er varðar það sem fer í gegnum búðirnar mun þetta vera rétt, a.m.k. ef það verður farið eftir tillögum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að fá sérstaka peningakassa í verslanir, en það er eina leiðin til að fyrirbyggja svik. Þó er það kannski heldur ekki öruggt því það er víðar en í Noregi, það þekkist líka á Íslandi, að það sé látið borga þriðjung eða helming af því sem kemur sérstaklega í minni verslanir og söluturna. Ég sé ekki annað en það sé hægt þrátt fyrir þessa breytingu.

En hver er reynsla t.d. Svía í sambandi við skatt á matvæli? Það er í stórum stíl í Svíþjóð sem svínum og nautgripum er slátrað í alls konar skúrum, mjög vel útbúnum. Það er gert á þann veg að sá sem á þennan skúr, sem er oft líkur stórum bílskúr, sem er allur flísalagður og með rennandi vatni og allt þess háttar, tekur á móti mönnum sem koma með sína gripi, sem þeir segjast eiga, og fá einn vanan mann með sér og slátra þessum grip. Síðan fara þeir og skipta kjötinu á milli sín.

Ég hef heyrt í mörgum Íslendingum, sem eru búsettir í Svíþjóð, sem hafa sagt mér hvernig menn fari að þessu. Og þegar lögreglan eða aðrir koma að — ja, þá á ekki maðurinn sem á skúrinn svín eða nautgripi. Hann aðeins lánar mönnum sem eru sjálfir við að slátra þó þeir hafi einn mann og þeir segjast hafa átt og eiga þessa gripi. Og þeir sleppa með þetta. Það þarf enginn að halda að svipað gerist ekki hér eins og gerist í öðrum löndum. Ég veit til þess líka að slíkt gerist í Noregi þó ég hafi ekki orðið var við það í jafnríkum mæli og mér er sagt að það sé gert í Svíþjóð.

Og halda menn virkilega að menn fari að kaupa fiskinn sinn í fiskbúðum nema þá hér á höfuðborgarsvæðinu? Það hvarflar ekki að mér. Þó að ég búi hér mestan hluta ársins flyt ég minn fisk í bílnum mínum að norðan, sem ég kaupi beint af körlunum, og þannig mun vera með fleiri. Og það er enginn söluskattur á honum núna. Hvað haldið þið að verði eftir þessa breytingu? Menn verða að borga fiskinn, 25% álagið, þó þeir fái hann síðan greiddan. (**ÓÞÞ:** Það verður fróðlegt að sjá hvað verður eftir breytingu.) Það er nú annað mál. Það verður líka fróðlegt að vita um breytinguna í verslunum. Í gær kom í fréttum að þeir hjá verðlagseftirlitinu, Verðlagsstofnuninni, eru svartsýnir á að það verði breyting fyrsta kastið.

Ég sá á hæstv. utanrrh. að það kom eitthvað við kvikuna á honum þegar ég fór að tala um vextina. Mér heyrðist þá að hann væri að tala um að ég væri í bankaráði. Já, það er rétt. En ég hef barist á móti öllum vaxtahækkunum eins og ég hef getað. En hvað hefur gerst? Við höfum alltaf verið á eftir í Búnaðarbankanum. Ég skal sýna hæstv. utanrrh. það. En hverjir hafa verið á undan, hverjir hafa verið fyrstir? Það hefur komið í fréttum. Það veit hæstv. ráðherra jafnvel og ég. Það eru tveir aðilar sem ganga alltaf á undan og hafa nú um sinn a.m.k. gert. Það er ríkissjóður og grái markaðurinn. Í fréttum kom hér um daginn að Iðnaðarbankinn hefði gengið á undan af peningastofnunum og Útvegsbankinn upp á síðkastið, en ríkisbankarnir hafa yfirleitt verið á eftir og fyrst og fremst Búnaðarbankinn. Hér er inni bankaráðsmaður, hv. þm. Friðjón Þórðarson, sem getur borið einnig um þetta vitni. En ég sé að utanrrh. er ekki trúaður á mína frásögn, en svo vel ætti hann að þekkja mig frá því að hann var unglingur að vísvitandi segi ég ekki ósatt. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að bera mér á brýn að ég fylgist ekki með í Búnaðarbankanum.

Ég sá að hæstv. fjmrh. varð hálf órólegur þegar ég fór að tala. Það er ekkert undarlegt. Ég var hissa á því að hann skyldi tolla í stólnum á meðan hv. þm. Ólafur Þórðarson flutti sína ræðu því það er ekki þægilegt að sitja undir slíkum lestri. Það væri hægt að fara út í þá sálma mikið nánar en hv. þm. Ólafur Þórðarson gerði, en það ætla ég ekki að gera nú, kannski geri ég það einhvern tímann seinna vegna þess að það þarf endilega að rifja upp. Það þarf að komast í þingtíðindi eins og margt annað það sem hæstv. fjmrh. hefur sagt og gert á undanförnum þingum og svo hvert hann er nú að teyma þá samstarfsflokka sem eru með honum í ríkisstjórn. Ég verð að segja það: Ég er búinn að vera í þingflokki framsóknarmanna í 20 ár og það má segja að ég sé fæddur framsóknarmaður og hafi alist upp í Iðunnarskóm og Gefjunarfötum. En aldrei hefði ég trúað, ég gæti svarið fyrir það, að hv. þm. Páll á Höllustöðum mundi vera jafnþjónustuglaður við hæstv. fjmrh. og hann hefur reynst á þessum síðustu vikum. Ég er svo undrandi, miðað við það hljóð sem ég heyri í hans mönnum, að ég get varla um það talað.

Ég er með bunka af samþykktum frá öllum kjördæmum landsins, m.a.s. nokkrar samþykktir úr kjördæmi hv. þm. Guðna Ágústssonar. Nokkuð margar úr kjördæmi hv. þm. Páls Pétursson. Ég gæti sjálfsagt lesið upp í svo sem eins og hálfa eða heila klukkustund ef á þarf að halda seinna í nótt til þess að það komist inn í bækur, inn í þingskjöl, hvernig þjóðin tók á móti því sem er að gerast. Það getur vel verið að ég geri það. Það er ekkert fráleitt því ég held að það sé verið að vinna slíkt verk með þessum matarskatti að það hafi ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég er eins sannfærður um það og tvisvar tveir eru fjórir að ef þau öfl sem ráða nú hér á hv. Alþingi ráða margar vikur enn þá, ég tala nú ekki um ár, verða ekki þær niðurgreiðslur sem nú eru. Og hvernig standa þá fátæklingarnir í landinu og hvernig stendur landbúnaðurinn og hvernig stendur þjóðin?

Ég er búinn að fá þrjú símtöl í kvöld, tvö frá mönnum sem ætluðu að fara út í að stofna fyrirtæki upp úr áramótum og sem ég hef verið að reyna að

finna grundvöll fyrir með þeim. Þeir segja: Málin hafa þróast þannig að það er alveg gersamlega vonlaust fyrir okkar framtíð. Og ég fer að spyrja: Eru það ástæður ykkar sjálfra í sjálfu sér? Nei, við höfum dálítið eigið fé, en við þurfum á fjármagni að halda til viðbótar og vaxtakjörin eru þannig að það er alveg gjörsamlega útilokað. Þeir eru hættir við. Þetta er það sem gerist, hæstv. viðskrh., að ef þessi vaxtastefna heldur áfram er ekki einungis að menn hætti við jafnvel að fara út í fyrirtæki til að flytja út, eins og þessir báðir aðilar ætluðu sér, heldur fara menn í stórum stíl að verða gjaldþrota.

Einn af stærri bændum landsins var að hringja í mig. Hann skuldar töluvert, en hann hefur líka stórt bú. Hann sagði: Sannleikurinn er sá að á sl. ári og fyrri partinn á þessu ári var þetta allt að lagast. Við vorum farnir að geta staðið í skilum. Við gátum borgað jafnvel af. En hvernig er það núna? Ég sé ekki annað en það sé algerlega þýðingarlaust að reyna þetta áfram. Þessi maður skuldar í kaupfélagi nokkuð háa upphæð og hann sjálfsagt skuldar á fleiri stöðum, en hefur líka gríðarlega stórt bú, með stærstu búum landsins.

Annar, sem er með sæmilegt fyrirtæki, sagði: Ja, ég hef verið að endurvinna gúmmí, endurvinna dekk og búa til mottur, gúmmímottur, bæði fyrir sjávarútveginn og fyrir bændur. Ég er búinn að leggja í mikinn kostnað undanfarin fjögur ár að þróa þetta. Miðað við þær breytingar, sem er verið að gera nú, er a.m.k. tvísýnt hvort ég stend þetta lengi. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. Árni Gunnarsson þekki þetta mál og ég trúi ekki öðru en þessi maður hafi einnig talað við hann. Mér kæmi á óvart ef það væri ekki. Ég gæti haldið áfram svona lengi.

Hvað eru menn að hugsa hér? Hvað eru hv. þm. og ráðherrar að hugsa? Hæstv. viðskrh., er þetta jafnaðarstefnan í raun? Er ekkert að marka það sem þið setjið í ykkar stefnuskrá? Er það jafnaðarstefnan í raun að gera þá ríku ríkari en allan almenning í þessu landi fátæka, öreiga? Er það stefnan? Þannig blasir hún við þjóðinni í dag, hæstv. viðskrh. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra geri þetta með opnum augum. Ég held að hann sé blindaður. Ég veit ekki hvort það getur verið af frjálshyggju. Ég trúi því ekki þó að ég viti það hins vegar og hef orðið vitni að því að hæstv. fjmrh. sé blindaður af frjálshyggju. Það hefur komið fram í þessum þingsal. Ég gæti fundið það í umræðum á Alþingi og lesið það upp síðar í kvöld ef menn vilja, ef menn trúa því ekki. Iðnrh. er nú horfinn héðan, en hann varð líka vitni að þessu og kannski fleiri hv. þm.

Já, það eru daprir dagar hjá mörgum þessar vikur og ef það verður, sem ég hef ekki trú á því að hv. þm. væru þá búnir að missa dáð, að takist að samþykkja þennan söluskatt fyrir áramót væri það sama og að við værum að liðka til fyrir — ég bið afsökunar — þeirri svívirðu sem er verið að gera í þessu efni.

Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., var að ganga í salinn. Ég er með Tímann síðan 19. des. og þar segir hæstv. ráðherra við Tímann: „Raunvaxtaokri verður að linna.“ Við áttum oft tal um vaxtastefnu meðan ég var í Framsfl. og hæstv. utanrrh. talaði alltaf um það í mín eyru að vextir ættu ekki að vera háir, raunvextir ættu ekki að vera nema 2 eða 3%. Fer ég ekki rétt með, hæstv. ráðherra? Síðan er hann þátttakandi í ríkisstjórn og hverjir eru raunvextir í dag, hverjir eru þeir? Að vísu var það einhver sem kom þeim til að trúa því á Degi að þeir væru bara ekki nema 2–3%. Það kom í leiðara. En hvað eru þeir? Ætli þeir séu ekki 11–12% eða jafnvel meira? Og hvað er með „gráa markaðinn“ sem er víst heilagur miðað við þau viðhorf sem a.m.k. hæstv. forsrh. hefur um það mál? — Hann er nú genginn úr salnum.

Ég minntist á það undir vitni fyrir hálfu öðru ári að það yrði að taka á gráa markaðnum og sýndi fram á til hvers það leiddi ef slíkt mundi verða látið afskiptalaust. Það er ekkert gert. M.a.s. hafa sumir af þessum mönnum viðtöl í blöðum og hælast um yfir því að þeir hafi náð tangarhaldi á eignum, eins og t.d. á Ragnarsbakarí í Keflavík, eins og t.d. Flónni í Reykjavík. Og þeir ætla að halda áfram: Það er okkar stefna að ná eignum. Ekki borga þessir markaðir bindiskyldu eins og bankarnir verða að gera. Búnaðarbankinn er látinn vera með 1,7 milljarða inni í Seðlabankanum. Hann fær enga vexti af því fé, en verðtryggingu.

Hæstv. ríkisstjórn gerði bönkunum að skyldu að eiga í Seðlabankanum eða ríkisvíxla um 10–11%. Seðlabankinn borgar frá því í ágúst 26% vexti á það sem stendur þar inni. En hvernig er farið með bankana ef þeir eiga ekki þetta fé, annaðhvort í ríkisvíxlum eða á bundnum reikningi í bankanum? Þá verða þeir að borga dráttarvexti, 41% á mánuði, fyrir það fé. Við skulum bara segja að Búnaðarbankinn þurfi að eiga 1100 millj. á reikningum eða í ríkisvíxlum. Ef hann á ekki nema 900 verður hann að borga dráttarvexti af 200 millj. Þetta verkar þannig að bankarnir verða að hækka vextina til þess að ekki sé tekið út fé þegar ríkissjóður býður, eins og hann gerir nú, í féð 43,1% miðað við 90 daga víxla. Þannig er staðið að málum.

Nú hef ég orðið var við það, a.m.k. stend ég í þeirri trú, að Áburðarverksmiðjan hefur í rekstrarfé erlent fjármagn. Þegar ég var stéttarsambandsfulltrúi, sem ég var í mörg ár, þurfti Áburðarverksmiðjan að borga fyrir það fjármagn eins og það kostaði á hverjum tíma, bæði við gengisfellingar og annað sem gerðist. Nú er búið að breyta þessu. Þó þeir hafi erlenda féð njóta bændur þess ekki heldur eru þeir látnir borga miðað við aðra lánavexti af þessu fjármagni. Nú er það þannig að í sambandi við grundvöllinn sem byggt er á við landbúnað er ekki ætluð nein vaxtagreiðsla af rekstrarfé, aðeins af fjármagni sem stendur í búinu sjálfu, en ekki vexti af öðru. Það kemur sér því mjög illa fyrir marga bændur að svona skuli vera haldið á málum og er sennilega skýringin á því að Áburðarverksmiðjan er rekin nú með hagnaði þannig að áburðarverðið hækkar ekki eins og það ætti að gera miðað við að 100 millj. minna

kemur frá ríkinu til að borga niður áburðarverðið, þ.e. nú er það 20 millj. í staðinn fyrir 120. En skýringin eftir mínum skilningi liggur í þessu. Og þetta er mjög óhagstætt fyrir bændastéttina.

Nú hef ég verið að ræða hvers vegna landbúnaðurinn geti ekki fengið að taka sín afurðalán í erlendum gjaldeyri. Það má ekki. Það er hægt að fá SDR með innan við 9% vöxtum. Það er hægt að fá þýsk mörk með um 6% vöxtum. Jafnvel þó að það yrði 10–12% gengisfelling, eins og verið er að tala um, eins og almenningur er að tala um í dag, væri samt hagstætt fyrir landbúnaðinn að fá að taka þessi erlendu lán miðað við þau vaxtakjör sem eru í landinu. Þannig er staðið að málum á allan hátt.

Ég sé, hæstv. forseti, að formaður fjh.- og viðskn. er genginn úr salnum og raunar hæstv. utanrrh. einnig, en nú er ég kominn að þeim hluta ræðu minnar þar sem ég á við þá erindi. (**Forseti:** Þeir munu báðir vera í húsinu og skal ég gera ráðstafanir til að þeir verði aðvaraðir.)

Herra forseti. Ég var búinn að segja það áður í minni ræðu að ég mundi ræða við hæstv. utanrrh., formann Framsfl., og hv. 1. þm. Norðurl. v. í sambandi við þær umræður sem hafa farið fram á milli okkar samtaka við þá. Ástæðan fyrir því að ég geri það hér og nú er sú að það var fyrst og fremst ákvörðunin um söluskattinn sem varð þess valdandi að við treystum okkur ekki til m.a.s. að kjósa með Framsfl. í nefndir á hv. Alþingi. Við fengum bréf frá formanni Framsfl., hæstv. utanrrh., í júní þar sem mér var boðið að ganga inn í þingflokkinn. Ég tók mér tíma til að athuga þann stjórnarsáttmála sem gerður var. Við gerðum ýmsar athugasemdir við þennan stjórnarsáttmála og þegar því var lokið skrifaði ég fyrir hönd okkar samtaka til hæstv. utanrrh. og sagði að við værum reiðubúin að hitta hann og aðra sem hann vildi í kjördæmi þegar hentugleikar væru. Þessi fundur dróst mjög og var ekki haldinn fyrr en 1. okt.

Það að ég rifja þetta hér upp eru þær ástæður, sem ég gat um að vísu áðan, að þetta var sent öllum blöðum, þar með Degi og Tímanum. Af einhverjum ástæðum vildu þessi blöð ekki að þessi bréf kæmu fyrir almennings sjónir. Morgunblaðið birti þetta ekki heldur, en birti síðar samþykktir sem voru samþykktar á ráðstefnu norður á Akureyri og ég kem að síðar.

Ég tel rétt að rifja þetta upp vegna þess að því hefur verið haldið fram að við lítum á málin alveg eins og Framsfl. og það kom fram á þessum fundi, en með mér mættu á þessum fundi frú Auður Eiríksdóttir, oddviti í Saurbæjarhreppi, Bjarni Guðleifsson, tilraunastjóri á Möðruvöllum, Björn Benediktsson, oddviti, Öxarfjarðarhreppi, Gunnar Hilmarsson, sveitarstjóri, Raufarhöfn, Jóhann A. Jónsson, framkvæmdastjóri og oddviti á Þórshöfn, Karólína Stefánsdóttir, félagsráðgjafi, Akureyri, séra Pétur Þórarinsson, Möðruvöllum, Skúli Friðriksson, fiskmatsmaður á Þórshöfn, og Tryggvi Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri, Akureyri.

Við fórum yfir þennan stjórnarsáttmála lið fyrir lið og það vil ég segja þeim til hróss að þeir fóru einnig, sérstaklega formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., yfir það. Niðurstaða hans var í flestöllum tilvikum sú að hann væri okkur alveg sammála, en vera hans flokks í ríkisstjórn kæmi í veg fyrir að hann gæti staðið að málum eins og stefna Framsfl. væri, sem sagt í böndum.

Það var þó eitt atriði eða svo sem voru hálfloðin svör við hjá hæstv. ráðherra. Það var í sambandi við stóriðjuna. En formaður þingflokksins aftur á móti tók sérstaklega fram að þar væri hann okkur alveg sammála. En ég tel nauðsynlegt að þetta verði einhvers staðar skráð, þessi bréf, og komi alveg greinilega fram hvernig á því stendur að ég stend utan Framsfl., ekki síst vegna þess að þegar farið verður að skrifa stjórnmálasögu þessarar aldar liggi það greinilega fyrir hvað hefur valdið því að svo fór sem fór. Ég læt formála fyrir þessu lokið.

Fyrra bréfið er dags. á Akureyri 6. okt. sl. og er til Páls Péturssonar, formanns þingflokks Framsfl. Hefst nú lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vísa til fundar þíns og formanns Framsfl. með fulltrúum Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sem haldinn var á Akureyri 1. þ.m., þar sem rætt var um boð Framsfl. að bjóða Stefáni Valgeirssyni að ganga í þingflokkinn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, eins og stendur í boðsbréfi.

Á þessum fundi lögðum við fram athugasemdir við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar með beinum tilvitnunum í hana þar sem fram kemur að í mörgum veigamiklum málum getum við ekki átt samleið með þeim flokkum sem telja sig bundna af slíkri starfsáætlun. Í niðurlagi athugasemda okkar segir:

„Hingað til hefur hlutverk stjórnvalda fyrst og fremst falist í að skapa starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina. Samtök jafnréttis og félagshyggju leggja ekki síður áherslu á að skapa skilyrði í þjóðfélaginu til aukins þroska, heilbrigðis og ábyrgðar hvers og eins, m.a. með miklum breytingum á öllu skólastarfi þar sem mannrækt og sönn menning er sett í öndvegi í stað hefðbundinnar fræðslu (ítroðslu) og með því að beita hvarvetna samræmdum aðgerðum í jafnréttisátt.

Þessi umfjöllun og athugasemdir okkar við starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar leiðir í ljós að okkar mati að það einstaklingsfrelsi, sem ríkisstjórnin stefnir að í grundvallarmarkmiðum sínum sé í raun frelsi þeim til handa sem sitja að fjármagni og völdum og leiði ekki til aukins jafnréttis heldur þvert á móti. Þessi skilningur á einstaklingsfrelsi gengur þvert á þá skilgreiningu samtakanna að raunverulegt frelsi einstaklinganna felist í því að geta tekið ábyrgð á eigin lífi og samfélaginu. Okkur sýnist að það gangi eins og rauður þráður í gegnum hvert atriði af öðru í starfsáætluninni að þeim sem ráða fjármagninu sé ætlað að deila og drottna í okkar þjóðfélagi í næstu framtíð ef eftir þessum stjórnarsáttmála verður farið.

Verði ríkisbankarnir gerðir að hlutafélagsbönkum, lánasjóðir atvinnuveganna sameinaðir eða þeim gert skylt að lána eftir sömu reglum, fólksflóttinn til höfuðborgarsvæðisins látinn halda áfram og aðstöðumunurinn vegna búsetu ekki minnkaður, þá hefur einstaklingsfrelsið brugðið sér í líki frjálshyggjunnar, ýtt enn frekar undir misréttið og það geta Samtök jafnréttis og félagshyggju ekki stutt.

Telji forustusveit Framsfl. að við misskiljum þá grundvallarstefnu sem felst í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og ef í ljós kemur að athuguðu máli að sjónarmið okkar og markmið fara að verulegu leyti saman fögnum við því og erum reiðubúin að starfa með öllum þeim sem vilja vinna að framgangi raunverulegs jafnréttis og koma á jafnrétti í byggð landsins."

Eftir að þið vikuð af fundi sátum við eftir, fulltrúar Samtaka jafnréttis og félagshyggju, til að meta það sem frá ykkur kom á fundinum og íhuga svar við boði þingflokks framsóknarmanna. Að okkar mati kom eftirfarandi fram af ykkar hálfu á fundinum:

1. Að þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju getur því aðeins gengið í þingflokk Framsfl. að hann geri það sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar.

2. Forustumenn Framsfl. lýstu því hins vegar yfir að þeir styðji okkar stefnumál, en vera þeirra í núv. ríkisstjórn og þar með stjórnarsáttmálinn komi í veg fyrir að hægt sé að beita sér í þeim málum sem við berum fyrst og fremst fyrir brjósti.

Þegar við lögðum áherslu á eitthvert baráttumál okkar, þá var langoftast ykkar svar: Hvar á að taka peningana? Eða: Það er bara ekki samstaða um þessi mál. Fáar eða engar leiðir virtust færar í þeim málum að ykkar dómi.

Það kom fram í okkar máli að margar byggðir riða nú til falls, sérstaklega þar sem sauðfjárrækt er aðalbúgreinin. Einnig verður að bæta og tryggja hag þeirra mörgu byggðakjarna um allt land sem eru undirstaða okkar sjávarútvegs. Hlutdeild þeirra í aflafé verður að auka þannig að atvinnugreinin geti boðið starfsfólki sínu bætt kjör og atvinnuöryggi. Jafnréttislögin eru þverbrotin, sbr. ráðningu í stöðu kvensjúkdómalæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sbr. 9. gr. jafnréttislaga og fjögurra ára áætlun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál. Launamunur hefur aukist, sbr. 7,23% launahækkun 1. þ.m. á öll laun, og aðstöðumunur eykst þar sem 10% söluskattur er nú lagður á allar matvörur nema mjólkurvörur og kjöt, m.a.s. á mötuneyti heimavistarskóla.

Okkur nægir ekki að sagt sé að ríkisstjórnin stefni í réttlætisátt ef framkvæmdin er öfug. Þegar við bentum á að það gæti tæpast farið fram hjá neinum hvar fjármunirnir eru þar sem milljarðahallir eru byggðar nú á höfuðborgarsvæðinu var svar ykkar: Það er engin samstaða um að færa þá fjármuni til.

Okkur virðist sem sé ekkert vera hægt að gera til að sporna við þeirri þróun að fjármunir og völd færist sífellt á færri hendur á kostnað landsbyggðar og á kostnað þeirra fjölmörgu sem hafa lökustu samkeppnisaðstöðuna. Við bentum ykkur á að þetta er ekki lögmál heldur leikreglur, kerfi sem verður að breyta ef við ætlum að halda uppi byggð í landinu og vinna að raunverulegu jafnrétti. Samtök jafnréttis og félagshyggju eru breytingarafl, hópur fólks sem sér að við verðum að fara nýjar leiðir til að ná raunhæfum árangri. Við sættum okkur ekki við að málefnin séu látin víkja fyrir annarlegum sjónarmiðum.

Við sjáum að í núv. ríkisstjórn er auðgildið sett ofar manngildinu. Jafnrétti, lagfæring á aðstöðumun, landsbyggðarstefna og fleira verður að bíða betri tíma þar sem ekki eru finnanlegir fjármunir til slíkra hluta og það í mesta góðæri sem þjóðinni hefur hlotnast í langan tíma. Hvenær verða þá peningar finnanlegir til þess að jafna launin og minnka aðstöðumuninn í okkar þjóðfélagi? Eða vantar raunverulegan vilja til að halda uppi virkri byggðastefnu og setja í framkvæmd þjóðhagslegar aðgerðir til að vinna gegn vaxandi misrétti? Forustumenn Framsfl. virðast hafa gleymt hinum fleygu orðum og gildi þeirra: Vilji er allt sem þarf.

Samtök jafnréttis og félagshyggju geta með engu móti stutt ríkisstjórn sem setur auðgildið ofar manngildinu, en þar sem á fundi okkar kom greinilega fram að við sögðumst vilja vinna að framgangi þeirra mála sem við leggjum þyngsta áhersluna á og þó Framsfl. telji sig ekki geta beitt sér fyrir þeim málum á meðan hann er aðili að þessari ríkisstjórn, þá erum við fús til þess að kjósa með ykkur í þingnefndir án annarra skuldbindinga ef um það semst. Það skal tekið fram að með þessu erum við að bjóðast til að vinna með Framsfl. en alls ekki með núv. ríkisstjórn. Ef aðstæður breytast svo þið getið farið að vinna samkvæmt sannfæringu ykkar að þeim stefnumálum sem þið lýstuð á fundi okkar, þá gæti komið að því að nánara samstarf við Framsfl. reyndist mögulegt. Tíminn leiðir það í ljós."

Undir þetta fyrir hönd hópsins skrifar Stefán Valgeirsson.

Svo gerist það að eftir að þing er sett laugardaginn 10. október hittumst við í Þórshamri, formaður þingflokksins og ég, en kvöldinu áður var sagt frá því í fréttum að til stæði að setja söluskatt á allar matvörur. Ég mun nú lesa síðara bréfið sem dags. er 12. okt. og er til hv. þm. Páls Pétursssonar, formanns þingflokks Framsfl. Bréfið hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ég vísa til bréfs sem ég sendi þér 6. okt. 1987. Bréf þetta var sent í framhaldi af fundi sem fulltrúar Samtaka jafnréttis og félagshyggju áttu með þér og formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, á Akureyri 1. okt. sl. Í upphafi bréfsins er gaumgæft hvernig ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hyggist vinna að framgangi jafnréttis í þjóðfélaginu."

Síðan er haft úr fyrra bréfi og að því búnu segir:

„Eftir að þetta bréf var sent hefur ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gripið til mikilla efnahags-

ráðstafana í framhaldi af endurskoðaðri þjóðhagsspá að sagt er. Er hér gripið til aðgerða sem enn auka misréttið í þjóðfélaginu og hallar enn á landsbyggðina með þeim aðgerðum. Má nefna að fjárveitingar til framkvæmda vegna hafna, vega, skóla og heilsugæslu verða skornar niður og söluskattur lagður á öll matvæli. Allt eru þetta málaflokkar sem við lögðum áherslu á á fyrrnefndum fundi með ykkur Steingrími og teljum við að hér sé enn vegið að landsbyggðinni og þeim sem minna mega sín og álítum að órökrétt sé að draga úr þenslunni á höfuðborgarsvæðinu með því að skera niður framkvæmdir sem eru lífsnauðsynlegar fyrir landsbyggðina.

Ég átti góðan fund með þér í Þórshamri 11. okt. þar sem við ræddum hugsanlega samvinnu Framsfl. og Samtaka jafnréttis og félagshyggju varðandi nefndakjörið. Vegna þessara breyttu aðstæðna taldi ég mig þurfa að ræða við fulltrúa samtaka í kjördæmi mínu áður en afráðið yrði um samvinnu. Ég hef nú haft samband við þá sem voru á fundinum með ykkur Steingrími og allmarga aðra sem hafa staðið framarlega í samtökum okkar. Niðurstaðan varð sú að öll töldu þau að við gætum á engan hátt unnið með þeim sem þannig standa að málum og vinna gegn baráttumálum okkar, jafnvel þó þeir hafi hag landsbyggðarinnar á stefnuskrá sinni. Við verðum að meta menn og flokka eftir gerðum þeirra en ekki orðum. Samtök jafnréttis og félagshyggju geta því ekki unnið með Framsfl. að umræddu nefndakjöri.

Virðingarfyllst.
F.h. Samtaka um jafnrétti og félagshyggju.
Stefán Valgeirsson."

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram.

Nú sé ég að hæstv. utanrrh. er farinn úr salnum og mér þykir það miður þar sem ég vil fara að stytta mál mitt, en á enn þá við hann erindi.

Við boðuðum til ráðstefnu á Akureyri, sem var 5. des. sl., og þar var saman komið þegar flest var um 120 manns. Til að byrja með var það ekki nema milli 60 og 70. Það var gerð þar ályktun og þó að ég ætli ekki að lesa hana hér upp, þó það væri raunar nauðsynlegt en ég vil ekki tefja tímann með því, mun ég þó aðeins minnast á nokkra liði. Í byrjun ályktunarinnar eða þegar formlegheitunum er lokið segir, með leyfi forseta:

„Greinilegt er að stefna, aðgerðir og fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar eru í engu samræmi við kosningaloforð stjórnarflokkanna og má í því sambandi benda á."

Hér bendum við á söluskattinn, við bendum á breytingu á tollunum, sem við þekkjum, við minnumst á að fjmrh. hefur sagt í fjárlagaræðu sinni og fleiri frjálshyggjupostular að það sé stefnan síðar að hætta öllum niðurgreiðslum. Við segjum að raunvextir á Íslandi nálgist nú heimsmet. Og við segjum frá því, sem hefur komið fram hjá mér áður, að það hafi orðið 60% hækkun á vöxtum á fimm mánaða valdaferli ríkisstjórnarinnar. Í sambandi við frv. um stjórn fiskveiða mótmælum við núverandi 10. gr. í sambandi við smábátana. Og 10. liðurinn er um að launamunur hefur stóraukist og misréttið vaxið á flestum sviðum. Þarna var statt fólk frá Kvennalista, fólk frá Þjóðarflokknum, fólk sem hefur fram að þessu fylgt Albþ. Það voru fulltrúar frá þessu fólki í nefnd sem fjallaði um þetta mál og niðurlagið er eins og hér segir. — Nú er formaður þingflokks Framsfl. horfinn úr fundarsal. (**PP:** Nei, nei, hann er hér.) Hann er þarna, já. Það er bara það. Niðurlagið ætla ég að lesa. (**ÞÞ:** Það eru þrjár konur í salnum að hlusta á.) Ég veit það. Yfirleitt þola a.m.k. stjórnarþm. ekki svona lestur. Það er ekki von eins og ástandið er. Og ég tel hv. 1. þm. Norðurl. v. Pál Pétursson karlmenni þó hann þekki þetta allt af eigin raun. En ég vildi ekki lesa þetta upp öðruvísi en þeir heyrðu það og hefðu möguleika til andsvara ef eitthvað væri missagt. En niðurlag á þessari ráðstefnu er eins og ég mun lesa, með leyfi forseta:

„Ráðstefnan vill minna landsmenn á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því heitið að auka jafnrétti, lækka vexti og stefna að hóflegum raunvöxtum. Þar er einnig talað um að markmiðið sé að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði, bæta hag bænda, bæta lífskjör og draga úr verðbólgu. Greinilegt er að stefnan er eitt og framkvæmdin annað.

Eins og að framan greinir sést að atvinnuvegirnir til lands og sjávar eru í hættu og níðst er á láglaunafólkinu og framleiðslustéttunum í landinu. Gjaldþrot blasir við fyrirtækjum og einstaklingum vegna vaxtaokurs. Frjálshyggjan elur á misrétti og veitir þeim sem hafa fjármagn og aðstöðu aukin völd á kostnað hinna.

Nú verður hver og einn að gera það upp við sig hvort hann vill styðja stefnu ríkisstjórnarinnar, sem lýst er hér að framan, með beinum stuðningi eða afskiptaleysi eða taka á með þeim sem vilja vinna að jafnrétti. Minnumst þess að sameinuð erum við sterk en sundruð veik."

Ég hef lýst liðunum tíu lauslega, en þessi ályktun var samþykkt einróma á þessari ráðstefnu. Ég vona að þessi lestur minn taki af allan vafa um að það eru málefnin sem ráða okkar afstöðu og það er ekki nóg fyrir forustumenn Framsfl. að segja: Samtökin sem buðu fram í Norðurlandi eystra eru með alveg sömu stefnuskrá og við. Það er ekki nóg að setja eitthvað á blað fyrir kosningar ef svo er ekkert farið eftir því.

Það er að verða fámennt í salnum. Ég gæti náttúrlega staðið hér og talað lengur og það er full ástæða til þess, herra forseti, en ég ætla að taka mér málhvíld þannig að aðrir komist að. En hér er um málefni að ræða sem eru engin hégómamál. Það er þess vegna sem við viljum ræða þessi mál.

Það er verið að takast á um hvort tekjukerfi ríkisins eigi að breyta á þann veg að seilast niður í vasa alþýðufólksins í landinu og hlífa þeim sem betur mega sín.

Ég ætlaði að hafa yfir eina vísu í lokin ef hæstv. fjmrh. væri einhvers staðar. Ég get alveg geymt mér hana þangað til í seinni ræðu því að ég mun þá

standa hér nokkra klukkutíma ef menn verða ekki í salnum meðan ég tala, þ.e. ráðherrarnir a.m.k.

Herra forseti. Ég ætla að taka mér málhvíld í bili, hef lokið máli mínu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að það er kominn svolítill ruglingur á alla pappíra því að hér er, eins og áður hefur verið nefnt, þeyst úr einu málinu í annað og ég er eiginlega ekki fyrr búin að koma reiður á pappíra í einu máli en annað mál er komið á dagskrá. En ég vona að ég sé með rétta málið í höndum. Það mun vera um söluskattinn sem við erum að ræða núna. Öll þessi vandræði stafa náttúrlega af því að ég vil gjarnan halda mig við það mál sem á dagskrá er og þess vegna er ég að reyna að hafa réttu pappírana með mér.

Það þarf ekkert að endurtaka það og fara mörgum orðum um að það er afskaplega stórt mál sem við erum að fjalla um og raunverulega erfitt að taka nógu sterkt til orða. Það er eiginlega farið að sneyðast um lýsingarorð til að lýsa því sem hér er að gerast. Þetta mál, þ.e. frv. til l. um söluskatt, er að mínu mati langt frá því fullrætt í nefndinni og get ég í raun og veru aðeins vísað til þess sem kom fram í upphafi fundar í morgun um það mál þar sem því var lýst hvernig þetta mál var meðhöndlað í nefndinni.

Við fengum vissulega ýmsa gesti á nefndarfund eins og hv. formaður nefndarinnar lýsti, en höfðum allt of lítinn tíma til að ræða við þessa gesti okkar. Við höfðum ýmsar spurningar fram að færa en lítinn tíma til þess að hlusta á svör þeirra. Óneitanlega gleymdust einhverjar af þeim spurningum sem við hefðum viljað bera upp þar sem allt of lítill tími var gefinn.

En það kom vissulega margt athyglisvert fram í samræðum við þessa gesti okkar. Ég hafði ekki tíma til að setja það neitt skipulega upp á blað til að flýta fyrir og gera ræðu mína skiljanlegri, en ég held að ég sé hér með þá réttu pappíra og takist nú að vitna eitthvað í það því að þessar athugasemdir eiga vissulega erindi inn í þessa umræðu.

Við fengum t.d. formann Manneldisfélags Íslands til viðræðu að ósk þeirrar sem hér stendur og þarf engum að koma á óvart því að við kvennalistakonur höfum haft mörg orð um það sem lýtur að manneldissjónarmiðum. Það var mjög fróðlegt að fá formann Manneldisfélagsins á fund nefndarinnar. Ég heyrði það mér til mikillar ánægju í máli hv. formanns fjh.- og viðskn. að hann hafði hrifist af málflutningi formanns Manneldisfélagsins og ræddi það einmitt í máli sínu áðan. Hann kom m.a. inn á að það væri ástæða til að taka tillit til þeirra sjónarmiða t.d. við skattlagningu á sykur og sykurvörur og orðaði það einhvern veginn þannig að sykurinn mundi vera of ódýr, ef ég man rétt hans orð. Það er einnig skoðun okkar kvennalistakvenna að með tilliti til manneldissjónarmiða og hollustusjónarmiða sé ástæða til að leggja álögur á sykur og sætindi og við flytjum till. um það í tengslum við vörugjaldsfrv. og tollalögin. Það veldur töluverðum vonbrigðum, eftir að hafa þó heyrt þessa jákvæðu afstöðu formanns nefndarinnar, að hann skuli þá ekki vilja stíga það skref til fulls núna úr því að hann er þeirrar skoðunar að þetta sé rétt afstaða.

Formaður Manneldisfélags Íslands lýsti áhyggjum sínum vegna þeirra áhrifa sem þessar lagabreytingar varðandi tolla, vörugjald og söluskatt mundu hafa á neyslumunstur landsmanna og þau slæmu áhrif sem þau mundu hafa á heilsusamlegt mataræði. Hann lagði fyrir okkur niðurstöður könnunar á mataræði Íslendinga sem er að vísu nokkuð gömul, hún er frá árinu 1979–1980, en þar komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar sem gefa það til kynna að við neytum allt of mikillar fitu. Við neytum of mikils af kolvetnum í formi sykurs og fæðan er alls ekki rétt saman sett með tilliti til manneldis- og heilbrigðissjónarmiða. Þessi mál höfum við rætt einnig við lækna og matvælafræðinga og aðra sérfræðinga og þar kemur alls staðar fram sama viðhorf, að á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á rétt mataræði og aðra hollustuhætti og það er þeirra álit að það beri að taka tillit til slíkra sjónarmiða og marka stefnu í lögum m.a. með verðlagningu á matvæli. Með slíkri manneldisstefnu erum við að stuðla að betra lífi fyrir einstaklingana og stuðla að sparnaði í þjóðfélaginu því að aukin heilbrigði og heilbrigðir og ánægðir einstaklingar eru þjóðfélaginu afar mikils virði.

Það hefði sannarlega verið ástæða til þess fyrir stjórnvöld að stuðla að því að hægt væri að gera nýja neyslukönnun. Það kom fram hjá formanni Manneldisfélagsins að það er fullur vilji á því að gera slíka könnun, en bolmagn til þess væri ekki fyrir hendi, fjármagnið skorti til þess. Er það athugunarvert fyrir heilbrmrn. að mínum dómi. Þetta finnst mér vera mjög mikilsvert atriði og ég get, til þess að taka ekki of langan tíma, vísað til ræðu minnar við 2. umr. þessa máls þar sem ég fór mjög ítarlega í þetta mál.

Við fengum líka forstjóra Þjóðhagsstofnunar á fund nefndarinnar og það spunnust þar mjög ágætar og fróðlegar umræður, svo lengi sem leyfðist vegna eftirrekstrar og pressu, og hefði þurft að gefast miklu meiri tími til að ræða við hann, spyrja hann og fá hans sjónarmið fram. Ég spurði m.a. um forsendur þeirra orða í grg. með frv. að heildaráhrif þessara breytinga, þá eru það þær breytingar sem ætlað er að koma fram með lögfestingu þessara þriggja frv. sem við höfum undir í deildinni, að heildaráhrif þeirra á verðvísitölu að teknu tilliti til niðurgreiðslna séu þau að framfærsluvísitalan muni ekki breytast, byggingarvísitalan muni lækka um 2,3% og lánskjaravísitalan lækka um 0,8%. Það er þá fyrst til að taka að forstjóri Þjóðhagsstofnunar upplýsti það að hér væri ekki um réttar tölur að ræða. Það væri að vísu álitið að framfærsluvísitalan mundi ekki breytast en álitið væri að byggingarvísitalan mundi lækka um 1,6% og lánskjaravísitalan um 0,5–0,6%. Það er eitt atriði sem er vert að leggja

áherslu á og athuga vel í þessu sambandi: áhrifin af matarskattinum, sem við fyrst og fremst höfum við að athuga í þessu frv. hér, áhrifin af matarskattinum koma strax fram. Þau koma strax fram þegar sá skattur hefur verið lagður á. Lækkun byggingarvísitölu og lánskjaravísitölu, ef um einhverjar lækkanir verður að ræða, koma alls ekki fram fyrr en síðar og eru auk þess afskaplega litlar þannig að ég efast um að fólk finni beinlínis fyrir þeim.

Við spurðum einnig um það hvort við útreikning þessara heildaráhrifa, sem eru hér með furðumikilli nákvæmni sett fram, hvort þar hefði verið gert ráð fyrir einhverjum hliðaráhrifum því að það er margreynt að umtalsverðar breytingar á vöruverði verða tæpast reiknaðar út frá einhverjum núllpunkti. Í þessu dæmi eru svo margir óvissuþættir að ég held að það sé ákaflega vafasamt að setja fram svo ákveðnar tölur, enda var það fyllilega viðurkennt að grunnurinn undir þessum fullyrðingum, sem eru settar fram sem slíkar, væri ekki fjarskalega sterkur.

Það kom einnig fram sú skoðun forstjóra Þjóðhagsstofnunar að vafalaust mundu þessar söluskattsbreytingar hafa mikil áhrif á kaupkröfur og þeirri skoðun hafa vissulega fleiri lýst sem komið hafa á fund nefndarinnar.

Ég held að ég hafi skrifað það rétt niður eftir forseta Alþýðusambandsins að hann sagði sem svo að málið í heild, og átti þá við öll frv. þrjú, væru með þungann í neðri enda. Þessar ráðstafanir mundu þyngja byrðar þeirra sem eyða mestum hluta tekna sinna í nauðþurftir. Svo ég hafi þetta orðrétt eftir þá talaði hann um 50% stærri „effekt" af matarskattinum á lægstlaunaða fólkið. Ég held að það þurfi ekki að þýða þetta yfir á neitt annað mál. Það skilja allir hvað átt er við. Hann sagði enn fremur að þetta kæmi til með að auka þungann í kröfugerð í komandi samningum.

Eftir formanni BSRB hef ég skráð hér að þessar breytingar mundu koma þyngst niður á barnmörgum lágtekjuheimilum. Hann talaði um að kjarasamningar, sem gerðir hefðu verið að undanförnu, hefðu verið gerðir á forsendum lækkandi verðbólgu. Með þessum aðgerðum væri grafið undan því trausti sem er forsenda samningsgerðar sem fyrst og fremst byggir á aukningu kaupmáttar á grundvelli lægri verðbólgu. Og hér er að lokum ein setning sem ég skráði niður eftir honum: Að stór hópur einstæðra mæðra yrði mjög illa úti. Það eru margar fleiri slíkar setningar sem ég gæti vitnað til sem fram komu á þessum fundum. Við fengum formann Neytendasamtakanna, Jóhannes Gunnarsson, sem lýsti sig, og þarf engan að undra, afar mótfallinn hækkun á mikilvægum matvælum. Hann talaði um verri stöðu láglaunamannsins, sagði að þessar aðgerðir mundu veikja stöðu þeirra sem standa höllum fæti o.fl. o.fl., sem vissulega væri ástæða til að vitna til, en ég ætla nú ekki að lengja þetta allt of mikið.

En það var einn gestur enn sem ég sé ástæðu til að nefna og það var skattrannsóknarstjóri sem kom á okkar fund í morgun og lýsti þar sínu viðhorfi til þessara breytinga. Okkur lék forvitni á að vita að hve miklu leyti vandinn vegna söluskattsskila, sem hefur verið umtalað sem vandamál, að hve miklu leyti sá vandi lægi á sviði vöruverslunar. Og það voru hans orð að matvöruverslunin væri aðeins brot af þeim vanda. Það væri í raun og veru of mikil áhersla á það lögð að þessi eina breyting létti verulega róðurinn. Sú yfirlýsing er vissulega mikils virði.

Það hefur verið til umræðu jafnvel árum saman hversu alvarlegt vandamál slæm skil einkanlega söluskatts væri í þessu tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Venjulega hefur því sem nefnt hefur verið „undanþágufargan" verið kennt um. Ég get út af fyrir sig fallist á það að það er þeim mun erfiðara að hafa eftirlit sem skattkerfið er flóknara og undanþágur fleiri. En þá hlýtur maður að spyrja hvað verið sé að gera með þessum frv., með þessu frv. sem hér er til umræðu. Hvað er verið að leggja hér til? Byltingin felst raunverulega í því einu, þ.e. breikkun söluskattsstofnsins, felst í því einu að fella niður undanþágur á söluskatti á matvæli, eða svo til því einu. Það er að vísu enginn smábiti eins og hér hefur margsinnis verið minnt á. En kerfisbreytingin er í raun og veru ekki stór og við höfum hér orð ríkisskattstjóra fyrir því að vandræðin vegna innheimtu söluskattsins varðandi söluskattsskilin væru alls ekki að svo stórum hluta tengd þessum þætti skattlagningar. Hún vegur að sjálfsögðu eitthvað en það er ekki þarna sem aðalvandamálið liggur, það er í sambandi við þjónustu af ýmsu tagi, það er t.d. í sambandi við byggingariðnaðinn, viðgerðarþjónustu, bílskúrastarfsemi og fleira af þessu tagi. Á því er hins vegar ekkert tekið í þessu frv. eða í þessum lagabreytingum sem verið er að koma hér í gegn. Að mínum dómi má segja að almenningur hafi verið blekktur hvað þetta varðar. Ég gæti trúað að ýmsir, sem hafa ekki tök á því að fylgjast með störfum ríkisstjórnarinnar og Alþingis út í hörgul en láta sér nægja yfirborðskenndar fréttir af blaðamannafundum ríkisstjórnarinnar og fréttir af þeim málum sem hér eru til umræðu, haldi að hér sé um verulega kerfisbreytingu að ræða. En eins og ég hef lýst þá tel ég að svo sé ekki.

Í tilefni jóla, herra forseti, fá margir góða gesti, jafnvel utan lands frá. Og það stendur svo á fyrir þeirri sem hér stendur að ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að fá gesti á þessum jólum, hjón frá Bandaríkjunum, sem búa þar, og þau spyrja að sjálfsögðu frétta eins og gesta er siður. Að vonum hef ég ekki margar fréttir að segja af öðru en því sem gerist hér á þessum vinnustað. Maður er nú yfirleitt ekki annars staðar þessa dagana. Ég ég ætla ekkert að reyna að lýsa undrun og hneykslun þessa fólks á því sem hér er til umræðu. Það datt alveg hreint yfir þau að við værum í raun og veru að ræða um þá ætlan stjórnvalda að leggja þessa hrikalegu skattprósentu á, sem er nánast óskiljanleg í þeirra augum, og það á matvæli. Þetta fannst þeim svo yfirgengilegt, sérstaklega hversu háa skattprósentu við værum að tala

um, og þá ekki síður að einhverjum yfirleitt dytti það í hug leggja svona háan skatt á matvæli eða yfirleitt nokkurn skatt. Í því fylki sem þessi hjón búa í í Bandaríkjunum, sem er Flórída, er söluskatturinn að þeirra sögn 5% á ýmsum vörum. Ég fór nú ekki svo nákvæmlega út í það til að eyðileggja ekki gjörsamlega jólaskapið á hvað vörur slíkur söluskattur væri lagður. En hann er ekki á matvælum að þeirra sögn. Og þeirra orð voru þau að ef stjórnvöldum dytti það í hug að skattleggja matvæli í því landi sem við höfum stundum kallað guðs eigið land þá yrði það ekki liðið. Það mundi jaðra við byltingu.

Það hefur verið upplýst, ég þekki að vísu ekki skattalög og skattlagningu í öllum heiminum eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. er vel kunnugur og lýsti hér fyrr í dag, en ég held að það sé ekki fjarri lagi að taka undir það að hér muni vera um heimsmet að ræða. Jafnvel frú Thatcher, sem nýtur töluverðrar virðingar meðal stjórnmálamanna, gerist ekki svo djörf að leggja matarskatt á Breta og má það nú vera hæstv. ríkisstjórn til ævarandi háðungar að vilja leika umbjóðendur sína verr heldur en „járnfrúin" sem er nú ekki beinlínis þekkt að miskunnsemi.

Herra forseti, ég vildi svo aðeins kynna í örfáum orðum þær tillögur sem Kvennalistinn flytur. Þingkonur Kvennalistans í Ed., Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir, fluttu þessar tillögur við afgreiðslu málsins frá Ed. Ég kynnti þær reyndar lítillega við 1. umr. þessa máls og þarf þess vegna ekki að vera orðmörg um þær núna. Þær eru á þskj. 465 og lúta að því að það verði ekki lagður söluskattur á matvæli. Það orðalag sem hér er á fyrri brtt. á þskj. 465 er sambærilegt við það orðalag sem haft er á undanþágu þeirri sem nú er í reglugerð um söluskatt og hv. þm. geta að sjálfsögðu lesið það sjálfir. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa þetta upp. Við erum enn fremur með till. um það að heilsuræktarstöðvar verði hér inni í þeirri upptalningu í B-liðnum yfir þá staði sem að verði undanþegnir söluskatti af aðgangseyri. Síðan er 2. brtt. um það að heimilt verði að fella niður eða endurgreiða söluskatt af fjárfestingarvörum til nota við garðyrkju.

Herra forseti. Mig langaði til að vita hvort hæstv. forsrh. væri hér inni í húsinu. Ég vildi gjarna segja við hann örfá orð áður en ég lýk máli mínu. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er í þinghúsinu. Óskar þm. eftir því að honum verði gert viðvart?) Já. (**Forseti:** Það verður þá gert.)

Á meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh. gæti ég rifjað upp fyrir þm. nokkur orð úr stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Það er kannski ástæða til að lesa margar tilvitnanir úr henni en ég læt nægja hér að minna á nokkra punkta úr kafla á bls. 13 sem heitir Heildarendurskoðun skattakerfisins. Þar er fyrsti punkturinn sem hljóðar svo:

„Megintekjustofnar hins opinbera verði sem almennastir svo að skattlagning verði sem hlutlausust."

Mér datt nú í hug þegar ég las þetta að þessi spurning um túlkun væri dálítið umhugsunarverð. Það liggur þá beint við að álykta sem svo að hæstv. fjmrh. þyki það hlutleysi að íþyngja almenningi með matarskatti.

Annar punkturinn er hins vegar varðandi það að skattlagning mismuni ekki fyrirtækjum eftir rekstrarformum.

Í þriðja lagi er hér mjög athyglisverð setning, sem er ástæða til að rifja upp, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Undanþágum og sérreglum verður fækkað þannig að unnt verði að hafa álagningarhlutföll sem lægst." — Og er nú fyllsta ástæða til að biðja menn að rifja þetta upp.

En ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að koma hér og hlýða á örfá orð sem ég ætla að segja hér að lokum. Það er að verða nokkuð áliðið, fundir búnir að standa lengi og síðasti dagur ársins rennur brátt upp og það er engin launung á því að það er nokkur óvissa hér um afgreiðslu allra mála.

Stjórnarandstaðan hefur verið sökuð um málþóf og nú síðast gerði það hæstv. forsrh. í fréttum Ríkissjónvarpsins. Ég verð að segja það að ég uni þeirra einkunnargjöf illa. Slík einkunnargjöf, slíkar athugasemdir kalla e.t.v. á skýringu á því hvað er meint með málþófi. Ég get alveg viðurkennt það að ég flutti langt mál hér við 1. umr. um þetta mál, óvenjulega langt ef ég má svo segja hvað sjálfa mig varðar. Það sýnir hins vegar það eitt að mér var mikið niðri fyrir og er enn mikið niðri fyrir varðandi þetta mál. Og ég fullyrði að þeir sem hafa rætt þetta mál hér í dag og fyrr hafi haldið sig við það sem hefur verið á dagskrá. Ég skil hins vegar á vissan hátt óþreyju hv. þm. sem eru orðnir þreyttir á löngum þingfundum og vilja gjarnan njóta áramótanna með fjölskyldum sínum.

Það hefur aftur og aftur verið minnst á tilboð og e.t.v. er hæstv. forsrh. að lesa um eitthvað slíkt í þeirri bók sem hann hefur með höndum. En það hefur verið gefið í skyn að um einhver tilboð hafi verið að ræða til þess að greiða fyrir málum eða geti verið um að ræða af hendi ríkisstjórnarinnar. Ég hef hins vegar ekki heyrt um neitt slíkt tilboð. Hins vegar hefur stjórnarandstaðan reynt eftir föngum að liðka til. Við gerðum t.d. beint tilboð sem birtist í nál. á borðum þm. í dag. Við gerðum beint tilboð um endurvinnslu þessara mála sem gæti orðið til þess að leysa þennan hnút og sem gæti tryggt ríkisstjórninni nauðsynlegar tekjur, en um leið losað almenning undan matarskattinum. Ég vil koma hreint fram í þessu efni vegna þess að ég hef aftur og aftur nú í dag verið spurð í hliðarsölum og á göngum hvað stjórnarandstaðan ætlist fyrir, og virðist vera reiknað með því að við séum með — ég vil kannski ekki nefna samsæri en séum með samantekin ráð um það að koma einhverju illu af stað. Það liggur svona í orðanna hljóðan. Ég hef verið spurð að því hvað við ætlumst fyrir og hvað við getum sætt okkur við án þess þó að nokkuð sé gefið í skyn að eitthvað sé í

boði.

Ég sé enga ástæðu til að vera með hvískur um þessi mál eða tala í gátum og vil segja það hér beint út svo að það fari ekkert á milli mála að stjórnarandstaðan er ekkert að leika sér hér í ræðustól. Við höfum mikla og ríka ástæðu til að tjá okkur um þetta mál og þessi mál sem eru á dagskrá í dag. Okkur er mikið niðri fyrir og við eigum margt ósagt. Það er engin spurning. En ríkisstjórnin getur ef hún vill höggvið á þennan hnút. Það er hennar að velja ef hún vill eitthvert samkomulag. Ég vil því lýsa eftir þessu tilboði ríkisstjórninnar ef um eitthvert slíkt tilboð er að ræða sem hvað eftir annað hefur verið gefið í skyn að hafi verið um að ræða eða sé hugsanlegt að sé um að ræða. Ég kann því heldur illa að menn séu með þetta pukur og séu að gefa eitthvað í skyn í einkasamtölum hér og þar í gluggakistum og skotum. Og ég vil lýsa því hér yfir að það er mitt mat að ef ríkisstjórnin vill bjóða einhverjar tilslakanir þá er stjórnarandstaðan fús til að ræða það og til þess að greiða götu þingmála, sem hún hefur alltaf verið tilbúin að gera, greiða fyrir því að þau þingmál sem ríkisstjórnin telur mest áríðandi að afgreiða fyrir þau áramót sem eftir rúman sólarhring eru staðreynd. Jafnvel þótt það kostaði að við yrðum þá að stilla máli okkar í hóf.

Þetta var erindi mitt við hæstv. forsrh. sem er mikill hæfileikamaður og hefur vafalaust öll tök á því að heyra hvað þm. hafa við hann að segja þótt hann kjósi að lesa um leið í bók. En ég vona að ég fái svar við þessum fsp. um það hvort um eitthvert tilboð sé að ræða og hvert það tilboð þá sé.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur nú verið til 2. umr. breyting á lögum um söluskatt. Það hefur verið erfitt að henda reiður á því í dag hvaða mál hafa verið á dagskrá. Hér hefur þetta gengið upp og niður. Það hefur stöðugt verið hlaupið á milli mála. Það er engu líkara en hv. stjórnarsinnar viti yfirleitt ekki neitt um hvað þeir vilja tala, enda hefur verið heldur lakleg viðvera hjá þeim hér í dag, enda ekki við öðru að búast. Þeir eru kannski að kaupa flugelda og rakettur, sem svo eru kallaðar, og eitthvað annað til áramótanna. En það er einn sem hefði verið gaman að sjá hér núna við þessa umræðu, það er hinn aðaltalsmann ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh. sem hefur nú dvalið hér langdvölum utan sala og er sennilega búinn að fá sig fullsaddan af þessum umræðum svo að hann þarf sennilega ekki að éta svo mikið á næstunni að hann þurfi að hafa áhyggjur af matarskattinum.

En ég vil biðja hæstv. forseta að sjá til þess að hæstv. fjmrh. verði hér í salnum á meðan ég a.m.k. í byrjun ræðu minnar beini til hans spurningum og mun ég þá gjarnan bíða eftir komu hans hér á meðan. (**Forseti:** Forseti skal gera ráðstafanir til þess að láta fjmrh. af þessu vita.) Já, þá bíð ég bara hér á meðan. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er á fundi sem stendur og getur ekki gengið strax í sal hv. deildar. Verð ég því að mælast til þess við hv. ræðumann að hann haldi máli sínu áfram, en ég mun ítreka það að þess sé vænst að hæstv. fjmrh. komi í salinn strax og þessum fundi er lokið.) Ég bíð bara hér rólegur. (**ÓÞÞ:** Forseti, nú verður þú að stilla hátalarakerfið, við höfum ekkert heyrt í ræðumanninum á síðustu fimm mínútum.) (**Forseti:** Ég vil biðja þm. að hafa hljóð í salnum. Hv. ræðumaður er í ræðustól.) (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann hvort það væri einhver hluti í hans ræðu sem krefðist ekki nærveru fjmrh. þannig að hv. þm. gæti e.t.v. flutt þann hluta ræðu sinnar á meðan beðið er eftir ráðherranum.) Sá hluti sem ég ætlaði að ræða hér heyrir náttúrlega undir það að hæstv. fjmrh. þurfi að vera á staðnum, enda er þetta eitt stærsta mál ríkisstjórnarinnar og hann formælandi í því máli. (**Forseti:** Fyrst svo er þá heldur hv. þm. að sjálfsögðu áfram ræðu sinni.) Ég fagna komu fjmrh. Það er gleðilegt að sjá hann hér í þingsölum aftur.

Í Ríkisútvarpinu í gær sagði hæstv. fjmrh.: „Ég trúi því að sjálfsögðu ekki fyrr en ég tek á því að stjórnarandstaðan vilji með málþófi valda slíkum usla í þjóðfélaginu. Hún er auðvitað í minni hluta hér á þessu þingi.“ Nú hefur hæstv. fjmrh., sem er æðsti maður í þessum málefnum, tafið þingstörf um a.m.k. 20 mín. Ég ætlaði ekki að halda hér mjög langa ræðu en mun að sjálfsögðu ekki halda neina geysilega langa ræðu þrátt fyrir það en ég fagna komu fjmrh.

Þegar söluskatturinn var til umræðu á Alþingi árið 1960, þann 9. des., sem þótti þá nógu seint þó það væri ekki rétt fyrir áramótin, sagði hv. þm. Hannibal Valdimarsson í umræðunni, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ein af þeim ráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar til þess að hleypa dýrtíðinni sem allra lengst upp á við í viðbót við það sem leiddi af gengislækkuninni og fleiri stjórnarráðstöfunum á sl. ári var setning lagaákvæða um svimandi háan söluskatt. Það er einmitt þessi viðbótar bráðabirgðasöluskattur sem nú er hér til umræðu. Vissulega var það svo eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á hér í þessum umræðum að menn gerðu sér mjög vonir um það að það yrði eitt af því fyrsta sem hæstv. ríkisstjórn gerði að nokkrum mánuðum liðnum að fella niður þennan bráðabirgðasöluskatt. En svo virðist sem hæstv. ríkisstjórn sé nú í engu ákveðnari en því að halda fast við hann og framlengja hann, gera hann að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Í þessu sambandi dettur mér í hug vísa sem er eftir einn af hagyrðingum landsins og hún er svona:

> Klónni slaka ég aldrei á
> undan blaki og hrinu
> þótt mig hrakið hafi frá
> hæsta takmarkinu.

Það er eins og þessi vísa sé orðin kjörorð hæstv. ríkisstjórnar og er það þó sannarlega auðsætt mál að hana hefur hrakið frá því hæsta takmarki sínu að tryggja þjóðinni betri lífskjör, en það var það sem hún sagði að fyrir sér vekti með öllum sínum efnahagsmálaaðgerðum.“

Hæstv. fjmrh., ég held að þetta gæti allt verið eins sagt í dag þegar hér er verið að leggja á hæstu skatta sem um getur í sögu þjóðarinnar og þó hærri en nokkru sinni áður.

Ég beindi til fjmrh. með síðustu ræðu minni nokkrum spurningum sem hann hefur í raun aldrei svarað, enda sé ég að hann hefur ekki tíma til að hlusta hér á umræður fyrir öðrum fundum. — En ég get beðið. — (**EG:** Þetta er góð ræða hjá hv. þm.)

Þar sem hafinn er nýr dagur hér og fjmrh. hefur ekki sést hér síðan í gær þegar hann hljóp út af fundi vil ég spyrja hæstv. forseta hvort honum þyki ekki rétt að fresta fundi þangað til hæstv. fjmrh. hefur tíma til að sinna þingstörfum. (**Forseti:** Enn eru nokkrir á mælendaskrá og mér finnst rétt að halda áfram fundi að svo stöddu a.m.k., en ítreka óskir mínar til hv. ræðumanns um að hann taki til við einhvern þann hluta í sinni ræðu sem ekki krefst nærveru ráðherra.) Hv. ræðumaður ætlaði að vera mjög stutt hér uppi og ætlaði að beina örfáum spurningum til hæstv. fjmrh. Nú hefur hæstv. fjmrh. tafið þingstörf dálítið lengi og ég get vel beðið þangað til hann kemur. Ég ætlaði að vera hérna mjög stutt uppi, en nú hefur hæstv. fjmrh. tafið þingstörf mjög. Ég ætla að bíða eftir honum. Ég ætlaði ekki að hafa langa ræðu. (**Forseti:** Gæti hv. ræðumaður fallist á að fresta þá ræðu sinni og hleypa öðrum hv. þm. að svo við gætum nýtt þennan tíma?) Ég tel rétt að fá að heyra hverjar ástæður þess eru að hæstv. fjmrh. getur ekki setið fundi. (**Forseti:** Hv. þm. gæti gengið úr skugga um það sjálfur í viðræðum við ráðherrann ef hann féllist á að fresta *ræðu sinni og hleypa öðrum hv. þm. í ræðustól.* Forseti getur ekki vikið úr forsetastól til að kanna slíka hluti.) Þá bíðum við hér og vitum hvort við fáum ekki svör við því. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Þá get ég hafið mál mitt aftur. (**Forseti:** Ég vil biðja ræðumann að hefja ekki mál sitt fyrr en forseti er búinn að lýsa yfir að fundi sé fram haldið. Þá er fundi fram haldið í Nd. Alþingis. Áður en við höldum áfram vil ég skýra frá því að ég hef átt fundi ásamt fjmrh., sem ber ábyrgð á þeim málum sem hér eru til umræðu, með talsmönnum stjórnarandstöðunnar og með okkur hefur tekist samkomulag um lyktir mála á þessari nóttu sem ég vil greina frá. Það samkomulag felst í því að klára söluskattsmálið, sem hér er á dagskrá, til 3. umr. og taka fyrir tollalög og vörugjald og klára 2. og 3. umr. málsins í þessari hv. deild og senda það til Ed., sem heldur fund á eftir, og það verði gert þar að lögum. Það hefur tekist samkomulag um að stytta umræður í þessum málum mjög þannig að þessu geti lokið á mjög skömmum tíma. Vil ég beina því til ræðumanns áður en hann heldur áfram máli sínu að þetta samkomulag hefur tekist og biðja hann að hafa það í huga.)

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því samkomulagi sem hér hefur verið gert og vona að þessi merkilegi fundur sem hér hefur staðið muni verða skammur. Ég mun nú draga þær spurningar og þær ræður sem ég hugðist hafa hér til baka til 3. umr., væntanlega á næsta ári, og segi hér með máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 338 (sbr. 228), n. 446 og 453, brtt. 447, 459.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 446 frá meiri hl. fjh.- og viðskn. sem fjallað hefur um þetta frv.

Á fund nefndarinnar kom Björn Hermannsson tollstjóri, Sigurgeir A. Jónsson og Lárus Ögmundsson úr fjmrn., Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði, Guðmundur Karl Jónsson, forstjóri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna, Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi, Hannes Hafstein ráðuneytisstjóri, Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands og Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Undir þetta rita Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Páll Pétursson.

Brtt. þær sem við flytjum eru á þskj. 447. Eru þær í nokkrum liðum og mun ég útskýra þær í örstuttu máli.

A- og b- liður 1. tölul. þeirra fela í sér að 20% ytri tollur verður á innfluttum fiskafurðum frá öðrum ríkjum en þeim sem aðild eiga að EFTA. Af brtt. leiðir að tollar af vörum þessum verða óbreyttir frá því sem nú er. Vörur þessar falla ekki undir fríverslunarsamning okkar við Efnahagsbandalagið og meiri hl. nefndarinnar þykir óeðlilegt að afnema með öllu tolla af þeim ef þær kæmu frá markaðssvæði Efnahagsbandalagsins nema þá í tengslum við gagnkvæma samninga milli Íslands og Efnahagsbandalagsins um lækkun tolla af fiskafurðum.

Í c-lið 1. brtt. er lagt til að tollar af ýmsum tegundum af morgunmat úr korni verði lækkaður úr 30% í 20% til samræmis við aðrar vörur úr korni sem falla undir sama kafla.

Í d-, e- og f-lið 1. brtt. er lagt til að horfið verði að svo stöddu frá því að láta ákvæði fríverslunarsamnings við EFTA koma til framkvæmda vegna innflutnings á gúmmímottum, eggjabökkum og álstig-

um. Ástæðan hér að baki er einkum sú að framleiðsla hér á landi á þessum vörutegundum er nýhafin. Hún hefur því ekki fengið þá aðlögun sem eðlilegt verður að teljast í þessu sambandi. Að auki er markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar enn sem komið er ekki mikil af eðlilegum astæðum. Vakin skal athygli á því að fjmrh. hefur skv. 1. tölul. 6. gr. tollalaga eftir sem áður heimild til að láta umrædd tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninganna koma til framkvæmda án lagabreytinga þegar ljóst er að almenn skilyrði til síks eru uppfyllt.

G-liður 1. brtt. felur í sér annars vegar að tollur af plötuspilurum og myndbandsupptöku- og myndbandsflutningstækjum er lækkaður úr 30 í 15%. Talið er að verulegur innflutningur með ólögmætum hætti eigi sér stað á vörum þessum og með þessum hætti er stefnt að því að draga nokkuð úr tilhneigingu í þá veru.

Hins vegar er lagt til að tollur af brettum, töflum, stjórnborðum, skápum o.fl. til rafstýringar eða dreifingar á rafmagni verði felldur niður. Með þessu er orðið við mjög eindregnum óskum raforkudreifingarfyrirtækja, auk þess sem bent hefur verið á að hæpið er samkvæmt skuldbindingum okkar gagnvart EFTA og Efnahagsbandalaginu að tolla vörur þessar í ljósi þess að veruleg framleiðsla á búnaði þessum er stunduð hér á landi. Það má vekja athygli á því að flytja má búnað þennan inn sundurtekinn til landsins og ber hann þá engan toll.

Loks er lagt til að ákvæði til bráðabirgða III verði breytt á þá lund að það feli aðeins í sér fyrirmæli um lækkun tolla í áföngum á nánar tilgreindum vörum sem ekki falla undir fríverslunarsamningana við EFTA og Efnahagsbandalagið. Óþarft er í ljósi heimildar fjmrh. til að láta umrædd ákvæði koma til framkvæmda að kveða sérstaklega á í lögunum um lækkun tolla í áföngum á tilteknum vörum sem falla undir fríverslunarsamninginn.

Það má vafalaust með nokkrum sanni segja að ýmislegt í þessum tollalögum gæti þurft endurbóta við. Ég held að það orki ekki tvímælis að sú breyting sem hér er verið að gera og hér er lagt til að gerð verði sé tímabær og mjög nauðsynleg og réttmæt.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. fjh- og viðskn. sem er á þskj. 453. Þetta er ítarlegt og vel unnið og vandað nál. og ég get vísað í það um allan rökstuðning fyrir afstöðu minni hl. og niðurstöðu sem er að þetta mál sé ekki nægjanlega vel unnið og því sé réttast að vísa því til ríkisstjórnarinnar til betri vinnslu.

Undir þetta nál. rita frsm., sem hér stendur, og Kristín Halldórsdóttir. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson hefur setið fundi fjh.- og viðskn. Nd. og tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að nál. með minni hl.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 453 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 22:11 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3.–11. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 459 felld með 21:12 atkv.
Brtt. 447,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 447,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 441.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 366, n. 444 og 448, brtt. 445, 449, 452.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræðuna neitt. Ég vil aðeins ítreka þær spurningar sem ég hef margsinnis lagt fyrir hæstv. fjmrh. hvað varðar vörugjaldið. Ég spurði hann meðal annars hvernig ætti að reikna þetta út í tolli. Hvort það ætti að reikna þetta sem 14% og síðan 25% aukalega ofan á það eða hvort það ætti að reikna beint 17,5% og ef svo væri hví væri þá vörugjaldið ekki nefnt réttu nafni, 17,5% í staðinn fyrir 14%. Ég spurði líka um hvort ekki hefði verið athugað hvort fella mætti algerlega út vörugjald til einföldunar og ná þeim tekjum inn í staðinn með beinni tollun. Við hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson vorum einnig með spurningar um fob-tollun, hvort hún hefði verið skoðuð og hvort hún komi til greina. Og í síðasta lagi spurði ég hann um hvað heildsöluálagið gerði í tekjum fyrir ríkissjóð. Ég fékk það svar frá hv. formanni fjh.- og viðskn. að þetta væri líklegast um 25 millj. kr. Ég

leyfi mér að efast um það og vil benda á að ef flett er upp í söluskattsfrv., sem liggur hér frammi, er þar á bls. 7 gert ráð fyrir að tekjur af nýju vörugjaldi nemi 1600 millj., en þar er einungis reiknað með 14%. Engu að síður er það viðurkennd staðreynd að vörugjaldið í dag er 17,5%. Ég vil fá skýringu á því hvers vegna er þarna reiknað með 14%. Ef við hins vegar reiknum þetta aftur upp og reiknum með 17,5% hækkar þessi liður um 395 millj.

Ég vildi gjarnan fá svör við þessu, herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 448 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 21:11 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 449 felld með 22:11 atkv.
Brtt. 445 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 452,1 felld með 22:11 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 452,2 felld með 22:12 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
6.–12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. I–II samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

43. fundur, fimmtudaginn 31. des., kl. 1.14 árdegis.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 468.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 469.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

NEÐRI DEILD

44. fundur, fimmtudaginn 31. des., að loknum 43. fundi.

Söluskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390, n. 460 og 463, brtt. 465, 466, 467.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 467,1 tekin aftur.
2. gr. samþ. með 23:12 atkv.
Brtt. 466,1a tekin aftur.
Brtt. 465,1a tekin aftur.
Brtt. 466,1b tekin aftur.
Brtt. 465,1b tekin aftur.
3. gr. samþ. með 22:11 atkv.
Brtt. 466,2 tekin aftur.
Brtt. 465,2 tekin aftur.
Brtt. 467,2a tekin aftur.
Brtt. 466,3 tekin aftur.
Brtt. 467,2b tekin aftur.
4.–9. gr. samþ. með 23:9 atkv.
Ákv. til brb. I–III samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 127. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 41.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 470).

Nýársóskir.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Af því að þetta er síðasti fundur í þingdeildinni á þessu ári vil ég óska þingdeildarmönnum gleðilegs nýs árs og þakka samstarfið í þessari þingdeild á árinu sem nú er að líða. Þetta er, eins og fram hefur komið, óvenjulegur tími til þingfundahalda og þarf ekki að lýsa því fyrir þingdeildarmönnum, en ég þakka mönnum fyrir samstarfið þær vikur og mánuði sem liðnir eru af þinghaldinu á þessu ári og óska mönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Albert Guðmundsson:
Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. þakka forseta fyrir réttláta og góða fundarstjórn og góðar óskir okkur til handa og fyrir hönd okkar allra óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegs og farsæls komandi árs. Þá vil ég líka fyrir okkar hönd þakka starfsfólki öllu þolinmæði og vel unnin störf og vona að þess bíði farsælt og gott ár líka. Ég bið hv. alþm. að rísa úr sætum og staðfesta þessar óskir. — *[Þingmenn risu úr sætum.]*

Forseti (Jón Kristjánsson):
Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. og hv. þingdeildarmönnum fyrir góðar óskir til mín og minnar fjölskyldu.

EFRI DEILD

46. fundur, fimmtudaginn 31. des., kl. 1.30 árdegis.

Vörugjald, ein umr.

Stjfrv., 197. mál (heildarlög). — Þskj. 468.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur komið saman og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt. Þær breytingar sem voru gerðar í Nd. lúta að því að lagt er vörugjald á snyrtivörur, ilmvötn, sjampó o.fl., 14%, en í staðinn koma niðurgreiðslur á fiski sem ég veit að menn telja miklu meira virði og býst við að það sé gott samkomulag um þessar breytingar í þingdeild.

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Herra forseti. Það er ekkert samkomulag um þetta. Formanni hefur láðst að bera það undir atkvæði manna í nefndinni, en það kemur í ljós hver mín afstaða er í nafnakalli sem ég mun fara fram á á eftir.

Júlíus Sólnes:
Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd minni hl. fjh.- og viðskn. tjá hv. þingdeild að við stöndum ekki að þessu áliti og höfum ekki séð ástæðu til að gera neinar frekari brtt. við frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞK, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, KSG.
nei: EKJ, GuðmÁ, JúlS.
SvG greiddi ekki atkvæði.
7 þm. (VS, DS, EgJ, GA, KP, MF, SkA) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Í samræmi við þá afstöðu sem ég hafði þegar þetta mál var til meðferðar hér í deildinni fyrir nokkrum dögum og lýsti því þá yfir að ég teldi að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarmeirihlutinn hlytu ein að bera ábyrgð á þessu máli eins og til þess er stofnað greiði ég ekki atkvæði.

Eyjólfur Konráð Jónsson:
Herra forseti. Við afgreiðslu skattamálafrv. ríkisstjórnarinnar hér í deildinni lét ég í ljós andstöðu mína við ofsköttunar- og ofstjórnarstefnu með því að greiða atkvæði gegn frv. því um vörugjald sem nú kemur til þessarar hv. deildar á ný. Síðan hefur enn verið bætt við margháttuðum sköttum og er því enn frekari ástæða til að greiða atkvæði gegn frv. en áður og verslun með hækkun skatta á varaliti gegn nokkurri niðurgreiðslu á soðningu breytir þar engu um. Því segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 471).

Tollalög, ein umr.

Stjfrv., 198. mál (tollskrá). — Þskj. 469.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur komið saman og leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með þeim gagnlegu leiðréttingum sem á því hafa verið gerðar í Nd. og felast í fyrsta lagi í því að tollur á fiski hefur verið ákveðinn 22% sem er nauðsynlegt vegna samninga við ríki Efnahagsbandalagsins. Dregið er

nokkuð úr tollum á kornmat, sem notaður er til morgunverðar og ég kann ekki að fara frekar út í en er nauðsynlegur vegna samkeppnisaðstöðu nýrra iðnfyrirtækja hér á landi, úr 30 í 20%. Lækkaður er tollur úr 30 í 15% á ýmsum tækjum sem lúta að tónlist og myndatöku. Aðrar breytingar eru tæknilegs eðlis sem ég fer ekki nánar út í, en ég vonast til þess, herra forseti, að nefndarmenn taki þessu ljúfmannlega þar sem þetta er væntanlega síðasta afgreiðslan á þessu ári og eins og við sáum fyrir kvöldmatinn eru menn mjög hugljúfir hér í deildinni á þessum síðustu stundum ársins.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd minni hl. fjh.- og viðskn. vil ég lýsa því að út af fyrir sig teljum við það til bóta að það skuli nú koma ný tollskrá með þessari breytingu sem verður á tollalögum, en hins vegar erum við sammála um að það hefði þurft að vinna þetta frv. miklu betur. Það hafa komið fram ýmsir gallar og ýmsar villur í frv. og efumst við um að það sé búið að leiðrétta þær allar. Þær síðustu breytingar sem voru gerðar í Nd. eru einmitt til marks um hve langt er í land með að þetta frv. sé nægjanlega unnið til að fá endanlega afgreiðslu á Alþingi.

En við sjáum ekki ástæðu til að gera neinar brtt. við frv. á þessari stundu og munum ekki gera frekari athugasemdir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 472).

SAMEINAÐ ÞING

39. fundur, miðvikudaginn 31. des., kl. 1.54 árdegis.

Nýársóskir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að þetta er síðasti fundur Alþingis á þessu ári flyt ég öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis óskir um gleðilegt nýtt ár og þakka ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er að ljúka.

Næsti fundur Alþingis verður 4. janúar. Sá fundur verður boðaður með dagskrá.

Steingrímur J. Sigfússon:

Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í garð okkar alþm. Ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs nýs árs og þakka honum fyrir góða forustu um þingstörfin hér á þessu ári sem senn er liðið. Ég vil leyfa mér að vænta þess að við megum öll hittast vel haldin til starfa hér á nýju ári og ég vil biðja hv. alþm. um að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og ég þakka hv. alþm. fyrir að taka undir orð hans.

Ég ítreka óskir mínar um gleðilegt nýtt ár. Fundinum er slitið.

Efnisskrá.

Fjárlög 1988 (1. mál) 3201.
Framleiðsla og sala á búvörum (127. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 3330, 3332, 3406, 3442, 3502, 3504.
Heilbrigðisþjónusta (203. mál, heilsuverndarstarf í Reykjavík og Garðakaupstað) 3331, 3332.
Nýársóskir 3505, 3508.
Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna (210. mál) 3215.
Stjórn fiskveiða (181. mál, heildarlög) 3216.
Söluskattur (196. mál, matvæli, undanþágur o.fl.) 3333, 3447, 3476, 3504.
Tekjuskattur og eignarskattur (206. mál, skattlagning fyrirtækja) 3321, 3332.
Tilhögun þingfunda 3333.
Tollalög (198. mál, tollskrá) 3500, 3503, 3506.
Um þingsköp 3443 (tilhögun þingfundar).
Útflutningsleyfi (54. mál) 3372.
Útflutningsráð Íslands (40. mál, stjórnarfarsleg staða) 3404.
Vörugjald (197. mál, heildarlög) 3407, 3467, 3502, 3503, 3505.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3207, 3212, 3214, 3508.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 3307, 3309, 3310, 3333, 3410, 3413, 3416, 3420, 3422, 3444, 3445, 3446, 3447, 3466, 3471, 3475, 3505.
Forseti Nd. Sighvatur Björgvinsson 3362.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3369.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 3211.
Landbrh. Jón Helgason 3406.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 3214.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3216, 3395.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 3206, 3397, 3400, 3403.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 3281, 3355.
Albert Guðmundsson 3206, 3207, 3208, 3209, 3210, 3213, 3214, 3308, 3358, 3418, 3439, 3444, 3473, 3474, 3505.
Árni Gunnarsson 3206, 3208, 3235, 3442.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3204, 3330.
Eiður Guðnason 3207, 3400.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3399, 3505, 3506.
Friðjón Þórðarson 3292.
Geir Gunnarsson 3241.
Guðmundur Ágústsson 3328, 3393.
Guðmundur G. Þórarinsson 3448.
Halldór Blöndal 3202, 3205, 3213, 3321, 3324, 3372, 3404, 3505, 3506.
Hjörleifur Guttormsson 3202, 3209, 3210, 3211, 3213, 3220, 3306, 3309, 3333, 3406, 3413, 3420, 3434, 3443, 3445, 3470, 3472.
Hreggviður Jónsson 3202, 3207, 3264, 3344, 3497.
Ingi Björn Albertsson 3282, 3349, 3439, 3442, 3467, 3502.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3237.
Júlíus Sólnes 3326, 3386, 3405, 3506, 3507.
Kjartan Jóhannsson 3215.
Kristín Einarsdóttir 3319.
Kristín Halldórsdóttir 3202, 3205, 3274, 3409, 3420, 3422, 3491.
Matthías Bjarnason 3255.
Ólafur Þ. Þórðarson 3212, 3358, 3466, 3476.
Óli Þ. Guðbjartsson 3310, 3430, 3471.
Páll Pétursson 3407, 3408, 3412, 3429, 3471, 3500.
Ragnar Arnalds 3204, 3208.
Salome Þorkelsdóttir 3331.
Sighvatur Björgvinsson 3202, 3212, 3245.
Stefán Valgeirsson 3204, 3261, 3362, 3368, 3417, 3425, 3446, 3469, 3478.
Steingrímur J. Sigfússon 3201, 3203, 3214, 3294, 3308, 3362, 3407, 3410, 3426, 3445, 3448, 3501, 3508.
Svavar Gestsson 3202, 3209, 3322, 3327, 3329, 3373, 3396, 3400, 3404, 3506.
Valgerður Sverrisdóttir 3330.
Þórhildur Þorleifsdóttir 3205.

SAMEINAÐ ÞING

40. fundur, mánudaginn 4. jan., kl. 2 miðdegis.

Kveðjur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Fundur er settur í sameinuðu Alþingi. Á þessum fyrsta fundi Alþingis á árinu 1988 eru allir hv. alþm. og starfsmenn Alþingis boðnir velkomnir til starfa á nýbyrjuðu ári, jafnframt eru fluttar óskir um gleðilegt nýtt ár og færðar þakkir fyrir gamla árið.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl., Kristinn Pétursson framkvæmdastjóri, Bakkafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Kristins Péturssonar og þarf það athugunar við. Er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréfið til athugunar. Á meðan er fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf 1. varamanns Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Kristins Péturssonar, og er sammála um að mæla með því að kjörbréfið sé tekið gilt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréfið samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Kristinn Pétursson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna, síðari umr.

Þáltill., 210. mál. — Þskj. 339.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Gleðilegt nýár.

Mál það sem hér er á dagskrá þekkja hv. alþm. vel og um það er full samstaða þingflokkanna hygg ég og væntanlega þm. allra. Efni þess er að heimila Norðmönnum á ný loðnuveiðar í íslenskri efnahagslögsögu í samræmi við samningsbundna heimild þeirra til nokkurrar hlutdeildar í veiðum úr íslenska loðnustofninum.

Vonandi tekur það enginn óstinnt upp að tækifærið sé notað til að minna á þá gífurlegu hagsmuni sem við eigum að gæta í náinni samvinnu við Norðmenn og raunar aðra nágranna í hafréttarmálunum. Þau málefni eru enn sem fyrr meginviðfangsefni hv. utanrmn. þar sem gott samkomulag er um að reyna að brjóta þau til mergjar án þess að ræða þau stöðugt opinberlega. Eðlilegt er þó að geta þess nú að síðar í mánuðinum verða hér í Reykjavík viðræður Íslendinga, Norðmanna og Dana fyrir hönd Grænlendinga um hafsbotnsréttindi á norðurslóðum þar sem um er að ræða réttargæslu á geysivíðáttumiklu hafsvæði sem þjóðirnar geta gert tilkall til að réttum alþjóðalögum. Jafnframt er unnið að því að tryggja íslensk hafsbotnsréttindi á Hatton-Rockall svæðinu, en 350 sjómílna réttindi höfum við nú þegar á Reykjaneshrygg þótt áhugi á hagnýtingu þeirra hafi kannski verið helst til lítill hingað til. Þessi stórmál verða í sviðsljósinu áður en langt líður og þá auðvitað rædd á Alþingi.

Þar sem þáltill. er flutt af hv. utanrmn. hefur að sjálfsögðu ekki verið lagt til að henni væri vísað til nefndar heldur að hún verði nú samþykkt hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 474).

EFRI DEILD

47. fundur, mánudaginn 4. jan., að loknum fundi í Sþ.

Kveðjur.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Þar sem þetta er fyrsti fundur á nýbyrjuðu ári vil ég nota tækifærið og óska hv. þingdeildarmönnum gleðilegs árs og þakka fyrir samstarfið á liðnu ári og vænti góðs samstarfs á því ári sem nú er nýbyrjað.

NEÐRI DEILD

45. fundur, mánudaginn 4. jan., að loknum fundi í Sþ.

Kveðjur.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem þetta er fyrsti fundur í þessari hv. deild á nýju ári vil ég byrja hann á því að óska þingdeildarmönnum gleðilegs árs og bjóða þá velkomna til starfa.

Um þingsköp.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það var leitað eftir samkomulagi við stjórnarandstöðuna í sambandi við þetta þinghald. Í sambandi við það óskaði ég eftir því við forseta að það yrði ekki haldinn fundur fyrr en á þriðjudag, þ.e. þriðjudaginn 5. jan. Til vara var óskað eftir því af þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem ræddu við forseta að ekki yrði haldinn fundur fyrr en kl. fjögur eða fimm í dag til þess að þeir sem þyrftu að fara um langan veg ættu þess kost að komast hingað í tæka tíð. Mér skildist á hæstv. þingforseta að það væri ekkert mál, hann gæti stjórnað því án þess að ræða um það við aðra hvenær á deginum fundur hæfist. Hins vegar yrði hann að ræða um það við forseta og jafnvel ríkisstjórn ef það ætti að fresta fundi til þriðjudags. Hafi ég skilið þetta rétt vil ég fá að vita það hér og nú hvernig á því stóð að við þetta var ekki staðið. Hverjir komu í veg fyrir það ef ekki er hér um misskilning að ræða, en nokkrir fulltrúar stjórnarandstöðunnar urðu vitni að þessum orðaskiptum.

Ég harma að slíkt standist ekki og gæti haft þau áhrif að það yrði ekki auðveldara að semja við stjórnarandstöðuna um þinghald þegar þannig er haldið á málum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram að það mun hafa verið misskilningur okkar á milli ef hann hefur álitið að ég gæti ákveðið hvenær þinghald byrjaði án þess að ræða um það við aðra forseta þingsins. Ég vissi reyndar ekki þegar við héldum þennan umræddu fund að það yrði fundur í Sþ. á undan þessum fundi og ræddi að sjálfsögðu við forseta Sþ. um þennan tíma, en það hlaut ekki hljómgrunn að breyta fundartímanum. Ég hef ekki rætt þessi mál við ríkisstjórnina sérstaklega, enda var það útilokað og fékk ekki hljómgrunn heldur að byrja fund á þriðjudegi vegna þeirra mála sem hér liggja fyrir. Ég vonast til þess að ekki komi að sök þessi breytti tími, enda var um það spurt sérstaklega á þessum fundi af mér hvort þessi tímasetning væri gerð að skilyrði fyrir þeim samningum sem gerðir voru fyrir áramótin og svo var ekki talið vera. Það var skýrt tekið fram að þetta væri ekki skilyrði, en mér var falið að leita eftir þessu og athuga möguleikana á þessu. En ég gaf ekki neitt loforð í þessu efni og spurði sérstaklega eftir því hvort þetta mundi verða gert að skilyrði fyrir þeim samningum sem gerðir voru þá. Þetta eru þær skýringar sem ég hef á þessu.

Hér á skerminum sé ég að það eru mættir 37 þm. í deildinni af 43 þannig að hv. þm. hafa mætt mjög vel til þessa fundar.

Söluskattur, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.) — Þskj. 390, brtt. 465, 466, 467.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að vera mjög stuttorður og hafði áformað að varpa fram fsp. til hæstv. fjmrh. og þar fyrst og fremst varðandi undanþágur fyrir fiskiskip hér á landi.

Í frv. til l. sem nú liggur fyrir hér um breytingu á söluskatti er ekki gert ráð fyrir að söluskattur af varahlutum, vélum og tækjum í skip sé felldur niður. Þetta er stærsta hagsmunamál útgerðarinnar á Íslandi og ég tel að hér hafi greinilega orðið mistök á og menn hafi gleymt þessu. Við meðferð deilda hefur þetta ekki komið fram áður. Ég hafði hug á í þeirri frægu ræðu sem ég hélt hér eða öllu heldur hélt ekki um nóttina að spyrja fjmrh. um þetta atriði og hann einn getur vafalaust svarað því. Ég tel að hér hafi fallið í burtu undanþágur fyrir skip sem þýðir verulega útgjaldaaukningu fyrir fiskiskip. Við 3. gr., 11. tölul. frv. hef ég lagt fram brtt. þar sem ég bæti inn í þann lið varahlutum fyrir skip, þ.e. bæti inn orðunum „skip og“. Ég beini því til þm. hvort

þeir geta ekki sameinast um að samþykkja þessa breytingu því það er alveg augljóst mál að hér hafa orðið veruleg mistök við flutning frv. og niðurfelld heimild til að fella niður söluskatt í fyrsta lagi á fjarskiptatækjum fyrir fiskiskip, þar með talið neyðarstöðvar og löggiltar stöðvar sem skip verða að hafa, og í þessu eru verulegar fjárhæðir bundnar. Í öðru lagi er um ratsjár að ræða, sem öll skip nú til dags nota, og miðunarstöðvar og áttavitar og svokallaða bergmálsdýptarmæla, sem núna eru ekki í sérstökum flokki að sjá, og fisksjár.

Allt eru þetta mjög mikilvægi tæki um borð í fiskiskipum og reyndar farskipum líka sum og fram hjá því er ekki hægt að horfa að ef ekki eru heimildir til undanþágu, til að fella niður söluskatt á þessum tækjum eins og verið hefur mun þessi verslun færast úr landinu, eins og var um árabil. Fiskiskip munu einfaldlega sigla til næstu hafna í Evrópu og láta setja þessi tæki um borð í skipin þar og jafnframt mun viðhald að nokkru leyti fara fram í þessum löndum.

Það er mjög mikilvægt að þessari grein sé haldið inni. Það er hvergi í núverandi frv. Því tel ég að það væri mjög mikilvægt að menn gætu sameinast um að bæta inn orðinu „skip og" í 11. tölul. því þetta varðar þessa atvinnugrein verulega mikið.

Þá er rétt að benda á að sennilega mundi, ef þetta er ekki fyrir hendi, svokallaður frílager farskipafélaga ekki lengur vera fyrir hendi, en frílager fyrir farskip hefur tíðkast hér um nokkur ár þar sem farskip geta haft lager af varahlutum í vélar og tæki og fengið þá án tolla og söluskatts. Það þýðir að farskipin mundu einnig hætta að láta afgreiða sig hér með þessa hluti og verslunin mundi færast til útlanda á þessu. Ég vil sérstaklega beina þessu mikilvæga atriði til hæstv. fjmrh. og vonast til að hann geti stutt brtt. sem hér verður borin upp á eftir því að ég tel að það sé alveg ljóst að hafi þessi málaflokkur ekki þá skipan á sem núna er, að það sé hægt að fá undanþágu frá söluskatti fyrir tæki og búnað fyrir skip, muni verslunin færast úr landinu og þetta muni verða til stórkostlegs skaða fyrir okkur. Á undanförnum árum hafa byggst upp mjög góð fyrirtæki í þessum greinum, bæði hvað varðar fjarskiptatæki, fiskileitartæki og vélar, og væri til mikils óhagræðis ef þessi verslun flyttist úr landinu og menn mundu eingöngu reiða sig á erlenda umboðsmenn í þessu atriði. Brtt. er á þskj. 473 og ég vonast til að menn geti stutt hana þannig að þessi mál komist í höfn.

Ég ætla ekki að hafa orð mín öllu fleiri núna. Ég tel að þetta mál sé mjög mikilvægt og ætlaði reyndar að ræða það á þessum fræga næturfundi, en ég taldi að enginn nema fjmrh. gæti svarað þessu, sem er vafalaust rétt, og ég vonast til að hann muni svara þessu jákvætt og taka undir brtt. um að undanþágur fáist fyrir skip í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 473, sem var of seint fram komin, samþ. með 26 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við skildum við þetta mál, sem hér er komið til 3. umr., frv. til l. um söluskatt, þegar komið var fram á síðasta dag liðins árs og tökum nú upp þráðinn við 3. umr., en eins og fram kom við 2. umr. dró Alþb. og raunar stjórnarandstöðuþingflokkar brtt. sínar við frv. til baka, væntanlega til endurflutnings við 3. umr., og þessar till. eru hér komnar fram, þar á meðal till. frá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni um breytingar á fyrirliggjandi frv. þess efnis að söluskattur falli niður af matvörum og varatillaga þar að lútandi um endurgreiðslu á innheimtum söluskatti svo og viðbótarliðir varðandi undanþágur frá söluskatti við starfsemi eins og heilsurækt og aðra hollustuiðju, útisamkomur og aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum, svo nefndar séu nokkrar af þeim brtt. af hálfu Alþb. sem liggja fyrir við 3. umr. málsins.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. verði við umræðuna, en ég sé hann ekki í þingsal eins og er og sama máli gegnir um frsm. fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 10. þm. Reykv., sem ég átti aðeins eftir að ræða lítillega við í tengslum við þetta mál, og þætti vænt um ef hv. þm., fyrir utan ráðherrann, væri gert viðvart. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til að gera þeim viðvart.) Já, ég treysti því að þeir komi hér fljótlega í þingsal.

Það kom einmitt fram í því máli hv. frsm. fjh.- og viðskn. við 2. umr. þessa máls að nefndin hefði athugað frv. og mælti með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 390 og það er nú út af þessu nál. sem ég vildi ræða við frsm., hv. 10. þm. Reykv., og ætla að hinkra við og sjá hvort hann ekki birtist. (**Forseti:** Hv. 10. þm. Reykv. er í húsinu og mun áreiðanlega birtast eftir örskamma stund.)

Já, hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. í máli því sem hér er rætt, frv. til l. um söluskatt, er genginn í þingsal og ég ætlaði aðeins að víkja máli mínu í upphafi til hans og hér er kominn hæstv. fjmrh. þannig að ekkert er mér að vanbúnaði að halda áfram mínu máli.

Það vakti athygli mína hversu stuttorður hv. 10. þm. Reykv. var sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. við 2. umr. málsins. Það því fremur sem hv. þm. ræddi þetta mál fyrr við umræðuna og lýsti ýmsum breytingarhugmyndum og fyrirvörum sem hann hefði við þetta mál, en þegar málið kom út úr nefnd var ekkert á hv. þm. að heyra um þá fyrirvara né hafa sést frá honum eða öðrum hv. flokksbræðrum hans brtt. við frv. og voru þó höfð uppi um það allákveðin orð af hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að Framsfl. hefði ýmislegt við þetta að athuga þrátt fyrir yfirlýsingar formannsins varðandi málið sem hafði lýst fullkomnu fylgi við það en hv. 10. þm. Reykv. hafði þarna fyrirvara og lýsti áhyggjum þingflokks Framsfl. varðandi ýmsa þætti, þar á meðal varðandi verð á brauðum og álagningu sölu-

skatts á brauð. En síðan þegar málið kemur út úr nefnd lætur hv. þm. nægja sem frsm. nefndarinnar að mæla fyrir þessu nál. sem er þrjár línur og hafði ekkert meira um málið að segja, hvorki um áhyggjur Framsfl., þingflokks hans né um væntanlegar brtt. við frv.

Ég verð að segja að þetta er að láta menn gleypa hlutina, éta ofan í sig mundi einhver segja, og það er greinilegt að húsbóndahollustan hefur orðið öðru yfirsterkari hjá hv. 10. þm. Reykv., hollustan við hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. sem hafði lýst blessun sinni yfir þessa gjörð í einu og öllu, þannig að það fóru fyrir lítið þessir fyrirvarar nema þeir eigi eftir að koma fram við 3. umr. málsins í formi brtt. Kannski á hv. 10. þm. Reykv. eftir að manna sig upp og flytja brtt. við frv. við 3. umr. og koma sínum sjónarmiðum þannig til skila svo að hann sitji ekki alveg slyppur og snauður eftir þau orð sem hann hafði uppi fyrr við umræðuna. Læt ég það nægja um hlut hans í þessu máli en mun, herra forseti, snúa mér að því að ræða um ýmsa þætti frv. og röksemdir sem fram hafa komið hjá talsmönnum þess, þar á meðal frá hæstv. fjmrh., þar sem rökin af hans hálfu eru ekki síst þau að frv. geri innheimtu óbeinna skatta einfaldari og skilvirkari og eigi að tryggja stórbætt skattskil. Hæstv. ráðherra hefur látið að því liggja að þar væri verið að feta í fótspor vestrænna ríkja í sambandi við skattlagningu. En annað hefur verið dregið fram hér í sambandi við þetta mál, m.a. af hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni sem við 2. umr. málsins greindi frá því að þessum málum er fyrir komið með allt, allt öðrum hætti í flestum ríkjum Vestur-Evrópu en hæstv. fjmrh. leggur fyrir þingið og ætlar að fá hér samþykkt sem lög, þessi eina háa skattprósenta á söluskatti, upp á 25% hvorki meira né minna, og mun það aðeins vera eitt ríkja innan Efnahagsbandalags Evrópu, Danmörk, sem er með eina og jafna söluskattsprósentu eða virðisaukaskattsprósentu í óbeinum sköttum, ekki 25% heldur 22% í virðisaukaskatti.

Það er líka rétt að minna á að lengi vel var um það rætt fyrir jólaföstu af talsmönnum ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra þar á meðal að skattprósentan yrði lækkuð, hún skyldi verða verulega lægri, söluskattsprósentan, 22% var talað um í því sambandi, og hæstv. forsrh. kynnti mál á samkomu Sjálfstfl. í nóvembermánuði undir þeim formerkjum að söluskattsprósentan ætti að lækka. En þegar til kastanna kom, þegar að því kom að ganga frá málinu, skelltu þeir sér bara á 25% allir þrír. Hæstv. fjmrh. hlaut til þess stuðning hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. að þetta skyldu vera 25% og naut þar sérstakrar leiðsagnar, að sagt er, frá hæstv. viðskrh. í því efni. Það munaði svo sem ekkert um hvort það væru 22 eða 25%. Því væri best að taka hærri töluna.

Í sambandi við álagninguna og þessa einu prósentu, sem einnig er meiningin að halda sig við í formi 22% virðisaukaskatts þegar kemur að 3. áfanga í „siðbót" hæstv. fjmrh. í skattkerfinu í byrjun næsta árs, ef staðið verður við orð og áætlanir stjórnvalda eins og þar hafa verið kynntar, þar á sem sagt að miða við eina prósentu. Ég held að það sé nauðsynlegt að það liggi hér fyrir að á það hefur verið bent allrækilega, t.d. af forseta Alþýðusambands Íslands, Ásmundi Stefánssyni, að þessi mál eru með allt öðrum hætti hjá flestum ríkjum í Vestur-Evrópu. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til erindis sem Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambandsins, flutti á sambandsstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands 30. nóv. og 1. des. 1987, erindi sem hann kallaði „Að vera kaþólskari en páfinn" og benti á í máli sínu að innan Efnahagsbandalags Evrópu er víða virðisaukaskattur sem nemur 4–9% á nauðsynjar, en 14–19% á aðrar vörur þótt hærri skattprósenta sé þar til, há þrep og hærri prósenta í Danmörku yfir alla línuna eins og ég hef þegar getið um og há þrep á nokkrar tilteknar vörur sem flokkast þá frekar undir lúxusvarning.

Um þetta segir Ásmundur Stefánsson í ræðu sinni m.a., með leyfi forseta: „Virðisaukasaktturinn mun vera frönsk uppfinding og í dag búa öll ríki Efnahagsbandalagsins og ýmis fleiri lönd við það kerfi. Í umræðunni um virðisaukaskattinn hér á landi er því haldið fram að útilokað sé að hafa fleiri en eitt skattstig í slíku kerfi. Matarskatturinn og samræming í eina skattprósentu sé því óhjákvæmileg aðgerð. Það merkilega er að ríki Efnahagsbandalagsins virðast ekkert vita um þessa nauðsyn á einni prósentu. Danir búa einir allra landa Efnahagsbandalagsins við eina prósentu. Allir aðrir eru með minnst tvö skattstig, flestir fleiri, og í þeim tillögum sem framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins lagði fram nú í haust um samræmdan virðisaukaskatt er aldeilis ekki miðað við eina skattprósentu. Það er þvert á móti stefnt að tveimur skattprósentum. Virðisaukaskattur á nauðsynjum verði á bilinu 4–9% og virðisaukaskattur á öðrum vörum og þjónustu á bilinu 14–19% samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi lands", og vísar ræðumaður þar í tilteknar skýrslur og að þessar tillögur framkvæmdastjórnarinnar séu til umræðu í aðildarlöndum Efnahagsbandalagsins.

Hann greinir einnig frá því út frá skýrslu framkvæmdastjórnar EBE hvernig þessu er háttað, hvernig þessi þrískipting í lágþrep, almennt þrep og háþrep er í einstökum aðildarríkjum Efnahagsbandalags Evrópu varðandi virðisaukaskatt, og væri skynsamlegt fyrir hæstv. fjmrh. að kynna sér þá töflu hafi hann ekki gert það nú þegar. Ég get veitt honum aðgang að því yfirliti. Það væri til að hæstv. ráðherra byggi sig svolítið betur í stólinn þegar hann fer að mæla fyrir virðisaukaskatti, ef honum endist þrek til í embætti og ríkisstjórninni líf fram á seinni hluta ársins, því að væntanlega kemur nú ráðherrann með þessa hugmynd sína eitthvað fyrr inn í þingið, eftir að hafa mótað skoðanir sínar svona ákveðið, en gerðist í sambandi við þetta mál sem slengt var hér inn þegar vika var liðin af jólaföstu.

Ásmundur Stefánsson heldur áfram í þessu ágæta erindi sínu: „Rétt er að vekja sérstaka athygli á því

að tvö lönd, Írland og Bretland, eru með stóran hluta nauðsynja alveg undanþegnar virðisaukaskatti. Hin löndin öll nema Danmörk leggja aðeins lágan skatt á nauðsynjar", eins og taflan sýnir sem þessu fylgir, „almennt innan við helming af þeim skatti sem leggst á aðrar vörur og þjónustu."

Og síðar í erindi sínu benti Ásmundur á eftirfarandi, með leyfi forseta: „Það er áætlað að lægri prósentan (4–9%), muni falla á ⅓ af heildarstofni virðisaukaskattsins og almenna skattprósentan komi á ⅔ skattstofnsins." Rétt er að benda á að framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins mælir eindregið með því að lægra þrepið verði frekar sett nær 4 en 9%."

Mér dettur í hug, virðulegur forseti, að það skyldi nú ekki vera að hæstv. fjmrh. hafi legið á þessum upplýsingum gagnvart hæstv. ríkisstjórn og samstarfsaðilum í stjórninni þegar hann var að koma snörunni um háls þeirra í sambandi við þetta frv., þetta óskabarn sitt, og plata kannski hæstv. utanrrh., formann Framsfl., sem ætti að vera farinn að gæta að sér og láta ekki plata sig eftir allt sem á undan er gengið. (Gripið fram í.) Einhvers staðar heyrði ég það og rekur raunar minni til þess, hv. 1. þm. Vestf., að hæstv. ráðherra, þá í öðru embætti í ríkisstjórn, hafi haft um það forgöngu að játa og upplýsa alþjóð um að hann hafi verið plataður. Mig minnir að það hafi verið þegar hann var sjútvrh., hafi tengst eitthvað skipakaupum. (**Gripið fram í:** Það hafa verið vextirnir.) Líka náttúrlega varðandi vextina, en það er nú önnur saga, sem við komum kannski aðeins að síðar hér, hvernig orð hæstv. ráðherra hefur uppi í sambandi við vextina sem hann ber ábyrgð á sem forsrh. í ríkisstjórn, svokallað vaxtafrelsi sem hér er nú að ganga af atvinnurekstrinum dauðum og kyndir undir verðbólguna sem ríkisstjórnin ætlar sér að glíma við væntanlega á næstunni, þann draug sem hún hefur vakið upp sjálf.

En áfram segir Ásmundur Stefánsson: „Efnahagsbandalagslöndin eru með sérstaka háa virðisaukaskattsprósentu á útvöldum vörum, lúxusvörum. Einnig þannig er virðisaukaskattskerfið notað til að jafna afkomu fólks. Háa skattstigið nær yfir innan við 10% skattstofnsins og er það rökstuðningur framkvæmdastjórnarinnar fyrir því að þær tillögur sem hún hefur lagt fram gera ekki ráð fyrir þremur þrepum, aðeins tveimur, lágþrepi og almennu þrepi."

Undir lok síns máls sagði Ásmundur: „Tvö þrep er því nánast gefin niðurstaða í samræmingu Efnahagsbandalagsins. Á sama tíma ætlum við á Íslandi að halda því fram" — og nú er sennilega hæstv. fjmrh. kominn í símann, virðulegur forseti, ef að líkum lætur og vantar nú illa símakerfi í ræðustólinn. (**Iðnrh.:** Er ekki hægt að bæta úr því, ná í farsíma handa þingmanninum?) Já, hæstv. iðnrh. Það er nú einmitt á sviði hæstv. iðnrh. tæknilega séð en undir samgrh. mun „póstvesenið" heyra, póst- og símamálin. En þeir eru flokksbræður þannig að þeir ættu að geta hjálpast að að bæta úr þessu. (**Forseti:** Við væntum þess að símtal hæstv. fjmrh. verði stutt þannig að hann komi að vörmu spori aftur í salinn.) Hann er kannski að tala við Bylgjuna. (**Iðnrh.:** Þetta verður yndislegasti kafli ræðu hv. þm., sá sem nú fer fram.) Virðulegur forseti. Það vekur athygli mína að varaformaður Sjálfstfl., hæstv. iðnrh., er óvenju taugaveiklaður um þessar mundir, reyndar beggja vegna áramótanna. Ég hélt nú að nýársgleðin yrði til að létta aðeins af honum streitunni, en það er ekkert lát á þessu. Núna stendur upp úr hæstv. ráðherra hérna streitan og ergelsið þegar komið er fram á nýtt ár. Þetta horfir ekki nógu vel að mínu mati. (**Iðnrh.:** Ég var að hæla hv. þm. fyrir ræðuna.) En hvar er hæstv. fjmrh.? (**Forseti:** Ég vil áminna hv. þingdeildarmenn um að hv. 2. þm. Austurl. hefur orðið og bíður nú eftir hæstv. fjmrh. sem mun enn þá vera að tala í símann en mun vera væntanlegur því við vonum að símtal hans verði ekki langt.)

Ég held að það væri fyllsta ástæða til þess, virðulegur forseti, að forusta þingsins tæki þessi mál til umræðu við hæstv. ríkisstjórn, hvort hún telji það til fyrirmyndar, ríkisstjórnin, að standa þannig að málum hér í þinginu að þegar hún er að reyna að ýta fram álögunum á landslýðinn þá séu viðkomandi ráðherrar einhvers staðar víðs fjarri og að sinna allt öðrum erindum. Ég tel þetta mjög alvarlegt. Ég tel það mjög alvarlegt hvernig hæstv. ríkisstjórn og einstakir ráðherrar hafa staðið í stykkinu eða réttara sagt ekki staðið í stykkinu á undanförnum vikum í sambandi við sín mál og viðveru hérna í þinginu og þátttöku í umræðum og það sé í fyllsta máta ámælisvert. Og ég skora á hæstv. forseta að taka þetta upp til viðræðu þó ekki væri nema við þann sem ætti að vera verkstjóri í ríkisstjórn, hæstv. forsrh. (**Forseti:** Í þessu sambandi vil ég geta þess að þetta hefur lengi tíðkast hér. Þó að það eigi að sjálfsögðu ekki að vera og sé ekki til þess ætlast að þm. eða ráðherrar séu truflaðir á þingtíma hefur ekki haldið sú ákvörðun og vil ég fullyrða að þar muni hv. þm. og ráðherrum vera um að kenna og eigi þar allir nokkurn hlut að máli, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Hv. þm. hafa sinnt ýmsum símaköllum á fundartíma. Þrátt fyrir að þingforsetar hafa gefið fyrirmæli um að ónáða menn ekki á fundartíma hefur sú ákvörðun því miður ekki haldið.) Já, virðulegur forseti. Ég deili áhyggjum út af þessu alveg sérstaklega hvað stjórnarliðið snertir. Því að ég held að stjórnarandstaðan eigi ansi lítið í þessum ábendingum varðandi þingstörfin. Ég deili þeim áhyggjum að ekki greiðir þetta fyrir þinghaldinu þegar hæstv. ráðherrar eiga hlut að máli.

En ég ætlaði aðeins að ljúka tilvitnun í Ásmund Stefánsson þannig að hæstv. fjmrh. mætti á hlýða. (**Fjmrh.:** Það er nú óþarfi. Ég er búinn að lesa þetta og heyra þetta fimm sinnum úr ræðustól.) Hann segist hafa heyrt þetta áður úr ræðustól. Hafi hann heyrt það vona ég að hann kunni það kannski nánast. En góð vísa er ekki of oft kveðin og þá er það væntanlega trygging fyrir því að hæstv. ráðherra fari ekki með rangt mál hvað upplýsingar snertir í umræðum um þessi efni og virðisaukaskattinn ef að

því dregur síðar á þessu ári. (**Fjmrh.:** OECD-skýrslan er opinbert gagn.) Já, virðulegur fjmrh. hæstv. OECD-skýrslan var ekki sýnd í þingnefnd. OECD-skýrslan um virðisaukaskatt var falin fyrir þm. og hún var falin fyrir þeirri þingnefnd, ef ég er rétt upplýstur, fyrir nefndum þingsins. Fjh.- og viðskn. í þessari hv. deild fékk ekki þessa skýrslu í hendur. (**Fjmrh.:** Hún fæst í bókabúðum.) Það þurfti sérstaka eftirgangsmuni af hálfu stjórnarandstöðunnar til að draga þetta plagg út úr ráðgjafarstofnunum ríkisstjórnarinnar, Seðlabanka hygg ég að það hafi verið, til þess að fá það og það var nánast fyrir tilviljum að þetta var komið í hendur talsmanns, frsm. hygg ég að hafi verið, minni hl. fjh.- og viðskn. fyrir áramótin. Og svo segir hæstv. ráðherra og það er til marks um hrokann gagnvart þinginu í sambandi við þetta mál: Hún fæst í bókabúðum. Verðið þið ykkur úti um hana. Þetta er að standa að máli með eðlilegum hætti eða hitt þó heldur.

„Tvö þrep eru því nánast gefin niðurstaða í samræmingu Efnahagsbandalagsins. Á sama tíma ætlum við á Íslandi að halda því fram að virðisaukaskattur verði að vera í einu þrepi, ein prósenta á allt. Þeir sem reynslu hafa af virðisaukaskattinum vilja ekki fara þá leið nema e.t.v. Danir. Við sem erum að taka trúna skulum vera kaþólskari en páfinn."

Þetta segir Ásmundur Stefánsson í sínum upplýsingum sem hann flutti fyrir sambandsstjórnarfundi Alþýðusambandsins um mánaðamótin nóvember–desember og það var raunar ekki fyrr en liðið var fram í þann mánuð að ég fékk vitneskju um þetta merka erindi og ég held að það hefði verið betur að það hefði legið fyrir öllum þingheimi þegar mál þetta kom inn í þingið og helst áður þannig að menn sæju með hvaða blekkingum fram er gengið í sambandi við rökstuðning fyrir þessari söluskattsprósentu og væntanlegri virðisaukaskattsprósentu.

Ég tel fulla ástæðu til þess, virðulegur forseti, að ræða svolítið frekar um virðisaukaskattinn fyrirhugaða vegna þess að hann tengist náið ákvörðun um uppstokkun tekjuöflunarkerfis ríkisins, eins og það er stundum kallað, og hér er til umræðu 2. áfanginn að settu marki hæstv. fjmrh., 22% virðisaukaskatti.

Fyrir utan þær ábendingar varðandi lífsnauðsynjar og álagningarprósentuna, sem fram hafa komið, finnst mér rétt að vekja athygli hv. þingdeildar á því sem kemur fram í því frv. um virðisaukaskatt sem lagt var fyrir síðasta þing og snerti öryggi virðisaukaskatts og eftirlit. Um það er fjallað í grg. með því frv. sem þá var lagt fram en ekki lögfest, með leyfi forseta. Það er á bls. 40 í þskj. 227 frá 109. löggjafarþingi:

„Virðisaukaskattur hefur af mörgum verið talinn öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m.a. af því sjálfseftirliti sem talið er að myndist í kerfinu með frádráttarheimildinni. Hagsmunir einstakra innheimtuaðila rekist á þar sem hvert fyrirtæki hafi hag af því að telja fram öll innkaup og fá innskattinn [þetta er þeirra orðalag] af þeim dreginn frá innheimtum útskatti. Sjálfseftirlitið hefur oft verið nefnt sem einn aðalkostur virðisaukaskattskerfisins."

Og síðan segir í þessari greinargerð: „Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti verði mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfi og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts. Við eftirlit með hvers konar söluskatti verður að telja það mikilvægast að eftirlitsaðilar hafi möguleika til að kanna heildarinnkaup fyrirtækja og heildarsölu þeirra. Í virðisaukaskattskerfinu verður slíkt eftirlit að fara fram með dreifikönnun á hliðstæðan hátt og gera þarf í söluskattskerfinu."

Síðar í sama kafla segir, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Eftirlitið með heildarveltu ætti m.a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi. Hins vegar verður að hafa í huga að atvinnurekstur er hér í fremur smáum einingum, en mikill fjöldi smáfyrirtækja veldur erfiðleikum og öryggisleysi við framkvæmd söluskattskerfa. Þegar meta skal öryggi virðisaukaskatts annars vegar og núverandi söluskatts hins vegar er margt sem hafa verður í huga. Innheimta söluskattsins nú á einu viðskiptastigi er áhættusöm, en með dreifingu innheimtunnar á fleiri innheimtuaðila ætti tilhneiging til undandráttar að minnka. Þessi breyting er sennilega sú sem mestu máli skiptir varðandi samanburð á öryggi nefndra skatta. Öryggi virðisaukaskatts og möguleikar til eftirlits með innheimtu hans veltur einnig mjög á uppbyggingu kerfisins, svo sem skýrleika skattskyldunnar, fjölda undanþága o.fl. eins og þegar hefur verið nefnt.

Við upptöku virðisaukaskatts þarf að leggja áherslu á að upplýsingar um endurskoðun uppgjörsgagna og hvers konar könnun á skilum fyrirtækja verði skráð og geymd í tölvutæku formi eftir því sem unnt er. Enn fremur yrði að efla mjög annað eftirlit frá því sem nú er, m.a. með aukinni öflun gagna til eftirlits og tíðari athugun á bókhaldi og öðrum þeim gögnum sem uppgjör fyrirtækjanna byggist á."

Ég tel að það sem ég hef hér lesið úr grg. með frv. til l. um virðisaukaskatt frá síðasta þingi beri vott um að margt af því sem er haldið fram virðisaukaskattinum til ágætis orki tvímælis svo að ekki sé meira sagt og sé beinlínis fram tekið í þessu frv. sem þeir sem þá sátu þing hafa væntanlega kynnt sér en ekki er víst að sé í hugum allra og því hef ég leyft mér að vitna hér til þess, virðulegur forseti.

Það er margt sem ég hef þegar gert athugasemdir við um efni þessa frv. Eitt af því sem gerist með frv. er að felld er úr gildi lögfesting á greiðslum af hluta söluskatts eða viðmiðun um greiðslur af söluskattstekjum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er fellt niður í frv. og á að nægja að því er hermt er, eins og segir í athugasemd við 1. gr. um þetta:

„Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um söluskatt er með sama hætti og gert er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga kveðið á um að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti skuli vera 8%."

Og áfram segir þarna og það er það sem ég vildi benda á að hér kemur fram sem álit þeirra sem mál þetta flytja: „Óþarft er að kveða á um hlutdeild þessa í báðum lögunum og er því lagt til að ákvæði þetta verði fellt út úr söluskattslögum."

Ég er ekki sammála því að það sé ástæðulaust að hafa ákvæði um þetta inni í lögunum um söluskattinn. Ég held að það hefði verið farsælt fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. og þá ráðherra sem líta eiga til með sveitarfélögunum sérstaklega að koma frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaganna, frv. til breytinga á þeim sem sagt er að sé í undirbúningi, inn í þingið í tengslum við umbreytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins. En það hefur ekki gerst. Og það er eins og með fleira í samskiptum ríkis og sveitarfélaga um þessar mundir. Það er lítið verið að hugsa um þeirra hagsmuni á ríkisstjórnarheimilinu. Að fella hér niður ákvæði í væntanlegum lögum um söluskatt um greiðslu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, hlutdeild þeirra í söluskattsinnheimtu, ber einmitt vott um þetta hirðuleysi, svo að ekki sé meira sagt, gagnvart fjárhag sveitarfélaganna í landinu og tengist það vissulega því stjfrv. sem sett var í geymslu fyrir jólin til að reyna að koma öðrum og að mati ríkisstjórnarinnar brýnni frv. í gegnum þingið, þ.e. frv. til. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en að því máli hefur verið staðið með alveg dæmalausum hætti eins og vakin var athygli á í þeirri umræðu sem fram hafði farið um það mál á sínum tíma.

En það er kannski engin tilviljun að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin kýs að minnast ekkert á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í tengslum við söluskattsfrv. Henni er það kannski ekkert ljúft að það sé rifjað upp hvernig núv. og fyrrv. ríkisstjórn, breytingin á henni er nú ekki svo mikil, þessari ríkisstjórn, frá þeirri sem áður sat nema það hafa komið hægri haukar úr Alþfl. til liðs við fyrrv. ríkisstjórn, markaðshyggju- og frjálshyggjumenn af þeim bæ, og þeim er ekkert um það gefið að verið sé að minna á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tekjustofna þeirra í sambandi við þetta frv. En fyrrv. ríkisstjórn skerti framlög til Jöfnunarsjóðs trekk í trekk. 8%-hlutdeildin í söluskattstekjum er aðeins af 20 söluskattsstigum eins og kunnugt er og allt frá árinu 1984 hefur með ákvæði í árlegum lánsfjárlögum verið sett þak á hlutdeild sjóðsins í söluskatts- og tolltekjum þannig að framlagið sem hefur verið bundið við áætlunartölur fjárlaga hefur í reynd orðið verulega skert samkvæmt ákvörðunum sem teknar hafa verið frá ári til árs og það hefur komið þarna viðbótarskerðing á framlagi til Jöfnunarsjóðsins þannig að greiðslur hafa orðið enn lægri en umrædd 8% af þeim 20 söluskattsstigum sem gert var ráð fyrir. Skerðingin á árinu 1984 nam u.þ.b. 100 millj. kr. og einnig 1985, en síðan var aukið við á árinu 1986 og Jöfnunarsjóðurinn skertur um 160 millj. og á árinu 1987 um hvorki meira né minna en 350 millj.

Og hver ætli geti upplýst hér hver skerðingin verður á komandi ári á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga? Ekki skýrist sú mynd mikið ef við gluggum í frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breytta verkaskipan, þar sem verið er að kveða á um hlutdeild Jöfnunarsjóðsins og að hann á að taka á sig svo og svo mikið en allir endar lausir í því máli.

Ég tel, herra forseti, að það hefði verið eðlilegt, ef ríkisstjórnin ætlaði sér að standa með eðlilegum hætti að tekjuöflun sveitarfélaganna og sérstaklega málefnum Jöfnunarsjóðsins, að tengja það þessu frv. en ekki fella það niður eins og hér er gert og talið óþarft að hafa það inni í þessu frv.

Skattheimtan sem hér er á ferðinni nemur hvað matvörurnar snertir sérstaklega hátt í 6 milljarða kr. og heildarálögur sem hæstv. fjmrh. stóð fyrir á síðasta ári, á hálfu ári sem hann og ríkisstjórnin var við völd, sem nú situr, eru um 9000 millj. kr., eða 9 milljarðar í álögur sem þar eru á ferðinni. Hæstv. fjmrh. hefur greint frá því oft að hann telji að þessi breytta skipan og sérstaklega þessi eina söluskattsprósenta skili miklu öruggari tekjum til ríkissjóðs en fyrra kerfi og einhver fækkun á undanþágum, en margar eru þær þó eftir og mættu vera fleiri.

Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi nefnt 2000 millj. í því samhengi sem söluskatturinn ætti að geta gefið til viðbótar vegna traustari innheimtu, vegna einföldunar og skilvirkni í kerfinu sem fylgir þessu frv. En þess sér ekki stað í tekjuáætlunum ríkisins. Þar er ekki gert ráð fyrir þessu. Þar er ekkert slegið af. Hæstv. ráðherra ætlar bara að hafa þessa bættu innheimtu, þessi bættu skattskil eins og aukagetu í sínu búri, sem hreina aukagetu. Kannski hefur ráðherrann þegar allt kemur til alls ekki meiri trú á því sem hann fullyrðir í þessum efnum en svo að hann leggur ekki út í að reikna með einni krónu í rauninni vegna bættra skila söluskatts í ríkissjóð vegna breytts fyrirkomulags. Þetta er atriði sem ég held að menn ættu að hafa í huga þegar þetta mál er rætt, áður en það fer héðan úr hv. deild, og er ein af þeim blekkingum sem hæstv. ríkisstjórn hefur uppi í sambandi við þessar skattbyrðar, skattaálögur sem fylgja söluskattinum sem er að taka á sig mynd heimsmets í sambandi við skattálagningu, það háa hlutfall óbeinna skatta sem hér er á lagt og sú aukna skattbyrði sem hlutfall af landsframleiðslu sem hér er á ferðinni.

En það er einnig verið að slá met. Hér er verið að slá met í sambandi við skatttekjur til ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu því að þær nema samkvæmt áætlunum hæstv. fjmrh. um 25% af landsframleiðslu og hefur ekki hærra hlutfall sést, ekki einu sinni þegar ríkisstjórn, sem vildi gjarnan safna til samneyslunnar á árunum 1980–1983, bjó við óáran í efnahagslífi og efnahagslegan samdrátt og áföll í sambandi við útflutningstekjur. Þá var þetta hlutfall þó lægra en það sem nú sést í góðærinu frá

hæstv. ríkisstjórn.

Við erum komnir inn á nýtt ár og það ár á áreiðanlega eftir að verða þungt fyrir marga, ekki síst lágtekjufólkið í landinu, eins og haldið er á skattamálum af hæstv. ríkisstjórn og eins og haldið er á efnahagsmálunum og boðað er í sambandi við launamálin í þeim kjarasamningum sem fram undan hljóta að vera og sem eru eitt af deiluefnunum á ríkisstjórnarheimilinu, hvernig stjórnvöld skuli standa að málum í sambandi við þá væntanlegu samninga. Það er ekki vafi á að sú breytta tilhögun á innheimtu beinna skatta sem ákveðin hefur verið og lögfest mun verða til íþyngingar fyrir skattgreiðendur á þessu ári. Þar er gert ráð fyrir álagningarprósentu sem mun í reynd þyngja beina skattheimtu fyrir utan það að nú þarf að greiða skattana fyrr en ella var þannig að þetta mun þyngja skattbyrðarnar af þeirri ástæðu einni saman. Áætlað hefur verið að skattbyrði beinna skatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs geti þyngst um nærri fjórðung milli áranna 1987 og 1988.

Sveitarfélögin þurfa sitt. Þeim hefur verið gefið vilyrði um að hækka raunálög útsvara, raungildi útsvara á árinu 1988. Ekki eru þau ofhaldin, ekki síst þegar tekið er nú tillit til þess hvaða meðferð þau fá af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við málefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Og ekki munu fasteignaskattarnir léttast. Það liggur fyrir fasteignamat á íbúðum sem hækkar verulega á milli áranna 1987 og 1988, hækkar stórlega, um líklega nærri 100 milljörðum kr. matið sjálft og um 50 milljarða umfram hækkun byggingarvísitölu. Nú veit ég ekki af hverju sveitarfélögin munu taka mið í sambandi við fasteignagjöld á þessu ári, ég vil ekkert um það fullyrða, en ef þetta yrði grunnurinn, sem reiknað yrði með, blasir við að fasteignagjöld muni hækka að raunvirði frá því sem verið hefur.

Það má minna á ákvæðin um vaxtafrádrátt í sambandi við húsnæðismálin, en þeir sem njóta vaxtaafsláttar frá sköttum vegna húsnæðisskulda fara ekki að njóta slíks afsláttar fyrr en þá síðari hluta ársins 1988, þessa árs, þannig að þar er einnig á ferðinni íþyngjandi þáttur. Ég held þannig, virðulegur forseti, að það blasi við að þær álögur, sem ríkisstjórnin stendur hér fyrir, og skattlagning, sem ríkisstjórnin stendur hér fyrir gagnvart launafólki sérstaklega og þeim sem skila sínum framtölum og hljóta að gera það með eðlilegum hætti, séu veruleg íþyngjing.

Og hvaða áhrif skyldi þetta hafa á kaupmáttinn í landinu sem hefur farið hríðlækkandi á undanförnum mánuðum, lækkað frá haustmánuðum fram undir árslokin um a.m.k. 10% og stefnir bratt og hratt niður á við eins og fram kemur m.a. í Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar yfir 2. ársfjórðung 1987? Þar blasir við þróunin, dregin upp í línurit á bls. 41, yfir kaupmátt lágmarkslauna verkafólks. Þar hafa menn fyrir sér hvernig þessi kaupmáttur þó rétti við eftir samningana í febrúar 1986 og reis allverulega frá þeirri djúpu lægð sem hann hafði verið í, en síðan kemur fram þegar kemur fram um áramótin 1987 hvernig kaupmáttur lágmarkslauna verkafólks tekur að hrapa. Það væri hægt að framlengja þá línu sem hér má sjá á bls. 41 í þessu fréttabréfi, ekki lóðrétt niður en mjög bratt, fallandi þróun í sambandi við kaupmátt lágmarkslauna verkafólks.

Og hvað skyldi ríkisstjórnin svo áforma einmitt varðandi hlutdeild þessa hóps? Ætli þar sé reynt að stuðla að því að fyrr en seinna fái þetta láglaunafólk leiðréttingu sinna mála? Ætli það sé það sem verið er að tala um á stjórnarheimilinu núna ef þeir eru þá farnir að bera sig saman eftir áramótagleðina, hæstv. ráðherrar, ef þeir eru þá farnir að stinga eitthvað saman nefjum um þær efnahagsráðstafanir sem allir viðurkenna að standi til að ráðast í og allir sjá að ríkisstjórnin verður að ráðast í til að reyna að kveða niður eitthvað af þeim draugum sem hún hefur upp vakið og magnað stig af stigi með ákvörðunum sínum að undanförnu, síðast með samþykkt sérstaks launaskatts á þann atvinnurekstur í landinu sem erfiðast á uppdráttar, fiskvinnsluna og iðnaðinn?

Hæstv. fjmrh. er enn að fara í símann, virðulegur forseti. Ég hinkra, virðulegur forseti, þangað til hann hefur lokið sínu spjalli símleiðis, virðulegur ráðherra. (**Forseti:** Ég vona að það verði stutt, símtalið, að venju. Ég heyrði að hæstv. fjmrh. óskaði gleðilegs árs og við skulum vona að símtalið verði ekki langt.) Virðulegur forseti. Þetta er greinilega mjög áríðandi símtal vegna þess sem felst í þessu. Ég viðurkenni að það veitir sjálfsagt ekkert af að hæstv. ráðherra reyni að hressa upp á landslýðinn, svo að notað sé alþýðlegt orðfæri, með heillaóskum. Oft er þörf en nú er nauðsyn þó óskirnar dugi skammt þegar til skattheimtunnar dregur.

Af því að hæstv. félmrh. lætur svo lítið að hlusta á umræður ætla ég aðeins að víkja að einum þætti mála, virðulegur forseti, til að reyna að greiða fyrir þinghaldinu, nefna eitt atriði sem snertir hæstv. félmrh. sérstaklega og varðar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. nýverið í sambandi við væntanlegar efnahagsaðgerðir. Hæstv. ráðherra segir í viðtali við Morgunblaðið þann 20. des. sl., með leyfi forseta, orðrétt haft eftir Morgunblaðinu:

„Einnig kæmi til greina að hætta að binda ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í byggingarlánasjóðum ríkisins og ef það fé færi án skuldbindinga á fjármagnsmarkaðinn mundi framboð á lánsfé aukast og vextir minnka."

Þetta er eitt af þeim tíðindum sem hæstv. fjmrh. er að boða og ég inni hæstv. félmrh. eftir því hvort það sé klappað og klárt í þingflokki Alþfl. og meðal ráðherra hans að hætta að leita eftir kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Hæstv. ráðherra ber nú fyrir brjósti, að ég hygg, að eitthvað hækki frekar í þeim potti en lækki og hélt ég að óvissan væri nóg samt þó að hugmyndir af þessu tagi, sem hæstv. fjmrh. og formaður Alþfl. viðrar í víðlesnu dagblaði, bætist ekki ofan á þá óvissu sem

er um fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins og skuldabréfakaupin og samninga við lífeyrissjóðina. Það væri út af fyrir sig æskilegt við hentugleika að fá um það upplýsingar frá hæstv. félmrh. hvernig þau mál hafa þróast eftir að frv. um breytingu á húsnæðisstjórnarlögunum gekk fram og var lögfest fyrir jólin. En það var einmitt hald hæstv. ráðherra að sú lögfesting mundi flýta mjög fyrir samningum við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup sem formaður Alþfl. er nánast að vísa frá eða a.m.k. láta að því liggja að komi til greina alger kerfisbreyting að þessu leyti og hætta að binda ráðstöfunarfé sjóðanna með þessum hætti í byggingarsjóðum ríkisins.

Virðulegur forseti. Hillir undir hæstv. fjmrh.? (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til að koma orðum til hans.) Já, virðulegur forseti. Það gleður mig að sjá varaformann Verkamannasambandsins í dyrunum. Því miður á sá hv. þm. ekki sæti í deildinni, en ég býst við að hann deili áhyggjum með okkur í sambandi við það sem ég hef rætt hér, enda tek ég eftir að hann hlýðir á mál mitt í sambandi við þróun kaupmáttar og stöðu láglaunafólksins sérstaklega í tengslum við þær álögur sem hér er verið að knýja fram í sambandi við skattamál og ýmsar aðrar fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar ef marka má eitthvað af þeim yfirlýsingum, að vísu mjög misvísandi, sem gengið hafa fram af munni hæstv. ráðherra á undanförnum vikum. (**Forseti:** Ég sé að ráðherra situr rétt fyrir innan dyrnar, en ég sé ekki hvort hann er enn þá að tala í símann.) (**Gripið fram í:** Jú, hann er á tali.) Hæstv. ráðherra er á þræði. Hann hangir á þræði, bláþræði kannski, en alla vega er það þráður. Það er uppruni orðsins sími eins og hæstv. forseti veit, málfróður maður. Orðið sími mun dregið af forna heitinu síma, sem er hvorugkynsorð og var notað um þráð, og þá hef ég náð þræði aftur við hæstv. fjmrh. sem gengur í sal að símtali loknu.

Hæstv. ráðherra. Ég var að ræða um áhrif þeirra álagna sem ríkisstjórnin stendur fyrir, auknu skattaálagna á kjör fólks í landinu og sérstaklega þess fólks sem minnst ber úr býtum í samfélaginu og hefur mátt búa við vaxandi skerðingu á kaupmætti sínum allt sl. ár og alveg sérstaklega frá sl. hausti og enn á að bæta um betur með söluskatti á nauðþurftir eins og hér er ráðgert. Og þannig er búið um hnútana varðandi þessa álagningu, t.d. á matvöruna, að það er alveg ljóst að þar eiga eftir að koma fram hækkanir og viðurkennt af hæstv. ráðherra, svo að ég segi ekki boðað af hæstv. ráðherra, að slíkar hækkanir komi fram samfara hækkunum á búvörum vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir fjármagni til að auka niðurgreiðslur á vörunum þegar til hækkana kemur, lögbundinna hækkana sumpart, á búvörum. Við erum með í fjárlögum þessa árs, sem samþykkt hafa verið, 1250 millj. kr. sem sagt er að verja eigi til niðurgreiðslna. Væri réttara að tala um endurgreiðslu á þessum 25% söluskatti sem verið er að leggja á þessar vörur. Hæstv. ráðherra hefur að vísu ekki svo ég hafi tekið eftir hér á þinginu en alla vega utan þings í fjölmiðlum, sem oft ræða við virðulegan hæstv. ráðherra, boðað að við þetta fargan verði hann nú brátt laus, undan fargani niðurgreiðslnanna á nauðsynjarnar, og undanþágugötunum verði lokað með virðisaukaskattinum að ári. Og þá blasir það við hvernig þróunin verður í sambandi við þær íþyngjandi álögur sem hér er verið að leggja á. Það verður ekki léttir. Þær léttast ekki eftir því sem árið líður. Þær eiga eftir að þyngjast. Hvað þá þegar kemur að virðisaukaskattinum ef hæstv. fjmrh. má ráða?

Ríkisstjórnin settist á stóla 8. júlí sl., en hæstv. forsrh., sem hreppti forsætisráðherrasætið í þessari ríkisstjórn, hefur reiknað það út að síðan séu liðnir sjö mánuðir og las ég það í áramótagrein eftir hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin sem settist á stóla 8. júlí sl. sé um það bil að fara að halda upp á sjö mánaða afmæli sitt. Það hefur verið bætt við einum mánuði í almanaki ríkisstjórnarinnar eins og tíðkað mun í bönkum og fleiri stofnunum, menn taka 13. mánuðinn. Þannig hefur þetta orðið hjá hæstv. forsrh. Hann er mánuði á undan í tilhaldinu í afmælishaldi hæstv. ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Hann er á undan sinni samtíð.) En það er nú kannski ekki mikið áhyggjuefni, ekki hliðstætt því sem við erum að ræða hér um söluskatt. En skömmu eftir að þessi ríkisstjórn settist á stóla 8. júlí, gott ef ekki daginn eftir eða samdægurs, voru boðaðar aðgerðir í fjármálum og peningamálum í þessu gráa kveri, stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun, sem væri nú ástæða til að forsrh. læsi upp fyrir þingheim við þénanlega hentugleika, t.d. í tengslum við sjö mánaða afmælið sem hann ætlar að halda upp á 8. jan. Það segir í kafla um aðgerðir í fjármálum og peningamálum m.a., virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að grípa til aðgerða í fjármálum og peningamálum til að hamla gegn verðbólgu og jafnvægisleysi, treysta gengi krónunnar og eyða þeirri óvissu, sem ríkt hefur í efnahagsmálum að undanförnu."

Nú þegar nálgast sjö mánaða afmælið að tímatali hæstv. forsrh. blasir ekki við að þær aðgerðir sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir til þessa á hálfs árs ferli skili þeim markmiðum sem dregin voru upp í fyrstu aðgerðum sem kynntar voru við fæðingu þessarar dæmalausu ríkisstjórnar. Það væri betur að margt í hennar áætlunum næði ekki fram að ganga, en áhyggjur hljótum við að hafa í stjórnarandstöðu yfir því sem við blasir í sambandi við efnahagsmál í landinu, stöðu atvinnulífsins, efnahag heimilanna og kaupmátt fjöldans.

Það má margt telja því til kosta að Alþingi skuli nú sitja að störfum í byrjun janúarmánaðar. Hér gefst okkur væntanlega tími til með eðlilegum hætti, án þess að vera að þreyja hér nóttina á fundum, og ég nota þetta í samhenginu að þreyja þorrann og góuna eins og menn þekkja, við sæmilega eðlilegar aðstæður til að ræða þau mál sem ríkisstjórnin enn hefur áhuga á að knýja í gegnum þingið og jafnframt að ræða við hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra um

væntanlegar efnahagsaðgerðir sem þeir hafa boðað að grípa þyrfti til nú á komandi dögum og það mætti ekki dragast mjög lengi að til þeirra væri gripið. Það er ágætt að þingið verði í kallfæri við hæstv. ríkisstjórn þegar að því kemur að ekki aðeins að hræra í pottinum heldur sýna þjóðinni bræðinginn, það sem upp úr honum á að koma í sambandi við efnahagsaðgerðir, þannig að við stjórnarandstæðingar eigum þess kost að varpa ljósi á það sem þar verður á ferðinni þegar þar að kemur. Ég er fyrir fram ekki bjartsýnn á það fyrir hönd lágtekjuhópanna í samfélaginu, fyrir hönd landsbyggðarinnar, fyrir hönd þeirra sem standa höllum fæti í okkar samfélagi og það frv. sem við erum hér að ræða, frv. um söluskatt, er einmitt einn spölurinn á þeirri braut sem ríkisstjórnin hefur dyggilegað fetað í ójöfnuði gagnvart landsmönnum því þetta er ójafnaðarstjórn undir forsæti Sjálfstfl. en með hæstv. fjmrh., formann Alþfl., sem stundum vill kalla sig jafnaðarflokk, fremstan í flokki þess ójafnaðar sem hér er reynt að lögfesta og nú síðast með því að knýja fram lög um matarskattana hér á Alþingi með næturfundum og óvenjulegu þinghaldi. Svo mikið er hæstv. fjmrh., formanni Alþfl., í mun að ná fram þessum áfanga í sköpunarverki sínu sem er annar áfangi samkvæmt hans áætlunum því hinn þriðji er þegar í sjónmáli, virðisaukaskattur upp á 22 stig að ári.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við höfum nú fengið örfáa daga til þess að gaumgæfa það mál sem hér er til 3. umr. og væri óskandi að hæstv. ráðherra og samráðherrar hans og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hér á þinginu hefðu notað þann tíma vel og gert sér grein fyrir afleiðingunum ef þetta frv. verður samþykkt óbreytt. Afleiðingarnar verða ekki aðeins stórfelldar álögur á heimilin og þá fyrst og fremst á lágtekjuheimilin, heldur er með frv. verið að blása í glæður verðbólgubálsins og storka samtökum launafólks.

Hæstv. ráðherrar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hljóta að hafa tekið eftir viðbrögðum fulltrúa launafólks og það væri ákaflega heimskulegt að láta þau sem vind um eyru þjóta. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar létu kalla ýmsa aðila á fund fjh.- og viðskn. Nd. til viðræðna um þetta mál og önnur því tengd sem eru reyndar þegar orðin að lögum, forustumenn stærstu samtaka launafólks í landinu, Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sömuleiðis fulltrúa Neytendasamtakanna og Manneldisfélags Íslands. Það hefði vitanlega verið æskilegt að fá miklu fleiri fulltrúa neytenda og þolenda, svo sem hinna ýmsu félaga húsmæðra, náttúrulækningafélaga, Kvenfélagasambandsins o.fl. o.fl., barnaverndarráðs, svo að eitthvað sé nefnt, svo og margra stéttarfélaga úr lægstu tekjuhópunum. Til þess gafst ekki tími enda Kleppur–hraðferð sú eina leið sem þetta frv. hefur fengið í gegnum þingið.

Viðhorf þessara aðila, sem við þó fengum að ræða við skamma stund, eru öll á einn veg. Með hinum illræmda matarskatti er verið að veikja stöðu þeirra sem ævinlega fá minnstu bitana af nægtaborði þjóðfélagsins. Það er verið að þyngja byrðar þeirra sem eyða mestum hluta tekna sinna í nauðþurftir og, það sem hæstv. ráðherrar ættu þó að skilja og hafa áhyggjur af, þessar aðgerðir auka þungann í kröfugerð í komandi samningum. Það kom svo auðvitað í ljós, sem bersýnilegt var reyndar fyrir, að engir fulltrúar neytenda eða þolenda komu nærri þegar lögð voru á ráðin um þessa breikkun söluskattsstofnsins sem um ræðir í þessu frv.

Það er vissulega athyglisvert að lesa frásögn Morgunblaðsins af þeirri atburðarás allri eins og hún birtist í blaðinu 10. desember sl. undir fyrirsögnini „Erfið fæðing en efnilegt barn.“ Í þessa frásögn hefur nú verið rækilega vitnað fyrr í þessum umræðum og þeirri frásögn hefur ekki verið mótmælt, mér vitanlega, en þar kemur fram hverjir eru hugmyndasmiðir og guðfeður hins þríhöfða þurs sem við höfum verið að kljást við þessar vikurnar.

Þar kemur það m.a. fram að upphaflega mun hæstv. fjmrh. hafa ætlað sér að lækka söluskattsprósentuna niður í 22% og hefur þá væntanlega talið það í samræmi við margendurteknar nokkuð stórkarlalegar yfirlýsingar um nauðsyn þess að stórlækka söluskattsprósentuna um leið og stofninn yrði breikkaður. Nú verður það að játast að engan sótti ég af hinum 100 fundum hæstv. ráðherra fyrir tveimur árum þegar hann fór um landið sem nýorðinn formaður Alþfl. og spurði hver ætti þetta land og ég hef heldur ekki stundað grúsk í Alþingistíðindum, en mér er til efs að hann hafi nokkurn tíma gefið nokkrum áheyrenda sinna í þann tíma ástæðu til að ætla það að boðuð stórlækkun söluskattsprósentu þýddi lækkun hennar úr 25 í 22%, hvað þá að hún mundi nú standa í stað þegar allt kæmi til alls, og hvað þá að nokkrum dytti í hug að svo mundi fara fyrir hinum orðsnjalla og vopnfima formanni jafnaðarmanna vinstra megin við miðju, formanni Alþýðuflokksins, sem sýnist nú sækja fróðleik í Vikuna ef ég sé rétt — hann er sennilega að lesa völvuspána og tekur kannski meira mark á henni en orðum ýmissa annarra — þegar hann yrði hæstv. ráðherra að hann mundi sitja í þingsölum og lesa völvuspá vikunnar eftir að hafa knékropið fyrir fulltrúum Félags ísl. iðnrekenda, Verslunarráðsins og Félags ísl. stórkaupmanna og hlýða hverri bendingu þeirra en láta undir höfuð leggjast að ráðfæra sig við fulltrúa launafólks í landinu. En heimur versnandi fer og allt er nú þetta komið á daginn.

Það er vafalaust borin von að hæstv. ráðherra hafi séð tíma til þess frá önnum áramótanna að ræða við fulltrúa launafólks og gaumgæfa þær afleiðingar sem allt þetta ráðabrugg hefur á afkomu fólks og þróun launa og efnahagsmála almennt. Það verður a.m.k. ekki séð né heyrt af yfirlýsingum embættismanna í ráðuneyti hans sem hafa tíundað það í fjölmiðlum hvaða áhrif þessi frestun málsins hefði og síðan er haft eftir einum þeirra í Morgunblaðinu í gær að ráðuneytið mundi hafa skjótar hendur, eins og það er orðað, við að hrinda breytingum á söluskatti í

framkvæmd þegar Alþingi væri búið að samþykkja breytingarnar. Hér er ekkert ef heldur bara þegar. Hann reiknar sem sagt ekki með að neinar hugarfarsbreytingar hafi orðið á stjórnarheimilinu í áramótafagnaðinum og veit eflaust betur um alla heimilishætti þar en við sem leyfðum okkur þó að vona að menn sæju að sér. Það virðist sem sagt engu líkara en að menn hafi litið á frestun þessarar umræðu fram yfir áramót nánast sem formsatriði og hafi aldrei ætlað sér að nota þennan tíma til umþóttunar af einu eða neinu tagi.

Ekki gefur heldur ástæðu til bjartsýni viðtal sem hæstv. fjmrh. lætur hafa við sig í Alþýðublaðinu á síðasta degi ársins. Það viðtal lýsir því miður ekki samstarfsvilja né vilja til aukins skilnings. Þar talar hæstv. ráðherra um að þyrlað hafi verið upp gríðarlegu moldviðri sem ætlað sé að vekja ugg meðal almennings vegna þessara breytinga. Þetta er nú billega að orði komist, hæstv. ráðherra. Uggurinn meðal almennings er tilkominn vegna gerða ríkisstjórnarinnar þótt stjórnarandstaðan sé í því hlutverki að vekja rækilega athygli á afleiðingum þeirra gerða. Það má þá kannski spyrja hvort ýmsir þeir sem látið hafa ugg sinn uppi vegna þessa máls séu að þyrla upp moldviðri, hvort forseti Alþýðusambands Íslands, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, formaður Neytendasamtakanna og formaður Manneldisfélags Íslands séu að þyrla upp moldviðri. Eru það að dómi hæstv. ráðherra sjálfsagðar einkunnir til þeirra sem dirfast að hafa aðra skoðun á málinu en hann sjálfur?

Ýmislegt annað væri ástæða til þess að ræða af því sem fram kemur í þessu viðtali, svo sem fullyrðingar hæstv. ráðherra um nauðsyn þess að tolla grænmeti. Þar held ég að hæstv. ráðherra tali um hug sér. Hann veit það ósköp vel að innlend grænmetisframleiðsla nýtur þeirrar verndar, að innflutningur sambærilegs grænmetis er bannaður eða það er sem sagt heimild til þess að banna hann þegar uppskeran er næg innan lands og það ætti að vera næg verndun auk þess sem sjálfsagt væri að stuðla frekar að góðum hag grænmetisframleiðslu og ræktunar hér innan lands með því að undanþiggja fjárfestingarvörur til hennar söluskatti eins og Kvennalistakonur leggja til.

Þá hrærir hæstv. ráðherra í þessu viðtali öllum frumvörpum sínum í einn pott og fær út núll í framfærsluvísitölu sem er út af fyrir sig reikningslega rétt en, eins og margsinnis hefur verið bent á, alls ekki sama útkoma fyrir hvern og einn þar sem vægi matvöru í framfærslukostnaði er afar mismunandi. Það er málið eða kjarni málsins eins og hæstv. ráðherra er tamt að segja og segir reyndar aftur og aftur í þessu viðtali.

Svo kvartar hæstv. ráðherra yfir því að stjórnarandstaðan haldi lítt á lofti hliðarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar með hækkun barnabóta og lífeyris, en það er nú svo, hæstv. ráðherra, að þar vorum við sammála og þar af leiðandi reyndist ekki nauðsynlegt að hafa þar um mikið mál. Við studdum að sjálfsögðu þessar ráðstafanir og að þessar greiðslur væru hækkaðar og greiddum þeim atkvæði, en ég sé ekki hvernig hægt er að búast við því að við eyðum miklu af dýrmætum tíma þingsins í að geta þeirra ráðstafana í hvert sinn sem hugsanlega mætti svo gera í samhengi málsins. Reyndar gæti ég alveg hugsað mér að lofa og prísa þessar aðgerðir á hverjum einasta degi ef hæstv. ríkisstjórn vildi hafa barnabætur sómasamlegar og greiða þær samhliða því að sleppa matarskattinum. Þá skal ég lofa þær á hverjum degi og hafa um það langt og mikið mál.

Hins vegar er svo athugunarvert hvernig hæstv. ráðherra lýsir áhrifum þessara bóta í tilvitnuðu viðtali og gerir auðvitað veg þessara bóta sem mestan, miðar upphæðir við ársfjórðung og tvö börn þar sem annað á að vera undir 7 ára aldri. Þannig fæst sæmileg upphæð á prenti sem kannski dugir fyrir gallabuxum og skóm á þessi blessuð börn en séu þær bútaðar niður á hvert barn og miðaðar við mánuð verður niðurstöðutalan vitanlega heldur rýrari.

Eitt vekur sérstaka athygli í þessu viðtali og það er fullyrðing hæstv. ráðherra um það að barnabætur verði greiddar út ársfjórðungslega og í fyrsta skipti nú í janúar. Á þetta mun verða minnt og segi ég það ekki að ástæðulausu vegna þess að við umfjöllun um tekjuskattsbreytingarnar í fjh.- og viðskn. kom fram sú skoðun embættismanna það gæti orðið erfitt og þeir vildu helst ekki kveða svo fast að orði að það yrði hægt að greiða þessar bætur í upphafi ársfjórðungsins. En sannarlega er gott ef hæstv. ráðherra ætlar að sjá til þess að svo verði því það má ekki minna vera.

Það væri ástæða til að taka ýmislegt fleira fyrir í þessu viðtali og svara því, en því miður er augljóst að hæstv. ráðherra er forhertur í afstöðu sinni og lýkur þessu viðtali með hástemmdum yfirlýsingum um réttlátara skattakerfi, bætt skattskil og stuðning við fyrirtæki. Og andóf stjórnarandstöðunnar hér á þinginu er afgreitt sem sleggjudómar sem engu muni breyta um dóm sögunnar. Hæstv. fjmrh. gefur sig hins vegar út fyrir að vera kjarkmaður sem óttist hvorki skattkerfisbreytingar né dóm sögunnar.

Við þær aðstæður sem ríkt hafa undanfarnar vikur hér í þinginu fer ekki hjá því að maður velti fyrir sér, herra forseti, kostum og göllum þeirra vinnureglna sem hér eru viðhafðar og gallarnir hafa óneitanlega verið meira áberandi. Margir utan þessa vinnustaðar hafa átt bágt með að skilja þessa starfshætti, enda myndin ófögur sem þeim er gefin í fjölmiðlum. Þar ganga fullyrðingar um málþóf og hvers konar ólíkindalæti og skilningur æðimargra sem utan við standa er sá að stjórnarandstæðingar séu svona að mestu leyti aðeins að stríða stjórnarliðum og reyna að koma illu af stað á stjórnarheimilinu. Málefnin komast heldur lítið að í slíkri umfjöllun. Þetta er að mínum dómi afar slæmt og veldur mér áhyggjum.

Orsakanna fyrir því ástandi sem ríkt hefur hér á Alþingi síðustu vikurnar er að leita hjá ríkisstjórninni og í þeim vinnubrögðum sem stuðningsmenn

hennar leyfa sér að viðhafa til að keyra í gegn stórmál eins og það sem hér er til 3. umr. án þess að taka tillit til nokkurra ábendinga frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar.

Í hverju málinu á fætur öðru höfum við fulltrúar stjórnarandstöðu reynt að gera okkar besta við erfiðar aðstæður. Við höfum lagt mikla vinnu í að skoða frumvörp ríkisstjórnarinnar og sýnt þann samstarfsvilja sem við höfum getað. Við höfum ekki aðeins kynnt okkar eigin stefnu í þeim málum sem um hefur verið að ræða og þær ýtrustu breytingar sem við hefðum viljað gera, heldur höfum við reynt að ná samvinnu við stjórnarliða um að sníða verstu agnúana af þessum málum áður en þau verða að lögum.

Niðurstaðan er hins vegar sú að stjórnarfrv. virðast nánast heilagar kýr sem enginn megi snerta. Eflaust hefur sundurþykkjan á stjórnarheimilinu sitt að segja og sá hreinsunareldur sem stjórnarfrv. þurfa að ganga í gegnum áður en þau eru lögð fram sem slík. Nægir þar að vitna til þeirrar frásagnar í Morgunblaðinu sem ég minntist á áðan. Ég tel það hins vegar stóralvarlegt mál og atlögu að lýðræðinu þegar stuðningsmenn stjórnarinnar neita að hlusta á rök stjórnarandstöðu hvernig sem þau eru fram sett. Jafnvel þótt þeir fallist á rökin virðist óhugsandi að breyta í samræmi við þau aðeins vegna þess að tilskipun vantar úr ráðuneyti. Sem dæmi um þvílík vinnubrögð get ég nefnt baráttu okkar kvennalistakvenna fyrir því að tekið væri tillit til hollustu- og manneldissjónarmiða við álagningu tolla og vörugjalds, tollar felldir niður á grænmeti en meira lagt á sykur og sætindi. Undir þetta sjónarmið tóku margir og m.a. hv. formaður fjh.- og viðskn. sem komst m.a. svo að orði að sykur væri óeðlilega ódýr. Þrátt fyrir þetta gátu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ekki fallist á brtt. Kvennalistans og niðurstaðan hlýtur að vera sú að ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar er ekki sama hvaðan gott kemur. Og óneitanlega ... (**Forseti:** Ég vil inna ræðumann eftir því hvort hann geti lokið ræðu sinni. Ef hann getur það á örskammri stund mun ég halda áfram, en hins vegar ef svo er ekki bið ég hann að fresta ræðu sinni fram yfir kl. fimm.) Ég á ekki fjarska mikið eftir, forseti, en ég kýs heldur að ljúka því eftir fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun þá halda áfram máli mínu. Ég vænti að hæstv. fjmrh. sé einhvers staðar hér nálægur svo að hann megi vera viðstaddur umræðuna. Hæstv. fjmrh., er hann ekki hér? Ég kann betur við að hafa hann hérna nálægt mér. — Ég skal ekki tefja tímann. Ég reikna með að hæstv. ráðherra gangi fljótlega í salinn, og er kannski nóg komið af þögnum í þessum ræðustól svo að ég ætla að halda áfram þar sem frá var horfið.

Ég leyfði mér áður en fundi var frestað fyrir þingflokksfundi að fara örfáum orðum um vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu mála og lét þar enn einu sinni í ljós óánægju með þau vinnubrögð. Það virðist svo sem stjórnarandstaðan geti ekki fengið á sig hlustað þótt hún vilji taka málin fyrir með eðlilegum hætti og gagnrýna það sem henni þykir miður hafa farið án þess að hún sé að reyna í nokkru að hindra eðlilega umfjöllun mála hér. Ríkisstjórnin ber saman samstöðu í stjórnarflokkunum með illu eða góðu um hin ýmsu mál og svo er eins og sé lokað augum og eyrum við hvers konar umbótatilraunum af hálfu þm. og jafnvel komið fram við þm. stjórnarandstöðunnar af fullkomnu virðingarleysi, hlustað með ólund eða hlustað ekki þegar þm. stjórnarandstöðu vilja ná eyrum hæstv. ráðherra og jafnvel lesið á áberandi hátt úr ljóðabókum eða Vikunni, því ágæta blaði, þótt talað sé til þeirra af fyllstu kurteisi. E.t.v. er kominn til þess tími, herra forseti, að þingheimur reyni að móta sér skikkanlegri vinnubrögð sem líklegri eru til árangurs.

Ég vænti að ég teljist ekki hafa farið út fyrir efni þessa fundar þótt ég eyddi nokkrum orðum að vinnubrögðum sem svo mjög hafa komið við sögu í þessu máli, ekki síst. Það er hins vegar hinn margumræddi söluskattur sem er til 3. umr. og ég ræddi reyndar það mál mjög ítarlega við 1. umr. og bætti við í annarri, en enn er nokkuð ósagt.

Á þeim örskamma tíma, þeim örfáu fundum, raunar aðeins tveimur, sem fjh.- og viðskn. hafði málið til umfjöllunar, komu reyndar nokkrir á nefndarfundi og urðu orð þeirra þar ekki til þess að breyta skoðun minni á því sem ég tel eitt hið versta sem hæstv. ríkisstjórn gat hugsanlega dembt yfir landsmenn.

Látið hefur verið að því liggja að hér sé um afar mikla og nauðsynlega kerfisbreytingu að ræða sem skipta muni sköpum um alla innheimtu og eftirlit. Skoðun í nefnd hefur staðfest það sem virtist við fyrstu sýn að svo er alls ekki. Kerfisbreytingin er í rauninni léttvæg. Hér er fyrst og fremst og nánast eingöngu um það að ræða að söluskattsstofninn er breikkaður, 25% söluskattur lagður á matvæli. Það er í raun og veru öll breytingin. Það hefur einnig verið staðfest að allar fullyrðingar um það að lagabreytingar af þessu tagi mundu auðvelda eftirlit og skil eru mjög orðum auknar.

Ríkisskattstjóri staðfesti það á fundi í fjh.- og viðskn. að vandinn varðandi söluskattsskil lægi aðeins að litlu leyti á sviði vöruverslunar og matvöruverslunin væri aðeins brot af þessum vanda. Undanskot eru miklu víðtækari á öðrum sviðum. Þau eru fyrst og fremst í þjónustu hvers konar, byggingariðnaði, bílskúrsstarfsemi af ýmsu tagi og fleira því um líkt. Á því er ekki tekið nokkurn skapaðan hlut í frv. sem hér er til afgreiðslu og það er mín skoðun að fólk hafi verið blekkt að þessu leyti. Því hefur verið haldið á lofti að hér væri um meiri háttar kerfisbreytingu að ræða sem hefði í för með sér stórbætt söluskattsskil og vissulega má til sanns vegar færa að skattur á matvæli mun að líkindum skila sér ákaflega vel því að með því er verið að skattleggja það sem enginn getur verið án. Að öðru leyti er ekki um auðveldari innheimtu að ræða. Það er algjör blekking, hæstv. ráðherra.

Í annan stað er því haldið stíft að fólki að þetta sé nauðsynlegt skref í átt að virðisaukaskatti sem taka eigi upp á næsta ári og muni verða heil 22%. Það fær heldur ekki staðist. Þetta skref er alls ekki nauðsynlegt þess vegna. Hér er, eins og áður sagði, aðeins um það að ræða að leggja þessa gífurlega háu skatta á matvæli og það eru mörg fordæmi fyrir því að undanþiggja eitt og annað í virðisaukaskatti, m.a. matvæli, kannski fyrst og fremst matvæli. Sums staðar eru raunar matvæli skattlögð en þá töluvert lægra en annað sem skattlagt er og meira að segja frú Margaret Thatcher, járnfrúin, sem nýtur aðdáunar margra, sérstaklega karla, fyrir hörku sína, dugnað og ósveigjanleika, hefur ekki ráðist á þann garðinn að skattleggja matvæli. Allra furðulegust er kannski sú fullyrðing að þessi ráðstöfun verði til lækkunar verðbólgu. Reyndar hefur borið minna á þeirri fullyrðingu í seinni tíð. E.t.v. hefur náð til eyrna hæstv. ráðherra eitthvað af því sem fulltrúar launafólks hafa haft um þessa skattlagningu að segja en það er raunar sama, herra forseti, hvernig við veltum þessu máli fyrir okkur fram og aftur. Það er með öllu óskiljanlegt hvernig viti bornum mönnum dettur til hugar að fremja þessa óhæfu.

Herra forseti. Til þess að greiða fyrir þingstörfum og tryggja að hv. þm. gætu notið áramótanna með fjölskyldum sínum stilltum við, mörg okkar, máli okkar í hóf við 2. umr. þessa máls og þess vegna einnig drógum við til baka, kvennalistakonur og allir fulltrúar stjórnarandstöðu, brtt. okkar sem við höfðum borið fram við 2. umr. en flytjum þær nú aftur við 3. umr. Þær er að finna hér á þskj. 465 og þarfnast ekki mikilla skýringa. Fyrri brtt., þ.e. a-liður hennar, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki viðauka I í tollalögum (tollskrá) og ætlaðar eru til manneldis. [Hér er um undanþágur að ræða.] Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem í er áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat."

Þetta þýðir einfaldlega að matvörur verða undanþegnar söluskatti og þarf engum að koma á óvart. Þessi brtt. er svo orðuð að hún er samhljóða reglugerðarákvæði í núgildandi lögum sem undanþiggja matvörur söluskatti. Ég vona einlæglega að þingheimur beri gæfu til þess að samþykkja þessa tillögu og koma þannig í veg fyrir óbætanlegt óhæfuverk.

B-liður fyrri tillögunnar á þskj. 465 varðar svo undanþágu fyrir aðgangseyri að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum. Þarna er heilsuræktarstöðvum bætt inn í þessa upptalningu og það teljum við flm., sem eru allar þingkonur Kvennalistans í Nd., æskilegt með tilliti til heilsufarssjónarmiða og óeðlilegt að þessi heilsuræktarstarfsemi sé skattlögð þegar önnur slík er blessunarlega undanþegin.

Önnur brtt. á þingskjalinu lýtur að garðyrkju, þ.e. að fjárfestingarvörur til garðyrkju verði undanþegnar söluskatti. Er það ætlun okkar að ekki veiti af því og er jafnframt reyndar tengd þeirri skoðun okkar að innflutt grænmeti eigi að vera tollfrjálst en því miður vildu stjórnarþingmenn ekki fallast á þá tillögu okkar við afgreiðslu tollafrv. og þykir okkur það mjög miður. Slíkt má vitanlega alltaf taka upp aftur og reyna að fá fært til betri vegar, enda sé ég ekki annað en að öll rök hnígi að því að haga málum svo.

Herra forseti, ég hef skýrt þessar brtt. og afstöðu okkar til þessa frv. og ætla a.m.k. að sinni að geyma mér frekari umfjöllun um það.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem er á dagskrá er eitt af þremur meginmálum sem fjallað hefur verið um seinustu dægur liðins árs og á þessum fundi, þeim fyrsta á nýbyrjuðu ári. Það er út af fyrir sig ekki furða þó að einn hv. þm., sem talaði næst á undan mér, hafi nefnt þessa þrenningu þríhöfða þurs. Þar í felst náttúrlega ákveðið viðhorf sem bærilega hefur komið fram í máli þeirra fulltrúa stjórnarandstöðu sem hér hafa talað við umræðurnar allar.

Ég býst við að leitun sé á þjóðþingi þar sem svo viðamiklar breytingar sem hér er um að ræða eru undirbúnar á þann veg sem hér er, þær séu undirbúnar þannig að þær eru lagðar fyrir þjóðþingið innan við þriggja vikna tíma áður en ætlast er til að þingið afgreiði málin. Þegar því er ekki kyngt alveg á stundinni af viðkomandi stjórnarandstöðu er því haldið fram að um sé að ræða málþóf þegar menn vilja taka til máls um málin. Ég býst við að leitun sé á þjóðþingi þar sem aðstæður eru þannig, eins og hafa verið við þessi mál á undanförnum dögum, að fulltrúar stjórnarliðsins, sem er ekki lítill hluti þingsins, tekur nánast ekki til máls um aðalmál þingsins dögum og jafnvel vikum saman. Það er aðeins um að ræða hæstv. ráðherra og hins vegar þá hv. þm. sem neyðast til þess sem frsm. nefnda. Að öðru leyti er það stjórnarandstaðan sem ræðir raunverulega eða reynir a.m.k. að ræða málin efnislega.

Ég mun í væntanlega ekki mjög löngu máli leggja fyrir fsp. til hæstv. fjmrh. um það mál sem er sérstaklega á dagskrá. Ég get verið tiltölulega fljótur að segja kjarnann í áliti mínu og viðhorfi mínu til þessa máls. Ég er því andstæður fyrst og fremst vegna þeirrar ætlunar hæstv. ríkisstjórnar að leggja á hinn svonefnda matarskatt með þeim hætti sem hann er á lagður, fyrst og fremst vegna þess hvar hann lendir þyngst og einmitt þar sem síst skyldi.

Í athugasemdum með þessu frv. sem er til umræðu segir, með leyfi hæstv. forseta, eftirfarandi:

Þær breytingar sem hér er fjallað um eru fyrst og fremst í fimm atriðum. Í fyrsta lagi lækkun tolla og afnám sex annarra gjalda. Þetta er talið sem fyrsta atriðið og það sem kannski skiptir ekki minnstu máli, en ég vildi í því sambandi minna á að það eru ekki nein ný tíðindi að tollar séu lækkaðir hér á landi og það er ekki nein ný pólitík sem verið er að taka upp í því efni. Sú pólitík hefur staðið óslitið frá því á árunum í kringum 1970. Fyrir 1970 voru tekjur ríkisins af tollum og vörugjöldum eða innflutningsgjöldum yfir 50% af tekjum ríkisins. Síðan hefur þetta smám saman minnkað og það er rétt að minnast á það hvernig það hefur gerst. Árið 1975 er hlutfallið komið niður í 22%, 1976 er hlutfallið komið niður í 21,5%, 1977 fer það aðeins upp, í 21,9%, 1978 fer það niður í 20,4%, 1979 fer hlutfallið niður í 18,6%, 1980 niður í 17,6%, 1981 hækkar það lítillega, upp í 19,1%, niður aftur 1982, í 19%, 1983 niður í 17,3%, 1984 niður í 16,8%, 1985 niður í 14,7% og í hittiðfyrra, 1986, er þetta komið niður í 11% og mun hafa verið það sama á rétt nýliðnu ári. Þannig að ef við virðum fyrir okkur hvernig tollarnir hafa lækkað sem hlutfall af tekjum ríkisins er það ósköp álíka stökk sem hefur orðið 1984–1987, 5,8%, og nú er gert ráð fyrir í þeim breytingum sem samþykktar voru rétt fyrir síðustu áramót. Árið 1988 er sem sagt gert ráð fyrir því að hlutfallið verði 5,0%, fari niður um 6% með þessum breytingum, hlutfall tolla og aðflutningsgjalda, vörugjalda, í tekjum ríkissjóðs. Frá árinu 1983 til 1987 eru þetta 6,3%, mjög svipað hlutfall.

Þetta eru í sjálfu sér tíðindi, og ekki slæm tíðindi, að þessi tollapólitík sé rekin. Engu að síður vil ég enn minna á það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi, en það er hve hátt hlutfall innfluttrar vöru er í neyslu venjulegrar íslenskrar fjölskyldu. Ég hef að vísu ekki nákvæma úttekt á því. Sumir tala um að um 80% af neyslu venjulegrar íslenskrar fjölskyldu séu innflutt vara, aðeins um 20% séu heimafengin vara eða framleidd hér í landinu. Það hefur verið staðfest við mig einmitt af fulltrúa fjmrn. fyrir fáum dögum að þessi staðhæfing er í meginatriðum rétt. Það er líka rétt að það er á allt annan veg í þeim löndum öðrum sem hér er oft miðað við og einmitt er látið að liggja í sambandi við þær skattalagabreytingar sem hér er verið að fjalla um. Þar er þetta hlutfall allt annað. Mér segir svo hugur um að þessi staðreynd geri það einmitt að verkum að sú breyting sem verið er að ganga til hér, að hafa söluskattinn svona geysiháan og á seinasta stigi á nánast flestöllum vörum, sé breyting í ranga átt.

Við skulum aftur líta dálítið nánar á athugasemdir með lagafrv. Önnur meginbreyting er þar sögð vera fækkun undanþága og samræming söluskattsins. Það er einmitt það mál sem við erum með sérstaklega á dagskrá.

Þriðja breytingin er talin vera öruggari tekjuöflun ríkissjóðs. Ég efast varla um að það sé rétt, enda hefur það komið fram í nýsamþykktum fjárlögum að það voru ekki litlar upphæðir sem þar bætast við einmitt af þeim ástæðum sem hér er verið um að véla.

Í fjórða lagi er talað um að skattskilin muni batna stórkostlega. Um það efast ég stórlega og mun kannski koma svolítið nánar að því í máli mínu.

Í fimmta lagi er talað um að þessi breyting hafi í för með sér lækkun verðbólgu. Það er lítið rökstutt, að vonum, enda býst ég við því að þegar upp verður staðið, við skulum segja um þetta leyti næsta ár og að mál verði þá mæld dómi sögunnar, muni það koma í ljós að það markmið hafi ekki náðst. Ég býst við því að eimmitt þetta frv. sem við erum að fjalla um, söluskattsfrv., og einmitt það atriði að hafa söluskattinn þetta háan á matvælum verði sú ástæðan sem valdi því að síst náist það markmið að lækka verðbólgu.

Við höfum lifað nýliðin áramót. Skattskil og skattamál Íslendinga hafa löngum verið á baugi hjá hv. Alþingi í desembermánuði. Það eru ekki mörg ár liðin síðan hæstv. núv. fjmrh. flutti að mörgu leyti, að minni hyggju, merka ræðu í desember, það mun hafa verið 10. desember árið þar á undan, 1986, um virðisaukaskattshugmyndir sem þá voru á baugi. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að það frv. sem við erum með til umfjöllunar er þriðja stigið af fjórum til þess að ná því markmiði fram að koma á virðisaukaskatti hér á landi. Það hefur oft verið vitnað til þessarar ræðu hæstv. fjmrh. og mig langar til þess að vitna til nokkurra kafla í henni af því tilefni að nú erum við sjálfsagt komin að lokum þessarar umfjöllunar hér.

Í athugasemdum með frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessar breytingar koma til framkvæmda um leið og tekið verður upp staðgreiðslukerfi skatta. Með þessum aðgerðum og ákvörðun um 22% virðisaukaskatt, sem upp verður tekinn í ársbyrjun 1989, þegar gamla söluskattskerfið verður afnumið, er lokið umfangsmestu þáttunum í endurskoðun skattakerfisins. Skattlagning verður gerð einfaldari, réttlátari og skilvirkari.“ Allt eru þetta göfug og góð markmið.

Ég talaði um að þrepin hefðu verið fjögur. Fyrsta þrepið var þegar við myndun ríkisstjórnarinnar þegar söluskattur var lagður á tölvur og farsíma. Annað þrepið var þegar sérstakur 10% söluskattur var lagður á ýmis matvæli frá 1. ágúst. Og það er afskaplega áhugavert að veita því sérstaka athygli að þessi aðgerð, annað stig í skattlagningu hæstv. ríkisstjórnar frá 10. ágúst sl., er nú notað sem röksemd fyrir því í athugasemdum með þessu frv. að endilega þurfi að hækka þetta í eitt stig, 25%. E.t.v. kem ég að því síðar í máli mínu. Þriðja stigið sem talað er um í þessu sambandi er það sem við erum stödd við, að koma 25% söluskatti á nánast allar vörur. Fjórða stigið er svo upptaka virðisaukaskattsins í ársbyrjun 1989. Það er fyrirheitna landið. Það er þangað sem menn líta í dag í draumsýn og telja væntanlega að þar verði óskir þeirra allar uppfylltar.

En við skulum líta svolítið nánar á viðhorf hæstv.

fjmrh. til þessa máls fyrir rösku ári. Þá var í hug hæstv. páv. fjmrh., hæstv. núv. forsrh., að koma hér þegar á virðisaukaskatti sem þá var að prósentuupphæð 24%. Nú er stefnumiðið að vísu aðeins 22% þó að þetta millistig verði tekið fyrir árið í ár, 1988, 25% söluskattur. Við skulum athuga hvernig hæstv. fjmrh. tók þá á málinu. Hann var þá málsvari flokks síns, Alþfl., að vísu í stjórnarandstöðu og þá væntanlega einn af þeim, þess vegna, sem ræddu málin hér á hv. Alþingi en sátu ekki hjá eins og stjórnarliðar gera í dag. Hann hóf ræðu sína 10. desember á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ummæla hæstv. fjmrh. á þá leið að þrír stjórnmálaflokkar hafi lýst yfir stuðningi við tillögur um virðisaukaskatt vil ég taka það fram strax í upphafi máls míns að þingflokkur Alþfl. styður ekki þetta frv. Ég hef líka ástæðu til að ætla að því fari fjarri að stuðningur við þetta frv. sé víðtækur innan raða stjórnarflokkanna.“ Þarna reyndist páv. hv. þm. og núv. hæstv. ráðherra vissulega sannspár. Þannig hef ég t.d. ástæðu til þess að ætla að þeir þm. séu allnokkrir í þingflokki Framsfl. sem geta ekki sætt sig við mörg veigamikil ákvæði í frv. Ég hef reyndar efasemdir um það þó að ekki séu þær rökstuddar að ekki sé einhugur um þessar hugmyndir í þingflokki Sjálfstfl.

Þetta reyndist allt á rökum reist hjá hv. páv. þm. „Í því efni vek ég sérstaklega athygli á því að innan raða atvinnurekenda, einkum þeirra sem eru í forsvari fyrir minni þjónustufyrirtækjum, er verulegur uggur um það hvaða áhrif þetta frv., ef til framkvæmda kæmi, hefði á þær atvinnugreinar.“

Þetta var sagt um hugmyndir um virðisaukaskatt fyrir rösku ári. En höldum svolítið lengra, með leyfi hæstv. forseta. „Þetta segi ég strax til þess að taka af allan vafa um afstöðu okkar þingflokks vegna þess að hitt er rétt, að við erum opnir til viðræðna við aðra stjórnmálaflokka um það að taka upp virðisaukaskatt sem slíkan, sem hefur út af fyrir sig nokkra kosti umfram það söluskattskerfi sem við höfum þekkt á undanförnum árum,“ — en síðan segir í þessari ræðu hæstv. fjmrh.: „en þá því aðeins að sú löggjöf fullnægi mjög ströngum skilyrðum.“ Og það er þetta atriði hér í upphafi ræðu hæstv. fjmrh., páv. þm. og stjórnarandstöðumanns, sem skiptir verulegu máli, að fullnægðum mjög ströngum skilyrðum. Hver skyldu nú þessi skilyrði hafa verið? Við komum að því nokkru síðar í ræðu hæstv. ráðherra.

Það meginskilyrði sem hæstv. fjmrh. lagði gegn því að hann gæti fylgt eða mælt með þessu frv. sem lagt var fram hér á hv. Alþingi fyrir rösku ári var sú staðreynd að skattprósentan væri of há, 24%. Þetta kemur margsinnis fram í þessari ræðu. Ég held að það sé alveg ómaksins vert að minna hæstv. núv. fjmrh. á þetta atriði vegna þess að í millistiginu í ár, 25% söluskatti, er þó allt ént farið einu prósenti hærra. Ég viðurkenni að vísu fúslega að ætlunin er að lækka þetta niður í 22% um næstu áramót, en frá mér séð er það bitamunur en ekki fjár. Það er ekki nokkur einasti munur á stefnu, ekki þeirri stefnu sem hæstv. fjmrh. var að gagnrýna á þessum tíma, 10. des. 1986, og um það stendur deilan. Um það eiga menn að takast á, hina raunverulegu stefnu sem hér er lögð.

Við skulum líta svolítið nánar á ræðu hv. páv. stjórnarandstöðuþingmanns, með leyfi forseta. Hann segir hér:

„Í því efni bendi ég sérstaklega á að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og um virðisaukaskatt.“ Ekki hefur það nú lukkast enn þó að það sé markmið á þessu ári. „Vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi sinn við það með því að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaskattsprósentu eða ekki.“ Takið eftir: að halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaskattsprósentu eða ekki. „M.ö.o.: Ef ríkisvaldið við upptöku virðisaukaskatts vill leiða í lög ákveðnar aðgerðir til tekjujöfnunar [vitaskuld hefur það verið gert í ár], sem óhjákvæmilegt virðist að gera, hefur það mikil áhrif á það í hvaða átt tekjuskattsbreytingin verður. Aflétting tekjuskatts af launum með því að hækka skattfrelsismörk í tekjuskatti mjög verulega er auðvitað partur af þeirri tekjujöfnun sem ella þyrfti að grípa til við upptöku virðisaukaskatts. Þess vegna er erfitt að taka afstöðu til annars þáttarins eins út af fyrir sig.“

Þetta er að sönnu rétt, en frekar um skattprósentuna:

„Ef spurt er hvers vegna Alþfl. er andvígur þessu frv. er rétt að tíunda þau rök í stuttu máli.

Í fyrsta lagi: [takið þið eftir því, það er fyrsta röksemdin] Prósentuálagningin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er allt of há. Það eitt út af fyrir sig veldur því að frv. er með öllu óaðgengilegt. Þessi háa prósenta hefur verðhækkunaráhrif ...“ Takið eftir því, 24%, hefur verðhækkunaráhrif. 25% söluskattur núna á að hafa verðlækkunaráhrif, og ég dreg ekki nokkra dul á að ég er auðvitað með í huga tollalagabreytingarnar sem eru um 5% lækkun alveg eins og hefur gerst á sl. fjórum árum. Síðan segir hér áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi háa prósenta hefur verðhækkunaráhrif sem leiða til hliðarráðstafana og það er önnur meginröksemdin: [takið þið nú eftir, önnur meginröksemdin, hliðarráðstafanirnar] Þær hliðarráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að grípa til, þar sem aðalatriðið er meiri háttar niðurgreiðslur á heföbundnum landbúnaðarafurðum, eru með öllu óaðgengilegar fyrir þingflokk Alþfl.“ Hvað var gert núna? Var verið að auka niðurgreiðslur vegna heföbundinna landbúnaðarafurða? Auðvitað var það gert. „Við munum“, sagði páv. stjórnarandstöðuþm. og núv. hæstv. fjmrh., „undir engum kringumstæðum fallast á þær.“ Þetta er aðeins rösklega ársgamalt viðhorf hjá þessum sama ágæta manni, stjórnmálaleiðtoga sem hefur nú fengið aðstöðu til þess að koma sínum málum fram.

Það hefur lengi verið um það rætt á meðal þm.,

meðal manna um allt þjóðfélagið að það skipti Íslendinga mestu að fá skattakerfi sem yrði skilvirkt. Þetta skilvirka kerfi hefur í rauninni margan dreymt um. Þegar þáv. fjmrh. og núv. hæstv. forsrh. lagði fram frv. sitt um virðisaukaskatt fyrir rösku ári þá gerði hann það auðvitað í þeim tilgangi að ná fram skilvirku kerfi, ná fram réttlátu kerfi. Við skulum heyra hvað hæstv. fjmrh. sagði um það atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Lítum aðeins nánar á fyrstu röksemdina, að skattprósentan sé allt of há, 24%. Rökin fyrir því að hverfa frá núverandi söluskattskerfi eru mörg. Menn segja í fyrsta lagi: Söluskattskerfið er ónýtt vegna þess hve undanþágum hefur verið fjölgað óhóflega á undangengnum árum. Þar af leiðandi er eftirlit allt í molum. Og menn eru yfirleitt á einu máli um það að söluskattsundandráttur sé mjög verulegur. En einmitt vegna þess, hve undanþágusviðið er vítt, hefur skattprósentan sjálf farið sí-hækkandi og er nú 25%.

Ef ætlunin er að reyna að ná einhverju samkomulagi um upptöku virðisaukaskatts verður ein meginforsendan að vera sú, þegar menn taka upp virðisaukaskatt og eru þar með að útrýma undanþágum og víkka út skattskyldusviðið, að skattálagningarprósentan lækki mjög verulega."

Þetta átti að vera skilyrðið fyrir rösku ári, að skattprósentan lækkaði. En staðreyndin sem við stöndum nú blákalt frammi fyrir er að skattprósentan er nákvæmlega sú sama. Það er að vísu lofað 3% lækkun að ári, en það er öllum auðvitað hulið hvort það stenst eða ekki.

Í því frv. sem við erum hér að fjalla um er gert ráð fyrir því að hafa skattprósentuna hina sömu. Það er rétt að vekja athygli á því að hin raunverulega söluskattsprósenta hefur að vísu skv. lögum ekki verið nema 20%. En síðan hefur verið söluskattsauki sem hefur verið 2,5%, orkujöfnunargjald sem hefur verið 1,5% og síðan húsnæðisgjald sem hefur verið 1%. Þessi gjöld eru öll núna í gildi nema það seinasta, húsnæðisgjaldið sem féll niður vegna þess að það var tímabundið til sl. áramóta og það var þess vegna sem lækkunin varð úr 25 í 24%. Yfirleitt hefur þetta gjald verið umtalað í einu lagi og verið kallað sölugjald eða söluskattur.

Ég mun, hæstv. forseti, ekki lengja umræðuna öllu frekar. Þó vil ég koma hér að tveimur, þremur atriðum í viðbót ásamt því að mig langar til að leggja eina fsp. fyrir hæstv. ráðherra, ef hann væri hér nærhendis, en það kemur nú ekki alveg að því strax í máli mínu þannig að mér þætti vænt um að hæstv. fjmrh. yrði hér í salnum ef hann mætti vera að því þegar þar að kæmi. (**Forseti:** Fjmrh. mun vera genginn í salinn.) Já. (**Fjmrh.:** Ég fékk leyfi forseta til að fara frá í tvær mínútur.) Já. Í þessari ræðu, sem ég hef hér oft vitnað til og sem hæstv. fjmrh. flutti fyrir rösku ári, fjallar hann nokkuð um skilvirknina sem næðist með virðisaukaskatti og hann segir um það atriði m.a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta vekur upp margar spurningar. Hvernig stendur á því, þegar gert er ráð fyrir því að taka upp skilvirkara kerfi, sem heitir virðisaukaskattur, að áhrif þessa, samkvæmt upplýsingum í grg. frv., eru ekki meiri en hér er talað um? Áhrifin af því að útrýma undanþágum", taki menn nú eftir, „áhrifin af því að útrýma undanþágum og víkka út skattskyldusviðið, áhrifin af því að kerfið á að vera öruggara í innheimtu og áhrifin af því að eftirlit með innheimtu verður aukið, hvernig stendur á því að menn gera ekki ráð fyrir því að það auki tekjur ríkissjóðs um meira en 400 millj. kr.?"

Aðeins 400 millj. kr. Þetta var þann 10. desember á því herrans ári 1986. Nú höfum við lifað heilt ár í viðbót og við höfum lifað undirbúning að afgreiðslu fjárlaga, fyrstu fjárlaga þessa hæstv. fjmrh. sem hafa orðið með nokkrum eindæmum, náðu fram yfir jólahelgi. Og þá kemur það í ljós að einn meginstofninn í nýrri stefnumörkum hæstv. ríkisstjórnar, sem hefur verið smám saman að fæðast frá því á miðju sumri allt fram undir jól, allt frá því að soðningin fékk aflausn ef svo má segja og náð fyrir augum hæstv. ríkisstjórnar, þá gerist það að þetta söluskattsmál, sem er í rauninni mál málanna og kjarninn í því sem hér er um fjallað og margir hv. þm. hafa farið um mörgum orðum hér, nánast eingöngu stjórnarandstöðuþm. því að ég held að það sé leitun á því að nokkur stjórnarliði hafi yfirleitt tekið til máls um þessi efni eins og ég hef raunar áður komið að í ræðu minni. Ég man ekki til þess að nokkur einasti stjórnarliði, ef undan er skilinn hv. 2. þm. Vestf., hafi leyft sér yfirleitt að opna munn um þessi málefni og nánast enginn hefur lagt stjórninni lið í þessari umræðu sem hér hefur farið fram. Það eru ráðherrarnir og það eru frsm. nefnda sem til máls hafa tekið og þeir stjórnarandstæðingar sem hafa leyft sér síðan að fjalla um þessi mál nánast litnir því hornauga að þingsalir hafa tæmst. Það eina sem við erum þó að gera er að við erum að reyna að fjalla efnislega um málið. Og í þessari ræðu minni er ég að reyna að leiða fram álit, rétt rúmlega árs gamalt álit núv. hæstv. fjmrh. á nákvæmlega sömu atriðunum og hann sjálfur er um að véla þessa dagana og leiða yfir þjóðina með sínum hætti.

En ég hlýt að vekja athygli á því í leiðinni af því að ég er tiltölulegur nýgræðingur hér á þingi að það vekur nokkra athygli mína varðandi stjórnarliða úr öðrum flokkum stjórnarliðsins en flokki hæstv. fjmrh., þ.e. úr Sjálfstfl. og Framsfl., að það er eins og þeim komi þessi mál ekki við. Maður heyrir manna á meðal úti í þjóðfélaginu að þeir reyni gjarnan að bendla þá eðlilegu óánægju sérstaklega í sambandi við matarskattinn og þennan víðfeðma söluskatt við hæstv. fjmrh., að því er virðist í trausti þess og von um það að þær óvinsældir sem af þessu muni hljótast lendi á honum og hans flokki en ekki þeim hinum stóru flokkunum sem leggja til atkvæðin þegar hér eru gerðar upp hinar raunverulegu sakir.

Ég vildi í þessu sambandi leggja eina fsp. fyrir hæstv. fjmrh. og hún er um framfærslukostnað og

framfærsluvísitölu. Í forsendum fjárlagafrv. er víða minnst á framfærsluvísitölu. — Og ég bið hæstv. fjmrh. forláts á því að nú þarf ég nauðsynlega að fá athygli hans til þess að geta lagt spurninguna fyrir hann og til þess að geta vænst svars og þá á annan veg en þann þegar ég lagði fram fsp. hér fyrir fáum dögum og hún fór um allmargra manna hendur og ég fékk síðan svar um allt aðra hluti en ég spurði um. Það kemur að vísu þessu máli ekki við. — En spurning mín er þessi:

Í forsendum fjárlagafrv. er víða tekið fram að það er gert ráð fyrir að framfærsluvísitala hækki frá meðaltali 1987 til meðaltals 1988 um 17–18%. Fyrri spurning mín er þessi: Er gert ráð fyrir því að þess áætlun um hækkun framfærsluvísitölunnar standist? Önnur spurning mín er þessi: Er það rétt sem fram kom á seinasta fundi fjvn. fyrir 3. umr. um fjárlög 1988, það var rétt fyrir kl. 3, áður en umræðan fór fram þá síðdegis, að hækkun framfærsluvísitölunnar á árinu 1988 eða þessi munur væri áætlaður 27% en ekki 17–18% eins og forsendur frv. gera ráð fyrir?

Mér finnst þetta atriði skipta verulegu máli. Ég geri ráð fyrir því að flestum sé ofarlega í huga að kjarasamningar eru lausir mjög víða í þjóðfélaginu. Viðræður fara í hönd síðar í þessum mánuði. Menn bíða þar sjálfsagt átekta vegna þeirra mála sem hér er verið að fjalla um, vegna þeirra ákvarðana sem hér er verið að taka. Ég geri mér fulla grein fyrir því að margt á sjálfsagt eftir að breytast sem jafnvel hæstv. fjmrh. getur ekki séð fyrir, en engu að síður vildi ég gjarnan fá um það skýr svör, hvort þessi mismunur, 17–18% eða 27%, hvort hann eigi í áætlunum stjórnarinnar við einhver rök að styðjast. Fundurinn sem þetta kom fram á í fjvn. var fundurinn þar sem tilkynnt var skattvísitalan, 131 stig, og það kann að skipta máli í þessu sambandi.

En að lokum þetta, hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu á því að vitna enn í ræðu hæstv. fjmrh. rúmlega árs gamla:

„Röksemdir okkar", sagði hann á þeim tíma, „fyrir því að við getum ekki fallist á þetta frv. eru því þessar upp að telja:

1. Vegna þess að skattprósentan er allt of há." — 24% var of hátt fyrir rösku ári. 25% er sjálfsagt í dag.

„2. Vegna þess að við tökum ekki trúanlegan talnagrundvöll frv. um það að ekki sé unnt með bættri innheimtu og niðurfellingu á undanþágum að tryggja ríkissjóði þegar af þeirri ástæðu meiri tekjur, þannig að unnt sé að lækka prósentuna og um leið að draga úr verðhækkunaráhrifum." — Þetta var önnur meginröksemd hæstv. fjmrh. á þeim tíma.

„4. Vegna þess að hliðarráðstafanirnar eru af því tagi að við getum ekki fellt okkur við þær."

Beri menn síðan þessar staðhæfingar, þetta viðhorf saman við niðurstöðu dagsins í dag.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég biðst forláts að hafa ekki verið alveg viðstaddur. Ég sat í hliðarsal og kom mér satt best að segja ekki til hugar að svo gagnorður og skorinorður yrði hv. síðasti ræðumaður að hann mundi ljúka máli sínu á svo stuttum tíma. En ég mun að sjálfsögðu reyna að fylgja góðu fordæmi og hafa mín orð sem hnitmiðuðust og eins fá og ég tel mér unnt. Ég hef reyndar rætt þetta mál allítarlega við tvær umræður hér í deildinni og hef ekki miklu við það að bæta.

Ég hef satt best að segja verið að vonast til, og vona reyndar enn, að hæstv. fjmrh. heiðri okkur með þátttöku í þessari umræðu áður en lýkur því að við erum nú ekki aðkreppt. Það er langt til næstu áramóta og aðrar tímasetningar af því tagi ættu ekki að hindra nú að hæstv. ráðherra geti svarað þeim fjölmörgu spurningum sem til hans hefur verið beint við fyrri umræður og tekið þátt í að rökræða ofurlítið sjálfan grundvöll þeirrar skattlagningar sem hér er lögð til.

Mér finnst það mjög miður ef hæstv. fjmrh., talsmaður hæstv. ríkisstjórnar í þessum skattamálum öllum, reynir ekki að rökstyðja betur nauðsyn þess að standa að hlutunum eins og hér er lagt til. Ég tel að flestar þær röksemdir sem færðar hafa verið fram fyrir þessari skattlagningu, á matvæli einkum og sér í lagi, séu í raun og veru fundnar, það standi ekkert eftir af því að það sé óhjákvæmilegt að grípa til jafn vissulega umdeildra og óheppilegra aðgerða eins og þeirra að leggja 25% söluskatt á öll matvæli.

Það væri einnig, herra forseti, æskilegt að fá að heyra í einhverjum talsmönnum hinna stjórnarflokkanna, t.d. fá að heyra eina dálítið mergjaða stuðningsræðu við matarskattinn frá einhverjum hv. þm. Framsfl. Ég hefði haft mjög gaman af því að heyra einhvern talsmann þeirra, t.d. hæstv. heilbrrh., halda heita hvatningarræðu um matarskattinn. Ég dreg auðvitað ekki í efa stuðning hæstv. heilbrrh., hv. 1. þm. Norðurl. e., við matarskattinn. Það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að hæstv. ráðherrann styðji hann ekki af heilum hug, af öllu hjarta og allri sálu sinni ef ég má taka svo til orða. En það er svolítið leiðinlegt að þetta mál skuli fara hér algjörlega í gegnum alla umræðuna og það er eingöngu hæstv. fjmrh. sem til umræðu er. Þetta er auðvitað skattamál allrar ríkisstjórnarinnar. Og þó að ég hafi ekkert á móti því að hæstv. fjmrh. sitji uppi með umtalsverðan hluta af skömminni af þessu máli, þá finnst mér það ósanngjarnt að það skuli allt lenda þar. Ég tel að aðrir stjórnarliðar væru menn að meiri ef þeir kæmu upp og deildu ábyrgðinni og sökinni með hæstv. fjmrh. og væru ekki sífellt að þvo hendur sínar af öllum hlutum sem þeir óttast að þessi ríkisstjórn geri og ekki muni mælast vel fyrir.

Það er reyndar, herra forseti, sérstakt rannsóknarefni í íslenskum stjórnmálum hvernig Framsfl. tekst ævinlega að vera og vera ekki í ríkisstjórnum. Shakespeare gamli velti þessu fyrir sér á sínum tíma en það er alveg ljóst að þetta er enn sígilt viðfangsefni og spurningin er þessi: Er eða er ekki Framsfl. í ríkisstjórn? Því að það er ævinlega þannig að séu

einhverjir þeir hlutir að gerast í stjórn eða rétt eftir að stjórn hefur farið frá sem Framsfl. annaðhvort situr í eða var í, þá er óðara eins og hann hafi þar hvergi nærri komið, þessi sérkennilegi flokkur. Mér segir svo hugur um að ef þeir þm. Framsfl. fara nú að funda úti um landið á næstu vikum, sem gæti hugsast, og þar beri á góma þessa matarskattlagningu, þá er ég ekki viss um að þeir ætli sér að bera fulla ábyrgð á því með hæstv. fjmrh. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að það gæti gerst að einstakir hv. þm. Framsfl. þættust hafa heldur lítið nærri þessu komið. En það auðvitað dugar ekki, herra forseti. Allra síst vil ég nú láta mér detta þetta í hug vegna þess virðulega forseta sem hér stjórnar fundum.

Ég held að það verði ekkert fram hjá því litið að þetta er skattapakki hæstv. ríkisstjórnar þó að hér sé mælt fyrir honum af hæstv. fjmrh. og stjórnarflokkarnir og hver einasti stjórnarþm., sem ekki gerir þá rækilega grein fyrir afstöðu sinni, og gerir meira en það að þvo hendur sínar heldur greiðir atkvæði á móti þessu, beri þarna ábyrgð. Það er alveg nauðsynlegt að hafa þessa hluti á hreinu vegna þess að hér eru að gerast tímamótaatburðir, tímamótaatburðir í skattheimtu í landinu. Það er engin leið að horfa fram hjá því að þessi gífurlega skattlagning á lífsnauðsynjarnar eru eitthvert versta óhappaverk að mínu mati um áratugabil sem gripið hefur verið til í skattamálum í landinu.

Það er mín bjargföst sannfæring, herra forseti, að hér sé verið að stíga mikið ógæfuskref. Við vitum hvernig það er að þegar svona skattlagning er einu sinni komin á, þá fær naumast nokkur mannlegur máttur hana af tekið. Það er bara reynsla liðins tíma um nánast alla skatta, sem nokkurn tíma hafa verið lagðir á. Svo fremi sem skattstofninn gufi ekki upp eða eitthvað annað gerist þá er slíkum sköttum viðhaldið. Hér er auðvitað á ferðinni langþýðingarmesti tekjustofn ríkissjóðs þar sem er söluskatturinn, sem skilar fyrir þessar breytingar meira en helmingi af öllum óbeinum sköttum í landinu. Og óbeinir skattar skila 87% af heildarskatttekjum í landinu, þannig það eru þessi hlutföll sem menn þurfa að hafa í huga þegar menn meta hversu stórt og alvarlegt málið er sem hér er til umræðu.

Ég fór nokkuð ítarlega yfir það hér í ræðu við 2. umr. hvernig skattheimtu af þessum toga er háttað í nágrannalöndum. Ég sýndi fram á það með því að fara yfir öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar að það stendur til að slá heimsmet. Hvergi á byggðu bóli í heiminum er tekin svona há skattheimta af matvörum, hvergi. Þau lönd sem næst okkur komast eru hin Norðurlöndin. Flestöll önnur aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru með mun lægri eða enga skattheimtu á matvæli og aðrar helstu lífsnauðsynjar. (**Dómsmrh.:** Þeir hafa þá kannski einhverja aðra skatta hærri?) Segir hæstv. viðskrh. Rétt hjá honum. Ég fór nefnilega líka yfir það. Ég sýndi fram á það að óbeinu skattarnir eru í sérflokki hér á Íslandi. Í öðrum nálægum löndum vega aðrir skattstofnar mun þyngra. Því er ekki á móti mælt. Ég sýndi líka fram á og hafði reyndar áður nefnt í umræðunni að skattheimta á Íslandi í heild sinni er mjög lág. Í raun of lág. Ég tel að það standi of veikar stoðir undir rekstri velferðarkerfisins hér, þannig að ágreiningurinn er ekki um það, a.m.k. af minni hálfu, að það sé ekki nauðsynlegt að taka einhverja skatta til að standa undir samneyslunni. Spurningin er um það hvar skattarnir eru teknir, hverjir greiða þá.

Ég held að þessi skattasúpa sé einhver hrikalegasta uppgjöf sem ég hef nokkurs staðar heyrt um gagnvart því að reyna að jafna lífskjörin í gegnum skattakerfið. Kórónan á þessu sköpunarverki er auðvitað þessi skattlagning á matvæli, brýnustu lífsnauðsynjarnar. Lengra verður ekki komist í þjösnaskap í skattkerfi heldur en að skattleggja lífsnauðsynjar af því tagi í hæsta flokki. Það eru alveg hreinar línur. Það er engin tilviljun að yfirleitt er tilhneigingin í þá átt að því lægri sem laun eru í viðkomandi löndum, þeim mun minna eða ekki neitt er matvaran og aðrar lífsnauðsynjar skattlagðar. Það eru fyrst og fremst þau ríki sem allra hæstan hafa kaupmáttinn sem leyfa sér að skattleggja matvöruna. Þetta geta menn lesið og sannfært sig um ef þeir skoða til að mynda þessa skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Þar kemur í ljós að þau aðildarríki OECD, sem lægstan hafa kaupmáttinn, eru auðvitað með minnsta eða enga skatta af þessu tagi. Og þá skulum við ekki gleyma því að kaupmáttur tímakaups á Íslandi er til muna lægri, til mikilla muna lægri en er á hinum Norðurlöndunum og annars staðar þar sem hæstur er neysluskatturinn, og matvaran er dýrari hér, þannig að allt er þetta í óhag heimilunum í landinu og eykur vægi matvælanna og þar með matarskattsins þegar hann verður lagður á. Því held ég að það sé alveg nauðsynlegt, ef menn vilja virkilega ná utan um þetta mál og átta sig á kjarna þess, að menn hafi þessi hlutföll, þessar staðreyndir í huga.

Ég trúi því auðvitað ekki að hv. þm. stjórnarliðsins sem létu glepjast til að styðja þessa hluti hafi ekki kynnt sér þessi mál, að þeir hafi ekki vitað út í hvaða fen var verið að fara með þá, en það liggur við að manni þætti betra ef í ljós kæmi að þeir hafi einfaldlega verið plataðir og ekki vitað hvað þeir voru að gera, því að slíkt getur maður fyrirgefið þó að það sé auðvitað ekki gott til afspurnar. En hafi menn gengið að þessu vitandi vits hvað hérna átti að fara að ske, að slá heimsmet í skattlagningu á matvöru þar sem hún er hvað dýrust í heiminum og láta blekkjast til þess að trúa því að einhverjar hliðarráðstafanir, sem jafnvel er boðað að verði tímabundnar, muni slétta þessa reikninga um aldur og ævi, ja, þá eru menn mikil börn.

Það er ljóst að það stefnir allt í það, allar pólitískar aðstæður eru slíkar, að niðurgreiðslur og aðrar slíkar ráðstafanir gufi upp, hjaðni á næstu árum. Þær geta hjaðnað umtalsvert þegar á þessu ári vegna verðbólgunnar. Ég spurði eftir því hvort það

væri ekki svo eins og venjulega að á fjárlögum ríkisins væri áætluð föst krónutala í niðurgreiðslur sem ekki breytist þó að verðbólgan aukist. Þar með rýrna niðurgreiðslurnar strax innan ársins að verðgildi verði ekki gripið til sérstakra ráðstafana. Það hefur ekkert komið fram hér hjá talsmönnum ríkisstjórnarinnar um að það standi til. Ekki eitt orð um það að séð verði til þess að hliðarráðstafanirnar haldi verðgildi sínu þannig að það standist á út árið. Söluskatturinn hækkar með verðbólgunni, að sjálfsögðu, en hann er lagður ofan á endanlegt verð vörunnar sem væntanlega fer upp nokkurn veginn eftir því sem verðlag þróast.

Ég tel þess vegna alveg með ólíkindum, herra forseti, hvað menn ætla að láta bjóða sér hér í trúgirni og hráskinnaleik. Það er alveg ljóst að þetta er bara málamyndaaðgerð til að taka af sárasta höggið, þessar svonefndu hliðarráðstafanir. Það stendur ekki til, það er ekki boðað að þær eigi að halda sér. Ef hér væri verið að ganga frá hlutunum með þeim hætti t.d. að það væri ríkisstjórnarsamþykkt um það að á meðan þessi ríkisstjórn sæti mundu niðurgreiðslur og aðrar slíkar ráðstafanir vega að fullu upp alla skattlagningu á matvælum, út þetta kjörtímabil ef því væri að skipta, þetta væri ríkisstjórnarsamþykkt sem allir væru skuldbundnir af, þá væri hér eitthvað pínulítið annað á ferðinni. Svo er ekki. Það er ekki stafkrókur af þessu tagi á blaði. Ég ætlaðist a.m.k. til að það væri upplýst ef svo væri. En það hefur ekki verið gert og er þó þetta mál hér til 3. umr. í seinni deild.

Herra forseti. Ég spurði hæstv. fjmrh. allmargra spurninga, bæði hér við 1. umr. og einnig við 2. umr. Hæstv. ráðherra taldi sig hafa í framsöguræðu svarað því eða efnislega útskýrt málið. Hann hefur síðan ekki tekið þátt í umræðum, hann hefur ekki svarað því hvers vegna það hefur verið gefið í skyn í þessari umræðu að Ísland væri með þessum breytingum að stefna í svipaða átt og aðrar nálægar þjóðir, þegar í ljós kemur að svo er ekki, þegar í ljós kemur að hér stendur til að fara allt aðra leið en er við lýði og er stefnt á hjá flestöllum nálægum þjóðum. Ég held að hæstv. ráðherra skuldi Alþingi skýringu á því hvers vegna þarf að hafa þetta svona á Íslandi úr því að allar aðrar þjóðir sjá sér færar aðrar leiðir, mildari leiðir í þessum efnum, annaðhvort með mjög lága eða jafnvel enga skattlagningu á brýnustu lífsnauðsynjar eins og matvöru, ungbarnafatnað og jafnvel ýmsar nauðsynjavörur fyrir heimili og fjölskyldur.

Það getur vel verið að hæstv. ráðherra finnist þetta ekki svara vert, en þetta eru nú einu sinni þær spurningar sem brenna á þjóðinni. Og af því að við höfum nú sloppið út úr þessu húsi einstöku sinnum á undanförnum vikum, þó það hafi ekki verið oft en þó nóg til þess að maður hefur hitt að máli eða heyrt í þó nokkrum fjölda fólks, þá hef ég ekki talað við einn einasta mann sem styður þennan matarskatt, ekki heyrt eina einustu rödd utan talsmanna hæstv. ríkisstjórnar hér inni á Alþingi sem styðja þessa matarskattheimtu. Mönnum finnst þetta auðvitað fráleitt. Það skilur enginn í þessu. (**Fjmrh.:** Forseti Alþýðusambands Vestfjarða, Pétur Sigurðsson.) Það var þó loksins dreginn fram einn maður, sem er kallað fram í úr hliðardyrum að styðji þetta og sé hrifinn af þess''. (Gripið fram í.) Já. Hæstv. ráðherrar Alþfl. þora ekki hér á mælendaskrá, en þeir gjamma hér fram í þegar þeim hentar. Ég held að þeir ættu þá að draga fram þessa ræðu og lesa hana fyrir okkur. Kannski hæstv. viðskrh. geri það. Þessi alþýðuhetja af Vestfjörðum, það má vel vera að það sé hægt að draga hana fram til þess að verja þennan matarskatt. En hann er ekki merkilegri fyrir mér. Og ég ítreka það og endurtek að ég hef ekki hitt einn einasta mann — ég hef ekki hitt þennan foringja þarna að vestan, en enginn maður sem við mig hefur talað eða ég rætt við hefur stutt þessar aðgerðir. Eðlilega. Þetta er auðvitað svo fráleitt. Það er alveg leitun að snillingum sem hægt er að fá til þess að skrifa upp á þetta og samþykkja þetta eins og að þessu er nú staðið og eins og þessi prósenta er tilhöfð.

Herra forseti. Ég gæti út af fyrir sig farið yfir þetta allt saman aftur með hæstv. fjmrh. ef hann léti nú svo lítið að vera hér nálægur, en ég veit ekki hvort það hefur mikið upp á sig. Staðreynd málsins er sú að rökin fyrir matarskattinum eru hrunin, þau voru aldrei nein annað en skattagleði. Það voru aldrei nein rök annað en málamyndarök. Það eru engin rök fyrir því að það þurfi að vera á Íslandi skattakerfi sem er einstakt í heiminum, að við Íslendingar séum þeir aumingjar og skussar að við getum ekki innheimt skatta án þess að leggja þá án undantekningar yfir allar lífsnauðsynjar. Það þýðir ekkert að bera svoleiðis á borð fyrir menn þegar hið gagnstæða er gert eiginlega alls staðar annars staðar í heiminum. Eða hvers konar dómur er það þá um íslensku þjóðina og íslenska embættismenn, að það sé ekki hægt annað en hafa þetta svona hér? Það þýðir auðvitað ekki. Og hún verður þeim mun meira áberandi, herra forseti, eftir því sem umræðu þessari heldur fram og hún kemur nær sínum endalokum hér á þinginu, sú vonda staða, sú veika staða, gjörtapaða staða sem þetta matarskattamál ríkisstjórnarinnar er í. Það reynir enginn að verja það. Það reynir enginn að svara fyrir þá. Hæstv. ráðherrar gera í mesta falli það að gjamma hér pínulítið fram í. Aðrir þm. stjórnarliðsins reyna ekki að standa fyrir þessu máli. Þeir reyna það ekki. Þeir forða sér ævinlega úr þingsalnum um leið og matarskattarnir eru teknir á dagskrá. Þeir vilja ekki láta sjá sig inni á meðan verið er að ræða þessa hneisu.

Og að það skuli vera örlög Alþfl. að standa fyrir þessum hlutum, það er náttúrlega svo makalaust, það er svo yfirgengilegt hvernig búið er að fara með þessa aumingja menn í samstarfinu, að sitja uppi með matarskatta og hafa ekki komið neinu fram í þeim hugmyndum sem þeir voru með í skattamálum að öðru leyti. Hvar eru eignarskattar? Hvar eru skattar á fjármagnstekjur? Hvar er stóreignaskattur-

inn? Hvar eru öll afrekin af þessu tagi? Allt gleymt og grafið.

Svo er Alþýðublaðið að væla um það við og við að það standi nú til að fara í þetta svona í framhaldinu. Mér er sem ég sjái það. Niðurstaðan er auðvitað fengin. Alþfl. gaf eftir, lét undan, lagði á matarskatt. Þeir voru alveg ánægðir með það í Sjálfstfl., þeir höfðu ekkert á móti því meðan fyrirtækin og peningamennirnir voru látnir í friði. Þannig hefur það ævinlega verið og verður sjálfsagt lengi enn á þeim bæ. Ég býst ekki við að matarskatturinn eigi að bitna sérstaklega á Sambandinu úr því að framsókn hefur ekki gert neitt í því máli og þá eru þeir náttúrlega ánægðir, þvo bara hendur sínar og eru fjarri þingsölum þegar málið er til umræðu. Þetta er bara einhver aumingjalegasta niðurstaða sem ég hef nokkurn tíma horft upp á í stjórnarsamstarfi, og hefur maður þó ýmislegt séð síðustu árin, það verð ég að segja. Svo eiga bara hæstv. ráðherrar Alþfl., sérstaklega hæstv. fjmrh., að dingla í snörunni og hinir hlaupa í burtu með stólinn undan honum með sér.

Nei, þetta er heldur aumingjalegt. En það skal lengi í minnum haft, sérstaklega úti um byggðir landsins, það afrek framsóknarmanna að hjálpa til við það í ríkisstjórn að koma þessum matarskatti á. Ég get lofað hv. þm. og hæstv. ráðherrum Framsfl. því að sá sem hér stendur mun ekki draga af sér við það þegar málefni íslensks landbúnaðar, matvælaiðnaðar og kjör íslensks almennings koma til umræðu á næstu mánuðum að þætti Framsfl., þó hann vilji gleyma honum sjálfur, skal til haga haldið í þessu máli. Það mun varla takast að falsa söguna svo harkalega að það verði ekki almenn og útbreidd skoðun á Íslandi að Framsfl. hafi þó verið í þessari ríkisstjórn og líka í þeirri síðustu. En svo er nú komið að formaður þess flokks þvær nú sem ákafast hendur sínar af ýmsum þeim hlutum sem hann hafði forgöngu um sem forsrh. síðustu ríkisstjórnar, sbr. vaxtafrelsið. Nú ræðst hæstv. utanrrh. með offorsi á háa vexti og upplausn á peningamarkaðnum sem er bein afleiðing aðgerða sem hann hafði forgöngu um sem efnahagsmálaráðherra, alías forsætisráðherra hæstv. síðustu ríkisstjórnar.

Þessar staðreyndir er ástæða til að rifja upp og ef maður væri að ræða hér við Alþfl. svolítið meira persónulega en kannski er við hæfi á þingfundi, þá væri gaman að spyrja hæstv. ráðherra: Hafa þeir engar áhyggjur af því að þeir verði svolítið grátt leiknir í þessum leik, það standi til að fara dálítið illa með þá? Ég held nefnilega að öll þjóðin sé komin með það á tilfinninguna að þetta sé einhver versta útreið sem nokkur flokkur hefur nokkurn tíma fengið í ríkisstjórn að láta hann um öll skítverkin á meðan hinir hlaupa bara í burtu, þvo hendur sínar. Auðvitað hefur maður vissa samúð með þessum vesalings mönnum í Alþfl. sem rata í þessa ógæfu, það er ekki hægt að neita því.

Jæja, herra forseti. Ég ætla að setjast niður og bíða þess og sjá hverju fram vindur í umræðunni, hvort hæstv. fjmrh. tekur til máls. Það væri gaman að fá að heyra það.

Ég ætla aftur, bara svona fyrir þingtíðindin, að ítreka óskir mínar um það að hingað komi einhver framsóknarmaður og segi nokkur vel valin orð til stuðnings matarskattinum og auðvitað einhver hv. þm. Sjálfstfl., kannski hv. þm. Austf., sem hér er nýsestur inn, Kristinn Pétursson, taki það að sér. Það væri karlmannlega gert af honum ef hann tæki nú það verkefni að sér fyrir flokkinn að koma hér upp og segja nokkur eldheit orð um ágæti matarskattanna.

Þessi tímamót eru döpur byrjun á árinu 1988, það verð ég að segja, herra forseti. Ég ætla að vona að það ár beri ánægjulegri hluti í skauti sér fyrir almenning á Íslandi en þessi byrjun hér á hinu háa Alþingi gæti bent til þar sem verið er að ræða matarskatta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tók til máls í upphafi þessa fundar um þingsköp og það virtist vera á máli hæstv. forseta að það hefði einhver misskilningur orðið okkar á milli í sambandi við þær viðræður sem fóru fram 30. f.m. á milli stjórnarandstöðuþm. og hæstv. fjmrh. og hæstv. forseta. Ég hef borið mig saman við tvo af þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem þar voru á fundi og þeir skildu málið á sama veg og ég. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða það mál frekar.

Auðvitað vitum við sem erum á móti matarskattinum að hann verður samþykktur hér. Við vitum það. En við teljum nauðsynlegt þegar tímar líða að okkar sjónarmið og aðvörunarorð komi fram í þingtíðindum. Þess vegna ræðum við um þessi mál. Ég hefði viljað að hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar væri hér viðstaddur vegna þess að ég ætla með nokkrum orðum að deila á vinnubrögð nefndanna. Ég kann því illa að gera það að honum fjarstöddum. (**Forseti:** Formaður fjh.- og viðskn. kom að máli við mig áðan og fékk að víkja burtu af persónulegum ástæðum sem ég taldi fullgildar og hann er ekki væntanlegur hér aftur næsta hálftímann a.m.k. En ég vil benda á að frsm. nefndarinnar í málinu er hér á fundi og spyrja hvort ræðumanni nægir að hann beri formanni fjh.- og viðskn. þau skilaboð sem hv. ræðumaður kann að hafa.)

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að ég ljúki ekki máli mínu fyrir matarhlé þannig að ég vona þá að hv. 1. þm. Norðurl. v. mæti eftir matarhlé.

Ég sagði það í sambandi við söluskattinn í ræðu sem ég flutti 30. f.m. að ég hefði tekið eftir því að formaður fjh.- og viðskn. deildarinnar vildi ekki eða kom sér hjá að mæla fyrir nál. meiri hl. um þetta málefni og hv. 10. þm. Reykv. tók það að sér. Ég er ekkert hissa á því að hv. formaður fjh.- og viðskn. kæmi sér hjá því að tala fyrir þessu máli. Þó ég væri stutt núna fyrir norðan þá heyrði ég í tveimur af hans mönnum úr hans kjördæmi og þeir töluðu um kjarkleysi þm. Framsfl. í sambandi við þetta mál. Ég mun ræða það betur eftir matarhlé.

Hv. 6. þm. Suðurl. Óli Þ. Guðbjartsson ræddi og las upp úr ræðu hæstv. fjmrh. Hann er nú víst ekki staddur hér hæstv. ráðherrann. Er hann hér í hliðarsölum, hæstv. forseti? (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að aðvara fjmrh. um að hans sé óskað, en ég vil aðeins geta þess í sambandi við framhald þingstarfa hér í kvöld, að það er nú sýnt að þessari umræðu lýkur ekki fyrir venjulegan kvöldmatartíma, þannig að ég hafði hugsað mér að halda henni áfram til kl. 7 og gefa þá matarhlé og menn mega þá reikna með kvöldfundi í deildinni. En nú er fjmrh. genginn í salinn.)

Hæstv. forseti. Ég var að tala um að hv. 6. þm. Suðurl. hefði lesið upp úr ræðu núv. hæstv. fjmrh. sem hann flutti 10. des. 1986. Það var mjög merkilegur lestur. Það hlýtur að hvarfla að manni að það séu embættismennirnir í ráðuneytunum sem fyrst og fremst ráði því sem gert er hér á hv. Alþingi. Ef þm. eiga að taka mark á þessari ræðu sem var lesin hér upp af hv. 6 þm. Suðurl., þá er með ólíkindum sú stefnubreyting, það breytta viðhorf sem hefur orðið á þessu rúma ári hjá hæstv. fjmrh. Það er alveg með ólíkindum. Þegar ég hlusta á þessa ræðu nú og hún er rifjuð upp fyrir mér, þá hlýtur að koma í hugann: Hvernig getur staðið á þessu? Við höfum verið upplýst hér um að það hafi verið fimm manna nefnd sem gerði tillögur um þessa kerfisbreytingu, að mér skilst þrír menn úr ríkiskerfinu og svo tveir frá iðnaðinum. Ekki get ég eða vil ég a.m.k. segja það að hæstv. fjmrh. snúist bara eins og skopparakringla frá einum degi eða einum mánuði eða einu ári til annars eftir því hvort hann er í stjórnarandstöðu eða er þátttakandi í ríkisstjórn. En þetta er umhugsunarvert.

Í sambandi við þennan matarskatt hef ég í máli mínu komið fram tvívegis með spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh. Spurningin var þessi: Hvernig er háttað eftirliti með innflutningi á matvælum til landsins? Ég hef ekkert svar fengið. Ég hygg að það séu fleiri en ég sem hafa hrokkið við þegar fyrsta Morgunblaðið er gefið út á þessu ári og þar er upplýst að annað mesta kjarnorkuslys sem talið er að hafi orðið í heiminum, miðað við þessi skrif, hafi orðið fyrir 30 árum og sé verið að upplýsa það nú. Fyrrv. orkumálaráðherra breska Verkamannaflokksins, Tony Benn, skýrir frá því að ef gefa ætti skýrslu um öll þau slys sem hafi orðið í kjarnorkuverum, hann tilgreinir ekki hvort það er á Bretlandi eða hvort það er á allri jörðinni, þá skipti þau tugum á síðustu 30 árum. Og þetta slys gerðist fyrir 30 árum á Norðvestur-Englandi. Hvernig er þessum málum háttað hjá okkur?

Nú er verið að fjalla hér um mikla kerfisbreytingu. En ef menn taka mark á þeim ummælum hæstv. fjmrh. sem hann viðhafði 10. des. 1986 og í fjárlagaræðunni sem hann flutti 4. nóv. sl. þá er það a.m.k. ekki í stefnu Alþfl., og við vitum um frjálshyggjuliðið í Sjálfstfl., að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum í framtíðinni. Til þess að koma á þessari kerfisbreytingu hefur það líklega verið til að friða suma landsbyggðarþm., ekki síst þm. Framsfl., að á fjárlögum eru nú ætlaðar 1250 millj. í auknar niðurgreiðslur til að mæta þessum 25% söluskatti.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að þessar 1250 millj. nægi til að greiða niður þessar landbúnaðarafurðir út þetta ár. Mér er sagt af kunnugum að það þurfi miklu meira en 1250 millj. ef neyslan verður svipuð og hún var á síðasta ári, jafnvel 1800–1900 millj. Hvað er rétt í því? Það þarf að liggja fyrir og ég vonast til að hæstv. fjmrh. leysi þá gátu og upplýsi hvað það kosti á hverja vörutegund að borga niður söluskattinn á þessu ári. Eða er það meiningin að borga aðeins í 7–8 mánuði?

Það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. að hæstv. ríkisstjórn væri búin að missa allt tímaskyn, ætlaði að halda upp á sjö mánaða starfsafmæli ríkisstjórnarinnar nú 8. janúar. En eru ekki allar líkur fyrir því einnig að hæstv. ríkisstjórn sé búin að missa allt áttaskyn? A.m.k. sýnist mér Alþfl. vera búinn að því og ég sé ekki betur en Framsfl. sé búinn að því líka og landsbyggðarmenn Sjálfstfl. a.m.k. Eða hvernig má það vera að það sé búið að söðla þannig um t.d. hjá þessum hv. þm. og hæstv. ráðherrum að nú sé ekkert mál að settur sé á 25% matarskattur, þó það liggi fyrir skjalfest, m.a.s. í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. að stefna hans og hans flokks sé að hætta niðurgreiðslum? Hafa hv. þm. Framsfl. og landsbyggðarþm. Sjálfstfl. hugleitt það í hvaða sporum þeir muni standa á næstu mánuðum, ekki síst þegar fram kemur að það verður erfitt að ná samstöðu um áframhaldandi niðurgreiðslur?

Það var hringt í mig m.a.s. á gamlárskvöld, mönnum var það mikið niðri fyrir að þeir hringdu á gamlárskvöld til mín og þessir viðmælendur mínir sögðu: Getur það verið, ég trúi því ekki, að t.d. þm. Framsfl. greiði þessu atkvæði? Við höfum ekki trú á því. Við getum ekki trúað því. Og hvað veldur þessu? Ja, það er von að menn spyrji. Það er ekkert undarlegt. Eru það ráðherrastólarnir sem ráða? Ég hygg nú að eins og horfurnar eru þá verði þeir nú ekki lengi í ráðherrastólunum, ef þróunin verður eins og manni sýnist á þessu nýbyrjaða ári.

Ég gæti lesið upp úr ræðu fjmrh. til að sýna fram á hvernig hans ræða var, t.d. í sambandi við niðurgreiðslurnar. Hann segir hér á bls. 47 í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Samhliða því að söluskattur verður lagður á fleiri vöruflokka en nú verður ráðist í allumfangsmiklar hliðarráðstafanir til þess að bæta þeim tekjulægstu áhrif söluskattsins á matvöruverð. Í þessu skyni er m.a. ráðgerð sérstök hækkun á bótum lífeyristrygginga, en ríkisstjórnin væntir þess að öðru leyti að gott samstarf megi takast við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd þessara ráðstafana. Í þessu sambandi kemur auðvitað sérstaklega til athugunar lækkun skatta í staðgreiðslukerfi, hækkun barnabóta, barnabótaauka og persónuafsláttar."

Og hann segir hér að það verði reynt að bæta upp hið hækkandi verð á matvöru með þessum ráðstöf-

unum en ekki með niðurgreiðslu, sbr. einnig ræðu hæstv. fjmrh. sem flutt var fyrir rúmu ári.

Ef þetta fer sem horfir þá er verið að knýja fram mikla neyslubreytingu í þjóðfélaginu þar sem verð á innfluttri matvöru lækkar á sama tíma og verð á innlendri matvælaframleiðslu hækkar. Og með tilliti til þess sem ég vitnaði í í Morgunblaðinu 3. þ.m. um að það hefðu verið tugir kjarnorkuslysa spyr ég: Hvaða ráðstafanir ætlar hæstv. heilbrh.- og trmrh. að gera til þess að ekki verði flutt inn matvara sem er menguð jafnvel af geislavirkum efnum? Í frétt hjá Ríkisútvarpinu kom það fram að geislavirkni hefði verið tíu sinnum meiri en talið var hættulaust, tíu sinnum meiri. Það kom fram að mikið væri um hvítblæði og aðra tegund af krabbameini á svæði umhverfis slysstaðinn. Er það kannski ekki þess vegna sem t.d. Svíar og Finnar eru svona vel á verði í sambandi við innflutning á matvöru til sín, jafnvel frá Íslandi þar sem ekkert kjarnorkuver er, að það dugar ekki að senda tvær prufur heldur vilja þeir koma til þess að skoða vöruna með eigin augum? Hvernig er þetta hjá okkur, hæstv. heilbr.- og trmrh.? Er það rétt sem fullyrt er að það sé ekkert nema málamyndaeftirlit með þessum innflutningi? Og ætlar hæstv. ríkisstjórn að knýja fram neyslubreytingu, sem liggur á borðinu að auðvitað verður ef ekkert verður að gert, og eiga það á hættu að matvara, t.d. grænmeti og e.t.v. ávextir, ég þekki það ekki nægilega vel, verði flutt hingað frá óheilnæmum svæðum? Því vil ég spyrja og ég veit að þessar spurningar eru mörgum ofarlega í huga eftir þær upplýsingar að tugir kjarnorkuslysa hafi orðið á 30 ára tímabili: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn sér að gera í sambandi við þessi mál?

Ég sé að hv. 1. þm. Norðurl. v. er genginn í salinn. Ég hætti við það áðan, þegar upplýst var að hann væri ekki viðlátinn, að minnast á nokkur atriði í sambandi við þau vinnubrögð sem hafa verið hér í Alþingi í sambandi við þessa kerfisbreytingu. Én vildi helst ekki gera það öðruvísi en að hann væri viðlátinn. Er hv. þm. kannski genginn úr salnum? Ég vil ekki ræða þau vinnubrögð öðruvísi en að hv. þm. sé viðlátinn. (**PP:** Ég er viðlátinn.)

Ég hef kannað það að frv. sem tilheyra þessari kerfisbreytingu voru lögð fram 9. og 10. desember sl. 14. desember var 2. umr. um fjárlög. 15. desember er atkvgr. eftir 2. umr. Það liggur alveg á borðinu að það hafa verið viðhöfð allt önnur vinnubrögð varðandi þessi mál en hafa tíðkast á Alþingi fram að þessu. Nefndir beggja deilda hafa ekki haft möguleika á að skoða þessi frumvörp eins og skylt er og nauðsynlegt og framkvæmdastjóri Þjóðhagsstofnunar hefur skýrt frá því á opinberum vettvangi að það væri alls ekki hægt að segja fyrir um það hvernig þetta verkaði fyrr en einhvern tímann eftir áramót. Sem sagt, það liggur á borðinu að enginn veit hvernig þessi frumvörp munu verka og ég efa að nokkur viti um ýmis atriði sem eru í þessum lagabálkum. Það er mikil ábyrgð sem nefndirnar hafa tekið. Það er ekki einungis hæstv. ríkisstjórn heldur ekkert síður nefndirnar, að láta bjóða sér að standa þannig að verki.

Ég tek eftir því að í blöðum í dag segir hv. þm. Matthías Bjarnason að hann láti ekkert segja sér fyrir verkum. Hvað er hv. þm. að segja? Hann lætur ekki segja sér fyrir verkum. Var þeim sagt fyrir verkum, þingnefndum beggja hv. deilda um það hvernig þær ættu að standa að þessu, að þær yrðu bara að afgreiða þetta blindandi?

Ég tel það nauðsynlegt vegna umfjöllunar síðar um þessi mál að þetta komi alveg greinilega fram hér á hv. Alþingi því að hér er um alveg nýja starfshætti að ræða sem verið er að taka upp sem ég hef ekki þekkt áður. Menn verða að athuga það að hér er ekki um neitt lítið að ræða. Það eru ekki tvær, þrjár lagagreinar. Það eru frv. upp á um 500 blaðsíður. Þau eru um kerfisbreytingu, algjöra kerfisbreytingu í skattlagningu ríkisins. Á þessum 12 dögum sem voru til jóla áttu eftir að fara fram tvær umræður um fjárlög og atkvæðagreiðsla um þau fyrir utan öll önnur frv. sem lágu fyrir þinginu á þessum tíma. Ég er alveg undrandi á eins mætum manni og hv. 1. þm. Norðurl. v. að láta bjóða sér þessi vinnubrögð. Það er auðvitað vansæmd fyrir ríkisstjórnina og alla þá sem styðja hana að líða slík vinnubrögð, enda trúi ég ekki að þm. Framsfl. sem ég þekki vel sé það ljúft að standa að þessum matarskatti og að standa að og bera ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð.

Ég gæti lokið máli mínu að öðru leyti en því, hæstv. forseti, að ég á svolítið vantalað við formann Framsfl., hæstv. utanrrh., og mælist til þess að geta hafið mál mitt aftur eftir matarhlé þar sem hann er ekki viðstaddur. Ég kann ekki við að tala til hans hér úr ræðustól öðruvísi en að gerðar séu ráðstafanir til að hann hafi möguleika á að hlýða á mál mitt. (**Forseti:** Eins og fundarmönnum mun kunnugt hafði forseti tilkynnt að hlé yrði gert á fundinum frá kl. 19 til kl. 21 og það mun vera vandalaust að sjá til þess að hæstv. utanrrh. verði hér við upphaf fundar kl. 21 og þá félli það vel saman að hlé yrði gert á ræðu hv. þm. sem og fundinum.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég ætlaði að beina nokkrum orðum til formanns Framsfl., hæstv. utanrrh. Nú hefur hæstv. forseti hins vegar tilkynnt mér að hann sé bundinn við önnur störf en hv. 1. þm. Norðurl. v. muni flytja honum skilaboð. En málið var það að ég ætlaði að leggja spurningar fyrir hæstv. utanrrh.

Ég las áramótagrein og hugleiðingar ráðherrans með athygli og þar undirstrikar hann alveg sérstaklega það sem fór á milli okkar eða minna samtaka á Akureyri og hv. þm. Páls Péturssonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, á Akureyri, þá undirstrikar hann sína stefnu, þ.e. þá stefnu sem hann taldi á þessum fundi okkar að væri stefna Framsfl. en sagði að þeir yrðu bara að hverfa frá henni vegna þess að þeir væru í þessari ríkisstjórn. Það er ýmislegt athyglisvert sem kemur fram í þessum áramótahugleiðingum.

Áður hafði hæstv. utanrrh. sagt í Tímanum 19. desember: „Raunvaxtaokri verður að linna." — Ég sé að formaður þingflokksins er vikinn úr sal. Ég mun þó halda áfram ræðu minni því að ég er ekkert hissa á því þó að hv. þm. líði illa þegar þessi mál eru rædd.

Hinn 17. desember var í blaðinu Degi á Akureyri leiðari þar sem því er haldið fram að raunvextir muni vera um 2–3%. Í áramótagrein sinni segir aftur hæstv. utanrrh. að raunvextir í dag muni vera 20–30%. Ég hef ekki leyft mér að halda því fram að raunvextir í dag væru allt í 30%. Hitt má með sanni segja að ef tekið er mið af lánskjaravísitölu þetta ár frá ársbyrjun til ársloka sem er 22,2% og ef menn miða við raunvexti á ríkisvíxlunum sem eru 41,3% séu raunvextir nálægt 20% og sjálfsagt í sumum tilvikum eru raunvextir á gráa markaðinum enn hærri.

En hvernig er það með formann Framsfl. og hv. þm. Pál Pétursson? Bera þeir ekki ábyrgð og Framsfl. á þessari vaxtastefnu? Þýðir nokkuð fyrir þá að koma fram í blöðum eða annars staðar og segja: Þetta er ekki okkar stefna, við berum ekki ábyrgð á þessu?

Utanrrh. segir meira í þessari grein. Hann segir efnislega:

Þegar frjálsræði í vöxtum var ákveðið gerðum við ýmsar ráðstafanir sem við töldum að mundu hindra að þessi stefna hefði jafnillt í för með sér og nú er komið í ljós.

Hæstv. utanrrh. beinir því líka til bankaráðanna að þau komi með tillögur um það hvernig eigi að lækka vexti. Tryggvi Pálsson, fjármálastjóri Landsbankans, er í raun og veru búinn að svara því hvernig á því stendur að vaxtamunur er svo mikill. Hann segir að viðskipti bankanna við Seðlabankann leiði það af sér að vaxtamismunur af þeim ástæðum einum þurfi að vera a.m.k. 2% hærri en annars væri. Er það ekki hæstv. ríkisstjórn sem stjórnar því eða getur haft afgerandi áhrif á það hvernig Seðlabankinn hagar sér í viðskiptum við ríkisbankana?

Ég gat um það fyrr í ræðu minni að bindiskylda í bönkunum væri 13%, og að ekki væru greiddir neinir vextir af því fé. T.d. verður Búnaðarbankann að binda 1,7 milljarða, en ef þetta fé væri lánað út á 9,5% vöxtum sem eru hinir algengustu hjá bönkunum og þeir eru meira að segja hærri ef menn geta ekki staðið í skilum og verða að fá ný lán, 2% hærri, en miðað við lægri vaxtatöluna eru þetta rúmar 160 millj. kr. sem eru hafðar af Búnaðarbankanum á þennan hátt. Vextir af því fjármagni sem Seðlabankinn gerir bönkunum skylt að hafa á bundnum reikningi eru 26% frá því í ágúst. Þeir hafa ekkert breyst. Síðan verða bankarnir, ef þeir hafa ekki inni það sem er bundið, þ.e. 10% til viðbótar í ríkisvíxlum eða í fjármagni í Seðlabankanum, að borga 41% eða um 48 eða 49% raunvexti á ári. Bankarnir neyðast því til þess að hækka vextina vegna þess að annars geta þeir ekki haldið sínum rekstri réttum megin við strikið.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Ríkisstjórnin í heild og stuðningsmenn hennar bera ábyrgð á þessari vaxtastefnu og það er ekki stórmannlegt að segja: Ja, við erum á móti þessu eða hinu. Ef þeir styðja ríkisstjórnina á annað borð bera þeir auðvitað ábyrgð.

Það er líka athyglisvert þegar maður er að lesa umsagnir hinna ýmsu manna í sambandi við árið sem er nýliðið að t.d. formaður Vinnuveitendasambandsins segir: Þetta var gjöfult ár, en tækifærin glötuðust. Og forseti Alþýðusambandsins segir: Þetta var ár glataðra tækifæra. Þetta eru umsagnir forustumanna vinnumarkaðarins um þá ríkisstjórn sem situr. (**Fjmrh.:** Fyrrverandi.) Ja, vextirnir hafa fyrst og fremst hækkað, hæstv. fjmrh., í ykkar tíð, 60% ef við miðum við ríkisvíxlana þegar ríkisstjórnin settist að völdum fyrir sex mánuðum en ekki sjö. Fram til 1. desember hækkuðu þeir frá 26% upp í rúm 41% eða um 60%.

Ég vil að þetta komi skýrt fram vegna þeirrar umræðu sem nú er í þjóðfélaginu. Ég veit það t.d. að hv. þm. Páll Pétursson er ekki sæll að vera í þessari flatsæng sem hann hefur látið setja sig í. Hann er það ekki, ég veit það. En það er ekki stórmannlegt að láta kúga sig til þeirra verka sem er verið að framkvæma hér og nú. Þar á ég við söluskattinn, þar á ég við vaxtamálin og fleiri hluti sem ég ætla ekki að telja upp.

Ég harma að formaður Framsfl. er ekki hér. Ég hefði beint til hans nokkrum spurningum þó að hæstv. ráðherrar svari yfirleitt ekki. Þeir telja sig víst vera yfir það hafna að svara stjórnarandstöðunni en það getur vel verið að það komi þeim í koll þótt síðar verði.

Ég ætla að láta máli mínu lokið, en ef formaður Framsfl. birtist í kvöld og ekki verður búið að ljúka umræðunni mun ég kannski leggja fyrir hann nokkrar spurningar.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Enn er til umræðu frv. til laga um söluskatt. Við höfum rætt þessi mál í þessari hv. deild aðallega á tíma sem ekki er venjulegur fundatími deildarinnar og einnig hefur málið verið tekið á og af dagskrá hér í deildinni án þess að alltaf lægi ljóst fyrir hvers vegna.

Það sýnir kannski best samstarfsvilja stjórnarandstöðunnar að hún skuli sætta sig við slíkt ráðslag og taka í mál að ræða þau mikilvægu mál sem hafa verið til umræðu í deildinni milli jóla og nýárs með þeirri tímapressu sem á okkur var sett. Það var auðvitað algjör neyð að þurfa að afgreiða frv. um vörugjald og frv. um tolla frá deildinni nánast óræddd. Þm. deildarinnar hafa haft allt of lítinn tíma til að kynna sér þessi mikilvægu mál og þarf ekki annað en vísa til umræðu hér í deildinni um vinnubrögð í fjh.- og viðskn. deildarinnar. Vinnubrögð eins og þá var lýst eiga að sjálfsögðu alls ekki að geta átt sér stað.

Vegna þess hve mikið við í stjórnarandstöðunni höfum lagt á okkur kemur á óvart það nöldur sem

heyrst hefur út í okkur vegna framgangs þeirra mála sem ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt að afgreiða með forgangshraði. Þau mál sem hafa verið nefnd voru svo seint lögð fram hér á Alþingi að ekki var hægt að búast við að þau yrðu afgreidd fyrir áramót með eðlilegum hætti.

Í áramótaávarpi hæstv. forsrh., sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 3. janúar, stendur, með leyfi forseta:

„Lýðræðið tekur sinn tíma og Alþingi á rétt til eðlilegrar umfjöllunar um slík mál," segir hæstv. forsrh. þegar hann er að tala um þessi mál ríkisstjórnarinnar, „en það á ekkert skylt við lýðræði þegar mál eru tafin tafarinnar vegna. Meginmáli skiptir að það er ekkert hik á þeim sem ábyrgðina bera að koma þeim málum fram sem nauðsynlegt er."

Hér er einkennilega að orði komist. Lýðræðið tekur sinn tíma, stendur þarna. Það var og. Og hvað skyldi lýðræðið hafa tekið langan tíma?

Eins og ég sagði áðan höfum við aðeins fáa daga til að fjalla um þessi mál. Það kom mér því mjög á óvart að heyra það í umræðuþætti í útvarpinu eftir hádegi á gamlársdag að við hefðum fengið að ræða frv. um söluskatt svo lengi að það samsvaraði einum og hálfum mánuði, eins og hæstv. forsrh. talaði um, ef um eðlilegt þinghald hefði verið að ræða, eða í sex vikur, eins og hæstv. fjmrh. taldi betra að orða það í þessum sama útvarpsþætti. Já, heilar sex vikur var sagt að við hefðum fengið að ræða söluskattsfrv. Ég veit ekki til að við höfum þurft til þess sérstakt leyfi að fá að tala um þetta mál. (Gripið fram í.) Ég varð t.d. ekkert vör við það að herra forseti hefði nokkuð við það að athuga þó að við töluðum um þessi mál þótt að vísu væri um mjög óvenjulegan þingtíma að ræða.

Mér finnst eðlilegt að þeir hinir sömu sem finna út hve margar vikur við höfum talað í þessu máli taki sig nú til og reikni út hvað það samsvarar mörgum vikum sem við í stjórnarandstöðunni höfum talað hvert yfir öðru og hve margar vikur stjórnarþm. hafa sofið heima og hve margar vikur ríkisstjórnin hefur setið og hlustað á það sem stjórnarandstaðan hefur haft fram að færa og hve margar vikur hafa verið notaðar hér í þessum þingsal við lestur á sögu- og ljóðabókum og tímaritum meðan á umræðum um frv. um söluskatt hefur staðið og hve mörgum vikum sá tími samsvarar sem notaður var til að fara yfir málið í þingnefnd. Ég held að þetta yrðu allt saman mjög fróðlegar upplýsingar.

Herra forseti. Ég hélt í barnaskap mínum þegar ég settist inn á Alþingi nú í haust að Alþingi væri annað og meira en stofnun sem setti stimpil á þau frv. sem ríkisstjórnin leggur fram. Það virðist sem umræður hér á þinginu skipti engu máli. Það telja sér ákaflega fáir stjórnarþm. skylt að hlýða á umræður og þá tel ég með þá þm. sem sitja í ríkisstjórninni. Skiptir þá engu máli hvaða álit stjórnarandstöðuþm. hafa á málum ríkisstjórnarinnar og eru allir þm. sem styðja stjórnina alltaf sammála öllu sem hún gerir? Og líti nú hver í sinn barm og spyrji sjálfan sig.

Hér fara ekki fram nein skoðanaskipti milli þm. Það er meira að segja svo að það eru ítrekað bornar fram fsp. til hæstv. ráðherra og einstakra þm. án þess að þeir telji sér skylt að svara þeim. Það má spyrja, herra forseti: Til hvers erum við hérna? Hvert er hlutverk Alþingis? Er ekki ætlast til annars af okkur en að samþykkja þegjandi og hljóðalaust það sem frá ríkisstjórninni kemur?

Í þeirri von að eitthvað heyrist af því sem hér er sagt og eitthvert mark sé á því tekið höfum við þingkonur Kvennalistans flutt brtt. við frv. sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur gert grein fyrir hér fyrr í dag.

Við höfum margbent á og ætti hæstv. ráðherra og reyndar ráðherrum öllum að vera orðið ljóst að við erum á móti matarskattinum illræmda. Við sem höfum barist gegn þessum matarskatti á Alþingi erum ekki ein um þá skoðun. Ég hef undir höndum fjölmargar ályktanir frá ýmsum félögum launafólks þar sem matarskattinum er mótmælt. Ég vil ekki tefja tímann með því að lesa upp þessar ályktanir en reikna með að hæstv. fjmrh. hafi einnig fengið þær og lesið vandlega.

Ein aðalástæðan og það eina sem ég hef heyrt sem rök fyrir matarskatti er einföldun. Mér þykir það ákaflega einkennileg aðferð til einföldunar að setja skatt á matvæli. Það má svo sem vel vera að það sé einfaldara að innheimta söluskattinn ef allar vörur eru með sömu söluskattsprósentu, en það er svo sannarlega ekki einfalt fyrir launafólk að greiða þennan skatt. Það eru margir með það lág laun að þá munar um þann matarskatt og þeir þurfa að kreppa enn frekar að sér en þeir hafa þurft að gera undanfarið.

Herra forseti. Í skýrslu fjmrh. um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika, sbr. ályktun Alþingis frá 3. maí 1984, og lögð var fyrir Alþingi 8. apríl 1986 kemur fram á bls. 9 í einni grein kafla sem nefndur er „Samandregnar niðurstöður", með leyfi forseta:

„Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum raðað eftir áhættustigi: a. byggingarstarfsemi, b. persónuleg þjónustustarfsemi svo sem bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv. og c. iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur." Greinilegt er því að verslun kemur aftarlega í röðinni þegar raðað er eftir áhættustigi. Það er því erfitt að skilja hvers vegna hæstv. fjmrh., ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar leggja áherslu á matarskattinn. Ekki virðist undandrátturinn sem svo mikið hefur verið leitað að vera falinn í versluninni eftir því sem hér kemur fram alla vega.

Það hefur lítið sem ekkert verið gert til að reyna að koma í veg fyrir þann mikla undandrátt á söluskatti sem talið er að sé verulegur eins og kemur þarna fram ítrekað en virðist eftir þessu ekki vera neitt að ráði í verslun, miklu frekar í öðrum grein-

um. Og það er ekki hægt að sjá af frv. sem liggur fyrir að neitt sé tekið á þeim.

Ástæða þess að ekki er hægt að samþykkja frv. eru því margar þótt söluskattur á matvæli séu okkur kvennalistakonum stærstur þyrnir í augum.

Það eru ýmis atriði varðandi þetta frv. sem ég gjarnan vildi ræða frekar en þar sem ríkisstjórnin og fylgismenn hennar virðast vera komnir í þegjandaleik tel ég tilgangslaust að vera að tala frekar um þetta mál. Ef þetta er það sem kalla á umræðu og málefnalega umfjöllun af hálfu stjórnarflokkanna um þetta mikilvæga mál get ég alls ekki verið sammála því. Ég vona svo sannarlega að þetta sé ekki forsmekkurinn að því hvernig umræður eiga eftir að fara hér fram um þau frumvörp sem ríkisstjórnin á eftir að leggja fyrir þingið.

Herra forseti. Ef svo á að vera tel ég þingræðinu illa komið og erfitt að sjá að það sem hér hefur verið viðhaft af hálfu stjórnarflokkanna eigi nokkuð skylt við lýðræði. Ef svo er þarf ég að fá sérstaklega skýringu á því.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Svo lengi lærir sem lifir, segir gamalt máltæki. Ég hef lært margt síðan ég kom hingað inn á Alþingi. Flest af því sem ég hef lært að gagni um þessi frv. öll hef ég lært af stjórnarandstæðingum því að stjórnarsinnar taka ákaflega lítið til máls. Má þakka fyrir ef þeim dettur í hug að hlusta. Hér er yfirleitt fámennt af þeim.

Ég heyrði það t.d. að frú Margrét Thatcher, sem ég hef alltaf haldið að væri svona í fararbroddi *frjálshyggjunnar, leggur ekki á matarskatt.* Það gerir hæstv. fjmrh. sem er í fararbroddi jafnaðarmanna, eins og hann segir, hér á Íslandi. Þessu hefði ég ekki að óreyndu trúað.

Það er mín skoðun að þetta skattafrv. sé eitthvert það versta heimilisböl sem nokkurt Alþingi hefur leitt yfir þjóðina. Að vísu skal ég viðurkenna það að hvorki ég né þeir sem leggja það fram vita náttúrlega í raun og veru hvað þetta hefur að þýða. Þetta er svo óráðið að maður veit ekki hvað kemur út úr því þegar það fer virkilega að gilda. Íslendingar eru ekki stór þjóð, Íslendingar eru mjög smá þjóð. Það er sagt sem svo að það sé kraftaverk að við skulum geta haldið hérna uppi menningarþjóðfélagi og rengi ég það ekki. Það hefur líka verið sagt að við værum eins og ein stór fjölskylda, hér þekktu allir alla og hér fylgdust allir með öllum. Því miður held ég að þetta sé ekki rétt því að ég get ekki ímyndað mér að fólk greiddi atkvæði með þessum sköttum ef það vissi hvað það er að draga yfir þau heimili sem nú þegar hafa of lítið.

Ég get ekki setið á mér þó að menn séu hér á hljóðskrafi að segja ykkur eina sögu. Ég vona að það sé ykkur ekki ofviða að hlusta á hana. Ég, eðlilega, þekki kannski fyrst og fremst fólk sem er heldur í þeim kantinum sem hefur það erfiðara, efnahagslega.

Ég átti tal við eina vinkonu mína núna um áramótin. Ég hef þekkt hana síðan hún var barn og veit upp á hár um hennar lífskjör yfirleitt. Þessi kona varð ekkja rúmlega fertug, þá með hóp af börnum. Eignalaus braust hún áfram með börnin og eignaðist jafnframt íbúð, þá með góðum kjörum, í Breiðholtshverfinu, í verkamannabústöðunum. Hún hélt sig hafa tekið lán sem hún gæti líka ráðið við. En eins og ég sagði í upphafi lagði hún á sig mjög mikla vinnu og heilsan bilaði og nú er hún búin að vera öryrki í ein þrjú, fjögur ár og komin í hjólastól.

Hvað fær nú þessi kona til að lifa af í velferðarþjóðfélaginu? 28 þús. kr. á mánuði og er hún í hærri kantinum því að hún hefur tiltölulega góðan lífeyrissjóð.

Nú, eitt barnið er enn þá heima. Það er að ljúka við menntaskóla. Hún fær ekki heimilisuppbót af því að hún rekur það ekki á dyr. Það mega nefnilega ekki vera tveir í heimili til þess að fá heimilisuppbót. Tvisvar á ári, ég má segja í janúar og einhvern tímann að haustinu, þarf hún að borga af íbúðinni sinni. Það sem var mjög sæmilegt þegar hún keypti íbúðina er orðið yfirþyrmandi núna vegna lánskjaravísitölunnar. Hún á næsta lítið eftir til að hafa fyrir mat þegar hún hefur borgað af láninu. Og hvað segir maður þegar maður heyrir svona? Ja, þið hafið kannski, eins og ég, horft á Jólaævintýri eftir Dickens. Þið munið kannski eftir ágirndarpúkanum sem andi jólanna fór með um Lundúnaborg og sýndi þá geigvænlegu fátækt sem þá var þar en við höfum ekki séð a.m.k. langa, langa lengi. Og hvað sagði ágirndarpúkinn? Hann sagði: Til hvers borga ég skatta? Af hverju er þetta fólk ekki á stofnunum? *Til hvers er ég að borga skatta ef það er ekki séð fyrir því?*

Nú, ég sagði við þessa vinkonu mína: Þú sérð það að þú getur ekki borgað af húsnæðinu. Þú verður bara að láta hjálpa þér með þetta. Til þess borgum við skatta, sagði ég og meinti það. Hún getur vel talað fyrir sig sjálf, þessi kona, og hún sagði: Ég hef reynt það en ég fæ ekki hjálp vegna þess að ég er ofan við strikið. Það er eitthvert strik þarna sem fólk má ekki fara upp fyrir. Þá fær það ekki frekari hjálp.

Þetta er nú velferðarþjóðfélagið okkar í dag. Nú á að leggja á þessa konu og annað slíkt fólk 25% í matarskatt. Hvernig haldið þið að lífið hjá því verði þá? Og þetta gera menn alveg án þess að blikna eða blána og veifa í kringum sig og segja: Það fær barnabætur. Það er bara ekki allt þetta fólk með barnabætur. En það er margt fólk með barnabætur sem alls ekki þarf á þeim að halda. Bankastjórar, forstjórar og ráðherrar eru með barnabætur, en svona fólk er með engar bætur nema þessar ákveðnu bætur út úr almannatryggingum og út úr sínum lífeyrissjóðum. Ég tiltek dæmið um þessa konu vegna þess að hún er nógu greind og á enn þá, þó ótrúlegt sé, nógu mikið baráttuþrek til þess að ég veit að hún mun leyfa mér að gefa upp nafnið hennar ef einhver skyldi rengja mig og óska sérstaklega eftir því. Ég mun hins vegar ekki gera það án þess að biðja hana um leyfi.

Ég held að hv. þm., sem ég reikna með að sé yfirleitt gott fólk þó þeir séu í stjórnaraðstöðu, ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir gera þetta, samþykkja þennan matarskatt. Ég held að þeir ættu ekki að vera að reyna að sannfæra sjálfa sig um það að fólk fái eitthvað í staðinn sem það getur við unað og sem getur bætt því kjörin. Ég trúi því ekki, ef þeir vissu hvað þetta getur skapað fólki mikla erfiðleika, að þá mundu þeir gera þetta.

Ég geri ráð fyrir að það sé búið að njörva þetta svo saman að það verði samþykkt, en ég segi bara það: Ég öfunda ykkur ekki af því. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Þökk fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 475, sem var of seint fram komin, samþ. með 26 shlj. atkv.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið enda tel ég að flest það sem fram þarf að koma undir þessu máli sé þegar komið fram og það oftar en einu sinni þó að það sé að verða algild regla að það þurfi að særa ráðherra sem aðra stjórnarliða upp í pontu til að svara.

Ég vildi kannski í upphafi, með leyfi forseta, fá að vitna í hv. fyrrv. þm., Björn heitinn Jónsson, hvernig hann hóf umræðuna um söluskatt árið 1960, maður krötum vel kunnur. Hann sagði: „Herra forseti. Það eru ekki mörg orð höfð í framsögu fyrir þessu máli, enda má með vissum hætti segja að þetta frv. sé óhreina barnið stjórnarflokkanna. Það verður að vísu ekki synjað fyrir faðernið, en glöggt má þó finna að allir tiltækilegir tilburðir eru hafðir í frammi til þess að komist verði hjá því að meira beri á því en ýtrasta nauðsyn krefur, svo tilgangslaust og raunar barnalegt sem slíkt þó er, þar sem eðli þessa afstyrmis er það að þrengja kosti almennings í landinu dag hvern árið um kring og minna menn þannig á tilvist sína, en þannig hefur þetta verið um þetta mál frá upphafi.“

Þessi orð, sem voru mælt fyrir 27 árum rúmum, eru í fullu gildi í dag og gætu alveg eins verið sögð fyrir nokkrum dögum þegar þetta frv. var lagt fram. Hv. fyrrv. þm. Björn Jónsson talar um óhreina barnið stjórnarflokkanna og ég held að nánast öll þjóðin sé sammála því að matarskattsbletturinn á núverandi ríkisstjórn er hið óhreina barn sem hann talar um. Hann talar líka um að það verði að vísu ekki synjað fyrir faðernið. Það gæti að vísu reynst erfiðara nú þar sem ég tel að faðernið sé ekki eins skýrt í þessu dæmi eins og þá var því ég ég held að ábyrgð Sjálfstfl. í þessu máli sé meiri en fram hefur komið hingað til og má kannski álykta sem svo að það sé ein af ástæðunum fyrir því að varla sést sjálfstæðismaður hér í sölum nú á dögum. Svona fljótt á litið þá sé ég bara einn í salnum nú. (**AG:** Er það ég?) Nei, það eru þessir nýmóðins sjálfstæðismenn sem ég er að tala um.

Herra forseti. Ég get tekið undir nánast hvert orð sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði hér áðan um þingstörfin og mætingar hjá þingherrum stjórnarliðsins. Þær eru til háborinnar skammar og vart til eftirbreytni fyrir nýliða. Ég hvet forseta — sem reyndar hét því fyrir nokkrum dögum að hann skyldi taka á þessu máli þegar fram kom að yfir helmingur þm. var í burtu án leyfis en ég sé að það hefur ekki dugað til — til að taka málið upp að nýju.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. og vona kannski að hann svari í lokin nokkrum orðum um þessa nýársgjöf sem hann er að gefa íslensku þjóðinni núna með matarskattinum. Mig langar að spyrja hann í fyrsta lagi hvernig hann ætli að haga eftirliti með innheimtu í framtíðinni sem nú á að verða stórhert og stórbætt. Hvernig sér hann það fyrir sér?

Mig langar að spyrja hann hvernig hann ætli að fylgjast með lögfræðingum og endurskoðendum og öðrum slíkum sem vinna inni á stofnunum en vinna ekki sjálfstætt. Hvernig á að gera upp söluskattinn við þá?

Mig langar að spyrja hann hvort hann vilji lofa íslensku þjóðinni því hér í pontu að þær hliðarráðstafanir og niðurgreiðslur verði verðtryggðar og fylgi launum og öðrum vöruhækkunum?

Ég vil spyrja hann hvort hann vilji staðfesta það hér, þó að viðurkennt sé að 22% virðisaukaskattur verði allt of hár, og lofa íslensku þjóðinni því strax, hér og nú, að hann verði ekki hærri? Enda segir í athugasemdum við frv., orðrétt: „Með þessum aðgerðum og ákvörðun um 22% virðisaukaskatt sem upp verður tekinn ...“ o.s.frv. Þarna er staðhæft að hann verði 22%. Getur hann lofað íslensku þjóðinni að hann verði ekki hærri? Auðvitað á hann að vera lægri samkvæmt fyrri ummælum hans sem mikið hefur verið vitnað í hér í umræðum.

Þá vil ég spyrja hann í framhaldi af því sem fram kemur hér í athugasemdum við frv. Þar segir: „Þannig hefur skattsviðið smám saman verið að þrengjast, en það hefur óhjákvæmilega leitt til hækkandi skatthlutfalls.“ Þarna er hann að tala um núgildandi söluskattskerfi. Hvernig stendur þá á því þegar skattstofninn hefur verið víkkaður eins mikið og raun ber vitni að skatthlutfallið fer enn hækkandi?

Þá vil ég spyrja hann hvernig hann fái það út að kaupmáttur launa haldist þegar yfir dynja daglegar hækkanir á öllum kostnaðarliðum, síauknar skattbyrðar á almenning, síauknar skattbyrðar á fyrirtæki sem valda því að það verður ekki hægt að greiða þau laun sem krafist verður, væntanlega, í komandi kjarasamningum. Hvernig á fjölskylda, venjuleg barnafjölskylda, sjúkir eða aldraðir, að kljúfa þetta? Má nefna sem dæmi um barnafjölskyldu að samkvæmt Hagtíðindum, gefnum út í nóvember 1987, hækkar t.d. mánaðargjald á leikskóla frá nóvember 1986 til nóvember 1987 um 60%, á dagvistunarheimili hækkar það um 52%, strætisvagnaferðir um 43%, klipping um 57% o.s.frv.

Borgarafl. hefur lagt fram brtt. við þetta frv. á þskj. 466. Fyrsta tillagan sem flokkurinn gerir er við 3. gr. Þar er gerð tillaga um þá breytingu að á eftir 22. tölul. A-liðar komi nýr liður. Þetta tekur á matarskattinum og þarna er farið fram á að felldur verði niður söluskattur á fiski og fiskmeti, kjöti og unnum kjötvörum, mjólk og mjólkurafurðum, eggjum, brauði, grænmeti og ávöxtum.

Farið er fram á þá breytingu að við 14. tölul. B-liðar sem hljóðar svo: „Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum" bætist: „gufubaðstofum, nuddstofum, heilsuræktarstofum, útisamkomum og að sýningum á íslenskum kvikmyndum," eins og var áður. Fyrir þessu öllu er búið að tala og þarf ekki að hafa lengra mál um það.

Við 4. gr. er lagt til í fyrsta lagi að síðasti málsliður 7. tölul. falli niður. Þetta er sá tölul. sem tekur á hinni margfrægu byggðastefnu Alþfl., þ.e. afruglaranum. Er satt að segja ótrúlegt hvernig heill flokkur reynir að verja það að gefa eftir söluskatt á afruglurum þegar hann er lagður með fullum þunga á matarnauðsynjar fólksins í landinu. Má reyndar spyrja hvað vaki þarna fyrir hæstv. ráðherra, hvers vegna hann þrjóskast við að taka þessa undanþágu úr gildi. Ég hef spurt hvaða tengsl séu þarna á ferðinni, hvort þau séu flokksleg eða fjölskylduleg. Væri athyglisvert að fá að heyra svör við því. Ráðherra segir að Ríkisútvarpið hafi sín áskriftargjöld. Það hefur náttúrlega Stöð 2 alveg jafnt og Ríkisútvarpið og til að upplýsa ráðherrann eru það nákvæmlega 1250 kr. á mánuði. Þá má líka spyrja og hefur reyndar oft verið spurt þannig og hef ég m.a. gert það: Hver eru raunverulegu rökin fyrir því að ekki er hægt að hafa fleiri en eitt skattþrep? Hér var talað um í upphafi, eða því var alla vega fleygt, að matarskatturinn ætti að vera sennilega um 17%. Úr 10% fór hann reyndar upp í 25%, sem er 150% hækkun. Það má spyrja hvers vegna þetta er. Er þetta vegna lélegs eftirlits sem var?

Einföldunin verður ekki séð með góðu móti og væri fróðlegt að fá skýringu á því í hverju hún felst. Ég held að ef ráðherra hefði í raun og veru viljað fá einföldun hefði hann einfaldlega sett þetta upp í 100%. Þá væri ekkert mál að reikna þetta út.

Hvar eru allir milljarðarnir sem voru týndir eða voru í skattsvikunum um árið? Nú er reiknað með að þetta skili sennilega um 500 millj. kr. Það var talað um 2–3, ef ekki 4 milljarða. Hvar eru þeir í dag? Af hverju skila þeir sér ekki í þessu stórbætta kerfi sem verið er að tala um?

Síðasta brtt. sem Borgarafl. gerir er um að 19. tölul. 4. gr. orðist svo: „Gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi og menningarmála." Þarna er bætt við „menningarmála" og trúi ég því ekki að menn geti mælt á móti því svo menningarglaðir sem þeir eru.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni en ég vænti þess að fá svör við þeim fjölmörgu spurningum sem ég hef lagt fram. Annars á ég seinni umferðina eftir til að endurtaka þær ef í það fer.

Núna rétt í lokin fór hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson í gegnum ræður hæstv. fjmrh. síðan í fyrra sem og margir hafa gert. Og ég vil að lokum vitna í orð ráðherra sem ég ætla að biðja hann að muna alla tíð: „Menn verða að hafa pólitískt þrek til að vera sjálfum sér samkvæmir," hæstv. ráðherra.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrst örstutt athugasemd vegna brtt. sem flutt er á þskj. 473 við þetta frv. til l. um söluskatt og snýst um 3. gr. 11. tölul. A-liðar. Í máli flm. kom fram að hann taldi að hér væri um að ræða mistök í söluskattslögunum, að að þeim óbreyttum hefði sú breyting orðið á að framvegis skyldi innheimta söluskatt á varahluti, vélar og tæki til skipa og reyndar flugvéla. Mér þykir rétt að nota tækifærið áður en lengra er haldið og fullvissa hv. flm. og þm. um að þessi till. er á misskilningi byggð. Það hefur engin breyting verið gerð frá gildandi söluskattslögum, alls engin, sem veldur slíkum breytingum. Eina breytingin sem snertir þetta mál varðar það að undanþáguheimildin sem var og er og verður snertir að vísu ekki flugvélar aðrar en þær sem eru í atvinnurekstri. Til að árétta þetta svolítið nánar vek ég athygli á því að fyrir utan þennan 11. lið er að sömu málum vikið í 9. lið sömu greinar, þ.e. um undanþágur vegna skipa og flugvéla. Þar kemur fram sú eina breyting að skilyrði er sett um að um tæki í rekstri sé að ræða. Það hefur verið í gildi undanþága að því er varðar innflutning skipa og flugvéla og þar með talið skv. sérstakri reglugerð allan búnað sem þessum skipum og vélum fylgir. Í 4. gr. er heimildin áréttuð um efni, vinnu, vélar og tæki í skip og báta. Reglugerðin sem í gildi hefur verið og í gildi er enn tengist þeirri grein og tryggir algerlega óbreytta stöðu að því er þetta varðar þannig að það er hafið yfir vafa að þessi tillgr. út af fyrir sig er ekki nauðsynleg.

Aðrar spurningar sem beint hefur verið til mín í þessari umræðu eru reyndar af því tagi að ég hef sjálfur heyrt þær flestar áður og reyndar svarað þeim flestum ef ekki öllum áður. Í flestum tilvikum hefur þeim þegar reyndar verið svarað strax í framsögu. Þá er ég að sjálfsögðu ekki að víkja að því að hv. þm. hafa að sjálfsögðu skiptar skoðanir á þeim málum sem hér eru til umræðu.

Svo að ég stikli á nokkrum atriðum kom það fram í máli hv. 10. þm. Reykn. að í umfjöllun í nefnd hefðu embættismenn látið uppi efasemdir um að við það fyrirheit yrði staðið að unnt yrði að greiða út barnabætur í janúar. Ég hef heyrt það eftir mönnum haft. Í umfjöllun í milliþinganefndinni sjálfri, sem fjallaði um staðgreiðslu tekjuskatts, var hins vegar kveðið nokkuð fast að orði um það mál og það hefur verið rætt sérstaklega í framhaldi af umfjöllun nefndarinnar við ríkisskattstjóra og gengið sérstaklega eftir því að allt verði gert sem unnt er til að standa við það. Hins vegar var ekki gengið eftir því að negla það niður á dagsetningu, en fyrir liggja

fyrirheit um að við þetta verði staðið svo fremi sem það verði í mannlegu valdi.

Í ræðu hv. 6. þm. Suðurl. var beint til mín spurningu sem snerti reiknitölu fjárlaga að því er varðaði verðlagsbreytingar milli ára eða í talnagrundvelli fjárlaga, þ.e. 17–18%, og spurt hvort nýjar upplýsingar væru fram komnar með vísan til umræðu í hv. fjvn. fyrir upphaf 3. og lokaumræðu fjárlaga þar sem nefnd hefði verið talan um hækkun framfærsluvísitölu upp á 27%. Upplýst er að hér voru menn að leggja mat á endurskoðun á breytingum á framfærsluvísitölu frá árslokum 1986 til 1987. M.ö.o.: þetta varðar ekki spá manna um árið 1988.

Í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. voru látnar uppi efasemdir um hvort þær fjárhæðir sem áætlað hefur verið að verja til niðurgreiðslna mundu duga út árið að gefnum forsendum fyrir utan það að áður hefur verið spurt hvort ætlunin sé að verðtryggja þessar niðurgreiðslufjárhæðir. Ég vil rifja upp að í fjárlagafrv. eins og það var lagt fyrir þing strax í haust var gert ráð fyrir rúmlega 1300 millj. kr. til niðurgreiðslna eða 1500 millj. með framlagi til Lífeyrissjóðs bænda. Því næst hefur verið bætt við þetta mjög verulegum fjárhæðum, þ.e. 1285 millj. kr., sem ætlaðar eru til niðurgreiðslna almennt og hafa það að markmiði að halda óbreyttu vöruverði á þýðingarmestu afurðum hefðbundins landbúnaðar, en halda verðhækkunum að öðru leyti í skefjum við 10% markið. Þá hefur verið ákveðið að verja 160 millj. því til viðbótar til að greiða niður verðlag á neyslufiski sem kunnugt er þannig að hér er verið að tala um upphæð sem er hátt í 3 milljarðar kr. Þetta eru að sjálfsögðu mjög verulegar fjárhæðir fyrir utan það fé, um 600 millj. kr., sem varið er til tekjujöfnunarráðstafana af öðru tagi, þ.e. með hækkun barnabóta, barnabótaauka og hækkun á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga.

Um þetta er það að segja að þetta fé er áætlað til niðurgreiðslna til þess að endast út árið, ekki bara hluta þess, miðað við gefnar forsendur um verð pr. einingu að því er varðar þessar afurðir. En hitt er jafnrétt, eins og fram hefur komið, að þessar niðurgreiðslur eru ekki verðtryggðar. Að sjálfsögðu er það svo að ákvörðun um niðurgreiðslur, þegar við lítum til þar næsta árs, 1989, bíður afgreiðslu fjárlaga næsta árs þegar af þeirri ástæðu að sú söluskattsbreyting sem við nú erum að fjalla um gildir eitt ár. Það er yfirlýst af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja fram þegar á þessu þingi frv. til l. um virðisaukaskatt og það er áform ríkisstjórnarinnar að sá virðisaukaskattur leysi söluskattskerfið af hólmi á árinu 1989. Ákvarðanir um hliðarráðstafanir í tengslum við það verður að taka sérstaklega og er ekki hægt að taka að svo stöddu.

Sama gildir um athugasemd hv. 2. þm. Austurl. sem fann að því í sambandi við tekjustofnalög sveitarfélaga og hlut Jöfnunarsjóðs í söluskatti. Það liggur einfaldlega ljóst fyrir að hefðbundnir tekjustofnar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, annars vegar söluskattur og hins vegar tollar, sem verða teknir til endurskoðunar að loknu þessu ári, valda því að það þótti rétt að taka ákvörðun um það hversu miklu fé væri varið af ríkisins hálfu til Jöfnunarsjóðsins. Það var upphaflega 1485 millj. kr. í fjárlagafrv. og var síðan hækkað um 100 millj., en vegna ákvörðunar Alþingis um að fresta gildistöku á tilfærslu á rekstrarkostnaði tónlistarskóla til sveitarfélaga fram á þar næsta ár varð niðurstaðan talan, ef ég man rétt, 1535 millj. kr. eða 1533 sennilega. Á bak við þessar tölur felst að sú skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs sem gilti í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var minnkuð um helming með þessum hætti fyrir utan að auknum fjárveitingum var varið til Jöfnunarsjóðsins að öðru leyti sem og reglum um úthlutun lána úr Jöfnunarsjóði breytt til hagsbóta fyrir minni sveitarfélög umfram þau stærri.

Í máli hv. 5. þm. Vesturl. komu fram nokkrar spurningar sem rétt er að víkja að fáeinum orðum. Í fyrsta lagi var spurt hvað gert yrði til þess að auka eftirlit með innheimtu söluskatts. Mig minnir að ég hafi þegar svarað þessu þrisvar að gefnu tilefni og rétt að rifja upp. Stærsta breytingin, sem tryggir bætt skil á söluskatti, er fólgin í þeirri kerfisbreytingu sem hv. þm. eru nú að taka afstöðu til. M.ö.o.: sú breyting ein í löggjöfinni að fækka undanþágum og koma á samræmdum söluskatti í allri almennri vöruverslun er besta tryggingin sem við höfum fyrir bættum skattskilum. Ástæðan fyrir því er sú að þar með verða lagðar af allar áætlanir og reiknireglur sem voru mjög flóknar og ollu því að raunverulega var ekki viðlit að beita neinu eftirliti, enda var það í stórum stíl ekki reynt.

Í annan stað er mjög til athugunar og til alvarlegrar athugunar að fara eftir niðurstöðum nefndar sem mælti með því árið 1981 að taka upp lögbindingu á sérstökum innsigluðum verslunarkössum í almennum verslunum sem eru söluskattsskyldar. Það er aðgerð sem ein út af fyrir sig er líkleg til að bæta mjög skil.

Í þriðja lagi er í sérstakri athugun að fela tollþjónustunni að annast eftirlit með álagningu og innheimtu á söluskatti og síðar virðisaukaskatti vegna þess að sú gífurlega einföldum og lækkun tolla breytir verksviði tollþjónustunnar mjög, fækkar þar verkefnum og ætti að þýða að þar væri unnt að leita til mannafla sem hefði nokkra þjálfun og starfsreynslu til að taka þetta verkefni að sér.

Fjórða atriðið er það sem felst í yfirlýsingu hæstv. viðskrh. sem þegar hefur falið Verðlagsstofnun að gera sérstaka könnun á verðlagi fyrir og eftir breytingu og fylgja því sérstaklega eftir með stóraukinni kynningu að þær stórfelldu verðlækkanir, sem verða munu á ýmsum vöruflokkum í kjölfar þessara breytinga, komist til skila.

Fleiri slíkar aðgerðir til aukins eftirlits eru í skoðun, þar á meðal samkvæmt ábendingum ýmissa stjórnarandstæðinga, um að gera, ef ekki með reglubundnum hætti en þó föstum millibilum, sérstakar athuganir á tilteknum þáttum almennrar verslunar til að auka öryggi og aðhald.

Önnur spurning var hvað gert yrði til að tryggja innheimtu á sérstökum söluskatti að því er varðaði þjónustugreinar og þegar ekki er um að ræða sjálfstæða þjónustuaðila. Hv. þm. nefndi lögfræðinga og endurskoðendur og fleiri slíka mætti nefna sem starfa t.d. í opinberum geira. Því er til að svara að þegar hefur öllum ríkisstofnunum verið sent erindi þess efnis að þeim hefur verið uppálagt að sniðganga ekki sjálfstæða þjónustuaðila, þótt þessar stofnanir telji sér hugsanlega hag í því, og að forðast þar með að breyta þjónustuháttum á þann veg að ráða slíka aðila í sína þjónstu á þessu eina ári meðan þessi breyting stendur yfir. Því næst breytast viðhorfin mjög á þar næsta ári ef áform ríkisstjórnarinnar um að koma á virðisaukaskatti standast.

Þriðja spurning var hvort niðurgreiðslur yrðu verðtryggðar og ég hef þegar svarað því að þær eru það ekki, enda ekki rök fyrir því úr því að þessar breytingar standa aðeins eitt ár.

Fjórða spurning var sú hvort það væri óhagganleg ákvörðun af hálfu ríkisstjórnarinnar að álagningarprósenta í virðisaukaskatti skuli vera 22%. Svarið við því er að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að það frv. sem nú er í smíðum miðar við það. Það yrði þá ekki nema ef fram kæmi í seinni umfjöllun, annaðhvort sérfræðinga eða á þingi, að það væri eitthvert sérstakt tilefni til að endurskoða það. En eins og sú ákvörðun stendur nú og miðað við þær forsendur sem þar eru lagðar til grundvallar er það yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar.

Þá spurði hv. þm. hvernig á því stæði að ekki væri unnt að lækka söluskattsálagninguna nú þegar hún legðist á breiðari stofn. Ástæðurnar fyrir því eru margar. Ein er sú að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að breikka álagningarstofn í söluskatti án þess að ganga um leið á hagsmuni og samkeppnisaðstöðu innlendra fyrirtækja. Undanþágur frá söluskatti nú eru velflestar einkum af því tagi að þær varða hráefni, vélar, tæki, aðföng íslensks samkeppnisiðnaðar. Þetta er nokkuð breitt svið og á það verður ekki lagður óbeinn skattur nema upp verði tekinn virðisaukaskattur þannig að það eru takmörk fyrir því hvað hægt var að breikka stofninn og þá sérstaklega að þessu leyti. Þetta er ein skýringin. M.ö.o.: breikkun yfir í undanþágulausan eða undanþágulítinn óbeinan skatt verður ekki framkvæmd nema með virðisaukaskattssniði.

Hin aðferðin væri þá sú að taka upp flókið endurgreiðslukerfi í söluskatti sem væri svo flókið og erfitt í framkvæmd, sérstaklega í svo smáu þjóðfélagi þar sem fjöldi fyrirtækja er smár, að það mundi ekki standast neina raunsæja skoðun.

Önnur meginástæðan er sú að svo verulega miklum fjármunum er varið til niðurgreiðslu og hliðarráðstafana í tengslum við þessa kerfisbreytingu að til þess þurfti að afla fjár allt að 3 milljörðum kr., tæplega það að vísu. Þetta er miklu meira fé en áætlað var að verja til hliðarráðstafana í tengslum við virðisaukaskattsfrv. sem lagt var hér fram á síðasta þingi og þetta er það verð sem menn hafa kosið að greiða fyrir kerfisbreytinguna.

Í þriðja lagi hefur það komið fram að jafnvel þótt þess hefði verið kostur að hafa söluskattsprósentuna að þessu sinni út þetta ár einu eða tveimur prósentustigum lægri óttuðust menn mjög samkvæmt ábendingum hinna kunnugustu manna að sú breyting kynni að skila sér illa til almennings og væri þess vegna ekki þeirrar messu virði.

Þá var þeirri spurningu beint til mín hvort ég hefði trú á því að kaupmáttur launa héldist. Það er stór spurning og vissulega nokkurri óvissu undirorpið. Það fer mjög eftir því hver verður niðurstaðan hjá aðilum vinnumarkaðarins um kjarasamninga. Ég er hins vegar sannfærður um að sú kerfisbreyting sem hér er verið að framkvæma í heild sinni mun ekki spilla fyrir kjarasamningum og hún út af fyrir sig leiðir ekki til hækkunar á framfærslukostnaði. Hún hefur jafnframt þann kost að hún hefur ótvírætt í för með sér lækkun á vísitölu byggingarkostnaðar og lánskjaravísitölu og er þess vegna ekki neitt sérstakt verðbólgutilefni.

Hv. þm. spurði, eins og spurt hefur verið ad nauseam í þessari umræðu hvers vegna væri ekki hægt að hafa fleiri þrep í söluskatti. Það er ekkert sem bannar mönnum það. Það er hægt. Við höfum haft af því reynslu. Við höfum haft ónýtt söluskattskerfi með miklum skattundandrætti og lélegum skattskilum í þremur þrepum. Umræðan um Efnahagsbandalagið hefur staðið hér nógu lengi. Það sem um það mál er að segja er ósköp einfaldlega þetta: Framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins hefur lýst því yfir að æskilegt væri að koma á þótt ekki væri nema tveggja þrepa virðisaukaskatti í efnahagsbandalagslöndum og lítur á það sem verulega framför frá því ástandi sem nú er þar sem í sumum aðildarlöndunum er um að ræða sex þrepa skatt. Þeir eru frá einu þrepi upp í sex þrep og á bilinu frá 4 upp í 38%. Það er viðurkennt af öllum sem til þekkja að það er algert ófremdarástand innan Efnahagsbandalagsins að þessu leyti. Framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir sem stefnumarki að það væri æskilegt að stíga þó ekki væri lengri skref í þá átt sem við erum að fara en treysta sér illa í fjölþjóðlegu bandalagi að ná stærri áfanga. Staðreyndin er hins vegar sú að það eru aðeins tvö ríki innan Efnahagsbandalagsins sem hafa lýst stuðningi við tillöguna. Það eru Holland og Vestur-Þýskaland sem búa nú við virðisaukaskattskerfi sem einna helst líkist tillögum bandalagsins. Þetta yrði mikið spor aftur á bak fyrir Dani og reyndar óaðgengilegt með öllu því að þetta mundi þýða að ríkissjóður Dana tapaði um þriðjungi af ríkistekjum sínum ef þessi tillaga yrði framkvæmd. Þetta yrði náttúrlega til bóta fyrir lönd eins og Ítalíu sem er annálað fyrir ónýtt skattakerfi, sérstaklega söluskatt, sex þrepa, en hins vegar afar litlar líkur á að þessi tillaga verði framkvæmd fremur en nokkuð annað sem framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins er að samþykkja, einfaldlega vegna þess að hún hefur ekki framkvæmdavald til að fylgja því eftir. Það eru ekki taldar miklar

líkur á því m.ö.o. að aðildarríkin treysti sér til að stíga þessi skref, en þau eru hins vegar í sömu átt.

Hitt er hins vegar athyglisverðara að á Norðurlöndunum öllum er um að ræða eins þreps virðisaukaskatt á bilinu 19–23% og það hefur ekki vafist fyrir jafnaðarmannastjórnunum þar að koma á slíkum skatti einmitt í nafni einföldunar og skilvirkni í skattakerfinu sem ríkisstjórnir þar í landi, þar á meðal undir forustu jafnaðarmanna, hafa lagt á mikla áherslu. Reyndar er þaðan runnin sú meginstefnubreyting í skattamálum, sem má segja að við séum hér að fylgja, sem er í því fólgin að einfalda tekjuskattskerfið og skattkerfi óbeinna skatta en beina tekjujöfnunarráðstöfunum í annan farveg fremur en ætla að taka mið af þörfum einstakra hópa með því að gera skattkerfið óframkvæmanlegt með endalausum undanþágum, að hafa skattkerfið nokkurn veginn framkvæmanlegt og í heilu lagi en verja hins vegar stórauknum fjármunum til útgreiðslu til þeirra hópa sem helst þurfa á stuðningi að halda. Þetta er kjarni þeirrar stefnubreytingar sem hér er til umræðu.

Hvers vegna er ekki í fjárlögum gert ráð fyrir því að skattundandráttur, svo sem hann var metinn t.d. í söluskatti af skattsvikanefndarmönnum á sínum tíma, skili sér í auknum mæli? Ástæðan fyrir því er sú að við vildum ekki búa til óraunsæ fjárlög. Við gerðum þar ráð fyrir því að bætt skattaskil, bætt innheimta í nýju kerfi mundi skila 600 millj. kr. auknum tekjum, en við erum hins vegar ráðnir í því að láta reynsluna skera úr um það. Það er ekki hygginna manna háttur að áætla fé fyrr en það er nokkurn veginn tryggt að þú hafir það í hendi þinni. Það hefur ekkert að gera með það hvort þú hefur trú á þessu kerfi eða ekki, ég hef á því tröllatrú, heldur og einfaldlega hitt að það þótti ekki ráðlegt að áætla á fyrsta ári kerfisbreytingarinnar fyrir auknum tekjum í meira mæli en ég hef þegar nefnt af þessum sökum.

Hv. þm. spurði loks um hverju það sætti að gert er ráð fyrir að fjmrh. hafi enn heimild til að undanþiggja dreifibúnað Stöðvar 2 söluskatti. Af því tilefni er rétt að árétta að hér er um heimildargrein að ræða. Sjálfur hef ég lýst því yfir að sú heimild verði því aðeins nýtt að einokunarverslun með þennan búnað verði hætt, þ.e. sá aðili sem flytur þetta inn og hefur umboð fyrir þessum búnaði synji ekki venjulegum verslunum með sambærilegan búnað um það að versla með hann. Að öðru leyti eru rökin ákaflega einföld. Það er rétt að áskrifendur að Stöð 2, 30 þúsund talsins að mér er tjáð, greiða áskriftarverð fyrir að sjá stöðina en því aðeins kemur það að notum að þeir hafi keypt þennan búnað sem kostar um 15–16 þús. kr. Ef á hann hefði lagst tollur, vörugjald og söluskattur hefði verðið á honum hækkað upp í 26–27 þús. kr. að því er ætlað var og lagst þá fyrst og fremst á þá íbúa landsins, sem enn hafa ekki haft aðstöðu til að njóta útsendingar frá Stöð 2, sem eru íbúar landsbyggðarinnar og eldri borgarar í þjóðfélaginu. Saman fer að ef þessi undanþáguheimild er nýtt er verið að gera það til að mismuna ekki fólki eftir búsetu í landinu, annars vegar eftir aldri, efnahag og í þriðja lagi er verið að líta á anda þeirra laga, sem Alþingi hefur samþykkt, sem var í því fólgið að afnema einokunarrétt Ríkisútvarpsins, en jafnframt verður að skilja það svo að það sé vilji löggjafans að aðrir aðilar hafi sambærileg starfsskilyrði til að keppa við Ríkisútvarpið. Því verður ekki haldið fram að svo sé ef það kostar hverja fjölskyldu þau útgjöld sem ég nefndi áðan til þess að njóta útsendinga frá Stöð 2, sem nú er að byggja dreifikerfi sitt um landið, á sama tíma og það kostar áskrifendur Ríkisútvarpsins einungis áskriftargjaldið, sem reyndar er lægra, en meðan verið var að byggja upp það dreifikerfi var það sjálfsögðu undanþegið öllum aðflutningsgjöldum og söluskatti. Þetta mál er verið að reyna að afflytja og reyndar tæplega smekklegt af hv. þm. en hann spurði hvort hér væri um að ræða fjölskyldumálefni sem mér skildist helst á honum. Hér er verið að spyrja hv. þm. einfaldrar spurningar: Eru menn reiðubúnir til þess í verki að kippa fótunum undan samkeppnisaðstöðu annarra fjölmiðlafyrirtækja en Ríkisútvarpsins? Spurningin er m.ö.o. um hvað menn meina með frelsi í fjölmiðlun.

Herra forseti. Að lokum var boðuð brtt. frá hv. þm. Kvennalistans sem fól í sér, ef ég man rétt, afnám söluskatts á fjárfestingarvörur vegna grænmetisframleiðslu. Af því tilefni er sérstök ástæða til að taka fram að fjárfestingarvörur vegna gróðurhúsareksturs margar hverjar lækka mjög verulega í verði vegna þess að tollar eru afnumdir eða lækkaðir úr 35% í 0 og vörugjald, sem var áður 24%, er fellt niður. Jafnframt hefur því verið yfirlýst og það er svo að þessi innlenda grænmetisframleiðsla muni áfram njóta tollverndar í 30% tolli á innflutt grænmeti. Hins vegar hafa menn lýst þeirri skoðun sinni að þeir vildu gjarnan losna frá því kerfi með því að taka upp í staðinn sérstakt innflutningsgjald á innflutt grænmeti sem kæmi í staðinn fyrir tollverndina en yrði stillt þannig að það væri tiltölulega hátt þegar innlend grænmetisframleiðsla er föl á markaðinum en væri hins vegar hægt að færa niður í mjög lágt verðgildi þegar svo er ekki, þannig að neytendur geti þá á þeim árstímum notið þess að fá innflutt grænmeti við sem allra lægstu verði.

Herra forseti. Nokkrir hv. ræðumenn hafa farið viðurkenningarorðum um ræðu þess sem hér stendur sem flutt var í tilefni af virðisaukaskattsfrv. sem hæstv. fyrrv. ríkisstjórn flutti á seinasta þingi. Er ég að sönnu þakklátur fyrir að mönnum hefur þótt þetta vera hin athyglisverðasta ræða. Í þessari ræðu voru færð að því rök að Alþfl. væri að sönnu fylgjandi því að upp væri tekinn virðisaukaskattur af grundvallarástæðum vegna þess að það er það eina form óbeinnar neysluskattlagningar sem tekur að fullu tillit til samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, sniðgengur uppsöfnunaráhrif núverandi söluskattskerfis, en er jafnframt þannig búið að það er tiltölulega öruggt til innheimtu, þótt ekkert kerfi sé

alfullkomið, og hefur af þeim sökum ótvíræða kosti umfram það söluskattskerfi sem við nú þekkjum þegar um er að ræða svo háa söluskattsprósentu sem við nú stöndum frammi fyrir. Virðisaukaskatturinn hefur enn fremur þann kost m.ö.o. að hann getur lagst á miklu breiðari stofn, er hlutlaus gagnvart framleiðslu og vörutegundum og neysluvali sem er líka verulegur kostur.

Engu að síður var það okkar niðurstaða að við gætum ekki stutt það frv. sem þá lá fyrir af tveimur ástæðum. Okkur þótti álagningarprósetann, 24,9% of há og við vorum ekki ásáttir við þær tekjutilfærslur sem fylgdu því frv. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur verið lögð í það veruleg vinna að breyta frv. í þá átt sem við héldum fram, m.a. í umræddri ræðu, þ.e. að finna leið til að breikka stofninn enn fremur og lækka söluskattsprósentuna úr tæplega 25% í 22% og í annan stað að beina hliðarráðstöfununum, tekjujöfnunarráðstöfunum, í auknum mæli í það form sem við nú sjáum, þ.e. með beinum útgreiðslum til þeirra hópa sem sérstaklega þurfa á stuðningi að halda. Öfugt við það sem margir hv. ræðumenn vildu álykta af þessari ræðu er það svo að til gagnrýninnar, hvort sem menn voru sammála henni þá eða ekki, hefur verið tekið tillit og það virðisaukaskattsfrv. sem nú er í smíðum og lagt verður fyrir Alþingi ber einmitt svipmót af því.

Þá held ég, herra forseti, að ég hafi farið yfir flest þau atriði sem hv. stjórnarandstæðingar hafa komið á framfæri í þessari umræðu. Það breytir að sjálfsögðu ekki því að þeir hafa kosið að sniðganga meginatriði málsins. Það er eðlilegt í þeirra málflutningi út af fyrir sig. Kjarni málsins er sá að þessi róttæka og viðamikla kerfisbreyting í heild sinni mun ekki hafa nein áhrif til hækkunar á framfærsluvísitölu. Hún mun ekki auka útgjöld meðalfjölskyldunnar í landinu og að því er varðar þær fjölskyldur sérstaklega sem hafa mörg börn á framfæri, hvort sem er hjá einstæðum foreldrum eða ekki, og að því er varðar bótaþega almannatrygginga eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að bæta þeim verðhækkanirnar enn frekar.

Af máli stjórnarandstæðinga mætti ætla að álagning matarskatts þýddi 25% hækkun á matvöruverði, en það er alger útúrsnúningur, fyrir neðan allar hellur. Annars vegar eru niðurgreiðslurnar til þess ætlaðar að verð á þýðingarmestu afurðum íslensks landbúnaðar breytist ekkert. Í öðrum tilvikum hækkar það um um það bil 10%, en á móti kemur að verð á mjög útbreiddum og almennum innfluttum neysluvörum lækkar mjög verulega. Hækkun matvöruverðs að meðaltali er áætluð um 7%. Hún er bætt barnafjölskyldum og rúmlega það. Hún breytir ekki útgjöldum meðalfjölskyldunnar til hækkunar. Allt talið um matarskatt sem á að sliga efnahag heimilanna er ósköp einfaldlega út í hött.

Það vill svo til að einn sæmilega hreinskiptinn verkalýðsleiðtogi í þessu landi hefur haft um þetta ákaflega einföld og auðskilin orð, en hann sagði í viðtali við dagblað fyrir skömmu, með leyfi forseta. Ég tala hér um Pétur Sigurðsson, forseta Alþýðusambands Vestfjarða:

„Mér finnst þetta brölt í forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar og pólitíkusum út af matarskattinum alveg fáránlegt. Mótmæli við samræmingu á söluskatti, þessum matarskatti svonefnda, eru á misskilningi byggð ef ekki hreinni hræsni. Þarna keppist hver hálaunamaðurinn á fætur öðrum við að mótmæla eðlilegri lagfæringu á neysluskatti undir því yfirskini að láglaunafólk þoli ekki að greiða þennan skatt til samfélagsins. Við vitum að mismunandi söluskattur kallar á meiri undanskot þeirra sem innheimta í verslun, þjónustu og alls konar braski. Eðlilegra væri fyrir verkalýðshreyfinguna að heimta leiðréttingu á lágum launum heldur en krefjast undanþágu í nafni láglaunafólks."

Mér þykir leitt að hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hefur vikið sér úr salnum. Það kemur stundum fyrir stjórnarandstæðinga líka.

Ég endurtek, herra forseti: „Eðlilegra væri fyrir verkalýðshreyfinguna að heimta leiðréttingu á lágum launum heldur en krefjast undanþágu í nafni láglaunafólks. Með þessu er verið að fá það til þess að sætta sig við skarðan hlut, en það gleymist um leið að hálaunafólk nýtur einnig undanþágunnar. Þarna finnst mér sem verið sé að stinga dúsu upp í láglaunafólkið og fá það til þess að sætta sig betur við aum kjör. Aftur á móti er ég orðinn langeygður eftir einhverjum sjáanlegum árangri hjá Jóni Baldvin við að ná inn þeim milljörðum sem menn telja að ekki sé skilað í söluskattinum." Það get ég skilið. Við skulum sjá hvernig það tekst. „Ef það tækist, þá gætum við lækkað söluskattsprósentuna og það kæmi að sjálfsögðu öllum til góða nema þeim sem stunda undandráttinn."

Svo mörg voru þau orð.

Þegar áróðursmoldviðrinu slotar hef ég að vísu ekki þungar áhyggjur af því að menn muni ekki átta sig á því að hér er verið að framkvæma breytingar sem munu lengi standa, sem munu vera traustur grundvöllur fyrir tekjuöflun ríkisins á komandi árum. Seinni tíma ríkisstjórnir munu njóta þess og þar með erum við að leggja grundvöll að því velferðarríki sem hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir ákallaði hér áðan að gerði betur við það fólk sem þarf á að halda.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er virðingarvert að hæstv. fjmrh. fékkst til að tala þó hann fáist ekki til að hlusta. Hann hóf mál sitt með sama stærilæti og oft áður að hann hefði heyrt allar spurningar áður, sem komið höfðu frá stjórnarandstöðunni, og hefði eiginlega svarað þeim öllum í frumræðu sinni. Slíkur er hans hugsunarháttur og slíkt er hans stærilæti. Hann telur sig hafa svarað öllu sem hefur komið fram í öllum umræðum frá stjórnarandstöðunni fyrir fram með því að opna á ruglingslegan hátt munninn í framsögu sem enginn botnaði upp né niður í svona til að byrja með. Ég held að eftir því sem maður

reynir að fá botn í hans framsögu komist maður að þeirri niðurstöðu að hún sé ekki söluvara á við fjárlagaræðuna þó að merkilegt megi kannski virðast í hans augum.

Þessar umræður hafa einkennst af þátttökuleysi stærsta stjórnarflokksins. Merkur maður, ekki ómerkari maður en Woodrow Wilson, forseti Bandaríkjanna, sagði að íhaldsmaður væri maður er situr og hugsar, situr aðallega. Það má segja um íhaldsmennina í þessari ríkisstjórn, þessari vinstri ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, að þeir hafa setið, setið lengi og hugsað, en aðallega setið. Og þannig hefur það eiginlega verið með stjórnarandstöðuna að hún hefur furðað sig á því að stjórnarliðar virðast hafa dregið sig út úr stjórnmálunum og hugsað sem svo: Það er best að láta Alþfl. um þetta. Enda segir að þótt fæðingarnar séu stundum erfiðar — eins og vitnað var til hér í morgun í Alþýðublaðið hafi barnið þó verið efnilegt. Og ég hef leitað mér upplýsinga um það að fjmrh. var mjög efnilegt barn, mjög efnilegt á þeim aldri sem fyrirsögnin vitnar til. Það er hörmulegt að sjá hvernig framhaldið varð. Hörmulegt. En það er nú annað mál.

Það er furðulegt að fjmrh. kemur trekk í trekk fram í fjölmiðlum, miklu oftar en hann svarar stjórnarandstöðunni á Alþingi, og er að reyna að telja fólki trú um að það skipti engu máli þó að niðurstöðutala fjárlaga hækki um 50% á milli ára. Það skipti bara engu máli hvort niðurstöðutalan er 43 milljarðar eða 63 eða 65 milljarðar. En það skiptir þó máli að fá tekjur á móti, hver sem kostnaðarniðurstaðan er. Og til þess að mæta 50% hækkandi niðurstöðu kostnaðarliða, útgjaldaliða á fjárlögum, þá þarf að innheimta meira. Hæstv. fjmrh. heldur áfram að telja fólki trú um að það breyti engu fyrir efnahag þess eða fyrir vísitölu í þjóðfélaginu, að þegar búið er að draga frá allar lækkanir og bæta við hækkunum í útgjöldum þá vantar 50% frá árinu áður. Að það skipti bara engu máli fyrir þjóðfélagið eða fyrir fólkið í landinu.

Svo ég vitni í þessa litlu bók sem ég er hér með, þar segir einn ágætur maður, og ég veit að svo vel menntaður maður sem fjmrh. er veit að sjálfsögðu hver Caskie Stinnett var, það hlýtur að vera, en þar segir, og það minnir mig svolítið á fjmrh., þar segir um diplómata, nokkuð sem minnir mig á þessar furðulegu fullyrðingar og tilraunir fjmrh., að diplómat sé maður sem getur sagt þér að fara til helvítis á þann hátt að þú hlakkir til ferðarinnar. Það er það sem fjmrh. er að gera. Hann er að segja fólkinu að taka á sig meiri vanda en fólkið getur gert og fagna því að hann skuli vera sá frelsari fólksins sem skaffar því vandamál. Ég efast ekkert um að hann getur skaffað því meiri vandamál og hann á eftir að skaffa því miklu meiri vandamál áður en yfir lýkur. Og þó að ég óski honum ekki velfarnaðar á þeirri braut þá verð ég að dást að hugrekkinu að láta sér detta það í hug að framkvæma slíkar hugdettur sem þessi fjárlög eru á þann hátt og með þeim rökum sem fram hafa komið. Á sama tíma og á sama hátt og með sömu rökum er fjmrh. að fá fólkið til að fagna því og trúa því að það sé því í hag að borga um 6 milljarða í matarskatt og fá tvo til þrjá milljarða til baka á einhvern hátt — þetta er furðulegt, þetta er alveg furðulegt — í persónuafsláttum af þessu eða hinu eða framlögum frá því opinbera sem á að jafna allt þannig að allir komi sléttir út þrátt fyrir það að á þessum eina lið eigi ríkissjóður að sitja eftir með kannski 2–4 milljarða. Þetta eru alveg furðuleg rök. Aldeilis alveg furðuleg.

Það er ekki nema eðlilegt að fjmrh. sjái ekki marga galla á þeirri ræðu sem hann flutti fyrir rúmu ári síðan og stjórnarandstæðingar hafa vitnað í og flutt svona til að rifja upp fyrir honum. En svo mikil mótsögn er í því sem þar er sagt og því sem fjmrh. gerir, þegar hann kemst svo í aðstöðu til að gera það sem hann var að heimta af öðrum fjármálaráðherra að gera, að hann skilur ekki grínið í því að flytja ræðuna, háðið á hann sjálfan með því að láta hann sjálfan tala til sjálfs sín. Auðvitað er ræðan betri m.a. vegna þess að hún var vel flutt. En það er svo furðulegt að það endurspeglast hér í þessum húsakynnum nú við þessa afgreiðslu allt það sem kemur fram og er sagt í sögu Alþfl. sem ég er að lesa í bók sem heitir Gullna flugan. Slíkir tækifærissinnar eru alþýðuflokksmenn.

Ég er margbúinn að biðja um upplýsingar um þessa væntanlegu kerfisbreytingu. Ég sé hana ekki. Það er ekki kerfisbreyting að fella niður undanþágu af vörum sem ekki báru söluskatt. Þær voru í þeim vörulista sem var til umræðu þegar söluskatturinn var settur á, en það var bara ákveðið að hafa ekki söluskatt á þeim vörutegundum. Við getum kallað það, og réttilega, að verið sé að útvíkka vörutegundir sem söluskatturinn kemur á. Það er verið að setja hann á matvörurnar til viðbótar. Það er ekki söluskattsbreyting. Og þegar talað er um að einfalda söluskattsstigin með því að hafa eitt söluskattsstig þá erum við í raun og veru að setja á fjögur söluskattsstig í staðinn fyrir tvö. Það er 0%, það er 10%, sem á að greiðast af neyslufiski, það er 12%. Er það rangt hjá mér að það eigi að borga 12% söluskatt? (**Fjmrh.:** 25% söluskattur á fiski er niðurgreiddur.) Ég ætla að koma að því. Það er nettó 10% söluskattur, sem á að greiða af fiski, virðulegur hæstv. fjmrh. Ég endurtek: Það er 0%. Það er fiskurinn sem á að niðurgreiðast á sérstakan hátt, sem ég kem að, úr 25% niður í 10%. Það eru 12% á alls konar þjónustustörf, lögfræðistörf, arkitekta o.fl., sem er skipt skv. 3. kafla í þrjá liði og fjölmenna flokka. Og það eru 25%. Sem sagt: Það er ekki verið að einfalda heldur gera söluskatt, bæði innheimtuna og skattinn sjálfan, flóknari en hann hefur nokkurn tímann verið. Þar að auki er verið að skapa kerfi innan kerfis söluskattsinnheimtunnar. Og þá erum við komnir í kerfi sem hægt er að segja að sé franskt að því leytinu til að það er lagður skattur á lúxusvörur til að borga niður matvörur. Söluskatturinn af fiski, af neyslufiski, er greiddur niður, ekki samt úr ríkissjóði nema að óverulegu leyti. Það er lagður á

lúxusvörur, vellyktandi og hreinlætisvörur, skattur sem á að gefa 130 millj. En það er talið að niðurgreiðsla á neyslufiskinum, því hlutfalli sem á að greiðast niður, mér skilst að það eigi að skipta því svo aftur innbyrðis þannig að það eru 60% og 40% hlutföll, komi af þessum lúxusskatti sem er að sjálfsögðu miklu flóknara kerfi en fyrir var. Það er það sem er gert sums staðar erlendis, þar sem hæstv. fjmrh. hefur vitnað til, t.d. í Frakklandi. Það er mjög hár skattur á lúxusvörum, en enginn skattur á matvörum. Enginn. Og þá er hann orðinn margskiptur sá skattur. Það virðist ekki vera neitt vandamál, ég hef ekki heyrt það. Ég bjó í Frakklandi í sjö ár og ég minnist þess ekki að hafa átt í neinum vandræðum við það opinbera sem einstaklingur í þjóðfélagi sem er með þennan virðisaukaskatt.

Nei, hæstv. ráðherra fjármála, þú minnir mig afskaplega mikið á þennan diplómat sem ég vitnaði í áðan, sem lætur mann hlakka til hinna ótrúlegustu ferðalaga. En kerfisbreytingin er neikvæð, hún er flóknari. Ég á eftir að sjá að innheimtan skili sér betur í þessu kerfi með fjórum söluskattsstigum, þremur á hefðbundinn hátt eins og við þekkjum, í staðinn fyrir tvö, 0 og 25, þá eru það 0, 12 og 25, og svo nýtt söluskattskerfi með niðurgreiðslu á neyslufiski með sérstakri innheimtu á lúxusskatti. Fyrir utan annað, hæstv. fjmrh., að ég vona að það hafi ekki hvarflað að ríkisstjórninni að það séu lögfræðingar, arkitektar, verkfræðingar eða þessir þjónustuaðilar, sem eru taldir upp í þriðja kaflanum, sem borgi skattinn. En blekkingin er á því sviðinu eins og öðrum. Það er talað um þessa aðila eins og þeir séu söluskattsgreiðendur. Það er enginn kaupmaður söluskattsgreiðandi umfram það sem hann verslar fyrir eigið heimili. Auðvitað fer þetta beint á fólkið sem þarf á þjónustunni að halda. Þeir sem veita þessa þjónustu, arkitektar, lögfræðingar o.fl., eru ekkert öðruvísi Íslendingar en verslunarmaðurinn. Ef það á að halda því fram að verslunarmaðurinn eða einhver tegund af Íslendingum svíki undan skatti, en önnur tegund komi ekki til greina með það, hvers konar sundurliðun er þetta þá á þjóðfélaginu? Úr því að hæstv. fjmrh. veit nákvæmlega hverjir eru svikarar í þjóðfélaginu og hverjir ekki, er þá ekki betra að hann gerist ekki meðsekur með því að sitja inni með þá vitneskju, að hann láti hana koma fram og gegni þá þessari skyldu sinni, sem hann er búinn að gera kröfur um til annarra fjármálaráðherra, að innheimta hjá þessum aðilum? Hann er eini þm. sem ég hef heyrt fullyrða hverjir séu svikararnir. En hann hefur ekkert nafngreint þá öðruvísi en bara stéttirnar.

Svo á framkvæmd kerfisbreytingarinnar að felast í auknu eftirliti, auknu eftirliti frá verðlagsstjóra. Ég hélt að það væri nokkurn veginn frjálst verðlag og verðlagning. Það er ætlast til þess að fólkið sjálft fylgist með verðlagningunni. Verðlagsstjóri sem slíkur hefur ekki þessu hlutverki að gegna. Ríkið er enginn varðhundur á einstaklinginn eða einstakar atvinnugreinar. Það er ekkert hægt að siga verðlagsstjóra. Eftir hvaða lögum? Eftir hvaða lögum? Tekur Sjálfstfl. þátt í þessu? Er hann kannski höfundurinn að þessu innan ríkisstjórnarinnar að siga varðhundum á atvinnurekendur? Ég veit það ekki, en ég er ansi hræddur um að fólkið í landinu sjái í gegnum þennan diplómat sem segir fólki að fara til andskotans og lætur það hlakka til ferðarinnar. Virðulegur forseti, (**Forseti:** Ég vildi aðeins áminna menn um að nota ekki blótsyrði í ræðustól.) ég er hér með litla bók sem var gefin út á venjulegan hátt, og það hefur ekki verið gerð nein athugasemd við það að hún var gefin út, og ég var að lesa upp úr þeirri bók. Ef virðulegur forseti vill lesa það sjálfur þá óska ég eftir því og þá kynni hann að telja ástæðu til að taka til baka þessa áminningu á ræðumann.

En hvað sem því líður þá eru þetta nú íslenskar bókmenntir og ég ætla að fá að taka hana áður en ég gleymi henni. Þetta er mjög áríðandi bók, það skal ég segja ykkur, og ætti eiginlega að vera til vasaútgáfa fyrir hvern einasta þm. Ég las upp hér áðan eftir einn fyrrv. forseta Bandaríkjanna og ég ætla að lesa það aftur vegna þess að nú er formaður íhaldsflokksins íslenska viðstaddur. En þar segir eftir Woodrow Wilson: „Íhaldsmaður er maður sem situr og hugsar," eins og sjálfstæðismenn hafa gert hér allar þessar umræður, „situr aðallega." Svona er nú það. Ég vona að ég fái ekki aðvörun vegna þessa. Forseti sér ekki ástæðu til þess að taka aftur áminninguna? Ég var að lesa þarna upp úr íslenskum bókmenntum. (**Forseti:** Þetta var nú alls ekki áminning heldur aðeins tilmæli. Ég vona að hv. ræðumaður taki það eins og það var sagt.) Já, ég skil það betur núna eftir þessi orð forseta og tek það eins og það var sagt.

Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég skil ekki hvaða jöfnuður er í því eða hvers konar hagsmunagæsla það er — alla vega vil ég ekki láta það í ljós sem mína túlkun fyrir mig prívat — sem felst í því að hafa núll toll og núll gjöld á myndlyklum. Ég skil það ekki. Ef einhver ákveður að fara út í viðskipti og velur að hafa samskipti við erlenda aðila sem eru dýrir aðilar, þá er það ekki hlutverk íslenskra stjórnvalda að hlaupa undir bagga og gera þá starfsemi ódýrari en eðlilegt er. Ef á annað borð á að flytja inn tæki og það er tollur og það eru gjöld á viðkomandi hliðstæðum tækjum — og ég tel sjónvarp og allt það sem er til þess að sjónvarp geti gengið hliðstæð nauðsynleg tæki — þá á íslenska ríkið að láta það afskiptalaust. Það kemur ekki fjmrn. við frekar en að Rolls Royce getur aldrei verið í sama verðflokki og Volkswagen þó að mig langi til að eiga Rolls Royce en ég hafi ekki efni á að eiga annað en Volkswagen. Bara af því að einhver annar maður getur eignast stóran bíl og dýran. Nei, ég harma það að svona afskiptasemi, sem á ekki að eiga sér stað, skuli vera höfð í frammi.

Ég spurði líka á sínum tíma: Hvað af þessum tekjum ríkissjóðs frá söluskatti á matvæli kemur frá ríkinu sjálfu? Það er reiknað með að þessi 25% söluskattur á matvæli gefi samkvæmt tölum, svo að ég

fari nú ekki út í nýjustu tölur heldur upphaflegu tölurnar, 5750 millj. kr. Hæstv. fjmrh., — ég ætla að fá að bíða bara svona í tuttugu mínútur eða svo, (**Fjmrh.**: Ég heyri.) Jæja. En það er bara ekki nóg ef menn heyra þegar þeir eru mállausir. Svara ekki. Ég er að spyrja vegna þess að við erum hér við 3. umr. á söluskattslögunum og ég hef spurt við hinar tvær umræðurnar: Hvað kostar það ríkið að setja 25% söluskatt á matvæli? Ríkið er með mötuneyti, það er með sjúkrahús, það er með elliheimili, það hefur daggjöld á ýmsum stöðum og það er jafnvel með heimavistir í skólum o.fl. Hvað er það mikið af þessum 5750 millj. sem eiga að vera hluti af þeim tekjum sem mæta 50% hækkun milli ára á útgjaldalið fjárlaga? Hvað er það mikið sem ríkið sjálft verður að borga sjálfu sér af þessum tekjum af matarskattinum? Ég hef ekki fengið svar. Það er alveg ófyrirgefanlegt ef hæstv. fjmrh. hefur ekki hugmynd um hve mikið nettó kemur inn. Það er alveg ófyrirgefanlegt vegna þess að það þýðir ekkert annað en að fjárlögin eru röng, fyrir utan það að við vitum fyrir fram að þau eru af öðrum ástæðum röng, eins og kom fram þegar hæstv. fjmrh. lagði fjárlögin fram fyrir Alþingi. Alþingi afgreiddi þau til fjvn. og framkvæmdarvaldið tekur án heimilda fjárlögin til sín aftur og breytir þeim um 1000 millj. Því segi ég nú: Hvað eru fjárlögin mikið röng bara af þessari einu ástæðu? Það er tekjuhliðin sem við erum að ræða.

Við í stjórnarandstöðunni gerum okkur grein fyrir því að endanlega höfum við ekki nein áhrif á lokaniðurstöðu við afgreiðslu þessa máls. Það er aldrei hægt að gera meiri kröfur til neins, hvorki okkar í stjórnarandstöðunni hér á Alþingi né heldur til manna annars staðar úti í atvinnulífinu en að þeir geri sitt besta og noti tímann, og hann allan, til þess að reyna að hafa þau áhrif sem þeir telja að séu þjóðinni fyrir bestu. Við höfum gert allt sem í okkar valdi er og þingsköp leyfa til að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í sambandi við matarskattinn.

Við viljum matarskattinn í burtu. Hann er óþarfur. En enginn má við margnum þegar til kastanna kemur. En við viljum hann burt og þegar upp er staðið þá skal þjóðin fá að vita að minni hlutinn gerði allt sem í hans valdi stóð til að losa þjóðina við matarskattinn. Það þarf ekki neinn hagspeking til þess að vita að hann lendir fyrst og fremst á litla manninum. Hann lendir fyrst og fremst á þeim tekjulága. — Nú er frú Aðalheiður komin í salinn, hv. 16. þm. Reykv., og ég segi henni aftur að svo sé, ég segi frú Aðalheiði, hv. 16. þm. Reykv., að matarskatturinn lendi fyrst og fremst á þeim tekjulágu.

Ég þori varla að lesa frekar upp úr þeim bókmenntum sem ég las upp úr áðan, en, virðulegur forseti, í huganum endurtek ég það sem ég sagði og bið hæstv. fjmrh. að læra það utan að. Það eru ekki nema tvær, þrjár línur en það er mikil viska í því sem þar segir. Það er hægt að leiða menn á vonda staði með þeim orðum að menn hlakki til ferðalagsins.

Nei, það litla sem komið hefur frá ríkisstjórn í þessum umræðum er ekki til að skýra málið. Það er ruglingslegt. Það er ein allsherjar flækja sem heggur að undirstöðum þjóðfélagsins, undirstöðum sem ekki eru of sterkar fyrir. Hringl með kerfi, sem byggt hefur verið upp og er eldra en sjálfstæði þjóðarinnar og á að gjörbylta í einni eða tveimur atrennum á stuttum tíma, getur aldrei leitt til annars en bölvunar.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara í gegnum þetta frv. En ég harma það að á sama hátt og ríkisstjórnin lagði fram falsað frv. til fjárlaga og tók það aftur, framkvæmdarvaldið tók það aftur án heimildar löggjafans og breytti því um 1000 millj., þá er þetta plagg hér falsað líka þar sem talað er um 14% álagningu — nú er ég að rugla vörugjaldinu saman, það er vörugjaldið sem ég er að tala um núna, en allt er þetta um tekjuöflun ríkissjóðs — og bæta við grunninn álagningu sem er óþekkt í þjóðfélaginu til þess að gera vörugjaldsprósentuna á pappírnum 14% sem er í raun og veru 17,5%. Það er plagg eftir plagg sem kemur frá ríkisstjórninni sem er falsað á þennan hátt.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að hafa þessi orð fleiri. Ég verð að harma að þessi 25% matarskattur virðist óumflýjanlegur. Ég verð að harma að það er ekki hægt að fá upplýsingar um hvaða breyting á innheimtukerfi er boðuð, hvað það er sem fjmrh. er að tala um þegar hann talar um betri skil á söluskatti. Ég verð að harma að hann hefur ekki hugmynd um hve mikið af þeim tekjum, sem eiga að standa undir útgjöldum, koma frá ríkinu sjálfu og þó að ég spyrji fæ ég engin svör um hvað það er mikið af þessum 5750 millj. sem 25% söluskattur á matvæli eigi að gefa ríkissjóði, hvað það er mikið af þessari upphæð sem kemur úr ríkissjóði sjálfum og það þýðir af kostnaðarliðum sem þessir tekjuliðir eiga að standa undir. Þetta er svo furðulega vitlaust að það er með eindæmum. Ég er hræddur um að það væri ekki hægt að reka fyrirtæki svona. Það er alveg furðulegt. En ég ætla að vona að ef hæstv. fjmrh. liggur uppi, eða liggur inni eða liggur úti, eða hvar sem hann liggur með þessar upplýsingar, að hann gefi okkur þessar upplýsingar. Ef ekki, þá verð ég bara að harma það og við verðum að bíta í það súra epli eins og margt annað í sambandi við þetta.

En þegar upp er staðið, þá getur stjórnarandstaðan lagst til svefns, hvílt sig eftir vel unnin störf í því að reyna að koma í veg fyrir að þjóðin verði fyrir þessu áfalli sem söluskatturinn er. Og ég bið hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnina alla að vera ekki að reyna að telja fólki trú um að það skipti engu máli að auka útgjöldin um milljarða, úr 43 milljörðum í yfir 60 milljarða á einu ári og auka skattheimtuna til þess að mæta þessum útgjöldum og segja svo við fólkið í landinu: Þetta skiptir engu máli. Það breytir engu. Við hvern halda menn að þeir séu að tala? Það breytir miklu. Það er það sem fólkið finnur að sjálfsögðu frá degi til dags. Eða túlkunin, sem ég á nú eftir að ræða prívat við ágætan starfsmann fjmrn.,

sem ég vil ekki fara út í hér af þeirri einföldu ástæðu að hann er ekki hér, hún er ríkisstjórninni ekki til neins sóma. En að mínu mati er sú túlkun pöntuð, þetta er stórt orð, vegna þess að hún gengur ekki upp. Hún gengur bara ekki upp. Dæmið er svo einfalt.

Hæstv. forseti. Ég vona að þetta ríði ekki þjóðinni að fullu þó þungt verði. En það kom fram ágætt dæmi hjá hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Hann er víst ekki viðstaddur en ég ætla samt að leyfa mér að vitna í hann. Það kom ágætt dæmi þegar hann talaði um sölu á grasköglaverksmiðjum hér um daginn úr þessum ræðustól, að góðærin, það voru góðærin, það var allt sem gekk svo vel að það drap reksturinn. Það er akkúrat það sem ríkisstjórnin virðist ekki þola, það eru góðærin. Þjóðfélagið gengur svo vel að það er að kæfa ríkisstjórnina. Þetta gengur ekki upp í mínum huga að ef eitt fyrirtæki, hvort sem það heitir þjóðfélag eða hlutafélag, býr við góðæri, þá skuli það ríða því að fullu. Það er með eindæmum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. samþm. mínir á Norðurl. e., hv. 6. þm. og hv. 4. þm. kjördæmisins, hafa báðir beint til mín fsp. í þessum umræðum og ég mun að sjálfsögðu ekki skorast undan því að svara þeim. Ég hef yfirleitt reynt að verða við því hafi verið beint til mín einhverjum athugasemdum eða fsp. að koma hér upp og svara því.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem því miður er ekki hér inni lengur við umræðuna, spurði um afstöðu mína til þessa frv. sem hér er til umræðu, um afnám undanþága og einföldunar á söluskattskerfinu. Þó að hann sé ekki hér þá mun ég reyna að svara þessum spurningum. Ég er að sjálfsögðu samþykkur og stuðningsmaður þessa frv. og ber þar með einnig á því ábyrgð ekki síður en fjmrh. Þetta frv. er flutt sem stjfrv. og það er stutt af þm. stjórnarflokkanna. Þetta veit hann auðvitað og þarf ekki að spyrja um. En ef honum er það ljúft að fá það hér fram í þessum ræðustóli, þá er auðvitað sjálfsagt að segja það hér sem þó allir vita og öllum er ljóst.

Ég er sannfærður um það að þetta söluskattskerfi, sem hér er verið að tala um, er miklu einfaldara og verður miklu skilvirkara en það sem við búum nú við, en mér er líka ljóst að í þessu sambandi verður ekki bæði haldið og sleppt frekar en í svo mörgum öðrum málum sem við þurfum að takast á við. Það er auðvitað auðvelt að finna, tína til og benda á ýmsa þætti sem við kannski gjarnan vildum hafa eitthvað öðruvísi en þeir eru en við verðum að sætta okkur við til þess að ná fram öðrum þeim sjónarmiðum sem við teljum mikilvæg í þessu sambandi.

Ég fullyrði að þetta muni bæta innheimtuna og ég hef reyndar marghaldið því fram að eldra kerfi hafi verið orðið ónýtt og lagfæring hafi verið nauðsynleg, ekki bara á söluskattskerfinu, heldur einnig þeim frv. öðrum sem hér voru til umfjöllunar fyrir áramótin og eru nú orðin að lögum, um tolla og vörugjald. Allt hangir þetta nokkuð saman eins og fram kom hér hjá hv. síðasta ræðumanni.

Þetta skattakerfi var orðið ónýtt, m.a. fyrir tilstilli stjórnvalda með ýmiss konar undanþágum og undanþáguheimildum sem veittar hafa verið og breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. Eitt sinn var söluskattur á flestum tegundum matvæla, en niðurfelling og/eða undanþágur frá þeim ákvæðum á sínum tíma voru í raun eitt skrefið að því að ónýta þetta söluskattskerfi í því formi sem það er nú orðið. Ég hef heyrt að margir hv. þm. telja þetta léttvæg rök og kalla það uppgjöf við skattheimtu, uppgjöf stjórnvalda við að innheimta þá skatta sem á eru lagðir. Í þessu eru vissulega nokkur rök og þetta er að mörgu leyti rétt. En þetta eru hins vegar bara staðreyndir sem hv. þm. vita vel um. Og báðir þeir ágætu þm. sem hér beindu spurningum til mín, hv. 4. og hv. 6. þm. Norðurl. e., vita það af reynslu undanfarinna ára hvernig fyrrv. hæstv. fjármálaráðherrum hefur gengið að bæta söluskattsinnheimtuna. Þetta hafa verið fjmrh. sem þessir ágætu þm. hafa annaðhvort stutt eða þá að það hafa verið ráðherrar úr þeirra eigin flokkum, þ.e. flokkum hv. þm., og þeim er alveg ljóst að barátta þessara fjármálaráðherra við þetta söluskattskerfi og innheimtu á álögðum söluskatti hefur ekki verið auðveld og þess vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

Til þess að lina þær álögur sem við þetta koma á þjóðfélagsþegnana hafa niðurgreiðslurnar verið stórauknar eins og hér hefur reyndar margkomið fram í þessum umræðum. Sú niðurgreiðsla leiðir t.d. til þess að það verður engin hækkun á ýmsum mikilvægum neysluvörum.

Bætur hafa líka verið hækkaðar. 280 millj. kr. er varið til hækkunar á tryggingabótum almannatryggingakerfisins. Það er nú svo í janúarmánuði eftir að tekjutrygging hefur verið hækkuð um 8% að þeir bótaþegar, sem fullar bætur fá frá þessu tryggingakerfi okkar og ekki hafa tekjur annars staðar frá heldur en frá almannatryggingakerfinu, grunnlífeyri, fulla tekjutryggingu og fulla heimilisuppbót, hafa fengið yfir 40% hækkun frá janúar 1987 til þeirra upphæða sem greiddar eru út nú í janúar 1988.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir lyf og læknisþjónustu voru nokkuð dregnar inn í umræðurnar fyrr um þetta frv. Það er vissulega rétt að þær greiðslur hafa verið hækkaðar með reglugerð nú nýlega. Út af fyrir sig á það ekkert skylt við söluskattinn og það mál sem hér er til umræðu, en af því að það var dregið inn í umræðuna áður þá leyfi ég mér að fara um það örfáum orðum. Þessar greiðslur eru ekki nýjar. Það er nokkuð gömul ákvörðun að þeir sem þurfa að njóta læknisþjónustu og lyfja greiði ákveðið grunngjald fyrir þessa þjónustu. Hún hefur hækkað aðeins einu sinni á ári og þá auðvitað verða þær upphæðir nokkuð háar þegar þær eru teknar í einu stökki frekar en ef þær væru látnar fylgja verðlagsþróun

oftar á árinu. En þó var að þessu sinni þess gætt að þær greiðslur sem elli- og örorkulífeyrisþegar inna af hendi hækkuðu verulega miklu minna en almennt var og sumar sáralítið eða nánast ekki neitt, þrátt fyrir það að þeir bótaþegar sem fullar bætur fá frá tryggingakerfinu, eins og ég nefndi áður, hafa þó fengið hækkun um og yfir 40%.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði um eftirlit með innflutningi matvæla og hvaða vinnubrögð væru notuð af hálfu heilbr.- og trmrn. við það eftirlit. Hann sagði hér í umræðunum áðan að hann hefði reyndar spurt tvisvar sinnum um þetta áður og ekki fengið neitt svar. Ég heyrði spurningar hv. þm. við 2. umr. en eins og hann auðvitað man og við öll sem hér vorum þá lauk þeim skyndilega með samkomulagi þannig að ekki var svigrúm til svara í þeirri umræðu. Og hafi hann spurt þessara spurninga líka við 1. umr. þá verð ég að játa það að ég hef sennilega ekki verið viðstaddur. Ég vil þó ekki taka til mín sérstaklega neinar ásakanir frá ýmsum hv. þm. um það að ég hafi verið fjarverandi við umræður því að almennt held ég að ég sitji hér ekki síður en ýmsir aðrir og reyni að vera við umræður í hv. deild og sameinuðu þingi a.m.k. til jafns við marga aðra hv. þm., hvort heldur þeir eru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar.

Það er út af fyrir sig spurning hvort þetta á erindi hér inn í umræðuna um söluskatt, en þar sem þessu var beint til mín þá vil ég segja hv. þm. og öðrum sem áhuga hafa á, ég þykist nú reyndar vita að hv. þm. sem spurði viti það, að eftirlit þetta er ekki eingöngu á hendi heilbrrn. Eftirlit með hættulegum smitsjúkdómum sem geta valdið smithættu í búfénaði og gróðurhúsaframleiðslu er í höndum landbrn. og að hluta til yfirdýralæknis, en eftirlit það er varðar manneldismál er á vegum Hollustuverndar ríkisins og þar með tilheyrandi heilbrrn.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þetta eftirlit þarf að styrkja og bæta. Það þarf kannski fyrst og fremst að koma í veg fyrir skörun á milli þessara ráðuneyta og draga úr þeirri hættu að hver ætli öðrum eða skýli sér á bak við það að þetta sé hlutverk annarra. Að mínu frumkvæði var fyrir nokkrum vikum haldinn fundur í heilbrrn. með fulltrúum beggja þessara ráðuneyta og þeirra aðila sem þeim tilheyra og eiga að sjá um þetta eftirlit. Á þeim fundi var t.d. yfirdýralæknir mættur og fulltrúar frá Hollustuverndinni þar sem við ræddum um það hvernig þessu mætti koma fyrir og hvað þyrfti að gera til þess að styrkja og bæta þetta eftirlit. Sú vinna er sem sagt í gangi.

Einnig er í athugun hvernig bæta megi eftirlit með innflutningi ýmissa annarra matvæla sem kunna að innihalda efni svo sem rotvarnarefni, sem ekki eru leyfð í neysluvörum hér á landi. En allt kostar þetta fjármuni og mannafla og við heyrum líka stundum talað um það að ekki megi þenja út kerfið og þessar eftirlitsstofnanir okkar eins og Hollustuverndin og Vinnueftirlitið og ýmsar fleiri þenjist út óátalið og óviðráðanlega, en ég vonast þó til þess að geta komið á betra eftirliti hvað þetta varðar.

Eftirlit með geislavirkni hefur því miður verið mjög ófullkomið og af skornum skammti hér hjá okkur Íslendingum en það stendur nú til bóta. Þetta hefur reyndar ítrekað verið í umræðunni og komið fram í umræðum hér á hv. Alþingi í haust eða fyrri hluta vetrar þegar rætt hefur verið um mengunar- og umhverfismál, og á kannski betur heima í þeirri umræðu. Þar hefur komið fram að Geislavarnir ríkisins hafa verið vanbúnar til þess að framfylgja þessu eftirlitshlutverki sínu. En með stuðningi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar stendur það nú mjög til bóta á þessu nýbyrjaða ári, svo og með fjárveitingum á nýsamþykktum fjárlögum fyrir þetta ár sem gera stofnuninni kleift að tækjavæðast og ráða til sín sérfræðiþekkingu og þjónustu, þannig að þetta eftirlit stendur því einnig mjög til bóta svo sem eftirlit með öðrum innfluttum matvælum.

Þær reglur og vinnuaðferðir allar eru nú í athugun og endurskoðun í samráði við landbrn. svo sem ég hef áður greint frá. Ég vonast til að þetta geti talist fullnægjandi svar við spurningu hv. þm.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég heyri það að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lært utan að part úr ræðu hæstv. fjmrh. og það er ekkert nema gott um það að segja. Í sambandi við þá fsp. sem hæstv. ráðherra var að svara þá er ég búinn að setja fram formlega fsp. til hans um þetta málefni vegna þess að það bar ekkert á því að ég fengi svör við þeirri fsp. og skal ég ekki vera að lengja umræður út af því hér og nú. En ég vil bara að endingu segja:

Frjálshyggjunnar frelsishetja
fer að óskum braskara.
Afruglara ætti að setja
á alla ríkisstjórnina.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör þó ég sé nú ekki fyllilega sáttur við þau. Ég mundi kannski fá að renna í gegnum þau eins og þau komu frá honum sjálfum. Ég harma það að ekki kom til greina að verðtryggja niðurgreiðslur þar sem ljóst er að þær munu ekki fylgja verðlagi í landinu og munu ekki skila sér af þeim þunga sem hér er sagt að þær muni gera.

Svör hæstv. ráðherra um eftirlitið fannst mér frekar léttvæg. Hann svarar því í fjórum liðum. Í fyrsta lagi með fækkun undanþága, í öðru lagi með innsigluðum kössum, í þriðja lagi að fela tollþjónustunni þetta að einhverju leyti og í fjórða lagi að Verðlagsstofnun grípi þarna inn í. Ég verð að segja að það eina af þessu sem ég get flokkað undir virkilegt eftirlit eru sennilega innsigluðu kassarnir. Hitt þykir mér ákaflega léttvæg rök og ég vildi gjarnan fá skýringu á því hvernig t.d. tollþjónustan á að grípa þarna inn í. Með hvað hætti á það að vera? Á hún að vinna í nánu samráði við Verðlagsstofnun eða á að senda tollverði út af örkinni eða starfsfólk tollsins?

Hvernig er þetta hugsað? Varðandi Verðlagsstofnun er vitað að það er frjáls álagning í landinu og hvernig á hún að fylgjast með því hvort verðlækkanir skila sér eða ekki? Það er alfarið í höndum kaupmanna og ekkert sem ríkisvaldið getur gert í því nema þeir vilji þá fara að binda álagningu upp á nýtt.

Ég spurði ráðherrann um það hvernig ætti að taka launaskattinn af lögfræðingum og endurskoðendum og öðrum slíkum inni á stofnunum og fyrirtækjum sem eru þar á launaskrá. Ég verð að segja eins og er að það kom nákvæmlega ekki neitt svar við því. Nákvæmlega ekkert svar. Það eina sem kom var það að það væri búið að senda út bréf þess eðlis að það ætti ekki að sniðganga þessa aðila úti í þjóðfélaginu. Þetta, hæstv. ráðherra, er ekkert svar. Þannig að ég legg þessa spurningu aftur fram.

Ég spurði enn fremur: Af hverju 25%? Þá kom það fram sem alþjóð veit að það voru iðnrekendur sem sáu til þess að endanleg prósenta varð 25%. Þeir komu inn þeirri skoðun að verslunareigendum í landinu væri ekki treystandi og ríkisvaldið fór eftir því. Að hæstv. ráðherra vogi sér að segja að þetta spilli ekki kjarasamningum er alveg út í hött. Hefur hæstv. ráðherra ekki hlustað á raddir verkalýðsforingja undanfarið? Ég trúi því ekki að óreyndu að hann hafi ekki gert það. Og að það sé ekki hægt að hafa fleiri en eitt þrep? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór nánast í kringum hnöttinn með það hvernig þetta er víða um heim. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hér eins og víða annars staðar sé lægra þrep á nauðsynjavörum. Enda kom það fram að stefna jafnaðarmanna væri sú að deila og drottna og hér ætti bara að ríkja ölmusukerfi þar sem þeir mundu afhenda ölmusur svona nánast eftir hendinni.

Skattsvikaskýrslan þótti góð þegar hæstv. ráðherra var í stjórnarandstöðu. Nú er ekki lengur þorandi að taka mark á henni.

Ráðherra upplýsti það að ef afruglarar bæru full gjöld þá mundu þeir kosta sennilega 26–27 þús. kr. Ég vil benda ráðherra á að kíkja á það, af því að hann er í aðstöðu til þess, hvert innkaupsverð afruglara er. Þá skulum við sjá hver álagningin er. Ég held að það sé mjög athyglisvert. Hann heimilar sem sagt Stöð 2 að byggja upp dreifikerfi á kostnað Ríkisútvarpsins, þeir nota faktískt sama dreifikerfi, sem Ríkisútvarpið á, og það getur varla talist heilbrigt í þeirri samkeppni sem þar fer fram. Annars mætti líka spyrja hæstv. ráðherra, hver leigan er sem Stöð 2 greiðir af afnotum sínum af tækjum og dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Ég er ansi hræddur um að hún sé í engum takt við þau leigukjör sem almennt gilda á markaðnum. Nú, gamalt fólk og byggðastefnan. Að gamalt fólk eigi eftir að kaupa afruglara. Gamalt fólk þarf líka að kaupa mat og það er það sem við erum að tala um hér. Það er 25% söluskatturinn á mat, með hvaða þunga hann kemur. Það getur varla talist eðlilegt að Ríkisútvarpið taki andstæðingana upp á arma sína til þess eins að auðvelda þeim samkeppni við sjálfa sig á sama tíma og ríkið sker niður öll framlög til Ríkisútvarpsins.

Þá má benda á það að söluskattur af matvælum, eins og hæstv. heilbrrh. kom inn á hér áðan, hefur áður verið felldur niður og ég treysti því, af því ég sé að við munum ekki stöðva þetta frv., að það líði ekki allt of mörg ár þangað til þessi vitleysa verður tekin til baka aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

48. fundur, þriðjudaginn 5. jan., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 40. mál (stjórnarfarsleg staða). — Þskj. 40.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Þau tvö dagskrármál sem núna eru á dagskrá deildarinnar voru rædd við 2. umr. fyrir nokkru. Þá kom fram ósk um að á milli 2. og 3. umr. yrði þessum málum aftur vísað til fjh.- og viðskn. Nefndin kom saman í morgun og ræddi þessi mál bæði saman og við höfum gengið frá framhaldsnefndaráliti, að vísu um síðara málið, þ.e. 2. dagskrármálið, um útflutningsleyfi, og ég ætla að leyfa mér að lesa það nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur komið saman eftir 2. umr. en hún snerist mjög um lög um Stjórnarráð Íslands. Af því tilefni fékk nefndin á sinn fund Gunnlaug Claessen ríkislögmann og lagði hann m.a. fram „minnisblað", dags. 3. júlí 1987, sem birtist með þessu framhaldsnefndaráliti.

Nefndarmenn voru sammála um að túlka bæri þröngt ákvæði 4., 5. og 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands varðandi skipan verkefna milli ráðuneyta og ráðherra.

Upplýst hefur verið að lög um Stjórnarráð Íslands eru í endurskoðun og því mun umræða þessi halda áfram, enda telur nefndin mjög mikilsvert að Alþingi sé á hverjum tíma á verði um skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk nál. með fyrirvara.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins."

Aðrir nefndarmenn skrifuðu undir þetta nál., en hv. þm. Svavar Gestsson og Júlíus Sólnes þó með fyrirvara.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að bæta mjög miklu við þetta. Umræðan við 2. umr. snerist um hvort unnt væri að færa verkefni á milli ráðuneyta með einfaldri reglugerðarbreytingu og menn drógu í efa lögmæti þess að slíkt væri gert. Eins og kemur fram í áliti

ríkislögmanns, sem fylgir nál., telur hann heimilt að gera það og hefur það í raun og veru ekki verið dregið í efa þó svo að nokkrir nefndarmenn hafi talið ástæðu til að fá álit fleiri lögfræðinga um það.

Samþykkt um tilflutning þessara verkefna var gerð í sumar þegar ríkisstjórnin var mynduð og hefur þegar að flestu eða öllu leyti komið til framkvæmda, en þessi tvö atriði þurftu lagaheimildar með, þ.e. breytingar á lögum um útflutningsleyfi og um Útflutningsráð Íslands, og þess vegna eru þessi tvö frv. flutt og reyndar rædd bæði í einu og ég las hér nál. sem varðar síðara málið en er efnislega tilheyrandi báðum þessum málum.

Að öðru leyti vísa nefndarmenn til þeirra álita sem þeir létu frá sér fara við 2. umr. þessa máls. Það er alltaf álitamál hvað langt má ganga í slíkri kerfisbreytingu sem þarna fer fram, en við teljum, meiri hl. nefndarinnar, að þarna sé ekki verið að leggja niður ráðuneytið, það sé verið að færa verkefni á milli, verkefni sem í áratug eða lengur hefur verið rætt að ættu kannski betur heima í utanrrn. en í viðskrn. Eru menn sammála um að þessi tilraun verði gerð og hefur hún þegar komið til framkvæmda.

Ég reikna með því að minni hl. nefndarinnar muni gera grein fyrir viðhorfum sínum til sinna fyrirvara. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en við leggjum til í okkar nál. að frv. verði bæði samþykkt.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 8. þm. Reykn. fjallaði fjh.- og viðskn. um þessi mál á nýjan leik í morgun í framhaldi af ítarlegum umræðum sem urðu um málið við 2. umr. hér í hv. deild fyrir áramótin og sú umræða snerist að talsverðu leyti um að hve miklu leyti ráðherra hefði heimild til að færa til verkefni á milli ráðuneyta með einfaldri reglugerðarbreytingu.

Það varð samhljóða niðurstaða nefndarinnar sem fram kemur á þskj. 480, framhaldsnál., sem hv. 8. þm. Reykn. hefur hér kynnt, og það sem ég vil sérstaklega framhefja í þessu nál. er 2. og 3. málsgr. þar sem segir:

„Nefndarmenn voru sammála um að túlka bæri þröngt ákvæði 4., 5. og 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands varðandi skipan verkefna milli ráðuneyta og ráðherra.

Upplýst hefur verið að lög um Stjórnarráð Íslands eru í endurskoðun og því mun umræða þessi halda áfram, enda telur nefndin mjög mikilsvert að Alþingi sé á hverjum tíma á verði um skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds."

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að hv. fjh.- og viðskn. náði samstöðu um þetta atriði þannig að framkvæmdarvaldinu megi verða ljóst að það er eftir því tekið þegar verið er að setja reglugerðir um breytingar á verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands. Ég tel að það sé í raun og veru mjög þýðingarmikið að þessi niðurstaða náðist hér með heildarsamkomulagi þó að við sem skipum sæti stjórnarandstöðunnar í hv. nefnd séum þeirrar skoðunar að þarna hefði að sumu leyti mátt kveða fastara að orði. Í samræmi við það höfum við í dag sett saman bréf til Lagastofnunar Háskóla Íslands um þetta mál sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Til Lagastofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík, 5. jan. 1987.

Við undirrituð alþingismenn, sem höfum starfað með fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis leitum til Lagastofnunar Háskóla Íslands vegna lögfræðilegs álitamáls er komið hefur upp við meðferð frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Aðdragandi málsins er sá að núverandi ríkisstjórnarflokkar ákváðu að flytja utanríkisviðskipti yfir í utanrrn. Var það síðan gert með reglugerð um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem gefin var út 8. júlí sl. Var reglugerðin undirrituð af forsrh. fráfarandi ríkisstjórnar, Steingrími Hermannssyni, en hann tók einmitt við utanrrn. í þeirri ríkisstjórn sem tók við síðdegis sama dag og reglugerðin var gefin út. Mun það óvenjulegt og líklega einstætt frá því að stjórnarráðslögin voru sett 1969 að fráfarandi forsrh. breyti verkaskiptingu ráðherra í viðtakandi ríkisstjórn sem annar forsrh. stýrir.

Við umræður um málið á Alþingi hefur það komið fram að hér er um lögfræðilegt álitamál að ræða. Það var einnig afstaða þeirra þriggja þingmanna sem fyrir hönd stjórnarflokkanna óskuðu álitsgerðar ríkislögmanns um þetta efni, en það voru þingmennirnir Jón Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson og Geir H. Haarde. Birtist þessi álitsgerð ríkislögmanns sem fylgiskjal með framhaldsnefndaráliti fjh.- og viðskn. Ed., dags. 5. jan. 1988. Í greinargerð ríkislögmanns kemst hann að augljósri niðurstöðu sem undirritaðir alþingismenn vilja engu að síður draga í efa að sé einhlít miðað við efni laganna og anda þeirra, þ.e. framsöguræður forsrh. Bjarna Benediktssonar er lögin voru sett og umræður um málið í báðum deildum þingsins, einkum þó í Ed., þar sem deildin samþykkti brtt. frá Jóni Þorsteinssyni sem bersýnilega þrengdu möguleika ráðherra til þess að skipa verkum Stjórnarráðsins með reglugerðum frá því sem upphaflegt frv. hafði gert ráð fyrir.

Í framhaldi af þessum inngangi óska undirritaðir alþingismenn eftir því að Lagastofnun Háskóla Íslands svari eftirfarandi spurningum:

1. Hver er skoðun stofnunarinnar á áliti ríkislögmanns sem fylgir með sem fylgiskjal?

2. Hvaða verkefni eru það sem ekki má flytja milli ráðuneyta með reglugerð eftir að reglugerðin frá 8. júlí 1987 hefur verið sett? Verkefni sem ekki má flytja á milli ráðuneyta óskast tilgreind í svari.

3. Eru dæmi þess að fráfarandi forsrh. hafi breytt verkaskiptingu viðtakandi ríkisstjórnar?

4. Telur Lagastofnun Háskólans að eðlilegra hefði verið að breyta verkaskiptingu Stjórnarráðsins með lögum en með reglugerð?

5. Hver er munurinn á úrskurði og reglugerð skv.

lögunum um Stjórnarráð Íslands að mati Lagastofnunar Háskólans annar en sá að forseti Íslands gefur út úrskurðinn en ráðherrann reglugerðina?

Það skal tekið fram að við munum birta þingheimi svar yðar strax og það hefur borist okkur í hendur.

Virðingarfyllst. Guðrún Agnarsdóttir alþm., Júlíus Sólnes alþm., Svavar Gestsson alþm."

Um þetta bréf og álit okkar að öðru leyti er ekki margt fleira að segja. Ég tel að sú umræða sem fram hefur farið um málið hafi verið gagnleg, skipti máli. Hér er komið að grundvallaratriðum í vinnubrögðum framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu. Ég tel að það skipti miklu máli að framkvæmdarvaldinu sé ljóst að Alþingi er á verði. Það skipti miklu máli að það sé ljóst að þm. taka ekki hlutunum þegjandi og sofandi heldur taka við sér þegar komið er að grundvallaratriðinu í stjórnskipuninni, eins og lögum um Stjórnarráð Íslands. Ég tel að það skipti mjög miklu máli.

Ég vek athygli á því að í þessum spurningum okkar förum við fram á álit Lagastofnunar Háskólans á því hver sé munurinn á úrskurði annars vegar og reglugerð hins vegar, en um það efni mætti margt segja. Munurinn er formlega sá að þjóðhöfðinginn gefur út úrskurðinn en ráðherrann reglugerðina og úrskurðurinn er gefinn út af þjóðhöfðingjanum að tillögu ráðherrans. Það sem hins vegar er um þetta mál að segja er það að innihaldið er líkt. Munurinn birtist þó þannig að úrskurðirnir eru gefnir út í A-deild Stjórnartíðinda og þeir eru prentaðir í lagasafninu, þ.e. úrskurðurinn um verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands. Hins vegar eru önnur dæmi um slíka úrskurði varðandi reglurnar um Háskóla Íslands þar sem þjóðhöfðinginn gefur út úrskurð um breytingu á reglum um Háskóla Íslands. Mér er tjáð að það séu ekki önnur dæmi finnanleg um úrskurði af þessu tagi í okkar stjórnskipun. Upphaflega var munurinn hins vegar sá að þjóðhöfðinginn gaf út úrskurðinn og hann hafði annað gildi en reglugerðin og meira vægi. Þetta minnir okkur á að stjórnskipun okkar grundast á stjórnarskrá sem er að verða á annað hundrað ára gömul og inni í henni eru margvíslegir þættir, eins og t.d. þessi ákvæði um úrskurði, sem hafa á síðari áratugum ekki haft sama gildi og þeir höfðu þegar ákvæðin um úrskurðina voru sett upphaflega fyrir 120 árum eða svo.

Ég endurtek það, sem segir í bréfi okkar þriggja, að við munum birta þingheimi svar Lagastofnunar Háskólans strax og það birtist þannig að unnt verði að taka það til umræðu ef ástæða þykir til síðar.

Við 2. umr. málsins gáfum við út nál. um málið. Ég gaf út nál. sem minni hl. og held mig við það álit. Ég flutti þá þrjár brtt. varðandi þetta mál sem ég dró þá til baka vegna þessarar umræðu. Ég held mig við það og endurflyt þær ekki við þessa 3. umr., en mun greiða atkvæði gegn 1. gr. þessa frv. svo og frv. til l. um Útflutningsráð Íslands sem liggur einnig fyrir og kemur á dagskrá síðar á þessum fundi, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 483).

Útflutningsleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 54. mál. — Þskj. 56, frhn. 480.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls. (Sjá umræður um næsta mál á undan.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 484).

NEÐRI DEILD

46. fundur, þriðjudaginn 5. jan., kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 390, brtt. 465, 466, 467, 473, 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 467,1 felld með 26:14 atkv.

Brtt. 467,1 (varatill.) felld með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG.

nei: PP, PJ, RH, SighB, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, JK.

2 þm. (ÞÞ, FÞ) fjarstaddir.

Brtt. 473 felld með 22:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RH, SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GGÞ, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SighB, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, JóhS, JK.

GuðnÁ greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (ÞÞ, FP) fjarstaddir.
10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni í gærkveldi er þessi tillaga efnislega óþörf. Ástæðurnar fyrir því eru þær að í texta þessara laga er óbreytt orðalag frá upphafi vega úr söluskattslögum og að þessum hlutum, heimildum að því er varðar skip og búnað fyrir skip, er vikið bæði í 9. lið sömu greinar og í 4. gr. þessara laga og á grundvelli 4. gr. er í gildi og hefur lengi verið í gildi reglugerð sem tekur af tvímæli um að búnaður fyrir skip er undanþeginn söluskatti svo sem verið hefur þannig að samþykkt frv. eins og það liggur fyrir felur ekki í sér neina breytingu af neinu tagi á framkvæmd málsins eins og það hefur verið að undanförnu. Þess vegna er þessi till. óþörf og ég segi nei.

Kristín Halldórsdóttir:
Herra forseti. Meiri hl. virðist alls ekki vera öruggur um að hér sé nægilega vel frá málum gengið. Efasemdir þeirra virðast vera töluverðar og afstaðan virðist byggja á því að brtt. er komin frá fulltrúa stjórnarandstöðu. Úr því að menn eru ekki fyllilega vissir um að hér sé nógu vel frá málum gengið segi ég já.

Matthías Bjarnason:
Herra forseti. Með tilliti til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að hér verði engin breyting á og áfram verði heimild í höndum fjmrh. að fella niður eða endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum við skip og báta sem smíðuð eru innan lands tel ég ekki ástæðu til að taka þessa grein inn í lögin og segi því nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Tveir af þm. Alþingis hafa fengið dóma sem ráðherrar fyrir stjórnarskrárbrot. Hér stefnir í að sá þriðji fylgi með. Hæstv. fyrrv. samgrh. Matthías Bjarnason hafði í höndum heimild til reglugerðarákvörðunar frá Alþingi Íslendinga til að leggja á skatt. Hæstiréttur Íslands úrskurðaði að skattaheimildir ættu að vera í lögum og þingið hefði ekki heimild til að afsala svo rúmu valdi til ráðherra, sem þar var gert, og dómur var upp kveðinn. Að felldri þessari grein í þessum lögum blasir við að það er viljayfirlýsing Alþingis að það skuli ekki undanþiggja skip og varaluti m.a. Sú viljayfirlýsing Alþingis hlýtur að vera sterkari en eitthvert ímyndað vald ráðherra til að hann geti komið eins og frelsandi engill og sagt: Þrátt fyrir viljayfirlýsingu Alþingis hef ég rétt til að breyta skattalögum á Íslandi að vild. Í ljósi þess að ég tek meira mark á Hæstarétti en lítt fróðum mönnum um dóma og ákvarðanir í þessum efnum segi ég já.

Páll Pétursson:
Herra forseti. Það er skoðun meiri hl. fjh.- og viðskn. að með því að fella þessa till. séum við ekki að koma í veg fyrir að þessi heimild verði notuð og því segi ég nei.

Ragnhildur Helgadóttir:
Herra forseti. Ég hef tilhneigingu til að bætast í þann hóp þm. sem hefur fyrirvara á atkvæði sínu. Mér þykir í raun og veru það vera til bóta að breyta þessu ákvæði á þann veg sem hv. þm. Hreggviður Jónsson leggur til. Þess vegna treysti ég mér ekki til að standa að því að fella till. Ég tel að hér sé ekki um að ræða meiri háttar pólitískt mál eða breytingu á pólitískri afstöðu eða afstöðu til ríkisstjórnarinnar. Þess vegna segi ég já við þessari tillögu.

Stefán Valgeirsson:
Herra forseti. Með skírskotun til fyrirvara hv. 2. þm. Vestf. og til þess málflutnings sem hefur verið hafður uppi og vinnubragða í sambandi við söluskattinn treysti ég engu í þessu máli og segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég tel það augljóst mál að staða hæstv. fjmrh. er að slíkri brtt. felldri harla afkáraleg við að framkvæma þann vilja Alþingis, sem þó er eða virðist vera fyrir hendi, að endurgreiða söluskatt í þessum tilvikum sem hér um ræðir. Ég tel augljóst mál að það er eðlilegra að ganga frá lögunum með þeim hætti að þetta ákvæði sé eins og brtt. Hreggviðs Jónssonar gerir ráð fyrir, hv. 11. þm. Reykn. Ég bendi á þær takmarkanir og þau skilyrði sem hæstv. fjmrh. á að setja í tengslum við þær heimildir sem veittar yrðu með þessum tölul. 3. gr. Ég segi því já, en vegna atkvæðaskýringar hv. formanns fjh.- og viðskn. hlýt ég að spyrja: Hvenær kom hv. fjh.- og viðskn. saman til þess að taka á þessu? (**Iðnrh.:** Atkvæðaskýring?) Ég er að fylgja í kjölfar á formanni fjh.- og viðskn. sem gaf hér skýringu og skýrði frá störfum meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi þetta efni ef iðnrh. vildi leyfa mér að ljúka atkvæðaskýringu minni og hætta að gjamma fram í eins og hans er vani. Getur forseti þaggað niður í iðnrh.? (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að hafa hljóð og ég vil minna hv. ræðumann á að hér er aðeins leyfilegt að gera grein fyrir atkvæði sínu, en aðrar umræður rúmast í ákvæðum um þingsköp.) Ég mun þá kveðja mér hljóðs um þingsköp að lokinni atkvæðagreiðslu. (**Forseti:** Að sjálfsögðu er ekki leyft að ræða um þingsköp undir atkvæðagreiðslu.)

Guðmundur G. Þórarinsson:
Herra forseti. Í stjórnarskrá Íslands er kveðið á um að engan skatt skuli leggja á, breyta né taka af nema með lögum. Hæstiréttur Íslands og reyndar Alþingi Íslendinga hafa túlkað þessa grein stjórnarskrárinnar mjög rúmt. Þar eru sjálfsagt mörg atriði sem erfitt er að skera úr um. Mér virðist hins vegar fljótt á litið að það orki nokkuð tvímælis, ef þessi lagagrein er felld, að reglugerðarákvæði standist. Þar sem ekki er neinn ágreiningur um efnisatriði

heldur eingöngu um að tryggja að þetta atriði sé inni segi ég já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Með tilvísan í svar hæstv. fjmrh. þar sem hann vísaði í 4. gr. laga um söluskatt þar sem segir: „Efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innan lands. Má miða endurgreiðslu við tiltekna fjárhæð á rúmlest.“ þá er ljóst að ef þessi till. er felld er fjmrh. óheimilt að gefa út reglugerð um rýmri svið en þessi till., sem borin er upp, gerir ráð fyrir. Ég segi því já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þar sem þær fréttir komu mér sem nefndarmanni í fjh.- og viðskn. nokkuð á óvart að nefndin hefði komið saman til að ræða efni þessarar brtt. og meiri hl. nefndarinnar hefði komist að þeirri niðurstöðu að brtt. væri óþörf fer ég fram á að hv. formaður fjh.- og viðskn., 1. þm. Norðurl. v., geri þingdeildinni grein fyrir því hvernig störfum fjh.- og viðskn. í þessu efni var háttað.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. deildarinnar kom ekki saman til fundar. Hins vegar hafði ég munnlegt samband við þá nefndarmenn sem í kringum mig voru og þeir komust að þeirri niðurstöðu að ég sá á því að meiri hl. nefndarinnar var á einu máli um þetta og það lét ég koma í ljós. Hins vegar þykir mér hv. 4. þm. Norðurl. e. vera farinn að líta óþarflega stórt á sig ef hann telur að ég megi ekki eiga orðastað við menn öðruvísi en hann sé viðstaddur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að 4. þm. Norðurl. e. lítur nokkuð stórt á sig og skammast sín ekkert fyrir það. Hann tekur starf sitt sem alþm. og nefndarmaður í þingnefndum Alþingis alvarlega og kann ekki við það ef menn eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. ætla sér trekk í trekk að brjóta allar þinglegar hefðir og venjur í sambandi við vinnubrögð. Ég mótmæli formlega því að formaður nefndarinnar sé að krunka utan í einstaka nefndarmenn á hlaupum um efnisatriði sem koma upp. Auðvitað átti að gera fundarhlé og boða formlega til fundar í nefndinni. Það er smekkleysa og ekki við hæfi að hv. þm. skuli koma hér sem formaður viðkomandi nefndar og reyna að hafa hér áhrif í atkvæðagreiðslu með því að skýra frá því á fölskum forsendum að nefndin hafi starfað að þessu máli. Þetta er ósmekklegt og óhæfa og það liggur við að ég mótmæli allri málsmeðferðinni, þar með talið niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, vegna þess að það var greinilegt að hv. þm. var á fölskum forsendum að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðsluna með því að láta líta svo út sem fjh.- og viðskn. hefði starfað að málinu sem var ekki rétt.

Brtt. 465,1a felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, RA, SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS.

nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SighB, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JSS, KJóh, MB, MÁM, JK.

3 þm. (ÞÞ, FÞ, JónS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er nú ljóst að þessi tillaga verður felld.Þþetta var lokatilraun okkar andstæðinga frv. til að forða þingheimi frá því að leggja matarskatt á landsmenn og það var leitt að verða vitni að því að ekki skyldu fleiri fulltrúar jafnaðarmanna treysta sér til að feta í fótspor hv. þm. Karvels Pálmasonar sem greiddi atkvæði gegn matarskattinum í Ed. Meginatriði þessa frv., 25% söluskattur á matvæli, er óhæfuverk. Slík hækkun brýnustu nauðsynja er áfall fyrir heimilin, sérstaklega lágtekjuheimilin, og þessi ráðstöfun er storkun við launafólk og sú olía sem breytt gæti verðbólguglæðunum í bál. Þetta er því ekki aðeins vond ráðstöfun og óréttlát heldur einnig heimskuleg. Þessi tillaga felur í sér að matvæli verði undanþegin söluskatti. Ég segi já.

Brtt. 466,1a felld með 24:14 atkv.

Brtt. 465,1b felld með 24:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA.

nei: SighB, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, JK.

3 þm. (ÞÞ, FÞ, GuðnÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem við blasir að flest í þessari upptalningu er þegar undanþegið og við blasir að allir „aðalsyndararnir“ hafa séð um sig þykir mér sanngjarnt að veita þeim sem stunda aðrar íþróttir sama rétt og með tilliti til þess að við eyðum árlega stærri og stærri fjármunum til heilsugæslu í þessu landi segi ég já.

Brtt. 466,1b felld með 25:13 atkv.

Brtt. 466,2a felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, SV, SJS, AðB, AG.

nei: FrS, GHH, GB, GGÞ, JóhS, JBH, JónS, JSS, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, JK.

SighB, EH greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (KJóh, ÞÞ, FÞ) fjarstaddir.

Brtt. 465,2 felld með 24:13 atkv.

Brtt. 467,2a kölluð aftur.

Brtt. 466,2b felld með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG.

nei: PP, RH, SighB, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, JK.

4 þm. (PJ, ÞÞ, FÞ, KJóh) fjarstaddir.

Brtt. 467,2b felld með 23:13 atkv.

Brtt. 467,2b (varatill.) felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, JK.

3 þm. (SighB, ÞÞ, FP) fjarstaddir.

Brtt. 475 samþ. með 25 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, JK.

nei: SV, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA.

3 þm. (SighB, ÞÞ, FÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Fjmrh. segir að matarskatturinn hafi engin áhrif á framfærsluvísitöluna. Þó liggur fyrir að ríkissjóður á að fá auknar skatttekjur um 3 milljarða umfram það sem greitt er í auknar niðurgreiðslur, barnabætur og auknar tryggingabætur. Reynist rétt að slík skatttaka hafi engin áhrif á framfærsluvísitöluna sést glöggt á því að matvörur eru vanmetnar í vísitölugrundvellinum. Slíkur málflutningur, að það komi hvergi niður á þegnum þjóðfélagsins að skattar á matvörur séu auknir um 3 milljarða, er í samræmi við annan rökstuðning stjórnarliðsins fyrir þessum matarskatti. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er trú mín að þessi matarskattur muni lengi loða við þá menn sem standa að því að samþykkja hann og verða í sögunni bæði frægasta og jafnframt talið versta verk þessarar hæstv. ríkisstjórnar og væri þá við hæfi að hún tæki nafn af þessari gjörð og yrði framvegis kölluð matarskattastjórnin. Ég vil, herra forseti, við lokaatkvæðagreiðslu um matarskattafrv. í hv. deild undirstrika algera andstöðu Alþb. við þessar óheyrilegu álögur á lífsnauðsynjar sem stendur til að taka upp. Allar brtt. stjórnarandstæðinga um að taka til baka að einhverju eða öllu leyti álögur á matvörur hafa nú verið felldar. Þessi skattur kemur til með að bitna verst á þeim sem lægst hafa launin. Hér stendur til að setja heimsmet í álögum á matvörur og voru matvörur þó fyrir með því dýrasta sem þekktist hér á landi. 25% skattlagning á matvörur er köld kveðja til almennings í þessu landi í upphafi nýs árs, en verst högg mun þessi gjörð þó er til lengdar lætur reynast íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu og má þó síst við slíku þar. Ég segi nei.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og margsinnis hefur komið fram er Kvennalistinn algerlega andvígur þessum matarskatti. Við lögðum fram brtt. sem laut að því að undanþiggja matvæli þessum söluskatti og með tilvísan til þeirra orða sem ég viðhafði áðan við atkvæðagreiðslu um þá tillögu segi ég nei.

Frv. endursent Ed.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 410, n. 476, 477, 481 og 482, brtt. 435, 436, 437, 438, 478, 479.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþykkt með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það þarf víst ekki að segja neinum að það mál sem hér er til umræðu er býsna flókið og erfitt, enda hefur umfjöllun þess í þinginu ekki gengið alveg þrautalaust. Sjútvn. Nd. klofnaði í fjóra hluta við umfjöllun þessa máls og hefur skilað af sér nál., misþykkum eins og menn hafa sjálfsagt tekið eftir. Það eru þrír minni hlutar, þ.e. Hjörleifur Guttormsson í einum, Hreggviður Jónsson í öðrum og formaður nefndarinnar, Matthías Bjarnason, í þeim þriðja. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanni nefndarinnar, Matthíasi Bjarnasyni, fyrir ágæta og rösklega stjórn á fundum nefndarinnar þó að leiðir skildi undir það lauk við álitsgerð og tillögusmíð.

Þann meiri hl. sem ég er frsm. fyrir skipa auk mín Ólafur G. Einarsson, Alexander Stefánsson og Guðni Ágústsson. Nál. er á þskj. 477 og brtt. eru á þskj. 478.

Nefndin ræddi þetta frv. ítarlega á sex fundum, kvaddi á sinn fund Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, og einnig kom Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, til fundar við nefndina. Nefndin naut aðstoðar sjútvrn. Ráðuneytisstjóri sjútvrn., Árni Kolbeinsson, sat suma fundi nefndarinnar. En áður, eins og kunnugt er, höfðu allmargir aðilar verið kallaðir á sameiginlega fundi sjávarútvegsnefnda Ed. og Nd. og þar fóru fram ítarleg skoðanaskipti um málið.

Ég sagði áðan að afgreiðsla þessa máls hefði ekki gengið alveg þrautalaust og það fór væntanlega ekki fram hjá neinum að í þeim umræðum sem áður fóru fram í þessari hv. deild urðu mestar umræður um 10. gr. frv. eins og það kom frá Ed. og sætti sú grein harðastri gagnrýni hér í deildinni. Af því leiddi að verulegur hluti af störfum nefndarinnar snerist um að skoða þá grein sérstaklega. Í þeim brtt. sem nefndin flytur er sú breyting sem varðar 10. gr. veigamest.

Þær brtt. sem nefndin flytur eru af þrennu tagi. Það er í fyrsta lagi um fisk sem er undir tiltekinni stærð. Sú regla hefur gilt að hann hefur verið undanþeginn kvóta, undirmálsfiskur. Nefndin er þeirrar skoðunar að hann eigi helst að teljast að fullu til kvóta. Ekki er þó skrefið stigið til fulls í þeirri brtt. sem hér er flutt af hálfu nefndarinnar en tekin af sú heimild sem áður var til að undanþiggja hann að öllu leyti og gert ráð fyrir að hann verði einungis undanskilinn að hluta.

Annar þáttur brtt. fjallar um veiðar smábáta sem eru minni en 10 brl. Þessari grein hefur reyndar áður verið breytt í Ed. og rýmkað þá nokkuð frá því sem verið hafði í frv. eins og það kom frá ríkisstjórninni. En í meðferð nefndarinnar hefur átt sér stað veruleg breyting á þessari grein sem meiri hl. telur að komi verulega til móts við þau sjónarmið sem varða hag og hagsmuni smábátaeigenda og þeirra sem þá útgerð stunda.

Það má segja að í lagagreininni eins og hún stendur nú og í þeim reglugerðardrögum sem hafa verið til sýnis í nefndinni séu heimildir allar rýmri og hliðstæðari því sem hefur verið í eldri reglugerðum. Þessi rýmkun ætti því að vera þó nokkurs virði fyrir þá sem þessa atvinnugrein stunda.

Eins og málin standa nú er það þó þannig skv. till. meiri hl. að veiðar báta sem eru minni en 6 brl. og eru eingöngu á handfærum eru mjög frjálsar, en hins vegar skulu veiðar báta sem eru stærri en 6 brl. háðar sérstökum veiðileyfum og enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta sem eru undir 6 brl. og fá heimild til netaveiða.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því, sem hefur nú áður verið, að útgerðir smábáta sem sæta aflahámarki, og það eru þá þær sem eru í netaveiðum, geti valið milli aflahámarks sem byggist á eigin reynslu og meðalaflahámarks fyrir báta í þeim stærðarflokki sem við á.

Það var áður svo í fyrri reglugerðardrögum að miðað var við aflahámark sem var byggt á eigin reynslu og að það yrði 90% af meðalafla þriggja ára, áranna 1985–1987, en þó aldrei hærra en 135 lestir. Nú er gert ráð fyrir að það verði miðað við aflahámark sem er byggt á eigin reynslu og verði 90% af meðalafla tveggja bestu áranna á þessu tímabili. Í reglugerðardrögunum var gert ráð fyrir því að það væri þó aldrei hærra en 175 lestir, en nefndin telur að því eigi að breyta í 200 lestir og mundi það rýmka nokkuð um. Það er vitaskuld augljóst hagræði í að miða við tvö bestu árin, enda sveiflast afli smábáta oft nokkuð ört á milli ára og hámarkið er sem sagt verulega hærra en var í fyrri hugmyndum og kemur þannig til móts við afkastamestu smábátana.

Hafi útgerðaraðilar hins vegar ekki reynslu til að byggja á er gert ráð fyrir því að meðalaflahámark verði sett fyrir einstaka stærðarflokka. Í reglugerðardrögunum var gert ráð fyrir 50 lestum fyrir báta sem eru minni en 6 lestir, en nefndin telur að þetta hámark eigi að hækka í 55 lestir og er gert ráð fyrir 75 lestum fyrir þá sem eru milli 6 og 8 brl. að stærð, en 100 lestum fyrir þá sem eru yfir 8 rúmlestir og loks verði búinn til nýr flokkur fyrir alla stærstu bátana með 125 lesta meðalafla að hámarki. Þetta eru þeir bátar sem hafa stundum verið kenndir við 9,9 tonn.

Í lögunum sjálfum eða tillögunni til breytinga á lögunum koma fram nokkrar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er banndögum á línu- og handfærabáta fækkað á sumar- og haustmánuðum þannig að banndagar verði sjö í júní og október eins og verið hefur sl. tvö ár.

Í öðru lagi er lagt til að þeim bátum sem stunda færa- og línuveiðar verði gefinn kostur á að sæta veiðitakmörkunum með aflahámarki í stað banndaga ef þeir óska þess sjálfir. Þarna er þá kominn valkostur fyrir þá sem telja að hagstæðara sé fyrir sig að vera með tiltekið aflahámark. Aflahámark þeirra sem það kysu mundi í þessum tilvikum byggjast á eigin reynslu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því um allar þær útgerðir sem þorsknetaveiðar hafa stundað á árunum 1986 og 1987, að bátar undir 6 lestum eigi kost á leyfi til slíkra veiða áfram í stað þess að miðað sé einungis við þá sem leyfi fengu til netaveiða á árunum 1986–1987 eins og var gert ráð fyrir í frv. eins og það kom til deildarinnar. Hér munar allverulegu því að þorsknetaveiði smábáta var leyfisbundin frá 10. febrúar til 15. maí á sl. tveimur árum, en vitaskuld mun eitthvað um það að menn hafi stundað netaveiðar eingöngu utan þess tímabils og þeir hljóta þá samkvæmt þessu réttindi til þess að halda áfram að stunda netaveiðar. Skoðun nefndarinnar er sem sagt sú að þessir aðilar sitji við sama borð og hinir sem leyfis hafa aflað sér.

Þriðji þátturinn í brtt. varðar gildistímann. Umfjöllun um þetta frv. er ekki lokið enn og varð ekki lokið fyrir áramót eins og gert hafði verið ráð fyrir þegar frv. var lagt fram og þess vegna er nauðsynlegt að skýrt verði kveðið á um hvaða áhrif veiðar eftir áramót hafa. Leggur meiri hl. til breytingar á 21. gr. í þessu skyni sem gera ráð fyrir að sú veiði sem menn hafa náð fyrir gildistíma laganna verði innifalin í þeim aflamörkum sem um er að ræða.

Í nál. koma líka fram nokkur önnur viðhorf nefndarinnar sem ég tel rétt að skýra stuttlega frá. Í reglugerðardrögum sjútvrn. er við það miðað að þorskaflahámark báta sem velja sóknarmark og ekki byggja á eigin reynslu verði mishátt eftir útgerðar-

flokkum og stærðarflokkum innan útgerðarflokkanna með svipuðum hætti og verið hefur og hv. deildarmönnum er kunnugt. Meiri hl. telur að bátum sem eru 10–50 lestir að stærð í útgerðarflokki 2 sé ekki skipt niður í nægilega marga stærðarflokka og því geti lítill stærðarmunur valdið allt of miklum mun í þorskaflahámarki. Þannig hefur bátur sem er 49 lestir 200 tonna þorskaflahámark skv. reglugerðardrögunum, en bátur sem er stærri en 50 lestir 335 tonna þorskaflahámark og munar mjög verulega á þessum skurðpunkti. Minni hl. telur rétt að bæta úr þessu með því að fjölga stærðarflokkunum innan þessa útgerðarflokks og verði þeir þannig að 1. flokkurinn sé 10–15 lestir, sá næsti 15–20, síðan 20–25, 25–30, 30–40, 40–50, 50–90, 90–110, 110–200 og loks 200 og stærri. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar a.m.k. að þetta mundi vera mjög til bóta og auka sanngirni, eða draga úr ósanngirni ef menn vilja svo láta heita.

Meiri hl. tekur líka fram að hann telur að það beri að auka mjög eftirlit með veiðum og vinnslu á afla um borð í frystiskipum og stefna að fullnýtingu aflans þar. Stefnan eigi að vera sú að gera kröfur til þess að frystitogarar og reyndar öll fiskiskip komi með allan afla að landi. Að vísu verður það kannski að eiga sér nokkurn aðdraganda og ekki hægt að gera þær kröfur fyrr en fullar forsendur eru fyrir því, en þessi er sem sagt stefnumörkun meiri hl. nefndarinnar og vill hún koma því á framfæri.

Þá ræddi nefndin nokkuð ákvæði til bráðabirgða og atriði sem varða framkvæmd þessara laga, svokallaða samráðsnefnd. Meiri hl. er þeirrar skoðunar að við skipun þingflokka í endurskoðunarnefnd skv. ákvæðum til bráðabirgða sé rétt að fullt tillit sé tekið til þingstyrks þannig að þetta nálgist það að því er fulltrúatölu varðar að um sérstaka kosningu hefði verið að ræða. Í annan stað telur nefndin að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru af þingflokkunum eigi að starfa sjálfstætt innan nefndarinnar, en slík viðhorf hafa komið fram hjá ýmsum innan deildarinnar.

Það er jafnframt skoðun meiri hl. að það sé nauðsynlegt að nefndin hefji störf þegar í stað, verði þegar skipuð og það sé æskilegt að hún skili áfangaáliti sem allra fyrst og helst þá innan árs. Meðal verkefna nefndarinnar er vitanlega að taka til skoðunar með hvaða hætti sé unnt að taka tillit til byggðasjónarmiða við stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiheimilda, eins og fram kemur í greininni sjálfri og athugasemdum með henni, en góð vísa verður aldrei of oft kveðin. Þar á meðal koma þau atriði að dómi meiri hl. nefndarinnar til skoðunar sem hér hafa nokkuð verið til umræðu og umfjöllunar, það hve mjög geti þrengt að ákveðnum byggðarlögum ef skip eru seld úr þeim. Það eru vissulega atriði sem þarfnast sérstakrar skoðunar og meiri hl. bendir á það sjónarmið.

Að því er svokallaða samráðsnefnd varðar er meiri hl. þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að koma því formi á að samráðsnefndin eða ákvarðanir samráðsnefndarinnar komist til sjútvn. þingsins reglulega og meiri hl. telur að sjútvrh. eigi að skila árlega skýrslu til sjávarútvegsnefnda Alþingis um störf samráðsnefndanna eins og þau eru skilgreind í 15. gr.

Þetta, herra forseti, eru helstu atriðin í áliti meiri hl. sjútvn. og helstu atriðin í þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar gerir.

Ég sagði í upphafi að þetta væri erfitt mál og flókið og ekki gengi kannski alveg þrautalaust að afgreiða það frá þinginu, en það er hins vegar held ég að allra okkar dómi orðið brýnt að málið fái afgreiðslu og skipað þeim lögum sem eiga að gilda um stjórn fiskveiðanna. En það er auðvitað eins og gerist og gengur þegar skoðanir eru skiptar og tekist á um mikla hagsmuni að ekki fá allir allar sínar óskir uppfylltar. Það gildir hvorki í þjóðfélaginu né innan þingsins. Þeir sem að meiri hl. standa hafa auðvitað teygt sig til samkomulags og ekki fengið sínar ýtrustu óskir samþykktar. En það er nú einu sinni vegur lýðræðisins að menn verða að ná saman höndum. Ég ætla að vona það, herra forseti, að menn nái nú höndum saman um þetta mál og það megi fá farsælar lyktir í þinginu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. hafði framsögu fyrir meiri hl. sjútvn. og skýrði frá þeim breytingum sem meiri hl. leggur til að gerðar verði á frv. eins og það kom frá Ed. Ég mun til viðbótar við það sem frsm. sagði skýra frá því að öll nefndin átti aðild að því að ræða hugsanlegar brtt. og ég tel að ég sem formaður nefndarinnar hafi ekkert lagt minna af mörkum en meiri hl. nefndarinnar með allri virðingu fyrir honum í að fá þessum breytingum framgengt. Í viðræðum við ráðherra og ráðuneytisstjóra var rætt um drög að reglugerðum sem nauðsynlegt væri að leggja fram og sem hafa tekið breytingum eftir því sem frv. hefur tekið breytingum í meðferð þingsins. Allar þessar breytingar eru tilkomnar vegna eindreginna óska nefndarmanna. Það sem hér er prentað í áliti meiri hl. um breytingar á reglugerðinni eða um fleiri flokka í stærðarflokkum er gert af ráðuneytinu, komið til móts við eindregnar óskir nefndarmanna allra. Ég tel að þær breytingar sem ráðuneytið féllst á séu til bóta. Ég tel líka að breytingin á veiðum smábáta sé til verulegra bóta þó ég hefði viljað ganga nokkru lengra.

Eins og fram kemur í mínu nál. hef ég marglýst því yfir að ég væri fjarri því að vera talsmaður eða fylgjandi almennu kvótakerfi í fiskveiðum. Hins vegar hafði ég áhuga á því að allt yrði gert til að skapa sem víðtækast samstarf um afgreiðslu þessa mikilvæga máls hér á Alþingi. Ég var tilleiðanlegur til þess að ljá samþykki mitt við þetta frv., en þó að því tilskildu að komið væri til móts við skoðanir mínar og fjölmargra annarra varðandi gildistíma laganna, skýr ákvæði um endurskoðun um veiðar smábáta sem að nokkru leyti er tekið tillit til, veiðar á úthafsrækju, samráðsnefnd, aðstoð við byggðarlag þegar hætta er á byggðaröskun við sölu fiskiskipa úr

byggðarlaginu o.fl. Þar sem meiri hluti nefndarinnar, sem hv. 4. þm. Reykn. var að tala fyrir, gat ekki komið til móts við mínar skoðanir sá ég mig tilneyddan til þess að slíta þessum „selskap" með meiri hluta nefndarinnar og gefa út sérstakt nál. ásamt brtt. sem í meginatriðum eru samhljóða þeim brtt. sem formaður nefndarinnar í Ed. flutti þar, en þó hafa á einstaka tillögum verið gerðar breytingar vegna þess sem síðar hefur gerst.

Ég ætla að fara nokkuð yfir þau lög sem féllu úr gildi núna um áramótin og frv. eins og það liggur fyrir núna ásamt brtt. meiri hl. sjútvn. hv. Nd.

Við höfum margir verið á því að það ætti að draga eins og hægt er úr miðstýringu, m.ö.o. að minnka miðstýringu. Það ætti ekki að ákvarða stjórn fiskveiða með þessum hætti nema til skamms tíma í *senn. Við setningu síðustu löggjafar lét Alþingi sig* hafa það að láta þessa stjórnun og kvótafyrirkomulag gilda í tvö ár. Með þessu frv. eins og það er gert hefur þeim kvótamönnum tekist að knýja fram meiri hl. í Ed. og meiri hl. sjútvn. þessarar deildar til að ganga inn á þrjú ár. M.ö.o. það er búið að lengja þessar kvaðir og þessa skömmtun um 50% frá því að síðasta löggjöf var sett. Það er tekið inn mun strangara skömmtunarfyrirkomulag á mörgum sviðum en áður var. Það er tekið inn nýmæli um að fara skömmtunarhöndum um fleira en áður var. Litlu bátarnir voru frjálsir fram til þessa. Nú eru þessar kvaðir á þá settar. Í sjálfu sér get ég fallist á að nauðsynlegt hafi verið að setja á samdrátt víðast hvar, en ég held að þegar á heildina er litið sé það Alþingi sem á að setja lögin og bera ábyrgð á lögunum og í jafnmikilsverðu máli og þessu máli er brýn nauðsyn að reyna eftir fremsta megni að leita breiðrar samvinnu og samstöðu á hv. Alþingi en ekki knýja fram slíkt mál með meira eða minna bundnum höndum stjórnarliða gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga.

Ég minnist þess sem ég gerði að umræðuefni við 1. umr. þessa máls að þegar frv. um fiskveiðilandhelgi Íslands var til umræðu hér var ég sjútvrh. og lagði það frv. fram. Ég taldi þá mjög þýðingarmikið að gera mjög verulegar breytingar á því frv., ekki af því að ég væri á því að gera þær líkt því allar heldur með tilliti til þess að fá aukna samstöðu í þinginu, ekki eingöngu á milli stjórnarþm. heldur á milli þm. almennt, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Það tókst að koma þeirri löggjöf fram með næstum því fullri samstöðu á hv. Alþingi. Það tókst fyrir tveimur árum að koma fram frv. um stjórn fiskveiða með það fyrir augum að þetta ætti að gilda í takmarkaðan tíma og það ætti að endurskoða þessi lög að ári liðnu. Í lögunum sem féllu úr gildi um síðustu áramót voru mjög afgerandi endurskoðunaráform uppi þannig að það var skylt að endurskoða þessi lög innan eins árs og eins og segir, þá skal sjútvrn. fyrir 1. nóv. 1986 láta endurskoða lög þessi og hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Þetta lá ekki fyrir og það er ekki fyrr en á sl. hausti sem farið er að tala um þessa endurskoðun og það í mjög fjölmennri ráðgjafarnefnd sem var ákaflega erfitt að vinna í bæði sakir fjölmennis í nefndinni og sömuleiðis að þar voru mjög skiptar skoðanir og tíðir árekstrar hinna ýmsu hagsmunahópa.

Það verður að segja eins og er að Alþingi hefur haft afar takmarkaðan tíma til að afgreiða þetta mál og þó var reynt að samstilla vinnu í nefndum Ed. og Nd. til að byrja með, en síðan tóku Ed.-nefndarmenn á sig mikla rögg sumir hverjir og afgreiddu málið frá sér og þurftu lítið og í sumum tilfellum ekkert við nefndarmenn í Nd. að tala. Það hefur ekki öllum þótt nauðsyn á að Alþingi hefði tíma til athugunar á þessu mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar því að undir miðnætti á fyrsta degi sem Alþingi starfaði hér á milli hátíða þá sá Landssamband ísl. útvegsmanna nauðsyn á því að skrifa Alþingi svohljóðandi bréf:

„Stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna vill *vekja athygli yðar á því að fiskiskipaflotinn* lætur úr höfn 2. janúar við eðlilegar aðstæður. Brýnt er að þá liggi fyrir á hvern veg fiskveiðistjórnun verði háttað. Í því frv. að lögum sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að útgerðarmönnum verði gert að velja milli sóknarmarks og aflamarks. Til þess að það val geti farið fram þarf að liggja fyrir reglugerð byggð á þeim lögum sem sett verða.

Með hliðsjón af ofansögðu leyfum vér oss að óska eftir að þér beitið yður sérstaklega fyrir því að það frv. um stjórnun fiskveiða, sem nú er til meðferðar á Alþingi, verði afgreitt sem lög fyrir áramót.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna.
Kristján Ragnarsson.

Til sjútvn. Nd. Alþingis."

Með öðrum orðum er til þess ætlast af samtökum sjávarútvegsins að Alþingi afgreiði þetta viðamikla frv. á tveimur dögum sem þá voru til ráðstöfunar við vinnu hér á hv. Alþingi. Því var vísað til sjútvn. að morgni 29. des. og, eins og fram hefur komið, þá voru haldnir tveir fundir í nefndinni þann dag og næsta dag, síðasta starfsdag Alþingis fyrir nýár, var áfram haldið fundum í nefndinni. Eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. hafa verið haldnir á þessum þremur starfsdögum sex fundir í nefndinni svo að ekki er hægt að segja að það hafi verið reynt að tefja fyrir málum, enda voru margir þessir fundir mjög langir.

Ég les þetta bréf Landssambands ísl. útvegsmanna upp til þess að sýna þingheimi og láta birta í þingtíðindum hversu ýmsir hagsmunaaðilar ætlast til að Alþingi geri og hvað þeir ætlast til að mikið mark sé tekið á Alþingi. M.ö.o.: Gjörið þið svo vel, afgreiðið flókið og mikilvægt mál á tveimur dögum og verið ekkert að kjafta um þetta og blaðra því að hér tölum við sem höfum valdið. Þetta finnst mér móðgun við löggjafarsamkomu þjóðarinnar, en hitt

vildi ég reyna, og gerði, að hraða afgreiðslu þessa máls eins og kostur var á, enda hefði það engu breytt þó að nefndarmenn í sjútvn. Nd. hefðu bundið fyrir augun strax 29. des. og skrifað blindandi undir nál. Það hefði aldrei farið í gegnum þessa hv. þingdeild og því síður aftur til Ed. svo að það var algjörlega útilokað að verða við þessum hóflegu óskum Landssambands ísl. útvegsmanna.

Á þskj. 479 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. og er 1. brtt. við 12. gr. um að þar bætist við tvær nýjar mgr. er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:

„Ráðherra getur ákveðið að rækjuafli, sem fluttur er óunninn til pillunar erlendis, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni.

Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um skiptingu á leyfðum úthafsrækjuafla á milli vinnslustöðva að höfðu samráði við Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda."

Fyrri tillagan er í samræmi við það álag sem er hægt að leggja á ísaðan fisk eða ferskan fisk sem fluttur er úr landi, að það komi sama álag á rækjuna og á ferskan fisk til þess m.a. að ef erlendir aðilar fara að kaupa hér ópillaða rækju, þá verði þeir að borga þennan skatt alveg eins og er með ísaða fiskinn. Varðandi svo reglugerðarákvæði um skiptingu á leyfðum úthafsrækjuafla á milli vinnslustöðva þá tel ég sjálfsagt og eðlilegt að slíkt sé gert. Það eru ákveðnir staðir á landinu sem eiga mjög mikið komið undir þessari vinnslu og hafa byggt sig upp á síðustu árum og sumir staðir á síðustu áratugum. Á ákveðnum stöðum hefur vinna úr úthafsrækju verið tekin upp áður en útgerð var tekin upp að neinu marki því að þá var flutt og keypt rækja af sovéskum skipum sem unnin var á þessum stöðum. Með tilkomu veiða okkar Íslendinga á úthafsrækju hafa ákveðnir staðir byggt sig upp til að vinna þessa framleiðslu. Þeir eru fyrst og fremst á Vestfjörðum og Norðurl. v., þar næst á Norðurl. e., lítillega á Reykjanesi og við Breiðafjörð, en sáralítið á öðrum stöðum. Það er því eðlilegt að tekið sé tillit til þeirrar sérstöðu sem þessi fyrirtæki öll hafa.

Ég tel að það sé að mörgu leyti gengið of langt í að tryggja loðnuskipum ákveðna hlutdeild í rækjuveiðinni eða allt að 12 þús. tonnum. Það er reiknað með að ráðuneytið heimili veiðar á allt að 36 þús. tonnum af úthafsrækju, en fiskifræðingar telja að það sé óvarlegt að reikna með meiri veiði en 30 þús. tonnum. Fari svo að ekki verði hægt að veiða meira magn en það sem fiskifræðingar leggja til, þá er búið að binda þriðjung af hugsanlegri veiði, sem fer þetta langt fram úr tillögu fiskifræðinga, til ákveðinna skipa. Ég tel því eðlilegt að þessar tillögur báðar, hvor á sína vísu, séu samþykktar. Ég tel líka mjög mikilvægt að með því næst gífurlega mikill árangur og nokkurn veginn mjög góð samstaða við alla þá aðila sem hér eiga hlut að máli.

Önnur brtt. mín á þskj. 479 er breyting við 4. mgr. 13. gr. frv., um að hún orðist svo:

„Heimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa." — En í frv. er þetta óheimilt.

Búið er að gera afar mikla skerðingu á sóknarmarksskipum, þannig að ég tel að það sé ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að þau fái heimild til þess að flytja aflahámark sín á milli alveg eins og aflamarksskipin mega gera. Ég vísa í þessu sambandi til þings Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þar sem þingið leggur til að sóknarmarksskip fái að flytja til sín afla með óbreyttum sóknarmarksdögum án þess að það hafi áhrif á eigin aflareynslu eða aukningu á heildarafla.

Síðari tillaga mín við 13. gr., sem er 3. brtt. á þskj. 479, er að við bætist ný mgr. sem orðist svo:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Það kom mér mjög á óvart að meiri hl. nefndarinnar skyldi ekki ganga inn á þessa sjálfsögðu og þröngu tillögu eins og hún er orðuð. Sérstaklega urðu mér það vonbrigði varðandi hv. 1. þm. Vesturl. sem átti sæti ásamt mér í síðustu ríkisstjórn. Við vorum þar alltaf sammála um það að þegar slíkar aðstæður kæmu upp í einstökum byggðarlögum væri nauðsyn að hafa slíka heimild, því að svarið sem við fengum þá og þeir aðrir sem vildu koma til móts við gífurlega erfiðleika í ákveðnum byggðarlögum, var það að heimild væri ekki fyrir hendi. Því hélt ég að það væri auðsótt og auðskilið að slík heimild yrði sett í löggjöfina. En einhverra hluta vegna brást þessi styrki liðsmaður. Hins vegar var farið nokkrum orðum um nauðsyn þess að athuga þær hugmyndir að einhverju leyti. M.ö.o. það átti að ganga frá þessum lögum með nákvæmlega sama hætti, þannig að þegar slíkt ástand skapaðist í einhverju ákveðnu byggðarlagi þá væri hægt að segja nákvæmlega það sama og sagt var á ríkisstjórnarfundi hjá fyrri ríkisstjórn, sem og annars staðar: að heimild væri ekki fyrir hendi. Nú virðist það nægja til þess að friða samvisku einhverra manna að það sé japlað á þessu í framsögu.

Hv. þm. vita aldrei hvenær röðin kann að koma að einhverju ákveðnu byggðarlagi í kjördæmi hvers og eins. Ég ætla því að vona að það losni um bönd á höndum einhverra þm. þegar þessi tillaga kemur til atkvæða og menn láti ekki bjóða sér það að hafa enga slíka heimild lengur.

Fjórða brtt. mín er við 15. gr., um að hún orðist svo:

„Sérstök samráðsnefnd skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þrír skulu kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna. Ráðherra skip-

ar formann nefndarinnar. Samráðsnefnd skal kappkosta að leysa öll ágreiningsefni sem til hennar er vísað. Verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir skal deiluefnið borið undir ráðherra til úrskurðar."

Hér er um breytingu að ræða frá því sem var í löggjöfinni sem rann sitt skeið á enda á gamlársdag á þann veg að í staðinn fyrir nefnd þriggja manna verði þeim fjölgað í fimm. Það verði óbreytt ákvæði um fulltrúa sjómanna og útvegsmanna, sem eru tveir í nefndinni, en sá þriðji, sem er skipaður af sjútvrh., verði ásamt tveimur nefndarmönnum til viðbótar kjörinn af Alþingi.

Ég vil benda á það hér að Alþingi er að framselja mikið vald til framkvæmdarvaldsins, mjög mikið vald og í vaxandi mæli. Það hefur oft verið umdeilt bæði í tíð þessarar ríkisstjórnar sem og annarra ríkisstjórna. Mér finnst því ekkert óeðlilegt við það að löggjafinn, sem er að framselja slíkt vald, vilji tryggja sér aðild að því hvernig þessu valdi er framfylgt. Það er enginn að draga í efa eða falla frá því að yfirstjórn þessara mála heyri undir sjútvrh. sem fer með yfirframkvæmd þessara laga.

Fimmta brtt. er við 21. gr. og felur í sér að lög þessi öðlist þegar gildi og gildi til 31. des. 1989 í staðinn fyrir það sem er í frv., til 31. des. 1990. Að öðru leyti er þessi brtt. frá orði til orðs samhljóða brtt. þeirri sem meiri hl. nefndarinnar flytur, enda er viðbótin, sem kom frá sjútvrn. vegna þess að málið var ekki afgreitt fyrir áramót, eðlileg og *sjálfsögð í alla staði.*

Frsm. meiri hl. sjútvn. ræddi um að það væri nauðsynlegt að skipa nefnd til þess að endurskoða lögin og sú endurskoðun lægi sem fyrst fyrir. Ég spyr: Hver er munurinn á afstöðu minni og meiri hl. í þessu efni? Ég vil bara setja það fram skýrt og skorinort hvernig þessi nefnd á að vera og að hverju hún á að vinna. Þess vegna flyt ég tillögu um að ákvæði til bráðabirgða I sé svohljóðandi:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af þeirra eigin fiskveiðistjórn.

Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum, innan lands sem utan, sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar."

Hvað er á móti því að setja ákveðin ákvæði sem þessi? Með kosningu níu manna í nefnd er það tryggt að allir þingflokkar eigi fulltrúa í þessari nefnd. Það eru engin ákvæði um það að það þurfi endilega alþm. að vera í nefndinni. Flokkarnir hafa þar frjálst val um val á hæfustu mönnum til þess að móta slíka stefnu til frambúðar. Því á að hafa þetta í lausu lofti? Því á að hafa þetta eins og það er núna í ákvæðum til bráðabirgða að það geti verið að það sé í hendi eins og sama manns, sjútvrh., að skipa eins marga menn í nefnd og honum sýnist? Maður veit ekkert eftir eitt ár, tvö ár, þrjú ár hvort þessi *ríkisstjórn* situr eða ekki. Það getur margt gerst í þeim efnum. Því held ég að það sé hyggilegast af því Alþingi sem setur þessi lög að það búi þannig um hnútana að það sé öruggt að endurskoðun fari fram og þá með líkum hætti sem þessum. Ég bauð nefndarmönnum í sjútvn. Nd. að ráða frekara orðalagi bæði þessarar tillögu sem allra annarra tillagna ef þeir vildu finna eitthvert annað og betra orðalag. Ég ætlaði ekki að halda mér stíft við það orðalag sem ég og formaður nefndarinnar í Ed. komum okkur saman um. En allt kom fyrir ekki. Ástæðuna veit ég ekki. Þrátt fyrir góð orð í þessum efnum náði þetta ekki lengra og þessi atriði gerðu það að verkum að ég gat ekki staðið að áliti meiri hl. nefndarinnar.

7. brtt. mín er sú að á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði er orðist svo:

„Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8."

Hér er um að ræða tvö loðnuskip. Annað fórst 2. mars 1983, 415 brl. en hitt fórst eða strandaði 17. des. 1984, 312 lestir. Af hinum átta skipunum eru fjögur frá 11 og upp í 30 tonn. Það eru nú öll ósköpin. Síðan er eitt 75 tonna, eitt 88 tonna og tvö eru 101 tonn og 103 tonn. M.ö.o.: Hér er um að ræða báta sem hafa orðið eiginlega á milli stafs og hurðar. Ég held að það sé rétt að rifja hér upp að allar ráðstafanir ráðuneytisins hafa orðið til að útiloka eigendur þeirra skipa sem fórust á þessum *tíma*, árin 1983 og 1984, þær ráðstafanir eru gerðar í skjóli reglugerða og með samþykki hagsmunaaðila sem vilja sitja einir að kvótanum og vísað er á samráðsnefnd um stjórn fiskveiða.

Fyrstu kvótalögin, nr. 82 frá 28. des. 1983, tóku gildi 1. jan. 1984. Í þeim lögum fær ráðherra í fyrsta sinn í sögunni heimild til að binda botnfiskveiðileyfi við ákveðin skip. Áður en þau tóku gildi var auglýst að þeir aðilar sem misst höfðu skip sín yrðu að vera búnir að semja um nýsmíði eða kaup fyrir 1. jan. 1984. Á hvaða lögum byggðist þessi auglýsing? Var hún réttmæt? Aðilar höfðu aðeins fjóra daga, frá 28. des. til og með 31. des. 1983, til að ákveða sig með skipakaup eða nýsmíði. Reglugerð nr. 44/1984, gefin

út 8. febr. það ár, var afturvirk. Í reglugerðinni er kveðið á um útilokun þeirra skipa, sem horfið höfðu úr rekstri, frá því að fá veiðileyfi. Eigendur þessara báta voru sviptir möguleika á að endurnýja sín skip þrátt fyrir að hafa verið í útgerð öll viðmiðunarárin. Hvernig áttu menn að semja á þessum stutta tíma? Hvernig var hægt að semja undir slíkum afarkostum? Á sínum tíma var innflutningur skipa bannaður og engin lán veitt úr Fiskveiðasjóði.

Í 3. gr. reglugerðar um stjórn botnfiskveiða, nr. 1 frá 1985, er kveðið nánar á um að eigendur nefndra tíu skipa fái ekki rétt til endurnýjunar þar sem þau höfðu ekki botnfiskleyfi á árinu 1984 þrátt fyrir að hafa verið í útgerð öll viðmiðunarár kvótakerfisins. Enn er vitnað í samráðsnefnd af hálfu sjútvrn.

Í 3. gr. laga um stjórn fiskveiða 1986–1987 kveður enn nánar á um sviptingu heimilda til endurnýjunar og aðeins þau skip er höfðu leyfi 1985 fengu leyfi á árunum 1986 og 1987. Þar með voru nefndir bátar eða útgerðir þeirra endanlega útilokaðar frá fiskveiðum vegna bátanna.

Ég tel því fulla nauðsyn á því að eigendur þessara skipa, þ.e. þeir sem áhuga hafa á því að endurnýja skipin, fái slíka heimild inn í lögin, en láti ekki þetta ganga þannig lengur fyrir sig. Sumir þessir aðilar töluðu held ég við alla þingflokka eða a.m.k. flesta þingflokka, fengu að koma þar inn á fundi til að skýra sitt mál. Og þeir hafa sagt mér það að þeim hafi alls staðar verið tekið ljúfmannlega. En þeir byggja ekki eða kaupa skip út á ljúfmennskuna eina og því er þessi tillaga flutt að ég vil láta á það reyna hvort ljúfmennskan nær eitthvað lengra en þetta. Þá geta menn séð það svart á hvítu hverjir meina það þegar þeir eru ljúfir í máli og hverjir ekki.

Síðasta brtt. leiðir af annarri brtt. Hún er um að fyrirsögnin breytist í „Frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1989."

En af því að hæstv. sjútvrh. er svo sem eðlilegt er viðstaddur þessa umræðu, þá láðist mér þegar ég var að skýra fyrstu brtt. að skýra frá því að ég hefði talið sanngjarnt að breyta um leið þeim reglugerðardrögum sem fjalla um veiðar á úthafsrækju í þá átt að ef tillaga mín yrði samþykkt, um það að allur rækjuafli, sem fluttur er erlendis og ætlaður til pillunar þar, reiknist til aflamarks og aflahámarks með 15% álagi, verði gerð sú breyting á 5. gr. reglugerðarinnar að í stað „stærri en 290 brúttólestir" í lok a-liðar 1 mgr. komi: stærri en 230 brúttólestir. Það eru sennilega fjögur skip, sem að verulegu leyti stunduðu rækjuveiðar, sem hér eiga þá hlut að máli og mundu falla undir þetta. Það eru Haffari, sem er 230 rúmlestir, Sigurður Pálmason, 274, Stakkanes 250 og Gunnjón 275.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleira. Ég gæti auðvitað mikið um þessi mál talað og í löngu máli. Ég hef enga löngun til þess að tefja fyrir afgreiðslu málsins þó að ég sé mjög ósáttur við afgreiðslu meiri hl. sjútvn. deildarinnar.

Ég vil nota tækifærið til að þakka ráðuneytinu fyrir það að fulltrúi þess var alltaf reiðubúinn að koma á fund nefndarinnar og skýra þau reglugerðardrög sem hafa verið unnin. Það er mikil vinna á bak við þau drög öll og fyrir það vil ég þakka og þá samvinnu sem var bæði við starfsmenn ráðuneytis og ráðherra.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. 181. mál þingsins, frv. til l. um stjórn fiskveiða næstu ár, er komið hér til 2. umr. Eitt stærsta mál þessa þings hingað til og hafa þó mörg viðamikil mál legið hér fyrir á undanförnum vikum. Ég segi ekki mánuðum því það er í rauninni rétt mánuður liðinn frá því að þau stjórnarfrv. sem einhverju skipta bárust hér inn á hv. Alþingi. Síðan höfum við haldið jól og áramót en ekki unnað okkur samt mikillar hvíldar vegna þess hvernig ríkisstjórnin hefur hagað sinni málafylgju, undirbúningi mála og framlagningu hér í þinginu. En hún getur ekki við neinn annan sakast en sjálfa sig, og sá meiri hl. sem hér stendur að málum fyrir hennar hönd, yfir því að lagabálkar sem ríkisstjórnin hugðist fá afgreidd fyrir áramót hafa enn ekki orðið að lögum eða eru að verða að lögum um þessar mundir og þar á meðal er það frv. sem við ræðum hér.

Við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum almennt til frv. ríkisstjórnarinnar og þeirra breytinga, að vísu ekki mikilla, sem hv. Ed. hafði gert á frv. ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. sem mælir fyrir því hér í þinginu. Það var milli jóla og nýárs sem umræða um þetta efni fór fram og komið fram undir morgun þegar henni lauk. En sjútvn. hóf þegar á þeim morgni vinnu að skoðun þessa máls til viðbótar við það að sjútvn. beggja deilda þingsins höfðu starfað saman að meðferð málsins milli 10. og 17. des. að mig minnir og haldið allmarga sameiginlega fundi.

Sjútvn. Nd. hefur haldið sjálfstæða sérstaka fundi um þetta mál núna beggja megin áramóta, síðast tvo í gærdag. Þar skiptist nefndin upp í fjóra hluta varðandi nál. sem hér er verið að mæla fyrir og kynna.

Ég vil á þessari stundu þakka formanni sjútvn. Nd. fyrir verkstjórn á þessu starfi nefndarinnar. Ég tel að hann hafi í senn leitast við að fá fram á þeim afar nauma tíma sem til umræðu var þau sjónarmið sem voru uppi í nefndinni og einnig að gefa ráðrúm til að ræða við menn utan nefndarinnar þó ekki væru þeir margir vegna þess afar knappa tíma sem við höfðum til umráða.

Ég hafði reiknað með því að útkoman af þessu mikla starfi í sjútvn. yrði með nokkuð öðrum hætti en hér liggur fyrir. Ekki síst í ljósi þess að formenn beggja sjútvn. höfðu fyrir jól — og það er langur tími síðan á okkar mælikvarða sem vökum daga og nætur á Alþingi — lagt fyrir hugmyndir að breytingum, ýmist sameiginlegar eða sér á parti og lagt sig fram að mér sýndist til þess að stilla saman um þær hugmyndir eftir því sem frekast væru föng á. Ég hafði gert ráð fyrir því að samstaða tækist um viss

atriði og var fyrir mitt leyti reiðubúinn að leggja því lið varðandi ákveðnar hugmyndir sem þarna voru uppi og hefðu verið til bóta á frv. að mínu mati. En það óvænta gerðist, leyfi ég mér að segja, að hv. formaður nefndarinnar varð viðskila við meiri hl. ríkisstjórnarinnar, hv. 1. þm. Vestf. varð viðskila við meiri hl. ríkisstjórnarinnar í málinu á lokastigi og stendur hér einn að brtt. við frv. og sérstöku nál. Mun ég víkja aðeins að vissum þáttum í hans tillögum síðar hér í ræðu minni.

Ég veit ekki hvað réði þessari lendingu, enda ætla ég ekki út af fyrir sig að hafa afskipti af því. Að sjálfsögðu ekki. En þó geri ég ráð fyrir því að fræg yfirlýsing hæstv. utanrrh., formanns Framsfl., sem birtist í Tímanum rétt fyrir áramótin, 30. des. sl., hafi ráðið þar allnokkru um, þau handjárn sem var veifað í þessu viðtali við hæstv. utanrrh. í stjórnarmálgagninu. Með leyfi virðulegs forseta held ég að rétt sé að rifja það upp vegna þess að það hefur ekki komið fram við umræðuna, við höfum ekki rætt þetta mál frá því að þessi yfirlýsing birtist, en þar er haft eftir hæstv. utanrrh. í framhaldi af risafyrirsögn á forsíðu Tímans: „Kvótinn fari óbreyttur í gegn strax eftir áramót.“ Það er forskriftin. Og síðan segir undir fyrirsögninni „Kvótafrumvarpið yrði þá óbreytt“, haft eftir utanrrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er rétt að við urðum sammála um að leggja áherslu á að þessi þrjú frv. færu í gegn fyrir áramótin, en láta þó tekjuöflunarfrv. hafa forgang, sagði Steingrímur Hermannsson utanrrh. og formaður Framsfl. En ef það tækist ekki að koma fiskveiðifrv. í gegn fyrir áramót, þá verði komið saman strax eftir áramót og það samþykkt án tafar og án nokkurra breytinga sem sjútvrh. geti ekki fallist á.“

Þetta er orðrétt eftir ráðherranum haft. Og segir blaðið síðan: „Lagði Steingrímur áherslu á það atriði í samkomulagi þessu að engar breytingar yrðu teknar inn í frv. nema þær sem sjútvrh. getur fellt sig við. Sagði hann að ljóst væri að fram muni koma einhverjar breytingar á frv. í meðferð nefnda og í 2. og 3. umr. Allar breytingar á frv. Halldórs yrðu þó miðaðar við það sem hann telur sér fært að samþykkja.“

Það er engin tilviljun. Hér er væntanlega ekkert fleipur á ferðinni. Þetta er yfirvegað útspil formanns Framsfl. inn í stjórnarmálgagn daginn eftir að frv. er vísað til nefndar af hv. þingdeild hér.

Hvað segja hv. þingdeildarmenn um vinnubrögð af þessu tagi? Hvað segja menn um hugsun eins og þá sem birtist í þessum yfirlýsingum til Alþingis? Ekkert skal hér í gegn sem er mót vilja ráðherrans. Ekkert. Sitjið og standið eins og hann vill.

Ef þessi yfirlýsing er skoðuð í samræmi við sitthvað fleira sem hefur verið að koma fram hér á Alþingi, þar á meðal starfshætti formanns þingflokks Framsfl., hv. þm. Páls Péturssonar, formanns fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, sem var að innleiða alveg nýja starfshætti í þingið, þá held ég, herra forseti, að ég fái ekki vítur fyrir þó að ég tali um einræðislegar tilhneigingar. Og ég tala um einræðislegar tilhneigingar og ákveðnar hótanir og ógnun við þingræðið, sem kemur fram í þessum ummælum og kveðjum til þingsins. Þá er ég ekkert að leggja mat á málin sem að baki liggja sem slík heldur þann hug sem hér endurspeglast í þessum nýju starfsháttum eins og þeir birtast okkur hér á vökunóttum og um bjartan dag af hálfu oddvita Framsfl. á Alþingi.

Ég spyr samstarfsaðila Framsfl. í ríkisstjórn: Ætla menn bara að láta þetta sem vind um eyru þjóta? Skiptir þetta menn engu máli? Hvað segir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson um vinnubrögð af þessu tagi? Og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson? Eru þeir sáttir við þessi vinnubrögð? Og hv. þm. Ólafur G. Einarsson, svo að nefndur sé oddviti í þingflokki Sjálfstfl., er þm. sáttur við þessi vinnubrögð af hálfu samstarfsaðilans og hefur hann skoðað þau í ljósi þess sem er að finna í þessari gráu bók? Þessari bók sem ég hef yfirleitt við höndina og hv. þm. Ólafur G. Einarsson les dag hvern, svona rifjar upp ákveðna valda kafla. Hann hlýtur að hafa lesið sérstaklega kaflann um sjávarútveg og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, sem er væntanlega grunnurinn. Þar er ákveðið 8. júlí þegar sest er á stóla af ríkisstjórninni að fela endurskoðun fiskveiðistefnunnar sérstakri nefnd, sem ætlað er að taka afstöðu til eftirfarandi atriða, orðrétt, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. M.a. verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.

Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi.

Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.

Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.“

Þetta er veganestið. Þeir eru nú gamansamir, stjórnarliðar hér. Hver var látinn mæla fyrir áliti meiri hl. sjútvn. áðan? Var það framsóknarmaður? Var það sjálfstæðismaður? Nei. Það var alþýðuflokksmaður, fyrrv. hæstv. sjútvrh., nú hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem mælti hér fyrir áliti meiri hl. (**ÓE:** Hann er varaformaður nefndarinnar.) Varaformaður nefndarinnar. Já, já. Það er væntanlega skýringin. Ég hélt nú að þetta hefði verið gert til þess að láta ákveðna menn bíta höfuðið af skömm sinni eins og stundum er tíðkað hér og gerðist í sambandi við söluskattinn þegar hv. 10. þm. Reykv. var látinn mæla fyrir áliti nefndarinnar eftir að hafa viðrað áhyggjur og sterkar hugmyndir um breytingar á því frv.

Í þessari starfsáætlun stjórnarinnar er talað um aðra mikilvæga þætti í sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem eru, ég tek aðeins eitt af því: „Rannsóknar- og þróunarstarf í sjávarútvegi, þar á meðal á sviði fiskeldis í og við sjó, verður aukið.“ Rannsóknar- og þróunarstarf í sjávarútvegi verður aukið. Hver var útkoman í fjárlagafrv. sem við vorum að

samþykkja sem lög hér á Alþingi fyrir skemmstu að þessu leyti? Felld var tillaga eftir tillögu þó ekki væri nema um það að halda verðgildi þess fjármagns sem hið opinbera leggur til rannsóknar- og þróunarstarfs í sjávarútvegi. Kolfellt.

Hv. þingdeildarmenn sjá auðvitað að það stendur ekki steinn yfir steini í sjávarútvegsmálum miðað við þessa starfsáætlun hér. Ég er ekki að segja að hún sé gulls ígildi. Það er langt frá því. Ég hefði ekki skrifað undir hana óbreytta eins og hún er sett hérna fram. Það hefði enginn ætlað mér það. En það er afar sérkennilegt að sjá uppskeruna hér á hv. Alþingi í ársbyrjun 1988 í ljósi þessarar innsigluðu stefnu.

Áður en ég kem að eigin viðhorfum og fer að tala um þetta nokkuð almennt vil ég nefna það að mér fannst kynning talsmanns meiri hl. nefndarinnar hér áðan með dálítið sérstökum hætti og nál. sem hér liggur fyrir og hefur verið kynnt. M.a. að því leyti að meiri hl. er að reyna að þakka sér sérstaklega leiðréttingar, breytingar til hins skárra sem knúðar hafa verið fram í sjútvn. þessarar hv. deildar, ekki síst fyrir forgöngu formanns nefndarinnar og þrýsting frá okkur stjórnarandstæðingum innan nefndarinnar. Svo birtist það okkur hér sem uppskera hins baráttuglaða meiri hl. ríkisstjórnarinnar í sjútvn. þingsins, þar á meðal væntanlegar breytingar á reglugerðum, bæði varðandi báta af stærri gerð og smábáta og fleira af þessu tagi.

Ég hlýt að gera athugasemd við þetta og ég gæti trúað að hv. 1. þm. Vestf. hafi ekkert liðið vel undir þessum sérkennilega lestri sem þm. hafa prentað fyrir sér í áliti meiri hl. sjútvn. En við eigum kannski eftir að heyra í fleiri stjórnarliðum hér við umræðuna. Þeir eiga kannski eftir að láta heyra aðeins í sér. Ég hygg að þeir séu svolítið misjafnlega ánægðir með uppskeruna af starfinu í nefndinni og gæti það átt við einhverja úr sjútvn. Ed. líka, en hv. þm. Matthías Bjarnason gat þess raunar að það hefði verið undralítið sambandið sem uppi hafði verið haft milli stjórnarliða í sjútvn. Ed. við Nd. eftir að samvinna nefndanna rofnaði um 17. des. sl. Og þeir fengu hugverk sitt samþykkt, svo meingallað, þó ekki væri nema út frá rökrænu samhengi, að það var alveg útilokað annað en að breyta frv., þó ekki væri nema til þess að skýra orð, og þannig að ekki yrði tómur misskilningur varðandi ákvæði heilla greina sem meiri hl. í sjútvn. Ed. stóð að og keyrði í gegn eftir vökunótt þar 22. des. sl. Þannig að af þeim sökum einum hlaut frv. að taka breytingum hér í hv. deild, en sem betur fer hafa þær orðið meira en orðskýringar. Það hafa þó aðeins orðið lagfæringar vegna þess hvernig á málinu hefur verið haldið, ekki síst af hálfu stjórnarandstöðunnar sem gagnrýnt hefur margt varðandi málsmeðferð og innihald þessa frv. efnislega, bæði í Ed. og svo aftur hér í Nd. þingsins.

Virðulegur forseti. Á þskj. 481 er að finna það álit sem ég skila hér sem 2. minni hl. sjútvn. við þetta frv. Því áliti tengjast brtt. við frv. sem er að finna á þskj. 435 og menn hafa aðgang að í prentaðri dagskrá, sem liggur fyrir þessum fundi, fyrir utan þskj. sjálft.

Ég tek það fram varðandi þetta frv. að ég hef ekki verið í hópi harðra andstæðinga kvótastjórnunar í fiskveiðum í einhverju formi. Það hefur komið fram við allar umræður varðandi lagasetningu um stjórnun fiskveiða frá 1983 að telja að ég hef lýst fylgi við stjórnun fiskveiða í því formi að þar yrði miðað við ákveðið aflamark og aflahámark í sambandi við fiskistofna eftir því sem nauðsyn væri talin að áliti bestu aðila, þó með undantekningu að því er varðar smábáta. Ég lagði nokkuð hart að mér í umræðum hér undir árslok 1983 og 1984 til þess að knýja fram breytingar á því stjórnkerfi sem smábátaveiðar þá voru hnepptar í. Ég segi þetta hér til þess að það sé enginn misskilningur út frá hvaða forsendum ég tala. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál heldur. En ég hef jafnframt verið þeirrar skoðunar allt frá 1983 að þetta stjórnkerfi eins og það hefur verið lagt hér fyrir í frv. frá ríkisstjórnum á þessum tíma hafi verið mjög gallað og alvarlegir agnúar hafi verið á þessu stjórnkerfi á undanförnum árum. Þessir agnúar eru því miður hér enn í frv. hæstv. ríkisstjórnar með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Ed.

Ég bendi einnig á þá ástæðulausu ofstjórn sem nú er gripið til á nýjan leik varðandi veiðar smábáta eftir að leiðrétting hafði fengist fram við nýja lagasetningu um stjórn fiskveiða fyrir árið 1986 og 1987. Ég mun ræða seinna um nokkrar brtt. bæði meiri hl. og minni hl. en ég tek það fram nú þegar að ef ekki verða sniðnir af frv. helstu agnúar, sem við hverjum manni blasa, þá get ég ekki sem minni hl. í sjútvn. og mínir flokksbræður hér og systur, þm. Alþb. í hv. þingdeild, stuðlað að lögfestingu þessa frv.

Ég vil taka næst fyrir málsmeðferðina sem tengist þessu frv. og minna á það, sem ekki var mikið gert af við 1. umr. málsins, að það er meira en ár frá því að hæstv. ráðherra var ætlað skv. lögum nr. 97/1985 að skila inn endurskoðun eða láta fara fram endurskoðun á þeim lögum sem þá voru samþykkt. En hæstv. ráðherra vék sér undan því að hafa forgöngu um þá endurskoðun á lögunum eins og þó var tiltekið í ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum frá 1985. Þessi endurskoðun fór þá ekki fram. Því miður. Það er ekki fyrr en um miðjan september þegar komið er fram á haust, þremur og hálfum mánuði áður en gildandi lög skyldu renna út, að fyrstu viðbragða verður vart af hálfu ráðuneytis að uppfylla kvaðir skv. ákvæði til bráðabirgða í lögunum um stjórn fiskveiða frá 1985. Þá er það sem ráðgjafarnefnd er sett á laggirnar undir forustu sjútvrn., nefnd sem kom mjög litlu ef nokkru til leiðar í reynd, en hélt allmarga fundi. Niðurstaðan varð sú að hæstv. ráðherra lagði þessa ráðgjafarnefnd í rauninni til hliðar og kvaddi til þingmenn, óskaði eftir því að þingflokkar tilnefndu menn í hóp til frekari umfjöllunar um málið. Það var þann 2. nóv. sl. Og þá fór nú aðeins að ganga klukkan á

ráðherra og Alþingi í þessu máli. En það leið enn mánuður þangað til frv. ríkisstjórnarinnar kom hér inn í þingið, 4. des. sl. Það voru tvær vikur sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn ætlaði þinginu til að fjalla um þetta mál ef gengið hefði verið að kröfum — eða á ég að segja óskum ríkisstjórnarinnar um þinghaldið, að afgreiða hér á færibandi alla skattalagasúpuna frá hæstv. fjmrh. og þetta frv., svo að nefnd séu nokkur stærstu málin sem við fengum í þessari fyrstu viku desembermánaðar hér inn í þingið. Við afgreiddum það á færibandi fyrir jólin.

Hv. þm. Matthías Bjarnason nefndi það í sínu máli hvernig hagsmunasamtökin ýttu á eftir lagasetningunni. Ég segi ekki með ósæmilegum afskiptum. Ég vil ekki segja það. Auðvitað er öllum aðilum utan þings heimilt að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og það er yfirleitt kærkomið að þeir láti til sín heyra. En ég get nú ekki annað en tekið undir orð hv. formanns sjútvn. deildarinnar, Matthíasar Bjarnasonar, um það að heldur var nú kvaðning frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem barst okkur milli jóla og nýárs, ótímabær og hefðum við kannski átt að bregðast við slíkum heitingum með öðrum hætti en við gerðum. En við gerðum það ekki. Við höfum reynt að greiða fyrir þessu máli eins og samviska okkar hefur boðið, að láta það ekki fara óskoðað í gegn, en auðvitað hefur það fengið miklu lakari meðferð vegna þess tímaleysis og vegna þess þrýstings sem verið hefur á afgreiðslu málsins.

Um þetta höfum við verið að fjalla ásamt öðrum stórmálum á löngum fundasetum hér á Alþingi beggja megin hátíða og áramóta. Það er auðvitað ekki viðunandi í reynd fyrir Alþingi að láta bjóða sér annað eins og þetta í sambandi við stórmál af þessu tagi og ég veit satt að segja ekki hvað getur orðið þinginu til varnar í sambandi við málsmeðferð af þessu tagi í framtíðinni.

Það eru uppi hugmyndir í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv. ríkisstjórnarinnar um nefndir sem eigi að fara yfir málin, ráðgjafarnefndir sem eigi að fara yfir málin og skila bráðabirgðaáliti o.s.frv., en lögin skulu gilda í þrjú ár skv. niðurstöðu hv. Ed. ef henni verður ekki hnekkt. Ég veit ekki hvort við eigum að vænta þess að Eyjólfur hressist og það komi eitthvað meira út úr því endurskoðunarstarfi sem þarna er verið að gera ráð fyrir á gildistíma þessa frv. sem samþykkt verður óbreytt fyrir næstu þrjú árin.

Ég held að það sé meira en tímabært fyrir Alþingi sjálft að setja ríkisstjórn a.m.k. einhverjar skorður í sambandi við framlagningu stórmála hér í þinginu sem hún hyggst fá afgreidd á haustþingi þannig að hægt sé að koma við lágmarksvinnubrögðum og þingið geti haldið sæmilega stöðu sinni gagnvart framkvæmdarvaldinu, því það er í raun og veru um það sem málið snýst öðrum þræði: Hvort Alþingi á að vera stimpilstofnun fyrir framkvæmdarvaldið eða hvort það á að hafa sjálfstæðan vilja en ekki lúta boðum framkvæmdarvaldsins og einstakra ráðherra, svona eins og fram kom hjá formanni Framsfl. og ég vitnaði til áðan í sambandi við þetta mál sérstaklega.

Annmarkar á þessu stjórnkerfi fiskveiða eru enn margir þrátt fyrir þessa skoðun mála og þrátt fyrir fjögurra ára reynslu að baki. Það segi ég í ljósi þess að ég hef verið stuðningsmaður þess að taka upp annað stjórnkerfi en var fyrir 1984 þegar hið svonefnda skrapdagakerfi var notað til að reyna að hafa stjórn á fiskveiðunum og þá um nokkurra ára bil undir forustu hæstv. núv. utanrrh., formanns Framsfl., sem þá gegndi embætti sjútvrh. Við ræddum það þá stundum bæði í ríkisstjórn og síðan hér á Alþingi, eftir að stjórnarsamstarfi Alþb. og Framsfl. og hluta Sjálfstfl. lauk á árinu 1983, hvernig að málum var staðið á þeim árum. Það var nú ekki til fyrirmyndar. Og ég hef aldrei verið hvatamaður þess að menn hyrfu til baka til þess stjórnkerfis þó að þetta sé meingallað sem við höfum búið við síðan.

Þetta mun vera fjórða endurskoðun laga varðandi stjórnun með kvóta eins og það er kallað. Fyrst var endurskoðað frá ári til árs og síðan til tveggja ára og nú stefna menn á þrjú ár samkvæmt formúlu hv. Ed.

Vissulega náðust fram ýmsar lagfæringar á frv. stjórnvalda á þessu tímabili og á lögunum við endurskoðun þeirra. Það voru t.d. sett mun fyllri ákvæði í lögin við endurskoðun 1985 og jafnframt var dregið úr óútfylltum heimildum til sjútvrh., sem flestum fannst vera óhugnanlega margar í hinum fyrstu lögum, lögum nr. 2, sem giltu um þessa stjórnun.

Í sambandi við skoðun mála af hálfu þingsins vil ég taka það fram svo að allrar sanngirni sé gætt að það er auðvitað allt annar blær á vinnubrögðum í kringum þetta mál í samskiptum sjútvn. og ráðuneytis en ríkti hér 1983 og 1984. Þó að ég hafi ekki átt sæti þá í sjútvn. leyfi ég mér að fullyrða að það hafi orðið á breytingar til bóta í þessum samskiptum, og það einnig þrátt fyrir tímaþrengingar undanfarinna vikna, sem koma fram m.a. í því að sjútvn. hafa fengið sýnishorn af reglugerðarhugmyndum ráðherra varðandi almenna stjórnun botnfiskveiða, varðandi veiðar á úthafsrækju og varðandi veiðar smábáta. Þetta er vissulega samkvæmt kröfu frá sjútvn. þingsins og við þeim hefur verið orðið af hálfu ráðuneytis og það ber að virða. Það hefur orðið til þess að náðst hafa fram breytingar sem ég hygg að framkvæmdarvaldið muni ekki hverfa frá þó að reglugerðarvaldið sé í þeirra höndum. En bæði koma hugmyndir varðandi reglugerðarákvæði fram í nál. meiri hl. sjútvn. og er í höndum nefndarmanna þannig að þess verður auðvitað gætt að það verði fylgni þarna á milli í reynd þegar reglugerðir verða settar á grundvelli laganna.

Síðast þegar þessi lög um stjórnun fiskveiða voru endurskoðuð, árið 1985, var breytt verulega til um veiðar smábáta og tekið upp sóknarkerfi með banndögum í stað óskipts heildaraflamagns á báta undir 10 brl. Sá pottur gilti fyrir landið allt, eins og menn kannski muna enn, en að öðru leyti voru veiðar smábáta óheftar fyrir utan þorsknetaveiðar á ákveðnu tímabili, frá 15. febr. að mig minnir til maímánaðar,

þar sem um var að ræða sérstök leyfi.

Ég mun nú víkja, herra forseti, að helstu annmörkum sem ég tel að hefði átt að sníða af þessu stjórnkerfi nú við endurskoðun laganna. Ég mun jafnframt nota tækifærið til að minna á brtt. okkar alþýðubandalagsmanna við þetta frv. þar sem við erum að leitast við að sníða mestu vankantana af frv., og raunar gott betur, því að við teljum okkur vera með vel frambærilega lausn á helstu agnúum þessa kerfis eins og þeir hafa birst okkur á undanförnum árum.

Ég nefni í fyrsta lagi það að fiskveiðistjórnunin hefur ekki náð settum markmiðum um veiðar úr nytjastofnunum. Það blasir við hverjum manni sem fylgst hefur með aflatölum frá ári til árs. Á fjögurra ára tímabili, 1984–1987, hafa verið veidd 266 þús. tonn af þorski umfram hámarksafla eins og hann var ákvarðaður með reglugerð frá sjútvrn. hverju sinni, en mörk Hafrannsóknastofnunar, tillögur fiskifræðinga lágu raunar 100 þús. tonnum ofar, voru 366 þús. tonn umfram það sem reynd varð á. Svo menn hljóta að spyrja: Hefur ekki samkvæmt þessu eitt helsta markmið þeirrar fiskveiðistjórnar, sem að var keppt með þessu stjórnkerfi eins og það hefur verið útfært, brugðist að verulegu leyti? Ég er ekki þar með að leggja neitt mat á það hvort tillögur ráðuneytis hverju sinni eða tillögur Hafrannsóknastofnunar hafi hitt naglann á höfuðið en eitthvað ætluðu menn sér með þeim. Og reyndin hefur orðið sú að á fjögurra ára tímabili er aflinn umfram tillögur fiskifræðinganna sem svarar heildarársafla af þorski á síðasta ári, árinu 1987, hvorki meira né minna. Þetta geta menn virt fyrir sér á fskj. III, sem eru aflatölur frá Fiskifélagi Íslands þar sem þetta er flokkað frá ári til árs. Þetta eru ótrúlega líkar tölur á hverju ári sem farið hefur verið fram úr þeim breytilegu mörkum sem ákvörðuð hafa verið með reglugerðum. Ég vek athygli á þessu.

Svo nefndir séu til einhverjir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, sem svo eru kallaðir, þá man ég eftir sérstakri samþykkt frá stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna frá 13. okt. sl. þar sem gagnrýnt er það stjórnkerfi sem hefur verið við lýði og bent á að ekki hafi náðst þau markmið í sambandi við þessa fiskveiðistjórnun sem að var stefnt, ekki síst varðandi hagkvæmni, og kem ég kannski aðeins að því betur seinna.

Þá sný ég mér, herra forseti, að því sem er kannski einn allra mesti og mest áberandi agnúi á þessu stjórnkerfi. Það er sú einhliða úthlutun kvóta til fiskiskipa sem hefur fylgt þessu stjórnkerfi frá byrjun. Það hefur m.a. leitt það af sér að verð á fiskiskipum hefur stórhækkað vegna stjórnkerfisins. Þá hækkun hljótum við að rekja beint til þessa stjórnkerfis þó að ég vilji ekki fullyrða að það sé einvörðungu vegna þess því að sjálfsagt hefði verð hækkað á fiskiskipum ef menn hefðu verið samstiga um það að bæta ekki í flotann, stækka ekki flotann. En verðhækkun á fiskiskipum upp í meira en 100% umfram vátryggingarverð verður ekki skýrt með öðru en því að menn eru ekki bara að kaupa skip, menn eru að kaupa sér veiðirétt, menn eru að kaupa kvóta. Það er því dagljóst að útgerðaraðilar eru farnir að spila á þetta kerfi, eða geta spilað á þetta kerfi, og hagnast á því og veiðirétturinn sem slíkur er orðinn mjög arðbær eign. Ég hef í nál. sett eign innan gæsalappa því að nú þegar menn eru að iðrast, nánast eftir dauðann, eftir að hafa fellt hér á Alþingi tillögur okkar alþýðubandalagsmanna ár eftir ár um það að lýsa fiskistofnana sameign þjóðarinnar og útfæra það í stjórnkerfi um fiskveiðar, þá eru menn þó búnir að taka inn svona stefnuyfirlýsingu í 1. gr. frv. sem hangir hins vegar algjörlega í lausu lofti, svífur þar eins og blaðra og enginn veit hvert hana muni reka og engu máli skiptir í sambandi við frv. eða innihald þess að öðru leyti. Þetta er dúsa sem var sett inn í frv. til að hugga Alþfl. sem mælir hér fyrir meirihlutanál. sjútvn., fyrrv. sjútvrh. Alþfl. Til að hugga Alþfl. En formaðurinn var látinn taka stórt upp í sig í Tímanum 28. nóv. sl. (Gripið fram í.) — Hvað segir hv. þm. Karvel Pálmason? (**KP:** Ekki allan Alþfl.) Ekki þann sem er í stjórnarandstöðu, nei. — Þar er haft eftir formanni Alþfl. um væntanlegt stjfrv., því það var þá alveg í bökun, ef það var þá komið í bökun, það birtist okkur 4. des.: „Alvarlegt sáttmálabrot um stærsta mál Íslands", er haft eftir formanni Alþfl. í Tímanum. (**KP:** Rétt.) Rétt, segir hv. þm. Karvel Pálmason, kominn úr Ed. til að leggja okkur lið hér, virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.) Já, það veitir ekki af að reyna að hressa við alþýðuflokksmenn hér í hv. þingdeild, það fullyrði ég. Því þeir létu sér nægja þessir hv. þm. að fá þessa laustengdu blöðru inn í 1. gr. frv., yfirlýsingu um að fiskistofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar en gáðu bara ekki að því að tengja þessa blöðru með einhverjum hætti við efni frv. að öðru leyti. Og láta það svo gerast að fyrrv. formaður Alþfl. er látinn mæla fyrir meirihlutaáliti! Ja þvílíkt!

Það alvarlega í sambandi við þennan eignarrétt, sem virðist vera að löghelgast hér á Alþingi þrátt fyrir yfirlýsingar af þessu tagi, eins og lesa má í 1. gr. frv., er að það er alveg ljóst að hann gerir útgerðaraðilum kleift, óprúttnum aðilum segi ég, sem ætla að leggja upp laupana í sjávarútvegi, hugsanlega, gerir þeim kleift að ganga út með stórfé fyrir ekki neitt. Að ganga út með tugi ef ekki hundruð milljóna í sambandi við sölu á skipum, andvirði fyrir veiðirétt sem Alþingi er að úthluta þeim. Hvers konar siðgæði er þetta? Sjá menn þetta ekki? Loka menn bara augunum fyrir þessu? Ég ætla engum það að vera svo blindur að sjá ekki hvað er að gerast í þessum efnum. Ég vísa til fskj. með nál. mínu, fskj. IV, en það er svar frá Þjóðhagsstofnun við fsp. frá Skúla Alexanderssyni, hv. þm. af Vesturlandi, sem er að vekja athygli á og fá mat Þjóðhagsstofnunar einmitt á þessu sprengiverði á fiskiskipunum. Þar er það viðurkennt í svari frá Þjóðhagsstofnun, undirritað af Eyjólfi Sverrissyni, með svofelldum orðum, virðulegur forseti:

„Hitt er alvarlegra mál", segir þar, „ef aðilar í sjávarútvegi selja eignir sínar á slíku verði og hætta í sjávarútvegi en í staðinn kæmu aðilar skuldum vafnir vegna slíkra kaupa og væru því vanbúnari til að takast á við hugsanleg áföll í atvinnugreininni."

Á hvern á að skrifa þann reikning? Hvar kemur hann fram í íslensku efnahagslífi sá reikningur sem meiri hl. hér á Alþingi ætlar að gera einstaklingum í þessu landi kleift að senda þjóðinni og sjávarútveginum í landinu? Fyrir ekki neitt. Út á stjórnkerfi sem er þannig lagað að menn geta haft hundrað milljónir upp úr því að hafa eignast skip hér fyrir tíu árum og gengið síðan út að lokinni sölu á veiðirétti, fyrir utan skipið, með tugi ef ekki hundruð milljón kr. í vasanum. Og menn ætla hér að lögfesta þetta til þriggja ára áframhaldandi! Eru menn með fullu ráði?

Síðan er annað atriði, sem tengist úthlutun veiðiréttar á skip og ég kem að og tek upp í mínu áliti, og það er að engar hömlur eru settar á sölu fiskiskipa burt úr heimahöfn og ekki er girt fyrir þá hættu, svo við segjum ekki voða, sem því getur fylgt og hefur raunar komið fyrir sem afleiðing af slíkri sölu fyrir hráefnisöflun, vinnu og vinnslu, fiskvinnslu í viðkomandi byggðarlögum. Hvað er verið að bjóða upp á með því að setja ekki hömlur á slíkt? Hvar er sá „alþýðuflokkur" staddur, hv. þm. Árni Gunnarsson, sem heldur hér uppi samræðum við ræðustólinn, hvar er sá „alþýðuflokkur" staddur sem ekki tekur undir þó ekki væri nema það heimildarákvæði sem formaður sjútvn. þessarar deildar gerir tillögu um að sett verði inn í frv.? Að það sé þó heimild til að bregðast við slíkri vá sem steðjað getur að einstökum byggðarlögum vegna þess að hér eru engar hömlur settar á að selja skip burt og rjúfa hráefnisöflun til einstakra staða sem eiga allt sitt undir sjávarfangi. Ja, ekki heyrði ég mikið frá hv. talsmanni meiri hl. hér um áhyggjur í því efni. Jú, það var reyndar nefnt, það var eitt af því sem ráðgjafarnefndin átti að skoða á þessu þriggja ára gildistímabili, hún átti svona að velta fyrir sér hvaða áhrif þetta gæti nú haft. Eru menn ekki með reynsluna? Hafa menn ekki séð hvað gerðist á Grundarfirði? Þekkja menn ekki aðstæður á Patreksfirði? Og hvenær kemur röðin að þinni heimabyggð, þm. góður eða því umdæmi sem þér er ætlað að horfa til öðru fremur í þessum efnum? Engar hömlur eru byggðar inn í þetta frv. og ekkert gert með tillögur okkar alþýðubandalagsmanna um það að búa til það sem við köllum byggðakvóta og er það öryggi sem hægt er með auðveldum hætti, með einfaldri ákvörðun og lagasetningu hér á Alþingi að setja inn í þennan frumvarpstexta og lögfesta nú að fáum dögum liðnum á Alþingi. Þá væri girt fyrir það að útgerðaraðilar seldu einn, tveir, þrír veiðiréttinn frá einstökum byggðarlögum eins og nú er opið fyrir skv. tillögu meiri hl. og ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Ég fullyrði að þarna eru menn að tefla ekki aðeins í tvísýnu. Litlu útgerðarstaðirnir, sem eru kannski bundnir afla frá einu togskipi, hanga á bláþræði. Hanga á bláþræði hvað snertir afkomuöryggi og allan hag viðkomandi byggðarlags. Það er ekki bara fiskvinnslufólkið, þó að það eigi sitt atvinnuöryggi undir, það er allt byggðarlagið sem er í hættu. Tillaga Alþb. til að girða fyrir þetta er sú, kjarni hennar er sá að ef skip er selt úr byggðarlagi þá fylgi skipinu ekki kvóti, ekki veiðiréttur nema að einum þriðja þess sem skipið hefur fengið úthlutað. Tveir þriðju verði eftir. Halda menn ekki að ákvörðun um slíkt mundi slá á verðið, á þetta happdrættisverð á fiskiskipunum? Og ætli það mundi ekki draga úr því að verið væri að reyna að kaupa skip á milli staða og landshluta? Auðvitað geta menn sett spurningarmerki við það hvort í einhverjum tilvikum geti ekki verið skynsamlegt að færa til, opna fyrir tilfærslu á skipum, en menn þurfa að hafa varnagla til að verja sig í þessum efnum. Ef byggðarlagi hentar að taka undir það að fiskiskip sé selt og menn eru sammála um það þá eiga auðvitað engin lög að banna slíkt, koma í veg fyrir slíkt ef það er sammæli um það. En menn þurfa hér varnagla og hann höfum við sett í okkar tillögum um byggðakvóta.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að þetta stjórnkerfi í fiskveiðum, kvótakerfið eins og það er útfært og eins og á því hefur verið haldið, hefur ekki orðið til þess að bæta meðferð á afla sem færður er á land. Ekki frekar en hið fyrra stjórnkerfi, skrapdagakerfið sem ég er ekki að hæla hér. Það hefur nefnilega ekki verið tekið fyrir það. Það er beinlínis má segja hvati hjá fiskiskipunum að ná sínum afla á sem stystum tíma. Og tillitið sem tekið er til vinnslunnar og gæða og endanlegs verðmætis aflans er ekki byggt inn í þetta kerfi. Auðvitað er það eitt af því sem taka þarf á í sambandi við stjórnun fiskveiða. Það er öll vinnslurásin sem hér skiptir máli. Það hefur bara ekki verið gert með viðhlítandi hætti. Við búum hér við aflatoppa sem verða til þess að meðferð hráefnis er alls ekki með því horfi sem skyldi. Ætli þeir hefðu ekki sögu um þetta að segja hjá gæðaeftirliti Ríkismats sjávarafurða, þeir aðilar sem eru að fylgjast með gæðum aflans? Ég hef heyrt ýmsar heldur leiðinlegar sögur t.d. frá síðasta sumri í þeim efnum. Ég er ekki að sakfella neinn í því, ég er aðeins að benda á að stjórnkerfið sem slíkt tekur ekki á vandanum.

Þá er eitt atriðið sem mikið hefur verið rætt um sem eðlilegt er. Það er vaxandi útflutningur á óunnum fiski sem hefur valdið hráefnisskorti í verstöðvum eins og í Vestmannaeyjum og Ísafirði, svo dæmi séu tekin. Sú hætta sem slíkum útflutningi fylgir, fari hann út yfir eðlileg mörk — ég segi eðlileg mörk því ég hef ekkert að athuga við það að menn sinni í einhverjum mæli markaði fyrir ísfisk erlendis, það getur verið allra hagur að hafa aðgang að slíkum markaði í einhverjum mæli — en stóra hættan er sú að útlendingarnir fari að spila á þetta kerfi okkar, að þeir komist hér bakdyramegin inn í landhelgina með því að ýta undir útflutning á óunnum fiski og taka hann til vinnslu í sínum eigin

stöðvum erlendis, í sínum vinnslustöðvum sem eru til staðar og dæmi eru um og eru í uppbyggingu þar sem horft er til þess að ná óunnum afla af Íslandsmiðum, frá íslenskum fiskiskipum, til vinnslu og þá auðvitað um leið samkeppni við íslenskar afurðir á viðkomandi mörkuðum.

Á þessu þarf að taka. Það er reynt í þessu frv. með 15% álagi, eða allt að því, á óunninn fisk til frádráttar á aflamarki eða aflahámarki. Ég hygg að þessi frádráttur hafi numið nálægt 5000 lestum, ef ég man rétt, nálægt 5000 lestum á síðasta ári vegna slíks útflutnings og skerðingarákvæða af þessu tagi. En Ed. felldi út tillögu um aukaálag til að setja frekari hömlur á slíkan útflutning þannig að eftir stendur aðeins þessi heimild um 15% að hámarki.

Ég efa það, hæstv. sjútvrh., að þessar heimildir í frv. séu fullnægjandi til að hafa stjórn á útflutningi á óunnum fiski. Sérstaklega af því að við erum að ræða hér um lagasetningu til nokkurra ára. Við í Alþb. höfum lagt til annað fyrirkomulag í þessu samhengi, sem felst í því að lagt verði á sérstakt útflutningsgjald á fisk sem geti verið breytilegt, allt að 5% miðað við söluandvirði á ísfiski. Það sé hægt að haga álagningu þessa gjalds m.a. með hliðsjón af stefnu helstu viðskiptalanda okkar í sambandi við tolla. Auk þess er tekið fram í okkar tillögu að andvirðið renni til rannsóknar- og þróunarstarfsemi í sjávarútvegi, sem ekki mun af veita jafnsmátt og ríkisvaldið skammtar í þeim efnum og við urðum vitni að við afgreiðslu fjárlaga.

Þá er það miðstýringin margumrædda, virðulegur forseti, sem er vissulega einkenni á þessari stjórnun fiskveiða, óhjákvæmileg að vissu marki en heldur óskemmtileg við að búa til lengri tíma þegar hún birtist þannig að það er mjög erfitt fyrir nýja aðila að ná fótfestu í sjávarútvegi, koma inn í tilraunir, nýbreytni og spreyta sig þar. Þá er þetta kerfi lokað nema þér takist að komast yfir fiskiskip, nema þú eigir þær milljónir og milljónatugi eða hundruð milljóna sem til þess þarf. Nema á smábátunum, þar hefur þetta verið opið. Og þar birtist okkur vissulega á undanförnum árum sá áhugi sem er á Íslandi enn í dag til að sækja sjó, sem betur fer, lifandi áhugi á því að sækja sjó og draga fisk úr sjó. Menn hafa í ríkum mæli reynt að komast yfir smábáta til þess að nota þá einu smugu í rauninni sem hefur verið til þátttöku í fiskveiðum og lái þeim hver sem vill. Þrátt fyrir það stend ég hér að tillögu um það að á þetta verði settar vissar hömlur vegna þess að einhliða uppbygging á þessari tegund flotans er auðvitað ekki neitt heilræði, er auðvitað engum til góðs til lengri tíma litið og ekki tilkomin vegna áhuga þeirra sem í þessari útgerð eru fyrir, nema síður sé, svo sem eðlilegt er.

Við höfum gert tillögur um það að opna fyrir möguleikum til þess að komast frá þessari ríg-skorðun við veiðiskip og úthlutuðu aflamarki á veiðiskip með því að gera ráð fyrir því að litlum hluta, allt að 5%, mætti halda eftir þegar afla er úthlutað á skip, frá árinu 1989 að telja, til þess að opna fyrir lagfæringum og skapa möguleika fyrir nýja aðila til að koma inn í sjávarútveginn og til þess að gera tilraunir með veiðar og vinnslu í sjávarútvegi. Auðvitað þarf að fara varlega með slíka heimild og ekki síst er hún erfið ef um samdrátt er að ræða í heimiluðum heildarafla og menn standa frammi fyrir því að búa við skerðingu frá því sem var eins og gert er ráð fyrir nú á milli ára, frá árinu 1987 til ársins 1988.

Virðulegur forseti. Þá kem ég að þætti sem mikið hefur verið ræddur sem eðlilegt er og ég get ekki hlaupið yfir. Það eru smábátaveiðarnar, veiðar báta undir 10 tonnum, þau ákvæði sem hæstv. ráðherra setti inn í sitt frv. og liggur hér enn fyrir, að vísu að breyttu breytanda, með nokkrum breytingum frá hv. Ed. og nú breytingum til lagfæringa af hálfu sjútvn. þessarar hv. deildar, tekið fram í nál. meiri hl. þar sem þessum breytingarhugmyndum er lýst. Ég tek það fram, ítreka það hér, að ég og aðrir talsmenn stjórnarandstöðu í sjútvn. og andstæðingar þessa frv. innan nefndarinnar hafa ekki síður en aðrir, ég vil segja fremur en aðrir, lagt áherslu á breytingar og tekið undir allar breytingar sem til bóta gátu horft í sambandi við meðferðina á smábátunum eins og hún var kynnt hér í frv. hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar fyrir mánuði síðan.

Við alþýðubandalagsmenn flytjum brtt. við 10. gr. Það er hægt að hafa um það fá orð, virðulegur forseti. Brtt. felst í því að búa við svipaða stjórnun, áframhaldandi við svipað fyrirkomulag varðandi veiðar báta af þessum stærðarflokki og verið hefur undanfarin tvö ár. Ég fagnaði því vissulega þegar þau ákvæði komust í lög sem þar voru, þó ég gerði við þau athugasemdir og sæti hjá 1985 við atkvæðagreiðslu um 9. gr. í þáverandi frv. til l. um stjórn fiskveiða, því mér leist ekki á banndagakerfið. Mér fannst það ganga of langt. Og mér finnst það í rauninni ganga of langt að lögfesta það áframhaldandi til þriggja ára ef við ættum völ á því. En vegna þess að Samband smábátaeigenda hefur lýst vilja sínum um að búa við óbreytt kerfi fyrir sína umbjóðendur, þá hef ég ekki gert athugasemdir við það. Hins vegar hef ég gert athugasemdir við það að lengja með einhverjum hætti banndagana, fjölga banndögum og bæta þar við þá erfiðleika sem mörg þau byggðarlög, sem eiga mest undir smábátaútgerð, búa við, þurfa að búa við af náttúrunnar hendi. T.d. með þeim hætti sem vel kom fram nú alveg nýlega í vitali við einn af ágætum fulltrúum Grímseyinga sem hafa með réttu látið til sín heyra í sambandi við þetta mál. Og ég leyfi mér hér að vitna til ummæla í Morgunblaðinu sl. sunnudag, höfð eftir Haraldi Jóhannssyni trillukarli, eins og hann þar er kallaður, með réttu sjálfsagt, úr Grímsey. Þar segir, virðulegur forseti, og ég tek bara eina málsgrein út úr þessu viðtali:

„Í gegnum tíðina hefur veðráttan sett á okkur 270–280 banndaga á ári á handfærunum. Okkur hefur fundist óþarfi að bæta á þessa banndaga af ráðuneytinu úr Reykjavík. Mikill hluti þessara daga

kemur á versta tíma fyrir okkur."

Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að mér finnst að það séu ekki bara einhverjir embættismenn í ráðuneytunum sem vilja gleyma þeim aðstæðum sem mönnum eru búnar á Íslandi af náttúrunnar hendi og koma mjög misjafnlega við menn, bæði eftir því hvar þeir búa og við hvað þeir dunda sér, við hvaða rekstur þeir fást.

Ég þekki það úr mínu kjördæmi, þar sem smábátaútgerð er gildur þáttur og reyndar undirstaða í nokkrum byggðarlögum, að þar eru þeir dagar, sem náttúran tekur frá í sambandi við sókn smábáta, það margir að það ætti að vera þarflaust fyrir Alþingi Íslendinga að vera að auka þar við með sérstökum lögákveðnum banndögum fyrir útgerð af þessu tagi.

Með frv. ríkisstjórnarinnar er vissulega á mjög grófan hátt, svo vægt sé nú til orða tekið, gengið gegn hagsmunum þeirra sem hafa framfæri sitt af smábátaútgerð. Það hafa engin frambærileg rök komið fram frá hæstv. sjútvrh. eða öðrum talsmönnum þessa frv. um nauðsyn breytinga gagnvart veiðum smábáta eins og gerðar eru tillögur um af ráðherranum og nú af meiri hl. í þessari hv. þingdeild þó að tekist hafi að fá þokað þar ýmsum ákvæðum til skárri vegar en var í frv.

Ég vek athygli á því sem fram kemur í fylgigögnum með mínu nál. í fskj. V, þar sem eru grg. og skýringar fulltrúa samtaka smábátaeigenda á rökleysum sem fram hafa komið frá hæstv. ráðherra og talsmönnum þessa máls gagnvart þætti smábátanna í heildarafla og aflahlut, auknum aflahlut á síðasta ári. Það var innan við 2% sem trillurnar tóku úr þeirri aukningu á þorskafla umfram það sem gert var ráð fyrir með reglugerð. Aðeins tæp 2%. Og heildaraflahlutur þeirra bæði að mati þeirra sjálfra hygg ég og sjútvrn. er ekki nema um 8% þó mönnum henti nú að slétta úr þeirri tölu og segja að það sé um 10% — og halda raunar sumir fram að bætt hafi verið í þann skammt einhverju, svona til að leika á kerfið. Ekki skal ég dæma um það. En ég tek það fram að vinna og málsinnlegg smábátaeigenda í sambandi við þetta mál sem við ræðum hér og frv. ríkisstjórnarinnar er þeim til mikils sóma. Þeir hafa ekki farið neinu offari í sínum málflutningi. Þeir hafa hins vegar komið á framfæri við okkur þm. og sjútvn. þingsins mjög skilmerkilegum, skýrum málflutningi í munnlegu og skriflegu formi, þar sem þeir hafa skýrt sín mál og sína hagsmuni og auðveldað mönnum að greina hismið frá kjarnanum, og margt af því sem veifað hefur verið í sambandi við málsvörn þeirra af þeim sem bera fram þetta frv. og það kerfi sem hugmyndin er að reyra smábátaveiðarnar í samkvæmt því.

Ég nefni hér, virðulegur forseti, án þess að gera það að máli, Þorláksmessuinnleggið í Tímanum í garð smábátaeigenda sem voguðu sér að fylgjast með málum ásamt fleiri áhugamönnum um þetta frv. sem hér er rætt á þingpöllum Alþingis. Það voru heldur kaldar kveðjurnar sem komu í stjórnarmálgagninu Tímanum til þess hóps sem eyddi með þm. næturstund, verandi á þingpöllum í hv. Ed. þingsins. Þar komu fram hugmyndir og kröfur um að það ætti að loka þinginu fyrir fólki af þessu tagi. Það ætti bara ekkert að hleypa því að. Það ætti ekkert að vera að skipta sér af því sem hér væri verið að gera, Alþingi ætti að fá frið til að starfa.

Ég tók það fram við 1. umr. að ég er ekki að gera því skóna að þm. Framsfl. hafi pantað yfirlýsingar af því tagi í málgagni sínu. En samt lýsir það inn í hugarheim sem er mér mjög framandi varðandi starfshætti Alþingis og er svolítið í ætt við það sem ég var að geta um í upphafi máls míns, kvaðningarnar frá hæstv. formanni Framsfl., utanrrh., í sambandi við kröfuna um lyktir þessa máls, stutt og laggott nú upp úr áramótunum: í samræmi við vilja og eingöngu í samræmi við vilja hæstv. sjútvrh.

Ég gæti hér, herra forseti, tekið nokkurn tíma í það að ræða þær breytingar sem þó hefur tekist að þrýsta fram varðandi smábátaveiðarnar í þingnefnd og birtast í brtt. frá meiri hl. sjútvn. og er auk þess að finna í hugmyndum að reglugerðarsetningu varðandi hámarksafla fyrir þorsknetaveiðar, breytingar sem eru til bóta frá því sem upphaflega lá fyrir og kynnt var bæði í frv. og reglugerðardrögum frá 11. des. sl., þá fyrir sameiginlegum nefndum þingsins, en færa þetta mál þó engan veginn í viðunandi horf. Engan veginn í viðunandi horf. Það er alveg dæmalaust að heill þingflokkur og ráðherrar hans, ráðherrar Framsfl., skuli stríða við það ekki bara vikum heldur í raun árum saman, allan þann tíma sem þetta stjórnkerfi hefur verið við lýði, og fyrst var sýnt hér frv. um það haustið 1983, að gera þeim sem smábátaútgerð stunda lífið svo leitt að þeir sjá í rauninni mjög illa fram úr sínum hagsmunum, grundvallarhagsmunum, eigi þeir að fylgja lögum sem þeir fá yfir sig héðan frá Alþingi.

Ég hef enga skýringu í rauninni á þessari þráhyggju af hálfu hæstv. sjútvrh. varðandi þennan veiðiskap sem tekur ekki til sín meira en 8% af þorskaflanum á síðasta ári og sáralítið af viðbótinni umfram það sem var á árinu 1986. Að það skuli vera strekkt í þessu máli með þeim hætti sem hér er, að það þarf að toga með töngum hverja litlu breytinguna og lagfæringuna eftir aðra til þess að þoka málum þannig að menn geti sagt: Nú, þetta er eitthvað í áttina. Slæmt er það, en kannski er þetta ekki dauðadómur. En eftir stendur það að ég held að þetta stríð, þetta einkastríð hæstv. sjútvrh. og bandamanna hans gagnvart smábátaútgerðinni verði engum til ánægju sem er ætlað við það að búa eða reyna að stjórna í ljósi þeirra ákvæða sem hér er verið að lögfesta.

Virðulegur forseti. Ég hafði reiknað með því að það væru kannski fleiri sem vildu taka þátt í umræðum hér um þetta mál en ætla má af viðveru hv. þm. Hér er inni í þinginu nú ágætur kunningi minn af Austurlandi, varamaður hv. þm. Sverris Hermannssonar, Kristinn Pétursson. Það væri kannski eðlilegt að segja þm. frá því að ég nefni nafn hans hér í ræðustól. Ég geri það vegna þess að hann

kemur úr einu af þessum dæmigerðu byggðarlögum sem eiga allt sitt undir smábátaútgerð. Ég tók til handargagns ummæli hans í Morgunblaðinu 23. des. sl. varðandi skerðinguna á smábáta, það var löngu áður en ég hafði hugmynd um að hann kæmi hér inn á þing sem varamaður. Þar orðar hann þetta með miklu skýrari og afdráttarlausari hætti en ég leyfi mér í þessum ræðustól og hef gert til þessa, um það hneyksli sem hann kallar skerðinguna gagnvart smábátum, og geta menn kynnt sér þau ummæli í tilvitnaðri grein í Morgunblaðinu 23. des. sl. Ég fagna því að hv. nefndur þm. skuli vera hér staddur einmitt við afgreiðslu þessa máls til að fylgja skoðunum sínum eftir hér á Alþingi áður en þetta frv. er lögfest. Þeir væru betur komnir hér fleiri úr þeim byggðarlögum á Íslandi sem eiga allt sitt undir útgerð báta sem eru minni en 10 brl.

En, herra forseti, það þarf ekki alltaf ýkja mikið til að hugga menn í þessum efnum og ég kemst því ekki hjá því að nefna það að ég var svolítið hissa þegar ég heyrði hvað var fljótlegt að skrúfa niður í hv. 1. þm. Vesturl. sem hefur leyft sér að hafa uppi athugasemdir við áform hæstv. sjútvrh. í sambandi við smábátaútgerðina. Það þurfti sko ekki mjög mikið. Það þurfti ekki ýkja mikið til að skrúfa niður í hv. þm. Alexander Stefánssyni í þeim efnum, til að fá hann til að lýsa ekki aðeins yfir að hann yndi við það kerfi sem nú á að skella á með lagasetningu hér frá Alþingi, heldur lýsti hann yfir alveg sérstakri ánægju sinni með það sem stæði nú í textanum eins og hann er kynntur af meiri hl. sjútvn. Var bara himinlifandi. Nú þurfa smábátaeigendur sannarlega ekki að kvíða framtíðinni að dómi þess hv. þm. ef marka má viðhorf hans eins og ég heyrði til hans í sjútvn. þingsins. Kannski er þetta bara miklu betra en mér sýnist það vera, hæstv. sjútvrh.? (Gripið fram í.) Ráðherrann heldur það. Hann er þeirrar skoðunar að þetta hugverk sem við höfum verið að streitast við að lagfæra nú síðustu fjórar vikurnar, í kringum stórhátíðarnar og messuhaldið á Íslandi, hann telur að þetta hafi allt saman verið misskilningur hjá þinginu að vera að krukka í hugverk hans eins og hann lagði það fram hér 4. des. sl.

Eitt er það sem ég kemst ekki hjá að nefna varðandi þennan gleðiboðskap frá 1. þm. Vesturl. og öðrum í meiri hl. sjútvn. þessarar hv. þingdeildar varðandi smábátana og það er ákvæði í sambandi við endurnýjun. Það er tilhögun á endurnýjun á bátum í þessum stærðarflokki. Hæstv. sjútvrh. hefur eðlilega haft nokkrar áhyggjur af því hvernig ákvæðin, sem hann fékk lögfest hér 1985, hafa birst, þessi eina smuga sem menn hafa haft til þess að komast nýir út á sjó til að dorga, til að draga fisk, hvernig þau hafa virkað þar sem smábátum hefur fjölgað mjög mikið þessi síðustu ár, og kannski alveg sérstaklega síðustu tvö árin. Hann fékk þá kvaðningu frá Landssambandi smábátaeigenda að þeir teldu það enga goðgá að reisa skorður við þessari fjölgun. Töldu það ekki óeðlilegt. Ég hefði þá haldið að hæstv. ráðherra mundi reyna að byrgja þennan brunn sem hann hefur haft svo þungar áhyggjur af. En hvað sjáum við? Hann er bara byrgður til hálfs. Brunnurinn er bara byrgður til hálfs. Það eru settar úreldingarkröfur á endurnýjun báta yfir 6 tonn að stærð, milli 6 og 10 tonna, og báta undir 6 tonnum sem fá heimild til netaveiða, sem nýta sér heimild til þorsknetaveiða. Þeir eiga að fylgja endurnýjunarkröfu eftir úreldingarkerfi, bátur fyrir bát. En að öðru leyti á þetta að vera frjálst.

Menn hafa talað mikið um þessa báta af stærðinni 9,9 tonn og haft það í flimtingum að það sé kannski ekki alveg farið eftir þeim reglum eins og menn ætluðu sér á sínum tíma þegar þessi mörk voru dregin í sambandi við smíði þeirra báta sem sumpart eru nú ekki komnir á sjó, en eru í smíðum. En ætli dragi ekki að því, hæstv. sjútvrh., að það bara komi nokkuð margir í staðinn fyrir 9,9? Að það verði 5,9? Það verði næsta bylgjan? Nema að Íslendingar bara hlýði og hætti að fara á sjó, nýir aðilar hætti að fara til veiða, sem ég vona nú að gerist ekki, því að smábátaútgerðin er kannski einn besti sjávarútvegsskólinn á Íslandi, virkasti sjávarútvegsskólinn á Íslandi, þar sem menn bæði stunda þetta sem atvinnurekstur en einnig byrja á þessu sér til dægrastyttingar og jafnvel gamans. Mun væntanlega enginn amast við því þó að það sé gert. En þetta er sjávarútvegsskóli og harður skóli hjá þeim sem hafa þetta að lífsviðurværi.

Ég hafði einhvers staðar, virðulegur forseti, handa á milli yfirlit, og það er raunar að finna hér í fskj. með nál. minu, yfir stærðir smábáta og fiskibáta utan kvótakerfis eins og það var á liðnu ári. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hæstv. ráðherra og hv. þm. hér í deildinni að líta á þetta yfirlit yfir smábáta skv. skipaskrá 1. jan. 1987, sjá hvernig þetta flokkast í stærðarflokka. Af 1600 skráðum smábátum undir 10 brl. var yfirgnæfandi meiri hluti af stærðinni undir 6 tonnum í byrjun síðasta árs. Það eru langt innan við 200 bátar sem eru á bilinu 6–10 tonn. Um 50 á milli 6 og 7 tonna, um 50 á milli 7 og 8 tonna, 36 8–9 tonn og aðeins 19 á bilinu 9–10 tonn. Þetta er fróðlegt að skoða og hafa í huga þegar menn eru að ræða um þau ákvæði sem meiri hl. sjútvn. og hæstv. ráðherra lagði til strax í sínu frv.: Skorður yfir 6 tonn en frjálst undir nema þorskfisknetaveiðarnar.

Það er kannski ágætt að hæstv. ráðherra skilji eitthvað eftir handa sér að glíma við, ef hann skyldi enn vera í sínum stól þegar kemur að endurskoðun þessara laga, til að glíma við í sambandi við smábátana, þá bylgju sem hlýtur að rísa í sambandi við smíði báta undir 6 tonnum.

Ég held að þetta sé ekki komið samkvæmt óskum smábátaeigenda og ég held að þessi hálflokaði brunnur verði ekki skýrður með því að það sé svo erfitt að fylgjast með þessu, úthluta leyfum o.s.frv. Það er afskaplega skrýtið finnst mér þegar menn eru að kenna því um að það sé ómögulegt að hafa eftirlit, hlutirnir séu svo flóknir núna á tölvuöld, fylgjast með málum, að hafa eftirlit með leyfum og leyfisúthlutun o.s.frv. Það er yfirleitt fyrirsláttur, sett

fram til afsökunar eða betrunar sínum málstað eða skýringa og ég held hún eigi ekki við í sambandi við þetta, að það sé svo erfitt að greina t.d. raunverulegan fiskibát af þessum stærðarflokki frá sportveiði. Einhvers staðar gefa menn upp sinn afla, menn sem eru að fiska eitthvað meira en bara rétt í pottinn sér til gamans. Og ég held að það væri engin ofætlan að hafa yfir það skrá. Ég tel að það sé svolítið einkennilegt að vera að færa þessi endurnýjunarmörk niður að 6 tonna mörkunum og þykist sjá hvaða afleiðingar það hljóti að hafa þó að ég sé ekki að segja að það sé neinn voði á ferðum. Það er nú ekki sá afli sem þessar fleytur taka þó stundað sé á þeim býsna stíft, eftir því sem stjórnkerfið frekast leyfir og náttúran.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja um þennan þátt, þetta umdeilda atriði varðandi smábátaveiðarnar og mun ekki ræða það nema þá síðar ef tilefni er til. En ég hef hér lýst ýmsum augljósum og reyndar mjög stórum annmörkum á þessu stjórnkerfi sem verið er að endurskoða og lögfesta til þriggja ára að tillögu meiri hl. sjútvn. Ég er alveg undrandi á því að það skuli ekki vera meiri tilburðir að læra af reynslunni heldur en birtist okkur í þessu frv. Það er eins og menn ætli sér bara engan tíma í þessi mál. Hvað hafa menn verið að gera, menn sem eru þó að fylgjast með þessu frá degi til dags í sjútvrn. á Íslandi? Að þeir skuli ekki reyna að koma fram með tillögur og ábendingar til að sníða augljósa og hrikalega annmarka af þessu kerfi, sem eru matarholur fyrir þá sem óprúttnir eru og gætu komast yfir stórfé út á kerfið eitt vegna þess að veiðiréttur inn er farinn að ganga kaupum og sölum í gegnum skipin, tengt skipunum, og ég hef þegar rætt hér.

Við höfum séð ástæðu til þess í Alþb. að leggja nokkuð á okkur til þess að reyna að koma fram með tillögur til þess að sníða af annmarka á þessu kerfi og ná saman um þá hluti. Þær tillögur liggja fyrir í formi brtt. á þskj. 435 og margháttaðra ábendinga á fskj. VII með mínu nál. þar sem er sú fiskveiðistefna sem undirbúin var af þingflokki Alþb. og samstaða var um í miðstjórn flokksins á fundi miðstjórnar í byrjun desember sl.

Herra forseti. Ég hef séð ástæðu til að taka inn í nál. mitt ábendingar um stöðu hafrannsókna í tengslum við stjórn fiskveiða og láta fylgja með áliti *mínu álit Hafrannsóknastofnunar* eins og það birtist okkur í nýlegum grg. frá stofnuninni um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti á árinu 1987 og aflahorfur 1988 og í sambandi við áætlun stofnunarinnar í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins um haf- og fiskirannsóknir fyrir tímabilið 1988–1992. Ég held að menn horfi allt of lítið á þennan þátt mála, þörf og gildi rannsóknanna til að koma upp brúklegu stjórnkerfi í fiskveiðunum og geta staðið að þessum málum í ljósi vitneskju sem byggð er á þekkingu og sem aðeins getur verið uppskera af rannsóknastarfi. Þarna er skammtað ótrúlega smátt í íslensku samfélagi til þessara þátta. Við búum við það að rétt um ½% af andvirði seldra sjávarafurða er varið til hafrannsókna og fiskileitar, um helmingi lægra hlutfall og meira en varið er til þessara mála hjá nágrannaþjóðum okkar sem byggja þó ekki á fiskveiðum nema að óverulegu leyti sinn þjóðarbúskap. Við sem allt eigum undir sjávarútveginum í sambandi við útflutningstekjur, gjaldeyrisöflun í þessu landi, verjum langt um minna en Norðmenn í þessu skyni og fleiri grannþjóðir. Og vitneskja okkar um ástand hafsvæðanna í kringum Ísland og samspil lífsins í sjónum, vistkerfi sjávarins, er auðvitað gloppótt að sama skapi vegna þess að við höfum ekki gefið okkar vísindamönnum svigrúm, búnað og tæki og mannafla til að fara yfir þessi mál og gera sínar rannsóknir eins og þörf væri á. Þarna eru mjög margar spurningar sem er ósvarað og sem snerta ákvarðanir um t.d. heildaraflahámark á þær tegundir botnfiska og annarra sjávardýra sem tekin er upp skömmtun á í varúðarskyni samkvæmt og með hliðsjón af tillögum Hafrannsóknastofnunar. En það er auðvitað viðurkennt af forráðamönnum Hafrannsóknastofnunar og öðrum sem við þessi mál fást í reynd að þeirra svör, þeirra tillögur byggja engan veginn á fullnægjandi þekkingu eða fullri þekkingu á samhenginu á íslenskri fiskislóð, á hafsvæðunum í kringum landið. Það er nöturlegt þegar verið er að skammta með þeim hætti sem við erum vitni að hér við afgreiðslu fjárlaga til þessara þátta og ekki er tekið undir tillögur um að bæta aðeins úr, auka eitthvað að raungildi fjármagn til rannsókna á undirstöðu íslensks samfélags sem eru fiskveiðarnar.

Það hafa komið fram í umræðunum ýmsar spurningar við 1. umr. þessa máls í þingdeildinni um þessa þætti, eins og í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar við 1. umr. málsins í sambandi við verndun fiskistofnanna og í ræðu hv. 12. þm. Reykv. við 1. umr. þar sem hún var að benda á ýmsar spurningar sem tengjast þeim gögnum sem fyrir liggja frá Hafrannsóknastofnun m.a. og skylt er fyrir þm. að reyna að lesa sig í gegnum þegar verið er að fjalla um stjórnun fiskveiða því að auðvitað viljum við öll reyna að byggja þá stjórnun á þekkingu og vitneskju. Það bara kostar dálítið að afla hennar. Og það er okkar hér á Alþingi að tryggja að það fjármagn sé ekki of naumt skammtað. Ég vek athygli á þessu hér, virðulegur forseti, og bendi jafnframt á að það er ekki bara um vistfræðilegar rannsóknir og líffræðislegar rannsóknir á hafsvæðunum að ræða í sambandi við stjórnun fiskveiða. Það þarf að samþætta rannsóknir á þessu sviði, tæknilegar varðandi veiðarfærin, félagslegar varðandi byggðirnar og auðvitað líffræðilegar og vistfræðilegar í sambandi við þann nægtabrunn sem við höfum getað ausið úr og höfum náð tökum á, fullveldistökum á með útfærslu okkar landhelgi. En skilningur núverandi stjórnvalda á þörfinni á rannsóknum og ráðgjöf í sjávarútvegi er satt að segja hörmulega lítill og bitnar bæði á veiðum og ekki síður á fiskvinnslu.

Ég tel, herra forseti, að það væri sannarlega þörf á því að við værum lengra komnir í sambandi við tök á

stjórn fiskveiða en þetta frv. og till. meiri hl. sjútvn. bera vott um. Ef hér ríkti orðið samstaða um málstök varðandi stjórnun fiskveiða væri meiri von til þess að menn gætu beitt sér að öðrum þáttum í okkar þjóðarbúskap og þá sérstaklega í nýtingu sjávarafla þar sem brennandi spurningar blasa við en eru lítið ræddar á Alþingi Íslendinga, m.a. vegna þess að við erum að deila hér, leita leiða með of miklum ágreiningi að mínu mati um stjórn fiskveiðanna og höfum ekki tekið okkur tíma til að fara yfir stöðuna í sambandi við fiskiðnaðinn og hvað af opinberri hálfu og af hálfu Alþingis væri skylt að gera til að ýta þar undir átak, það þróunarátak sem koma verður ef íslenskur fiskiðnaður á að lifa af þá kreppu sem honum er nú búin í efnahagslegu tilliti af stjórnvöldum en einnig vegna breyttra ytri aðstæðna og harðnandi samkeppni, bæði við aðrar verkunaraðferðir, eins og útgerð frystitogara, við útflutning á óunnum fiski úr landinu, og er iðnaður sem býr því fólki sem við hann starfar í reynd láglaunakjör, láglaunakjör þó menn með óheyrilegu vinnuálagi geti brauðfætt sig með því sem menn fá í launaumslagið í frystihúsunum með því að leggja nótt við dag, með því að leggja hart að sér í bónusvinnu sem skilur nú sitt mark eftir á fólkinu sem hana stundar lengi.

Já, það er lagt til, herra forseti, að þessi lög, sem hér er ætlunin að setja af meiri hl. í þessari þingdeild, ef hann er þá til staðar til að styðja þetta frv. eins og það er hér kynnt af meiri hl. sjútvn., gildi í þrjú ár. Við alþýðubandalagsmenn erum þeirrar skoðunar að það sé varhugavert að setja slík sólarlagsákvæði í jafnstórt mál og hér er um að ræða. Ég gæti fært mörg rök því áliti til stuðnings. Ég tel að það væri mun farsælla að hafa þessa væntanlegu lagasetningu án slíkra ákvæða, hafa gildistímann ótiltekinn, lögin öðlist gildi og menn láti reynsluna skera úr, bæði þá vinnu að endurskoðun sem væntanlega fer þá, skera úr um hversu endingargóð þau ákvæði verða í reynd sem hér er verið að leggja til og lögfest verða að lokum, en ekki að draga þriggja ára ramma í kringum þetta hugverk með lögfestingu, bæði vegna þess að hér er um svo meingallaða þætti að ræða, sem er fyrirhugað að lögfesta, en einnig vegna þess að ég held að réttarstaðan geti orðið nokkuð tvísýn hjá þeim aðilum sem ætlað er að starfa undir lögum með gildistíma af þessu tagi. Það væri miklu eðlilegra að hafa almenna lagasetningu með ótilteknum gildistíma þannig að Alþingi geti óhindrað tekið á agnúum, sem fljótlega koma í ljós og reyndar blasa nú þegar við, þegar hentar og réttmætt er talið, en auðvitað verður að vinna að málum af þessu tagi fullkomlega í ljósi þess að menn þurfa að geta athafnað sig og tekið sínar ákvarðanir sem eru að starfa í þessum atvinnurekstri, þessum undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum. Ég held að menn séu þar engu bættari með þessi þrjú ár. Vonandi verðum við að þessum þremur árum loknum komnir lengra í þessum efnum til sammælis um stjórnun fiskveiðanna þannig að menn vinni sig fram til stjórnkerfis sem sé eitthvað betra en það sem hér er boðið upp á af meiri hlutanum því það væri þörf á því að það væri hægt að skapa frið og framtíðarsýn í sambandi við þessi mál. Það væri mikil þörf á því fyrir íslenskt samfélag og íslenskan þjóðarbúskap.

Ég vil svo stytta mál mitt, herra forseti, þó margt eigi ég ósagt í raun. Ég vék að því að sitthvað í till. og nál. meiri hl. sjútvn. væri til bóta og ekki uppskera þess meiri hl. sem slíks heldur uppskera af starfi innan nefndarinnar í heild, bæði af hálfu formanns hennar og stjórnarandstöðunnar sem og annarra sem þar störfuðu, en reynt er að setja hér fram til þess að bæta eitthvað stöðu þess sérkennilega meiri hl., sem þarna hefur skapast í þessari hv. þingnefnd, að þetta sé nú þeirra. Ég ætla ekki að finna þeim orðum stað með því að vitna beint í nál. sem hér liggur fyrir, en vek á þessu athygli.

Ég vek einnig athygli á því að í till. frá hv. 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni, brtt. hans við fyrirliggjandi frv. eru ákvæði sem ég tel mig geta tekið undir fyllilega og hefði viljað sjá hér lögfest og helst sjá flutt af nefndinni sameinaðri. Ég nefni þar sérstaklega tölul. 3 í till. á þskj. 479 sem varðar varnagla fyrir byggðarlög sem kynnu að missa skip og sitja uppi án hráefnis til vinnslu. Og ég nefni tölul. 6, ákvæði til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi kjósi hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma þessara laga. Varðandi þessa till. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar vil ég benda á að mínu mati dálítið sérkennilegar till. meiri hl. sjútvn. að þessu leyti, varðandi nefndarskipan, þar sem gert er ráð fyrir að kosnir verði sjö menn, skipaðir í endurskoðunarnefnd skv. ákvæði til bráðabirgða, og það sé fullt tillit tekið til þingstyrks. Ég held ég muni það rétt að það er tillaga um sjö þannig að ekki er reiknað með að allir þingflokkar á Alþingi eigi þar öruggan fulltrúa. Þetta er í samræmi við ýmislegt annað sem fram kemur við málsmeðferðina af hálfu þessa meiri hl., verð ég að segja. Ég tel að það væri mun vænlegta að kjósa níu manna hóp, sem hefði þá trygga fulltrúa frá öllum þingflokkum hér á Alþingi, frekar en að gera því skóna að þingmannahópurinn í ráðgjafarnefndinni eigi að þinga og funda sér, eins og skilja mátti á talsmanni meiri hl. sem lýsti skoðunum sínum áðan er hann mælti fyrir sínu nál. Þeir dragi sig út í horn og fundi sér þegar hentar, skilji sig frá hinum. Það eru afskaplega skrýtnar hugmyndir verð ég að segja og eiga kannski þátt í mínum ugg í sambandi við störf að endurskoðun á væntanlegum lögum á þriggja ára gildistíma, að það verði ekki allt með þeim hætti sem við hefðum viljað sjá.

Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr. þessa máls í deildinni að ég teldi að það þyrfti á Alþingi að leita lýðræðislegrar samstöðu um þetta stóra mál, að menn þyrftu að leggja dálítið á sig til að finna einhvern samnefnara í þessu máli frekar en að

standa í hörðum deilum um efnisatriði sem eru býsna mörg sem menn gera athugasemdir við eins og málið liggur fyrir frá meiri hl. Það hefur ekki gerst, því miður, enda kannski ekki von þegar málin eru sett fram með þeim hætti, sem ég gat um í upphafi máls míns, að þinginu væri ætlað í rauninni að taka því einu sem framkvæmdarvaldinu og hæstv. sjútvrh. þóknaðist að leggja blessun sína yfir til breytinga á frv. og engu öðru. Það er ekki sá jarðvegur sem þarf, ef menn ætla að ná saman í málum, að stilla þinginu upp með þeim hætti og setja málin fram þannig, enda er niðurstaðan eins og hér blasir við, sjútvn. með fjögur álit, menn sem hafa verið taldir í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar með minnihlutaálit og áreiðanlega fjölmargir þm. í þingdeildinni sáróánægðir þó að svo kunni að fara að þeir beygi sig undir veldissprota framkvæmdarvaldsins og hótanir í sambandi við afgreiðslu málsins. Mér þykir mjög miður að málið skuli liggja fyrir við 2. umr. með þessum hætti. Ég hef þó litlar vonir úr því sem komið er að því verði breytt og að mál gangi til atkvæða á grundvelli fyrirliggjandi till. því að fast er knúið á um að frv. þetta verði að lögum og fyrir því eru vissulega skiljanlegar ástæður sem ég hef reynt að taka tillit til í mínu starfi í sjútvn. og í umræðum um þetta mál.

Ég læt þetta nægja sem framsögu fyrir mínu nál., virðulegur forseti, en ræði þetta mál að sjálfsögðu frekar eftir því sem aðstæður bjóða hér og við höfum tíma til að fjalla um það í deildinni þó mér sé ljóst að sá tími er naumur út frá sjónarhóli framkvæmdarvaldsins. Og ég tek undir að það er engin ástæða til þess úr því sem komið er að tefja framgang þessa máls í þinginu, en hér skipta dagar að sjálfsögðu ekki máli og jafnvel vikur ef þær gætu skilað mönnum í samstæðari hóp með heilstæðari niðurstöðu en raun ber vitni. Það er sú ósk sem ég hefði átt að við stæðum í þeim sporum nú að hafa fyrir þingdeildina að leggja betra vegarnesti til afgreiðslu að lokinni 2. umr.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka formanni sjútvn. Nd. fyrir ágæt störf og þeim nefndarmönnum sem sátu þar, auk þeirra starfsmanna ráðuneytisins sem unnu með okkur. Eins og fram hefur komið hélt nefndin sex fundi auk sameiginlegra funda með sjútvn. Ed.

Það frv. sem hér er tekið til meðferðar er viðamikið og kannski viðamesta mál þjóðarinnar. Það á nú að keyra í gegn og hefur verið barið í gegn með miklum látum og hefur í raun ekki fengið þá umfjöllun eða þá samstöðu sem þurft hefði.

Í nál. frá 3. minni hl. sjútvn. segir: „Með lögum um stjórn fiskveiða er verið að fjalla um og ákveða skipan í þeim málaflokki sem skiptir mestu fyrir afkomu þjóðarinnar.

Frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi er fyrir margra hluta sakir mjög sérstætt. Borgarafl. hefur lagt áherslu á að sjávarfang það, sem lög um stjórn fiskveiða eiga að ná yfir, sé sameign þjóðarinnar allrar. Í því felst að leitað sé leiða til að ná aflanum úr greipum sjávar með sem arðbærustum hætti. Þm. Borgarafl. eru einhuga um að hafa stjórn á sókninni í auðlindir sjávar og það með sem minnstum höftum.

Við erum því í meginefni ósammála skipan mála eins og gert er ráð fyrir í frv.

Á hitt er að líta að við gerum okkur grein fyrir að meiri hluti alþm. er á öndverðum meiði og því aðeins raunhæft að reyna að fá lagfærða verstu gallana á frv. eins og það liggur fyrir.

Það að berja frv. í gegnum báðar deildir Alþingis með forgangshraða og helst án vinnu í nefndum er víti til varnaðar þegar svo viðamikið og viðkvæmt mál er til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Í meðferð nefnda hafa verið gerðar lítils háttar breytingar sem eru til bóta en langt frá því að vera fullnægjandi.

Í öllum málflutningi Borgarafl. á Alþingi hefur verið lögð sérstök áhersla á málstað smábátaeigenda og nægir í því sambandi að minna á afkomumöguleika á stað eins og Grímsey. Það ber að harma að meiri hl. skuli ekki samþykkur þessari stefnu.

Þm. Borgarafl. hafa lagt fram brtt. við frv. sem fela í sér:

1. að landið sé eitt veiðisvæði,
2. að sérstök framkvæmdanefnd fari með stjórn fiskveiða ásamt sjútvrh.,
3. að botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. séu óbreyttar frá eldri lögum,
4. að sérstakur dómstóll, fiskveiðidómur, fjalli um þau atriði laganna sem dæma þarf um,
5. að gildistíminn sé eitt ár.

Alþm. hefur verið skammtaður naumur tími til að ráða ráðum sínum um takmörkun á veiðum og til að tryggja sem arðbærasta og hagkvæmasta nýtingu mestu auðlindar okkar. Það er miður að ekki hefur náðst samstaða um leiðir til verulegra bóta á núverandi lögum á Alþingi. Þvergirðingsháttur og hagsmunagæsla við vinnu og gerð laga um stjórn fiskveiða er ekki sú leið sem þm. Borgarafl. vilja fara."

Þetta er nál. sem ég hef lagt fram og segir í stuttu máli hver afstaða okkar er í Borgarafl.

Í meðförum þingsins á þessu frv. hefur margt komið til umræðu, en því miður er það svo að lítið af því hefur náð fram að ganga. Það má segja að frv. eins og það var lagt fram í upphafi sé nær óbreytt og er greinilegt að það hefur aldrei verið ætlunin að gera neinar eða miklar breytingar á því. Það höfuðverkefni sem við erum að reyna að vinna með því að setja þessi lög er friðun og nýting fiskistofnanna við landið. Það sé gert með sem mestri arðsemi og við náum hámarksafla úr fiskstofnum hverju sinni. Þessi lög hafa ekki sannað gildi sitt, þvert á móti. Á fjögurra ára tímabili hafa verið veidd 366 þús. tonn af þorski fram úr því sem tillögur lágu fyrir um. Þetta er u.þ.b. 25% meira á hverju ári en ætlunin var að veiða. Það er því fásinna að halda því fram að náð hafi verið því markmiði með þessum lögum sem

ætlast var til í upphafi. Þessi lög hafa ekki stuðlað að því sem upphaflega var markmiðið og þau hafa heldur ekki reynst betri en þau lög sem áður voru í gildi.

Stjórn fiskveiða hefur því ekki batnað við gildistöku þessara laga og framkvæmd þeirra. Það eina sem hefur breyst frá fyrri lögum er það að í stað þess að menn kepptust um að veiða og það var samkeppni hefur þetta verið takmarkað við einkaleyfi til þeirra aðila sem áttu skip á þeim tíma sem lögin voru tekin í gildi. Eins og komið hefur verið réttilega inn á hafa þessir eigendur margir hverjir séð sér hag í því að selja skip á verði sem er langt fram yfir það sem vátryggingarverð er eða raunvirði og hafa þannig fengið stórar fjárhæðir út á þessi einkaleyfi sín út á óveiddan fisk í sjónum. Þessi lög hafa heldur ekki stuðlað að því meginmarkmiði, eins og ég kom inn á áðan, að þorskstofnar og aðrir fiskistofnar stækkuðu þannig að við gætum í raun veitt meira heldur þveröfugt.

Það hefur verið bent á að 1955 var talið að í þorskstofninum væru í kringum 2½ millj. einstaklinga. Núna er talið að það gætu verið í kringum 800 þús. til 1 millj. einstaklinga í þessum sama stofni. En á sama tíma sjáum við að það er mikil aukning á hlutfalli þriggja ára fisks í veiðinni sem þýðir að það er farið að ganga á stofninn. Það er mjög áberandi að þetta eru hættumörk. Við erum staddir á hættusvæði. Þessi lög hjálpa ekki þar um. Þau stýra ekki veiðunum eins og tilgangurinn var.

Það er einnig nokkuð ljóst að núverandi lagasetning eykur gífurlega vald framkvæmdarvaldsins, ráðherrans, yfir þessum málaflokki. Það er í raun verið að afhenda honum þessar auðlindir á einu bretti.

Eins og ég kom inn á í byrjun höfum við í Borgarafl. staðið þétt við hliðina á smábátaeigendum og teljum í okkar brtt. rétt að gera ráð fyrir óbreyttri 9. gr. laganna, sem nú verður 10. gr., vegna þess að við teljum að smábátarnir muni ekki eyða fiskinum í sjónum. Í dag barst mér svohljóðandi fréttatilkynning frá Landssambandi smábátaeigenda, með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni Örgustu öfugmælin:

„Vegna ummæla í þættinum Hér og nú í Ríkisútvarpinu sl. laugardag, þá vill Landssamband smábátaeigenda taka fram eftirfarandi:

1. Markmið laga um fiskveiðistefnu er m.a. að vernda fiskistofnana við Ísland fyrir ofveiði. Í kvótafrv. svokallaða er gert ráð fyrir skerðingu á botnfiskveiðum allra báta og skipaflokka. Smábátaeigendur hafa marglýst sig reiðubúna að taka sinn hlut af þeirri skerðingu.

2. Eins og kvótafrv. hefur verið afgreitt frá Ed. Alþingis, þá er gert ráð fyrir að skip sem velja sér sóknarmark geti árlega aukið afla sinn um 10%. Sé gert ráð fyrir að um eða yfir helmingur þorskafla 1988 verði veiddur samkvæmt slíku sóknarmarki þýðir það að þeim skipum leyfist sjálfkrafa á næsta ári að auka veiðikvóta sinn um 20 þús. tonn eða meir. Ætla verður að þetta aukna aflamagn sé að dómi frumvarpshöfunda innan áhættumarka um ofveiði þorskstofnsins. Að auki er svo helmingur línuafla skipa 10 brl. og stærri utan kvóta á besta línuveiðitíma ársins og mun þorskstofninum heldur ekki talin hætta við ofveiði vegna þeirra mörgu þúsund tonna sem þannig bætast við áætlað aflamagn."

Síðan segir og það er feitletrað: „Með þessar leiðir opnar í frv. til sjálfvirkniaukningar á kvóta og veiði, þá hlýtur að vera gert ráð fyrir því af höfundum þess að þorskstofninn geti þolað 25–35 þús. tonna veiðiaukningu. Aftur á móti er það aflamagn, sem getur skilið á milli bjargálna og örbirgðar smábátaeigenda, miklu minna. Það eru því dæmi um örgustu öfugmæli þegar sagt er að lífsbjörg trillukarla geti valdið ofveiði fiskistofna við Ísland."

Ég held, hæstv. forseti, að menn geti tekið undir það sem stendur hér. Það eru ekki hinir smáu bátar sem valda skaðanum, sem gera það að verkum að stofninn er í hættu. Það eru miklu afkastameiri skip ef til þess kæmi sem geta sópað upp fiskinum á miklu skemmri tíma og í hvernig veðri sem er.

Allir sem hafa stundað sjó á smábát vita að það eru veðurguðirnir, það er veðrið sem skiptir töluverðu máli. Það skammtar þessum bátum veiðitíma og veiðistund. Það er því alveg út í hött að ætla að þrengja svo að þessum bátaflota að í mörgum byggðarlögum þar sem útgerð slíkra báta skiptir höfuðmáli muni verða miklir erfiðleikar. Það er því mikilvægt að 9. gr. gömlu laganna verði samþykkt óbreytt og smábátaeigendur geti veitt áfram án takmarkana.

Ég þarf ekki að koma inn á að í sjútvn. voru að sjálfsögðu rædd töluvert mörg mál, en þrátt fyrir það tel ég að umfjöllun í nefndinni hefði mátt taka töluvert lengri tíma og fara hefði mátt ítarlegar í ýmsa hluti, sérstaklega er varðar fiskverndun, gæðaeftirlit, meðferð afla og hvaða leið tryggði mestu arðsemi í sjávarútvegi. Það hefur verið unnið þannig að það hefur ekki verið ætlast til að Alþingi fengi að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti. Það hlýtur að vekja upp margar spurningar um stöðu Alþingis og hvernig á að vinna mál. Ef Alþingi er aðeins afgreiðslustofnun fyrir einstaka ráðherra og ríkisstjórnir, þá er ekki vel komið.

Á þjóðveldisöld lentum við undir forræði Norðmanna vegna þess að einn þáttur í þrískiptingu ríkisvaldsins brást, þ.e. framkvæmdarvaldið. Ýmislegt bendir til þess að við séum á leið til annarrar áttar, þ.e. framkvæmdarvaldið sé að taka bæði dómsvald og löggjafarvald í sínar hendur. Í tillögum okkar borgaraflokksmanna er gripið á þessum málum hvorum tveggja því að ef frv. er lesið yfir kemur glöggt í ljós að það er í rauninni aðeins hluti af því sem er ætlast til að Alþingi fjalli um, en stóra hluta og ekki viðaminni en eru í lögunum sjálfum er ætlunin að afgreiða í reglugerð. Okkur voru þó sýnd drög að reglugerðum í nefndinni og gátum haft áhrif á það væntanlega að þær væru eitthvað bættar. En í frv. er í raun verið að afhenda ráðuneytinu og

ráðherra löggjafarvald miklu meira en er ætlunin með stjórnarskrá okkar. Við höfum í okkar tillögum hjá Borgarafl. lagt til að til að koma í veg fyrir þetta valdaafsal sé kosin sérstök framkvæmdanefnd sem fari með stjórn fiskveiða ásamt sjútvrh. Þegar maður lítur til þess að hér á Alþingi er oft og tíðum kosið í alls kyns nefndir og ráð sem hafa miklu minni völd en ráðuneytinu er ætlað í þessu frv. verður maður undrandi yfir því að það skuli ekki vera framkvæmdanefnd til að fara með stjórn fiskveiða, sem er stærsta hagsmunamál þjóðarinnar. Ef litið er til þess þegar hér er verið að kjósa í einhverjar frekar valdalitlar nefndir úti í bæ, sem þykir nauðsynlegt að kjósa í á Alþingi, spyr maður: Er ekki meiri þörf á því að það sé kosin framkvæmdanefnd til að fara með stærsta og mikilvægasta málaflokk þjóðarinnar? Ég held að svarið hljóti að vera jákvætt.

Þá höfum við gripið á í okkar till. í Borgarfl. til bóta við þetta frv. að það sé sérstakur dómstóll, fiskveiðidómur, sem fjalli um þau atriði laganna sem dæma þarf um. Á síðasta ári féll dómur fyrir Mannréttindadómstólnum í Strasbourg. Það mál fjallaði um að framkvæmdarvaldið var að dæma í málum sem það kom nálægt sem handhafi framkvæmdarvalds. Við undirritun okkar að sáttmála um þessi mál hjá Evrópuráðinu höfum við skuldbundið okkur til að hafa í heiðri þrískiptingu ríkisvaldsins og þar með að dómsvald sé ekki falið framkvæmdarvaldinu heldur sé það falið dómstólum. Ég á von á því að eins og þegar Jón Kristinsson frá Akureyri hjólaði með sitt mál til Strasbourgar, ef við getum orðað það þannig, eigi einhver eftir að sigla til Strasbourgar með sitt mál og hann mun örugglega vinna sitt mál þar ef Hæstiréttur verður ekki þá þegar búinn að dæma í þá veru.

Þessi brotalöm í lögunum er mjög alvarleg og sýnir að þessi lög eru alls ekki í samræmi við hugmyndir þeirra manna sem settu okkur stjórnarskrá. Því er mikilvægt að Alþingi ígrundi vel lagasetningu og afsal á völdum til einstakra ráðherra og ráðuneyta. Það er tvímælalaust rétt að það sé sérstakur dómstóll sem fjalli um þessi mál. Það er ekki nokkur vafi á að verði þessi lög afgreidd með slíkum hætti sem þau liggja hér fyrir mun reyna á þetta mál fyrr en síðar.

Ég hef rætt atriði er varða lögin sjálf. Þá er það gildistíminn sem við teljum að sé allt of langur. Miðað við þau lög sem hér liggja fyrir ætti hann að vera í mesta lagi eitt ár. Hitt er annað mál að ef þessi lög væru afgreidd með sæmilegum friði og samvinnu bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, eins og hv. 1. þm. Vestf. kom inn á. Þá væri ástæðulaust að hafa einhvern gildistökutíma í lögunum heldur mættu þau gilda eins og önnur lög ótiltekið, eins og talsmaður Alþb. hefur komið réttilega inn á, hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson. Ég tel að hefði verið nægur tími og unnið þolanlega að þessum málum hefðum við getað afgreitt lögin með þessum hætti.

Ég hef lesið eins mikið af því máli sem hér liggur fyrir og hægt er og sett mig inn í það eins og tök eru best á. Ég get sagt það um till. hv. 1. þm. Vestf. að þar eru till. sem ég gæti vel hugsað mér að styðja. Ég held að það sé betra að gildistíminn séu tvö ár en þrjú ár þó ég óski frekar eftir að hann sé eitt ár. Ég held líka að það sé til bóta að kosin sé níu manna nefnd til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskistofna að loknum gildistíma laga þessara. Ég held að það sé mikilvægt að allir þingflokkar eigi þess kost að skipa menn í slíka nefnd og hafa áhrif á gang mála.

Ég vil líka taka undir þá till. hjá hv. 1. þm. Vestf. þegar hann leggur til að þau skip sem fórust á árunum 1983–1984 skuli eiga rétt á veiðileyfi. Það er sorglegt að hugsa til þess að stífnin skuli vera svo mikil í þessu máli að spurningin um hvort menn voru á réttum degi, öðru hvorum megin við lögfestingu þessara laga, skuli skipta öllu máli um hvort þeir eiga rétt á skipi innan marka þessara laga. Það hlýtur að höfða til réttlætiskenndar þeirra manna sem á annað borð hafa réttlætiskennd að menn, sem hafa átt þessi skip skuli ná rétti sínum. Það er undarlegt að hugsa til þess að menn skuli vera svo stífir á dagsetningum að þessir menn skuli vera látnir út á gaddinn.

Það er ekki nokkur vafi á að þetta eru aðeins tíu skip og átta þeirra mjög smá sem hafa sáralítil áhrif á heildarkvótann. Hins vegar eru tvö loðnuskip sem okkur er tjáð að muni hafa í för með sér e.t.v. 4% minnkun hjá öðrum loðnuskipum, en þá er á það að líta að eigendur hinna skipanna, sem nú eru í rekstri, hafa auðvitað fengið þessi 4% vegna þess að þessi skip hafa ekki fengið að veiða. Það er því mikið réttlætismál að eigendur þessara skipa nái þeim rétti sem þeir eiga. Ég tel því mikilvægt að menn geti sameinast um slíka hluti sem skipta ekki höfuðmáli ef maður lítur yfir heildina.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að halda orðinu mjög lengi, enda hafði ég talað í 1. umferð um þessi mál, en þó verður að líta á það að þessi málaflokkur er okkar stærsti málaflokkur og mikilvægasti. Því verður ekki komist hjá að fjalla um hann og hefði þó þurft miklu meiri tíma til. Ég vildi óska þess að menn hefðu verið heldur samvinnuþýðari varðandi það og hefðu tekið upp þetta mál fyrr á þingi og gefið því þann tíma sem það hefði þurft. Ég ætla að undirstrika að þeir þm. sem eiga sæti í Nd. sýni þann kjark, og ég endurtek kjark, að standa við það sem þeir hafa sagt í blöðum og fjölmiðlum undanfarnar vikur. Hér hafa menn talað um ýmislegt varðandi þessi mál og haft stór orð í frammi. Nú mun reyna á það innan tíðar hvort menn standa við þessi orð eða hvort þetta er bóla sem hjaðnar. Það er vafalaust svo að það er meiri hluti þm. á móti þessum lögum. Það er aðeins spurning um hvort þeir hafa kjark til að breyta þeim til bóta. Það geta þeir gert væntanlega þegar frv. verður afgreitt mjög fljótlega.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka

nefndarmönnum í sjútvn. fyrir samstarfið og formanninum sérstaklega þó það hafi verið stutt því ég kom ekki inn í þessa nefnd fyrr en milli jóla og nýárs þannig að samstarfið var stutt en ánægjulegt.

Þetta frv. um stjórn fiskveiða á næstu árum tekur til viðamikilla þátta sem snerta daglegt líf allra Íslendinga. Auðlindirnar í hafinu umhverfis landið eru sameign allrar þjóðarinnar. Það er því ljóst að taka verður tillit til margra sjónarmiða þegar tekin er ákvörðun um svo veigamikið mál sem skipulag og stjórn á nýtingu þessarar dýrmætu auðlindar.

Í 1. gr. frv. segir að fiskistofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Í stefnuskrá Kvennalistans segir svo, með leyfi forseta:

„Lífríki hafsins er ein dýrmætasta auðlindin sem við Íslendingar höfum aðgang að. Þessa auðlind, sem er eign allrar þjóðarinnar, verðum við að umgangast þannig að ekki sé hætta á ofnýtingu."

Kvennalistinn getur því vel tekið undir þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem fram kemur í 1. gr. frv., en þá er líka nánast allt upp talið sem hægt er að taka undir í frv.

Sú tilhögun að úthluta veiðiheimildum gefins beint til einstaklinga og útgerðarfélaga, sem geta ráðskast með þær í eigin hagsmunaskyni, hlýtur hins vegar að vera í mótsögn við yfirlýsinguna um þjóðareign. Þannig eru allar aðrar greinar frv. í mótsögn við 1. gr.

En það er ekki bara þetta í frv. sem vekur athygli því að ef flett er í gegnum þetta frv. er nánast í hverri einustu grein fyrir utan þá fyrstu talað um annaðhvort að sjútvrh. skal, ráðherra er heimilt, ráðherra má ákveða í reglugerð, ráðherra getur ákveðið, ráðherra skal með reglugerð, nánari ákvörðun ráðherra o.s.frv. Þannig að það er nánast sama hvert litið er í þessu frv. Allt vald er flutt til ráðherra.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. Jón Sæmundur Sigurjónsson talaði um í sinni ræðu við 1. umr. að heimild til ráðherra væri 25 sinnum nefnd í álitinu. Ég taldi nú enn þá fleiri skipti, en ég læt liggja á milli hluta að fara nánar út í það. En þetta er langt frá því að vera nokkuð í líkingu við það sem Kvennalistinn telur vera við hæfi því að þarna er verið að boða mikla miðstýringu.

Tillögur Kvennalistans ganga hins vegar út á það að veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga sem úthluta síðan veiðileyfum eftir aðstæðum á hverjum stað. Þetta mundi þýða mikla valddreifingu. Þannig yrðu sveitarfélögin sjálf látin meta hverjir ættu helst að fá veiðileyfi og hversu mikið því að valddreifing er ekki fólgin í því að ráðherra segi öðrum hvað þeir eiga að gera. Þetta mundi líka auka sjálfstæði sveitarfélaganna sem hefur verið talað heilmikið um hér. Er m.a. verið að ræða í deildinni frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Þar er talað um að markmið með því frv. sé að auka sjálfstæði sveitarfélaganna. En þó að ég sé ekki sammála því að það sé gert með því frv. sem þá var lagt fram er frv. um stjórn fiskveiða a.m.k. mjög langt frá því að vera neitt í líkingu við það sem hægt er að kalla aukna valddreifingu eða aukið sjálfstæði sveitarfélaga.

Tillögur Kvennalistans ganga líka út á að klippa á sambandið milli veiðiheimilda og skips. Nú er það þannig að skip seljast fyrir svimandi upphæðir vegna veiðiheimildanna en ekki vegna þess að skipin þurfi endilega að vera svo góð. Það er sem sagt verið að selja fiskinn sem enn syndir í sjónum og er eign okkar allra. Er því mjög undarlegt að þetta skuli vera heimilt þegar tekið er mið af 1. gr. í þessu frv. eins og ég sagði áðan.

Salan á þessum skipum eða réttara sagt fiskinum í sjónum getur þess vegna valdið mikilli byggðaröskun og hefur reyndar nú þegar gert það. Það er ákvörðun einstakra manna hvort heilu byggðarlögin missa e.t.v. sitt eina atvinnutæki. Það er eiginlega flest sem mælir á móti því að hafa veiðiheimildirnar eingöngu tengdar skipunum. Það hefur líka heyrst, og ég sel það ekki dýrara en ég keypti, að þeir sem hafi fengið veiðiheimildir án endurgjalds hafi síðan getað selt þær, hætt við útgerð og lifi síðan góðu lífi af því sem þeir hafa fengið fyrir kvótann.

Ég velti því fyrir mér hvernig skattlagningu er háttað á afrakstri þessa kvóta og get beint því til fjmrh. að það sé ein leið til að auka tekjurnar í ríkiskassann að athuga aðeins hvernig er háttað þessari kvótasölu. Það má spyrja að því hvort lagður sé söluskattur á kvótann.

Sú grein sem hefur langmest verið fjallað um er núverandi 10. gr. í frv. eins og það kemur frá Ed. og hefur hún langmest verið til umræðu bæði í þinginu og eins fyrir utan. Í sjútvn. var hún líka langmest til umræðu. Þær breytingar sem nú er lagt til að gerðar verði á henni eru kannski í áttina, en sú till. sem kemur fram frá meiri hl. nefndarinnar er hálfgerð magalending eftir þær umræður sem voru þó í nefndinni og maður hélt að mundu leiða til einhvers, ekki síður með tilliti til þeirra umræðna sem fóru fram við 1. umr. um þessa grein þar sem margir, ekki bara stjórnarandstaðan heldur margir stjórnarliðar, lýstu sig andvíga greininni eins og hún var. Hún er nú lítið breytt þannig að hún er undarleg sú niðurstaða sem varð hjá meiri hl. nefndarinnar.

Það má líka spyrja: Hvers vegna þurfa smæstu bátarnir endilega að falla undir kvóta? Af hverju þurfa þeir endilega að vera líka með? Það er mjög lítill hluti af aflanum sem þeir veiða og hlutdeild þeirra í auknum afla hefur heldur ekki aukist þrátt fyrir aukinn fjölda báta eftir þeim upplýsingum sem við höfum undir höndum. Í gögnum frá ráðuneytinu kemur greinilega fram að hlutdeild þeirra hefur ekki aukist þó bátafjöldinn hafi aukist mikið.

Það er talið að þessi útgerð sé miklu hagkvæmari en önnur og að betri afli komi á land úr þessum bátum. Ekki er hægt að sjá að þarna sé um verndunarsjónarmið að ræða. Það er ekkert sem styður það. Þannig er erfitt að sjá neitt sem mælir með kvóta á þessa báta. Ekki er hægt að sjá að þarna sé verið að hugsa um aukið öryggi. Það er frekar hið gagnstæða, að það sé miklu meiri hætta á

því að þeir sem er núna bannað að róa á ákveðnum dögum, sem hefur fjölgað mjög mikið frá núgildandi lögum, fari þá frekar að róa í slæmum veðrum. Má benda á það sem kom fram í samtali við Harald Jóhannsson, trillukarl úr Grímsey, í Morgunblaðinu 3. janúar, en þar segir hann, með leyfi forseta, þegar hann er að tala um banndagana:

„Þetta kemur mjög harkalega út í Grímsey. Í gegnum tíðina hefur veðráttan sett á okkur 270–280 banndaga á ári á handfærum. Okkur hefur fundist óþarfi að bæta á þessa banndaga af ráðuneytinu úr Reykjavík. Mikill hluti þessara daga kemur á versta tíma fyrir okkur."

Það er mikil hætta á því að úr því að þessir banndagar koma að auki fari menn að fara frekar út í viðsjárverðum veðrum.

Það er líka annað, að það er meiri hætta á því að þeir fari að róa einir sem hafa þó verið tveir eða fleiri saman á báti. Og það er líka slæm aðstaða í höfnum víða um land. Hún er þannig sums staðar að það er eingöngu hægt að hafa smábáta. Við getum tekið sem dæmi Arnarstapa, Grímsey, Bakkafjörð og Borgarfjörð eystri þar sem hafnaraðstaða er þannig að þar er ekki möguleiki að vera með annað en smábáta. Það eru litlar horfur á því að þetta muni batna. Þó það sé örlítil aukning til hafna í fjárlögum er alls ekki nein von til þess að aðstaðan batni á þessum stöðum.

Það hefur stundum verið talað um að við sem erum andvíg 10. gr. séum að daðra við trillukarlana. En þegar betur er að gáð er spurningin: Hver er að daðra við hvern og hverra hagsmuna er verið að gæta? Eru það kannski „hákarlarnir" í málinu sem verið er að reyna að koma til móts við fremur en „smáfiskana"?

Ef tekið verður tillit til tillagna Kvennalistans í málinu væri þetta ekkert vandamál. Byggðarlögin yrðu sjálfráð um hvernig veiðiheimildunum yrði deilt út, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þá yrði að taka tillit til allra hagsmunaaðila. Það gleymist nefnilega stundum að fleiri eiga hagsmuna að gæta en útgerðarmenn og sjómenn. Þeir sem fiskinn vinna í landi vilja oft gleymast í þessu sambandi. Ráðstöfun aflans er ekki mál útgerðar- og sjómanna einna heldur líka fiskvinnslufólksins.

Í frétt í Morgunblaðinu 31. des. 1987 um verðmæti sjávarafla kemur fram að það hefur aldrei verið meira en nú og talað er um að hækkunin sé um 20% í krónum talið. Og hver hefur notið þessarar aukningar? Eflaust má rekja þetta að einhverju leyti til bættrar meðferðar og vinnslu og aukinnar menntunar fiskvinnslufólks sem þrátt fyrir allt þetta býr við alls óviðunandi launakjör og starfsskilyrði. Fiskvinnslan og þeir sem að henni starfa vilja oft gleymast í umræðunni. En það er einmitt þetta fólk, sem að stærstum hluta eru konur, sem vinnur það mikilvæga starf að auka verðmæti aflans. Þrátt fyrir aukinn útflutning með ferskan fisk og hærra verð fyrir hann en nokkru sinni fyrr er sá markaður, sem byggður hefur verið upp vestan hafs, okkar öruggi og tryggi markaður, ekki hvað síst vegna sífellt betri og vandaðri vinnubragða í fiskvinnslunni. Þetta er engan veginn metið og umræðan um fiskveiðistefnuna snýst allt of mikið um þá sem veiða fiskinn og þá sem er afhentur fiskurinn gefins og ráðskast með hann að eigin vild og geta sigit og selt í vinnslu eða hreinlega selt fiskinn sem enn þá syndir í sjónum eins og ég sagði áðan. Er ekki kominn tími til að meta störf fólksins í fiskvinnslunni, bæði með því að tryggja því ávallt hráefni og þar með atvinnuöryggi og mannsæmandi laun og starfsskilyrði? Það er því út í hött að tala um hagsmunaaðila og meina aðeins þröngan hóp manna. Öll íslenska þjóðin á hagsmuna að gæta í þessu máli.

Ef ekki verður fallist á brtt. Kvennalistans mun ég styðja flestar af þeim brtt. sem fram koma á þskj. 479, brtt. hv. 1. þm. Vestf. Ef ég tek aðeins till. nr. 3 á því blaði hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Þó mér finnist till. ganga aðeins of skammt og það geti reynst erfitt að meta hvort sala á skipi valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu finnst mér þó þessi till. vera mjög í þeim anda, sem Kvennalistinn hefur viljað, að taka meira tillit til byggðarlaganna og þar af leiðandi munum við styðja þessa till. ef ekki verður fallist á okkar till. sem ég tel frekar ólíklegt núna. Ég tel þessa till. þess vegna mjög nauðsynlega inn í frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil einnig minnast á gildistíma laganna sem kemur fram í 5. till. á sama þskj. Eins og fram kemur í okkar till. höfum við talað um fimm ára gildistíma, en það er að sjálfsögðu miðað við að till. okkar verði samþykktar. En frv., sem við erum að fjalla um núna, er nánast það sama eða kannski heldur verra en núgildandi lög og þess vegna mun ég styðja till. um eins árs gildistíma eins og gert er ráð fyrir á till. hv. 1. þm. Vestf.

Í ákvæði til bráðabirgða með frv. er talað um að skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Ef litið er aðeins nánar á þetta og litið á núgildandi lög kemur í ljós að í ákvæði til bráðabirgða stendur, með leyfi forseta:

„Sjútvn. skal fyrir 1. nóv. 1986 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Þetta var ekki gert. Þess vegna finnst mér ekkert líklegra — þó maður geti alltaf vonað — að sjútvrh. þurfi endilega að fara eftir þessu bráðabirgðaákvæði þó ég sé jákvæð ef það er meiningin að gera þetta og gera það fljótt. Þess vegna styð ég frekar þá brtt.

sem kemur frá 1. þm. Vestf. þar sem segir í 6. till. um ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara. Sjútvrh. skipar formann nefndarinnar.

Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.

Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af þeirra eigin fiskveiðistjórn."

Það er líka gert ráð fyrir hérna, ég hirði ekki að lesa það, að hafa samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Ég tel að þetta sé bæði miklu betra orðalag á greininni og líka gert ráð fyrir að Alþingi kjósi níu manna nefnd þannig að allir þingflokkar ættu þá að eiga aðild að henni og hún mundi eiga að skila áliti eftir eitt ár. Ég er líka ánægð með það sem á að taka tillit til, eins og að taka tillit til byggðarlaganna og byggðaþróunar í landinu. Það er því miklu fyllra og betra að samþykkja ákvæði til bráðabirgða eins og það er orðað þarna en eins og það er í frv. eins og það liggur fyrir. Ég vænti þess að það verði reynt að sameinast um það og tel það vera mikið til bóta ef þessi nefnd verður kosin eins og þarna er gert ráð fyrir.

Það kom m.a.s. fram í útvarpsþætti, ég man ekki reyndar nákvæmlega hvaða dag það var, að einn af fulltrúum þessara svokölluðu helstu hagsmunaaðila eða líklega allra helsti hagsmunaaðili, Kristján Ragnarsson, sagði að hann væri á móti því að það væri blandað saman hagsmunaaðilum og þingmönnum. Ég held því að það geti allir fallist á að breyta skipan nefndarinnar eins og gert er ráð fyrir í þessari till.

Það hafa komið fram ýmsar hugmyndir til lagfæringa og breytinga á núgildandi kerfi án þess að á það hafi verið hlustað. Það er eitt af því sem maður hefur einhverjar efasemdir um varðandi nefndaskipan ef það er fyrir fram ákveðið að engu skuli breytt og að það skuli vera líka ákveðið að það sé einn ákveðinn maður sem hafi svo mikið vald að engu skuli breytt nema hans samþykki liggi fyrir eins og ég hef á tilfinningunni. Því var haldið fram í einu dagblaðanna af hæstv. utanrrh. að engu skuli breytt í þessu nema með samþykki hæstv. sjútvrh. Það þykir mér ansi hastarlegt og spyr: Hvers vegna er þá yfirleitt verið að reyna að hafa áhrif til bóta ef það má ekki gera það nema einn maður, þá líklega einhver einræðisherra, sé því samþykkur? Ég vona að það sé ekki rétt, en hef það á tilfinningunni. Ég held þó að þetta hljóti að hafa verið einhver misskilningur og vona að svo hafi verið og það verður þá væntanlega leiðrétt ef vitlaust er eftir haft í þessu dagblaði.

Mér þykir leitt, herra forseti, ef við þurfum enn að ræða eitt svo mikilvægt mál, mesta hagsmunamál þjóðarinnar, án þess að hæstv. ríkisstjórn sé nærri, að undanteknum hæstv. sjútvrh., og ekki virðast heldur margir aðrir hv. þm. stjórnarflokkanna ætla að slíta sér út á að hlusta á það sem sagt er í deildinni um þetta mál. Það eru að vísu nokkrir hér núna, mjög ánægjulegt að sjá þá. Hvar eru allir sem þóttust vera óánægðir með frv. þegar það var lagt fram í deildinni og kemur nú fram nærri því óbreytt? Eru þeir kannski týndir eða eru þeir einhvers staðar úti í horni að ákveða að greiða þessu frv. atkvæði þó þeir hafi lýst sig mjög óánægða með það? Það voru nokkrir þm. stjórnarflokkanna sem lýstu sig andsnúna frv. við 1. umr. Þeir virðast vera horfnir nema einn héðan úr þingsalnum. Ég vonast til að heyra betur álit þeirra, en ætla ekki að hafa þetta mál lengra núna.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

49. fundur, þriðjudaginn 5. jan., kl. 3.30 miðdegis.

Söluskattur, ein umr.

Stjfrv., 196. mál (matvæli, undanþágur o.fl.). — Þskj. 485.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 10:1 atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. þetta var endursent úr Nd. og hefðum við búist við því hér í deildinni, meiri hl., að Nd. mundi standa rösklega að málinu þannig að okkur væri óhætt að láta það standa að lögin öðluðust gildi 1. jan. 1988, en svo hefur nú brugðið við að Nd. hefur ekki afgreitt málið fyrr en í dag og í samræmi við daginn var nauðsynlegt að breyta upphafsorðum 9. gr. Nú stendur þar að lög þessi öðlist þegar gildi í stað þess að lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1988. Frekari breytingar er ekki um að ræða á frv. Málið er þrautrætt hér í deildinni og skýrt fyrir mönnum svo ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, en legg til að málið verði samþykkt í samráði við meirihlutavilja fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gat um hefur þetta mál verið rætt ítarlega í þessari virðulegu deild áður við þrjár umræður og einnig

hefur það fengið rækilega meðferð í hv. Nd. núna síðustu dagana.

Ég hygg að fá mál hafi á seinni árum vakið upp eins harða andspyrnu hér á hv. Alþingi og þetta frv. um matarskatt sem gerir ráð fyrir að leggja 5750 millj. kr. á matvörur á þessu nýbyrjaða ári, 1988. Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum heldur að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa beitt sér mjög eindregið gegn þessu máli og freistað alls til að reyna að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í þessu efni og stjórnarandstöðuflokkarnir hafa vissulega notið góðs stuðnings einstaka þm. úr stjórnarflokkunum eins og hv. 3. þm. Vestf.

Það hefur komið fram af hálfu Alþb. varðandi þennan matarskatt að við munum strax og við fáum möguleika til að hafa áhrif á stjórnkerfið breyta þessari skattlagningu. Við teljum hana óhæfu. Hún er atlaga að lægst launaða fólkinu í landinu sérstaklega. Alþfl. hafði það lengi á stefnuskrá sinni að leggja á skatta hlutfallslega hækkandi eftir hækkandi tekjum. Hann hefur núna tekið upp nýja stefnu sem felst í því að leggja þeim mun hærri skatta á fólk sem það hefur lægri tekjur. Það birtist sérstaklega í þessum matarskatti og svo í því að hátekjuþrep í tekjuskatti hefur verið fellt niður þrátt fyrir þær brtt. sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt bæði í þessari hv. deild og sömuleiðis í Nd.

Það verður ekki annað sagt en að við höfum reynt allt sem unnt er til að koma í veg fyrir að þessi ósköp verði að veruleika, þessi jólagjöf til þjóðarinnar í kringum jólin á árinu 1987 sem ríkisstjórnin knýr nú fram með mjög óvenjulegum hætti á þeim hátíðisdögum sem nú standa yfir.

Það hefur einnig borið á góma í sambandi við þessa skattlagningu að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að nota hluta af þessum tekjum, eða um 1250 millj. kr., til að greiða niður söluskatt af mjólk, kindakjöti og osti. Þessar tölur, 1250 millj. kr. annars vegar og 5750 millj. kr. hins vegar, byggjast á verðbólguspám sem þegar er ljóst að eru úreltar. Bæði hefur Seðlabankinn gert grín að þessum áætlunum með sérstakri tilkynningu, sem ég kynnti á Alþingi fyrir jólin, þar sem það kemur fram að þessi verðbólguspá, sem miðað er við í fjárlagafrv., stenst engan veginn og Þjóðhagsstofnun hefur einnig mótmælt þessari verðbólguspá mjög harðlega og bent á að hún sé í rauninni úrelt orðin og vitleysa.

Í fréttum Stöðvar 2, sjónvarpi, í gærkvöld var skýrt frá því að ríkisstjórnin hefur látið reikna út þrenns konar tilvik varðandi þróun verðbólgu árið 1988. Þar mun í fyrsta lagi vera gert ráð fyrir samkvæmt fréttum stöðvarinnar 16% verðbólgu, í öðru lagi 20% verðbólgu og í þriðja lagi var reiknað út dæmi sem sýndi 52% verðbólgu á árinu 1988. Þessar verðbólgutölur eru allar hærri og miklu hærri en forsendur fjárlaga því að þar er miðað við allt aðrar tölur en hér er um að ræða og þess vegna augljóst að ríkisstjórnin mun vegna aukinna veltuskatta á árinu 1988 fá miklu meira inn í ríkissjóð en gert hefur verið ráð fyrir í krónum talið. Á móti getur ráðherrann haldið því fram, hæstv. fjmrh., að útgjöld ríkisins muni vaxa þar á móti og auðvitað er nokkuð til í því. En ekki öll útgjöld ríkisins. Hluti útgjalda ríkisins er settur fastur í krónutölu, t.d. framlög til einstakra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, og samkvæmt fjárlögunum sem þegar hafa verið afgreidd er gert ráð fyrir tiltekinni tölu til niðurgreiðslna á matvöru.

Þar sem það liggur fyrir að stórauknar tekjur muni koma inn í ríkissjóð á næsta ári vegna meiri verðbólgu en spáð er er eðlilegt að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún auki niðurgreiðslur í samræmi við auknar tekjur ríkisins af veltusköttum. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ætlun ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að niðurgreiðslur á búvörum verði hækkaðar í samræmi við auknar tekjur af veltusköttum þannig að niðurgreiðsluhlutfallið af landbúnaðarafurðum haldist óbreytt á árinu 1988 en lækki ekki stórkostlega eins og gerist ef ráðherrann heldur sig við þá tölu sem nú er í fjárlögum?

Ég veit að þetta er mál sem skiptir geysimiklu. Afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu efni verður til staðfestingar á því hver í raun og veru meiningin er með endurgreiðslum á söluskatti af matvörum. Er í raun og veru ætlunin að hafa þetta sem bráðabirgðafyrirkomulag eða er ætlunin að tryggja til langframa að niðurgreiðslur eigi sér stað af þessum landbúnaðarafurðum? Vita menn þó að landbúnaðurinn hér á landi á með sínar framleiðsluvörur mjög undir högg að sækja um þessar mundir.

Ég hygg að það væri ástæða til að inna líka hæstv. landbrh., sem á sæti í þessari deild, eftir hvaða skoðun hann hefur á þessu máli sem snertir niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum: Er sem sagt meiningin að tryggja að þær verði óbreyttar að verðmæti eða þær verði óbreyttar að krónutölu og rýrni þar með í raun og veru sem hlutfall af verði landbúnaðarafurða?

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja meira um þetta mál að sinni, herra forseti, en aðeins að ítreka að okkar afstaða er sú, alþýðubandalagsmanna, að við munum greiða atkvæði á móti þessu frv., þegar það kemur til endanlegrar atkvæðagreiðslu í þessari virðulegu deild, í samræmi við það sem áður hefur gerst af okkar hálfu, bæði fyrr í þessari deild og svo síðar í hv. Nd.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Þá gengur hæstv. fjmrh. út. E.t.v. þykir honum það orðið leiðinlegt að hlusta á skammir vegna þessa vonda frv. sem hann hefur borið fram fyrir þingið. En það er ekki hægt að láta það mótmælalaust þegar þetta mál kemur enn einu sinni til umræðu í Ed. og eru reyndar síðustu forvöð fyrir hv. þm. að átta sig á því hversu óréttlát þessi ráðstöfun er. Það er hreint og beint óþolandi að hlusta á hæstv. fjmrh. sem því miður er genginn úr stofu hér. Ég ætla að endurtaka: Mér finnst óþolandi að hlusta á hæstv. fjmrh., hversu sjálfbirgingslegur hann er og hversu illa og litlu hann svarar um

þetta frv. þegar leitað er eftir svörum hjá honum hvernig á að mæta þeim vanda og jafnvel neyð sem hann er að bjóða heimilum landsmanna upp á. Það er óréttlæti sem fólgið er í þessum matarskatti sem fjmrh. ætlar að koma á þjóðina. Það er ekki í takt við yfirlýsingu hans og slagorð um einföldun, skilvirkni og réttlæti vegna þess að í þessu felst ekki réttlæti. Það er sérstaklega óréttlátt gagnvart heimilum launþega, einkum gagnvart heimilum barnmargra og lágtekjufjölskyldna. Okkur er sagt að framfærslukostnaður muni ekki hækka, en þar er um að ræða meðaltöl. Þar er ekki tekið tillit til einstaklinga. Það er heldur í raun ekki tekið tillit til þess hvernig efnahagslegt andrúmsloft verði á því ári sem nú fer í hönd. Við hlustum á spár um samdrátt. Við hlustum á spár um hækkandi verðbólgu. Við hlustum á spár um gengisfellingu. Það er líklegt að á næsta ári muni sverfa að heimilunum meira en nú gerir. Það er lítil jafnaðarstefna sem fólgin er í frv. og væri jafnaðarmanni nær að ganga að þeim matarholum sem feitastar blasa við, stóreignafólki og vel stöndugum fyrirtækjum. En þar er aftur tekið á með silkihönskunum.

Það stef réttlætis er horfið úr pólitískri stefnu þess flokks sem kennir sig við jafnaðarmennsku og það er vond þróun og mál að lýsa eftir jafnaðarflokki á þessu landi.

Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim hluta þingsins sem hyggst styðja þetta frv. og tel slíka afstöðu ekki bara ögrun og óvinveitta heimilum launþega og reyndar allra landsmanna. Ég tel slíka afstöðu vera pólitíska heimsku, einkum þeirrar ríkisstjórnar sem nú ætlar að fara í kjarasamninga við launþega þessa lands.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Enn einu sinni erum við komin með söluskattsfrv. á dagskrá hér í hv. deild. Við erum búin að láta mörg orð falla um það óréttlæti sem væntanleg lög um matarskattinn bera með sér og þarf ekki að fjölyrða öllu frekar um það. Það er hryggilegt að verða vitni að því þegar þm. stjórnarliðsins í hv. deild munu endanlega ganga frá því að það verði lagður 25% matarskattur á heimilin í landinu. Ummæli hæstv. fjmrh. eru þess efnis að með ýmsum hliðarráðstöfunum verði um niðurgreiðslur að ræða sem muni draga verulega úr þeim hækkunum sem matarskatturinn hefur í för með sér. Ég dreg mjög í efa að það standist sem hann hefur þar sagt. Það er ekki nokkur vafi á því og það hefur reyndar oft komið fram hér í umræðum að matarskatturinn mun leggjast mjög þungt á hina tekjulægri. Staðhæfingar þess efnis að framfærsluvísitala muni nánast standa í stað eða hækka lítið sem ekki neitt orka mjög tvímælis að standist í reynd, enda eru veður mjög válynd og fram undan eru óróatímar þar sem má búast við að verðbólga fari aftur á fullt skrið. Það er þegar farið að tala um gengisfellingu og reyndar mjög háværar raddir sem tala svo að það verði ekki umflúið að fella gengið fljótlega, a.m.k. þegar kemur fram á útmánuði. Allt stefnir þetta að því að það verði mjög vandlifað í þessu landi þegar komið verður fram á mitt ár.

Sem dæmi um þann flumbrugang sem hefur verið samfara allri þeirri málsmeðferð sem frv. hefur fengið má nefna að við umfjöllun í Nd. flutti þm. Borgarafl., hv. 11. þm. Reykn. Hreggviður Jónsson, brtt. við frv. þar sem hann hafði rekið sig á að hvergi í frv. er gert ráð fyrir að varahlutir, vélar og tæki fyrir skip og báta séu undanþegin söluskatti. Þessi brtt. var felld við endanlega atkvæðagreiðslu um allar till. í Nd., en þó kom greinilega fram að þm. stjórnarliðsins höfðu af þessu áhyggjur. Þarna hefði þeim yfirsést að laga þetta til. Hæstv. ráðherra svaraði þannig að með reglugerð gæti hann kippt þessu í liðinn. En það verður að segjast eins og er að það er ákaflega einkennilegt að verða vitni að því að meiri hl. alþm. stendur að því að fella brtt. um að varahlutir, vélar og tæki fyrir báta og skip verði undanþegið söluskatti, en ætla sér að treysta á að ráðherrann grípi til einhverra reglugerðarheimilda um að undanþiggja þessa hluti söluskatti. Spurt er hvort þetta stangist ekki á, hvort ráðherrann sé þá ekki að brjóta í bága við vilja þingsins. Vilji þingsins eða a.m.k. meiri hl. þingsins er ótvíræður. Meiri hl. þingsins vill ekki að varahlutir, vélar og tæki fyrir báta og skip verði undanþegnir söluskatti.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Við höfum flutt um þetta langar ræður og margt merkilegt komið fram í umfjöllun okkar um söluskattinn í hv. Ed. Ég læt orðum mínum lokið.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín þeirri spurningu hvort niðurgreiðslufé, sem ákveðið hefur verið, væri verðtryggt innan ársins eða hvort ríkisstjórnin hefði uppi áform um það. Svar við því er nei. Það er ekki áformað. Sú breyting sem hér tekur væntanlega gildi stendur til eins árs, söluskattsbreytingin sem slík. Áform ríkisstjórnarinnar eru þau að frá og með næstu áramótum taki gildi virðisaukaskattur og að hliðarráðstafanir því tengdar verði endurskoðaðar við gerð fjárlaga fyrir næsta ár og í tengslum við þann þátt þeirrar miklu skattkerfisbreytingar sem hér er um að ræða.

Að því er varðar verðlagsáhrif þessara breytinga, sem vikið var að, vil ég aðeins árétta að í fjárlagafrv. eins og það var lagt fyrir Alþingi sl. haust var gert ráð fyrir framlagi til niðurgreiðslna á búvöruverði að upphæð 1390 millj. kr. Í tengslum við þær kerfisbreytingar sem síðar hafa verið á dagskrá Alþingis var ákveðið að verja til niðurgreiðslna 1285 millj. eða alls 2675 millj. kr. Þessu til viðbótar hefur sú upphæð enn hækkað sem svarar 160 millj. vegna niðurgreiðslna á neyslufiski þannig að niðurgreiðslufjárhæðin er þar með komin í 2835 millj. Við það bætist síðan tvennt. Annars vegar endurgreiðsla á kjarnfóðurskatti til að halda niðri verði á afurðum svína og alifugla. Fyrir utan það að því næst er varið 600 millj. kr. til tekjujöfnunaraðgerða í formi barnabóta og barnabótaauka og hækkunar á bótum al-

mannatrygginga. Hér er því um að ræða fjárhæð alls rúmlega 3,5 milljarðar sem varið er til niðurgreiðslna og tekjujafnandi aðgerða í þessu skyni.

Því hefur ekki verið í móti mælt að verðlagsáhrif þessarar kerfisbreytingar í heild sinni þegar saman er tekið, sú verðlækkun sem hlýst af verulegri lækkun tolla, lækkun vörugjalds og þrengingu gjaldstofns í vörugjaldi, þ.e. afnám vörugjalds í mörgum greinum, ásamt með söluskattsbreytingunni hafi þau áhrif í heild sinni að framfærsluvísitala muni hækka en byggingarvísitala og lánskjaravísitala muni lækka. Að sjálfsögðu er það svo að þetta eru meðaltöl eins og hér kom fram. Þetta þýðir að útgjöld meðalfjölskyldu á Íslandi munu ekki hækka af völdum þessara breytinga í heild sinni og að því er varðar aðra sérstaka hópa, eins og t.d. barnmargar fjölskyldur sem njóta barnabóta og barnabótaauka, liggur ljóst fyrir að þær gera meira en að mæta þeirri 7% hækkun matvöruverðs í heild sinni og þær fjölskyldur munu þar af leiðandi ekki verða verr settar af völdum þessara breytinga eftir en áður.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það hefur bersýnilega verið þörf á þessari 7. umr. um þetta mál í þessari deild því enn þá einu sinni kemur hæstv. fjmrh. og heldur því fram að verðlagsforsendur þær sem hann byggi á hafi ekki verið vefengdar. Ég lýsi því yfir að ég vefengi þessar forsendur. Ég segi: Kjör láglaunafólks versna verulega við þessa breytingu. Og ég segi í öðru lagi: Þær verðbreytingar sem verðbólguspár ríkisstjórnarinnar byggja á munu ekki skila sér til lækkunar gagnvart almenningi í landinu. Ég hef enga trú á því og ég ber ekkert traust til verðlagsyfirvalda hæstv. viðskrh. í þessu efni. Ég hef enga trú á því að þetta skili sér. Það liggur fyrir að talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna og aðrir þeir sem hafa lýst andstöðu við þetta frv. hafa vefengt þetta og þeir gera það. Og það er alveg sama hvað hæstv. fjmrh. tyggur oft yfirlýsingar sínar í þessu efni. Þær munu engu breyta. Við skulum athuga hvað kemur upp úr talningunni hjá Hagstofunni og verðlagskönnun hennar þegar verður farið að skoða þau mál síðar á þessu ári, 1988. Við skulum fylgjast með því og við skulum athuga hver niðurstaðan verður. Hún verður ekki sú að þær skili sér í þágu láglaunafjölskyldnanna breytingarnar sem hér er verið að tala um.

Í annan stað er alveg hlálegt að heyra það endurtekið einu sinni enn við 7. umr. málsins í þinginu að þetta skipti sáralitlu máli t.d. gagnvart kjörunum í landinu í heild. Það er alveg ljóst að hjón sem hafa 40 000 kr. fyrir sig að leggja og eyða 25 000 kr. í mat, svo ég nefni heimsfræga matarútgjaldatölu sem hæstv. fjmrh. ætti að kannast við, koma miklu harkalegar út úr þessum breytingum en t.d. hjón eða fjölskylda sem eyðir 25 000 kr. í mat á mánuði en hefur 200 000 kr. á mánuði í tekjur. Það er augljóst mál að þau síðarnefndu fara betur út úr þessari kerfisbreytingu. Hagur þeirra batnar. Hin fyrrnefndu fara verr út úr þessari kerfisbreytingu. Hagur þeirra versnar. Fólk verður að borða. Það má segja að það séu í raun og veru einu rökin sem hafa heyrst fyrir þessum matarskatti að hér sé um að ræða alveg óhjákvæmilegan skattstofn sem ekki sé nokkur leið að svíkja undan. Og það er rétt. Menn verða að éta. Það er það sem hæstv. ráðherra sér. Það er jafnaðarstefnan. Matarskatturinn.

Hitt atriðið sem ég vil sérstaklega nefna snýr að niðurgreiðslunum. Það stendur þannig í dag að það er tiltekin upphæð til niðurgreiðslna. Það er gert ráð fyrir að þessi upphæð verði óbreytt allt árið 1988 hver sem verðbólgan verður. Það segir sig alveg sjálft að þetta þýðir að í lok ársins 1988 verða menn farnir að innheimta söluskatt af mjólk, af kindakjöti og af osti. Tökum dæmi af vöru sem kostar 100 kr. 20 kr. eru niðurgreiddar í dag. Í lok ársins kostar þessi vara miðað við 25% verðbólgu 125 kr. Áfram verða 20 kr. í niðurgreiðslur. Það þýðir að það er farið að taka 3–5 kr. í matarskatt af þessum vörum. Það er bersýnilegt að hæstv. fjmrh. hefur haft Framsfl. undir í þessu máli, svínbeygt hann. Framsfl. ætlar að láta yfir sig ganga að það verði lagður söluskattur á þessa vöru líka undir lok ársins 1988 ef hæstv. fjmrh. talar fyrir ríkisstjórnina alla, en það leyfir maður sér reyndar stundum og býsna oft að draga í efa, því að stundum hefur það gerst að hæstv. landbrh. hefur haft eitt og annað við það að athuga sem hæstv. fjmrh. hefur sagt og lagt fram í þinginu eins og frægt er og ég ætla ekki að endurtaka ráðherranum til ánægju.

Það er augljóst mál, ef það á að halda þessu svona miðað við þær verðbólguspár sem uppi eru, hvort sem það er 15, 20 eða 30% verðbólga, að skera á þessar niðurgreiðslur niður að raungildi á árinu 1988. Það er óhjákvæmilegt að inna hæstv. landbrh. eftir því hvort hann ætlar að láta kratana beygja sig svona. Ætlar hann að láta kratana knésetja sig með þessum hætti? Hvað ætlar hann að segja við bændur í Meðallandi og Landbroti þegar hlé verður gert á störfum þingsins næstu daga, ef svo fer, og þeir spyrja: Voru það kratarnir sem voru látnir ráða? Eru þeir farnir að stjórna landbrn. líka? (**GHG:** Stjórna öllu.) Stjórna öllu, segir hv. þm. Sjálfstfl. og þekkir þetta af eigin raun. — Það er óhjákvæmilegt að hæstv. landbrh. svari því hvort hann ætlar að láta þessi ósköp yfir sig ganga, hvort kratarnir eiga líka að fara að stjórna þessum málaflokki alveg lið fyrir lið, landbúnaðarmálunum. Það er best að segja það, herra forseti, að bændur landsins verða látnir vita af því að framsókn er að leggja skatt á matvörur og þessar landbúnaðarvörur. Alþb. mun láta bændur landsins vita af því tryggilega ef Framsfl. lætur kratana knésetja sig með þessum hætti eins og hæstv. landbrh. er að gera. Og ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann ætlar virkilega að haga sínum „seglbúðum“ með þeim hætti að hæstv. fjmrh. ráði þeim vindum sem blása.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að metast um

það hver ræður mestu í þessari ríkisstjórn. Það eru sjálfsagt aðrir sem munu fella þann dóm. En ég held að þessar auknu niðurgreiðslur, sem nú hafa verið ákveðnar til landbúnaðarvara, hljóti samt frekar að teljast í samræmi við stefnu Framsfl. en annarra flokka. Við vitum að við þessa fjárlagagerð hefur verið lögð til grundvallar ákveðin verðbólguspá. Ef þar út af víkur held ég að ríkisstjórn hljóti að verða að taka til athugunar hvort það þurfi að breyta útgjaldaliðum í samræmi við það. En hins vegar er nauðsynlegt líka að fylgjast með söluþróun á þessum vörum, í hvaða átt þessi breyting hefur áhrif, því að að öðru jöfnu ætti sú vara sem greidd er svo mikið niður að standa betur að vígi eftir breytinguna en áður.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins til að ekki valdi misskilningi taka það fram að ég hef litið svo á um þær fjárhæðir sem nefndar eru í fjárlagafrv. varðandi niðurgreiðslur að í þeim sé gert ráð fyrir sömu verðlagsþróun á árinu og varðandi fjárlagafrv. í heild. Í mínum huga er enginn vafi um að niðurgreiðslufjárhæðirnar geta breyst í samræmi við breytt grundvallarverð á vörum til bænda. Ég held að menn verði að gera sér þetta ljóst. Hugsunin á bak við þær fjárhæðir er sú að annað er óhugsandi. Ég hef að vísu ekki séð þann útreikning sem lagður er til grundvallar varðandi þessar fjárhæðir í fjárlagafrv., en efast ekki um að ég hafi rétt fyrir mér í þessu efni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka talsmönnum stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., fyrir þær yfirlýsingar sem þeir hafa gefið. Þær eru ótvíræðar. Hæstv. landbrh. segir: Ef út af víkur með tekjur verður að taka til athugunar hvort breyta á útgjaldaliðum í samræmi við það. Það þýðir að ef verðbólgan verður meiri en spáð er á að hækka niðurgreiðslurnar að krónutölu til að þær haldi raungildi. Það skil ég sem stefnu hæstv. landbrh. Hv. 2. Norðurl. e. hefur tekið undir þessa yfirlýsingu hæstv. landbrh. í raun. Þarna rær því hæstv. fjmrh. einn á báti, sem er ánægjuefni, og verður fróðlegt að spyrja að leikslokum í því.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins til að taka af tvímæli í þessu efni upplýsa að þegar upphæð niðurgreiðslufjár í framhaldi af ákvörðunum um þessa kerfisbreytingu var á dagskrá ríkisstjórnar voru fram settar óskir um að þessar niðurgreiðslur yrðu ekki ákveðnar sem föst krónutala pr. einingu heldur verðtryggðar. Þeirri kröfu var hafnað þannig að afgreiðsla ríkisstjórnar í þessu efni er algjörlega ótvíræð. Þær reglur sem við er miðað miða við fasta krónutölu pr. einingu.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er að vísu ekki eins vel að mér í fjárlögum og hæstv. fjmrh. og hef raunar ekki áður heyrt talað um hvað átt sé við með því að fjárhæðir séu verðtryggðar í fjárlögum, en hitt þykist ég vita að ákveðinn reikningur sé lagður til grundvallar þegar settar eru inn fjárhæðir í fjárlög og þá lagt til grundvallar að ákveðin verðþróun og launaþróun eigi sér stað í landinu. Ég geri ráð fyrir því, vegna þess að ég hef ekki heyrt annað og ég hef kynnt mér það hjá nefndarmönnum í fjvn., að svo sé um þessar tölur einnig, að þær séu ákveðnar með hliðsjón af líklegri verðþróun á árinu hvað varðar landbúnaðarvörur. Ef það er hins vegar rétt hjá hæstv. fjmrh. að hugsunin sé sú að krónutala í niðurgreiðslum sé þegar í stað ákveðin og verði í hans huga óbreytt það sem eftir lifir ársins eru það gagnlegar upplýsingar, en það er ekki þar með sagt að víst sé að öllum þeim þm. sem lýst hafa stuðningi við stjórnina þyki það hollar eða góðar upplýsingar. Ég fullyrði að ekki fer einum sögum um þetta efni. Ég sætti mig ekki við þann skilning sem hæstv. fjmrh. hefur hér lýst og segi það alveg hiklaust sem mína skoðun að stuðningur minn við þetta frv. var m.a. bundinn því að þessar greiðslur mundu hækka í takt við verðlagningu almennt á þeim vörum sem hér um ræðir. Ég vil að þetta komi skýrt fram við þessa umræðu til þess að menn þurfi ekki að vera í vafa um mína afstöðu.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig hægt að hafa hér langa umræðu um hverjir hefðu látið undan í sambandi við landbúnaðarmálin. Ég held að Framsfl. hefði býsna skammt komist í þeim efnum, t.d. varðandi fjárlagagerð, ef ekki hefði komið stuðningur frá okkur sjálfstæðismönnum. (**KP:** Nú já, það er svona.) Því það hygg ég að allir viti að hæstv. fjmrh. hafði margoft lýst því yfir, m.a. í fjárlagaræðunni, að í þeim efnum ætti að gera miklar breytingar, sem reyndar voru nánast allar dregnar til baka, og hann hafði líka gefið um það margar yfirlýsingar að söluskattur ætti að ganga jafnt yfir allar vörutegundir og þar ættu ekki að koma til niðurgreiðslur. En út af því sem menn eru að deila um í sambandi við framkvæmdina á niðurgreiðslunum vill svo til að í fylgiskjali með nál. frá meiri hl. landbn. Alþingis um breytingar á búvörulögunum gefur einmitt að líta samkomulag landbrn. og fjmrn. um hvernig niðurgreiðslum verði háttað á þessu ári. Það er sett fram á því fylgiskjali með skýrum hætti sú niðurstaða sem þessi tvö ráðuneyti hafa komið sér saman um. Þar af leiðandi er hægt að sleppa öllum deilum og skýringum hér með því að þetta er skjalfest í þingskjölum. Þar kemur ótvírætt fram að söluskattinn á hefðbundnar búgreinar að því marki sem þar er tilgreint eigi að greiða til baka.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafna-

kalli, og sögðu

já: ÞK, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, VS, KSG.

nei: DS, GuðmÁ, GA, JúlS, KP, MF, SkA, SvG.

Þrír þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Kvennalistinn hefur ævinlega mótmælt kröftuglega hugmyndum um skatt á lífsnauðsynjar manna eins og matvæli. Það gerum við enn. Eins og fram hefur komið eru matvörur stærri hluti af neyslu lágtekjufjölskyldna en annarra. Hvað sem öllum meðaltölum líður mun 25% matarskattur koma harðar niður á slíkum fjölskyldum. Þær eiga þegar í vök að verjast. Matvæli eru dýrari hérlendis en víða annars staðar og laun eru hér lægri. Þessi ráðstöfun, sem á ekkert skylt við jöfnuð eða jafnaðarmennsku, er því líkleg til að auka frekar á þá mismunun og það óréttlæti sem illu heilli býr á meðal okkar. Slíkt vill Kvennalistinn uppræta en ekki auka. Það er því óhugsandi að við styðjum þetta frv. Á stuttum nefndarfundi í fjh.- og viðskn. í þinghléi áðan var brtt. rædd sem fram hefur verið borin við þetta frv., en hún hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Nær væri að hafa: Lög þessi öðlast ekki gildi. Ég segi því nei.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hér er verið að staðfesta endanlega einhverja þá hrikalegustu aðför sem hefur verið gerð að launafólki í landinu. Við þm. Borgarafl. á hinu háa Alþingi höfum margoft ítrekað og lýst yfir mótmælum okkar gegn matarskattinum svokallaða. Því munum við greiða atkvæði gegn þessu frv. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Matarskatturinn er í fyrsta lagi ranglátur skattur, skattur sem er í fullkominni andstöðu við sjónarmið og grundvallarforsendur jafnaðarstefnunnar. Í öðru lagi tekur frv. ekki á hinum raunverulega vanda sem uppi er varðandi söluskattssvik í landinu. Í þriðja lagi felur frv. í sér staðfestingu á þeirri skattpíningarstefnu á almenning í stað stórfyrirtækja og stóreignamanna sem núverandi ríkisstjórn hefur innleitt. Alþb. hefur lýst því yfir við meðferð þessa máls í þinginu að við munum strax og við fáum tækifæri til breyta þessum lagaákvæðum. Ég tel mikilvægt, herra forseti, að láta það einnig koma fram í atkvæðaskýringu að ég fyrir mitt leyti tek undir þau sjónarmið sem fram komu varðandi endurgreiðslu söluskatts af tilteknum landbúnaðarafurðum sem hv. þm. Halldór Blöndal og hæstv. landbrh. gerðu grein fyrir fyrr í þessari umræðu.

Herra forseti. Þetta er vondur skattur. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 487).

NEÐRI DEILD

47. fundur, miðvikudaginn 6. jan., kl. 10 árdegis.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 410, n. 476, 477, 481 og 482, brtt. 435, 436, 437, 438, 478, 479.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma inn á nokkur þau atriði sem hafa komið fram hér við umræðuna, en fyrst vildi ég þakka sjútvn. fyrir góð störf í þessu erfiða máli. Það má öllum vera ljóst að það verður ekki gert neitt í þessu máli sem öllum líkar og það er engin ein rétt leið til í því sem þjónar hagsmunum allra þeirra sem við þessa atvinnugrein starfa og eru tengdir henni með einum eða öðrum hætti. En það sem hefur verið reynt að gera er að fara þær leiðir sem þjóna almannahagsmunum og gera kleift að reka þessa atvinnugrein með þeim árangri að hún geti staðið undir góðum lífskjörum í okkar landi. Auðvitað hlýtur það alltaf að vera svo að hagsmunir aðila rekast á í þessum efnum, enda er málið umdeilt af eðlilegum ástæðum.

Ég vildi fyrst gera grein fyrir því, sem hefur komið fram í máli nokkurra aðila, að sjútvrn. hafi ekki sinnt endurskoðunarskyldu á lögunum sem giltu fyrir árið 1986 og 1987.

Þann 15. júlí 1986 var öllum hagsmunaaðilum og nefndarmönnum í sjávarútvegsnefndum Alþingis skrifað svohljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, segir að sjútvrn. skuli láta endurskoða lögin fyrir 1. nóv. 1986 og hafa við þá endurskoðun samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Ráðuneytið telur tímabært að hefja undirbúning þessarar endurskoðunar. Af því tilefni er yður hér með boðið til fundar miðvikudaginn 13. ágúst að Borgartúni 6 kl. 14. Meðal atriða sem ræða þarf sérstaklega á fundinum eru

1. *Gildistími laganna.*

2. Ákvæðið um sóknarmark. M.a. þarf að meta reynsluna af því árin 1985 og 1986 og leita svara við nokkrum spurningum, svo sem: Hefur sóknarmarkið beint óhæfilega sókn í aðra stofna botnfisks en þorsks? Hvernig virkar sóknardagatalið? Er ástæða til að huga sérstaklega að gámafisksölu sóknarskipa?

3. Mat á aflamagni við ísfisksölur gagnvart kvóta, sbr. 5. mgr. 4. gr.

4. Rækjuveiðar. Þarf að setja kvóta á úthafsrækjuveiðar?

5. Fjölgun smábáta undir 10 brl. síðustu árin.
6. Eftirlit og aflaskýrslur við framkvæmd kvótakerfisins.

Ef þið teljið að fjalla þurfi um önnur atriði en hér að framan er getið væri æskilegt að þeim athugasemdum væri komið á framfæri við ráðuneytið með nokkurra daga fyrirvara."

Með þessu bréfi var efnt til fyrsta fundar um málið þann 13. ágúst og þau atriði, sem þarna koma fram, eru:

Gildistími laganna. Það þótti ástæða til að ræða hvort ekki væri rétt að framlengja lögin strax á því hausti þannig að þau giltu til lengri tíma. Ég var þeirrar skoðunar að það væri rétt að gera það og sérstaklega með tilliti til þessa var þessi punktur settur á blað.

Ákvæði um sóknarmark. Það liggur alveg fyrir í dag að sóknarmarkið hefur verið tiltölulega rúmt og hefur orðið til þess frekar en margt annað að afli hefur farið fram úr því sem stefnt var að. Því var eðlilegt að taka það til endurskoðunar.

Mat á aflamagni við ísfisksölur. Það er mál sem mikið hefur verið rætt um og þarf ekki að fjalla um frekar.

Rækjuveiðarnar hafa gengið vel á undanförnum árum og það var talið á þessum tíma að það þyrfti að takmarka rækjuveiðarnar sem síðan var gert með reglugerð fyrir árið 1987 með þeim hætti sem heimilt var í lögunum, en á þeim tíma var um það rætt hvort ekki væri rétt að setja kvóta á rækjuveiðarnar.

Fjölgun smábáta er þekkt mál sem mikið hefur verið rætt um að undanförnu.

Um þetta mál var síðan fundað og síðan aftur 17. september og í framhaldi af þessum fundum skrifaði sjútvrn. forseta Sþ. þann 10. okt. 1986 eftirfarandi bréf:

„Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, segir að sjútvrn. skuli láta endurskoða lögin fyrir 1. nóv. 1986 og hafa við þá endurskoðun samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Í samræmi við þetta ákvæði ritaði sjútvrn. hinn 15. júlí sl. bréf til þessara aðila. Var þar óskað eftir að fram væru settar hugmyndir um atriði sem sérstaklega þyrfti að ræða í þessu sambandi og boðað til fundar um málið hinn 13. ágúst. Fjallað var um málið í sjútvrn. í framhaldi af fundinum í ágúst og síðan haldinn fundur með sömu aðilum þann 17. okt.", segir í þessu bréfi, en það mun vera rangt, það er 17. sept., enda er bréfið skrifað 10. okt. „Það er niðurstaða sjútvrn. á grundvelli þeirra umræðna er þar urðu og umfjöllunar um málið í ráðuneytinu sjálfu að á þessu hausti sé ekki ástæða til að breyta ákvæðum laga um stjórn fiskveiða á næsta ári. Telur sjútvrn. að þar með sé lokið þeirri endurskoðun á ákvæðum laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða, sem ráðuneytinu var falin."

Með þessu bréfi taldi ráðuneytið að það hefði sinnt skyldu sinni samkvæmt þessu ákvæði og það kom skýrt fram á þessum fundum að það var ekki áhugi og ekki tillögur um breytingar á lögunum á því stigi. Hagsmunaaðilar voru ekki tilbúnir að mæla með slíkum breytingum og vildu frekar mæla með vissum breytingum á reglugerð og ég man ekki til þess að það hafi komið fram hugmyndir hjá þeim aðilum, sem sátu þá í sjávarútvegsnefndum Alþingis, um að slíkar breytingar yrðu gerðar á lögunum. Það voru kosningar fram undan á árinu þar á eftir og eftir því sem ég best man töldu menn eðlilegt að ný ríkisstjórn að því loknu tæki á þessu máli.

Síðan var ný ríkisstjórn mynduð um mánaðamótin júní/júlí 1987 og var þá þegar hafinn undirbúningur að frv. Það má öllum vera ljóst að það lá ekki fyrir eftir þá stjórnarmyndun að samstaða væri um það í öllum atriðum hvernig að þessari endurskoðun skyldi staðið, þ.e. hvaða breytingar skyldu verða á lögunum. Það fyrsta sem sjútvrn. gerði var að fela ýmsum sérfræðingum að vinna að undirbúningi málsins. Bæði voru það starfsmenn ráðuneytisins, það voru sérfræðingar frá Þjóðhagsstofnun, raunvísindadeild Háskólans, viðskiptadeild Háskóla Íslands og einnig var sóttur enn einn utanaðkomandi aðili frá Verslunarháskólanum í Bergen, prófessor Rögnvaldur Hannesson. Þessum aðilum var falið að gera úttekt á því kerfi sem hafði verið í gildi á undanförnum árum og skila niðurstöðum þar um. Þetta verk leystu þeir ágætlega af hendi og hafa skýrslur um það verið kynntar á Alþingi og í framhaldi af því var boðað til funda um málið í septembermánuði, en eins og allir vita er ekki mjög auðvelt að ná saman fundum í júlí- og ágústmánuði. Það eru hefðbundnir sumarleyfismánuðir sem ekki gengur vel að ná saman fjölmennum fundum í.

Það má vissulega um það deila hverjir skuli til kvaddir við endurskoðun slíkra laga. Það hefur komið fram á Alþingi að eðlilegast sé að fulltrúar þingflokka starfi fyrst og fremst að þeirri endurskoðun en ekki hinir svokölluðu hagsmunaaðilar. Það hefur verið mín skoðun og er enn að það sé einmitt eðlilegt að kalla til hina ýmsu hagsmunaaðila við slíka endurskoðun, það fólk sem lifir og starfar við þessi lög á degi hverjum, og það sé hins vegar eðlilegt af Alþingis hálfu að taka þau mál til ítarlegrar umfjöllunar í þinginu þótt það sé einnig gott að þingflokkarnir eigi aðild að slíkri endurskoðun þannig að þeir séu sem best kunnugir þeim viðhorfum sem liggja að baki þeim frv. sem kynnt eru. Þetta var gert og olli nokkrum vandkvæðum hversu fjölmennur hópur þar kom saman. Mér er fyllilega ljóst að það hefði sjálfsagt mátt gera með öðrum hætti, með því að skipta þessum hóp. Ég held að það sé mjög gott fyrir alþm. og fulltrúa þingflokka að starfa að slíkum málum með fulltrúum hagsmunaaðilanna til þess að kynnast sem best þeirra viðhorfum og komast inn í þann hugsunarhátt sem liggur að baki þeirra sjónarmiða.

Þetta hefur verið mikið starf og mér finnst vera nokkuð langt gengið þegar því er haldið fram af ýmsum að þetta mál hafi fyrst komið til umfjöllunar í byrjun desember. Það hafði verið til umfjöllunar í

allt haust. Það hafði verið kynnt öllum alþm. í frumvarpsdrögum um leið og þau lágu fyrir nokkru áður. Fulltrúar ráðuneytisins höfðu mætt hjá þeim þingflokkum sem óskuðu eftir því til að gera grein fyrir þessum frumvarpsdrögum þannig að málið hefur meira og minna verið til umfjöllunar á Alþingi og í þingflokkum í allt haust þótt það hafi ekki komið með formlegum hætti inn á Alþingi fyrr en 2. desember. Vissulega er það allt of seint. Það er ekki gott að standa að endurskoðun mikilvægra laga sem þessara svo seint eins og raun ber vitni, en ég tel að á því séu ýmsar skýringar sem verði að hafa í huga þegar slíkar fullyrðingar eru settar fram að mjög illa hafi verið staðið að endurskoðun laganna. Mér er ekki ljóst með hvaða öðrum hætti hefði verið hægt að standa að slíkri endurskoðun þótt ég taki undir að málið kom of seint til umfjöllunar á Alþingi með formlegum hætti.

Annað það atriði sem mikið hefur verið til umræðu á Alþingi eru veiðar minni bátanna, þ.e. veiðar báta 10 lestir og minni, og jafnvel verið látið að því liggja að það væri sérstaklega verið að veitast að þeim aðilum og þeir meðhöndlaðir með órétt-mætum hætti. Auðvitað er það alltaf matsatriði hvenær hagsmunir eins hagsmunahóps í sjávarútvegi eru bornir sérstaklega fyrir borð og annarra ekki, en ég mótmæli því að það hafi ekki verið hugað sérstaklega að hagsmunum þessara aðila. Ég minni á að áður en kvótakerfið var tekið upp er hlutdeild þessara báta undir 10 brl. á árinu 1983 12 600 tonn, þá er ég að tala um þorsk, eða 4,3%. Sú áætlun sem er fyrir árið 1987 er að það séu um 30 500 tonn, sem getur orðið eitthvað meira en þar er ekki um nein veruleg frávik að ræða, eða 8%, en það er svipað hlutfall og var á árnu 1986. Ég held að það fari ekki fram hjá neinum að hlutdeild þessara aðila í veiðunum hefur vaxið mjög mikið af ýmsum ástæðum, bæði vegna fjölgunar báta, vegna ágætrar tíðar og af ýmsum öðrum ástæðum. En þetta er að sjálfsögðu ekki aðalatriði heldur er aðalatriðið hver hlutdeild þessara aðila eigi að vera í aflanum 1988 og síðar. Það er gert ráð fyrir því að afli á árinu 1988 verði 345 þús. tonn á móti 381 þús. tonnum á árinu 1987 og ef sá samdráttur á að eiga sér stað, þó að það sé erfitt að tala um nákvæmar tölur í þessu, hvort sem það eru nú 345 þús. tonn eða 350 þús. tonn er það samdráttur um 30 þús. tonn, verður samdrátturinn að koma niður á aðila með réttmætum hætti.

Ég vil aðeins í því sambandi víkja að ákveðnu plaggi, vegna þess að það var lesið upp í gær af einum hv. þm. athugasemdalaust, og ég get ekki látið hjá líða að mótmæla því sem þar kemur fram, en það er fréttatilkynning frá Landssambandi smábátaeigenda undir fyrirsögninni „Örgustu öfugmæli." Það er að vísu sett fram vegna ákveðinna ummæla í fjölmiðlum, en þar kemur fram m.a.:

„Eins og kvótafrv. hefur verið afgreitt frá Ed. Alþingis, þá er gert ráð fyrir að skip sem velja sér sóknarmark geti árlega aukið afla sinn um 10%. Sé gert ráð fyrir að um eða yfir helmingur þorskafla 1988 verði veiddur samkvæmt slíku sóknarmarki þýðir það að þeim skipum leyfist sjálfkrafa á næsta ári að auka veiðikvóta sinn um 20 þús. tonn eða meir. Ætla verður að þetta aukna aflamagn sé að dómi frumvarpshöfundanna innan áhættumarka um ofveiði þorskstofnsins. Að auki er svo helmingur línuafla skipa 10 brl. og stærri utan kvóta á besta línuveiðitíma ársins og mun þorskafla heldur ekki talin hætta við ofveiði vegna þeirra mörgu þúsunda tonna sem þannig bætast við árlegt aflamagn." Síðan er feitletrað: „Með þessar leiðir opnar í frv. til sjálfvirkrar aukningar á kvóta á veiði, þá hlýtur að vera gert ráð fyrir því af höfundum þess að þorskstofninn geti þolað 25–35 þús. tonna veiðiaukningu."

Hver er nú sannleikurinn í þessu máli? Hann er sá að það stendur til og skv. þessu frv. gert ráð fyrir að sóknarmarkið verði ekki 25% ofan á aflaheimildir, þ.e. aflamark, heldur 10%, þ.e. samdráttur um helming. Þar að auki er gert ráð fyrir að það verði að skerða aflamark hinna einstöku skipa um a.m.k. 6%. Eftir því sem rýmkað er í frv. þeim mun meira þarf að skera aflamarkið niður. 3000 tonn gera u.þ.b. 1% og það tekur ekki langan tíma, ef haldið verður áfram að rýmka hinar ýmsu heimildir, þar til niðurskurðurinn gæti orðið 10%.

Og hvaða áhrif skyldi þetta hafa á hin einstöku skip? Við skulum taka sem dæmi togara, þó að þeir séu ekki margir, sem eru 2000 tonn í aflamark á árinu 1987. Hans aflamark yrði á árinu 1988 a.m.k. 6% lægra eða 1880 tonn. Hann fengi ef hann veldi sóknarmark að veiða 10% ofan á það eða 180 tonnum meira eða u.þ.b. 2060 tonn, en hafði heimild á árinu 1987 til að veiða 20% ofan á 2000 tonnin eða 2400 tonn, þ.e. samdráttur um 340 tonn.

Ég hlýt að undrast að þeir aðilar sem hafa verið að vinna með öðrum að endurskoðun þessara mála, ekki aðeins í ár heldur í gegnum tíðina, skuli geta sett fram fullyrðingar eins og hér eru. Annaðhvort er það að þeir fylgjast ekki með því sem fram fer eða þetta er sett fram af einhverjum í nafni þessara ágætu samtaka án þess að hann viti hvað hann er að fjalla um og hafi ekki borið það undir þá aðila sem vita gleggst um það. Er nú von að vel gangi í málum þegar slíkar upplýsingar eru settar fram og þær eru lesnar upp athugasemdalaust af hv. þm.? Ég held að það hafi verið hv. þm. Hreggviður Jónsson sem las þetta hér upp og þess vegna vildi ég geta þess hér. Hann hefur starfað að málinu í sjútvn. Hann taldi að hér væri um ágætar upplýsingar að ræða og lýsti yfir vanþóknun sinni á því að með þessum hætti skyldi vera staðið að málum.

Auðvitað er umdeilanlegt eins og annað í þessu máli hvernig skuli staðið að veiðum smábáta, en sú grundvallarhugsun sem liggur að baki þeirri frvgr. eins og hún liggur nú fyrir er sú að línu- og handfæraveiðar séu nokkuð frjálsar og séu háðar ákveðnum banndögum. Hins vegar séu þeir sem stunda netaveiðar og hafa stundað netaveiðar undir öðru kerfi og því fylgi jafnframt ákveðin réttindi.

Það fylgi því þau réttindi að þeir fái 90% aflaheimild af tveimur bestu viðmiðunarárunum sem þar eru tekin til viðmiðunar, þ.e. árunum 1985–1987. Sú viðmiðun sem flotinn býr almennt við er árin 1981–1983, þegar veiðar smábáta voru miklu minni, og sem betur fer hafa veiðar þessara báta margra hverra gengið vel. Með þessu er verið að tryggja hagsmuni þeirra aðila sem þessar veiðar hafa stundað og þeir fá 90% af tveimur bestu árunum. Þar að auki fá þeir heimild til að sækja þennan afla á þeim tíma sem þeim best hentar og eru utan banndagakerfisins.

Ég held að menn verði að líta á þetta með nokkurri sanngirni og ég fullyrði að þessir aðilar mega vel við una þennan kost. Þar við bætist að þeir hafa rétt á eins og aðrir að hálfur línuafli í nóvember, desember, janúar og febrúar sé utan þessa aflamarks. Að vísu er sett hámark á þessa aflaheimild, þ.e. 200 tonn, sem snertir tiltölulega fáa, en það má færa nokkuð gild rök gegn því að það sé rétt að menn njóti þessarar aflareynslu upp úr öllu valdi á sama tíma og aðrir mega búa við að njóta aflareynslu á öðrum árum. Það er alveg ljóst að ef aflareynsla þessara aðila væri tekin á árunum 1981–1983 kæmu allt aðrar og lægri tölur út úr því.

Það er hins vegar gert ráð fyrir því að þeir sem ekki hafa slíka aflareynslu fái ákveðinn meðaltalsafla. Sá meðaltalsafli hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi og úrvinnslu því sannleikurinn er sá að skýrslur liggja ekki nægilega vel fyrir í þessu máli. T.d. liggur ekki fyrir afli smábátanna á árinu 1987. En fyrst var tekið mið af meðaltalsaflanum eins og hann var hjá öllum bátunum. Síðan hefur verið unnið að því að taka sérstaklega út meðalafla þeirra báta sem stundað hafa netaveiðarnar. Þá kom í ljós að meðalafli þeirra af eðlilegum ástæðum var mun hærri. Er nú í þeim reglugerðardrögum sem liggja fyrir tekið mið af þessum staðreyndum.

Hitt er svo annað mál að eftir því sem þessi meðaltöl eru hækkuð þeim mun eftirsóknarverðara verður að stunda netaveiðina, sérstaklega með tilliti til þess að þeir bátar eru utan banndagakerfisins. Það má að sjálfsögðu eins og í öðru ganga of langt í því, því að það mun þá geta valdið því að fjölgun verður þar, sem mun þá óhjákvæmilega leiða til þess að það verður að grípa til meiri almennra stöðvana, þ.e. almennra netaveiðibanna. Það verður nefnilega ekki bæði haldið og sleppt í þessu máli. Ef það er ætlan stjórnvalda og Alþingis að vernda hagsmuni þeirra manna sem fyrst og fremst stunda þessar veiðar og hafa stundað þær verður að gera það með því að takmarka aðganginn. Það eru svo mörg dæmi fyrir því að það hafi illa tekist til víðs vegar í heiminum að við mættum láta þau verða okkur að kenningu.

Ég hef oft nefnt það að sennilega er frægasta dæmið lúðuveiðar við Alaska, en þar gátu allir stundað lúðuveiðar þar til veiðin var orðin svo mikil að nú er heimilt að stunda þær einn dag í mánuði. Þá fara allir á sjó og veiða lúðu, en það er ansi mikið af henni sem kemur á markað þann dag og er ekki mikil hagkvæmni í þeim veiðum. Þetta eru dæmi sem menn sjá víða um heim og þótt ég sé ekki að gera því skóna að til slíks mundi koma hér á landi er það svo að þetta er hér vandamál.

Það hefur verið lagt til af ýmsum aðilum að öll fjölgun þessara báta yrði bönnuð og þeir háðir endurnýjunarreglum. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv., slík ákvæði ná eingöngu til báta niður að 6 tonnum. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að það getur vissulega skapað ákveðin vandamál. En það er nokkur mótsögn í því, sem fram kemur í máli margra, að annars vegar ríki hér ofríki og ofstjórn og það sé verið að loka fyrir að menn geti keypt sér lítinn bát til að sækja á sjó, en jafnvel sömu aðilar gera um það tillögur að þetta skuli alls ekki heimilað nema gegn úreldingu á móti. Bátar undir 6 tonn voru skráðir rúmlega 1400 1. jan. 1987 og hefur fjölgað allmikið síðan og ef á að fara að fylgjast með því í einu og öllu hvernig þeirri endurnýjun er háttað held ég að það sé ekki ofsögum sagt að það verður heilmikið viðfangsefni. Ég held að það sé rétt að reyna að halda í það eins lengi og við getum að menn geti víðs vegar um landið keypt litla báta til að stunda handfæra- og línuveiðar.

Ég ætla ekki að fara frekar yfir málefni smábátanna, en ég er þeirrar skoðunar að eins og þessi mál standa nú sé þeirra kostur alls ekki síðri en annarra og ef eitthvað er betri. Hins vegar má lengi um það deila hver skuli vera meðaltalsaflinn sem miðað er við og það eru engin algild sannindi í því. Það er t.d. gert ráð fyrir því nú að það séu 55 tonn fyrir neðsta flokkinn. Hvort það á að vera eitthvað minna eða eitthvað meira er að sjálfsögðu matsatriði. Það sem er slæmt í þessu máli er að það skuli ekki liggja fyrir meðaltalsafli þeirra á árinu 1987 til að hafa heldur betri viðmiðun. En þetta er atriði sem verður að vera til endurskoðunar á hverjum tíma í samræmi við aflaheimildir annarra skipa í flotanum.

Ég ætlaði að fara örfáum orðum um nokkrar breytingahugmyndir sem hafa verið settar fram og vildi ég fyrst fara yfir þær brtt. sem hv. þm. Matthías Bjarnason, formaður sjútvn., hefur sett fram.

Það er í fyrsta lagi að rækjuafli skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu mikið af aflahámarki skips er náð hverju sinni. Auðvitað má færa að því rök að slík heimild sé í lögum. En ég vil minna á að þetta hefur ekki verið vandamál utan einu sinni að um tveggja mánaða skeið var mikið sótt eftir óunninni rækju af verksmiðjum í Noregi og þá voru það ekki eingöngu skip sem seldu þeim verksmiðjum heldur einnig rækjuverksmiðjur í landinu. Það brást algerlega veiðin í Barentshafi sem gerði að verkum að rækjuverksmiðjur í Noregi vildu næstum því borga hvað sem var fyrir rækju til að geta uppfyllt ákveðna samninga og skapaði þess vegna mikla eftirspurn eftir óunninni rækju héðan frá Íslandi. Þetta er eina tilfellið sem upp hefur komið að því er varðar útflutning á óunninni rækju og hvort er ástæða til að setja slíka heimild inn vegna

þessa er mér til efs. Ég minni á að útflutningur á rækju eins og öðrum fiskafurðum er háður leyfum og það er að sjálfsögðu hægt að meta hvort útflutningur á slíkum afurðum skuli heimilaður af því stjórnvaldi sem ákveður það.

Í 2. brtt. er gert ráð fyrir því að það sé heimilt að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa. Ef slík heimild yrði opnuð mundi það einfaldlega þýða *að stærsti hluti flotans, jafnvel allur flotinn, mundi* velja sóknarmark vegna þess að sóknarmarkið gefur heimild til 10% aukningar. Þá yrði einfaldlega að skera aflamarkið meira niður þannig að ég efast um að það mundi gera mikið gagn, ekki nema með því sé stefnt að mun meiri afla en verið er að tala um.

Í þriðja lagi er tillaga um að ráðherra verði heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatap ef skip er selt úr byggðarlaginu. Hér er um mjög vandmeðfarið mál að ræða. Mér hefur skilist á mörgum hv. þm. að þeim finnist nóg af heimildum í þessu frv. En heimild sem þessi væri sennilega sú vandasamasta sem í þessum lögum yrði þá. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það geta komið upp þau tilvik í einstökum byggðarlögum í landinu að það sé nauðsynlegt að taka á málum sem þessu, en það er mjög teygjanlegt hvenær og hvernig væri réttlætanlegt að beita slíkri heimild.

Það er alveg ljóst að það eru mörg byggðarlögin í landinu sem teldu að þetta ætti við sig. Ég veit ekki um það byggðarlag í okkar ágæta landi sem vill ekki *auka og efla atvinnulífið á viðkomandi stað og telur* mikilvægt að sjávarútvegurinn sé byggður betur upp og hann fái sterkari rætur. Skip geta að sjálfsögðu verið seld í burtu af ýmsum ástæðum. Það gæti verið freistandi að selja í burtu skip ef menn gætu gengið út frá því að það væri hægt að leggja þann þrýsting á stjórnvöld að þau yrðu að bæta byggðarlaginu það upp, án þess að ég sé neitt að gera því skóna að nokkur aðili leiki sér að slíku.

Hins vegar verður Alþingi á hverjum tíma að vera tilbúið að taka á ýmsum þeim vandamálum sem upp koma í landinu og ætli gæti ekki verið eðlilegt að það væri í verkahring Alþingis, ef einhver slík vandamál koma upp þar sem liggur við mikilli byggðaröskun á einstökum stöðum, að taka á þeim vanda og flytja um hann frv. þannig að á það sé látið reyna hvort þingið sé tilbúið að meta aðstæðurnar svo að gerð skuli sérstök *undantekning*? Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki eðlilegt að fela slíkt mat einstökum ráðherra, hver svo sem hann er, það sé eðlilegt að slíkt mat fari fram á Alþingi og fái þar eðlilega umfjöllun.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að sérstök samráðsnefnd skuli kosin af Alþingi. Hér er um að ræða nefnd sem fjallar um ágreiningsmál á þessu viðkvæma sviði og þar er sú skipan að þar er einn fulltrúi sjómanna, einn fulltrúi útvegsmanna og einn starfsmaður ráðuneytisins. Það þótti rétt að þeir aðilar sem best þekkja til í flotanum ættu aðild að slíkri nefnd og ynnu með ráðuneytinu að úrlausn þeirra mála. Hér er að sjálfsögðu um málefni framkvæmdarvaldsins að ræða og það er að mínu mati fullkomlega óeðlilegt að Alþingi kjósi slíka nefnd. (**SJS:** Vill ráðherrann endurtaka „fullkomlega óeðlilegt"?) Fullkomlega óeðlilegt. (**SJS:** Það er gaman að heyra það.) Já, ég skal færa að því nokkur rök.

Alþingi hefur fyrst og fremst löggjafarvald og það er óeðlilegt að mínu mati að Alþingi sé að þrýsta sér á hverjum tíma meira og meira inn í framkvæmdarvaldið sjálft. *Ég hef lengi verið þessarar skoðunar og* ég minni á að ég flutti á sínum tíma frv. til l. um ríkisendurskoðun þar sem ég lagði á það áherslu að komið yrði upp stofnun sem hefði eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Það er ekki hægt að setja stóran hluta af verkefnum ráðuneyta undir þingkjörnar nefndir. Ég tel að slík skipan gangi ekki, hvorki að því er varðar sjútvrn. né önnur ráðuneyti. Hins vegar á Alþingi að reyna að styrkja eftirlitshlutverk sitt sem mest og ég tel að það hafi verið lagður góður grunnur að því með lögunum um ríkisendurskoðun.

Í fimmta lagi er talað um gildistíma og ég ætla ekki að ræða um það. Ég hef áður sagt að ég tel að gildistími laganna eigi að vera sem allra lengstur. Út af fyrir sig get ég tekið undir þau sjónarmið, sem komu fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að það væri eðlilegast að það væri með þessi lög eins og önnur lög að þau hefðu ótakmarkaðan gildistíma, en gætu verið til endurskoðunar á hverjum tíma. Það er ekkert annað sem gerist með þessum hætti en að það er þá tryggt að það verður að setja ný lög að þessum *tíma liðnum. En auðvitað getur Alþingi hvenær sem* er tekið löggjöf til endurskoðunar, hvort sem hún gildir ótakmarkað eða til þriggja ára, og það er ekkert sem segir að þessi löggjöf muni ekki þarfnast einhverrar endurskoðunar á þessu þriggja ára tímabili og jafnvel á næsta ári.

Í sjötta lagi er talað um endurskoðun laganna. Ég endurtek þá skoðun mína að ég tel að hagsmunaaðilar eigi að eiga ríkan þátt í þeirri endurskoðun og minni á að þeir hafa langflestir lagt sig mjög fram í þessu máli, samþykkt að það yrði að takmarka fiskafla í landinu, samþykkt að fiskafli yrði skertur með ýmsum hætti. Það hlýtur að vera mikilvægt að reyna að tryggja slíkt samstarf í landinu. Hér er um að ræða aðila sem snerta hagsmuni einstakra fjölskyldna í landinu öllu og sennilega langflestra fjölskyldna í landinu. Það ætti að vera tryggt að sjónarmið þessara aðila tryggðu betri umfjöllun um málið en ella.

Að því er varðar 7. liðinn, sem mikið hefur verið rætt um, þ.e. þau skip sem hafa farist á árunum 1983–1984, er það eins í því máli og öðru að það er ekki bæði gefið og tekið í þessu. Þar er um að ræða m.a. tvö loðnuskip. Ef tveimur loðnuskipum væri bætt inn í flotann þýddi það að þeir sem fyrir eru í greininni fengju skerðingu um 4%. Það yrði þá að sjálfsögðu að tilkynna öllum loðnusjómönnum að þeirra hlutur væri frá og með þeim tíma skertur um 4%. Að því er varðar önnur skip má gera ráð fyrir að aflaheimildir þeirra þyrftu að vera ekki minni en 3 þús. tonn af þorski sem þýddi þá um það bil 1%

skerðingu í flotanum í heild.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég hef ekki við umfjöllun þessa máls hér á Alþingi haft um það mörg orð og það var ekki ætlun mín að lengja þessar umræður. Hins vegar taldi ég óhjákvæmilegt að minnast á nokkur þau atriði sem hér hafa komið fram í umræðunum þótt ég hefði viljað koma inn á mörg fleiri, sérstaklega vegna þess að hér hefur í sumum tilfellum verið um misskilning að ræða, í öðrum tilvikum um atriði sem ég taldi rétt og nauðsynlegt að lýsa mínum skoðunum á og vænti þess að með því hafi ég jafnframt svarað nokkrum fyrirspurnum sem til mín hafa komið um þetta mál. Ég vænti þess að það fái sem skjótasta meðhöndlun í deildinni þótt ég geri mér grein fyrir að það þarf að fá þá efnisumfjöllun í umræðum sem nauðsynleg er talin.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti tel að það hafi verið staðið öðruvísi að þessu máli í sambandi við umfjöllunina en þau mál sem við höfum verið að ræða um undanfarna daga. A.m.k. sá sem hér stendur fékk ekki að fylgjast með þeim málum, en hins vegar fékk ég eins og aðrir þm. drög að frv. einhvern tíma í nóvembermánuði og ég tel að þó að hér sé eitt mikilvægasta mál sem þingið fjallar um megi færa rök að því að það sé búið að fjalla um það og þm. hafi getað fjallað um málið nokkuð langan tíma. Hins vegar hef ég ekki séð drög að reglugerð með þessu frv. og þar af leiðir að ég stend verr að vígi en aðrir að ræða þessi mál.

Eins og ég sagði eru hv. þm. sammála um að þetta sé eitt veigamesta mál sem er fjallað um á hv. Alþingi. Það er nauðsynlegt að ræða það frá ýmsum sjónarhornum vegna þess að eins og hæstv. sjútvrh. sagði er ekki sjálfsagt neitt í þessu frekar en í öðru. Það er t.d. spurning í mínum huga hver á fiskinn í sjónum eða hverjir eiga að hafa rétt til þess einir að veiða fisk. Eru það þeir sem áttu skip? Eru það þeir sem vinna fiskinn? Eða hverjir eru hagsmunaaðilar í raun og veru í sjávarútvegi? Ég er hræddur um að það sé nokkuð stór hópur ef að er gáð. Er það sjálfgefið að ef skip er selt fylgi aflinn, að byggðarlagið missi þannig af aflanum? Það fer sjálfsagt dálítið eftir því hvernig menn finna til í þessum málum. Er það fjármagnið sem á að deila og drottna í þessu sem í öðru eins og mér sýnist nú að sé verið að stefna að í vaxandi mæli? Er það réttlætistilfinning okkar sem hér eigum sæti og eigum að gæta hagsmuna landsmanna í heild og sérstaklega þó okkar kjördæma? Teljum við að það eigi að standa þannig að málum?

Það er enn fremur umhugsunar vert hvernig á því stendur að nú er talið að þurfi að draga úr afla. Ef mig skortir ekki minni til stend ég í þeirri trú að það hafi komið fram í umræðum fyrir tveimur árum að að meðaltali undanfarinna áratuga hafi verið óhætt að veiða um 400 þús. tonn af þorski og hafi verið gert. Hefur eitthvað breyst í náttúrunni, ef þetta er rétt, sem skýrir að nú telja sérfræðingar að það verði að draga úr sókninni? Hefur eitthvað gerst? Ég hefði viljað beina þeirri spurningu að hæstv. sjútvrh., sem hefur aðgang að sérfræðingum í þessu efni, hvað þeir telji að valdi þessari breytingu ef ég fer með rétt mál. Getur það verið að þeir sem stunda veiðarnar drepi svo mikið af seiðum og smáfiski sem kemur ekki til lands, það sé að einhverju leyti skýring? Getur verið að t.d. sjófuglar, sem er enginn vafi er á að hefur fjölgað mjög mikið, hafi þarna áhrif og getur það verið að fjölgun þeirra stafi af því að það er kastað í sjóinn bæði smáfiski og slógi, jafnvel lifur? Þannig gætu menn haldið áfram að spyrja.

En þetta er alvarlegt mál. Þetta mál þarf að brjóta til mergjar. Er meira nú t.d. af hrefnu og sel en áður var? Er að einhverju leyti þar skýring? Og hvað veldur þessu?

Ég man ekki betur en talið væri að Bretar tækju hér um 200 þús. tonn af botnfiskafla áður en þeir voru hraktir héðan burtu. Þjóðverjar tóku líka mikið og fleiri þjóðir. Þessu vildi ég fá a.m.k. skýringar við. Ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði og því spyr ég og það koma slíkar spurningar upp í huga fleiri en mín þessa dagana. Þess varð ég a.m.k. var í gærkvöld.

Ég hef horft á m.a.s. kríuna taka gönguseiði af laxi sem nýbúið er að sleppa. Ég hef séð fleiri sjávarfugla taka vilt seiði í göngustærð. Hvað gerist ef fuglinum heldur áfram að fjölga svo og öðrum sjávardýrum sem lifa á þessu að einhverju leyti a.m.k.? Það hlýtur að koma upp í hugann í sambandi við umfjöllun um þessi mál hvort það sé lífsnauðsynlegt fyrir þessa þjóð að minnka nú aflann, sem tekinn er, um 10% eða því sem næst.

Það sem hefur verið deilt mest um í þessu efni eru smábátarnir. Ef hv. alþm. eru sammála um að það sé ekkert um annað að ræða en draga úr afla erum við komnir að því hvernig á að standa að því máli. Það kann að vera að ég sé einn um það að efast um að þetta sé brýn þörf og við þurfum að snúa okkur að því að kanna alla þætti þess, en sé það skoðun flestra hér að það verði að gera þarf að athuga þau mál vel. Það sem hefur verið að gerast er fyrst og fremst það að smábátunum hefur fjölgað. Það er ýmislegt sem hefur komið upp sem veldur því að viðmiðunin hjá þeim sem hafa stundað t.d. grásleppuveiðar, hrefnuveiðar, þar sem hefur verið annaðhvort lítill afli á grunnslóð eða veður hamlað veiðum á hinum smærri bátum, er að ég tel ekki viðunandi. Það má hugleiða t.d. hvað verður um þá sem hafa verið að kaupa báta undanfarin 2–3 ár og skulda frá 2½ millj. upp í 3½ og það bátar sem eru ekki 6 tonn, þar eru veiðarfæri meðtalin, en eigendur slíkra báta veit ég um. Það er sýnilegt, miðað við þann fjármagnskostnað sem er í landinu, að þeir geri ekki út í marga mánuði miðað við þessi aflamörk. Hvernig fer þá fyrir sumum byggðarlögum sem byggja fyrst og fremst á afla smábáta? Það hlýtur að verða okkur mörgum umhugsunarvert.

Hæstv. sjútvrh. sagðist telja að eigendur smábáta mættu vel við una. Ég stend í annarri trú, a.m.k. um þá sem skulda nokkuð að ráði. Ég held að það sé algerlega vonlaust dæmi. Það er alveg rétt að ef á ekki að taka nema 345 þús. tonn af þorski verður það að koma einhvers staðar niður.

Svo stendur á í sambandi við grásleppuveiðarnar að það er ekki útlit fyrir að þær verði stundaðar nokkuð að ráði á næsta vori vegna þess að það er svo mikið af birgðum af hrognum í landinu að mér er tjáð.

Það er talað um netaveiðar smábáta. Við sem höfum verið að reyna að fylgjast með afla þessara smáu báta höfum orðið vitni að því að netafiskurinn er miklu stærri en sá sem veiðist á línu eða handfæri. Ég sé ekki annað en það sé verið að vernda smáfiskinn með slíkri veiðiaðferð. Þetta hlýtur að verða umhugsunarefni a.m.k. á þeim tíma ársins þegar minni hætta er á að fiskurinn skemmist þó að hann liggi einn sólarhring eða svo í sjó án þess að það sé hægt að vitja. Þegar fer að hitna á vorin eru slíkar veiðar ekki heppilegar á smábátum. En það er ekkert sjálfgefið í þessum málum frekar en í öðrum.

Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri fullkomlega óeðlilegt að það yrði kosin nefnd þm. til að fjalla um þessi lög þegar þau verða sett og vera nokkurs konar umsagnaraðili við hlið ráðuneytis. Það er rétt að það hefur yfirleitt ekki verið gert. Hitt er annað mál að hér er um nokkuð óvenjulega löggjöf að ræða þar sem eru um 30 heimildir í þessum lögum fyrir ráðherra og ráðuneyti. Það verður að hafa það í huga þegar fjallað er um hvernig skuli standa að þessum málum. Ég hygg að þm., ekki síst þeir sem eru í sjávarútvegsnefndum Alþingis, séu mjög vel kunnugir þessum málum. Aðrir veljast tæpast í þessar nefndir. Ég get því ekki verið sammála hæstv. ráðherra í því að það sé fullkomlega óeðlilegt. Það má þá segja með sanni að það sé fullkomlega óeðlilegt að hafa allar þessar heimildir eins og þær eru settar inn í frv. þó að ég sé ekki maður til að benda á að það sé í öllum tilvikum hægt að setja skýr ákvæði í lög um hvernig hvert atriði eigi að standa þannig að það sé enginn sveigjanleiki í því. En af því að lögin eru svona og af því að þessi atvinnuvegur er eins og hann er finnst mér fullkomlega óeðlilegt af hæstv. ráðherra að hafa þessi ummæli. Það er mitt viðhorf.

Ég er svolítið hræddur við gildistíma laganna, þrjú ár, vegna þess hvernig lögin eru. Ég get þó sagt að ef ég væri öruggur um að hæstv. sjútvrh. sem nú situr væri þessi þrjú ár trúi ég því að hann mundi taka þannig á málum að það væri þolanlegt. En ég er ekki sannfærður um að það sé öruggt ef, og mér sýnist að það sé hægt að segja meira en ef, hann verði ekki í þessu sæti næstu þrjú árin. Mér kæmi það á óvart, miðað við þá helstefnu í vaxtamálum sem ríkir, að þessi ríkisstjórn sitji marga mánuði eftir að gjaldþrot eru orðin ekki einu sinni daglegur viðburður heldur kannski mörg á dag og atvinnurekstur að gefast upp. Hvað þýðir það? Það yrði auðvitað atvinnuleysi á þeim stöðum og þá er ég hræddur um að færi að hitna undir stólunum eftir því sem lengra líður á þennan vetur.

Það er af þeim ástæðum sem ég mun greiða atkvæði með tillögu hv. 1. þm. Vestf. um að það sé óbreytt að þetta sé til tveggja ára. Ég get raunar tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að það sé dálítið sérstakt að hafa svona ákvæði. Það eru þó nokkur dæmi um önnur lög að það eigi að endurskoða þau innan ákveðins árafjölda. En eins og fram hefur komið hjá held ég öllum þeim sem hafa fjallað um þetta mál er hér um óvenjulega löggjöf að ræða, óvenjulegar aðstæður og þess vegna sjálfsagt verða það ýmsir sem hika við að samþykkja gildistíma lengur en var gert fyrir tveimur árum.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál frekar að þessu sinni. Það kann að vera að ég telji ástæðu til að bæta einhverju við síðar í þessari umræðu eða við 3. umr. Það fer eftir því hvernig mál þróast, en ég sé ekki ástæðu til að halda lengri ræðu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að koma aðeins inn á þessi mál. Ég hef ekki eytt ræðutíma í umræður um þessi mál til þessa, en tel ástæðu til að koma inn á örfá atriði.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að þakka ágætt samstarf í sjútvn. Nd. og raunar báðum nefndum í sambandi við þetta mál, sem var rætt ítarlega, og einnig tek ég undir það að staðfesta að forusta formanns sjútvn. Nd., hv. 1. þm. Vestf., var góð og röggsamleg eins og hann á vanda til og að sjálfsögðu þykir mér mjög miður að okkur sem myndum meiri hl. og erum þm. stjórnarliðsins skyldi ekki auðnast að ná saman um afgreiðslu þessa máls, en við því er að sjálfsögðu ekkert að gera.

Ég vil taka fram að mér finnst að umræða um stöðu og framtíð sjávarútvegs á Íslandi eigi sífellt að vera í gangi í þjóðfélaginu þar sem hér er um að ræða mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar sem er raunar undirstaða efnahagslífsins á flestum sviðum, undirstaða útflutningsframleiðslunnar og er um leið traustasta stoðin í frumframleiðslu og úrvinnslu í landinu öllu. Ekki hvað síst er það mitt mat að sjávarútvegurinn sé aðalundirstaða byggðaþróunar í landinu og hafi verið það frá fyrstu tíð og erfiðleikar í útgerð og vinnslu hafa samstundis bein áhrif á atvinnulíf og afkomu fólks í fjölda byggðarlaga um allt land. Það er því mjög eðlilegt að umræður um stjórn fiskveiða og ákvörðunartaka um þessi mál á hv. Alþingi séu fyrirferðarmiklar og misjöfn sjónarmið komi fram.

Það þarf ekki að rifja upp hvers vegna brýn nauðsyn var að setja ákveðna stjórn á fiskveiðar. Það nægir að minna á svörtu skýrsluna um ástand fiskistofna þar sem augljós hætta var á ferðum. En sem betur fer náðist með samstilltu átaki jákvæð þróun í þessum málum miðað við það sem þessi skýrsla bar með sér. Verndunaraðgerðir og uppbygging fiskistofnanna eru í raun aðalatriði þessara

mála og um það eru að mínu mati allir landsmenn sammála.

Ég tel að fiskveiðistjórn liðinna ára hafi náð ótrúlegum árangri og komið mörgu jákvæðu til leiðar til hagsbóta ekki aðeins í íslenskum sjávarútvegi heldur ekki síður stuðlað að uppbyggingu á sem flestum sviðum í þjóðfélaginu. Stjórn fiskveiða hefur örugglega komið í veg fyrir ofveiði og mörg óbætanleg mistök sem hefðu getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúskap okkar í heild. Að mínu mati er einn mikilvægasti þáttur þessarar stjórnunar bein tengsl og afskipti hagsmunaaðila í sjávarútvegi, samtök allra þessara aðila, sem ávallt hafa tekið virkan þátt í öllum aðgerðum og gert mögulegt með samstöðu sinni að þessi víðtæka stjórnun hefur verið virt af svo til öllum aðilum í landinu.

Þýðingarmikill þáttur þessarar stjórnunar byggir á Hafrannsóknastofnun og fiskifræðingum. Þessi stofnun og fiskifræðingar hafa unnið ómetanlegt starf fyrir sjávarútveginn og gert mögulegt, og það vil ég undirstrika, að móta stefnu í þessum málum. Það er skoðun mín að allt of lítill gaumur sé gefinn að mikilvægi þessa þáttar fyrir þjóðarbúskapinn í heild og ég tel það hörmulegt í raun og veru að bæði ríkisstjórnir og þm. almennt hafa ekki náð saman um að efla Hafrannsóknastofnun og allt rannsóknastarf á hennar vegum meira en gert hefur verið. Það er mín skoðun að framtíð sjávarútvegs á Íslandi sé í veði ef ekki verður þarna um stefnubreytingu að ræða því að á þessu starfi hvílir ákvörðun um skynsamlega nýtingu fiskistofna við landið. Ég undirstrika þetta vegna þess að það hefur komið fram oftar en einu sinni að menn hafa skipst á skoðunum um að leggja meira fjármagn til Hafrannsóknastofnunarinnar, en um það hefur hvorki verið forusta frá ríkisstjórn né meðferð mála á hv. Alþingi sú að ná samstöðu um mikilvægi þessa umfram það sem niðurstaða hefur verið um. Vegna umræðna sem hér hafa orðið um þetta atriði tel ég ástæðu til að undirstrika þetta um leið og ég lýsi yfir þeirri skoðun minni að á þessu þarf að verða breyting. Hvað sem við segjum um þessi mál er það þessi stofnun sem á að segja til um verndun og uppbyggingu fiskistofna og er um leið leiðsögn okkar um samskipti við aðrar þjóðir hvað áhrærir þessa mestu auðlegð sem við búum við. Þess vegna eru Hafrannsóknastofnunin og fiskifræðingar svo mikilvæg í mínum huga.

Herra forseti. Ég get vísað til nál. á þskj. 477 og framsögu fyrir málinu og get því stytt mál mitt þar sem ég á þar fulla aðild. Ég vil þó segja það vegna umræðna sem hér hafa komið upp að ég tel að í meðferð sjútvn. á hv. Alþingi hafi náðst fram veruleg leiðrétting á frv. sem hér er til umræðu og ég tel, og ég hef leitað álits margra aðila sem eru í þessari grein og ekki síst smábátaútgerðarmanna, að það hafi náðst leiðrétting sem er til mikilla bóta í sambandi við meðferð málsins á hv. Alþingi.

Auðvitað eru gallar á lögum um stjórn fiskveiða og skiptar skoðanir um mörg atriði sem verður að telja eðlilegt í svo víðtæku máli sem snertir raunar hvert einasta mannsbarn í okkar landi. Hér togast á mismunandi hagsmunir, en íslenska sjómannastéttin og útvegsmenn almennt skilja nauðsyn stjórnar í þessari mikilvægu atvinnugrein og ég tel að Alþingi beri að virða það. Það væri hægt að hafa langt mál um það og spyrja og ég geri ráð fyrir því að flestir geri það í þessum málaflokki: Hvaða samtök er um að ræða þegar talað er um hagsmunasamtök í sambandi við sjávarútveginn? Það eru Landssamband ísl. útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandið, samtök vélstjóra í landinu, samtök skipstjóra og stýrimanna, samtök smábátaeigenda, Verkamannasamband Íslands, sölusamtökin í fiskiðnaðinum, SÍF, SH og SÍS, og fiskiþing, sem samanstendur af fulltrúum sjávarútvegsins úr öllum landshlutum, og svo mætti lengi telja. Ég spyr: Eru þetta einhverjir aðilar úti í bæ?

Mér hefur oft fundist umræðan, bæði á hv. Alþingi og raunar víðar, vera óeðlileg og menn tali þannig að hér séu einhverjir þrýstihópar, einhverjir sérhagsmunahópar að ota sínum tota. Í mínum huga eru þetta málsvarar og fulltrúar allra þeirra sem starfa í sjávarútvegi á Íslandi og í þeim greinum sem honum tengjast og vita því best hverjir eru helst hagsmunir heildarinnar og hvað kemur þessari atvinnugrein best. Þess vegna tel ég þýðingarmikið að allir þessir aðilar séu beinir þátttakendur í stjórn og stefnumörkun um fiskveiðar á Íslandi. Ég geri ráð fyrir að um þetta séu skiptar skoðanir, en þetta er mín bjargföst skoðun og hún byggist einnig á því að ég kem frá svæði þar sem allt snýst um sjóinn, fiskveiðar og fiskvinnslu og hagsmunir þessara greina eru samofnir öllum þáttum í mannlegum samskiptum á þessum svæðum.

Hins vegar get ég tekið undir þá gagnrýni að kerfið sem við búum við og erum nú að lögsetja þurfi að innihalda meiri sveigjanleika vegna mismunandi aðstæðna sem alltaf eru að koma upp og þarf að bregðast við hvað sem menn annars segja um lög og reglur.

Ég hef gagnrýnt t.d. það ákvæði, sem fylgir þessari stjórn, að menn geti verið að selja óveiddan fisk í sjónum. Ég tel að útgerðarmaður skips sem ekki getur veitt samkvæmt úthlutuðum kvóta eigi ekki að hafa ótakmarkaða heimild til að selja þennan fisk samkvæmt þessu leyfi hæstbjóðanda. Ég hef lengi talið að þessu þyrfti að breyta, en þarna er um að ræða atriði sem hefur aldrei verið hægt að nálgast neitt samkomulag um. Þetta er eigi að síður mikilvægt atriði sem gagnrýni er vert í mínum huga.

Ég get einnig sagt það hér að ég tel að það hefði átt í upphafi, og sé ekki hægt að draga það lengur, að marka stefnu um uppbyggingu frystitogara í landinu. Það þarf að koma til sem skilyrði númer eitt að fullnýta allt hráefni sem slík skip afla. Þetta gera nágrannaþjóðir okkar og er talið alveg sjálfsagt. Við höfum ekki efni á því að láta slík stórvirk skip aðeins vinna hluta af afla, þ.e. þann afla fyrst

og fremst sem flökunarvélar um borð vinna. Hér þarf til að koma uppbygging sem þýðir 100% nýtingu aflans sem þessi skip veiða. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er um stórt mál að ræða sem kostar mikið fjármagn og breytingar á því kerfi sem núna er, en ég tel að hún sé hættuleg sú sjálfkrafa þróun um fjölgun slíkra skipa sem á sér stað hjá okkur í dag.

Á sl. ári munu þessi skip hafa fiskað, miðað við þann afla sem þau skila frystum í land í öskjum, um 40 þús. tonn og það er aukning í sjónmáli. Auðvitað þarf að taka þessi mál fastari tökum, ekki síst með tilliti til takmarkandi sóknar í verðmætasta fiskinn. Við hljótum að geta verið sammála um að nýta tækni til að öll fiskiskip skili 100% afla að landi til fullvinnslu. Við höfum bókstaflega ekki efni á öðru sem fiskveiðiþjóð. Það er alveg ljóst.

Ég tel ástæðu til að vitna í nál. meiri hl. sjútvn. sem lagði áherslu á þennan punkt í sínu áliti, en þar stendur, með leyfi forseta. „Þá telur meiri hl. að stórauka beri eftirlit með veiðum og vinnslu afla um borð í frystiskipum og að stefna beri að fullnýtingu afla. Ber að gera kröfur til þess að fiskiskip, og þá fyrst frystitogarar, komi með allan afla að landi jafnskjótt og forsendur eru til slíks.“ Þetta tel ég mikilvægt atriði og leyfi mér að vænta þess að í þeirri endurskoðun fiskveiðilaga sem fram undan er verði þetta mál tekið föstum tökum og nú þegar verði beitt þeim heimildum sem reglugerðir gefa til þess að hefja a.m.k. einhverja stefnu í þessum málum eða aðgerðir.

Ég hef einnig þá skoðun að það verði að auka bein afskipti af ísfisksölu á erlendum markaði. Til hvers? Til að koma í veg fyrir offramboð á fiski sem hefur hvað eftir annað orsakað verðfall og stórtjón fyrir íslenskan sjávarútveg. Svona lagað á ekki að koma fyrir ár eftir ár. Það hlýtur að vera einhver ábyrgur fyrir slíkri óstjórn öllum til tjóns. Við höfum næg dæmi sem sanna þetta og við megum ekki láta það henda að svona lagað gerist fyrir opnum tjöldum sem allir fordæma í orði. Það verður að gera eitthvað raunhæft í þessum málum.

Frá því að stjórn fiskveiði hófst höfum við sem búum á Snæfellsnesi, útgerðarstöðunum þar, barist fyrir því að svæðismörk væru miðuð við Öndverðarnes. Við teljum að Breiðafjarðarsvæðið eigi að fylgja Vestfjarðasvæði með tilliti til stjórnar fiskveiða. Bátar og togarar á þessu svæði fiska hlið við hlið á nákvæmlega sömu fiskimiðum. Því höfum við talið óeðlilegt að mismuna þessum skipum í veiðikvóta og ekki síst þar sem þorskveiði er uppistaða veiða á þessu svæði. Því miður hefur okkur ekki tekist að fá þessu framgengt. Við munum halda þessari baráttu áfram sem við teljum réttlætismál ef á annað borð á að skipta fiskimiðum við landið á þennan hátt sem ég hef ásamt fleirum verið í vafa um. Við á þessu svæði munum leggja málið formlega fyrir laganefnd í þessu máli til að fá leiðréttingu.

Ég tel einnig ástæðu til að vekja athygli á og taka undir þann mikla vanda sem skapast hefur víða um land á undanförnum árum vegna skipa sem seld eru með veiðiheimild úr byggðarlögum sem að mestu byggja á fiskveiðum og fiskvinnslu. Slík tilfelli hafa skapað neyðarástand í atvinnumálum viðkomandi byggðarlaga og hættu á byggðaröskun. Þetta mál kom upp í umræðunum í gær. Í athugasemdum, sem komu frá hv. 1. þm. Vestf., kom fram að ég sérstaklega hafi ekki viljað fylgja fram þeirri tillögu sem hann hefur hér um þetta mál. Mér þykir rétt að upplýsa að í síðustu ríkisstjórn komu upp svona atriði. Ég nefni þar sérstaklega vandamál sem skapaðist í Grundarfirði, þeim útgerðarstað sem missti annað sitt aðalatvinnutæki burtu með 3–4 þús. tonna kvóta. Það skapaðist þar gífurlegt vandamál sem var reynt að leysa. Ég lagði þetta mál formlega fyrir í fyrrv. ríkisstjórn og reyndi að fá um það samstöðu hvernig ætti að leysa það mál. Ég get að sjálfsögðu vottað að hv. 1. þm. Vestf. var á sömu skoðun í þessu máli, enda með vandamál frá Patreksfirði sem voru svipaðs eðlis, en niðurstaðan var sú þrátt fyrir hörku okkar beggja, sem ég held að við höfum ekki dregið af í þessu máli, að okkur tókst ekki að fá stuðning í fyrrv. ríkisstjórn til lausnar þessu máli. Þá gerðum við hvað? Við lögðum málið fyrir Alþingi þannig að við fórum í alla þingflokka og inntum eftir því hvort menn vildu styðja frv. um málið ef það væri takmarkað við lausn á þessum tilteknu dæmum. En niðurstaðan varð sú að það fékkst ekki samstaða á hv. Alþingi til að leysa þetta mál fyrir þessa tvo staði. Þannig urðum við að þola að ekki var hægt að leysa það á þann veg.

Ég held að það sé alveg ljóst að finna verður möguleika til að bregðast við slíkum vandamálum á viðunandi hátt. Það má vel vera að óeðlilegt sé að tengja þetta stjórnun fiskveiða. Það muni skapa þau vandamál önnur sem ekki verður hægt að ráða við. Ég get vel tekið undir að það muni skapa slíka örðugleika. En alla vega tel ég að þetta eigi að vera eitt af meginverkefnum þeirrar laganefndar sem skipuð verður í sambandi við frv. Þetta mál þolir ekki langa bið, að það sé einhver ákvörðun tekin, hvort sem það verður gert í gegnum stjórnun fiskveiða eða að menn lýsi yfir ákveðnum vilja til að leysa það í gegnum Byggðastofnun eða á einhvern annan máta. Svona löguð tilfelli geta alltaf komið upp og það hafa skeð efnahagsleg slys víða um land í sambandi við svona mál og má ekki verða svo áfram.

Í nál. meiri hl. var farið inn á þetta mál og talið að sú nefnd, sem hefur störf um þessi mál, sem við leggjum áherslu á að taki til starfa nú þegar, ætti að fjalla sérstaklega um með hvaða hætti unnt væri að taka tillit til byggðasjónarmiða við stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiheimilda sem gætu verið þáttur í því að jafna aðstöðumun sem upp getur komið.

Herra forseti. Við erum að ræða eitt stærsta mál þjóðarinnar. Fiskimiðin og fiskistofnar eru okkar stærsta auðlegð sem afkoma þjóðarinnar byggir á og byggir á nýtingu þessarar auðlegðar. Okkur ber því skylda til að stuðla að skynsamlegri meðferð þessara

mála. Okkur ber skylda til að fara vel með þessi auðæfi, fullnýta aflann og fullvinna aflann og leggja höfuðáherslu á vöruvöndun og að hagnýta okkur nýjustu tækni á öllum sviðum til að ná því markmiði að fá hæsta verð á erlendum mörkuðum með viðurkennda gæðavöru. Um þessi sjónarmið þarf að nást samstaða, bæði á hv. Alþingi og með þjóðinni allri, og ég efast ekkert um að svo verði því að það er held ég sú besta trygging sem við getum fengið fyrir velgengni þessarar þjóðar ef vel tekst til á þessu sviði.

Í sambandi við það frv. sem hér er til lokaafgreiðslu er ljóst að afgreiðsla þess má ekki dragast öllu lengur ef ekki á af að hljótast verulegt tjón og vandræði í þjóðfélaginu. Hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna víðs vegar um landið senda okkur núna kröfu um afgreiðslu málsins. Ég hef fengið upphringingar utan af miðunum þar sem þeir spyrja hvað við séum að gera á hv. Alþingi, hvort við ætlum að láta sjómannastéttina vera í óvissu um sín mál öllu lengur. Enda þótt ég viðurkenni að lengri tíma hefði þurft til að fjalla um þetta stóra mál er alveg augljóst að hagsmunir sjómanna, byggðarlaga og þjóðarbúsins í heild krefjast afgreiðslu málsins nú þegar.

Ég vil einnig í lokaorðum mínum leggja á það áherslu að sú nefnd, sem skipa á til áframhaldandi endurskoðunar á stefnunni og raunar stefnumörkun í sambandi við þessi lög, taki þegar til starfa og reynt verði að móta stefnu sem tryggi enn betur réttláta stjórn þessa stærsta máls þjóðarinnar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það mun víst ekki ofsagt að það frv. sem hér er til umræðu sé bæði viðamikið og margþætt. Það er einnig ekki ofsagt, sem margoft hefur komið fram í þessum umræðum, að sá málaflokkur sem við erum hér að fjalla um, sjávarútvegsmálin, sjávarútvegurinn og stjórn þeirra mála er meðal allra þýðingarmestu mála í okkar þjóðfélagi. Ég mun ekki í þessari umræðu, sem orðin er æðilöng, flytja langa ræðu um frv. efnislega né um þá miklu hagsmuni sem hér eru í húfi því að þar yrði án efa um endurtekningar að ræða. Ég sé heldur ekki ástæðu til að ræða ítarlega það stjórnkerfi sem verið hefur við lýði og stefnt er að að framlengja með frv.

Víst er að þetta stjórnkerfi felur í sér bæði kosti og galla og kostir og gallar kerfisins hafa að sjálfsögðu komið æ skýrar í ljós eftir því sem reynslan hefur staðið lengur. Með þessu frv. er stefnt að því að auka þetta kerfi, færa fleiri greinar sjávarútvegsins en áður undir nákvæma og allsráðandi miðstýringu sjútvrn. Það er því ekkert einkennilegt eða undarlegt þó að nokkurrar varfærni eða tregðu gæti af hálfu Alþingis við að lögfesta þá auknu miðstýringu sem frv. gerir ráð fyrir og að framlengja stjórn þessa kerfis í þrjú ár.

Hv. sjútvn. þessarar deildar margklofnaði í afstöðu sinni til frv. Þó að meiri hluti næðist í nefndinni skilaði formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., minnihlutaáliti og flytur brtt. á þskj. 479.

Umræður um þetta mál í þessari hv. deild hafa að mínum dómi verið hófsamar og yfirvegaðar og ekki á nokkurn máta farið fram með þeim hætti að þær hafi stuðlað að því að ýfa þann ágreining sem um þetta mál stendur. Þetta er vel. Ég mun að sjálfsögðu leitast við að halda á mínu máli með sambærilegum hætti. Þó er ljóst að um málið er mikill ágreiningur. M.a. er það ljóst af því hver afdrif málsins urðu í hv. sjútvn. þessarar deildar sem og raunar í hv. Ed.

Meðal þeirra sem hér fluttu hófsamar ræður var hv. 1. þm. Vestf., sem talaði um leið fyrir sínum brtt., og er þó kunnugt að hv. þm. er og hefur verið andstæðingur þess kvótakerfis sem verið hefur við lýði í þessum málaflokki. Ég tel að tillögur hans séu yfirleitt til bóta og þær eru þann veg upp byggðar að ég fæ ekki séð að þær raski í neinu því kerfi sem frv. byggir á þótt samþykktar yrðu. Þær eru einnig svo hófsamlega fram settar að ég hlýt að undrast nokkuð að það skyldi ekki takast að ná samstöðu í hv. sjútvn. meðal stjórnarliða.

Hæstv. ráðherra gerði nokkrar athugsemdir við þessar brtt. í ræðu sinni áðan. Hann sagði það m.a. varðandi 1. brtt. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar að það væri ekki um mikið eða stórt mál að ræða þótt ákvæði væri tekið inn um að reikna álag á rækjuafla sem fluttur væri óunninn úr landi til pillunar erlendis. Þetta hefði ekki verið vandamál. Það hefði aðeins einu sinni komið fyrir að ásókn hefði verið í slíkan útflutning vegna þess að þá hefði verið um aflabrest að ræða í Barentshafi. Allt má þetta vera rétt og er vafalaust rétt, en ég ætla að það gæti verið þýðingarmikið að hafa ákvæði í lögum um þetta efni því að svo kynni að fara að ásókn yrði í þennan útflutning af hálfu ýmissa aðila, bæði innlendra og erlendra, sem sæktu fast eftir því að kaupa ópillaða rækju til að vinna hana annars staðar. Ég held að það gæti þá verið ákjósanlegt að í lögum um þetta efni væri ákvæði sem kvæði á um hvernig með skyldi fara.

Hæstv. ráðherra ræddi líka um þá till. á þskj. 479 að Alþingi skyldi að hluta kjósa samráðsnefnd um þessi mál. Hann sagði að vísu að hann teldi ekki hægt að sætta sig við að Alþingi væri að þrengja sér inn í ýmis svið framkvæmdarvaldsins með slíkum hætti. Nú er það svo að till. sjálf gerir ráð fyrir því að Alþingi kjósi aðeins hluta af þessari samráðsnefnd þar sem segir að þrír skuli kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna og ráðherra skipi síðan formann nefndarinnar.

Ég tek mjög sterklega undir að það má vera rétt, sem hæstv. ráðherra segir um þetta efni, að það sé ekki alltaf skynsamlegt að Alþingi sé að þrengja sér inn á verksvið framkvæmdarvaldsins, en það er líka rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að það er ekki sama hvernig þau lög eru sem fjalla skal um hverju sinni. Mörg lög og stórir lagabálkar sem Alþingi afgreiðir eru með þeim hætti að þar eru

skýr fyrirmæli. Þau eru í skýrum ákvæðum sem segja fyrir um á hvern máta framkvæmdarvaldið skuli halda á málum. Þessi ákvæði eru svo skýr að það er ekki nokkur ástæða til þess og raunar einungis til trafala ef Alþingi væri til viðbótar að þrengja sér á einhvern máta inn í meðferð framkvæmdarvaldsins á slíkum málum. En þetta lagafrv. er með allt öðrum hætti. Þetta lagafrv. felur í sér mjög margar, 30 heimildir hafa menn sagt í þessum umræðum, til hæstv. ráðherra og til sjútvrn. sem hann hefur þá í hendi sér að miklu leyti hvernig á er haldið. Þegar hv. Alþingi afgreiðir lög með þeim hætti er ekkert einkennilegt við það og ekkert óviðurkvæmilegt við það að Alþingi vilji fylgjast með og hafa hönd í bagga og samráð um hvernig á skuli haldið af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er þarna sem er sterkur skilsmunur í því hvers konar löggjöf er verið að meðhöndla, hvers konar löggjöf er verið að framkvæma. Ég get því ekki tekið undir ummæli hæstv. ráðherra um þetta efni hvað þessa lagasetningu snertir þó að ummæli hans gildi fullkomlega um ýmsa aðra löggjöf.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um ummæli hæstv. ráðherra um þær brtt. sem liggja fyrir á þessu þskj., en ég endurtek að ég lít svo til að yfirleitt stefni þær til bóta og ég leyfi mér að lýsa yfir að afdrif ýmissa þeirra kunna að hafa áhrif á afstöðu mína til þessa máls við lokaafgreiðslu.

Ég vil jafnframt taka fram að ég hefði viljað sjá hagsmunum smábátaeigenda betur fyrir komið, að þeirra heimildir væru öllu rýmri en gert er ráð fyrir í þeim till. sem fyrir liggja, þó sjálfsagt sé að viðurkenna að það hefur verið komið mikið til móts við þeirra sjónarmið og þá hagsmuni sem þar liggja í brtt. meiri hl. sjútvn. Þessi mál eru þó enn til athugunar manna á meðal í hv. deild og ég tel að það væri ákjósanlegt að geta enn bætt þar nokkuð úr.

Frsm. meiri hl. sjútvn., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sagði í sinni ræðu að það væru vegir lýðræðisins að ná saman höndum, samkomulagi um mál. Þetta er hárrétt. Því miður hefur samkomulag ekki náðst á meðal stjórnarliða í þessari hv. deild. Því miður virðist hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hafa þótt nóg að gert þegar naumur meiri hl. hafði náðst í sjútvn. og þrátt fyrir að formaður nefndarinnar væri þar ekki á sama báti. Þetta tel ég mjög illa farið og ég tel að það sé ómaksins vert miðað við stöðu þessara mála að freista þess enn að ná höndum saman. Ég fæ ekki séð að það beri svo mikið á milli í þeim till. sem hv. þm. Matthías Bjarnason og formaður sjútvn. Nd. hefur flutt og þess er fram kemur í áliti meiri hl. nefndarinnar að það sé enn ekki tími til að freista þess að ná þessu saman.

Ég vil því beina því héðan úr ræðustól til hæstv. sjútvrh. og það í fullri vinsemd að hann hafi forustu um að taka enn dagstund til þess, þrátt fyrir að mikið liggi nú á að koma þessu máli frá, að freista þess að ná þessu saman. Það væri annar og betri svipur á þessu máli og afgreiðslu þess frá hv. Alþingi ef stjórnarliðar gætu staðið saman um þetta mál. Ég leyfi mér enn með fullri vinsemd að beina því til hæstv. ráðherra að hann taki það til greina sem ég hef hér sagt og leitist við að ná samkomulagi.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði, að ræða þetta mál efnislega. Ég vildi aðallega koma þessu á framfæri. En hæstv. ráðherra veit auðvitað að ef þetta gerist ekki tekur hann þá áhættu að eitthvað gangi á annan máta í atkvæðagreiðslum um þetta mál en hann mundi helst kjósa. Ég segi frá því hér að ég hef fullan fyrirvara um afstöðu mína til þessa máls og algjörlega frjálsar hendur um það á hvern máta ég haga mínu atkvæði miðað við að samkomulag hefur ekki tekist. Þess vegna ber ég enn fram mín vinsamlegu tilmæli og það var mitt aðalerindi hingað í þennan ræðustól. Ég læt þar með mínu máli lokið, herra forseti.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið gerð grein fyrir tillögum Kvennalistans um stjórn fiskveiða svo ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þær. Þær hafa verið skýrðar. Ég vil aðeins í almennum orðum lýsa viðhorfi mínu til þessa máls eins og það liggur fyrir nú.

Þegar stjórn fiskveiða, kvótakerfið, var tekin upp þá studdu kvennalistakonur þá tilhögun þar sem markmiðið var að hindra ofveiði og stuðla að verndun og uppbyggingu fiskistofna og auka hagkvæmni við veiðar og vinnslu. Þessi markmið studdum við. En hafa þau náðst á þeim tíma sem lögin hafa verið í gildi? Ég held ekki. Afli hefur árlega farið langt fram úr því sem fiskifræðingar hafa talið ráðlegt og hagkvæmni við veiðar hefur ekki orðið slík sem vonir stóðu til og fiskiskipum hefur fjölgað. Meðferð sjávarafla hefur að vísu batnað en þó má enn gera betur, en nýting hans er langt frá því að vera viðunandi og kjör þeirra sem vinna að sjávarútvegi eru sömuleiðis langt frá að vera viðunandi, hvorki hvað varðar laun né aðbúnað, og um sanngjarna dreifingu atvinnuarðs held ég að menn greini á. (**Forseti:** Ég vil beina því til ræðumanns að þm. hafa kvartað yfir því að það heyrist ekki, ef hún gæti brýnt aðeins raustina.) Ég skal reyna það, herra forseti.

Það er því augljóst að þessi lagasetning hefur ekki skilað tilætluðum árangri. En er þá það lagafrv. sem hér er til umræðu líklegt til að gera betur? Hafa einhverjar þær breytingar verið gerðar frá fyrri lögum sem gera líklegt að sá árangur náist fremur nú en fyrr sem ætlast er til með stjórnun fiskveiða? Ég fæ ekki séð að svo sé. Þeim lögum um stjórnun fiskveiða sem nú eru nýfallin úr gildi var mjög fundið það til foráttu hvað þau væru miðstýrð og þunglamaleg. Þetta frv. virðist mér að gangi jafnvel lengra í þeim efnum, auk þess sem ráðherra er gefið allt að því einræðisvald á viðtækum sviðum. Alvarlegast er þó að ekki skuli vera gerð nein markviss tilraun til að hefta sölu á kvóta, t.d. með því að binda kvóta að einhverju leyti við byggðarlög eða fiskvinnsluhús. Það þarf ekki að orðlengja neitt um

það áfall sem það er fyrir atvinnulíf í því byggðarlagi sem byggir aðallega á útgerð og fiskvinnu þegar allt í einu er búið að svipta það lífsbjörginni. Sala á kvóta ætti ekki að vera leyfileg eins og hún hefur viðgengist. Þetta frv. sýnir ekki í neinu verulegu að leitað sé nýrra leiða til að ná þeim markmiðum sem ætlað er með stjórn fiskveiða.

Þær breytingar sem eru á frv. frá fyrri lögum varðandi smábátaútgerð eru þess eðlis að engin leið er að fallast á þær. Að vísu hafa verið gerðar breytingar til batnaðar á þeirri grein í frv. í meðförum nefndar, en þær ganga engan veginn nógu langt. Þeir sem gera út smábáta í atvinnuskyni verða að geta lifað á sinni útgerð, svo einfalt er það, annars hætta þeir. Og þá geta menn nú fyrir alvöru farið að tala um byggðaröskun. Ef þarf að skerða afla einhverra verður að gera það við þá sem meira hafa, stærri skipin, þar sem hluturinn er það hár að hann þolir að vera skertur án þess að það þýði nokkurn háska fyrir lífsafkomu þeirra sem þar vinna.

Sé litið á hlut smábáta í aflaaukningu síðari ára sést að þrátt fyrir stórfellda fjölgun báta eykst ekki aflamagn þeirra að sama skapi. Raunar eykst afli smábátanna sáralítið sem er af því að náttúran og veðurfarið setja því takmörk hvað hver bátur getur veitt og fjölmargir af þeim bátum sem bæst hafa í flotann eru hinir svokölluðu sunnudagsbátar sem eru eigendum sínum fremur til afþreyingar og skemmtunar en að þeir séu mikilvirk aflatæki. Það hlýtur að læðast að grunur um að einhverjir þeirra sem verða að sæta aflatakmörkunum geti ekki þolað eða sætt sig við að smábátaútgerðin sé ekki heft.

Víða um land eru byggðarlög sem segja má að standi og falli með því hvernig smábátaútgerðinni vegnar. Verði umtalsverð skerðing á aflanum þá er byggðin í voða vegna þess að engin önnur atvinna er fyrir hendi. Hafa menn hugsað um það í alvöru, hugsað um daglegt líf og afkomu fólksins þar, hugsað um fólkið sem mannlegar verur, ekki sem tölur á pappír, 100 manns hér og 200 þar? Og hvað vilja þessar hræður upp á dekk? segja menn. Þetta eru bara tölur á blaði sem skipta stjórnvöld engu. Hafa menn á hv. Alþingi hugleitt hvernig smábátaeigendur muni bregðast við aflaskerðingu og fjölgun banndaga, þ.e. þeir sem treysta sér þá til að halda útgerð áfram? Þeir fara að róa í verri veðrum en áður og þeir fara að róa einir á bát í stað þess að venjulega eru tveir eða fleiri um bátinn. Hvernig er þá komið öryggi manna í glímunni við úfinn sjó og ill veður? Býður þetta ekki heim fleiri slysum á sjó en verið hefur og þykir þó flestum þegar ærinn tollurinn sem Ægi er goldinn. Hvað um líðan þeirra sem í landi bíða vitandi ástvini sína eina á sjónum, oftlega í tvísýnu tafli við höfuðskepnurnar? Það er ábyrgð, herra forseti, mikil ábyrgð sem þeir taka á sig sem ætla að knýja þetta mál fram í þessu formi og með þessum hætti.

Ég vil víkja að því hvernig aflastjórn getur komið við einstök byggðarlög og mismunað einstaklingum þar að því er virðist algjörlega út í hött. Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, lesa úr blaðaviðtali við trillubátasjómann úr Grímsey, Harald Jóhannsson, þann 3. jan. sl. þar sem hann sýnir fram á hvernig framtíðin blasir við Grímseyingum verði þetta frv. að lögum eins og það er, og ég minni á í leiðinni að þetta byggðarlag, Grímsey, á allt sitt undir smábátaútgerð því þar er enga aðra atvinnu að hafa. Haraldur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„„Það er ekki alls kostar rétt, að minni bátarnir hafi rýmri heimildir til veiða en stærri bátarnir. Til Grímseyjar var keyptur 8 tonna bátur í haust. Hann ætti að fá 135 tonn af óslægðum fiski, en fyrir eru þrír 11 tonna bátar í Grímsey. Þeir eru þrír af fimm hæstu af 10–12 tonna bátum yfir landið. 8 tonna báturinn mun sækja sjó jafnt og hinir, en fá mun minni aflaheimildir. Hinir hafa á sex ára tímabili að meðaltali tekið 310 tonn á ári hver um sig. Verði þetta frv. að lögum verður mismununin á bátum rétt um 10 tonn því allt of mikil“, segir Haraldur Jóhannsson trillukarl í Grímsey í viðtali við Morgunblaðið.

Haraldur sagði að ekki væri allt sem sýndist hvað varðaði veiðar smábáta og í raun væri furðulegt hve mikið væri rætt um veiðar báta sem tækju innan við 10% af þorskaflanum. Jafnframt virtist vera um of af villandi upplýsingum á ferli. Sjútvrh. sagði að veiðar línu- og handfærabáta skyldu vera frjálsar enn um sinn. „Hann ætlar hins vegar að banna okkur veiðar í 86 daga á ári, nærri þrjá mánuði. Það er ekkert frelsi,“ sagði Haraldur. „Þetta kemur mjög harkalega út í Grímsey. Í gegnum tíðina hefur veðráttan sett á okkur 270–280 banndaga á ári á handfærunum. Okkur hefur fundist óþarfi að bæta á þessa banndaga af ráðuneytinu úr Reykjavík. Mikill hluti þessara daga kemur á versta tíma fyrir okkur.

Netabátarnir í Grímsey eru allir fyrir neðan 5 tonn nema fjórir. Þetta er hinn svokallaði stórhættulegi skipastóll og ég hef getið þess að vegna hafnleysis eru Grímseyingar dæmdir til að vera með minnstu bátana. Það er misskilningur haldi menn að það sé ósk þeirra sjálfra.“ Og ég tek fram að Grímsey er ekkert einsdæmi með þetta.

„Í fyrra og 1986 höfðu þessir bátar möguleika á 100 tonnum af óslægðum þorski frá 10. febrúar til 15. maí, en frá 15. janúar og til 10. febrúar og eftir 15. maí máttu þeir fiska frjálst í netin. Nú er boðið upp á 50 tonn allt árið fyrir þessa báta, að vísu á að taka eitthvert tillit til aflareynslu, en við vitum ekki með hvaða hætti það verður. Þetta er það sem blasir við okkur í Grímsey. Við skiljum ekki að ráðaherra skuli leggja allt að veði okkar vegna. Afli hefur ekki aukist milli ára nú. Hann lækkar frá árinu 1986 til 1987 og hefur ekki aukist í samræmi við fjölgun smábátanna. Það er nauðsynlegt að hafa veiðar þessara báta frjálsar. Veiðar smábátanna verða aldrei hættulegar þorskstofninum og skila bestu hráefni með minnstum tilkostnaði“, sagði Haraldur Jóhannsson.“

Ég vil líka minna á að langt er frá að Grímsey sé

eina byggðarlagið sem er algjörlega háð smábátaútgerð um atvinnu. Þau eru fjölmörg og líklega er enginn eða sárafáir af hv. þm. landsbyggðarinnar sem ekki vita af einu eða fleiri slíkum byggðarlögum innan síns kjördæmis. Og því gegnir það furðu ef þeir hv. þm. treysta sér ekki til að standa vörð um hagsmuni þessara byggðarlaga, vitandi að það er ekki neitt frá neinum tekið þó að smábátaútgerðin fái áfram að búa við þau kjör sem hún hefur haft og annað er ekki farið fram á.

Smábátaútgerð er einn elsti atvinnuvegur okkar þjóðar. Þar fá sjómannsefnin enn í dag uppeldi sitt. Á smábátunum læra menn frá barnæsku að virða höfuðskepnurnar, læra að þekkja veðurtákn, læra að taka tillit til náttúrunnar. Á smábátum róa feður með sonum sínum og jafnvel dætrum. Oft og tíðum eru það einu tækifæri sjómanna til að vera samvistum við börn sín og taka virkan þátt í uppeldi þeirra og sjá þau breytast úr börnum í fullorðið og dugandi fólk. Er ekki viðurhlutamikið að standa að ráðstöfunum sem kunna að valda því að þetta verði úr sögunni? Það blasir við þeim sem stunda þessa útgerð að ef aflamöguleikar þeirra eru skertir að ráði leggja þeir árar í bát í orðsins fyllstu merkingu. Þá fá forráðamenn stóru skipanna óskir sínar uppfylltar um nóg framboð af æfðum og dugandi sjómönnum í bili, en ekki þegar til lengri tíma er litið því þá hafa uppeldisstöðvarnar verið eyðilagðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um fundartíma hér, en ég skil það svo að það eigi að veita hv. þingdeildarmönnum smáhlé sem hæfilegt telst væntanlega til að gleypa í sig mat og er það vel að menn þurfi ekki að standa í þingstörfunum banhungraðir.

Ég ætlaði að sjá til hverju fram yndi um þessa umræðu og hafði ekki ráðgert sérstaklega að taka þátt í henni. Ég kom afstöðu minni á framfæri við 1. umr. málsins og það hefur ekki tekið þeim breytingum að það sé efni til mikils innleggs af minni hálfu til viðbótar við það sem áður var. Ég tek í öllum greinum undir framsögu hv. 2. þm. Austurl. fyrir nál. 2. minni hl. þar sem afstaða Alþb. er tíunduð og svo vitnað í framsöguræðu hans. Ég held að það sé að vísu gert meira úr en efni standa til, bæði í máli hæstv. ráðherra og víðar, þeim lagfæringum svokölluðum sem felast í brtt. meiri hl. sjútvn. A.m.k. stendur það eftir óbreytt í mínum huga hvað smábátagreinina varðar að eftir sem áður er enginn rekstrargrundvöllur fyrir nýlegum smábátum eða nýjum smábátum undir 6 tonnum miðað við þær veiðiheimildir sem greinin og reglugerðir sem boðaðar hafa verið eða kynntar hafa verið í tengslum við hana ætla. Ég held að það sé alveg borin von að einn sjómaður eða ein fjölskylda, svo ekki sé nú talað um tvo eins og oft er um að ræða, geti ráðið við að reka sjálfan sig og bát, kannski 5,5 tonna bát, nýlega keyptan bát, á þeim veiðiheimildum sem þar eru boðaðar. Það er ósköp einfaldlega enginn grundvöllur fyrir því og ætti öllum að vera ljóst og ummæli um að þarna hafi komið til lagfæringar og smábátasjómenn geti vel við unað, borið saman við aðra, breyta ekki þessari staðreynd. Hún liggur fyrir og þarf ekkert um hana að þrátta. Það er þá einhver hyldýpis vanþekking sem liggur þar að baki ef menn bera annað á borð. A.m.k. hef ég, af því sem ég hef kynnt mér og rætt við menn, alveg sannfærst um að sá hópur smábátasjómanna sem er þá ekki á algjörlega afskrifuðum bátum í þessum stærðarflokki hefur ekki mikla afkomumöguleika verði þessar takmarkanir á settar.

En erindi mitt aðallega í þennan ræðustól eru ákveðin ummæli hv. þm. og hæstv. ráðherra Framsfl. sem fallið hafa í tengslum við þessa lagasetningu, sum utan þings og önnur innan þings. Hæstv. utanrrh. lét svo lítið að tala við dagblaðið Tímann fyrir nokkrum dögum og lét hafa þar eftir sér ákveðin ummæli sem ég verð að segja að hneyksla mig meira en flest annað sem ég hef séð á prenti undanfarin ár. Ég tel að ummælin sem hæstv. sjútvrh. lét falla úr þessum ræðustóli fyrir stundu hafi verið býsna óheppileg einnig í sambandi við sambúð og samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að rifja upp ákveðnar grundvallarstaðreyndir um stjórnskipun Íslands fyrir þessum hæstv. ráðherrum Framsfl. og má þá sá mæti prófessor Ólafur heitinn Jóhannesson þakka fyrir að vera ekki uppi á meðal þeirra þegar þeir taka til máls með þeim hætti sem þeir gera, hæstv. ráðherrarnir, um þessa hluti. Það mætti segja mér að sá ágæti stjórnskipunarfræðingur hefði orðið heldur undirleitur ef hann hefði heyrt lesin þau ummæli sem hæstv. utanrrh. viðhafði í Tímanum fyrir nokkrum dögum.

Ég er að vísu ekki lögfróður eða sérfróður um stjórnskipunarrétt en hef þó reynt auðvitað, eins og öllum hv. alþm. ber, að hafa þar ákveðnar grundvallarstaðreyndir sæmilega á hreinu hvað varðar sambúð hinna mismunandi valdstiga í þjóðfélaginu. Það er að mínu mati alveg morgunljóst að samsetning löggjafarsamkundunnar og störf þingmanna þau eru þess eðlis að stjórnarskráin ætlar þeim að taka afstöðu út frá sannfæringu sinni og ekki öðru. Stuðningur við ríkisstjórn bindur ekki þm. með þeim hætti að einstakir ráðherrar úti í bæ geti talað um það eins og sjálfsagðan og sjálfgefinn hlut að vilji þeirra nái fram að ganga. Það gerist ekki. Það væri stjórnarskrárbrot ef stuðningur við ríkisstjórn innifæli að menn yrðu að greiða atkvæði eins og einhver ríkisstjórn ætlast til, burt séð frá samvisku sinni. Það gengur ekki. Þannig er þetta ekki. Auðvitað ekki.

Það kom hér fram þegar hv. fyrrv. þm. Ingvar Gíslason, þáverandi forseti Nd., flutti frv. til l. ásamt undirrituðum o.fl. sem gekk á skjön við vilja ákveðinna ráðherra í þáverandi ríkisstjórn. Þá ruku þeir upp til handa og fóta og fóru að tala um það að það samrýmdist ekki stuðningi þingmannsins við

ríkisstjórnina að flytja svona frv. Þá rifjaði þessi ágæti fyrrverandi forseti Nd. upp fyrir ráðherrunum hvað felst í því þegar þm. gerast stuðningsmenn ríkisstjórnar. Í raun og veru felst ekkert annað í því en að þm. skuldbinda sig til að greiða ekki atkvæði með vantrausti á þá ríkisstjórn. Þeir skuldbinda sig til að verja ríkisstjórn vantrausti. Stjórnskipulega séð er í raun og veru fyrst og fremst um það að ræða þegar þm. kalla sig stuðningsmenn ríkisstjórna. Þannig má út af fyrir sig segja að hver og einn þm. geti talið sig stuðningsmann ríkisstjórnarinnar þó að hann greiði ekki atkvæði með hverju einasta máli sem hún ber fram svo fremi sem það liggi ljóst fyrir að hann mundi verja þá ríkisstjórn vantrausti.

Þessi var röksemdafærsla þessa virðulega fyrrv. forseta Nd. þegar hann útskýrði það fyrir hæstv. ráðherrum fyrrv. ríkisstjórnar í hverju stuðningur þm. við ríkisstjórn væri fólginn.

Herra forseti. Ég hefði talið æskilegt að formaður Framsfl. og núverandi hæstv. utanrrh. mætti til þessarar umræðu. Ég hef áhuga á að inna hann eftir hvað felist í og hvað sé á bak við þau ummæli sem Tíminn hefur eftir honum nú fyrir fáeinum dögum og ég gæti fundið út úr dagatalinu. Það mun hafa verið miðvikudaginn 30. des. 1987 sem hæstv. utanrrh. greindi frá því sem ég skildi og skil sem einhvers konar samkomulag stjórnarflokkanna og fer um það mörgum orðum að undirstaða þess samkomulags sé að vilji sjútvrh. nái fram að ganga í einu og öllu og ekkert verði gert sem sá hæstv. ráðherra sætti sig ekki við í þessum efnum. Það væri e.t.v. formlega réttara að bera spurningu upp við hæstv. forsrh. sem fundarstjóra á fundum ríkisstjórnarinnar um þessi efni, en þar sem ummælin eru höfð eftir hæstv. utanrrh. hefði ég a.m.k. talið æskilegt að sá hæstv. ráðherra kæmi til þessarar umræðu. (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. mun ekki vera í húsinu og það er tæplega hægt að nálgast hann til þessarar umræðu fyrir matarhlé, en ég mun gera ráðstafanir til þess að hafa samband við hann í hléinu.) Óskar forseti þá eftir að ég geri hlé á máli mínu þangað til að hæstv. utanrrh. er kominn? (**Forseti:** Ef ekki er annað sem hv. þm. hefur að segja. Ég reikna ekki með að hæstv. utanrrh. nái til hússins á þessum mínútum sem eftir eru. En ef þm. hefur ekki neina ræðu að öðru leyti hér að flytja mun ég biðja hann að halda áfram eftir hlé vegna þess að nokkrar mínútur skipta ekki höfuðmáli í þessu sambandi.) Ég tel það heppilegast, þó ég kunni að ætla mér að segja ýmislegt í tengslum við það aðalefni sem ég átti í ræðustólinn, að geyma ræðu mína þangað til hæstv. utanrrh. er hingað kominn. Það væri út af fyrir sig gaman að sjá einnig einhverja hæstv. ráðherra Sjálfstfl. hér endrum og sinnum þegar verið er að ræða þetta kvótafrv. Það hlýtur að vekja nokkra eftirtekt sá áhugi sem stjórnarliðið sýnir þessu máli, hæstv. ráðherrar, að frádregnum að sjálfsögðu hæstv. viðskrh. sem oft og iðulega heiðrar okkur með nærveru sinni hér öðrum mönnum fremur úr hæstv. ríkisstjórn. En hér sjást ekki aðrir ráðherrar en hæstv. sjútvrh. og þá hæstv. viðskrh. Ráðherrar Sjálfstfl. virðast ekki hafa á þessu máli hinn minnsta áhuga — eða er fjarvera þeirra e.t.v. af einhverjum öðrum rótum runnin? Er hugsanlegt að þeir hafi ekki mikinn áhuga á því eins og núv. hæstv. menntmrh. sem ekki var mikill stuðningsmaður kvótakerfisins og mun úr þessum ræðustóli á einni tíð hafa lýst því yfir að hann mundi ekki oftar greiða atkvæði með svona frv. Ég hygg að það hafi verið 1985. Það gæti verið gaman að hafa hæstv. menntmrh. hér. Ég beini því þá til virðulegs forseta að hann noti hádegisverðarhléið sem hann ætlar að veita okkur þm. til að athuga með störf hæstv. ríkisstjórnar, hverjir af ráðherrunum geta tekið þingskyldur sínar svo alvarlega að þeir geti þá heiðrað okkur með nærveru sinni þegar fundinum heldur fram.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að að sjálfsögðu hafa hæstv. ráðherrar þingskyldur, en auðvitað hafa þeir líka ýmsar skyldur sem ráðherrar sem þeir verða að sinna. Þegar allt gengur hér fram í umræðum með venjulegum hætti, sem það gerir vissulega nú, hefur það verið svo að viðstaddir umræðuna hafa verið ábyrgðarmenn málsins sem til umræðu er. En að sjálfsögðu er eðlilegt að menn séu aðvaraðir eða kallaðir til ef til þeirra er beint málum og það mun ég gera í þessu tilfelli með utanrrh. og láta hann vita í hléinu. Mun þá hv. ræðumaður halda áfram sinni ræðu eftir fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Þegar fundarhlé var gefið var hv. 4. þm. Norðurl. e. kominn alllangt áleiðis í sinni ræðu, en hafði beðið um utanrrh. til viðtals. Ég hef aðvarað utanrrh. Hann var ekki tiltækur í augnablikinu, en hans er væntanlega von síðar. Í samráði við hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur það orðið úr að hann lýkur ræðu sinni síðar í umræðunum.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. steig í stólinn í upphafi fundar í morgun og er það ánægjuleg nýbreytni að viðkomandi ráðherrar taki þátt í umræðum um stjfrv. á málefnalegan hátt án þess að hart sé eftir gengið. Hann svaraði a.m.k. hluta af þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á þetta frv. og ræddi einnig nokkrar eða réttara sagt örfáar af þeim brtt. sem fram hafa komið.

Hann minntist m.a. á þá gagnrýni, sem sjútvrn. hefur orðið fyrir, að það hafi ekki sinnt skyldum sínum um endurskoðun þeirra laga sem féllu úr gildi um síðustu áramót og upplýsti hvernig ráðuneytið hefði staðið að þeim málum. Ég minnist þess að vísu ekki að við kvennalistakonur höfum haft uppi gagnrýni varðandi þetta atriði, m.a. vegna þess að ég var hreint ekki viss um réttmæti hennar. Þó var þessi gagnrýni töluvert hávær, m.a. í ráðgjafarnefndinni, og ég minnist þess ekki að henni hafi verið svarað þar af ráðuneytismönnum. Það var hins vegar ekki að vonum að við fylgdumst grannt með hvernig þessari endurskoðun var hagað, þ.e. við kvenna-

listakonur, þar sem við áttum ekki fullgilda aðild að sjávarútvegsnefndum þingsins á síðasta kjörtímabili. Mér virtist á skýringum hæstv. ráðherra í morgun sem ráðuneytið hafi staðið eðlilega að framkvæmd þessarar endurskoðunar og menn hafi fengið tækifæri til að hafa áhrif þar á, þ.e. þeir sem höfðu þá aðgang að málinu.

Hæstv. ráðherra rifjaði upp undirbúning þessa máls og minnti á alla þá sérfræðinga sem kallaðir voru til ráðuneytis. Það er allt satt og rétt, en segir kannski ekki alveg alla söguna því að allar þær kannanir, skýrslur og ráðgjöf sem þar var fengin miðaðist aðeins við það kerfi sem unnið hefur verið eftir á síðustu árum. Þar var ekkert eða nánast ekkert vikið að *mögulegum breytingum og engin* áhersla á athugun á þeim efnum. Það er vitanlega í samræmi við afstöðu hæstv. ráðherra sem okkur er kunn og það vakti athygli mína þegar hann ræddi þessi mál í næstum því klukkutíma í morgun úr þessum ræðustóli að hann skyldi ekki láta svo lítið að víkja að mjög víðtækum tillögum frá fulltrúum allra þingflokka stjórnarandstöðu. Með því finnst mér hæstv. ráðherra sýna hugmyndum okkar lítilsvirðingu og þeirri miklu vinnu sem við höfum lagt í útfærslu þeirra hugmynda. Þó er langt síðan Kvennalistinn kynnti sínar tillögur efnislega svo að ekki ættu þær að vera hæstv. ráðherra ókunnar. En það er svo sem ekkert nýtt að ráðherrar og stuðningsmenn *ríkisstjórnar hverju sinni telji sig ekki* þurfa að ræða tillögur frá fulltrúum stjórnarandstöðu þótt við teljum það hins vegar skyldu okkar að ræða á málefnalegan hátt allt sem frá ríkisstjórninni kemur.

En það er nú svo, herra forseti, að fá mál hafa fengið jafnmikla umræðu og það sem er hér á dagskrá, þ.e. stjórn fiskveiða, bæði utan þings og innan. Er það vel og að vonum því að hér er um lífsafkomu okkar að ræða, undirstöðu þjóðfélags okkar. Þó virðist mér ljóst að sárafáir kynna sér þetta mál til nokkurrar hlítar nema þeir sem eiga þar beinna hagsmuna að gæta og fáir skynja í raun og veru til fulls hversu mikilvægt það er að vel og réttlátlega sé staðið að verki.

Við höfum nú búið við gildandi fyrirkomulag í stjórnun fiskveiða í fjögur ár og erum reynslunni ríkari. Við getum vegið og metið kosti og galla þess að skipta heildarkvóta á fiskiskip í tonnatali og afleiðingar þess að afhenda útgerðarmönnum öldungis ókeypis allan rétt til afla úr sameiginlegum auðlindum landsmanna. Við kvennalistakonur höfum vegið og metið kosti og galla þessa fyrirkomulags, enda skjótum við okkur ekki undan þeirri ábyrgð að hafa átt okkar þátt í samþykkt þeirrar stefnu sem ríkt hefur undanfarin ár. Það var á sínum tíma okkar mat að kvótaskipting á skip væri líkleg til að ná tökum á heildarafla og til að auka hagkvæmni bæði í veiðum og vinnslu. Þær vonir hafa að miklu leyti brugðist, en auk þess hafa heildaráhrif orðið alvarlegri en nokkurn óraði fyrir. Þetta ræddi ég allt í 1. umr. um þetta mál og það hafa einnig gert aðrar *kvennalistakonur í umræðum um málið.*

Við lögðum eins og áður sagði talsverða vinnu í að skoða þetta mál frá öllum hliðum og í að móta tillögur að nýrri tilhögun við fiskveiðistjórnun. Við töldum góðan grundvöll til að stokka verulega upp í þessu kerfi sem svo bersýnilega að okkar mati hafði ekki náð tilgangi sínum og ekki síst töldum við grundvöll til breytinga góðan vegna þess að óánægja virtist vaxandi með núgildandi fyrirkomulag og því væntanlega einnig vilji til breytinga innan allra stjórnmálaflokkanna. Það voru því mikil vonbrigði að engin nýmæli komust á dagskrá svo að orð sé á gerandi í ráðgjafarnefndinni svokölluðu. Það var brugðist þar fannst mér hart gegn allri nýbreytni og *til varnar núgildandi kerfi eða því kerfi sem féll úr* gildi um síðustu áramót en sem stjórnvöld virðast vilja festa í sessi til framtíðar. Þessi niðurstaða var sem sagt mikil vonbrigði, ekki síst með tilliti til allrar umræðunnar um nauðsyn þess að bæta stöðu landsbyggðarinnar og treysta atvinnulífið í öllum byggðum landsins. Því hefði maður haldið að hugmyndir um eitthvert form byggðakvóta fengjust a.m.k. ræddar. Sú varð ekki raunin. Áhugi á slíkum hugmyndum virtist sem næst enginn.

Þegar málið kom til umfjöllunar á þingi kom í ljós víðtæk óánægja með það frv. sem hæstv. sjútvrh. fékk að leggja fram sem stjfrv. eftir miklar sviptingar milli stjórnarflokkanna að því er fréttir herma. Þingflokkar stjórnarandstöðu hafa ekki þurft að tala undir rós um sína afstöðu og kynnt margvíslegar tillögur sínar til breytinga, en þm. úr stjórnarflokkunum hafa vissulega átt erfiða daga og erfiða stöðu með sín viðhorf. Andstaða þeirra hefur þó ekki farið leynt og *eftir allt það sem komið hefur fram í* umræðu um þetta mál á hv. Alþingi og utan þess má furðu sæta hversu litlum árangri í raun og veru sú mótspyrna virðist ætla að skila. Niðurstaðan eftir allt umtalið, öll skrifin og öll upphlaupin á stjórnarheimilinu og allar yfirlýsingarnar innan Alþingis og utan þess eru einfaldlega gamla kerfið og lítið meira. Sérstaka athygli vekur að fulltrúi Alþfl. í sjútvn. skuli sætta sig við svo smávægilegar breytingar sem meiri hl. nefndarinnar stendur að hér við afgreiðslu í Nd. og er raunar eftir að sjá að samflokksmenn hans allir sætti sig við þá niðurstöðu.

Ég ræddi þetta frv. nokkuð ítarlega við 1. umr. og kynnti viðhorf okkar kvennalistakvenna og þær tillögur sem við höfum nú lagt fram til breytinga á þessu frv. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir fékk áheyrnaraðild að sjútvn. Nd. og tók þátt í störfum hennar að mestu leyti og hefur nú þegar rætt þetta mál hér í ljósi þeirrar reynslu sem hún fékk af veru *sinni þar að svo miklu leyti sem sú skammvinna* reynsla gat einhverju aukið við þá yfirsýn sem við höfðum þegar aflað okkur.

Brtt. okkar eru á þskj. 438 og miða að því að halda heildarafla meira í skefjum, draga úr ofstjórn og miðstýringu og taka tillit til byggðasjónarmiða. Þá er það veigamikill þáttur í þessum tillögum að efla rannsóknir, hvetja til betri nýtingar og bættrar

meðferðar sjávaraflans og búa betur að starfsfólki í sjávarútvegi.

Það er okkar meining að fyrstu þrjár greinar frv. geti verið óbreyttar. 1. gr. þessa frv. er að okkar mati vissulega örlítið skref sem hugsanlega geti orðið hið fyrsta á leið út úr því skömmtunarkerfi sem við höfum nú búið við í nokkur ár og verðum væntanlega að búa við eitthvað enn. Sú yfirlýsing sem er gefin í 1. gr. frv. er sjálfsögð og hana getum við öll stutt hvort sem hún dugir svo til nokkurrar stefnubreytingar í tímans rás.

Við kvennalistakonur tökum því fúslega undir þá stefnumarkandi yfirlýsingu sem felst í 1. gr. frv., enda er hún í fyllsta samræmi við stefnuskrá okkar. Sú tilhögun að úthluta veiðiheimildum síðan gefins beint til útgerðaraðila, sem geta svo ráðskast með þær í eigin hagsmunaskyni eins og frv. gefur tilefni til, er hins vegar í algerri mótsögn við þá yfirlýsingu um þjóðareign sem fram kemur í 1. gr., enda veit þingheimur hvernig sú grein er til komin. Hún er sett hér til að sætta andstæðinga kvótakerfisins innan stjórnarflokkanna við tímabundna framlengingu þessa kerfis og stinga með því að þeim dúsu og svo merkilega vill til að það virðist ætla að duga nokkuð vel til þess. Hugsanlega er það rétt reiknað að hér sé um einhverja viðspyrnu að ræða. Ég kann varla að meta það. En óneitanlega verkar þessi frvgr. ofurlítið hjárænulega með tilliti til alls þess sem á eftir kemur því þar hefst hið niðurnjörvaða samspil hæstv. ráðherra og skipaeigenda þessa lands og er þá blásið á hjalið um sameign íslensku þjóðarinnar. En við greiðum 1. gr. frv. fúslega atkvæði okkar í þeirri von að hún sé þegar allt kemur til alls upphafið að einhverju öðru og meira en hér virðist eiga að samþykkja til næstu mánaða.

Við getum einnig fallist á 2. og 3. gr. frv., en að sjálfsögðu þyrfti að breyta síðustu orðum 2. gr. þar sem vísað er til 12. gr. ef brtt. okkar væru samþykktar.

Þá erum við komin að 4. gr. frv., en á þskj. 438 leggjum við til að í stað 4.–14. gr. frv. komi þrjár nýjar greinar. Það er þá fyrst sú sem yrði 4. gr. samkvæmt okkar tillögum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr., skal skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af löndunum afla síðustu fimm ára.

b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga, sbr. 6. gr.“

Í sjálfu sér þarf ekki að skýra þetta með mörgum orðum. Þessar tillögur skýra sig að mestu sjálfar. Hér er náttúrlega um grundvallarbreytingu að ræða þar sem skipting heildaraflans yrði miðuð við byggðarlög en ekki einstök skip. Það er í framkvæmdinni vel hugsanlegt að geyma ráðstöfun 20% heildaraflans skv. b-lið allt til 15. apríl þegar út rennur heimild ráðherra skv. 2. gr. frv. til þess að hækka eða lækka heildaraflamagnið og væri tvímælalaust til bóta að hafa slíkan sveigjanleika innbyggðan í kerfið, en einnig má hugsa sér að þar yrði um minni hluta heildaraflans að ræða, t.d. 10%.

Þá leggjum við til að næsta grein, sem þá yrði 5. gr., verði svohljóðandi:

„Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 4. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 4. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,

b. að ákveða sérstök álög á þann fisk sem er landað erlendis,

c. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,

d. að setja reglur um veiði smábáta,

e. að setja reglur um nýjar veiðiheimildir,

f. að framleigja veiðiheimildir til annarra byggðarlaga enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því byggðarlagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.“

Eins og hv. þm. sjá og heyra gera tillögur okkar ráð fyrir nær algeru framsali úthlutunarvalds til byggðarlaga þótt segja megi að leiðarvísir fylgi pakkanum, þ.e. sveitarstjórnum leyfist að gera svo og svo frá a til f ef það hentar aðstæðum. Með þessu er losað algerlega um ofstjórnar- og miðstýringartök og völdin flutt heim í héruð eins og menn segja gjarnan þegar rætt er um nauðsyn valddreifingar og virkara lýðræðis sem stjórnmálamenn í öllum flokkum hafa prédikað í áraraðir en minna gert af að móta um það tillögur.

Hér er líka feimnislaust talað um að selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, en rétt er að undirstrika að það er ekki ætlun okkar að byggðarlögin verði fyrir fjárútlátum vegna þessa heldur komi þau í besta falli út á sléttu eða geti hagnast á sölu eða leigu veiðiheimilda. Yrði um einhverjar tekjur að ræða í einhverjum mæli leggjum við til að þeim verði varið í þágu sjávarútvegsins, bættrar aðstöðu í höfnum og betri þjónustu við útvegsgreinarnar.

Það er einnig rétt að vekja athygli á möguleikum til þess að skilyrða úthlutun veiðiheimilda með löndun í viðkomandi byggðarlagi, en svo geta aðstæður líka verið á þann veg að þess þurfi ekki eða sé ekki óskað og þá er jafnfrjálst að hafa það óbundið. Þannig er þetta allt frjálslegra og sveigjanlegra og auðveldara að aðlaga kerfið aðstæðum á hverjum stað án þess að heildarhagsmunir séu bornir fyrir borð.

Þá er ég komin að þeirri grein sem yrði 6. gr. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 4. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirfarandi verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,

b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,

c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks."

Þetta er mjög mikilvægur þáttur í tillögum okkar. Það er nefnilega að okkar mati alls ekki vansalaust hversu lítið í rauninni þessi þjóð, sem lifir á fiski, hefur sinnt rannsóknum og fræðslu í sjávarútvegi. Ég held að þetta hirðuleysi hafi orðið okkur til verulegs tjóns og stuðlað að því m.a. að störf í sjávarútvegi njóta alls ekki þeirrar virðingar sem þeim ber. Þetta er brýnt að lagfæra og efla alla menntun og fræðslustarfsemi í þessum greinum.

Sömuleiðis er nauðsynlegt að efla rannsóknir tengdar sjávarútvegi, bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Það er raunar mjög ánægjulegt að svokallaðir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi lýstu því yfir nýlega að þeir mundu stuðla að hagnýtum rannsóknum með fjárframlögum. Ég held ég fari rétt með að það hafi verið Landssamband ísl. útvegsmanna sem lýsti því yfir nýlega að það mundi styrkja þannig verkefni á vegum Hafrannsóknastofnunar og það sýnir aukinn skilning á mikilvægi slíkra rannsókna. Það er því í hæsta máta eðlilegt að fé úr veiðileyfasjóði verði varið til slíkra rannsókna í töluverðum mæli og þá kannski ekki síst til grunnrannsókna sem ólíklegt er að hagsmunaaðilar fyndu beinlínis hvöt hjá sér til að styrkja. Grunnrannsóknir eru þó engu síður nauðsynlegar og ber ríkisvaldinu skylda til að sjá um að slíkar rannsóknir séu ekki vanræktar.

Loks er svo c-liðurinn í þessari brtt. sem er ætlaður til að hvetja á mjög svo jákvæðan hátt til betri nýtingar aflans og bættrar meðferðar og ekki síður til þess að búa vel að starfsfólki í sjávarútvegi. Sjálfsagt hafa allir eða flestir hv. þm. einhverja reynslu af vinnustöðum í einhverri grein sjávarútvegsins, ef ekki beinlínis vegna vinnu á þeim stöðum þá a.m.k. í tengslum við vinnustaðaheimsóknir. Þarf ekki að orðlengja hversu misjafnlega ánægjulegir og vel útbúnir vinnustaðir þetta eru og varla þarf heldur að útskýra hver áhrif góður aðbúnaður og góð vinnuskilyrði hafa á líðan og velferð starfsfólks sem aftur skilar sér í betri vinnubrögðum. Það er því allt að vinna í þessu efni.

Þá er ég komin að brtt. okkar við 15. gr. frv. sem yrði 7. gr. í samræmi við það sem á undan er komið, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna" komi: einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.

b. Í stað orðanna „varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark" komi: varðandi veiðileyfi og aflamark."

A-liðurinn er væntanlega auðskiljanlegur. Í samræmi við valddreifingu til byggðarlaga teljum við rétt að ætla Sambandi ísl. sveitarfélaga aðild að þeirri samráðsnefnd sem skv. 15. gr. frv. skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi og sömuleiðis Verkamannasambandi Íslands og enda þótt okkar tillögur, sem á undan þessari koma, yrðu ekki samþykktar sé ég ekki að þessi standi ekki eftir sem áður og mun ekki draga hana til baka þótt hinar verði felldar. Hún á jafnvel við í því kerfi sem væntanlega verður komið á.

Í b-liðnum leggjum við til að niður falli orðin „og sóknarmark", enda teljum við að sú tegund veiðiheimilda geti fallið niður í því kerfi sem við leggjum til.

16. gr. má standa óbreytt, en yrði samkvæmt till. okkar 8. gr. Hún sýnir að ekki viljum við svipta hæstv. ráðherra öllu valdi því hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara."

Við 17. gr. sem yrði þá 9. gr. viljum við hins vegar gera þá breytingu að bætt sé í hana orðunum „viðkomandi sveitarstjórn" í samræmi við hlutverk sveitarstjórna í þessari tilhögun fiskveiðistjórnar.

18. gr. yrði síðan 10. gr. og brtt. okkar er aðeins við 2. mgr. hennar og er samræmingaratriði.

19. og 20. gr. frv. stæðu þá áfram óbreyttar og yrðu 11. og 12. gr., en við 21. gr., sem yrði þar með 13. gr., gerum við þá brtt. að gildistíminn yrði fimm ár og er rétt að undirstrika það að slík tillaga á aðeins við það kerfi sem ég hef nú lýst og er alger grundvallarbreyting á núgildandi kerfi, en það er að okkar dómi nauðsynlegt að gefa slíku kerfi góðan tíma til að þróast og sanna sig. Þetta er þó ekkert úrslitaatriði og má vel hugsa sér skemmri gildistíma eða endurskoðunarákvæði til bráðabirgða.

Ég hef þá, herra forseti, lokið yfirferð yfir þessar tillögur sem okkur til ánægju hafa vakið nokkra athygli og viðbrögð en þó minna umtal og skrif en við höfðum vonað. E.t.v. er þar um að kenna að menn sjá ekki líkur til að neinar slíkar breytingar fengju byr undir vængi á hv. Alþingi. Ég sagði reyndar við 1. umr. um frv. að það hvarflaði ekki að okkur að þessar tillögur yrðu samþykktar nú, en við værum vongóðar um að þær yrðu grunnurinn að fiskveiðistefnu okkar Íslendinga jafnvel í náinni framtíð. Ég vildi því nota þetta tækifæri til að skýra þessar tillögur enn rækilegar en áður hefur verið gert og vona að hv. þm. séu nær um hvað þær í raun og veru þýða þótt færri séu nú að hlýða á þessa umræðu en æskilegt væri.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir og Málmfríður Sig-

urðardóttir hafa talað á undan mér og skýrt á ýmsan hátt afstöðu okkar kvennalistakvenna til frv. í heild. Hvað varðar brtt. annarra vegna þessa frv. kom Kristín Einarsdóttir nokkuð inn á þær, einkum þó tillögur hv. 1. þm. Vestf., enda e.t.v. líklegast að þær fái þann stuðning sem dugi, a.m.k. einhverjar þeirra, að frátöldum auðvitað tillögum meiri hl. sjútvn. sem vissulega eru til nokkurra bóta. Það verður þó ekki sagt um hina margumræddu og mjög umdeildu 10. gr. frv. sem ekki er hægt að samþykkja í þeim búningi sem meiri hl. nefndarinnar hefur fært hana í þótt þar sé óneitanlega um rýmkun að ræða. Hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir fjallaði talsvert um þetta áðan og ég ætla ekki að bæta við það. Það er líka grunur minn að enn sé von til þess að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem ekki eru ánægðir með þessa niðurstöðu fái hér einhverju um þokað og ég mun því geyma mér algjörlega frekari umfjöllun um þennan þátt frv. ef tilefnið kynni að breytast.

Varðandi till. hv. 1. þm. Vestf. á þskj. 479 vil ég segja það að mér finnst fyrri hluti fyrstu tillögunnar sjálfsagður, en um síðari málsgreinina hef ég nokkrar efasemdir, þ.e. varðandi skiptingu á milli eða heimild til skiptingar á milli vinnslustöðva. Mér finnst óeðlilegt að taka einn þátt fiskveiða út úr á þennan hátt og skipta honum niður með skömmtunarkerfi af þessu tagi þótt ég viðurkenni vissulega sérstöðu rækjuvinnslunnar. En ég efast um að ég treysti mér til að styðja þann hluta þeirrar tillögu þó að ég sé ekki búin að athuga það alveg til botns.

Þriðju tillöguna á þskj. 479 styð ég enda er hún ekki ósvipuð tillögu sem ég samdi og sýndi nokkrum þm. þegar fiskveiðistjórnun var síðast til umræðu en lagði reyndar aldrei fram á þingskjali þar eð ég fann engan hljómgrunn hjá þeim sem ég leitaði til þá og taldi mér dómbærari um það hvað rétt væri og líklegt til árangurs. Hæstv. sjútvrh. vék að þessari tillögu í máli sínu í morgun og taldi öll tormerki á framkvæmd hennar. Ég get vissulega samsinnt því að þetta gæti orðið erfitt í framkvæmd og ég hefði orðað þessa grein öðruvísi. T.d. tel ég síðari setninguna óþarfa og bjóða upp á mikinn vanda í úrlausn. Ég get auðvitað ekki stillt mig um að minna á að slík grein væri hins vegar óþörf í því kerfi sem Kvennalistinn gerir tillögu um.

Um aðrar tillögur þarf ég engu að bæta við það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði við umræðuna í gær en árétta þau orð hennar að enda þótt við höfum vissar efasemdir um árangur nefndarstarfa að fenginni reynslu líst okkur vel á þá nefndarskipan sem sjötta brtt. á þskj. 479 gerir ráð fyrir, svo og verkefnalýsingu hennar.

Um tillögur hv. þm. Alþb. og Borgarafl. er svo það að segja að tillögur hinna fyrrnefndu eru nær þeim hugmyndum sem við höfum mótað í okkar tillögur en þó að ýmsu leyti frábrugðnar eins og augljóst er og auðheyrt ef hv. þm. hafa haft fyrir því að hlýða á útskýringar.

Þriðju brtt. á þskj. 435 mun ég styðja, enda á hún við þótt áfram verði stjórnað á sama veg og hingað til. Þá mun ég einnig styðja brtt. þeirra á þskj. 435 við 10. gr. sem er samhljóða grein í þeim lögum sem féllu úr gildi við síðustu áramót og að viðbættri síðustu málsgreininni sem setur skorður við fjölgun smábáta. Hæstv. ráðherra vék að þessum hluta tillögunnar í máli sínu í morgun og taldi slíkt fyrirkomulag nánast óviðráðanlegt. Það hafa ýmsir aðrir fjallað um þetta og telja að svo muni alls ekki vera, m.a. Félag ísl. smábátaeigenda eða þeirra fulltrúar. Ég hef því ekki trú á því að þetta sé ekki hægt og held að það væri til bóta.

Tillögur hv. þm. Borgarafl. eru um allt annars konar kerfi en við kvennalistakonur gerum tillögur um og getum við því ekki stutt þær. Þó sé ég ekki annmarka á því að við gætum stutt hugmynd þeirra um sérstaka framkvæmdanefnd sem fari með hluta þess valds sem ráðherra er ætlað í þessu frv., svo og sérstakan fiskveiðidóm, en báðar þessar tillögur draga úr valdi ráðherra sem okkur þykir mikið í þessu máli öllu.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki frekari orð um þetta að sinni.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Það gleður mig sannarlega að hæstv. utanrrh. og fyrrum sjútvrh. er mættur til að hlýða á umræðuna og mættu fleiri hæstv. ráðherrar fylgja fordæmi hans og sitja hérna eina stund við þessar umræður. Það hefur vakið nokkra athygli manna til að mynda að hv. þm. og hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. fjölmenna ekki beinlínis hér í deildina þegar til umræðu eru þessi afdrifaríku mál. Hæstv. menntmrh. kom og sást hér í mýflugumynd áðan en er óðar rokinn úr salnum aftur. Ég hafði kannski hugsað mér að spyrja hann ofurlítið um afstöðu hans vegna þess að mig rekur minni til þess að þegar hann gaf skýringar á atkvæði sínu hér á hinu háa Alþingi 1985 hafi hann ekki verið mjög ákafur í stuðningi sínum við kvótakerfi og einhverja ræðu mun og hæstv. menntmrh. hafa flutt um þetta mál á árinu 1984. Það má auðvitað kanna betur með lestri þingtíðinda, en æskilegast hefði auðvitað verið ef hæstv. ráðherra hefði getað verið hér fyrir hönd Sjálfstfl. og sína eigin og skýrt okkur aðeins frá sinni afstöðu, sinnaskiptum ef einhver eru í málinu.

Herra forseti. Ástæða þess að ég vil ræða við þá hæstv. ráðherra Framsfl., utanrrh. og sjútvrh., eru ákveðin ummæli þeirra innan þings og utan um meðferð þessa máls í gegnum þingið. Ég sagði það áðan, fyrir hádegið, áður en hæstv. utanrrh. var kominn, að ummæli sem eftir honum eru höfð í dagblaðinu Tímanum 30. des. sl. hefðu hneykslað mig meira en flest önnur slík sem ég hef séð á undanförnum árum þar sem fjallað er um verkefni og hlutskipti Alþingis og starf alþm. Hver er ástæðan? Ástæðan er sú, herra forseti, að hæstv. utanrrh., fyrrv. forsrh. íslenska lýðveldisins, — ég var næstum því búinn að mismæla mig, herra forseti, því að því hefur heyrst fleygt að hæstv. utanrrh. hafi áhuga á öðru embætti

sem kennt er við forsæti en hann er fyrrv. forsrh. — hefur ummæli af því tagi uppi í málgagni Framsfl., Tímanum, að ætla má að 62 þm. á Alþingi hafi engan annan tilgang og engan annan rétt en þann að rétta upp höndina eins og einn hv. þm., hæstv. sjútvrh., vill. Ég neyðist til þess, með þínu leyfi, herra forseti, sem ég veit að verður auðfúslega veitt, að vitna í ummælin í Tímanum 30. desember þó að það kunni að hafa verið gert áður við umræðuna. Hæstv. utanrrh. er að greina frá samkomulagi sem lesa má út úr þessum orðum að hafi tekist í ríkisstjórninni þarna fyrir þennan dag eða á þessum degi, 30. des., um það að láta tekjuöflunarfrumvörpin hafa forgang og síðan segir orðrétt:

„En ef það tækist ekki að koma fiskveiðifrv. í gegn fyrir áramót, þá verði komið saman strax eftir áramót og það samþykkt án tafar og án nokkurra breytinga sem sjútvrh. geti ekki fallist á. Lagði Steingrímur [þ.e. hæstv. utanrrh.] áherslu á það atriði í samkomulagi þessu [ekki leynir það sér] að engar breytingar yrðu teknar inn í frv. nema þær sem sjútvrh. getur fellt sig við.“ Og í þriðja skipti segir hæstv. utanrrh. í örstuttri klausu: „Allar breytingar á frv. Halldórs yrðu þó miðaðar við það sem hann telur sér fært að samþykkja“ — hann.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ummæli af þessu tagi frá einum ráðherra í ríkisstjórn um afgreiðslu mála hér inni á Alþingi eru með slíkum endemum að þó að ýmislegt skrautlegt hafi verið haft eftir þessum hæstv. ráðherra held ég að aldrei hafi verið með jafnalvarlegum hætti vegið að grundvelli og hlutverki þessarar stofnunar í ummælum utan þings og að það skuli vera hæstv. fyrrv. forsrh. lýðveldisins sem tekur sér ummæli af þessu tagi í munn, það er með endemum.

Það er auðvitað í fyrsta lagi nauðsynlegt að spyrja og fá upplýst: Stendur hæstv. utanrrh. við það að samkomulag af þessu tagi hafi verið gert í ríkisstjórn? Er það virkilega svo að ríkisstjórn á fundum sínum utan veggja Alþingishússins geri samkomulag af þessu tagi? Er þá ekki nauðsynlegt að fara að fara yfir ýmsar grundvallarstaðreyndir í sambandi við þingbundna ríkisstjórn? Hvað þýðir 1. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins? Með þínu leyfi, herra forseti, er hún svona: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“ Ég vitnaði hér í hv. fyrrv. þm. og forseta Nd. Ingvar Gíslason sem útskýrði það fyrir þm. á sl. vetri hvað fælist í því að þm. styddi ríkisstjórn. Hvaða skuldbindingar tekur þm. á sig við að styðja ríkisstjórn? Jú, í grundvallaratriðum eru það þær skuldbindingar að verja viðkomandi ríkisstjórn falli, að greiða atkvæði gegn vantrauststillögum á viðkomandi ríkisstjórn. Þm. sem styður ríkisstjórn skuldbindur sig til þess, en hann skuldbindur sig að sjálfsögðu ekki til þess að gera alla skapaða hluti sem ríkisstjórninni, ég tala nú ekki um einum ráðherra hennar, dettur í hug að fara fram á. Auðvitað er það þannig, svo að maður vitni nú aftur í þetta ágæta plagg, stjórnarskrá lýðveldisins, að hún leggur þm. á herðar alveg einstakar skyldur, fyrst og fremst þær að fara ætíð eftir samvisku sinni, og það er stjórnarskrárbrot að knýja þm. til þess að greiða atkvæði gegn samvisku sinni. Ef sannfæring þeirra býður þeim að fylgja ekki hæstv. ríkisstjórn í þessu efni eiga þeir ekki að gera það. Lög og stjórnarskrá mæla svo fyrir um, þannig að ummæli af þessu tagi eru með ólíkindum og hæstv. utanrrh. væri maður að meiri ef hann kæmi í ræðustólinn og drægi þau til baka og bæði Alþingi og alþm. afsökunar og viðurkenndi að þetta hefði verið fleipur sem hefði hrotið út úr honum í fljótræði eða þá, sem væri auðvitað enn þá betra fyrir hæstv. utanrrh., ef hann gæti borið þetta bara upp á blaðamenn Tímans, þeir hefðu haft þarna rangt eftir sér. Ætli hæstv. utanrrh. hins vegar að standa við þessi ummæli bið ég hann að koma í þennan ræðustól og útskýra fyrir mér og öðrum þingdeildarmönnum hvernig sambúð Alþingis og ríkisstjórnar sé háttað að hans mati, hver eigi að gera hvað. Hvaðan fá hæstv. ráðherrar vald sitt? Hvað þýðir 1. gr. stjórnarskrárinnar um þingbundna ríkisstjórn? Verðum við ekki að fara að fá þetta svolítið á hreint?

Hæstv. sjútvrh. hafði hérna við önnur ummæli sem gefa mér tilefni til að ætla að skilningur hæstv. ráðherra Framsfl. á hlutverki sínu og valdi ráðherra sé orðinn eitthvað brogaður. Það er að vísu þannig að framsókn er búin að vera lengi í stjórn og það er sjálfsagt ekki gott fyrir jafnstöðulitla menn og þeir eru að sitja lengi að völdum í einu án þess að hafa tækifæri til þess utan stjórnar að hugsa sinn gang.

En hæstv. sjútvrh. sagði áðan um spurninguna um þingkjörna samráðsnefnd í sambandi við mörkun fiskveiðistefnu og ég held að ég treysti mér alveg örugglega til að vitna orðrétt í ráðherrann. Hann sagði að það væri fullkomlega óeðlilegt að Alþingi kysi í samráðsnefnd, sbr. 15. gr. frv., fullkomlega óeðlilegt, sagði hæstv. ráðherra og hóf svo eitthvert röfl um hugsjónir sínar í sambandi við Ríkisendurskoðun, hún ætti að vera sjálfstæð og heyra undir Alþingi sem er allt annað mál. Hvað er hæstv. ráðherrann eiginlega að tala um? Jú, að það væru eitthvað óeðlileg afskipti Alþingis, löggjafarsamkomunnar, af framkvæmdarvaldinu, skildi ég hann svo, ef Alþingi leyfði sér að kjósa í samráðsnefnd um fiskveiðistefnuna. Hvers konar bull er þetta, herra forseti? Hvað er hæstv. ráðherra eiginlega að segja? Er hann að segja að öll afskipti Alþingis af þessu tagi, þar sem kosnir eru menn sem fara með einhverja hluta stjórnsýslunnar eða framkvæmdarvaldsins, séu óeðlileg? Er þá ekki kosning húsnæðisstjórnar óeðlileg, kosning byggðastjórnar, kosning allra annarra þingkjörinna nefnda sem starfa úti í þjóðfélaginu og fara með hluta af framkvæmdarvaldinu eða stjórnsýslunni? Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra er eiginlega að fara. Ég ætla að lesa aðeins upp úr stjórnarskránni, líka fyrir hæstv. sjútvrh. Það er mjög gott fyrir menn ef þeir treysta sér ekki til að kunna stjórnarskrána að öðru leyti að þeir reyni þó að kunna 1. og 2. gr., sérstaklega ef þeir eru ráðherra í ríkisstjórn. 2. gr. hennar er svona:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið.“

Auðvitað. Framkvæmdavaldinu er skipað með landslögum. Það er Alþingi sem skipar framkvæmdarvaldinu með landslögum. Hefur hæstv. sjútvrh. ekki áttað sig á þessu? Auðvitað getur því Alþingi sett á fót nefnd og skipað þannig framkvæmdarvaldinu með landslögum eins og það gerir alla jafnan. Ég hélt að það þyrfti ekki að skýra þetta út fyrir hæstv. ráðherra. Þetta er svo mikill hyldýpis misskilningur að það sé eitthvað óeðlilegt við það að Alþingi kjósi nefndir, ráð eða stjórnir og skipi framkvæmdum mála þannig með lögum, með einum eða öðrum hætti. Það er iðulega gert að Alþingi setur rammalöggjöf og felur síðan þingkjörinni stjórn að annast framkvæmdina að öðru leyti á grundvelli heimilda í þeim lögum. Þar með afsalar Alþingi ekki framkvæmdarvaldinu til ráðherra í því tilviki, heldur til þingkjörinnar nefndar eða stjórnar. (**AG:** Ríkisstjórnin er framkvæmdanefnd.) Þannig getur þetta gerst fyrir svo utan það, hv. þm., að þeir sem sitja í ríkisstjórn verða auðvitað að gera sér grein fyrir því hvaðan þeir taka vald sitt, hvers vegna þeir eru orðnir ráðherrar. Það er af því að einhverjir menn hér í þessari stofnun hafa ákveðið að styðja þá, hjálpa þeim við að koma þeirra málum fram með þeim fyrirvörum þó sem á slíku verður að hafa, þannig að vald ráðherra kemur ekki frá guði. Þeir eru ekki kosnir handhafar framkvæmdarvaldsins af guði almáttugum eða einhverjum öðrum slíkum, heldur eru þeir það fyrir tilstuðlan Alþingis. Svona röksemdafærslur í þessum málum og svona ummæli ættu því auðvitað að verða til þess, held ég, að hv. alþm. hugsi enn þá betur sinn gang áður en þeir samþykkja lög af þessu tagi þar sem framkvæmdarvaldinu er auðvitað afsalað heilmiklu valdi.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef haft heldur vonda samvisku iðulega yfir því að samþykkja tiltölulega opnar heimildir til handa ráðherra. Ég er þeirrar skoðunar að löggjöf þurfi að vera býsna skýr og afdráttarlaus og heimildir til reglugerðarútgáfu og annarra slíkra athafna af hálfu framkvæmdarvaldsins megi ekki vera nema mjög takmörkuð, sérstaklega í afdrifaríkum málum eins og þessu, af því að grundvallarreglan er auðvitað sú að Alþingi á að setja lög og enginn annar og það er ekki hægt að framselja löggjafarvaldð.

En að sjá svo þetta viðhorf sem gægist þarna út úr sálarkirnum þeirra framsóknarmanna í þessum efnum er algjörlega með ólíkindum. Ég held að það verði að fara að setja þessa hæstv. ráðherra á námskeið í þessum efnum ef þetta er marktækt um skilning þeirra og viðhorf þeirra til þessara mála yfirleitt. Auðvitað væri enn þá best að koma þeim í stjórnarandstöðu og helst náttúrlega út af þingi, mönnum sem ekki hafa meiri skilning á þessum hlutum en þetta, en til vara mætti gera þá tillögu að þeir yrðu settir á námskeið.

Herra forseti. Þetta er nú svona. Svo koma hér ályktanir og skeyti utan úr þjóðfélaginu þar sem vinnubrögð Alþingis við þessa lagasetningu eru átalin og Alþingi er skammað, húðskammað, liggur mér við að segja, fyrir að hafa ekki drifið þessa löggjöf í gegn fyrir áramót. Og það verð ég að segja að það er ekki góður skilningur heldur á hlutverki og störfum Alþingis. Hvað á Alþingi að gera? Það á að setja lög. Hvernig á Alþingi að hugsa það þegar það er að setja lög? Það á væntanlega að hafa heildarhagsmuni þjóðarinnar allrar sem leiðarljós í því efni. Og er það ekki það sem hv. alþm. eru yfirleitt að reyna að gera? Svo þegar alþm. telja sig vera að gæta hagsmuna ákveðinna aðila í þjóðfélaginu sem ekki hafa fengið sinn hlut með sanngjörnum hætti í þeim tillögum sem hæstv. ráðherra leggur fram er það allt í einu orðið næstum að segja saknæmt að mati manna út um allt.

Ég held að menn verði auðvitað að reyna að skilja það að það sem hv. Alþingi og hv. alþm. eru að reyna að gera er að finna sem sanngjarnasta málamiðlun með hagsmuni allra að leiðarljósi, engan undanskilinn, þjóðfélagið allt eins og það leggur sig, líka byggðarlögin, sveitarfélögin, fiskvinnsluna og smábátasjómenn og aðra slíka aðila, ekki bara stórútgerðarmenn. Og þó að þeir kunni að vera ánægðir með vinnubrögð ráðherrans og vilji fá hans vilja í gegn mega þeir ágætu menn ekki gefa sér það að Alþingi hugsi þetta alveg nákvæmlega eins, séu þeir ánægðir sé allt í lagi og málið megi bara fara í gegnum þingið því að hv. Alþingi hefur í mörg horn að líta, í öll horn að líta. Það er nefnilega hlutverk Alþingis, við lagasetningu.

Auðvitað er það, herra forseti, óheppilegt að þurfa að vera að afgreiða ár eftir ár, eða með reglubundnu millibili, lagasetningu af þessu tagi. Það er vont fyrir þingræðið og stjórnskipun landsins. Það er miklu heppilegra ef hægt er að hafa í gildi almenna löggjöf, rammalögjöf sem heldur það vel í þessum efnum að það þurfi ekki í jafnríkum hagsmunamálum og hér eru á ferðinni að opna upp lög næstum að segja árlega með allri þeirri togstreitu sem þá hefst vítt og breitt í landinu. Þetta er auðvitað öllum hv. alþm. kunnugt um sem komið hafa nálægt þessum fiskveiðistefnumálum á undanförnum árum. Það má samt ekki verða til þess að Alþingi láti af metnaði sínum við það að vanda löggjöfina í hvert og eitt sinn þó að þar sé um að ræða að samþykkja aftur eða breyta lögum næstum því að segja árlega. Mér finnst menn svolítið farnir að gleyma hlutunum þegar þeir fjalla um þetta með þessum hætti sem ágætir hagsmunaaðilar, Vélstjórafélag Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Sindri, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan og Vélstjórafélag Vestmannaeyja, gera í sinni yfirlýsingu sem send var Halldóri Ásgrímssyni sjútvrh. núna fyrir stuttu síðan og ég hef undir höndum.

Þar er í fyrsta lagi fullyrt að í umfjöllun um þetta frv. hér á Alþingi sé verið að krefjast þess að einum

útgerðarflokki verði gert hærra undir höfði en öðrum, fullyrt að þær kröfur sem hafa komið fram um leiðréttingu á veiðiheimildum smábáta séu bara mismunun. Þar sé Alþingi beinlínis að ætla sér að fara að mismuna mönnum á ranglátan hátt. Í öðru lagi er Alþingi átalið fyrir að hafa ekki drifið þetta í gegn fyrir áramót. Þar er auðvitað í fyrsta lagi rangur aðili hafður fyrir sök. Sá sem þar á að svara til er sá sem lagði frv. jafnseint fram og raun ber vitni og hóf jafnseint endurskoðun þessara mála eins og raun ber vitni en ekki Alþingi. Og í öðru lagi tel ég að ekki sé með nokkru móti hægt að segja að í ósk þeirri sem verið hefur uppi um það að veiðiheimildir smábáta yrðu rýmri en frumvarpsdrög ráðherrans gera ráð fyrir felist kröfur um einhverja rangláta mismunun. Ég hygg að það gleymist þá a.m.k. í því sambandi að ýmsir aðrir aðilar en smábátar hafa innan ramma gildandi fiskveiðistefnu haft býsna mikla möguleika til að auka hlut sinn með ýmiss konar teygjum sem starfsmenn ráðuneytisins lýstu svo listilega fyrir þingflokki Alþb. á fundi sem þeir mættu á fyrr í haust og kölluðu „teygjur í kerfinu" sem hefðu leitt það af sér að miklu meira hefði verið veitt en stefnt var að samkvæmt tillögum stjórnvalda svo að ekki sé nú minnst á tillögur fiskifræðinga. Og hvað þýðir það? Hvað þýða þessar teygjur og öll sú mikla veiði sem þar varð? Hún þýðir að einhverjir hafa náttúrlega veitt. Og ætli þeir hafi þá ekki aukið hlut sinn og má þá ekki segja að þar sé líka um rangláta mismunun að ræða ef farið er út í þannig samanburðarfræði á annað borð?

Menn mega heldur ekki gleyma því að það verður að dæma smábátasjómenn eins og aðra á grundvelli þeirra laga og þeirra heimilda sem þeir hafa haft til að veiða undanfarið, ekki á grundvelli þeirra hugmynda sem hæstv. ráðherra hefur nú uppi um skipan þeirra mála. Þar má ekki gleymast að fjölgun fiskiskipa í þessum stærðarflokki var óheft á meðan fjölgun annarra fiskiskipa var takmörkuð. Auðvitað hlaut það að hafa áhrif, það gefur alveg auga leið. En það er ekki hægt að sakfella alla stéttina núna fyrir það að þessum málum var skipað með þeim hætti á árunum 1983–1987. Það er ekki hægt að krossfesta þennan hóp útgerðarmanna fyrir það nú hvernig lög um fiskveiðistjórnun voru á þessum árum.

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. barði í borðið og ég býst við fyrirlestri um hinn innri skilning hæstv. utanrrh. á þessu sambúðarformi Alþingis og ríkisstjórnar. Ég bíð mjög spenntur eftir því að heyra hvernig hæstv. ráðherra útskýrir ummæli sín, hvort hann stendur á þeim og ætlar að reyna að verja þau og rökstyðja, eða hvort hann dregur þau hér til baka og biðst á þeim afsökunar sem ég vona satt best að segja, þingsins og þjóðarinnar vegna.

Ég held að ég bíði þá með frekari umfjöllun um þetta þangað til ég hef heyrt ræðu hæstv. utanrrh.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í upphafi míns máls vil ég fara örfáum orðum um skyldur ráðherra til að sitja á fundum Alþingis. Að sjálfsögðu bera þeir þar sömu skyldu og aðrir þm. en sérstaklega þó sá ráðherra sem fer með viðkomandi mál. Sjútvrh. hefur í þessu tilfelli setið hér mjög dyggilega og svarað fyrir það mál sem hann ber ábyrgð á innan ríkisstjórnarinnar. Svo að ég noti nú sömu eða sama orð og hv. þm. notaði um ummæli sjútvrh. hef ég satt að segja haft annað og miklu betra að gera en að hlusta á bullið úr þessum hv. þm. Ég verð að biðja afsökunar á því, herra forseti, að nota þetta orð, en það notaði hv. þm. áðan svo að ég heyrði. Við höfum náttúrlega ýmsum öðrum skyldustörfum að gegna og þurfum oft að vera á hlaupum á milli staða til að geta sinnt þeim. Ég vil jafnframt segja það að svona ummæli eða dylgjur eins og hv. þm. var með áðan um mig sæma ekki neinum þm.

Svo að ég komi að þessu ákveðna máli vil ég segja það að síðan ég kom á þing hef ég ætíð kynnst því að í fyrsta lagi eru gerðar margar og miklar tilraunir fyrir jólaleyfi sem kallað er og fyrir þinglok til að ná samkomulagi um það hvernig á að ljúka málum, tilraunir gerðar með öllum þingflokkum. Það tekst mismunandi vel, tókst ákaflega illa núna. Ég man ekki eftir neinu þingi þar sem svo stirðlega hefur gengið að ná samkomulagi eins og nú. Öll þau ár sem ég hef verið í ráðherrasæti, sem ég veit að hv. þm. þykir vera allt of lengi, hafa líka stjórnarflokkarnir rætt mjög um það hvernig þeir hyggjast koma málum í gegn. Mig grunar að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti tekið undir það með mér að þeir voru ófáir fundirnir 1980–1983 þar sem við, með lítinn meiri hluta, ræddum um það hvernig við gætum komið málum í gegn og vildum beita okkur fyrir því innan okkar þingflokka. Það er ekki þar með verið að binda þingið. Ég veit ekki betur en að öll stjfrv. séu lögð fyrir viðkomandi þingflokk og rædd þar, oft lengi áður en þau koma fyrir þingið. Gleggsta dæmið er kannski fjárlögin almennt. Ég skal viðurkenna að mér hefur oft þótt afar súrt að þurfa að greiða atkvæði gegn hinum ágætustu tillögum um breytingar á fjárlögum, en menn verða náttúrlega að meta það með sjálfum sér hvort þeir af samvisku sinni meta mikilvægara, samstöðuna í ríkisstjórninni sem er líka þingstarf, að halda saman starfhæfri ríkisstjórn, eða að greiða atkvæði gegn ríkisstjórn. Þetta kemur upp á hverju einasta þingi og þetta veit ég að allir þm. þekkja, m.a. þeir þm. Alþb. sem hafa tekið þátt í stjórnarsamstarfi. Sem betur fer hefur það ekki verið nokkuð lengi og verður vonandi seint.

Vegna þess máls sem hér er um að ræða vil ég segja það að það er hárrétt sem segir í Tímanum. Við ræddum um það hvernig við ættum að beita okkur fyrir framgangi mikilvægra mála á Alþingi eins og við höfum gert öll ár, allar ríkisstjórnir og allir stjórnarflokkar hafa gert. Okkur sem á þeim fundi voru mættir, það voru nokkrir ráðherrar og formenn þingflokka, ásamt fáeinum öðrum, kom

saman um að beita okkur fyrir því að tekjuöflunarfrv. ríkisstjórnarinnar gengju fyrir en svokallað kvótafrv. yrði tekið fyrir strax í framhaldi af því og við komum okkur saman um að beita okkur fyrir því að ekki yrðu aðrar breytingar gerðar á frv. en samkomulag gæti orðið um við þann ráðherra sem fer með þetta mál í því samstarfi sem þrír flokkar standa hér að. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi þar sem menn hafa komið sér saman um að beita sér fyrir slíku. Hvort það tekst er svo annað mál. Það reynir væntanlega á það í atkvæðagreiðslu hér í dag. Við höfum tekið málið fyrir í okkar þingflokki og rætt það. Það er engin launung að það eru menn í okkar þingflokki sem vildu fá breytingar gerðar. Sumar breytingar hafa náð fram eins og breyting á 10. gr. sem margir eru ánægðari með, gerð í samkomulagi við sjútvrh. Það er því ekki nokkurn skapaðan hlut óvenjulegt við þetta. Við erum ekki að binda Alþingi, að sjálfsögðu ekki. Við erum að ná samkomulagi og beita okkur fyrir ákveðnu samkomulagi, ákveðnum framgangi mála, mikilvægs máls innan þess meiri hluta sem stendur að baki ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vil svo segja að lokum að mér eru mikil vonbrigði að sjá það afskræmi sem orðið er í tillögum Alþb. um þennan byggðakvóta sem ég held að sé hægt að útfæra á skemmtilegan máta. En þar er nú frekar verið á atkvæðaveiðum en fiskveiðum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gera þá fsp. til forseta hvort það hafi nokkurn tilgang að halda áfram umræðu um dagskrármálið einmitt vegna þeirra ummæla sem komu fram hjá hæstv. utanrrh. í þeirri blaðagrein í dagblaðinu Tímanum, 30. desember, sem hann var að vitna í rétt áðan. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp ummælin sem höfð eru eftir honum innan gæsalappa í blaðinu og spyrja þá í framhaldi af því hæstv. forseta hvort tilgangur er í þessu þinghaldi áfram miðað við þau ummæli. En þar segir eftir að ummæli hæstv. utanrrh. hafa verið rakin á forsíðu og vitnað til 3. síðu: „Það er rétt að við urðum sammála um að leggja áherslu á að þessi þrjú frv. færu í gegn fyrir áramótin en láta þó tekjuöflunarfrumvörpin hafa forgang," sagði Steingrímur Hermannsson utanrrh. og formaður Framsfl. Og áfram. „En ef það tækist ekki að koma fiskveiðifrv. í gegn fyrir áramót þá verði komið saman strax eftir áramót og það samþykkt án tafar og án nokkurra breytinga sem sjútvrh. geti ekki fallist á." Hér er alveg ákveðin afstaða tekin og ákveðin niðurstaða fengin utan Alþingis um afgreiðslu mála sem eiga eftir að ræðast á Alþingi. Þetta segir að allar þær brtt. og allan þann málflutning sem hér hefur farið fram er samkvæmt samkomulagi og ummælum hæstv. ráðherra tilgangslaust að ræða. Ákvörðun er tekin. Því vil ég spyrja hæstv. forseta: Er þá nokkur tilgangur í að halda fundi áfram um dagskrármálið?

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í lögum nr. 19 frá 28. des. 1950, um stjórn flugmála, segir svo í 1. gr.: „Flugráð skipað fimm mönnum hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til átta ára og hinn til fjögurra ára og sé hinn fyrrnefndi formaður ráðsins" o.s.frv.

Eitt af hlutverkum þessa ráðs er að undirbúa og vera ráðherra til ráðuneytis um gerð flugmálaáætlunar samkvæmt nýlega samþykktum lögum á Alþingi. Ég held að ekki fari á milli mála að hér sé um að ræða samstarfsnefnd við samgrh. um stjórn mikilvægs málaflokks þar sem jafnvel er svo langt gengið að Alþingi kýs hluta umræddrar samráðsnefndar og ráðherra skipar sjálfur afganginn í nefndina. Það er því ekki fordæmalaust, nema síður sé, að Alþingi eigi hlut að því að kjósa nefndir eða stjórnir sem eru viðkomandi fagráðherrum til ráðuneytis um framkvæmd einstakra mála. Sé einhver vafi uppi um það er það einn aðili sem sker úr og það er Alþingi sjálft. Alþingi getur að sjálfsögðu í lagasetningu kveðið á um það hvernig Alþingi sjálft vill skipa þeim málum. Sú niðurstaða sem Alþingi kemst að um þau efni er ávallt rétt. Framkvæmdarvaldið getur ekki hnekkt henni þannig að komi slíkar tillögur fram, er það auðvitað Alþingi sem úrskurðar og hefur síðasta orðið í því máli.

Herra forseti. Ég hef tekið þátt í stjórnmálum nokkuð lengi, bæði verið við þegar ríkisstjórn hefur verið með lítinn þingmeirihluta, eins og oft var á viðreisnarárunum, og eins þegar ríkisstjórn hefur verið við völd með mikinn þingmeirihluta. Þegar ríkisstjórnir leggja fram frv. gera þær það yfirleitt með tvennum hætti. Annaðhvort er þá um að ræða mál sem stuðningsflokkar viðkomandi ríkisstjórnar gera formlega samþykkt um áður en þau eru lögð fram að skuli vera mál sem menn í þingflokkunum eigi að fylgja, svo fremi sem það brjóti ekki í bága við þeirra sannfæringu. Þá er auðvitað stóralvarlegt mál og raunar „kabinett"-spursmál ef þm. úr stjórnarflokki tekur ákvörðun um að flytja brtt. við slíkt frv. Hins vegar, og það er miklu algengara, leggja ríkisstjórnir fram stjfrv. eins og það sem nú er lagt fram, þar sem vitað var fyrir fram, og vitað var raunar þegar ríkisstjórnin hæstv. var mynduð, að ágreiningur væri um fiskveiðistefnuna. Gerð var tilraun til að leysa þann ágreining fyrir fram. Það tókst ekki og því var frv. lagt fram vissulega sem stjfrv. en þó þannig að bæði þingflokkar viðkomandi stjórnarflokka og hver einstakur þm. höfðu fyrirvara, sumir um eina eða tvær greinar frv. en aðrir um allar greinar þess og sjálfa meginstefnuna í frv. Þannig var þetta frv. lagt fram og það vita auðvitað allir.

Það er mjög eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn taki ákvörðun eins og þá sem hæstv. utanrrh. var að ræða um hér áðan, að hún mundi fyrir sitt leyti beita

sér fyrir því að fá mál hér í gegnum þingið lítið breytt. En ég vek bara athygli á því, herra forseti, að stjórnarþingmenn hafa bæði í Ed. og í þessari deild flutt fjölmargar brtt. við þetta frv., m.a. formaður sjútvn. Og það er að sjálfsögðu til vitnis um að sú afstaða manna hefur ekkert breyst sem hæstv. sjútvrh. og allri ríkisstjórninni var vel kunnugt um þegar frv. var lagt fram að menn í stjórnarliðinu höfðu fyrirvara um einstakar greinar frv., jafnvel um meginstefnuna í frv. Þegar ríkisstjórn tekur ákvörðun um það að leggja slíkt frv. engu að síður fram þá hlýtur hún auðvitað að gera sér grein fyrir því að slík frv. geta og eiga að taka þeim breytingum í meðförum Alþingis sem á slíkum frv. þarf að gera til að tryggja það að meiri hluti Alþingis fallist á þá lagasetningu sem gera á.

Þetta frv. sem hér er til umræðu hefur þegar tekið slíkum breytingum. Það er ekki sama frv. og hæstv. sjútvrh. lagði fram. Því var breytt í hv. Ed. Gerðar hafa verið tillögur af meiri hl. sjútvn. í þessari hv. deild um að breyta því enn frekar og ég veit ekki betur en að það séu a.m.k. uppi ákveðnar hugmyndir um að gera enn frekari breytingar á þeim tillögum sem meiri hl. sjútvn. lagði fyrir okkur í þskj. sem dreift var hér í gær. Þannig að eins eðlilegt og það er að hæstv. ráðherrar komi sér saman um að reyna að afgreiða mál, sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið, lítið breytt, þá er það að sjálfsögðu jafneðlilegt að stjórnarþingmenn sem aðrir, sem höfðu frá upphafi vega fyrirvara um einstök efnisatriði frv., reyni a.m.k. að leita leiða til þess að fá fram þær breytingar á frv. sem gera það þannig að þeir geti við það unað. Þetta er ekkert annað en eðlilegur framgangsmáti eins og á málinu hefur verið haldið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál nú, ég gerði það í fyrri umræðu hér í deildinni. Ég hef áður bent á að verndunarsjónarmiðið, sem hin svokallaða „svarta skýrsla" vakti upp að mig minnir 1974 og var lengi kjarni umræðunnar um nauðsyn fiskveiðistjórnunar, þetta sjónarmið er gersamleg horfið og hefur verið lagt til hliðar í allri umræðu. Ég hef líka bent á að það sjónarmið margra, sem t.d. prófessor Þorkell Helgason lýsti mjög vel í Morgunblaðsgrein nýlega, að meginkjarninn með stjórn fiskveiða ætti að vera hagkvæmnissjónarmið, ætti að vera að ná þeim afla sem ná ætti með sem minnstum tilkostnaði, einnig það sjónarmið hefur verið lagt til hliðar úr umræðunni. Meira segja svo að menn eru í fullri alvöru að ræða um að við ákvörðun um kvótaúthlutanir eigi að taka sérstakt tillit til staða eða svæða þar sem útgerðarkostnaður er meiri en annars staðar. Ef menn eru að hugsa um að eigi að beita hagkvæmni í útgerð, það sé megintakmarkið með stjórnun fiskveiða, þá sjá menn auðvitað hvílík mótsögn það er ef á síðan við aflaúthlutanir að taka sérstakt tillit til þeirra sem hafa hærri útgerðarkostnað en aðrir. Þá eru menn farnir að breyta þvert gegn því kerfi sem menn þykjast vera að boða, þ.e. þá eru menn farnir að breyta þvert gegn því að kjarni fiskveiðistefnunnar sé sá að stuðla að hagkvæmni í útgerð.

Í öllum þeim umræðum sem farið hafa fram um þessi mál hér á Alþingi hef ég mjög saknað þess að afskaplega lítið hefur verið rætt um það sem auðvitað er grundvallaratriði undir öllu saman, og það er hvort ástæða sé til að ætla að þær röksemdir sem komið hafa frá fiskifræðingum séu réttar. Þær röksemdir sem menn hafa byggt allt þetta hrófatildur á frá upphafi vega. Þær umræður hafa því miður verið allt of litlar í tengslum við kvótaumræðuna hér á hinu háa Alþingi. En það er einmitt þetta sem þarf að skoða sérstaklega og vandlega. Þetta er eitt af því sem ég tel að þær nefndir, sem eiga að fjalla um stjórnun fiskveiða eftir að lög hafa væntanlega verið sett þar um, eigi fyrst og fremst að gera. Þær eiga að skoða þá útreikninga og spár sem Hafrannsóknastofnun hefur látið frá sér fara um ástand fiskistofna, fá umsagnir annarra vísindamanna en bara þeirra sömu vísindamanna og hafa verið ábyrgir fyrir þessum spám í 15 eða 20 ár og ganga úr skugga um það hvort líklegt sé að reynslan hafi sýnt að þessar spár séu svo traustar að á þeim megi byggja. Þetta vantar algjörlega inn í umræðu okkar hér og þetta vantar algjörlega inn í alla þá skoðun sem fram hefur farið á hugmyndum um stjórn fiskveiða.

Ég rakti í fyrri ræðu minni hvernig eitt hefur rekið sig á annars horn í tillögum og ýmsum spám Hafrannsóknastofnunar í gegnum árin. Ég ætla aðeins að minna menn á það að í skýrslu stofnunarinnar frá árinu 1975, sem kölluð hefur verið „svarta skýrslan", var því spáð að ef haldið yrði áfram og veitt svipað magn af þorski og gert hafði verið árið þar á undan, þá mundum við standa uppi árið 1984 með um 80 þús. tonn alls af þorski á Íslandsmiðum. En nú fór þessi veiði fram þrátt fyrir alla fiskveiðistjórnun. Tölur Hafrannsóknastofnunar sjálfrar sýna m.a. í þessu riti sem við höfum nýlega fengið í hendur, fjölriti nr. 11, að þessi veiði, sem ekki mátti eiga sér stað, hún átti sér stað. Hvernig stendur þá á því að sá þorskstofn sem átti að mestu að vera horfinn 1984 skuli enn vera til? Finnst mönnum þetta ekkert undarlegt? Nú, Hafrannsóknastofnuninni finnst þetta sjálfri nokkuð undarlegt því hún lýsti því yfir fyrir fjórum árum að þær tölur sem menn hefðu byggt á öll árin þar á undan hefðu verið reistar á ónákvæmum forsendum og breytti síðan aðferðum sínum við stofnstærðarmælingar. Átta menn sig á því hvað þetta þýðir? Þetta þýðir það að allar þær forsendur, sem menn lögðu til grundvallar ákvörðunum um stjórn fiskveiða frá árinu 1974–75 til ársins 1983–84, voru rangar. Allar rangar. Er ekki ástæða til að menn a.m.k. spyrji sig að því núna hvort ekki sé rétt að stjórnmálamenn gefi sér tíma til að fjalla um forsendur þessarar stofnunar og fái á þeim umsagnir annarra sérfræðinga en þeirra sérfræðinga sem eru ábyrgir fyrir þessum spádómum?

Það er ekki bara hér á Alþingi heldur alls staðar í þessari umræðu sem sú skoðun er ríkjandi að flestir eða allir fiskistofnar við landið séu ofveiddir, þess vegna verði að draga úr sókn og takmarka afla.

Fremstur í flokki með þessar röksemdir er að sjálfsögðu hæstv. sjútvrh. sem hefur þær eftir ráðgjöfum sínum á Hafrannsóknastofnun, sem, eins og ég minni á, sögðu okkur það árið 1974 að ef við mundum veiða næstu ár á eftir eins og við gerðum þá mundi enginn þorskstofn vera til til þess að veiða eftir árið 1984 því hann yrði allur farinn. Hvaða rök eru lögð til grundvallar þessum fullyrðingum Hafrannsóknastofnunar nú? Þau rök að meðalþyngd landaðra þorska hafi sífellt farið lækkandi og sé á þessu ári sú lægsta í langan tíma, hún jafnist nú orðið á við það sem var á versta smáfiskadrápsári Breta, þ.e. á árinu 1976.

Það er alveg rétt að meðalþyngd landaðra þorska hefur farið minnkandi núna á síðustu tveimur árum eða svo. En hvað er meðalþyngd? Hún er heildarþyngd veiddra fiska, deilt með fjölda þeirra fiska sem veiðast. Og hvað er það sem veldur breytingum á meðalþyngd? Það er hlutfallið á milli stóru fiskanna og smáu fiskanna í aflanum. Fáir stórir fiskar og margir litlir fiskar þýða þannig lága meðalþyngd. Hafrannsóknastofnun segir að ástæðan fyrir því að meira veiðist nú af smáfiski en áður sé sú að það sé meira sótt í smáfiskinn en áður hefur verið. En það er líka leyfilegt að ályktа að það geti verið vegna þess að það sé meira í sjónum af smáfiski nú en verið hefur áður. Allir sem fylgst hafa með málum vita að sóknarmynstrið hefur ekki breyst svo mikið að undanförnu að hægt sé að skýra þessa aukningu með breyttu sóknarmynstri. Og hvers vegna skyldu menn þá allt í einu hafa farið að taka upp á því að elta smáfiskinn í staðinn fyrir stóra fiskinn þegar menn vita það að smáfiskurinn gefur minna af sér í aðra hönd heldur en stóri fiskurinn?

Ég veit að margir hafa vitnað hér í ræðu sem Jakob Jakobsson hélt á síðasta aðalfundi LÍÚ, 5. nóv. sl., en þar sagði Jakob m.a., með leyfi forseta:

„Hafi útskýringar mínar á nauðsyn þess að breyta nýtingu þorskstofnsins verið of flóknar skulu nú tekin nokkur einfaldari dæmi þessu til skýringar. Ég nefndi áðan að í ár þyrftum við að veiða um 130 millj. þorska til að ná 380 þús. tonna afla. Árið 1980 voru veiddar 118 millj. þorska og árið 1981 124 millj. Hver var svo aflinn þessi tvö ár?“ segir Jakob. „Var hann 380 þús. tonn hvort ár? Nei, ekki aldeilis. Árið 1980 var þorskaflinn á Íslandsmiðum yfir 430 þús. tonn og árið 1981 varð hann 465 þús. tonn. Við verðum að fara aftur til daga fyrstu „svörtu skýrslunnar“, til ársins 1976 til að finna álíka nýtingu þorskstofnsins og við stefnum nú að.“

En forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar hlýtur að hafa treyst því að menn hefðu ekki aðgang að upplýsingum, væru ekki læsir eða gætu ekki hugsað því annars hefði hann varla sagt þetta. Svo vill nefnilega til að Hafrannsóknastofnun gefur sjálf út skýrslur þar sem koma fram tölur um afla einstakra fiskitegunda, fjölda veiddra fiska af hverjum árgangi, meðalþyngd hvers árgangs á hverju ári mörg ár aftur í tímann. M.ö.o. eru allar staðreyndir, sem Hafrannsóknastofnun fjallar um frá fyrri tíð, þekktar. Ef flett er upp í þessu nýjasta fjölriti, sem hv. alþm. hafa nýlega fengið í hendur, má sjá eftirfarandi:

1. Meðalþorskafli við Ísland árin 1970–1976 var 400 þús. tonn á ári og fór aldrei niður fyrir 347 þús. tonn. — Sem sagt, á þessum hræðilegu smáfisksdrápsárum veiddist bæði mikið og jafnt. Einnig er vert að minna á að breski flotinn gat á þessum árum ekki veitt af fullum krafti vegna landhelgisdeilunnar sem þá stóð yfir.

2. Meðalþyngd þorsksins árin 1980 og 1981 er há vegna þess að stóri árgangurinn frá 1973 er orðinn sex ára 1980 og sjö ára 1981. Meðalþyngd hans var 5,26 kg sex ára og 5,82 kg sjö ára. Úr þessum árgangi veiddust 27 millj. fiska árið 1980, samtals 142 þús. tonn og 26,5 millj. fiska árið 1981, samtals 154 þús. tonn. Meðalárgangur hefði hins vegar gefið af sér 35–40 þús. tonn hvort ár jafngamall. Meðalþyngd landaðs þorsks var 3,6–3,7 kg árin 1980 og 1981 en er núna rétt neðan við 3 kg. Ef stóra árgangsins frá 1973 hefði ekki notið við og smáfisksafli verið meiri hefði meðalþyngdin verið svipuð og nú eða um 3 kg.

Þetta, herra forseti, er nú hinn ógurlegi sannleikur sem notaður er til þess að hræða fólk og sýna því fram á rányrkjuna. Skyldu þeir ekki eiga neinn annan betri en þetta?

Fiskifræðingar ættu a.m.k. að vita það manna best að aukning meðalþyngdar í fiskistofni er merki um skort á ungviði og þar með hættumerki. Það ætti því að vera ærin ástæða fyrir okkur til að gleðjast þegar svo mikið veiðist af smáfiski sem raun ber vitni vegna þess að ástæðan er sú að þessi smái og ungi fiskur er um allan sjó sem er merki um það að við séum komin með mjög sterkan árgang af smáum fiski sem verður uppistaða í veiðum okkar á næstu árum.

Ég ætla aðeins í þessu sambandi, herra forseti, að biðja menn sem hafa þetta fjölrit nr. 11 við höndina að fletta upp á bls. 32 þar sem farið er yfir fjölda þorska í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilið 1972–86. Þriggja ára fiskur árið 1974 var 14,8 millj. sem veiddust, árið 1975 29,3 millj., árið 1976, smáfiskadrápsárið mikla, 23 millj. 578 þús. fiskar. Skyldi þá ekki veiðin hafa hrunið á næstu árum á eftir, eftir allt þetta skelfilega smáfiskadráp þessara þriggja ára? Nei, ekki aldeilis. Ekki aldeilis. Veiðin hefur sjaldan verið meiri en þá. Síðan fellur þessi tala árið 1977 vegna stækkunar möskva o.fl. og aukinna friðunaraðgerða á smáfiski niður í 2 millj. og 600 þús. fiska. Úr 23,5 millj. niður í 2,6 millj. fiska. Árið 1978 er fjöldi þriggja ára fiska tæplega 6 millj., 1979 7 millj., 1980 4 millj., 1981 2 millj., 1982 3 millj., 1983 3,5 millj., 1984 6,7 millj., 1985 6,5 millj. og árið 1986 veiðast 21 millj. stykki af þriggja ára fiski.

Halda menn að þetta sé út af því að möskvinn hafi verið minnkaður árið 1986? Eða að sóknin hafi allt í einu verið svona stórkostlega aukin í smáfiskinn? Nei, auðvitað ekki. Þetta er vitnisburður um það að

árið 1986 kemur inn mjög sterkur árgangur af þriggja ára fiski sem menn voru að veiða á því ári og hafa verið að veiða enn með nákvæmlega sama hætti og menn gerðu 1973, 1974, 1975 og 1976. Og þessi fiskur á eftir að vera undirstaða undir mikilli aflasæld á næstu árum eftir því sem hann vex upp.

Ég ítreka það sem ég hef áður sagt: Kanadamenn þóttust fyrir nokkrum árum geta lagt svona smáfiskastofn inn á banka, látið hann óveiddan og ónýttan, látið hann stækka og vaxa og sótt hann svo nokkrum árum síðar og slegið þar með öll veiðimet. Og Kristján Ragnarsson trúði svo á þessar kenningar að hann spáði því að á árinu 1987 mundi veiðast 1 millj. tonna í Kanada. (**MB**: Hvaða maður er það, þessi Kristján Ragnarsson?) Hver skyldi nú reynslan hafa orðið? Ég hef spurt hæstv. sjútvrh. til að fá þetta upp. Mér er sagt að það skorti 40–50% á að þessi afli hafi náðst. M.ö.o.: Þau rök sem liggja undir því hjá Hafrannsóknastofnun að hægt sé að geyma svona stóran árgang af smáfiski, láta hann vaxa upp, leggja hann inn á banka og sækja hann síðar — reynslan hjá Kanadamönnum, sem hafa reynt þetta, reynslan hefur fellt þessa kenningu.

Svo get ég ekki látið hjá líða, herra forseti, að lesa fyrir ykkur ívitnun, sem er afskaplega vísindaleg, um skarkolaafla og tillögur Hafrannsóknastofnunar um skarkolaafla á árinu 1988. Hér segir á bls. 21 í þessu riti:

„Áður hefur verið á það bent að hámarksjafnstöðuafli úr skarkolastofninum hér við land sé um 10 þús. tonn þegar stuðst er við þróun veiðanna á þessari öld.“ M.ö.o. er hér um sagnfræði að ræða. Þegar stuðst er við þróun veiðanna á þessari öld þá er hámarksjafnstöðuafli 10 þús. tonn. Síðan segir stofnunin: „Með hliðsjón af framansögðu [þ.e. af sagnfræðinni] leggur Hafrannsóknastofnun til að leyfilegur hámarksafli skarkola árið 1988 verði 10 þús. tonn.“

Ég legg til, herra forseti, að sjútvrh. láti reikna það út hvað væri, á grundvelli þessarar vísindalegu kenningar, líklegt að óhætt væri að taka af þorskfiski á árinu 1988. Ætli það væri ekki nær 500 þús. tonnum en 400, svo maður tali nú ekki um 360? En fyrst óhætt er að nota sagnfræðivísindin á skarkola ætti þá ekki að vera óhætt að nota sagnfræðivísindin á þorskstofninn líka svo maður tali nú ekki um ef maður tæki alla öldina inn í myndina? Þetta er afskaplega vísindalega gert, herra forseti.

Nei, ég held nefnilega að það sé löngu kominn tími til þess að menn gefi sér ráðrúm, og þá stjórnmálamenn fremur en aðrir, til þess að skoða þær kenningar sem verið er að byggja okkar veiðibúskap á. Og ég skora á hv. þm. Matthías Bjarnason, formann sjútvn., að hann taki sig nú til og noti það sem eftir lifir vetrar til þess að fá sjútvn., og ekki væri nú verra ef sjútvn. Ed. vildi vinna það verk með honum, til að skoða þessar forsendur Hafrannsóknastofnunar og fara nú einu sinni rækilega ofan í saumana á þeim upplýsingum sem stofnunin er að gefa og fá jafnframt vísindamenn utan stofnunarinnar til að leggja mat sitt á þær rannsóknaraðferðir, þær tillögur og reynsluna sem menn hafa við að styðjast í þessum efnum. Það þarf, herra forseti, enga samþykkt Alþingis til að þetta sé gert. Þetta getur formaður sjútvn. ákveðið að láta nefndina vinna. Þannig mundi hún nota vel sinn tíma. Og ég ítreka það að ég skora á hv. þm. Matthías Bjarnason að standa að slíkri athugun á vegum sjútvn. Alþingis á þessum vetri. Ég sé að hann kinkar kolli og ég tek það sem góða ábendingu um það að hann muni hafa þetta í huga. (**Gripið fram í:** Hristi hann ekki bara höfuðið?) Nei, hann kinkaði kolli. Það fer ekkert á milli mála hvort heldur hv. þm. gerir, hristir höfuðið eða kinkar kolli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala mikið meira að þessu sinni. Ég er andvígur meginefni þessa frv. sem er fyrst og fremst um það að skipta sameiginlegri eign þjóðarinnar upp á milli örfárra einstaklinga. Ég vek athygli á því að á sl. ári, árinu 1987, liggur fyrir að um 25% kvótans voru í sölu en það eru verðmæti upp á 400–500 millj. kr. sem menn eru að skipta á milli sín, verðmæti sem menn fá fyrir ekki neitt og eru að selja hver öðrum fyrir slíkar upphæðir.

Þó svo að ég sé andvígur meginefni frv. þá vil ég enn fremur láta það koma fram að ég gæti svo sem unað við það ef þorri þeirra tillagna, sem hv. þm. Matthías Bjarnason flytur á sérstöku þskj., yrði samþykktur. Þá mundi ég ekki leggjast gegn frv. Ég ætla líka að láta það koma fram, herra forseti, að verði misbrestur á því, sem ég vona að ekki verði, þá mun ég gera lokatilraun við 3. umr. til þess að leggja enn fram nokkrar brtt. við þetta frv. sem munu þá koma til atkvæða við þá umræðu. Nái ekki slíkar tillögur samþykki — og þá er ég ekki endilega að tala um hverja einustu tillögu heldur lungann úr slíkum tillögum — þá mun ég ekki greiða atkvæði með þessu frv. heldur gegn því og ég minni á þá samþykkt sem fyrir liggur frá kjördæmisráði Alþfl. á Vestfjörðum varðandi afstöðu ráðsins og okkar vestfirskra alþýðuflokksmanna til framlengingar kvótakerfisins óbreytts.

Ég vil aðeins í lokin vekja sérstaka athygli á því, af því að það kom til umræðu hér áðan varðandi seinni málsgrein 1. brtt. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að hættan við það sem verið er að gera nú þegar upp er tekinn kvóti á rækjuveiðum er sú að þær rækjuvinnslustöðvar, sem haft hafa algjört frumkvæði um að leita að djúphafsrækjumiðunum og nýta þessi mið, hafa margar hverjar búið við þær aðstæður að þær urðu að leigja sér skip til slíkra veiða þar sem þær áttu ekki slík skip sjálfar og fengu ekki heimild til þess að kaupa sér skip. Þessi skip voru því leigð af umræddum stöðvum, voru rekin alfarið á þeirra áhættu, mönnuð af þeim og þau mið, sem uppdöguðust, uppdöguðust fyrir þeirra tilverknað. Þegar upp verður tekinn kvóti á úthafsrækjuveiðum þá fá þessir frumkvöðlar ekki svo mikið sem rækjusporð af honum heldur rennur hann til útgerðaraðilanna sem þessi skip eiga og hafa sjálfir ekkert lagt til þess að finna þessi mið og nýta þau annað en þau

leiguskip sem aðrir hafa rekið með eigin áhættu. Þetta gæti orðið til þess að rækjuvinnslustöðvar á Norðvesturlandi, Vestfjörðum, Vesturlandi og Suðurlandi fengju mjög takmarkað af þeim afla sem veiðist af djúphafsrækju og nánast því sem næst ekkert á ákveðnum árstímum á sama tíma og allt yrði yfirfullt hjá verksmiðjum annars staðar á landinu.

Markmiðið með brtt. Matthíasar Bjarnasonar, en ég er hér að ræða um 2. málsgr. 1. brtt. hans, er að reyna að tryggja að varðandi þá vinnslurækju sem veiðist við Ísland sé reynt að halda þannig á málum að allar vinnslustöðvar geti fengið nokkuð öruggt hráefni þannig að vinnslan geti orðið stöðug og nokkuð jöfn allt árið um kring, en menn þurfi ekki að sitja uppi við það, þar sem rækja er undirstöðuatvinnugrein í mörgum byggðarlögum, að fólkið sem við þau störf vinnur þurfi að ganga kannski lungann úr árinu atvinnulaust vegna þess að enga vinnslurækju er að fá, en vinna hinn hluta ársins frá morgni og fram á miðjar nætur til þess að hafa undan þeim afla sem að berst. Þetta er kjarninn í seinni málsgrein tillögu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og ég ætla að biðja þm. að gaumgæfa það til hvers þessi tillaga er flutt áður en atkvæði eru um hana greidd.

Að lokum, herra forseti, þá væri ágætt að hæstv. sjútvrh. gerði sér grein fyrir því að úrslitum um þetta mál ráða þm. sem vitað er að eru andvígir ýmsum efnisatriðum í frv. eða jafnvel meginkjarna þess. Við höfum hlýtt á mál nokkurra slíkra, eins og t.d. hv. þm. Pálma Jónssonar, hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar og fleiri slíkra. Frv. verður ekki að lögum nema með því móti að menn, sem eru andvígir jafnvel meginefni þess, láti það yfir sig ganga að greiða atkvæði með því. Þetta ætti hæstv. sjútvrh. að gera sér fyllilega ljóst. Það er ekki efnislegur meiri hluti fyrir málinu hér á hinu háa Alþingi, jafnvel þó svo að það hljóti afgreiðslu sem lög frá þinginu. Það leggur að sjálfsögðu hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn þunga ábyrgð á herðar. Og í þeim hópi sem ég nefndi hér áðan vil ég ekki heldur undanskilja hv. þm. Alexander Stefánsson eða hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp á undan síðasta ræðumanni til þess að vitna í ummæli hæstv. utanrrh., eins og þau birtust í Tímanum 30. des. sl., og bar fram spurningu til hæstv. forseta um það hvort miðað við það samkomulag sem rætt er í umræddu blaði frá 30. des. sé ástæða til að halda þessum dagskrárlið áfram. Úr því að það virðist ekki hafa dugað að lesa upp það sem var innan gæsalappa, bein tilvitnun í ummæli utanrrh., um það samkomulag sem þegar er orðið um afgreiðslu þessa máls, þá ætla ég, með leyfi forseta, að klára að lesa þessa grein. Það er þá framhald af því sem ég las áðan og hljóðar svona:

„Lagði Steingrímur áherslu á það atriði í samkomulagi þessu að engar breytingar yrðu teknar inn í frv. nema þær sem sjútvrh. getur fellt sig við. Hann sagði að ljóst væri að fram muni koma einhverjar breytingar á frv. í meðferð nefnda og í 2. og 3. umr. Allar breytingar á frv. Halldórs yrðu þá miðaðar við það sem hann telur sér fært að samþykkja.“

Ég get ekki betur skilið af því sem hér hefur verið sagt af sjútvrh. að frv. verði óbreytt að mestu eða öllu leyti. Þannig að það er búið að leggja niður það þingræði sem þarf til þess að Alþingi starfi að afgreiðslu þessa máls á eðlilegan hátt. Því krefst ég þess að forseti okkar allra, ekki bara stjórnarinnar eða stjórnarmeirihlutans, svari þegar formaður þingflokks eða formaður flokks á Alþingi leggur fyrir hann spurningar. Og ég endurtek spurninguna og krefst þess að fá svar: Er ástæða til að halda áfram umræðu og frekari afgreiðslu á þessum dagskrárlið þegar tveir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands viðurkenna að það er búið að ákveða hvernig afgreiðslan skal fara fram?

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þessi orð hv. 5. þm. Reykv. þá er mér ljúft og skylt að svara hans ummælum. Það stóð nú þannig á að ég var ekki í forsetastól þegar hann talaði um þingsköp í fyrra skiptið. En að sjálfsögðu mun þessum dagskrárlið verða haldið áfram og umræður hér um hann eins og þær hafa verið. Umræður munu fara hér fram áfram.

Að sjálfsögðu er það í valdi hvers þm. hvernig hann greiðir atkvæði í þessu máli eins og öðrum þingmálum og hvað varðar greinar og tilvitnanir í utanrrh. þá hefur hann þegar skýrt sín sjónarmið um þetta mál hér í umræðu í sambandi við þetta mál. Þannig að umræðum um þetta mál mun verða haldið fram á eðlilegan hátt. Atkvæðagreiðsla fer fram að umræðu lokinni eins og hér hefur verið. Menn hafa lýst sínum sjónarmiðum og sínum skoðunum og þessi umræða hefur ekki verið óeðlileg að neinu leyti.

Albert Guðmundsson:

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum í tilefni af þeim ummælum utanrrh. sem birtust í Tímanum 30. des. sl. Ég skoða svör forseta á þann hátt að Alþingi geti haldið áfram málefnalegum umræðum um dagskrármálið vegna þess að forseti lýsir ummæli tveggja ráðherra ríkisstjórnarinnar ómerk.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég segja það að ég hef engan dóm lagt á ummæli ráðherra ríkisstjórnarinnar, aðeins sagt það að umræða um þetta dagskrármál hafi verið fullkomlega eðlileg í alla staði og að atkvæði muni verða greidd um þetta mál á fullkomlega eðlilegan hátt og með þeim hætti sem þm. gera sjálfir upp við samvisku sína þegar umræðu er lokið hér.

Kristinn Pétursson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mjög viðamikið mál og það er slæmt að það skuli þurfa að vinna það í jafnmiklu tímahraki og raun ber vitni.

Ég ætla aðallega að ræða hér um 10. gr., um smábáta, en ég tel að miðstýring henti ákaflega illa í smábátaútgerð og henti illa þessum smáu byggðarlögum úti á landi. Ég skal færa nokkur rök fyrir því. Það eru kannski ekki mörg byggðarlög sem þetta á við um, en m.a. það byggðarlag sem ég kem frá.

Þar er t.d. léleg hafnaraðstaða, svo ég taki eitt dæmi. Auðvitað skiptir það máli hvernig aðstöðu menn hafa við að sækja fisk í sjó. Síðan er það veðráttan á 66° norður. Hún hefur stundum verið alla vega. Veðurguðirnir blása og hafið er nú eins og það er. Í allri þessari skriffinnsku í dag kemur fram lítill skilningur á umgengni við náttúruna. Svo er gott að menn búi hér ekki til byggðavandamál svo að það sé þá hægt að taka upp byggðastefnu til að leysa vandamál sem var búið til. Ég er ekki að segja hér að það sé verið að búa til vandamál. Ég veit að það er verið að reyna að leysa það vandamál að skipta of litlum fiskistofni á of stóran flota, ef svo mætti að orði komast. Það er náttúrlega aðalmálið. En við megum ekki láta tölfræði og skriffinnsku gjörsamlega drekkja heilbrigðri skynsemi.

Ég vil minna á 69. gr. stjórnarskrárinnar því það er akkúrat það sem er hér til umræðu. Það er grein um atvinnufrelsi. Þar stendur að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji og þarf lagaboð til og það er það lagaboð sem hér er verið að ræða. Þá er spurning hvort almenningsheill krefst þess að þessir smærri bátar séu settir inn í þessa skriffinnsku og þurfi að skila skýrslum mánaðarlega um það hvað þeir dragi marga fiska úr sjó og fyrsta verk manna þegar þeir koma heim á kvöldin er að setjast niður og skrifa og gleyma ekki vigtarnótunni svo að allt verði ekki vitlaust og það komi símskeyti eftir mánaðamótin þar sem mönnum er hótað því að þeir verði sviptir veiðileyfi í íslenskri lögsögu ef þeir skila ekki skýrslunni. Þetta er sú hlið á kerfinu sem verið er að ræða um að menn séu settir inn í. Því allar vigtarskýrslur skila sér náttúrlega til Fiskifélagsins eftir aflaskýrslum, en það dugar ekki í þessu kerfi því það þarf að senda sérstaklega.

Það er alltaf spurning hvenær er orðið um að ræða framsal á valdi löggjafans til framkvæmdarvaldsins þegar verið er að ræða atriði sem vega svona þungt í stjórnarskránni eins og atvinnufrelsi. Ég ætla ekki að dæma um það hvort verið sé að brjóta það, en það er svona víða á mörkunum svo maður segi nú ekki meira.

Þegar svo skýrslurnar eru komnar hingað suður í hið háa ráðuneyti, þá er náttúrlega eftir að skrá þetta allt og sortéra og fylgjast með að þetta sé allt rétt gert. Togarafjöldinn er eitthvað á annað hundrað og bátafjöldinn einhver hundruð, ég er ekki með tölurnar og það skiptir ekki máli nákvæmlega, en trillufjöldinn er um 1700 sem stundar fiskveiðar og þær landa langoftast af öllum. Hér er því verið að tala um skráningu kannski upp á tíföldun við að taka trillurnar inn og eftirlit í samræmi við það. Og hvað þarf marga menn til að fylgjast með því öllu? Það þarf töluvert lið og þeir eru ekki öfundsverðir sem eiga að standa í því að fylgjast með þessu öllu.

Ég vil minna á það að afli smábáta er besta og ódýrasta hráefnið sem völ er á. Það er minnstur erlendur kostnaður við að sækja fiskinn. Það skiptir líka máli hversu miklu er eytt við að afla gjaldeyris. Af öðru sem liggur hér fyrir, þá lést mér mjög vel á 6. brtt. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar á þskj. 479, en hún hljóðar svo:

„Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg."

Þetta er nú hluti af því sem þarna stendur og ég verð að segja það að mér finnst þetta vera málefni framtíðarinnar, af því að ég sagði hér í upphafi að við værum hér í tímahraki, og það er mjög mikilvægt að fagmannlega sé unnið að því að endurskoða þetta mál. Það er mikil vinna sem auðvitað þarf að liggja fyrir þannig að vel geti farið.

Varðandi 10. gr. um smábáta sem ég gat um áðan, þá hefði ég viljað sjá öllu meira frjálsræði í þeirri grein þó að sumir vilji hafa stjórn á því og ég ætla að setja þann fyrirvara við atkvæði mitt við þessa 10. gr. að Landssamband smábátaeigenda geti sætt sig við greinina í endanlegri mynd eins og önnur hagsmunasamtök hafa lagt blessun sína yfir sinn þátt af þessum tillögum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 488, sem var of seint fram komin, samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 488, við brtt. á þskj. 478, sem ég flyt ásamt eftirtöldum þm.: Alexander Stefánssyni, Guðna Ágústssyni, Ólafi G. Einarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Árna Gunnarssyni, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni og Kristni Péturssyni. Þessi till. er í tveimur liðum og ég

ætla fyrst að rekja stuttlega síðari liðinn, síðari hluta brtt. sem merktur er b. Hann varðar G-lið 10. gr., en sá liður fjallaði um heimildir til að úthluta nýjum eða nýkeyptum bátum veiðileyfi ef þeir koma í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri, en því til viðbótar er ákvæði eins og það kom frá meiri hl. nefndarinnar þess efnis að bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eigi kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að ofan, enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

Nú hagar svo til að erfitt getur reynst að sanna hvort smíði sé hafin á plastbát eða hvenær hún hafi raunverulega hafist. Og þá getur það komið fyrir að menn hafi jafnvel greitt mjög verulegan hluta af kaupverði slíks báts án þess að unnt sé að sanna með bærilegum hætti að smíði sé hafin. Þess vegna telja menn nauðsynlegt að þessi hluti verði umorðaður þannig að ekki sé gengið með óbærilegum hætti á rétt manna sem jafnvel hafa lagt fram umtalsverðar fjárhæðir í sambandi við kaup á slíkum skipum. Umorðunin felur það í sér að 3. málsl. G-liðar, sem ég rakti hér sérstaklega, umorðist þannig:

„Bátar, sem bindandi samningur hefur verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda sé smíði þeirra sannanlega hafin fyrir sömu tímamörk eða a.m.k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. des. 1987 og afhending fari fram fyrir 1. júlí 1988."

Efni málsins er það að eins og þessi liður lá fyrir á brtt. frá meiri hl. sjútvn. lá opið fyrir að aðili, sem hefði greitt jafnvel mjög umtalsverðan hluta af kaupverði nýs báts, gæti ekki sannað að smíði væri hafin og yrði þess vegna af þeim réttindum sem hér er gert ráð fyrir. Í þessari till. er sem sagt gert ráð fyrir að fyrir það verði girt og þessi liður verði orðaður að nýju með nákvæmari hætti og með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu og hvernig smíði báta fer fram nú á tímum.

Þá er að víkja að hinu atriðinu. Það hefur komið fram í máli manna, bæði hér í ræðustól og annars staðar, að menn hefðu sérstaklega áhyggjur af afkomu hinna smæstu báta. Það er tillaga flm. að síðari málsl. 1. mgr. B-liðar umorðist þannig að dregið sé úr banndagafjölda, sem svo er nefnt, þannig að í stað þess að áður var gert ráð fyrir að allur desembermánuður teldist til banndaga, þá teljist hann nú einungis frá 10. des. Með þessu móti er náttúrlega verið að stuðla að því umfram það sem áður var í einhverjum mæli að menn haldi sig frekar við handfæri og línu sem er náttúrlega hið eðlilegasta veiðarfæri í sambandi við þessa smæstu báta. Ef þessi brtt. sem ég mæli nú fyrir verður samþykkt, þá verður mismunur á banndagafjölda fyrir þessa báta fimm dagar eða u.þ.b. 8% fleiri en var á sl. ári. Þeir voru 65 ef ég man rétt en fara nú upp í 70, þannig að þar er ekki um verulegan mun að ræða. Þetta er svipað og menn höfðu á sl. ári og lifðu við þá.

Það er reyndar skoðun flm., og þeir hafa rætt það við ráðherra, að það sé líka hyggilegt að rýmka aðeins til í þeim viðmiðunartölum fyrir þennan smæsta flokk báta sem netaveiðar stunda. Þar var gert ráð fyrir því að aflahámark slíkra báta, og varðar þá fyrst og fremst nýliðun í greininni sem væru undir 6 brl. og þeir fengju sem sagt leyfi til netaveiða, væri 55 tonn. En okkur sýnist að það væri ástæða til þess að rýmka það nokkuð þannig að það yrðu 60 lestir í þeirri reglugerð sem út verður gefin. Þær brtt. sem ég mæli hér fyrir eru fluttar á þeirri forsendu og með þeim skilningi af flm. að slík muni verða raunin að þessi viðmiðunarmörk verði 60 tonn í reglugerðinni.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Varla verður of mikil áhersla lögð á þá staðreynd að mál það sem hér er á dagskrá, 181. mál þessa þings, er þýðingarmesta málið sem hér er um fjallað. Fjárlögin sjálf, öll tekjuöflunarlöggjöfin, er þá ekki undanskilin. Fjárlögin gilda fyrir eitt ár í senn. Hér er verið að leggja grunn að löggjöf um efnalega undirstöðu þessa þjóðfélags.

Þetta frv. sem hér er til umræðu var lagt fram í desemberbyrjun, að vísu eftir töluverðan undirbúning eins og hér hefur margsinnis komið fram, og þá var ætlunin að afgreiða málið frá hv. Alþingi fyrir jól, svo það var ekki langur tími sem þingið átti að fá til umfjöllunar með öðrum önnum einmitt í þeim mánuði. Þá voru óafgreidd fjárlögin, þá var óafgreiddur allur sá urmull frumvarpa sem var í meðferð þingsins á þeim dögum.

Hæstv. ráðherra má ekki kveinka sér undan þó að hv. alþm. hafi þótt hér nokkuð þröngt skorinn stakkurinn og naumt skammtaður tíminn því að hér var sannarlega um að ræða stuttan tíma til þess að fjalla um mikið mál. Ég tók þátt í 1. umr. um þetta mál hér í þessari hv. deild og meginafstaða mín kom þá fram. Hún hefur ekki breyst. Ég er ásamt öðrum þm. Borgarafl. í grundvallaratriðum ósammála meginstefnu frv. og við flytjum hér í þessari hv. deild brtt. við frv. í því sambandi og í þeim tilgangi að ná fram ákveðnum breytingum.

Auðvitað ætlum við okkur ekki þá dul að ná fram okkar meginstefnubreytingu öðruvísi en að stjórnarmeirihlutinn fallist á að einhverju leyti. En hér gegnir dálítið öðru máli í þessu efni en venja er til. Það hefur verið tekist hér dálítið á í dag einmitt um ýmsa grundvallarþætti í sambandi við það hvernig mál eru undirbúin, hvernig mál eru kynnt og hvernig mál eru unnin hér í þinginu. Þetta mál hefur þá sérstöðu að það er greinilegur ágreiningur meðal stjórnarliða, öllu heilli, um grundvallarþætti málsins. Ég fæ ekki betur séð en að þau þrjú meginatriði sem við í þingflokki Borgarafl. lögðum þyngsta áherslu á í hv. Ed. sem var í fyrsta lagi um gildistímann, í öðru lagi um norður-suður línuna, í þriðja lagi um smábátana, ég fæ ekki betur séð en að stjórnarliðið, jafnvel hæstv. sjútvrh., sé á vissu,

mismunandi skipulögðu, undanhaldi á þessum þremur sviðum.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að gildistími þessarar löggjafar yrði fjögur ár. Nú er stefnt að þremur.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að ekki yrði hin minnsta eftirgjöf varðandi norður-suður línuna. Nú hefur það komið í ljós að aukning í karfakvóta sunnan við línuna er að verða staðreynd.

Í þriðja lagi er greinilegt að viss eftirgjöf er gagnvart smábátum og það er sérstaklega ánægjulegt að sú vinna sem Landssamband smábátaeigenda og þeir sem veiða á litlum bátum víða um land, sú vinna sem þeir hafa lagt í þetta mál, sú alúð sem fulltrúar þeirra hafa lagt í setu á þingpöllum og að fylgjast með málinu með viðræðum við menn á öllum stigum þess, er smám saman að skila árangri. Það er alveg greinilegt.

Fyrir örfáum mínútum var talsmaður í hv. sjútvn. þessarar deildar einmitt að leggja fram enn eitt atriðið sem er uppskera af starfi ykkar sem hér eigið hlut að máli. Þetta er sannarlega ánægjulegt. Það sýnir að þingræðið, lýðræðið í þessu landi, er enn við lýði enda þótt ýmislegt annað af þessum vettvangi bendi því miður til tilhneigingar í aðrar áttir sem ég e.t.v. mun koma síðar að í mínu máli.

En við þm. Borgarafl. erum ekki ánægð með hlut smábáta fyrr en það næst að löggjöfin verði í meginatriðum svipuð hvað þá áhrærir og var í gildi á sl. ári. E.t.v. næst það. Því getum við ekki svarað á þessari stundu.

Við höfum leyft okkur að flytja hér í þessari hv. deild brtt. sem eru í rauninni í fimm meginatriðum. Ég ætla aðeins að rifja það upp.

Það er í fyrsta lagi brtt. um að landið sé eitt veiðisvæði. Það er okkar grundvallarskoðun að það væri affarasælast.

Í annan stað flytjum við brtt. um að sérstök framkvæmdanefnd fari með stjórn fiskveiða ásamt sjútvrh. Að því mun ég koma síðar í máli mínu.

Í þriðja lagi flytjum við brtt. um að botnfiskveiðar báta minni en 10 brúttólestir séu óbreyttar frá eldri lögum eins og ég áðan sagði.

Í fjórða lagi flytjum við brtt. um að sérstakur dómstóll, fiskveiðidómur, fjalli um þau atriði laganna sem dæma þarf um.

Og í fimmta lagi flytjum við brtt. um að gildistíminn sé aðeins eitt ár.

Fyrir fáum dögum fékk ég í hendur ljósrit af viðtali við þrjá valinkunna menn. Þessir menn voru og eru allir hæstv. fyrrv. sjávarútvegsráðherrar. Þeir eru Lúðvík Jósepsson, hæstv. fyrrv. sjútvrh., Kjartan Jóhannsson, hv. alþm., hæstv. fyrrv. sjútvrh. og Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., hæstv. fyrrv. sjútvrh. Í þessum viðtölum í Sjávarfréttum er verið að ræða við alla þessa menn um sama málið, kvótastefnuna, fiskveiðistjórnina.

Það þarf ekkert að fara á milli mála að allir þessir menn eru hver úr sínum stjórnmálaflokki, þeir eru sannarlega ekki sammála á þeim sviðum. Það kemur hins vegar greinilega fram, sem er athyglisvert, að allir eru þeir í grundvallaratriðum ósammála þeirri stefnu í fiskveiðistjórn sem hér er lögð til, enda þótt einn þeirra, Kjartan Jóhannsson, sé að vísu hlynntur kvóta og hann styðji þessa stefnu af ýmsum öðrum pólitískum ástæðum. En það er sérstaklega athyglisvert að Lúðvík Jósepsson og Matthías Bjarnason, jafnósammála og ég geri ráð fyrir að þeir séu á annan hátt í stjórnmálum, skuli vera í grundvallaratriðum sammála um það að það sem verst sé við þessa fiskveiðistjórn og kvótastefnuna yfirleitt sé það að endurnýjunarmöguleikinn, sem er hverri þjóð nauðsyn, bæði hvað varðar fiskiskipastólinn, eðlilega, og ekki síður mannaflann í þessari atvinnugrein, er ekki sem skyldi í þessu kerfi. Þetta viðurkennir hæstv. núv. sjútvrh. að sé galli en hann fellst líka á það að vandséð sé hvernig eigi að leysa þessa hluti svo að viðunandi sé. Aðalatriðið er hins vegar þetta: Þegar verið er að leggja til þriggja ára löggjöf í þessu efni, eins og gert er, vantar þetta grundvallaratriði inn í, hvernig endurnýjunin á að eiga sér stað í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðfélagsins.

Það hefur verið dálítið lærdómsríkt að lifa síðasta sólarhring hér á hv. Alþingi. Hér er verið að ræða þessi mál frá ýmsum sjónarhornum eins og gengur og gerist, en við getum litið hér á ríkisstjórnarbekkinn. Þar er þessa stundina enginn sem sýnir hv. Nd. þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna. Svo hefur verið lengst af. Þó skal ég ekki draga það undan að hæstv. sjútvrh. hefur stundað sinn póst sem fagráðherra með ágætum. Hinir stjórnarflokkarnir, bæði Framsfl. sem á hæstv. sjútvrh. í þessari ríkisstjórn og sérstaklega Sjálfstfl. hafa að öllu leyti, vil ég segja, eða flestu leyti vanrækt þessa sjálfsögðu skyldu að fylgja þeim málum eftir hér í þingdeildinni sem eðlilegt væri og þetta tel ég vera mjög til vansa, ekki síst vegna þess að það þekki ég til Sjálfstfl. að hann hefur lengi farið með stjórn þessara mála. Innan hans raða eru margir af burðarásum sjávarútvegsins og það er sannarlega ekki á þann veg eins og vera ætti þegar ráðherrar flokksins — að vísu hefur einn þeirra, hæstv. menntmrh., komið hér í dag, en aðra hef ég ekki séð. Ég vil þó ekki draga það undan að í dag er miðvikudagur og mér er það fullkunnugt að á miðvikudegi eru hæstv. ráðherrar með viðtalstíma en þessi umræða er búin að standa síðan kl. 3 í gær með litlum hléum og þetta er með þeim hætti að það er ekki annað hægt en að vekja á því athygli.

Ég sagði að í viðtölunum við þessa valinkunnu menn hér hefði komið greinilega fram að þeir voru í meginatriðum sammála. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í örstuttan kafla hafðan eftir Lúðvík Jósepssyni. Hann segir:

„Ég vil enn fremur minna á að kvóti, sem er að meira eða minna leyti byggður á aflamagni sem einu sinni var, læsir öllu föstu og truflar eðlilega þróun. Slík stefna leiðir líka fljótlega af sér spillingu og brask og getur leitt hörmungar yfir einstök fiskveiðibyggðarlög. Veiðarnar verða að þróast með fisk-

gengd og árferði," segir þessi hæstv. fyrrv. sjútvrh. „Veiðarnar verða að þróast með fiskgengd og árferði og skipastóllinn þarf líka að þróast til nútímalegri vinnubragða."

Þetta finnst mér sýna svo að ekki verður um villst að þessi aldni stjórnmálaleiðtogi og reyndi maður einmitt á þessu sviði er hér á allt annarri skoðun en hér er lögð til.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson og talsmaður meiri hl. sjútvn. þessarar hv. deildar leggur á það áherslu í þessu viðtali að kvótakerfið stuðli ekki að veiðum á stórum fiski fremur en smáum. Þetta er afskaplega athyglisvert atriði, ekki síst miðað við ræðu hv. 5. þm. Vestf. fyrr á þessum fundi. (**Forseti:** Vegna þess að nú er kominn sá tími sem þingflokksfundir hefjast að venju vil ég inna ræðumann eftir hvort hann eigi langt mál eftir af ræðu sinni.) Það er nokkur hluti eftir, já. (**Forseti:** Þá fer ég þess á leit við hann að gera hlé á máli sínu og hefja þá ræðu sína aftur eftir hlé.). — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Það var að vísu ekki mikill hluti ræðu minnar eftir, en þetta mál sem við ræðum er, eins og margsinnis hefur komið fram, viðamikið og þýðingarmikið.

Ég gat þess fyrr í ræðu minni að ég teldi að það hefði þegar náðst nokkur árangur af starfi stjórnarandstöðu og ýmissa aðila innan stjórnarliðsins sem eru á annarri grundvallarskoðun en fram kemur í meginstefnu frv. sem við ræðum.

Sá flokkur sem ég er fulltrúi fyrir, Borgarafl., er yngsti þingflokkurinn og kannski þess vegna er við því að búast að hann nái e.t.v. ekki eins miklum árangri og hinir sem grónari geta kallast. Þó vil ég í þessu sambandi minna á eitt mál frá undanförnum vikum þar sem rödd Borgarafl. hefur skorið sig úr svo greinilega að eftir hefur verið tekið í þjóðfélaginu. Það er varðandi ekki veigaminni þátt en húsnæðislöggjöfina. Vitaskuld hefur hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðinu öllu tekist að koma í gegn þeim endurbótum sem hæstv. ríkisstjórn taldi eðlilegar á þeirri löggjöf, en trúa mín er sú að það verði ekki langur tími liðinn þegar þeir sem þar bjuggust við bótum munu komast að raun um að bæturnar voru harla litlar sem samþykktar voru fyrir jól eða í desember sl. og að þegar menn fara á raunhæfan hátt að sinna þessum málaflokki muni tillöguflutningur Borgarafl. bæði í þessari hv. deild og raunar ekki síður í hv. Ed. verða þau málsatriði sem menn munu byggja á til varanlegrar framtíðar.

Því minni ég á þetta að ég tel að í því máli sem við fjöllum hér um, þó að árangur hafi áunnist varðandi gildistímann, varðandi norður-suður línuna og varðandi veiðar smábáta þó að það sé hvergi nærri nóg, sé það atriði ónefnt sem er einna þýðingarmest í þeim tillögum sem Borgarafl. flytur hér sem brtt. við þetta frv. Þar á ég við tillögu okkar sem mig langar til að lesa, með leyfi hæstv. forseta, úr þskj. 436, 2. brtt. okkar. Þar segir:

„Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (2. gr.) Sérstök framkvæmdanefnd fer með stjórn fiskveiða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningu til eins árs í sameinuðu Alþingi eftir gildistöku laga þessara. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Formaður nefndarinnar boðar hana til fundar í samráði við sjútvrh. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna.

b. (3. gr.) Verkefni framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða eru:

1. Að gera tillögur til sjútvrh. um reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

2. Að fjalla um leyfi, heimildir og undanþágur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gera tillögur í þeim efnum til ráðherra.

3. Að fjalla um álita- og ágreiningsmál, sem ekki falla undir fiskveiðidóm, varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra."

Þetta atriði hefur borið nokkuð á góma í þessum umræðum, kannski ekki síst vegna þess að einn af stjórnarliðum og ekki ómerkari en sjálfur formaður sjútvn. þessarar hv. deildar, fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason, flytur einnig brtt. hér, að vísu einn síns liðs, sem gengur í svipaða átt. Sú tillaga sem hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason flytur er að vísu mun þrengri en okkar tillaga en engu að síður er hér fjallað um efnið í grundvallaratriðum á sama hátt. Það er þetta atriði sem hæstv. sjútvrh. gerði að umtalsefni í svari sínu fyrr á þessum fundi í dag. Hann sagði af þessu tilefni, ég held að ég hafi náð því alveg orðrétt, að hann teldi að óeðlilegt væri að Alþingi þrýsti sér inn í framkvæmdarvaldið með þessum hætti.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon gerði þetta mjög að umtalsefni fyrr á fundinum og fleiri hafa að þessu komið. Hér er um að ræða verulegt grundvallaratriði sem þessi hv. þingdeild verður innan tíðar að taka afstöðu til.

Ég verð að segja það að mér kom mjög á óvart hve þunginn í máli hæstv. ráðherra var mikill gegn þessari hugmynd. Ég hafði ekki búist við öðru fyrir fram en að hann væri að verulegu leyti til viðræðu um breytingu í þessum efnum vegna þess hve víða er fram tekið í þessu frv. um fiskveiðistjórn að vald, framkvæmdarvald, í mjög veigamiklum atriðum er fært til hans.

Þá taldi ég og tel raunar að það væri ráðherranum ekki einungis hollt heldur nánast nauðsyn, ef hann vill ná eðlilegri stjórn, að hafa aðila sér við hlið sem hann gæti leitað ráða hjá og sem hann gæti leitað styrks til, ekki síst vegna þess að það kom annars staðar fram í máli hæstv. sjútvrh. að hann vildi mjög gjarnan hafa náið samband við hagsmunaaðila. Og ég fæ ekki séð hvernig menn ætla að hafa náið samband við hagsmunaaðila ef þeir vilja ekki undir neinum kringumstæðum fá þingkjörna nefnd sér við hlið í jafnveigamiklu máli eins og hér um ræðir.

Í þessu sambandi langar mig til þess að vitna enn til viðtals í Sjávarfréttum sem ég minntist fyrr á í ræðu minni og haft var við fyrrv. sjútvrh. Matthías Bjarnason. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Kvótakerfið er ekki alvont, en gallarnir vega þó mun þyngra en kostirnar. Þar á ofan hefur framkvæmdin á kerfinu verið stirð og ósveigjanleg. Það er ekki hollt fyrir neinn sjútvrh. að hafa svona mikil völd. Ég dreg ekki í efa að ráðuneytið eigi að hafa yfirumsjón með þessum málum en ég tel enga ástæðu til þess að nefnd sú, sem á að skera úr í ágreiningsefnum, sé skipuð fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu. Þarna eiga að sitja menn með víðari sjóndeildarhring, menn sem Alþingi skipar, sem hafi meiri yfirsýn yfir hlutina og séu ekki bundnir þröngum sérhagsmunum. Menn sem geti metið ástandið á hinum ýmsu stöðum á landinu þegar ákvarðanir eru teknar. Það munar til að mynda minna um að missa eitt skip frá Reykjavík en frá Sandgerði, Patreksfirði ellegar Neskaupstað svo dæmi sé tekið."

Hér talar maður sem farið hefur með vald að þessu leyti í verulega langan tíma. Hér talar maður sem hefur reynslu, kom beint úr atvinnulífinu, þekkir það vel og veit hvað hann er að segja. Það fer ekkert á milli mála. Þessi sami maður stendur að tillöguflutningi sem formaður sjútvn. þessarar hv. deildar sem gengur í þá átt að fá þingkjörna nefnd til samstarfs við ráðherrann um þessi veigamiklu mál. Undir þetta tökum við, fulltrúar Borgarafl., heils hugar. Við viljum að vísu ganga lengra en þessi hv. þm. og þess vegna geri ég þetta sérstaklega að umtalsefni.

Þegar hæstv. sjútvrh. fjallaði í dag í ræðu sinni um hugmyndina um byggðakvóta minntist hann á það að hann teldi að þar væri um svo viðkvæm mál að ræða sem væri ákaflega erfitt að hans dómi að setja ákveðnar reglur um. Það kom vel fram í hans máli að hann taldi tillögur Alþb. í þessu efni nánast óframkvæmanlegar. En hann sagði og ég held að það hafi verið orðrétt sem ég náði þeim orðum hæstv. ráðherra: „Hins vegar verður Alþingi að vera við því búið að taka á slíkum vandamálum." Takið eftir því. Alþingi á að vera við því búið að taka á slíkum vandamálum.

Hæstv. ráðherra taldi sem sagt og telur alls ekki koma til greina að hafa þingkjörna nefnd við hlið framkvæmdarvaldsins eða hluta af framkvæmdarvaldinu til þess að greiða úr slíkum málum en auðvitað og sjálfsagt að Alþingi grípi inn í.

Nú vill svo til að í tillögum hv. 1. þm. Vestf., hæstv. fyrrv. sjútvrh., Matthíasar Bjarnasonar, er um að ræða eina tillögu, eitt framkvæmdaratriði um ákaflega viðkvæmt mál sem á þennan hátt er flutt inn til Alþingis til ákvörðunar. Þar á ég við 7. liðinn í tillögum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem ég hef leyft mér að kalla „Um útburðina." Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessa tillögu:

„Á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði er orðist svo:

Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki." Síðan eru skipsnöfnin öll talin upp í röð.

Þegar hæstv. sjútvrh. svaraði eða lét í ljós sitt álit á þessari tillögu í dag, fyrr á þessum fundi sagði hann eitthvað á þá leið að menn skyldu athuga að ef þessi tillaga yrði samþykkt þýddi þetta minnkun í aflakvóta loðnuskipa — mér skildist að þarna væri um að ræða tvö skip, loðnuskip — um 4%, í þorskkvóta um 1%. Auðvitað kom það engum á óvart, ef réttlætinu á að vera fullnægt, að það komi einhvers staðar niður. Spurningin er um það hvort þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli fái sinn hlut við réttan.

Ég varð þess áskynja síðar í dag í samtali við hæstv. sjútvrh. að hann er þeirrar skoðunar að þessir aðilar hefðu getað fengið skip í millitíðinni. Mér var það ekki ljóst fyrir fram. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að þarna sé um að ræða dæmi, þarna sé um að ræða mál sem Alþingi, eins og hæstv. sjútvrh. telur varðandi byggðamálin og byggðavandamálin, eigi að fjalla um og taka ákvörðun um. Þarna er um að ræða eitt ákveðið dæmi sem er hér á borðum okkar núna og hv. 1. þm. Vestf., sem nú gengur í salinn, Matthías Bjarnason, hæstv. fyrrv. sjútvrh., orðaði það eitthvað á þá leið fyrr í umræðum í þinginu að á það reyndi einmitt í þessu efni hve langt ljúfmennska þm. næði til þess að greiða götu manna sem á hefur verið brotinn réttur. Það verður eftir því tekið um allt land hvernig þessi hv. deild og þá ekki síður Ed., ef málið kemur þangað aftur, tekur á þessu máli.

Ég hef lokið máli mínu að sinni, hæstv. forseti.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma að áður en þessari 2. umr. lýkur, atriði sem fram hafa komið í umræðunni eftir að ég mælti fyrir nál. sem einn af minni hl. sjútvn. en meðal þeirra sem talað hafa hér í umræðunni síðan eru hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála. Ég vil víkja að fáeinum þáttum sem fram komu í máli hans hér á eftir og ég vænti að ráðherrann sé hér — já, hann er hér í þingsal og hefur ekki þurft að kalla hann sérstaklega til í þessari umræðu sem eðlilegt er.

Það eru líka nokkur atriði sem hafa verið rædd í sambandi við rannsóknir, upplýsingaöflun sem undirstöðu undir stjórn fiskveiða sem ég sé ástæðu til að koma aðeins inn á í mínu máli.

Það sem hefur kannski vakið hvað mesta athygli í umræðunni er málflutningur nokkurra hv. stjórnarstuðningsmanna sem hafa lagt áherslu á breytingar á frv. og hér liggur fyrir brtt. frá nokkrum hv. þm., þar á meðal fjórum þm. úr sjútvn. sem hafði skilað áliti, fjórir sem rita undir meirihlutaálit sjútvn. ásamt nokkrum öðrum þm., á þskj. 488.

Ég tel þessa brtt. vissulega góðra gjalda verða svo langt sem hún nær, en hún nær ansi skammt. Þetta er ekki stór biti sem þeir ætla hæstv. ráðherra hér að

kyngja þar sem þessi brtt. er, enda hygg ég að ráðherrann hafi gefið þeim kost á því að þessi tillaga fengi hans stuðning eða ég geri frekar ráð fyrir því fyrst svo margir úr meiri hl. sjútvn. eru stuðningsmenn við þessa brtt. og hafa skrifað upp á hana án þess að ég vilji vera að gera ráðherranum upp skoðanir að því leyti. Þetta er hins vegar svo óverulegt sem hér er á ferðinni þó að það sé aðeins í áttina í sambandi við 10. gr. frv. frá því sem áður hafði verið fallist á af talsmönnum meiri hl. sjútvn. að það ætti ekki að vera erfitt fyrir hæstv. ráðherra og aðra stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að taka hana með. Vissulega á hún minn stuðning svo lítilfjörleg sem hún þó er.

Ég hef tekið eftir því að sumir hv. stjórnarliðar hafa tekið talsvert upp í sig í umræðunni og lýst yfir stuðningi við nokkrar af brtt. formanns sjútvn., hv. 1. þm. Vestf., þannig að það verður fróðlegt að sjá hver verða afdrif hans brtt. þó að menn hafi eflaust misjafnar skoðanir á þeim eftir efni og þar sem um margar till. er að ræða. Þar reynir eflaust á og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson boðaði viðbótarbrtt. að tillögum hv. 1. þm. Vestf. föllnum og þá við 3. umr. málsins. En við höfum ekkert heyrt frekar í þm. eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., a.m.k. hef ég ekki orðið var við að hann talaði hér við umræðuna. (Gripið fram í.) En kannski á hann eftir að taka til máls og þá er að sjá hversu þugnur hann er á bárunni í sambandi við þær skoðanir sem hann áður hefur lýst. Mér hefur sýnst að þeir þm. Alþfl., t.d., sem hafa lýst andstöðu þurfi ekki mikið til að fá huggun ef þetta nægir þeim sem hér er fram komið í sambandi við 10. gr.

En ekki meira um það, virðulegur forseti. Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra og snerta þetta mál. Hæstv. ráðherra vék fyrst að undirbúningi málsins sem ekki er óeðlilegt þar sem hann hefur verið gagnrýndur verulega fyrir það hversu seint málið er fram komið. Vegna ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum þar sem gert var ráð fyrir að þau hlytu endurskoðun að ári liðnu, þ.e. fyrir árslok 1986, las hæstv. ráðherra upp bréf sem hann hafði sent, til forseta sameinaðs þings m.a., og fleiri bréf sem vörðuðu þessa endurskoðun og hafði orð um það eitthvað á þá leið að hann hefði ekki orðið var við að það væru uppi kröfur um það að eftir þessu ákvæði yrði farið í reynd. Það var svona efnislega það sem ég skildi sem ályktunarorð hæstv. ráðherra að þessu leyti. Hæstv. ráðh. sagði m.a., með leyfi forseta: „Ég man ekki til þess að það hafi komið fram hugmyndir hjá þeim aðilum sem sátu þá í sjútvn. Alþingis um að slíkar breytingar yrðu gerðar á lögunum“ og vildi sem sagt skýra þessa niðurstöðu í ljósi þess.

Ég mundi eftir því að í mínum þingflokki var það bréf sem barst forseta sameinaðs þings rætt, og það var á þingflokksfundi Alþb. þann 10. nóv. 1986 samþykkt, eins og það er bókað í gjörðabók þingflokksins á fundi á þeim degi, „að svara bréfi sjútvrh. frá 10. október um endurskoðun fiskveiðistjórnar vegna 1987, mótmæla afstöðu ráðherrans“, þ.e. svona þeirri ætlan að láta við sitja að lögin giltu áfram án frekari endurskoðunar þarna.

Ég hef ekki handa á milli það bréf sem ég geri ráð fyrir að hafi verið sent í framhaldi af þessu og þá til ráðuneytisins en hef ekki haft tíma til að skoða það frekar. Ég nefni þetta vegna þess að það var mér í fersku minni að þingflokkurinn fjallaði um þetta og tók þessa afstöðu á nefndum fundi og að það væri rétt þá þegar að taka málið upp til endurskoðunar eins og gert var ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði laganna.

Hæstv. ráðherra ræddi síðan mikið um smábátaveiðar og hélt því fram að smábátaeigendur mættu vel við una það sem inn væri komið hér í 10. gr. samkvæmt tillögum meiri hl. sjútvn. og ég ætla ekki að fara að eiga orðastað sérstaklega við hæstv. ráðherra frekar um það efni. Ég er honum ósammála að því leyti. Við sjáum líka að hæstv. ráðherra má reikna með því að þurfa að bæta þarna við svolitlu samkvæmt þeirri brtt. sem hér liggur fyrir.

Ef við lítum á það sem hefur gerst þó síðan í desember að frv. kom fram hafa auðvitað orðið þarna breytingar á greininni frá því sem ráðherrann lagði fyrir á sínum tíma og allt er það vel svo langt sem það nær. En ég held t.d. varðandi aflamarkið fyrir báta undir 6 tonnum, þetta aflamark hvort sem það eru 50 tonn, 55 eða 60, 55 tonn var það sem meiri hl. sjútvn. lagði til og hér er tillaga um 60, að menn séu með of lága viðmiðun í sambandi við þann flokk báta svo að dæmi sé tekið.

Mér fannst líka rökstuðningur hæstv. ráðherra í sambandi við endurnýjun báta og þá opnun sem er þarna enn fyrir báta undir 6 tonnum, að þar geti fjölgað án nokkurra takmarkana, ekki skýr og tel að það hefði verið eðlilegt að taka á þessu máli í heild sinni nú við afgreiðslu frv. vegna þess að það er alveg ljóst að þar eiga menn vafalaust eftir að lenda í vissum erfiðleikum ef á annað borð er talin ástæða til takmörkunar á heildarafla og sýna viðnám að því leyti.

Hæstv. ráðherra vék síðan að einstökum brtt., m.a. frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, og ég nefni sérstaklega brtt. sem varðar einstök byggðarlög sem missa skip og hráefni en slík dæmi þekkjum við nú þegar og slík dæmi koma upp. Mér finnst það skjóta skökku við hjá hæstv. ráðherra sem hefur margar heimildir samkvæmt lögum þessum að vilja ekki taka heimild af þessu tagi inn í lögin. Auðvitað væri eðlilegast að ráðherrann hefði tekið undir tillögur okkar alþýðubandalagsmanna um byggðakvóta til þess að koma í veg fyrir að skipin tapist, að skipin fari úr byggðarlögunum án þess að vörnum verði við komið. En það er ekki gert og þá vísar hæstv. ráðherra einfaldlega á það að þegar illa er komið á Alþingi að taka málið upp, þá á Alþingi að taka á þeim vanda ef hann kemur upp varðandi einstök byggðarlög. Með fullri virðingu fyrir Alþingi held ég að við höfum nokkra reynslu af því að það getur verið erfitt að skapa um það samstöðu að fara að

grípa inn í með lögum varðandi einstök vandamál hér og þar á landinu. Ég er ansi hræddur um að það sé ekki á vísan að róa og það væri sæmra fyrir framkvæmdarvaldið að hafa heimild til þess að taka á slíkum vandamálum sem það hefur á sinn hátt átt þátt í að skapa og geta alltaf komið upp.

Ég hef áður lýst stuðningi við þessa brtt. og geri það hér og tel ekki að ráðherrann hæstv. hafi komið með frambærileg rök gegn þessari brtt. sem getur skipt miklu ef vandamál koma upp sem alltaf má búast við með því kerfi sem er meiningin að lögfesta.

Þetta eru svona nokkur atriði sem ég vildi víkja að varðandi ræðu hæstv. ráðherra en ætla að láta þar við sitja og víkja þá aðeins að máli annarra hv. þm. sem hafa talað.

Hér talaði hæstv. utanrrh. Hann kom hér inn í umræðuna og það var greinilegt að hæstv. ráðherra sárnaði að fá til umræðu þau ummæli sem vitnað var til í dagblaðinu Tímanum frá 30. desember, og það skil ég vel. Hann gat þess í sínu máli að það hafi aldrei gengið eins stirt og nú að ná samkomulagi við stjórnarandstöðu um afgreiðslu þingmála. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hafa sem fæst orð um þetta og ríkisstjórnin yfirleitt því að hér hefur í rauninni ekkert verið til boða í sambandi við samkomulag. Það var fyrst í sambandi við umræðu um söluskattinn rétt fyrir nýárið að tilboð kom. Það er í rauninni eina tilboðið sem stjórnarandstaðan hefur fengið frá forustu þingsins og ráðandi meiri hluta hér og að því tilboði var gengið. Við tókum þátt í samkomulagi um það efni, en það er líka eina tilboðið sem við höfum raunverulega fengið í sambandi við þau stóru mál og meðferð mála hér í þinginu að undanförnu. Það er ansi hart að fá árásir frá hæstv. ráðherrum um það að stjórnarandstaðan hafi ekki brugðist við með eðlilegum hætti. Fyrst er þó að hafa af einhverju að taka að þessu leyti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera málflutning hæstv. utanrrh. að umtalsefni þó að hann kysi að tala um tillögur Alþb. varðandi byggðakvóta sem afskræmi án þess að hafa fyrir því að rökstyðja frekar þá einkunn sem hann gaf okkar tillögum um byggðakvóta, fulltrúi flokks sem fer með sjávarútvegsmálin og ætlar að skilja við þetta mál í því horfi að það eru engar skorður reistar við sölu skipa frá byggðarlögum og kýs að kasta einkunnum af þessu tagi til þeirra sem eru að gera tillögur um það að koma þar vörnum við.

Ég vil aðeins, vegna þess að hér hefur verið mikið rætt um smábáta, vekja athygli á því að það eru vissulega fleiri flokkar skipa sem hafa ekki fengið þá skoðun og athygli sem vert væri. Ég tek það fram að þó að ég hafi rætt nokkuð um smábátana og hafi þar eindregnar skoðanir tel ég ekki að það sé það sem öllu máli skiptir í sambandi við frv. Það er auðvitað heildarmyndin sem skiptir máli, staða togara og staða annarra skipaflokka. Ég vil nefna, vegna þess að ég gerði það ekki fyrr í ræðu minni, það féll þar niður, skipaflokk sem hefur farið mjög illa út úr því stjórnkerfi sem hefur verið í gildi síðan 1983 og það eru stóru loðnuveiðiskipin. Það eru stóru loðnuveiðiskipin sem virðast ekki vera sérstaklega á hægra brjóstinu hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem hefur þó látið sig þessi mál miklu skipta. Þannig háttar til í sambandi við þau skip að þau hafa tapað réttindum til þorskveiði stig af stigi og hafa nú sáralítinn rétt þar að lútandi og skiptingin á loðnukvóta milli skipa eftir stærð er aðeins að einum þriðja miðuð við stærð en tveimur þriðju er jafnað út óháð stærð, þannig að ég hygg að menn séu vel á veg komnir ef ekki þegar búnir að kippa rekstrargrundvelli undan þessum flokki veiðiskipa. Ég nefni það hér og gerði það ítrekað raunar í þingnefnd ásamt umræðum um fleiri þætti sem ástæða hefði verið til að fara betur yfir og taka til frekari skoðunar.

Hér talaði hv. 5. þm. Vesturl. Sighvatur Björgvinsson og það var sitthvað athyglisvert í hans máli. Hann gerði að sérstöku umtalsefni þátt sem ég vil koma nokkuð að í mínu máli, þ.e. stöðu hafrannsókna og þann grunn sem verið er að byggja á í sambandi við fiskveiðistjórnun út frá áætlaðri stöðu fiskstofnanna. Ég vil fyrst af öllu segja að hv. 5. þm. Vestf. hefði betur staðið með öðrum hætti að tillögum um fjárveitingar í sambandi við Hafrannsóknastofnun og hafrannsóknir almennt og fiskileit sem formaður í fjvn. Hann ásamt öðrum átti hlut að því að fella tillögur stjórnarandstöðunnar, þar á meðal Alþb., um auknar fjárveitingar til hafrannsókna, því miður. Það hygg ég að annar þm. sem talaði hér við umræðuna hafi einnig gert, hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson sem taldi sig bera þennan þátt sérstaklega fyrir brjósti, en ég er ansi hræddur um að hann hafi verið í hópi þeirra sem felldu tillögur stjórnarandstöðunnar um auknar fjárveitingar til hafrannsókna.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að umtalsefni ályktanir og tillögur Hafrannsóknastofnunar varðandi hámarksafla og taldi að þörf væri á því að fara ofan í upplýsingar og tillögur stofnunarinnar, m.a. á vegum sjútvn. þingsins. Mér þætti gott, virðulegur forseti, ef hæstv. samráðherrar hæstv. sjútvrh. væru ekki að trufla hann, tala í bæði eyrun á honum í senn. Það er ekki vænlegt ef hæstv. ráðherra á að halda athygli sem hann hefur áreiðanlega reynt. (Gripið fram í.) Já, þá eru þeir hættir að trufla. Ekki held ég að það séu afruglarar sem þar eru á ferð, þannig að ég treysti því a.m.k. ekki að það séu nein hollráð sem koma þarna til hæstv. ráðherra úr þessum áttum. (**Gripið fram í:** Ætli það sé ekki nóg að hafa eitthvað í stólnum?) Ekki skildi ég, virðulegur forseti, þetta frammíkall.

En í sambandi við mál hv. 5. þm. Vestf. tek ég það fram að ég tel það meira en ómaksins vert að farið sé yfir hér á Alþingi og af sjútvn. þingsins tillögur Hafrannsóknastofnunar og þann grundvöll sem hún hefur byggt á og byggir sínar tillögur á, reynslan metin og horft á það mál fullkomlega opnum augum, málið skoðað opnum huga. Það ætti að vera eitt af verkefnum þingsins og sjávarútvegs-

nefnda þess og það eru fleiri sem hafa komið að þessu máli en hv. 5. þm. Vestf. Í rauninni gerðist það hér við 1. umr. málsins að bæði ræddi hv. 5. þm. Reykn. Geir Gunnarsson hér um stöðu fiskstofnanna og hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir ræddi það einnig og vék þá sérstaklega að fjölriti Hafrannóknastofnunar nr. 11 sem ekki hafði komið fyrir augu þingmanna og hafði farist fyrir vegna einhverra mistaka hjá Hafrannsóknastofnun að koma á framfæri við þingið. Þessi skýrsla mun hafa verið tekin saman sl. vor, þetta fjölrit nr. 11, einmitt til þess að undirbúa af hálfu Hafrannsóknastofnunar tillögur vegna veiði á komandi ári, tillögur þar að lútandi. Þessi skýrsla fjallar um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti og aflahorfur 1988. Hún var kynnt á miðju sumri fyrir fjölmiðlum sem eitthvað gátu um efni hennar í byrjun júlí en hún kom ekki inn á Alþingi, hvorki til sjútvn. né almennt til alþm., fyrr en eftir að hv. 12. þm. Reykv. hafði vakið athygli á henni og lagt fram ákveðnar spurningar um einstaka þætti hennar og geta menn séð það í hennar ræðu. Það var í framhaldi af því að Hafrannsóknastofnun kom góðu upplagi hér til þingsins og við fengum þetta til athugunar í sjútvn.

Ég hef ekki haft aðstöðu og tíma til þess að skoða þetta mál til að leggja neitt endanlegt mat á efni þessa, en ég tel það vera meira en ómaksins vert að litið verði á það og fleira aftur í tímann til þess að við hér á hv. Alþingi eigum betra með að bregðast við tillögum frá Hafrannsóknastofnun og átta okkur sérstaklega á því hvar skortir á rannsóknir, hvar þarf að fylla í eyður til þess að bæta úr skorti á þekkingu og þá einnig að því er varðar fjárhagshlið þeirra mála og stöðu stofnunarinnar.

Hér var af hv. 5. þm. Vestf. vikið að veiði á smáfiski og hann var að velta því fyrir sér eins og fleiri hvort hin mikla veiði á þriggja ára fiski, og þá er það þorskstofninn sem um er að ræða, beri ekki vott um það að það sé meira af smáfiski að tiltölu en áður hafi verið og við gætum litið björtum augum til framtíðar. Ég fékk því komið til leiðar að forstjóri Hafrannsóknastofnunar kom á fund sjútvn., ég held 29. des. sl. Þar var þetta efni rætt sérstaklega sem hv. 5. þm. Vestf. kom að í sínu máli og tilefnið var ræða hv. 12. þm. Reykv. daginn áður við umræðuna. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar vildi ekki draga neinar ályktanir í þá átt sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Vestf. en ég er ekki þar með að segja að það geti ekki verið ástæða til að fara yfir málin, bæði með honum og öðrum aðilum og hef þegar undir það tekið.

Það sem kom fram hjá Jakob Jakobssyni, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, um þetta efni var m.a. að menn mættu ekki draga víðtækar ályktanir af fjölda fiska í veiði, fjölda fiska af tilteknum árgangi, vegna þess að hann segði lítið sem ekkert um hlutfallið í afla. Það væri spurningin um það hversu hátt hlutfall veiðist af hverjum árgangi hverju sinni en ekki aflann sem slíkan. Þetta er mál sem sjálfsagt er fyrir menn að skoða.

Hann benti á það varðandi árganginn 1980 sem hefur verið með býsna mikinn fjölda nýliða í veiðinni á undanförnum árum að milli áranna 1986 og 1987 hafi fiskum í veiði úr þessum árgangi fækkað sem svarar um helming og vísaði til töflu sem er á bls. 9 í umræddu fjölriti því til staðfestingar, en þar má sjá að fjöldi þorska úr þessum árgangi í veiði 1987 sé sem þessu nemur. Á þessu vildi ég vekja athygli.

Þá minni ég á það, vegna þeirra umræðna sem fram hafa farið um spár Hafrannsóknastofnunar, að það hefur ræst betur úr því sem þeir hafa reitt fram til skýringar á því að þær hafi ekki staðist en þeirra spár gerðu ráð fyrir, t.d. varðandi árganginn frá 1973, vegna þess, og ég er ekki að leggja endanlegt mat á það, að það komu hér inn að þeirra mati, samkvæmt þeirra staðhæfingum, verulegar göngur frá Grænlandi sem þeir vissu að voru þar að alast upp og breyttu stöðunni að mati Hafrannsóknastofnunar, og ég hygg að það sé nú mikið til í því, á árunum 1980 og 1981. Hafrannsóknastofnun og forstjóri hennar segir að við getum reiknað með hugsanlega að þetta endurtaki sig varðandi árganginn frá 1984 vegna þess að talsvert af seiðum úr þeim árgangi sé að alast upp við Grænland og það geti hugsanlega skilað sér inn í veiði hér 1991.

Stefna Kanadamanna í sambandi við þorskstofninn hefur verið rædd nokkuð hér og hv. 5. þm. Vestf. nefndi það í sínu máli fyrr við umræðuna og fleiri hafa komið að því. Ég vil að það komi fram að samkvæmt fullyrðingum forstjóra Hafrannsóknastofnunar á fundi sjútvn. hafi stofnunin ekki fylgt þeirri stefnu í sambandi við tillögur sínar um hámarksafla úr þorskstofninum sem Kanadamenn hafa fylgt, heldur í rauninni verið miklu frjálslyndari að þeirra mati að þessu leyti. Það kom fram hjá Jakob Jakobssyni að ef þeir hefðu miðað við sömu forsendur og Kanadamenn hafa gert hefðu þeir ekki lagt til 300 þús. tonna ársafla á komandi ári af þorski heldur 180 þús. tonn sem hámark og þá hygg ég að hefði farið að síga brúnin á sumum hér ef við hefðum staðið frammi fyrir tillögum að því leyti. Ég vil að þetta komi hér fram án þess að ég sé þar með að leggja nokkurn dóm á þetta mál vegna þess að það þarf auðvitað að skoðast frá ýmsum hliðum áður en menn taka afstöðu til slíkra þátta. Skýringin sem við fáum á samdrættinum í þorskafla miðað við fyrri spár hjá Kanadamönnum er ekki síst sú að þar hafi umhverfisskilyrði versnað frá því að spárnar voru gerðar og árgangarnir skilað minni afla en ráð var fyrir gert vegna versnandi umhverfisskilyrða, m.a. við Nýfundnaland.

Þetta leiðir auðvitað hugann að því sem við höfum heyrt um nú og orðið aðeins vör við á eigin skinni undanfarna daga að það er mjög kalt fyrir norðan landið. Það ríkir fimbulkuldi á hafsvæðum norður af landinu og við höfum aðeins fengið forsmekkinn af honum. Hugsanlegt er að hann leiði til kólnandi sjávar á íslenskum hafsvæðum og auðvitað gæti það haft slæmar afleiðingar fyrir vöxt fiskstofnanna sem

við byggjum á og komið fram að einhverjum tíma liðnum, að einu eða tveimur árum liðnum. Um það verður auðvitað ekkert spáð á þessari stundu en við skulum muna það að við höfum búið við hagstæð umhverfisskilyrði, við tiltölulegan hlýjan sjó nú að undanförnu sem hefur áreiðanlega skilað sér í betri stöðu varðandi okkar nytjastofna, að einhverju leyti a.m.k., en ella hefði orðið. Þetta vil ég nefna hér.

Áhugi hjá einstökum alþm. er sannarlega góðra gjalda verður, og hann þyrfti að vera hjá sem flestum, á hinni fræðilegu undirstöðu undir tillögur frá okkar ráðgjafarstofnun í þessum málum, Hafrannsóknastofnun, og ég vil gjarnan taka þátt í skoðun þessara mála innan sjútvn. þessarar deildar í vetur því að ég held að við gerum margt óþarfara, það sé fátt þarfara sem við gætum gert til þess að búa okkur undir framtíðina en að fara yfir þessi efni og draga af því okkar ályktanir að skoðun lokinni.

Þessi mál hafa verið rædd áður. Ég minni m.a. á umræður sem fóru hér fram fyrir nokkrum árum og mikil blaðaskrif voru um í sambandi við smáfiskadráp. Það var á fyrri hluta árs 1984 í framhaldi af fundi sem haldinn var í Norræna húsinu og veruleg blaðaskrif urðu í framhaldi af því. Menn gætu kannski aðeins haft það í huga við skoðun mála á vegum sjútvn. ef af því verður.

Virðulegur forseti. Ég ætla að stytta mál mitt. Ég hef fengið, eftir að ég tók til máls, í hendur bréf það sem ég gerði ráð fyrir að skrifað hefði verið af hálfu þingflokks Alþb. vegna endurskoðunar á fiskveiðistefnunni og lögunum um stjórnun fiskveiða. Það er sent til sjútvrh. 24. nóv. 1986 frá forseta sameinaðs þings, mun vera eina bréfið sem sent er í ljósriti áfram til sjútvrh., og ég held að það sé rétt vegna ummæla minna að það komi fram hér í þinginu hvað það innihélt. Það var stílað til forseta Sþ. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þingflokknum hefur borist ljósrit af bréfi sjútvrh. til yðar 10. okt. 1986. Þar segir að sjútvrn. hafi ritað bréf til hagsmunaaðila í sjávarútvegi og til sjútvn. Alþingis dags. 15. júlí sl. Þar hafi verið óskað eftir athugasemdum aðilanna varðandi fiskveiðistefnuna og framkvæmd hennar. Á þeim grundvelli hafi verið haldnir fundir í sjútvrn. 13. og 17. ágúst." Þá segir í bréfinu: „Það er niðurstaða sjútvrn. á grundvelli þeirra umræðna er þar urðu og umfjöllunar um málið í ráðuneytinu sjálfu að á þessu hausti sé ekki ástæða til að breyta ákvæðum laga um stjórn fiskveiða á næsta ári."

Loks segir í bréfi ráðuneytisins: „Telur sjútvrn. að þar með sé lokið þeirri endurskoðun á ákvæðum laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða, sem ráðuneytinu var falin.

Þingflokkur Alþb. fékk bréf sjútvrh. í ljósriti en hefur engu að síður ákveðið að bregðast við sérstaklega með því að senda forseta Sþ. þessar athugasemdir:

1. Samráð við sjávarútvegsnefndir hefur verið lítið.

2. Þingflokkur Alþb. telur eðlilegt að taka reynsluna af fiskveiðistjórninni til umræðu á sameinuðu Alþingi.

3. Ekki er unnt að líta svo á að það hafi verið „niðurstaða" af samráði við sjútvn. þingsins sem leiddi til þess að ráðuneytið ákvað að leggja málið ekki fyrir Alþingi á nýjan leik í haust. Þingflokkurinn vitnar í þessu sambandi til ummæla Garðars Sigurðssonar fulltrúa Alþb. í sjútvn. Nd. er hann talaði við 2. umr. málsins og sagði þá m.a. (Alþingistíðindi, umræður, 9. hefti 1985, dálkur 1475):

„En ég vil segja það að í þessu ákvæði er talað um að hafa skuli samráð við sjávarútvegsnefndir við breytingar á þessu máli. Og ég legg áherslu á það að þetta verði ekki nafnið tómt, heldur verði þessu samráði sinnt."

Með skírskotun til þessa leyfir þingflokkurinn sér að fara þess á leit við yður sem forseta sameinaðs Alþingis að þér greinið frá því

a. hvort þér teljið að málið eigi ekki að koma fyrir þingið á þessu hausti,

b. hvort þér eruð sammála sjútvrh. eða

c. hvort þér munuð beita yður fyrir því að málið komi til meðferðar Alþingis aftur.

Augljóst er að orð forseta sameinaðs Alþingis hljóta að vega þungt í þessu máli og tilvitnun í ræðu Garðars Sigurðssonar sýnir að þm. treystu því að samráð yrði meira en nafnið tómt. Væntir þingflokkurinn þess að fá bréflegt svar yðar sem allra fyrst."

Undir bréfið rita Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon f.h. Alþb.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram sem álit þingflokks Alþb. vegna þessa ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum sem hæstv. sjútvrh. fjallaði um í sínu máli í morgun við þessa umræðu.

Herra forseti. Ég hygg að það dragi að lokum þessarar 2. umr. um þetta mál. Við gerum okkur vissulega ljóst að það er nauðsynlegt fyrir þingið að skera úr í sambandi við fyrirliggjandi tillögur. Það er eftir því beðið og ég ætla ekki að lengja þetta öllu meir.

Ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu vekja athygli á því hversu stórt þetta mál er í samhengi byggðamálanna á Íslandi, en þar stöndum við frammi fyrir heldur dökkri mynd svo vægt sé til orða tekið. Ég fékk í morgun frá Hagstofu Íslands niðurstöðu varðandi þróun íbúatölu og fólksflutninga í landinu og stöðu í einstökum byggðarlögum, í einstökum sveitarfélögum. Menn heyrðu ágrip af því í fréttum í gærkvöldi varðandi þróun milli áranna 1986 og 1987. Þar blasir við okkur heldur nöturleg mynd sem þannig er orðuð í fréttatilkynningu Hagstofu Íslands frá í gær. Með leyfi forseta segir þar:

„Á þessum áratug hefur það einkennt fólksfjölgunina að hún hefur mestöll orðið á höfuðborgarsvæðinu. Á hverju ári 1984–1986 fjölgaði fólki meira þar en nam heildarfjölgun landsmanna svo að bein fækkun varð í öðrum landshlutum samanlögðum. Fækkaði í þeim um 20 árið 1984, um 142 árið 1985 og um 343 árið 1986. Árið 1987 hefur fólki fjölgað

um 3161 á höfuðborgarsvæðinu en um 165 á öðrum landsvæðum, en á Suðurnesjum fjölgaði um 270 og hefur því fólki utan þessara tveggja landsvæða fækkað um 105."

Þetta eru niðurstöðurnar varðandi búsetu fólks í landinu í tíð núv. og fyrrv. ríkisstjórnar. Ég er ekki þar með að skrifa þessa flutninga alfarið á þá aðila sem með völd hafa farið, en ég efast ekkert um það og það höfum við oft rætt hér að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og stefna hennar í atvinnumálum hefur vissulega vegið býsna þungt í þessu samhengi og hert á þessum straumi til Suðvesturlands til muna frá því sem orðið hefði ef fylgt væri skilmerkilegri byggðastefnu.

Vafalaust er það hugur þeirra sem eru hér að gera tillögur af hálfu framkvæmdarvaldsins varðandi fiskveiðistjórnun að það verði til að styðja við landsbyggðina, en ég tel að því miður hafi ekki tekist þar sem skyldi. Það blasir við okkur að öflugir útgerðarstaðir víða úti um landið eru að tapa fólki. Þar er íbúatalan lækkandi á sama tíma og á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið aukning um 1900 manns, þ.e. hér í höfuðborginni á síðasta ári. Heildarfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á 10 ára tímabili hefur orðið um 20 þús. manns. Samsvarandi tölur eru í mínus víða úti um landið. Í einstökum kjördæmum utan höfuðborgarsvæðisins fækkar á síðasta ári, um 0,2% á Vesturlandi, 0,4% á Vestfjörðum, 0,6% á Norðurl. v., um 0,3% á Austurlandi, í fyrsta sinn um langt árabil töluleg fækkun íbúa þar, og um 0,5% á Suðurlandi. Það er aðeins á Norðurlandi eystra sem haldið er í horfinu og nær þó ekki því að halda í við heildarmeðalfjölgun á milli ára.

Það vekur athygli að staðir sem hafa verið vaxandi úti um landið á undanförnum árum eru nú í mínus, t.d. annað árið í röð varðandi Höfn í Hornafirði þar sem íbúum fækkar og verulega í þeirri sýslu og er Höfn þó einn öflugasti útgerðarstaður á landinu. Sama gildir um Vestmannaeyjar, fækkun íbúa um nær 2%, mínus 1,9%, milli ára.

Ég nefni þetta hér í þessu samhengi því að þetta eru upplýsingar sem við alþm. hljótum að gefa gaum þegar við erum að fjalla um svo þýðingarmikinn þátt byggðamála sem stjórnun fiskveiðanna er. Ég harma það að ekki hefur tekist betri samstaða um viðbrögð gegn þeirri öfugþróun í sambandi við þetta mál og minni þar á tillögur okkar alþýðubandalagsmanna og fleiri sem ekki hefur verið tekið undir af meiri hl. í sjútvn., hvorki í hv. Ed. né hér í hv. Nd. til þessa.

Vonandi tekst betur til þegar þingið hefur færi á að fjalla um þetta mál næst og við eigum reyndar eftir að sjá hver verður niðurstaða úr atkvæðagreiðslu um einstakar tillögur sem liggja fyrir við þessa umræðu.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Við upphaf umræðu um kvótamálið í þessari hv. deild gerði ég grein fyrir því að ég hefði gert ákveðinn fyrirvara við 9. gr. frv. sem nú er 10. gr. og fjallar um veiðar smábáta. Ég kvaðst ekki mundu samþykkja greinina óbreytta og ekki frv. að þeirri grein óbreyttri.

Jafnframt gerði ég þá grein fyrir brtt. sem ég hugðist flytja ef verulegar breytingar næðust ekki fram. Eftir að hv. sjútvn. þessarar hv. deildar hafði fjallað um frv. skilaði meiri hl. áliti þar sem fram komu talsverðar eða verulegar hagsbætur fyrir eigendur smábáta.

Nú hefur enn fremur verið flutt brtt. um 10 daga fækkun banndaga eins og þeir koma fram í B-lið 2. brtt. meiri hl. sjútvn. sem fjallar um 10. gr. Þá liggur fyrir samkomulag um hækkun á aflamarki báta undir 6 brúttólestum eins og það mun koma fram í reglugerð og er það hækkun umfram þau 55 tonn sem náðust fram í nál. meiri hl. sjútvn. Hæstv. sjútvrh. mun væntanlega staðfesta þetta samkomulag áður en frv. kemur til atkvæða hér í deildinni.

Samkvæmt þessu samkomulagi verður meðalaflahámark báta undir 6 brúttólestum 60 lestir. Þá hefur einnig náðst samkomulag um að bæta stöðu manna sem gert hafa bindandi samninga um smíði báta fyrir gildistöku laganna.

Herra forseti. Eins og 10. gr. liggur nú fyrir hafa að mínu mati og flestra sem um hafa fjallað verið gerðar svo veigamiklar endurbætur á greininni í meðförum hv. deildar að hún verður að teljast ásættanleg. Ég vænti þess fastlega að með þessum breytingum öllum hafi skánað nokkuð hagur smábátaeigenda.

Þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar eru gerðar með samkomulagi þar sem allir hafa gefið eftir af ýtrustu kröfum sínum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Forseti. Það er nú liðið að lokum þessarar umræðu sem hefur verið mjög málefnaleg og það eru ekki margar fsp. sem hefur verið beint til mín en þó hafa þær komið fram. M.a. beindi hv. þm. Stefán Valgeirsson þeirri fsp. til mín hvernig stæði á hinu mikla drápi á smáfiski og hvað þar kæmi til.

Auðvitað er það rétt sem fram kom hjá honum að þar kemur afar margt til. Ég vil minna á það að Hafrannsóknastofnunin hefur gert tillögur um skyndilokanir og einnig um viðmiðunarmörk og eftir þessum viðmiðunarmörkum hefur verið farið í einu og öllu. Nú nýlega gerði stofnunin tillögu um nýja viðmiðun að því er varðar smáfisk og skyndilokanir og hefur verið fallist á þá tillögu.

Hitt er svo annað mál að veiðarnar nú byggjast í allt of miklum mæli á ungum árgöngum, þ.e. 1983 og 1984, og ég vil minna á það í því sambandi vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið að veiðarnar fram að þeim tíma byggðust að langmestu leyti eða mjög verulegu leyti á árgangnum frá 1980.

Það er kannski rétt að minna á þá umræðu sem varð hér haustið 1983, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á, og nokkrir ungir líffræðingar voru upphafsmenn að þar sem þeir héldu því fram að það væri ekkert annað að gera en að veiða

frjálst, þ.e. að engar takmarkanir yrðu á veiðum og allur sá smáfiskur sem næðist til yrði drepinn til að grisja sem mest í hafinu. Ef farið hefði verið að þessum hugmyndum hefði 1980-árgangurinn aldrei náð að vaxa og við hefðum ekki notið þess góðæris sem við höfum í reynd notið. Góðærið byggist á því að hér hefur verið tiltölulega góð veiði og þessi árgangur fékk að vaxa. Sem dæmi má nefna að árið 1986 voru rúmlega 100 þús. tonn veidd úr þessum árgangi. Það var enginn annar árgangur sem gat staðið undir veiðunum og það breyttist ekki fyrr en árgangarnir 1983 og 1984 koma nýir inn og geta staðið undir veiðum.

Auðvitað er það umdeilanlegt hversu mikið skuli í þá sótt, hvað mikið skuli veitt og hvað mikið skuli verndað. Það byggist m.a. á því að það sé mat aðila að sæmileg skilyrði séu fram undan og að þessir árgangar geti dafnað. Auðvitað hefur það komið fyrir að árgangar hafa misfarist og ekki komið fram í veiðinni vegna skilyrða í hafinu og skal ég ekkert tiltaka neina sérstaka árganga í því sambandi, en auðvitað eru það þessi skilyrði sem skipta sköpum. Það er þó meginmál að þegar þau skilyrði myndast sé fiskur fyrir sem getur vaxið og dafnað í því umhverfisástandi sem þá kemur upp. Auðvitað er hér um flókið samhengi að ræða í náttúrunni og ég tek undir það að það er mikil ástæða til þess að reyna að efla allar rannsóknir og þrátt fyrir takmarkaðar fjárveitingar til þess málaflokks á undanförnum árum tel ég samt að það sé smátt og smátt verið að styrkja stöðu hafrannsókna hér á landi þótt þar megi miklu við bæta og miklu betur gera.

Ég vildi aðeins vegna þess sem ég kom hér inn á að því er varðar rækjuveiðarnar geta um það sem fram hefur farið í því sambandi. M.a. gerði ég ekki að umtalsefni seinni hluta tillögu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sem orðast þannig: „Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um skiptingu á leyfðum úthafsrækjuafla á milli vinnslustöðva að höfðu samráði við Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda."

Nú er það svo að til eru heimildir til að setja mjög nákvæmar reglur í þessu sambandi í lögunum um samræmingu veiða og vinnslu sem ég veit að hv. 1. þm. Vestf. þekkir mjög vel og miklu betur en ég, þannig að á það skortir ekki að til séu nægilegar heimildir til þess að sjútvrh. geti gert það. Rækjuframleiðendur lögðu fram tillögur þar sem þeir náðu um það samstöðu að skipta rækjuaflanum með ákveðnum hætti milli vinnslustöðva.

Það liggur alveg fyrir að um það getur ekki náðst friður milli veiða og vinnslu að aflanum sé skipt á rækjuverksmiðjurnar. Hins vegar er það ljóst að um það getur ríkt bærilegt samkomulag að sett sé hámark á hverja rækjuvinnslustöð og að því er unnið og verður gert í samráði við Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda, þ.e. að engri einni verksmiðju sé heimilt að taka við nema ákveðnu magni, sem byggir á þeirra tillögu.

Það sem stendur hins vegar út af til þess að hægt sé að ganga frá þessu máli er sú staðreynd að nokkrar verksmiðjur hafa bætt við sig verulega í magni á árinu 1987, þ.e. það eru aðilar sem hafa fengið ný skip til að leggja þar upp. Þar eru aðilar á Akureyri, á Skagaströnd, á Blönduósi, Akranesi og nokkrir aðrir og ef eingöngu er byggt á þeim tillögum sem upphaflega komu frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda munu þessir aðilar verða fyrir allverulegri skerðingu miðað við árið 1987.

Mér er það ljóst að þarna þarf að nást niðurstaða sem byggir á einhverri millileið sem er verið að ræða við Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda. Það er ekki full samstaða um málið enn þá þar, en þeirrar samstöðu er verið að leita og það verður af hálfu sjútvrn. sett hámark á rækjuvinnslustöðvarnar. Með því verður í reynd lokað fyrir fjölgun þeirra og komið í veg fyrir það að þær stöðvar sem minnst magn hafa geti aukið sína framleiðslu svo neinu nemi. Slík niðurstaða ætti að tryggja að verulegu leyti áframhaldandi vinnslu á þeim stöðum sem vinnsla hefur verið byggð upp á og vænti ég þess að um það geti ríkt bærilegur friður. Þetta vildi ég taka fram af þessu tilefni, en hins vegar er það alveg ljóst að um svo veigamikla breytingu, eins og að skipta aflaheimildum á milli verksmiðjanna þannig að skipin fengju annaðhvort ekki aflaheimildir eða aðeins hluti þeirra, er ekki hægt að fá neinn frið, þar er um mjög mikla breytingu að ræða. Hitt er svo annað mál að auðvitað mæla ýmis rök með því að auka hlutdeild vinnslunnar og rétt vinnslunnar, en það á ekki aðeins við um rækjuna, heldur ýmsar aðrar fisktegundir.

Hv. frsm. sjútvn. Nd. gerði grein fyrir brtt. sem meiri hl. nefndarinnar flytur og ég vil taka það fram að ég er sammála þeim brtt. og einnig sammála því mati að afli þeirra báta sem minnstir eru sé miðaður við 60 tonn. Auðvitað eru slík mörk umdeilanleg og auðvitað er það aðalatriði fyrir þessa báta að þeir fái að byggja á eigin reynslu, þannig að ef sú reynsla er betri verður sú viðmiðun tekin. Þetta er í fullu samræmi við álit meiri hl. sjútvn. Ed., en í framsöguræðu hv. frsm. Guðmundar H. Garðarssonar kom skýrt fram að þeir teldu að þau mörk sem var miðað við í upphaflegum hugmyndum væru allt of þröng og þau þyrfti að rýmka. Þá dagana var einmitt verið að vinna að sundurgreiningu á þessum bátum að því er varðaði 1985 og 1986 og afla þeirra og það var ekki fyrr en þá að það lágu fyrir nægilega góðar upplýsingar um meðalafla þessara báta. Og enn liggja ekki fyrir upplýsingar um meðalafla þeirra á árinu 1987.

Ég vildi aðeins taka það fram vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um að sjávarútvegsnefndir Alþingis fari yfir tillögur Hafrannsóknastofnunar að ég tel það sjálfsagt mál og mjög mikilvægt að sjávarútvegsnefndir þingsins taki sér það fyrir hendur að fara ofan í slíka þætti mála alveg án tillits til þess hvort frv. er fyrir þinginu eða ekki og að sjálfsögðu geta sjávarútvegsnefndir eða nefndir þingsins tekið sér ýmislegt fyrir hendur í hinum ýmsu málum án þess að fyrir nefndunum liggi

ákveðin frumvörp. Það er jafnframt mikilvægt fyrir Hafrannsóknastofnun að fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og sínum rannsóknum og mér er kunnugt um það að forstjóri Hafrannsóknastofnunar hefur sérstakan áhuga fyrir því að kynna öllum aðilum þessi mál og vera í sem bestu sambandi bæði við nefndir þingsins og hina ýmsu hagsmunaaðila.

Ég vildi aðeins að lokum vegna ummæla hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann gerði nokkuð mikið úr orðum mínum þegar ég gerði að umtalsefni 4. brtt. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um sérstaka samráðsnefnd, en greinin er þannig orðuð með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstök samráðsnefnd skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Í nefndinni eigi sæti fimm menn. Þrír skulu kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Samráðsnefnd skal kappkosta að leysa öll ágreiningsefni sem til hennar er vísað. Verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir skal deiluefnið borið undir ráðherra til úrskurðar."

Nú er það sjálfsagt umdeilanlegt að hve miklu leyti löggjafarvaldið skuli hafa afskipti af framkvæmdarvaldinu. Þótt ég þiggi gjarnan námskeið hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í þessum efnum, en hann taldi mikla ástæðu til þess að ég færi á sérstakt námskeið í því sambandi, vildi ég fyrst ítreka þá almennu skoðun mína að ég tel að það sé ekki ástæða til þess og það eigi að reyna að forðast það að Alþingi kjósi sérstakar stjórnskipaðar nefndir. Ég hef oft lýst þeim skoðunum mínum hér og þótt ég hafi tekið þátt í slíkum athöfnum hér á Alþingi eins og gengur og gerist er ég almennt þeirrar skoðunar að það sé ekki æskilegt.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að það er meginviðfangsefni sjútvrn. og í reynd aðalverkefni þess samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands að fjalla um fiskveiðistjórnun, leysa úr hinum ýmsu málum, taka á þeim, svara fsp., gefa út veiðileyfi, leysa ágreiningsmál o.s.frv. Þetta hefur ráðuneytið gert í gegnum tíðina á grundvelli hinna ýmsu laga, m.a. á grundvelli laga um stjórnun fiskveiða frá 1976 sem eru mikilvæg lög og í þeim eru hinar ýmsu heimildir. Þetta hefur ráðuneytið leyst af hendi gegnum tíðina án þess að nokkrar sérstakar athugasemdir hafi verið við þær ráðstafanir. Síðan er það ákveðið þegar þau lög voru sett sem nú eru að ganga úr gildi að það skuli haft sérstakt samráð um þessi mál við hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna vegna sérstakrar þekkingar þeirra á málinu. Þetta samstarf hefur tekist vel og ég tel að þessi nefnd í samvinnu við ráðuneytið hafi leyst þessi viðkvæmu mál ágætlega af hendi.

Ef hins vegar tillaga sem þessi yrði samþykkt felur hún í sér veigamiklar breytingar. Það koma vissulega upp spurningar: Hvert er þá vald ráðherra, ábyrgð hans, eftir að sérstök þingkjörin nefnd hefur tekið við þessu hlutverki? Ég bendi á að það er ekki gert ráð fyrir að starfsmaður viðkomandi ráðuneytis eigi sæti í þessari nefnd nema hann verði þá kosinn sérstaklega hér á Alþingi. Ég endurtek að ég tel það fullkomlega óeðlilegt að slík skipan sé höfð, enda vakna þá spurningar hvort starfsmenn ráðuneytisins séu þá að einhverju leyti orðnir starfsmenn þessarar nefndar þannig að hér er ekki um einfalt stjórnarfarslegt atriði að ræða. Og ef ákveðið yrði að gera það með þessum hætti má spyrja hvort viðkomandi ráðherra yrði ekki að einhverju leyti óþarfur og hvort bæri þá að skipa málefnum hinna ýmsu ráðuneyta í meira mæli með þessum hætti.

Ég tel að það sé ekki saman að jafna þegar talað er um flugmálastjórn. Þar er sérstakur flugmálastjóri — af því að það var nefnt hér. Hins vegar mætti mjög vel hugsa sér þá skipan að þessi mál yrðu þá færð til fiskimálastjóra og hann settur upp eins og eru einhverjar brtt. hér um og fiskimálastjóra fylgdi einhver sérstök þingkjörin nefnd. En allar slíkar ákvarðanir mundu að sjálfsögðu hafa mjög veigamiklar breytingar í för með sér á starfsemi sjútvrn.

Þetta vildi ég taka fram aðeins til að skýra mína afstöðu. Ekki það að ég geri mér fulla grein fyrir því að framkvæmdarvaldið þiggur vald sitt frá löggjafarsamkomunni og er að sjálfsöðgu undir hana og meiri hluta löggjafarsamkomunnar sett, en ég held að það sé ekki til bóta að rugla þessum reytum allt of mikið saman þó að það sé vissulega ekki hægt að komast hjá því að öllu leyti. Ef það er gert í of miklum mæli hlýtur það að raska ábyrgð viðkomandi ráðherra í ríkisstjórn á hverjum tíma, sem er að sjálfsögðu mikilvægt að sé ekki dregið úr, því að sá ráðherra sem fer með málaflokk sem honum er falinn skv. reglugerðinni um stjórnarráðið verður að sjálfsögðu að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum og síns ráðuneytis og úr því má ekki draga.

Ég vænti þess að ég hafi skýrt mína afstöðu fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, en vil taka það skýrt fram að ég þigg gjarnan námskeið bæði hjá honum og öðrum þeim sem hann getur bent mér á í þessu sambandi og ég vænti þess að hann þurfi ekki að vera að vitna í afstöðu Ólafs heitins Jóhannessonar í þessu sambandi. Það kemur þessu máli ekkert við. Ég efast ekkert um að hann hefur haft á þessu nokkuð svipaðar skoðanir og ég lýsi hér og ég hef rætt þetta mál allítarlega við þá menn sem mjög vel þekkja til í stjórnsýslurétti og byggi þessar skoðanir mínar m.a. á þeim samtölum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið, en vegna orðaskipta okkar hæstv. sjútvrh. varðandi samráðsnefnd og 15. gr. og ýmis ummæli sem féllu bæði fyrr og síðar í þessari umræðu í því sambandi vil ég segja í fyrsta lagi að hæstv. ráðherra tók ólíkt skynsamlegar til orða nú þegar hann skýrði afstöðu sína til þessarar nefndar en hann gerði í morgun, að mínu mati, þegar hann notaði þau orð

um að Alþingi kysi slíka samráðsnefnd að það væri fullkomlega óeðlilegt. Ég tel að ráðherra hafi hins vegar nú fært sín rök fyrir því að hann teldi þetta ekki heppilegt. Ég meðtek þau að sjálfsögðu þó að ég sé honum ekki sammála.

Ég bendi hæstv. ráðherra á að hér er eingöngu spurningin um hvernig svona samráðsnefnd skuli skipuð því að í frv. hans eru ákvæði um samráðsnefnd sem á að hafa nánast nákvæmlega sömu verkefni með höndum, en eingöngu öðruvísi skipuð, þ.e. tilnefnd af hagsmunaaðilunum og einum manni frá ráðherra sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar. Tillaga Matthíasar Bjarnasonar og aðrar brtt. sem að þessu lúta felast eingöngu í því að breyta samsetningu og skipan nefndarinnar þannig að það er nákvæmlega jafnknýjandi spurning hvort ráðherrann sé ekki óþarfur ef hans eigin hugmynd um 15. gr. verður samþykkt. Er þá ekki búið að fela þessum fulltrúum í samráðsnefndinni, sem hagsmunaaðilarnir tilnefna, þessi verk þannig að það sé alveg nákvæmlega eins hægt að leggja hæstv. ráðherra niður þó að hans eigin hugmynd verði samþykkt eins og þó að hugmynd hv. 1. þm. Vestf. Matthíasar Bjarnasonar yrði samþykkt?

Staðreyndin er sú að hér er eingöngu um það að ræða að þessi nefnd fjalli um álita- og ágreiningsmál sem upp koma og hæstv. ráðherra á vel að merkja eftir sem áður að kveða upp úrskurð ef nefndin nær ekki sameiginlegri niðurstöðu þannig að það fellur alveg um sjálft sig að þessi álitamál vakni eingöngu við það ef brtt. hv. 1. þm. Vestf. yrði samþykkt. Þau eru nákvæmlega eins uppi þó að frv. sjálft gangi í gildi að mínu mati.

Ég vil taka það skýrt fram, herra forseti, að ég hef ekki boðist til að verða uppfræðari á námskeiðum um stjórnskipun. Ég tók það einmitt fram að ég væri ekki lögfræðingur eða sérfræðingur í stjórnskipun landsins þó ég leyfði mér að hafa á því máli ákveðnar skoðanir eftir að hafa kynnt mér það eins og öllum hv. alþm. er að sjálfsögðu kunnugt. Ég setti hins vegar fram þá skoðun að það væri greinilega nauðsynlegt að halda slíkt námskeið. Til þess eru aðrir miklu færari en ég að halda þar uppi fræðslu. Það tekur hins vegar ekki af mér réttinn til að ræða þetta mál á hinu háa Alþingi og hafa á því skoðun.

Ég nefndi nafn hv. fyrrv. þm. Ólafs heitins Jóhannessonar vegna þess að sá maður var doktor og prófessor í þessum málum og til hans er oft og iðulega vitnað og hlýtur að vera heimilt hér eftir sem hingað til, enda ástæða til þar sem hann hefur öðrum mönnum fremur sent frá sér á prenti gögn sem unnt er að styðjast við í þessum efnum og þarf ég ekki í sjálfu sér að hafa fleiri orð um það.

Ég undirstrika að ég tel að það sé fyllilega í samræmi við venju í þessum efnum, enda alsiða, að Alþingi skipi málum með þeim hætti að kjósa hér nefndir, stjórnir og ráð til þess að annast tiltekna hluti stjórnsýslunnar eða framkvæmdarvaldsins. Það úir og grúir af slíkum hlutum í íslenskri löggjöf. Menn geta haft á því skoðanir, eins og hæstv. sjútvrh. greinilega hefur, að það sé ekki heppilegt. Það eru skoðanir sem sjálfsagt er að hlusta á, en það breytir ekki hinu að venjan er sú að þetta er fyrir hendi út um allt. Fæstir hæstv. ráðherrar hafa litið svo á að slík nefndar- eða stjórnarskipan væri eitthvert vantraust eða atlaga að þeirra valdi og þeirra starfi og það vöknuðu upp efasemdir um hvort þeir væru þá ekki orðnir óþarfir. Ég hef aldrei heyrt ráðherra halda því fram áður, þó að Alþingi ætli að kjósa einhverja nefnd til að annast einhverja afmarkaða hluta málaflokka sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti eða eitt ráðuneyti, að ráðherra komi þá með þau rök í málinu að þar með séu þeir orðnir óþarfir og allra síst jafnmikilvægur ráðherra og hæstv. sjútvrh. er. Það er alveg fyrir ofan markið að koma því hér að. Þetta er spurning um skipan samráðsnefndarinar. Ég tel eðlilegt, rökrétt að Alþingi hafi hönd í bagga með skipan þeirrar nefndar, úr því að hún á að vera til á annað borð, með því að kjósa inn í hana fulltrúa. Ég tel það fyllilega rökrétt. Og ég tel það stjórnarfarslega betra og frá sjónarhóli þingræðisins heppilegra að Alþingi gangi þannig frá málunum þegar það er að afgreiða lagaheimildir af því tagi sem hér eru á ferðinni og margoft hefur verið vitnað til sem fela í sér gífurlega mikið framsal á ýmiss konar ákvörðunarvaldi í hendur ráðherrans. Ég tel betra fyrir þingið að ganga þá þannig frá hlutunum að sú samráðsnefnd um framkvæmdina og sú sérstaklega um álita- og ágreiningsmálin, sem á að starfa, sé að hluta til skipuð beint af fulltrúum sem Alþingi velur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

48. fundur, fimmtudaginn 7. jan., kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:

„6. jan. 1988.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
2. þm. Reykv."

Þar sem Sólveig Pétursdóttir hefur tekið sæti áður á þessu þingi þarf ekki að rannsaka kjörbréf hennar. Er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Lánsfjárlög 1988, 1. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 393.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988, sem lagt var fyrir Alþingi í októbermánuði, hefur nú verið afgreitt frá hv. Ed. Í meðförum Ed. voru gerðar nokkrar breytingar frá upphaflegu frv. Heildarlánsfjárráðstöfun hækkar um 369 millj. kr., erlendar lántökur hækkuðu um 469 millj. en innlendar lántökur lækkuðu um 100 millj. Samkvæmt þessu verða heildarlántökur 20 619 millj. kr. Þar af er ráðgert að afla 12 150 millj. innan lands og 8469 millj. kr. erlendis á árinu 1988.

Erlendar lántökur skiptast þannig að 1044 millj. kr. renna til opinberra aðila, 550 millj. kr. til opinberra lánastofnana og 6875 millj. kr. til atvinnufyrirtækja, atvinnuvegasjóðs og fjármögnunarleiga.

Sem fyrr er stefnt að hallalausum ríkissjóði A-hluta og engum erlendum lántökum á árinu 1988.

Rétt þykir að fara hér fáeinum orðum um helstu breytingar sem gerðar voru í Ed. Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 voru lántökur sveitarfélaga áætlaðar alls 350 millj. kr., en þessi liður hefur einkum gengið til að mæta fjárþörf hitaveitna, ýmist til framkvæmda eða skuldbreytinga. Þegar frv. til lánsfjárlaga er lagt fram að hausti liggja einatt ekki fyrir nægilega haldgóðar upplýsingar um fjárþörf ýmissa sveitarfélaga og hitaveitna og koma mál þeirra því fyrir í meðförum þingsins sérstaklega. Til að mæta slíkum beiðnum voru ætlaðar í frv. 212 millj. kr., óskipt fjárhæð, þar af var miðað við að afla 100 millj. kr. innan lands og 112 millj. kr. erlendis. Nú liggja fyrir óskir þessara hitaveitna og skiptast þær þannig:

1. Hitaveita Suðurnesja 150 millj. kr.
2. Hitaveita Siglufjarðar 20 millj. kr.
3. Hitaveita Rangæinga 10,5 millj. kr.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja 45 millj. kr.
5. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar 30 millj. kr.

Alls nema lántökur sveitarfélaga 394 millj. og er ráðgert að afla þessa fjár að öllu leyti erlendis.

Byggðastofnun var veitt viðbótarheimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 200 millj. kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum innan lands. Hér er ekki um að ræða nettóaukningu á erlendum lántökum heldur er hér með ákveðið að þær fari um annan farveg en áður var ætlað. Upphaflega var ráðgert að með þessar lánveitingar væri farið samkvæmt heimildum langlánanefndar um farveg viðskiptabanka. Nú hefur verið ákveðið að þessir fjármunir fari í gegnum Byggðastofnun en gert er ráð fyrir að þeir að öðru leyti lúti sömu skilmálum um lánskjör eins og í gildi eru að því er varðar lánveitingar Fiskveiðasjóðs. Þetta er gert til þess að jafna þann aðstöðumun sem innlendar skipasmíðastöðvar búa við samanborið við erlenda aðila.

Tekin var inn 100 millj. kr. lántökuheimild vegna smíði Breiðafjarðarferju en smíði hennar er þegar hafin og gengið var frá smíðasamningi við Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. á Akranesi fyrr á þessu ári. Ráðgert er að ferjan verði afhent seinni hluta árs 1988 eða snemma á árinu þar á eftir.

Þegar frv. var lagt fram var tekið sérstaklega fram að einstök atriði að því er varðar framlög til landbúnaðarmála væru í skoðun hjá nefnd sem væri skipuð fulltrúum stjórnarflokka. Sú nefnd hefur skilað sínum tillögum og í samræmi við þær voru gerðar nauðsynlegar breytingar á frv. í Ed. Hér er um að ræða að framlög til jarðræktar hækka úr 100 millj. kr. í 141 millj. kr. En vegna búfjárræktarlaga 9 millj. kr.

Frekari breytingar, sem gerðar voru á II. kafla frv., varða skil á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem þá var ráðgert að hækkuðu úr 1485 millj. kr. í 1585 millj. en að því máli vík ég síðar í máli mínu að því er varðar nauðsynlegar breytingar á lánsfjárlögum í umfjöllun Nd.

Horfið var frá fullri skerðingu á framlagi Iðnlánasjóðs og rennur til hans 25 millj. kr. framlag sem ráðgert er að fella niður eftir árslok 1988.

Þá er fellt út skerðingarákvæði vegna framlags til vegamála.

Að lokum er tekin inn ný grein sem heimilar landbrh. að innheimta gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar sem leiðir af kjötmati.

Bætt var inn í frv. heimildargreinum sem gera Landsvirkjun og Framkvæmdasjóði betur kleift að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum. Þetta er nauðsynleg heimild fyrir aðila sem skulda stórar upphæðir erlendis og þurfa að hafa vakandi auga með markaðnum og bregðast skjótt við ef hagstæðari lánskjör bjóðast á erlendum lánamörkuðum.

Þá var bætt inn heimild fyrir ríkissjóð að hafa milligöngu um 160 millj. kr. erlent lán fyrir Rafmagnsveitur ríkisins en fyrirtækið þurfti að taka bráðabirgðalán í Landsbankanum á árinu 1987 til þess að forða vanskilum frá fyrri árum.

Að lokum var tekin inn í frv. heimild fyrir fjmrh. að semja við Hitaveitu Suðureyrar, Hitaveitu Rangæinga og Hitaveitu Siglufjarðar um nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta fjárhag þessara veitna í framtíðinni.

Óhjákvæmilegt sýnist vera að gera nokkrar breytingar á frv. í meðförum Nd. eins og það liggur fyrir nú. Þær breytingar leiðir beint af lokaafgreiðslu fjárlaga og þeim drætti sem orðinn er á afgreiðslu lánsfjárlaga fram yfir áramót.

Það sem hér umræðir er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Hækka þarf innlenda lántökuheimld ríkissjóðs í 1. gr. frv. úr 4200 millj. kr. í 4260 millj. kr. Það er í

samræmi við afgreiðslu fjárlaga. Hækkunin skýrist af milligöngu ríkissjóðs um lán til Rafmagnsveitna ríkisins vegna framkvæmda við línu niður á Krosssand. Ekki liggur fyrir hvar ráðgert er að afla ríkissjóði þessa fjár innan lands en vænlega sýnist að tengja þau lántökuáform fyrirhuguðum lántökum hjá bankakerfinu innan lands.

2. Nauðsynlegt er að breyta heimildum 33. gr. vegna þess dráttar sem orðinn er á afgreiðslu lánsfjárlaga. Eins og frv. stendur í dag er verið að heimila lántökur á árinu 1987 og verður að breyta þeim heimildum og færa þær yfir til ársins 1988. Í þessu tilliti er rétt að taka fram að þessi breyting felur m.a. í sér að erlendar lántökur til langs tíma hækka um 160 millj. kr., hins vegar er þar með ekki verið að auka erlendar skuldir þjóðarbúsins þar sem lánið verður notað til að greiða til baka erlend skammtímalán sem bankakerfið tók á árinu 1987.

3. Í lánsfjárlögum 1987 voru heimildir til erlendrar lántöku vegna togarans Merkúr og fjögurra raðsmíðaskipa að fjárhæð samtals 760 millj. kr. Í þessu skyni voru tekin bráðabirgðalán á árinu 1987 en heimildir til langtímafjármögnunar voru ekki nýttar á árinu. Þessar lántökur munu því eiga sér stað á árinu 1988. Í erindi Ríkisábyrgðasjóðs er þetta mál skýrt frekar. Þessu erindi verður að sjálfsögðu beint til hv. fjh.- og viðskn. Þar er einkum bent á tvær leiðir fyrir ríkissjóð varðandi þessa lántöku. Annars vegar að ríkissjóður taki erlent lán og greiði bráðabirgðalánin upp. Á móti fái ríkissjóður skuldabréf með sömu kjörum og gilda hjá Fiskveiðasjóði frá kaupendum skipanna. Hins vegar að kaupendur skipanna fái lánin fyrir milligöngu banka en ríkissjóður ábyrgist greiðslu þeirra gegn því að kaupendurnir greiði ríkissjóði síðan í samræmi við lánskjör Fiskveiðasjóðs.

Fjmrh. mælir með því að fyrri aðferðinni verði beitt enda er sú seinni býsna flókin í framkvæmd. Leggja ber áherslu á að þessar lántökur koma ekki til með að auka erlendar skuldir þjóðarbúsins heldur ganga þær til að greiða niður erlendar skammtímaskuldir.

Samkvæmt framansögðu ætti í raun að leggja til að bætt verði inn í 1. gr. frv. heimild fyrir ríkissjóð til erlendrar lántöku að fjárhæð um 760 millj. kr. vegna endurlána í tengslum við raðsmíðaskipin og togarann Merkúr.

4. Nauðsynlegt verður að gera frekari breytingar á 28. gr. frv. vegna framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í fyrsta lagi stendur í frv. eins og það er nú að framlagið skuli ekki nema hærri fjárhæð en 1585 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga var þessi fjárhæð lækkuð um 52 millj. eða í 1533 millj. kr. vegna þess að ekki var fallist á tilflutning tónlistarfræðslu til sveitarfélaga og stendur sú fjárhæð í fjárlögum. Nú þykir hins vegar rétt að hækka þessa fjárhæð um 7 millj. kr. eða í 540 millj. og skýrist sú hækkun af því að við endanlega afgreiðslu fjárlaga voru endurskoðaðar forsendur verðlags og veltu í tengslum við söluskatt. Þá er nauðsynlegt að bætt verði inn fyrirvara eða varnaglaákvæði gangi áformin um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga ekki eftir. Það er gert til þess að koma í veg fyrir að ríkissjóður þurfi að greiða 1540 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs verði ekki komist að samkomulagi um tilflutning verkefna til sveitarfélaganna í samræmi við áætlun fjárlaga. Jafnframt þarf að huga að skerðingarákvæði á framlagi til Félagsheimilasjóðs í 27. gr. í þessu ákvæði með fyrirvara um það ef verkaskiptingin gengur ekki eftir.

5. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til Kvikmyndasjóðs hækkað úr 40 millj. í 60 millj. kr. Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta 18. gr. frv. í samræmi við þessa hækkun.

6. Rétt er að geta þess að æskilegt er að til viðbótar komi viðbótarákvæði við 29. gr. frv. Þar er um að ræða heimild til ríkissjóðs til að selja ríkisvíxla í tvíþættum tilgangi. Í fyrsta lagi vegna endurgreiðslu eldri víxla og í annan stað til að bæta stöðu á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka. Þessi heimild er mikilvægt stjórntæki til að stemma stigu við yfirdrætti Seðlabanka og hamla gegn óhóflegri aukningu peningamagns í umferð.

Þetta eru þær ábendingar sem rétt er að koma á framfæri nú við 1. umr. í Nd. um æskilegar eða nauðsynlegar breytingar sem leiðir af annars vegar afgreiðslu fjárlaga og hins vegar þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu lánsfjárlaga fram í ársbyrjun 1988.

Herra forseti. Að lokum er rétt að vekja athygli hv. þm. á því að meðan lánsfjárlög hafa ekki verið samþykkt skortir ríkissjóð lagaheimildir til þess að standa að útgáfu spariskírteina nú í upphafi árs. En þannig háttar til að vænta má innlausnarkröfu á eldri spariskírteinum sem gætu numið einhvers staðar á bilinu 1100–1400 millj. kr. og gætu komið til greiðslukröfur strax í upphafi næstu viku eða á mánudag. Upphaflega þótti það nokkurt álitamál hvort heimildir ríkissjóðs til útgáfu spariskírteina á móti þessu væru ekki tryggar en niðurstöður lögvísra manna eru þær að þær heimildir skorti þangað til lánsfjárlagafrv. hefur verið samþykkt og er orðið að lögum. Af þessum sökum er það mjög brýnt út frá hagsmunum ríkissjóðs að heimildir til útgáfu spariskírteina liggi fyrir ekki seinna en í lok þessarar viku því ella gæti það haft hinar afdrifaríkustu afleiðingar á hag ríkissjóðs og reyndar Seðlabanka ef innlausnarkröfur reynast jafnháar og ætla má án þess að heimildir til útgáfu nýrra spariskírteina á móti væru fyrir hendi.

Ég leyfi mér því að beina því mjög eindregið til hv. þm. að þeir taki tillit til þessara aðstæðna og að samstaða takist um að afgreiða lánsfjárlög frá hinu háa Alþingi ekki seinna en í lok þessarar þingviku.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. um þetta mál verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Niðurlagsorð hæstv. ráðherra komu mér nokkuð á óvart. Ég hlýt að undrast þau og

spyrja hvort þetta atriði hafi verið að renna upp fyrir hæstv. ráðherra nú nýlega. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt þessa getið fyrr og finnst þetta nokkuð einkennilegt að það komi upp akkúrat núna og eigi að verða til þess að þrýsta okkur til enn hraðari vinnubragða en við áttum von á í hv. fjh.- og viðskn. og svo innan deildarinnar. Ég veit ekki til þess að fyrir helgina séu fleiri þingfundir áformaðir en í dag svo ég sé ekki hvernig þetta má verða og er mjög einkennilegt að fá þetta upplýst allt í einu núna við upphaf 1. umr. um lánsfjárlög hér í Nd. Þetta hlýtur að krefjast nokkurra skýringa og athugana af hálfu stjórnar þingsins.

En varðandi þetta mál sem við erum að ræða nú, hversu líklegt sé að þetta dæmi standist, þá eru menn sjálfsagt misjafnlega trúaðir á það en vissulega eru stoðirnar heldur ótraustlegar. Mikil óvissa ríkir í efnahagsmálum almennt og heldur ólíklegt að allt gangi eftir sem hér er áætlað.

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. var viðstaddur í upphafi fundar og hefði óskað eftir því að hann gæti komið því við að vera viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Meðan verið er að kalla í utanrrh. hér til fundarins vil ég skýra frá því að áætlað var í dag að hafa umræðu um lánsfjárlög frá kl. 10 til hádegis. Það var af sérstökum ástæðum sem það var ákveðið, og voru þær ástæður tilkynntar talsmönnum þingflokka, að atkvæðagreiðslu væri ekki hægt að koma við samkvæmt beiðni nokkurra þm. sem voru fjarverandi á þessum tíma. Nú hefur þetta breyst þannig að það mun verða hægt að hafa atkvæðagreiðslu í fyrsta dagskrármálinu eftir hálftíma eða svo. Það er verið að tilkynna þetta og hringja út til þm. þessa breyttu skipan og atkvæðagreiðsla fer fram þegar tryggt er að náð hefur verið til allra og allir eru komnir hér í þingsal. Ég vildi tilkynna þetta áður en lengra er haldið, en það eru líkur til þess að það geti orðið í kringum kl. 11 sem atkvæðagreiðslan færi fram.)

Já, það er út af fyrir sig athyglisvert að það skuli þurfa að hringja það út þegar allir þm. Nd. áttu að vita að það væri fundur hér kl. 10 og ættu að sjálfsögðu að vera hér viðstaddir. En það er nú orðið eins og sjálfsagður hlutur að sérstaklega þurfi að ganga eftir því að menn séu hér viðstaddir fundi. En er hæstv. utanrrh. e.t.v. ekki lengur hér í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er hér í húsinu og er nú að ganga í salinn. En í sambandi við hringingar vil ég geta þess að það hefur ávallt verið svo að hv. þm. hafa verið aðvaraðir um atkvæðagreiðslur sérstaklega, svo lengi sem ég man.) Já. Ég held þá áfram máli mínu, herra forseti.

Það sem fyrst vekur athygli við yfirlestur þessa frv. er hversu gríðarlega mikil lánsfjáröflun er áætluð innan lands og hefur þó hlutur erlendrar lántöku vaxið verulega í meðförum Ed. þvert ofan í yfirlýstan vilja ríkisstjórnarinnar. Lánsfjáröflun hér innan lands er vissulega flestum þóknanlegri heldur en miklar erlendar lántökur, en innlendar lántökur ríkissjóðs hafa einnig sína skuggahlið sem er sú að þær hljóta að leiða af sér mikla baráttu og samkeppni um lánsfé hér innan lands og það verður tæpast til að lækka vextina sem eru að sliga skulduga einstaklinga og fyrirtæki.

Það er nú svo að stjórnvöld hafa á undanförnum árum óneitanlega dekrað nokkuð við verðbréfamarkaði og fjármögnunarleigur og önnur fyrirbæri sem hafa frelsi en bera ekki ábyrgð og skyldur á sama hátt og aðrar fjármögnunarstofnanir. Það má segja að þessar stofnanir hafi nokkuð stjórnlaust orðið stærri og stærri þáttur á íslenskum peningamarkaði. Við þetta þarf nú soltinn ríkissjóður að keppa og stendur þar nokkuð höllum fæti. Þetta verkar sem mikill þrýstingur á það að hækka vextina og þar með rekstrarkostnað fyrirtækja og hefur þannig bein áhrif á verðmyndun og vöruverð í landinu og óbein áhrif með samdrætti og minnkuðum framkvæmdum heimila og fyrirtækja.

Það væri vissulega fróðlegt að heyra álit hæstv. utanrrh. á þessu, hvort hann telur þetta, þ.e. ásókn ríkissjóðs í lánsfé, eiga umtalsverða sök á því raunvaxtaokri sem er að drepa hér annað hvert fyrirtæki, svo notuð séu hans ábreytt orð í viðtali við Tímann 19. des. sl. Hann var talsvert stóryrtur í því viðtali, skellti reyndar allri skuld á frjálshyggjuna og taldi að hún færi með efnahagsmálin til andskotans ef ekki yrði fljótlega gripið í taumana. Hins vegar kunni hann engin ráð í glímunni við þessa ótukt en ákallaði þá sem með peningamálin fara að gera strax tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir. Þessi ummæli hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. vöktu mikla athygli. Ég tel þess vegna ástæðu, herra forseti, til að óska eftir skýringum hans á þeim og ekki síður að óska eftir upplýsingum frá honum eða hæstv. fjmrh. um aðgerðir eða tillögur til aðgerða sem kunna að hafa komið fram á síðustu dögum í samræmi við þessar yfirlýsingar hæstv. utanrrh.

Það er vitaskuld hárrétt hjá ráðherranum að vextir eru allt of háir. Við fáum næstum daglega fréttir af fyrirtækjum sem standa höllum fæti og mjög tæpt eða hafa þegar farið á hausinn þar eð fjármagnskostnaður hefur reynst þeim ofviða. Ég tel það eðlilegt að ræða þessi mál í tengslum við frv. til lánsfjárlaga og um leið ræðum við það auðvitað hversu skynsamleg þau eru í heild sinni, hvort boginn er hér ekki spenntur of hátt með tilliti til allra aðstæðna.

Mér virðist margt í þessu frv. orka tvímælis og það er nokkuð ljóst að hér er verið að hleypa af stað framkvæmdum án mikillar fyrirhyggju — og svo eru það auðvitað gömlu syndirnar. Þær eru reyndar ekki svo ýkja gamlar, það er svo ákaflega stutt síðan við stóðum hérna og þráttuðum um flugstöðina á Keflavíkurflugvelli sem okkur þótti mörgum of stór biti að kyngja, svo bara sé nú rætt um peningahliðina. Þá vorum við að sjálfsögðu að ræða um þá kostnaðaráætlun sem nú er orðin algjört viðundur í sögunni en fyrir æxlið á viðundrinu þurfum við nú að greiða 820 millj. kr. af því fé sem samkvæmt lánsfjáráætlun verður til ráðstöfunar á þessu ári. Ég ætla nú ekki að

ergja sjálfa mig og aðra hv. þm. með því að telja upp allt það sem við hefðum frekar viljað gera, mörg okkar a.m.k., við þessa upphæð, en get þó ekki stillt mig um að minna á að ef ég man það rétt þá er þetta ekki langt frá þeirri upphæð sem ríkinu ber að greiða í framkvæmdir sem þegar eru orðnar í byggingu grunnskóla.

Landsvirkjun er hér greinilega að sækja í sig veðrið eftir að hafa sætt nokkru aðhaldi á undanförnum árum. Landsvirkjun er stöndugt og myndarlega rekið fyrirtæki og leggur fram nær 300 millj. kr. úr eigin vasa. Mestur hluti þess fjár fer að vísu í greiðslu vaxtakostnaðar á þessu ári en að viðbættu því lánsfé sem Landsvirkjun verður heimilað að taka samkvæmt þessu frv., þá verða nú 640 millj. kr. til beinna framkvæmda á þess vegum. E.t.v. fást nánari skýringar á þeim ráðstöfunum við umfjöllun í nefnd heldur en við fáum við lestur í grg. frv., en í athugasemdum við 3. gr. frv. stendur m.a.: „Þá er ráðgert að um 50 millj. kr. fari í að reisa nýja aðveitustöð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar fyrir notendur á Suður-Faxaflóasvæðinu og mögulega nýja stóriðju.“ Það eru þessi síðustu orð: „og mögulega nýja stóriðju“ sem sérstaka athygli vekja og sú spurning vaknar: Hvaða ráðslag er hér á ferðinni? Er hér verið að efna til einhvers aukakostnaðar vegna mögulegrar nýrrar stóriðju svona til vonar og vara? Það væri sannarlega eftir þeim virkjanafurstum sem láta hafa eftir sér að skynsamlegt gæti verið að eiga ögn af hálfkláruðum virkjunum svona til vonar og vara, eiga þær á lager ef ske kynni að allt í einu rofaði til í stóriðjumálunum og eitthvað vænlegar horfði með orkusölu. Eiga sem sagt dálítið af slíku til vonar og vara. Ja, það er sannarlega ástæða til að hafa strítt taumhaldið á Landsvirkjun. Þeir sem þar hafa mest að segja hafa oft skrýtnar hugmyndir um ráðstöfun fjár.

4. gr. frv. lýtur að lántökum Þróunarfélagsins en litlar upplýsingar er að hafa í grg. um ráðstöfun þess fjár. Um það fást væntanlega upplýsingar í nefndinni, ef við fáum yfirleitt einhvern frið til þess að ræða þetta mál þar.

Í 5. gr. er tekið á vandamálum sveitarfélaga vegna hitaveitna en slíkar framkvæmdir hafa því miður sums staðar orðið að einni samfelldri sorgarsögu þar sem áætlanir hafa farið úr öllum böndum. En vitaskuld er ekki um annað að ræða en að aðstoða sveitarfélögin við lausn þeirra mála og reyna að læra af reynslunni.

Um þörf Byggðastofnunar veit ég harla lítið, enda höfum við kvennalistakonur ekki átt þar aðgang.

Í 7. gr. er áætluð heimild til 100 millj. kr. lántöku vegna smíði nýs Herjólfs, eða öllu heldur til hönnunar á smíði eins og sagt er, og upplýst í athugasemdum að unnið sé að útboði vegna smíði nýrrar ferju í stað 11 ára gamallar ferju sem nú er í notkun. Til þessa liðar var veitt heimild til 25 millj. kr. lántöku á síðasta ári og ekkert sagt um endanlegar tölur. Ýmsar fréttir hafa þó borist sem vekja spurningar um nauðsyn þessa og hvort hér hafi ekki verið gálauslega af stað farið. Spurningarnar eru kannski fyrst og fremst þær hvort þessi aldur, þ.e. 11–12 ár sé eðlilegur líftími ferju, hvers konar skip sé hér um að ræða, þ.e. um búnað og annað, hvort tilkoma þess kalli e.t.v. á einhverjar hafnarframkvæmdir í viðkomustöðum, hvert verði endanlegt verð ferjunnar og hve mikill hluti þess komi til með að greiðast beint úr ríkissjóði.

Sömu spurningar koma upp í hugann varðandi aðra ferju, Breiðafjarðarferjuna, sem kom inn í frv. í Ed., og ég hlýt að óska svara við þessum spurningum ef ekki við þessa umræðu þá í nefnd eða við síðari umræður.

Þetta má alls ekki taka sem neina meinbægni í garð hlutaðeigandi. Vitaskuld þarf að halda uppi góðum samgöngum á þessum leiðum með vel búnum samgöngutækjum. En það er jafneðlilegt að við fáum upplýsingar um allt í þessu sambandi og eðlilegt að við reynum að tryggja að sem best og hagkvæmast sé að öllu staðið, enda eru þessar samgöngur styrktar með tugum milljóna árlega úr ríkissjóði.

Þá erum við komin að „þrátt fyrir kaflanum“, þ.e. II. kafla frv. sem tók raunar miklum breytingum sem vænta mátti í meðförum Ed. og hæstv. ráðherra drap nokkuð á hér áðan. Þessi kafli finnst mér allt að því ógeðfelldur, að ég ekki segi sorglegur, því með honum er verið að skerða lög sem Alþingi hefur sett, væntanlega eftir vandlega skoðun og í samræmi við þörf. En fjárveitingavaldið er öllu öðru yfirsterkara og hér sker ríkisstjórn og sker að eigin vild. Ekki veit ég hvað hér er nákvæmlega um mikinn niðurskurð að ræða en eftir því verður að sjálfsögðu leitað í nefnd. Ég saknaði þess í máli hæstv. ráðherra, sem hlýtur að hafa þær upplýsingar ef ekki hér á borðinu hjá sér þá a.m.k. í sínu ráðuneyti, hvað hér er um mikinn niðurskurð að ræða, hvað þetta eru háar tölur sem hér eru skornar niður. En það hljóta að vera miklar upphæðir því bara einn liðurinn, þ.e. 17. gr., um framlag ríkissjóðs til ferðamála mun vera skorinn niður um a.m.k. 50 millj. kr.

Sú trygging, sem reynt var að setja í lög um ferðamál árið 1985 fyrir því að ríkið stæði við sín framlög, hélt ekki í eitt einasta skipti. En eins og vafalaust flestir hv. þm. vita og muna þá voru sett lög um ferðamál árið 1976 og þar var sérstakt gjald lagt á vörusölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli sem nam 10% af árlegu söluverðmæti Fríhafnarinnar. Þær tekjur vildum við tryggja sem fjölluðum um endurskoðuð lög sem sett voru árið 1985 um ferðamálin. Við reyndum af alefli að tryggja það að þessi tekjustofn rynni beint til ferðamála. En það hélt ekki. Sú trygging brást. Ég man nú reyndar ekki hvort þessi lög hafa nokkurn tíma haldið, ég hef ekki svo langa reynslu hér inni á þingi að ég muni þetta nákvæmlega og hef ekki flett því upp en a.m.k. á síðustu árum hefur þessi liður sætt stöðugum niðurskurði.

Þetta er aðeins eitt dæmið og heldur ófagurt.

Vonandi verðum við fróðari um þennan kafla eftir umfjöllun í nefndinni. Það sakaði þó ekki að fá þessar tölur hér við 1. umr. ef hæstv. fjmrh. hefur þær með höndum, þ.e. hversu miklar fjárhæðir eru skornar niður skv. II. kafla frv.

Í 22. gr. kaflans er vegið að Ríkisútvarpinu og hefði maður ekki trúað því að alþýðuflokksmenn mundu standa að slíku þegar þeir fengju að ráða einhverju um fjármál ríkisins svo mjög sem þeir hömuðust gegn sams konar lið í lánsfjárlögum síðasta árs. Þarna er um að ræða eina af þeim stoðum sem skotið var undir Ríkisútvarpið við setningu útvarpslaganna árið 1985 og átti að styrkja það í óvæginni samkeppni við nýjar stöðvar. Þegar tekist var á um þessa lagasetningu féllu mörg orð um skyldur Ríkisútvarpsins við alla landsmenn og ekki síst mikið og göfugt menningarhlutverk þess. Sú umræða hefur magnast og það er sífellt verið að tala um nauðsyn þess að bæta hér um. Sá vilji virðist ekki rista mjög djúpt og heldur ekki skynsemi þeirra sem ráða samningu þessa frv. því fjárhagur Ríkisútvarpsins er mjög bágur og öldungis óhjákvæmilegt að gera eitthvað til að rétta hann. Í stað þess vill nú hæstv. ríkisstjórn svipta Ríkisútvarpið einum af þess tekjustofnum og er vægast sagt erfitt að sjá samhengið í þessu. Við kvennalistakonur mótmælum þessum lið harðlega og er slæmt að hafa ekki hæstv. menntmrh. í sínu sæti til að heyra hans viðhorf til þessara ráðstafana.

Síðasta grein kaflans, 28. gr., varðar niðurskurðinn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Við höfum nú með jöfnu millibili heyrt útlistanir hæstv. fjmrh. á því hvað ríkisstjórnin gerir vel við Jöfnunarsjóðinn með því að skera minna en skorið var niður í fyrra. Undir slíkum ræðuhöldum sé ég nú alltaf fyrir mér tvíburana hennar Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar, Jón Odd og Jón Bjarna, þegar annar leit á hinn og sagði: Nú erum við góðir. (**ÓÞÞ:** Það er gott að hafa heimsbókmenntirnar á reiðum höndum.) Já. Og sakna ég tilvitnaðs rithöfundar hér í salnum. En svo margt er búið að segja um framgang ríkissjóðs í þessu máli að ég læt þetta nægja í þessari umferð.

Herra forseti. Ég get í rauninni líka sett hér með amen á eftir efninu, enda verður það vonandi allt skýrara og betra til umfjöllunar eftir skoðun í nefnd þó að upplýsingar eða fróm ósk hæstv. ráðherra hér í lok málsins áðan benti ekki til þess að hann ætlaði okkur mikinn tíma til skoðunar. En að lokum mætti spyrja: Hvernig hafa reynst þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn greip til í sumar og haust til þess að hamla gegn erlendum lántökum einkaaðila og fyrirtækja? Kvartanir þeirra, sem voru mjög háværar í upphafi vegna lántökugjaldsins og annarra takmarkana, hljóðnuðu mjög fljótt. Eins hefur verið hljótt um það hverju þessar aðgerðir hafa skilað. Því spyr ég: Hverju hafa þær skilað í beinum tekjum í ríkissjóð og hvernig hafa þær reynst til takmörkunar á eftirsókn í erlent lánsfé?

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, ítreka spurningar mínar og tilmæli til hæstv. utanrrh. sem ég bar fram hér í upphafi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér skilst að það hafi orðið að samkomulagi milli forsetanna að ég hefji a.m.k. mál mitt þó það standi víst til að gera eitthvað annað hér kl. 11 heldur en að halda áfram umræðu um lánsfjárlög.

Mig langar til að spyrja hæstv. forseta svona til gamans hvernig það sé með t.d. ráðherra Sjálfstfl. hvort þeir séu hættir þátttöku í ríkisstjórninni. Við ræðum hér dag eftir dag stórmál þar sem enginn hæstv. ráðherra Sjálfstfl. sést. Og hvernig er það með framsóknarráðherrana? Eru þeir e.t.v. hættir þátttöku líka í ríkisstjórninni? Er þetta orðin minnihlutastjórn Alþfl., virðulegur forseti, eða hvað er hér á ferðinni? Nei, kemur ekki hæstv. utanrrh., mikill fögnuður er oss að því. Þetta er e.t.v. meirihlutastjórn Alþfl.? Nei, það verður auðvitað að spyrja sjálfan sig að einhverju slíku og jafnvel fleiri þegar menn taka dag eftir dag þátt í umræðum hér daglangt um hin stærstu mál án þess að ráðherrar heilla stjórnarflokka sjáist.

Það er rétt að minna á það, herra forseti, að hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa þingskyldur í tvennum skilningi. Skv. 51. gr. stjórnarskrárinnar eiga ráðherrar sæti á Alþingi burt séð frá því hvort þeir eru þm. eður ei. Og þannig háttar til í þessari ríkisstjórn að allir hæstv. ráðherrar eru jafnframt kjörnir á Alþingi og bera þar af leiðandi að sjálfsögðu þingskyldur eins og aðrir hv. þm. Hafi mönnum gleymst þetta þá er ástæða til að rifja það upp því að hér koma stundum hæstv. ráðherrar dregnir í þingsali samkvæmt óskum þm. og væla þá yfir því að þeir hafi öðrum skyldum að gegna. Eins og það sé einhver afsökun fyrir fjarveru hér úr þingsölum! Auðvitað hafa allir hv. alþm. ýmsum skyldum að gegna, við kjördæmi sín og umbjóðendur og ýmsa aðila utan þingsala en menn eiga engu að síður að rækja þingskyldur sínar.

Ég fer því fram á það að þeir hæstv. fagráðherrar sem hér eiga undir í þessari umræðu, eru með mál í þessum lánsfjárlögum, ýmist lántökuheimildir eða skerðingarákvæði sem snerta þeirra málaflokka, að þeir geri svo vel og sitji hér í þingsölum þegar þessi mál eru rædd og sinni sínum þingskyldum. Ég gæti átt ýmislegt vantalað við ýmsa hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar um þessi efni. Ég tel einnig mjög óviðeigandi að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér, sem fer með yfirstjórn efnahagsmála í ríkisstjórninni, ekki síst með tilliti til aðstæðna í þessum efnum um þessar mundir. Ég tel það í raun og veru algjöra nauðsyn að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur þessa umræðu þegar henni heldur fram og fer fram á það við hæstv. forseta að hann láti athuga hvort við megum vænta þess að halda hér áfram umræðum um mál af þessu tagi þannig að ráðherrar heilla stjórnarflokka — og eru þeir ekki færri en fjórir hæstv. ráðherrar bæði Sjálfstfl. og Framsfl. (**Gripið fram í:** Þeir eru miklu fleiri.) Þeir séu hér einhvers staðar

nálægir. Það kann að vera en okkur er ekki ljóst að þeir séu fleiri en fjórir úr hvorum flokki, hv. þm. Það getur vel verið að einhverjir ráðherrar telji sig ráðherraígildi, einhverjir aðrir þm., en það er þá a.m.k. ekki opinbert.

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að huga að tvennu alveg sérstaklega áður en farið er að ræða einstök efnisatriði þessa frv. til lánsfjárlaga. Það er í fyrsta lagi: Hvernig fór með lántökuheimildir og lánsfjárlög síðasta árs? Hvernig gengu þau upp hjá hæstvirtum ríkisstjórnum, þeirri sem lét af völdum og þeirri sem tók við, sem fóru með þessi mál á síðasta ári? (Gripið fram í.) Það er rétt. Hér upplýsir hæstv. fjmrh. að það voru litlir 4,2 milljarðar umfram, reyndar rúmir samkvæmt dagblaðinu Tímanum, þ.e. 4250 millj. kr. umfram heimildir eða áætlun lánsfjárlaga á síðasta ári. Og hvað bar þar til? Fyrst og fremst óhemjulegar erlendar lántökur ýmissa aðila sem nýta sér þetta margblessaða frelsi í peningamálum. — 4250 millj. kr. umfram upphaflega áætlun. Og að langmestu leyti er þar um að ræða aukningu á erlendum skuldum, þar af umtalsverða raunaukningu erlendra skulda sem stafar að stórum hluta til af þessum óheyrilegu lántökum umfram heimildir, umfram áætlun lánsfjárlaga síðasta árs.

Þetta er ástæða til að menn hafi í huga, að erlendar lántökur á síðasta ári urðu 12 400 millj. kr., eða 4250 millj. kr. umfram upphaflega áætlun. Þetta leiðir til þess að á síðasta ári, góðærisárinu mikla 1987, varð raunaukning á erlendum skuldum Íslendinga. Raunaukning á erlendum skuldum. Það er ástæða til að undirstrika að menn mega ekki láta villast af því þó að greiðslubyrði og upphæðir erlendra lána fari lækkandi í hlutfalli við þjóðarframleiðslu af þeirri einföldu ástæðu að þjóðarframleiðslan óx verulega og vextir lækka erlendis. Til viðbótar hækkar svo raungengi íslensku krónunnar þannig að allt leiðir þetta til þess að þessi hlutföll fara niður á við þó að á sama tíma séu erlendar skuldir þjóðarinnar í raun að vaxa. Þetta held ég að sé sérstök ástæða til að rifja upp og vekja athygli á í upphafi vegna þess að menn skjóta sér gjarnan á bak við það að þetta sé allt í fína lagi af því að greiðslubyrði erlendra lána sé að lækka. En það gerist í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Hvað gerðist ef gengið væri nú fellt? Ef gengið yrði fellt þó ekki væri nema um það sem raungengi íslensku krónunnar er nú hærra en það hefur lengst af áður verið? Þá auðvitað rýkur þetta hlutfall upp og greiðslubyrði erlendra skulda vex aftur.

Síðan er það annað, herra forseti, sem ástæða er að ræða hér sérstaklega við hæstv. ríkisstjórn — og fagna ég nú komu hæstv. forsrh. — áður en farið er í einstök efnisatriði þessa frv., og það eru efnahagshorfurnar. Það eru skilyrðin við þær aðstæður að rétt er hér frv. til lánsfjárlaga. Hvernig er ástandið? Hvar er nú verðbólga upp á eins stafs tölu sem hæstv. núv. utanrrh. lét kjósa sig út á hér á sl. vori? Fullyrðingar um það að verðbólgan yrði næstum því gufuð upp í lok ársins, hann hefði með efnahagssnilld sinni gengið af verðbólgunni dauðri. Staðan er sú í árslok, nokkrum mánuðum eftir að þessi hæstv. ráðherra lét af störfum sem forsrh. í ríkisstjórn að verðbólgan er yfir 30%. Yfir 30%. Verðbólga, sem þjóðinni var talin trú um að yrði eins stafs tala, er nú yfir 30%. Og verðbólguspár eru uppi á bilinu allt frá 16–18% fyrir næsta ár og upp í yfir 50%. Spár ábyrgra aðila í þjóðfélaginu leika á þessu bili. Þannig að allt hjal um lækkun verðbólgu og jafnvægi í efnahagsmálum, sem var síendurtekið hér á fyrri hluta sl. árs, verður harla broslegt, grátbroslegt, herra forseti, í þessu ljósi. (**Forseti:** Ég vil benda ræðumanni á að samkvæmt viðtali við hann áður en hann hóf ræðu sína var gert ráð fyrir að þessari umræðu yrði frestað kl. 11. Ég mælist til að hann geri hér þáttaskil í ræðunni.)

Herra forseti. Ræðumaður vill það gjarnan og er fús til þess. En ég ætla að leyfa mér að beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. forseta að hann láti athuga með fjarvistir hæstv. ráðherra og upplýsi í upphafi þessa fundar, þegar fram verður haldið umræðu um lánsfjárlög, hverjir ráðherrar hafa beðið um fjarvist.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég get upplýst það nú þegar. Það hefur enginn beðið um fjarvist og það eru allir ráðherrar sem eiga sæti í þessari hv. deild hér í húsinu vegna þess að það er hver einasti þingdeildarmaður kominn hér til húsa og er kollheimt hér þó að ég freisti nú þess með hringingu að fá alla í salinn.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp vegna fréttar í ríkissjónvarpinu í gær þar sem verið var að greina frá umræðum á þinginu. Þar var sagt m.a. að eini stjórnmálaflokkurinn sem gengur sameinaður til afgreiðslunnar, og þá er verið að ræða um það frv. sem nú er á dagskrá, kvótafrv. eins og það hefur verið kallað, sé Framsfl. Svo stendur aðeins síðar: „En aftur á móti vantar mikið á í Sjálfstfl. og Alþfl. að samstaða sé."

Ég tók eftir þessu í gær og var að velta því fyrir mér hvort fréttamaðurinn gerði sér ekki grein fyrir því að það eru til fleiri stjórnmálaflokkar en þessir þrír og hvaðan hann hefur upplýsingar um hvernig þingflokkar ætla að greiða atkvæði yfirleitt á þinginu. Mig langar mikið til að vita það, herra forseti, hvaðan þessar upplýsingar eru komnar og finnst ástæða til þess að leiðrétta að það séu fleiri stjórnmálaflokkar en þessir þrír.

En það sem kannski var ástæða þess að ég kvaddi

mér hljóðs hér var fyrst og fremst þar sem var sagt í fréttinni að á ýmsum stigum þessa máls hafi stjórnarandstaðan haldið uppi málþófi, en til viðbótar er það að stjórnarandstaðan hafi verið mjög ósamvinnuþýð í að greiða fyrir framgöngu mála á þinginu og sérstaklega kvarta stjórnarþm. undan Borgarafl. Ég skil þetta ekki og þætti fróðlegt að vita hvaðan þessar upplýsingar eru fengnar. Ef maður lítur yfir daginn í gær man ég ekki betur en þá hafi þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, og þá tel ég alla með, bæði stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka, tekið til máls hér og ég mótmæli því að við höfum verið með nokkurt einasta málþóf og vildi gjarnan að það væri athugað hvaðan þessar upplýsingar eru fengnar.

Síðan er því haldið fram að við séum mjög ósamvinnuþýð í stjórnarandstöðunni. Ég mótmæli því einnig vegna þess að við höfum látið yfir okkur ganga að vinna hér dag og nótt til að reyna að hjálpa til við að koma þessum málum, sem voru allt of seint lögð fram hér á þinginu, í gegnum þingið. Mér finnst einkennilegt að fréttamaður geti fullyrt að við séum ósamvinnuþýð og vonast til þess, herra forseti, að þitt álit á þessu komi fram þar sem forseti getur þá væntanlega leiðrétt þær staðhæfingar sem fréttamaður hefur þarna haldið fram.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að það hefur enginn fréttamaður haft samband við forseta Nd. um gang þingmála og ekki talað við forseta þessarar deildar aukatekið orð um það efni, hvorki í gær né síðan þetta þinghald hófst.

Ég vil sérstaklega láta þetta koma fram að forsetar þingsins hafa ekki verið inntir af fjölmiðlum aukatekið orð um þetta þinghald. Heimildir fjölmiðlanna eru frá einhverjum öðrum komnar. Mér er ekki kunnugt um frá hverjum þessi frétt er komin eða hverjir eru heimildarmenn að henni sem var í Ríkissjónvarpinu í gær. Hún er ekki komin frá forseta þessarar deildar af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið.

Ég er að sjálfsögðu tilbúinn, ef ég er inntur eftir, að skýra frá gangi mála í þingdeildum því að ég tel mig vera því kunnugan því að ég hef verið löngum fundarstjóri og verkstjóri hér, en ég hef ekki verið inntur eftir því.

Ég tók það fram í ræðustól í gær, a.m.k. í tvígang, að umræður í þessari hv. deild í gær hefðu verið fullkomlega eðlilegar og með eðlilegum hætti og málefnalegar og það er skjalfest hér þannig að þessar fréttir eru alls ekki frá mér komnar. Það get ég upplýst. En mér er ekki kunnugt um heimildarmenn að þessum fréttum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir þá athugasemd sem hér kom frá hv. 12. þm. Reykv. í sambandi við fréttaflutning Ríkisútvarpsins/sjónvarp um umræður á Alþingi varðandi stjórn fiskveiða. Ég hef áður gert athugasemdir við fréttaflutning þessa fjölmiðils, ríkissjónvarpsins, vegna umræðna á Alþingi á undanförnum vikum, en það kom fram hjá þessum fjölmiðli þegar haldinn var fundur á laugardegi í fyrsta sinn í sögu Alþingis líklega, a.m.k. á síðari árum, að stjórnarandstaðan stæði fyrir málþófi á Alþingi. Það var eftir umræður sem hér fóru fram og stjórnarliðar höfðu tekið þátt í og voru fullkomlega málefnalegar umræður. Nú fáum við fréttir af því í þessum fjölmiðli, sem væntanlega er ætlast til að sé hlutlægur í sínum fréttaflutningi, að þannig hafi verið háttað umræðum um stjórn fiskveiða að stjórnarandstaðan hafi haldið uppi málþófi.

Það kemur fram í þessari frétt, sem ég hef líka fengið útskrift af, að einn af starfsmönnum þingsins, ónafngreindur, er borinn fyrir þessum staðhæfingum. Það segir: „Eins og einn starfsmaður þingsins komst að orði, þá er bara hægt að segja þetta tvisvar, þrisvar og fjórum sinnum. Þetta lýsir þessu ástandi því menn nenna ekki að sitja yfir því að hlusta á sömu hlutina dag eftir dag."

Ég held að það væri ástæða fyrir fréttamenn, sem standa fyrir slíkum fréttaburði, að geta heimilda og vera a.m.k. viðstaddir umræður til að vera þá a.m.k. sjálfir dómbærir um það hvað fer fram í þingsölum.

Ég tel mjög alvarlegt mál á ferðinni þegar Ríkissjónvarpið stendur þannig að fréttum án þess að ég ætli að fara að blanda mér í málefni þess að öðru leyti en gera þessa athugasemd og ég bendi á að hvorugt stjórnarblaðanna, þ.e. Tímans eða Morgunblaðsins, hefur uppi orð í frásögnum af umræðum í þinginu í þá átt að haldið hafi verið uppi málþófi í sambandi við umræður um þetta frv. (Gripið fram í.) Um Alþýðublaðið spyr hæstv. iðnrh. Ég hef ekki haft tíma til að lesa það stóra blað í morgun, en ég mun ganga úr skugga um hvort þar eru ásakanir í þessa átt.

Ég vænti þess að hæstv. forseti taki undir, og það hefur hæstv. forseti raunar þegar gert eins og hæstv. sjútvrh. í lok umræðna í gær, að áburður af þessu tagi er rakalaus og hér fóru fram eðlilegar, málefnalegar umræður um þetta stóra mál og það er áreiðanlega ekki búið að segja allt sem það snerti þó að allmargir hafi tekið þátt í umræðum, ríkisstjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þetta og beina því til forseta Alþingis hvort það sé ekki kominn tími til að gera úttekt á fréttamennsku sérstaklega sjónvarpsins. Það er verið að tala um í útvarpsráði að það eigi að reyna að koma á jafnrétti og þá er allt venjulega á milli kynja og það er sjálfsagt og gott mál, en það þarf líka að athuga um jafnrétti á milli þeirra skoðana sem t.d. eru uppi í þinginu. Við verðum vitni að því að fréttamenn, sem hér eru aðallega, eru að stinga saman nefjum við einstaka menn dag eftir dag og það er ekki hægt að draga aðrar ályktanir en þær, þegar maður horfir svo á fréttamennskuna, að það séu ákveðnir menn sem hafi einhver áhrif á þennan fréttaflutning. Það er

a.m.k. einkennilegt mat þessara manna ef það er allt saman frá þeim komið.

Hæstv. fjmrh. var að geta um það áðan eða óska eftir því að það yrði lokið við að afgreiða lánsfjárlög fyrir helgina. Ég vil aðvara þá sem stjórna þinginu: Er ekki nóg komið af slíkum vinnubrögðum að nefndir afgreiði hlutina á færibandi? Ég held að virðing Alþingis, umtal Alþingis sé ekki þessa dagana á þeim nótum að það sé fært að bæta þar við.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér sérstaklega hljóðs um þingsköp til að þakka forseta deildarinnar fyrir þau ummæli sem hann lét hér falla um umræðuna í gær. Ég tel mjög mikilvægt að forseti gaf slíka yfirlýsingu af forsetastóli um sitt mat á þeirri umræðu sem hér fór fram. Það svarar að mínu mati best þeim sjálfskipaða sleggjudómara sem tók að sér að kveða upp úr um það frammi fyrir þjóðinni hvers eðlis umræður á Alþingi hefðu verið í gær.

Ég verð að segja alveg eins og er að frétt af þessu tagi er fyrir neðan allar hellur og dæmir best þennan málflutning. Það er ekki reynt að miðla einu einasta efnisatriði til þjóðarinnar úr þeirri umræðu sem fór fram. Það er ekki nefnt að mál þetta hefur verið að taka breytingum allan tímann sem það hefur verið í meðförum Alþingis og að undir umræðunni í gær birtust brtt. Það er ekki nefnt að þessi umræða samanstóð af þátttöku jafnt stjórnarliða sem stjórnarandstæðinga. Öllu þessu er sleppt en kveðið upp úr um eðli umræðunnar með þeim hætti að algerlega óviðunandi er. Ég tel að fréttaflutning Sjónvarpsins hafi í þessu efni sem reyndar áður sett svo stórlega niður að verulegt áfall hljóti að teljast fyrir metnað þeirrar stofnunar.

Ég leyfi mér að segja úr þessum stóli að það verður ekki horft fram hjá því að fréttaflutningur ríkissjónvarpsins af störfum hér á Alþingi er óviðunandi og stórlega lakari en flestra annarra fjölmiðla. Þar vil ég t.d. sérstaklega nefna fréttastofu hljóðvarpsins sem leggur mun meiri metnað og meiri vinnu í að miðla efnislegum upplýsingum um störf Alþingis til þjóðarinnar. Ég tel að hér verði og hljóti að þurfa að verða breyting á og hún verður að gerast strax, sú breyting, hvað sem til þarf.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem fram hafa komið og þakka fulltrúa Kvennalistans fyrir að draga athygli að fréttaflutningi Ríkisútvarpsins/sjónvarps í gærkvöld. En af ástæðum sem ég kæri mig ekki um að skýra frá hér hafði ég ekki tækifæri til að sjá eða heyra fréttir í gærkvöld.

Ég fagna því að fá upplýsingar í þessari frétt sem eru nýjar fyrir mig og nýjar fyrir held ég flesta þm. Allir vissum við um það ósætti sem er á milli ríkisstjórnarflokkanna. Allir vissum við að frá upphafi er ríkisstjórnin veik og jafnvel engin ríkisstjórn vegna þess að flokkarnir koma sér ekki saman. Hér kemur fram, með leyfi forseta ætla ég að lesa það, að „eini stjórnmálaflokkurinn sem gengur sameinaður til atkvæðagreiðslu, er Framsfl. þó a.m.k. einn þm. þar muni hugsa sér að greiða atkvæði með einhverjum brtt. en ekki mikilvægum, en aftur á móti í Sjálfstfl. og Alþfl. vantar mikið á að samstaða sé.“ Við sem héldum að Alþfl. og Sjálfstfl. væri ein kærleiksheild. Þetta eru nýjar fréttir. Þetta er þá margklofin ríkisstjórn. Út af fyrir sig eru þetta stórar fréttir og þakka ég fréttastjóranum, sem flutti þessa frétt, fyrir upplýsingarnar. Seinna í þessu, með leyfi forseta, segir:

„Á ýmsum stigum þessa máls hefur stjórnarandstaðan haldið uppi málþófi, en til viðbótar er það að stjórnarandstaðan hefur verið mjög ósamvinnuþýð í að greiða fyrir framgöngu mála á þinginu og sérstaklega kvarta stjórnarþm. undan Borgarafl.“

Nú vildi ég gjarnan spyrja hæstv. forseta: Er þetta rétt að hans mati? Ég veit að við höfum talað um mál, en höfum við farið út fyrir það sem þingsköp heimila? Höfum við brotið af okkur? Ef svo er væri gott að fá staðfestingu forseta á því. Ef svo er ekki verður hæstv. forseti að dæma þessi ummæli fréttamannsins ómerk. Ég veit ekki til þess að við höfum farið út fyrir þingsköp.

Hitt er annað mál að það hefur myndast óvenjusterk samstaða með stjórnarandstöðunni sem er órjúfandi gegn þeim álögum sem ríkisstjórnin hefur barist fyrir, gegn matarskattinum, sem fólk er nú samkvæmt fréttum sem ég heyrði í morgun að gera sér grein fyrir betur en áður vegna þess að hækkanirnar eru að koma í framkvæmd. En höfum við með samstöðu brotið af okkur í þinginu, brotið þingsköp, brotið eðlilegar starfsreglur með því að taka til máls innan þingskapa? Höfum við brotið af okkur með því að standa saman? Ef svo er vildi ég gjarnan fá svar við þessari spurningu hér og nú frá hæstv. forseta. Ég held að svo sé ekki.

Hitt er annað mál að hvað Borgarafl. sérstaklega snertir held ég að hann hafi ekkert skarað fram úr í stjórnarandstöðu. (**Fjmrh.:** Hann hefur staðið mjög framarlega.) Hann hefur staðið mjög framarlega. Við erum nefnilega í stjórnarandstöðunni. Það er hægt að vitna í mjög merkileg orð Kristjáns Eldjárns sáluga, forseta Íslands, þegar hann tók við embætti. Hann sagði að hann ætlaði ekki að vera foringi eða einhvers konar má segja einræðisherra. Hann ætlaði að vera fremstur meðal jafningja. Ég held að öll stjórnarandstaðan geti staðið að þeim ummælum. Þar hafa allir verið fremstir meðal jafningja þannig að við höfum allir staðið framarlega og ættum að vera fyrirmynd ríkisstjórnarinnar. Þó tel ég það heiður að ríkissjónvarpið skuli taka sérstaklega eftir því að Borgarafl. sé til vegna þess að hingað til hefur ríkissjónvarpið gleymt því algerlega að Borgarafl. er stofnaður og er starfandi á Alþingi. Ég þakka því fyrir að sjónvarpið skuli draga sérstaklega athygli að Borgarafl. en frábið mér það sem formaður Borgarafl. að hann hafi verið eitthvað framar í góðu starfi en aðrir stjórnarandstæðingar á þingi.

En ég bið virðulegan forseta um að gera það nú

fyrir okkur, sem erum í stjórnarandstöðunni og verðum fyrir þessum athugasemdum ríkisfjölmiðla, að láta okkur vita hér og nú hvort við höfum brotið þingsköp með því að tala í málum eða hvort við höfum brotið þingsköp með þeirri einurð og samstöðu sem stjórnarandstaðan hefur sýnt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að það er hlutverk forseta deildarinnar að sjá til þess að þingsköp séu haldin. Þingsköp hafa verið haldin í þessum umræðum öllum. Síðan er það túlkunaratriði bæði þm. stjórnar og stjórnarandstöðu og hefur ávallt verið svo hvort umræður eru langar eða stuttar og hvort um málþóf er að ræða. Það sýnist sitt hverjum og mun sjálfsagt verða svo meðan þing er haldið. En þingsköp hafa ekki verið brotin í þessum umræðum til þessa.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 410, n. 476, 477, 481 og 482, brtt. 435, 436, 437, 438, 478, 479, 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 435,1 felld með 24:9 atkv.
Brtt. 436,1 felld með 26:7 atkv.
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 436,2 felld með 25:9 atkv.
Brtt. 436,3 felld með 25:5 atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 438,1 felld með 25:4 atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 435,2 felld með 24:5 atkv.
Brtt. 478,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 435,3 felld með 26:9 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 437 felld með 23:2 atkv.
8.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 435,4 felld með 25:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, KE, KH, MálmS, RA, SV, SJS, ÞÞ, GeirG, GHelg.

nei: JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞÞ, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JK.

7 þm. (HJ, IBA, MB, ÓÞG, SighB, AðB, AG) greiddu ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú grein sem hér gengur til atkvæða fjallar um veiðar smábáta. Sæmilegur friður hefur ríkt um það fyrirkomulag sem lögfest var á árunum 1986 og 1987. Hér er hins vegar verið að gera róttækar breytingar sem þrengja mjög að hag þeirra sem veiðar stunda á bátum undir 10 brl. Hér er gripið til ástæðulausrar ofstjórnar og hér er verið að setja hag byggðarlaga sem síst mega við því að þeirra hagur sé skertur í hættu, tefla hagsmunum fjölda fólks í tvísýnu.

Þó að fengist hafi fram breytingar á upphaflegu frv. hæstv. sjútvrh. varðandi veiðar smábáta, breytingar sem horfa til bóta, er þar engan veginn nógu langt gengið. Því er þessi brtt. hér flutt. Ég segi já.

Brtt. 436,4 felld með 25:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG.

nei: JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞÞ, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JK.

2 þm. (MB, SighB) greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir brtt. frá Borgarafl. um botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. Við leggjum til að grein fyrri laga sé óbreytt. Við höfum ekki viljað auka vald ráðherra neitt frekar eins og var gert ráð fyrir í till. á undan. Okkur þykir vald ráðherra nægilega mikið fyrir og leggjum því til að greinin verði borin upp óbreytt eins og hún var í fyrri lögum. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Þar sem í þeirri brtt. sem kemur frá meiri hl. sjútvn. eru komin inn atriði sem tryggja smábátum meiri rétt en þeir höfðu segi ég nei.

Brtt. 488 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 478,2 (ný 10. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RH, SighB, SV, StH, KrP, ÞÞ, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JK.

11 þm. (KE, KH, MálmS, ÓÞG, SJS, ÞÞ, AðB, AG, HG, HJ, IBA) greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Það er ljóst af þingræðu minni að ég hefði viljað mun rýmri ákvæði fyrir smábátaeigendur. Miðað við það sem menn lögðu upp með held ég að um þetta hafi tekist hið ágætasta samkomulag. Ég segi því já.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þó að hafi orðið nokkrar lagfæringar á veiðirétti smærri báta tel ég að enn skorti á að hlutur þeirra sé viðunanlegur. Ég tel að sjútvrn. og þá sjútvrh. eigi að gera allar tiltækar ráðstafanir til þess að sela- og hrefnustofnarnir verði í framtíðinni í eðlilegu jafnvægi og stærð þeirra stofna verði ekki til þess að draga úr afla fiskiskipa og þá sérstaklega minni bátanna. Ég segi já.

11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Með tilliti til þeirra yfirlýsinga sem sjútvrh. gaf í gær við lok þessarar umræðu þar sem hann lýsti því yfir að unnið væri að reglugerð sem mundi verða sett í þessu sambandi skv. öðrum lögum eða lögunum um samræmi á milli vinnslu og veiða tel ég ekki ástæðu til að halda við þessa till. varðandi reglugerðina, en hins vegar kemur fyrri hluti till. hér til atkvæða því það er annað mál.

Brtt. 479,1 (1. og 2. mgr.) felld með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PJ, RA, SighB, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG.

nei: FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, JK.

Brtt. 479,1 (3. mgr.) tekin aftur.

12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 479,2 felld með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓÞG, SighB, ÞÞ, AðB, AG, GHelg, HJ, IBA, KE, KH, MB.

nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, JK.

PJ, SV, SJS, EH, FÞ, GeirG greiddu ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eins og allir vita er verð á fiskiskipum mjög hátt og sala þeirra oft og tíðum yfir tryggingarmati. Ég tel að ef þetta yrði samþykkt gæti skapast mikil óvissa varðandi veð í skipum hjá þeim sem ættu þar aftarlega veðrétt og segi því nei.

Brtt. 479,3 felld með 21:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, EH, FÞ, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PJ.

nei: RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, JK.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfðum lagt til að settur yrði á byggðarkvóti til að koma í veg fyrir að einstök byggðarlög verði skilin eftir án tryggrar hráefnisöflunar og að kvóti fylgi ekki fiskiskipi að fullu við sölu heldur aðeins að ⅓. Hér er verið með þeirri till. sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur flutt að veita hæstv. ráðherra heimild til þess að bregðast við slíkum vandræðum sem geta orðið hvenær sem er við sölu skipa úr heimahöfn. Ég segi því já við þessari till. þar eð hún horfir til bóta frá því sem meiri hl. sjútvn. hefur lagt til.

Kristín Einarsdóttir:

Kvennalistakonur hafa lagt til að veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga og þeim síðan falið að úthluta veiðiheimildum eftir aðstæðum á hverjum stað. Þessi till. gengur örlítið í áttina að því og þess vegna segi ég já.

13.–14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 435,5 felld með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SV, SJS, ÞÞ, AðB, GeirG, GHelg, HG, KE, KH, MálmS.

nei: PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, JK.

SighB, AG, EH, HJ, IBA, MB, ÓÞG greiddu ekki atkvæði.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi brtt. lýtur að því að sett verði ákvæði í lög sem skyldar þau skip sem frysta afla sinn um borð til að koma fyrir svo fljótt sem við verður komið nauðsynlegum búnaði til að fullnýta allan þann afla sem þau fá og færa þau verðmæti að landi. Það er löngu tímabært að þær breytingar eigi sér stað. Ég segi því já.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er hlynntur því að að því skuli stefnt að það sem kemur um borð í frystitogara verði allt nýtt. Hins vegar sýnist mér að aðdragandi verði að eiga sér stað og þá með ákveðinni dagsetningu. Mér er ekki ljóst hvernig dómari gæti dæmt eftir þeim lagatexta sem hér yrði til ef þetta yrði samþykkt og segi því nei.

Brtt. 436,5 tekin aftur.

Brtt. 479,4 felld með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, PJ, RA, SighB, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, EH, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, MB.

nei: PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, JK.

FÞ, KE, KH, MálmS greiddu ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Mér sýnist meiri nauðsyn hér á landi að skerpa skilin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, tel að það stefni í þveröfuga átt að blanda því saman sem þyrfti að aðskilja betur en gert er og segi því nei.

Brtt. 438,2,a felld með 24:9 atkv.
Brtt. 438,2,b tekin aftur.
15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 436,6 tekin aftur.
16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 438,3 tekin aftur.

Steingrímur J. Sigfússon:
Forseti. Ég óska eftir því að atkvæðagreiðsla fari þannig fram að orðið „ókeypis" verði borið upp sérstaklega og óska nafnakalls um það orð.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Forseta er til efs að atkvæðagreiðslu sé hægt að búta þannig niður, en það má benda á að að sjálfsögðu er hægt að leggja fram brtt. við 3. umr. Ef þessu er haldið til streitu er sjálfsagt að forseti láti líta á þetta.

Ragnhildur Helgadóttir:
Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á að sú hugsanlega aðstaða gæti verið fyrir hendi að aðrir hlutar greinarinnar féllu og ég vil þá benda hæstv. forseta á hvað eftir stæði ef þessi hluti, sem nú á að bera undir atkvæði, væri samþykktur og aðrir féllu. Það yrði tóm vitleysa. Þess vegna vil ég leyfa mér að benda á að þessi háttur getur ekki gengið.

Sighvatur Björgvinsson:
Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á að enn þá verra yrði það ef fyrri hluti greinarinnar yrði felldur en sá síðari samþykktur.

Albert Guðmundsson:
Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með tillögumanni um að bera upp orðið „ókeypis" að það verði borið upp sérstaklega vegna þess að ég tel, bæði í þessu tilfelli og öðrum tilfellum, þetta er ekki einsdæmi, fráleitt að Alþingi sé að samþykkja lög sem eiga að framkvæmast á kostnað annarra en opinberra aðila.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Áður en ég gef fleirum orðið um atkvæðagreiðslu vil ég gera tveggja mínútna hlé á fundinum. (**SJS:** Forseti. Ég dreg ósk mína til baka og mun flytja brtt. við 3. umr. til að auðvelda starf forseta.) Þetta eru sennilega bestu lyktir mála, enda var búið að benda á þessa lausn áður, og mun þá atkvæðagreiðsla halda áfram eins og ekkert hafi í skorist þó að þessi millikafli hafi komið hér inn.

17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 438,4 tekin aftur.
Brtt. 436,7 felld með 23:6 atkv.
18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 436,8 felld með 24:9 atkv.
19.–20. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 435,6–7 tekin aftur.
Brtt. 436,9–10 felld með 22:9 atkv.
Brtt. 438,5 tekin aftur.
Brtt. 479,5 og 8 felld með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓÞG, PJ, RA, SighB, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, EH, FÞ, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB.

nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, JK.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:
Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfðum lagt til að gildistími laga um fiskveiðistjórn væri ótímabundinn. Sú tillaga var miðuð við að okkar tillögur til breytinga á frv. um stjórn fiskveiða næðu fram að ganga þannig að ákvæði frv. og væntanlegra laga væru viðunandi. Þar sem hér hafa verið samþykkt ákvæði sem við erum andsnúnir hef ég dregið þessa till. til baka og tel eðlilegt að gildistími laganna verði tímabundinn og aðeins tvö ár eins og hér er lagt til og segi því já.

Matthías Bjarnason:
Forseti. Ég óska eftir að taka fyrst til atkvæða tvær fyrstu setningar brtt. 478, 3.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Ég hygg að ef samræmi eigi að vera í atkvæðagreiðslu verði ég að bera greinina upp í heilu lagi því að hér stendur „greinin orðist svo" og er í samræmi við fyrri úrskurð. Ég óska þess að það verði lögð fram brtt. við 3. umr.

Matthías Bjarnason:
Ég mótmæli þeim úrskurði að það sé ekki hægt að bera þessa till. upp í tvennu lagi. Hún fjallar um óskyld efni, greinin. Í fyrsta lagi er fyrri hluti greinarinnar um gildistíma þessara laga. Ég er andvígur gildistíma laganna, en ég er aftur samþykkur því sem kemur á eftir, ákvæði sem eiga að gilda vegna þess að frv. varð ekki að lögum fyrir áramót. Ég skil ekki þennan úrskurð. Ég bendi á að í fjölmörgum atriðum hefur slíkt verið gert, bæði í þessari þingdeild og Ed. áratugum saman.

Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að ég hafði borið fram hliðstæða ósk varðandi brtt. á þskj. 236 um að þar yrði borið upp í tvennu lagi. Ég sá ekkert því til fyrirstöðu að það væri hægt, en forseti úrskurðaði það með öðrum hætti. Mér finnst þessi úrskurður orka tvímælis og ekki vera til þess fallinn

að greiða fyrir þingstörfum og ég hefði talið rétt að þetta yrði endurskoðað.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég mun gera örlítið hlé, í eina mínútu eða svo, meðan ég skoða þessa úrskurði. — [Fundarhlé.]

Það hefur verið kannað að fordæmi eru fyrir því mörg að bera greinina upp í tvennu lagi vegna þess að hér er um tvö óskyld atriði að ræða og verður þá gert svo.

Brtt. 478,3 (1. og 2. málsl.) (ný 21. gr.), samþ. með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JK.

nei: KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ, SV, AðB, AG, EH, FÞ, HJ, IBA.

RA, SighB, SJS, ÞÞ, GeirG, GHelg, HG greiddu ekki atkvæði.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég er samþykkur síðari hluta tillgr., en ég vil benda hæstv. forseta á að nú hleypur í verra því deildin er fyrir nokkrum mínútum búin að fella nákvæmlega sama orðalag á þskj. 479, *nákvæmlega* sama. Ég ætla ekki að gera það að neinu deiluefni. Ég vil aðeins benda mönnum á að í kappinu við að drepa till. af því þær eru ekki frá mönnum sem hljóta náð hjá hinum háu herrum sem hér segja aðallega fyrir verkum hefur þessum vígamönnum sést þarna yfir.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það skal bent á að brtt. sem felld var fjallaði um þetta atriði og í samhengi við önnur efnisatriði, en nú verður borinn upp seinni hluti brtt. meiri hl. sjútvn. um úthlutun veiðiheimilda.

Brtt. 478,3 (3.–5. málsl.) (ný 21. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 479,6 felld með 22:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ, RA, SighB, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, EH, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JK.

FÞ greiddi ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Frá því ég kom á Alþingi til starfa og þangað til ég var rekinn úr Sjálfstfl. hafði Matthías Bjarnason verið leiðandi maður fyrir Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum og notið trausts og trúnaðar. Hann hefur minn trúnað enn þá og því segi ég já.

Ákv. til brb. I samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 479,7 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, RA, SighB, SJS, ÞÞ, AðB, AG.

nei: FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, JK.

ÓÞÞ, PJ, SV, SP, EH, FÞ greiddu ekki atkvæði.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um réttlæti, um það réttlæti hvort hér eigi að ríkja sú skipan mála að menn nái ekki rétti sínum eða hvort hér eigi að ríkja skrifræði. Þeir menn sem áttu þessi skipeiga allir siðferðilegan rétt á því að fá afgreidd sín mál þannig að þeir fái ný skip í stað þeirra skipa sem þeir misstu. Ég segi því já.

Ákv. til brb. II samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það sem hefur vakið athygli í dag eru tafir stjórnarliða við framgang mála, en það ætla ég reyndar ekki að gera að aðalumræðuefni heldur framhald þinghalds. Hér hefur okkur þm. verið haldið dag og nótt bæði fyrir jól og milli jóla og nýárs. Ég tel að það væri eðlilegt að þinghald væri sett á rétta daga og nefndarstörf á þá daga sem þau eiga að vera þannig að eðlileg störf þings gætu haldið áfram nema einhver önnur tillaga sé frá meiri hluta stjórnarliða sem ég hef ekki heyrt um og væri þá gott að heyra um það. Ég óska eftir því sem þm. að þingstörf verði færð á eðlilega tíma og þá með eðlilegum hætti.

Þá vil ég koma á framfæri ósk um að áður en 3. umr. fer fram um frv. sem var til umræðu áðan fái sjútvn. Nd. tækifæri til að koma saman og ræða ný atriði sem hafa komið fram og hér hafa ekki verið rædd áður. Það er að 30. des. sl. var haldinn fundur með eftirlitsmönnum og fiskifræðingum hjá Hafrannsóknastofnun um fiskistofna og ýmislegt er varðar þau mál. Að því ég hef heyrt hafa mjög alvarleg tíðindi orðið í þessum efnum. Það er áberandi að fiskur á þessu ári er mjög smár og mjög mikil aukning í veiði á smáfiski. Það bendir til þess að þau lög sem hafa verið í gildi hafa ekki komið að þeim notum sem til stóð og ætlast var til heldur sé hér um algjört stjórnleysi að ræða. Það má reikna með að eftir tvö ár verði ekki neinn fiskistofn við landið. (**Forseti:** Ég vil benda þm. á að það eru aðeins þingsköp til umræðu.) Ég vil óska eftir því í

þessu sambandi að sjútvn. Nd. fái að ræða þessi mál og fái á sinn fund þá aðila sem fjalla um þessi mál áður en frv. kemur til umræðu aftur.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þinghald vil ég geta þess að það er eðlilegur þingdagur í dag. Þing hefur byrjað kl. 10 á fimmtudögum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt, sem hæstv. forseti sagði hér, að það er þingdagur samkvæmt venju og þar sem ríkt hefur um árabil að á fimmtudegi sitji Alþingi meðan það er að störfum, en með þeirri skipan sem innleidd var í haust var gert ráð fyrir að Sþ. starfaði á þessum degi. Ég er ekki að gera athugasemd við að nú er þingfundur í deild, en það var gert ráð fyrir því að fundum þingsins lyki á fimmtudögum milli kl. eitt og tvö og stæðu alls ekki lengur en til kl. tvö. Hér hafa menn lagt hart að sér í þingstörfum og hér er tekið upp þinghald í framhaldi áramóta. Það er eðlilegt að það fari fram með hefðbundnum hætti. Ég tek undir orð hv. þm. Hreggviðs Jónssonar að því leyti og mælist til þess við virðulegan forseta að þannig verði staðið að málum framvegis meðan ástæða er talin til áframhaldandi þinghalds og ekki er gert hlé á störfum þingsins.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég mun ræða í hléinu við þingflokksformenn um áframhaldandi þinghald í dag, en hins vegar verður næsti fundur settur kl. tvö og mun það þá ráðast hvað þar verður tekið fyrir en þessum fundi er nú slitið.

NEÐRI DEILD

49. fundur, fimmtudaginn 7. jan., að loknum 48. fundi.

Um þingsköp.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Áður en gengið verður til dagskrár vil ég vekja athygli hv. þingheims á því að á þessu þingi hafa þm. flutt u.þ.b. 30 lagafrv. og 49 þáltill. eftir því sem mér hefur talist til. Vegna þess hve seint stjfrv. hafa komið fram hefur allur tími þm., jafnt stjórnarþingmanna sem stjórnarandstæðinga, farið í vinnu vegna frv. ríkisstjórnarinnar. Öll þessi þingmannamál liggja því í nefndum sem margar hverjar hafa varla komið saman hvað þá að fjallað hafi verið um efni málanna. Ég leyfi mér að benda á ýmis mál sem að mínu mati eru þýðingarmiklir áfangar að betra samfélagi, mál sem varða fólkið í þessu landi, bætta aðstöðu barna, umhverfismál, samgöngumál, menntamál, afvopnunarmál, málefni námsmanna, mál um jarðhitaréttindi, flugsamgöngur og ótal margt fleira.

Við sem lagt höfum vinnu í undirbúning þessara mála hljótum að spyrja virðulegan forseta hvenær vænta megi að þingstörf hefjist á eðlilegan hátt að nýju, hvenær þingnefndir komi saman til að fjalla um öll mál sem þeim berast í stað þess að stunda afgreiðslustörf fyrir ríkisstjórnina.

Hingað til hafa einungis tvö örlítil frv. þm. hlotið afgreiðslu á hinu háa Alþingi á þessum vetri. Eftir er að fjalla um 28 frv. og 49 þáltill. og fleiri mál kunna að bætast við ef þm. fá vinnufrið hluta úr degi að nýju eins og eðlilegt hefur verið talið hingað til.

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af því þingræði sem hér hefur verið rekið á þessu þingi og hlýt að spyrja hversu lengi þetta ástand geti varað.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 13. þm. Reykv. vil ég geta um að núna í hléinu átti ég viðræður við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar og skýrði þeim frá því að ég óskaði eftir því að fá samkomulag eða sæmilegan framgangsmáta um að klára 3. umr. um stjórn fiskveiða vegna þess að málið þarf að fara til Ed. til umræðu. Þetta mál er þannig vaxið að vegna ástands í sjávarútvegi verður það að komast áfram sem fyrst. Síðan þarf að koma lánsfjárlögum til nefndar þannig að nefnd geti unnið í því máli og gert það þá næstu daga. Ef þetta tækist í dag, sem ég tel ekkert útilokað og það megi auðveldlega gera án þess að hefta málfrelsi manna á neinn hátt, tel ég að það sé komið færi á því að færa þinghald í eðlilegt horf og setja upp dagskrá eftir þeim málum sem fyrir liggja í hv. Alþingi.

Ég vil skýra hv. þingdeildarmönnum frá þessu og þessari ósk minni til þingflokksformanna þó ég viti að þeir komi henni á framfæri til sinna þingflokka. Ég tel að ef við ljúkum þessu í dag, sem ég tel vel mögulegt, þurfum við ekki að halda fund í Nd. á morgun og ekki fyrr en eftir helgi. Ég tel vel mögulegt að koma því þinghaldi í eðlilegt horf svo framarlega sem takist að koma þessum málum áleiðis sem eru bæði mjög aðkallandi.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að vísa á bug ásökunum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um að þmfrv. komist ekki áfram í nefndum. Ég er sjálf formaður einnar nefndar í þessari hv. deild. Þar á Guðrún Helgadóttir, hv. 13. þm. Reykv., sjálf sæti. Hún flutti þmfrv. um breytingu á lögum um almannatryggingar snemma í haust ásamt öðrum þm. stjórnarandstöðunnar. Þetta frv. fékk hraðan framgang efnislega og voru sérstakar ráðstafanir gerðar einmitt í nefndinni til að koma þessu máli áfram og efnisatriði þess urðu að lögum fyrir jól. Þess vegna tel ég að þessi gagnrýni komi úr hörðustu átt.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég tek fram að það var engin ástæða fyrir hv. 3. þm. Reykv. að bregðast við þessari gagnrýni minni á þennan hátt. Ég gat þess sérstaklega í máli mínu áðan að tvö þingmál hefðu náð fram að ganga, annað var það mál sem hún ræddi um áðan og hitt var frv. Kvennalistans um framlengingu á banni við ofbeldiskvikmyndum ef ég man rétt. Ég var ekki að tala eingöngu mínu eigin máli heldur allra þeirra þm. sem hafa lagt fram mál í báðum deildum og hafa ekki fengið minnstu umfjöllun um þau mál. Ég vil að sjálfsögðu þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á því máli sem hún minntist á. En það er aðeins lítið brot af þeim málum sem fyrir liggja, sem eins og ég minntist á áðan eru 30 frv. og 49 þáltill. Það er ómótmælanlegt að fæst af þessum málum hafa hlotið umfjöllun.

Eftir því sem mér hefur skilist er t.d. hv. Ed. nú verklaus og engir fundir þar. Maður gæti þá kannski ætlast til þess að tími þeirrar hv. deildar færi til nefndarstarfa á meðan ekki eru þingfundir. En eitthvað virðist vera bogið við verkstjórn í heild því að sá tími virðist að engu nýttur. Það er óneitanlegt að hér er ekkert gert nema ræða um mál ríkisstjórnarinnar sem hingað til hefur ekki einu sinni getað verið einhuga um sín mál og tími okkar fer allur í það. Það var það sem ég var að gagnrýna en síður en svo störf hv. 3. þm. Reykv. sem formanns heilbr.- og trn. því það væri mjög ósanngjarnt og það vil ég taka fram.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þessa umræðu vil ég taka fram að ég hef fengið í hendurnar yfirlit um stöðu þmfrv. Mér telst til að það séu 32 þmfrv. sem hafa verið lögð fram og af þeim eru þrjú sem ekki eru komin til nefndar og fjögur þmfrv. hafa verið afgreidd frá nefnd með einhverjum hætti. Varðandi þetta er náttúrlega boltinn í höndum nefndarformanna. Auðvitað munum við forsetar halda með þeim fundi um þessi mál eins og verið hefur á þinginu til þessa.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 494, brtt. 495, 496.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég lét svo ummælt við 2. umr. þessa máls að þótt ég væri í öllum meginefnisatriðum andvígur því stjórnunarfyrirkomulagi á fiskveiðum sem frv. þetta gerir ráð fyrir mundi ég engu að síður una niðurstöðu án mótatkvæðis ef menn féllust á að taka tillit til þorra þeirra till. sem hv. 1. þm. Vestf. flutti við 2. umr. Í atkvæðagreiðslunni gerðist það hins vegar að mikill meiri hluti sjálfstæðismanna snerist öndverður gegn þeim manni í þingflokki Sjálfstfl. sem áratugum saman hefur verið helsti talsmaður flokksins í sjávarútvegsmálum, og eru það út af fyrir sig mikil tíðindi, þannig að engin till. hv. þm. hlaut samþykki. Ég boðaði það þá einnig að ég mundi við 3. umr. málsins gera tilraun til að koma við enn nokkrum leiðréttingum þó svo þær yrðu mun færri og veigaminni en þær sem ég hafði lýst stuðningi við við 2. umr. Áður en ég geri grein fyrir þeim vil ég þó ítreka beiðni mína, sem kom fram í ræðu minni hér í gær, til hv. 1. þm. Vestf. og formanns sjútvn., hvort hann gæti fallist á að nefndin tæki í vetur að hans tillögu til gaumgæfilegrar skoðunar þau gögn og forsendur sem Hafrannsóknastofnun byggir spár sínar og tillögugerðir á sem ég hef rakið bæði við 1. og 2. umr. þessa máls í hv. deild að ekki hafa staðist og fer því víðs fjarri. Ég ítreka því þessa beiðni mína við hv. 1. þm. Vestf., að hann sem formaður sjútvn. fallist á að vinna þannig að málinu í vetur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni, aðeins lýsa þeim fjórum brtt. í örstuttu máli sem ég flyt á þskj. 495.

1. brtt. varðar 13. gr. frv. og er um að aftan við 1. málsgr. þeirrar greinar komi nýr málsl. sem hljóði svo:

„Einnig er heimilt að flytja aflamark skips yfir á skip með sóknarmarki, enda sé um að ræða skip sömu útgerðar eða skip sem gerð eru út frá sömu verstöð.“

Hv. deild hefur áður fellt till. um breytingar frá ákvæðum frv. þess efnis að heimila flutning á sóknarmarki milli sóknarmarksskipa. Þessi till. gengur skemur en sú till. og er aðeins um það að ef hjá einni og sömu útgerð eða í einni og sömu verstöð sé um að ræða skip með aflamarki sem af einhverjum ástæðum, bilunar eða tjóns, getur ekki stundað veiðar sé viðkomandi útgerð eða verstöð heimilt að flytja aflamark þess skips yfir á skip með sóknarmarki án þess þó að sóknardögum sóknarmarksskipsins sé að neinu fjölgað heldur verði það skip þá að taka þennan viðbótarafla innan þess sóknarmarks sem það hefur fengið. Þetta er tiltölulega lítilvæg brtt., er eingöngu ætluð til þess að slíkar aðstæður eins og ég var að lýsa áðan verði ekki til þess, þá sérstaklega í minni verstöðvum, að aflamark, sem af einhverjum ástæðum er ekki hægt að nýta, falli gjörsamlega dautt niður eða verði að seljast út úr byggðarlaginu.

Ég held að ef menn skoða þetta mál af sanngirni ætti enginn að geta lagst á móti slíkri till. né heldur að þurfa að hafa minnstu áhyggjur af því að þetta muni breyta einhverju umtalsverðu frá þeim ákvæðum sem nú eru í frv. Þetta er einvörðungu til að tryggja, sérstaklega þó í litlum verstöðvum, að það gerist ekki að aflamark, sem menn eiga þar, verði að liggja ónýtt eða seljast út úr byggðarlaginu

af því að heimild vanti til að flytja slíkt aflamark yfir á sóknarmarksskip á sama stað eða hjá sömu útgerð.

2. brtt. er við 14. gr. Áður hefur verið felld till. þess efnis sem heimilar hæstv. sjútvrh. að úthluta kvóta til byggðarlaga sem misst hafa mjög verulegan afla vegna sölu skipa úr viðkomandi plássi. Þessi till. hljóðar hins vegar svo, með leyfi forseta:

„Sé fyrirsjáanlegur afkomubrestur í tilteknu byggðarlagi vegna fyrirhugaðrar skipasölu þaðan er ráðherra heimilt að undanþiggja allt að 20% þess aflamarks, sem sölunni á að fylgja skv. ákvæðum 2. málsgr., og ráðstafa til annarra útgerðaraðila í byggðarlaginu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar."

Þetta ákvæði er mun þrengra en það sem þegar hefur verið fellt og lýtur aðeins að því að ef fyrirsjáanlegt er að afkomubrestur sé líklegur vegna þess að það sé verið að selja brott úr viðkomandi verstöð mikilvægustu atvinnutæki staðarins sé heimilt að halda eftir í verstöðinni 20% af aflamarki, e.t.v. síðasta skips sem í verstöðinni er gert út og verið er að selja í burtu, og úthluta því aflamarki síðan að tillögu viðkomandi sveitarstjórnar til annarra útgerðaraðila á staðnum. Þau eru ekki mörg dæmi um slíka staði á Íslandi, en þau eru örfá, þar sem svo háttar til að það eru horfur á að öll útgerð frá sjávarplássum leggist niður vegna þess að verið sé að selja atvinnutækin burt úr viðkomandi stöðum, engin skip séu þar eftir og ekkert bolmagn sé hjá aðilum heima fyrir til að festa kaup á nýjum skipum með því feiknalega verði sem kvótakerfið hefur skapað á skipum á Íslandi. Þetta er að mínu viti lokatilraun sem gerð er á hinu háa Alþingi til að fá fram samþykkt Alþingis sem gæti að einhverju leyti bjargað slíkum byggðarlögum frá því að missa allar veiðiheimildir sínar brott úr byggðarlaginu á kannski örfáum mánuðum eða jafnvel örfáum vikum.

3. brtt. er um að ákvæði til bráðabirgða I orðist eins og þar segir. Það er mín skoðun að endurskoðun á stefnumörkun á stjórnun fiskveiða eigi að vera í höndunum á þingkjörinni nefnd af þeirri einföldu ástæðu að það er Alþingi sem setur lögin. Það er að sjálfsögðu eðlilegt þegar tekin er ákvörðun um að endurskoða lög sem Alþingi setur eftir tiltekið árabil að þá sé það nefnd alþm. á vegum Alþingis sem að þeirri endurskoðun vinnur. Það mun greiða mjög mikið fyrir málum og flýta fyrir skynsamlegum niðurstöðum að þegar málin svo koma til kasta Alþingis, kannski með skömmum fyrirvara eins og hér hefur gerst, komi alþm. allflestir ekki alveg nýir að málinu heldur séu þingið og þingflokkarnir þá þegar búin að leggja mjög mikla vinnu í að endurskoða gildandi lög þannig að menn viti í fyrsta lagi hvað er verið að ræða um og í öðru lagi séu búnir að skoða ýmsar hugmyndir sem til greina koma, eins og ég tel vissulega að komi vel til greina í þeim tillögum sem hér hafa verið fluttar af hv. stjórnarandstöðu, atriði eins og byggðakvóti, atriði eins og það að taka ákveðið aflamagn út fyrir sviga áður en aflamarki er úthlutað á milli skipa eða annarra aðila. Þetta kemur að sjálfsögðu allt og á allt að koma til greina og þarf að skoða. Auðvitað er það sú nefnd sem kemur til með að endurskoða lögin sem á sérstaklega að fjalla um þetta. Þegar Alþingi ákveður í lagasetningu að lög skuli endurskoðuð innan tiltölulega skamms tíma er eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi hafi einnig þann háttinn á að það eða fulltrúar á þess vegum sjái um þá endurskoðun, að sjálfsögðu undir forustu ráðherra í viðkomandi grein. Með þessari till. er síður en svo verið að gera því skóna að sjútvrh. eigi ekki að hafa alla forustu um slíka endurskoðun og hún að vera með hans þátttöku og undir hans stjórn, en það er eðlilegt að Alþingi eigi beina aðild að slíkri endurskoðun eins og þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég tel að þau atriði sem nánar er lýst í till., um hvað eigi að skoða og hvernig, ættu að vera mjög ásættanleg fyrir a.m.k. allan meginþorra þingheims og jafnvel þm. alla og ég tel mjög nauðsynlegt að það sé fram tekið með sem greinarbestum hætti í sjálfri tillgr. hvernig þessi endurskoðun eigi fram að fara. Að mínu viti þarf endurskoðunin fram að fara. Hún hefur ekki farið fram með þessum hætti og því legg ég til að sú endurskoðun, sem er hvort eð er í bígerð, fari fram eins og tillgr. segir.

Að lokum, herra forseti, er það 4. brtt. sem ég flyt á þessu þskj. Nú þegar hefur verið felld brtt. frá hv. 1. þm. Vestf. um að heimila veiðileyfi vegna tiltekins fjölda skipa sem fórust á árunum 1983–1984 og ekki hafa fengist skip í staðinn fyrir. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar þessi skip farast á árunum 1983–1984 eru þeir sem skipin eiga þess alls óvitandi að þau slys sem þarna hentu yrðu til þess að atvinnuréttindin yrðu frá þessum mönnum tekin ef þeir hefðu ekki hraðan á að útvega sér önnur skip í staðinn, skip sem þá raunar voru ekki til nema með slíku afarverði að enginn venjulegur útgerðar- og sjómaður réði við slíkt. Ef þessir menn hefðu vitað að sú ákvörðun þeirra að reyna að bíða með að kaupa sér skip í staðinn þangað til þeir gætu betur ráðið við slíkt fjárhagslega mundi kosta þá atvinnuréttindin, sem þeir höfðu haft sem sjómenn og útgerðarmenn, sumir hverjir í mörg ár áður en þessi slys urðu, hefðu þeir sjálfsagt gert tilraunir til að afla sér annaðhvort lánsfjár eða meðeiganda til að tryggja sér að þurfa ekki að glata þessum rétti sínum. En það sem gerðist var það að með seinni ákvörðunum sínum sviptu stjórnvöld þá einstaklinga sem þarna eiga hlut að máli og fjölskyldur þeirra þeim afkomumöguleikum og þeim atvinnuréttindum sem þeir höfðu áður haft án þess að þessum einstaklingum og þeirra fjölskyldum væri ljóst þegar það gerðist hvernig fara mundi ef fram héldi sem þá horfði.

Ég tel að Alþingi og löggjafarvaldið verði að bæta þessu fólki þann skaða sem síðari lagasetning Alþingis hefur valdið þessum aðilum sem urðu fyrir skaða í grandaleysi. Það verðum við að gera með þeim hætti að tryggja þessum mönnum að geta haldið áfram þeirri atvinnustarfsemi sem þeir stund-

uðu á árunum 1983–1984 og voru í góðri trú um að þeir mundu geta haldið áfram þó að þeir biðu um einhverja skamma hríð eftir því að geta keypt sér ný skip í staðinn fyrir þau sem sukku. Það er alveg nóg áfall fyrir skipseigenda, hvort sem um er að ræða sjómann eða útgerðarmann, að verða fyrir því að missa skip sitt í sjávarháska þó það bætist ekki við að kannski einu, einu og hálfu ári síðar uppgötvi hann að Alþingi hafi sett lög sem meina honum að halda áfram því starfi sem hann hafði kosið sér að ævistarfi sínu. Nóg áfallið var nú það fyrra, að missa skip í sjóslysi, svo ekki bætist það síðara ofan á. Mér er alveg ljóst að það eru nokkur vandkvæði á að bæta mönnum þennan skaða, en þann vanda verðum við að leysa. Það er skylda okkar að gera það. Í 4. brtt. er lagt til að hann sé leystur á þann hátt að á gildistíma laganna um fiskveiðistjórnun skuli ráðherra árlega veita a.m.k. þremur skipum, er komi í stað skipa er fórust á þessum árum, veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Við val á þessum skipum, sem fái veiðileyfi skv. þessu ákvæði, skuli við það miðað að þau verði gerð út frá byggðarlögum þar sem sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs en afli hefur dregist saman vegna fækkunar skipa.

Herra forseti. Ég hef lýst þeim fjórum till. sem ég flyt við lokaumræðuna um málið í hv. deild. Þær till. sem fluttar hafa verið, jafnt af stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum, við þessa afgreiðslu málsins eru margar hverjar mjög athugunarverðar. Þær sýna hversu mikið lá raunverulega við að menn hæfu þessa endurskoðun fiskveiðistefnunnar miklu fyrr en menn gerðu þannig að betri og meiri tími gæfist til að skoða þær athyglisverðu hugmyndir sem komið hafa fram í þessum tillöguflutningi. Það er enn ein röksemdin fyrir því að það er ekki bara nauðsynlegt heldur óhjákvæmilegt og mundi létta af hæstv. sjútvrh. miklum vanda ef menn tækju þann pól í hæðina að velja þá leið til endurskoðunar á lögunum að kjósa til þess sérstaka nefnd héðan úr þinginu, skipaða þm., fremur en að vera í viðræðum við hagsmunasamtökin mánuð inn og mánuð út og ætla sér síðan að afgreiða málin á örfáum vikum á hinu háa Alþingi án þess að þm. gefist kostur á að setja fram sínar ábendingar og skoðanir með öðrum hætti en með tillöguflutningi á Alþingi sem síðan fæst ekki samþykktur því menn eru búnir að binda sig í báða skó þegar að afgreiðslunni kemur.

Ég ætla ekki að segja fleira að sinni, herra forseti. En verði þessar till. samþykktar mun ég ekki gera frekari athugasemdir við frv. til laga um stjórn fiskveiða. Verði þær hins vegar felldar get ég ekki staðið að þeirri lagasetningu og mun greiða atkvæði gegn henni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 496 og varðar 17. gr. frv. Það má segja um þá till. og e.t.v. þær brtt. sem hv. síðasti ræðumaður mælti fyrir að maður veltir því náttúrlega fyrir sér hvort það sé til einhvers eins og málum er háttað að vera að taka efnislega þátt í þessum umræðum og flytja brtt. við þetta frv. Það væri e.t.v. meira í samræmi við aðstæður að labba til hæstv. sjútvrh. og spyrja hann hvort hann gæti fellt sig við þetta og láta það ráða lyktum í málinu. Það er að sjálfsögðu margyfirlýst að ráðherrann hafi einræðisvald í þessum efnum. Formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., hefur lýst því yfir að það verði ekkert það gert sem hæstv. sjútvrh. sætti sig ekki við og það sé tómt mál um annað að tala. M.a.s. lýsti hæstv. utanrrh. því yfir að það væri fyllilega eðlilegt að málum væri þannig fyrir komið.

En ég trúi nú á þingræðið og vil reyna engu að síður, þrátt fyrir eðlilegar aðstæður að vinna að málum hér með eðlilegum hætti og fá fram eðlilegar atkvæðagreiðslur um það hver sé vilji hv. alþm. til þess hvernig þetta frv. skuli líta út að lokum þegar það er samþykkt. Og það kom sem betur fer í ljós að margir hv. þm., sem þó styðja stjórnina að breyttu breytanda, hafa þó þann metnað fyrir sig og sína hönd og Alþingis að þeir greiða atkvæði eftir samvisku sinni og studdu hér ýmsar brtt. og er það vel. Og eru þeir menn að meiri.

Brtt. mín á þskj. 496 er ekki ýkja stór við fyrstu sýn. Hún varðar það að 17. gr. frv. breytist á þann veg að brott falli eitt orð, orðið „ókeypis".

17. gr. þessa frv. er nokkuð sérkennileg grein. Hún er á þá lund, með leyfi þínu forseti, að útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, þ.e. öllum nánast sem koma eitthvað nálægt þessum efnum, er skylt að láta ráðuneytinu — og átti sig nú einhverjir ekki á því hvaða ráðuneyti er verið að tala um, þá er það sjútvrn. og yfir því er hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson — í té ókeypis og í því formi sem óskað er eftir allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

Þetta er nokkuð víðtækt mál, herra forseti. „Allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar." Taldar af hverjum? Væntanlega sjútvrn. eins og annað sem til úrskurðar heyrir í þessu frv. Það er sem sagt verið að fara fram á lagaheimild til þess að ráðuneytið geti krafið alla þá aðila sem nefndir eru í þessari grein um allar þær upplýsingar sem ráðuneytið telur nauðsynlegar og unnt er að láta í té, sem í mannlegu valdi stendur að láta í té, hvað sem það kostar viðkomandi aðila að reiða fram upplýsingarnar og sá hinn sami skal gera það ókeypis.

Ég veit ekki alveg hvort menn hafa áttað sig á því hvers konar lagaheimild þetta er. Það væri fróðlegt ef allir þeir lögfræðingar sem hér eiga sæti á Alþingi — og þeir eru ekki fáir, a.m.k. ekki úr Sjálfstfl., þó fáir þeirra séu staddir hér inni núna eins og venjulega — létu í ljós lögfræðilegt álit sitt á því hvort svona lagaheimild sé nú skemmtileg. Er það góð réttarvenja að ráðuneyti, framkvæmdarvaldið, hafi galopna heimild til að heimta af mönnum þjónustu

af þessu tagi, út yfir öll mörk, burt séð frá því hvaða erfiði viðkomandi aðilar þurfa að leggja á sig til þess að afla upplýsinganna og koma þeim á framfæri í því formi sem ráðuneytinu þóknast, þess vegna á kínversku eða sanskrít, það verður að vera í því formi sem ráðuneytið óskað eftir, og þeir fá ekki krónu fyrir það. Þeir skulu leggja þessar upplýsingar fram ókeypis. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst þetta með ólíkindum. Alveg með ólíkindum. Er nú ekki nóg að láta það eftir til mats miðað við aðstæður hverju sinni hvort slíkar upplýsingar skuli undir öllum kringumstæðum og afdráttarlaust látnar í té ókeypis? Eða hvort heimilt sé að greiða úr opinberum sjóðum einhvern kostnað ef nauðsynlegt telst að afla upplýsinga sem kosta fyrirhöfn og erfiði en eru engu að síður taldar nauðsynlegar vegna framkvæmdar laganna? Er þá ekki eðlilegra að sá möguleiki sé hafður opinn að ráðuneytið greiði, eða ríkissjóður eða einhverjir slíkir aðilar leggi þar eitthvað af mörkum?

Mér finnst þetta ekki góð réttarregla sem hér á að innleiða, að setja alfarið svona heimild, svona galopna heimild í lög. Ég tel að það sé fyllilega viðunandi fyrir hæstv. ráðherra að hafa til þess alveg sérstaka lagagrein að þessum aðilum, útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum o.s.frv., sé skylt að láta ráðuneytinu í té í því formi sem óskað er allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara — og sleppa þessu orði „ókeypis". Ég verð að segja það alveg eins og er að fulllangt finnst mér gengið að hnýta því þarna inn.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. ef hann er hérna nær og hlýðir á mál mitt: Hver eru rökin fyrir því að ráðuneytið telur óhjákvæmilegt að hafa þetta orð þarna inni, ef einhver eru? Er unnt að finna hliðstæður í lögum þar sem upplýsingaskylda er lögð á herðar ákveðinna aðila eða heimild stjórnvalda til að afla upplýsinga sem er hin venjulega réttarregla? Í lögum af þessu tagi er venjuleg regla sú að stjórnvöldum er heimilt að afla þeirra upplýsinga sem þau telja sig þurfa til að annast framkvæmd viðkomandi laga og þá er gerandinn í því tilfelli stjórnvaldið sjálft.

Mér varð það á, herra forseti, að fara í ræðustólinn núna án þess að hafa stjórnarskrána með mér sem var illa ráðið því að yfirleitt þarf maður á henni að halda. Þar er einmitt mjög merkileg grein ef ég man rétt 39. gr. stjórnarskrárinnar um heimild Alþingis til þess að kjósa rannsóknarnefndir. Og þar eru þeim nefndum gefin völd til að ganga eftir upplýsingum. Það ákvæði er ekki þannig að öllum aðilum þjóðfélagsins sé skylt að láta þeim nefndum sem kynnu að vera settar á fót í té upplýsingar. Það snýr öfugt. Það felur í sér heimildarákvæði fyrir gerandann til að nálgast upplýsingarnar. Og þar dettur mönnum auðvitað ekki í hug að láta ábyrgðina og kostnaðinn lenda á öðrum, þeim sem upplýsingarnar eru sóttar til. Látum svo vera að ráðuneytið hafi þessar heimildir til að krefja menn upplýsinga, en að það sé alfarið bundið í lög að það skuli vera ókeypis er annað mál. Ég lít svo á að greinin þýði að mönnum sé algerlega óheimilt að taka við greiðslu fyrir upplýsingar framreiddar, hvað sem það kynni að kosta þá að afla þeirra vegna þess að það stendur skýrum stöfum að ráðuneytið skuli fá þær ókeypis. Það er skilyrt. (**Gripið fram í:** Lestu til enda.) Ég þarf ekki að lesa greinina til enda, hv. frammíkallandi. Ég kann hana ágætlega enda er hún ekki löng. Það breytir ekki eðli hennar. Það breytir ekki eðli þess sem hér er verið að ræða um hvort þetta ákvæði um að þetta skuli gert ókeypis sé eðlilegt eða ekki eðlilegt.

Ég fer fram á það, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. svari því hvort hliðstæður séu í lögum um það að síkar kvaðir með jafnvíðtækum opnum skilmálum séu lagðar á menn. Ef svo er ekki, ef hæstv. ráðherra getur ekki upplýst um þetta og sannfært okkur um að þetta sé fullkomlega eðlilegt lagaákvæði, þá fer ég fram á að þetta sé athugað og einhvers konar lögfræðilegt álit fengið á því hvort þetta stenst eða hvort þetta sé eðlileg eða heppileg regla. Það væri jafnvel hugsanlegt að hafa þetta ákvæði þannig — ég væri hugsanlega tilbúinn til að samþykkja að þetta ákvæði væri þannig að að öllu jöfnu skyldu menn láta þessar upplýsingar í té ókeypis. Þ.e. innan einhverra skynsamlegra, hóflegra marka kæmi ekki greiðsla fyrir. Til að mynda allar þær upplýsingar sem ætla má að þessir aðilar geti reitt fram úr sínu starfi, úr sínu bókhaldi, úr sínum birgðaskýrslum og sínum færslum án verulegs umstangs. En ef þetta ákvæði verður notað til þess að leggja á menn umtalsvert erfiði, umtalsvert aukastarf og aukaumsvif sem þessir aðilar þurfa ekki að öðru leyti starfs síns vegna, þá er þetta komið út yfir öll eðlileg mörk.

Ég er ekki að segja að hæstv. núv. sjútvrh. — og ég bið hann og aðra að misskilja ekki orð mín svo að ég sé að gefa það í skyn að ég telji hæstv. núv. sjútvrh. ekki treystandi fyrir þessu ákvæði öðrum mönnum fremur. Ég ræði málin ekki undir þeim formerkjum og ég treysti hæstv. sjútvrh. út af fyrir sig mætavel til þess að nýta þetta ákvæði af sanngirni, en það breytir ekki því að menn eiga að ræða hvort eðlilegt sé að hafa svona ákvæði í lögum. Þó að orðinu „ókeypis" yrði kippt út, þá segir það að sjálfsögðu ekki að ráðuneytið þyrfti þar með að taka til við að greiða fyrir slíkar upplýsingar. Lagaákvæðið yrði engu að síður túlkað svo að þarna bæru þessir aðilar skyldur. Það yrði óhjákvæmilega túlkað svo eftir sem áður. Það eina sem mundi gerast væri það að ekki væri bundið í lögunum að hvað sem á dyndi skyldu menn leggja allar slíkar upplýsingar fram ókeypis, taka sjálfir á sig allan kostnað, allt óhagræði sem kynni að leiða af því að skila þessum upplýsingum fram.

Það væri hægt að taka dæmi um það hvernig væri hægt að nýta svona ákvæði ef menn vildu svo við hafa. Og það gæti orðið utan endis, það umstang og það vesen sem af gæti leitt fyrir menn að þurfa að

uppfylla einhverjar kvaðir. Það má lengi segja að meiri, sundurliðaðri upplýsingar gætu verið gagnlegar fyrir eftirlit með fiskveiðistefnu og viðgangi fiskstofna og aðra slíka hluti. Það gætu verið gagnlegar upplýsingar að fá sundurliðaðar veiðiskýrslur úr hverjum einasta róðri þar sem þorskar væru stærðarflokkaðir, kyngreindir og þar fram eftir götunum. Enginn veit í sjálfu sér hvar það gæti endað ef út í slíkt væri farið. Samkvæmt svona grein mundi það ekki skipta máli hversu mikið erfiði menn yrðu að leggja á sig til að uppfylla þær óskir sem ráðuneytið setti fram. Þeim bæri að gera það og taka sjálfir á sig allan kostnað og allt óhagræði af þeim sökum.

Ég vil í fyrsta lagi beina því til hv. þingdeildarmanna að þeir skoði svolítið hug sinn um það hvort þeim finnst þetta eðlilegt lagaákvæði og jafnframt ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra um rökin fyrir því að skilyrða þetta og binda með þessum hætti, hvort hæstv. ráðherranum geti ekki dugað að hafa þetta ákvæði án þessa orðs „ókeypis".

Herra forseti. Það væri auðvitað ástæða til að ræða talsvert um þetta frv. og allan gang þessa máls í ljósi þeirrar atkvæðagreiðslu sem hér lauk á þessum degi til að mynda í ljósi þeirrar staðreyndar að meiri hl. hér á Alþingi felldi við atkvæðagreiðslu heimildarákvæði um að ráðherra gæti eða mætti koma til aðstoðar byggðarlögum sem missa mikils í vegna þess að fiskveiðiréttindi flytjast úr byggðarlaginu og þar sem við blasi byggðaröskun og hrun atvinnustarfsemi. Mér er til efs að menn hafi á hinu háa Alþingi, sem gjarnan hefur látið sig atvinnumál og örlög byggða um landið nokkru skipta, mér er til efs að menn hafi áður á hinu háa Alþingi afsalað sér lagaheimild af þessu tagi, afsalað úr lögum heimild af þessu tagi. Ég verð að segja að mér finnst það alvarlegur hlutur.

Látum svo vera að meiri hl. treysti sér ekki til að ganga til móts við neinar af þeim brtt. stjórnarandstæðinga sem gengu í þessa átt eða voru náskyldar þessum ákvæðum, þ.e. reyna að sníða af þessu frv. þá augljósu ágalla og margumtöluðu ókosti og hættur sem sala veiðiheimilda burt úr byggðarlögum hefur haft og getur haft og mun sjálfsagt hafa í för með sér fyrir ýmis byggðarlög. Allar brtt. um byggðatengingu kvótans eða það að rjúfa einhliða úthlutun veiðiheimilda á skip, sem síðan er hægt að selja burtu úr byggðarlögunum með þær veiðiheimildir og þar með örlög byggðarlaganna, þær voru allar felldar þrátt fyrir dæmin sem menn hafa fyrir sér. En að það heimildarákvæði sem fólst í brtt. hv. 1. þm. Vestf. skyldi líka vera fellt, sem var opið heimildarákvæði og engin skylda hefði borið til að nota nema ríkar ástæður hefðu þótt vera til; að það skyldi líka vera fellt, það undraði mig. Að vísu fellt á jöfnum atkvæðum ef ég man rétt, en það breytir ekki því. (**MB:** Þau eru sterk handjárnin.) Þau eru sterk handjárnin, hv. 1. þm. Vestf., það er rétt, og þau duga vel og verða margir menn sem áður voru taldir máttugir að játa sig sigraða fyrir þeim. Það er alveg ljóst. Ég mun minnast þessarar atkvæðagreiðslu býsna lengi vegna þess að ég tel að hér hafi átt sér stað mjög óvenjulegur atburður.

Væri hæstv. ráðherra, hæstv. alfaðir sem öllu ræður í þessum efnum, og væri kannski við hæfi að fara að nefna hann þessu forna goðanafni úr þessu, hæstv. alfaðir, væri hann þeirrar skoðunar að það væri ekki skynsamlegt að nýta þetta ákvæði, þá var það í hans valdi, hæstv. ráðherrans. Það var eftir sem áður í valdi ráðherrans hvort hann nýtti þetta ákvæði eða ekki. Hvers vegna í ósköpunum var þá ekki í lagi að hafa þá heimild fyrir hendi af því að við blasir og hefur gert að atvinnulíf heilla byggðarlaga getur hrunið af þessum sökum? Telur ráðherrann og hæstv. ríkisstjórn þá skynsamlegt að láta fella ákvæði af þessu tagi hér? Er það til þess líklegt að greiða fyrir lausn vandamála sem kynnu að koma upp af þessu tagi, að fyrir liggi atkvæðagreiðsla þar sem meiri hl. fellir heimildir til þess að koma til aðstoðar byggðarlögum sem lenda í svona aðstöðu? Það tel ég vægast sagt óskynsamlegt, vægast sagt óheppilegt, það verð ég að segja.

Það mætti einnig ræða um ýmsa fleiri atburði sem hér hafa orðið í meðferð þessa máls í gegnum þingið. Hún er auðvitað lýsandi dæmi um það hversu örlagaríkt hagsmunamál er hér á ferðinni sú mikla umræða og allar þær breytingar sem orðið hafa á þessu frv. á leið þess hér í gegnum Alþingi. Það sýnir að menn gera sér grein fyrir því þegar þeir ræða þetta frv. að hér er mikið í húfi fyrir íslensku þjóðina, enda er svo. Það eina sem bendir til annars er e.t.v. sífelld fjarvera hæstv. ríkisstjórnar úr þingsölum þegar þetta mál er rætt sem er auðvitað með ólíkindum.

En þær brtt. fjölmargar og breytingar, sem þó urðu á frv. hér í seinni deild, eru sönnun þess að þetta mál hefur ekki verið rætt hér í þingsölum að ósekju. Það er ekki tilefnislaust og út í bláinn að það taki sinn tíma að afgreiða lög af þessu tagi í gegnum þingið.

Þetta fannst mér rétt að nefna, herra forseti, af ýmsu tilefni sem gefist hefur bæði vegna þess að Alþingi hefur verið gagnrýnt fyrir að hraða ekki afgreiðslu þessa frv. í gegnum þingið, rétt eins og þar væri slíkt smámál að ferðinni að það ætti ekki að þurfa að fjölyrða um það, og einnig vegna þeirra ómaklegu ummæla sem uppi hafa verið höfð um umræður um þetta mál, að þar sé á ferðinni karp og innihaldslaust málþóf. Hvort tveggja er rangt og ósæmilegt. Það er ástæða til að lögin um fiskveiðistjórn hafa ævinlega í þau fjögur skipti sem þau hafa í þessu formi, í formi veiðikvóta, farið í gegnum þingið verið einhver viðamestu ef ekki mest ræddu mál þeirra þinga þar sem þau hafa verið afgreidd. Og það undrar mig sá skilningur á íslensku þjóðfélagi sem lýsir sér í því að menn séu hissa á því, að mönnum komi það á óvart.

Það hillir undir það að vilji alföður nái fram að ganga í þessu máli, að þær breytingar, sem hæstv. sjútvrh. getur sætt sig við, verði á frv. en aðrar ekki

og málið verði að lögum innan tíðar, enda er kominn tími til að sú fiskveiðistjórnun, sem á að styðjast við á yfirstandandi ári, verði lögfest og hefði mátt vera fyrr. Getur hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra sjálfum sér um kennt að svo er ekki.

Ég vil að lokum, af því að þetta verða væntanlega mín síðustu orð áður en þetta frv. verður gert að lögum eða hverfur héðan úr deildinni, beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstjórnar, ef hún skyldi verða á lífi, sem ég tel reyndar ólíklegt, þegar endurskoðun þessara laga væntanlega hefst áður en ný lög skulu taka við af þeim, en fari nú svo ólíklega þá vil ég að í þingtíðindunum sé skráð sú ósk mín að sömu mistökin verði ekki endurtekin aftur. Þau mistök að ætla að pína vilja eins manns eða óskir eins manns og nokkurra aðila í kringum hann í gegnum þingið á fáeinum vikum þegar um jafnörlagaríkt atriði er að ræða og lög um fiskveiðistjórnun í landinu jafnvel um árabil. Það verður að standa öðruvísi að endurskoðun þessara laga næst þegar það verður gert. Þar verður að byrja í tíma. Þar verður að gefa Alþingi fulla aðild og eðlilega aðild frá upphafi málsins. Það hefur sýnt sig aftur og aftur að hér er ekki á ferðinni mál sem er auðvelt að reyra niður í flokka af því tagi að stjórn og stjórnarandstaða skiptist upp. Þetta mál varðar hagsmuni sem skerast öðruvísi en flestir aðrir. Það hefur iðulega komið í ljós og mun koma í ljós.

Það er því mín síðust ósk í þessum efnum að þeir menn, sem hér sitja og kynnu enn að vera við störf á hinu háa Alþingi eða í ríkisstjórnum þegar kemur að því að fara þar að huga að endurskoðun þessara laga, að þeir sinni því verki með öðrum hætti en gert var síðast. Það verði hafið fyrr og betur að því staðið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef ekki flutt brtt. við þetta frv. Aftur á móti hef ég greitt atkvæði með nokkrum. En ég tel mig einnig í þeim átökum, sem orðið hafa um heildarniðurstöðu þessara mála, hafa náð fram ýmsum atriðum sem horfa til bóta. Ég tel að þetta megi mönnum m.a. ljóst vera ef þeir kynna sér þær breytingar sem orðið hafa á upprunalegri gerð frv. og þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir hér í deildinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ég hef ekki verið og er ekki ánægður með hvernig til hefur tekist í fiskveiðistjórnun okkar Íslendinga. Það er mjög langt bil mundi ég segja frá þeim hugmyndum sem ég hef haft þar um og þeim sem birtast í kvótakerfi og þeim sem birtust í skrapdagakerfi. Ég var og er þeirrar skoðunar að það sé aðeins ein grundvallarregla sem hljóti fyrr eða síðar að verða heildarsáttaniðurstaða þessara mála og það er að svæðaskipta landinu gagnvart veiðum.

Það er nú einu sinni svo að það heitasta sem upp hefur komið í deilunni á þessu tímabili nú er það þegar ákveðin svæði í krafti fjármagns hafa getað hrifsað til sín mikinn fjölda veiðiskipa og nánast hælast um yfir því að hafa náð þeim frá öðrum veikari svæðum. Þetta er eitt af því sem í sjálfu sér gengur ekki. Ástæðan er einfaldlega sú að þó að menn vilji hafa atvinnufrelsi í landinu, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, þá er fjöldi einstaklinga búinn að fjárfesta á ákveðnum stöðum á Íslandi vegna atvinnutækja sem þar voru og þeirra eignir verða einfaldlega verðlausar ef hægt er að sópa skipunum fram og til baka.

Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að skorast undan þeirri ábyrgð sem fylgdi því þegar við fengum landhelgina færða út, þegar okkur var til þess trúað að gæta þeirra fiskistofna sem eru hér í norðanverðu Atlantshafi innan okkar lögsögu. Varðveisla þeirra hlýtur að vera stórt mál, svo stórt að önnur smærri verði að víkja í þeim átökum sem eiga sér stað í þingsölum um stefnur. Ég vil undirstrika það í þessu sambandi að ekkert kjördæmi á Íslandi á meir undir því en Vestfirðir að þess sé gætt að fiskistofnunum sé ekki eytt. Í engu kjördæmi á Íslandi er stærri hluti af því fólki sem þar býr sem vinnur annaðhvort við fiskveiðar eða fiskvinnslu.

Hér hafa menn deilt um gildistíma laganna. Hér hafa menn deilt um það hvernig eigi að standa að því að undirbúa frv. að næstu lögum. Hvorugt er að mínu viti aðalatriði þessa máls. Það hlýtur í sjálfu sér að vera meginregla allra laga að þau gildi þar til önnur betri taka við þó að sú kenning hafi rutt sér til rúms að sólsetursákvæði væru æskileg í lögum til þess að stuðla að örari yfirferð yfir lögin og ýta á framkvæmdarvaldið að meta það hvort það telji eðlilegt að leggja til breytingar á lögunum.

Við undirbúning að frv. ríkisstjórna hefur sú meginregla ávallt verið í gildi að ríkisstjórn styðst við ákveðinn þingmeirihluta á Alþingi og náist viðunandi samstaða innan þess meiri hluta til þess að koma frv. fram, þá er það samið í trausti þess að þannig sé hægt að þoka málum áfram. Það tekur oft ærinn tíma að komast svo langt að hægt sé að koma málum fram og fá þau lögð fram með þessum vinnubrögðum. Þannig má öllum ljóst vera að það tók lengri tíma en æskilegt var að hægt væri að leggja fram það frv. sem nú er til umræðu. Menn geta svo hugleitt það í fúlustu alvöru hversu erfitt gæti verið að koma fram frv. ef sú regla yrði látin til hliðar, sem verið hefur um undirbúning frv. ríkisstjórna, og sagt að það ætti að sjá til þess að hlutfallskjörinn þingmannahópur hér á þingi stæði á bak við stjfrv. á hverjum tíma. Sú regla gengi einfaldlega ekki upp.

Hér hefur verið minnst á ýmis mál, sem hafa verið hitamál með réttu, eins og töpuð fiskiskip. Vissulega er það rétt að skip hafa farist og tapast og þeir sem urðu fyrir því tjóni fengu tryggingaverðmæti skipsins greitt og annað ekki. Hafi þeir átt verulegt fé í þessum skipum umfram skuldir verður að ætla að þeir hafi átt nokkra möguleika á að eignast önnur skip — vissulega bundnir við það að þurfa að kaupa þau skip hér innan lands. Það er þess vegna of stórt sagt þegar menn fullyrða að þeim hafi beinlínis verið fleygt út úr tilverunni og gert ókleift að standa að því

að stunda sjósókn eða að stunda útgerð í landinu.

Það hefur áður verið gert að banna mönnum innflutning á skipum. Þetta hefur verið gert vegna þess að menn hafa ekki talið skynsamlegt vegna heildarfjármagnskostnaðar í fiskiskipum að fjölga skipum við veiðar og tefla þar með rekstrarafkomunni allri í hættu. Þetta eru einnig fjötrar á það að ungir menn komist að. Menn verða að gera sér grein fyrir því.

Ég held þess vegna að þó að vissulega sé það erfitt við að una eða fullyrða hvernig eigi að leysa þetta í sanngirni þá sé mjög erfitt að leggja þar eitt eða neitt til sem fullnægi réttlætinu og hægt sé að segja: Nú höfum við fundið hina einu sönnu lausn. Ég hygg að sú hugmynd sem hér kemur fram sé t.d. jafnfjarri þeim veruleika og aðrar sem settar hafa verið fram í þessum efnum. Þar á ég við þá hugmynd sem kemur fram í brtt. Sighvats Björgvinssonar.

Ég hef horft á þá þróun sem átt hefur sér stað í landinu, að fiskmarkaðir eru að ryðja sér til rúms. Persónulega tel ég þessa þróun að vísu ekki komna svo langt að hægt sé að sjá fyrir að öllu leyti hvert hún leiðir. En mér sýnist að hún sé af hinu góða. Mér sýnist að hún hafi stuðlað að meiri sérhæfingu í vinnslu afla og mér sýnist að hún muni stuðla að hærra verði á ýmsum fisktegundum sem lítillar virðingar nutu áður og einu sinni voru svokallaðir skrapdagaveiðitúrar þegar menn voru að veiða þær fisktegundir.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það skipti verulegu máli ef skip fara frá einu svæði til annars hvort viðkomandi svæði eða viðkomandi byggðarlag hefur aðgang að fiskmarkaði eða ekki eða hvort þannig hagar til að sé skipið flutt burtu, þá standi frystihúsið eða fiskvinnslustöðin eftir án nokkurra möguleika á því að kaupa fisk nema að semja um að fá skip í viðskipti eða kaupa annað í staðinn. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af þeim málum sem verði að taka á. Ég greiddi þess vegna atkvæði með þeirri tillögu sem hv. 1. þm. Vestf. flutti, þar sem hann ræddi um einn möguleikann til þess að taka á þessu vandamáli. Ég held aftur á móti að í 2. brtt. hv. 5. þm. Vestf., þar sem hann talar um að undanþiggja 20% af afla, sé ekki um þá lausn að ræða sem dygði til eins eða neins. Ef við erum með 500 manna þorp ættum við þá að halda eftir atvinnu fyrir 100? Værum við þá sáttir við niðurstöðuna?

Ég tel að annað tveggja verði að koma til: Að ráðherra hafi heimild til að veita leyfi. Það gæti verið viðunandi lausn. Mér er ljóst að það er mjög vandfarið með slíka heimild. Eða þá að það verði sett í lög hjá félmrn., flutt af félmrh., að sveitarfélög hafi forkaupsrétt að fiskiskipum.

Hér erum við með í lögum að hvert einasta sveitarfélag hefur forkaupsrétt að því landi sem er til sölu í viðkomandi byggðarlagi. Þó að ekki sé verið að selja nema 100 m^2 af landi, þá hefur sveitarfélagið forkaupsrétt. En hvort skyldi nú skipta sveitarfélagið meira máli að hafa forkaupsrétt að aðalatvinnutækinu á staðnum eða einhverjum smáskika af landi? Það fer ekkert á milli mála. Forkaupsréttur að skipinu er miklu meira virði. Mér þætti það jákvætt mjög ef núverandi ríkisstjórn mundi hugleiða það hvort hún treysti sér til að standa að stjfrv. þar sem lagt yrði til að forkaupsréttur á fiskiskipum yrði fyrir það sveitarfélag sem skipið væri í þannig að heimamenn gætu metið það á hverjum tíma áður en það væri farið burtu hvort þeir treystu sér til að leysa skipið til sín.

Ég ætla að víkja örlítið frá umræðunni og til Noregs vegna þess að í Noregi eiga sér nú stað mjög hörð átök um auðlindir hafsins í norskri landhelgi. Þar standa átökin á milli Norður-Noregs og Vestur-Noregs. Hið tiltölulega auðuga svæði, Vestur-Noregur, fjölgar stöðugt mjög vel búnum veiðiskipum sem halda norður með Noregi, veiða þar þann fisk sem áður gaf afkomumöguleika fyrir sjómennina þar og skila arði af þessari útgerð á sama tíma og útgerðin í Norður-Noregi er í hnignun. Hér á landi er nefnilega það sama að eiga sér stað. Og við erum ekki búnir að sjá fyrir endann á þeirri þróun. Við sitjum uppi með það sem félagsfræðilega staðreynd að auður Íslendinga safnast saman á vissum svæðum en annars staðar eru fjárhagslega mjög veik svæði sem hafa ekki getað staðið undir því að bjóða upp á sambærileg lífskjör og sambærilega möguleika.

Ég held að það hvíli alveg sérstök skylda á þéttbýlisbúum þessa lands, á fólkinu sem býr hér á suðvesturhorninu, að setjast niður og gera sér grein fyrir því hvort það telur að sú þróun eigi stöðugt að halda áfram á sama veg. Er þetta hin æskilega þróun í byggð Íslands sem þarna á sér stað? Vegna þess að það er höfuðborgarsvæðið sem ræður því hvort svo fer sem horfir. Valdið til að ráða því er komið hingað. Þannig standa málin.

Hér hafa sumir viljað halda því fram að þar sem fiskurinn í sjónum er þjóðareign Íslendinga, þá eigi íslenska ríkið að selja réttinn til þessara veiða. Það eigi að selja aðgang að miðunum. (**HG:** Hverjir hafa haldið því fram?) Hv. 2. þm. Austurl. hefur fylgst mjög vel með umræðum og lesið tillögur og honum er ljóst að þar er að finna hugmyndir um að selja veiðileyfi. Það liggur alveg ljóst fyrir. — Hugleiði menn nú að á sama tíma og Noregur greiðir verulega fjármuni með störfum í sjávarþorpum, verulega fjármuni, hugleiði menn nú hver yrðu lífskjörin í sjávarþorpunum á Íslandi, sem þurfa að keppa við fisk frá Noregi, ef staðan væri sú að þau væru skattlögð fyrir aðganginn að miðunum á sama tíma og olíuauður Noregs yrði notaður til að borga með á hinum stöðunum ef menn stæðu að sjávarútvegi. Ætli lífskjaramunurinn á milli yrði ekki ærinn ef þetta yrði ofan á? Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað raunverulega er verið að ræða um ef þetta yrði upp tekið?

Ég ætla að víkja hér að þeim valkostum sem mér virðast blasa við í þessu máli. Annars vegar er um það að ræða að samþykkja stefnu sem þýðir stjórnun í fiskveiðum. Stjórnun sem hefur vissulega fært þessari þjóð verulega farsæld í efnalegu tilliti þó að

mér sýnist að það hafi af ýmsum ástæðum ekki verið á þann veg sem ég vildi gagnvart svæðaskiptingunni. Og kannski hefur það farið meira í taugarnar á mér en flest annað að það skuli vera leyft að ákveðnir einstaklingar geti selt fisk í sjónum öðrum sem fari af stað og veiða hann. Þetta er sem sagt annar valkosturinn sem blasir við. Það er hægt að samþykkja þá stjórn nokkuð líka því sem verið hefur eða að við blasir að Alþingi Íslendinga er ekki sammála um eina eða neina stefnu, hvernig eigi að standa að fiskveiðum í landinu. Þar eru skoðanirnar ansi skrautlegar ef skoðað er. Það eru þess vegna hnífakaup í myrkri við stuðningsmenn Jóns Marteinssonar eða afkomendur ef menn taka ákvörðun um það að fella það frv. sem hér er til staðar. Og það skal viðurkennt að ég hætti ekki á þau hnífakaup.

Ég ætla aftur á móti örlítið að lengja þann tíma sem ég hef verið hér í ræðustólnum með því að lesa hér upp, með leyfi forseta, úr þskj. hv. 2. þm. Austurl., þar sem hann hefur ljósritað kafla úr Fiskifréttum frá 13. nóv. 1987 og textinn heitir: „Ádrepa Jakobs Jakobssonar". Með leyfi forseta:

„Það voru sláandi upplýsingar sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, kom fram með í ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ á dögunum. Jakob benti mönnum á að nýting þorskstofnsins nú jafnaðist næstum á við versta smáfiskadráp breska flotans á Íslandsmiðum á sínum tíma. Sagðist Jakob efast um að þorskastríðið hefði unnist ef Íslendingar hefðu sagst ætla að nýta þorskstofninn á þann hátt sem gert er í dag.

Í máli Jakobs kom fram að gert er ráð fyrir því að meðalþyngd þorsksins í ár sé rétt um 3 kg. Það þýði að veiða verði 131 millj. þorska til þess að ná 380 þús. tonna afla á árinu. Benti Jakob á að aflinn árið 1980 hefði verið 118 millj. þorska og 124 millj. árið eftir. Aflinn á þessum árum hafi hins vegar ekki verið 380 þús. tonn, heldur 430 þús. tonn 1980 og 465 þús. tonn árið 1981.

„Haldi menn að há meðalþyngd í afla þessi tvö ár hafi verið vegna markvissrar fiskveiðistjórnar hafa þeir á röngu að standa. Ástæðan var einfaldlega sú að mikill hluti 1973-árgangsins ólst upp við Grænland svo að við náðum ekki að veiða hann fyrr en 1980 og 1981. Við verðum að fara aftur til daga fyrstu svörtu skýrslunnar, til ársins 1976, til að finna álíka nýtingu þorskstofnsins og við stefnum nú að. Það ár veiddum við 120 millj. þorska. Aflinn þá varð 346 þús. tonn. Það er að segja að á verstu dögum smáfiskadráps Breta fór meðalþyngdin aðeins niður fyrir það sem við stöndum frammi fyrir nú. Sé þetta hins vegar athugað lengra aftur í tímann komum við að árinu 1955. Þá veiddist um 131 millj. fiska, þ.e. nákvæmlega jafnmargir þorskar og nú er gert ráð fyrir að veiðist í ár. Var aflinn þá 380 þús. tonn eins og hann verður væntanlega í ár? Nei, góðir fundarmenn, hann var 538 þús. tonn," sagði Jakob Jakobsson."

Þetta segir okkur kannski í stuttu máli meira en margt annað um þá alvöru sem við stöndum frammi fyrir. Og þó að það sé vissulega rétt að það sé margt sem fiskifræðingar vita ekki þá treysti ég mér ekki sem leikmaður til þess að segja að einhverjir aðrir viti þar meira um. Ég held að alvaran í þessu dæmi sé svo mikil að smærri hlutir verði að víkja og stjórnun fiskveiða er þess vegna ærin nauðsyn.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. beindi þeirri áskorun til mín að sjútvn. kynnti sér tillögur Hafrannsóknastofnunar og ræddi þær ítarlega. Mér er bæði ljúft og skylt að verða við því eftir að þing kemur saman að nýju eftir það hlé sem fyrirhugað er að gera. Ég held að það sé af hinu góða að alþm., og þá sérstaklega þær nefndir sem eiga að fjalla um tiltekin efni, kynni sér sem best hvernig umhorfs er og geti rætt við sérfræðinga sem um þessi mál fjalla og fengið hjá þeim upplýsingar eða gert athugasemdir við það sem þeir eru að bera á borð fyrir okkur. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. flytur hér tillögu sem er ákaflega stutt, þ.e. að orðið „ókeypis" falli niður. Ég verð að bæta því við að þetta eina orð var til umræðu á sameiginlegum fundum sjútvn. beggja deilda og það margoft. Þar komust þeir vísu menn, sem skipa þar meiri hluta, að þeirri niðurstöðu að ef þetta hefði ekki verið inni í frv., þá væri það sjálfsagt að hafa þetta eins og hv. þm. leggur til, en af því að orðið væri inni í frv., þá mætti alls ekki taka orðið út. Ég vildi aðeins að þetta kæmi hérna fram. Þetta var margrætt og þeir voru svo sannfærðir um það hvað það gæti verið hættulegt að taka orðið út fyrst bölvað orðið þvældist þarna inn í frv.

Þetta eru að sumu leyti dæmigerð vinnubrögð í sambandi við þetta mál allt. Ég fyrir mitt leyti sá ekki ástæðu til að taka þessa brtt. upp, ég var orðinn svo leiður á því að tala um þetta, eins og það er alveg sjálfsagt að þetta orð falli niður.

Hv. 5. þm. Vestf. flytur hér fjórar tillögur sem ég get fallist á og greitt atkvæði með mikilli ánægju öllum. Ég held að það hafi verið allmikill misskilningur hjá hv. 2. þm. Vestf. að tala um það að það munaði eiginlega ekkert um það ef heimilt væri að undanþiggja allt að 20% þess aflamarks sem skip hefði sem væri selt úr byggðarlaginu. Ég held að það muni um hvað sem er í þessum efnum og því tek ég vel í þessa tillögu hv. 5. þm. Vestf. og tel hana eðlilega í alla staði.

Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljósi vonbrigði mín með þau vinnubrögð sem hafa verið í sambandi við efnislega meðferð þessa máls eftir að það var lagt fram á Alþingi. Og ég get tekið undir með þó nokkuð mörgum stjórnarandstæðingum sem hafa látið í ljós óánægju sína með það að menn, sem eru í fremstu víglínu í stjórnmálum eins og ráðherrar, hafa lítið verið við þessa umræðu og sumir svo að segja ekkert. Sjútvrh. er eðlilega undanskilinn, enda hefur hann verið við þessa umræðu alla eins og eðlilegt er. Ég held að tíma sumra þessara ráðherra

hefði verið betur varið með því að sitja hér og hlusta á mjög málefnalegar umræður. Ég minnist þess ekki að í þessari umræðu allri hafi verið um að ræða einhver látalæti eða umræður út í hött í sambandi við þetta mál. En einstaka ráðherrar hafa verið uppteknir við það að kreista ákveðna þm. til fylgis við það að drepa allar tillögur sem gætu orðið til bóta þessu máli, sem hefðu getað orðið til þess að það hefði orðið meiri samstaða um málið hér á hv. Alþingi. Og ég held að þessari kreistingu sé lokið. Það er fleira kreist en laxinn. Þar af leiðandi hefðu þessir kreistingameistarar getað verið núna við þessa umræðu en ekki sjást þeir samt.

Ég sagði það í nál. og víðar að ég vildi mjög gjarnan hafa stutt þetta frv., en til þess að svo gæti orðið hefði þurft að gera á því verulegar breytingar. Ég er sammála hv. 2. þm. Vestf. að það verður að vera stjórnun á fiskveiðum við Ísland. Um það greinir okkur ekki á, en okkur greinir á um það að eins og þetta frv. er, þó að það hafi tekið svolítilli andlitslyftingu í meðferð þessarar deildar, er þetta hafta- og skömmtunarfrv. þar sem einstaklingurinn er færður í fjötra en aðrir einstaklingar njóta góðs af og geta selt fiskinn í sjónum og haft af því góðan hagnað. Þetta er ekki sú skoðun sem ég hef haft og það er ekki skoðun þess flokks sem ég er í og hef verið í í 50 ár. Sú skoðun, grundvallarskoðun Sjálfstfl., er einstaklingsfrelsi og víðsýn umbótastefna, en nú er öldin önnur. Það er líka farið að snjóa og frysta.

Ég tel mig ekki hafa gengið frá minni grundvallarlífsskoðun. Svo er ég líka þeirrar skoðunar að einstaklingurinn og dugnaður hans eigi að fá að njóta sín við að draga fisk úr sjó alveg eins og hann á að fá að njóta sín í öðrum atvinnugreinum, verslun og viðskiptum og lánastarfsemi.

Það eru til menn hér á hv. Alþingi sem eru að telja sjálfum sér og öðrum trú um það að það sé víðtækt samkomulag um þetta mál, hagsmunaaðilarnir séu allir sammála, og þeir trúa þessu. Það linnir ekki símtölum, bréfum og viðtölum við mann frá fólki í þessum atvinnuvegi sem er sáróánægt með þessa stefnu og hefur treyst á að það yrði gerð einhver breyting til batnaðar. Fiskverð hefur hækkað, það er farið að bjóða fiskinn upp. Fiskvinnslan verður að kaupa fiskinn mun hærra verði en áður, en það er fjölmennur hópur sem hefur orðið út undan í þessu kapphlaupi. Það er fiskverkunarfólkið í landinu. Það fólk stendur í stað. Það tekur á sig núna stórfellda hækkun á sínum lífsnauðsynjum. Hvar bitnar þetta helst? Það bitnar auðvitað á þeim stöðum þar sem sjávarútvegurinn er allt, þar sem ekkert er annað en sjávarútvegur, fiskveiðar og vinnsla og vinna fiskverkunarfólksins. Þetta er lágtekjufólk, fiskverkunarfólkið. Og með þessu erum við ekki að breyta því.

Fyrst ég var nú svo lánsamur að vera í ræðustól og sjá sjálfan hæstv. fjmrh. hér inni sem bíður eftir því að hlusta á umræður um lánsfjáráætlun — ég ætla ekki að taka til máls þar — bendi ég hæstv. fjmrh. á það að það er of lítið sem skammtað er af erlendu fjármagni sem þarf í atvinnureksturinn í sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn, fiskvinnslan, hefur ekki ráð á að keppa við þá sem eru að reyna að græða með því að hafa sem mest fjármagn á milli handanna og verður að fá að taka frekari og hærri lán á hinum frjálsa lánamarkaði í heiminum. Það léttir strax fyrir mörgum atvinnufyrirtækjunum sem nú standa í miklum erfiðleikum.

Ég er ekki að kenna hæstv. ríkisstjórn um alla atvinnuerfiðleika sem eru. Það eru svo margvíslegir örðugleikar sem að steðja í þeim efnum. Það má enginn taka orð mín á þann veg. Við verðum hins vegar að taka tillit til þess hvað er að gerast í kringum okkur og hvernig ástandið er. Ég er að benda á ákveðna hluti sem hefur stórkostlega þýðingu að leiðrétta og gera það sem allra fyrst. Og ég þekki hæstv. fjmrh. það vel að ég treysti honum til þess að endurskoða þetta atriði í lánsfjáráætluninni til þess að mæta sífellt auknum erfiðleikum atvinnurekstrarins víðast hvar úti um landið. Það er engin skömm að því þó tillaga sem gerð var í haust sé endurskoðuð í skjóli þeirrar reynslu og þeirra atburða sem átt hafa sér stað. Það er samdráttur í sjávarútvegi eins og fram hefur komið.

Ég ætla sérstaklega að fara bónarveg að þeim hv. alþm. sem felldu fyrr í dag tillögu um það að gera mönnum kleift að fá veiðikvóta í stað skipa sem fórust. Við höfum staðið frammi fyrir nokkrum erfiðum atriðum á undanförnum árum og ég held að ég hafi verið búinn að skrifa fjórar eða fimm slíkar tillögur í þessa átt en mér fannst þær allar of rúmar til þess að geta sætt ríkisstjórn og stjórnarliða á þær þannig að sú tillaga sem flutt var var sú langþrengsta. Sjálfur hefði ég viljað hafa þetta rýmra. Mér er hins vegar alveg ljóst að það er ekkert gamanmál fyrir sjútvrh. að taka við slíkum heimildum. En hann hefur verið óspar á að taka við heimildum og ef þurft hefði að grípa til þess að nota þá heimild sem þessi tillaga gerði ráð fyrir hefði það auðvitað aldrei verið gert nema með samþykki allrar ríkisstjórnarinnar. Þessi mál komu fyrir í tíð fyrri ríkisstjórnar sem ég átti sæti í og þá var alltaf svarið: Það er ekkert hægt að gera. Það er ekki heimild til í lögum.

Og nú ætla ég að biðja ykkur, þá hv. þm. sem felldu þessa tillögu, að minnast þess að ef ólánið ber að dyrum í kjördæmum ykkar verður svarið: Það er engin heimild til að koma til móts við ykkur. Þá skuluð þið muna eftir því hvað þið gerðuð fyrr í dag.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð við þessa þriðju og síðustu umræðu um frv. til laga um stjórn fiskveiða, enda hafa sjónarmið Kvennalistans komið fram við fyrri umræður málsins. Að vísu virðist vera um einhvern smámisskilning að ræða, sérstaklega með tilliti til ummæla hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég veit ekki almennilega hvort hann var að tala um tillögu Kvennalistans

þegar hann var að tala um að ríkið mundi selja veiðiheimildir, en ég ætla að lesa þá til skýringar hluta af því sem er á þskj. 218, sem eru brtt. frá Kvennalistanum, en hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr., skal skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára.

b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga."

Ég vil vekja athygli hv. þm. á þessu því að við höfum gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fengju úthlutað veiðiheimildum sem þau mundu síðan ráðstafa til aðila allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Við gerum ráð fyrir því að sveitarfélögin muni alls ekki bera neinn skaða af þessu, frekar að þau gætu selt veiðileyfi, hvort sem það yrði til útgerðaraðila í þeirra héraði eða jafnvel til annarra útgerðaraðila fyrir utan, en þá yrði þeim skylt að taka fé fyrir. Ég held því að þarna hljóti að vera um einhvern misskilning að ræða vegna þess að þarna erum við að boða til valddreifingar, aukins valds sveitarfélaga og að hagur þeirra verði betri eftir en áður.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu vegna þess að ég held að þarna hafi verið um misskilning að ræða af hálfu hv. þm.

Við höfum haft allt of stuttan tíma til að fjalla um þetta mál en við höfum verið mjög samvinnuþýð hérna og látið yfir okkur ganga að vinna hér bæði nótt og dag að þessum málum og þar af leiðandi hefur okkur tekist að afgreiða þetta frv. í gegnum 2. og nú bráðum 3. umr. frá deildinni á algjörum mettíma.

Ég lýsi stuðningi okkar kvennalistakvenna við brtt. á þskj. 495 frá hv. 5. þm. Vestf. Sighvati Björgvinssyni. Ég var reyndar búin að lýsa skoðun minni á svipuðum tillögum sem komu fram við 2. umr. Ég vil þó lýsa ánægju minni með það að það skyldi hafa verið prentvilla í skjalinu og að það eigi að kjósa níu manna nefnd en ekki bara sjö manna, eins og var á fyrsta plagginu, vegna þess að ég tel mikilvægt að allir þingflokkar fái aðild að þessari nefnd sem brtt. gerir ráð fyrir að verði skipuð. Í frv. sem er til umræðu er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að sjútvrh. skipi nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka. Brtt. gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi þessa nefnd. Það er líka gert ráð fyrir að nefndin hafi samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði og fleiri hagsmunaaðila en það er ekki neitt tilgreint í ákvæði til bráðabirgða sem er í frv. þannig að þetta er miklu fyllra og ákveðnara. Menn hafa væntanlega líka tekið eftir því þegar þeir hafa skoðað nánar það sem segir um hlutverk nefndarinnar, sem er talið upp í fjórum liðum, að það er orðrétt tekið upp úr stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, það er á bls. 8 og 9. Það er því ólíklegt annað en að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar muni samþykkja þessa tillögu. Það er varla hægt annað og lýsum við þar með stuðningi við þetta ákvæði í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.

Varðandi brtt. 496 frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem hann leggur til að orðið „ókeypis" falli brott er mér til efs að það sé hægt að skylda þá aðila sem talað er um í 17. gr. til að veita þær upplýsingar sem þar er gert ráð fyrir, hvort sem þær eru ókeypis eða ekki. Í hópi þeirra sem þarna gæti verið um að ræða eru t.d. kaupendur afla erlendis og umboðsmenn erlendis líka. Það er vafamál hvort við getum krafist þessara upplýsinga og það er kannski til marks um það hversu stuttan tíma við höfum haft til umfjöllunar um þetta mál að vafaatriði sem þetta skuli komið upp hérna við 3. umr. í deildinni. Að vísu uppýsti hv. 1. þm. Vestf. að þetta hefði verið rætt í nefndum hérna áður og að það hafi þótt ómögulegt að fella þetta orð í burtu, þetta „ókeypis". Ég veit nú ekki hvort maður á að tala um það grátandi eða ógrátandi hvers konar málsmeðferð þetta hefur haft ef það er búið að fjalla um þetta áður. Ég efast ekki um að það sé rétt sem hv. þm. hefur haldið fram, en einkennilegt er það ef það er orðið ástæða til þess að ekki megi breyta ákvæðum laga í frv. sem kemur frá ríkisstjórninni, ef Alþingi hefur ekki einu sinni leyfi til að fella út eitt einasta orð og reyndar kannski að athuga alla þessa grein hvort hún getur staðist yfirleitt, bara vegna þess að hún er komin frá ríkisstjórninni.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Nú er komið að lokum umræðna um þetta stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, lög um stjórnun fiskveiða. Við höfum orðið vitni að afgreiðslu á tillögum frá stjórnarandstöðu og ýmsum stjórnarþm. sem hafa ekki náð fram að ganga þrátt fyrir að margar þeirra hafi að okkar mati verið mjög til bóta. Núverandi stjórnun fiskveiða hefur sýnt sig í því að vera ekki það tæki til að vernda fiskistofna og tryggja okkur afla um framtíð sem ætlast er til með þeirri löggjöf.

Ég ræddi fyrr í dag möguleika á því að sjútvn. Nd. fengi tíma til að athuga nýfengnar upplýsingar sem liggja fyrir hjá Hafrannsóknastofnun um smáfiskadráp, en það hefur ekki fengist leyfi til þess eða tími að mati þeirra sem stjórna hér málum.

Í umræðum um frv. höfum við borgaraflokksmenn lagt áherslu á ákveðna hluti sem við töldum vera til bóta og ég heyri, þrátt fyrir að þær tillögur hafi ekki verið samþykktar, að þær hafa haft sín áhrif og þær eru vafalaust til bóta. Það verður að teljast slæmt þegar ekki má gefa slíku frv. nægan tíma þannig að það náist samstaða meðal þm. að mestu leyti og að þau lög sem eiga að gilda um stjórnun fiskveiða séu með samþykki meiri hluta Alþingis með miklu víðtækara samstarfi en verið hefur.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu en ég get þó ekki annað en vikið að máli þm. sem hafa talað

áður. Það er í fyrsta lagi 2. þm. Vestf. sem kom réttilega inn á þau meginmarkmið sem með þessum lögum hlýtur að vera stefnt að. Það er að vernda fiskstofna og fiskverndun.

Það er mjög brýnt að sú stjórnun sem fer fram með þessum lögum leiði til þess að við tryggjum okkur veiði um ókominn aldur, en það verður ekki séð að núverandi lög og þau lög sem nú er verið að samþykkja verði til þess að þessu markmiði verði náð, heldur þvert á móti. Ég hef áhyggjur af því að samþykkt þessara laga verði til þess að stjórnun fiskveiða verði engin. Hér er aðeins verið að úthluta kvótum til skipa á afla sem enginn veit hvort verður eða verður ekki. Aðalmálið, fiskverndunin og það að ala upp fiskstofna, hefur verið látið víkja. Umræða um það, fiskifræðilega þáttinn, hefur því miður ekki verið slík sem hún hefði átt að vera.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason sagði. Þær tillögur sem hann flutti hér voru vafalaust til bóta og hefði verið nær að samþykkja þær því að þær hefðu þó lagað sumt af því sem við höfum viljað bæta.

Ég vil á þessu stigi ekki ræða um málsmeðferðina því að hún hefur verið með þeim hætti að það er best að kjósendur fái að vita sem minnst um hana. Hins vegar get ég sagt að formaður sjútvn., hv. 1. þm. Vestf., hefur staðið sig með afbrigðum vel og ég er ánægður með það sem hann hefur gert, en hann hefur gert allt sem hann hefur getað til þess að við í sjútvn. höfum mátt vinna með sem bestum hætti.

Ég held að ég verði líka að víkja að grein í DV í dag þar sem hv. 5. þm. Vestf. ræðst mjög harkalega á Hafrannsóknastofnun. Ég hlýt að mótmæla því sem hann segir þar því ég tel að Hafrannsóknastofnun sé þrátt fyrir allt sá aðili sem veit hvað mest um þessi mál. A.m.k. höfum við þm. ekki meiri þekkingu en þeir menn á fiskverndun og meðan svo er verðum við að telja að þær niðurstöður sem þeir menn sem starfa þar komast að séu hvað réttastar. Þetta mikla smáfiskadráp er nefnilega áhyggjuefni, og ég held að ef fer sem horfir munum við innan tveggja ára jafnvel standa frammi fyrir því að þorskstofninn sé hruninn og þá er alveg sama þó að við höfum þessi lög. Þau eru ónýt því að meginmarkmið laganna, fiskverndun, hefur verið látið víkja og ekki verið nægilega sinnt. Það þarf að halda miklu fastar á þessu og með öðrum hætti, sem ég ætla ekki að koma inn á hér, ég hef talað um það áður, til þess að þau lög sem hér er verið að samþykkja nái þeim tilgangi sem við erum að stefna að, að tryggja okkur fiskafla til framtíðar en ekki til eins árs.

Það ár sem nú er nýliðið, 1987, hefur skapað falskt góðæri og nú er verið að samþykkja fölsk lög á þeim forsendum. Mikill afli hefur borist að landi og það verður að efast um það að það sé með öllu verjanlegt að moka upp öllum þessum smáfiski eins og gert hefur verið. Við munum komast að því, því miður, innan tveggja ára hvort þetta hefur verið rétt eða ekki, en þá verður það e.t.v. of seint og það verður dýru verði keypt.

Hæstv. forseti. Ég vil að svo mæltu ekki hafa þessi orð fleiri og hef lokið máli mínu.

Frsm. 2. minni hl. sjútvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Það eru aðeins fáein atriði sem mig langar til að nefna við 3. umr. þessa máls.

Ég tel að alvarlegustu ágallar frv., eins og það var samþykkt við 2. umr., varði sölu skipa, hömlulausa sölu skipa á milli landshluta og þar er ekki aðeins um skipasölu að ræða, heldur líka veiðirétt sem skapar eigendum fiskiskipa möguleika á að ná til sín gróða úr sameign allra landsmanna skv. 1. gr. frv. Þetta er í mínum huga alvarlegasti ágallinn á því verki sem hér er að fara í gegnum hv. þingdeild. Það var reynt að koma við hömlum, þótt veikar væru, í tillögu sem hv. 1. þm. Vestf. flutti í sambandi við 13. gr. frv., en það var fellt á jöfnum atkvæðum við atkvæðagreiðslu í dag.

Ég þarf ekki að hafa uppi stór orð um málsmeðferð eða frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna frv. eftir þá ádrepu sem hv. 1. þm. Vestf. hafði hér uppi um þau efni. Ég er ekki þar með að segja að við séum sammála um öll atriði þessa máls. Þó að við séum sammála um sumt greinir okkur á um annað, en spurningin stóð um það í dag í sambandi við atkvæðagreiðslu hvort menn vildu reyna að ná samstöðu og hún hefði raunar þurft að skapast fyrir þá atkvæðagreiðslu.

Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst, herra forseti, til þess að nefna það vegna ummæla hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar þar sem hann vék að þeirri hugmynd að sveitarfélögin í landinu eða aðilar heima fyrir, hann talaði um sveitarfélögin, hefðu forkaupsrétt að fiskiskipum áður en til sölu kæmi. Ég hreyfði þessari hugmynd í sjútvn. þessarar hv. deildar og bað um að það yrði kannað hvort ekki væri hægt að ná samstöðu um skipan af því tagi þannig að það gerðist ekki að sala skipa færi fram hjá án þess að viðkomandi sveitarfélög og aðilar heima fyrir kæmu þar vörnum við eða gætu skoðað málið til þess að halda skipi í viðkomandi höfn.

Ég fékk þau boð frá talsmönnum meiri hl. sjútvn. að á þetta væri ekki hægt að fallast svo að ég er ekki bjartsýnn, þrátt fyrir orð hv. 2. þm. Vestf. og áskorun um það að ríkisstjórnin taki á málinu út frá þessu sjónarhorni, á að það hljóti stuðning.

Hér liggja fyrir brtt. við 3. umr. frá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni og frá hv. 5. þm. Vestf. Sighvati Björgvinssyni. Ég tel að í tillögu þess síðarnefnda, tillögu hins fyrrnefnda styð ég, séu atriði í mörgum greinum sem hægt er að styðja, geri þó fyrirvara um 1. tölul. Ég þarf að athuga hann betur áður en til afgreiðslu kemur. Í sambandi við þær hömlur sem gert er ráð fyrir með brtt. við 14. gr., hömlur varðandi skipasölu, er þar um mjög vægt ákvæði að ræða og reynir nú á það hvort menn vilja taka eitthvað undir þau sjónarmið sem Alþb. lagði fram í sínum tillögum um byggðakvóta og ákvæðið um níu manna nefnd sem Alþingi kysi til

þess að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma þessara laga tel ég mjög eðlilegt og þau atriði sem gert er ráð fyrir að komi til athugunar á vegum viðkomandi nefndar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum og Alþb. í nál. og í fyrri umræðum og vísa til þess sem þar hefur komið fram.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð varðandi þær fsp. sem hér hafa komið fram og þau ummæli sem hafa verið viðhöfð, sérstaklega varðandi þær heimildir sem afgreiddar eru til viðkomandi ráðherra. Það hefur komið fram í orðum nokkurra þm. að með því sé verið að setja í vald ráðherra hvort viðkomandi heimildir séu notaðar eða ekki. Ég hef ekki áður heyrt slíkar skilgreiningar eða litið svo á að það væri ætlun löggjafans með slíkum heimildum að viðkomandi ráðherra gæti nánast notað þær að eigin vild, heldur væri það alveg skýrt að með því er löggjafarvaldið að leggja þær skyldur á viðkomandi ráðherra að nota slíkar heimildir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Og þannig er það að því er varðar bæði tillögur um ný skip eða það að afhenda öðrum aflaréttindi ákveðinna skipa.

Nú vil ég vekja á því athygli að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að sé skip selt fylgi því aðeins meðaltalsaflaheimildir, þ.e. ákveðin fiskveiðiréttindi sem eru meðaltalsaflaheimildir á viðkomandi stað. Skipinu fylgir ekki sá veiðikvóti sem það hefur haft áður. Þannig er það og hefur ávallt verið við sölu á fiskiskipum að þeim hefur fylgt veiðiréttur.

Nú er ég ekki með þessum orðum að gera lítið úr þeim vanda sem upp kann að koma í ákveðnum byggðarlögum, en ég tel það vera mjög vafasamt og í reynd óframkvæmanlegt að ætla að leggja það í vald ráðherra að meta slíka hluti. Ég ítreka þá skoðun sem ég hef áður komið fram með í þessum umræðum að ég tel að Alþingi eigi að taka á slíkum vandamálum og ráða fram úr þeim.

Það hefur sérstaklega verið nefnt í þessu sambandi að eitt ákveðið byggðarlag eigi nú í miklum vanda á Vestfjörðum, þ.e. Patreksfjörður. Ég tek undir það og mér er það ljóst að þetta byggðarlag á við mikinn vanda að stríða.

Þessi ákvæði, sem hér eru til umfjöllunar, munu ekki leysa vandamál þess byggðarlags. Þar eru skip fyrir og aðilar í fjárhagslegum erfiðleikum. Þessa fjárhagslegu erfiðleika þarf að leysa með skuldbreytingum, með aukningu á eigin fé og endurskipulagningu á rekstri, þannig að viðkomandi aðilar fái haldið sínum skipum. Það er verkefni m.a. Byggðastofnunar að taka á slíku máli og það er nauðsynlegt að sjá svo til að sú stofnun hafi til þess fjárhagslega burði og að bankakerfið í landinu og sjóðakerfið hjálpi þar til.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs var einkum fsp. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem ekki er viðstaddur, en ég vænti að það komi ekki að sök. (**HG:** Ég skal kalla á þm.) Já, kannski það væri rétt að hann hlustaði á svar mitt fyrst hann spurði. Ég ætla nú engu að síður að hefja það svar.

Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði í sambandi við allt eftirlit í landinu að þeir sem atvinnurekstur stunda séu skyldugir að láta í té nauðsynleg gögn. Þannig þurfa fyrirtæki í landinu að telja fram til skatts og skila upplýsingum og ég veit ekki til þess að nokkrum manni hafi dottið það í hug að það hafi verið fluttar um það tillögur að ríkissjóður greiði sérstaklega fyrir þessa hluti eða það sé reiknað með því að atvinnurekendum sé greitt fyrir það gjald. Þeir hafa vissulega farið fram á það, t.d. kaupmenn, hafa ætlast til þess að ríkissjóður borgaði þeim fyrir söluskattsuppgjör og talið að nauðsynlegt væri að ríkissjóður greiddi þeim innheimtulaun. Ég er því algjörlega andvígur og ég vænti þess að flestir hér á Alþingi séu því andvígir að farið verði að greiða atvinnurekendum fyrir nauðsynlegar upplýsingar. Það sem hér er átt við er eingöngu upplýsingar er varða framkvæmd og eftirlit með þessum lögum. (Gripið fram í.) Það er alveg út í hött hjá hv. þm. að fara að tala um kyngreiningu þorsks og beinafjölda og annað sem hann tilnefndi í því sambandi því að það er að sjálfsögðu ekki nauðsynlegt til þess að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga (**Gripið fram í:** Hver ákveður það?) og það kemur skýrt fram í lagagreininni. Ég tel ekki ástæðu til þess að svara hv. þm. í þessu efni því að þetta er svo fráleitt. En þetta ákvæði er sótt í önnur lög.

Í IX. kafla laga um tekju- og eignarskatt nr. 75 1981, með síðari breytingum, eru grundvallarákvæði um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir gagnvart innlendri skattlagningu. Í þessum kafla er a.m.k. fjórum sinnum beinlínis tekið fram að upplýsingar skuli veittar ókeypis. Til þessara laga er síðan vitnað í flestum öðrum lögum er varða innlenda skattlagningu og sagt að ákvæði þeirra gildi m.a. um eftirlitsheimildir og upplýsingaskyldu nema annað sé beinlínis tekið fram. Sums staðar eru tilvísanir enn nákvæmari. T.d. vísar 8. gr. launaskattslaga beint í fyrrnefnda 92. gr. og segir hana gilda varðandi launaskatt.

Í tollalögum nr. 55/1987, sem nýlega voru afgreidd hér á hv. Alþingi, eru sömuleiðis ýmis grundvallarákvæði að því er varðar skattlagningu á innflutning. Í þeim lögum eru einnig ákvæði um endurgjaldslausa þjónustu við eftirlitsaðila. Til þessara almennu ákvæða er síðan vísað í flestum lögum er varða innflutningsskatta. Það má segja að þetta ákvæði sé sótt til þessara fyrirmynda.

Nú er það sjálfsagt umdeilanlegt hvort það er nauðsynlegt að taka það fram að hér sé um ókeypis upplýsingar að ræða. Það má vel vera. En út af orðum hv. 1. þm. Vestf. sem gerði það að umtalsefni að menn teldu óskynsamlegt að taka þetta orð út, og ef það væri gert má að sjálfsögðu spyrja: Hver er vilji löggjafans, ef þetta orð verður tekið út? Er það vilji löggjafans með slíkri breytingu að þessir aðilar fái sérstaklega greitt fyrir slíkar upplýsingar

eða hver er tilgangurinn með því hjá löggjafanum að taka slíkt orð út? Ég vænti þess að hv. fyrirspyrjandi sé mér sammála um það að atvinnurekstrinn í landinu verður að veita stjórnvöldum nauðsynlegar upplýsingar, ókeypis, til þess að hægt sé að hafa nauðsynlegt eftirlit með starfsemi atvinnurekstrar í landinu. Því finnst mér nokkuð merkilegt hvað mikið hefur verið gert úr þessu eina orði og átta mig ekki á því hvað þar liggur að baki.

Ég ætla ekki að gera þetta frekar að umtalsefni og vænti þess að *ég hafi gefið hv. þm. nauðsynlegar* skýringar og vil að öðru leyti þakka fyrir málefnalega umræðu. Ég tek undir með þeim þm. sem hafa haldið því fram að hér hafi verið málefnaleg og góð umræða um þessi mál og ég vil mótmæla, ásamt fleirum, því sem hefur komið fram, m.a. í sjónvarpi, að hér hafi verið um málþóf að ræða. Ég hef lengi verið hér á Alþingi og fylgst með umræðum en það er langt frá því að hér hafi átt sér stað nokkurt málþóf. Ég sé að sjónvarpið er hér viðstatt og ég vil mótmæla þeim ummælum sérstaklega.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna síðustu orðum hæstv. sjútvrh. og tek undir hans mótmæli í sambandi við fréttaflutning sjónvarpsins eins og hann barst mér til eyrna. (**Gripið fram í:** Ekki veitir af.) Ekki veitir af, segir hæstv. ráðherra. Það er rétt, það veitir ekki af. Hitt er annað mál að ég harma það að ekki skyldi vera farið meira eftir tillögu minni, munnlegri þó, að umræða um þessi sjávarútvegsmál skyldi látin niður falla eftir ummæli og tilkynningu hæstv. utanrrh. í dagblaðinu *Tímanum* 30. des. *þar sem hann lýsti því* yfir að þegar væri ákveðið hvernig meðferð mál, sem ekki var í afgreiðslu heldur í umræðu á Alþingi, skyldi fá og að engar breytingar mundu samþykktar nema sjútvrh. samþykkti þær sjálfur. Ég segi „sjálfur" til að undirstrika hans mikla veldi í þessum málum. Og þá er komið að því: Hvers vegna hefur stjórnarliðið verið að tefja umræður? Af hverju var umræðum ekki hætt? Það er alveg ljóst af atkvæðagreiðslu að málin fara í þann farveg sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í umræddu eintaki af dagblaðinu *Tímanum*. Ég held að það hefði þá verið hægt að taka upp tillögu sem sett var fram í gríni af einum hv. þm. í Ed. þegar málið var þar til umræðu um að koma með nýtt frv. þar sem 1. gr. hljóðaði svo: Sjútvrh. er einráður um stjórnun fiskveiða. 2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi. Það hefði sparað Alþingi mikla vinnu og ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut.

Ég lýsi stuðningi mínum við brtt. þá sem birst hefur hér á þskj. 496 frá Steingrími J. Sigfússyni við 17. gr. þar sem orðið „ókeypis" falli brott. Ég er að *reyna að skilja þessa 17. gr. Þar segir:*

„Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla ..." Nú eru kaupendur afla bæði innlendir og erlendir. Erum við að setja íslensk lög yfir erlenda menn sem versla við okkur? Ég held að við mundum telja það skref aftur á bak ef við þyrftum að hlíta sams konar lögum þeirra sem selja okkur vörur hingað þó að sjálfsögðu útflytjendur hvar sem er verði að hlíta lögum síns lands þegar þeir versla við aðila erlendis hvaðan sem þeir afgreiða sínar vörur.

Ég furða mig líka á því að hæstv. sjútvrh. skuli vilja hafa frv. orðað eins og það er með öllum þeim heimildarákvæðum sem mér er sagt og ég hef heyrt sagt hér úr ræðustól að séu um 30, heimildarákvæði í þessu frv. um fiskveiðar, um stjórn fiskveiða. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að honum beri skylda til að nota þessar heimildir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimild þýðir að hann má ef hann svo ákveður nota heimildirnar til að setja svona lög einsamall. En honum ber ekki skylda til að nota þær. Þá væri þetta orðað þannig: Að fullnægðum ákveðnum skilmálum eða skilyrðum skal ráðherra gera þetta og gera hitt. En orðalagið er ekki þannig að honum beri skylda til að gera nokkurn skapaðan hlut frekar en hann svo kýs.

Það er vitnað í önnur lög af ráðherra þegar hann talar um 17. gr. *þar sem útgerðarmönnum*, skipstjórnarmönnum, kaupendum afla og umboðsmönnum og útflytjendum og öllum aðilum sem nálægt okkur koma í viðskiptum um okkar aðalútflutningsvöru og aðalframleiðsluvöru sem þjóðin lifir á og að þeir aðrir aðilar verði að hlíta því að vinna kauplaust. Er það til sóma fyrir þjóðfélagið að vera með lög sem skylda þegnana eða hluta af þegnunum til að vinna kauplaust? Ef hæstv. veiðimálaráðherra fer að gera því skóna eða gefa í skyn að kaupmenn séu ánægðir með það að innheimta *bróðurpartinn af ríkissjóðstekjum án þóknunar er* það mesti misskilningur. Viðskiptaaðilar allir — ég kalla þá viðskiptaaðila, þessa þræla ríkissjóðs sem við köllum í daglegu tali kaupmenn eða atvinnurekendur — hafa mótmælt í gegnum tíðina þessari þvingun með lögum til þess að innheimta fyrir ríkissjóð bróðurpartinn af ríkissjóðstekjunum. Ég undirstrika það um leið og ég segi þetta að allir aðrir innheimtuaðilar ríkissjóðstekna um land allt, og flestir eru það lögfræðingar og gæta hagsmuna hver annars, fá ákveðna prósentu fyrir að innheimta *söluskatt eða aðrar ríkissjóðstekjur svo að þetta er*, má segja, með eindæmum að ráðherra skuli svo koma hingað upp til að hæla sér af því að vera að setja viðbótarfjötra á nýjar stéttir sem verða að vinna kauplaust. Þegar mælt er með þessum aðförum er talað eins og hér sé um einu innheimtuna frá atvinnurekstri að ræða til þess að standa undir eftirliti með atvinnurekstrinum sjálfum. Það verður hæstv. ráðherra að viðurkenna og ríkisstjórnin öll að er ekki rétt vegna þess að þetta eru viðbótarskattar á atvinnurekstrinn til þess að standa undir þessu *eftirliti sem annars á náttúrlega, eins og um öll* önnur lög sem Alþingi setur, að kosta af Alþingi sjálfu eða ríkissjóði, af skatttekjum, hvort sem það er fyrirtækjanna eða skatttekjum af þjóðinni í heild, en ekki á að hlaða á einstaklinga og atvinnurekstrinn viðbótarsköttum. Skattarnir eru orðnir það

margir og margslungnir og þungir fyrir einstaklinga og fyrirtæki, svo að ég tali nú ekki um að verðið á þeim vinnutækjum, sem ég kalla peninga því að þeir eru ekkert annað en verkfæri þjóðfélagsins, er orðið svo hátt að atvinnureksturinn er að sligast undan þessum álögum öllum saman. Og vitið þið hvað það þýðir, herrar mínir, og frúr svo að ég gleymi því nú ekki? Það þýðir einfaldlega það sem merkur maður, einn af okkar merkustu þjóðfélagsþegnum, hefur boðað í langan tíma og hann heitir Gísli Sigurbjörnsson og það skal enginn vefengja hans ágæti. Hann segir:

„Herrar mínir. Innan tíðar verður bankað á dyrnar. Og þegar þið opnið stendur lítil dama fyrir utan sem vill tala við ykkur. Og hún heitir fröken Neyð. Og þessi fröken Neyð er okkur öllum yfirsterkari og öllum okkar samþykktum þannig að við skulum reyna að fara að haga okkur eins og menn. Við skulum reyna að fara að nýta góðærið öðruvísi en að eyðileggja það, áður en litla fröken Neyð bankar og við verðum að lúta hennar vilja, hvort sem við viljum eða viljum ekki."

Hæstv. sjútvrh. gat því miður um að í tollalögum, m.a., væri gert ráð fyrir að viðskiptaaðilar ríkisins, innflytjendur, þyrftu sjálfir að standa undir kostnaði við eftirlit með sjálfum sér. Þetta er rétt. En þvílík hneisa. Þvílík hneisa þar sem árangurinn af eftirliti einkaaðila með sjálfum sér, ég geri ráð fyrir að hann sé að vitna þar í tollvörugeymsluna, er svo miklu betri en eftirlitið hjá tollinum sjálfum þar sem einkaaðilar og fyrirtæki borga ekkert annað en tollana, ekki eftirlitið með sjálfum sér að því leyti og að því marki sem gert er í tollvörugeymslunni. Það er aukagjald sem er hrein hneisa að taka af þeim eftirlitsaðilum sem skila hér um bil 100% — ég þori ekki að fullyrða meira, ef ég væri ekki á Alþingi mundi ég fullyrða að það væru 100% — til tolls og til gjalda af því sem inn kemur í geymsluna. Svo lítil er rýrnunin þar þegar rýrnunin er alls staðar þar sem tollurinn sjálfur er ábyrgur fyrir eftirlitinu.

Nei, ég tel að Alþingi eigi sjálft að sjá sér fyrir tekjum og standa undir þeim útgjöldum sem Alþingi skapar með svona samþykktum eins og þessi 17. gr. er með orðinu „ókeypis" innanborðs og ég legg til að það verði fellt. Ég mun alla vega beita mér fyrir því að í mínum flokki náist sú samstaða sem við erum þekkt fyrir til þess að fella þetta orð út.

Hér liggja fyrir tillögur hv. 5. þm. Vestf., brtt. við frv. til laga um stjórn fiskveiða, á þskj. 495. Svo furðulegt sem það er er hægt að standa svo illa að málum hér á hv. Alþingi að stjórnarandstaðan sjái sér hag í því þjóðarinnar vegna, til að forða frekari skandala ef ég má nota það orð, frekari skaða, tjóni, að standa að tillögum sem koma eiginlega beint úr stefnuskrá stjórnarliða. Hér er undir 3. lið: „Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo: Alþingi skal kjósa níu manna nefnd", og síðan kemur upptalning á því hvað sú nefnd á að gera og það er í fjórum liðum sem eru orðrétt teknir upp úr stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Ég mun líka beita mér fyrir því innan míns flokks og ég get reynt að hafa áhrif á aðra stjórnarandstæðinga — og suma stjórnarliða líka — til þess að þeir samþykki stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, því það er hugsanlegt að hægt sé að koma fram þessum tillögum sem byggðar eru að verulegu leyti á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og eru frá formanni fjvn., fyrrv. fjmrh. Alþfl. Það hlýtur að vera Alþfl. stuðningur að vita að hann hefur einhverja samstarfsmenn í þessu máli.

Sem sagt, svo illa getur stjórnarliðið farið með sjálft sig, úr því að þeir ekki vildu fara að ráðum hins reyndasta alþm., og ég tala nú ekki um alþm. í sjávarútvegsmálum, Matthíasar Bjarnasonar, að stjórnarandstaðan sjái sér hag í því að samþykkja stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem við höfum öll í stjórnarandstöðunni barist á móti.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni nema tilefni gefist, en það er stjórnarliðið sem hefur dregið þessar umræður um nokkra daga, dregið þær má segja frá 30. des. þegar ljóst var að samkomulag var orðið með forustuliði ríkisstjórnarinnar og þar með stuðningsliði ríkisstjórnarinnar öllu, því að forustuliðið plús sjútvrh. eru fjórir ráðherrar sem hafa náð samkomulagi um að þessi lög sem hafa verið í nokkra daga hér á dagskrá skyldu fara óbreytt frá því sem sjútvrh. ákvæði sjálfur gegnum Alþingi og það er reyndin miðað við þá vinnu sem þegar er búin í þessu máli. Það hefði verið hægt að spara nokkurra daga umræðu um málið hefði ríkisstjórnin verið nógu heiðarleg til þess að draga málið út af dagskrá eftir ummæli hæstv. utanrrh.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara að tefja þessa umræðu. En áður en ég ræði um Byggðastofnun og hlutverk hennar og möguleika ætla ég aðeins að segja það að ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi tekið eftir ræðu hv. 1. þm. Vestf. áðan þegar hann var að lýsa ástandinu úti um land. Ég hef lýst þessu margoft áður hér á Alþingi og mér hefur heyrst það á sumum a.m.k. að þeir teldu það ýkjur sem ég hef bent á og sagt hér um þessi málefni. Það er hins vegar athyglisvert að 1. þm. Vestf., hv. þm. Matthías Bjarnason, sagði alveg það sama. Og ég trúi ekki öðru en einhverjir kippist við.

Það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan um hlutverk Byggðastofnunar er alveg rétt en þá verður að standa þannig að málum að Byggðastofnun hafi fjármagn, hafi möguleika á að leysa þessi risavöxnu vandamál sem til hennar hafa komið og munu koma. Og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að hugleiða það mál. Það er verið að benda Byggðasjóði á það að afla fjármagns hér á innlendum markaði með þeim kjörum sem allir vita hvernig eru. Það væri allt annað fyrir atvinnureksturinn, a.m.k. ef gengið verður stöðugt og jafnvel þó að það mundi eitthvað breytast, þá mundi hjálpin verða allt önnur ef þeir gætu sætt þeim kjörum sem hægt er fá nú á er-

lendum lánsfjármörkuðum. Þetta þarf að skoða.

Ég hef áður rætt um það í þessum ræðustól í sambandi við landbúnaðinn að hann verður að taka sín rekstrarlán öll hér innan lands. Hins vegar fær Áburðurverksmiðjan að taka sín rekstrarlán fyrir innlenda framleiðslu á erlendum lánsfjármörkuðum þó að bændur njóti þess nú í engu, heldur eru lánin með afurðalánavöxtum. Það verður, ekki síst þegar syrtir í álinn hjá atvinnurekstrinum, bæði landbúnaði og sjávarútvegi, að reyna að rétta hjálparhönd á eins hagstæðum kjörum og mögulegt er að fá.

Ég ætla mér ekki að taka til máls um lánsfjárlögin og þess vegna nota ég tækifærið að minnast á þetta hér. Ég skora á fjh.- og viðskn. að athuga mál Byggðastofnunar og athuga þessi mál gagnvart atvinnurekstrinum.

Að öðru leyti læt ég máli mínu þá lokið.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt og ítarleg umræða um mörg atriði í því máli sem er til umfjöllunar eins og vera ber. En ýmsir hafa haft á orði í þessari umræðu að of lítið hafi verið fjallað um grundvallaratriði fiskveiðistefnunnar og þær forsendur sem hún byggir á, að þessi atriði hafi fallið í skuggann af ýmsum útfærsluatriðum. Ég get í sjálfu sér tekið undir það þó að það sé skiljanlegt að umræða um útfærsluatriði geti verið allmikil og tímafrek.

En sumir þeirra sem hafa minnst á þennan skort, ef ég má orða það svo, á umræðu um grundvallaratriði hafa jafnframt sérstaklega gagnrýnt sumar þær undirstöður sem stefnan er byggð á og þar á ég við þær hafrannsóknir sem hér eru framkvæmdar og þær álitsgerðir sem birtast frá þeirri stofnun. Ég ætla ekki að fjalla neitt sérstaklega um það atriði, enda getur sú stofnun gert grein fyrir sér sjálf. Ég vil engu að síður benda á að þótt fiskstofnarannsóknir séu ekki nákvæm vísindi er þó það sem þar birtist eitt af því skásta sem við höfum til þess að byggja stefnumörkun okkar á. Í því sambandi verða menn vitaskuld að hafa í huga að í skýrslum Hafrannsóknastofnunar birtast ekki einungis spár um framtíðina, og við höfum reyndar reynslu af því að ýmsar spár sem okkur eru birtar, hvort sem þær eru á sviði efnahagsmála eða annarra atriða, eru oft ekki mjög nákvæmar, heldur birtist líka í skýrslum þeirrar stofnunar yfirlit yfir liðinn tíma, yfir það sem hefur verið að gerast í raun, m.a. um samsetningu á afla, t.d. eftir aldri og þyngd. Þær staðreyndir höfum við þá í öllu falli fyrir okkur í skýrsluformi um leið og við höfum þær í raun fyrir augunum á degi hverjum í þeim afla sem berst á land og í þeim fregnum sem við höfum af miðunum. Þetta finnst mér nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar um þetta er fjallað.

Við megum aldrei gleyma því að markmið fiskveiðistjórnunarinnar er að tryggja eftir föngum hagkvæma nýtingu fiskstofnanna og þó að þessi markmið hafi ekki náðst eins og æskilegt hefði verið á undanförnum árum skulum við vona að betur takist til í framtíðinni. Það að ná ekki þessum markmiðum varðar ekki eingöngu það að heildaraflamagn hafi farið fram úr þeim mörkum sem menn settu sér. Það varðar ekki síður samsetningu aflans og vaxandi dráp á smáfiski sem að mínum dómi er mikið áhyggjuefni og mikið alvörumál.

Nú undir lok þessarar umræðu minni ég á í þessu sambandi að Alþfl. leggur ríka áherslu á örugga stjórnun fiskveiða og varúð í umgengni við þessa viðkvæmu auðlind. Til þess að tryggja bæði viðgang fiskistofnanna og hagkvæma nýtingu teljum við mjög mikilvægt að smáfiskur sé verndaður eftir mætti og dregið úr því smáfiskadrápi sem viðgengist hefur augljóslega á undangengnum árum í vaxandi mæli.

Að endingu, herra forseti, vil ég ítreka einmitt þessi sjónarmið og beina því sérstaklega til hæstv. ráðherra að hafa markmiðin í huga, hafa þau ríkulega í huga í framtíðinni, og nota þau tæki sem hann ræður yfir, og þau eru reyndar æðimörg, til þess að tryggja þessi grundvallarmarkmið svo mikilvæg sem þau eru.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég bjóst ekki við því að þessi „ókeypis“umræða yrði jafnfyrirferðarmikil hér við 3. umr. málsins eins og raun ber vitni og í mínum huga var það ekki í sjálfu sér stórmál. Ég hafði jafnvel ímyndað mér að það væri svo tiltölulega einfalt og saklaust atriði að fella þetta orð niður að það gæti orðið ásættanlegt, enda vissi ég ekki forsögu málsins, sem sé þá forsögu að úr því að orðskrípið slæddist þarna inn í frv. í upphafi var það orðið grundvallarbaráttuatriði að halda því þar. Hefði það hins vegar aldrei lent þarna inn skilst mér að það hefði í sjálfu sér verið saklaust að greinin hefði staðið án orðsins, bara ef engum lifandi manni hefði verið um það kunnugt að það hefði komið þarna til tals.

Ég tek það fram að að sjálfsögðu er ég ekki með mótmælum mínum við því að hafa þetta orð inni í þessu samhengi að gera því skóna eða leggja til að það eigi ævinlega að gjalda fyrir upplýsingar af þessu tagi, það er langt í frá. Innan hóflegra marka er að sjálfsögðu eðlilegt að menn leggi fram upplýsingar til að auðvelda framkvæmdarvaldinu sín störf, enda eru um það fordæmi sem hæstv. ráðherra upplýsti hér um og ég þakka honum fyrir og er auðvitað rétt að í sambandi við skattalög og sjálfsagt víðar eru á afmörkuðum sviðum ákvæði um tilteknar upplýsingar, sem menn skuli láta af höndum ókeypis, þ.e. upplýsingar úr bókhaldi, upplýsingar um tekjur og gjöld o.s.frv. Þetta á bæði við um einstaklinga og fyrirtæki.

Ég tel hins vegar að hér sé um miklu víðtækari og opnari heimild að ræða en svo að unnt sé að bera þetta saman. Ég tel því enn að það sé eðlilegast að fella þetta orð niður. Það má gera samfara yfirlýsingu um að eftir sem áður sé ekki gert ráð fyrir því að greiðsla komi fyrir slíkar upplýsingar nema

sérstakar ástæður mæli með. Þess vegna ætla ég að flytja, herra forseti, varatillögu við þá brtt. sem ég lagði fram á þá leið að verði það fellt að orðið „ókeypis" falli út úr 17. gr. komi til vara orðalag af því tagi að útgerðarmenn, skipstjórnarmenn o.s.frv. sem upp eru taldir í greininni skuli láta ráðuneytinu í té án endurgjalds, nema sérstakar ástæður mæli með, þær upplýsingar o.s.frv. Ég vil m.ö.o. fá það alveg á hreint við atkvæðagreiðslu um slíka varatillögu, ef hin skyldi verða felld, að ráðherrann vilji ekki hafa heimild til þess, vilji undir öllum kringumstæðum að allar upplýsingar sem ráðuneytið kynni að telja sig þarfnast til framkvæmdar fiskveiðistefnunni skuli látnar í té ókeypis hvað sem tautar og raular. Það verður skemmtileg prófraun á það hvort hæstv. ráðherra sjálfur eða einhverjar stjórnarliðar gætu fallist á það að það sé e.t.v. ekki ástæða til þess að hafa þetta ákvæði algerlega fortakslaust og án undantekninga þó að mönnum sé það greinilega kært.

Ég tel afar óheppilegt með tilliti til samsetningar þessara aðila sem þarna eru taldir upp og með tilliti til þess að hér geta verið margs konar upplýsingar á ferðinni og þær skuli tilreiddar alveg í sérstöku formi sem ráðuneytinu þóknast að setja upp sé ekki heimilt alveg án undantekninga að greiða fyrir slíkt, greiða þolanda kostnað sem af slíku kynni að leiða. Ég held að það hlyti að vera heppilegra fyrir hæstv. ráðherra og gera honum lífið léttara og e.t.v. verða til þess að hann gæti brosað oftar í starfi sínu að hafa þó heimild til þess að geta greitt fyrir slíka hluti ef aðstæður mæla með. Þess vegna er þessi varatillaga flutt ef svo ólíklega vildi til að menn fallist ekki á að samþykkja hina fyrri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 495,1 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SV, AG, GHelg, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ.

nei: StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, JK.

SJS, AðB, EH, FÞ, GeirG, HG greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (ÞP, GB, RA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Um 1. tillgr. vildi ég segja að það er m.a. verkefni þeirrar nefndar sem skv. Ákvæði I til bráðabirgða í frv. skal vinna að endurskoðun laganna að gera tillögur um tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki verði bundnar við skip. Ég treysti því að í fyrsta áliti þessarar nefndar verði tekið á því máli sem hreyft er í 1. og 2. tillgr. og segi því nei.

Brtt. 495,2 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, EH, FÞ, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ, SighB, SV, SJS, AðB.

nei: AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, KrP, ÞP, JK.

3 þm. (GB, RA, ÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 496 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HG, HJ, IBA, MB, ÓÞG, SighB, SJS, AðB, AG.

nei: GGH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, JK.

GeirG, KE, KH, MálmS, SV greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (GB, RA, ÞÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að ráðherra beiti ekki valdi sínu af jafnmiklu miskunnarleysi og fulltrúi sýslumanns í sögunni um hvíta snjóinn í Rússlandi segi ég nei.

Brtt. 496 (varatillaga) felld með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, ÓÞG, SJS, AðB, AG, GeirG, HG, HJ, IBA.

nei: JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, GGH, GGÞ, GuðnÁ, JK.

KE, KH, MálmS, ÓÞÞ, SighB, SV, GHelg greiddu ekki atkvæði.

3 þm. (RA, ÞP, GB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi varatillaga fjallar um að heimilt verði að víkja frá þeirri meginreglu 17. gr., sem ákveðin hefur verið, að upplýsingar skuli látnar í té ókeypis ef sérstakar ástæður mæla með. Ég tel skynsamlegt að slíkt svigrúm, slík heimild sé fyrir hendi. Það undrar mig stórlega ef hv. alþm. sjá ástæðu til að fella að slíkt heimildarákvæði sé fyrir hendi. Ég segi já.

Brtt. 495,3 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, AðB, AG, EH, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, PJ, RA, SighB, SV.

nei: KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, JK.

FÞ greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (ÞÞ, GB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir hans umburðarlyndi og líka þingdeildinni. Allt er þegar þrennt er. Í þessari 3. tillgr. hv. 5. þm. Vestf. eru talin upp nokkur stjörnumerkt efnisatriði sem taka skuli afstöðu til við ráðgerða endurskoðun laganna. Þessi atriði eru reyndar öll tekin orðrétt upp úr starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Með tilliti til þessa og með tilliti til þess að í ákvæði til bráðabirgða I í frv. eins og það var samþykkt fyrr í dag eftir 2. umr. í þessari hv. þingdeild, reyndar þá með 25 shlj. atkv., felst að mínum dómi að endurskoðunarnefndin sem þar er ákveðin skuli taka afstöðu til allra þessara atriða segi ég því nei.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef áður lýst afstöðu minni til þess að ég telji allt eins eðlilegt að ráðherra skipi í þá nefnd sem hér um ræðir, en að því er efnisatriði varðar og upp eru talin í þessari till. eru þau öll í stjórnarsáttmálanum og væntanlega gulltrygg og tillagan þess vegna óþörf. Ég segi nei.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það má nú segja að í þessari atkvæðagreiðslu skipist veður í lofti. Hér var lögð fram tillaga sem orðrétt er úr stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, bls. 8 og 9, og miklu meira en einhverjar stjörnuupptalningar. Greinin er orðrétt svo til öll upp úr stjórnarsáttmálanum. Þá víkur svo við að stjórnarliðar fella sinn eigin stjórnarsáttmála, en stjórnarandstaðan lítur svo á að hún sé skynsamleg.

Þetta, herra forseti, tel ég að sýni með hverjum ósköpum sú afgreiðsla hefur verið sem fer fram á þessu fiskveiðalagafrv. þegar hv. stjórnarsinnar eru svo niðurnegldir í afstöðu sinni að þeir geta ekki einu sinni greitt atkvæði með sinni eigin stefnuskrá.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég var ein af þeim sem nú fyrir stundu studdu þennan umkomuleysingja ríkisstjórnarinnar, stjórnarsáttmálann, það atriði hans sem er hvað skynsamlegast. Ég vil beina þeirri fsp., svo að enginn misskilningur sé uppi, til hæstv. forseta, og þá ekki síst vegna orða hæstv. dómsmrh. og raunar fleiri hv. þm., sem vísuðu til þess að ákvæði þetta væri í stjórnarsáttmála, þess vegna tæki ekki að gera það að lögum: Felst í þessum orðum hæstv. dómsmrh. að stjórnarsáttmáli meiri hlutans hafi svo til lagagildi?

Brtt. 495,4 felld með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS, ÓÞG, RA, SighB, SV, SJS, AðB, AG.

nei: ÁrnG, SP, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, KrP, ÞP, AS, JK.

FÞ, PJ greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (GB, ÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu þar sem ég sat áður hjá í atkvæðagreiðslu vegna till. frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni þar sem um var að ræða tæmandi talningu á skipum þeim, tíu talsins, er fórust á árunum 1983–1984. Í till. sem hér er um að ræða frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni er aðeins gert ráð fyrir þremur skipum árlega og auk þess er um mismun að ræða eftir byggðarlögum. Ég segi því nei við þessari brtt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Skv. till. er lagt til að á gildistíma laganna, þ.e. á þremur árum, sé leyfilegt að láta þrjú skip koma í stað þeirra skipa sem fórust á árunum 1983–1984. Það eru alveg áreiðanlega fullkomin rök fyrir því með þessi þrjú skip og ég harma mjög hvernig þm. virðast vera rígbundnir í atkvæðagreiðslu hvernig sem tillögurnar eru. Það má eiginlega segja að þennan stjórnarsáttmála eigi að skoða alveg öfugt, þ.e. það eigi ekki að fara eftir honum heldur öfugt við það sem þar stendur, sbr. atkvæðagreiðsluna um till. nr. 3 og vextina og fleira mætti upp telja. Ég segi já.

Frv. samþ. með 24:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, JK.

nei: ÓÞG, RA, SighB, SJS, AðB, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MB, MálmS.

SV greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (ÞÞ, GB) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég tel mjög miður að engar þeirra brtt. sem fluttar voru á þskj. 479 af hv. 1. þm. Vestf. skyldu ná fram að ganga við 2. umr. og síðar við þessa umræðu eins konar varatillögur sem fram komu á þskj. 495. Með samþykkt á sumum þessara tillagna hefði mátt bæta úr nokkrum þeirra ágalla sem við blasa á því viðamikla stjórnkerfi sem hér er verið að lögfesta. Eigi að síður ber að meta að frv. hefur tekið verulegum breytingum til bóta í meðförum Alþingis, fyrst í hv. Ed. og síðar í þessari hv. deild. Þetta á þó einkum við um réttindi og hagsmuni smábáta, en um þau mál hafa verið samþykktar brtt. sem m.a. komu fram eftir að ég lauk ræðu minni í gær við 2. umr.

Þrátt fyrir að ég hafi áhyggjur af ýmsum þáttum þessa máls, þar á meðal þriggja ára gildistíma laganna, tel ég eftir atvikum rétt að styðja frv. við lokaafgreiðslu þess. Þetta er gert af minni hálfu með tilliti til þeirra lagfæringa sem orðið hafa á frv. í meðförum Alþingis, með tilliti til yfirlýsinga hæstv.

sjútvrh. um að gætt verði hagsmuna vinnslustöðva við setningu reglugerðar um veiði á úthafsrækju og með tilliti til þess að tæplega kemur til greina að leggjast gegn því að lög séu sett um stjórn fiskveiða. Þess vegna segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Fyrir liggur síðan síðla sl. vetur samþykkt kjördæmisþings Alþfl. á Vestfjörðum þar sem því er lýst yfir að kjördæmisþingið og kjördæmisráð Alþfl. geti ekki stutt áframhaldandi kvótakerfi eins og var í gildi á sl. tveimur árum. Engu að síður hefði ég treyst mér til að standa með frv. ef eitthvað af þeim tillögum sem við fluttum, hv. 1. þm. Vestf. við 2. umr. og ég við 3. umr., hefði fengist samþykkt. Svo er ekki. Eftir ítrekaðar áskoranir úr mínu kjördæmi og þá samþykkt um afstöðu kjördæmisþings Alþfl. sem fyrir liggur segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þm. Alþb. hafa flutt margar veigamiklar brtt. við þetta frv. til l. um stjórn fiskveiða í samræmi við þá fiskveiðistefnu sem flokkurinn hefur mótað. Allar þessar brtt. sem og flestar þær brtt. aðrar sem til bóta hefðu verið hafa nú verið felldar. Þetta frv., sem snertir ríkulega hag allra landsmanna og landsbyggðarinnar sérstaklega, er því enn svo meingallað að þm. Alþb. geta ekki staðið að lögfestingu þess. Ég segi nei.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Með tilvísun til greinargerðar hv. 2. þm. Norðurl. v. segi ég já.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að öll él birti upp um síðir segi ég já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Við í Borgarafl. höfum flutt fjöldann af brtt. sem hefðu verið til bóta við þá stjórn sem þessi lög eiga að framkvæma. Þær hafa allar verið felldar og fleiri þær tillögur sem hér hafa verið bornar upp og hafa þær þó verið til bóta við frv. eins og það er.

Við höfum einnig bent ítrekað á að frv. nær ekki þeim markmiðum sem því er ætlað að gera, þ.e. að stjórna veiðunum og stuðla að fiskvernd. Ég segi því nei.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Í trausti þess að skynsamlega verði staðið að málum í sambandi við nefnd þá sem talað er um í ákvæði til bráðabirgða þannig að hún megi verða okkur úti um betra fyrirkomulag um stjórn fiskveiða en við búum við í dag segi ég já.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Enda þótt frv. hafi tekið nokkrum breytingum til batnaðar í meðförum þingsins er það alls óviðunandi og með tilvísan til alls þess sem fram hefur komið af hálfu kvennalistakvenna í umræðum um frv. bæði í Ed. og Nd. og með tilvísan til brtt. okkar segi ég nei.

Frv. endursent Ed.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þess skal getið áður en hv. 4. þm. Norðurl. e., sem ekki hafði lokið sinni ræðu, hefur sitt mál um lánsfjárlög að ætlunin er að freista þess að koma því máli til nefndar á þessum degi og mun þá ekki verða um meiri fundarhöld að ræða hér í þessari deild fyrir helgi ef slíkt tekst. Hafði ég hugsað mér, ef þessari umræðu verður ekki lokið fyrir kvöldmat, að gefa kvöldmatarhlé í tvo tíma og hefja fund aftur kl. 9.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Nú er nóg komið. Ég tala hér eingöngu fyrir mig og mun ekki hafa áhrif á neina af mínum mönnum, en ég mun ekki mæta hér á fundi eftir kl. 7 í kvöld.

Lánsfjárlög 1988, frh. 1. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 393.

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Það mætti út af fyrir sig segja nokkur vel valin orð um þá tilhögun þinghaldsins sem hér er látin yfir okkur hv. þingdeildarmenn ganga. Hér var tekið á dagskrá í morgun frv. til lánsfjárlaga en sú umræða var hins vegar skyndilega rofin í miðri ræðu til að koma á atkvæðagreiðslu og hefja síðan umræður um kvótafrv. Það gekk einmitt yfir þann ræðumann sem hér er í stólnum að verða að hætta í miðri ræðu og þurfa svo að taka til máls hér allmörgum klukkustundum síðar eftir þrotlaust fundarhald og langar og stífar atkvæðagreiðslur. Jafnframt er boðað af hálfu forseta að þessari umræðu verði fram haldið þangað til yfir lýkur.

Ég vil segja það að vissulega er þetta mál sem hér er til umræðu, frv. til lánsfjárlaga, búið að fá sína umfjöllun í Ed. en á meðan á vegferð þess í gegnum þingið stendur hafa ýmsar aðstæður breyst í þjóðfélaginu. Nýjar upplýsingar hafa komið fram um stöðu þjóðmála og efnahagsmála sem hljóta að hafa áhrif á umfjöllun Alþingis um þetta mál sem er væntanlega síðasta stóra málið á sviði efnahagsmála yfirstandandi árs sem fer hér í gegnum hið háa Alþingi.

Hér er einnig settur rammi um umfang efnahagsstarfseminnar á þessu ári í mjög veigamiklum atriðum þar sem eru heimildir til lántöku bæði utan lands og innan. Það er því óhjákvæmilegt ekki aðeins að ræða þetta mál talsvert heldur einnig að ráðrúm gefist til að fá til viðtals við fjh.- og viðskn. deildarinnar ýmsa aðila, eins þótt þeir hafi hugsanlega komið til viðræðna við hv. fjh.- og viðskn. Ed. fyrir e.t.v. langleiðina í mánuði síðan, þegar aðstæður voru talsvert aðrar í efnahagsmálum en nú eru.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á, eins og ég var að hefja mál mitt á hér fyrir hádegið, að það eru tveir þættir einkum og sér í lagi sem nauðsynlegt er að ræða og fá upplýsingar um, burt séð frá efnisatriðum frv. í einstökum greinum. Það eru annars vegar upplýsingar um afdrif lánsfjármálanna á sl. ári, hvernig lánsfjárlög síðasta árs stóðust og í hverju ekki, og hitt atriðið eru sjálfar efnahagshorfurnar.

Varðandi það fyrra hefur nýlega verið upplýst af Seðlabankanum í Hagtölum að lántökur fóru langt fram úr áætlun ái fyrra svo nam 4250 millj. kr. erlendis og er þar að mestu leyti um að kenna lántökum einkaaðila sem eru nær óheftar og leiddu til þessarar miklu umframskuldasöfnunar erlendis. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hafa komið fram frá Seðlabankanum, þar sem það er endanlega staðfest að lántökurnar frá sl. ári fóru, á grundvelli þeirra ákvæða sem gilda um heimildir einkaaðila, langt fram úr áætlun? Þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn greip til á sl. sumri og snerta þetta atriði eru að mínu mati allsendis ófullnægjandi og það er ekkert sem bendir til þess að lántökur einkaaðila fari ekki á þessu ári langt fram úr áætlun ef svo heldur sem horfir og ekkert sérstakt verður að gert.

Það hefði verið æskilegt, herra forseti, að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefði heiðrað okkur með nærveru sinni. Sá maður hefur skoðun á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og peningamálum, eins og fram hefur komið m.a. í dagblaðinu Tímanum, og ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, hvað sem segja má um óskir á hverjum tíma um að hæstv. ráðherrar og stjórnarliðar séu viðstaddir umræður hér á Alþingi, að það séu einkum og sér í lagi tvö mál á hverju þingi þar sem sú krafa er fyllilega réttmæt að viðkomandi fagráðherrar sitji og hlýði á umræður. Það er þegar rædd eru fjárlög og fjárveitingar til einstakra málefna og lánsfjárlög og lántökuheimildir til einstakra viðfangsefna. (**Forseti:** Ég vil í þessu sambandi geta þess að ég bað um það að þeim orðum væri komið til ráðherra sem bárust í tal í dag á fundi okkar og þingflokksformanna að þess væri óskað að ráðherrar væru við þessa umræðu til þess að hlýða á umræður um sína málaflokka.) Já. og hér gengur hæstv. utanrrh. í salinn og ég fagna því.

Ég ætla að gleðja hæstv. utanrrh. með því að upplýsa að helstu heimildir mínar er dagblaðið Tíminn. Dagblaðið Tíminn frá því í morgun, sem eitt blaða, a.m.k. svo að ég sæi, birtir upplýsingar úr Hagtíðindum Seðlabankans sem varða erlendar lántökur og það hvernig lánsfjárlög síðasta árs stóðust. Og síðan er það dagblaðið Tíminn frá 19. des. 1987, þar sem hæstv. utanrrh. hafði uppi — ég hlýt að mega kalla það stór orð um frjálshyggjuna á sviði peningamála sem væri að sigla hér öllu í strand, svo að vitnað sé orðrétt í hæstv. utanrrh., ef ekki verði gripið í taumana strax.

Hæstv. utanrrh. er sem sagt þeirrar skoðunar að það frjálsræði, sú frjálshyggja á sviði peningamála, og ég geri ráð fyrir því að frjálsræði gagnvart erlendu lánsfjármagni eigi þar einnig við, sé að sliga þjóðfélagið. Það hefur greinilega leitt til mun meiri erlendrar skuldasöfnunar á síðasta ári í sjálfu góðærinu heldur en ætlað var þetta mikla frjálsræði í peningamálunum sem reyndar var innleitt í síðustu ríkisstjórn sem var undir forustu hæstv. núv. utanrrh. En hæstv. utanrrh. telur sig væntanlega lausan allra mála því að í viðtali við Tímann frá 19. des. sl., segir hann, með leyfi þínu, forseti: „Þetta hljóta þeir viðskrh. og seðlabankastjóri að vita ef þeir bara vilja. Það getur vel verið að þegar verðbólgan er orðin svona 3–4% og jafnvægi komið á í efnahagsmálum, þá fari svona lögmál að gilda. Það er bara svo langt frá því að það geti gerst í dag. Frjálshyggjan á sviði peningamála fer með allt hér til andskotans, ef ekki verður fljótlega gripið í taumana," sagði Steingrímur Hermannsson utanrrh. að lyktum.

Með leyfi þínu, herra forseti, les ég þetta orðrétt upp þó í því felist þetta blótsyrði „allt hér til andskotans, ef ekki verður fljótlega gripið í taumana". Það er því ástæða til að inna hæstv. ríkisstjórn eftir því, talsmenn hennar í þessum málum, hæstv. fjmrh. og e.t.v. hæstv. forsrh. úr því að þeir eiga nú svona miklum skilningi að mæta í þessum efnum hjá hæstv. utanrrh., hvort ekki standi til hjá hæstv. ríkisstjórn að grípa eitthvað í taumana á þessum málum þannig að það fari ekki alveg á sömu leið á næsta ári. Þau ákvæði um skattlagningu á erlendu lánsfjármagni og aðrar aðgerðir sem gripið var til sl. haust eru að mínu mati í ljósi þróunar á þessu sviði langt frá því að geta talist trúverðug til þess að sporna þarna við. Ég bendi á það að vextir hér innan lands eru nú hækkandi á sama tíma og þeir eru mun hagstæðari en áður var erlendis og samkeppnin um lánsfjármagn innan lands er að harðna dag frá degi, þannig að það þarf ugglaust meira til ef við eigum ekki að sökkva enn dýpra í sama fenið, ef eitthvað er, hvað varðar óheftar lántökur einkaaðila erlendis.

Þetta tel ég, herra forseti, sérstaka ástæðu til að ræða nú við 1. umr., þessar upplýsingar sem fram hafa verið að koma um það í hvert óefni stefnir og hvernig þróunin var á sl. ári í þessum efnum. Það er næsta haldlítið að setja hér ramma um lántökur erlendis í lánsfjárlögum ef ákvæði eru þannig í reynd að menn geta farið fram hjá þeim í stórum stíl og náð sér í erlent lánsfé með ýmsum aðferðum, í gegnum bankakerfið eða kaupleigufyrirtæki eða einhverja fjármögnunaraðila, hvort sem það er leiga eða með

hvaða hætti sem það nú er, ég kann nú ekki á það allt saman. Einu gildir þegar niðurstaðan liggur fyrir mönnum og hún er þessi: Á fimmta milljarð króna var tekið að láni erlendis umfram lánsfjárlög á síðasta ári. Á fimmta milljarð króna. Þó að eitthvað af þeim lántökum hafi væntanlega gengið til að greiða eldri skuldbindingar erlendis eða eldri skammtímalán þá er samt ljóst að niðurstaðan varð mikil nettóaukning á lántökum og raunverulegar skuldir þjóðarbúsins mældar í raunvirði erlendra gjaldmiðla jukust á sl. ári.

Um annað atriði, þ.e. efnahagshorfurnar, herra forseti, skal ég reyna að hafa stutt mál. Þær eru mönnum væntanlega nokkuð kunnar og þó eru að koma fram næstum daglega nýjar upplýsingar um þær dökku horfur sem þar blasa við. Ég geri ráð fyrir því að endurskoðuð þjóðhagsáætlun, endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árið 1988 sé á leiðinni frá Þjóðhagsstofnun á næstu sólarhringum. Samkvæmt upplýsingum, sem forstjóri þeirrar stofnunar gaf mér nálægt áramótum, má vænta þess að lokið verði endurskoðun þjóðhagsáætlunar og hún birtist á næstu sólarhringum. Og ég vona að það standist þannig að Alþingi fái þær upplýsingar í hendur áður en umfjöllun um lánsfjáráætlun lýkur.

En horfurnar eru í stuttu máli þær að verðbólga er um eða yfir 30% í augnablikinu og verðbólguspár eru um allt upp í yfir 50% verðbólgu á næsta ári. Það fer að sjálfsögðu eftir ýmsu hver niðurstaðan verður, fyrst og fremst því hvað kemur til með að gerast í kjaramálum og hver þróun verður í gengismálum. Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér dæmi um það hvaða áhrif kaupgjalds- og verðlagshækkanir komi til með að hafa á verðlagsþróun.

Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að forsendur fjárlaga um launahækkanir standist, þ.e. launahækkanir á árinu verði 7% og gengið óbreytt. Þá mundi hækkun verðlags frá upphafi til loka árs verða liðlega 7%. Öllum er að vísu ljóst að þær forsendur eru fyrir löngu orðnar óraunhæfar sem fjárlög og aðrar áætlanir byggja þó á.

Annað dæmi Þjóðhagsstofnunar gerir ráð fyrir 14% launahækkunum. Það mundi, að talið er, leiða til rúmlega 10% hækkunar á verði erlends gjaldeyris og rúmlega 15% verðlagshækkana á árinu.

Í þriðja dæminu er miðað við 38% launahækkun og 52% hækkun á erlendum gjaldeyri og 46% hækkun á verðlagi frá upphafi til loka ársins.

Nú kunna menn að halda að hér sé um óraunverulegar tölur að ræða, hér sé mikil svartsýnisspá á ferðum. En þá minni ég á þær upplýsingar sem komu frá forseta Alþýðusambandsins um það hverjar kauphækkanir þyrftu að vera nú um áramótin og á árinu 1988 ef halda ætti kaupmætti lágmarkslauna. Og hér eru á ferðinni nálægt sömu tölur þannig að það er nú allt og sumt. Á grundvelli þeirra kauphækkana, sem hefðu þurft til að koma nú um áramótin og á hverjum ársfjórðungi ársins 1988 samfara nokkurri viðbótarhækkun erlends gjaldeyris, er verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar 46%.

Þetta held ég að sé ástæða til að draga hér fram, herra forseti, og hugleiða áður en lengra er haldið í umræðum um lánsfjárlög því að það skiptir væntanlega máli, vilji menn halda sig við raunveruleikann í þessum efnum, að menn gangi út frá þeim forsendum sem eru nýjastar og væntanlega líka réttastar hverju sinni.

Ég vil, herra forseti, víkja svo örstutt að nokkrum atriðum hér í frv. sem ég tel að hv. fjh.- og viðskn. þurfi sérstaklega að hyggja að. Og af því að hæstv. utanrrh. er hér enn á meðal okkar þá langar mig að byrja á Þróunarfélaginu hf., óskabarninu sem hæstv. síðasta ríkisstjórn hrinti úr vör með fögrum fyrirheitum og ætlaði stórt hlutverk í framþróun og uppbyggingu þjóðfélagsins ef ég skildi rétt. Hvernig er nú búið að Þróunarfélagi Íslands hf.? Það er þannig að lántökuheimildir Þróunarfélagsins, og þar með umsvif þess sem ekki hefur í annað hús að venda, eru skornar niður ár frá ári um helming. Í 4. gr. lánsfjárlaganna er gert ráð fyrir því að Þróunarfélagið megi taka 50 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífinu. Lántökuheimild félagsins var skorin niður úr 200 millj. kr. í 100 millj. kr. á síðasta ári og nú úr 100 millj. kr. niður í 50 millj. kr. Ég ætla ekki að fara að leggja dóm á það hvort öll fögru fyrirheitin og vonirnar sem menn bundu við Þróunarfélagið hafi verið óraunhæfar, hafi verið falsvonir eins og maður gæti haldið þegar maður stendur frammi fyrir þessum tölum. En ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh., sem e.t.v. má kalla guðföður Þróunarfélagsins, fyrrv. hæstv. forsrh., sem ég ætla að leyfa mér að nefna guðföður Þróunarfélagsins: Er hann ánægður með þessa niðurstöðu? Er þetta sú framtíð sem hann unir við fyrir hönd óskabarnsins? Starfsmenn Þróunarfélagsins upplýsa að það geti alls ekki sinnt sínum verkefnum verði þetta að veruleika. Það þurfi meira til, og væntanlega miklu meira ef vel ætti að vera. Er það þá orðið allt og sumt sem þetta fyrirtæki, þetta hlutafélag á að afreka að mega taka litlar 50 millj. kr. og endurlána þær? Og eiga sem sagt ekki úr öðru að spila? Ég get leyft mér að segja það, þó ég ætli eins og ég sagði áðan ekki að taka afstöðu til þess hér við þessa umræðu hvort ég telji það ljóst með þessu að Þróunarfélagið hafi verið andvana fætt og muni aldrei verða barn í brók, þá held ég þó að ýmsar aðrar lántökur en þær sem sérstaklega eru merktar nýjungum í atvinnulífi eins og þessi mættu að ósekju fyrr skerðast heldur en heimild til Þróunarfélagsins, ef það á annað borð stendur undir nafni og stuðlar að nýjungum í atvinnulífinu. En e.t.v. fáum við um það upplýsingar hjá hæstv. ríkisstjórn að hún hafi nú tekið upp nýja stefnu og sjái ekki lengur Þróunarfélagið sem neinn burðarás sinna áherslna hvað varðar uppbyggingu atvinnulífs. Nú, þá kemur það fram. Gott og vel.

Ég vil næst víkja örlítið að Byggðastofnun. Í 6. gr. er fjallað um heimildir Byggðastofnunar til að taka lán. Þar varð sú breyting á, ef ég hef tekið rétt eftir, á milli 1. og 2. umr. í Ed. að lántökuheimildir

Byggðastofnunar jukust um 200 millj. kr. og þær 200 millj. munu vera eyrnamerktar sérstaklega til skipasmíðaiðnaðarins. Þá stendur eftir að Byggðastofnun eru ætlaðar 350 millj. kr. lántökur erlendis á þessu ári til viðbótar þeim takmörkuðu fjárhæðum sem stofnunin mun hafa úr að spila af ríkisframlagi á þessu ári. Það er óhjákvæmilegt að spyrja einnig hæstv. ríkisstjórn, og það væri auðvitað helst hæstv. forsrh., sem enn mun vera yfirmaður Byggðastofnunar eins og hæstv. forsrh. var á sinni tíð yfirmaður Framkvæmdastofnunar, hvort talið sé að vel sé fyrir hlutverki Byggðastofnunar séð með þessum málum.

Ég vil minna hv. þingdeildarmenn á það að einmitt núna þessa dagana eru að koma fram frá Hagstofu Íslands upplýsingar um búferlaflutninga á síðasta ári, um búsetuþróun í landinu. Og hvernig eru þær upplýsingar? Hvernig kemur það við Framsfl., sem er búinn að vera býsna lengi í stjórn, að nú er byggðaröskunin aftur komin á fulla ferð? Og meira en það. Byggðaröskunin er slík að heita má að öll fólksfjölgun landsmanna sé komin í hnapp á sama landshornið. Í öllum dreifbýliskjördæmunum utan einu fækkar beinlínis. Ég tel að þessar upplýsingar, sem nú eru að koma fram frá Hagstofunni um stöðu byggðamálanna hvað varðar byggðaröskunina, gefi manni tilefni til að spyrja alveg sérstaklega: Telur hæstv. ríkisstjórn að hlutverki Byggðastofnunar í þessu ljósi verði sinnt með þolanlegum hætti, svo ekki sé nú beðið um meira, með þeim heimildum til ráðstöfunarfjár sem Byggðastofnun hlyti með fjárlögum og samþykkt þessa lánsfjárlagafrv.? Ég leyfi mér að draga það í efa án þess að ég ætli að halda því fram að öll byggðavandamál yrðu leyst með því einu að auka eitthvað fjárveitingar til Byggðastofnunar. Það er langt því frá og fjarri mér. Sá vandi er mun flóknari og margþættari en svo. En það er þó ekki hægt að horfa fram hjá hinu að lánveitingar og styrkir, sem meiningin var ætíð að Byggðastofnun legði einnig til í vissum tilfellum, hafa auðvitað verið mikil hjálparhella atvinnulífinu vítt og breitt um landið sem margt stendur og fellur með.

Þegar við stöndum frammi fyrir jafnalvarlegum upplýsingum og ég hef nú gert grein fyrir frá Hagstofu Íslands, dagsettar í Reykjavík 5. jan. 1988 og ég hef fengið í hendur, þá held ég að menn hljóti að spyrja í þessum efnum. Það væri til mikilla bóta, herra forseti, ef hæstv. forsrh., yfirmaður stofnunarinnar sem ég hef skilið svo vera, gæti gefið sér tíma til að vera hér viðstaddur og upplýsa okkur um þetta.

Síðan kem ég að þeim kafla þessa lánsfjárlagafrv. sem heitir „þrátt fyrir kaflinn“ og er einhver sá leiðinlegasti og ljótasti kafli sem finnst í lögum. Tek ég þar undir með hv. síðasta ræðumanni í þessari umræðu um þetta dagskrármál sem talaði hér fyrir hádegi í morgun, Kristínu Halldórsdóttur, hv. 10. þm. Reykn. Mig rekur þó minni til þess, forseti, þó svo langt sé um liðið að þm. hafði einhver orð uppi um það að þetta væri leiðinlegur kafli, þessi skerðingarkafli. Og það er hann sem ég kalla „þrátt fyrir kaflann“, hv. þm. Það er sem sagt langur listi um það að þrátt fyrir gildandi lög um þetta og hitt þá skuli framlög ekki fara yfir tiltekið mark. Þessi plagsiður, sem eftir því sem ég hef kynnt mér er ekki ýkja gamall, þ.e. í þessum mæli sem hann er nú tíðkaður, hann er mikið umhugsunarefni. Ekki bara út frá afkomu þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli heldur einnig hreinlega hvað varðar stjórnskipun og uppbyggingu laga og réttar í landinu. Það hlýtur auðvitað að vera hv. Alþingi umhugsunarefni hvort það er æskilegt að viðhafa þessa skipan, að setja sér lög um hin ólíklegustu málefni og fjárveitingar til tiltekinna verkefna og vera svo með langar upptalningar um skerðingar á þeim sem ganga þvert út yfir þau faglegu sjónarmið sem lögð voru til grundvallar lagasetningu á hverjum tíma, í hverju máli. Það er alveg ljóst að þegar menn með þessum hætti skella skerðingarákvæðum yfir tekjustofna, sem ætlaðir eru sérstökum viðfangsefnum, þá gefa menn öll fagleg sjónarmið í þeim efnum lönd og leið og að þeim er ekkert verið að huga þegar svona er staðið að málum.

Ég nefni sem dæmi 14. gr., „þrátt fyrir ákvæðið“ um Hafnabótasjóð. Er það í miklu samræmi við aðstæður í landinu að Hafnabótasjóður, sem á grundvelli sérstakra laga á að hafa ákveðnar tekjur, skuli ekki eiga að hafa til ráðstöfunar eða fá nema 20 millj. kr. á þessu ári? Og ég sé að það hefur ekki breyst í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. í Ed. Þar standa enn 20 millj. Ég held að það sé alveg ljóst og öllum hv. alþm. kunnugt að það er í miklu ósamræmi við aðstæður. Hafnabótasjóður hefur einmitt verið sá sjóður sem menn hafa leitað til, hlaupið til í neyð sinni þegar ónógar fjárveitingar til hafnamála eru að setja allt í strand. Þegar óveður geisa, hafnarmannvirki skemmast eða af einhverjum öðrum ástæðum þarf skyndilega að grípa til útgjalda í höfnum og hafnarmannvirkjum í landinu sem fjárveitingar eru ekki til fyrir, þá er ekki í önnur hús að venda en í Hafnabótasjóð. Bara af þessum sökum væri ástæða til að Hafnabótasjóður væri mun öflugri og hefði meira fé en raun ber vitni. Einnig vegna þess (**Fjmrh.:** Aukafjárveitingar.) að þegar framkvæmdir fara fram úr kostnaðaráætlunum er iðulega reynt að bjarga málum með bráðabirgðalánum úr Hafnabótasjóði. Aukafjárveitingar, segir hæstv. fjmrh. og er stuðningsmaður þeirra auðvitað. (**Fjmrh.:** Nei.) Nei, en þær breyta ekki hinu að ég tel að verkefni Hafnabótasjóðs séu svo mikil og þess eðlis að það sé í hróplegu ósamræmi við allar aðstæður að ætla honum ekki meira fjármagn til ráðstöfunar á næsta ári en þetta.

Ég vil nefna hér, án þess að ætla að fara út í efnislega umræðu um stöðu þeirra aðila, Framkvæmdasjóð fatlaðra, ég vil nefna Ferðamálasjóð sérstaklega í ljósi þeirrar afgreiðslu sem fjárlagafrv. fékk hér fyrir jól, þar sem fjölmargar brtt. um auknar fjárveitingar til ráðstafana í ferðamálum, sérstaklega til ráðstafana hvað varðar umhverfis-

vernd í tengslum við ferðamál, voru felldar. Brtt. um aukin framlög til Náttúruverndarráðs og til annarra aðila til þess að tryggja náttúruvernd á fjölsóttum ferðamannastöðum og til ýmissa slíkra ráðstafana voru felldar. Ferðamálasjóður í vörslu Ferðamálaráðs, eða stjórnar sem honum er skipuð af Ferðamálaráði, hann hefur einmitt á stefnuskrá sinni að sinna slíkum málum. En vegna þess að framlög til Ferðamálaráðs hafa á undanförnum árum verið skert þá er mér kunnugt um það að þessum þætti af lögbundnum verkefnum sjóðsins hefur alls ekki verið sinnt. Og rökin fyrir þeirri ráðstöfun fjárins hafa verið skerðingin. Sjóðstjórnin hefur sagt sem svo að hún hafi í svo mörg horn að líta og tekjur Ferðamálaráðs séu svo takmarkaðar vegna skerðinganna að ráðið sjái sér ekki fært að sinna þessu verkefni. Þannig að þetta er lokað í báða enda. Hvorki Náttúruverndarráð né aðrir slíkir aðilar né Ferðamálaráð hefur getað sinnt þessu á undanförnum árum. Samt fjölgar hér erlendum ferðamönnum um fleiri prósent og jafnvel tugi prósenta á hverju ári og átroðningur á fjölsóttum ferðamannastöðum vex með hverjum deginum þannig að til örtraðar horfir á ýmsum stöðum.

Ég held að það sé alveg ljóst að þetta gengur ekki mikið lengur, þessi einhliða áhersla okkar Íslendinga á það að laða sífellt að fleiri ferðamenn með því að auglýsa hreina og ómengaða náttúru og með því að tíunda það með ýmsum öðrum hætti hvað hér sé nú dásamlegt að vera og hingað sé gott að koma, án þess að grípa svo til nokkurra ráðstafana til að vinna á móti því álagi sem þessi þróun hefur á landið og náttúru þess.

Þess vegna vil ég beina því alveg sérstaklega til hæstv. fjmrh., og ég ætlast til þess að það verði skoðað sérstaklega í fjh.- og viðskn. Nd., hvort ekki væri unnt að létta eitthvað skerðingunni af tekjum Ferðamálaráðs. Ég teldi skynsamlegt að það yrði gert með sérstakri afgreiðslu sem fæli það í sér að beina tilmælum til ráðsins um að þeim auknu tekjum yrði ráðstafað í þessu skyni. Alþingi léti í ljós vilja sinn og áhuga á því að Ferðamálaráð sinnti þessu verkefni með því að lyfta a.m.k. eitthvað þessu skerðingarþaki af Ferðamálaráði.

Ég vil einnig nefna hér stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og þá afar óheppilegu ráðstöfun að skerða framlög ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Óheppilegu ráðstöfun segi ég vegna þess að þar er um þríhliða samkomulag aðila að ræða. Ég tel að það sé mjög hæpið, svo ekki sé meira sagt, að ríkisvaldið eitt fyrir sitt leyti rjúfi slíkt samkomulag. Þegar þrír aðilar, eins og hér um ræðir, vinnuveitendur, verkalýðshreyfing og ríkisvald, semja um ákveðnar byrðar, að deila með sér byrðum af ákveðnu verkefni, þá gengur það ekki að mínu mati að einn aðilinn í krafti löggjafarvaldsins kljúfi sig út úr og neiti að taka sinn þátt af byrðunum á sínar herðar. Það er afar óeðlilegt að mínu mati, þegar í gildi eru sérstök ákvæði og samningar um þríhliða þátttöku í slíku verkefni eins og því að leggja Atvinnuleysistryggingasjóði til tekjur, að ríkisvaldið eitt brjóti sig út úr með þeim hætti. Og ég minni á erindi sem fjmrh. og fjh.- og viðskn. Ed. hafa borist í þessu sambandi. Hér er væntanlega ekki um þær stórfjárhæðir að ræða að ástæða sé til að standa að málunum með þessum hætti.

Ég tel að það gegndi allt öðru máli ef Atvinnuleysistryggingasjóður fengi sínar tekjur en gengið væri til viðræðna við sjóðinn um að ráðstafa þeim að einhverju leyti með þeim hætti sem ríkisvaldinu væri þóknanlegt á grundvelli þess að sjóðurinn þurfi ekki á tekjum sínum að halda í það og það skiptið. Ég vek athygli á þeim eðlismun sem á því væri og minni á samkomulag um ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna. Það verður ekki um það deilt að meiningin var sú að framlag ríkisins, eins og framlag annarra til Atvinnuleysistryggingasjóðs, yrði fé sjóðsins og í því ljósi verður að skoða málin.

Ég tel einnig að það verði auðvitað að skoða rækilega og fara ofan í saumana á fjárhagsafkomu Ríkisútvarpsins í ljósi þeirra skerðingarákvæða sem lögð eru til í 20. gr. og ég mun einnig gera um það kröfur í fjh.- og viðskn. að forráðamenn Stofnlánadeildar landbúnaðarins komi á fund nefndarinnar og upplýsi um stöðu þeirrar deildar vegna þeirra byrða sem velta á yfir á Stofnlánadeild landbúnaðarins nú, eins og reyndar undanfarin ár, sem ég hef margoft mótmælt hér á Alþingi og tel að það séu brigður á samningum sem ríkisvaldið hefur gert við bændur, til að mynda um að kosta forfalla- og afleysingaþjónustuna. Augljóst má vera öllum hv. þm. að þessi auknu verkefni, þessi íþynging Stofnlánadeildarinnar hlýtur að leiða til hærri útlánsvaxta og lakari lánskjara þar þegar til langs tíma líður og bitna þar með á bændum sjálfum. Þannig er verið með þessum skerðingarákvæðum að ætla þeim að borga sína eigin samninga. Það er eftir öðru sem hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt af sér gagnvart þeirri stétt.

Síðan er hér enn inni í frv. ákvæði sem ég hafði nú reyndar vonast til að sjá hverfa. Það er skerðingarákvæði um 13. gr. laga nr. 52/1957 og er 25. gr. frv. eins og það er eftir 2. umr. í Ed. Það varðar ákvæði laga um eyðingu refa og minka. Þar er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður til þessa verkefnis. Og hvað er verið að afla hinum digra ríkissjóði mikilla tekna með þessu ákvæði, herra forseti? Ætli það sé ekki svona 3,5 millj. kr., ef ég man rétt. Meining stjórnarliðsins er víst að bjarga þessu máli í horn með því að velta þessu yfir í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég hef áður rætt þetta mál hér, m.a. við umræðu um fjárlög og ýmsum þótti nú Vöggur gerast nidu feginn að fara að taka þetta efni hér upp. Kannski þykir mönnum enn frekar svo þegar þeir heyra um upphæðina, 3,5 eða 4 millj. eða hvað það nú var.

En ég ætla að benda mönnum á það að þessi liður, þó hann sé ekki mjög stór, snertir fyrst og fremst nokkur strjálbýlustu og fátækustu sveitarfélög landsins. Verði ekki séð fyrir þessu verkefni af opinberu

fé þá lenda byrðarnar af því á nokkrum fátækustu, strjálbýlustu og fámennustu sveitahreppum landsins. Það er nú að mínu mati ekki stórmannlegt af hæstv. ríkisstjórn að ráðast með þessum hætti á garðinn svo gjörsamlega þar sem hann er lægstur eins og hér ber raun vitni um. Ég hefði talið eðlilegra, ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem er um verkefnatilflutning ríkisins yfir til sveitarfélaganna, að a.m.k. að þessu sinni, a.m.k. á þessu ári yrði þessi kostnaður greiddur úr ríkissjóði eins og verið hefur og þetta skerðingarákvæði tekið burt úr lögunum. Ég mun beita mér fyrir því í fjh.- og viðskn. að svo verði gert.

Herra forseti. Ég ætla með tilliti til ummæla forseta hér áðan, þrátt fyrir þá fyrirvara sem ég gerði á um eðlilegt fundahald, ekki að hafa mál mitt lengra að sinni. Ég vil þannig fyrir mitt leyti stuðla að því að fundahald þurfi ekki að vera óeðlilegra hér í deildinni en þegar er orðið, enda er nauðsynlegt að fjh.- og viðskn. fái sem rýmstan tíma til að sinna þessu máli þó auðvitað verði að eiga sér fyrst stað eðlileg umræða. Ég vona að hæstv. ráðherrar, hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh., greiði fyrir þessari 1. umr. með því að svara þeim spurningum og fara yfir þau atriði sem hér hefur verið rætt um. Einnig hefði verið til bóta, herra forseti, ef hæstv. forsrh. hefði getað setið hér umræðuna svo sem eins og fulltrúi Sjálfstfl. Og ég endurtek að ég fer að halda að Sjálfstfl. sé genginn úr ríkisstjórninni því hér sést aldrei maður úr þeim flokki. A.m.k. ekki ráðherrar. Það er alveg nauðsynlegt að fara að fá um það upplýsingar hvort þessir fjórir ráðherrar Sjálfstfl. séu hættir þátttöku í ríkisstjórn, a.m.k. eru þessir fjórir stólar, sem hér eru fráteknir og venjulega eru skipaðir ráðherrum fyrir Sjálfstfl., tómir og hafa verið það sl. tvo daga.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla við 1. umr. þessa máls hér í deildinni aðeins að fjalla um einn þátt sem snertir það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umræðu, en það er sú hlið sem snýr að fjárhag Ríkisútvarpsins. Ég vil þó áður en ég kem að því minna á þá tillögu fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. Ed., sem kom fram þar við 2. umr. þessa frv., að eðlilegt væri með tilliti til þess hvað allt er á floti í sambandi við efnahagsstefnu og efnahagsmál hjá hæstv. ríkisstjórn að vísa þessu máli frá. Ég tel að síðan sú bókun var gerð og sú tillaga flutt hafi komið enn skýrari rök fyrir því að sú málsmeðferð verði hér viðhöfð og ég minni í því sambandi á forsíðufregn í málgagni hæstv. fjmrh., að vísu málgagni sem hann vill ekki alltaf gangast við, þ.e. Alþýðublaðinu, forsíðufrétt þar í morgun þar sem fjallað er um áhrif af nýsamþykktum lögum um söluskatt og færð að því rök í Alþýðublaðinu að ekki komi þær lækkanir fram í sambandi við söluskattinn sem hæstv. fjmrh. hafði boðað og gert ráð fyrir heldur muni þeim seinka verulega, þær lækkanir sem varða tollalög. Og án þess að ég fari að vitna í þetta málgagn sem liggur frammi hér í þinginu og menn geta kynnt sér, þá er þetta staðhæft og varað við þeim hækkunaráhrifum sem fram komi nú á næstunni vegna álagningar söluskatts. Neytendur muni ekki njóta lækkana vegna ákvæða tollalaga sem boðuð hefðu verið fyrr en einhvern tímann síðar. Þannig muni hugmyndir hæstv. fjmrh. og staðhæfingar varðandi áhrif á framfærsluvísitölu að öllum líkindum ekki standast í bili a.m.k. hvað snertir verðþróun og þess geti jafnvel verið nokkuð langt að bíða að þær verðbreytingar verði sem hann treystir á þegar hann staðhæfir að áhrif vegna þessara nefndu laga á framfærsluvísitölu verði engin eða verði núll þegar saman er lagt. Á þetta minni ég.

Ég minni líka á þá skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur gert fyrir ríkisstjórnina og greint var frá á Stöð 2 fyrir tveimur kvöldum síðan þar sem ríkisstjórnin mun hafa óskað eftir grg. Þjóðhagsstofnunar um ákveðnar ráðstafanir í efnahagsmálum, þar á meðal varðandi gengislækkun og gengisbreytingar. Segir það okkur nokkuð um það hvað verið er að undirbúa á ríkisstjórnarheimilinu í þessum efnum. Ég tel því að það sé eðlilegt að þetta frv. verði látið liggja í bili a.m.k., ef ekki vísað frá með rökstuddri dagskrá, þangað til efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar liggja fyrir því að við því hafa hæstv. ráðherrar gengist að á næstunni verði gripið til efnahagsráðstafana og blasir auðvitað við hverjum manni að ríkisstjórnin verður að glíma við uppvakninga þá sem hún sjálf hefur vakið upp, uppvakninga og fylgjur eigin athafna.

Það ákvæði varðandi Ríkisútvarpið sem ég ætla að gera aðeins að umræðuefni við þessa 1. umr. kemur fram í 22. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð."

Þessi útvarpslög sem hér er vitnað til voru samþykkt á árinu 1985, nr. 68 það ár, og snerta fjármál Ríkisútvarpsins, 22. og 23. gr. þeirra laga. Í 22. gr. útvarpslaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða."

Og í 23. gr. er kveðið á um að í sjóð sem nefnist framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skuli leggja 10% af bruttótekjum stofnunarinnar. Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn. Fé framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

Um þessi efni er nánar kveðið á í reglugerð um Ríkisútvarpið sem sett var af fyrrv. menntmrh., Sverri Hermannssyni, 23. júlí 1986 og eru tiltekin þau atriði sem í lögunum eru og ég hef þegar lesið varðandi framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins.

Það er ekki í fyrsta sinn sem ríkisstjórn skerðir

þennan tekjustofn því það var gert af fyrrv. ríkisstjórn fyrir síðasta ár, árið 1987, og er talið að sú tekjuskerðing sem Ríkisútvarpið þá varð fyrir hafi numið a.m.k. 300 millj. kr. vegna þess að það naut ekki tekna af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum sem lögin þó gera ráð fyrir. Á árinu 1988 hef ég heyrt áætlað að tekjur af þessu nemi lægri upphæð vegna breytinga væntanlega á tollalögum sem ákveðnar hafa verið og nemi 150 millj. kr. en er samt veruleg og myndarleg upphæð.

Ég minni á það, herra forseti, að þegar rætt var hér um frv. til útvarpslaga á Alþingi 1985, þá voru höfð uppi um það mörg orð og ýmsir svardagar af þeim sem réðu þar ferðinni að það skyldi sannarlega búið vel að Ríkisútvarpinu þó að opnað yrði fyrir einkastöðvar sem kepptu við það í útvarpsrekstri. Af hálfu stjórnarandstöðunnar á þeim tíma var reynt að búa þannig um hnútana að það yrði tryggt, m.a. með þeim tillögum sem Alþb. stóð að í sambandi við frv. til útvarpslaga, að einkastöðvar nytu ekki tekna af auglýsingum. En tillögur okkar alþýðubandalagsmanna um það atriði voru felldar. Nú hefur það komið á daginn og hefur verið tíundað af talsmönnum Ríkisútvarpsins og fleirum að samkeppnin á auglýsingamarkaði milli Ríkisútvarpsins og hinna svokölluðu frjálsu útvarpsstöðva, einkastöðvanna, hefur leitt til verulegs og stórfellds samdráttar á tekjum Ríkisútvarpsins af auglýsingum. Þetta bætist við þá skerðingu sem varð á síðasta ári á tekjum framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum, og ég hef hér nefnt, og áformað er að skerða enn á ný með ákvæðum þessa frv. sem hér er til umræðu.

Fjárhagur Ríkisútvarpsins á síðustu árum hefur verið afar bágborinn frá því hin nýju útvarpslög voru sett vegna aðgerða stjórnvalda á þessum tíma. Á síðasta ári var þannig að stofnuninni búið að hún var rekin með miklum halla sem nam um 100 millj. kr. Sá halli stafaði, fyrir utan þau skerðingarákvæði sem ég hef nefnt, af þeirri staðreynd að Ríkisútvarpinu var synjað um hækkun á afnotagjöldum í eitt og hálft ár, frá ársbyrjun 1986 til 1. júlí 1987. Síðan hefur verið heimiluð mjög veruleg hækkun afnotagjalda, eins og fram hefur komið, en það er auðvitað of seint að verki verið og mjög óheppilegt að verið sé að taka risastór stökk í sambandi við afnotagjöld hjá þessum fjölmiðli og hlýtur að veikja með vissum hætti samkeppnisstöðu hans gagnvart öðrum útvarpsstöðvum sem virðast vera á sérstöku hægra brjósti stjórnvalda, eins og fram kom í sambandi við afgreiðslu tollalaga og söluskatts í sambandi við afruglarana svonefndu sem á að undanþiggja söluskatti með röksemdafærslu sem við heyrðum hjá hæstv. fjmrh. fyrir þeirri ákvörðun sinni og hans stuðningsmanna, röksemdafærslu sem var sannarlega býsna skotheld.

En það gilda sem sagt önnur lögmál um Ríkisútvarpið. Sá fjölmiðill er hnepptur í viðjar skulda og taprekstrar þó svo að nokkrar úrbætur hafi fengist á fjármálum stofnunarinnar í sambandi við 3. umr. fjárlaga og lokaafgreiðslu fjárlaga hér á Alþingi, þar sem þó var horfið frá því ráði sem fyrir lá samkvæmt frv. hæstv. fjmrh. að reka Ríkisútvarpið á árinu 1988 með 82 millj. kr. halla. Ef Ríkisútvarpið heldur sínum hlut og bætir sinn hlut á auglýsingamarkaði eins og verið er að gera ráð fyrir, en er auðvitað algjörlega óvíst, þá kann að vera að það takist að reka Ríkisútvarpið án halla á næsta ári en aðeins með miklu aðhaldi varðandi framkvæmdir og rekstur allan. Eftir sem áður glímir Ríkisútvarpið við skuldabagga frá taprekstri undangenginna ára. Þetta er vissulega mjög alvarlegt mál og snertir alla landsmenn, snertir fjölmiðlun í landinu. Og þó að við séum að gagnrýna á stundum, m.a. hér á Alþingi, starfshætti Ríkisútvarpsins og fréttaflutning þá berum við þessa stofnun fyrir brjósti og hljótum að gera það, ekki síst fulltrúar hér á Alþingi úr dreifbýli en auðvitað er þetta mál landsmanna allra, stórkostlegt menningaratriði, að hægt sé að reka Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, með eðlilegum hætti, tryggja samkeppnisstöðu þess bæði um starfsfólk en einnig varðandi dreifikerfi, sendibúnað og allt sem lýtur að rekstri stofnunarinnar.

Vegna þess hvernig að þessum málum er staðið hafa forráðamenn Ríkisútvarpsins orðið að gera áætlanir um verulegan samdrátt frá því sem áformað hafði verið, m.a. í sambandi við flutning sjónvarpsins í útvarpshúsið við Efstaleiti, en ráðgert var að innrétta það á yfirstandandi ári og selja síðan húseignina að Laugavegi 176 á móti þeim kostnaði sem þarna væri um að ræða. Ég held að þetta aðhald, sem Ríkisútvarpið er knúið til, sé meira en hæpið í sambandi við rekstrarstöðu þess, það verði ekki af því sparnaður heldur í rauninni kostnaðarauki til nokkurs tíma litið.

En það er fleira sem hefur orðið að draga saman af fyrirhuguðum framkvæmdum hjá Ríkisútvarpinu, framkvæmdum sem einmitt átti að kosta úr framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins og það er þá sérstaklega uppbygging á dreifikerfi Ríkisútvarpsins, uppbygging á langbylgjusendum og styrking á langbylgjukerfinu sem fyrirhuguð hafði verið. En það er verkefni áætlað upp á um 400 millj. kr. sem hefði þurft að leggja fram í því skyni og væntanlega hefði verið dreift á einhver tímabil, e.t.v. lengur en yfirstandandi ár. Uppbygging á langbylgjukerfi Ríkisútvarpsins, hljóðvarps er löngu tímabært verkefni. Við vitum það að sendistöðina á Vatnsendahæð og möstrin sem þar eru hefði þurft að endurnýja og endurbyggja fyrir löngu. Þetta gildir um endurvarpsstöðvar víða um land, t.d. endurvarpsstöðina á Eiðum á Austurlandi sem er orðin algjörlega úrelt. Það kostar stofnunina verulegar upphæðir að lappa upp á þetta eiginlega úrelta og ónýta kerfi með aðferðum sem eru svona eins og menn séu að stoppa í götin á sokkunum sínum með ærinni fyrirhöfn. Býsna stór göt því að þarna er í rauninni um handavinnu að ræða í sambandi við endurbætur á tæknibúnaði, að halda við þessum stöðvum.

Þetta mál snertir öryggismál í landinu. FM-kerfið getur alltaf bilað og fallið út á einstökum stöðum og svæðum og þá þarf að vera hægt að treysta á langbylgjukerfið, að það sé virkt. Það snertir að sjálfsögðu öryggi manna í byggðum landsins, ferðamanna, og einnig sjómanna á hafi úti sem búa við algjörlega ófullnægjandi skilyrði í sambandi við dreifikerfi Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og raunar sjónvarpsins vissulega líka.

Ég gæti, virðulegur forseti, vitnað hér til umræðna um þessi mál, bæði þegar útvarpslagafrv. var til umræðu hér á Alþingi en ekki síður ummæla sem urðu á síðasta ári í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga, ummæla m.a. frá talsmönnum Alþfl. á þeim tíma sem voru þá í stjórnarandstöðu, flokks hæstv. núverandi fjmrh., þar sem talsmenn Alþfl. höfðu uppi hin hörðustu mótmæli og harða gagnrýni vegna þeirrar skerðingar sem þá var gerð á tekjustofnum Ríkisútvarpsins. Í umræðuhefti nr. 1 frá haustþinginu 1986 er að finna m.a. ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar í Ed. varðandi þetta mál og væri freistandi að vitna til hans en tímans vegna verður það að vera stutt. Ég grípþó hér niður, með leyfi forseta, í örstuttan kafla í hans máli. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er rík ástæða til að gera þetta mál að sérstöku umtalsefni hér vegna þess að fyrr á þessu ári óskaði Ríkisútvarpið eftir 10% afnotagjaldahækkun. Því var synjað."

Síðan harmar ræðumaður að hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur og hann er því miður ekki viðstaddur hér heldur sá sem settur er fyrir þann sem fjarverandi er af þingi og fjarvistarleyfi hefur. Hv. þm. Eiður Guðnason minnti á í sinni ræðu með orðunum „Núna situr Ríkisútvarpið ekki lengur eitt að þeim auglýsingamarkaði á öldum ljósvakans sem það hefur setið eitt að í 55 ár."

Þetta er tilvitnun í hans mál. Alþfl. stuðlaði reyndar að því að Ríkisútvarpið missti af þessum auglýsingatekjum því að þm. Alþfl. greiddu því atkvæði að aðrir fjölmiðlar kæmust inn á auglýsingamarkaðinn, að einkastöðvarnar kæmust inn á auglýsingamarkaðinn, og eiga því sinn hlut í því hvaða staða er uppi hjá Ríkisútvarpinu að þessu leyti.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði einnig: „Spurningin er: Á nú að koma Ríkisútvarpinu, þessum fjölmiðli okkar allra, á kné með því að setja Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju eins og mér sýnist allt benda til að núverandi stjórnarflokkar séu að gera."

Og hann segir: „Hér í lánsfjárlögum er gert ráð fyrir að taka með afturvirkum hætti — og ég spyr nú hvernig ráðherranum falli það í geð — [það mun vera menntmrh. sem spurður er] í 27. gr. lánsfjárlaga á að taka af Ríkisútvarpinu allar tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum fyrir árin 1986 og 1987. Á fyrri helmingi þessa árs eru þetta 60 millj. kr. Og ég spyr, m.a. með tilliti til þess að fyrr á þessu ári var Ríkisútvarpinu synjað um hækkun afnotagjalda: Er það stefna ríkisstjórnarinnar og er það með samþykki hæstv. menntmrh. að koma þessari stofnun nú á kné eða að minnsta kosti að setja hana í fjárhagslega spennitreyju þannig að hún megi sig hvergi hræra? Mér þætti vænt um að fá svar við þessu", segir hv. þm. Eiður Guðnason og ég geri orð hans í fyrra að mínum. Mér þætti vænt um að fá svör við því frá hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að standa að málefnum Ríkisútvarpsins með þeim hætti sem harðlega var gagnrýnt af fulltrúa Alþfl. í útvarpsráði, hv. þm. Eiði Guðnasyni, og endurtaka á nú á yfirstandandi ári eftir allar þrengingarnar sem Ríkisútvarpið hefur búið við á þessum tíma?

Ég tel að hér sé svo stórt mál á ferðinni að það verði að taka á því af fyllstu alvöru við umræður um þetta frv. og við megum ekki skilja við þennan fjölmiðil í því horfi að honum sé ætlað að vera sviptur tekjustofni sem lögboðinn var 1985 og sem áreiðanlega réð stuðningi sumra þáv. hv. þm. við það frv. til útvarpslaga og einstök ákvæði þess sem lögfest voru á því ári. Ég geri kröfu til þess, virðulegur forseti, að fjh.- og viðskn. fari vandlega ofan í saumana á þessu máli og við 2. umr. verði gerð grein fyrir stöðu Ríkisútvarpsins og framtíðarhorfum miðað við þá skerðingu tekjustofna stofnunarinnar sem hér er ráðgerð og miðað við þörfina, hina brýnu þörf á því að byggja upp Ríkisútvarpið þannig að það geti sinnt lögboðnum skyldum sínum, þannig að unnt sé að koma sjónvarpinu inn í Útvarpshúsið með eðlilegum hætti eins og hagkvæmt mun vera og ekki síður og enn frekar kannski að byggja upp langbylgjukerfi Ríkisútvarpsins öllum landsmönnum til hagsbóta og aukins öryggis bæði á landi og sjó.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hefði talið að það væri jákvætt að formaður fjh.- og viðskn. væri við þegar ég geri grein fyrir afstöðu minni til þess frv. til lánsfjárlaga sem liggur fyrir. Eitt er víst að óbreytt treysti ég mér ekki til að styðja það.

Ég held að það sé tímabært að menn taki umræðu um lánsfjárlög og framkvæmd þeirra. Hér hafa þm. ár eftir ár verið látnir samþykkja lánsfjárlög. Niðurstaðan í lok hvers árs á framkvæmd þessara laga hefur verið með þeim hætti að furðu gegnir. Það er sannleikurinn að ráðherrar hafa ausið út og suður lánsfjárheimildum þegar þeim hefur dottið í hug og erlend lántaka verið miklu meiri en ráðgerð er í lánsfjárlögum. Á sama tíma og þetta hefur verið gert hefur verið legið yfir því að ákveðnum stofnunum væri haldið niðri í þessu lagafrv.

Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um Ríkisútvarpið. Ég átti þátt í því á sínum tíma að ná samkomulagi í menntmn. þegar þau mál voru afgreidd og tekin afstaða til þess að hér á landi yrði einokun Ríkisútvarpsins aflétt og fleiri aðilar ættu kost á að stunda sjónvarps- og útvarpsrekstur. Þá var gert ráð fyrir vissum grundvallaratriðum sem við vildum standa að til þess að þetta gæti orðið að lögum. Það grundvallaratriði var

m.a. að Ríkisútvarpið gæti gegnt því hlutverki sem því er ætlað. Það er ekki hægt að þola það að trekk í trekk er það boðað að þetta sé fyrir alla landsmenn, en svo þegar kemur að dreifikerfinu nær það ekki á þennan staðinn með þetta og ekki á hinn staðinn með hitt. Enginn, enginn einasti aðili virðist láta sig það nokkru skipta.

Ég verð að segja það eins og það er að það er grátlegt að standa þannig að málum að klára ekki með eðlilegum hætti að koma þaki yfir þessa stofnun fyrst á annað borð var farið af stað. Það eru engin rök fyrir því að standa að eins og gert er. Og það eru engin rök fyrir því að ætla að standa þannig að málum varðandi Ríkisútvarpið að það komi stórlega niður á dreifikerfi þess um land allt, fyrir utan þá áhættu sem menn eru að taka á Vatnsendahæðinni.

En svo ég víki að því atriði sem mér sýnist hvað mest verða að flokkast undir ósvífni er það 6. gr. frv. Það er búið að leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins. Það er búið að leggja niður Byggðasjóð. Það er búið að samþykkja að í staðinn skuli koma Byggðastofnun. Henni er haldið í slíku fjármagnssvelti að það sé pottþétt að straumar fólks utan af landi til höfuðborgarinnar verði sem stríðastir. Það er stefnan í framkvæmd eins og hún blasir við. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í dagblaðið Tímann þar sem er sagt frá niðurstöðunum á seinasta ári. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hinn mikli aðflutningur fólks erlendis frá er höfuðástæða þess að landsmönnum hefur aðeins þrisvar á síðustu 20 árum fjölgað meira en árið 1987. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru Íslendingar rúmlega 247 000 þann 1. des. sl. Fjölgunin á einu ári er talin 3326 manns eða 1,36% og var það 0,81% árið áður. Talið er að um 4100 börn hafi fæðst lifandi og fæddir hafi því verið um 2500 fleiri en þeir sem létust á árinu. Öll þessi mikla fólksfjölgun og meira til varð hins vegar í Reykjavík og næsta nágrenni hennar, en um beina fólksfækkun var að ræða á landsvæðum utan suðvesturhornsins fimmta árið í röð.

Af þessum 3326 bættust 1903 við í Reykjavík og samtals 3161 á höfuðborgarsvæðinu. Þá fjölgaði um 270 manns á Suðurnesjum. Á öðrum landsvæðum samtals varð því um beina 105 manna fækkun að ræða í staðinn fyrir um 1400–1500 manna fjölgun ef landsbyggðin hefði haldið sínum hlut í fólksfjölguninni. Á Austurlandi fækkaði nú fólki í fyrsta sinn í tvo áratugi, um 40 manns. Fólksfækkun hélt sömuleiðis áfram í öllum kjördæmum landsins nema Norðurlandi eystra þar sem fjölgaði um 172. Sú fjölgun varð öll á Akureyri og í næsta nágrenni hennar." — Það er ekki að öllu leyti rétt því það fjölgaði á Húsavík einnig. — „Af einstökum kaupstöðum og sýslum varð fækkunin á árinu hlutfallslega mest í: Norður-Ísafjarðarsýslu, fækkun 4,3%, Vestur-Húnavatnssýslu, fækkun 3,8%, Norður-Þingeyjarsýslu, fækkun 3,2%, Bolungarvík, fækkun 3%, Austur-Barðastrandarsýslu, fækkun 2,7%, Vestur-Skaftafellssýslu, fækkun 2,5%, Rangárvallasýslu, fækkun 2,3%, Neskaupstað, fækkun 2,1%, og Vestmannaeyjum, fækkun 2%.

Fólksfjölgun yfir landsmeðaltali varð einungis á þessum stöðum utan suðvesturhornsins: Dalvík 4%, Hveragerði 3,1%, Blönduósi 3,1%, Ólafsfirði 2,9%, Þorlákshöfn 2,7%, Seyðisfirði 2,2% og Húsavík 1,4%."

Þetta segir aðeins lítið um það ástand sem ríkir, því miður. Hér er verið að prófa þá furðulegu stefnu að hægt sé að hafa verðbólgu innan lands eins og þjónustustofnanir landsins vilja en fast gengi. Traustasti gjaldmiðill í heimi, íslenska krónan. Ja, það er gott að geta státað af slíku. Svo er krónan á allt dæmið að þeirri stofnun sem á að þjóna þeim aðilum þessa lands sem vinna að þeirri gjaldeyrissköpun sem heldur lífinu í íslensku þjóðinni er vísað á innlendan okurlánamarkað, innlendan okurlánamarkað til þess að fá fjármagn til þessara hluta. Þetta er stefnan.

Við skulum örlítið víkja að því hvað Alþfl. hefur um þetta að segja. Hvað hefur hann um þetta að segja? Hinn 7. jan. birtist leiðari sem heitir: „Einstefnan til Reykjavíkur." Og aldrei þessu vant stenst ég það ekki að lesa upp leiðara úr Alþýðublaðinu. Með leyfi forseta:

„Reykjavík vex og þenur sig út. Alþýðublaðið birti frétt á forsíðu blaðsins í gær þar sem segir frá bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands um mannfjölda skv. þjóðskrá 1. des. 1987. Þar segir að árið 1987 hafi fólki í Reykjavík fjölgað um 1903 eða 2,1%. Hlutfallsleg fjölgun hefur ekki verið meiri í höfuðborginni í aldarfjórðung eða allt frá árinu 1962." — Á dögum viðreisnar. Það var innskot frá mér. — „Bein fjölgun hefur ekki verið meiri síðan 1957. Um 95% af mannfjölgun á árinu varð í Reykjavík. Á hverju ári 1984–1986 fjölgaði fólki meira á höfuðborgarsvæðinu en sem nam heildarfjölgun landsmanna svo bein fækkun varð í öðrum landshlutum samanlögðum. Til samanburðar má nefna að í fyrra hefur fólki fjölgað um 3326 manns á höfuðborgarsvæðinu en aðeins um 165 á öðrum landsvæðum.

Þessar tölur árétta aðeins þá vitneskju að íbúar landsbyggðarinnar streyma í síauknum mæli til höfuðborgarinnar. Hin svonefnda byggðastefna, sem allt of seint hefur verið tekið tillit til, hefur að mestu eða öllu leyti brugðist og ekki verið nema orðin tóm á stefnuskrám stjórnmálaflokkanna.

Einstefnan til Reykjavíkur er alvarlegt mál fyrir landsbyggðina og hún er alvarlegt mál fyrir landið og þjóðina í heild. Lífskjörin verða æ erfiðari í hinum dreifðu byggðum landsins og bitna bæði á framleiðslugetu, þjónustu og lífnaðarháttum. Þá er einnig vert að huga að hinum margþættu breytingum sem fylgja í kjölfar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Minnkandi afkomugeta landshluta og héraða þýðir að sjálfsögðu minni tekjur sveitarfélaga og þar með minni burðargetu þeirra til að mæta nýjum verkefnum sem hafa verið á könnu ríkisins til þessa. Tónlistarskólar hafa verið stikkorðið í þeirri um-

ræðu og víst er að minnkandi skyldur ríkisins við landsbyggðina geta bitnað á menningar- og atvinnulífi.

Áskell Einarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga, sagði við Alþýðublaðið varðandi flutningana til Reykjavíkur: „Þessi þróun hefur verið séð fyrir fram og það er alveg ljóst að góðæri síðustu ára hefur farið fram hjá landsbyggðinni þrátt fyrir það að það megi rekja til framleiðslunnar sem hefur verið að mestu úti á landi."

Þessi orð Áskels eru vissulega íhugunarverð. Það er jafnframt umhugsunarefni að hið litla aðhald sem byggðir landsins hafa hlotið frá stjórnvöldum sé nú að valda stórfelldri byggðaröskun og samþjöppun á Reykjavíkursvæðinu. Hin svonefndu margfeldisáhrif í þjóðfélaginu eru einmitt mest á höfuðborgarsvæðinu. Þar er þjónustan ódýrust, vöruverðið lægst á meðan gjaldeyrir landsins, sem aflað er að mestu á landsbyggðinni, skilar sér þar ekki í lægri þjónustu, vöruverði eða öðrum staðarhlunnindum. Minnkandi atvinnutækifæri á landsbyggðinni hafa einnig ýtt á eftir straumnum suður. Hér er ekkert við að vera, er orðið viðkvæði fólks á landsbyggðinni. Það er óheillaþróun sem verður að breyta.

Stjórnvöld verða að nota tækifæri sín til að gera landsbyggðina meira aðlaðandi fyrir atvinnu- og mannlíf svo eðlilegt jafnvægi haldist milli byggðarlaga í landinu. Einstefnuna til Reykjavíkur verður að rjúfa."

Það er ein setning í þessu máli sem vakti mikla athygli mína. Það er sú yfirlýsing að Alþýðublaðinu, og vonandi flokknum, er orðið það ljóst að þetta er alvörumál fyrir Íslendinga alla. Það getur nefnilega farið svo að það sverfi að á fleiri stöðum en úti á landi ef stefnan verður óbreytt.

Nú höfum við heyrt það oftar en einu sinni að erlend lán megi ekki taka, þá aukist þjóðarskuldir Íslendinga. En hvað um það sem er að gerast? Viðskiptahalli Íslendinga við útlönd er talinn í milljörðum, 100% skekkja frá spádómum og raunveruleika. Bregður engum í brún? Ætli sé ekki ráð, ef menn hika við að hækka lánsfjárlögin, að skoða það af fúlustu alvöru hvaða aðili það væri sem væri þá eðlilegt að færi inn á innlenda lánsfjármarkaðinn og tæki sín lán þar?

Og þá komum við beint að 3. gr. í lánsfjárlögunum. Þar stendur svo, með leyfi forseta: „Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 millj. kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessa lántöku og teljast lán sem Landsvirkjun er heimilt að taka skv. þeirri grein án samþykkis eignaraðila hluti af ofangreindri fjárhæð."

Hver skyldi vera staðan hjá þessu fyrirtæki að borga ef það er skoðað? Ætli það sé þannig ástandið að þeir þurfi að vera skríðandi fyrir þm. hvort þeir fái gjaldskrárhækkanir eða annað og það sé hægt að koma í veg fyrir að þeir hafi peninga til að greiða til baka? Ef við lítum nú á 13. gr. og það sem þetta snertir og förum yfir það, með leyfi forseta, 13. gr. laga um Landsvirkjum:

„Stjórn Landsvirkjunar setur að fenginni tillögu Þjóðhagsstofnunar gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Í gjaldskrá skal raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku."

Þarna er allt á þurru. Þarna eru engir erfiðleikar. Þarna er gengið frá því að það er sjálfdæmi stjórnarinnar á alla vegu, hvernig þeir starfa og hvernig þeir hala inn peninga. Þá er það spurningin: Eru þarna þeir viðvaningar við stjórnvöl að það sé ekki hægt að vísa þeim á innlenda okurlánamarkaðinn vegna þekkingarleysis? Þá skorti upplýsingar og þetta séu slík börn að þeir séu ekki færir um að fara í þær lántökur? Nei, svo slæmt er ástandið ekki því svo merkilega vel vill til að æðsti maður fjármála á Íslandi að hæstv. fjmrh. undanskildum, Jóhannes Nordal, er jafnframt stjórnarformaður Landsvirkjunar og seðlabankastjóri, sá hæstlaunaðasti í þeirra hóp, 10% meira en hinir ef ég man þetta rétt. Hvers vegna ekki að láta hann glíma við eigin markað sem hann hefur skipulagt, komið á lappirnar og telur nógu góðan fyrir aðra og annan atvinnurekstur í landinu að búa við? Hvers vegna ekki að láta hann taka á innlenda okurlánamarkaðnum þessar 600 millj. og sjá á hvaða kjörum hann telur sanngjarnt að þær séu teknar? Hvers vegna ekki að fá úr því skorið hvernig eigi að standa að þessum málum þegar sérfræðingur, mesta séní íslenskrar fjármálasnilli, sér um hlutina, maðurinn sem samdi forðum daga um víkjandi lánin við Seðlabankann, hagkvæmustu lán sem tekin hafa verið fyrir Landsvirkjun allt til þessa. Það þorir enginn að efa að Íslendingar væru ekki sannfærðir um að Landsvirkjun gæti borgað það til baka. Það getur ekki verið vandamál.

Nei, hér verður að hafa hausaskipti og taka þessar 600 millj., færa þær í einu lagi til Byggðastofnunar sem heimild til erlendrar lántöku og vísa Landsvirkjun, vegna þeirra yfirburðamanna sem hún er með í stjórninni, á innlenda markaðinn. Það má telja fleiri upp ef nauðsyn krefur. En ég vil undirstrika að það eru engir undirmálsmenn fyrir hönd Framsfl. þarna í stjórn.

Nei, auðvitað hlýtur að vera eðlilegt að þetta verði fyrirtækið sem fer á innlenda lánsfjármarkaðinn þannig að það skapist rými fyrir Byggðastofnun til að fá það fjármagn sem þar þarf.

Hér er verið að ræða um það í fúlustu alvöru hvaða laun við ætlum að greiða fiskverkunarfólkinu í þessu landi. Ætlum við að fara í að hækka vextina á innlendum lánsfjármarkaði og láta íslenskt atvinnulíf, íslenskar útflutningsgreinar greiða þá vexti í samkeppni við erlendan iðnað sem hefur aðgang að fjármarkaði á alheimsmörkuðum? Og ætlum við að

ná því með því að lækka launin hjá fólkinu? Það er þetta sem Alþfl. verður að svara. Ætlar hann að lækka launin hjá fólkinu í landinu? (**HG:** Framsókn þarf að svara líka.) Þar vaknaði hv. 2. þm. Austurl. og bið ég afsökunar á því að hafa talað of hátt. (**HG:** Hann hefur ekki sofið.) Það er vel.

Ég vek athygli hv. 2. þm. Austurl. á því að þannig hagar til að tveir Vestfirðingar, fyrrverandi kúasmalar úr Ögri, hinir mætustu menn, fara nú með þau ráðuneyti sem ráða úrslitum í þessum efnum. (**HG:** Og framsókn hefur ekkert að segja. Er það?) Svo illa er ekki komið fyrir framsókn. (**HG:** En næstum því.) Enda heyrir hv. 2. þm. Austurl. að það er framsóknarmaður í ræðustólnum. Og við teljum okkur hafa ærið um þetta að segja. Fyrir mér stendur þetta dæmi þannig að verði þessi stefna miskunnarlaust ofan á, að hér eigi að hækka vexti og hella þeim yfir atvinnulífið í landinu og neyða niður kaupgjaldið á þann hátt, styð ég ekki þessa ríkisstjórn. (**HG:** En hinir?) Það er málfrelsi í sölum þingsins. Látum hvern tala fyrir sig. Ég hef líka heyrt það úr röðum óbreyttra alþýðuflokksmanna að þeir neita að styðja þá vaxtastefnu sem boðuð hefur verið. Ég tel að þeir séu fleiri en einn og fleiri en tveir og fleiri en þrír úr röðum þessarar ríkisstjórnar sem munu meta það eftir viðhorfunum til þessara mála hversu lengi er sætt.

Herra forseti. Menn meta það mikils að komast heim í kvöldmat og ég skil það vel. En þessi umræða um hvert stefnir í atvinnumálum Íslendinga, í vaxtamálum og fastgengismálum hlýtur að vera það sem hefur mest að segja fyrir alþýðu þessa lands á þessu ári. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að segja: Við verðum að hafa ríkissjóð á hreinu. Þar verður allt að vera pottþétt. Þar verða tekjurnar að koma inn til að mæta útgjöldum. Þá eru tveir hópar eftir. Það er fólkið í landinu og það eru atvinnuvegirnir. Ætli það sé ekki líka ærin nauðsyn hjá þeim aðilum að hlutirnir gangi upp? Ætli það þýði ekki annars vegar gjaldþrot heimila eða fyrirtækja ef það er ákveðin stefna þessarar stjórnar að það skuli meðhöndla fjármagnseigendur eins og fatlað fólk eða miklu meiri kaldhæðni en það? Það er nefnilega rökrétt að styðja við þá sem hafa orðið undir einhverra hluta vegna, hvort sem slys eða annað slíkt hefur gerst. En á hvaða forsendum á að moka fjármagni í hendur fjármagnseigendum eins og verið er að gera í dag? Hverjar eru skýringarnar? Það var sagt við okkur fyrir nokkrum árum: Vextirnir eru að fara upp alls staðar í umhverfinu, í heiminum í kringum okkur. Þeir verða að fara upp á Íslandi. Þetta glumdi á mönnum dag og nótt. En hver er staðan í dag? (**HG:** Hver samþykkti það?) Nú eru vextirnir að fara niður í umheiminum, en hér norður við heimskaut virðast menn trúa því að það sé hægt að leggja þær byrðar á atvinnulífið í landinu að láta það greiða hærri vexti, án þess að það komi niður á launanum, en nokkurt annað þjóðfélag lætur sér detta í hug. Hvernig gengur þetta upp? Dæmið er einfalt. Þetta gengur einfaldlega ekki upp. Það er hægt annars vegar að fara yfir það og skoða hve margir einstaklingar hafa verið gerðir gjaldþrota á seinasta ári. Það er hægt einnig að fara yfir það og skoða hvað stefnir í mörg gjaldþrot hjá fyrirtækjum í landinu.

Ef við göngum út frá því að verðbólgan í heiminum, alheimsverðbólgan, sé nálægt 5% og förum með vextina á Íslandi, þó við förum ekki nema upp í það sama og þeir væru í nágrannalöndunum, væru innlendir sparifjáreigendur með 5% betri vaxtakjör en nokkrir aðrir. Það er búið að ganga þannig frá málum með lánskjaravísitölunni að hún er betri en þó að krónan hefði verið gulltryggð. Og atvinnulífið á að borga. Þetta er slík kúvending í efnahagsmálum að það getur engum heilvita manni dottið í hug að þjóðfélagið haldi velli með þessum vopnaburði.

Ég taldi rétt að taka þessa umræðu undir liðnum um lánsfjárlög vegna þess að það verður að fást úr því skorið, og það innan mjög stutts tíma, hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessum efnum. Við höfum gert það í þessu landi að verja íslenskan iðnað til að koma honum á legg. Með inngöngu okkar á sínum tíma í Fríverslunarbandalagið fórum við í að jarða mjög margar tilraunir til að koma upp hagkvæmum iðnaði. Með fastgengisstefnunni eins og hún birtist í dag og verðbólgunni innan lands á sama tíma erum við að sjá til þess að allur nýgræðingur á Íslandi í iðnaði er að sölna. En við erum búnir að útbúa sérstakan skjólgarð utan um okurlánastarfsemina í landinu og ef það kular örlítið, hver er það sem sér um að kippa í spottann til að tryggja að þar sé nú nægilega mikil eftirspurn eftir lánsfé? Er það ekki stjórnarformaður Landsvirkjunar sem sér þá til þess að örlítið sé togað í bindiskylduna, örlítið aukið að bankarnir hafi laust fé til að tryggja að okurlánastarfsemin í landinu fái að blómstra?

Nei, ég ætla að benda ykkur á að Sigurður Berents tilheyrði þeim hóp að vera fatlaður. Hann þurfti engan sérstakan skjólgarð í kringum sig til að geta stundað þessa starfsemi. Það þurfti ekkert skjólbelti í kringum hann. Hvers lags drullusokkar eru komnir í þetta í dag ef þarf að standa svona að þessu? Hvers lags samsafn af aumingjum er það ef það þarf sérstakt skjólbelti í kringum þá svo þeir geti þrifist?

Nei, í sumum málum er ekki nema tvennt til. Annaðhvort vilja menn standa að því að koma á heilbrigðu ástandi hvað þetta snertir og tryggja að atvinnuvegir íslensku þjóðarinnar fái fjármagn á alheimsverði, ég er ekki að tala um niðurgreidda vexti eða neitt slíkt, eða þá að menn eru að tala um að það þurfi með einhverjum ævintýralegum hraða að koma upp auðmannastétt í landinu með okurvaxtakerfi. Og spurningin er: Hver er stefna Alþfl. í þessum málum? Kannski skiptast þeir í marga hópa. Ég veit það ekki. Ég hef hlustað á hv. 3. þm. Norðurl. e. lýsa sínum skoðunum. Það liggur alveg ljóst fyrir hvar hann er staddur. Það má vel vera að þeir séu til og ég trúi ekki öðru en að í Sjálfstfl. skiptist menn í hópa í þessum efnum. Það

er kaldhæðni örlaganna að sá sem hefur hvað kátast á undanförnum árum verið að boða þessa miklu nauðsyn á arðsemi fjárfestingarinnar og hún þyldi háa vexti, hans hamingjusól virðist hafa lækkað ansi mikið. Það er nefnilega svo að stundum verður hönd höggi fegin í vopnaburði. Það getur farið svo að sjálfstæðismenn verði að gera það upp við sig hvort þessi ríkisstjórn heldur velli eða hvort þeir vilja slá af þeirri braut sem þeir boða svo ákaft með ágæti *þeirrar hávaxtastefnu sem er búin að ná heimsmeti í* íslensku samfélagi og er að rústa atvinnuvegi landsmanna og verður óhjákvæmilega til að lækka launin hjá fólkinu í landinu.

Sumir virðast trúa því að það sé best að láta sjá hvað gerist. Þeir trúa því að það geti ekki gerst neitt annað en að kenningarnar haldi velli. Ég vil minna á siglingu um Breiðafjörð fyrir mörgum, mörgum árum þegar Staðarhóls-Páll sigldi og sigldi mikinn. Þá var ort:

> Ýtar sigla austur um sjó
> unnarjónum káta.
> Skipið er nýtt en skerið er hró
> og skal því undan láta.

Ég er nefnilega þeirrar trúar að alveg eins og það furðulega gerðist, þrátt fyrir góðan kveðskap, að skerið, gamalt, reyndist skipinu sterkara, þá fari svo fyrir hæstv. ríkisstjórn að ef siglingin verður með sama hætti í þessum efnum og þó ungir menn og galvaskir sitji í ráðherrastólum verði það skamma tíð (**SJS:** Þeir sitja ekki í þeim núna.) ef þeir ekki gá að sér í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.-viðskn. með 24 shlj. atkv.

EFRI DEILD

50. fundur, fimmtudaginn 7. jan., kl. 5 síðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Hv. þingdeildarmönnum er sjálfsagt ljóst að beðið er eftir afgreiðslu á frv. um stjórn fiskveiða. Umræðum um það frv. er ekki lokið í Nd. Væntanlega verður þeim lokið kl. 6. Því hef ég ákveðið að fresta fundi til kl. 6. Ég vænti þess að þá takist að taka málið fyrir. Takist það ekki mun ég fresta fundi þá til kl. 8.30.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hvaða ástæða er fyrir því að halda hér kvöldfund? Því er ekki hægt að halda eðlilegan fundartíma þingsins? Á hverju liggur svo mjög? Fyrr í dag var boðaður fundur í þessari deild á morgun og ég reikna með að hv. þm. hafi skipulagt störf sín í dag með tilliti til þess. Síðan er skyndilega boðaður fundur hér kl. 5 með litlum fyrirvara og nú er boðað til kvöldfundar e.t.v. Get ég fengið að spyrja um hvers vegna þarf að yfirstíga venjulegan fundartíma deildarinnar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Af þessu tilefni vil ég taka fram að um tvöleytið í dag var samráðsfundur með formönnum þingflokka þar sem þingstörf voru rædd. Þar kom fram áhugi fyrir því að ljúka málum fyrir föstudag þannig að menn gætu haft föstudaginn frían. Verkefni hafa ekki verið ýkja mikil hjá deildinni í þessari viku. Því taldi ég eðlilegt að stýra á það að ljúka afgreiðslu fiskveiðifrv. nú ef þess væri kostur og ég hef ekki fundið neina andúð við því, enda var gengið út frá því á þessum samráðsfundi að þannig yrði að málum staðið.

Það er líka nauðsyn á því að ganga í að afgreiða þetta frv. Það eru ýmsir í þjóðfélaginu sem þurfa á því að halda — mjög alvarlega. Ég bendi á að t.d. í fiskvinnu, þegar fólk upplifir að verðmæti liggja undir skemmdum, gera menn allt til þess að ljúka verki.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að það er ekki sama hvað samþykkt er. Ég tek undir að *illt er að láta verðmæti ganga til spillis, en* það getur ekki orðið á kostnað hvaða lagasamþykktar sem er hér á þingi. Við megum heldur ekki láta verðmæti ganga til spillis í okkar vinnu, í því sem við erum að gera og við höfum mismunandi mat á verðmætunum.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það er rétt að í dag var haldinn samráðsfundur með forseta Nd. og þingflokksformönnum stjórnarandstöðuflokkanna þar sem var rætt um þinghaldið. Á þeim fundi kom fram að við forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna á þingi mótmæltum því þinghaldi sem hér fer fram þessa dagana. Við bentum á að það er löngu orðið tímabært að þingstörf verði með eðlilegum hætti, þ.e. að þingfundir fari fram á eðlilegum fundatíma Alþingis. Það er núna komið vel fram á nýár, við erum komnir langt fram í janúar, og við sjáum enga ástæðu til þess að keyra áfram með fundahald utan venjulegs þingfundatíma Alþingis. Við lögðum á það mikla áherslu í dag að það yrði strax farið í að haga þinghaldinu miðað við venjulegan fundatíma Alþingis og ég lagði það m.a. til að í dag kl. 2 lyki fundastörfum á Alþingi og til næsta fundar yrði boðað með venjulegum hætti kl. 2 á mánudegi. Hins vegar látum við þetta yfir okkur ganga því að hér ræður að sjálfsögðu hnefarétturinn. Stjórnarliðar hafa miklu meiri þingstyrk en stjórnarandstaðan, sem öllum er kunnugt um, og þar af leiðandi geta þeir ráðið þinghald-

inu, en við mótmælum þessu háttalagi eftir sem áður.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég mótmæli því að hér ráði hnefarétturinn. Það hefur ekki gerst í þessari hv. deild að þannig hafi verið haldið á málum og hef ég ekki fregnir af því hvort svo hafi verið í Nd., en ekki á ég von á því.

Hitt er annað mál að ég tel að það sé nokkuð gott samkomulag um að hafa þennan hátt á. Það er ákveðið að standa svona að málum og það verður gert eins og ég ræddi áðan. Því verður fundi frestað núna til kl. 6.

EFRI DEILD

51. fundur, fimmtudaginn 7. jan., að loknum 50. fundi.

Stjórn fiskveiða, ein umr.

Stjfrv., 181. mál (heildarlög). — Þskj. 494.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Sjútvn. Ed. kom saman áðan, hélt fund og ræddi málið eins og það kemur frá Nd. Það má kannski segja að þar sé um formsatriði að ræða því að allir nefndarmenn hafa óbreyttar skoðanir frá því sem áður var, en eigi að síður ræddi nefndin málið. Ég tel rétt að gera grein fyrir þessu strax í upphafi umræðunnar, en í áframhaldi af því langar mig til að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild þegar það nú er komið til 7. umr. á hv. Alþingi.

Mér sýnist ýmislegt hafa gerst sem hlýtur að vekja athygli hjá almenningi í landinu, hvernig þetta mál hefur farið í gegnum þingið. Ég rifjaði upp við 1. umr. og kannski öllu ítarlegar við 2. umr. mína afstöðu til þessa máls. Hún er sú að ég er í grundvallaratriðum, ekki síst sem jafnaðarmaður, andvígur því skömmtunarkerfi og þeim einkarétti sem hér er verið að afhenda tiltölulega fáum útvöldum í þjóðfélaginu. Mér hrýs hugur við því að forustumenn Alþfl., sósíaldemókratísks jafnaðarmannaflokks, skuli leggja lið máli eins og hér er á ferðinni. Ég minni á að það þarf ekki mín orð til. Ég minni á að margir forustumenn Alþfl. hafa ítrekað þau sjónarmið að frv. eða löggjöf eins og hér er verið um að ræða og hér á að lögfesta er ekki í anda jafnaðarstefnunnar. Ég minni líka á það og ekki síður, eins og rifjað var upp af hv. þm. í Nd., Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, að þetta frv. er í algerri andstöðu við grundvallarsjónarmið Alþfl. að því er varðar fiskveiðar. Það er í algerri andstöðu við stjórnarsáttmálann sem Alþfl. hefur samþykkt. (**EgJ:** Nei.) Það þýðir ekki, hv. þm. Egill Jónsson, að segja nei. Menn ættu að lesa stjórnarsáttmálann betur ef menn segja nei við þessu. Og það sem meira er: Hér eru menn að ganga gersamlega gegn samþykkt sem gerð var á kjördæmisþingi Alþfl. á Vestfjörðum fyrir kosningar og var öllum kunn. Ég hlýt að lýsa ábyrgð á hendur þeim forustumönnum innan Alþfl. sem ætla að ganga í berhögg við þessa ályktun í sterkasta vígi Alþfl. hér á landi.

Það er mikil ábyrgð sem forustumenn innan Alþfl. ætla að axla í þessu máli, þeir sem ætla að leggja því lið að þetta frv. verði að lögum. Ég hlýt að segja þetta hér hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Þessu verður ekki mótmælt. Þetta er líka alveg í anda minnar sannfæringar. Sem jafnaðarmaður mundi ég aldrei styðja slíkt frv. eða löggjöf eins og hér er verið um að ræða. Það er gersamlega slitið úr samhengi við jafnaðarstefnuna.

Hér hefur maður orðið vitni að því í dag að hæstv. ráðherrar hafa leyft sér að greiða atkvæði gegn ákvæðum í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar. Ég er ekki hissa þó almenningur haldi að hér sé hálfgert hringleikahús á ferðinni, að sumu leyti til a.m.k. Hér gera menn allt annað eftir að þeir eru komnir hér inn en þeir segja fyrir kosningar. Hér eru margir hverjir og allt of margir í hálfgerðu hringleikahúsi og aðalleikhúsi þjóðarinnar.

Það er út af fyrir sig ekki skemmtilegt að tala í þessum tón sem jafnaðarmaður. Það er ekkert skemmtilegt að gagnrýna sína félaga með þessum hætti. En eigi að síður verður ekki undan því vikist og ég spyr: Ætla forustumenn Alþfl. margir hverjir að ganga af flokknum sem sviðinni jörð? Er það meiningin að menn ætli sér þannig áfram að Alþfl. verði sem hjóm í íslenskri pólitík verði fram haldið sem horfir? Ég óttast þetta. Í sjálfu sér þarf ég ekki sem einstaklingur að hafa miklar áhyggjur af slíku. En ég hef áhyggjur vegna almennings í landinu ef forustumenn ætla að beita flokknum með þessum hætti. Það er a.m.k. ekki í þeim anda sem ég tel jafnaðarstefnuna vera.

Hér er meiri hluti Alþingis að afgreiða frv. sem er þess eðlis að afsala sér slíku valdi til eins manns sem engu tali tekur. Ég efast um að nokkurt löggjafarþing hafi gert slíkt. Það eru um 30 heimildir sem verið er að veita hæstv. sjútvrh. með því frv. sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt, því frv. sem verið er að nauðga í gegnum þingið. Það er ekki gott til afspurnar hjá almenningi úti í þjóðfélaginu að slík vinnubrögð skuli eiga sér stað hér á Alþingi. Hér eru kannski þeir sem eru mest á móti kvótafrv. að ljá því lið að það fari í gegn. Slíkt er orðið hugarfarið að mér sýnist hjá mörgum hér innan dyra. Þeir sem eru mestu kvótaandstæðingar ætla að koma málinu hér í gegn. Er þetta líklegt til að auka virðingu Alþingis? Mér sýnist svo ekki vera. Og ég skil ekki að það skuli vera í anda jafnaðarstefnunnar að menn ætli að þröngva slíku máli í gegn í ljósi þess að verið er að færa tiltölulega fáum einstaklingum auðæfi sem allir eiga. Það er tiltölulega fámenn klíka sem er verið að

skapa slíka aðstöðu sem engu tali tekur.

Ég hefði ekki trúað því, fyrr en að vísu nú að ég hef á því tekið, að forsvarsmenn jafnaðarstefnunnar mundu ganga slíka leið. Þetta upplifði ég að vísu þó hart sé. En það á ekki að þýða að menn leggi árar í bát. Ég hygg að það komi sú tíð að þeim forustumönnum innan Alþfl. sem nú feta þessa braut verði komið í skilning um það þótt síðar verði að þeir hafi verið á rangri hillu að því er þetta varðar. Það var ekki tilgangur jafnaðarmanna að mínu viti að þjóna með þessum hætti undir Framsfl. og SÍS nema síður væri. Hér eru menn að ganga allt aðra leið en menn sögðu og lofuðu fyrir kosningar. Kannski er það að verða eitthvert aðalsmerki manna að framkvæma allt annað eftir kosningar en þeir lofuðu að gera fyrir kosningar. Ég ætla ekki að vera í þeim hópi. Ég hef túlkað mína afstöðu hér og tel að hún sé öllum ljós. Frv. eins og það kemur frá hv. Nd. fullnægir ekki mínum sjónarmiðum að því er þetta varðar. Hér eru menn ekki aðeins að endurnýja hið gamla kvótakerfi. Hér eru menn enn að auka valdsvið eins ráðherra innan Framsfl. í anda SÍS-veldisins.

Hvar eru nú fulltrúar einkaframtaksins? Hvar skyldu þeir vera? Það hefur ekki mikið heyrst úr þeim herbúðum nú. Nei, þetta minnir mig á söguna um jólasveinana. Það er sagt að þeir hafi allir komið í halarófu ofan í sveit. Ég sé ekki betur en hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., hafi, þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar um að vera ekki með þjónslund í garð Framsfl., ásamt megninu af þeim þingflokki verið í einni halarófu ásamt sumum úr þingflokki Alþfl. og forustumönnum þar, kropið fyrir framan hæstv. sjútvrh. og sagt: Verði þinn vilji. Ráð þú, Halldór, í okkar umboði. Og séra Sigvaldi hefði auðvitað sagt: Hér ætti ábyggilega við amen á eftir efninu.

Þetta er að sjálfsögðu ekkert grínmál. Það er miklu alvarlegra en svo sem hér er verið að gera. Hér eru menn að ganga inn í langvarandi kvótakerfi, skömmtunarkerfi fyrir tiltölulega fáa einstaklinga. Og það á enginn nýr aðili, hversu duglegur sem hann kann að vera, neina uppreisn í þessum efnum. Þetta er eitthvert mesta skömmtunarkerfi sem upp hefur verið fundið.

Einkaframtakið tekur því fegins hendi og segir amen og hallelúja. Þar er ekki uppreisnin gegn þessu. Hver hefði trúað því á dögum fyrri foringja Sjálfstfl., þeirra sem litið var upp til á sínum tíma, að Sjálfstfl. gengi þá leið sem hann hefur gengið í þessum efnum? Ég tala nú ekki um Alþfl., þá sem ráða ferðinni í þeim herbúðum að því er þetta mál varðar. Það hefði enginn foringi jafnaðarmannaflokks nokkurs staðar leyft sér að ganga þá braut sem hér er verið að gera. Það hefði enginn leyft sér það. Og þeim mun sárgrætilegra er það að ég sem jafnaðarmaður skuli horfa upp á slíkt. Það er út af fyrir sig ekki góð líðan, ef menn hafa sannfæringu, að horfa upp á slíka hluti gerast. Það er ekkert skemmtilegt að heyra sína flokksbræður segja: Þetta er í algerri andstöðu við grundvallarsjónarmið Alþfl. Þetta er í algerri andstöðu við stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar og þar með fulltrúa Alþfl. Og þessi sami hv. þm. sagði: Þetta er líka í algerri andstöðu við mína eigin sannfæringu, en ég ætla að segja já með semingi. (**EgJ:** Hver var þetta?) Ég bendi hv. þm. Agli Jónssyni á að fletta upp í þingtíðindum. (**EgJ:** Þau eru ekki komin út.) Ja, þegar þau koma. Það verður væntanlega læsilegt þá.

Það er ekki skemmtilegt að horfa upp á eða hlusta á ræður af slíku tagi frá eigin flokksmönnum. Ég a.m.k. tek ekki slíkri forustu þegjandi og ég ítreka sérstaklega að þeir forustumenn Alþfl. sem ætla sér að stuðla að þessari löggjöf á Alþingi bera mikla ábyrgð. Þeir eru þar með að mínu viti væntanlega að höggva frá sér jafnaðarmenn á Vestfjörðum í stuðningi við hæstv. ríkisstjórn. Það mál vel vera að mönnum sé sama um slíkt og það komi málinu ekkert við. En það á kannski eftir að koma í ljós að það hefði verið betra að hugsa áður.

Hér eru menn úr forustuliði Alþfl. að taka afdrifaríkar ákvarðanir, ákvarðanir sem kunna að valda miklu í framhaldinu að því er þann flokk varðar, a.m.k. á vissu landsvæði. Ég frábið mér, ekki bara vegna þeirrar samþykktar sem gerð var á kjördæmisþingi Alþfl. heldur vegna minna skoðana, minna grundvallarsjónarmiða sem jafnaðarmanns, að standa að slíku.

Ég þarf út af fyrir sig, herra forseti, ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta. Málið er ljóst. Það sem er verst í þessu er að allt of margir þm. ljá þessu máli lið án þess að hafa sannfæringu fyrir því að það sé rétt. Þeim er beinlínis þröngvað til að styðja málið. Það er verst að á löggjafarsamkomunni sé hægt að þröngva mönnum gegn sannfæringu til að styðja mál, ég tala nú ekki um mál sem er eins og þetta, sem veldur hvað mestu fyrir lífskjör, lífsbjörg þjóðarinnar sem heildar.

Það er ljóst, herra forseti, að ég mun ekki greiða frv. atkvæði. Ég stend gegn því vegna þeirrar grundvallarskoðunar að það þarf að gera breytingu á öllu þessu kerfi. Menn bundu vonir við það sumir hverjir með stjórnarsáttmálanum að menn væru að stíga inn á það svið að gera breytingar til hins betra, færa sig út úr kvótakerfinu, en reyndin hefur orðið allt önnur. Menn eru að fara enn lengra inn í það. Það er augljóst að það gerist ekki núna, en við verðum að finna leiðir sem geta leitt okkur frá þessu skömmtunarkerfi, geta leitt okkur til þess að auðlindir hafsins séu eign Íslendinga allra sem þær eru ekki með þessu frv. Það er rétt að vekja sérstaka athygli á því. Með þessu frv. er ekki verið að lögfesta að auðæfi hafsins séu eign allra Íslendinga. Ég þykist vita að flestir vildu að svo væri. En það á ekki við.

Ég ítreka: Ég vara við því, og þá sérstaklega vara ég mína flokksbræður í Alþfl. og forustumenn hans við því, að lögfesta þetta mál hér á Alþingi, standa að því að það verði lögfest. Geri þeir það bera þeir miklu meiri ábyrgð á framhaldinu en þeir kannski gera sér ljóst nú. Það væri betra að menn hugsuðu til

þess áður en það er orðið um seinan.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þetta. Það er tilgangslítið að mér sýnist. (**EgJ:** Já.) Já, segir hv. þm. Egill Jónsson og þá þarf ekki að tala um hlutina frekar. En ég tel það kannski fyrst og fremst þarflaust vegna þess að sjálfir ráðherrarnir hafa neitað að taka til greina það sem þeir sjálfir hafa lagt til í stjórnarsáttmálanum og það er kannski það skringilegasta við þetta mál að ráðherrarnir sjálfir neita stjórnarsáttmálanum, vísa honum frá. Hvað þýddi þetta á venjulegu máli? Hvað eru menn að gera með þessu? (**SvG:** Lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.) Lýsa vantrausti á sjálfa sig fyrst og fremst. Þetta eru leikreglur sem eiga ekki og mega ekki eiga sér stað á löggjafarsamkomunni.

Svona væri hægt að halda áfram miklu lengur, en ég skal ekki gera það, herra forseti. Ég lýsi algerri andstöðu gegn þessu skömmtunarfrv. hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans á Alþingi. Ég vænti þess að það gefist tækifæri fyrr en seinna til þess að brjótast út úr þessu kerfi, til að koma á réttlátara skipulagi. Það er enginn að hafa á móti stjórn, en koma á réttlátara skipulagi, skipulagi sem gefur einstaklingunum tækifæri til þess að komast áfram, gefur byggðarlögunum tækifæri til að njóta sín. Það gerir þetta frv. ekki.

Með þessu, herra forseti, ætla ég að ljúka máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Það er að sumu leyti að maður sé hálffeiminn að koma í ræðustól á hv. Alþingi eftir að aðalfjölmiðill okkar, Sjónvarpið, hefur lýst því yfir að umræðan á hv. Alþingi sé fyrst og fremst á þann veg að það sé verið að endurtaka sömu hlutina dag frá degi og ekki aðeins að Sjónvarpið sé að lýsa því yfir heldur er það svo smekklegt að viðkomandi fréttamaður hefur það eftir starfsmanni Alþingis að hlutirnir séu á þann veg hér á hv. Alþingi. Að koma í ræðustól og hafa fengið slíkar trakteringar frá slíkri stofnun, eins og við hljótum að ætlast til þess að ríkissjónvarpið okkar sé, er einkennileg tilfinning.

Ég veit að ef hv. þm. og formaður þingflokks Alþfl. hefði verið í útvarpsráði áfram mundi hann hafa tekið þessa umræðu upp á þeim vettvangi og ég vænti þess að einhverjir aðrir geri það, að við eigum það ekki yfir höfði okkar að starfslið Alþingis sé tengt saman við skoðanir einhverra fréttamanna. Ég vildi láta þetta koma fram í upphafi minnar ræðu í sambandi við kvótamálin, en einmitt þessi trakteríng sjónvarpsfréttamannsins tilheyrði umsögn hans um umræðu um kvótamálið eða fiskveiðistefnuna í Nd. í gær. Ég hef ekki í annan tíma að mínu mati séð ómerkilegri frétt á skjá sjónvarpsins en þá frétt sem ég horfði á frá Alþingi í gær.

Nú þegar frv. um stjórn fiskveiða hefur hlotið þá afgreiðslu að fara á milli deilda og er komið til einnar umræðu í hv. Ed. er ekki úr vegi að fjalla lítillega um frv. og umfjöllun um það bæði á undirbúningsstigi og á hv. Alþingi. Öll hefur meðferð málsins frá hendi ríkisstjórnarinnar borið með sér að um það hefur ekki verið samstaða milli ríkisstjórnarflokkanna, hvorki við upphaf umræðna í september, við umfjöllun í þinginu og afgreiðslu milli deilda þingsins né við lokaafgreiðslu, kannski allra síst, þótt atkvæði séu greidd frv. með hangandi hendi til að þóknast ráðherragengjum flokkanna og sú afstaða jafnvel réttlætt með því að allt sé komið í tímaþröng og þess vegna vonlaust með allar grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórninni, því verði að samþykkja frv. frekar en ekkert.

Það er um það bil hálft ár, sex mánuðir liðnir frá því að núv. ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum. Undanfari stjórnarskiptanna voru kosningar til Alþingis. Framsfl. og Sjálfstfl. töpuðu fylgi. Þriðji stjórnarflokkurinn, Alþfl., bætti við sig fylgi. Það má a.m.k. segja að svo hafi verið með Alþfl. að nafninu til. Það er því eðlilegt að tekið sé tillit til kosningayfirlýsinga Alþfl. nokkuð umfram þær meiningar sem tapflokkarnir komu með sem arf frá fyrri ríkisstjórn. Ég tel því rétt að lofa hv. deildarþm. að heyra hverju lýst var yfir í Vestfjarðakjördæmi fyrir kosningarnar í vor, yfirlýsingu Alþfl. þar sem frambjóðendur Alþfl. lofuðu því að styðja enga ríkisstjórn sem mundi standa að framlengingu þeirra kvótalaga sem nú er verið að samþykkja á hv. Alþingi. Ég mun, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa auglýsingu Alþfl. sem birtist í 13. tölublaði Vestfirska fréttablaðsins. Hún er á þann veg: Efst stendur „Alþýðuflokkurinn" og þar er mynd af hinni víðfrægu kratarós:

„Góðu Vestfirðingar!

Sá þáttur stjórnarstefnunnar sem valdið hefur Vestfirðingum þyngstum búsifjum er kvótakerfið. Sjálfstfl. og Framsfl. lögfestu þetta kerfi og hafa staðið vörð um það síðan. Matthías Bjarnason og Steingrímur Hermannsson greiddu kvótakerfinu báðir atkvæði. Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur P. Pórðarson hafa í fjögur ár stutt kvótamálaráðherrann. Það þýðir ekkert fyrir þessa menn að ætla nú að koma ábyrgðinni af sínum herðum með því að afneita sinni eigin fortíð. Þeir bera fulla ábyrgð á kvótanum og afleiðingum hans. Kvótamálaráðherrann þeirra berst nú fyrir því að lögleiða kvótastefnuna áfram næstu þrjú ár." — Þeir voru framsýnir þeir alþýðuflokksmenn.

„Hann telur sig hafa stuðning við þá stefnu í flokki sínum, Framsfl., og telur sér áframhaldandi stuðning vísan í Sjálfstfl. Þannig ætlar hann að ganga frá málinu þegar eftir kosningar.

Alþfl. á Vestfjörðum er alfarið andvígur kvótakerfi íhalds og framsóknar. Til þess að taka af öll tvímæli og til þess að afstaða okkar liggi skýrt og ótvírætt fyrir áður en gengið er til samninga um stjórnarmyndun að kosningum loknum lýsum við því yfir að Alþfl. á Vestfjörðum mun enga þá ríkisstjórn styðja sem ætlar sér að framlengja kvótakerfi ríkisstjórnarinnar. Þessi afstaða er einföld, skýr og afdráttarlaus. Til staðfestingar á henni ritum við hér undir nöfn okkar.

Ísafirði, 30. mars 1987.
Karvel Pálmason.
Sighvatur Björgvinsson.

P.S. Ef þú styður þessa stefnu skaltu styðja okkur.

Þú tryggir ekki eftir á."

Það er aðeins að maður hugsi til þeirra nafna sem hv. frambjóðendur og núv. þm. Alþfl. nefna í þessari yfirlýsingu sinni. Þeir nefna þar nöfn hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, Þorv. Garðars Kristjánssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar og benda á að þetta séu stuðningsmenn kvótamálaráðherrans. Ég vil ekki segja það um Karvel Pálmason, en hvað er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og allur Alþfl. að gera annað en að styðja frv. sem hér liggur fyrir til umræðu nú, hefur stutt það hér í deildinni og hefur stutt það í Nd.? Stóru orðin sem í þessari yfirlýsingu eru og voru hafa þeir ekki staðið við.

Kosningayfirlýsingarnar um fiskveiðistefnuna voru nokkrar og fleiri en þessar og flestar á þann veg að ýmsu þyrfti að breyta frá stefnu síðustu fjögurra ára. Þar voru yfirlýsingar sumra frambjóðenda Alþfl., núverandi þm. flokksins, ákveðnastar. Þeir voru ekki margir frambjóðendur sem lýstu yfir stuðningi við kvótakerfið. Það þótti ekki vænlegt til atkvæðisöflunar. Það kom líka í ljós við myndun ríkisstjórnarinnar að óbreytt fiskveiðistefna naut ekki stuðnings hinna nýkjörnu þm. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. Ekki hefur annað heyrst en fullkomin samstaða hafi verið í þingmannaliði ríkisstjórnarinnar um þann kafla málefnayfirlýsingar stjórnarinnar sem fjallar um fiskveiðistefnuna og sá kafli hafi jafnvel verið sá hluti starfsáætlunarinnar sem hvað mest ánægja var með og sá kafli sem almenningur taldi líklegast að staðið yrði við af stjórnarflokkunum.

Í starfsáætluninni er tekið fram að fiskveiðistefnan verði tekin til endurskoðunar í nefnd og sú endurskoðun skuli beinast að því hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar, hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, hvernig auka megi svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi og nefndin skuli einnig endurskoða og taka afstöðu til hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila og hve lengi *meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.*

Það vantaði ekki að það voru fyrirheit um miklar lagfæringar á fiskveiðistefnunni sem í gildi var. Það átti að taka á þeim þáttum fiskveiðistefnunnar sumum hverjum sem reynst höfðu illa. Það átti að fjalla um hver ætti fiskinn á miðunum, hvernig gæta mætti byggðasjónarmiða, hvernig tryggja mætti endurnýjun og framþróun um færslu veiðiheimilda milli aðila og um gildistíma allra ákvæðanna. Það var beðið. Júlí leið, ágúst leið og það var komið fram í september. Þá fréttist af því að sjútvrh. væri að undirbúa skipun nefndar til að fjalla um fiskveiðistefnuna. Hinn 16. sept. kom þessi nefnd saman til fyrsta fundar. Sjútvrh. setti þennan fund. Gat hann þess að samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar skuli fiskveiðistefnan endurskoðuð og stefnan mörkuð er taki gildi í upphafi næsta árs. Þá nefndi ráðherra þau atriði gildandi laga um fiskveiðistefnu sem ráðuneytið og þá trúlega hæstv. ráðherra sjálfur teldi að þyrfti að ræða sérstaklega. Ég bið hv. þm. að taka vel eftir því hvað það var sem ráðherra nefndi þegar hann fór að telja upp hverju þyrfti að breyta í fiskveiðistefnunni.

Það voru reglur um sóknarmark, úthafsrækju, fjölgun smábáta, gámafisk, millifærslur og aflakvóta og gildistíma laganna. Stefna ráðuneytisins og ráðherra var sem sagt ekki sú sama og ríkisstjórnarinnar. A.m.k. nefndi ráðherra ekki að nefndin ætti neitt að ræða hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar, hvernig gæta skyldi byggðasjónarmiða eða hvernig tryggja mætti endurnýjun og athafnafrelsi og svigrúm í sjávarútvegi.

Eftir að ráðherra hafði farið nokkrum orðum um hugmyndir og stefnu ráðuneytisins gaf hann Jakobi Jakobssyni orðið og var það sem eftir var fundartíma notið upplýsinga frá fiskifræðingum um ástand fiskistofna. Strax á fyrsta fundi svokallaðrar ráðgjafarnefndar hafði því hæstv. sjútvrh. sjálfur gefið vísbendingu í þá átt að stefna hans og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar væri tvennt ólíkt. Fleira skrautlegt átti eftir að heyrast, þó ekki fyrr en á 3. fundi *nefndarinnar*, 30. sept.

Annar fundur var hálfgert plat. Í ljós kom að verkefni fyrir fundinn voru ekki tilbúin, en þau höfðu átt að vera skýrsla Þjóðhagsstofnunar, viðskiptadeildar Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans um efnahagsleg áhrif gildandi stjórnar fiskveiða. Vinna við þessa skýrslu hafði dregist. Einnig var Hafrannsóknastofnun ekki tilbúin með skýrslur um hörpudisks- og úthafsrækjustofna.

Þriðji fundurinn fór í að fjalla um þessi verkefni. Það kom sem sagt í ljós að fyrir nefndina átti ekki að leggja skýrslur til athugunar um þá þætti fiskveiðistjórnunar sem taldir voru upp í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og þar talið að þyrfti að endurskoða heldur voru nú lagðar fyrir nefndina skýrslur um þau atriði fiskveiðistefnunnar sem ekki var teljandi ágreiningur um og skiptir engum sköpum í framkvæmd fiskveiðistefnu. Þeir þrír mánuðir sem nú *voru liðnir frá birtingu starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar* höfðu ekki verið notaðir til að skoða áhrif og afleiðingar þeirra þátta fiskveiðistefnunnar sem átti að endurskoða samkvæmt starfsáætluninni heldur voru fyrir forgöngu hæstv. sjútvrh. og að hans ósk fyrrgreindar stofnanir fengnar til að gera útreikninga og semja skýrslur um allt aðra hluti. Skýrslur ráðherra hafa svo verið óaðskiljanleg fylgiplögg lagafrv. ríkisstjórnarinnar um næstum óbreytta framlengingu á fiskveiðistefnu síðustu tveggja ára.

Þessi vinnubrögð vöktu nokkra undrun hjá mörgum, jafnt stjórnarsinnum sem stjórnarandstæðingum. Og tíminn leið. Sá tími sem nota átti til endurskoðunar var raunverulega liðinn. Þeir sem breyta ætluðu fiskveiðistefnunni höfðu verið hafðir

að flónum. Þeir sem höfðu tekið mark á starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um að fiskveiðistefnan yrði endurskoðuð fundu fyrir því að þeir höfðu verið of auðtrúa. Það var aldrei meiningin að breyta neinu. En kannski var enn þá von.

Hinn 7. okt. vísaði fulltrúi þingflokks Alþfl. til starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar og verkefnis endurskoðunarnefndar stjórnarflokkanna. Í framhaldi af þessari tilraun fulltrúa Alþfl. í ráðgjafarnefndinni, sem var reyndar enginn annar en formaður þingflokks Alþfl., hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason, var önnur nefnd skipuð. En hafi ráðgjafarnefndin gert lítið annað en láta tímann líða gerði þessi seinni nefnd enn minna.

Verklag þessara tveggja nefnda var þannig að ekki var gert ráð fyrir neinni niðurstöðu, engum verkalokum. Umræða var sett á svið að því er best varð séð aðeins til þess að geta sagt að umræða hafi átt sér stað, samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila.

Fyrst svona fór í nefndum og endurskoðunin gleymdist, var þá ekki allt í lagi? Voru nokkrir gallar á kvótakerfinu? Ekkert sannar betur en að svo er og svo var en starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Jafnvel þegar verið var að mynda ríkisstjórn var reynt að fela vandamál og erfiðleika frekar en að gera meira úr þeim. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fór mjög varlega í það að nefna ókosti kvótakerfisins og hvað það væri sem þyrfti að endurskoða, enda var það svo að tveir stjórnarflokkanna báru ábyrgð á fiskveiðistefnunni frá fyrri ríkisstjórn. Í starfsáætluninni var því ekki nefnt nema það allra nauðsynlegasta, en það var þó þetta:

1. Það þurfti að endurskoða hverjum veiðiheimildir væru veittar. Efast er um að rétt sé að veita eigendum fiskiskipa veiðiheimildir. Með því sé verið að ráðstafa sameign þjóðarinnar til fárra aðila sem síðan leiðir af sér margháttaða annmarka. Hér er sem sagt fyrsti ágalli kvótakerfisins sem ríkisstjórnin taldi endurskoðunarverðan. En þetta var ekki rætt. Engin skýrsla var um þennan þátt með frv. sjútvrh.

2. Kvótakerfið hafði leitt af sér margháttuð byggðavandamál. Ríkisstjórnin taldi að taka þyrfti tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu. Vandamálin blöstu við, Suðurnes, Grundarfjörður, Patreksfjörður, og einnig byggðamál tengd smábátaútgerð víða um land, í Grímsey, Bakkafirði, Borgarfirði og víðar. Byggðasjónarmið skulu tengjast mótun fiskveiðistefnu, var annar punktur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Svo mörg voru þau orð og endurskoðun lengdist.

3. Auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar. Kvótakerfið gerir ekki ráð fyrir athafnafrelsi né svigrúmi til endurnýjunar og því er sleppt að endurskoða það. (**HBl:** Þessu „ekki" var nú ofaukið.)

4. Færslur veiðiheimilda milli aðila. Þarna höfðu verið margháttuð vandamál. Undirtektir með þau, hv. þm.: Enga endurskoðun.

5. Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda. Vandamálið rætt án niðurstöðu. Ja, án niðurstöðu segi ég. Sjálfstfl. hafði lýst því yfir að hann hefði komist að niðurstöðu og það skyldu verða tvö ár, en Sjálfstfl. samþykkir í dag þrjú ár. Trúlega er það endurskoðun á fyrri afstöðu.

Fjórir af fimm ágöllum kvótakerfisins sem ríkisstjórnin taldi þörf á að endurskoða 8. júlí í sumar eru enn til staðar í því frv. um stjórn fiskveiða sem hér er til einnar umræðu eftir umfjöllun í hv. Nd. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram eru smávægilegar og snerta ekki þá þætti sem nefndir eru í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Og ágallar kvótakerfisins voru fleiri en þeir sem taldir eru upp í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar eru af skiljanlegum ástæðum ekki nefndir þættir eins og þeir að höfuðmarkmið fiskveiðistjórnar, að forðast ofveiði, nýta fiskistofna á sem hagkvæmastan hátt, hefur mistekist.

Þar er heldur ekki nefndur sá þáttur ráðherrans sjálfs, hið mikla vald sem hann sækist eftir og útfærir mörk þess eftir eigin vild. Hvorugur þessara þátta er nefndur sem endurskoðunarverkefni á vegum ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, enda kannski ekki von þar sem þá hefði verið erfitt um vik að leyfa sumum hæstv. ráðherrum að sitja áfram í sínum fyrri ráðherrastólum.

Í umræðum um efnahagsmál er ekki reynt að leyna því að draga þarf úr sókn í þorskstofnana árið 1988. Það er því staðreynd að eftir að framfylgt hefur verið þeirri sömu fiskveiðistefnu og enn er lagt til að búið verði við næstu þrjú ár hefur ekki tekist að byggja upp veiðistofn þorsksins þannig að hægt sé að halda fram jafnri veiði milli ára, hvað þá auka hana sem eðlilegt væri. Þetta gerist við bestu líffræðilegar aðstæður í hafinu umhverfis landið. Meðalþungi þess þorsks sem veiðist á Íslandsmiðum og landað er hér á landi er kominn niður fyrir það sem áður hefur þekkst. Á fiskislóð þar sem áður var árvisst að veiddist stór gæðaþorskur á vetrarvertíð er nú næstum ördeyða.

Vald ráðherra hefur verið að aukast ár frá ári. Á vegum sjútvrn. eru starfandi eftirlits- og rannsóknarmenn til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða. Það er ekki auðvelt að gera sér grein fyrir því hve vald ráðherra er margþætt. Ég skal þó nefna nokkra þætti, en ég tek fram að sú upptalning er ekki tæmandi.

1. Ráðherra ákveður hvað veiða skal mikið af hverjum fiskstofni innan ákveðins tímabils.

2. Ráðherra úthlutar veiðileyfum til skipa eða vinnslustöðva. Hann hefur áður samið og gefið út reglugerð um hvernig sú úthlutun skuli eiga sér stað.

3. Ráðherra lætur fylgjast með hverjum veiðileyfishafa, hvort farið sé eftir ákvæðum veiðileyfis um aflamagn, veiðiaðferð o.s.frv.

4. Ráðherra getur svipt viðkomandi veiðileyfishafa veiðileyfi ef veiðileyfishafi gerist brotlegur að mati ráðherra.

5. Ráðherra getur gert ólöglega veiddan sjávarafla upptækan. Í lögunum er það tekið fram að sannanir þurfi að liggja fyrir um að afli sé ólöglegur til

þess að ráðherra geti beitt þessu valdi sínu. Ég er ekki alveg viss um hvort sá bókstafur laganna blífur hjá ráðherra nú orðið.

6. Ráðherra hefur hafið rannsókn um meinta ólöglega veiði sjávarafla án þess að nokkur vísbending hafi átt sér stað um að um slíkt hafi verið að ræða.

7. Ráðherra ákærir fyrir brot og meint brot um ólöglega veiði, þ.e. ráðherra ákærir jafnvel þótt sannanir liggi ekki fyrir.

8. Ráðherra úrskurðar um upptöku andvirðis ólöglegs afla eða meints ólöglegs afla, þ.e. ráðherra úrskurðar um upptöku jafnvel þótt sannanir liggi ekki fyrir.

9. Ráðherra úrskurðar kærur vegna úrskurðar hans sjálfs.

10. Ráðherra getur krafist fjárnáms og aðfarar til greiðslu á úrskurðuðu andvirði ólöglegs sjávarafla áður en sakborningur hefur möguleika á að fá málið afgreitt frá dómstólum.

Og ráðherra getur eftir að hafa fengið samþykkt það frv. sem hér er til lokaafgreiðslu krafið viðkomandi aðila um að láta ráðuneytinu í hendur allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd þeirra laga sem úr þessu frv. eiga að verða.

Hér læt ég ótalið annað um vald ráðherra. Þó er ekki úr vegi að minna á að undir sjútvrh. heyra nokkrar stofnanir, t.d. Hafrannsóknastofnun og Ríkismat sjávarafurða.

Þessi tíu atriði um valdsvið sjútvrh., sem ég hef hér nefnt, eru svo hvort fyrir sig allvíðfeðm og mjög teygjanleg. Reglugerðarákvæðum getur ráðherra breytt. Úthlutun veiði- og vinnsluleyfa er með þessum takmörkunum í þetta skipti, með öðrum takmörkunum næst o.s.frv. Núv. sjútvrh. hefur sífellt fengið meira og meira vald í hendur og hann hefur sett upp heilmikið eftirlits- og rannsóknarkerfi til stuðnings því valdi sínu. Hluti af þessu liði hefur í fjölmiðlum fengið á sig nafnið kvótalögregla. Það er því ekki nema von að spurt sé hvort það sé ekki vafasöm þróun í lýðræðisríki og hvort réttarkerfið sé ekki að verða svolítið skrýtið þegar pólitískur ráðherra hefur í þjónustu sinni lið, hvort sem það er kvallað kvótalögregla eða eftirlitsmenn, lið sem er án skilgreiningar á valdsviði þess, rétti þess eða skyldum. Réttur ráðuneytisins og vald er aukið sí og æ, en minna og í sumum tilfellum alls ekkert er hugsað um rétt þess sem undir þetta vald er settur eða þarf að hafa viðskipti við það. Og ekki nóg með að löggjafinn tryggi nógu vel rétt þeirra sem undir pólitískt framkvæmdarvald þurfa að sækja heldur gerir slíkt ofurvald gagnvart heilli atvinnugrein það að verkum að viðkomandi aðilar, sem hafa verið misrétti beittir af slíku valdi, veigra sér við að leita réttar síns gagnvart því af ótta við að eiga erfiðara með að leita eftir rétti sínum á öðrum sviðum hjá þessu sama valdi. (Gripið fram í.) Á ég að endurtaka? Ég skal með ánægju gera það, hv. þm., og endurtaka þetta til að undirstrika vald ráðherra gagnvart þessum stóra hóp manna: Það er ekki nóg með að löggjafinn tryggi ekki nógu vel rétt þeirra sem undir pólitískt framkvæmdarvald þurfa að sækja heldur gerir slíkt ofurvald gagnvart heilli atvinnugrein það að verkum að viðkomandi aðilar, sem hafa verið misrétti beittir af slíku valdi, veigra sér við að leita réttar síns gagnvart því af ótta við að eiga erfiðara með að leita eftir rétti sínum á öðrum sviðum hjá þessu sama valdi.

Ég er ekki í neinum vafa um að þeir sem voru sammála um að koma fyrrnefndum fjórum endurskoðunarákvæðum um fiskveiðistefnuna inn í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar töldu ekki síður nauðsynlegt að endurskoða þá tvo þætti sem ég hef verið að fjalla um. Það voru í fyrsta lagi mistökin í sambandi við sóknina og uppbyggingu veiðistofns þorsksins og í öðru lagi hið síaukna og mikla vald sjútvrh.

Áður en ég hverf frá þessum þáttum langar mig að leggja spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. Ég taldi rétt fyrir umræðuna að lofa sjútvrh. að sjá þessar spurningar þannig að ég væri ekki svo seint að kvöldi að laumast neitt að ráðherranum með þær spurningar sem ég er hér að koma með þannig að ég vænti þess að í lok umræðu muni ráðherra geta svarað þessum spurningum mínum.

1. Hefur ráðherra í hyggju að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að stöðva eða draga verulega úr sókninni í smáþorskinn, t.d. með stækkun á möskva í trolli og snurvoð eða eftir öðrum leiðum?

2. Mun ráðherra verða við óskum sjómanna og útgerða og fiskvinnslu við Breiðafjörð að heimila ekki minni möskva í þorskanetum á Breiðafjarðarmiðum en 7 tommu frá 1. janúar til 1. maí?

3. Hefur ráðherra áformað einhverjar aðrar aðgerðir til að tryggja stærð veiðistofns þorsksins og sem jafnasta en frekar aukna veiði úr þeim fiskstofni?

4. Mun ráðherra, ef og þegar þetta frv. verður að lögum, tryggja að útgerðarmenn, skipstjórar, kaupendur afla svo og umboðsmenn og útflytjendur fái frá ráðuneytinu allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir og telja sér nauðsynlegar vegna stöðu sinnar gagnvart ráðuneytinu í sambandi við framkvæmd laga og allt það sem hér er nefnt verði afhent ókeypis og án óeðlilegra tafa frá sjútvrn.? Þessi fsp. er raunveruleg endurtekning á 17. gr. frv., en snýr að þolendum gagnvart ráðuneytinu.

Þar sem ég tel sjálfgefið að þessi síðasta spurning mín fái jákvætt svar hef ég hug á að vita hvort ráðherra veit nokkuð um tvö bréf sem ég minntist á við 2. umr. í hv. deild. Annað bréfið var frá ráðuneytinu, hitt til ráðuneytisins. Ég geng reyndar út frá því sem vísu að ráðherra muni hér og nú upplýsa mig um það sem ég spyr um.

Þá spyr ég hæstv. ráðherra um bréf sent frá ráðuneytinu 10. nóv. 1987. Þar lætur ráðuneytið frá sér fara eftirfarandi m.a., sleppt er nafni báts úr tilvitnuninni. Tilvitnunin er ekki í beinum tengslum við annað efni bréfsins og hefst nú lestur úr bréfi ráðuneytisins, með leyfi forseta:

„Varðandi það erindi að ráðuneytið láti yður í té afrit af bréfum varðandi kvótaúthlutun til útgerðar mb. ... vill ráðuneytið taka fram að öll bréf sem varða úthlutun á kvótum til einstakra skipa eru send eigendum þeirra. Því munuð þér hafa undir höndum öll þau bréf sem varða kvótaúthlutun vegna mb."

Spurningin er: Mega þeir sem viðskipti eiga við sjútvrn. og hafa af einhverjum ástæðum glatað bréfum varðandi lögbundna kvótaúthlutun eða öðrum gögnum frá ráðuneytinu eiga von á því að fá svipað svar?

Þá spyr ég hæstv. sjútvrh. um hvenær megi vænta svars við bréfi sem sent var ráðuneytinu 30. okt. sl. og beðið var um ljósrit af nótu sem ráðuneytið hafði upplýst um í bréfi að væri í gögnum þess, en sú fullyrðing féll ekki heim og saman við bókhald þess fyrirtækis sem nótuna átti að hafa gefið út. Ég spyr: Hvenær má viðkomandi fyrirtæki eiga von á því að fá ljósrit af þessari nótu sem ráðuneytið telur sig hafa undir höndum? Afrit af þessum tveimur bréfum bauð ég ráðherra áðan, en hann skilaði þeim aftur. En ég endurtek að ég vænti þess að ég fái fullkomin svör við þessum fsp.

Herra forseti. Ég mun halda áfram að ræða um umfjöllun og undirbúning frv.

Mikil umræða hefur verið á undanförnum mánuðum og reyndar árum um fiskveiðistjórnina og þó sérstaklega um ókosti kvótakerfisins. Ýmsar tillögur hafa komið fram um breytingar. Ég hef haldið því fram og það er skoðun mín enn, þótt ég beri hana ekki fram í tillöguformi nú við þessa umfjöllun um fiskveiðistefnuna, að sókninni í þorskinn og botnfiskinn eigi eingöngu að stjórna með takmörkun á úthaldi veiðiskipa og veiðarfæranotkun út frá gæðasjónarmiðum og afla. Horfið verði frá þeirri kraftasókn, sem allt byggist á nú, til mannlegra vinnubragða til jafns við aðrar atvinnugreinar. Fyrst og fremst verði stefnt að því að halda hráefnisgæðum okkar góðu fisktegunda óskertum við veiðar og vinnslu alla leið til neytandans. Slík stjórn á fiskveiðum mundi forða okkur frá ofveiði, skapa aukin verðmæti og treysta markaðsstöðu okkar á bestu og eftirsóknarverðustu mörkuðum.

Eftir að ríkisstjórnin gaf út sína starfsáætlun fór svo fyrir mér, sjálfsagt eins og flestum öðrum, að ég taldi sjálfsagt að bíða með tillögugerð og umfjöllum þar til sæist hvað úr endurskoðun ríkisstjórnarinnar kæmi. Ég þori að fullyrða að því hafi verið almennt treyst að allsherjarendurskoðun færi fram á kvótakerfinu og að leitað yrði breiðrar samstöðu um nýtt eða breytt kerfi. Ég hef þegar lýst þeim vinnubrögðum sem gerðu þær vonir að engu. Einmitt af þeirri ástæðu að treyst var á endurskoðun á fiskveiðistefnunni undir forustu ríkisstjórnarinnar er líklegt að ýmsir aðilar hafi verið verr undirbúnir til að opna umræðu um endurskoðun en annars hefði verið og fyrirheit ríkisstjórnarinnar hefðu ekki legið fyrir.

Á fundum ráðgjafarnefndarinnar komu fram tillögur um breytingar á úthlutun veiðiheimilda frá þeim aðilum sem kallaðir eru hagsmunaaðilar á þessum vettvangi. Með leyfi forseta vil ég lesa nokkrar tilvitnanir úr fundagerðum ráðgjafarnefndarinnar. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að gefa matarhlé milli 7 og 9. Á ræðumaður svo lítið eftir af ræðunni að það taki því að ljúka því nú eða má ég biðja ræðumann að gera hlé á máli sínu þar til kl. 9?) Það verður að sjálfsögðu orðið við óskum forseta. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar fundi var frestað hér til að gefa matarhlé í hv. deild, þá var ég í ræðu minni að segja frá afstöðu ýmissa fulltrúa á fundum ráðgjafarnefndarinnar til þess að vekja athygli á því að ekki hafi allir hagsmunaaðilar endilega verið sammála þeirri fiskveiðistefnu og talið þá fiskveiðistefnu rétta sem við höfum búið við og þá líklegast ekki þá stefnu sem nú stefnir að því að verði samþykkt. Ég vil, með leyfi forseta, koma með nokkrar tilvitnanir og þá fyrst í fulltrúa Sambandsfrystihúsa.

Árni Benediktsson, sem var fulltrúi Sambandsfrystihúsa, taldi mikilvægt að sporna við tilhneigingu til stækkunar flota sem færi sívaxandi. Miklar breytingar hefðu átt sér stað á flestum sviðum sjávarútvegs, þar á meðal flutningum á fiskmarkaði í Evrópu. Því yrði að grípa til aðgerða til að finna jafnræði milli vinnslu og veiða.

Hann taldi rétt, ég bið þm. að taka eftir, hann taldi rétt að hafa gildistíma laganna ótímabundinn þannig að menn gætu treyst því að halda sinni hlutdeild í leyfilegri veiði þó svo að þeir færðu kvóta á milli skipa. Enn fremur taldi hann að bátar undir 10 brl. ættu að fá ákveðið meðaltal sem hlutdeild af heildarveiði ákveðinna ára. Síðan yrði Landssambandi smábátaeigenda falið að ákveða og útfæra skipulag veiðanna.

Að síðustu kom hann fram með hugmynd þess efnis að fulltrúar fiskvinnslu fengju einn fulltrúa í samráðsnefnd.

Allar eru þessar ábendingar Árna á þann veg að um beina breytingu hefði verið að ræða á því frv. sem við erum að fjalla um núna.

Bjarni Lúðvíksson, fulltrúi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, flutti nefndinni eftirfarandi samþykkt stjórnar Sölumiðstöðvarinnar, með leyfi forseta:

„Á undanförnum missirum hefur stöðugt vaxandi óróa gætt vegna þess fyrirkomulags við stjórnun veiðanna að öllum kvótanum er nú úthlutað til útgerðar. Skapast hefur ójafnvægi milli veiða og vinnslu sem m.a. kemur fram í vaxandi átökum um ráðstöfun afla og eykur launamismun sjómanna og fiskvinnslufólks. Sú mikla hagkvæmni sem að var stefnt með því að taka upp stjórnun fiskveiða hefur ekki náðst sem skyldi og enn fer fiskiskipaflotinn stækkandi.

Brýna nauðsyn ber til að ná samstöðu um fiskveiðistefnu sem taki fullt tillit til hagsmuna fiskvinnslu og fiskvinnslufólks ekki síður en útgerðar og sjómanna. Ný fiskveiðistefna tryggi jafnframt að hagsmuna þjóðarinnar verði gætt í samskiptum við erlendar þjóðir og að stefnt verði heils hugar að því

að vinnsla sjávarafla færist ekki úr landi. Innlend fiskvinnsla verði þannig efld.

Stjórn SH skorar á alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila að láta nú þegar af innbyrðis togstreitu og snúa bökum saman um að tryggja jafnræði veiða og vinnslu, enda verður með þeim hætti betur tryggð sú hagkvæmni í sjávarútvegi sem þjóðinni er nauðsynleg til að viðhalda viðunandi lífskjörum."

Þetta var samþykkt Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sem Bjarni Lúðvíksson flutti ráðgjafarnefndinni og kveður þar við nokkuð annan tón en í þeim lögum sem nú stendur til að samþykkja hér innan tíðar. Þar mætti einnig Friðrik Pálsson, forstjóri Sölmiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr fundargjörð:

„Friðrik Pálsson, forstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, taldi nauðsyn á að ræða af fullri alvöru tillögur um skiptingu kvóta á milli vinnslu og veiða. Benti hann á að mestur hluti ísfisks til Englands héldi uppi vinnslu hjá vinnslustöðvum sem byggju við hagkvæmari rekstrarskilyrði en vinnsla hér á landi og væru í beinni samkeppni við afurðir okkar. Taldi hann að 60–70% gámafisks færi í vinnslu í skjóli tollmúra EBE."

Hér kom áhersluaukning frá forstjóra Sölumiðstöðvarinnar til viðbótar við samþykkt Sölumiðstöðvarinnar sjálfrar. Enn vil ég halda áfram lestri, með leyfi forseta, og þá lesa það sem Þröstur Ólafsson lagði til á fundunum:

„Þröstur Ólafsson lýsti yfir að umbjóðendur hans vildu ekki framlengja núverandi kerfi óbreytt. Ekki væri fýsilegt að viðhalda úthlutunarkerfi sem minnti um margt á lénsskipulag. Það fæli ekki í sér nægilega hagkvæmni og væri um margt óréttlátt gagnvart vinnslu í landi. Þótt kerfið gæti verndað fiskistofna með nokkrum undantekningum hefði það ekki bætt fullvinnslu sjávarafurða. Vinnslustöðvar væru farnar að vinna úrgangsfisk og vinna hefði minnkað víða um land. Kjör fólks hefðu víða versnað að sama skapi. Hér væri um ranglæti að ræða sem ekki væri hægt að una við og taldi hann nauðsynlegt að kvótanum yrði skipt milli fiskvinnslu og útgerða eða *tryggt með öðrum hætti að vinnsla fengi aukinn hlut.* Taldi hann og að finna þyrfti reglur til þess að láta kerfið fela í sér hvata til meiri hagkvæmni og fækkunar skipa. Jafnframt þyrfti að opna nýjum og dugandi mönnum aðgang að veiðum."

Að lokum úr fórum ráðgjafarnefndar úr ályktun sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands, með leyfi forseta, þriðji liður þeirrar samþykktar:

„Fundurinn lýsir andstöðu við þann hluta 12. gr. frv. sem fjallar um sölu á aflakvótum. Fundurinn telur að sala á óveiddum afla eigi ekki að viðgangast þar sem slíkt bjóði aðeins upp á misrétti og gróðabrask með afla sem ekki er vitað hvort náð verður. Hins vegar getur fundurinn fallist á þann hluta greinarinnar sem fjallar um tilfærslu á kvóta milli skipa innan sömu útgerðar og innan sama byggðarlags. Þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki nýtt þann aflakvóta sem þeim er úthlutaður eiga að skila honum til sjútvrn. aftur. Ráðuneytið á síðan að úthluta aflakvóta sem þannig er skilað í samráði við hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

Ég taldi nauðsynlegt að það kæmi hér fram á hv. Alþingi að krafa um endurskoðun væri ekki aðeins ríkisstjórnarsamþykkt og tillaga allra stjórnarandstöðuflokka heldur einnig hagsmunaaðila í sjávarútvegi þó að öðru hafi verið haldið fram. Með vinnubrögðum sjútvrh. var komið í veg fyrir þessa endurskoðun og því stöndum við hér nú frammi fyrir því að samþykkt verða lög um fiskveiðistjórn sem verða ranglátari en þau sem voru fyrir, miðstýringin aukin, framlengdur ráðstöfunar- og eignarréttur á fiskimiðunum, byggðasjónarmið í engu tekin til greina, þrengt að útgerð báta undir 10 tonnum, jafnvel svo að þær aðgerðir geta komið til með að valda byggðaröskun. Svona má lengi telja.

Þegar umfjöllun lauk í undirbúningsnefndum og málið kom hér inn á hv. Alþingi þótti sumum að nú væri von um að laga mætti eitthvað og sumir voru jafnvel svo bjartsýnir að halda að ná mætti nokkrum friði um málið milli flokka, ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðu. Formenn sjútvn. beggja deilda, þeir hv. Vestfjarðaþm. Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason, beittu sér fyrir því að svo gæti orðið. Tillögur þeirra voru að vísu mjög hógværar og til þess ætlaðar fyrst og fremst að taka af frv. sjútvrh. mestu ágallana. Þar var ekki um að ræða nema smávægilegar breytingar frá fyrri lögum. Aðallega voru brtt. þeirra félaga um breytingar á nýmælum frá fyrri lögum sem í frv. eru.

Ekki þarf að rekja gang þessara mála í sjávarútvegsnefndum þingsins né fjalla um umræður og atkvæðagreiðslur hér í þinginu. Þær eru öllum hv. alþm. kunnar, en sýna vel hvernig ráðherragengi stjórnarflokkanna hefur gefist upp á því að standa við gefin fyrirheit í starfsáætlun stjórnarinnar og um leið hvernig ráðherragengið fær flest flokkssystkini sín til að gefast upp líka og segja já og amen við þeirri fiskveiðistefnu óbreyttri sem loforð voru fyrir hendi um að skyldi tekin til endurskoðunar. (**HBl:** Annaðhvort væri að ráðherragengið hefði stjórnað *sínum mönnum.*) Ja, *sumum finnst* það nú ekki. Sumum finnst betra að hafa það á hinn veginn. Hverjum gefist var upp fyrir veit hv. þm. ofurvel. Það voru ekki svokallaðir hagsmunaaðilar. Það var ekki fyrir kröfu almennings eða fyrir kröfu hv. kjósenda. Ég skal ekki nefna neitt nafn. En það er auðvelt að sjá hverjir hafa gefist upp. Þeir eru nokkuð flóttalegir og líta tíðum undan eða í gaupnir sér þegar rætt er um hvað er að gerast hér á hv. Alþingi með samþykkt stjfrv. um stjórn fiskveiða. Sumir bera sig að vísu furðuvel. Það skal ekki á móti því borið að einn og einn sést þannig að hann er enn þá nokkuð uppréttur.

Herra forseti. Við erum væntanlega í lokaumræðu um þetta frv. hér í hv. Ed. Umræðan í þinginu hefur orðið meiri og betri en stjórnarliðar og sjútvrh. stefndu að með því að reyna að koma þessu máli út úr þinginu fyrir jól. Umræðan hefur þó einkennst af

því að stjórnarliðar að undanskildum sjútvrh. hafa ekki mikið lagt til málanna aðrir en þeir sem fella sig ekki við frv. Ekki man ég eftir því að þm. úr Framsfl. annar en ráðherra hafi hér í hv. Ed. haft nokkuð um málið að segja.

En hvað um það. Þrátt fyrir það að gagnrýnendur frv. hafi fjallað um þetta frv. á mjög málefnalegan hátt hefur sú sérstaka tímapressa, sem á málinu hefur verið, orðið til þess að reynt hefur verið í sumum fjölmiðlum að láta líta svo út að stjórnarandstaðan hafi verið að tefja málið. Þetta er frekar á hinn veginn. Sá tími sem farið hefur í umræðu um þetta mál hefur verið of stuttur og umræðutíminn stundum ekki verið sem heppilegastur.

Almenn umræða um fiskveiðistefnuna hefur ekki getað átt sér stað sem er mjög miður. Umræðan hefur snúist fyrst og fremst um mestu ágalla frv. og þá fyrst og fremst um þann ágalla sem er nýmæli í frv. frá fyrri lögum, þ.e. breytingarnar á veiðum smábáta. En vera má að tillögurnar um skerðingu á veiðum smábáta hafi aldrei átt að gera annað en að þjóna þeim tilgangi að draga athyglina frá allsherjarendurskoðun fiskveiðistefnunnar og umræðum um aðra þætti kvótakerfisins. Hafi sú verið meiningin hefur það því miður tekist. Á sama hátt hefur tekist að fresta enn um sinn að við Íslendingar hverfum frá fiskveiðistefnu sem mun vera einsdæmi í veröldinni, fiskveiðistefnu sem hefur í för með sér efnahagsröskun, byggðaröskun, auðlindaröskun, þ.e. beina umbreytingu á okkar þjóðfélagi.

Ég vona að gæfa okkar fólks sé þó slík að stórslysi verði forðað. Sú von byggist á því að aldrei aftur verði til umfjöllunar hér á hv. Alþingi frv. sem að lögum verði sem hefur ákvæði á sama hátt og er í því frv. sem hér er fjallað um, t.d. um veiðiheimildir, um framsal veiðiheimilda, vald ráðherra o.fl. o.fl.

Herra forseti. Að lokum þetta. Ég spái því að þegar kemur fram á 21. öldina og farið verður að skoða á hlutlausan hátt stjórnmál og efnahagsþróun áratugsins 1980–1990 þá verði niðurstaða þeirrar athugunar sú að þrátt fyrir ýmis mistök landsfeðranna, mikla verðbólgu, ranga vaxtastefnu, álagningu matarskatts í upphafi árs 1988 o.fl. o.fl., þá verði ekkert sem komist nálægt mistökunum í stjórn fiskveiða þegar fáeinum aðilum var veittur réttur til að hagnýta sér fiskimiðin án nokkurrar ábyrgðar gagnvart byggðum eða fiskvinnslufólki. Fiskveiðistefnan varð þess valdandi að veiðistofn þorsksins minnkaði og trúlega hefði ekki þurft nema eitt til þrjú óhagstæð ár í hafinu til þess að minnka þorskveiðina stórlega. Vald sjútvrh. var það mikið að hann réð næstum yfir hverri hreyfingu hvers þess er að sjávarútvegi vann.

Herra forseti. Hv. alþm. Tökum því þátt í áframhaldandi umfjöllun um þetta lífsnauðsynjamál okkar þótt það hverfi nú um sinn af dagskrá þessarar hv. deildar. Almenn og breið umræða um þetta mál á næstu mánuðum og missirum mun án efa leiða til breyttrar og betri fiskveiðistefnu og ættum við þá í vonum betri umsögn eftirkomendanna um áratuginn 1990–2000 en þá umsögn sem ég tel að áratugurinn sem nú er að líða muni fá.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég get í upphafi máls míns ekki látið hjá líða að lýsa vonbrigðum mínum með þau óvönduðu vinnubrögð sem fram komu í fréttaflutningi Ríkisútvarpsins sjónvarps í gærkvöldi. Ég hef hingað til borið mikla virðingu fyrir þessari stofnun og þeim mikilvægu skyldum sem hún hefur að gegna bæði varðandi fréttaflutning og menningarmiðlun hér í landinu. Vonandi hef ég ástæðu til að bera virðingu fyrir þessari stofnun eftir sem áður, þrátt fyrir það sem gerðist í gær. En þau vinnubrögð sem þarna sluppu út fyrir stofnunina eru með öllu óverjandi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa mörg orð að þessu sinni um það frv. til l. um stjórn fiskveiða sem nú er aftur komið til þessarar hv. deildar að lokinni umfjöllun um það í Nd. Ég tel að við umfjöllun málsins hafi sjónarmið Kvennalistans komið fram varðandi meginatriði frv., svo og þeirra brtt. sem lagðar voru fram af öðrum flokkum við 1. og 2. umr. málsins. Auk þess kynntum við kvennalistakonur allítarlega okkar eigin hugmyndir og brtt. sem við lögðum fram þegar við 1 umr. málsins í þessari hv. deild.

Hugmyndir okkar og brtt. byggja eins og mönnum er eflaust kunnugt á allt öðrum grundvallarhugmyndum en frv. það sem hér liggur fyrir. Eins og ég hef áður getið um í umræðunum erum við Kvennalistakonur á móti frv. í heild sinni. 1. gr. er hins vegar í anda við hugmyndir okkar þar sem við teljum að auðlindir hafsins séu eign allrar þjóðarinnar. Tillögur okkar mótast einmitt af þeirri skoðun okkar.

Við teljum að það að úthluta veiðiheimildum gefins til einstaklinga og fyrirtækja, sem síðan geta verslað með þær, brjóti algjörlega í bága við yfirlýsinguna um þjóðareign sem 1. gr. felur í sér. Þá færir allt frv. í heild sinni hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans óeðlilega mikið vald sem enginn, hvorki einstaklingar né stofnun, er öfundsverður af.

Valddreifing er títtnefnt hugtak og var oftlega rætt í kosningabaráttunni sl. vor þegar rætt var um að dreifa valdi út til byggðarlaga og sveitarfélaga, en valddreifing er eitt af grundvallarhugtökunum í hugmyndafræði Kvennalistans, þar sem við byggjum allt starf innan okkar eigin raða á valddreifingu. Við reynum að dreifa valdinu og þar með ábyrgðinni og auka virkni þeirra sem um málin fjalla hverju sinni. Þær hugmyndir sem við lögðum hér fram, brtt., byggðust einmitt á því að færa raunverulegt vald út til byggðarlaganna.

Ég vil víkja sérstaklega að einni brtt. sem í morgun féll á jöfnu í hv. Nd. Brtt. var í þessari hv. deild flutt af hv. þm. Karvel Pálmasyni og í Nd. af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi,

sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu."

Þessi tillaga, þó skammt gangi og sé óljós að ýmsu leyti, hefði vissulega verið skoðunar verð og þörf á nánari útfærslu hennar, enda sýnir sú niðurstaða sem varð í hv. Nd. í morgun er till. féll á jöfnu, að hér er á ferðinni tillaga sem stór hópur þm. er hlynntur. Í umræðunum bæði í hv. sjútvn. þessarar deildar og hér í deildinni hefur hugmyndin um einhvers konar byggðakvóta þráfaldlega skotið upp kollinum. En brtt. okkar kvennalistakvenna ganga einmitt út á að auka sjálfdæmi og ákvörðunarrétt byggðarlaganna yfir þessari sameiginlegu auðlind okkar.

Eins og fram hefur komið í umræðunum þá ganga tillögur Alþb. líka í átt að þessu markmiði og eins og ég nefndi hafa allmargir hv. þm., bæði svokallaðir stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, lýst áhuga sínum á að rjúfa sambandið milli skips og kvóta á þann hátt að tryggja megi atvinnuöryggi byggðarlaga.

Því nefni ég þessa till. hér að ég tel þetta atriði vera kjarna málsins, að rjúfa sambandið milli skips og kvóta. Ég býst við að ef við hefðum haft lengri tíma til að fjalla um þetta viðamikla mál og fyrir hendi hefði verið meiri vilji ráðamanna til að taka nýjar hugmyndir til nákvæmrar skoðunar, jafnvel með það fyrir augum að breyta hugsanlega einhverju í þessu kerfi sem við höfum búið við og stefnt er að að verði við lýði næstu árin, hefði meira áunnist. En okkur hefur verið skammtaður allt of naumur tími til að fást í alvöru við þær hugmyndir sem hefði þurft að ræða og gaumgæfa betur. Þær brtt. sem samþykktar hafa verið í Nd. og eru ástæðan fyrir því að frv. er nú komið hingað aftur til okkar tel ég að ýmsu leyti vera til bóta og þá einkum í sambandi við þessa margumtöluðu og umdeildu 10. gr. þó að ég telji reyndar vera of skammt gengið. En þó tel ég að þokað hafi nokkuð í rétta átt.

Herra forseti. Að öðru leyti er afstaða okkar í Kvennalistanum óbreytt og sé ég því ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar, en vonast til að hið fyrsta verði í raun hafin sú endurskoðun fiskveiðistefnunnar sem svo sannarlega er þörf og stjórnarsáttmáli hæstv. ríkisstjórnar gerir ráð fyrir. Við þá endurskoðun er nauðsynlegt að taka tillit til margra þátta og svara mikilvægum grundvallarspurningum eins og t.d.: Hverjir eru hinir raunverulegu hagsmunaaðilar? Hverjir eru hagsmunir þeirra? Á hvern hátt ætlar þjóðin að nýta sameiginlega auðlind sína, hafið? Hverjir eiga rétt á að sækja fiskinn og með hvaða skilyrðum sækja þeir hann? En, herra forseti, þetta eru spurningar sem við þurfum að velta fyrir okkur og svara áður en raunveruleg endurskoðun getur hafist.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það má segja að þetta sé lokasennan í mjög merkilegu máli þegar svokallað kvótafrv. kemur nú aftur hingað til Ed. til 7. umræðu og væntanlega þeirrar síðustu.

Ég vil taka undir með hv. stjórnarandstöðuþm. sem hér hafa talað á undan mér og lýsa yfir vonbrigðum mínum með fréttaflutning sjónvarpsins í gærkvöldi, þar sem fréttamaður sá sem hafði vakt á Alþingi í gær sá ástæðu til þess að kvarta yfir því nánast og koma því inn hjá sjónvarpsáhorfendum að stjórnarandstaðan hefði haldið hér uppi málþófi, sérstaklega í umræðum um fiskveiðistefnuna og hefði Borgarafl. þar verið sýnu verstur.

Ég verð að segja eins og er að ef farið hefði eins og hæstv. ráðherrann óskaði, þ.e. að frv. um fiskveiðistefnu hefði orðið að lögum fyrir jól, það hefði verið keyrt hér í gegn með því offorsi sem var komið á þegar við vorum hér með langan sögulegan næturfund aðfaranótt 22. des. sl., þá er ég ekki viss um að tekist hefði að koma ýmsum þeim breytingum fram sem hafa orðið á frv. í mjög langri meðferð þess hér á hinu háa Alþingi. Eins og frv. leit út í upphafi var það nánast ósamþykkjanlegt og hefði verið til ómælds tjóns fyrir sjávarútveg í landinu og raunverulega rothögg á þá fiskveiðistefnu sem ég tel að að mörgu leyti muni henta betur þessari þjóð en sú sem lýst er í frv. En með því að þessi umræða var svona löng þá tókst þrátt fyrir allt að koma inn nokkrum tillögum sem allar eru til bóta að mínum dómi. Þess vegna finnst mér það með ólíkindum og vil ítreka að það er aldeilis ótrúlegt að ríkisfjölmiðill skuli leyfa sér að gagnrýna það að umræður hér á Alþingi taki sinn tíma miðað við það að þær hafa þó orðið þess valdandi að komið hafa fram ýmsar brtt. við frv., sem hafa allar, eins og ég sagði, verið til bóta, við það hvað umræðan hefur verið löng. Mér þykir með þessu ríkisfjölmiðillinn vera farinn að taka pólitíska afstöðu með hæstv. ráðherranum. Það lá næstum í orðum fréttamannsins í gær að a.m.k. stjórnarandstöðuþm. hefðu helst ekkert átt að segja um þetta frv. og það hefði bara átt að keyra það í gegn einn, tveir, þrír, án breytinga væntanlega. Það lá við að fréttamaðurinn segði það beinum orðum.

Ég vil fyrir mitt leyti, herra forseti, lýsa yfir mikilli óánægju minni með þennan fréttaflutning. Ég hefði talið eðlilegt að þeir sem stýra þinghaldi hér á hinu háa Alþingi sæju ástæðu til þess að óska eftir því formlega að sjónvarpið bæðist afsökunar á þessari frétt sinni, bæði þingheim, Alþingi og þá sem því stýra afsökunar á þeim fréttaflutningi sem kom fram í ummælum þessa fréttamanns í gær.

En svo að við snúum okkur nú að því máli sem hér er til umræðu, frv. til l. um fiskveiðistefnu, þá er út af fyrir sig búið að segja allt sem segja þarf um það frv. og kannski ekki ástæða til að hafa um það langar ræður hér að lokum. Mig langar þó til að koma inn á eitt atriði sem ég tel að hefði mátt gera betri skil undir þeirri löngu umræðu sem hefur farið fram um

þetta frv. En ég geri ráð fyrir því að hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson, sem annar þm. Borgarafl. í hv. Ed., muni gera nokkra grein fyrir þeim brtt. sem við þm. Borgarafl. bæði í Ed. og Nd. höfum reynt að koma inn í frv. Ég er nefnilega ekki í nokkrum vafa um það að þó að þær hafi ekki fengist samþykktar þá hafi þær haft veruleg áhrif. Og mér kæmi það ekki á óvart þó að við ættum eftir að sjá eitthvað af þeim hugmyndum, sem við höfum lagt fram í brtt. okkar, koma smám saman inn í fiskveiðistefnuna meðan hún er með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Það er nú einu sinni svo að þó að við þm. Borgarafl. séum alfarið á móti fiskveiðikvóta sem slíkum og teljum að stjórnun fiskveiða gæti farið fram og ætti að fara fram með allt öðrum hætti, þá viðurkennum við þá staðreynd að okkar þingstyrkur er ekki meiri en svo að við verðum að láta þetta kvótafrv. yfir okkur ganga. En það þýðir ekki að við reynum þá ekki a.m.k. að koma með efnislegar brtt. og taka þátt í málefnalegri umfjöllun um kvótafrv., þó að við séum að lokum á móti því, því að það er þó alltaf til bóta ef hægt er að milda eitthvað hin ýmsu ákvæði þess. En ég geri ráð fyrir því að hv. 11. þm. Reykv. muni gera betur grein fyrir þessum tillögum okkar hér á eftir.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun", ég undirstrika orðið verndun, „fiskistofna á Íslandsmiðum", fyrir utan svo hagkvæma nýtingu þeirra, en við getum deilt um það hvort þetta frv. stuðli að hagkvæmri nýtingu þeirra. En ég vil fyrst og fremst taka fyrir verndun fiskistofna og að hve miklu leyti kvótakerfið hefur stuðlað að verndun þeirra þannig að við getum hagnýtt þá á sem hagkvæmastan hátt. Ég tel að reynsla undanfarandi fjögurra kvótaára hafi sýnt og sannað að þessi verndun fiskistofnanna hefur alls ekki átt sér stað. Þarna hefur stjórnun fiskveiða algjörlega brugðist þannig að það hefur ekki verið um þá verndun fiskistofna að ræða sem allir eru þó sammála um að sé brýn nauðsyn til þess að m.a. þorskstofninn hér við Ísland hrynji ekki hreinlega. Á undanförnum fjórum kvótaárum er búið að veiða sem nemur heilum ársafla af þorski umfram það sem fiskifræðingar hafa talið heppilegt og eðlilegt.

Á fundi sem var haldinn þann 30. des. sl. komu eftirlitsmenn sjútvrn. saman á fundi að því er ég hef fregnað. Eftir því sem ég hef fregnað munu þeir hafa rætt þar og lýst áhyggjum sínum yfir smáfiskadrápinu sem hefur verið mjög áberandi sl. ár. Eftir því sem mér hefur skilist hefur 101 sinni þurft að grípa til lokunar á svæðum vegna smáfiskadráps. Ég hefði gjarnan viljað heyra skýringar og svör hæstv. sjútvrh. á því hvað fór fram á þessum fundi því að þarna munu hafa komið fram mjög merkilegar og athyglisverðar upplýsingar og væri betur að Alþingi væri gerð grein fyrir því sem þarna var talað um áður en kvótafrv. verður að lögum.

Eftir því sem mér skilst þá mun þarna m.a. hafa komið fram að það stefni í það að meðalþyngd þorskfiska sé um 1,5 kg. Meðalþyngdin, takið eftir, er ekki nema 1,5 kg. En það vita náttúrlega allir sem hafa verið í sjávarútvegi að kjörstærð þorskfiska er á bilinu 3,5–6 kg. Það er fjögurra ára fiskurinn sem áður fyrr var veiddur á vertíð hér sunnanlands. En þannig hefur mat útgerðarmanna og e.t.v. einkum yngri skipstjóra, sérstaklega á togurunum, algjörlega brenglast að nú er það talið eðlilegt og sjálfsagt að veiða smáfiskinn norðan svokallaðrar norðursuður línu. Sumir stunda það að moka upp smáfiskinum og telja það hið besta mál. Um þetta eru að sjálfsögðu nokkrar deilur. Þó held ég að mikill minni hluti þeirra sem hafa afskipti af sjávarútvegsmálum réttlæti þetta smáfiskadráp. Þó var athyglisvert að lesa greinarkorn sem birtist í Dagblaðinu í dag, með leyfi hæstv. forseta, en þar er haft eftir einum hv. þm. í Nd., Sighvati Björgvinssyni, 5. þm. Vestf., að hann leggur til að vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar verði rannsökuð allt frá því að „svarta skýrslan" kom út árið 1974 og þar til því var lýst yfir í skýrslu stofnunarinnar árið 1984 að rannsóknaraðferð sú sem fiskifræðingar notuðu til að meta stofnstærð, VP-greiningin svokallaða, hefði reynst ónothæf og því marklaus. Þetta kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. Sighvats Björgvinssonar á Alþingi í gær. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa upp það sem fjallað er um í þessari grein:

„Þá fjallaði Sighvatur um það sem kallað hefur verið smáfiskadráp. Taldi hann flest benda til þess að svo mikið væri af smáfiski um þessar mundir vegna firnasterkra árganga að ekki væri hjá því komist að smáfiskur veiddist í stórum stíl. Hann taldi þá kenningu fiskifræðinga að takmarka ætti veiði smáfiska og geyma hann í sjónum þar til hann væri orðinn stærri fjarstæðu og benti á dæmi frá Kanada máli sínu til stuðnings."

Við höfum út af fyrir sig heyrt áður að menn grípa til þess að vitna í dæmi frá öðrum löndum þegar þeir eru að reyna að sanna mál sitt. Nægir t.d. að benda á að hæstv. ráðherrann talar mjög oft um lúðuveiðar, að mig minnir við Alaska. Í fréttaflutningi hjá sjónvarpinu í gær, þá ég vitni nú aftur til þess, lýsti fréttamaður því yfir að stjórnarandstöðuþm. sérstaklega flyttu sömu ræðuna ekki bara tvisvar sinnum heldur þrisvar sinnum og jafnvel fjórum sinnum, og var það haft eftir starfsmönnum þingsins að því er talið var. En það er eins og mig minni að hafa heyrt hæstv. ráðherra minnast á þetta lúðufiskirí tvisvar sinnum, ef ekki þrisvar sinnum, fjórum sinnum eða jafnvel fimm sinnum þannig að það væri gaman að fá það talið. (**VS:** Einu sinni enn, kannski?) Já, kannski eigum við eftir að heyra einu sinni enn um þetta lúðudráp.

En ég var að tala um smáfiskadrápið. Ég er einn af þeim sem eru sannfærðir um að það stefni í að þorskstofninn geti hreinlega hrunið ef þessu smáfiskadrápi heldur svona áfram. Ég er nefnilega aldeilis ekki sammála hv. 5. þm. Vestf. Sighvati Björgvinssyni að smáfiskadrápið, sem hefur mjög

gert vart við sig, sérstaklega á sl. ári, sé merki þess að það séu svo feiknasterkir árgangar í sjónum. Hvernig stendur þá á því að þorskaflinn hefur ekki farið upp í ein 500 þús. tonn og þungi fiskurinn komið með? Það er eitthvað skrýtið við þessar skýringar.

Þegar ég var strákur varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast einum mesta aflaskipstjóra sem var og starfaði á Norðurlandi, Sæmundi heitnum Auðunssyni, og ég minnist þess að þegar hann var að veiða og varð var við smáfisk, þá flutti hann sig. Hann var ekki að dóla á sama stað á sínum togara ef hann lenti í miklum smáfiski. Þá var híft upp og það var siglt eitthvað annað því að hann var alveg hreint klár á því að það væri ekki skynsamlegt að moka upp smáfiskinum. Þess vegna er þessi norður-suður lína ákaflega furðulegt fyrirbæri því að hún er tilkomin þannig að það er talið að á viðmiðunarárunum hefði veiðst *mun meiri þorskur á miðunum út af* Vestfjörðum og Norðurlandi. Og það er einmitt smáfiskurinn sem þarna er verið að moka upp. Síðan er þetta notað til þess að færa togurum sem eru norðan þessarar línu aukinn þorskkvóta, þvert ofan í reynslu manna hér áður fyrr þegar besti þorskurinn, kjörstærðin veiddist einmitt hér suðvestanlands á vertíð. Það var langbesti fiskurinn. En hann er hættur að sjást hérna, ósköp eðlilega vegna þess að allur smáfiskurinn er veiddur norðan þessarar línu í stórum stíl áður en hann vex upp til þess að komast hingað suður fyrir.

Ég tók eftir því að einhver smábreyting virðist hafa orðið á 5. gr. í meðferð hv. Nd., en eftir 2. umr. í Nd. 7. jan. er næstsíðasta mgr. í 5. gr. frv. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki.“

Þarna er einmitt heimild ráðherrans, ein af mjög mörgum — ég taldi þær upphaflega rúmlega 20 en mér er sagt að þær séu núna yfir 30 — til að undirmálsfiskurinn, þessi smáfiskur sem ekki er nema 1,5 kg að meðalþyngd að verða, teljist ekki hluti af aflamarkinu. Þetta stuðlar náttúrlega að því að menn moka upp smáfiskinum, telja það hagkvæmt. Það er hægt að koma honum í salt. Það er hægt að koma honum beint út ísuðum á markað erlendis. Mér heyrist á mönnum sem ég hef rætt við um þessi mál að það sé áberandi að yngri skipstjórar sérstaklega hafi ekki eins miklar áhyggjur af þessu smáfiskadrápi og eldri og reyndari skipstjórar sem voru áberandi aflakóngar hér á árum áður eins og ég gat um.

En einhver smábragarbót hefur orðið á þessu því að ég sé hér að það hefur verið flutt brtt. sem mér skilst að hafi verið samþykkt, hún er frá meiri hl. sjútvn. hv. Nd., brtt. við 5. gr. og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta til talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki.“

Þarna er aðeins lagfæring á þessu þannig að það er svolítið hert á því ákvæði að þessi fiskur, undirmálsfiskurinn verði ekki talinn með í aflamarkinu.

Ég vil nota þetta síðasta tækifæri sem við höfum á hinu háa Alþingi til að fjalla um fiskveiðistefnuna til að vekja sérstaklega athygli á þessum vanda og lýsa yfir furðu minni að menn skuli að því er virðist fljóta sofandi að feigðarósi í þessum efnum og finna upp alls konar afsakanir fyrir því að það sé allt í lagi að moka upp smáfiskinum. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þróun mála verður hér næstu árin, hvort við eigum e.t.v. eftir að sjá eitthvað svipað og í sambandi við lúðuna í Alaska, en mér skilst að bátarnir þar fái að fara einn dag á sjó í mánuði ef ég man rétt eða eitthvað í þeim dúr þar sem sá stofn mun nánast vera alveg hruninn. Það væri fróðlegt að fá nánari skýringar á áhyggjum fiskifræðinga, sérstaklega þeim áhyggjum sem komu fram á fundi þessara eftirlitsmanna ráðuneytisins 30. des. sl., hvað þeir hyggja í sambandi við ástand þorskstofnsins og þá reynslu sem þeir hafa eftir veiðarnar árið 1987. Ef það er rétt að 101 sinni hafi komið til lokana vegna smáfiskadráps þá er það meira en lítið mál. Ég mundi óska þess að hæstv. ráðherra segði þm. hér í hv. Ed. frá því hvað þarna fór fram, hvað þarna var talað um.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta, herra forseti. Við þm. Borgarafl. höfum mótað þá fiskveiðistefnu, sem flokkurinn vill beita sér fyrir, að hún verði *miklu frekar miðuð* við verndun fiskistofnanna, beitt verði lokunum og banndögum eins og tíðkaðist hér áður fyrr þegar fiskveiðistefnan fyrir 1984 byggði á heildaraflamarki. En, hæstv. forseti, kannski ég fái að lesa eina málsgrein úr einni ræðu hæstv. ráðherrans af því að ég hafði ekki nákvæmar upplýsingar. Ég er að vísu búinn að hlusta mjög oft á hann ræða um þessar lúðuveiðar, en ég held að ég verði að fá að lesa eina málsgrein úr ræðu hæstv. ráðherrans svo að þetta með lúðuveiðarnar í Alaska fari ekki á milli mála. (**Gripið fram í:** Það skiptir nátturlega öllu máli í sambandi við þetta.) Já, því að ég er að segja það að við getum vel lent í því að það sama verði hér með þorskveiðarnar ef svo heldur fram sem horfir. En hér segir hæstv. ráðherra svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég hef oft nefnt það en sennilega er nú frægasta dæmið lúðuveiðar við Alaska, en þar gátu allir stundað lúðuveiðar þar til veiðin var orðin svo mikil að nú er heimilt að stunda þær einn dag í mánuði. Þá fara allir á sjó og veiða lúðu. En það er nú ansi mikið af henni sem kemur á markað þann dag og það er ekki mikil hagkvæmni í þeim veiðum. Þetta eru dæmi sem menn sjá víða um heim og þótt ég sé ekki að gera því skóna að til slíks mundi koma hér á landi, þá er það nú svo að þetta er hér vandamál.“

Svo mörg voru þau orð um lúðuveiðarnar. En það

er einmitt þetta sem ég er að vara við að það komi ekki til hins sama með þorskveiðarnar, að þegar þorskstofninn sé endanlega hruninn eftir að búið er að moka upp öllum smáfiskinum, það er enginn kynþroska fiskur orðinn eftir, það er enginn hrygningarstofn að verða eftir, að það komi þá til þess að allur þessi glæsti floti okkar fái kannski að fara á sjó svona einu sinni annan hvern mánuð til þess að veiða þorsk. Það muni þá koma landburður af þorski á land þann dag. (**EgJ:** Það verður nú að skipta því eitthvað.) Ja, það þarf talsvert að skipta því, hv. þm. Egill Jónsson, það þarf að skipta því að sjálfsögðu. Þá kannski væri fyrst orðin ástæða til að taka upp kvóta þegar svo væri komið málum.

En ég vildi segja það að lokum, ég var reyndar byrjaður á því, virðulegi forseti að við þm. Borgarafl. teljum að verndun fiskistofna og rannsóknir á ástandi fiskistofna eigi að vera aðalkjarninn í fiskveiðistefnu okkar því að á þessu byggir þjóðin þrátt fyrir allt afkomu sína. Hún byggir afkomu sína á því að þessir fiskistofnar séu skynsamlega nýttir og það sé algjörlega tryggt að þeir séu ekki ofveiddir. Og það sé tryggt líka að veiðunum sé hagað þannig að hrygningarstofninn sé verndaður. Þegar vart verði við smáfisk þá sé svæðum lokað og skipin flytji sig annað. Til þess að það geti orðið er náttúrlega aldeilis fráleitt að vera með norður-suður línuna því að hún beinlínis býður upp á smáfiskadrápið. Það er alveg ljóst.

Þess vegna höfum við lagt það til að í stað þess að vera með þetta illræmda kvótakerfi þá verði sú fiskveiðistefna byggð upp að hafrannsóknir og rannsóknir fiskifræðinga á ástandi fiskistofnanna umhverfis landið verði stórauknar. Það veldur satt að segja áhyggjum hve illa er búið að Hafrannsóknastofnun og hve litlu fjármagni er veitt til þessara rannsókna. Ég held að það væri nær að huga betur að því heldur en að byggja fiskveiðistefnu landsmanna algjörlega upp á því að vernda hagsmuni tiltekinna útgerðaraðila sem virðist vera meginkjarninn í fiskveiðistefnunni. Hitt er svona látið fljóta með eins og menn segja falleg orð á tyllidögum. Þar er að vísu talað um að það eigi að stuðla að verndun fiskistofnanna á Íslandsmiðum í 1. gr. laganna, en það svona minnir á það þegar menn á tyllidögum hafa uppi falleg orð um fósturjörðina. En síðan er frv. að öðru leyti fyrst og fremst hagsmunagæsla þeirra útgerðaraðila sem eru komnir með fæturna inn fyrir dyr á fiskveiðihöllinni.

En við teljum rétt að beita lokunum og friðun á hrygningarstofninum með t.d. auknum banndögum og færa heildaraflamark á milli svæða. Við höfum talið að það eigi að ákveða heildaraflamark ársins, en það má skipta því niður á árstíma og það má eins skipta því niður á svæði umhverfis landið. Það er hægt að gera þetta í góðu samráði og í samvinnu við fiskifræðinga, útgerðaraðila og sjómenn. Við teljum að að sjálfsögðu verði að vera byggt á því. Ég tel einmitt að nú sé tiltölulega auðvelt að byggja upp slíkt stjórnunarkerfi vegna þess að þessir aðilar, með örfáum undantekningum þó að sjálfsögðu, treysta hver öðrum miklu betur en þeir gerðu fyrir svo sem eins og fimm, sex árum. Ég hef sagt það hér áður og ég vil ítreka það enn einu sinni að fyrir 1984 þegar við vorum með þetta svokallaða skrapdagakerfi, þá voru alltaf uppi deilur milli sjómanna og fiskifræðinga um ástand fiskistofnanna. Fiskifræðingar vöruðu við og töldu að það mætti ekki ofveiða þorskinn, en sjómennirnir margir hverjir töldu að þetta væri hin mesta vitleysa. Það væri nógur fiskur í sjónum og það væri mesti óþarfi að vera eitthvað að takmarka veiðarnar. En ég held að þessu sé ekki til að dreifa í dag. Ég held að útgerðaraðilar og sjómenn geri sér mjög vel grein fyrir þeirri hættu sem í því felst að ofveiða fiskistofnana og samvinna fiskifræðinga, sjómanna og útgerðarmanna er mjög góð í dag. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að það væri auðvelt að byggja upp mjög virkt kerfi, mjög virka stjórnun fiskveiða sem byggði á þessu samráði og að sjálfsögðu þyrfti þá að stórauka rannsóknir á fiskistofnunum. Hvaða fiskveiðistefnu sem við myndum svo sem samþykkja, þá tel ég það til vansa hve illa er búið að rannsóknum á fiskistofnunum umhverfis landið. Ég mundi hér að lokum vilja hvetja til þess að menn huguðu miklu, miklu betur að þessum þætti fiskveiðistefnunnar.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú er þetta mál um stjórn fiskveiða eiginlega að lokum komið. Þetta mál hefur sætt þremur umræðum hér í Ed. fyrir jól og síðan þremur öðrum umræðum í Nd. Nú er komið að 7. umr. þessa frv. og hefur það því miður ekki hlotið þær breytingar sem a.m.k. við þm. Borgarafl. bundum vonir við að mundu verða á þessu frv.

Þær brtt. sem við settum fram voru ræddar við ýmsa þm. áður en þær voru settar á blað og virtust þær a.m.k. að einhverju leyti hafa hljómgrunn hjá þeim. En því miður hafa stjórnarliðar nú fellt þær allar. Þessar brtt., sem við þm. Borgarafl. lögðum fram, voru settar fram í þeim tilgangi að breyta því óstjórnarfrv. sem við teljum það frv. um stjórn fiskveiða, sem hér er til lokaumræðu, vera.

Þetta frv., sem hér er lagt fram af ríkisstjórninni eða sjútvrh., eins og kom fram í þingræðu í gær að það væri hans verk, felur í sér verulega takmörkun á athafnafrelsinu. Við erum að sjálfsögðu algjörlega á móti því þó svo að við þm. Borgarafl. viðurkennum það að stjórn þurfi að vera á fiskveiðum. Það er ekki aðeins það sem við höfum út á þetta frv. að setja, heldur einnig þær þverstæður sem eru í frv. og það óeðlilega mikla vald, framsal valds löggjafans til ráðherra til ákvörðunar um efnisatriði.

Þær brtt., sem ég minntist á hér áðan sem við þm. Borgarafl. lögðum fram og hafa verið felldar, eru einkum um það að takmarka þetta vald sem sjútvrh. hefur samkvæmt frv., að sett yrði á stofn samráðsnefnd sem skjóta megi til ágreiningsefnum er varða veiðileyfi, setningu reglugerðar o.fl. Þá yrði þessari nefnd falið að ákveða hvað veiða megi úr fiskistofn-

um og hún yrði umsagnaraðili um þær reglugerðir sem setja skal til framkvæmdar þessum lögum. Þetta hefur sem sagt allt verið fellt í meðförum bæði Ed. og Nd. og harma ég það mjög.

En það sem ég vildi segja við þessa lokaumræðu er einkum það að við stöndum ekki á neinn hátt að þessu frv. Við teljum stjórn fiskveiða með þessum hætti ekki fullnægja þeim kröfum sem lýðræðisríki gerir til þeirra verðmæta sem það hefur yfir að ráða. Við teljum að þegnarnir eigi að hafa meira frjálsræði og ekki eigi að takmarka heimildirnar við einstaka menn eða einstaka hagsmunahópa og þá helst þá hópa sem notið geti góðs af þessum lögum. Þetta vildi ég segja hér að lokum.

Ég vona svo sannarlega að þetta frv., þó svo það sé með öllum þessum annmörkum, eigi eftir að koma fyrir þingið áður en þau þrjú ár eru liðin sem gildistíma þessara laga er ætlað að vera og þá megi ræða nánar um þetta og á þann hátt að frjálsræðið verði meira.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég hef ekki lagt mörg orð í belg í þessari umræðu fram til þessa en finnst þó ástæða til að segja nokkur orð hér undir lok umræðunnar þegar sýnt er að henni fer að ljúka. Ýmsir þm. hafa orðið til þess að gagnrýna fréttaflutning Ríkisútvarpsins í gærkvöldi af umræðum á Alþingi og umfjöllun um mál. Ég get að ýmsu leyti tekið undir það. Það var ekki rétt og ekki smekklegt fannst mér hjá fréttamanni sjónvarpsins að vitna í einhverja ónafngreinda starfsmenn Alþingis. Ég er viss um að þeir hafa ekki látið nein þau orð falla sem þar var vitnað til eða a.m.k. þykir mér það afar ólíklegt. En hitt er svo það að auðvitað hafði fréttamaðurinn nokkuð til síns máls þegar hann sagði að stjórnarandstaðan hefði haldið uppi málþófi. Auðvitað er það rétt. Menn eiga að kalla hlutina réttum nöfnum og það er auðvitað alveg hárrétt. Og auðvitað var það líka rétt þegar hann sagði að stjórnarandstæðingar — það gildir að vísu ekki um þá alla en suma — væru að halda sömu ræðurnar tvisvar og þrisvar. Það er alveg rétt. Við heyrðum hér áðan hv. 7. þm. Reykn. Hann sagði sömu hlutina og ég hef heyrt hann segja hér áður í þessari hv. deild. Hann sagði m.a.s. sömu hlutina aftur og aftur í þessari einu ræðu sinni hér í kvöld þannig að þar var kannski í rauninni ekkert ofsagt. En nóg um það.

Um þetta mál hefur staðið mikill styrr hér svo sem eðlilegt er. Það hefur ekki aðeins skipt mönnum eftir línum stjórnar og stjórnarandstöðu heldur hafa fylkingar riðlast í velflestum flokkum, og menn hafa haft uppi ágreining og flutt brtt., að vísu í mjög mismiklum mæli. Það er ekkert óeðlilegt við það að skoðanir séu skiptar um þetta mál, t.d. eftir landshlutum. En meðan ekki er ágreiningur um að það þurfi stjórnun á fiskveiðum þá verða menn auðvitað að koma sér saman um eitthvert stjórnkerfi.

Það er því miður ekki svo eins og sagt var í sjónvarpinu í kvöld að við getum veitt miklu meiri fisk en er í sjónum, en við getum veitt mikið og höfum afkastamikinn, tæknivæddan flota og harðsækna fiskimenn. Það er ekki ágreiningur um það að þessum veiðum þurfi að stjórna. Og það er öruggglega ekki til neitt það kerfi sem allir eru fullsáttir við. Þetta kerfi, sem við erum í þann veginn að samþykkja, hefur ýmsa galla. Það hefur marga galla að mínu mati. En hins vegar hefur ekki verið bent á eða komið fram með tillögur um annað fyrirkomulag sem viðtækari samstaða hefur tekist um en þetta. Meðal þeirra sem eiga að vinna eftir þessu kerfi, meðal sjómanna, útvegsmanna og hér á hinu háa Alþingi, þá er þetta það sem meiri hlutinn hefur getað sæst á. Það er enginn fyllilega ánægður og langur vegur þar frá.

En þetta frv., sem við erum að samþykkja núna, er ekki það sama frv. og lagt var fram hér í haust. Það hefur tekið margvíslegum breytingum til bóta. Ég get fúslega viðurkennt það að ég hefði viljað sjá ýmsar aðrar breytingar. Ég hefði t.d. viljað að það ákvæði héldist sem var inni í 5. gr. upphaflega um sérstakt álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi aflinn ekki verið veginn hér á landi samkvæmt reglum sem setja skal. Ég hefði viljað sjá þetta ákvæði halda sér vegna þess að þeir sem til þekkja vita hvernig farið er að í þessum efnum með 10–15% yfirvigt. Það er svona opinbert leyndarmál með fisk sem fluttur er t.d. til Bretlands sem er næstum því á allra vitorði sem þekkja eitthvað til fiskútflutningsins. Þegar menn vita að þar er um að ræða 10–15% yfirvigt leyfa þeir sér auðvitað að bjóða hærra. Hvað mundi ekki verða gert á fiskmörkuðunum hér ef menn vissu að þeir væru ekki að bjóða í 5 tonn heldur 5,5 eða 5,7 tonn? Ég hygg að þeir sem til þekkja viti að þetta er svona og þarna hefði átt að vera þetta álag.

Það hefur nú orðið mest fjaðrafokið um greinina sem varðar veiðar smábátanna. Þar hafa orðið ýmsar breytingar þannig að hún er miklu ásættanlegri en áður var og vel viðunandi, að ég hygg, fyrir flesta. Það er búið að breyta henni töluvert og þar hafa menn lagt sig í líma um að ná samkomulagi.

Í þessu efni hefur auðvitað þurft að leita sátta og samkomulags og það hafa mjög margir ágætir þm. í báðum deildum lagt sig í líma við það. Það hefur tekist að nokkru leyti og það hefur tekist kannski betur en ég átti von á í upphafi. Eitt er svo það að við höfum heyrt hér býsna sérkennilegar ræður frá stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar sem kannski hafa á einhverjum tíma tekið svo mikið upp í sig að þeir telja sig verða að tala svona núna. Það er auðvitað ágætt að vera í stjórn en það er erfitt að vera í stjórn og vera líka í stjórnarandstöðu. Og mín persónulega skoðun er sú að ef menn halda að þetta sé sérstaklega til vinsældaaukningar fallið sé það mikill misskilningur. Hitt er svo það að menn hafa auðvitað ólíkar skoðanir á þessu í grundvallaratriðum.

Mér hefur fundist það skjóta svolítið skökku við þegar annars vegar er flutt gagnrýni á það að frv. feli

ráðherra allt of mikil völd, og víst eru hans völd veruleg samkvæmt þessu, en síðan eru fluttar brtt. um það að fela ráðherranum enn þá meiri völd eins og við höfum séð dæmi um. Þetta er nú málflutningur sem kannski gengur ekki alveg upp.

Ég mun greiða frv. atkvæði. Ég tel að það hafi tekið töluverðum og mikilvægum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram og ég minni þar t.d. á ákvæði til bráðabirgða sem er í lok frv. Ég tel að það skipti verulegu máli. Ég tel líka að yfirlýsingin í 1. gr. frv. skipti miklu máli, um að fiskstofnar séu sameign íslensku þjóðarinnar og þar við bætist að ég er stuðningsmaður ríkisstjórnar og minn flokkur. (**Gripið fram í:** Ekki allur.) Þar af leiðandi tel ég að sem stuðningsmanni stjórnarinnar beri mér viss skylda til, eftir að ég er búinn að gera það sem ég hef getað til að ná fram breytingum á málinu og tel það komið í svona tiltölulega ásættanlegt horf og viðunandi þótt ýmislegt mætti öðruvísi vera, og það vefst ekkert fyrir mér að greiða atkvæði með frv. þó svo að ég kysi að sjá ýmislegt þar öðruvísi. Þetta var það sem hægt var að ná. Þetta var það sem hægt var að fá bærilegt samkomulag um og þetta er það sem nýtur stuðnings meiri hlutans á Alþingi þó svo að allir þm. hefðu örugglega kosið að sjá eitt og annað öðruvísi skrifað. Það er öruggt mál.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi vísa til þess sem fram kom hér hjá hv. 4. þm. Vesturl. varðandi almenna afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna í þessu máli sem er hér til 7. umr. en kvaddi mér hér hljóðs til þess að víkja aðallega að þeim breytingum sem þrátt fyrir allt hafa orðið á þessu máli frá því að frumvarpsdrög sáu dagsins ljós 23. okt. sl., í sérstökum drögum sjútvrn. Þar ætlaði ég að víkja aðeins að þeim breytingum sem hafa orðið og snerta báta undir 10 tonnum sem eru vissulega hluti þessa máls og hafa fengið verulega umræðu.

Það sem ég hins vegar ætla að víkja að í upphafi er það að þau fara náttúrlega ekki fram hjá neinum deildarmanni í þessari virðulegu deild, þau tíðindi sem hafa gerst í dag, mjög óvenjuleg tíðindi, og snerta í raun og veru kvótamálið en líka stöðu ríkisstjórnarinnar hér á hv. Alþingi þar sem formaður sjútvn. þessarar virðulegu deildar, hv. þm. Karvel Pálmason, hefur með mjög eindregnum hætti enn þá einu sinni lýst andstöðu við frv. og gagnrýnt mjög harðlega forustu síns flokks vegna meðferðar hennar á þessu máli. Ég hygg að ég hafi miðlungs þingreynslu miðað við aðra sem hér sitja í þessari virðulegu deild. Og ég hygg að ég geti leyft mér að segja að ég man ekki eftir því í annan tíma að þm. úr stjórnarflokki hafi talið sig þurfa að kveða jafnhvasst að orði og hv. þm. Karvel Pálmason gerði í upphafi þessarar umræðu í kvöld.

Ég er alveg sannfærður um að það er rangt sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði um hv. þm. Karvel Pálmason, að sá síðarnefndi væri í sérstakri vinsældakeppni. Þetta væri svona eins konar slagur um efstu sætin á vinsældalistanum eins og það heitir á rás tvö og á Bylgjunni. Ég er sannfærður um það eftir nokkuð löng kynni af hv. þm. Karvel Pálmasyni að hér er maður að tala sem sviður býsna sárt að sjá flokksfélaga sína jafngjörsamlega afvelta í þessu máli og raun ber vitni um, gjörsamlega afvelta, að ég segi ekki á fjórum fótum. (**EgJ:** Er það ekki of mikið sagt?) Það er kannski of mikið sagt, við skulum segja afvelta, hv. þm., alveg bráðaafvelta. En eins og hv. þm. veit sem er úr sveit er það síst betra að vera afvelta en vera á fjórum fótum. Þær skepnur sem oft eru á fjórum fótum verða stundum afvelta og það er talið heldur verra ef eitthvað er. (**HBl:** Þær skepnur heita stundum hundar.) Það kemur fyrir, já, já. Þær heita ýmsum nöfnum, hv. 2. þm. Norðurl. v.

Ég hygg að það hafi fleiri en ég tekið eftir því að hv. þm. Skúli Alexandersson vitnaði til yfirlýsingar sem Alþfl. á Vestfjörðum gaf fyrir síðustu kosningar þar sem var veist mjög harkalega að mönnum eins og hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Steingrími Hermannssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir það að þeir hefðu stutt stjórnarflokka þá sem báru upphaflega ábyrgð á því að kvótalögin voru sett. Og það er auðvitað eðlilegt í framhaldi af þessu að þeir þm. sem hafa uppi slíkan áróður í kosningabaráttunni, eins og hv. þm. Karvel Pálmason, reyni að verja hendur sínar þegar málinu er komið eins og raun ber vitni um og þeir alþýðuflokksmenn ganga mjög harkalega fram í því, verð ég að segja, sumir þeirra a.m.k., Bæði hv. 3. þm. Vesturl. og hæstv. viðskrh. ganga mjög harkalega fram í því að pína þetta mál í gegn.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að hafa í huga þau orð sem hv. 3. þm. Vestf. lét falla í kvöld þegar hann sagði að þessar niðurstöður hér í kvótamálinu kynnu að hafa áhrif á afstöðu alþýðuflokksmanna á Vestfjörðum til ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. er m.ö.o. að gefa það í skyn að alþýðuflokksmenn á Vestfjörðum eða einn fimmti hluti þingflokks Alþfl., tveir þm. af tíu, séu í rauninni að snúa baki við þessari ríkisstjórn vegna þeirrar afstöðu sem hún hefur í kvótamálinu og vegna þeirrar afstöðu líka sem hún hefur í matarskattsmálinu þar sem hv. 3. þm. Vestf. hefur verið gjörsamlega andstæður sínum flokki að öðru leyti.

Maður hlýtur að spyrja í framhaldi af ræðu hans hér í dag: Er það svo að hann og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson líti þannig á að forusta Alþfl. sé að reka þá úr Alþfl. vegna þess að það er ekki hlustað á eitt einasta orð sem þeir hafa fram að færa, ekki eitt einasta. Það er býsna athyglisvert að hv. þm. Karvel Pálmason stýrir sjútvn. þessarar hv. deildar. Þegar málið er hér til meðferðar er ekki tekið tillit til einnar ábendingar frá hv. þm. Þegar hins vegar málið kemur til Nd. má hlusta á fáein atriði sem fram koma frá einstökum þm. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ég skil það vel þó manni eins og hv. þm. Karvel Pálmasyni renni nokkuð í skap þegar framkoma í hans garð er með þeim hætti sem ég

upplifi þessa framkomu, sitjandi sem áhorfandi að þessum innanflokksátökum í Alþfl. sem við höfum séð í dag.

Spurningin er þessi: Er í raun og veru verið að vísa þessum hv. þm. og 5. þm. Vestf. á dyr? Hann sagði hér í ræðu sinni fyrr í kvöld: Við bundum vonir við stjórnarsáttmálann — og lái honum hver sem vill. (**KP:** Ég sagði: Menn bundu, ekki við.) Það voru bundnar vonir við stjórnarsáttmálann, sagði hv. þm., jú, það er rétt, það voru bundnar. Hann batt þær ekki. Það voru einhverjir aðrir sem bundu þær. (**KP:** Það er a.m.k. ekki sagt.) Jæja, en látum það nú vera, alla vega var hv. þm. að gefa það í skyn að einhverjir hefðu bundið vonir við þennan sáttmála og tekið mark á honum og a.m.k. skrifaði Alþýðublaðið langa leiðara um það hvað þetta væri gífurlega merkilegur stjórnarsáttmáli og hvað Alþfl. hefði ráðið þessu öllu og hann væri kallaður Jónsbók og væri svo að segja alveg heilagt plagg, sögulegt plagg.

Hvað gerist? Bæði í Ed. og Nd. eru fluttar brtt. upp úr stjórnarsáttmálanum orðrétt. Í Nd. í dag er flutt till. af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni á þskj. 495 sem er nákvæmlega orðrétt upp úr stjórnarsáttmálanum. Hvað gerist? Það sama og í þessari virðulegu deild. Stjórnarandstaðan styður tillöguna úr stjórnarsáttmálanum en stjórnarflokkarnir fella stjórnarsáttmálann. Er nema von að hv. þm. Karvel Pálmason tali um hringleikahús? Það er ekki nóg með það að menn gangi á bak þeim loforðum sem þeir gefa fyrir kosningar, heldur gefa þeir líka loforð eftir kosningar og svíkja þau svo líka. Ég hygg að það séu fá dæmi um jafnsamviskulipra menn og suma leiðtoga Alþfl. um þessar mundir, einstaklega samviskulipra menn, mjúkir og sveigjanlegir að ekki sé meira sagt. Og niðurstaðan er auðvitað sú að hæstv. sjútvrh. hefur í grófum dráttum allt sitt fram. Og til hamingju með það, alþýðuflokksmenn. Það er mikill sigur, gífurlegur sigur. Hvernig var nú fyrirsögnin góða aftur í Alþýðublaðinu? „Við beygðum Halldór", var það ekki svoleiðis? Og mynd af hetjunum þremur, vitringunum þremur. Það var Eiður, það var Jón Sigurðsson og það var Sighvatur og það var einhver einn enn. Nei, hv. 3. þm. Vesturl. var ekki á myndinni, en hans var getið í myndatexta. Hann var erlendis að sinna skyldustörfum og gat því ekki verið með á myndinni, þannig að það voru fjórir leiðtogar Alþfl. sem beygðu Halldór. Ja, það er meira. Margt kalla menn beygju. Það væri fróðlegt að hv. þm. Júlíus Sólnes útlistaði það hvað er beygja. Hann er verkfræðingur að mennt.

Nei, herra forseti. Hér hefur það gerst enn þá einu sinni að hæstv. sjútvrh. hefur nuddað þessu fram í grófum dráttum eins og hann ætlaði að hafa það. Það eru nokkrar breytingar. En í grófum dráttum og í prinsippinu hefur hann náð því fram sem hann ætlaði sér. En vissulega verður að viðurkenna það að það eru nokkrar breytingar, m.a. á þessari margumtöluðu 10. gr. og af því að menn eru að tala um að það hafi í raun og veru verið til lítils að tala, verið til lítils að hafa hér umræður, er kannski rétt að rifja það aðeins upp hvað hefur breyst. Hvað hefur breyst? Og ég endurtek: Í grundvallaratriðum hefur ekkert breyst. En í einstökum atriðum hafa orðið nokkrar breytingar varðandi þessa 10. gr. Hverjar eru þær?

Í fyrsta lagi var sagt í drögum sjútvrn. um skipulag veiða báta undir 10 tonnum 23. okt. 1987 að þorskfisknetaveiðar báta undir 6 tonnum verði alfarið bannaðar. Í dag liggur fyrir að þessum bátum verði heimilað að veiða 60 tonn í þorskanet.

Í öðru lagi var í drögunum gert ráð fyrir að engum báti undir 6 brl. yrði heimilað að veiða meira en 40 tonn árlega og þann afla var þeim ætlað að sækja í heildaraflamark fyrir þennan flokk báta og var hugmyndin að skipta árinu í fjögur tímabil. Í dag hefur þessi skerðing verið felld út.

Í þriðja lagi var bátum 6–8 brl. ætlaður aflakvóti upp á 40 tonn. Í dag er þar um að ræða 75 tonn.

Í fjórða lagi var bátum 8–10 brl. ætlaður 70 tonna aflakvóti. Í dag er þessum bátum ætlaður 100 tonna aflakvóti og 125 tonn til stærstu bátanna.

Síðan var gert ráð fyrir því að aflamark eigin veiðireynslu skyldi aldrei verða meira en 120 tonn. Í dag er talað um 200 tonn í þessu sambandi.

Síðan gæti ég talið upp nokkrar breytingar sem hafa orðið á reglugerðardrögunum og sumt af þessu er úr reglugerðinni reyndasr líka, þannig að auðvitað hafa nokkrar breytingar átt sér stað og ómögulegt að mótmæla því að sú umræða sem hér hefur farið fram hefur skilað árangri, nokkrum árangri í einstökum atriðum. En grundvallaratriðið stendur eftir. Það er kvóti á skip og það má ekki taka tillit til sjónarmiða byggðarlaganna. Það eru þau grundvallaratriði sem eftir standa.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að rifja þetta upp eftir umræður um það í einhverjum fjölmiðlum að hér hafi menn verið röflandi daglangt og náttlangt sömu ræðurnar aftur á bak og áfram. Auðvitað hafa verið haldnar ítarlegar umræður um hlutina. En niðurstaðan hefur líka orðið sú að menn hafa slakað á í örlitlum mæli, en ég endurtek, í örlitlum mæli, það er ekki í grundvallaratriðum.

Ég vil í framhaldi af þessum orðum benda á eitt atriði sem mér finnst nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. svari, en það er það að í g-lið brtt. Nd. sem samþykktar hafa verið er kveðið á um úthlutun á veiðileyfum þar sem vísað er í 2. mgr. B- og C-liðar brtt., en þar er notað orðið aflahámark í stað þess að upphaflegu frv. frá sjútvrh. er notað orðið aflamark en ekki aflahámark. Ég tel að það sé nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. svari úr þessum ræðustól þessari spurningu: Lítur hæstv. ráðherra svo á að þessi orð, aflamark og aflahámark, hafi einhvern merkingarmun í lögum eða hugsanlegri reglugerð? Og ef svo er er fróðlegt og reyndar óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra skýri það hér úr ræðustól hver sá munur gæti verið.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan að það væri vissulega erfitt að vera í stjórn, en það væri mjög

erfitt að vera líka í stjórnarandstöðu. Ég hygg að þetta hljóti að vera rétt og ég hef tekið eftir því að einn og einn þm. í stjórnarflokkunum hefur verið tvístígandi um það hvort hann ætti að styðja þessa stjórn eða ekki. Ég heyri hins vegar ekki betur og sé ekki betur á meðferð mála, af forystumönnum stjórnarflokkanna hér síðustu daga, m.a. í þessu máli, og sérstaklega Alþfl., en að þar séu menn í raun og veru að fara fram á að það fækki í stjórnarliðinu en fjölgi í stjórnarandstöðuliðinu. Það er full ástæða til að fagna þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Vesturl. að hann vilji gjarnan losna við menn sem eru ekki heilir í trúarbrögðunum, ortódox, og beygi sig ekki 100% fyrir ríkisstjórninni og húsbóndavaldi hennar. Hann vill hafa almennilega menn, trausta 100% stjórnarliða, hin hreinu stjórnarmólekúl, en fyrir menn sem eru svona vaklandi sé best að taka bara pokann sinn og fara. Fróðlegt væri að vita hvað hv. 3. þm. Vestf. hefur um það mál að segja, herra forseti.

Frsm. meiri hl. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég tek undir það sem hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson sagði áðan að sem betur fer hafa orðið ýmsar breytingar á því frv. sem lagt var fram hér 23. okt. til bóta við meðferð málsins, bæði í Ed. og Nd. Ég vek jafnframt athygli hv. þm. Svavars Gestssonar á því að flestallar þessar breytingar hafa orðið til vegna frumkvæðis stjórnarþm., þ.e. stuðningsmanna stjórnarinnar. Hinar brtt. sem hafa verið lagðar fram hafa ekki verið í þeim tengslum við upprunalegt frv. að hægt væri að taka tillit til þeirra með þeim hætti að það væri hægt að fella þær breytingar inn í frv. sem slíkt. Þess vegna ber að fagna þessu og sérstaklega ber að fagna því að það hefur tekist að breyta enn frekar þeim atriðum sem snúa að minni fiskiskipum og ætla ég ekki að tíunda það frekar en orðið er.

Það er hins vegar ekki hægt að láta ýmsum atriðum ómótmælt sem hafa komið fram í ræðum manna, sérstaklega hjá hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni í þeirri ræðu sem hann flutti áðan. Hv. þm. var mjög stóryrtur og talaði um skömmtunarkerfi, einkarétt, fáa útvalda o.s.frv. Það er eins og hv. þm., eins og ýmsum öðrum sem hafa talað gegn frv., sé gjörsamlega fyrirmunað að skilja kannski vegna pólitískra hagsmuna sem mér eru ekki skiljanlegir, að það sem rekur menn til að fjalla um fiskveiðar Íslendinga með þeim hætti sem við gerum nú er fyrst og fremst sú staðreynd að ástand fiskstofna er með þeim hætti að það er ekki þorandi fyrir Íslendinga að stefna þeim mikla fiskveiðiflota sem Íslendingar eiga yfir að ráða, bæði hvað stærð og afkastagetu snertir, á hina veiku fiskistofna sem eru á Íslandsmiðum. Fullyrðingar andstæðinga frv. er því ábyrgðarlaust og einkennist mjög af þröngum, pólitískum hagsmunum og ég vil segja á stundum óskiljanlegum vaðli um efni sem fæstir hv. þm. sem tala mest gegn þessu frv. virðast skilja hvað snýst um.

En það er eitt atriði sem hv. þm. Karvel Pálmasyni varð tíðrætt um sem ég vil rekja nokkuð. Hv. þm. sagði að frv. snerist um hagsmuni fárra útvaldra. Ég verð að segja það eins og er að mér kemur það mjög á óvart að einn af talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, maður sem er búinn að vera í forustu fyrir stéttarfélagi og hagsmunasamtökum verkalýðsins, skuli leyfa sér að ræða um þetta mál með þeim hætti sem hann gerir og gera lítið úr verkum fulltrúa annarra stétta sem koma mjög við sögu þessa máls. Mér finst hv. þm. ekki sjálfrátt þegar hann talar um það að þetta frv. og framkvæmd þess snúist um hagsmuni fárra útvaldra.

Hverjir eru þessir útvöldu aðilar sem hafa látið sig þetta mál varða? Hverjir eru þessir útvöldu aðilar sem hafa frá því um mitt sumar verið að fjalla um þetta mál á félagsfundum og í stjórnum þeirra félaga og hagsmunasamtaka sem þeir eru aðilar að? Það eru í fyrsta lagi sjómenn, það eru skipstjórnarmenn, það eru vélstjórar, það eru útgerðarmenn, það eru smábátaeigendur o.s.frv. Hver er þessi hópur eða þessi fámenna klíka, eins og hv. þm. nefndi þetta fólk með einu orði áðan í ræðunni, hvað er þessi hópur, hvað er þessi klíka stór? Eftir því sem ég veit best má gera ráð fyrir því að þeir sjómenn sem stunda fiskveiðar, bæði hásetar, sem og skipstjórnarmenn og vélstjórar, séu 8–10 þús. manns.

Útgerðarmenn eru ekki margir. Útgerðarmenn eru líka ekki aðeins einkaframtaksmenn sem ég mun víkja að á eftir, heldur eru það einnig útgerðarfélög í eigu samvinnufélaga, sveitarfélaga o.s.frv. Hvað skyldu nú margir vera að baki þessum fjölda, þessum 8–10 þús. manns sem hafa leyft sér þann munað sem felst í félagafrelsi á grundvelli stjórnarskrár Íslands að fjalla um og hafa skoðun á þessu máli eins og hv. þm.? Hvað skyldu vera margir að baki þessum mönnum sem hafa leyft sér að fjalla um það hvernig stjórnun fiskveiða skuli vera háttað á Íslandi á næstu árum? Ef við notum bara almenna tölfræði í þessum efnum má gera ráð fyrir að að baki þessum mönnum sem stunda fiskveiðar og fjalla um fiskveiðar í daglegu starfi séu 20–30 þús. manns. Það getur vel verið að þeir hv. þm. séu til sem geti óvirt það að þetta fólk skuli yfirleitt leyfa sér að hafa skoðun á þessu máli, leyfa sér að hafa skoðun á því hver á að vera lífsgrundvöllur þess í framtíðinni. Ég mótmæli því fyrir hönd þessa fjölda. Og ég vil líta þannig á að hv. þm. Karvel Pálmason hafi talað hér í hita og gleymt þessum einföldu staðreyndum. Það er þetta fólk sem innir af hendi það grundvallarstarf í þágu þjóðarinnar sem þetta frv. snýst um og það ber að virða það og það ber að umgangast þetta mál með þeim hætti líka hér í sölum hins háa Alþingis.

Þetta fólk hefur nálgast lausn þessa máls af ábyrgð. Það hefur þorað að gera samþykktir, það hefur þorað að taka afstöðu á sínum þingum og sínum félagsfundum og það hefur sent sín skilaboð til þingsins. Þetta frv. er ekkert einkamál einhvers

hæstv. ráðherra, hvort sem hann er framsóknarmaður, sjálfstæðismaður eða krati, þegar verið er að fjalla um þetta mál. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komist til skila að þetta er ekkert einkafrv. hæstv. ráðherra Halldórs Ásgrímssonar. Þetta er frv. sem var lagt fram af þeirri ríkisstjórn sem situr við völd og í umboði þeirra þingflokka, sem m.a. hv. þm. Karvel Pálmason tilheyrir sem er þingflokkur Alþfl. Það sem máli skiptir er auðvitað það að þeir sem fást við þessi störf, sem eru í hinu daglega starfi, taka ábyrga afstöðu á sama tíma sem hv. þm. hér í sölum leyfa sér að tala um þetta fram og til baka, sólarhring eftir sólarhring, í pólitískri skák — og ég segi pólitískri skák en ekki af þeirri alvöru sem málið krefst. Það er þess vegna sem þetta fólk mælir með því að stjórnun fiskveiða á næstu árum verði á grundvelli þessa frv. sem við erum að fjalla um.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurði hvar fulltrúar einkaframtaksins í þessu máli væru og vildi gera lítið úr hlut sjálfstæðismanna í umfjöllun þessa máls þar sem hann réttilega gerði ráð fyrir því að Sjálfstfl. væri auðvitað sá aðili sem talaði máli einkaframtaksins í þessum efnum. Það gerum við vissulega. Sá hluti einkaframtaksins sem hefur fjallað um þetta út frá sjónarmiði atvinnurekandans er meirihlutaaðili að Landssambandi ísl. útvegsmanna. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur margsinnis lýst yfir stuðningi við frv. sem við erum að fjalla um. Þar með hefur einkaframtakið í útgerð tekið afstöðu með þeim hætti sem ég hef frá skýrt.

Landssamband ísl. útvegsmanna mælir með kvótanum, það mælir með þessu frv. Útvegsmenn gera sér grein fyrir sinni ábyrgð við ríkjandi aðstæður. Ég vil leyfa mér að bæta því við í þessari umræðu að ég hef ekki heyrt marga hv. þm. fjalla um þátt fiskifræðinga í þessu máli. Ég hef ekki heyrt marga hv. þm. hrekja efnisleg rök fiskifræðinga fyrir því sem er grundvallaratriðið þegar verið er að fjalla um þessi mál. Það kemur m.a. fram í skýrslu sem heitir: „Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1987, aflahorfur 1988, útgefið af Hafrannsóknastofnun, fjölrit nr. 11.“ Ég hef ekki heyrt marga hv. þm. í þessari deild vísa til þessarar skýrslu. Mér er spurn: Hvað skyldu margir hv. þm. hafa lesið þessa skýrslu? Hvað skyldu margir hv. þm. skilja hvað stendur í þessari skýrslu svo að ekki sé meira sagt?

Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér nokkra kafla vegna þess að ég hef ekki orðið var við það í umræðunum hér í hv. deild að þeir hafi komið inn í umræðuna sem hefði auðvitað átt að gerast fyrr. En ég gerði ráð fyrir því eins og margir aðrir sem styðja þá stefnu sem kemur fram í frv. að hv. þm. hefðu raunverulega lesið og skilið þessa skýrslu. Það er rétt að það sé gert til þess að ítreka það fyrir þá hv. þm. sem virðast ekki skilja grundvallarforsendur þess vandamáls sem við erum að reyna að leysa varðandi stjórnun fiskveiða með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Í skýrslu fiskifræðinga um ástand þorskstofns segir svo, með leyfi forseta, á bls. 9:

„Gert er ráð fyrir að annar hver fiskur sem veiðist 1987 verði annaðhvort þriggja eða fjögurra ára þorskur, þ.e. árgangur 1984 og 1983, meðalþyngd 1½–2 kg. Fari afli fram úr 360 þús. tonnum á árinu 1987 mun það fyrst og fremst verða til þess að hlutfall smáfisks í afla eykst enn frá því sem gert er ráð fyrir. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í september 1986. Þó virðist veiði smáfisks verða enn meiri en þá var gert ráð fyrir. Þetta er vegna þess að 1983-árangurinn er að hluta til vaxinn upp fyrir viðmiðunarmörkin.“ Skilja hv. þm. sem eru andstæðingar stjórnunar fiskveiða á grundvelli frv. ekki hvað felst í þessu eða skilja þeir þetta kannski eins og hv. 5. þm. Vesturl. Sighvatur Björgvinsson á þann veg að þar sem það sé svo mikið af smáfiski sem kemur í trollið sé það vottur um það að það sé mikið af fiski og beri auðvitað að drepa hann? Ég furða mig á því að þm. frá Vestfjörðum skuli leyfa sér að láta annað eins fara frá sér, að það sé vottur um það að það beri bara að veiða meira vegna þess að það sé svo mikið af smáfiski. Það undirstrikar hættuna sem við blasir ef ekki er gripið til stjórnunar.

Þessi staða, að meðalþyngd er aðeins 1½–2 kg, sem skipstjórnarmenn hafa staðfest á þessu hausti, m.a. í viðtölum í dagblöðum, kallar auðvitað á hörð viðbrögð, varnarráðstafanir, takmörkun á veiðum og aukna vernd á þorskstofninum. Þetta skilja skipstjórnarmenn, sjómenn og útgerðarmenn. Þetta skilja fiskverkendur, fiskvinnslufólk. Þetta skilja þeir sem eru í daglegri og raunverulegri framkvæmd þessara mála.

En það segir fleira, svo að stiklað sé á stóru, í þessari skýrslu fiskifræðinga um ástand þorskstofnsins. Á bls. 11, með leyfi forseta, segir m.a.:

„Meðalþyngd eftir aldri hefur ekki aukist í ár miðað við árið 1986 og því er gert ráð fyrir að meðalþyngd eftir aldri árið 1988 verði sú sama árið 1986 en 5% minni árið 1989 og 1990. Er þá gert ráð fyrir að aftur dragi úr vexti eftir undangengið góðæri.“

Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta þýðir veikur fiskstofn, minni afrakstur. Það þýðir í stuttu máli *hættuástand í sambandi við fiskveiðar við Ísland.* (**SkA:** Er það ekki vegna þeirrar fiskveiðistefnu sem haldið hefur verið uppi?) Við skulum halda áfram og halda okkur við það sem segir hér og ræða um framtíðina. Við skulum ekki ræða um það sem liðið er. Við erum að marka hér stefnu og taka afstöðu til frv. sem á að verða að lögum miðað við það hvernig stjórnunin á að vera á næstu árum. (Gripið fram í.) Fortíðin er liðin. Það sem skiptir máli er að gera sér grein fyrir því hvað fram undan er. Ég trúi því ekki um hv. þm. Skúla Alexandersson að atkvæðaveiðar séu honum svo mikilsverðar að hann viðurkenni ekki þá staðreynd að það skiptir auðvitað meira máli að horfa til framtíðarinnar og gera ráðstafanir sem duga í þeim efnum en vera að tala um það sem hefur skeð í fortíðinni og ræður ekki úrslitum úr því sem komið er. (**SkA:** Að fortíð skal hyggja.) Þar með

viðurkennir hv. þm. að ef eitthvað hefur farið úrskeiðis í fortíðinni þurfi að tryggja enn betur í framtíðinni. Það sjálfsagt viðurkennir hv. þm.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem segir á bls. 12 og mun svo ekki lesa meira úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar að svo stöddu, en þar segir m.a.:

„Nýting þorskstofnsins undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að ársaflinn hefur verið 35–40% veiðistofns, fjögurra ára fiskur og eldri. Svo hörð sókn leiðir óhjákvæmilega til þess að árgangar eru fá ár í veiðinni og aflinn byggist fyrst og fremst á 3–6 ára fiski, en mjög lítið er um fisk sem er eldri en 8 ára. Í síðustu skýrslu, Hafrannsóknir, 36. hefti, var á það bent að nú væri lag til að breyta nýtingu þorskstofnsins á þann hátt að fiskgengd ykist á vertíðarsvæðum þar sem elsti og þyngsti þorskurinn veiðist. Nú verður ekki betur sé en að það tækifæri sem við eygðum í fyrra sé að ganga okkur úr greipum ef fram verður haldið sem hingað til."

Þetta frv., sem m.a. hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson með okkar stuðningi hefur lagt fram, stefnir að því að viðurkenna þessa staðreynd, það beri að tryggja þorskstofninn á ný, með því miður, segi ég, auknum takmörkunum. Það er það atriði sem hv. þm., sem eru stjórnarandstæðingar, og hafa reynt að tala af einhverju viti um, þ.e. hafa þó viðurkennt að það þurfi að hafa stjórn á fiskveiðum og hv. þm. Skúli Alexandersson jánkaði hér áðan um að það væri þörf á harðari aðgerðum til að tryggja framkvæmd þeirrar stefnu, að byggja stofninn upp á ný. Þar með hlýtur hv. þm. að geta stutt þetta frv.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. En ég vil segja það að árásir ákveðinna þm. á þá stefnu sem felst í frv. við ríkjandi aðstæður eru mjög ábyrgðarlausar. Ég vil segja að þær jaðra við það að vera tilræði við íslensku þjóðina.

Eyðing fiskstofnanna með stjórnlausum veiðum væri glæpsamlegt athæfi að mínu mati. Það getur vel verið að menn séu svo uppteknir í pólitískum leikjum hér á hinu háa Alþingi að þeir geti talað sólarhringum saman um þetta alvarlega mál með þeim hætti sem ýmsir þm. hafa gert. Ég segi fyrir mitt leyti að bæði veit ég og hef fullvissu fyrir því að meginþorri íslensku þjóðarinnar hefur skömm á því hversu margir hv. alþm. hafa fjallað um þetta mál af þvílíku ábyrgðarleysi að þing hefur sett niður vegna þess. Það er krafa þess fólks sem starfar í þessari atvinnugrein og það er krafa allra góðra Íslendinga að hv. þm. láti nú af þeim ósið að fjalla um þetta mál af jafnmiklu kæruleysi og jafnmikilli pólitískri tækifærismennsku eins og andstæðingar frv. hafa gert og afgreiði frv. sem lög þegar í kvöld.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera tilraun til að svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint og þá í fyrsta lagi frá hv. þm. Skúla Alexanderssyni, en ég vænti þess að ég hafi náð hans spurningum svona nokkurn veginn. Ég leit yfir þær á hlaupum hér í kvöld. Það er rétt hjá hv. þm.

Það var í fyrsta lagi hvort fyrirhugaðar væru einhverjar aðgerðir til þess að takmarka sókn í smáfisk. Nú er rétt að taka það fram að veiðarnar á undanförnum árum hafa byggst á tiltölulega fáum árgöngum og veiðarnar núna undanfarin ár hafa m.a. byggst að miklu leyti á árganginum frá 1980. Og í sambandi við tal um smáfisk og að það sé rétt að veiða hann upp jafnvel, eins og haldið var fram af vísindamönnum, líffræðingum, haustið 1983, þeir héldu því fram, komu fram með þá kenningu opinberlega, svokallaða grisjunarkenningu, að það ætti að veiða sem allra mest til þess að þeir einstaklingar sem eftir lifðu hefðu meira svigrúm í hafinu og meiri fæðu. Ef þetta hefði nú verið gert hefði það komið mjög og í enn meira mæli niður á árganginum frá 1980 sem hefur verið mikil uppistaða í afla frá árinu 1986, yfir 100 þús. tonn komu á land úr þeim árgangi. Það er því miður svo að uppistaðan í aflanum núna eru fyrst og fremst árgangarnir frá 1983 og 1984 og sá fiskur er eðlilega smár. Það eru engir aðrir sterkir eldri árgangar í stofninum. Þótt þeir séu bærilegir er það ekki neitt til að bera uppi alla þá veiði sem við stundum.

Það er að sjálfsögðu aðalatriðið nú á þessari stundu að þessir árgangar verði ekki aðeins uppistaðan í veiðinni á næsta ári heldur á næstu árum og því þarf að reyna að takmarka sókn í þorskstofninn. Sjútvrn. hefur ávallt samþykkt allar þær tillögur sem hafa komið frá Hafrannsóknastofnun í sambandi við skyndilokanir og viðmiðunarmörk í því sambandi og nú fyrir nokkrum dögum gerði Hafrannsóknastofnun þá tillögu að í stað þess að gripið væri til skyndilokana þegar 30% af fiski væru undir viðmiðunarmörkum eða 55 cm er því breytt í 25% og var sú tillaga þegar samþykkt eins og áður hefur verið gert á undanförnum árum, meðan ég hef verið í því ráðuneyti.

Auk þess fara fram tilraunir með það hvort megi breyta gerð á trolli. Þær tilraunir voru hafnar á sl. ári og þeim verður haldið áfram, þ.e. að setja það upp á svokallaðan legg þannig að möskvinn haldist betur opinn. Það er hins vegar ljóst að þótt möskvinn hafi verið stækkaður tryggir það ekki nægilega verndun á smáfiskinum og skyndilokanir hafa stundum komið nokkuð seint.

Allt eru þetta aðgerðir sem miða að því að vernda smáfiskinn og ég vil einnig benda á það að í Nd. var það samþykkt að ráðuneytið hefði ekki heimild til þess að undanþiggja að öllu leyti smáfisk frá aflakvóta. Í því sambandi er rétt að geta þess að í upphafi sl. árs var gert ráð fyrir að allur smáfiskur yrði talinn með í aflakvóta. Það upphófust mikil mótmæli í því sambandi og sjómenn sögðu að þá yrði honum öllum hent fyrir borð sem er að sjálfsögðu erfitt að trúa, að slík hótun sé framkvæmd. En eftir nokkrar viðræður og umhugsun var ákveðið að hann yrði utan kvóta. Nú verður að sjálfsögðu að verða breyting á í samræmi við þessa brtt.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um það hvort óskir

sjómanna á Breiðafirði varðandi bann við notkun á 6 tommu möskva á bilinu 1. janúar til 1. maí yrðu teknar til greina. Nú er það svo að óskir sjómanna í þessu sambandi hafa verið misjafnar eins og gengur og gerist og það hefur verið gert þannig á undanförnum árum að 6 tommu möskvi hefur verið bannaður fram að páskastoppi en eftir páskastopp hefur hann verið leyfður.

Það var mikið kvartað yfir því, það er nú orðið alllangt síðan, að óþægilegt væri fyrir skipin að byrja á ný eftir páskastopp og þurfa síðan að skipta um net þannig að þeir geti ekki byrjað að nota 6 tommu möskvann strax eftir páskahlé. En nú eru páskarnir snemma og þess vegna verður að taka þetta til endurskoðunar eins og svo margt annað.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að það væri æskilegt að leyfa ekki þennan 6 tommu möskva. Hitt er svo annað mál að sá fiskur sem veiðist í hann er yfirleitt stærri en smæsti fiskurinn sem togararnir fá og því hefur oft verið haldið fram af bátasjómönnum að það sé óeðlilegt að þeir geti ekki tekið hluta af þessum árgöngum, þ.e. þennan smærri fisk á sama tíma og togararnir veiða þann fisk. Þessir menn hafa vissulega mikið til síns máls því að þrátt fyrir allt er sá fiskur sem veiðist í 6 tommu möskvann heldur stærri en smæsti fiskurinn sem togararnir koma með að landi. Þetta verður hins vegar tekið til endurskoðunar. Ég vil engu spá um niðurstöðu í því sambandi, en það er með þetta mál eins og annað að hér er um að ræða misjafnar skoðanir. Sérstaklega með tilliti til þess hvað páskarnir eru nú snemma er einsýnt að þetta mál þarf að ræða og ekki ólíklegt að það þurfi að verða þar breyting á.

Ég skal lýsa því sem minni skoðun að ég er því sammála að reyna eigi að takmarka sem mest notkun á þessum minni möskva, en það er með þetta eins og annað að það verður að virða þær skoðanir sem fram koma frá þeim aðilum sem í atvinnugreininni vinna og þær eru misjafnar og þótt ég kannist við þessar óskir frá sjómönnum sem róa við Breiðafjörð hygg ég að ekki séu allir sammála um það frekar en annað.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hvort einhverjar aðrar aðgerðir væru fyrirhugaðar til þess að tryggja viðgang þorskstofnsins. Ég náði þessu ekki alveg orðrétt, en ég vænti þess að ég hafi skilið það rétt.

Ég sé ekki að það sé beinlínis hægt að grípa til annarra aðgerða til að vernda þorskstofninn en að takmarka sókn í hann og reyna að koma í veg fyrir að fiskur sé veiddur of smár. Auðvitað eru margvíslegar aðrar aðgerðir sem eru nauðsynlegar í fiskveiðum eins og að tryggja sem besta meðhöndlun o.s.frv., en takmörkun veiðanna og það að koma í veg fyrir að fiskurinn sé veiddur of smár eru aðalatriði þessa máls. Frv. sem hér er til umfjöllunar fjallar um það að skipta takmörkuðu magni milli aðila í landinu með ákveðnum hætti og stuðla að því að þorskstofninn fái að vaxa.

Nú er það að sjálfsögðu margt sem getur orðið til þess að þorskstofninn vaxi umfram það sem við sjáum fyrir í dag. Þar koma til náttúrleg skilyrði. Við væntum þess að það komi ganga frá Grænlandi því að við vitum að hluti af þeim seiðum sem komust vel á legg 1983 fór þangað og vonandi kemur hluti af þeim stofni til baka hér á miðin 1990–1991 eins og svo oft áður. Og það skiptir að sjálfsögðu sköpum hvernig það mun ganga að sá hluti komi inn í hrygningarstofninn. Þetta gerðist 1981 síðast. Þá var veiðin mjög mikil. Ég er þeirrar skoðunar að þá hafi verið veitt allt of mikið og að betur hefði verið ástatt ef við hefðum takmarkað veiðina mun meira þá og meira komið þá inn í hrygningarstofninn.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. um það hvort ráðuneytið gæti tryggt það að allir fái ókeypis upplýsingar um hvaðeina sem þetta mál varðar með svipuðum hætti og gert er ráð fyrir því að ráðuneytið eigi að fá ýmsar upplýsingar ókeypis frá aðilum sem stunda veiðarnar. Ég tel þetta ekki vera sambærilegt. Hitt er svo annað mál að ég veit ekki betur en að á hverjum einasta degi sé sjútvrn. að veita upplýsingar til aðila um land allt um hvaðeina sem veiðarnar varðar. Ég er þeirrar skoðunar að starfsfólki sjútvrn. farist þetta verk vel úr hendi. Þar er fátt fólk sem er í sambandi við aðila um allt land á hverjum einasta degi og ég sé ekki að það verði gert með betri hætti nema þá það sé fjölgað mjög mikið í starfsliði ráðuneytisins, en þar er mjög fátt fólk eða nokkuð innan við 20 manns. Auðvitað getur þetta litla ráðuneyti ekki svarað öllum fsp., öllum ályktunum sem til þess berast eða öllu því sem til þess er beint. Þar er kannski ekki alltaf um sanngjarnar fsp. að ræða og ætlast til mikils og það verður að reyna að svara því sem talið er mikilvægt og ég tel að það sé gert. Auðvitað kunna að vera á því einhverjar undantekningar eins og gengur og gerist í önnum dagsins, en ég tel að þar sé um minni háttar mál að ræða.

Að því er varðar málefni einstakra fyrirtækja eða einstök bréf sem hér var vitnað í tel ég ekki eðlilegt að ég svari því hér á hv. Alþingi. Ég tel eðlilegt að það sé fjallað um slík mál í ráðuneytinu og mun ég að sjálfsögðu geta greitt fyrir því. En ég tel ekki eðlilegt að ég fjalli um einstök mál hér á hv. Alþingi og mun ekki gera það.

Í öðru lagi spurði hv. þm. Júlíus Sólnes um meðalþyngd þorsks og ég vil aðeins vitna í og benda á töflu í skýrslu Hafrannsóknastofnunar á bls. 33 þar sem meðalþyngd kemur skýrt fram og sem betur fer hefur hún farið nokkuð vaxandi á síðustu árum og þar koma fram fróðlegar upplýsingar. Að því er varðaði fund sem hann vitnaði til var m.a. ákveðið í framhaldi af honum að breyta þeim viðmiðunarmörkum sem ég hef áður vitnað til.

Að lokum spurði hv. þm. Svavar Gestsson um mismuninn á aflamarki og aflahámarki. Þar er ekki í reynd um neinn mismun að ræða. Það er rétt sem hann sagði að á einum stað í 10. gr. var orðið aflamark notað. Það er ekki notað í þeim texta sem nú liggur fyrir eins og greininni hefur verið breytt,

en hér er um að ræða að þau hugtök sem notuð eru eru fyrst og fremst sóknarmark og aflamark. Á þessu er mikill munur og síðan hefur verið talað um aflahámark í sóknarmarkinu, en að því er varðar smábátana skiptir í reynd engu máli hvort talað er um aflamark eða aflahámark. Það er raunverulega það sama sem við er átt, en það má út af fyrir sig segja að það sé óeðlilegt að vera að nota bæði hugtökin að því er varðar þeirra veiðar enda er það ekki gert í núverandi grein eins og hún liggur fyrir. Í reynd er hér ekki um neinn mismun að ræða hvort sem talað er í því tilfelli um 100 tonna aflamark eða 100 tonna aflahámark. Það er í eðli sínu enginn munur þar á.

Herra forseti. Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim fsp. sem til mín hefur verið beint.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í fjölmiðlum undanfarna daga hefur verið látið að því liggja að talsmenn stjórnarandstöðuflokka hafi tafið stórkostlega meðferð þessa máls með óviðurkvæmilegu málþófi í báðum deildum þingsins, hafi flutt sömu ræðurnar aftur og aftur og efnt til óþarfa umræðna um málið.

Ég vek hins vegar athygli á því að það hefur gerst hér í kvöld að hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 14. þm. Reykv. hafa ýtt af stað umræðum sem óhjákvæmilegt er að taki nokkurn tíma umfram það sem ella hefði verið. Að sinni er því ekki við stjórnarandstöðuna að sakast ef þetta mál þarf að taka einhvern tíma í meðferð deildarinnar umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, herra forseti.

Frsm. 3. minni hl. sjútvn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Það var í raun og veru ekki ætlan mín að hafa fleiri orð hér um en ég hafði í dag, en ýmislegt hefur komið fram síðar í umræðunni sem ég tel nauðsynlegt að víkja að hvort sem það kann að verða í stuttu eða löngu máli. (**Gripið fram í:** Nauðsyn brýtur lög.)

Það er eftirtektarvert að aðaltalsmaður frv. sem hér er er hv. 14. þm. Reykv., sá hv. þm. sem gagnrýndi kvótann harðast, þegar hann var settur á, sem var miklu minni kvóti en nú er verið að ræða um. Þessi hv. þm. vitnaði sérstaklega í það, held ég, við 2. umr. málsins í deildinni að besta ræðan sem þá hefði verið flutt hefði verið flutt af hv. þm. Svavari Gestssyni sem var upplestur á gömlu ræðunni sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti fyrir fjórum árum. Það var besta ræðan sem þá var flutt í umræðunum. (**HBl:** Kemur það á óvart?) Það hefur vissulega komið honum á óvart. Það er greinilegt, hv. þm. Halldór Blöndal.

Það er ýmislegt sem er ástæða til að víkja að sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lét umfjallað áðan. Honum er æði tamt að tala um atkvæðaveiðar. Trúlega hefur hann mesta reynsluna í þeim efnum gegnum prófkjörin öll í flokknum sjálfum. (**EgJ:** Þau hafa verið á Vestfjörðum líka.) Ja, þau hafa verið á Vestfjörðum. Mér heyrist menn vísa æði mikið til þess að ég sé á sérstökum atkvæðaveiðum vegna minnar afstöðu í þessu máli. (**Gripið fram í:** Það dettur engum í hug.) Nei, vonandi ekki hv. þm. Halldóri Blöndal þó að honum detti ýmislegt skrýtið í hug. Kemur mönnum virkilega á óvart mín afstaða í þessu máli? (Gripið fram í.) Hefur hún ekki legið ljós fyrir alveg frá upphafi? Hún er sú hin sama sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafði þegar kvótinn var fyrst settur á. (**GHG:** Hafa aðstæður ekki breyst?) Aðstæður hafa ekki breyst í þessum efnum, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Það þýðir ekkert að veifa skýrslum hingað og þangað utan úr bæ. Þessar skýrslur voru líka til þegar þetta var gert. Þú tókst bara ekki mark á þeim þá.

Svo segir hv. þm. Guðmundur Garðarsson að hér tali menn sólarhringum saman gegn frv. Ég dreg mjög í efa t.d. að því er mig varðar að ég hafi talað lengur en þeir sem hafa verið frv. Það er alveg með ólíkindum að maður skuli upplifa að það er ekki hæstv. sjútvrh. sem er að verja þetta kerfi. Það er hv. þm. Sjálfstfl. úr Reykjavík sem stendur í fyrirsvari og ver frv. í öllum tilvikum. (**SvG:** Hann er heldur verri en Halldór ef eitthvað er.) Já, heldur verri trúlega. (**EgJ:** Hann var frsm.) Það er rétt. Hann var frsm. Það er alveg hárrétt og líklega sérstaklega til þess valinn af því gefna tilefni sem ræðan var, flutt á sínum tíma af hans hálfu.

Hv. þm. sagði að LÍÚ sæi um hagsmunagæslu einkaframtaksins. Hvað sagði LÍÚ þegar kvótinn var settur á á sínum tíma. Sagði það ekki það sama? Þá var hv. 14. þm. Reykv. allt annarrar skoðunar en hann er núna. Hvað hefur breyst? (**GHG:** Reynslan.) Hvað hefur breyst? (**GHG:** Staðreyndir.) Staðreyndir. Hverjar eru þær staðreyndir? (**GHG:** Breyttar forsendur.) Hv. þm. spurði í framhaldi af þessu: Hverjir eru þessir útvöldu? og beindi þá máli sínu til mín. Ég taldi að ég hefði gert grein fyrir því á sínum tíma? Hverjir eru þessir útvöldu? Það eru þeir sem eiga skipin. Það eru skipaeigendur sem eru þeir útvöldu. Er mönnum það ekki ljóst? Það eru ekki sjómenn. Það er ekki landverkafólkið í frystihúsunum. (**HBl:** Er þm. í vafa um hvort hann sé í hópi þeirra útvöldu?) Hv. þm. Guðmundur Garðarsson eða hvaða hv. þm.? (**GHG:** Ræðumaður.) Já, það er túlkun sitt á hvað hjá þeim flokksbræðrum. Það á vel við þegar menn komast í vandræði að menn hjálpi hver öðrum. (**Forseti:** Ég bið menn að hætta samtali hér.)

Eini aðilinn að þessum svokölluðu hagsmunasamtökum, sem menn eru að tala um, sem hefur alla tíð viljað þetta kerfi og vill viðhalda því er Landssamband ísl. útvegsmanna. Það er raunar kannski eitt nafn innan þeirra samtaka sem ræður gersamlega ferðinni þar og það er framkvæmdastjórinn, Kristján Ragnarsson. (**HBl:** Hann er að vestan.) Hann er að vestan. Það er rétt. En það er langt síðan hann var þar og trúlega orðinn mengaður í hugarfari við vistina hér syðra. Þetta eru þeir aðilar sem hafa ráðið ferðinni, hv. þm. Guðmundur Garðarsson.

Hvað sagði Verkamannasambandið? Hvað hefur það sagt um þetta, fulltrúi þess? (**GHG:** Hann mætti ekki einu sinni á nefndarfundi, fulltrúi þess.) Það er rétt. Hann gerði það ekki. (Gripið fram í.) Já, það er rétt. En hvaða skoðun hafði hann? Vildi hann þetta kerfi? (**GHG:** Hann mætti ekki.) (**HBl:** Hvaða skoðun hefur sá sem ekkert segir?) Það hefur verið vitnað til samráðsnefndarinnar sem var á sínum tíma starfandi og m.a.s. þeir sem hafa haldið hér fram stuðningi við frv. hafa vitnað til þessarar samráðsnefndar þar sem fulltrúi Verkamannasambandsins átti sæti, túlkaði sínar skoðanir, þannig að hér eru menn að leika sér að því að snúa út úr. Menn eru að vanvirða þennan hluta verkalýðshreyfingarinnar. Það kemur úr hörðustu átt þegar fyrrv. formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og var á þeim tíma allmikils metinn í þeim röðum, beinir spjótum sínum að þessum armi verkalýðshreyfingarinnar með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. (**GHG:** Hvernig gerði ég það?) Reyndu að hugsa þig um. Þú getur fengið spóluna, hlustaðu. Veit hv. þm. til þess að Alþýðusambandið sem slíkt hafi mælt með þessu kerfi? *Hann spurði: Hverjir eru það sem hafa tekið ákvarðanir um þetta?* Staðreyndin er sú að það eru þeir sem er búið að fá þennan arf sem ríghalda í hann. Þetta er erfðagóss þeirra sem eiga skipin. Það er með ólíkindum, að mér finnst, að nokkur skuli verja það kerfi sem hér er um að ræða. Það hefur enginn haldið því fram að það þyrfti ekki að vera stjórn á fiskveiðum, en það er ekki sama með hvaða hætti er stýrt.

Hv. 14. þm. Reykv. sagði áðan: Frv. er lagt fram með stuðningi stjórnarflokkanna og þar með Alþfl. Það er eins og mig minni að það hafi verið einhver fyrirvari af hálfu þingflokks Sjálfstfl. varðandi framlagningu frv. *Mig kannski misminnir.* (**EgJ:** Já, enda er búið að breyta því.) En var ekki fyrirvari? Hvað segir bóndinn á Seljavöllum um það? Var ekki fyrirvari? En það er rétt, sem hann sagði, að það er búið að breyta því. Menn hafa fallið frá þeim fyrirvara. Það er greinilegt að hv. þm. Sjálfstfl. er eitthvað órótt. Það er engu líkara en þá klæi undan því sem á þá er lagt í þessum efnum. Og ég er ekki hissa. Ég tala nú ekki um þá sem hafa verið *heilaþvegnir með þeim hætti sem hv. 14. þm.* Reykv. hefur verið. Ég er ekki hissa á því. Slíkur upphristingur hefur trúlega aldrei átt sér stað eins og gerður hefur verið á hv. þm. frá því að hann talaði hér fyrir fjórum árum algerlega gegn þeim aðgerðum sem þá var verið að gera og voru nánast hjóm miðað við það sem nú er verið að gera. (**HBl:** Sagði hv. ræðumaður upphristingur?) Upphristingur, já. (**HBl:** Hvað þýðir það nákvæmlega?) Það er afskaplega einkennilegt að heyra menntaskólakennara spyrja af slíkri fávisku. En það er eins og annað sem úr þessum herbúðum kemur. Það er ekki vitrænt sem út úr þeim vellur.

Svo sagði hv. 14. þm. Reykv.: Ég mótmæli því fyrir hönd þess fólks sem hér á hlut að máli. Þá er ástæða til að spyrja: Hvaðan kemur það umboð? Hvaðan er umboð fengið til að mótmæla þessu fyrir hönd þessa fólks? Hvaðan er það umboð fengið, hv. þm.? (**GHG:** Sjómenn bíða eftir að fá að taka til starfa.) Sjómenn eru að vinnu. Ég held að hv. þm. ætti að hugsa aðeins meira. (**GHG:** Óskar Vigfússon m.a., formaður Sjómannafélags Íslands.) Sjómenn eru að vinnu. Það var gefin út sérstök tilkynning, hafi hv. þm. fylgst með, (**GHG:** Óskar Vigfússon.) af hæstv. sjútvrh. á sínum tíma. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. um að gæta sín, vera ekki með samtöl hér. Það verður einn í einu í ræðustól.) Já og það dugar í bili. (**GHG:** Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambandsins.) (**Forseti:** Ég get frestað fundi og beðið menn um að leysa þessi deilumál annars staðar í húsinu, en ég freista þess að halda samt áfram.) Það eru út af fyrir sig engin deilumál við mig í þessum efnum. Þetta eru innanflokkserjur þeirra hv. þm. sem þarna sitja, innan Sjálfstfl. Auðvitað geta þeir farið afsíðis og afgreitt málið þar. En ég ítreka enn að kannski væri ég svipað settur og þeir þyrfti ég að bera það sem á þá er lagt, þær klyfjar sem á þá eru lagðar núna og þeir eiga að bera, *trúlega gegn sinni samvisku.*

Ég trúi því ekki, hv. 14. þm. Reykv., að þú hafir umboð eins eða neins úr þeim röðum sem þú ert að tala um til að mótmæla í nafni þessa eða hinna. (**GHG:** Ég skýrði frá því rétt áðan.) Þú hefur ekki umboð frá einum eða neinum til slíkra hluta. Auðvitað hefur þú skoðun, hv. þm., sem að vísu er breytileg eftir árferði. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti. Finnst þér svona fundarhald ekkert erfitt? (**Forseti:** Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ef ræðumann langar að tala við þingdeildarmenn mun gefast kostur á því. Ég get frestað fundi til þess. En betur væri mér við að geta haldið áfram fundi og ætla ég þá og æski þess að hv. þingdeildarmenn gæti sín, hætti þessum frammíköllum, virði fundarsköp.) Ber að skilja þetta svo, forseti, að það sé ræðumaður sem er hér eitthvað að gera af sér sérstaklega? Ég á ekkert sérstaklega vantalað við hv. þm. (**Forseti:** Hér hafa tveir talað í senn. Annar er vissulega ræðumaður, en hann á að hafa orðið.) Ég þakka fyrir, en þeir hafa að vísu verið þrír sem hér hafa verið að tala svo að það hefur eitthvað ruglast.

Hv. 14. þm. Reykv. sagði líka að ég væri að tala vegna pólitískra hagsmuna að því er mig varðaði og sagði að ég héldi fram ábyrgðarlausu tali um frv. Mér finnst þetta koma úr hörðustu átt frá hv. 14. þm. Reykv. Það er augljóst mál að andstaða við kvótafrv. eins og það hefur verið og er núna er miklu meiri en hún hefur áður verið. Það sýndi sig í Nd. í dag og menn hljóta að spyrja að því hvað hefði gerst hefði till. frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni eða öðrum sem voru andvígir frv. verið samþykkt gegn vilja hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar. (**HBl:** Þið eruð nú svolítið líkir, þið Matthías Bjarnason.) Hvað hefði verið gert í þeim efnum? Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal ætti að hætta öllu líkingatali. Það á ekki við undir þessum kringumstæðum. — Hvað hefði gerst ef slík till. hefði verið samþykkt? Sú till.

féll á jöfnu. (**EgJ:** Hún hefði orðið að lögum.) Já, trúlega hefði hún orðið að lögum, en hvað hefði hæstv. ráðherra gert? Hvað hefði þá hæstv. ráðherra gert eða aðrir þeir ráðherrar sem hafa varið þetta mál og verja út í ystu æsar? Trúlega hefði það þýtt afsögn. Það er vantraust. Málið stóð það tæpt í Nd. að það lá nánast við því að till., sem var andstæð sjónarmiðum hæstv. ráðherra sem með málið fór, væri samþykkt. Það voru flokksbræður hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar sem beittu sér fyrst og fremst í því máli. Á þessu sjá menn auðvitað hvert útlitið er á þeim þingflokki utan frá séð. Það er með ólíkindum, að mér finnst, þegar yfir þann aðila sem þarna átti hlut að máli, sem er fyrrv. sjútvrh., margreyndur ráðherra í mörgum embættum, er keyrt þannig eins og var gert af þingflokki Sjálfstfl. í þessum málum, talsmann flokksins í sjávarútvegsmálum í mörg ár og trúlega inniheldur meiri vitneskju um þau mál en nokkur annar af þeim þm. sem þar eru innan dyra. Eigi að síður var þetta niðurstaðan.

Ég vil út af því sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði um að Alþfl. hefði samþykkt þetta frv., að það yrði lagt fram, að ég hafði fyrirvara alveg frá upphafi. Það gat enginn gengið að því gruflandi hver afstaða mín var til þessa máls. Það vissu menn fyrir og hafa vitað alla tíð. Það er ekkert nýtt.

Ég ætla ekki að standa í þrasi við ágætan flokksbróður, hv. þm. Eið Guðnason, enda talaði hann af miklu meiri skynsemi um þetta mál en hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Eðlilega. En nokkrar athugasemdir eigi að síður.

Ég tók það svo, en kannski er það misskilningur, að það hafi verið átt við þann sem hér stendur þegar hv. þm. Eiður Guðnason sagði að það hafi verið fluttar allsérkennilegar ræður af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Nú er ég kannski í vafa hvort ég hef getið rétt til. En ég tók það svo. Og ég er kannski ekkert hissa yfir þeirri afstöðu hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni. Mér er alveg ljóst að ég kvað fast að orði, en eigi að síður rétt. Og það þarf enginn að segja mér annað en að við hv. þm. Eiður Guðnason séum sammála um að frv. gengur þvert á stefnu Alþfl. í sjávarútvegsmálum, þvert á stjórnarsáttmálann. Það er svo annað hvað menn láta sig hafa til að ganga til móts við sjónarmið. Það er allt annað. Hv. þm. Eiður Guðnason vildi ganga þessa leið til að sætta sjónarmið og auðvitað á hann að hafa þá skoðun. En ég var ekki reiðubúinn til þess, nánast engra hluta vegna, af því að þetta er algerlega gagnstætt mínum grundvallarsjónarmiðum í þessu efni. Mér finnst, og ég ítreka það, harkalegt þegar forusta Alþfl. eða hluti þeirrar forustu gengur þannig fram að hann er nánast að ganga fram af verulegum hluta af flokksmönnum. Það var öllum ljóst að jafnaðarmenn á Vestfjörðum gerðu þá samþykkt sem hér var vitnað til og hún stendur enn. Það er nánast ögrun við þetta fólk að ganga svona fram í þessum málum.

Það er rétt sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði. Það er trúlega erfitt að vera bæði stjórnarsinni og stjórnarandstæðingur. En það er einu sinni sú skylda sem er lögð á herðar hv. þm. samkvæmt stjórnarskrá. Þeir eiga að fylgja sannfæringunni. Það er sú skylda sem fyrst og fremst hvílir á hv. þm. Auðvitað er erfitt að bera hana og flestir hliðra sér hjá því að þurfa að bera hana. En þeir eru þó til sem taka það á sig. Auðvitað er það erfitt, en svona eru málin eigi að síður. En ég ítreka, og bið hv. þm. að taka eftir því, að þessar skoðanir mínar hafa verið augljósar í langan tíma. Þær eru ekki nýjar. Og það er ekki verið að koma aftan að einum eða neinum af minni hálfu í þessum efnum.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni og raunar kom líka fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að frv. hefur tekið breytingum frá því sem það var lagt fram. En það hafa engar grundvallarbreytingar á því verið gerðar, engar þær breytingar sem nálgast að vera neitt í tengslum við sjónarmið Alþfl. í þessum efnum.

Mér fannst það ekki vel orðað hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni þegar hann talaði um að það hefði verið mest fjaðrafokið um smábátana. Ég held að þær leiðréttingar sem þar hafa verið gerðar hafi átt fullan rétt á sér og þó lengra hefði verið gengið í þeim efnum þó að ég hins vegar láti það í ljós líka að það hefði þurft að gera miklu fleiri breytingar á öðrum greinum í frv., grundvallarbreytingar, ég tala nú ekki um endurskoðunarákvæðin, gildistímann, byggðakvótann og fleira mætti nefna, samráðsnefndina. Það er ekkert samráð að ráðherra skuli kalla t.d. formann LÍÚ, formann Farmanna- og fiskimannasambandsins, formann Verkamannasambandsins eða formann Sjómannasambandsins til samráðs við sig til að ráðstafa fiskveiðum við landið. Þetta er ekkert samráð. Það þarf að vera miklu víðtækara en hér er um að ræða. Þetta samráð, sem menn eru að tala um í frv., er samráð hagsmunaaðilanna sem eiga það nánast sem um er að ræða. Það er búið að útdeila því til þeirra og þeir eiga að gæta þess. Það er samráðið, sem menn eru að tala um, að þeir passi upp á sitt. Auðvitað er þetta fráleitt. Það er fráleitt að hugsa með þessum hætti um eins gífurlega stórt mál og hér er um að ræða, að láta þessa aðila ráða ásamt því ægivaldi sem hæstv. ráðherra hefur til stjórnunar þessara mála. Þetta nálgast að vera einræðisvald varðandi fiskveiðar við Ísland. Það er ekki langt frá því.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan að ég væri hikandi um hvort ég væri stuðningsmaður ríkisstjórnar eða ekki. Það er algerlega rangt. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt þótt hv. þm. hafi rangt fyrir sér, en þetta er rangt. Ég veit ekki betur en ég hafi sett fram ákveðið mín sjónarmið og staðið við þau. Það kalla ég ekki að vera neitt hikandi í afstöðu til mála hvort sem ríkisstjórnin á hlut að þeim eða einhver annar. Það eru ljósar skoðanir sem ég hef sett fram og staðið við. En kannski, og það skulu vera mín lokaorð, ég ætla ekki að tefja þessar um-

ræður, halda mínir samherjar þannig á málum í framhaldi af því sem gerst hefur að það gerist hlutir sem menn hefur ekki órað fyrir. Það kann að fara svo. Ef menn halda áfram á þeirri braut sem fetuð hefur verið innan forustunnar kunna að gerast þeir hlutir sem menn hefur ekki órað fyrir. Ég er ekki að segja fyrir um að það verði gert, en það er ýmislegt að mér sýnist sem getur leitt til þess að svo fari. (**EgJ:** Við hvað á þm.?) Þm. á við það, ef það er verið að tala um þann sem er að tala hér, það eru fleiri þm. en hann, að í heilu kjördæmi, sterkasta vígi Alþfl. á landinu, hafa menn tekið ákvarðanir sem eru á allt annan veg en hér er verið að tala um. Meðan sú ákvörðun stendur, meðan henni er ekki breytt og kannski skellt skollaeyrum við ... (**GHG:** Eiga allir að lúta einhverri krataákvörðun á Vestfjörðum?) (**Forseti:** Ég bið hv. þingdeildarmenn að hætta þessu skrafi.) (**GHG:** Það var bara beðið um skilning, að þetta sé nógu skýrt.) Ég hélt að ég væri yfirleitt þekktur að því að tala nógu skýrt. Ef einhver er hér inni af hv. þm. sem ekki skilur hefur upphristingurinn náð lengra en ég gerði ráð fyrir.

Ég held að það sé afskaplega skýrt, hv. þm. Guðmundur Garðarsson. Það fólk á Vestfjörðum sem studdi Alþfl. tók sínar ákvarðanir fyrir kosningar. Þær ákvarðanir standa enn. Og meðan þeim er ekki breytt hlýt ég að fara eftir þeim, ekki síður vegna þess að mín sannfæring er líka á þann veg sem þar var tekin ákvörðun um. Það er þetta sem hlýtur að hvíla á mér sem forsvarsmanni þessa fólks sem telur að sínum hagsmunum sé illa borgið innan þessa kerfis og það sé ástæða til þess að forsvarsmenn flokksins, sem það styður, taki tillit til slíkra sjónarmiða.

Kannski er þetta ekki svo í öðrum flokkum. Mér heyrist á hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að það þekkist ekki á þeim bæ að tekið sé tillit til fólksins. (**Salþ:** Hvað er þm. að segja?) Er það óskilið enn? Mér heyrist að hv. þm. sumir hverjir telji skrýtið að þeim sjónarmiðum skuli fylgt fram sem fólkið sjálft hefur. En ég heyri að nú eru menn farnir að átta sig. Þeir hafa þagnað. Þeir hafa skilið og það er vel.

Að lokum, herra forseti. Ég vænti þess ekki að ég tali lengur hér nema sérstök ástæða gefist til, en ég ítreka eindregna andstöðu gegn frv. og bið ekki hvað síst mína flokksbræður að leiða hugann að því hvað kann að gerast ef þeir bera ábyrgð á samþykkt þess.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs, ég skal reyna að vera stuttorður, eru ummæli hv. þm. Skúla Alexanderssonar varðandi fyrirvara Sjálfstfl. um gildistíma væntanlegra laga og raunar var þetta endurtekið af síðasta ræðumanni. Það er rétt að það voru fyrirvarar gerðir af hálfu Sjálfstfl. og sérstaklega um þetta atriði. En í frv. er nú talað um þriggja ára gildistíma. Í 21. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1990."

Því er stundum haldið fram að það sé nauðsynlegt að slík lög gildi í alllangan tíma, sumir segja helst fjögur ár, þannig að menn geti hagað sínum málefnum í samræmi við það að þeir hafi vissu fyrir því að lögin muni gilda þennan tíma, geti t.d. selt báta á uppsprengdu verði þannig að kaupandinn hafi vissu fyrir því að hann geti notað kvótann í svo og svo mörg ár. Þetta er alrangt. Það sem er verið að tala um í þessu efni er að lögin gildi ekki lengur en í þrjú ár. Ég óskaði þess að það væri alveg ljóst að þau giltu ekki lengur en í tvö ár og það var ósk Sjálfstfl. Auðvitað getur þetta þing og næsta þing og öll þing breytt þessum lögum, afnumið þau ef mönnum sýnist svo. Það er alveg nauðsynlegt að leiðrétta þennan misskilning, sem er jafnvel í röðum alþm., en hver einasti lögfræðingur veit að einn fundur í Alþingi getur ekki bundið næsta fund. Það er alveg ljóst. Breyttar aðstæður geta breytt sjónarmiðum manna. Við skulum segja að það yrðu kosningar fyrr en eftir þrjú ár og þá verði allt annað fólk hér að verulegu leyti. Hver ætti að gera þeim upp skoðanir þá? En það er ekki eingöngu þetta sem er athugavert við skilning manna, en þó nauðsynlegast að leiðrétta þennan skilning.

Og það eru ákvæðin til bráðabirgða. Það er talsvert við þau að athuga líka. Það segir, með leyfi forseta, í ákvæði I:

„Sjútvrh. skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur til breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til" o.s.frv.

Þarna er skilningur á því að það megi breyta lögunum á meðan gildistími þeirra er og þar með auðvitað afnema þau.

Í ákvæði II segir: „Sjútvrh. skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa um það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi."

Þetta er auðvitað ekkert bráðabirgðaákvæði. Þetta ætti að vera paragraf. Þetta er auðvitað lagatæknilegt og ég er ekkert að fetta fingur út í það. Það hefði þá átt að gera það strax við 2. eða 3. umr. í hv. deild.

En aðalatriðið, sem er nauðsynlegt að undirstrika rækilega, er að það er ekki hægt að semja um nokkurn bát með neinni tryggingu fyrir kvóta í nein þrjú ár, ekki heldur eitt ár, ekki heldur einn mánuð ef út í það væri farið. Þá er það einn stærsti gallinn á þessu kvótafyrirkomulagi.

Menn hafa spurt mig að því hvort ég hafi breytt um skoðun frá því fyrir fjórum árum. Það hef ég ekki gert. En ég fellst á það, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að það er ekki meiri hluti fyrir neinni annarri skipan en þessari nú og það var heldur ekki fyrir fjórum árum. Við töldum að með öðrum hætti væri eðlilegra að takmarka sókn í

stofnana eins og er markmiðið og hæstv. sjútvrh. lagði áherslu á áðan. Það er auðvitað hægt að takmarka sókn með allt öðrum hætti, með einfaldari og almennari hætti en þessum, þó að það væri ekki annað en hreinlega fækka sóknardögunum. Við vitum að um alllangt skeið hafa verið takmarkanir, svokallaðir skrapdagar t.d. á sínum tíma. Við höfum of stóran flota. Það er hægt með tvennum hætti að ná markmiðunum. T.d. með þeim hætti að dagarnir sem hver fleyta má vera á sjó verði miklu færri en þeir í rauninni eru eða hafa einhvern auðlindaskatt á einhverjum hluta aflans og nota t.d. þá peninga til að úrelda skip til að minnka flotann. Þetta eru allt álitaefni og ég ætla ekkert að fara að ræða það frekar núna. Ég flutti um þetta nokkrar ræður hér fyrir fjórum árum. Menn geta lesið þær. Mínar skoðanir hafa ekkert breyst. Mér er alveg ljóst að það er ekki möguleiki á að koma fram öðrum lögum en eitthvað í þessum dúrnum nú og stjórn verður að hafa á fiskveiðunum. Það er öllum ljóst. Það er óumdeilanlegt. Allir eru um það sammála. Þess vegna, alveg eins og fyrir fjórum árum, greiddi ég atkvæði með frv. þó að ég héldi að önnur skipan væri heppilegri. Ég lagði að vísu ekkert afl í atkvæðagreiðsluna. Formaður sjútvn. þá, góður vinur okkar, sat vinstra megin við mig og ég sagði honum að hann mætti lyfta upp vinstri hendinni minni en ég legði ekkert afl til þess. Ég hef síðan hér í deildinni greitt atkvæði með frv. af þeirri ástæðu að það er þó skárra að hafa þessa stjórn en enga, það er alveg ljóst, og mun gera það áfram.

En enn og aftur: Menn mega ekki halda fram þeirri villu að það sé verið að tala um að þessi lög skuli gilda í þrjú ár. Það er enginn sem getur tryggt það og menn verða að vita það. (**SvG:** Það stendur nú í frv.) Gildistíminn þýðir eingöngu að þau skuli falla þá úr gildi, en þetta þing getur í næstu viku breytt þessum lögum og næsta þing. (**Forseti:** Sólarlag.) Þetta er sólarlag, alveg rétt, sólarlagsákvæði. Þess vegna er ekki hægt að tryggja mönnum að þeir geti grætt á því að selja kvóta í eitt ár, tvö ár eða þrjú. (**KP:** Það er það sem er verið að gera.) Það er verið að gera það. Fólki er talin trú um það. Það er ekki einn einasti lögfræðingur sem ekki skilur þetta. Alþingi getur breytt þeim lögum sem í gildi eru hvenær sem er. Það verða menn að vita. Þess vegna er frv. ekki nærri því eins hættulegt og það væri ella. Einmitt þess vegna greiði ég atkvæði með því.

Frsm. 1. minni hl. sjútvn. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þessa umræðu mikið úr því sem komið er en aðeins segja nokkur orð.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir skoðun hv. 8. þm. Reykv., ekki alveg kannski út frá því að ég hafi fullkomlega gert mér grein fyrir því sjálfur að lögfræðilega væri málið á þann veg sem hann lýsti hér heldur vegna þess að ríkislögmaður var fenginn til að fjalla einmitt um þennan þátt mála á sameiginlegum fundi sjútvn. og þar lýsti ríkislögmaður því yfir að sá sem væri að búa sig undir rekstur í sambandi við þessi lög stæði verr að vígi en ef lögin væru ekki með sólarlagsákvæðum. Það væri talin frekari trygging í því að þau lög sem væru án sólarlagsákvæðis eins og hér er væru gildari en þau lög sem væru samþykkt eftir þessu. Þ.e. það er alveg tekið undir skoðun hv. þm. Eyjólfs Konráðs að það er fyrst og fremst verið að undirstrika að lögin skuli ekki gilda lengur en í þrjú ár. (**EKJ:** Eingöngu.) Eingöngu það. Það er verið að undirstrika að það er ekki verið að skapa neinn sérstakan rétt með þessum ákveðna árafjölda þó að því hafi verið haldið fram af ýmsum aðilum á hv. Alþingi.

Ég þakka kærlega fyrir að hv. þm. skyldi koma upp og minna á þennan þátt sem er mjög mikilsverður í sambandi við þá lagasmíð sem er á lokaumræðunni.

Ég beindi nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh. og hann svaraði nokkrum af þeim og ég þakka honum fyrir þau svör sem hann gaf mér þó að ég sé langt frá því ánægður með þau. Í fyrstu spurningu spurði ég um hvað ráðherra hefði í hyggju, hvort hann hefði sérstakar ráðstafanir í hyggju til að stöðva eða draga verulega úr sókninni í smáþorskinn. Hann benti þar á að staðan væri raunverulega þannig að um lítið annað væri að ræða en veiða smáfisk. Því miður er staðan á þann veg, eins og hv. þm. Guðmundur Garðarsson benti á áðan, og lítið hægt að gera ef á að halda svipuðum afla sem nauðsynlegur er til að halda þjóðarbúinu í gangi, að eftir þessa fiskveiðistjórn, eftir að kvótakerfið hefði verið í gangi í fimm ár stöndum við frammi fyrir því að við getum lítið veitt annað en smáfisk. Það er búið að ganga svo nærri stofninum. Það er engin sérstök ábyrgð sem menn taka á sig í sambandi við að framlengja þetta kerfi. Það er ekki verið að taka á sig mikla ábyrgð. Það er verið að fría sig undan ábyrgð um að reyna ekki að breyta kerfinu og koma með nýtt kerfi sem skapaði okkur betri stöðu til að byggja upp veiðistofninn en gert er. En ráðherra benti vitaskuld á að við munum halda áfram svipaðri aðferð og við höfum beitt á undanförnum árum, bannsvæði, minnka það magn sem má vera í veiði skipa til þess að svæðum sé lokað, jafnvel reyna einhverjar tilraunir með að breyta legu möskva í trolli, en hann nefndi ekki hvort það yrði breytt beint möskvastærð og þótti mér það miður.

Hann nefndi einnig vandamálið í sambandi við kvóta og smáfisk, undirmálsfisk. Í frv. eins og það nú er orðið verður ekki dreginn frá kvóta undirmálsfiskur sem veiddur er á línu. Ég held að ég fari rétt með það. Það var talið nauðsynlegt við síðustu breytingu að leyfa að smáfiskur, sem veiddur væri í troll, væri undanþeginn kvóta. Það væri gerð tilraun til að fá menn til að koma með hann að landi við þær aðstæður. En hlutirnir eru einhvern veginn á þann veginn að allt sem er reynt að lagfæra í þessu kerfi skapar ný vandamál og hefur kannski skapað þau vandamál að það hefur verið leyft að koma með smáfisk að landi, að það hefur verið gengið meira í

smáfiskinn. Vegna þess að hann er undanþeginn kvóta hafa menn látið slag standa, taka smáfiskinn í land, undanþeginn kvóta.

Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. ráðherra hvort hann mundi ekki verða við óskum sjómanna, útgerða og fiskvinnslu, næstum samhljóða áliti allra þessara aðila við Breiðafjörð, að það yrði ekki leyfður smærri möskvi en 7 tommu. Það var ekki verið að ræða um 6 tommuna eingöngu heldur yrði leyft alveg upp í 7 tommur. Hann sagðist að vissu leyti vera sammála því að eitthvað slíkt þyrfti að gera, það þyrfti að stækka möskvann, en þarna væru alls konar vandamál sem kæmu í veg fyrir að þetta væri gert, óskir væru misjafnar, misjafnar skoðanir og svo það, sem mér þótti furðulegast af öllu, að bátasjómenn vildu endilega komast að sömu aðstöðu og togaramenn að fá að veiða smáfiskinn á svipaðan máta og togaramennirnir. Ég hef aldrei heyrt þessa kenningu fyrr. Þegar bátasjómenn við Breiðafjörð biðja um að það verði lögbundinn stærri möskvi þar eru þeir ekki að biðja um að fá að sækja smáfisk svipað og togaramenn heldur eru þeir að biðja um að það verði lokað fyrir að þeir geti sótt smáfisk á miðin.

Þriðja spurning mín var í tengslum við þessar spurningar á undan og svar ráðherrans tengdist svari hans við þeim spurningum að takmarka sókn í smáfiskinn og reyndar ræddi hann nokkuð um að við ættum svolitla von í Grænlandsárgangi þannig að það gæti styrkt okkar fiskisókn, mig minnir að hann hafi sagt 1990 eða 1991, og að við ættum kannski þar einhvern smástofn frá hrygningunni 1981 og væri það vel ef svo væri.

Svo spurði ég ráðherra um hvernig ráðuneytið vildi koma fram við þá aðila sem í lögunum eru bundnir ákveðnum kvöðum gagnvart ráðuneytinu um að skila því ákveðnum upplýsingum, láta ókeypis í té ýmsar upplýsingar, sem tilheyra viðskiptum útgerðarmanna, skipstjórnarmanna og kaupenda afla, við ráðuneytið, hvort það yrði ekki gagnkvæmt, hvort það væri ekki hægt að treysta því, þegar þess væri krafist af almenningi eða þeim sem fást við sjávarútveg hér á landi að þeir væru til reiðu hvenær sem væri að afhenda allar upplýsingar til ráðuneytisins, að það væri gagnkvæmt frá hendi ráðuneytisins. Ráðherra vildi ekki svara þessu fullkomlega, sagði þó að ráðuneytisliðið væri sýknt og heilagt að svara ýmsum spurningum sem ég efa ekki og ég veit að þeir gera. En það gæti orðið á misbrestur. Hvernig stendur á því að báðir aðilar eiga ekki að hafa sama rétt undir þessum kringumstæðum? Þegar það er lögfest að annar aðilinn skuli skyldur að láta af hendi upplýsingar hvernig stendur á því að hinn aðilinn skuli ekki skyldur til að gera slíkt hið sama?

Ráðherra sagði líka í sambandi við svar hans við þessari spurningu að ekki væru þær alltaf sanngjarnar, fyrirspurnirnar sem sendar væru til ráðuneytisins. Ég gæti vel trúað því og ég efa ekki að þær eru margar ósanngjarnar, spurningarnar sem lagðar eru fyrir ráðuneytið. Ég efa ekki að ráðuneytismönnum finnst hinn mesti óþarfi að vera að svara þeim. En gæti ekki verið að það væri á sama veg hjá þeim aðilum sem ráðherra er nú að fá Alþingi til að samþykkja að skuli vera skyldir til að skila ráðuneytinu ókeypis upplýsingum um hvað eina í sambandi við fiskveiðistefnuna og þessi lög? Gæti það ekki verið þegar ráðherrann eða ráðuneytið kemur til aðila, sem hefur ekkert af sér gert skv. þeim lögum sem hafa verið hér í gildi og eru nú í gildi, og það er krafist fullra upplýsinga á marga vegu frá þeim aðila, að þeim aðila fyndist það nokkuð ósanngjarnt? Er það nema sjálfsögð skylda að ráðuneytið svari á sama máta og þeim aðila er ætlað sem ráðuneytið tekur til og segir að hafi gerst brotlegur gagnvart lögunum, hefur ekkert gert af sér, en ráðuneytið heimtar allar upplýsingar til hins ýtrasta og þær skuli vera ókeypis? Mér finnst skrýtið ef ráðuneytið í sínu valdi getur krafist þess og hinn sami aðili getur ekki krafist þess sama af ráðuneytinu.

Ég bað hæstv. ráðherra um upplýsingar um tvo þætti úr beinum viðskiptum fyrirtækja við ráðuneytið sem eru á þann veg að ég tel að eigi ekki að eiga sér stað. Ég taldi að hinn eini rétti vettvangur til að fá svar við því væri á hv. Alþingi. Aðilinn leitar upplýsinga hjá ráðuneytinu um ákveðna hluti í sambandi við kvótaúthlutun, biður um afrit af bréfum sem ráðuneytið hafði sent viðkomandi aðila en viðkomandi aðili hafði glatað bréfunum. Annars hefði hann ekki verið að biðja ráðuneytið um það. Ráðuneytið svarar, mætti kannski segja á sæmilega kurteisan hátt, að þessi gögn eigi að vera í höndum viðkomandi og ráðuneytið gefi ekki þessar upplýsingar. Mér finnst, burt séð frá öllum lagagreinum, mjög vafasamt að ráðuneytið geti svarað á þennan veg, en ég verð að hlíta því að ráðherra svari á þann veg sem hann svaraði hér, en hann lofaði mér því um leið að hann mundi láta ráðuneytið svara því á öðrum vettvangi og ég vænti þess að ég fái svar við þessari spurningu minni frá ráðherranum þó það sé ekki beint í umræðum á hv. Alþingi sem ég hefði talið þó eðlilegra.

Hitt var bein spurning um ákveðnar upplýsingar í sambandi við viðskipti annars fyrirtækis við ráðuneytið þar sem ráðuneytið hafði gefið upp að það væri með ákveðin gögn í höndunum sem ekki féllu heim og saman við það sem fyrirtækið taldi vera. Það var einungis beðið um ljósrit af plagginu. Það var ekki beðið um meira. Getur þetta sama ráðuneyti krafist þess með lagabókstaf að hver og einn sem fæst við sjávarútveg á Íslandi skuli á sama tíma vera skyldugur til að láta sama ráðuneyti hafa hvað eina sem snertir þessi mál og það skuli ókeypis vera? Mér finnst þetta furðulegt svar. Ég verð þó að hlíta því að svar við þessari spurningu minni komi á þeim vettvangi sem ráðherra lofaði í ræðu sinni, þ.e. eftir því sem mér skildist að ráðuneytið mundi veita beinar upplýsingar um það á öðrum vettvangi.

Það er komið að lokum þessarar umræðu. Hún

hefur að mínu mati verið nokkuð góð og mikið betri en þær umræður sem ég hef tekið þátt í hér á undanförnum árum. Hún hefur tekið nokkuð lengri tíma í hv. deildum Alþingis og við höfum séð árangur gerða okkar þó nokkuð mikinn þó hann hefði mátt vera meiri. Frv. hefur lagast nokkuð í meðförum. En frv. hefur ekki lagast á annan máta en þann að við höfum ekki getað lagað mikið þá fiskveiðistefnu sem við bjuggum við heldur hefur okkur tekist að laga nokkuð það frv. sem ráðherra lagði fram í upphafi. Það frv. sýndi ekki neina mynd af endurskoðun eins og ríkisstjórnin hafði lofað að yrði gert heldur allt á þann veginn að það var verið að þrengja kosti einhvers í þeim breytingum sem ráðherra lagði til í upphafi. Það var verið að þrengja kosti smábátamanna og það átti að þrengja kosti þeirra sem seldu fisk á erlendan markað. Sérstaklega var þó gert mikið úr því að þrengja aðstöðu smábátamanna. Það er sá þátturinn sem hefur lagast mest í meðförum þingsins, en langt frá því nógu mikið. Sú breyting sem er orðin á fiskveiðistefnunni frá því sem hún var í gildi sl. tvö ár er fyrst og fremst breytingin gagnvart smábátunum. Með þeirri breytingu er að miklu leyti verið að ógna byggð á ákveðnum stöðum á landinu. Það er verið að ganga á rétt þeirra manna sem voru trillubáta- og smábátaútgerðarmenn fyrir tíð kvótakerfisins með þeim rökum að það hafi fjölgað svo mikið í stéttinni. Í því kerfi sem við höfum búið við á undanförnum árum hefur þessi fjölgunarmöguleiki verið. Kerfið hefur kallað á þessa fjölgun og svo á að hefnast á byggðum eins og Grímsey, Bakkafirði, Gjögri á Ströndum, Borgarfirði og öðrum fyrir það að stefnan í fiskveiðimálunum gagnvart þessum mönnum hefur verið á þann veg að þarna hefur fjölgað. Meira en æskilegt hefði verið, geta sumir sagt. Þetta er mesti bletturinn á þessu frv. sem núna verður samþykkt eftir sjálfsagt stuttan tíma miðað við þá fiskveiðistefnu sem við bjuggum við áður.

Það mætti ýmislegt segja í sambandi við það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði hér áðan, en ég held að það sé rétt að sleppa því, lofa mönnum bara að fara að komast í háttinn, enda er hv. þm. horfinn úr sæti sínu og það er lítið gaman að spjalla um þetta mál nema hann sé einhvers staðar nálægur, og svo höfðu þeir líka ræðst ansi vel við hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson þannig að það hefði svolítið gert forseta okkar órólegan. Það er kannski ekki vert að endurtaka neitt þá hluti sem þá voru að gerast.

En ég frábið mér því að við höfum verið að halda hér uppi einhverjum pólitískum leik, við sem höfum andæft gegn þessari fiskveiðistefnu, kvótafrv. Það er af og frá. Við erum að berjast hér sem fulltrúar ótrúlega stórs hluta þjóðarinnar. Í þeim hópi, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson var að telja hér upp, hann nefndi þar sjómenn, vélstjóra, skipstjóra og fleiri, í þeim hópi er ábyggilega stór hluti manna sem meira og minna eru andstæðir þeirri fiskveiðistefnu sem nú á að fara að samþykkja. Ég las upp áðan yfirlýsingu frá Sjómannasambandi Íslands þar sem einu undirstöðuatriði í þessari fiskveiðistefnu var mótmælt. Og ég veit ekki til þess að Sjómannasamband Íslands hafi breytt þar neitt um stefnu. Svona mætti lengi telja, en ég mun láta það vera nú.

Ég held að það sé full ástæða til þess núna í lok þessarar umræðu að þakka þeim hópi manna sem hefur fylgst með þessari umræðu af sérstökum áhuga hér á pöllunum. Það er því miður allt of sjaldgæft að við þm. vitum um það að mikið sé fylgst með þeirri umræðu sem við höfum hér í frammi í sölum Alþingis. Það hefur verið ánægjulegt og það hefur aukið álit Alþingis að hér hefur verið hópur manna á pöllunum jafnan þegar þetta mál hefur verið til umræðu. Það sýnir að það eru til hópar í þjóðfélaginu sem vilja fylgjast með því hvað er að gerast hér á hv. Alþingi. Þó svo að þessum mönnum hafi verið sendar hálfleiðinlegar kveðjur í einum fjölmiðli og það nefnt að þeir ættu ekki að vera velkomnir gestir hér inni á Alþingi Íslendinga, þá vil ég mótmæla þeirri skoðun og undirstrika það að ég veit ekki til annars en að þeir hafi verið hér sem sérstaklega prúðir og ánægjulegir gestir okkar alþm. við þessar umræður.

Ég ætla í lokin aðeins að undirstrika það að nú er verið að afgreiða fiskveiðistefnu, líklegast þá fiskveiðistefnu sem hefur haft minnst fylgi hér á hv. Alþingi allar götur frá því farið var að taka ákvarðanir hér á hv. Alþingi um fiskveiðistjórn. Í hv. Nd. fór það m.a.s. svo að brtt. sem voru bornar upp við þetta frv. eða a.m.k. ein brtt. var felld á jöfnum atkvæðum, og sumar greinar þessa frv. voru samþykktar með tveggja og þriggja atkvæða mun í hv. Nd. Þetta hefur ekki skeð fyrr, jafnlítill mismunur atkvæða, jafnlítill stuðningur við fiskveiðistefnuna. Það hefur verið stefnt að því, ég held ég megi fullyrða, hjá öllum ráðherrum nema þeim ráðherra sem nú situr að vinna að því og undir flestum kringumstæðum hefur það komist kring að það væri næstum algjör samstaða á Alþingi um slíkar aðgerðir sem þessar. Því miður er það ekki nú og því miður hefur það ekki verið á undanförnum árum síðan farið var að stjórna eftir þessum kvóta.

Staðreyndin er sem sagt sú að það er rétt naumur meiri hluti atkvæða hér á hv. Alþingi til þess að samþykkja þetta frv., en það er sjálfsagt í eðli sínu ekki meiri hluti þm. sem gerir það með fullkominni sannfæringu um það að hann sé að gera það besta í þessum málum sem þyrfti að gera. Ég er jafnsannfærður um það að meðal þjóðarinnar er ástandið svipað ef ekki hagstæðara fyrir okkur sem höfum verið að andæfa þessu frv. á undanförnum vikum og höfum lagt okkur fram um að reyna að breyta þessu og koma frv. á þann veg að það væri ekki til stórra skaða.

Ég held ég láti þessari umræðu minni lokið hér. Ég vil lýsa yfir andstöðu minni við frv. í þeirri mynd sem það er hér nú. Það hefur lítið sem ekkert breyst frá því sem það var til afgreiðslu í hv. deild þegar því var vísað til Nd. og það er alls ekki á þann veg að ég

eða við alþýðubandalagsfólk í deildinni munum veita því stuðning okkar.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Nú gætu ýmsir haldið að við mundum upphefja hér mikið málþóf. Okkur þm. Borgarafl. hefur hvort eð er verið kennt um allt sem aflaga fer hér í þinghaldinu og það er búið að upplýsa alþjóð um það að við okkur eina sé að sakast. Úr því að það er orðin staðreynd að okkur er kennt um það sem aflaga fer í þingstörfunum þá væri kannski eðlilegast að við tækjum okkur þá til og ég héldi svona eins og sjö klukkutíma ræðu hérna. En ég ætla nú að kæta hv. þm. deildarinnar með því að ég ætla aðeins að segja hér nokkur orð að lokum.

Ég vil fyrir það fyrsta þakka fyrir afar fróðlegar og málefnalegar umræður. Ég vil leyfa mér að vísa algjörlega til föðurhúsanna ummælum hv. þm. Eiðs Guðnasonar um að hér hafi verið röflað fram og aftur, það sama tuggið upp aftur og aftur. Ég vil algjörlega vísa þessum staðhæfingum til föðurhúsanna. Hér hefur þvert á móti verið talað á mjög málefnalegan og skynsamlegan hátt og ég fyrir mitt leyti vil sem nýr þm. fá að þakka öllum sem hér hafa tekið til máls fyrir þann fróðleik sem hér hefur verið fluttur. Ég tel að ég hafi lært meira um sjávarútvegsmál á þessum tíma sem við höfum verið að fjalla um fiskveiðistefnuna en á allri ævinni fram til þessa.

Eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í kvöld er ekki nokkur vafi á því að þessar löngu og miklu umræður hafa skilað árangri. Það hafa komið fram brtt. sem hafa verið samþykktar þannig að frv. hefur tekið á sig mildilegri mynd þó svo að eftir sem áður sé það ósamþykkjanlegt af hálfu okkar þm. Borgarafl.

Ég vil þá enn fremur þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans þó svo að mér sé ekki ljóst að með því frv., sem hér verður að lögum eftir örstutta stund, sé séð fyrir því að sú verndun fiskistofna sem ég var að lýsa eftir muni eiga sér stað. Ég er hræddur um eftir sem áður að það stefni í ofveiði, sérstaklega á þorskstofninum og ég lýsi áhyggjum mínum yfir því hvert muni leiða þegar þetta frv. er orðið að lögum og fiskveiðistefnan verður með þeim hætti sem það gerir ráð fyrir.

Hér er um það að ræða að við erum að staðfesta skömmtunarkerfi fyrir hagsmunaaðila sem hafa haslað sér völl í sjávarútvegi og þannig mun þetta verða næstu árin. Eins og hv. 8. þm. Reykv. benti réttilega á getur það að sjálfsögðu komið til kasta Alþingis að breyta þessum lögum á nýjan leik jafnvel áður en gildistíminn er útrunninn, þannig að það er út af fyrir sig ekki alveg vonlaust að mönnum snúist hugur á næstu árum og reyni að koma með nýtt frv. til laga þar sem ný fiskveiðistefna megi sjá dagsins ljós, skynsamlegri en þetta frv. ber með sér.

Að lokum ætla ég að ítreka það að við þm. Borgarafl. erum andvígir þessu frv. í heild sinni og munum greiða atkvæði gegn því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, StG, VS, EgJ, EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KSG.

nei: KP, MF, SkA, SvG, ÞK, DS, GuðmÁ, GA, JúlS.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfum við meðferð þessa máls, bæði í þessari hv. deild og í Nd., flutt fjöldamargar brtt. við frv. sem hér er til afgreiðslu. Öllum þessum tillögum hefur verið hafnað, einnig tillögum sem lúta að því að tengja stjórnun fiskveiða byggðasjónarmiðum í ríkara mæli en gert hefur verið.

Þar sem þessum tillögum hefur verið hafnað, svo og öðrum ábendingum okkar, teljum við enga ástæðu til þess að styðja málið að neinu leyti, lýsum alfarið ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn í málinu. Ég segi nei.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lögðum við kvennalistakonur fram brtt. sem fela í sér hugmyndir sem fela í sér grundvallarbreytingar á því frv. til laga sem hér liggur fyrir og er til atkvæðagreiðslu. Hugmyndum okkar hefur verið hafnað og brtt. allar felldar. Þar af leiðandi getum við ekki tekið þátt í að styðja þetta frv. og því segi ég nei.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. M.a. með hliðsjón af því sem ég gerði grein fyrir hér í ræðu áðan að væntanlegum lögum er hægt að breyta hvenær sem er og líka að afnema þau og ekki er sýnilegur meiri hluti fyrir neinni annarri löggjöf um neina aðra stjórn fiskveiða eins og málum er háttað í dag, þá segi ég já.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Með því að hér er vel fyrir stjórn fiskveiða séð með því að með frv. þessu er unnið skipulega og farsællega að því að ná samkomulagi um það hvernig við getum nytjað auðlindir hafsins, með því að með frv. þessu er á skynsamlegan hátt haldið uppi byggðastefnu í bestu merkingu þess orðs, með því að þeir sem greiða atkvæði á móti þessu frv. hafa ekki lagt fram neitt til þessara mála sem athygli hefur vakið né vakið umhugsun og með því að ég tel að við séum að vinna hér að þjóðþrifamáli, þá segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 498).

Efnisskrá.

Drengskaparheit unnið 3510.
Kveðjur 3509, 3511.
Lánsfjárlög 1988 (63. mál) 3723, 3784.
Rannsókn kjörbréfs 3509.
Samkomulag um loðnuveiðar Norðmanna (210. mál) 3510.
Stjórn fiskveiða (181. mál, heildarlög) 3592, 3646, 3739, 3749, 3807.
Söluskattur (196. mál, matvæli, undanþágur o.fl.) 3512, 3586, 3636.
Tilhögun þingfunda 3784, 3805.
Um þingsköp 3511 (fundahald í Nd.); 3734 (fréttir í Sjónvarpinu); 3746 (þinghald í Nd. og nefndarstörf); 3747 (afgreiðsla þmfrv.).
Útflutningsleyfi (54. mál) 3586.
Útflutningsráð Íslands (40. mál, stjórnarfarsleg staða) 3582.
Varamaður tekur þingsæti 3722.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 3509.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 3511, 3805, 3806, 3807.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 3511, 3512, 3672, 3696, 3722, 3734, 3735, 3739, 3743, 3744, 3745, 3747, 3748, 3749, 3784.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 3779, 3781.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3562, 3587, 3640, 3643, 3723.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 3577.
Landbrh. Jón Helgason 3642.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 3646, 3716, 3771, 3843.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 3686.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 3557.
Albert Guðmundsson 3570, 3658, 3687, 3695, 3696, 3737, 3743, 3745, 3773, 3784.
Árni Gunnarsson 3715.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 3824, 3862.
Eggert Haukdal 3783.
Egill Jónsson 3644.
Eiður Guðnason 3833.
Eyjólfur Konráð Jónsson 3510, 3853, 3862.
Friðjón Þórðarson 3783.
Guðmundur Ágústsson 3832.
Guðmundur H. Garðarsson 3839.
Guðmundur G. Þórarinsson 3588.
Guðrún Agnarsdóttir 3638, 3645, 3805, 3806.
Guðrún Helgadóttir 3747, 3749, 3781.
Halldór Blöndal 3636, 3643, 3644, 3862.
Hjörleifur Guttormsson 3514, 3604, 3706, 3735, 3740, 3742, 3744, 3747, 3770, 3793.
Hreggviður Jónsson 3512, 3589, 3625, 3746, 3768, 3783.
Ingi Björn Albertsson 3559, 3580.
Jóhann Einvarðsson 3582.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 3740, 3783.
Júlíus Sólnes 3639, 3645, 3806, 3826, 3861.
Karvel Pálmason 3807, 3847.
Kjartan Jóhannsson 3592, 3698, 3777, 3781.
Kristinn Pétursson 3697.
Kristín Einarsdóttir 3554, 3630, 3734, 3742, 3766.
Kristín Halldórsdóttir 3527, 3587, 3590, 3592, 3672, 3726, 3783.
Matthías Bjarnason 3509, 3587, 3596, 3741, 3744, 3745, 3764.
Málmfríður Sigurðardóttir 3666.
Ólafur Þ. Þórðarson 3587, 3590, 3740, 3741, 3742, 3743, 3759, 3780, 3798.
Óli Þ. Guðbjartsson 3534, 3700.
Páll Pétursson 3587, 3589.
Pálmi Jónsson 3663, 3782.
Ragnhildur Helgadóttir 3588, 3743, 3748.
Sighvatur Björgvinsson 3688, 3743, 3749, 3781, 3783.
Skúli Alexandersson 3811, 3855.
Sólveig Pétursdóttir 3782.
Stefán Valgeirsson 3511, 3548, 3580, 3588, 3591, 3655, 3736, 3741, 3776, 3782.
Steingrímur J. Sigfússon 3541, 3588, 3589, 3591, 3669, 3680, 3720, 3732, 3737, 3742, 3743, 3753, 3778, 3780, 3783, 3784.
Svavar Gestsson 3583, 3636, 3641, 3643, 3645, 3835, 3847, 3862.

NEÐRI DEILD

50. fundur, mánudaginn 11. jan., kl. 2 miðdegis.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 224, n. 356 og 382, brtt. 246, 357, 381.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja að það kemur mér nokkuð í opna skjöldu að þetta mál skyldi verða á dagskrá einmitt nú á þessum fundi. Ég hafði búist við því eins og sjálfsagt fleiri að hér yrði frv. til lánsfjárlaga á dagskrá, ekki síst miðað við orð hæstv. fjmrh. fyrir helgi og fréttir í fjölmiðlum nú um helgina um nauðsyn á hröðun þess máls. En það þýðir ekki annað en bregðast við því sem verða vill í þessum efnum og ekki skal ég skorast undan því að halda þar áfram sem frá var horfið síðast þegar þetta mál var hér á dagskrá. Það mun hafa verið 19. des. sem þetta mál var hér síðast á dagskrá en þetta frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er ekkert smámál. Það kom hér inn í þingið 9. des. 1987, ef ég man rétt, og síðan var það í meðförum þingsins í tíu daga, í hv. félmn. þessarar hv. deildar og var hér til umræðu sem sagt 19. des.

Þegar hér var komið sögu höfðu nál. meiri hl. félmn. og nál. minni hl. félmn. verið kynnt, en ég er annar þeirra aðila sem að nál. minni hl. standa. Ég vildi á þessu stigi málsins fara nokkrum orðum um málið í heild einu sinni enn. Ég held að það veiti ekki af því, sérstaklega þegar umræðan gengur þetta skrykkjótt og langt líður á milli funda, að menn rifji upp meginatriðin í þessu máli.

Frv. nær ekki til færri en tíu annarra laga. Þessi lög og lagabálkar eru: Í fyrsta lagi lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983. Í annan stað eru þetta íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum. Í þriðja lagi eru þetta lög nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum. Í fjórða lagi snertir þetta lagafrv. lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt. Í fimmta lagi snertir lagafrv. lög nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum. Í sjötta lagi snertir lagafrv. lög nr. 75 1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í sjöunda lagi snertir lagafrv. lög nr. 52/1969, með síðari breytingum, sem eru þjóðminjalög. Í áttunda lagi snertir lagafrv. lög nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna. Í níunda lagi snertir frv. í rauninni þrenn ef ekki fern önnur lög um landshafnir, landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkum, landshöfn í Rifi og landshöfn í Þorlákshöfn. Þetta eru lög nr. 23/1955, lög nr. 38/1951, lög nr. 61/1966 og síðast en ekki síst gildandi hafnalög, nr. 69/1984. Í tíunda lagi snertir lagafrv. ekki síst lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Það er þess vegna ekkert smámál sem hér er á ferðinni og því ekki að furða þó að til þess hafi verið ætlast að þetta mál tæki nokkurn tíma í undirbúningi og afgreiðslu þingsins. Ef eðlilega hefði verið staðið að þessu máli þá hefði í rauninni átt að endurskoða alla þessa lagabálka sem ég hér nefndi í leiðinni að einhverju eða öllu leyti. Mín gagnrýni á þessi vinnubrögð gengur fyrst og fremst út á það á hvern hátt er staðið hér að málum. Það er vitaskuld rétt, sem hér hefur margoft komið fram, að tvær nefndir höfðu um nokkurn tíma verið að undirbúa þetta mál á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. og þessar nefndir höfðu skilað áliti. Þetta álit kom út í aprílmánuði sl. og heitir Samstarf ríkis og sveitarfélaga. Það er í allmikilli bók, þetta er greinargott verk og ekki nema gott eitt um það að segja. En það sem hér skiptir máli er að meginniðurstaða þessara tveggja nefnda er sú að verkefnaflutningurinn frá ríki til sveitarfélaga sé býsna svipaður að verðmæti, að þyngd, ef svo má segja, í rekstrarkostnaði þannig að miðað við verðlag í desember 1986 — það er að vísu lagt til grundvallar mat manna á þessum verkefnum eins og þau komu fram á árinu 1985, færð til verðlags í desember 1986, og þegar þessir málaflokkar allir eru saman lagðir og gert upp hver hækkun verður hjá sveitarfélögum, þá kemur það út að hækkunin átti að verða samkvæmt þessu verðlagi rúmur milljarður eða um 1095 millj. kr., en lækkun á móti vegna verkefna sem ríkið ætlaði að taka að sér í staðinn átti að vera 1210 millj. Það átti m.ö.o. að létta af sveitarfélögunum miðað við þessi skipti og miðað við þessar tillögur.

Þegar málið ber hins vegar hér að 9. des. sl. þá horfir það þannig við að það er aðeins hluti af þessu verkefni tekinn fyrir, aðeins hlutar af tillögum nefndarinnar teknir fyrir. Og hvernig er þá jafnvægið á milli ríkis og sveitarfélaganna þegar hér er komið sögu? Það lítur svolítið öðruvísi út. Þá er gert ráð fyrir að auka kostnað sveitarfélaganna miðað við þetta sama verðgildi um 250 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að ríkið taki að sér eitthvað álíka? Nei, ekki aldeilis. Í þessum tillögum eins og þær voru í frumgerð er gert ráð fyrir að ríkið taki að sér framhaldsnám hér í Tónlistarskólanum í Reykjavík, sem var þá verðlagt upp á 5 millj., málefni fatlaðra, stofnkostnað og rekstrarkostnað, um 10 millj. M.ö.o. á móti þessum 250 millj. sem sveitarfélögin áttu að fá til að annast hin auknu verkefni átti ríkið að taka að sér á móti aðeins 15. Þarna er gengið þvert á tillögur beggja þeirra nefnda sem lögðu grundvöllinn að þessari vinnu. Og það liggur alveg ljóst fyrir hvers vegna. Það var vegna þess að hæstv. fjmrh. lagði þetta til við hæstv. ríkisstjórn til þess að ná niður fjárlagahallanum. Þess vegna var málið tekið á þennan veg. Og það er þess vegna sem ég er ákaflega tortrygginn á vinnubrögðin.

Þegar það svo bætist við að ekki gefst tími fyrir félmn. þessarar hv. deildar til að senda málið til

umsagnar einnar einustu sveitarstjórnar í þessari stöðu, þá er manni svarað að málið hafi verið svo vel kynnt að sveitarstjórnarmenn séu búnir að ræða þetta í 25–30 ár. Auðvitað er það alveg rétt. Þeir eru búnir að ræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í langan tíma en þeir hafa aldrei í sinn hóp, ekki einn einasti hópur sveitarstjórnarmanna hefur rætt þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Það er kjarni málsins. Og það er það sem við erum að taka afstöðu til í þessari hv. deild og annars staðar hér á hinu háa Alþingi.

Það hefur líka komið í ljós eftir því sem menn hafa skoðað þetta mál frekar að það eru ýmsir þættir þess sem menn eru þegar farnir að draga til baka og var raunar gert í framsögu hæstv. forsrh. þegar hann talaði fyrir málinu 9. des., ef ég man rétt. Þá á ég sérstaklega við málefni tónlistarskólanna.

Í því nál. sem minni hl. félmn. lagði fram segir, með leyfi hæstv. forseta, í upphafi:

„Fyrirliggjandi frv. er illa undirbúið og sú stefna, sem birtist í einstökum köflum þess, orkar mjög tvímælis. Minni hl. leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að málið verði endurskoðað í heild í samvinnu við sveitarstjórnir og þingflokka.“

Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að þetta sé lagt til. Ekki síst vegna þess að höfundarnir að hugmyndunum, sem ég sé að eru nú hér staddir að verulegu leyti í hliðarherbergi á tali við hæstv. forsrh., þeir leggja til í nál. sínum að þetta mál sé undirbúið á þann veg að það komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir árs undirbúning. Það hefur aldrei verið tillaga þeirra að standa þannig að málum eins og hér hefur verið gert. Og mér er nær að halda af þeim kynnum sem ég hef af þeim sumum hverjum a.m.k. að það sé andstætt vinnubrögðum sem þeir vilja hafa.

Í nál. minni hl. segir síðan áfram:

„Verði tillögu þessari hafnað áskilur minni hl. sér rétt til að flytja brtt. við einstakar greinar frv.

Meginástæður fyrir þessari afstöðu minni hl. eru eftirfarandi:

1. Með frv. er verið að flytja til sveitarfélaga verkefni sem hafa munu í för með sér meiri útgjöld af hálfu sveitarfélaganna en ríkið tekur að sér á móti.“

Þarna er í fyrstu umsögn minni hl. félmn. lögð á það megináhersla að ef um er að ræða verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga þá sé gengið út frá — það er í rauninni það sem á bak við þetta liggur — þá sé gengið út frá þeirri meginniðurstöðu og því meginmarkmiði sem kemur fram hjá báðum nefndunum, sem ég minntist á áðan, að það sé nokkurt jafnræði þarna á milli, að það sé ekki verið að íþyngja öðrum aðilanum á kostnað hins eins og hér er greinilega stefnt að.

„2. Frv. fjallar aðeins um hluta af þeim mörgu viðfangsefnum sem tillögur hafa komið fram um að breyta í núverandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér liggur því ekki fyrir nein heildarstefnumörkun í þessum málum.“

Þetta er auðvitað hluti af því sama, að það er slitið út úr þessu verki að því er virðist á lítt grundaðan hátt.

Í þriðja lagi segir í nál. minni hl.:

„Fjármögnunarþáttur þeirrar verkaskiptingar, sem frv. tekur til, er í lausu lofti. Þannig hafa enn engin drög verið gerð að uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna þeirra framkvæmda sem ríkissjóður hefur tekið þátt í til þessa.“

Það þarf sjálfsagt ekki að minna hv. þm. á það að í X. kafla þessa frv. er í 28. gr. þess einmitt gert ráð fyrir að 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73/1980, breytist á svohljóðandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðist svo:

Við sjóðinn skal auk almennrar deildar, sbr. 1. mgr., starfrækja tvær deildir er nefnast sérdeild og uppgjörsdeild og skal hlutverk þeirra vera sem hér segir:

a. Úr sérdeild sjóðsins skal greiða framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá ársbyrjun 1988. Greiðslur þessar skulu inntar af hendi samkvæmt reglugerð sem félmrh. setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um nánari skilyrði fyrir greiðslum úr sérdeild sjóðsins.“

Eins og fram kemur af nál. meiri hl. félmn., og raunar brtt. sem kynnt er hér við 2. umr., þá segir hér, með leyfi forseta, í ákvæði til bráðabirgða:

„Af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem um ræðir í a-lið 9. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum, skal á árinu 1988 verja allt að 100 millj. kr. til greiðslna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs, sbr. a-lið 28. gr. þessara laga.“

Það eru sem sagt 100 millj. kr. sem eiga að fara til þessa sérstaka verkefnis, til þess að inna af hendi greiðslur sem sérstaklega snerta þá aðila sem væntanlega standa höllum fæti.

„Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um nánari skilyrði fyrir greiðslum úr sérdeild sjóðsins“ segir að lokum í a-lið 28. gr. frv.

Í b-lið 28. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Uppgjörsdeild skal á árunum 1988 til og með 1991 greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs er rætur eiga að rekja til framkvæmda til ársloka 1987 við félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili.“ — Það eru sérstaklega tilgreindir þessir þrír málaflokkar, félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili. — „Við mat á áföllnum skuldbindingum ríkissjóðs í þessu sambandi skal miða við reglur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í þessum framkvæmdum er giltu til ársloka 1987.“ — Síðan kemur afskaplega merkileg grein í lok þessa b-liðar, en þar segir: „Greiðslum úr uppgjörsdeild skal skipt af fjárveitinganefnd milli þeirra sveitarfélaga og félagasamtaka sem hér um ræðir, að fengnum til-

lögum viðkomandi ráðuneytis."

Þessi viðbót, sem mun vera í rauninni nýrri en önnur atriði þessarar greinar, hefur orðið tilefni til frekari umræðna sem hér hafa að nokkru leyti farið fram í deildinni ef ég man rétt. Og einn nefndarmanna, sem fjallaði um þetta mál á ákveðnum stigum, *Jón G. Tómasson, hefur sent* hæstv. félmrh. bréf út af þessu atriði og raunar öllum þm. Reykjavíkur þar sem hann lýsir því yfir að hann sé í fyrsta lagi mjög andsnúinn þessari grein en í annan stað lýsir hann því yfir að hann sé andsnúinn vissu orðalagi í athugasemdum með frv. Í athugasemdum við frv., á bls. 10 í þskj. 224 segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í þeirri nefnd voru Indriði H. Þorláksson *skrifstofustjóri, tilnefndur af fjmrh., Jón G. Tómas*son borgarritari, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félmrh." Jón G. Tómasson er ekki ánægður með það að nafn hans skuli vera bendlað við b-lið þessarar greinar, eins og hann lítur út í lagafrv. Ég held að það skaði ekki að þetta bréf til hæstv. félmrh., sem allir Reykjavíkurþingmenn hafa *fengið frá Jóni G. Tómassyni*, verði lesið hér svo að það sé þá til í þingtíðindum og komi frekar inn í þessa umræðu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi til yðar dags. 7. þ.m. [þ.e. desember] skilaði nefnd, sem ég átti sæti í skv. tillögu Sambands ísl. sveitarfélaga, tillögu að frv. til l. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að því er snertir kaflann um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í b-lið 28. gr. frv. (194. þingmál) er tillögum nefndarinnar breytt og kveðið á um að fjvn. skipti greiðslum úr uppgjörsdeild. Í tillögum nefndarinnar sagði:

Greiðslum úr uppgjörsdeild skal skipt milli þeirra sveitarfélaga og félagasamtaka sem hér um ræðir eftir reglum sem félmrh. setur, að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneytis.

Þessi breyting var ekki borin undir mig sem hafði þó mótmælt hugmynd sama efnis í fyrstu frumvarpsdrögunum. Engu að síður er gefið í skyn í grg. með frv. að ég hafi staðið að þessari tillögu. Þessum vinnubrögðum hlýt ég að mótmæla jafnframt því sem ég lýsi þeirri skoðun minni að greiðslur úr uppgjörsdeild eigi að vera fjvn. óviðkomandi og að eðlilegra sé að farið verði eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga."

Svo mörg voru þau orð, höfð eftir Jóni G. Tómassyni, borgarritara Reykjavíkurborgar.

Nú vil ég ekki fyrir minn hlut taka beina afstöðu til þess hvor aðferðin væri heppilegri, að fjvn. réði hér um eða ráðuneytið. En í þessu sambandi langar mig til að minna á að það hefur ekki komið fram, ég hef hvergi séð það, hvernig haga á vinnubrögðum í ráðuneytinu, sem verður ekki létt verk, um skiptingu á milli sveitarfélaga, væntanlega eftir umsóknum, úr sérdeildinni. Í sjálfu sér tel ég uppgjörsdeildina vera miklu einfaldara mál og auðvitað kemur það vissulega til greina að fjvn. fjalli þar sérstaklega um. Þarna er um að ræða sérstakan lið á fjárlögum. Ég hef minnt á það fyrr í þessum umræðum, ég gerði það við 1. umr., hve mikið getur borið á milli í svona málum eins og í uppgjörsmálum.

Þeir hv. alþm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson og Skúli Alexandersson báru fram fsp. til menntmrh. um félagsheimilin og Íþróttasjóð. Þeir fengu ágæt svör. Ég man eftir einu svarinu. Það var að ákveðið félagsheimili úti á landi ætti þarna inni um 14 millj. kr. Mér er kunnugt um að eignaraðilar þess félagsheimilis telja að þeir eigi 26 millj. Ef álíka mismunur er á milli í öllum greinum eða í þessu sambandi yfirleitt þá sést það náttúrlega að uppgjörsmálin eru ekkert lítið mál að leysa. Þess vegna skiptir það miklu máli að sveitarfélögin eigi það víst að þarna verði ekki skipt eftir neinum einsýnum sjónarmiðum. Af þeirri ástæðu finnst mér persónulega ekkert óeðlilegt þó að það komi til álita að fjvn. komi þarna að.

En um sérdeildina aftur. Þar hefur ekki komið fram, að því ég fæ best séð, neitt álit um það hvernig að á að standa.

Nú vitum við það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur að mörgu leyti verið fjöregg sveitarfélaganna ef svo má segja. Jöfnunarsjóðurinn hefur verið sveitarfélögunum afskaplega hjartfólginn og það er gott að minnast þess líka í leiðinni að sveitarstjórnarmenn hafa átt því láni að fagna að nær allan tímann sem Jöfnunarsjóðurinn hefur starfað, frá því laust eftir 1960, hefur sami aðilinn fjallað um þessi mál af mikilli kostgæfni í ráðuneytinu og unnið þar ákaflega *gott starf, tel ég, í mjög góðu sambandi* og samvinnu við sveitarstjórnarmenn um allt land.

En Jóni G. Tómassyni borgarritara er nokkuð niðri fyrir þegar hann sendir Reykjavíkurþm. afrit af þessu bréfi til hæstv. félmrh. Hann lætur fylgja annað bréf til þm. og, með leyfi hæstv. forseta, langar mig til þess að lesa kjarnann úr því. Hann segir:

„Hjálagt sendi ég yður afrit af bréfi mínu frá 18. þ.m. til félmrh. varðandi frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og fram kemur í bréfi mínu til ráðherra var gerð veruleg breyting á frv. því sem nefndin samdi án þess að höfð væru samráð við mig um það og þrátt fyrir að ég hefði á nefndarfundum lýst því afdráttarlaust yfir að ég mundi ekki fallast á tillögu sama efnis í skipunarbréfi nefndarinnar frá 12. f.m. Var henni þó falið „að semja frumvarp til laga".

Ég tel að þessi vinnubrögð jaðri við fölsun og séu *móðgandi gagnvart mér og þeim aðila* sem tilnefndi mig í nefndina." — Og hver var það nú? Það var sjálft Samband ísl. sveitarfélaga sem það gerði og sá aðili sem fyrst og seinast er borinn fyrir því máli sem hér er um að ræða.

„Aðalatriðið er hins vegar", segir Jón, „að ekki verða séð nein efnisrök fyrir því að fjvn. eigi að skipta greiðslum úr uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs."

— Þetta er hans álit, ekki mitt. Áfram segir hann: „Í athugasemdum við 28. gr. frv. eins og nefndin samdi það er skýrt að uppgjörsdeild er ætlað að greiða áfallnar skuldbindingar ríkissjóðs vegna framkvæmda sem flytjast frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót og samkvæmt sérstöku uppgjöri sem gert verður um stöðu hvers verkefnis gagnvart hverju sveitarfélagi. Tillaga nefndarinnar var að greiðslum samkvæmt fjárveitingu hvers árs yrði síðan skipt milli aðila eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga, en ekki háð geðþóttaákvörðunum.“ — Þarna sýnist mér að Jón G. Tómasson nefni vinnubrögð fjvn. geðþóttaákvarðanir. En áfram segir í bréfi hans:

„Á fundi sínum 18. þ.m. samþykkti stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að mæla gegn því að fjvn. verði falið þetta verkefni. Vegna reynslu Reykjavíkur af störfum fjvn. mælist ég til þess að þm. Reykjavíkur stuðli að því að breyta frv. í það horf sem nefndin lagði til.

Bréf þetta sendi ég öllum þingmönnum Reykjavíkurkjördæmis.

Jón G. Tómasson.“

Auðvitað ætla ég ekki að blanda mér efnislega í þessar áhyggjur borgarritarans en ég nefni þetta og les þessi bréf hér vegna þess og til þess að sýna það og undirstrika enn frekar hversu illa í rauninni mál þetta er undirbúið. Og það þarf ekki að furða sig á því þegar það ber að með þessum hætti. Þetta er fyrst og fremst björgun í ákveðnum vanda við fjárlagahalla og þess vegna var gripið til þessa ráðs á þennan hátt. Það er ég ekki í nokkrum vafa um.

Ég ætla næst, hæstv. forseti, að snúa mér nokkuð frekar að áliti minni hl. félmn. sem ég áður vitnaði hér í. Í 5. lið álits minni hl. félmn. segir:

„Fjárframlög vegna þessara fyrirhuguðu breytinga á að taka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en framlag til sjóðsins hefur verið skert mikið um árabil og svo er enn samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1988.“

Eins og Jöfnunarsjóðurinn stendur nú eftir nýsamþykkt fjárlög munu það vera um 1540 millj. kr., eitthvað þar um bil, og þá er ég með þessar 100 millj. til viðbótar sem þarna voru sérstaklega ætlaðar til uppgjörsdeildar, en ef lögin um Jöfnunarsjóð hefðu verið framkvæmd þá ætti upphæðin að vera líklega nær 1700 millj. kr., milli 1650 og 1700 millj., þannig að enda þótt verið sé að leggja þarna veruleg verkefni að nýju á sveitarfélögin, þá er enn verið að skerða þennan tekjustofn þeirra miðað við það sem upphaflega var gert ráð fyrir og lög mæla raunar fyrir um.

Í 6. gr. nál. minni hl. félmn. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Einstakir kaflar frv., svo sem um byggðasöfn, tónlistarfræðslu og íþróttastarfsemi, snerta verkefni sem ekki hafa eingöngu verið bundin við einstök sveitarfélög eða verið á þeirra vegum.“

Þetta er vissulega rétt. Til félmn. komu ýmsir aðilar. Það gafst tími til þess á nokkrum fundum og formaður félmn. var allur af vilja gerður til að greiða eins og mögulegt var fyrir því að það næðist til þeirra aðila sem hér áttu hlut að máli og þeir komu allmargir, en það var nánast á eina lund hvernig álit þeirra var. Það var yfirleitt andstætt þessum breytingum fyrst og fremst af því að málið væri ekki nægilega vel undirbúið. Þó verð ég að draga þarna undan fulltrúa stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem þó hafa, eins og ég nefndi áðan í bréfi frá Jóni G. Tómassyni, mótmælt ákveðnum þætti í þessu sambandi nú alveg nýverið eða 18. des. Og þó voru það nánast einu aðilarnir, og auðvitað höfundarnir sem þarna komu, sem, að því er virtist, voru ánægðir með að gengið yrði til verks á þennan hátt. Þó lögðu fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga áherslu á að þetta væri þá einungis skref þannig að gengið yrði frá málinu í heild eins og heildartillögurnar gera ráð fyrir.

En ýmsir aðilar lýstu yfir sérstökum áhyggjum sínum. Mér eru sérstaklega minnisstæðir aðilar t.d. eins og forseti ÍSÍ og aðrir aðilar sem tengjast íþróttamálum. Ég er hér með fáeina punkta sem forseti ÍSÍ og fulltrúar frá íþróttanefnd ríkisins lögðu fram á fundi nefndarinnar. Ég held að það væri í lagi, hæstv. forseti, að ég læsi kjarnann úr þessu áliti forseta ÍSÍ. Hann sýnir í rauninni hvaða áhyggjur menn hafa sem fjalla um þessi verkefni, enda er það líka ljóst að þegar menn hafa farið að skoða þessi mál betur, þá eru frumvarpshöfundarnir á undanhaldi, eins og t.d. í sambandi við tónlistarskólana. Um leið og ákveðnir hagsmunaaðilar risu upp og þegar það eru aðilar sem eiga eitthvað undir sér, eru þannig í sveit settir á einhvern hátt að þeir geta sagt við ráðandi öfl í þessu efni: Við viljum þetta ekki, við viljum hafa þetta á annan veg, þá er auðvitað dregið í land. En það eru fjöldamargir aðilar, sem á bak við þetta frv. standa og sem áhrif þessa frv. munu á hrína, sem ekki hafa aðstöðu til þess að rísa upp og segja: Hingað og ekki lengra, þannig að eftir verði tekið.

Forseti Íþróttasambands Íslands segir í minnispunktum sínum fyrir þennan fund hjá félmn.:

„Um Íþróttasjóð, 5. gr. Alþingi veitir árlega í sjóð til eflingar íþrótta í landinu eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann Íþróttasjóður. Í öðru lagi er fjárframlag til íþróttakennslu og námskeiða og í þriðja lagi til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.“

Þegar þetta var rætt lá það fyrir að þessar fjárveitingar yrðu felldar niður.

„Íþróttanefnd ríkisins hefur greitt, þó í litlum mæli sé, svokallaða kennslustyrki sem Alþingi hefur veitt allt frá því að íþróttalög voru sett árið 1940. Þessum styrk hefur verið varið vegna íþróttakennslu o.fl. til allra ungmenna- og íþróttafélaga um land allt.

Íþróttanefnd ríkisins“, segir Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, „og ég persónulega höfum fylgst með umræðum og kynnt okkur nál. varðandi breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og það er

einmitt þess vegna að íþróttanefndin hefur áhyggjur af niðurskurði til íþrótta í fjárlögum ríkisins því að nefndin telur að þau mál hafi ekki verið nægilega rædd og að óvíst sé um samstöðu meðal sveitarfélaga um þau.

Íþróttanefndin gerir sér grein fyrir nauðsyn stöðugrar endurskoðunar á stjórnsýslu og ráðstöfun opinberra fjármuna en telur mikinn vafa leika á því að tilhögun fjárveitinga með þeim hætti sem hér er sett fram í fjárlagafrv. leiði til velfarnaðar þegar tekið er tillit til eflingar og framfara íþrótta hér á landi.

Ég persónulega", segir forseti ÍSÍ, „og íþróttanefndin við erum ekki ein um þessa skoðun, sbr. samþykktir íþróttaþinga og mótmæli ýmissa sveitarstjórnarmanna. Því spyr ég: Hvernig verður háttað stuðningi við íþróttamannvirki á vegum einstakra félaga, á vegum einstakra sérsambanda, á vegum einstakra héraðssambanda eða heildarsamtaka? Hvert eiga félagasamtök að sækja eins og t.d. Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands, Bandalag ísl. skáta, Handknattleikssamband Íslands, héraðssambönd sem ná yfir tugi hreppa og jafnvel meira en eina sýslu. Hvernig verður um faglega aðstoð og leiðbeiningar, samræmingu norma og reglna og tilraunir til dreifngar verkefna þar sem þörfin er mest en getan minnst? Þarf að setja upp nýja þjónustumiðstöð", spyr hann, „á vegum sveitarfélaganna og hver á að greiða kostnað við hana? Verður það hagkvæmara en ólaunuð nefnd, íþróttanefnd ríkisins og skrifstofa íþróttafulltrúa? Hvernig á að tryggja það að fjármagn fáist yfirleitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til íþróttamannvirkja þó að sérstök deild verði stofnuð innan sjóðsins til þess að sinna málaflokkum sem fluttir verða frá ríki? Hverjir eiga að tryggja það?"

Í sambandi við þennan punkt langar mig endilega til þess að minna á það að þessi sérdeild sem þarna er verið að tala um í dæminu eins og það liggur fyrir núna er 100 millj. kr. Nú gerist það fyrir þrýsting frá ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu, réttmætan þrýsting, að einn þáttur, aðeins einn þáttur úr þessu dæmi er dreginn út og fer aftur til ríkisins. Og þá fara reiknimeistarar ríkissjóðs auðvitað að reikna út: Hvað kostar það nú ríkið að taka tónlistarskólana til sín aftur? Það er ekki allt árið 1988, ekki aldeilis, í tillögunum. Aðeins frá 1. sept. 1988 til ársloka. Það kostar, og því var breytt í fjárlögunum við afgreiðsluna í desember, 52 millj. kr., sem Jöfnunarsjóðurinn var lækkaður um í desember. Þessar 52 millj. eru aðeins hluti af rekstrarkostnaði tónlistarskólanna. Það er hluti af því máli sem hér er um að ræða í sambandi við þennan 100 millj. kr. sérdeildarsjóð.

Af þessu litla dæmi sjá menn hvað í rauninni er að gerast, enda er það annar aðilinn, það er ríkissjóður sem er að véla um hagsmuni hins aðilans og setur þangað byrðarnar og hefur gjörsamlega með það að gera, nær án þess að sveitarfélögin komi þar nærri, þegar undan eru skildir örfáir menn sem eiga fyrst og fremst hagsmuna að gæta hér á mjög litlu svæði landsins og koma lítt inn í þetta mál eins og það raunverulega er.

Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að halda áfram að lýsa áhyggjum forseta ÍSÍ. Hann segir:

„Er ekki eðlilegra að mál þetta fái lengri aðdraganda á meðan leitað er samkomulags um það með ríki og sveitarfélögum? Hvað á að gera við styrk á fjárlögum til íþrótta- og æskulýðsheimila að upphæð 15 millj. kr. [sem samþykkt var núna fyrir áramótin] til stuðnings við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga?" spyr forseti ÍSÍ. Hann segir: „Á þetta fé að fara upp í skuldir, hinn svokallaða hala eða til nýrra íþróttamannvirkja eða til íþróttamannvirkja sem verið er að byggja eða upp í kennslukostnað íþrótta- og ungmennafélaga? Í hvað eiga þessar 15 millj. kr. að fara? Það er ótilgreint. Og menn geta rétt ímyndað sér hvað þeir hrökkva í öllu þessu dæmi. Hvernig er hægt að tryggja það að sveitarstjórnir greiði upp skuldir við íþróttafélög? Og ef það er tryggt, þá með hvaða hætti og hvað tekur það mörg ár?

Nú er það vitað," segir forseti ÍSÍ, „að skuldir Íþróttasjóðs við íþróttafélög eru nálægt 107 millj. kr. og skuldir við sveitarstjórnir um 80 millj. eða samtals um 186 millj. Hvernig er hægt að tryggja það að sveitarstjórnir greiði byggingarkostnað íþróttamannvirkja svo hægt sé að ljúka þeim? Hvernig á að tryggja það að umsóknir um ný íþróttamannvirki nái fram að ganga innan sveitarfélags og þá sérstaklega hinna smærri sveitarfélaga?"

Auðvitað var það svo að þegar Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, kom á fund félmn. Nd., bar upp þessar spurningar með sáralitlum fyrirvara, hann fékk að vita kvöldið áður að hann ætti að mæta hjá nefndinni í býtið morguninn eftir, þá hafði félmn. Nd. auðvitað ekki nokkur svör á reiðum höndum — sem ekki er von. Málið er það flókið, málið er það margþætt að það er ekki nokkrum ætlandi að komast til botns í svona máli á þann hátt sem hér er að staðið.

Stundum er lögð á það áhersla að þetta mál sé búið að taka langan tíma og hafi verið lengi undirbúið. Það er sjálfsagt rétt, enda lagði forseti ÍSÍ fram á þessum fundi félmn. Nd. samþykktir frá íþróttaþingi 13.–14. sept. 1986, þar sem menn voru að bregðast við — ekki þessu frv. sem hér er um að ræða, ekki einu sinni þeim tillögum sem komu fram í apríl 1987 — heldur voru menn að bregðast við hugmyndunum í þessa átt sem auðvitað var búið að ræða víða meðal þeirra manna sem um þessi mál fjalla helst.

Á þessu íþróttaþingi 1986 ályktaði þingið svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna fram kominna hugmynda stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga" — þarna er það nú aðeins stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga — „um að leggja niður Íþróttasjóð og Félagsheimilasjóð mótmælir íþróttaþing svo róttækum breytingum á tilhögun opinberra fjárveitinga til íþróttamannvirkja og félagsheimila án þess að fyrir liggi tillögur um aðrar leiðir sem skila betri árangri í byggingum íþrótta-

mannvirkja um allt land."

Þarna er í rauninni fjallað um kjarna þessa máls. Áfram segir í ályktun íþróttaþings:

„Bendir þingið á hinn mikla mun aðstæðna sveitarfélaga í landinu að því er varðar stærð þeirra og fjárhagslega getu og að eðlilegra væri að efla þessa sjóði til þess að þeir geti betur en áður gegnt hlutverki sínu."

Þetta er kjarninn í málinu. Þetta er viðhorf íþróttamannanna. Þetta er viðhorf þeirra sem í rauninni vita hvernig málin standa, en ekki örfárra einstaklinga í nafni aðila eins og Sambands ísl. sveitarfélaga sem ganga þvert í þessa átt og það án eðlilegs samráðs.

Ég held, hv. þm. sem hér eruð staddir, að það væri ekki að ófyrirsynju að menn hugleiddu svolítið nánar hvernig staðið er að málum eins og hér er um að ræða.

Þetta sama íþróttaþing 13.–14. sept. 1986 ályktaði enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Íþróttaþing 1986 lýsir áhyggjum sínum yfir þeirri þróun sem verið hefur á undanförnum árum þegar fjármagn til íþróttamannvirkja og félagsheimila er skorið niður með þeim afleiðingum að ríkisvaldið stendur ekki við lögbundin fjárframlög til þeirra mörgu íþróttamannvirkja og félagsheimila sem nú eru í byggingu. Því skorar íþróttaþing á hæstv. Alþingi, fjvn. og ríkisstjórn að efla Íþróttasjóð ríkisins og Félagsheimilasjóð svo að hægt sé að standa við skuldbindingar sem gert er ráð fyrir í lögum. Að öðrum kosti mun ófullnægjandi íþrótta- og félagsaðstaða standa í vegi fyrir áframhaldandi uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar."

Þessi mál, sem hér er verið að fjalla um, snerta á þann hátt svo marga í þessu landi að ég held að það sé ekki eitt einasta frv. eins og þetta litla verkaskiptingarfrv. sem kemur eins víða við. Og við skulum aftur fara yfir það til þess að hafa það nú alveg á hreinu. Málið er lagt fram 9. des. Það kom frá félmn. þessarar hv. deildar 19. des. Það voru tíu dagar. Það var mælt fyrir þessum nál., fyrir nál. meiri hl. mælti hv. þm. Alexander Stefánsson sem formaður nefndarinnar, og fyrir nál. minni hl. mælti hv. þm. Kristín Einarsdóttir. Síðan hefur ekkert verið um þetta fjallað. Ég var að byrja þarna örfá orð og kem svo héðan nánast að óvörum í málið að nýju. Þessi er umfjöllun Alþingis um þessi mikilsverðu mál. Og nú er ætlunin að því er virðist að keyra þetta í gegn núna í vikunni og láta menn sitja uppi með gerðan hlut hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Ég legg á það áherslu eins ríka og mér er unnt, og það er heilagur sannleikur, að ekki eitt einasta sveitarfélag, ekki ein einasta sveitarstjórn í landinu hefur fengið frv. til umsagnar. Ætli það sé nokkurn tíma í löggjafarstarfi hér á Alþingi sem á þann hátt hefur verið staðið að málum að sá aðilinn sem á mest í húfi, sem eru náttúrlega ákaflega margir, rúmlega 220 sveitarfélög í landinu, ekki ein einasta sveitarstjórn, hefur fengið frv. til umsagnar?

Það var beðið um sérstakan fund í nefndinni í seinustu viku vegna harðfylgis fulltrúa Kvennalistans, hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, til þess að reyna að fá málið sent út til umsagnar vegna þessa hlés sem gafst. En vegna þinglegra aðstæðna var ekki talin ástæða til og ekki hægt. (Gripið fram í.) Já, það var einhver slík niðurstaða. En formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson, lýsti því hins vegar yfir að hann mundi ætlast til nefndarstarfs á milli 2. og 3. umr. og ég met það mikils. Það finnst mér skipta verulegu máli í þessu sambandi. Ég er ekki enn vonlaus um að gengið verði að þessu starfi eins og á að ganga að því. Það er ekki til sóma að ganga svona að verki eins og hér er um að ræða. Ég ætla að lýsa fyrir ykkur einu litlu dæmi.

Ég þekkti ekki þann þátt sérstaklega, þó að ég hafi að vísu komið nálægt sveitarstjórnarmálum í alllangan tíma, eða hafði sérstaklega gert mér grein fyrir því hve ríkisstyrkur til byggðasafna skipti byggðasöfnin miklu máli, 50% greiðsla til starfsemi þessara aðila. Einn af þeim aðilum sem til félmn. komu var þjóðminjavörður. Hann kom af mikilli skyndingu 17. des. og hann afhenti okkur á vélrituðu blaði kjarnann í sínu máli. Þá laukst upp fyrir mér hvers konar ógöngur er verið að rata í í þessum málaflokki þar sem ég þekki síst til. Það er í rauninni verið að leggja út af sáraódýra starfsemi en svo gagnmerka að ég er sannfærður um að ef þetta nær fram að ganga og ekki finnst á því viðunandi lausn er illa farið. Ég ætla aðeins að fá að lesa, með leyfi forseta, þetta atriði hér á eftir.

Mér er eitt atriði í minni þar sem verkefni hefur verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. Það var gert í skyndingu eins og núna. Það mun hafa verið 1975, fyrir jólin. Þá vantaði tilfærslur í einhverri fjárlagagerðinni. Það sem gerðist var það, og var túlkað þannig að það væri til þess að gera skilin skarpari og skýrari á milli, að viðhald grunnskólahúsnæðis var flutt frá ríki til sveitarfélaga. Náttúrlega kom ekki króna í aukna tekjustofna. Sveitarfélögin áttu bara að sjá um þetta. Grunnskólahúsnæðið er hins vegar þannig að ómótmælt er að ríkið eigi þar 50% og sveitarfélögin 50%. Hvernig verður þetta svo í framkvæmd? Það verður þannig í framkvæmd að mjög víða drabbast grunnskólarnir niður og sérstaklega þar sem um er að ræða sveitarfélög, reikna ég með, þar sem þetta er dálítið erfitt. Og af hverju skyldi það gerast? Vegna þess að áður, þegar skiptingin var eðlileg eins og eignaskiptin, sáu sveitarstjórnarmenn um að viðhaldið væri með eðlilegum hætti vegna þess að þeir áttu von í 50% kostnaðarhlutdeild frá ríkinu. Það var það sem rak á eftir. Það er svona sem þetta gerist í hinu venjulega lífi úti um allt land. En þegar sveitarfélögin sitja ein uppi með kostnaðinn og ríkið á 50% af húsnæðinu draga menn það. Það verður aftarlega á merinni.

En aftur varðandi þjóðminjavörð. Hann segir í áliti sínu til félmn. Nd., með leyfi hæstv. forseta, dags. 17. des. sl.:

„Frá því hefur verið skýrt að ákveðið sé að skilja að ýmsa þætti í rekstri ríkis og sveitarfélaga og mun félmn. Nd. Alþingis hafa til umfjöllunar lagafrv. þar að lútandi. Felur frv. þetta í sér m.a. ef að lögum verður að áformað muni að fella niður ríkisstyrki til byggðasafna.

Í bréfi til félmn. Alþingis og menntmrh. benti ég á að á fjárlagalið 02.991 undir liðnum 6.40, Byggða- og minjasöfn, séu fleiri greiðslur en aðeins rekstrar- og uppbyggingarstyrkir til byggðasafna. Það eru einnig viðgerðarstyrkir til ýmissa gamalla bygginga úti um land sem ekki eru í eigu Þjóðminjasafnsins en sem það hefur unnið markvisst að að fá varðveittar og stuðla að viðgerð á. Má þar nefna gömul verslunarhús í kaupstöðum, nokkrar gamlar og merkar kirkjur, gömul íbúðarhús, sem fæst eru notuð til sinna upphaflegu þarfa, og ýmis mannvirki önnur."

Nú vil ég skjóta því hér inn í upp úr þessum lestri að að nokkru var fyrir því séð í nýsamþykktum fjárlögum að þessi liður héldi áfram. Það ber ekki undan að draga. Síðan segir í bréfi þjóðminjavarðar:

„Við nánari athugun á hag byggðasafnanna sé ég að niðurfelling ríkisstyrkja muni jafnvel verða til að drepa sum þeirra niður og þá starfsemi sem þar er unnið að. Hafa líka margir safnamenn haft samband við mig og látið í ljós miklar áhyggjur vegna safna sinna sem sum hver berjast mjög í bökkum og hafa litlu úr að spila og því hefur ríkisstyrkur verið oft og tíðum sá eini bakhjarl sem söfnin hafa getað reitt sig á. Mun mörgum alþm. fullkunnugt um að mörg þessi söfn eru hvað minnst fjárfrek allra menningarstofnana landsins og að þar takmarkast framkvæmdin algerlega við getuna. Hins vegar þykir sjálfsagt að geta sýnt fyrirmönnum þessi söfn við ýmis tækifæri og allir vita að þau eru mjög fjölsótt af erlendum ferðamönnum sem sjá eðlilega gleggra en við Íslendingar hve þau eru hörmulega illa búin til að geta sinnt hlutverki sínu sem menningar- og fræðslustofnanir.

Látið er í veðri vaka," segir þjóðminjavörður, „að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eigi að taka hér við og sveitarfélögin eigi að útvega byggðasöfnunum styrktarfé af framlögum úr sjóðnum. Þetta eru margir safnamenn mjög uggandi um að muni ganga fyrir sig, enda hafa þeir margir hverjir hingað til staðið í basli með að toga hið smálega rekstrarfé út úr forsvarsmönnum sveitarfélaganna og um eigin tekjur byggðasafna er í fæstum tilvikum að ræða svo neinu nemur."

Þetta er í rauninni kjarni þessa máls. Með þessari breytingu er verið annars vegar að flækja málin og hins vegar að öllum líkindum að draga úr þann þrótt sem síst skyldi.

Í lokum bréfsins segir þjóðminjavörður: „Því leyfi ég mér að fara þess mjög ákveðið" — ég bið hv. þm. að taka eftir því og ekki síst hv. formann félmn. — „á leit við hv. félmn. Nd. Alþingis að hún leggi til þær breytingar á frv. að byggðasöfnin skuli áfram njóta ríkisstyrkja svo sem verið hefur og einnig verði þá unnt að veita á sama lið fjárstuðning til viðgerðar gamalla bygginga á landsbyggðinni sem kallast mega þjóðminjar. Hafa verður í huga að þótt byggðasöfnin séu að nafni til eign sveitarfélaga er hér um að ræða stofnanir sem vinna í þágu alþjóðar og vinna mjög mörg hver starf sem Þjóðminjasafninu og þjóðminjavörslunni bæri að vinna. Milli Þjóðminjasafnsins og byggðasafnanna er mjög náin samvinna og safnverðir víða úti um land vinna mörg störf í þágu Þjóðminjasafnsins, en óvíst er hvort um slíkt verður að ræða að neinu marki ef ríkissjóður hættir að styrkja söfnin."

Ég hef, hæstv. forseti, komið allvíða við í umfjöllun minni á þessu stigi málsins og mun senn fara að stytta mál mitt, en áður en til þess kemur vildi ég fara í lokin yfir niðurlag nál. minni hl. félmn. Ég held að það sé öllum hollt, sem um þetta mál vilja fjalla, að heyra þau atriði sem þar koma fram. Ég var búinn að nefna ein sjö eða átta atriði sem upp eru talin hér. Níunda atriðið í áliti minni hl. félmn. var það að af þeim takmarkaða hópi sem nefndin kvaddi á sinn fund voru flestir andvígir þeim breytingum sem í frv. felast eða töldu að vinna þyrfti málið betur áður en ákvarðanir yrðu teknar af hálfu löggjafans. Í 10. og seinasta lið, áður en komið er að lokakaflanum, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. var undirbúið af fámennum hópi manna sem allir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins einn maður utan Suður- og Vesturlands kom á fund félmn. til viðræðna um frv."

Það var ágætur sveitarstjórnarmaður sem þar kom, maður sem fylgist vel með, reyndur, en ég lái honum ekki þó að hann kæmi nánast af fjöllum þegar um þetta var rætt við hann því að hann taldi að frv. væri að stofni til tillögurnar sem sendar höfðu verið út í apríl. Hann hafði aldrei séð frv. fyrr frekar en aðrir.

Í lokakafla álits minni hl. félmn. segir þetta: „Að hluta til er frv. byggt á tillögum tveggja nefnda, verkaskiptanefndar og fjárhagsnefndar, sem skipaðar voru af stjórnvöldum í september 1986. Nefndirnar skiluðu áliti í apríl 1987 um verkaskiptingu og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í nefndum þessum áttu sæti sjö menn, þar af tveir í báðum nefndum og skiptu með sér formennsku. Allir þessir menn voru af þéttbýlissvæðunum suðvestanlands og þeim til aðstoðar sérfræðingar af sama svæði. Af þeim sökum m.a. telur minni hl. nauðsynlegt að fá umsögn sveitarstjórna um efni frv., ekki síst frá sveitarfélögum í strjálbýli og frá fámennari þéttbýlissveitarfélögum.

Því hefur verið haldið fram, m.a. í félmn. Nd., að álit ofangreindra nefnda hafi verið sent sveitarstjórnarmönnum um land allt og óskað hafi verið umsagnar þeirra. Engar slíkar umsagnir lágu fyrir eða voru kynntar í nefndinni, enda aldrei verið eftir þeim leitað. Yfirborðsleg kynning nefndarálitanna á vettvangi einstakra landshlutasamtaka sveitarfélaga kemur ekki í staðinn fyrir kynningu þessa frv. sem engin hefur verið gagnvart landshlutasamtökum sveitarfélaga eða hjá einstökum sveitarfélögum.

Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi 9. des. 1987 og hefur því gefist mjög skammur tími fyrir nefndina að kynna sér málið. Í nefndinni var óskað eftir því að hún fengi drög að þeim fjölmörgu reglugerðum sem gert er ráð fyrir að setja um efni frv. Lögð var á það áhersla að fá fram drög að reglum varðandi sérdeild og uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs, en þær deildir eiga að sjá um fjármálaleg samskipti við sveitarfélögin vegna tilfærslna á þeim verkefnum sem frv. gerir ráð fyrir.“

Meðan ég er að lesa þetta man ég eftir einu atriði, sem ég held að sé afskaplega lærdómsríkt, sem ég vil gjarnan koma á framfæri. Um V. kafla frv., sem er um byggingu og rekstur dagvistarheimila, fékk félmn. fulltrúa úr menntmrn. til viðræðna og það var ekki ómerkari fulltrúi en svo að sá fulltrúi hefur fjallað um samskipti menntmrn. og sveitarfélaganna um árabil um þessi efni. Í 12. gr. þessa lagafrv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„2. gr. laganna orðist svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntmrn. skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.“

Þetta fer ekkert á milli mála. Þarna er ætlunin að sveitarfélögin sjái um framkvæmdina, menntmrn. um umsjón og ekki síst faglega umsjón.

Síðan segir í 15. gr. þessa lagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„6. gr. laganna orðist svo“ — þá er náttúrlega átt við allt önnur lög, þ.e. lög nr. 1 12/1976:

„Menntmrn. skal í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga setja reglugerð um almenn ákvæði varðandi húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir ákvæði laga þessara.“

Nú sagði þessi reyndi deildarstjóri í ráðuneytinu sem er búinn að fjalla um þessi mál um árabil: Hvernig í ósköpunum dettur mönnunum í hug að ætlast til þess að menntmrn. setji einungis reglugerð um húsnæði og búnað, um verksvið sem ráðuneytið á að hafa umsjón með, en sleppa rekstrinum, sleppa því að hafa í reglugerðinni orð um hvernig rekstrinn á að fara fram, hvernig að rekstrinum á að búa, hvernig á að fjalla um í sambandi við starfslið, í sambandi við þá aðila sem þarna eiga að fá þjónustu, sem er yngsta kynslóðin á skólaaldrinum? Sem betur fer stendur sá aðili ekki einn í heiminum, á aðild víðar í þjóðfélaginu. Ég á við heimilin og annað því um líkt. Ekki er orð um það í reglugerð sem hér á að leggja til. Þessu er hægt að bjarga, sagði Svandís. Það er hægt að bjarga þessu með því að skjóta inn orðinu „rekstur“. Auðvitað er það eðlilegt, ef menntmrh. á að fjalla um og hafa umsjón um þessa hluti og á að setja reglugerð um þessa hluti, að það sé ekki bara um húsnæði og búnað. Auðvitað er kjarni málsins sú starfsemi sem þarna fer fram.

Þetta er lítið dæmi, eitt af mörgum, sem sýnir það hversu hroðvirknislega, því miður, hér er að staðið. Með leyfi hæstv. forseta vildi ég svo lesa lokaorð nál. minni hl.:

„Ástæða er til að vekja athygli á að val á þeim verkefnaþáttum, þar sem breyta á verkefnaskiptingu“ í 1. áfanga, „er næsta sérkennilegt og víst er að í því endurspeglast ekki áherslur sveitarfélaga á verkefnatilflutningi né heldur annarra aðila er starfa að þeim málum. Í því sambandi má benda á viðfangsefni eins og tónlistarskóla, íþróttamálefni og byggðasöfn.

Víðtæk andstaða og mótmæli hafa komið fram um fyrirætlanir skv. VI. kafla frv. um tónlistarskóla. Fulltrúar Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, sem komu á fund nefndarinnar, lýstu þungum áhyggjum af ákvæðum II. kafla um breytingu á íþróttalögum. Þjóðminjavörður og talsmenn byggðasafna eru örvæntingarfullir vegna áformaðra breytinga skv. VII. kafla frv. um stuðning ríkisins við byggðasöfn. Þar er vegið að menningarstarfsemi sem snertir alla landsmenn og engan veginn er bundin við einstök sveitarfélög. Deildarstjóri í menntmrn., sem fjallar um dagvistarheimili, lýsti þungum áhyggjum vegna þess að veikja ætti faglega umsjón stjórnvalda með dagvistarheimilum skv. V. kafla frv.

Benda verður á að þrátt fyrir hátíðlegt tal um að gera sveitarfélögin óháðari ríkisvaldinu en nú er er víða í frv. að finna óljós skil og skörun varðandi valdsvið og fjárhagsleg samskipti. Má í því sambandi benda á kaflana um íþróttamálefni og dagvistarheimili.

Ámælisvert er að með frv. þessu er gripið inn í sérlög um einstaka málaflokka án þess að ráðrúm hafi gefist til heildarendurskoðunar á þeim lögum. Í nefndinni gafst ekki ráðrúm til að bera saman umrædda lagabálka og þær breytingar sem lagðar eru til samkvæmt frv. Þetta eru vinnubrögð sem einkenna málsmeðferð varðandi frv.

Minni hl. telur að með frv. sé byrjað á öfugum enda. Í stað þess að tryggja fyrst fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu er ráðist í „áfanga“ í verkefnatilfærslu og valdir úr þættir sem orka tvímælis að því er verkskiptingu áhrærir og gagnast sveitarfélögum lítið fjárhagslega. Reynt er að láta líta svo út af talsmönnum frv. að í því endurspeglist vilji sveitarfélaga í landinu, en þau hafa í raun ekki fengið að segja orð um efni þess.

Með vísan til ofangreindra atriða ítrekar minni hl. það álit sitt að vinna beri þetta mál í heild frá grunni áður en lögfest verði breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er því tillaga minni hl. að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.“

Ég býst varla við því, hæstv. forseti, að mér sé unnt á öllu skýrari hátt að leggja áherslu á þau aðalatriði sem mér þykir á skorta. Þau eru í rauninni þrjú.

Í fyrsta lagi að hina réttmætu eðlilegu kynningu skortir. Þá kynningu, sem þeir sem eiga að búa við þessa löggjöf eiga heimtingu á að fari fram, skortir. Því hefur ekki verið mótmælt með rökum.

Í öðru lagi: Breytingin er sveitarfélögunum á mörgum sviðum óhagstæð og hún gengur í rauninni þvert á hagsmuni þeirra sem eiga að njóta þeirrar þjónustu sem hér er um að ræða.

En í þriðja lagi, og það er kannski aðalatriðið, gengur breytingin á yfirlýst markmið. Hið yfirlýsta meginmarkmið er að gera verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga skýrari og ákveðnari. En drottinn minn dýri, þegar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fer að starfa þrískiptur, í almennri deild, í sérdeild, í uppgjörsdeild, og enginn veit, ekki einn einasti maður á hinu háa Alþingi, enginn veit hvernig á að starfa í sérdeildinni. Við vitum og við þekkjum hvernig almenna deildin starfar. Þar höfum við haft til starfa sveitarstjórnarmann um árabil, einn virtasta aðila í þessu kerfi öllu, sem á allt lof skilið fyrir þjónustu sína við byggðir landsins um árabil. Ef þannig yrði staðið að til frambúðar væri ég ekki uggandi. En með þessa þrískiptingu og með þennan slæma undirbúning finnst mér vá fyrir dyrum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir næstum hvert orð sem hv. 6. þm. Suðurl. hefur sagt í ítarlegri ræðu sinni nú og ég mun því ekki endurtaka það sem hann hefur sagt nema að því leyti sem e.t.v. óhjákvæmilegt er. En ég hyggst víkja að í fyrstu hinum nýju ákvæðum um dagvistarstofnanir og gera þeim nokkur skil.

Fyrst vil ég þó segja það, herra forseti, að hvað eftir annað hefur sú gagnrýni komið fram í sölum Alþingis að lög eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. svokallaðir bandormar, þyki vond lagasetning þar sem saman eru settar í eitt lagafrv. stórfelldar breytingar á stórum lagabálkum sem hafa verið settir eftir ítarlegar umræður um efni, eðli og innihald þeirra lagabálka. Þetta er afleit lagasetning og ætti aldrei að eiga sér stað. Þetta vil ég segja fyrst.

Hvernig staðið hefur svo verið að afgreiðslu frv. er auðvitað með hreinum ólíkindum, því að eins og hér hefur komið fram, svo ég vitni strax þrátt fyrir gefin loforð í mál hv. 6. þm. Suðurl., hlýtur það að teljast með ólíkindum að sveitarfélög landsins og sveitarstjórnir skuli ekki hafa haft tækifæri til að fá frv. til umsagnar, frv. sem bókstaflega gerbreytir anda fjölda lagabálka sem hér hafa verið settir eftir ítarlega umfjöllun.

Það vill svo til að þegar lög eru sett um einstaka málaflokka er venjan að að baki þeim lagabálkum sé að finna ákveðnar hugmyndir, ákveðna hugmyndafræði, ákveðin markmið. Í öllum þessum tilvikum er um að ræða lög sem varða margumtalað jafnrétti allra byggðarlaga í landinu. Hingað til hefur verið talið að berjast ætti fyrir jafnrétti til menntunar, til uppeldis, til aðgangs að menningarstofnunum, svo að eitthvað sé nefnt. Hér er hent fram heldur illa tilbúnu frv. um gerbreytingar á þessum mikilvægu málaflokkum og er varla hægt að segja að þessar breytingar séu skýrðar svo nokkur mynd sé á og ætlast til að við afgreiðum þetta á örfáum dögum. Ég vara við slíkum vinnubrögðum á hinu háa Alþingi. Ég ætla því í upphafi máls míns að vísa strax í bálkinn um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarstofnana.

Svo vill til að fyrir einungis sex árum var samþykkt breyting á 1. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn nr. 112/1976 og til viðbótar við 1. gr. kom grein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntmrn. er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Ég var sjálf 1. flm. þessa frv. en meðflm. mínir voru m.a. hv. þm. úr röðum núv. ríkisstjórnar. Í kjölfar þessa var sett á laggirnar nefnd sem vinna skyldi uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir. Í þessari nefnd áttu sæti, með leyfi forseta, allir helstu uppeldisfrömuðir í landinu, m.a. frú Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fósturskóla Íslands, svo að það var vandað til þessa verks. Í nefndinni áttu að öðru leyti sæti Arna Jónsdóttir fóstra samkvæmt tilnefningu stjórnarnefndar dagvistarheimila Reykjavíkurborgar, Elín Edda Árnadóttir, nemandi Myndlista- og handíðaskóla Íslands, samkvæmt tilnefningu samtaka foreldrafélaga um dagvistarheimili, Elín G. Ólafsdóttir kennari samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands, Ingibjörg G. Guðmundsdóttir félagsfræðingur samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðs Hafnarfjarðar, Kristjana Stefánsdóttir dagvistarfulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsmálastofnunar Kópavogs, Margrét Pála Ólafsdóttir fóstra samkvæmt tilnefningu stjórnar Fóstrufélags Íslands, Sigríður M. Jóhannsdóttir dagvistarfulltrúi og til vara Jón Björnsson sálfræðingur samkvæmt tilnefningu Félagsmálastofnunar Akureyrar, Svandís Skúladóttir, fulltrúi í menntmrn., sem veitti nefndinni forstöðu.

Hvað lá að baki þessa mikla verks? Það var talið að samræma þyrfti uppeldisskilyrði íslenskra barna og samræma þau undirbúningi að grunnskólakennslu og grunnskólanámi. Þetta mikla rit var svo kynnt árið 1984 að mig minnir. Á ráðstefnu sem haldin var hér í borg kom fram víðtækur áhugi allra þeirra fjölmörgu eða 200 manns, sem þessa ráðstefnu sátu og áhuga hafa á uppeldismálum og málefnum barna almennt, á breyttum viðhorfum í breyttu þjóðfélagi, auknu mikilvægi forskólakennslu og auknu mikilvægi grunnskólakennslu. Hér er svo hins vegar farið að eins og þetta verk hafi aldrei verið unnið. Hér á rétt eins og hendi sé veifað að fá það í hendur sérhverju sveitarfélagi að hafa svo til öll ráð um rekstur og byggingu dagvistarheimila. Ég held þess vegna, herra forseti, þó að hæstv. viðkomandi ráðherra láti hvergi sjá sig, hvað þá að talað sé um aðra hæstv. ráðherra, að ég verði að fá leyfi forseta til að lesa úr inngangi að þessari skýrslu sem skýrir hvað var verið að gera:

„Með aukinni iðnvæðingu og borgarmyndun fjölgar hröðum skrefum fjölskyldum sem búa í borgum og öðrum þéttbýliskjörnum þar sem atvinnuframboð er mest. Hér á landi búa 20% landsmanna í dreifbýli en 80% í þéttbýli. Þessu var öfugt farið fyrir 50 árum. Breyting á búsetu barnafjölskyldunnar og uppeldisskilyrðum þeim sem börnum eru búin í nútímaþjóðfélagi er því gífurleg. Borgarfjölskyldan býr oft við þröngan húsakost og misgóð lífskjör. Aðstaða til leikja innan húss er því oft af skornum skammti. Utan dyra er lítil sem engin aðstaða til útiveru og ekkert öryggi. Geigvænleg hætta af umferðinni blasir hvarvetna við.

Við þetta bætist skortur á eðlilegum viðfangsefnum sem geta veitt börnum margvíslega þjálfun og eflt sjálfstraust þeirra og ábyrgðarkennd. Tæplega verður sú þversögn hrakin að í þéttbýli verði mest hætta á félagslegri einangrun manna. Lítil börn í borgarsamfélagi fara ekki varhluta af þeirri einangrun, einkum þau sem engin systkini eiga. Barneignum fækkar, fjölskyldan verður æ fámennari og meira úr tengslum við aðra ættingja. Á þetta einnig í vaxandi mæli við um fjölskylduna í dreifbýli.

Kjarnafjölskyldan er talin einkennandi fyrir fjölskyldugerð nútímaþjóðfélags. Hin dæmigerða stórfjölskylda er á undanhaldi ef ekki horfin með öllu.

Enda þótt fjölskyldan hafi misst flest þeirra fjölskylduhlutverka sem stórfjölskyldan gegndi í bændasamfélagi fyrri tíma gegnir hún enn veigamiklu hlutverki. Kjarnafjölskyldan er fyrst og fremst tengd nánum tilfinningaböndum. Það er styrkur hennar og veikleiki. Hún er griðastaður einstaklinganna, foreldra og barna og þarf að vera þess megnug að fullnægja þörfum þeirra fyrir náin tilfinningatengsl, ást og öryggi. Mikilsvert er því að gefa gaum að fjölskyldunni sem tilfinninga- og félagsmótandi afli í uppeldi barna og að gera sér grein fyrir því hvernig hún er í stakk búin til að anna því hlutverki. Óstöðugleiki kjarnafjölskyldunnar er meiri en svo að unnt sé að loka augunum fyrir honum. Hjónaskilnaðartalan vex hröðum skrefum, barnsfæðingum utan hjónabands eða utan sambúðar foreldra fjölgar, einstæðir foreldrar verða hlutfallslega æ fleiri.

Fleira kemur til sem raskað hefur hefðbundu mynstri fjölskyldunnar. Konan hefur til skamms tíma borið meginábyrgð á uppeldi barnanna innan vébanda heimilisins, en breytt staða konunnar í nútímaþjóðfélagi og aukin þátttaka hennar í atvinnulífinu hefur bein áhrif á stöðu móðurinnar sem foreldris. Raskar það hefðbundinni fjölskyldugerð og hefur afdrifarík áhrif á uppeldisskilyrði barnanna.

Í anda jafnréttis fer í vöxt að báðir foreldrar taki þátt í atvinnulífinu, einnig meðan börnin eru enn í bernsku. Jafnrétti til starfa er lögum samkvæmt í flestum menningarlöndum, þar á meðal á Íslandi, sbr. lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 74 frá 1976. Því má ekki gleyma. Þjóðfélagið verður að taka þeim afleiðingum af raunsæi með heill fjölskyldunnar að leiðarljósi.

Á tiltölulega skömmum tíma hafa orðið miklar og örar breytingar á lífsháttum manna í hinum vestræna heimi sem hafa geigvænleg og afdrifarík áhrif á uppeldisaðstæður barna. Bitnar þessi þróun mest á ungum börnum ef ekkert er að gert. Engum eru þó ljósari afleiðingar þessarar félagslegu þróunar en hugsandi foreldrum. Aukin almenn menntun gerir það að verkum að foreldrar eru yfirleitt betur upplýstir um mikilvægi barnauppeldis og uppvaxtarskilyrða barna en nokkru sinni fyrr. Þeir eru einnig mjög móttækilegir fyrir þekkingu á því sviði, enda slíkur fróðleikur meiri og aðgengilegri en áður í gegnum bækur, blöð og aðra fjölmiðla. Foreldrar ungra barna í dag óska eftir uppeldisaðstoð til handa börnum sínum og þurfa á henni að halda. Fjölskyldan sem griðastaður og uppeldisathvarf barna stendur mjög höllum fæti. Staða fjölskyldunnar er mjög alvarleg og gefur fullt tilefni til aðgerða henni til styrktar og verndar. Meðal raunhæfra og viðeigandi aðgerða er fjölgun dagvistarheimila sem veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir“, og lýkur þá tilvitnun minni, herra forseti.

Ég held að hér sé komin fram mjög afgerandi stefnumótun um hvað dagvistarheimili eiga í raun og veru að vera og hvaða gildi slíkar stofnanir hafa. Hvað er svo verið að gera hér? Með frv., ef að lögum verður, er verið að kasta því algerlega í hendur ólíkra sveitarstjórna að vinna að þessum markmiðum. Getur það talist eðlilegt, ef dagvistarstofnanir eiga að vera áfangi í almennri grunnskólamenntun barna, að einstök sveitarfélög eigi þar að ráða lögum og lofum? Eins og hv. 6. þm. Suðurl. sagði áðan er þetta frv. svo illa unnið að þar rekst hvað á annars horn.

1. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila er að vísu látin standa til málamynda, en síðan er gert ráð fyrir að fella niður 9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. núgildandi laga. Í 11. gr. stendur t.d. að ráðuneytið eigi með reglugerð að setja ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð. Það segir hins vegar ekkert um annað en ráðuneytið eigi að annast þessi atriði, en það verður ekki séð að það eigi á nokkurn hátt að hafa eftirlit með markmiðum og leiðum sem mótaðar hafa verið fyrir starfsemi dagvistarstofnana. Ég sé því ekki annað en hv. þm. ætli með einum svokölluðum bandormi, sem menn áreiðanlega hafa farið mismunandi vandlega yfir, að snúa frá öllu því sem fram kemur í þessari skýrslu eða uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvað í ósköpunum var verið að gera hér fyrir fimm árum þegar þessi lög voru samþykkt og þessi mikla vinna látin fara fram sem var þriggja ára starf fjölda þeirra manna sem með uppeldismál fara í þjóðfélaginu? Alls staðar annars staðar á Norðurlöndum t.d. verður háværari umræða um málefni barna og aðstöðu barna í þessum svokölluðu velferðarþjóðfélögum

okkar. Eftir nýafgreidd skattalög batnar staða fjölskyldunnar varla eins og ég hygg að þeir hafi þegar gert sér ljóst sem hafa farið í verslun til að kaupa í mat á þessum allra síðustu dögum og þarf ekki vitnanna við að þar er ekki unnið í þágu fjölskyldunnar nema síður sé. Ég geri ráð fyrir að fólk eða þjóðin öll eigi eftir að horfast í augu við það sem nú er búið að setja á herðar henni.

Herra forseti. Það má fara á þennan hátt í gegnum alla kafla frv. Hið sama gildir um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem voru sett árið 1983 eftir langa baráttu og þá ekki síst vinstri flokkanna í landinu. Öllum er ljóst að síðan þau lög voru sett hefur orðið hraðari uppbygging stofnana til aðstoðar við fatlaða á allan hátt. Þessi mál hafa tekið stökkbreytingu. Svo er nú komið að fólk er hætt að vera tilneytt til að flytja úr hinum ýmsu byggðum landsins suður til Reykjavíkur til að fá einhverja þjónustu fyrir fötluð börn sín. En hér þarf ekki langar umræður eða miklar til að breyta hlutunum.

Svo margir hafa talað um félagsheimili að ég held að ég láti það nægja sem komið hefur fram í sal hv. Nd. um þau mál. En þarna ber allt að sama brunni. Við skulum vera minnug þess að eitt sinn var tekin af ríkinu sú skylda að annast uppbyggingu og rekstur almenningsbókasafna. Við getum farið um landið og séð hvernig smæstu byggðarlögin hafa farið út úr þeim lögum. Það eru dæmi til að tvær bækur hafi verið keyptar til bókasafns á einu ári. Svo geta menn talað um jafnrétti í svo sjálfsögðum þætti mannlegs lífs að eiga aðgang að sæmilegum bókakosti.

Síðan komum við að kaflanum um tónlistarskólana. Ég hefði átt von á að sú tíð væri löngu, löngu upp runnin að menn gerðu sér ljóst að tónlistaruppeldi er jafnsnar þáttur í uppeldi barna og það að læra að lesa, enda hefur sýnt sig að sá fjöldi barna sem iðkar tónlistarnám fer sívaxandi og meðal allra siðmenntaðra þjóða er það talinn eðlilegur liður í uppeldi hvers barns. Ég hefði talið að sú breyting sem við ættum eftir að sjá á þeim málum væri að tónlistarnám yrði sett inn í grunnskólana, því það hefur ekki farið fram hjá neinu foreldri að það eru ekki allir foreldrar sem hafa efni á að leyfa börnum sínum að njóta þessa sjálfsagða uppeldisþáttar. A.m.k. hér í Reykjavík kostar einfaldlega milli 20 og 30 þús. yfir veturinn að hafa barn í tónlistarskóla og ég tel fráleitt að allir hafi efni á því. Ég get a.m.k. ekki séð hvernig einstæðir láglaunaforeldrar fara að því að leysa þá fjárhæð af hendi. En nú á að bæta enn um betur og treysta einstökum sveitarfélögum til að taka við rekstri þessara stofnana.

Hvað ætla menn að gera ef þau bregðast? Telja hv. þm. að með þessu sé verið að vinna að jafnrétti þegnanna? Ætli það hafi ekki verið þó nokkur barátta að fá slíka kennslu heim í byggðarlögin með þátttöku ríkisins? Og menn geta spurt, sem kunnugir eru utan Reykjavíkur en ég er, hvort þeir treysti því að alls staðar verði séð fyrir þessum þætti í uppeldi barna og uppeldi allra og afþreyingu og ánægju þeirra sem slíka menntun kjósa.

Og langt er nú seilst þegar til stendur að taka af byggðasöfnunum þá smávægilegu styrki sem þau hafa notið. Ég vil enn og aftur taka undir með hv. 6. þm. Suðurl. að byggðasafn gegnir menningarlegu hlutverki. Það er þáttur í sögukennslu, kennslu um það þjóðfélag sem við lifum í. Börn og unglingar þurfa að eiga aðgang að slíkum söfnum, sjá þau áhöld sem unnið var með, kynnast atvinnusögu þjóðarinnar í hinum ýmsu byggðum sem ekki var alls staðar eins. Hver byggð á sína sögu og börn í þeim byggðarlögum og öðrum eiga að eiga aðgang að henni. En nú stendur til að kippa bókstaflega fótunum undan þessum stofnunum.

Herra forseti. Mér er ljóst að nú nálgast tími til þingflokksfunda. X. kafli frv. er fyrir mér óskiljanlegur með öllu. Það eina sem ég get gert mér grein fyrir er að nú skal starfrækja tvær deildir auk almennra deilda. Hvernig hlutverki þessara þriggja deilda hverrar um sig er varið er látið liggja heldur óljóst. Fjármagn er þess utan að sjálfsögðu engan veginn tryggt til þess að þarna verði að staðið sem menn hafa talað fjálglega um. Ég tel því, herra forseti, að hér sé stigið eitthvert stærsta skref aftur á bak í baráttunni fyrir jafnrétti allra Íslendinga og allra byggða landsins þannig að það vekur mér furðu að menn skuli þora að sýna þetta frv. í þingsölum.

Hv. Alþingi hafa að sjálfsögðu borist mótmæli frá ýmsum hópum, áhugamönnum um listir og menningu, áhugamönnum um dagvistarmál og ótal öðrum. Á þetta fólk er ekkert hlustað og eins og áður hefur verið sagt, ekki einu sinni sveitarstjórnirnar sjálfar.

Það kom líka fram áðan að langflestir sveitarstjórnarmenn sem ég hef talað við halda að hér sé unnið að fullu í samræmi við þær tillögur sem út voru gefnar á sl. vori. Síðan berst bréf frá Jóni G. Tómassyni, borgarritara í Reykjavík, sem er sérstaklega til nefndur sem einn af þeim sem frv. þetta hafa samið. Hann fræðir hv. þingheim, eins og þegar hefur margsinnis fram komið og ég las hér fyrir nokkrum dögum bréf hans í heild, um að hann sé á engan hátt ábyrgur fyrir ákveðnum þáttum frv.

Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að hv. félmn., sem nú hefur frv. til meðferðar, haldi nýja fundi og sjái til þess að allar sveitarstjórnir landsins fái frv. til umsagnar. Það er betra að það dragist dálítið að gera frv. að lögum en svona sé unnið. Það verður engum til sóma og ég á eftir að sjá að það verði friður í hinum ýmsu byggðum landsins og meðal sveitarstjórnarmanna um lögin ef þeir fá ekki að sjá frv. og láta álit sitt í ljós um það. Ég vil því skora á hæstv. forseta þessarar deildar að brýna fyrir formanni virðulegrar nefndar að svo verði gert.

Guðni Ágústsson:

Herra forseti. Enn er á dagskrá frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, 194. mál, frh. 2. umr. Hér liggja fyrir nál. bæði frá meiri hl. og minni hl. félmn. þessarar hv. deildar. Meiri hl. leggur til að

þetta frv. verði samþykkt, en minni hl. að frv. verði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar.

Ég stíg í ræðustól Alþingis í dag til að vara Alþingi við þessu frv. og lýsi því yfir að í mínum huga eru miklar efasemdir um að með samþykkt frv. séum við að ganga götuna til góðs. Ég tek undir mörg þau varnaðarorð sem minni hl. tekur fram í nál. sínu. Ég hef á undanförnum dögum rætt við marga sveitarstjórnarmenn og hafa þeir flestir lýst þungum áhyggjum vegna frv. og ekki síst hversu málið eins og það liggur fyrir hv. Alþingi hefur verið lítið kynnt eða rætt í þjóðfélaginu.

Ég er þeirrar skoðunar að nál. meiri hl. félmn. sé gert með það í huga að ryðja málinu í gegnum Alþingi. Nefndin telur upp hóp manna sem komu á fund nefndarinnar. Mér finnst eins og það sé látið liggja að því að allir hafi verið einhuga. Eins og segir í nál. eftir að mikilli nafnaupptalningu lýkur, með leyfi forseta:

„Eins og sjá má af þessari upptalningu taldi nefndin nauðsynlegt að reyna að fá sem gleggsta mynd af viðhorfum aðila til þessa frv. sem hér er til afgreiðslu, enda þótt ljóst sé að á svo skömmum tíma, sem málið er til meðferðar á Alþingi, sé ekki hægt að senda frv. til ýmissa aðila sem sjálfsagt hefðu haft áhuga á að setja fram álit sitt á málinu. En segja má að í þessum viðræðum við framangreinda aðila hafi sjónarmið um flest meginatriði frv. komið fram."

Það segir í rauninni ekkert um hvað allir þessir menn sögðu, hvert var þeirra álit. Enn fremur er ljóst að til allt of fárra var leitað, til allt of fárra af þeirri stærð sveitarfélaga sem stærstur hluti sveitarfélaga er þó í eða hinna litlu sveitarfélaga. Enn fremur stangast þetta álit á við það sem kemur fram í áliti minni hl., en þar segir:

„Af þeim takmarkaða hópi, sem nefndin kvaddi á sinn fund, voru flestir andvígir þeim breytingum sem í frv. felast eða töldu að vinna þyrfti málið betur áður en ákvarðanir yrðu teknar af hálfu löggjafans."

Annar aðilinn lætur hvergi liggja að ágreiningi. Minni hl. segir þá ósatt ef hann getur fullyrt í áliti sínu að stærstur hluti þeirra manna og það allir sem á fundinn komu teldu málið illa undirbúið.

Þetta og margt fleira staðfestir það sem ég hef heyrt og orðið var við úti í þjóðfélaginu nú á síðustu dögum. Ég spyr bæði meiri hl. og minni hl.: Hvaða sjónarmið komu fram? Voru allir sammála um ágæti þessa ætlunarverks? Minni hl. segir svo ekki vera. Var þessi hópur nógu breiður og frá nógu fjölbreyttum sveitarfélögum eins og ég hef hér minnst á?

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni frv. sem á eftir að draga á eftir sér dilk verði það að lögum. Sjálfstæði er fagurt orð, en það hefur verið haft á tungu um áratugi að sveitarfélögin skuli fá aukið frelsi. Það hefur verið haft á tungu af hálfu þeirra manna. Menn taka sér stundum í munn orð sem þeir ekki meina og þegar þeir sjá meininguna var kannski hugsun þeirra með öðrum hætti en þar birtist. Auðvitað er það göfugt markmið að allir hafi frelsi og sjálfstæði. En það mega ekki vera orðin tóm. Það verður að tryggja að svo sé og þá með lýðræðislegum hætti. En eigi að síður benda allar aðgerðir ríkisvaldsins til hins gagnstæða, að ríkisvaldið sé í sjálfu sér ekki tilbúið að láta mönnum það frelsi og sjálfstæði eftir sem það hefur svo mjög á tungunni. Hver man ekki eftir því að um það leyti sem þetta mál var flutt hér á þinginu með orðum frelsis og sjálfstæðis sveitarfélaganna hafði það gerst nokkrum dögum áður að hæstv. félmrh. ákvarðaði útsvarsprósentu þessa árs ein og sjálf, 6,7% skyldi hún vera. Hvern varðaði um lýðkjörna sveitarstjórnarmenn þá stundina? Orð ráðherranna skulu gilda þrátt fyrir mótmæli sveitarstjórnarmanna. Og hvar var nú frjálsræðið og ákvörðunarrétturinn í þessu máli? Svo er og í fleirum.

Hér mega menn aldrei gleyma þeim sérstöku aðstæðum sem við Íslendingar búum við. Landið er stórt og þjóðin fámenn, hrepparnir og sveitarfélögin mjög misstór. Ég tel að hreppaskipulagið hafi hentað mjög vel sem frumeining og fyrsta þrep stjórnsýslunnar á Íslandi. Mér sýnist að ríkisvaldið og mjög margir þm. séu tilbúnir að rústa þetta skipulag og éti hver úr annars munni orðin um að hreppana verði að stækka til að búa til hagkvæmari einingar. Auðvitað sameinast einn og einn hreppur þar sem þannig háttar til. En ætla að þvinga slíkt í gegn án vilja fólksins er rangt.

Ég sé í gegnum núverandi sveitarstjórnarlög og þessa verkaskiptingu að slíkt er rauður þráður í hugsuninni og kröfugerð manna í embættismannageiranum og hinum stóru sveitarfélögum sem virðast nú orðið ráða öllu í Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Ég tel að fólk í hinum dreifðu byggðum landsins þurfi að halda fast í forn og ný réttindi sín. Það má ekki láta draga frá sér vald og stjórnsýslu. Með fækkun hreppa og hreppsnefnda verður landsbyggðin fátækari og færri menn munu þjálfast upp til að halda í og verja sitt vé. Lýðræðið verður flutt í dýrar byggingar borganna. Af hverju vill Alþingi færa umboðsvaldið fjær fólkinu? Hinum dreifðu hreppum er í dag stjórnað án mikils tilkostnaðar og hygg ég að á könnu sveitarstjórnar séu mörg verk unnin fyrir ríkið án kröfu um endurgreiðslu eða af þeim verkum leiði mikinn tilkostnað fyrir ríkið. Mér sýnist að með frv. séu völd færð frá Alþingi til embættismanna og að sveitarfélögin eigi allt sitt undir vilja embættismannanna á eftir. Enn fremur fái þau svo stór verkefni til að kljást við að allt framtak og félagslegur áhugi detti niður. Þó var tryggt að hægt var að vekja upp félagslegan áhuga í sambandi við íþróttalögin, í sambandi við lögin um Félagsheimilasjóð og mörg fleiri.

Ég er talsmaður þess að færa völd heim í héruðin, menn mega ekki skilja það svo að ég sé það ekki, og að menn í sýslum og heilum kjördæmum standi saman að nýju stjórnsýslustigi sem fari með ýmis sameiginleg mál hreppanna og hafi á hendi verkefni fyrir ríkið sem snertir viðkomandi svæði. Með

tilkomu þessa stjórnsýslustigs, sem ég hér nefni, mundi vera hægt að færa verkefni úr ráðuneytum og stofnunum í Reykjavík heim í héruðin.

Við skulum líta til sögunnar og minnast þess að lengi vel var landinu skipt í fjórðunga sem útkljáðu sín mál sjálfir. Einnig var hluta af framkvæmdarvaldinu skipt eftir fjórum ömtum með umtalsverðri heimastjórn. Árið 1903 voru ömtin lögð niður og komið á fót einu stjórnarráði í Reykjavík. Aðeins einn þm. greiddi atkvæði gegn lögum um Stjórnarráð Íslands og rökstuddi það þannig að afleiðingarnar yrðu þær að allt framkvæmdarvaldið færðist á einn stað og að sama skapi minnkuðu völd héraðanna. Þetta hefur gengið eftir. Enn skal á sömu brautina lagt. Enn hafa menn á Alþingi ekki haft kjark til að stíga ný og stór skref þar sem þó sannarlega frelsið og sjálfsákvörðunarrétturinn er færður heim með það í huga að samvinna hreppanna og sveitarfélaganna á hverju svæði sé mikil.

Mér finnst X. kafli frv. gott dæmi um miðstýringarhugsunina og sennilega sá kafli sem flest stærri sveitarfélögin kannski sættast á í frv. En þar segir, með leyfi forseta, um uppgjörsdeildina, það eru teknar þar upp tvær deildir, sérdeild og uppgjörsdeild: „Uppgjörsdeild skal á árunum 1988 til og með 1991 greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs er rætur eiga að rekja til framkvæmda til ársloka 1987 við félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili. Við mat á áföllnum skuldbindingum ríkissjóðs í þessu sambandi skal miða við reglur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í þessum framkvæmdum er giltu til ársloka 1987. Greiðslum úr uppgjörsdeild skal skipt af fjvn. milli þeirra sveitarfélaga og félagasamtaka sem hér um ræðir, að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis."

Þarna sjáum við það að menn bíta á þetta agn, að nú skuli gamlar skuldir greiddar og ríkið koma með sinn hluta af því sem það skuldar sveitarfélögunum. Og lái hver hinum stóru sveitarfélögum þó að þau bíti á þetta agn og séu fús til þess að fallast á málið.

Það er nú svo að auðvitað eru þær skuldir til skammar sem ríkissjóður skuldar sveitarfélögunum og hefur hann oft á tíðum haft í frammi augljós svik við sinn þátt. Því skulum við minnast þess að á þessum áratug fór hæstv. fjmrh. eða fjárveitingavaldið út á þær villigötur að ræna í ríkissjóð mörkuðum tekjustofnum sveitarfélaganna. Félagsheimilasjóður hefur ekki síst farið varhluta af þessu. Samkvæmt lögum skal hann fá 50% af álögðum skemmtanaskatti. Árin 1981–1986 hefur fjárveitingavaldið hirt 63,6 millj. kr. af tekjum hans og eru það um 56% af tekjunum umrætt ár. Vitanlega er þetta hrein óhæfa og fyrir bragðið hefur sjóðurinn ekki getað staðið í skilum. Öllum er þó kunnugt um að lengst gekk þetta kannski á þeim tíma sem hv. þm. Albert Guðmundsson var fjmrh. en þá hirti ríkið 77% af tekjum þessa sjóðs.

Lítum svo á sérdeild í X. kafla laganna. Þar segir að nú skuli stofna sérdeild sjóðsins og skal hún greiða framlög til jöfnunar á milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá ársbyrjun 1988. Greiðslur þessar skulu inntar af hendi samkvæmt reglugerð sem fjmrh. setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um nánari skilyrði fyrir greiðslum úr sérdeild sjóðsins. Þannig er nú lýðræðið að þarna á allt að vera komið undir vilja og gjörðum félmrh. Hann skal hafa valdið og í rauninni eiga sveitarstjórnarmenn að krjúpa fyrir þeim ráðherra í framtíðinni. Ekki hrífst ég því af þessu ætlunarverki.

Lítum á frv. örlítið í viðbót og sjáum II. kaflann. Hann snýst um íþróttalögin. Mér sýnist að íþróttalögin frá 1940 verði eyðilögð ef þetta gengur í gildi. Hvað segir um íþróttamannvirkin? Öll fyrirgreiðsla um sérfræðilega aðstoð við undirbúning íþróttamannvirkja er aflögð í frv. Ég er sannfærður um að einmitt þetta ákvæði gömlu laganna sem nú eru í gildi hefur skapað skipulag. Þangað sóttu menn ráð og náðu þess vegna að standa að skynsamlegri uppbyggingu íþróttamannvirkja um allt land.

Það er sagt að opinber stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja skuli vera í verkahring sveitarfélaga. Enn fremur segir: „Alþingi veitir þó árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður ... Íþróttanefnd gerir tillögur til fjvn. um skiptingu fjárins."

Þetta sýnist mér alleinkennilegt ákvæði í frv. og til þess að flækja málið.

Ég er sannfærður um að það þarf að skoða marga kafla þessa frv. miklu betur, ekki síst II., III. og IV. kaflann, og ég segi fyrir mig að sem einn af þm. Framsfl. get ég ekki staðið að afgreiðslu frv. eins og það liggur hér fyrir hv. deild. Ég tel að íþróttamannvirkin á landsbyggðinni og félagsheimilin og þau ákvæði laganna um hvernig þau voru byggð upp með þátttöku ríkisins og hugsjón heima fyrir — ég hygg t.d. að það hefði ekki gengið vel hjá hv. nefndarmanni í meiri hl. félmn., Eggert Haukdal, að byggja glæsilegt félagsheimili í sinni sveit ef þessi lög hefðu verið aflögð fyrir 10–15 árum en hann gat með því að benda á að ríkið tæki 40% þátt í byggingarkostnaði hvatt menn til dáða í sinni sveit, þannig vakið upp afl og djörfung í mönnum til að standa að því að byggja merkilegt félagsheimili. Þetta félagsheimili hans og öll önnur hafa einmitt í gegnum tíðina flutt heim í byggðirnar menningu. Félagsheimilin hafa gert það að verkum að það hefur verið vakinn í fólkinu nýr kraftur, hvort það var söngur, leiklist eða framganga á sviði fyrir framan fólk, hvort það var í ræðustól, í félagsstarfi, þannig hafa félagsheimilin verið einn af stærstu skólum þessa lands allt frá því að Framsfl. hrinti þessum lögum í framkvæmd og stóð um áratugi að af svo miklum myndarskap og fylgdi því fast eftir að Alþingi stæði við sinn hluta. Og ég hygg að það sé nú svo að þó að margir agnúist út í félagsheimilin séu þau flestöll notuð frá morgni til kvölds í félagslegu starfi. Svo er og með íþróttahúsin á landsbyggðinni.

Þess vegna segi ég sem landsbyggðarmaður: Ég

tek ekki þá áhættu að varpa þessu ágæta kerfi fyrir róða og stend ekki að því. Ég tel því að hiklaust megi taka undir margt í áliti minni hl. félmn. Með leyfi forseta lít ég á nokkrar þeirra athugasemda sem ég vil sérstaklega taka undir og hef kannski þegar gert í ræðu minni. Ég tel að frv. fjalli um hluta af þeim mörgu viðfangsefnum sem tillögur hafa komið fram um að breyta í núverandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér liggur því ekki fyrir nein heildarstefnumörkun í þessum málum. Ég tel að það þurfi að gera heildarstefnumörkun, miklu, miklu víðtækari en hér og í núverandi sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir. Ég teldi það göfugt verkefni þessa löggjafarþings að sinna þeirri stefnumörkun það sem eftir er vetrar.

Eins vil ég taka undir það að ekki hafa verið kynntar reglur eða drög að reglugerð varðandi fjárframlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins og mismunandi kostnaðar í kjölfar breyttrar verkaskiptingar.

Frv. hefur ekki verið sent til kynningar eða umsagnar sveitarstjórna eða annarra aðila og álit þeirra liggja því ekki fyrir. Ég er hræddur um að Halldór minn Ásgrímsson hefði fengið á baukinn ef hann hefði komið með kvótann sinn svo illa undirbúinn inn í þessa deild. (Gripið fram í.) Og var þann þó ásakaður oft á tíðum. (Gripið fram í.) En hann var þó búinn að fara með sitt mikla kvótamál í gegnum alla helstu hagsmunaaðila sem snerta sjávarútveginn, ræða við verkalýðshreyfinguna og kalla hana inn í málið o.s.frv. Hann leyfði, sem sjálfsagt var, stjórnarandstöðunni að taka þátt í störfum nefndar um það mál.

En hvað hefur gerst í þessu? Þetta mál hefur ekki farið til umsagnar til einnar einustu sveitarstjórnar, hvorki stórra eða smárra. Menn hafa á hátíðlegum samkundum sveitarfélaganna verið að ályktа. Hvað segja menn ekki þegar stutt er í kokkteilinn? Þá skal flýta sér og þá eru menn tilbúnir til þess að segja já og hefja veisluglauminn. En mér heyrist að menn séu þegar vaknaðir með timburmenn víða um land, að þeir hafi ekki akkúrat meint það sem hinir vakandi embættismenn, sem að þessu máli hafa komið, hafa fest á blað og Alþingi ætlar hiklaust að láta ganga fram.

Og það er fleira. Kannski er eitt það stærsta í mínum huga að þeir sem kannski fyrst og fremst hafa komið nálægt þessu máli, það eru menn hér rétt á bláhorni Suðvesturlandsins, fyrst og fremst embættismenn og nokkrir menn sem reka hér sveitarfélög þar sem íbúar skipta tugum þúsunda, þannig að ég teldi nú að við skyldum líta til okkar smæstu bræðra. Hvað segja þeir á Vestfjörðum? Hvað segja þeir á Vesturlandi? Þeir eru kannski hugfangnir af þeirri skýrslu sem hefur birst um að þeir verði að eilífu ríkir ef þetta fer í gegn. Eins og menn hafa sjálfsagt séð þá hefur það verið reiknað út að staða sveitarfélaganna muni batna og Vesturland sérstaklega tekið þar inn í. En ég er sannfærður um að það er stundargróði sem verið er að tala um. Ég hygg að við mundum fljótlega standa með í höndunum mikil vandamál og mikla óánægju út af þessu frv. ef við hristum það hér í gegn á svo skömmum tíma.

Ágætu þm. Ég hef ekki ætlað mér að leggjast í mjög löng ræðuhöld um þetta mál. Ég vil alla vega trúa því að Framsfl. taki þetta mál til skoðunar og að það verði rætt þar af mikilli hreinskilni. Ég hef þegar í höndunum af öllum hans helstu þingum á sl. hausti áskoranir til Alþingis um að verja íþróttasjóðinn, að verja félagsheimilasjóðinn, og aðvaranir um þetta mál sem hér er, enda skil ég það vel þar sem foringjar Framsfl. í gegnum tíðina eiga svo mikinn þátt í því hversu myndarleg félagsheimili og íþróttamannvirki eru nú um land allt.

Ég vænti þess að að lokinni þessari umræðu komist félmn. að þeirri niðurstöðu að vænlegast sé að vísa þessu máli á ný heim til ríkisstjórnarinnar til þess að það verði skoðað af meiri þekkingu, meiri breidd í þjóðfélaginu. Ég trúi því ekki að menn ætli á þessari viku að ryðja þessu máli í gegn. Við vitum að það kom fram í önn daganna í byrjun desember, mig minnir 7. des. eða svo, þannig að tíminn er stuttur. Ég mundi leggja það til að þessu máli yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar og menn verði ekki sprengdir í löngum umræðum um svo illa undirbúið mál sem mér sýnist þetta vera.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þóttist vita það þegar mér barst í hendur bréf Jóns Tómassonar borgarritara að það væri eitthvað athugavert við undirbúning frv. því að ég hef haft talsverð kynni af Jóni í gegnum mitt fyrra starf og tel hann alveg einstaklega vandaðan embættismann. En við að hlusta á samþm. mína gengur alveg fram af mér hvernig þetta frv. virðist unnið og það getur náttúrlega alls ekki gengið að ætla að keyra það hér í gegnum þingið án þess að senda það til umsagnar þeim sem það varðar mestu. Þess vegna tek ég eindregið undir álit minni hl. að þessu frv. sé vísað aftur til stjórnarinnar og það sé undirbúið betur og unnið betur.

Það eru sérstaklega tvö mál í frv. sem ég var búin að hugsa mér að minnast á. Annars vegar eru það tónlistarskólarnir. Ég veit að vísu að það er búið að fresta því að taka þá út úr, en það er bara frestun. Ég vil endilega að það sé gengið þannig frá að tónlistarskólarnir haldi áfram að vera á ábyrgð ríkisins. Smá sveitarfélög hafa mörgu að sinna. Þau verða að sinna ýmsum verklegum framkvæmdum, það er óhjákvæmilegt, og þau hafa oft litlu úr að spila og það þarf ekkert að segja mér það að ef svona mál eins og tónlistarskólar heyra undir sveitarfélögin sitja þau á hakanum.

Það hefur lengi verið mitt áhugamál að tónlist væri skyldufag í grunnskóla. Ég er viss um að það eru mörg skyldufög sem eru óþarfari en tónlistin. Það vita það nærri því allir hversu gefandi það er að hlusta á músík, taka þátt í músík, þó að maður hafi enga sérstaka kunnáttu. Söngurinn og músíkin sameinar fólk jafnvel frekar en nokkuð annað og ég

mundi eindregið, þó að ég sé ekki með neina brtt. um það núna, vilja fá til liðs við mig einhverja hér um það að í framtíðinni væri hugað betur að tónlistinni og hún væri gerð að skyldunámi í skólum landsins.

Annað sem ég vildi minnast á eru söfnin og reyndar varðveisla gamalla húsa þó að það geti gengið út í öfgar, en söfnin alveg sérstaklega. Tíminn hefur breyst svo ört að þau sem eru börn núna botna eiginlega ekkert í bernskuheimi okkar sem eru á mínum aldri og reyndar töluvert yngri. En að fara með börn og unglinga um söfn og skýra þeim frá í nálægð hlutanna, það er allt annað. Ég veit varla neitt sem mér finnst ánægjulegra en fara með börn og unglinga um söfnin og sýna þeim og segja þeim frá.

Almenningur hefur sýnt þessu aukinn áhuga. Ég hef reynt í mínum sumarfríum að fara nokkuð um landið og það er mjög víða sem eru komin myndarleg söfn. Sums staðar eru safnverðir ákaflega miklir fræðaþulir og segja manni vel til og það er áberandi hvað fólkið í byggðarlögunum sýnir þessum söfnum mikinn áhuga, gefur í þau gamla ættargripi og virðist hlúa að þeim á allan hátt. Það verður alveg sama sagan með söfnin og tónlistarskólana. Ef ríkið dregur að sér hendina drabbast þetta niður. Ég get bara ekki séð hvernig þeim dettur það í hug því að sögu okkar verðum við þó alla vega að varðveita og hún er ekki betur varðveitt í öðru.

Mér sýnist það augljóst eftir þær umræður sem hér hafa farið fram að frv. er ákaflega illa undirbúið og við getum ekki leyft okkur þau vinnubrögð hér á Alþingi að keyra það hérna í gegn. Hér hefur komið fram rödd stjórnarþm. sem ég hlustaði á af mikilli athygli og þótti satt að segja mjög vænt um að heyra. Menn verða að taka afstöðu í þessu máli eftir því hvað er landshagur. Það er ómögulegt að gera út um mál sem snertir jafnmarga jafnmikið og þetta með einhverju meirihlutavaldi eða einhverri valdníðslu, vil ég segja. Við skulum skoða þetta mál betur, vísa því aftur og láta vinna það betur.

Ég ætla ekki að taka orð frá fleirum sem ég geri ráð fyrir að vilji eitthvað segja í þessu máli.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í dag vegna þess að á föstudaginn hafði mér borist dagskrá þessa fundar með öðrum málum á dagskrá en endanlega voru sett á dagskrána í dag og þar af leiðandi hafði ég ekki undirbúið mig eins og skyldi, eins og ég hafði hugsað mér að gera fyrir þetta dagskrármál.

Ástæðan fyrir því að ég kem í ræðustól er einfaldlega sú að hv. 5. þm. Suðurl. var með vindhögg undir belti vegna þess að hann staðhæfði að framlög til íþróttamála í minni tíð sem fjmrh. hafi verið skorin niður eða gengið eitthvað til baka. Ég vil bera þetta eindregið til baka vegna þess að framlög til íþróttamála voru meira en tvöfölduð í þann stutta tíma sem ég sat sem ráðherra í fjmrn. Þar að auki voru framlög til Íþróttakennaraskólans og íþróttamannvirkjanna á Laugarvatni, sem má segja að sé eins konar útungarvél fyrir íþrótta- eða menningarstarf í öllum skólum landsins, meira en tvöfölduð. Það var áformað að skera niður framlag til byggingarinnar til hálfs, en framlög í minni tíð til Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni nægðu til þess að mannvirkið var steypt upp í einum áfanga og klárað í einum áfanga. Ég veit ekki annað en að það sé enn óbreytt sú áætlun svo ég ber til baka lágkúruleg ummæli viðkomandi þm. Ég hef þegar óskað eftir því að hann kynni sér málin betur og komi hér upp í ræðustól og leiðrétti.

Varðandi sjálft frv. sem er til umræðu sé ég ekki ástæðu til að eyða tíma þingsins. Það er best að láta stjórnarliða ræða og verja sitt eigið frv. því að þeir þurfa að verja það hver gagnvart öðrum. Svo vitlaust er það að það hlýtur að fara til baka til ríkisstjórnarinnar og koma endurskoðað þaðan.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er margt athyglisvert við þetta mál. Það er athyglisvert að fáir þm. stjórnarliðsins sitja þennan fund. Lengst af hafa tveir varaþm. flokksins setið hér og hv. þm. Eggert Haukdal hefur verið hér annað slagið og svo hefur formaður félmn., hv. 1. þm. Vesturl., verið hér ásamt forseta deildarinnar. Upptalið, yfirleitt upptalið.

Ég er dálítið undrandi á ræðu hv. 5. þm. Suðurl. vegna þess að hann var að finna að vinnubrögðunum sem viðhöfð væru í deildinni varðandi þetta mál. Ég sé ekki betur en að þetta séu alveg nákvæmlega sömu vinnubrögð og hafa viðgengist á undanförnum dögum. Eru þm. stjórnarliðsins að átta sig núna fyrst á þessum vinnubrögðum og eru þeir núna fyrst hissa? Við erum, a.m.k. margir af þeim sem hafa verið að gagnrýna þessi vinnubrögð á undanförnum dögum og vikum, ekki lengur hissa. Ég fyrir mitt leyti væri mikið meira hissa ef þeir færu að vinna að þessum málum eins og var gert og hefur verið fram að þessum tíma. Þá yrði ég undrandi, þ.e. þá sæist það að þeim er ekki alveg alls varnað.

Það er margt sem hlýtur að verða umhugsunarvert fyrir þm. utan af landi þegar maður lítur á þetta frv. og þegar maður hefur það í huga að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga hefur lýst sig andsnúinn frv. í mörgum tilvikum. Og þegar maður talar við sveitarstjórnarmenn utan af landi, þá sem eru náttúrlega dyggastir stuðningsmenn stjórnarinnar, segja þeir: Ja, það kannski þýðir ekki annað en að stökkva. Þegar maður fer að tala við þá betur kemur í ljós að þeir vita ekkert út í hvað þeir eru þá að stökkva, hafa ekki hugmynd um hvernig þetta verkar. Þetta sé allt annað en hafi verið kynnt fyrir þeim á undanförnum árum. Þetta hafi ekki átt að vera svona. En á þessu er ég ekkert hissa.

Hér hafa verið afgreidd lög á hv. Alþingi þar sem kemur strax í ljós það sem við sögðum. Einu mennirnir sem eru ánægðir með t.d. söluskattinn, matarskattinn, eru kaupmennirnir, vinnumennirnir.

Hvers vegna? Ég ætla ekkert að fara að lýsa því. Ég geri ráð fyrir að flestir hv. þm. geri sér það ljóst hvers vegna það er. En þannig er málum komið. Það sem stjórnarliðið sagði í sambandi við söluskattinn er farið að sýna sig að það var — bara bull. Ég bið forláts að nefna þetta hér í ræðustóli, en það hefur reynst það, bara bull. Þeir vissu ekkert hvað þeir voru að gera. Það væri dálítið merkilegt ef þeir vissu hvað þeir væru að gera í þessu máli. Svo kemur hv. 5. þm. Suðurl. hér upp og er alveg undrandi á þessu.

Svo taka aðrir hv. stjórnarliðar ákvörðun um að sitja ekki þennan fund. Ætli það sé fyrir það að þeir treysti sér ekki til þess að hlusta á stjórnarandstöðuna? (Gripið fram í.) Gæti það verið? Ég verð að segja það að ég hálfvorkenni fyrrv. félmrh. að tala fyrir þessu frv. eins og það er, bara vorkenni honum, eftir það sem á undan er gengið, vegna þess að þetta er ekki það sem hann ætlaði að gera. En hann lætur samt hafa sig í það að tala fyrir þessu frv., fyrir nál. meiri hl. við þessa umræðu.

Það gerist margt hér á hæstv. Alþingi þessa dagana. Hv. þm. Eggert Haukdal, eða man ég það ekki rétt, skrifaði undir þetta nál. án fyrirvara. Og ég vil ekki trúa því að hann hafi gert það með ljúfu geði, *ég trúi því ekki. En þetta er kannski allt í lagi.*

Ég held að mörgum af kjósendum stjórnarflokkanna sé nú loks að ofbjóða og að það eigi eftir að koma í ljós á næstu vikum, ekki síst þegar menn vakna upp við það hvernig þetta verkar allt saman, matarskatturinn, tollabreytingin, vörugjaldið og svo það mál sem við erum að fjalla um, að ógleymdum húsnæðismálunum.

Það eru auðvitað mörg fordæmi fyrir því að frv. sem eru á sömu lund og frv. sem hér liggur fyrir, sem sagt bandormur, hafi verið lögð fram á Alþingi. Ég man eftir að það hefur verið gert nokkuð oft. Hins vegar eru þessi vinnubrögð ekki til fyrirmyndar, langt í frá. Og það er ekki heldur til fyrirmyndar, sem hefur verið gert á undanförnum árum, að breyta ekki lögum þar sem er ákveðið að ríkið eigi að leggja fram fjárframlög heldur bara setja það í lánsfjárlög að þrátt fyrir lögin skuli þessi og þessi greiðsla *falla niður. Þetta er ekki til fyrirmyndar.* Ein afsökunin sem hæstv. ríkisstjórn hefur er að þetta hefur viðgengist. En þá er mál til komið að þessum lögum sé breytt ef meiri hlutinn á hv. Alþingi er þess sinnis að það eigi að hætta þessum framlögum. Mörg þessi framlög eru nú samt þannig að ég held að það hljóti að vera umhugsunarvert fyrir marga hv. þm., meira að segja þá sem styðja hæstv. ríkisstjórn, að æskilegt sé að vinna eins og er gert nú og við fáum sjálfsagt það frv. fyrir þingdeildina á næstu dögum.

Í sambandi við t.d. málefni fatlaðra, og í sambandi við breytingu á íþróttalögunum, hlýtur það sem er verið að breyta í þessum bandormi að verða a.m.k. landsbyggðarþm. umhugsunarefni hvernig það kemur út á næstu árum, hjá þeim sveitarfélögum sem hafa dregist aftur úr, þeim sem eiga eftir að byggja og framkvæma, hvernig það verður gert. Þó að í 10. gr. segi að það eigi að koma þar eitthvað til móts við þá sem þannig stendur á fyrir höfum við sem erum búnir að vera nokkur ár á þingi reynslu fyrir því að það er nú annað sem hefur verið sagt og hitt hvað staðið er við. Þegar slík breyting er orðin sem í þessum bandormi felst er litlu að treysta í því efni.

Eins og hefur komið fram t.d. með tónlistarskólana. Það er alveg furðuleg hugmynd að það eigi að gilda eitthvað annað með þessa skóla en um annað nám í þjóðfélaginu. Eru embættismenn sem finna þetta upp farnir að stjórna hv. Alþingi eða hverjir eru það? Ég fyrir mitt leyti geri ekkert með svona tillögur, að þær skuli koma inn á þing, sem hefur ekki verið fjallað um nógu vel úti í þjóðfélaginu, og flestir þeir sem hafa látið í sér heyra mótmæla því. Það eru einhverjir embættismenn sem eru fengnir til að semja frv. og svo má eiginlega engu breyta. Þó að hæstv. ríkisstjórn hafi frestað þessu stendur þetta samt óbreytt. En hv. alþm. sem styðja ríkisstjórnina láta bjóða sér allt, hversu fráleitt sem það er.

Nei, það þýðir lítið að ræða þessi mál hér. Menn hlusta fyrst og fremst á það sem eru á móti þessum *breytingum. Hinir láta ekki sjá sig. Þeir treysta sér* ekki til að ræða um þessi málefni. Þeir eru bara afgreiðsluaðili. Þeir eru bara atkvæði þegar kemur til atkvæðagreiðslu í hv. Alþingi. Þessi mál eru gerð upp í þingflokkunum og þó að menn „ströggli" þar eitthvað eru þeir tregir til að flytja mál sitt hér í hv. deild, e.t.v. í áheyrn alþjóðar. En við vitum nokkuð hvernig fjölmiðlarnir eru. Þeir birta ekki nema sumt af því sem fram kemur hér og fyrst og fremst það sem ríkisstjórninni og stuðningsflokkum hennar er þóknanlegt. Það er sannleikurinn. Við það búum við.

Það er sagt í ákvæði til bráðabirgða að á þessu ári, 1988, eigi að verja allt að 100 millj. kr. til greiðslu til sérdeildar Jöfnunarsjóðs. Ég sé að hæstv. félmrh. telur sig ekkert þurfa að vera hér til að hlusta á þessa umræðu eða taka þátt í henni. Ég neyðist því til að varpa spurningu til frsm. meiri hl. félmn., hv. 1. þm. Vesturl.: *Er vitað hve stóra upphæð þarf til að* standa undir greiðslum sem uppgjörsdeild ætti að hafa til að greiða það sem ætlast er til? Eru það 100 millj.? Er það minna eða er það e.t.v. miklu meira sem ég hef grun um? Ég treysti því að hv. þm. hafi gögn um það eða það hafi komið fram í nefnd þó að mér sé kunnugt um að það hafi ekki verið mikill tími miðað við önnur málefni sem var verið að ræða. Hv. þm. var í fjvn. og mjög þröngur tími frá öðrum störfum til að fjalla um þessi mál til hlítar. En það er í samræmi við þessa nýju starfshætti Alþingis að nefndir eiga að skrifa upp á frv. án þess að fjalla um þau að nokkru gagni.

Það hefur komið fram að uppgjörsdeildin eigi að fá einnig 100 millj. kr. Þessar fjárhæðir duga til að standa undir þessum greiðslum Jöfnunarsjóðs og uppgjörsdeildarinnar sem slíkrar. Því hefur verið haldið fram af hæstv. fjmrh. að það hafi komið

fjármagn og sé búið að gera ráðstafanir til að auka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir þeim breytingum sem frv. felur í sér. En það fer lítið fyrir því að hæstv. ráðherra eða aðrir ráðherrar eða stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar skýri frá því hvað er vangreitt miðað við gildandi lög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það hefur aðeins verið skilað hluta af því sem af honum hefur verið tekið á undanförnum árum. Þannig er nú það mál.

Ég gerði ráð fyrir, herra forseti, að það yrði annað mál í dag til umfjöllunar miðað við það sem var búið að segja og maður á kannski að vera farinn að vara sig á því að það stendur eiginlega aldrei út klukkutímann hvað á að taka fyrir næst. Það eru þessi nýju vinnubrögð, sem hér er búið að taka upp, að það virðist enginn vita neitt, hvorki um frv., hvernig þau verka eða hvað á að taka fyrir eða nokkurn skapaðan hlut um þinghaldið. Það eru þessir nýju tímar sem við lifum nú á, þessi nýju vinnubrögð á hv. Alþingi.

Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Það hlýtur að liggja ljóst fyrir öllum þeim sem hafa velt þessu máli fyrir sér að það væri mjög óeðlilegt ef frv. ætti að fara í gegn án þess að það yrði rætt meira og fengið sent til skoðunar hjá sveitarstjórnum í landinu vegna þess að fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem var tilnefndur sem þeirra fulltrúi í nefndina, getur ekki verið sammála hinum tveimur nefndarmönnunum um framgang þessa máls. Þar sem Samband ísl. sveitarfélaga er hinn aðilinn að þessu máli verður að líta svo á að hann hafi meira um þessi mál að segja og fyrir hv. Alþingi eigi það að ráða meira en álit hinna tveggja.

Ég vil svo að endingu ítreka að ég mun styðja að þessu máli sé vísað frá og hef gert grein fyrir því hvers vegna. Og á þá fáu þm. stjórnarflokkanna, sem hér eru, skora ég að ræða þetta í sínum þingflokkum af því að nóg er nú komið af málum sem hafa verið afgreidd hér sem almenningur mun ekki vera hrifinn af þó að það sé ekki verið að bæta þessu ofan á annað.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Það er ljóst að ef ætti að fara út í efnislegar umræðu um málið duga ekki þær fimm mínútur sem eru eftir af fundartíma og þess vegna mun ég geyma mér hluta af því sem ég hefði viljað segja um þessi mál. En ég vil aðeins í upphafi segja að mér finnst dálítið furðuleg staða í umræðum um þetta mikilvæga stjfrv. og ég bendi á það og rifja það upp, ef þeir hv. þm. sem hér eru viðstaddir hafa ekki verið við 1. umr. málsins, að það er stjfrv. sem hér er um að ræða og það er sjálfur hæstv. forsrh. sem er aðalflm. þessa máls og einnig annað sérkennilegt, að það er hæstv. félmrh. sem einnig er flm. þessa máls og báðir þessir hæstv. ráðherrar tóku til máls við 1. umr. málsins og reifuðu rök fyrir því að flytja þetta frv. á hv. Alþingi.

Það sem er sérkennilegt við þetta að mínu mati er að hvorugur hæstv. ráðherra hefur séð ástæðu til að vera viðstaddur þær umræður sem hér hafa farið fram og þannig ekki gert tilraun til að koma til móts við andmælendur frv. um að skýra það sem þar þarf að koma fram. Ég verð að segja það einnig gagnvart hv. stjórnarandstöðu og þeim sem andmæla þessu frv. að það er dálítið sérkennilegt við þetta mál, þegar maður lítur til annarra mála sem hafa verið til umræðu á undanförnum vikum, að enginn hv. stjórnarandstæðingur hefur krafist þess að hæstv. ráðherrar væru hér til að svara fyrir frv. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram í upphafi vegna þess að mér finnst þetta sérkennilegt og það lýsir e.t.v. því að málið sé ekki nægjanlega vel undirbúið eins og fram hefur komið.

Ég vil rifja það upp að við 1. umr. málsins á hv. þingi gagnrýndi ég það sérstaklega, ég geri ráð fyrir að einhverjir hv. þm. viti það, að frv. sjálft skyldi ekki hafa fengið nægilega skoðun hjá fulltrúum sveitarfélaga miðað við það sem áður hafði skeð í sambandi við þessi mál.

Þá vil ég koma að því áður en ég lýk hér þessum hluta ræðu minnar að þetta mál, verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, er búið að vera í meðferð meðal þjóðarinnar og meðal sveitarstjórnarmanna í áratugi og það hafa aldrei á seinni stigum þessa máls komið fram andmæli frá sveitarstjórnarmönnum á Íslandi við það að fara inn á þessa braut. Og ég þori að fullyrða að það hefur ekkert mál fengið stjórnarfarslega eins mikla kynningu og áform um að taka upp nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hver einasta sveitarstjórn á Íslandi hefur haft þetta mál sérstaklega með höndum á sl. ári til að kynna sér þær hugmyndir sem þar voru uppi. Ég sem fyrrv. félmrh. get sagt að ég lagði þær línur að það yrði farið að taka í alvöru á þessum málum. Hins vegar raðaði ég aldrei upp þeim verkefnum hvað ætti að vera í forgangi eða í fyrsta áfanga o.s.frv. og frábið mér að verja það atriði.

Ég vil láta það koma fram að við erum búin að fjalla um þetta í félmn. Nd. og við tókum inn þar alla þá aðila sem við vildum láta skýra sín mál. Það voru ýmsir aðilar sem við vissum um að sveitarstjórnarmenn voru sammála og allir fulltrúar sveitarstjórna, sem komu á fund nefndarinnar, voru sammála um að þetta væri mál sem væri rétt að staðið og væri 1. áfangi þessarar verkaskiptingar. (**HG:** Er það nú rétt?) Allir fulltrúar sem komu sögðust hafa umboð sveitarfélaganna til að ræða þetta mál og eins og hv. þm. vita hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga umboð sveitarstjórnarmanna í landinu til að fara með æðstu stjórn þessara mála. Það er landsþingið sem er æðsta vald sveitarfélaga og fyrst fjallar um þessi mál, síðan fulltrúaráð sveitarfélaga og loks er það stjórn sambandsins sem framkvæmir þær samþykktir sem þessi aðalþing sveitarfélaga í landinu móta og samþykkja. Þannig lýstu þeir yfir því, fulltrúar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem komu á fund nefndarinnar, að þeir hefðu þetta umboð. Nú er ég ekkert að tala sérstaklega um þetta vegna þess að þetta vita allir sem nálægt sveitar-

stjórnarmálum koma. (**HG:** Ætli það sé skriflegt, umboðið?) Ég þarf ekki að ræða þetta við hv. 2. þm. Austurl. Þetta á hann að vita. Þetta vita allir, sem hafa komið nálægt sveitarstjórnarmálum, að er gangur mála.

Ég vil aðeins segja að það er ekki rétt, sem hér hefur komið fram, að upplýsingar um það sem fyrirhugað er að færa til, fjárhagslegar upplýsingar, liggi ekki fyrir. Þær komu fram í 1. umr., þær komu fram með framsögu nál. og ég get rifjað það upp fyrir hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að þessar upphæðir eru tæpar 450 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í meðferð fjárlaga að mundu fara í uppgjörssjóð í sambandi við þessi verkefni. Þau eru flokkuð þannig að það er Íþróttasjóður. Þar eru sveitarfélögin með 74,3 millj., íþróttafélögin með 111,7 millj. eða samtals 186,1 millj. Félagsheimilasjóður er með 65 millj. og dagvistunarheimili 170,8 millj. Síðan eru tæpar 30 millj. sem skiptast yfir á hina ýmsu aðra liði. Gert er ráð fyrir að skuldastaðan 31. des. 1987 sé gerð upp með fjögurra ára tilfærslu eins og þarna hefur komið fram í frv..

Ég get sagt það einnig að okkur var ljóst í nefndinni að menn voru ekki sammála um þau verkefni sem tiltekin voru af hæstv. ríkisstjórn og ég lét það koma fram bæði við 1. umr. og eins í 2. umr. að ég væri andvígur því að fella niður Íþróttasjóð og við mundum gera það sem í okkar valdi stæði til að lagfæra að það kæmi ekki fyrir það slys að afnema Íþróttasjóð.

Um tónlistarfræðsluna. Við vorum einnig sammála um að það væri ekki tímabært að taka það mál til meðferðar eins og ætlunin var og þess vegna var því frestað til 1. sept. 1989 til þess að tóm gæfist til að gaumgæfa það mál og taka það til athugunar í sambandi við frekari verkaskiptingu, þ.e. í sambandi við grunnskólana.

Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta að þessu sinni. Ég mun koma aftur og rökræða nokkur atriði sem hefur m.a. verið spurt um. En ég vil endurtaka að við megum ekki hafa vantrú á því að sveitarfélögin ráði við aukin verkefni. Ég veit að allir hv. þm. eru mér sammála um að það á að auka verkefni til sveitarfélaga og gera skýrari skiptingu á þessum málum. Sveitarfélögin eru fær um að fara með þessi mál.

En vegna þess sem fram hefur komið í sambandi við álit Jóns G. Tómassonar borgarritara þótti okkar sjálfsagt í félmn. að taka málið til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. til að ræða það nánar og skoða bæði þessar athugasemdir og aðrar sem fram hafa komið. Ég mun beita mér fyrir því að svo verði þannig að tóm gefist til að skoða þetta mál miklu betur.

Forseti (Óli Þ. Guðbjartsson):

Vegna orða hv. þm., sem komu fram í upphafi ræðu hans, um viðveru beggja hæstv. ráðherra er svo tækninni fyrir að þakka að nú sést það á forsetaborði hverjir eru í húsinu. Þar kemur fram að báðir þessir hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., eru í þessu húsi og hafa þar af leiðandi haft aðstöðu til að fylgjast með þessari umræðu ef þeir hafa kosið svo. (**GHelg:** Forseti. Er einhver hv. þm. stjórnarinnar, sem styður frv., í húsinu?) Samkvæmt því sem hér kemur fram eru 24 stjórnarliðar og 14 stjórnarandstæðingar í húsinu þannig að ég geri ráð fyrir því. (**GHelg:** Það finnst mér ekki gefa miklar upplýsingar um stuðning við frv.) Nei, það kemur ekki fram á þessari töflu heldur.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

51. fundur, þriðjudaginn 12. jan., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið út af dagskrá.

NEÐRI DEILD

52. fundur, þriðjudaginn 12. jan., að loknum 51. fundi.

Lánsfjárlög 1988, 2. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 393, n. 499 og 501, brtt. 500, 502, 503, 508, 509.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓÞG, PP, SJS, KrP, ÞP, AG, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, GeirG, GHH, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, HJ, IBA, JBH, JSS, KJóh, KE, KH, MB, MálmS, JK.

14 þm. (ÓÞÞ, PJ, RA, RH, SighB, SV, StH, ÞÞ, AðB, FrS, GB, JóhS, JónS, MÁM) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nefndin athugaði þetta frv. ítarlega, fékk til fundar við sig Gunnar Hall hagsýslustjóra, Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson og Ingva Kristinsson frá Seðlabankanum, Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Gunnlaug Sigmundsson og Jafet Ólafsson frá Þróunarfélagi Íslands, Hermann Guðjónsson vita- og hafnarmálastjóra, Katrínu Atladóttur, Hilmar Þórisson og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Leif Jóhannesson frá Stofnlánadeild, Birgi Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Magnús

E. Guðjónsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlitsins, Stefán Pálsson, formann Sambands viðskiptabanka, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgrn.

Það varð ekki einhugur í nefndinni. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á þskj. 502.

Heildarlántökur innan lands og erlendis hækka samkvæmt því um 1165 millj. kr. Þar af eru innlendar lántökur um 60 millj. kr. og erlendar 1105 millj. kr. Ráðgert er að allar þessar lántökur fari um ríkissjóð, en í raun eru þær allar tengdar milligöngu ríkissjóðs um lánsfé til fyrirtækja. Samkvæmt tillögum meiri hl. nema lántökur því alls 21 milljarði 784 millj. kr. Þar af er miðað við að afla 12 milljarða 210 millj. kr. innan lands og 9574 millj. kr. með erlendum lántökum. Mun ég nú rekja í stuttu máli þessar breytingar.

Innlend lántaka ríkissjóðs hækkaði í meðförum Alþingis á fjárlögum um 60 millj. kr. og stafar sú hækkun af lánveitingu ríkissjóðs til RARIK á árinu 1988 vegna framkvæmda fyrirtækisins við línu niður á Krosssand.

Það er lagt til að lántökur ríkissjóðs hækki um 1105 millj. kr. Sú hækkun er vegna milligöngu ríkissjóðs um erlend lán til langs tíma fyrir RARIK og fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi. Þessi lán skiptast þannig að Rafmagnsveitur ríkisins fá 160 millj. kr., Sæberg á Ólafsfirði vegna breytinga á Mánaberginu í frystitogara 180 millj. kr. og fjögur raðsmíðaskip samtals 565 millj. kr. Öll þessi lán munu ganga til að greiða erlend skammtímalán sem hafa verið tekin og því munu þessar lántökur ekki auka erlendar skuldir þjóðarbúsins.

Þá hækkar lántökuheimild Byggðastofnunar um 200 millj. kr. Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Byggðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman.

Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til Kvikmyndasjóðs hækkað úr 40 millj. í 60 millj. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkað úr 1485 millj. kr. í 1533 millj. kr. Við þá afgreiðslu láðist að láta Jöfnunarsjóðinn njóta hlutdeildar í hækkun söluskattsinnheimtu við lokaáætlun fyrir árið 1988. Það var metið á 7 millj. kr. og er lagt til að framlagið hækki sem því nemur og verði 1540 millj.

Þá er Byggðastofnun heimilað samkvæmt þessu að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum.

Að lokum er að ósk Seðlabanka bætt inn í frv. heimild fyrir ríkissjóð til að gefa út og selja ríkisvíxla í tvíþættum tilgangi, þ.e. til að mæta endurgreiðslu ríkisvíxla og til að bæta stöðuna á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þessi heimild er hugsuð sem stjórntæki til að hamla gegn yfirdrætti í Seðlabanka og óhóflegri aukningu peningamagns í umferð.

Að lokum skal þess getið að taki frv. til laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, mál nr. 194, breytingum í meðförum Alþingis þarfnast 28. gr. lánsfjárlaga endurskoðunar.

Undir þetta rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Matthías Bjarnason og með fyrirvara Kjartan Jóhannsson og Guðmundur G. Þórarinsson.

Nefndin fjallaði um ýmsar fleiri hugmyndir að breytingum. Ekki varð samstaða um fleiri breytingar en þessar, ekki allsherjarsamstaða, hjá meiri hl., en brtt. á þskj. 503 er flutt af tveimur í meiri hl. Út af fyrir sig get ég ágætlega fellt mig við það orðalag sem þar stendur, en um það varð ekki allsherjarsamkomulag hjá meiri hl.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á auðum stólum hæstv. ráðherra hérna. Það er ekki eins og þeir líti á það sem hér er til umræðu sem neitt stórmál sem þeim komi mikið við og er nú að verða heldur leiðinlegur svipur á þátttöku þeirra í þinghaldi yfirleitt. Það liggur við að maður verði að hrósa hæstv. fjmrh. fyrir að vera yfirleitt í húsinu þegar þetta mál er á dagskrá. En ég mun ekki gera kröfur til þess að fjarstaddir ráðherrar verði kallaðir hér til. Ég get ekki ímyndað mér að það greiði neitt fyrir framgangi þessa máls. En afskaplega væri viðkunnanlegt ef hæstv. fjmrh. treysti sér til að vera í þingsalnum þegar þetta mál er til umræðu. Það voru bornar fram allmargar fsp. við 1. umr. og hugsanlegt að þær verði bornar fram aftur við þessa umræðu. Hann sá ekki ástæðu til að svara þeim eða kom sér ekki til að svara þeim í 1. umr. A.m.k. held ég að það hlyti að vera útlátalaust fyrir hann að vera viðstaddur.

Það bar svo við þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frv. til lánsfjárlaga í deildinni sl. fimmtudag að hann endaði ræðu sína á nokkuð einkennilegri bón til hv. þingdeildarmanna og erum við þó orðin ýmsu vön þessar vikurnar. Hann upplýsti sem sagt að það væri ákaflega brýnt með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs að samþykkja lánsfjárlögin fyrir vikulok, þ.e. lok þeirrar viku, því að annars lenti ríkissjóður í bráðum háska. Það stæði nefnilega svo á að spariskírteini fyrir allt að 2 milljarða kr., reyndar held ég að þessi upphæð hafi nú upplýstst í nefndinni, gætu komið til innlausnar 10. jan. og þá skorti ríkissjóð heimild til að bjóða spariskírteini á móti ef lánsfjárlög væru þá enn óafgreidd. Þessi framkoma þótti mér satt að segja með ólíkindum og aldeilis stórfurðulegt ef þessi sannleikur væri að renna upp fyrir mönnum á þeirri stundu. Það urðu fleiri hissa en ég. Um þetta hafði enginn mér vitanlega heyrt fyrr en þarna í lok ræðu hæstv. fjmrh. Raunverulega fannst mér stórfurðulegt að láta þessa tilætlunarsemi yfirleitt í ljós og búast við jákvæðum viðbrögðum þar sem þetta var á fimmtudegi, 1. umr. rétt að hefjast, öll umfjöllun eftir að sjálfsögðu í nefndinni og seinni

umræður, auk þess sem þá þegar var ljóst að þetta frv. yrði að fara aftur til Ed. Til þess svo að kóróna vitleysuna var þetta síðasti þingfundur vikunnar.

Ég rifja þetta upp þar sem þetta atvik ætti að verða hæstv. ráðherrum til varnaðar. Allt var það reyndar satt og rétt sem hæstv. ráðherra sagði um þetta einstaka vandamál, en að sjálfsögðu fundu menn ráð til að mæta því þegar það rann upp fyrir þeim að þm. ætluðu ekki að láta bjóða sér þessi vinnubrögð. Engu að síður hefur nefndarvinnan verið drifin áfram af nokkrum krafti. Allur föstudagurinn fór í viðtöl og fundi og fundir voru einnig á laugardag, í gær og í morgun, auk þess sem meiri hl. og minni hl. áttu sérstaka fundi með sér, m.a. fundaði minni hl. á sunnudag.

Það verður því ekki annað sagt en að nefndarmenn hafi unnið svo rösklega sem þeir frekast gátu, enda þótt a.m.k. sú sem hér stendur hefði gjarnan kosið meira ráðrúm til að skoða þetta yfirgripsmikla mál.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins og við fulltrúar minni hl. skilum séráliti á þskj. 499 sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. getur ekki staðið að afgreiðslu þessa frv. á þann hátt sem meiri hl. leggur til. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Með tilliti til fyrri reynslu og allra aðstæðna eru litlar líkur til að þessi áætlun um fjármagnsþörf og lántökur standist. Mikil óvissa er um þróun efnahagsmála á næstu mánuðum, en horfur eru allar heldur á verri veg. Gert er ráð fyrir samdrætti í sjávarafla og framleiðslu sjávarafurða. Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur farið versnandi og spáð er tvöfalt meiri viðskiptahalla við útlönd á þessu ári en hinu síðasta. Gengismálin eru í uppnámi, verðlagshorfur eru óljósar og óraunhæft er að reikna með aðeins 10% verðbólgu frá upphafi til loka árs þar sem verðbólgan er nú um 30% og engin teikn á lofti um að hún fari lækkandi á næstunni. Samningar um kaup og kjör eru fram undan þar sem óhjákvæmilegt verður að rétta verulega hlut hinna tekjulægstu, en auknar álögur á almenning, m.a. í formi matarskatts, auka stórlega á þungann í réttmætri kröfugerð alls launafólks.

Með frv. er stefnt að því að afla lánsfjár að stærri hluta innan lands en verið hefur. Það var raunar einnig ætlunin á síðasta ári, en þá fóru erlendar lántökur rúmlega 50% fram úr því sem áætlað var og ekkert bendir til þess að nú sé traustlegar um hnútana búið.

Flestir eru þó sammála um að draga beri úr erlendum lántökum svo sem frekast er unnt, en innlendar lántökur hafa einnig sína skuggahlið sem er sú að of mikil samkeppni á innanlandsmarkaði leiðir óhjákvæmilega til hækkunar vaxta. Þeirri skoðun samsinntu allir aðspurðir gestir nefndarinnar, en hvorki ráðherrar né seðlabankastjórar virðast hafa áhyggjur af vaxtahækkunum né eiga ráð til að hamla gegn þeim.

Sívaxandi hluti íslenska peningamarkaðarins er óháður reglum og eftirliti og engar vísbendingar eru um það hvort og þá hvernig stjórnvöld hyggjast setja starfsemi ávöxtunarsjóða og fjármögnunarleigna skorður á borð við banka- og sparisjóðakerfið. Á sama tíma stefnir ríkissjóður að hörkusamkeppni við þessa aðila um sparifé landsmanna.

Sú mynd, sem þannig blasir við, gefur sannarlega tilefni til víðtækra breytinga á frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Það er þó ekki ætlun meiri hl. og verður hann þá að bera ábyrgð á því.

Minni hl. flytur sameiginlega brtt. á þskj. 500. Sá útgjaldaauki, sem þær þýða fyrir ríkissjóð, rúmast að okkar mati fyllilega innan ramma fjárlaga eins og skýrt verður í framsögu. Tekið skal fram að þetta eru ekki einu atriðin sem minni hl. vildi leiðrétta en samstaða varð um að leggja áherslu á þessa þrjá liði.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti og brtt. minni hl.“

Undir þetta rita Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Nú skal það strax tekið fram í upphafi vegna þess sem stendur í nál. um starfsemi ávöxtunarsjóða og fjármögnunarleiga að þegar mér gafst ráðrúm til að fletta blöðunum í dag rak ég augun í frétt um það í blöðum þeim sem styðja ríkisstjórnina að forsrh. hefur nú skipað nefnd til að endurskoða löggjöf um fjárfestingarlánasjóði og er skylt að geta þess hér. Þetta vissum við ekki þegar þetta nál. var samið. Ef forseti leyfir ætla ég að lesa þessa örstuttu frétt:

„Skipun nefndarinnar er í samræmi við stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Nefndinni er m.a. ætlað að fjalla um starfshætti og stjórn fjárfestingarlánasjóða, eignarhald og ríkisábyrgð þar sem við á. Nefndina skipa Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt er formaður, Halldór Guðbjarnason viðskiptafræðingur, fyrrum bankastjóri Útvegsbankans, Ingi Tryggvason fyrrv. alþm., Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, og Stefán Reynir Kristinsson viðskiptafræðingur.“

Þetta taldi ég rétt að vitna í hér þar sem þessa er getið og það gagnrýnt í nál. minni hl.

Það er kannski ástæða til að skýra betur og auka við það sem stendur í nál. án þess að ég ætli að efna til mikilla ræðuhalda. Það er þá fyrst þar sem segir í upphafi „með tilliti til fyrri reynslu og allra aðstæðna“, en með „fyrri reynslu“ er m.a. átt við að ár eftir ár hefur mönnum sannarlega mistekist að halda lántökum innan rammans vegna þess að hann hefur markast af óraunsæi og löngun til að sýnast. Ekki gafst tími á milli 1. og 2. umr. að elta það uppi sem kynni að leynast falið hér og þar og krefjast afgreiðslu síðar. En ég nefni eitt dæmi um framkvæmd sem minnir reyndar á sig annað veifið og það er „gróðurhúsið“ á Miðnesheiðinni sem þrátt fyrir allan glæsileikann heldur nú hvorki vatni né vindi né jafnvel músum. Ein röksemdin fyrir því að byggja þetta mannvirki var sú, ef ég man rétt, að aðbúnaður starfsfólks í gömlu flugstöðinni væri ekki boð-

legur og jafnvel til háborinnar skammar. Nú situr þetta starfsfólk í dýrasta „gróðurhúsi" landsins og má þola leka og músagang að ekki sé nú minnst á eðlur og það má þola að sitja þarna í allt niður í fjögurra stiga hita þegar kaldast er. Það hvarflar að manni hvort ekki hefði mátt spara hið rándýra loftræstikerfi þar suður frá og láta veðurguðina um þá hlið málanna, enda sjaldnast logndmolla á heiðinni þar. En það hvarflar reyndar einnig að manni að í afar náinni framtíð verði bankað upp á í fjmrn. og farið fram á fé til þessarar dæmalausu byggingar, þ.e. fé til viðgerða og til að koma þessari byggingu yfirleitt í notkunarhæft ástand. En til hennar eru ætlaðar 820 millj. kr. og það til greiðslu skulda og er sem sagt hugsanlegt að mínu mati að þetta verði ekki sú endanlega upphæð sem þarf í hítina þarna suður frá, jafnvel á þessu ári. En nóg um það. Þetta er aðeins eitt dæmi um það sem við gætum hugsanlega átt von á og kynni svo að verða um fleira.

Það sem segir í nál. minni hl., sem ég las áðan, um ástand og horfur í efnahagsmálum er engin glansmynd og lætur ekki sérlega vel í eyrum. Sannast sagna hefði það getað hljómað enn þá verr með tilliti til þess sem við fengum að heyra frá efnahagsráðgjöfum og sérfræðingum ríkisstjórnarinnar á fundum nefndarinnar. En að viðbættu sjálfstæðu mati okkar, sem að þessu nál. stöndum, er útkoman þessi: Mikil óvissa um þróun efnahagsmála og fyllsta ástæða til þess að vera vel á verði.

Það er t.d. deginum ljósara að fyrr en síðar verður að bregðast við erfiðri stöðu í sumum greinum sjávarútvegsins og má raunar segja að það sé þegar gert að hluta til með því að auka svigrúm Byggðastofnunar sem er gert með tilliti til erfiðrar stöðu sjávarútvegsins. Þar er ástandið ákaflega misjafnlega slæmt eftir greinum og hafa menn jafnvel við orð að með sama áframhaldi verði gengið af frystingunni dauðri, en hún er nú rekin með 7–9% tapi og minni sjávarafli mun fyrst og fremst koma niður á þeirri grein. Það er ekki hægt að búast við því að t.d. útflutningur gámafisks eigi sér engin takmörk. Þá stendur skelfiskvinnslan afar illa, einkum hörpudiskurinn sem hefur orðið að þola allt að 30% verðlækkun á síðasta ári og tap greinarinnar í heild áætlað um þessar mundir um 50%. Saltfiskurinn stendur hins vegar vel, en þar eru eins og í öðru takmörk fyrir því hvað hægt er að selja, hversu lengi hann tekur við, saltfiskmarkaðurinn.

Afkoma okkar á þessu ári ræðst eins og ævinlega vitaskuld mest af þróuninni í þessum málum öllum, þ.e. hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins sem eru misjafnlega viðkvæmar fyrir stöðu bandaríkjadollars og fyrir kostnaðarbreytingum og þar skiptir ekki síst máli hver þróunin verður í vaxtamálunum.

Það er æ fleirum sívaxandi áhyggjuefni hvernig sú þróun hefur verið og við höfum m.a. hlýtt á mjög þung orð og heit frá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstjórnar úr þessum ræðustól, síðast við 1. umr. um þetta frv. frá hv. 2. þm. Vestf. í þeirri ræðu sem hann flutti í deildinni sl. fimmtudag.

Enn höfum við ekki fengið neinar vísbendingar um hvort og þá hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst reyna að hafa áhrif á þessi mál, en eins og kemur fram í nál. minni hl. voru eðlilega töluverðar umræður um vaxtamálin á fundum nefndarinnar. Nefndarmenn kölluðu eftir áliti efnahagssérfræðinga og eftir þeirra ráðum til að fá fram lækkun vaxta. Engin slík samantekt eða álit liggur fyrir þrátt fyrir eftirrekstur og engar tillögur hafa séð dagsins ljós. Ríkisstjórnin virðist ráðþrota hvað þetta varðar eða a.m.k. ekki sammála um ráð.

Hæstv. utanrrh. er einn þeirra sem hvað mest hefur tjáð sig um þessi mál og kallað a.m.k. í fjölmiðlum eftir tillögum í þessum efnum. Ég spurði hann um það í 1. umr. hvort slíkar tillögur hefðu séð dagsins ljós eða væru á leiðinni, en hæstv. utanrrh. lét ekki svo lítið að svara þessum spurningum og hann hefur ekki séð ástæðu til að vera viðstaddur þessa umræðu þannig að það er augljóslega ekki von á svörum úr þeirri átt í dag.

Ég spurði fulltrúa bankakerfisins og fulltrúa Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að því þegar þeir komu á fundi nefndarinnar hvaða áhrif þeir teldu aukna sókn ríkissjóðs á innlendan peningamarkað hafa á vaxtastigið. Allir samsinntu þeir því að sú mikla samkeppni sem þannig verður um sparifé landsmanna hefði að sjálfsögðu áhrif til vaxtahækkunar. Það er því ekki að ófyrirsynju að menn eru efins um ágæti þessarar stefnu í þeim mæli sem áformað er.

Um gengismál, verðlagshorfur og líklega verðbólguþróun þarf ekki í raun að segja mikið meira en segir hér í áliti minni hl. Bandaríkjadollar er enn óstöðugur og daglegar fréttir um hreyfingar á honum og öðrum gjaldmiðlum, mikill óróleiki og spákaupmennska hér innan lands vegna stöðu íslensku krónunnar, allt á hverfanda hveli um þróun verðlags í samræmi við nýjustu lagabreytingar í efnahags- og fjármálum og löngu viðurkennt af efnahagssérfræðingum að verðbólguforsendur frv. eru fjarri öllum raunveruleika. Aðeins hæstv. ríkisstjórn kýs að halda fast við óskhyggjuna.

Þannig er allt á eina bókina lært varðandi forsendur og stoðir þessa frv. og það er ástæða þess að minni hl. fjh.- og viðskn. getur ekki staðið að afgreiðslu frv. á þann hátt sem meiri hl. leggur til. Það þýðir alls ekki að við séum ósammála öllum greinum frv. Við höfum vitanlega tekið fullan þátt í umfjöllun um allt innihald þess á þeim stutta tíma sem okkur hefur gefist til að fjalla um svo yfirgripsmikið mál. Nú er það vitanlega sjaldnast svo að allir nefndarmenn séu elskusáttir við öll atriði þeirra frv. sem þeir á endanum afgreiða frá sér, en lengi vel höfðum við í minni hl. vonir um það að meiri breytingar yrðu á einstökum greinum frv. en endanleg niðurstaða leiðir nú í ljós. Þar er reyndar af ýmsu að taka en við, sem stöndum að minni hl., urðum sammála um það að sýna hug okkar til þriggja liða frv. sem við vitum raunar að eiga fylgismenn innan

stjórnarflokkanna og viljum því láta reyna á það við atkvæðagreiðslu hvort þeir vilja í raun og veru standa svona að málum.

Tillögur okkar eru á þskj. 500 og fela það í sér að afnema skerðinguna á framlögum til Hafnabótasjóðs skv. 14. gr. og til Ríkisútvarpsins skv. 22. gr. og minnka skerðinguna skv. 17. gr. á lögbundnum framlögum til ferðamála. Þetta eru þeir liðir sem við viljum leggja sérstaka áherslu á og teljum þessar breytingar, ef samþykktar yrðu, rúmast fyllilega innan þess ramma sem fjárlögum hefur verið markaður.

Ég ræddi nokkuð málefni Ríkisútvarpsins við 1. umr. um þetta frv. til lánsfjárlaga og eftir umfjöllun í nefndinni og samræður við framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins er ljóst að ekkert var þar ofsagt. Staða þessarar stofnunar er slík að óhjákvæmilegt er að koma þar við einhverjum lagfæringum. Það er ljóst að vandinn vex með tímanum og er fullkomlega óraunsætt og óréttmætt að svipta Ríkisútvarpið þeim tekjustofni sem átti að tryggja hag þess í samræmi við skyldur þegar ljóst var að fjárhagsgrundvöllur þess hlyti að skekkjast við gjörbreyttar aðstæður.

Ég nenni nú ekki að velta hv. þm. Alþfl. upp úr öllum þeirra fyrri málflutningi varðandi þetta atriði, en hann er ekki gleymdur heldur geymdur í þingtíðindum og dagblöðum og e.t.v. verða einhverjir til þess að rifja hann upp hér á eftir.

Um ferðamálin hef ég oft tjáð mig í umræðum hér á Alþingi og utan þess. Ég ræddi þau og þessa meðferð við 1. umr. um þetta frv. og við þingkonur Kvennalistans bárum fram brtt. við fjárlagafrv. til þess að reyna að rétta stöðu þessa málaflokks, en allt hefur komið fyrir ekki. Sú tillaga sem við fulltrúar minni hl. berum fram hér sameiginlega á þskj. 500 er ákaflega hógvær og ekki í nokkru samræmi við þann tekjustofn sem Ferðamálaráði á að vera tryggður með lögum. En það urðu okkur sár vonbrigði að meiri hl. skyldi ekki vilja koma til móts við okkur varðandi þetta atriði og að nefndin gæti öll borið fram tillögu um einhverja upphæð sem varið yrði til umhverfismála eins og til umræðu var í nefndinni. Í þeim efnum er Ferðamálaráð fullkomlega máttlaust og verulegt áhyggjuefni ef því verður ekki gert kleift að sinna þessu verkefni. En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ingi Björn Albertsson munu tala betur og ítarlegar fyrir þessum tillögum í umræðum hér á eftir.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því strax að í sambandi við þennan síðasta lið gerir Fjárlaga- og hagsýslustofnun ráð fyrir því að sá tekjustofn sem samkvæmt lögum er ætlaður til ferðamála gefi um 80 millj. kr. á þessu ári. En miðað við reynsluna á síðasta ári er öllu líklegra að sú upphæð nemi 100 millj. kr. og má af því marka hversu hógvær og lítillát við í rauninni erum að gera ekki tillögu um meiri hækkun en hér er gert. En það gerðum við kvennalistakonur hins vegar við afgreiðslu fjárlagafrv.

Eitt af því sem ég óskaði eftir við 1. umr. um frv. var mat fjmrn. á því hvaða upphæðir væri um að ræða í „þrátt fyrir kaflanum" svokallaða, þ.e. II. kafla laganna þar sem settar eru skorður við fjárframlögum samkvæmt lögum eða „þrátt fyrir ákvæði laga þessara", eins og sagt er, við hvað slík framlög eigi að miðast. Þessar upplýsingar fengust í nefndinni og þær eru prentaðar sem fskj. með áliti minni hl. svo hv. þm. geta kynnt sér hvað hér er um að ræða. Þar eru athyglisverðar upplýsingar sem ég hvet hv. þm. til að kynna sér.

Hvað suma liðina varðar geta verið deildar meiningar um það hversu háar upphæðir um er að ræða. Eins er ekki fullfrágengið með þá liði t.d. sem varða verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, en sé öllu til skila haldið þá er aldrei um minna en 600 millj. kr. að ræða sem ríkissjóður sparar sér með þessum hætti. Það er augljóslega algjört lágmark og að mínu mati er þarna um töluvert hærri upphæðir að ræða.

Hvað aðra einstaka liði frv. varðar kom margt athyglisvert í ljós við þá skoðun sem fram fór í nefndinni og hefði þó þurft að verða miklu meiri og ítarlegri og fá meiri tíma.

Við fengum t.d. forstjóra Landsvirkjunar á okkar fund og af viðræðum við hann og af skjölum sem þannig fengust virðist einsýnt að lántökuheimild til Landsvirkjunar mætti vel vera lægri en hún er. Það er ekkert sem knýr á um að ljúka Blönduvirkjun annað en eigin metnaður fyrirtækisins og full þörf á að veita því strangt aðhald.

Við fengum einnig framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins á fund nefndarinnar en stutt saga þess félags er hálfraunaleg þegar haft er í huga að þetta var ein helsta skrautfjöðrin í hatti síðustu ríkisstjórnar og átti að gegna mikilvægu hlutverki í nýsköpun og nýbreytni í atvinnulífi landsmanna. En saga þess er ekki öll þótt ýmsir telji nú stoðunum kippt undan því eða a.m.k. rækilega raskað með því áhugaleysi sem stjórnvöld sýna því í verki. Það hefur vissulega komið við sögu í atvinnulífinu og gert góða hluti þótt í miklu minna mæli sé en vænst hafði verið og látið var í veðri vaka þegar þessi lagasetning var undirbúin og til umfjöllunar hér á Alþingi. Ég hef hins vegar ekki haft tíma til að kynna mér málefni Þróunarfélagsins nægilega vel til þess að ég vilji fara hér út í smáatriði.

Það kom líka mjög margt athyglisvert fram í samtölum við forráðamenn í landbúnaði varðandi stöðu ýmissa greina innan hans þar sem menn eru aðstoðaðir til fjárfestingar á ýmsum sviðum sem þeir geta síðan illa eða ekki staðið undir. Allt tengist þetta og fléttast saman með þátttöku hinna ýmsu fjárfestingarsjóða og lánastofnana en því meira sem maður kynnir sér þessa hluti þeim mun ljósara er óhagræðið af því að dreifa slíkri starfsemi á ótal aðila. Málin eru flækt og heildaryfirsýn og heildarmynd skortir.

Við 1. umr. ræddi ég nokkuð lántökuheimildir til smíði nýrrar ferju í stað Herjólfs og nýrrar Breiðafjarðarferju. Ég bar fram fsp. sem ekki voru svör við

í grg. varðandi þörf, varðandi búnað og kostnaðaráætlanir og að hve miklu leyti þetta væru bein fjárútlát fyrir ríkissjóð. Engin svör fékk ég þá, en nokkur í nefndinni. Ég vil undirstrika það sem ég sagði við 1. umr. og ítrekaði í nefnd að fsp. varðandi þessa liði byggjast alls ekki á andstöðu við þessi mál hvort fyrir sig heldur er fullkomlega eðlilegt að þm. fái upplýsingar um þessar fjárfestingar og aðrar sem farið er út í, ekki síst þar sem fyrirsjáanlegt er að kostnaður vegna þeirra muni að verulegu ef ekki öllu leyti falla á ríkissjóð og auk þess kalla á nokkuð fjárfrekar framkvæmdir í viðkomandi höfnum. Það þarf reyndar ekki að vera neitt óeðlilegt. Hér er í raun og veru um samgöngumál að ræða sem jafnast á við vegaframkvæmdir. Það kom reyndar í ljós að í samgrn. var lítinn fróðleik að finna. Og hafnamálastjóri sagði t.d. ókannað með öllu hvaða framkvæmdir væru nauðsynlegar vegna nýrrar og stærri ferju í stað Herjólfs. En samkvæmt upplýsingum hans mun þurfa að framkvæma fyrir að lágmarki samtals 25 millj. kr. á Brjánslæk og í Stykkishólmi til þess að nýja ferjan þar, sem mun koma í gagnið í lok þessa árs, geti athafnað sig. Og til viðbótar síðar fyrir um 25–30 millj. kr. í Stykkishólmi. Hins vegar var litla vitneskju að fá um framkvæmdir sem þyrfti varðandi Herjólf, en ljóst að þær yrðu einhverjar. Loks fengum við þó í hendur skýrslu með lýsingu á nýju skipi og hugmyndum um framtíðarrekstur Herjólfs hf. sem er nokkuð athuglisverð lesning. Þessa skýrslu fékk ég í hendurnar fyrir aðeins örfáum klukkustundum og hef því miður haft annað að gera en að lesa hana vel. Það er hins vegar ljóst eins og staðfest var í nefndinni að hér er um fjárfreka framkvæmd að ræða, líklega ekki undir 700 millj. kr. sem mun í raun og veru falla að mestu eða öllu leyti á ríkissjóð og má því gera ráð fyrir útgjöldum vegna þessa um 100–150 millj. kr. árlega næstu árin beint úr ríkissjóði, auk þeirra útgjalda sem verða vegna hafnarframkvæmda.

Það er því tvennt sem ég hef við þessa afgreiðslu að athuga. Í fyrsta lagi er fullkomlega óeðlilegt að fara út í slíka framkvæmd án þess að skoða allar hliðar málsins og gera grein fyrir þeim hér og sjá fyrir endann á framkvæmdinni. Og í öðru lagi er það óeðlilegt og óhreinlegt að mínu mati að láta fyrirtæki taka lán sem er fyrir fram vitað að ríkissjóður þarf að greiða. Það væri því hreinlegast að ríkissjóður væri lántakandinn og ekki vera að draga fjöður yfir neitt. Án þess að ég sé nú að gera því skóna að það sé verið að gera þá er það að mínu mati ekki til eftirbreytni að haga málum svona.

Með þessu frv., sem ætlunin er að verði að lögum á næstu dögum, er verið að reka endahnútinn á röð lagasetninga sem marka mun stefnuna á næstu mánuðum og það hefur varla farið fram hjá nokkrum að um þá stefnumörkun höfum við hv. alþm. verið ákaflega ósammála. Þar hefur verið vegið að hagsmunum fjölskyldnanna og almenns launafólks þar sem aftur á móti hátekjufólki, stóreignamönnum og vel stæðum fyrirtækjum hefur verið hlíft við þeim byrðum sem þessir aðilar eru fullfærir um að axla. Þar hefur verið valin sú leið að leggja skatta á brýnustu nauðsynjar en stuðla að lækkun vara sem hægt er að komast af án.

Við kvennalistakonur hefðum staðið allt öðruvísi að uppstokkun á tekjujöfnunarkerfi ríkisins og teljum að með öðrum vinnubrögðum og öðrum markmiðum og annarri forgangsröð hefði mátt ná viðunandi lausn á þeim vandamálum sem við er að fást í fjármálum ríkisins. Við erum ósammála hæstv. ríkisstjórn um þær forsendur, þann grunn sem þetta frv. til lánsfjárlaga hvílir á og erum uggandi vegna þeirra afleiðinga sem framkvæmd þessara laga kann að hafa á ríkisbúskapinn og efnahagsmálin í heild, ekki síst vaxtaþróunina.

Allra aðstæðna vegna verður þó þetta frv. nú að fá afgreiðslu þingsins og reikna ég ekki með því að við munum greiða atkvæði gegn því við lokaafgreiðslu og reyndar áreiðanlega ekki ef hv. þm. fallast á þær brtt. sem við fulltrúar minni hl. berum hér fram.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 503 sem ég flyt ásamt Guðmundi G. Þórarinssyni og er á þá lund að 7. gr. lánsfjárlaganna verði breytt þannig að í stað orðanna „til hönnunar og smíði ferju“ komi: Að fengnu samþykki fjmrh. og fjvn. Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

Þetta varðar þá ferju sem gengur milli lands og Eyja og lánsfjárheimild til handa Herjólfi hf. til að taka lán vegna hönnunar og smíði ferju.

Ég vona að allir alþm. séu sammála okkur flm. um tvennt varðandi þetta mál. Í fyrsta lagi það að rétt og skylt er að halda uppi góðum samgöngum milli lands og Eyja. Þar háttar svo til að ferju- og flugsamgöngur koma í stað vegakerfis og af þeim sökum eiga Vestmanneyingar rétt á góðum samgöngum á þessu sviði. Það hef ég sagt margoft áður og vil ítreka nú. Á því leikur enginn vafi í huga mínum. Í öðru lagi að undirbúning að meiri háttar fjárfestingum, sem ríkið og Alþingi eru ábyrgðaraðili að, beri að vanda eftir föngum, upplýsa vel og ákvarðanir að taka að vel yfirveguðu ráði þannig að vel sé ljóst hverjar skuldbindingar eru í ákvörðuninni fólgnar og að leitað sé eins hagkvæmrar lausnar og tök eru á miðað við þau gæði þjónustunnar sem eðlileg og æskileg eru talin.

Það eru þessi tvö grundvallaratriði sem mætast í þeirri tillögu sem ég mæli hér fyrir. Við viljum sem sagt að staðið verði myndarlega að því að halda uppi góðri ferðaþjónustu milli lands og Eyja en við teljum jafnframt eðlilegt, sjálfsagt og reyndar skylt að málið fái góðan undirbúning.

Um þetta mál er það að segja að upplýsingar um það eru mjög takmarkaðar. Nefndarmenn hafa einungis séð það sem stutta skýrslu um þessa ferjusmíði, skýrslu sem margir mundu nefna frumáætlun. Samkvæmt henni er smíðakostnaður áætlaður um 660 millj. kr. og þar eru settar fram hugmynd-

ir um mikla aukningu í ferjuflutningum en ekki verður séð að sérstök rannsókn hafi farið fram á þeim markaði sem þar er gert ráð fyrir að sækja inn á eða afla ferjunni. Hins vegar kennir reynslan okkur að ferjuflutningar við Ísland hafa yfirleitt ekki reynst arðbærari en svo að ríkissjóður hefur alla jafna þurft að standa undir öllum fjármagnskostnaði og vel það. Endurgreiðsla og vextir af 660 millj. kr. láni miðað við álíka endingartíma og nú er verið að tala um á núverandi Herjólfsskipi gæti þess vegna orðið á annað hundrað millj. kr. á ári. Hér eru því verulegar skuldbindingar og útgjöld í húfi.

Nú má vel vera að aðstandendur ferjunnar búi yfir frekari áætlunum og gögnum og rannsóknum en nefndin hefur séð. Alla vega skilst mér að þeir telji málið allvel undirbúið. Þeir ættu því ekki að hafa á móti því að leggja þau gögn fram þannig að málið verði skoðað nánar áður en lokaákvörðun er tekin eins og við flm. þessarar brtt. teljum bæði skylt og rétt og Alþingi beri beinlínis að gera.

Eins og ég sagði áðan er tillagan á þá leið að 7. gr. verði umorðuð lítils háttar þannig að heimildin til lántökunnar sé óbreytt að tölu til og í höndum Herjólfs hf. en hún sé að fengnu samþykki fjmrh. og fjvn. Hugsunin er sú að færi gefist til þess að skoða betur rekstraráætlanir ferjunnar og gera endurgreiðsluáætlanir og meta aðra þætti sem nauðsynlegt þykir að skoða, þar á meðal varðandi hafnaraðstöðu og almennar rekstrarforsendur.

Við flm. höfum haft í huga að settur yrði vinnuhópur til þess að vinna þetta verk og þá með aðild fjmrn., samgrn., fjvn. og stjórnar Herjólfs hf. og mælum við með því að þannig verði að málum staðið. Ætti málið þá að verða vel upplýst og ígrundað og ekki ástæða til þess fyrir neinn að koma eftir á og segja að hann fríi sig ábyrgð á málinu af því að það hafi ekki verið upplýst eða ekki hlotið skoðun eða ekki verið gerð grein fyrir því. Fyrir því eru dæmi að þannig hafi menn fríað sig ábyrgð. En Alþingi má ekki fría sig ábyrgð í þessu máli og heldur ekki sá ráðherra sem með fjármálin fer.

Þar sem hér er um fyrirsjáanlega fjárskuldbindingu að ræða er ábyrgðin í málinu samkvæmt þessari brtt. lögð á hendur þeirra aðila sem fyrst og fremst fara með fjármál af hálfu ríkisins og Alþingis, þ.e. lögð á hendur og herðar fjmrh. og fjvn. Það kynni að vera ástæða til að taka þessi vinnubrögð upp varðandi fleiri þætti í áætlunum þingsins en það er fyrst og fremst með hliðsjón af þeirri stærð fjárfestingar sem hér um ræðir og þeirri upphæð skuldbindinga sem okkur sýnist fyrirsjáanlegar sem við höfum einskorðað okkur við þetta mál eitt.

Það er von okkar flm. að með þessari breytingu sé séð fyrir eðlilegu mati á þessu máli af hálfu Alþingis og ábyrgð á endanlegri ákvörðun sé öxluð með eðlilegum hætti og þannig að séð verði fyrir því að hún verði tekin að yfirveguðu ráði og af skynsamlegu viti til hags fyrir bæði Vestmanneyinga og ríkissjóð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að gera hér nokkuð ítarlegar að umtalsefni en gert var í ræðu hv. frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. þær brtt. sem við þm. minni hl. svo og hv. 5. þm. Vesturl. Ingi Björn Albertsson flytjum á sérstöku þskj. og höfum orðið sammála um að leggja sérstaka áherslu á. Þetta er á þskj. 500 og varðar þrjár greinar frv., 14., 17. og 22. gr. Ástæða þess að við tökum þessar greinar sérstaklega út úr er ekki sú að það sé ekki fleira sem ástæða væri til að breyta í frv. eða þetta sé það eina sem við séum ekki sammála frv. um, heldur hitt að við viljum vekja sérstaka athygli á þeirri meðferð sem þessir þrír málaflokkar fá af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi og teljum sérstök rök fyrir því að taka þetta þrennt út fyrir og gera tillögur um lagfæringar á því.

Fyrsti liður brtt. á þskj. 500 varðar 14. gr., en þar er gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði hafnalaga, nr. 69/1984, skuli framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 millj. kr. á árinu 1988. Fá mál hafa á undanförnum árum verið jafnharðlega gagnrýnd af hálfu ýmissa, jafnt stjórnmálamanna á Alþingi sem og í sveitarstjórnum og víðar um landið, ekki síst þeirra sem stunda höfuðundirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, og það hvernig fjárveitingum hefur verið háttað til hafnamála á undanförnum árum. Hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn hefur í raun viðurkennt þessa stöðu með því að hækka nokkuð frá fyrri hugmyndum fjárveitingar til hafnamála, bæði sl. ár og eins í þeim fjárlögum sem nú hafa nýverið tekið gildi. Það er því í algjöru ósamræmi við þetta allt saman að ætla að skerða svo mjög tekjur Hafnabótasjóðs sem hér er lagt til.

Hafnabótasjóður gegnir mikilvægu hlutverki, bæði til að styðja við bakið á þeim sem við sérstaklega erfiðar aðstæður búa í hafnamálum sem og til þess að koma til hjálpar þegar óvænt verkefni krefjast skjótrar úrlausnar, svo sem þegar tjón verður í höfnum sem nauðsynlegt er að lagfæra þegar í stað eða þegar framkvæmdir, sem eru þannig vaxnar að þeim er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að ljúka í einum áfanga, reynast kostnaðarsamari en reiknað var með og kalla þar með á auknar fjárveitingar, jafnvel umframfjárveitingar á fjárlögum. Þetta hlutverk og reyndar margt fleira sem hv. þm. geta kynnt sér hefur Hafnabótasjóður á sinni könnu og það er með öllu óraunhæft að ætla honum ekki nema 20 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá vita- og hafnamálastjóra sem og upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun væri lögbundið framlag til Hafnabótasjóðs óskert um 60 millj. Við teljum það síst of í lagt þó að Hafnabótasjóður fengi allar þær tekjur og hefði þær til ráðstöfunar á þessu ári og leggjum því til að þessi grein falli niður og tekjur Hafnabótasjóðs á þessu ári verði óskertar.

Ég tel mig, herra forseti, ekki þurfa að rökstyðja ítarlegar nauðsyn þess að betur verði búið að Hafnabótasjóði en frv. ríkisstjórnarinnar og tillögur

meiri hl. gera ráð fyrir þar sem umræðan um ástand hafnamálanna er svo vel þekkt og öllum kunn.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir að 17. gr. frv. breytist þannig að í stað 28 millj., sem renna skuli til Ferðamálaráðs eða Ferðamálasjóðs og sérstakra verkefna Ferðamálaráðs á þessu ári, komi 40 millj. kr.

Hér er sömuleiðis um að ræða allvel þekktan málaflokk sem nokkuð mikið hefur verið ræddur á undanförnum árum og mánuðum. Tekjur Ferðamálaráðs ættu skv. lögum, nýlega samþykktum lögum frá Alþingi, nr. 79/1985, að vera á yfirstandandi ári a.m.k. 80 millj. kr. skv. upplýsingum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun. Það er reyndar næsta víst að þessi áætlun er vanmat á veltu Fríhafnarinnar á því ári sem tekið er til viðmiðunar. Ég hygg að það sé nokkurn veginn viðurkennt að það sé ekki líklegt að velta Fríhafnarinnar verði hin sama í krónum talið ár frá ári eins og þetta frv. gerir víst ráð fyrir og nær væri að reikna með að velta Fríhafnarinnar yrði a.m.k. milljarður ef ekki meira á því ári sem tekið er þarna til viðmiðunar og þar af leiðandi yrðu 10% af því ekki 80 millj. heldur nær 100 eða yfir 100 millj. Og það er lögum samkvæmt það fé sem renna skal til verkefna Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs á hverju ári.

Ég hygg að enginn liður, sem höggvið er að í þessari lánsfjáráætlun, sé jafnhlálega og hróplega í ósamræmi við hátíðaræður ýmissa manna eins og þessi framlög til ferðamálanna. Það er alkunna að það er vinsælt á tyllidögum að lofsyngja ferðamannaiðnaðinn eins og það er kallað núna þó að það heyri víst ekki undir iðnrn. eins og halda mætti. Því er gjarnan slegið upp að þarna sé á ferðinni atvinnugrein sem hafi vaxið mjög hratt á undanförnum árum og skapi nú ný og ný störf og meiri og meiri gjaldeyrisverðmæti inn í þjóðarbúið. Það er út af fyrir sig allt rétt. Einhvern hluta af þeirri miklu aukningu er sjálfsagt sanngjarnt að skrifa jákvæðu megin á reikninga Ferðamálaráðs sem hefur starfað á undanförnum árum að því að kynna landið, selja landið og reka kynningarstarfsemi á erlendri grund. Þrátt fyrir takmarkaðar tekjur virðist þetta hafa gengið býsna vel þegar saman hafa verið lagðir kraftar aðila eins og flugfélaga og ferðaskrifstofa og Ferðamálaráðs. En það er skemmst frá að segja að allar sínar takmörkuðu tekjur hefur Ferðamálaráð sett í þetta verkefni á undanförnum árum og ekki getað sinnt, sum árin alls ekki með nokkru móti, þeim verkefnum öðrum sem því ber að framkvæma lögum samkvæmt. Þar á ég sérstaklega við það að sinna umhverfisþáttunum, umhverfismálunum og því að kynna möguleika á ferðalögum innan lands, að stuðla að ferðalögum Íslendinga um eigið land. Ég hygg að þetta séu þeir tveir málaflokkar sem Ferðamálaráð hefur orðið að láta mæta afgangi vegna þeirrar skerðingar á tekjum sem það hefur búið við.

Nú má öllum vera ljóst að það getur ekki gengið endalaust að reka eingöngu landkynningarstarfsemi og auglýsa upp hina hreinu og ómenguðu náttúru Íslands — og með ágætum árangri, með þeim árangri að auka ferðamannastrauminn ár frá ári — án þess að þurfa að grípa til einhverra ráðstafana í því samhengi. Þetta ætti a.m.k. öllum að vera ljóst, enda hefur umfjöllun um gífurlegan átroðning á ýmsum vinsælum ferðamannastöðum verið mikil undanfarin ár.

Ég tel því að sú niðurstaða sem verður hvað fjárveitingar til þessa verkefnaflokks varðar ef tillögur meiri hl. verða hér knúnar í gegn og brtt. minni hl. ná ekki fram að ganga sé nánast svívirða við landið, við fóstru okkar, Ísland, vegna þess að í fjárlögum eru allar fjárveitingar til þessara verkefna nánast skornar út. Og er þá sama hvar borið er niður, hvort það er hjá Náttúruverndarráði með fjárveitingum til einstakra þjóðgarða eða einstakra aðila. Þetta gengur auðvitað ekki svona til. Svona getur þetta ekki gengið ef menn vilja láta taka mark á sér, þ.e. annars vegar að þeir vilji halda Íslandi sem hreinustu og ómenguðustu og forða viðkvæmri náttúru landsins frá skemmdum, að þeir vilji selja landið í þessari merkingu, auka hingað ferðamannastraum ár frá ári, sem undantekningarlaust er rekinn áróður fyrir hér með því að höfða til óspilltrar náttúru. Og það er athyglisvert að í öllum auglýsingabæklingum og kynningarbæklingum um Ísland er ævinlega gott veður. Það er sólskin og sunnanvindur, eins og við mundum segja á Norðurlandi, bjart og heiðskírt veður og grasið er grænt o.s.frv. — og að sjálfsögðu óbælt, að sjálfsögðu ótroðið og óbælt eins og þar hafi aldrei komið mannsfótur. En engu að síður er það nú svo að ferðamannafjöldinn vex ár frá ári, ferðalög Íslendinga sjálfra um landið aukast einnig, að nokkru marki a.m.k., og er það vel. Allt saman veldur þetta auðvitað því að þörfin, sem fyrir var ærin, er nú svo aðkallandi að það verður naumast notað annað orðalag en neyðarástand yfir það, yfir þá örtröð sem er á ýmsum vinsælustu ferðamannastöðum landsins um háannatímann á sumrin.

Við fulltrúar minni hl. bárum fram þá tillögu í fjh.- og viðskn. Nd. að a.m.k. yrði reynt að sýna lit í þessum efnum með því að auka nokkuð tekjur Ferðamálaráðs, þó ekki væri nema um tiltölulega hógværa upphæð, og við lýstum okkur tilbúin til að sérmerkja þá aukningu þessum verkefnum.

Talsmaður Ferðamálaráðs sem mætti á fund nefndarinnar taldi að Ferðamálaráð mundi bregðast vel við því og taka slíkum tilmælum um forgangsröðun verkefna vel þó að fjárveitingavaldið með þeim hætti skilyrti hluta af fjárveitingum til ráðsins sem lögum samkvæmt er auðvitað ekki gert ráð fyrir. Lögum samkvæmt er það auðvitað verkefni Ferðamálaráðs, ekki fjárveitingavaldsins, að ráðstafa fjármagni ráðsins til einstakra verkefna. En með tilliti til aðstæðna þá hefði því sem sagt ekki verið illa tekið þó að Alþingi hefði beint þeim tilmælum til Ferðamálaráðs að líta á þessa aukningu sem sérstaklega markaða þessum verkefnum, verk-

efnum Ferðamálaráðs á sviði umhverfismála og e.t.v. einnig að einhverju leyti til að kynna möguleika á ferðalögum um eigið land.

Þessari hógværu beiðni okkar var hafnað. Meiri hl. treysti sér ekki til að láta eina einustu milljón kr., ekki einu sinni hundruð þúsunda renna í þetta verkefni á sama tíma og menn treysta sér þó til að hækka lántökuheimildir Byggðastofnunar um 100–200 millj. og kem ég að því á eftir og ætla ekki að gagnrýna það. En mér finnast menn býsna smásálarlegir, það verð ég að segja, hv. 1. þm. Vestf. og aðrir góðir áheyrendur, að geta ekki einu sinni horft af fáeinum milljónum, til að mynda til þessa verkefnis, eftir allt sem á undan er gengið, og taka það á ríkissjóð, þau ósköp að hækka tekjur til Ferðamálaráðs um nokkrar milljónir, þannig að það geti a.m.k. til málamynda sinnt sínum lögbundnu skyldum á sviði umhverfismála. Ég tel þetta, herra forseti, einhverja hneykslanlegustu og aumingjalegustu niðurstöðu af mörgum slíkum ljótum hjá hæstv. ríkisstjórn, það er sú útreið sem umhverfismálin fá í afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. (**HG:** Hvar er ríkisstjórnin?) Já, hvar er ríkisstjórnin, er hún búin að segja af sér, herra forseti? Hvernig er það, eru þeir með fjarvistir þessir hæstv. ráðherrar? Eða eru þeir búnir að segja af sér? (**Forseti:** Eins og fyrr hefur fram komið hér á fundinum, þá eru eftirtaldir hæstv. ráðherrar með fjarvistarleyfi: Friðrik Sophusson, 1. þm. Reykv., Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, 4. þm. Reykn., og nú nýverið hafði samband við forseta Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félmrh., og bað einnig um fjarvistarleyfi.)

Já. Ég sé að það er sem sagt tæplega hálf ríkisstjórnin með fjarvistarleyfi og þeir sem þó hafa ekki fjarvistarleyfi láta ekki sjá sig í þingsölum. Það er ástæða til að harma sérstaklega þetta ástand á stjórnarheimilinu, í fyrsta lagi þetta annríki, eða heilsufar ef því er til að dreifa, sem veldur því að næstum því hálf ríkisstjórnin þarf að biðja um fjarvistarleyfi. Enn þá meiri ástæða er þó til að harma útkomuna hjá hinum sem ekki hafa haft samband við forseta, ekki hafa fengið leyfi til að vera fjarverandi við þingstörfin en láta engu að síður ekki sjá sig.

Ég hef reyndar sagt það áður, herra forseti, að ég telji að það séu tvö mál alveg sérstaklega sem koma til umfjöllunar á hverju einasta Alþingi sem kalli á nærveru viðkomandi ráðherra, þ.e. allrar ríkisstjórnarinnar, því að yfirleitt á hún öll einhver mál sem tengjast afgreiðslu þessara tveggja mála. Það eru fjárlög og lánsfjárlög. Og það eru fullkomlega eðlileg og þingleg vinnubrögð að gera kröfu um það að ráðherrarnir, ríkisstjórnin, sé viðstödd a.m.k. þegar þessi tvö mál eru rædd því þau grípa inn í næstum því hvern einasta málaflokk í landinu, a.m.k. fjárlögin og einnig lánsfjárlagafrv. sem varðar fjárveitingar og starfsgrundvöll, starfsskilyrði fjölmargra málaflokka sem heyra undir hina ýmsu ráðherra. Ég ætla að fara fram á það við virðulegan forseta að hann láti kanna hvernig ástatt sé fyrir hinum hæstv. ráðherrum sem ekki hafa fjarvistarheimild, hvort þeir séu á landinu, hvort þeir séu einhvers staðar nálægt miðborg Reykjavíkur og hvort það væri t.d. möguleiki á því að eitthvað af þeim gæti birst hér í þinghúsinu upp úr kaffihléi eða upp úr kl. 4 t.d.

Ég man, herra forseti, að ég ræddi þessi mál nokkuð við virðulegan forseta einmitt við 1. umr. og mér þótti það heldur óviðurkvæmilegt að þá var svipað ástand um viðveru hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar. Manni dettur iðulega í hug að landið sé bara stjórnlaust, að ríkisstjórnin sé búin að segja af sér. Farin heim. Þetta er heldur nöturlegt, herra forseti, ég verð að segja það. Aum er frammistaða hæstv. ríkisstjórnar á ýmsum sviðum, en hvergi er hún sennilega lélegri en hér í mætingunni og er þá mikið sagt.

Það eru hér ýmis mál, herra forseti. Hér er t.d. fjallað um lántökuheimildir hinna ýmsu sjóða. Þær koma hér inn undir lánsfjárlögin. Sjóðir atvinnulífsins, fjárfestingarlánasjóðir hálfopinberir og opinberir, með einum eða öðrum hætti er starfsemi þeirra hér markaður lagarammi. Halda menn að þetta komi ekki viðkomandi fagráðherrum við? Eða er það e.t.v. skoðun manna að þetta skipti engu máli, það sé engin ástæða til að vera viðstaddur og ræða þetta? — Er fundi forsetanna nokkuð að ljúka? (**Forseti:** Honum er lokið.) Já. Þá er fundi forsetanna lokið og ég vona þá að óskir mínar hafi fengið góðar undirtektir á þessu málþingi forsetanna og það verði kannað hvernig er ástatt fyrir þessum hæstv. ráðherrum í ríkisstjórninni sem ekki annaðhvort liggja í rúminu eða eru þegar með fjarvistarleyfi eða af einhverjum öðrum orsökum.

Ég hefði t.d. talið mjög mikla ástæðu til að hæstv. núv. utanrrh., sem reyndar er einn af þessum með fjarvistarleyfið, hefði aldrei þessu vant heiðrað okkur með nærveru sinni smástund. Ég ætlaði mér reyndar að ræða enn þá betur við hann um málefni Þróunarfélagsins hf., sem er hans skilgetið sérstakt afkvæmi. Hann gerðist guðfaðir þess kompanís þegar það var stofnað fyrir einum tveim, þrem árum síðan. Og það lá svo mikið við að framsókn varð að fórna einum sínum besta manni þar í kommissarstól við litlar vinsældar ýmissa aðila og það lá við stjórnarkreppu og stjórnarslitum í landinu út af Þróunarfélaginu fyrir einu, tveimur árum síðan. Þá lá nú svo mikið við. Þá var svo mikið í húfi. Enda var þetta fyrirtæki sem átti að bjarga landinu, átti að reisa atvinnulífið hér á nýtt flugstig með ýmiss konar nýsköpun í atvinnulífi. Nú er þetta fyrirtæki kvalið niður í næstum ekki neitt og hefur verið skorið hér niður tvö ár í röð.

Ég ætlaði að fá það upplýst hjá hæstv. núv. utanrrh. hvort hann væri alveg ánægður með þetta, hvort þetta hefði allt saman farið að hans óskum og vonum og þetta væri sú framtíð sem hann hafði hugsað óskabarni sínu. En hæstv. ráðherra er sem sagt með fjarvist og má sjálfsagt ekki vera að því að

koma hér. Það gleymist náttúrlega, skiptir enda ekki máli, að þetta er formaður Framsfl. Einn og sami maðurinn. Hæstv. utanrrh. er líka formaður Framsfl. Framsfl. er ekki hér á þingi. Hann er einhvers staðar annars staðar nema auðvitað einn og einn þm., yfirleitt af eldri kynslóðinni, sem sér sóma sinn í því að sitja hér og rækja sínar þingskyldur. En ég hef margoft tekið eftir því að ráðherrar Framsfl. forðast það að vera hér inni á Alþingi og margir þm. einnig, enda líta þeir upp til þeirra, ráðherranna, nema einstöku menn sem greinilega hafa það sjálfstraust að þeir mæta eftir sem áður í þingsali þó að höfuðin séu hætt því. Já, herra forseti, þetta er auma ástandið. Það verð ég að segja.

En ætli maður haldi ekki áfram að ræða þetta og láti sem ekkert sé því það er lítið annað hægt að gera. Þeir þm., sem enn taka þingstörfin alvarlega og reyna að starfa hér með eðlilegum hætti, ræða málin af einhverju viti, þeir verða að gera svo áfram. Ég sé ekki að það sé neitt annað til. Hinna verður bara að vera skömmin óbætt að hundsa svona þessa samkomu, hið virðulega Alþingi Íslendinga.

Þá eru það útvarpslögin, fjárveitingar til Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntmrh. er sjálfsagt veikur eða einhvers staðar önnum kafinn, a.m.k. er hann ekki hér í þingsölum. Ég geri ekki ráð fyrir því að honum þyki það koma sér mikið við hvort Ríkisútvarpið lifir eða deyr. Það er a.m.k. ekki að sjá. Afkoma Ríkisútvarpsins er mjög slæm. Hún er þannig að stofnunin dregur á eftir sér geysilegan skuldahala sem kemur til af ónógum fjárveitingum og minnkandi tekjum undanfarinna ára. Ég hygg að hallinn á rekstri Ríkisútvarpsins sl. tvö ár sé einar 400 millj. kr. og það var upplýst af fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, sem kom á fund í fjh.- og viðskn., að þessi halli kostaði Ríkisútvarpið í vaxtagreiðslum einum fleiri, fleiri milljónir á hverjum einasta mánuði. Ríkisútvarpið er borgandi vexti kannski af stærðargráðunni 5–8 millj. á hverjum mánuði bara til að fjármagna skuldir sínar og fleyta þeim frá mánuði til mánaðar. Þetta er sem sagt staðan sem þessi stofnun stendur nú í þrátt fyrir fyrirheit um það að séð yrði fyrir högum Ríkisútvarpsins með sómasamlegum hætti þegar ný lög um útvarpsrekstur og fjölmiðlun gengju í gildi. Þá voru uppi fagrar ræður um það að auðvitað kæmi ekki annað til greina en að standa við bakið á Ríkisútvarpinu og gera því kleift að sinna því menningar-, fræðslu- og miðlunarhlutverki sem menn ætla ríkisfjölmiðlum að gera burt séð frá annarri fjölmiðlun.

Það er alveg ljóst að vegna þess mikla innflutnings, sem varð á síðasta ári af tækjum, varð Ríkisútvarpið af geysimiklum tekjum vegna skerðingarákvæða síðustu lánsfjárlaga eða kannski allt að 300 millj. kr. sem hefðu langleiðina dugað til að kvitta reikningana hjá Ríkisútvarpinu, koma rekstrarfjárstöðu þess á sléttan sjó. En illu heilli var þetta allt saman tekið af Ríkisútvarpinu og það sama á að gera á næsta ári.

Þetta er auðvitað mjög hrakleg niðurstaða. Þess vegna er það tillaga okkar að Ríkisútvarpið fái sinn tekjustofn óskertan á næsta ári og það er brtt. við 22. gr., um að sú grein falli brott. Hún fjallar um skerðingu á tekjum Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum á hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og fylgihlutum þeirra.

Ég man ekki til þess, herra forseti, að hæstv. menntmrh. hafi tekið þátt í umræðum hér í þessari deild við 1. umr. og hann er hér fjarri góðu gamni við 2. umr. Það væri kannski ástæða til að spyrja hvort sá hæstv. ráðherra eða einhver annar ráðherra sem gegnir fyrir hann eða ætti að gegna fyrir hann ef hæstv. ráðherra getur ekki verið hér til svara í þinginu eins og stjórnarskrá og lög gera ráð fyrir, hvort einhver slíkur gæti þá orðið viðstaddur hugsanlega 3. umr. þannig að málið færi ekki í gegnum allar umræður í deildinni án þess að talsmaður ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki gæti verið viðstaddur. (**Forseti:** Það eru viðstaddir hér tveir ráðherrar í húsinu. Það eru fjmrh., sem er nú ábyrgðarmaður þessa máls, og forsrh. Ég get að sjálfsögðu gert þeim aðvart nú og mun gera það.) Þeim ráðherrum? (**Forseti:** Þeim tveimur. Aðrir hafa fjarvistarleyfi utan heilbrrh. sem hefur ekki fjarvistarleyfi.) Hafa allir aðrir hæstv. ráðherrar fjarvistarleyfi úr þinginu? (**Forseti:** Allir aðrir ráðherrar, sem eiga sæti í þessari hv. deild. Það eru að vísu ráðherrar sem eiga sæti í Ed. og eru ekki hér að sjálfsögðu.) Já. (**GHelg:** Þeir eru þá önnum kafnir í Ed.?) Já, þeir eru önnum kafnir í Ed. (**Forseti:** Þeir munu vera í sínu ráðuneyti. Í sambandi við þessar umræður allar vil ég geta þess að ráðherrar hafa ekki sótt þingfundi nema í sinni deild nema þeir séu með mál hér til umræðu. En ég mun láta þá ráðherra sem hér eru viðstaddir vita um þessar umræður sem hér hafa farið fram.)

Ég þakka hæstv. forseta og veit að hann er allur af vilja gerður. Það er auðvitað alveg sláandi fyrir ástand mála að það þarf jafnvel að gera þeim hæstv. ráðherrum viðvart sem eru þó í húsinu, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. Ekki einu sinni þeir, þó þeir séu hér einhvers staðar á dóli í húsinu, geta haldið sig hér innan dyra stundinni lengur. Það er gott til þess að vita að öll ríkisstjórnin næstum að segja eins og hún leggur sig hefur fjarvistarleyfi frá umræðunni. Það er líka vel við hæfi. Mér finnst það mjög skiljanlegt að hæstv. ráðherrar reyni að láta sem minnst sjá sig hér. Þannig er nú frammistaðan hjá þeim að ýmsu leyti. En það er allt í lagi að hafa dregið það hér fram hvernig þessum málum er komið.

Herra forseti. Ég var að ljúka við að gera grein fyrir því að við leggjum til að 22. gr. frv. falli brott og Ríkisútvarpið haldi sínum tekjum. Ég tel mig hafa rökstutt að fyrir því séu ærnar ástæður. Ríkisútvarpið stendur eins og við vitum í uppbyggingu. Þar er verið að halda áfram framkvæmdum við nýtt útvarpshús. Enn fremur stendur til að sjónvarpið flytji inn í þá byggingu á næstunni og það mun auðvitað kalla á talsverð fjárútlát. Framkvæmda-

sjóður Ríkisútvarpsins hefur lögum samkvæmt 10% af tekjum stofnunarinnar og sem betur fer hafa menn ekki getað kyrkt með öllu framkvæmdir og tæknilega uppbyggingu og endurnýjun útvarpsins vegna þeirra ákvæða. Vegna þeirra ákvæða hefur útvarpið sjálfkrafa haft nokkurt framkvæmdafé burtséð frá því hvernig búið er að högum þess að öðru leyti. Mér hrýs hugur við því að hugleiða hvernig staða Ríkisútvarpsins væri ef þó ekki væri þetta ákvæði í lögum um framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Mér sýnist næsta ljóst að a.m.k. núv. hæstv. ríkisstjórn á sér þá ósk heitasta að kyrkja Ríkisútvarpið og mætti út af fyrir sig velta því fyrir sér hvort einhverjar sérstakar pólitískar hvatir séu þar að baki, hvort það sé sérstök stefna hæstv. ríkisstjórnar að lama starfsemi Ríkisútvarpsins eins og mögulega kostur er og hvað eigi þá að taka við.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum frv. þar fyrir utan, utan við þær brtt. sem ég hef hér gert sérstaklega að umtalsefni. Þá langar mig fyrst til að nefna ofurlítið efnahagshorfurnar almennt. Á fund fjh.- og viðskn. komu ýmsir spekingar, til að mynda sérfræðingar bæði frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Það var athyglisverð umræða sem fram fór í fjh.- og viðskn. um stöðuna í efnahagsmálunum að viðstöddum öllum þessum spekingum. Þar voru auðvitað líka starfsmenn ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi vakti athygli nefndarmanna, mína a.m.k., sá augljósi ágreiningur sem uppi var í röðum ráðgjafa ríkisstjórnarinnar um efnahagshorfurnar, þar sem greinilega kom fram mismunur, sem þegar hefur orðið uppvís í fjölmiðlum, mismunur á mati annars vegar Seðlabankans og hins vegar Þjóðhagsstofnunar á stöðu mála. Og það varð ekki annað heyrt en að sá skoðanamunur endurspeglaðist einnig í viðhorfi manna til þess hvað bæri að gera. Þetta er auðvitað athyglisverð staðreynd þegar það er svo jafnframt haft í huga að hæstv. ríkisstjórn er algjörlega ósammála að því er virðist um það hvað eigi að gera. Þar virðist ríkja slíkur ágreiningur um alla helstu þætti efnahagsmálanna að það væri e.t.v. nær að reyna að leita að því sem stjórnin gæti komið sér saman um. Ég þykist að vísu vita það að hæstv. ríkisstjórn sé næst því að geta komið sér saman um að lækka kaupið. Það hefur yfirleitt verið þannig þegar íhaldssamar ríkisstjórnir hafa setið að völdum að þær hafa ævinlega getað sameinast í því einu að lækka kaupið. Og ég veit fyrir víst að ríkisstjórnin hefði í því efni stuðning ákveðinna embættismanna í Seðlabankanum. Það kom fram á fundum fjh.- og viðskn.

En hvað varðar vaxtamálin, gengismálin, lánsfjárrammann og margt, margt fleira verður ekki annað séð en ríkisstjórnin viti ekki sitt rjúkandi ráð. Það eru slíkar upplýsingar á ferðinni um viðskiptahallann á síðasta ári og horfur á þessu ári um nánast stjórnlausar erlendar lántökur einkaaðila í gegnum hin gráu svæði fjármagnsmarkaðarins, ef svo má að orði komast og margt, margt fleira, að það er nánast eins og grín að vera að afgreiða hér frv. til lánsfjárlaga sem gengur út frá 10% verðbólgu á næsta ári og því að kauphækkanir verði ekki nema 7% eða guð má vita hvað. Ég held að það sé öllum ljóst að það er nánast eins og grín að standa þannig að hlutunum nú og að ganga frá þessu síðasta máli, sem snertir heildarstjórnun efnahagsmálanna og er nátengt fjárlögum og skattafrv. og öðru sem hér hefur verið til umfjöllunar, við þær aðstæður sem nú eru, við þá óvissu sem nú er í gengismálum, er sömuleiðis grín. Það er auðvitað til málamynda. Það er öllum ljóst að það er til málamynda, pro forma, eins og það heitir að loka þessu núna til að hafa eitthvað, til að ganga frá einhverju. Síðan verður mönnum væntanlega ljóst að allar þessar forsendur eru löngu brostnar og þar af leiðandi mun hæstv. ríkisstjórn ætla sér að spila þetta af fingrum fram án þess að hafa nokkra efnahagsstefnu. Hvar er efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar? Í hverju birtist hún nú? Hver er stefnan gagnvart framtíðinni? Hvað ber að gera í vaxtamálunum? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Á Steingrímur Hermannsson hæstv. utanrrh. að ráða? Á Jón Sigurðsson hæstv. viðskrh. að fá að ráða? Eða hver er stefna Sjálfstfl.? Hvar birtist það í þessum efnum? Nei, hér er auðvitað slík ringulreið á ferðinni að í þau fimm ár sem ég hef starfað hér á Alþingi og verið viðstaddur umræður um fjárlög og lánsfjárlög man ég ekki eftir öðru eins og hef ég þó ýmislegt upplifað í þessum efnum.

Ef viðskiptahalli í mesta góðæri Íslandssögunnar verður á milli 4 og 5 þús. millj. og það stefnir jafnvel í að hann tvöfaldist á næsta ári, hvað er þá að ske? Hvað er að ske þegar raunveruleg skuldaaukning verður á sl. ári, í þessu mikla góðæri, vegna þess að erlendar lántökur eru nánast óheftar? Það er opin rás inn og út úr landinu fyrir erlendar lántökur vegna þess að upp eru komin fyrirtæki á sviði fjármögnunar sem nánast standa utan við lög og rétt og geta gert það sem þeim sýnist. Það voru málamyndareglur sem settar voru á sl. hausti um hlutfall innlendrar fjármögnunar hjá þessum fjármagnsleigufyrirtækjum. Það var niðurstaða þeirra sérfræðinga sem komu til fjh.- og viðskn. að þær mundu engu breyta. Þær mundu engu breyta um ásóknina í erlent lánsfé í gegnum þessar sjoppur. Einu áhrifin, ef einhver verða, verða þau að spenna enn upp vaxtastigið innan lands því nú þurfa þessi fyrirtæki að fara út á innlenda markaðinn og sækja þangað þann hluta sinna útlána sem er bundinn innlendri fjármögnun, þau 30 eða 40%. Það munu þau að sjálfsögðu gera með því að yfirbjóða aðra sem eru að störfum á þessum markaði, ríkið, bankana og aðra slíka aðila. Þessar reglur, þegar til kastanna kemur, verða væntanlega enn einn valdurinn að því að hækka vextina.

Svo eru það verðbólguhorfurnar, herra forseti. Hvernig eru verðbólguhorfurnar? Hvað er líklegt að verðbólgan verði ekki nema 10% að meðaltali á árinu eins og mér skilst að þessar blessaðar forsendur geri ráð fyrir? Annars er ég farinn að ruglast í þessu öllu, herra forseti, það skal ég fúslega viðurkenna. Það er nokkuð síðan ég las það síðast, en mig

minnir að það standi einhvers staðar í frv. að gert sé ráð fyrir 10% verðhækkunum að meðaltali á þessu ári og er það mjög trúlegt þegar verðbólgan er í dag um og yfir 30% og það er nokkuð ljóst að ef eitthvað gerist á næstunni fer verðbólgan upp en ekki niður. Hvers vegna? Jú, vegna þess að það eru ýmiss konar hækkanir á opinberri þjónustu, auk þeirra miklu vöruverðshækkana sem nú dynja yfir almenning og reynast meiri en svartsýnustu menn höfðu reiknað með. Jafnvel svartsýnustu menn höfðu ekki áttað sig á því hversu mikil margföldunaráhrif nýju söluskattsreglnanna eru í verðlaginu. Menn höfðu t.d. ekki, þó það sé e.t.v. skammsýni, gert sér að fullu grein fyrir því hve mikið ýmsir hlutar þeirra vöruflokka sem að nafninu til átti að undanskilja söluskatti hækka vegna þess að söluskatturinn leggst á allan aukakostnað sem til fellur við hantéringu á þessum vörum og þannig verða margföldunaráhrif þessarar söluskattsálagningar meiri en svartsýnustu menn gat órað fyrir. Auðvitað hlýtur þetta að valda því að verðhækkunaráhrif breytinganna verða meiri en menn höfðu reiknað með og það mun enn þýða aukna verðbólgu. Það er alveg ljóst að eigi að halda kaupmætti launa eða verja þann kaupmátt sem um samdist í síðustu kjarasamningum er alveg lágmark að verðbólga, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana, verði hér á bilinu 20–30% að meðaltali á árinu. Ég sé ekki neina leið til þess að óbreyttu, þó að genginu verði haldið föstu, en að verðbólga verði hér a.m.k. á bilinu 20–30%. Er þá eingöngu verið að tala um að launþegar nái eftir á að leiðrétta kaup sitt þannig að þeir haldi kaupmætti síðustu kjarasamninga. Til þess þarf þegar umtalsverðar launahækkanir eða sjálfsagt nálægt 10% fyrir þá sem eru á lágmarkslaunum. Það er upplýst að kaupmátturinn hafi í desembermánuði einum fallið um 5–6% á lágmarkslaununum frá meðaltalskaupmætti árið 1987. Síðasta verðbótaviðmiðun launa var í október og í 30% verðbólgu má öllum ljóst vera að kaupmátturinn er að falla mjög hratt. Síðan er liðinn nóvembermánuður, desembermánuður og janúar að verða hálfnaður og á þessum tíma hefur verið nálægt 30% verðbólga, en kaupmáttur launa er óbættur. Þetta er staðan. Og halda menn að hæstv. ríkisstjórn hafi verið að leggja sérstaklega inn hjá sjálfri sér og auðvelda lendingu og skjóta lausn í kjarasamningum með þeim ráðstöfunum sem hún hefur verið að grípa til undanfarið? Nei, það er varla hægt að ímynda sér það. Ef gengið yrði nú svo fellt um fáein prósent eða segjum 10% og kaupmáttur launa yrði hinn sami á árinu 1988 og hann var að meðaltali á árinu 1987 og kauphækkanir sem til þess þyrftu færu fram, kannski með jöfnu millibili út árið, hvað yrði verðbólgustigið þá á árinu 1988? Það yrði 45–50% samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar. Og ætli mönnum þyki það nokkur goðgá að gengisbreyting þurfi að verða um 10% í þessa átt þegar frystingin í landinu er rekin með 8–9% tapi og þegar ýmsar aðrar greinar sjávarútvegsins eru reknar — ja, sumar með 30 og sumar með 50% tapi að sagt er, rækjuvinnslan og hörpudisksvinnslan í þessari röð?

Ég hef aldrei vitað að það gengi mjög lengi í hinu íslenska efnahagskerfi að halda genginu óbreyttu ef kostnaðarhækkanir væru að bitna á sjávarútveginum upp á tugi prósenta á milli ára og verðhækkanir kæmu ekki til erlendis til að bera það uppi. Hver á að aðstoða sjávarútveginn í þannig stöðu? Hvaðan á að taka fé til að færa það yfir til sjávarútvegsins? Það er ekki hægt vegna þess að sjávarútvegurinn leggur til um 80% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og það er einfaldlega ekki hægt í hinu íslenska hagkerfi að gera þá neitt annað en aðlaga gengisskráninguna því sem sjávarútvegurinn þarf. Sú gengisaðlögun getur verið mismunandi mikil eftir því hvernig búið er að atvinnugreininni að öðru leyti. Auðvitað eftir því hverjar launagreiðslur eru, eftir því hverjir vextir eru, eftir því hvort sjávarútvegurinn borgar launaskatt eða ekki, eftir því hvort hann fær uppsafnaðan söluskatt eða ekki. En ef hæstv. ríkisstjórn ætlar ekkert af þessu að gera, það á ekki að lækka vextina, það má ekki hrófla við vöxtunum, það er lagður á launaskattur, það er ekki endurgreiddur uppsafnaður söluskattur, halda menn þá að það sé hægt að halda genginu mjög lengi föstu? Auðvitað ekki. Það er fjarstæða og bull. Ef hæstv. ríkisstjórn væri með markvissar aðgerðir í gangi af þessu tagi til að styðja við bakið á útflutningsatvinnuvegunum og koma þeim til aðstoðar til þess að væri unnt að verja gengið dytti e.t.v. einhverjum manni það í hug. En við þessar aðstæður er það náttúrlega bull. Það vita allir sem eitthvað hafa kynnt sér íslensk efnahagsmál, bæði í bráð og lengd.

Það þarf enga sérstaka hagspekinga til í sjálfu sér hvað þetta varðar, herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn veit greinilega ekki sitt rjúkandi ráð. Að nafninu til er ríghaldið í eitthvað sem heitir fastgengisstefna og er auðvitað ekki til. Sjálft hugtakið er vitleysa, sjálft hugtakið er endaleysa og hvergi jafnvitlaust og á Íslandi þar sem þjóðin er jafngífurlega háð útflutningi og innflutningi og raun ber vitni. Við þessar aðstæður allar verður ekki annað séð en hér sigli nánast allt í strand hjá hæstv. ríkisstjórn ef hún ætlar að þumbast og setja undir sig hausinn í þessari stöðu með kjarasamningana lausa og ástandið í efnahagsmálum eins og það er að öðru leyti.

Ég tel, herra forseti, að það sé alveg ljóst hvað hér er að ske pólitískt séð. Það er ósköp einfalt í mínum huga. Hér er svonefnd frjálshyggja að sigla í strand. Hún er að brotsigla sig gjörsamlega á þessum síðustu mánuðum. Stefna frjálshyggjunnar í vaxtamálum, í ríkisfjármálum og að ýmsu öðru leyti er núna að sigla harkalega í strand. Og af hverju er það nú, hv. þm. Ed. Egill Jónsson? Það er gaman að sjá einu sinni í húsinu efrideildarmann sem ekki hafa verið hér mikið. (**EgJ:** Ég hef ekki þingskyldu hérna megin.) Ég veit það, enda hefur hv. þm. ekki rétt til að taka til máls í þessari deild, en ég ávarpaði hann engu að síður af því að hann sást í dyrunum. Það var þó ekki ætlast til þess að hann færi að blanda sér í umræður.

Frjálshyggjan er að sigla í strand vegna þess að góðærið er búið í bili. Það er nefnilega þannig að frjálshyggjan gat gengið og menn gátu sperrt kassann og barið sér á brjóst og sagt: Þetta er allt í lagi, við höfum lausnirnar, á meðan var bullandi uppsveifla og góðæri. Þá gat vaxtabrjálæðið gengið og þá gat ýmislegt annað gengið upp sem við eðlilegar aðstæður er botnlaus vitleysa. Það er mitt mat á þeirri stöðu sem nú er uppi í íslenskum efnahagsmálum og þjóðmálum að hér séum við að horfa upp á á þessum líðandi mánuðum strandsiglingu frjálshyggjunnar í hinu íslenska hagkerfi. Það er víðar en í Wall Street sem frjálshyggjan er að hrynja saman þessa dagana. Hún er líka að gera það uppi á Íslandi.

Vaxtafrelsið mikla. Til hvers er það nú að leiða? Tímamótaákvörðunin frá 1984 sem þeir lofsungu öllum öðrum mönnum hærra, hæstv. núverandi utanrrh., þáverandi forsrh., Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson, hæstv. núverandi forsrh. Þessir tveir menn gengu fram fyrir þjóðina og kynntu henni tímamótaákvarðanir í vaxtamálum og peningamálum sem ættu að færa þjóðinni ríkidæmi og blessun að því að manni skildist. Til hvers er þetta nú að leiða? Það er að leiða til þess að sennilega hefur íslenski fjármálaheimurinn, peningamarkaðurinn og allt það kerfi, sem er nú ekki giska burðugt, aldrei verið vitlausara en í dag, aldrei verið vitlausara og óréttlátara. Framleiðsluatvinnuvegirnir eru að kikna undan vaxtaokrinu, þeir aðilar sem fyrst og fremst eru með mikið rekstrarfé að láni. Gengisskráningin bitnar á þeim, er þeim mjög óhagstæð. Og hverjir hagnast? Hverjir eru það sem *túta út*? Það er innflutningur á ýmiss konar drasli sem á niðurgreiddu gengi flæðir inn yfir landið.

Það var líka upplýst í hádegisfréttunum, ef ég heyrði rétt, að verðmæti útflutnings Íslendinga hefði vaxið myndarlega á síðasta ári, enda mesta góðæri sögunnar. Mig minnir að ég hafi heyrt töluna 16 eða 17% sem raunverðmæti útflutnings frá Íslandi, vöruútflutnings, jókst. Það er myndarleg frammistaða. Oft hefur íslenskur sjávarútvegur og aðrar útflutningsgreinar gert vel en þó líklega sjaldan jafnvel og á s.l. ári. En hvað gerðist á móti? Vöruinnflutningurinn jókst tvöfalt þetta. Það var enn þá myndarlegar gert. Og hver er ástæðan fyrir því? Hún er sú að gengisskráningin stuðlar að auknum innflutningi á alls konar vörum, en bitnar mjög þungt á framleiðsluatvinnuvegunum og útflutningsatvinnuvegunum. Þetta er alveg morgunljóst. Það verður ekki séð að hæstv. ríkisstjórn hafi mikinn áhuga á að breyta þessu. (**Forsrh.:** Er þm. að biðja um gengislækkun?) Þm. er að draga vissar staðreyndir upp fyrir hæstv. ríkisstjórninni, þ.e. því litla broti hennar sem er viðstatt við umræðurnar, og þm. leyfði sér að halda fram þeirri skoðun sinni að ef menn ekki grípa til einhverra ráðstafana til að bæta útflutningsatvinnuvegunum upp þær kostnaðarhækkanir sem þeir hafa tekið á sig innan lands í föstu gengi og við nokkurn veginn fast afurðaverð, eins og það hefur verið síðustu mánuði eftir að það hætti að fara upp á við hjá sjávarútveginum, verði að fella gengið. Það eru tvær leiðir til, hæstv. forsrh., ef ég má ávarpa hæstv. forsrh. með þínu leyfi, herra forseti. Það eru bara tvær leiðir til í því efni. Það er ósköp einfalt og þarf ekkert að þrasa um það. Hv. þm. sem hér talar er ekki að biðja um gengisfellingu. Það er ævinlega óæskilegt að þurfa að fella gengið, en stundum standa menn frammi fyrir staðreyndunum og spurningin er hverjir þora að viðurkenna staðreyndirnar. Ég þori það. Ég veit að gengisfelling er ólánsaðgerð að mörgu leyti. Hún er ekki góð fyrir þá sem skulda erlendis og hún er óhagstæð að ýmsu leyti. Best væri að geta haft gengið sem stöðugast. (**Forsrh.:** En hvað um kaupmátt?) En löngun okkar til þess að halda föstu gengi, hæstv. forsrh., breytir ekki staðreyndum efnahagslífsins. Hún breytir ekki þeirri staðreynd að sumar greinar sjávarútvegsins eru nú reknar með allt frá 10 og upp í 50% tapi. Hún breytir ekki þeirri staðreynd að ullariðnaðurinn og fleiri greinar útflutningsiðnaðar eru reknar með 20–30% tapi. Á sama tíma er hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. forsrh., sem hér er að taka þátt í umræðunni, að leggja launaskatt á þessar greinar, að draga úr endurgreiðslum á uppsöfnuðum söluskatti og gerir ekki handtak til að lækka vextina, til að draga úr vaxtaokrinu sem bitnar mjög þungt á þessum greinum.

Við höfum eiginlega ekki rætt kjaramálin enn þá í þessu samhengi þó það sé ástæða til og þá staðreynd að kaupmáttur launa er nú hríðfallandi í þjóðfélaginu vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur misst verðbólguna gjörsamlega úr böndunum og reyndar ekki bara þessi hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki sanngjarnt að skrifa allt á reikning hennar vegna þess að sú ríkisstjórn sem sat næst á undan þessari ýtti öllu á undan sér í tilefni komandi alþingiskosninga síðustu mánuðina og jafnvel missirið fyrir þær kosningar með þeim afleiðingum að þegar aðgerðaleysi og stjórnleysi þessara tveggja ríkisstjórna er lagt saman glopraðist með öllu niður það mikla tækifæri sem menn hefðu átt að hafa til að ná verðbólgunni neðar á Íslandi en nokkru sinni fyrr í framhaldi af tvennum mjög raunsæjum kjarasamningum og í framhaldi af góðærinu. Og hvenær ætti að vera hægt að ná tökum á verðbólgu í landinu ef það er ekki í lokin á löngu góðærisskeiði og þegar gerðir eru mjög hógværir kjarasamningar, verðbólgulækkandi kjarasamningar? Það hefur enginn maður haldið öðru fram en því að verkalýðshreyfingin hefur staðið við sinn hluta þeirra samninga. Þeir sem hafa ekki gert það eru fyrst og fremst tvær hæstv. ríkisstjórnir, sú sem nú situr og sú næsta á undan henni.

Ég held að þessar staðreyndir ættu að vera hæstv. forsrh. í huga og væri ástæða til þess að hæstv. forsrh. skýrði fyrir þingdeildinni og Alþingi við þessa umræðu hver væru úrræði hæstv. ríkisstjórnar á næstu mánuðum. Nú mun hv. Alþingi væntanlega gera fundahlé um tveggja vikna skeið og í framhaldi af því koma aftur saman. Það er því ekki óeðlilegt að

við þessi tímamót sé hæstv. forsrh. spurður að því hvað sé á dagskrá hjá hæstv. ríkisstjórn í gengismálum, í vaxtamálum, í sambandi við rekstrarskilyrði sjávarútvegsins og útflutningsgreinanna og í sambandi við komandi kjarasamninga. Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn hugsað sér í þeim efnum? Telur hún viðunandi að kaupmátturinn rýrni mánuð eftir mánuð í 30% verðbólgu og að kjarasamningar dragist á langinn, m.a. vegna óvissu í efnahagsmálunum, m.a. vegna þess að verkalýðshreyfingin þorir ekki að semja, þyrði ekki að semja þótt hún ætti kost á einhverjum samningum við þessa óvissu? Hvernig á að ganga frá kjarasamningum e.t.v. langt fram í tímann þegar óvissan er eins og raun ber vitni í efnahagsmálunum? Það er ekki hægt nema þá að verðtryggja og binda í alla enda slíkar gjörðir. Og jafnvel þó menn geri það er ólíklegt að menn mundu treysta sér til að gera kjarasamninga nema til mjög skamms tíma við þessar aðstæður.

Hvað vill hæstv. ríkisstjórn segja í sambandi við það mál eða er meiningin að þegja um þetta þunnu hljóði eða er það e.t.v. svoleiðis að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki frá neinu að segja, hafi ekki rætt þessi mál, hafi engin úrræði, viti ekki sitt rjúkandi ráð? Ágreiningurinn sé slíkur í hæstv. ríkisstjórn að þeir komi þar engu fram? Er það e.t.v. þannig að deilurnar séu svo miklar milli hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. um vaxtamálin að ríkisstjórnin geti ekkert gert, hún fórni bara höndum? Og þegar hæstv. ríkisstjórn fer til sinna ráðgjafa, annars vegar í Seðlabankanum og hins vegar í Þjóðhagsstofnun, fær hún tvö mismunandi svör, tvö mismunandi svör um horfurnar, tvö mismunandi svör um möguleg úrræði. Er það e.t.v. svona? Er það þetta sem háir hæstv. ríkisstjórn öðru fremur? Það væri gaman að heyra hæstv. forsrh. svara þessu.

Herra forseti. Það eru mörg fleiri efnisatriði frv. sem ég hefði út af fyrir sig gjarnan viljað ræða og gagnrýna, til að mynda skerðingar til ýmissa aðila, svo sem eins og Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég vil gagnrýna og endurtaka mótmæli mín við því að ríkisstjórnin skerði framlög sín til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þar er um að ræða þríhliða samkomulag ríkisstjórnar, vinnuveitenda og sveitarfélaganna í landinu um að hvert fyrir sig greiði sinn hluta af byrðunum af því að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð. Hvort sem sjóðurinn er í augnablikinu eða ekki þannig staddur að hann þurfi á tekjum að halda gengur það auðvitað ekki. Það er óhæfa að ríkisstjórnin rjúfi einhliða sinn hlut samkomulagsins. Ég bendi á það að samkvæmt tillögum verkaskiptanefndar milli ríkis og sveitarfélaga er þetta einmitt einn liður sem á að færast af sveitarfélögunum yfir til ríkisins þannig að sveitarfélögin hætti þátttöku í fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs og að það verkefni verði einhliða milli atvinnurekenda og ríkisvalds. Er það trúverðugt að fela ríkisstjórninni einni þetta verkefni þegar hún stendur að hlutunum eins og raun ber vitni, er með skerðingar á sínum framlögum til sjóðsins árið áður en þessar breytingar eiga væntanlega að taka gildi? Ég segi nei.

Ég tel það stórkostlegt umhugsunarefni hvort hæstv. ríkisstj., a.m.k. þeirri sem nú situr, sé yfirleitt treystandi til þess að fara með hluti eins og Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er e.t.v. þankagangurinn í hæstv. ríkisstjórn sem er þannig að henni þykir þetta verkefni, þetta tiltekna viðfangsefni, starfræksla Atvinnuleysistryggingasjóðs, ekkert nauðsynjamál. Ég er ekki viss um að þeir samþykki það á Patreksfirði.

Ég tel að Rafmagnsveitur ríkisins séu eitt af mörgum fyrirtækjum, eins og Ríkisútvarpið, sem hæstv. ríkisstjórn sé að þjarma þannig að að til stórvandræða horfi í framtíðinni. Fjárveitingum eða fjárhagsáætlun Ragmagnsveitnanna er samkvæmt fjárlögum lokað með um 370–380 millj. kr. halla. (**Gripið fram í:** 392.) 392 millj. kr. halla, þakka fyrir. Og hvað er nú þar að gerast? Jú, væntanlega það að staða fyrirtækisins er að versna, a.m.k. sem þessu nemur, og hefur þó fyrirtækið verið gert upp með halla undanfarin ár. Og hvaða verkefni annast nú þessar Rafmagnsveitur ríkisins? Hvað er nú það? Jú, þær annast það verkefni sem er óhagstætt í raforkumálum þjóðarinnar að dreifa raforkunni, einkum og sér í lagi út um hinar dreifðu byggðir, og annast smásöluna á litla og dreifða markaði á meðan aðrar veitur og Landsvirkjun sinna þeim hlutum raforkumálanna sem eru auðvitað langhagstæðastir, selja mikið magn á þéttbýl svæði. Þetta ætti mönnum að vera nokkurt umhugsunarefni. Síðan er verið að þjarma svoleiðis að hag þessarar stofnunar að það verður ekki annað séð en að hún verði gersamlega á opinberu framfæri innan tíðar ef svo heldur fram sem horfir. Það er ekki mjög skynsamlegt. Það mun leiða til þess að ásókn verður í að hækka gjaldskrá þessa fyrirtækis meira en ella þyrfti. Hverjir koma til með að borga það? Væntanlega raforkunotendur í strjálbýli landsins. Þannig að hér er í sjálfu sér á ferðinni stórt og pólitískt mál og frammistaða ríkisstjórnarinnar er heldur léleg.

Ég tel að til að mynda þegar borin eru saman þessi tvö höfuðfyrirtæki í orkumálunum, Landsvirkjun annars vegar og Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar, sé að koma upp mikið ósamræmi í þessum hlutum. Annars vegar er Landsvirkjun sem gerir ráð fyrir því að greiða niður skuldir sínar mjög hratt. Það er út af fyrir sig æskilegt. Hins vegar eru Rafmagnsveitur ríkisins, sem sjá um erfiðasta hluta orkumálanna, að safna skuldum og eiginfjárstaða þeirra versnar ár frá ári og er þó ekki á bætandi. Hér er ekki rétt að málunum staðið og hér eru að skapast hlutföll sem geta boðið upp á miklar hættur í framtíðinni.

Herra forseti. Það er eitt enn. Það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Það mál hefur verið svo mikið rætt og verður e.t.v. rætt hér í tengslum við annað frv. sem er til meðferðar í hv. Alþingi að ég held að ég stytti mál mitt hvað þetta varðar. Hv. fjh.- og viðskn. Nd. ræddi þetta auðvitað dálítið og það er ábyggilega ekki leyndarmál að þar voru uppi hug-

myndir um að ganga þannig frá lánsfjárlögum að ef ske kynni að frv. til laga um verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga næði ekki fram að ganga yrði varnagli inni í lánsfjárlögum, varnagli af því tagi að færðust þessi verkefni ekki yfir á sveitarfélögin mætti ríkið skerða tekjur Jöfnunarsjóðs meira en ella stendur til að gera. Það er vísað í þessar hugmyndir í nál. meiri hl. og ég tel mér því heimilt, og að það geti ekki fallið undir trúnaðarbrot, að segja frá því að þessar hugmyndir voru uppi í nefndinni. Það segir sem sé aftast í nál. meiri hl., með leyfi forseta:

„Að lokum skal þess getið að taki frv. til laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, mál nr. 194, breytingum í meðförum Alþingis þarfnast 28. gr. lánsfjárlaga endurskoðunar."

Hvað er nú átt við hér? Ætli það sé ekki átt við það að 28. gr. frv., *sem er um skerðingu á framlögum* til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eigi þá að breytast þannig að ríkissjóður skerði þá meira tekjur Jöfnunarsjóðs eftir því sem minni verkefni eða engin eftir atvikum færðust yfir á sveitarfélög? Ég kýs að skilja þessa setningu í nál. meiri hl. þannig, enda er ég kunnugur málinu og vissi hvaða hugmyndir voru þar á ferðinni. Og þetta ætla ég eiginlega að láta nægja sem umfjöllun um viðhorf ríkisstjórnarinnar, og þeirrar síðustu reyndar líka enda sömu mennirnir að stórum hluta til í báðum, til sveitarfélaganna í landinu og Jöfnunarsjóðsins. Svo mikið liggur nú við að láta nú ekki þessi, með þínu leyfi, fjandans sveitarfélög fá eyri meira en ríkisstjórninni þóknast að ef ske kynni að þau tækju ekki öll þau verkefni að sér á þessu ári sem stjórnin ætlar þeim er alveg nauðsynlegt að hafa möguleikann opinn á því að skerða Jöfnunarsjóðinn meira. Það væri nú hættulegt ef þessi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi nokkar krónur umfram það sem ríkisstjórnin hafði ætlað sér að skammta honum. Þessi lögbundni markaði tekjustofn sveitarfélaganna sem einhliða hefur verið skertur af hálfu ríkisvaldsins undanfarin ár er sem sagt með öðrum orðum orðinn svo sjálfsagt viðfangsefni hæstv. ríkisstjórnar að hræra í að í báða enda skal það bundið að ekki fari í hann krónu meira en ríkisstjórninni þóknast hvað svo sem þessir tekjustofnar skila miklu og hvað svo sem málinu *líður að öðru leyti*. Þetta er ekki mjög velviljað viðhorf. Þetta er ekki mjög traustvekjandi gagnvart þeim samskiptum og þeirri uppstokkun á samskiptum þessara aðila sem boðuð er. Það verð ég alveg að segja.

Ég vil spyrja formann fjh.- og viðskn. og frsm. meiri hl., af því að hann er ekki víðs fjarri, að því hvernig beri að skilja ákveðnar setningar er snerta lántökuheimildir Byggðastofnunar. Meiri hl. varð allt í einu rausnarlegur og ákvað að heimila Byggðastofnun 200 millj. kr. meiri erlendar lántökur, ef ég hef skilið það rétt, en ætlað var í frv. og um þær 200 millj. segir í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., lið b, með leyfi forseta:

„Þá hækkar lántökuheimild Byggðastofnunar um 200 millj. kr. Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Byggðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman."

Ég spyr formann fjh.- og viðskn. hvað átt er við. Ber að líta þannig á að þessar 200 millj. allar séu sérstaklega eyrnamarkaðar *því verkefni*? (**PP:** Nei, nei, nei.) Ég fer fram á að hv. frsm. og formaður fjh.- og viðskn. komi í ræðustólinn og skýri þetta mál. Ég sætti mig ekki við einhverjar handaveifingar úr hliðarsölum. Ber sem sagt að skilja það svo eða ekki? Hvað með byggðarlög þar sem erfiðleikar steðja að af öðrum toga en í sjávarútvegi, í atvinnumálum, og geta verið hliðstætt stórir fyrir þau byggðarlög þó að útgerðin sem slík, sem gæti verið einhver, eins og t.d. á Blönduósi þar sem búið er að kaupa raðsmíðaskip sem er að veiða rækju, ber að skilja það svo sem ekki mætti taka úr þessum 200 millj. eitthvert fjármagn til að aðstoða prjónastofu sem kynni að vera á hausnum á stað þar sem útgerðin stendur þó sæmilega, eða hvað? Hvaða ákvörðun liggur hér að baki? Er verið að vísa til samþykktar í ríkisstjórn eða stjórn Byggðastofnunar eða hvernig ber að skilja þessi ummæli yfirleitt og hvað er á bak við þau? Ég fer fram á það að formaður fjh.- og viðskn. skýri þetta betur.

Ég tek það fram að ég tel það í sjálfu sér eitt með því gáfulegra sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn hefur gert að átta sig á því að sá niðurskurður á lánsmöguleikum Byggðastofnunar sem áformaður var í frv. var í hróplegu ósamræmi við stöðu byggðamálanna, við stöðu atvinnulífsins víða úti á landi, og ég fagna því þeirri aukningu sem þarna varð á heimildum Byggðastofnunar.

Að síðustu vil ég taka fram, herra forseti, að ég styð brtt. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og Guðmundar G. Þórarinssonar. Ég styð einnig smíði þess skips sem þar er um að ræða. Ég tel alveg nauðsynlegt að Vestmanneyingar hafi sem bestar samgöngur og sem öflugustu skipi yfir að ráða sem er þeirra vegur. Mér er alveg ljóst að fullnægjandi samgöngum milli lands og Eyja verður ekki haldið uppi nema með öflugu skipi, stóru skipi og hraðskreiðu skipi sem fer vel í sjó, og það þarf enginn að láta sér detta annað í hug en að það skip og rekstur þess kosti peninga. Annað væri auðvitað barnaskapur, en menn geta þá líka velt því fyrir sér hvað það kostaði að brúa út í Eyjar eða grafa jarðgöng út í Eyjar ef menn vildu reyna að leysa samgöngumál þeirra með þeim hætti. Ég er hræddur um að þá fengju menn út dálítið myndarlegar fjárhæðir og er það ekki auðskilið mál að byggðarlag af þessari stærðargráðu og jafnmikilvægt þjóðarbúinu og Vestmannaeyjar eru á fulla heimtingu á því að eitthvað sé lagt til samgöngumála þess. Það kostar býsna miklar fjárhæðir að leggja vegi og viðhalda vegum til ýmissa afskekktra byggðarlaga úti á landi. Vegirnir urðu ekki til af sjálfu sér og viðhald þeirra kostar eitthvað. Hér er í raun um hliðstætt framlag ríkisins til þessa byggðarlags að ræða.

Ég er því ekki að styðja þessa brtt. með það í huga að koma í veg fyrir að Vestmanneyingar búi við fullnægjandi samgöngur og geti endurnýjað sína ferju þegar þörf er á því. Ég tel hins vegar með tilliti til stöðu málsins eðlilegt að ganga svona frá því þar sem í ljós hefur komið við könnun fjh.- og viðskn. að málið er tæplega undirbúið í stjórnkerfinu með þeim hætti sem eðlilegt hlýtur að teljast þar sem samgrn. og fjárveitingavald hafa í rauninni ekki fjallað um málið eins og eðlilegt er áður en í framkvæmdir er ráðist. Ég treysti þeim aðilum sem hér eru tilnefndir fyllilega til þess að ganga úr skugga um það að málið sé á eðlilegu framkvæmdastigi og í eðlilegum búningi áður en því verður hleypt af stokkunum.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 er punkturinn yfir i-ið hjá hæstv. ríkisstjórn varðandi aðgerðir í efnahagsmálum.

Það má hafa mörg orð um frv. og samsetningu þess og hvernig að málum hefur verið staðið hér á hinu háa Alþingi hvað varðar umræður og framsetningu alla þar sem reynt hefur verið í öllum þessum málum að knýja málin í gegn með sem minnstum umræðum. Svo hart er reynt að koma í veg fyrir umræður að það hlýtur að læðast að manni sá grunur að ekki sé nú allt með felldu. Enda hefur stjórnarandstaðan margoft gagnrýnt vinnubrögðin án þess að á hana hafi verið hlustað.

Það er eftirtektarvert að í dag hefur til að mynda ekki sést einn einasti jafnaðarmaður í salnum og eru þeir þó yfirmenn fjármála ríkisbúskaparins. Hér sjást varla framsóknarmenn þó að einn sé nú nýsestur í stólinn, en aldrei þessu vant er hægt að telja upp nokkra sjálfstæðismenn og ber að geta þess sérstaklega í þingtíðindum að þeir skuli sjást hér í þingsal. Það er reyndar með ólíkindum að hæstv. ráðherrar skuli bera þetta litla virðingu fyrir störfum þingsins að þeir séu nánast sjaldséðari en hvítir hrafnar.

Herra forseti. Á sama tíma og fara á að samþykkja lánsfjárlög fyrir árið 1988 eru allar forsendur fjárlaga og lánsfjárlaga nánast ómarktækar.

Fjmrh. hefur boðað umtalsverðar aðgerðir sem hann að vísu lætur ekki nokkur orð uppi um hverjar kynnu að verða.

Hæstv. utanrrh. hefur greint frá því að raunvaxtaokrinu verði að linna en gerir ekkert frekar en fjmrh. nokkra grein fyrir hugmyndum sínum um hvernig hann telur að grípa eigi þar inn í, heldur segir hann að hér sé allt að fara til andskotans ef ekki verði gripið í taumana.

Hæstv. viðskrh. afneitar raunvaxtaokrinu og neitar að þar þurfi að grípa til nokkurra ráðstafana þar sem enn sé ekki fullreynt á markaðslögmálin. Spurningin hlýtur að vera: Hvenær að mati ráðherrans verður markaðslögmálið fullreynt? Verður það mælt í fjölda nauðungaruppboða hjá almenningi og fyrirtækjum? Verður það mælt í fjölda gjaldþrota? Hvar liggja mörkin?

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir að útflutningsgreinarnar þoli ekki fastgengisstefnuna öllu lengur og annaðhvort verði að fella gengið eða gera ráðstafanir til að draga úr tilkostnaði greina. Þar hefur hæstv. ríkisstjórn hjálpað mikið upp á með lagningu launaskatts á fyrirtækin og með stórskertum endurgreiðslum söluskatts í sjávarútvegi.

Nei, það er nú öðru nær að hæstv. ríkisstjórn sé eitthvað að hjálpa til, heldur er hún þvert á móti að íþyngja útflutningsgreinunum með öllum tiltækum ráðum.

Þá er ekki úr vegi að geta þess að forsendur tekjuöflunarfrumvarpa ríkisstjórnarinnar eru miðaðar við 10% verðbólgu fyrir þetta ár. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar álítur að verðbólgan í dag sé um 30% og mun það vera óvefengjanlegt. Það stefnir í hörð átök á vinnumarkaðinum þar sem ljóst er að farið verður fram á allverulegar kauphækkanir, allverulega meiri en forsendur ríkisstjórnarinnar eru. Það er alveg deginum ljósara að þegar upp verður staðið frá samningaborðunum eru forsendur fjárlaga gersamlega brostnar.

Aðilar vinnumarkaðarins munu ekkert gefa eftir og telja að ríkið eigi ekki nokkra miskunn inni hjá sér. Þegar er komið í ljós að hæstv. ríkisstjórn hefur slegið Íslandsmet í skattheimtu og mega nú sjálfstæðismenn fagna því að vissulega eru þeir á réttri leið.

Þeir hafa lagt á hinn hörmulega matarskatt sem mun verða blettur á öllum stjórnarflokkunum um aldur og ævi. Þeir hafa stórskert kaupmátt launa og svo mætti lengi halda áfram.

Ég held að nú sé orðið tímabært fyrir hæstv. fjmrh. að fara aðra hringferð um landið og spyrja þjóðina og svara um leið hver eigi Ísland.

Sá tími er óðum að nálgast að jafnaðarstefnunni sé í raun náð fram. Það vantar ekki mikið upp á að ölmusukerfi jafnaðarmanna sé fullskapað. Jafnaðarstefnan felst í því að ríkja og drottna og láta síðan mylsnuna falla á borð almennings í hæfilegum skömmtum, þ.e. jafnaðarstefna er stefna hinna fáu útvöldu og nægir þar að nefna hina nýju stefnu jafnaðarmanna í sjávarútvegsmálum. Vissulega segja þeir annað en það er ekki það sem skiptir máli heldur hvað þeir gera. Það er heila málið.

Hæstv. forsrh. var hérna í salnum rétt áðan og ég hugðist spyrja hann í fjarveru hæstv. iðnrh. hvað ríkisstjórnin hygðist gera í sambandi við vanda ullariðnaðarins, hver væru viðhorf þeirra til þess vanda. Það væri þakkarvert að fá það fram, ekki bara fyrir þm., heldur ekki síður fyrir þann fjölda einstaklinga sem misst hefur vinnuna að undanförnu sem álitið er að séu eitthvað í kringum 500 manns svo ekki sé minnst á eigendur þeirra fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegum missi. (**HG:** Það liggur hér fyrir fyrirspurn til ráðherrans.) Akkúrat.

Lánsfjárlög þessi eru óraunsæ að mestu leyti. Innlend lánsfjáröflun er ofmetin og þörfin fyrir erlendar lántökur er vanmetin. Það rifjast reyndar upp fyrir mér sú stefnuyfirlýsing viðskrh. frá því í vor

eða sumar þar sem hann lýsti því yfir að engar erlendar lántökur yrðu á árinu 1988, en það liggur nú fyrir að þær eru farnar að slaga í 10 milljarðana og fara sennilega gott betur yfir það þegar upp verður staðið.

Það er því miður staðreynd að við þurfum á erlendu lánsfé að halda til að auka framleiðslugetu okkar og þar með útflutningstekjur. Einnig þurfum við á því að halda til ráðstöfunar.

Ríkisstjórnin áætlar að 5% aukning verði í framkvæmdum fiskvinnslufyrirtækja og 5% aukning í framkvæmdum hjá hinum almenna iðnaði árið 1988. Þetta hlýtur að kalla á skýringar. Á hvaða forsendum eru slíkar áætlanir byggðar? Hvað er það í þjóðfélagsmyndinni sem gefur tilefni til að áætla á þennan veg? Ég fæ ekki séð það en kalla eftir útskýringum.

Þá er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Er það nú raunsætt? Liggur það ekki á borðinu að framkvæmdum er ekki enn lokið við flugstöðina, og var ekki í fréttum nú nýlega að ýmsu er stórlega ábótavant þar? Eða telst það eðlilegt að innan um hálfdauðan og steindauðan hitabeltisgróðurinn þurfi starfsfólk að vera betur búið innan dyra en þeir er starfa utan dyra?

Nei, ég held að það sé alveg ljóst, því miður, að enn þurfi að eyða umtalsverðu fjármagni til flugstöðvarinnar og því beri að taka tillit til þess.

En svona í beinu framhaldi af þessu væri ekki úr vegi að spyrja hæstv. fjmrh., ef eyru hans eru þarna handan við vegginn, hvert sé næsta skrefið hjá honum eftir að flugstöðvarskýrslan margfræga er komin fram. — Hæstv. forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er sennilega ekki þarna handan við vegginn. Ég ætla reyndar ekki að gera kröfu um að kallað verði á hann. Ég mun frekar stíga hér upp aftur þar sem ég er með skrifaða ræðu að mestu leyti og mun endurflytja hana þegar hæstv. ráðherra má vera að því að sinna sínum þinglegu skyldum. (**Forseti:** Ég mun láta kalla í hæstv. fjmrh.)

Og af því að ég var að spyrja hæstv. fjmrh., reyndar í fjarveru hans, um rannsóknir og því um líkt væri ekki úr vegi að spyrja hann líka hver hefðu orðið viðbrögð hans nú, ef hann væri „bara Jón" en ekki „séra Jón" eins og hann er núna, við þeim upplýsingum sem fram komu í þinginu um daginn, að fjmrh. væri að selja eignir ríkisins í trássi við lög og án heimilda þingsins. Ætli hæstv. ráðherra fyndist það ekki verðugt rannsóknarefni?

Þá vil ég líka spyrja hann hvort hann sé nokkuð búinn að gleyma yfirlýsingum sem hann gaf varðandi aukafjárveitingar. Má ekki alveg treysta því að þær yfirlýsingar standi? Þó ég viti jafnvel og aðrir að nokkur brestur hafi verið á er jú batnandi mönnum best að lifa.

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan eyða nokkrum orðum og mínútum í það að fara í gegnum frv. og skoða nokkrar greinar.

Um 1. og 2. gr. þarf ég ekki að hafa langt mál. Þó liggur nú frammi brtt. við 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir hækkun á heimild ríkissjóðs til innlendrar lántöku að upphæð 60 millj. kr. vegna línuframkvæmda við Krosssand og er ekkert nema gott um það að segja.

Í 3. gr. er heimild til handa Landsvirkjun til erlendrar lántöku að upphæð 600 000 millj. kr. Þarna verð ég að segja að það gætir lítils samræmis hjá valdhöfum þegar Landsvirkjun er annars vegar og Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar og tel ég að að ósekju hefði mátt skera þessa heimild eitthvað niður og færa niðurskurðinn yfir til Rafnagnsveitna ríkisins og hefði ekki grátið það þótt þarna stæði 500 000 millj. kr. þar af leiðandi, sérstaklega með tilliti til þess að Landsvirkjun er mjög vel á vegi stödd og gerir sér jafnvel vonir um að vera búin að greiða upp skuldir sínar um eða upp úr aldamótum, skuldir sem skipta milljörðum. Slík áform hefur ekki fyrirtæki uppi sem er í vanda statt.

Um 4. gr. er það að segja að það er alveg ótrúlegt að Framsfl., sem nú er gjörsamlega týndur, og þá sérstaklega hæstv. utanrrh. skuli sætta sig við þann gríðarlega niðurskurð sem orðið hefur á framlögum til þessa einkabarns þeirra framsóknarmanna, Þróunarfélags Íslands, og mætti nú að ósekju rifja upp ummæli þeirra er þeir börðust fyrir þessu þjóðþrifafélagi fyrir rúmum tveimur árum. Fulltrúar félagsins hafa hins vegar af mikilli tillitssemi við stjórnvöld í baráttu stjórnvalda fyrir samdrætti erlendra lántaka aðeins farið fram á 10 millj. kr. hækkun á lánsheimild eða í allt 60 millj. kr.

Ég vil með leyfi forseta fá að lesa bréf það er borist hefur frá Þróunarfélagi Íslands hf. vegna frv. þessa þar sem þeir skýra sín sjónarmið. Bréfið hljóðar svo:

„Vegna frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 og athugasemda um lántöku Þróunarfélags Íslands hf. í þskj. 1, lið 7, lánsfjáráætlun, óskar félagið eftir að koma eftirfarandi á framfæri við yður:

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 sendi félagið þáv. fjh.- og viðskn. bréf um niðurskurð á árlegri lántökuheimild félagsins úr 200 millj. kr. niður í 100 millj. kr. Þó að sá niðurskurður gengi þvert á fyrri ásetning stjórnvalda var þó ekki gerður ágreiningur um þann niðurskurð vegna þess hve félagið hafði nýlega hafið starfsemi. Jafnframt var fjárhags- og viðskiptanefndum gerð grein fyrir því að félagið yrði að fá aftur fyrri heimildir á árinu 1988.

Í núv. frv. til lánsfjárlaga er hins vegar enn höggvið í sama knérunn og heimild yfirstandandi árs, þ.e. 100 millj. kr., lækkuð niður í 50 millj. kr. á árinu 1988. Slík meðferð gengur nærri því að kippt sé grundvellinum undan lánastarfsemi félagsins, en félagið hefur farið vel með þær heimildir sem því hefur verið trúað fyrir og ekki notað til fullnustu það lánsfé sem tekið hefur verið til þessa og getur því lifað af næsta ár með því að flytja fyrningar á milli ára.

Að sjálfsögðu hefur slík aðhaldssemi neikvæð

áhrif á rekstrarlega afkomu félagsins því helsti tekjuliður þess er mismunur á vöxtum vegna lántöku og lánveitinga. Þó svo að forráðamönnum félagsins þyki stjórnvöld launa illa aðhaldssemi þessa að þessu leyti, þá skiljum við viðleitni stjórnvalda til þess að draga úr erlendum lántökum.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt, sem og fyrri bréfaskiptum, förum við nú af fullri vinsemd fram á að nefndin geri tvennt fyrir félagið samfara þessum annars mikla niðurskurði 1988.

1. Lántökuheimild félagsins fyrir næsta ár hækki um 10 millj. kr. eða úr 50 í 60 millj. kr., en sú viðbót við fyrningar yfirstandandi árs er algjört lágmark til þess að við getum haldið uppi eðlilegri starfsemi á næsta ári og mætt fyrirsjáanlegum verkefnum.

2. Fjh.- og viðskn. láti félagið ekki gjalda sanngirni sinnar að þessu leyti er kemur að undirbúningi lánsfjárlaga ársins 1989, enda er ljóst að félagið mun þá hafa gengið svo á sjóði sína að það verður að fá aftur jafngildi upphaflegrar viðmiðunar, þ.e. 200 millj. kr.

Að lokum viljum við enn og aftur benda á þá meinloku eða þráhyggju sem komin er inn hjá þeim annars ágætu embættismönnum er undirbúa frv., þ.e. að félagið hafi nú þegar notið ríkisábyrgðar á 340 millj. kr. af 500 millj. kr. heimild samkvæmt sérstökum lögum. Af þeirri heimild hefur ekkert verið notað."

Um Þróunarfélagið almennt vil ég aðeins segja það að sé tilgangi þess og markmiðum, sem sett voru, náð er félagið allra góðra gjalda vert. Um það má hins vegar efast hvort félagið sé á réttri leið svo að notaður sé gamalkunnur frasi. Spurningin er hvort félagið sé ekki að færast óþægilega nálægt því að verða enn eitt ávöxtunarfyrirtækið því að þótt eftirfarandi segi á forsíðu bæklings Þróunarfélagsins er ber nafnið „Nýjar leiðir", með leyfi forseta, segir í síðustu setningunni: „Þróunarfélag Íslands hf. tekur áhættu með þér."

Á máli fulltrúa félagsins er mættu á fund hjá hv. fjh.- og viðskn. var annað að heyra eða reyndar alveg öfugt.

Herra forseti. Það væri sem sagt athyglisvert að heyra eitthvað í hv. þm. Framsfl., hvort þeir séu sáttir við framgang mála. Finnst þeim að framlög til þessa málaflokks, sem á að taka til nýjunga í atvinnulífi, á að efla nýsköpun, sem hvort tveggja á síðan að vera undirstaða batnandi hags og bættra lífskjara í landinu, finnst þeim að hér sé allt í himnalagi?

Um 6. gr. er hægt að hafa langt mál þar sem um er að ræða heimild til handa Byggðastofnun til lántöku að upphæð 550 millj. kr. þar sem 200 millj. kr. eru ætlaðar til viðgerða og endurbóta á skipum innan lands. Eftir standa þá 350 millj. sem að mínu mati er allt of lágt með tilliti til hlutverks Byggðastofnunar, og því skora ég enn á þm. Framsfl. að tjá sig um þá byggðastefnu og atvinnustefnu sem felst í frv.

Fram kom í hv. fjh.- og viðskn. að lánsloforð um áramót námu 300 millj. kr. og að umsóknir sem nú liggja inni hafa stóraukist og að um allverulegar fjárhæðir er að ræða sem Byggðastofnun mun hvergi nærri ráða við.

Nú hefur hins vegar komið fram brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um að þarna verði bætt um betur og bætt við 200 millj. kr. Undir þá tillögu vil ég taka heils hugar en tel engu að síður að enn skorti þó nokkuð á.

Í 7. gr. er heimiluð lántaka til handa Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, að upphæð 100 millj. kr. til hönnunar og smíði á nýrri ferju. Árið 1987 var veitt til sama verkefnis heimild fyrir 25 millj. kr. Samtals er því búið að heimila lántökur til smíði og hönnunar á ferju fyrir Herjólf að upphæð 125 millj. kr. Samt er enn ekki búið að taka ákvörðun um það hvernig skip eigi að byggja þótt fyrir liggi teikningar. Þetta getur ekki talist eðlilegt og Alþingi hlýtur að krefjast þess að ákvörðun um það hvernig ferju skuli byggja ásamt nákvæmri kostnaðaráætlun liggi fyrir fyrr en seinna. Það er talið út frá þeim hugmyndum sem nú eru uppi að ferjan muni kosta um 700 millj. kr. sem þýðir með flugstöðvarútreikningum væntanlega eitthvað í kringum milljarðinn. Ég er alls ekki að draga úr því að smíðuð verði ný ferja, heldur aðeins að benda á að hér vaða menn áfram án þess að nokkur skapaður hlutur sé á hreinu. Ég vil aðeins minna menn á hönnunarkostnaðinn við flugstöðina. Þá mætti líka velta því fyrir sér hvaða sérstaka hönnun þurfi við ferjuna. Þarf hún að vera svo frábrugðin öðrum ferjum sem smíðaðar eru víða um heim að það skuli kosta tugi ef ekki hundruð milljóna að hanna hana?

Ég tek sterklega undir þá brtt. sem fram hefur komið frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni við þessa grein þar sem gert er ráð fyrir að þetta sé fært undir ábyrgð fjvn. og fjmrh.

Um 8. gr. er það að segja að þar rétt ná stjórnvöld að bjarga andlitinu þar sem til stóð að veita enga heimild til smíða á Breiðafjarðarferjunni þrátt fyrir fyrirliggjandi samþykki fyrrv. samgrh., en þetta er sem sagt komið inn og því vil ég fagna.

Þó get ég ekki varist að minnast á hafnarmálin í Stykkishólmi annars vegar og á Brjánslæk hins vegar. Staðan í dag er sú að höfnin á Brjánslæk verður tilbúin til að taka á móti Breiðafjarðarferjunni þegar hún kemst í notkun, en höfnin í Stykkishólmi verður ekki tilbúin ef fram fer sem horfir þar sem fjárveitingar vantar til hafnargerðar í Stykkishólmi og er það reyndar furðulegt að ráðamenn skuli heimila að smíða bílaferju yfir einhvern tiltekinn fjörð og gera síðan lendingaraðstöðu aðeins öðrum megin fjarðarins. Þannig að ef fram fer sem horfir siglir Breiðafjarðarferjan fasta áætlun frá Brjánslæk til Brjánslækjar. Þetta er náttúrlega fyrir neðan allar hellur og ég skora því á hæstv. samgrh. að taka á þessu máli og leysa það á viðunandi hátt fyrir alla aðila.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. eru 9.–25. gr. afgreiddar mjög smekklega eða með aðeins

sjö línum sem gerir að meðaltali svona einn þriðja úr línu á hverja grein. Þetta er í mínum huga talandi dæmi um hvernig ekki á að vinna. Ég verð að segja það að slík vinnubrögð eru mér nú orðin kunn hér innan veggja Alþingis og nægir að nefna til dæmis frumvörpin um tolla og vörugjöld. Ekkert virðist vera gert til þess að nefndarmenn, sem og aðrir þm., fái sem gleggsta mynd af því máli sem þeim er gert að fjalla um það og það sinnið.

Í 12. gr. er enn einu sinni skorast undan því að fatlaðir fái sitt lögbundna fjárframlag. Lögbundinn réttur fatlaðra er ár eftir ár brotinn þótt allir, þm. sem aðrir, viðurkenni að málefnum fatlaðra er hvergi nærri nógu vel sinnt þótt vissulega megi segja að þau hafi færst til betri vegar nú síðustu árin. Það gefur hins vegar engan rétt til þess að skera niður lögbundin framlög til þeirra. Þau framlög sem til fatlaðra fara eru þjóðhagslega arðbær þegar til lengri tíma er litið. Auðvitað á að gefa hugviti fatlaðra og verklagni þeirra kost á að njóta sín. Það er í verkahring þjóðfélagsins að skapa fötluðum þá aðstöðu sem kallar það besta fram í hverjum einstaklingi hvort heldur hann er fatlaður eða ekki. Því segi ég hiklaust að þeim fjármunum sem varið er í þágu málefna fatlaðra er vel varið og betur varið en í margt annað.

Ég er meðflm. að tillögu þess efnis að 14. gr. verði felld niður og að framlög til Hafnabótasjóðs verði óskert. Fyrir þeirri tillögu hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þegar talað og hef ég engu við það að bæta.

15. gr. gerir ráð fyrir því að framlög til Fiskveiðasjóðs Íslands verði felld niður. Ef þetta þýðir það að lánveitingar til fiskeldis verði þar með stöðvaðar vil ég vara sterklega við því þar sem gífurlegur vaxtarbroddur felst í fiskeldi á Íslandi, svo mikill að við verðum að hlúa að þeirri atvinnugrein sem best við getum. Því fer ég fram á að framlög til sjóðsins verði ekki felld niður en flyt þó á þessu stigi málsins ekki sérstaka tillögu þess eðlis.

Enn eitt árið er gert ráð fyrir stórfelldri skerðingu á framlögum til Ferðamálasjóðs sem er hreint út sagt óviðunandi. Reyndar er ótrúlegt að við skulum ætla enn eitt árið að þverskallast við að viðurkenna mikilvægi þess að vel sé staðið að ferðamálum okkar Íslendinga, hvort sem um er að ræða ferðalög Íslendinga eða útlendinga innan lands, landkynningarstarfið, umhverfismálin o.s.frv. Allar stærstu þjóðir heims viðurkenna mikilvægi ferðamannaiðnaðarins og hvílíkur vaxtarbroddur var og er í þessari starfsemi. Það er til lítils að setja þjóðina nánast á hausinn við það að reisa flugstöð um efni fram og vanrækja síðan hina hliðina, þá hlið að kalla eftir viðskiptavinum. Þetta er óneitanlega í anda Breiðafjarðarferjunnar er ég fjallaði um fyrr í ræðu minni. Ég held að við verðum að fara að gæta að okkur þarna. Þessi vinnubrögð eru að komast upp í vana.

Ég er meðflm. að tillögu þess efnis að skerðingin til Ferðamálasjóðs verði minni og að framlagið til sjóðsins verði hækkað upp í 40 millj. kr. eða hækkað um litlar 12 millj. Er það skilningur flutningsmanna og reyndar skilyrði að ⅔ hlutum hækkunarinnar, 8 millj. kr., verði varið til umhverfismála og 4 millj. kr. til landkynningar og ferðalaga innan lands.

Þá vil ég einnig mótmæla skerðingunni til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem síst af öllu skyldi skerða nú við þær aðstæður sem hvarvetna blasa við í þjóðfélaginu og ekki er ólíklegt að til kasta sjóðsins kynni að koma fyrr en menn grunar.

Þá er komið að 22. gr. þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skuli tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

Eftir að hafa gluggað í umræður um lánsfjárlög frá því í fyrra þar sem mér sýnist að umræður um lánsfjárlög hafi nánast snúist upp í umræður um þennan lið lánsfjárlaganna er alveg ótrúlegt að það skuli vera alþýðuflokksmaður sem viðheldur ósómanum. Innan raða jafnaðarmanna hefur til skamms tíma verið einn helsti baráttumaður fyrir Ríkisútvarpið, núverandi þingflokksformaður jafnaðarmanna, hv. þm. Eiður Guðnason. Hann sagði ýmislegt athyglisvert við þessar umræður fyrir aðeins ári síðan. Hann barðist með kjafti og klóm fyrir því að Ríkisútvarpið fengi að hans mati réttláta meðferð og hann færði fyrir því ýmis rök og alveg örugglega hefur hann greitt atkvæði gegn skerðingunni á síðasta ári. En hvað gerði þingflokksformaðurinn við atkvæðagreiðsluna í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum? Hann gleymdi öllum stóru orðunum og greiddi atkvæði með skerðingunni.

Hvernig væri að líta aðeins á hvað hv. þm. og þingflokksformaður Alþfl. sagði fyrir réttu ári síðan. Þegar hann er búinn að vera að fjalla um þetta málefni segir hann til dæmis, með leyfi forseta: „Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og formann Sjálfstfl.: Er það sem mér sýnist stefna Sjálfstfl. að knésetja Ríkisútvarpið í fjármálalegu tilliti á kostnað hinna svokölluðu frjálsu stöðva sem hafa engar skyldur, bara réttindi? En Ríkisútvarpið? Á það að hafa bara skyldur og engin réttindi? Mér sýnist það stefna þessarar ríkisstjórnar og það er satt að segja furðulegt ef öll ríkisstjórnin stendur óskipt að því."

Og nú tek ég upp spurningu hv. þm. til formanns hans eigin flokks: Er það meining Alþfl. að knésetja Ríkisútvarpið?

Aðeins síðar í ræðu sinni segir þingflokksformaður Alþfl. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Spurningin er: Á nú að koma Ríkisútvarpinu, þessum fjölmiðli okkar allra, á kné með því að setja Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju eins og mér sýnist allt benda til að núverandi stjórnarflokkar séu að gera? Ég endurtek, ég bið þm. að hlusta grannt, að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða."

Þarna spyr hv. þingflokksformaður stjórnarflokkanna hvort setja eigi Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju og biður þingheim að leggja vel við hlustir því hér sé um alvarlegt mál að ræða. Trúir því einhver að þessi sami maður hafi nú greitt atkvæði

með nákvæmlega sams konar skerðingartillögu á hendur Ríkisútvarpinu?

Við skulum halda aðeins áfram að glugga í ræðuna. Með leyfi forseta segir þingflokksformaður jafnaðarmanna í beinu framhaldi af því sem ég var að lesa upp:

„Menn hafa sjálfsagt gaman af því að hér er komin ný útvarpsstöð, sem spilar létta tónlist allan daginn, og það er komin ný sjónvarpsstöð, sem sýnir einhvers konar framhaldsþætti og sápuóperur, sem svo eru kallaðar, löðurþætti og afþreyingarefni af svona heldur léttara taginu. Jú, jú. Menn hafa sjálfsagt gaman af þessu, en ég spyr: Er þetta nú mikill menningarauki allt saman?“

Nú er rétt að rifja upp fyrir hv. þm. að hér er verið að ræða um byggðastefnu Alþfl. því eins og mönnum er eflaust í fersku minni eru afruglarar undanþegnir söluskatti vegna byggðastefnu Alþfl. og hefur það ítrekað komið fram í máli formanns Alþfl.

Og hvað er þingflokksformaðurinn að segja um byggðastefnu flokks síns? Hann segir um hana að þarna sé á ferðinni sjónvarpsstöð sem sýni, takið eftir, „einhvers konar framhaldsþætti og sápuóperur, sem svo eru kallaðar, löðurþætti og afþreyingarefni af svona léttara taginu“, og jú, jú, menn hafi sjálfsagt gaman af þessu en þetta sé nú enginn menningarauki. Þarna loksins get ég verið sammála. Það fer lítið fyrir menningaraukanum í byggðastefnu Alþfl. Já, þær fjúka fyrir lítið, skoðanir kratanna þessa dagana.

Herra forseti. Ég þekki ekki alveg fyrri hefðir og reglur þingsins, hvort það sé í rauninni viðeigandi að vitna mikið í orð manna úr öðrum deildum, en ég taldi mér það óhætt, sérstaklega í ljósi þess að þarna er um þingflokksformanninn að ræða.

Herra forseti. Ég er meðflm. að brtt. við þessa grein þar sem tillagan er sú að greinin verði felld niður og að Ríkisútvarpið fái sín lögboðnu fjárframlög óskert, enda má segja að þau hafi þegar verið stórlega skert með tilkomu nýju tollalaganna eða um allt að helming reikna ég með.

Að lokum vil ég aðeins fjalla um 25. gr. þar sem fella á niður framlag til sjóðs vegna eyðingar refa og minka. Ég spyr bara í einfeldni minni: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að fylla landið af villtum ref og mink eða er ríkisstjórnin með þessu að boða friðun minka og refa? Mér finnst fáránlegt að fella þessa litlu fjárhæð út, fjárhæð sem ég held að hafi verið milli 3 og 4 milljónir á síðasta ári. Það á þvert á móti að gera allt sem mögulegt er til að sporna við vexti villtra refa og minka sem mér hefur skilist að þegar í dag stefni í verulegt óefni.

Um 27. og 28. gr. er lítið hægt að segja í raun og veru þar sem þarna er verið að fara fram á hluti sem ekki eiga sér stoð í lögum þar sem þessar tvær greinar eru þarna inni vegna frv. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem alls óvíst er hvernig fer að svo stöddu. Hins vegar liggur frammi brtt. við þessa grein sem tekur á því ef svo skyldi fara að frv. um verkskiptinguna nái ekki fram að ganga.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 31. gr. og þá eingöngu um síðustu mgr. þar sem Landsvirkjun er heimilt að stofna til svokallaðra skulda og eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna. Ég fagna þeirri breytingu á greininni sem orðið hefur frá upprunalega frv. og vil láta í ljós þá skoðun mína að þessi möguleiki á að vera opinn öllum sem á annað borð eru með erlend lán fyrir ofan vissa stærðargráðu þar sem það er augljóst að slíkar skuldbreytingar geta létt stórlega undir með fyrirtækjum og stofnunum, ekki síst á þeim tímum sem við nú lifum á, og er auðvelt að benda á að það hefði reynst mörgum hagstætt að hafa fyrir svo sem ári breytt erlendu láni úr einhverri stöðugri mynt í bandarískt dollaralán. Þá þarf varla að taka fram að það er hinn raunverulegi skuldari sem hagnast mest á slíku þegar upp er staðið.

Herra forseti. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi míns flokks, Borgarafl., nefndafundi hv. fjh.- og viðskn. og vil þess vegna ítreka það, sem fram kemur í nál. minni hl., að ég stend heils hugar að því nál. Þar segir m.a. að minni hl. geti ekki staðið að afgreiðslu frv. vegna ýmissa ástæðna. Fáist hins vegar þær brtt. sem fluttar eru af fulltrúum minni hl. ásamt mér og einnig sú brtt. sem flutt er af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni samþykktar kemur vel til greina að veita frv. þessu atkvæði.

Þá vil ég ítreka þá skoðun Borgarafl. að forsendur frv. um 10% verðbólgu á þessu ári eru gersamlega óábyrgar forsendur. Það er frekar að reikna megi með svipaðri verðbólgu og nú er, enda eru þess engin merki að verðbólgan sé á niðurleið. Þvert á móti stefnir í hörkuátök á vinnumarkaðnum sem eiga eftir að reynast þjóðfélaginu dýr.

Þá virðist vofa yfir gengisfelling þó ekki fáist það staðfest enn sem komið er. En eitt er þó alveg ljóst. Hvort sem ríkisstjórnin velur leið gengisfellingar eða einhverja aðra leið verður að taka nú þegar á vanda útflutningsgreinanna á annan hátt en nú virðist vera stefnan, þ.e. að ríkisstjórnin viðurkenni vandann og láti þar við sitja. Að vísu vantar ekki loðnar yfirlýsingar um efnahagsaðgerðir, en lengra ná ráðstafanir ráðvilltrar ríkisstjórnar ekki.

Þá er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 6,1 milljarð kr. á árinu. Sé þessi tala rétt, þ.e. séu þetta raunverulega 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem ég efast stórlega um, reikna með að þarna sé vanáætlað og að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sé töluvert meira en gefið er upp, en sé þetta rétt er engu að síður hægt að reikna með hærri upphæð frá lífeyrissjóðunum vegna þeirra kjarasamninga sem nú fara í hönd þar sem laun munu hækka verulega og þar af leiðandi hækka greiðslur til lífeyrissjóðanna í réttu hlutfalli við launahækkanir. Annars er furðulegt að engar upplýsingar skuli vera til um raunverulegt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna eins og fram hefur komið hjá Gunnari Hall hagsýslustjóra. Ég hefði haldið að lífeyris-

sjóðirnir féllu undir sömu lög og reglur hvað varðar bókhald og aðrir aðilar þjóðfélagsins en að er nú önnur Ella.

Þá ber að harma að það skuli vera á herðum ríkisstjórnarinnar sú ábyrgð er fylgir því ástandi sem nú er í vaxtamálum þar sem ríkið er í bullandi samkeppni um sparifé landsmanna og sprengir upp vexti með útgáfu ríkisskuldabréfa með óhóflegum vaxtakjörum. Ríkisvaldið hefur valdið víxlhækkun á vöxtum með ráðstöfunum sínum og er nú mesti dragbítur á alla húsbyggjendur sem aðra skuldara þessa þjóðfélags.

Þá vekur það furðu að ekkert eftirlit er með hinum svokallaða „gráa fjármagnsmarkaði" og vekur það enn meiri furðu að bankaeftirlit Seðlabankans veit alls ekkert um þessa hlið lánastarfseminnar í landinu.

Herra forseti. Íslenska þjóðin er með hverjum deginum sem líður að gera sér betur grein fyrir aðgerðum þessarar ríkisstjórnar, þeim skattpíningum sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Matarskatturinn er nú lagstur á með öllum sínum þunga, slíkum þunga að jafnvel ráðherrar virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því þrátt fyrir að stjórnarandstaðan hafi ítrekað varað þá við. Þjóðin er vissulega að gera sér grein fyrir nýársgjöf valdhafa og ég get fullyrt að þar var um bjarnargreiða að ræða.

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. sem yfirfullt er af skerðingarákvæðum þrátt fyrir gildandi lög. Að mínu mati eiga lög að standa og gilda. Til þess eru þau sett. Ef hins vegar menn eru ósáttir við gildandi lög erum við kjörnir til að taka á slíkum málum og breyta þeim á þá lund að hægt sé að virða þau. Hvernig er hægt að ætlast til þess að allur almenningur virði lög þegar sjálf löggjafarsamkunda þjóðarinnar gerir það ekki?

Herra forseti. Það er ekki síst vegna þessa sem ég er mótfallinn þessu frv.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Síðan ég fór að hafa fyrir því að kynna mér fjárlög, sem eru nú orðin allnokkur ár, hefur þessi margumtalaða 6. gr., bandormurinn, alltaf valdið undrun minni og gremju. Mér hefur alltaf fundist öldungis óþolandi að ríkisstjórnir skuli æ ofan í æ leyfa sér þá óskammfeilni að seilast í lögboðna tekjustofna, markaða ákveðnum verkefnum, og fara með það fé algerlega að eigin geðþótta. Lög um þessa tekjustofna hafa verið sett til að byggja upp og tryggja fjárhag ákveðinna stofnana og sjá til þess að þeim sé gert fært að starfa eins og lög bjóða. Með þessari árlegu skerðingu eða jafnvel brottnámi fjármuna er starfsgeta stofnananna stórlega skert, þeim er ekki gert fært að dafna eðlilega né bera þann ávöxt sem þær gætu og stundum tekst þeim ekki sökum fjárskorts að uppfylla þær skyldur sem lög mæla fyrir um.

Þeir vita sem vilja vita hversu mjög er kreppt að fjárhag Ríkisútvarpsins í þessum lánsfjárlögum. Ymsir hv. þm. hafa gert því máli skil svo að ég fjölyrði ekki um það hér, en það er einn þáttur þessa frv. sem mig langar að gera að umræðuefni. Við kvennalistakonur bárum fram tillögur um hækkun á þeim lið við fjárlagaumræðurnar sem ekki var sinnt, en það er Ferðamálaráð.

Í blaði hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar frá 9. jan. sl. birtist býsna athyglisverð grein eða pistill. Það var viðtal fréttamanns við þrjá breska ferðaheildsala, sem hann kallar svo, sem hafa selt Íslandsferðir undanfarin ár, sumir á annan áratug. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa þætti úr þessu viðtali og kannski hæstv. fjmrh. átti sig á því að með því að fjársvelta Ferðamálaráð gerist það að það missir alla tiltrú erlendis sem forsvar Íslendinga um ferðamál og er einungis til athlægis og lítilsvirðingar erlendra manna.

Fréttamaðurinn er staddur í íslenska básnum á hinni árlegu ferðakaupstefnu World Travel Market í London til að kynna sér hvernig íslensk ferðaþjónusta er á vegi stödd á alþjóðlegan mælikvarða. Og fréttamaðurinn finnur strax að eitthvað liggur í loftinu. Það er talað um of háa verðlagningu á Íslandsferðum, en önnur þung undiralda er að brjótast upp á yfirborðið. Hann vill heyra meira og ræðir við ferðaheildsala sem eru að markaðssetja Ísland. Þeir hafa allir unnið fyrir Íslandsmarkað og kynnt sér Ísland sérstaklega. Og fréttamaður segir:

Umræðan var hreinskilin, heit og þung og það sem hér fer á eftir er samdóma álit allra þessara manna:

Við erum allir mjög svartsýnir og hræddir við þróunina í íslenskum ferðamálum. Fyrir þremur árum voru þrír stórir ferðaheildsalar með Íslandsmarkaðinn. Einn þeirra varð gjaldþrota, annar hætti þar sem hann áleit enga framtíð í að markaðssetja Ísland, en sá þriðji situr hérna og er mjög vondaufur. Þetta er neikvæð þróun fyrir markað eins og Ísland. Við erum fáir miðað við þá miklu möguleika sem Bretland býr yfir. Ferðamannahópum, sem fara til Íslands á okkar vegum, fækkar stöðugt þrátt fyrir að mikil ferðamannaaukning er í Bretlandi, þ.e. Bretar ferðast meira ár frá ári. Hann segir að ferðamannahópum sem fara til Íslands fækki stöðugt og muni trúlega verða færri næsta ár en hefur verið sl. ár. En það skuggalegasta við þróunina er sú staðreynd að margir ferðaheildsalar vilja ekki lengur vöruna Ísland. „Við bresku heildsalarnir erum ekki þeir einu sem segja þetta. Félagar okkar á meginlandinu, þeir sem við höfum talað við, eru sammála um að Ísland eigi aðeins eitt tækifæri. Árið 1988 ræður úrslitum um hvort við hættum að selja Íslandsferðir. Það verður fróðlegt að sjá hve margir okkar verða með Íslandsbæklinga á sama tíma næsta ár. Vandamálin sem hafa orsakað þessa þróun eru aðallega gífurlega hátt verðlag sem hækkar stöðugt, ekkert virkt ferðamálaráð og enginn stuðningur við okkur.

Íslenska ríkisstjórnin", segja þeir, „verður að gera upp við sig hvort hún vill ferðaþjónustu á Íslandi. Í sumar áttum við fund með einum ráðherra ykkar og

reyndum að gera honum grein fyrir hve staðan er alvarleg. Ráðherrann afgreiddi málið með því að segja: Auðvitað er ég hlynntur ferðaþjónustu, en við viljum ekki of marga ferðamenn. En málið er bara ekki svona einfalt. Við erum aðeins fyrsti hlekkur í stórri keðju. Ef okkur gengur illa eða jafnvel við hættum að selja „Ísland", þá verða margar íslenskar ferðaskrifstofur, sem byggjast á okkar starfi, gjaldþrota. Hvað er þá um öll nýju hótelin á Íslandi og alla uppbyggingu á ferðaþjónustu hjá ykkur?

Við fáum engan stuðning frá Ferðamálaráði Íslands. Við markaðssetjum Ísland ásamt Flugleiðum. Við erum líka þjónandi upplýsingaskrifstofa fyrir landið. Hópar af fólki koma til okkar til að fara til Íslands. Þetta fólk þurfum við að afgreiða þar sem við og Flugleiðir erum þeir einu sem búa yfir sérþekkingu og veitum upplýsingar um Ísland. En þetta er ekki hugsjónastarf", halda þeir áfram, „heldur bein viðskipti sem krefjast mikillar sérþekkingar og ómældra fjármuna í auglýsingum. Einn er orðinn gjaldþrota, annar er að hætta og við hinir hættum eftir 1988 ef engin breyting verður sjáanleg".

Og svo segja þeir: „Ferðaþjónusta er með stærstu útflutningsgreinum á Íslandi. Samt er lítill fjárhagsstuðningur við Ferðamálaráð. Við höfum kynnt okkur skýrslur frá öðrum ferðamálaráðum og þær eru allar samhljóða. Engin fjárfesting skilar sér betur en þeir peningar sem lagðir eru í ferðamálaráð svo að þau geti staðið undir sínu hlutverki. Danska ferðamálaráðið segir að þeir fái sinn styrk 200-faldan til baka í erlendum gjaldeyri.

Í ferðaþjónustu er geysilega mikilvægt að allir starfi saman. Allir geta lent í fjárhagserfiðleikum. Bretar hafa átt í peningavandræðum sem og margar þjóðir. Þar gildir að allir standi saman og hjálpi hver öðrum. Twickenham ferðaskrifan var að láta gera 17 mínútna myndband um Ísland. Allar breskar ferðaskrifstofur, 7000 talsins, fá ókeypis eintak. Þegar myndatakan stóð fyrir dyrum leituðum við til margra íslenskra fyrirtækja, sem byggja beint og óbeint á ferðaþjónustu, og báðum þau að styðja okkur. Allir tóku okkur vel og lýstu ánægju með þetta framtak. En svarið sem við fengum var undantekningarlaust: Þetta er gott mál, en við höfum því miður enga peninga. Flugleiðir veittu okkur stuðning, en frá Ferðamálaráði Íslands kom aðeins eitt lítið símskeyti sem sagði: Því miður. Engir peningar.

Fyrir níu mánuðum ætluðum við að hefja öfluga ferðakynningu, aka á milli borga og kynna Íslandsferðir. Við héldum fundi með tíu hagsmunaaðilum. Öllum fannst þetta góð hugmynd nema fulltrúanum frá Ferðamálaráði Íslands sem náði að fella ætlunina. Hið eina sem við höfum séð frá Ferðamálaráði Íslands þetta ár er sú fullyrðing að Ísland seldist svo vel að erfitt væri að fá gistingu. Úr ferðablaði fór yfirlýsingin í bresku blöðin og eyðilagði mikið fyrir okkur. Eitt er yfirlýsing til að sannfæra sig um að allt gangi vel, annað er að loka markaði sem er alls ekki í stakk búinn til að taka við slíku áfalli.

Í desember 1986 var okkur heitið stuðningi frá Ferðamálaráði Íslands og við eyddum þeim peningum sem við fengum loforð um í auglýsingar og markaðssetningu. Í mars fengum við eftirfarandi símskeyti: Því miður. Engir peningar.

Það verður að segjast eins og er að Ferðamálaráð Íslands nýtur engrar virðingar.

Íslenskar ferðaskrifstofur hafa mikið stefnt að hvatningarferðum, „incentive tours" og ráðstefnuhaldi. Okkar spá er sú að ekki verði langt þangað til Ísland verði líka of dýrt fyrir þessa ferðaþjónustu."

Ég hljóp hérna yfir nokkurn kafla sem er um almenna ferðaþjónustu á Íslandi sem þessum ferðamálafrömuðum finnst vera of dýrt land.

„Þið munuð finna að öllum peningum sem hafa verið lagðir í ný hótel hefur verið eytt til einskis ef engin stefnubreyting á sér stað á næstunni. Þið hafið fengið hvert tækifærið á fætur öðru á heimsvettvangi, en lítið nýtt ykkur það. Hver smáþjóð mundi hrósa happi ef hún hefði fengið tækifæri á við leiðtogafundinn einu sinni á öld. En þið gerið ekkert úr því sjálf. Ungfrú alheimur kom frá Íslandi síðasta ár og hvert auglýsingatækifærið á fætur öðru hefur blasað við ykkur. Við erum sjálfsagt mjög neikvæðir", segja þessir menn, „en okkur þykir vænt um Ísland. Þess vegna seljum við það og þess vegna viljum við að okkar sjónarmið komist á framfæri. Ísland er sérstætt land og það er sárgrætilegt ef ekki reynist mögulegt að senda ferðamenn til ykkar. Þið verðið að veita okkur þann stuðning sem sérhver þjóð, sem tekur ferðaþjónustu alvarlega, gefur okkur. Þið eruð ekki með ferðamálaráð", segja þeir. Þeir taka það nefnilega ekki alvarlega. „Það á ekki að líðast að þjóð sem byggir á ferðaþjónustu sem einum stærsta útflutningsatvinnuvegi sé ekki með virkan opinberan framkvæmdaaðila sem sér um markaðssetningu og landkynningu. Íslensk stjórnvöld verða að gera eitt upp við sig, ekki hvort þau vilja takmarkaðan fjölda ferðamanna til landsins heldur hvort þau vilja yfirleitt vera með ferðaþjónustu."

Þetta segja þessir erlendu menn. Ég hef ekki miklu við þessa greinargerð að bæta, en mér finnst hún töluvert alvarlegt umhugsunarefni. En mér finnst líka ámælisvert að þannig skuli staðið að málum að Ferðamálaráð sé fjársvelt þannig að það verði til athlægis og lítilsvirðingar á erlendum vettvangi. Ferðaheildsalarnir spá stórminnkandi ferðamannafjölda á næstu árum og erum við ekki að stefna ferðamannaiðnaðinum í voða með því að haga málum á þann hátt sem við gerum?

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil geta þess, af því að menntmrh. gekk hér í salinn, að hann gegnir skyldum iðnrh., vegna tilmæla ræðumanns um að beina orðum til iðnrh.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna sérstaklega nærveru hæstv. menntmrh. hér í tvöföldu gervi og hafði raunar áhuga á því að tala við hæstv. ráðherra svolítið um málefni þessa frv. sem hér er rætt, að tala við hann sem menntmrh. Það eru fyrst og fremst tvö atriði varðandi frv. til lánsfjárlaga sem ég ætla að ræða hér svolítið. Það eru málefni Ríkisútvarpsins, til nokkurrar áherðingar á því sem fram kom í ræðu minni við 1. umr. þessa máls, en þá var hæstv. menntmrh. ekki viðlátinn, og svo eru það málefni Rafmagnsveitna ríkisins sem full ástæða er til að fá upplýsingar um frá stjórnvöldum hvernig þau hyggist taka á þeim vanda sem þar liggur fyrir vegna stjórnvaldsaðgerða á undanförnum fáum árum.

Ég teldi, herra forseti, eðlilegt að hæstv. fjmrh. væri hér í þingsal á meðan við ræðum þetta mál og hef satt að segja undrast það að hann hefur ekki verið hér viðlátinn. (**Forseti:** Ég vil geta þess að hæstv. fjmrh. kom til mín og bað um leyfi til að bregða sér frá vegna veikinda. Sagðist vera með flensu, eins og hann orðaði það. Ég leyfði honum það góðfúslega. En hann mun væntanlegur hingað innan tíðar aftur. Ef óskað er þá skal ég láta hann vita.) Já, virðulegur forseti, ég tek að sjálfsögðu tillit til þess ef svo illa stendur á fyrir hæstv. fjmrh. að hann heilsunnar vegna getur ekki verið við umræðuna, þá geri ég auðvitað ekki kröfu til þess. En hæstv. forsrh. var hér í þinghúsinu og það væri út af fyrir sig ánægjulegt ef hann gæti þá einnig hlýtt á það sem ég vildi bera upp við hæstv. fjmrh., þ.e. það sem tengist sérstaklega Rafmagnsveitum ríkisins. (**Forseti:** Já. Hæstv. forsrh. gengur í salinn.) Sama máli gegnir um hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég óska eftir því að hann verði hér í þingsal, stundarkorn a.m.k., til þess að hann heyri fsp. sem ég ætla að bera fram vegna fjármála Rafmagnsveitna ríkisins. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að kalla í hv. 1. þm. Norðurl. v.) Já.

En fyrst er það Ríkisútvarpið, herra forseti. Ég gerði málefni Ríkisútvarpsins að sérstöku umræðuefni við 1. umræðu þessa máls og rakti það hvernig heitstrengingar hefðu verið uppi þegar breytt var útvarpslögum 1985 og opnað fyrir svokallaðar einkastövar, að sannarlega skyldi staðið í ístaðinu varðandi málefni Ríkisútvarpsins. Það hefur hins vegar ekki gengið eftir. Þar hefur safnast upp rekstrarhalli á þeim árum sem síðan eru liðin. Og hæstv. ríkisstjórn, fyrrv. ríkisstjórn og núv. ríkisstjórn hafa gjörsamlega brugðist í málefnum þessa undirstöðufjölmiðils í landinu, þessa meginfjölmiðils ljósvakans í landinu sem allir prísa í orði að þurfi að tryggja bæði af menningarlegum ástæðum sem og öðrum ástæðum. En þegar til kastanna kemur hefur reyndin orðið sú að fótum er kippt undan þessum fjölmiðli þannig að hann getur ekki byggt sig upp tæknilega með eðlilegum hætti, þannig að hann safnar fjárhagslegum skuldum frá ári til árs og hallarekstur hefur þar verið mikill og þannig að hann á mun erfiðara í samkeppni við þær einkastöðvar sem opnað var fyrir með breytingu á útvarpslögum 1985.

Áhrif þeirra urðu að sjálfsögðu þau, eins og málið var afgreitt frá Alþingi á þeim tíma, að Ríkisútvarpið hefur misst verulega hlutdeild í auglýsingatekjum á undanförnum fáum árum vegna þess að nú eru fleiri um hituna. Það er því að bæta gráu ofan á svart þegar ríkisstjórnin stendur þannig að málefnum Ríkisútvarpsins að svipta það tekjustofni sem átti að renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, þ.e. innflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í slíkan búnað, sem svipti Ríkisútvarpið að áætlað er um 300 millj. kr. á síðasta ári, hvorki meira né minna, á sama tíma og auglýsingatekjur drógust saman um nærfellt þriðjung. Og nú á að endurtaka sömu söguna undir forustu Alþfl. í fjmrn.

Ég var að vona að hv. fjh.- og viðskn. tæki á málefnum Ríkisútvarpsins með öðrum hætti en raun ber vitni. Ég hafði gert mér vonir um það að hv. þm. Páll Pétursson, sem er landsbyggðarmaður, að hann sýndi þessu máli þann skilning og þann áhuga að hann sæi til þess að þarna yrðu gerðar lagfæringar fyrir þessa 2. umr. málsins. Ég tel mig vita að hæstv. menntmrh. beri hag þessarar stofnunar nokkuð fyrir brjósti. Og ég efast ekkert um að hann hafi knúið á um eitthvað betri úrlausn, eitthvað skárri úrlausn en þarna liggur fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og nú í sambandi við þetta frv. Ég vænti þess að ef hæstv. ráðherra tekur hér til máls, sem ég vænti að hann geri vegna minna orða og fsp., þá greini hann okkur frá því hvernig hann telur útlitið vera fyrir Ríkisútvarpið, ekki aðeins á þessu ári og með þann skuldabagga eða fjárhagsbyrði sem liggur fyrir vegna hallareksturs á undanförnum árum, heldur hvernig hann sér framtíðina fyrir Ríkisútvarpið bæði sjónvarp og hljóðvarp.

Nú var það eitt af framkvæmdaáformum Ríkisútvarpsins að flytja Sjónvarpið frá Laugavegi 176 yfir í Útvarpshúsið við Efstaleiti á þessu ári. Til þess þurfti að kaupa innréttingar og búa þar í haginn fyrir Sjónvarpið. En þetta var metið af forráðamönnum Ríkisútvarpsins sem hagkvæm aðgerð, að flytja Sjónvarpið þarna í hið myndarlega útvarpshús. Nú er mér tjáð að frá þessu áformum verði að falla. Þetta sé skorið niður vegna þess hvernig staðið er að málefnum stofnunarinnar af ríkisins hálfu.

Annað mál er það sem er löngu brýnt og þolir í rauninni enga bið og það er uppbygging langlínukerfis hljóðvarpsins. Það eru bæði Vatnsendastöðin og endurvarpsstöðvar og viðtökustöðvar úti um landið sem þarfnast fullkominnar endurbyggingar til þess að tryggja megi langbylgjuútsendingar en þær eru í senn varastöðvar, ef FM-stöðvarnar falla út sem byggja á allt öðru kerfi, og þær eru öryggisatriði fyrir landsmenn alla, ekki síst fyrir landsbyggðina og sjómenn á hafi úti. Það er því sérstaklega ámælisvert að þannig skuli staðið að málum að þessari framkvæmd, endurbyggingu langlínukerfisins, sem hefjast átti á þessu ári og hefði þurft að vera komin í gang fyrir löngu, skuli enn verða að fresta. Ég inni hæstv. menntmrh. eftir því: Hvað telur hann til ráða

í þessum efnum? Hvernig telur hann að tryggja megi stöðu Ríkisútvarpsins í harðri samkeppni við einkastöðvar? Eða er það hugmynd hans, sem ég vil ekki trúa að sé, og annarra í ríkisstjórn að það eigi bara að halla undan fyrir þessum aðalljósvakafjölmiðli í landinu eins og við blasir að gerist og hefur gerst núna undanfarið?

Ég legg þá fsp. einnig fyrir hv. 1. þm. Norðurl. v.: Hvernig getur hann réttlætt það fyrir samvisku sinni að afgreiða þetta mál úr nefnd með þeim hætti sem við blasir varðandi Ríkisútvarpið? Það verður áreiðanlega spurt um það, hv. þm. Páll Pétursson, ekki bara á Norðurl. v. heldur á Austurlandi og allt í kringum landið: Hvernig stendur á því að ríkisvaldið hleypur frá lögum og er með ákvæðum í þessu frv. til lánsfjárlaga enn og aftur að svipta Ríkisútvarpið lögbundnum tekjustofni af innlutningsgjöldum á útvarpsbúnað, útvarpstæki? Ég ber þessa spurningu fram við hæstv. ráðherra og hv. þm. í fyllstu alvöru. Ég tel að þetta sé einn af svörtu blettunum og kannski einn sá dekksti, einn sá versti af mörgum blettum sem falla á þau mál sem hér eru til umræðu þessa dagana og í þessu frv. sérstaklega.

Annað mál er það, virðulegur forseti, sem ég ætlaði að koma að og hafði ekki rætt við 1. umr. málsins og það er fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins. Við sáum það við afgreiðslu fjárlaga að Rafmagnsveitur ríkisins eru þar afgreiddar með 392 millj. kr. halla. Þessi halli er álíka mikill og afskriftir hjá fyrirtækinu. Það er því alveg ljóst að þetta undirstöðufyrirtæki í raforkudreifingu í mörgum landshlutum og í strjálbýli alveg sérstaklega er að ganga á höfuðstól sinn. Þar hallar undan hratt og ógnvekjandi verð ég að segja. Því að þróun af því tagi sem hér blasir við, 400 millj. kr. skuldaaukning á einu ári, er auðvitað þess eðlis að allir viðskiptaaðilar við þetta fyrirtæki hljóta að vera áhyggjufullir. Ég átta mig ekki á hvernig í ósköpunum ríkisvaldið og hæstv. ríkisstórn og við nú hér á Alþingi ætlum að hlaupast undan því að bregðast við þessari fjárhagsstöðu hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Hér virðist vera að endurtaka sig sama þróunin og gerðist á árunum 1974 og þar á eftir þegar fjármál Rafmagnsveitna ríkisins fóru úr böndunum í tíð þáv. ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. og raforkuverð til viðskiptavina Rafmagnsveitnanna fór upp úr öllu valdi og verðmunur á heimilistaxta rafmagns nam hátt í 100% þegar ríkisstjórn tók við völdum haustið 1978. Nærri 100% og þó var fjárhagur Rafmagnsveitnanna í kalda koli á þeim tíma.

Það var eitt af mínum fyrstu verkum, og ég man það mjög vel, sem ráðherra orkumála í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar að fá með stuðningi góðra manna hér á hv. Alþingi samþykkta hækkun á verðjöfnunargjaldi á raforku. Sú atkvæðagreiðsla fór fram, herra forseti, í desember 1978. Hún er mér minnisstæð því að það var mjög glöggt. Það voru ekki mörg atkvæði sem mátti vanta hér í hv. þingdeild til að þessi hækkun á verðjöfnunargjaldi næði fram að ganga. En þó voru þeir þm. til, og þeir fleiri en einn úr þéttbýlinu, sem þurftu að taka á sig þetta verðjöfnunargjald til að geta staðið að eðlilegri jöfnun á raforkuverði, sem greiddu þessari hækkun úr 16% upp í 19% á verðjöfnunargjaldi á raforku atkvæði sitt við atkvæðagreiðslu og urðu menn að meiri. Þetta ásamt fjölmörgum aðgerðum þáv. og síðari ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens leiddi til þess að hægt var að koma fótum undir Rafmagnsveiturnar, hægt var að ráðast í löngu tímabærar stórframkvæmdir á þeirra vegum. Það sama gilti — og það nefni ég hér sérstaklega — fyrir Orkubú Vestfjarða, það fyrirtæki sem stofnað var með lögum 1978 og yfirtók hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum.

Ég held að það sem ég er að mæla hér varðandi hag Rafmagnsveitna ríkisins muni geta átt að nokkru leyti við stöðu Orkubús Vestfjarða, þó svo að ég hafi ekki haft ráðrúm til að setja mig náið inn í fjárhagsstöðu þess fyrirtækis, en það hefur t.d. fylgt eftir nokkuð í sambandi við gjaldskrármál Rafmagnsveitum ríkisins og ekki talið sér veita af rekstrarlega séð. Ég er ansi hræddur um að þar kreppi að líka og heyrði það raunar á fulltrúum þess fyrirtækis sem komu hér við í Alþingi fyrir hátíðarnar.

Ég ætla ekki að fara að rekja sögu þessara mála, en þáttaskilin verða, herra forseti, á árinu 1986, þegar gerðir eru um það samningar með aðild ríkisvaldsins og samþykki þáverandi ríkisstjórnar að fella niður með öllu verðjöfnunargjald á raforku. Þeir sem tóku þátt í þeirri aðgerð með aðilum vinnumarkaðarins, sem höfðu það í farteskinu í samningsgerð á fyrri hluta árs 1986 að þetta væri gert, tóku á sig skuldbindingar í orði og menn væntu líka á borði til að þessi aðgerð yrði ekki fyrr en varði íþyngjandi fyrir þetta fyrirtæki. Það sem undirgengist var af hálfu ríkisins á þeim tíma, af þáv. fjmrh., núv. hæstv. forsrh. — ég held að ég hafi ekki ruglast í ríminu með það þó menn hafi hoppað á milli stóla í þáverandi ríkisstjórn, að hann hafi gegnt þá því starfi — var að þá tóku menn á sig slíkar skuldbindingar, ríkisvaldið. Það sem þar var á ferðinni og þá var lofað var það að þessi aðgerð, niðurfelling verðjöfnunargjaldsins, yrði á engan hátt til þess að skerða rekstrarstöðu Rafmagnsveitna ríkisins, fjárhagsstöðu þess fyrirtækis, né heldur að það yrði íþyngjandi fyrir viðskiptavinina vegna þess að veiturnar þyrftu að hækka orkuverðið.

Þessu máli tengdist önnur aðgerð sem þáv. hæstv. ríkisstjórn stóð að. Það hygg ég að hafi verið þegar hv. 5. þm. Reykv. var fjmrh. og hv. 4. þm. Austurl. var iðnrh., árið 1984. Þá gerðist það að samþykkt var breyting á lögum um Hitaveitu Suðurnesja. Við fjölluðum um það mál í iðnn. á þeim tíma, formaður hennar hv. 1. þm. Norðurl. v. Og hvað var verið að gera þá? Það var kannski ekki eins stórt mál og niðurfelling verðjöfnunargjaldsins, en það sem þá gerðist var að það var verið að afhenda Hitaveitu Suðurnesja flutningskerfi Rafmagnsveitnanna til Suðurnesja, tvær flutningslínur 33 kílóvolta og 66

kílóvolta og heimild einnig veitt til að Hitaveita Suðurnesja, sem væntanlegt orkubú þess svæðis, yfirtæki dreifikerfi sveitarafveitnanna á þessu svæði.

Ég gerði mjög ákveðinn fyrirvara um þetta mál, breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, við afgreiðslu þess hér á þingi á þeim tíma. Ég hef þau skjöl sem þar að lúta hér fyrir framan mig, virðulegur forseti, og held að samhengisins vegna sé nauðsynlegt að nefna a.m.k. númerið á frv. Það var frv. til laga sem var 271. mál 106. löggjafarþings. Það innihélt ákvæði til bráðabirgða og, með leyfi forseta, sagði þar:

„Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja raforkukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur, innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu."

Hvað þýddi þetta? Þetta þýddi það að Rafmagnsveitur ríkisins voru að tapa tugum milljóna í árlegum rekstrartekjum vegna þess að aðrir yfirtóku þá. Rafmagnsveitur ríkisins seldu raforku til Suðurnesja, keyptu af Landsvirkjun og seldu til Suðurnesja, þar má meðal inn á Keflavíkurflugvöll. Við þessa breytingu töpuðu Rafmagnsveiturnar tugum milljóna í tekjum, án þess að þær hafi verið bættar. Hins vegar var kveðið svo á um — og ég leyfi mér að rifja það upp, okkur hv. 1. þm. Norðurl. v. til málsbóta á þeim tíma, en ekki seinna, ekki hvað varðar hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég er hræddur um að hann hafi ekki staðið í ístaðinu. Hann segir sem frsm. í nál. okkar frá iðnn. á þskj. 886 vorið 1984, og ég tek aðeins einn örstuttan kafla:

„Nefndin telur að ekki sé sjálfgefið að selja báðar aðflutningslínur frá Elliðaám samtímis og leggur nefndin áherslu á að slík sala megi ekki verða til þess að raforkuverð til almennings annars staðar á landinu hækki."

Þetta settum við inn í nál. vegna þess að auðvitað grunuðum við stjórnvöld. (**PP:** Okkur grunaði. Okkur grunaði.) Auðvitað grunaði okkur á þeim tíma, vildi ég sagt hafa, að ríkisvaldið stæði ekki við sitt í framhaldinu og það hefur því miður komið á daginn. Og það er rétt að rifja það frekar upp. En ég flutti brtt. við þetta frv. þess efnis að aðeins væri heimilt að selja 33 kílóvolta línuna en ekki 66 kílóvolta línuna, flutningslínuna til Suðurnesja. Sú brtt. mín var hins vegar felld.

Ég fagna því, virðulegur forseti, að hv. 2. þm. Norðurl. v. er hér viðstaddur umræðuna, stjórnarformaður Rafmagnsveitna ríkisins, því honum er auðvitað fullkunnugt um stöðu þessara mála og á kannski eftir að leggja orð í belg hér í umræðunum um fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins, svo alvarleg sem hún er.

Kem ég þá að stöðunni eins og hún liggur fyrir núna og leyfi mér að vitna þar til erindis, sem Rafmagnsveitur ríkisins sendu hæstv. núverandi iðnrh., Friðrik Sophussyni, sem hefur fjarvistarleyfi frá fundi en staðgengill hans er hér viðstaddur, þann 9. des. sl. um fjármál Rafmagnsveitna ríkisins. Það er ekki langur kafli, virðulegur forseti, ég les hann hér, upphaf þess erindis:

„Samkvæmt 6. kafla laga nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, féll verðjöfnunargjald af raforku niður 1. mars 1986 en gjaldið hafði runnið að ⅘ hlutum til fyrirtækisins.

Vegna þessa var fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs samkvæmt lánsfjárlögum fyrir árið 1987 að yfirtaka allt að 3500 millj. kr. af langtímaskuldum fyrirtækisins en á móti gefi fyrirtækið út skuldabréf að fjárhæð 600 millj. kr. og afhendi ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 990 millj. kr.

Við endanlega yfirtöku ríkissjóðs í árslok 1986 var niðurstaðan sú að ríkissjóður yfirtók langtímalán ásamt áföllnum vöxtum að upphæð um 3673 millj. kr. en á móti gaf fyrirtækið út skuldabréf að fjárhæð 600 millj. kr. og afhenti ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja vegna sölu Reykjanesveitu" — ég veit að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem stóð með mér að nál. vorið 1984, hlustar grannt hér í hliðarsal — „að fjárhæð um 1023 millj. kr. Nettóyfirtaka eða framlag ríkissjóðs var því um 2050 millj. kr."

Ég rifja það upp að langtímalánin sem ríkissjóður yfirtók við árslokin voru hins vegar 3673 millj. en það bætti nú ekki stöðuna á árinu sem fylgdi, á næsta ári.

„Þegar verðjöfnunargjaldið var fellt niður í tengslum við kjarasamninga á síðasta ári var það yfirlýst stefna fyrrverandi ríkisstjórnar, sem afgreiddi þetta mál, að fyrirtækjunum sem nutu verðjöfnunargjalds yrði að fullu bættur tekjumissir vegna niðurfellingar gjaldsins. Við þetta var ekki staðið," segir í erindi Rafmagnsveitna ríkisins. „Nettóframlag ríkissjóðs vegna yfirtöku lána að upphæð um 2050 millj. kr. vegur engan veginn upp á móti verðjöfnunargjaldinu sem Orkustofnun hefur ætlað að numið hefði 400–450 millj. kr. til Rafmagnsveitnanna á þessu ári. Afhending fyrrgreindra skuldabréfa til ríkissjóðs kostar Rafmagnsveiturnar rúmar 100 millj. kr. árlega."

Síðar í þessu erindi örstutt, herra forseti:

„Þær aðgerðir stjórnvalda sem lýst er hér að framan varðandi niðurfellingu verðjöfnunargjalds og yfirtöku lána svo og í gjaldskrármálum leiða til skuldasöfnunar hjá Rafmagnsveitunum að nýju og verulegra erfiðleika í rekstri."

Mér er kunnugt um það, herra forseti, að hæstv. iðnrh. hefur eðlilega haft áhyggjur af þessu, enda verið minntur á þetta mál og stöðu Rafmagnsveitnanna væntanlega af hv. 2. þm. Norðurl. v. ekki aðeins einu sinni heldur tvisvar og sennilega miklu oftar. En það virðist engan árangur bera. Þegar bankað er í ríkisstjórnarborðið hreyfir ríkisstjórnin sig ekki, þeir ráðherrar sem hafa valdið í fjármálunum, hæstv. fjmrh. og aðrir ábyrgir aðilar í ríkisstjórn. Við fáum hér að vísu bráðabirgðaráðstöfun með lántöku, yfirtöku skammtímaláns fyrir Rafmagnsveitur ríkisins samkvæmt þessu frv., en við

blasir geigvænleg staða fyrir þetta fyrirtæki, ekki bara á þessu ári heldur áframhaldandi.

Það vill svo vel til, herra forseti, að þegar fjallað var um niðurfellingu á verðjöfnunargjaldinu, þá áttu nokkrir hv. þm. sæti í nefnd á vegum þáverandi stjórnvalda til að fjalla um þetta mál og hvað þyrfti að fylgja með. Meðal þessara ágætu nefndarmanna var hv. 2. þm. Reykv., nú hæstv. menntmrh., sem fer í dag með iðnaðarmál. (Gripið fram í.) Eigum við ekki að reyna að fá þetta inn á band héðan úr hliðarherbergjunum, virðulegur forseti? — Og það var ekki bara hv. 2. þm. Reykv. sem var í nefndinni heldur einnig hv. 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson. Hann átti sæti í þessari verðjöfnunargjaldsnefnd sem fjallaði um forsendurnar fyrir því að þetta gjald yrði fellt niður og Rafmagnsveiturnar stæðu fullkomlega bættar eftir og hagsmunum viðskiptavina þeirra væri ekki misboðið með því að það þyrfti að hækka umfram verðlagsþróun gjaldið fyrir raforku, eins og gerst hefur á undanförnum missirum, verulega umfram þá hækkun sem Reykvíkingar og þeir sem njóta viðskipta við veiturnar hér á Reykjavíkursvæðinu þurfa að greiða fyrir húshitun og fyrir almennan heimilistaxta rafmagns.

Mér er einnig kunngt um að það hefur verið reynt að lýsa inn í þetta mál af hæstv. iðnrh. Það hefur verið reynt. Það liggja fyrir úttektir um þetta, þannig að það er ekki það sem skortir. Vandinn blasir við: 400 millj. kr. halli á þessu ári. Fyrirsjáanlegur 200 millj. kr. halli a.m.k. á næsta ári og svo áframhaldandi niður brekkuna. Ætla menn að standa hér að afgreiðslu þessa frv. án þess að það falli orð um það hvernig menn ætla að bregðast við þessu? Eða ætla menn bara að halda áfram að hækka taxtana hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins? Ætli það falli ekki á Vestfirðinga þá í leiðinni líka? Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta, hæstv. iðnrh., 2. þm. Reykv.: Hvað ætlar ríkisstjórnin sér í þessu máli? Og ég spyr hv. frsm., 1. þm. Norðurl. v.: Hvernig getur hann komið með þessi mál hér til afgreiðslu þegar slík staða blasir við hjá Rafmagnsveitum ríkisins? Hvað var gert af hans hálfu í nefndinni til þess að líta inn í þetta samhengi og koma þá með frambærilegar tillögur hér inn í þingið til að bregðast við þessari stöðu?

Ég held, herra forseti, að það sé alveg ljóst að ríkissjóður verður að efna það loforð sitt sem gefið var af fyrrv. ríkisstjórn á fyrri hluta árs 1986 um að ríkissjóður yfirtaki áhvílandi skuldir Rafmagnsveitnanna að fullu eins og þá var heitið og eins og var forsenda fyrir þeirri aðgerð, þeirri mjög tvísýnu aðgerð að mínu mati þá og síðar, að fella niður verðjöfnunargjaldið af raforkunni og svipta Rafmagnsveitur ríkisins þar tekjustofni, jöfnunargjaldi sem nemur 400–450 millj. kr. nú á ársgrunni — og við förum aðeins lengra til baka, aftur að vori 1984, hv. 1. þm. Norðurl. v., að staðið verði við það sem heitið var af meiri hl. iðnn. og tekið fram í afgreiðslu þess máls af allri iðnn. þingsins, þessarar hv. deildar, að Rafmagnsveiturnar slyppu á sléttu fjárhagslega frá afhendingunni á flutningslínunum til Suðurnesja, tveimur, sem þá var veitt heimild fyrir, en þyrfti ekki að tapa á því og bera skarðan hlut einnig vegna taps í orkusölu inn á þetta svæði eins og reyndin síðan hefur orðið. Þetta þýðir m.a. það að Rafmagnsveiturnar, sem voru knúðar til þess, án þess að það væri upplýst hér í Alþingi að ég muni, af fyrrv. hæstv. ríkisstjórn og núv. hæstv. forsrh. trúlega, þá fjmrh., að afhenda ríkissjóði við skuldaskilin á árinu 1986 skuldabréf sín, skuldabréf Rafmagnsveitnanna vegna sölu á flutningskerfinu til Suðurnesja.

Og nú spyr ég hæstv. forsrh. — hvar er hann? (**AG:** Í hliðarsal.) Við dokum við, virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra hlýtur að finnast. Já, hann er hér. Nú spyr ég hæstv. forsrh., þáv. hæstv. fjmrh., sem var fjmrh. 1986 og stóð að þessum aðgerðum sem fjmrh. í sambandi við fjármál Rafmagnsveitna ríkisins, m.a. þar sem Rafmagnsveitunum var gert að afhenda ríkissjóði skuldabréf vegna sölunnar á dreifikerfinu til Suðurnesja: Ætlar hann að standa að því að Rafmagnsveiturnar geti endurheimt þessi skuldabréf sem er forsenda lagasetningarinnar frá vorinu 1984 um yfirtöku Hitaveitu Suðurnesja á þessu kerfi og viðskilnaðinn við Rafmagnsveiturnar vegna þessarar yfirtöku og afhendingar þessa ríkisfyrirtækis á flutningslínunum.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega um þetta en hann er fjarri. Hæstv. menntmrh., sem gegnir störfum iðnrh., er e.t.v. kunnugur þessum málum en ég legg meiri áherslu á að hann lýsi inn í málefni Ríkisútvarpsins við þessa umræðu. En hv. frsm. nefndarinnar, 1. þm. Norðurl. v., greinir okkur væntanlega frá því. Ég hygg að hann sé á mælendaskrá og mundi eflaust fara inn á hana, ef hann er þar ekki þegar, til þess að ræða þessi mál frekar. Hvernig getur hann réttlætt það fyrir sér og þingdeildinni að skilja við málefni Rafmagnsveitna ríkisins í óvissunni, ja raunar í svartnætti varðandi ekki bara þetta ár heldur næstu ár, með þeim hætti sem hér blasir við?

Svona væri raunar hægt að taka á einu málinu af öðru. Ég hef valið, herra forseti, að taka hér út úr tvö mál af mörgum sem ástæða væri til að ræða varðandi stöðu fyrirtækja og sjóða, opinberra sjóða sem verið er að skerða, en það hafa aðrir hv. ræðumenn, talsmenn stjórnarandstöðunnar, þegar vikið að því í ágætu máli, þannig að ég er ekki að taka tíma frá þingdeildinni til þess. En ég vænti þess að þessi umræða um þessi efni leiði til þess að menn sjái að sér, bæði hvað varðar málefni Ríkisútvarpsins og málefni Rafmagnsveitna ríkisins sem eru stór og afar þýðingarmikil fyrirtæki, ekki síst fyrir landsbyggðina, hinar dreifðu byggðir landsins, en það skiptir auðvitað alla landsmenn miklu að hagur þeirra sé í horfi.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar segir svo um byggðastefnu og sam-

göngumál, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin lítur á það sem eitt meginverkefni sitt að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Í því skyni hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Starfsemi Byggðastofnunar verði efld til að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Jafnframt verði henni falið að hafa forgöngu um samstarf lánastofnana, þróunarfélaga og heimamanna og leitast við að samræma aðgerðir til að styrkja megi byggðina.“

Eins og lánsfjárlögin komu frá Ed. vantaði mikið á að Byggðastofnun hefði sama fé og í fyrra. Þar veldur fyrst og fremst að ekki er tekið tillit til þess að í fyrra var mjög góð innheimta hjá stofnuninni en allir sjá fram á að á árinu sem nú fer í hönd verði innheimta slakleg vegna erfiðleika í atvinnufyrirtækjum vítt um land. Stjórnarmenn Byggðastofnunar sem sitja í Ed. virðast hafa gleymt sér nokkuð, og reyndar fleiri í þeirri deild, og hefðu lögin verið afgreidd þannig hefði verið illt í efni.

Nú streyma hópar af landsbyggðinni til Byggðastofnunar með stórar lánsumsóknir þar sem víða brestur í böndunum og ríkisstjórnin er stöðugt að vísa málum þangað. Þeim þarf að sinna en það verður ekki gert án peninga. Stofnuninni hefur m.a. verið falið af forsrh. að sinna atvinnumálum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sem eru einu hafnlausu sýslurnar í landinu. En þar er sem víðar um erfiðleika að ræða í atvinnumálum. Engu af þessu verður sinnt nema til komi stórauknar lánsfjárheimildir af erlendu fé og Byggðastofnun verður ekki vísað á íslenskan lánsfjárokurmarkað.

Í þessu efni hefur nú verið bætt nokkuð úr skv. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. deildarinnar, vafalaust fyrir forustu formanns stjórnar Byggðastofnunar, Matthíasar Bjarnasonar, sem á sæti í nefndinni. Ég óttast samt að þetta verði ekki nægjanlegt en vænti að séð verði fyrir þörfum Byggðastofnunar á árinu.

Komin er fram brtt. við 6. gr. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni um Herjólf. Ég vænti þess að hún verði felld. Þjóðvegginn til Vestmannaeyja, sem Herjólfur sinnir, verður að styðja eins og aðrar samgöngur í landinu.

Ég mun greiða atkvæði á móti 23. gr. frv. til lánsfjárlaga, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.“

Slík tillaga hefur aldrei sést í lánsfjárlögum áður. Í haust starfaði nefnd þriggja þm. varðandi málefni landbúnaðarins er snerti fjárlögin. Í nefndinni voru Páll Pétursson, Eiður Guðnason og Egill Jónsson og var gjarnan kallað ráðuneyti Páls Péturssonar. Þessi tillaga mun vera komin frá meiri hl. þeirrar nefndar, hv. þm. Páli og Eiði, Egill Jónsson stóð ekki að henni. Hún er komin þarna inn í lánsfjárlög og ég mæli eindregið gegn því að hún nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint örfáum spurningum hér í þessum umræðum. Þá er það fyrst að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon spurði hvað fælist í orðunum í nál. okkar: „Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Byggðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman.“ Það sem felst í orðunum er náttúrlega það sem þarna segir. Meiri hl. nefndarinnar var það mjög vel ljóst að það er alveg óhjákvæmilegt að líta til með byggðarlögum sem hafa lent í vanda út af samdrætti í útgerð, svo sem t.d. Patreksfjörður. Þannig hefur Byggðastofnun reyndar ætíð starfað. Byggðastofnun lýtur hins vegar þingkjörinni stjórn sem ákveður lánveitingar stofnunarinnar. Okkur í meiri hl. fjh.- og viðskn. er ljóst að það er hennar verk að úthluta lánum, og þýðir ekki að gefa henni fyrirmæli. Hún þarf fjármuni til þessa verkefnis en það ber ekki að skoða þetta sem fyrirmæli um að nota akkúrat 200 millj. kr. til þessa verkefnis. Þessar 200 millj. eru sem sagt ekki sérmerktar.

Hv. 2. þm. Austurl. flutti yfirgripsmikla ræðu áðan. Hann ræddi m.a. málefni Ríkisútvarpsins. Við ræddum þau líka í nefndinni. Það var reyndar augljóst strax þegar nýir ljósvakamiðlar bættust á hinn litla auglýsingamarkað okkar að þá mundu tekjur Ríkisútvarpsins af auglýsingum rýrna og sú hefur raunin orðið á. Á meðan Ríkisútvarpið sat eitt að þeim markaði voru auglýsingatekjurnar um 50% af tekjum Ríkisútvarpsins. Nú hefur það hlutfall raskast því miður þannig að nú eru það einungis 30% sem eru bornar uppi af auglýsingatekjum. Það var athugað í nefndinni hvort samstaða væri um að rétta hlut Ríkisútvarpsins. Því miður náðist ekki samstaða um að breyta lánsfjárlögum að þessu leyti, enda er það að vissu leyti óhægt að afgreiddum fjárlögum.

Ég held að það sé mjög mikil þörf að endurbæta dreifikerfið þannig að allir landsmenn fái notið Ríkisútvarps og sjónvarps. Útvarpið hefur staðið í miklum byggingarframkvæmdum undanfarið og það er kannski óhætt að hægja þar nokkuð á.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi málefni Rafmagnsveitna ríkisins. Það er nú ekki nýtt að Rafmagnsveitur ríkisins séu í vanda staddar. Þær hafa verið það oftastnær frá því að ég kom hér til starfa á Alþingi og þær urðu það því miður líka stundum í ráðherratíð hv. 2. þm. Austurl. Það hefði kannski verið réttara fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson að spyrja hv. 2. þm. Norðurl. v. um málefni Rafmagnsveitnanna því að hann er þeim málefnum kunnugri en ég þar sem hann er þar stjórnarformaður. En ég er á því að málefni Rafmagnsveitnanna þarfnist gagngerðrar skoðunar og það er eðlilegt að félagslegar framkvæmdir Rafmagnsveitnanna verði fjármagnaðar af almannafé, ekki síst þegar hagstæð sölusvæði hafa verið af Rafmagnsveitunum tekin,

svo sem eins og réttilega var getið um með Suðurnesin.

Úr því að ég er kominn hér þá vil ég úr ræðustól lýsa stuðningi meiri hl. nefndarinnar við tillögu frá Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, breytta till. á þskj. 508. Nefndin öll styður þá brtt.

Ég gleymdi því hér í framsögu minni að benda hv. þm. á tvö fskj. sem fylgja nál. okkar í meiri hl. og gefa ágæta mynd, fskj. I heildaryfirlit yfir innlendar og erlendar lántökur 1988 og fskj. II lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988. En þetta liggur sem sagt fyrir og er í aðgengilegu formi fyrir hv. deildarmenn.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það hefur verið til mín beint hér sérstaklega spurningum sem ég skal leitast við að svara. Það var einkum hv. 2. þm. Austurl. sem varpaði til mín spurningum, annars vegar varðandi Ríkisútvarpið og hins vegar varðandi Rafmagnsveitur ríkisins, en eins og fram kom þá gegni ég þessa dagana störfum fyrir hæstv. iðnrh. sem er fjarverandi.

Varðandi síðara málið, þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins, þá er ljóst að Rafmagnsveiturnar eiga við mikla fjárhagserfiðleika að stríða. Hv. þm. rifjaði það upp að starfað hefði nefnd sem hafði það verkefni að kanna með hverjum hætti væri unnt að fella niður hið óvinsæla og óréttláta gjald sem nefndist verðjöfnunargjald, þó það væri nú því marki brennt að það lagðist með því meiri þunga á Rafmagnsveiturnar eftir því sem gjaldskrár voru hærri. Þetta voru reyndar tvær nefndir sem skiluðu tillögum um hvernig unnt væri að fella niður verðjöfnunargjaldið án þess að stefna í hættu rekstri Rafmagnsveitna ríkisins eða Orkubús Vestfjarða. Ég segi að þetta hafi verið tvær nefndir vegna þess að forsendur breytast svo hratt í þessu þjóðfélagi okkar að fyrra nál. var orðið úrelt og því tók nefndin til starfa að nýju. Segja má að í stórum dráttum hafi niðurstaðan verið sú að til þess að unnt væri að fella niður verðjöfnunargjaldið yrði ríkissjóður að yfirtaka að verulegu leyti skuldir Rafmagnsveitna ríkisins. Það gerðist hins vegar ekki nema að litlu leyti þegar verðjöfnunargjaldið var fellt niður eins og rifjað var upp, en iðnrh. fékk nú á haustdögum hv. 4. þm. Reykn., sem var í báðum þessum nefndum, til þess að yfirfara tillögur nefndanna, fara ofan í fjárhagsmál Rafmagnsveitna ríkisins og gera tillögur til iðnrn. um það hvernig unnt væri að komast út úr þessum erfiðleikum Rafmagnsveitna ríkisins. Hann hefur skilað sínum tillögum nú fyrir stuttu til iðnrn., þar sem þær eru til athugunar, og ég vænti þess að iðnrh. muni áður en langt um líður taka þau mál til sérstakrar umræðu í ríkisstjórninni, og þá væntanlega í framhaldi af því koma með tillögur um hvernig unnt sé að greiða úr þessum fjárhagserfiðleikum sem Rafmagnsveitur ríkisins óneitanlega standa í.

Varðandi Ríkisútvarpið þá er það einnig rétt sem hér hefur komið fram að Ríkisútvarpið á í fjárhagserfiðleikum. Við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því að fjármál Ríkisútvarpsins, eins og reyndar flestra ef ekki allra fyrirtækja, greinast í tvennt. Það er annars vegar fjárfestingar og hins vegar rekstur. Það sem fyrst og fremst er deilt um í sambandi við lánsfjárlögin er framlög í svokallaðan framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. En fé framkvæmdasjóðs á skv. útvarpslögum að nota til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins. Fjármagni framkvæmdasjóðs hefur að langmestu leyti undanfarin ár verið varið til að byggja hið mikla útvarpshús sem risið hefur upp á Háaleiti.

Spurningin er því fyrst og fremst um það hversu hratt Ríkisútvarpið eigi að fjárfesta að því er snertir þessa þætti sem lánsfjárlögin fjalla um. Ég er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eins og aðrar stofnanir verði að sníða sér stakk eftir vexti í þeim efnum. Og þó að ég vilji auðvitað hag Ríkisútvarpsins sem mestan, þá stend ég að sjálfsögðu að þeim tillögum sem hér liggja fyrir í frv. ríkisstjórnarinnar um lánsfjárlög og mun að sjálfsögðu styðja og greiða atkvæði með því skerðingarákvæði sem lýtur að aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum sem áttu að renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins.

Hitt er svo það sem snýr að rekstri Ríkisútvarpsins. En þar eru sérstakir erfiðleikar á ferðinni vegna þess hversu tekjur Ríkisútvarpsins af auglýsingum hafa dregist saman. Mér finnst ósanngjarnt að segja að stjórnvöld hafi algjörlega brugðist Ríkisútvarpinu í þessu efni. Ríkisútvarpið hefur sennilega fengið meiri hækkun afnotagjalda á sl. ári en nokkur önnur opinber stofnun. Það hefur verið rifjað upp nú um áramótin að Ríkisútvarpið hefur fengið um 85% hækkun á afnotagjöldum á sl. ári, í tveimur stökkum, nú síðast um áramótin um 13%, sem er að sjálfsögðu miklum mun meira en nokkur önnur stofnun hefur fengið.

Ríkisútvarpið hefur notið þess, getum við sagt, í þjóðfélaginu undanfarin ár og undanfarna áratugi að í rauninni hefur ekki verið til neitt kostnaðarmat á því sem þarna hefur gerst. Þetta hefur verið stofnun sem hefur verið einokunarstofnun í þjóðfélaginu. Hún hefur raunverulega getað látið hlutina kosta það sem kosta vill því afnotagjöld hafa þá verið hækkuð eins og þurft hefur. Nú er hins vegar sú staða komin upp að aðrar stofnanir, sem eru með sams konar starfsemi, eru risnar upp við hliðina á þessari stofnun, þannig að það er unnt að leggja visst kostnaðarmat á það hvað kostar að reka starfsemi af þessu tagi, hvað er eðlilegt að rekstur sjónvarps kosti og hvað er eðlilegt að rekstur hljóðvarps kosti. Auðvitað verður að taka gæðamat inn í þegar slíkur samanburður er gerður. En ég tel nauðsynlegt að taka rekstur Ríkisútvarpsins til sérstakrar athugunar einmitt með tilliti til slíks samanburðar. Ég tel að þarna hafi oft verið eytt langt umfram það sem eðlilegt er og það sé m.a. ástæða þess hversu Ríkisútvarpið er nú í erfiðri stöðu. Þess

vegna mun ég beita mér fyrir því að fjármál og rekstur Ríkisútvarpsins verði tekin til sérstakrar athugunar og án þess að nefna nokkur sérstök dæmi hér í þessari umræðu þá tel ég nauðsynlegt að það sé gert.

Ég tel Ríkisútvarpið hafa miklu hlutverki að gegna hér í okkar þjóðfélagi en ég tel hins vegar að Ríkisútvarpið, eins og allar aðrar þjóðfélagsstofnanir, verði að sníða sér stakk eftir vexti og þar eins og annars staðar verði að koma í veg fyrir eyðslu umfram nauðsynjar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh., sem einnig starfar sem iðnrh. þessa daga, fyrir þátttöku hans hér í umræðunni og svör hans svo langt sem þau náðu. Ég get ekki lýst yfir neinni sérstakri ánægju með það sem fram kom í hans máli út af fyrir sig og á eftir að gera örfáar athugasemdir við það. Að því er snerti Rafmagnsveitur ríkisins og þá yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að þar væri að vænta einhverra viðbragða af hálfu ríkisstjórnarinnar, fannst mér þó að þar væri aðeins glæta sem kæmi fram í því efni. Jafnframt eindreginni viðurkenningu af hálfu hæstv. ráðherra á að við mikinn fjárhagslegan vanda er þar að etja.

Hæstv. ráðherra þekkir þetta, eins og ég vakti athygli á í fyrri ræðu minni, sem þátttakandi í stjórnskipaðri nefnd í tengslum við afnám verðjöfnunargjalds af raforku, þekkir þá eiða sem uppi voru hafðir í þeim efnum, og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að horfast í augu við þennan vanda, fyrri loforð gefin í sambandi við breytingar á afkomumöguleikum Rafmagnsveitnanna með niðurfellingu verðjöfnunargjalds og afhendingu flutningslína til Suðurnesja, og reyna að kippa þeim málum í liðinn þannig að ekki syrti enn frekar í álinn fyrir viðskiptavini Rafmagnsveitnanna með auknum verðmun á raforku, jafnt til húshitunar sem almennra heimilisnota, umfram það sem gerist á öðrum svæðum í landinu og þá á þessu stóra þéttbýlissvæði, Reykjavíkursvæðinu.

Þetta þolir ekki mikla bið. Þessi vandi vefur upp á sig á degi hverjum. Við verðum að skora á stjórnvöld að taka á þessu máli fyrr en seinna og þau verða áreiðanlega minnt á það þegar kemur fram á árið hverjar séu úrlausnirnar í málefnum þessa mikilvæga fyrirtækis og þá nefni ég í leiðinni Orkubú Vestfjarða sem ég hygg að búi einnig við verulega fjárhagslega erfiðleika og þar sem viðskiptavinir þess fyrirtækis hafa borið sömu gjaldskrá og Rafmagnsveiturnar í aðalatriðum undanfarin ár.

En þá er það, herra forseti, Ríkisútvarpið. Ég átti nú von á að hæstv. menntmrh. kæmi fram sem gæslumaður þess ríkisfyrirtækis, a.m.k. vaktmaður af nokkuð meiri röggsemi og metnaði fyrir hönd þessa geysilega þýðingarmikla fjölmiðils, Ríkisútvarpsins, en fram kom í ræðu hans. Hæstv. ráðherra talaði um einokunarfyrirtæki sem þyrfti að hafa auga með og mætti ekki ganga sjálfala. Út af fyrir sig þarf að fylgjast með rekstri ríkisfyrirtækja sem annarra fyrirtækja í landinu. Það er rétt. Hæstv. ráðherra gat um stórfellda hækkun gjaldskrár Ríkisútvarpsins. Ég held að það hafi verið nefnd 85%, kannski ekki af ráðherranum en einhvers staðar las ég þá tölu, hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins á seinni hluta ársins 1987. En ráðherrann gat ekki um það í leiðinni að Ríkisútvarpið fékk ekki neina gjaldskrárhækkun allt árið 1986 og fyrri hluta árs 1987, til 1. júlí þess árs. Það bjó við lækkandi tekjur í afnotagjöldum í eitt og hálft ár á sama tíma og stjórnvöld sviptu þetta opinbera fyrirtæki tekjum í framkvæmdasjóð sem nam um 300 millj. kr., tekjutapið vegna skerðingarákvæðis hliðstætt því ákvæði sem er í frv. til lánsfjárlaga varðandi Ríkisútvarpið og tekjur til þess af innflutningsgjöldum á útvarpsbúnaði. Þarna er mjög óeðlilega að staðið, alveg óforsvaranlega af stjórnvalda hálfu. Ég held að menn ættu ekki að vera að efna til umræðu um samanburð við aðra fjölmiðla, þessi fyrirtæki, sumpart ævintýrafyrirtæki, sem verið er að stofna til í landinu í fjölmiðlun, útvarpsfélög með hinum og þessum nöfnum, ég þekki þau ekki öll einu sinni, þar sem ekki er kannski mjög bjart fram undan og menn eru að keppa um sama bitann, auglýsingatekjurnar ekki síst, en njóta einnig velvildar og meiri velvildar stjórnvalda á stundum en sjálft Ríkisútvarpið og birtist okkur í till. um að það megi ekki leggja söluskatt á afnotagjald stofnana eins og Stöðvar 2, á afruglara svokallaða, þeir skuli vera undanþegnir söluskatti, gjaldtaka sem er afnotagjald þessarar stöðvar sem verið er að hlúa að með því að undanþiggja þennan lykil söluskatti samkvæmt ákvörðunum sem voru teknar fyrir nokkrum dögum og höfðu áður verið mótaðar af hæstv. fjmrh. og hann réttlætti með dálítið sérstökum hætti og liggja fyrir í þingskjölum skýringar hans í þeim efnum.

Nei, virðulegir samþingmenn, ég held að við þurfum að huga að stöðu Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar og gæta þess að Ríkisútvarpið geti haldið í horfinu þrátt fyrir þá samkeppni sem opnað var fyrir af meiri hlutanum á Alþingi hér fyrir tveimur árum, geti verið samkeppnisfært um efni, dagskrárgerð og annað, mannafla, en sé ekki verið að kreista með óeðlilegum hætti og draga úr máttinn eins og hér er verið að gera. Nýjustu fréttirnar sem ég var að heyra í dag af hálfu forráðamanna útvarpsins voru á þá leið að ein af sparnaðarráðstöfunum þessarar stofnunar ætti að vera að hætta að flytja fregnir af störfum Alþingis í formi Þingsjár. Það eru viðbrögðin á þeim bæ ef rétt er hermt það sem flaug fyrir hér í dag að stæði til að draga sérstaklega úr fréttaflutningi af störfum Alþingis.

Skyldi vera nokkurt samhengi á milli þess og þess málflutnings sem hér hefur verið og hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að málum á undanförnum mánuðum og dögum þar sem stjórnarandstaðan hefur lagt sig fram um að reyna að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina í einstökum málum eins og með matar-

skatt og fleira, mál sem enn bíða hér afgreiðslu sum hver og verða nú vonandi skoðuð betur sum hver?

Ég vil út af fyrir sig ekki vera að draga neinar ályktanir af þessum tíðindum varðandi þingfréttirnar. En ef þær fréttir eru á rökum reistar tel ég að þar sé augljóslega verið að stíga skref til baka í stað þess að efla fréttaflutning af störfum Alþingis í sjónvarpinu sérstaklega því að hljóðvarpið hefur sinnt þeim málum vel á undanförnum árum. En það sama verður því miður ekki sagt um sjónvarpið. Kannski er það fjárhagsstaðan sem á einhvern þátt í því án þess að ég vilji vera að leggja sérstakt mat á það hér og nú.

Virðulegur forseti. Þetta voru athugasemdir af minni hálfu við það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh., en ég þakka honum þó fyrir að taka þátt í umræðunni. Það er ekki alltaf sem hæstv. ráðherrar bregðast við að eiga efnislegan orðastað við okkur þm. úr stjórnarandstöðu eins og hæstv. menntmrh. hafði þó tilburði til. Ég þakka honum fyrir það. (**SJS:** Þeir þurfa nú að vera til staðar.)

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði gaman af ræðu hv. síðasta ræðumanns þegar hann upplýsti að Ríkisútvarp/sjónvarp ætlaði að hefna sín á Alþingi, eins og ég skildi það, með því að flytja ekki þætti frá Alþingi í sparnaðarskyni. Ég held að það sé með þeim fáu þáttum sem Ríkisútvarp/sjónvarp flytur sem ekki kosta neina peninga. Ef þeir ættu að fylla upp í það gat sem þá myndast og þann tíma sem fréttaflutningur frá Alþingi hefur átt sér stað yrðu það áreiðanlega þættir sem yrði að greiða fyrir. Það mundi kosta meira en það kostar að flytja þætti frá störfum Alþingis.

En það er eitt sem ég vildi gjarnan draga athygli að áður en ég kem að kjarna þess máls sem ég ætla að flytja hér og það er að það er ekki, ég undirstrika, það er ekki með vilja Borgarafl., það er ekki með vilja stjórnarandstöðunnar, svo langt sem ég veit, að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, stjfrv., er ekki afgreitt að mér skilst áður en Alþingi fer í frí. Það þýðir, eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá fulltrúa fjmrh. sem hér hefur setið í dag, um 400 millj. kr. tekjutap fyrir sveitarfélögin og er frestun sem kemur sér mjög illa við afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaganna um land allt. Þetta er andstætt þeim vinnubrögðum sem stjórnarandstaðan hefur látið í ljós að hún vilji standa að. Síðan getum við deilt um hvort verkaskiptingin eins og hún er hugsuð af meiri hlutanum er rétt eða er röng. Það er annað mál. En stjórnarmeirihlutinn er að skaða sveitarfélögin um land allt með sínum vinnubrögðum.

Það sem ég ætlaði að draga athyglina að og mæla fyrir er sú brtt. á þskj. 509 sem hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir flytur, en eins og kom fram í upphafi hjá hæstv. forseta er hún veik í dag, hefur fjarvistarleyfi, og í hennar fjarveru mæli ég með brtt. hennar við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 eins og hún birtist á þskj. 509. Hún er við 21. gr., um að greinin falli brott. Sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 millj. kr. á árinu 1988."

Á fskj. með nál. á þskj. 499 um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 frá minni hl. fjh.- og viðskn. er skrá yfir framlög til sjóða 1988 og þar kemur fram að lögbundið framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði átt að vera 600 millj. svo hér er um 100 millj. að ræða. En út af fyrir sig má segja það tímaeyðslu að vera að tala um þetta því að hvernig sem allt fer og veltist verður ríkissjóður að standa skil á því sem Atvinnuleysistryggingasjóður þarf á að halda þannig að þetta er ein blekkingin til viðbótar sem ríkissjóður er að leika þarna til að sýna betri útkomu og meiri niðurskurð og skiptir úr af fyrir sig engu máli.

Þá vil ég lýsa stuðningi mínum við brtt. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og Guðmundar G. Þórarinssonar á þskj. 503. Ég vil líka lýsa stuðningi mínum við brtt. þeirra við sína eigin brtt. eins og hún kemur fram á þskj. 508 þó ég hefði talið eðlilegt að þessi brtt. hefði haft samþykki eins ráðherra í viðbót til að hafa samkomulagið traustara. Mér skilst að brtt. við brtt. sé til að ná samkomulagi við hæstv. forsrh. sem var í fýlu út af 1. brtt. og hefði sú brtt. átt að hljóða þannig að á eftir orðunum „fjármálaráðherra" komi: samgönguráðherra og forsætisráðherra. Skiptir mig engu máli hvort forsrh. er þar með eða ekki. Ég lýsi stuðningi mínum við till.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 502,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 502,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 502,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 508 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 503, svo breytt, samþ. með 30:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8.–13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 500,1 felld með 23:12 atkv.
14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
15.–16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 500,2 felld með 22:14 atkv.
17. gr. samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 502,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
19.–20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 509 felld með 23:13 atkv.
21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 500,3 felld með 23:13 atkv.
22. gr. samþ. með 23:9 atkv.
23. gr. samþ. með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðnÁ, JóhS, JBH, JSS, KJóh, MB, MÁM,

ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, FÞ, GHH, GB, GGÞ, JK.
nei: GHelg, HG, HJ, ÓÞG, SV, SJS, AG, EH.
IBA, KE, KH, MálmS, ÞP, GeirG greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (JónS, RA, RH, SighB, AðB, FrS) fjarstaddir.
24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GGÞ, JóhS, JBH, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, PP, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, GHH, GB, JK.
nei: GHelg, HG, HJ, IBA, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, SV, SJS, AG, FÞ.
GuðnÁ, KE, KH, PJ, ÞP, GeirG greiddu ekki atkvæði.
6 þm. (JónS, RA, RH, SighB, AðB, FrS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Matthías Bjarnason:
Herra forseti. Út af fyrir sig get ég fellt mig við að greiða atkvæði með þessari tillögu, en þó því aðeins að ég treysti því að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn meini ekki að það eigi að friða alla refi og því síður minka á árinu 1988. Ég segi já.

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég veit ekki hvort það má leyfa sér að segja að manni detti í hug að það sé vegna þess að þessar tvær dýrategundir séu í einhverju sérstöku uppáhaldi hjá hæstv. ríkisstjórn, ég tala nú ekki um skyldleika, að það er lagt til að framlög ríkisins til að standa straum af eyðingu þessara meindýra falli niður sem opinber framlög. Hér er um það að ræða að smávægilegur útgjaldaliður í heildardæmi ríkisins upp á 34 millj. kr. færist, ef illa tekst til, yfir á fámennustu, fátækustu og strjálbýlustu sveitahreppa landsins. Þó að víða sé talsvert af naglarskap í fjárlögum og efnahagsmálaráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar held ég að þarna sé garðurinn einna lægstur. Ég tel það auðvitað alveg fráleitt að setja þessi mál í óvissu þar sem ekki er búið að ganga frá því frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem e.t.v. á að leysa þetta mál og tel því eðlilegast að þessi grein sé felld út úr lánsfjárlögum og segi nei.

26.–27. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 502,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 502,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
30.–31. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 502,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 502,8 (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 502,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
33. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
34.–36. gr. (verða 35.–37. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég spyr forseta hvaða nauðsyn beri til að bregða út af venjulegum fundartímum við afgreiðslu þessa máls. Ég sé ekki annað en með eðlilegum hætti megi ætla að frv. geti orðið að lögum frá Ed. síðla dags á morgun eða annað kvöld, í síðasta lagi á fimmtudag, og ég sé ekki ástæðu til þess að það sé verið að bregða frá venjulegum fundatíma. Hér hafa mál gengið fram með eðlilegum hætti og engin ástæða er til að ætla annað en þau geri það einnig á morgun. Ég vil minna á að það var kvartað yfir því hér í umræðum í dag að ýmsir hæstv. ráðherrar, sem menn hefðu haft áhuga á að eiga orðastað við, voru ekki viðstaddir umræðuna. Ég teldi eðlilegt að 3. umr. færi fram á eðlilegum fundatíma á morgun og það yrði séð til þess að hæstv. ríkisstjórn, eftir því sem kostur væri, væri þá mætt til þingstarfanna þannig að það gæti greitt fyrir eðlilegri afgreiðslu málsins.

Forseti (Jón Kristjánsson):
Þar sem ég túlka orð hv. 4. þm. Norðurl. e. þannig að það muni verða umtalsverðar umræður um málið tek ég það sem svo að það muni ekki gerlegt að ljúka málinu hér nú þegar eftir 2. umr. á þessum fundi. Ég mun því slíta þessum fundi, en vil biðja formenn þingflokka að hitta mig stutta stund eftir að fundi er lokið og ráðgast um tíma á morgunfundinum og gera sér í hugarlund hvað umræða tekur langan tíma. Fundir verða þá boðaðir símleiðis þegar fundartími er ákveðinn.

NEÐRI DEILD

53. fundur, miðvikudaginn 13. jan., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1988, 3. umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 510, brtt. 511.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Á þskj. 511 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssyni. Tillagan er svohljóðandi:

„Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, skulu tekjur framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum eigi nema hærri fjárhæð en 100 000 þús. kr. á árinu 1988."

Þetta er brtt. við skerðingarákvæði sem fram kemur í 22. gr. frv. varðandi tekjur Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum, en samkvæmt greininni er gert ráð fyrir að tekjur af þessum aðflutningsgjöldum renni í ríkissjóð og ekkert gangi til Ríkisútvarpsins. Brtt. gerir sem sagt ráð fyrir því að Ríkisútvarpið fái 100 millj. kr. á árinu 1988 af þessum aðflutningsgjöldum sem nema samkvæmt áætlun verulega hærri upphæð. Ég hef ekki fengið neina nákvæma úttekt á því hverju áætlað sé að aðflutningsgjöldin skili á yfirstandandi ári, hef þó heyrt nefnda töluna 150 millj. kr. þannig að hér væri þó um að ræða, ef sú áætlun er nærri lagi, að ⅔ af aðflutningsgjöldunum rynnu til Ríkisútvarpsins.

Eins og kunnugt er og fram er tekið í brtt. er framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins sá aðili sem samkvæmt útvarpslögum á að taka við þessum tekjum, en verkefni framkvæmdasjóðsins er að annast uppbyggingu Ríkisútvarpsins, fjárfestingar á þess vegum. Það segir í 22. gr. laga nr. 68 frá 1985, um útvarpsmál, með leyfi forseta, varðandi fjármál Ríkisútvarpsins:

„Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi. Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða."

Í 23. gr. sem vitnað er til í brtt. segir, með leyfi forseta:

„Í sjóð sem nefnist framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar. Aðflutningsgjöld af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum í þau renni óskipt í sjóðinn. Fé framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins."

Við 2. umr. um þetta mál, svo og við 1. umr. ræddi ég sérstaklega málefni Ríkisútvarpsins og þörfina fyrir uppbyggingu á þess vegum, nefndi þar sérstaklega uppbyggingu langbylgjukerfisins sem er með öllu úrelt orðið og þarfnast endurbyggingar. Þar er um mikið og brýnt verkefni að ræða sem varðar ekki aðeins útsendingar heldur einnig öryggismál um land allt, svo og útvarpssendingar til sjómanna á hafi úti. Einnig hefur Ríkisútvarpið talið hagkvæmt að hraða flutningi sjónvarpsins í útvarpshúsið við Efstaleiti með því að kaupa nauðsynlegar innréttingar fyrir sjónvarpið og telur að slík framkvæmd væri raunar hagkvæm. Ég vísa til umræðna um þetta efni og vænti að þessi tillaga um að hluti aðflutningsgjalda sem lög gera ráð fyrir renni til Ríkisútvarpsins með samþykkt þessarar brtt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég var að hugsa um að fá það upplýst áður en ég hef mál mitt hverjir hæstv. ráðherrar hafa fjarvistarleyfi. (**Forseti:** Þeir ráðherrar sem hafa fjarvistarleyfi eru hæstv. iðnrh. og hæstv. menntmrh. er hér inni með varamann. Aðrir ráðherrar hafa ekki fjarvistarleyfi. Ég get upplýst að hæstv. heilbrrh. mun vera hér i húsinu samkvæmt mínu bókhaldi. Aðra ráðherra hef ég aðvarað um að þeirra sé vænst hingað til fundar.)

Herra forseti. Ég vildi bara svona halda þessu til haga eins og ég hef gert undanfarna daga. (**Forseti:** Eins og hv. ræðumaður sér er hæstv. fjmrh. mættur þó að mér hafi láðst að tilkynna að hann væri hér í húsinu og sömuleiðis mun hæstv. félmrh. vera hér og mun vafalaust koma til fundar.)

Ég hef nokkrum sinnum áður, herra forseti, eins og forseta rekur eflaust minni til, gert athugasemdir við það að svo virðist sem ríkisstjórnin sé gufuð upp eða hafi sagt af sér eða í öllu falli sé hætt að taka þingskyldur sínar alvarlega því að hér hafa fundir staðið dögum og jafnvel vikum saman án þess að sjáist nema í mesta lagi við og við sá hæstv. ráðherra sem dagskrármálið heyrir undir þá og þá og hverju sinni.

Hér er til umræðu frv. til lánsfjárlaga sem er eðli málsins samkvæmt þannig vaxið að það snertir meira og minna málaflokka sem allir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn fara með eða a.m.k. flestir þeirra og ég hef því gert þá kröfu áður að þeir hæstv. ráðherrar sem hér eiga mikið undir eins og hæstv. landbrh., hæstv. félmrh., og svo má áfram telja, væru viðstaddir þessa umræðu eða reyndu að vera viðstaddir hana. Ég tel að það séu tvö þingmál á hverju þingi sem sérstaklega hagi til um og eðlilegt sé að óska þess að viðkomandi fagráðherrar séu við. Það eru fjárlög og lánsfjárlög og að sjálfsögðu held ég uppteknum hætti mínum og ítreka þessa þinglegu ósk að ráðherrarnir séu viðstaddir umræðuna.

Ég ætlaði að fara fáeinum orðum um þetta mál í heild sinni hér í lokin áður en það hverfur úr deildinni eftir allnokkra viðdvöl. Hér gerðust í gær við atkvæðagreiðslu þeir atburðir, svo sem áður hefur komið fyrir, að lagfæringartillögur minni hl. eða stjórnarandstöðunnar voru felldar. Það var ekki komið til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í neinu. Samt var ekki aðhaldið meira en svo hjá hæstv. ríkisstjórn að erlendar lántökur hafa vaxið í meðförum þingsins í þessari lánsfjáráætlun um meira en milljarð kr. og nýjar erlendar lántökur komu inn í brtt. í gær upp á 200 millj. kr. Heimild Byggðastofnunar til að taka 200 millj. kr. meiri lán heldur en áður hafði verið gert ráð fyrir og ýmsar

skammtímaskuldir, sem ég geri ekki ráð fyrir að hafi verið inni í áætlunum um erlendar lántökur fram að þessu, eru nú komnar inn og heimildir fyrir langtíma lántökum og væntanlega verður þar um aukningu á erlendum skuldum að ræða þar sem skammtímaskuldirnar hafa ekki áður komið inn í bókhald að þessu leyti. Samt var aðhaldið slíkt þrátt fyrir þennan milljarð og 200 millj. til Byggðastofnunar að það var ekki unnt að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstæðinga og reyndar stjórnarsinna sumra hverra sem tóku undir það að Ferðamálaráði t.d. veitti ekki af fáeinum milljónum króna í viðbót til að sinna umhverfismálum og öðrum tengdum verkefnum. Þannig er nú forgangsröðunin hjá hæstv. ríkisstjórn og naglaskapurinn þegar við á, þegar hæstv. ríkisstjórn þykir það í lagi, er með þessum hætti.

Sömuleiðis voru að mínu mati mjög skynsamlegar tillögur um að auka ráðstöfunarfé Hafnabótasjóðs felldar og tillagan um Ríkisútvarpið, en þar skal þó enn reynt til þrautar að bjarga einhverju í land og gefst hv. þm. tækifæri á að greiða atkvæði eftir 3. umr. um brtt. um þó nokkra lagfæringu á högum Ríkisútvarpsins frá því sem lagt er til í frv.

Forsendur frv. verða með hverjum deginum hjákátlegri. Eftir því sem meiri upplýsingar koma fram á byrjuðu ári um efnahagsástand og efnahagshorfur verður það auðvitað hjákátlegra næstum að segja með hverri klukkustund að vera að afgreiða lánsfjárlög þar sem gert er ráð fyrir 10% verðbólgu á árinu og 7% launahækkun svo að dæmi séu tekin, þar sem gert er ráð fyrir því að erlendar lántökur fjármögnunarleiga verði ekki nema 800 millj. kr. á árinu 1988. Hvernig stóð þetta á árinu 1987? Það fór þannig á árinu 1987, eftir því sem upplýsingar eru nýframkomnar um, að erlendar lántökur einkaaðila fóru 4250 millj. kr. fram úr lánsfjárlögum ársins 1987, þar af stór hluti í gegnum fjármögnunarleigurnar. Hér stendur í fylgiskjali á bls. 7 að horfur ársins 1987 séu þær að fjármögnunarleigurnar færi inn í landið erlend lán fyrir 2 milljarða. Er þá raunhæft að gera ráð fyrir því að lántökur í gegnum þessa aðila verði ekki nema 800 millj. á þessu ári? Auðvitað ekki. Þegar efnahagssérfræðingar Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar og fleiri bankamenn bera það fyrir fjh.- og viðskn. að engin ástæða sé til að ætla að ásókn í erlendar lántökur í gegnum fjármögnunarleigur minnki á þessu ári. Ef eitthvað, aukist þær og skipta þar engu þær reglur sem settar voru á sl. hausti að öðru leyti en því að þær munu sennilega leiða til hærri vaxta innan lands og var þó ekki á bætandi vegna þess að fjármögnunarleigurnar þurfa að sækja út á hinn innlenda lánsfjármarkað 30–40% af því fé, á móti því fé sem þær taka að láni erlendis og það munu þær að sjálfsögðu gera með því að yfirbjóða aðra aðila á þeim markaði. Það væri gaman ef hæstv. fjmrh. væri tilbúinn að koma hér upp og lýsa skoðun sinni á því hvort líklegt sé að erlendar lántökur fjármögnunarleiga á árinu 1988 verði ekki nema 800 millj. kr. ef ekki stendur til að gera neinar ráðstafanir um þessa aðila. Að vísu mun hæstv. forsrh. hafa hugsað sér að skipa nefnd í málið, en það höfum við heyrt áður og það er ekki víst að það hafi óskaplega mikil áhrif á ásóknina í erlendar lántökur í gegnum þessa aðila þó að það sé skipuð einhver nefnd og hún setjist niður yfir skýrslum einhvers staðar úti í bæ.

Nú eru upplýsingar að koma fram um hinn endanlega viðskiptahalla á árinu 1987. Hann verður trúlega fast að 5 milljarðar kr., meira en tvöfalt meiri en áætlað var. Og hvernig eru horfurnar á árinu 1988? Samkvæmt glænýrri spá eða skýrslu frá Vinnuveitendasambandi, sem ég hef að vísu enn haft mjög takmarkaðan tíma til að kynna mér en einhverjar fregnir eru af núna í blöðum, reikna þeir vísu aðilar með því að viðskiptahallinn á næsta ári verði 9–10 milljarðar. Það er dálaglegur viðskiptahalli í góðærinu, það er býsna myndarlegt hlutfall af þjóðartekjunum eða niðurstöðutölu fjárlaga svo að annað dæmi sé tekið.

Allar þessar staðreyndir ganga í þveröfuga átt við þær sem lagðar eru til grundvallar þessum lánsfjárlögum. Forsendur frv. eru svo gersamlega hrundar að mér er til efs að í háa herrans tíð ef þá nokkurn tíma hafi verið afgreitt annað eins sýndarmennskuplagg sem tengist efnahagsmálunum eins og þetta lánsfjárlagafrv. Það er svo algerlega hrunið, allt sem þar stendur.

Ef að líkum lætur verður verðbólga einhvers staðar á bilinu 30–50% á Íslandi á þessu ári. Það eru sáralitlar líkur á því, a.m.k. ekki ef maður virðir fyrir sér hæstv. ríkisstjórn, að niðurstaðan geti orðið önnur. Hæstv. ríkisstjórn þegir þunnu hljóði um alla stærstu drætti efnahagsmálanna, um vaxtamál, um gengismál, um erlendar lántökur, hvaða nafni sem það nefnist þegir hæstv. ríkisstjórn þunnu hljóði og gefur ekkert upp um stefnu sína eða fyrirhugaðar aðgerðir á því sviði.

Hæstv. fjmrh. er ekki málhaltur maður að öllu jöfnu og enginn hefði trúað því fyrir ári síðan að hann sæti jafnþegjandi dögum og vikum saman hér á Alþingi eins og raun ber nú vitni, sá sem var manna glaðastur hér í ræðustólinn á síðasta þingi og oft áður til að ræða efnahagsmál, til að ræða vexti, til að ræða skattamál, verðbólgumál og hvað eina. Nú þegir hæstv. ráðherra þunnu hljóði þrátt fyrir það að fjölmiðlar landsins eru fullir af fréttum og vangaveltum um stöðu þjóðarbúsins, um horfur í efnahagsmálum og stærsta spurningin, feitletraða spurningin í nánast öllum tilfellum er: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Eða ætlar hún eitthvað að gera? Úti á vinnumarkaðinum halda menn að sér höndum. Þar eru kjarasamningar lausir en menn halda eðlilega að sér höndum því að enginn heilvita maður gengur til kjarasamninga og lokar kjarasamningum við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagsmálunum nema til þess að þeir séu þá helst hvort tveggja, til skamms tíma og verðtryggðir og bundnir í báða skó. Allar þessar staðreyndir blasa við. En hæstv. fjmrh. og aðrir aðilar í ríkisstjórn segja ekki eitt einasta orð um hvað þeir ætlist fyrir þegar efnahagsmálin eru til

umræðu á Alþingi. Það er einhver aumingjalegasta frammistaða sem ég hef nokkurn tíma vitað.

Nú ætla ég að leggja spurningu fyrir hæstv. fjmrh., ég ætla að prófa það og vita hvaða áhrif það hefur að leggja bara eina spurningu fyrir hæstv. fjmrh., tölusetta spurningu, nr. eitt: Ef ríkisstjórnin ætlar sér að halda genginu föstu — þetta er spurningin, hæstv. fjmrh. — ef ríkisstjórnin ætlar sér að verja gengið, halda því föstu, hvaða ráðstafanir eru þá á döfinni til þess að tryggja rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna? Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera í vaxtamálum og öðrum þeim málum sem óhjákvæmilega hljóta að tengjast möguleikunum á því að halda genginu föstu?

Ég ætla að hafa þessa spurningu bara eina, herra forseti, tölusetta, þetta er fyrsta spurningin og vita hvaða áhrif það hefur á hæstv. fjmrh. Þá ætti ekki að vera nein sérstök ástæða til þess að hæstv. ráðherra ruglist neitt í ríminu, að spurningarnar verði svo margar að það þvælist neitt fyrir honum, og þetta ætti að vera tiltölulega einfalt mál. Ég held að það sé varla hægt að vera hógværari í kröfu sinni til hæstv. fjmrh. hér við þriðju og síðustu umræðu lánsfjárlaganna í þessari deild en að ætlast til þess að hann svari einni einustu spurningu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég skal vera mjög fáorð enda hélt ég drjúga tölu um þetta mál í gær og raunar við 1. umr., bæði almennt um efnahagsmálin og um einstakar greinar frv. og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, en get vísað í mál mitt hér við báðar umræður þessa máls og almennt til málflutnings stjórnarandstöðunnar sem hér hefur heyrst. Það var aðeins vegna orða hv. síðasta ræðumanns þar sem hann raunar vísaði til brtt. stjórnarandstöðunnar sem allar voru felldar og hafði þau orð að ekki hefði verið komið til móts við stjórnarandstöðuna í neinu. Það er rétt hvað varðar þessar tillögur sem þarna komu fram, en ég sé ástæðu til þess að láta það koma fram að það var vissulega tekið tillit til ábendinga sem komu fram í nefndinni og þá vil ég sérstaklega draga það fram sem hv. þm. er vafalaust ljóst sem hafa hlustað á þennan málflutning að það var að frumkvæði þeirrar sem hér stendur að farið var að kanna betur forsendur fyrir lánveitingum varðandi ferjusmíði. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta því að það má vel koma fram þegar tekið er tillit til ábendinga stjórnarandstöðu sem er sem betur fer stundum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 511 felld með 23:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞG, SV, SJS, ÞÞ, AG, GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ.

nei: ÞP, PJ, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, EH, FÞ, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, JK.

5 þm. (RA, RH, SighB, AðB, FrS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál var felld brtt. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Kristínu Halldórsdóttur og Inga Birni Albertssyni þess efnis að Ríkisútvarpið fengi óskertar tekjur af aðflutningsgjöldum á útvarpstækjum og búnaði. Hér er við 3. umr. flutt tillaga um það að Ríkisútvarpið njóti 100 millj. kr. tekna af tekjum af aðflutningsgjöldum. Þetta er aðeins hluti af því sem Ríkisútvarpinu ber lögum samkvæmt. Hér er afdrifaríkt mál á ferðinni fyrir stöðu Ríkisútvarpsins sem aðalfjölmiðils á ljósvakanum í landinu og það verður áreiðanlega eftir því tekið hvort Alþingi samþykkir eða fellir þessa brtt. okkar hv. þm., ásamt mér Kristínar Einarsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssonar. Ég segi já.

Frv. samþ. með 24:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, StH, KrP, ÞP, AS, ÁrnG, SP, JK.

nei: GHelg, HJ, IBA, ÓÞG, AG.

GeirG, HG, KE, KH, MálmS, SV, SJS, ÞÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (FrS, RA, RH, SighB, AðB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Forsendur þessa plaggs, frv. til lánsfjárlaga, eru löngu hrundar og plaggið er því ómerkt með öllu. Hæstv. ríkisstjórn veit ekki sitt rjúkandi ráð eins og kom glöggt fram hér áðan við 3. umr. þegar hæstv. fjmrh., sá vígreifi maður og ágætlega máli farinn ræðumaður hér á Alþingi gegnum tíðina, þagði þunnu hljóði og treysti sér ekki í ræðustólinn til að svara einni einustu spurningu sem hann var spurður að, tölusettri og vandlega útskýrðri fyrir honum, hæstv. ráðherra, varðandi gengið. Hæstv. ráðherra hafði sig ekki í stólinn. Það er dæmigert og mjög lýsandi fyrir ástandið í hæstv. ríkisstjórn að enginn talsmaður ríkisstjórnarinnar treystist til þess að taka þátt í umræðum um horfur í efnahagsmálum og stöðu þeirra mála nú á Íslandi fyrir miðjan janúarmánuð þegar verið er að afgreiða frv. til lánsfjárlaga.

Ég vil, herra forseti, við þessa afgreiðslu segja mig algjörlega frá þessu plaggi, með öllu, og hvítþvo hendur mínar af því að koma nálægt svona sýndarmennsku eins og afgreiðsla þessa löngu hrunda lánsfjárlagafrv. er. Mér væri auðvitað skapi næst að segja nei við svona vitleysu en ætla að halda mig við það sem áður hefur verið rætt um að láta ríkisstjórnina sitja uppi með ábyrgðina af þessu eina og greiði því ekki atkvæði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég geri rök hv. síðasta ræðumanns, talsmanns Alþb,. að mínum þegar ég geri grein fyrir minni afstöðu til þess frv. sem hér er á lokastigi afgreiðslu. En ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að hér, við lokaafgreiðslu fjárlaga, stendur yfir einkennilegur tímamótafundur sem er best lýst með forsíðu dagblaðsins Tímans í dag. Þar er mynd af þremur leiðandi ráðherrum í ríkisstjórninni og þar er sagt að þeir séu hissa á afleiðingum þeirra laga sem þeir hafa knúið með hnefarétti í gegnum Alþingi á mettíma. Ég verð að segja alveg eins og er að stjórnarandstaðan hefur reynt að leiða þá inn á réttar brautir en mistekist og ég er alveg hissa á því að jafn vel upplýstir menn skuli leyfa sér að koma með eins lítið marktækt plagg eins og þeir hafa gert með frv. til fjárlaga því ég tel þetta hluta af fjárlögunum og því segi ég nei.

Frv. endursent Ed.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 194. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 224, n. 356 og 382, brtt. 246, 357, 381.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Þar sem ljóst er að frv. um breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, 194. mál Nd., sem hér er á dagskrá, fer ekki til afgreiðslu úr þessari hv. deild fyrir þinghlé geri ég þá tillögu um málsmeðferð að umræðu um málið verði frestað og félmn. deildarinnar fái málið til meðferðar á ný, ekki hvað síst með tilliti til þess tímaskorts sem var þegar málið var til umfjöllunar í nefndinni fyrir jól og nauðsynjar þess að fá fram nánari upplýsingar um ákveðin atriði varðandi frv. Ég vænti þess að hæstv. forseti samþykki þessa málsmeðferð.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli hæstv. forseta og þingdeildarinnar á því að hér er staðið að málum með nokkuð óvenjulegum hætti. Ég hafði ítrekað beðið um fund í félmn. um þetta mál, þ.e. frv. til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og varð loksins orðið við þeirri beiðni þann 7. jan. sl. Þar lagði ég fram þá ósk sem minni hl. hafði áður sett fram að málið yrði sent til umsagnar sveitarstjórna og fleiri aðila. Ekki náðist samstaða um það að svo yrði gert.

Nú hafa orðið veðrabrigði til hins betra. Hér hefur formaður félmn., hv. 1. þm. Vesturl., óskað eftir að taka frv. aftur til umfjöllunar í félmn. Ég vil lýsa ánægju minni með þessa stefnubreytingu þótt auðvitað hefði verið betra að vinna málið betur áður en það var komið til 2. umr. hér í hv. deild.

Herra forseti. Nú gefst tækifæri til að skoða málið betur og senda það til umsagnar og ég reikna með að sveitarstjórnir muni bregðast vel við og senda okkur umsagnir sínar þótt tími verði sjálfsagt ekki mikill til efnislegrar umræðu á þeirra vettvangi. Eftir það má vænta þess að málið komi betur undirbúið til frekari umræðu hér í þinginu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. 12. þm. Reykv. að hér er nokkuð óvanaleg málsmeðferð á ferðinni, en við hljótum að fagna því sem höfum verið að andæfa í þessu illa undirbúna máli af hálfu ríkisstjórnarinnar, máli sem nú hefur á ný verið vísað til nefndar. Ég hef aðeins það um þessa málsmeðferð að segja að það hefði verið betur að fyrr hefði verið brugðið á það ráð, eins og raunar var lagt til af minni hl. félmn., að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til betri úrvinnslu. Nú væntum við þess að það komi í öðrum búningi hér inn í þingið að loknu þinghléi.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Um miðjan desember lagði ég fram í hv. deild frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár á þskj. 279. Ég óskaði eftir því við forseta deildarinnar að fá að mæla fyrir málinu þegar jólahrotan í afgreiðslu mála væri um garð gengin. Tók hann því vel.

Segja má að nú séu flest mál ríkisstjórnarinnar afgreidd og komið er að þinghléi. Þá bregður svo við að ekki er hægt að verða við sanngjörnum tilmælum sem áður höfðu verið samþykkt. Stjórn þingsins hefur að undanförnu farið nokkuð úr böndunum svo sem kunnugt er án þess að meira sé sagt. Þrátt fyrir það hefði nú mátt eyða eins og einum degi fyrir hlé í mál frá óbreyttum þm. Mér er hins vegar ljóst að það þýðir ekki að deila við dómarann.

Að öðru leyti vildi ég bæta við örfáum orðum. Það mál sem frv. mitt snýst um hefur þó verið og er mikið á dagskrá í þjóðmálaumræðunni þessar vikurnar. Ekki liggja fyrir, hvorki frá ríkisstjórn né stjórnarandstöðu, neinar tillögur til að taka á þeirri meinsemd, lánskjaravísitölunni — (**Forseti:** Athygli hv. ræðumanns er vakin á því að hér er aðeins heimilt að tala um þingsköp). — ég er senn að ljúka máli mínu — sem hrint var af stað 1979 og allir flokkar bera ábyrgð á, ásamt öllu því vaxtafári sem fylgt hefur í kjölfarið. Nægir að benda á dæmi eins og þegar lánskjaravísitalan hækkaði á einu ári,

1982–1983, um 96%, á sl. ári um 23% og frá í desember 1986 og til desember 1987 hækkuðu vextir um 113%. (Gripið fram í.) Ég harma að hafa ekki fengið að taka þetta mál til umræðu hér.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Vegna orða hv. 3. þm. Suðurl. skal það tekið fram varðandi meðferð mála hér í hv. Alþingi að eins og þm. hefur verið kunnugt er þinghaldið milli jóla og nýárs og eftir áramót á afbrigðilegum tíma. Þessi tími hefur verið notaður til þess að ræða vandlega hin stórpólitísku deilumál sem uppi hafa verið og þau stjfrv. sem allir hv. þingdeildarmenn þekkja. Tíminn hefur farið í þessa umræðu og hef ég fengið bæði þingskapaumræðu og ábendingar um það persónulega frá hv. þingdeildarmönnum að ég hafi farið á fremstu nöf í fundahaldi hvað tíma snertir. Þetta mál sem hér um ræðir er ekki það fyrsta í röðinni hvað þmfrv. snertir. Á undan því eru tvö önnur þmfrv. Hins vegar vil ég lýsa því yfir að að sjálfsögðu verður þetta frv. tekið fyrir strax og þing kemur saman aftur. Það ætti að koma til umræðu á fyrstu dögum þings sem væntanlega kemur saman aftur 1. febr. eftir hlé.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu vegna þess að við höfum haldið okkur við það og það hefur verið í stjórn þingsins almennt að ekki hefur verið fundað í Ed. meðan við höfum afgreitt þessi stóru mál þannig að ekki hafa verið tekin fyrir nein önnur frumvörp en þau stjórnarfrv. sem eru í fanginu á mönnum og hefur verið eitt látið yfir alla ganga í þessu efni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við stjórnarþm. stóðum að því að bera ábyrgð á ríkisstjórn yfir landinu og forsetum yfir þinginu. Nú ber svo við að einn af stjórnarþm., hv. 3. þm. Suðurl., kvartar undan því að það sé búið að rugla svo þingstörfum að til vandræða horfi og sá sem liggur undir grun um að valda að mestu þeim ruglingi er 1. þm. Suðurl., hæstv. forsrh.

Þetta verður ekki skoðað á annan veg en þann að þm. mælist eindregið til þess að forsetar geri sér grein fyrir því að þeim er ætlað að stjórna þinginu en ráðherrum landinu og vonum við að þeir taki það alvarlega og reyni að koma þinginu á rétt ról.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að það voru ekki mín orð að það væri búið að rugla þinghaldinu. Það voru orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég vakti aðeins máls á því að jólahrotan væri afstaðin og þá hafði ég vonir um að mitt frv. yrði tekið til umræðu, og yfir því kvartaði ég.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem féllu frá forseta sjálfum um að á þeim tíma sem liðinn er og hefur verið annatími yfir jólahátíðina hefði aðeins verið hægt að taka fyrir stór mál vil ég segja það að þegar launavísitalan er tekin úr sambandi er það stórmál. Þegar lánskjaravísitalan heldur áfram er það stórmál og frv. sem hv. 3. þm. Suðurl. flytur er stórmál og hefði átt að koma á dagskrá þingsins við afgreiðslu fjárlaga eða efnahagsmála. Og ég harma það að það skuli ekki hafa komið á dagskrá. Það er mjög stórt og áríðandi mál.

Ég vil endurtaka, hæstv. forseti, það sem ég gat um hér í ræðu fyrr á þessu þingi að ég sem fjmrh. gerði tilraun hvað eftir annað með stuðningi eins til tveggja ráðherra á sínum tíma í ríkisstjórninni til þess að fá skilning á að fella niður lánskjaravísitöluna, en það tókst ekki. Ég lagði þá fram í ríkisstjórn og ég gat hér á Alþingi um það að maður sem tók 80 þús. kr. lán, ég er hérna með seðilinn ... (**Forseti:** Ég vil minna hv. ræðumann á að hér eru aðeins til umræðu þingsköp). Ég held mig við þingsköp. (**Forseti:** Ég minni á það.) Hann tekur 80 þús. kr. 1980. Hann skuldar, eftir að hafa staðið í skilum bæði með vexti og afborganir, 539 þús. kr. 1985. Það er stórmál fyrir fólkið í landinu að fá þetta mál tekið fyrir og rætt og það átti auðvitað að ræða það með öðrum efnahagsmálum fyrir áramót.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Nú hefur komið að því sem við í stjórnarandstöðu höfum haldið fram, að hinn illi málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar hefur verið dreginn til baka og á nú að skoða hann betur. En ég vil í þessu sambandi firra mig ábyrgð á því að sveitarfélögin skuli verða að bíða eftir afgreiðslu þeirra mála eða bíða ekki. Það hefði verið mikilvægt, ef ríkisstjórnin á annað borð ætlaði að nauðga þessu máli í gegn eins og fleirum, að frv. um verkaskiptinguna hefði verið afgreitt þannig að sveitarstjórnir hefðu getað unnið samkvæmt þeim lögum, en nú bíða sveitarstjórnarmenn og vita ekki hvernig þetta verður. Það hefði því verið æskilegt að við hefðum afgreitt þessi lög núna og við hefðum verið tilbúnir í það hér í stjórnarandstöðu, en svo hefur ekki orðið, þannig að nú verður þetta afgreitt miklu seinna og hefði þá verið gott að eitthvað lægi fyrir frekar um þinghald eftir hlé. Og við vildum gjarnan að þá yrði tekið dálítið upp af þingmannamálum eins og hv. 3. þm. Suðurl. kom hér inn á og að þingstörfin gengju þá eðlilega fyrir sig.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en næsti hv. þm. tekur til máls um þingsköp vil ég taka það fram að að sjálfsögðu verður þinginu fram haldið eftir þinghlé á eðlilegan hátt og eftir númerum mála og eftir venjulegum hefðum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Auðvitað mætti ýmislegt um undirbúning þessa máls segja eins og margra fleiri. Það hefur verið gert hér. Ég ætla ekki að fara í það kjölfar. Ég met það mikils að orðið hefur samkomulag um að taka málið til skoðunar aftur í nefnd og mér finnst ekki við hæfi að vera að hafa mörg orð

um stöðu málsins að öðru leyti og ég fagna því þeirri niðurstöðu sem orðið hefur.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vegna orða hv. 3. þm. Suðurl. láta í ljósi undrun mína á því að ekki skyldi orðið við hans ósk. Þar sem þm. hafa lagt nótt við dag og unnið mjög mikið til þess að greiða fyrir málum sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn hafa talið brýnt að koma frá finnst mér það ekki réttmætt að verða ekki við ósk eins þm. og e.t.v. fleiri um það að taka þeirra mál á dagskrá og ræða þau ef tími hefði unnist til. Nú er klukkan aðeins 3. Við höfum verið á þingfundi í einn klukkutíma og hafa þingfundir oft staðið lengur og ættu í raun og veru að standa til kl. 4 svo að í raun hefði ekki verið neitt því til fyrirstöðu að taka mál hv. þm. á dagskrá. Ég harma að ekki var orðið við ósk hans í þessu efni.

EFRI DEILD

52. fundur, miðvikudaginn 13. jan., kl. 4 miðdegis.

Lánsfjárlög 1988, ein umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 510, n. 513, brtt. 512, 514, 517.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. kom saman kl. 15.30 til að ræða frv. og hafði ekki lokið störfum þegar hringt var til fundar svo ég fer fram á að gert verði hlé á fundinum til 16.30 til þess að nefndin geti unnið áfram að athugun málsins. (**Forseti:** Ég mun verða við þessum tilmælum og verður því fundi frestað til kl. 16.30.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur komið saman eins og ég skýrði frá fyrr á fundinum til að athuga þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í Nd. Mætti Gunnar Hall hagsýslustjóri á fundi nefndarinnar og gerði henni grein fyrir þeim efnisrökum sem lágu til grundvallar breytingunum og er ekki að sökum að spyrja að nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilar meiri hl. svohljóðandi nál.:

„Meiri hl. nefndarinnar hefur athugað þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í Nd. og mælir með samþykkt þess svo breytts.

Að gefnu tilefni tekur meiri hl. fram varðandi erlendar lántökuheimildir Byggðasjóðs að ætlast er til að stjórn Byggðastofnunar horfi til allra þátta atvinnulífsins þegar lánsfjárþörf byggðarlaga er metin.

Gunnar H. Hall hagsýslustjóri kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í Nd.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.“

Undir þetta rita Halldór Blöndal, Eiður Guðnason, Jóhann Einvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Um þær breytingar sem gerðar voru í nefndinni vil ég taka þetta fram:

Varðandi 1. brtt. er gert ráð fyrir 60 millj. kr. viðbótarlánsfjárheimild innlendri vegna lagningar á línu niður á Krosssand í Landeyjum vegna rafstrengs til Vestmannaeyja.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýjum heimildum erlendum að fjárhæð 905 millj. kr., sem þó fela ekki í sér auknar skuldbindingar út á við heldur er eingöngu um það ræða að heimildir eru veittar til að breyta skammtímalánum í lengri og geðþekkari lán, betri lán, og varða þær heimildir Rafmagnsveitur ríkisins í fyrsta lagi, í öðru lagi raðsmíðaskipin sem á sl. ári voru seld einstaklingum eins og hv. þingdeildarmenn muna og í þriðja lagi lántökuheimildir varðandi Mánabergið sem selt var til Ólafsfjarðar á sl. ári.

Þá er gert ráð fyrir 200 millj. kr. viðbótarheimild til Byggðasjóðs, en í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. segir svo um þá viðbótarlántökuheimild: „Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Byggðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman.“ Meiri hl. nefndarinnar er m.ö.o. þeirrar skoðunar að hér sé um óeðlilega þröng mörk að ræða. Engin efnisrök standi til slíkrar athugasemdar og að nauðsynlegt sé að breyta orðalagi með þeim hætti sem gert er í nál. meiri hl. Geri ég ráð fyrir því að þingdeildarmenn séu sammála um það að athuguðu máli og þegar búið er að benda á það.

Þá er gert ráð fyrir að hækka heimild til Kvikmyndasjóðs um 20 millj. sem er í samræmi við fjárlög.

Gert er ráð fyrir heimild fjmrh. til að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þessi heimild er mjög víð og er það í sjálfu sér jákvætt að með þessum hætti er stefnt að því að ríkissjóður reyni að svara fjárþörf sinni með því að leita út á hinn almenna markað og verður að búast við því að ríkissjóður í sínum útboðum haldi sér innan hæfilegra marka varðandi þau kjör sem boðin eru á ríkisvíxlum þannig að þau séu í samræmi við önnur kjör sem boðin eru, t.d. hæstu innlánskjör sem boðin eru í lánastofnunum svo dæmi séu tekin, þannig að ekki komi til óstöðugleika í bankakerfinu vegna slíks framboðs. Hlýtur deildin að treysta því að skynsamlega verði staðið að útboðum ríkisvíxla á árinu, enda slíkir menn við völd í fjmrn. að maður hlýtur að bera töluvert traust til þeirra. (**SvG:** Og í ríkisbönkunum.) Ég tala nú ekki um ósköpin.

Loks er hér gert ráð fyrir því að heimild verði víðtæk til Byggðastofnunar til að skuldbreyta lánum

ef með þeim hætti væri mögulegt að komast að hagstæðari kjörum erlendis sem er sjálfsögð breyting. Ég sé ekki ástæðu til að víkja nánar að þessum breytingum. Þær horfa til bóta. Og ég geri ráð fyrir því eða vonast a.m.k. til þess að minni hl. nefndarinnar hafi komist að þeirri niðurstöðu eftir að fundi var slitið að mjög vel sé vandað til þess frv. sem hér liggur fyrir og skýr efnisrök mæli með því að frv. verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir deildinni.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gat um kom fjh.- og viðskn. saman og fjallaði um þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. þessu frá því að það fór frá Ed. Meiri hl. nefndarinnar hefur gert grein fyrir sínu áliti, sem sé því að hann leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum. Minni hl. ræddi það í nefndinni hvort meiri hl. væri tilbúinn til að fallast á að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem allar efnahagsforsendur væru ýmist óljósar eða brostnar. Meiri hl. taldi ekki ástæðu til að fallast á þessa ábendingu minni hl. og fór því sínu fram svo sem við var að búast út af fyrir sig. En afstaða minni hl. hefur verið sú að þetta mál sé illa undirbúið og forsendur þess allar svo veikar að í rauninni væri eðlilegast að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Með þessu hef ég, herra forseti, gert grein fyrir nál. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., munnlegu nál., við 7. umr. um málið hér í hv. deild.

Ég ætlaði aðeins, herra forseti, að víkja að nokkrum brtt. sem minni hl. flytur. Þær lúta að fjárhag Ríkisútvarpsins, þær lúta að fjárhag Framkvæmdasjóðs fatlaðra og fleiri þáttum. En ég ætlaði sérstaklega að gera grein fyrir brtt. 512 frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi Ágústssyni, en við erum öll þm. Reykvíkinga. Brtt. er á þá leið að á eftir 36. gr. frv. eins og það var samþykkt í Nd. komi ný grein er hljóði svo:

„Fjmrh. f.h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 30 millj. kr. til þess að standa undir kostnaði við breytingar á Áburðarverksmiðju ríkisins vegna ammoníaksgeymis."

Þessi till. er flutt í framhaldi af skýrslu starfshóps sem félmrh. skipaði til að gera tillögur um úrlausn vandamála vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, skýrslu sem hefur orðið fjölmiðlum að umræðuefni undanfarna daga og ég ætla að fara nokkrum frekari orðum um.

Ég vil aðeins áður en ég kem að því, herra forseti, víkja að því að mér finnst það ekki ósanngjarnt að óska eftir því að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á þessu máli láti sjá sig þegar verið er að ræða málið hér í deildinni, bæði fjmrh. og hæstv. forsrh. líka. Ástæðan er nú ekki síst sú að í frv. er gert ráð fyrir margvíslegum heimildum handa þessum ráðherrum. M.a. heimildum sem hafa verið settar inn í frv. í hv. Nd. Raunar mætti bæta við hæstv. samgrh. vegna þess að í Nd. hefur verið bætt inn í 7. gr. frv. ákvæði um að ákveðin lánveitingaheimild verði ekki notuð nema samgrh. samþykki. Ég hygg að það sé alveg nýlunda að samgrh. verði spurður um það áður en lánveitingaheimildir séu notaðar. Og þó að um sé að ræða margreyndan ráðherra viðskipta-, fjár- og utanríkismála og kannski meira er þetta afar sérkennilegt. Ég vildi einfaldlega óska eftir því að eitthvað af þessu ráðherraliði sem þarna er talið upp, þó það væri ekki nema samgrh., gott væri að fá fjmrh. líka, kæmu hérna til að það væri hægt að spyrja þá nokkurra spurninga í sambandi við 7. gr. varðandi fyrirtækið Herjólf hf. Sérstaklega lýtur nú mín spurning að því einu að spyrja um þetta: Er hætta á því að þessar bindingar, sem þarna eru settar inn, geti orðið til að tefja framgang þessa brýna verkefnis á árinu 1988? Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að það verði kallað í þessa mætu menn. Þó við höfum tvo ráðherra Framsfl. í þessari deild og gott að hafa þá hið næsta sér dugir það ekki alveg í þessu máli þó það dugi nú oft. (**Sjútvrh.:** Í flestum málum.) Í flestum málum.

Sömuleiðis háttar þannig til, hæstv. forseti, að það mun hafa verið boðaður fundur í mínum þingflokki hér kl. korter fyrir fimm. (**JE:** Þú verður búinn þá.) Ég verð ekki búinn þá þannig að málið er í nokkrum hnút. Ég inni forsetann eftir því hvort hann vill hóa í þessa ráðherra, en ég get þá vikið að öðrum málum meðan þeir safnast til fundarins. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess.) Hæstv. forseti hefur gert ráðstafanir til að kallað verði í þessa ráðherra og er það vel og þakka ég það.

Vík ég þá fyrst að skýrslu starfshóps félmrh. um tillögur um úrlausn vandamála vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Það hefur reyndar lengi verið ljóst að það er mjög hæpið að ekki sé meira sagt að vera með Áburðarverksmiðjuna þetta nálægt byggð og eftir að borgarstjórn Reykjavíkur ákvað fyrir nokkrum árum að flytja byggð og hafa nýja byggð aðallega á Grafarvogssvæðinu er alveg augljóst að það ber að fara sérstaklega varlega varðandi áburðarframleiðsluna og starfsemi Áburðarverksmiðjunnar. Þess vegna var það að Vinnueftirlit ríkisins sendi frá sér í desember 1985 skýrslu til félmrh. sem bar heitið „Hættumat vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi."

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að ef óhapp yrði og mikill og skyndilegur leki kæmi að ammoníakgeyminum stafaði mikil hætta af fyrir íbúana á mestum hluta höfuðborgarsvæðisins. „Minni leki getur valdið lífshættu fyrir starfsmenn og íbúa í næsta nágrenni", segir hér í áliti starfshóps félmrn. Það er tekið fram í áliti starfshópsins að líkur á miklum og skyndilegum leka séu hins vegar taldar mjög litlar og í skýrslunni frá Vinnueftirlitinu er bent á leiðir sem draga mundu mikið úr þeirri áhættu sem fylgir hugsanlegum ammoníaksleka. Eftir að þessi skýrsla Vinnueftirlits ríkisins, sem kom í desember 1985, hafði verið kynnt í ríkisstjórn ákvað félmrh. að setja á laggirnar starfshóp til að gera tillögur um úrlausn vandamála vegna geymis þessa. Starfshópurinn var

skipaður 28. febr. 1986 og formaður hans var Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, en aðrir í starfshópnum voru framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, forstöðumaður mengunarverndar Hollustuverndar ríksins, Runólfur Þórðarson verksmiðjustjóri, tilnefndur af stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins og Þórður Þorbjarnarson borgarverkfræðingur, tilnefndur af Reykjavíkurborg.

„Starfshópurinn hóf fljótlega störf", segir í skýrslunni hér, „og kynnti sér þá m.a. gögn sem fyrir lágu og fór í vettvangsskoðanir til að kynna sér umbúnað við geymslu ammoníaks og löndun þess úr skipinu. Fljótlega varð ljóst að gera þyrfti ýmsar kostnaðarsamar og tímafrekar athuganir. M.a. var talið nauðsynlegt að láta kanna jarðskjálftaöryggi núverandi geymis. Leitaði starfshópurinn eftir framlagi úr ríkissjóði til þess verkefnis með bréfi til félmrn. frá 4. nóv. 1986. Með bréfi ráðuneytisins 14. jan. 1987 var tilkynnt að málaleitan þessari hefði verið synjað, að fjmrn. neitaði um styrkveitingu til að kanna þessi mál sérstaklega. Þá var leitað eftir því að Áburðarverksmiðjan greiddi kostnað við þessa sérstöku athugun á jarðskjálftaöryggi núverandi ammoníaksgeymis og féllst Áburðarverksmiðjan á þessa beiðni og hefur fyrirtækið greitt kostnað við þær athuganir sem starfshópurinn hefur látið gera.

Viðamestu athuganirnar sem starfshópurinn taldi nauðsynlegt að gera stóðu allt fram í nóvember sl., en þá var tekið til við að vinna endanlega úr niðurstöðunum og að móta tillögur. Í skýrslunni er gerð ítarlega grein fyrir þessum málum og er bent á það á síðu 5 í skýrslunni að það séu venjulega notaðar þrjár aðalaðferðir við geymslu ammoníaks. Niðurstaða skýrslunnar er sú að mesta hættan fylgir geymsluaðferð nr. 1, sem hér er talin upp, en það er einmitt sú aðferð sem notuð er í Gufunesi eins og áður getur. Síðan segir í skýrslunni:

„Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er framkvæmt mat á afleiðingum þess að mikill og skyndilegur leki kæmi að ammoníaksgeyminum og notað til þess reiknilíkan og stuðst við niðurstöður tilrauna. Meginniðurstaðan er eftirfarandi miðað við að geymirinn sé fullur þegar óhappið yrði: Ammoníakið myndar ský sem á um þremur mínútum yrði 2 km að þvermáli og héldi áfram að stækka. Skýið mundi ekki stíga fyrr en eftir a.m.k. 10 mínútur og hugsanlega mun síðar. Afleiðingar slíks óhapps réðust af veðri þegar það yrði. Ef vindhraði væri nálægt meðalvindhraða á þessu svæði, þ.e. 3–4 vindstig, mundi jaðar skýsins færast um 5,4 km á 10 mínútum. Austanátt og áttir rétt norðan við austur eru algengastar í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt mælingum í Geldinganesi og því líklegast að skýið færðist yfir Sundahafnarsvæðið og Laugarnesið í stefnu á miðborgina. Berist skýið yfir byggðina er líklegt að afleiðingarnar yrðu skelfilegar", orðrétt upp úr skýrslunni. Ég hef tekið eftir því að fjölmiðlar hafa verið að fjalla um þessa skýrslu síðustu daga og eftir að ég las hana sjálfur í dag, fékk hana frá hæstv. félmrh. um hádegi í dag, fannst mér hún satt að segja hálfu óhugnanlegri en ég hafði á tilfinningunni eftir að hafa hlustað á fjölmiðla grannt um þetta mál. Hér segir:

„Berist skýið yfir byggðina er líklegt að afleiðingarnar yrðu skelfilegar og fjöldi manns mundi farast, einkum þeir sem væru utan dyra. Þeir sem dveldust innan dyra í byggingum gætu lifað af ef gluggar væru lokaðir og loftræstikerfi ekki í gangi. Mjög lítið ráðrúm gæfist til almannavarna."

Þetta er svo hrikaleg aðvörun sem hér er lögð fyrir þjóðina og þar með þingið sömu daga og við erum hér að afgreiða frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 að ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að tryggja að ríkisstjórnin hafi allar nauðsynlegar heimildir til að kosta því til sem þarf til að koma í veg fyrir þá hættu sem þarna getur blasað við.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um þetta mál og m.a. minnt á rannsóknir sem hafa verið gerðar erlendis, t.d. í Nevada árið 1983, og í skýrslunni er sérstaklega fjallað um þá staðreynd að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að færa byggð í Reykjavík nær þessari verksmiðju en áður hafði verið gert ráð fyrir samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur eins og það var samþykkt á árinu 1962, ef ég man rétt, eða kannski samþykkt 1965, en það miðaði við árið 1962. Og um þetta segir í skýrslu starfshópsins, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur byggð teygst nær Áburðarverksmiðjunni en áður. Þegar verksmiðjan var byggð og þar til fyrir nokkrum árum var miðað við að ekki yrði byggt nær henni en 1900 metra. Þegar byggð var skipulögð í Grafarvogi var þessi fjarlægð minnkuð í 1200 metra. Þetta eykur áhættuna, sérstaklega miðað við minni háttar leka þar sem hætta yrði bundin við verksmiðjusvæðið og nágrenni þess."

Hér er um að ræða mjög alvarlega ábendingu, tel ég vera, til borgaryfirvalda í Reykjavík reyndar og í skýrslunni kemur fram að í grannlöndum okkar, þar sem hliðstæð starfsemi fer fram og ammoníakgeymar eru, er nú verið að breyta geymsluaðferðum og breyta geymslustöðum í því skyni að gera þá öruggari en þeir hafa verið til þessa.

Í skýrslu nefndarinnar er sérstaklega fjallað um jarðskjálftaöryggi ammoníaksgeymisins og meginniðurstaðan er sú að nokkuð skorti á að burðarstoðir geymisins séu nægilega traustar til að þola álag í stærstu skjálftum sem gengið er út frá. Gerð er tillaga hér á eftir um styrkingu stoðanna sem tryggja á nægan styrk. Starfshópurinn lét sérstaklega kanna það, sem er eðlilegast að kanna fyrst, að byggja nýjan geymi og flytja geyminn. Niðurstaðan varð sú að þegar gengið er út frá 3 þús. tonna geymi kosti hann að mati nefndarinnar 72 millj. kr., þ.e. einfaldur geymir með jarðvegsþró, en tvöfaldur geymir kosti 81 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 345. Nefndin athugaði líka hvort unnt væri að gera ráðstafanir sem væru ódýrari en þó öruggar, þ.e. með því að kæla núverandi ammoníaksgeymi og gera aðrar ráðstafanir til að treysta öryggi hans, og

með hliðsjón af þeirri athugun komst nefndin að eftirfarandi niðurstöðu:

„Með hliðsjón af ofanrituðu má áætla að kostnaður við að taka upp kælingu á núverandi geymi verði gróflega áætlað eins og að neðan greinir miðað við verðlag í janúar 1988: í fyrsta lagi bygging öryggishúss 13 millj. 776 þús., í öðru lagi einangrun öryggishúss og kælikerfi 8 millj. 316 þús. og í þriðja lagi aðrar breytingar 4 millj. kr. eða samtals 26 millj. 92 þús. kr."

Í samræmi við þessa niðurstöðu flytjum við till. um að heimila fjmrh. að taka lán allt að 30 millj. kr. til að ganga í það verkefni að treysta þennan búnað um ammoníakið þarna uppi í Gufunesi. Niðurstöður og megintillögur nefndarinnar eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfshópurinn telur að afleiðingar þess að mikill leki kæmi að ammoníaksgeymi Áburðarverksmiðjunnar eins og hann er nú gætu orðið mjög alvarlegar og stefnt lífi starfsmanna og íbúa á stórum hluta höfuðborgarsvæðisins í hættu. Líkur á slíku óhappi eru mjög litlar, en ekki er unnt að útiloka að það geti orðið. Starfshópurinn telur að með því að geyma ammoníakið kælt og án yfirþrýstings í tvöföldum geymi dragi mjög verulega úr hættu og öryggið verði viðunandi fyrir byggðina umhverfis verksmiðjuna, enda verði hún ekki nær en nú er ráðgert, þ.e. 1200 metrar."

Nú hef ég ekki sett mig nákvæmlega inn í það hvað hin nýju hverfi, sem gert er ráð fyrir að byggja á næstu árum upp að Grafarvogssvæðinu, eru nálægt Áburðarverksmiðjunni. Ég hygg að þau séu ekki nær henni en þau hverfi sem þegar hafa verið byggð. En þetta er mál sem ég hef ekki kannað og segi þess vegna meira en ég veit. En ég er sannfærður um að þar munar ekki mjög miklu á fjarlægð frá verksmiðjunni frá því sem er í núverandi Grafarvogshverfi III og í nýja hverfinu, sem á að byggja, Grafarvogshverfi IV.

Síðan segir hér áfram: „Öryggiskápa eða öryggishús utan um geyminn mun jafnframt veita aukna vörn gegn hugsanlegu tjóni. Samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið að tilhlutan starfshópsins eru miklar líkur á því að unnt sé að taka upp kælingu í núverandi ammoníaksgeymi og að slíkt verði mun ódýrara en að byggja nýjan geymi. Starfshópurinn gerir eftirfarandi tillögur um ráðstafanir sem hann telur skapa viðunandi öryggi:

Tekin verði upp kæling á ammoníaki í núverandi geymi verksmiðjunnar og efnið geymt án yfirþrýstings. Byggt verði sérstakt öryggishús umhverfis geyminn sem skýlir honum og tekur við innihaldinu ef leki verður og komið verði fyrir búnaði til að brenna ammoníaki ef langvarandi bilun verður á kælikerfi eða ef ammoníak lekur út í öryggishúsið. Jafnframt verði gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

1. Undirstöður geymisins verði styrktar til að auka jarðskjálftaöryggi hans.

2. Skipt verði um op á geyminum og það gert úr stáli sem hefur nægilegt kæliþol.

3. Gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að undirstöður glati ekki styrkleika vegna kælingar og að samdráttur kúlunnar vegna kælingar dragi ekki úr jarðskjálftaöryggi.

4. Haft verði reglubundið eftirlit með öllum búnaði sem notaður er til að landa, flytja og geyma ammoníak. Gerð verði sérstök áætlun um slíkt eftirlit.

5. Gerð verði áætlun vegna Áburðarverksmiðjunnar í tengslum við almannavarnaáætlun Reykjavíkur."

Undir þetta rita 8. jan. 1988 Eyjólfur Sæmundsson, Ólafur Pétursson, Þórður Þ. Þorbjarnarson, Guðjón Petersen og Runólfur Þórðarson.

Ég hygg, herra forseti, að það fari ekkert á milli mála að hér sé um að ræða svo alvarlegar ábendingar að það sé ekki einasta sanngjarnt að fara fram á það heldur beinlínis brýnt að meiri hl. í þessari virðulegu deild bregðist við þeirri till. sem fyrir liggur á þskj. 512, brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 sem ég gerði hér grein fyrir í nokkru máli. (**Forseti:** Ég vil biðja ræðumann að gera aðeins hlé á máli sínu. Það hefur komið upp sú hugmynd að fresta fundi til kl. 6 til þess að þeir sem halda þingflokksfund geti gert það og er mér kunnugt um að þar er m.a. á dagskrá það mál sem ræðumaður er að fjalla um. Ég bið hann um að fresta máli sínu þar til fundur hefst að nýju.) Já. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ræddi fyrir fundarhlé áðan aðallega um þá skýrslu sem birst hefur varðandi hættu á ammoníaksleka úr geymum Áburðarverksmiðju ríkisins og gerði grein fyrir tillögu sem við flytjum, ég ásamt hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur og hv. þm. Guðmundi Ágústssyni, varðandi lántökuheimild í þessu skyni, að ráðherra geti tekið lán allt að 30 millj. kr. til að grípa til nauðsynlegra úrbóta við Áburðarverksmiðjuna. Ég tók það reyndar fram í minni ræðu áðan að ég teldi að það sem skipti höfuðmáli væri að það væri ljóst af hálfu Alþingis að ráðherrar hefðu ekki einasta allar heimildir til að taka á þessu alvarlega vandamáli heldur væri það beinlínis ósk þingsins að þeir gerðu það og það væri á engu stigi málsins hægt að bera fyrir sig heimildarleysi af hálfu Alþingis í þessu efni. Mér er ljóst að það verkefni sem hér er um að ræða tekur einhvern tíma hvort sem sú leið er farin að endurbæta geymana eða að byggja nýja. Ef síðari leiðin er farin kostar það 70–100 millj. kr. eftir því hvort um er að ræða svokallaðan einfaldan geymi eða tvöfaldan. En ef aftur á móti viðgerð er viðhöfð eins og nefnt er í skýrslunni kostar það 27 millj. kr. Hins vegar er ljóst að þeir sem skýrsluna vinna hafa ýmsa fyrirvara varðandi verkefnið og ljóst af þeirra hálfu að þeir kysu helst að sú leið yrði valin að byggja nýjan geymi og jafnvel að flytja hann, en það er í rauninni jafngildi ákvörðunar um að flytja Áburðarverksmiðjuna.

Auðvitað hefur þessi verksmiðja og staðsetning hennar alltaf verið hæpin. Um hana hafa verið miklar deilur hér um áratuga skeið eins og örugglega

einhverjir deildarmenn muna frá fyrri áratugum. Ég man eftir því sem þingfréttaritari fyrir tveimur áratugum að Einar Olgeirsson ræddi oft um þessa „fabrikku“ og staðsetningu hennar og ég hygg að fjöldamargir Reykvíkingar hafi um árabil haft verulegar áhyggjur af henni, enda er talið að það sé einkum tvennt hér í mannvirkjum í Reykjavík sem er hættulegt og varasamt. Annað er Áburðarverksmiðjan og hitt er staðsetning innanlandsflugvallarins í hjarta bæjarins. En það er mál sem ég ætla ekki að fara út í að sinni.

En ég lagði á það áherslu í minni framsöguræðu fyrir tillögunni áðan að á málinu yrði tekið og ríkisstjórnin hefði allt svigrúm sem hugsast gæti til að taka rösklega á því. Ég get reyndar bætt því við til að halda því til haga að ef eftir því væri leitað að einhverjir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna kæmu að þessu máli sérstaklega er ég sannfærður um að minn flokkur mundi greiða fyrir því sem best hann gæti.

Við þessa umræðu flytjum við einnig brtt. sem eru svipaðar þeim og fluttar voru í Nd. Það er í fyrsta lagi um að ræða brtt. sem gerir ráð fyrir að það verði felld niður skerðing á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þetta er svipuð till. og kom upp í deildinni á sínum tíma þegar málið var til meðferðar fyrir hátíðarnar þar sem við stjórnarandstæðingar greiddum atkvæði gegn þeirri grein sem gerði ráð fyrir skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég hygg að sú upphæð sem hér er um að ræða sé nú ekki stór á mælikvarða ríkissjóðs, en hún er nokkuð stór á mælikvarða Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ég hygg að skekkjan sé a.m.k. 20 millj. kr. að mati fjmrn., en að mati félmrn. er þessi skekkja miklu meiri. Ég hygg að félmrn. sé þeirrar skoðunar og hæstv. félmrh. að hér sé um að ræða skerðingu upp á 90–100 millj. kr. á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég tel að við þurfum að kosta miklu til að byggja upp þennan málaflokk svo sem við höfum gert á liðnum árum. Um það hefur verið tiltölulega góð samstaða á hv. Alþingi að framkvæma lögin um málefni fatlaðra og m.a. á grundvelli þess góða vilja sem iðulega hefur komið fram er þessi brtt. flutt af þremur stjórnarandstæðingum í þessari virðulegu deild. Það er gert ráð fyrir því að greinin, sem lýtur að skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra, falli niður.

Þá flytjum við brtt. á þskj. 514 í sambandi við skipulag ferðamála og er gert ráð fyrir því að fjárveiting til Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs verði skert og miðað við 38 millj. í staðinn fyrir 28 eins og það er í frv. núna, en hv. Nd. hafði fellt tillögu stjórnarandstæðinga um að skerðingin miðaðist við 40 millj.

Ég hyggst ekki fara nánar út í það mál hér, en vil aðeins víkja að 3. brtt. sem við flytjum á þskj. 514 og lýtur að fjárhag Ríkisútvarpsins. Tillagan er á þessa leið:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. og 23. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 skulu tekjur framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum eigi nema hærri fjárhæð en 99 000 þús. kr. á árinu 1988.“

Í hv. Nd. hafði verið felld till. um 100 millj. kr. þak á þessa skerðingu og hér er haldið sama strikið af hálfu stjórnarandstöðunnar, þó að breyttu breytanda með tilliti til þess að Nd. hefur hafnað tillögunni um 100 millj. kr.

Við fengum í hv. fjh.- og viðskn. Ed. á okkar fund útvarpsstjóra og Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, til að ræða um þessi mál og komu í ljós í máli þeirra gífurlega miklar áhyggjur af fjárhag Ríkisútvarpsins, bæði framkvæmdasjóðsins og eins rekstri Ríkisútvarpsins. Það er engu líkara en menn hafi stundum að því er Ríkisútvarpið varðar á seinni árum þrengt að því, mér liggur við að segja vísvitandi stundum, til þess að hin svokallaða frjálsa samkeppni fengi að njóta sín. Er mér margt í minni í þeim efnum án þess að ég fari að rekja það í einstökum atriðum. Það er samstaða um það hér á hv. Alþingi í orði að Ríkisútvarpið sé ein mikilvægasta menningarstofnun landsins og jafnframt byggðastofnun vegna þess að Ríkisútvarpið tengir þjóðina saman betur en allir aðrir fjölmiðlar. Það er satt að segja skrýtið að fá engin viðbrögð frá hæstv. ríkisstjórn í þessu máli fyrr en hæstv. menntmrh. lætur hafa eftir sér í einhverjum fjölmiðlum, sem ég heyrði í núna síðustu daga, að það væri ekki allt með felldu í eyðslunni í Ríkisútvarpinu varðandi rekstur þess. Ég er ekki innanhússmaður þar og þekki ekki þar til í einstökum atriðum, en ég hygg þó að það sé mjög brýnt að Ríkisútvarpið fái að njóta sín, það fái að þróast miðað við þær aðstæður sem nú eru í fjölmiðlaheiminum. Ég hélt að það sæti síst á menntmrh. að veitast að þessari stofnun sem heyrir undir hann. Þetta kast hæstv. menntmrh. minnir mig á forvera hans þegar hann sótti að fræðslustjóranum í Norðurlandi eystra á sinni tíð. Þó að auðvitað bæri menntmrh. að halda utan um hagsmuni þeirra sem byggja á þjónustu grunnskólalaganna og ákvæðum grunnskólalaganna fannst manni ekki við hæfi að hann veittist að þjónustumanni sínum með þeim hætti sem hann gerði og mér finnast þessi ónot hæstv. menntmrh. í garð Ríkisútvarpsins satt að segja fjarskalega ósmekkleg vegna þess að þau hafa ekki verið rökstudd. Ef hér væri um rökstudda gagnrýni að ræða horfði málið öðruvísi við, en ég hef engan rökstuðning heyrt í þessum efnum. Ég mun þangað til annað kemur í ljós vísa þessum ásökum menntmrh. á Ríkisútvarpið á bug. Ég held að það sé vilji til þess á Alþingi í öllum flokkum að það sé myndarlega haldið á varðandi Ríkisútvarpið og ég hef ekki trú á því að hæstv. menntmrh. eigi neinn verulegan stuðning við það sjónarmið sitt, sem fram kom hjá honum, að í rauninni sé meginvandi Ríkisútvarpsins sá að það þurfi að skera rækilega niður.

Um þessi mál hafa verið haldnar margar ágætar ræður á hv. Alþingi bæði nú og fyrr. Minnist ég þar ekki síst ræðuhalda hv. 3. þm. Vesturl. sem um árabil hefur setið eða sat í útvarpsráði og tók þessi mál iðulega fyrir með býsna myndarlegum hætti á hv.

Alþingi og þar á meðal þegar umræður fóru fram um lánsfjárlög fyrir árið 1987, en þá ræddi þessi hv. þm. sérstaklega um Ríkisútvarpið og það skerðingarákvæði sem við erum hér að fjalla um. Ég hygg að þar sem hv. þm. hefur ekki borið sig að því að halda fram þeim rökum í umræðum um málið til þessa í þessari deild sé það við hæfi að ég lesi upp nokkur atriði úr málflutningi hans 15. okt. 1986 þegar rætt var um lánsfjárlög ársins 1987, en hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá vildi ég beina þeirri almennu spurningu til hæstv. fjmrh. varðandi II. kafla þessara laga hvort honum þyki það góð lögfræði eins og þar er sett upp, þ.e. fyrst setur Alþingi lög og síðan setur Alþingi önnur lög þar sem segir: Það er ekkert að marka þau lög sem við settum áður. Ég er ekki mjög menntaður í lögfræði, en það mikið veit ég að þetta er ekki góð lögfræði, og ég vona að hæstv. ráðherra sé mér sammála um það. Ég hef áður minnst á það hér að þessi vinnubrögð eru mjög til vansa. Útvarpslög voru samþykkt á Alþingi ekki alls fyrir löngu, á vordögum 1985. Og hér er komið inn í 27. gr. lánsfjárlagafrv. ákvæði sem snýr að útvarpslögunum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árunum 1986“ — taki menn eftir því, það er afturvirkt. Þetta er afturvirkt. Er það ekki rétt skilið hjá mér, hæstv. ráðherra?“ [Þetta var sem sagt látið virka aftur fyrir sig inn á árið 1986.] „og 1987 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.“„

M.ö.o.: í lánsfjárlögum ársins 1987 var ekki einasta verið að skerða þennan tekjustofn fyrir árið 1987 heldur líka fyrir árið 1986 afturvirkt eins og hv. þm. þá gat um og bætir síðan við:

„Nú er það svo að það er ekki menntmrh. lengur, skv. gildandi útvarpslögum, sem ákveður afnotagjöldin, heldur á hann að staðfesta þau.“

Hann heldur áfram og ræðir um þessi mál almennt, m.a. afnotagjöldin, og segir svo:

„Núna situr Ríkisútvarpið ekki lengur eitt að þeim auglýsingamarkaði á öldum ljósvakans sem það hefur setið eitt að í 55 ár. Hvað gerist? Það verður hrun í auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins og ég fullyrði það hér og nú að á þessu ári stefnir í gífurlegan hallarekstur hjá Ríkisútvarpinu“.

Ég hygg að í þessum orðum hafi hv. þm. verið að tala um árið 1987 (Gripið fram í.) Já, já, já og ekki nærri búinn. Það er meira blóð í kúnni. Á því ári var halli. Það var gert ráð fyrir því að miða við það að hallinn á því ári gæti orðið um 80 millj. kr., en síðan hefur það fengist leiðrétt þannig að það er ekki um að ræða hallarekstur þegar árið 1987 er upp gert ef ég skil rétt þær upplýsingar sem ég fékk hjá fjármálastjóra Ríkisútvarpsins. Hins vegar horfir illa með árið 1988.

Síðan spyr hv. 3. þm. Vesturl. 15. okt. 1986: „Spurningin er: Á nú að koma Ríkisútvarpinu, þessum fjölmiðli okkar allra, á kné með því að setja Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju, eins og mér sýnist allt benda til að núverandi stjórnarflokkar séu að gera?“

Síðan segir hv. þm.: „Hér í lánsfjárlögum er gert ráð fyrir að taka með afturvirkum hætti — og ég spyr nú hvernig ráðherranum falli það í geð — í 27. gr. lánsfjárlaga á að taka af Ríkisútvarpinu allar tekjur vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum fyrir árin 1986 og 1987. Á fyrri helmingi þessa árs [þ.e. 1986] eru þetta 60 millj. kr. Og ég spyr m.a. með tilliti til þess að fyrr á þessu ári var Ríkisútvarpinu synjað um hækkun afnotagjalda: Er það stefna ríkisstjórnarinnar og er það með samþykki hæstv. menntmrh. að koma þessari stofnun nú á kné, a.m.k. að setja hana í fjárhagslega spennitreyju þannig að hún megi sig hvergi hræra?“

Hér var skörulega til orða tekið og nú er hv. 3. þm. Vesturl. einn af áhrifamönnum stjórnarflokkanna. Það er ómögulegt að neita því. Hann er formaður þingflokks Alþfl., flokks hæstv. fjmrh. Ég verð að segja það alveg eins og er að þó að maður geri ekki mjög miklar kröfur til manna þegar þeir fara að styðja ríkisstjórnir, stundum við undarlegar aðstæður ... (Gripið fram í.) M.a. þekki ég eitt og annað af eigin raun eins og hv. þm. veit um og ég gæti farið ítarlega út í ef þörf krefur. En þó er það engu að síður þannig að ég bjóst nú heldur við því að hv. 3. þm. Vesturl. hefði þau áhrif á þessa stjórn að hún mundi skammast til að afgreiða Ríkisútvarpið að því er þennan lið varðar betur en fyrri stjórn gerði. Þess vegna fannst mér ástæða til að halda þessum málflutningi hans sérstaklega til haga ef það mætti verða til þess að rifja upp fyrir honum það sem áður var sagt af honum í þessu efni og gæti kannski orðið til þess að hann snerist á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni í þessu máli, annaðhvort nú þegar eða þá með flutningi sérstaks máls eftir þinghlé, þar sem á vandamálum Ríkisútvarpsins verður tekið.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að gera sér grein fyrir því hvaða hætta er fólgin í því að Ríkisútvarpið sé svelt fjárhagslega á sama tíma og hér fjölgar stöðugt svokölluðum frjálsum útvarpsstöðvum. Hér er ekki einasta um dagskrárgerð að ræða heldur líka dreifingu efnis frá Ríkisútvarpinu og undirbúning að langbylgjukerfi sem er mikilvægt öryggistæki ef FM-kerfið dettur út. Fyrir utan menningarlegu hliðina er Ríkisútvarpið einn meginþátturinn í því að halda uppi þjóðfélagi þar sem menn búa við sæmilegt og nokkurn veginn sambærilegt öryggi.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að virða það fyrir sér að skv. lögum um almannavarnir er gert ráð fyrir því að Almannavarnir sendi frá sér ákveðin hættumerki þegar vá steðjar að af einhverju tagi. Í lögum er miðað við að fólk eigi við þær aðstæður og heyrandi þau merki að snúa sér að útvarpinu. Hvaða útvarpsstöð er það sem þarna hefur skyldur? Hver er það sem þarna hefur skyldur? Það er Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið hefur þessa skyldu. Ég geri ekki

ráð fyrir því að aðrir mundu neita að neinu leyti, ég geri ráð fyrir að aðrir myndu hlaupa þarna undir bagga, en forgangsskyldan við að koma á framfæri upplýsingum við slíkar aðstæður er hjá Ríkisútvarpinu. Þess vegna er Ríkisútvarpið í fyrsta lagi menningartæki, í öðru lagi öryggistæki og í þriðja lagi einn stærsti þátturinn í því að við erum þrátt fyrir allt og getum gert okkur vonir um það að vera áfram nokkurn veginn ein menningarleg heild í þessu landi. Af þessum ástæðum er það, herra forseti, sem við endurflytjum þá brtt. sem felld var í Nd., að vísu að breyttu breytanda eins og ég sagði hér áðan.

Eftir að ég talaði fyrir hlé skaut hæstv. samgrh. að mér ljósriti úr lögum varðandi ríkisstofnanir og ábyrgðir vegna lántöku þeirra. Þar kemur það fram að viðkomandi fagráðherra á að koma að máli eins og lántökuheimild vegna Herjólfs hf. Það er auðvitað samgrn. sem rekur á eftir því að Herjólfur fái þarna fjármuni til framkvæmda á árinu 1988 allt að 100 millj. kr. Þess vegna er út af fyrir sig ástæðulaust að eiga frekari orðastað við samgrh. í þessu efni.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þó ég hafi saknað deildarinnar núna um nokkurra sólarhringa skeið og hæstv. forseta alveg sérstaklega er það ekki svo að ég hafi ástæðu til að gera mér leik að því að lengja mjög fundi í þessari deild og hafði ekki hugsað mér að hafa uppi neina slíka tilburði. Mér finnst það hins vegar sérkennilegt og óþægilegt þegar maður er að ræða mál eins og lánsfjárlög, sem eru hluti af fjárhagsdæmi ríkisins, að hafa ekki ráðherrana nálægt til að tala við þá, til að spyrja þá og fá skýringar. Mér er ekkert að vanbúnaði að koma á fund eftir kvöldmat, en ég hefði fyrir mitt leyti verið tilbúinn að reyna að hraða svo meðferð málsins að það hefði ekki þurft að taka langt kvöldmatarhlé. En mér finnst eiginlega ekki hægt þegar maður er búinn að biðja um hæstv. fjmrh. annað en að ítreka það og fara fram á að hann komi hér. Þá getum við rætt um málin betur eftir kvöldmatinn.

Það birtist t.d. í dag mjög athyglisverð skýrsla frá Vinnuveitendasambandi Íslands varðandi verðbólgu, gengi, efnahagsmál á þessu ári, afar athyglisvert plagg. Vinnuveitendasamband Íslands er merkilegt apparat eins og kunnugt er og býr á góðum stað í Garðastræti, sögulegum stað. Ég held að plaggið sem kom frá Vinnuveitendasambandinu sé allrar athygli vert og ég hef ekkert á móti því að það gæfist kostur á því fyrir hléið að þessi mál yrðu aðeins rædd við hæstv. fjmrh. vegna þess að í næstu viku mun birtast ný þjóðhagsspá og fjölmiðlar allir og þjóðin fylgjast með því máli þegar þar að kemur. Mér finnst nauðsynlegt að halda því til haga að stjórnarandstaðan fái tækifæri til að ræða við hæstv. ráðherra og mér finnst hann ekkert of góður til að vera hérna. Ég veit að hann er að sinna mikilvægum skyldustörfum, ég dreg ekkert úr því og þekki það. Mér finnst satt að segja engin goðgá þó að hæstv. forsrh. fengi að vera hérna líka nema hann sé úti í búð með Ólafi Ragnari, en ég veit ekki til þess að svo sé, hæstv. forseti. En mér þætti vænt um ef þessir snillingar létu svo lítið að láta sjá sig. (**EG:** Hann er kannski í búðinni hjá Ólafi Ragnari.) Ja, eða öfugt. Ég skal ekkert um það segja, hv. þm.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan varðandi hæstv. fjmrh. finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að verða við þeim óskum hans að hæstv. fjmrh. verði með okkur á kvöldfundi. Hins vegar háttaði þannig til að ráðherra hafði ekki, held ég, reiknað með fundi í þessari deild á þessum tíma þannig að hann var í beinni útsendingu í útvarpsþætti sem lauk rétt fyrir kl. 18 og hann var búinn að lofast til að taka þátt í beinni útsendingu í sjónvarpi sem byrjar eftir um það bil klukkutíma og átti óhægt með að víkjast undan því, en mér finnst sjálfsagt að orðið verði við þessari ósk.

Ég vildi hér, herra forseti, víkja fyrst að því máli sem hv. 7. þm. Reykv. ræddi nokkuð ítarlega áðan varðandi skýrslu starfshóps sem hæstv. félmrh. skipaði til að gera tillögur um úrlausn vandamála vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða og hefur verið allar götur frá því að þessi verksmiðja var byggð. Þetta er mál sem krefst skjótra úrbóta og um það er áreiðanlega enginn ágreiningur, hvorki hér á hinu háa Alþingi né innan ríkisstjórnarinnar. Það get ég fullyrt.

Það er líka svo í þessu máli að það er umhugsunarefni hverjar ákvarðanir Reykjavíkurborg hefur tekið varðandi íbúðarbyggð í grennd við þessa verksmiðju og raunar mætti e.t.v. segja að það væri ámælisvert hversu nálægt verksmiðjunni hefur verið byggt. Ég greindi frá því á fundi fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar fyrr í dag að þetta mál væri til athugunar í ríkisstjórninni og ekki bara til athugunar heldur til ákvarðana og aðgerða. Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær lagði hæstv. félmrh., sem nú er hér stödd í deildinni þannig að hún getur svarað fyrir þau mál, en í örstuttu máli vildi ég að það kæmi fram, að félmrh. lagði í ríkisstjórninni í gær fram tillögur eða valkosti um það sem gera ber í þessum efnum. Það er þá í fyrsta lagi að verksmiðjan verði beinlínis lögð niður af öryggisástæðum, einkum vegna hættunnar sem er samfara staðsetningu hennar, og í öðru lagi að Áburðarverksmiðju ríkisins verði gert skylt að fara þegar í stað að tillögum starfshópsins sem fram koma í skýrslunni og fela í sér þau atriði sem þar eru greind. Ég greindi frá því á fundi nefndarinnar að þessi mál væru í mjög gaumgæfilegri og ítarlegri athugun og til ákvörðunar hjá ríkisstjórninni og verða rædd í ríkisstjórninni í fyrramálið. Engu að síður kusu þrír hv. þm. að leggja fram till. um ákveðna lánsheimild til handa Áburðarverksmiðjunni til að bæta hér úr.

Ég held að á þessu stigi málsins sé ekki tímabært að samþykkja þessa tillögu, ekki vegna þess að nokkur maður hér sé andvígur því efnislega sem tillagan fjallar um heldur vegna þess að sú leið sem

starfshópurinn mælir með í skýrslunni mun ekki hafa verið reynd áður og raunar talið að ekki komi í ljós fyrr en lagt hefur verið í töluvert mikinn hönnunarkostnað hvort þessi leið er tæknilega fær eða hvort fara verður aðra leið og dýrari. Það er enginn ágreiningur um að gæta hér fyllsta öryggis íbúanna og allra á svæðinu. Spurningin er bara sem liggur ekki alveg ljós fyrir á þessu stigi málsins: Með hvaða hætti verður það best og tryggast gert. Það mál er nú í ítarlegri athugun. Vel má vera að það komi í ljós að gera þurfi töluvert kostnaðarsamari breytingar til að tryggja fyllsta öryggi en þessi tillaga hv. þriggja þm. gerir ráð fyrir, þ.e. að breytingarnar kosti verulega meira en 30 millj. Ég held þess vegna að það sé ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu með þessum hætti með afstöðu lánsfjáráætlunar og mælist til þess að hv. þm. dragi þessa till. til baka að sinni, en við sameinumst síðan um, þegar búið er að ákveða hvernig skynsamlegast er að bregðast við, sé þess þörf, að afgreiða snarlega frv. um lánsheimild, þ.e. ef ekki er unnt að leysa þetta mál með öðrum hætti. En það liggur einfaldlega ekki fyrir á þessu stigi hvað sé best, skynsamlegast og öruggast að gera í þessari stöðu. Þess vegna ítreka ég þau tilmæli að hv. þm. kalli þessa till. til baka nú við þessa umræðu og við sameinumst síðan um, ef málið þarf að koma til kasta Alþingis, að afgreiða það hið skjótasta. Ég er alveg sannfærður um að um mál af þessu tagi er ekki hinn minnsti ágreiningur, hvorki hér né í ríkisstjórninni þar sem um málið verður fjallað í fyrramálið eins og ég áður sagði.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi, en ég undirstrika að í skýrslu Vinnueftirlitsins, sem hv. 7. þm. Reykv. las ítarlega úr áðan, eru líkur á miklum leka í ammoníaksgeyminum „taldar mjög litlar". En þó er ekki unnt að útiloka slíkt.

Ég held að það sé ekki rétt að nota þetta mál til að hræða eða skelfa fólk á þessu svæði. Ég held að það sé beinlínis ámælisvert. Hins vegar er um mjög alvarlegt mál að ræða sem ráða verður bót á hið allra fyrsta og um það er, eins og ég áður sagði, ekki nokkur minnsti ágreiningur. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta vegna þess að hæstv. félmrh. er í deildinni og hún bætir þá væntanlega við það sem á kann að vanta í mínum málflutningi og hefur fyllri upplýsingar um málið.

Hv. 7. þm. Reykv. ræddi málefni Ríkisútvarpsins og vitnaði þar m.a. í málflutning minn og ræður sem ég hef flutt á undanförnum þingum um þá ágætu stofnun. Mér þótti í rauninni vænt um að hann skyldi gera það. Hann gerði það ekki við fyrri umræðu málsins hér. Honum hefur sjálfsagt verið þetta lítt kunnugt fyrr en flokksbróðir hans, hv. 2. þm. Austurl., rifjaði það upp í ræðu í umræðum í Nd. og hann fylgir því síðan eftir hér og það er auðvitað af hinu góða. Um þetta sé ég mig knúinn til að hafa fáein orð.

Hann minntist á þann hátt sem hafður er á í lánsfjárlögum þar sem segir í II. kafla laganna að þrátt fyrir ákvæði nefndra laga þar, og síðan er talin upp hver löggjöfin á fætur annarri, skuli hlutum hagað með öðrum hætti en þar segir. Ég spurði hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. forsrh. að því haustið 1986 hvort honum þætti þetta góð lögfræði. Þetta rifjaði hv. þm. Svavar Gestsson allt upp áðan. Hæstv. þáv. fjmrh. viðurkenndi að þetta væri vond lögfræði. Ég er enn alveg sama sinnis. Mér finnast þetta ekki góð vinnubrögð. Mínar skoðanir á því hafa ekki breyst.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um Ríkisútvarpið og raunar sagt ýmislegt fleira og kannski tekið sterkar til orða. Hann lét þess svo mjög lofsamlega getið að sá er þetta mælir væri einn af áhrifamönnunum í núverandi stjórnarsamstarfi. Svo er kannski ekki mjög. Hitt er það að málefni þessarar stofnunar, Ríkisútvarpsins, heyra ekki undir minn flokk eða ráðherra míns flokks í ríkisstjórninni. Ef svo hefði verið hefði aðstaða mín til að beita mér í þessu máli verið önnur. Ég ætla ekkert að gera lítið úr áhuga hæstv. menntmrh. á vexti og viðgangi Ríkisútvarpsins. Mér er það hins vegar mætavel ljóst að innan Sjálfstfl. og í forustu hans kannski eru ráðandi menn sem ég hef á tilfinningunni að vilji hlut Ríkisútvarpsins ekki mjög stóran og kannski sem minnstan. Kannski mun einhver hv. þm. segja að hér sé um sleggjudóma að ræða (Gripið fram í.) og það má kannski gefa því það nafn. Þetta er fremur tilfinning eins og ég sagði hér áðan. En ég veit að þeir menn eru til innan Sjálfstfl. sem hafa engan áhuga á vexti og viðgangi Ríkisútvarpsins og það veit hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson mætavel líka. Ég veit hins vegar að hann er ekki einn af þeim. Mér er það mætavel ljóst. En við vitum báðir að þessir menn eru til. Ég hygg að það hafi kannski komið glöggt fram í umræðum á hinu háa Alþingi á sínum tíma um Ríkisútvarpið og ný útvarpslög hverjir þetta eru. Og ég hygg að til þess að nafngreina þá geti menn flett þingtíðindunum og það getum við gert einhvern tíma í sameiningu, við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Ég hugsa að okkur greini ekki á í þeim efnum.

Ég viðurkenni fúslega að mér þykir mjög miður í núverandi stjórnarsamstarfi, og það er eitt af því sem mér fellur einna laklegast þar, hversu lítill og rýr hlutur Ríkisútvarpsins er og hversu mjög hefur verið gengið á þess hlut. Við skulum vera þess minnug að þegar útvarpslögin voru samþykkt var Ríkisútvarpinu tryggður tekjustofn. Þegar síðan var búið að opna allar fjölmiðlagáttir um víða vegu og sýnt var að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins myndu skerðast verulega var stofnunin svipt þessum tekjustofni sem voru aðflutningsgjöld af sjónvarps- og útvarpstækjum.

Nú er það hins vegar svo að útvarpslög hin nýju eru í endurskoðun og því var það við atkvæðagreiðslu um lánsfjárlög hér í þessari hv. deild varðandi þessa grein lánsfjárlaganna er fjallar um Ríkisútvarpið að ég gerði grein fyrir mínu atkvæði með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu lánsfjárlaga undanfarin ár hef ég

oft vakið athygli á því að mjög væri gengið nærri Ríkisútvarpinu. Ég er sömu skoðunar enn, en þar sem verið er að endurskoða útvarpslög treysti ég því að sú endurskoðun muni leiða til þess að Ríkisútvarpinu verði tryggður bærilegur rekstrargrundvöllur og því segi ég já."

Þessi endurskoðun stendur yfir. Henni er ekki lokið og ég leyfi mér enn að setja traust mitt á að hún muni leiða til þess að þessi stofnun fái öruggari grundvöll að starfa á.

Við skulum ekki gleyma því að Ríkisútvarpið/sjónvarp hefur t.d. fengið samkeppni, hefur fengið keppinaut sem að mörgu leyti hefur staðið sig vel um ýmsa hluti, það skal ég fyrstur manna viðurkenna, gert ýmsa góða hluti. Þessi aðili, Stöð 2, hefur hins vegar sjálfdæmi um hverju verði hún selur sínum áskrifendum sína þjónustu. Það hefur Ríkisútvarpið ekki. Á þessu er reginmunur. Þess vegna hef ég hneigst æ meira til þeirrar skoðunar að það þurfi að gera róttækar breytingar á skipulagi Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekkert að fara út í það, sem hv. 7. þm. Reykv. var að víkja að áðan, að þar hefðu menn farið býsna frjálslega með fé og eytt kannski umfram efni. Það má vel vera og hefur sjálfsagt gerst þar í ýmsum deildum og raunar örugglega að menn hafi þar farið fram úr áður gerðum áætlunum. Það er ég alveg viss um og þarf ekki að líta langt til að vita það.

Ég held hins vegar að það sé tími til kominn í ljósi breyttra aðstæðna að athuga um grundvallarbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Ég held t.d. að það ætti að íhuga mjög gaumgæfilega og satt best að segja er mér ekki kunnugt um hvort útvarpslaganefndin hefur fjallað um það mál eða tekið afstöðu til þess að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun sem hafi meira fjárhagslegt svigrúm og jafnframt meiri fjárhagslega ábyrgð en innan þessa stífa ríkiskerfis og verandi fangi ákvarðana annarra um afnotagjöld og tekjur. Ég held að það sé kominn tími til að losa þessa stofnun úr þessum viðjum og taka þar upp gerbreytt fyrirkomulag með einhverri aðild, eftirliti eða umsjón almannahagsmuna. Ríkisútvarpið hefur útvarpsráð sem er þingkjörið og er ekki stjórn stofnunarinnar heldur fyrst og fremst dagskrárstjórn, en er mjög mikilvægur aðili um allt aðhald, jákvæða gagnrýni og að því er varðar dagskrá stofnunarinnar. Ríkisútvarpið er ekki aðeins mesta byggðastofnun þjóðarinnar. Það er mesta öryggistæki þjóðarinnar og það er einhver mesta menningarstofnun þjóðarinnar. Þetta á við um bæði hljóðvarp og sjónvarp. Þetta eru þjóðarleikhús og þjóðarmenningarstofnanir. Ég get ekki stillt mig um segja frá að síðdegis í gær hlustaði ég á framkvæmdastjóra sænska sjónvarpsins segja hópi norrænna blaðamanna frá þeirra starfsemi, þeirra menningarstarfsemi og þeirra leikritagerð. Þannig var að þeir höfðu gert samning við leikhús, Dramaten held ég, um að flytja beint af sviði til áhorfenda, eins og gert er hér í sjónvarpinu, leikrit, en það höfðu sænskir leikarar og leikstjórar aldrei viljað fallast á. Þeim hafði tekist að gera samning um þetta, en þegar til átti að taka höfnuðu leikararnir því að flytja leikritin beint af sviði leikhússins inn á sænsk heimili fyrir tilstilli sjónvarpsins. Þetta leikrit var sýnt í tiltölulega litlum sal og hann sagði við okkur, þessi sjónvarpsstjóri: Vitið þið hvað það hefði tekið mörg ár að fá í leikhúsið jafnmarga áhorfendur og sjónvarpið hefði haft að þessu leikriti á einu kvöldi, hve mörg ár það hefði tekið í sýningum, væntanlega á hverju kvöldi? Þá sem voru á þessum fundi setti hljóða og síðan svaraði hann: Það hefði tekið 100 ár. Það er svona áhrifaríkt tæki sem Ríkisútvarpið/sjónvarp og Ríkisútvarpið/hljóðvarp er fyrir utan öryggisþáttinn sem við megum aldrei gleyma.

Við eigum núna í baráttu, menningarbaráttu. Á okkur sækja erlend áhrif, einkum á íslenska tungu, í mjög vaxandi mæli. Þetta er ekki bara okkar mál. Þetta gerist líka hjá öðrum smáþjóðum og þá tel ég Norðurlandaþjóðirnar allar í hópi smáþjóða. Hér hefur Ríkisútvarpið gífurlegt verk að vinna sem ekki má vanrækja og hér hefur Ríkisútvarpið mikið hlutverk sem okkur ber að rækja og rækta með því m.a. að verja auknu fé til innlendu dagskrárgerðarinnar og þá ekki síst dagskrárgerðar fyrir börn og unglinga sem eru allra manna iðnust við að horfa á sjónvarp og hlusta á útvarp.

Hér er í rauninni, herra forseti, um miklu stærra mál að ræða en svo að það gerist undir umræðum um lánsfjárlög, en vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv. fékk ég ekki orða bundist og vildi þess vegna láta þetta fram koma. Það er í rauninni sorglegt að á Alþingi Íslendinga skuli umræða um Ríkisútvarpið, hlutverk þess, starfsemi og framtíð ævinlega fara fram sem einhvers konar útskot frá öðrum málum. Ef vel ætti að vera ætti hæstv. menntmrh. árlega að leggja skýrslu um Ríkisútvarpið fyrir Alþingi og síðan ættum við á hinu háa Alþingi að taka okkur góðan tíma til að ræða hann. Menn ræða hér nefnilega í löngu máli ýmis ómerkari mál en það.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umræðu miklu meira en orðið er. Ég held að það sé brýnt að málefni séu rædd hér í góðu tómi og raunar stefna okkar í fjölmiðlum í þessu þjóðfélagi, hvaða stefnu við viljum fylgja fram. Við erum á eins konar gerjunarskeiði núna. Það hafa gerst mjög miklar breytingar. Það hefur verið hrært upp í pottinum, en það á eftir að setjast til. Gruggið á kannski eftir að falla til botns og það tæra að verða eftir. Það er áreiðanlegt að þær breytingar sem átt hafa sér stað að undanförnu á íslensku fjölmiðlasviði, sérstaklega á sviði ljósvakamiðlanna, eru hreint ekkert um garð gengnar. Þær eru kannski rétt að byrja.

Mínar skoðanir varðandi hlutverk og mikilvægi Ríkisútvarpsins eru óbreyttar frá því sem ég hef kynnt úr ræðustól á hinu háa Alþingi á undanförnum árum. Og ég ítreka að mér þykir miður að ekki skuli hafa reynst unnt að gera hlut þessarar mikilvægu stofnunar betri. En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég held að það sé tímabært fyrir okkur að íhuga grundvallarbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi

Ríkisútvarpsins og losa það örlítið meira úr þeim viðjum sem það hefur svo lengi verið í en ekki hafa endilega alltaf verið af hinu illa. Ég held að í ljósi breyttrar aðstöðu, í ljósi breytts umhverfis á sviði fjölmiðlunar sé nauðsynlegt að taka þetta til endurskoðunar, ekki bara að sníða hina augljósu agnúa af útvarpslögunum heldur að gera miklu meira og sjá svo um að í okkar menningarlífi, í okkar þjóðlífi og að því er varðar öryggismál skipi þessi stofnun þann sess, sem henni ber, að hún geti rækt hlutverk sitt um innlenda dagskrárgerð og síðast en ekki síst að hún geti rækt það meginhlutverk sitt að vinna að vexti og viðgangi íslenskrar menningar og stuðla að viðhaldi íslenskrar tungu, stuðla að því að hér sé talað og ritað gott mál svo sem var og vonandi áfram verður. En til þess þurfum við að gera meira en gert hefur verið og þá er ég ekki að tala um undanfarin missiri heldur nokkuð langan tíma. Ég held að hér þurfum við að taka okkur tak og það fyrr en seinna.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég kveð mér svo fljótt hljóðs á nýjan leik þar sem ég mun freista þess að komast norður í mitt kjördæmi ef flogið verður nú um kvöldmatinn og er það skýringin á því að ég skuli koma svo fljótt inn í umræðuna aftur, en ég tel nauðsynlegt að segja örfá orð nú.

Ég vil í fyrsta lagi segja það varðandi Áburðarverksmiðjuna að nefndinni í heild hefur ekki gefist svigrúm til að athuga það mál sérstaklega. Það var aðeins vikið að því á fundi nefndarinnar og ég skýrði þar mitt sjónarmið þannig að ríkisstjórnin mundi taka þetta mál sérstaklega til athugunar, m.a. á ríkisstjórnarfundi í fyrramálið, og enginn vafi er á því í mínum huga né annarra hv. þm. að frv. sem nauðsynlegt yrði til að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna öryggis íbúa höfuðborgarinnar mundi umsvifalaust verða afgreitt gegnum báðar deildir þingsins þannig að af þeim sökum er ekki nauðsynlegt að fresta afgreiðslu lánsfjárfrv. meðan menn eru að átta sig á því hvað þeir vilji gera út af Áburðarverksmiðjunni. Ég vil á hinn bóginn segja það sem mína skoðun að það er alls ekki einboðið hvort halda eigi rekstri þessarar verksmiðju áfram á þeim stað sem hún er núna. Þessir atburðir hljóta að vekja í fyrsta lagi upp þá spurningu hvort rétt sé að loka verksmiðjunni og í öðru lagi spurninguna um hvort rétt sé að flytja hana burt af höfuðborgarsvæðinu eins og hættan sem af henni er skilgreind eða hefur verið skilgreind í mín eyru. Ég hef ekki í höndum þá skýrslu sem hér hefur verið vitnað til og get þess vegna ekki vitnað til hennar beinlínis, en mér sýnist einboðið að málin liggi þannig fyrir að við hljótum að taka til endurskoðunar hvort við teljum staðsetningu Áburðarverksmiðjunnar rétta inni í miðri höfuðborginni og hvort þá kunni að vera skynsamlegra að flytja hana eða hætta áburðarframleiðslu hér á landi. Þriðji kosturinn er svo auðvitað sá að láta skeika að sköpuðu, reyna að tjasla upp á verksmiðjuna þar sem hún er núna og halda framleiðslunni áfram þar sem hún er. En mér finnst það alls ekki einboðið eins og ég hef heyrt lýsingar á þessu.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, segja það, sem ég gleymdi að segja í fyrri ræðu minni, að það er komið svo núna að ýmsir af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar eru með smáklóri að reyna að komast undan ábyrgð á þeim verkum sem við erum að gera í þinginu, meirihlutamenn ríkisstjórnarinnar.

Það vakti t.d. mjög mikla athygli að formaður Alþfl. lagði fram frv. til lánsfjárlaga á þinginu þar sem segir í 7. gr.:

„Herjólfi hf. Vestmannaeyjum er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju."

Í athugasemdum við 7. gr. skýrir núv. formaður Alþfl. frá því hvaða ástæður séu fyrir því að hann telji nauðsynlegt að þessi lánsfjárheimild sé tekin inn í frv. Síðan kemur fyrrv. formaður Alþfl. í Nd., Kjartan Jóhannsson, en þeir höfðu nú eldað saman grátt silfur einmitt í Alþfl., og flytur ásamt einum þm. Framsfl. brtt. einmitt við þetta ákvæði formanns Alþfl., og ekki eina heldur tvær, fyrst brtt. og svo brtt. við brtt. Efni þessarar brtt. er í stuttu máli það hjá fyrrv. formanni Alþfl. að núv. formaður Alþfl. eigi að endurmeta, skilst manni, taka til endurskoðunar þann vilja sinn að hann vilji fá heimild Alþingis til þessarar lánveitingar, brýna hann á því að hann hafi þar ekki haft öldungis rétt fyrir sér. Með þessu eru þeir sem sagt að reyna að komast undan þessari ábyrgð.

Við urðum vör við annað af þessu sama tagi hér áðan þegar formaður þingflokks Alþfl. var að reyna að afsaka það fjárlagafrv. sem formaður Alþfl. hefur lagt fram og það lánsfjárlagafrv. sem formaður Alþfl. hafði lagt fram þar sem gert er ráð fyrir að skerða tekjur Ríkisútvarpsins borið saman við það sem segir í almennum lögum. Þessi formaður þingflokks Alþfl., sem sæti á í fjh.- og viðskn. og hreyfði þar engri athugasemd varðandi Ríkisútvarpið, hvorki við fyrri meðferð nefndarinnar á þessu máli né áðan, lét síðan að því liggja í ræðunni áðan að skýringin á þessari afgreiðslu fjmrn. á Ríkisútvarpinu, bæði í fjárlögunum og í lánsfjárlögunum, væri sú að einhverjum sjálfstæðismönnum væri illa við Ríkisútvarpið og vildu gera lítið úr því. Það var þá aldeilis skýring á því sem fram fer í höfði formanns Alþfl.

Ég hef þekkt formann Alþfl. alllengi og ég hef ekki haldið að hann láti það mikið hafa áhrif á sig þótt einhverjir sjálfstæðismenn úti í bæ vilji gera einhverjar fígúrur. Mér hefur stundum fundist hann svo þrár að meira þurfi til að koma til að honum snúist hugur. En þetta lýsir á hinn bóginn þessum lágkúrulega hugsunargangi sem annað veifið gægist fram hjá ýmsum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Ég verð auðvitað að segja það rétt eins og mér finnst að miklu meiri myndarbragur hefði verið að því að láta þá sverfa til stáls í hv. fjh.- og viðskn. og freista þess að vinna meiri hl. nefndarmanna til

fylgis við það að við reyndum þá að rétta hlut Ríkisútvarpsins ef það var nauðsynlegt, ef það var æskilegt og ef þetta er, eins og hér var sagt áðan, mesta byggðastofnun landsins. Miklu hefði það verið stórmannlegra en hitt að vera að gefa í skyn að menntmrh. hefði brugðist í þessu máli sem er alls ekki rétt og fyrir neðan allar hellur að gefa í skyn. (Gripið fram í.) Mér heyrðist svo. Mér heyrðist hann vera að gefa í skyn að vilji okkar sjálfstæðismanna hefði staðið því fyrir þrifum að þessi stofnun, sem heyrir undir ráðherra Sjálfstfl., hefði fengið þá fjármuni sem til var ætlast. Þessu öllu saman vísa ég algerlega á bug. Það var m.a.s. svo í fjvn., slík var nú verkstjórnin þar og hjá hæstv. fjmrh., að óbreyttir þm., sem ekki áttu sæti í nefndinni, máttu undir engum kringumstæðum frétta af neinu því sem þar gerðist fyrr en um leið og almennir blaðamenn í landinu. Þó svo almennir þm. hefðu eitthvað viljað rétta við og lagfæra ýmislegt sem í fjárlagafrv. stóð voru vinnubrögðin þannig að ekki var til hreinnar fyrirmyndar.

Ég veit t.d. ekki hvort við eigum að fara að metast á, ég og formaður þingflokks Alþfl., um það hvort vel eða illa sé að þessum fjárlögum staðið. Þá getur vel verið að ég geti tíundað eitt og annað það sem ég sem sjálfstæðismaður er óánægður með og sem ég sem þm. Norðurl. e. á erfitt með að kyngja en kyngi auðvitað vegna þess að þm. vita nú að mér er óvenju hlýtt til hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, og vita að ég vil ýmislegt fyrir hann gera eins og sagan sýnir. Þess vegna vil ég reyna að standa á bak við það sem sá hv. þm. svona yfirleitt er að hafast að þó ég neiti því ekki að stundum finnst mér undarlega bregða við um hans framkomu eins og í kvótamálinu og get ég ekki farið nánar út í það hér þótt kannski sé ástæða til þess að taka upp almenna menningarumræðu í deildinni. En þar sem ég geri ráð fyrir að fresta eigi fundi nú kl. 7, þá vil ég þakka mönnum fyrir þolinmæðina, en taldi nauðsynlegt að þessar athugasemdir kæmu fram. — [Fundarhlé.]

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Enn á ný tökum við nú til við lánsfjárlögin sem eru að verða gamall kunningi okkar þm. hér í hv. deild. Þetta er farið að verða heilt eilífðarverkefni okkar að fjalla hér um lánsfjárlög ríkisstjórnarinnar, en kannski lýkur þessu í kvöld engu að síður. Þó er það fjarri því að við höfum sagt síðasta orðið hér um efnahagsmál þó að við ljúkum nú meðferð frv. um lánsfjárlög og tökum okkur þinghlé til að ná áttum. En ég er ekki í neinum vafa um það að það eiga eftir að fara fram miklar umræður þegar þing kemur saman að loknu þinghléi um efnahagsmál og sýnist mér allt benda til þess að þeim kafla þingstarfanna sé síður en svo lokið.

Lánsfjárlögin. Við erum búin að segja margt um frv. ríkisstjórnarinnar til lánsfjárlaga og verður aðallega að skoða það í ljósi þeirrar verðlagsþróunar sem við gerum ráð fyrir að verði hér á þessu ári. Mig langar til að rifja það aðeins upp að þegar frv. til lánsfjárlaga var sett fram í hv. deild einhvern tímann fyrir, ja, það fer líklega að nálgast það að vera fyrir hálfum öðrum mánuði síðan, þá var gert ráð fyrir því að útgjöld ríkisins yrðu 14,4 milljarðar kr. umfram tekjur og þessa fjár átti að afla með lánsfé.

Í meðförum þingsins voru síðan tekjur ríkissjóðs auknar um 3 milljarða. Það er kannski ekki alveg rétt að segja að þetta hafi gerst í meðförum þingsins því að eins og svo undarlega brá til, þá var fjárlagafrv. sáluga aðallega til meðferðar hjá sjálfri ríkisstjórninni og höfðu alþm. hér á hinu háa Alþingi minna af því að segja. Ríkisstjórnin tók það til margs konar breytinga. Þegar hún hafði lokið þeim, þá hafði tekjuhlið fjárlaganna aukist um 3 milljarða. Í meðförum beggja deilda Alþingis hefur lánsfjárfrv. svo tekið þeim breytingum að nú er gert ráð fyrir því að það þurfi rúmlega 15 milljarða umfram tekjur ríkissjóðs sem þarf að brúa með lánsfé.

Í þessu sambandi er kannski vert að rifja hér upp gagnmerka grein sem Þorvaldur Gylfason hagfræðingur ritaði í Morgunblaðið að mig minnir 21. nóv. á sl. ári og langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að fá að lesa hér upp niðurlag þessarar greinar þar sem hann er að fjalla um hugtakið „þensluhalli fjárlaga". Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lítum nú á frv. tvö í ljósi þessara sjónarmiða.

Í 1. gr. fjárlagafrv. kemur fram að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs nemur 4,2 milljörðum kr. Þessa fjár á að afla innan lands með útgáfu spariskírteina og verðbréfasölu. Þar að auki er byggingarsjóðum í B-hluta ætlað að taka 6,2 milljarða að láni hjá lífeyrissjóðum. Við þetta bætist að Byggðastofnun, Fiskveiðasjóður, Framkvæmdasjóður, Iðnlánasjóður, Landsvirkjun og fleiri opinberir og hálfopinberir aðilar í C-hluta hafa skv. lánsfjárlagafrv. heimild til að taka 3,8 milljarða að láni hér heima og erlendis. Þannig nemur opinber lánsfjárþörf 1988 samtals 14,2 milljörðum (4,2 + 6,2 + 3,8)" — reyndar hefur þetta breyst, eins og ég sagði, þannig að mér reiknast svo til að þessi tala sé nú komin í rúmlega 15 milljarða, en það breytir að sjálfsögðu ekki meginforsendum lánsfjárlaga — „eða um 6% af áætlaðri landsframleiðslu næsta árs. Takið eftir að ríkisbankarnir eru ekki taldir með í C-hluta þótt færa megi rök fyrir því að þeir eigi heima þar."

Mig langar til að skjóta hér inn í að Þorvaldur Gylfason hefur einmitt bent á að það væri skynsamlegt að stilla ríkisreikningum upp þannig að hinum ýmsu opinberu sjóðum, þ.e. hinum ýmsu sjóðum og hálfopinberu fyrirtækjum sé skipt niður í þrennt, þ.e. í A-hluta, B-hluta og svokallaðan C-hluta, en eins og fjárlögunum er stillt upp er aðeins skipt niður í A-hluta og B-hluta.

„Þessi 14,2 milljarða lánfjárþörf sýnir hversu langt útgjöldum opinberra aðila er í raun og veru ætlað að fara fram úr tekjum á næsta ári. Þar eð hún nær til næstum allra opinberra umsvifa og ekki aðeins til hluta þeirra gefur lánsfjárþörfin miklu betri vísbendingu um fyrirhugaðan halla á búskap hins opinbera en rekstrarhalli ríkissjóðs eins og

hann birtist í A-hluta fjárlaga."

Ég vil aftur skjóta því hér inn í að það eru mjög athyglisverðar ábendingar sem hér koma fram. Ég held að þetta sé einmitt alveg rétt. Kannski eru lánsfjárlögin sem slík miklu betri heimild um rekstur ríkissjóðs og um stöðu eða fyrirhugaðan ríkisbúskap ársins.

„Þessi greiðsluhalli þarf þó ekki endilega að vera fyrirboði mikillar verðbólgu." — Og ég skýt aftur hér inn: Betra að satt væri. — „Ástæðan er sú að mikill hluti þeirra útgjalda, sem þessum 14,2 milljörðum er ætlað að standa straum af, veldur ekki þenslu í þjóðarbúskapnum. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að afborganir og vaxtagreiðslur af erlendum lánum opinberra aðila eru taldar munu nema um 8 milljörðum kr. Þessar greiðslur renna í vasa útlendinga og valda því engri þenslu hér heima. Sama á við um þá 1,4 milljarða sem á að verja til að greiða vexti og afborganir af skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann umfram arðgreiðslu bankans í ríkissjóð. Þessi upphæð verður væntanlega „fryst" í Seðlabankanum og veltur því ekki út í efnahagslífið. Eftir standa þá 4,8 milljarðar." — Og svo ég skjóti því að þá er þessi tala nú komin í rúmlega 5 milljarða. — „Þessari fjárhæð mun ríkið veita út í efnahagslífið umfram skattheimtu ef frumvörpin tvö verða að lögum og lögunum verður fylgt. Þetta er „þensluhallinn" sem ég hef kallað svo. Honum er ætlað að lýsa þeim hluta lánsfjárþarfar eða greiðsluhalla ríkisins sem veldur þenslu í þjóðarbúskapnum. Að vísu er þensluhallinn alls ekki einhlítur mælikvarði á þensluáhrif fjárlaga því að fleira skiptir máli en hallinn einn, en um það og fleira verður fjallað í annarri grein.

Þessi 4,8 milljarða þensluhalli nemur um 2% af áætlaðri landsframleiðslu næsta ár. Hann virðist því ekki mjög mikill í sjálfu sér, en hann er samt hættulegur að mínum dómi vegna þess að hann getur kynt undir verðbólgu og viðskiptahalla þvert ofan í ásetning ríkisstjórnarinnar. Og hann getur orðið mjög háskalegur ef fjárlögin sýna á endanum mun meiri halla en frv. gerir ráð fyrir í fyrstu gerð, eins og næstum alltaf hefur gerst á undanförnum árum. Þar að auki er margföld reynsla fyrir því að ríkisútgjöld fara iðulega langt fram úr fjárlögum.

Í ljósi reynslunnar er þess vegna hætt við því að þensluhallinn verði miklu meiri en 4,8 milljarðar þegar upp verður staðið í árslok 1988. Þannig virðist fjármálastjórn ríkisins líkleg til að stuðla að áframhaldandi þenslu og verðbólgu á næsta ári ef ekki verður gripið fastar í taumana."

Þessi grein er merkileg fyrir þeirra hluta sakir að hér er um mjög virtan hagfræðing að ræða sem hefur góða yfirsýn yfir ríkisfjármálin og veit mjög vel hvað hann er að tala um. Ég held að þessi orð hans séu mjög í tíma töluð og þau varnaðarorð sem koma fram í niðurlagi greinar hans eru mjög raunhæf miðað við það ástand sem nú ríkir í þjóðarbúskapnum og miðað við það ástand sem búast má við að verði hér á árinu 1988. Það eru ýmsar blikur á lofti eins og öllum ætti að vera orðið kunnugt um. Þess vegna er ég sannfærður um að það er rétt sem þarna kemur fram að það eru allar líkur á því að þessi svokallaði þensluhalli verði miklu, miklu meiri en 4,8 milljarðar eða rúmlega 5 milljarðar, eins og hann er nú reyndar orðinn miðað við síðustu tölur, þegar upp verður staðið í árslok 1988.

Í dag kom einnig fram annað gagnmerkt plagg, þ.e. skýrsla sem Vinnuveitendasamband Íslands sendi frá sér. Það er dagsett í dag og ber heitið „Efnahagshorfur 1988". Ég ætla ekki að fara að þreyta hv. þm. í virðulegri deild á því að fara að lesa þetta plagg upp hér. Mig langar þó aðeins til að grípa niður í það á einum stað, en þar er fjallað um launabreytingar og verðbólgu á þessu ári. Nú er það nefnilega alveg ljóst að bæði fjárlagafrv., sem reyndar er orðið að lögum, og lánsfjárlögin miðast við það að verðbólga verði u.þ.b. 10%. En allir aðrir en ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir og þá helstu ráðgjafar og embættismenn hæstv. ráðherra virðast sammála um að hér verði miklu, miklu meiri verðbólga á þessu ári. Með leyfi virðulegs forseta, langar mig rétt til að grípa niður í þessa skýrslu sem kom út í dag frá Vinnuveitendasambandinu og lesa hér upp kafla sem fjallar um launabreytingar og verðbólgu á þessu ári:

„Sá vandi sem er við að glíma í stjórn efnahagsmála um þessar mundir er í hnotskurn sá að miðað við núverandi raungengi eru horfur á að viðskiptahalli verði um 9 milljarðar kr. sem er rúmlega 4% af landsframleiðslu. Í þessu felst einnig að helstu útflutningsgreinar verði áfram reknar með verulegum halla. Við blasir að raungengi þyrfti að lækka um allt að 10% til að stöðva hallarekstur útflutningsgreina, en töluvert meira ef jöfnuður ætti að nást í viðskiptum við útlönd á þessu ári. Á hinn bóginn er ljóst að þeim mun minni sem launa- og verðlagshækkanir verða, þeim mun hærra raungengi fá útflutningsgreinarnar staðist því að skilyrði til framleiðniaukningar eru mun betri í tiltölulega stöðugu verðlagi en í mikilli verðbólgu."

Nú hefur það oft komið fram hér áður í umræðum í hv. deild að talið sé að misgengi á kostnaðarhækkunum innan lands og gengisþróun íslensku krónunnar miðað við a.m.k. dollar nemi nærri 30% sem þarf að leiðrétta til þess að helstu útflutningsatvinnugreinar okkar geti búið við svipað ástand og var í lok ársins 1986.

Síðan er alveg eftir að gera sér grein fyrir því hvernig launafólk, verkalýðshreyfingin og önnur launþegasamtök munu taka á þeim gífurlegu hækkunum á neysluvörum sem hafa orðið núna þessa síðustu dagana. Fólk er núna fyrst að átta sig á hlutunum eftir að söluskattur á matvæli var settur á hér fyrir nokkrum dögum síðan.

Það er annars mjög athyglisvert, svo að ég taki smáútúrdúr og rifji það upp hvernig fólk leit almennt á horfur strax eftir áramótin. Það var mjög fróðlegt að lesa t.d. í nokkrum dagblaðanna viðtöl við almenning á götunni fyrst eftir áramótin og

reyndar rétt um áramótin þar sem fólk upp til hópa virtist vera nokkuð bjartsýnt. Það leit svo á að árið mundi verða gjöfult. Hér yrði líklega áframhaldandi góðæri eins og verið hafði. En bara viku síðar þegar búið var að samþykkja söluskattslögin og matarskatturinn var kominn á, þá tók það ekki nema nokkra daga fyrir almenning að átta sig svo á hlutunum að blákaldur veruleikinn er allur annar. Það er eins og fólk hafi skyndilega vaknað upp við vondan draum: að ástandið er ekki eins gott og það hélt strax um áramótin. Ástandið er miklu, miklu verra. Fólk er satt að segja agndofa yfir þeim verðhækkunum sem hafa dunið yfir og margir launþegar sjá fram á mjög erfitt ár þar sem einföldustu og brýnustu nauðsynjar eru orðnar það dýrar í verslunum að fólk hefur vart efni á því að lifa öllu lengur.

En svo ég haldi áfram lestri mínum á þessum kafla sem ég var að fjalla um úr skýrslu Vinnuveitendasambandsins, þá segir svo:

„Fyrir liggur að opinberir starfsmenn og bankamenn hafa samið um rúmlega 7% hækkun launa á þessu ári, en samningar þeirra kveða einnig á um að þeir muni njóta allra launahækkana annarra launþega umfram samninga þeirra. Því liggur beint við að kanna hver áhrif slík launaþróun gæti haft í för með sér. Einnig hafa heyrst hugmyndir um upphafshækkun launa um tugi prósenta og að samninganiðurstaðan verði bundin við breytingar framfærsluvísitölu."

Svo ég komi hér aftur með innskot, þá er ég á því að fulltrúar Vinnuveitendasambandsins vanmeti stórlega þörf launþega fyrir kauphækkun núna í upphafi þessa árs. Þeir taka væntanlega trúanlegar þær staðhæfingar hæstv. fjmrh. og embættismanna fjmrn. um að þegar upp verði staðið muni framfærsluvísitalan ekkert hækka þar sem á móti hækkunum á matvælum vegna álagningar söluskatts á matvæli komi verulegar lækkanir á ýmsum nauðsynjavörum gegnum tollalækkanir og þessa breytingu sem hefur orðið á tollskrá og vörugjaldi og eins vegna niðurgreiðslna á söluskatti á helstu innlendum matvælum, svo og auknar barnabætur og fleira. En það eru ekki allir sem eru eins trúaðir á að þetta gangi upp og reyndar bendir allt til þess að það geri það ekki. Þess vegna er alveg ljóst að launþegarnir og samtök þeirra munu knýja á um verulegar kauphækkanir núna á næstu vikum, enda er þegar farið spá því í fjölmiðlum. Flestir sem fjalla um þessi mál þessa dagana eru uggandi um það að annaðhvort verði um mjög harðvítugar vinnudeilur að ræða þar sem kunni að koma til langvarandi verkfalla eða það verði samið um verulegar kauphækkanir. Það er því alveg ljóst að allar þær forsendur sem bæði fjárlög og lánsfjárlög hafa byggt á munu bresta á næstu vikum. Enda er bent á þetta í þessu plaggi Vinnuveitendasambandsins og skal ég halda áfram að lesa upp úr því. Þar stendur svo:

„Þessir kostir gætu báðir orðið að raunverulegri samningsniðurstöðu þegar mið er tekið af reynslu undanfarins áratugar en áhrif á kaupmátt, verðlag og atvinnustig fer eftir því við hvaða forsendur gengisskráningin miðast. Mismunandi áhrif þessara tveggja leiða ..." — þ.e. að hafa annars vegar frekar hógværar launakröfur og samninga milli vinnuveitenda og launþega eða upphafshækkun launa um tugi prósenta og samningsniðurstaðan verði bundin við breytingu framfærsluvísitölu — „koma fram í töflunni hér á eftir og er þar annars vegar miðað við óbreytt raungengi í dæmunum 1 og 2. Í því felst að gengið fellur sem nemur mismun á breytingum innlends og erlends verðlags. Í síðari tilvikunum er miðað við raungengi eins og það var að meðaltali á liðnu ári, en í því felst um 10% gengisbreyting umfram verðlagshækkanir." Það er til þess að stilla dæmið þannig af að útflutningsatvinnuvegirnir búi við nokkurn veginn sama raungengi og var um mitt sl. ár eða meðaltalsgengi sl. ár.

„Augljóst er að deila má um þessar gengisforsendur. Þó er ljóst að útflutningsframleiðslan fær ekki staðist núverandi raungengi og gild rök benda til þess að raungengið þyrfti að lækka að sama skapi og áður segir. Í dæmunum er gert ráð fyrir að skýringarþættir verðlagshækkana séu breytingar launa, gengis og innflutningsverðs og að innflutningsverðlag hækki um 3,5–4% á föstu gengi, að launaskrið og framleiðniaukning taki hvort annað út sem verður því hæpnara sem verðbólgan er meiri."

Síðan eru sýndir fimm kostir um framvindu launa og gengismála á árinu 1988. Fyrstu tveir kostirnir, sem þeir vinnuveitendur kalla leið 1 og leið 2, byggja á því að raungengi á árinu 1988 verði óbreytt miðað við það sem það var um sl. áramót.

Þeir eru nú svo bjartsýnir að með fyrsta valkosti gera þeir ráð fyrir því að það verði engin launahækkun og þá reikna þeir með því að framfærsluvísitalan hækki um 5% á árinu. Þetta væri hugsanlega óskaleið Vinnuveitendasambandsins en það sjá allir að hún getur ekki gengið upp. Það er alveg útilokað.

Kostur 2 byggir á því að það verði ekki meiri launahækkanir en þessi 7% sem opinberir starfsmenn og bankamenn hafa þegar samið um fyrir árið 1988. Þá þarf að lækka gengið alls um 6% á árinu til þess að útflutningsatvinnugreinarnar búi við sama raungengi og var um sl. áramót. Það þýðir að framfærsluvísitalan mun hækka um 12% sem sýnir strax að verðbólgan verður litlu hærri en gert er ráð fyrir í forsendum bæði lánsfjáráætlunar og fjárlaga ríkisstjórnarinnar.

Þetta eru allir sammála um að sé líka óraunhæft. Það er alveg ljóst að kauphækkanir hljóta að verða miklum mun meiri en það sem þegar var búið að semja um löngu áður en gengið verður til samninga núna við bæði verkalýðshreyfinguna og önnur launþegasamtök. Þó svo að opinberir starfsmann séu með bundna samninga fyrir árið 1988, þá eru samningsákvæði hjá þeim þess efnis að þeir njóta allra þeirra launahækkana sem aðrir launþegar munu ná á árinu, þannig að það er alveg ljóst að þeir bíða í startholunum eftir því að njóta og ná sömu launa-

hækkunum og verkalýðshreyfingin mun semja um hér á næstu vikum.

Þess vegna eru kostir 3, 4 og 5 eins og vinnuveitendur stilla þeim upp öllu líklegri niðurstaða en þar er miðað við að eitthvað verði reynt að rétta við hag útflutningsatvinnugreinanna þannig að í stað þess að þær muni áfram á þessu ári búa við sama raungengi og var núna um áramót, þá verði miðað við að það raungengi sem þeim verður sett á árinu 1988 verði það sama og var að meðatali fyrir árið 1987. Það þýðir að ef um 7% launahækkun yrði að ræða, sem er alveg ljóst að er það lágmark launahækkana sem við getum horft fram á á árinu 1988, þá þarf að fella gengið alls um 30% og framfærsluvísitalan mundi þá hækka um 22%. Þannig er þetta raunverulega það minnsta sem við getum séð fram á á árinu 1988. Miðað við að launahækkanir verði mjög hógværar og hlutur útflutningsatvinnuveganna verði réttur það mikið við að útflutningsatvinnugreinarnar fái sama raungengi og meðaltalsraungengi var á árinu 1987, þá verður verðbólgan 22%. En ég held að flestir séu sammála um að þetta gengur heldur ekki eftir vegna þess að það er alveg ljóst að kaupkröfur verkalýðshreyfingarinnar munu verða mun hærri þó ekki væri annað en reyna að hamla á móti þeim gífurlegu álögum sem hafa verið settar á almenning með þessum miklu skattafrv. sem voru samþykkt hér skömmu eftir áramótin.

Þannig er miðað við að launahækkanir alls á árinu 1988 geti orðið 20%, þá þarf að lækka gengið um 44% til þess að útflutningsatvinnugreinarnar fái búið við meðaltalsraungengi ársins 1987 og framfærsluvísitalan kemur til með að hækka um 35%.

Að lokum er svo síðasti kosturinn sá að launahækkanir geti orðið allt að því 50%. Þá þarf að fella gengið um 83% og framfærsluvísitalan hækkar um 71%. Það er því alveg ljóst að að öllu óbreyttu virðist allt benda til þess að við siglum beina leið inn í mjög svipað ástand og hér var fyrir 5–6 árum, þ.e. óðaverðbólgu og öll stjórn efnahagsmála er komin úr böndunum.

Eins og kemur fram í þessum upplýsingum vinnuveitenda er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 9 milljarðar kr. Hann er talinn verða um 6 milljarðar kr. fyrir árið 1987 og verður 9 milljarðar kr. að því er vinnuveitendur telja fyrir árið 1988. Það er því um mikinn vanda að ræða og finnst manni hálfhjákátlegt að vera vitni að því að hér er verið að samþykkja lánsfjárlög í kjölfarið á fjárlögum sem byggja á 10% hækkun verðlags á árinu 1988 þegar það er alveg ljóst að verðlagsþróun muni verða með allt öðrum hætti. Þess vegna tel ég að allar forsendur fyrir lánsfjárlögum séu raunverulega brostnar og reyndar fjárlögunum einnig. Þannig stefnir í það að fljótlega þegar komið verður fram á vormánuði þurfi að gera stórfelldan uppskurð á öllum ríkisfjármálunum á nýjan leik.

Ég veit ekki hvort við þm. Borgarafl. hér í hv. Ed. sjáum ástæðu til að standa að því að þessi lánsfjárlög verði samþykkt með þessum hætti. Eins og oft hefur verið talað um áður er greinilegt að bæði fjárlög og lánsfjárlög eru byggð á fölskum forsendum. Þetta eru raunverulega ómerk plögg sem lítið mark er takandi á. Engu að síður er eins og ævinlega verið að reyna að leysa mörg brýn vandamál með lánsfjárlögunum og skal ég ekki gera lítið úr þeim. Ég amast síður en svo við því að það sé verið að leysa vandamál ýmissa atvinnufyrirtækja og ýmissa stofnana með þeim hætti sem þar kemur fram.

En það sem ég gagnrýni aðallega er það að forsendur lánsfjárlaga, og reyndar einnig fjárlaganna, eru mjög hæpnar og raunverulega orðið alveg ljóst að þær koma engan veginn til með að standast þannig að áður en varir þarf að gera mjög mikinn og verulegan uppskurð á öllum ríkisfjármálunum og þeirri efnahagsstjórn sem núv. ríkisstjórn stefnir að.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér var frestað fundi til kvölds svo að hæstv. fjmrh. mætti vera viðstaddur. En hann er ekki hér og enginn ráðherra reyndar í salnum og það er satt að segja, hæstv. forseti, verulega ámælisvert að ráðherrarnir skuli ekki gefa sér tíma til eða telja það meðal skyldu sinnar að sækja þingfundi þar sem þingmenn ræða þau mál sem ríkisstjórnin leggur fram. Ég mundi vilja minna þingheim og gjarnan hefði ég viljað minna ráðherra, ef þeir væru hér staddir, á að þm. eru kjörnir fulltrúar þess lýðræðisþjóðfélags sem við byggjum. Þeir fjalla m.a. um og gagnrýna þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og ráðherrunum er nauðsyn að hlusta á þessa gagnrýni.

Það mætti e.t.v. segja að ráðherrar Alþfl. hafi látið sjá sig meira hér en aðrir en jafnframt mætti líka segja að það er vafasamt hvað á setu þeirra hefur verið að græða því að þau eru oft mögur svörin sem berast frá hæstv. fjmrh. þegar hann situr hér og hlustar á umræður. Það er reyndar líka undarlegt, hæstv. forseti, að eftir því sem ráðherrum fjölgar, þeim mun minna sjáum við af þeim hér í þingsölunum. Þó mætti ætla að fleiri ráðherrar þýddu aukna verkaskiptingu og þess vegna viðráðanlegri verkefnaskerf á hvern og einn ráðherrann. En hefur hæstv. forseti nokkra skýringu á því hvers vegna hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar mæta svona illa? Finnst þeim þingið e.t.v. ekki þess virði að mæta hér? Hafa þeir e.t.v. sektarkennd og skammast sín? Þola þeir e.t.v. illa gagnrýnina? Eða hverjar skyldu vera ástæðurnar fyrir fjarvistum þeirra? Þetta er jú altjent hluti af starfi þeirra sem kjörinna þm. að sitja hér alveg eins og okkar.

Nei, herra forseti. Kannski eru þeir bara heima að undrast afleiðingar gerða sinna. Kannski sitja þeir og láta verðhækkanirnar koma sér á óvart og verða meira og meira hissa og alveg standandi hlessa yfir þeirri stefnu sem verðlagsmálin eru að taka eftir að þeir í einu snarhasti og blóðspreng umturnuðu tolla-, vörugjalds- og söluskattskerfinu, nærri fleygðu því í gegnum þingið formsins vegna og endasentu síðan þessum margföldu breytingum út í þjóðfélagið: Gjörið þið svo vel. Engir varnaglar. Enginn hæga-

gangur eða slór. Nei, takk fyrir. Engin tök til að sjá fyrir afleiðingar eða afstýra óæskilegum hliðarverkunum þessara ráðstafana. Herra forseti. Þetta eru afleit vinnubrögð og afleitt að ráðherrarnir skuli ekki telja ástæðu til að dvelja hér í þingsölum og taka þátt í umræðum — þó þeir létu ekki nema svo lítið að líta hér inn og aðeins að láta sjá sig.

Ég tel það hættulegt ef ráðherrar eru ekki í tengslum við þingið og þá umræðu sem hér fer fram og enn hættulegra tel ég ef þeir eru ekki í tengslum við þjóðina, en til þess benda ýmis verk þeirra og ráðstafanir undanfarið, eins og t.d. matarskatturinn alræmdi. Ég vona að það sé rangt sem mér var sagt í dag að hæstv. fjmrh. hefði ekki veitt almenningi viðtöl a.m.k. sl. mánuð. Það er hættumerki ef ráðherrann hefur ekki virk tengsl við þann almenning sem hann ætlar síðan að láta bera uppi skattheimtu sem síðan á að nota til að reka þá velferð sem hér á að vera í þjóðfélaginu. Það þýðir að hann hefur alls ekki tekið púlsinn á þjóðinni. Hann veit einfaldlega ekki hvað er á seyði.

Áður en ég held lengra áfram langar mig að biðja hæstv. forseta að segja mér eitthvað um það hvort hingað muni mæta ráðherrar, hvort von sé á því að við megum sjá þá hér á fundi eða hvort í umræðunum í kvöld muni einungis verða óbreyttir þm. (**Forseti:** Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að ég hef gert margítrekaðar tilraunir til að hafa upp á fjmrh. Það hefur ekki tekist. Ég vænti hans hér kl. 9, en það er af og frá að hann sé heima hjá sér. Sjálfsagt er hann að skyldustörfum annars staðar. Hitt er annað að ég mun halda þessum tilraunum áfram.)

Ég held næstum því, hæstv. forseti, að okkur væri nær að ræða þingræði, að okkur væri nær að ræða út á hvað þingræði gengur og hvert hlutverk þm. er og hvert hlutverk ráðherra er með þá stjórnarskrá sem við höfum í landinu í dag. Það nær náttúrlega engri átt ef ráðherrar sjá ekki ástæðu til að mæta hér þegar einmitt er verið að ræða þau mál sem þeir sjálfir leggja fram. Það er afar slæmt og það gerir þessa stofnun lítilsigldari heldur en ástæða er til. Og e.t.v. gerir það einnig kröfur til okkar um að við breytum þessu stjórnarfari ef ráðherrar, jafnvel þó þeir séu orðnir svona margir, sjá ekki tök á því að mæta í þingsalina, þá þarf e.t.v. að gera hér gjörbreytingu á stjórnarskránni til þess að við getum haldið eðlilegu vinnulagi. Hvaða gagn er að því fyrir okkur að gagnrýna verk ráðherranna ef þeir mæta ekkert og hlusta ekkert á okkur? Þá getum við alveg eins mætt til annarra skyldustarfa okkar. Því að öll höfum við fjölmörg skyldustörf alveg eins og ráðherrar.

Ég geri hlé á máli mínu um frv. til lánsfjárlaga og legg það fyrir þessa deild hvort við eigum ekki að bíða eftir því að ráðherrar, og þá sérstaklega þeir sem eiga mál sem eru til umræðu, þ.e. mál sem þeir hafa lagt fram á þinginu, sjái sér fært að mæta til að taka þátt í þessum umræðum eða hvort þm. hafa eitthvað við það að athuga almennt, einhverjir aðrir þm. en ég, hvort þetta er sérviska í mér. Ég vil gera hlé á máli mínu til þess að fá úr því skorið. Ég sé ekki tilganginn með því að gagnrýna þetta ef hæstv. ráðherra er ekki til staðar.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það er mjög slæmt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér. Að vísu hefur hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir haft tækifæri til að ræða þessi mál mjög ítarlega við hann í þessari hv. deild, en ég dreg ekkert úr því að það væri mjög æskilegt og nauðsynlegt að ráðherrann væri hér, en ef hv. þm. hefði hlýtt á það sem ég sagði hér í umræðunum fyrr í kvöld og gegnt þeirri þingskyldu sinni að hlýða á umræður hér vissi hún að ég sagði að ráðherrann hefði ekki reiknað með þessum fundi og hann væri bundinn við skyldustörf annars staðar á fundi. Ég hef gert allar þær ráðstafanir sem mér eru kleifar til þess að ná sambandi við hann. Það svarar ekki síminn á þeim stað þar sem mér var sagt að þessi fundur væri og það er verið að reyna að ná til hans. Hann er ekki heima hjá sér, eins og ég hygg að hér hafi verið gefið í skyn áðan ranglega. Auðvitað ljúkum við þessari umræðu ekki án þess að ráðherrann komi hér og svari þeim spurningum sem þm. kjósa að beina til hans. Hann gat ekki verið á fyrri fundinum í dag sem var um sexleytið vegna þess að þá var hann að taka þátt í beinni útsendingu ásamt fleirum í útvarpi og var síðan búinn að ráðstafa sér á annan fund sem ekki varð svo auðveldlega breytt. En ég endurtek það, sem ég sagði fyrr í kvöld, að ég geri og það er verið að gera hér allar þær ráðstafanir sem eru í okkar valdi til að ná til hæstv. ráðherra. Ég er m.a.s. ekki viss um að honum hafi verið kunnugt um að þessi kvöldfundur væri í kvöld. En auðvitað getur það farið svo að við þurfum að fresta þessum fundi og halda þá áfram umræðunni um þetta mál á morgun.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég held að það sé lítið annað að gera í málinu heldur en að fresta fundi þar til hæstv. fjmrh. getur verið viðstaddur og þá getum við haldið fund í fyrramálið eða hvernig svo sem samningar takast um það.

Ég kvaddi mér sérstaklega hljóðs til að mótmæla því að leiðtogi Alþfl. í þessari deild og einn fremsti forustumaður stjórnarliðsins í deildinni sá ástæðu til að gagnrýna þm. stjórnarandstöðunnar og sérstaklega hv. 6. þm. Reykv. fyrir að hún sinnti ekki sínum þingskyldum. Ég hygg satt að segja að hv. þm. hafi ekkert sérstakt umboð til að gagnrýna þm. í þessa veru.

Í öðru lagi tel ég að það sitji síst á honum og þm. stjórnarflokkanna að vera að ráðast á stjórnarandstöðuna að tilefnislausu eins og var gert áðan. Ég tel það ósmekklegt og ekki við hæfi.

Að öðru leyti vil ég segja, herra forseti, að ég tel langeðlilegast að þessum fundi verði frestað þangað

til hæstv. fjmrh. finnst. Það hefur verið beitt ýmsum brögðum í sögu þingsins til að finna þm. eins og kunnugt er. Ég get bent forseta utan fundar á þá aðferð sem árangursríkust er, en ég kann ekki við að nefna hana héðan úr ræðustól.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég vekja athygli hv. 3. þm. Vesturl. á því að ég sat og hlustaði á mál hans allt í dag og ég heyrði nákvæmlega hvað hann sagði þá um fjarvistir fjmrh., að hann væri bundinn í útvarpsviðtali og síðan í sjónvarpsþætti. Það var einmitt vegna þess að hann var bundinn í dag að það var settur fundur hér í kvöld. Ekki frekar en hæstv. fjmrh. vissi ég um að það yrði fundur hér í kvöld og það eru örugglega margir fleiri en hæstv. fjmrh. sem voru búnir að binda sig í kvöld. En við erum mörg hingað mætt en hann er ekki mættur. Og ég er ekki að ráðast á hv. 3. þm. Vesturl., fjarri fer því. Ég er heldur ekki að ráðast á ráðherrana sem slíka. Ég er að krefjast þess að þeir mæti til að ræða þau mál sem þeir sjálfir hafa lagt fyrir þingið að vinna að. Ég er í vinnunni minni núna að vinna að málum sem aðrir hafa beðið mig að vinna að, sem er frv. til lánsfjárlaga, sem þeir leggja fram að sínu eigin frumkvæði, og þeim ber skylda til að mæta. Við erum öll hér í vinnunni okkar til að ræða mál sem aðrir hafa átt frumkvæði að og þeim ber skylda til að mæta alveg eins og okkur. Og ég er ekki stimpill.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, að það er alveg óþolandi að ráðist sé á hv. 6. þm. Reykv. með þeim hætti sem hv. 3. þm. Vesturl. gerði. Við þm. í stjórnarandstöðu getum ekki þolað að formaður þingflokks eins stjórnarflokksins standi upp og ráðist með þessum hætti að stjórnarandstöðunni og telur að hún hafi valdið því óbeint að fjmrh. er ekki hér. Málið var að fundi þessum var frestað til kl. 9 vegna þess að stjórnarandstaðan bað um að fjmrh. væri hér og hann svaraði fsp.

Ég verð að segja að það mál sem hér er er eitt af þeim málum sem varða þessa þjóð miklu og þetta er mál sem getur skipt sköpum fyrir marga aðila. Þess vegna og með vísan til stjórnarskrárinnar er það einnig frumskylda ráðherra, sem ber fram stjfrv., að vera á staðnum. Það er ekkert, það er nákvæmlega sama hvað það er, eða á ekkert að vera sem á að hlífa honum við því. Þetta vil ég segja.

Að lokum var upplýst að hæstv. fjmrh. ætti að vera á Stöð 2 í kvöld og ræða þar mál ásamt einhverjum fleiri þm. Þá sýnist mér beinast liggja við að hringja nú á Stöð 2, ég held að þm. Alþfl. ættu að vita númerið þar miðað við þann mikla tíma sem þeir hafa verið á þeirri stöð, og fá að vita hvar þessi fundur er og reyna að hafa upp á með hjálp manna þar á hvaða fundi hann er.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem ég viðhafði hér áðan er það að segja aðeeg taldi að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir hefði ekki heyrt þær skýringar mínar hér í kvöld sem ég gaf á fjarveru fjmrh. En nú vildi ég beina þeirri spurningu til þeirra sem óskað hafa eftir nærveru fjmrh., að takist ekki að ná til hans núna alveg á næstunni gæti það þá orðið mönnum einhver hugarléttir eða svarað þeirra spurningum ef hæstv. viðskrh. kæmi til fundarins. Ég veit að hann er heima hjá sér og reiðubúinn að koma hingað með örstuttum fyrirvara ef óskað er eftir. Ég mun hins vegar halda áfram að reyna að ná sambandi við fjmrh. En það mál vel vera að það fari svo að við verðum að fresta þessum fundi.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hygg að skynsamlegast væri að hæstv. forseti beitt sér fyrir því að forustumenn flokkanna í þessari virðulegu deild hittist og beri saman bækur sínar í fundarhléi sem taki eins og fimm mínútur eða svo þannig að unnt yrði að greiða úr þeim málum sem hér liggja fyrir, bæði varðandi fundarhald í kvöld, fjarveru og viðveru ráðherra og þá hugsanlegt fundahald á morgun. Ég hugsa að það sé miklu einfaldara að fólk tali þannig saman en menn séu að skiptast á skoðunum úr ræðustól með þeim hætti sem vill verða er rætt er um þingsköp.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil að gefnu tilefni segja að ég tel óþolandi að ráðherrar séu ekki viðstaddir þessa umræðu og það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að finna ráðherrann eins og ég gat um áðan. Ég mun verða við þeim tilmælum sem hv. 7. þm. Reykv. bar fram áðan um að fresta fundi meðan haft verði samráð milli flokka um framgang mála. Fundi er því frestað til kl. 10. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið að samkomulagi að hefja fund um tíuleytið á morgun. Það verður settur fundur í Sþ. og líklega frestað, en jafnskjótt settur fundur í Ed. Því verður þessari umræðu frestað nú.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

41. fundur, fimmtudaginn 14. jan., kl. 10 árdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að ekki tókst að ljúka verkefni í hv. Ed. í gærkvöld eins og gert hafði verið ráð fyrir þykir nauðsynlegt að halda þar áfram störfum um sinn.

Það er áætlað að störfum Ed. geti verið lokið um kl. 11, en á meðan verður fundi Sþ. frestað. — [Fundarhlé.]

EFRI DEILD

53. fundur, fimmtudaginn 14. jan., kl. 10.10 árdegis.

Lánsfjárlög 1988, frh. einnar umr.

Stjfrv., 63. mál. — Þskj. 510, n. 513, brtt. 512, 514, 517.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli geta mætt á fund þessarar þingdeildar þegar verið er að ræða frv. til lánsfjárlaga. Deildarmenn voru sérstaklega boðaðir á fund í gærkvöldi einmitt til þess að geta rætt við hæstv. ráðherra og spurt hann ýmissa spurninga og ekki síst til að leyfa honum að heyra þá gagnrýni sem þeir hafa fram að færa og þær breytingar sem þeir vilja gera á frv. sem er til umræðu.

Ég verð að endurtaka fyrir hæstv. ráðherra að ég tel það mjög ámælisvert í raun að hæstv. ráðherrar hafa gefið sér svo lítinn tíma sem raun ber vitni til að sitja undir þeim umræðum sem hér fara fram því að þeir eru ekki einungis ráðherrar. Ég minni þá á það. Þeir eru einnig kjörnir þm. á löggjafarsamkundu og frv. til lánsfjárlaga er drög að lagagerð.

Mér finnst það beinlínis móðgun við aðra þm. og lítilsvirðing á þinginu ef ráðherrar telja sig ekki geta mætt og ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að ráðherrum hefur fjölgað í þessari ríkisstjórn. Verkefnaskerfur þeirra hlýtur að vera minni en áður þegar þeir hafa skipt þannig með sér verkum og því hlýtur að gefast betra tóm til þess að sinna þingstörfum því að hlutverk þeirra er margþætt eins allra annarra þm.

Ég ætla ekki að ítreka þennan reiðilestur sem ég hafði hér í gærkvöldi að öðru leyti þó að rík ástæða væri til þess. Ég legg samt áherslu á það að það er ekki einungis nauðsynlegt fyrir hæstv. ráðherra að vera í tengslum við það þing sem þeir eru kjörnir inn á og þá umræðu sem þar fer fram. Það er jafnframt mjög nauðsynlegt fyrir ráðherrana að vera í nánum tengslum við þjóðlífið, við almenning í landinu, ekki síst þegar þeir eru í þann veginn að leggja þungar álögur á þennan almenning. Og ég varpaði því fram hér í gær að verk þeirra virtust jafnvel benda til þess að þeir hefðu ekki verið í nánum tengslum við almenning og því var vikið að mér í gær að hæstv. fjmrh. hefði ekki haft almenn viðtöl a.m.k. allan sl. mánuð. Ég vildi ekki trúa því því að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt fyrir ráðherra í slíku embætti að hafa nán tengsl við fólkið í landinu. Ég varpa fram þeirri spurningu til hans hvort þetta hljóti ekki að vera rangt að hann hafi ekki haft viðtöl við almenning undanfarinn mánuð.

Það frv. til lánsfjárlaga sem við höfum þegar rætt í þessari deild og sent til Nd. tók þar nokkrum breytingum eins og sjá má í nál. sem þar var gefið út og reyndar brtt. sem samþykktar voru frá meiri hl. fjh.- og viðskn. í deildinni. Sumar þessar breytingar eru til bóta en áhrif þeirra eru m.a. þau að heildarlántökur innan lands og erlendis frá hækka um 1165 millj. kr. en allar þessar lántökur fara um ríkissjóð og er ráðstafað til hinna ýmsu verkefna. Þetta sýnir reyndar hve forsendur og stoðir þessa frv. eru í raun óvissar og hve óraunsær sá rammi er og var sem um það var upphaflega settur þar sem svo mikilla breytinga er þörf á jafnstuttum tíma. Afkoma í sjávarútvegi, gengismál, verðlagshorfur og líkleg verðbólguþróun eru meðal stórra óvissuþátta en jafnframt nokkurra grundvallaratriða sem ráða munu framvindu lánsfjárlaganna og reyndar allrar efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Og nú langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra spurningar þar sem áætlaðar eru auknar lántökur innan lands. Þetta mun valda vaxandi samkeppni um sparifé landsmanna og við vitum að þar eru ýmsir um hituna. Við vitum líka að það hefur verið mikil umræða um vaxtamálin og hæstv. ráðherra var margoft spurður meðan á umræðum um lánsfjárlög stóð í Nd. hvað hann hygðist fyrir í þessum efnum því að með því að láta vextina halda áfram eins og þeir eru nú er hann jafnframt að kippa stoðum undan því frv. sem hann leggur hér fram. Það hefur þegar komið fram gagnrýni á þetta frá hæstv. utanrrh. og mig langar að bera þá spurningu fram til hæstv. fjmrh.: Hvað hyggst hann fyrir í vaxtamálum? Það er mjög mikilvægt að vita í tengslum við frv.

Frv. hafði fengið nokkuð ítarlega umfjöllun hér í Ed. og var afgreitt frá minni hl. í fjh.- og viðskn. með rökstuddri dagskrá en fékk síðan enn talsvert ítarlega umfjöllun í Nd. þar sem minni hl. í fjh.- og viðskn. taldi sig ekki geta staðið að afgreiðslu málsins en freistaði þó að hafa áhrif á málið með brtt. sem samt voru felldar. Mig langar lítillega að minnast á þær brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn. gerir í þessari deild, en ég á áheyrnaraðild að nefndinni og styð þær brtt.

Það er þá í fyrsta lagi brtt. sem mælt var fyrir í gær um að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að taka lán allt að 30 millj. kr. til þess að standa undir kostnaði við breytingar á Áburðarverksmiðju ríkisins vegna ammoníaksgeymis. Þessi till. var nokkuð rædd hér og mun ég ekki fjölyrða um hana, en ég veit þó að þetta er talsvert brýnt verkefni og löngu þekkt að þarna geti verið hætta á ferðum þar sem ég sat á árunum 1984–1986 í almannavarnanefnd Reykjavíkurborgar og þar kom þetta iðulega upp og var rætt. En það var þó reyndar áður en skýrslan var gerð sem nýlega hefur borist í hendur hæstv. félmrh.

Það kom fram í umræðum hér í deildinni í gær að ríkisstjórnin væri að fjalla um málið og mundi jafn-

vel gera það núna í morgun og minni hl. var beðinn að draga þessar tillögur til baka þar til svör fengjust frá ríkisstjórninni. Það var reyndar ekki gert og hefur ekki verið gert enn, en ég vil krefja hæstv. ráðherra um svar, hvað eigi að gera í málefnum Áburðarverksmiðju ríkisins til þess að tryggja öryggi allra borgarbúa.

Í öðru lagi flytur minni hl. þrjár brtt. á þskj. 514. Það eru brtt. frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Júlíusi Sólnes. Í fyrsta lagi er það við 12. gr. lánsfjárlaganna þar sem farið er fram á það að skerðing á Framkvæmdasjóði fatlaðra verði felld niður og hann fái að halda sér. Ég vil einnig láta þess getið að við umræður um fjárlög flutti Kvennalistinn brtt. um að auka fé til framkvæmdastjórnar fatlaðra í Reykjavík. Allar þær brtt. voru felldar og er það mjög miður.

Í öðru lagi er um að ræða hækkun og þetta er endurflutt tillaga frá Nd., frá minni hl. í Nd. Þar er um að ræða hækkun á framlagi til Ferðamálaráðs og ég ætla ekki að lengja þessa umræðu hér þó að þess væri sannarlega þörf að vekja athygli á því hversu viðkvæm okkar ferðamál eru í raun erlendis, hversu viðkvæmur sá markaður er, en ég vil vísa hæstv. ráðherra og öðrum þingmönnum á grein sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins um síðustu helgi þar sem rætt er við svokallaða ferðaheildsala í Bretlandi og álit þeirra á markaði fyrir Íslandsferðir á árinu 1988. Ég ætla að vitna stuttlega, með leyfi forseta, í mál þeirra:

„Íslenska ríkisstjórnin verður að gera upp við sig hvort hún vill ferðaþjónustu á Íslandi. Í sumar áttum við fund með einum ráðherra ykkar“ — og þarna tala þessir ferðaheildsalar sem eru að markaðssetja Íslandsferðir í Bretlandi — „og reyndum að gera honum grein fyrir hvað staðan er alvarleg. Ráðherrann afgreiddi málið með því að segja: Auðvitað er ég hlynntur ferðaþjónustu, en við viljum ekki of marga ferðamenn. En málið er ekki svona einfalt. Við erum aðeins fyrsti hlekkur í stórri keðju. Ef okkur gengur illa eða ef við jafnvel hættum að „selja Ísland“, þá verða margar íslenskar ferðaskrifstofur sem byggjast á okkar starfi gjaldþrota. Og hvað verður þá um öll nýju hótelin á Íslandi og alla uppbyggingu á ferðaþjónustu hjá ykkur? Við fáum engan stuðning frá Ferðamálaráði Íslands. Við markaðssetjum Ísland ásamt Flugleiðum en erum líka þjónandi upplýsingaskrifstofur fyrir landið.“

Og það heldur reyndar áfram hjá þessum ferðaheildsölum mjög neikvæð afstaða til þróunarmála á Íslandi og fyrirgreiðslu Ferðamálaráðs sem hefur barist í bökkum í langan tíma og haft allt of naumt fé til umráða.

Í þriðja lagi er breyting við 22. gr. sem er lokatilraun til þess að koma í veg fyrir það að Ríkisútvarpinu verði settar enn frekari skorður hvað fjárhag snertir. Þar er farið fram á það að tekjur framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum skuli eigi nema hærri fjárhæð en 99 þús. kr. á árinu 1988. Við teljum mjög brýnt að Ríkisútvarpið fái að halda þeim tekjustofnum sem því eru lögbundnir og þá ekki síst vegna þess að Ríkisútvarpið hefur allt annað hlutverk og meira en aðrir fjölmiðlar hér á landi. Það stendur í mjög stífri samkeppni t.d. um tekjustofna eins og auglýsingar og framtíð þess getur verið í húfi. Ef stöðugt er að því þrengt og skornir eru niður tekjustofnar þess endar það auðvitað með því að það getur ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Og það er enginn annar fjölmiðill í landinu sem hefur þetta hlutverk.

Þá langar mig enn að spyrja hæstv. fjmrh. því ég hef ítrekað rætt þetta í umræðum um lánsfjárlög: Stendur honum í raun alveg á sama? Telur hann að það þurfi ekki að gegna þessu mikilvæga byggðastefnuhlutverki sem Ríkisútvarpið hefur? Telur hann að sú ábyrgð sem Ríkisútvarpið hefur gagnvart varðveislu íslenskrar tungu og menningar sé í raun og veru ekki þess virði að taka tillit til þess með viðunandi fjárveitingum? Þetta eru meðal þeirra spurninga sem ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra. Þær eru fleiri og ég gæti talað lengra mál, en ég mun ekki gera það vegna þess að tíminn er naumur og ég vil ekki lengja umræðuna.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég tók ekki betur eftir en að hv. 6. þm. Reykv. beindi nokkrum athugasemdum og fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. sem við höfum lengi þráð mjög í þessari deild, svo sem kunnugt er, og vildum eiga við hann orðastað um forsendur þessa frv., lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Ég vil bæta við nokkrum orðum og þá fyrst þeim að benda á að frv. til lánsfjárlaga byggist á því að verðbólgan frá upphafi til loka ársins 1988 verði 10%. Samkvæmt þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur þegar tekið í efnahagsmálum með beinum eða óbeinum hætti stefnir verðbólgan á þessu ári í miklu hærri tölu, tvisvar til þrisvar sinnum hærri tölu og að verðbólga á Íslandi verði 5–7 sinnum hærri en í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.

Við þekkjum hina miklu verðbólgu frá fyrri árum. Þá var verðbólga hér á landi margfalt meiri, þrisvar, fjórum sinnum meiri en gerðist í helstu viðskiptalöndum okkar en þar var þá einnig um verulega verðbólgu að ræða á þeim mælikvarða sem þar hefur verið notaður. Nú er bersýnilegt að margföldun verðbólgunnar, þegar hún kemur hér að ströndum Íslands, verður meiri á þessu ári samkvæmt ákvörðunum sem þegar liggja fyrir en áður hefur verið um að ræða. Þær ákvarðanir sem þegar liggja fyrir og ríkisstjórnin hefur tekið og hafa áhrif til aukinnar verðbólgu eru þessar:

Það er í fyrsta lagi hækkun á óbeinum sköttum, sérstaklega matarskatti. Matarskatturinn gerir 5750 millj. kr. á þessu ári en heildarskattlagning ríkisstjórnarinnar á þessu ári gerir 8700 millj. kr. Það er því líklegt að skattar verði hærra hlutfall af lands-

framleiðslu á þessu ári en áður hefur verið um alllangt skeið.

Önnur ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem stuðlar að vaxandi verðbólgu á þessu ári er sú staðreynd að við búum nú við hærra raunvaxtastig en áður hefur verið hér á landi. Í skriflegu svari við fsp. minni núna fyrir nokkrum vikum lýsti hæstv. viðskrh. því að raunvextir hér á landi hefðu farið hækkandi og lýsti því jafnframt yfir að hann teldi ekki ástæðu til þess að grípa inn í þróun raunvaxta. Hann teldi að markaðurinn yrði að fá að njóta sín. Nú hefur hæstv. utanrrh., með býsna myndarlegum hætti, formaður Framsfl., lýst hinu gagnstæða yfir, sem sé því að það sé óhjákvæmilegt að Seðlabankinn sendi frá sér tillögur um það hvernig eigi að taka vaxtastigið niður.

Ég spyr hæstv. fjmrh. í framhaldi af spurningu hv. 6. þm. Reykjavíkurkjördæmis: Hvaða tillögur liggja þegar fyrir um það að taka niður vextina? Því að eins og hér var einnig bent á í síðustu ræðu er það þannig að vaxtahækkun verður á þessu ári umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir þegar lánsfjárlagafrv. var lagt fram vegna þess að samkeppnin um spariféð verður bersýnilega meiri á þessu ári en þá var um talað. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hjá ráðherranum hvað stendur til að gera í þessum vaxtamálum. En ég vil einnig bæta við og spyrja: Hverjar telur hann að horfurnar séu að því er verðlagið varðar á árinu 1988? Heldur hann sig enn þá við þá spá sem birtist í grg. með frv. sem hér er til umræðu upp á 10% innan ársins eða er hann þar með aðrar tölur?

Það er alveg augljóst mál að ef við höldum okkur við þær tölur einar sem birtast í frv. til lánsfjárlaga eða grg. þess er halli á útflutningsatvinnuvegunum og sérstaklega frystingunni, fyrst og fremst vegna verðþenslu og hækkandi vaxta hér í landinu, í lok þessa árs kominn á bilið 15–17%, í lok ársins 1988. Það auðvitað gengur ekki. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra upplýsi þá í leiðinni hvernig er ætlunin hjá ríkisstjórninni að taka á þessum vanda útflutningsatvinnuveganna. Ástæðan til þess að ég nefni þetta núna er auðvitað sú að við erum að fara í þinghlé í tvær vikur. Þjóðhagsspá birtist í næstu viku. Við eigum ekki kost á því að ræða við ríkisstjórnina hér næstu daga á hv. Alþingi um þau viðbrögð sem hún vill hafa við vaxandi verðbólgu sem beinlínis á rætur að rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, ýmist beinna aðgerða hennar eða aðgerðaleysis.

Ég spyr þá einnig í framhaldi af þessu: Getur það verið að ríkisstjórnin viti ekki hvað hún er að gera í þessu máli frekar en öðrum? Samkvæmt upplýsingum stjórnarmálgagnsins Tímans í gær hefur það gerst að það eru fleiri orðnir hissa en Steingrímur Hermannsson. Hann hefur sem kunnugt er verið hissa núna um árabil, ævinlega, á öllu því sem hann gerir og er alltaf jafngapandi hlessa á niðurstöðunum af sínum eigin ákvörðunum. En nú hafa nokkrir bæst í hópinn, þ.e. hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. Getur það verið að ríkisstjórnin viti ekki hvað hún er að gera og á hvaða efnahagsforsendum þetta plagg sem hér er um að ræða er byggt? Ef það er svo er það auðvitað býsna alvarlegur hlutur. Ef það er aftur á móti þannig að hún reiknar með meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í upphafi þegar frv. var lagt fyrir þýðir það það að skerðingin á sjóðunum er mun meiri, á öllum sjóðunum, m.a. Framkvæmdasjóði fatlaðra, en upplýst er t.d. í plaggi minni hl. í Nd. þar sem birt er grg. um skerðingu hvers einasta fjárfestingarsjóðs. Þessar upplýsingar er óhjákvæmilegt að fáist fram hjá hæstv. fjmrh. úr því að hann lætur svo lítið að mæta hér.

Þá eru þrjú önnur atriði sem ég vil nefna úr þessu frv.

Það er fyrst atriði varðandi greinina um Herjólf hf. Hún breyttist í Nd. Ég inni hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann telur nokkra hættu á að þessi breyting sem þar var gerð á greininni um Herjólf geti orðið til þess að tefja það mikilvæga verkefni sem þar er í undirbúningi, að tryggja betur en nú er gert samgöngur milli lands og Eyja.

Í öðru lagi varðandi Áburðarverksmiðjuna. Þrír þm. Reykv., þm. úr stjórnarandstöðuflokkum, flytja hér í deildinni tillögu um lántökuheimild vegna ammoníaksgeymis Áburðarverksmiðjunnar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til þeirrar tillögu? Það var upplýst hér í gær að ríkisstjórnin mundi á fundi sínum í morgun taka það mál sérstaklega fyrir. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að fá upplýsingar um afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Því hefur verið beint til stjórnarandstöðuflokkanna að þeir dragi þessa tillögu til baka. Ég tel auðvitað enga ástæðu til þess að draga þessa tillögu til baka, nema það sé ljóst að það sé einhver efnislegur ávinningur í málinu í hendi. Það liggur ekki fyrir enn þá. Getur verið að það liggi fyrir eftir ríkisstjórnarfundinn í morgun? Þess vegna er óhjákvæmilegt að fá um það frekari upplýsingar.

Í þriðja lagi vil ég minnast á deilur stjórnarflokkanna í gærkvöld um Ríkisútvarpið sem voru ákaflega fróðlegar. Ég verð að segja það eins og er að ég er að mörgu leyti sammála hv. 3. þm. Vesturl. um það að ég tel málið vera þannig að í Sjálfstfl. séu hópar, frjálshyggjuhópar, sem hafa tiltölulega lítinn áhuga á því að halda utan um Ríkisútvarpið. Það er hins vegar rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði um málið að það er ekki hægt fyrir Alþfl., við þær aðstæður, að skjóta sér á bak við Sjálfstfl. og segja: Við erum heilagir, við erum hreinir, við erum saklausir, þetta er allt saman íhaldinu að kenna. Þannig liggur málið ekki. Auðvitað ber Alþfl., leggjandi fram lánsfjárlagafrv., takandi þátt í meirihlutastörfum í þinginu, fulla ábyrgð á þeirri stórkostlegu skerðingu á starfsaðstöðu Ríkisútvarpsins sem hefur átt sér stað. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur aftur og aftur borið því við að útvarpslögin séu í endurskoðun. Ég spyr af því tilefni: Hvar er sú endurskoðun? Hverjir eru að vinna að þeirri endurskoðun? Hvernig miðar henni? Hvenær á henni að ljúka? Hvern á ég að spyrja? Ég

spyr hv. 3. þm. Vesturl. að því. Ég tel eðlilegast að hann svari því vegna þess að hann hefur nefnt þessa endurskoðun á útvarpslögunum sem röksemd gegn því að styðja við bakið á Ríkisútvarpinu í umræðum í Ed., aftur og aftur. Ég tel eðlilegt að hann svari því. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. þekkir á þetta mál í einstökum atriðum. Ég treysti hv. 3. þm. Vesturl. betur í þeim efnum því að hann þekkir þetta mál betur en hæstv. fjmrh. og vil þess vegna fá þetta mál upplýst áður en þessi umræða heldur lengur áfram.

Það voru sem sé þessi atriði sem ég vildi nefna, herra forseti, verðbólgu-, gengis- og vaxtahorfur á þessu ári og síðan einstök atriði varðandi lánsfjárlagafrv., varðandi Herjólf í fyrsta lagi, Ríkisútvarp í öðru lagi og Áburðarverksmiðjuna í þriðja lagi.

Ég vil svo kannski aðeins bæta því við að lokum, herra forseti, að ég er alveg sammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að ég tel að eðlilegt væri við endurskoðun útvarpslaganna að stuðla að því að sjálfstæði Ríkisútvarpsins væri aukið eins og mögulegt er til þess að það geti betur gegnt sínum skyldum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Mér skilst að samkomulag hafi orðið um það að þessi umræða stæði til u.þ.b. kl. 11. **(Gripið fram í:** Það er nú misskilningur.) Er það misskilningur? Það var tilkynnt úr forsetastóli Sþ. áður en gert var þar hlé. Svo það eru mínar heimildir, forseti Sþ. **(Forseti:** Það samkomulag er ekki við mig.) **(EG:** Það var gert um það samkomulag í gær.) Ég endurtek: Ég vitna hér í forseta Sþ. sem tilkynnti það að slíkt samkomulag hefði tekist í gærkvöldi. (Gripið fram í.) Meira hef ég ekki um það að segja.

Ég vil svara nokkrum orðum ýmsum spurningum sem beint hefur verið til mín.

Fyrst þær sakir sem á mig hafa verið bornar fyrir vanrækslu í starfi af hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur. Margt hefur mér verið borið á brýn þessa undanförnu daga en þetta var nú það sem ég átti síst von á. Að því er varðar viðveru mína undir umræðum um þau fjölmörgu og stóru mál sem fjmrh. flytur býð ég hv. þm. að leita til skrifstofu Alþingis um að telja þær stundir í klukkustundum og dögum og sólarhringum. Ég held að það verði ekki undan því kvartað að ég hafi ekki verið við umræður þegar umræður hafa farið fram að því er mín mál varðar þó að það hafi stundum orðið að vera svo að ég varð að beina athygli minni milli beggja deilda á tímabili. Ég hafði gert skrifstofu Alþingis grein fyrir fjarveru minni í gærkvöld af því að ég náði ekki til forseta, þannig að fullgildar ástæður fyrir minni fjarvist voru kunnar skrifstofu Alþingis á þessum tíma. Ég álít því þessar sakargiftir smekklausar í meira lagi. **(SvG:** Þær voru ekki kunnar okkur hér, hæstv. ráðherra, þannig að ég tel að ásakanir þínar séu smekklausar í meira lagi.) **(GA:** Né heldur þingflokksformanni Alþfl.) Eins og ég segi, ég hafði gert skrifstofu Alþingis grein fyrir því af hvaða nauðsyn ég var fjarverandi í gærkvöldi. Ég náði ekki til forseta til þess að tilkynna honum það persónulega. Ég tel að ég hafi gert hreint fyrir mínum dyrum í því efni og ber ekki ábyrgð á því máli frekar. Að öðru leyti, af því að þetta var almenn ásökun um fjarvist mína við umræður, held ég að þær ásakanir séu ekki sanngjarnar. **(SvG:** Ég held að þú ættir að tala við Eið Guðnason áður ...) Herra forseti. Er ekki hægt að þagga niður í hv. 7. þm. Reykv.? **(SvG:** Forsetinn hefur ekki ... til þess.) **(Forseti:** Ég bið menn að stilla sig.) **(SvG:** Það væri ástæða til að biðja ráðherrann að stilla sig áður en hann eys svívirðingum yfir deildina.) Hvers konar tal er þetta, hv. þm.? **(Forseti:** Af gefnu tilefni vil ég geta þess að það er fullt málfrelsi hér og það er ætlast til að einn tali í einu, úr ræðustól, og ég bið menn að virða þau fundarsköp.) Hvers konar tal er þetta í hv. 7. þm. Reykv.? Er einhver að ausa svívirðingum yfir hv. Ed.?

Hér hafa verið fluttar nokkrar brtt. við lánsfjárlög og um þær vil ég fara nokkrum orðum. Það er fyrst að því er varðar Ríkisútvarpið, því næst um Herjólf og loks um málefni Áburðarverksmiðjunnar.

Að því er varðar Ríkisútvarpið kom það fram í máli hæstv. menntmrh., í umræðum um málið í Nd. að hann hefði í hyggju að beita sér fyrir sérstakri úttekt á fjárhag Ríkisútvarpsins. Að því er varðaði almennar ásakanir um það að ekki væri að finna skilning á þýðingu þess og gildi svaraði hann því með því að rifja upp að á liðnu ári var um að ræða heimilaðar gjaldskrárhækkanir til Ríkisútvarpsins 85% á árinu, í tveimur áföngum, sem var ekki einasta langt umfram allar verðlagsforsendur, heldur miklum mun meira en nokkur önnur ríkisstofnun hafði fengið á þessu tímabili. Ef menn eru þess vegna að spyrja um skilning á fjárhagslegri stöðu held ég að þessi verk segi nú annað.

Hitt er svo annað mál að fjárhagur Ríkisútvarpsins er erfiður af mörgum ástæðum. Sem dæmi skal það nefnt að Ríkisútvarpið hefur varið fjármunum til fjárfestinga langt umfram sínar heimildir. Ríkisútvarpið hefur t.d. gert kaupleigusamninga fyrir tugi milljóna kr. án heimilda, og Ríkisútvarpið er komið í launaskuld við ríkisféhirði upp á sennilega rúmlega 200 millj. kr. Þrátt fyrir ítrekað samkomulag sem gert hefur verið við forsvarsmenn stofnunarinnar um greiðslu á þessum launum á tilteknum dagsetningum, hefur því ekki verið sinnt. Þegar hæstv. menntmrh. víkur að því að gera þurfi sérstaka úttekt á fjárhag Ríkisútvarpsins er hann með í huga þær forsendur að miðað við þá 13% gjaldskrárhækkun í upphafi árs sem heimiluð hefur verið og miðað við í annan stað að Ríkisútvarpið nái 10% hækkun að raungildi á auglýsingatekjum sínum og í þriðja lagi gæti tiltekins hófs í fjárfestingaráætlunum sínum eigi að vera unnt að ná endum saman í rekstri Ríkisútvarpsins á yfirstandandi ári.

Að svo miklu leyti sem einhver vafi leikur á um þessar forsendur og með hliðsjón af skammtímavandamálum sem stafa m.a. af því að Ríkisútvarpið

hefur farið umfram áætlanir er það vafalaust rétt og skynsamlegt hjá hæstv. ráðherra að beita sér fyrir sérstakri úttekt á fjárhagsstöðu til lengri tíma litið. Brigslyrði um það að menn hafi eitthvert sérstakt horn í síðu Ríkisútvarpsins styðjast að mínu mati ekki við nein rök. Hér er um að ræða fjárhagsvanda sem m.a. stafar af því hvernig haldið hefur verið á málum.

Að því er varðar lögbundna tekjustofna get ég lýst þeirri almennu skoðun minni sem ég hef reyndar oft gert áður að ég tel það hið versta fyrirkomulag. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að lögbundna tekjustofna eigi almennt að afnema eins og önnur sjálfvirkniákvæði hvað varðar útgjöld fjárlaga.

Ég tek undir það sjónarmið að það væri æskilegt í þeirri könnun á stöðu Ríkisútvarpsins að líta til þess hvort ekki megi stuðla að auknu sjálfstæði stofnunarinnar í vaxandi samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Það er skynsamleg forsenda að mínu mati. Það sem gert hefur verið að því er varðar Ríkisútvarpið bendir hins vegar ekki til þess að það séu réttlætanleg ummæli að það sæti einhverri óvild af hálfu einstakra ráðherra eða samstarfsflokka í ríkisstjórn. Ég held að því sé ekki til að dreifa.

Að því er varðar þennan sérstaka tekjustofn, þ.e. hlutdeild í aðflutningsgjöldum á sjónvarpstækjum, er þess að geta að sá tekjustofn mun að sjálfsögðu minnka verulega á yfirstandandi ári vegna tollabreytinga þannig að þegar litið er til framtíðarinnar verður hann ekki umtalsverður tekjustofn fyrir Ríkisútvarpið.

Annað mál varðar heimild í lánsfjárlögum til að standa straum af fjárfestingarkostnaði við byggingu nýs ferjuskips fyrir Vestmanneyinga, Herjólfs. Í Nd. var gerð sú breyting á að þessi almenna heimild var staðfest að fengnu samþykki fjmrh., samgrh. og fjvn. Alþingis.

Spurt var: Felur þessi skilyrðing í sér þá hættu að það verði einhverjar tafir á því að leysa þetta verkefni af höndum?

Nú er því til að svara að þetta er brtt. sem fram kom eftir umfjöllun í nefnd um málið. Og af viðræðum mínum við bæði flm. og aðra nefndarmenn þá fer því fjarri að af þessu eigi að álykta að fyrir mönnum vaki að koma málinu fyrir kattarnef. Því fer víðs fjarri. Það er enginn ágreiningur um lántökuheimildina. Enginn. Það sem fyrir mönnum vakti var hins vegar að tryggja eðlileg, skynsamleg vinnubrögð í málinu. Hér er auðvitað um að ræða mjög viðamikið verkefni. Ég vek athygli á því að málið er mjög skammt á veg komið í undirbúningi. Fyrir liggur skýrsla sem kalla má eins konar forkönnun að hagkvæmnis- og rekstrarkönnun þannig að undirbúningur hönnunar er mjög skammt á veg kominn og eftir er að taka ákvarðanir um stærð skipsins, burðarmagn og fleiri tæknilega þætti. Áætlun bendir til þess nú, og hún er auðvitað mjög óvarleg af því að hönnunin er svo skammt á veg komin, að stofnkostnaður kunni að vera 660 millj. og kann mjög að hækka. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvaða ákvarðanir verða teknar um það hvers konar skip um er að ræða. Og í annan stað, atriði sem ég mundi nú gjarnan vilja staldra við, verður hönnun skipsins hagað á þann veg að unnt kunni að vera t.d. að annast smíði þess hér innan lands?

Ef hér er um að ræða fjárfestingu upp á 600–700 millj. kr. og gæti hækkað enn, þá er mér kunnugt um að í nefndinni fóru fram miklar umræður um rekstrargrundvöll ferju sem hefði slíkan fjármagnskostnað. Og ef miðað er við hallarekstur, sem verið hefur á ferjunni, hann endurskoðaður með hliðsjón af auknum fjármagnskostnaði og rekstrarkostnaði nýrrar ferju og tekið tillit til eðlilegrar afskriftar af slíku fjármagni, þá eru nefndar tölur um það að rekstrarkostnaðarframlag gæti verið á bilinu 150–180 millj. kr. á ári. Auðvitað eru þetta tölur sem menn eiga ekki að skrifa niður á blað og slá föstu að séu réttar. Þetta eru tölur sem lýsa ákveðnum ugg eða efasemdum um þann kostnað sem kæmi í kjölfarið.

Og hvað þýðir þetta þá allt saman? Þetta þýðir þetta: Það er fullur skilningur á því að Vestmanneyingar þarfnist nýrrar ferju og það er þeirra vegasamband við meginlandið. Í annan stað: Það er enginn ágreiningur um það að veita þetta fé til þessa verkefnis á lánsfjárlögum. En með tilliti til þess hve skammt á veg málið er komið hefur verið höfð uppi ósk um það að þess verði gætt að fulltrúar ríkisins sem inna eiga þessar greiðslur af höndum hafi einhverja hönd í bagga um það, þegar komið er að ákvörðunartöku, hvers konar skip þetta verði, hvaða skipstegund, hversu mikið skipsburðarmagn, hvaða stærð og mat á því hvaða rekstrarkostnaður fylgi í kjölfarið. Þetta er auðvitað afar eðlilegur hlutur. Ég nefni það sem dæmi að hér erum við að tala um svo háar fjárhæðir að því má jafna t.d. við tillögugerð um jarðgangagerð í ýmsum landshlutum norðan lands, á Vestfjörðum og Austurlandi, þar sem nefndar hafa verið tölur um einstök verkefni upp á 600–700 millj. kr. Auðvitað þarf að kanna mjög rækilega allar fjárhagslegar forsendur fyrir svo viðamiklum verkefnum. Ég átti satt að segja ekki von á því að þeir hv. þm., sem hafa gagnrýnt t.d. harðlega vafasama fjárráðstöfun í stórum fjárfestingarverkefnum sem hafa ekki verið nægilega undirbúin, andmæli því að höfð sé eðlileg gát á undirbúningi verkefnis af þessu tagi. M.ö.o.: Menn eru að segja að það sé ekki nóg að skrifa upp á lánsfjárheimild upp á 125 millj. í ár, menn verði að vita hvað kemur í kjölfarið. Það hefði ég talið að væri ákaflega eðlileg málsmeðferð og í samræmi við rétt vinnubrögð.

En að lokum, herra forseti. Ég legg á það áherslu að það er algjörlega ástæðulaust að tortryggja þessa fyrirvara með þeim hætti að segja að þetta lýsi einhverri andstöðu við málið. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég tel ákaflega eðlilegt að samgrh., sem er sá maður sem fer með samgöngumál, það ráðuneyti, hafi eitthvað um það að segja með hvaða hætti þetta mál verði leyst tæknilega. Í raun og veru

lýtur þetta að því að tæknilegur undirbúningur málsins verði eins vandaður og kostur er.

Þá er rétt að víkja að tillögu sem hér hefur verið flutt og varðar heimild til þess að taka lán allt að 30 millj. kr. til þess að standa straum af kostnaði vegna breytinga á Áburðarverksmiðju ríkisins. Í því tilefni var vísað til umræðna í ríkisstjórn og spurt hvort ákvörðun hafi verið tekin þar. Ég vil þess vegna, með leyfi forseta, kynna hv. Ed.-mönnum þá samþykkt sem gerð var í ríkisstjórn í morgun, en hún er svohljóðandi:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fela félmrh. að leggja fyrir stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins að hefja nú þegar markvissar aðgerðir í því skyni að auka og treysta öryggi vegna ammoníaksframleiðslu og geymslu verksmiðjunnar í samræmi við skýrslu starfshóps. Fyrstu aðgerðir felist í því að stjórnin taki afstöðu til hvor þeirra leiða skuli valin sem um getur í tillögu félmrh. dags. 12. þ.m.

1.a. Að tekin verði upp kæling á ammoníaki í núverandi geymi verksmiðjunnar og efnið geymt án yfirþrýstings. Byggt verði sérstakt öryggishús umhverfis geyminn sem skýlir honum og tekur við innihaldinu ef leki verður og komið verði fyrir búnaði til að brenna ammoníaki ef langvarandi bilun verður á kælikerfi og ef ammoníak lekur út í öryggishús.

Jafnframt verði gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

1. Undirstöður geymisins verði styrktar til að auka jarðskjálftaöryggi hans.

2. Skipt verði um mannop og það gert úr stáli sem hefur nægilegt kæliþol.

3. Gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að undirstöður glati ekki styrkleika vegna kælingar og að samdráttur kúlunnar vegna kælingar dragi ekki úr jarðskjálftaöryggi.

4. Haft verði reglubundið eftirlit með öllum búnaði sem notaður er til að landa, flytja og geyma ammoníak. Gerð verði sérstök áætlun um slíkt eftirlit.

5. Gerð verði neyðaráætlun vegna Áburðarverksmiðjunnar í tengslum við almannavarnaáætlun Reykjavíkur.

1.b. Að byggja nýjan, kældan geymi og framfylgja að öðru leyti þeim öryggisráðstöfunum sem nauðsynlegar eru og starfshópurinn leggur til."

Í þessu sambandi er rétt að fram komi að upplýst hefur verið að ekki sé kunnugt um að aðgerðir skv. staflið a hafi verið framkvæmdar. Það muni ekki koma að fullu í ljós fyrr en við hönnun, hvort tilskilinn árangur muni nást.

„Ákvörðun stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins skal liggja fyrir eigi síðar en 1. febr. n.k. Á meðan á undirbúningi og framkvæmdum stendur, hvort heldur er skv. kosti 1a eða -b, skal verksmiðjunni gert að draga svo sem frekast er unnt úr framleiðslu og geymslu ammoníaks og hlutast til um að í geymi séu lágmarksbirgðir á hverjum tíma."

Loks segir hér:

„Ríkisstjórnin ákveður að láta fara fram úttekt á starfrækslu Áburðarverksmiðju ríkisins til lengri framtíðar og í því sambandi verði kannaðir möguleikar á nýrri staðsetningu verksmiðjunnar. Við úttektina verði tekið sérstakt tillit til öryggis- og umhverfissjónarmiða."

Þetta er ályktun ríkisstjórnarinnar, herra forseti. Af henni leiðir að ekki er að vænta ákvörðunar fyrr en í fyrsta lagi 1. febr. um það hvor leiðin verður valin, en það er mikill munur á því hvaða fjárhagskostnaður fylgir hvorri leið. Í því efni er rétt að nefna að áætlun á frumstigi um kost 1a er um 26 millj. kr. Áætlaður kostnaður við kost 1b er a.m.k. 80 millj. kr. En ef flytja ætti verksmiðjuna og endurbyggja, þá er áætlaður endurbyggingarkostnaður 1½ milljarður. Þess skal getið að áætluð skuldastaða verksmiðjunnar er í lok árs núna um 460 millj. kr.

Um þessa tillögu hef ég því það að segja að með vísan til þessarar samþykktar ríkisstjórnarinnar er ljóst að hér er um alvarlegt öryggismál að ræða. Það verður vafalaust umtalsverður kostnaður sem fylgir því að tryggja viðunandi og trygga lausn. Endanleg ákvörðun um það hvort sá kostnaður verður á bilinu 25–30 millj. kr. eða 80–100 millj. kr. liggur ekki fyrir. Þess vegna tel ég að þessi tillaga sé út af fyrir sig ekki tímabær.

Vafalaust má slá því föstu að það er enginn ágreiningur á hv. Alþingi um það að nauðsyn beri til að tryggja slíka lausn þegar tillögur liggja fyrir og samstaða er um tæknilega, og þess vegna auðvelt að afla sérstakra heimilda ef þörf krefur um leið og þær tillögur liggja fyrir.

Ég vil þess vegna með vísan til þessa rökstuðnings beina því vinsamlega til hv. flm. að þeir skoði það hvort þeir væru ekki reiðubúnir til að draga tillögu sína til baka á þessu stigi máls eins og mér skilst að tilmæli hafi borist um fyrr.

Að því er varðar brtt. um afnám skerðingar á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra læt ég mér nægja að vísa til þess að við fjárlagaafgreiðslu voru fjárveitingar til Framkvæmdasjóðsins stórauknar. Ef ég man rétt úr rúmlega 130 millj. í 180 millj. kr. Ef litið er á fjárhag Framkvæmdasjóðs fatlaðra, bæði vegna framlaga á fjárlögum og vegna tekna af lottói, þá er ljóst að fjárhagur hans hefur aldrei verið neitt viðlíka jafngóður og traustur og nú. Yfirleitt má segja að það hafi verið mjög áberandi hversu vel hafi verið gert í fjárframlögum við afgreiðslu fjárlaga nú til þessa málaflokks og er það almennt viðurkennt af þeim sem þeim málum stýra. Ég tel þessa tillögu þess vegna ekki nauðsynlega eins og málum er háttað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess hér að efna til eldhúsdagsumræðna um almenn efnahagsmál, um mat manna á þróun gengis eða kjarasamninga sem munu skera úr um hver verða raunveruleg svör við þeim spurningum sem hv. 7. þm. Reykv. bar hér fram. Það er einfaldlega ekki tímabært á þessu stigi málsins. Læt ég mér þess vegna nægja þau svör sem hér hafa verið fram borin við þessum spurningum.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég stóð ekki að neinu samkomulagi um það í gærkvöld að umræðum yrði einungis haldið áfram hér til kl. 11 nú fyrir hádegi og hefði satt að segja þótt óþarfi að hætta umræðunum í gærkvöld ef ekki lá meiri alvara en svo á bak við beiðnina um frestun fundarins að hægt yrði að afgreiða málið svo flaustурslega hér á fundinum nú í dag, enda hafa þær umræður sem fram hafa farið nú á fundinum ekki verið með þeim hætti að þær gefi tilefni til réttlætingar eða röskunar á fundahaldi deildarinnar eins og orðið hefur.

Ég held satt að segja að kominn sé tími til að einstakir þm., hvort sem þeir eru hæstvirtir eða háttvirtir, ráðherrar eða almennir þingmenn, fari að gera sér grein fyrir því hvernig menn vilji haga samskiptum einstakra þm. og einstakra flokka hér í hinu háa Alþingi og þeir beri virðingu fyrir tíma hvers annars. Ég held þess vegna að það sé mjög áríðandi, bæði fyrir virðingu þeirra þm. sem tóku þátt í því að fresta umræðunum í gærkvöld og eins fyrir virðingu þingsins almennt, að umræðurnar haldi hér áfram í dag og þeir þm. sem báðu um þessa frestun fái fullt og óskorað málfrelsi til að koma athugasemdum sínum við á þeim rökum og á þeim forsendum sem þeir báðu um þingfundarfrestunina í gær.

Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að það skuli ekki vera hægt að áætla tíma sinn fram á næsta dag vegna uppáfallandi tafa. Það reyndi ekki á það, og var ekki talið rétt að það reyndi á það í gærkvöld, hvort fullnægjandi skýringar væri hægt að gefa á þeim atriðum sem talin væru þurfa skýringa við. Það má vera að það geti verið réttlætanleg ósk um fundarfrestun ef einum hv. þm. þykir sem ráðherra hafi ekki farist sem skyldi varðandi það að vera viðstaddur umfjöllun síns eigin máls. Ég skal ekki draga úr því að það sé æskilegt. Hæstv. ráðherra hefur gefið skýringu á því. En eftir sem áður eru aðrir þm. í deildinni sem líka hafa skyldustörfum að gegna eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði réttilega hér í gær. Menn hafa ýmsum skyldustörfum að gegna, bæði almennir þm. og ráðherrar, og það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt úr því að við tókum þennan dag nú til þess að ræða almennt um þessi mál að við gefum okkur tíma til þess og að afgreiðsla málsins hér í Ed. verði ekki í neinu flaustri.

Ég hefði þess vegna, herra forseti, viljað beina því til hans að hann beiti sér fyrir því að umfjöllun deildarinnar um lánsfjárlagafrv. geti orðið eins og þm. vilja. Þeir geti fengið að neyta málfrelsis síns og að ekki verði gerðar neinar tilraunir til þess að hefta það.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Að gefnu þessu tilefni vil ég taka það fram að umræður hér í hinni virðulegu Ed. fara aldrei fram á flaustурslegan hátt.

Ummæli forseta Sþ. áðan um að umræður hér tækju klukkutíma eru sennilega til komnar vegna þess að hann spurði mig hvað ég áætlaði að umræðurnar tækju langan tíma. Ég áætlaði það í ljósi þess sem ég taldi vera eftir samráðsfund í gær. Sú áætlun hefur ekki staðist og hér verða umræður eins lengi og þörf verður á. Ég vil geta þess að Sþ. hefur verið kallað til fundar kl. eitt. Ef þá verður ekki lokið umræðum verður þeim væntanlega frestað.

En ég vil geta þess að hér munu menn fá þann tíma sem þeir telja nauðsynlegt og verður því haldið áfram í ljósi þess.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Í umræðunum í gær flutti ég langa ræðu þar sem ég fjallaði nokkuð um forsendur fyrir bæði fjárlögum og lánsfjárlögum og lýsti áhyggjum mínum yfir því að þessar forsendur væru að verulegu leyti brostnar, þ.e. að verðbólga, eins og gert er ráð fyrir í forsendum fyrir þessum tveimur frv., verði ekki nema 10% til ársloka 1988. Ég gerði nokkra grein fyrir nýútkominni skýrslu sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur sent frá sér þar sem varað er við og reyndar ekki talið ólíklegt að verðbólgustig geti farið jafnvel upp í 35–70% á árinu 1988.

Í ljósi þessa hafði ég vænst þess að hæstv. fjmrh. mundi fjalla nokkuð um þessi mál, þ.e. verðlagsforsendur lánsfjárlaga, en hann kaus að segja það hér áðan í ræðu sinni að það yrði tíminn að leiða í ljós þegar kjarasamningar væru gerðir. Þegar upp væri staðið í árslok þá kæmi þetta allt saman í ljós. Ég er ekki alveg ánægður með þessi svör. Ég mundi vilja fá viðbrögð hæstv. ráðherra við því hvað verður gert ef svo fer sem horfir að verðbólga verður hér miklu miklu hærri, þ.e. verðbólgan nálgist það sem hún var þegar hún var hvað mest hér á árum áður, fari jafnvel hér upp í 50–70%.

Samkvæmt fjárlögunum sem voru samþykkt milli jóla og nýárs hafði tekjuhlið þeirra hækkað um 3 milljarða kr. í meðförum hæstv. ríkisstjórnar. Síðan gera lánsfjárlögin ráð fyrir 5 milljörðum kr. umfram tekjur og umfram skuldbreytingar vegna erlendra lána. Þar með má ætla að þarna séu u.þ.b. 8 milljarðar kr. sem geti valdið þenslu í þjóðfélaginu á yfirstandandi ári.

Síðan má ekki gleyma því að verði um verulega verðbólgu að ræða þá gerir hið nýja staðgreiðslukerfi skatta það að verkum að tekjur ríkissjóðs munu aukast jafnharðan og það mjög verulega, þannig að allt bendir til þess að tekjur ríkissjóðs verði miklum mun hærri heldur en tekjuáætlunin í fjárlögum gerir ráð fyrir enda hafa undanfarin ár sannað að svo reynist yfirleitt. Ef ég man rétt þá er aðeins um undantekningu frá þessu að ræða árið 1986 er rauntekjur ríkissjóðs við árslok urðu minni eða nánast þær sömu og hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Öll árin þar á undan, og svo er um árið 1987 einnig, verða rauntekjur ríkissjóðs miklu meiri en tekjuáætlun fjárlaga hafði gert ráð fyrir.

Það hefur gjarnan verið þannig, eins og var í gamla skattkerfinu, þá kom það í ljós við álagningu um mitt ár hverjar yrðu rauntekjur ríkissjóðs. Þegar

þær urðu miklum mun hærri heldur en tekjuáætlun hafði gert ráð fyrir þá flýttu menn sér að finna nýja útgjaldaliði. Ný verkefni voru sett í gang en minna hirt um að reyna að greiða niður skuldir og minnka halla ríkissjóðs sem var orðinn allnokkur og er búinn að vera mikill til margra ára.

Nú stefnir í það á þessu ári að tekjur ríkissjóðs verði verulega hærri en tekjuáætlunin segir til um. Ég hefði fyrir mitt leyti gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra svara því hvernig hann hyggst taka á því máli ef svo reynist að verðbólgan verði hér miklu meiri og tekjur ríkissjóðs þar af leiðandi mun meiri en tekjuáætlunin gerir ráð fyrir. Á þá að hleypa þeim strax út í þjóðfélagið með nýjum verkefnum eða er fyrirhugað að reyna að minnka ríkissjóðshallann með því að auka niðurgreiðslu á erlendum skuldum? Það væri gaman að fá svör hæstv. ráðherra við þessu. Enn fremur tel ég alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra komi hér með sínar hugmyndir um það hvað verðbólga muni verða mikil á yfirstandandi ári. Það er alveg fráleitt að ætla að standa á því enn þann dag í dag að verðbólgan verði ekki meiri en 10% eins og gert var ráð fyrir í upphaflegum forsendum fyrir þessum tveimur miklu frv. ríkisstjórnarinnar. Það hefur orðið algjör breyting á öllum forsendum þá mánuði sem þessi frv. hafa verið til meðhöndlunar hér á hinu háa Alþingi og er alveg nauðsynlegt að við fáum einhver svör um það hvernig eigi að bregðast við ef verðbólgan færi hér hugsanlega upp í 50–70% eins og sumir virðast ætla.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég er einn þeirra manna sem eiga sæti í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins og þar af leiðandi ætla ég að geyma mér að skýra afstöðu mína til þessarar hættuskýrslu, sem nú liggur fyrir um Áburðarverksmiðju ríkisins, þar til stjórn verksmiðjunnar hefur fjallað um hana.

En það eru tvö atriði, sem ég vildi koma hér sérstaklega að, sem hafa blandast inn í umræður um Áburðarverksmiðju ríkisins. — Og ég vildi gjarnan biðja hæstv. fjmrh. líka að taka eftir því, en ég hef reyndar á öðrum vettvangi orðið þess var að hæstv. fjmrh. hefur ekki sérstaklega mikinn áhuga fyrir starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins. — Það hefur m.a. komið fram í blöðum að Áburðarverksmiðjan héldi uppi verðlagi hér í landinu og þá er það að sjálfsögðu skýrt með því að framleiðsla hennar sé dýrari en hægt væri að fá hana með öðrum hætti. Mér þykir vert að það komi hér fram að svo er ekki. — Á ég ekki að gera hlé á meðan Kvennalistinn heldur fund hér? — Það hefur verið gerð athugun á því hvert verðlag á áburði frá Áburðarverksmiðjunni er miðað við verðlag á Norðurlöndum. Þetta var gert á sl. vori og þá kom það skýrlega fram að áburðarverð hér stenst fyllilega samanburð, er jafnvel heldur lægra, heldur hagstæðara en á Norðurlöndum. Og þrátt fyrir það að þar sé stórveldið Norsk Hydro, sem er búið að leggja stóran hluta af áburðarframleiðslunni í Evrópu undir sig, þá er það þó staðreynd að norskir bændur verða að greiða eins hátt eða jafnvel hærra verð fyrir sinn áburð en íslenskir bændur.

Hins vegar þarf ekki að dylja það að Áburðarverksmiðjan átti orðið við mikla rekstrarerfiðleika að etja. Út af fyrir sig þarf það ekki að vera mikill vandi að reka ríkisstofnanir af þessu tagi ef menn setja verðið jafnóðum út í verðlagið eins og gjarnan vill verða. Hins vegar voru teknar um það ákvarðanir af Áburðarverksmiðju ríkisins að leitast við að halda verðlagi áburðarins innan almennra verðlagsmarka í þjóðfélaginu. Þetta hefur verið gert um nokkurra ára skeið og hefur verksmiðjan notið til þess nokkurs stuðnings af opinberu fé. En Áburðarverksmiðjan setti sér ýmsar aðrar forsendur, m.a. þær að bæta fjárhag verksmiðjunnar. Og það hefur einmitt gerst á síðustu árum að fjárhagur Áburðarverksmiðjunnar hefur stórlega batnað.

Það var af þessari ástæðu sem mér fannst ástæða til að vekja sérstaka athygli á ummælum hæstv. fjmrh. hér áðan. Þau komu hér reyndar eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Hins vegar á ég von á því að það verði kannski engin setning sem verður eins borin út af fjölmiðlum, Ríkisútvarpi, Ríkissjónvarpi og blöðunum, og sú fullyrðing ráðherrans að verksmiðjan skuldaði 460 millj. um þessi áramót. Þetta er sett fram án nokkurra skýringa og fyrir þá sem fara lipurlega með staðreyndir þykir mér sérstök ástæða til að skýra þessa tölu aðeins því að út af fyrir sig væri þetta mikil skuld ef engin verðmæti stæðu á bak við önnur en fasteignir. En þannig er mál með vexti að Áburðarverksmiðja ríkisins er um þessar mundir nokkurn veginn á miðju sínu framleiðslutímabili, það er nokkurn veginn jafnlangur tími liðinn frá því að hún hætti að selja áburð og þar til hún byrjar að selja áburð á næsta vori. Og langsamlega stærsti hlutinn af þessu fjármagni, eða 350 millj., er bundinn í birgðum verksmiðjunnar. Skuldir Áburðarverksmiðjunnar umfram birgðir eru samkvæmt þessu u.þ.b. 110 millj. kr.

Þetta hefði hæstv. fjmrh. náttúrlega átt að láta fylgja með fyrst hann sá ástæðu til að ræða um skuldir verksmiðjunnar, ef hann vildi að hér væri farið með sannar og réttar niðurstöður.

Það er svo annað mál og úr því hefur Áburðarverksmiðja ríkisins verið að leitast við að bæta, að eigið fjármagn hennar er of lítið. Það er auðvitað of lítið. Það væri afar þýðingarmikið að eigið fé verksmiðjunnar yrði með þeim hætti að það þyrfti ekki að fjármagna birgðirnar að jafnstórum hluta og raun ber vitni með erlendum lánum. En það haggar ekki því að þessi skuldastaða er ekki með neinum hætti óeðlileg og þegar á það er litið hvað stór hluti af þessum skuldum er valdaður með framleiðslu verksmiðjunnar, þá er fullkomlega óeðlilegt af hæstv. fjmrh. að vera með sama hætti og kom fram í ræðu hans hér áðan að láta að því liggja að af því mætti draga þær ályktanir að Áburðarverksmiðjan væri hálfgert vandræðafyrirtæki með tilliti til reksturs og efnahags.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég sé, herra forseti, að hæstv. ráðherra er hér í hliðarsal — já, og nú gengur hv. 2. þm. Norðurl. e. í salinn.

Að gefnu tilefni af orðum hæstv. ráðherra vil ég taka það fram að ég átti við alla ráðherra þessarar ríkisstjórnar en ekki sérstaklega við hann. Það er rétt hjá honum að hann hefur verið þaulsætnari en aðrir og jafnvel alþýðuflokksráðherrarnir, en þó hefur það verið með hæstv. fjmrh., eins og kom glögglega fram í þessum umræðum hér í morgun, að jafnvel þó hann sitji og hlusti þá svarar hann litlu og það er lítið á svörum hans að græða. Hann svaraði engu orði spurningum tveggja þm. deildarinnar um þróun í vaxtamálum. Þetta er auðvitað spurning sem brennur ekki bara á þm., hún brennur á fyrirtækjum, svo við tökum sem dæmi í sjávarútvegi, hún brennur einnig á einstaklingum sem skulda. Hver verður þróun vaxtamála? Þetta er mjög mikilvæg spurning. Og hvaða ákvarðanir ætlar ríkisstjórnin, og þá hæstv. fjmrh., að taka í þeim efnum þegar hann ætlast til þess að innlend lánsfjáröflun verði með þeim hætti sem kveðið er á um í því frv. sem nú liggur fyrir deildinni? Ég vildi endurkrefja hann um svör við þessari spurningu.

Síðan í sambandi við það sem varð hér í gærkvöldi þá sagðist hæstv. ráðherra hafa látið skrifstofu vita. Ég vil samt vekja athygli hans og ég vil vekja athygli hv. 2. þm. Norðurl. e. á því að fundi í þessari deild var frestað til kl. 9 vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. hafði farið fram á það að ráðherra yrði viðstaddur fund. Þingflokksformaður Alþfl., hv. 3. þm. Vesturl., tilkynnti að ráðherra væri upptekinn og gæti ekki komið fyrr en kl. 9. Þegar hv. þm. með öll sín margvíslegu skyldustörf á herðunum mættu hér til vinnu til að ræða það frv. sem lá fyrir deildinni, þá var ráðherra ekki mættur. Ég er ekki að ásaka neinn en þannig var það. Ég býst við að ráðherra hafi haft löggildar ástæður til þess. Þær bárust þó ekki forseta, ekki þingflokksformanni Alþfl. og heldur ekki þm. þessarar deildar. Og það er miður að það skuli hafa verið svo lélegt samband við skrifstofu þingsins. Hér hlýtur að vera einhver mikill misskilningur á ferðinni og er við engan að sakast. Þess vegna var farið fram á það að hlé yrði gert á fundi í gær. Ég bað um hlé á fundi til þess að kannað yrði hvort nokkur möguleiki væri á því að ná í ráðherrann. Síðan stakk hv. 7. þm. Reykv. upp á því að í hléinu ræddu fulltrúar flokkanna saman um það hvernig best væri að koma við fundum deildarinnar. Þá var á þeim fundi ákveðið af öllum, og ekki sérstaklega að minni beiðni, að fundi yrði frestað til morguns, því að þá mundi ráðherra líklega geta mætt þar sem ekki náðist í hann í gærkvöld.

Þetta vil ég endurtaka og skýra vegna þess, og það kann að vera minn misskilningur, að mér fannst liggja einhverjar dylgjur í máli hv. 2. þm. Norðurl. e. En ég kann að hafa misskilið það og þá dreg ég það auðvitað til baka.

Síðan var rætt um Ríkisútvarpið, eina ferðina enn, og þá segir hæstv. fjmrh. alveg á svipaðan hátt og haft er eftir hæstv. menntmrh. í Morgunblaðinu í dag úr umræðum í Nd. að Ríkisútvarpið hafi, ja næstum því gerst ábyrgðarlaust í eyðslu sinni. Hvorugur ráðherrann minnist á það að á sama tíma og Ríkisútvarpinu er ætlað að reka sjálft sig með allar þær skyldur og ábyrgðir sem það hefur, þá sker ríkisstjórnin niður lögbundið framlag til þessa fyrirtækis. Það sker niður veigamikinn tekjustofn og segir síðan við Ríkisútvarpið: Hvernig stendur á því að þér dettur í huga að eyða svona yfir um? Hvernig ferðu með vasapeninga þína, Ríkisútvarp? — sem það hefur ekki fengið. Það hefur ekki fengið sinn lögbundna tekjustofn. Hvers konar útskýringar eru þetta? Þá er betra að hafa söguna heila og segja hana eins og hún er, en ekki bara hálfa.

Og ég vil krefja hæstv. ráðherra um svör við spurningum um þróun vaxtamála. Skýrt og skorinort svo það fari ekki á milli mála.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna því að hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli telja ástæðu til að hvetja hér til ítarlegrar og vandaðrar umræðu um lánsfjárlögin í þessari virðulegu deild. Hann varaði við því að afgreiðsla málsins yrði flaustursleg hér í deildinni. Það væri fróðlegt að vita hvað það er sem hann er sérstaklega með í huga, hvað það er sem hann óttast að verði sérstaklega flaustrslega afgreitt hér í deildinni, hvaða þættir það eru í lánsfjárlagafrv. Það er engin ástæða til að amast við því þó að hv. þm. óski eftir því að málin séu ítarlega rædd.

Hins vegar finnst mér nauðsynlegt í sambandi við þær umræður sem hér hafa farið fram um störf deildarinnar að ítreka það og taka undir það sem kom hér fram hjá hv. 6. þm. Reykv. varðandi það mál. Deildin beið hér í gærkvöld eftir hæstv. fjmrh. Hafi hæstv. fjmrh. komið upplýsingum til skrifstofu Alþingis þá komust þær aldrei til formanns þingflokks Alþfl. Og að saka deildina um smekkleysu af þessu tilefni, eins og hæstv. ráðherra gerði, það finnst mér ómerkilegt og ástæðulaust, tilefnislaust með öllu miðað við það að ég held að þessi deild verði ekki sökuð um það að hún hafi sýnt ráðherrum ósanngirni varðandi afgreiðslu mála. Ég veit ekki betur en að báðar deildir þingsins hafi nætur og daga verið á harðahlaupum við að afgreiða alls konar mál fyrir ríkisstjórnina. Ég hélt að það sæti síst á ráðherrunum að kveða þannig að orði eins og hæstv. fjmrh. gerði varðandi þessa deild hér áðan.

Ég vil þá einnig benda á það að varðandi umræður um þinghaldið í dag er það rétt að það kom til tals að hugsanlegt væri að þessum fundi gæti lokið á einni klukkustund. Það er rétt hjá hæstv. forseta. Það var ævinlega, og í hugum örugglega allra þeirra sem viðstaddir voru, miðað við það þó að umræður gætu gengið með eðlilegum hætti. Í morgun töluðu tveir þm. stjórnarandstöðunnar á undan hæstv. fjmrh.

Þeir töluðu samtals í 26 mínútur. Hæstv. fjmrh. talaði næstur og talaði í 27 mínútur. Þannig að miðað við svona eðlilegt umræðustig og eðlilegan umræðuanda hér í deildinni þá var auðvitað vel hægt að gera ráð fyrir því að þetta mál tæki ekki mikið meira en klukkustund hér í þessari hv. deild eins og hæstv. forseti gat um.

En það er hins vegar rétt að ítreka það út af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e., sem vill halda umræðum áfram sem mest um þetta mál — og það er auðvitað ekki nýtt að stjórnarliðið hvetji til jafnvel lengri umræðna en ella væri þörf á — en það er nauðsynlegt að ítreka það vegna ummæla hans að þetta samkomulag var ekki þannig bundið að menn segðu sem svo: Þetta skulu vera 60 mínútur og ekkert þar umfram.

Ég vil þá víkja að einstökum þáttum í orðum hæstv. fjmrh. og fyrst að Ríkisútvarpinu. Hann skýrði frá því að fjárhagur Ríkisútvarpsins ætti að vera í lagi á þessu ári miðað við tilteknar forsendur, m.a. þær að raunhækkun á auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins á þessu ári yrði 10%. Hverjum finnst það sennilegt að Ríkisútvarpið geti náð raunhækkun á auglýsingatekjum sínum um 10% á sama tíma og fjöldi fjölmiðla er meiri en nokkurn tímann hefur áður verið í samkeppni um þessar sömu auglýsingatekjur? Ég hygg að þessi tekjuspá fyrir Ríkisútvarpið, og þar með rekstrarspá fyrir það, sé ákaflega völt og vafasöm að ekki sé meira sagt.

Hæstv. ráðherra sá ástæðu til að mótmæla því sérstaklega sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði í gærkvöld að í einstökum stjórnarflokkum væri um að ræða óvild í garð Ríkisútvarpsins og þá sérstaklega í Sjálfstfl. eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði. Ég hygg að skoðun hv. 3. þm. Vesturl. á þessu sé rétt. Það er veruleg óvild í garð Ríkisútvarpsins í Sjálfstfl. Það þarf ekki annað en að nefna eitt dæmi, það að hæstv. forsrh. hafði uppi um það hugmyndir á opinberum vettvangi fyrir örfáum mánuðum að rétt væri að selja Rás 2, losa Ríkisútvarpið við hana þó að það sé ljóst að hún er einmitt veigamikill þáttur í að tryggja Ríkisútvarpinu aðgang að auglýsingatekjum sem nú eiga að skila Ríkisútvarpinu 10% meira að raunvirði á þessu ári en árinu 1987.

Á þessu ári, 1988, er það ákvörðun ríkisstjórnarinnar að skera niður framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins um 130–150 millj. kr. samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar sjálfrar eftir að á árinu 1987 er um að ræða niðurskurð á sömu tekjustofnum Ríkisútvarpsins upp á 250 millj. kr. Svo koma þessir blessaðir menn hér, eins og hv. 3. þm. Vesturl. og segja: Málefni Ríkisútvarpsins eru í endurskoðun. Ég spurði áðan: Hvaða endurskoðun? Það var skýrt frá því að hæstv. menntmrh. hefði sett einhverja athugun á fjárhag Ríkisútvarpsins í gang. Ég tel í raun og veru að það sé gott eitt um það að segja að fjárhagur Ríkisútvarpsins sé skoðaður, en ég teldi að við slíkar aðstæður, þegar upp kemur mál af þessu tagi sem snertir hornstein útvarpslaganna, þá ætti auðvitað að kalla til fulltrúa allra flokka hér á hv. Alþingi til þess að fara yfir allar rekstrarforsendur Ríkisútvarpsins og annarra ljósvakamiðla hér í landinu. Vegna þess að þarna er í raun og veru verið að tala um endurskoðun útvarpslaganna. Og ég endurtek þá spurningu sem ég bar fram hér áðan: Hver er að endurskoða? Hvar er þessi endurskoðun? Hver ber ábyrgð á henni? Vegna þess að hv. 3. þm. Vesturl. getur í þessum efnum ekki hafa átt við þá almennu rekstrarendurskoðun sem hæstv. menntmrh. mun hafa sett í gang á Ríkisútvarpinu.

Ég vil þessu næst víkja að málefnum Áburðarverksmiðjunnar og þeirri tillögu sem ég flyt hér ásamt tveimur öðrum þm. Reykjavíkurkjördæmis um 30 millj. kr. lántökuheimild til þess að bæta og styrkja öryggi í Áburðarverksmiðjunni, sérstaklega vegna ammoníaksgeymisins. Hæstv. fjmrh. skýrði frá því hér að ríkisstjórnin hefði í morgun gert samþykkt um málið. Gott og blessað var það. Það er ágætt. Það er gerð samþykkt um málið. Það sem mér finnst hins vegar kostulegt í þessu er það að þegar þessi samþykkt er gerð um þetta mál, Áburðarverksmiðjuna, þá liggur hér fyrir í deildinni tillaga frá fulltrúum þriggja stjórnmálaflokka. Af hverju var ekki rætt við þá um leið og þessi samþykkt var gerð til þess þannig að stuðla að því að þeir gætu með auðveldari hætti dregið tillöguna til baka sem hér liggur fyrir? Hvernig stendur á því að það var ekki gert? Auðvitað væri enginn skaði skeður þó að þessi lántökuheimild væri samþykkt, sem við gerum hér tillögu um upp á 30 millj. kr., vegna þess að sú heimild dugir fyrir ódýrari lausninni, en auðvitað ekki fyrir dýrari lausninni. Ef sú dýrari yrði valin, þá er auðvitað einfaldasti hlutur í heimi að keyra hér gegnum þingið ábyrgðarheimildir til viðbótar við þessar 30 millj. þannig að það dygði til þess að endurnýja algjörlega þennan ammoníaksgeymi. En hér er komið að þessu sama og maður kynnist aftur og aftur hjá þessari ríkisstjórn: Það má alls ekki samþykkja eina einustu tillögu frá stjórnarandstöðunni. Alls ekki. Alls ekki eina einustu tillögu. Það má ekki hafa samráð við stjórnarandstöðuna um eitt eða neitt í efni máls, hvaða mál sem um er að ræða. Og þó er þetta mál varðandi Áburðarverksmiðjuna þannig að það er bersýnilegt að þm. stjórnarandstöðunnar eru tilbúnir að leggja sig fram um að ná um þetta mál heildarsamkomulagi. Því hefur verið lýst yfir, bæði af mér og fleiri talsmönnum stjórnarandstöðunnar hér í þessari deild. En þrátt fyrir það er samþykktin gerð í ríkisstjórninni án þess að nefna nokkurn hlut við stjórnarandstöðuflokkana. Það er þetta venjulega tillitsleysi. Það er þessi venjulega þurrafrekja, sem einkennir þessa ríkisstjórn, að nudda málunum þannig fram. Það má ekki tala við stjórnarandstöðuna helst um eitt eða neitt nema kannski í mesta lagi varðandi það hvort fundir eigi að standa í klukkutíma eða einn og hálfan tíma.

Ég held að það sé rangt sem hæstv. fjmrh. sagði að tillaga okkar um þetta efni sé ekki tímabær. Hún er fyllilega tímabær eins og ríkisstjórnin staðfestir sjálf í morgun með samþykkt sinni þar sem hún

bregst við skýrslu starfshóps sem segir: Það er veruleg hætta — það er reyndar notað orðið „skelfileg" hætta — fyrir þetta byggðarlag, fjölmennasta byggðarlag í landinu, sem stafar af því hve illa er búið að þessum ammoníaksgeymi Áburðarverksmiðjunnar.

En auðvitað þýðir ekkert að tala um þetta við ríkisstjórnina. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er alveg sama hvort þeir eru hér eða einhvers staðar annars staðar. Það skiptir engu máli vegna þess að þeir hlusta aldrei á það sem sagt er hér. Það er alveg sama hvað það er. Jafnvel þótt það séu sanngjarnar almennar athugasemdir, bornar fram af fullri vinsemd, áreitnislaust. Nei, það má ekki hlusta. Það má ekki taka tillit til eins eða neins. Og þegar stjórnarandstaðan ber fram tillögu eins og þessa þá auðvitað hleypur ríkisstjórnin til þannig að það sé gert í nafni stjórnarflokkanna að leysa þetta mál og setja það af stað, en alls ekki stjórnarandstöðunnar.

Nú er það þannig í þessu máli eins og öðrum að ég geri ekki ráð fyrir því að stjórnarandstaðan hafi neinn áhuga á því að láta fella þessa tillögu. Ég held að það væri verra málefnisins vegna að tillagan yrði felld. Við horfum á málefni, við horfum á efni máls en ekki það hver flytur, hvaða flokkur eða hvaða ráðherra. Við horfum á efni máls. En það gera stjórnarflokkarnir hér ekki. Og í þeim efnum er alveg sama hvað það er lítið, málið sem hreyft er. Það er þetta ólýðræðislega hnefaréttarviðhorf sem kemur fram hjá þessari ríkisstjórn aftur og aftur, bæði í þessu áburðarverksmiðjumáli og fleiri málum.

Ég vil þá næst víkja að þeirri tillögu sem við flytjum varðandi skerðinguna á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Við teljum að Framkvæmdasjóður fatlaðra eigi við þær aðstæður sem nú eru að fá a.m.k. það framlag sem fjmrn. telur að Framkvæmdasjóðurinn eigi að fá sem er eitthvað um 200 millj. kr. Félmrn. telur aftur á móti að þetta framlag eigi að vera 270 millj. kr. Og miðað við fyrirsjáanlega verðbólguþróun á þessu ári er alveg ljóst að þessi tala ætti að vera allmiklu hærri en stendur í lánsfjárlagafrv. Þess vegna er tillagan flutt af okkur. Hún er ekki síst flutt vegna þess að aftur og aftur á síðasta kjörtímabili flutti núv. félmrh. Alþfl. tillögur um það að þessi sjóður yrði með öllu óskertur. Þar mætti ekki taka 4, ekki 5, 10, hvað þá heldur 20 millj. kr. Nú lýsir formaður Alþfl. því yfir að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi svo sem, með leyfi forseta, andskotans nóg, hafi nóg og þess vegna sé engin ástæða til þess að bæta þar neinu við. Það er stefnubreyting hjá Alþfl. í málefnum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er athyglisvert og ég vek athygli deildarinnar á því.

Við bárum fram nokkrar fsp. varðandi gengismál, vaxtamál og verðlagsmál á árinu 1988. Menn vita að þessi plögg sem við erum með fyrir framan okkur byggja á því að verðlagshækkanir innan ársins 1988 verði 10%. Allir vita að verðbreytingin á árinu 1988 verður miklu meiri. Það veit það hver einasti maður í þessari deild. Það veit hver einasti þm. Þjóðin öll gerir sér grein fyrir því. Við þær aðstæður er auðvitað eðlilegt að stjórnarandstaðan segi hér við ríkisstjórnina: Hvað ætlið þið að gera þegar þetta fer úr böndunum með þessu móti? Hvað ætlið þið að gera? Og hvað segir þá hæstv. fjmrh.? Hann kemur hér í ræðustól og segir um þetta mál: Kjarasamningarnir munu skera úr um þessi mál. — Punktur. Ekkert annað. Þeir hafa auðvitað mikil áhrif. Kjarasamningarnir hafa auðvitað mikil áhrif. En hefur ríkisstjórnin stuðlað að því að menn nái skikkanlegum kjarasamningum í landinu? Ætli álagning matarskattsins sé til að greiða fyrir skikkanlegum kjarasamningum? Ætli fólkið í landinu, sem nú er að borga matvörurnar í búðunum, segi ekki þegar það kemur í sín verkalýðsfélög: Við verðum að fá kauphækkanir til að standa undir þessum ósköpum!?

Vitaskuld er það þannig að ríkisstjórnin hefur með stefnu sinni í raun og veru sagt við verkalýðshreyfinguna: Komið ef þið þorið. — Það er það sem verið er að segja. Það er verið að storka samtökum launafólks í landinu með þeirri skattastefnu, þeirri skattaáþján, sem núv. ríkisstjórn ber ábyrgð á, á hinn almenna mann í landinu.

Í rauninni er engu að síður hægt að taka undir það að kjarasamningarnir skipta þarna miklu. En málið er þó hitt: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar? Hefur hún stefnu? Hefur hún fastgengisstefnuna enn þá? Á að halda genginu föstu út árið þannig að gengi íslensku krónunnar verði 38% hærra í lok þessa árs en á árinu 1986? Er fastgengisstefnan enn þá við lýði eða hefur hún verið lögð fyrir róða? Og hver er stefna ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum? Hæstv. fjmrh. á að svara því. Hann á ekki að sleppa út úr þessari deild hér í dag öðruvísi en að svara því hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Er það stefna viðskrh. eða er það stefna utanrrh.?

Vaxtastefna er pólitísk stefna sem á að mótast í sameiningu af flokkunum sem standa að ríkisstjórninni. Hvor stefnan er það sem ræður? Hvaða tillögur hefur hæstv. fjmrh. í vaxtamálum? Hvað vill hann gera? Vill hann leyfa markaðnum „að njóta sín", eins og það heitir, enn frekar og halda áfram að jaga niður lífskjör fólks og atvinnuvegina í landinu? Eða vill hann grípa inn í með beinum hætti eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt aftur og aftur og aftur? Ætlar Alþfl. í viðskrn. áfram að bera ábyrgð á vaxtaokrinu? Ætlar Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh., að ganga inn í söguna með það á bakinu að vera vaxtaokursráðherra Íslands númer eitt? Hver er stefnan? Hvað stendur til?

Mér finnst satt að segja, með leyfi forseta, allt í lagi að rifja það upp að hæstv. fjmrh. var stundum býsna kjaftagleiður um þessa hluti hér fyrir nokkrum mánuðum og hafði ráð á hverjum fingri, í vaxtamálum, í verðbólgumálum, í gengismálum, í atvinnumálum, í kjaramálum, í skattamálum! Og hann hafði svo mikið af svörum að hann kom aldrei í fjölmiðla án þess að spyrja sjálfan sig og svaraði í minnst tvennu, þrennu eða fernu lagi hverju einasta máli sem upp kom. En þegar við hér í þessari deild erum í sjöundu umræðu um lánsfjárlög að spyrja

ráðherrann: Hvað vilt þú gera í vaxtamálum? gengismálum? verðlagsmálum? þá er annar uppi en forðum, herra forseti, og þekkir maður nú satt að segja kappann vart fyrir sama mann. Þá segir hann: Kjarasamningar munu skera úr um þetta. Ég hef enga stefnu. Ég er bara fjmrh. Ég bara vinn hérna. Ég hef enga stefnu. Enga skoðun.

Þess vegna ítreka ég það sem hv. 6. þm. Reykv. gerði hér líka áðan: Ég vil fá að vita hver stefnan er. Hvaða stefnu hefur þessi partur af ríkisstjórninni sem hæstv. fjmrh. er? Hefur hann kannski þriðju stefnuna eða hvað?

Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir þær upplýsingar sem fram komu í máli hans um Áburðarverksmiðjuna. Þær skiptu mig máli. Það eru ekki lítil tíðindi að hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að skuldir Áburðarverksmiðjunnar um þessi áramót séu í kringum 460 millj. kr. Ég veit ekki betur en hann fullyrti það. En síðan leiðréttir hv. 5. þm. Austurl. það með mjög veigamiklum hætti. Og það er mjög mikilvægt að koma slíkum upplýsingum á framfæri við hæstv. fjmrh., að láta hann vita hvernig staðan er í þeim fyrirtækjum sem hann er að tala um og mæla fyrir hér á hv. Alþingi sem húsbóndi þessa málaflokks.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara frekar út í þessi mál að sinni. En ég ítreka: Hvar er verið að endurskoða útvarpslögin? Hver er að því? Er það hv. 3. þm. Vesturl. einn? Eða hver er að því? Hver er stefnan í vaxtamálunum? Þetta viljum við fá upp. Og það er alveg ástæðulaust að sleppa ráðherranum út úr deildinni án þess að hann svari þessu úr því að það tókst að svæla hann inn í deildina á annað borð, þó seint væri.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós nokkra undrun og vonbrigði yfir því að hv. 6. þm. Reykv. þótti sem ég hefði verið með einhverjar dylgjur þegar ég var hér áðan einmitt að taka undir það sem þessi hv. þm. sagði í gærkvöldi að það væri nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. hlustaði á spurningar þm. Ég var einmitt að taka undir það með þessum hv. þm. sem hann sagði í gærkvöld, að þm. hefðu öðrum skyldustörfum að gegna en að sitja hér inni í deildinni að ástæðulausu. Einmitt vegna þess að ég skildi afskaplega hvað þessi hv. þm. sagði þegar hann talaði um það að tími þm. væri dýrmætur og við ættum að bera virðingu fyrir tíma hvers annars. Þá vildi ég leggja áherslu á það að við mundum líka reyna að nota tímann vel í dag úr því að við værum nú saman komin hér og reyna að tala almennilega um það frv. sem fyrir liggur.

Við höfum nú á undanförnum dögum haft það heldur náðugt á meðan neðri deild hefur staðið í ströngu. Maður getur satt að segja ekki skilið hvað þeir eru málglaðir í neðri deild. Ég hef að vísu átt þar sæti í mörg ár og veit að þar eru margir mælskir og málsnjallir menn, sem hafa sumir komið hér upp í deildina og maður hefur fengið að hlýða á hér sér til mikillar ánægju og veltir því stundum fyrir sér hvernig mundi fara fyrir efri deild ef þetta fólk hefði ekki komið upp í deildina. Til allrar hamingju hefur nú sumt af þessu fólki komið hingað upp þannig að maður hefur fengið að hlusta á snjallar og góðar ræður. Og ég vildi endilega áður en þinghlé verður fá að hlusta á eitthvað meira af þessu. (**Gripið fram í:** Er ekki ein ræðan að koma núna?)

Ég vil líka í annan stað segja það að þessi ummæli hv. þm. um dylgjurnar í mér eru kannski sprottin af því að ég held að stundum leiðist þessum hv. þm. hér í þinginu. Ég hef orðið var við að hann er afskaplega ... — Herra forseti, nú hef ég fengið tvo úrskurði um hvernig á að ávarpa þingmann sem er kona. Ég man að fyrrv. formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson, gaf þann úrskurð að það ætti að segja háttvirtur þingmaður og þar af leiðandi hann, en fyrsti varaforseti þessarar deildar hefur sagt að það eigi að segja háttvirtur þingmaður en hins vegar hún. Nú væri fróðlegt að fá að vita svo maður kunni sig hvað hæstv. forseti segir um þetta. (**Forseti:** Í þingsköpum segir að þm. skuli ávarpaðir sem háttvirtir, og við munum halda okkur við þingsköpin hér í hv. Ed.) Sem sagt hvorki hann né hún heldur háttvirtur, og er það Salómonsúrskurður eins og var að vænta hjá hæstv. forseta. — Mér finnst sem sagt að þessi hv. þm. sé stundum þannig þenkjandi að hann ætli mönnum illt. Að hann tali um okkur eins og við viljum ekki jafn vel og hv. þm. Og ég hef tekið eftir því hér í deildinni að hv. þm. er að tala um það að ýmsir aðrir séu ekki í eins miklum tengslum við fólkið í landinu og vera skyldi, sem auðvitað gefur það í skyn að þessi hv. þm., einmitt hann sé betur kominn í þessum efnum, sé miklu nánari fólkinu í landinu en einhverjir aðrir. Og vegna þess að mér hefur skilist að ég sé í hópi þessara „hinna“ og við sem viljum styðja þá ágætu hæstv. ríkisstjórn sem nú situr, þá þykir mér svolítið leiðinlegt að fá þennan dóm hjá hv. þm. sem ég veit raunar að vill ekki vera dómharður, heldur sanngjarn í sínu máli. (Gripið fram í.) En ég hygg hins vegar að þessi umræða sé að verða vinsæl upp á síðkastið að koma hér upp í ræðustól og tala í kringum hlutina en ekki nálgast efnið beint.

Það er t.d. mjög eftirtektarvert að þegar við komum inn í þessa hv. deild í morgun, þá var hér sjónvarpsvél beint að ræðumanni í þingsal til að byrja með, til að sjá hvernig fundurinn færi af stað fyrst eftir hléið sem var í nótt. Síðan allt í einu hvarf sjónvarpsmaðurinn á brott og enginn veit hvers vegna. Kannski var upphafið á umræðunni svona ómerkilegt að sjónvarpsmennirnir misstu áhugann. (Gripið fram í.) Kannski eru þeir ekki myndrænir þeir þm. sem við taka. Maður gerir sér ekki almennilega grein fyrir því. En hvort sem tilgangurinn hefur nú verið sá eða ekki að vekja athygli með eftirminnilegum hætti á því að deildinni tókst ekki að ljúka störfum í gær, þá hefur það nú vakið verðuga athygli og skulum við vona að þær umræður sem hér fara fram muni geri það líka.

Ég vil segja við hv. þm. að ég veit ekki hvort einungis er hægt að mæla dugnað ráðherra eftir því hvort þeir sitja yfir umræðum sem kannski varða ekki beint þeirra mál sérstaklega. Einhver duglegasti ráðherra, man ég, sem talað var um á árum áður, Magnús Jónsson, var t.d. ekki ævinlega mjög þaulsætinn í Sþ., ef ég man rétt, fór fljótt þá úr húsinu og fór að vinna uppi í fjmrn. Á hinn bóginn var hann mjög þaulsætinn yfir sínum eigin málum og því sem honum þótti varða sérstaklega sitt ráðuneyti. Því vitaskuld þurfa ráðherrar í mörg horn að líta og ég tala nú ekki um þegar þingfundir hafa dregist svo mjög á langinn sem orðið hefur nú í haust og á þessum vetri, þá er auðvitað eðlilegt að ráðherrar verði að grípa hverja stund sem þeir geta til þess að gegna öðrum skyldustörfum sínum en þeim að sitja undir ræðum hv. þm. Nú var ég ekki beðinn um það í gær að reyna að safna saman öllum ráðherrum Sjálfstfl. hér inn í deildina, en hefði auðvitað lagt mig fram um það ef sú ósk hefði fram komið, að öðru leyti en því sem við töluðum um og rætt var um.

Ég verð að segja líka vegna þeirrar miklu áherslu sem Kvennalistinn hefur lagt á framgang og viðgang Ríkisútvarpsins að það kom mér nokkuð á óvart þegar ég fletti upp í þeim brtt. sem Kvennalistinn bar fram við fjárlagafrv. að ég skyldi ekki rekast á neina brtt. sem varðaði Ríkisútvarpið frá þm. Kvennalistans. Er það rétt tekið eftir? Það þykir mér mjög undarlegt vegna þeirrar miklu áherslu sem Kvennalistinn hefur einmitt lagt á Ríkisútvarpið í sambandi við lánsfjárlögin og afgreiðslu þeirra. Nú vitum við hins vegar og er uppi sá skilningur í fjh.- og viðskn., og hefur ekki verið einskorðaður við einn flokk, að eðlilegt sé að lánsfjárlögin taki mið af fjárlögunum og oft hafa lánsfjárlög verið afgreidd í mjög miklu hasti í tímaþröng fyrir jólin, einmitt eftir þeim niðurstöðum sem orðið hafa í fjvn. Það eru auðvitað fjárlögin sem eiga að marka útgjöld ríkisstofnana. Þess vegna hefði það verið eðlilegur vettvangur fyrir Kvennalistann að taka málið með miklum dugnaði og myndarskap upp við afgreiðslu fjárlaganna. Ef tillögur þar hefðu síðan verið samþykktar hefði auðvitað komið af sjálfu sér að við hefðum lagt til að breyta þessu frv. í samræmi við það.

En þarna kemur í ljós hjá Kvennalistanum við afgreiðslu fjárlaganna eins og við þekkjum raunar þm. allir, þegar menn eru að reyna að stilla í hóf útgjaldakröfum sínum, að eitthvað verður að liggja eftir. Og nú var það val Kvennalistans eftir að hann hafði lagt fram brtt. við fjárlagafrv. að láta Ríkisútvarpið sitja á hakanum fremur en margt annað. Ég er alls ekki með þessu að segja að ég efist um einlægan vilja Kvennalistans til þess að auka umsvif Ríkisútvarpsins. Það eina sem ég er að segja með þessu er að líka í brtt. stjórnarandstöðunnar kemur fyrr eða síðar að því að þeir sem kröfuharðastir eru verða að láta eitthvert lát verða á aðfinningum eða brtt. til þess að þeir verði ekki að almennu athlægi meðal þjóðarinnar. Þess vegna er það nú svo að jafnvel sá þm. Kvennalistans sem átti mikinn þátt í því að byggja upp atvinnuleikhúsið á Akureyri, hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir, flutti margvíslegar brtt. við lista- og menningarlið fjárlagafrv. en sleppti á hinn bóginn þessu gamla óskabarni sínu, Leikfélagi Akureyrar. Ugglaust ekki vegna þess að þessum hv. þm. hafi ekki runnið blóðið til skyldunnar og hafi ekki viljað hækka þau framlög heldur hefur þm. fundist að svo vel væri gert við þetta einstaka leikfélag að það væri úr samhengi við aðra liði þessa útgjaldaliðar að bera fram frekari tillögu til hækkunar þar. Ég dreg alls ekki í efa einlægan vilja einmitt þessa þm. til þess að styðja almennt að leiklistarstarfi í landinu. Ég dreg það ekki í efa. En það sýnir líka með öðru að einhvers staðar verða menn að stoppa og með einhverjum hætti kunna sér hóf, líka í sínum björtustu og villtustu brtt. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram.

Það var annað sem vakti mikla athygli mína í þeim umræðum sem fram hafa farið og það voru þær útskýringar sem hæstv. fjmrh. gaf á 7. gr. frv. sem varðar Herjólf hf., Vestmannaeyjum. Eins og sá liður var í lánsfjárlagafrv. upphaflega segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Herjólfi hf., Vestmannaeyjum er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju." Nú er það auðvitað svo að þegar Alþingi með þessum hætti heimilar að ríkisábyrgðir séu veittar fyrir Herjólf hf. til töku erlends láns, þá er ætlast til þess að fjmrh. meti lánsbeiðnina þegar þar að kemur, meti hvaða tryggingar rétt sé að setja fyrir lánsbeiðninni og meti hvort skynsamlega og rétt sé staðið að hönnun og smíði hinnar nýju ferju. Og ef ágreiningur kemur upp milli hlutafélagsins og fjmrh. er það auðvitað fjmrh. sem hefur síðasta orðið. Það er því alls ekki hægt að halda því fram að nein efnisrök hafi verið af hendi fjmrh. til þess að koma því sérstaklega að að hann skyldi meta þessa hluti.

Á hinn bóginn verður ekki skilið öðruvísi en svo þegar þessir tveir hv. þm., 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson, fyrrv. formaður Alþfl., og Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., leggja slíkt ofurkapp á að fjvn. megi fylgjast með málinu, og ekki nóg með, það bæta síðan öðrum ráðherra við, hæstv. samgrh., og deildin samþykkir þessar brtt., þá liggur auðvitað mjög nærri að líta svo á að í þessu felist visst vantraust á hæfni fjmrn. til að fara eitt með þessi mál. Og er eftirtektarvert að þessir þm. skuli einvörðungu binda sig við Herjólf í málinu en ekki ýmislegt annað. Það er í mínum huga algjörlega út í bláinn að bera þetta saman við samgöngubætur eins og t.d. jarðgöng, sem eru mjög vel undirbúin og hönnuð öll af Vegagerð ríkisins og allt, allt annars eðlis, og hafa fengið mjög mikla umfjöllun í þinginu.

Á hinn bóginn hlýt ég að segja að ef þessi háttur á að verða tekinn upp í fyrsta lagi að lánsfjárlög verði með öllum þeim fyrirvörum sem neðri deild gekk frá í sambandi við þetta sérstaka atriði, þá hlýtur að vakna sú spurning hjá okkur, t.d. í mínu kjördæmi,

hvernig á því megi standa að þessir tveir þm. sem fluttu brtt. skyldu ekki taka með aðrar ferjur eins og t.d. ferjuna til Hríseyjar sem eins stendur á um. Þörfin er brýn alveg eins og þörfin er brýn á nýrri Vestmannaeyjaferju. Vilji þingsins stendur áreiðanlega til þess að sómasamlega sé séð fyrir samgöngum Hríseyinga, eins og fram kom á afgreiðslu fjárlaga á sl. ári. En á hinn bóginn þótti mönnum sem undirbúningur málsins væri ekki kominn á það stig að hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. teldu sig geta mælt með því að Hríseyjarferjan yrði tekin inn sem sérstakur liður í lánsfjárlagafrv. Ég veit ekki betur en þetta sérstaka mál hafi verið athugað í fjh.- og viðskn. Ed. Og við treystum hæstv. fjmrh. fullkomlega til að fara með málið og töldum það satt að segja í góðum höndum þar sem hæstv. fjmrh. er, enda veit hann það af fyrri ummælum mínum að ég ber til hans mikið og óskorað traust.

Ég tel með öðrum orðum að það hafi verið fullkomlega eðlileg, heiðarleg og skynsamleg vinnubrögð í málinu þó svo að setningin hefði verið óbreytt eins og hún var upphaflega. En ég ítreka það sem ég sagði í gær, hæstv. forseti, af tilefni tillöguflutnings þessara tveggja þm. sem voru svo mikið að flýta sér að þeir urðu við sömu umræðuna að flytja brtt. við sína eigin brtt. sem er nú næsta fátítt í þinginu. Það er eins og þeir hafi ekki lesið prófarkir að þessum fáu orðum sem brtt. var, svo mikið var fumið og fátið, eða þeir hafi ekki hugsað málið í botn.

En við höfum því miður orðið varir við það oftar en í þessu eina máli að einmitt þessir tveir þm. hafa verið með undanskot og hafa verið að reyna að smokra sér hjá því að taka fyllstu ábyrgð á stjórnarstefnunni og vilja þó báðir láta taka sig hátíðlega í sínum eigin flokkum og tala með alvöruþunga í fjölmiðlum. Þeir eru nú svo ungir að ég vil ekki nefna elliglöp í þessu sambandi. En það er þó a.m.k. löngun til að vekja athygli á sér. Það er löngun til þess.

Auðvitað vitum við öll að einstakir þm. stjórnarmeirihlutans þurfa að kyngja ýmsu. Auðvitað vita menn það um þann mann sem hér stendur í stólnum að hann er ekki fullkomlega sammála eða sáttur við hvert einasta atriði í stjórnarstefnunni. Skárra væri það nú! Auðvitað er hann það ekki. En maður verður að láta mikið yfir sig ganga þegar maður vill styðja góða menn til góðra verka. Og eins og oft hefur komið fram þá eru auðvitað þriggja flokka stjórnir örðugri heldur en tveggja flokka og best væri auðvitað ef einn flokkur gæti farið með meirihlutavald í landinu. Við vöktum einmitt athygli á því sjálfstæðismenn fyrir síðustu kosningar að svo gæti farið, eins og mál þróuðust, að við mundum uppskera þriggja flokka ríkisstjórn sem að sjálfsögðu reynir miklu, miklu meira á samheldni, á þolinmæði heldur en þær stjórnir sem eru tveggja flokka.

Það er kannski af þessum sökum, hv. 7. þm. Reykv., sem þessar þriggja flokka stjórnir taka ekki eins mikið tillit til stjórnarandstöðunnar og tveggja flokka stjórnir. Ég veit að þessi hv. þm. hefur orðið fyrir vonbrigðum með að það skuli ekki vera tekið nógu mikið tillit til sín núna, en hann veit líka, hv. þm., að þetta er ekkert einsdæmi.

Ég hef nú lifað það af að vera í stjórnarandstöðu hér í þinginu, þegar hv. 7. þm. Reykv. var ráðherra. Það væri fróðlegt að fá að vita um eitthvert það mál þar sem sú ríkisstjórn var reiðubúin til að taka svona elskulegt tillit til Sjálfstfl. Ég er ekki alveg viss um að ég muni vel eftir því. Á hinn bóginn man ég vel eftir því að meðan þessi hv. þm. var hæstv. ráðherra var hann allra manna lipurlegastur í umgengni og vildi mjög mikið fyrir mann gera svo langt sem það nú náði. Þannig að ég dreg alls ekki í efa að hann meinar það þegar hann talar um að við eigum að sýna hvert öðru sáttfýsi og tillitssemi og ég get vel tekið undir það. En sé það þurrafrekja núna, var það þá ekki þurrafrekja einhvern tímann áður líka? Auðvitað vill ríkisstjórnin eiga sín blóm. Auðvitað vill ríkisstjórnin miklu fremur sjálf standa að þeim málum sem ganga fram í þinginu heldur en taka upp tillögur stjórnarandstöðunnar. Svo hefur það alltaf verið, enda er það nú svo að tillögur ríkisstjórnarinnar eru svona yfirleitt miklu betur hugsaðar og betur meinandi og taka meir og betur tillit til aðstæðna allra.

Ég vil að síðustu, herra forseti, aðeins segja að ég skil vel þær áhyggjur sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa lýst vegna hins almenna efnahagsástands í landinu og þær miklu áhyggjur sem þeir hafa vegna stöðu útflutningsatvinnuveganna, vegna verðbólguþróunar, eins og henni hefur verið spáð, vegna stöðu gengisins. Ég skil auðvitað mjög vel þeirra áhyggjur.

Það hefur áður komið fyrir að skyndilega hafi brugðið til hins verra í íslenskum þjóðarbúskap og við vitum líka að stundum hefur borið við að skyndilega hafi brugðið við til hins betra. Ég hafði pínulítið gaman af því þegar ég sá það í sjónvarpsþætti í fyrradag að hinn nýi formaður Alþb., sem er prófessor í þjóðhagfræði eða hvað það nú heitir (**Gripið fram í:** Stjórnmálafræðum.) stjórnmálafræðum og heimskunnur leiðtogi, skuli vera svo mikið barn að halda það að 40% hækkun á fiski stafi af 10% söluskatti. Það sýnir náttúrlega ótrúlega mikinn barnaskap og væri kannski rétt fyrir fyrrv. formann Alþb. að kenna þessum eftirvera sínum prósentureikning svo að hann verði betur undir það búinn næst þegar hann fer í sjónvarpið að tala svona mennilega um þá atburði sem hafa verið að gerast. Nema ef vera kynni að þessi nýi formaður Alþb. vilji bæta um betur frá þeim gamla og telji sig sérstakan vin kaupmannanna í landinu og ætli að slengja allri ábyrgðinni af einhverri okurálagningu þeirra á ríkisstjórnina, ef hann vill nú telja að þessar miklu hækkanir, sem hann var að lýsa, séu allar þessari 10% hækkun að kenna. (Gripið fram í.) Svona er þetta ekki. Fiskverðið hækkaði líka, var það ekki? Það komu fleiri kurl til grafar. Það hefði þessi hv. þm. Snæfellinga getað sagt formanni sínum, ef hann

hefði verið nærstaddur. Ég held að hann ætti að taka þennan hv. þm. með sér í sjónvarpið næst þegar hann fer þangað. Þá mundi hann ekki segja þessa endemis vitleysu sem hann var að hafa uppi þarna. (Gripið fram í.) Það var frelsið, já. Nú væri fróðlegt að vita hvort þessi hv. þm. væri á móti hækkun fiskverðsins. (**SkA:** Nei.) Ekki held ég að hann sé nú billegastur allra. Ef maður á að kaupa af honum fiskinn, þá held ég að hann sé ekki fús til þess að gefa mikið eftir í verðinu.

Auðvitað hljótum við að hafa áhyggjur af því hvernig þessi þróun er. Þessi núv. formaður Alþb. var að tala um spádómsgáfu sína. Ætli hann hafi sagt það fyrir hver yrði kaupmáttaraukning á sl. tveim árum? Ætli hægt sé að finna einhvers staðar orð eftir honum um það hvað hann hefði talið skynsamlegt að þjóðarbúið gæti staðið undir? Ætli hann hafi ekki líka einhvern tíma komið nálægt ríkisstjórn, borið ábyrgð á ríkisstjórn og ætli ástandið á þeim tíma hafi ekki líka verið ógæfulegt, ekki síður og raunar miklu fremur? Auðvitað höfum við miklar áhyggjur af því, Íslendingar, þegar sveiflan er niður á við og við vitum það núna að við getum ekki búist við því einu sinni að kaupmáttur vaxi á þessu ári, heldur hljótum við að gera okkur grein fyrir því að horfur eru á að kaupmáttur verði ekki jafnmikill að meðaltali og hann var á sl. ári. Margt bendir til þess. Þess vegna ríður á miklu að viðtækt samkomulag takist um það milli aðila vinnumarkaðar og við ríkisstjórn, við þá sem bera opinbera, pólitíska ábyrgð að reyna að halda þannig á spilunum að ekki sé verið með vilja að efna til óvinafagnaðar. Einhvern tímann var sagt að sjálfskaparvítin væru verst. Við Íslendingar búum nú við mjög góðan efnahag. Kaupmáttur hefur vaxið verulega. Það var núna síðast í morgun verið að ræða við einn iðnrekanda sem sagði að hann væri búinn að flytja hluta af framleiðslu sinni til Skotlands vegna þess að vinnulaun þar í landi væru lægri en hér á landi. (Gripið fram í.) Hann var að tala um vinnulaunin. (**SkA:** Ekki nefndi hann það sérstaklega.) Hann var nú að gera það. Hann hefur kannski verið á fleiri en einni rás, en þar sem ég hlustaði var hann að því. Þá mun náttúrlega á það reyna að viðtækt samkomulag takist um það að ná bærilegum kjarasamningum sem tryggi sem mestan kaupmátt í landinu og feli helst í sér leiðréttingu fyrir þá sem verst eru settir. En það vitum við þm., og það veit raunar þjóðin öll, að eftir því sem verðbólgan vex eftir því er við því að búast að mismunun verði meiri í þjóðfélaginu og halli á þann sem minnst má sín.

Hér er verið að tala um vaxtamálin. Það er alveg rétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að þessi ríkisstjórn hefur áhyggjur af þróun peningamála eins og fram kemur í því að nú er stefnt að því að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á þessu ári og þannig megi draga úr innlendri lánsfjárþörf ríkissjóðs, sem aftur mun rýmka fyrir öðru, og gæti verið til þess fallið að lækka vextina. Þannig er með þessum aðgerðum og með þessari stefnu í opinberum fjármálum auðvitað verið að stuðla að því að vextir megi lækka.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ástæða er til að tala mikið lengur. Ég var mjög ánægður yfir því þegar ég sá það í sjónvarpinu að formaður Alþb. hefur skilning á því nú að nauðsynlegt sé að fara með gát á þessu ári, nauðsynlegt sé að reyna að standa þannig að kjarasamningum að tryggja kaupmáttinn í landinu og tryggja það að verðbólgan fari ekki upp á nýjan leik. Við höfum dæmi um það úr verkalýðsbaráttunni, nýleg dæmi að slík samstaða getur orðið mjög gagnleg og árangursrík. Og ég vil vænta þess að menn beri gæfu til að láta skynsemina ráða þannig að það ár sem nú er að hefjast verði gjöfult og að þær svörtu verðbólguspár, sem sumir eru að láta uppi, rætist ekki.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef þegar talað þrisvar í þessari umræðu þannig að ég á ekki rétt á að tala oftar, en ég vildi gera hér örstutta athugasemd. Hún er fyrst og fremst sú að ég hef tekið eftir því, ef það skyldi hafa farið fram hjá öðrum deildarmönnum, að hæstv. fjmrh. hefur engu svarað um vaxtastefnuna. Hvaða vaxtastefnu hefur hann? Hvaða skoðun hefur hann á vaxtamálum? Hefur hann skoðun viðskrh. eða hefur hann skoðun utanrrh.? Eða hvaða skoðun hefur hann í málinu? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá um það upplýsingar áður en þessi fundur er allur hvaða skoðun ráðherrann hefur. Nú, ef hann hefur enga þá komi hann hingað í stólinn og segi það.

Varðandi hins vegar orð hv. 2. þm. Norðurl. e. um hið almenna efnahagsástand vil ég segja þetta. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki um þingsköp?) Þetta er ekki um þingsköp. Nei, þetta er athugasemd. (**Forseti:** Örstutt athugasemd.) Mjög stutt. Um hið almenna efnahagsástand vil ég segja þetta: Það hafa verið teknar ákvarðanir um að leggja á skatta. Það hafa verið teknar um það ákvarðanir að ríkissjóður verði rekinn í jafnvægi. En allir aðrir þættir efnahagslífsins eru í óvissu: Afkoma útflutningsatvinnuveganna er slæm, kaupmáttur launa er minnkandi, verðbólga er vaxandi, gengisskráning krónunnar er hæpin, gengið er valt.

Ég hygg að það sé út af fyrir sig að mörgu leyti ekki óeðlilegt þó að menn líki ástandinu núna við ástandið í ársbyrjun 1983 þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var að fara frá. Ég tel að ástandið í efnahagsmálum núna sé að mörgu leyti svipað, sérstaklega í einu, því að verðbólgan æðir upp og samt eru ekki í gildi ákvæði í lögum eða kjarasamningum um sjálfvirkar verðbætur á laun. Og ég spyr hv. þingheim: Hvernig telur hann að verðlags- og verðbólgumálum væri háttað hér nú ef í þessu ástandi sem er í dag væru auk þess sjálfvirkar verðbætur á laun? Þá stæðu menn frammi fyrir býsna háum verðbólgutölum.

Þetta finnst mér sýna það að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sagði ósatt varðandi efnahagsmálin í aðdraganda kosninganna 1987 og þjóðin er nú að

súpa seyðið af því.

En það er vaxtastefnan sem ég vil ítreka fyrirspurnir mínar um til hæstv. fjmrh.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég kvaddi mér einungis hljóðs vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. beindi til mín spurningum, sem raunar er kannski ekki mitt að svara og væri frekar hæstv. menntmrh. að svara, varðandi þá endurskoðun sem nú á sér stað á útvarpslögunum.

Staðreyndir þess máls eru þær að meðan hv. núv. þm. Sverrir Hermannsson gegndi embætti menntmrh. og af því að honum var það ljóst eins og mörgum öðrum að á núgildandi útvarpslögum eru margir annmarkar, þá skipaði hann nefnd til þess að endurskoða útvarpslög. Formaður þeirrar nefndar er Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri í menntmrn. Aðrir nefndarmenn eru Haraldur Ólafsson, fyrrv. alþm., og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi að ég hygg. Þessa þriggja manna nefnd skipaði Sverrir Hermannsson meðan hann gegndi embætti menntmrh. Hún er að störfum og mér er um það kunnugt að nefndarmenn hafa rætt við forustumenn Ríkisútvarpsins og þeir hafa rætt við forsvarsmenn og fulltrúa ýmissa annarra ljósvakamiðla, þeirra sem hér starfa.

Ég hygg að svo sé ráð fyrir gert að þessi nefnd ljúki störfum nú síðla vetrar. En ég get auðvitað ekkert um það sagt og engu um það spáð hvenær nýtt frv. til útvarpslaga kunni að sjá dagsins ljós. Það verður vonandi ekki mjög löng bið á því, en auðvitað á þetta mál eftir að fá alla pólitíska umfjöllun í þingflokkum. Þetta er mál sem hlýtur að verða mjög mikið rætt hér þegar þar að kemur.

En vegna þess að til mín var beint þessari spurningu taldi ég rétt að gefa a.m.k. þessar upplýsingar sem ég vissi bestar og réttastar á þessu stigi máls.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég gerði hlé á máli mínu í gær. (**Forseti:** Já, þm. hefur þegar talað tvisvar þrátt fyrir það.) Ég talaði í morgun einu sinni, sem var áframhald á tali mínu í gær, hélt ég. (**Forseti:** Þá hef ég skráð þetta rangt.) Ég mun heldur ekki tala mjög lengi. Mál mitt verður kannski ekki örstutt, en það verður ekki langt.

Það er nú fyrst og fremst í tilefni af því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan. Þegar ég talaði um nauðsyn þess að vera í nánum tengslum við þjóðlífið og fólkið í landinu, þá bendi ég máli mínu sérstaklega að hæstv. fjmrh. og ráðherrum þessarar ríkisstjórnar. Ég vændi ekki þm. þessarar deildar eða aðra þm. um það að þeir væru ekki í nægilega góðum tengslum við kjósendur sína eða fólkið í landinu. Hins vegar tel ég það afar mikilvægt, hv. þm., að þm. séu í góðum tengslum við fólkið í landinu til þess að þeir geti talist verðugir fulltrúar þess fólks sem kýs það inn á þing.

Síðan gerði þm. ljóst í máli sínu að það angraði hann að sjónvarpið skyldi koma hér í morgun og hefja tökur í upphafi fundar. (**EG:** Var það ekki samkvæmt samningi?) Var það samkvæmt samningi? Nei. Ég veit ekki hvort hv. 3. þm. Vesturl. hefur haft einhvern samning við sjónvarpið, en þó að Kvennalistinn beri hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti, þá höfum við engan sérstakan samning eða sérstök tengsl við þann fjölmiðil og ég kann ekki að skýra komur þess eða brottfarir. Ég hef ekki hugmynd um hvers vegna sjónvarpið var hér í morgun og það var sannarlega ekki ég sem bað um sérstakan frest á fundinum í gær og hefði aldrei hvarflað að mér að fara að beina augum fjölmiðla sérstaklega að fundi hér í deildinni. Aldrei. En það lýsir kannski hugarfari þessara tveggja hv. þm. að þeim skyldi detta í hug að einhver skyldi gera slíkt. Það er mikilvægt að ríkisfjölmiðill og reyndar allir fjölmiðlar séu hlutlausir í umfjöllun sinni og hafi sjálfstæði til þess að velja sér fréttir.

Ég vil reyndar geta þess, vegna þess að ég hlustaði á morgunútvarpið í morgun, að ég heyrði að fréttin af fundi hér í deildinni í gær var hófsöm, hún var mjög tillitssöm við ráðherra og hún var fullkomlega æsingalaus þannig að hún gaf ekkert sérstakt tilefni til að leita hófanna hér í morgun eftir frétt. Nema það væri e.t.v. vegna þess að þingi átti að ljúka hér að morgni dags eða jafnvel um hádegisbil áður en hv. 2. þm. Norðurl. e. fór fram á það að hér færu fram flaustурslausar og flumbrugangslausar, ítarlegar umræður um þetta mál og þótt fyrr hefði verið.

Þm. minntist á það að hann hefði það á tilfinningunni að mér leiddist e.t.v. stundum hérna. Reyndar verð ég að segja það að þó að þetta starf sé mjög lærdómsríkt og mjög áhugavert og í heildina tekið hafi mér alls ekki leiðst að gegna því, þá verð ég þó að segja að mér leiðist afskaplega mikið að standa hér með kannski vel undirbúið mál sem ég hef lagt mikinn tíma í að kynna mér og jafnvel að skrifa niður ræðu sem ég oftast geri og flytja síðan mál mitt yfir hálftómum sal. Flytja kannski mál mitt í fjarvist þeirra ráðherra sem gætu haft áhrif á það mál sem ég er að fjalla um. Mér meira en leiðist það. Mér hundleiðist það, hv. 2. þm. Norðurl. e., og mér finnst það hreinlega lítilsvirðandi við þá vinnu sem ég hef unnið og þá vinnu sem ég ætla öðrum þm. að hafa lagt í undirbúning sinna mála. Það gengur auðvitað ekki fyrir þá sem trúa á þingræði og lýðræði að þannig vinnubrögð séu höfð. Við eigum bara eitt líf og ég nenni ekki að eyða mínu í vitleysu. Ég er kannski þegar hálfnuð og vel það og það hvarflar ekki að mér að standa hér og eyða því í tóma vitleysu.

Hv. þm. minntist á þaulsætni ráðherra og minntist á Magnús Jónsson heitinn. Þá vil ég benda honum á það að einmitt í gærkvöld á þeim fundi sem haldinn var hér í hléi var minnst á móðurbróður þessa hv. þm. og hann var tekinn sem dæmi um ráðherra sem ævinlega sat undir umræðum um þau mál sem hann flutti og meira en það, hann var mjög þaulsætinn til

þess að hlusta á mál annarra. Ég tel að þessi maður hafi með því sýnt þinginu virðingu og það er ekki leiðinlegt að vera skyldur manni sem þannig vinnur.

Varðandi brtt. Kvennalistans um Ríkisútvarpið, þá ákváðum við að beita fyrst og fremst kröftum okkar að því að reyna að fá lánsfjárlögum breytt til þess að tryggja lögbundna tekjustofna Ríkisútvarpsins þar sem lagt var til að afnema þá. Þess vegna gerðum við ekki brtt. við fjárhag Ríkisútvarpsins á fjárlögum en hitt er alveg rétt hjá hv. þm., við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að kunna sér hóf bæði í brtt. og líka í rekstri ríkisins. Auðvitað þarf að kunna sér hóf vegna þess að peningarnir eru takmarkaðir. En það sem öllu máli skiptir er auðvitað forgangsröðunin, hvaða hlutir fá forgang þegar ákveðið er hvert peningarnir eiga að fara.

Og varðandi athugasemdir í sambandi við brtt. sem Þórhildur Þorleifsdóttir mælti fyrir og flutti fyrir hönd Kvennalistans, sem varðaði menningu og listir, þá var það líka með ráðnum huga að Leikfélagi Akureyrar t.d. og Leikfélagi Reykjavíkur var sleppt úr vegna þess að þessi leikfélög eru fyrst og fremst á framfæri sveitarfélagsins þar sem þau eru og þar að auki hefur verið sérstaklega vel gert við Leikfélag Akureyrar á sl. ári vegna afmælis þess.

Síðan vil ég einungis minna hv. þm. á að sú aukning á meðaltalskaupmætti sem hann ræddi áðan er fyrst og fremst orðin vegna launaskriðs en það launaskrið hefur ekki skilað sér til þeirra sem verst eru staddir og þess vegna hefur kaupmáttur þeirra í raun ekki aukist. Þessu má ekki gleyma þegar ævinlega er verið að tala um meðaltöl vegna þess að meðaltölin hafa tvo enda, þau hafa lægri enda og þau hafa hærri enda. Og þeim sem eru í lægri endanum líður jafnan miklu verr og það er fyrst og fremst að þeim sem þarf að beina fjármagni og leiðréttingu til þess að lífskjör þeirra geti orðið sæmileg í þessu landi.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra að hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir beindi tali sínu ekki sérstaklega til mín þegar hún hafði uppi ásakanir á ráðherra fyrir fjarveru þegar þeirra mál væru til umræðu og viðurkenndi að ég hefði reynt eftir föngum að vera viðstaddur umræðu þeirra mála sem ég er forsvarsmaður fyrir hér á Alþingi.

Annað mál: Um fjárhag Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það lætur nærri að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi til ráðstöfunar á þessu ári um 270 millj. kr. sem er sú upphæð sem hv. 7. þm. Reykv. taldi að honum bæri lögum samkvæmt.

Þriðja mál: Um Áburðarverksmiðjuna og spurninguna um það hvort tillaga sú sem hér hefur verið flutt er tímabær. Mér láðist að geta þess að eitt af þeim tæknilegu atriðum sem eru ókönnuð en þarf að rannsaka fyrir 1. febr. er hvort mögulegt kunni að vera að stilla þannig saman framleiðslu verksmiðjunnar að það ammoníak sem þar væri framleitt yrði notað jafnóðum til köfnunarefnisframleiðslu svo að ekki kæmi til birgðasöfnunar af þeim sökum. Einnig að í stað þess að flytja inn ammoníak og geyma á verksmiðjusvæði þá verði kannað hvort ekki yrði hægt að flytja inn í staðinn áburð á framleiðslustigi sem svo yrði fullunninn í verksmiðjunni. Ef þetta reyndist tæknilega fýsilegt yrði þessi umræddi og háskalegi tankur óþarfur.

Að því er varðar skuldastöðu Áburðarverksmiðjunnar vil ég aðeins árétta það að ég sagði ekki eitt einasta orð um það hvort þetta fyrirtæki væri til vandræða, vel eða illa rekið eða nokkurn skapaðan hlut. Það er reyndar á hvers manns vitorði sem til þekkir að gert hefur verið átak í að bæta rekstur verksmiðjunnar, sem m.a. kemur fram í því að samkvæmt ársreikningum Áburðarverksmiðjunnar hefur skuldastaðan farið heldur batnandi. Þannig voru skuldirnar 1983 544 millj., 1984 832,5 millj., 1985 tæplega 800 millj., 1986 640 millj. og svo samkvæmt áætlun 1987 þessar 450 millj. rúmlega, en þá er þess líka að geta að framleiðslumagn áburðar hefur snarminnkað á undanförnum árum. (**EgJ:** Þetta voru betri upplýsingar heldur en í fyrri ræðunni.) Þær eru svolítið ítarlegri. Í fyrri ræðunni var nefnd ein tala, nú eru nefndar fleiri tölur samkvæmt sömu heimildum.

Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa spurst fyrir um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum og kvartað undan því að sá sem hér stendur var ekki fús til þess að efna til eldhúsdags um vaxtamál. Ég tek undir með hv. þm. að það væri vissulega fróðlegt að efna til mjög rækilegrar umræðu um vaxtamál, um starfskjör atvinnuveganna, um gengismál o.s.frv. þó að ég sé reyndar þeirrar skoðunar að til þess sé ekki staðurinn eða stundin nú.

Það væri fróðlegt að hér færu fram umræður um hverjar eru helstu orsakir fyrir umtalsverðri hækkun raunvaxta sérstaklega á undanförnum árum.

Það væri fróðlegt fyrir Alþingi að skoða þann lagaramma sem Alþingi hefur búið framkvæmdavaldinu með því að vaxtaákvörðunarvaldið er í stórum dráttum tekið af ríkisstjórn, með þeim fyrirvara þó að Seðlabankinn hefur íhlutunarvald að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Sömuleiðis væri afar fróðlegt að fara í ítarlega umræðu sem fæli í sér að gera samanburð á þróun raunvaxta hér á landi og í helstu viðskiptalöndunum. Sá samanburður mundi leiða í ljós að margar þær fullyrðingar sem hafa verið hafðar í frammi af hv. stjórnarandstöðu í því efni fá ekki staðist.

Sömuleiðis væri afar fróðlegt að hafa uppi umræðu um þróun vaxta og áhrif vaxta á fjármagnskostnað og hag fyrirtækja. Í því efni vil ég sérstaklega nefna að fjármögnun fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskiðnaði er að verulegu leyti erlent fé sem lýtur heimsmarkaðskjörum á vöxtum sem við fáum ekki um þokað. Breytingar á vaxtastefnu hér innan lands mundu ekki hafa umtalsverð áhrif á rekstrarstöðu þessara fyrirtækja. Hins vegar er það álitamál hvort þróun raungengis hér á landi eða öllu heldur þær breytingar sem átt hafa sér stað á hlutfallslegu

verðmæti hinna ýmsu gjaldmiðla hefðu ekki haft meiri áhrif og sneggri umskipti í för með sér til hins verra fyrir þessi fyrirtæki heldur en jafnvel þróun vaxta.

Sömuleiðis væri ákaflega fróðlegt fyrir hv. alþm. að efna til vandlegrar umræðu um skattmeðferð á vaxtatekjum og þau áhrif sem núverandi skattareglur hafa í þá átt að skapa hér því sem næst takmarkalausa eftirspurn eftir lánsfé og bera þær skattareglur sem hér gilda saman við það sem gildir í öðrum háþróuðum löndum í kringum okkur, t.d. sér í lagi í Bandaríkjunum og reyndar flestum löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

Allt væri þetta fróðlegt. Sömuleiðis að lýsa skoðunum sínum á því hvaða leiðir eru færar innan núgildandi lagaramma til þess að stuðla að lækkun raunvaxta. Ég skal nefna nokkur atriði sem mér eru ofarlega í huga:

1. Að ríkið dragi snarlega úr hallarekstri sínum. Að ríkið reyni að reka sinn rekstur miðað við forsenduna: Jöfnuður í ríkisfjármálum, að afla sem mestra tekna fyrir sínum útgjöldum. Ekkert eitt atriði hefur verið gagnrýnt jafnharkalega af hv. stjórnarandstöðu og þessi viðleitni núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Þetta er þó skilyrði fyrir því að ríkisvaldið minnki afskipti sín, samkeppnisáhrif sín á þröngum og ófullkomnum innlendum fjármagnsmarkaði og sé þar af leiðandi ekki spennuvaldur í því að hækka vexti.

2. Mínar hugmyndir mundu snúast að því að endurskipuleggja bankakerfið á Íslandi sem er úrelt og óhóflega dýrt í rekstri. Af okkar hálfu hefur verið uppi viðleitni til þess, stefnumótun í þá átt og viðleitni í þá átt, en sætt verulegri gagnrýni hér á hinu háa Alþingi. Um það virðist ekki vera samstaða að það sé mjög nauðsynlegt að vinna snarlega að því að endurskipuleggja bankakerfið í formi stærri og öflugri hlutafjárbanka, þar sem viðskiptaleg ábyrgð væri í heiðri höfð fremur en pólitísk stýring. (**Forseti:** Ég vil minna á að það er reiknað með fundi í sameinuðu þingi kl. eitt.) Ég tek tillit til þess og mér er kunnugt um það. Ég er að reyna að gegna þinglegri skyldu minni að svara fsp. sem beint hefur verið til mín. (**EgJ:** Þetta er nú komið út fyrir það.) Nei, nei. Það var spurt um vaxtastefnu og spurt um hvaða skoðanir ég hefði á vaxtastefnu og ég hef verið ávítaður tvisvar af hv. stjórnarandstæðingum fyrir að hafa ekki virt fyrirspyrjendur svars.

3. Mínar hugmyndir beinast að endurskipulagningu ... (**GHG:** Ráðherra ræðst hér á bankastarfsemi í landinu í ræðu sinni.) Á bankastarfsemi? Ég er að lýsa pólitískum hugmyndum, stefnumiðum um endurskipulagningu á bankakerfinu. (**GHG:** Hvernig getur ráðherrann fullyrt svona í ræðustól?) Herra forseti. (**Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að gæta tungu sinnar. Það er venja hér að einn sé í ræðustól og það verði einn sem hafi orðið og ég bið menn að lúta fundarsköpum.) Nú er mér borið á brýn, herra forseti, að ráðast á fjarstaddan aðila sem mér skilst að sé bankakerfið. En það voru engar athugasemdir gerðar við það þegar hv. þm. Halldór Blöndal ... (Gripið fram í.) Það voru engar athugasemdir gerðar við það þegar hv. þm. Halldór Blöndal fór nokkrum orðum um nýkjörinn formann Alþb. sem líka var fjarstaddur eins og bankakerfið.

Þriðja atriðið, ef ég má koma því til skila, beinist að endurskipulagningu á fjármagnsmarkaðnum. Hann er ekki frjáls markaður. Hann er takmarkaður fámennismarkaður. Mínar hugmyndir um það væru í þá átt að samræma starfsskilyrði endurskipulagðs bankakerfis og þessa fjármagnsmarkaðar þannig að þær skyldur og kvaðir sem lagðar eru á bankakerfið hefðu líka sín áhrif að því hvað varðar þróun fjármagnsmarkaðarins utan hins eiginlega bankakerfis.

Fjórða meginatriðið sem gæti stuðlað að lækkun vaxta væri algjör endurskipulagning á fjármögnun húsnæðislánakerfisins. En eins og það er núna hefur verið búin til endalaus og takmarkalaus eftirspurn eftir niðurgreiðddum lánum. Þjóðin er komin öll í biðröð eftir þessum lánum samkvæmt sjálfvirkum formúlum og það er skammt í það að ríkið beri alla ábyrgð á 70% af íbúðarhúsnæði þjóðarinnar innan skamms tíma.

Fimmta atriðið mundi snúast að aukinni samkeppni í þessum fjármagnsmarkaði, þ.e. heimildum erlendra banka til þess að reka starfsemi hér á landi, en það þarf til þess að knýja bankakerfið til raunverulegrar samkeppni.

Sjötta atriðið mundi síðan snúast að endurskoðun á skattmeðferð vaxta og á endurskoðun, þegar þessi stefna hefur borið árangur, á ýmsum grundvallaratriðum vísitölukerfisins.

Þetta eru nú þau atriði sem mér finnst vera veigamest að því er varðar stefnumótun af hálfu stjórnvalda sem hefði það að markmiði að stýra fjármagnsmarkaðnum inn á æskilegri brautir og reyna að hafa hemil á óhóflegri hækkun vaxta. M.ö.o.: Að standa við það meginmarkmið stjórnarinnar að halda uppi jákvæðum raunvöxtum en hóflegum.

Það kom fram í mínu máli, og undir það tók hv. 7. þm. Reykv., að það mundi skipta sköpum hvernig til tækist með kjarasamninga, að gerðir verði raunhæfir kjarasamningar sem hafi það að markmiði að verja kjör hinna lægstlaunuðu um leið og stefnt yrði að hjöðnun verðbólgu á þessu ári. Það er mín skoðun að þegar slíkir samningar væru í sjónmáli ætti Seðlabankinn lögum samkvæmt hiklaust að beita frumkvæði sínu í vaxtamálum til þess að tryggja lækkun nafnvaxta samstiga lækkandi verðbólgu. Háum vöxtum fylgir vissulega vandi en hið eiginlega vandamál sem við er að fást er verðbólgan.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vakti athygli á því þegar ég kvaddi mér hljóðs um þingsköp hér fyrr í dag að nauðsynlegt væri að mjög ítarlegar umræður gætu átt sér stað hér í deildinni um þetta frv. og í tengslum við það og það veldur mér miklum vonbrigðum að

hæstv. fjmrh., sem má tala svo oft sem honum sýnist, skuli gefa tilefni til mjög ítarlegrar umfjöllunar um mörg veigamikil mál í þjóðfélaginu, loksins þegar þeir nefndarmenn fjh.- og viðskn., sem láta sig málið varða, eru allir dauðir og fá ekki lengur að taka til máls í deildinni, og getur í skjóli þess komið hér með setningar sem vekja miklu, miklu fleiri spurningar heldur en svör.

Ég vil í þessu samhengi biðja hæstv. ráðherra allra náðarsamlegast að útskýra í fyrsta lagi hvað hann átti við með niðurgreiddum vöxtum hjá Húsnæðisstofnun og hvernig það — ég veit ekki hvort það á að kalla það stikkorð, sem hæstv. ráðherra var með — samrýmist þeim hugmyndum sem hæstv. félmrh. hefur um niðurgreiðslur vaxta, t.d. í sambandi við kaupleigukerfið. Væri fróðlegt að fá að vita um það, ég hef ekki frétt af því, en það væri fróðlegt að fá að vita um það hvort uppi séu hugmyndir um að draga úr þeirri auknu áherslu, sem fjárlagafrv. hefur þó verið með í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna, þar sem gert er ráð fyrir því að auka mjög það fjármagn sem varið er til þess að veita ódýrustu lánin með 1% vöxtunum. Eru uppi hugmyndir um að falla aftur frá þessari stefnumörkun eða er á bak við þetta hjá fjmrh. sú hugsun að það eigi að sverfa enn að þeim sem njóta hinna óhagstæðu lána hjá Húsnæðisstofnun ríkisins? Og þykir honum hlutur þeirra sem búa við verri vaxtakjörin of góður?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað hann eigi við þegar hann er að tala um skattameðferð vaxta. Sérstaklega þykir mér athyglisvert að heyra *hvort hann sé með það í huga að aftur verði heimilað* að vextir verði að fullu frádráttarbærir til tekjuskatts vegna öflunar eigin húsnæðis. En eftir því sem raunvextir hækka, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig að því hvenær að því komi að nauðsynlegt sé að endurskoða núverandi ákvæði skattalaga varðandi frádráttarbærni vaxta til þess að þeir sem eru að afla sér eigin húsnæðis og ekki falla inn í verkamannabústaðakerfið geti vænst þess að komast yfir þá erfiðu hjalla sem þeir verða nú að komast yfir líka vegna hárra raunvaxta og vegna vísitölukerfisins. Væri fróðlegt að fá að heyra hvaða hugmyndir eru uppi um endurskoðun á undirstöðuatriðum vísitölukerfisins.

Ég vil við þetta tækifæri aðeins lýsa því yfir að eins og á stendur í þjóðfélaginu er ég andvígur því að sparifé verði skattlagt. Ég mun beita mér gegn því. Ég tel að það sé mikil nauðsyn fyrir okkar þjóðfélag að hægt sé að draga úr erlendri skuldasöfnun og vísasti vegurinn til þess er auðvitað sá að efla innlendan sparnað. Þess vegna tel ég að það væri illa farið, ég tel það úr samhengi við ástand þjóðfélagsins ef uppi eru hugmyndir um það að fara að skattleggja sparifé.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum okkar — loksins. Þó seint sé þá var gott að fá þær upplýsingar sem fram komu. Hinar almennu hugleiðingar hans um stefnu í vaxtamálum voru gagnlegar.

Það er rangt að stjórnarandstaðan hafi gagnrýnt jöfnuð í ríkisfjármálum út af fyrir sig. Alþb. hefur gagnrýnt matarskattinn en talið að það ætti að stuðla að jafnvægi í ríkisfjármálum með því að leggja á *eignarskatta, stóreignarskatta.* Við höfum verið fylgjandi endurskipulagningu bankakerfisins og hæstv. ráðherra nefndi fleiri atriði eins og t.d. endurskoðun á skattlagningu vaxta- og eignatekna. Ég er sammála honum um það.

En niðurstaðan af máli hans var því miður sú að ríkisstjórnin eða ráðherrann telur ekki ástæðu til að grípa til neinna ráðstafana í vaxtamálum til lækkunar vaxta hér og nú, eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt að sé óhjákvæmilegt. Út af fyrir sig kemur þetta mér ekki á óvart en ég held að þetta sé býsna athyglisverð niðurstaða.

Ég er sammála ráðherranum um að það er eðlilegt að taka hér til meðferðar vaxta- og peningamálin og bendi á að ég flutti ásamt hæstv. fjmrh. á síðasta þingi tillögu um breytingu á seðlabankalögunum sem lýtur að því að vaxta- og peningamál séu tekin hér til meðferðar einu sinni á hverju þingi. Ég tel að það komi fyllilega til greina að sú ítarlega skýrsla um peningamál, sem við höfum fengið, þm., frá Seðlabankanum núna fyrir nokkrum vikum, verði beinlínis tekin hér á dagskrá þannig að vaxtamálin og peningamálin fái verulega ítarlega umræðu.

Það er svo rétt sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði: Það er dálítið hart að fá loksins þessi svör þegar maður er búinn að margtala sig dauðan. Ég ætla ekki að þreyta hæstv. forseta með því að tala hér lengur að sinni. Hefði auðvitað verið æskilegra að fá þessi svör fyrr. Þetta staðfestir hvað það er nauðsynlegt og brýnt að ráðherrar séu hér viðstaddir strax og umræður um mál af þessu tagi eða þeirra eigin mál hefjast í þinginu.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason sagði að stjórnarliðið ætlaði að bjarga málum. Og það geta verið orð að sönnu ef þeir fá að taka til máls hér í þessari umræðu eins og hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, kom hér inn á efni í sinni ræðu sem er víst ekki beint skylt lánsfjáráætlun, alla vega ekki þeirri umræðu sem hér hafði hafist í deildinni í gærkvöld. Og ég vil leyfa mér að mótmæla því að hann skuli með svo einföldum hætti sem hann gerði áðan ætla að kenna bankakerfinu um það hvernig komið er í vaxtamálum íslensku þjóðarinnar. Það vita auðvitað allir hv. þm. og þjóðin öll að orsakanna er að leita annars staðar og miklu víðar heldur en í bankakerfinu. Hins vegar er það atriði út af fyrir sig fyrir æfða stjórnmálamenn að finna eitthvert kerfi, finna einhverja aðila úti í bæ, kenna þeim um hvernig komið er í sambandi við vexti og leiða þannig athyglina frá því sem

raunverulega er orsök hinna háu vaxta á Íslandi.

Ég vil leyfa mér að vísa þess vegna ummælum ráðherrans á bug um það að bankakerfinu sé alfarið um að kenna hvernig komið er í vaxtamálunum. Einnig vil ég mótmæla því að þegar verið er að tala um einföldun bankakerfisins skuli sýknt og heilagt af hálfu ákveðinna valdamanna vera ráðist á þessa starfsemi með þeim hætti að henni er fyrst og fremst beint gegn minni einingum í þessari starfsemi, sem eru minni bankar og sparisjóðir landsmanna. Það er mjög rangt að kenna þessum stofnunum um það og ég er þess vegna alfarið á móti þeirri stefnu sem birtist í ræðum og álitum ýmissa þm. um að það beri að einfalda bankakerfið með þeim hætti að stofna hér til örfárra stórra banka og drepa þar með niður starfsemi hinna minni eininga. Minni einingarnar eru nefnilega oft og tíðum ódýrari og hagkvæmari fyrir utan það að í því felst meira frelsi fyrir fólk að snúa sér til aðila sem geta ráðið miklu í peninga- og fjármálum íslensku þjóðarinnar.

En það er annað sem ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á, ef hann hefur gleymt því. Hverjir skyldu vextir á ríkisvíxlum vera í dag? Ef ég veit rétt — ráðherrann getur væntanlega leiðrétt það þá hér í ræðu sinni á eftir, því hann einn mun geta talað að vild — ef ég hef réttar upplýsingar þá munu ríkisvíxlar vera núna í 9,5%. Þetta eru mjög háir vextir miðað við það að þetta er verðtryggt. Einnig veit ég ekki betur en að hér fyrir nokkrum mánuðum ef ekki enn þá var verið að bjóða upp á spariskírteini ríkisins fyrir 8,5% og upp í rúmlega 9%. Ráðherrann leiðréttir það ef þetta er rangt með farið. Ef þetta eru ekki háir vextir, ef þetta er ekki keppni um það að reyna að ná inn peningum með háum vöxtum, þá skil ég ekki hvernig vextir myndast í íslensku þjóðfélagi.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessa umræðu, en ég leyfi mér að mótmæla því að á síðasta stigi í umræðu um lánsfjáráætlun skuli hæstv. ráðherra og ríkisstjórn koma og fjalla um jafnalvarlegt og viðkvæmt mál eins og endurskipulagning bankakerfisins er með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði hér áðan.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Það er misskilningur sem ég veit ekki hvernig er til kominn hjá hv. 14. þm. Reykv. að ég hafi kennt bankakerfinu einu saman um háa vexti á Íslandi. Þvert á móti. Ég taldi hér upp a.m.k. átta eða níu þætti sem yrði að taka inn í þá mynd ef menn vildu ræða það í einhverju rökréttu samhengi.

Hitt er rétt sem fram kom í máli hv. þm. að háir vextir á spariskírteinum ríkisins og ríkisvíxlum staðfestir einmitt það sem fram kom í mínu máli hér áðan að meðan ríkissjóður fjármagnar verulegan hluta af sínum útgjöldum á lánsfjármarkaðnum, þá leiðir það hann við skilyrði mjög mikillar eftirspurnar en takmarkaðs framboðs til samkeppni við m.a. atvinnulíf í landinu og það hefur þau áhrif að hækka vexti. Þarna er um að ræða afleiðingar af gömlum vanda vegna þess að útgáfa spariskírteina hefur verið oft á tíðum ótæpileg á undanförnum árum. Og ef ekki eru gefin út ný spariskírteini á kjörum sem valda því að þau seljast þá gerir það þeim mun meiri kröfur til aukinnar skattlagningar af hálfu ríkissjóðs.

Að því er varðar athugasemd hv. þm. Svavars Gestssonar um það að í mínu máli hafi komið fram að það ætti ekkert að gera að því er varðaði vaxtastefnu hér og nú, þá vil ég aðeins leiðrétta það og taka fram að athugun, umfjöllun, skoðun, rannsókn og umræða um starfskjör atvinnuvega og um vaxtastefnu hefur verið innan ríkisstjórnar á vettvangi sérstakrar ráðherranefndar um efnahagsmál þannig að því fer fjarri að þessi atriði séu ekki til umfjöllunar þótt ekki hafi verið teknar endanlegar ákvarðanir um aðgerðir. (**SvG:** Er utanrrh. í þeirri nefnd?) Það held ég.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti þakka svör hæstv. fjmrh. við sumum þeirra spurninga sem ég hef sett fram hér í umræðum um lánsfjárlög. Hvað varðar þá athugasemd sem hæstv. ráðherra gerði áðan í máli sínu, að stjórnarandstaðan gagnrýndi fyrst og fremst að verið væri að rétta við halla ríkissjóðs, þá er það nú ekki alveg rétt. Í stefnuskrá Borgarafl. a.m.k. er það skýrt tekið fram að við teljum að ríkissjóð eigi að reka hallalausan í góðæri. Hins vegar er ekkert óeðlilegt að nota möguleika á því að reka ríkissjóð með halla í vondu ári til þess að stýra á þann hátt peningamálum þjóðfélagsins.

Það sem við kannski fyrst og fremst höfum gagnrýnt er það að við teljum allt of mikið að leggja það á allan almenning í landinu að ná niður þeim geigvænlega halla sem var kominn á ríkissjóð á árinu 1986 og 1987 á einu ári í stað þess að dreifa því yfir þrjú ár eins og þó upphaflega var gert ráð fyrir í samstarfssamningi stjórnarflokkanna við myndun ríkisstjórnarinnar frá því í sumar.

Þá má einnig minnast á það að hæstv. fjmrh. nefndi það aðeins að til þess að ná niður hallanum á ríkissjóði ætti að auka tekjur, auka skatta, leggja meiri álögur á almenning og fyrirtækin í landinu. En hann minntist hvergi á það að það væri líka hægt að reyna að draga úr útgjöldum. (**Fjmrh.:** Útgjöldin voru stóraukin í meðferð Alþingis.) Ja, það komu engar raunhæfar tillögur heldur af hálfu ríkisstjórnarinnar um það að reyna virkilega að draga úr ríkisútgjöldunum. (**Fjmrh.:** Jú.) Það hafa engar slíkar tilraunir komið hér fram þannig að eitthvert mark sé á takandi.

Að öðru leyti vil ég taka undir það með hæstv. ráðherra að það væri afar fróðlegt að taka hér langa umræðu um vaxtamál og skal ekki standa á okkur að taka þátt í því að ræða hér okurvextina sem nú eru við lýði í þjóðfélaginu. Hins vegar sakna ég þess að hafa ekki fengið nein skýr svör við því hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í gengismálum, hvort á að halda áfram þeirri fastgengisstefnu sem hæstv. ráðherrar hafa ríghaldið sér við á undanförnum mánuðum.

Eigi heldur hafa fengist nokkur svör við því hvað til bragðs skuli taka ef verðbólguþróun verður með þeim hætti sem margir hafa nú spáð, þ.e. að verðbólgan geti farið hér upp í marga tugi prósenta, langt umfram þær forsendur sem eru þó til grundvallar þeim stóru og miklu tekjuöflunar- og peningafrumvörpum sem hæstv. ráðherrann hefur verið að mæla fyrir hér í deildinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 517 felld með 12:6 atkv.
Brtt. 514,1 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 514,2 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 514,3 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GA, JúlS, MF, SkA, SvG, GuðmÁ.
nei: HÁ, HBl, JE, JHelg, SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, EKJ, KSG.

GHG greiddi ekki atkvæði.
2 þm. (KP, DS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þar sem komið hefur í ljós að fjárhagur Ríkisútvarpsins er mjög erfiður um þessar mundir og þar sem einnig hefur komið í ljós að sú endurskoðun á stöðu Ríkisútvarpsins, sem nú er í gangi, er byggð á ákaflega veikum forsendum að mínu mati þar sem hún er í höndum nefndar sem skipuð var af fyrrv. ríkisstjórn og ég teldi eðlilegra að slík endurskoðun færi fram á vegum allra flokka í þinginu ef hún á að ná viðunandi árangri, þá tel ég óhjákvæmilegt að þingið taki nú ákvörðun um að styrkja og bæta hag Ríkisútvarpsins og segi því já.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt í atkvæðagreiðslu um þessa sömu grein lánsfjárlaga. Þó að sú endurskoðun útvarpslaga sem nú á sér stað sé framkvæmd af þriggja manna nefnd þá á það mál auðvitað eftir að ganga hér inn á hið háa Alþingi og inn í alla þingflokka til umræðu. Og í trausti þess að sú endurskoðun sem nú stendur yfir leiði til þess að Ríkisútvarpinu verði tryggður öruggur og öruggari rekstrargrundvöllur en það nú hefur, þá segi ég nei við þessari tillögu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað endurskoðunin breytir rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins á þessu ári. Þó svo að endurskoðun sé í gangi þá er ljóst að ný útvarpslög taka ekki gildi fyrr en á næsta ári. Það sem við erum að tala um hér er rekstrarafkoman fyrir árið 1988 og sá bryni vandi sem er hjá Ríkisútvarpinu þetta árið. Því segi ég já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þar sem ríkisstjórnin tók í morgun ákvörðun sem snýr að þessu alvarlega vandamáli, sem er ammoníaksgeymsla Áburðarverksmiðju ríkisins teljum við flm. þessarar tillögu á þskj. 512 ekki rétt að halda henni til streitu þar sem augljóst er að meiri hl. hér í deildinni mundi fella tillöguna ef hún yrði nú borin undir atkvæði. Við teljum að vísu að það sé óþarfa meinbægni af hálfu meiri hl. Við höfum kynnst því á öðrum sviðum, látum það hins vegar ekki hafa áhrif á málefnið sjálft sem okkur skiptir öllu. Þess vegna höfum við ákveðið, herra forseti, að draga tillöguna til baka.

Brtt. 512 tekin aftur.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 520).

SAMEINAÐ ÞING

frh. 41. fundar, fimmtudaginn 14. jan., kl. 1.10 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er orðið langt síðan Sþ. hefur komið saman og það er vissulega tímabært að menn hittist í sameinuðu þingi. Hér var boðaður fundur kl. 10 í morgun og ég var einn af þeim þm. sem reyndu að vera þar stundvíslega til að hlýða þá á hæstv. forseta fresta fundi til kl. 11 og í þeim svifum sem ég mætti til fundar kl. 11 tilkynnti þingvörður mér að frestað væri fundi til kl. 1 og við erum að hefja hér fund kl. 1.10.

Ég vil, herra forseti, finna að þessu skipulagi eða réttara sagt, skipulagsleysi þingstarfanna. Við höfum í Nd. þingsins haft miklar annir frá því um jól og þurft að vera á fundum daga og stundum nætur til að vinna að þingstörfum og það er sérstaklega bagalegt þegar hagað er fundarboðun með þeim hættti sem gerðist í morgun þegar hlýtur að hafa verið ljóst eftir að fundi Ed. í gær var frestað að það gæti komið til framhaldsfundar og ég geri athugasemdir við það að forusta þingsins skuli ekki hafa gert þm. aðvart fyrst það var ákveðið að halda áfram fundi í hv. Ed. Ég hefði talið eðlilegt að Sþ. fundaði á auglýstum tíma og Ed. hefði síðan nógan tíma til að ráðslaga. Þar hafa ekki háð mönnum þar fundarseturnar á undanförnum vikum og ég hefði ekkert talið það óeðlilegt að það hefði verið haldið hér við auglýstan fund í Sþ. og Ed. síðan fengið að ljúka sínum verkum og eftir atvikum að kvatt yrði þá til fundar í Nd. ef breyting yrði enn á frv. til lánsfjárlaga sem rætt var í hv. Ed.

Ég vildi, herra forseti, koma þessu á framfæri því að þm. hafa mörgu að sinna við að undirbúa störf nú í þinghléi eftir þetta allóvenjulega þinghald að undanförnu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti telur naumast ástæðu til að fara orðum um það sem bar á góma hjá hv. 2. þm. Austurl. Það veit allur þingheimur hvað kom til. Það var gert ráð fyrir að ljúka störfum Ed. í gærkvöld. Það tókst ekki. Menn létu sér koma til hugar að það væri hægt að gera það á hálftíma í morgun. Þess vegna var ekki neinu breytt um fundarboð í Sþ. og einnig með það í huga að það var ætlað að allir væru þeim mun fegnari sem hægt væri að ljúka störfum þingsins fyrr í dag.

En þetta fór á aðra leið. Það tók lengri tíma í Ed. að ljúka störfum þar og því erum við núna fyrst með framhald fundar í Sþ. Ég tel að þetta sé ekki á neinn hátt ámælisvert og ljóst hverjar ástæðurnar voru.

Veiting atvinnurekstrarleyfa til erlendra ferðaskrifstofa, ein umr.

Fsp. KE og DS, 170. mál. — Þskj. 184.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Skv. lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála og reglugerð nr. 175/1983 hefur Ferðamálaráð eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands. 1. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ferðamálaráð Íslands skal eftir því sem unnt er fylgjast með áætlunum erlendra aðila um sölu á hópferðum til Íslands í atvinnuskyni. Skal Ferðamálaráð kynna þeim með nægilegum fyrirvara ákvæði þessarar reglugerðar og sjá um að framfylgja þeim. Ferðamálaráð skal einnig eftir föngum kynna þeim aðrar þær reglur sem gilda um komu og dvöl erlendra ferðamanna á Íslandi."

Á undanförnum árum hefur ferðamannaþjónusta verið ört vaxandi atvinnugrein hér á landi. Jafnframt því að þessi atvinnugrein hafi vaxið svo mjög hefur meira og meira borið á erlendum ferðahópum hér á landi sem eru á vegum erlendra ferðaskrifstofa. Virðist oft sem íslenskir aðilar komi þar hvergi nærri. Margir þessara hópa koma með allan mat með sér og gista í tjöldum. Er afrakstur Íslendinga af veru þessara ferðahópa á landinu því oft takmarkaður. Með auknum umsvifum erlendra ferðaskrifstofa hér á landi er hætta á að áhrif okkar á þróun ferðamála hérlendis verði minni og afraksturinn þá einnig.

Vafasamt er að erlendir aðilar sem hingað koma með hópa af fólki til að leyfa því að njóta sérstakrar náttúru landsins muni setja náttúruvernd í fyrsta sæti. Ég tel að strangar reglur þurfi að gilda um veitingu atvinnurekstrarleyfa þeirra ferðaskrifstofa sem skipuleggja ferðir um landið með hópa fólks, ekki síst erlendra. Ég leyfi mér ásamt hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur að spyrja samgrh. eftirfarandi spurninga sem eru á þskj. 184:

„1. Hve margar erlendar ferðaskrifstofur fengu atvinnurekstrarleyfi hér á landi árin 1986 og 1987?

2. Á hvern hátt fylgist samgrn. með því að þær ferðaskrifstofur sem hér starfa hafi til þess tilskilin leyfi frá íslenskum stjórnvöldum?

3. Hvernig er háttað miðlun upplýsinga til ferðaskrifstofanna um lög og reglur sem hér gilda og tengjast starfsemi þeirra á Íslandi?"

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur á þskj. 184 flutt þrjár fsp. til samgrh. Fyrsta spurningin: „Hve margar erlendar ferðaskrifstofur fengu atvinnurekstrarleyfi hér á landi árin 1986 og 1987?"

Samkvæmt lögunum um skipulag ferðamála nr. 79/1985 veitir samgrn. leyfi til ferðaskrifstofureksturs, enda sé stjórn hennar innlend og aðsetur hér á landi. Það er hins vegar ekki á valdi samgrn. að veita erlendum ferðaskrifstofum atvinnurekstrarleyfi hér á landi.

Síðan spyr hv. þm.: „Á hvern hátt fylgist samgrn. með því að þær ferðaskrifstofur sem hér starfa hafi til þess tilskilin leyfi frá íslenskum stjórnvöldum?"

Samgrn. fylgist eftir föngum með því, m.a. með aðstoð Ferðamálaráðs og Félags ferðaskrifstofa, að aðilar sem reka ferðaskrifstofustarfsemi hafi til þess tilskilin leyfi samkvæmt því sem áður er sagt. Sé hér átt við erlendu ferðaskrifstofurnar sem senda hingað hópa til landsins var áður sagt að sérstakt leyfi væri þeim ekki veitt. Hins vegar er að sjálfsögðu fylgst með því að þessir aðilar fari að íslenskum lögum og þeim reglum sem sett hafa verið um ferðaskrifstofur.

Þá er spurt: „Hvernig er háttað miðlun upplýsinga til ferðaskrifstofanna um lög og reglur sem hér gilda og tengjast starfsemi þeirra hér á landi?"

Í reglugerð nr. 175/1983, um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni, er getið um í 1. gr. með hvaða hætti slíkt skuli gert og hv. þm. las þá grein hér upp áðan svo ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka. En þetta ákvæði m.a. eins og reglugerðin í heild hefur verið framkvæmt með því að Ferðamálaráð hefur dreift á erlendum tungumálum til allra þeirra aðila, sem ætla má að selji ferðir til Íslands, þessari reglugerð, svo og öðrum þeim reglum sem um þetta gilda, og Ferðamálaráð hefur síðan fylgst með framkvæmd reglugerðarinnar eftir því sem kostur hefur verið á að mati Ferðamálaráðs. Mér er kunnugt um að Ferðamálaráð hefur í desembermánuði sl. endurtekið það sem það hefur áður gert og ég gat hér um, sent þær reglur sem hér skal starfa eftir til viðkomandi aðila og í framhaldi af því mun það í samráði við samgrn. fylgjast með því að eftir þeim lögum og reglum sé farið.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. spurði fyrr á

þinginu um réttindi og eftirlit með erlendum leiðsögumönnum og hér er spurt um erlendar ferðaskrifstofur og eftirlit með þeim. Hæstv. félmrh. svaraði fsp. varðandi leiðsögumenn sem eðlilegt var, en einmitt í þessum svörum hæstv. ráðherra kemur skýrt fram að þarna vantar eðlileg tengsl á milli ráðuneyta. Hér er í rauninni verið að fylgjast með þáttum svipaðs eðlis og það er alveg brýnt og það hefur komið fram sem árangur af þessum fsp. að þarna þurfa ráðuneytin að taka betur saman á málum fyrir utan fjárskortinn sem þjáir allt sem lýtur að umhverfisvernd í sambandi við ferðamál hérlendis, jafnt gagnvart innlendum sem erlendum ferðamönnum, og mikið hefur verið rætt hér í þinginu.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hans. Mér þykir mjög einkennilegt að það sé hægt að senda hingað hópa á vegum erlendra ferðaskrifstofa sem ekki hafa neina íslenska stjórn. Þar er oft eingöngu um erlendar ferðaskrifstofur að ræða. Ef skoðuð eru lögin um atvinnuréttindi útlendinga, sem eru nr. 26 1982, stendur þar í 9. gr.:

„Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félmrh.", stendur reyndar atvinnurekstrarleyfi, en síðan er talað um: nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu sem ég held að þetta falli ekki undir. Mér finnst þetta mjög einkennilegt, sérstaklega með tilliti til atvinnuleyfanna. Ég tel að sé alveg nauðsynlegt að þeir leiðsögumenn sem eru með þessa hópa séu með atvinnuleyfi hér á landi. Það þarf að ganga mjög stíft eftir því. Það virðist einmitt vera að það vanti tengsl á milli félmrn. og samgrn. en félmrn. veitir atvinnuleyfi fyrir erlenda leiðsögumenn. Heyrst hefur að félmrn. telji að það sé erfitt að veita atvinnuleyfi vegna þess að það vanti atvinnurekstrarleyfi fyrir ferðaskrifstofurnar. Þarna virðist vera um vandamál að ræða sem ég tel mjög nauðsynlegt að taka á og tel mjög óeðlilegt að erlendar ferðaskrifstofur geti komið hingað með hópa án þess að það sé um neitt eftirlit að ræða af hálfu íslenskra stjórnvalda. Þó að mjög gott sé að það sé reynt að dreifa upplýsingum um lög og reglur til þeirra aðila, sem ætla má að komi hingað, verðum við auðvitað að geta haft þær reglur að allir sem ætla að koma hingað verði að hafa samband við íslensk stjórnvöld. Við eigum ekki að þurfa að giska á nokkurn veginn hverjir ætli að koma hingað. Ég tel mjög eðlilegt að allir sem hingað koma með hópa þurfi atvinnurekstrarleyfi hvort sem það eru útlendingar eða Íslendingar. Það er í mörgum tilfellum samvinna milli erlendra og innlendra ferðaskrifstofa. Þá er væntanlega þessum reglum framfylgt. Ég reikna a.m.k. með því.

En ég tel að það sé ástæða til að endurskoða þetta og fylgjast mjög vel með og sérstaklega tengsl á milli atvinnurekstrarleyfanna og atvinnuleyfa fyrir þá sem starfa í tengslum við þessar ferðir.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að taka upp þetta mál. Ég tel að það hafi komið fram í svörum hæstv. ráðherra að það sé langt í frá að þessi mál séu í nógu góðum skorðum hjá okkur. Mín skoðun er sú að það eigi að vera ófrávíkjanlegt að allar skipulagðar hópferðir hafi íslenska leiðsögumenn eða þá að veittar séu frá því sérstakar undanþágur með tilliti til rökstuðnings og aðstæðna í hverju einstöku tilfelli. Annars sé það undanþágulaust.

Með tilliti til þeirra naumt skömmtuðu fjárveitinga sem eru til þessara mála er nauðsynlegt að taka þessi mál upp og taka þau fastari tökum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þessi mál upp og bæta úr þessu ástandi fyrir ferðamannavertíðina á komandi sumri og greina Alþingi frá því áður en það fer heim fyrir vorið til hvaða ráðstafana þeir hyggist grípa í þessu skyni.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að hér þurfi að hyggja mjög vel að og að sjálfsögðu er náið samtarf á milli félmrn. sem fer með atvinnuleyfi til handa útlendingum og samgrn. sem fer með ferðamálin. Við þurfum hins vegar að átta okkur á því að hingað eru að koma útlendingar í stuttan tíma og lagaboð varðandi þeirra komu hingað verðum við að reyna að gera með þeim hætti að það nái allt sínum tilgangi. Einmitt út af því sem hv. 2. þm. Austurl. vék að varðandi náttúruvernd og annað slíkt, sem vissulega er eitt af því sem verður að gæta mjög vel að, þegar um er að ræða slíka hópa, hefur Ferðamálaráð beitt sér fyrir því að koma á framfæri við þessa aðila bæklingum sem gera mönnum grein fyrir þeim sjónarmiðum sem hér gilda í þessum efnum.

Ég vil í lok þessarar fsp. geta þess að ég hef hug á að koma fram breytingum á lögunum um ferðamál fyrir þinglok og þá fáum við tækifæri til þess einmitt að ræða þau samskiptamál sem hér er vikið og vissulega er ástæða til að gera svo áður en því þingi lýkur sem nú situr.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég vildi aðeins gera örstutta athugasemd og þakka hæstv. ráðherra fyrir að vilja taka þetta mál svo föstum tökum og vona að það gildi líka um félmrh. Ég vænti þess að þessi endurskoðun verði gerð mjög fljótt þannig að þetta verði tilbúið fyrir ferðamannavertíðina næsta sumar.

Starfsmenn á vernduðum vinnustöðum, ein umr.

Fsp. GHelg, 209. mál. — Þskj. 294.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Í byrjun árs 1984 tóku gildi lög um málefni fatlaðra nr. 41 frá 1983. Skv. 1. gr. er markmið laganna m.a. að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna. Til áréttingar lögunum var sett reglugerð um verndaða vinnustaði nr. 329 frá 1983 og öðlaðist hún jafnframt gildi um áramótin 1983/1984.

Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að verndaðir vinnustaðir skuli starfræktir í þeim tilgangi að veita fötluðum þjálfun og endurhæfingu til starfa á almennum vinnumarkaði, veita þeim sem ekki eiga kost á að starfa á almennum vinnumarkaði atvinnu við sitt hæfi og veita starfsmenntun í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og/eða skóla á viðkomandi sviði.

Þá er sagt í 11. gr. reglugerðarinnar að fatlað fólk skuli gerast aðilar að stéttarfélögum og njóti sömu réttinda og aðrir í sama stéttarfélagi. Nú hefur borið svo við að hvað eftir annað hafi heyrst kvartanir um að fötluðum gangi illa að fá aðild að stéttarfélögunum og hinn 9. apríl 1986 skrifaði Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Alþýðusambands Íslands bréf til Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks þar sem svo segir, með leyfi forseta:

„Enn hefur starfsfólk verndaðra vinnustaða á höfuðborgarsvæðinu ekki hafið greiðslur til lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna“ þrátt fyrir ákvæði þeirrar greinar sem hún tilnefnir sem er 11. gr. umræddrar reglugerðar og vangaveltur eru uppi um það til hvaða sjóða starfsfólkið eigi að greiða.

Hún segir jafnframt frá því að miðstjórn ASÍ hafi skipað á því ári, þ.e. árið 1986, nefnd til að fjalla um málefni verndaðra vinnustaða og samskiptamál við samtök fatlaðra.

Sami aðili skrifar enn bréf 22. apríl 1986 f.h. Alþýðusambands Íslands og þá til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og þar er enn farið fram á að frá þessum málum verði gengið. Síðan er ekki annað að heyra á ýmsum þeim sem á vernduðum vinnustöðum starfa en þessi mál séu enn í ólestri. Þess vegna hef ég leyft mér, herra forseti, að leggja þrjár spurningar fyrir hæstv. félmrh. á þskj. 294 og eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Eru einhver brögð að því að starfsfólk á vernduðum vinnustöðum fái ekki inngöngu í stéttarfélög?

2. Samrýmist það lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum, og lögum um málefni fatlaðra nr. 41 frá 1983 ef slíkt viðgengst?

3. Telur ráðherra þörf á að beita sér fyrir því að starfsmenn á vernduðum vinnustöðum njóti félagslegra réttinda til jafns við aðra launþega?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir hefur beint til mín fsp. um stöðu starfsmanna á vernduðum vinnustöðum gagnvart stéttarfélögum sem er fram borin í þrem töluliðum.

Í fyrsta lagi er spurt hvort brögð séu að því að starfsfólk á vernduðum vinnustöðum fái ekki inngöngu í stéttarfélög.

Því er til að svara að verndaðir vinnustaðir eru orðnir 18 á landinu. Þar af eru tólf sem fá greiðslur vegna reksturskostnaðar frá félmrn. í samræmi við lög um málefni fatlaðra. Skv. fjárlögum þessa árs eru slíkar greiðslur áætlaðar tæpar 50 millj. kr. Um það hvort einhver brögð séu að því að starfsfólk á vernduðum vinnustöðum fái ekki inngöngu í stéttarfélög er það að segja að ráðuneytinu hafa ekki borist kvartanir frá starfsfólki vegna þessa. Ráðuneytið hefur ekki látið fara fram kerfisbundna könnun á því hvernig aðild starfsmanna á vernduðum vinnustöðum að stéttarfélögum er háttað. Í athugun er þó í ráðuneytinu að framkvæma slíka könnun sem m.a. gæti leitt í ljós hvort í einhverju er áfátt aðild starfsmanna verndaðra vinnustaða að stéttarfélögum eða félagslegum réttindum þeirra.

Í öðru lagi er spurt: „Samrýmist það lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, með síðari breytingum, og lögum um málefni fatlaðra ef slíkt viðgengst?“

Réttarstöðu starfsmanna á vernduðum vinnustöðum gagnvart stéttarfélögum er skipað í 11. gr. reglugerðar um verndaða vinnustaði nr. 329/1983. Þar segir svo:

„Öll almenn ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags skulu gilda á vernduðum vinnustöðum. Sömuleiðis lög og reglugerðir er varða kjaramál og réttindi fólks til inngöngu í stéttarfélög, enda verði stéttarfélagsaðild í samræmi við starf hvers og eins á vinnustaðnum. Fatlað starfsfólk skal njóta sömu réttinda og aðrir í sama stéttarfélagi, svo sem aðildar að lífeyrissjóði, orlofsdvalar, greiðslna úr sjúkrasjóðum o.fl. Stéttarfélögum og vernduðum vinnustöðum er heimilt að gera sérstaka kjarasamninga vegna vinnu á vernduðum vinnustöðum og vegna vinnu á dagvistarstofnunum er taki mið af almennum kjarasamningum. Kaupliðir slíkra samninga skulu hljóta staðfestingu félmrn.“

Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur er kveðið á um að stéttarfélög skuli vera opin öllum starfsmönnum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Því er svarið við 2. lið fsp. nei. Það samrýmist ekki lögum um stéttarfélög og vinnudeilur né reglugerð um verndaða vinnustaði, sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra, að útiloka starfsmenn verndaðra vinnustaða frá aðild að verkalýðsfélögum.

Í þriðja lagi er spurt: „Telur ráðherra þörf á að beita sér fyrir því að starfsmenn á vernduðum vinnustöðum njóti félagslegra réttinda til jafns við aðra launþega?“

Eins og fram kom í svari mínu við tölul. 1 í fsp. er í athugun að láta fara fram könnun á aðild starfs-

manna verndaðra vinnustaða að stéttarfélögum. Slík könnun gæti leitt í ljós hvort félagslegum réttindum starfsmanna verndaðra vinnustaða sé ábótavant. Ég vil þó taka fram að ráðuneytinu hafa ekki borist formlegar kvartanir um slíkt.

Af því sem ég hef þó verið upplýst um og kom reyndar fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur í sumum tilfellum gengið erfiðlega fyrir þetta fólk að fá aðgang að lífeyrissjóðum þó formleg kvörtun um slíkt hafi ekki borist ráðuneytinu. Við það er að sjálfsögðu ekki hægt að una og mun ég athuga hvernig unnt er við því að bregðast ef slíkt reynist rétt.

Í félmrn. er nú starfandi nefnd sem vinnur að endurskoðun á reglugerð um verndaða vinnustaði í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af rekstri slíkra vinnustaða frá því lög um málefni fatlaðra tóku gildi. Í endurskoðuninni er gert ráð fyrir að allir sem vinna á vernduðum vinnustöðum njóti aðildar að stéttarfélagi í samræmi við starf á vinnustaðnum. Þannig ætti að vera betur tryggt að starfsmenn á vernduðum vinnustöðum njóti félagslegra réttinda til jafns við aðra launþega, m.a. lífeyrisréttinda.

Ég vona að ég hafi svarað þeirri fsp. sem til mín hefur verið beint.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún hefur gefið og báru eins og vænta mátti vitni um að hún hefur fullan hug á því að þessi mál verði í lagi. Sannleikurinn er sá að að því eru töluverð brögð að fólki gangi illa að fá inngöngu í lífeyrissjóði og það segir sig sjálft að með það er óánægja vegna þess að slík innganga tryggir fólki t.d. aðgang að lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins svo eitthvað sé nefnt.

Vitaskuld er fötlun manna og ástæða fyrir störfum á vernduðum vinnustað harla margbrotin og margvísleg þannig að ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég held að það sé nauðsynlegt að frá þessum málum verði gengið við kjarasamninga. Í því bréfi sem ég minntist á áðan að Lára V. Júlíusdóttir hefði skrifað fyrir hönd Alþýðusambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ skipaði á sl. ári nefnd til að fjalla um málefni verndaðra vinnustaða og samskiptamál við samtök fatlaðra. Í nefndinni hefur það verið samdóma álit að eðlilegt sé að það fólk sem áður hefur verið á almennum vinnumarkaði, greitt í lífeyrissjóð og verið félagsmenn í verkalýðsfélögum haldi áfram tengslum sínum við fyrri félög og greiði í sinn lífeyrissjóð áfram. Vinna þess á vernduðum vinnustað sé oft tímabundin endurhæfing og því eðlilegt að það rjúfi ekki tengslin við fyrra verkalýðsfélag og lífeyrissjóð. Aðrir starfsmenn á vernduðum vinnustöðum, sem ekki hafa verið í verkalýðsfélagi eða greitt í lífeyrissjóð, eigi hins vegar að vera í viðkomandi stéttarfélagi og greiða í viðkomandi starfsgreinasjóð. Enn hefur ekki verið gengið frá samningi við verndaða vinnustaði þar sem eðlilegt væri að ákvæði sem þetta væri umsamið.“

Ég held, herra forseti, að þetta fólk sé einmitt verst sett. Venjulega fær fólk aðgang að sínum fyrra lífeyrissjóði, en ég held að það sé erfiðara fyrir fólk sem er að koma í fyrsta skipti út á vinnumarkað á vernduðum vinnustað að finna sér stað eða fá sér fundinn stað innan lífeyrissjóðakerfisins.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Ég treysti því og veit raunar að hæstv. félmrh. mun ganga í þetta mál og ég held að það sé rétt að það þurfi að gera könnun á hvernig þessum málum sé varið. Mér er t.d. kunnugt um að það hefur gengið mjög illa fyrir þetta fólk að fá inngöngu í Iðju, ekki af neinni sérstakri mannvonsku á þeim bæ heldur hafa menn ekki verið vissir um hvernig ætti að fara með þessi mál. Ég vil því skora á hæstv. félmrh. að vinda að því bráðan bug að ganga frá málum sem þessum. Það er óviðunandi að einhverjir þegnar í þjóðfélaginu sem vinna vinnuna sína nái ekki félagslegum réttindum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari fsp. og jafnframt svörum hæstv. ráðherra. Það kemur í ljós í svörum hæstv. ráðherra að þessum málum er kannski ábótavant, en ég veit að ráðherra mun hafa fullan hug á að bæta úr því ef hægt er. Við vitum að á vernduðum vinnustöðum hefur það fólk sem byrjar sín störf þar ekki átt aðild að lífeyrissjóðum. Ástæðan mun vafalaust vera sú að það eru ekki mörg ár síðan þessi starfsemi var tekin upp og hefur verið í þróun síðan. Ég er sannfærður um að það mun verða bætt úr þessu með tíð og tíma. Ég treysti félmrh. fullkomlega til að standa vel að þessum málum og ég fagna svörum hennar og eins þessari ágætu fsp.

Heilbrigðiseftirlit á innfluttri matvöru, ein umr.

Fsp. SV, 216. mál. — Þskj. 486.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 486 að koma fram með fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um heilbrigðiseftirlit á innfluttum matvörum. Fsp. er þannig, með leyfi forseta:

„Hvernig er heilbrigðiseftirliti hagað á innfluttri matvöru, t.d. á grænmeti og ávöxtum?“

Ástæðan fyrir því að ég legg fram fsp. er sú að við höfum af því fréttir að það sé í nágrannalöndunum mjög hert eftirlit með matvörum, bæði þeim sem eru framleiddar þar og ekki síður í sambandi við innflutning frá öðrum löndum. Sögusagnir eru um að t.d. grænmeti frá Hollandi, sem var sent til Finnlands, hafi verið endursent og sagt að þetta væri ekki

söluvara. Sömu heimildir segja að Hollendingar hafi staðið frammi fyrir því að setja þessa sendingu annaðhvort á öskuhaugana eða þá að senda það til Íslands þar sem þeir töldu að heilbrigðiseftirliti væri mjög ábótavant hér. Svipaðar sögur hefur maður heyrt og ég hef nýjar fréttir af því t.d. í Svíþjóð að þar er mjög hert eftirlit með sölu á öllum matvörum.

Það er líklegt að þessar hertu aðgerðir séu m.a. vegna þess að nú skömmu fyrir jólin var upplýst í Bretlandi að fyrir 30 árum hefði orðið mikið kjarnorkuslys á Norðvestur-Englandi. Það er talið að það hafi verið, eftir því sem Morgunblaðið segir í fyrirsögn, annað mesta kjarnorkuslysið.

Í þætti í ríkisútvarpi Bretlands kom fram hjá Tony Benn, fyrrv. orkumálaráðherra verkamannaflokksins, að svipuðum atvikum hefði verið haldið leyndum. Ef öll skjöl síðustu þriggja áratuga væru nú gerð opinber mundi tugur svipaðra atvika koma fram í dagsljósið. Þetta er upp úr Morgunblaðinu í sambandi við þessa frétt.

Af þessum ástæðum tel ég sjálfsagt að það verði athugað hvernig þessum málum er fyrir komið hjá okkur. Þó það sé ekki í þessari frétt hvort það er átt við Bretland eitt eða hvort það er átt við veröldina alla í sambandi við þessi kjarnorkuslys hljóta Íslendingar að gera kröfu til að þessu eftirliti sé komið í skikkanlegt horf eins og það er í öðrum löndum. Undanfarna daga hafa verið samþykkt lög á Alþingi sem gætu leitt til þess að það yrði vaxandi innflutningur á matvælum og þess vegna er enn brýnna að þessi mál séu skoðuð og þeir sem kaupa þessar vörur viti að það er haft eftirlit með slíkum innflutningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Fyrir nokkrum sólarhringum svaraði ég mjög svipaðri fsp. frá hv. fyrirspyrjanda, 6. þm. Norðurl. e., og þeirri sem hér er á dagskrá nú. Það var í umræðum um frv. um söluskatt. Ég lét koma þá fram þá skoðun mína og það álit að þessum málum væri ekki nægjanlega vel fyrir komið hjá okkur eins og málum er háttað og það þyrfti sannarlega að taka á þeim málum og ég hef þegar sett í gang athuganir og undirbúning að því að á verði breyting.

Heilbrigðiseftirlit með innfluttri matvöru er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna í samræmi við lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Eftirlitið fer fram undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, en hlutverk þeirrar stofnunar er fyrst og fremst að vera leiðbeinandi og aðeins í undantekningartilfellum fer stofnunin með beint eftirlit. Sem dæmi um slíka undantekningu má nefna eftirlit með innflutningi matvæla frá Austur-Evrópulöndum, en hann sætir ákveðnum takmörkunum eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl 1986. Framkvæmd sjálfs eftirlitsins eins og annars heilbrigðiseftirlits er hins vegar í höndum heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna í samræmi við áðurnefnd lög.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að koma á þessu eftirliti í landinu öllu og er nú svo komið að starfandi eru sérfróðir heilbrigðisfulltrúar með starfsréttindi á hverju eftirlitssvæði, en þau eru 13 talsins.

Heilbrigðiseftirlit með innfluttri matvöru er framkvæmt á svipaðan hátt og annað matvælaeftirlit. Það fer fyrst og fremst fram í verslunum og hjá dreifingaraðilum. Um nokkurt skeið hafa ráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins bent á nauðsyn þess að tekin verði upp önnur stefna varðandi þetta eftirlit og að það verði framkvæmt sem mest áður en varan er tollafgreidd. Ekki hefur þessi viðleitni hlotið náð fyrir augum fjárveitingavaldsins enn sem komið er. Það þekkja hv. alþm., ekki síst nú eftir nýafgreidd fjárlög, að umsóknum eða beiðnum um auknar fjárveitingar til Hollustuverndarinnar varð því miður ekki fram komið eins og óskir stóðu til. Ég hafði lagt fram óskir um að fjölga þar um tvö stöðugildi til að geta bætt og aukið m.a. það eftirlit sem hér er til umræðu.

Ég hef fyrir nokkru beðið sérfræðinga Hollustuverndar ríkisins og ráðuneytisins að gera tillögur um framkvæmd eftirlitsins. Byggjast tillögur þeirra fyrst og fremst á því að Hollustuvernd ríkisins verði falið að reka þetta eftirlit sem sérhæft eftirlit í beinni samvinnu við tollayfirvöld, enda sé heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna ekki í stakk búið að annast það. Eftirlitið krefst töluverðrar sérkunnáttu og rannsókna, auk þess sem mestur hluti innflutnings fer um tiltölulega fáar hafnir og því eru ekki rök til þess að eftirlitið lendi með misjöfnum þunga á sveitarfélögunum. Á þennan hátt yrði tekið upp beint eftirlit áður en til tollafgreiðslu kæmi og er enginn vafi á því að slíkt eftirlit yrði miklu áhrifaríkara en það sem framkvæmt er í dag.

Ég vil nota tækifærið og vekja athygli á því að eigi áðurnefndar tillögur að ná fram að ganga og innflutningseftirlit að vera eins og gerist hjá nágrannaþjóðunum þarf að koma til stóraukinn skilningur hjá fjárveitingavaldinu á störfum Hollustuverndar ríkisins. T.d. þarf að koma fyrir efnarannsóknum á matvælum innan stofnunarinnar, en fyrirmæli þar að lútandi hafa verið í lögum frá 1976 án þess að hægt hafi verið að framfylgja þeim. Vil ég benda á að fyrir Alþingi hefur verið lagt frv. til laga um breytingu á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og var reyndar dreift í þingsölum í dag, hefur tafist nokkuð, því miður, hefði átt að vera komið fram fyrir alllöngu því það er nokkuð síðan það var afgreitt í ríkisstjórn og þingflokkum, en hefur einhverra hluta vegna tafist að koma því hér fram. En því var dreift í dag.

Ég vænti þess að mér muni fljótlega gefast tækifæri til að mæla fyrir frv. Þar er reynt að taka á þessum þáttum og bendi ég sérstaklega á ákvæði frv. til bráðabirgða, en þar segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Innan árs frá gildistöku þessara laga skal á

vegum Hollustuverndar ríkisins komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni eða hættuleg efni."

Að lokum vil ég benda á að meðan heilbrigðiseftirlit með innfluttri matvöru fer ekki fram áður en varan er tollafgreidd er hætta á því að til landsins berist alls kyns óþurftarvarningur sem jafnvel hefur verið vísað frá í öðrum löndum. Kann að vera, ekki ætla ég að bera neinar brigður á það sem kom hér fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það sem hann sagði frá, reynslu frá öðrum löndum, kunni að vera rétt. Það getur því verið of seint að stöðva dreifingu eftir að varningurinn er kominn inn í verslanir eins og eftirlitinu er nú háttað hér hjá okkur.

Ég mun beita mér fyrir því að tillögur Hollustuverndar ríkisins um innflutningseftirlit nái fram að ganga sem allra fyrst. Vænti ég fulltingis hv. þm. við áðurnefnt frv. um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo sú geti orðið raunin á.

Varðandi innflutning á hráu kjöti, nýju grænmeti og kartöflum gilda svo enn aðrar reglur er varða a.m.k. að hluta til verndun innlendrar framleiðslu, en það mál heyrir undir önnur ráðuneyti en heilbr.- og trmrn. og mun ég því ekki fjalla nánar um það mál hér.

Ingi Björn Abertsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Stefáni Valgeirssyni fyrir þessa fsp. því ég tel eins og hann mjög brýnt og nánast skilyrði að hér sé mjög strangt heilbrigðiseftirlit á innfluttri matvöru. Nægir að minna á þær fréttir, sem nú eru að berast af okkar útflutningsafurðum, um þær kröfur sem nú er verið að gera til sláturhúsa okkar og loka jafnvel fyrir okkur mörkuðum.

En það sem dreif mig helst hérna upp var viðhorf hæstv. ráðherra þar sem hans skoðun er sú að þetta eigi að skoðast í tolli áður en því er hleypt inn á markað og inn í landið. Ég tek mjög sterklega undir þetta því ég tel í hæsta máta vafasamt að dreifingaraðilar og verslanir skuli hafa þetta eftirlit með höndum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir hans svör. Ég vil taka fram að það er rétt að hann svaraði hér um bil þessu eftir að ég var búinn að spyrja um þetta þrisvar sinnum í umræðum á Alþingi. Ástæðan fyrir því að fsp. fór svo þessa leið var sú að ég var ekki búinn að fá neitt svar þegar ég lagði hana fram og síðan hef ég fengið enn þá fyllri upplýsingar um í hvaða ástandi þessi mál eru hér á landi.

Ég vil taka undir að það er sjálfsagt að rannsaka þetta í tolli, en nú hafa komið fram upplýsingar um slys sem fyrrv. orkumálaráðherra Bretlands segir að skipti tugum. Það hlýtur að verða til þess að við gerum kröfur til þess að stjórnvöld sjái um að geislamælingar fari fram á innfluttum matvælum. Mér er alveg ljóst að landbrn. á að fylgjast með innflutningi og hefur eftirlit með því, en ekki í sambandi við geislamælingar. En því miður er það þannig að þó það sé í lögum að grænmeti og kartöflur og annað eigi í hvert sinn að fá innflutningsleyfi hefur það ekki haldið. Við höfum a.m.k. orðið vör við það sum að t.d. hvítkál er á boðstólum mikinn hluta sumars. Hvort það er flutt inn áður en framleiðsla hér kemur á markað veit ég ekki, en það er mál sem þarf að kanna. Það er ekki hægt að sætta sig við neitt annað, miðað við þessar upplýsingar, en að nú sé tekið í taumana og þetta sé rannsakað og íslenskir neytendur geti ekki átt á hættu að hér komi á boðstóla vörur sem aðrar þjóðir hafa jafnvel vísað frá vegna þess að þær fullnægja ekki heilbrigðiskröfum þeirra landa.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessi mál frekar, en ég skora á hæstv. heilbrmrh. að sjá til þess að það verði ekki nein vettlingatök á þessu máli.

Vísitala framfærslukostnaðar, ein umr.

Fsp. SvG, 222. mál. — Þskj. 497.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 497 flyt ég fsp. til ráðherra Hagstofu Íslands um vísitölu framfærslukostnaðar, um það efni hvað líði upptöku nýs vísitölugrundvallar framfærslukostnaðar.

Ég vildi leyfa mér af þessu tilefni að rifja upp, herra forseti, að ég hef flutt á Alþingi ítrekað frv. til laga um breytingu á lögum um vísitölu framfærslukostnaðar þar sem gert er ráð fyrir að vísitölunni verði hagað þannig að þar megi mæla breytingar á framfærslukostnaði einstakra tekjuhópa, t.d. láglaunafólks, og eins mismunandi framfærslukostnað eftir landshlutum. Því miður hefur þessi till. mín ekki náð hér fram að ganga, en um leið og ég spyr hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands um þetta mál vil ég inna hann eftir því hvort nokkuð liggur fyrir varðandi efnisatriði og breytingar á vægi einstakra neysluþátta í nýjum grunni vísitölu framfærslukostnaðar sem unnið er að.

Ég vil einnig inna hann eftir því hvort unnt er að lesa út úr þeim gögnum sem liggja fyrir mismunandi kostnað við lífsframfærslu eftir landshlutum. Ég held að það væri mjög æskilegt, herra forseti, að þessum spurningum verði svarað. Ég mun síðan gera ráðstafanir til þess að Alþingi verði með einhverjum hætti birtur vísitölugrunnurinn, þ.e. samsetning vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er málefni sem iðulega ber á góma á hv. Alþingi og það er nauðsynlegt fyrir þm. að vita hvernig þessi mikilvæga mæling á framfærsluvísitölunni á sér stað.

Ég vil síðan taka fram af minni hálfu, herra forseti, að ég er ekki með þessari fsp. endilega að reka á eftir því að hinn nýi grunnur verði látinn taka

við af þeim gamla. Ég geri ráð fyrir að í nýja grunninum séu matvæli t.d. léttari en í þeim gamla og ég held að slíkur grunnur sé þess vegna óhagstæðari í raun fyrir láglaunafólk en gamli grunnurinn var ef upp væri tekin viðmiðun launa við vísitölu, svokölluð vísitölubinding.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands sjái sér fært að svara þessum spurningum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í gildandi lögum um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan kauplagsnefndar, sem eru nr. 5/1984, segir „að kauplagsnefnd skuli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar og skuli sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Ef allir nefndarmenn telja að lokinni slíkri athugun að endurskoðunar sé þörf getur kauplagsnefnd ákveðið að gera skuli nýja neyslukönnun til að endurnýja grundvöllinn."

Í samræmi við þessi lagaákvæði þá ákvað kauplagsnefndin í júlí 1985 að láta gera á sínum vegum neyslukönnun á árunum 1985 og 1986. Þessi könnun fór þannig fram að tekið var af handahófi allstórt úrtak einstaklinga úr þjóðskránni og náði könnunin til heimila þess fólks sem í úrtakinu lenti.

Könnunin var tvíþætt. Annars vegar var ætlast til þess að þátttakendur héldu nákvæma búreikninga yfir öll útgjöld heimila sinna um tveggja vikna skeið, hins vegar skyldu þeir færa skýrslur um ársútgjöld vegna tiltekinna útgjaldaflokka, svo sem árskostnað af rafmagnsnotkun eða húsakyndingu, kaupum á húsbúnaði, heimilistækjum, bílum, um bílanotkun, um ferðalög og fleira af því tagi sem ekki verður fangað upp í tveggja vikna könnun. Að þessu leyti var könnunin lík þeirri sem gerð var árin 1978 og 1979 og sem núverandi vísitölugrundvöllur er á byggður. En hún var hins vegar frábrugðin fyrri könnun, og fyrri könnunum reyndar, og þar kem ég að nokkru að efni þeirra viðbótarspurninga sem hv. 7. þm. Reykv. jók í mál sitt áðan. Til dæmis náði þessi nýja könnun til alls landsins og jafnt til einhleypra sem hjóna með og án barna og til foreldra og annarra heimilismanna í þeim heimilum sem í úrtakinu lentu. Fyrri kannanir hafa hins vegar verið bundnar við höfuðborgina og eingöngu tekið til hjónafólks, hvort sem þau voru með börn á framfæri sínu eða ekki, miðað við 17 ára aldur og yngri. Þetta er mikilvæg viðbót við þessa könnun og gefur vonandi færi á að finna nýjan fróðleik í þessu efni, m.a. um framfærslukostnað á landsbyggðinni, sem hv. þm. Svavar Gestsson vék að í sínu máli áðan.

Það er skemmst frá því að segja að frá því að upptöku á þessu efni lauk hefur Hagstofan unnið að því að vinna úr gögnunum. Þetta starf hefur því miður tekið lengri tíma en ætlað var í upphafi. Ekki síst vegna þess að tölvuvinnsla gagnanna hefur tafist. Þá voru svörin eins og gengur misjöfn að gæðum og yfirferð og samræming á efninu hefur reynst nokkuð tímafrek. Það má geta þess að nýtanleg svör fengust frá 376 heimilum eða 200 fleiri en í könnuninni 1978–1979 og þessi neyslukönnun tekur núna til 1300 einstaklinga. Ég get nefnt það til fróðleiks að meðalfjölskyldan í þessari nýju neyslukönnun telur 3,48 einstaklinga, en var 3,66 mannsbörn í núgildandi grunni vísitölunnar.

Hagstofan gerir nú ráð fyrir að úrvinnslunni ljúki að mestu í þessum mánuði og þá verði líka lokið gerð draga að nýjum vísitölugrundvelli. En þá tekur við yfirferð kauplagsnefndar og endanleg ákvörðun um vísitölugrunninn. Eins og kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar er það sjálfstæð ákvörðun að taka upp nýjan vísitölugrunn, en það væri unnt að taka hann upp, ef nefndin ákveður það, fyrir vorið að mínum dómi.

Þá vil ég að lokum geta þess vegna orða hv. þm. og fyrirspyrjanda að Hagstofan áformar að gefa út niðurstöður neyslukönnunarinnar í sérstakri skýrslu á þessu ári.

Eins og fram hefur komið liggja enn ekki fyrir heildarniðurstöður og það er því ekki hægt að fullyrða um breytingu á samsetningu útgjalda heimilanna. Það er ekki langt síðan að neyslan var könnuð síðast með þessum hætti og ég býst því ekki við neinum stórbreytingum. En ég tel það næsta víst að hlutur matvæla í heildarútgjöldum reynist minni en hann var 1978–1979, en vægi ýmissa útgjalda sem tengjast tómstundum og frístundum manna hafi aukist. Svo er auðvitað alveg víst að mikil breyting hefur orðið á vöruvalinu í útgjöldunum því nýjar þarfir hafa rutt eldri þörfum úr vegi.

Mér kæmi ekki á óvart, svo ég víki beint að því sem spurt var um, að hlutur matvælanna lækki úr 24% í núgildandi grundvelli í þessum mánuði í á að giska 20–22% í hinum nýja. Þetta er þó ekki þekkt niðurstaða heldur ágiskun enn.

Eftir því var líka spurt hvort hægt væri að kanna útgjaldamunstur eftir hæð tekna. Það er skemmst frá því að segja að Hagstofan skipulagði neyslukönnunina núna þannig að niðurstöður fengjust um útgjöld eftir gerð og stærð fjölskyldna, eftir búsetu og loks eftir tekjuflokkum. Möguleikarnir á því að fá raunhæfar og sundurliðaðar nákvæmar niðurstöður takmarkast af stærð úrtaksins og svörunum sem gefin voru. En ég býst þó við því að þarna megi fá marktækar niðurstöður um meginflokka, t.d. í Reykjavík, utan Reykjavíkur og kannski fyrir lágar tekjur, miðlungstekjur og allháar tekjur. Það er hins vegar kauplagsnefndar að ákveða hvernig niðurstöður neyslukönnunarinnar verða nýttar til að mynda nýjan vísitölugrundvöll, svo ég víki enn að orðum hv. fyrirspyrjanda. En hér fást í efninu áreiðanlega möguleikar til að gera ýmsar kannanir og athuganir og ég mun gera sannarlega ráðstafanir til þess að alþm. og Alþingi verði kynntar þessar niðurstöður.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra Hagstofu

Íslands fyrir einkar glögg svör við þessari fsp. Ég tel að það sé mjög mikilvægt, sem fram kom í hans svari, að unnt verði að lesa af hinni nýju vísitölu framfærslukostnaðar upplýsingar um hag mismunandi tekjuhópa. Einnig tel ég mjög mikilvægt að fram koma þarna upplýsingar um mismunandi verðlag eftir landshlutum. Það er ákaflega mikilvægt. Og ég tel einnig mjög jákvætt að þessi nýi grunnur verði gefinn út þannig að Alþingi og þjóðin öll megi átta sig á því hvernig grunnur vísitölu framfærslukostnaðar er settur saman.

Ég vil hins vegar benda á það, eins og hæstv. ráðherra reyndar kom inn á, að ákvörðun um að nota þennan nýja grunn er kjarasamningamál í raun og veru, kauplagsnefndarmál og þar af leiðandi kjarasamningamál og ekki unnt að taka nýjan grunn upp öðruvísi en um það sé samið í nýjum kjarasamningum. Það er meginatriði sem menn þurfa að átta sig á. Einnig er athyglisvert að virða fyrir sér að með nýja grunninum verður vægi matarskattsins minna en í hinum gamla grunni og þess vegna er að mínu mati nýrri grunnurinn verri viðmiðun fyrir láglaunafólk en sá gamli. En það er svo annað mál sem við höfum rætt ítarlegar í þinginu undir öðrum dagskrárliðum, herra forseti.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins segja að lokum um þessa fsp. og síðari ræðu fyrirspyrjandans, að það er að sjálfsögðu rétt að að því leyti sem miðað er við vísitölu framfærslukostnaðar og þróun hennar í kjarasamningum að einhverju leyti er hún kjarasamningamál, en sem mælitæki á verðlagsþróun í landinu er hún það ekki. Til dæmis er vel hugsanlegt að menn vildu hafa fleiri en eitt mælitæki á lofti og á margan hátt eðlilegt.

En ég vildi eingöngu ítreka að að því leyti sem um hlutlæga mælingu á verðlagsþróun er að ræða er hún ekki kjarasamningamál.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það er skynsamlegt að hafa fleiri en eina mælingaraðferð á þróun framfærslukostnaðar, en ástæðan fyrir fyrirspurninni og þessum umræðum nú er sú að ef svo heldur fram sem horfir með verðlag og kjaraþróun á þessu ári getur reynst óhjákvæmilegt að binda launahreyfingar við vísitölu eins og áður var gert vegna þess hvað verðbólgan er komin á mikið span fyrir tilverknað efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ítreka að upptaka nýs grundvallar fyrir vísitölu framfærslukostnaðar og mælingar á verðlagsþróun í landinu eru algerlega óskylt mál verðtryggingarákvæðum í kjarasamningum.

Innflutningur á fatnaði með fölsuðum upprunaskírteinum, ein umr.

Fsp. IBA, 217. mál. — Þskj. 489.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að leggja fram fsp. til tveggja hæstv. ráðherra, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., á þskj. 489 um innflutning á fatnaði með fölsuðum upprunaskírteinum. En fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur farið fram könnun á því hvort stundaður sé innflutningur á fatnaði og öðrum varningi með fölsuðum upprunaskírteinum?

2. Ef svo er, hvað leiddi hún í ljós?

3. Hafi slík könnun ekki farið fram, hyggjast ráðherrar þá beita sér fyrir því að svo verði?“

Hæstv. forseti. Fata- og ullariðnaðurinn á í gríðarlegum rekstrarerfiðleikum. Hverri verksmiðjunni á fætur annarri er lokað með þeim afleiðingum að um 500 manns hafa misst atvinnu sína, eigendur eignir sínar og byggðarlög mikilvæg atvinnutækifæri fyrir íbúa sína. Dagblöð eru farin að birta það sem nú er farið að kalla „dauðalistann“ sem er listi yfir þau fyrirtæki í þessum iðnaði sem gefið hafa upp öndina og lengist sá listi dag frá degi. Þannig mætti nefna að á annan tug prjónastofa og nokkur fyrirtæki í fataiðnaðinum, eins og t.d. Henson bæði á Akranesi og Selfossi, hafa orðið að hætta starfsemi.

Mitt í öllum þessum hörmungum, sem sumir vilja að einhverju leyti kenna um síauknum innflutningi frá Asíulöndum, sem var á síðasta ári um hálfur milljarður kr., birtist viðtal við formann Félags ísl. iðnrekenda í Morgunblaðinu 8. okt. sl. þar sem hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við höfum á tilfinningunni að töluvert sé flutt inn af fatnaði frá Austur-Evrópu og Asíu á fölsuðum upprunaskírteinum. Fatnaður þessi er fluttur inn til einhverra fríverslunarlanda í Evrópu þar sem hann er merktur á ný og fær ný upprunaskírteini og lítur þá út eins og hann hafi verið framleiddur í viðkomandi landi. Þetta er gert til þess að sleppa við 16% toll til Íslands. Við ætlum að athuga hvort þetta sé jafnalgengt og orðrómurinn segir.“

Þarna er nánast fullyrt að innflutningur á fölsuðum EFTA-skírteinum eigi sér stað og að athuga þurfi hvort hann sé jafnmikill og orðrómur segir. Það er sem sagt ekki vafi í huga formanns Félags ísl. iðnrekenda að hann eigi sér stað heldur hitt hvort hann sé jafnmikill og orðrómurinn segir.

Þann 10. okt. sl. gefur Morgunblaðið helstu innflytjendum kost á að svara ásökunum Víglundar Þorsteinssonar og við skulum líta á hvað þeir hafa að segja, með leyfi forseta:

„Það verður að gera þá kröfu til Víglundar Þorsteinssonar að maður í hans stöðu rökstyðji ásakanir sem þessar og greini nánar við hvað hann á. Það verður ekki við það unað að heil stétt manna liggi

undir grun um ólöglegan innflutning", sagði Þorsteinn Pálsson innkaupastjóri Hagkaupa."

Hann vísaði málinu á bug en krafðist rökstuðnings og það gerðu aðrir helstu innflytjendur líka. En hvað sagði Magnús Erlendsson hjá heildverslun Björgvins Schram? Hann kvaðst telja víst að Víglundur Þorsteinsson léti sér ekki ummæli sem þessi um munn fara án þess að geta staðið við þau. Og síðan segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Maður hefur heyrt að sum fyrirtæki standi að innflutningi með þessum hætti. Það eru til óheiðarlegir menn í þessu starfi eins og flestum öðrum. Ég vona að þessi orð Víglundar verði til þess að málið verði rannsakað og svikin afhjúpuð."

Þarna kemur það fram svart á hvítu: í fyrsta lagi að Víglundur Þorsteinsson fari með rétt mál, að mati Magnúsar, í öðru lagi hefur hann heyrt um fyrirtæki sem standi í innflutningi með þessum hætti, í þriðja lagi vonar hann að þetta verði til þess að málið verði rannsakað og svikin afhjúpuð. Svikin afhjúpuð! Alls enginn vafi í hans huga, enda telur hann sig kannast vel við málið.

Þegar formaður Félags ísl. iðnrekenda fullyrðir að innflutningur á fölsuðum upprunaskírteinum eigi sér stað og þegar einn af stærstu innflytjendum á fatnaði, alla vega íþróttafatnaði, tekur alfarið undir það hljóta yfirvöld að leggja við hlustir og gera ráðstafanir. Það er því spurning mín: Hafa yfirvöld lagt við hlustir og gert ráðstafanir? Ef ekki, finnst ráðherrum þá ekki ástæða til?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrirspurnin er í þremur liðum. Fyrst hvort farið hafi fram könnun á því hvort stundaður sé innflutningur á fatnaði og öðrum varningi með fölsuðum upprunaskírteinum.

Svar: Könnun á því hvort stundaður sé innflutningur á varningi með fölsuðum upprunaskírteinum fer fram af hálfu tollyfirvalda sem liður í almennu tolleftirliti. Um síðustu áramót hófst tölvuvædd vinnsla tollskjala hjá tollstjóranum í Reykjavík og þar með kerfisbundin skráning athugasemda þeirra sem tollyfirvöld gera vegna tollskýrslugerðar innflytjenda, þar með talið athugasemda vegna upprunaskírteina. Áætlað er að tölvuvæðingu tollstjóraembætta úti um land allt verði lokið fyrir árið 1990, en hún er þegar orðin virk að því er varðar stærsta tollafgreiðslusvæðið. Þar með segir að athugasemdir af þessu tagi eru skráðar, tölvutækar og auðfengnar.

Í annan stað er svo spurt: Ef svo er, hvað leiddi hún í ljós?

Svar: Engar endanlegar tölur eru enn til eða hafa verið teknar saman enn um umfang slíks innflutnings, en að sögn yfirmanns vöruskoðunardeildar embættis tollstjórans í Reykjavík mun töluvert bera á því að fölsuðum upprunaskírteinum sé framvísað við tollafgreiðslu á vörum einkum þegar um fatnað er að ræða. Af þeim sökum er fatnaður m.a. talinn til þeirra viðkvæmu vörusendinga sem taldar eru þurfa sérstakrar skoðunar við og óheimilt að tollafgreiða svokallaðri DHL-hraðafgreiðslu.

Þá er spurt: Hafi slík könnun ekki farið fram, hyggjast ráðherrar þá beita sér fyrir að svo verði?

Svar: Já, sbr. þau gögn sem hér hafa verið rakin.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það þarf litlu við það að bæta sem fram kom hjá fjmrh. Það er ljóst að innflutningur á fatnaði er undir smásjá hjá tollyfirvöldum vegna hættunnar á fölsun upprunaskírteina. Þannig virðist þetta fljótlega munu komast í gott horf. Það þarf varla að taka fram en ég vil þó gera það alveg skýrt að fölsun upprunaskírteina er refsiverð samkvæmt íslenskum lögum.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherrunum ágæt svör. En ef slíkar kannanir eru stundaðar hjá tollstjóraeftirlitinu með tilkomu tölva verð ég samt að segja að tölvur eru ekki lausnin á öllum sköpuðum hlutum og hlýt að inna eftir því með hvaða hætti þetta eftirlit fari fram. Hvernig finna menn í rauninni út hvort um fölsuð upprunaskírteini er að ræða eða ekki?

Við 3. liðnum fæ ég jákvætt svar, þ.e. liðnum: Hafi slík könnun ekki farið fram, hyggjast ráðherrarnir þá beita sér fyrir að svo verði? Á hvern hátt hyggjast þeir gera það? Er það með tölvugöldrunum eða á að fara út á víðtækara svið? Á t.d. að kanna þetta erlendis frá við framleiðendurna, við verslanirnar sjálfar? Hversu víðtæk verður könnunin og hvernig á að standa að henni?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Rétt mun það vera að tölvur leysi ekki allan vanda, en þær eru þarfaþing og sér í lagi við að afla upplýsinga af þessu tagi með auðveldum og skjótum hætti. Þar sem þessi gögn liggja fyrir, þar sem þessar athugasemdir eru skráðar jafnóðum á að vera tiltölulega auðunnið verk að taka saman þessar athugasemdir. Sjálfsagt þarf síðan að meta þær nánar eftir nánari skoðun. Þar kemur til álita líka hvaða aðferðum er beitt í því skyni og hvort það kallar á frekari eftirgrennslan erlendis frá. En engu að síður: Þetta er forsendan fyrir því að hægt sé að taka saman þessar athugasemdir, meta þær og bregðast síðan við þegar menn telja að upplýsingarnar séu óyggjandi.

Svar mitt við því með hvaða hætti þetta er og hversu víðtækt það er er einfaldlega það að ég mun fela tollstjóranum eða tollstjóraembættinu að vinna úr þeim gögnum sem þeir segjast þegar hafa í fórum sínum þannig að hægt sé að taka ákvarðanir á þeim grundvelli.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þegar um fölsuð upprunaskírteini er að ræða er það í flestum tilfellum þannig að varan er framleidd t.d. í Taiwan, flutt jafnvel til Englands og þar er einfaldlega skipt um miða í hálskraga eða

einhvers staðar og í staðinn fyrir „Made in Taiwan“ er sett „Made in England“. Þetta kemur alls ekki í ljós í tölvuvinnslu tollstjóraembættisins. Það eru fölsuð gögn sem verið er að vinna með. Það kemur alls ekki í ljós þar. Ég spyr aftur: Hvernig ætlið þið að koma í veg fyrir þetta?

SAMEINAÐ ÞING

42. fundur, mánudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist:

„1. febr. 1988.

Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég þarf að dvelja erlendis í opinberum erindagjörðum á næstunni óska ég eftir því að 1. varamaður á lista Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund, Vesturvangi 28, Hafnarfirði, taki sæti mitt á Alþingi er það kemur saman hinn 1. febr. nk."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jón Kristjánsson, forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á Alþingi því sem nú situr og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„29. jan. 1988.

Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sérstakra anna leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Kvennalistans í Reykjavík, Sigríður Lillý Baldursdóttir kennari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson, forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir bréf frá Guðrúnu Halldórsdóttur, 1. varamanni Kvennalistans í Reykjavík, og kjörbréf Sigríðar Lillýar Baldursdóttur.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„1. febr. 1988.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður þingflokks Alþb. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson, forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Þórðar Skúlasonar.

Þá hefur enn fremur borist svohljóðandi bréf:

Alþt. 1987. B. (110. löggjafarþing).

„29. jan. 1988.

Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v., hefur sent svohljóðandi símskeyti:

„Af heilsufarsástæðum get ég ekki sótt fundi Alþingis á næstunni. Því óska ég þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Elín R. Líndal, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Sauðárkróki, 29. jan. 1988.

Stefán Guðmundsson."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason, forseti Ed.."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Elínar R. Líndal.

Með því að hér hafa borist þrjú kjörbréf sem þurfa athugunar kjörbréfanefndar vil ég fara þess á leit að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréf þessi til athugunar nú þegar. Á meðan verður gefið fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist eftirfarandi erindi: Kjörbréf Sigríðar Lillýar Baldursdóttur, 2. varamanns SK í Reykjavíkurkjördæmi, sem taki sæti í forföllum Þórhildar Þorleifsdóttur, 18. þm. Reykv., kjörbréf Elínar R. Líndal 1. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, sem taki sæti fyrir Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v., og Þórðar Skúlasonar, 1. varamanns Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, sem taki sæti 4. þm. Norðurl. v. Ragnars Arnalds. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þessi erindi og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Elínar R. Líndal samþ. með 38 shlj. atkv.

Kjörbréf Sigríðar Lillýar Baldursdóttir samþ. með 40 shlj. atkv.

Kjörbréf Þórðar Skúlasonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Elín R. Líndal og Sigríður Lillý Baldursdóttir hafa ekki setið áður á Alþingi og vinna þær nú drengskaparheit að stjórnarskránni.

Elín R. Líndal og Sigríður Lillý Baldursdóttir hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þær og Þórður Skúlason boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Haf- og fiskveiðasafn, fyrri umr.

Þáltill. EG, 159. mál. — Þskj. 172.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 172 leyft mér að flytja till. til þál. um haf- og fiskveiðasafn en till. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa í samráði við sjútvrh. nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Skal safnið gefa mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu, fiskveiðum Íslendinga fyrr og nú, ásamt annarri nýtingu og vernd auðæfa hafsins, svo og meðferð og sölu sjávarfangs fyrr og nú. Í safninu skal einnig fjallað um landhelgismál Íslendinga, þróun þeirra, baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og landhelgisgæsluna. Í safninu skal beitt fullkomnustu sýningartækni sem völ er á.

Nefndin skal gera fjárhagsáætlun um uppbyggingu slíks safns, hugsanlega í áföngum. Kanna skal möguleika á að nota hluta af sýningarefni sem kjarna minni safna víðs vegar um landið og bæta þá við því sem er sérkennilegt í hverju byggðarlagi eða tengja það þeim söfnum sem fyrir eru.

Leggja skal skýrslu nefndarinnar og fjárhagsáætlanir fyrir Alþingi.“

Herra forseti. Þessi till. var einnig flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd og er því endurflutt nú. Mér þykir rétt í upphafi að árétta að hér er ekki átt við fiska- eða sædýrasafn né heldur sjóminjasafn sem þegar er fyrir hendi. Þessi till. miðar aðeins að því að nefnd geri áætlun um að koma upp haf- og fiskveiðasafni þar sem ítarlega og með þeirri bestu tækni sem völ er á væri fjallað um þennan höfuð- og undirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Það er ekki tekin afstaða til þess í þessari till. hvar slíku safni skuli velja stað, en vel mætti t.d. hugsa sér að það yrði staðsett á Akranesi þar sem þegar er myndarlegt byggðasafn að Görðum. Akranes er og mikill útgerðarbær í næsta nágrenni við mestu þéttbýlissvæðin. Þangað eru og greiðar samgöngur.

Safn af þessu tagi mundi sannarlega vera áhrifamikið fræðslutæki fyrir unga sem aldna og gæfi margvíslegar upplýsingar um lífríki hafsins hér á norðurslóðum og ekki síður auðæfi þessara hafsvæða, baráttuna fyrir vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og sögu landhelgisbaráttunnar frá öndverðu. Ég held að það geti ekki orkað tvímælis að það er mikil nauðsyn á fræðslu af því tagi sem slíkt safn mundi veita, ekki síst þar sem þeim fer nú fjölgandi hér á landi sem alast upp án nokkurra tengsla við það umhverfi sem tengist fiskverkun, sjósókn og sjávarútvegi.

Hjá öðrum þjóðum, sem að verulegu leyti byggja afkomu sína á siglingum og sjávarútvegi, eru í mörgum borgum söfn er tengjast sjósókn og siglingum. Ég minni á að ég hygg að í Bergen í Noregi séu a.m.k. þrjú söfn af þessu tagi, siglingasafn, fiskveiðasafn og fiskasafn. Það er sannfæring mín að ekki sé aðeins rétt að koma upp safni eins og hér um ræðir heldur sé okkur Íslendingum það beinlínis skylt. Slíkt safn mundi veita ungum sem öldnum ómetanlega fræðslu um þau mál sem tilvera íslensku þjóðarinnar og afkoma öll grundvallast á umfram allt annað.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að þessari till. verði vísað til allshn. og síðari umr.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er virðingarverður áhugi hv. 3. þm. Vesturl. sem fram kemur í þessari till. hans til þál. um haf- og fiskveiðasafn. Ég vil fara um þetta mál nokkrum orðum með tilliti til stöðunnar í safnamálum í landinu. Ég hef efasemdir um að till. hitti naglann á höfuðið ef svo má segja varðandi brýnar úrbætur í þessum málum þó að ég sé fyllilega samþykkur því markmiði sem á bak við tillöguflutninginn liggur.

Við höfum á þessari öld búið afar illa að söfnum í landinu. Þetta á við um Þjóðminjasafn Íslands, þetta á við um Náttúrugripasafnið í Reykjavík innan ramma núverandi Náttúrufræðistofnunar Íslands, þetta á við um byggðasöfn um land allt, með vissum undantekningum þó þar sem heimaaðilar hafa tekið myndarlega á málum, og þetta á við um sérhæfð söfn þar sem leitað hefur verið stuðnings hins opinbera og mætti þar nefna dæmi. Mig minnir að það sé í uppbyggingu sjóminjasafn í Hafnarfirði. Tillögur voru uppi um það og fjármagni hefur nokkru verið veitt til þess verkefnis og það er vissulega þarft verkefni sem þar er á ferðinni og hér kemur þáltill. frá hv. 3. þm. Vesturl. um uppbyggingu á haf- og fiskveiðasafni.

Áður en ég get tekið undir uppbyggingu sérsafns af þessu tagi vil ég sjá að með viðunandi hætti, svo ekki sé meira sagt, sé staðið að þeim söfnum sem menn eru nú með, ekki bara á pappírnum heldur í einhverri mynd, þar sem búið er að hleypa af stokkunum en þar sem flest er af vanefnum gert.

Ég minni líka á að hugur meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi til safnamála birtist í frv. til laga um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, máli sem kemur trúlega til umræðu í hv. Nd. þingsins á þessu vorþingi nema það verði um það samstaða í ríkisstjórninni að kistuleggja það mál, sem væri langvitlegast og farsælast, taka málið allt til endurskoðunar á þessu ári og leggja það fram í einhverjum frambærilegum búningi fyrir þingið. Í því frv. er gert ráð fyrir því, í einum kafla þess, að byggðasöfn verði ekki lengur studd af ríkinu fjárhagslega, bara alls ekki, heldur verði það verkefni sveitarfélaga að sjá um þeirra hlut. Alþfl., að ég best veit, hefur skrifað upp á frv. í ríkisstjórn og hér er hv. 3. þm. Vesturl., formaður þingflokksins, að

flytja tillögu um safn. Ég veit ekki hvort hann er að gera ráð fyrir ríkissafni eða hvort hann er að gera ráð fyrir viðbót við safn uppi á Akranesi eins og hv. þm. lét að liggja í sambandi við staðsetningu þess. Ég minni á þetta vegna þess að þarna eru menn á alröngu spori, stjórnarmeirihlutinn hér á þinginu, í sambandi við það að ætla að leggja niður stuðning við safnastarfsemi út um landið af hálfu ríkisins. En það mál ræðum við betur seinna ef bandormurinn kemur til frekari umræðu í hv. Nd. þingsins.

Við eigum náttúrufræðisafn hér í Reykjavík. Náttúrufræðistofnun Íslands er í leiguhúsnæði að mestu að ég hygg upp við Hlemm og þar er þetta safn búið að dúsa, vísindalegt náttúrufræðisafn með sýningarsal sem fæstir leggja leið sína til vegna þess að það er ekki þannig á þeim málum haldið kannski að það ýti undir menn og þó mesta furða hvað Náttúrufræðistofnun Íslands og forstöðumenn hafa gert úr þeim litlu efnum sem þeim er ætlað til að sinna skyldum sínum lögum samkvæmt. En það er til háborinnar vanvirðu fyrir Alþingi og stjórnvöld hvernig þau hafa tekið á þessum málum.

Mér finnst að sú hugmynd sem hér liggur fyrir um haf- og fiskveiðasafn eigi að tengjast endurreisn Náttúrufræðisafns Íslands með viðeigandi deildum þess úti um landið, stuðningi við náttúrufræðisöfn á landsbyggðinni sem eru eðlilegur staður til að taka á haffræðinni og fiskveiðunum og ég minni á Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum þar sem heimaaðilar með litlum stuðningi ríkisins hafa komið upp eina fiskasafninu á Íslandi sem hægt er að sýna. Ég hvet eindregið til þess að við meðferð þessa máls verði litið til tengingar þeirra þátta sem hér er að vikið við náttúrufræðisöfn í landinu og byggðasöfn því að byggðasöfnin hafa vissulega leitast við að taka á atvinnusögunni og atvinnuþróun á hverjum stað, líka til sjávarins, þó að kannski fari einna mest fyrir minjum sem snerta búskaparhætti fyrri tíðar í landinu þar sem landbúnaðurinn var undirstaðan en sjávarútvegurinn skipaði annan sess lengi vel.

Ég nefni, herra forseti, að í þinghléinu var það ein grein í stjórnarmálgagni sem gladdi mig sérstaklega að lesa. Það var leiðari í Morgunblaðinu 26. jan. sl. undir fyrirsögninni „Vistfræði og náttúruvernd". Þar tekur ritstjóri Morgunblaðsins mjög eindregið undir þörfina á að láta nú hendur standa fram úr ermum í sambandi við uppbyggingu náttúrufræðisafns á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, en ég flutti um þetta þáltill. fyrir nokkrum árum ásamt ég hygg einum ellefu hv. alþm. úr öllum þingflokkum sem stóðu að því máli og í framhaldi af því skipaði páv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir nefnd sem skilað hefur áliti um þetta mál, að vísu, herra forseti, ekki fyllilega einhuga að því er ég hef heyrt, ég hef ekki séð þetta álit, en það er tekið undir það í þessum leiðara Morgunblaðsins að þörfin sé brýn og ég leyfi mér hér um leið og ég dreg saman mál mitt, herra forseti, að vitna í þennan leiðara þar sem segir:

„Á aldarafmæli Náttúrufræðifélagsins er meira en tímabært að hyggja að úrbótum í þessu efni. Það væri enn fremur í samræmi við brýna þörf á alhliða náttúruvernd að auka veg þessarar stofnunar. Það væri og í samræmi við ört vaxandi áhuga einstaklinga og þjóða á bættri sambúð við umhverfi fólks og það lífríki sem það deilir jörðinni með. Og síðast en ekki síst væri það í samræmi við þá þjóðarvakningu á verndun náttúru Íslands sem nú er að rísa."

Ég þakka Morgunblaðinu fyrir að taka eftir því með þessum skrifum að það er til áhugafólk um náttúruvernd í landinu. Þjóðarvakning hefur risið fyrr, en fékk því miður ekki þann stuðning af hálfu öflugra aðila á þeim tíma, upp úr 1970, sem þurfti til jákvæðra aðgerða í þessum málum.

Ég segi svo, herra forseti, að lokum: Ég bið hv. flm. ekki að misvirða mínar ábendingar um þetta efni. Ég skil vel hvað að baki þessari tillögu liggur, en ég tel að það eigi að skila þessu máli í höfn með því að tengja haf- og fiskveiðasafn og annað sem lýtur að sjávarútvegi við önnur söfn í landinu þar sem ríkið á að standa að málum með heimaaðilum með myndarlegum hætti. Á því er þörf, ekki síst nú þegar hugmyndir eru uppi um allt annað.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna till. til þál. um haf- og fiskveiðasafn sem hv. 3. þm. Vesturl. ber fram. Ég held að það sé tímabært að athugað verði hvort það sé ekki möguleiki að koma á laggirnar slíku safni. Það er eins og við vitum ekki vansalaust að ekki skuli betur hlúð að sögu og þróun undirstöðuatvinnugreinar okkar, sjávarútvegs, en gert er.

Ég hef sjálfur skoðað erlendis nokkur söfn, bæði svokölluð siglingasöfn, fiskasöfn og söfn sem lúta að fiskveiðum, og hef reyndar komið í þau söfn sem hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði í í Bergen og hafði mikla ánægju af að skoða þau. Ég held að það væri til mikilla bóta að það væri unnið að því að koma upp slíkum söfnum hér. Það er mjög mikilvægt að fólkið í landinu eigi þess kost að skoða á einum stað sem flesta þætti sem lúta að sjávarútvegi og fiskveiðum því að það mun auka skilning á þeim málaflokki.

Ég vil þó varpa fram þeirri hugmynd hvort það væri ekki rétt að kanna hvort þetta væri gert einnig í samráði við Háskóla Íslands varðandi rannsóknir og annað slíkt sem kemur inn í þetta.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. 2. þm. Austurl. kom inn á varðandi söfn almennt í landinu. Það er rétt hjá honum að Náttúrufræðisafnið er mjög illa statt og hefði þurft að búa það betur. Ég hef oft skoðað þetta safn og haft töluverða ánægju af því. Þó að það sé ekki stórt er það glettilega gott miðað við aðstæður.

Ég tel að það væri mjög æskilegt að skoða öll þessi mál í samhengi og vinna að því að koma slíku safni upp, en ég er sannfærður um að þegar til framtíðar er litið gæti slíkt safn jafnvel staðið undir daglegum rekstri því að ég er sannfærður um að yngra fólkið í landinu hefur mikla ánægju af að koma og skoða slík söfn, sérstaklega fiskasöfn, þar sem lifandi fiskar eru

til sýnis og annað slíkt. Það má vel vera að það geti verið staðsett á Akranesi þess vegna.

Ég held hins vegar að það breyti ekki öllu hver staðsetningin er, en þó er skemmtilegt við Akranes að þar er varðveittur okkar síðasti kútter og er það gert með miklum myndarbrag við byggðasafnið. Það væri þess vegna mjög skemmtilegt að setja upp safn í sambandi við það. Víða um land í byggðasöfnum hefur samt verið vísir að söfnum hvað varðar skipasöfn þó ekki sé það stórt í sniðum.

Ég fagna þessari till. og vona að hún fái góða meðferð hjá þinginu og þakka flm. fyrir að bera hana fram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir erindi þessarar till. Hún var flutt á síðasta kjörtímabili, ef ég man rétt, og þá tók ég einnig undir erindi hennar. Ég tel að þessi hugmynd sé mjög góð og eftir að ég sjálf átti þess kost að heimsækja svipað safn í Noregi finnst mér eiginlega sjálfsagt mál að þjóð eins og Íslendingar eigi kost á að varðveita sinn menningararf á þennan hátt eða hluta hans. Hins vegar er ég alveg sammála hv. 2. þm. Austurl. þegar kemur að framkvæmd málsins og þeirri forgangsröð sem þarf að gegna í safnamálum okkar. Þar er ýmislegt illa gert eða ekki gert og þegar við skoðum öll málin í heild sinni hljótum við að þurfa að taka tillit til allra þeirra hugmynda sem þar eru uppi. En þá hugmynd að hafa sérstakt haf- og fiskveiðasafn styð ég. Ég held að hún sé hin þarfasta. En hana verður auðvitað að skoða með tilliti til þeirrar heildarmyndar sem er á safnamálum okkar. Og það er alveg hárrétt sem kom fram hjá 2. þm. Austurl. Það er afar illa að þeim búið og okkur til skammar eins og nú er og þurfum við verulega að taka okkur á í þeim efnum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Borgarafl. hefur rætt till. til þál. sem er á þskj. 172 og lýsir yfir eindregnum stuðningi sínum við hana eins og hún liggur fyrir og komið hefur fram í máli hv. 11. þm. Reykn. hér á undan. En mér finnst þeir sem hafa tekið til máls, bæði hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl., tala um málið eins og það sé lagt fyrir til samþykktar á að koma upp því safni sem þar er fjallað um. Það er ekki. Það er verið að gera tillögu um að hér verði skipuð nefnd. Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa í samráði við sjútvrh. nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Síðan skal nefndin gera fjárhagsáætlanir og tillögur um uppbyggingu á safninu og leggja fram skýrslu og fjárhagsáætlun fyrir Alþingi áður en ákvörðun er tekin. Mér finnst þetta vera óvenjulega vel unnið mál í hendurnar á Alþingi og liggja nokkuð skýrt fyrir hver vegferð þessa máls á að vera. Ég lýsi bæði eindregnum stuðningi við þau vinnubrögð sem koma fram, þau eru óvanaleg, og eins hugmyndina. Ég ætla ekki að tína til hvaða söfn ég hef skoðað erlendis í þessu sambandi, en vil þó geta þess að eitt það fullkomnasta og miklu skemmtilegra og betra en það sem vitnað var til í Noregi er í Bermúda og þætti mér gaman að hafa slíkt safn hér sem er mjög frábrugðið því sem ég hef séð annars staðar.

En ég vona að miklar umræðu þurfi ekki að fara fram um hvort það á að skipa nefnd til að kanna gott mál eða ekki.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir með flm. þessarar till. Ég hygg að þessi till. sé tímabær og vel til fundin og ég vil taka undir með þeim sem telja að tillgr. sé vel orðuð og vel hugsuð.

Það er ábyggilega enginn vafi að Íslendingar, sem hafa líf sitt fyrst og fremst af hafinu, eiga að reyna að koma upp slíku safni eins og hér er um að ræða og kannski umhugsunarefni að við skulum í litlum sem engum mæli sjálfir kenna í okkar skólum haffræði og fiskifræði.

Ég lýsi yfir stuðningi við till. Hún er, eins og kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, um að skipa nefnd til að kanna uppsetningu og gera áætlun um stofnun og rekstur slíks safns. En ég vil jafnframt taka undir með þeim sem hér hafa tekið til máls aðrir og minnst á önnur söfn og forgangsröð þegar þar er að komið.

Sannleikurinn er sá að okkur Íslendinga langar til að gera æðimargt og þessi tillaga ber kannski ekki hvað síst vitni um hvað okkur langar til að gera og hugurinn ber okkur áfram og það er margt sem vantar. Þetta er eitt af því sem við vildum gjarnan gera.

Við vorum á laugardaginn að opna Listasafn Íslands í nýjum húsakynnum eftir 15 ára baráttu. Þar er í rauninni mikið óunnið og mikið eftir. Þjóðminjasafnið, sem fær eitthvað rýmra húsnæði við það að Listasafnið flytur, vantar fé til að bæta sitt hús sem lekur og þar er öll aðstaða mjög slæm.

Hér var rætt um náttúrufræðisafn sem vissulega væri eitt af því sem við þyrftum að byggja hið allra fyrsta. Kannski kæmi þar best til greina samvinna milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Um það eiga margir drauma. Að því starfa margir áhugahópar. Það mál er vissulega mjög brýnt.

Margir hafa rætt um tækjasafn, að eldri tæki og vélar í landinu séu víða að grotna niður og menn séu að missa af því að koma upp slíku safni. Menn tala um að bæta aðstöðu Þjóðskjalasafnsins og þannig mætti lengi, lengi telja. Ég held að við megum samt ekki láta henda okkur að vera með allar byggingar í gangi í einu. Við hljótum og verðum að hafa einhverja forgangsröð. Í safnamálum okkar eru fjölmörg verkefni óunnin.

En af heilum huga styð ég það að skipuð verði nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Það hlýtur að vera eitt af þeim söfnum sem við sjáum fyrir okkur í framtíðinni.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi

við þá hugmynd sem fram kemur í þessari till. um að þeim efnisþáttum sem hún fjallar um séu gerð sérstök skil í aðgengilegum söfnum hér á landi. Hugmyndin um að reisa slíkt safn á Akranesi t.d., eins og hv. flm. nefndi, er auðvitað líka góðra gjalda verð og þess er að minnast t.d. hvernig sjávarlífssafnið í Vestmannaeyjum setur svip á þann bæ. Er óhætt að segja að það safn er eins og perla, svo merkilegt er það og athyglisvert. Þar hefur átt í hlut einstaklingur sem af frábærum áhuga og samviskusemi hefur komið þessu safni á laggirnar.

Ég óttast það dálítið í sambandi við þá hugmynd sem hér hefur verið til umræðu að það að gera slíka stofnun að ríkisstofnun, sem sé staðsett annars staðar en í tengslum við væntanlegt náttúrugripasafn á höfuðborgarsvæðinu, dreifi kröftunum e.t.v. um of. Þess vegna er það ábending mín að sú hugmynd sem þessi till. fjallar um verði til umfjöllunar hjá ríki og viðkomandi sveitarfélögum sameiginlega, hugsanlega samtökum sveitarfélaganna í Vesturlandskjördæmi. Það sem ég er með í huga er fyrst og fremst þetta, að þessum þætti mála verði ekki alfarið skipað á einhvern annan stað á landinu, þannig að sá eðlilegi þáttur náttúrugripasafns sem tengdist fiski og lífi í sjónum líði ekki við það að hafist sé handa í öðru byggðarlagi.

Mér þykir það hins vegar jákvætt að safni í tengslum við þetta sé komið á laggirnar á Akranesi, en ég legg áherslu á að það má á engan veg verða til að spilla fyrir náttúrugripasafni á höfuðborgarsvæðinu, eins og gert var ráð fyrir fyrir löngu og ég greindi frá í umræðum á Alþingi árið 1985. Þá greindi ég frá því með hvaða hætti unnið hefði verið að því í menntmrn. þá, frá því snemma það ár. Það miðaðist við að safnið yrði sem allra best aðgengilegt öllum almenningi á Íslandi og þess vegna yrði það á höfuðborgarsvæðinu í námunda við Háskólann og á stað sem bæði ungir og aldnir ættu greiðan aðgang að. Yrði sérstaklega gert ráð fyrir því að hinir ungu Íslendingar og börn gætu átt greiðan aðgang. Þar væri hægt að opna huga þeirra snemma á ævinni fyrir þeim gersemum sem íslensk náttúra býr yfir. Þess vegna var það mín hugmynd þá að unnið væri að slíku máli í samráði við samtök foreldra og skólana. Með því væri á engan hátt dregið úr hinu vísindalega gildi safnsins heldur þvert á móti hinn vísindalegi þáttur gerður lífrænni og í nánari tengslum við almenning.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég vildi aðeins örfáum orðum þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað undirtektir við efni þessarar till. og kannski minna á það í leiðinni að í till. er ekki tekin nein afstaða til þess hvar slíkt safn ætti að starfa eða standa heldur einungis á það bent að vel mætti hugsa sér að það yrði á Akranesi.

Sömuleiðis hafa umræður hér þróast nokkuð á þann veg að ræða um söfn og safnamál almennt, sem kannski er ekki óeðlilegt, og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég ætla ekki, herra forseti, að ræða það mál hér varðandi byggðasöfnin og verkaskiptinguna, en það er kannski rétt að vekja athygli á því í einni setningu eða svo að það er búið að ræða það mál oft og ítarlega í mörg ár og skipa margar nefndir til að fjalla um þau mál, en þegar einhverju á að breyta rísa alltaf einhverjir upp öndverðir og segja: Það má engu breyta. Það er ekkert sem segir að byggðasöfnin væru lakar sett alkomin hjá sveitarfélögunum sem er langeðlilegast vegna þess að það er hrein hungurlús sem þau hafa fengið frá ríkissjóði fram til þessa.

En ég er svo sem vanur að hlusta á neikvætt nöldur, leyfi ég mér að segja, stundum frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og skiptir þá litlu máli um hvaða mál er verið að fjalla. Þó hann segðist taka jákvætt undir efni þessarar till. fann hann henni raunar flest til foráttu.

Það má ræða hér í löngu máli um söfnin í landinu og aðstöðu þeirra, en menn skulu ekki gleyma því, eins og hér hefur raunar komið fram, að Listasafn Íslands tók í notkun mjög glæsileg húsakynni núna sl. laugardag sem eru til sóma og þar eru hlutirnir gerðir af miklum myndarskap. Það er þjóðinni til sóma. Það þarf vissulega að gera betur við ýmis önnur söfn. Ég get verið sammála ýmsu því sem hv. þm. og fleiri hafa sagt um nauðsyn náttúrufræðisafns. Hún er vissulega brýn og er búin að vera lengi.

Ég ítreka svo að lokum að hér er ekki verið að gera tillögu um að safni af þessu tagi sé komið á laggirnar heldur fyrst og fremst um að gerð sé áætlun um hvernig svona stofnun gæti verið, eins og hv. 5. þm. Reykv. réttilega sagði í ræðustól áðan.

Herra forseti. Ég hygg að e.t.v. muni eðlilegra að till. verði til umfjöllunar í hv. félmn. Sþ. en í allshn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka vinsamleg ummæli hv. 3. þm. Vesturl. í minn garð. Ég vil fara örfáum orðum frekar um málið í ljósi þeirra umræðna sem hér fóru fram á eftir hans framsögu.

Menn segja sem svo: Það er allt í lagi að samþykkja till. af þessu tagi vegna þess að hún er bara um að undirbúa mál. En einhvers staðar er sagt: Í upphafi skal endinn skoða, og það á við um þessi mál eins og önnur. Það væri kannski þarflegt fyrir Alþingi Íslendinga að ræða safnamál almennt, stöðu þeirra, bæði safna sem varða atvinnumál í landinu, náttúrufræði og önnur menningarmál áður en menn fara að ályktа nokkurn skapaðan hlut. Sannleikurinn er sá að þessi mál eru í slíkum ólestri að það er með fádæmum. Hér var skipuð nefnd af menntmrn. 1977 til að endurskoða þjóðminjalög. Sú nefnd skilaði áliti, mig minnir 1981, vel unnum tillögum eftir því sem ég hef kynnt mér þær, en síðan hvíldu þær í skúffum ráðherra í tíð fyrri ríkisstjórnar og liggja þar enn. Mér skilst að það sé búið að taka einar tvær, þrjár atrennur á að endurskoða tillögur nefndarinnar frá 1977 og ekki bólar á neinu nema

þessum glaðningi, sem ég leyfði mér að nefna hér, sem liggur fyrir Alþingi frá ríkisstjórninni, byggðasöfn. Með þau hefur ríkið ekki nokkurn skapaðan hlut að gera fjárhagslega. Þau skulu vera verkefni sveitarfélaga. Og lýsir sér nú þekkingin á þessum málum í þeim tillöguflutningi, m.a. í ljósi þess að byggðasöfn eru ekki nema að hluta til í verkahring sveitarfélaga heldur eru það ýmsir aðrir aðilar sem koma að þeim málum fyrir utan ríkið.

Og hver eru svo rökin hjá þeim sem bera þessar tillögur fram hér á Alþingi? Þau komu hér aftur úr munni hv. 3. þm. Vesturl. Jú, það hefur verið veitt svo litlu til þessara mála af ríkinu að undanförnu að það er best að hætta því alveg, láta sveitarfélögin um þetta. Það eru rökin sem má lesa í grg. með frv. í þeim hugmyndabanka frá nefndarmönnum, að hluta sveitarstjórnarmönnum, sem lögðu þær hugmyndir fram og liggja fyrir í skýrsluformi, fólki hérna á höfuðborgarsvæðinu sem um það hefur fjallað. Ég vara við þessum hugmyndum sem liggja fyrir um byggðasöfnin eins og varðandi margt annað. Menn mega alveg velja orð þeim aðvörunum og hafa sín sjónarmið í friði mín vegna.

En ég vil, herra forseti, spyrja hv. flm.: Hvað sér hann á móti því að Náttúrufræðisafn Íslands hafi innan sinna vébanda og gefi mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu? Hvar á þetta heima ef ekki í náttúrufræðisöfnum í landinu, ég spyr, söfnum sem er ætlað að draga upp mynd bæði vísindalega og fyrir almenning af auðlindum Íslands og umhverfi þeirra? Og hvað um fiskveiðar Íslendinga fyrr og nú? Af hverju á að draga það inn í eitthvert sérsafn? Hefur ekki Þjóðminjasafn Íslands reynt að gefa einhverja mynd að fiskveiðum á Íslandi, auðvitað af vanefnum vegna þess hvernig að þeim er búið? Af hverju á ekki að efla Þjóðminjasafnið til að gefa mynd af atvinnusögunni í sjávarútvegi og byggðasöfnin úti um landið til að gera þessu skil? Það hafa þau reynt mörg hver, m.a. byggðasafnið í Görðum á Álftanesi sem hv. þm. væntanlega þekkir. (**SkA:** Á Akranesi.) Byggðasafnið í Görðum á Akranesi. Hvað sagði ég? (**SkA:** Á Álftanesi.) Afsaka. Það var mismæli. Á Akranesi. Mér er kunnugt hvar það er.

Og varðandi nýtingu og vernd auðæfa hafsins. Hvar á það heima ef ekki í náttúrufræðisafni? Mér sýnist að efni till. þurfi athugunar við í ljósi þessa, að gera þeim söfnum sem eru að fást við þessa málaflokka og hafa beinlínis lagaskyldur í þeim efnum kleift að sinna þeim. Það er á sinn hátt stefnumarkandi, herra forseti, að taka afstöðu til till. sem þessarar þó það sé ekki annað en að setja upp nefnd til þess, en það á líka að gera fjárhagsáætlun, og auðvitað eru menn að taka afstöðu til hugmyndarinnar, á byrjunarstigi vissulega, ef þeir fara að samþykkja till. í þessu formi eins og liggur hér fyrir.

Ég vænti þess að þetta mál fái verðuga umfjöllun í nefnd. Mér finnst skynsamlegt af hv. flm. að vísa þessu til félmn. Sþ. Þar verði það skoðað í tengslum við önnur söfn sem þegar eru fyrir í landinu, eflingu þeirra, þörfina á eflingu þeirra frá því sem nú er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 39 shlj. atkv.

Vesturlandsvegur, fyrri umr.

Þáltill. EG o.fl., 165. mál. — Þskj. 179.

Flm. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 179 ásamt öðrum hv. þm. Vesturlandskjördæmis leyft mér að flytja till. til þál. sem fjallar um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir til að kanna hversu hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð utan við Laufásgrunn og Hnausasker eða brú í fjarðarmynni og breyta legu Vesturlandsvegar þannig að farið sé vestan Akrafjalls um Grunnafjörð á Fiskilækjarmela."

Með þessari þáltill., herra forseti, vilja flm. koma því til leiðar að nú verði kannaðir til nokkurar hlítar nýir möguleikar í samgöngumálum er haft gætu í för með sér ekki aðeins verulega breytingu heldur í rauninni byltingu og mjög mikla styttingu á fjölfarinni þjóðleið. Hér er átt við jarðgöng í mynni Hvalfjarðar eða brú á svipuðum slóðum og nýjan veg vestan Akrafjalls um Grunnafjörð á Fiskilækjarmela. Með því móti gæti leiðin frá Reykjavík til Akraness styst um 61 km og orðið 48 km í stað 109 km. Leiðin á milli Borgarness og Reykjavíkur gæti styst um 45 km og orðið 71 km í stað 116. Leiðin milli Akraness og Borgarness mundi styttast um 7 km, úr 37 í 30.

Mér þykir rétt, herra forseti, að minna á að 20. júní 1985 gerði Alþingi svohljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi."

Ef af þeim framkvæmdum yrði, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari ályktun Alþingis að verði kannaðar, og þeim breytingum sem þar er gert ráð fyrir mundi leiðin á milli Akraness og Reykjavíkur styttast enn frekar eða um 10 km og verða 38 km. Aðrar vegalengdir sem ég hef áður nefnt mundu styttast sem því svarar.

Ég held að ég þurfi ekki að fara um það mörgum orðum hverja breytingu þetta mundi hafa í för með sér fyrir byggðirnar á Vesturlandi, fyrir Vestfirðinga, fyrir Norðlendinga og raunar fyrir höfuðborgarsvæðið að sjálfsögðu líka. Hér er ekki um að ræða framkvæmd er varðar eingöngu íbúa Vesturlands. Hér er um að ræða framkvæmd sem varðar landsmenn alla og ber að skoða sem slíka.

Sá framsýni stjórnmálamaður Jónas Jónsson frá Hriflu lét einhvern tímann svo ummælt að tvær vitlausustu hugmyndir á Íslandi, sem þá væru nefndar, væru annars vegar brú yfir Borgarfjörð og hins vegar það sem hann kallaði holu undir Hvalfjörð. Nú er brú yfir Borgarfjörð löngu orðin að veruleika og enginn deilir lengur um það mannvirki. Hin hugmyndin á e.t.v. lengra í land, þ.e. göng undir Hvalfjörð eða leið yfir Hvalfjörð, en er engu að síður fyllilega raunhæf þótt áreiðanlega finnist í þessu efni úrtölumenn eins og í flestum öðrum málum sem til heilla geta horft.

Það var fyrir réttum 15 árum að nefnd lauk störfum sem kannaði ýmsa möguleika í samgöngum um Hvalfjörð. Í umræðum hefur þessi nefnd almennt verið kölluð Hvalfjarðarnefndin og verður því nafni haldið hér í þessari umræðu. Niðurstaða þeirrar nefndar var sú að leggja bæri veg fyrir Hvalfjörð. Að því hefur verið unnið, en hálfur annar áratugur er nú liðinn frá því nefndin lauk störfum og enn hafa tillögur hennar ekki komist í framkvæmd nema að hluta og þess vegna er vert að skoða þetta mál mjög ítarlega að nýju. Það er t.d. ekki enn þá kominn vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð. Enn hefur ekki verið ráðist í vegagerð yfir Botnsvog sem nú er raunar ljóst að yrði mjög dýr og orkar raunar tvímælis í ýmsu tilliti.

Vegabætur á Hvalfjarðarleið hafa gengið undrahægt undanfarin ár miðað við þróun samgangna t.d. á Suðurlandi og Reykjanesi. Á Suðurlandi er nú óslitið bundið slitlag austur undir Markarfljót og allir vegir í Reykjaneskjördæmi sunnan höfuðborgarsvæðisins hafa löngu verið lagðir bundnu slitlagi. Þá er ég að sjálfsögðu að tala um aðalvegina. Í Hvalfirði, einni allra fjölförnustu þjóðleið landsins, eru 12 km enn malarvegir og þar fara um rúmlega 1100 bílar á dag samkvæmt síðustu talningum. Að vísu varð mikil aukning á árinu 1987 sem ekki er búin að skila sér enn þá inn á talnablöð.

Hvalfjarðarnefndin hafnaði á sínum tíma öllum hugmyndum um veg utarlega í Hvalfirði á forsendum sem þá voru örugglega réttar um að slík áform væru utan hugmynda um kostnað og arðsemi sem þá voru uppi. Vegur fyrir Hvalfjörð var þá augljóslega eðlilegasta og arðbærasta hugmyndin. Frá því að þetta gerðist eru allar aðstæður gjörbreyttar. Sú staðreynd að Vesturland hefur dregist nokkuð aftur úr í vegamálum hefur haft áhrif á þróun byggðarinnar, ekki aðeins á Vesturlandi heldur einnig á öllu norðan- og vestanverðu landinu. Nú er því spáð að byggð á Suðurlandi muni vaxa hraðar en í öðrum landshlutum og er engin sýnileg ástæða önnur fyrir slíkri spá en að Suðurland nýtur þess að hafa mjög góðar samgöngur og góð tengsl við helsta markaðssvæðið hér þar sem meira en helmingur þjóðarinnar býr. Margt breytist á skemmri tíma en 15 árum. Ekki síst hafa breyst ýmsar tæknilegar forsendur í vegamálum. Kostnaður við gerð jarðfyllinga hefur lækkað verulega, en miklu meir hefur kostnaður lækkað við gerð ýmiss konar neðansjávarmannvirkja. T.d. hafa Norðmenn náð ótrúlegum árangri í lækkun kostnaðar við jarðgangagerð.

Svo enn sé vitnað til skýrslu Hvalfjarðarnefndar frá árinu 1972. Þar eru hugleiðingar um göng undir Hvalfjörð. Þar segir Þorleifur Einarsson jarðfræðingur að hann telji að það komi einungis til greina að leggja göng í pípu yfir fjörðinn á svæðinu við Hnausasker og er þá gert ráð fyrir að pípu verði sökkt í fjörðinn og fyllingar síðan lagðar að.

Hér í þessari till. er ekki verið að taka neina afstöðu til þess hvernig þetta skuli gera. Laugardaginn 16. jan. var haldinn afar fróðlegur fundur á Akranesi þar sem m.a. Hreinn Haraldsson yfirjarðfræðingur hjá Vegagerðinni og Ólafur Bjarnason verkfræðingur fluttu erindi um þessi mál. Í þeirra máli kom fram að e.t.v. þyrfti að byrja með rannsóknarfé sem næmi 3–5 millj. kr., en það er ekki talið óeðlilegt að rannsóknarkostnaður við svona mannvirki nemi 5% af framkvæmdakostnaði og ef menn slægju á það mjög lauslega að framkvæmdakostnaður væri 1500 millj. gæti rannsóknarkostnaðurinn orðið 75 millj. Þeir sögðu: Við þurfum að ætla okkur allrúman tíma. En um hvaða tíma eru menn að tala? Það var talað um að rannsóknin kynni að taka 3–4 ár, síðan þyrfti að melta niðurstöður þeirra rannsókna í a.m.k. eitt ár, síðan væri tekin ákvörðun um hvernig þetta verk skyldi unnið og þá væri kannski ekki fjarri lagi að ætla að framkvæmdatíminn gæti orðið á bilinu 3–5 ár.

En það eru ýmsar leiðir sem þarna koma til greina: brúarbygging, göng frá landi til lands yst í firðinum, fylling og brú eða fylling og göng úr einingum sem væru steyptar í heilu lagi og síðan sökkt í fjörðinn. Það er ekkert verið að tala um það hér hvaða leið skuli fara eða hvernig þetta skuli gert heldur eingöngu verið að fjalla um að hægt verði að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir til þess að komast að niðurstöðu um hvað sé skynsamlegast í þessum efnum.

Í skýrslu jarðganganefndar frá árinu 1987 er gert ráð fyrir að umferð um Hvalfjörð sé 800 bílar á dag. Árið 1986 var umferð í Hvalfjarðarbotni 1100 bílar á dag og hefur örugglega aukist mjög verulega síðan. Sé miðað við reynslu frá Borgarfjarðarbrú má búast við að umferð aukist um allt að 50% við framkvæmd sem hefur í för með sér verulega styttingu. Ég held að það sé ekkert fráleitt að ætla að umferð á þessari leið gæti orðið a.m.k. 2000 bílar á dag ef ekki meira ef yrði af þeim framkvæmdum sem fjallað er um í þessari till.

Sé umferðarþróunin skoðuð í öðru samhengi og horft til umferðar frá Reykjavík til Suðurlands og

suður með sjó kemur í ljós að umferð í Svínahrauni og á Reykjanesi er um 3500 bílar á dag. Á Suðurlandi eru um 20 000 íbúar og vegalengdin að Selfossi er 57 km. Þar búa 3700 manns. Hér má einnig til þess líta að á Austurlandi búa um 13 000 manns. Á Reykjanesi sunnan Hafnarfjarðar eru um 15 000 íbúar, þar af 7000 í Keflavík. Ef horft er til Vesturlands í þessum samanburði eru íbúar þar um 14 000. Akranes, stærsti þéttbýliskjarninn, yrði í 48 km fjarlægð frá Reykjavík, en þar búa nú um 5500 manns. Íbúar á Vestfjörðum eru um 10 200, á Norðurlandi vestra um 11 000 og 26 000 manns á Norðurlandi eystra. Þá er hreint ekki fráleitt að ætla að þessi vegarstytting gæti haft enn víðtækari áhrif til umferðaraukningar en áður eru leiddar líkur að.

Það gefur auga leið að framkvæmdir eins og þessi till. gerir ráð fyrir að kannaðar verði kosta mjög mikið fé og verða ekki að óbreyttu fjármagnaðar af fjárframlögum til vegamála eins og nú háttar. En hins vegar má benda á þá leið að stofna sérstakt fjárfestingarfélag um þessa framkvæmd og hafa t.d. tollveg og láta veggjöld standa undir öllum framkvæmdakostnaði.

Norðmenn hafa gert það í mjög vaxandi mæli með margháttuð umferðarmannvirki í Noregi, bæði jarðgöng og ýmislegt annað, og talið það gefast mjög vel. Ýmsir hafa í rauninni bent á að hér gæti orðið um svo arðbært fyrirtæki að ræða að erlend byggingarfyrirtæki t.d., sem hafa sérhæft sig í svona stórframkvæmdum, mundu ekki aðeins fáanleg heldur mjög fús til að reisa mannvirki af þessu tagi og reka uns málið væri komið á fjárhagslega jafnsléttu, en þá yrðu þessi mannvirki þjóðareign eins og önnur samgöngumannvirki. Okkur flm. sýnist þó að þetta gætu menn allt eins gert sjálfir og væri í rauninni miklu eðlilegri og viðkunnanlegri framkvæmdaháttur.

Sú gagnrýni hefur verið höfð uppi gagnvart tollvegum að innheimtukostnaður veggjalds sé mjög hár. Þróun í þeim efnum hefur verið ör með tilkomu tölvutækni og framfara á sviði fjarskipta. Ýmsir sem gerst þekkja telja að hér megi koma fram mikilli sjálfvirkni. Sjálfvirkur búnaður geti fylgst með og skráð bílana og eigendur fái síðan sendan reikninginn heim.

Eins og ég vék að áðan hafa Norðmenn tekið þetta fyrirkomulag upp allvíða. Mig langar til að geta hér um eitt dæmi frá Noregi. Þar hafa Norðmenn tekið í notkun tvenn jarðgöng er tengja Álasund, Ellingsey og Valderey, en á síðastnefndu eyjunni er flugvöllur sem íbúar Álasunds nota. Í norsku blaði var greint nýlega frá þessari framkvæmd sem kemur 68 000 íbúum níu sveitarfélaga í vegasamband við flugvöllinn. Vinna við þessa framkvæmd gekk miklu betur en menn höfðu áætlað og þar búast menn við að umferð verði um 3000 bílar á dag og er áætlað að vegtollur fyrir venjulegan fólksbíl verði 20 norskar kr. eða 115 ísl. kr. Þessi framkvæmd hefur vakið athygli víða um heim og hafa sérfræðingar frá fjölmörgum löndum komið og kynnt sér þessa norsku framkvæmd við Álasund sem er mjög merkileg.

Ég vil aðeins, herra forseti, að lokum geta þess að bæjarstjórn Akraness ályktaði um þetta mál 12. jan. sl. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur verið fjallað um vegatengingu yfir utanverðan Hvalfjörð annaðhvort með byggingu brúar eða gerð jarðganga. Fyrir Alþingi liggur þáltill. frá þm. Vesturlandskjördæmis og Ólafur Bjarnason verkfræðingur hefur tekið saman grg. um brúargerð um Hvalfjörð. Brú yfir Hvalfjörð eða jarðgöng undir er fyrir alla byggð á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi veruleg samgöngubót svo og alla þá sem ferðast að og frá höfuðborgarsvæðinu um Vesturlandsveg. Lausleg könnun bendir til þess að gerð brúar yfir Hvalfjörð eða jarðganga undir Hvalfjörð sé þjóðhagslega hagkvæm, auk þess sem slík tenging mun skjóta stoðum undir atvinnulíf á Vesturlandi og verða lyftistöng nýjum atvinnutækifærum.

Bæjarstjórn Akraness fagnar þeirri umfjöllun sem orðið hefur um þetta brýna hagsmunamál og beinir þeirri áskorun til fjárveitingavaldsins að tryggja Vegagerð ríkisins fjármagn til að kosta nauðsynlegar rannsóknir. Einnig er þeirri áskorun beint til samgrh. að hann skipi nefnd sem geri áætlun um kostnað við þær framkvæmdir sem til greina koma, kanni arðsemi mannvirkisins og möguleika á fjármögnun þess."

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. og 2. umr.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Till. þessi til þál. fjallar um athugun á nýrri legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð. Hvalfjörður hefur löngum þótt nokkuð langur til þess að þræða fyrir hann og talinn þröskuldur á leið manna til Vesturlands og víðar um land. Allir þm. Vesturlands standa að þessari till., þar sem farið er fram á að ríkisstjórnin láti gera nauðsynlegar rannsóknir á því hvaða leið sé heppilegast að fara. Nefnd eru göng undir Hvalfjörð og almenn könnun á besta vegarstæði á þessari leið.

Till. er flutt af öllum þm. Vesturlandskjördæmis. 1. flm. hefur gert glögga grein fyrir sínu máli eins og hans var von og vísa svo það er ekki þörf á að bæta miklu við.

Sú till. sem nefnd er og þykja má nýstárlegust um að grafa göng undir fjörðinn er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið nefnd áður. Ég man t.d. hvað Gunnar Bjarnason, kennari á Hvanneyri, sagði þegar rætt var um Hvalfjarðarveginn fyrir mörgum árum og mönnum varð tíðræddast um að þræða fyrir botn fjarðarins eða jafnvel byggja brú yfir fjörðinn. Þá sagði Gunnar sem löngum er bjartsýnn framkvæmdamaður: Þið eigið bara að fara undir fjörðinn. Það er ekkert mál.

Þetta mál er heldur ekki nýtt að því leyti að því hefur verið hreyft oft á liðnum árum í tillöguformi, m.a. á síðasta þingi, ef ég man rétt. Hvalfjarðar-

nefndin, sem skoðaði þetta mál fyrir 15 árum, skilaði ítarlegu áliti sem frsm. vék að.

Það er nú liðinn hálfur annar áratugur síðan sú nefnd lauk störfum og því full ástæða til að athuga þetta mál ítarlega að nýju. Það er ekki enn þá kominn vegur með bundnu slitlagi alla leið fyrir fjörðinn og það hefur ekki enn þá verið ráðist í vegagerð eða brú yfir Botnsvog sem var ofarlega á dagskrá hjá Hvalfjarðarnefndinni svokölluðu.

Það er nú svo og því má ekki gleyma að vegurinn fyrir Hvalfjörð hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum. Þetta er falleg leið og mun fljótfarnari en hún var áður fyrr. Það er t.d. mikill munur að aka fyrir Botnsvoginn nú eða var fyrir einu ári. Það var lagt bundið slitlag á þessa leið um Múlahlíð og Þyrilshlíð á síðasta sumri og var það mikill munur frá því sem var. Að vísu var ráðist í þessa framkvæmd fyrir viðhaldsfé og það er ekki nógu gott þegar þörf er fyrir það fé í aðra vegi. Það var rétt hjá hv. 1. flm. að það eru enn þá alldýrir kaflar eftir á þessari leið, 12 km af malarvegi, sagði hann. Það er meira sunnan fjarðarins en í Vesturlandskjördæmi.

En aðalatriðið er að tækninni fleygir fram. Þessi mál hafa verið í stöðugri endurskoðun. Það er ágætt að skjóta nýjum hugmyndum á loft sem geta leitt til nýrrar niðurstöðu í ljósi þess að ný tækni getur nú leyst mál sem áður virtust vonlaus og óframkvæmanleg. Þess vegna er full ástæða til að láta skoða þetta mál ítarlega.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt að einhver utan flm., þ.e. hv. þm. Vesturlands, láti í sér heyra um þetta merkilega mál. Mér fannst það satt að segja strax mjög áhugavert þegar hv. 1. flm. till. sýndi mér drög að þessum tillöguflutningi og sagði mér frá þessum mjög lauslegu útreikningum sem sýndu að það gæti vel verið að þetta fyrirtæki væri svo arðvænlegt að hugsanlegt væri að stofna um það hreinlega fjárfestingarfélag, einhvers konar almenningshlutafélag, þannig að ríkið þyrfti ekki með skattpeningum að leggja í þetta fé heldur gætu menn ávaxtað fjármuni sína í þessari framkvæmd.

Það rifjar upp að þegar vegurinn á Skeiðarársandi var byggður var það gert fyrir happdrættislán. Fólkið fékk að fjármagna þetta án skattlagningar. Það fékk að eiga peningana sem fóru í þennan veg og það fékk happdrættisvinninga og síðan endurgreidd skuldabréfin að mig minnir eftir tíu ár eða eitthvað slíkt. En það rifjast líka upp að í gildi eru lög um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar á árinu 1975. Þá var búið að reikna nákvæmlega út að hægt væri á fjórum árum að byggja þann veg allan upp og leggja hann bundnu slitlagi ef þau lög hefðu verið framkvæmd. Það var því miður ekki gert og þá einmitt út af kennisetningunni um að það væri svo mikil þensla í þjóðfélaginu, það væri allt of mikil atvinna, allt of miklar framkvæmdir og engir peningar til. Þá voru hreinlega brotin lögin. Þau voru ekki framkvæmd. En þau eru í gildi enn þann dag í dag. Hvor hugmyndin sem mundi verða nýtilegri til að hrinda þessu í framkvæmd er ég reiðubúinn til að styðja það og ég mundi fúslega sem 1. flm. þessa frv., sem síðan varð að lögum og sem ég var að nefna, um Norðurveg og Austurveg, vinna að því með flm. þessarar till., ef þeir óska þess, og jafnvel fara fram á að ég fái að gera það, að skoða þau lög og vita hvort við með einhverjum hætti getum ekki einmitt notast við þau, breytt að sjálfsögðu. En það er einmitt hinn mikli umferðarþungi í nágrenni höfuðborgarinnar sem er að verða alvarlegasta umferðartálmun og verður það með þessari gífurlegu aukningu bílaflota. Þess vegna er þetta mál aldeilis ekkert sérstakt mál Vestlendinga. Það er svo sannarlega mál Reykvíkinga og líka fyrri kjósenda minna t.d. Ég þekki þeirra hugsunarhátt á Norðurlandi vestra og auðvitað er þetta málefni landsins alls. Þetta er hið merkilegasta mál og það ber að hraða samþykkt till. og hraða rannsókninni eins og mest má verða.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa skoðun minni á því að hér er hreyft mjög athyglisverðu máli. Ég tel að við samþykkt þessarar till. verði tækifæri til að fá fram niðurstöðu í því, sem hefur verið til umfjöllunar um margra áratuga skeið, hvernig stytta eigi vegalengd einmitt um það svæði sem hér er vikið að. Till. fjallar um göng undir Hvalfjörð. Þetta er ásamt og með því að rannsaka gangagerð í gegnum fjöll verkefni sem Vegagerð ríkisins kemur til með að fjalla um á næstu árum. Það hefur verið á undanförnum árum lögð á það megináhersla að setja slitlag á vegina og þar náðst mikill árangur og við skulum vona að það verði enn hægt að auka þau verk, en það þýðir að sjálfsögðu að það fjármagn sem ætlað er til vegagerðar verður að aukast með einum eða öðrum hætti. Ég trúi því að þeir aðilar sem standa að slíkum till. eins og þessari sem hér er á dagskrá verði sterkir stuðningsmenn í þeim efnum.

Af hálfu Vegagerðar ríkisins hefur einmitt það mannvirki, sem hér var vikið að, gerð ganga undir Álasund í Noregi, verið sérstaklega skoðað og vegamálastjóri var þar á sl. hausti þegar þessi göng voru tekin í notkun til þess að hann gæti fylgst með og fengið tækifæri til að fá þær upplýsingar sem þar voru til staðar til þess að nýta okkur þær þegar að þessum málum kæmi hjá okkur.

Í sambandi við jarðgangagerðina var einnig á vegum vegamálastjóra erlendis aðili til að skoða þau mál og ég vonast til þess að áfram verði haldið, verði þessi tillaga samþykkt er hægt að fá fram þær rannsóknir sem hér er gert ráð fyrir og síðan málið til ákvörðunar hér á Alþingi.

Það hefur verið fjallað um með hvaða hætti við ættum að stytta vegalengdina sem ekin er þegar farið er frá Reykjavík vestur um og norður. Þar hafa komið fram fleiri hugmyndir, m.a. verið gerð athugun á notkun ferju. Í sambandi við þessar rannsóknir verður að kanna hver sé hagkvæmasti mátinn í

þessum málum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hv. flm. hefur gert svo góða grein fyrir þessu máli að það er e.t.v. ekki mikil ástæða fyrir okkur þm. Vesturlands að bæta þar miklu við. Ég taldi þó ástæðu til að koma aðeins upp, e.t.v. fyrst og fremst til að undirstrika stuðning okkar allra við þáltill. og framsögu hv. 3. þm. Vesturl. Í því sambandi vil ég undirstrika og minna á það, sem kemur fram í grg. frv., að nú eru um 15 ár frá því að svokölluð Hvalfjarðarnefnd lauk störfum og gerði ákveðnar tillögur um hvernig framtíðarsamgöngur um Hvalfjörð skyldu verða. Þar var ein tillagan sú að ef ekki yrðu byggðar upp góðar ferjusamgöngur milli Reykjavíkur og Akraness skyldi á næstu tíu árum að mig minnir, ég vil ekki alveg fullyrða það, en það var ábyggilega ekki lengri tími en það, byggður góður vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð.

Nú er staðreyndin hins vegar sú að enn er eftir langur hluti af Hvalfjarðarveginum óbyggður upp. Nokkur hluti hefur verið bundinn slitlagi og ekki byggður upp. Það var á sl. sumri lagt á hann bráðabirgðaslitlag og vegurinn alls ekki á þann máta að hann geti tekið eða haldið þeirri umferð sem á sér stað um Hvalfjörð og þeirri auknu umferð sem á sér stað og verður fyrir Hvalfjörð ef þarna verða ekki einhverjar breytingar á með því, eins og hér er lagt til, að gera brú eða gera göng undir Hvalfjörð. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að kanna málið og ég held að það sé ekki nein sérstök ofrausn að 15 árum eftir að síðasta athugun var gerð verði gerð alvöruathugun um þessa hluti og að veitt verði verulegu fjármagni í ár og á næstu árum til að kanna hvort það sé í sjálfu sér fært að gera göng undir Hvalfjörð, hvort jarðlögin þar séu á þann máta að það sé fýsilegur kostur að gera þar göng eða á hvern annan hátt sé hægt að leysa málin á þann veg að leiðin vestur um verði á þeim stað sem lagt er til í þáltill., þ.e. fyrir utan Laufásgrunn á leiðinni milli Saurbæjar á Kjalarnesi og Innra-Hólms á Hvalfjarðarströnd norðanverðri.

Ég held að það sé mjög mikið atriði að menn geri sér grein fyrir því að leið yfir Hvalfjörð, hvort sem það verður brú eða göng eða ferjur, sé ekki staðsett innar með firðinum en á þessum stað. Hún þjónar ekki nema hluta af þeim tilgangi sem leiðin mundi þjóna ef hún er innar. Þá mundum við ekki ná þeim samgöngum sem við teljum að við þurfum nauðsynlega að ná við Akranes, þ.e. bæði tengingu Akraness hingað suður og svo ekki síður tengingu Akraness við Vestur- og Norðvesturland og Vestfirði, þ.e. með því að vegurinn norður og vestur liggi fyrir sunnan Akrafjall um Skagann.

Það er óskaplega erfitt að gera sér grein fyrir því hversu gífurleg breyting mundi eiga sér stað á öllu Vesturlandi, þar á ég við líka Norðvesturland og Vestfirði, með því að vegurinn að þessum svæðum frá Reykjavík styttist um 45 km, eins og mundi verða með því að leiðin væri á þessum stað. Og fyrir okkur Vestlendinga að tengjast stærsta þéttbýlinu á Vesturlandi mikið betur en við höfum gert áður mundi hafa í för með sér góða þróun fyrir ekki aðeins Akranes heldur fyrir okkur vestur um líka. Við erum að byggja upp á Akranesi, höfum verið að byggja upp og munum þá í auknum mæli byggja upp á Akranesi þjónustustofnanir fyrir Vesturland. Þar er þegar mjög gott sjúkrahús og þar er fjölbrautaskóli Vesturlands. Skattstofa er þar og aðrar þjónustustofnanir mundu að sjálfsögðu rísa þar upp ef samgöngutengingin væri betri en raun ber vitni um nú.

Um þetta má vitaskuld hafa heilmörg fleiri orð, en mig langar til að minna aðeins á að 1980 nefndi ég í viðtali við blaðið Dögun á Akranesi að meðan við biðum eftir því að þróunin yrði á þann veg að það yrðu gerð göng undir Hvalfjörð eða brú yfir Hvalfjörð á þeim stað sem hér er lagt til ætti að verða fyrsta skrefið að hanna leiðina að þessari væntanlegu brú eða væntanlegu göngum og ef ekki yrði ráðist í þetta stóra verkefni strax yrði komið þar upp ferjum. Vegurinn og aðstaðan að væntanlegu brúarstæði eða gangastæði væri sem sagt upphafið, fyrstu fjárfestingarnar til að byggja upp þessa leið. Ég er sannfærður um að með því að þarna kæmu tvær ferjur, sem sinntu þessari þróun í upphafi, mundi það sanna enn þá betur en við getum sannað í dag þá umferð sem þarna mundi verða og hve umferðin mundi aukast. En best væri að þarna þyrfti ekkert millistig. Til þess að svo geti orðið þurfum við sem fyrst að fá fjármagn til að skoða þessa hluti og skoða þá rækilega þannig að það sé hægt að ákveða hvort þarna sé hægt að gera göng eða hvort framtíðarlausnin verði að vera brú. Það gæti orðið svo að við þyrftum að bíða þeirrar framkvæmdar eitthvað lengur en ganga, en úr þessu þarf endilega að fást skorið.

Svo vil ég aðeins í lokin gera smáathugasemd við það að inn í þessa umræðu tók hv. flm. tilvitnun í orð Jónasar Jónssonar. Ég held að það sé ekki rétt að koma með orð Jónasar Jónssonar í þeirri mynd að Jónas Jónsson hafi verið skammsýnn. (**EG:** Ég sagði hann framsýnan.) Hann var framsýnn og ég held að þessi orð hans hafi hlotið að vera í beinum tengslum við einhverja allt aðra hluti en við vorum að stilla upp hér. Undir flestum og öllum kringumstæðum sá Jónas Jónsson svo mikið lengra fram í tímann en flestir aðrir samtíðarmenn hans að mér finnst það svolítið sérstakt að Jónas Jónsson skyldi hafa sagt þetta, sem ég rengi ekki, en það hlýtur að hafa verið í þannig löguðum tengslum að hann hafi ekki verið að mótmæla þeim framkvæmdum sem við sjáum nú kannski fram undan að verði báðar unnar.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ætli það fari ekki svo flestum þegar þeir aka fyrir Hvalfjörð að þeir láti sig dreyma um brú yfir fjörðinn. Ég þykist muna það allt frá barnæsku minni að mig hafi dreymt um að í staðinn

fyrir að aka fyrir þennan langa fjörð gæti maður farið á brú fjallsbrúnanna á milli. Ég held að það gildi um okkur flest að við höfum látið okkur dreyma það. Ég efast heldur ekkert um að þessi draumur muni rætast. Spurningin er bara hvenær mun hann rætast og hver verður aðdragandinn að því.

Það var rifjað upp áðan að í skýrslu frá árinu 1972 hefðu menn komist að þeirri niðurstöðu að það ætti að leggja veg fyrir Hvalfjörð, en brú eða ferja eða göng kæmu ekki til álita. Ég held að það gildi um þá ákvörðun eins og mörg okkar mannanna verk að þegar ákvörðunin er tekin miðast hún við tilteknar aðstæður og síðan breytast aðstæður. Ég hugsa að það sama gildi um þau tilvitnuðu orð Jónasar Jónssonar að hann hafi mælt þau af fullri skynsemi á þeim tíma, að þá hafi ekki verið rétt að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi, en síðan breytast viðhorfin og það sem einu sinni var hárrétt verður rangt miðað við nýjar forsendur, heldur í sjálfu sér gildi *sínu miðað við gamla tímann, en þetta þýðir að við* þurfum að endurskoða ákvarðanir okkar reglulega. Þetta held ég að komi engum okkar á óvart.

Sú ákvörðun sem tekin var árið 1972 um að byggja upp veginn fyrir Hvalfjörð þýddi vitaskuld að það ætti að gera það með myndarlegum hætti og sú framkvæmd var og er mjög dýr. Þegar menn þess *vegna núna gagnrýna að ekki skuli vera komið* bundið slitlag fyrir Hvalfjörð ættu menn að hafa í huga að sú framkvæmd, sem þm. stóðu frammi fyrir að framkvæma, var óheyrilega dýr. Þess vegna líka hefur verið tekin ákvörðun nú nýverið um það af þeim þm. sem hér eiga hlut að máli, hvort heldur þeir eiga land sunnan fjarðarins eða norðan, að leggja bráðabirgðaslitlag og það held ég að hafi verið rétt ákvörðun og réttari en hin eldri ákvörðun frá 1972 varðandi að byggja upp veginn eins og þar var ráð fyrir gert af þeirri einföldu ástæðu að við getum í fyrsta lagi ekki beðið svo lengi með framkvæmdir sem það mundi þýða ef við ætluðum að byggja upp vegi með þeim hætti sem þá var gert ráð fyrir og í annan stað værum við þá að horfa fram hjá þeim öðrum möguleikum, draumum okkar um að komast yfir eða undir Hvalfjörðinn í staðinn fyrir að fara fyrir hann.

Ég lenti í því fyrir tveimur árum eða svo að til mín var leitað með það að skoða möguleika á ferjurekstri yfir Hvalfjörð. Það var ekki leitað til mín sem stjórnmálamanns heldur út af faglegri þekkingu minni, sérþekkingu minni um að meta þá valkosti og ég gerði það. Ég skal játa að þegar ég var fenginn til verksins var ég mjög vantrúaður á að þessi möguleiki gæti yfirleitt komið til greina. En þegar ég stóð upp frá því og sá hversu gífurlegur umferðarþunginn var og hverjir möguleikar væru á því að hann mundi enn frekar aukast ef samgöngur greikkuðu — sbr. það sem hefur gerst á Suðurlandi og þá atvinnustarfsemi sem hefur t.d. risið upp í Hveragerði eftir að lagður var góður vegur þangað — sannfærðist ég um að ferjurekstur yfir Hvalfjörð, miðað við það að fullnægja ákveðnum skilyrðum, gæti verið skynsamleg ákvörðun og gæti verið arðbær ákvörðun.

Nú heyrir það reyndar til sögunnar að ýmsir þeir sem um málið fjölluðu, sérstaklega á Akranesi, vildu ógjarnan heyra á þennan kost minnst. Og hvað kom til? Annars vegar, held ég, draumurinn um brú eða göng undir Hvalfjörð, sem þeir óttuðust að frestaðist ef kæmi til ferjureksturs, og hins vegar þóttust þeir sjá fram á, trúi ég, að sá ferjurekstur sem nú er í gangi með Akraborginni mundi ekki verða rekinn áfram. Spurningin var þá: Var þjónustan við þá að batna eða versna við það að breyta ferjustæðinu, hafa ferjuna yfir Hvalfjörð frekar en frá Akranesi? Þetta nefni ég vegna þess að það tilheyrir umræðunni og ég held að þegar við skoðum þessi mál verðum við að horfa á málin í heild.

Í mínum huga, þegar ég horfi á þessi mál til lengri tíma, er ég eins og ég hef sagt ekki í neinum vafa um að göng eða brú er framtíðin. En ég hef litið svo á að ferjurekstur kæmi vissulega til greina í einn til tvo áratugi. Þá væri að öllum líkindum orðið hagkvæmt að byggja brú eða göng og ferjan mundi flýta fyrir því að þarna kæmi brú eða göng. Þannig hefur þetta litið út af mínum sjónarhóli. Ég skil hins vegar gagnrýnisraddir sem hafa komið upp, en þarf ekki að rekja það neitt nánar.

En það er eitt í umfjöllun þessa máls sem undrar *mig mjög og það hefur birst bæði í umræðum hér í* dag og í þeirri umfjöllun sem ég kynntist þegar umræða fór fram um þá skýrslu sem ég vann á sínu tíma um hugsanlega ferju yfir Hvalfjörð. Og það er þetta: Það taka engir til máls um þetta mál nema Vestlendingar. Hér gerðist að vísu ein undantekning þar sem fjármagnssérfræðingur Alþingis, Eyjólfur Konráð Jónsson, tók til máls um málið og talaði aðallega um það út frá þeirri hlið. En það var alger undantekning. Þetta er alls ekki eingöngu mál Vestlendinga. Þetta er mál þjóðarinnar allrar af því að hér eru miklir peningar í húfi, en ekki bara af því að það eru miklir peningar í húfi. Hv. þm. Skúli Alexandersson sagði áðan að það væri gott fyrir þá Vestlendinga að komast í samband við höfuðborgarsvæðið. En það er ekki síður gott fyrir höfuðborgarsvæðið að komast í samband við Vesturland og það skyldi þó ekki vera að Vestfirðingar ættu leið um Hvalfjörð, yfir hann, undir hann eða fyrir hann? Það skyldi þó ekki vera að ferðaleið þessi skipti verulegu máli fyrir þá sem búa á Norðurlandi vestra eða þá sem búa á Norðurlandi eystra? Þetta skiptir máli fyrir hvert einasta mannsbarn hvort heldur það býr á Reykjanesi eða Langanesi. Þess vegna má alls ekki líta á þetta mál eins og það sé eingöngu mál Vestlendinga. Þeir eiga þakkir skildar fyrir að vekja máls á málinu, en það verður líka að ætlast til þess af þeim að þeir séu reiðubúnir að ræða það á heilbrigðum grundvelli, sem ég efast ekki um, og að aðrir þm. séu tilbúnir að ræða þetta, styðja við það, fara ofan í það. Þetta hefur mér þótt, herra forseti, einkennilegast í sambandi við þessa umræðu, í rauninni tómlæti annarra landshluta, sem þetta

varðar ýkjulaust mjög mikið, og það hefði ég gjarnan kosið að mundi breytast.

Virðulegi forseti. Ég styð þá tillögu sem hér er flutt. Ég tel nauðsynlegt að athuganir af því tagi sem hér er talað um séu framkvæmdar. En ég tel jafnsjálfsagt að það verði horft á þetta mál af víðum sjónarhóli og allir þeir valkostir sem til greina koma verði skoðaðir fordómalaust og með tilliti til þess að ná sem hagkvæmastri og skynsamlegastri þróun varðandi samgöngur yfir eða undir Hvalfjörð.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykv., það sem hann sagði um þessi mál og vekja athygli á því að auðvitað er það meira en lítið furðulegt að í öll þessi ár, það er óhætt að segja í nærri 15 ár eða jafnvel lengur, hefur það einvörðungu komið í hlut okkar þm. Vesturlands að ræða um þann möguleika að láta kanna hvernig væri haganlegast að stytta leiðina um Hvalfjörð. Við höfum flutt um þetta þáltill. á þessu árabili ár eftir ár og reynt að ýta við því að þetta mál fengi vandlega umræðu og meðferð þannig að út úr því kæmi eitthvað raunhæft sem hægt væri að miða við ákvarðanir. Við höfum einnig tekið undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson minntist á í sambandi við sérstaka fjáröflun að því er varðar veg vestur og norður, en það hefur alltaf einhvern veginn farið þannig að umræður um þetta hafa þótt of fjarlægar og það væri óeðlilegt að leggja mikla vinnu í að kanna þessi mál. Þess vegna fagna ég því mjög að undirtektir núna virðast vera a.m.k. raunhæfari að því leyti til að umræður hafa farið fram, bæði á vegum Verkfræðingafélags Íslands hér í Reykjavík og eins í okkar kjördæmi t.d. á Akranesi þar sem var fullt hús og menn sýndu mikinn áhuga fyrir því að ræða þessi mál á breiðum grunni.

Ég held að það sé alveg ljóst að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, ekki aðeins fyrir okkur á Vesturlandi sem höfum að sjálfsögðu mestan áhuga á því og höfum sannað í gegnum tíðina að við viljum láta rannsaka þetta mál og leiða það fram til framkvæmda ekki aðeins fyrir okkar kjördæmi heldur fyrir þjóðina í heild. Við skulum ekki gleyma því að það er alltaf að koma fram ný og ný tækni á þessu sviði og okkar vegagerðarmenn og forustumenn í vegamálum, verkfræðingar og tæknimenn hér á landi fylgjast vel með þessum málum og þeir eru fullfærir um að gera góða hluti að því er varðar stórvirki í vegagerð. Það hefur sannast og m.a. í mínu kjördæmi, Vesturlandi, bæði að því er varðar Borgarfjarðarbrúna og veginn fyrir Ólafsvíkurenni og víðar. Þess vegna þurfum við ekkert að hika við að ræða svona mál og kanna þau í botn þannig að við getum tekið ákvörðun um undirbúning framkvæmda í næstu framtíð.

Það er alveg ljóst að nágrannaþjóðirnar í kringum okkur, ég get nefnt Norðmenn og Færeyinga, eru að falla frá því, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi áðan, að smíða eða reka ferjur. Þeir eru að falla frá þeirri hugmynd vegna þess að það þykir of dýrt og það þjónar ekki nægilega vel þeim kröfum sem nútíminn gerir í sambandi við umferð. Þess vegna halla þeir sér meira að jarðgangagerð og að gera göng undir sjávarmáli sem hefur verið hjá okkur talinn óeðlilegur kostur, en er sannarlega inni í myndinni í dag. Þess vegna er ég ekkert sérstaklega hrifinn af því að fara í miklar fjárfestingar umfram það sem við neyðumst til annarra hluta vegna í sambandi við ferjurekstur hér á landi. Hann sýnir sig að vera ekki arðbær og ég get ekki séð að hann verði það frekar um Hvalfjörð nema kannski í stuttan tíma.

Ég ætla ekki að ræða þetta meira. Það hefur komið fram hjá tæknimönnum að það er nauðsynlegt að hefja rannsóknir og undirbúning og þess vegna er á vegáætlun í ár 1 millj. til rannsókna í sambandi við Hvalfjörð og þarf að auka þetta fjármagn. Það er talið af þeim sem fjalla um þau mál og hafa á þeim besta þekkingu að það mundi taka 5–10 ár að finna niðurstöður sem hægt er að byggja á í sambandi við jarðgangagerð undir Hvalfjörð. Þetta er ekki langur tími og þess vegna er óhætt að stuðla að því að það verði byrjað á þessum rannsóknum sem allra fyrst.

Ég vildi aðeins leggja orð í belg. Við þm. Vesturlands höfum á öllum tímum staðið sem einn maður að því hugðarefni að finna möguleika á haganlegustu vegagerð um Hvalfjörð og gerum það sem einn maður. Ég geri ráð fyrir því að þar sem málið kemur til umfjöllunar í fjvn. munum við hafa tækifæri til að kynna okkur málið enn betur og reyna að fá þar fram jákvæða niðurstöðu.

Flm. (Eiður Guðnason):

Virðulegi forseti. Hér hefur margt fróðlegt komið fram og málinu verið mjög vel tekið. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem það hefur hlotið hér, sérstaklega frá hæstv. samgrh., og einnig þá ábendingu sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfi Konráði Jónssyni varðandi fjármögnun þessa máls eða hugsanlegar leiðir til þess.

Ég ítreka að hér er verið að tala um mál þar sem rannsóknir og framkvæmdatími gætu samanlagt verið kannski 10–12 ár. Ég held að ég hafi sagt áðan að jarðfræðingar og verkfræðingar telja eðlilegan rannsóknartíma á bilinu 3–5 ár og framkvæmdatíma kannski annað eins. Það getur vel verið, eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Reykn., að menn vilji líka skoða þá möguleika að reka ferjur á þessari leið. Ég verð samt að taka undir með hv. 1. þm. Vesturl. að ég hef efasemdir um það og tel að það mundi kannski verða til að tefja málið vegna þess að það er nokkuð sem menn eru að hverfa frá víða annars staðar. En ég útiloka ekki að reikningslega sé hægt að sýna fram á að það sé hagkvæmt en ég hef mínar efasemdir um það eins og hv. 4. þm. Reykn. er fullkunnugt um. En ég tek undir þau orð hans og ítreka það raunar að hér er um mál að ræða sem varðar alla þegna þessa lands og mál sem er mjög brýnt held ég, að byrjað verði að rannsaka og kanna og leita hag-

kvæmustu leiða. Það tekur langan tíma. Við erum að tala hér um framkvæmd sem ef allt gengi að óskum væri komin í gagnið um aldamót. Hér er ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. sem hér hafa talað og hæstv. samgrh. fyrir góðar undirtektir við þetta mál og túlka það sem svo að það eigi greiðan framgang í gegnum þingið.

Albert Guðmundsson:

Forseti. Ég kem eiginlega til að benda hv. 4. þm. Reykn. á að ég reikna með að sami háttur sé í flestum þingflokkum að þegar þáltill. eins og hér er flutt er flutt í sameiningu af þm. allra flokka eða heils kjördæmis hljóti hún stuðning þingflokks. A.m.k. var þannig að staðið í Borgarafl. að sá flm., Ingi Björn Albertsson, lagði það fyrir þingflokkinn að hann yrði þarna meðflm. og tryggði sér samstöðu þingflokksins. Þannig er ekki þörf á því að allir þm. Borgarafl. standi upp og lýsi samþykkt sinni með því sem hér er lagt til að gert verði. Ég vona að það sé ekki þannig að hann sé að pína upp alla þm. til að lýsa samstöðu sinni með þessari tiltölulega einföldu tillögu þar sem Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nauðsynlegar kannanir á ákveðnum verkefnum. Það er svo algengt að svona tillögur séu fluttar. En með þessu er ég að undirstrika að þátttaka þm. Borgarafl. á þessari till. þýðir að þm. Borgarafl. eru sammála henni og þurfa ekki allir að standa upp til að lýsa samstöðu sinni.

En ég vil líka benda á að síst af öllu vil ég taka undir að hv. 8. þm. Reykv. sé eitthvert séní í fjármálum yfirleitt, hvað þá einhver allsherjarheili Alþingis á þeim sviðum. Ég hlustaði ekki á hans ræðu, en mér þykir ótrúlegt og smekkleysi ef hann hefur ekki tekið fram að fjármögnun á hringveginum svokallaða og fullkomnun hans í það ástand sem hann var þegar hann var opnaður var tillaga Jónasar Péturssonar þm. Sjálfstfl. á sínum tíma. (**EKJ:** Ég tók fram um Skeiðarársand að þetta hefði verið gert. Þú átt að hlusta á ræðurnar.) Ég vil nefna hér nafn Jónasar Péturssonar vegna þess að ef sú framkvæmd er dregin inn í umræður á Alþingi án þess að hans nafn komi þar við sögu þykir mér það smekkleysi.

En ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa tillögu. Hún er sjálfsögð, að láta fara fram þá könnun sem þar er gert ráð fyrir. Við borgaraflokksþm. stöndum að því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Framtíðarhlutverk héraðsskólanna, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 199. mál. — Þskj. 230.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framtíðarhlutverk héraðsskólanna sem ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 230 ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni, Margréti Frímannsdóttur, Inga Birni Albertssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Málmfríði Sigurðardóttur og Hjörleifi Guttormssyni. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Nefndin verði skipuð sérfróðum mönnum og vinni þeir með stjórnendum skólanna og skólayfirvöldum í viðkomandi fræðsluumdæmi að tillögugerð um framtíðarskipan þessara skóla.

Tillögur nefndarinnar liggi fyrir eigi síðar en 1. jan. 1989."

Á undanförnum árum hefur orðið veruleg breyting á starfi héraðsskólanna um allt land. Alls staðar á sú breyting rót sína að rekja til nemendafækkunar sem hvarvetna hefur orðið raunin. Ástæða nemendafækkunarinnar er trúlega einkum þríþætt.

1. Almenn búsetuþróun hér á landi undangengna þrjá áratugi úr strjálbýli í þéttbýli,
2. álíka hröð uppbygging skólamannvirkja í þéttbýli fyrir þá aldurshópa sem áður sóttu héraðsskólana og
3. veruleg vanræksla um viðhald og búnað margra héraðsskólanna.

Fleira kemur eflaust til.

Nú er svo komið að formlegar tillögur eru þegar fram komnar um lokun a.m.k. tveggja af þessum skólum og mikil óvissa ríkir um framtíð margra þessara stofnana. Öllum er þó ljóst að allir hafa þessir skólar gegnt mikilvægu hlutverki um langan aldur hver á sínu svæði. Enn fremur fer ekki á milli mála að mikil fjárfesting liggur í þessum skólum sem þjóðfélagið hefur ekki efni á að vannýta. Auk þess eru þessar stofnanir burðarásar í margs konar menningarlífi á landsbyggðinni. Skólarnir eru átta talsins og dreifast um öll kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness, en þeir eru: Héraðsskólinn í Reykholti í Vesturlandskjördæmi, Héraðsskólinn á Núpi í Vestfjarðakjördæmi, Héraðsskólinn í Reykjanesi í Vestfjarðakjördæmi, Héraðsskólinn á Reykjum í Norðurlandi vestra, Héraðsskólinn á Laugum í Norðurlandi eystra, Alþýðuskólinn á Eiðum í Austurlandskjördæmi, Héraðsskólinn í Skógum í Suðurlandskjördæmi og Héraðsskólinn að Laugarvatni í Suðurlandskjördæmi.

Till. sú til þál. sem hér er flutt gerir ráð fyrir því að framtíðarhlutverk þessara skóla geti verið með mismunandi hætti á hinum ýmsum stöðum á landinu. En höfuðáhersla er lögð á tvennt:

1. Að héraðsskólarnir eru svo mikilvægar og verðmætar eignir að allra leiða verður að leita til þess að nýting þeirra verði áfram til hagsbóta íbúum héraðanna.

2. Að sérstaklega verði könnuð þörf strjálbýlisins á símenntun fullorðinna með tilliti til rekstrar héraðsskólanna í núverandi mynd.

Árið 1986 gerði Sigurður Helgason deildarstjóri í menntmrn. úttekt á starfsemi þessara skóla fyrir þáv. menntmrh. Sverri Hermannsson. Útdráttur úr greinargerð Sigurðar fylgir sem fskj. I með grg. að þessari þáltill. og síðan er enn fremur fskj. II um nemendafjölda héraðsskólanna í ár, 1987–1988.

Í greinargerð Sigurðar Helgasonar er víða komið við. Fyrri hluti greinargerðarinnar er um sögu skólanna og það er út af fyrir sig fróðlegt að rifja upp nokkur meginatriði úr þessari greinargerð sem ég ætla að leyfa mér að gera, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1929 voru samþykkt lög á Alþingi um héraðsskóla. Þeir áttu að vera: á Núpi í Dýrafirði; þar hafði verið starfræktur alþýðuskóli frá 1906, Reykjum í Hrútafirði sem tók til starfa árið 1931; Laugum í Reykjadal, en hann tók til starfa árið 1923. Hvítárbakka í Borgarfirði, en þar hafði verið alþýðuskóli frá 1905; og að Laugarvatni, en hann tók til starfa árið 1928.

Áður hafði Alþýðuskólinn á Eiðum starfað undir sérstökum lögum frá 1919, en skólinn á Hvítárbakka var fluttur að Reykholti 1931. Markmið héraðsskólanna var að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukennslu og íþróttum, eins og stóð í námsskrá að þessum skólum. Stofnkostnaður skólanna var greiddur að hálfu úr ríkissjóði eftir því sem fé var veitt á fjárlögum, enda kæmi framlag á móti frá heimaaðilum. Enn fremur greiddi ríkissjóður hluta rekstrarkostnaðar eftir ákveðnum reglum.

Árið 1940 voru ný lög um héraðsskóla samþykkt á Alþingi og eldri lög felld úr gildi. Með lögunum var heimilað að stofna þrjá nýja héraðsskóla: í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, í Varmahlíð í Skagafirði, sem var þó aldrei gert, og á hentugum stað í Rangár- og Skaftárþingum, en Skógaskóli tók til starfa árið 1949. Markmiðið var svipað og áður, að veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Enn fremur voru sett ný nánari ákvæði um innihald námsins svo og um próf.

Nýju lögin gerðu ráð fyrir því að ríkissjóður greiddi framvegis ¾ hluta stofnkostnaðar. Lög um gagnfræðanám voru sett árið 1946 að tilhlutan þáv. menntmrh. Brynjólfs Bjarnasonar. Skv. 65. gr. þeirra laga voru lög um héraðsskóla úr gildi numin. Héraðsskólarnir störfuðu skv. þessum nýju lögum til ársins 1974 að lög um grunnskóla voru sett, en lögin um gagnfræðanám numin úr gildi.

Með lögum nr. 34/1962, um breytingu á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, var ákveðið að héraðsskólarnir yrðu séreign ríkisins ef hlutaðeigandi sveitarfélög óskuðu þess. Í samræmi við þessi ákvæði og óskir sýslunefnda viðkomandi skóla urðu fimm héraðsskólar ríkisskólar árið 1962 og hinir þrír skömmu síðar.

Árið 1970 var gefin út reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Héraðsskólarnir hafa allir fengið heimild til að starfrækja framhaldsdeildir, Eiðaskóli frá og með skólaárinu 1970/71, Núpsskóli, Reykholtsskóli og Reykjaskóli frá og með skólaárinu 1971/72 og hinir nokkru síðar, Reykjanesskóli þó ekki fyrr en frá og með skólaárinu 1983/84. Aðsókn að héraðsskólunum var mikil í upphafi og allt fram undir árið 1970 að draga fór úr aðsókn að sumum þeirra og frá 1980 fer að halla verulega undan fæti."

Með greinargerðinni fylgir tafla yfir nemendafjölda frá ýmsum árum. Það er sérstaklega athygli vert að 1952–1953 er heildarnemendafjöldinn 651 nemandi. 1961–1962 eða um áratug síðar fer nemendafjöldinn enn vaxandi. Þá er nemendafjöldinn um 830. Enn áratug síðar, 1970–1971, verður nemendafjöldinn mestur, kemst á annað þúsund eða er 1033. Síðan hálfum áratug síðar, 1975–1976, hefur fækkað niður í 911, enda þótt framhaldsdeildirnar hafi komið til. 1980–1981 er nemendafjöldi enn á niðurleið, 833 nemendur, og 1985–1986 er hann kominn niður í 620 nemendur og í ár er talan aðeins 528.

Eins og sjá má af þessari töflu fækkaði nemendum á grunnskólaaldri jafnt og þétt í héraðsskólunum frá 1970. Orsökin er fyrst og fremst sú að grunnskólar á skólasvæðum héraðsskólanna voru efldir og þeim gert kleift að taka að sér kennslu í efri bekkjum grunnskóla. Nú er svo komið að einungis 200 nemendur á öllu landinu eiga þess ekki kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla sínum eða í nágrannaskóla með daglegum akstri.

Síðan er önnur tafla í grg. sem einnig er forvitnileg því hún gefur til kynna hvernig nemendur héraðsskólanna flokkast eftir fræðsluumdæmum og þá kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Ég hef ekki kost á að fara í þá hluti mjög náið, en drep aðeins á það helsta.

Þrátt fyrir að allir unglingar í Reykjavík og í Reykjanesumdæmi eigi þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla eða nágrannaskóla með daglegum akstri eru veturinn 1985–1986 128 nemendur úr þessum fræðsluumdæmum tveimur, Reykjavík og Reykjanesi, í héraðsskólunum. Þetta tel ég að segi sína sögu um dálítið sérstætt hlutverk sem héraðsskólarnir hafa gegnt og munu líklega gegna á næstu árum.

Í annan stað kemur hér fram að um unglinga í öðrum fræðsluumdæmum sem ekki eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla gildir eftirfarandi: Nær allir unglingar úr Vesturlandsumdæmi sækja Reykholtsskóla. Það sama gildir um unglinga í Norðurlandsumdæmi eystra, Ausurlandsumdæmi og Suðurlandsumdæmi. Þeir sækja um skólavist í héraðsskóla í sínu heimahéraði. En aðeins helmingur unglinga úr Vestfjarðaumdæmi fer í héraðsskólana á Núpi og í Reykjanesi. Og mjög fáir unglingar úr Norðurlandsumdæmi vestra fara í héraðsskóla, enda geta flestir þeirra lokið grunnskólanámi í heimaskóla.

Niðurstöður Sigurðar Helgasonar í hans greinargerð eru í sem fæstum orðum þessar: Héraðsskólarnir voru á sínum tíma stofnaðir til að veita ungu fólki í sveitum landsins tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar að skyldunámi loknu. Með setningu laga um gagnfræðanám 1946 urðu héraðsskólarnir hluti af íslenska skólakerfinu. Hlutverk þeirra breyttist, en þörfin fyrir þá varð jafnvel enn meiri en áður, enda voru húsakynni þeirra stækkuð þá og endurbætt með ærnum kostnaði. Það má t.d. í þessu efni minna á að heimavistarrými í héraðsskólunum nú nægir fyrir 765 nemendur. Það var í hittiðfyrra um 145 nemendum fleira en þá sóttu skólana. Í vetur nemur þessi vannýting að fjölda 237. Miðað við aðstæður í dag virðist vera þörf á að héraðsskólarnir geti tekið við nálega 350 nemendum á grunnskólaaldri. Annars vegar eru nemendur í dreifbýli sem ekki hafa aðra námsaðstöðu og hins vegar nemendur úr þéttbýli sem af ýmsum félagslegum aðstæðum geta ekki stundað nám í sínum heimaskóla. Vegna þeirra nemenda þarf að gefa skólunum rúman kvóta til stuðningskennslu og félagsstarfa. Nokkuð óljós er hin raunverulega þörf fyrir aðstöðu á framhaldsskólastigi.

Í mannvirkjum héraðsskólanna eru fólgin mikil verðmæti sem ekki mega standa ónotuð. Viðhald þeirra flestra er í lágmarki vegna of lítils viðhaldsfjár á fjárlögum hverju sinni. Sumarleiga hefur þó hjálpað til að nokkru leyti. Skólarnir eru miklar mennta- og menningarstofnanir í dreifbýli og því mikils virði fyrir íbúa þess að þeir starfi áfram.

En lokaniðurstaða Sigurðar Helgasonar er þessi: að nauðsynlegt sé að hefja nú þegar alvöruumræður um framtíð héraðsskólanna. Í því skyni verði samstarfsnefndir skipaðar til að gera framtíðartillögur um verkefni hvers skóla fyrir sig.

Hér lýkur í raun tilvitnun í greinargerð Sigurðar Helgasonar deildarstjóra í menntmrn. Till. sú til þál. sem hér er flutt miðar einmitt að því að taka þráðinn upp þar sem greinargerð hans og vinnu sleppir. Að vísu lagði Sigurður til að margar nefndir fengju það verkefni til meðferðar sem hér um ræðir, en tillögumenn að þessari till. leggja hins vegar til að menntmrh. skipi eina nefnd sem vinni að verkefninu í heild, en með stjórnendum hvers skóla fyrir sig og skólayfirvöldum í viðkomandi fræðsluumdæmi. Þannig er reynt með þessari till. að ná fram skilvirkari vinnu og betri heildarsýn með einni nefnd, en þó þess gætt að staðbundin sjónarmið fái einnig notið sín af hverju svæði fyrir sig.

Sérstaka áherslu ber að leggja á að ákveðin tímamörk eru sett því starfi sem hér er lagt til að verði hafið. Í lokum ályktunarinnar segir: „Tillögur nefndarinnar liggi fyrir eigi síðar en 1. jan. 1989.“ Eins og komið hefur fram af þeim upplýsingum sem ég hef hér rakið er brýnt fyrir allar þær stofnanir sem till. tekur til að unnið verði hratt og markvisst að þessu verkefni.

Ég vil að lokum nefna tvennt sem enn frekar gerir það áríðandi að mál þetta verði tekið föstum tökum og af alvöru. Öllum er kunnugt að hallað hefur á landsbyggðina eða strjálbýlið víða um land um allmörg undanfarin ár. Nægir í því efni að benda á mannfjöldaþróun og búsetuþróun nær hvarvetna utan höfuðborgarsvæðisins. Vitaskuld er þar um fjölmarga samverkandi þætti að ræða, en aðstaðan til menntunar og menningarlífs á viðunandi hátt í nútímaþjóðfélagi skiptir þar vísast ekki minnstu máli.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er að nú í þinghléi var frá því skýrt í fréttum að hæstv. menntmrh. mundi nú á vorþinginu flytja frv. til laga um framhaldsskóla. Það mál hefur lengi verið í deiglu eins og menn vita og eitt slíkt frv. liggur þegar fyrir þessu þingi, flutt af hv. 4. þm. Norðurl. v. o.fl. Þess er því að vænta að nú fari eitthvað að gerast á þessum vettvangi og er það vissulega fagnaðarefni. En því nefni ég þetta að mál það sem hér er flutt till. um hlýtur að snerta framtíðarskipan framhaldsskólans, ekki síst þar sem strjálust er byggð.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að liður í því að fá héraðsskólunum nýtt hlutverk í samræmi við þarfir byggðanna og íbúa þeirra væri að tengja þá frekar starfi fjölbrautaskólanna og þörfum atvinnulífsins fyrir sífellt meiri menntun. Ég vil því leyfa mér að vænta þess að till. sú sem hér er flutt verði spor í þá átt og skólunum til eflingar um langa framtíð og byggðunum sem þeir öðru fremur þjóna.

Að lokum legg ég til, hæstv. forseti, að till. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég er meðflm. að þeirri till. til þál. sem hv. 1. flm., Óli Þ. Guðbjartsson, hefur mælt fyrir í ágætu máli og ég ætlaði aðeins að bæta við fáeinum hugleiðingum almennt og sérstaklega víkja að málefnum þess héraðsskóla sem ég þekki best til af þeim sem starfræktir eru, en það er Alþýðuskólinn á Eiðum.

Ég tel að mál þetta sé hið þarfasta, sem hv. 1. flm. hafði forgöngu um að flytja í þinginu, og ég vænti þess að það verði til þess að ríkisvaldið rumski, taki helst vel við sér í sambandi við þessi efni, en á þeim bæ hefur að mínu mati verið sofið ansi lengi að því er snertir málefni héraðsskólanna.

Það hefur blasað við nú um alllangt skeið að hallað hefur undan fæti hjá þessum skólum og fyrst og fremst fyrir þá sök að því hefur ekki verið sinnt, sem hefði þurft að verða fyrir meira en áratug, að það yrði skilgreint hlutverk þeirra, markmiðið með starfrækslu þeirra með hliðsjón af öðru skólastarfi í landinu.

Árið 1962 var gerð breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Þá var ákveðið að héraðsskólarnir yrðu séreign ríkisins ef hlutaðeigandi sveitarfélög óskuðu þess og í framhaldi af því urðu fimm héraðsskólar ríkisskólar á árinu 1962 og hinir þrír skömmu síðar.

Ég nefni þetta atriði sérstaklega, virðulegur for-

seti, í ljósi þess að verið er að ræða hugmyndir nú um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að einfalda verkaskiptingu þessara aðila. Samkvæmt þeim tillögum liggur það fyrir í nál. frá sl. vori frá stjórnskipuðum nefndum að framhaldsskólastigið komi í hlut ríkisins í heild sinni að öllu leyti, en sveitarfélög taki að sér stofnkostnað við grunnskóla.

Ég held að áður en menn ganga til verks með þessum hætti, sem þarna eru tillögur um, ættu þeir aðeins að huga að því hvernig farið hefur fyrir málefnum alþýðuskólanna, héraðsskólanna í landinu undir forsjá ríkisins. Ég er ekki með þessu út af fyrir sig að hafna með öllu hugmyndum um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi þessa þætti. Þar getur ýmislegt þurft athugunar við, ekki síst að því er snertir fjárhagsleg samskipti sveitarfélaga við ríkið. En það er kannski reynslan af þeim samskiptum sem ýtt hefur undir hugmyndir þær sem nú liggja fyrir, þar sem mjög hefur hallað á sveitarfélögin í sambandi við uppgjör á því sem ríkinu ber varðandi þátttöku í sameiginlegum kostnaði af rekstri skóla.

En það er afar einkennilegt að sjá hversu lítið ríkisvaldið og menntmrn. hefur hugsað um þessi fósturbörn sín, héraðsskólana, á þeim tíma sem það hefur verið eitt um hituna, að vísu með blessun Alþingis, þ.e. fjárveitingavaldsins, en tillögur um fjárveitingar til héraðsskólanna koma fram í fjvn., eru þar ræddar og eftir atvikum eitthvað breytt. En um það ætla ég ekki að ræða með mörgum orðum. Það liggur þó fyrir á heildina litið að það fjármagn hefur verið allt of naumt skammtað og má segja að upphæðin til stofnkostnaðar við héraðsskólana til endurbóta á húsnæði þeirra upp á 26,2 millj. kr. á fjárlögum þessa árs hefði rétt kannski dugað til að koma húsnæðismálum þess skóla sem ég nefndi hér sérstaklega, Alþýðuskólans á Eiðum, í sæmilegt horf, án þess að bæta þar nokkru við, heldur bara að sinna óhjákvæmilegu og nauðsynlegu viðhaldi. Slík er staða þessara mála undir handarjaðri menntmrn.

Það má sannarlega ekki dragast, virðulegur forseti, að á þessum málum verði tekið og ég tel því að sú till. sem liggur hér fyrir um nefndarskipan sé þörf og hef því tekið undir hana sem meðflm. Ég vænti þess að tillagan fái brautargengi og verði samþykkt og verði til þess að það verði mörkuð stefna um stöðu þessara skóla. Ég er ekki í minnsta vafa um að þeirra getur verið þörf sem menntastofnana, flestra a.m.k. Ég þori ekki að dæma um einstök tilvik því að ég þekki ekki nógu vel til. En það má ekki gerast að skólar þessir drabbist niður, lendi í vanhirðu, eins og þegar er orðið hvað húsnæði snertir, og nýtist ekki viðkomandi byggðum og landshlutum til fræðslu- og menningarstarfsemi svo sem sjálfsagt er og þörf er fyrir, aðeins ef menn horfa til veðurs og hafa augun opin fyrir þörfinni.

Það er vikið í grg. sérstaklega að fullorðinnafræðslunni. Fyrir utan það að sinna fræðslu innan skólakerfisins er vikið sérstaklega að fullorðinnafræðslunni og ég get tekið undir það efni. Það er einnig gefin skýr mynd af því hvernig þróast hefur aðsókn að þessum skólum. Ég vek athygli á að einn skóli sker sig nokkuð úr í þessum efnum þar sem er Alþýðuskólinn á Eiðum. Þar var nemendafjöldi fyrir mörgum áratugum, 1952–1953, 91 nemandi. Hæst hefur nemendatala farið í 140. Þá held ég að ég megi segja að skólinn hafi verið ofsetinn miðað við húsnæði, árin 1970–1971. Og síðan helst nemendafjöldi nokkuð í horfinu, minnkar þó frá þessu hámarki og hefur verið á bilinu 113–122 samkvæmt yfirliti sem við höfum hér og var á síðasta skólaári 119 nemendur.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa þetta mikið lengra, en ég vek athygli á að í töflu sem fylgir grg. á bls. 4 er heimavistarrými þessa skóla talið nákvæmlega 119 nemendur, enda er skólinn fullsetinn og notaður fyrir brýnar þarfir nemenda í efsta bekk grunnskóla, nemenda m.a. og fyrst og fremst af Austurlandi en einnig nokkurra úr öðrum landshlutum að ég hygg, og síðan fyrir tvo árganga á framhaldsskólastigi.

En húsnæðismálum skólans er þannig háttað, virðulegur forseti, svo að ég leyfi mér hér við lok máls míns að vitna til erindis sem okkur þm. Austurlands barst sl. haust frá skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum, Kristni Kristjánssyni, þar sem hann segir:

„Um langt árabil hefur viðhald húsa og búnaðar skólans verið vanrækt og er málum nú þannig komið að hús liggja undir skemmdum og aðbúnaður að nemendum og kennurum er langt undir þeim kröfum sem almennt eru gerðar í dag. Sérstakt áhyggjuefni er að brunavörnum hefur ekki verið sinnt sem skyldi, viðvörunarkerfi vantar og hluti nemenda hefur ekki aðgang að neyðarútgangi."

Síðan rifjar skólastjórinn upp hverjar fjárveitingarnar eru, 1,1 millj. á árinu 1987 til framkvæmda og aðeins 1,2 að ég hygg á fjárlögum þessa árs, en þörfin var metin á árinu 1986 upp á 20 millj. kr. á þáverandi verðlagi til að koma húsnæði skólans í sómasamlegt horf.

Þetta mun eiga við um marga aðra héraðsskóla þó ég vilji ekki um það fullyrða hvað snertir aðbúnaðinn. Hann er vissulega einn þáttur þessa máls, en hitt ekki síður að fundinn verði skynsamlegur farvegur fyrir starf í þessum skólum innan skólakerfisins eða þá til annarra þátta.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Till. sem hér er á dagskrá er ákaflega þörf og góð og satt að segja mjög brýn. Tómlæti varðandi framtíð og afdrif héraðsskólanna er nokkurt áhyggjuefni því hér er um mjög mikil verðmæti að ræða sem þjóðin á og ber að varðveita og þá á ég ekki við í þröngum skilningi þess orðs og ekki aðeins hvað varðar þær byggingar sem snerta þetta skólahald beint heldur allt það sem í kringum þá er því í kringum þessa héraðsskóla er mikið líf, mikið mannlíf og þjónusta sem er í hættu. Það er

atvinna og fjárfestingar og allt þetta er í hættu ef þetta skólahald leggst af eins og raunin hefur orðið sums staðar. Það er mjög brýnt að það verði með einhverjum hætti tekið á þessu og reynt að snúa við þeirri þróun sem nú er í gangi, þ.e. að finna skólunum nýtt hlutverk ef þeir ekki lengur nýtast eins og til var ætlast.

Ég þekki vel til á einum slíkum stað sem að vísu er einn af best settu stöðunum en engu að síður í verulegri hættu. Þar á ég við Laugaskóla í Reykjadal. Þar er skólasetur sem um langt árabil, reyndar nær 70 ár, hefur verið eitt helsta mennta- og menningarsetur í Suður-Þingeyjarsýslu og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þar er mikil starfsemi í kringum þann stað sem hefur byggst upp um langt árabil, hægt og þó markvisst. Það er mjög mikil þjónusta í kringum þennan stað. Þar hefur byggst upp verslun og verkstæði, sparisjóður, póstþjónusta og íþróttasvæði. Fólk á þessu svæði er nú mjög kvíðið um framtíð staðarins og hvernig tekið verði á málum því það varðar þeirra líf og lífsafkomu hvernig tekið verður á því. Þarna hafa verið margir skólar, grunnskóli, héraðsskóli, sem nú er orðinn að hreinum framhaldsskóla með 9. bekk og áfram fyrstu bekki menntaskóla, og húsmæðraskóli, sem því miður er nú í algjöru tómarúmi eins og er, og þarna hefur um langt skeið verið mikil uppbygging sem eins og ég sagði áðan er í mikilli hættu og fólkið er kvíðið yfir því sem er að gerast og hvernig það muni þróast.

Við skulum ekki gleyma því að við erum ekki bara að tala um byggingar og fjárfestingar sem við viljum nýta. Við megum ekki gleyma mannlegum þætti þessa máls og að líf og afkoma fjölda fólks er undir því komið að það sé ekki horft sljóum augum á hnignun þessara fyrrum stórkostlegu mennta- og menningarsetra landsins.

Ég vil, virðulegi forseti, aðeins lýsa þeirri von minni að þessi þáltill. verði samþykkt og þessi nefnd skipuð og tekið á þessu máli eins og vert er.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. 2. þm. Austurl. og 10. þm. Reykn. þær undirtektir sem þeir höfðu við þessa till. og á hvern hátt þeir mæltu með málinu, því það er það sem skiptir máli, og jafnframt vil ég biðja forláts á þeim mistökum sem mér urðu á undir lok máls míns fyrr í dag. Ég vil gjarnan leggja til að málinu verði vísað til hv. félmn. Sþ. Ég var með deildina ofarlega í huga og nefndi menntmn., en það er alveg rétt, sem kom fram hjá fyrrv. hv. menntmrh. sem hér er viðstaddur, að hún er engin til í Sþ. en hins vegar félmn.

En að lokum þetta: Ég legg áherslu á að þetta mál fái þann framgang að það komi til afgreiðslu þingsins fyrir þinglok.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði haft áhuga á að ræða þetta mál talsvert mikið, en af öðrum ástæðum var ég forfallaður þegar umræða hófst um þetta mál.

Ég álít að þetta sé ágæt till. og nauðsynleg í stöðu þessara mála í dag þegar rætt er um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Það hefur of lítið verið fjallað um þessi mál því að við erum hér að fjalla um stofnanir sem hafa haft að mínu mati heillavænlegri áhrif á íslenskt þjóðfélag á undanförnum áratugum en jafnvel nokkuð annað sem upp hefur komið í sambandi við þau mál sem snerta menntun og menningu þessa þjóðfélags. Héraðsskólarnir voru á sínum tíma bylting hér á landi og þeir hafa til síðari ára staðið undir því hlutverki sem þeir hugsuðir sem komu þessum skólum af stað á sínum tíma gerðu sér vonir um og kannski rúmlega það. Áhrif þessara skóla eru þess vegna enn gífurlega sterk meðal þjóðarinnar og það er þess vegna engin ástæða til að láta afskiptalaust hvernig framtíð þessara mála verður að því er varðar héraðsskólana.

Að sjálfsögðu hefur verið talsvert um þetta fjallað í menntmrn. í tíð margra hæstv. menntmrh. og ég skal ekki rifja það upp, en niðurstaðan er samt sú í alvöru að afsetja þessa skóla, miðað við þá sjálfkrafa þróun sem hefur orðið á vissum stigum í menntakerfinu á undanförnum árum. Þar á ég við fjölbrautaskólana sem ég er ekkert að lasta, en eigi að síður hefur gleymst og aldrei verið á því tekið að marka framtíðarstefnu í framhaldsskólamálum hér á landi þar sem þessu skólastigi hefði verið sýnd sú virðing sem því ber miðað við sögu þessa máls. Ég skal ekki fara meira út í það, en það sýnir sig núna að þegar á að fara að fella þessa skóla formlega út úr kerfinu gefast menntamálaráðherrarnir upp, eðlilega, vegna þess að þeir reka sig á að rætur þessara stofnana standa miklu dýpra og sterkara í íslensku þjóðlífi en menn hafa gert ráð fyrir. Þar af leiðandi hefur það komið m.a.s. nú upp í sambandi við meðferð fjárlaga fyrir þetta ár að það hefur verið hætt við þau áform sem ákveðin höfðu verið.

Ég tek þess vegna undir þáltill. og tel hana mjög tímabæra og hafði raunar gert ráð fyrir því, miðað við þau sinnaskipti sem urðu í viðkomandi ráðuneyti, að það færi fram ítarleg úttekt og umræða um hvernig þessir skólar eiga að þjóna framtíðinni.

Við þm. Vesturlands höfum miklar áhyggjur af okkar héraðsskóla, þ.e. Reykholti, sem er ekki aðeins héraðsskóli í augum þjóðarinnar heldur hin merkasta menningarstofnun sem er hér á landi, forsagan er slík, ef það á að horfa á að svona stofnanir grotni niður og verði að engu fyrir sinnuleysi ráðamanna þjóðarinnar. Það gengur ekki. Við stöndum núna frammi fyrir því að við erum með gífurlega uppbyggingu í Reykholti. Á fjárlögum þessa árs eru 15,2 millj. til að halda áfram uppbyggingu á mötuneyti og annarri aðstöðu sem skólann hefur skort og þar af leiðandi er ekkert smámál um að ræða og taka á því í alvöru hvað á að gera við slíkar stofnanir, hvaða hlutverki þær eiga að gegna í íslensku þjóðfélagi því það er af nógu að taka. Það þarf bara að ganga rösklega í að ræða og athuga þessa möguleika og átta sig á því að það er engin ástæða til þess að öll framhaldskennsla á Íslandi fari fram við Faxaflóa

eða í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu. Það er af nógu að taka úti um land þar sem aðstaðan er fyrir hendi. Við megum ekki láta það henda á hv. Alþingi að þessum málum sé ekki sinnt, það sé bara hugsað að þetta gerist einhvern veginn. Þess vegna tek ég undir það hlutverk, sem þessari till. er ætlað, að það verði gerð raunhæf úttekt á þessu og sérfróðir menn fjalli um og við fáum að sjá slíkar hugmyndir og til framhaldsumræðu um þetta þarfa mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 41 shlj. atkv.

Langtímaáætlun í samgöngumálum, fyrri umr.

Þáltill. BB o.fl., 183. mál. — Þskj. 206.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Á þskj. 206 er till. til þál. um langtímaáætlun í samgöngumálum. Flm. þessarar till. eru allir þm. Borgarafl. 1. flm. till. er Benedikt Bogason, varamaður Borgarafl. í Reykjavíkurkjördæmi. Þar sem hann situr ekki lengur á þingi hefur það komið í minn hlut sem meðflm. að hafa um till. framsögu og gera grein fyrir efni hennar. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd sérfræðinga til að gera tillögur um áætlun í samgöngumálum fyrir landið allt og gera rökstudda spá um framvindu einstakra þátta til ársins 2010.

Nefndin skal einkum taka til meðferðar eftirfarandi þætti:

1. Vegagerð, flugvallagerð og hafnargerð.
2. Farþega- og vöruflutninga til og frá landinu og innan lands.
3. Flutninga- og umferðarmiðstöðvar.
4. Skipakost, flugvélakost og bifreiðaeign.
5. Innbyrðis samspil og áhrif allra þátta.
6. Fjárfestingar og rekstur hjá ríki og sveitarfélögum. Tekjustofna, markaða tekjustofna.
7. Skilyrði til einkarekstrar, svo sem verðlagningu, skatta og skyldur og möguleika til aðlögunar að tækniframförum.

Nefndin skili áfangaskýrslu í nóvember 1988 og lokaskýrslu í október 1989."

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þróað velferðarríki á nútímavísu er algjörlega háð því að allar samgöngur séu greiðar. Hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli eru það gæði farvega og tækja í samgöngum sem skera úr um það hversu stór svæði geta boðið upp á dagleg samskipti og stuðlað að bættri afkomu og betra mannlífi. Samtenging slíkra heimamarkaðssvæða með tilliti til öryggis, hraða og hagkvæmni sker svo úr um hæfni á þjóðhagslegum grundvelli, auk jafnra möguleika allra til samfélagsþjónustu og menningarlegra og félagslegra samskipta. Það er engu að síður mikilvægt að samgöngur landa í milli séu greiðar, tíðar og reknar á sem hagkvæmastan hátt, sérstaklega á síðustu árum eftir að möguleikar hafa opnast fyrir því að öll jörðin verði eitt markaðssvæði.

Ný og æ fullkomnari og hagkvæmari flutningstæki haldast í hendur við framfarir í fjarskiptum, tölvutækni og upplýsingaflæði, auk þess sem nú er verslað með hugvit og oft staðlaða einingahluti í stað fullunninnar vöru áður. Hráefni er flutt frá fjarlægustu stöðum og ferðamannastraumar liggja heimsálfa á milli.

Hér á landi hefur þróunin í samgöngum bæði innan lands og við útlönd verið mjög hröð á síðustu árum. Hinir einstöku þættir hafa þróast sjálfstætt án þess að um verulega samræmingu hafi verið að ræða. Stundum hafa orðið árekstrar milli ólíkra greina svo sem landflutninga og sjóflutninga og blandast ríkisafskipti inn í það dæmi.

Fyrir um aldarfjórðungi var fyrst farið að gera athuganir og áætlanir í samgöngumálum á vegum Efnahagsstofnunar og Framkvæmdabanka Íslands. Þá gerði Framkvæmdastofnun ríkisins samgönguáætlanir í landshlutunum á 8. áratugnum og á síðustu árum hefur samgrn. látið gera slíkar áætlanir en þær hafa flestar fremur verið gagnasöfnun og skammtímaáætlanir en heildarstefna. Margar fleiri áætlanir hafa verið gerðar varðandi ýmsar greinar samgöngumála, svo sem í ferðamálum og staðbundnum verkefnum.

Með þessari þáltill. um langtímaáætlun í samgöngumálum viljum við flm. leggja áherslu á að skyggnst verði fram í tímann svo stjórnvöld, almenningur og sérstaklega þeir sem að samgöngumálum vinna geti áttað sig á því hverju þeir megi búast við á sviði samgöngumála næstu árin. Þá er hún ekki síður sett fram í því skyni að athugað verði hvort verja megi þeim fjármunum sem nú er varið til samgöngumála betur en nú er gert og mat lagt á það í hvaða ástandi samgöngumál eru í dag og hvort við erum á réttri leið á þessu sviði.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að sú nefnd sem skipuð verður taki til meðferðar vegagerð, flugvallagerð og hafnargerð og birti álit þar að lútandi til ársins 2010, hvernig hún sér fyrir sér þróun þessara mála og einnig hvort hægja megi á einhverjum framkvæmdaþætti verði framlög til annars aukin. Þá mætti hugsa sér að nefndin taki til athugunar hvort tengja megi tvo staði saman með tilliti til samgangna þannig t.d. að leggja bundið slitlag á milli þannig að dregið sé úr þörfinni fyrir að byggja flugvelli á báðum stöðunum eða þá hvort hætta megi við stækkun hafnar er til framtíðar er litið teljist það ónauðsynlegt með tilliti til annarra samgönguþátta eða breytts skipulags í vöruflutningum.

Í vegamálum er nú unnið samkvæmt fjögurra ára áætlun frá 1983, en ekki var samþykkt tólf ára áætlun sem lögð var fyrir þingið á síðasta ári. Hins vegar er tíu ára áætlun í flugvallamálum samþykkt á síðasta þingi.

Þá var lögð fram á síðasta þingi fjögurra ára hafnaráætlun sem unnið hefur verið að en ekki fengist formlega samþykkt á Alþingi. Mun sú áætlun vera í endurvinnslu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir í þáltill. að nefnd sú sem skipuð verði athugi framvindu í farþega- og vöruflutningum til og frá landinu og innan lands. Á undanförnum árum hefur ný tækni rutt sér til rúms í vöruflutningum á sjó með gámavæðingunni og hefur það fyrirkomulag tekið stakkaskiptum. Þá var komið nokkuð fast form á landflutninga með vörubílum og má búast við aukinni hlutdeild þeirra með bættum vegasamgöngum. Flytja þeir frekar pakkaflutninga en skipin þungaflutninga þar sem um samkeppni er að ræða.

Í ferðaiðnaði hafa orðið verulegar breytingar á undanförnum árum og hafa hótelbyggingar og gistiheimili sprottið upp. Á þennan þátt verður sérstaklega að líta með tilliti til samgangna til landsbyggðarinnar.

Í þriðja lagi er bent á flutninga- og umferðarmiðstöðvar. Það er verðugt verkefni að athuga hvaða áhrif sú þróun hefur, sem nú er hafin, að skipafélög hætti strandflutningum og einbeiti sér að vöruflutningum til eins staðar og síðan öðrum flutningaleiðum til ákvörðunarstaða.

Í fjórða lagi felur tillagan í sér athugun á því hvernig skipakostur, flugvélakostur og bifreiðaeign kemur til með að verða. Það má t.d. benda á hér að brýnt er fyrir flugfélögin að endurnýja flugvélakost sinn í innanlandsflugi. Við val á nýjum flugvélum fyrir þá aðila er nauðsynlegt að vita stefnu í flugvallamálum, hvort búast megi við löngum eða stuttum brautum og hvort flugvellir verði með bundnu slitlagi eða ekki. Þá getur tímasetning skipt verulegu máli.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að athugað verði innbyrðis samspil hinna ýmsu samgöngugreina og áhrif sem einn þáttur getur haft á hinn þegar til lengri tíma er litið.

Í sjötta lagi er komið inn á þátt ríkisins og sveitarfélaga í samgöngumálum og þá sérstaklega er varðar fjármögnun og hvernig tekna skuli aflað í því skyni að standa straum af þeim fjárfestingum sem nauðsynlegar eru til að halda uppi góðum samgöngum.

7. liðurinn varðar einkaaðila er vinna að samgöngumálum og þá sérstaklega hvernig ríkið skuli búa að þeim varðandi verðlagningu, þjónustu þeirra, skatta og hvað langt eigi að ganga í þeim efnum að setja þeim skyldur á herðar. Þá er einnig í þessum lið lagt til að athugað verði hvernig ríkisvaldið geti komið inn í til að auðvelda einstaklingum að taka í sína þjónustu nýja tækni.

Það er gert ráð fyrir því í þáltill. að nefnd sú sem skipuð verði skili áfangaskýrslu í nóvember 1988 og lokaskýrslu í október 1989.

Eins og fram hefur komið gerir till. þessi ráð fyrir framtíðarsýn í samgöngumálum og hvernig þróun geti litið út og þá sérstaklega hvað tekur við eftir 5–10 ár að lokinni grunngerð helstu samgöngukerfa þegar allir staðirnir á landinu verða komnir í sæmilegt samgöngusamband með flutningum á sjó, landi og í lofti. Þá hefst nýtt þróunarskeið sem gefur enn meiri möguleika á stóraukinni hagkvæmni, styttingu leiða og samræmingu á milli mismunandi kerfa.

Till. þessi er því flutt til að gefa okkur innsýn inn í það sem koma skal og við verðum að vera í stakk búin til að taka á móti framtíðinni.

Það er lagt til að þessi tillaga verði samþykkt og henni vísað til allshn.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er ætlunin að ljúka þessum fundi ekki síðar en kl. 5, en við munum freista þess að láta lokið þessum umræðum. Það hefur einn kvatt sér hljóðs, hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann metur hvort hann vill tala núna eða hvort við frestum umræðunni. Ég sé að hann er þess albúinn að tala nú þegar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og forseti og hv. þm. vita flytur sá sem hér stendur nær undantekningarlaust mjög stuttar ræður og ég ætla því að freista þess að ljúka máli mínu á eins og tveimur mínútum.

Ég vil segja um efni þáltill. sem hér er rædd að ég fagna því að menn skuli taka samgöngumálin upp og sinna þeim. Ég ætla ekki að tjá mig efnislega um einstaka liði tillögunnar, hvorki gera við þá athugasemdir né lýsa við þá sérstökum stuðningi. Ég held hins vegar að sú hugsun sem liggur að baki tillögunni, þ.e. að á skorti um áætlanagerð og upplýsingasöfnun á sviði samgöngumála, sé rétt og það sé þarft að sinna því verkefni.

En aðalerindi mitt hingað, herra forseti, var að vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur nú þegar þáltill. sem er nokkuð skyld, þ.e. till. til þál. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar á þskj. 138, 133. mál þessa þings. Þar er einmitt lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála. Eins og kom fram í máli frsm. eru þegar til ýmiss konar áætlanir, sumar samþykktar af hinu háa Alþingi, aðrar notaðar sem vinnugögn, þó að þær hafi ekki verið endanlega afgreiddar hér, eins og hafnaáætlun og reyndar langtímaáætlun um stefnumörkun í flugmálum sem ekki hefur verið samþykkt á Alþingi þó að tekjuöflunarfrv. þeirri áætlun tengd hafi hins vegar verið samþykkt.

Ég vildi vekja á því athygli, herra forseti, að það liggur þegar fyrir þinginu svo skyld till. að ég teldi nauðsynlegt að þær verði skoðaðar saman, þessar tvær þáltill. Ég vil því mælast til þess, þar sem þáltill. á þskj. 138 var vísað til atvmn., og beina þeirri

spurningu til frsm. hvort hann gæti fallist á að breyta tillögu sinni um nefnd þannig að báðar tillögurnar færu til einnar og sömu nefndarinnar, enda hygg ég að eðli málsins samkvæmt sé ekki óeðlilegt að tillögurnar séu til meðferðar í atvmn. og ég teldi það til bóta ef þessi tvö mál, svo skyld sem þau eru, væru til meðferðar og skoðunar í einni og sömu þingnefndinni.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér var að sjálfsögðu kunnugt um þá þáltill. sem hv. síðasti ræðumaður hefur lagt fram í þinginu og ég get tekið undir að að vissu leyti er það sem hér er mælt fyrir samhljóða því sem þar er lagt til. En það er eitt sem skilur þarna á milli og það er að þarna er gert ráð fyrir langtímaáætlunum allt til ársins 2010 um hvernig þessi mál geti þróast og hverju við megum búast við á þessu 20 ára tímabili.

Það má í sambandi við till. sem hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á einnig geta þess að fyrir þinginu eru margar aðrar þáltill. sem geta fallið undir þetta sama og mætti þar nefna þá till. sem var rædd í dag um Vesturlandsveg og fleiri tillögur sem bornar hafa verið fram.

Ég hef ekki neitt við það að athuga að þessi till. verði til umræðu í atvmn. og ég mundi þá taka undir það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að það væri vel athugandi að ræða þær í samhengi.

Ég sé að klukkan er að nálgast fimm og ég hef þá ekki þetta lengra.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

EFRI DEILD

54. fundur, þriðjudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 518.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og flutt er á þskj. 518, var lagt fram á síðasta löggjafarþingi sem stjfrv. en náði þá ekki fram að ganga sakir tímaskorts. Er frv. lagt hér fram svo til óbreytt frá því það fór frá Ed. rétt fyrir þingslit í sl. mars.

Frv. er samið af stjórnskipaðri nefnd sem falið var að gera tillögur að endurskoðuðum lögum í samræmi við 10. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 109 frá 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, áður lög nr. 50/1981 með sama heiti.

Skv. lögunum átti endurskoðun að vera lokið á síðasta þingi, en hinn 1. ágúst sl. voru liðin fimm ár frá gildistöku upphaflegu laganna en endurskoðun átti að fara fram fyrir þann tíma.

Ég bað nefnd þá sem upphaflega samdi frv. að líta á málið milli þinga og leggur nefndin ekki til aðrar breytingar en þær að siglingamálastjóri skuli eiga sæti í svonefndri samstarfsnefnd skv. 31. gr. laganna er fjallað er um ágreiningsefni vegna framkvæmdar laga nr. 31/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og annarra tiltekinna laga. Að öðru leyti leggur nefndin aðeins til breytingar á athugasemdum við 6. gr. frv. og er það vegna breyttra aðstæðna frá því í fyrravetur varðandi svæðaskipulag Heilbrigðiseftirlitsins.

Áður en lengra er haldið er rétt að vekja athygli á því að áðurnefnd lög hafa í reynd tvisvar sætt endurskoðun eftir gildistöku þeirra, sem var 1. ágúst 1982, annars vegar með lögum nr. 92 frá 1984, og var sú breyting felld saman við meginmál laganna og þau gefin út svo breytt með lögum nr. 109/1984, og hins vegar með setningu laga nr. 117 frá 1985, um geislavarnir.

Með fyrri breytingunni var sveitarfélögum heimilað að setja gjaldskrár vegna framkvæmdar heilbrigðiseftirlitsins í sveitarfélögum og Hollustuvernd ríkisins að setja gjaldskrá vegna veittrar þjónustu. Með síðari breytingunni var geislavarnastarfsemin tekin frá Hollustuvernd ríkisins og færð undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins.

Eitt af verkefnum hinnar stjórnskipuðu nefndar var að fella þessar breytingar inn í frv. það sem hér er til umræðu.

Með setningu nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, var fyrst og fremst stefnt að þremur markmiðum:

1. Að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðiseftirliti og mengunarvarnaeftirliti í landinu öllu.
2. Að fella saman rekstur þriggja stofnana, þ.e. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Matvælarannsókna ríkisins og Geislavarna ríkisins, í eina stofnun, Hollustuvernd ríkisins.
3. Að kveða á um starfsemi sérstakrar mengunarvarnadeildar innan Hollustuverndar ríkisins og þar með í fyrsta skipti að kveða á um afskipti af mengandi atvinnurekstri í íslenskri löggjöf á afgerandi hátt.

Það voru fyrst og fremst þessi atriði sem komu til umfjöllunar í endurskoðunarnefndinni, auk ýmissa smærri sem ákveðið var að reynt yrði að færa til betri vegar eða fella hreinlega niður með hliðsjón af reynslu undangenginna fimm ára.

Það er skoðun endurskoðunarnefndarinnar, ef litið er til áðurgreindra þriggja meginmarkmiða gildandi laga, að í meginatriðum hafi tekist að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðis- og mengun-

arvarnaeftirliti í landinu. Þannig hefur á þessum tíma næstum tekist að koma á í landinu öllu heilbrigðiseftirliti sem er í höndum sérkunnáttumanna. Aðeins skortir á í dag að sveitarfélögin á Vestfjörðum komi sér saman um að reka eftirlitið eins og lög gera ráð fyrir. Annars staðar hefur eftirlitinu þegar verið komið fyrir eða það er í burðarliðnum eins og t.d. á Austfjörðum.

Með vísun til jákvæðrar þróunar eftirlitsmála úti í héruðum eru nánast engar breytingar gerðar varðandi þennan þátt laganna aðrar en þær sem gerðar eru á stöðu svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit, þ.e. afskiptum þeirra af fjárreiðum og samskiptum sveitarfélaga sem standa saman að heilbrigðiseftirliti á hinum 13 eftirlitssvæðum til að koma í veg fyrir erfiðleika við afgreiðslu fjárhagsáætlana.

Hvað snertir annað meginmarkmiðið, sem er starfsemi Hollustuverndar ríkisins, er nefndin þeirrar skoðunar að ekki hafi tekist til sem skyldi. Þannig hefur stofnuninni langt í frá, mest sakir fjárskorts, tekist að sinna þeim veigamiklu verkefnum sem henni eru falin skv. lögum. Þó til komi þar fjárskortur eins og áður segir, húsnæðisleysi og skortur á efnarannsóknum matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara eiga hér önnur atriði við sem reyna verður að bæta með breytingum á lögunum. Er hér fyrst og fremst um stjórnunarþætti stofnunarinnar að ræða. Leggur nefndin til að þeir verði gerðir skilvirkari og málum verði þannig komið fyrir að möguleikar gefist til betri stjórnunar en hingað til.

Nauðsyn virkari stjórnunar er brýn þar sem um er að ræða stofnun sem samkvæmt eðli sínu nýtur minni hylli þeirra er stjórna fjármálum en ýmsar aðrar stofnanir og möguleikar til tekjuöflunar eru litlir að svo miklu leyti sem störf hennar lúta að almenningi, en það er ein af aðalskyldum hennar og hlýtur svo ávallt að vera. Þess vegna er lagt til að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri með rekstrarmenntun og reynslu af rekstri fyrirtækja eða stofnana og að hann starfi með sérstakri þriggja manna starfsstjórn sem ráðherra velur úr sjö manna stjórn stofnunarinnar, en ekki eru lagðar til breytingar á henni.

Auk þess er lagt til að starfssviðum stofnunarinnar verði fjölgað um eitt, þ.e. eiturefnasvið. Um nauðsyn þess ætla ég ekki að fjölyrða heldur vísa til athugasemda með frv.

Um þriðja þáttinn, starfsemi mengunarvarnadeildar og ákvæði laganna um mengunarvarnir, taldi nefndin ekki tímabært að fjalla því að of skammur tími væri liðinn til þess að hægt væri að dæma þar um með fullri vissu. Nefndin taldi þó að í mörgu væri reynslan góð, en lagði ekki til neinar efnislegar breytingar á gildandi ákvæðum. Rétt er enn fremur að benda á að umhverfismál í víðasta skilningi eru til umfjöllunar í samræmi við starfslýsingu ríkisstjórnarinnar í sérstakri nefnd. Starfsemi deildarinnar kemur þar til umræðu og er rétt að bíða niðurstöðu þess nefndarstarfs.

Ég hef að framan fjallað stuttlega um þær meginbreytingar sem felast í frv. Með því fylgir mjög ítarleg grg. þar sem m.a. er greint frá starfsháttum endurskoðunarnefndarinnar, reynslu af framkvæmd gildandi laga í héraði, starfsemi hollustuverndar eftir starfssviðum og helstu nýmælum frv., en þau eru:

1. Lagt er til að svæðisnefndir heilbrigðiseftirlits verði styrktar og þeim falin yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins úti í héruðunum.

2. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna renni í sameiginlegan rekstrarsjóð.

3. Skýrari ákvæði eru um fjárreiður eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna og hvernig fari um afgreiðslu í ágreiningsmálum.

4. Heilbrigðisnefndirnar í Mosfellssveit og á Seltjarnarnesi verði gerðar að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði.

5. Lagt er til að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði styrkt með því að skipa sérstaka rekstrarstjórn og framkvæmdastjóra rekstrar.

6. Lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan Hollustuverndar ríkisins sem annist eiturefnaeftirlit svo sem áður er fram komið.

7. Sett eru inn ákvæði um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum á vegum Hollustuverndar ríkisins.

8. Kveðið er á um vöruskráningarskyldu Hollustuverndar ríkisins varðandi erlend og innlend matvæli og aðrar neysluvörur og vörur sem geta verið skaðlegar heilsu manna.

9. Lögð er til sú regla að framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða Hollustuverndar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára.

10. Lagt er til að við Hollustuvernd ríkisins starfi sérstakur fræðslu- og upplýsingafulltrúi.

11. Rýmkaður er afskiptaréttur Hollustuverndar ríkisins til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana láti heilbrigðisnefnd málið ekki til sín taka eða sinni því lítið.

Auk þess eru ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar frv. Læt ég nægja að vísa til þessara atriða og sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt öllu meir. Eitt verð ég þó að leggja sérstaka áherslu á, en það er að efla verður starfsemi Hollustuverndar ríkisins, m.a. með því að gera stofnuninni kleift að takast á við eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Stefna verður að því að koma upp innan stofnunarinnar á næstu þremur árum rannsóknarstarfsemi er lýtur að efnarannsóknum vegna heilbrigðiseftirlitsins, t.d. vegna matvæla. Um þessi atriði er fjallað í ákvæðum til bráðabirgða í frv. Þessum þáttum er því miður lítið sinnt í dag og hvað innflutningseftirlitið snertir er það ekkert fyrr en varan er komin út í verslanir. Slík skipan býður m.a. upp á að til landsins komi vörur sem nágrannaþjóðirnar hafa jafnvel hafnað innflutningi á. Er því hér um mjög alvarlegt mál að ræða sem er okkur til mikils vansa. Ég tel að ekki verði lengur undan

þeirri ábyrgð skotist að koma á slíkri starfsemi hér á landi og er hér gert ráð fyrir að innan eins árs frá gildistöku laga þessara skuli þessu innflutningseftirliti komið á.

Að lokum langar mig að benda á að í 33. gr. frv. þar sem fjallað er um gildistöku laganna segir svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.“ Þetta bið ég nefnd, sem fær málið til umfjöllunar, að taka til athugunar, en hér á að sjálfsögðu að standa 1989. Þegar ég áttaði mig á þessu reyndi ég að fá þetta prentað upp, en það var því miður komið svo nærri umræðu og orðið of seint og tillaga er því hér gerð um að nefndin breyti dagsetningunni um gildistökuákvæðið í 1. janúar 1989 og bið ég hv. nefndarmenn, sem fjalla um frv., að taka það til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. þetta, en vísa aftur til ítarlegrar grg. og athugasemda með frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv. sem eins og hæstv. ráðherra nefndi var flutt á síðasta kjörtímabili. Þó vannst ekki tími til að fjalla um það mjög gaumgæfilega því það var rétt undir þinglok.

Hér eru á ferðinni ýmsar viðamiklar breytingar sem þarf að sjálfsögðu að gaumgæfa betur í hv. heilbr.- og trn. Ed. þar sem ég á sæti og mun ég ekki eyða mörgum orðum að frv. í 1. umr., en mig langar þó aðeins að minnast á nokkur atriði vegna þess sem hér kemur fram.

Hér eru ákvæði um mengunarvarnir og önnur umhverfismál og af því tilefni langar mig til að leggja áherslu á að auðvitað verður umhverfismálum ekki komið í neitt varanlegt eða viðunandi horf fyrr en hér hafa verið gerðar þær stjórnkerfisbreytingar að umhverfismál heyri í heild sinni undir eitt ráðuneyti en sé ekki skipað niður í hólfum, ef svo má segja, í ýmis ráðuneyti þar sem engin heildarsýn fæst yfir þann málaflokk svo víðtækur sem hann er. Ég held að það sé mikið nauðsynjamál að samræma og sameina umhverfismálin í eitt ráðuneyti og ef ég man rétt er það reyndar í starfsáætlun þessarar ríkisstjórnar þannig að ég hvet hæstv. heilbrmrh. til að beita sér fyrir því innan stjórnarinnar að þessari stjórnkerfisbreytingu verði komið á í stjórnartíð ríkisstjórnarinnar því að það er aldrei að vita hversu löng hún verður og kannski þess vegna brýn ástæða til að taka til hendinni þegar í stað.

Síðan er annað sem ég vil aðeins minnast á og það er vegna 12. gr. þar sem kveðið er á um hlutverk hollustuverndar hvað varðar heilbrigðisfræðslu. Ég minni hæstv. ráðherra á það frv. sem Kvennalistinn hefur flutt hér um heilbrigðisfræðsluráð. Það er ekki síst vegna þess að hver stofnunin eða aðilinn á fætur öðrum, sem tilheyra ríkinu, hafa með höndum hlutverkið að fræða almenning um heilbrigðismál. En það fer þó ævinlega svo að það er eitt af mörgum hlutverkum sem stofnanirnar eða aðilarnir hafa og vill gjarnan verða út undan og þess vegna legg ég megináherslu á að þessi starfsemi verði skipulögð og umfram allt veitt nægjanlegt fjármagn hvort sem einhverjum hluta fræðslunnar verður skipað þarna eða í heilbrigðisfræðsluráði eins og Kvennalistinn leggur til eða þá í þeirri stofnun sem ráðuneytið og þá ráðherra sjálfur hefur lagt til eins og getið er um í heilbrigðisáætlun. Það þýðir ekki að gefa einhverjum opinberum aðilum þetta hlutverk án þess að sjá til þess að þessi starfsemi verði fjármögnuð þannig að þeim verði fært að sinna henni svo að vel sé.

Síðan minntist hæstv. ráðherra á mjög mikilvægt atriði sem er eftirlit með innihaldi matvæla, bæði innfluttra og þeirra sem framleiddar eru innan lands. Þetta er löngu orðið mjög brýnt erindi og eins og kom fram í máli hans leikur sterkur grunur á að við séum að verða eins konar ruslakista innflutnings alls kyns niðursuðuvara sem annaðhvort eru hreinlega útrunnar og yfirlímdir miðar til að fela það eða þá að þær eru innfluttar frá löndum þar sem ýmis skordýraeitur og önnur skaðleg efni eru blönduð í matvæli og flestar nágrannaþjóðir okkar leyfa ekki innflutning á. Þetta er aðkallandi verkefni sem ekki bara þarf að setja lög um að fela einhverjum aðila. Það gildir það sama og með heilbrigðisfræðsluna. Það verður að tryggja að þetta eftirlit sé fjármagnað.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu máli nú, en mun að sjálfsögðu taka þátt í gaumgæfilegri umfjöllun um það í nefndinni þegar þar að kemur.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, enda á ég sæti í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar og þar mun verða fjallað um þetta frv. En ég vildi vekja athygli á því að í 9. gr. frv. hefur mönnum orðið heldur á í messunni og virðast vera nokkuð aftarlega í tímanum því að þar er talað um starfssvæði og tilgreindur Seltjarnarneshreppur og Mosfellshreppur. Sjálfri þykir mér afskaplega vænt um þetta nafn og hefði svo sem ekkert á móti því að eiga enn þá heima í hreppi, en þar sem það hefur nú gerst að Mosfellshreppur er orðinn að Mosfellsbæ og sömuleiðis er Seltjarnarneskaupstaður eins og hann er réttilega tilgreindur aðeins fyrr í setningunni tel ég að frv. sé svolítið flausturslega unnið að þessu leyti og þarna hefði verið nauðsynlegt að leiðrétta og hlýtur því að verða gert í nefndinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. EgJ, 228. mál (greiðslur fyrir sauðfjárafurðir). — Þskj. 516.

Flm. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Á þskj. 516 flyt ég frv. til l. um breytingar á lögum nr. 46/1985, um verðlagningu og sölu á búvörum. Ég vil í upphafi máls míns benda á og leggja á það áherslu að með frv. fylgir allítarleg grg. og auk þess fylgja því þrjú fskj. þannig að þar er málið býsna vel útskýrt og þar af leiðandi þarf ég ekki að hafa mína framsöguræðu eins ítarlega og ella væri.

En ástæðan fyrir því að ég hef skýrt málið svona rækilega út í grg. og með fskj. er m.a. sú að inn í þessa umræðu, þ.e. um greiðslu afurðaverðs til bænda, hefur jafnan blandast greiðslumátinn og hefur mönnum þar oft og tíðum sýnst sitt hverjum, en til að taka af öll tvímæli í þeim efnum hef ég fjallað um það mál þótt það sé framkvæmdalegs eðlis og skipti í rauninni ekki neinu sérstöku meginmáli í sambandi við þá efnisbreytingu sem ég legg til að gerð verði á þessum málum.

Sú merka ákvörðun var tekin upp við setningu búvörulaganna að bændur skyldu fá greiðslur afurðaverðs að fullu sem næst afhendingu varanna, en eins og menn vita var fyrirkomulag þannig að lokagreiðslur bárust ekki til bænda fyrr en uppgjöri afurðastöðva var lokið og fór það þá eftir ýmsu hvort framleiðendur fengu greitt framleiðsluverðið að fullu.

Í búvörulögunum, 29. gr. þeirra laga, þar sem fjallað er um greiðslu afurðaverðs, er tilgreint hvernig beri að inna greiðsluna af hendi til mjólkurframleiðenda og til sauðfjárbænda og með þeirri breytingu sem ég legg til að gerð verði á lögunum, verði hún að lögum, verða teknir upp sams konar greiðsluhættir til sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda. Þetta er þannig samræmingaratriði á milli þessara tveggja höfuðgreina í íslenskum landbúnaði.

Ástæðan fyrir þeirri skipan mála sem nú er var sú að þessi mál lágu ekki skýrt fyrir þegar búvörulögin voru sett og ýmsir voru með miklar efasemdir um að afurðastöðvar gætu innt þessar greiðslur af hendi. Það lá heldur ekki fyrir þá hvernig fullvirðisréttur eða búmark yrði ákveðið. Þar af leiðandi þótti eðlilegt að afurðastöðvar fengju nokkurt ráðrúm til að ljúka þessu uppgjöri. En sem kunnugt er kveður svo á í lögum nú að það fari fram eigi síðar en 15. des.

Nú liggur hins vegar fyrir að hverjum framleiðanda í sauðfjárrækt hefur verið ákveðinn fullvirðisréttur sem er ákveðin stærð. Það hefur verið tekin ákvörðun um að það sé ekki hægt að færa hann til á milli framleiðenda. Hann er þannig alveg bundin og ákveðin stærð sem liggur fyrir í upphafi sláturtíðar og hver einasti viðskiptaaðili og afurðastöðvarnar hafa á borði fyrir framan sig hver réttur hvers framleiðanda er í þessum efnum. Þetta vandamál, hafi það einhvern tíma verið til, er því úr sögunni.

Það liggur líka fyrir að sá greiðslumáti sem ég legg til samrýmist þeirri fyrirgreiðslu sem afurðastöðvar hafa notið og njóta. Ég get þess í grg. og ætla að hafa það hér yfir, með leyfi forseta, sem er niðurstaðan í þeirri umfjöllun í greinargerðinni:

„Hér er því einungis um óverulegar breytingar að ræða á afhendingu staðgreiðslulána til að tryggt sé að sú tilhögun sem frv. kveður á um skapi afurðastöðvum sömu möguleika á greiðslum og nú eru *fyrir hendi.*"

Það skiptir hins vegar miklu máli fyrir sauðfjárbændur, sem fá nú framleiðsluvörur seinna greiddar en nokkrir aðrir framleiðendur í landbúnaði, að því uppgjöri sé flýtt eftir því sem kostur er og að um það gildi sömu reglur og í mjólkurframleiðslu. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Það er kannski vert að ég geti þess til viðbótar af því að það kemur ekki fram í grg. frv. og ekki heldur þeim fskj. sem því fylgja, en mér hefur verið bent á af ýmsum þeim mönnum sem hafa haft samband við mig út af flutningi þessa frv., sem hefur fengið afar góðar móttökur hjá sauðfjárbændum, að hér er e.t.v. um stærra hagsmunamál að ræða en í fljótu bragði virðist því að sauðfjárbændur eru að þreifa fyrir sér með að stækka markað fyrir dilkakjöt og það hyggjast þeir m.a. gera með því að hefja slátrun fyrr. Ég hef m.a. talað alveg nýlega við einn bónda sem hyggst byrja slátrun í júlímánuði og enn frekar í ágústmánuði. Þá er það að sjálfsögðu mikið hagsmunaatriði fyrir þessa bændur, sem mundu þá fella hluta af sínum lömbum áður en þau hafa tekið út fullan þroska, að fá greiðslurnar skilvíslega 10. næsta mánaðar eftir að slátrun fer fram eins og frv. kveður á um.

Með þessu frv. er m.a. mætt þessum nýju og breyttu viðhorfum hjá bændastéttinni með að lengja sláturtíðina og hafa ferskt dilkakjöt á boðstólum miklu lengur en verið hefur.

Herra forseti. Ég vitna til þess sem ég sagði áðan um greinargerðina með frv. og fskj. og ég reyndar trúi því og treysti að jafnmikið sanngirnismál og hér er um að ræða, sjálfsagt sanngirnismál, fái greiða og góða leið í gegnum þessa hv. deild og raunar í gegnum Alþingi. Það væri mikilvæg niðurstaða fyrir bændur landsins sem byggist, eins og ég sagði áðan, á sanngirni og kostar ekki neitt fjármagn. Þegar ekki þarf að líta eftir öðru en því sem er sanngjarnt og réttlátt á að vera auðvelt að koma góðum málum áfram á Alþingi.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar í nokkrum orðum að fjalla um það frv. til l. sem hér er til 1. umr. í hv. Ed., en þar sem ég sit í landbn. deildarinnar gefst mér tækifæri til að fjalla frekar um málið þar.

Í fljótu bragði virðist hér vera um hið besta mál að ræða, en það er að sauðfjárbændur fái greitt fyrr fyrir afurðir sínar en verið hefur og út af fyrir sig er ég sammála hv. flm. hvað það snertir. Það kemur

fram í grg. að það sé reyndar ekkert því til fyrirstöðu að sömu reglur gildi um greiðslur fyrir sauðfjárafurðir og gilda í mjólkurframleiðslu. Í grundvallaratriðum er hægt að vera samþykkur því, en þó er um verulega ólíkar aðstæður að ræða þar sem sauðfjárafurðir verða eins og allir vita til svo til allar í einum mánuði ársins en mjólk dreifist tiltölulega jafnt yfir allt árið. Ég vil taka undir það með flm. að það er mjög til hagsbóta fyrir bændur þegar ákveðið var að staðgreiða landbúnaðarafurðir, en til þess að svo gæti orðið þurfti kannski ekki endilega lagasetningu heldur aukið fjármagn eða aukna fjármagnsfyrirgreiðslu. Það er einmitt þetta sem hefur ekki tekist að koma í höfn af hálfu löggjafans.

Búvörulögin voru samþykkt á Alþingi 1985. Með þeim var afurðastöðvum gert skylt að greiða fullt verð til bænda án þess að fyrir því væri séð nægilega vel að fjármagnsfyrirgreiðsla gerði þeim það kleift.

Hér er í grg. með frv. vitnað í umsögn nokkurra merkra lögmanna. Þar kemur m.a. fram að inni afurðastöð ekki lögmæltar greiðslur af hendi á réttum gjalddaga beri henni að greiða framleiðanda dráttarvexti. Þetta er gott og gilt, en þá kemur á móti að fjmrn. greiði dráttarvexti þegar greiðslur þaðan til afurðastöðva skila sér ekki á réttum tíma.

En þar sem fjallað er í grg. um rekstrarfjárþörf heildsölukostnaðar sláturafurða finnst mér að séu ekki réttar forsendur lagðar til grundvallar. Þar kemur fram að birgðir kindakjöts af framleiðslu síðasta árs þann 1. nóv. hafi verið 10 946 tonn. Síðan tekur hv. flm. birgðastöðuna og reiknar út að ⅔ hlutar heildsölukostnaðar þeirra birgða hafi numið að verðmæti 703 millj. kr. Þess í stað tel ég að réttara væri að miða heildsölukostnaðinn við heildarslátrun og væri það gert kæmi allt annað út úr dæminu.

Síðan er það varðandi vaxta- og geymslugjaldið, en á síðasta ári var breytt um fyrirkomulag varðandi greiðslu þess sem er sláturleyfishöfum mjög í óhag. Núna fer greiðsla fram samkvæmt sölu en ekki samkvæmt birgðum eins og áður var. Með þessu binda sláturleyfishafar verulegt fjármagn í birgðunum.

Það er fleira sem ástæða væri til að nefna varðandi frv., en ég sit í landbn. eins og kom fram í upphafi og fæ ég þá tækifæri þar til að fjalla frekar um það. Eins og hv. þm. er eflaust öllum í fersku minni hafa farið fram miklar umræður í fjölmiðlum einmitt um þetta mál að undanförnu og þá miklu erfiðleika sem sláturleyfishafar hafa átt við að stríða. Þessir sláturleyfishafar eru flestir innan kaupfélaganna. Kaupfélögin eiga í miklum erfiðleikum. Ég er sannfærð um að allir sem vilja landsbyggðinni vel og þar á meðal hv. flm. gera sér grein fyrir því að með því að kaupfélögin missi rekstrargrundvöll og fari um er landsbyggðin í verulegri hættu. Þess vegna vil ég að full aðgát sé höfð varðandi þetta mál og menn átti sig á því að það er ekki forsvaranlegt fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi að setja lög um að þriðji aðili greiði fullt verð til bænda öðruvísi en að við gerum honum það fullkomlega fært með fjármagnsfyrirgreiðslu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Forseti. Meginhugmynd þess frv. til l. sem hér er flutt af hv. 5. þm. Austurl. tel ég vera til bóta fyrir sauðfjárbændur og með því er stigið skref til að tryggja þeim greiðslur fyrir afurðir sínar. Sú meðhöndlun sem bændur fengu af hálfu afurðastöðva í lok síðasta árs er með öllu óþolandi og óverjandi. Margir bændur fá tekjur sínar eingöngu af sauðfjárbúskap og þarf ekki að hafa um það mörg orð að þeir eins og aðrir gera sínar fjárhagsáætlanir og fjárskuldbindingar í trausti þess að greiðslur fyrir afurðir berist á tilsettum tíma.

Við 1. umr. ætla ég ekki að hafa mörg orð um efnisatriði frv. eða þá ítarlegu grg. sem því fylgir, en ég vil lýsa stuðningi mínum við þá meginhugmynd sem sett er fram í því.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held að ég sé ekki að ljóstra upp neinum leyndarmálum þó að ég segi að mér var nokkuð kunnugt um frv. áður en það kom fram á hv. Alþingi og ég taldi nokkrar líkur fyrir því á tímabili að það mundi verða flutt af fleirum en hv. flm. og að það yrði jafnvel samstaða um í hv. deild að flytja frv. sem kvæði ákveðnar á um skyldur afurðastöðva til greiðslna en raun hefur orðið á er hér kemur frv. eins manns.

Það er nú svo að hv. flm. stóð að samþykkt afurðasölulaganna 1985 og var hann að miklu leyti höfundur þeirra og hefur á undanförnum missirum og sjálfsagt í kosningabaráttunni talið það eitt af því sem hann hafi gert vel hér á hv. Alþingi og flokkur hans staðið að, að koma á staðgreiðslu í afurðasölumálum og ekki síst fyrir sauðfjárafurðir.

Því miður finnst mér að þegar frv. eins og þetta kemur til umræðu á hv. Alþingi og það er ekki betur tryggt áður en það kemur fram, en flutt af einum þm. eins stjórnarflokksins, þá sé á því svipur þess að það sé verið að koma með mál sem síðan sé hægt að leggja fram í umræðum og segja: Þetta var mál sem ég barðist fyrir á hv. Alþingi. En því miður. Þingið sýndi því ekki það mikinn áhuga að það kæmist í gegn. Ég vona þó að þetta mál fari ekki þannig.

Ég tel að hér sé um sanngirnismál að ræða. Það er nefnilega ekki eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan um sauðfjárafurðirnar. Þær eru ekki að verða til á einum mánuði. Samanborið við mjólkurframleiðendurna á sauðfjárframleiðandinn kannski mikið meiri rétt á síðustu mánuðunum, þegar afurðirnar eru að komast til afurðasölustöðvanna, að fá greiðslu fyrir sínar afurðir, jafnvel meiri rétt en sá framleiðandi sem er í mjólk og framleiðir dag frá degi. Sauðfjárbóndinn er búinn að eyða öllu árinu, uppsöfnuðum kostnaði til að koma þessum afurðum á markað í lok framleiðsluársins. Ég tek undir það með flm. að vitaskuld er nauðsynlegt að réttur þessara framleiðenda sé ekki síðri en mjólkurfram-

leiðendanna.

Eins og aðrir ræðumenn hafa sagt og tekið fram að þeir væru í landbn., þá er það eins með mig og ég veit að við skoðum þetta mál vel í landbn. Ég hef tilfinningu fyrir því að hv. flm. muni hafa þó nokkurn stuðning stjórnarandstöðunnar til að þrýsta á þetta. Það væri gaman að heyra frá hæstv. landbrh., hvernig hans afstaða væri í þessu máli. Mér fannst nefnilega að hv. 5. þm. Norðurl. e. væri ekki alveg á því að frv. yrði samþykkt og vildi tengja það því að með því væri verið að leggja sérstakar byrðar á kaupfélögin. Ég vil ekki taka undir það að svo sé. Með afurðasölulögunum og með fyrirheitunum um að staðgreiðsla skyldi eiga sér stað á landbúnaðarafurðum með afurðasölulögunum var vitaskuld ætlast til þess að afurðasölufyrirtækin fengju eðlilega fjármagnsfyrirgreiðslu til að standa fyrir því loforði sem bændum var gefið. Það er ekki ætlast til þess að kaupfélögin eða hver önnur afurðasölufyrirtæki taki úr sínum sjóðum fjármagn til að standa við þau lög sem samþykkt eru á hv. Alþingi. Löggjafinn og framkvæmdarvaldið verða að sjá fyrir því að afurðasölufyrirtækin geti staðið við það sem þeim er ætlað að gera.

Það kemur fram í frv. í álitsgerð þeirra stórlögfræðinga sem nefndir eru, Benedikt Blöndal, Jón Þorsteinsson og Gaukur Jörundsson, að afurðasölufyrirtækjum verði gert skylt að greiða dráttarvexti af ógreiddum afurðum. Ég get að vissu leyti mótmælt því að þar sem afurðasölufyrirtækin eru í höndum bænda sjálfra sé það einhver siðferðisleg skylda. Fyrst og fremst er það skylda framkvæmdarvaldsins og löggjafans að tryggja að þessir aðilar geti staðið í stykkinu. En aftur á móti er það sem snýr beint að hinu opinbera, fjmrn., eins og hv. þm. nefndi. Þar tel ég alveg höfuðatriði að það sé staðið í stykkinu og afurðasölufyrirtækjunum og bændum greiddir fullir dráttarvextir af öllum þeim vanskilum sem þar eiga sér stað vegna þess að það er fyrst og fremst sá aðili sem ber ábyrgð á því hvernig hlutirnir standa.

Þessi umræða gæti kannski leitt til þess og væri ekki óeðlilegt að við fengjum að heyra aðeins frá ráðherra og frekari umræða yrði um stöðu þessara mála í dag. Við höfum orðið varir við að sláturleyfishafar hafa talið sig eiga allmiklar fjárhæðir inni hjá ríkissjóði og við höfum heyrt um það líka að bændur telji að það hafi verið staðið við staðgreiðsluna á þann máta að þetta hafi verið reikningsfært en ekki bein staðgreiðsla átt sér stað. Fyrst og fremst hljótum við þó að spyrja um hvort sláturleyfishafar hafi fengið þá fyrirgreiðslu sem þeir telja sig eiga og eiga frá hendi ríkisins.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm., sem hér hafa rætt þetta frv., að hér er um mikilsvert málefni að ræða sem skiptir þessa atvinnugrein miklu máli.

Það hefur aðeins verið vikið að þeirri stöðu sem var á sl. hausti og vetri í sambandi við uppgjör þessara mála. Þá vil ég benda á að í grg. þessa frv. er skýrt tekið fram hvernig af hálfu ríkisins hefur verið staðið við það sem gert var ráð fyrir í sambandi við fjármagnsútvegun. Ég held að með því að athuga það sé ekki hægt að halda því fram að þar hafi ekki verið staðið við það sem gert var ráð fyrir.

Hins vegar hefur það ekki farið fram hjá neinum vegna umræðu að vandi sláturleyfishafa hefur verið ærinn við að hafa nægilegt fjármagn til að inna greiðslur af hendi og þá talað um að á vantaði hjá ríkinu að það hefði innt allar sínar skyldur.

Það sem gerðist á sl. ári var má segja að fyrrv. ríkisstjórn ákvað að standa að því að reyna að fá fullt verð fyrir allar þær birgðir sem til voru af kindakjöti í landinu þegar búvörulögin komu til framkvæmda í upphafi verðlagsárs 1985–1986 og voru þá á ábyrgð sláturleyfishafa og framleiðenda vegna umboðssölukerfis. Þessar birgðir voru í upphafi verðlagsárs 1987–1988 1. sept. sl. aðeins minni, þannig að það hafði gengið í rétta átt. Það var fyrst og fremst vegna þess að á sl. ári var gert meira átak en nokkru sinni fyrr í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar til að minnka þessar birgðir og koma birgðastöðunni í viðunandi horf.

Það var gert annars vegar með auknum niðurgreiðslum sem höfðu í för með sér aukna sölu á árinu. Sala á sl. ári var um 9100 tonn sem er um 1100 tonnum meira en árið áður, en líka með auknum útflutningi og til þess útflutnings þurfti mikið fjármagn. Það var útvegað fjármagn til þess að standa undir þeirri greiðslu þannig að í desembermánuði var búið að greiða alla útflutningsbótareikninga vegna þessa umframútflutnings. Hins vegar fór sú greiðsla ekki fram jafnóðum og útflutningur fór fram þar sem greiðsluþörfin varð umfram fjárlög og því var vaxtakostnaður vegna þess dráttar. Sú upphæð var hærri en menn reiknuðu með vegna þess hvað vextir fóru hækkandi þegar leið á verðlagsárið. Það þurfti þar af leiðandi meira fjármagn. En líka var það að þetta uppgjör var allflókið, þessi vaxtareikningur, og hefur tekið miklu lengri tíma að komast alveg að niðurstöðu um það en ætlað var, en ég held að það megi segja að nú sé búið að ljúka þeim útreikningi til fulls þannig að það sé ljóst hvað þar stendur út af. Það munu vera í mesta lagi einhverjir tugir milljóna, 10–20 millj., sem þar stóðu út af.

En vegna þess að það var bæði unnið að aukinni sölu og minnkun birgða með auknum útflutningi og auknum niðurgreiðslum og markaðsátaki innan lands varð árangurinn sá, sem bent er á í grg., að birgðir 1. des. sl. voru 2300 tonnum minni en árið áður. Þetta og eins það að minnka birgðirnar og birgðir sem upphaflega voru á ábyrgð sláturleyfishafa held ég að sé alveg ómetanlegt fyrir sláturleyfishafana og því margfaldur ávinningur fyrir þá þó að eitthvert lokauppgjör á síðustu vaxtagreiðslum drægist einhverjar vikur. Ég held að það fari ekki milli mála.

En núna er verið að ganga frá því að finna út hvað er mikið eftir af framleiðslu 1986. 1. des. voru það

rúm 500 tonn sem var um 400 tonnum minna en árið áður. Það var verið að leita eftir því í lok janúarmánaðar að fá alveg á hreint hvað mikið þar væri eftir til þess að slíkt uppgjör færi endanlega fram. Ég þori því að fullyrða að í þessum málum hafi verið unnið, a.m.k. af hálfu ráðuneytisins, meira en nokkru sinni fyrr til að hreinsa þarna til og ná saman endum.

Svo er hitt sem hér hefur verið minnst á. Það er breyting sem gerð var á greiðslu vaxta- og geymslugjalds á sl. vetri þegar niðurgreiðslur voru auknar. En þar sem sú niðurgreiðsla fer nú ekki fram fyrr en við sölu, þá er þar um fjárbindingu að ræða þar sem viðskiptabankarnir reikna vexti mánaðarlega af afurðalánum, enda þótt þau séu ekki gjaldfallin. Ég óskaði eftir því við viðskiptabankana fyrir áramót að þeir mundu þá ekki krefja sláturleyfishafa um greiðslu á þessu heldur færa það til reiknings og a.m.k. sumir bankarnir lýstu því yfir að þeir hefðu gert það eða þá komið á annan hátt til móts við þessa fjárþörf. En það sem veldur tvímælalaust erfiðleikum sláturleyfishafanna og hefur gert síðustu vikurnar eru hinir háu vextir sem fylgt hafa í kjölfar meiri verðbólgu.

En svo er aftur spurningin um hvernig þetta verður í framtíðinni. Það mál hefur verið mjög til umræðu bæði í fjmrn. og landbrn. að undanförnu hvort ekki væri rétt að leita þarna nýrra leiða til að tryggja örari eða beinni greiðslur til bænda á því fjármagni sem til þessa er varið. Ég vonast til þess að eftir þá athugun, sem nú stendur yfir á því, skýrist betur hvernig þessu verður best hagað. Ég held að það sé því mjög gott að Alþingi fjalli um þetta mál og taki það þá inn í þá umræðu í landbn.

Það hefur farið svo að uppgjör, skýrsluskil frá sláturleyfishöfum hafa tekið alllangan tíma þannig að það hefur reynst nokkuð erfitt að fá allt til Framleiðsluráðs og þar útreiknað fyrir 15. des. Vegna þess að þarna er um að ræða framleiðsluvöru sem er á verðábyrgð ríkissjóðs að vissu marki verður að liggja fyrir, áður en hægt er að greiða að fullu, hvort varan er innan þess fullvirðisréttar eða ekki. Það er dálítið öðruvísi með kindakjöt en t.d. mjólk. Framleiðendur geta lagt kindakjöt inn á fleiri en einum stað og jafnvel fleiri en tveimur þannig að einn sláturleyfishafi veit ekki hvað mikið viðkomandi framleiðandi er búinn að leggja inn þó hann hafi tölur um það frá sjálfum sér.

Ég bendi á þetta sem eitt atriði sem þarf að hafa í huga, en með því að leita annarra leiða um þetta fjárstreymi, eins og sagt er, getur verið að þarna sé hægt að greiða úr slíkum atriðum sem þó verða alltaf að liggja endanlega fyrir áður en lokauppgjör fer fram vegna þess að þarna er um takmarkað magn að ræða sem hver hefur tryggingu fyrir að fá greitt fullu verði.

En ég tek undir að hér er um mikilvægt mál að ræða og nauðsynlegt að koma í það horf að allir geti orðið sammála og sáttir við þá niðurstöðu og þá afgreiðslu sem þessar greiðslur fá.

Flm. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Ég hlýt að þakka þær undirtektir sem frv. hefur fengið hér. Ég átti reyndar ekki von á öðru því að eins og ég sagði áðan er þetta sanngirnismál og skárra væri það nú að mál sem er grundvallað á slíkri forsendu fengi ekki góðar viðtökur.

Ég kannast vel við það, sem kom fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni, að ég kynnti það viðhorf fyrir landbúnaðarnefndarmönnum um það leyti sem ég var að koma þessu máli saman fyrir þinghléið að ég vildi gjarnan að meðnefndarmenn mínir, einn úr hverjum flokki, flyttu þetta mál með mér. Ég hafði talað um það við þrjá nefndarmenn, en svo vildi til að hv. 6. þm. Vesturl. var þá ekki í landinu og er það skýringin á því að ég hafði ekki samband við þann hv. þm.

Hins vegar kom í ljós að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir vildi ekki flytja frv. með mér og það atvikaðist þannig að Karvel Pálmason, varaformaður í nefndinni, var veikur þegar þessi umræða fór fram og gat þess vegna ekki kynnt sér málið. Þá var orðið nokkuð sjálfgefið að ég reri þarna einn á báti. Ég vona að það sé ekki misskilningur á milli mín og hv. þm. Skúla Alexanderssonar um það efni því við töluðum skýrt út um málið. Ég vona að þetta verði ekki til að spilla fyrir framgangi málsins, enda hafa mál verið unnin með þeim hætti í landbn. Ed. að ég sé ekki annað en þar hafi allir haft sóma af sem nærri hafa komið og langflest mál sem þar hafa verið unnin hafa verið afgreidd án tillits til þess hverjir væru í stjórn og stjórnarandstöðu. Svo vona ég að enn verði með þetta mál. Ég veit ekki heldur nema formaður nefndarinnar hefði alveg eins getað montað sig af því, ef menn hafa einhverjar sérstakar áhyggjur af því í sambandi við flutning á þessu máli, að vera svo slyngur leiðtogi fyrir nefndinni að hann væri búinn að binda hana við afgreiðslu málsins um leið og frv. væri komið fram á Alþingi. Ég held að það megi nefnilega finna afskaplega margar leiðir til að gera hlut sinn góðan hér á Alþingi ef menn eru sérstaklega um það að hugsa. En fyrir mér er þetta mál og framgangur þess aðalatriði.

Hv. þm. hafði orð á því að ég hefði verið einn af aðalhöfundum búvörulaganna þegar þau voru samin og sett. Það var vissulega svo um tíma að það var æðimikið um það talað að ég væri aðalhöfundur búvörulaganna. Sérstaklega voru framsóknarmenn mikið að tala um að ég væri aðalhöfundur laganna rétt til að geta firrt sig ábyrgð af lögunum. En það hefur heyrst minna um þetta í seinni tíð eftir að menn hafa orðið varir við áhrif þessara laga í íslenskum landbúnaði og m.a. á kjör og afkomu bændanna í landinu. Þá hefur verið minna um það talað hver hafi verið aðalhöfundur þessara laga, og sem betur fer, því að það voru margir góðir menn sem unnu þar mikið og gott starf og þó að út af fyrir sig geti hólið verið hverjum og einum kærkomið eru til þau verk sem mönnum finnst svo vænt um að maður vill gjarnan að þeir eigi sem þeim hafa lagt lið. Þannig er það með afstöðu mína gagnvart þeim

sem unnu að setningu búvörulaganna.

Auðvitað fer landbn. ítarlega yfir frv. og þá sérstaklega þær skýringar sem því fylgja sem eru reyndar annað mál. Ég vil ekki blanda þessu máli saman við þá umræðu og þær deilur sem hafa orðið á sl. hausti og nú á þessum vetri um greiðslu á afurðaverði til bænda. En ég get hins vegar ekki látið hjá líða, vegna þess að hér er verið að láta liggja að því að í þeim efnum hafi hlutur ríkisvaldsins verið bágur og ríkisvaldið hafi ekki staðið við sinn hlut, að ég hef fyrir því mjög margþætt rök að það hefur ríkisvaldið gert og a.m.k. alveg fullkomlega til móts við það sem eðlilegt er í þessum efnum.

Ég vil einungis minna á í þessu sambandi það sem kemur fram í fskj. I með frv. þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að sláturleyfishafar hafi fengið allt heildsöluverðið í afurða- og staðgreiðslulánum að frádregnu því sem þeir þurfa ekki að inna af hendi fyrr en við afhendingu vörunnar. Það er sjálfsagt best að það komi hér fram, þó að það standi einhvers staðar að stundum má satt kyrrt liggja, að staðgreiðslulánunum fyrir framleiðsluna árið 1986 var aldrei skilað aftur þannig að það var fyrst og fremst um að ræða útgáfu á nýjum skuldabréfum af hendi ríkisins og greiðslu á þeim mismun sem þar er á. Það mál sem ég flyt hér er að því leyti enn auðveldara viðfangs að það er verið að draga úr sauðfjárframleiðslunni. Þar af leiðandi minnkar fjármagnsþörfin, minnkar þörfin fyrir staðgreiðslulánin. Þar af leiðandi er auðveldara að fást við þetta af hendi ríkisvaldsins.

En það er líka kannski rétt til viðbótar við þetta að segja, og ég get ekki annað en vakið sérstaka athygli á því, að mér er alveg óskiljanlegt vegna hvers ekki á að standa við greiðslur til bænda eins og annarra aðila í þjóðfélaginu. Sú grg. sem hér er látin fylgja með og álit þriggja mjög þekktra lögmanna, sem þar er birt, tekur af öll tvímæli um að réttur bænda í þessum efnum er nákvæmlega sá sami og allra annarra. Hvað skyldi verða sagt við hv. þm. Skúla Alexandersson ef hann stæði ekki í skilum við þá sem skipta við hann? (**SkA:** Það hefur ýmislegt verið sagt um hann.) Það hefur ýmislegt verið sagt um hann, en ég hygg að honum hefði ekki verið hlíft við því að standa við greiðslur á afurðaverði eða launum. Auðvitað ekki. Og maður hefur heyrt býsna mikið talað um erfiðleika í ýmsum greinum. En ég held að það sé talið alveg sjálfsagt að inna lögboðnar greiðslur af hendi alveg fram í gjaldþrot. Ég kannast ekki við annað. Og það er ekki verið að tala um annað en að réttur bænda í þessum málum sé virtur sem annarra þjóðfélagsþegna. Ég legg enn fremur áherslu á að rekstrarskilyrði afurðastöðva sauðfjárafurða versnuðu ekki þótt greiðslum verði flýtt. Í grg. kemur fram að 98% af fjárþörfinni, sem þurfti að greiða framleiðendum, kom í gegnum afurða- og staðgreiðslulán. Það vantaði einungis 2% þar á og þá minni ég á að inni í þeim 2% er sá hluti af búnaðarmálasjóðsgjöldum sem dreginn er frá útborgun til bænda. Afurðastöðvarnar draga það frá útborgun til bænda og koma þau því ekki til greiðslu. Þessi greiðsla til bænda upp á hér um bil 100% í afurðalánum og staðgreiðslulánun þyngdi því ekkert á fyrir afurðastöðvunum, ekki undir nokkrum einustu kringumstæðum.

Það er hárrétt, og það kemur fram í grg., sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segir, að það geti verið umdeilanlegt með heildsölukostnaðinn að öðru leyti. Það sem ég bendi á er að ⅔ hlutar af heildsölukostnaðinum voru fjármagnaðir með afurðalánum og það er það sem talið er að almennt komi til greiðslu á þessum tíma. Eins og fram kemur í fskj. 1, sem ætti tæpast að vera umdeilanlegt, vantar einungis 5% á samkvæmt þeim viðmiðunum að ekki komi það fjármagn sem sláturleyfishafarnir þurfa að inna af hendi. Þetta kemur mér allt saman dálítið einkennilega fyrir sjónir vegna þess að ég hef spurst fyrir um það á tveimur stöðum í mínu kjördæmi hvernig niðurstaðan hafi verið á sláturreikningnum og þeim viðskiptum og ég fékk það svar að það lægi ekki fyrir vegna þess að það væri ekki búið að gera upp. Það er þá alveg nýbúið að gera upp þá reikninga. Hvernig geta menn vitað um þessa bágu útkomu þegar ekki er búið að loka bókhaldi? Ekki hafa menn fundið það í greiðslustöðunni nema peningarnir hafi lent eitthvað annað.

Ég vil hins vegar taka alveg skýrt fram í þessu efni að sú breyting á búvörulögunum sem frv. gerir ráð fyrir snertir ekki þessi deilumál. Ég tek það alveg jafnskýrt fram að þessi deilumál sem slík geta ekki undir nokkrum kringumstæðum orðið tilefni til að hindra framgang frv.

Mér þykir vert að minna á það hér, sem er ákaflega nauðsynlegt, að í mjólkurframleiðslunni hefur mjólkuriðnaðurinn náð gífurlega verðmætum árangri, bæði með tilliti til síns rekstrar og líka með tilliti til þess hversu fjölbreytni í vöruvali hefur mikið aukist. Ég tek sérstaklega undir það, sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að afurðastöðvar í sauðfjárframleiðslu hafa haft svo mikinn annan vanda fyrir framan sig í birgðum og útflutningi að þær hafa ekki getað snúið sér eins að því að koma á meiri fjölbreytni í vöruvali og ekki getað haft sinn rekstur eins hnitmiðaðan m.a. að því leyti. Nú er þetta að breytast, birgðirnar eru að hverfa og þá er að taka til við önnur verkefni. Ég held að það sé alveg jafnnauðsynlegt fyrir afurðastöðvarnar að huga að því eins og að vera að berja sér yfir viðskiptunum við ríkisvaldið, m.a. á sl. hausti.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu. Ég minni á það, sem ég sagði hér í upphafi, að ég vona að um þetta mál verði gott samkomulag í landbn. Ed. og á Alþingi. Það má líka til sanns vegar færa að það orki tvímælis fyrir stjórnarþm. að flytja mál sem snertir málaflokk þess ráðherra sem hann er í samstarfi við. Ég geri ráð fyrir því að það geti ýmsar hefðir gilt í þeim efnum. En þessu kveið ég ekki og allra síst eftir að hér hefur verið dreift þskj. sem er till. til þál. um innflutning loðdýra til kynbóta og tveir virðulegir samnefndarmenn mínir í landbn. Ed. flytja og felur í

sér áskorun á landbrh. að hefja þegar undirbúning að árlegum innflutningi kynbótadýra til loðdýraræktar. Þessari þáltill. ætla ég að fylgja í Sþ. eins og vera ber og það getur ekki verið mikið við það að athuga hjá samstarfsflokknum þótt ég flytji jafnsjálfsagt mál og frv. á þskj. 516 þegar samflokksmenn ráðherrans, sem eiga að sjálfsögðu mjög innangengt með að koma sínum áhugamálum á framfæri, eru með þáltill. til að skora á ráðherra sinn að koma á innflutningi kynbótadýra í loðdýrarækt sem er hið þarfasta og ágætasta mál. Ég sé þess vegna ekki annað en það geti allir verið nokkuð vel sáttir í kringum þessa málafylgju og ég trúi ekki öðru en þetta mál fái greiða afgreiðslu á Alþingi.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er sjálfsagt ekki algengt á hv. Alþingi að það sé farið að fjalla um mál úr ræðustól í deild áður en búið er að tilkynna dreifingu þeirra, en svo var um 242. mál þingsins sem forseti var rétt að enda við að kynna úr forsetastól. Það er hið ágætasta mál. — Ja, ég held að ég hafi sagt kannski heldur mikið þarna. Ég vil ekki segja að það sé hið ágætasta mál fyrr en við höfum fjallað svolítið um þetta í landbn. Ég er ekki viss um nema þetta mál þurfi að skoða vel áður en lagt verður að hæstv. ráðherra að samþykkja það skilyrðislaust, jafnvel þótt það séu flokksmenn hans sem eru að flytja þetta. Ýmiss konar vandamál hafa nú verið í kringum innflutning dýra og þó að það sé kannski einhvern veginn svolítið öðruvísi í sambandi við loðdýrainnflutning en aðrar skepnur held ég að þurfi eitthvað að skoða þetta og fjalla um það áður en beinlínis er lýst yfir skilyrðislausu samþykki. En sjálfsagt er málið þarft til athugunar.

En það væri ekki úr vegi fyrst farið er að tala um loðdýrin, þennan bjargvætt sem átti að bjarga íslenskum landbúnaði og ekki kannski aðeins íslenskum landbúnaði heldur íslenskum sjávarútvegi líka vegna þess að þar átti að skapast næstum því ótæmandi markaður fyrir úrgangsafurðir sjávarútvegsins, að kanna hvort uppi séu einhver áform innan stjórnarflokkanna um að aðstoða nú myndarlega þessa atvinnugrein sem núna stendur frammi fyrir því og hefur þegar fengið mjög mikinn skell og margir hverjir sem hlýddu kalli forustumanna bænda um að breyta búháttum hafa lagt þarna í allar eigur sínar og standa frammi fyrir því nú að verða jafnvel að hverfa frá þessum búskap ef eitthvað mikið verður ekki gert fyrir þennan atvinnuveg.

En ég stóð ekki upp til að fjalla um þetta sérstaklega heldur kom þetta í hug þegar kom að lokaorðum hv. flm. Það sem kom mér fyrst og fremst upp voru yfirlýsingar hæstv. ráðherra og flm. um ákveðna þætti landbúnaðarmálanna og þá fyrst og fremst, sem ég er ekki viss um að allir bændur eða forstöðumenn afurðastöðva séu alveg sannfærðir um að sé rétt, yfirlýsingu ráðherra um að jafnvel aldrei fyrr hafi verið unnið meir og betur í þessum málum en núna. Alveg fram á síðustu daga hef ég heyrt ákveðnar óánægjuraddir frá forstöðumönnum afurðastöðva um að þeirra hlutur sé ekki sem skyldi. Það má vera að það sé rétt sem ráðherra segir, en það getur verið af einhverjum öðrum ástæðum sem afurðastöðvarnar standa svo illa, kannski bein tengsl þeirra við kaupfélögin og þar komi heim og saman það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. var að ræða um hér áðan, að ekki mætti ganga mjög hart að afurðastöðvunum vegna kaupfélaganna. Það þurfa að vera ákveðin skil á milli kaupfélaganna sem verslunarfyrirtækja, jafnvel þó það sé verslunarfyrirtæki bænda, og kaupfélaganna sem afurðastöðva framleiðsluþáttar bændanna. Hvorugur þátturinn má fyrir öðrum skemma. Sök sér að búa við að annar þátturinn lyfti undir hinn þegar gengur sérstaklega vel hjá öðrum.

En ráðherra lýsti því reyndar líka yfir að það væri unnið bæði í landbrn. og fjmrn. að því að finna nýjar leiðir, leita að nýjum leiðum, hvernig háttað skuli þeim málum sem er lagt til í þessu frv. að renni í einn ákveðinn farveg. Er það gott og væntanlega fáum við í landbn. að heyra frá því starfi og sjálfsagt hægt að einhverju leyti að samræma það þessu frv. eða taka það jafnvel gildara en frv. ef hér mætti betur að vinna eða koma á betra formi en nú er.

Aðallega var það sem kom mér í ræðustól aftur sú yfirlýsing flm. að afurðastöðvarnar hefðu aldrei skilað aftur afurðalánunum. (**EgJ:** Ég ætlaði að segja staðgreiðslulánum.) Jahá. (**EgJ:** Hafi ég ekki sagt það var það meiningin.) Staðgreiðslulánunum. Jæja. (**VS:** Hann sagði það nú ekki.) Nei, ég skrifaði a.m.k. niður afurðalánum. Mér fannst það ansi stórt og ætlaði þá að vísa til minnar reynslu í sambandi við sjávarútveg. Það gengi ekki upp í sjávarútveginum. Við yrðum að skila afurðalánunum um leið og sala færi fram. Ég hef ekki alveg í kollinum muninn á staðgreiðslulánunum og afurðalánunum. Staðgreiðslulánin eru þá að minni tilfinningu viðbótarlán við grunnafurðalán. Ef þessum lánum er aldrei skilað sé ég ekki að þarna geti verið fjár vant. En mér finnast þetta vera svo stór orð að það þurfi svolítið meira en beina yfirlýsingu, jafnvel úr ræðustól á hv. Alþingi, að það geti átt sér stað að afurðastöðvarnar liggi með ákveðin lán sem lánuð eru út á afurðirnar fram yfir þann tíma sem varan er seld. Ég hef ekki trú á öðru, fyrst þessi yfirlýsing er komin fram á hv. Alþingi, en að það verði um þetta einhver umræða úti í þjóðfélaginu. Það er vitaskuld alveg nauðsynlegt að fá þá mjög góðar upplýsingar um hvernig svona hlutir geta átt sér stað.

Flm. sagði einnig, sem kom nokkuð á skjön við það sem hæstv. ráðherra sagði, að það væri lánaður fjármagnskostnaður. Það væri séð fyrir ⅔ hluta fjármagnskostnaðar. (**Landbrh.:** Sláturkostnaðar, sagði hann.) Er það sláturkostnaður? Já. Það er sláturkostnaðurinn. Þá fellur það ekki heim og saman við það sem ráðherra var að segja. Það er annar þáttur sem ráðherrann gerði grein fyrir, þ.e. fjármagnskostnaður sem safnaðist upp og ekki væri lánað út á. Það er annar þáttur þessa máls.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langaði rétt í lokin, þannig að það væri enginn misskilningur í því máli, að ítreka að ég er ekki að setja út á frv. sem slíkt. Ég er efnislega samþykk því að bændum sé greitt fyrr fullt verð en nú er, en þá þarf að gera sláturleyfishöfum það kleift með fjármagnsfyrirgreiðslu.

Fyrst ég er komin hérna held ég ég megi nefna að það voru veitt ný staðgreiðslulán í haust sem greiddu upp gömlu lánin. En ástæða þess m.a. að þarna var ekki staðið við eins og skyldi er sú að það var gerð umtalsverð breyting á fyrirkomulagi vaxta- og geymslugjalds sem er mjög í óhag fyrir sláturleyfishafa og þeir hafa ekki viljað sætta sig við og hafa viljað færa aftur í fyrra form.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

54. fundur, þriðjudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Barnalög, 1. umr.

Stjfrv., 207. mál (sameiginleg forsjá barna o.fl.). — Þskj. 292.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 292 er samið af sifjalaganefnd. Í henni eiga sæti Ármann Snævarr, sem er formaður nefndarinnar, Auður Auðuns, fyrrv. dómsmrh., Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Ritari nefndarinnar er Drífa Pálsdóttir, deildarstjóri í dómsmrn.

Í grg. með frv. er þeim breytingum sem í því felast lýst ítarlega. Meginbreytingin er fólgin í heimild fyrir foreldra til að semja um sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað eða slit óvígðrar sambúðar. Sama gildir fyrir foreldra óskilgetinna barna sem ekki hafa verið samvistum.

Samkvæmt núgildandi rétti skal forsjá barns skilyrðislaust vera óskipt í höndum annars foreldris eftir skilnað foreldranna eða samvistarslit. En forsjá óskilgetins barns foreldra sem ekki eru samvistum er í höndum móðurinnar einnar og er skv. frv. ráð fyrir því gert að ákvæði laganna haldist að þessu leyti óbreytt, nema móðirin og faðirinn óski sérstaklega eftir því að forsjá barns verði sameiginleg.

Það er kunnugt að heimild til sameiginlegrar forsjár hefur nú verið lögfest annars staðar á Norðurlöndum. Meginbreytingin sem frv. felur í sér er m.a. lögð til í þeim tilgangi að gætt verði samræmis í norrænum sifjarétti að þessu leyti og í þeirri trú fyrst og fremst að það megi verða til þess að stuðla að betri tengslum foreldra og barna að loknum skilnaði eða samvistarslitum, og enn fremur að með þessu úrræði megi koma í veg fyrir óþarfan ágreining um forsjá barna í einstökum tilfellum.

Ég legg sérstaka áherslu á það að grundvöllurinn fyrir sameiginlegri forsjá er í þessum tillögum samningur eða samkomulag foreldra. Samkvæmt þessari tillögu verður sameiginleg forsjá einungis heimiluð að ósk beggja foreldra. Í því felst þá það skilyrði að foreldrarnir séu sammála um flest atriði er varða barnið og uppeldi þess. Það verður lögð á það áhersla að foreldrum verði leiðbeint um þetta efni áður en gengið er frá samningi um sameiginlega forsjá. Síðan er því við að bæta að hvort foreldri sem er getur krafist niðurfellingar samnings ef forsendur hans bresta.

Ég vek athygli á því einnig að í hugtakinu „sameiginleg forsjá" í þessu lagafrv. felst hvorki skylda né ábending um það að barn skuli búa jöfnum skiptum á heimili beggja foreldra og má vænta þess að þrátt fyrir samkomulag um sameiginlega forsjá hafi börn oftast fasta búsetu á heimili annars foreldris, en njóti þá góðrar umgengni við hitt. En þetta er þó, eins og ég hef þegar sagt, að sjálfsögðu háð samþykki og samkomulagi beggja foreldranna.

Um rök með og á móti þessu nýja fyrirkomulagi með sameiginlegri forsjá er fjallað ítarlega í grg. með frv. Ég ætla hér aðeins að drepa á örfá atriði. Ég ætla fyrst að nefna röksemdir sem mæla með því að leyfa eða heimila sameiginlega forsjá.

Í fyrsta lagi má telja að sameiginleg forsjá geti höfðað til ábyrgðarkenndar beggja foreldra og ætti að gera þá báða virka við úrlausn í málefnum er varða velferð barnsins eða barnanna, þrátt fyrir sambúðarslitin. Þetta ætti að stuðla að betri samskiptum barna og foreldra.

Í öðru lagi, sem er einkar mikilvægt, hefur sameiginleg forsjá einnig þann ótvíræða kost í för með sér að ef annað foreldra andast eða verður ófært um að gegna forsjánni, þá ber hin sameiginlega forsjá í sér þegar í stað úrlausn á forsjármálinu án atbeina stjórnvalda.

Í þriðja lagi. Sameiginlega forsjá sem um semst má einnig telja líklega til að gera stöðu foreldra jafnari gagnvart barninu sem er grundvallarviðhorf í sifja- og erfðarétti og ætti að vera til þess fallið að auka öryggiskennd barnsins, en það á auðvitað að vera og hlýtur jafnan að vera leiðarljós löggjafans í sifjarétti.

Í fjórða og síðasta lagi vil ég loks nefna að það ættu að vera sjálfsögð og eðlileg mannréttindi foreldra að geta farið sameiginlega með forsjá barns síns hafi þau bæði til þess vilja og getu og jafnframt og ekki síður réttur barnsins sjálfs að njóta forsjár beggja foreldra sinna. En velferð barnsins er og á að vera eina viðmiðunin fyrir löggjöf af þesu tagi.

Ég ætla svo að nefna röksemdir sem mæla gegn

sameiginlegri forsjá að sumra áliti.

Þar er í fyrsta lagi að nefna að frá uppeldissjónarmiði getur ugglaust orðið af því bagi, að því kynni að fylgja óöryggi þegar uppalendur búa ekki saman og e.t.v. hætta á að sjónarmið foreldranna í uppeldinu stangist á og þetta valdi barninu vandræðum þess vegna. Þetta er auðvitað vandamál sem er kannski eðlilegra að rekja til samvistarslitanna fremmur en þessa fyrirkomulags á forsjá.

Í öðru lagi er það auðvitað svo að umsamin sameiginleg forsjá fólks sem slitið hefur samvistum kann að reynast skammgóður vermir og í reynd aðeins frestun á lausn vanda sem verði til lengdar óheppileg bæði gagnvart börnum og foreldum. Þetta er eins og það fyrrnefnda að það varðar sambúðarslitin en ekki úrlausnina. Þó má það vera að þarna sé nokkur fyrirvari fólginn.

Það er ekki auðvelt að vega og meta svona röksemdir eða skoðanir til einnar niðurstöðu. Nálæg ríki hafa valið í þessu efni mismunandi leiðir. Í Vestur-Þýskalandi var því t.d. hafnað árið 1979, þegar forsjárreglurnar í því landi voru endurskoðaðar, að heimila samninga um sameiginlega forsjá við slit sambúðar sem þó voru uppi tillögur um. Á Norðurlöndunum hins vegar, öllum nema Íslandi til þessa, hefur slíkt úrræði verið lögfest en með nokkuð ólíkum hætti eftir löndum. Niðurstaðan hjá sifjalaganefnd og í þessu frv. er að leggja til að hér á landi verði heimilt að semja um sameiginlega forsjá. Tillagan sem hér er gerð er þó eingöngu um sameiginlega forsjá sem samkomulag er um. Hún verður ekki tekin upp að fyrirmælum dómstóla eða stjórnvalda eins og t.d. felst í gildandi rétti í Noregi. Við höfum í þessu frv. við þetta atriði einkum tekið mið af nýjum dönsku lögum. En þó er áherslan á samning og samkomulag e.t.v. enn ríkari í þessu íslenska frv.

Aðrar breytingar á barnalögunum, sem lagðar eru til í frv., eru þær helstar að í 18. gr. er lagt til að allir samningar um forsjá barna skuli staðfestir af valdsmanni og er það gert til þess að tryggja að hægt sé að sannreyna eftir á efni slíkra samninga, enda liggi þá fyrir um þá upplýsingar hjá opinberum aðila. T.d. hver fari með forsjá barns og einnig hvernig koma megi við leiðbeiningum og eftirliti við gerð slíkra samninga.

Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á nokkrum greinum barnalaganna um meðlagsgreiðslur og er þeim eingöngu ætlað að einfalda og skýra núgildandi ákvæði laga fremur en að breyta þeim að efni. Enn fremur er í frv. lagt til að ákvæði barnalaganna um heimild dómsmrn. til að leggja dagsektir á þann sem tálmar umgengni foreldris og barns verði skýrt nánar varðandi framkvæmd úrskurða og innheimtu dagsekta og hámark þeirra verði hækkað, auk þess sem er lagt til að hámarksfjárhæð dagsekta taki breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu. Loks eru í frv. þessu ýmsar aðrar minni háttar breytingar og lagfæringar á barnalögunum sem mér finnst ekki þurfa að skýra frekar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu lengri þessa framsögu fyrir frv. til breytinga á barnalögum, nr. 9 1981, enda góðar skýringar að finna í grg. sem frv. fylgir.

Frv. er samið vegna þeirrar reynslu sem nú er komin á framkvæmd barnalaganna, en forsjá barna er oft á tíðum deilumál sem taka þarf til úrskurðar. Slíkir úrskurðir eru tímafrekir og vandasamir þótt reynt sé að beita allri tiltækri sérfræðiþekkingu. Hlýtur niðurstaðan jafnan eða a.m.k. oft að orka tvímælis samkvæmt eðli slíkra mála.

Til þess að fækka deilumálum um forsjá barna og í því skyni að auka samband barna við foreldra sína báða er nú lagt til að við reynum sameiginlega forsjá sem er talin hafa gefist vel í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna og á Norðurlöndum. Ég treysti í þessu efni á ráð þeirra sérfræðinga sem frv. hafa samið og ekki síður starfsmenn dómsmrn. sem um þennan málaflokk fjalla og hafa fjallað.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að frv. þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi og því verði að lokinni 1. umr. hér í deildinni vísað til hv. félmn. og 2. umr.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Það er ekki oft sem við fáum tækifæri til að ræða um börn og velferð þeirra hér í sölum Alþingis og ber að fagna því að við fáum tækifæri til þess núna. Geysileg mótsögn er oft í viðhorfum til barneigna í þjóðfélaginu. Sjálfsagt þykir að eignast börn en þegar þau eru fædd má segja að þjóðfélagið sé þeim fjandsamlegt. Fæðingarorlofið er allt of stutt, barnabætur eru lágar, skóladagur sundur slitinn og úti á landi þurfa mörg börn að búa fjarri foreldrum sínum vegna skólagöngu. Þarfir barna hafa oft lotið í lægra haldi fyrir þörfum vinnumarkaðarins. Stóraukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu hefur ekki verið mætt sem skyldi með aukinni þjónustu, svo sem öruggri barnagæslu, samfelldum skóladegi og skólamáltíðum. Þetta eru allt þættir sem miklu meiri gaum ætti að gefa því að samfélaginu ber skylda til að búa vel að öllum börnum. Þau eru framtíð þjóðarinnar og því getur verið dýrkeypt að spara fé til aðbúnaðar þeirra.

Frv. það sem hér er til umræðu, um breytingar á barnalögum, fjallar um breytingar á tiltölulega nýsettum lögum eða frá 1981. Það hlýtur að vera aðalmarkmið þeirra, sem semja þetta frv. til laga, að lagfæra þá agnúa sem komið hafa fram á gildandi lögum með velferð barna þá fyrst og fremst í huga.

Ég verð að taka undir það með hæstv. dómsmrh. að þetta frv. er mjög gott, góðar athugasemdir — það er gott að fá bæði rök með og á móti frv. sem maður kannski hefur sjálfur ekki mjög mikla þekkingu á í framkvæmd — þannig að ég má til með að hrósa þeim sem frv. sömdu fyrir hve vel þetta er sett fram.

Mikilvægustu þættir þessa frv. eru í 16.–18. gr. þar sem lagt er til að foreldrar sem skilja geti samið um

sameiginlega forsjá barna sinna. En hvað felst í sameiginlegri forsjá? Í athugasemdum við frv. á bls. 6, kafla III stendur, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að í samningi um sameiginlega forsjá barns felst ekki í sjálfu sér að barn búi hjá báðum foreldrum og því síður jafnlengi ár hvert hjá hvoru um sig.“

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði og þess vegna finnst mér ekki passa beint við það sem kemur þarna aðeins seinna: „Hins vegar veitir samkomulagið (skipanin) svigrúm til þess fyrir foreldra að semja svo um að barnið dveljist (búi) hjá öðru t.d. í þrjá mánuði og í næstu þrjá mánuði hjá hinu.“ Ég held að það sé mjög varhugavert að hafa svona ákvæði þarna inni og ég tel nánast að það ætti að vera skylda að barnið hafi fastan samastað hjá einum aðila, hjá öðru foreldri, sem í flestum tilfellum er móðirin, en að það sé aðeins í undantekningartilfellum sem hægt er að semja um atriði eins og þetta sem kemur þarna fram og er kannski aðeins gefið í skyn að sé möguleiki með þessari athugasemd.

Ef við lítum aðeins seinna í þennan sama kafla þá stendur þar: „... ef sameiginleg forsjá er viðhöfð, þá eru báðir foreldrar forsjármenn barns og lögráðendur þess. Báðir ráða því þá sameiginlega hvernig til skipast um persónuhagi barns, um dvalarstað, vist á dagvistarstofnun, skólagöngu, ýmislegt varðandi uppeldi barnsins, aðild að trúfélagi, sitthvað varðandi þátttöku þess í félagsstarfi, hvort það gangi undir læknisaðgerð, hvort það verði ættleitt og loks eru báðir foreldrar þá lögráðendur barns að því er varðar fjármuni og fjárráðstafanir.“ Það er því mikið sem foreldrar þurfa að hafa samskipti sameiginlega.

Það er auðvitað mjög gott að báðir foreldrar geti haft jafna möguleika á að hafa áhrif á persónulega hagi barnsins. En það sem þarf samt fyrst og fremst að setja í öndvegi er hvað er barninu aðallega til góðs. Ef litið er á hvað í þessari sameiginlegu forsjá felst, þá er ekki hægt að sjá að neitt í núgildandi lögum mæli gegn því að foreldrar hafi þann hátt á sem þarna er gert ráð fyrir, því að það er ekkert sem bannar foreldrum að hafa samvinnu varðandi hagi barnsins. Ef foreldrar hafa það mikinn þroska til að bera að þau geti sameinast um þessi atriði, þá er vandséð hvers vegna það þarf að vera bundið í lögum. Þannig finnst mér svona fljótt á litið ekki neitt mæla gegn því að allt það sem talið er felast í sameiginlegri forsjá geti gilt undir þeim lögum sem nú gilda. Ég get ekki séð neitt sem mælir gegn því og mér er meira að segja kunnugt um það að margir foreldrar hafa þennan hátt á núna þó að því miður sé það of sjaldan. (**GHelg:** Má ég biðja þm. að tala ofurlítið hærra?) Ég skal reyna það.

Þó að við í nútímaþjóðfélagi teljum að allir eigi að hafa sama rétt, bæði konur og karlar, og þá sömu skyldur, þá er það nú svo að móðirin hefur í flestum tilvikum ábyrgð á börnunum hvort sem hún er í hjónabandi eða ekki. Það er oftast móðirin sem hefur haft með forsjá barnanna að gera og það er því eðlilegt í flestöllum tilvikum að börnin verði í umsjá móðurinnar áfram ef til skilnaðar kemur. Það má sem sagt búast við því að þetta fyrirkomulag verði áfram þó að þetta frv. nái fram að ganga, þ.e. að móðirin hafi áfram börnin hjá sér.

Ef við lítum aðeins á rökin sem mæla með sameiginlegri forsjá þá er, eins og hæstv. dómsmrh. kom að áðan, þessum nýju reglum ætlað að höfða til ábyrgðarkenndar foreldra og einnig að auka tengsl barns og foreldris og tryggja afskiptarétt. Síðan kemur fleira til. Sameiginleg forsjá er líkleg til að auka jafnstöðu foreldra, giftra og ógiftra. Mér finnst að öll þau rök, sem eru talin hér upp og mæla með sameiginlegri forsjá, taki meira mið af foreldrunum en barninu og þykir mér það mjög miður. Mér finnst allt of lítið sem mælir með því að forsjáin sé sameiginleg. Og eins og ég sagði áðan: Ef fólk skilur í góðu og samkomulagið er það gott og fólk hefur það mikinn þroska til að bera og er í það miklu jafnvægi eftir skilnað að það geti komist að samkomulagi, þá held ég að það skipti ákaflega litlu máli fyrir barnið hvort þetta er fest á pappír eða ekki. Þannig að ég er mjög hrædd við þetta, að þarna sé barnið ekki haft í öndvegi. Það má vel vera að það mæli einhver rök með því en ég á mjög erfitt með að koma auga á þau rök. Ég er m.a.s. mjög hrædd um að ef togstreita verður um barnið eða börnin, eins og oft vill verða, þá muni möguleikinn á sameiginlegri forsjá slá á frest uppgjöri og viðhalda togstreitu sem kemur þá auðvitað verst niður á börnunum.

Þannig er hugsjónin að baki breytingarinnar mjög göfug en spurningin er um tilfinningalega þáttinn sem oft ruglar fólk þegar út í skilnað er komið. Og það er mjög hætt við því að — ja, á ég að kalla það apparatið — að apparatið reyni að ýta fólki út í þetta fyrirkomulag og segi: Þetta getur verið lausn á ykkar vandamáli. Skilnaður hefur alltaf mjög mikla erfiðleika í för með sér fyrir barnið. Það getur því verið að þarna sé verið að reyna að leysa vandamál foreldranna án þess að hugsað sé um tilfinningar barnsins. En eins og stendur í athugasemdunum með frv. aðeins seinna, með leyfi forseta:

„Sameiginleg forsjá barns eftir skilnað foreldra eða önnur samvistaslit er úrræði sem vafalaust getur komið að góðu liði og verið barni fyrir bestu, en það greinimark verður ávallt að hafa hér að leiðarljósi.“ — Og það er svo sannarlega rétt að það greinimark verður einmitt að hafa að leiðarljósi.

Ég vona að það verði farið vel yfir þessi atriði í nefndinni og leitað álits þeirra sem hafa farið með forsjármál og fyrst og fremst verði miðað við að allar breytingarnar verði til bóta fyrir barnið, að foreldrarnir komi þar á eftir. Það má ekki líta á svona atriði sem lið í misskilinni jafnréttisbaráttu. Mér finnst oft bera á að jafnréttið sé fólgið í því að taka réttinn af móðurinni, það eru meira að segja margir sem ég hef rætt við sem finnst jafnvel að við eigum að hverfa til fyrri laga þar sem réttur móðurinnar var ótvíræður. En ég skal ekki segja um það núna hvort

það væri gott, þó að vissulega finnist mér í fljótu bragði það kannski vera besta lausnin. Vegna þess að það er staðreynd að móðirin hefur alltaf hugsað um börnin og þjóðfélagið hefur ekki breyst nægilega mikið og jafnréttið er ekki komið það langt og foreldraábyrgðin er ekki jöfn, því miður, í flestöllum tilfellum. Við megum vara okkur á því að koma þarna með eitthvað sem er kannski tímaskekkja, eins og stundum er sagt að Kvennalistinn sé. Við verðum að fara mjög varlega, þannig að barnið verði haft algjörlega í forgrunni, en ekki, eins og mér finnst svolítið bera á í rökum sem koma fram í athugasemdunum, hugsa of mikið, og bara alls ekki, um það hvort þetta fyrirkomulag sé eitthvað auðveldara fyrir fólk sem er að skilja. Það getur ekki verið tilgangurinn með þessu.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins minnast á 7. gr. frv., sem er ekki kannski nein veruleg breyting frá fyrri lögum. En þar er talað um framlag til ungmennis sem er í skóla eða í starfsþjálfun og það er talað þar um að það verði að krefjast þess að fá framlag frá, ja, oftast frá föður, til 20 ára aldurs ef það er við nám. Ég varpa fram þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að það þyrfti ekki að gera þessa kröfu, það væri sjálfsagður réttur barna eða ungmenna til tvítugs ef það er við nám að fá áfram framlag til menntunar frá því foreldri sem ekki hefur forsjána eða umsjá barnsins. Það getur stundum verið tilfinningalega erfitt fyrir ungmennin að þurfa sjálf að sækja um þetta, sérstaklega ef því er svo hafnað, og síðan þarf e.t.v. að dæma foreldrið til greiðslu. Ég vil því varpa því fram hvort ekki megi athuga nánar þessa grein, hvort það sé ekki rétt að breyta henni aðeins meira.

Síðan vildi ég aðeins minnast á 21. gr. sem fjallar um sektir. Þegar ég las þessa grein fyrst hafði ég einhvern veginn á tilfinningunni að barnið væri orðið eins og byggingarframkvæmdir sem við þyrfti að beita dagsektum ef byggingin væri ekki tilbúin á réttum tíma og mér fannst þetta svolítið fráhrindandi til að byrja með. Sjálfsagt er allt gott meint með þessari grein, en ég hef aðeins efasemdir um að þetta sé rétt aðferð ef maður hefur í huga velferð barnsins og að tryggja umgengni barnsins við í flestum tilfellum föðurinn, vegna þess að þarna erum við enn að hugsa um barnið en ekki rétt föðurins heldur rétt barnsins. Og ég efast á vissan hátt um að það sé rétt að beita svona sektum. Þetta var í fyrri lögum og þetta er bara breyting til hækkunar og verðtryggingar. Ég held nú að þessu sé ekki oft beitt og vonandi þarf aldrei að beita svona dagsektum. En ég velti því líka hér upp hvort ekki sé betra að finna einhverja aðra lausn á þessu með umgengnisréttinn.

En eins og ég sagði áðan þá vonast ég til að ítarlega verði fjallað um þetta í nefndinni. Ég heyrði að hæstv. ráðherra lagði til að um þetta yrði fjallað í félmn. þar sem ég á sæti og því vonast ég til að geta fjallað nánar um málið þar og við síðari umræður og að þetta fái góða umfjöllun hér í deildinni.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir að leggja þetta frv. nú fram og tel að með framlagningu þess sé brotið blað í málefnum barna hér á landi. Ég held jafnframt að með þessu frv. sé stigið stærsta skref sem stigið hefur verið til jafnréttis karla og kvenna í þessu landi og þá um leið jafnréttis barna.

Flestar greinar þessa frv. eru almennar leiðréttingar sem ég hyggst ekki fara út í hér. Ég held að þær séu allar til bóta. Hér er fyrst og fremst um að ræða breytingar í 16., 17. og 18. gr., um sameiginlegt forræði barna.

Þeir nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa allir sett sambærileg lög. Umræður um þau frv. urðu mjög heitar og langvarandi vegna þess að þau voru lögð nokkuð öðruvísi fram en það frv. sem hér liggur fyrir. Ég held að af þessu hafi sú nefnd sem þetta frv. samdi og hæstv. ráðherra lært og farið, að mínu viti, mjög skynsamlega leið í þessum málum, þ.e. að gefa foreldrum kost á að hafa sameiginlegt forræði barna sinna ef þau þess óska. Slíku er auðvitað ekki hægt að þröngva upp á nokkra manneskju. Og víst er það rétt hjá síðasta ræðumanni, hv. 12. þm. Reykv., að oft eru í málefnum sem þessum við sambúðarslit og skilnað heitar og miklar tilfinningar og oft erfitt fyrir fólk að ná samkomulagi. En ég held að öll viðleitni manneskjunnar til að reyna að tvinna saman tilfinningar sínar og skynsemi sé af hinu góða og ósk mín væri sú að öll löggjöf hins háa Alþingis ynni að því.

Ég held að það hljóti að vera siðferðilega rétt, óumdeilanlega rétt, að tvær manneskjur sem búa til heila manneskju, lítið barn, hljóti að eiga að bera ábyrgð á því barni, hvort sem þær manneskjur kjósa að búa saman eða ekki. Ég held að í miklu meira mæli væri hægt að vinna að því að þetta gæti gengið vel og eðlilega. Fyrst og fremst held ég að með þessu frv., ef að lögum verður, hljóti að verða veruleg hugarfarsbreyting í þessum efnum.

Við vitum öll hvernig stór hluti Íslendinga hefur verið alinn upp — og auðvitað börn annarra þjóða líka en ekki síst hér þar sem tala óskilgetinna barna svokallaðra er mjög há. Móðirin hefur svo til eingöngu alið barnið upp og faðirinn afgreitt málið með því að borga mánaðarlegt meðlag með því. Þetta er auðvitað fullkomlega siðlaust og enginn líður meira fyrir slíkt fyrirkomulag en einmitt barnið.

Ég er því algjörlega ósammála í öllum atriðum ræðu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur sem hér talaði áðan. Ég tel ekki að móðirin eigi á nokkurn hátt að vera ábyrgari fyrir þessu barni heldur en faðirinn. Og ég held að allt jafnrétti hljóti að byggjast á gagnkvæmri virðingu tveggja manneskja hvorrar fyrir annarri og sameiginlegri ábyrgð fyrst og fremst. Ég held nefnilega að við værum komin lengra í jafnréttisátt ef jafnréttisbarátta hefði í meira lagi snúist um ábyrgð.

Nokkur önnur atriði eru í þessu frv. sem ástæða er til að nefna, ekki til gagnrýni heldur meira til ábendingar. Þessi kostur, sem nú stendur foreldrum til boða, hvort sem er við skilnað eða um er að ræða uppeldi óskilgetins barns, þ.e. að fá að hafa sameiginlegt forræði barnanna, hlýtur að kalla á nokkra ráðgjöf og nokkuð aukna ráðgjöf þessum foreldrum til handa. Hér er í grg., og síðasti hv. ræðumaður kom inn á það mál líka, minnst á atriði eins og: Hvar á barnið að búa? Ég held að öllum þeim sem með málefni barna fara komi saman um að barninu sé best og eðlilegast að eiga heima á einum stað. Margir hafa reynt að skiptast á um að hafa barnið á heimili sínu þannig að barnið hefur í raun og veru búið á tveim heimilum. Ég held að í flestum tilvikum sé þetta óheppilegt og nægir að nefna skólahverfi, vini og annað slíkt, sem barnið vill helst vera hjá, svo og daglega hluti og umhverfi sem við öll erum heldur fastheldin á. Atriði eins og þessi þurfa menn auðvitað að fá ráðgjöf um. Og vitaskuld er hér um að ræða auknar skyldur foreldra sem vel getur verið að taki fólk nokkurn tíma að aðlaga sig að. Ég held einnig að þetta kalli á kennslu, allt frá grunnskóla, um ábyrgð, meiri kennslu um siðferðilega ábyrgð manneskjunnar. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að breyting sem þessi hlýtur að taka nokkurn tíma.

Ég held þess vegna, og vil benda hæstv. ráðherra á, að ég tel tvímælalaust að þetta frv., ef að lögum verður, hljóti að kalla á að barnaverndarnefndir verði stórlega efldar. Við vitum öll við hvað þær hafa átt að stríða. Þær hafa verið allt of fátækar að starfsliði og þegar vandamál hafa komið upp hafa barnaverndarmál tekið allt of langan tíma, og hið sama gildir um barnaverndarráð. Ég held að til þess að þessi sameiginlega forsjá megi heppnast vel verði foreldrar að eiga miklu meiri aðgang að faglegri ráðgjöf. Ég vona hins vegar að þörfin á því fari síðan dvínandi þegar fólk lærir að aðlaga sig þessum gjörbreyttu viðhorfum því þetta er meiri breyting en ég hygg að margir geri sér ljóst.

Hér fyrir þinginu liggur og hefur legið í tvö ár frv. til laga um umboðsmann barna. Ég held að þessi breyting undirstriki enn frekar þörfina á því embætti.

Í löndunum í kringum okkur gerist umræða um málefni barna nú æ háværari. Ég hef áður margsinnis farið yfir breytta stöðu barna í öllum þjóðfélögunum hér í kringum okkur þar sem börn eru e.t.v. ekki í forsjá annars foreldris heldur hvorugs, eins og segja má að hér sé á Íslandi, þar sem báðir foreldrar vinna allt of langan vinnudag og börnin eru mestan part á eigin vegum við þá afþreyingu sem við e.t.v. síst kjósum.

Ég held þess vegna að ekkert skuli sparað til að vinna að því að bæta hag barna í þessu þjóðfélagi. Hann er okkur á engan hátt til sóma og við höfum góð efni til þess að gera betur við það fólk sem á að taka við þessu þjóðfélagi. Vegna þess að það tekur ekki nema örfá ár, innan við 20 ár, að eyðileggja heila kynslóð. Og ég held að hv. alþm. ættu að vera betur á verði um málefni barna en þeir hafa verið hingað til. Ég vil þess vegna skora á hv. þingheim að líta á þessi mál í samhengi og samþykkja bæði frv. sem hér liggur fyrir, sem mér þykir vel unnið og skynsamlega, þar er valin sú leið sem ég held að sé ein fær, og jafnframt huga að frv. um embætti umboðsmanns barna. Á meðan við borgum fleiri hundruð milljónir í vexti af Kröflu höfum við efni á að eyða eins og 10 millj. í að gefa börnunum í landinu umboðsmann.

Vegna athugasemda hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, 12. þm. Reykv., hér áðan varðandi 7. gr. um framlag til menntunar eða starfsþjálfunar held ég að hér sé um ókunnugleika hennar að ræða sem er fullkomlega eðlilegur vegna þess að hún sat ekki hér á síðasta þingi, síðasta kjörtímabili. Ástæðan fyrir þessum möguleika sem menn hafa nú til að sækja um framhaldsgreiðslu foreldris vegna náms- eða starfsþjálfunar var frv. sem við fluttum, ég og hæstv. núv. félmrh., og tók okkur þó nokkurn tíma að lemja það hér í gegnum þingið, héldum um það margar ræður og langar. Það tókst þó. Hér er um að ræða heimildarákvæði og það er fullkomlega eðlilegt að það sé það vegna þess að í mörgum tilvikum er engin ástæða til þess að framlengja þessar greiðslur. Í mörgum tilvikum eru umrædd börn með eigin tekjur og margir foreldrar það tekjuháir að við getum tekið þann kost að eyða því fé frekar þar sem þess er meiri þörf, þannig að ég sé enga ástæðu til að breyta þessu ákvæði. Við lögðum til að foreldrið sem unglinginn hefur sækti um þetta. Ég held að það sé rétt, ef ég skil hæstv. ráðherra rétt, að nú eigi barnið sjálft að geta sótt um þetta. Það er fullkomlega eðlilegt og það get ég mjög vel samþykkt.

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. gat þess áðan að hún teldi að móðirin ætti áfram í flestum tilvikum að hafa börnin og rökstuddi það með því að þjóðfélagið hefði ekki breyst svo mikið að þetta væri í raun og veru raunhæft. Ég er gjörsamlega á annarri skoðun. Ég held, eða vona, að við ætlum að breyta þessu þjóðfélagi og við verðum að byrja einhvers staðar og ég held að þetta frv. sé kannski eitt af fáum raunverulegum skrefum sem tekin hafa verið til þess að jafna kjör karla og kvenna. Ég held að það sé ekkert úr vegi að byrja á siðferðilega sviðinu fremur en því efnahagslega. Þess vegna get ég ekki annað en fagnað frv. og skorað á hv. Alþingi að það verði að lögum á þessu þingi. Ég vona hins vegar jafnframt að þingið taki fyrir áðurnefnt frv. um umboðsmann barna og hæstv. ráðherra vinni að því að barnaverndarnefndir og barnaverndarráð verði efld sem allra best og mest.

Það var eitt atriði sem ég vildi biðja hæstv. ráðherra að skýra og þar kemur kannski bara til tímaskortur minn við undirbúning og lestur þessa máls. Ég áttaði mig ekki alveg á við lestur frv. hvernig, ef svo færi nú að foreldrar ákvæðu að barnið byggi á einhverjum tímabilum hjá hvoru foreldri um sig, meðlagsgreiðslur eru þá hugsaðar. Ég satt best að segja áttaði mig ekki á því og hlýt ég þess vegna bara

að spyrja þar sem ég geri ráð fyrir að ýmsir aðrir átti sig ekki á því heldur.

Annað langaði mig svo að lokum að gera athugasemd við og skal ég svo ljúka máli mínu. Ég heyrði að hæstv. ráðherra lagði til að málið gengi til hv. félmn. Það kann að vera rétt en barnalögin sjálf gengu til hv. allshn. Þar er frv. um umboðsmann barna til afgreiðslu. Ég vil því spyrja hvort einhver sérstök ástæða sé fyrir því að ráðherra leggur til að málið fari til félmn.

Ég hef svo lokið máli mínu, herra forseti.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér er flutt mjög þýðingarmikið mál sem ég tel að flutt sé fyrst og fremst til að bæta rétt og stöðu barna. Ég tel að það sé og eigi að vera megininntak þessa máls og að allar þær lausnir sem við leitum á þessu sviði eigi að hafa hag barnsins að leiðarljósi.

Þess vegna er það ekki að ófyrirsynju að það hafa farið fram mjög miklar umræður um þá skipan sem lögð er til í þessu frv., þ.e. að komið sé á svokölluðu sameiginlegu forræði forelda fyrir barni þegar foreldrarnir hafa slitið samvistum.

Nú er enginn vafi á því að oft gengur það friðsamlega þegar málum er skipað svo sem nú er eftir núgildandi lögum. Á hitt er þó að líta þegar foreldrum kemur saman um skilnað og um fyrirkomulag, dvalarstað og aðstöðu barna sinna eftir skilnaðinn, þá er það óneitanlega svolítið sérkennilegt að skylda þau til þess að ákveða að einungis annað þeirra fari með foreldraábyrgðina eða forsjána. Vissulega er það sem forsjána hefur eftir núgildandi lögum ekki eitt með ábyrgðina. Það eru nokkur atriði sem skylt er og eðlilegt að bera undir hitt foreldrið og þá sérstaklega ef meiri háttar ráðstafanir koma til greina, eins og t.d. ættleiðing barns, og eftir núgildandi lögum það foreldri sem ekki hefur forræði umgengnisskyldu við barnið. Ég held að það sé atriði sem mönnum sést oft yfir að umgengnisrétturinn sem um er talað er réttur sem barnið á. Það er ekki einungis eins og stundum er um talað að foreldrið hafi rétt til umgengni við barn sitt sem vissulega er, það hefur líka skyldu til þess.

Þess vegna er það að frv. gerir eiginlega ráð fyrir að ástand sem er veruleiki hjá mörgu fráskildu fólki og börnum þess verði lögfest. Ég held að það sé hagur barnanna sem í hlut eiga að þau viti að þau eiga enn þá foreldra sem bæði hafa forsjá þess eins og áður en þau skildu. Það verður þá í fleiri tilfellum komið í veg fyrir þá tilfinningu að með skilnaði foreldra sé barn allt að því svipt hinu foreldrinu eða a.m.k. samvistum og samráði við það nema vel takist til með umgengnisréttinn. Við vitum auðvitað um mörg dapurleg tilvik af því tagi að barn verður alsaklaust eins konar peð á taflborði tilfinninga foreldra sem hafa ekki getað haldið áfram sambúð sinni.

Spyrja má um nokkur atriði í því sambandi sem hér er rætt. Þá virðist mér í fyrsta lagi vera nauðsynlegt að fá upplýsingar um það frá væntanlega dómsmálaráðuneytum grannríkjanna þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið lögfest hvernig það hefur í raun og veru reynst í framkvæmd. Við teljum ákaflega margt mæla með þessu en óneitanlega sér maður að það eru nokkur atriði sem geta komið upp og orðið vandasöm eins og t.d. ef foreldrar fá það staðfest fyrir valdsmanni að þau ætli að hafa sameiginlegt forræði og svo heldur allt að einu áfram ósamkomulagið og þrasið á þeirra einkavettvangi.

Spurning er hvort upp hafa komið sérstök vandamál af þessum ástæðum og beinlínis vegna þessarar breytingar. Enn fremur sýnist mér að það sé ekki ljóst af þessu frv. hvernig málum á að skipa ef svo fer að allt í einu séu fjórir aðilar komnir með forræði barnsins og þar af tveir barninu alls óskyldir, eða má vera að fram hjá mér hafi farið úrræði í því sambandi? Það er ljóst að eftir núgildandi lögum flyst forræði barnsins til sambýlismanns eða nýs eiginmanns eða eiginkonu eða sambýliskonu þess foreldris sem forráðaréttinn hefur nú. Ég sé ekki á frv. að þetta breytist og þetta þýðir þá að þegar fráskildir foreldrar hafa báðir forsjána fyrir barninu og báðir fráskildir foreldrar taka upp sambúð eða ganga í hjúskap með öðrum virðist forsjáin sjálfkrafa flytjast til hins nýja maka, í báðum tilvikum. Ég fæ ekki betur séð en að þetta geti leitt til afar einkennilegrar niðurstöðu á stundum. Segjum t.d. að þeir hinir fráskildu foreldrar eða kynforeldrar barnsins séu fjarvistum af einhverjum ástæðum um alllangan tíma. Þá er spurning hvernig fer um aðstöðu barnsins. Eru það þá hinir nýju stjúpforeldrar sem fara sameiginlega með forræðið eða þá ef annað foreldri er langtímum saman fjarvistum, fer þá stjúpforeldrið með forsjána ásamt hinu kynforeldrinu? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra skýri það hvernig fer þegar svona er. Það er auðvitað ljóst af frv. að annað hvort foreldra getur krafist endurskoðunar samningsins en ég sé ekki að það sé neitt atriði sem sjálfkrafa leiðir til endurskoðunar samningsins. Það má hins vegar vera að mér hafi yfirsést það og ég játa að ég gerði mér ekki grein fyrir að frv. kæmi til umræðu nú og hafði þess vegna því miður ekki farið nægilega nákvæmlega í málið.

Það sem ég vil undirstrika sérstaklega er að þetta mál verði athugað af ýtrustu nákvæmni og það sé undirstrikað og aldrei úr minni látið líða að meginatriðið er að auka öryggi barna sem verða fyrir því að foreldrar þeirra slíta samvistum og að koma því svo fyrir að breyting á lífi barnsins verði eins lítil og kostur er.

Hér var eitt atriði enn sem reyndar fleiri þm. sem hér hafa tekið til máls minntust á og það varðar heimilisfesti barnsins. Ég sé ekki að það sé neitt því til fyrirstöðu að það sé ákveðið, að það þurfi að vera skýrt hvar heimilisfesti barnsins er, hvar lögheimili þess er, en það breytir í engu því að það geti dvalist um lengri eða skemmri tíma hjá hinu foreldrinu. Ég hefði haldið að það væru ýmis atriði í þjóðfélaginu þess eðlis að barninu væri hagur að það væri ljóst

hvar heimilisfesti þess væri og að það væri ekki beinlínis á reiki. Vitanlega er hægt að gera ráðstöfun til að breyta því formlega með viðeigandi tilkynningu hverju sinni, en það þurfa að liggja fyrir skýrar reglur um það efni þegar þetta kemur til.

Og enn eitt: Lögin sem kveða á um sameiginlega forsjá og gilda á hinum Norðurlöndunum eru tiltölulega ný víðast hvar. Það er auðvitað ljóst að þau eru fyrst og fremst sett með hliðsjón af rétti þeirra barna sem eiga foreldra í óvígðri sambúð. Þetta var eitt af þeim úrræðum sem gripið var til til þess að lögfesta rétt fjölskyldna þar sem makarnir voru í óvígðri sambúð. Nú er það svo að í barnalögum okkar eru ákvæði sem auka rétt barna foreldra í óvígðri sambúð frá því sem áður var en engu að síður hygg ég að frv. sé til bóta því að það gerir, eins og ég nefndi í upphafi, hið raunverulega ástand að lögformlegu fyrirkomulagi í flestum tilvikum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur gert grein fyrir frv. til laga um breytingu á barnalögum nr. 9 1981 og er það athyglisvert og gott mál. Eg ætla ekki að fara að ræða það nákvæmlega í einstökum atriðum. En það sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs og segja örfá orð voru ummæli hv. 12. þm. Reykv. Ef ég hef heyrt rétt sagði hv. þm. eitthvað á þessa leið: Þjóðfélagið vill að börn fæðist en þegar þau fæðast er það þeim fjandsamlegt.

Þessu vil ég algjörlega mótmæla. Þjóðfélagi okkar er að vísu ábótavant í ýmsum efnum en slíku orðbragði vil ég ekki láta ómótmælt. Ég hef heyrt það áður, og ætla ekki að láta því alveg ósvarað.

Barnalögin nr. 9/1981 voru sett að norrænni fyrirmynd, skulum við segja. Þá voru höfð til hliðsjónar lög sem nýlega höfðu verið sett um öll Norðurlönd og þó víðar. Þessi lög höfðu fyrst og fremst hagsmuni og framtíðarheill barnsins að leiðarljósi. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að nú þurfi að endurskoða þessi lög sem gilt hafa frá 1982. Þetta eru viðkvæm og vandasöm mál. Hér er verið að breyta lögunum til batnaðar miðað við reynslu liðinna ára.

En það sem ég vildi leyfa mér að segja og vekja athygli hv. alþm. á er það að þegar við ræðum um þessi mál, sem eru svo viðkvæm og varða heill og hag barna okkar og niðja, hygg ég að hollara sé fyrir okkur að hafa í huga það sem oft var sagt áður fyrr þegar börnin voru fleiri í hverri fjölskyldu og erfiðara að sjá þeim farborða og koma þeim til manns: Blessun vex með barni hverju.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að þakka þeim þingdeildarmönnum sem tekið hafa til máls í þessu máli fyrir umræðurnar þau athyglisverðu sjónarmið sem fram hafa komið í máli þeirra.

Ég vil í upphafi þessara örfáu athugasemda taka undir það sem fram hefur komið í máli þeirra allra að þær breytingar einar má gera á barnalögum sem eru börnunum fyrir bestu. Þetta er einfalt markmið en erfitt í framkvæmd. Reyndar gildir það að sjálfsögðu um lögin í heild að þau eiga eingöngu að miðast við þetta markmið. Það er andi þeirra tillagna sem hér eru fluttar en auðvitað má jafnan um það deila hvernig það takist að láta slíka hugsjón verða að veruleika. Það er líka rétt sem hér kom fram, einkum í máli hv. 3. þm. Reykv., að frv. felur kannski fyrst og fremst í sér viðurkenningu á veruleika nútímans; það þarf að færa ákvæði sifjaréttarins og barnalaganna sérstaklega til samræmis við það sem er með það í huga að hagsmunum barna sé vel borgið. Það er tilgangur frv. Ég mun nú víkja örfáum orðum að einstökum atriðum sem fram hafa komið í máli hv. þm.

Í fyrsta lagi vildi ég vekja athygli á því, og það varðar mál flestra sem hafa talað, að í framsögu minni tók ég skýrt fram að í sameiginlegri forsjá fælist hvorki skylda né ábending um að barn skuli búa til skiptis, hvað þá til jafns, á heimilum beggja kynforeldra. Það felst ekki í frv. og það er ekki ætlunin að í því felist nein slík stefna þótt það sé rétt, eins og vitnað var til af hv. 12. þm. Reykv., að dæmi sé af því tekið í grg. að um slíka skiptingu mætti semja. En grg. felur ekki í sér neins konar stefnuyfirlýsingu og ég tek undir það sem fram hefur komið í máli þeirra sem til máls hafa tekið að það er auðvitað best til þess að skapa öryggi í uppvextinum að barnið eigi í aðalatriðum eitt heimili, ef það er gott heimili. Sé það hins vegar ekki gott er kannski betra að eiga tvö.

Í öðru lagi kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur að hún teldi, að mér heyrðist, að ekkert í núgildandi lögum bannaði samninga eða samkomulag um sameiginlega forsjá. Þetta er ekki svo. Það er beinlínis óheimilt samkvæmt núgildandi lögum að gera slíkan samning eins og kom reyndar fram í máli hv. 3. þm. Reykv. þegar hún talaði áðan. Ég vek athygli á því að samkvæmt núgildandi lögum getur sá sem hefur hið lögformlega forræði ráðstafað barni, eins og sagt er, meðan það er ólögráða, t.d. gefið það til ættleiðingar, án samþykkis hins kynforeldrisins. Þetta er náttúrlega kannski áhrifaríkasta dæmið um það hvers vegna sameiginleg forsjá felur í sér róttæka breytingu, hvers vegna sameiginleg forsjá veitir öruggari réttarstöðu fyrir barnið og foreldrana. Ég nefndi einnig í minni framsögu meðal þess sem mælti með sameiginlegri forsjá, að þar með fengist sjálfkrafa úrræði við andlát annars foreldris um það hver ætti að sjá um barnið þar eftir. Þetta er einmitt annað dæmi um þá öruggari réttarstöðu sem lagaákvæði af því tagi sem hér er gerð tillaga um munu færa börnum og foreldrum og hafi einhver lesið frv. eða grg. þess þannig að í því fælist einhvers konar misskilin jafnréttisbarátta sem snerist helst um vandamál foreldranna vona ég að það verði leiðrétt í þessari umræðu. Þetta vakir alls ekki fyrir flm. og ég veit að í vandaðri meðferð í nefndinni mun það líka koma í ljós að auðvitað eru það hagsmunir barnsins og velferð þess sem eru leiðarljós löggjaf-

ans í þessu efni.

Ég ætla aðeins að víkja að því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um 7. gr. frv. Ég get eiginlega vísað til þess sem fram kom hjá hv. 13. þm. Reykv. um það mál. Hennar skilningur á því máli er sá sem ég hef, og ég tel að hann sé sá rétti, að þarna er verið að gera það skýrt að ungmenni getur sjálft krafist aðstoðar við menntun og starfsþjálfun allt að 20 ára aldri. Ábending hv. 12. þm. Reykv. er um það að kannað verði hvort það form sem valið er í 7. gr. til þess að gera þetta skýrt sé nægilega öruggt til að tryggja barninu þennan sjálfsagða rétt — við vitum öll að aldursmörk barnsaldurs og fullorðinsára eru nú býsna breytileg og fara eftir atvikum hverju sinni og hafa sennilega færst upp í aldri á seinni árum fremur en hið gagnstæða. Nefndin sem þessu máli verður vísað til á að fjalla vandlega um þetta orðalag.

Í 21. gr. eru ákveðnar dagsektir á þann sem tálmar umgengni við barn þess sem á rétt á slíkri umgengni. Ég tek alveg undir það með hv. 12. þm. Reykv. að auðvitað orka fébótaákvæði í slíku máli fráhrindandi á lesandann og ég tek það fram að það er ekki verið að gera neina nýja tillögu um breytingu með þessu frv. heldur eingöngu að hækka fébæturnar og verðtryggja þær. Því miður er ekki annarra úrræða kostur að minni hyggju en fébóta í þessu máli og ég vona að það verði ekki lagt löggjafanum til lasts að hann setji einhvers konar viðurlög til þess að tryggja það, sem hefur komið fram hér í máli þeirra sem hingað til hafa talað, að tryggja umgengnisrétt barnsins við foreldra sína.

Hv. 13. þm. Reykv. hefur fagnað þessu frv. og telur það brjóta blað í málefnum barna og í jafnréttismálum. Ég þakka henni stuðninginn við frv. og þeim öðrum sem hafa tekið undir tillögurnar. Ég tel að hér sé um mjög þarfa breytingu að ræða þótt ég taki mér ekki svo sterk orð í munn sem hv. 13. þm. Reykv. gerði í sinni ræðu, en hennar er gerðin söm og hugsunin líka.

Ég vildi líka ítreka það sem sagt var um heimilið og heimilisfesti barnanna; þar erum við greinilega öll sammála.

Hv. 13. þm. Reykv. taldi að frv. kallaði á eflingu starfs barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs. Ég get tekið undir það, og þurfti ekki þetta frv. til, en hins vegar hefur það komið fram áður hér í þingdeildinni við umræður um frv. um umboðsmann barna að það er mín skoðun að það eigi fremur að efla barnaverndarnefndir sveitarfélaganna og barnaverndarráð til þess að gæta hagsmuna barna í hvívetna — bæði vegna þess sem þetta frv. felur í sér og eins vegna annarra þátta í þjóðlífinu — en að stofna nýtt embætti sem gæti orðið hálfgerður einstæðingur í kerfinu. Í þessu máli er í raun og veru enginn skoðanamunur heldur eingöngu spurt um það hvaða leiðir séu best til þess fallnar að koma barnaverndinni þannig fyrir að menn vinni með því sem fyrir er en setji það ekki til hliðar að óþörfu. Þarna stendur nú skákin helst upp á sveitarfélögin að minni hyggju. Barnaverndarstarfið er fyrst og fremst á þeirra verksviði og á að vera það. Þau eru nær vettvangi en þau þurfá líka að sinna þessu verki betur. Barnavernd er að sjálfsögðu sveitarstjórnarmálefni en þar á löggjafinn líka að leiðbeina með almennum reglum; undir það tek ég.

Loks spurði hv. 13. þm. um eitt atriði, þ.e. hvernig meðlagsgreiðslur væru hugsaðar þegar barn byggi til skiptis hjá foreldrum sínum. Það er meginstefnan að sé ekki um samning að ræða sem kveður skýrt á um annað fylgi meðlögin dvalarstað barnsins. En hins vegar, eins og ég skil frv. og þetta er eitt af þeim atriðum sem ástæða er til að nefndin gaumgæfi, skil ég það svo að foreldrum sé heimilt að semja um annað, þ.e. að það foreldri sem ekki hafi barnið allan tímann á framfæri geti fengið fullt meðlag eða hið gagnstæða. Ef ekki er samið um þetta atriði virðist ljóst að meðlagið fylgir dvalarstað barnsins.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á upplýsingar sem nefndin ætti að afla sér. Ég tek undir þær ábendingar. Þær eru þarfar og ég mun fyrir mitt leyti leggja það fyrir starfsmenn dómsmrn. að freista þess að afla þessara upplýsinga, þ.e. að við lítum til okkar nágrannalanda, ekki eingöngu um formhlið málsins og lagasetningu, heldur líka um það hvernig reynst hafi. Ég er ekki kunnugur því hvernig gengur að afla slíkra upplýsinga en það er auðvitað alveg rétt að það er ekki nóg að hafa falleg orð á lögbókinni ef veruleikinn er ekki jafnfríður. Þetta mun ég hafa í minni og leggja fyrir starfsmenn dómsmrn. að freista þess að afla þessara upplýsinga.

Það er líka rétt sem fram kom í öðru lagi hjá hv. 3. þm. Reykv. og er mjög mikilvægt að það er ekki fullljóst af þessu frv. hvernig málum á að skipa þegar fjórir aðilar, fjórar persónur, koma við sögu um forræði barns. Ef svo er háttað að fráskildir foreldrar eða fólk sem slitið hefur samvistum tekur upp fasta sambúð eða hjónaband við aðra tvo er það réttur skilningur og er nú reyndar regla barnalaganna eins og er að þá flyst forræðið til þess heimilis sem stofnast með nýjum hjúskap eða samvistum og þá er hið sameiginlega forræði hjá þessum tveimur nýju heimilum. Það er auðvitað alveg rétt að í þessu getur falist viss vandi, t.d., eins og hv. 3. þm. Reykv. tók dæmi af, ef annað kynforeldrið vanrækir forsjána eða framfæri barnsins, hvernig þá skuli fram úr ráða. Þetta ferningsvandamál er auðvitað til staðar líka í núgildandi rétti og umfram allt í lífinu sjálfu, veruleikanum. Þetta frv. felur ekki í sér neina sjálfkrafa lausn á því, en geymir þó það úrræði, sem er umfram það sem er, að það er hægt að segja upp sameiginlegum forsjársamningi af slíku tilefni, þ.e. ef annað heimilið vanrækir sína skyldu, hvort sem það er kynforeldrið eða hið nýja stjúpforeldri. Ég ætla ekki að hætta mér út í ítarlegar umræður um þetta efni en óttast reyndar að það sé ekki auðvelt að finna skynsamleg sjálfkrafa úrræði önnur en þau sem frv. felur í sér, þ.e. að þetta geti orðið uppsagnarástæða fyrir samningi um sameiginlega forsjá.

Ég vil svo að lokum taka fram að ég hef ekki sterka skoðun á því til hverrar nefndar þessarar hv. þingdeildar beri að vísa máli eins og þessu. Í frumræðu minni lagði ég til að málinu yrði vísað til félmn. Það kann að orka tvímælis. Ég legg það í úrskurð forseta til hvorrar nefndar hann kýs að vísa málinu og treysti nefndunum jafnvel, hvor þeirra sem valin verður, en vil að endingu segja það að í því vali, eins og öðru í þessu máli, eigum við að leita þess úrræðis sem tryggir það sem er börnunum fyrir bestu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans skýringar. Mig langar til að undirstrika tvennt, að það verði sett í frv. skýrt ákvæði um hvernig fer um forræðið þegar fjórum aðilum getur verið til að dreifa, að kynforeldrar hafa tekið upp sambúð með öðrum. Ég vil skýra það að það atriði sem ég hafði í huga er ekki sérstaklega það að kynforeldri vanræki forsjárskyldu sína, heldur getur verið um einhvern ómöguleika að ræða, fjarvist, e.t.v. langdvöl á sjúkrahúsi eða erlendis, og hvort þá geti komið upp sú staða að maki kynforeldris, og þá kannski kynforeldris sem barnið býr ekki hjá, geti stöðvað einhverja ráðstöfun sem hitt kynforeldrið vill gera vegna barnsins. Þetta virðist þurfa að kveða á um til þess að koma í veg fyrir vandamál sem ella væru óþörf. Vitanlega getur slíkt gerst án þess að vandamál komi upp en tilgangurinn með því að setja lög um fjölskyldumálefni og stofnun og slit hjúskapar er einmitt að greiða úr málum sem ella gætu orðið mjög erfiðir og illleysanlegir hnútar.

Hitt atriðið sem mig langaði til að nefna varðaði aftur heimilisfestina og svo meðlagsskylduna. Mér virðist af því sem hæstv. ráðherra nefndi að það mál hljóti að þurfa að verða miklu skýrara. Virðist það skjóta nokkuð skökku við ef hægt er að semja um meðlagsgreiðslu til foreldris sem alls ekki hefur barnið hjá sér. Þá er orðið skammt í það að farið verði að líta á meðlögin sem tekjur þess foreldris. Grundvallarhugsunin á bak við meðlögin hlýtur að vera sú að þar sé um að ræða fé vegna barnsins og í raun og veru þess fé en ekki tekjur foreldrisins. Þetta vildi ég nefna.

Í þriðja lagi tel ég alveg einsýnt að þessu máli eigi, eins og ævinlega hefur verið gert um sams konar mál, að vísa til hv. allshn. Þó að ég treysti fólkinu í hinni nefndinni og hvaða annarri nefnd sem er ágætlega er það nú einu sinni svo að þetta hefur verið venjan og þar hafa verið, ef svo má segja, ýmis þau mál sem varða lögfræðileg úrlausnarefni á borð við þetta.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég hef greinilega ekki verið nógu skýr þegar ég sagði að það mælti ekkert gegn því í núgildandi lögum að fólk gæti meðhöndlað þessa, sem ég taldi upp, persónulegu hagi barnsins, geti samið um það eins og um sameiginlega forsjá væri að ræða. Ég skildi mjög vel að samkvæmt núgildandi lögum er ekki heimilt að hafa sameiginlega forsjá, en það mælir ekkert gegn því að foreldrar hafi samvinnu um öll þau atriði sem þar eru upp talin að felist í sameiginlegri forsjá. Það var það sem ég átti við að ég teldi enga nauðsyn á því að festa þetta í lög þar sem það væri hægt eftir sem áður að hafa samvinnu eins og gert er ráð fyrir að felist í forsjánni.

En ég vildi taka undir með hv. 13. þm. Reykv. mikilvægi þess að bæði umboðsmaður barna verði skipaður og eins mikilvægi þess að taka upp foreldraráðgjöf og meiri ráðgjöf fyrir fólk sem skilur. Ef þetta frv. verður að lögum er mjög nauðsynlegt að fólk hafi einhverja möguleika á aðstoð varðandi svona mál og þyrfti hún að vera meiri nú þegar. Það er oft miklum erfiðleikum bundið að taka ákvarðanir og mjög erfitt að fá nokkra hjálp. Það er kannski ekki síst vegna 17. gr. þar sem talað er um að foreldrar geti ávallt samið um breytingu á forsjánni. Það getur orðið viðvarandi vandamál þannig að það þarf stöðugt að vera að hafa áhyggjur af því sem verður barninu fyrir bestu ef aðstæður breytast. Það er þá betra a.m.k. að reyna að gera aðstæðurnar í þjóðfélaginu þannig að breytingin geti átt sér stað. Það getur verið mikilvægt að setja lög sem eru á undan sinni samtíð, sem þessi lög kannski yrðu, en ekki ef viðfangsefnin eru börn sem geta ekki varið sig gegn duttlungum foreldra eða allsherjarvaldsins. Það er fyrst og fremst það sem verið er að vara við. Ég er að hugsa um velferð barna eins og allir sem hér hafa talað.

Ég sagði að þjóðfélagið væri börnum fjandsamlegt. Það var alveg rétt eftir haft hjá hv. 2. þm. Vesturl. að ég sagði það og síðan taldi ég upp hvers vegna ég teldi það. Hann hefur kannski ekki heyrt það. Fæðingarorlofið er allt of stutt. Hann veit það sjálfur jafnvel og ég. Þó að það hafi lengst aðeins núna er það enn of stutt og jafnvel þó að það verði sex mánuðir tel ég það enn of stutt og það komi verst niður á börnum. Skóladagurinn er sundurslitinn og það er mjög erfitt fyrir mörg börn. Úti á landi þurfa mörg börn að búa fjarri foreldrum sínum. Þau eru í bíl kannski lengstan hluta dagsins til þess að komast í skóla. Það eru ýmis slík atriði sem ég hef í huga. Það má vel vera að honum finnist „fjandsamlegt" vera of sterkt til orða tekið, en það voru mín orð og ég held við það enn þá. Það getur vel verið að við getum sameinast um eitthvert annað orð, en þetta er alla vega ekki gott fyrir börn, það sem við bjóðum þeim í þessu þjóðfélagi. Ég held að hann sé mér alveg sammála í því.

Mér sýnist á öllu að þetta frv. fari til allshn. Kvennalistinn hefur ekki fulltrúa í allshn. deildarinnar. Ég óska eftir því að við fáum áheyrnarfulltrúa og fáum að fylgjast með málinu í þeirri nefnd, ef það fer til hennar, til að geta þá fylgst með framgangi þess og fengið allar þær upplýsingar og unnið með nefndinni að þessu mikilvæga máli.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um

þetta mál, ekki efnislega. Við erum að fjalla um stórmál að mínu mati, frv. til barnalaga. Hér hafa tekið til máls þrjár konur sem hafa greinilega kynnt sér efni frv. vel, aðeins einn af hv. þm. af karlkyni hefur tekið til máls um þetta og þá örstutt, aðeins til varnar kerfinu sem hann vill ekki meina að sé fjandsamlegt börnum. Vafalaust hafa þingbræður okkar sínar ástæður fyrir því að ræða ekki þetta mál við 1. umr. og eiga sjálfsagt ýmislegt í pokahorninu við síðari umræður, en ég vil aðeins vekja athygli á því að þetta varðar börnin okkar og aukinn rétt beggja foreldra til að hafa sameiginlega forsjá. Það er kannski athyglisvert að þm. af karlkyni hafa ekki séð ástæðu til að ræða þetta ítarlega við 1. umr.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð í framhaldi af því sem fram hefur komið hjá þremur ræðumönnum. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. og vil gera það alveg skýrt að ég tel þörf á því, ef hægt er, að semja skýrari ákvæði um hugsanlegt fjórfalt forræði barns eða barna og hygg gott til að fá um það góðar ábendingar í þingnefndinni og mun fyrir mitt leyti leggja því lið að það verði orðað skýrar.

Í öðru lagi um meðlögin. Ég vona að það hafi verið alveg skýrt af því sem ég sagði áðan en vil þó ítreka það að þar er aðalreglan að meðlög fylgi dvalarstað. Að binda það frekar í lögin er vel hugsanlegt, en þó tel ég skynsamlegt að skilja þar eftir nokkurt svigrúm til samkomulags milli foreldra. En það er rétt ábending hjá hv. 3. þm. Reykv. að það gæti farið út í öfgar og við því þarf að stemma stigu.

Í þriðja lagi taldi hv. 3. þm. Reykv. einsýnt að vísa skuli til allshn. Eins og ég sagði áðan legg ég það í dóm hæstv. forseta til hvorrar nefndar, því við tölum hér fyrst og fremst um tvær, sé best að vísa málinu. Ég hef kynnt mér af viðtölum við hann að hann telur það efnislega koma hvort tveggja til greina, en ég heyri að allshn. virðist hafa heldur fleiri stuðningsmenn, a.m.k. á meðal ræðumanna, og tel ég það góða vísbendingu um það hvar málið eigi að lenda.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. 12. þm. Reykv. leiðir það af sjálfu að Kvennalistinn og þm. hans munu fá allar þær upplýsingar sem aðrir fá í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti, þótt að það sé ekki mitt um að fjalla, teldi og sjálfsagt mál að fulltrúi hans taki þátt í meðförum málsins í hvorri nefndinni sem það lendir.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. 12. þm. Reykv. um það við hvað hún hefði átt þegar hún sagði að málum um forræði barna mætti haga á þann veg sem frv. gerði ráð fyrir án þess að lögum væri breytt, þá kann það að vera rétt meðan ekkert kemur fyrir. Hins vegar skortir þar á það sem ég tel mestu varða, en það er réttaröryggi og skýr réttarstaða barns og foreldra sem þessu frv. er einmitt ætlað að festa á lögbókina. Þetta er munurinn, ekki að löggjafinn eigi að ráska með fjölskylduhagi fólks sem fríviljugt ákveður að haga sínu lífi með þeim hætti sem því best hentar svo framarlega sem það skaðar ekki annan.

Út af máli hv. 10. þm. Reykn. er það vissulega rétt athugasemd að hér hafi ekki talað nema tveir karlmenn úr hópi þm. Fyrir því eru vafalaust góðar ástæður. Hins vegar tel ég satt að segja varla vel á því fara að hafa þetta að flimtingum. Ég tók eftir því að hv. 10. þm. Reykn. sagði að frv. fjallaði um aukinn rétt beggja foreldra til samskipta við börn sín. Það er að marki rétt, en það sem meira máli skiptir er þó réttur barnanna til samskipta við báða foreldra sína. (**KH:** Ég sagði að það fjallaði um börnin okkar.) Þú sagðir það líka.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Hér er vissulega um stórt og þýðingarmikið mál að ræða sem oft hefur verið til meðferðar á hv. Alþingi og ég veit ekki til að það sé ágreiningur meðal þm. um hvað mestu varðar í þessu þjóðfélagi, þ.e. að verja okkar börn og skapa þeim skilyrði að þau fái það uppeldi og umönnun sem þjóðfélaginu ber skylda til.

Ég ætla ekki að ræða þetta efnislega hér en kom upp af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi er það að ég gerði ráð fyrir því að þetta mál færi til félmn. Nd. eins og lög gera ráð fyrir þegar um er að ræða mál af þessu tagi. Þess vegna sat ég rólegur og hlustaði á bæði framsögu og umræður sem hér fóru fram til að reyna að meðtaka þær upplýsingar og þær skoðanir sem hv. þm. hefðu til þess að hafa það sem veganesti inn í félmn. Ég mótmæli því eindregið að frv. fari til annarrar nefndar en félmn. Nd.

Ég vil einnig undirstrika að það er ástæðulaus athugasemd hjá hv. 10. þm. Reykn. að væna þm. af karlkyni um að þeir hafi ekki áhuga á þessu máli. Það er algjörlega ástæðulaus athugasemd hv. þm. Ég fullyrði að hv. þm. af karlkyni hér á Alþingi hafa ekki síður áhuga fyrir uppeldi og framtíð sinna barna en kvenkynið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 21:5 atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv., 201. mál (örorkulífeyrisþegar á stofnunum). — Þskj. 232.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir frv. sem ég flyt ásamt öðrum þm. Borgarafl. í Nd. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér bæði frv. og grg.:

„1. gr. Við 5. mgr. 51. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þó skal greiða örorkulífeyrisþegum 50% örorkulífeyris og tekjutryggingar.

Fjárhæð þessi skerðist eftir sömu reglum og tekjutrygging, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi nú þegar."

Greinargerð:

„Örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum á vegum sjúkratrygginga, fá greidda vasapeninga, nú að upphæð 4212 kr. á mánuði. Þessi fjárhæð á að endast fyrir öllum persónulegum þörfum, svo sem fatnaði, snyrtivörum, skemmtunum og ferðalögum. Ólíkt því sem er með flesta ellilífeyrisþega á þessi hópur í fæstum tilfellum aðgang að lífeyri úr lífeyrissjóði og á engar eignir.

Það er yfirleitt viðurkennt að yngra fólk hefur meiri og víðtækari persónulegar þarfir en eldra fólk. Fatlað fólk, sem dvelst á stofnunum þar sem sjúkratryggingar greiða dvölina, hefur sömu þarfir og aðrir þjóðfélagsþegnar á sama aldri til þess að lifa lífinu lifandi.

Í Danmörku t.d. er þessi sérstaða viðurkennd. Þar fá fatlaðir örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum fatlaðra, vasapeninga sem eru nærri helmingi hærri en vasapeningar almennt.

Sú fjárhæð, sem nú er greidd, nægir ekki fyrir brýnustu þörfum þessa hóps og eru þess mörg dæmi að leita verður til viðkomandi sveitarfélags um viðbót.

Samtök fatlaðra hafa um árabil bent á nauðsyn þess að hagur þessa hóps sé bættur. Þar sem hér er ekki um þá fjárhæð að ræða eða þann fjölda einstaklinga að miklu máli skipti í heildarútgjöldum ríkisins væri það Alþingi til sóma að rétta nú hlut þessa fólks myndarlega."

Einhverra hluta vegna eru vasapeningar fatlaðra lægri en vasapeningar t.d. aldraðra. Í september núna í haust, ég hef ekki yngri tölur, munar þetta 746 kr. Þetta er ekki stór upphæð, en það má segja að fyrir þá sem fá svona lítið munar allt einhverju.

Það sem við erum að fara fram á, að hækka þennan lífeyri um 50%, er heldur ekki stór upphæð. En það er þeim sem eiga við þetta að búa mikið mál að þetta fáist samþykkt.

Eins og tekið er fram í grg. er fjöldinn allur af þessu fólki fólk sem ekki hefur neinn lífeyri og neinar aðrar greiðslur. Margt af því er ungt. Á þeirri tækniöld sem við lifum á vitum við að margt af því verður fatlað af slysum. Annað er náttúrlega fatlað frá fæðingu eða alltaf.

Sú upphæð sem fólki er ætluð nú, röskar 4 þús. kr. á mánuði, til að sjá þeim fyrir öllum fatnaði, skemmtunum og ferðalögum er náttúrlega ekki neitt. Ég var að reyna í haust að vekja áhuga ungs fólks fyrir þessu máli og það var afar dapurt á svipinn og sagði sem svo: Je minn. Þetta er eins og við förum með á einu balli eða á einni skemmtun. Það er vafalaust rétt.

Það er svo að þetta fólk vill, eins og segir í grg., gjarnan fá að lifa lífinu lifandi. Það hefur áhuga fyrir að fara við skulum segja í leikhús, á ýmsar skemmtanir. Það vill klæða sig eins og jafnaldrar þess þó það sé inni á stofnunum. Það sjá allir hvað langt í frá er að það geti uppfyllt þetta ef það á að lifa á þessum aurum eingöngu.

Það er ákvæði í 51. gr. laga um almannatryggingar sem heimilar að hækka greiðslur til þeirra sem ekki hafa neinar tekjur aðrar en þessar, um 25%. Einhverra hluta vegna hefur þessi heimild aldrei verið notuð mér vitanlega.

Ég var að lesa um það leyti sem ég var að glugga í þetta mjög merkilega grein eftir Lýð Björnsson sagnfræðing sem birtist í síðasta hefti Sveitarstjórnarmála. Þessi grein er ekkert löng, en þar tekst þessum ágæta sagnfræðingi að draga saman mikinn fróðleik í stuttu máli og setja hann fram svo ljósan að að er hreinlega gaman að lesa það. Þarna kemur ýmislegt fram sem ég hafði ekki hugmynd um áður.

T.d. eru rúm 100 ár síðan alþm. bar fyrst fram á Alþingi till. um styrktarsjóð handa fátæku alþýðufólki. Þessi þm. var Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga, bóndi að ég áreiðanlega held. Tillagan var felld á því þingi.

Næsta þing er 1889. Þá ber hann hana aftur fram og þá er hún samþykkt. Tekna átti að afla með því að allir húsráðendur áttu að leggja til ákveðið gjald, krónu af karlmanni á ári minnir mig og 30 aura af kvenmanni. Tekjur urðu náttúrlega ákaflega litlar og þar af leiðandi varð sjóðurinn í raun og veru aldrei að neinu gagni.

Síðan gerist ekkert fyrr en 1909. Þá er lögleiddur almennur ellistyrkur fyrir fátæka ellihruma. Þessar tryggingar gilda svo þangað til stjórn hinna vinnandi stétta sest að völdum 1934, sú stjórn sem þeir sátu í Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson og Haraldur Guðmundsson. Í þeim stjórnarsáttmála voru lög um almannatryggingar og Haraldur mun hafa beitt sér af miklu harðfylgi fyrir því að fá þessi lög samþykkt. Þau voru samþykkt á þingi 1936 og flutt af öllum þm. Alþfl.

Ég sá það líka í þessari ágætu grein að Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir, tók mikinn þátt í störfum þeirra sem undirbjuggu frv. og hann samdi þá grein sem nær yfir sjúkratryggingar, þ.e. að þeir sem eiga við langvarandi veikindi að stríða fái bætur út úr almannatryggingum. Þetta er fyrsti vísir að sjúkradagpeningum.

Ég rekst þó nokkuð víða á eitt og annað sem hann hefur komið nálægt, þessi ágæti maður, Vilmundur Jónsson landlæknir. Ég get ekki setið á mér að segja frá því að í fyrstu kjarasamningum sem Sókn gerði 1934 er mjög merkilegt atriði. Þar er kveðið á um í grein, sem við köllum alltaf 10. gr. og mér þykir mjög vænt um, að fólk fær haldið fullu kaupi í tíu vikur í veikindum. Það þótti afskaplega mikið þá og fram undir líklega 1980 var þetta óþekkt í almennu verkalýðsfélögunum. Og það sem meira var: það er tekið fram að það fólk skuli einnig njóta ókeypis sjúkrahúsvistar, læknishjálpar og lyfja að svo miklu leyti sem sjúkrasamlag greiði ekki.

Þegar ég hef verið að útlista þetta á t.d. námskeiðum sem við höfum haldið skilur ungt fólk ekki hvers vegna þessi grein er svona. En Vilmundur vissi

sínu viti. Hann vissi að til var fólk sem hreinlega gat ekki leitað sér læknishjálpar vegna þess að það hafði engan pening til þess. Þetta var þjóðfélag allsleysisins. Hann vissi náttúrlega líka annað, að þá vann margt fólk úr þessum stéttum á sjúkrahúsum og smitaðist gjarnan af smitsjúkdómum sem það átti nokkuð lengi í og þess vegna var nauðsynlegt að hafa þetta inni í samningum. En mér hefur alltaf þótt það ákaflega merkilegt að þetta skyldi komast inn í kjarasamninga. Formaður félagsins var þá 18 ára stúlka, Aðalheiður Hólm. Hún sagði mér að það væri Vilmundur sem hefði komið þessu inn í samninga og Guðmundur Thoroddsen prófessor hefði stutt dyggilega að því.

Aftur á móti hef ég oft setið frammi fyrir konum sem eiga í langvarandi veikindum og eru komnar til mín til að vitja um sjúkrasjóðinn sinn. Ég verð að benda þeim á að fara í sjúkrasamlagið vegna þess að sjúkrasamlagið greiðir yfirleitt ekki aftur fyrir og þá höfðu þær minnst á vottorð við lækninn, en læknirinn afgreitt þetta með því að hann léti þær hafa vottorðið þegar þær væru búnar hjá sér. Þegar ég hringdi í lækninn og bað hann að láta þær hafa vottorð hið snarasta, því þær væru að tapa einhverjum aurum sem þær gætu annars fengið, brugðu þeir strax við. Þeir höfðu ekki hugmynd um að þetta var svona. Þetta vissu þessir eldri læknar sem þekktu kjör almennings eins og þeir gerðu þá.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en við óskum eftir að að lokinni umræðu verði þessu vísað til heilbr.- og trn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka flm., hv. 16. þm. Reykv., fyrir að hafa lagt fram þetta mál sem lýtur að bættum hag þeirra sem standa höllum fæti í lífinu, enda slíkra hluta von frá hennar hendi.

Það hefur löngum verið haft sem mælikvarði á menningarstig þjóða á hvern hátt þær búa að þeim þegnum sem minnst mega sín. Hér erum við að tala um fólk úr þeim hópi, fólk sem af ýmsum orsökum býr við skerta möguleika til að lifa því sem við nefnum eðlilegt líf.

Síst ber að neita því að margt hefur einkum á seinni áratugum verið gert af samfélaginu til að rétta hlut þessa fólks, efla getu þess til að lifa eins eðlilegu lífi og kostur er eftir því sem fötlun þess leyfir. Fólk verður öryrkjar af ýmsum orsökum og öryrkjar eru jafnmismunandi og annað fólk, geta þeirra jafnmisjöfn andlega sem líkamlega og annarra.

Í þessu frv. er rætt um þá öryrkja sem dveljast á stofnunum, fólk sem samfélagið hefur tekið í umsjá sína vegna þess að það er ófært um að taka þátt í brauðstriti daglegs lífs. Það er ófært um það, sem þó eru talin vera grundvallarmannréttindi, að vinna fyrir sér.

Vinna er manninum nauðsyn, ekki einungis til þess að sjá fyrir sér og vera öðrum óháður heldur ekki síður vegna þess að með því að afkasta vinnu sannar maðurinn sjálfum sér og öðrum að hann sem einstaklingur er einhvers virði. Með vinnuframlagi sínu staðfestir hann manngildi sitt, staðfestir gildi sitt sem virkur þegn í þjóðfélaginu. En hér er um að ræða fólk sem ekki á þess kost að sanna sig á þennan hátt í samfélagi okkar sem krefst mikillar vinnu og metur fólk samkvæmt því. Það var lengi landlægt hér að meta fólk eftir því hvort það var veitandi eða þiggjandi og enn eimir eftir af þessum hugsunarhætti.

Undanfarin ár hef ég unnið á stofnun sem innan sinna veggja hefur aldrað fólk og öryrkja og hef því kynnst högum og líðan þeirra. Það sem mörgum er erfiðast er sú tilfinning að vera talið einskis nýtt af því að það getur ekki unnið. Það finnur engan tilgang með lífinu þegar það er ekki lengur veitandi heldur aðeins þiggjandi. Það glatar sjálfsvirðingunni og missir lífslöngunina. Þó gætum við lært svo óendanlega margt af þessu fólki. Fatlaður einstaklingur getur vegna reynslu sinnar verið félagslega og tilfinningalega þroskaðri en sá líkamlegi heili sem aldrei hefur þurft að takast á við verulega erfiðleika í lífinu. Þannig getur það fólk verið veitandi með því að miðla öðrum af sinni lífsreynslu þó það jafnvel átti sig ekki á því sjálft.

Í frv. þessu er farið fram á hækkaða vasapeninga handa öryrkjum á stofnunum og í grg. er réttilega tekið fram að sú upphæð sem þeim nú er ætluð dugar ekki fyrir brýnustu þörfum. Öryrkjar eru fólk á ýmsum aldri og hafa sömu þarfir og annað fólk, sömu löngun til skemmtana og afþreyingar, sömu þörf til að lifa lifandi lífi. Við sem betur erum sett verðum að gera okkar til að bæta hag þessa fólks sem sannarlega er ekki í stakk búið til að gera það sjálft. Aukin fjárráð létta þessu fólki lífið og geta veitt því meira frelsi, en það er e.t.v. það sem því kæmi best.

Fyrir nokkru var ég ásamt fleirum gestkomandi á stofnun fyrir öryrkja, þ.e. þroskahefta. Þar barst í tal hve lág sú upphæð væri sem vistmönnum væri ætluð í vasapeninga og einn gesturinn lét svo ummælt að hann sæi ekki hvaða þörf þetta fólk hefði fyrir peninga. Ég sá á einni starfsstúlkunni að henni þótti og hún hélt seinna smáræðustúf yfir gestinum sem ég vil efnislega gera að mínum orðum hér:

Þetta fólk hefur nákvæmlega sömu langanir og þrár og þú og ég og þú getur sjálfur séð hvaða tækifæri það hefur til að svala þeim. Það langar að fara á skemmtanir, það langar að ferðast, það langar að eiga bækur og myndir og það langar meira en margan annan til að eiga falleg föt, bæði til að vera eins og aðrir og eins af því að í mörgum tilfellum getur það þannig hulið fötlun sína.

Margir þroskaheftir hafa yndi af tónlist þó að þeir skilji tæpast talað mál. Þeir hefðu gaman af að eiga kassettur og hljómplötur. Og geti þeir ekki séð um kaup á þessu sjálfir getum við sem vinnum við umsjá þeirra gert það fyrir þá og gerum það með gleði. Við vitum hvað gleður þá og kemur þeim best.

Þetta sagði hún og ég fæ ekki betur séð en að það sé hárrétt athugað.

Og ég vil drepa enn á eitt. Ég hef veitt því athygli í samskiptum mínum við öryrkja og aldraða hve þeim er það mikils virði að geta gefið, geta vikið einhverju að vinum og ættingjum, vera veitandi þó í smáu sé en ekki einungis þiggjandi. Það er þeim þyngra sem búa við kröpp kjör en flest annað ef möguleikinn til að gefa er tekinn frá þeim.

Ég fjölyrði svo ekki frekar um þetta mál, en lýsi því að við kvennalistakonur styðjum þetta heils hugar og vonum að það fái góðan og skjótan framgang.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem ætlunin var að halda fundahöldum áfram aðeins til kl. 4 vegna þess að nokkur hópur þm. er upptekinn í fundahöldum annars staðar verður þessari umræðu frestað. Það eru tveir á mælendaskrá, en ef ræður þeirra eru ekki mjög langar væri hugsanlegt að ljúka þessari umræðu þó að það drægist eitthvað fram yfir kl. 4. (**AG:** Er hægt að fá skýringu á því hvaða fundahöld eru annars staðar á vegum þingsins?) Það er fundur á vegum Norðurlandaráðs sem var boðaður kl. 4 og ég var látinn vita um það og taldi ekki svo þröngt á dagskrá í dag að það mundi koma í bága við störf þingsins, enda verður ekki viðamikil dagskrá á morgun. Hins vegar mun vera mögulegt að ljúka þessari umræðu. Það eru aðeins tveir á mælendaskrá og mun ég þá gefa hv. 6. þm. Norðurl. e. orðið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er merkilegt að þetta mál skuli ekki hafa verið tekið upp fyrir löngu eins og ástæður eru fyrir því fólki sem verst er sett á stofnunum þannig að ég þakka flm. fyrir að flytja þetta mál og lýsi stuðningi mínum við það. Ég vænti þess að sú nefnd, heilbr.- og trmn., sem tekur við þessu máli, athugi mjög hvað er hægt að gera í þessu máli. Mér er alveg ljóst að sumum mun finnast þetta vera stórt stökk. Það er svo aumt sem hefur verið látið fara til þessa fólks. En vonandi næst samstaða um að samþykkja frv. óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

55. fundur, miðvikudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 415.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um fangelsi og fangavist á þskj. 415. Frv. um sama efni var lagt fram á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Frv. sem þá var rætt var samið af nefnd sem í sátu þau Bragi Jósepsson uppeldisfræðingur, Davíð Aðalsteinsson alþm., Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur, Jakob Havsteen lögfræðingur, Jósef Þorgeirsson fyrrv. alþm., Ólafur Þ. Þórðarson alþm. og Salome Þorkelsdóttir alþm. Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dómsmrn., starfaði með nefndinni.

Frv. nefndarinnar var á sl. hausti endurskoðað í dómsmrn. og ég legg það nú fram með nokkrum breytingum sem einkum felast í því að nú er gert ráð fyrir að á fót verði sett sérstök fangelsismálastofnun og einnig yrði veitt með þessari tillögu heimild til að deildaskipta fangelsum. Auk þess hafa verið gerðar nokkrar minni háttar breytingar frá hinu fyrra frv. og er þá tekið tillit til ábendinga sem borist hafa um málið.

Í frv. er lagt til að sett verði í ein lög öll ákvæði um fangelsi og fangavist og komi hin nýju lög í stað laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 og fyrri ákvæða V. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem fjallar um fangavist. Að meginstefnu til hafa ákvæði um fangelsi verið í lögum um fangelsi og vinnuhæli, en þau atriði sem lögfest hafa verið um fangavist hafa verið í almennum hegningarlögum.

Meginástæðan fyrir því að nú er lagt til að um framangreind atriði gildi ein lög er einkum sú að mörkin á milli laga um fangelsi og vinnuhæli og þeirra lagaákvæða sem eru í almennum hegningarlögum og fjalla um fangavist eru ekki skýr, auk þess sem nauðsynlegt þótti að gera tillögur um að lögfesta ýmis atriði sem varða fangavist og ekki þykja fara vel í almennum hegningarlögum.

Frv. skiptist í fimm kafla. Í I. kaflanum er fjallað um stjórn og skipulag fangelsismála. Þar eru lagðar til veigamiklar skipulagsbreytingar á yfirstjórn fangelsismála og grundvallarstefnubreyting á gildandi lögum um fangelsi og vinnuhæli. Í 2. gr. frv. er lagt til að sett verði á stofn sérstök stofnun, fangelsismálastofnun, til þess að annast daglega yfirstjórn fangelsanna og fullnustu refsidóma, skilorðseftirlit og félagslega þjónustu við fanga svo og aðra sérhæfða þjónustu sem tengist fangavist. Þá mundi slík stofnun einnig sjá um framkvæmd á öðrum refsiúrræðum sem ákveðin kunna að vera í framtíðinni, svo sem um samfélagsþjónustu, en sérstök nefnd á vegum dómsmrn. vinnur nú að könnun á því hvort slík úrræði gætu hentað í vissum tilfellum hér á landi.

Dagleg yfirstjórn fangelsismála og fullnusta refsidóma er nú í höndum dómsmrn. Skilorðseftirlit ríkisins sér hins vegar um eftirlit með þeim sem fá skilorðsbundna reynslulausn og náðun og þeim sem fá frestun ákæru. Verði þetta frv. að lögum yrði skilorðseftirlitið hluti af hinni nýju fangelsismálastofnun og teldi ég það vel farið að sá ágæti maður sem nú starfar að því fengi þar stuðning af samstarfi við aðra og tel ég að það mundi á allan hátt bæta þá framkvæmd.

Félagslegri þjónustu við fanga er ekki nægilega

sinnt eins og nú háttar og er brýnt að hún verði aukin og aðstoð við fanga umfram allt til að gerast virkir og heiðvirðir þjóðfélagsþegnar að lokinni afplánun. Með því að fela sérstakri stofnun yfirstjórn fangelsismála tel ég að þróun og umbætur í fangelsismálum geti orðið markvissari og það sama gildi um þjónustu við fanga. Auk þess kemst þá á skynsamlegri verkaskipting á sviði dómsmálanna þar sem fangelsismálastofnun sér um þau mál sem daglega koma upp og varða afplánun refsinga og stofnanarekstur í því sambandi, en dómsmrn. getur þá einbeitt sér að því að sinna skipulagsmálum og þróun réttarreglna á þessu sviði, en í kjölfar nýrrar löggjafar um fangelsismál þarf að semja og endurskoða allar reglugerðir um fangelsismál.

Refsivörslu utan fangelsa hefur e.t.v. ekki verið nægur gaumur gefinn hér á landi, en hún hefur þróast mjög í nágrannalöndum okkar á síðari árum. Samfélagsþjónusta í stað fangelsis er ein tegund slíkrar refsivörslu og verði hún tekin upp hér á landi mundi framkvæmd hennar heyra undir fangelsismálastofnun eins og ég nefndi áðan.

Nú hefur nýhafið störf nefnd, eins og ég nefndi fyrr, á vegum ráðuneytisins til að kanna hvort slíkt refsiúrræði bæti viðurlagakerfið hér á landi.

Skv. 3. gr. frv. ákveður dómsmrh. staðsetningu, gerð og rekstrartilhögun í fangelsum. Gert er ráð fyrir tvenns konar fangelsum, þ.e. afplánunarfangelsum og gæsluvarðhaldsfangelsum. Hér er um stefnubreytingu að ræða frá gildandi lögum um fangelsi og vinnuhæli þar sem fallið er frá hugmyndinni um ríkisfangelsi, en þrátt fyrir að ákvæði þar að lútandi hafi verið í lögum frá árinu 1961 hefur þeirri hugmynd aldrei verið hrint í framkvæmd og á síðasta áratug eða lengur hafa ekki verið uppi ráðagerðir um að gera það, enda á sú hugmyndafræði, sem áformin um ríkisfangelsi byggist á, sér nú fáa formælendur.

Í frv. er ekki gerð tillaga um það hvers konar fangelsishús verði byggð í framtíðinni, hvorki hvað varðar gerð, stærð eða staðsetningu. Rétt þykir að um þessi atriði ráði kröfur hvers tíma. Ekki þykir heldur rétt að lögfesta ákvæði um að byggja skuli tiltekin fangelsi eða að fangelsi skuli rekin á tilteknum stöðum svo sem nú er í lögum um fangelsi og vinnuhæli. Síðar í vetur hyggst ég leggja fyrir Alþingi skýrslu um húsakost fangelsanna og um næstu aðgerðir og áform í þeim efnum.

Í þessu frv. eru ekki ákvæði um fangageymslur í tengslum við lögreglustöðvar eins og nú er í lögunum um fangelsi og vinnuhæli. Slíkar fangageymslur eru svo nátengdar löggæslustarfseminni sjálfri að ekki þykja efnisrök til að hafa ákvæði um þær í lögum um fangelsi og fangavist, enda heyrir rekstur þeirra, stjórn og fyrirkomulag eðli málsins samkvæmt undir lögreglustjóra á hverjum stað. Hins vegar er auðvitað ljóst að ýmislegt er náskylt hvað varðar þessar fangageymslur og fangelsi og vinnuhæli.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um hverja megi vista í fangelsum og er í því sambandi rétt og skylt að nefna að í greininni er ekki að finna þá heimild, sem nú er lögfest í 1. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, þess efnis að vista megi í fangelsum þá sem úrskurðaðir eru skv. framfærslulögum og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga til þess að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri. Slíkir menn hafa reyndar ekki verið vistaðir í fangelsum frá því á árinu 1970 eða þar um bil. Á árinu 1978 bárust nokkrir slíkir úrskurðir til fullnustu, en þegar á reyndi höfðu forsvarsmenn Innheimtustofnunar sveitarfélaga ekki hug á því að þeim yrði framfylgt, enda virðist slíkt skuldafangelsi tæpast í samræmi við samfélag nútímans.

Nýlega kom til umræðu á Alþingi í fyrirspurnatíma öryggisgæsla ósakhæfra manna í fangelsum og vil ég ítreka það sjónarmið mitt að hún á ekki að viðgangast. Séu menn ekki hæfir til þess að þola refsingu fyrir alvarleg afbrot er að sjálfsögðu ekki rétt að vista þá í fangelsi engu að síður heldur á að vista þá á viðeigandi sjúkrastofnun. Í nýsamþykktum fjárlögum eru ætlaðar 250 þús. kr. á fjárlagalið heilbrmrn. til að undirbúa aðgerðir á sviði réttargeðlækninga. Dómsmrn. mun leggja nokkurt fé á *móti til að standa straum af athugunum á því hvernig* best er með þennan vanda að fara í samstarfi dómsmrn. og heilbrmrn. Ég hef rætt þetta mál við heilbrmrh. nýlega og munum við innan skamms nefna menn til þess að undirbúa þetta mál.

Í II. kafla frv. er fjallað um starfsmenn fangelsismálastofnunar og fangelsi, þ.e. um embættisgengi yfirmanna og um það hver ráði þá til starfa. Auk þess eru þar ákvæði um það að fangaverðir megi ekki gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun og um bætur þeim til handa vegna meiðsla og tjóna sem þeir kunna að verða fyrir við starf sitt og eru síðastgreindu ákvæðin óbreytt úr lögum sem sett voru í árslok 1986, en það voru lög nr. 81/1986.

Í III. kafla frv. er fjallað um ýmis atriði varðandi fangavistina sjálfa og um grundvallaratriði varðandi réttarstöðu fanga. Þessi ákvæði eiga einungis við um þá sem dvelja í afplánunarfangelsum. Um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanganna er hins vegar fjallað í IX. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74 1974.

Í þessum kafla frv. er ekki gerður greinarmunur á réttarstöðu þeirra sem afplána varðhalds- og fangelsisrefsingu. Við gildistöku almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var refsivist þá skipt í tvo flokka að danskri fyrirmynd, þ.e. annars vegar varðhald og hins vegar fangelsi. Þessir tveir flokkar refsivistar leystu reyndar af hólmi flókna refsivistarflokkun eldri hegningarlaga frá árinu 1869. Í þeim lögum var refsivistinni fyrst skipt í tvo flokka, þ.e. hegningarvinnu og fangelsi. Hegningarvinnan skiptist síðan í tyftunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, en fangelsi skiptist svo aftur í fernt, þ.e. einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fangelsi við vatn og brauð og ríkisfangelsi. Skiptingin í gildandi lögum er í raun og veru arfur frá þessum tíma og hefur ekki

lengur neina merkingu.

Í grg. með frv. til hegningarlaganna sem gildi tóku 1940 segir að með fangelsi sé samkvæmt þeim lögum *nánast átt við hegningarvinnu og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.* Hins vegar samsvari varðhald því sem áður hét einfalt fangelsi. Í framkvæmd hefur ekki verið gerður munur á þessum mismunandi stigum fangavistar hér á landi síðustu áratugi.

Markmiðum um aðgreiningu fanga má betur ná með öðrum leiðum en því í hvers konar refsivist menn séu sendir og gerir frv. reyndar ráð fyrir nýju úrræði í því skyni því í 10. gr. er lagt til að heimild sé til þess að deildaskipta fangelsunum og tel ég tvímælalaust að þar sé um ákvæði að ræða sem með skynsamlegri framkvæmd geti leitt til mikilla endurbóta í fangelsismálum okkar. Verði frv. að lögum er síðan ætlunin að endurskoða almenn hegningarlög og sérrefsilög í þeim tilgangi að afnema varðhaldsrefsingu sem sérstakt stig refsivistar, enda hafa fangelsi og varðhald þróast til þess að verða sams konar refsiúrræði á síðari árum.

Eins og fyrr er fram komið í máli mínu er í þessum kafla frv. fjallað um almenn atriði varðandi fullnustu refsivistardóma, um vinnu, nám og tómstundir fanga og um nokkur grundvallaratriði varðandi réttarstöðu þeirra, svo sem um heimsóknir, bréfaskipti og símtöl. Mörg þessara atriða eru nú lögfest, sérstaklega þau sem varða framkvæmd fullnustunnar og vinnu fanga og um önnur er nú fjallað í reglugerð.

Rétt þykir að um grundvallarréttindi fanga séu skýr lagaákvæði.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þessar greinar hverja fyrir sig heldur vil ég hér vekja athygli á *nokkrum grundvallaratriðum.*

Í 13. og 14. gr. frv. er nám og vinna í fangavist lagt að jöfnu. Vinnuaðstaða fanga er því miður ekki viðunandi nú nema í einu fangelsi, þ.e. á Kvíabryggju. Í stærsta fangelsi landsins, að Litla-Hrauni, er einungis unnt að veita föngum vinnuaðstöðu í 3–4 stundir á dag og í öðrum fangelsum, svo sem Hegningarhúsinu hér við Skólavörðustíg, er alls engin vinnuaðstaða. Það hlýtur að vera eitt af forgangsverkefnum í fangelsismálum að bæta vinnuaðstöðu fanga og þá fyrst á Litla-Hrauni, en reynslan hefur víða sannað þá fornu kenningu að vinna sé mannbætandi.

Í 15. gr. frv. er það nýmæli að þar er ákvæði um að föngum skuli séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkunar og líkamsþjálfunar. Núverandi aðstaða í þessum efnum er mjög bágborin og brýn nauðsyn að bæta þar úr, ekki síst með hliðsjón af því hversu mikinn tíma fangar hafa til að fylla jafnvel þótt 40 klukkustunda vinnuviku yrði haldið uppi.

Varðandi það ákvæði í 15. gr. frv. að heimilt sé að leita á þeim sem heimsækja fanga er það að segja að þetta ákvæði er tilkomið af illri nauðsyn. Í fangelsum landsins er engin sérstök aðstaða til fyrir heimsóknir til fanganna og því fá gestir að fara inn á herbergi eða í klefa fangans sem heimsóttur er. Þetta ástand skapar mikil óþægindi í fangelsum og ákveðna hættu, m.a. hvað varðar möguleika á því að smygla inn í fangelsin t.d. fíkniefnum. Víðast hvar erlendis eru sérstök heimsóknaherbergi þar sem gestir hitta fanga, en einnig þar hefur reyndar reynst erfitt að girða fyrir smygl inn í fangelsi.

Í IV. kafla frv. er fjallað um öryggi í fangelsum og agaviðurlög. Ákvæði 22.–24. gr. eru nýmæli í lögum, en í 25. og 26. gr. eru nokkru fyllri ákvæði en nú eru í gildi. Í 22. gr. eru ákvæði um að heimilt sé að gera áfengi, vímuefni og lyf upptæk sem fangi hefur við komu í fangelsi eða kæmist yfir meðan á fangavistinni stendur. Einnig er upptökuheimild fyrir aðra muni, svo sem fyrir muni sem fanginn kemst yfir í fangavistinni.

Rökstuðningur fyrir heimild til að gera áfengi, lyf og vímuefni upptæk ætti að vera óþarfur. Þeir munir sem upptökuheimildin beinist að eru hlutir sem fanga, samföngum eða starfsmönnum gætu reynst hættulegir eða nota mætti til að strjúka úr fangelsinu eða til annarrar ólögmætrar starfsemi eða athafna í fangelsi. Ekki þykir tilefni til að hafa hér ákvæði um upptöku annarra muna, sem ástæða kann að vera til að banna notkun á í fangelsinu. En í greininni eru ákvæði um að muni megi taka í vörslu fangelsisstjóra og skila þeim þegar afplánun lýkur.

Í 24. gr. eru ákvæði um að heimilt sé að taka blóð- og þvagsýni úr fanga. Tilgangur þessa ákvæðis er tvíþættur. Í fyrsta lagi þykir nauðsynlegt að unnt sé að ganga úr skugga um *hvort fangi sé undir áhrifum* áfengis eða lyfja og í öðru lagi eru margir fanganna áhættuhópur gagnvart alvarlegum smitsjúkdómum og er ástæða til þess að fylgjast náið með heilsufari þeirra, jafnvel gegn vilja þess er í hlut á ef svo ber undir.

Í 26. gr. er fjallað um agaviðurlög. Ákvæðin eru að mestu óbreytt frá gildandi ákvæðum. Þó eru gerðar þær breytingar að heimilt sé að beita áminningu fyrir minni háttar afbrot, auk þess sem skilorðsbinda má ákvæði um agaviðurlög. Þá er einnig í greininni heimild til einangrunar vegna agabrota stytt úr 90 dögum í 60 daga. Í greininni eru loks ákvæði um það hvernig standa skuli að beitingu agaviðurlaga, en um það eru nú ákvæði í reglugerð um fangavist.

Í V. kafla frv. eru ýmiss konar ákvæði almenns eðlis. 27. gr. er t.d. efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 26/1983 þar sem lögfest var ákvæði um að fresta skuli innheimtu opinberra gjalda hjá föngum um ákveðinn tíma og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Þótt í sjálfu sér sé óeðlilegt að ákvæði um innheimtu opinberra gjalda séu í lögum um fangelsi og fangavist þótti ekki hjá því mega komast af lagatæknilegum ástæðum. Löggjöf um fangelsi og fangavist *er eins konar rammalöggjöf sem fylla þarf út í* með ýmsum reglugerðum og fyrirmælum. Í stað þess að fjalla um það við hverja einstaka grein frv. að um ákveðin atriði skuli sett reglugerð er í 30. gr. frv. valin sú einfalda leið að þar er tilgreint um hvað skuli setja reglur auk þess sem þar er almenn heimild til reglugerðarsetningar.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lýst þessu frv. í stuttu máli. Það er eins og ég rakti áður upphaflega samið af nefnd mætra manna, en í þann búning sem það birtist nú í þinginu komst það að lokinni vandlegri yfirferð í dómsmrn. Ég vil geta þess sérstaklega að Sigurgeir Jónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, ritaði á sl. hausti blaðagrein þar sem hann færði fram nokkra gagnrýni á frv. eins og það var lagt fram á síðasta þingi. Í ráðuneytinu var farið yfir sjónarmið Sigurgeirs og áttu starfsmenn ráðuneytisins viðtöl við hann um þetta mál. Í frv. í þeirri gerð sem það er hér lagt fram og fyrir því mælt hefur verið tekið tillit til nokkurra ábendinga Sigurgeirs og legg ég það þannig fyrir þingdeildina.

Ég legg á það áherslu að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Fangelsismál okkar eru ekki í því lagi sem þau ættu að vera og þetta frv. er þýðingarmikill áfangi í endurbótum fangelsismála þó fleira þurfi á eftir að koma. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að þetta frv. hefur verið lagt hér fram. Í því koma fram mjög veigamiklar breytingar á þeim lögum sem nú eru í gildi, vægast sagt miklar breytingar út af því að þau lög, sem gilda um fangelsi og fangavist og hafa gilt síðan 1973, gerðu ráð fyrir því að hér yrði ríkisfangelsi og lögin eru byggð upp á þeirri forsendu og átti núverandi fyrirkomulag að leggjast af með því ríkisfangelsi sem átti að byggja við Geithála. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. hefur verið fallið frá þeirri byggingu, en hins vegar hefur ekkert verið gert í því að laga núverandi fangelsisaðstöðu. Það eru sömu fangelsin núna og voru þegar gömlu lögin voru sett, fyrir utan það að fangelsið á Akureyri hefur verið tekið í notkun, upphaflega sem kvennafangelsi en nú síðar sem fangelsi fyrir karlmenn.

En það kemur margt gott fram í frv. sem hér hefur verið lagt fram og fagna ég því og þá sérstaklega að þar er gert ráð fyrir samræmdri stjórn fangelsismála og að hún verði í höndum fangelsismálastofnunar. En það er kannski eitt atriði varðandi fangelsismálastofnunina sem ég vildi spyrja dómsmrh. út í, hvort það er gert ráð fyrir því að fangelsismálastofnunin hafi með reynslulausn að gera og náðun á einn eða annan hátt eða hvort það verði áfram í höndum fullnustumatsnefndar. Ég byggi þetta aðallega á því að eins og staðan er núna hefur ekki skipt máli hvernig fangi hefur hagað sér í fangelsi, hvort hann hefur hagað sér vel eða illa. Það hefur ekki haft nein áhrif á veru hans í fangelsinu. Þetta tel ég mjög bagalegt út af því að inni í fangelsum, því miður, eru menn sem verður að mínu mati varla bjargað, en stór hluti eru menn sem hafa lent kannski af slysni á glapstigum og að mínu mati vel tekið þátt í samfélaginu á nýjan leik að fangelsisvistinni lokinni.

En það sem ég ætlaði aðallega að ræða hér um er ekki beint varðandi þetta frv., ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég fagna tilkomu þess og flestum meginatriðum sem í frv. eru, heldur hvort það standi til að einhverju leyti að bæta úr að því er varðar fangelsin sjálf, hvort í bígerð sé að koma á nýjum fangelsum er byggð verði sem fangelsi en ekki að breytt sé einhverju óhentugu húsnæði í fangageymslur. Þau fangelsi sem nú eru á Kvíabryggju og á Litla-Hrauni voru upphaflega reist í öðrum tilgangi en hýsa þar fanga. Á Akureyri er kannski fangelsið sama marki brennt og Hegningarhúsið, það átti að vera fangelsi til skammtímadvalar. Þessi atriði hef ég töluverðan áhuga á að fá að vita um, hvort það séu einhverjar breytingar í farvatninu eða þetta komi til með að breytast á næstu árum þó þess sé ekki krafist að það verði á þessu ári.

Svo ég víki aftur að þessum fangelsum og reki hvernig þau eru og byrji þá fyrst á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, þá er þar yfirleitt viðkomustaður. Þar eru fangar frá tveimur vikum upp í 2–3 mánuði og jafnvel lengur, alveg upp í ár. Eftir því sem mér hefur skilist er þar ein kona sem hefur verið þar frá því í mars á síðasta ári. Þar er engin aðstaða til vinnu og annars er þarf til að stytta föngum dvölina á þessum óæskilegu stöðum.

Á Akureyri er mjög líkt farið og vert að íhuga hvernig staðan hefur breyst á Akureyri. Þegar Akureyri var kvennafangelsi var mikið frjálsræði þar og kannski liður í jafnréttisbaráttunni að þá var kvenföngum heimilt að fara um helgar til Reykjavíkur og fengu að fara í kvikmyndahús og fara í innkaupaleiðangur eftir því sem mér hefur skilist. En síðan því var breytt í fangelsi fyrir karlmenn hefur þessi þjónusta öll verið afnumin og þeir sitja þarna inni eins og hverjir aðrir fangar á öðrum stofnunum. Það er sem sagt mjög lítil aðstaða þar eins og í Hegningarhúsinu fyrir vinnu eða tómstundaiðkun.

Á Kvíabryggju er staðan nokkuð góð eftir því sem ég best veit, en á Litla-Hrauni, eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., er mörgu ábótavant, bæði er varðar húsakostinn og klefana, vinnu og annað er varðar vistunina. Ég mundi vilja, eins og ég rakti áðan, fá að vita hvort standi til að breyta þessum fangelsismálum.

Ég er einn af þeim sem hafa trú á því að hægt sé að bæta menn í fangelsisvist. Að vísu hefur sú skoðun verið á undanhaldi. Fólk heldur að þetta séu menn sem verða ekki bættir, en af þeirri reynslu sem ég hef af þessum málum veit ég að þarna fara menn inn sem gætu vel spjarað sig í þjóðfélaginu og verið góðir þjóðfélagsþegnar, en því miður hafa menn farið þarna inn og komið verri út aftur. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að í frv. er heimild til leitar á föngum og þeim sem heimsækja fanga í fangelsum. Ég held að það sé mikil nauðyn að slík heimild sé fyrir hendi. Ég þykist vita að tilkoma þessarar heimildar hafi verið sú að atvik kom upp á Litla-Hrauni sem síðan leiddi til þess að það hefur ekki verið talið heimilt að grípa til slíkra ráðstafana. Fíkniefni eru nefnilega að mínu viti eitt af því sem á ekki að fyrirfinnast í fangelsum. Ég hef mjög lúmskan grun um að það sé í fangelsum í dag. Hvað

mikið get ég ekki sagt til um.

Að því er varðar það að bæta menn sem í fangelsi koma, þá held ég að forsendan sé sú að aðhlynning sé góð, þ.e. vistarverur sem eru þannig að á móti þeim kemur einhver ylur sem vilja hjálpa þessum mönnum við að bæta sig. Vinna er einn stór þáttur í því og því fagna ég því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það stæði til að auka þá vinnu sem nú er. Eins og fram kom í hans máli eru það þrír tímar sem fangar á Litla-Hrauni vinna á dag, einn og hálfur tími fyrir hádegið og einn og hálfur tími eftir hádegi. Ég hef þá trú að margir þeir menn sem koma inn í fangelsin geti bætt ráð sitt með slíkri meðferð. Þá vil ég í því sambandi minnast á 10. gr. laganna er varðar deildaskiptingu og fagna því sérstaklega að það skuli koma inn í lögin, en hins vegar get ég ekki séð hvernig það verður í núverandi fangelsum tekið upp.

Á Litla-Hrauni hefur verið einhver mynd eða ómynd af deildaskiptingu þannig að fangar hafa beðið um að fara í einangrunarklefa svo að þeir þurfi ekki að vera með hinum föngunum. Þeim beiðnum hefur verið sinnt. Þessir einangrunarklefar eru í þeirri byggingu sem var reist þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálið var uppi. Þetta eru ekki heppileg híbýli fyrir menn sem vilja bæta ráð sitt. En þetta virðist vera í mínum huga eini möguleikinn á því að hægt sé að koma upp deildafyrirkomulagi.

Síðan er annað atriði hvernig á að velja í deildir og svo hvaða ávinning fangi hafi af því að fara í æðri deild. Ég vil leggja á það áherslu að hvað snertir þá sem hafa sýnt góða hegðun og fara í betri deild verði tekið tillit til þess sérstaklega þegar sótt er um reynslulausn eða náðun. En slíkt hefur ekki, eins og ég sagði fyrr í máli mínu, verið uppi á teningnum, að ég best veit og samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið, heldur hefur fullnustumatsnefndin meira litið á þann tíma sem viðkomandi hefur verið í fangelsinu en hvernig hann hefur hagað sér.

Það væri kannski ágætt í þessari umræðu að spyrja þá líka hæstv. dómsmrh.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í afbrotamálum yfir heildina? Hérna er aðeins verið að taka á einum þætti. Eftir því sem mér er kunnugt um er í flestum löndum ákveðin stefna sem heitir t.d. í Danmörku „kriminalpolitik". Þá er litið yfir allan ferilinn og þá frá rannsókn og alveg til loka, þangað til maðurinn er kannski orðinn nýtur þjóðfélagsþegn aftur. Eins og flestir vita er mikill seinagangur í þessum málum, því miður, varðandi rannsókn, ákæru og síðan dóm. Ég minnist þess þegar ég var í fyrri vinnu minni, það hefur verið seinni hluta árs 1986 eða um áramót, að ég var með mann sem var í gæsluvarðhaldi, og það er ekki búið að ákæra enn þá, en það er nokkuð viðamikið mál. Samt liggja upplýsingar allar á borðinu. Manni finnst með þennan mann að hann bíði í ofvæni og sé búinn að bíða núna í meira en ár eftir því hvað komi til með að gerast. Það má búast við því að eitt ár líði þangað til dómur falli í því máli. Hann er kannski búinn að bæta ráð sitt og þegar dómurinn fellur allt í einu er honum kippt út úr samfélaginu og allar aðstæður breyttar. Þess vegna mundi ég vilja fá upplýsingar núna um hvort það standi ekki til að eyða meiri peningum í þennan þátt í ríkiskerfinu og þykist raunar vita að ástæðan m.a. er sú að mannekla er og þá sérstaklega að það eru ekki borguð sæmileg laun hjá ríkinu fyrir þessa menn. Ég held að það vanti núna tvo fulltrúa hjá saksóknara og það hefur ekki tekist að ráða í þær stöður, en þetta eru yfirleitt stöður sem eru mjög eftirsóknarverðar erlendis. Það má ekki skella allri sökinni á kerfið eða mennina sem vinna í kerfinu.

Það þarf að hugsa betur um „kriminal"pólitíkina og annað er varðar afbrotamál og fangelsismál, athuga hvaða markmiðum á að ná með slíku. Hingað til hafa varnaðaráhrifin verið alls ráðandi í kenningum varðandi afbrot og refsingu, bæði hin almennu og hin sérstöku, hin almennu að menn sjái á meðferðinni á þessum manni að það sé óhagstætt að brjóta lögin og hin sérstöku að kippa þeim manni sem brotlegur hefur verið gagnvart lögunum úr umferð svo að hann sé ekki skaðlegur öðrum.

Það má kannski líka í þessu sambandi athuga það viðhorf sem hefur ríkt gagnvart afbrotamönnum. Það hefur í fjölmiðlum og í umræðu verið mjög neikvætt. Á þeim tíma sem mest var rætt um afbrot, það var þegar svokölluð meðferðarstefna var uppi og ríkisfangelsi, sem rætt var um hér áður, átti að byggja upp samkvæmt henni, var tilhneiging til að líta á afbrotahneigð sem sjúkdóm og fengu afbrotamenn þá alla vega ekki mjög slæmt orð á sig. Það má kannski velta líka fyrir sér muninum á sjúkdómi, t.d. alkóhólisma, og afbrotahneigð. Hér áður fyrr var litið á alkóhólisma sem mjög neikvæðan, en síðan skipt var um stefnu og litið á alkóhólisma sem sjúkdóm fær hann miklu jákvæðari ímynd í huga almennings. Þess vegna er líka spurningin með afbrotamennina að það verði breyting að því leyti til hjá fólki að það sjái að þetta eru ekki alslæmir menn. Eins og ég sagði áðan eru mörg tilvik þarna sem því miður verður ekki bjargað eða mjög erfitt að bjarga. Það er spurning um að líta á manninn sem slíkan en ekki afbrotið. Síðan er líka á það að líta að fangelsisvist og afbrot er afleiðing en ekki orsök.

Þetta eru almennar hugleiðingar um fangelsi og refsivist.

Þetta frv. er að nokkru leyti staðfesting á því sem hefur verið að þróast í fangelsismálum er varðar réttindi og skyldur fanga og finnst mér mjög vel að reglur sem gilt hafa skuli nú lögfestar og skýrar línur séu um hvers er rétturinn og hvers skyldurnar.

Í frv. er gert ráð fyrir því varðandi afplánunarfangelsi að fellt verði niður „varðhald". Ég held að það sé afleiðing þess, sem gerst hefur, að á undanförnum árum hefur ekki verið gerður greinarmunur á þessu tvennu, fangelsi og varðhaldi. Hugsunin með varðhaldi var sú að það væri minni refsing og þeim föngum ætti að halda sér og stæði vistin yfirleitt í styttri tíma en fangelsun. Því var mjög oft beitt varðandi sérrefsilög, en fangelsun aftur á móti þegar um alvarlegri brot var að ræða. Ég held að rökin

fyrir því að koma þessu í eitt séu aðallega þau að það hafa aldrei verið neinar skýrar reglur þarna á milli. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér fyndist eftirsjá í því að fella niður varðhald. Þar er um að ræða minni háttar brot og brot er ekki varða stór atriði í huga fólks. Þó að sjálfsögðu séu öll brot gegn reglum ríkisins alvarleg er þarna ekki um að ræða eins alvarleg brot og brot gegn hegningarlögum.

Ég var búinn að lýsa því áðan að ég fagnaði fangelsismálastofnun, en það sem ég vildi fá að vita er hvernig hún kemur inn í gang mála varðandi reynslulausn og náðun, hver er hugsunin.

Svo er annað atriði sem ég vildi vekja máls á og raunar kom hæstv. dómsmrh. inn á það. Það er varðandi öryggisgæsluna. Mig langar að spyrja: Hvað þýðir í 3. gr. „ef sérstakar ástæður krefjast er einnig heimilt að vista þar þá sem dæmdir eru í öryggisgæslu"? Hverjar þurfa þessar sérstakar ástæður að vera? Eru það þær ástæður að ríkið geti ekki komið þeim fyrir á öðrum stöðum eða er eitthvað annað sem býr þarna að baki?

Í 8. gr. kemur fram að fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsum afplánun fer fram. Ég held að það þurfi að setja nokkuð ákveðnar reglur um þetta, þá eflaust nánar í grg., hvernig á að velja hver á að fara hvert.

Ég var búinn að minnast á 10. gr. Ég tel að það sé til bóta. Og líka 13. gr. er varðar vinnuna.

Síðan kemur seinni hlutinn af 13. gr. er varðar samfélagsþjónustuna. Þá þætti mér fróðlegt að fá að vita hver á að ráða því hvort maður á að sitja í fangelsi eða hvort hann eigi að stunda vinnu utan fangelsisveggjanna og þá ef dómur gengur um að maður lendi í fangelsi hvort það eigi að breyta þeim dómi. Er ágætt að fá svar við því.

Það er líka annað sem kemur fram í 15. gr. Mig langar fyrir forvitni sakir að vita hvort það standi til að fullnægja þeirri grein, en þar segir: „Fanga skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar." Stendur þá til að hætta með Hegningarhúsið á Skólavörðustíg og Akureyrarfangelsið eða hvað á að gera?

Sama er varðandi 16. gr. Þar segir: „Fangi skal vera einn í klefa." Það er á Litla-Hrauni einn í klefa, en það eru fleiri í klefa á Skólavörðustígnum.

Í 17. gr., sem ég var búinn að fagna, er heimild til að leita á þeim sem heimsækja fanga.

Á þessu stigi hef ég ekki meira um frv. að fjölyrða, en ég sit í þeirri nefnd sem fær þetta til meðferðar og vonast eftir því að við fáum gleggri upplýsingar og nánari um ýmis atriði er varða frv.

En eitt gleymdist varðandi frv. og mig langar að spyrja hæstv. dómsmrh. um það að gefnu tilefni. Hann talaði um að taka blóð- og þvagsýni og minntist á smitsjúkdóma. Þá vil ég spyrja hann að því hvort hafi komið upp á Litla-Hrauni eða í fangelsum að fangar hafi verið haldnir eyðni og í framhaldi af því: Ef svo er, hvenær uppgötvaðist að fangar væru haldnir þessum sjúkdómi?

Ég hef ekki fleira um þetta að segja, en ég hef beint ákveðnum spurningum til dómsmrh. og ef ég þekki hann rétt gefur hann mér greinargóð svör. En ég vil að lokum fagna þessu frv. og mun líta á það mjög jákvæðum augum.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja umræður um frv. Ég vildi aðeins koma hér og fagna því sérstaklega að það hefur nú verið endurflutt, en eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra var frv. flutt á síðasta þingi en var þá ekki afgreitt.

Það hefur einnig komið fram að ég var einn af þeim nefndarmönnum sem var falið að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi og þetta frv. er einmitt samið á grundvelli starfs þeirrar nefndar.

Þegar nefndin var að störfum heimsótti hún flest fangelsi í landinu, Litla-Hraun, Kvíabryggju, Hegningarhúsið, Síðumúla og Bitru, og við reyndum að kynna okkur eins vel og kostur var hvernig aðstaðan var í fangelsum hér á landi og hver aðbúnaður fanga var. Við ræddum að sjálfsögðu bæði við fangaverði, hittum fanga og áttum fundi með fulltrúum þeirra þar sem þeir komu á framfæri við okkur því sem þeim lá á hjarta. Ég tel að það hafi verið mjög gagnlegt fyrir nefndina að fá þessa aðstöðu til að kynnast stöðu þessara mála með þessum hætti. Jafnframt áttum við fundi með fulltrúum Verndar, sem eins og kunnugt er hafa unnið mikið starf í þágu fanga eða fangahjálpar, og fulltrúa Skilorðseftirlits ríkisins og fanga svo að eitthvað sé nefnt.

Niðurstaða okkar eftir að hafa heimsótt fangelsin var sú að við töldum að starfsfólk í fangelsum ynni sín verk af stakri samviskusemi og jafnvel betur en hægt væri að ætlast til miðað við viðkomandi aðstæður og fyrirkomulag í fangelsunum. En eins og fram hefur komið er viðurkennt að aðstaða í fangelsum hér á landi er langt frá því að vera eins og hún ætti að vera eða eins og kröfurnar ættu að vera.

Við, eins og ég sagði, ræddum við ýmsa aðila sem hafa með þessi mál að gera og kom mjög skýrt fram hjá þeim öllum að endurhæfing fanga hlýtur að vera grundvallaratriði í öllum refsimálum og að fangar verði nýtari þjóðfélagsþegnar að lokinni refsivist, með hvaða hætti sem hún svo hefur verið, og þannig verði t.d. endurhæfingin að byrja í fangelsunum sjálfum. Þar er aðgerðarleysið eitt stærsta vandamálið.

Vinna í fangelsi skiptir miklu máli og þessi vinna þarf að vera eins fjölbreytileg og mögulegt er og vera arðbær. Þá kom það líka skýrt fram að það að gefa föngum kost á skóla eða að mennta sig, hvort sem þar er um að ræða starfsmenntun eða þá aðra menntun, sé mjög þýðingarmikið og jákvætt.

Það kemur fram í 2. gr. frv. í 5. lið um hlutverk fangelsismálastofnunar, sem er nýtt ákvæði miðað við fyrra frv., og ég tel eftir því sem ég get best séð að það hljóti að vera til bóta, að sjá á um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv. Kannski á

það ekki beint heima undir þessum lið, en mig langaði að spyrja hvernig væri hugsað það hlutverk sem Vernd hefur haft og ég held að allir viðurkenni nú að sé til mikilla bóta, hvernig hlutverk þess félags sé hugsað í framtíðinni.

Nú voru menn sammála um það, a.m.k. þeir starfsmenn sem hafa sinnt málum Verndar og hins vegar Skilorðseftirlitið, að þó að þetta gæti skarast eitthvað hefur verið þarna mjög góð samvinna á milli. Það þarf að vera bein skilgreining á hlutverkum þessara aðila, annars vegar Verndar og hins vegar Skilorðseftirlitsins. Það kom fram í umræðum innan nefndarinnar að þetta þyrfti að vera á hreinu því að það ætti ekki bara að byggjast á þeim einstaklingum sem starfa hverju sinni.

Ég veit ekki hvort það er ástæða fyrir mig að fjalla miklu meira um þetta. Ég vildi aðeins koma þessum hugleiðingum á framfæri og láta það koma fram að nefndin sem vann þetta verk á sínum tíma reyndi að kynna sér sem best stöðu þessara mála og ekki síst með því að heimsækja fangelsin. Segja má að það hafi verið lífsreynsla út af fyrir sig og væri kannski hverjum manni hollt að gera það.

En mig langar til þess líka, af því að hæstv. ráðherra minntist á samfélagsþjónustuna og fsp. mína sem ég bar upp fyrir hann fyrir stuttu hér á hv. Alþingi, ég held að það hafi verið í lok nóvember, að geta þess að þá kom fram að hann hafði nýlega skipað þá nefnd sem var samþykkt skv. þáltill., sem ég var einn af flm. að, um að skipa nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunardóma í fangelsi. Mig langar að spyrja hvort það sé vitað hvenær sú nefnd muni ljúka störfum og hvort niðurstöður hennar gætu hugsanlega komið inn í umfjöllun um frv. í hv. allshn.

Að öðru leyti vil ég endurtaka þakkir mínar fyrir að frv. er nú komið fram. Ég ætla ekki að fjalla frekar um það því ég á sæti í nefndinni og hef því tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri á þeim vettvangi.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég fagna fram komnu frv. um fangelsismál. Virðist það í flestum greinum vera til bóta. Ég hafði hugsað mér að leggja fyrir nokkrar spurningar, örfáar.

Það kemur fram í 10. gr. að nú verði heimilt að fangelsi skiptist í deildir. Mig langar að vita hvaða hugmyndir eru uppi um deildaskiptingu. Það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að fyrirhugaðar eru úrbætur hvað varðar geðsjúka afbrotamenn. Ég fullyrði að meðferð á því fólki hefur verið skelfileg í gegnum tíðina og fagna ég því ef fyrirhugað er að gera úrbætur í meðferð þess fólks. Þá á ég reyndar við að því sé ekki troðið í fangelsi heldur sé leitast við að lækna þann sjúkdóm sem þetta fólk er haldið, en sagan segir okkur að það hefur gersamlega verið vanrækt þrátt fyrir samþykktir, þrátt fyrir lagafyrirmæli og hvað eina. Geðsjúkir afbrotamenn hafa mætt afgangi og búið við skelfilegar aðstæður.

Það er fullyrt í mín eyru að 80–90% af þeim sem vistaðir eru í fangelsum séu þar vegna vandamála er lúta að áfengi eða vímuefni. Það má vera að það sé of há tala, en það er fullyrt í mín eyru og jafnvel er því haldið fram að margir gisti fangelsi sem ekki einu sinni viti hvort þeir hafa framið afbrot eða ekki sem mun vera afleiðing af áfengis- eða vímuefnaneyslu. Það gefur tilefni til að spyrja hvort ekki verði tekið á þeim málum, áfengisvandamálum fanga, vímuefnavandamálum fanga, hvort ekki verði til deild sem lýtur að þeim vandamálum þar sem hugað verði að því að bæta fólk, koma fólki frá þessum vanda, því dæmin sýna, reynsla okkar Íslendinga sýnir að það er hægt að gera kraftaverk í þessum málum. Þau hafa gerst og munu gerast ef vel verður að þessum málum búið, en svo hefur ekki verið gert til þessa, ekki nægjanlega að mínu mati, og væri fróðlegt að vita hvar þessi mál eru á vegi stödd, hvort eitthvert samband eða samráð er við SÁÁ t.d. eða þá aðra aðila sem hafa sinnt þessum málum undanfarin ár.

Þá langar mig til að vita hvort það viðgengst enn sem ég komst að fyrir nokkrum árum. Dæmi: Piltur nokkur hafði verið dæmdur í sex mánaða fangelsi vegna afbrots. Hann var einhleypur. Að tæpum fjórum árum liðnum kemur tilkynning um að hann skuli afplána dóminn í fangelsi. Þá var hann fjölskyldumaður og hafði eignast börn. Aðstæður eru gerbreyttar, maðurinn allt annar, umhverfið annað. Þessi tilkynning olli miklum vandræðum og erfiðleikum. Ég vona að svona sé málum ekki háttað enn í dag, en ef svo er er mikið tilefni til að breyta því.

Ég fagna á ný þeim umbótum sem fyrirhugaðar eru í frv. Það var að heyra á dómsmrh. að hann hefur hugsun nútímamanns hvað varðar þennan málaflokk og fagna ég því.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir þeirra undirtektir og athugasemdir við frv. Ég hygg gott til samstarfs við þá og aðra þm. um framgang þessa máls og treysti þá að málið fái vandaða meðferð í allshn. þessarar hv. deildar og veit að þar verður málinu sinnt af alúð. En ég vildi líka leggja það inn strax í upphafi að þetta mál tefjist nú ekki úr hófi fram í meðförum þingsins þótt það eigi að fá vandaða meðferð því að það er vissulega þörf á að færa ákvæði um fangelsismál og fangavist til nútímahorfs til að tryggja rétta framkvæmd þessara mála, réttarstöðu þeirra sem við fangelsin starfa og fanganna sem í þeim þurfa að dveljast.

Ég vildi víkja fyrst nokkrum orðum að því sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv. Guðmundar Ágústssonar og vildi þakka honum stuðning við frv. og margar gagnlegar athugasemdir. En ég hlýt þó að gera við það vissa athugasemd, sem hann sagði að ekkert hafi verið gert til þess að laga núverandi fangelsisaðstöðu upp á síðkastið. Það er vissulega rétt að þarna hefur ríkt mikil kyrrstaða um áratug eða svo. Ég vildi minna á enn að í fjárlögum fyrir

árið 1988, sem Alþingi samþykkti, er í fyrsta sinn í langan tíma samþykkt fjárveiting til að reka nýtt fangelsi, fangelsi við Kópavogsbraut 17, sem fyrst og fremst er ætlað fyrir kvenfanga. Það er að vísu rétt að það er ekki byggt sérstaklega til þessara þarfa, en þykir henta vel til þeirra og gæti gefið færi á að sinna sumum af þeim sérþörfum sem ég veit að hv. 11. þm. Reykv. eins og ég ber mjög fyrir brjósti að sinnt verði. En ég mun víkja að því nokkrum orðum á eftir þegar ég kem að því að ræða hvað kunni að verða fram undan hvað varðar húsakost fangelsanna, áform og úrbætur.

Hv. 11. þm. Reykv. spurði í fyrsta lagi hvort fangelsismálastofnun mundi fara með reynslulausn og náðun fanga eftir að hún væri orðin að veruleika, ef frv. yrði samþykkt, og hvert yrði hlutverk fullnustumatsnefndar og tengsl fangelsismálastofnunar og fullnustumatsnefndar hvað varðar afplánun. Ég vil gera það alveg skýrt að ég hef ekki í huga að fullnustumatsnefnd hætti störfum, alls ekki. Hins vegar verður samstarf hennar og fangelsismálastofnunar ákaflega mikilvægt. Ég geri þó ráð fyrir að fangelsismálastofnun og forstöðumaður hennar verði þar með einn helsti ráðgjafi fullnustumatsnefndar og ég tek undir það með hv. 11. þm. Reykv. að hegðun fanga í fangelsinu og viðleitni sem hann þar kann að hafa sýnt til að bæta ráð sitt á að mínum dómi að hafa áhrif á hvort reynslulausn skuli veitt eða ekki.

Þá kem ég að annarri spurningu hv. 11. þm. Reykv. en hún snerist um: Hvað er það sem til stendur að gera? Hann fór ítarlega yfir ástand núverandi fangahúsa, bæði í Reykjavík og annars staðar. Ég geri ekki athugasemdir við þá lýsingu sem þar kom fram. Hún er rétt. Að Skólavörðustíg og á Akureyri er ekki aðstaða til þess að fangar geti notið útiveru eða stundað vinnu svo vit sé í. Úr því þarf að bæta. Ég geri ráð fyrir, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að gefa þinginu skýrslu um húsakost fangelsanna og ástand húsanna, þarfir og hugmyndir um hvernig úr þessu megi leysa, en eins og kom líka skýrt fram í mínu máli geri ég ekki ráð fyrir að leggja þar fram áform um að byggja stórt nýtt fangelsi þótt ég vilji segja það skýrt að ég tel þörf fyrir að byggja gæsluvarðhaldsfangelsi í Reykjavík. Ég tel mikla þörf fyrir að bæta húsakostinn að Litla-Hrauni. Ég hef í huga stækkun að Kvíabryggju, þó þannig að þar njóti sín áfram þeir kostir sem fylgja því að reka tiltölulega fámenna stofnun sem gerir kleift að sinna högum hvers og eins sem þar verður að dveljast. Ég er sem sagt með lausnir í huga sem svari þörfum tímans hverju sinni og þegar þessi skýrsla verður fram komin vonast ég til þess að undirstaða fáist fyrir skipulegri fjárveitingar til þessa málaflokks á næstu árum. Ég held að þetta sé hyggilegri leið en sú að samþykkja með lögum að byggja skuli stofnun svo og svo á ákveðnum stöðum. Ég vil líka hlýða mjög á starfsmenn fangelsanna í þessu efni, þá sem fyrir þeim standa á degi hverjum. Það hef ég reyndar þegar gert og hugsa mér að gera enn betur þegar fram í sækir og að sjálfsögðu er líka nauðsynlegt að kynnast vandlega viðhorfum fanganna sem þarna dveljast.

Ég er ánægður með að hv. 11. þm. Reykv. tók undir þá skoðun að það sé nauðsyn — þótt ill sé — að setja ákvæði til að heimila leit vegna fíkniefna. Það er ekki tilviljun að þetta er í frv. eins og hann nefndi réttilega. Því miður þarf að hafa þessa heimild algerlega ótvíræða því það er vágestur í fangelsunum eins og víðar í þjóðfélaginu, sem við verðum að verjast með öllum tiltækum ráðum, sem er ásókn fíkniefnanna í líf og heilsu fólks og því miður er það rétt, eins og fram hefur komið í máli þeirra sem hér hafa talað auk mín, að fíkniefnin eru algeng í hópi afbrotamanna.

Það er líka ástæða til að nefna, af því að það hafa nefnt bæði hv. 11. þm. Reykv. og 9. þm. Reykn. í sínu máli, að deildaskiptingin er á þessu stigi ekki bundin í frv. Ég tel það ekki hyggilegt því að það er ekki hægt að sjá fyrir nákvæmlega hvaða viðmiðanir séu þar bestar. En í mínum huga er það fyrst og fremst tvennt sem þar kemur til álita: Í fyrsta lagi að gefa þeim mönnum kost á, sem standa sig vel, sýna framför, stunda vinnu eða nám, halda sig frá óhollum efnum, að þeir færist í betri stað í fangelsinu og að slík framför hafi áhrif á reynslulausn, hugsanlega á þeirra leyfi og samgang við fólk utan fangelsis.

Í öðru lagi er svo það, sem hv. 9. þm. Reykn. kom inn á, að deildaskiptingin eigi að taka mið af þeim veruleika sem við horfumst í augu við, sem eru fíkniefnin, bæði innan og utan veggja fangelsanna, þó ég vilji ekki gera svo mikið úr því sem hann gerði, hv. 9. þm. Reykn., að í fangelsunum að því væru brögð að þar væru menn sem vissu ekki af því, væru í vímu allan tímann, ef ég legg út það sem sagt var. Ég óttast nú, því miður, að flestir þeirra viti fullvel af því að þeir gista fangelsin. En það dregur ekkert úr því að það er mikil þörf á að reyna að beita deildaskiptingu til að halda aðgreindum þeim mönnum sem vilja og sýna að þeir séu að reyna að losa sig við fjanda þann. En það er ekkert auðvelt og það er alveg rétt ábending, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að til að geta skipt í deildir þurfum við húsakost sem er að einhverju leyti öðruvísi en sá sem nú er. Dæmið sem hann nefndi, að fangar á Litla-Hrauni færu í einangrun eða öryggisfangelsi ef þeir óskuðu eftir því að vera lausir við félagsskap annarra, er ekki heppileg lausn. Hins vegar er þetta öryggisfangelsi, úr því að 11. þm. Reykv. nefndi það, annað dæmi um nýtt hús á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin um ríkisfangelsi voru sett. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, en hús er það samt.

En hins vegar er það nú alls ekki mín meining að mæla því bót sem er. Hið rétta er að í þessum efnum hefur verið mikil kyrrstaða og þetta mikilvæga svið hefur því miður ekki fengið viðhlítandi aðhygli eða fjárveitingar frá löggjafanum.

Ég ætlaði að fara örfáum orðum um það sem hv. 11. þm. Reykv. innti eftir og varðar stefnu ríkisstjórnarinnar í afbrotamálum almennt, það sem

hann vildi nefna „kriminalpolitik" og óskaði eftir því að litið yrði yfir allan ferilinn frá rannsókn, ákæru, til dóms og afplánunar og þess, sem ég tel nú ekki síður mikilvægt, hvernig þeim sem þolað hefur refsivist gengur að komast út í þjóðfélagið aftur sem nýtir menn að lokinni afplánun. Þetta nefndi hv. 11. þm. Reykv. ekki, en ég veit að hann telur það eins og ég kannski mikilvægasta þrepið í þessum ferli. Ég get fullvissað hv. ræðumann um að það er minn vilji og ríkisstjórnarinnar að einmitt verði litið á dómsmálin og refsimálin í þessu víðtæka samhengi. Ég vildi líka leyfa mér að benda á að nú er unnið að umbótum á mörgum sviðum dómsmálanna. Bæði á sviði dómstóla þar sem í undirbúningi er dómstólafrumvarp, á sviði meðferðar einkamála og á sviði meðferðar opinberra mála. Allt er þetta til þess hugsað að koma í veg fyrir óþarfar tafir í dómskerfinu, tafir sem valdið geta persónulegum vandkvæðum og jafnvel harmleikjum, eins og hv. 9. þm. Reykn. kom inn á í sínu máli og reyndar hv. 11. þm. Reykv. líka. Því miður eru brögð að því, sem báðir nefndu, að menn þola sína dóma eftir að langt er um liðið frá því að brotið var framið og jafnvel að dómur gekk og við aðrar aðstæður. Það þarf að reyna að koma í veg fyrir þetta. Ég tel að sú samræming á afplánun sem fólst í því að afplánun fangelsisdóma var færð til dómsmrn. á sínum tíma og nú enn frekar með því að fela þetta þeirri stofnun, sem hér er kölluð fangelsismálastofnun, muni einmitt geta stuðlað að skjótari meðferð, þ.e. skjótari afplánun og betra samræmi í fullnustu refsidóma. Þetta kemur þó ekki fyrir margt eða mikið ef dómsmálagangurinn sjálfur er hægur og ómarkviss. Úr því þarf að bæta á sínum stað og að því er líka unnið. Ég endurtek að ábendingar hv. 11. þm. Reykv. eru vel þegnar. Ég skil þær þeim skilningi, sem fram hefur gengið af mínum orðum. Það þarf einmitt að skoða fangelsismálin í þessu samhengi. En það verður ekki allt sagt í einni og sömu prédikun. Það ætla ég heldur ekki að reyna en sný mér að ýmsu öðru sem fram kom í máli 11. þm. Reykv. og annarra sem hér hafa talað.

Ég vildi þá svara því beint, sem til mín var beint, að það munu ekki vera dæmi um að fangi í íslensku fangelsi hafi reynst smitaður af eyðni svo mér sé kunnugt. Um það var spurt vegna þeirrar heimildar sem þetta lagafrv. felur í sér til að taka blóð- og þvagsýni úr föngum.

Ef ég svo vík að beinum ábendingum og athugasemdum hv. 11. þm. Reykv. við einstakar frvgr. vildi ég fyrst víkja að því sem hann nefndi varðandi 3. gr., en þar segir að ef sérstakar ástæður krefja er einnig heimilt að vista þar þá sem dæmdir eru í öryggisgæslu, þ.e. í fangelsum. Þar vildi ég segja að þær sérstöku ástæður sem þarna er til vísað varða að sjálfsögðu ekki persónu þess manns sem ósakhæfur hefur verið úrskurðaður heldur eingöngu það neyðarúrræði að það kunni að þurfa að hýsa slíka menn í fangelsum ef ekki er um neina aðra lausn að ræða. Þetta er þó eingöngu neyðarúrræði frá hálfu hins opinbera, en varðar ekki aðstæður þess ólánssama ósakhæfa manns sem um er að tefla hverju sinni. Ég vona að þetta svari spurningu hv. 11. þm. Reykv. En ég drap á það í mínu máli að á fjárlögum þessa árs væri vísir að fjárveitingu til að undirbúa hvernig best sé að haga meðferð á öryggisgæslu ósakhæfra manna.

Ég vildi þá víkja að öðru atriðinu sem hv. 9. þm. Reykn. kom að í sínu máli. Það er sannarlega þörf á úrbótum vegna geðsjúkra afbrotamanna. Þetta eru tvenns konar mál. Annars vegar menn sem ósakhæfir eru sakir geðveiki og eiga ekki að vera í fangelsum. Það er gert alveg skýrt í frv. sem áður var ekki skýrt og reyndar var gert ráð fyrir sjúkradeildum í ríkisfangelsinu. Það er ekki í tillögu minni nokkurs staðar. Hitt málið er svo hvernig fara skuli með þá menn sem veilir verða á geði í fangelsi eða í fangavistinni. Þeir eiga að sjálfsögðu að njóta sjúkraþjónustu ef þeir verða fyrir slíkri hremmingu. Þeim eins og öðrum mönnum getur orðið meint af þessum völdum og það þarf þá að leita þar réttra læknisráða.

Þetta eru verkefni sem ég vil og mun beita mér fyrir að finna farsælar lausnir á í samráði við heilbrmrh. og eins og ég vék að í fyrri ræðu minni hef ég þegar lagt að því nokkur drög. Auðvitað er langt frá því að hægt sé að lofa þarna fullkomnum lausnum. En þó hlýtur okkar velferðarríki að stefna að því að sinna eins og best má verða þessu ólánssama fólki.

Ég ætlaði svo að drepa á það sem sagt var um ákvæði 13. gr. um hver skuli ákveða beitingu annarra refsiúrræða skv. þeirri grein. Þar ætlaði ég að segja að það mun fyrst og fremst verða tillöguefni fullnustumatsnefndar til dómsmrh. eins og ég lít á þetta mál. Það er hins vegar mjög mikilvægt að forstöðumaður þeirrar stofnunar, sem daglega sér um fangann sem í hlut á, eigi orð í málinu og skilorðseftirlitið ef svo háttar. Einmitt fangelsismálastofnunin á að geta sameinað þessar upplýsingar og ráðgjöf og þar með orðið ráðgjafi fullnustumatsnefndar í þessum málum. En þetta á eingöngu við það sem er í 13. gr. frv. en ekki um hugsanleg ný refsiúrræði eins og samfélagsþjónustuna. Ég vildi þó segja það skýrt að ég tel það sjálfsagt að fara skuli á sama hátt með það því í vissum skilningi má líta á hugsanlega samfélagsþjónustu án launa í stað fangavistar sem eins konar millistig á milli skilorðsbundins dóms og óskilorðsbundins fangelsis. Þetta er að vísu bara einn flötur á því máli, en flötur, sem kann að skipta máli í framtíðinni.

Á málinu eru fleiri hliðar sem ég ætla ekki að nefna. Sumar gætu þó tengst því sem allir ræðumenn hafa nokkuð nefnt og það er þegar hið refsiverða athæfi tengist áfengissýki eða vímuefnum, fíkniefnanautn. Það er vissulega þörf á að skipuleggja hvernig við þeim vanda skuli snúist í fangelsunum. Ég vildi nefna, vegna þess sem fram kom í máli hv. 9. þm. Reykn., að samstarf við SÁÁ og AA-samtökin er reglulegt og gagnlegt frá sjónarmiði fangels-

anna. SÁÁ-menn og AA-menn koma í heimsóknir í fangelsin, sérstaklega til Litla-Hrauns. Það er ekki mjög mikið um að fangarnir notfæri sér þessa fúslega framboðnu þjónustu, en það sem er í þá átt er að sjálfsögðu af hinu góða. Það samstarf má styrkja, en þó tel ég nauðsynlegt að af opinberri hálfu verði vegna þeirra sem í fangelsum eru hugsað fyrir því hvort hægt sé að skipuleggja meðferðarþjónustu vegna vandamála af þessu tagi betur en gert hefur verið í tengslum við fangelsin.

Meira treysti ég mér ekki til að segja um þetta og vona að ég hafi þá svarað því sem fram kom í máli þeirra hv. 11. þm. Reykv. og hv. 9. þm. Reykn., en ætla þá að lokum að víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykn.

Ég vildi þá byrja á að þakka henni sérstaklega og öðrum nefndarmönnum, sem drögin lögðu að þessu frv., fyrir vel unnin störf. Ég þakka henni líka þau orð sem hún lét hér falla um frv. í þeirri gerð sem það er nú og sérstaklega að hún skuli taka undir þá breytingu á yfirstjórn fangelsanna sem felst í tillögunni um fangelsismálastofnun. Ég skildi hennar orð einnig þannig að hún styddi þá megintillögu um breytta skipan í innri málefnum fangelsanna sem felst í hinu nýja frv. sem er tillagan um heimild til deildaskiptingar.

Hv. 6. þm. Reykn. vék í sínu máli að nefnd sem skipuð var á sl. hausti til að kanna hvort samfélagsþjónusta án launa geti komið til greina sem refsiúrræði hér á landi eða við íslenskar aðstæður í stað fangavistar. Ég get því miður ekki spáð um það hvenær störfum nefndarinnar ljúki og ekki um það hvort ávöxtur af hennar starfi geti lagst á borð með öðrum gögnum þessa máls hjá allshn. þegar hún fer að fjalla um það. Ég vildi segja það sem praktíska ábendingu að ég teldi heppilegra að kveðja formann nefndarinnar og nefndarmenn til fundar með allshn. þegar allshn. hefur sín störf fremur en bíða eftir nefndarskýrslunni því ég á ekki von á að unnt verði að leggja hana fram á þeim tíma sem ég geri mér vonir um að nefndarmeðferðin taki á þessu mikilvæga máli og lýk ég þar með minni ræðu.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta misskilning sem ég tel að hafi komið fram hjá hæstv. dómsmrh. Ég ræddi um fíkniefnaneyslu og áfengisneyslu um leið og minntist á að mér hafi verið sagt og áætlað væri að 80–90% af þeim sem væru í fangelsum væru þar vegna þeirra vandamála sem tengdust vímu- og áfengisneyslu, þ.e. utan fangelsanna. Óminnishegrinn, sem oft gerir vart við sig þegar menn eru í þessu ástandi, gerir það að verkum að oft vita menn ekki hvað þeir gjöra. Það er fullyrt í mín eyru að einhverjir gisti fangelsin sem einmitt hafi framið sín afbrot í þvílíku ástandi og sýnir það hversu skelfileg aðstaða þeirra einstaklinga er.

Ég þakka þau svör sem komu fram hjá hæstv. dómsmrh. og ítreka að ég tel afar mikils virði að gert sé betur í málefnum geðsjúkra fanga og þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavandamál að stríða og tel ég reyndar nauðsynlegt að skipuleg meðferðarþjónusta fari fram, ráðuneytið hafi frumkvæði í þessum efnum þannig að mönnum verði hjálpað til að komast frá því ástandi sem neyslu vímuefna fylgir.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör við fsp. mínum áðan, en það eru nokkur atriði sem ég vildi undir lok þessarar umræðu minnast á.

Hann sagði að ég hefði sagt áðan að ekkert hafi verið gert í þessum málum og það er rétt. Þá átti ég ekki við hvað verður gert og raunar vissi ég að það stæði til að setja á stofn kvennafangelsi í Kópavogi, hafði fengið upplýsingar frá hæstv. dómsmrh. um það áður.

En ég verð í framhaldi af þessu að segja að frá því að öryggisálman á Litla-Hrauni var reist, og það var í kjölfar, eins og ég minntist á áðan, svokallaðs Guðmundar- og Geirfinnsmáls, hefur lítið eða ekkert verið gert í að bæta fangelsin nema það að reist var á síðasta ári, að mig minnir, aðstaða fyrir forstjóra fangelsisins á Litla-Hrauni, skrifstofa. Er það ekki rétt? Það er alla vega ekki hægt að merkja að nokkuð hafi verið gert í þessu. En ég fagna því að sjálfsögðu og veit að hugur hæstv. dómsmrh. er góður í þessum málum og hann hefur sýnt það á þingi að hann ætlar að vinna að þessum málum á næstu árum. Það er meira en sagt verður um forvera hans í starfi.

Ég er ekki meðmæltur því að byggt verði stórt fangelsi. Ég held einmitt að litlu fangelsin séu líklegri til að ná árangri. Það hefur sýnt sig um fangelsið á Kvíabryggju að þeir sem þar gista hafa skilað sér miklu betur út í þjóðfélagið en þeir sem koma af Litla-Hrauni. Kannski er hluti af skýringunni sá að það eru valdir þangað menn sem ekki eru hættulegir umhverfi sínu og sem ekki hafa drýgt mjög alvarleg brot. Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki að mælast til þess að það verði byggt stórt fangelsi og þaðan af síður að byggt verði það fangelsi sem sagt er fyrir um í gömlu lögunum um ríkisfangelsi.

En ein af mínum spurningum var varðandi heildarstefnu í afbrotamálum, „kriminalpolitik“ á dönsku. Ég veit ekki hvernig á að þýða það á íslensku. Ég minntist á að þetta ætti að vera frá því að rannsókn byrjar og þangað til maðurinn megi teljast nýtur þjóðfélagsþegn og allt þar á milli og ekki síður það sem gerist eftir að afplánun lýkur. Oft og tíðum er það einmitt stærsti þátturinn í því að maðurinn lendi ekki út á sömu braut aftur. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér mun vera 60% endurkoma í fangelsi. Ég held að það nái til allra fangelsa. Það er mjög stórt hlutfall og segir manni að ef á að gera eitthvað í þessum málum megi byrja á að athuga þá fanga sem nú eru þar. Ef það eru 60% líkur á að fangi sem fer út lendi í afbrotum

aftur og það eru innan við 500 sem gista þar mætti taka þá til betri meðferðar en hingað til.

Sú spurning um eyðni sem ég setti fram var að gefnu tilefni þegar hæstv. dómsmrh. minntist á að það þyrfti að vera heimild í lögunum til blóðtöku og slíks. Þessi kvittur hefur komist á kreik og hef ég ekki neinar beinar upplýsingar um það, en það var fullyrt í mín eyru að svo væri. Það kom í ljós, að vísu eftir að afplánun hafði lokið, að einhver fanginn hefði verið haldinn þessum sjúkdómi. En ég get ekki fullyrt neitt um það.

En ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég held að frv. sé til mikilla bóta og í flestum atriðum er ég sammála því og vona að þetta mál verði tekið sem fyrst fyrir í allshn., þar sem ég á sæti, og lýsi því yfir að ég mun stuðla að því að frv. verði samþykkt hafi ég eitthvað um það að segja.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð vegna þessara síðari ræðna hv. 9. þm. Reykn. og 11. þm. Reykv.

Það má vera, hæstv. forseti, að í orðaskiptum okkar áðan hafi gætt nokkurrar ónákvæmni, en ég get fullvissað hv. 9. þm. Reykn. um að milli mín og hans er enginn skoðanamunur um kjarna málsins, nefnilega þörfina á því að taka fíkniefna- og vímuefnavandann í fangelsunum og utan þeirra föstum tökum og hitt að huga vel að því hvernig okkar vonandi mannúðlega þjóðfélag býr að því ólánssama fólki sem hv. 9. þm. Reykn. gerði að umtalsefni áðan, nefnilega geðsjúkum mönnum sem þurfa að sæta öryggisgæslu og þeim sem geðveikir verða í fangavist. Þar er enginn munur á mínum skoðunum og þeim sem hv. 9. þm. Reykn. lýsti svo vel í sinni fyrri ræðu.

Hv. 11. þm. Reykv. ítrekaði skoðanir sínar um hvernig standa ætti að uppbyggingu fangelsanna og ég fagna því að hann skuli ítreka þá skoðun að það sé hyggilegra að byggja á frekar smáum einingum og fámennum fangelsisstöðum en stórum. Ég er honum algerlega sammála um þetta.

Hann ræddi líka afbrotamálastefnuna ef nota mætti það orð á íslensku yfir það sem hann gerði að umtalsefni. Það er vissulega rétt að með bættri félagslegri þjónustu og ráðgjöf við þá sem í fangelsum lenda, ekki síst þegar athugað er hversu há endurkomutíðnin er í fangelsin, megi bæta ástandið almennt talað, en það er náttúrlega veigamikill þáttur í stefnu samfélagsins gegn afbrotum að reyna að koma í veg fyrir þau, að girða fyrir þau verk sem valda fangelsun manna. Það er mikilvægur hlekkur í þessari keðju sem hv. 11. þm. Reykv. nefndi ekki, þ.e. varnir gegn afbrotum, en ég veit að það er ekki af því að hann vilji vanrækja hann. Þetta er uppeldismál og ég held að það sé rétt skoðun að það uppeldi geti byrjað í fangelsunum og það sé ekki vonlaust verk þótt erfitt sé.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. þessu sem er fylgifrv. með frv. til l. um fangelsi og fangavist og deildin hefur nýlokið við að ræða í 1. umr.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er frv. beinlínis flutt í tilefni af þeirri fyrirhuguðu breytingu að gert er ráð fyrir að fangelsismálastofnun annist fullnustu refsidóma. Það er því eðlilegt að dómarnir berist beint til þeirrar stofnunar í stað dómsmrn. eins og nú er gert ráð fyrir í 179. og 189. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Frv. sem hér kemur til umræðu er einnig fylgifrv. frv. til l. um fangelsi og fangavist. Ég þarf auðvitað ekki að hafa mörg orð um það eins og málið liggur fyrir, en það kemur fram í grg. frv. að þá er efnisatriði þess samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973 svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 26/1983. Það þykir eðlilegra að þessi efnisatriði séu í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga en í lögunum um fangelsi og fangavist og því flyt ég þetta frv. og tek ég fram að það er gert í fullkomnu samráði við hæstv. félmrh.

Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. (**Forseti:** Ekki félmn.?)

Herra forseti. Ég legg það algerlega í hendur forseta til hvorrar nefndarinnar hann kýs að vísa þessu þingmáli. Ég bendi þó á að með samkomulagi við hæstv. félmrh. flyt ég þetta tæknilega frv. þótt á félagsmálasviði sé og fyndist á margan hátt eðlilegt

og heppilegt að það fengi líka að eiga samleið með hinum frv. tveimur í allshn. En þetta er að sjálfsögðu málefni forsetans að skera úr og hlíti ég hans úrskurði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

55. fundur, miðvikudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. AðB o.fl., 201. mál (örorkulífeyrisþegar á stofnunum). — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Aðför, 2. umr.

Frv. JM, 34. mál (aðfararstaður). — Þskj. 34, n. 522.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um aðför nr. 19 4. nóv. 1887. Nál. er á þskj. 522. Frv. þessa efnis og raunar samhljóða var flutt á síðasta þingi af sama flm., hv. varaþm. Jóni Magnússyni. Frv. varð þá ekki útrætt en tekið til athugunar í allshn. og sent til umsagnar nokkurra aðila. Allshn. hefur nú farið yfir þessar umsagnir og á grundvelli þeirra og umræðu í nefndinni mótað sínar skoðanir um afgreiðslu málsins.

Þessar umsagnir voru frá stjórn Neytendasamtakanna, stjórn Sýslumannafélagsins, laganefnd Lögmannafélags Íslands, stjórn Dómarafélags Íslands og réttarfarsnefnd. Frá þessum aðilum komu ýmsar athugasemdir. Stjórn Dómarafélagsins taldi æskilegra að heildarendurskoðun færi fram á lögunum þótt ákvæði frv. kynnu að vera til bóta. Laganefnd Lögmannafélagsins taldi sig fylgjandi tilgangi frv., en lagði til að farið yrði að tillögu réttarfarsnefndar um breytingar á því, enda yrði tilganginum fyllilega náð þannig. Stjórn Dómarafélagsins lagðist gegn frv.

Réttarfarsnefnd sendi ræki lega umsögn. Þar kom m.a. fram að nefndin taldi ákjósanlega þá breytingu á 33. gr. aðfararlaga að heimila fógeta að boða dómfellda til framkvæmdar aðfarargerðar á starfsstöð sinni. Á frv. væru hins vegar annmarkar sem réttarfarsnefnd teldi nauðsynlegt að bæta úr. Í framhaldi af rökstuðningi fyrir skoðun réttarfarsnefndar gerði hún tillögu um að frv. yrði fært í það horf sem samræmdist þessum skoðunum.

Allshn. gerir þessar tillögur réttarfarsnefndar að sínum og flytur því nýtt frv. þessa efnis á sérstöku þingskjali, 523. Ef farið verður að þeirri tillögu allshn. og það frv. samþykkt mundi af því leiða að frv. á þskj. 34 kæmi ekki til frekari afgreiðslu í þinginu.

Undir þetta álit rita allir nefndarmenn, en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Á dagskrá þessa fundar, 3. liður dagskrárinnar, er frv. um aðför, þskj. 523 og 231. mál. Nd. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann hafi nokkuð við það að athuga að ég mundi þá gera grein fyrir því frv. í beinu framhaldi af þessu áliti nefndarinnar. (**Forseti:** Ég hef ekki neitt að athuga við þá málsmeðferð og er þá heimilt að gera grein fyrir því frv.) Já takk.

Frv. allshn. felur í sér nokkrar fleiri breytingar en frv. á þskj. 34, auk þess sem 33. gr. laganna, en um það fjallaði frv. hv. varaþm. Jóns Magnússonar, er á annan hátt orðuð en í því frv.

1. gr. frv. nefndarinnar felur í sér breytingu á 25. gr. laganna, 1. málsgr. Þar er bætt inn öðrum málsl. 1. málsgr. til samræmis við breytingar sem gerð er tillaga um á 33. gr. laganna. Þeirri grein er svo breytt frá frv. og lögunum. Í frv. á þskj. 34 var ráðgert að fógeti geti af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni dómhafa ákveðið að boða dómþola á starfsstöð sína fremur en að byrja aðfarargerð á heimili gerðarþolans. Þessa valkvæðni verður að telja óæskilega. Því gerir frv. allshn. ekki ráð fyrir slíku heldur að ósk dómhafa nægi.

Þá skuli kveðja dómfellda til gerðarinnar með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða öðrum sannanlegum hætti með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Með þessu ákvæði er fallið frá þeirri reglu að stefnuvottar annist birtingu kvaðningar fyrir dómþola um að mæta á starfsstöð fógeta vegna beiðni um aðfarargerð. Að áliti réttarfarsnefndar er slíkur háttur óþarfur, þ.e. að boðun fari fram með stefnuvottum.

Í nýrri löggjöf hér á landi á sviði réttarfars hefur dregið mjög úr fyrirmælum um birtingu tilkynninga og kvaðninga með stefnuvottum og er sú þróun í samræmi við breytingar á réttarfarslögum í öðrum ríkjum Norðurlanda og víðar þar sem notkun stefnuvotta hefur að verulegu eða öllu leyti verið aflögð. Sending tilkynninga með símskeytum eða ábyrgðarpósti hefur því verið metin nægjanleg í stað birtingar stefnuvotta og er áreiðanlega ákjósanlegri tilhögun fyrir margra hluta sakir.

Í 2. málsgr. 1. gr. frv. á þskj. 34 er gert ráð fyrir að dómhafi geti gert kröfu um aðför í þinglýstum og skráðum eignum dómþola mæti hann ekki við

gerðina. Rétt sýnist að nema á brott þetta skilyrði um að eignarhald gerðarþola sé skráð með einhverjum tilteknum hætti. Gerðarbeiðandi ber ávallt fulla fébótaábyrgð á aðfarargerð og stæði því bótaskyldur gagnvart þriðja manni ef hann vísaði á eign hans til fjárnáms í misgripum. Ábending gerðarbeiðanda á eign gerðarþola hlyti eðli málsins samkvæmt aðeins að beinast að eignarréttindum sem gerðarbeiðandi telur fullvíst að heyri til gerðarþola, enda hefði gerðarbeiðandi enga hagsbót af því að benda á eign til aðfarar að öðrum kosti.

Regla 3. málsgr. 1. gr. frv. á þskj. 34 um upphafsstað aðfarargerðar sýnist óþörf breyting frá gildandi lögum. Heimildir eru til að hefja aðfarargerð á heimili gerðarþola, starfsstöð hans eða á þeim stað sem hann er að finna ef fógeta þykja ástæður til.

Í 2. málsgr. 34. gr. aðfararlaga er að finna reglu sem kveður svo á að það standi ekki í vegi aðfarar þótt dómþoli hittist ekki fyrr en við aðfarargerð. Er þar mælt fyrir um með hverjum hætti fógeti geti tilnefnt aðra menn til að taka málstað dómþolans við gerðina og er ákvæðið sýnilega miðað við aðstæður þegar aðfarargerð fer fram á heimili gerðarþolans. Þessari reglu þarf því að breyta til samræmis við annað sem lagt er til í frv.

Skv. 4. gr. frv. allshn. er svo 2. málsgr. 45. gr. laganna breytt og hún umorðuð til samræmis við það sem áður er sagt um sendingu tilkynninga, þ.e. með ábyrgðarbréfi.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir frv. því sem nefndin flytur á þskj. 523. Frv. er byggt á tillögum réttarfarsnefndar eins og áður sagði og fram kemur í nál.

Þótt hér sé um nýtt frv. að ræða frá því sem nefndin fékk til athugunar er þó tilgangi flm. þess frv. náð, þ.e. að aðför megi hefja á starfsstöð fógeta og að dregið sé úr kostnaði og tímasóun við aðfarargerðir.

Við 1. umr. þess máls lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir að hann væri því fylgjandi að frv. í samræmi við álit réttarfarsnefndar yrði samþykkt. Frv. sem ég hef hér greint frá og allshn. flytur er í samræmi við það. Þar sem allshn. flytur þetta frv. og hefur að sjálfsögðu þegar rætt það til hlítar legg ég ekki til að frv. verði vísað til nefndarinnar heldur aðeins til 2. umr. að þessari lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 211. mál (útsvarsprósenta). — Þskj. 406.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 406 um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 38/1987. Flm. auk mín eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frvgr. eru einungis tvær og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af tekjum manna með allt að 2 500 000 kr. á ári og allt að 9% af tekjum manna með yfir 2 500 000 kr. á ári.

2. gr.: Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988."

Þetta frv. var lagt fram í desember á síðasta ári í tengslum við afgreiðslu tekjuskattslaganna, en ekki gafst tími til að mæla fyrir því þá. 2. gr. þarfnast að sjálfsögðu breytinga með tilliti til rásar tímans, en ég sá ekki ástæðu til að leggja fram formlega brtt. Þörfin liggur í augum uppi.

Í grg. með frv. á þskj. 406 er í örstuttu máli skýrður tilgangur þessa frv. og vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa grg.:

„Samkvæmt núgildandi lögum er innheimt útsvar ákveðinn hundraðshluti af tekjum og gildir þá einu hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Sama er um tekjuskattinn; núgildandi lög kveða á um eina og sömu skattprósentu á háar tekjur sem lágar.

Kvennalistinn telur eðlilegt að beita skattalögum til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og leggur því til að skattþrepin verði tvö bæði við álagningu útsvars og tekjuskatts. Á þskj. 405 er gerð brtt. við 179. mál Nd., frv. um breytingu á tekjuskattslögunum. Tillagan felur það í sér að greiddur verði 33% skattur af hæstu tekjum, þ.e. af tekjuskattsstofni yfir 2 500 000 kr. á ári. Frv., sem hér er fram borið, gerir svo ráð fyrir að útsvar af hæstu tekjum geti orðið allt að 9%. Samtals gæti því álagning á hæstu tekjur orðið 42%, en samanlagður tekjuskattur og útsvar á tekjur þar fyrir neðan getur numið allt að 36% skv. ákvæðum núgildandi laga."

Lengri er grg. ekki og segir að mestu það sem segja þarf. Þessi síðustu orð kunna þó e.t.v. að misskiljast því að samkvæmt ákvæðum núgildandi laga getur samanlagður tekjustofn og útvar numið allt að 36% á allar tekjur, en ef frv. yrði samþykkt eins og það er fram borið svo og gerðar þær breytingar á tekjuskattlögunum sem við lögðum til, þ.e. að 33% álagning yrði á tekjur yfir 2,5 millj. á ári, væri útkoman sú sem segir í niðurlagsorðum grg. Þarna var sem sagt e.t.v. ekki nægilega skýrt að orði kveðið, enda vinnubrögðin ekki með fágaðasta móti þær vikur sem þessi mál voru til umfjöllunar hér fyrir hátíðar.

Vafalaust er óþarfi að minna hv. þm. á að þetta ár, hið fyrsta í staðgreiðslu, er innheimt útsvar, í sameiginlegri innheimtu tekjuskatts og útsvars, 6,7% samkvæmt boði félmrh. í reglugerð. Samtals er því tekjuskattur og útsvar í ár reiknað 35,2% en gæti orðið lögum samkvæmt allt að 36% ef útsvars-

prósenta væri nýtt til fulls. Þetta er þm. að sjálfsögðu ljóst, en sakar ekki að minna á það.

Í grg. er vísað til brtt. okkar kvennalistakvenna við tekjuskattslögin sem því miður var felld við afgreiðslu málsins í desember sl. Enda þótt svo færi og þó að sú till. og þetta frv. séu í raun og veru samtengd vildum við fá þetta frv. rætt á þingfundi og teljum mjög mikilvægt að fá um það umsagnir sveitarstjórna og launafólks. Það er svo að okkar mati sjálfgefið að í framhaldi af slíkri umfjöllun yrðu tekjuskattslögin endurskoðuð. Við erum að sjálfsögðu enn þeirrar skoðunar að tekjuskattsþrepin eigi að vera a.m.k. tvö.

Það er síðan matsatriði hvar mörkin eiga að liggja og hverjar prósenturnar eiga að vera. Við viljum hafa mörkin nokkuð há og má sjá af þessu frv. að það er okkar meining, þannig að það sé raunverulega verið að tala um hátekjur því við sjáum enga ástæðu til þess að þrengja að fólki með skattlagningu þótt það hafi tekjur fram yfir það sem þarf til nauðþurfta og kannski rúmlega það. Hins vegar má alltaf skoða það og ræða við hvað er rétt að miða. Við setjum mörkin við 2,5 millj. kr. á ári sem gefa þá rúmlega 200 þús. kr. á mánuði og þykir vafalaust mörgu láglaunafólki það mikið. En ég endurtek og undirstrika að við viljum miða við raunverulegar hátekjur.

Margir eru andvígir þrepaskiptingu í skattlagningu og leggja mikla áherslu á gildi einföldunar. Vissulega eru það góð og gild rök. Það er æskilegt að mínu mati að hafa skattalögin sem einföldust og þannig að hver maður eigi auðvelt með að skilja skattalögin og geti sjálfur áttað sig á sínum skyldum og úr hverju hann hefur að spila fyrir sig og sína. En einföldunin má ekki verða á kostnað annarra jafnmikilvægra eða mikilvægari þátta. Einföldun er góð ef réttlætið er við hennar hlið. Skattlagning hæstu tekna er réttlætismál. Það er verið að taka á óréttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og það er verið að tylla svolítið þyngri skjatta á herðar þeirra sem eru með breiðustu bökin.

Slík skattlagning hæstu tekna hefur auk þess aðra kosti. Það er mikið talað um nauðsyn þess að draga úr þenslu, draga úr kaupmætti, draga úr einkaneyslu og til þess eru beinu skattarnir máttugri en þeir óbeinu. Skattlagning hæstu tekna umfram aðrar dregur úr kaupmætti hæstu tekna og verkar þar með á þenslu og einkaneyslu.

Það þarf varla að segja það sem neina frétt að vitaskuld er hér um tekjuöflun að ræða í hina sísvöngu sjóði hins opinbera. Þær tekjur sem hér um ræðir mundu samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar gefa sveitarfélögum u.þ.b. 300 millj. kr. á ári á núvirði og ef gerðar yrðu þær breytingar á tekjuskattslögunum sem við lögðum til gæfu þær ríkissjóði um 300 millj. kr. eða samtals um 600 millj.

Við erum hins vegar ekkert í vandræðum með að finna farveg fyrir þær tekjur því við viljum auðvitað nýta þær í þágu hinna tekjulægstu. Við lögðum það til við umfjöllun og afgreiðslu tekjuskattslaganna að það svigrúm sem till. fælu í sér yrði notað til að hækka skattleysismörk einstaklinga og það er kannski ástæða til að minna á það hér að einmitt slík aðgerð er meðal þess sem rætt er um að unnt væri að gera af hálfu ríkisvaldsins til að greiða fyrir samningum.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um frv. Það hefur svo margt verið sagt um þessi mál og okkar afstaða ætti að vera orðin kunn. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að svo stöddu, en legg til að svo mæltu og að lokinni þessari umræðu að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Aðför, 1. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfaragerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523.

Enginn tók til máls. (Sjá framsögu fyrir nál. um 34. mál fyrr á fundinum.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH, 205. mál. — Þskj. 279.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem ég flyt á þskj. 279. Þetta mál var lagt fram um miðjan desember, en þær miklu annir sem hér hafa staðið yfir síðan við að afgreiða mál ríkisstjórnarinnar hafa valdið því að ekki hefur verið mælt fyrir því fyrr. Það verður þó ekki sagt að það mál sem frv. fjallar um hafi verið í láginni í þjóðmálaumræðunni þessar vikurnar. Þvert á móti hafa ýmsir stjórnmálamenn keppst við að lýsa því kerfi, sem við búum við í peningamálum, sem óhæfu og hafa menn þá fundið sökudólginn í annars garði og keppst við eins og forðum að afneita eigin verkum. Sannleikurinn er sá að allir flokkar og stjórnmálamenn bera þarna meira og minna sameiginlega ábyrgð, en misjafna þó.

Lögin frá 1979, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, voru sett í tíð vinstri stjórnar framsóknar,

Alþfl. og Alþb., en sjálfstæðismenn voru þá í stjórnarandstöðu og greiddu atkvæði gegn ýmsum greinum frv. og sátu hjá við lokaafgreiðslu. Frá því lögin voru sett hafa allir flokkar staðið að ríkisstjórn án þess að hreyfa við þessu kerfi og bera þess vegna sameiginlega ábyrgð. Sá sem hér stendur getur heldur ekki skotið sér undan ábyrgð í þessu efni þótt hann ætti ekki frumkvæði að þessu í upphafi. Ég hef hins vegar eins og fleiri gagnrýnt þetta kerfi og svarað spurningum, m.a. á fundum í kjördæmi mínu, vafalaust eins og títt er í umræðunni hjá stjórnmálamönnum, með því að benda á vondu mennina í Seðlabankanum. En þeir sækja vald sitt til Alþingis og ríkisstjórnar á hverjum tíma og ráðherrar eiga að vera menn til að láta ríkisstofnanir vinna í takt við lífið í landinu. Það er á ábyrgð okkar, sem í þessu húsi störfum, ef við svo að auki látum haldast uppi ómanneskjulega framkvæmd laga.

Ég vildi í vaxtamálum ekki bara gagnrýna heldur gera tilraun til að vekja umræður með því að benda á nýjar leiðir þegar sýnt er í hvert óefni er komið. Með frv. þessu á ekki að ganga gegn sparifjáreigendum heldur að þeir verði tryggðir með gengistengingu langtímainnstæðna. En það er heldur ekki ætlunin með frv. að halda áfram að kollkeyra atvinnufyrirtækin og heimilin í landinu heldur þvert á móti.

Ég hef unnið að gerð frv. frá í haust. Hef ég fengið til liðs við mig hina hæfustu menn og getað byggt á rökstuddu áliti fjölmargra leikra sem lærðra. Þeirra á meðal eru athafnamenn, bankamenn, löglærðir menn og menn sérmenntaðir í hagfræði peningamála.

Frv. varðar breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Síðarnefndu lögin hafa gengið undir nafninu „Ólafslög", kennd við páv. forsrh. Ólaf Jóhannesson. Meginmarkmið þeirra laga var að stöðva rýrnun sparifjár á órólegu verðbólguskeiði, en það hefur varla verið hugsun þeirra sem að lögunum stóðu að leyfa eða jafnvel lögleiða okurvexti í þjóðfélaginu.

Ólafslög nr. 13/1979 fela í sér verðtryggingu fjárskuldbindinga. Hún er í meginatriðum á þá lund að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun sem mæld er með svonefndri lánskjaravísitölu. Grein nr. 33 í lögunum kveður á um að verðtryggingunni skuli komið á í áföngum fyrir árslok 1980. Ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens, sem ég átti þátt í að styðja til valda, framlengdi í byrjun árs 1981 aðlögunartíma laganna til loka þess árs. Jafnframt voru vextir af gengistryggðum afurðalánum lækkaðir úr 8,5% í 4% og almenn vaxtalækkun boðuð frá 1. mars sama ár að telja. Allt gekk skaplega í efnahagsmálum nefnt ár, 1981. Þegar full verðtrygging fjárskuldbindinga hófst hins vegar árið eftir, 1982, vegna þrýstings frá Seðlabankanum samfara almennum vaxtahækkunum fóru efnahagsmálin hins vegar úr böndunum. Atvinnuvegirnir þurftu gengislækkanir og launþegar urðu oft að fórna hluta af verðbótum á kaupgjald sitt. Frá september 1982 til sama tíma 1983 hækkaði lánskjaravísitalan um 96% þannig að skuldir þegnanna nær tvöfölduðust á einu ári.

Ætla hefði mátt að þessi dýrkeypta reynsla af verðtryggingu fjárskuldbindinga hefði nægt landsmönnum til skilnings á hættunni henni samfara. Svo varð þó ekki. Ráðuneyti Steingríms Hermannssonar reyndi að vísu að spyrna fæti við beinum vaxtahækkunum í byrjun ferils síns. Kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi en lánskjaravísitalan ekki. Þetta leiddi til greiðsluerfiðleika hjá íbúðaeigendum og byggjendum, síðan til verkfalla og grunnkaupshækkana.

Í ágúst 1984 voru vextir gefnir frjálsir. Afleiðingin sést best á því að á síðustu tólf mánuðum, desember 1986 til desember 1987, hafa vextir hækkað um liðlega 113%. Gengislækkun blasir við á ný svo og miklar kaupkröfur verkalýðshreyfingar og launþega almennt.

Hér er vert að undirstrika að staða okkar væri væntanlega allt önnur í dag ef ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefði borið gæfu til að afnema lánskjaravísitöluna um leið og kaupgjaldsvísitöluna. Liggur ekki líka fyrir til hvers vaxtafrelsið hefur leitt eða sú hliðarstarfsemi sem fram fer í peningakerfinu auk gráa markaðarins og okursins?

Spámenn vaxtastefnunnar boðuðu þróun til jafnvægis milli framboðs og eftirspurnar með hækkandi frjálsum vöxtum. Síðan þegar jafnvægi væri náð mundu vextir lækka og smám saman aðlaga sig vöxtum í frjálsum viðskiptalöndum okkar. Ég trúði á þetta og studdi því frjálsa vaxtastefnu. Reynslan hefur því miður orðið þveröfug við það sem gert var ráð fyrir. Óheyrilegur fjármagnskostnaður er við það að kollkeyra atvinnulífið og heimilin í landinu. Á gráa markaðnum er haldið fram að vextir séu allt að 100% og á svarta markaðnum allt að 300%. Okurvextirnir virðast því þrífast hvað sem lögin kveða á um. Og halda menn að jafnvægið komi ef við bíðum áfram eða er ástandið í dag jafnvægið sem hávaxtamennirnir voru að bíða eftir?

Við komum einmitt böndunum yfir verðbólguna í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ef þessir þættir peningamálanna hefðu þá fylgt með væri verðbólgan í dag ekki á hraðri uppleið. En það er eins og enginn þori að skera á meinið sem hrint var af stað 1979.

Og enn er okkur stöðugt að verða á. Við höfum verið þessar vikurnar að undanförnu að hjálpa verðbólgupúkanum við það að styðja skattkónginn Jón Baldvin í því að koma áfram matarsköttum og álögum á atvinnuvegina. Nú þurfti þvert á móti til að viðhalda fastgengisstefnunni að halda við í álögum á atvinnuvegina og heimilin með öllum tiltækum ráðum og ná í framhaldi af því hagstæðum kjarasamningum. Eitt af bestu meðulunum í þeirri baráttu er að ráðast á vextina og lánskjaravísitöluna, en eitt af verstu meðulunum voru matarskattarnir.

Finnar og Ísraelsmenn reyndu verðtryggingu peninga á sjötta og sjöunda áratugnum en gáfust upp á

henni eftir 10–12 ár. Aðeins ríki Suður-Ameríku halda enn í þetta kerfi en flest er á heljarþröm vegna skuldaviðja. Á svipaðan veg er að fara fyrir okkur Íslendingum að óbreyttu. Lánskjaravísitalan hefur sprengt gjaldþol þegnanna. Sér í lagi á útflutningsframleiðslan undir högg að sækja því hún þarf að borga þrisvar til fjórum sinnum hærri vexti, 35–40% en viðskiptalönd okkar 8–11.

Reynt er að blekkja landsmenn með því að aðskilja svokallaðan verðbótaþátt með vöxtum og nefna vexti aðeins raunvexti, þ.e. vexti ofar verðbólgumörkum, en hvar þau mörk liggja er álitamál. Vextir eru samkvæmt skilgreiningu sú fjárhæð sem greidd er yfir ákveðið tímabil fyrir afnot peninga. Þar er ekkert undanskilið. Þannig hefur því ákvæði verið laumað inn í seðlabankalög nr. 36 frá 5. maí 1986 að raunvextir skuli vera sem næst slíkum vöxtum í viðskiptalöndum okkar. Það táknar að vextir hérlendis eigi að elta verðbólguna hver svo sem hún verður og raunvextir að bætast þar við, sbr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Það er að sjálfsögðu ekkert hægara fyrir atvinnurekstur inn í landinu að borga hávexti í verðbólgu en í haglægð nema síður sé. Í verðbólgu fara allir útgjaldaliðir hækkandi og kaupþrýstingur er mikill.

Sú forsenda hávaxta sem gefin var af stjórn bankamála, að þeir mundu minnka eftirspurn lána, þar með draga úr peningaframboði og verðbólgu, hefur reynst fölsk eins og áður er sagt. Það hefur reyndar verið vitað fyrir löngu og á það hefur verið bent æ ofan í æ af glöggskyggnum hagfræðingum. Fagna ber því að augu seðlabankastjóra og viðskrh. hafa loks opnast fyrir þessu ef marka má þá yfirlýsingu þeirra í Tímanum 16. des. sl. að hávaxtabremsan sé haldlaus. Hin forsenda hávaxta, að þeir auki heildarsparnað í landinu, er líka röng. Engin sönnun hefur nokkru sinni fengist fyrir slíku.

Með frv. sem hér er til umræðu er leitast við að sníða verstu gallana af peningakerfinu. Lagt er til að gengistrygging sé tekin upp í stað mánaðarlegrar vísitölutengingar og aðeins á langtímaskuldbindingum. Fast gengi er stjórnarstefna svo að meiri stöðugleiki á peningamarkaðnum ætti að sigla í kjölfarið. Ætlast er til að einungis opinberar gengisbreytingar verði teknar til greina, ekki smávegis gengissig eða aðrar slíkar leiðréttingar. Gengistenging fjárskuldbindinga dregur mjög úr viljanum til að lækka gengið. Veltuinnlán er ekki sparnaður heldur fé sem býður viðskipta- og gróðatækifæris í innlánsstofnunum. Sama gildir um almennar óbundnar bækur, jafnvel einnig þriggja mánaða eða sex mánaða bækur sem jafnan fást innleystar með nokkrum vaxtafrádrætti. Vinnulaun leggjast inn á þessar bækur og gjarnan bankalán til bráðabirgða. Aðeins langtímainnistæður til árs eða lengur eru raunverulegur sparnaður fólks sem leggur hluta tekna sinna inn á slíka reikninga til ávöxtunar.

Bundin spariinnlán jukust milli áranna október 1986 til október 1987 aðeins um 26% sem er minni upphæð en vextirnir sem bætast við innstæður.

Vaxtabreytingar hafa valdið tilfærslu peningaupphæða milli reikninga en heildarsparnaður í landinu sem prósenta af þjóðartekjum hefur verið fallandi í áratug. Stundaraukning spariinnlána verður skýrð með sveiflum í þjóðartekjum og með lánaþenslu. Gífurlegur kostnaður fyrir innlánsstofnanir er samfara ávísanareikningum og ber eigendum þeirra að bera kostnaðinn en ekki lántakendum. Í þessu sambandi má benda á þá staðreynd að bankakostnaður er fjórum til sex sinnum meiri hér en erlendis.

Sú hefur verið venjan, þegar maður kemur í banka, sparisjóði eða aðra lánastofnun og biður um peningalán, að spurt er um árstekjur og greiðslugetu. Eftir tilkomu lánskjaravístölu er þessi öryggisráðstöfun, sem er grundvöllur skilvísi, tilgangslaus. Lántakandinn veit ekki að hverju hann gengur. Það fer eftir duttlungum vísitölunnar á ókomnum árum. Sama gildir um þann sem gefur út verðbréf eða aðra pappíra. Hann hefur enga hugmynd um hvaða fjárhæð hann kann endanlega að vera krafinn um. Ef verðbréf er á föstum vöxtum og selt gegn afföllum veit útgefandinn að hverju hann gengur.

Margar fjölskyldur hafa misst heimili sín að undanförnu og mörg fyrirtæki, m.a.s. mörg stórfyrirtæki, hafa lagt upp laupana eða orðið gjaldþrota vegna lánskjaravísitölunnar. Sérstök hætta stafar af henni fyrir landsbyggðina þar sem fasteignaverð fylgir henni hvergi nærri. Sveitir og héruð kunna að eyðast og fólkið flosnar upp þegar skuldirnar hlaðast upp samkvæmt vísitölunni meðan markaðsverð eignanna stendur í stað eða jafnvel fellur. Ekki er eftir neinu að bíða ef koma á í veg fyrir óðaverðbólgu að nýju og fjárhagshrun eins og Suður-Ameríkuríki hafa orðið að þola, en þangað var fyrirmyndin sótt. Lánskjaravísitalan mælir verðlagsþróun ekki rétt og allt tal um raunvexti og samanburð á þeim við önnur lönd sem nota aðra viðmiðun er meira eða minna út í hött. Lánskjaravísitöluna verður að afnema án tafar en samræma vaxtastefnu okkar þeirri sem gildir í viðskiptalöndum okkar. Því aðeins að vextir séu hóflegir og stöðugir er nokkur von til þess að við vinnum bug á verðbólgunni til frambúðar.

Með leyfi forseta vil ég þessu næst lesa nokkrar tilvitnanir um áhrif hávaxta. Víglundur Þorsteinsson segir í Morgunblaðinu 20. mars 1986: „Hlutafélag þarf að greiða 20% raunvexti í arð til þess að standast samkeppni um fjármagn við banka sem býður 8% raunvexti.“ Og Davíð Scheving Thorsteinsson segir í sama blaði 23. mars 1986: „Ég lýsi mig hér með reiðubúinn til að lækka allar vörur fyrirtækisins um umtalsverðar fjárhæðir ef raunvextir verða lækkaðir á Íslandi og er þess jafnframt fullviss að allir aðrir iðnrekendur mundu gera slíkt hið sama.“

Afnám lánskjaravísitölu virðist eiga formælendur á ótrúlegustu stöðum. Þannig segir í forustugrein Morgunblaðsins 6. sept. 1985: „Annars vegar eru beinir vextir en hins vegar verðtrygging og vextir.“

— Enn fremur: „Hvaða tilgangi þjónar úr því sem komið er að halda í lánskjaravísitöluna þegar vaxtaákvörðun er ekki lengur miðstýrt? Þess vegna hlýtur það að vera íhugunarefni að afnema þetta tvöfalda kerfi. Það mundi einfalda mjög alla starfsemi lánastofnana. Það mundi einnig stuðla að friðsamlegri umræðu um vandamál húsbyggjenda.“ Svo mörg voru þau orð.

Þröstur Ólafsson segir í viðtali við Dagblaðið 8. nóv. 1985: „Mín tillaga er sú að leggja niður lánskjaravísitöluna og taka upp fasta vexti.“

Herra forseti. Að þessu mæltu vil ég lesa greinar frv., sem eru átta, og athugasemdir við hverja grein.

„1. gr.: Seðlabanki Íslands getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að nafnvextir á útlánum verði eigi hærri en þeir eru í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.“

Athugasemdir við 1. gr.: „Hún felur í sér breytingu á annarri mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Skv. 9. gr. þeirra laga ber bankanum að tryggja að raunvextir af útlánum innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum okkar. Það táknar að vextir af útlánum innlánsstofnana skuli elta verðbólguna, hver svo sem hún verður, og að raunvextir, eins og þeir kunna að vera í viðskiptalöndum okkar, komi þar til viðbótar.

Einmitt þessi skrúfuhækkun vaxta hefur verið helsti verðbólguvaldurinn hérlendis upp á síðkastið. Þess vegna er í 1. gr. kveðið á um að nafnvextir komi í stað orðsins raunvextir. Nafnvextir verða að vera svipaðir og í viðskiptalöndum okkar til að jafna samkeppnisstöðu hérlendra atvinnuvega við þá erlendu.“

„2. gr.: Við gildistöku laga þessara lækka nafnvextir á óverðtryggðum útlánum í áföngum þannig að þeir verði innan tólf mánaða frá gildistöku laganna sambærilegir við hliðstæða vexti í samkeppnislöndum okkar.“

Um 2. gr.: „Vextir af útlánum, sem ekki eru í viðjum verðtryggingar, séu lækkaðir þegar frá gildistöku laganna. Þetta er orðið aðkallandi eins og segir í greinargerð hér að framan. Hins vegar er óæskilegt að framkvæma snöggar vaxtabreytingar og því er lagt til að þær komi í áföngum.“

„3. gr.: Skammtímalán og lán að meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxlar, sem um er samið eftir gildistöku laganna, skulu fylgja sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr.

Fasteignatryggð langtímalán, þar með talin lán til íbúðarhúsabygginga, fylgi einnig sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr., þó með þeim fyrirvara að vextir af þeim mega að loknu vaxtaaðlögunartímabili vera allt að þremur prósentustigum hærri en vextir af skammtímalánum og lánum að meðallengd.“

Um 3. gr.: „Frá sama tíma sé að því stefnt að lágvextir gildi um öll skammtímalán og lán af meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxla. Vextir af þessum lánum hafa beinust áhrif á framleiðslukostnað í landinu og á samkeppnisstöðu atvinnuveganna út á við, svo og á verð vöru og þjónustu almennt. Skammtímalán eru lán til skemmri tíma en þriggja ára, en lán af meðallengd lán frá þremur og allt að tíu árum.

Varðandi langtímaíbúða- og fasteignalán, þ.e. lán til tíu ára eða lengur, er settur sá fyrirvari að þau megi vera á vöxtum allt að þremur prósentustigum hærri en almennir útlánsvextir. Þetta er í samræmi við hefðir sem gilda í vestrænum ríkjum. Miðað við aðstæður ytra núna væru vextir af þessum langtímalánum mest 15% á ári. Ætti að vera vel mögulegt að halda verðbólgu langt fyrir neðan þau mörk þegar vísitölufarganinu er aflétt.“

„4. gr.: Af spariinnlánum eftir gildistöku laganna greiðast til jafnaðar vextir einu prósentustigi neðar almennum útlánsvöxtum. Af tékkareikningum greiðast engir vextir.

Jafnframt skal heimilt vera frá gildistöku laganna að gengistryggja spariinnlán sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur. Sama gildir um spariskírteini ríkissjóðs, enda séu þau ekki til skemmri tíma en eins árs.“

Um 4. gr.: „Gengistrygging hæfir lengri tíma spariinnlánum. Hún sér fyrir því að króna sparifjáreigandans haldi verðgildi sínu þó að gengið sé lækkað af stjórn peningamála. Slík gengistrygging er óþörf á skammtímainnlán, sem bíða aðeins gróðatækifæris í bönkum eða sparisjóðum, enda er fjárvarsla innlánsstofnana mjög kostnaðarsöm, einkum varðandi ávísanareikninga. Kostnaður slíkra stofnana af hlaupareikningum er t.d. talinn nema 10% af meðalinnstæðu á þeim reikningum. Ekki tíðkast í vestrænum ríkjum að greiða innlánsvexti af veltiinnlánum. Það hjálpar bönkunum við að greiða hærri vexti af lengri tíma spariinnlánum.

Spariskírteini ríkissjóðs skulu vera gengistryggð, enda sé gildistími þeirra ekki skemmri en eitt ár. Þau geta gegnt miklu hlutverki við stjórn peningaframboðs og mega því hafa sérstöðu.

Önnur verðbréf og skuldabréf séu hins vegar ekki gengistryggð. Markaðsverð þeirra ákvarðast eftirleiðis af afföllum í stað verðtryggingar. Útgefandi veit þá frá byrjun að hverju hann gengur, en með verðtryggingu samkvæmt vísitölu er hann í stöðugri óvissu.“

„5. gr.: Seðlabanki Íslands ákveður í samráði við ríkisstjórn við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða gengistryggingu skv. 4. gr. og sé hún nánar skilgreind í reglugerð.

Kostnað af gengistryggingu spariinnlána skal greiða að hluta til með gengishagnaði en að öðru leyti af viðkomandi innlánsstofnunum, með aðstoð ríkissjóðs ef þörf krefur. Ríkissjóður beri kostnað af gengistryggingu spariskírteinanna.“

Um 5. gr.: „Gengistrygging spariinnlána, sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur, skal nánar skilgreind í reglugerð svo sem segir í frumvarpinu.

Þannig skal t.d. ákveða við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða."

„6. gr.: Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum. Þar með falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Enn fremur ákvæði annarrar mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum."

„7. gr.: Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Allt frá þingbyrjun hef ég leyft mér hér á hinu háa Alþingi að vekja athygli á því sem ég hef kallað mjög alvarlega þróun vaxtamála hér á landi. Um vextina hefur orðið nokkur umræða hér á þingi og ég tel þá umræðu sem nú er að hefjast um frv. hv. þm. Eggerts Haukdals af hinu góða, hefði hins vegar talið mjög æskilegt að einhverjir af ráðherrum hæstv. ríkisstjórnar hefðu verið viðstaddir þessa umræðu vegna þess að í henni munu væntanlega koma fram skilaboð til ráðherranna um álit þm. á þeirri vaxtaþróun sem hefur verið að eiga sér stað.

Ég vil taka það fram þegar í upphafi að innan þingflokks Alþfl. hefur orðið talsverð umræða um þessi vaxtamál og því er ekkert að leyna að innan þingflokksins hafa verið skiptar skoðanir um vaxtamálin. (**Forseti:** Ég vil benda á það vegna ummæla ræðumanns um fjarveru ráðherra að hæstv. viðskrh. er að mæla fyrir málum í Ed. og hefur verið þar síðan fundur hófst, en mun væntanlega koma til þessarar umræðu þegar hann hefur lokið því. Honum mun verða gert aðvart þegar hann hefur lokið sínum erindum í Ed.)

Herra forseti. Mér er í lófa lagið að koma því á framfæri við hæstv. viðskrh. sem ég segi hér, enda hefur hann heyrt rök mín flest sem snúast um það að ég hef hina mestu andúð á þeirri vaxtaþróun og þeirri hávaxtastefnu sem fylgt hefur verið hér á landi.

Ég hef m.a. bent á það að í öllum umræðum hagfræðinga og viðskiptafræðinga og manna sem fróðir eru um peningamálaþróunina bólar sáralítið á því að menn ræði hver áhrif háir vextir hafa á verðbólgu. Menn hafa snúið sér út úr þessari umræðu á ýmsan hátt, talað um vexti sem tæki til að stjórna fjármagnseftirspurn. Þó hefur komið í ljós að þrátt fyrir geysiháa vexti og vexti sem eru miklu hærri en viðgengst í okkar helstu viðskiptalöndum hefur eftirspurn eftir fjármagni á Íslandi sáralítið eða ekkert minnkað. Eftirspurnin er mjög svipuð og hún var þegar vextir voru helmingur af því sem þeir eru núna.

Ég vil í þessu sambandi benda á að þeir háu vextir sem við búum við eru tvímælalaus verðbólguhvati og fyrir því eru afskaplega einfaldar ástæður. Við skulum líta á þá þenslu sem hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu á síðustu mánuðum og missirum, m.a. í smíði verslanahúsa og húsnæðis fyrir hvers konar viðskipta- og þjónustufyrirtæki. Þeir sem hafa tök á því að setja fjármagnskostnað og þar með vaxtakostnað út í verðlagið gera það. Þeir sem fara út í fjárfestingar umfram raunverulega getu, sem hefur gerst æðioft og mörg dæmi eru um, setja aukna greiðslubyrði út í verðlag. Við getum litið á þær stóru verslanahallir sem hafa risið á Reykjavíkursvæðinu að undanförnu og spurt: Hve stóran hluta af framkvæmdafé hafa eigendur tekið að láni, hver er vaxtabyrðin, hver er greiðslubyrðin yfir höfuð og hvert ætla þessir menn að sækja þá fjármuni sem fyrirtækin eiga ekki til að greiða með vexti og afborganir af lánum? Þeir sækja þessa peninga í verðið á vörunni sem þeir selja, í verðið á þjónustunni sem þeir selja.

Þetta finnst mér að mörgu leyti alvarlegasti þátturinn í þessari vaxtaþróun fyrir utan þau áhrif sem nú eru að koma í ljós hjá fyrirtækjum víða úti á landsbyggðinni. Ég spái því að innan fárra mánaða, ef haldið verður óbreyttri stefnu, eigum við eftir að horfa upp á mjög alvarlega hluti gerast víða á landsbyggðinni. Ég get nefnt sem dæmi þróun á Húsavík sem hefur komið mönnum býsna mikið á óvart. Þar eru fyrirtæki að leggja upp laupana: húseiningafyrirtæki sem sagði upp öllu sínu starfsfólki í síðustu viku, annað byggingarfyrirtæki sem horfir fram á stöðvun, erfiðleika kaupfélagsins á staðnum, m.a. vegna mikils vaxtakostnaðar og mikils kostnaðar á afborgunum af lánum sem félagið hefur tekið.

Þessu til viðbótar bætist vandi Fiskiðjusamlagsins á staðnum sem selt hefur allar sínar afurðir á dollaraverði og á núna í umtalsverðum erfiðleikum.

Ég segi það sem mína skoðun að menn vita raunverulega ekki hvað er fram undan í þessum efnum. Ég hygg að þessi staða sé uppi í miklu fleiri byggðarlögum en í því kjördæmi sem ég reyni að þjóna. Ég held að þetta eigi sér stað hringinn í kringum landið.

Ég vil í þessu máli taka fyrir nokkur atriði. Þegar komið var á verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem var m.a. gert fyrir atbeina Alþfl. og sem er eðlileg ráðstöfun, var ævinlega talað um það sem hét hóflegir raunvextir ofan á verðtryggingu. Þegar menn ræddu hóflega raunvexti voru þeir að tala um vexti á bilinu 2,5 upp í 4%. Nú skulum við velta fyrir okkur: Hvers vegna hefur þessi gífurlega hækkun vaxta orðið? Ástæðan er mjög einföld. Við höfðum farið af stað með markaðskerfi á miklum hraða og kannski án þess að undirbúa okkur nægilega vel, höfðum átt að fara hægar í sakirnar. Í þessu markaðskerfi hefur orðið til þríeinn þurs sem keppt hefur um sparifé landsmanna, um þá fjármuni sem í framboði eru á peningamarkaði hér. Í fyrsta lagi er það ríkissjóður Íslands sem hefur tilhneigingu til þess að afla lánsfjár innan lands og hefur gert það

með því að bjóða tiltölulega háa vexti sem eru núna um 8,5%. Í öðru lagi er það bankakerfið sem keppir um fjármuni fólksins í landinu og býður háa vexti af ýmsu tagi. Í þriðja lagi er það verðbréfamarkaðurinn sem hefur fengið að starfa hér nánast alveg stjórnlaust og hefur ekki verið bundinn af lögum eða reglum af neinu tagi. Hann hefur hvorki þurft að hlíta bindiskyldu, upplýsingaskyldu, skráningarskyldu eða neinu sem verðbréfamarkaður erlendis verður að fara eftir.

Átökin um fjármunina í þjóðfélaginu hafa orðið geysileg. Þessir þrír aðilar hafa boðið upp vextina hver fyrir öðrum og eru allir jafnsekir. Ég hygg að eins og staðan er nú sé þessi peningamarkaður kominn í vítahring, kominn í blindgötu sem ekki er greið leið út úr. Menn hafa jafnvel gengið svo langt að segja að eina leiðin til að lækka vexti með raunhæfum aðgerðum sé sú að heimila erlendum bönkum að hefja starfsemi hér og bjóða fram fjármagn með tiltölulega lágum vöxtum til að neyða niður vaxtastigið hér innan lands. Ég hygg að ef að menn vilja stíga markaðsskrefið til fulls sé þetta í raun og veru ekkert vitlaus leið. Þegar menn fara að fjalla um hvernig unnt sé að lækka vaxtastigið finna menn enga auðsæja og þægilega lausn. Það er staðreynd þessa máls.

Auðvitað hefur Seðlabankinn í lögum heimild til að setja þak á vexti, en hann hefur ekki notað þessa heimild. Hann hefur ekki verið hvattur til að nota hana, en ég hygg að það kunni að vera í athugun um þessar mundir hvort ekki sé orðið tímabært að bregða einhverjum skildi yfir þessar miklu vaxtahækkanir.

Ég bendi á það eins og hv. flm. þessa frv. að hækkun vaxta frá 1. des. 1986, þegar auglýstir meðalvextir Seðlabankans voru 16,4%, og fram til 1. des. á síðasta ári, 1987, er þeir voru orðnir 35%, er tæplega 114%. Ég fæ ekki skilið hvaða tilgangi það þjónar eðli málsins samkvæmt að hafa vaxtastigið svona hátt á meðan við getum með verðtryggðum sparireikningum tryggt almenningi í landinu að sparifé þess rýrni ekki með hóflegum raunvöxtum. Auðvitað er sannleikurinn sá að við ráðum ekki lengur við þróun peningamarkaðarins. Við ráðum ekkert við hana. Stjórnvöld hafa tiltölulega fá tæki til að grípa inn í þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað einfaldlega vegna þess að ríkisvaldið og Alþingi hefur afsalað sér réttinum með því að samþykkja markaðskerfið eins og það „fúngerar" núna, afsalað sér réttinum til að grípa inn í atburðarásina. Og ég hygg að vopnin sem til eru til að berja á þessari vaxtaþróun séu núna tiltölulega fá.

Í öðru lagi um háa vexti langar mig að nefna að dráttarvextir eru núna orðnir 4,3% á mánuði sem gerir 50% vexti á ári. Þessir vextir hvíla jafnt á skattskuldum almennings sem fallnar eru í eindaga og á gjaldföllnum víxlum og verðbréfum sem í bönkum og öðrum stofnunum eru. Fyrir utan þetta viðgangast miklu hærri vextir í þjóðfélaginu eins og á hinum gráa markaði þar sem vextir fara yfir 100%. Ég er ekki að bölsótast yfir háum vöxtum til að gera hlut sparifjáreigenda lakari, alls ekki. Það sem ég er að reyna að benda á er að þörfin fyrir þetta háa vaxtastig er ekki fyrir hendi. Hún er ekki fyrir hendi. Hún hefur orðið þessi vegna þess að peningamarkaðurinn í landinu hefur verið látinn óáreittur í þeirri þróun sem hér hefur orðið á allra síðustu árum.

Það sem gerir þetta dæmi kannski enn lakara og verra er hin mikla hækkun sem orðið hefur á lánskjaravísitölunni og gerir almennum skuldurum enn þá erfiðara um vik að greiða sínar skuldir og að standa í skilum. Einfaldlega vegna þess að laun í landinu eru ekki vísitölubundin, en fjárskuldbindingarnar eru það.

Um þessi mánaðamót hækkaði lánskjaravísitalan um 2,35%, hafði áður hækkað um 5% yfir tveggja mánaða tímabil. Fólk sér á greiðsluseðlum frá bönkum þegar það greiðir af skuldabréfalánum að eftirstöðvarnar lækka ekki, þær fara núna stöðugt hækkandi. Vonleysið, sem grípur um sig, þekkja allir sem hafa orðið að reyna að greiða götu þess fólks sem er komið í öngstræti, fyllist angist vegna þess að það sér engan árangur af því að greiða af skuldunum sínum. Þetta er alveg skelfilegt ástand sem nær engri átt. Þetta bætist ofan á háu vextina og gerir greiðslugetu fólksins að engu. Þetta er líka eignaupptaka. Við töluðum um það á sínum tíma þegar lán voru ekki verðtryggð að við hefðum stolið sparifé gamla fólksins, sú kynslóð sem þá var að reisa sér þak yfir höfuðið, en hvað er að gerast núna? Nú hygg ég að við höfum snúið þessu dæmi við. Við erum að stela peningum frá þeirri kynslóð sem nú er að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið og verður til þess að taka á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar. Þessi eignaupptaka er kannski háskalegust úti á landsbyggðinni þar sem eignir eru í lágu verði en fólk er með tiltölulega há lán og í mörgum tilvikum komið með skuldirnar langt umfram það sem brunabótamat eða fasteignamat segir til um verðmæti húseignarinnar eða íbúðarinnar.

Ég vil líka nefna það sem mér finnst mjög alvarlegt mál og við þurfum að huga mjög vandlega að í þessum efnum. Það er sú gífurlega fjármagnstilfærsla sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu og blasir við augum á hverjum einasta degi hvert sem við lítum. Hverjir hafa hagnast á þessari gífurlegu vaxtasamkeppni þessara þriggja aðila sem ég gat um í upphafi? Það er fólkið sem átti peninga fyrir. Sumpart líka fullorðið fólk sem á sparifjárinnstæður og hefur getað notfært sér verðbréfamarkaðinn og harma ég það ekkert. Hins vegar hef ég miklu meiri áhyggjur af hinum stóru fjármagnseigendum sem spila á þennan markað eins og píanó, hagnast um milljónir á milljónir ofan, hafa umtalsverðar tekjur af þessu sem hinir skuldugu eru ávallt að greiða, ekkert síður fyrirtækin í landinu en einstaklingar.

Ég hef áhyggjur af þessu vegna þess að ég hef lúmskan grun um að hann stækki svo ört sá hópur sem nú á umtalsverða fjármuni að hann í raun gefi

dauðann og djöfulinn í hvernig fer fyrir hinum sem minna eiga. Og ef við erum komin að þeim landamærum í þróunarsögu peningamála á Íslandi að hann sé orðinn stærri sá hópurinn sem á verulega fjármuni og ekki hefur áhyggjur af minni hlutanum, sem illa gengur í baráttunni á þessum fjármagnsmarkaði, erum við komin í mjög alvarlega stöðu.

Ég held líka að áhrif hávaxtastefnunnar hafi slæm áhrif á þrýstinginn á gengismálin. Ástæðan er afskaplega einföld og liggur í augum uppi ef menn hugsa um það. Fyrirtæki í útflutningsiðnaði, sem hafa farið út í fjárfestingar að undanförnu, hafa átt í enn þá meiri erfiðleikum, m.a. vegna gengissigs dollarans, en ella vegna þess að þau hafa orðið að greiða geysilegar fjárhæðir fyrir það fé sem þau hafa fengið að láni. Eitt dæmi: Fyrirtæki hér í Reykjavík í rafeindaiðnaði, sem greiddi 40 millj. á síðasta ári í laun, greiddi yfir 20 millj. kr. í vaxtakostnað, hafði að vísu fjárfest umtalsvert, en þessar gífurlegu vaxtagreiðslur eru að ganga af fyrirtækinu dauðu. Ég hygg að þetta eigi við um mörg fyrirtæki í útflutningsiðnaði, hvort sem það er rafeindaiðnaður, fiskiðnaður eða einhver annar iðnaður.

Ég hef nefnt áhrif háu vaxtanna á verðlagið. Áhrif hárra vaxta til hækkunar á verðlagi, til hækkunar á framfærslukostnaði heimilanna hljóta að verða þess valdandi að verkalýðshreyfingin gerir miklu harðari kröfur um launahækkanir en ella. Mér býður í grun að verðlag hafi hækkað miklu meira en við gerum okkur almennt grein fyrir vegna hinna háu vaxta sem síðan ýtir á eftir kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar um hærri laun til að greiða verðið á þessum vörum. Það er nefnilega á endanum þannig að hvað sem hagfræðingar segja og hverju sem þeir spá, spádómar þeirra hafa nú ekki alltaf verið mjög raunsæir eins og við höfum fengið að reyna af skýrslum Þjóðhagsstofnunar, verður það alltaf budda launamannsins sem segir til um hvernig afkoma heimilanna er.

Ég hef í þessu sambandi talsvert rætt um þátt einkageirans eða einkaframtaksins í þeirri peningamálaþróun sem hefur orðið hér að undanförnu, m.a. vegna tilkomu kaupleigufyrirtækjanna sem hafa hrúgað inn í landið fjármagni sem hefur raunverulega farið fram hjá stjórnvöldum og þau uppgötvuðu sér til mikillar undrunar að skiptir milljörðum króna og fór fram hjá öllu kerfinu, var notað til að auka þensluna í landinu og menn höfðu eða virtust ekki hafa neinar umtalsverðar áhyggjur af því að með þessu voru þeir að auka erlendar skuldir, auka á þensluna, auka á verðbólguna.

Ég tel að þær röksemdafærslur sem fram hafa verið færðar um að við verðum að hafa vexti í samræmi við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar séu löngu dauðar og ómerkar, einfaldlega vegna þess að við erum komnir með vaxtastigið langt umfram það sem þekkist í nokkru viðskiptalandi okkar.

Ég segi það sem klára skoðun mína í þessari umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir að þingið sem heild ber ábyrgð á þessari vaxtaþróun og það verður að taka í taumana ef stjórnvöld ekki gera það sjálf. Ég hef meiri áhyggjur af þessu máli, vaxtamálinu, en langflestum peningalegum stærðum í samfélagi okkar um þessar mundir. Ég held að áhrif háu vaxtanna séu miklu alvarlegri fyrir atvinnurekstur inn í landinu, fyrir einstaklinga, en nokkrar aðrar peningastærðir sem við er að glíma um þessar mundir. Þess vegna ber þinginu að taka á þessu máli og taka þá ábyrgðina á þessu máli ef ríkisstjórnin ekki treystir sér til að reyna að stöðva þessa vaxtaþróun og reyna að lækka vextina því að þetta mun ekki ganga mikið lengur. Ég hygg að atvinnureksturinn muni ekki standa undir þessum vöxtum, ég hygg að hann muni hrynja innan tiltölulega skamms tíma ef ekki verður gripið til aðgerða. Svona hár fjármagnskostnaður hefur t.d. í öðrum löndum, eins og Þýskalandi og Bandaríkjunum, svo ég nefni dæmi, hefur virkað eins og hemill á allt athafnafrelsi einstaklinga og fyrirtækja. Hann hefur valdið stöðnun. Gleggst er dæmið frá Bandaríkjunum, þegar Bandaríkjamenn ætluðu að fara hávaxtaleiðina og gerðu það, þegar um ein milljón húseigenda missti húsnæði sitt á tiltölulega skömmum tíma, fyrirtæki hættu að fjárfesta, fyrirtæki hættu að þróast og færa út kvíarnar. Þetta var hemill og það var dauðaástand í bandarískum atvinnurekstri sem skapaðist. Ég er mjög hræddur um að það líði ekki á löngu, ef ekki verður gripið til aðgerða, að þetta muni verða hér líka.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum öðrum um þetta frv. Ég hygg að Seðlabankinn hafi að hluta til heimild til að gera það sem farið er fram á í 1. gr. frv., en hún hefur ekki verið notuð.

Hv. þm. Eggert Haukdal minntist á hinn gífurlega bankakostnað sem við búum við, þjónustugjöld banka sem sumir segja að séu of lág, bankamenn a.m.k. segja sumir að þau séu ekki nema 30% af því sem bankarnir þyrftu að fá í þjónustugjöld sem núna eru greidd. Ég held að flestum þyki þau samt sem áður mjög há. Það leiðir hugann að því hvernig bankakerfið er upp byggt, fjölda banka, kostnaði við bankareksturinn og þörfinni á því að fækka bönkunum sem ég hygg að allir séu sammála um á hinu háa Alþingi en ekki hefur verið hrint í framkvæmd.

Ég vænti þess að sú umræða sem á eftir að fara hér fram um vaxtamálin renni stoðum undir þær skoðanir mínar og annarra að við séum komin á hættulega braut í þessum vaxtamálum og mér finnst að fleiri og fleiri skynji að vaxtastigið sé orðið allt of hátt og að í raun hafi það gerst hér, sem fáir höfðu nú spáð, að þrátt fyrir þessa háu vexti, sem áttu að stýra eftirspurninni eftir fjármagninu í þjóðfélaginu, hefur engin breyting orðið á eftirspurn eftir fjármagni. Mér segja til dæmis menn sem reka verðbréfamarkaði að aldrei hafi verið eins mikil eftirspurn eftir fjármagni og núna gerist. Og ég spurði einn: Hverjir eru að biðja um fjármagnið? Jú, það eru ýmsir sem eru að fara út í framkvæmdir.

En í mörgum tilvikum eru það líka atvinnurekendur sem eru að fara aðra umferð í slættinum, menn sem komnir eru í greiðsluvandræði vegna fyrri lána og eru að fara aðra umferð og eru að setja sínar eignir að veði en ekki fyrirtækin lengur vegna þess að þau duga ekki til. Þegar þetta kemur nú allt saman og nær hámarki, öll þau vandkvæði sem við er að stríða á þessum peningamarkaði, óttast ég og hef gert það lengi að hér verði stöðnun og hér geti orðið mjög alvarlegt ástand.

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. frv. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram. Það er nauðsynlegt að þessi mál komi til umræðu á Alþingi og hér er af mörgu að taka. Hv. síðasti ræðumaður ræddi mikið um vaxtamálin almennt og hina háu vexti og kom víða við og margt var rétt í hans frásögn. Hins vegar skulum við huga að lengra tímabili í vaxtastefnu þessarar þjóðar. Lengi höfðum við svo lága vexti að menn sóttust mjög eftir því að fá lán vegna þess hvað vextirnir voru lágir. Ekki af því að þeir þyrftu endilega lánin heldur að þeir gátu grætt peninga á því að taka lán með gjafvöxtum, ekki árum saman heldur áratugum saman. Það var því sjáanlegt að frá þessari stefnu varð að fara og endurskoða hana. Þegar það var gert var talað um raunvexti sem væru á bilinu 2–3,5% þegar það var upprunalega tekið upp. Inn á það var þá gengið. En við vitum líka að forsenda þess að hægt sé að halda vöxtum niðri er að halda verðbólgunni niðri. Vaxtakostnaðurinn, eins og síðasti ræðumaður sagði, fer í innlenda kostnaðinum út í verðlagið að einhverju leyti eða miklu leyti en ekki að öllu leyti. Samkeppnin í ýmsum greinum er svo mikil að hann fer ekki að öllu leyti, vaxtakostnaðurinn, út í verðlagið. Eftir sitja fyrirtækin með gífurlega háa vexti í brjálæðiskenndu kapphlaupi að sigra andstæðinginn þangað til það er oft og tíðum orðið of seint. Hins vegar koma þessir vextir harðast niður á útflutningsatvinnuvegunum sem geta hvergi tekið það annars staðar. Með þeirri fastgengisstefnu sem hefur verið við lýði alllengi hækka vextir útflutningsatvinnuveganna og eru orðnir allt of stór hluti af heildarrekstrarútgjöldum þeirra eins og maður sér núna daglega.

Ég tel að þar hafi verið gengið of langt og samhliða því að nú á að beita samdráttaraðgerðum í sjávarútvegi, í framleiðslu sjávarafurða, m.a. skv. nýsettum lögum um stjórnun fiskveiða, hljóta þær samdráttaraðgerðir að koma óskaplega hart niður á fyrirtækjum því vaxtabyrðar vegna fjárfestinga, sem hafa átt sér stað fram að þessu, lækka ekki þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu og víðast hvar minnkandi veltu. Þetta hlýtur að auka áhyggjur okkar.

Í 1. gr. frv. er lagt til að kveðið verði á um að nafnvextir komi í stað orðsins „raunvextir". Ég tel að við verðum að gæta þess að vaxtakostnaður fari ekki upp úr vaxtakostnaði í okkar nágrannalöndum, en við verðum líka að gæta þess að vextir séu ekki svo lágir að það sé hvati til að fara í alls kyns fjárfestingu í þessu landi. Það er eins og fyrri daginn vandratað meðalhófið. Alveg eins og við höguðum okkur eins og óvitar sennilega í rúma tvo áratugi með allt of lága vexti erum við núna komnir á ákaflega hættulega braut og verðum að taka mið af því.

En það er eitt sérkennilegt í fari þessarar blessaðrar þjóðar, að það biðja allir um lán og þeir eru afskaplega fáir sem spyrja hver lánskjörin séu. Það hafa sagt mér margir menn sem stunda bankamál og viðskipti að það séu varla meira en 2–3% sem spyrji hver séu lánskjörin heldur aðeins hitt: Fáum við lán? En það mega þó sumir eiga að þegar þeir eru komnir á hausinn segja þeir: Þetta var allt of dýr fjármagnskostnaður. En þeir átta sig yfirleitt ekki á því fyrr en að þeir eru steindauðir í viðskiptum. Þetta er eitt af því sem hefur fylgt þessari blessaðri þjóð og þeir sem eru að tala um annað eru sagðir ekki vera í takt við tímann.

Hv. síðasti ræðumaður sagði: Ja, áður var stolið af gamla fólkinu. — Í raun og veru er það rétt að vissu marki, en það var fyrst og fremst stolið af þeim sem voru að spara í þjóðfélaginu, á hvaða aldri sem þeir voru. Síðan það fór að vera þannig að sparifé fólks brann upp hættu margir að reyna að spara. Það er átakanlegt að vita að ef talað er um að einhverjar breytingar verði eins og á tollum eða söluskatti, jafnvel gengisbreytingar séu í aðsigi fær stór hluti þessarar þjóðar kaupæði. Ein verslun seldi, sá ég í blöðunum, 400 þvottavélar á tíu dögum í desember vegna tollabreytinga sem áttu sér stað hjá ríkisstjórninni alveg eins og hér fyrr á árum að við eina hressilega gengislækkun fóru eldri hjón og keyptu sér 50 kg sekk af kartöflumjöli. Á meðan þessi sýki heltekur þjóðina, þetta kaupæði, er ekki von á góðu.

Það sem er alvarlegast er tilfærslan frá útflutningsatvinnuvegunum til alls konar fjárfestinga, einkum á þessu svæði. Auðvitað eru óþarfafjárfestingar til einnig úti á landi á tilteknum stöðum og af tilteknu fólki, en útflutningsatvinnuvegirnir standa núna mjög illa og það vitum við. Og það er ekki lausn á vanda að sjá skrif ágætra manna um að leiðin til þess að komast hjá gengisbreytingu og styrkja sjávarútveginn sé að leggja auðlindaskatt á fiskistofnana þannig að það komi í veg fyrir að það þurfi nokkurn tímann að breyta gengi krónunnar. Auðlindaskattur verður aldrei annað en tekinn í sjávarútveginum sjálfum hver sem kaupir þar fiskinn. Það verður alltaf skattur á sjávarútveginn eftir sem áður. En hver á að leysa vanda refaræktarinnar, hver á að leysa vanda ullariðnaðarins, kísilgúrsins og allra annarra ef gengisstefnan verður óbreytt þrátt fyrir vaxandi verðbólgu?

Ég tek alveg undir það sem forsvarsmenn ríkisstjórnar, sem nú situr, hafa sagt, að forsenda þess að koma á jafnvægi í efnahagslífinu er að sigrast á verðbólgunni. Það er fyrsta atriðið. En við megum heldur ekki gleyma því að raunvextirnir hafa farið úr skorðum. Þeir hafa farið lengra en við ætluðum

okkur og hugsuðum upphaflega. Við verðum að taka mið af því að við getum ekki gengið lengra en í vaxtastefnu nágrannaríkjanna og þó alveg sérstaklega og sér í lagi samkeppnisríkjanna. Þar verðum við að hafa jafna stöðu til að halda áfram eðlilegum viðskiptum og eðlilegri framleiðslu.

Ég sé ekki fram á annað en að við verðum að endurskoða vaxtastefnuna, bæði vegna þess sem út af hefur gengið og sömuleiðis verðum við líka að taka tillit til annarra þeirra aðgerða sem við höfum verið að gera og ganga frá eins og í sjávarútvegsmálum, í samdrætti í fiskveiðum af illri nauðsyn. Þó við deilum um aðferðina í því deilum við ekki um að við viðurkennum að við verðum að hafa stjórn á veiðum og við verðum að skapa þar aukið aðhald.

En víða má leita fleiri meinsemda en í vöxtum og vaxtastefnu. Það má leita þeirra meinsemda hve margir hafa reitt hátt til höggs, hve margir hafa farið í allt of stórar og dýrar framkvæmdir langt fram yfir það sem skynsamlegt getur talist.

Vegna starfs á öðrum vettvangi hef ég séð hrikaleg vandamál útflutningsatvinnuveganna í kringum allt land. Það veldur mér meiri áhyggjum nú en flest annað. Þar eru vextirnir einn þátturinn í þessu, en ekki allt. Ég get tekið undir margt af því sem síðasti ræðumaður sagði og við verðum að skoða þessi mál hleypidómalaust, en muna eftir því. Við héldum vöxtunum vitleysislega niðri lengi vel og fengum á okkur aukna verðbólgu og gremju þeirra sem spöruðu og sýndu varfærni í þjóðfélaginu. Við tókum upp nýja stefnu sem átti rétt á sér og sú breyting sem þá var gerð átti fullan rétt á sér. Það hefur ýmislegt komið upp í framkvæmdinni sem var miklu meira en við töldum eins og með kaupleigustarfsemina og annað. Það datt engum manni í hug að það yrðu jafnmikil umsvif og raun ber vitni á þessum örstutta tíma. Allt þetta ber að athuga í ljósi fenginnar reynslu og leiðrétta það sem miður fer og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru fyrst og fremst með hagsmuni hins almenna borgara í huga og atvinnufyrirtækjanna og sér í lagi framleiðslufyrirtækjanna sem allt veltur á.

Ég endurtek að ég þakka flm. frv. fyrir að hafa flutt frv. Ég ætla ekki að fara efnislega út í það. Það er ýmislegt sem maður hefur við það að athuga. Það er líka ýmislegt við það sem er nauðsynlegt að athuga. Ég tel virðingarvert þegar þm. taka sig til og flytja sjálfstætt slík frv. en bíða ekki alltaf eftir því að ríkisstjórn með allan sérfræðingaskarann vinni hvert frv. í hendurnar á Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er þakkarvert að vaxtamál koma loksins til umræðu á þinginu sérstaklega. Og þó nytsemd frv. yrði ekki önnur en sú að gefa hv. þm. tækifæri á að ræða þau mál og fara yfir stöðuna í vaxtamálum væri hv. flm. vel borgað og ætti hann þökk skilið. En ég er ekki þar með að segja að ég vonist til þess að ekki verði meira af málinu því að það er að sjálfsögðu skoðunarvert eins og flest þingmál eru sem hér eru flutt.

Ég ætla fyrst að segja við hv. flm. að ég er honum ekki alveg sammála um að allir stjórnmálaflokkar í landinu beri jafna og óskipta ábyrgð á því hvernig komið er í vaxta- og peningamálum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara yfir hvernig tvær síðustu ríkisstjórnir, hæstv. núv. ríkisstjórn og hæstv. síðasta ríkisstjórn, hafa haldið á þessum málum. Það vill svo kynlega til að hv. flm. hefur það mér hefur skilist verið stuðningsmaður þeirra beggja. (**EH:** Enda tók ég það fram.) Þess þá heldur. (**MB:** Hann játaði yfirsjón sína.) Hv. flm. ku hafa undirstrikað stuðning sinn hér við tvær síðustu ríkisstjórnir. (**Gripið fram í:** Þrjár.) Þrjár.

Það er ekki alveg rétt mat að mínum dómi hjá hv. flm. um ákvarðanir af því tagi sem teknar voru sumarið eða haustið 1984 að þar verði ekki ákveðin kaflaskil í þessum málum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að líta svo til, sem og það aðgerðarleysi fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar, einkum á síðari hluta valdaferils síns, og núv. hæstv. ríkisstjórnar sem er algert í þessum málum. Oftrú þessara stjórnenda á markaðnum hefur í raun leitt yfir okkur það ástand öllu öðru fremur liggur mér við að segja. Sú ákvörðun að gefa vexti frjálsa í landinu síðsumars 1984, sem formaður Sjálfstfl., hæstv. núv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, kallaði einhver mestu tímamót margra áratuga í peningamálum þjóðarinnar, er að stórum hluta til undirrót þess ástands sem við búum við. Í framhaldi af því gerðist margt. Í framhaldi af því hætti Seðlabankinn að auglýsa hæstu lögleyfða vexti sem síðan leiddi til þess að okur varð löglegt í landinu vegna þess að okurmál sem upp hafa komið og tekin hafa verið til dóms síðan hafa ónýst vegna þess að það ákvæði laganna um okur, að það skuli miðað við hæstu lögleyfða vexti, er ónýtt, það er ónothæft vegna þess að Seðlabankinn hefur horfið frá því að auglýsa hæstu lögleyfða vexti. Síðan er það það, sem tvær síðustu ríkissjórnir íslenska lýðveldisins, sú sem nú situr og sú sem sat næst á undan henni, bera öllum öðru fremur ábyrgð á,, að þær hafa horft á ótrúlegustu hluti gerast í hinu íslenska peningakerfi án þess að lyfta litla fingri til þess að reyna að hafa stjórn þar á.

Fyrst horfðu menn á spretta upp fjármögnunarleigur eða starfsemi af því tagi af ýmsum toga algjörlega utan við lög og rétt í landinu án nokkurra lagaákvæða til að starfa eftir þannig að daglega stóð yfir rifrildi um hvort það væri algjörlega ólöglegt, að hluta til ólöglegt, hálflöglegt eða hugsanlega löglegt. Þetta snilldarlega lýsingarorð „grái“ markaðurinn varð til og átti að lýsa því að þetta væri einhvers staðar á mörkunum milli hins hvíta litar, hins löglega, og hins svarta litar, þess sem væri kolólöglegt. Þá varð þetta snilldarhugtak til: grái markaðurinn, gráa svæðið í peningamálum þjóðarinnar. Það er reisn yfir því fyrir eina þjóð að lýsa hlutunum þannig, lýsa ástandinu hjá sér þannig að það sé ákveðinn geiri þjóðfélagsins sem sé á einhverju markasvæði þar sem menn treysta sér ekki til að

kveða upp úr um hvað sé löglegt og hvað ekki og þar af leiðandi neyðast menn til að taka upp í tungunni nýtt hugtak um grá svæði sem eru svona einhvers staðar á mörkum laga og réttar. (Gripið fram í.) Já, það mætti hafa um þetta mörg orð, hv. þm.

Ríkisstjórnin hefur gefið vextina frjálsa, sleppt allri handleiðslu á því hvernig vaxtastigið er í landinu, ekki látið Seðlabankann nota heimildir sínar og hún hefur að öllu öðru leyti sleppt höndunum af þróuninni á hinum íslenska peningamarkaði, setti reyndar eftir á málamyndalöggjöf um verðbréfastarfsemi sem náði engan veginn tilgangi sínum og bankaeftirlit Seðlabankans upplýsir nú að dugi því ekki til að hafa eftirlit með fjármögnunarleigunum og ávöxtunarsjóðunum. Formaður bankaeftirlits Seðlabankans kom á fund fjh.- og viðskn. Nd. og lýsti því þar yfir að bankaeftirlitið teldi sig vanta forsendur, fyrst og fremst lagastoð, til að reyna að hafa eðlilegt eftirlit með þessari starfsemi. Þannig er nú málunum komið. Þannig standa menn í dag fyrir þetta aðgerðarleysi, fyrir þann dæmalausa aumingjaskap að reyna ekki a.m.k. að sjá til þess að eðlileg löggjöf væri til í landinu um þá hluti sem voru að spretta upp. Það er ekki nokkur leið að afsaka það. Þetta verða tvær síðustu ríkisstjórnir að axla og stuðningsmenn þeirra, þeir sem ekki hafa gert grein fyrir afstöðu sinni þannig að ljóst sé.

Nú lýsa þessir sömu ráðamenn, t.a.m. hæstv. núverandi utanrrh., sem aldrei þessu vant er ekki á skerinu, er víst einhvers staðar erlendis en mætti gjarnan vera hérna til að hlusta á þessa umræðu eins og einhverjir fleiri hæstv. ráðherrar, nú lýsa þeir þessu ástandi sem ófreskju. Íslenski peningamarkaðurinn er ófreskja, segir hæstv. fjarstaddur núverandi utanrrh. — Hvar er hæstv. viðskrh., herra forseti? Er hann enn í Ed.? (**Forseti:** Hann er í Ed. já. Ég hef látið hann vita af þessari umræðu hér.) Hún byrjar ekki mikið gæfulegar en hún endaði fyrir fundarhlé, herra forseti, viðvera hæstv. ráðherra. Það verð ég að segja. Ekki hafa þeir náð að hvílast svo í þinghléi að þeir hefðu orku til að vera hér fyrstu dagana sem þingið kemur saman að nýju.

Ég tek undir með flm., hv. 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal, að það er ekki fallega gert að skamma alltaf Seðlabankann þegar eitthvað fer úrskeiðis í peningamálum. Það er satt best að segja heldur aumingjalegt. Lengi hafa mér þótt tilraunir hæstv. utanrrh., fyrrv. hæstv. forsrh., sem öðrum mönnum fremur ber ábyrgð á vaxtamálunum, aumingjalegar, að varpa allri sök yfir á Seðlabankann. Vegna hvers? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur yfir Seðlabankanum að segja og vegna þess að ríkisstjórnin getur á hverjum tíma sagt Seðlabankanum hvernig efnahagsstefnu, peningamálastefnu hún vill framkvæma í landinu. Það er nauðsynlegt að hafa við hendina lög um Seðlabanka Íslands vegna þess að þó að þau eigi að tryggja Seðlabanka og seðlabankastjórn ákveðið sjálfstæði skera þau samt úr um hver það er sem ræður að lokum ef ágreiningur er uppi, þannig að jafnvel þó að Seðlabankinn, bankastjórar hans og bankastjórn væru ósammála hæstv. ríkisstjórn um stjón efnahagsmála, t.d. vaxtamál, er ljóst að ríkisstjórnin ræður að lokum, vegna þess að það sem seðlabankastjórnin getur gert eða Seðlabankinn er að ef um verulegan ágreining við ríkisstjórnina er að ræða er, eins og segir í lögunum, með leyfi forseta, seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem ríkisstjórnin markar að lokum nái tilgangi sínum.

Það er alveg ljóst að þó að ágreiningur sé uppi er það ríkisstjórnin sem ræður að lokum og segir þá seðlabankastjórninni fyrir verkum þó svo að hún kunni að vera því ósammála og hafi lagalega rétt til að lýsa þeim ágreiningi sem uppi er á opinberum vettvangi. Þetta er nokkuð sérstakt ákvæði í íslenskum lögum, herra forseti, og það er ástæða til að vekja á þessu athygli, en niðurstaðan er alveg skýr: ríkisstjórnin ræður ferðinni.

Þeim mun aumingjalegri eru tilraunir hæstv. fyrrverandi forsrh. Steingríms Hermannssonar, sem í fjögur ár var þannig lagað yfirmaður Seðlabankans, að hlaupa frá vandamálunum eins og hann gerði í raun í kosningabaráttunni sl. vor og dró upp Jóhannes Nordal eina ferðina enn til að skella skuldinni á hann. Það var ekki stórmannlega gert og er það þó ekki sérstakt hlutskipti mitt að standa í málsvörn fyrir þann mann.

Sömuleiðis finnst mér með endemum að stjórnarflokkur og formaður stjórnarflokks, eins og Steingrímur Hermannsson hæstv. utanrrh. er, formaður Framsfl., skuli fjalla með þeim hætti sem hann gerir um stöðu efnahagsmála, vaxtamála og peningamála, líkja ástandinu við ófreskju og þvo hendur sínar af þessu öllu saman en sitja engu að síður í ríkisstjórninni, viku eftir viku og væntanlega mánuð eftir mánuð og sennilega ár eftir ár því að Framsfl. hefur verið og verður sjálfsagt í stjórn í áratugi því hann getur ekkert annað gert. SÍS segir honum að vera í ríkisstjórn.

En að þessum „prologus“ lesnum um þátt Framsfl. í þessu, herra forseti, var ég að hugsa um að víkja aðeins að ástandinu eins og það er og kemur mér fyrir sjónir. Það er nefnilega þess vegna sem ég er sérstaklega þakklátur hv. flm. að ég tel fulla ástæðu til að ræða stöðu vaxtamálanna og peningamálanna á hinu háa Alþingi.

Ástandið er í sem allra fæstum orðum sagt þannig að vaxtamunur í landinu er einhver sá mesti sem nokkurs staðar þekkist. Ég hef í raun og veru það mig rekur minni til ekki rekist á dæmi um jafnhrikalegan mun innláns- og útlánsvaxta í einu bankakerfi og tíðkast á Íslandi í dag. Það verður ljósast séð með því að skoða útlánakjör bankanna sem eru að lána fé á háum vöxtum á sama tíma og almennur sparnaður rýrnar inni í bönkunum vegna þess að helftin af sparnaði almennings, af því fé sem almenningur dag frá degi og mánuð frá mánuði leggur inn í bankakerfið er á almennum sparisjóðsbókum og

ávísanareikningum. Ég hygg að það sé ekki fjarri því að vera 60% eða var það a.m.k. í eina tíð hjá Landsbankanum. Þessar bækur heita að vísu ýmsu nafni. Þær eru misjafnlega slæmar. Sumar þeirra hafa einhvers konar verðtryggingarviðmiðun, aðrar ekki. En það er alveg ljóst að sparnaður almennings á síðasta ári rýrnaði vegna þess að vextirnir voru neikvæðir á býsna stórum hluta þeirra reikninga sem almenningur leggur sitt óbundna fé inn á, rýrnaði um upphæðina 1–2 milljarðar. Þetta liggur fyrir. Er þetta ekki nokkuð harkalegur dómur um ástandið hjá okkur, herra forseti, að það skuli á sama tíma og útlánsvextirnir eru einhverjir þeir hæstu sem þekkjast þó ekki skila þeim sem leggja peninginn inn meiru en því að þeir ná ekki raunvöxtum, ná ekki því að halda fé sínu jafnverðmætu og verðlagsþróunin segir fyrir um? Það rýrnar. Ég held að það sé einhver hrikalegasta niðurstaðan af öllu þessu brjálæði að þrátt fyrir þetta okurvaxtastig eru hin almennu ávöxtunarkjör ekki betri en þetta. Þetta er bara önnur aðferð til þess að segja það að vaxtamunurinn er alveg glórulaus. Ef þetta er hinn raunverulegi kostnaður við að reka íslenska bankakerfið er það ónýtt og meira en það. Sé einhvers staðar um óarðbæran rekstur að ræða í þjóðfélaginu hlýtur það að vera í bankakerfi sem þarf kannski 10% vaxtamun, auk þjónustugjalda, til að reka sjálft sig. Það er svo hrikaleg niðurstaða að það tekur engu tali.

Ég vil, herra forseti, segja um efni þessa frv. að í raun og veru eru allar greinar þess óþarfar nema 6. gr. vegna þess að þar er einungis verið að setja í lög að það væri sams konar ákvæði og þegar eru fyrir í lögunum um Seðlabanka Íslands ef þeim væri beitt. Það er 6. gr. fyrst og fremst sem væri nýmæli og mundi breyta miklu frá núgildandi ástandi, þ.e. fella úr gildi ákvæði laganna frá 1979 um lánskjaravísitölu. Það væri umtalsverð breyting og mikil aðgerð. En 1. gr. laganna, 2. gr. laganna eru annað orðalag á 9. gr. gildandi laga um Seðlabanka Íslands. Hvað segir þar, með leyfi, herra forseti? Þar segir í 2. mgr. og það er best að lesa greinina alla, hún er ekki löng: „Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir. Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.“

Þarna er þetta allt saman, hv. 3. þm. Suðurl. Það hefði ekki þurft annað en að flytja þáltill. þar sem Alþingi fæli ríkisstjórninni að beita ákvæðum 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Það hefði verið jafngilt og enga löggjöf þurft til sérstaklega. Málið snýst um hvaða stefna ræður ferðinni í þessum efnum. Það vantar ekki lagaheimildir í sjálfu sér. — Hér rak inn nefið hæstv. viðskrh., en fór öfugur út aftur með það sama. Það hefur sennilega verið vegna þess að hann heyrði þetta orð, stefna í peningamálum, sem hann hélst ekki við lengur en sekúndubrot í salnum.

Hæstv. viðskrh. Ríkisstjórnin hefur ekki notað heimildir sínar til að hafa áhrif á vextina. Um það snýst þetta mál í raun og veru. Það kann að vera sérstakt athugunarefni hvort ástæða er til að leggja niður lánskjaravísitöluna eða breyta þar um. Ég er sammála hv. flm. um að hún er að mörgu leyti ólánsskepna. En hún verður það fyrst og fremst vegna þess að aðrir þættir efnahagsmálanna eru ekki í lagi. Lánskjaravísitalan verður að ófreskju, svo ég fái nú lánað eitt lítið orð frá hæstv. utanrrh., þegar kemur til valda jafnvitlaus og vond ríkisstjórn og 1983 sem tekur allar aðrar einingar úr sambandi en heldur fullri verðtryggingu á fjármagni. Þegar slík óhæfuverk eru framin má segja að lánskjaravísitalan sé vond, en þá er vondur ræðari að kenna árinni í raun og veru. Ég er ekkert viss um að lánskjaravísitalan þurfi að vera óbrúklegt verkfæri ef aðrir hlutir eru þar hafðir í samræmi og haldið á málunum með heildarstjórnina alla í huga.

Frv. hv. 3. þm. Suðurl. leggur til grundvallar sömu hugsun, ég vek athygli á því, og lögin um Seðlabanka Íslands. Hverja? Þá hugsun að vextir á Íslandi eigi að vera svipaðir og í nágrannalöndum númer eitt og númer tvö að vaxtamunur eigi að vera hóflegur. Þetta er allt í lögunum um Seðlabanka Íslands. Það er útgangspunktur þeirra laga að stjórnun peningamálanna eigi að miða að þessu. En það hefur ekki tekist. Það hefur ekki verið reynt að nota þau lög. Ég held, hv. flm., að út af fyrir sig gætum við stytt mjög þetta frv., gert það kannski að einni grein, 6. gr. Ég ætla að skoða það, ef þetta mál kemur til þeirrar nefndar sem ég á sæti í, hvort ég geti hugsanlega gerst aðili að slíkri ákvörðun. En að öðru leyti held ég að þessi ákvæði séu öll á sínum stað í gildandi lögum um Seðlabanka Íslands og spurningin sé um hvort þau séu notuð eða ekki.

Ég ætla ekki að fara ítarlegar út í efni þessa frv., herra forseti. Mér segir reyndar hugur um að vandamálið sé nokkuð flóknara, svo ég kveði nú ekki fastara að orði, en stærð þessa frv. bendir til. Þ.e. með fullri virðingu fyrir því: Væri jafneinfalt að ná fram þessum markmiðum og frv. gefur fyrirheit um held ég að menn stæðu eitthvað skár að hlutunum en þeir gera. Auðvitað er málið umfangsmikið og það að setja lög um að vextir eigi að lækka án þess að skýra nánar hvernig á að fara að því að ná þeim niður er svipað fyrir mér og ætla að banna verðbólguna, segja: Frá og með 1. maí 1988 skal engin verðbólga vera á Íslandi. Það þarf að útfæra það nánar hvernig menn ætla að ná þessu markmiði fram, en hugsunin er mjög góðra gjalda verð.

Það sem mér finnst merkilegt, herra forseti, er að þetta mál skuli vera flutt af stuðningsmanni hæstv. ríkisstjórnar. Það er vísbending um tvennt fyrst og fremst að mínu mati: Annars vegar að hv. flm. líður illa. Hann er svo skynsamur maður að hann finnur og skilur hvað ástandið er vont, í hvílíkum ólestri þessi mál eru hjá okkur, og það er virðingarvert. Það mundi einhver vondur maður hugsanlega segja

að hv. þm. væri að reyna að þvo hendur sínar og segja sig frá ábyrgð af þessu ástandi. Ég ætla ekki að gera það. Ég tel þetta virðingarverða viðleitni sem ber vott um að hv. þm. hefur áttað sig á því hvað málið er alvarlegt. Það er góðra gjalda vert.

Það sem þarf að gera að mínu mati er að Seðlabanki og ríkisstjórn ákveði hámarksvexti, auglýsi þá og ákveði þá og fylgi því eftir. Það þarf í öðru lagi að samræma ávöxtunarkjör opinberra aðila þeirri vaxtastefnu sem ríkisstjórnin vill reka, m.ö.o. keyra vextina niður með samræmdum aðgerðum á öllum þeim sviðum þar sem ríkisvaldið getur haft áhrif á, í sínu eigin fjárútboði þar sem það er að semja við aðra aðila um ávöxtunarkjör, svo sem lífeyrissjóði o.s.frv. Það þarf að setja skýra löggjöf um hin gráu svæði þannig að þau verði ekki til. Það eiga engin grá svæði að vera til í löggjöf hjá neinni þjóð. Það eru bara hvít svæði og svört svæði, löglegir hlutir og ólöglegir hlutir. Hitt er misskilningur og vanvirða við lög að taka þannig til orða að það sé eðlilegt að það séu einhverjir gráir hólmar þar um. Auðvitað þarf að setja mjög skýr og hörð ákvæði um okur. Það er löngu tímabært, var löngu tímabært og er það enn þá frekar nú, sbr. dóma þar um, að endurskoða löggjöfina um okur á Íslandi, gera hana miklu ítarlegri en þessi bráðum 30 ára gamla löggjöf er og setja þar mjög skýr og hörð ákvæði, reglur um starfsemi þessara nýju aðila á sviði fjármálanna, stjórn á erlendri lántöku o.s.frv. Allt þarf þetta að haldast í hendur ef menn vilja reyna að stjórna málunum. Ef menn vilja það ekki, þá það.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

43. fundur, fimmtudaginn 4. febr., kl. 10 árdegis.

Staða ullariðnaðarins, ein umr.

Fsp. HG, 218. mál. — Þskj. 490.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 490 hef ég leyft mér að bera fram við iðnrh. fsp. um stöðu ullariðnaðarins. Fsp. er svohljóðandi:

„Hverjar eru horfur í ullariðnaði á nýbyrjuðu ári og til hvaða aðgerða hyggjast stjórnvöld grípa til að bæta rekstrarstöðu hans?“

Sem kunnugt er, þá eru horfur í ullariðnaði landsmanna mjög dökkar um þessar mundir og þar hefur hallað undan fæti undanfarin tvö til þrjú ár sérstaklega, en á þessum tíma hafa 500–600 starfsmenn í ullariðnaði misst atvinnu sína, þar af um helmingur vegna þess að fyrirtæki hafa stöðvast, 13–14 talsins.

Hér er um að ræða starfsemi sem rekin er víða um land, ekki síst á þjónustustöðum sem ekki hafa aðgang að sjó, svo sem á Egilsstöðum, Vík í Mýrdal, Hvolsvelli og Selfossi, fyrir utan önnur fyrirtæki sem starfa á stöðum þar sem atvinnulíf er fjölþættara. Staða þessara fyrirtækja var kynnt með skýrslu frá hæstv. iðnrh. í nóvember 1987 og var dregin upp svofelld mynd, með leyfi forseta, í þessari skýrslu, þar sem segir:

„Árið 1986 voru fluttar út ullarvörur fyrir um 1 milljarð kr. sem var um 33% af heildarútflutningi iðnaðarvara án stóriðju. Um 60% þessa útflutnings eru unnin hjá sauma- og prjónastofum sem nú eiga í verulegum rekstrarerfiðleikum. Stöðvist þessi fyrirtæki er líklegt að verulegir fjármunir fari forgörðum, svo sem í fjárfestingu, þekkingu og viðskiptasamböndum.“

Ég vil bæta við atvinnu þess fólks sem starfar í þessum fyrirtækjum og margt hvert hefur ekki í önnur hús að venda að leita eftir atvinnu. Því er hér um stórmál að ræða sem snertir fjölda manns og fjölskyldur þeirra fyrir utan þá sem að fyrirtækjunum standa. Ég hef ekki heyrt mikið frá stjórnvöldum um þessi efni um aðgerðir til úrbóta og því er hér hæstv. ráðherra spurður til hvaða aðgerða stjórnvöld hyggist grípa til þess að bæta rekstrarstöðu ullariðnaðarins.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Iðnrn. lét gera skýrslu um stöðu ullariðnaðarins í nóvember á sl. ári. Í framhaldi af þeirri skýrslugerð hefur iðnrn. ásamt aðilum í ullariðnaði beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum sem styrkt geta stöðu greinarinnar.

Veigamesta ástæðan fyrir slæmri afkomu í ullariðnaði á árinu 1987 voru miklar innlendar kostnaðarhækkanir. Laun hækkuðu þá um 40–50% og hráefni um 24–28%. Þessar hækkanir voru talsvert umfram verðbólgu, en hún er talin hafa verið 24,3% frá upphafi til loka sl. árs.

Á nýbyrjuðu ári eru horfur í ullariðnaði heldur betri hjá þeim aðilum sem selja til Vesturlanda en í nóvember þegar skýrsla ráðuneytisins var gefin út. Þetta stafar fyrst og fremst af því að útflytjendur ullarvöru undirbúa nú verulegar verðhækkanir. Þannig er gert ráð fyrir að Álafoss, sem er langstærsti framleiðandinn, hækki vöru sína um 20–40% á þessu ári. Takist útflytjendum ullarvöru að selja á þessu verði gefur það fyrirheit um bjartari framtíð. Það er þó skilyrði þeirrar þróunar að innlendar kostnaðarhækkanir verði ekki verulegar.

Samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Boston Consulting Group, sem gerði úttekt á stöðu ullariðnaðarins hér á landi á sl. ári, hafa íslenskar ullarvörur staðið í stað eða beinlínis lækkað í verði á vestrænum mörkuðum meðan verð sambærilegra afurða frá öðrum löndum hefur hækkað. Sem dæmi má nefna að frá árinu 1982 til ársins 1987 hefur útflutningsverð í dollurum til Bandaríkjanna lækkað úr 58 dollurum pr. kg í um það bil 45½ dollar, en það er 21,5% lækkun á þessu fimm ára tímabili. Til að

skýra þessa verðlækkun má benda á mörg atriði, en eflaust á skortur á vöruþróun og markaðssetningu annars vegar og undirboð íslenskra framleiðenda hins vegar á erlendum mörkuðum einhvern þátt í þessari þróun.

Með nýrri hönnun, markaðsátaki og ákvörðun um hærra verð hefur vonandi verið stigið fyrsta skrefið til að bæta rekstrarstöðu ullariðnaðarins.

Nokkur fyrirtæki hafa selt til Sovétríkjanna á undanförnum árum og sum fyrirtæki eru að verulegu leyti háð Sovétviðskiptum í starfsemi sinni. Fyrir skömmu komu fulltrúar hins nýja Álafoss hf. til landsins eftir árangurslausa ferð til Sovétríkjanna. Mikið ber á milli kaupenda og seljenda en verð á íslenskum prjónavörum í Sovétríkjunum hafa farið lækkandi á undanförnum árum.

Ástæðulaust er að rekja þau atriði sem fram komu í skýrslu iðnrn. Þau horfa sum hver að fyrirtækjunum sjálfum og samstarfi þeirra til að bæta rekstrarstöðu fyrirtækja í ullariðnaði. Ég mun hér geta nokkurra aðgerða sem stjórnvöld hafa þegar gripið til eða hyggjast gera á næstunni.

Í fyrsta lagi. Í nóvember sl. óskaði iðnrn. eftir því við lánastofnanir, þ.e. viðskiptabanka, Byggðasjóð og lánasjóði iðnaðarins, að þær tækju tillit til rekstrarstöðu ullariðnaðarins varðandi skuldbreytingar og lánafyrirgreiðslu eins og þær gætu ýtrast innan sinna starfsreglna. Tekið var vel í þessa beiðni ráðuneytisins.

Fyrir skömmu átti ég annan fund með fulltrúum Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs sem eru helstu lánasjóðir iðnaðarins og var þá farið yfir stöðuna og tilmæli ráðuneytisins ítrekuð.

Í öðru lagi vil ég geta þess að ráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til viðkomandi sveitarfélaga að þau felli niður aðstöðugjöld hjá þeim ullarfyrirtækjum sem eiga í verulegum rekstrarerfiðleikum eða jafni gjaldtöku af útflutningsfyrirtækjum án tillits til þess hvað framleitt er.

Í þriðja lagi hefur iðnrn. farið þess á leit við fjmrh. að tekin verði upp endurgreiðsla á söluskatti til erlendra ferðamanna við brottför héðan. Vitað er að verulegur hluti þess varnings sem erlendir ferðamenn kaupa hér á landi eru ullarvörur. Í nálægum löndum tíðkast þessi háttur og má sérstaklega geta fyrirgreiðslu við ferðamenn í Glasgow.

Í fjórða lagi er nú verið að safna upplýsingum um skuldastöðu fyrirtækja í ullariðnaði við ríkissjóð til að undirbúa könnun á því hvort hugsanlegt sé að skuldbreyta opinberum gjöldum vegna yfirstandandi rekstrarerfiðleika fyrirtækja í þessari grein. Fordæmi eru fyrir slíku þegar erfiðleikar urðu í fiskvinnslu fyrir nokkrum árum.

Í fimmta lagi má benda á að stjórnvöld aðstoðuðu aðila vinnumarkaðarins við umfangsmikil starfsþjálfunarnámskeið í fataiðnaði sem verulegur þorri starfsmanna í greininni sótti. Námskeiðið þótti takast vel og var liður í að auka og styrkja samkeppnishæfni fataiðnaðarins.

Í sjötta lagi vil ég geta þess að nokkrir smærri framleiðendur í ullariðnaði hafa kynnt fyrir ráðuneytinu hugmyndir um að efla enn frekar sölustarfsemi á erlendum vettvangi þar sem ljóst er að Álafoss hf. getur ekki tryggt öllum smærri aðilum nægjanleg verkefni í framtíðinni.

Í sjöunda lagi hef ég kynnt umsjónarmönnum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs áform mín um að fara þess á leit við þá að gerð verði úttekt á rekstrarmöguleikum minni fyrirtækja í greininni. Hugmynd þessari var vel tekið, en þess skal getið að mörg minni fyrirtækjanna munu lenda í auknum vandræðum vegna minni umsvifa stóru fyrirtækjanna því að þau hafa verið verktakar hjá þeim.

Að lokum vil ég geta þess að ég hef beðið viðskrh. um að tína saman upplýsingar um viðskipti Íslands og Sovétríkjanna í því skyni að þær geti skapað grundvöll fyrir að kannað verði hvort jafna megi þann gífurlega halla sem nú er á viðskiptum við Sovétríkin. Það hlýtur að vera augljóst verkefni íslenskra stjórnvalda að auka útflutning til Sovétríkjanna eða draga saman innflutning þaðan og beina þeim inn á þær brautir sem skapað geta viðskiptasambönd fyrir íslenskan útflutning. Ætla má að hinn mikli fjöldi sovéskra starfsmanna í sendiráðinu sé skýrður með miklum viðskiptum á milli landanna. Með minnkandi viðskiptum verður vart annað séð en fækka megi starfsliði sendiráðsins. (Gripið fram í.) Það hefur verið áhugamál fyrirspyrjanda og þess vegna er þetta tekið fram hér.

Eins og heyra má hefur margt verið gert og annað hefur ríkisstjórnin á prjónunum. Auk þess hafa fyrirtækin sjálf lagt hart að sér til að laga stöðuna. Þrátt fyrir allt þetta og bjartari horfur en á sl. ári er langt frá því að rekstrargrundvöllur greinarinnar sé tryggur og þar með atvinnuöryggi um það bil 1000 manns.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans en ekki fannst mér að þau bæru vott um að þarna væri von á átaki af hálfu stjórnvalda til þess að bæta þá mjög alvarlegu stöðu sem uppi er í þessari grein, þó vissulega mismunandi eftir fyrirtækjum. Það sem hæstv. ráðherra nefndi hér voru ein sjö atriði, og eitt af því var að fara fram á það við sveitarfélög að þau felli niður aðstöðugjöld. Á sama tíma og svona tilmæli eru fram borin leggur ríkisstjórnin það til við Alþingi og fær það samþykkt hér að leggja 1% launaskatt á fyrirtæki í iðnaði. Þetta var gert fyrir jólin og það var glaðningurinn frá ríkisstjórninni og hennar liði hér á Alþingi til þessarar greinar.

Ég vil einnig benda á það í sambandi við fyrirgreiðslu sjóða iðnaðarins að hún er fyrst og fremst við Álafoss. Að yfirgnæfandi meiri hluta við þetta eina, vissulega stóra, fyrirtæki í ullariðnaðinum. Minni fyrirtækin í ullariðnaði hafa ekki notið mikillar fyrirgreiðslu frá lánasjóðum og eigendur þeirra, sveitarfélög og ýmsir aðilar úti um landið, hafa ekki aðeins veðsett fyrirtækin, byggingar og vélar, heldur

einnig persónulegar eignir til þess að reyna að fá lán út á veðsetningar. Það er því mjög þýðingarmikið að þessum fyrirtækjum gefist kostur á áhættulánum að vel athuguðu máli. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið, ef menn í raun ætla að leiðrétta stöðu þessarar greinar, að það verði gert með skipulegum hætti að veita fyrirtækjunum kost á áhættulánum.

Hæstv. ráðherra nefndi hér sem ástæðu fyrir erfiðleikum í ullariðnaði launin, og í viðtali við Morgunblaðið 9. jan. sl. talaði hann um launakostnaðinn sem einn meginþátt þess vanda sem við er að etja í ullariðnaði. Veit hæstv. ráðherra hvaða laun eru greidd í fyrirtækjunum í ullariðnaði? Það eru rösk 30 þús. kr. og með 20% ábót kemst það t.d. í fyrirtæki sem ég þekki úr mínum fjórðungi upp í 38 þús. kr. Þetta eru sem sagt laun á bilinu 30–40 þús. kr. í fyrirtækjunum.

Herra forseti. Um þetta mætti margt fleira segja. Tíma hef ég ekki til að bæta hér miklu við. En ég gagnrýni það hversu stjórnvöld hafa verið sofandi í þessum málum. Einnig að fylgjast með verðþróun á erlendum mörkuðum. Þar hefur ekki verið fylgst með af útflytjendum eins og ástæða væri til. Áreiðanlega hefði verið hægt að hafa þessa stöðu skárri en hún er í dag, ef menn hefðu tekið við sér á réttum tíma að verðleggja þessar afurðir með eðlilegum hætti.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft alvarlegu vandamáli sem ástæða væri til að ræða í miklu lengra máli, en ég vil þakka það að þessu hefur verið hreyft hér. Staða ullariðnaðarins er mjög alvarleg eins og stendur og ég þakka þær upplýsingar um ráðstafanir sem komu hér fram. En af því að ég hjó ekki eftir að það væri á það minnst vil ég koma að einu atriði í sambandi við rekstur þessara fyrirtækja, að skuldbreytingar og lánveitingar er ekki nóg. Það er líka fjármagnskostnaðurinn sem er að drepa þessi fyrirtæki ásamt gengisþróuninni sem við ráðum ekki sjálfir nema að litlu leyti. En ég vildi undirstrika það að miðað við þá vaxtaþróun í landinu sem verið hefur eiga þessi fyrirtæki sér ekki viðreisnar von.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þessa fsp. og svarið. Í fyrsta lagi vil ég geta þess varðandi athugasemd um launaskatt að það sem skiptir útflutningsiðnaðinn og iðnaðinn mestu máli er að það sé jafnræði á milli sjávarútvegs og iðnaðar varðandi álagningu launaskatts. Það náðist fram og það er ekki verulegt vandamál að greiða 1% launaskatt, en aðalatriðið var að það yrði jafnræði á milli útflutningsgreinanna. Í bréfi mínu til sveitarstjórnanna var mest gert úr því að það yrði líka jafnræði hvað varðaði álagningu aðstöðugjalds á fyrirtæki og væri þá ekki verið að horfa í það hvort fyrirtækin framleiddu fisk eða prjónavörur til útflutnings. Líta bæri á þetta sem jafngilda framleiðslu sem ætti að borga í sama hlutfalli til sveitarfélagsins.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að Álafoss, hið nýja fyrirtæki sem er samsett úr gamla Álafoss og SÍS, er langsamlega stærsti skuldarinn hjá Iðnþróunarsjóði. Líklega á þetta fyrirtæki yfir 80% af skuldinni og reyndar líka hjá Iðnlánasjóði þó að það séu heldur lægri upphæðir sem þar er skuldað, en á móti kemur að skuldir minni fyrirtækjanna virðast vera aðallega í bankakerfinu og hjá Byggðasjóði að mestum parti.

Þá kem ég að launanum. Ég sagði hvergi, og ég vil taka það mjög skýrt fram, ég sagði hvergi í minni ræðu að laun væru of há í greininni. Það sem ég sagði hins vegar, og vil taka mjög skýrt fram, er það að launin hækkuðu í greininni um 40–50% á meðan verðbólga í landinu var um helmingi lægri tala. Þetta þýðir auðvitað það að launin voru ákaflega lág. Og það var eitt af því sem gerði það að verkum að þessi fyrirtæki gátu gengið, það var vegna þess að þetta var láglaunaiðnaður. Ég hef ekki beðið um það eða lagt til að til þess tíma verði horfið á ný. Ég hef hins vegar bent á að ef það á að vera einhver framtíð í þessum iðnaði verður verð á erlendum markaði að hækka. Það eitt getur komið í veg fyrir hrun í þessari grein.

Ég vísa þess vegna gagnrýni hv. fyrirspyrjanda algjörlega á bug. Ég tel að stjórnvöld hafi gripið til þeirra aðgerða sem hægt er. Það er ekki hægt að kenna stjórnvöldum um að hafa ekki fylgst með verði erlendis. Það sem fyrst og fremst snýr að okkur eru Sovétsamningarnir sem gerðir eru á milli ríkjanna. Og það er auðvitað hörmulegt til þess að vita ef ekki verður hægt að ná samkomulagi við Sovétmenn nema um kannski tíunda hluta þess sem nefnt er í sjálfum aðalviðskiptasamningnum.

Að allra síðustu vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég segja það að fjármagnskostnaður er auðvitað ekki mikill í þessari grein hvað varðar afurðalán, en þegar hallarekstur byrjar og grípa þarf til bráðabirgðalána, þá að sjálfsögðu verður greinin að borga sömu vexti og aðrir sem búa í landinu.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Vegna umræðna um sölusamninga við Sovétríkin — sem vissulega skipta mjög miklu, ekki síst vegna þess að ef Álafoss ekki nær þessum samningum þá eru horfur á að verkefni þrjóti fyrr en varir hjá þeim sem þó hafa einhver verkefni, hafa haft það út á þessi viðskipti. Þess vegna tel ég að stjórnvöld hefðu átt fyrir nokkru síðan a.m.k. að taka upp þráðinn með þeim aðilum sem eru að semja við Sovétríkin því hæstv. ráðherra virðist þó hafa skilning á því að það hljóti að vera verkefni stjórnvalda. Það er löngu ljóst hvert stefndi í þessu, að þarna gat orðið um hnút að ræða. Ég tel að það megi ekki dragast að stjórnvöld taki á þessu máli og minni í því sambandi á saltsíldarsamningana sl. haust þar sem íslensk stjórnvöld komu inn í það mál, væntanlega með verulegum árangri miðað við þá niðurstöðu sem varð.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Varðandi orð hv. fyrirspyrjanda um Sovétsamningana, þá hafa stjórnvöld fylgst náið með þeim samningum, verið í sambandi við þá aðila sem hafa farið austur og rætt við innflutningsaðila í Sovétríkjunum. Hingað koma í lok þessa mánaðar samningamenn frá Sovétríkjunum og með þeim samningum eða tilraunum sem þá verða gerðar verður fylgst. Að sjálfsögðu verður gert það sem hægt verður til þess að ná fram viðunandi samkomulagi við Sovétmenn að því marki sem íslensk stjórnvöld geta lagt sitt lóð á þær vogarskálar og eðlilegt og heppilegt getur talist af hálfu þeirra sem leiða slíka samninga í nafni hins nýja fyrirtækis Álafoss.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins upp til þess að gera athugasemd við athugasemd eins þm. sem kom hér upp, hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Það er svolítið sérstakt þegar stjórnarþingmaður kemur upp í umræðu um mál eins og þetta og lýsir því yfir að aðalatriði þess hvernig komið er með þessa atvinnugrein, ullar- og prjónaiðnaðinn, sé stefna ríkisstjórnarinnar í sambandi við fjármagnskostnaðinn. Eitt af fyrstu verkum fyrri ríkisstjórnar, þeirrar ríkisstjórnar sem var forveri þeirrar ríkisstjórnar sem við búum við núna, var það að gefa vexti frjálsa, gapa þann fjármagnskostnað sem atvinnureksturinn í landinu býr við núna, ekki aðeins prjónastofurnar heldur allur annar framleiðsluatvinnuvegur. Mér finnst það furðulegt þegar stjórnarsinnar koma inn í umræðu eins og þessa, sem er takmörkuð við mjög stuttan tíma, og beinlínis lýsa vantrausti á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en næsta mál verður tekið fyrir skal tekið fram að í dag verða utandagskrárumræður um stöðuna í efnahags- og kjaramálum. Þessar umræður verða á síðari fundinum, væntanlega um hádegisbilið.

Rafskautaverksmiðja við álverið í Straumsvík, ein umr.

Fsp. HG, 219. mál. — Þskj. 491.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 491 hef ég lagt fram svofellda fsp. til hæstv. iðnrh. um byggingu rafskautaverksmiðju við álverið í Straumsvík:

„Með hvaða hætti hefur Alusuisse staðið við ákvæði bráðabirgðasamnings við ríkisstjórn Íslands frá 23. sept. 1983 um að „gera hagkvæmnisathuganir á því að koma upp rafskautaverksmiðju á bræðslulóðinni og á stækkun steypuskála", sbr. einnig „bréf um samkomulag" milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 5. nóv. 1984?"

Því er um þetta spurt að hér er um samningsbundin ákvæði að ræða sem tengdust viðræðum og samningum við Alusuisse í framhaldi af deilum við fyrirtækið um raforkuverð og yfirverð á aðföngum á árunum 1980–1983.

Fyrrv. ríkisstjórn gerði bráðabirgðasamning haustið 1983 þar sem þetta var eitt af skuldbindandi atriðum Alusuisse að gera þessar hagkvæmniathuganir á að koma upp rafskautaverksmiðju við álverið í Straumsvík. Þetta er ítrekað í sambandi við endurskoðun á raforkuverðssamningi Landsvirkjunar og Ísals í nóvember 1984.

Þegar fjallað var um endurskoðun á skattamálum og skattareglum milli Alusuisse og íslenskra stjórnvalda ári síðar, eða í nóvember 1985, innti ég eftir því hvað orðið hefði um efndir á þessu ákvæði og var því þá til svarað, að ekkert hefði enn gerst í þessu máli þrátt fyrir það að Alusuisse hefði skuldbundið sig enn og aftur til þess að eigi síðar en 1. jan. 1985 að hefjast handa um forathugun á hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju við bræðsluna sjálfa, og vísa þá til bráðabirgðasamnings.

Ég er ekki að leggja mat á það hvort það er skynsamlegt að reisa þessa verksmiðju, t.d. út frá mengunarþáttum og öðru slíku. En hér er um að ræða samningsbundið ákvæði og við hljótum að fylgjast með því hvort íslensk stjórnvöld fylgja því eftir að við þau atriði sé staðið.

Eins og menn muna voru það rafskautin auk súráls sem Alusuisse notaði í bókhaldsbrellum sínum til að hlunnfara íslensk stjórnvöld í sambandi við skattgreiðslur hér fyrr á árum og voru þar stórar upphæðir á ferðinni. Ég ræði það kannski aðeins frekar en ég bíð eftir svari hæstv. ráðherra.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Með bráðabirgðasamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium, dags. 23. sept. 1983, var samið um lausn deilu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse varðandi framleiðslugjald, framtíðarstarfsemi Ísals og tímabundnar ráðstafanir, m.a. um breytingu á orkuverði og varðandi hugsanlega stækkun bræðslunnar. Grein 2.4 fjallar m.a. um rafskautaverksmiðju og hljóðar þannig orðrétt:

„Alusuisse mun gera hagkvæmnisathuganir á því að koma upp rafskautaverksmiðju á bræðslulóðinni og á stækkun steypuskála."

Í framhaldi af gerð bráðabirgðasamningsins var meginhersla lögð á endurskoðun rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og Ísals og lausn deilumála um framleiðslugjald. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda voru hinn 5. nóv. 1984 undirritaðir samningar um þennan þátt endurskoðunarinnar, þ.e. 3. viðauki rafmagnssamningsins og sáttargerðarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse. Sama dag var enn fremur undirritað bréf um samkomulag milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar er varðar framhald viðræðna aðila samkvæmt

bráðabirgðasamningnum. Í 3. tölulið þessa samkomulagsbréfs segir orðrétt: „Eigi síðar en hinn 1. jan. 1985 mun Alusuisse hefjast handa um forathugun á hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju við bræðsluna sjálfa í samræmi við málsgrein 2.4 í *bráðabirgðasamningnum*."

Snemma árs 1985 hófust viðræður aðila á ný og var unnið að heildarendurskoðun á ákvæðum aðalsamnings aðila um framleiðslugjald og lauk þeirri vinnu með undirritun á 4. viðauka við aðalsamninginn 11. nóv. 1985. Í þeirri endurskoðun var rætt um verðlagningu á rafskautum og kynnti Alusuisse þá frumniðurstöðu að eigi væri hagkvæmt að ráðast í byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík. Enn fremur kom fram að ekki yrði ráðist í byggingu rafskautaverksmiðju nema í tengslum við stækkun álversins. Þá fékk samninganefndin upplýsingar frá norskum álframleiðendum um að þeir hefðu gert sjálfstæða rannsókn á hagkvæmni þess að byggja rafskautaverksmiðju í Noregi í stað þess að kaupa rafskaut frá rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam svo sem Ísal gerir. Niðurstaða Norðmanna var sú að hagkvæmara væri að kaupa rafskaut frá verksmiðjunni í Rotterdam.

Í ljósi þessa og þegar ljóst var orðið að Alusuisse hafði ekki a.m.k. fyrst um sinn aðstæður til að taka þátt í stækkun álversins, var af Íslands hálfu ekki óskað eftir því að Alusuisse legði fram formlega skýrslu um hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju á bræðslulóðinni.

Hin nýja regla um mat á kostnaði á rafskautum til Ísals er sett fram í málsgrein 27.04 í aðalsamningi. Ekki voru tök á að semja þar um jafnákveðna viðmiðun og varðandi súrál og ál, m.a. af því að rafskaut eru ekki markaðsvara í sama mæli og súrál og ál. Hins vegar var ljóst að sala á rafskautum til þriðja aðila frá rafskautaverksmiðjum Alusuisse er orðin mikilvægur þáttur í starfsemi þessara verksmiðja þannig að marktækt er og hagkvæmt að styðjast við verð til þessara aðila sem hámark þess verðs er setja megi upp gagnvart Ísal. Eru reglur málsgreinar 27.02 á þessu byggðar og voru teknar upp vegna þess að óháð viðskipti með rafskaut höfðu aukist mjög verulega árin á undan. Þar sem þessi nýja viðmiðun studdist ekki við framleiðslukostnað þótti enn fremur síður vera ástæða til að fá skýrsluna lagða fram.

Hvað steypuskálann varðar skal eftirfarandi tekið fram: Ráðgert er að bæta við einni svokallaðri sísteypuvél í steypuskála álversins til að mæta kröfum viðskiptavina félagsins um meira af börrum og stöngum. Árið 1987 var u.þ.b. 66% af framleiðslu Ísals málmur sem viðskiptavinurinn notar beint í eigin framleiðslu án umbræðslu. Nýja steypulínan á að hafa u.þ.b. 80 þús. tonna afkastagetu á ári. Með þessari viðbót verður hægt að steypa alla framleiðsluna í völsunarbarra og þrýstimótunarstangir sem notendur vinna úr án umbræðslu. Með þessum hætti eykst verðmæti framleiðslu Ísals verulega, þ.e. þegar allur málmur verður steyptur til beinvinnslu án umbræðslu.

Nýja steypulínan krefst stækkunar húsnæðis og verður viðbygging við steypuskála rúmlega 1000 m^2 að stærð. Áætlað er að þessi framkvæmd kosti um 380 millj. kr. og að verkinu ljúki á tveimur árum. Þess má geta að af hálfu Alusuisse er ekki fyrirhugað að stækka kerskálana frekar nú, hvað sem síðar kann að verða. Hins vegar hefur Alusuisse lýst sig reiðubúið til samstarfs við aðila sem vildu fjármagna stækkun álversins og gætu séð um sölu á viðbótarframleiðslu sem með stækkuninni fengist.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra magurt svar. Ég hefði talið ástæðu fyrir hæstv. ráðherrann að fjalla um það mál sem spurt var um fremur en nota helminginn af tíma sínum til að tala um allt annan þátt, sem að vísu tengist álverinu í Straumsvík, en það er sennilega vegna þess að hann hafði lítið fram að færa um það hvernig íslensk stjórnvöld hefðu fylgt eftir samningsbundnu ákvæði við Alusuisse úr samningunum 1983 og 1984. Þetta er raunar í fullu samræmi við annað í samskiptum fyrrv. ríkisstjórnar og framhald virðist ætla að verða á því í samskiptum núv. ríkisstjórnar við Alusuisse.

Hæstv. ráðherra sagði í svari sínu að það hefði verið fallið frá því að fá hagkvæmniathugun frá Alusuisse. Hvers konar samskipti eru hér á ferðinni? Það er ekki einu sinni ástæða til þess að fá pappíra frá fyrirtækinu, frá þessum eiganda álversins í Straumsvík, um hagkvæmniathugun. Honum er bara sleppt við það. Það er sagt: Ja, þeir í Noregi sögðu að það borgaði sig ekki að fara út í þetta, og á þetta ætla íslensk stjórnvöld að treysta.

Síðan kemur hæstv. ráðherra hér og ræðir um skattasamningana og viðmiðunarverðið á rafskautum, sem var eitthvert mesta endemisákvæðið í þeim samningi sem gerður var í nóvember 1985 og hæstv. þáv. iðnrh. Sverrir Hermannsson undirritaði eftir allsöguleg samskipti við Alusuisse í þeim efnum. Og þar er nú málum hagað þannig, af því að hæstv. ráðherra vék að þessu, að íslensk stjórnvöld hafa ekki einu sinni möguleika á að endurskoða rafskautaverðið eða biðja um upplýsingar heldur verður að treysta á erlendan endurskoðanda í sambandi við rafskautaverð í tengslum við skattlagningu. Þetta ákvæði var með miklum fádæmum og er það enn.

Ég verð að segja það, herra forseti, að lítilþægni íslenskra stjórnvalda í þessu efni er vissulega í samræmi við margt annað sem snertir samskipti þessara aðila. En ég átti von á því að hæstv. núv. iðnrh. vildi taka á þessum málum af eitthvað meiri festu en forverar hans í fyrrv. ríkisstjórn.

Hæstv. ráðherrann minntist á stækkun álversins. Eins og menn muna var í bráðbirgðasamningi frá í september 1983 gert ráð fyrir stækkun álversins í tveimur áföngum og átti hinn fyrri að taka til starfa 1988. Og þetta var ein helsta röksemdin hjá íslenskum stjórnvöldum fyrir því að ekki var strekkt meira

og látið meira reyna á hækkun á raforkuverði heldur en niðurstaða varð 1984.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég taldi satt að segja að umræðan um steypuskálann væri hluti af því sem spurt var um. Í öðru lagi vil ég benda á að það verður væntanlega ekki til umræðu að byggja hér rafskautaverksmiðju nema í tengslum við stækkun álversins og óvíst er hvort það sé hagkvæmt við þá stækkun sem nú er verið að vinna að. Aðeins þegar fundnir hafa verið hugsanlegir samstarfsaðilar er hægt að finna út hvort hagkvæmt sé að setja upp slíka rafskautaverksmiðju í tengslum við álver við Straumsvík.

Mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar fyrrv. iðnrh., hv. fyrirspyrjandi, gerir athugasemdir við þá samninga sem gerðir voru við Alusuisse á sínum tíma því að þar með lauk því tímabili sem líklega hefur skaðað íslenskan iðnað einna mest frá upphafi. En það er það tímabil þegar hv. fyrirspyrjandi var iðnrh. og hafði í hótunum og setti fram þau sjónarmið varðandi álverið í Straumsvík að ekki tókst um árabil að nýta sér þau tækifæri sem þá gátu verið til staðar til þess að koma íslenskri orku í viðunandi verð og afla fyrir það gjaldeyris.

Að lokum vil ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir það að beina þeirri ábendingu til mín hvernig ég eigi að nota minn ræðutíma hér í þessum ræðustól og vænti þess að hann taki þá mínum ábendingum mjög vel þótt síðar verði um það hvernig hann eigi að haga sínu máli og hvaða efnisatriði hann eigi að taka fyrir þegar hann flytur ræður sínar í þessum stól og notar þá gjarnan til þess lengri tíma en sá sem hér stendur.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þekki vel plötuna frá hv. þm. Sjálfstfl. um hinn mikla skaða sem orðið hafi varðandi erlenda stóriðju í landinu og drauma þess flokks um að koma upp erlendri stóriðju í landinu í vaxandi mæli vegna réttmætra aðgerða íslenskra stjórnvalda á árunum 1980–1983, þ.e. að láta álverið í Straumsvík og eiganda þess, Alusuisse, fylgja settum reglum, ekki aðeins íslenskum heldur alþjóðlegum í sambandi við viðskiptahætti. Það er von að ráðherrann minni á þetta hér eða hitt þó heldur.

Hæstv. forveri hans í starfi sem stendur hér í þingsal upplýsti það hér á Alþingi 1984 í umræðum um álverið í Straumsvík að hann hefði orðið þess var að málarekstur fyrri ára hefði á engan hátt dregið úr áhuga erlendra fyrirtækja á viðræðum við íslensk stjórnvöld. Þau orð liggja fyrir í þskj. En ég er ekki að syrgja það að ekki hafi verið dregnir að landi margir fleiri erlendir auðhringar til samskipta við Íslendinga á þeim árum sem síðan eru liðin.

Innflutningur á gölluðum Subaru-bifreiðum, ein umr.

Fsp. EH, 230. mál. — Þskj. 519.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 519 að bera fram svohljóðandi fsp. til viðskrh. og dómsmrh. um innflutning á gölluðum Subaru-bifreiðum:

„Hvers vegna var heimilaður innflutningur, skráning og skoðun á tjónabílum af Subaru-gerð sem ekki fengust skráðir í Noregi?“

Nokkuð er umliðið frá því að fsp. var borin fram þar til nú að henni er svarað á Alþingi og liggja til þess eðlilegar orsakir.

Á þessum tíma hefur það gerst að tjónabílarnir hafa allir verið fluttir til landsins og flestir afhentir nýjum eigendum þannig að þeir sem koma við sögu, innflytjendur, ráðherra og fleiri geta nú horft yfir afrek sitt og sagt eins og forðum: Sjá, það var harla gott.

Svo sem kunnugt er er hér um að ræða bíla sem lentu í flóði í Drammen í Noregi og sem ætlaðir voru til notkunar þar en fengust ekki skráðir eftir skemmdirnar. En Íslendingum var ekki ofgott að fá þá. Það mátti bara flytja þá til vanþróaðra landa og yfirvöld hér stimpluðu okkur sem molbúa og annars flokks þjóð og heimiluðu innflutning. En í þágu hverra? Varla kaupenda hér á landi þar sem afsláttur er sáralítill auk gallanna sem bílunum fylgja. Ekki var það í þágu framleiðenda sem kröfðust þess að bílarnir yrðu eyðilagðir og settir í brotajárn til þess að tryggt yrði að þeir yrðu hvergi seldir í heiminum. Ekki er það í þágu þeirra sem í umferðinni eru hér á landi, en það eru allir Íslendingar. Ekki er það sérstaklega í þágu 6000 Subaru-eigenda sem fyrir eru í landinu. Ekki er það í þágu Subaru-umboðsins hér á landi, Ingvars Helgasonar hf. sem flytur inn viðurkennda bíla, án sjóbaðs. Ekki er það í þágu Félags ísl. bifreiðaeigenda sem mótmælti innflutningnum harðlega. Hins vegar hagnaðist erlent tryggingafélag og ameríska félag sem seldi fjórmenningunum íslensku tjónabílana, hver sem hagnaður þeirra er.

Er ráðherra ljóst að aldrei áður hefur framleiðandi vöru sem flutt er inn til landsins varað við henni og talið hana hættulega? Frá Bifreiðaeftirliti ríkisins bárust þær fréttir að það ætlaði ekki að skoða Subaru-tjónabílana vegna aðvarana framleiðenda og þeirra gagna sem frá þeim bárust. Hvernig stóð á því að Bifreiðaeftirlitið breytti skoðun sinni? Það þarf að upplýsa.

Nýjustu fregnir af þessu máli eru þær að á myndbandsspólu, sem mun verða afhent dómsmrn., kemur fram að Subaru-bílarnir voru næst sjónum þar sem flóðið var og fóru því langverst þeirra bíla er þarna voru. Allt sem sagt hefur verið um þetta mál af hálfu framleiðenda og umboðsins er því rétt. Það er lágreist ef Ísland á að vera bílakirkjugarður framtíðarinnar. Þurfa valdsmenn á Íslandi ekki að hugsa hærra?

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. beinir þeirri fsp. til mín sem viðskrh. og dómsmrh. hvers vegna heimilaður hafi verið innflutningur, skráning og skoðun á tjónabílum af gerðinni Subaru sem ekki hafi fengist skráðir í Noregi.

Spurningin er villandi, misvísandi að því leyti að í henni er fullyrt að bílarnir hafi ekki fengist skráðir í Noregi. Hv. fyrirspyrjandi ítrekaði þetta í sinni ræðu. Ég vil taka það skýrt fram að þetta er ekki rétt og ég mun víkja að því hér á eftir.

Varðandi innflutning bílanna almennt er það að segja að samkvæmt reglugerð viðskrn. um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi er innflutningur á vörum til landsins almennt frjáls, þar á meðal á nýjum og notuðum fólksbifreiðum. Það kom því auðvitað ekki til neinnar sérstakrar skoðunar af hálfu innflutningsyfirvalda hvort heimila ætti innflutninginn eða ekki á grundvelli þessarar reglugerðar.

Svo ég snúi mér þá að bifreiðaeftirlitshliðinni, þá er það rétt að Bifreiðaeftirlit ríkisins mun hafa haft af því spurnir að til stæði að flytja hingað þessa bíla sem lent hefðu í vatnsflóði þegar óveður gekk yfir bæinn Drammen í Noregi 16. okt. sl. Það fylgdi sögunni að framleiðandi bílanna hefði lýst þá ónýta og í framhaldi af því lýsti umboðsmaður bílanna hér á landi því yfir að hér væri um skemmda bíla að ræða sem óhæfa væri að setja á markað, en þá er reyndar rétt að geta þess að annar innflytjandi hafði fest kaup á þessum bílum.

Það er verkefni Bifreiðaeftirlitsins að fylgjast með því að öryggisbúnaður bifreiða sé í lagi og í ljósi framangreindra upplýsinga mun forsvarsmaður Bifreiðaeftirlitsins hafa sagt við fjölmiðla að bifreiðarnar mundu ekki fást skráðar hér á landi. Síðan gerist það að hingað til landsins voru fluttir japanskir bílar af annarri gerð sem höfðu lent í sama vatnsflóðinu. En í því tilfelli lýstu bæði framleiðandi og umboðsmaður því yfir að bílarnir yrðu í góðu lagi þegar búið væri að fara yfir nokkur atriði sem hugsanlega kynnu að hafa skaðast í vatnsflóðinu. Bílarnir yrðu seldir með verulegum afslætti frá verði nýrra bíla, enda hefði tryggingafélag norsks innflytjanda þegar bætt honum tjón á bílunum, en vegna norsku tollareglnanna væri ekki hagkvæmt að selja bílana í Noregi.

Ég átti viðræður við alla aðila þessa máls, þar með talda fulltrúa framleiðendanna frá Japan, og eftir að Bifreiðaeftirlitið hafði skoðað úrtak úr þessum bílum af báðum gerðum nákvæmlega og sett nánari reglur um þau atriði sem sérstaklega skyldi yfirfara þegar svona stendur á, voru bílarnir teknir til skráningar. Þá vaknaði auðvitað sú spurning hvort það væri hægt að neita skráningu á Subaru-bílunum á grundvelli yfirlýsinga framleiðenda þeirra ef bílarnir væru engu að síður í svipuðu ástandi og bílar af öðrum gerðum sem hefðu lent í sömu rigningunni. Niðurstaðan varð auðvitað sú að úrtakið úr Subarubílunum yrði skoðað nákvæmlega og reyndar enn nákvæmar en hið fyrra. Þá kom í ljós að það var verulega ofsagt, ef ekki ósatt, að bílarnir væru ónýtir eins og áður hafði verið lýst yfir af framleiðandanum. Reyndar vil ég geta þess að það var ekki framleiðandinn sjálfur heldur sölufyrirtæki hans sem skilaði þessum yfirlýsingum til innflytjanda hér og dómsmrn. Bifreiðaeftirlitið hefur síðan sett um þetta ítarlegar yfirlýsingar og reglur um það hvernig standa ætti að skoðun hvers bíls og þeir hafa síðan verið skráðir hver fyrir sig eins og gildir yfirleitt um notaða bíla. Það er sá munur á þessum bílum og öðrum innfluttum bílum sem notaðir hafa verið eða lent hafa í einhverju sem kynni að hafa rýrt þeirra verð, að það er vitað nákvæmlega hvað fyrir þá kom.

Það er alls ekki rétt að það hafi verið neitað um skráningu á þessum bílum í Noregi. Hið sanna í málinu er að innflytjendur þar í landi vildu ekki setja þá á markað eftir flóðið, einfaldlega af því að þeir hefðu orðið að greiða óbreytt aðflutningsgjöld eins og um nýja bíla væri að ræða þrátt fyrir þá verðlækkun sem þeir yrðu að þola ef seldir væru þar í landi vegna þess að tollyfirvöld þar fylgja faktúruverðinu eins og bílarnir koma fyrst inn í landið. Þetta er ástæðan fyrir því að óhagkvæmt þótti að selja þá þar í landi.

Ég vil taka það alveg skýrt fram að Bifreiðaeftirlit ríkisins er ekki almennt gæðaeftirlit á bílum og má ekki mismuna milli innflytjenda eða taka afstöðu í viðskiptalegum ágreiningi eins og ég tel að hér hafi verið um að ræða. Bifreiðaeftirlitið á að fjalla um skráningu á bílum af öllum gerðum, þar með bílum sem fluttir eru inn notaðir. Bifreiðaeftirlitið á að fylgjast með því að ákveðinn öryggisbúnaður bílanna sé í fullkomnu lagi. Það er auðvitað þannig að þeir sem kaupa ódýra bíla eða bíla með afslætti sökum þess að þeir eru notaðir eða hafa orðið fyrir einhverjum skakkaföllum hljóta að gera sér grein fyrir því að þær bifreiðir séu ekki líklegar til sama langlífis og dýrari bílar eða bílar sem ekki hafa lent í neinu skakkafalli. Þetta er hins vegar ekki mál sem Bifreiðaeftirlitið á að fjalla um. Verkefni þess er eingöngu að sjá um að öryggisbúnaður bílanna sé í lagi og að það sé engin hætta af þeim frá öryggissjónarmiði.

Fullyrðingum hv. fyrirspyrjanda um það að með þessu hafi Ísland skipað sér á bekk með vanþróuðum þjóðum vísa ég frá sem fullkominni rökleysu. Hér er eingöngu verið að gefa Íslendingum kost á því að taka sjálfir ákvarðanir um það, hvað þeir telji sér hagkvæmt að kaupa, en þess jafnframt gætt að jafnræði sé með þeim sem flytja inn vörur til landsins og allra öryggissjónarmiða sé gætt til hins ýtrasta.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en þau voru í samræmi við það, að það er í raun og veru erfitt að svara í þessu máli eins og málatilbúnaður allur er. Sem dæmi er það að hæstv. ráðherra leggur áherslu á að bílarnir hafi aðeins lent

í rigningu, en viðurkennt er að þeir lentu í sjóflóði. Flokksbróðir hæstv. ráðherra orðaði það einhvern tímann um framkvæmd máls að það væri löglegt en siðlaust og þetta mál er í samræmi við það.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé alls ekki erfitt að svara fyrir þetta mál og vil vísa því á bug að svar mitt hafi á nokkurn hátt borið því vitni.

Það er rétt sem fyrirspyrjandi sagði, að sumir bílanna lentu í flóði. Það mun hins vegar ekki hafa verið sjóflóð því mér er sagt og hef reyndar séð fyrir því efnafræðilegar skýrslur að saltstigið í vatninu sem flæddi um þessa bíla upp á miðjar síður — eins og stundum kemur nú fyrir í ám, jafnvel sunnanlands — hafi verið, hvað á ég að segja: miður salt en venjulegt drykkjarvatn í mörgum plássum á Íslandi. Fyrir þessu eru skjalfestar sannanir.

Að þetta hafi verið siðleysi á einhvern hátt tel ég algjörlega fráleitt. Þetta var hins vegar skynsamlegt vegna þess að þetta gaf fólki færi á að kaupa bíla á lægra verði — sem þó voru lítt eða ekki skemmdir vegna þessa óhapps — fyrst og fremst vegna tryggingaskilmála og tollareglna í öðru landi.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa það að mér finnst sú fsp. sem hér liggur fyrir mjög misvísandi og tel ástæðu til að benda flm. á að kynna sér báðar hliðar í þessum málum. Það geri ég vegna þess að fyrirspyrjandi er vandaður maður og vill hafa það sem sannara reynist.

Það kom í ljós við athugun Iðntæknistofnunar að það vatn sem flæddi á þessa bíla var undir mælieiningunni 393. Drykkjarvatn í Keflavík er af mælieiningunni 900 og í Grindavík 1200, sem segir okkur að samkvæmt þessu væri drykkjarvatnið í Keflavík og Grindavík gjörsamlega óneysluhæft.

Ég tel það meiri háttar mistök eða valdníðslu Bifreiðaeftirlitsins að neita að skoða bíla. Það er meiri háttar valdníðsla að mínu mati og ekki siðuðum mönnum til eftirbreytni. Það að neita að skoða bílana sýnir að viðskiptahagsmunir hafa verið teknir fram yfir annað. Eðlilegt er og var að mínu mati að skoða hlutina. Ef bílarnir reyndust skemmdir átti auðvitað að hafna þeim, en svo reyndist ekki vera. Þeir reyndust í mjög góðu lagi, eru í lagi og innflytjendur taka fulla ábyrgð á þeim.

Ég ítreka að þetta var ekki sjóflóð heldur vatnsflóð, sennilega minna en þeir bílar fengu á sig sem fluttir voru inn af Heklu. Ég er hér með álit frá Iðntæknistofnun sem segir þetta og það þarf ekki neinar fullyrðingar annars staðar frá vegna þess.

SAMEINAÐ ÞING

44. fundur, fimmtudaginn 4. febr., að loknum 43. fundi.

Frárennslis- og sorpmál, fyrri umr.

Þáltill. BB o.fl., 184. mál. — Þskj. 207.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Á þskj. 207 er till. til þál. um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála. Þessa till. flytjum við þm. Borgarafl. Fyrsti flm. er Benedikt Bogason, varaþm. flokksins í Reykjavíkurkjördæmi. Þar sem hann er ekki lengur á þingi hefur það lent í minn hlut að kynna þáltill. er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að láta gera samræmda könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála í öllum þéttbýlisstöðum á landinu, svo og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun.“

Eitt stærsta vandamálið, sem nú blasir við mannkyni öllu, er hraðvaxandi mengun láðs, lagar og lofts. Í öllu tæknikapphlaupinu hefur manninum yfirsést að varnar- og hreinsikerfum móður náttúru eru takmörk sett.

Í þeirri viðleitni að ná sem mestu fyrir sem minnst hefur ekki aðeins nánasta umhverfi mannsins verið spillt heldur hafa spillandi áhrif breiðst út til næsta nágrennis og jafnvel landa í milli. Veður og vindar, vatnið á hringrás sinni og hafstraumar bera óþverrann landa eða heimsálfa í milli.

Ísland, umlukið hafinu, hefur fram að þessu sloppið vel. Þó er um talsverða mengun að ræða frá okkur sjálfum og fer hún stigvaxandi. Aukinn skilningur er á þessum vanda, m.a. á Alþingi, og hafa verið sett lög og reglur í varnaðarskyni.

Einn er sá þáttur þessara mála sem vanræktur hefur verið þrátt fyrir reglur þar að lútandi. Það er hreinsun frárennslis frá byggð og bólum, svo og sorpeyðing. Það virðist því miður allt of algeng skoðun að í lagi sé að losa sig við skólp í næsta skurð eða niður í fjöru, aka sorpinu út fyrir byggð og hrúga því í gryfjur og kveikja í öðru hverju, svo félegur sem sá reykur er sem þaðan berst. Þótt byggðar séu rotþrær til að fella út grófa hluti er undir hælinn lagt hvort nokkurn tímann sé litið eftir þeim. Þótt settar séu upp fitugildrur og olíugildrur samkvæmt kröfum byggingaryfirvalda eru þær sjaldnast hreinsaðar eða yfirleitt litið á þær. Venjulegar kröfur um útrásir skólpræsa eru þær að skólpið sé leitt undir stórstraumsfjöru og „lengi taki sjórinn við“.

Vissulega er góður möguleiki á þynningu í kafi strax eftir að skólpið kemur í sjóinn og saltur sjór hefur hreinsieiginleika og sótthreinsar að vissu marki, en um staðbundna mengun getur orðið að ræða og strendur kringum útrásir verða fljótlega mengaðar og stundum hreinlega uppfullar af því

grófasta úr sorpinu.

Mikið kæruleysi ríkir um frárennsli frá iðnaði, sjúkrahúsum og slátur- og fiskvinnsluhúsum. Vaxandi fjöldi máva er m.a. mælikvarði á þess háttar mengun.

Ástand sorpeyðingar er mjög misjafnt. Sveitarfélögin á Suðurnesjum reka t.d. sameiginlega sorpbræðslustöð og Reykjavíkurborg og nágrannabyggðarlög urða sorpið jafnóðum á sorphaugum. Svo er um fleiri staði, en víða er sorpi því miður ekið á hauga án skipulegrar eyðingar.

Við Íslendingar lifum fyrst og fremst á framleiðslu matvæla. Um 70% af útflutningi okkar eru fiskafurðir og svo verður líklega a.m.k. næstu áratugi. Við stefnum á enn meiri úrvinnslu og nýtingu aflans innan lands og ýmsir álíta að góðir möguleikar geti orðið síðar meir á útflutningi á landbúnaðarafurðum til hrellds heims mengunar og gerviefna. Allar kröfur um hreinlæti fara vaxandi og því er meginmál að þetta sé tekið föstum tökum strax.

Þessi þáltill. er sett fram til að fá yfirsýn yfir ástand mála yfir allt landið og hvernig megi í framhaldi af því bæta stöðu hinna einstöku byggðarlaga eða sveitarfélaga. Síðan þarf að ákveða stefnu í þessum málum og herða kröfurnar miðað við þær reglur sem nú gilda. Þá verður nauðsynlegt að finna leiðir til að fjármagna aðgerðir ef þær reynast ofviða sveitarfélögum. Hugsanlega mætti taka til greina þá staðreynd að vatn, sem fer frá vatnsveitum inn í hús, kemur þaðan út sem skólp. Þá er eftir að gera það óskaðlegt áður en því er skilað til náttúrunnar. Sama er að segja um föstu efnin í sorpinu. Það hefur í för með sér kostnað að skila þeim skaðlausum aftur til náttúrunnar. Endurvinnsla nýtanlegra efna og orkuvinnsla ætti að koma til álita í þessu sambandi. Í þeim tilfellum þyrfti að athuga breytt fyrirkomulag sorphirðingar. Nauðsynlegt er því að móta framtíðarstefnu sem fyrst og gefa góðan aðlögunartíma þar sem það er hægt.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið og eins og fram kemur í þessari þáltill. er þetta eitt mesta vandamálið í mengunarmálum sem að okkur Íslendingum steðjar. Að vissu leyti hefur á undanförnum árum verið gert mikið í því að laga þessi mál en margt er óunnið í þeim efnum. T.d. hefur Reykjavíkurborg nú á síðustu árum reynt að tengja skólpið frá Skúlagötunni niður í Laugarnestanga og ætlar síðan að tengja það þaðan út í ál hérna úti í Faxaflóa. Hins vegar þegar maður lítur út á Skerjafjörð sér maður um hvílíkan óþverra er að ræða. Þar er stórt frárennslisop og þykkt lag af sorpi og maður sér mávagerið þar í kring og getur rétt ímyndað sér ef þessir mávar fara inn á fiskverkunarplön hvað þeir sýklar og annað sem þeir hafa á sér geta skaðað okkar íslensku framleiðsluvörur.

Þetta er það sem ég vildi segja að sinni varðandi þáltill.

Þórður Skúlason:

Virðulegi forseti. Ég þakka flm. till. fyrir að hreyfa þessu máli hér í þinginu. Ég held að það sé full ástæða til þess. Þetta mál er þess eðlis að það brennur mjög á sveitarstjórnum vítt um landið. E.t.v. mætti álykta sem svo að vandi í sambandi við þennan málaflokk væri stærstur hér á höfuðborgarsvæðinu en ég held raunar að svo sé alls ekki. Þetta er ekki síður mikið vandamál víða úti um landið.

Hvers vegna er þetta vandamál ekki leyst? E.t.v. horfa ýmsir til þess að þar sé um að kenna áhugaleysi sveitarstjórnarmanna. Ég held hins vegar að það sé ekki það sem drepur þessu máli á dreif eða tefur framkvæmdir, heldur fyrst og fremst hitt og kannski sérstaklega það að sveitarfélögin vantar fé til þess að geta sinnt þessu verkefni sómasamlega, að eyða úrgangi og ganga frá sínum holræsamálum. Þetta vandamál er gríðarlega stórt t.d. þar sem ég þekki best til á Norðurl. v. Þar eru þessi mál í megnasta ólagi í öllum sveitarfélögum. Ég fullyrði það. Það er áhugi fyrir því hins vegar að leysa málið. Það hefur verið efnt til samstarfs um það að finna á því lausn. Ég hygg hins vegar að sökum fámennis og mikillar fjarlægðar milli sveitarfélaganna sé erfitt að finna viðunandi lausn og viðunandi samvinnugrundvöll í þessu efni.

Það er líka fleira sem kemur til. Víða í þessum sveitarfélögum vantar land. Þéttbýlisstaðirnir hafa ekki landrými til þess að koma sínu sorpi fyrir. Og þeir sem búa í nágrenninu og gætu e.t.v. tekið við því eru ekki sérlega ginnkeyptir fyrir því og lái ég þeim það ekki.

Það er tvennt til viðbótar sem mig langar til að nefna í þessu sambandi og hefur aukið verulega á þennan vanda að undanförnu. Þar á ég við í fyrsta lagi einnota umbúðir en notkun þeirra hefur farið mjög vaxandi. Ég held að fyllsta ástæða sé til þess fyrir Alþingi að huga að því hvort ekki er rétt að taka á þeim vanda sem slíkum umbúðum fylgir en hann eykur auðvitað mjög á vandann í sambandi við sorpeyðinguna.

Síðan er stórlega aukinn innflutningur á bílum sem auðvitað úreldast og verða ónýtir með tímanum. Ríkissjóður hefur verulega auknar tekjur af bílainnflutningi en því er ööruvísi varið með sveitarfélögin. Aukinn bílainnflutningur eykur einungis útgjöld sveitarfélaganna þar sem þau þurfa að sjá til þess að ónýtum bílum sé eytt og síðan þurfa þau auðvitað að sjá til þess að bílastæði séu næg. Aukinn bílainnflutningur og bílaeign landsmanna leiðir auðvitað líka til þess að götur og gatnakerfi þurfa meira viðhald og slitna meira en ella. Aukinn bílainnflutningur verkar því þannig að ríkissjóður hagnast á honum en sveitarfélögin bera af honum aukinn kostnað. Mér finnst að það gæti vel komið til álita í þessu sambandi að sveitarfélögin nytu í einhverju þeirra gjalda sem lögð eru á bíleigendur. Ég er ekki að mælast til þess að þau gjöld verði aukin heldur að hitt verði athugað, og mér finnst það koma vel til greina, að sveitarfélögin njóti í einhverju þeirra gjalda sem á bifreiðaeigendur eru lögð. Þá er ég sérstaklega með það í huga að

sveitarfélögin bera kostnað af eyðingu ónýtra bíla.

Síðan endurtek ég einungis þakkir mínar fyrir það að vakin var athygli á þessu brýna máli.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að segja örfá orð um þetta mál sem er hið þarfasta. Umhverfismál koma blessunarlega til umræðu annað veifið hér á hv. Alþingi og er það vel. Það er örugglega töluverður áhugi á þessum málum í öllum þingflokkum sem og víðar úti í þjóðfélaginu og vaxandi skilningur en því miður minna um framkvæmdir eins og fram kemur í þeirri grg. sem er með þessari tillögu og víkur að ýmsum málum sem vert er að skoða og veita athygli. Þetta framkvæmdaleysi er að hluta til afleiðing þess hvernig umhverfismálum er skipað í stjórnkerfi landsins þar sem umhverfismálin eru eins konar hornrekur í flestum ef ekki öllum ráðuneytunum. Þau mál hafa nú margoft verið rædd hér án þess að fengist hafi mikil viðbrögð eða úrbætur stjórnvalda, og væri ástæða til þess að minna enn og aftur á það og það geri ég hér með.

Þáltill. er að mínu viti ákaflega þörf og góð og ég lýsi eindregnum stuðningi við hana. Það er ekki nóg að ræða málin eins og við höfum sem betur fer gert öðru hverju hér í vetur og áður. Það verður líka að framkvæma og ég ætlaði aðeins að lýsa eindregnum stuðningi við till. og hvetja þm. til að skoða hana og styðja.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. á þskj. 207 um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála. Þessi till. er ekki borin fram að vanhugsuðu máli því að þessi mál munu verða mjög svo í sviðsljósinu á komandi árum. Það er ekki vansalaust að hugsa til þess að hér skuli í kringum allt land vera mjög slæmt ástand í þessum málum.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi benda á ástandið í frárennslismálum hjá fiskverkunarhúsum um allt land sem víða eru í mjög slæmu ástandi. Það hefur verið gerð úttekt á þessu, eins og allir vita, hjá hraðfrystihúsunum, hjá þeim aðilum sem fást um þau mál. Það er því mikið hagsmunamál fyrir okkur að það verði gengið með oddi og egg að þessum málum og frárennslismálin verði lagfærð og sorpmálin.

Það er ekki nokkur vafi á því að útflutningur okkar er hætt kominn í raun vegna frágangs á frárennslis- og sorplögnum. Það hefur verið birt skýrsla um það að frárennsli frá mörgum frystihúsum, eins og ég kom að áðan, er ábótavant og það er mjög mikilvægt að gert verði átak í þessum málum sem víðast á landinu. Það hefur verið látið reka á reiðanum hvað snertir þessi mál og menn hafa alltaf haldið að það væri nóg að láta þetta renna út í sjó og, eins og stendur hér í grg., lengi tekur sjórinn við.

En það er ekki svo. Lífríkið er miklu viðkvæmara en menn hafa haldið og sjórinn tekur ekkert endalaust við. Í kringum landið er þar að auki mjög viðkvæmt lífríki sem skiptir okkur miklu máli hvað varðar uppeldisstövar fisks og fisk á grunnsvæðum. Það er því brýnt að það sé gengið í þessi mál og þau endurbætt. Það er ekki nokkur vafi að ef fer sem horfir og við bætum ekki verulega okkar þátt í þessum efnum getum við átt á hættu að við verðum ekki taldir framleiða nógu góð matvæli fyrir þjóðir sem gera miklar kröfur um þetta, eins og Bandaríkjamenn og ýmis Evrópuríki.

Ég held því að það sé mjög tímabært að bera þetta mál fram og ætla að vona að það fái góða umfjöllun hér og það verði samþykkt að gera könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála á öllum þéttbýlisstöðum á landinu og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun.

Ég vil í þessu sambandi líka benda á það að hér hefur ekki verið gerð nein könnun eða rannsókn á kannski mesta mengunarvaldi í sjó, þ.e. laxeldisstöðvunum. Ég held að menn hafi bara rennt blint í sjóinn með þær. Og staðreynd er það að sorpið sem kemur frá þeim eða úrgangurinn er eins og í stórum bæjum, frá stórum byggðarlögum. Það hefur ekki farið fram nein líffræðirannsókn á þessum hlutum. Það veit enginn hvaða áhrif þetta kann að hafa á lífríki sjávar. Það veit enginn í raun hvort þetta getur haft stórkostleg áhrif þegar til framtíðar er litið. Það má vel vera að frárennslismálin frá laxeldisstöðvum geti haft þau áhrif að það verði dauði í lífríkinu næst ströndum landsins. Ég tel að það verði að skoða þetta mjög grannt. Við erum þó heppnir að hér eru mjög öflugir sjávarstraumar í kringum landið sem menn halda að muni skola þessu í burtu. En við höfum þó enga tryggingu fyrir því. Það er brýnt að gerð sé mjög ítarleg úttekt á þessum málum, þetta sé skoðað mjög vel. Þannig að við stöndum ekki einn daginn frammi fyrir því að við höfum mengað sjóinn það mikið að það sé hættuástand í kringum landið.

Þá er rétt að benda sérstaklega á ástandið hvað stærstu byggðarlögin varðar. Það er alveg ljóst að sorp og frárennsli er mikið vandamál þar. Ég vil minna á það að Reykjavíkurborg stendur innan skamms frammi fyrir því að pláss vantar fyrir sorphauga. Það verður vafalaust erfitt mál og ég held að það sé umhugsunarefni að tekið verði á því máli í samræmi við einhverja stefnu sem Alþingi markar. Þá verði reynt að hugsa um það sem allra fyrst hvernig á að standa að þessum málum. Frárennsli frá Stór-Reykjavíkursvæðinu er gífurlega mikið og það hafa ekki farið fram neinar verulegar athuganir á því hvaða afleiðingar það hefur. Það væri mjög brýnt að skoða það.

Víða erlendis hafa verið settar upp hreinsunarstöðvar á frárennsli. Það er mjög til íhugunar hvort það verður ekki að huga að þessu í framtíðinni. Við getum ekki látið það viðgangast að fiskimiðin, grunnslóðin, verði menguð því að þá erum við í þeirri hættu að okkar afurðir seljist ekki.

Ég ítreka svo það að lokum að ég vona að hér

verði brugðist skjótt við. Við höfum í vetur orðið vitni að því að hér hafa verið bornar fram nokkrar þáltill. um mengun og ýmis mál er varða hana. Ég held að við stöndum á tímamótum og að þessi mál þurfi í heild að skoðast mjög vel því að við getum ekki staðið þannig að málum að komandi kynslóðir geti einn daginn sagt: *Já, lífríkið var allt eyðilagt af* þeim sem skiluðu landinu til okkar. Það er því brýnt að við hugsum um það þannig: Hreint land — fagurt land.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál er þess eðlis að það er mjög brýnt að taka á því. En við höfum reynslu af því að oft og tíðum hrindir flutningur þáltill. ekki máli áfram. Hún hefur ekkert lagagildi. Hún er aðeins ályktun Alþingis, viljayfirlýsing raunar um hvað Alþingi vilji láta gera í hinu og þessu máli. Reynslan sem við höfum af slíkum tillöguflutningi og samþykktum þeirra er hörmuleg. Það er hægt að benda á það í mjög mörgum tilvikum að það er ekkert með þessar tillögur gert þótt samþykktar séu.

Þetta er eitt af þeim málum sem er þess eðlis að það verður að taka á því. E.t.v. næst sá tilgangur að félmrh. skipi nefnd eða hafi samband við sveitarfélögin, en við höfum raunar enga tryggingu fyrir því og allt aðra reynslu á undanförnum árum. Ég á ekki við hæstv. félmrh. heldur bara alla ráðherra sem hafa verið hér á undanförnum árum.

Hvernig á að taka á svona flóknu máli til að tryggja því framgang er svo erfiðara mál. Ég held að engum blandist hugur um það að frárennsli frá þéttbýlisstöðum, Reykjavíkurborg og ýmsum öðrum, er ekki í því lagi sem við verðum að krefjast. Þó er þetta e.t.v. enn þá verra á þröngum innfjörðum því að hér eru þó nokkuð miklir straumar í kring. Hins vegar kemst frárennslið allt of stutt frá fjöruborði og það er vandamálið.

En það er ekki eingöngu frárennslið sem um er að ræða. Það er líka vandamál með ýmislegt annað í sambandi við okkar umhverfismál.

Það er orðin vaxandi krafa hjá þjóðinni og auðvitað víðar — það er vaxandi krafa erlendis þó að það sé misjafnt hvernig umhverfismálin þar eru — að þessi mál séu athuguð og við hljótum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að taka á þessu máli.

Ég er þó með efasemdir í sambandi við hugleiðingar síðasta hv. ræðumanns um laxeldið, a.m.k. þar sem það er ekki í þröngum fjörðum. Ég held að okkur stafi ekki hætta af því. Okkur stafar kannski meiri hætta af því að hafa kvíar stutt frá þéttbýlisstöðum, að það geti orðið til þess að slys verði í sambandi við fiskinn sem við erum að framleiða. En það vill svo til að a.m.k. alls staðar utan þröngu fjarðanna er það mikil hreyfing að ég hef ekki trú á því að það komi að sök. Hins vegar er það þekkt í Noregi að úrgangsefnin, fyrst og fremst fóðurúrgangurinn, hafa orðið til þess að drepa fiskinn. En þetta er bara mín skoðun og er sjálfsagt að athuga það, en ég held að það sé hættulegt fyrir okkur að hafa þessar kvíar í námunda við þéttbýli frekar en að við þurfum að vera svo hrædd við mengunarhættu af fiskeldinu sjálfu.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem síðustu ræðumenn hafa sýnt till. um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála. Eins og kemur fram í þeirra málflutningi og kom fram hjá mér í upphafi er þetta mjög stórt og mikið vandamál sem þarna er við að glíma og ég vonast svo sannarlega eftir því að þessi þáltill. fái góðan hljómgrunn í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál og að þáltill. megi verða samþykkt á þessu þingi.

Eins og fram kemur beint í tillögunni er farið fram á við félmrh. í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að það sé gerð samræmd könnun á ástandi þessara mála. Og þá nær það bæði til sorpmála, frárennslis sem slíks frá húsum, og atvinnustarfsemi og þá ekki síður loðdýraræktar og fiskeldis. Það hefur orðið hérna smáumræða varðandi fiskeldið og það er kannski ekki hægt að fullyrða beint um það hve mikill mengunarvaldur fiskeldið er, en í þessari tillögu felst það eitt að þetta sé kannað, en slíkar kannanir hafa ekki farið fram hér á landi svo að *ég viti til. Hins vegar veit ég það* að í Noregi, í þessum djúpu fjörðum sem þar eru, er þetta stórt og mikið vandamál. Sumir firðirnar eru orðnir dauðir og ekki er hægt að stunda þar fiskeldi né annan lífrænan rekstur.

Það er annað sem ég vildi minnast á sem eru fyrstu viðbrögð sem við höfum fengið vegna þessara mála. Þegar Efnahagsbandalagsríki stöðvaði innflutning á kjöti frá Íslandi var eitt af þeim atriðum sem þeir settu fyrir sig einmitt skolplagnir frá þeim sláturhúsum sem það kjöt sem flutt var til þessara landa kom frá. Það er sem sagt ljóst að það er fylgst með því erlendis hvernig við högum okkur í matvælaframleiðslunni og ég held að ef við ætlum að lifa af því áfram eins og hingað til að framleiddar séu hér hreinar matvörur þurfi í fyrsta lagi að athuga þessi mál er lúta að frárennslinu, frárennsli og skolpi.

Það er líka eitt annað sem ég vildi bæta við að lokum. Það er varðandi frárennsli frá olíustöðvum og sjúkrahúsum. Í núgildandi lögum eru gerðar töluverðar kröfur til þessarar starfsemi, en það hefur komið í ljós að þar er víða pottur brotinn eins og á mörgum öðrum sviðum sorpmála.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson vakti máls á því að hér væri aðeins um þáltill. að ræða og reynslan væri sú að ráðherrar færu lítið eftir því sem Alþingi samþykkti og harma ég það að svo hafi verið. Ég held hins vegar að verði þáltill. samþykkt muni það vera þannig, þar sem um mjög brýnt mál er að ræða, að félmrh. sjái sig tilneyddan til að fylgja þessu eftir.

Að lokum þakka ég þeim sem tekið hafa til máls fyrir þeirra undirtektir við till. og vonast eftir því að

hún verði samþykkt. Ég á von á því að henni verði vísað til allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu, fyrri umr.

Þáltill. VS o.fl., 226. mál. — Þskj. 507.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 507, 226. máli, sem er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að láta gera áætlun um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu."

Flm. ásamt mér eru fjórir aðrir þm. Norðurl. e., þau Árni Gunnarsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Halldór Blöndal.

Eins og hv. þm. er eflaust enn í fersku minni áttu Norður-Þingeyingar við alvarlega erfiðleika að etja í raforkumálum nú í upphafi þessa árs og eiga reyndar enn. Ástandið var verst austan Öxarfjarðarheiðar, en rafmagn er leitt þangað yfir heiðina um háspennulínu sem er orðin mjög veikburða en segja má að norðausturhorn landsins sé nokkurs konar botnlangi út úr hinu hringtengda raforkukerfi landsins. Þess má geta að bilanatíðni háspennulínunnar hefur verið upp í fimm sinnum á ári ef skoðuð eru sjö síðustu ár. Það má því öllum vera ljóst að úrbóta er þörf í raforkumálum Norður-Þingeyinga.

Tveir kostir virðast koma til greina: Annars vegar virkjun Sandár í Þistilfirði og hins vegar lagning 66 kílóvolta línu út úr landsnetinu frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði.

Hugmyndin um virkjun Sandár hefur verið til umræðu allt frá árinu 1949 þótt hún hafi ekki farið hátt í fjölmiðlum. Á síðasta ári vann Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. frumhagkvæmniáætlun á 2 mw. virkjun í Sandá fyrir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Niðurstaða verkfræðistofunnar varð sú að virkjunin mundi standa undir sér þó svo að eftirfarandi atriði séu ekki metin virkjuninni til tekna:

1. Orkutöp í núverandi orkuflutningskerfi Landsvirkjunar og RARIK sem falla muni niður með tilkomu Sandárvirkjunar.
2. Með tilkomu Sandárvirkjunar yrði e.t.v. hægt að fresta endurbyggingu eða styrkingu núerandi. háspennulínu um einhver ár.
3. Aukið öryggi í afhendingu orku til kaupenda á umræddu veitusvæði.
4. Virkjunin nýtist að fullu á umræddu veitusvæði strax að lokinni gangsetningu.

Tekið er fram í niðurstöðum verkfræðistofunnar að virkjunin geti staðið undir sér þrátt fyrir lækkun orkuverðs um 3% á ári til næstu aldamóta, en þá yrði raforkuverð e.t.v. um 70% af orkuverði í janúar 1987, þ.e. ef áætlanir Landsvirkjunar í þeim efnum ná fram að ganga.

Á undanförnum árum hefur stofnkostnaður smávirkjana farið lækkandi erlendis. Vélaframleiðendur hafa þróað ódýrari og staðlaðar hverfilsamstæður sem hægt er að laga að mismunandi skilyrðum með hagkvæmum hætti. Virkjun Sandár byggist aðallega á því að virkja grunnrennsli árinnar þar sem illmögulegt virðist að búa til miðlunarlón. Rennslið hefur verið mælt í samfellt 19 ár, þ.e. frá ársbyrjun 1966 til ársloka 1984. Dagsmeðalrennsli yfir 99% heildartímans var meira en 5 rúmmetrar á sekúndu og meira en 8 rúmmetrar á sekúndu yfir 80% heildartímans. Ekki hefur farið fram ítarleg rannsókn á rennsli árinnar á vetrartíma, en þá truflar ís síritandi mælingu á vatnshæð árinnar. Þær mælingar sem gerðar hafa verið á vetrarrennsli benda þó til að vetrarrennsli sé ekki verulega minna en mælingar síritans gefa til kynna.

Það sem einkennir ána að öðru leyti eru þrepahlaup sem koma í hana nokkuð árvisst og skammvinn rennslisþurrð verður stundum að vetrarlagi. Það eru því líkur á að um rekstrartruflanir við virkjunina gæti orðið að ræða. Þrepahlaupin ættu þó ekki að valda vandræðum ef vel tekst til með hönnun yfirfalls.

Heppilegasti staður fyrir virkjun Sandár er Sandárfoss sem er um 15 metra hár. Nokkur stíflusvæði koma til greina fyrir virkjun á 300 metra kafla frá fossbrún og upp með ánni, en þar eykst fallhæðin um 5 metra. Æskilegt er talið að stífla um 250 metra ofan við fossbrún. Þar væri einnig hægt að búa til lón sem gæti jafnað dægursveiflur rennslis.

Eins og fram hefur komið virðast einkum tveir kostir koma til greina til úrbóta í raforkumálum þessa landsvæðis. Hinn kosturinn er lagning 66 kv. línu út úr landsnetinu frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði. Á síðasta ári var lokið við að byggja þess konar línu frá Laxárvirkjun til Kópaskers. Flutningslínan sem liggur áfram frá Kópaskeri til spennistöðvar í Þistilfirði og notast er við í dag er 33 kv. og eru orkutöp umtalsverð á leiðinni. Flutningsgetan er um 5 megawött en þegar álagið verður meira en 4 mw. munu koma fram skekkjur á milli fasa.

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í grg. með tillögunni hafa Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins dregið niðurstöður verkfræðistofunnar um ágæti virkjunar Sandár í efa og telja að ekki sé útlit fyrir að þörf sé á nýrri virkjun inn á landskerfið á þeim árum sem nauðsynlegt væri að taka Sandárkerfið í notkun ef fresta ætti línulögn og því sé ekki útlit fyrir að hún sé þjóðhagslega hagkvæm. Hins vegar kemur fram í umsögn Rafmagnsveitnanna að út frá þeirra hagsmunum geti virkjunin orðið hag-

kvæm þar sem óbeinn hagnaður vinni upp það sem á vanti, að hún standi undir sér sem sjálfstæður rekstraraðili, þ.e. ef byggingarkostnaður yrði ekki hærri en áætlað er.

Mér er kunnugt um það að áhugi heimamanna er verulegur fyrir virkjun Sandár eins og sýnir sig í því að sýslunefnd hefur tekið málið í sínar hendur til þess að reyna að finna því framgang. Það er því mikils virði að niðurstaða fáist í þessu máli, ekki síst þegar tekið er tillit til þeirra erfiðleika sem rafmagnstruflanir í Norður-Þingeyjarsýslu á nýbyrjuðu ári hafa haft í för með sér.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hafnaði því að vera meðflm. að þessari till. og tel því rétt að ég geri hér og nú grein fyrir því hvers vegna það var. Ég ætla samt að byrja á því að segja frá því að Sigtryggur Þorláksson, hreppstjóri á Svalbarði, hefur verið með þetta mál um langan tíma og er ég hér með í höndum skýrslu frá honum um þetta málefni. Hann hefur komið hingað suður, kom t.d. á sl. hausti og ég átti samtal við hæstv. iðnrh. og Kristján Jónsson, framkvæmdastjóra RARIKs um þessi málefni.

Það kom fram hjá Kristjáni að ekki væri ástæða til að gera neitt í þessum málum að sinni. Það væri á áætlun að leggja línu 1992 og það væri útlit fyrir að það væri hægt að halda hinni við með sæmilegu móti fram að þeim tíma. Hann óskaði þess að hæstv. ráðherra beitti sér fyrir því að fá fjármagn til þess að ljúka athugun á Sandárvirkjun.

Með okkur Sigtryggi var Guðmundur Björnsson verkfræðingur sem hefur gert þessa athugun. Það kom fram hjá Sigtryggi að sýslunefndin væri búin að kosta til um einni milljón til að gera þessar athuganir. Ég er hér með mikla skýrslu um þetta mál allt saman frá Verkfræðiskrifstofu Guðmundar og Kristjáns.

Það var líka ósk hans að þessi milljón, sem sýslunefndin er búin að leggja í þetta, yrði endurgreidd. Því miður var það nú ekki gert. En strax þegar þessar bilanir komu fram á línunni og auðséð var að ofmetinn hefði verið styrkur þessarar línu, þá átti ég að ósk Sigtryggs og fleiri manna fyrir austan samtal við Kristján Jónsson og hæstv. iðnrh. um þetta vandamál og fór enn fram á það að í lánsfjáráætlun yrði sett fjármagn til þess að geta á næsta sumri lokið þessari könnun.

Ráðherra og Kristján Jónsson tóku máli Norður-Þingeyinga mjög vel. Ráðherra vildi ekki beita sér fyrir því að koma inn á lánsfjáráætlun fjármagni til þess að ljúka þessu og það varð að samkomulagi við þá báða að þegar yrði hafist handa til þess að gera skýrslu um úrbætur á þessu máli. Ráðherrann taldi að ef í ljós kæmi að það væri betri kostur að athuguðu máli að virkja Sandá heldur en að flýta línunni mundi hann finna ráð til þess að fá fjármagn með einhverjum hætti til þeirra hluta.

Af þessari ástæðu, þar sem það sem felst í þáltill. var komið af stað, gat ég ekki og sá ekki ástæðu til að fara að flytja um það tillögu, enda hafði ég ekki möguleika á því að ná til ráðherrans og hefði aldrei farið að flytja tillögu eftir þá vinsamlegu viðræðu fyrir hönd þeirra fyrir austan við hann um þetta mál.

Það kemur fram hjá RARIK, þar sem ég gríp inn í skýrslu þeirra, með leyfi forseta: „Sé litið á málið frá þjóðhagslegu sjónarmiði gerir staðsetning virkjunarinnar það að sé hún byggð á réttum tíma má fresta byggingu 66 kílóvolta línu frá Kópaskeri til Brúarlands. Sé miðað við nýjustu orkuspá gæti þessi frestun orðið 10–13 ár eða frá 1992 fram til 2002–2005.

Heildarkostnaður við þessa línulögn ásamt nauðsynlegum breytingum í aðveitustöðvum er án tolla og aðflutningsgjalda nálægt 100 millj. Til þess að fá fram þessa frestun á línulögninni er nauðsynlegt að virkjunin verði tilbúin til notkunar 1992, eða skömmu eftir að Blönduvirkjun verður tekin í notkun. Verði ekki samið um frekari sölu til stórnotanda samhliða Blönduvirkjun mun hún anna aukinni notkun á almennum markaði fram yfir aldamót.

Þjóðhagslega verður því ekki þörf á annarri virkjun á þessum árum og frestun á línulögn, sem er ódýrari en virkjunin, getur því ekki réttlætt virkjunina út frá þjóðhagslegu sjónarmiði ef umframorkuvinnslugeta verður í landskerfinu á þessum árum. Út frá hagsmunum Rafmagnsveitna ríkisins getur þessi virkjun hins vegar verið hagkvæm."

Ég viðurkenni það nú að ég skil nú ekki þennan málflutning. (**HBl:** Þá er að lesa það aftur.)

„Með því að fresta 66 kv. línunni frá Kópaskeri til Brúarlands um 10–13 ár gætu sparast 50–60 millj. kr. að núvirði í fjárfestingu. Á móti koma meiri orkutöp á línunni Kópasker–Brúarland þar sem hún væri rekin á 33 kv. spennu í stað 66 kv. Þessi munur gæti samsvarað um 20 millj. að núgildi á þessum 10–13 árum. Óbeinn hagnaður Rafmagnsveitnanna af virkjuninni gæti því orðið 30–40 millj.

Ef þessi óbeini hagnaður er dreginn frá stofnkostnaði lækkar árlegur kostnaður sem orkuframleiðslan þarf að standa undir í 8,3–9 millj. og miðað við það gæti virkjunin staðið undir sér jafnvel í slæmum vatnsárum."

Það væri freistandi að lesa miklu meira upp úr þessum skýrslum. Eins og raunar kemur fram, þó að það sé nokkuð mótsagnakennt í því sem ég las, þá virðist það vera hagkvæmt að fresta línunni en virkja Sandá. En það verður að ákveða það nú þegar því að þessar truflanir eru alls ekki liðnar hjá. Það var verið að vinna við viðgerð á línunni í allan gærdag til kl. eitt í nótt, og hafa fleiri bilanir orðið á undanförnum árum.

Tími minn er nú búinn, en ég mun ræða þetta frekar síðar.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Skömmu eftir áramót, ef ég man rétt, gerðust þau tíðindi að sú lína, sem hér hefur verið til umræðu, bilaði. Staurar féllu og brotnuðu,

reyndar ekki aðeins einu sinni heldur tvisvar, líklega um 30 staurar. Ástæðan var auðvitað óveður, norðaustanátt og mikil ísing. Norðaustanáttin stendur þvert á þessa línu sem er orðin gömul og þarf auðvitað endurnýjunar við eins og skýrt og greinilega hefur komið fram í þessum umræðum. Þegar þetta gerðist höfðu þm. kjördæmisins samband við mig og töldu að gera þyrfti ráðstafanir til þess að auka öryggi þessa svæðis hvað varðar raforku.

Ég hef átt samtal við rafmagnsveitustjóra og beðið hann um að gera úttekt á þessu máli sérstaklega. Ég verð jafnframt að segja að ég tel það vera til bóta að þessi tillaga skuli vera flutt. Það er ekki síðra að Alþingi fái tækifæri til að fjalla um málið, jafnvel að gera sína samþykkt og mun það auðvitað styrkja iðnrn. í því að fara fram á að gerð verði sérstök áætlun fyrir þetta svæði innan þeirrar áætlunargerðar sem fer fram á vegum RARIK.

Það er rétt sem kemur fram að það eru fyrst og fremst tveir kostir sem koma til greina, annar er sá að virkja Sandá í Þistilfirði, en það mundi gerast á grundvelli heimildar í lögum frá 1956, þar sem segir að ríkisstjórnin hafi heimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Þórshafnar og Raufarhafnar, og, eins og segir jafnframt í þessu ákvæði: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun um Norður-Þingeyjarsýslu.

Það hefur verið álit þeirra aðila sem um þetta mál hafa fjallað, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins, að þetta sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt, en mér finnst vera fyllsta ástæða til að skoða það enn á ný. Það ber þó að geta þess, sem ekki hefur komið fram kannski nægilega skýrt í þessum umræðum, að áætlun um virkjun sem nú liggur fyrir er áætlun um virkjun 2 mw. stöðvar en álagið í toppi á þessu svæði mun vera um 3½ mw. Þannig að þó hægt væri að fresta línulögn um skeið þá er ljóst að virkjun mun ekki fullnægja þessu svæði, a.m.k. ekki að óbreyttri byggð og starfsemi á þessu svæði sem við að sjálfsögðu vonumst til að styrkist frekar en veikist á næstu árum.

Ég vil því aðeins segja að ég tel að það sé æskilegt að þessi könnun verði framkvæmd og áætlun gerð. Það verður þá gert innan marka Rafmagnsveitna ríkisins. Vonast ég til þess að einhver niðurstaða geti legið fyrir innan skamms tíma og þá á ég við að hægt sé að taka tillit til þeirra niðurstaðna þegar næst verður fjallað um málefni Rafmagnsveitnanna á Alþingi, sem varla verður fyrri en við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Ég vil ítreka það að ég sé enga ástæðu til að fara gegn þessari þáltill. Mér finnst hún vera fyllilega eðlileg og réttmæt og held að það geti verið að því styrkur að hún verði samþykkt hér á hv. Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. iðnrh. um það að ég held að það geti naumast orðið til annars en góðs að Alþingi sinni þessu máli og sýni því áhuga, enda er ég meðflutningsmaður að þessari till. um gerð áætlunar um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu. Hér er m.a. til umræðu heimasveit mín og kæmi nú úr hörðustu átt ef ég væri ekki hlynntur því og jákvæður í því að leita úrlausnar á erfiðu vandamáli sem er ótryggt rafmagn á þessu svæði. Ég legg á það áherslu að hér er verið að flytja till. um víðtæka úttekt á möguleikum til úrbóta í raforkumálum sýslunnar. Og þó að menn horfi þar talsvert til þess möguleika að virkjun Sandár í Þistilfirði gæti þar orðið liður í, þá legg ég eindregið til og beini þeim tilmælum til hæstv. iðnrh. að verði þessi till. samþykkt og vinna sett í gang þá verði allir kostir skoðaðir sem þarna koma til greina.

Ég get auðvitað ekki leynt því að ég er mjög spenntur fyrir þeim möguleika að sú gamla hugmynd að virkja Sandá nái fram að ganga. Ég held að það hafi alla tíð legið fyrir að þar væri um mjög hagkvæman kost að ræða, einfalda beina rennslisvirkjun í vatnsfalli sem hefur tryggt rennsli og jafnt. Hér er líka um virkjun af þeirri stærðargráðu að ræða að hún ætti að verða viðráðanleg bæði í uppbyggingu og rekstri og hvorki valda röskun né erfiðleikum sem ekki væru viðráðanlegir í því byggðarlagi sem um ræðir.

Það er einnig af ýmsum öðrum ástæðum hagkvæmt að fá virkjun á þessu svæði. Ég nefni það að lína frá Laxárvirkjun, háspennt lína frá Laxárvirkjun og norður á Bakkafjörð er auðvitað geysilöng leið og liggur yfir marga erfiða fjallvegi. Bara frá Kópaskeri og yfir á Bakkafjörð er um að ræða tvær heiðar, Öxarfjarðarheiði og Brekknaheiði sem hét til forna Helkunduheiði, en er nú daglega kölluð Brekknaheiði. Veður eru allrysjótt á þessum slóðum og ísingarhætta e.t.v. meiri en víðast hvar annars staðar eins og nýleg dæmi sanna. Þar er t.d. veðurfyrirbærið frostrigning algengari eða erfiðari viðfangs en víðast hvar annars staðar þegar tiltekin veðurskilyrði ríkja á þessum norðlægu slóðum og veldur allt erfiðleikum hversu traustar sem raflínur kynnu að verða í framtíðinni.

Ég skal reyna að útskýra hvers vegna það getur haft mjög hagnýtt gildi fyrir rekstraraðila á þessu svæði að hafa þarna virkjun þó svo að menn geti velt því fyrir sér frá sjónarhóli Landsvirkjunar eða frá þjóðhagslegu sjónarmiði hvort það sé æskilegt. Ástæðan er ofur einföld. Hún er sú að á meðan umframorka er til hjá framleiðendum er freistandi að koma henni í verð, selja hana og í því liggja hagsmunir Landsvirkjunar. En dreifiaðilinn situr við það að kaupa orkuna, við stöðvarvegg Laxárvirkjunar hygg ég að það sé núna, og annast dreifingu hennar eftir þessari löngu línu. Kaupandinn, dreifiaðilinn, í þessu tilfelli Rafmagnsveitur ríkisins, situr því uppi með orkutapið sem er umtalsvert í svona langri línu og kaupir það í raun og veru. Þannig að komi virkjun inn á miðja línuna sem keyri upp

spennuna og dragi þar með úr orkutapinu þá skeður tvennt: Í fyrsta lagi er framleidd þar orka og ef það er gert með hagkvæmum hætti þá kemur það aðilanum til góða. En í öðru lagi minnka kaup dreifiaðilans á raforku sem tapast í langri línu. Þetta ætti að vera skiljanlegt ef menn hugleiða þetta augnablik. Þar af leiðir að hagsmunir annars vegar Rafmagnsveitna ríkisins og hins vegar Landsvirkjunar kunna að vera nokkuð mismunandi í þessu tilfelli eins og reyndar víðar.

Ég nefni annað dæmi sem mönnum er e.t.v. kunnugt. Það er sú góða og þarfa virkjun Krafla sem kemur mjög vel út í hringtengingu orkukerfisins, vegna þess að innkeyrsla 30 mw. í hringtenginguna á þeim stað sem Krafla er heldur auðvitað uppi spennu og minnkar orkutap og gerir rekstur heildarkerfisins hagkvæmari en ella væri. Það sama mundi eiga við kæmi inn virkjun af stærð Sandárvirkjunar á þessari löngu dreifilínu frá Laxárvirkjun og austur á Bakkafjörð.

Þetta er því önnur ástæða fyrir utan auðvitað öryggissjónarmiðið, að hafa þarna virkjun ef þess er kostur. Þetta hafa Rafmagnsveitur ríkisins að sjálfsögðu skoðað og gert sér grein fyrir. Og mér er kunnugt um það að á þeirra vegum hafa jarðfræðingar frá Orkustofnun kannað vatnsföll á þessu svæði og möguleikana á því að koma þar upp virkjun. Hvað Sandá varðar er þar um að ræða mjög einfalt mannvirki, beina rennslisvirkjun og það eina sem e.t.v. vantar ofurlítið á upplýsingar er um betri rennslismælingar sem eru ófullkomnar á þessu svæði.

Ég hygg að það sé þarft að taka þetta mál upp á þingi og sýna því áhuga hér. Þar breytir engu um þó ýmsir aðrir aðilar hafi haft á því áhuga og verið að vinna að því. Þess þá heldur. Enn betra að Alþingi leggist þar einnig á árar. Ég hygg að það eina sem þurfi að gæta að, og e.t.v. betur en gert hefur verið hingað til, sé að allir þeir aðilar sem hér eiga hagsmuna að gæta verði hafðir með í ráðum og að samstarf þeirra í millum verði sem best. Ég á hér við ráðuneytið, Rafmagnsveitur ríkisins, viðkomandi sveitarfélög og svo alla þá aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Mig langar til að lýsa yfir stuðningi við þá þáltill. sem hér er til umræðu um gerð áætlunar um úrbætur í raforkumálum í Norður-Þingeyjarsýslu. Mér er málið nokkuð skylt, hef verið varaþm. fyrir þetta kjördæmi í átta ár og auk þess er hér um mínar heimaslóðir að ræða. Ég leiði hugann að því að þegar ég kom hingað fyrst inn á virðulegt Alþingi, þá fjallaði einmitt mín fyrsta ræða um raforkumál í Norður-Þingeyjarsýslu, sem var fsp. um hvenær mundi ljúka þar sveitarafvæðingu sem dregist hafði úr hömlu þá í mörg, mörg ár. Ég veit ekki hvort það ýtti á eftir. Alla vega dróst það enn í ein fimm ár. Þrátt fyrir góð loforð, bæði ráðherra og annarra sem áttu hlut að máli um að þetta væri að koma, þá dróst samt stöðugt að þessir bæir sem þar um ræddi fengju rafmagn. Í máli hv. flm. þessarar tillögu, Valgerðar Sverrisdóttur, kom það einmitt fram að Norður-Þingeyjarsýsla væri viss botnlangi hvað varðar raforkumál og hún er það einnig varðandi mörg önnur mál.

Ég held þess vegna að þessi tillaga sem hér er lögð fram sé af hinu góða þó hún geri ekki nema það eitt að ýta á eftir málinu enn frekar. Þó svo að einhverjir þm. hafi fengið loforð einhverra manna einhvern tímann um það að þetta sé í lagi, þá hef ég reynslu fyrir því sjálfur að slíkt er haldlítið veganesti. Alla vega hefur oft lítið miðað þó svo að slík loforð hafi komið fram og vitna ég þar enn til þeirrar sveitarafvæðingar sem ég nefndi fyrr í ræðu minni.

Ég vil síðan einnig lýsa yfir ánægju minni með upplýsingar iðnrh. sem hér komu fram, bæði það að hann sé að skoða þetta mál og kannski ekki síður þeim yfirlýsingum hæstv. iðnrh. að hann vonaðist til að byggðin á þessum stað mundi styrkjast fremur en veikjast á næstu árum. Undir það tek ég hjartanlega.

En ég ítreka að ég fagna þessari þáltill. og tel að þó hún verði ekki nema rétt til þess að ýta enn frekar á þetta mikilvæga mál fyrir þá íbúa sem þarna búa, þá nær hún vel tilgangi sínum.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka iðnrh. fyrir þær góðu undirtektir sem hann lýsti hér áðan og vil vænta þess að sú nefnd sem fær þessa þáltill. til meðferðar, sem er væntanlega atvmn. Sþ., hraði afgreiðslu málsins. Eins og hv. þingdeildarmenn hafa heyrt af því sem hér hefur verið sagt er um mjög brýnt mál að ræða og veldur satt að segja vonbrigðum að allir þm. kjördæmisins skyldu ekki hafa skrifað undir þessa tillögu. En það er nú stundum svona að þegar áhuginn er mikill, þá kunna menn sér ekki hóf og í þessu tilviki hygg ég að ekki sé því til að dreifa að hv. 6. þm. Norðurl. e. vilji ekki láta athuga þessi mál út frá öllum hliðum, heldur hitt að hann sé svo áhugasamur að hann megi ekki vera að því að bíða eftir afgreiðslu nefndarinnar. En einmitt með hliðsjón af því vil ég biðja nefndina um að hraða mjög störfum til þess að þessi gamli vinur okkar róist nú og geti staðið með okkur að lokaafgreiðslu málsins.

Ég þakka iðnrh. fyrir hans góðu undirtektir sem væntanlega staðfesta það að þess sé ekki langt að bíða að Norður-Þingeyingar fái úrbætur í sínum málum og að hringtenging verði þá á norðaustursvæðinu frá Kópaskeri til Vopnafjarðar.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu að marki. Sú till. sem hér er flutt sýnist mér að séu eðlileg viðbrögð hv. þm. Norðurl. e. við þeim áföllum sem orðið hafa á stofnlínu á milli Kópaskers og Brúarlands í Þistilfirði á undanförnum vikum og raunar, eins og fram hefur komið, nokkuð títt á undanförnum árum.

Í janúarmánuði urðu tvisvar sinnum ísingarveður á þessu svæði sem ollu bilunum svo sem hæstv. iðnrh. hefur lýst og einnig var þar bilun nú í gærkvöld eða nótt.

Það er nú svo að það er aldrei hægt að segja fyrir um það hvenær alvarleg ísingarveður skella á og sumpart er það svo að línukerfi okkar er ekki í stakk búið til að mæta öllum slíkum áföllum. Eigi að síður er eðlilegt að menn vilji bregðast við þessu með þeim hætti að reyna að bæta úr eftir því sem föng eru á. Hæstv. iðnrh. hefur rætt þetta mál hér með jákvæðum hætti.

Ég kem hér upp í þennan ræðustól til þess að vekja enn athygli á því að Rafmagnsveitur ríkisins, sem annast raforkudreifingu á þessu svæði, gera framkvæmdaáætlanir í fyrsta lagi til langs tíma, í öðru lagi til fimm ára, í þriðja lagi til tveggja ára og í fjórða lagi til eins árs, sem gert er með fjárlögum hverju sinni sem ákveðin eru og samþykkt af Alþingi.

Í áætlunum Rafmagnsveitna ríkisins um framkvæmdir er reynt að sinna tveimur markmiðum. Í fyrsta lagi að leitast við að tryggja það að afhending raforku sé með sæmilegu öryggi á því svæði sem Rafmagnsveiturnar eiga að þjóna. Í öðru lagi að gæta hófsemi í útgjöldum vegna fjárfestingar eftir því sem kostur er.

Þrátt fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins byggi upp sínar áætlanir með þessi tvö markmið í huga, þá verður það fyrirtæki að sæta því að þær áætlanir eru skornar niður ár frá ári við gerð og undirbúning fjárlaga. Þetta er öllum kunnugt. En þetta veldur því að ekki tekst að fá fjármagn til allra þeirra hluta sem við kynnum að óska. Ef hraðar væri farið í fjárfestingu mundi það auðvitað líka kalla á aukin útgjöld. Annað tveggja, og langlíklegast, í hærra raforkuverði. En þá að öðru leyti, ef stjórnvöldum sýndist svo, að hraða meira fjárfestingu og auka útgjöld til þeirra, þá yrði það að koma fram í beinum framlögum ríkisins.

Ég vil segja frá því varðandi þetta mál að línulögn á milli Kópaskers og Brúarlands hefur verið á áætlun Rafmagnsveitna ríkisins á árunum 1991–1992. Engin vissa er fyrir því á þessari stundu að hægt sé að fullyrða um þann framkvæmdatíma. Það fer eftir fjármagni. Rafmagnsveitur ríkisins hafa nýlokið við mjög kostnaðarsama framkvæmd, sem er bygging stofnlínu á milli Laxár og Kópaskers, og er það vitaskuld gert til þess að tryggja raforku inn á þetta svæði þó svo að línur frá Kópaskeri séu ekki jafnöruggar og þyrfti að vera. En þessi lína, frá Laxá að Kópaskeri, hefur verið viðamesta framkvæmd á vegum Rafmagnsveitnanna á undanförnum árum.

Nú er okkur vitaskuld ljóst hjá Rafmagnsveitum ríkisins, eftir þau áföll sem orðið hafa, að það er nauðsynlegt að leitast við að finna skjótari lausnir en hér hefur verið rætt um. Þess vegna hefur verið rætt um það að hraða því að auka varaafl á þessu svæði sem gæti að mestu leyti bætt úr því öryggisleysi sem þetta fólk á við að búa sem þarna býr. Þess er þó að geta að varaaflsvél, sem sett kynni að verða niður á Þórshöfn, er ekki á fjárlagaáætlun þessa árs og það er verið að athuga möguleika á því hvort unnt sé að tryggja þetta mál, þrátt fyrir að það sé ekki inni á fjárlögum, þá með því að láta eitthvað annað víkja. En þetta er sú skjótasta lausn í þessum málum til þess að bæta úr öryggisleysi sem hægt er við að koma.

Ég vil ekki fullyrða hvort þetta verður gert eða á hvern máta þetta verður gert, en aðeins láta þessar upplýsingar koma hér fram til viðbótar við hinar jákvæðu undirtektir sem fram komu hjá hæstv. iðnrh.

Þess má að lokum geta að fjárlagatillögur Rafmagnsveitna ríkisins fyrir þetta ár til fjárfestingar námu 150 millj. kr. Stjórnvöld og Alþingi ákváðu að hækka tillögur Rafmagnsveitnanna um 55 millj. kr. til þess að byggja línu niður á Krosssand frá Hvolsvelli sem kostar um 55 millj. og auka lántökur fyrirtækisins til þess að mæta því. En miðað við þessar tölur hefur hér verið sagt, sem er rétt, að talið er að lína milli Kópaskers og Brúarlands kosti um 100 millj. kr. og grófar áætlanir um byggingu virkjunar við Sandá eru um 150 millj. kr. Þetta verður athugað nánar í þeirri framvindu málsins sem hér hefur verið lýst og hæstv. iðnrh. hefur tekið undir það.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er nokkuð athyglisvert að sumir þm. úr stjórnarflokkunum virðast ekki treysta orðum iðnrh. eins og sá sem hér stendur. Ég verð að segja það í sambandi við síðustu ræðu að ég varð fyrir vonbrigðum með það að draga mætti þá ályktun af hans orðum að það væri engan veginn tryggt að þessi lína verði búin á árinu 1992, ef ég hef skilið mál hans rétt. (Gripið fram í.) Nei, en nú er það viðurkennt af framkvæmdastjóra RARIKs að dreifikerfið á Norðausturlandinu sé það langveikasta. Það langveikasta. Ég hef oft rætt við hann um þetta mál nú í vetur. Hann hefur skilning á því og fullan vilja á að bregðast við þessu nú þegar og ég vil ekki draga hans orð í efa.

Þegar bilunin varð þarna fyrst þá hrundi ein af þremur vararafstöðvum, er ónýt. Önnur bilaði. Að sögn Ingólfs Árnasonar eru þessar vararafstöðvar á Þórshöfn bara drasl, svo ég noti hans orð. Þannig að þessar tíðu bilanir hljóta að leiða til þess að þm. Norðurl. e. geri kröfu til þess að það verði brugðið við og bætt úr því að til staðar séu vararafstöðvar. Það var að vísu flutt stöð sem var til á Dalvík þangað austur nú í sl. mánuði, en hún leysir ekki þann vanda, hún nægir alls ekki ef bilanir verða.

Ég sé að í grg. er m.a. sagt að hugmyndin um virkjun Sandár hafi lengi verið til umræðu, eða allt frá árinu 1949.

Í skýrslu Sigtryggs á Svalbarði um þetta málefni, sem ég veit að iðnrh. hefur fengið fyrir nokkru, segir:

„Á árinu 1946 voru Norður-Þingeyingar að velta því fyrir sér í alvöru hvernig raforku skuli aflað fyrir

héraðið í heild. Á sýslunefndarfundi, sem haldinn var 10. júlí það ár, er gerð eftirfarandi samþykkt:

„Aðalfundur sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu beinir þeirri ósk til Rafmagnsveitna ríkisins að látin verði fara fram rækileg athugun á fallvötnum í Þistilfirði á þessu sumri með það fyrir augum að komið verði upp rafvirkjun fyrir Þórshafnar- og Raufarhafnarkauptún og nálægar sveitir.“„

Það kemur fram í skýrslunni að þetta er endurtekið á sýslufundi 1947, 1948, 1950 og þannig mætti telja áfram, þannig að það er ekki því að kenna að sýslunefnd eða forráðamenn Norður-Þingeyjarsýslu hafi verið sofandi yfir þessu máli. Og eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh. var gerð áætlun um þetta um 1950 þar sem talað var um að virkja Sandá. Þessi virkjun átti að kosta 3 millj. og átti að vera 2900 hestafla orkuver eins og segir í tillögunni. Þannig hefur þetta gengið alla tíð.

Þegar hv. þm. Albert Guðmundsson var iðnrh., þá komu þeir Norður-Þingeyingar og töluðu við hann um þetta mál. Hann tók máli þeirra vel, en það var stutt sem hann sat í því embætti eftir þessa för þannig að ekki var þetta mál af hans hendi leyst, því miður. En hann hafði á því fullan skilning og vilja. Ég vil að þetta komi fram hér við þessa umræðu.

Í sambandi við það sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan vil ég spyrja hann að því hvort það hafi ekki verið rétt tekið eftir af mér að það yrði þá þegar í byrjun janúar farið að athuga þessa skýrslu því að mér skildist hann draga það í efa að þessi skýrsla yrði tilbúin eða ákvörðunartaka fyrr en seint á þessu ári. En það mundi þýða að ef að Sandárvirkjun yrði sá kostur sem yrði tekinn þá mundi glatast þetta sumar til þess að rannsaka það mál til fullnustu. Ef þetta er réttur skilningur hjá mér, þá harma ég þetta. Og vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að þó það væri ekki ákveðin fjárveiting til þessara athugana á lánsfjáráætlun þá treysti ég því að hann mundi finna einhverjar leiðir til þess að leysa það mál, ef niðurstaðan yrði sú að Sandárvirkjun yrði fyrir valinu, til þess að leysa þessi vandræði.

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri það fyrir mér hvort ég hef misskilið hans mál því það er hörmulegt ef viðbrögðin verða þau að þessari skýrslu verður ekki flýtt þannig að hægt verði að nota sumarið en það hefur sýnt sig að línan er búin að bila í sex eða sjö skipti síðan um áramót.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. síðasta ræðumanns, þá kannast ég vel við þær viðræður sem hann vitnar til. Það er ljóst að það eru ekki fjármunir á fjárlögum til þess að halda áfram þeirri athugun sem hafin er. Ég taldi mig hafa sagt við þá sem við mig töluðu að við mundum reyna að leita lausna á því að greiða þann hluta af kostnaði sem þegar hefur verð útlagður af sýslunefnd. (Gripið fram í.) Já, það var í haust. Það er rétt. Viðræðurnar fóru fram í haust og síðan töluðum við saman líka eftir áramótin. En ég kannast ekki við, og verð þá leiðréttur, að hafa sagt meira en það að reynt verði að finna lausn á því hvernig hægt sé að koma til móts við heimamenn sem hafa lagt út í talsverðan kostnað — reyndar án þess að hafa samráð við stjórnvöld. Mín hugmynd var sú að hugsanlega gætu Rafmagnsveitur ríkisins leyst til sín þá vinnu sem þarna hefur verið unnin og þá eignast hana. Hún getur síðan auðvitað orðið grundvöllur áframhaldandi starfs.

Því miður get ég ekki gefið yfirlýsingu um það hér og nú hvort hægt sé að finna fjármuni til þess að halda áfram þeirri áætlun og nýta þannig sumarið. Ég satt að segja efast um að svo geti orðið nema til komi nýtt fjármagn sem ákveðið yrði annaðhvort af Alþingi eða þá með sérstakri fjárveitingu til þessara mála. Aðalatriðið er hins vegar það að það verður tekið á þessu máli þannig að nægilega góð lausn finnist sem allra fyrst á þessum málum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Mér þykir það leitt ef misskilnigur hefur verið okkar á milli í þessu máli. Þegar við ræddum um þetta eftir áramótin þá lagði ég áherslu á að sett yrði inn á lánsfjárlög fjármagn til þessara hluta. Og í síðasta skiptið sem ég talaði um þetta við ráðherrann þá talaði hann um að það væri ekki málið. Ég skildi hann þannig að hann mundi finna úrræði til þess að fá fjármagn ef á þyrfti að halda þegar skýrslan lægi fyrir og að þá þegar væri byrjað á þessari skýrslugerð. Ég ætla að láta þetta nægja en ég mun ræða þetta betur við ráðherrann og rifja þetta upp. Mér þykir það leitt ef ég hef misskilið þetta mál því að þessi skilaboð bar ég í Norður-Þingeyingana sem höfðu samband við mig þá strax, að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur út af því þó þetta færi ekki inn á lánsfjárlög vegna þess að það mundi finnast leið ef niðurstaðan yrði að halda áfram með Sandárvirkjun.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið hér í Sþ. og lýsi sérstakri ánægju með undirtektir hæstv. iðnrh. Það var ánægjulegt að heyra það að flestir hv. þm. eru þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að fjallað sé um þetta mál hérna í þinginu og raunar umhugsunarefni ef ákveðnir þm. geta haft þá skoðun að umfjöllun hér í hv. Alþingi geti skemmt fyrir varðandi framgang málsins. En raunar held ég að svo hafi nú verið með hv. 6. þm. Norðurl. e. að hann hafi kannski verið kominn á aðra skoðun undir lok umræðunnar, honum hafi fundist það gagnlegt að við hefðum rætt þetta mál hér í hv. þingi.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Mér láðist að geta þess í minni framsögu að ég mælist til þess að málinu verði vísað til hv. atvmn. að lokinni umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða þá stöðu sem uppi er í efnahags- og kjaramálum og leggja fyrir hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar spurningar í því sambandi.

Ég vil leyfa mér í upphafi að þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu þar sem ég tel það mjög brýnt að þessi mál séu rædd hér á Alþingi, mjög brýnt að hæstv. ríkisstjórn greini frá áformum sínum, ef einhver eru, um aðgerðir og lýsi afstöðu sinni til þeirrar stöðu sem kjaramál og samningar aðila vinnumarkaðarins eru nú í. Ég vil leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. forsrh., spurningar sem í raun og veru brenna á allra vörum þessa dagana.

Svör hæstv. ríkisstjórnar hafa verið næsta fátækleg fram að þessu hvað varðar stefnuna í efnahagsmálum. Menn hafa jafnvel haft á orði að ástæða væri til að auglýsa eftir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í Ríkisútvarpinu eða í tapað/fundið dálkum dagblaðanna.

Vegna óvissu í efnahagsmálum og algers stefnuleysis eða a.m.k. aðgerðarleysis ríkisstjórnarinnar hefur verkalýðshreyfingin undanfarið sett stefnuna á skammtímaaðgerðir til að rétta við fallandi kaupmátt launafólks. Nú hefur hins vegar óbilgirni vinnuveitenda siglt þeim tilraunum í strand og allt eins líklegt er að fram undan sé tími nýrrar kröfugerðar og átaka, þar sem tekist verður á um kjörin til lengri tíma litið. Ég tel að þessi niðurstaða sé mikið áfall fyrir hæstv. ríkisstjórn vegna þess að þetta dregur enn frekar en áður athyglina að stefnu- og aðgerðarleysi hennar í efnahagsmálunum. Hafi það verið erfitt fyrir aðila vinnumarkaðarins að gera kjarasamninga við þá óvissu sem ríkjandi er til skamms tíma, þá er það auðvitað enn erfiðara að innsigla og ganga frá kjarasamningum til lengri tíma litið við þær aðstæður sem nú eru uppi. Ég held einnig að ríkisstjórninni hefði ekki veitt af þeim tíma sem unnist hefði með skammtímalausn, skammtímaniðurstöðu í samningum til að hugsa sig um, til að reyna að finna sína efnahagsstefnu.

Það er greinilegt að hæstv. ríkisstjórn á það sameiginlegt með dínósárusunum fornu, risaeðlunum, að hún er lengi að hugsa. Fornfræðingar, sem kanna lifnaðarhætti þessara fornu skepna, hafa stundum velt því fyrir sér hvort þar sé að finna eina af ástæðum þess að risaeðlurnar hurfu úr lífríki jarðarinnar fyrir um 70 milljón árum síðan, við lok miðlífsaldar, að þær hafi verið svo lengi að hugsa að þær hafi ekki verið samkeppnisfærar við aðrar lífverur sem þá voru uppi. Á sama tíma var og uppi önnur forneðla sem hét týrannósárus og var ráneðla. Sú kenning hefur verð sett fram að ef týrannósárus, ráneðlan, beit í halann á dínósárus, risaeðlunni, þá hafi skilaboðin um það að verið væri að éta halann ekki komist fram í heilann fyrr en hálftíma síðar. M.a. þetta hafi gert það að verkum að dínósárus varð algjörlega ósamkeppnisfær, eins og það heitir á nútímamáli markaðshyggjumanna.

Ég hygg að þessi líking, þó hún eigi kannski hóflega vel við, veki mann samt til umhugsunar um það að þeir sem eru allt of lengi að hugsa verða að lokum ósamkeppnisfærir og hverfa í burtu. Verða undir í samkeppninni. Ég held að hæstv. ríkisstjórn hafi þegar haft næstum því allan umþóttunartíma sinn. Og nú spyrja menn um aðgerðirnar vegna þess að tíminn er skammur. Vegna þess að Róm brennur, eins og hæstv. utanrrh. hefur orðað það.

Þessi staða sem nú er uppi kallar enn frekar á það að hæstv. ríkisstjórn geri grein fyrir stefnu sinni í efnahagsmálum, afstöðu sinni til kjaramála og skýri hvers er að vænta á næstunni af hennar hálfu í þessum efnum. Í því sambandi vil ég ræða nokkur efnisatriði sérstaklega og spyrja hæstv. forsrh. lið fyrir lið um væntanlegar aðgerðir ríkisstjórnar á þeim sviðum.

Í fyrsta lagi um stöðu atvinnuveganna. Einkum útflutningsgreinanna. Það er upplýst að botnfiskveiðar í heild séu nú reknar með 3–5% tapi, þar af frystingin með a.m.k. 7–9% tapi og fer vaxandi. Þetta byggir á könnun frá því í nóvember eftir fiskverðsákvörðun sem þá var tekin. Síðan er það augljóst mál að staðan hefur versnað hvað þetta varðar. Staða útflutningsiðnaðarins, einkum ullariðnaðarins er mjög alvarleg eins og kom fram í fyrirspurnatíma hér á Alþingi fyrr í dag. Þar er við mikla erfiðleika að etja. Sama má segja um samkeppnisiðnaðinn. Á hans hlut hallar núna stórlega. Störfum fækkar í iðnaði svo tugum eða hundruðum nemur á hverjum mánuði og markaðshlutdeild innlendra samkeppnisgreina minnkar. Þegar hugsað er til þessa ástands er það í raun og veru með ólíkindum að fyrir fáeinum vikum keyrði hæstv. ríkisstjórn hér í gegnum Alþingi auknar álögur á þessar atvinnugreinar, á sjávarútveginn og á útflutningsiðnaðinn, í formi þess að dregið var úr endurgreiðslum á uppsöfnuðum söluskatti og lagður var launaskattur á þessar greinar. Því spyr ég varðandi rekstrarstöðu atvinnuveganna: Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir í sambandi við rekstrarskilyrði í fyrsta lagi sjávarútvegsins og í öðru lagi iðnaðarins? Eða á að horfa á störfum fækka um tugi og hundruð í hverjum mánuði í þeirri grein án þess að hafast nokkuð að?

Í öðru lagi vil ég spyrja um vextina. Og það er nátengt því sem rætt var hér á undan. Vaxtakostnaður fjölmargra fyrirtækja í landinu er nú sambærileg stærð, eða meiri, og launagreiðslur fjölmargra venjulegra fyrirtækja sem hafa þannig lagaða starfsemi að hún krefst mikils vinnuafls. Engu að síður er þessi kostnaðarliður í bókhaldi fjölmargra þeirra fyrir árið 1987 sambærileg, eða hærri, tala og allar launagreiðslur.

Hæstv. ríkisstjórn og vinnuveitendur eru fáorð, næsta fáorð um þær hækkanir sem orðið hafa á fjármagnskostnaði. Það er ekki rekið upp sambæri-

legt ramakvein yfir þeim geysilegu álögum sem þannig leggjast á atvinnulífið og gert er ef launin eiga að hækka um eina einustu krónu. Þá er allt í voða. En þó að fjármagnskostnaður fyrirtækjanna, eins og í sjávarútvegi og iðnaði sem búa við taprekstur, vaði núna upp úr öllu valdi er ekki kvartað yfir því, a.m.k. ekki með sama hætti og grátið er yfir því *ef mönnum dettur sú ósvinna í hug að leiðrétta*, þó ekki nema í litlu væri, kjör þeirra sem lægst hafa launin. Og við skulum huga að því að taprekstur, eins og sá sem nú liggur fyrir í fiskvinnslunni og iðnaðinum, verður auðvitað þeim mun alvarlegri með hverjum deginum sem líður sem vextirnir eru hærri, sem fjármagnskostnaður fyrirtækjanna er meiri. Vaxtamunurinn í þessu landi er svo óheyrilegur, er með þeim fádæmum, að það er auðvitað algjört undirstöðuatriði, ef ríkisstjórnin ætlar að taka á efnahagsmálunum, að gripið verði inn í vaxtamálin.

Hér kom út skýrsla í desembermánuði, áfangaskýrsla frá Seðlabanka Íslands samkvæmt nýjum lögum um bankann þar sem gert er ráð fyrir því að hann geri ríkisstjórn og Alþingi og öðrum aðilum tvisvar á ári grein fyrir þróun peninga- og vaxtamála og gjaldeyrismála. Seðlabankinn, trúr þessum lögum, gerði þetta með ársskýrslu sinni sl. vor og aftur með sérstakri skýrslu nú í desember. Það væri ástæða til, herra forseti, að hæstv. viðskrh. beitti sér fyrir því að þessi skýrsla yrði sérstakt dagskrárefni hér á Alþingi og kæmi til umræðu en ég vil leyfa mér í þessu sambandi vegna umræðna um vextina og spurninga þar að lútandi að vitna örlítið í þessa skýrslu frá Seðlabankanum. Hún dregur í raun upp mjög dökka mynd af stöðunni í peningamálum og vaxtamálum. Þar segir, með leyfi forseta, í 3. kafla á bls. 2:

„Raunvextir á lánamarkaði hafa farið hækkandi og hafa sennilega aldrei verið jafnháir. Raunvextir óverðtryggðra lána virðast þó ekki hafa verið mjög háir fyrri hluta ársins," — sem hlýtur þá að eiga að skilja svo að þeir hafi verið mjög háir seinni hluta ársins. „Ástæðan er sú að innlánsstofnanir hafa sennilega vanmetið verðbólguhraðann á því tímabili. Jafnframt hafa grunnvextir verðtryggðra útlána farið hækkandi og eru nú að meðaltali um 9,5% en voru 5,9–6,2% í upphafi árs. Ákvörðun vaxta inn- og útlána hefur að mestu verið í höndum innlánsstofnana og hefur Seðlabankinn ekki haft frumkvæði að vaxtabreytingum heldur fylgt fast eftir með breytingum eigin vaxta." Þetta hefur í raun snúið alveg öfugt. Seðlabankinn hefur fylgt fordæmi annarra í staðinn fyrir að reyna að hafa áhrif á það sjálfur. „Vonast hefur verið til að hærri vextir myndu draga úr útlánaeftirspurn en sú virðist enn ekki hafa orðið raunin." Og enn eru auðvitað spekingarnir hissa á því að þessir óskaplegu vextir skuli ekki leiða til minnkaðrar ásóknar í lánsfé.

En þurfa menn frekar vitnanna við? Er það ekki fullreynt að þessir hlutir ganga ekki þannig fyrir sig, a.m.k. ekki hér í hinu íslenska hagkerfi?

Síðan kemur í þessari skýrslu Seðlabankans nokkuð lúmskt skot á hæstv. ríkisstjórn og reyndar þá fyrrverandi einnig því að það segir í þessum kafla á bls. 3, með leyfi forseta: „Annars er hætt við að tímabundið offramboð peninga leiti út í eftirspurn. *Á þetta ekki síður við ár kosninga en önnur.* En ætla má að kosningar og stjórnarmyndunarviðræður hafi tafið mjög markvissar ákvarðanir í þessum efnum á yfirstandandi ári."

Þessi skýrsla er vel að merkja útkomin í desember, þ.e. á sl. ári. Hér er auðvitað undir rós sagt á mjög penan hátt eins og þeir kunna í Seðlabankanum að ekki hafi verið gerð nein heiðarleg tilraun til að stjórna þessum málum allt sl. ár og það er rétt. Það er að vísu fært til málsbóta að það hafi verið kosningar á árinu en eftir stendur mat Seðlabankans á því að í raun og veru hafi ekki verið gerð nein heiðarleg tilraun til að hafa áhrif í þessum efnum.

Síðan vil ég aðeins vitna í töflur sem birtast í þessari skýrslu um vaxtamuninn og það hvernig vextirnir hafa verið að hækka á sl. ári. Þar kemur til að mynda fram að meðalávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa og víxla var í októbermánuði 1986 16,3% en í nóvember 1987 38,9%. Og verðtryggð löng lán fóru úr 5% upp í 5,9% á sama tíma.

Hver er svo staðan? Hver er raunávöxtun mismunandi flokka útlána og innlána í nóvemberlok á síðasta ári? Hún er sú að raunávöxtun almennra tékkareikninga, miðað við 26,6% verðbólgu á þessum tímamörkum, 21. nóv. 1987, er mínus 15,4%, neikvæð um 15,4%. Sérstakir tékkareikningar eru með neikvæða raunávöxtun upp á 5,2%, almennar sparisjóðsbækur með neikvæða raunávöxtun upp á 4,6%, þriggja mánaða óverðtryggðir reikningar enn með neikvæða raunávöxtun upp á 2,8% og það eru tveir minni háttar innlánaflokkar sem bera litla eða lága jákvæða ávöxtun.

En útlánin? Hvernig standa svo vextirnir á útlánunum? Hver er sem sagt vaxtamunurinn? Hann er sá að útlánavextir á almennum víxlum skila 11% raunávöxtun í nóvember 1987, útlánavextir á hlaupareikningum 14,1%, almenn skuldabréf með tveimur gjalddögum 9,1%, verðtryggð skuldabréf 9,5% og á 60 daga viðskiptavíxlum er jákvæð raunávöxtun upp á 14,6%. Þannig að ef maður tekur þessa almennu flokka, annars vegar innlána og hins vegar útlána, er innlánamegin um að ræða neikvæða ávöxtun á bilinu 2–16% en útlánamegin jákvæða á bilinu 9–15%. Þetta er myndin sem við okkur blasir í vaxtamálunum. Og er því nema von að spurt sé: Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að láta þetta ganga svona lengi til? Hyggst hún grípa til aðgerða? Verður Seðlabankanum skipað að nýta sér heimildarákvæði 9. gr. laga um Seðlabankann og grípa inn í vaxtaákvarðanir eins og ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa nægar lagaheimildir til?

Ég hygg að þetta sé e.t.v. eitt stærsta einstaka atriðið í allri efnahagsmálaumræðunni. Verður beðið áfram, svona séð til, hvort þessi guðlegu lögmál ná að lokum jafnvægi, jafnvel þó að það jafnvægi náist yfir höfuðsvörðum síðasta fyrirtækisins á Íslandi, verði grundvallað á rústum heimilanna og fyrirtækjanna í landinu? Ætlar hæstv. ríkisstjórn að halda tilrauninni svo lengi áfram, ef með þarf, til að fá við því svör hvort markaðshyggjan skili þeim árangri sem menn einu sinni ætluðu henni í þessum efnum, eða hvað?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstvirta ráðherra um gengismálin. Ég er reyndar þeirrar skoðunar eins og fleiri að það sé ekki heppilegt að vera með miklar yfirlýsingar fyrir fram um þau efni, næg sé óvissan og nægar séu áhyggjur manna fyrir þó að ráðamenn séu ekki með stórar yfirlýsingar um þau mál. Og hvers vegna er ég þá að spyrja um það hér? Ég leyfi mér það að gefnu því fordæmi að hæstv. ráðherrar eru blaðrandi um þau mál út og suður, í fjölmiðlum, á fundum, og víðast hvar annars staðar þar sem þeir hafa tækifæri til, ekki færri en þrír hæstv. ráðherrar hafa undanfarnar vikur fjallað með næstum að segja furðulegum hætti um stöðu gengismálanna á fundum eða í fjölmiðlum. Ég nefni hæstv. utanrrh., ég nefni hæstv. fjmrh. og ég nefni hæstv. iðnrh. Allir þessir ráðherrar hafa verið með yfirlýsingar af því tagi að það hlýtur að vera leyfilegt að spyrja hæstv. ríkisstjórn um hvað sé á döfinni varðandi gengismálin. Eru væntanlegar sérstakar hliðarráðstafanir til þess að tryggja óbreytt gengi því að öllum má vera ljóst að án þeirra gengur það ekki upp? Eru þá á dagskrá hjá ríkisstjórninni ráðstafanir í þeim efnum til að styðja við bakið á útflutningsatvinnuvegunum o.s.frv. til þess að forða þá gengisfellingu? Eða á bara að sjá til? Á bara að sjá til með þetta eins og með vextina?

Í fjórða lagi vil ég spyrja um kjaramálin. Hvað hefur ríkisstjórnin hæstv. fram að færa í þeim efnum? Nú hefur verið rætt um í tengslum við gerð kjarasamninga og þegar gerðra kjarasamninga, eins og á Vestfjörðum, ráðstafanir eins og hækkun persónufrádráttar og sérstakan frádrátt fyrir fiskvinnslufólk. Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn fram að færa, fram að bjóða, í þeim efnum? Er hæstv. forsrh. sammála atvinnurekendum sem höfnuðu sáttatilboði Verkamannasambands Íslands? Er hann sammála, hæstv. forsrh., um það að 9% eða jafnvel aðeins 7% grunnkaupshækkanir til þeirra sem lægst hafa launin, ásamt með starfsaldurshækkunum og nokkrum öðrum ákvæðum, séu óaðgengileg krafa í dag þegar það liggur fyrir að lægstu launin þurfa að hækka um 13–14% til að halda kaupmættinum og verði beðið út þennan mánuð þarf eflaust að hækka þau um ein 2% í viðbót þannig að nauðsynleg grunnkaupshækkun gæti um næstu áramót, ef ekki hafa náðst samningar, þurft að verða 15, 16, 17% til þess eins að halda kaupmætti lágmarkslaunanna? Er þá krafa um 9% eða jafnvel aðeins 7% ósvinna? Vill hæstv. forsrh. svara því?

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. hverju það sæti að svo virðist sem ríkisstjórnin hafi í raun og veru engan áhuga haft á þeim samningatilraunum sem staðið hafa yfir undanfarna daga. Mér er tjáð af samningamönnum Verkamannasambands Íslands að þeir hafi ekki orðið varir við ríkisstjórn í landinu frekar en að hún væri ekki til þessa dagana. Veit þá e.t.v. hæstv. ríkisstjórnin ekki af því að kaupmátturinn hríðfellur og að óbilgirni vinnuveitenda er að öllum líkindum að leiða til stórfelldra kjaraátaka í landinu? Hvert er mat hæstv. ríkisstjórnar á forsendum kjarasamninga, á kaupmáttarhrapinu? Hefur ríkisstjórnin e.t.v. engar áhyggjur af því þó að kjarasamningar dragist á langinn viku eftir viku og mánuð eftir mánuð við þær aðstæður að kaupmáttur lágmarkslaunanna hrapar og að búið er að leggja á matarskatt sem hækkar matarútgjöld þessara heimila um fleiri þúsund krónur á mánuði? Það er von að spurt sé. Er kannski hæstv. ríkisstjórn bara hæstánægð með það að það náist engir kjarasamningar? Vill hún e.t.v. að það ástand vari sem lengst því að auðvitað er kaupmátturinn að hrapa þar með?

Í fimmta lagi væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ríkisstjórn nokkur orð um stöðu ríkissjóðs, m.a. vegna þeirra umræðna sem uppi hafa verið um að auka á ný endurgreiðslur uppsafnaðs söluskatts frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hvernig á þá að brúa bilið? Hvers er að vænta frá hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum?

Það væri einnig, í sjötta lagi, fróðlegt að fá að heyra eitthvað um viðskiptahallann frá hæstv. ríkisstjórn. Nú liggur það fyrir, samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun sem ég hef undir höndum, dagsettum 22. jan. 1988, að líklega verður viðskiptahallinn enn meiri en síðast var talið, mat manna á viðskiptahallanum hefur verið að hækka með reglulegu millibili sl. vikur. Fyrst úr 1–2 milljörðum í 2–4, í 4,5, í 4,5–6, og nú í 6,5, og nú 22. jan. 1988 segir Þjóðhagsstofnun: Líklega verður viðskiptahallinn enn þá meiri, enn meiri en 6,5 milljarðar. Hvers vegna? Vegna þess að vöruskipta- og þjónustujöfnuðurinn samanveginn, þegar það hefur verið gert upp, kemur til með að auka þetta enn.

Hvernig eru þá horfurnar fyrir árið 1988? Er þá ekki líklegt að talan 10 milljarðar, sem Þjóðhagsstofnun nefndi um áramótin, sé einnig að hækka?

Hvað hyggst hæstv. ríkisstjórn gera af þessu tilefni sérstaklega? Þegar þessi hlutföll standa þannig að raungildi vöruútflutnings jókst um tæp 2% á sl. ári, hvað var þá með innflutninginn? Hvernig fór með hann? Raungildi vöruinnflutnings jókst um 20,5%, meira en tífalt. Þannig standa þessi hlutföll í dag. Finnst mönnum þá ekki ástæða til að spyrja: Ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera eitthvað í þessu efni eða á að láta þetta afskiptalaust eins og fleira? Á bara að sjá til?

Það er einnig ástæða til að ræða og nefna í þessu samhengi stöðu landsbyggðarinnar sérstaklega vegna þess að þar vega þær greinar, framleiðslu- og

útflutningsgreinar, miklu þyngra og eru í raun undirstaða alls atvinnulífs og það er einmitt afkoma þeirra sem hér er sérstaklega verið að ræða um. Versnandi staða í sjávarútveginum og afleit staða kaupfélaganna setja nú mark sitt á ástandið út um landið. Það hygg ég að hv. þm., þeir sem á annað borð hafa haft sig úr höfuðstaðnum út til sinna kjördæma, hafi orðið áþreifanlega varir við hafi þeir rætt við sína umbjóðendur. Og þær fréttir sem berast þessa dagana af afkomu sveitarfélaganna á landsbyggðinni segja í raun sömu sögu. Þar eru miklir erfiðleikar við að ná endum saman í gerð fjárhagsáætlana. Þegar þetta ástand blasir við mönnum ofan í fólksflóttann á síðasta ári sem var meiri en um áratuga skeið er von að spurt sé: Er hæstv. ríkisstjórn að skoða stöðu landsbyggðarinnar, atvinnulífsins þar, sérstaklega eða á að sjá til með það eins og fleira?

Það mætti nefna húsnæðismál og það mætti nefna ýmislegt fleira, herra forseti, en tímans vegna hygg ég að ég láti þessar spurningar nægja. Ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn hafa lýst ástandi hinna íslensku efnahagsmála með þeirri líkingu að Róm sé að brenna. Undir það get ég vissulega tekið. En það sem vekur furðu manna er auðvitað það að einskis lífsmarks verður vart hjá hæstv. ríkisstjórn. Það heyrist ekki einu sinni hljóðfæraleikur, hvað þá meira, á meðan Róm er að brenna. Það er eins og hún sé ekki til, ríkisstjórnin. Hún reynir ekki einu sinni að sarga á fiðlu eða sög á meðan. Hún er bara ekki til. Það heyrist hvergi í henni né sést til hennar.

Þessi umræða hér, herra forseti, er m.a. vakin til þess að gefa talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar færi á því að segja hvort og þá hvað stendur til að gera, ef eitthvað. Ætlar hæstv. ríkisstjórn að reyna að slökkva eldana, þó ekki væri nema að taka upp tólið og reyna að hringja á slökkvilið sem hún yrði að fá einhvers staðar annars staðar frá, eða ætlar hún bara að horfa á þá, einhvers staðar álengdar?

Það stendur auðvitað næst þeim sem kveikja í að reyna að slökkva. Ef ríkisstjórnin hefur hins vegar enga tilburði uppi til þess og vikur og mánuðir líða geta menn auðvitað ekki setið aðgerðarlausir hjá og horft upp á það ástand. Alþingi Íslendinga hefur ekki leyfi til þess að láta hlutina danka þannig vikum saman við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þess vegna er rétt og skylt að þessi mál séu nú tekin hér fyrir og rædd. Og ég hygg að það sé meira en kominn tími á það hjá hæstv. ríkisstjórn, eins og sagt er í dag, að hún fari að svara einhverju til og kveða upp úr um það hvort hún ætlar að reyna að gera eitthvað eða ekki. Spurningin snýst í raun og veru um það.

Í nýjustu samantekt Þjóðhagsstofnunar sem ég vitnaði áður til eru hlutirnir dregnir saman á öftustu síðu með skýrum og hnitmiðuðum hætti og það segir í raun og veru allt sem segja þarf. Ég ætla að leyfa mér að vitna í þetta fréttaplagg frá 22. jan. aftur. Þar segir:

„Þær horfur um ytri skilyrði þjóðarbúsins sem raktar hafa verið hér að framan fela í sér stöðnun eða jafnvel lítils háttar samdrátt í þjóðartekjum á þessu ári eftir öran hagvöxt sl. þrjú ár. Þessar horfur setja þjóðarútgjöldum þröngar skorður ef takast á að halda verðbólgu og viðskiptahalla í skefjum á næstunni. Efnahagsvandinn sem við er að etja stafar þó ekki af óhagstæðum ytri skilyrðum".

Ég endurtek, herra forseti: Efnahagsvandinn sem við er að etja stafar þó ekki af óhagstæðum ytri skilyrðum, segir Þjóðhagsstofnun, og það er auðvitað rétt. Vandinn liggur í öðru en því að það séu ekki sköpuð nóg verðmæti í íslenska þjóðarbúinu og að skilyrðin séu ekki hagstæð. Það eru þau einmitt. Við sitjum á toppnum á mestu uppsveiflu íslensks efnahagslífs, en samt brennur Róm.

Vandinn á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þess að þessum verðmætum er vitlaust ráðstafað og það ríkir stjórnleysi í íslenskum efnahagsmálum. Þess vegna er tími til kominn og þó fyrr hefði verið að hæstv. ríkisstjórn greini Alþingi, aðilum vinnumarkaðarins og íslensku þjóðinni frá því hvað hún hyggst gera í málinu.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er athyglisvert þegar umræður eru hafnar hér á hinu háa Alþingi um stöðu í efnahags- og kjaramálum í tilefni af þeirri stöðu sem upp er komin í samningaviðræðum á almennum vinnumarkaði að ekki er af hálfu hæstv. málshefjanda minnst á það sem gerst hefur í kjaramálum að undanförnu. Það er ekki minnst á það einu orði að ráðstöfunartekjur hafa aukist að meðaltali um 18% á sl. ári á meðan þjóðartekjur aukast um 8%, að ráðstöfunartekjur aukast þannig meira en tvöfalt umfram aukningu þjóðartekna. Að öllu jöfnu þykir það góður árangur þegar kaupmáttur eykst nokkurn veginn í samræmi við aukningu þjóðartekna eða jafnvel lítið eitt meir. En hér hefur þetta átt sér stað, að kaupmáttur hefur aukist meira en tvöfalt umfram það sem þjóðartekjurnar hafa aukist annað árið í röð. Við höfum búið við tvö undanfarin ár mestu kaupmáttaraukningu sem við þekkjum (Gripið fram í.) og búum því við bestu lífskjör sem þessi þjóð þekkir.

Auðvitað er það svo að í þjóðfélagi frjálsra kjarasamninga og í frjálsu þjóðfélagi segja slík meðaltöl ekki allt um launaþróunina í landinu. Sumir hópar fá meira og aðrir minna. Þess vegna hafa menn upp á síðkastið rætt um að eðlilegt væri að kjarasamningar yrðu gerðir út frá því meginsjónarmiði að styrkja stöðu þeirra sem lakast eru settir. En almennt hefur því ekki verið andmælt að þegar við mætum nú nokkrum mótvindi eftir vaxtarskeið undangenginna tveggja ára og horfur eru á að þjóðartekjur minnki á næsta ári sé eðlilegt að kaupmáttur minnki að sama skapi að meðaltali. En það breytir auðvitað ekki því að eðlilegt er að menn freisti þess að takast á við það verkefni í kjarasamningum að bæta stöðu þeirra sem lakast eru settir. En menn mega ekki gleyma því að tvö undangengin ár

eru einhver hagstæðustu ár sem launafólk hefur búið við að þessu leyti. Þau hafa skilað mestri kaupmáttaraukningu sem um getur.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafa nú verið lausir frá því um áramót. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., málshefjanda í þessum umræðum, að það er áhyggjuefni þegar kjarasamningar dragast svo á langinn sem raun hefur orðið á. Það er skylda þeirra sem fara með samningamál, bæði fyrir hönd vinnuveitenda og launþega, að kappkosta að slík óvissa ríki ekki sem lausir kjarasamningar óneitanlega hafa í för með sér og að sitja þess vegna sem fastast við samningaborð og freista þess að ljúka samningum sem næst því sem þeir eldri renna út. Því miður hefur orðið misbrestur á þessu að þessu sinni og svo virðist sem nokkuð langur vegur hafi verið á milli sjónarmiða samningsaðila.

Fyrir skömmu voru gerðir kjarasamningar vestur á fjörðum. Þeir lutu fyrst og fremst að launum fiskvinnslufólks. Það hefur verið óumdeilt. Bæði hefur maður heyrt forustumenn atvinnurekenda og ekki síður forustumenn launafólks taka það fram að eðlilegt væri að rétta sérstaklega hlut fiskvinnslufólks og annarra launþegahópa sem eru í lægstu þrepum tekjustigans.

Ég hygg að þeir sem stóðu að samningunum vestur á fjörðum hafi haft það meginmarkmið í huga að gera kjarasamninga sem ekki þyrftu að valda miklum þrýstingi á gengi íslensku krónunnar, samninga sem gætu stuðlað að því að verðbólga lækkaði og samninga sem í raun yrðu til varnar þeim sem hafa lægri tekjur. Mitt mat á þessum samningum er að þeir séu gerðir fyrir þennan hóp og það séu ekki efnahagsleg rök til þess að þeir mælist upp allan launastigann, jafnt til þeirra sem hæst laun hafa og hinna sem lægst laun hafa. Ef við ætlum að ná þeim efnahagslegu markmiðum að koma hér á jafnvægi, koma í veg fyrir að verðbólga æði upp á við á nýjan leik eru ekki efnahagsleg rök til þess. En ég vona að við getum staðið við það og risið undir því að unnt sé að bæta á þann veg kjör þeirra sem lakast eru settir sem þar hefur verið samið um. En það gerist ekki ef hinir, sem hærri launin hafa, ætla að taka það sama til sín og það gerist ekki ef stjórnvöld ætla að stuðla að slíkri niðurstöðu. Þá fáum við verðbólgu með hefðbundinni kjaraskerðingu, kjaraskerðingu sem kemur verst við þá sem lakast eru settir. Þetta eru grundvallaratriði sem ég hygg að ekki séu mjög umdeild.

Ríkisstjórnin tók ekki beinan þátt í samningunum sem fóru fram vestur á fjörðum. Það fóru fram óformlegar viðræður við fulltrúa beggja aðila. Þeir komu undir lok síðasta árs að eigin frumkvæði á fund ríkisstjórnarinnar sameiginlega fulltrúar launafólks og atvinnurekenda til að ræða stöðu sjávarútvegsins, fiskvinnslunnar og afkomu launafólks í fiskvinnslu. Nú eftir áramótin áttu ráðherrar óformlegar viðræður við fulltrúa beggja samningsaðila og fylgdust mjög nákvæmlega með samningunum. En ríkisstjórnin tengdist ekki niðurstöðu þeirra með neinum formlegum hætti. Sama má segja um þær viðræður sem fram hafa farið síðustu daga á milli Verkamannasambandsins og vinnuveitenda. Ríkisstjórnin hefur ekki með formlegum hætti blandað sér í þær umræður, en ég hef átt óformlegar viðræður við forustumenn beggja samningsaðila, bæði launþega og vinnuveitenda, og ég veit að það hafa aðrir ráðherrar gert, svo sem hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh., þannig að ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti fylgst mjög gaumgæfilega með þessum viðræðum. En það er hlutverk, réttur og skylda og ábyrgð beggja samningsaðila að gera kjarasamninga og standa þannig að verki að sem stystur tími fari í þá óvissu sem jafnan er í þjóðfélaginu meðan kjarasamningaviðræður standa yfir og samningar eru lausir. Það er þess vegna áhyggjuefni að uppstytta skuli hafa komið í þessar viðræður.

Við verðum að ætlast til þess og kalla til þeirrar ábyrgðar, bæði af hálfu forustumanna atvinnurekenda og launafólks, að þeir komi að nýju að samningsborðinu og freisti þess að finna lausn á þeim vanda sem kjarasamningar eru hverju sinni og ekki síst við þær aðstæður sem við búum við í dag. Ábyrgð þeirra er auðvitað mikil í þessu efni. Það er óvissa í þjóðarbúskapnum, í þjóðlífinu öllu á meðan kjarasamningar eru lausir. Þeir ráða óneitanlega mjög miklu um framvindu efnahagsmála. Það eru ekki uppi áform um að taka þann rétt og þær skyldur af samningsaðilum. Ég vona að ekki megi skilja orð hv. 4. þm. Norðurl. e. á þann veg. Það skiptir þess vegna miklu máli að viðræður samningsaðila haldi áfram. Ég hef vegna þess að upp úr viðræðum slitnaði óskað eftir því að fulltrúar vinnuveitenda og launþega komi á minn fund á morgun og geri ríkisstjórninni grein fyrir stöðu samningaviðræðna og mati þeirra á því hverjar horfur eru á að samningar geti tekist á næstunni.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á hvort hyggilegra er fyrir aðila að semja til langs tíma eða skamms tíma. Það er efnislegt innihald samninga sem skiptir mestu máli fyrir launafólkið, atvinnufyrirtækin og þjóðarbúið í heild. Samningsaðilar verða að finna sjálfir þá leið sem skynsamlegust er í þessu efni. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir margsinnis fyrir sitt leyti að hún væri tilbúin til þess að taka þátt í slíkum viðræðum ef aðilar eru um það sammála, telja það líklegt til að greiða fyrir lausn mála. En forsendurnar eru auðvitað þær að samningsaðilarnir komi sér sjálfir að samningsborðinu.

Við höfum sérstakt embætti ríkissáttasemjara sem á að stuðla að því að sættir geti tekist með aðilum. Ríkisstjórnin ætlar ekki að taka það hlutverk að sér. Forsendan fyrir því að ríkisstjórn geti tengst niðurstöðu samninga er sú að aðilar komi sjálfir að samningaborðinu og finni flöt sín á milli til lausnar á þessum vanda. Í annan stað er það algert skilyrði fyrir því af hálfu ríkisstjórnar að hún geti tekið þátt í lausn slíkra samninga að þeir séu þáttur í alhliða aðgerðum sem miða að því að draga úr verðbólgu, koma verðbólgunni verulega niður á þessu ári.

Við vitum að það er ákaflega lítill vandi fyrir atvinnurekendur og launamenn að semja um kaup-hækkanir í trausti þess að gengi krónunnar verði fellt og verðbólga æði af stað á nýjan leik. Það er enfaldasti hlutur í heimi og við höfum oft séð það gerast. Því miður hef ég sjálfur tekið þátt í gerð slíkra kjarasamninga og ég veit að margir hér inni hafa reynslu af því. En við höfum verið að vinna okkur út úr því fari, Íslendingar, og þessi ríkisstjórn ætlar ekki að taka þátt í því að við sökkvum á nýjan leik ofan í það far. Það sem þessi ríkisstjórn hefur ákveðið í efnahagsmálum miðar að því að ná niður verðbólgu og koma hér á jafnvægi í efnahagsmálum. Þetta er þess vegna forsenda fyrir þátttöku ríkisstjórnarinnar í hugsanlegum kjarasamningum.

Ég þykist vita það af yfirlýsingum forustumanna bæði launþega og vinnuveitenda að þeir eru í raun og veru tilbúnir að leita leiða að þessum markmiðum. Ég hef ekki orðið var við verulegan ágreining um þessi meginmarkmið. En við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að það er vandi sem þessum mönnum er á höndum að finna eðlilega leið við þessar aðstæður til þess að verja stöðu þeirra sem lakast eru settir, gera kjarasamninga sem í heild leiða ekki til aukinnar verðbólgu, m.ö.o. að verja stöðu þeirra sem lakast eru settir en gera kjarasamninga í þágu hinna sem ekki mæla kaupmáttaraukningu. Þetta er ekki einfalt verk og báðum samningsaðilum mikill vandi á höndum. Kannski er það m.a. þess vegna sem það hefur dregist á langinn að viðræðurnar skiluðu einhverjum árangri þeirra í milli.

Meðan samningsaðilar sjálfir eru ekki komnir nær hvor öðrum en raun ber vitni er með öllu óraunhæft að vera með yfirlýsingar um það í hverju hugsanleg þátttaka ríkisvalds í lokaniðurstöðum samninga getur verið. Viljinn liggur hins vegar fyrir og forsendurnar liggja fyrir. Það vita samningsaðilar af óformlegum viðræðum. Ég vona að viðræðurnar á morgun geti leitt frekar í ljós hvaða horfur eru í þessu efni og hvaða líkur eru á að samningar geti tekist á næstunni.

Þessi ríkisstjórn gerði það að höfuðmarkmiði að ná niður verðbólgu og allar ákvarðanir hennar í efnahagsmálum hafa miðað að því markmiði. Það er útúrsnúningur í meira lagi, sem hv. málshefjandi hafði hér í frammi og maður hefur heyrt svo sem á talsmönnum stjórnarandstöðunnar stundum að undanförnu í málefnafátækt stjórnarandstöðunnar, að efnahagsstefna stjórnarinnar liggi ekki skýr fyrir. Þessi stjórn tók ákvarðanir þegar í upphafi, á fyrstu dögunum sem hún starfaði, á nýjan leik í byrjun októbermánaðar og grundvallaratriði liggja þess vegna afar skýr og ljós fyrir. Meginatriðin í þessari efnahagsstefnu eru stöðugleikastefna í gengismálum, aðgerðir til þess að koma á jafnvægi á fjármagnsmarkaði og aðgerðir til þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum strax á þessu ári. Þessu hefur verið fylgt eftir, ákvarðanir út frá þessum meginmarkmiðum hafa verið teknar og þær hafa náð fram að ganga og þær eru byrjaðar að skila árangri. Það er kannski þess vegna sem talsmenn stjórnarandstöðunnar tala með slíkum ólíkindum sem raun ber vitni að undanförnu.

Það voru teknar ákvarðanir í þessum efnum. Við væntum þess, þegar stjórnin tók við, vegna þess hverjar horfur voru þá um halla í viðskiptum við útlönd, að það væri verjandi að fara þá leið til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum að taka þau skref í áföngum á þremur árum og út frá því var unnið við upphaf fjárlagagerðar. Í septembermánuði lá hins vegar fyrir að horfur í þeim efnum voru miklu alvarlegri en áður var talið. Við töldum við þær aðstæður að það væri nauðsynlegt að fylgja af þeim sökum fram miklu fastari og ákveðnari aðhaldsaðgerðum en áður voru taldar nauðsynlegar. Þess vegna var fjárlagafrv. tekið upp á lokastigi í lok september og byrjun október og það var ákveðið að ná jöfnuði á þessu ári og fjárlög voru þannig afgreidd héðan frá hinu háa Alþingi. Það er býsna mikið verk og ekki einfalt, sem hv. þm. vita, að taka slíka ákvörðun og ná henni fram, jafnframt þeim miklu skipulagsbreytingum í skattamálum, umfangsmestu skipulagsbreytingum í skattamálum sem gerðar hafa verið, og ná þeim fram líka á skemmri tíma en svo umfangsmiklar ráðstafanir hafa áður náð fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Það voru í byrjun októbermánaðar teknar ákvarðanir í peningamálum til að örva innlendan sparnað með ýmsu móti. Flestar þeirra ákvarðana eru þegar komnar til framkvæmda og þegar farnar að skila árangri. Aðrar eru á lokaundirbúningsstigi.

Vextir hækkuðu af þessum sökum, en það hefur haft þýðingu til að ná jöfnuði á fjármagnsmarkaðnum. Við skulum gera okkur grein fyrir því. Það verður ekki unnið hér gegn verðbólgu og ofþenslu nema það komi einhvers staðar við og ég veit að hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar gera sér mætavel grein fyrir því.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að tími væri kominn til að ríkisstjórnin hringdi í slökkviliðið því hún gæti ekki slökkt eldana sjálf. Ég skildi hv. þm. svo að hann væri að bjóða fram stefnu stjórnarandstöðunnar til lausnar á efnahagsvandanum. Hugum nú aðeins að því. Hver er sú stefna? Og hvert mundi það leiða ef farið hefði verið að ráðum stjórnarandstöðunnar í þessum málum?

Ríkisstjórnin stóð í stórræðum fyrir jól að koma fram umfangsmestu skipulagsbreytingum í tekjuöflunarmálum ríkisins sem gerðar hafa verið og náði þeim málum fram á skemmri tíma en áður hefur þekkst þrátt fyrir svolítið múður í stjórnarandstöðunni. Við fórum fram á að stjórnarandstaðan sýndi skilning á því að þessi mál þyrftu að ná fram að ganga fyrir jólaleyfi. Sá skilningur var ekki sýndur, en við áttum ítrekað fundi með talsmönnum stjórnarandstöðunnar um þau efni og á fundi 20. des. sagði stjórnarandstaðan: Hér eru okkar skilyrði fyrir því að þinghaldi ljúki fyrir jól. Skilyrðin voru þessi:

1. Að ríkissjóður verði rekinn með halla næstu þrjú ár þrátt fyrir þær upplýsingar sem fyrir lágu um

vaxandi viðskiptahalla.

2. Að fallið verði frá allri viðbótartekjuöflun ríkissjóðs. Eðlileg afleiðing af fyrstu kröfu.

3. Að ríkisstjórnin lýsi því yfir að hún muni ekki grípa til efnahagsaðgerða í hugsanlegu jólaleyfi þm.

Það var hv. 4. þm. Norðurl. e. sem bar málið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ég þóttist svo sem skynja að það væri ekki mikil sannfæring í þessum málflutningi af hans hálfu. Ég þóttist svo sem skynja að hann sjálfur og hans flokkur hefðu orðið að sameinast um þau sjónarmið sem lýstu mestri óábyrgð og fyrirfinnast innan stjórnarandstöðunnar og hafði þess vegna svolitla samúð með hv. þm. og verð að taka það hér fram að það var mín tilfinning að sannfæring lægi ekki að baki. En þetta voru kröfurnar, þetta var stefnan sem lýst var. Hvernig væri ástatt í þjóðfélaginu í dag ef við hefðum orðið við þessum kröfum og tekið ákvarðanir í samræmi við þetta, ákveðið að reka ríkissjóð þrátt fyrir upplýsingar um vaxandi viðskiptahalla með margra milljarða halla á þessu ári? Við tókum slíkar ákvarðanir í tengslum við þjóðarsáttina 1986 af því að þá var jöfnuður í viðskiptum við útlönd. En það er fullkomlega ábyrgðarlaust að gera slíkt við þessar aðstæður. Þetta var það eina sem stjórnarandstaðan bar fram sem lausn af sinni hálfu, sem stefnu af sinni hálfu.

Ef hún hefði fengið að ráða og það hámark ábyrgðarleysisins sem finnst innan stjórnarandstöðunnar hefði fengið að ráða og ég er ekki að væna hv. 4. þm. Norðurl. e. að vera í raun og veru talsmann fyrir, þá stefndi hér í ringulreiðarverðbólgu, óðaverðbólgu og kjaraskerðingu. Þetta eru þeir kostir sem fólkið í landinu hefur að velja um: þetta tilboð, sem lagt var fram af hálfu stjórnarandstöðunnar 20. des. sl., og þá stefnu sem fylgt hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar. (**SJS:** Ég var að biðja þig að útskýra eigin stefnu, ekki okkar.) Það getur vel verið að það taki á þegar verið er að koma niður verðbólgu og það finnist fyrir því. En sú stefna sem stjórnarandstaðan hefur boðað, það slökkvilið sem stjórnarandstaðan hefur verið að bjóða fram slekkur ekki elda. Það er olía á eld. (**SJS:** Viltu ekki reyna að svara fyrir stjórnina?) Það er olía á eld. Ég finn að hv. 4. þm. Norðurl. e. er illa sætt undir þessum upplýsingum. Stjórnarandstaðan gaf út fréttatilkynningu eftir þennan fund, en hafði ekki kjark til að taka fram í henni það sem hún sagði á fundinum sjálfum um að tillagan væri um þriggja ára hallarekstur og að falla frá viðbótarskattheimtu eða tekjuöflun ríkisins á þessu ári, hafði ekki kjark til þess að segja það í fréttatilkynningunni sem sagt var á fundinum. Á að treysta slíkum mönnum til þess að vera slökkvilið þegar við erum að kljást við alvarlega verðbólgu?

Hugum þá að stöðu og horfum í efnahagsmálum. Það er ljóst að eftir mikinn hagvöxt undanfarin ár eru líkur á því að á þessu ári verði stöðnun, ekki aukning þjóðartekna, jafnvel nokkur samdráttur. Þar á ofan bætist sá vandi sem leiðir af lækkun bandaríkjadals og hefur valdið rýrnun viðskiptakjara, dregið úr kaupmætti útflutningstekna. Vandinn sem við er að etja er auðvitað fólginn í því að innflutningur dregst ekki saman í hátt við minnkandi útflutningsframleiðslu og við þurfum að taka ákvarðanir um aðhald í samræmi við þetta. Hagur atvinnufyrirtækjanna er erfiður við þessar aðstæður.

Þjóðhagsstofnun hefur áætlað að miðað við rekstrarskilyrði í janúar sé botnfiskvinnslan rekin með halla á bilinu 3,7–5% eftir því við hvaða ávöxtunarkröfur stofnfjár er miðað. En hagur frystingar og söltunar er misjafn eins og oft vill verða í fiskvinnslu. Þess vegna er það mat stofnunarinnar að frystingin sé rekin með 7 til rúmlega 8% halla á meðan söltunin skili hagnaði sem svarar 1,5–2,6%. Þessar tölur eru auðvitað háðar miklu mati og geta m.a. breyst eftir því hvert fiskverðið er og við hvaða verði einstakir framleiðendur eru að kaupa sinn fisk og vafalaust eru einhverjir sem geta sýnt meiri hagnað en þetta, en aðrir sem geta sýnt tap.

Það hafa þegar verið teknar ákvarðanir í tengslum við viðræður sem ríkisstjórnin hefur átt við forustumenn fiskvinnslunnar sem miða að því að bæta rekstrarstöðu hennar. Þar er í fyrsta lagi um það að ræða að greiða út uppsafnaðan söluskatt sem ákveðið var að frysta á miðju sl. ári þegar hagur sjávarútvegsins var betri og nauðsynlegt var að slá á þenslu með öllum tiltækum ráðum. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um skuldbreytingar á opinberum gjöldum og til umræðu hafa verið frekari endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti en fjárlög gera ráð fyrir. Niðurstaða er ekki fengin af þeim umræðum, m.a. vegna þess að það er ekki vandalaust að mæta slíku tekjutapi fyrir ríkissjóð og það er ætlan ríkisstjórnarinnar að halda jöfnuði í ríkisfjármálum þó að leitað sé leiða til að slaka á í þessu efni vegna rekstrarvanda útflutningsframleiðslunnar. Það fer auðvitað eftir því hvernig slíkum ákvörðunum verður endanlega háttað og hversu víðtækar þær verða hvaða töluleg áhrif þær hafa á afkomu vinnslunnar.

Hagur útgerðar hefur verið miklu betri en vinnslunnar og er það enn og er talið að botnfiskveiðar standi nú í járnum miðað við skilyrði í janúar 1988. En auðvitað eru þessar tölur meðaltalstölur eins og aðrar og aðstæður einstakra skipa og mismunandi tegunda skipa, milli báta og togara, ólíkar að þessu leyti. En hluti af vanda fiskvinnslunnar stafar auðvitað af því að uppsveiflan í sjávarútveginum hefur að stærstum hluta orðið eftir í útgerðinni en ekki skilað sér með sama hætti til vinnslunnar og það kemur niður á fyrirtækjunum og launafólkinu í fiskvinnslunni. En uppsveiflan hefur orðið og orðið eftir í útgerðinni og auðvitað hljótum við að fagna því að rekstur hennar hefur gengið betur en oft endranær.

Það hafa verið blikur á lofti í verðlagsmálum. Markmiðið með heildarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er að draga úr verðhækkunum. Vísitalan hækkaði um rúmlega 3,7% í byrjun þessa mánaðar, að langstærstum hluta til vegna þeirra breytinga sem

gerðar voru á söluskattslögunum, fækkun undanþága í söluskatti og þeirri tekjuöflun sem nauðsynleg var til að treysta stöðu ríkissjóðs. Áhrifin af lækkun tolla og einföldun tolla- og vörugjaldskerfisins voru ekki við upptöku vísitölunnar komin fram. Það er nú reiknað með að vísitalan í byrjun þessa mánaðar hækki um 1–1,5%, þ.e. að frá 3,7% hækkun í byrjun janúar komi hækkun upp á 1–1,5% og þó eru ekki komin fram öll áhrifin af lækkun tolla við þá verðupptöku.

Það hefur líka komið fram að byggingarvísitalan í janúar lækkaði um ½% á milli mánaða í kjölfar þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin greip til. M.ö.o. sýna þessar tölur að það eru allar líkur á því og allir möguleikar á því að verðbólga geti gengið hér nokkuð örugglega niður á þessu ári ef við missum ekki út úr höndunum þann árangur sem þegar hefur náðst og slökum ekki á í þeirri aðhaldsstefnu sem mörkuð hefur verið. Það er grundvallaratriði. En þessar tölur sýna að árangurinn er að byrja að skila sér og það eru allar líkur á því að við náum þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Ég hef ekki ástæðu til að ætla að þeir aðilar sem nú standa í kjarasamningum muni komast að niðurstöðum sem raski þessum markmiðum. Ég þykist vita að vilji þeirra stendur til þess að ná verðbólgu niður því það er höfuðatriði, meginatriði fyrir launafólkið og atvinnufyrirtækin í landinu.

Einn þáttur í aðgerðum ríkisstjórnarinnar voru aðgerðir í peningamálum sem miðuðu að því að örva innlendan sparnað. Það hefur farið fram veruleg umræða um vexti. Stefnan sem ríkisstjórnin hefur fylgt byggist á þeirri löggjöf sem samþykkt var á fyrra kjörtímabili og óumdeilt hefur skilað verulegum árangri í þá veru að halda uppi innlendum sparnaði. Ég get hins vegar tekið undir að vextir hér á landi eru of háir og við þolum það ekki til lengdar, hvorki atvinnufyrirtækin né heimilin, að vextir séu jafnháir og þeir eru. En þeir eru óneitanlega þáttur í því að tryggja hér jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og forsenda fyrir því að þeir lækki er að við náum tökum á verðbólgunni og eftir þeim grundvallaratriðum verður farið og hvergi hvikað né slegið af í þeim aðhaldskröfum og þeirri aðhaldsstefnu sem mörkuð hefur verið.

Í skýrslu Seðlabankans frá því í desember kemur fram að meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfalána banka og sparisjóða voru um 4,7% á árinu 1987 borið saman við 4,3% árið 1986 og meðalvextir verðtryggðra skuldabréfa banka og sparisjóða voru 7,7% árið 1987 og 5,2% árið 1986. Vextir hafa verið háir hér eins og hjá öðrum iðnríkjum og í skýrslu Seðlabankans kemur fram að meðaltal raunvaxta hér á landi á árinu 1987 virðist vera mjög svipað og annars staðar í iðnvæddum ríkjum. Auðvitað hefur sú óvissa sem nú ríkir um lausn kjaramála áhrif í þessu efni í þá veru að halda uppi vöxtum. En þegar niðurstaða hefur fengist á þeim vettvangi og þeirri óvissu hefur verið eytt og ljóst liggur fyrir að ríkisstjórnin ætlar ekki að hvika frá sínum markmiðum mun verðbólga smám saman ganga niður og vextir lækka.

Hver hefur árangurinn verið? Menn segja gjarnan: Þessi vaxtastefna hefur ekki skilað neinum árangri til að ná jöfnuði á fjármagnsmarkaðnum. Því hefur verið haldið fram að útlán hafi aukist meira en innlán. Við skulum skoða þetta aðeins. Hvað hefði gerst með innlánin ef þessari vaxtastefnu hefði ekki verið fylgt fram? Hvernig hefði þá farið í þeim efnum?

Við verðum líka að hafa í huga að þó að útlánin hafi aukist á tímabili meir en innlánin varð innlánsaukningin umfram aukningu lánskjaravísitölu og það er alveg ótvíræður vottur um að þessi stefna í peningamálum hefur skilað árangri að því markmiði að ná hér jafnvægi og örva innlendan sparnað. Þannig jukust bundin innlán og almennt sparifé um 34% meðan lánskjaravísitalan hækkaði um 21% á tímabilinu frá því í nóvember 1986 fram til nóvember 1987. Það er um 10–11% raunaukning. Á síðustu vikum benda tölur um innlán og útlán banka til þess að nú hafi þróunin enn snúist við og innlánin vaxi nú hraðar en útlánin. Fyrstu þrjár vikur janúarmánaðar jukust þannig innlán banka um 2,9% meðan útlánin drógust saman um 1,6%. Við verðum auðvitað að spara ef við ætlum að vinna okkur út úr erfiðleikunum. Við verðum að halda uppi innlendum sparnaði ef við ætlum ekki að sökkva í erlent skuldafen á nýjan leik. Auðvitað hafa háir vextir einhver verðlagsáhrif. Það kom fram hér mjög skilmerkilega í ræðu hv. 1. þm. Vestf. í gær að vegna samkeppnisstöðu fyrirtækja fer því víðs fjarri að þessir háu vextir komi allir fram í verðlagi. En einhver áhrif hefur það. Því skulum við gera okkur fulla grein fyrir. Hitt er hins vegar mikilvægara að þetta jafnvægi raskist ekki því að við höfum of mörg dæmi um það. Falli sparnaðurinn innan lands sökkvum við í erlend skuldafen með eðlilegum verðbólguafleiðingum. Við ætlum okkur ekki að gera það og verðum þess vegna að ganga í gegnum þetta þangað til verðbólgan er komin niður. Nú sjáum við merki þess að hún er á niðurleið ef menn hvika ekki frá aðhaldsstefnunni. Þetta má segja að séu höfuðatriðin.

Það er jafnan rætt í þessu samhengi um gengisstefnuna. Ég tók það fram að stöðugleiki í gengismálum væri höfuðforsenda fyrir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefði fylgt, forsenda fyrir árangri í baráttu við verðbólgu og í þeirri viðleitni að verja kaupmátt launa. Ég tek hins vegar heils hugar undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að þessi mál verða menn að ræða af mikilli varfærni og allar ótímabærar yfirlýsingar þar um eru varhugaverðar.

Raungengi krónunnar hefur hækkað. En menn eru almennt orðnir sammála um að það þjóni ekki tilgangi að fella gengi krónunnar upp á gamla mátann einfaldlega í samræmi við kostnaðarhækkanir innan lands, draga þannig úr öllu aðhaldi og kalla yfir okkur nýjar kostnaðarhækkanir, skilja atvinnuvegina eftir í sömu sporum og uppskera

aðeins verðbólgu. Stærstur hluti af kostnaði útflutningsframleiðslunnar, fiskvinnslunnar, ekki síst frystingarinnar, er svo nátengdur þáttum sem ráðast af gengi. Fiskverðið, sem er yfir helmingur af kostnaðinum, ætli það mundi ekki breytast ef gengi yrði breytt svo einhverju muni? Þar með hækkaði helmingurinn af kostnaðinum um leið. Fjármagnskostnaðurinn, eins og hér hefur komið fram, er sjálfsagt kominn yfir 20%, allur tengdur gengi. Launin eru að breytast. Umtalsverð gengisfelling mundi þess vegna ekki skila sjávarútveginum neinu. Hann stæði í sömu sporum eftir sem áður. Það eina sem við hefðum fengið upp úr krafsinu væri aukin verðbólga. Þess vegna verða menn að fara gætilega í þessu efni. Þess vegna er það hyggileg stefna sem hér hefur verið fylgt og þessi ríkisstjórn hefur ekki látið hrekja sig frá þó að uppi hafi verið ýmsar raddir og háværar kröfur þar að lútandi vegna þess að það er forsenda fyrir því að við náum okkar markmiðum.

Þessi þrjú grundvallaratriði standa þess vegna óhögguð: sem mestur stöðugleiki í gengismálum, jafnvægisstefna í peningamálum sem heldur uppi innlendum sparnaði og jöfnuður í rekstri ríkissjóðs. Og það er alveg sama hvað menn hamast og heimta tilslakanir á þessum grundvallaratriðum efnahagsstefnunnar. Þær verða ekki gerðar vegna þess að við ætlum okkur að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Það er vandasamt að gera kjarasamninga við þessar aðstæður, en ég hef trú á að sá skilningur sé fyrir hendi af hálfu þeirra sem mesta ábyrgð bera í þeim efnum að menn leiði þau mál til lykta á grundvelli þessara markmiða. Þar á bak við eru sameiginlegir hagsmunir, ekki síst lágtekjufólksins í þessu þjóðfélagi. Mesta ógæfan sem fyrir kæmi vegna lágtekjufólksins væri sú að verðbólgan færi upp á við á nýjan leik. Það kann að vera erfitt og reyna á að fylgja fram aðhaldsstefnu og menn kunna þegar heitast brennur eldurinn að vilja gefa eftir, en við verðum að ná þessum markmiðum og fylgja þess vegna fram þeirri grundvallarstefnu sem hefur verið mörkuð og ná þeim markmiðum. Það hefur mikið verið gert á skömmum tíma. Verðbólgan fór upp á síðasta ári of mikið og við höfum ekki séð verðbólgutölur eins og við sáum í byrjun janúar sambærilegar síðan í janúar 1985 og það er sannarlega áhyggjuefni. (**ÓÞÞ:** Í janúar á þessu ári.) Í janúar á þessu ári voru verðbólgutölurnar sambærilegar við það sem var í janúar 1985 og slíkar tölur höfum við ekki séð síðan. Þetta veldur okkur áhyggjum. Þetta hlýtur að hvetja okkur til þess að standa fast og einarðlega á þeirri aðhaldsstefnu sem mörkuð hefur verið, sett hefur verið í framkvæmd og fylgt verður. Og við sjáum merki þess að þessi stefna er að skila árangri ef menn gefa ekki eftir.

Ég ítreka það að ég vænti þess að sú óvissa sem nú er fyrir hendi í kjaramálum vari ekki lengi. Ég mun eiga viðræður á morgun við fulltrúa aðila til þess að meta frá þeirra hendi hverjar horfur eru í þessum efnum. Við munum halda áfram því starfi sem hefur verið á döfinni undanfarnar vikur. Þegar hafa verið teknar ákvarðanir í ýmsum efnum varðandi rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar, sem ég hef þegar greint hér frá. Þar eru ýmis atriði enn óleyst og ég vænti að við munum komast að niðurstöðu þar um í svipaðan mund og við finnum sameiginlega, Íslendingar, lausn á þeim vanda sem er að gera upp kjarasamninga, ákvarða tekjuskiptingu við þessar vandasömu aðstæður, að þjóðartekjur eru heldur að minnka. Kaupmáttur hefur vaxið. Við þurfum að verja stöðu þeirra sem lakast eru settir án þess að það æði upp allan launastigann og leiði til nýrrar verðbólgu. Ég trúi því að um þessi meginmarkmið sé býsna mikill samhugur meðal íslensku þjóðarinnar.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fannst nú leiðinlegt að ungur maður eins og hæstv. forsrh. skuli alltaf halda sömu ræðuna, sérstaklega þegar fer að nálgast kjarasamninga. (**Forsrh.:** Góð vísa er aldrei of oft kveðin.) Hann talar í rauninni alveg eins og þegar hann sat vestur í Vinnuveitendasambandi. Þá var kenningin: Launin mega ekki hækka. Þá fer allt úr böndunum, verðbólgan æðir yfir allt.

Laun hafa ekki hækkað hjá okkur núna síðan í október. Það hafa engin rauð strik verið. Það hefur engin hreyfing svo að segja verið á samningamálum. Samt hefur verðbólgan ætt upp svo að honum óaði við í janúar 1988. Það er nefnilega alls ekki einhlítt þó að fólk fái ekki launin sín hækkuð. Verðbólgan hefur oft hækkað fyrir það. En þetta er svipa á fólk þegar það sest að samningum vegna þess að það fólk sem lökust hefur kjörin veit að verðbólga bitnar illa á því. En ég skil það ekki, ef hann hefur svo mikinn áhuga fyrir því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir, af hverju þeir byrja bara ekki heima hjá sér. Það fólk sem hefur einna lélegust laun í dag er á þeirra geira. Þar eru laun mjög algeng frá 31 þús. og upp í rúm 40 þús. og það er nú í febrúar. Langar þá sjálfa til að lifa af þessum launum? Og hvernig fer fólk að því að lifa á þessum launum? Það leggur á sig alveg ótrúlega vinnu. Það eru mörg dæmi, sem ég þekki núna síðustu 1–2 árin, um það að fólk vinnur ekki á einum vinnustað, það vinnur á tveimur og það vinnur jafnvel á þremur. Menn ættu allir að geta sagt sér það sjálfir hvernig svona vinnulag fer með heimilin, einkum þegar það er kona sem verður að leggja slíka vinnu á sig. Ef þið haldið að þetta sé ekki rétt get ég nokkurn veginn gefið ykkur upp hvernig þetta gengur til. Konan vinnur á barnaheimili, kannski ekki alveg heilan vinnudag, síðan fer hún út og skúrar og svo fer hún jafnvel út á veitingastað og uppvartar.

Og hvernig fer þetta svo með fólk? Ég hef fram að þessu verið í stjórn lífeyrissjóðs. Þar var árið 1987 áberandi fjölgun á fólki sem var á örorku. Nú fer heldur fækkandi í félaginu. Árið 1986 voru örorkuþegar 138, árið 1988 voru þeir komnir upp í 162. Þetta er fólk sem ekki er orðið 67 ára og þar af

leiðandi ekki komið á ellilaun. Þetta er það sem fólk ber úr býtum í þessum vinnuþrældómi sem við búum við. Þetta er nú velferðarþjóðfélagið okkar í dag og mér skilst að kjör þessa fólks megi alls ekki batna.

Þegar laun voru hækkuð á Vestfjörðum um 13% sagði hæstv. forsrh.: Þessi laun mega ekki fara yfir allt. Það er allt of mikið. Hann segir það sama enn. Þetta segir hæstv. ráðherra þó að hann sé alþm. í kjördæmi þar sem nærri hver einasti launamaður vinnur á strípuðum töxtum, þar sem nær ekkert er til af hálaunafólki og þar sem er meira viðvarandi atvinnuleysi en kannski í nokkru kjördæmi öðru, einkum í Rangárvallasýslunni.

En þetta er það sem við heyrum í hvert einasta skipti sem samningar eru gerðir. Því er það að nú í seinni tíð og á seinni árum hef ég æ meir og meir komist á þá skoðun að löggjafinn verður að gera eitthvað sérstakt fyrir láglaunafólk. Þetta verður ekki lagað í kjarasamningum. Ég hef ekki trú á því og hef ekki haft það í nokkra hríð. Það er staðið yfir fólki, þegar verið er að semja, með svipuna í hendinni: Ef þú gerir þetta, ef þú gerir hitt, þá skal þér hegnt með verðbólgu eða atvinnuleysi. Það er alveg sama hvað forsrh. segir hér um frjálsa samninga. Samningar eru ekki frjálsir þegar svona hótanir dynja sífellt á fólki. Hann hlýtur að vita sjálfur hvað hann segir.

Það er vonandi að það gangi eitthvað þegar þeir tala saman á morgun. En ef það er of mikið að það fólk sem nú hefur um 30 þús. kr. tekjur fái bættar tekjur sínar með 13% launahækkun yfir árið get ég ekki óskað neinum til hamingju sem ætlar að fara að gera þá kjarasamninga.

Það er sjálfsagt nokkuð sem við vildum helst öll að fólk geti sjálft gert út um sín mál, sest niður og samið sjálft og gert út um sín mál sjálft, en þetta hefur bara ekki tekist. Það er alltaf spiluð þessi sama plata: Það má ekkert hækka, þá fer allt úr böndunum. Atvinnurekendum hefur tekist að halda launum niðri með góðri hjálp ríkisvaldsins og opinbera geirans og síðan er blekið varla þornað á samningunum þegar farið er að yfirborga og koma með alls konar aukasporslur handa þeim sem þeir vilja sjálfir. Ég hef setið á móti atvinnurekanda við samningaborð og hann hefur alveg sett hnefann í borðið og harðneitað að semja um þá launahækkun sem við vorum að fara fram á, en hann sagði okkur hins vegar hlæjandi: Mér dettur ekki í hug að borga þessi laun í mínu fyrirtæki. Ég borga meira. Það er svo gott að vera góður strákur og geta látið kenna þessum vondu verkalýðsrekendum, eins og þeir sögðu þá, um. Hann sagði þetta ekki. Þetta eru mín orð. En svona hafa þeir unnið.

Það væri hægt að segja afskaplega mikið um efnahagsmálin ef fólk vissi bara hvernig þau eru eða hvert þau stefna. Róm er að brenna, segir utanrrh. og síðan fer hann í sólbað til Tælands, held ég.

Það vita allir að við búum við viðskiptahalla. Við vitum ekkert hvað mikinn. Það vita allir að við búum við vaxtastefnu sem er smátt og smátt að beygja fleiri og fleiri niður í duftið, sem er að gera fleiri og fleiri að öreigum. Það hefði einhvern tíma ekki átt að vera stefna þess flokks sem hæstv. forsrh. er formaður fyrir. Nauðungaruppboðum fjölgar svo mikið að borgardómari hefur ekki orðið við og hefur hann þó bætt við sig miklu starfsliði, að hann segir. Auðvitað eru sum þessi nauðungaruppboð á fyrirtækjum, en þau eru kannski einna mest á íbúðarhúsnæði fólks. Það rís nefnilega enginn undir skuldum af íbúðarhúsnæði sem það hefur keypt eða byggt í seinni tíð og verður að búa við þessa óréttlátu vaxtastefnu.

Gengið er fallið og það á eftir að falla meira. Það er áreiðanlegt að það á eftir að falla. Staða útflutningsatvinnuveganna er slæm, segja þeir a.m.k., og ég geri ráð fyrir að það sé mikið til í því þó það sé hins vegar venja líka, ég verð að segja það, að menn bera sig ekki vel þegar líður að kjarasamningum. Það kemur alltaf einkennilegur fjörkippur í menn þegar búið er að semja. Það er eins og menn eigi þá alltaf meira í buddunni. Ég minnist þess ekki síðan ég kom til vits og ára að það hafi ekki verið ákaflega neðarlega hljóðið í mönnum um það leyti sem það átti að semja. En það breytist oft um leið og staðið er upp.

Ég verð að segja að að einu leyti get ég verið sammála þeim þarna í Garðastrætinu og það er að ég hef ekki trú á kjarasamningum til þriggja eða fjögurra mánaða vegna þess að þeir þýða samninga a.m.k. til hausts. Við vitum að ef samið er t.d. fram að 1. maí verða engir frekari samningar gerðir fyrr en í haust. Ég held að það sé þess vegna betra að taka samninga til lengri tíma, en þá er alveg öruggt að það verður að opna pyngjuna betur. Það semur enginn við þessa ríkisstjórn upp á von og óvon. Það treystir henni enginn orðið, a.m.k. ekki launþegastéttin. Fólk gerir það bara ekki. Enginn veit upp á hverju hún tekur. Það duttu engum í hug, held ég, í fyrra þegar gengið var til kosninga þær efnahagsráðstafanir sem nú hefur verið gripið til. Það datt engum í hug, þegar hann hlustaði á orðin „Hverjir eiga Ísland?“, að lagður yrði á matarskattur t.d. Ég skal ekki fara meira út í hann í bili. En ég held að engum hafi dottið það í hug.

Ég er sannfærð um að sú varfærni og sú tregða sem nú er á kjarasamningum byggist að miklu leyti á þessu vantrausti, þessu algera vantrausti og þessari vantrú sem er á ríkisstjórninni. Hún hefur á sínum tiltölulega stutta ferli gert hverja aðförina af annarri í vasa launafólks og ráðist verst á þá sem verst eru settir. Það verður fróðlegt að vita upp á hvað þeim verður boðið á morgun í viðræðum. Ætla þeir t.d. að bjóða láglaunafólki með undir 45 þús. kr. á mánuði — ég nefni ekki lægri tölu, ég skil ekki hvernig fólk á að geta lifað á lægra mánaðarkaupi — einhverja afkomutryggingu sem ríkisstjórnin ábyrgist? Ætla þeir að gera það? Eða ætla þeir að halda sig við þetta að bjóða fólki allt niður í 31 þús. kr. á mánuði í mánaðarlaun og kannski mest upp í rúmlega 40 þús. kr.?

Það er rétt að verkalýðshreyfingin stendur dálítið illa að vígi til að fara í hörku í kjarasamningum. Það er rétt að það er svo margur sem baslar við skuldir og á erfitt þar af leiðandi með að leggja frá sér verk og taka á. En ég er sannfærð um það, ég held það ekki, ég er sannfærð um það að það kemur að því að ef þeir sem stjórna málefnum þjóðarinnar ætla að halda áfram að haga sér eins og þessi stjórn hefur gert hlýtur fólk að taka hraustlega á móti. Það getur ekkert annað skeð. Það ræður engin ríkisstjórn á Íslandi við alþýðuhreyfinguna eða launþegahreyfinguna ef hún stendur saman og ef hún virkilega snýr sér að því að krefjast síns réttar.

Ég hef aldrei verið mikill talsmaður verkfalla. Ég fór í gegnum þau mörg á mínum yngri árum og ég veit alveg hvernig þau léku mig en samt sem áður er ég ekki alveg samþykk því þegar fólk talar um að þá hafi verið svo auðvelt að fara í verkfall. Við fórum í verkfall með vikukaupið í vasanum. Við vissum ekkert hve langt þetta verkfall varð. Það gat verið — ja, ég man eftir sex vikna verkfalli. Kaupmaðurinn á horninu hélt í manni lífinu á meðan þetta gekk yfir þrátt fyrir það að maður rifist við hann daglega og hefði ólík sjónarmið. Tíminn fram að verkfalli fór í það að borga skuldirnar. En í gegnum þessi verkföll vannst þó ýmislegt. Það vannst ýmislegt sem hefur orðið verkalýðnum að hvað mestu liði síðan. Og verkalýðurinn hann hélt sinni reisn.

Ég held að launþegahreyfingin íslenska hafi orðið mikla þörf fyrir að eignast aftur þá reisn sem hún hafði þá. Mér þykir nógu vænt um hana til að óska þess að hún eignist hana á ný.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek það sem ég sagði áðan um efnahagsmálin. Þau eru í afskaplegri óvissu og ég er sannfærð um að fólk veit ekkert hvert ríkisstjórnin ætlar í þeim málum. Ég get reyndar bætt því við að þeir hafa ekki hugmynd um það sjálfir hvert þeir ætla. Öll þeirra verk núna upp á síðkastið hafa sýnt það að þeir vita kannski hvaðan þeir leggja upp, en þeir vita ekkert hvar þeir enda, hafa ekki hugmynd um það.

Ég var að lesa blöðin áður en ég fór hérna í þingið í morgun. Hvernig er með tollana? Hvernig er með skattana? Það kváðu vera einir þrír mánuðir í það að tollurinn komist í lag svo að hægt sé að vinna tollskjölin. Skatturinn fer einhvers staðar ofan í skúffu því að þar er ekkert komið í lag.

Það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera er svo sannarlega ekki traustvekjandi. Ég sé að hæstv. fjmrh. brosir. Honum finnst svo gaman að þessu, sjálfsagt. En ég held að það séu margir, og þeim fer fjölgandi í hans eigin flokki þó að honum takist að heilaþvo þá stundum, sem hafa ekkert gaman af þessu, ekki neitt.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mjög langt mál því hæstv. forsrh. hefur gert ítarlega grein fyrir stöðu efnahagsmála. Ég fagna því hins vegar að þessi umræða fer fram og ég fagna því að stjórnarandstaðan hefur hafist handa um að taka upp þessa umræðu hér á Alþingi. Ég tel að það sé til góðs að það sé gert, sérstaklega ef það má verða til þess að auka raunsæi í efnahagsmálum, hér á Alþingi, hjá þjóðinni allri, hjá launþegum og hjá vinnuveitendum og ég ætla ekkert að undanskilja ríkisstjórn í því sambandi. Auðvitað er það mikilvægt til þess að við getum tekið réttar ákvarðanir og þá án þjóðfélagslegra átaka. Mér þótti leitt að heyra síðasta ræðumann, hv. 16. þm. Reykv., halda því fram að hún óskaði þess helst, ég skildi hana svo, að verkalýðshreyfingin fengi sína fyrri reisn. Ég hef ekki orðið var við það að verkalýðshreyfingin hafi misst sína reisn. En ef það þarf til að vinna reisn að efna til átaka í þjóðfélaginu er illa fyrir okkur komið.

Við verðum hins vegar að gera okkur fulla grein fyrir hvaða ástandi við stöndum frammi fyrir og höfum staðið frammi fyrir lengi. Við stöndum frammi fyrir því að viðskiptahalli verði 4–5% af þjóðartekjum eða svipað og var 1983. Á árinu 1983 varð allt að því hallæri í þessu landi. Við urðum fyrir miklum áföllum og tekjur okkar lækkuðu mikið. Við höfum smátt og smátt verið að vinna okkur út úr þessu ástandi. Við höfum stóraukið okkar þjóðartekjur, við höfum stóraukið kaupmátt og ráðstöfunartekjur eins og hér hefur komið fram. Það er því ekki um það að ræða að við höfum orðið fyrir stórkostlegu áfalli. Það er hins vegar um það að ræða að tekjur okkar hafa hækkað mikið á undanförnum árum og það er eins og allt þjóðfélagið vænti þess að þessar tekjur geti haldið áfram að hækka og það sé vandalaust að halda kaupmætti ráðstöfunartekna síðasta árs jafnvel þótt þjóðartekjur dragist eitthvað saman og nauðsynlegt hafi verið að lækka halla á ríkissjóði eða koma á hallalausum ríkisbúskap.

Auðvitað hlaut sú ákvörðun, að koma á hallalausum ríkisbúskap, að leiða til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna lækkaði. Það varð ekkert hjá því komist. Það má auðvitað deila um það hvernig það skuli gert og hvaða sköttum skuli beitt í því sambandi. Ég tel að þar hafi verið rétt haldið á málum en það varð ekki hjá því komist að slíkt leiddi til nokkurrar kjararýrnunar, nema það hafi þá verið ætlunin að velta slíku yfir á atvinnuvegina sem geta ekki undir því staðið.

Ég vildi aðeins gera að umræðuefni rekstrargrundvöll atvinnuveganna, þá einkum sjávarútvegsins. Ég vænti þess að um það sé samstaða hér á Alþingi, og mér heyrist það, að þessi rekstrargrundvöllur, þ.e. botnfiskvinnslunnar, er óviðunandi. Botnfiskvinnslan getur ekki staðið undir neinum kostnaðarhækkunum. Það hefur verið mikið á hana lagt að undanförnu. Fiskverð hefur hækkað, laun hafa hækkað þrátt fyrir allt og vaxtakostnaður hefur hækkað mikið. Ef svo heldur fram sem horfir getur ekkert annað gerst en að þessi botnfiskvinnsla stöðvist og þar með undirstaða okkar samfélags. Og ætli það muni nú ekki koma við okkur öll, hvar sem

við stöndum í þjóðfélaginu, ef þessir atvinnuvegir stöðvast? Hjá því þarf að komast. Það er eitt af þeim verkefnum sem ríkisstjórnin á nú við að glíma og er jafnframt helsta viðfangsefni kjarasamninga um þessar mundir.

Það hefur verið til umfjöllunar í ríkisstjórn, eins og hæstv. forsrh. tók fram, með hvaða hætti yrði aftur tekin upp endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í meira mæli en þegar hefur verið ákveðið og hvernig að því verður staðið. Það er ekki komin niðurstaða í það mál en ég held að sú skoðun sé ótvíræð að hjá því verði ekki komist miðað við þá stöðu sem nú er uppi.

En það er fleira sem verður að gera. Ég minni á þann viðskiptahalla sem við stöndum frammi fyrir sem áreiðanlega verður vart undir 10 milljörðum ef svo fer fram sem horfir. Það er nokkuð sem við Íslendingar getum ekki staðist til langframa og er óafsakanlegt í því árferði sem nú er.

Menn hafa haldið því fram að ríkisstjórnin hafi setið auðum höndum í þessu máli. Svo er alls ekki. Ríkisstjórnin hefur verið að vinna að því í samvinnu við Alþingi, að sjálfsögðu, að koma á hallalausum ríkisbúskap. Á sl. hausti, þegar laun hækkuðu vegna ákvæða um svokölluð rauð strik, var rætt við aðila vinnumarkaðarins um það hvort ekki væri rétt að fresta þeirri hækkun og nota það svigrúm sem þar kom til þess að jafna launin í landinu. Þær umræður sem þá fóru fram í ríkisstjórn báru þess vott að menn skildu það að slík launahækkun mundi verða til þess að það yrðu brestir í undirstöðuatvinnuvegunum og því væri mikilvægt að koma í veg fyrir þá launahækkun og það svigrúm yrði notað til þess að jafna launamun í landinu. Á það var ekki fallist af aðilum vinnumarkaðarins og þeir töldu réttara að sú launahækkun gengi fram og tekið yrði til við kjarasamninga síðar. Ég tel að þarna hafi orðið mikil mistök og ríkisstjórnin reyndi að gera sitt til að koma í veg fyrir að svo yrði.

Hitt er svo annað mál að ég held að ekki verði hjá því komist að gripið verði til frekari aðhaldsaðgerða í þessu þjóðfélagi til að draga úr viðskiptahallanum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að sú lækkun sem þarf að verða á viðskiptahallanum komi eingöngu fram í rýrnandi kaupmætti fólks hér í landinu. Það verður jafnframt að koma fram í minnkandi fjárfestingum.

Það liggur fyrir samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar að fjárfestingar muni aukast í allmörgum greinum á árinu 1988. Þannig er gert ráð fyrir að fjárfestingar í íbúðarhúsnæði aukist verulega sem er að sjálfsögðu þenslumyndandi og enginn vafi á því að það þarf að gera ráðstafanir til að svo verði ekki. Það er gert ráð fyrir að fjárfestingar í atvinnuvegum, bæði fiskveiðum og iðnaði, verði verulegar og að mínu mati of miklar. Það hefur gætt mikillar bjartsýni í sjávarútvegi og það hefur orðið til þess að margir hyggja á endurnýjun skipa sinna og endurnýjun í sínum fyrirtækjum. Það er út af fyrir sig eðlilegt vegna þess að það hefur verið lítið svigrúm til að endurnýja flotann á undanförnum árum og hann er á margan hátt úreltur. Það má hins vegar ekki gerast nema fyrir því sé fjárhagslegur grundvöllur og því miður hefur það gerst í allmörgum tilvikum að út í slíkar fjárfestingar hefur verið farið án þess að rekstrargrundvöllur væri fyrir hendi og viðkomandi fjármálastofnanir hafa ekki stöðvað slíkar fjárfestingar.

Ég hef fyrir mitt leyti átt viðræður við stjórn Fiskveiðasjóðs og lagt á það áherslu að slíkt gerist ekki og að þar verði gætt mikils aðhalds í öllum lánveitingum. Um það hefur verð rætt í ríkisstjórn að það sama eigi einnig við aðra fjárfestingarlánasjóði.

Það vekur einnig athygli hversu miklar fjárfestingar eru fyrir höndum hjá sveitarfélögunum og þá einkum hjá Reykjavíkurborg. Og það er ástæða til að fara þess á leit við stjórnendur þess sveitarfélags að gæta raunsæis í fjárfestingum og reyna að halda þeim í skefjum því að ábyrgð þess stóra sveitarfélags er mikil í þessu þjóðfélagi. Það eru ekki eingöngu atvinnurekendur, launþegar, ríkisvald og fjármálastofnanir sem bera ábyrgð, heldur ekkert síður sveitarfélögin í landinu. Þetta sveitarfélag hefur gefið út áform um það að fjárfestingar þess verði á árinu 1988 tæplega 4½ milljarður kr. Þetta mun að sjálfsögðu valda mikilli þenslu hér á Reykjavíkursvæðinu. Og ekki er nú á bætandi. Það hlýtur að vera á ábyrgð þessarar sveitarstjórnar, sveitarstjórnar Reykjavíkur að koma í veg fyrir að slíkt þensluástand sé hér.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa þessi orð fleiri. Ég vil aðeins leggja á það áherslu að við verðum að ráðast gegn þeim viðskiptahalla sem við horfum nú fram á, viðskiptahalla sem mun valda verðbólgu og þenslu ef ekki verður á tekið. Það er alveg sama hvaða kjarasamningar verða undirritaðir af aðilum vinnumarkaðarins. Ef okkur tekst ekki að koma í veg fyrir þensluna mun okkur ekki takast að koma í veg fyrir launaskrið og launahækkanir og það mun koma verst við þá sem minnst bera úr býtum og lágtekjuhópana.

Hv. 16. þm. Reykv. hefur mikla reynslu í sambandi við kjaramál, reynslu sem er mikils virði og rétt er að hlusta eftir hennar reynslu. Hún sagði áðan að hún hefði ekki trú á því að aðilar vinnumarkaðarins mundu geta bætt kjör hinna lakast settu. Þetta er nú samt það verkefni sem aðilar vinnumarkaðarins hafa. Og þetta eru þau hugtök sem aðilar vinnumarkaðarins nota þegar nú er verið að standa í kjarasamningum. Ef það er rétt hjá hv. þm. að það sé alls ekki svo — og hún sagði að ríkisstjórn yrði að tryggja það að kjarabætur yrðu fyrst og fremst til þessa fólks. Það hefur oft verið reynt og það hefur verið gripið inn í kjarasamninga undir þeim merkjum að það ætti fyrst og fremst að bæta kjör þeirra sem minnst bæru úr býtum. Ég minni t.d. á að það var gert hér 1978 í febrúar og það er enginn vafi á því að þær aðgerðir lutu að því að bæta fyrst og fremst kjör hinna lægst launuðu. En

þær aðgerðir voru brotnar niður af aðilum vinnumarkaðarins og ekki virtar af þeim. Það er alveg sama hvað ríkisvaldið gerir í reynd. Þegar upp verður staðið er það fyrst og fremst ábyrgð aðila vinnumarkaðarins að sinna þessu verkefni og koma því til leiðar að laun þeirra lægst launuðu hækki sem mest. Það er hins vegar hlutskipti ríkisvaldsins að gæta þess að félagsleg aðstaða þessa fólks sé sem best og skattlagning á það sé hófleg. En ég á von á að það sé mjög erfitt að koma tekjuauka til þessa fólks í gegnum skattakerfið eins og það er í dag því að persónuafsláttur og barnabætur og ýmislegt fleira er þrátt fyrir allt svo hátt að lægstu laun bera litla sem enga skatta.

Ég vil að lokum þakka hv. þm. Steingrími Sigfússyni fyrir að hefja máls á þessu alvarlega máli. Ég hafði vænst þess að það kæmi betur fram í hans máli hvað þeir í stjórnarandstöðunni vildu gera. Það er út af fyrir sig eðlilegt að krefjast svara af hæstv. ríkisstjórn, en stjórnarandstaðan ber að sjálfsögðu mikla ábyrgð í þessu máli jafnframt. Það er ekki hennar hlutskipti á nokkurn hátt og ég vænti þess að það sé ekki hennar ætlan að fara að efna til deilna og jafnvel átaka eða hvetja til þeirra á vinnumarkaði. Það hefur stjórnarandstaða stundum gert en ég vænti þess að stjórnarandstaðan ætli sér ekki slíkt í dag að efna til átaka á vinnumarkaði því að síst af öllu megum við við því miðað við þá stöðu sem nú er í þjóðarbúinu.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar til umræðu. Menn eru raunar ekki á eitt sáttir um að um stefnu sé að ræða. Sumir trúa því að fyrstu skref hæstv. ríkisstjórnar hafi verið mistök og framhaldið hljóti að verða á öðrum nótum. En ég hræðist að hér sé í raun um stefnu að ræða, stefnu þar sem réttur fjármagnsins og þeirra fáu sem það eiga er settur í forgang, en réttur fólksins settur í afgang.

Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á það áherslu að ríkissjóður verði hallalaus. Aðgerðir hennar eru við það miðaðar og það er vel í sjálfu sér, en aðferðin sem beitt er til að svo megi verða er ekki rétt. Á sama tíma og þeim sem ágætar tekjur hafa er enn léttur róðurinn með því að falla frá stighækkandi tekjuskatti nú þegar staðgreiðsla hans er tekin upp er seilst sérstaklega í léttar pyngjur láglaunafólks með því að leggja söluskatt á alla matvöru og hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert til að taka á þeirri hávaxtastefnu sem hefur verið við lýði undanfarin ár og gert mörg heimili og framleiðslufyrirtæki í landinu gjaldþrota.

Gerir hæstv. ríkisstjórn sér ekki grein fyrir því hvaðan fjármagnið í ríkiskassann er sprottið? Fjármagnið er sprottið frá vinnu fólksins í landinu og framleiðsla er grundvallaratriði hagkerfisins. Að fylla ríkiskassann á kostnað láglaunafólks og horfa fram hjá vanda framleiðslufyrirtækjanna er því skammgóður vermir.

Margt hefur verið rætt og ritað um 25% söluskattsálagningu hæstv. ríkisstjórnar á matvöru. Skattur þessi, sem nefndur hefur verið matarskattur, kemur misþungt niður. Verst bitnar hann á þeim sem hafa lægst launin eins og ég gat um áðan, en til að geta betur áttað sig á því ætla ég að setja upp dæmi.

Skoðum matarútgjöld tveggja fjögurra manna fjölskyldna og gerum ráð fyrir að þær hafi þurft 30 þús. kr. til matarkaupa í ágúst. Eftir áramótin þegar álagning matarskattsins var komin á að fullu hækkaði sú upphæð í 37 500 kr. Gerum nú ráð fyrir að tekjur annarrar fjölskyldunnar séu 150 000 kr. á mánuði. Hlutfall matarútgjalda af heildartekjum þessarar fjölskyldu fyrir álagningu söluskattsins var 20%, en eftir söluskatt á matvæli varð hlutfall matarkostnaðar af heildartekjum 25%. Gerum nú ráð fyrir að hin fjölskyldan hafi haft 50 000 kr. í tekjur. Fyrir áramótin var hlutfall matarkaupa af tekjum þessarar fjölskyldu 60%, en eftir matarskatt var hlutfallið orðið 75%. Hlutfall útgjalda vegna matarkaupa hækkaði um 5% hjá þeirri fjölskyldu sem hafði hærri tekjurnar, en um 15% hjá hinni fjölskyldunni sem hafði lægri tekjurnar með tilkomu matarskattsins. Þetta er fjölskyldustefna hæstv. ríkisstjórnar.

Ég veit að fátt er einfaldara en að setja upp sannfærandi töludæmi og fá hvað það fram sem viðkomandi þóknast. En mér er ómögulegt að koma auga á nokkra sanngirni með vangaveltum mínum um 25% söluskatt á matvæli. Skoðum aftur sömu fjölskyldurnar og í dæminu hér áðan, en í stað þess að skoða hlutfallslega hækkun matarútgjalda af tekjum, það lifir enginn á prósentunni í sjálfu sér, skulum við nú athuga hver afgangurinn af tekjum þessara fjölskyldna er þegar matarkaupunum sleppir, það fé sem þessar fjölskyldur eiga að nota í önnur nauðsynleg útgjöld, skatta og til kaupa á lágt tolluðum lúxusvarningi.

Sú fjölskylda sem hafði 150 000 kr. í tekjur hefur í afgang þegar hún er búinn að kaupa matinn sinn 120 000 fyrir matarskatt og 112 500 eftir matarskatt. Líklegast þurfum við ekki að hafa verulegar áhyggjur af þessari fjölskyldu. Lítum á hina. Hún hefur 50 000 í tekjur þannig að fyrir matarskatt var afgangur tekna þegar matarkaupum sleppti 20 000 kr. Eftir matarskatt var afgangurinn einungis 12 500 kr.

Við í Kvennalistanum höfum verulegar áhyggjur af þessari fjölskyldu, en þær eru margar fjölskyldurnar í landinu sem eru líkt eða jafnvel enn verr settar. Hækkun barnabóta og lífeyrisgreiðslna er fjarri því að vega upp þá lífskjaraskerðingu sem matarskatturinn veldur og ég bið menn að athuga að fjölskyldurnar báðar sem ég nefndi áðan í dæmunum fá jafnháar barnabætur því að barnabætur eru ekki tekjutengdar. Að auki er fjöldi láglaunafólks sem nýtur þessara bóta í engu.

Matarskatturinn er stórháskaleg tilraun, tilraun

gerð á lifandi fólki, tilraun til að fækka möguleikum til undandráttar frá söluskatti, er okkur sagt. Tilraun þessi er verulega keimlík einni sem ég hef heyrt af. Þá tilraun gerði bóndi nokkur, að því er sagt er, á hrossi sínu. Hún var í því fólgin að smáminnka fóðrið við hrossið dag frá degi og freista þess að það vendist skortinum. Tilraunin gekk vel framan af, en því miður dó hesturinn daginn áður en fóðurskammturinn varð að engu. Ég vil hvetja hæstv. ríkisstjórn til að hætta nú tilraun sinni því mér segir svo hugur að hver dagur geti nú verið hinn síðasti. Skammturinn, sem stórum hluta þjóðarinnar er nú ætlað að lifa af, er að verða eða jafnvel er orðinn að engu. Þessu til áréttingar langar mig, með leyfi forseta, að lesa upp ályktun sem var samþykkt á fundi trúnaðarráðs verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði 28. jan. sl. Ályktunin er svohljóðandi:

„Fundur í trúnaðarráði verkamannafélagsins Hlífar mótmælir harðlega hvers konar skattálagningu á matvöru þar sem slík skattlagning hlýtur óhjákvæmilega að koma harðast niður á fólki með lágar tekjur. Fundurinn bendir á að nú er svo komið að dagvinnulaun verkamanns duga ekki lengur fyrir matarútgjöldum. Byrjunarlaun eru 27 577 kr. á mánuði, en útgjöld vísitölufjölskyldunnar til matarkaupa í janúar sl. voru 28 200 kr. Matarútgjöldin hafa hækkað um 5400 kr. á mánuði frá því í júlí sl. Á sama tíma hafa lágmarkslaunin hækkað um 2100 kr. Fundurinn skorar á alþm. að kynna sér betur launakjör verkafólks og fella niður matarskattinn nema þeir ætli sér vísvitandi í hungurstríð við lágtekjufólkið í landinu.

Þá lýsir fundurinn fyllsta stuðningi við Neytendasamtökin og baráttu þeirra gegn okri og óeðlilegum viðskiptaháttum."

Hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn hugsað sér að bregðast við tilmælum sem þessum og hver eru *skilaboð hv. stjórnarþm. til láglaunafólksins í* landinu? Einn þeirra, hv. 17. þm. Reykv. Geir Haarde, sá sérstaka ástæðu til þess að nota tækifærið í sjónvarpsþætti á dögunum. Hann benti viðstöddum og sjónvarpsáhorfendum á að gera sér grein fyrir því að ekki væri hægt að hækka laun hinna lægst launuðu nema til kæmu auknar tekjur þjóðarinnar og við því væri ekki að búast næstu missirin. Ævintýri á borð við þetta eru æ ofan í æ boðskapur þeirra sem þykjast vita til þeirra karla og fjölmörgu kvenna sem lægst launin hafa.

Ég bið menn að gera sér grein fyrir því að þjóðartekjurnar eru nægar. Kakan er nógu stór til að metta alla. Það þarf einungis að skipta henni með öðrum hætti. Ástandið hér er nú þannig að það er látið óátalið að sumir taki mettir hverja sneiðina á fætur annarri, eyði og spenni þannig að líkja má við það þegar hástéttin í Róm kastaði upp matnum svo að fyndist magarými fyrir einn bitann enn meðan stór hópur þjóðarinnar svalt. Þetta var upphaf hnignunar Rómaveldis og bið ég hæstv. ríkisstjórn að leiða að því hugann.

Fróðlegt er að rifja það upp í þessu sambandi að á þessum tíma í Rómaveldi byggðu menn glæsihallir og mikla minnisvarða. Einnig þetta er að gerast í höfuðborginni þessa dagana.

Í stjórnarmyndunarviðræðum Kvennalistans sl. vor gerðum við að úrslitaatriði að lágmarkslaun í landinu skyldu hækkuð og miðuð við framfærslu. Þá var okkur bent á að í fyrsta lagi væri ekki hægt að meta lágmarksþörf einstaklings eða fjölskyldna og í öðru lagi giltu aldagömul lögmál um innbyrðis hlutföll launa, lögmál sem giltu í Mesópótamíu til forna eigi við hér í dag, hafi í raun ætíð gilt og muni ætíð gilda. Því væri fráleitt að ætla að hækka lægstu launin, slík hækkun mundi skila sér upp allan launastigann. Fólkið sem næst lægstu launin hafi heimti sína hækkun og svo koll af kolli.

En hvað er nú að gerast í kjarasamningum? Frá Vestfjörðum berast þau tíðindi að samið hafi verið um heildarbónus í frystihúsunum. Allir sem í húsunum vinna fá jafnháa bónusgreiðslu í krónum talið allt frá móttöku og þar til fiskurinn er kominn í frysti. Þetta þýðir auðvitað að þeir sem næstlægst kaupið höfðu sætta sig við að þær sem höfðu lægsta kaupið hækki og allir fái sömu laun. Vissulega er hækkunin smánarleg. En þetta tekur af allan vafa um að lögmálið sem hagfræðingarnir sameinuðust um að fullvissa þjóðina um að væri lögmál er ekkert lögmál. Alla vega er það ekki láglaunafólkið sem kemur launaskriðunni af stað. Það skyldi þó ekki vera að þeir sem enn hærra kaup hafa standi á bak við og ýti við fyrstu steinunum, kannski til þess að viðhalda því sem þeir kalla lögmál sem þá er ekki annað en val þeirra sem valdið hafa á því launakerfi sem þeim þóknast.

Mesti og besti auður hvers lands er fólkið sjálft sem lifir þar, hugsar og starfar. Þetta er gullvæg setning fengin frá skáldinu Einari Benediktssyni. Má ég biðja um ríkisstjórn sem hefur hana að *leiðarljósi. Við kvennalistakonur krefjumst ábyrgrar* ríkisstjórnar, stjórnar sem vill axla ábyrgð. Og ég bendi hv. Alþingi á að slík stjórn þarf ekki að vera í meginatriðum gráteinótt. Hún gæti jafnvel eingöngu verið með mjúkum línum. Stjórn sem tæki allar sínar ákvarðanir út frá þorra fólks og bæri á höndum sér þá sem bera minnst úr býtum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Stjórnarandstaðan er að auglýsa eftir stefnu núv. ríkisstjórnar og það er þegar vel er að gáð dálítið skiljanlegt. Ríkisstjórnin hefur nefnilega verið svo upptekin af því á undanförnum vikum og mánuðum að vinna verkin sín, að koma fram umbótamálum sínum þar sem aftur á móti stjórnarandstaðan hefur verið svo upptekin af því að hlusta á sjálfa sig að það er kannski ástæða til að staldra núna við og rifja upp: Við hvaða vanda var að fást þegar þessi ríkisstjórn tók við? Hver er hennar stefna? Rifjum upp.

Þegar þessi ríkisstjórn tók við á miðju sumri var hallarekstur í ríkisbúskapnum um 3½ milljarður kr. Í annan stað: Ef haldið hefði verið sama útgjaldastigi

og Alþingi komst að niðurstöðu um nú fyrir jólin í fjárlögum, en haldið áfram að byggja tekjuöflun ríkissjóðs á því ónýta skattkerfi sem við tókum við, hefði hallinn í ríkisbúskapnum verið á bilinu 6–8 milljarðar kr. Þá hefði mér þótt gaman að heyra ræður stjórnarandstæðinga um velferðarríkið, um þá sem eiga bágt og þá sem eru hjálparþurfi og þá sem hefði þurft að rétta hjálparhönd og um byggðastefnuna margfrægu ef ekkert hefði verið að gert. Þá hefði verið ástæða til að biðja um ábyrga ríkisstjórn, eins og hv. seinasti ræðumaður bað um, með hjartað á réttum stað.

Í ágúst sl. var það staðfest að lánsfjáráætlun hafði farið úr böndunum með þeim hætti að ætla mátti að innstreymi erlends lánsfjármagns væri komið á fimmta milljarð umfram það sem lánsfjárlög gerðu ráð fyrir. Þegar hallinn í ríkisbúskapnum og ástandið í lánsfjármálum var með þessum hætti gat hver maður sagt sér það sjálfur að upphafleg spá um viðskiptahalla var út í hött. Og þá er fyrirsjáanlegt að staðfesting á útgjaldaeyðslu og þenslu umfram tekjuöflun í þessum þjóðarbúskap mundi leiða til viðskiptahalla sem var miklu meiri og hann er núna metinn upp á 6½ milljarð. Samt tek ég það fram að það var laukrétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vandinn sem við er að fást er ekki kreppuástand eða hallærisvandi. Vandinn sem við er að fást er nákvæmlega þessi: að góðæri, hagvaxtarskeið sprottið í sjávarútveginum á undanförnum 2–3 árum snerist upp í þenslu- og verðbólguvanda vegna þess að það var ekki gripið í taumana í tæka tíð af ótta við kosningar. (**SJS:** Og er ekki enn.) Svo komum við að því, hv. þm. Svo skulum við heldur betur fara yfir þá lexíu, hv. þm., áður en hv. þm. leyfir sér slíka sleggjudóma.

Þetta var ástandið og svo segja stjórnarandstæðingar öðrum þræði: Óvissuástandið er svo mikið og það stafar af því að ríkisstjórnin hefur horft á þetta aðgerðarlaust og ekkert aðhafst. En vikum saman hlustaði ég á síbylju þeirra um það að þessi ríkisstjórn sæist ekki fyrir í athöfnum sínum, að hún keyrði hina dauðþreyttu stjórnarandstöðu svo hart fram við að koma fram umbótamálum, m.a. í því að endurskipuleggja frá grunni ⅘ hluta af tekjustofnum ríkisins. Stjórnarandstaðan mátti vart mæla fyrir þreytu og mælti þó lon og don í síbylju. M.ö.o.: ríkisstjórnin er svo aðgangshörð, hún er svo athafnasöm, hún hefur á sex mánaða ferli gert svo mikið að sáran er undan kvartað. Svo segja þeir: Það er svo mikil óvissa í efnahagslífinu af því að ríkisstjórnin hefst ekki að.

Og hvað er það sem þessi ríkisstjórn hefur gert? Ég lýsti því við hvernig ástandi hún tók og ég segi: Það var ekkert kreppuástand. Það var ástand sem kallaði á aðgerðir til að stöðva stórhættulega verðbólguþróun. Og því næst það að þegar fram kom á þetta haust varð vandinn erfiðari aðallega af tveimur ástæðum: dollarahrun sem þýddi auðvitað tekjumissi að því er varðar þær útflutningstekjur sem verslað er með í dollurum, í annan stað hækkun evrópskra gjaldmiðla og þar af leiðandi innflutningsverðs sem af því leiðir og í þriðja lagi horfur á samdrætti í afla. Þetta jók á vandann vegna þess að það varð að taka harðar á því að stöðva útgjaldaþensluna umfram þjóðartekjur við þessi skilyrði af því að það var minna til skiptanna. Að öðru leyti þýddi þetta að misgengisvandinn í íslenskum þjóðarbúskap, sem að langstærstum hluta til býr við dúndrandi góðæri, varð með aukinni áherslu vegna þess að sjávarútvegur og fiskvinnsla, útflutningsatvinnuvegirnir, höfðu orðið í vaxandi mæli að þola áföll þar sem aftur á móti mjög margar greinar lifðu í gósentíð og það varð misgengi í lífskjörum fólks.

Á sl. tveimur árum hefur kaupmáttaraukning launþega orðið 40% (Gripið fram í.) og þá grípa menn fram í og segja: Já, en, já, en, ekki allra, ekki allra. (**KH:** Að meðaltali.) Að meðaltali, já. Og þá er spurningin þessi: Það er misgengi í starfskjörum atvinnuvega og það er misgengi í lífskjörum fólks. Af hverju? Vandinn er m.ö.o. ekki meiri en þessi: Það þarf að skapa bætt rekstrarskilyrði fyrir útflutningsatvinnuvegi og það þarf að leiðrétta misgengi í kjörum, en það er af nógu að taka.

Þessi ríkisstjórn sat ekki aðgerðarlaust hjá. Hún byrjaði á því í fyrsta lagi að draga stórlega úr hallarekstri ríkissjóðs með tekjuöflun upp á 1 milljarð á sl. ári. Hún greip til aðgerða gegn innstreymi erlends lánsfjár. Hún lagði skatta á erlendar lántökur. Hún hækkaði ábyrgðargjöld vegna ríkisábyrgða vegna veittra lána. Hún steig m.ö.o. fyrstu skrefin í því að rétta við fjárhag ríkissjóðs, draga úr lánaþenslu.

Því næst vann hún það sem hún hefur verið gagnrýnd einna harðast fyrir en er alveg vafalaust rétt og nauðsynlegt við þessar aðstæður. Hún hætti við að sætta sig við það að reka ríkissjóð eftir 2–3 ára góðæri og við þessi skilyrði með halla í tvö ár og ákvað að ná jöfnuði á einu ári og skemmri tíma en það. Og þetta gerði þessi ríkisstjórn. Það er leitun að ríkisstjórn sem hefur markað svo afdráttarlaust slíka stefnu. Það er reyndar leitun að ríkisstjórn á Vesturlöndum sem hefur snúið svo miklum viðvarandi halla í ríkisbúskap við á jafnskömmum tíma. (Gripið fram í.) Það fer ekki saman að segja: Ríkisstjórnin er stefnulaus, en verða hins vegar að játa þessum staðreyndum, að ríkisstjórnin hefur á skömmum tíma endurreist tekjuöflunarkerfi ríkisins sem var í molum, að ríkisstjórnin hefur snúið hallarekstri sem stefndi í 6–8 milljarða upp í jöfnuð, að ríkisstjórnin hefur lagt fram aðhaldssama lánsfjáráætlun, lánsfjárlög, sem fól m.a. í sér þau áform að ríkissjóður tæki engin ný erlend lán, sem fól m.a. það í sér, ef við berum það saman við fjárfestingarfylliri annarra, að samdráttur í fjárfestingum ríkisins skv. fjárlögum og lánsfjárlögum er 15% á sama tíma og aukning fjárfestingar hjá sveitarfélögum er 43%, á sama tíma og fjárfestingaráform Reykjavíkurborgar milli ára aukast um 63%. Segi menn svo að þetta sé ekki ríkisstjórn sem hafi sýnt öfluga viðleitni í þá átt að forða því ástandi sem hlotist hefði af ef hér

hefði verið aðgerðarlaus ríkisstjórn. Ég spyr.

Mönnum kann að þykja óvissa ríkja í sumum þáttum efnahagsmála hér, en ég bið menn að hugleiða: Hvernig halda menn að ástandið hefði verið, rekstrarafkoma atvinnuvega, kaupmáttur launþega, ef þessi ríkisstjórn hefði ekki gert það sem hún hefur gert, ef við sætum uppi eftir tveggja til þriggja ára góðæri með svona mikinn halla í ríkisbúskapnum, ef engu aðhaldi hefði verið beitt í lánsfjárlögum, ef ekkert hefði verið gert til að efla sparnaðarform eins og gert var með peningaráðstöfunum á sl. hausti, ef það hefði verið látið reka á reiðanum.

Þessi ríkisstjórn hefur þess vegna skilgreint sína stefnu mjög skýrt og skilmerkilega þótt stjórnarandstaðan hafi verið of upptekin við að hlusta á sjálfa sig til að taka eftir því eða skilja það. Hún hefur gert það í ríkisfjármálum, hún hefur gert það í peningamálum og lánsfjármálum, hún hefur gert það með því að viðhalda hér stöðugleika í gengi og láta ekki undan látlausum kröfum ýmissa atvinnurekendahópa um að fella gengið eftir pöntun og ekki gert það þrátt fyrir að sumir stjórnarandstæðingar hafa ekki staðist þá freistingu að taka undir eins og fram kom í þessum umræðum.

Þessi ríkisstjórn hefur heldur ekki gripið inn í þá þróun sem leitt hefur til hárra raunvaxta þótt þeir séu að vísu ekkert hærri en í helstu viðskiptalöndum þegar grannt er skoðað. Hún hefur ekki stöðvað þá þróun og það eru ákveðin rök fyrir því eins og ég kem að síðar. Menn geta gagnrýnt þessa stefnu ef þeir hafa einhver rök til þess og menn geta reynt að leggja fram aðra stefnu, en menn geta ekki kvartað undan því að þetta sé ríkisstjórn án stefnu. Menn geta ekki kvartað undan því að þetta sé aðhaldslaus ríkisstjórn. Menn geta ekki kvartað undan því að þetta sé athafnalaus ríkisstjórn.

En síðan spyrja menn: En það er samt sem áður óvissa í íslenskum efnahagsmálum. Hvað með gengið? Það er samt sem áður óvissa í íslenskum efnahagsmálum. Hvað með kjarasamninga? Það er samt sem áður augljóslega við erfiðleika að fást í íslenskum efnahagsmálum. Við erum ekki komnir inn á lygnan sjó. Hvað með þennan háa fjármagnskostnað? Hvað með þessa háu vexti? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í því?

Mér þætti gaman að sjá framan í þann stjórnarandstæðing sem færði rök fyrir því máli sínu að á undanförnum vikum eða mánuðum hefði verið rétti tíminn til þess að verða nú við óskum útgerðarauðvaldsins, sem einu sinni hét á máli Alþb. og annarra, og fella gengið eftir pöntun. Hver væri hugsunin í því eftir tveggja, þriggja ára mesta góðæri Íslandssögunnar að ljúka því með því að fella gengi íslensku krónunnar? Hvers konar eiginlega ræfildómur væri það út af fyrir sig og hvað mundi það þýða? Hvaða áhrif hefði það á verðbólgumarkmiðin? Hvaða áhrif hefði það á fjármagnskostnaðinn? Hvaða áhrif hefði það á erlend aðföng, ekki aðeins útvegsins, fiskvinnslunnar og atvinnulífsins? Hvaða áhrif hefði það á þensluna og verðbólguna að spýta í með gengislækkun í þessu ástandi? (**AG:** Eru ekki upplýsingarnar frá Þjóðhagsstofnun?) Það meinar enginn neitt með þessu tali sínu, með þessum kröfum sínum um gengislækkun. Að vísu kvarta ákveðnir aðilar, en stjórnarandstaða sem hefur ekkert annað að gera en taka undir með hverjum þeim manni sem í eiginhagsmuna skyni, vegna þess að hann horfir framan í afleiðingarnar af eigin gerðum, heimtar gengislækkun er ekki upp á marga fiska.

Hvaða tilefni er til gengislækkunar? Það er halli á frystingu. Það er halli í fiskvinnslunni. Það er hagnaður í saltfiskvinnslu og útflutningi. Það er hagnaður hjá útgerðinni. Það er halli á bátaútgerð. Það er umtalsverður hagnaður á útgerð minni togara. Það er einnig hagnaður á útgerð stærri togara. Það er verulegur hagnaður á frystitogurum. Ef menn vilja meta þetta í einhverjum prósentum er hallinn alvarlegastur hjá frystingunni, gæti verið allt að 7%. Það er hagnaður á söltun um 2,6%, það er hagnaður á minni togurum upp á 6,4%, það er hagnaður á stærri togurum upp á 6,8%, það er hagnaður hjá útgerðinni alls um 2,7%. Og allt er þetta miðað við 3% ávöxtunarkröfur og stöðu mála í janúar. (**SJS:** Hvað eru þetta gamlar upplýsingar?) Splunkunýjar.

Nú rifja ég upp: 80% fyrirtækja í útgerð er samrekstur með fiskvinnslu. Það er halli í fiskvinnslu, mjög alvarlegur vandi hjá frystingu. Hvað er að segja um útgerðina? Hvað er að segja um fjárfestingaráform útgerðarinnar? Er það rétt að þessir sömu aðilar stefni að nýfjárfestingu, nýjum fiskiskipum, meiri háttar endurnýjun á eldri skipum, stækkun skipaflotans, þrátt fyrir horfurnar, upp á 3½–4 milljarða, að verulegu leyti fjármagnað með erlendum lánum? Bendir það til voðalegrar afkomu? Bendir það til þess að það sé nauðsynlegt að almenningur í landinu rétti fram núna sérstaklega umtalsverðar fjárhæðir til að rétta hag útgerðarinnar? Er stjórnarandstaðan að heimta það eða mættu menn kannski staldra við og spyrja sjálfa sig, vega og meta? Vandinn er sá, hann er nýstárlegur, að útgerðin stendur mun betur en vinnslan. Að svo miklu leyti sem hægt er er þetta ekki vandamál stjórnvalda því ef þessar tilfærslur geta farið fram innan fyrirtækja er það auðvitað gott. En ef það þarf að gerast að frumkvæði stjórnvalda er vandinn sá að færa til fjármagn frá útgerð m.a. til vinnslunnar að hluta. Er gengislækkunin rétta leiðin til þess? Vilja menn stafa það fyrir sjálfum sér hvaða afleiðingar slík gengislækkun hefði við þessar kringumstæður? Og vilja menn bera það saman við þær kröfur sem menn eru að gera um það að varðveita kaupmátt, um það að koma í veg fyrir óðaverðbólgu, um það að reyna að ná þeim árangri að fá hér lækkandi verðbólgu þegar líða tekur á árið?

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið sagt: Ríkisstjórnin er búin að gera, eins og ég tíundaði áðan, margt og mikið til þess að reyna að koma hér á jafnvægi, draga úr þenslu, draga úr vexti einka-

neyslu, endurreisa ríkisfjárhag, beita aðhaldi í lánsfjármálum. Við höfum hins vegar sagt: Það vantar herslumuninn til þess að ná vissu um það að þessi jafnvægispólitík beri árangur á seinni hluta árs og sú vissa getur ekki komið fyrr en við höfum vitneskju um að það takist hérna kjarasamningar sem samrýmast þessum markmiðum. Það verða engar yfirlýsingar gefnar um gengisbreytingar fyrr en sú vitneskja liggur fyrir og ef kjarasamningar verða með raunsæjum og skynsamlegum hætti á engin gengislækkun að verða. Það tryggði best það að varðveita kaupmáttinn og ná lækkun verðbólgu þegar líða tekur á árið, en það væri líka ávísun á það að þá gæti ríkisstjórnin beitt sínu frumkvæði til þess að fá seðlabanka til að lækka nafnvexti í þrepum í takt við lækkandi verðbólgu og niðurstaðan yrði sú hin sama fyrir atvinnuvegi og almenning og ekki hvað síst hina lægst launuðu, að við værum þá komnir út úr óveðrinu inn á lygnari sjó í átt til traustari lífskjarabóta á seinni hluta ársins.

Sumir hafa þóst geta haft efni á því að hella sér yfir Vestfirðinga fyrir kjarasamningana sem þeir gerðu og hafa lítið gert af því að setja sig í spor annars vegar verkafólksins þar og vinnuveitenda þar, fólksins sem starfar eingöngu nánast við útgerð og fiskvinnslu. Hvernig stóð á því að það tókst að gera þessa samninga til ársloka þrátt fyrir að það er halli á frystingu? Hóflegir launasamningar já, en þeir dugðu samt sem áður til þess að rétta hlut fiskvinnslufólksins í samanburði við aðra hópa. Af hálfu atvinnurekenda voru þeir gerðir í trausti þess að ef kjarasamningar væru leystir eftir slíkum leiðum mundu þeir þola taprekstur fyrri hluta árs í voninni um það að uppskera árangur á seinni hluta ársins í lækkaðri verðbólgu. Ég þekki engan þann mann sem hefur efni á því að hella sér með skömmum eða skætingi yfir þá menn sem af þjóðhagslegri ábyrgð og raunsæi gera slíka samninga. Og þó að það sé hverju orði sannara að þeir verði ekki fyrirmynd kjarasamninga fyrir önnur svæði þar sem atvinnulíf er fjölbreyttara er raunsæið, ábyrgðartilfinningin vissulega fyrirmynd þeim sem nú ætla að setjast að kjarasamningaborði.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur því verið haldið fram að aðgerðir ríkisstjórnarinnar við að endurskipuleggja tekjuöflunarkerfi ríkisins og fjárhag ríkissjóðs hafi verið gerðar með þeim hætti að þar með hafi verið lagðar byrðar fyrst og fremst á hina tekjulægstu. Þar hafi verið lagðir steinar í götu kjarasamninga. Þar hafi breiðu bökunum, fyrirtækjunum og öðrum slíkum verið hlíft. Allar hafi þessar byrðar verið lagðar á þá sem síst skyldi. Við heyrðum þessi rök í ræðu fulltrúa Kvennalistans áðan.

Við erum að tala um laun, kaupmátt, lífskjör heimilanna í landinu. Athyglisverðasta staðreyndin um þá hluti er í mínum huga sú, að útgjöld meðalfjölskyldunnar miðað við verðlag og laun í janúarmánuði, þ.e. þessarar frægu vísitölufjölskyldu, eru 135 000 kr. í janúarmánuði. Og nú tek ég fram: Ég er ekki að tala um framfærsluþörf. Ég er að tala um könnun á því hverju þessi meðalfjölskylda eyddi í reynd árið 1988 í janúar. Hún eyddi 135 000 kr., trúlega með 1½–2 fyrirvinnur. Af þessum 135 000 kr. eyddi hún rúmlega 24 þús. kr. í matvæli miðað við verðlag í janúarmánuði og hún eyddi þar af leiðandi um 110 000 kr. og gott betur í annað en matvæli, þessi meðalfjölskylda upp á 3,7 persónur. Þetta eru ekki tilbúnar tölur. Þetta er verðlag í janúar miðað við að það hafi hækkað frá desember til janúar um 10%, ekki 7% eins og fjmrn. sagði að mundi gerast þegar tollalækkunin væri komin til skila heldur um 10%. Samkvæmt vísitölumælingunni í byrjun janúar, þegar engar tollalækkanir höfðu skilað sér, ekki nokkrar, söluskattshækkunin ein var komin, var hækkunin 11%. Miðað við 10% hækkun frá desember til janúar er þetta útgjaldamynstur fjölskyldunnar: 24 000 kr. í matvæli, afgangurinn í annað. Afgangurinn hefur enn ekki lækkað sem hann mun gera vegna þess að áhrifin af tolla- og vörugjaldslækkuninni eru ekki komin til skila.

Og þegar hinn ágæti og mildi fulltrúi Kvennalistans var að fara með sín dæmi hér áðan trúði ég varla mínum eigin eyrum vegna þess að ég veit að hér er um að ræða menntaðan eðlisfræðing sem mætti vafalaust treysta til að halda búreikninga hinnar hagsýnu húsmóður og sýna svolitla sanngirni í umfjöllun um mál af þessu tagi.

Það er hægt að afskrifa sannleikann með ýmsum hætti. Það er hægt að einblína á einn þátt söluskattsbreytingarinnar, æpa matarskattur! og reikna dæmið síðan út frá þeirri forsendu. En það er rangur útreikningur. Það sem á að gera er þetta: Það var annars vegar um það að ræða að þá var verið að lækka tolla og vörugjöld. Það var hins vegar um það að ræða að þá var verið að breikka söluskattsstofn og hækka söluskatt. Jafnhliða var innleitt staðgreiðslukerfi skatta. Og það var verið að hækka skattfrelsismörk einstaklinga og barnafjölskyldna mjög verulega og það var verið að auka beinar útgreiðslur af auknum tekjum ríkissjóðs til fyrst og fremst barnmargra fjölskyldna. Ef menn vilja meta áhrif þessara breytinga í heild á hag fjölskyldnanna skulu menn reikna það dæmi rétt og taka tillit til þess í fyrsta lagi: Hvaða áhrif hefur þessi breyting annars vegar miðað við tiltekin laun og fjölskyldumynstur í auknum matarútgjöldum, í lækkun annarra útgjalda, í ráðstöfunartekjum eftir beina skatta að teknu tilliti til barnabóta og barnabótaauka? Hverjar eru þá ráðstöfunartekjur þessara fjölskyldna eftir kerfisbreytinguna? Eru þær meiri eða eru þær minni? Og þá lítur dæmið svona út:

Dæmið er um hjón með tvö börn með meðaltekjurnar 135 000 kr. Forsendurnar eru 10% hækkunin frá desember til janúar, hlutföll vísitöluútreikningsins um útgjaldaþætti matvæla og annarra þátta. Þá er hækkunin 1900 kr. í mat, önnur útgjöld þessarar fjölskyldu hafa lækkað um 2500 kr., skattar þessarar fjölskyldu að teknu tilliti til barnabóta og barnabótaauka hafa lækkað um 4400 kr., ráðstöfunartekj-

ur þessarar fjölskyldu hafa hækkað um 5000 kr. eða um 3,7%. Þetta eru dæmi um heildaráhrif skattkerfisbreytingarinnar á hag meðalfjölskyldunnar í landinu.

Dæmi 2: Hjón með tvö börn en heimilistekjur undir meðaltali, 80 000 kr. Matarútgjöldin hafa hækkað um 1700 kr., önnur útgjöld hafa lækkað um 1300 kr., beinir skattar eftir útborgun barnabóta og barnabótaauka hafa lækkað um 7400 kr., ráðstöfunartekjur þessarar fjölskyldu hafa vaxið um 7000 kr. M.ö.o.: afkoma hennar er betri eftir breytinguna en áður um 8,8%.

Hvernig lítur dæmið út fyrir einstætt foreldri með tvö börn, meðaltekjur þess fjölskylduhóps? Tekjurnar eru 73 000 kr., matarútgjöldin hafa hækkað um 1200 kr., önnur útgjöld hafa lækkað um 1200 kr., beinir skattar hafa lækkað um 5800 kr., ráðstöfunartekjur hafa hækkað um 5800 kr. Afkoma fjölskyldunnar hefur batnað um 7,9%.

Meira að segja ef litið er á einstakling sem hefur engin börn á sínu framfæri en lágar tekjur, 71 400 kr., hafa matarútgjöldin hækkað um 700 kr., önnur útgjöld hafa lækkað um 1400 kr., beinir skattar hafa lækkað um 1300 kr. og afkoma hans hefur skánað um 2000 kr., ráðstöfunartekjur eftir skatt, eða batnað um 2,8%. (**SJS:** Síðan hvenær er samanburðurinn tekinn?) Samanburðurinn er miðaður, eins og ég er margbúinn að segja, við verðtöku í janúar miðað við þá forsendu að hækkunin á matarútgjöldum hafi numið 10% frá desember til janúar þar sem aftur á móti vísitölukönnunin í fyrstu viku janúar gerði ráð fyrir að það hefðu verið 11%.

Og ég bæti við: Þó að hv. þm. sem nú spyr gerði ráð fyrir 50% skekkjumörkum í öllum þessum dæmum mundu samt sem áður öll koma út með bættan hag þessara fjölskyldna sem ég tók dæmi um. (**SJS:** Var þetta hækkun síðan í ágúst eða september?) Það er ágætt dæmi til um það sem þeir hafa verið að skiptast á orðum um hv. forseti Alþýðusambands Íslands og efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, *Ólafur Ísleifsson. Og hvernig líta þær tölur* út?

Það var fundið að því að það væri verið að bera saman útgjöld vísitölufjölskyldu og hins vegar lágmarkstekjur einstaklings. Ef hins vegar þar er tekið dæmi af fjögurra manna fjölskyldu, sem er broti stærri en vísitölufjölskyldan, lítur það svona út: Hjón vinna bæði úti fullan vinnudag, bera hvort um sig úr býtum lágmarkslaun. Börn eru tvö og annað undir sjö ára aldri. Alþýðusambandið upplýsir þá að lágmarkslaun hafi hækkað um 2100 kr. á mánuði frá því í júlí, þ.e. um 4200 kr. fyrir bæði hjón. Matvöruútgjöld af öllum ástæðum, ekki bara af skattkerfisbreytingunni, frá því í júlí, hækkun matvöruútgjalda af öllum ástæðum, þar á meðal búvöruverðshækkunarinnar, hv. þm., 1. des. um 9% sem enginn tók eftir og enginn mótmælti, hækkun matvöruútgjalda var 5400 kr. Þá er eftir að taka tillit til þess hver var hækkun barnabóta og barnabótaauka frá því í júlí. Og þegar það dæmi er gert upp er niðurstaðan sú að hagur þessarar fjölskyldu hefur batnað en ekki versnað.

Nánar tiltekið svona: Barnabætur með fyrsta barni voru á fyrra ári eða fyrir 1. júlí, áður en þessi ríkisstjórn tók við, 12 625 kr., en eru 17 888 kr. á fyrri hluta árs 1988. Þessar upphæðir tvöfaldast sé barnið undir sjö ára aldri. Bætur með öðru barni voru 18 900 kr., en eru á fyrri hluta árs 1988 26 800 kr. Hjónin fá óskertan barnabótaauka með hvoru barni um sig þar sem tekjur þeirra ná ekki skerðingarmörkum. Óskertur barnabótaauki nam 30 000 kr. í gamla kerfinu, en 42 400 kr. í hinu nýja. Barnabætur og barnabótaauki til þessarar fjölskyldu eru því 3618 kr. hærri fjárhæð í janúar 1988 en í júlí 1987. Á móti hækkun matvöruliðar um 5400 kr. kemur því launahækkun um 4200 kr. og hækkun barnabóta og barnabótaauka um liðlega 3600 kr. eða um 7800 kr. Er þetta nægilega skýrt?

Þessi dæmi, sem ég hef verið að rekja, eru á forsendum um verðbreytingar í janúar og þá er enn eftir að taka tillit til tveggja þátta, að verðlækkanir sem tekur vikur og mánuði áður en þær koma fram að fullu vegna tollalækkunar og vörugjaldslækkunar, eru ekki komnar inn í þetta dæmi. Fjölskyldan á eftir að njóta verðlækkana í vaxandi mæli. Og í annan stað: Ég er hér að miða við neyslugrundvöll sem er úreltur um tíu ár. Þegar menn skoða þetta í ljósi nýja neysluvörugrundvallarins athuga menn það að vegna hækkandi rauntekna hefur útgjaldamynstur fjölskyldunnar breyst. Matarútgjöldin þar eru nefnilega enn þá lægri en útgjaldaaukinn í öðrum þáttum enn þá meiri þannig að matarútgjöldin eru ofmetin í dæmunum sem ég tók, en lækkunin, sem að lokum skilar sér til þessarar fjölskyldu, er vanmetin.

Hefur þessi kerfisbreyting verið gerð í þágu hinna efnameiri? Einstætt foreldri með tvö börn og meðaltekjur: aukning ráðstöfunartekna um 7,9%. Hjón undir meðaltekjum með tvö börn: aukning ráðstöfunartekna um 8,8%. Hjón með meðaltekjur hins vegar, 135 000 kr. á mánuði og tvö börn: aukning ráðstöfunartekna um 3,7%. En einstaklingur með meðaltekjur: þar er bótin lægst, 2,8%. Hvað sýnir þetta? Þetta sýnir að hér er um að ræða ráðstafanir sem búið er að afflytja og breyta í öfugmæli. Sú staðreynd að þessi ríkisstjórn varði 3 milljörðum kr. til að lækka vöruverð í landinu og 2,8 milljörðum kr. til að greiða út til þeirra sem á þurfa að halda barnabætur og barnabótaauka leiðir til þess ásamt með stighækkandi forsendum tekjuskattskerfisins að hér er um að ræða tekjutilfærslur frá hinum betur settu, meðaltalinu og ofar, og til þeirra fjölskyldna sem meiri hafa framfærslu og bágari afkomu. Það er þveröfugt við alla síbylju stjórnarandstöðunnar. Hún er röng og hún stenst ekki. (Gripið fram í.) Þetta er ekki svaravert. Svara þú fyrir þitt mál. Stattu fyrir máli þínu með rökum. (**AG:** Þetta er staðreynd.) Ég er að rekja staðreyndir fyrir hæstv. fyrrv. fjmrh. og ég vona að hann skilji þær. (**AG:** Þetta eru útgjöld ríkissjóðs, en hverjar eru tekjurnar

á móti? — Komdu með tekjurnar? Þetta voru útgjöldin.) Við skulum koma að því nánar síðar hver hafi verið aukning á skattbyrði, hæstv. fyrrv. fjmrh., hver hafi verið raunveruleg aukning á skattbyrði. Menn hafa nefnilega líka verið að skemmta sér við það að nefna tölur um að skattadæmið þýddi álögur á þjóðina, ekki 5 milljarða, nei, nei, 7 milljarða, 8 milljarða, 9 milljarða, 10 milljarða, í auknum skattaálögum á þjóðina.

T.d. leyfa menn sér það, eins og t.d. fyrrv. formaður Alþb. gerði og hafði að gamanmálum, að það væri náttúrlega svo um alla skatta að þeir væru greiddir út. En er enginn munur á því þegar menn skattleggja ákveðna vel setta tekjuhópa til að greiða út í formi millifærslna hjá öðrum sem verr eru settir? Það sem skattlagt er í hópi A verður að tekjum hjá hópi B og er væntanlega allt annað en venjuleg skattlagning til samneyslu í ríkissjóð. Þeir sem eru nú að gagnrýna þetta eru auðvitað ekki Borgarafl., afl., nei, en það eru fulltrúar Alþb. og Kvennalistans, málsvarar félagshyggjunnar, þeir sem vilja kenna sig við hina sígildu jafnaðarstefnu eins og Alþb.

Því hefur verið haldið fram líka, til þess að reyna að renna stoðum undir áróðurinn sem er rangur, að skattkerfið í staðgreiðsluskatti, sem var afgreitt hér svo til ágreiningslaust, væri ekki stighækkandi vegna þess að það vantaði í það hátekjuþrep. Þetta er rangt og er auðvelt að sýna fram á það með mörgum dæmum. Það er rangt vegna þess að skattfrelsismörkin voru hækkuð mjög verulega bæði fyrir einstaklinga og hjón. Og það er samspil milli hækkunar á skattfrelsismörkum og útborgunar á skattfrjálsum barnabótum og barnabótaauka. Það er rangt líka vegna þess að persónuafslátturinn er föst upphæð þar sem þú ert staddur í tekjuskalanum. Og það er rangt vegna þess að afnámið á frádráttarliðunum var auðvitað skattaskjól hinna betur settu með hærri tekjurnar. Nú mun birtast innan tíðar nákvæmur samanburður á því á réttum forsendum hvernig fjölskyldur í ólíkum tekjuflokkum og ólíkum fjölskyldugerðum fara út úr samanburðinum á gamla tekjuskattskerfinu og staðgreiðslukerfinu núna. Það er sannað með ótal dæmum að m.a.s. í staðgreiðslukerfinu einu er um að ræða „prógressjón“, þ.e. kerfið er stighækkandi eftir tekjum og þeir koma best út úr því sem lægstar hafa tekjurnar. Ég skal nefna eitt dæmi um það.

Við skulum taka dæmi af hjónum sem bæði eru útivinnandi. Annar makinn hefur 60 000 kr. á mánuði en hinn 30 000, samtals 90 000 kr., og tvö börn á framfæri. Staða þessarar fjölskyldu í staðgreiðslukerfinu verður sú að hún fær útborgað á mánuði hverjum 5700 kr. á mánuði í eins konar neikvæðum tekjuskatti að teknu tilliti til barnabóta og barnabótaauka. Ef þú tekur nákvæmlega jafnsetta fjölskyldu, hjón með tvö börn, en helmingi hærri tekjur, sem skiptast í 120 000 kr. og 60 000 kr., þ.e. mánaðarlaun væru 180 000 kr., mundi þessi fjölskylda greiða skatt upp á 28 500 kr. eða 16% af tekjum sínum. Farirðu ofar í tekjuskalanum sérðu auðveldlega hversu „prógressíft“ dæmið er.

Þeir sem halda því fram að það hefði verið til tekjujöfnunar að því er varðaði launþega að setja annað hærra þrep í þetta kerfi hafa ekki rétt fyrir sér. Þeir hefðu að vísu náð til sjómannastéttarinnar sem er tekjuhá í góðærinu. Þeir hefðu líka náð til launþegahópa þar sem báðir aðilar vinna úti og leggja á sig mikla vinnu af því að þeir eru að byggja. En þeir hefðu ekki náð, hvorki í þessu kerfi að sinni né hinu eldra, til þeirra sjálfstæðu atvinnurekenda sem telja fram þurftarlaun eða eru skattlagðir á grundvelli áætlaðra launa ríkisskattstjóra. (Gripið fram í.) Þið hefðuð ekki náð þessu með þessu þrepi, það er staðreynd, hvorki ég né þið. Til þess þarf að fara aðrar leiðir.

Svo hef ég gaman af því þegar hinn mjúkmáli Kvennalisti fer með rórillið sitt um að þessi nauðsynlega forsenda fyrir endurreisn ríkisfjárhags og velferðarríkis á Íslandi, þessi skattkerfisbreyting, sé fólgin í því að leggja nú skatta á nauðsynjar, en hlífa lúxusvörum. Meðalfjölskyldan, þessi sem eyðir 135 000 kallinum, hvað eyðir hún miklu í lífsnauðsynjarnar sínar? 24 000 kr. Hvað eyðir hún þá miklu í ónauðsynjar, í lúxus? Bróðurpartinum, rúmlega 110 000 kr. á mánuði. Og hvað er lúxusinn? Er það ekki húsnæði, er það ekki fatnaður, eru það ekki barnavörur, eru það ekki t.d. íþrótta- og tómstundavörur, eru það ekki ferðalög, eru það ekki sjónvörp, er það ekki bíll og rekstur á bíl, eru það ekki hjólbarðar? Eruð þið að segja mér að þessi stærsti útgjaldapóstur fjölskyldu í nútímasamfélagi sé lúxus? Eruð þið að halda því fram? Auðvitað meinið þið ekkert með þessu. Þetta, sem einhvern tíma var lúxus yfirstétta, er hversdagsleg nauðsynjavara alls almennings á Íslandi sem flytur inn 23 000 bíla á þessu ári og m.a.s. 500 sjóbíla og munar ekkert um það, þjóðar sem heldur uppi neyslu af því tagi sem þið sjáið fyrir augunum, (**Gripið fram í:** Sjóbíla?) sjósaltaðra bíla, niðursoðinna, næturs altaðra. Mig langar til að spyrja málsvara félagshyggjunnar í þessum þingsal, Alþb. og Kvennalista: Hvað er lúxus alþýðuheimilanna á Íslandi í dag? (**KH:** Ert þú ekki málsvari félagshyggju?) Mér er brugðið um annað, er það ekki? Hef ég ekki mátt sitja undir skömmum, skætingi, níði og rógi og afflutningi á þeim málum sem við höfum verið að flytja einmitt undir þeim formúlum að hér sé ekki um að ræða jafnaðarmenn. Ég ætla að spyrja ykkur: Hvað kallið þið lúxus? Að mínu mati er það ekki lúxus fyrir alþýðufjölskylduna í landinu hvort hún á bíl, sjónvarp eða útvarp eða hvort hún getur farið í einhver ferðalög í orlofi. En það er lúxus fyrir eina fjölskyldu að þurfa ekki að skulda peninga í dag. Það er lúxus að hafa komið þaki yfir höfuðið á sér áður en það kerfi var afnumið að lán væru gjöf. Það er lúxus í dag að þurfa ekki að búa í leiguhúsnæði. Það væri reyndar lúxus í dag að eiga kaupleiguíbúðir og hafa aðgang að þeim fyrir láglaunafólk. Það er lúxus í dag fyrir marga að búa ekki í byggðarlögum þar sem

atvinnulífið, atvinnufyrirtækin eru bara útgerð og fiskvinnsla sem stendur kannski á veikum grundvelli. Það er lúxus í dag að geta komið barninu sínu á barnaheimili, á dagvistarheimili til þess að bæði hjónin geti aflað tekna. Það er lúxus að eiga samhenta fjölskyldu í stað þess að horfa á eftir henni leysast upp í ofþreytu, taugaveiklun, fíkniefnum, áfengisböli o.s.frv. Það er lúxus að geta lifað friðsömu lífi, stundað tómstundir, notið tómstunda o.s.frv. Og af hverju er ég að segja þetta? Það er vegna þess að ég er hér að tala um að það kostar peninga að reka velferðarríki á Íslandi.

Þeir menn sem þora ekki að endurreisa ónýtt skattakerfi, sem þora ekki að standa fyrir máli sínu gagnvart alþýðu manna og segja: Menn eiga að vera jafnir fyrir skattalögum og menn eiga að greiða skattana sína af því að það er það verð sem menn eiga að borga fyrir siðmenntað þjóðfélag — menn sem á undanhaldi sínu frá öllum hugmyndum og hugsjónum verja hið ónýta skattakerfi sem við bjuggum við, menn sem ausa þá sem beita sér fyrir slíkum umbótum óhróðri og afflytja allt þeirra mál, menn sem á sama tíma flytja tillögur um stóraukin útgjöld ofan á þá tekjuöflun sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir, slíkir menn eru hræsnarar og um þá þarf ekki meira að segja.

Þeir málsvarar barnafjölskyldnanna í landinu sem hafa uppi þau orð að það skipti engu máli að barnafjölskyldurnar fá núna senda heim ávísun fjórum sinnum á ári upp á 550 millj. kr. og með barnabótaauka upp á 650 millj. kr. og fara um þetta óvirðulegum orðum og segja að þetta skipti engu máli eru ekki góðir málsvarar barnafjölskyldnanna í landinu. Þeir mættu gjarnan bóka það hjá sér af því að það er spurt um: Hefur þetta ekki verið áður? Jú, þessar upphæðir voru að vísu ekki útborgaðar. Þær voru teknar frá skatti upp að vissum mörkum áður, nú útborgaðar og skattfrjálsar. Þær voru í fyrra fyrir kerfisbreytinguna 1,9 milljarðar. Þær verða á þessu ári alls 2,8 milljarðar og það er aukning upp á tæpar 900 millj. kr. Það er líka staðreynd upp á lífskjör fjölskyldna að skattfrelsismörk hjóna með tvö börn, annað yngra en sjö ára, hækka upp í 100 þús. kr. að teknu tilliti til barnabóta, að skattfrelsismörk einstæðra foreldra hækka um 76 þús. kr., að barnabætur til einstæðs foreldris með tvö börn, annað yngra en sjö ára og tekjulágt einstætt foreldri með óskertan barnabótaauka fær útborgað á þessu ári 210 þús. kr. Menn geta svo sem fussað yfir þessu og sagt að þetta séu einhverjar sjónhverfingar. En þetta er stefnubreytingin, sem við erum að boða, að hætta að bora gat á skattalögin, að hætta að gera skattheimtuna óframkvæmanlega, að gera menn jafna fyrir skattalögum, að afla tekna en greiða þær síðan út til þeirra sem helst þurfa á að halda. Menn gætu sagt: Það ætti að greiða út meira. Menn gætu nefnt hér tölurnar um hlut hinna öldruðu í þessu þjóðfélagi og sagt: 32 þús. kr. á mánuði, hæstu tölurnar fyrir ellilífeyrisþega, þetta er skammarlegt, þetta er of lítið, þetta er of lágt. En þá skyldu menn ekki koma jafnframt og hafa allt á hornum sér og endasteypast um allt þjóðfélagið með fordæmingu á þeim mönnum sem hafa kjark í sér til þess að leggja á skatta fyrir þessum útgjöldum. (Gripið fram í.) Já, og svo skulum við koma að því, hv. þm.

Því er t.d. haldið fram að þessir skattar hafi bara verið lagðir á hina efnaminni. Ég er búinn að nefna dæmin um það, hv. þm. Því er haldið fram að það hafi ekki verið komið nálægt fyrirtækjunum í landinu. Á sama tíma kemur stjórnarandstaðan og segir: Það er búið að ganga svo hart að fyrirtækjunum í landinu að það verður að endurgreiða þeim, það verður að endurgreiða þeim uppsafnaðan söluskatt. Jafnframt vegna ástandsins í landbúnaðinum er of langt gengið að skerða framlög til stoðdeilda landbúnaðarkerfisins um 300 millj.

En hverjar eru staðreyndirnar um skattlagningu á fyrirtækin? Hvað hefur þessi ríkisstjórn gert? Hún hefur í fyrsta lagi lagt á erlent lántökugjald sem bitnar á fyrirtækjum. Hún hefur í annan stað hækkað ábyrgðargjöld vegna lána til fyrirtækja. Hún hefur hækkað álagningu á tekjuskatt félaga um nokkur hundruð millj. kr. Hún hefur lagt launaskatt á fyrirtæki. Hún hefur lagt skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hún hefur krafið ríkisfyrirtæki um arðgreiðslur. Og hún hefur lagt sérstakt gjald á verktaka í þágu varnarliðs. Alls að upphæð 1,6 milljarðar kr. af þeim nettó 5 milljörðum sem um er að ræða í aukinni skattheimtu. Jafnframt var í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að draga úr og minnka millifærslur til fyrirtækja og stofnana upp á 1 milljarð þó að Alþingi legði ekki blessun sína yfir það og drægi úr þeim greiðslum aftur. M.ö.o.: það voru 2–2½ milljarður sem lagðir voru á fyrirtækin, enda linnir ekki kröfunum núna af hálfu forsvarsmanna fyrirtækja um að hér hafi verið gengið of langt og svo veður stjórnarandstaðan um land allt og segir: Fyrirtækjunum var hlíft. Og það er rangt. Það er líka rangt.

Þessi ríkisstjórn breytti tekjuskattsálagningu fyrirtækja á þann veg að það er ekki lengur heimilt að færa niður útistandandi vörubirgðir og gjaldfæra þær síðan eins og áður var upp á 10%. Það er aðeins upp á 5%. Skattfrjáls framlög í fjárfestingarvarasjóði voru lækkuð úr 40% af tekjum í 25%. Skattfrjáls framlög í varasjóð eru afnumin. Fyrning á bifreiðum í eigu fyrirtækja er lækkuð úr 20% í 10% og það er ekki lengur leyfilegt að fjármagna bílakaup fyrirtækja með fjármögnunarleigum nema samkvæmt eðlilegum skattalögum, þ.e. það er bara tekið tillit til fyrningar og eðlilegra vaxta sem færa má sem reksturskostnað. Ég tók eftir því að málsvarar Alþb. voru dálítið hissa að þetta skyldi verða samþykkt, en þetta var dálítið líkt tillögum sem Alþb. flutti og ég hef lýst yfir stuðningi við þó það gengi ekki eins langt og þeirra tillögur gengu, enda gengu þær að sumu leyti of langt.

Það er m.ö.o. ekki rétt, sem hv. þm. hefur haldið fram og ég hef hlustað á hann segja 10, 20, 30 sinnum í málþófsræðustólnum, að fyrirtækjunum

hafi verið hlíft þó ég hafi sparað mér það að svara honum þangað til núna. Það er rangt, hv. þm. Ég hef hins vegar sagt nægilega margt um það hvað þurfi að gera framvegis til að ljúka þessari heildarskattaendurskoðun að því er varðar virðisaukaskatt, að því er varðar skattlagningu fjármagnstekna og ég get ímyndað mér að milli okkar t.d. sé ekki mikill ágreiningur um það. En það er ekki sanngjarnt að segja: Þið áttuð að byrja á þessu, vegna þess að það er ekki hægt. Það var dúndrandi halli á ríkissjóði og það varð að byrja á söluskattinum sem er stærsti tekjustofninn. Það var búið að taka ákvarðanir um staðgreiðsluna og það var búið að leggja svo mikið á skattkerfið í landinu að það réði ekki við meira. Þess vegna varð að fara í þetta í þessari röð. Það eru rétt rök.

Það er alrangt, sem haldið hefur verið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, að hún hefði getað brúað bilið, náð jöfnuði í ríkisfjármálum þótt hún hefði flutt, sem hún ekki gerði, einhverjar tillögur um stóreignaskatt. Hún hefur ekki flutt neinar tillögur um stóreignaskatt. Það gerðum við þm. Alþfl. hins vegar 1983–1984, um stigbreytilegan stóreignaskatt sem þá átti að skila nokkrum hundruðum milljóna. Við féllum hins vegar frá því. Af hverju gerðum við það? Við fluttum þær tillögur ekki aftur. Hvers vegna ekki? Vegna þess að sú breyting er orðin á í þessu þjóðfélagi að hinir raunverulegu stóreignamenn eiga ekki eignirnar sínar í steinsteypu. Þeir ávaxta sitt fé með öðrum hætti sem ber meiri arð. Í steinsteypunni er hins vegar margt af tekjulágu öldruðu fólki sem hefur ekki tekjur til að standa undir slíkri skattlagningu. Það er þess vegna röng leið og hún hefði ekki skilað neinum tekjum upp í það stóra gat sem ég er að tala um. M.ö.o.: það er rangt, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram, að hún hefði komið með einhverjar raunsæjar tillögur sem hefðu skilað þessum árangri eftir öðrum leiðum. Það er hreinlega ekki satt.

Það bar dálítið á því og ber kannski dálítið á því enn að einstaka kaupmenn hafi ætlað að hagnast á skattkerfisbreytingunni, að þeir hafi ætlað að nota skattkerfisbreytinguna sem tilefni til þess að læða fram hjá verðhækkunum eða hækkun á álagningu sem átti ekkert skylt við skattkerfisbreytinguna og skattkerfisbreyting gaf ekkert tilefni til. Auðvitað hefur verið hér verðbólga, hefur ekki stjórnarandstaðan verið að lýsa því, há og mikil verðbólga. Vita menn að hækkun Evrópugjaldmiðla þýðir verulega hækkun á innflutningsverði? Tóku menn eftir verðhækkuninni á búvörum? Tóku menn eftir dæminu um fiskverðið þar sem reynt var að réttlæta órétt-mæta hækkun með tilliti til einhverra upplýsinga um hækkun á fiskverðsmörkuðum sem reyndar reyndust rangar? Tóku menn eftir tilraun bakara til að hækka brauð umfram þessi tilefni? Ég get ekki að mér gert að segja það, en það eru tveir aðilar sem eiga nokkuð sameiginlegt í þessu máli, hafa reynt að hagnast með óeðlilegum hætti á réttmætri skattkerfisbreytingu. Það eru kaupahéðnarnir og stjórnarandstaðan hvor með sínum hætti, báðir með svikinni mynt, og aðrir þeir sem halda sig til hlés og þora ekki að bera ábyrgð á gerðum sínum. Þeir verða ekki menn að meiri áður en lýkur.

Hvernig væri nú að þeir sem kenna sig við félagshyggjuna og vildu gjarnan bera kratarósina í barminum undir forustu nýs formanns litu til fyrirmyndarríkisins, velferðarríkisins Svíþjóðar, og hættu að afgreiða mál eins og kjánar með „frösum“ heldur settust nú niður og stúderuðu rækilega rannsóknina sem fjmrn. sænska, ekki sænski krataflokkurinn, gerði í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á spurningunni: Eigum við að afnema matarskattinn í Svíþjóð? Kynnið ykkur skýrsluna. Það er eina almennilega rækilega úttektin sem fram hefur farið á því máli. Og hver var niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú einfaldlega að það hefði orðið til tjóns fyrir barnafjölskyldur og láglaunahópa í Svíþjóð að afnema virðisaukaskatt á matvæli vegna þess að það hefði þýtt að þar með hefði fallið frá tekjuöflun, þeir hefðu orðið að hækka virðisaukaskattinn á afganginum upp í 35%. Menn geta hugsað hvaða afleiðingar það hefði haft. Það hefði þýtt að í staðinn fyrir að greiða út af öflugu, heilsteyptu kerfi, eins og við erum hér að taka upp, til barnafjölskyldna og hinna tekjulágu, með því að afnema virðisaukaskattinn, en fella þá auðvitað niður greiðslurnar, þá hefði niðurstaðan orðið sú, og það er þrælrannsakað, að það hefði orðið barnafjölskyldunum í óhag. (**SJS:** Er þá ekki best að leggja 100% á þetta?) Nei, það er ekki rökrétt ályktun af þessu, hv. þm. Ég skora á þig, hv. þm., að kynna þér þetta mál vandlega. (**SJS:** Ég hef gert það.) Það er stundum ekki nóg að segja: Kratarnir á Íslandi eru nú öðruvísi en í Svíþjóð — og það er rétt, Ísland er öðruvísi en Svíþjóð. Þrátt fyrir allt tal ykkar um Íslandsmet í skattheimtu er það nú samt sem áður svo að tekjuskattar á Íslandi eru einhverjir hinir lægstu, kannski hinir lægstu í öllu OECD-ríkjabandalaginu. Neysluskattar eru tiltölulega háir, en hlutur ríkis og sveitarfélaga, opinberra aðila í heildarskattheimtu af þjóðartekjum er 29% hér, þriðja lægsta hlutfalli af skattheimtu í OECD. Svíþjóð 52%, Noregur 49,8%, Danmörk 51%. Voruð þið ekki að tala um fyrirmyndarríki, velferðarríki? (**AG:** Hvað með Alaska?) Ég er að tala um heildarskattheimtu. Það sem ríki og sveitarfélög taka í sinn hlut af þjóðartekjum er þetta. Við erum innan við 30%, þessi lönd 50%. Meðaltalið í OECD er 38,8%. Þá vita menn það.

Það er auðvelt að slá sig til riddara í pólitík. Það er auðvelt að fara með falleg orð um hin mjúku gildi. Það er auðvelt að segja að maður beri fyrir brjósti alla þá sem sjúkir eru og hrjáðir. Allir komið þið til mín. Það er auðvelt að biðja um fleiri dagvistarheimili. Það er auðvelt að segja: Hlynnið betur að hinum sjúku. Byggið fleiri sjúkrahús, fleiri heilsugæslustöðvar, fleiri sambýli o.s.frv. Þetta hljómar ákaflega vel og fagurlega þegar það er fram borið af hlýju hjarta indælla kvenna og það er mikill munur á

þessu eða kvótapólitíkinni hans Halldórs eða skattapólitíkinni hans Jóns Baldvins. Það er mikill munur á því að hafa hjartað á réttum stað.

Vitið þið hvað það kostar að liggja á sjúkrahúsi í einn dag? Það kostar 12 þús. kr. á dag. Vitið þið hvað það kostar að liggja á minni háttar sjúkrahúsi úti á landi? 8000 kr. á dag. Vitið þið hvað það kostar að liggja á langlegudeild? 5000 kr. á dag. Dagvistun fatlaðra sem greidd er af sjúkratryggingum: 1200 kr. á dag. Dagvistun aldraðra sem greidd er af sjúkratryggingum: Mjög lítið. 975 kr. á dag, minna en ef vistmaður er á elliheimili. Í sambýli fyrir fatlaða 3400–4800 kr. á dag.

Lítið nú yfir fjárlögin. Lítið yfir hvað velferðarríkið á Íslandi gerir, hvað það ver miklum hluta af tekjum, tekur mikla skatta til þess að borga út kostnað við að byggja sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, við að halda uppi almannatryggingum, við að halda uppi sjúkratryggingum, við að halda uppi atvinnuleysistryggingum, við það að halda uppi skólakerfi, við það að halda uppi umönnunarstofnunum fyrir öryrkja, fyrir fatlaða. Lítið síðan á landsbyggðarpólitíkina, á vegina, á hafnirnar, brýrnar, flugvellina, samgöngurnar. Og lítið þið svo á stjórnarandstöðuna sem hefur í síbylju vikum og mánuðum saman hrópað: Þið eruð skattpíningarmenn! skattpíningarmenn! skattpíningarmenn! með þriðju lægstu skatta í OECD, flytur síðan tillögur um meiri útgjöld á öllum sviðum, meiri útgjöld! meiri útgjöld! meiri útgjöld! og stærra gat! Og svo kemur hún og segir: Hvar er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar? Veldur hún ekki óvissu? Jesús minn almáttugur! Ja, ríkisstjórn sem hefur svona stjórnarandstöðu þarf ekki að kvíða sinni framtíð. (Gripið fram í.)

Hér á meðal þm. er einn hv. þm. sem í umræðum um skattkerfisbreytinguna lýsti miklum áhuga á að við færum að bandarískri fyrirmynd og gerðum m.a. eitthvað í því að tryggja bætt skattaeftirlit með því að taka hér upp sjóðvélar sem fyrrum formanni Alþb. fannst svo fyndið að hann veltist um af hlátri, aðgerð til að koma á bættum skattskilum. Ég hef tekið þetta mál upp á mína arma, rannsakað það í þaula, talað við tæknimenn, haft samráð við kaupmenn, aflað upplýsinga erlendis frá og mun á morgun gefa út reglugerð um það að þann 1. maí skal hver einasti smásöluaðili í þessu landi hafa slíka löggilta innsiglaða sjóðvél. Ég hef haft marga vinnufundi með skattakerfinu svokallaða. Ég hef rætt við ríkisskattstjóraembættið, skattrannsóknarstjóra og skattyfirvöld í Reykjavík og á Reykjanesi. Ég hef lagt fram sjálfur tillögur og ég hef heimtað tillögur um hvað menn ætla að gera til þess að tryggja það að nú þegar búið er að skapa forsendur fyrir eftirliti og innheimtu, undanþágulaust söluskattskerfi á matvörur og engar refjar, engin svik og engir prettir, þá sjái þeir til þess að þessi verðmæti skili sér í velferðarkerfi á Íslandi. Það má heita svo að það hafi enginn fjmrh. talað við þetta skattakerfi síðan Magnús frá Mel var. Það er nærri því eins og rykfallið. Og það er fullt af mönnum sem eru hissa á því að það þarf að gera til þeirra kröfur. En þær verða gerðar. Og það verða ekki bara þessir búðarkassar. Það verða settar á eftirlitssveitir tveggja manna til að taka fyrir úrtök, áhættugreinar, fyrirtækjahópa, ekki til einhverrar allsherjarrannsóknar eða ofsóknar heldur að tryggja með tíðum heimsóknum að eftirlitið og innheimtan sé í lagi.

Ég er ekki að lýsa lögregluríki á Íslandi. Ég er ekki að boða að hér eigi að setja upp einhverja skattalögreglu með miklum fjölda manns, enda er skattakerfið á Íslandi vanmegnugt og fámennt og hvað snertir heimildirnar sem hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði til að ráða hérna nýja menn, 20 manns, sem samþykkt var á Alþingi að okkar frumkvæði, þá eru allir hættir nema einn, allir.

Auðvitað þarf að gera margvíslegar breytingar, skipulagsbreytingar, lagabreytingar til þess að straumlínulaga þetta kerfi og gera það árangursríkt. En það verður gert. Það þarf líka að endurskoða bókhaldslög og það verður gert. Það þarf að herða viðurlög. Það verður gert. Það verður tryggt að þeir sem eru vörslumenn almannafjár skili því.

Var ekki einhver að segja, tók ég ekki rétt eftir því — jú, það var hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, að kjósendur á Íslandi hefðu áreiðanlega ekki átt von á þeim ósköpum sem nú hafa yfir þá dunið af málflutningi Alþfl. fyrir kosningar. Ég gróf upp úr kassa hjá mér blað sem dreift var á vinnustöðum um land allt og heitir: Tvær hliðar á sama máli, minnisblað til þín frá Alþýðuflokknum. Önnur hliðin: stöðugleiki og nýsköpun í efnahagsmálum — ný atvinnustefna. Þar segir um ríkið: Hlutverk ríkisins verði skilgreint að nýju. Heildarendurskoðun á ríkisbúskapnum á kjörtímabilinu. Kannast menn eitthvað við það? Hallarekstur ríkisins verði stöðvaður með nýju tekjuöflunarkerfi og fækkun útgjaldaliða. Endurskipulagning banka og sjóðakerfis. Auknar fjárveitingar í húsnæði, skóla og samgöngumál. Kannast menn við það að þetta hafi verið efnt? Hin hliðin á sama málinu: skattar. Staðgreiðslukerfi skatta, já. Upprætum skattsvikin, herðum skatteftirlit, fyrirtækin beri sinn hlut skattbyrðarinnar. Virðisaukaskatt í stað söluskatts. Já, en lægra skatthlutfall og án undanþága. Skattbyrði tekjuskatts lækki um leið og bætur almannatrygginga og fjölskyldubætur hækki. Kannast menn við að þetta hafi verið efnt? Sveitarfélög fái aukið frjálsræði um skattstofna, álagningu og gjaldskrár þjónustufyrirtækja. Og hvað er sagt um valddreifingu? Fækkun og stækkun sveitarfélaga. Gjöld og fjármagn heim í héruð. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð. Kannist þið við þetta? Ætlið þið svo að halda því fram að kjósendum hafi ekki verið sagt hvert við stefndum og hvert við ætluðum? Er ekki hér Jónsbók eða stjórnarsáttmáli? (**AG:** Það eru þrír flokkar í ríkisstjórn. Eru þeir búnir að samþykkja þetta?) Ertu ekki að kvarta undan því, hv. þm.? Er ekki verið að kvarta undan því að það sé verið að framkvæma þessa stefnu?

(**AG:** Ég er ekki að kvarta undan því. Ég er að spyrja.) Með leyfi forseta segir í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um heildarendurskoðun skattakerfisins:

„1. Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga kemur til framkvænda í ársbyrjun 1988." Er það ekki komið? Höfum við ekki staðið við það?

„2. Tekjuskattsálagning atvinnurekstrar verður jafnframt endurskoðuð og einfölduð og að því stefnt að ný skipan taki gildi á árinu 1988." Hefur það ekki verið gert? Búið.

„3. Launaskattur og tryggingagjöld atvinnurekenda vegna launþega verða einfölduð og samræmd og leggist sem jafnast á allar atvinnugreinar." Er ekki búið að leggja á launaskatt? Það er ekki búið að samræma hann. Hann er enn 3,5% í verslun og þjónustu. En það er búið að stíga fyrsta skrefið.

„4. Athuguð verður skattlagning fjármagns- og eignatekna og samhengi slíkrar skattlagningar og eignarskatts og skatta af öðrum tekjum." Það stendur hér: athuguð verður. Það er ekki tímasett. Það er í undirbúningi. Starfshópur vinnur að því. Menn munu sjá það.

„5. Tekin verður upp ný, samræmd og einfölduð gjaldskrá aðflutnings- og vörugjalda sem gæti komið til framkvæmda á árinu 1988." Er það ekki búið?

„6. Virðisaukaskattur, eða nýtt og endurbætt söluskattskerfi, verði komið í varanlegt horf 1989. Undanþágum frá núverandi söluskatti verður fækkað í áföngum sem aðdraganda að breyttu skattkerfi. Fyrsta skref í þessa átt kemur til framkvæmda um mitt ár 1987 og annað í ársbyrjun 1988."

Er ekki búið að framkvæmda þetta í áföngum? 1987? Er það ekki komið í framkvæmd? 1988? Munið þið kannski ekki á næstu vikum fá að sjá virðisaukaskattsfrv.? Var ekki einhver að spyrja að því hér hvort þessi ríkisstjórn vissi hvaðan hún legði upp og hvert hún ætlaði? Getur hugsast að þessi ríkisstjórn sé að vinna samkvæmt áætlun? Ég held að það sé leitun að ríkisstjórn sem eftir sex mánaða tíma getur flett upp á bls. þetta í sínum starfssáttmála og sagt um viðamesta málið í stjórnarsáttmálanum, endurskoðun skattakerfisins: Þetta er búið á sex mánuðum. (**SJS:** Hvað með kaflann um kvótann? Var hann ekki felldur?) Ég er að tala um skattamál. Getið þið nefnt mér dæmi um ríkisstjórn sem hefur staðið jafnvel við sín kosningaloforð og þessi? Þið gætuð ekki nefnt mér hana þó þið færuð heiminn á enda. (**AG:** Hvað hefur breyst í söluskattinum? Það hefur ekkert breyst.)

Ég held ég hafi gert það eins skýrt og unnt er að áróðurinn sem beint hefur verið af hálfu stjórnarandstöðunnar gegn aðgerðum þessarar ríkisstjórnar við að endurreisa skattakerfið, sem allir vissu að var í molum, standa við sín fyrirheit, standa við sína starfsáætlun, áróðurinn um áhrif þessarar skattkerfisbreytingar er rangur og staðreyndirnar sjálfar munu afhjúpa það þegar fram líða stundir. Og ég endurtek: Það verður hlegið að lokum að þeim úrtölumönnum sem í nafni félagshyggju a.m.k. andæfðu þessum nauðsynlegu þjóðfélagsumbótum.

Það sem menn spyrja síðan um er þetta: Það er samt sem áður óvissa og hún lýtur að gengi og hún lýtur að kjarasamningum. Ekkert af því sem ríkisstjórnin hefur gert er steinn í götu kjarasamninga. Þvert á móti. Það er verið að leggja grundvöll að framtíð velferðarrríkis á Íslandi með traustara tekjuöflunarkerfi. Það er hlutur sem verkalýðshreyfingin mun skilja betur, ef hún skilur það ekki þegar, síðar meir.

Það er ekki mark takandi á þeim sem hrópa á gengislækkun. Það er ekkert tilefni til neinnar gengislækkunar í þessu ástandi. Það á að taka þetta í einn punkt. Við skorum á fulltrúa launþega, við skorum á atvinnurekendur í landinu að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna, setjast að samningaborði, semja út árið, semja um varðveislu kaupmáttar, leiðréttingu á misgengi hinna lægst launuðu. Ríkisstjórnin mun þá vera reiðubúin að koma inn í það dæmi til að greiða fyrir rekstrarafkomu í sjávarútvegi eftir því sem henni er fært án þess að það verði gert á kostnað trausts ríkisfjárhags. Fari menn þessa leið eru menn komnir yfir erfiðasta hjallann vegna þess að þá, þegar slíkir samningar lægju fyrir árið á enda, er gefinn hlutur að verðbólga mun fara ört lækkandi á seinni hluta árs. Þá en fyrr ekki er hægt að taka ákvörðun um lækkun nafnvaxta. Þessi leið, og það vita menn af reynslu og það geta menn reiknað sjálfir, mun tryggja betur afkomu atvinnuveganna, sérstaklega afkomu útflutningsatvinnuveganna, og hún mun tryggja betur kaupmátt launþega en allar tölur um lögbundin lágmarkslaun upp í 40 þús. kr. Það vita allir sem eitthvað hafa komið nálægt kjaramálum.

En eins og fram kom í máli forsrh. er það ekkert launungarmál að ríkisstjórnin hefur verið að vinna að og undirbúa tillögur um valkosti og greinargerðir, hvað hún geti gert að því er varðar hugsanlega endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Ég tek það fram, leyni ekki þeirri skoðun minni: Það á ekki að borga neitt til útgerðar, ekki neitt. Hagur hennar er góður. Fjárfestingaráform hennar eru stórbrotin. Það á að beina þessu fé að vinnslunni til þess að skapa forsendur fyrir því að greiða hærri laun hjá fiskvinnslufólki. Það á að bjóða fiskvinnslunni upp á skuldbreytingar 1–2 ár, framlengingu á skuldbreytingum. Það er í undirbúningi hjá hæstv. sjútvrh. og viðskrh. endurskoðun á verðjöfnunarsjóði fiskvinnslunnar sem getur komið ýmsum öðrum greinum til góða. Og það á, ég tek undir það með hæstv. sjútvrh., að taka á fjárfestingaráformum sem eru langt umfram okkar efni. Nefndi ég ykkur ekki tölur í upphafi máls míns, ég man það ekki? Reykjavíkurborg 63% milli ára, sveitarfélögin 43%. Og ætla menn svo að halda áfram ræðunum sínum um að það sé verið að eyðileggja fjárhag sveitarfélaga, Jesús minn almáttugur!, og nota það sem átyllu fyrir því að leggja stein í veg þeirra merku umbóta að færa verkefni yfir til sveitarfélaganna, enda hefur fjárhagur þeirra verið styrktur um 1200 millj. milli

áranna og hana nú? Það má líta á skipin. Það má líta á fjárfestingaráform sem ekkert liggur á. Ég hins vegar minni á að af hálfu hins opinbera, þ.e. ríkisins, var búið að skera býsna mikið niður. Það var ekki gert ráð fyrir neinum erlendum lántökum ríkisins, engum. Það er ekki um að ræða neinar umtalsverðar framkvæmdir á vegum ríkisins eða ríkisstofnana nema hjá Landsvirkjun og raforkugeiranum, hitaveitunum. Það er hins vegar mjög hátt stig fjárfestingaráforma hjá einkaaðilum og sveitarfélögum. Hér hefur ríkisstjórnin ekki ótvíræð völd. Hún á að beita fortölum, sannfæringarkrafti. Það er mjög þýðingarmikið að þetta verði gert. Þetta er það áhrifaríkasta sem hægt er að gera til að draga úr spennunni, eftirspurnarspennunni, miklu áhrifaríkari aðferð en reyna að freista einhverra hlutaskipta í þjóðfélaginu í gegnum gengislækkun sem mundi vara í nákvæmlega þrjá mánuði og skilja alla eftir í verra ástandi eftir en áður.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það þykir ástæða að vekja athygli á því að þessar umræður hafa nú staðið í nær hálfa þriðju klukkustund. Það hafa 16 hv. þm. kvatt sér hljóðs. Það hafa sex lokið máli sínu. Af þessu má ætla að við þurfum að halda vel á spilunum ef okkur á að takast að ljúka þessari umræðu fyrir kvöldverð. En ef það tekst ekki verður kvöldfundur að loknu matarhléi. Það er vakin athygli á hvernig málin standa, en það er ekki verið að boða takmörkun umræðna af hálfu forseta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Við vorum að hlusta á tímamótaræðu. Það er ekki hægt að segja annað. Ég hygg að margir sem hlustuðu á hana hafi haft tilfinningu fyrir því að hæstv. fjmrh. hafi eftir að þinghléið var gefið hrokkið upp við vondan draum, að mál hafi ekki farið á þann veg sem hann og hæstv. ríkisstjórn gerðu ráð fyrir.

Það sem ríkisstjórn verður að athuga, ekki síst ef það er talin ástæða að þrengja að, er að hún verður að sýna réttlæti. En bera þær ráðstafanir sem gerðar voru og það ástand sem er í landinu þess vott að réttlætið hafi verið haft að leiðarljósi? Hæstv. ráðherra las upp alls konar tölur. Ég vil blátt áfram ekki trúa því að hann trúi þeim sjálfur. Þeir sem fara í búðirnar og kaupa í matinn vita betur. Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. ráðherra og aðra stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar að tala við þetta fólk ef þeir gera sér ekki sjálfir grein fyrir hvað hefur verið að gerast um sl. áramót í þessu máli.

Ég held að orð á Alþingi, fullyrðingar, hvort sem þær eru um hvað hefur hækkað og hvernig þetta komi út, hafi í raun og veru ekki mikið að segja heldur sé það reynslan. Þess vegna ættu þessir hv. þm. og ráðherrar að reyna að fylgjast með sjálfir hvernig þróunin hefur orðið.

Það hefur verið fullyrt hvernig vaxtamunurinn sé í bönkunum. Ég ætla ekki að fara inn á það í þessari umræðu, enda er ég á mælendaskrá um annað mál sem hv. þm. Eggert Haukdal er flm. að og mun ég koma að því frekar þá. En eitt er alveg víst, að ástandið í þessum málum er langt frá því að vera eins og hæstv. fjmrh. vildi vera láta í ræðustól, enda leyndi sér ekki að hann var órólegur út af stöðu mála þó hann læsi upp margar tölur til að reyna að fullvissa þingheim og aðra þá sem hér hlusta um að það væri fyrst og fremst verið að hugsa um þá sem minna hafa í sambandi við þá kerfisbreytingu sem hæstv. ríkisstjórn hefur komið fram. Að halda að matur fyrir fjögurra manna fjölskyldu kosti ekki nema 24 þús. á mánuði. Það má a.m.k. sleppa einu sinni eða tvisvar ýsunni í hverri viku ef það á að duga og ýmsu öðru. Nei, svona ræður þýðir ekki að flytja hér og þýðir ekki að segja þjóðinni. Buddan segir til sín og ég held að hæstv. ráðherrar og þm. stjórnarliðsins ættu að passa sig að vera ekki með of miklar fullyrðingar. Reynslan er nefnilega ólygnust. Reynslan mun sýna og er farin að sýna hvað var verið að gera.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál öllu frekar. Mér sýnist að það bendi flest til þess að það verði farið út í verkföll. Ég skil vel þá sem eru með lágmarkslaun þó að þeir vilji gera allt sem í þeirra valdi stendur til að bæta hag fjölskyldna sinna og reyna að knýja fram kauphækkun — því að hver treystir sér til að lifa á þessum launum, hver treystir sér til þess?

Hæstv. fjmrh. var að tala um lág laun, 71 þús. kr. á mánuði fyrir einstaklinginn. Ég þekki nokkuð af fólki sem er með rúmar 30 þús. og enn fleira sem er með um 40 þús. Hvernig fer það að að lifa? Og það þýðir ekkert að vera með meðaltöl. Það er stór hluti af fólki í landinu sem er með 30–40, kannski upp undir 50 þús. kr. — og ef það er ein fyrirvinna, hvernig kemst sú fjölskylda af?

Hæstv. fjmrh. talaði um hvernig mál stæðu og hverju hefði verið lofað og hann fór í gráu bókina og las upp. En hann las ekki um að það var verið að lofa því að lækka verðbólguna. Hefur hún lækkað? Að lækka vexti. Hafa þeir lækkað? Ég held að hv. þm. og hæstv. ráðherrar ættu að lesa þetta gráa kver. Það er ekki nóg að lesa upp aðeins eina, tvær, þrjár setningar, en ef menn fara að lesa það miðað við staðreyndirnar hljómar það að miklu leyti sem öfugmæli.

Fyrir norðan er farið að syngja eftirfarandi ljóð með viðlagi og það er kannski nóg fyrir mig að lesa það upp því það segir allt sem segja þarf, með leyfi forseta:

> Flokkarnir gáfu fyrirheit
> um félagslegt jafnrétti í raun,
> bæta aðstöðu í bæjum og sveit,
> borga lífvænleg laun,
> lækka verðbólgu og lánakjör,
> loforðin mörg og góð.
> Íhaldsstjórn var svo ýtt úr vör.
> Eftir stóð þjóðin hljóð.
>
> Og viðlagið:
> Fjármagnið sýgur framleiðsluna
> og fátækan almenning.

Skattinn fræga á matinn muna
margir sem kjósa á þing.

Ríkisstjórn Reykjavíkur,
ríkisstjórn braskara.
Viljirðu verða ríkur
verðurðu að búa þar.
Fjármagnið frelsi hefur,
fátækir lítinn rétt.
Örlagavefinn vefur
velbúin millastétt.

Og svo kemur viðlagið:
Fjármagnið sýgur framleiðsluna
og fátækan almenning.
Skattinn fræga á matinn muna
margir sem kjósa á þing.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja mál mitt á að þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa hafið þessa umræðu um efnahags- og kjaramál. Það var vissulega vel til fundið. Hann valdi líka rétt þegar hann valdi að vitna í nýlega greinargerð Þjóðhagsstofnunar þar sem boðað er að nú sé brýnast að koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna en verið hefur. Þetta var vissulega vel til fundið því það er mála sannast að eftir nokkur óvenjugjöful ár og mikla aukningu kaupmáttar er nú við verulegan jafnvægisvanda að etja í íslenskum efnahagsmálum því góðærinu fylgdi mikill knýr til þess að eyða og fjárfesta og knýrinn dettur ekki niður um leið og vaxtarskilyrði framleiðslunnar breytast til hins lakara. Þetta er auðvitað kjarni vandans.

Það kom upp náttúrufræðingurinn í hv. málshefjanda þegar hann valdi að vitna til forsögulegra skepna í sínu máli og sagði það til marks um hvað það borgaði sig illa að hugsa hægt að dínósárinn hefði orðið að lúta í lægra haldi fyrir týrannósárinum og seinna samkvæmt þróunarkenningunni fyrir öðrum skepnum yfirleitt. Ég veit ekki hverja á að velja í hlutverkin í þessu líffræðilega leikriti hv. þm. Ef hann líkir sjálfum sér við týrannósárusinn, þá dó hann nú líka út. En ég er ekki þar með að segja að ríkisstjórnin taki að sér hitt hlutverkið. Það gerir hún alls ekki.

Það er nefnilega kjarni málsins að það er ekki nóg að bregðast skjótt við, það er ekki nóg að hugsa hratt. Það þarf líka að hugsa rétt og bregðast rétt við. Það er kannski það sem hv. þm. hefur vanrækt því eftir hans skynsamlegu greiningu á eðli vandans dró hann ekki réttar ályktanir af henni því hann virtist helst vera að mæla með lægri sköttum, lægra gengi, lægri vöxtum. Allt þetta hlyti að stofna því tæpa jafnvægi, sem við þó erum að glíma við að halda, í mjög mikla hættu. Þetta er einmitt vandinn því að markmiðin eru eins og oftast nær áður einföld og skýr fyrir efnahagsstefnu þessarar stjórnar. Þau eru að ná niður verðbólgunni, að draga úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum, að tryggja afkomu útflutningsatvinnuveganna, að bæta hag þeirra lægst launuðu og sem minnst hafa úr býtum borið á síðustu velgengnisárum.

Leiðin að þessu marki er hins vegar vandrötuð. Því miður eru horfur á að þjóðartekjur á þessu ári verði í besta falli þær sömu og þær voru í fyrra. Það er því ekki um annað að ræða en að veita þjóðarútgjöldunum strangt aðhald. Ríkisstjórnin hefur vissulega lagt sitt af mörkum með hallalausum fjárlögum fyrir þetta ár og með aðhaldi í peningamálum undanfarið missiri. Það er ekki nokkur leið að halda því fram að hún hafi ekki hafst að, eins og glöggt kom fram í máli fjmrh. Það er hið mesta öfugmæli. Hitt er svo annað að þessar aðgerðir hafa að sjálfsögðu bakað henni nokkrar óvinsældir um hríð, en þegar frá líður mun henni verða þetta þakkað. En með því að ríkisstjórnin hefur með þessu lagt sitt af mörkum að sinni er nú komið að aðilum vinnumarkaðarins að leggja fram sinn skerf. Það liggur í augum uppi að kröfur um almenna aukningu kaupmáttar eru út í hött eins og nú horfir í þjóðarbúskapnum. En á hinn bóginn er ákaflega brýnt að bæta kjör hinna lægst launuðu. Tilraunin sem gerð var til að hækka þetta kaup, þ.e. hjá hinum tekjulægstu, sem gerð var í desembermánuði árið 1986, að hækka þetta sérstaklega umfram önnur laun fór því miður að hluta til út um þúfur vegna þess að aðhald skorti í ríkisfjármálum og peningamálum í aðdraganda kosninganna í apríl í fyrra og fyrst að þeim loknum. En þótt þannig megi að nokkru leyti saka slaka efnahagsstjórn um það hvernig fór fyrir síðustu samningunum eiga aðilar vinnumarkaðarins einnig þar sína sök. Nú geta þeir hins vegar alls ekki bent á aðhaldsleysi í ríkisfjármálum og peningamálum því að slíku er ekki til að dreifa.

Samningarnir, sem gerðir hafa verið á Vestfjörðum, eru lofsverð tilraun til að leysa kjaramálin við þær aðstæður sem þar ríkja. Þeir geta að vísu ekki orðið nein allsherjarfyrirmynd, en þeir lýsa því hugarfari, þeirri skynsemi sem þarf til að ná farsælli lendingu í kjaramálum þessa árs. Það þurfa fleiri hins vegar að sýna sínar lausnir áður en fram er haldið. Þegar slíkir samningar eru í sjónmáli mun ríkisstjórnin geta tekið af öll tvímæli um starfskjör atvinnuvega og beita frumkvæði sínu til að stuðla að lækkun vaxta. En ýmsir hafa einmitt gerst til þess að nefna vaxtamálin, málshefjandi meðal annarra, og ég vildi koma að þeim hér á eftir, en víkja fyrst nokkrum orðum að gengisstefnunni.

Það var rétt hjá málshefjanda og öðrum, sem rætt hafa gengismálin, að það er ekki skynsamlegt að hafa þar uppi stórar yfirlýsingar. Gengisstefna þessarar stjórnar hefur það að meginmarkmiði að skapa almennan stöðugleika í efnahagsmálum, vill gefa traustari viðmiðun bæði fyrir viðskiptalegar ákvarðanir atvinnulífsins og fyrir tekjuþróunina. Sú hækkun raungengis, sem hefur hér orðið á sl. ári og reyndar heldur enn áfram, er bein afleiðing af því að rauntekjur almennings hafa hækkað þar sem launahækkanir hafa farið langt umfram verðbólgu. Ef menn hugsa sér að lækka raungengið sem eitthvert úrræði í vanda atvinnuveganna er nauðsynlegt að þeir geri sér það ljóst að slík breyting er ófram-

kvæmanleg nema með því að samtímis eigi sér stað raunlækkun á tekjum almennings. Lækkun gengisins, sem hefði eingöngu þau áhrif að peningalaun hækkuðu jafnharðan að sama skapi í kjölfar hennar, mundi í engu bæta afkomu atvinnurekstrarins í landinu heldur aðeins hafa í för með sér meiri verðbólgu með öllum þeim vandamálum sem henni fylgja. Við þennan vanda, sem er af innlendum rótum runninn, hefur svo bæst óhagstæð þróun í erlendum gjaldeyrismálum á erlendum gengismörkuðum þar sem dollarinn hefur lækkað verulega í samanburði við myntir Evrópulanda og Japans. Þetta hefur auðvitað valdið miklum vandræðum í mikilvægum útflutningsgreinum sem eru háðar dollaramörkuðunum og jafnframt valdið hækkun innflutningsverðlags frá Evrópu og Japan sem þyngst vega í okkar innflutningi. Sem betur fer eru nú nokkrar horfur á því að þessi óheillaþróun hafi snúist við um sinn. Ég ætla þó engu um það að spá hvernig þetta endist. Gengi dollarans virðist hafa komist í lágmark gagnvart íslensku krónunni um sl. áramót, en þá var kaupgengi hans hér á landi skráð á 35,60 kr. Síðan hefur hann hækkað verulega og var í morgun skráður á 37,17 kr. eða nærri 4,5% hærri en var um áramót.

Það er hins vegar rétt að benda á að þótt lækkun á dollara undanfarin tvö ár hafi reynst Íslendingum mjög óhagstæð hefur verulega dregið úr þeim áhrifum vegna þess að okkur hefur tekist á þessum árum að auka verulega útflutning til hágengissvæðanna, bæði í Evrópu og Asíu, og vinna þannig upp nokkurn hluta tekjutapsins í dollurum. Það var skymsamleg ábending hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að menn skyldu fara hægt í yfirlýsingar í gengismálum við þessar aðstæður. Ég tel að þegar við lítum lengra fram eigum við að huga að því að tengja gengi íslensku krónunnar fastar við erlent myntsvæði, annaðhvort Evrópumyntsvæðið eða stærri blöndu af gjaldmiðlum. Við skyldum jafnan hafa það hugfast að gengið er og verður akkeri fyrir stöðugt verðlag í þessu landi.

Þá sný ég mér nokkuð að vaxtamálunum sem mjög hafa verið til umræðu. Þá er nauðsynlegt að menn geri sér ljósa grein fyrir því hvað valdið hafi þeirri hækkun nafnvaxta og raunvaxta sem orðið hefur hér á landi frá miðju síðasta ári. Þessi hækkun á sér margvíslegar orsakir.

Í fyrsta lagi hefur verðbólga farið vaxandi á þessu tímabili og um leið, því miður, óvissa um framvindu efnahagsmála bæði hið ytra og hið innra. Nýlegar skoðanakannanir Hagvangs, sem hann hefur gert fyrir Seðlabankann, sýna að nú býst almenningur og fyrirtæki við því, að verðbólga verði á þessu ári, 1988, um eða yfir 30% að meðaltali, en í desember 1986, fyrir rúmu ári, bjuggust menn við helmingi lægri verðbólgu á næstliðnu ári. Þetta er hugarfar sem við verðum að reyna að breyta. Það er á þessu sem við berum ábyrgð sameiginlega, ríkisstjórn og stjórnarandstaða.

Í öðru lagi hefur svo samkeppnin á markaðnum um fjármagnið aukist mikið að undanförnu, bæði vegna aukinnar lánsfjáröflunar opinberra aðila vegna hallareksturs í fyrra og óhjákvæmilegs aðhalds í peningamálum.

Í þriðja lagi hefur svo hækkun raunvaxta innlánsstofnana falið í sér jöfnun kjara við hinn frjálsa verðbréfamarkað, en þar höfðu raunvextir farið hækkandi um sinn, en þeir höfðu alls ekki hækkað á sl. ári heldur fóru þeir fremur lækkandi. Það er nauðsynlegt að menn geri sér ljóst að fram til nóvember 1986 greiddi besti lántakandinn á markaðnum, ríkið, hæstu vextina á hinum opinberlega skráða markaði. Einstaklingar, sem tóku lán í bönkum, greiddu mun lægri vexti en ríkið. Þetta var fullkomlega óeðlilegt ástand. Nú hefur vaxtarófið rést við. Því miður hefur það gerst með verulegri meðalhækkun vaxta, en þetta var samt nauðsynleg breyting til að hreinsa til á markaðnum þannig að hann geti starfað eðlilega síðar og lækkað með bættum stöðugleika í efnahagsmálum.

Ég segi það hiklaust að tilraunir til að lækka vexti við núverandi óvissuskilyrði með einföldum yfirlýsingum stjórnvalda mundu hafa mjög neikvæð áhrif á peningalegan sparnað, sérstaklega í innlánsstofnunum, og auka þannig á eftirspurnarspennu og innflutning. Það er enginn vafi á því að jafnframt hafa hinir háu vextir, sem menn gera sér tíðrætt um, dregið úr lánsfjáreftirspurn, a.m.k. miðað við það sem ella mundi vera, en óttinn við vaxandi verðbólgu hefur ýtt mjög undir fjárfestingu. Við þurfum betri upplýsingar um lánsskilmála, betri skilning fólks og fyrirtækja á því hvað felist í skilmálum. Raunvaxtaskilningurinn síast smám saman inn. Við þurfum betri og betur virkan fjármagnsmarkað en ekki lögþvinganir. Það er enginn vafi á því að mikilvægasta skilyrðið fyrir því að raunvextir geti farið lækkandi er aukinn stöðugleiki í efnahagsmálum og þá sérstaklega raunhæfir kjarasamningar til alllangs tíma. Tilraun til að grípa nú inn í vaxtaþróunina með stjórnvaldsákvörðun við skilyrði fullkominnar óvissu í kjaramálum væri dæmd til að mistakast.

Ég minni líka á að það er ekki eins og vaxtaákvörðunarvaldið sé í höndum einhverra óvalinna manna. Bankaráð ríkisbankanna t.d. eru í reynd sá aðili sem ákveður vextina að réttum lögum, þeim lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem samþykkt voru 1985. Það er þess vegna næsta kyndugt að hlusta hér á formann bankaráðs eins stærsta ríkisbankans, Búnaðarbankans, berja sér yfir háum vöxtum. Hann hefur ákveðið þá sjálfur. Hann hefur líka talað hér af miklum skilningi á kjörum hinna lægst launuðu. Ég er honum sammála um það að við þurfum að bæta kjör þessa fólks. Hann hefur sýnt að hann er svo mikill jafnréttismaður að hann hefur enn betri skilning á kjörum hinna hæst launuðu því hann hefur sem formaður í bankaráðinu hækkað kaupið hjá þeim sem hæst hafa launin í hinu opinbera kerfi. Þannig er víðsýnið fyrir norðan. Þannig er skilningurinn á kjörum fólksins í landinu.

Ég get ekki látið hjá líða að segja eitthvað um þessa endalausu hræsni sem hér veður uppi í þingsölum. (**GuðmÁ:** Er ekki ráð að kalla manninn í salinn?) *Hann verður að lesa þetta í þingtíðindunum.*

En ég vildi að lokum segja um vextina áður en ég hverf að langtímasjónarmiðum um ákvörðun þeirra að um leið og skynsamlegir kjarasamningar eru í sjónmáli mun ríkisstjórnin ekki hika við að beita sér af alefli til þess að vextirnir geti lækkað samstiga verðbólgunni. Það er okkar stefna í vaxtamálum. Og lækkun vaxta er vissulega verðugt og brýnt viðfangsefni. En menn verða að halda ró sinni. Vextirnir verða ekki hrópaðir niður, hvorki úr þessari pontu né nokkurri annarri. Að baki háum vöxtum liggja efnahagslegar forsendur sem verður að breyta eigi vextirnir að lækka. Háir raunvextir stafa einfaldlega af því að framboð á lánsfé er lítið í samanburði við eftirspurn eftir lánum. Nafnvextir eru hins vegar ekkert annað en raunvextirnir að viðbættri verðbólgu. Það eru fyrst og fremst auðvitað raunvextirnir sem skipta máli og vænlegasta leiðin til að lækka þá er þessi einfalda en erfiða leið að koma á betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á lánamarkaðnum. Allar fullyrðingar, sem hér eru síendurteknar þess efnis að lögmál hagfræðinnar gildi ekki hér á landi, eiga ekki við nein rök að styðjast. Það er t.d. engum blöðum um það að fletta að lækkun raunvaxta mundi auka eftirspurn eftir lánsfé. Menn þurfa ekki annað en líta á ásóknina eftir lánum úr íbúðalánasjóðunum til að sannfærast um þennan einfalda hlut. Þá leikur heldur enginn vafi á að verðtrygging sparifjár og hækkun raunvaxta hefur leitt til aukins sparnaðar á undanförnum árum í okkar peningastofnunum.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að á undanförnum vikum og mánuðum hefur komist á betra jafnvægi milli innlána og útlána í mikilvægum lánastofnunum. Við höfum líka þær fréttir af hinum nýju stofnunum á lánsmarkaðnum hér á landi að þar sé að komast á betri jöfnuður milli eftirsóknar eftir lánsfé og framboðs á því. Afnám verðtryggingar og lækkun raunvaxta, t.d. að tillögu hv. 3. þm. Suðurl. sem hér var rædd í gær, en við þá umræðu gat ég því miður ekki verið nærstaddur vegna þess að ég var í nokkrum skilningi í fangelsi, þ.e. ég var að ræða fangelsismál í Ed. — slík tillaga hlyti að leiða til þess að tekin yrði upp að nýju víðtæk skömmtun á takmörkuðu lánsfé. Slíkt yrði engum til hagsbóta nema þeim fáu sem sérstakrar velvildar njóta í lánastofnunum landsins.

Ég vil leyfa mér að hrósa hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hóf þessa umræðu hér í dag, fyrir að hafa áttað sig á því að málið er flóknara en svo að vextirnir verði með góðu móti lækkaðir með valdboði einu saman. Hann sagði við umræðurnar í gær sem rétt er — því miður heyrði ég bara síðustu fimm mínúturnar af þessum umræðum — að lækkun vaxta verði ekki ákveðin með lögum frekar en verðbólgan verði bönnuð með lögum. Það þyrfti til samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum til þess að ná vöxtunum niður. Og það er alveg rétt. Það þarf til samræmdar ráðstafanir af því tagi sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir, er að beita sér fyrir og mun beita sér fyrir.

Ærið margt af því sem sagt hefur verið um vexti að undanförnu virðist mér fremur til þess ætlað að koma mönnum í pláss í fréttatímum útvarps, sjónvarps og blaða en til að stuðla að skynsamlegri umræðu um vaxtamál. Þær vaxtatölur sem iðulega hafa heyrst í þessum umræðum eru fjarri öllu lagi, fjarri öllum sanni. Almennt talað eru raunvextir hér á landi nú á bilinu 3,5–12% eftir því um hvernig lánsviðskipti er að ræða, en ekki 20–30% eða þaðan af hærri tölur eins og oft eru nefndar. Það er vissulega rétt að á jaðri viðskiptalífsins, þar sem menn hafa lent í vandræðum, ekki vegna hárra vaxta heldur vegna þess að þeir hafa lagt í vafasaman rekstur þar sem tekjur ná ekki gjöldum eða steypt sér út í framkvæmdir án fyrirhyggju, hafa menn lent í vandræðum og neyðst til að taka lán með ofurkjörum. Það er oft sjálfskaparvíti og þau eru verst.

Að því marki sem innlent lánsfé er hér á ferðinni eru raunvextir svipaðir og gerast í nálægum löndum. Hins vegar verðum við líka að gæta að því að stór hluti þess lánsfjármagns sem er hjá íslenskum fyrirtækjum, sérstaklega þeim sem eru í útflutningsstarfseminni, er erlent að uppruna og er fengið að láni á kjörum sem tíðkast á erlendum fjármagnsmarkaði. Hér hefur áður verið talað um að íslenskt atvinnulíf ætti rétt á því að fá fjármagnið á alheimsverði. Það var m.a. hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson sem lýsti eftir þessu. Þetta er reyndar svona. Langstærstur hluti fjármagnsins er fenginn á þennan hátt. Og raunar er það svo að raunvextir á þessum gengistryggðu lánum, sem bera venjulega erlenda nafnvexti, eru stórlega neikvæðir þegar svo háttar eins og á sl. ári og háttar reyndar enn, því miður, að innlent verðlag hækkar meira en erlendis og genginu er haldið föstu. Þótt almennt séu þannig raunvextir af lánum síst hærri hér á landi en erlendis verður því ekki neitað að þeir eru hærri en áður var og hærri en við verður búið til lengdar. Áframhaldandi fjárfesting í þjóðhagslega arðbærum framkvæmdum og ýmis rekstur eru undir því komin að raunvextirnir geti lækkað. Jafnframt er sú tilfærsla á fjármunum frá skuldurum til lánardrottna sem hlýst af óæskilega háum raunvöxtum óþolandi þegar til lengdar lætur. Hins vegar verða raunvextirnir áfram að haldast nægilega háir til þess að sparnaðarviðleitni fólks sé ekki slævð eða dregið úr aðhaldi að fjárfestingu, þ.e. að menn neyðist til að velja það eitt sem rís undir raunverulegum vöxtum. En ákvörðun vaxta með valdboði mun engri góðri lukku stýra. Við höfum af því langa reynslu að skömmtun á fjármagni í verðbólgu er forskrift að sóun fjármuna og misskiptingu auðs og valda í þessu landi.

En hvernig á þá að lækka vextina? Til skamms tíma litið verður að leggja höfuðáherslu á að koma á betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum en verið hefur.

Eins og nú horfir um þjóðartekjur á þessu ári verðum við að veita þjóðarútgjöldunum ýtrasta aðhald. Hallalaus fjárlög voru fyrsta skrefið í þessa átt. Frestun á ýmsum meiri háttar framkvæmdum kemur einnig til greina. Ég tek undir það með hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh. að nú sé þörf á því að fara vandlega yfir áform opinberra aðila og allra þeirra sem hið opinbera getur haft áhrif á um framkvæmdir á þessu og næstu árum. Um leið og í sjónmáli eru samningar um starfskjör almennings og fyrirtækja þá og þá fyrst er ástæða til þess fyrir stjórnvöld að beita stefnu til lækkunar vaxta með ákveðnu frumkvæði sínu. En það er hins vegar fjarstæðukennt að tala í sömu andránni, eins og margir gera, um aðhald í peningamálum og lækkun vaxta. Hvoru tveggju verður ekki bæði haldið og sleppt, en það er líka nauðsynlegt að gera margvíslegar umbætur á fjármagnsmarkaðnum. Annars vegar verðum við að setja lög um fjármagns- og lánastarfsemi utan bankakerfisins, hinn svonefnda gráa markað, þannig að sambærilegar reglur gildi um skylda starfsemi. Hins vegar, og það er enn mikilvægara verkefni, verðum við að endurskipuleggja bankakerfið.

Á vegum ríkisstjórnarinnar er nú verið að ljúka smíði á frv. um fjármagnsmarkaðinn utan bankanna. Þessi frv. eru samin í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og voru reyndar boðuð með stefnuræðu forsrh. Í þessum frv. verða ákvæði um starfsemi verðbréfasjóða og fjármögnunarfyrirtækja, um afborganaviðskipti og greiðslukort. Þessi frv. munu m.a. fela í sér tillögur um að þessi nýju fyrirtæki hafi í fyrsta lagi lágmarksstofnfé, í öðru lagi að krafist verði nafnskráningar allra þessara viðskipta, í þriðja lagi að skattskylda þeirra verði samræmd, í fjórða lagi að áskilið verði starfsleyfi, í fimmta lagi að reiknings- og upplýsingaskylda til bankaeftirlitsins verði skýrt áskilin, að þessum fyrirtækjum verði í sjötta lagi settar lausafjárkvaðir og í sjöunda lagi að tryggt verði að óháðar ákvarðanir séu teknar um kaup og sölu verðbréfa þessara sjóða. Þessari löggjöf er ætlað að tryggja hagsmuni viðskiptavinanna og betri hagstjórn í landinu. En þessi frv. eru ekki til þess hugsuð að kæfa í fæðingu nýjabrum í okkar atvinnulífi því það er fjármagnsmarkaðurinn vissulega.

Þá sný ég mér með örfáum orðum að íslenska bankakerfinu. Það er barn síns tíma, en sá tími var því miður ekki hollur uppvexti peningastofnana. Íslenska bankakerfið er því óhagkvæmt sem kemur fram í því að vaxtamunur virðist almennt vera meiri hér á landi en í nágrannalöndunum. Að þessu vék hv. 4. þm. Norðurl. e. í sínu máli. Ég tel að með minni afskiptum ríkisins af rekstri bankanna, með samruna banka og sparisjóða í færri og öflugri lánastofnanir en nú eru, sé von til þess að vaxtamunur geti farið lækkandi. Það er raunhæfasta aðferðin til þess að lækka vextina. En róttækasta leiðin til þess að tryggja samkeppni í slíku bankakerfi og þar með aðhald að vaxtamun er að leyfa erlendum fjármálastofnunum starfsemi hér á landi, ýmist gegnum umboðsskrifstofur eða með þátttöku í íslenskum hlutafjárbönkum. Þetta er í rauninni eina skynsamlega leiðin til þess að gera hvort tveggja í senn: að bæta ávöxtun sparifjár í bönkum og stuðla að lækkun útlánsvaxta.

Ábending formanns Alþb., sem nýlega hefur fram komið um það að verðgildi sparifjár á óverðtryggðum reikningum hafi rýrnað á síðasta ári, var næsta þörf. Hún var nú reyndar eingöngu í því fólgin að benda á það að tvisvar sinnum tveir væru fjórir og að Seðlabankinn hefði staðfest það. Það er hins vegar um tómt mál að tala að hækka vexti á innlánum og lækka þá á útlánum nema til komi róttæk endurskipulagning á íslenska bankakerfinu. Ég tel það meðal allra brýnustu verkefna þessarar ríkisstjórnar að vinna að slíkri endurskipulagningu og mér þykir gott til þess að hugsa að eiga liðsmenn í röðum stjórnarandstæðinga, m.a. hv. málshefjanda.

Allt sem ég hef nú rakið er að því marki stefnt að koma á betra búskaparlagi í landinu, að draga úr þeim einkennum óráðsíu og þenslu sem vekja hér jafnan verðbólgu. Hv. 18. þm. Reykv. óskaði sér þess í sinni jómfrúrræðu hér áðan, sem var haglega samin, en þó ekki um kjarna málsins. (**AG:** Það var ekki jómfrúrræða.) Jú, víst var hún það hjá hv. 18. þm. Reykv. Þú passar þitt fólk ekki nógu vel. Þín er hin 16. Hv. 18. þm. Reykv. óskaði sér þess í sinni jómfrúrræðu, sem var fróm og falleg ósk, að þetta land fengi ábyrga ríkisstjórn. Það vill nú svo vel til að þetta land hefur slíka ríkisstjórn. En ég vil leyfa mér að ljúka máli mínu með því að óska mér þess fyrir landsins hönd að það eignist líka jafnábyrga stjórnarandstöðu.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. 50–60 manns hefur verið sagt upp í frystihúsi á ótilgreindum stað úti á landi vegna þess að rekstrargrundvöllur er brostinn. 25 manns hafa misst vinnu á prjóna- og saumastofu sem hefur verið lokað vegna gjaldþrots. Mikill samdráttur og óvissa ríkir í byggingariðnaði vegna þess að enginn þorir að fjárfesta í íbúðarhúsnæði sökum þess að mikið misgengi er á milli söluverðs og áhvílandi lána. Verslun og þjónusta dregst saman vegna samdráttar í landbúnaði og fólksfækkunar í sveitum. Bændur fá ekki uppgert fyrir haustinnlegg og afurðasölufyrirtæki berjast í bökkum.

Er þessi lýsing ekki dæmigerð fyrir fréttaflutning af landsbyggðinni um þessar mundir? Svarið er jú. Því miður. Þannig birtist efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar okkur landsbyggðarfólki í raun, í samdrætti, stöðnun og óvissu á meðan þenslan vex stöðugt hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir sunnan.

Samtals tapaði landsbyggðin um 1500 íbúum hingað til höfuðborgarsvæðisins á sl. ári og það þarf að leita langt aftur í tímann til þess að finna sambærilegar tölur. Ástæðan er augljós og blasir alls staðar við hvar sem litið er yfir sviðið: Stefna ríkisstjórnar-

innar og aðgerðir hennar allar eru landsbyggðinni fjandsamlegar. Og ég spyr hæstv. ríkisstjórn: Á þetta ástand að vera viðvarandi í byggðamálum? Er þetta framtíðarbyggðastefna þessarar stjórnar? Er þetta e.t.v. byggðastefna unga fólksins sem var kjörorð Sjálfstfl. á Norðurl. v. fyrir síðustu kosningar? Stjórnarþm. mega líka gjarnan svara þessari spurningu. En landsbyggðarmenn eiga heimtingu á svörum og skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins á líka heimtingu á svörum. Hún býr sig nú reyndar undir það að taka við tugþúsundum landsbyggðarfólks á þeim fáu árum sem enn eru eftir til aldamóta. Skipulagsstofan hefur svarað sér sjálf. Og miðað við stefnu ríkisstjórnarinar er svar hennar skynsamlegt. *Miðað við hagsmuni þjóðarheildarinnar er svarið* hins vegar rangt og óskynsamlegt. Það er beinlínis rangt og hættulegt að efna til meiri fólksflutninga af landsbyggðinni hingað til höfuðborgarsvæðisins en þegar eru orðnir. Það þjónar heldur ekki hagsmunum þessa svæðis þegar til lengri tíma er litið. Og ég spyr enn og aftur: Er framtíðarspá skipulagsstofunnar um fólksflutninga í samræmi við stefnu stjórnarinnar í byggðamálum? Ef svo er ekki: Til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa til að spáin rætist ekki?

Hver á Ísland? er sígild spurning. Ísland er í tröllahöndum undir þessari stjórn sem hefur frjálshyggjuna að leiðarljósi eins og gleggst kemur fram í ástandi efnahagsmála um þessar mundir. Jafnvel stjórnarþm. er tekið að blöskra. Oftrúin á peningana og fjármagnið er allsráðandi. Engin verðmæti í *þjóðfélaginu eru betur tryggð en peningarnir*. Peningarnir, sem teknir voru að láni til húsbygginga og aðeins voru hluti af byggingarkostnaði, eru fyrr en varir orðnir meira virði en öll húseignin. Húsbyggjandinn hefur tapað öllu því sem hann lagði í bygginguna af eigin fé.

Þrátt fyrir að afborganir og vextir verði sífellt hærra hlutfall af launum sem bannað er að verðbæta í 30–40% verðbólgu eins og nú er, þá hækka stöðugt áhvílandi lán. (**Dómsmrh.:** Það er ekki bannað að verðbæta laun.) Nei, en það nást ekki samningar um það og það var bannað á sínum tíma. (**Dómsmrh.:** Já, það er annað mál.) Afleiðingin af þessu öllu saman er auðvitað sú að stöðugt hækka áhvílandi lán, enda eru þau að fullu verðbætt. Það grípur um sig vonleysi og uppgjöf hjá einstaklingunum sem oftar en ekki endar með því að þeir verða gjaldþrota og nauðungaruppboðin taka við. Slíkir gjörningar eru að sliga embætti borgarfógeta eftir því sem dagblaðið Tíminn sagði í morgun og vextir á Íslandi eru sennilega þeir hæstu í heiminum.

Hæstv. viðskrh. Alþfl. og ríkisstjórnin horfa upp á það að vextir hækki á einu ári um 100%. Trúaratriðið að vextir skuli vera frjálsir er allri skynsemi yfirsterkari. Og auðvitað hefur mismunur útláns- og innlánsvaxta aldrei verið meiri en einmitt núna. Svo dæmi sé tekið eru dráttarvextir nú komnir í 4,3% á mánuði eða 51,6% á ári. Er nokkur furða þó að bankastarfsemin í landinu þenjist út við þessar aðstæður? Var ekki einhvern tíma verið að tala um það að fækka bönkum? Gróði bankanna á sl. ári hlýtur að vera gífurlegur og gróði þeirra sem eiga peninga og ávaxta þá á „gráa fjármagnsmarkaðnum“ er auðvitað enn þá meiri. Það eru fjármagnseigendurnir sem eru sérstakir skjólstæðingar þessarar ríkisstjórnar sem með stefnu sinni gerir þá ríku ríkari og fátæku fátækari. Í stað stóreignarskatts er lagður á matarskattur.

Það eru fjármagnseigendurnir sem eiga Ísland og eignatilfærsla til þeirra hefur aldrei verið meiri og hraðari en einmitt undir handarjaðri alþýðuflokksráðherranna sem fyrir réttu ári gáfu sig út fyrir að vera málsvarar lítilmagnans og réttlætisins.

Auðvitað ber ríkisstjórnin fulla ábyrgð á vaxtaokrinu og getur létt því af með einu pennastriki ef hún vill og hennar ábyrgð er mikil og afleiðingarnar af stefnu hennar eru alvarlegar og slæmar.

En hverjir borga þá þessa háu vexti? Ég hef þegar tekið dæmið af húsbyggjandanum og auðvitað leikur vaxtaokrið margan einstaklinginn og fjölskylduna grátt. En fyrirtækin og framleiðslugreinarnar á landsbyggðinni verða líka hart úti í þessu vaxtafári. Þau geta ekki velt þessum háu vöxtum út í verðlagið. Þau eru með mikið birgðahald, hæga veltu og lítið eigið fé. Afkoma þeirra margra hverra veltur því að miklu leyti á því hvaða stefna er rekin í vaxta- og peningamálum. Þess vegna eru þau nú mörg hver í verulegum rekstrarerfiðleikum. Þess vegna eru málefni fyrirtækjanna og atvinnurekstrarins nú inni á borðum sveitarstjórna vítt um landið því að atvinnulífið er að stöðvast fyrir aðgerðarleysi stjórnvalda og ranga stefnu.

Hvernig er með fiskvinnsluna? Hér hefur verið greint frá því að hún er rekin með tapi. Og hvernig er með skel- og rækjuvinnsluna? Hún er rekin með enn þá meira tapi. Til hvaða aðgerða greip hæstv. *ríkisstjórn með skattakónginn Jón Baldvin í broddi* fylkingar í sumar gagnvart þessum atvinnurekstri? Það voru lagðar á nýjar álögur, 1% launaskattur og felld niður endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti. Þetta er nú allur skilningur stjórnarinnar á högum þessara greina. Nú sér ríkisstjórnin hins vegar að sér þó í litlu sé og uppsafnaður söluskattur skal nú endurgreiddur samkvæmt frv. sem lagt hefur verið fram. En auðvitað er það atriði léttvægt miðað við annað óhagræði af efnahagsstefnu stjórnarinnar sem nú er að sliga atvinnureksturinn.

Og hvað með vaxtarbrodd íslensks iðnaðar sem einu sinni var kallaður, ullariðnaðinn? Hann kom lítillega til umræðu hér í morgun. Það liggur á borðinu að á tvæpum tveimur árum hefur nánast tekist að drepa þessa atvinnugrein. Fyrir utan einhverja aðstoð við samruna Álafoss og iðnaðardeildar SÍS hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að laga stöðu þessarar greinar utan eitt sem kom fram hér í morgun í máli iðnrh. — og það er afleitt að hann skuli ekki vera hér við núna, en mig langar örlítið til að vitna í það sem hann sagði hér í morgun vegna þess að ég álít að það lýsi vel

hugarfari ríkisstjórnarinnar til framleiðslugreinanna í landinu.

Hann var einmitt að segja frá því að hann hefði gert einn hlut fyrir ullariðnaðinn: Hann hafði skrifað bréf. Hann hafði skrifað bréf til fjárfestingarlánasjóða iðnaðarins og hann hafði líka skrifað bréf til sveitarstjórna er hýsa ullariðnað og þar bað hann um lækkun eða niðurfellingu aðstöðugjalda á fyrirtæki í ullariðnaði. Já, þvílíkt bjargráð og þvílík reisn hjá ráðherra og ríkisstjórn sem nýbúin er að leggja launaskatt á þessa atvinnustarfsemi! Mér skilst líka að uppsafnaður söluskattur í ullariðnaði fáist ekki endurgreiddur lengur. Vonandi er það rangt hjá mér. Svo er því vísað til sveitarfélaganna að gefa eftir meðan ríkissjóður eykur sínar álögur og heldur niðri tekjum sveitarfélaganna, skammtar þeim útsvarstekjur neðan nauðþarfa og hirðir af þeim lögbundin og löngu umsamin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þar fyrir utan hefði ráðherrann auðvitað átt að vita að sveitarstjórnir margar hverjar hafa verið með beina aðild að ullariðnaðinum sem eignaraðilar eða ábyrgðaraðilar.

Það liggur þegar fyrir að sveitarfélög tapa stórfé nú þegar sauma- og prjónastofur verða gjaldþrota vítt um landið. Þær upphæðir nema trúlega á annan tug milljóna, jafnvel meira. Milli 500 og 600 manns hafa misst vinnu vegna erfiðleika og samdráttar í ullariðnaðinum. Sveitarstjórnir vítt um landið hafa örugglega gert sitt til að halda lífi í þessum atvinnurekstri, en ríkisstjórnin ekkert. Hún bregður fyrir hann fæti með nýjum álögum og fer svo fram á að sveitarfélögin felli niður gjöld af greininni. Ja, þvílík ráð og þvílíkar aðgerðir!

Það er auðvelt að vera gjafmildur á kostnað annarra, en stórmannlegt er það ekki. En þannig er nú einu sinni viðhorf ríkisstjórnarinnar til framleiðslugreinanna og sveitarfélaganna og kemur víða fram í stefnu hennar.

Fjölmargar sveitarstjórnir á landsbyggðinni standa nú frammi fyrir því við gerð fjárhagsáætlana að tekjur duga ekki fyrir rekstrargjöldum. Því veldur of lág útsvarsprósenta og óvissa um innheimtu í staðgreiðslukerfi skatta og til viðbótar kemur síðan vegna stefnu stjórnarinnar atvinnureksturinn inn á borð sveitarstjórnarmanna með ógreidd gjöld og skuldir sem hlaðast upp við sveitarfélögin, með beiðni fyrirtækjanna um skuldbreytingar og frestun á greiðslu á gjöldum og þjónustugjöldum líka, með beiðni um lækkun gjalda eða niðurfellingu og með beiðni um nýtt og aukið hlutafé frá sveitarfélögunum. Þessar kröfur dynja nú á verst settu sveitarfélögunum á landsbyggðinni, smærri kaupstöðunum og þéttbýlisstöðunum, kauptúnum og kaupstöðum sem eru að reyna að halda uppi þjónustu þrátt fyrir litla fjárhagslega getu og eru líka að reyna að aðstoða atvinnulífið og halda því gangandi. Þetta á auðvitað ekki við sveitarfélög hér á höfuðborgarsvæðinu sem aldrei í sögunni hafa haft annan eins tekjuafgang og einmitt núna. Manni skilst að samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar verði framkvæmdafé borgarinnar 2 milljarðar á næsta ári. Sveitarfélögin á þessu svæði eru heldur ekki með atvinnureksturinn á sínum herðum og hann kemur aldrei neitt inn á þeirra borð. Þau eru heldur ekki með neinar erfiðar veitustofnanir eins og mörg sveitarfélög úti á landi því þar eiga hitaveitur í mörgum tilfellum í miklum rekstrarerfiðleikum. Reykjavíkurborg sækir gull í greipar allra sinna stofnana, vatnsveitu, hitaveitu og hafnar og er auðvitað með allt aðra aðstöðu en sveitarfélögin úti á landi í þessum efnum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sveitarfélaganna miðast við þarfir Reykjavíkurborgar einnar og ekki er litið til neins annars. Aumingjarnir úti á landi mega eiga sig. Sjóndeildarhringur hæstv. ríkisstjórnar nær ekki lengra en upp í Mosfellssveit og suður í Hafnarfjörð. Það er nú allt víðsýnið. Það sannast í efnahags- og fjármálastefnu stjórnarinnar allri sem er landsbyggðinni einstaklega fjandsamleg.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin stendur óneitanlega frammi fyrir talsverðum vanda í efnahagsmálum. Sá vandi er hvorki nýr né óvæntur, en það væri skinhelgi að halda því fram að ríkisstjórnin ætti ekki við vanda að glíma. Sjálfsagt geta menn ekki farið fram á það eða ætlast til þess að allir þm. þriggja stærstu stjórnmálaflokkanna á Íslandi séu sammála um aðgerðir í jafnerfiðum málum og efnahagsmálum, enda er það ekki svo og verður sjálfsagt seint. Það væri skinhelgi að viðurkenna það ekki að margir stjórnarþm. hafa áhyggjur af stöðu efnahagsmála. Í mínum flokki eru miklar áhyggjur. Ég skal lýsa því í fáeinum orðum hvað ég á við með því.

Við stöndum frammi fyrir kjarasamningum í þessu þjóðfélagi. Kjarasamningum fylgir ævinlega nokkur óvissa. Verðbólgan er of mikil og hún hefur verið vaxandi. Staða útflutningsatvinnuveganna er slæm og fer versnandi. Vaxta- og fjármagnskostnaður er of mikill miðað miðað við samkeppnisaðila okkar erlendis. Við rekum hér gengishækkunarstefnu í reynd. Hallinn á viðskiptum við útlönd er allt of mikill og þar ber ríkisstjórnin vissulega ábyrgð. Þar verður að taka til hendinni. Hins vegar hefur tekist að ná jöfnuði í búskap ríkisins. Það er vel. Og fjmrh. á heiður af þeirri baráttu sem hann hefur háð á þeim vettvangi. Jafnvægi er í stjórn ríkisbúskaparins.

En mig langar að fjalla örfáum orðum um hvern þessara þátta. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um kjarasamningana, ég ætla ekki að gerast spámaður á þeim vettvangi og ég ætla heldur ekki að fara að ræða hér almennt um þá stefnu hvort kjarasamningar eigi að vera algjörlega frjálsir eða hvort þeir eigi að vera þríhliða, hvort ríkisstjórnin eigi að koma inn í slíka samninga. Ég hef hins vegar margsinnis bæði í ræðu og riti lýst þeirri skoðun minni að kjör hinna lægst launuðu verði ekki bætt með beinum samningum á vinnumarkaði. Þar verði ríkisvaldið að koma inn í. Ég tek þess vegna

algjörlega undir það sem 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir sagði hér um þau mál. Ef menn eru sammála um það, sem mér finnst margir vera, sem hér hafa talað, þá þurfa menn að taka til höndum. Það er vissulega vandaverk, jafnvel þó að hið opinbera vilji taka þar til höndum vegna þess að það getur hæglega mistekist líka. Mistökin eru of mörg á leiðinni þegar við höfum reynt að bæta kjör þeirra lægst launuðu. *Vítin eiga að vera til varnaðar.* Ég held að menn verði að gá að sér, hvernig þeir fara að núna, ef menn meina eitthvað með því að þeir vilji ganga þessa braut.

Aðaláhyggjuefni mitt í því hversu há verðbólgan er, er að hún er þetta há þrátt fyrir það að genginu hefur verið haldið nokkurn veginn föstu, þrátt fyrir utanaðkomandi hækkanir, þrátt fyrir stöðugt hækkandi gengi íslensku krónunnar hefur verðbólgan farið vaxandi. Það er áhyggjuefni. Það er mikið áhyggjuefni.

Mig langar líka til að koma hér dálítið inn á vaxtamálin og vil byrja á að segja það að ég er algjörlega sammála viðskrh. um það að vextirnir verði ekki lækkaðir hér úr þessum ræðustól með einhverjum yfirlýsingum. Þeir verða heldur ekki lækkaðir með stjórnvaldsákvörðunum eða lagasetningum. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég held að þeir verði ekki lækkaðir nema með minnkaðri eftirspurn á lánsfjármarkaði og auknu framboði á honum. En kannski greinir okkur dálítið þar á mig og viðskrh. Ég veit það ekki. Mig langar til að gera grein fyrir *mínum skoðunum varðandi það einmitt hér úr* þessum ræðustól.

Í fyrsta lagi er ég ekki sammála því að raunvextir á Íslandi hafi verið svipaðir og í löndunum í kringum okkur vegna þess að raunvextir eru skilgreiningaratriði. Raunvextir eru gjarnan skilgreindir hér sem vaxtastig yfir lánskjaravísitölu. Lánskjaravísitala er að mínu viti mjög gallaður mælikvarði. Lánskjaravísitalan mælir eingöngu kostnaðarbreytingar í þjóðfélaginu og tekur ekkert tillit til tekjubreytinga. Það er mikill galli. Það er svo mikill galli að ég efast um að *við hana verði búið lengi. Og ég hygg að hún sé* ónothæf á styttri fjárskuldbindingar. Á sama tíma og menn segja að allt eigi helst að vera frjálst og frjáls markaðsöfl eigi að leita jafnvægis þá eiga menn auðvitað ekki að freista þessa að binda eða reyra með vísitölum ákveðna þætti eins og þarna hefur verið gert. Fyrir utan það að á sama tíma og menn eru flestir hygg ég sammála um það að ekki sé unnt að binda kaupmátt launa við vísitölu, þá held ég að menn hljóti að sjá það að ávöxtun sparifjár eða lánsfjár er óviðunandi að binda á þennan hátt eingöngu við kostnaðarhækkanir. Það þarf ekki annað en að gefa sér einföld dæmi. Ef þjóðin yrði fyrir stórum áföllum, við skulum segja í sjávarútvegi, tekjur þjóðarinnar *stórminnkuðu í einu vetfangi*, laun þar af leiðandi hlytu að lækka, þá sjá menn allir að þeir sem fé eiga geta náttúrlega ekki fengið ávöxtun af sínu fé í samræmi við kostnaðarhækkanir. Þarna er einn þáttur sem við höfum bundið við kostnaðarhækkanir og að mínu viti ranglega.

Ég tel alveg ljóst að raunvextir hér eru miklu hærri en í löndunum í kringum okkur. Við þurfum ekki annað en bera saman þróun meðalgengis og þróun lánskjaravísitölu og raunvextina sem reiknaðir eru yfir lánskjaravísitölu. Það kann vel að vera að hagfræðingarnir okkar geti sagt: Þetta er bara teórían, þetta er einfalt. Yfir vísitölunni er þetta vaxtastig. Og raunvextirnir eru einmitt þetta sem greitt er yfir verðbólguna. En við hinir, sem borgum þessa vexti, við sjáum að þessi teoría stenst ekki. Ekki síst í samanburði við þá sem við eigum að keppa við á erlendum mörkuðum. Fyrir utan það að lán með þessum vöxtum sem talað er um í bönkunum, 8–9,5% ofan á lánskjaravísitölu, fáum við ekki. Það er ekki hægt að fá þau. Við borgum allir 14–18%. Og það eru ekki bara þeir, eins og viðskrh. heldur, sem reka einhvern erfiðan rekstur eða hafa fjárfest ranglega. Við fáum bara ekki önnur lán. Þetta eru lánin sem eru notuð. Menn selja verðbréf á markaðnum þannig að raunvextirnir yfir lánskjaravísitölu sem við greiðum eru miklu hærri en þetta.

Ég skal bjóða mönnum með mér í bankann og lofa þeim að hlusta á það þegar farið er fram á lán á þessum 9,5%. Það fæst ekki. Því miður. Ef menn skoða raunveruleikann, þá er hann öðruvísi.

En það sem er meginmálið að mínu viti þegar menn tala um þessa vexti og tala um það, eins og *hagfræðingarnir gjarnan gera*, að allt verði þetta að leita jafnvægis, og ég er sammála því, við lækkum ekki vexti öðruvísi, þá er einn meginþáttur sem menn gleyma og það er að menn eru að loka þessum markaði. Þetta er lítill markaður hér, lokaður á þessu skeri úti í miðju Atlantshafi.

Ef húsgagnaframleiðendur fengju snögglega mikla eftirspurn hér inni þá geta þeir ekki hækkað verðið vegna þess að það er svo mikil eftirspurn og þá getur ekki ríkisstjórnin komið og sagt: Menn verða að bara að búa við svona hátt verð á húsgögnum, ja, þar til að jafnvægi næst. Hvers vegna er þetta ekki hægt? Vegna þess að húsgögnin eru bara flutt inn og þeir verða að keppa við það verð sem kemur erlendis frá.

Alveg það sama skeður með framleiðendur á frönskum kartöflum í Þykkvabænum. Þeir geta ekki selt á því verði sem þeim dettur í hug hér á markaðnum. Menn rísa upp og segja: Við viljum bara fá þessar frönsku kartöflur innfluttar og borga minna.

Þess vegna segi ég: Ef menn vilja búa við frjálsan innflutning og frjálsa álagningu og frjálsa samkeppni og frjálsa vexti, þá verða menn að búa við það. (Gripið fram í.) Og þá verða menn bara að opna *markaðinn.* (**Gripið fram í:** Það viljum við.) Já. Og þá viljum við fá að taka lánin þar sem þau eru ódýrust. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Já. Þess vegna á ríkisstjórnin ekki að leggja sérstakar hömlur á erlenda lántöku og loka þannig markaðnum. Það

verður bara eingöngu til þess að þeir sem eru að reyna að framleiða verða að borga miklu meira fyrir þennan framleiðsluþátt en hinir sem þeir eru að keppa við á erlendum mörkuðum.

Ég er búinn að velta þessu mikið fyrir mér og ég held að þetta séu hreinlega leifar af gamalli haftastefnu. Ég má fara hérna út og kaupa 10 þús. bíla inn í landið. Ég get fengið gjaldeyri til þess. Vegna hvers? Vegna þess að við erum með frjáls viðskipti og frjálsan innflutning og það er enginn sem stöðvar það og það má ekkert stugga við því. Ég er heldur ekkert á móti því. En ef ég vil fá lán til að framleiða lax, þá er það ekki hægt. Það verður að setja á það sérstök gjöld. Vegna hvers? Vegna þess að þessi maður ætlar að taka erlent lán. Það gengur ekki upp. Það gengur ekki upp. Ég held að þarna séu gríðarlega margar mótsagnir. Ég held að menn séu enn í fjötrum þessarar gömlu haftastefnu. Við eigum að opna þetta. Það getur vel verið að við eigum að setja þá kröfu að erlendir bankar komi hér og keppi við þá innlendu. Þið getið ekki bundið þá sem eiga að keppa með framleiðslu sína á erlendum markaði í þessa fjötra lokaðs fjármagnsmarkaðs hérna, lagt gjöld á erlendu lántökurnar og sagt þeim svo að keppa. Ég skal koma seinna að gengisstefnunni.

Ég held að þetta sé mjög alvarlegt mál og ég held að í þessu sé grundvallarskekkja. Í allri vaxtaumræðunni eru tvær skekkjur gerðar: Annars vegar eru raunvextirnir í grundvallaratriðum rangt metnir vegna þess að lánskjaravísitalan er vitlaus mælikvarði til að meta raunvextina út frá. Hins vegar þýðir ekkert að tala um jafnvægi, framboð og eftirspurn á þessum markaði nema hann sé opnaður. Nema hann sé hreinlega opnaður. Af hverju halda menn að fulltrúar erlendra banka, sem eru eigendur að þessum fjármagnsleigum hér að verulegu leyti, beinlínis segi það í samtölum: Þessi íslenski fjármagnsmarkaður, þetta er bara gósenmarkaður, við höfum hvergi nokkurs staðar aðra eins ávöxtun og þar. Það er bara um að gera að komast í að reyna að lána þar því að þar er vissulega ávöxtunin mikil. Halda menn að það sé vegna þess sem viðskrh. segir, að raunvextirnir hjá okkur séu ekkert hærri en í löndunum í kringum okkur? Í raunveruleikanum, þetta er allt spurning um afstæði og viðmiðun, í raunveruleikanum eru þeir miklu hærri. Við höfum að undanförnu opnað á ákveðnum stöðum, eins og í gegnum fjármagnsleigurnar, sem viðskrh. er réttilega að vinna núna að að setja löggjöf um. Þar höfum við opnað. Þar eru erlendir aðilar upp í 60–70% eigendur að þessum fjármagnsleigum. Fjármagnið rennur þar í gegn og þar njóta þeir þessarar ávöxtunar hjá okkur mörgum, sem erum að reyna að framleiða fyrir erlendan markað, ávöxtunar sem er algjörlega „unique“ líklega í allri veröldinni. Það er ekki bara um allan vestræna heiminn sem þarf að leita að öðrum eins fjármálaráðherra og við höfum, eins og hann réttilega skýrði hér áðan út frá stöðu ríkissjóðs, heldur held ég að lánsfjármarkaðurinn hérna sé bara algjört „úníkúm“. Og það má ekki skoða hann öðruvísi en út frá þeirri heild sem við lifum hér við í kringum okkur þegar við skoðum almennt frjálsa samkeppni, frjálsa verslun og annað slíkt. Þetta er lokaður markaður í dag. Hann er hættulega lokaður. Það verður að opna hann ef menn ætla að fá jafnvægi í það sem hér er að ske.

Mig langar líka til að víkja dálítið að gengisstefnunni. Menn kalla þetta fastgengisstefnu sem hér er. Auðvitað er þetta ekki fastgengisstefna. Þetta er gengishækkunarstefna. Gengi íslensku krónunnar hækkar í hverjum mánuði í réttu hlutfalli við kostnaðarhækkanir í landinu. Hvernig gengisstefnu á ein þjóð að reka? Ég hlustaði á forsrh. tala hér áðan og mér heyrðist aðrir ráðherrar taka undir það að hornsteinn þessarar ríkisstjórnar væri þessi fastgengisstefna. Fastgengisstefnan. Ég verð að játa það að mín skynsemi segir mér að gengisstefna einnar þjóðar eigi að miðast við það að rekstrarstaða og vinnuaðstaða útflutningsatvinnuveganna sé í sæmilegu jafnvægi, stöðug. Að staða útflutningsatvinnuveganna sé í sæmilega öruggu jafnvægi. Það er sú gengisstefna sem mér finnst að við hljótum að verða að reka.

Ég hef hlustað á menn halda hér úr þessum ræðustól margar ræður um gífurlega eignatilfærslu á þeim tímum sem vextirnir voru neikvæðir. Eignatilfærslur frá sparifjáreigendum yfir til skuldara. Þetta vitna menn í lon og don, og kannski aðallega don. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. Þarna hefur orðið mikil eignatilfærsla og menn voru of seinir að átta sig. En ég vil segja ykkur það að mín skoðun er sú að í íslensku þjóðfélagi eigi sér stað í dag alveg gífurleg eignatilfærsla, alveg gífurleg eignatilfærsla vegna þessarar fastgengisstefnu. Á hverju byggir fastgengisstefnan? Hún byggir á því að útflutningsatvinnuvegirnir búa við verðstöðvun. Útflutningsatvinnuvegirnir búa við verðstöðvun í 30% verðbólgu. Hvernig halda menn að það endi? Prófið að setja verðstöðvun á veitingastaðina hérna. Hvað haldið þið að þeir héldu opnu lengi? Það gera menn ekki. Við erum búnir að setja verðstöðvun á útflutningsatvinnuvegina og með því erum við að brenna upp eigið fé útflutningsatvinnuveganna. Það er engin spurning um það í þessari verðbólgu.

Menn geta vel haldið hátíðlegar ræður um að það sé ekki ábyrgt að vera að tala mikið um gengið hér úr þessum ræðustól. En ég svara ykkur því: Það er ekki mikil ábyrgð í því að standa að þeim gífurlegu eignatilfærslum sem þessi gengisstefna hefur í för með sér. Og enn á ný segi ég: Það er gat í því efnahagskerfi, sem byggt er upp á frjálsum innflutningi, frjálsri verslun, frjálsri samkeppni, frjálsum vöxtum, í því efnahagskerfi sem á að leita að jafnvægi með frjálsum markaðsöflum en heldur genginu föstu. Hvað gera menn með því? Menn skekkja alla myndina. Og menn flytja til fjármagn á gífurlegan hátt.

Ég hef verið að velta því fyrir mér hvaða afleiðingar þetta hefur. Og ég efast um að menn geti borið mikla ábyrgð á því til lengdar ef þeir gera sér grein

fyrir því hvað skeður. Það eru auðvitað fjölmörg fyrirtæki í útflutningsiðnaði sem þegar eru komin í gífurlega erfiðleika. Ég man nú ekki hvað það eru margar prjónastofur sem hafa hætt, kannski 17. Samkeppnisiðnaðurinn á líka í mjög miklum erfiðleikum. Menn eru að flytja fé frá útflutningsatvinnugreinunum yfir í verslun og þjónustu. Auðvitað er þetta alvarlegt mál vegna þess að þó við höfum góða kaupmenn þá lifum við ekki allir á innflutningi eða því að fara til Mallorka. Við lifum á þessum útflutningsgreinum og við mölvum þær niður með þessari stefnu.

Forsætisráðherrann okkar var einu sinni fjármálaráðherra. Hann tók þá ákvörðun, og ég vil segja skynsamlegu og erfiðu ákvörðun, að halda verðbólgunni niðri um tíma með því að taka á sig halla á ríkissjóði. Ég hef aldrei leyft mér að gagnrýna hann fyrir það, þann hluta af hallanum sem varið var til þess. Ég er enn þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt og það hafi verið eina leiðin í þeirri stöðu til að ná tökum á verðbólgunni. Þá var verðbólgan greidd niður með fé ríkissjóðs. Menn tóku á sig hallann á ríkissjóði. En núna berjast menn við að greiða niður verðbólguna með eigin fé útflutningsatvinnuveganna. Það er þar sem hallinn er að myndast núna en ekki hjá ríkissjóði. Það er þaðan sem féð er tekið til að greiða þetta niður.

Svo koma menn náttúrlega og segja: Það verður að grípa inn í þetta til að stöðva þensluna. Þenslan er eitthvert galdraorð sem menn vísa alltaf í þegar talað er um efnahagsmál. Jú, jú, grunnurinn að þessu öllu saman er þenslan. Við verðum einhvern veginn að stöðva þessa þenslu sem tröllríður öllu. En af hverju halda menn að þenslan sé? Og hvar er þessi þensla í okkar þjóðfélagi? Hún er ekki úti á landi. Hún er ekki úti á landi þessi þensla. Hún er hérna á höfuðborgarsvæðinu. Af hverju haldið þið að hún sé hérna á höfuðborgarsvæðinu? Það er vegna þess að verslun og þjónusta landsins er hér. Og það er vegna þess að útflutningsatvinnuvegirnir eru mest úti á landi. Og með gengisstefnunni erum við að færa féð frá þeim atvinnuvegum yfir í verslun og þjónustu sem blómstrar hérna. Eðlilega verður það þensla sem af því hlýst. Ef menn ekki átta sig á kjarnanum sem að baki þessu liggur, þá grípa menn til rangra aðgerða.

Hallinn á viðskiptunum við útlönd. Ég tók eftir því að það var annaðhvort fjmrh. eða viðskrh. sem las það hér upp í ræðustólnum áðan að eitt af meginmarkmiðum þessarar ríkisstjórnar væri að stuðla að jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Það tek ég heils hugar undir. Ég hef aldrei verið svona sannfærður um það, eins og mér finnst ráðherrarnir tala, að meginmarkmiðið í efnahagsmálunum sé að halda verðbólgunni niðri. Auðvitað verðum við að reyna það. Verðbólgan veldur mælikvarðabreytingum hér innan lands og við þurfum að vara okkur á þeim eignatilfærslum sem við stuðlum að með þeim leikreglum sem við sköpum hér.

En hallinn á viðskiptunum við útlönd er náttúrlega alveg hreint gagnsær. Við getum ekki lifað um efni fram endalaust. Við erum með halla á viðskiptum við útlönd upp á 6–8 milljarða á síðasta ári. Menn eru að spá því að hann verði 9–10 milljarðar á þessu ári. Þarna, segi ég, þarna ber ríkisstjórnin mikla ábyrgð. Ég hefði kosið að fjmrh. okkar tæki í höndina á mér núna eftir að hafa barist við að ná jöfnuði á ríkissjóði og einhenti sér með okkur í það að ná jöfnuði í viðskiptunum við útlönd. Hvað sem skeður inni í landinu — það er annað mál. En jöfnuður í viðskiptum við útlönd verður að koma. Þessi halli er allt of mikill í því ástandi sem við búum við núna. Það er alveg ljóst. Og ég mun gera þá kröfu bæði í mínum flokki og til þessarar ríkisstjórnar að hún grípi til aðgerða til þess að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd. Ég tel að það sé alveg meginmál.

Nú skyldi enginn maður misskilja mig að því leyti að þó ég tali alveg hreint út um það sem mér finnst um þessi efnahagsmál, þá er ég ekki þeirrar skoðunar að þjóðin eigi kost á betri ríkisstjórn við þessar kringumstæður en hún hefur núna. En ég tel að ríkisstjórnin verði að taka sig saman og takast á við þessi mál. Og ég heiti á forsrh., því undir hann heyra efnahagsmálin, að taka þessi mál upp mjög alvarlega. Mér virðist vera mörg hættuteikn á lofti. Ég óttast það að við stöndum frammi fyrir því að lenda inni í sömu verðbólguskriðu og halla í viðskiptum við útlönd og við höfum verið í 10–15 ár hér á undan ef frá eru talin rétt síðustu ár. Ég óttast það. Því miður er allt of margt sem til þess bendir að við munum festast í 4–6% viðskiptahalla og verulegri verðbólgu ef menn ekki ná tökum á því sem hér er um að ræða.

Ég frábið mér því að ríkisstjórnin taki að sér að stjórna fjárfestingum í Reykjavík. Alveg. Ég er ekki stjórnlyndur maður og ég held að það gangi ekki upp. Ég held að ríkisstjórnin eigi að reyna að móta leikreglurnar. Það eru grunnstærðirnar sem skipta öllu máli. Og þó að menn haldi hér ræður eins og margir ráðherranna hafa haldið með áhyggjur sínar af sjávarútveginum og bent á það að nú eigi að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins, þá er það nú svo að enn þá hefur þjóðin út af fyrir sig eða þjóðarbúið ekki tapað á því þó að sjávarútvegurinn eða fiskvinnslan fyrst og fremst sé að verða illa leikin. Fyrirtækin skipta um eigendur vegna þess að þeir sem eiga þau tapa og svo fer þetta til annarra, en fiskurinn er unninn og hann er fluttur út og tekjurnar koma inn. Útgerðin stendur í allt annarri stöðu vegna kvótakerfisins og frjálsa fiskmarkaðarins og mun gera það. Ég ætla ekki að fara frekar út í það hérna. Það sem er enn þá alvarlegra í þessu, og ég óttast að gleymist þó að menn dríf sig nú í það að endurgreiða söluskatt til fiskvinnslunnar, það er margt annað sem verður bara ekki bætt á stuttum tíma.

Hvað með ferðamannaiðnaðinn? Hafa menn reynt að kynna sér það hvernig hann muni standa í sumar með fastgengisstefnunni? Ég get sagt ykkur

það að ég er alveg viss um að það tekur langan tíma að laga það ef hann dettur niður í sumar vegna fastgengisstefnunnar. Ullariðnaðinn og annars staðar þar sem um er að ræða markaði erlendis tekur langan tíma að laga. Hitt eru eignatilfærslur innan lands sem út af fyrir sig eru grafalvarlegt mál.

Ég held þess vegna að ríkisstjórnin, eins og ég sagði í upphafi, standi frammi fyrir glettilega erfiðri efnahagsstöðu. Glettilega miklum erfiðleikum. Ég held hún hafi burði til að takast á við þessa erfiðleika. Ég held að það sé skinhelgi að viðurkenna ekki að erfiðleikarnir eru til staðar. Og ég held að það sé skilyrði til að geta tekist á við þá að skynja hvar þeir liggja og hvar rótin er. Ég er alveg viss um það að ef menn takast á við þetta af fullum áhuga og vilja þá er hægt að gera það. Ég gat ekki látið hjá líða að standa hér upp og lýsa mínum áhyggjum yfir stöðunni.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Okkur þm. stjórnarandstöðunnar hefur borist óvæntur liðsauki, en ræða hv. 10. þm. Reykv. Guðmundar G. Þórarinssonar var sem hann hefði lært utanað stefnuskrá Borgarafl. áður en hann flutti og undirbjó þessa ræðu og býð ég hann velkominn til starfa með stjórnarandstöðunni.

Ég get tekið undir mjög margt af því sem hv. þm. vék að í máli sínu hér á undan. Við skulum taka fyrst fyrir vaxtaokrið og raunvaxtaguðinn sem ég hef kallað svo. Ég er nefnilega alveg sammála því að það er með ólíkindum að hér úr þessum ræðustóli og reyndar víða í fjölmiðlum er því haldið fram að 9–9,5% raunvextir umfram lánskjaravísitölu séu sambærilegir við það sem erlendar þjóðir kalla raunvexti af venjulegum skuldabréfalánum.

Í grg. með frv. til l. um húsnæðislánastofnanir var fylgiskjal sem sýnir lánskjör á þýskum húsnæðislánamarkaði í Frankfurt 20. okt. sl. Þar er talað um að raunvextir geti verið u.þ.b. 7%. En við hvað eru þessir raunvextir miðaðir? Þessir raunvextir eru einfaldlega reiknaðir á þann hátt að það er selt skuldabréf fyrir láninu með afföllum, vextirnir geta verið allt frá 3% upp í 5% nafnvextir af skuldabréfinu. Það er selt með einhverjum afföllum og út á það koma þessir raunvextir, 7%. Það dettur engum manni í hug að tala um einhverja lánskjaravísitölu eða verðbólgu til þess að mæla raunvextina. Þess vegna er það algjörlega ábyrgðarlaust hjal að vera að tala hér um samanburð á raunvöxtum miðað við útreikning á lánskjaravísitölu og svo þeim raunvöxtum sem gilda hjá nágrannaþjóðunum.

En þá er einmitt komið að kjarna málsins. Það er lánskjaravísitalan og fastgengisstefnan. Okkur er ætlað að taka lán og greiða þau til baka af þeim launum sem við höfum hér í þjóðfélaginu. Launin eru ekkert bætt, eins og kom svo ágætlega fram í máli hv. 16. þm. Reykv., Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur. Það hefur ekkert rautt strik verið í tengslum við kjarasamninga síðan 1. okt. sl. en lánskjaravísitalan heldur áfram á fullu. Lánskjaravísitalan var 1886 stig 1. des. sl. og þá var hún 2,44% hærri en í mánuðinum þar á undan. Síðan fór hún í 1913 stig 1. jan. sl., var það eilítið minni hækkun, 1,43%. En hún er komin á fullt aftur. 1. febr. núna er hún 1958 stig og er hækkunin 2,35%. Við sjáum því að það stefnir í þetta 25–30% verðbólgu. Ef ekkert á að bæta launin þá sjá allir hvernig það fer. Launafólkið í landinu stendur ekki undir lánskjaravísitölulánum. Og það er alveg sama þó að það séu jafnvel lánskjaravísitölulán með niðurgreiddum vöxtum eins og tíðkast í húsnæðislánakerfinu, jafnvel þó að vextir séu ekki meiri en 3,5%, það stendur enginn undir þessu. Það fara allir hér á vonarvöl. Það sem verra er að fyrirtækin, sem eiga að taka rekstrarlán til þess að rekstur þeirra geti gengið með eðlilegum hætti, þau þurfa líka að taka lán með þessum kjörum og eiga síðan að keppa við miklu, miklu ódýrari lán sem samkeppnisfyrirtæki erlendis eiga aðgang að.

Þess vegna get ég heils hugar tekið undir það með hv. 10. þm. Reykv. að það er kominn tími til að fyrirtæki og einstaklingar hér fái þá aðgang að erlendu fjármagni. Algjörlega frjálst. Það er miklu einfaldara að heimila þá erlendum bönkum að setja hér upp umboðsskrifstofur og bjóða hér lán til handa einstaklingum og fyrirtækjum þeirra án allrar ábyrgðar. Ég er alveg sannfærður um það að ef erlendur banki ætlar að lána hér einhverju fyrirtæki eða einhverjum einstaklingi, þá verður það hans mál að rannsaka það mjög gaumgæfilega að fyrirtækið eða einstaklingurinn sé borgunarmaður fyrir láninu. Við þurfum ekkert að hafa áhyggjur af því fyrir hönd hins erlenda banka. Hann sér um það.

Það er alveg með ólíkindum að menn skuli getað ímyndað sér það að við getum flutt hér inn til landsins alls konar skran fyrir erlendan gjaldeyri á nánast útsölumarkaði vegna þess hve gengið er lágt skráð í svipinn, en síðan megum við ekki taka erlent fjármagn að láni til þess að styrkja hér framleiðsluna og reyna að byggja upp ný atvinnufyrirtæki.

Þá er komið að öðrum þætti sem mjög hefur verið vikið hér að í dag en það er þessi margumrædda þensla og fjárfestingaráform. Það er alveg með ólíkindum að hlusta á menn tala hér um að allar fjárfestingar séu af hinu illa. Það er ekki annað að heyra á tali manna hér í dag en að draga beri stórlega úr öllum fjárfestingum, það sé einhver voveiflegur hlutur ef menn ráðast í fjárfestingar. En hvernig á að tryggja fólkinu atvinnu í landinu ef atvinnufyrirtækin megi ekki fjárfesta? Ég veit ekki betur en nánast öll lönd í hinum lýðfrjálsa heimi reyni að laða til sín erlent fjármagn til þess að auka fjárfestingu í atvinnurekstri. Það er með þeim þætti sem styrkari stoðum er rennt undir atvinnulífið og fleiri atvinnutækifæri skapast. Það er með því að auka fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum en ekki að draga úr henni. Hitt er svo annað mál að það má gjarnan draga úr fjárfestingu ríkissjóðs og fjárfestingu ýmissa sveitarfélaga þó svo að ég geti að einhverju leyti tekið undir með mörgum sem hafa réttilega bent á að eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu,

þá er fjárfestingin fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu en mætti gjarnan vera meiri og jafnari um allt land.

Út af fyrir sig er ekkert á móti því að hafa vísitölur. Ef við hins vegar ætlum að láta lánin fylgja lánskjaravísitölu þá er alveg ljóst að launþegar eiga kröfu á því að launin fylgi sömu vísitölu. Annaðhvort verður að hafa það þannig að laun og lánskjör fylgi einni og sömu vísitölu eða laun og lánskjör fylgi engri vísitölu. Þetta gengur ekki öllu lengur því að ef fer sem horfir þá fara allir á hausinn, að minnsta kosti venjulegt launafólk og þau fyrirtæki sem eru háð því að þurfa að taka rekstrarlán á þessum kjörum. Það getur vel verið að það sé hagur fjármagnseigenda að þetta sé með þessum hætti. Þá endar þetta hins vegar einfaldlega þannig að fjármagnseigendur verða ríkari og ríkari en hinir verða fátækari og fátækari. Hins vegar er spurning: Hverjir ætla að standa undir þessum rosavöxtum ef búið er að setja kannski meiri partinn af öllum fyrirtækjum hér á hausinn og flesta launþega þannig að þeir eru ekki lengur borgunarmenn fyrir sínum lánum? Ætlar þessi fámenni hópur fjármagnseigenda í einhverjum lokuðum hring að kaupa skuldabréf hver af öðrum á þessum háu vöxtum? Ég sé eiginlega ekki hvernig þetta endar allt saman.

Hæstv. forsrh. vék nokkuð að komandi kjarasamningum í máli sínu og talaði fjálglega um stóraukinn kaupmátt sem hefði aukist nálega helmingi meira en þjóðartekjurnar hefðu aukist um. Ég held að menn ættu ekki að sjá eftir því þó að kaupmáttur launa á Íslandi hafi aukist eitthvað.

Ég hef oft velt því fyrir mér og spurt mig að því hvernig á því standi að laun á Íslandi, almenn dagvinnulaun eru eins lág og raun ber vitni í samanburði við nágrannalöndin. Í raun þarf að fara til Suður-Evrópulandanna, til hinna fátækari héraða í Suður-Evrópu til þess að finna jafnlág dagvinnulaun og þekkjast á Íslandi. Þetta gerist þrátt fyrir það að hér á Íslandi séu þjóðartekjur með einhverjum alhæstu í öllum heiminum.

Í tilefni af þessu fluttum við þm. Borgarafl. þáltill. þar sem við leggjum til að framkvæmd verði vönduð og nákvæm úttekt á því hvernig skiptingu þjóðartekna á Íslandi er háttað. Stafar þetta lága kaup af því að tiltölulega fáir skipta með sér meiri hluta allra þjóðarteknanna og launþegarnir, þ.e. fjöldinn skiptir með sér miklum minni hluta þjóðarteknanna? Ég vil gjarnan fá svör við þessu. Hvernig stendur á því að þjóð sem hefur einhverjar mestu þjóðartekjur í öllum heiminum borgar svona lág laun? Það hlýtur að vera eitthvað að hagkerfinu. Nú er það alveg ljóst að hagkerfið hér virðist hafa stillt sig inn á svona lág laun og í hvert skipti sem talað er um að hækka launin þá er hrópað: úlfur, úlfur. Það fer allt þjóðfélagið á hvolf ef launin verða hækkuð. En hvernig stendur á því að nágrannalöndin virðast hafa hagkerfi sem hefur stillt sig að miklu hærri dagvinnulaunum? Það fer ekkert á hvolf þar, þetta virðist ganga ágætlega.

Við lögðum því til í sömu till. að gerður yrði nákvæmur samanburður á dagvinnulaunatekjum ákveðinna markhópa og það mætti gjarnan taka þá sem njóta tryggingabóta með til þess að fá þeirri spurningu svarað í eitt skipti fyrir öll: Hvernig stendur á því að laun eru svona lág hér á Íslandi?

Hæstv. forsrh. sá ástæðu til að fara að agnúast út í okkur stjórnarandstöðuþm. fyrir óbilgirni hér fyrir hátíðirnar, að við skyldum ekki vilja hleypa öllum stjórnarfrv. í gegn, einn, tveir, þrír, þá væntanlega án nokkurrar umræðu. Hann minnti á fund sem við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar áttum með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og leiðtogum stjórnarflokkanna sunnudaginn 20. des. sl. Þar sagði hann að hann hefði boðið stjórnarandstöðunni mikið kostaboð, að draga úr söluskatti á fiski með því að greiða niður söluskatt á fiskmeti að einhverju leyti og fresta einu stóru stjórnarfrv. fram yfir hátíðar, þ.e. frv. til l. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það var sú gulrót sem átti að fá okkur stjórnarandstöðuþm. til að fallast á það að hætta allri umræðu um þessi frv. og afgreiða þau þar með fyrir jól. Ég hef nú reyndar hugsað um það eftir á að jafnvel þó að við hefðum setið hér og aðeins rétt upp hönd, en ekkert talað, þá hefði það ekki verið hægt því aðeins formsatriðanna vegna hefði ekki verið nægur tími að afgreiða öll þessi frv. fyrir jól þó svo við hefðum engar umræður haft. En hins vegar var það mjög athyglisvert að sjá það svo síðar meir, nokkrum dögum seinna og jafnvel daginn eftir, koma í ljós að þetta, sem hæstv. forsrh. var að bjóða okkur í staðinn fyrir það að falla frá allri umræðu um þessi óvinsælu skattafrv. ríkisstjórnarinnar, þetta var ríkisstjórnin löngu búin að ákveða að gera hvort sem var. Hún var búin að ákveða það að draga úr söluskattsálagningu á fiskmeti með því að greiða niður söluskatt að hluta til og hún var búin að ákveða það að fresta verkaskiptingarfrv. Það skyldi því engan undra þó að við hefðum ekki verið neitt sólgnir í það að ganga að þessu kostaboði.

Hins vegar er það ekki rétt sem kom fram í máli hæstv. forsrh. að við hefðum nánast viljað láta ríkisstjórnina kasta fyrir róða allri sinni efnahagsmálastefnu. Það er hin mesta firra. Við óskuðum einungis eftir því að ekki yrði lagður söluskattur á matvæli og við viðurkenndum það að til þess að ná því fram þyrfti eflaust að fara til baka í upphafleg áform ríkisstjórnarinnar um að ná halla ríkissjóðs niður á þremur árum í staðinn fyrir á einu ári. Það er nefnilega einu sinni svo að með því að ætla sér að jafna ríkissjóðshallann á einu ári þá höfum við orðið vitni að einhverri mestu skattaálagningu sem þessi þjóð hefur séð — líklega frá stofnun lýðveldisins ef ekki allar götur frá upphafi. Við skulum bara öll rifja það upp að þetta land byggist upphaflega vegna þess að mönnum þykir nóg um ofríki og skattheimtu Haralds hárfagra. Þess vegna flytja menn til Íslands. Það sem verst er núna er að ég veit ekki hvert við eigum að flýja ef við getum ekki unað lengur við þá skattheimtu sem hæstv. ríkisstjórnin er búin að

skella yfir almenning. Við höfum ekki lengur í nein hús að venda. Ég efast stórlega um að Norðmenn mundu vilja taka við okkur aftur. (**EgJ:** Jan Mayen.) Ja, það kann að vera að einhverjir ríkisstjórnarliðar mundu vilja setjast þar að, en ætli við mundum þá ekki heldur reyna að þreyja þorrann hér á gamla skerinu, a.m.k. við stjórnarandstöðuþm.

En það er rétt að staldra aðeins við þessar skattaálögur. Hæstv. fjmrh. flutti hér mjög langa ræðu. Það var ekki talað um málþóf þá. Hann talaði hér í nærri einn og hálfan klukkutíma. Og ég rifja það upp hér að í hinum miklu og löngu umræðum sem urðu um stjórnarfrv., bæði fyrir og um hátíðarnar og hér í upphafi árs, þá vorum við stjórnarandstöðuþm. mjög sakaðir um það, bæði af hálfu stjórnarþm. og af hálfu ýmissa fréttamanna, sem sáu ástæðu til að taka undir með stjórnarþm., að við töluðum allt of lengi. Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hefði verið hvað drýgstur í hópi þeirra sem töluðu lengi, einmitt í umræðunum um stjórnarfrv. hér um og eftir hátíðarnar. Og hann er trúr sinni köllun því að hann hefur flutt hér langlengstu ræðuna í dag og ætti eiginlega að vera réttnefndur konungur málþófsmanna. En hann talaði um það að þessi ríkisstjórn hefði verið mjög dugleg, hún hefði verið mjög athafnasöm og vísaði því til föðurhúsanna þegar menn voru að tala um aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það er nú einu sinni svo að verkstjóri sem hefur verkamenn í vinnu hjá sér og setur einn þeirra til að grafa skurð, kemur svo kannski að lokum dags til að sjá hvernig gengur með skurðinn og kemst að því að verkamaðurinn hefur grafið skurðinn á algjörlega vitlausum stað. Nú, verkamaðurinn að sjálfsögðu hefur verið mjög duglegur kannski allan daginn en verkið er bara gagnslaust. Það er ekkert gagn í því. Hann gróf skurðinn á vitlausum stað. Ég held það megi lýsa aðgerðum ríkisstjórnarinnar á þennan hátt að þessar aðgerðir reynast okkur gagnslausar þegar á hólminn kemur. Þær eru á vitlausum stað.

Skattbyrðin sem stefnt er að fyrir árið 1988, eins og ég gat um áðan, er langmesta skattaálagning sem þjóðin hefur nokkru sinni upplifað. Það stefnir í að skattbyrði fari yfir 26% af vergri landsframleiðslu sem er langhæsta skattprósenta sem við höfum séð. Það er talað um að eitt ár í upphafi ríkisstjórnar Gunnars heitins Thoroddsens hafi skattaálögur nálgast þetta mark, en við verðum að hafa það hugfast að þá voru ytri aðstæður allt aðrar. Bæði er þjóðarframleiðslan, þ.e. þjóðartekjurnar, miklum mun hærri í dag en þær voru þá og þá voru ytri aðstæður fyrir þjóðarbúið mjög óhagstæðar, olíuverð var mjög hátt og fiskafurðir okkar seldust frekar illa á erlendum mörkuðum. Nú eru skilyrðin miklu hagstæðari og þrátt fyrir þetta þarf að keyra skattheimtuna upp í það almesta sem nokkru sinni hefur sést. Það er ansi fróðlegt að sjá hv. þm. Sjálfstfl. í kór rétta upp hönd þegar verið er að skrúfa skattheimtuna upp í það mesta sem þjóðin hefur nokkru sinni séð.

Það er alltaf talað um að það hafi þurft að taka allt tekjuöflunarkerfi ríkisins til endurskoðunar, þessi margfræga hreingerning hæstv. ráðherrans á tekjuöflunarkerfinu. En það hefur ekkert verið talað um að taka útgjaldakerfi ríkissjóðs til hreingerningar. Hefði ekki verið nær að halda sig við upphafleg markmið og jafna halla ríkissjóðs á þremur árum og nota þá þessi þrjú ár til þess að efna til allsherjarhreingerningar á útgjaldahlið ríkisins? Það er ágætt að ætla sér bara að koma við hreingerningu á tekjuhlið ríkissjóðs en láta síðan útgjöldin eiga sig, þau megi vera hin sömu og þau hafa alltaf verið.

Mér sýnist, af minni reynslu úr sveitarstjórnarmálum, að það sé farið alveg öðruvísi að þegar verið er að setja upp fjárhagsáætlun fyrir ríkisvaldið í samanburði við það sem er gert þegar verið er að stilla upp fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélögin. Hjá vel reknum sveitarfélögum er yfirleitt þannig staðið að að fyrst er athugað hverjar muni verða tekjur sveitarfélagsins. Það er byrjað á því að reikna út hvað útsvörin muni gefa af sér, hvað sveitarfélagið muni fá inn í tekjur af aðstöðugjöldum og fasteignagjöldum o.s.frv. Að því loknu er byrjað að athuga hver útgjöldin geti orðið. Mér sýnist hins vegar að hér sé hafður sá hátturinn á að útgjöldin eru athuguð fyrst, það er stillt upp útgjaldahliðinni, og svo eru skattar auknir þangað til komnar eru tekjur inn fyrir þessum útgjöldum.

Það er talað um að skattkerfið hafi verið ónýtt. Við hefðum að sjálfsögðu ekkert haft á móti því að taka þátt í að laga þetta skattkerfi. Eitt af því sem var lögð höfuðáhersla á í þessari hreingerningu á tekjuöflunarkerfinu var að koma á nýju söluskattskerfi þar sem yrði lagður söluskattur á miklu breiðari stofn en áður var. Þetta fól m.a. í sér að það var lagður söluskattur á matvæli. Matarskatturinn er það sem þessi ríkisstjórn mun væntanlega verða frægust fyrir og spurningin er: Var engin önnur leið til?

Hæstv. sjútvrh. auglýsti m.a. eftir því hvort stjórnarandstaðan hefði einhverjar skoðanir í þessu efni. Ég get reynt að kynna hér hugmyndir okkar í skattamálum. Ég hef alla tíð verið mjög efins um að það sé eitthvert vit í því að innleiða skattkerfi sem er hannað og búið til fyrir stóru þjóðfélögin í Evrópu. Virðisaukaskatturinn svokallaði er fundinn upp og má segja hannaður, svo ég taki mér það orð í munn, fyrir milljónaþjóðfélögin í Evrópu sem eru með allt annarri efnahagslegri uppbyggingu en þetta litla þjóðfélag langt norður í Dumbshafi. Við skulum taka sem dæmi lönd eins og Þýskaland, Frakkland og jafnvel Danmörk. Ætli það sé ekki nálægt lagi að um 80% af öllum neysluvörum sem eru til sölu í verslunum í þessum löndum séu framleiddar í landinu sjálfu? Aðeins um 20% eru innflutt. Á Íslandi er þetta öfugt. Hér eru u.þ.b. 80% af öllum neysluvörum, sem eru til sölu hér í búðum og almenningur kaupir daglega, innfluttar vörur, en kannski ekki nema 20% af neysluvörum framleiddum í landinu sjálfu. Það sjá allir menn að það þarf að

vera allt annað skattkerfi sem hentar í litlu þjóðfélagi eins og við búum í.

Síðan er annað. Í tengslum við tolla- og viðskiptasamninga milli ríkja hefur verið lögð á það áhersla að það eigi að forðast sem allra mest að leggja á skatta við landamæri. Þetta er ofur eðlileg og skiljanleg krafa af hálfu t.d. Evrópulandanna sem eru öll með landamæri þannig að vöruflutningar eiga mjög greiðan aðgang yfir þessi landamæri. Þar fara vöruflutningar fram með bílum og járnbrautarlestum og það tekur kannski nokkra klukkutíma að flytja vörur úr einu landi í annað. Það er ósköp eðlilegt að þessi lönd vilja ekki taka upp landamæraskatta. Það sjá allir menn. En til Íslands koma allar vörur með flugvélum eða skipum til hafna á Íslandi. Það er allt önnur flutningsaðstaða á varningi til Íslands en gerist í Evrópulöndunum. Þetta segir okkur að það er miklu eðlilegra að vera með landamæraskatta í landi eins og Íslandi meðan í löndum eins og í Vestur-Evrópu er ósköp eðlilegt að reynt sé að forðast landamæraskatta. En því í ósköpunum ætlum við þá að taka upp skattkerfi sem er hannað einmitt og miðað við þær forsendur, sem gilda í Efnahagsbandalagslöndunum, að það beri að forðast landamæraskatta og miða við að meginþorri alls neysluvarnings, sem er til sölu í landinu, sé framleiddur í landinu sjálfu? Það segir sig sjálft að við hljótum að þurfa að búa okkur til alveg sérhæft skattkerfi sem tekur einungis mið af íslenskum aðstæðum. Það er þetta sem við höfum lagt áherslu á í stefnuskrá Borgarafl., að taka hvern einasta málaflokk og brjóta hann til mergjar og leita að þeirri stefnu sem hentar best fyrir þetta fámenna þjóðfélag norður í Dumbshafi, eins og ég sagði áðan, en ekki apa eftir einhverjar erlendar hagfræðikenningar sem eru allar saman stílaðar upp á milljónaþjóðfélög sem búa við allt aðrar aðstæður en hér gerast. Þess vegna létum við á sínum tíma kanna lauslega hvort það væri möguleiki á því að taka upp söluskatt í tolli, fella niður allan söluskatt á þjónustu innan lands og af smásöluversluninni, en láta samkeppnisfyrirtækin, sem samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eru ekki nema 2500 talsins, greiða bókhaldslegan virðisaukaskatt. Það yrði framkvæmt með þeim hætti að þau fyrirtæki þyrftu ekki að greiða söluskatt af aðföngum, þau mættu í staðinn bókfæra söluskatt sem væri á aðföngum til þeirra án þess að greiða hann, en yrðu síðan að skila ríkinu að lokum virðisaukaskatti, þ.e. söluskatti af framleiðsluvörunni þegar hún yfirgefur fyrirtækið, en þá yrði um leið dreginn frá sá bókfærði söluskattur sem var á aðföngum til fyrirtækisins. Þetta skattkerfi væri margfalt einfaldara og að sjálfsögðu væri enginn matarskattur á innlendum matvælum í þessu kerfi. Hins vegar mundi ég ekkert amast við því þó að það kæmi fullur skattur á innflutt matvæli. Ég mundi ekkert sjá eftir því. En mér hrýs hugur við því að horfa upp á það að það sé kominn söluskattur á innlenda matvöru því að nógu var hún dýr fyrir.

Það var talað um hér áðan, ég held að það hafi verið hæstv. fjmrh., að í Svíþjóð og í Danmörku, það var víst aðallega í Svíþjóð, hefðu launþegasamtökin eitthvað verið að amast við virðisaukaskatti á matvæli. Síðan hefðu einhverjir spámenn og sérfræðingar reiknað út að það gagnaði launþegahreyfingunni þar mest að það skyldi einmitt vera virðisaukaskattur á matvælum. Það er talað um að það sé fullur virðisaukaskattur á matvælum í Danmörku, 22%, og þetta nota menn svo til að rökstyðja að það sé allt í lagi að taka upp matarskatt á Íslandi. En menn átta sig ekki á einu. Matvara í þessum löndum er ekkert dýr. Hún þolir vel 22% virðisaukaskatt án þess að hún verði svo dýr að almenningur hafi ekki efni á að kaupa hana. Matvara hefur hins vegar ávallt verið dýr á Íslandi af ofur eðlilegum ástæðum vegna þess að skilyrði til landbúnaðar á Íslandi eru ekki mjög hagstæð. Við verðum að viðurkenna þá staðreynd að við búum svo norðarlega að landbúnaður hlýtur alltaf að eiga erfitt uppdráttar. Landbúnaðarframleiðsla á Íslandi verður alltaf dýr í samanburði við aðrar þjóðir. Þess vegna er gjörsamlega útilokað að það sé hægt að skattleggja hana á sama hátt og nágrannalöndin gera sem hafa mjög hagstæðan landbúnað, geta framleitt sínar landbúnaðarafurðir á miklu ódýrari og hagkvæmari hátt en við gerum. Það er alveg út hött, enda á eftir að koma á daginn að launþegar fara hér á vonarvöl ef það á að verða að laun eigi ekki að hækka nema um 13% það almesta og sagt að það sé langt umfram það sem þjóðfélagið þoli, en síðan koma matarskattarnir á fullu. Það skal viðurkennt að ákveðið var að greiða niður söluskatt á mjólk, dilkakjöti. — Var það ekki í heilum skrokkum? Mig minnir endilega að þegar hæstv. fjmrh. fór út í búð og keypti sér kótilettur var kominn fullur matarskattur á þær. Eitthvað minnir mig að það hafi komið fram í sjónvarpinu þó svo að þar hafi einnig komið fram, löngu fyrr reyndar, að hæstv. fjmrh. er lítið í því að kaupa lambakjöt.

En það er annað sem kom fram í umræðum um fjárlagafrv. um jólin. Það var að sú upphæð sem á að fara til niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum er föst, þ.e. hún er ekki háð verðbreytingu. Það þýðir að sjálfsögðu að það mun draga úr niðurgreiðslu á þessum afurðum eftir því sem líður á árið, eftir því sem verðbólgan æðir áfram, en það virðist allt stefna í að það verði hér 30% verðbólga eins og sumir hæstv. ráðherranna hafa bent réttilega á.

Ég vildi segja frekar frá þessum hugmyndum. Við höfum ekki haft aðstöðu til að láta reikna þetta nákvæmlega fyrir okkur eða kanna nema það var athugað lauslega af Þjóðhagsstofnun fyrir okkur í kosningabaráttunni að taka söluskatt í tolli af öllum innfluttum vörum og taka síðan upp bókhaldslegan virðisaukaskatt hjá þessum 2500 samkeppnisaðilum. Ég vek athygli á þessari hugmynd sem dæmi um hugmyndir sem skoða mætti betur áður en farið er að apa eftir eitthvert virðisaukaskattskerfi stórþjóðanna úti í Evrópu.

Það hefur margt verið sagt um efnahagsmál og ég

veit ekki hvort það er ástæða til að lengja þessar umræður öllu meira. Mig langar þó að lokum að fjalla aðeins um fastgengisstefnuna svokölluðu. Það er búið að tala mikið um hana. Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir það með hæstv. ráðherrunum að það er í sjálfu sér orðin úrelt lausn að í hvert skipti sem fyrirtæki eða hluti atvinnurekstrar í landinu stendur höllum fæti sé argað á gengisfellingu. Síðan kemur þessi víxlverkun: gengisfelling, auknar kröfur um launahækkanir o.s.frv. En hins vegar þýðir ekkert að loka augunum fyrir þeirri staðreynd að ef verðlag í landinu, allur kostnaður, verð á þjónustu með meiru, æðir upp um tugi prósenta á einu ári meðan genginu er haldið föstu hlýtur að enda með því að innlend framleiðsla getur pakkað saman því hún getur ekki keppt við erlenda framleiðslu þar sem verðbólgan er langtum, langtum minni án þess að gengið breytist þá að sama skapi. Sumir hafa gengið svo langt að halda því fram að gengið falli hér á hverjum degi vegna þess að þjónustan innan lands hækkar miklu meira en þjónusta erlendis. Það er miklu meiri verðbólga hér en í nágrannalöndunum. Þetta gerist þrátt fyrir að genginu sé haldið föstu.

Það var flutt í Sþ. mjög merkileg tillaga um að tengja íslenska gjaldmiðilinn við einhvern erlendan gjaldmiðil og láta hann fylgja honum. Ég spyr hvort það gagni nokkuð. Mundi ekki eftir sem áður verðlag og þjónusta hér innan lands geta vaðið upp úr öllu valdi þó svo að við mundum t.d. binda íslensku krónuna við jafnvel þýska markið? Við sætum þá allt í einu uppi með þýskt mark. Við getum jafnvel tekið upp þann gjaldmiðil hér á Íslandi. Við sætum þá uppi með þýskt mark sem væri miklu minna virði hér en það væri í Þýskalandi. Ég sé ekki að þetta leysi neitt í sjálfu sér. Við hljótum að þurfa að taka mið af þessu. Ég vil því taka aftur undir með hv. 10. þm. Reykv., sem eins og ég sagði í upphafi máls míns er orðinn óvæntur liðsmaður stjórnarandstöðunnar á þingi, að þetta gengur ekki svona öllu lengur því að það hlýtur að vera albrýnasta verkefnið sem við eigum fram undan að ráðast á viðskiptahallann og reyna að minnka hann. Það gerum við ekki með þeim hætti að hvert útflutningsfyrirtækið á fætur öðru leggi upp laupana vegna þess að allur kostnaður innan lands hefur vaðið upp um tugi prósenta en verð útflutningsvörunnar stendur í stað. Það sjá allir menn. Það verður eitthvað að gera til að laga þetta. Það er að vísu rétt og allur almenningur tekur undir það að menn eru dauðþreyttir á svokölluðum gengisfellingum. Það voru þó fundin upp ýmis ráð áður fyrr. Það var talað um gengissig og síðan kom gengissig í einu stökki. Nú ég vildi að lokum kenna hæstv. ráðherrunum eina aðferð enn. Hún er sú að það þarf ekkert annað en laga myntvogina. Það þarf ekkert annað en breyta vægi bandaríkjadals í myntvoginni, leiðrétta myntvogina. Þá breytist gengið af sjálfu sér. Ég mundi ekki einu sinni kalla það gengisfellingu. Það er einungis verið að tala um að laga myntvogina, auka vægi dollarans í myntvog. Mikill hluti útflutningsframleiðslu okkar er í dollurum og ef vægi dollarans yrði aukið í myntvoginni mundi gengið að sjálfsögðu breytast. Það mætti kalla það leiðréttingu myntvogar. Auðvitað er það gengisfelling, en ef menn vantar nafn á þetta er þetta ein leið.

Virðulegur forseti. Ég held ég láti þetta nægja að sinni. Ég hef lokið máli mínu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu um efnahags- og kjaramál er rétt að minnast þess að þrátt fyrir allt það tal um slæma afkomu þjóðarbúsins, sem heyrst hefur að undanförnu, erum við langt frá því að vera illa sett hvað ytri aðstæður varðar þó að þær séu e.t.v. ekki eins hagstæðar og á síðasta ári. Sjávarafli hefur aukist hin seinni ár og aldrei verið meiri útflutningstekjur en á síðasta ári. Við höfum ekki orðið fyrir neinum meiri háttar áföllum. Við höfum búið við einstakt góðæri. Og þó að einhver samdráttur verði nú á tekjum er hagur okkar betri en oft áður. Hvað er þá að? Þar kemur ýmislegt til.

Þeir sem ráða ferðinni í efnahags- og atvinnumálum okkar hafa sýnt ábyrgðarleysi. Þeir hafa magnað upp verðbólgu með gegndarlausum innflutningi og offjárfestingu og margfaldað launabilið í landinu með þvílíku launaskriði að meðaltalskaupmáttur hefur sjaldan verið hærri þó að fjöldi launafólks hafi tæpast fyrir nauðþurftum. En ráðamenn einblína sífellt á meðaltalið, sem ekki nokkur lifandi maður tekur upp úr umslaginu sínu mánaðarlega, og þeir telja að allt sé harla gott.

Um aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í peningamálum og áhrif þeirra má ýmislegt segja. Þær áttu að miða að því að auka sparnað og draga úr þenslu og fjárfestingu, en lítið bólar á því að svo muni verða, a.m.k. ef litið er til þess að Reykjavíkurborg hefur engan veginn undan að úthluta lóðum til húsbygginga.

Eitt er það sem enginn hefur vikið að í þessari umræðu en er afleiðing þenslunnar sem aðallega birtist hér á suðvesturhorninu. Vita menn hvað það kostar núna að leigja sér húsnæði? Vita menn að þriggja herbergja íbúð fæst nú ekki leigð í Reykjavík fyrir minna en 32–40 þús. kr. á mánuði? Það er hvergi tekið með þegar reiknað er hvílík blessuð tekjuaukning hefur fallið mönnum í skaut í kjölfar efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar. Það er líka vitað mál að helst fæst ekki íbúð nema að borga 3–6 mánuði fram í tímann. Og hvernig á lágtekjufólk að komast af sem ekki á húsnæði? Það skyldi ekki vera að húseigendur hefðu möguleika á að skjóta leigutekjum undan skatti. Og það skyldi ekki vera að þeir sem eru að greiða niður skuldir vegna húsbygginga greiði mánaðarlega í vexti áþekkar upphæðir og það sem ég nefndi um húsaleiguna.

Háir vextir áttu að vera eitt hagstjórnartækið til að minnka eftirspurn eftir lánsfé og auka sparnað. En sú hefur ekki orðið raunin. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar er aftur á móti að sliga atvinnurekstur-inn í landinu og er öllum þeim þung í skauti sem

skuldabyrðar bera og þar á ég ekki síst við þá sem eru að kikna undan skuldum vegna húsbygginga. Þrátt fyrir allar hagfræðikenningar hefur aldrei sannast að háir vextir leiddu til sparnaðar. Og um þessa vaxtastefnu yfirleitt vísa ég til umræðna í gær þar sem hún var harðlega gagnrýnd af stjórnarliðum jafnt sem stjórnarandstæðingum og flestir töldu að hún ýtti undir verðbólguna sem nú er að aukast óhugnanlega. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er að lenda í ógöngum. Það er sama hvernig reiknað er.

Undirstöðuatvinnuvegirnir verða að hafa skilyrði til að greiða mannsæmandi laun og fyrsta og síðasta skilyrðið til þess að þeir hafi það er að lækka verðbólguna. Ríkið á að fara sér hægt í samkeppni á lánsfjármarkaðnum. Verðlagi verður að halda í skefjum, ekki láta það æða upp eins og nú er greinilega að gerast. Það verður að hafa hemil á þenslunni og viðskiptahallanum og það verður að hamla móti hinum gegndarlausa innflutningi og koma jafnvægi á utanríkisviðskiptin. Vanhugsaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa blásið að verðbólgunni og valda því að nú krefst verkafólk leiðréttingar á kjörum sínum. Halda menn að aðgerðir eins og matarskatturinn verði ekki til þess að auka launakröfur? Veit hæstv. fjmrh. að mánaðarlegar barnabætur með þrem börnum nægja varla til að greiða dagvist fyrir eitt barn? Halda menn yfirleitt að fólk geti lifað einhverju lífi á launum sem eru á bilinu 33–40 þús.?

Hæstv. fjmrh. beindi áðan þeirri fsp. til Kvennalistans hvað væri lúxus. Ég get upplýst hann um að þegar blessun matarskattsins hefur fallið á það sem enginn maður getur án verið, daglegt fæði, og fólk hefur reitt af höndum greiðslu fyrir það er svo lítið eftir af launum þess, hvernig svo sem spekingar hagræða því með reiknikúnstum, að flest annað sem menn þurfa er orðið lúxus. Ein af orsökunum til hinnar margumtöluðu upplausnar fjölskyldunnar í nútímaþjóðfélagi er sú að það kostar óhóflegt vinnuálag að framfleyta henni. Við höfum nóg til skiptanna í þessu þjóðfélagi til að allir hafi nóg á milli handanna, en skiptingin er ekki réttlát. Það verður að tryggja að lægstu laun nægi til framfærslu og tryggja atvinnuvegunum skilyrði til að geta greitt þau.

Ég vil í því sambandi minna á að á tveim síðustu þingum hafa þingkonur Kvennalistans borið fram frv. um lágmarkslaun sem dugi til framfærslu einstaklings, en þau hlutu ekki náð fyrir augum hv. þm. Í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sl. vor sem við kvennalistakonur tókum þátt í með nokkrum núverandi ráðherrum snerist umræðan að miklu leyti um afkomu heimilanna og fyrst og fremst þeirra sem lægstu tekjurnar hafa. Öll vorum við sammála um að engir gætu lifað af lægstu launum sem viðgangast í landinu, en við gátum hins vegar ekki sameinast um leiðir til að leiðrétta það ranglæti og því fór sem fór. En krafa okkar var sú að fest væri í lög að laun væru ekki lægri en svo að þau dygðu til framfærslu einstaklings. Er það ósvífin krafa? Viðmælendur okkur héldu hins vegar fast við Mesópótamíulögmálið svokallaða, sem hagfræðingar þeirra töldu óumbreytanlegt, og töldu að þeir gætu lagfært kjör lágtekjufólks á annan veg og varanlegri en að lögbinda lágmarkstekjur við framfærslukostnað. Úrræði þeirra höfum við nú séð og þau hafa ekki reynst betur en svo að nú rís fólk upp og krefst kjaraleiðréttinga og hærri launa.

Út af fyrir sig er afstaða hagfræðinga mjög einkennileg. Þrátt fyrir framfarir um aldir, iðnbyltingu og tæknibyltingu virðast þeir sáttir við það launabil sem þeir telja að haldist hafi óbreytt síðustu 3000 árin og virðist ekki koma til hugar að rétt sé að breyta því né heldur að það sé hægt. Þeir sýnast haldnir einhverri stöðnun sem hindrar skapandi hugsun. Hvernig væri að þeir tækju sig saman og hættu nú að láta glamra í kvörnunum en fyndu leiðir til að hindra að hækkanir á lægstu laun gangi sífellt sjálfkrafa upp allan launastigann og fyndu leiðir til að minnka launabilið? Ég set þessa uppástungu fram hér af því að augljóst er að af sjálfsdáðum fara þessir vísu menn ekki að nota menntun sína og færni á þennan hátt. Hugsanir þeirra og hugmyndir eru skorðaðar í öðru fari.

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég verð að segja fyrst að þau orð sem talsmaður Kvennalistans, hv. 7. þm. Norðurl. e., sagði áðan voru mjög eftirtektarverð og er nauðsynlegt að þm. Kvennalistans, annaðhvort við þessar umræður eða þá við annað tækifæri síðar, útskýri fyrir þingheimi frekar hvað við sé átt þegar talað er um að unnt eða gerlegt sé að bæta kjör þeirra sem verst eru settir með lagasetningu frá Alþingi. Fyrr í þessari umræðu minnti hæstv. sjútvrh. á að það hefði verið gert með lögum í febrúarmánuði 1978. Ég vil segja að það hafi verið djarfasta tilraun sem gerð hafi verið til þess að koma til móts við þá lægst launuðu og var þar gripið á ýmsum kjaraatriðum einmitt með þeirri löggjöf. Við munum að út úr því varð mikil sprenging. Upp úr því urðu til slagorð eins og „Kjarabarátta er kosningabarátta", „Samningana í gildi" og þar fram eftir götunum. Ég er alveg handviss um að sá hv. þm. sem er formaður þingflokks Kvennalistans hafi á þeim tíma snúist öndverður við þessari lagasetningu og hrópað ekki síður en aðrir félagar í Alþb. að samningana skyldi í gildi, að þessi lög um lágmarkslaun skyldu brotin niður. Það er þess vegna mjög bagalegt nú, þegar þessi rödd hefur heyrst hér frá Kvennalistanum, að ekki skuli vera hér inni neinir fulltrúar Kvennalistans sem geti útskýrt við umræðurnar hvort Kvennalistinn hafi nákvæmlega í huga að fara þá leið sem þá var farin til að bæta lægstu launin eða hvort Kvennalistinn hefur aðrar hugmyndir uppi. Auðvitað er tal af þessu tagi gagnslaust með öllu ef þeir sem bera hugmyndina fram eru ekki reiðubúnir að lýsa henni í einstökum atriðum að sínu leytinu eins og Alþfl. á

sínum tíma þegar hann talaði um stóreignaskattinn og lagði fram um hann þáltill. hér á Alþingi en fékkst ekki til að skýra hvað fyrir honum vekti í lagafrv. þannig að þingið gæti formlega tekið afstöðu til hugmyndarinnar og velt því fyrir sér á hverjum sú skattheimta bitnaði fyrst og fremst og hvað var þar á ferðinni.

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur verið mjög athyglisverð í dag og ég hef verið að hugsa um það nú áður en ég tók til máls a.m.k. að það er synd að allur sá mikli fjöldi sem hefur tekið þátt í skoðanakönnunum að undanförnu skuli ekki hafa fengið tækifæri til að hlýða á þessa umræðu því það er greinilegt á þeim málflutningi sem hér hefur verið að það er alger vendipunktur í stjórnmálaumræðunni, í efnahagsumræðunni nú með þessari efnahagsumræðu. Ég er mjög þakklátur hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hann skyldi hafa átt upptökin að efnahags- og kjaraumræðunni núna, en ég vil líka segja að þessi langa og ítarlega umræða, sem fram fer í þinginu nú, vekur upp þá spurningu hvort ekki sé rétt að athuga um hvað það mundi kosta að á einhverri rás Ríkisútvarpsins yrði útvarpað öllum umræðum frá Alþingi þannig að fólkið sem kýs menn á þingið geti fylgst náið með þeim málflutningi sem hér fer fram, geti t.d. fylgst með því hvort málþófi hafi verið uppi haldið nú fyrir áramót og jól og hvort víst sé að allt sem þá t.d. var sagt hafi verið sagt af hjartans einlægni eða til að standa sem lengst í pontunni og má kannski segja að þagnarræðan hafi verið innihaldsríkust, a.m.k. á vissu stigi þeirrar málþófsumræðu sem þá fór fram.

Það er eitt sem vekur líka umhugsun þegar maður hlýðir á umræður eins og þessar, hversu hún fer út um víðan völl og hversu erfitt er að átta sig á því, þegar maður hlustar á alla þessa ráðherra og alla þessa þingmenn, hvað það sé í raun og veru sem meiri hluti þm. vill leggja höfuðáherslu á. Hvað er það sem við teljum brýnast, hvaða markmið eru það í efnahagsmálum sem við teljum nú brýnast að náð sé? Það var eftirtektarvert í því samhengi að ýmsir þm. töluðu annars vegar um að útflutningsatvinnuvegirnir væru í mikilli hættu, að samkeppnisiðnaðurinn væri í hættu og sumir sögðu að byggingariðnaðurinn úti á landi væri að stöðvast. Samt sem áður kom ekki fram hjá þessum sömu mönnum neinn ótti við að atvinnuleysi væri fram undan né heldur hitt að kjaraskerðing væri e.t.v. nauðsynleg til þess að við gætum haldið fyrirtækjunum gangandi. Kannski sýnir ekkert atriði jafnvel og þetta hversu vel hefur tekist til um stjórn landsins nú á síðustu missirum og árum að við umræðurnar núna skuli þessi þanki ekki koma upp þrátt fyrir öll stóru orðin. Og það er kannski enn merkilegra fyrir þá sök að þegar sú ríkisstjórn var mynduð sem var á undan þessari, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, óttaðist þjóðin öll að til alvarlegs atvinnubrests kynni að koma vegna efnahagsástandsins þá og við munum að á þeim tíma beitti forseti Íslands sér fyrir því að hér yrðu hafðar hraðar hendur um myndun meirihlutastjórnar og lá í loftinu að að öðrum kosti yrði mynduð utanþingsstjórn fyrir 1. júní 1983. Nú er þessi ótti ekki uppi. Þeir þm. sem hér hafa talað í stjórnarandstöðu nú hafa ekki uppi neinn ótta um þetta. Sá grundvöllur að atvinna sé í landinu er í hugum allra hv. þm. sem ég hef hlýtt á hér í dag. Ég þurfti að vísu að bregða mér einu sinni aðeins frá, en ég hygg að það hafi ekki komið fram þar heldur. Þeir hafa í stórum dráttum haldið sig við það að atvinnuástandið væri svo gott að ekki þyrfti að óttast atvinnubrest. Þetta er mjög athyglisvert.

Annað, sem mér þótti líka mjög athyglisvert, kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn. áðan þegar hann hélt því fram í sínu máli að Íslendingar væru, sem er auðvitað rétt, háðari útflutningi og innflutningi, utanríkisviðskiptum, en aðrar þjóðir. Þetta er auðvitað rétt. Það er þetta sem veldur því að íslenska hagkerfið er viðkvæmara fyrir sveiflum en hin stóru hagkerfi þar sem viðskiptin eru meiri inn á við og hinar stóru sveiflur, sem við verðum t.d. fyrir í fiskafla eða verðum fyrir ef einhver einn meiri háttar markaður okkar bregst, verða ekki. Í máli forseta Alþýðusambands Íslands fyrir tveim dögum, þegar verið var að ræða um það hvernig við Íslendingar gætum aðlagað okkur hinum stóra markaði EBE eftir 1992, kom fram hjá honum í innskoti: Þessar náttúrlegu sveiflur eins og okkar íslenska þjóðfélag hlýtur alltaf að verða fyrir og við verðum að búa okkur undir. Það eru þessar náttúrlegu sveiflur sem hafa valdið okkuð erfiðleikum að halda hér sama stöðugleika í efnahagslífinu og nauðsynlegur er til þess að við getum stefnt að því með öruggri vissu að halda verðbólgunni í skefjum jafnharkalega og gert er í þeim iðnvæddu stórþjóðum sem við berum okkur saman við. En ég komst hins vegar alveg að annarri niðurstöðu en hv. 7. þm. Reykn. Ég mundi geta ímyndað mér að Rauða-Kína með múrinn í kringum sig, með öll milljónahundruðin innan múrsins, gæti byggt sér upp eitthvert sérstakt skattkerfi, einhvern sérstakan gjaldmiðil sem er óháður umhverfinu, eitthvert sérstakt Rauða-Kína skattkerfi. Á hinn bóginn held ég að við vegna þessara miklu utanríkisviðskipta séum nauðbeygðir til að haga skattheimtunni á atvinnuvegina hérna í sem mestu samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Og auðvitað mundi það vera mikil uppgjöf fyrir fram ef við mundum nú, þegar þessi stóri og sterki markaður er að styrkjast og myndast, gefast upp fyrir fram í þeirri samkeppni sem þar hlýtur að verða og sem við hljótum að reyna að gerast aðilar að. Þó við treystum okkur ekki til þess að ganga inn í Efnahagsbandalagið, eða Evrópubandalagið eins og það heitir nú, hljótum við að reyna að ná samningum einmitt við þetta bandalag um gagnkvæm tollfríðindi. Þess vegna held ég að sé nauðsynlegt að við búum okkur undir þetta ekki aðeins með því að lagfæra tekjuöflunarkerfið. Ég verð að vísu að viðurkenna að ég hef aldrei séð neina útlistun á því sem kallað er söluskattur í tolli og bókhaldslegur virðisaukaskattur hjá þjónustuaðilum. Ég hef ekki

séð þetta útfært og skal ekki um það ræða, en ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar almennt að við eigum að reyna að samræma skattkerfið hér á landi og af þeim sökum er ég mikill fylgismaður virðisaukaskatts.

Það er laukrétt hjá hæstv. fjmrh. að þessi ríkisstjórn hefur gert meira kannski en nokkur önnur ríkisstjórn í sambandi við tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs á stuttum tíma. En hitt er mikill misskilningur hjá honum ef hann heldur að þetta verk hafi allt verið unnið á þessum haustmánuðum. Það er mikill misskilningur. Það var búið að setja lögin um staðgreiðsluna. Tollalög var búið að setja og átti eftir að staðfesta tollskrána. Það var búið að leggja fram tvö frv. um virðisaukaskatt. Mér þykir nú leiðinlegt, eins fast og ég studdi formann Borgarafl. á sínum tíma sem fjmrh., ef hann er alveg fallinn frá þeim hugmyndum sem við þá höfðum um virðisaukaskattinn og ég hafði satt að segja vænst þess að hann mundi hjálpa okkur að koma því í gegnum þingið. En við sjáum nú til. Þegar hann les þessa pappíra á nýjan leik, þegar rifjast upp fyrir honum hans eigið handaverk á þeim skulum við vona að hann komi til liðs við okkur því við viljum alltaf fá góða liðsmenn, ekki neita ég því. En auðvitað var þetta allt saman meira og minna undirbúið, sumt að fullu unnið. En hitt er líka rétt að þegar nýr aðili kemur í ríkisstjórn er nauðsynlegt að fara yfir þetta allt saman aftur og þá koma upp viss atvik sem menn eru ekki algerlega sammála um og þurfa að semja um á nýjan leik. En niðurstaðan hjá hæstv. fjmrh. er rétt. Þessi ríkisstjórn hefur lyft grettistaki í sambandi við fjáröflunarkerfið og við eigum eftir að gera betur. Frv. um virðisaukaskatt verður lagt fram á þinginu nú á næstu vikum og það frv. verður afgreitt á vorþinginu þannig að virðisaukaskattur kemur í stað söluskatts um næstu áramót sem þýðir í fyrsta lagi að það bætir stöðu útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisiðnaðarins, það styrkir smáfyrirtækin í landinu vegna þess að margvísleg aðföng og þjónusta sem þau þurfa að kaupa en eru inni í stóru samsteypunum eins og SÍS verða ekki tvísköttuð eins og er samkvæmt núgildandi kerfi. Þess vegna mun virðisaukaskatturinn í fyrsta lagi styrkja okkur gagnvart erlendum innflutningi, í samkeppninni erlendis með okkar útflutningsvörur og hann mun styrkja frjálsa samkeppni og litlu fyrirtækin. Þessu hefðum við af lagatæknilegum ástæðum getað dembt inn um áramótin, en á hinn bóginn var ekki talið að skattkerfið mundi þola það samtímis öllu öðru sem var að gerast og sú er skýringin á að þetta var ekki lögfest.

Ég hlustaði með mikilli athygli á það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði þegar hann var að tala um þá miklu eignatilfærslu sem hefði verið vegna rangrar gengisskráningar og tók eftir því að hann sagði að hann mundi gera þá kröfu að ríkisstjórnin gripi til aðgerða til að ná jafnvægi í viðskiptunum við útlönd. Nú er sá hv. þm. ekki hér inni, en væri fróðlegt að fá að vita nákvæmlega hvað hann var að fara með þessum ummælum.

En auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að gengi krónunnar er núna hátt skráð. Þetta vitum við. Við vitum líka að gengi krónunnar hefur oft áður verið hátt skráð. Það var t.d. mjög hátt skráð stundum á árum viðreisnarstjórnarinnar, en mikið hefur verið vitnað til þess tímabils, og væri fróðlegt að fá t.d. samanburð nú eða á árinu 1967 þegar mikla gengisfellingin var þá eða á árinu 1968. Auðvitað hafði þá myndast mikil spenna í gjaldeyrismálunum hér á landi, líka vegna þess að á þeim tíma voru verðskuldbindingar óverðtryggðar og ógengistryggðar þannig að gengisfellingin þýddi mikla eignatilfærslu innan lands og létti á augabragði af mikilli skuldabyrði, sérstaklega hjá þeim útflutningsfyrirtækjum sem höfðu staðið undir hallarekstri um hríð. Það er því ekki nýtt að slík spenna myndast í gengismálum. En ég vil út af segja að við erum búnir að reyna það sem kallað var gengissig. Ég man að páv. viðskrh., hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson, kallaði þetta gengisaðlögun í einni ræðu og var gert grín að því. Við erum búnir að reyna þessa leið að láta aðila vinnumarkaðarins semja um kjarabætur sem atvinnuvegirnir og þjóðarbúið standa ekki undir og síðan hefur gengið sigið eða verið fellt og þetta hefur gengið svona jafnt og þétt. En menn eru svo fljótir að gleyma að jafnvel maður eins og hv. 7. þm. Reykn. talar nú um að rétt sé að taka upp launa- og lánavísitölu og slengja í eitt, eins og það mundi bæta eitthvað, sem auðvitað hefði í för með sér, ef aukinn hagvöxtur væri í landinu, að launþegarnir mundu ekki fá að njóta þess einir, en hugsunin var ekki sú. Auðvitað þýðir slík binding tveggja ólíkra þátta í þjóðfélagsgerðinni það að við verðum fyrir tapi fyrr eða síðar. Auðvitað er það svo. Auðvitað getum við ekki búið við þjóðfélag þar sem einn hópurinn, aðilar vinnumarkaðarins, á að hafa það fyrir sérstakt hlutverk að semja um launakjör og lífskjör í landinu sem næsti hópur, ríkisstjórnin, á svo sjálfkrafa að taka til baka og allt á þetta að gerast á kostnað krónunnar. Það er þess vegna ekki undarlegt þó að jafnlífsreynd kona og 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir skuli hafa sagt nú við umræðurnar að aðilar vinnumarkaðarins væru þess ekki megnugir að bæta kjörin í landinu. Það vekur þess vegna enga furðu.

En í mínum huga stendur þessi barátta ekki um hvort ríkisstjórnin vikunni fyrr eða síðar kýs að láta gengið síga. Þessi spurning er að verða miklu alvarlegri. Ef þessi alvarlega tilraun, sem nú er gerð til þess að fylgja stöðugleika í gengismálum, fer út um þúfur, er þá ekki skammt í það að við hrösum líka úr því vígi að geta sagt að við höfum sjálfstæðan gjaldmiðil? Þessi þanki er svo ofarlega í hugum manna að jafnvel hv. 7. þm. Reykn. talaði um það áðan að við tækjum t.d. upp þýska markið. En vaninn við að Íslendingar gætu ekki búið við alvörugjaldmiðil var svo sterkur að hann bætti við: En auðvitað yrði íslenska markið verðminna en þýska markið undir eins. Það er þessi þankagangur, það er

þessi hugsun sem við verðum að uppræta í okkur Íslendingum. Við verðum að taka upp þann þjóðernismetnað og það stolt að berjast fyrir því til þrautar að við getum verið menn, ekki aðeins fyrir okkar tungu, ekki aðeins fyrir okkar sögu heldur að við getum líka verið menn fyrir okkar eigin gjaldmiðli og við höfum þrek til þess að standa svo að stjórn okkar efnahagsmála að við getum stjórnað landinu með íslenskri krónu. Um það stendur stríðið nú. Það er svo alvarlegt. Sumir halda því fram að ríkisstjórnin hefði átt að vera búin að grípa inn í og fella gengið. Hvað eru þeir í raun og veru að segja? Það sem þeir eru í raun og veru að segja er að aðilum vinnumarkaðarins sé ekki treystandi. Þeir eru að segja að ríkisstjórnin hafi átt að grípa inn í nú þegar samningalotan stóð sem hæst og segja við aðila vinnumarkaðarins: Hættið að tala saman. Það sem þið eruð að gera verður áreiðanlega vitleysa. Við nennum ekki að bíða eftir því að sjá hvað þið eruð að gera og nú skulið þið bara snauta heim til ykkar í miðjum samningaviðræðunum. Og haldið þið að því hefði verið tekið þegjandi? Haldið þið að það sé leiðin til þess að stjórna landi og bera ábyrgð á þegnum sínum að haga sér með þeim hætti að virða ekki þær leikreglur sem settar hafa verið og láta ekki á það reyna hvort aðilar vinnumarkaðarins geti staðið undir þeirri ábyrgð að semja um laun og kjör fyrir þá umbjóðendur sem þeir standa fyrir? Þetta held ég að sé laukrétt. Ég held að orð gamals fyrrv. forsrh. séu líka rétt: Ef menn hugsa sér að gripið verði til alvarlegra efnahagsráðstafana, ef það er hugmyndin, verður þjóðin auðvitað að hafa fundið að til þess bar brýna nauðsyn og að önnur þau ráð sem tiltæk voru höfðu brugðist. Mitt mat er að svo sé ekki komið. Ég er sammála því í öllum meginatriðum sem ríkisstjórnin hefur gert í þessu efni fram til dagsins í dag. Auðvitað geta menn talað um eitthvert minni háttar atriði sem skiptir ekki máli þegar maður horfir á atburðarásina í heild. Ég er mjög ánægður yfir því hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á kjara- og gengismálunum og hef þá trú að aðrir stjórnmálaflokkar hefðu ekki staðið betur að því þannig að ég er mjög ánægður yfir þessu.

En erfiðleikarnir eru þessir: Hv. síðasti ræðumaður, glögg og greind kona norðan úr landi sem hefur fengist við ýmislegt, hefur bæði fengist við búskap og unnið að ýmsu öðru, komst að þeirri niðurstöðu hér í ræðu sinni að fyrirtækin og heimilin væru bæði jafnilla stödd. Sami tónn var frá ýmsum öðrum. Sá hv. þm. sem á undan henni talaði, hv. 7. þm. Reykn., hafði þá framtíðarsýn að fyrirtækin upp til hópa þyldu ekki vaxtaþungann og heimilin ekki heldur og sá fyrir sér lítinn hóp manna sem stæði uppi með allar eignir Íslendinga. Þannig virðist umræðan vera á þeim nótum að að sé ekki svigrúm fyrir frekari kjarabætur en nú er og þm. í stórum dráttum því sammála því, sem við höfum sagt, að nú sé kominn sá tími að nauðsynlegt sé að standa vörð um kaupmáttinn en ekki stefna að því að hækka hann, sem er það sem við Íslendingar höfum alltaf orðið að gera, menn sem eiga allt sitt undir stopulum sjávarafla. Þjóð sem þekkir þá lífsbaráttu jafnvel og við Íslendingar veit það og er jafnviss um það og tvisvar tveir eru fjórir að ef aukin aflabrögð eru og verð hækkar á mörkuðum má hún vænta betri daga, en ef aflabrögðin dragast saman og ef harðnar á mörkuðunum þýðir það minni tekjur fyrir hvern og einn hér á landi. Þetta vita allir Íslendingar, hver einasti maður.

Ég veit ekki hvort ég á aðeins að víkja að þessu með vextina. Það er laukrétt að raunvextir eru hér of háir og þegar ég tala um að raunvextir séu of háir á ég við að ósköp væri notalegt að þeir væru lægri. En spurningin er á hinn bóginn: Hvernig ætlum við að ná því marki að lækka vextina? Við vitum það, sem höfum talað við fólk á ýmsum stöðum á landinu, að það var mikill framtaks- og framfarahugur í mönnum á sl. ári og menn voru óhræddir við að steypa sér í mikla fjárfestingu. Þeir sem hafa lesið yfir þær beiðnir sem sveitarfélögin sendu fjvn. um margvíslegar framkvæmdir víðs vegar um landið vita líka að sveitarfélögin treysta sér til að standa undir þungum byrðum vegna fjárfestingar. Það er alveg ljóst. Ekki aðeins Reykjavíkurborg heldur ýmis önnur sveitarfélög. Ég veit ekki hvort ég á að skjóta því inn í að gamni mínu að hæstv. samgrh. bætti við, þegar hann talaði um miklu fjárfestinguna, húsnæðisráðherranum, en ég tók eftir að þegar fjmrh. talaði um borgarstjórann bætti hann ekki húsnæðisráðherranum við. Og við vitum auðvitað af hverju það er. Það er af því að hann er alþýðuflokksmaður og auðvitað var Reykjavík tekin út úr vegna þess að henni er svo vel stjórnað. Það þótti mér líka vænt um að heyra hjá þeim, framsóknarmanninum og alþýðuflokksmanninum, því að alltaf erum við nú pínulítið í þessum pólitíska leik, en auðvitað er hitt jafnrétt að öll þessi mikla krafa um fjárfestingu um allt land frá opinberum aðilum, frá þm. ef við horfum á brtt. við fjárlagafrv., frá okkur stuðningsmönnum stjórnarinnar þegar við lágum í ráðherrunum og vorum að reyna að knýja fram aukið framkvæmdafjármagn í okkar kjördæmi, frá einstökum sveitarstjórnarmönnum eins og ég sagði áðan, frá forstöðumönnum opinberra stofnana, frá stúdentaráði, frá verkalýðsfélögum, m.a.s. kaup ríkisins á eignum SÍS, þessari ljótu skrifstofubyggingu þarna upp frá, kallar á nýja fjárfestingu á þenslusvæðinu í Reykjavík. Menn eru ekkert feimnir við að berjast fyrir þessu, sömu mennirnir og koma upp í pontuna og tala um að vextir séu of háir ætlast til fyrirgreiðslu ráðherra um að sveitarfélög úti á landi geti fengið fé úr Framkvæmdasjóði til sinna þarfa og bætast þannig í biðröðina um fjármagnið.

Svo spyrjum við: Hvernig stendur á því að við Íslendingar getum ekki staðið undir þessari fjárfestingu, þessari lánsfjárþörf? Það er auðvitað sú eðlilega skýring á því að vöxtunum var pólitískt stjórnað, sérstaklega þó á áttunda áratugnum. Það voru neikvæðir vextir sérstaklega á fyrri hluta þessa áratugs með þeim afleiðingum að peningar sjóð-

anna, peningar bankanna urðu að engu, en þeir sem voru að byggja eignuðust fyrir lítið sín híbýli.

Það er enginn vandi að telja upp stórfyrirtæki sem voru í vandræðum á árunum 1970 og 1971, en voru orðin forrík 4–5 árum síðar. Eitt gleggsta dæmið um þetta er t.d. Slippstöðin á Akureyri og það er hægt að benda á fleiri, fleiri dæmi um þetta. Á þessum tíma hrundi sparifé. Síðan höfum við verið að reyna að byggja þetta upp. Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens kom með lánskjaravísitöluna eða var það *næsta ríkisstjórn á undan?* (**ÓÞG:** Það var 1979.) Var það 1979? En sú ríkisstjórn bætti þá um betur því að hún kom inn á þetta sama. (**SJS:** Ólafslög.) Já, ég bið afsökunar á þessu. Rétt skal vera rétt. Þá var gerð tilraun til að snúa við. Síðan höfum við um leið og við höfum verið að byggja upp íslenska sparifé verið að berjast á móti því að safna of miklum erlendum skuldum. Það er auðvitað rétt sem sumir hafa sagt á sl. ári: Ef lán mín hefðu verið í dollurum en ekki *verðtryggðum krónum hefði greiðslubyrðin* orðið minni og þeir hefðu heldur viljað hafa dollara. En við erum að reyna að komast út úr því og þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur að styrkja sparifjáröflunina í landinu.

Núna eru vextir svo háir sem raun ber vitni. Eru alþm. þeirrar skoðunar að það sé vegna þess að við séum með óeðlilegum hætti að byggja upp innlendan sparnað? Ætli nokkur trúi því? (**AG:** Já.) Einn. *Ég held að það séu ekki fleiri. Ég held að hinir skilji* það, hv. þm., að það sem veldur háu vöxtunum er óstöðugleikinn í efnahagslífinu og þess vegna er það kjarni málsins nú, þegar við horfum fram á þetta ár, að okkur takist að byggja upp þá trú á það sem við erum að gera, þann stöðugleika, að vextirnir lækki, að verðbólgan verði viðráðanleg og að meiri bjartsýni gæti í landinu. Ég hygg að við þurfum ekki að hafa mikið fyrir því að byggja þá bjartsýni upp. Ég *hygg að fólk almennt trúi því og viti* það að ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir þörfum og góðum hlutum og ég held að menn finni það þegar verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum hefur tekist að ná samkomulagi, sem ég vil leyfa mér að trúa að verði innan þess ramma sem þjóðfélagið þolir, að okkur mun takast að ná stöðugleikanum. Ég vil á hinn bóginn vona að allar þær hrakspár sem stjórnarandstæðingarnir hafa verið með lýsi ekki *þeirra hugarfari, að á bak* við þessar hrakspár sé ekki ósk um að hrakspáin rætist. Ég vona að stjórnarandstæðingar í málflutningi sínum hafi ekki verið með þá von, en sakna þess á hinn bóginn að málflutningur þeirra hefur verið svo út um víðan völl órökvís og órökstuddur að óhjákvæmilegt er annað en ljúka þessari ræðu eins og hún byrjaði með því að segja að nú hafa orðið *þáttaskil í efnahagsum*ræðum. Það liggur ljóst fyrir að stjórnarandstaðan hefur ekkert fram að færa, hefur engan málstað. Og það sem verra er: Það sem stjórnarandstaðan hefur þó verið að reyna að segja er sagt af slíkri linku að auðfundið er að hún trúir ekki á það sem hún er þó að reyna að segja.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið komið víða við í umræðum á Alþingi í dag. Hér hafa verið til umræðu efnahags- og launamál. Síðasti ræðumaður endaði með því að segja að hér hefðu ekki verið lagðar fram tillögur af stjórnarandstöðu. Það er nú svo að við lögðum fram fjölda tillagna um efnahagsmál við umræður fyrir áramót og þar á milli um aðrar leiðir en núv. ríkisstjórn hefur kosið að fara. Þær voru að sjálfsögðu allar felldar þannig að við getum ekki farið að leggja fram nýjar tillögur nú sérstaklega í þeim sökum heldur hljótum við að ræða hvernig er komið og af hverju.

Hæstv. utanrrh. sagði í viðtali fyrir skömmu að Róm væri að brenna. Og þá var spurt: Hver kveikti í? Og ég spyr: Hver kveikti í Róm? Það er skoðun framsóknarmanna, virðist vera, að Róm sé að brenna. En hver kveikti í? Hæstv. fjmrh. kom inn á í ræðu sinni í dag að það ástand sem núna væri í efnahagsmálum væri allt fyrrv. ríkisstjórn að kenna og þá auðvitað stjórn fjármála og hæstv. forsrh. væri þá sérstaklega ábyrgur. Ég varð *undrandi* á því að hæstv. fjmrh. skyldi ráðast svo hörkulega á forsrh. og hefði viljað heyra í hæstv. forsrh. þegar hann svaraði fjmrh. því að hann var að ásaka hæstv. forsrh. fyrir að ástand í efnahagsmálum væri tilkomið vegna hans linku í stjórn. Og nú er spurningin: Hver spilar á fiðluna í ríkisstjórninni? Hver er fiðluleikarinn? Hver spilar á fiðluna á meðan Róm brennur?

Það var upplýst að hæstv. utanrrh. er á sólbaðsströnd og kannski verður hann sólbrenndur eða sólbrunninn. Hver veit. En það veit *enginn*. Það er spurning sem hefði verið gaman að bera fram ef hæstv. fjmrh. væri ekki enn einu sinni floginn því hann er ekki þrekmikill maður: Hver á Alþfl.? Þeir fóru í hundrað funda herferð sem frægt er orðið og spurðu: Hver á Ísland? Nú spyr ég: Hver á Alþfl.? (**AG:** Svíar og Danir.) Ég gæti ímyndað mér að það væru kannski kratar á Norðurlöndunum eftir hans tillögum að dæma. Það var gefin út bók um jólin sem bendir til þess að kratar á Norðurlöndum eigi Alþfl. Það er ekki að vita annað en að þeir stjórni þá félögum sínum vel.

Ég held að meginvandinn í stjórn peningamála og vaxtamála sé í rauninni stjórnleysi. Ég tek undir það sem bæði hæstv. sjútvrh. sagði í dag varðandi stöðu í sjávarútvegi og hv. 10. þm. Reykv. þar sem þeir komu inn á gengismálin. Sl. haust vakti ég máls á þessum atriðum við umræður um efnahagsmál sem urðu utan dagskrár og benti á þetta þá þegar og ítrekaði raunar þau sjónarmið við 2. umr. fjárlaga. Það er alveg ljóst að *gengi íslensku krónunnar* byggist ekki á því hvort ríkisstjórnin hefur ákveðið að það eigi að vera fast gengi eða ekki. Gengið byggist á því hvernig staðan er í efnahagsmálum hér innan lands. Útflutningsatvinnuvegirnir ráða þar miklu um og sú staða hvernig innflutningurinn er og jafnvægið á milli innflutnings og útflutnings er.

Það hefur verið upplýst að viðskiptahalli var 6,5 milljarðar, menn tala nú um 8 eða jafnvel 10 milljarða, á síðasta ári. Og nú er spurningin og það væri gaman að fá fjmrh. til að svara því ef hann er ekki sofnaður, hvort 10 milljarðar í óhagstæðum viðskiptajöfnuði þýði að við séum svo rík að þetta sé umframfé sem við séum að flytja inn. Það er spurning sem brennur á vörum fólks.

Ég held að það liggi ljóst fyrir að á síðasta ári hefur gjaldeyririnn verið á útsölu. Gjaldeyririnn er okkar eyðslueyrir gagnvart útlöndum og við getum ekki eytt honum eins og við höfum gert. Það verður að vera jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það er skylda að huga vel að þessu og þegar bandaríkjadollarinn fellur og dollurum fækkar fyrir frystu vörurnar á bandaríkjamarkaði lækkar auðvitað kaupið í frystihúsunum. Það er það sem við erum að glíma við núna. Frystihúsin, þar sem lægsta kaupið er í landinu, geta ekki greitt hærra kaup vegna þess að dollurum hefur fækkað og frystiiðnaðurinn stendur mjög illa. Á öðrum sviðum kemur þetta ekki eins við. Hér hafa verið framkvæmdir á síðasta ári sem hafa verið fjármagnaðar með dollaralánum. Ýmis verslunarfyrirtæki hafa hér byggt myndarlega fyrir það á miklu hagstæðari lánum en áður. Viðskiptajöfnuðurinn verður að vera hagstæður. Þegar gengið er rangt skráð, eins og það hefur verið, hleður þetta utan á sig eins og snjóbolti og endar með því að gengið verður fellt um tugi prósenta eins og hefur verið gert áður.

Það er hins vegar með ólíkindum hvað drottinn hefur verið okkur hollur í efnahagsmálum. Á síðasta ári vorum við með einhver hagstæðustu kjör sem við höfum nokkurn tímann fengið í sögu þjóðarinnar, mikinn afla, hagstætt verð fyrir aflann og afurðir, lágt olíuverð og núna er ein búbótin fallin til okkar, að loðnulýsið er hækkandi á heimsmarkaði vegna aflabrests við Perú, að ansjósuveiðar þar hafa brugðist. Þetta hefur áhrif á þjóðarbú okkar og þetta eru þau þrjú atriði sem mest hafa áhrif. Við verðum að taka tillit til þessara hluta.

Ég held að þegar maður lítur á þetta hljóti maður að telja að það sé algert stjórnleysi í vaxtamálum og þar hafi ríkissjóður Íslands gengið á undan með slæmu fordæmi með því að spenna vextina upp á skuldabréfum. Algeng ávöxtun á verðbréfamörkuðum er á milli 11 og 15% umfram verðbólgu. Hæstv. fjmrh. hélt því fram að þetta væru sambærilegir vextir við það sem væri erlendis. Þetta er svo mikil rangfærsla að eigendur Alþfl., kratarnir á Norðurlöndum, mundu ekki trúa því. Staðreyndin er sú að algeng ávöxtun er miklu nær því að vera 5% á eðlilegum mörkuðum og aðeins yfir það.

En hafa þm. leitt hugann að því hvernig gengisútreikningur á verðbréfamarkaðnum fer fram og hver er ábyrgur fyrir því? Það er að vísu búið að tilkynna að hér eigi að flytja frv. um þessa markaði samkvæmt því sem viðskrh. hefur sagt okkur, en það er svo samt að enginn hefur verið ábyrgur hingað til fyrir því. Það eru starfsmenn verðbréfamarkaðanna sjálfir sem spá fyrir um hækkun lánskjaravísitölu og hafa sjálfdæmi um hækkun og hvað þeir taka í eigin vasa. Þegar þeir t.d. áætla í byrjun mánaðar 2,5% hækkun á mánuði á lánskjaravísitölu bréfs kemur e.t.v. í ljós að 20. sama mánaðar, þegar Seðlabankinn birtir lánskjaravísitöluna, hefur vísitalan e.t.v. aðeins hækkað um 2%. Og nú spyr ég og væri gaman að hafa hér einn ráðherra Alþfl., en þeir eru náttúrlega horfnir af þingi eins og oft áður: Hver hirðir mismuninn, þetta hálfa prósent, af hinum seldu verðbréfum frá 1. hvers mánaðar til hins 20.? Eru það verðbréfasalarnir eða hvað? Enginn atvinnurekstur getur borið þessa vexti. Og þó er ástandið verra en komið hefur fram í þeim tölum sem ég nefndi hér. Það eru ljóst að á sumum bréfum er allt upp undir 20% vextir umfram verðbólgu áætlaðir og hafa aldrei verið svo háir nokkurn tímann.

Svo er það skattlagningin sem núna er dembt yfir þjóðina og hæstv. fjmrh. taldi það sér til ágætis og ríkisstjórn að þessi skattlagning væri dugnaður ríkisstjórnarinnar. Hún er nú áætluð 20% hærri en skattlagning ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens sem var þó talin ótæk af Sjálfstfl. Og nú spyr ég: Hvar eru þeir menn núna sem stóðu hérna og gagnrýndu harðlega þá skattlagningu? Hvar eru þeir? Sumir hafa komið hér upp og sagt: Við erum bara ánægðir með þetta. Við gleðjumst yfir þessari skattlagningu. Og þó eru það 20% að raungildi hærri skattar en voru lagðir á í þeirri tíð.

Þessir skattakóngar eru ánægðir og þeir telja að fólkið í landinu hafi bara eitthvað misskilið þetta. Hvernig halda menn að fólki líði núna þegar það stendur frammi fyrir því að borga alla þessa skatta? Það hefur verið komið aftan að fólkinu. Það hefur verið stungið rýtingi í bakið á kjósendum.

Í skattabreytingunum hefur t.d. það tapast að þeir húsbyggjendur sem fengu vaxtafrádrag fá nú smávegis bætur í staðinn sem eru ekki nærri sama tala. Þeir standa frammi fyrir verulegri kjaraskerðingu og sumir fá á milli 100 og 200 þús. kr. hærri skatta út af þessu og sjá vart fram á hvernig þeir eiga að greiða með þeim peningum og þeim launum sem þeir hafa í dag. Og barnabæturnar. Það er nú ein snilldin. Það er stórkostlegt að sjá hvernig hæstv. fjmrh. hefur talað um þetta. Hann er að auglýsa að þetta komi í staðinn fyrir matarskattinn. En þetta er ekki nema brot af því sem matarskatturinn er. Svo eru allir hinir sem fá engar barnabætur og verða samt að borga matarskattinn.

Það er stórkostlegt að sjá hvernig þessir menn koma fram. Þeir vita alls ekkert hvað þeir eru að gera. Og þó eigendur Alþfl., kratarnir á Norðurlöndum, hafi gefið þeim forskriftina held ég að þeim hefði aldrei dottið þetta í hug. Jafnvel Thatcher, sem sjálfstæðismenn, sérstaklega ungir sjálfstæðismenn, hafa verið svo hrifnir af að þeir titra þegar minnst er á hana af hrifningu, hefur þrátt fyrir mikla gagnrýni af hendi krata í Bretlandi og víðar aldrei dottið í hug að leggja á matarskatt. Þar eru matvæli ekki

sköttuð. Og henni er líka ljóst að það verður að vera til ódýrt húsnæði. En þeir menn sem þykjast hafa verið að túlka hennar stefnu og gerðir leggja á þennan skatt vegna þess að þeir vita ekkert hvað þeir eru að gera. Sannleikurinn er sá að þær tekjur sem koma inn af matarskattinum verða engar þegar upp verður staðið. Þær verða núll! Það eina sem gerist er að þeir sem lökust kjörin hafa munu fara verst út úr því.

Ég held að hér hafi verið komið lítillega inn á að það hafi verið reiknað út nýlega af Seðlabankanum að sparifjáreigendur hafi verið féflettir um 3 milljarða af almennum sparisjóðsbókum og innlánsreikningum á síðasta ári. Það er ekki vansalaust að það skuli ekki betra eftirlit með því að það skuli vera raunvextir á innlánum eða a.m.k. að menn fái nokkurn veginn það fjármagn óskert sem þeir hafa lagt inn.

Hér hefur verið rætt um atvinnumál, sjávarútveginn. Það er eitt mál þar sem ætti kannski að koma til umræðu. Það er sala á ferskum fiski til Efnahagsbandalagsins. Það hefur töluverð áhrif á atvinnulífið í landinu þegar á sama tíma er lagður skattur á saltfisk. Verkunin færist úr landinu. Þetta kemur niður á þeim byggðarlögum úti á landi þar sem síst skyldi. Ég hef ekki heyrt á þessum svokölluðu utanbæjarþingmönnum að þeir hafi nokkuð ígrundað hvaða afleiðingar þetta hafi. Og iðnaðurinn. Hann er í miklum vanda. Það er alltaf talað um að það verði að láta það fara eins og fara vill. Ég tel að það hafi gerst slæmir hlutir þar. Það hefur verið minnst á ullariðnaðinn. Undir forustu Sjálfstfl. var myndaður nýr einokunarhringur þar þegar Sjálfstfl. afhenti SÍS Álafoss. Ég heyrði ekki einn einasta sjálfstæðismann standa upp og mótmæla því. Nú er búið að steypa þessu í einn einokunarhring sem er algerlega gegn öllu því sem sá flokkur hefur alltaf barist fyrir. Hafa þeir varla mátt heyra minnst á SÍS nokkru sinni fyrr en núna að þeir slá höndunum saman við þá og er þá ekkert slæmt við það. Er gaman að sjá samruna SÍS og Sjálfstfl. Það var gott að þeir skyldu sameinast í ullinni að lokum.

Svo er það landbúnaðurinn. Þar er þannig ástandið að það er mjög slæmt. Þar er verið að mynda einokunarhring í framleiðslu á kjúklingum og eggjum. Það er ekki gott að á þeim tímum þegar menn vilja heldur hafa meira frelsi skuli gengið líka í þessa veru til myndunar einokunarhrings sem á að skammta neytendum kjúklinga og egg á því verði sem þeim sýnist. Ég spyr: Er þetta minnisvarði um þessa ríkisstjórn, einokunarhringar? Það verða kannski fleiri einokunarhringar þegar líður á kjörtímabilið.

Og svo skulum við ekki gleyma einu, sem hér hefur ekki verið minnst á í umræðunni, og það er blessuð flugstöðin sem utanrrh. a.m.k. virðist helst vilja vera í frekar en í þingsölum. Það er eytt þar milljörðum fram yfir og hæstv. forsrh. sagði í ræðustól fyrir áramótin, ef ég man rétt, eða rétt eftir áramótin, að hann væri tilbúinn að láta landsdóm fjalla um sín mál þar. Og nú spyr ég: Er forsrh. búinn að láta ákæra sig fyrir landsdómi eða ætlar hann ekki að standa við þau orð? Það verður gaman að sjá þegar hann ætlar að standa við að hafa veitt 850 millj. án þess að væri til stafur um það í fjárlögum og þykist ætla að sleppa með það. Og ég spyr: Ætlar hann að ákæra sjálfan sig þannig að hann geti staðið fyrir framan landsdóm og fengið úrskurð um hvort hann hafi verið að brjóta stjórnarskrána eður ei?

Það hafa líka dembst yfir þjóðina skattar svo með ólíkindum er. Fasteignagjöldin eru hærri en nokkru sinni áður og skattar, sem hafa verið lagðir á þá húskofa sem fólk er búið að eyða ævinni í að koma yfir höfuðið, eru ógnvænlegir. Menn voru að tala um Reykjavíkurborg í þessum umræðum og þann tekjuafgang sem Reykjavíkurborg hefur, en sannleikurinn er sá að ein meginástæðan fyrir því að Reykjavíkurborg stendur svo vel eru allar þær fasteignir sem eru innan borgarinnar og þeir háu skattar sem eru á þeim. Það er ekki sérstaklega vegna góðrar stjórnar á þessu bæjarfélagi. Það eru heldur eignarskattarnir, fasteignaskattarnir, sem eru nokkurs konar stóreignaskattar núna hjá launafólki, sem skapa þetta.

Og við eigum von á meiru. Við eigum von á því að tryggingafélögin hækki bifreiðatryggingar yfir 50% ef við eigum að taka mark á fréttum og þó er ekki nema 30% verðbólga. Og talsmenn þess að stærri einingar geri betri útkomu eru horfnir hér. Þeir minnast ekki á þetta. Á síðasta ári hafa tryggingafélögin fengið fleiri bifreiðir til trygginga en nokkru sinni áður þannig að þeirra rekstur ætti að vera miklu betri og það ættu að vera lægri iðgjöld en á síðasta ári. Þetta ætti að þýða hagkvæmni, en þá eru þeir að biðja um 50% hækkun. Þetta hefur auðvitað áhrif á afkomu fólksins í landinu.

Allir þeir skattar sem við í Borgarafl. höfum margmótmælt hér í umræðum eru ógnvænlegir. Ég sá það í blöðunum um daginn að einn varaþm. Sjálfstfl. hafði ekki fylgst betur með umræðum en svo að hann hélt að enginn á Alþingi hefði mótmælt þessum sköttum. En það vil ég þó segja að bæði Borgarafl. og þeir aðrir sem voru í stjórnarandstöðu mótmæltu þessum sköttum í umræðum þó af ólíkum ástæðum væri. Við í Borgarafl. erum andvígir þessari skattastefnu og munum standa fast að því að það verði linað á þeim tökum ef við eigum kost á.

Hæstv. fjmrh. kom inn á í ræðu sinni að hann hefði unnið vel að öllum þessum skattlagningum. Hann hefði unnið ljóst og leynt að því að leggja meiri skatta á fólkið. Það er alveg makalaust að líta til þess hvernig hann hefur ráðist á fólkið með þessum sköttum og ætlast svo til þess að stjórnarandstaðan þegi. (**Gripið fram í:** Í ræðustól?) Í ræðustól jafnvel. Hann sagði ýmislegt sem stenst ekki og eru hreint og beint rangfærslur. Hann hélt því fram að við í stjórnarandstöðunni hefðum ekki mótmælt skattlagningu fyrirtækja. Þetta er alrangt. Við í Borgarafl. mótmæltum af hörku skattlagningu

fyrirtækja alveg eins og á einstaklinga og munum gera það áfram. Það er sorglegt að tekjuöflunarkerfi ríkisins eða öllu heldur skattaáþján ríkisins skuli vera slík sem er nú og hefði verið nær að ráðast á gjaldahlið ríkisins og hafa lægri tekjur, en fjárlögin hafa hækkað 50% á milli ára. Þetta eru mestu skattar sem nokkurn tíma hafa verið lagðir á þjóðina og svo ætlast þeir til þess að launþegar skrifi undir hvað sem er og það á að kenna þeim um verðbólguna. Það eru ekki launþegarnir heldur ríkisstjórnin sem hefur skapað þá verðbólgu sem er núna.

Sú fjármálastjórn sem ríkisstjórnin stendur að er alröng. Ég ætla að vona að þessi ríkisstjórn vakni einhvern næstu daga og átti sig á því að þessi fjármálastjórn er alröng. Hún getur ekki gengið í landi eins og Íslandi. Þegar hæstv. fjmrh. fór að miða sig við ríki OECD í samanburði við skatta á launum er það alrangt vegna þess að það er ekki hægt að miða við það. Hér er vægi launþega allt annað og allt aðrar forsendur sem gefast en í hinum stóru milljónaþjóðfélögum. Þetta er svo alröng staðhæfing og samanburður að það stenst aldrei. Ég vona að ríkisstjórnin muni vakna og bæta sig af því að þjóðin á það skilið að hún verði ekki kaffærð í sköttum.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hér í dag hafa farið fram miklar umræður um efnahags- og atvinnumál og er það að sjálfsögðu af hinu góða. Hér hafa flutt mjög góðar ræður ráðherrar, forsrh. í upphafi þegar hann svaraði málshefjanda. Í ræðu sinni kom forsrh. m.a. inn á að það steðjuðu miklir erfiðleikar að útflutningsatvinnuvegunum og ríkisstjórnin væri nú að athuga með hvaða hætti hún gæti mætt þessum vandamálum og styrkt stöðu útflutningsatvinnuveganna, þ.e. sérstaklega þeirra fyrirtækja sem þar starfa og ekki hvað síst einnig stöðu þess launafólks sem vinnur við sjávarútveg og fiskiðnað á Íslandi.

Hæstv. forsrh. gat um m.a. nokkur atriði sem ríkisstjórnin hefði til meðferðar. Ástæðulaust er að tíunda frekar allt það sem hæstv. ráðherra sagði í sinni ræðu um með hvaða hætti ríkisstjórnin hygðist bregðast við án þess að geta farið nákvæmlega út í það þar sem það er ekki tímabært vegna þess að samningar hafa ekki enn tekist á vinnumarkaðnum í heild. Það sem hæstv. ráðherra kom inn á er vissulega spor í rétta átt.

Það sem mér finnst hafa vantað nokkuð inn í umræður í dag hjá ýmsum hv. þm. er að mér finnst þeir ekki hafa gert sér nægilega grein fyrir meginatriðum þess máls sem við erum að fjalla um. Þeir hafa margir hverjir dvalist í aukaatriðum, vil ég segja. Að vísu hafa sumir farið mjög nákvæmlega í saumana á einstökum undiratriðum þess máls sem hér er til umræðu, en þeir hafa forðast það eins og heitan eld að ræða um það, sem er meginatriði málsins, með hvaða hætti hv. Alþingi eða hv. alþm. geti tryggt íslenskri þjóð að óðaverðbólga dynji ekki yfir hana.

Það er kannski til of mikils mælst að ætlast til þess af hálfu sumra þm., sem hér hafa talað, að þeir skilji og skynji með hvaða hætti verðbólga verður til og hver eru áhrif óðaverðbólgu í flóknu nútímasamfélagi. Ég ætla ekki að reyna í stuttu máli að koma með þau atriði sem máli skipta frá hagfræðilegu sjónarmiði er menn hafa í huga þegar þeir ræða um þetta, enda væri það of í lagt úr því sem komið er, en hins vegar held ég að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að öll barátta og viðleitni stuðningsmanna ríkisstjórninnar beinist að því að vernda og verja fólkið í landinu fyrir því að lenda í óðaverðbólguástandi á næstu árum.

Það er staðreynd sem allir hv. þm. viðurkenna að óðaverðbólguástand mundi koma sérstaklega hart niður á launafólki og það er margviðurkennt, bæði af sérfræðingum sem og forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, að engum kemur það verr en láglaunafólki í verkalýðshreyfingunni eða öryrkjum og öldruðum ef óðaverðbólga geisar á Íslandi.

Þá er það atriði líka fyrir sig að gera sér grein fyrir hvaða áhrif óðaverðbólga hefur á stöðu fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Óðaverðbólga þýðir í stuttu máli lakari lífskjör, eignaskerðingu og hrun atvinnuveganna. Það sem við stjórnarstuðningsmenn leggjum áherslu á er fyrst og fremst að við viljum tryggja atvinnuöryggi í landinu. Það gerum við ekki nema halda verðbólgunni niðri. Við viljum ótruflaða framleiðslu til sjávar og sveita og við viljum tryggja að útflutningur helstu sjávarafurða og annarrar vöru frá Íslandi sé stöðugur. Við leggjum áherslu á og þjóðin í heild að Íslendingar búi við öruggar gjaldeyristekjur, ekki bara af vöruútflutningi heldur einnig vegna þjónustu og annarra möguleika sem við höfum á þeim sviðum sem eru duldar tekjur. Allar truflanir, óábyrg stjórnmálastefna, mundu skaða íslensku þjóðina ómælanlega í því ástandi sem við blasir ef aðhaldsstefna ríkisstjórnarinnar verður brotin til baka. Þetta eru helstu forsendur jafngóðra lífskjara á Íslandi, þ.e. þess velferðarríkis sem við viljum allir berjast fyrir og tryggja.

Það er óvefengjanlegt að Ísland er fyrirmyndarþjóðfélag og Íslendingar eru gott fólk. Þetta er góð þjóð sem leggur áherslu á að tryggja almenna afkomu og almenna velferð. En það kostar mikla fjármuni fyrir fámenna þjóð að viðhalda og byggja upp nútímalegt heilbrigðiskerfi og tryggja öllum jafnan rétt til hjúkrunar. Það kostar einnig mikið fyrir fámenna þjóð að búa við almannatryggingakerfi og lífeyrissjóðakerfi sem tryggir öllum mannsæmandi lífeyri í ellinni. Þrátt fyrir ýmsa ágalla þess kerfis er staða aldraðra og öryrkja mun betri á Íslandi en í flestum öðrum ríkjum. Þetta er viðurkennd staðreynd. Þeir sem hafa staðið að því að tryggja þetta eru m.a. hið opinbera í gegnum hið háa Alþingi með sínum ákvörðunum í sambandi við fjárlög og almannatryggingakerfið og svo hins vegar eru það forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og þeirra sem koma og eiga aðild að atvinnulífi landsmanna.

Elli- og örorkumál á Íslandi eru í flestu til fyrirmyndar. Eru einhverjir hv. þm. að biðja um að með óábyrgri stefnu í efnahagsmálum verði öll þessi uppbygging brennd upp í báli óðaverðbólgu? Hvað um íbúðaeigendur, lántakendur? Eru hv. þm. að biðja um óábyrga stefnu í efnahags- og atvinnumálum til að gera íbúðaeigendum enn örðugra að standa í skilum og eignast sínar íbúðir? Nei, góðir þm. Orðaflaumur og sýndarmennska í sölum hins háa Alþingis tryggir ekki öryggi sjúkra og aldraðra né lífskjör láglaunafólks. Ábyrg afstaða, staðfesta og rétt framtíðarsýn um þróun mála er það sem skiptir máli fyrir fólkið í landinu. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn og neita því að við Íslendingar erum sérstæð þjóð og hér býr mjög kröfuhart fólk.

Fyrirmyndarríkið Ísland kostar mikið fé. Það er kröfuhart þjóðfélag, en þeir sem byggja Ísland eru engir aukvisar. Þetta er framsækið og harðduglegt fólk sem hefur raunsætt gildismat. Þess vegna eru Íslendingar reiðubúnir að standa við gerða hluti og sækja enn frekar fram á flestum sviðum.

Við höfum þróað upp mikið og dýrt skólakerfi. Við höfum þróað og byggt upp mjög dýrt tryggingakerfi. Við höfum þróað og byggt upp mjög sterkt en dýrt heilbrigðiskerfi. Enginn hv. þm. er á móti því, svo sem fram kemur í afgreiðslu fjárlaga, að þetta sé allt tryggt og viðunandi fjármagn renni til þessara þarfa.

Þá hafa hv. þm. einnig tekið afstöðu til þess í gegnum lánsfjáráætlun að halda áfram að byggja upp þetta kröfuharða en fámenna þjóðfélag með nútímahætti. Í fyrsta lagi höfum við tekið afstöðu til þess í gegnum vegáætlun að byggja upp samgöngukerfi í stóru og harðbýlu landi sem er mjög dýrt. Það þarf mikið fjármagn til að fjármagna atvinnutæki í sjávarútvegi, fiskiðnaði, almennum iðnaði, nýtísku verslun, flugsamgöngum, hótelum o.s.frv. Það kostar mikið að byggja upp nútímalegt samfélag í stóru og harðbýlu landi, en þessi jákvæða uppbygging stenst ekki nema á Íslandi ríki jafnvægi í efnahagsmálum og íslenskir stjórnmálamenn, sérstaklega hv. alþm. séu í jafnvægi og tryggi að þetta verði ekki allt rifið með óábyrgri stefnu í stjórnmálum eða af óábyrgum aðilum vinnumarkaðarins sem kynnu að vera þar til staðar. Stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að byggja, tryggja og efla það kerfi sem við höfum byggt upp í því velferðarríki sem við búum við. En þeir leggja ekki hvað síst áherslu á að tryggja að íslenskt atvinnulíf búi við góðar og öruggar aðstæður. Það má ekki mikið út af bregða svo að ekki fari illa.

Við skulum líta á meginkröfur stjórnarandstæðinga. Þeir krefjast í fyrsta lagi hærri ríkisútgjalda, í öðru lagi krefjast þeir meiri fjárfestinga og í þriðja lagi krefjast þeir aukinnar neyslu á öllum sviðum. En þeir segja fólkinu ekki hvað þessi yfirboð þeirra mundu kosta fólkið í landinu, bæði launamenn sem og fyrirtækin. Þeir skýra ekki frá því að þessi yfirboð um hærri ríkisútgjöld, meiri fjárfestingu og aukna neyslu munu kalla yfir þjóðina óðaverðbólgu og atvinnuleysi.

Óneitanlegt er að það er erfitt hjá ýmsum, því skal ekki neitað, og það ber að leiðrétta og lagfæra kjör láglaunafólksins. Þetta geta allir stjórnmálamenn tekið undir, enda er þetta viðurkennt í íslensku þjóðfélagi og íslensk verkalýðshreyfing hefur unnið að þessu og reynt að vinna að þessu í áratugi. Þar hafa hinir mætustu menn komið við sögu og lagt mikið af mörkum í þeim efnum. Því miður hefur ekki tekist sem skyldi að tryggja að láglaunafólkið héldi sínum hlut þegar launaleiðréttingar hafa átt sér stað í íslensku þjóðfélagi og ég hef ekki enn séð þær tillögur frá stjórnarandstæðingum sem mundu tryggja það. En sú stefna stjórnleysis og óðaverðbólgu og ábyrgðarleysis, sem ýmsir en þó ekki allir stjórnarandstæðingar boða, mundi leiða mikla ógæfu yfir Íslendinga, enda kemur það fram í því sem hér hefur verið sagt af hálfu ýmissa þm. En á sama tíma sem þessir „ágætu" stjórnarandstæðingar ýmsir kalla á stjórnleysi vill svo til að í verkalýðshreyfingunni á Íslandi og úti í atvinnulífinu eru menn sem hafa tekið ábyrga afstöðu. Ég vísa til þeirra samninga sem nýlega voru gerðir vestur á Vestfjörðum.

Það sem menn verða að gera sér grein fyrir og verða að meta réttilega er að viðurkenna að við búum núna við breyttar og verri aðstæður en voru fyrir hendi fyrir 1–2 árum. Allar ytri aðstæður eru íslensku þjóðfélagi miklu óhagstæðari en þær voru fyrir þótt ekki sé farið lengra aftur í tímann en hálft ár. Á helstu mörkuðum hefur verðlag helstu afurða ekki breyst í erlendri mynt í neinu samræmi við þróun innlends kostnaðar. Á sl. ári munu innlendar kostnaðarhækkanir hafa orðið tvöfalt til þrefalt meiri en verðhækkanir urðu á afurðum erlendis og er þá reiknað með áhrifum neikvæðrar þróunar helsta gjaldmiðilsins, sem Íslendingar hafa sínar tekjur af í útflutningi, sem er dollarinn. Hv. stjórnarandstæðingar vita væntanlega að dollarinn bandarískí vegur hvað þyngst í gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Ég leyfi mér að spyrja suma hv. þm. sem hér hafa talað hvað mest í dag hvort þeir álíti að það hafi engin áhrif á afkomu íslensku þjóðarinnar hvernig dollarinn hefur hrunið niður í verðgildi á rúmu ári, sérstaklega gagnvart þeim gjaldmiðlum sem Íslendingar nota til vöruinnkaupa og á ég þar við sterlingspund, vestur-þýsk mörk og aðra vestræna gjaldmiðla.

Núverandi ríkisstjórn er að vinna að því að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum til að mæta þessari neikvæðu þróun sem stafar fyrst og fremst af ytri aðstæðum sem eru okkur gersamlega óviðráðanlegar. Ríkisstjórnin vill viðhalda því velferðarríki sem Íslendingar leggja áherslu á. Hún leggur einnig áherslu á að viðhalda fullri framleiðslu og tryggja atvinnuöryggið. Ég undirstrika þetta orð, „atvinnuöryggi". Því miður virðist það gersamlega fara fram hjá mörgum að atvinnuöryggið getur verið í mikilli hættu við þær aðstæður sem við búum við, sérstaklega í sambandi við útflutningsatvinnuvegina.

Röskun á framleiðslustarfseminni mun kalla á atvinnuleysi og lakari lífskjör og tefla í hættu afkomu ellilífeyrisþega, öryrkja og annarra sem eiga allt sitt undir því að tekjuöflun ríkisins sé ekki trufluð í innbyrðis átökum og verkföllum.

Það var gerð skoðanakönnun fyrir nokkru í einu dagblaðanna í Reykjavík og samkvæmt þeirri könnun fór ekki á milli mála að meiri hluti Íslendinga vill ekki verkföll. Meiri hluti Íslendinga vill ekki átök á vinnumarkaðnum. Meiri hluti Íslendinga vill að samið sé á þeim nótum sem gert var á Vestfjörðum fyrir rúmri viku. Þetta þýðir raunverulega að meiri hluti íslensku þjóðarinnar vill fá starfsfrið. Fólk er reiðubúið að mæta þeim erfiðleikum sem við stjórnarsinnar og stjórnarstuðningsmenn höfum viðurkennt að eru til staðar en stjórnarandstæðingar vilja ekki enn viðurkenna. Það er krafa íslensku þjóðarinnar að hún fái að búa við öryggi og þjóðin skilur eða meiri hluti hennar að um stund verðum við að axla ákveðna kjaraskerðingu í trausti þess að stefna núv. ríkisstjórnar nái fram að ganga, en þó með þeim leiðréttingum sem nauðsynlegar eru vegna láglaunafólks.

Og síðast en ekki síst og það skal enn undirstrikað: fólkið leggur áherslu á að framleiðslustarfsemin í landinu sé ótrufluð. Það vill ekki að pólitískir tækifærissinnar eða óábyrgir aðilar tefli öllu í hættu á Íslandi. Fólkið vill frið. Það vill fá að starfa.

En það er ekkert einsdæmi og ekkert eitt mál hjá Íslendingum að við erfiðleika sé að stríða í atvinnu- og efnahagsmálum. Öll helstu viðskiptaríki Íslands eiga við mikla erfiðleika að stríða í efnahags- og atvinnumálum. Það þarf ekki að fara lengra en til Englands til að gera sér grein fyrir því hvernig ástatt er. Þar í landi eru milljónir manna atvinnulausar. Sömu sögu er að segja um Vestur-Þýskaland. Það er álitið að innan ríkja Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópu, og þar með eru talin Kanada og Bandaríkin, séu um 14 millj. atvinnuleysingja. Þetta er mikið atvinnuleysi og þetta er mikil byrði og mikið vandamál í þessum ríkjum.

Þá er einnig viðurkennt og staðreynd að öll vestræn ríki eiga í mjög harðri samkeppni við lönd eins og t.d. Japan og jafnvel núna á síðustu árum við kommúnistaríkin, þ.e. Sovétríkin og Austur-Evrópuríkin, þar sem þau undirbjóða mjög á hinum frjálsu mörkuðum bæði vöru og þjónustu. Ísland er hluti af efnahagssvæði vestrænna ríkja. Þótt við vildum getum við ekki losað okkur undan þeim neikvæðu áhrifum sem upp koma í efnahagslífi þessara landa. Við erum svo viðskiptalega tengd þessari efnahagsheild að erfiðleikar þar koma niður á íslensku þjóðfélagi, því miður. En við getum þó gert ráðstafanir til að draga úr þyngstu höggunum og það hefur núverandi ríkisstjórn og sú sem var á undan núverandi ríkisstjórn reynt að gera og tekist í ýmsum efnum mjög vel.

Ég minni á að Íslendingar hafa ekki þurft að hafa áhyggjur af því að hér ríkti atvinnuleysi. Hér býr fólk yfirleitt ekki við skort, en þó er því miður nokkur hluti þjóðarinnar þannig staddur að það verður að leiðrétta kjör hans. Ég harma það þess vegna, því að á meðal stjórnarandstæðinga eru margir mætir hv. þm., að þeir skuli ekki gera sér betri grein fyrir raunverulegri þróun mála í heiminum í kringum okkur og hvaða áhrif það hefur á okkar stöðu og framtíðarhorfur. Stjórnarsinnar gera sér hins vegar skýra grein fyrir þessu. Þeir gera sér grein fyrir að það fylgja því miklir erfiðleikar að þurfa að standa að erfiðri og ég vil segja í ýmsu tilliti neikvæðri ákvarðanatöku sem skerðir lífskjör um sinn. En það sem skiptir máli í stjórnmálum eins og öllu öðru er að menn verða að vera heiðarlegir og segja þjóðinni sannleikann um stöðu mála hverju sinni. Að neita staðreyndum og reyna að blekkja fólk um raunverulega erfiða stöðu atvinnulífs og efnahagslífs eru ákveðin svik við íslenska þjóð, svik við fólkið í landinu. Ég trúi því ekki um hv. stjórnarandstæðinga að það sé tilgangur þeirra í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

En erfiðar aðstæður krefjast staðfestu. Það er því skylda núv. ríkisstjórnar og raunar allra hv. alþm. að stuðla að því að tryggja jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap, tryggja fulla atvinnu og tryggja góða afkomu og lífsöryggi fólksins í landinu og leggja alveg sérstaka áherslu á að efla frjálst atvinnulíf og velferðarríki á Íslandi. Þessum markmiðum verður haldið til streitu hvað sem líður neikvæðum óábyrgum árásum ýmissa stjórnarsinna á núv. ríkisstjórn og þá stefnu sem hún stendur fyrir.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það var allt að því eins gaman að hlusta á síðasta ræðumann tala, hv. 14. þm. Reykv., og skemmtikraftana, Jónana tvo, fyrr í dag. Hv. 14. þm. Reykv. byrjar með því að undirstrika að menn verði að vera heiðarlegir og segja þjóðinni sannleikann og talaði eins og stjórnarandstæðingar geri það ekki, þeir séu alvondir og vilji allt það sem er neikvætt fyrir þjóðfélagið, en hann og hinir góðu englar stjórnarmanna vilji segja sannleikann og gera gott á móti vondu mönnunum í stjórnarandstöðunni.

Ég hef aldrei heyrt þennan ágæta fyrrv. flokksbróður minn og annars góða vin halda eins undirbúna blaðagreinaræðu og nú og mér er næst að spyrja hann: Er frumritið komið út á Morgunblað þegar? (**GHG:** Þetta er allt í bútum.) Er það allt í bútum úti í Morgunblaði? (**GHG:** Nei, nei.) Jæja, en þessi ræða var eins og samin blaðagrein. Hún sagði hvorki svart né hvítt.

Hann hóf ræðu sína með því að tala um erfiðleika sem steðja að útflutningsatvinnuvegunum og verið væri að athuga hvað hægt væri að gera þeim til bóta. Hann er nýbúinn að samþykkja launaskatt á undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Hann er nýbúinn að samþykkja að endurgreiða ekki söluskatt af sjávarútveginum þó svo ríkisstjórnin hafi síðan hugsað sig um. En stjórnarandstaðan varaði við þessu öllu. Og svo koma menn á Alþingi rétt eftir að búið er að

samþykkja slíkar ráðstafanir í efnahagsmálum og tala eins og englar og þykjast vera að segja sannleikann. Um hvað? Um hvað þeir voru að gera eða hvað þeir vildu hafa gert og hvað þeir eru að undirbúa að gera? Hvílíkur tvískinnungur. Ég held að það sé ekki nokkur annar maður sem hefur eins áberandi forðast að tala um aðalatriðin og kom hér þegar hann var að tala um verðbólguna og talar um að stjórnarsinnar, allir þeir sem styðja stjórnina, viti hvað verðbólga er, viti hvernig hún verður til, af hverju hún verður til, en stjórnarandstæðingar hafi ekki hugmynd um það. Þeir séu fáfróðir einstaklingar sem séu að reyna að þykjast vera þm. en vita ekkert hvað verðbólga er. Við verðum að reyna að læra af þessum hv. herrum. Allar þær ráðstafanir sem hv. þm. og stjórnarliðið í heild hefur verið að samþykkja sem efnahagsráðstafanir fyrir áramót eru verðbólguhvetjandi og stjórnarandstaðan, samstillt stjórnarandstaða þó hún hafi ólíkar stjórnmálaskoðanir, hefur varað við því sem er á leiðinni. Það er ekki vegna þess að það er farið að ráðum stjórnarandstöðunnar að hæstv. forsrh., efnahagsráðherrann, hlýtur að hafa fyrirskipað Þjóðhagsstofnun að gefa engar upplýsingar eða útreikninga. Það hlýtur að vera vegna þess að ríkisstjórnin vill ekki láta fólkið í landinu sjá að verðbólgan er miklu hærri en jafnvel uppgefið er þegar talað er um 30–40% verðbólgu eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. áður og er hann þó stjórnarsinni. Eitthvað er ríkisstjórnin að fela. Og að tala svo um engla ríkisstjórnarinnar sem þykjast vilja vernda og verja fólkið í landinu frá verðbólgunni og sér í lagi láglaunafólkið.

Hv. þm. er búinn að eyða allri sinni starfsævi fram á þennan dag í þau 70 ár sem verkalýðshreyfingin hefur verið skipulögð og enn þann dag í dag þarf verkamaðurinn að vinna dag og nótt til að geta lifað sómasamlegu lífi í landinu. Átta stunda vinnudagur nægir ekki til að borða, að kaupa brauð fyrir börn og gamalmenni sem hann ætlar að leyfa sér að nota hér sem ástæðu fyrir því að hægt sé að gera vel við aldraða og sjúka, að réttlæta skattana. Ef þessir skattar væru ekki lagðir á væri velferðarríkið Ísland í hættu. Þá er hann að tala um viðbótarskattana því að fjárlögin hækkuðu um 50%. Niðurstaða, eyðsluniðurstaða fjárlaga er 65 milljarðar fyrir 1988, en var 43 milljarðar fyrir 1987. Það er um 50% hækkun. Að ætla svo að segja að sú hækkun, sú aukna eyðsla og þær tekjur sem þarf að ná inn í viðbótarskatta hafi ekkert að segja eða sé gert til að gamla fólkið og það sjúka geti haft það eins gott og það hafði áður, annars væri allt hrunið. Það hvarflar ekki að sjálfstæðismönnum nú að tala um að skera niður útgjöldin. Það hvarflar ekki að þeim. Það á bara að leggja á þjóðina. Þeir tala svo um að þeir séu að verja sjúka og aldraða, þeir séu að verja velferðina á Íslandi. Að viðhalda hverju? Fullri atvinnu með því að gera fjármagnsmarkaðinn svo dýran og fjármagnið, vinnutæki fyrirtækjanna og þjóðarinnar svo dýrt að fyrirtækin hrynja? Hvar er ullariðnaðurinn í dag? Hvar eru saumastofurnar í dag? Hvar eru frystihúsin sem var verið að benda á áðan? Eitt frystihús sagði upp 50 eða 60 manns í dag. Hvað er að ske? Er verið að verja fyrirtækin? Er verið að verja fólkið í landinu? Það er verið að ráðast á fólkið. Og þessi gríðarlegi árangur, sem ríkistjórnin er nú ekki búin að ná, við skulum sjá hvernig árið 1988 endar og vita hvort það hefur nægt að færa ríkissjóðshallann með matarskatti inn í bókhald eldhúsanna í landinu. Það eru eldhúsin sem hafa minna til ráðstöfunar. Það er fólkið. Það eru heimavinnnandi matreiðslumanneskjurnar, sem eru að reyna að halda lífinu í fátæku fólki fyrir lítið eða ekki neitt, sem verða að borga 25% meira í dag en í gær. Svo komið þið upp í ræðustól á Alþingi, á þeim vettvangi þar sem þið eruð nýbúnir að samþykkja alla þessa skatta, og segið svo: Við erum að bjarga fólkinu. Þið skjótið ekki mann og segið: Við erum að gera þetta fyrir þig, vinur. Það er gamall brandari mafíunnar í Bandaríkjunum þegar þeir skjóta einhvern: Þú ert vinur minn. Ég skal skjóta þig fyrir ekki neitt. — Komið ekki hingað til að telja fólki trú um að þið séuð algóðir í öllu sem þið eruð að gera. Það er rangt. Það er mjög rangt.

Það er alveg rétt og því breytir þessi ríkisstjórn ekki að Íslendingar eru yfirleitt gott fólk og það hefur ekkert með efnahagsráðstafanir né heldur umræður á Alþingi um efnahagsmál að gera. Hv. 14. þm. Reykv. Jafnvel þó að forsrh. segi þetta eru þetta engar nýjar fréttir fyrir stjórnarandstöðuna. Við vissum það fyrir fram að Íslendingar eru gott fólk. En það er hægt að breyta góðu fólki með því að fara illa með það. Landið er harðbýlt. Það var viðvörun. Til hverra? Ég var ekki klár á því. Til hverra var viðvörun um að menn skyldu varast að rífa niður með óábyrgum launakröfum þetta góða kerfi sem ríkisstjórnin er að koma á? (**GHG:** Ég sagði aldrei orð um launakröfur. Ekki eitt orð.) Það var það sem ég skrifaði niður. (**GHG:** Ekki eitt orð.) Það er það sem ég skrifaði niður. Ég bið afsökunar ef það er rangt tekið eftir. En hvað var verið að rífa niður með því? Þú skalt athuga þína miða sem þú ert með, hvort þetta er ekki þar. Að segja svo að stjórnarandstaðan hafi krafist hærri ríkisútgjalda (**GHG:** Það sagði ég. Það er rétt.) og aukinna fjárfestinga (**GHG:** Það sagði ég, alveg rétt.) og aukinnar neyslu. (**GHG:** Það sagði ég líka.) og það hefði skapað óðaverðbólgu ef orðið hefði verið við þessum kröfum. Ég er alveg sammála. Það hefði kannski skapað atvinnuleysi. En það skapar ekki atvinnuleysi það sem er að ske núna, að fiskiðjuverin eru að segja upp fólki í dag svo tugum skiptir, að ullariðnaðurinn er búinn að loka sínum fyrirtækjum nema Álafossi sem gengur í ríkissjóð, sem gengur eitt fyrirtækja sem ég þekki í ríkissjóð, er ríkisfyrirtæki, og saumastofur eru þegar lokaðar. Er það ekki til að skapa atvinnuleysi?

Ég kannast ekki við þessar kröfur frá stjórnarandstöðunni. Hitt er annað mál að stjórnarandstaðan tekur þátt í umræðum, hún tekur þátt í störfum

Alþingis og hún þarf ekki alltaf að hafa sömu meiningar um ráðstöfun ríkissjóðstekna og stjórnarliðar. Það veit ég ekki til að hafi nokkurn tíma skeð. En það er eins og stjórnin tali þannig að henni sé illa við að stjórnarandstaðan skuli vera eins áhrifamikil og hún er, fámenn eins og hún er. Ég veit ekki betur en stjórnarandstaðan hafi tekið efnahags- og launamál á dagskrá allan tímann sem efnahagsmál voru hér í umræðum. En hvorki þm. né ráðherrar höfðu eitt einasta orð að segja. Og þeir þakka alveg sérstaklega fyrir það núna þegar aðalafgreiðslutími efnahagsmála er liðinn hjá án þess að ráðherrar í ríkisstjórn eða stjórnarliðið hafi séð ástæðu til að taka til máls. Nú koma þeir og þakka fyrir að efnahagsmál skuli vera komin á dagskrá. Af hverju komu þeir ekki með það sjálfir á dagskrá? Af hverju voru þeir að bíða eftir því að stjórnarandstaðan kæmi með það? Er eitthvað sem bannar ykkur hverjum fyrir sig að taka til máls? Þarf stjórnarandstaðan að hvetja ykkur eitthvað? Er þessi hrærigrautur sem er kölluð ríkisstjórn, hrærigrautur ólíkra flokka, með eitthvert samstarf sín á milli eða samkomulag um að tala helst ekki? Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. séu alltaf blaðrandi. Síðan kemur blessaður forsrh. í fjölmiðlana og hann er spurður: Er það rétt sem hinir segja? Þetta er alveg eins og þeir segðu við einhvern mann: Barðirðu konuna þína í morgun? Það er alveg sama hvort hann segir já eða nei. Hann viðurkennir að berja hana nokkuð reglulega. En forsrh. getur ekki svarað öðruvísi en: Ég er sammála hinum. Ef hann ekki gerir það er kominn upp opinber ágreiningur í ríkisstjórninni sjálfri. Það getur verið að það sé rétt ágiskun hjá mér að ríkisstjórnin megi ekki taka til máls og þess vegna þakkar hún stjórnarandstöðunni fyrir að taka upp umræðu um efnahags- og kjaramál til þess að geta kvatt sér hljóðs.

Látið okkur bara vita ef þið viljið ræða mál. Við skulum koma með það á dagskrá hvenær sem er. Við skulum gera það fyrir ekki neitt, það er alveg rétt, og láta það heita hvað sem hæstv. bankamálaráðherra vill. Þegar hv. 14. þm. Reykv. var að lesa upp „blaðagrein" áðan datt mér í hug að hæstv. ráðherra hefði verið andvaka í nótt og samið ræðu um málin sem voru hér á dagskrá. Það er eins og hann hafi haft hugboð um eða vitað hvað átti að ræða hér utan dagskrár og samið það fyrir fram því það passaði stundum og passaði stundum alls ekki neitt. Hann var að tala um mál sem hafa verið hér á dagskrá frá degi til dags. Hann hringlaði frá einum fundi Alþingis til annars. En málin sem voru á dagskrá í dag koma ekki svo mikið inn í söguna. Það er eins og ræðan hafi verið samin í nótt vegna þess að ráðherra hafi verið andvaka eða eitthvað slíkt. Ég trúi því vel að hann hafi verið það. Það kemur mér ekkert á óvart þó ráðherrarnir séu mjög oft andvaka.

Nú segir hv. 14. þm. Reykv., ég tala mikið um hans mál vegna þess að hann kemur úr atvinnulífinu, hann hefur verið launþegi hjá útflutningsfyrirtæki eða samtökum, að ytri aðstæður hafi versnað mjög mikið frá því í fyrra vegna hækkandi innlends kostnaðar. Er það ekki rétt með farið? (Gripið fram í.) Já, en hver tók þátt í að greiða atkvæði með hækkununum? (Gripið fram í.) Innlendum kostnaði, já. Haldið þið að það sé ekki kostnaðarhækkun að fá ekki endurgreiddan söluskatt? Haldið þið að það sé ekki kostnaðarhækkun að 1% launaskattur er settur á? Haldið þið að það sé ekki kostnaðarhækkun að verslunar- og skrifstofuhúsnæði tekur 2% í staðinn fyrir 1% o.s.frv. og hægt að halda áfram? Hvað er þetta? Hvers lags fíflagangur er þetta? Auðvitað er þetta kostnaðarhækkun. Og þetta er innlend kostnaðarhækkun. Það kemur ekki utan að. Svo er talað um að lækkun dollarans sé alvond. Það á allt að lenda á aumingja dollaranum. Af hverju? Það er alveg ljóst að þið komist ekki hjá því að lækka gengið. Þið getið farið í burtu og látið næstu stjórn gera það. Það er kannski langbest. Reiknið út hvað gengislækkun gefur, mér er alveg sama hvaða prósenta það er af útflutningsverðmætum, hvað gefur hún ykkur margar viðbótarkrónur og hvað eykur hún skuldina af yfir 80 milljörðum eða meira sem eru í dollurum? Ég er ekki viss um að við töpum neitt á dollaranum. Og afurðirnar hafa hækkað. Verðið í erlendum gjaldeyri, í dollurum, hefur hækkað þó það hafi kannski hækkað minna en tilkostnaðurinn hefur hækkað innan lands. Á sama tíma hefur EURO-gjaldeyrir hækkað og við erum að selja í auknum mæli til Evrópu þannig að við erum að fá auknar tekjur þar svo það er ekki allt neikvætt. Það er eingöngu talað um það sem er neikvætt og ríkisstjórnin getur notað miðað við að enginn viti hvað er að ske nema hún. Ef dæmið er tekið í heild sinni efast ég um að gjaldeyrisviðskipti okkar séu okkur í óhag eins og málin standa.

Ég vona að það sé til að reyna að blekkja okkur þegar talað er um að ríkisstjórnin með aðgerðum sínum tryggi atvinnuöryggi og afkomu fólksins. Það er verra ef þeir eru að blekkja sig sjálfir, þeir sem nú ætla að senda öryggissveitir til þess að vera vissir um að fá inn eins mikið af tekjum og mögulegt er, eins og á að koma inn. En má ég spyrja hæstv. fjmrh. úr því hann er nú kominn í salinn: Eiga þessar öryggissveitir að vera í sérstökum búningum? Verða þær auðþekkjanlegar þegar þær ganga um göturnar, þegar þær marsera um göturnar? Verða þær merktar eitthvað? Er Sjálfstfl. búinn að samþykkja þessar öryggissveitir? (**GHG:** Gömlu búningarnir eru allir tíndir.) Er ekki hægt að kalla þær eitthvað? Þurfa þær ekki að heita eitthvað? Þurfa þær ekki að heita skattaskoðunarsveitir? Það er auðvelt að skammstafa það. Það væri gaman að sjá þegar þetta er komið í framkvæmd hjá ykkur.

Það þarf ekki hv. 14. þm. Reykv. til að segja okkur í stjórnarandstöðu eða nokkrum Íslendingi og heldur ekki þeim sem standa í forustu verkalýðsins að Íslendingar vilja ekki verkföll. Það vill enginn. Það þýðir ekkert að tala um að þjóðinni sé skipt í fólk sem vill verkföll og aðra sem vilja þau ekki. Það

vill enginn verkföll, ekki einu sinni þeir sem verða að boða til þeirra ef nauðsyn krefur. Það veit enginn betur en einmitt hv. 14. þm. Reykv., svo lengi hefur hann staðið í forustuliði verkalýðsins í Reykjavík. Þess vegna eru það heldur engin ný sannindi að íslenska þjóðin vill lifa við frið. Þetta er aðalinntak stjórnarliða í efnahagsumræðum, í umræðum á Alþingi Íslendinga um efnahagsmál og kjarabætur. Þetta er bara til að drepa kjarna málsins á dreif. Og að fara svo að bera saman við ástandið á Englandi. Hefur það eitthvað breyst við stjórnarskiptin? Hefur ástandið í Englandi eða í Efnahagsbandalagslöndunum eða Kanada eitthvað breyst við að þessi ríkisstjórn tók við? Á þetta eitthvert erindi í efnahagsumræður okkar hér þó svo að við höfum viðskiptasambönd við þessar þjóðir? Þetta er rugl! Guði sé lof að við höfum ekki haft atvinnuleysi. Ég man atvinnuleysi hér og ætla ekki að fara út í þá sálma. Guð almáttugur, það var þá orðið til þess að ljúka ræðu hérna að menn verði að vera heiðarlegir og segja þjóðinni sannleikann. Það kom þá úr réttri átt. Það kom þá úr réttri átt hjá frummælanda þegar hann talaði um hvað ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið hafa haft að segja fyrir kerfið sem við búum við. Tollþjónustan er óvirk í dag. Ég kalla það óvirkt þegar það tekur margar vikur sem áður tók engan tíma. Ég var búinn að setja á sem fjármálaráðherra hraðafgreiðslu. Það er búið að taka hana af og nú tekur margar vikur að fá tollafgreiðslu. Það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur verið að hringla með kerfið. Tryggingastofnun ríkisins biður fólk með auglýsingum í fjölmiðlum að hafa ekki samband við stofnunina vegna þess að hún sé upptekin við nýja kerfið sem var þegar auglýst var að senda út ávísanir. Gjaldheimtan er ekki tilbúin að taka við skattpeningunum. Ríkisstjórnin er nýbúin að hækka, eins og ég gat um áðan, útgjaldahlið fjárlaga um 50%, úr 43 milljörðum í 65 milljarða, og verður það eflaust enn þá hærra þegar upp er staðið. Og það er búið að sprengja efnahagsstefnu þjóðarinnar. Þjóðhagsstofnun, forstjóri hennar lýsir því yfir að hann hafi engar forsendur. Það er búið að taka frá honum allt sem hann þarf til að vinna með. Hann hefur engar forsendur til að vinna fyrir ríkisstjórnina lengur og þjóðina. Hann getur ekki gert þjóðhagsspá. Ég held að hann megi ekki gera hana. Það segir mér enginn að Þjóðhagsstofnun hafi ekki einhverjar tölur. Hún hefur tölur en hún má ekki vinna þær. Það er mín skoðun vegna þess að ríkisstjórnin kærir sig ekkert um að láta fólkið sjá árangurinn af starfi sínu þó ekki lengra sé.

Og ofan á allt þetta er svo kjarabarátta í fullum gangi og ef eitthvað er að marka yfirlýsingar stefnir allt í hörð verkföll. Ég vona að svo verði ekki. Ég segi af gefnu tilefni af árásum á stjórnarandstöðuna í sambandi við kjaramál og þá deilu sem er og er að harðna að Borgarafl. er reiðubúinn að gera allt sem í hans valdi stendur til að hjálpa ríkisstjórninni ef hún þarf á því að halda og það getur orðið til þess að komast hjá verkföllum. Mér er næst að halda, ég jafnvel fullyrði hér, að stjórnarandstöðuflokkarnir allir séu reiðubúnir að hjálpa ríkisstjórninni til þess að komast hjá verkföllum, að það verði ekki ríkisstjórninni að falli. En það furðulega við þetta allt saman er að varla hafði ríkisstjórnin samþykkt þær ráðstafanir sem nú gandríða þjóðinni en yfirlýsing kemur frá formanni eins af stjórnarflokkunum um að hann hafi alls ekki viljað þessar ráðstafanir. Hann átti við að hér væri allt að brenna í kalda kol þegar hann tók lýsinguna af Róm. Að sjálfsögðu meinti hann það. Og hann sá í efnahagsráðstöfunum, sérstaklega í vaxtamálum, ófreskju. Við vitum öll hvað ófreskja er. Það er ekkert grín. Ófreskja er ekkert grín. Það er formaður Framsfl. sem segir þetta um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum skömmu eftir að hann sjálfur og hans flokkur hefur samþykkt þær. Og það staðfestist í dag. Þegar hv. 10. þm. Reykv. kemur hér upp og talar eins og hann talaði staðfestir hann nákvæmlega það sem formaður hans var búinn að segja.

Ég er ekkert hræddur við að taka höndum saman við ríkisstjórnina og bæta laun þeirra lægst launuðu með lögboði. Ég skal taka þátt í því. Það er í framhaldi af því sem hæstv. forsrh. talaði um, að ráðstöfunartekjur hefðu aukist um 18% og þjóðartekjur um 8%. Hann segir svo: Það er eðlilegt að bæta kjör þeirra sem lægst eru settir. Og ég er honum sammála. Ég lýsi stuðningi mínum við þessa hugsun. Og ég er líka sammála hv. 16. þm. Reykv. þegar hún segir að lægstu laun verði ekki leiðrétt með kjarasamningum. Ég hlýt að vera henni sammála. Þið hljótið öll að vera henni sammála vegna þess að kjarabarátta verkalýðshreyfingarinnar hefur staðið í 70 eða 80 ár og enn þann dag í dag lifir ekki verkamaðurinn, sá lægst launaði í þjóðfélaginu, af átta stunda dagvinnulaunum og fimm daga vinnuviku. Ég segi: Ég skal koma í samstarf með ríkisstjórninni ef við viljið lögfesta það sem er niðurstaða eftir ítarlega könnun af ábyrgum aðila hvað eiga að vera algjör lágmarkslaun til þess að einstaklingur geti lifað sómasamlega á Íslandi. Það er alrangt hjá hv. 14. þm. Reykv. að það hafi aldrei komið tillaga um leiðréttingu á þessu frá stjórnarandstöðunni. Það kom fram hjá hv. talsmanni Kvennalistans að vegna þess að núverandi stjórnarliðar höfnuðu einmitt þessum ráðstöfunum fóru þær ekki í stjórnarsamstarf. Það er ekki hægt að haga sér þannig að það verði að leiðrétta alla daga og á öllum fundum stjórnarliða. (**GHG:** Mætti ég spyrja hv. þm. hver séu lágmarkskjörin?) Ég sagði: Það verður að kanna af ábyrgum aðilum. Ég er ekki reiðubúinn til að segja það. Ég veit það ekki. En þeir sem gerst þekkja hafa verið að tala um í kringum 45 og allt upp í 55 þús. á mánuði sem lágmark. Ég veit ekki hvort það er rétt, hvort það er of hátt eða hvort það er of lágt. Ég sagði, eftir könnun ábyrgra aðila, þeirra aðila sem við getum treyst, bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, skulum við taka saman höndum og hækka laun við þá lægst launuðu og hætta að tala um það allan tímann að við viljum þetta og við

viljum hitt en greiðum svo atkvæði öðruvísi þegar á hólminn er komið. Við skulum vera menn til að breyta þessu.

Hæstv. sjútvrh. er farinn svo að ég ætla ekki að tala til hans. Það hefðu orðið eins konar borgarmálefni að tala við hann að mestu leyti vegna þeirra orða sem hann lét falla um borgarstjórn Reykjavíkur. Þó ég sé ekki alsæll með allt það sem borgarstjórn Reykjavíkur er að fara út í núna held ég að borginni hafi yfirleitt verið nokkuð vel stjórnað. Og sú þensla sem hefur verið á byggingarmarkaði eða vinnumarkaði í Reykjavík er ekki bara vegna framkvæmda borgarstjórnarinnar. Auðvitað vill borgarstjóri, ungur og frískur maður, gera ýmsa hluti og gera þá í hvelli. Hann verður að halda sinni reisn og hann verður að stjórna sinni borg og sínum flokki og það verða allir að skilja. Og ég hef bæði gaman af því og styð hann í mörgu af því sem hann er að gera þó að það sé ekki í öllu.

En hvaða fjárfestingar hafa verið hérna í Reykjavík? Hver byggði Mjólkurstöðina? Hver byggði báknið, SÍS-báknið, ég veit ekki hvað það er kallað, inni á Ártúnshöfða? Hver er að byggja Sláturfélag Suðurlands? Það er fjöldinn allur af byggingum sem hér hafa risið og langstærstu húsin í Reykjavík eru byggð af aðilum sem ekki hafa heimilisfesti í Reykjavík. Ef við tökum þær framkvæmdir í burtu og skiljum bara eftir það sem er byggt á vegum Reykjavíkurborgar verð ég að segja það að þótt ég hefði viljað gera ýmislegt annað, og þá er ég kannski með gömul baráttumál mín í huga, meira fyrir aldraða og á annan hátt en gert er í augnablikinu, er Reykjavík, ekki bara frá ári til árs, heldur frá mánuði til mánaðar, fallegri og betri borg en hún var. Og það hlýtur að vera eitthvert stolt til handa Reykjavík frá öðrum en Reykvíkingum, bara sem höfuðborg. Það þarf hins vegar að fara varlega í allt.

Nú er ég ekki að halda og ætla mér ekki að halda frekari kosningaræðu fyrir Sjálfstfl. eða borgarstjórann í Reykjavík, en ég held að við verðum að meta það sem vel er gert. Við skulum fara í gegnum borgina einhvern tímann saman og sjá hvað er byggt af öðrum en fyrirtækjum heimilisföstum í Reykjavík. Þetta hefði ég viljað, svona með öðru, segja við hæstv. sjútvrh. og náttúrlega er ég búinn að segja það svo oft. Þegar menn eru að fagna hallalausum ríkissjóði, eins og að er staðið, eru það eldhúsin í landinu sem standa undir hallanum. Það er búið að færa halla ríkissjóðs inn í eldhúsin, m.a. með matarskattinum, og svo er talað um að við þurfum á sama hátt í næstu lotu að koma viðskiptahallanum niður í núll. En í guðanna bænum gerið þið það fyrir mig sem fyrrverandi félaga að reyna ekki að koma því yfir á eldhúsin eða heimilin líka, reynið þið að finna eitthvað nýtt. Ég hefði viljað sjá myndarlega skorin niður útgjöldin í staðinn fyrir að hækka þau um 50%.

Þegar ég var fjármálaráðherra á vegum Sjálfstfl. þótti það ekki nóg niður skorið sem þá var á fjárlögum fyrir 1986, en til þess að fá þau fjárlög samþykkt þurfti ég að fá samþykki núv. forsrh., þáv. og núv. formanns Sjálfstfl., og þingflokksins til þess að hóta stjórnarsliti þann sama dag. En strax og fjárlögin voru samþykkt sneri flokkurinn við mér baki. En það er önnur vinnuaðferð í dag.

Ég var að vona að hæstv. fjmrh. hefði eirð í sér að sitja svolítið lengur og kannski skemmta okkur svolítið meira seinna í kvöld. (**SJS:** Hann skrapp heim til að borða ýsuna.) Já, ég veit það. Hann hefur líklega verið nýbúinn að fá barnabæturnar, þær gefa honum líklega 1½ til 2 kg af ýsuflökum. En ríkisstjórnin hefur verið upptekin við að leiðrétta mistök síðustu ríkisstjórnar. Hvað segir hæstv. forsrh. við þessu? Að hæstv. núv. fjmrh. hefur þurft að eyða öllum sínum tíma frá því hann varð ráðherra í að leiðrétta mistök forvera síns. Hann hefur ekki verið svo upptekinn, það veit hæstv. forsrh., við að undirbúa skattalögin eða undirbúa staðgreiðslukerfið eða undirbúa virðisaukaskattinn vegna þess að öll þessi frv. voru þegar í undirbúningi hjá hæstv. fjmrh. þess tíma, á undan mér í embætti, Ragnari Arnalds. Mér er næst að halda að fjmrh. á undan honum hafi líka unnið að þessu frv. þannig að það eru margir fjmrh. en oftast nær sömu embættismennirnir í ráðuneytinu sem hafa unnið að þessum málum. Svo að við skulum ekkert hæla okkur af þrekvirki í þeim málum.

Eitt vil ég segja að gefnu tilefni frá hv. 14. þm. Reykv., eða var það hv. 2. þm. Norðurl. e., að þegar ég lagði virðisaukafrv. fram í Ed. Alþingis á sínum tíma sem fjmrh. kom ég því ekki í gegnum Ed. Ég lagði það fram og formaður fjh.- og viðskn., sem þá var hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sagði mér að það væri alls ekki stuðningur í nefndinni fyrir frv. þannig að hann ráðlagði mér að fá það ekki út úr nefndinni. Það getur verið að Sjálfstfl. hafi breytt um skoðun núna. Ég fékk ekki stuðningsyfirlýsingu þegar ég lagði það fram, heldur heimild til að leggja það fram til skoðunar, til kynningar, svo að það getur verið að það sé breytt.

Þessi ummæli og það sem við vorum áhorfendur og áheyrendur að hér í þessu virðulega sameinaða Alþingi og í deildum Alþingis líka við afgreiðslu þeirra frv. sem stjórnin lagði fram var sundurþykkja, óánægja og jafnvel rifrildi á milli stjórnarliða og ráðherrar hæstv. gefandi yfirlýsingar fram og til baka eins og þeir væru að verja sig, verja sinn flokk, og svona skapa fyrirvara fyrir jákvæðri afstöðu sem þeir urðu að taka en voru ekki reiðubúnir til að gera með glöðu geði. Þetta er að koma aftur. Þegar hæstv. fjmrh. færir yfir á forvera sinn alla ábyrgð á öllu því sem illa hefur verið gert kalla ég það ódrengilegt. En það sýnir að það er ekki samstaða í ríkisstjórninni. Þessi ummæli benda til vissrar ástæðu til að ætla að fram undan geti verið stjórnarkreppa. Þessi ummæli eru svo ódrengileg að þrátt fyrir persónulegan ágreining okkar, hæstv. forsrh. og mín, vil ég verja hann gegn svona ummælum. Og ég vara hæstv. fjmrh. við að tala svona.

Fjmrh. hæstv. talaði um það óvissuástand sem

hann tók við og gerði lítið úr stjórnarandstöðunni og að stjórnarandstaðan hefði vart mátt mæla þegar stjórnarfrv. komu fram, en á sama tíma var kvartað undan málþófi. Ætli það verði ekki kvartað undan málþófi, hæstv. forseti, vegna þess að ég tala í máli sem er á dagskrá núna, í máli sem hæstv. fjmrh. tók einn og hálfan tíma á miðjum degi til að ræða? Það skyldi þó aldrei vera. Þegar við töluðum var kvartað undan því að við töluðum, en ríkisstjórnin þagði þá þó svo að nú telji hann nauðsynlegt, þegar þessar ráðstafanir hafa sýnt hve vondar þær eru, að tala í einn og hálfan tíma. Hann hefði betur gert það þegar hann þurfti að skýra málin betur og þegar hann var að fá spurningar frá okkur, þegar við vorum að vara hann við til þess að þjóðfélagið liði ekki fyrir það sem hann var þá að kokka.

Hann talaði mikið um að ríkisstjórnin hefði ekki setið aðgerðalaus. Ég verð að segja að þetta er alveg rétt. Ég vil bæta við: Því miður, hún hefði betur gert það. Hún hefði betur setið aðgerðalaus en að halda svona áfram eins og hún hefur gert. Ég kalla það ekki aðhald í útgjöldum eða vinnu gegn verðbólgu að auka útgjöld ríkissjóðs um 50% og þurfa að hækka tekjuhliðina á móti um 22–25 milljarða og segja svo við fólkið í landinu: Þetta skiptir engu máli. Matarskatturinn skiptir ykkur engu máli. Þessir 65 milljarðar sem voru áður 43 fyrir ári síðan, þeir skipta ykkur engu máli. Bíðið þið bara, kjánarnir ykkar, og sjáið þið að eftir nokkra mánuði, kannski ár, eitt og hálft ár, fer verðbólgan niður. Ef það er leiðin að setja á 25% matarskatt og hækka útgjaldalið fjárlaga um 50% og svo tekjuhliðina eða skatta til að mæta því og með þessari ráðstöfun taki það u.þ.b. ár, skulum við segja, nokkra mánuði til eitt og hálft ár, af hverju hækkuðuð þið þetta ekki enn þá meira til þess að ná niður verðbólgunni á skemmri tíma? Ef þetta er sú trú sem þið hafið? Það er alveg furðulegt að ríkisstjórnin skuli láta sér detta í hug að fólkið í landinu sé ekki betur upplýst en þetta.

Virðulegi forseti. Ég veit að það vilja eflaust allir, ekki bara forseti, komast hjá löngum kvöldfundi eða frestun svo að ég skal reyna að stytta mál mitt.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að það þyrfti að útvarpa frá Alþingi öllum umræðum til þess að fólkið í landinu fengi að fylgjast með því sem gerist á Alþingi. Ég vil eindregið taka undir þessi orð og engum trúi ég betur til þess að ná árangri í því sem getur verið Alþingi fyrir góðu en einmitt forseta sameinaðs Alþingis. Ég beini því þessum orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. til forseta vors og bið hann um að koma þessu í framkvæmd og hans mun verða minnst í sögu Alþingis svo lengi sem Alþingi starfar, það fer ekki á milli mála, svo mikil og góð breyting yrði það.

Það er verst að virðulegur þm. er farinn, en hann talaði um að þessi ríkisstjórn hefði gert meira en nokkrar aðrar í tekjuaukningu. Ég held að ég þurfi ekki að endurtaka það sem ég er búinn að segja. Ég vil taka undir þessi orð. Ég held að það sé öllum ljóst og fólkið er farið að finna fyrir því að þessi ríkisstjórn hefur gert meira en nokkur önnur í tekjuöflun. En það er bara þetta sem ég hefði gjarnan viljað vita, hvort þessu grettistaki í fjáröflunarkerfi, eins og hann orðaði það, verður fylgt eftir með þessum eftirlitssveitum og hvernig þær eiga að starfa. Því það er alvarlegt mál, það er miklu stærra og alvarlegra mál en hæstv. fjmrh. kannski gerir sér ljóst, ef það bíður okkar og íslensku þjóðarinnar að helmingurinn af þjóðinni eigi eftir að elta hinn til þess að vita hvort seinni helmingurinn er þjófur eða ekki þjófur. Þetta er miklu stærra mál en hann áttar sig kannski á. Það getur verið og ég vona að hann hafi þarna troðið á tungunni á sér, en ekki verið að upplýsa samþykktir ríkisstjórnarinnar.

Þá vil ég segja það að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur misskilið hv. 7. þm. Reykn. Hann var að tala gegn því að festa íslensku krónuna við einhvern erlendan gjaldeyri en ekki með því. Hann var að tala gegn því. Þetta mál sem nú er uppi eða hugmynd sem hér hefur komið fram á Alþingi í, að ég held, frumvarpsformi, að íslenska krónan verði lögð niður og samstarf verði tekið upp við erlendan aðila er ekki ný hugmynd. Hún kom upp hjá Jónasi Jónssyni á sínum tíma. Þegar rætt var um það fyrst að Bandaríkjamenn fengju hér aðstöðu á Keflavíkurflugvelli með hersetu var talað um að tryggja alls konar framkvæmdir á vegum og á kostnað Bandaríkjamanna. Það var talað um að Bandaríkjamenn tryggðu sölu á öllum okkar afurðum á hámarksheimsmarkaðsverði meðan þeir væru hér og ekki minna en til 99 ára ef ég man rétt. Og það var talað um að gullfótur dollarans tryggði jafnframt íslensku krónuna eða jafnvel yrði tekinn upp dollari á Íslandi á meðan samningarnir væru í gildi svo að þetta er ekkert nýtt mál. En ég er jafnmikið á móti því nú eins og þegar Jónas Jónsson sagði mér frá þessu löngu eftir að hann hafði borið það fram.

Ég ætla ekki að fara að ræða í fjarveru hv. 2. þm. Austurl. fullyrðingar hans í sambandi við þátttöku ríkisins í að spenna upp vexti og verðbréf og verðbréfamarkaðinn. Það sér hins vegar hver heilvita maður að þegar ríkisstjórnin þarf að bjóða hærri vexti og betri kjör í hvert skipti sem einhver verðbréfaflokkur fellur í gjalddaga og ríkissjóður þarf að standa í skilum þarf hann alltaf að selja ákveðið magn til þess að geta staðið í skilum. Og með því að hækka vextina og jafnvel bjóða afföll líka tekst honum að brúa bilið frá einum gjalddaga til annars. Þetta er ljótur leikur sem hlýtur að enda með skelfingu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni, en ég vona að þó ég hafi tekið þátt í þessum umræðum verði það ekki skrifað á málþóf.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það mætti margt um þá umræðu segja sem hefur farið fram í dag. Einu verður þó varla neitað þegar kemur að lokum hennar að það var þörf fyrir hana. Það sýnir þátttakan og sá tími

sem það hefur tekið að ræða þessi mál sem hefði ugglaust getað orðið lengri.

Ég skal aðstæðna vegna reyna að fara eins fljótt yfir sögu og mér er kostur. Ég kemst þó ekki hjá því að víkja örfáum orðum að ummælum sem hér hafa fallið undir umræðunni, einkum frá hæstv. ráðherrum.

Hæstv. forsrh. lá mikið á að koma því að að meðaltölin væru í ágætu lagi. Þar með ættu menn ekkert að vera að röfla allt of mikið um það að kaupmátturinn rýrnaði og ýmislegt væri að fara úr böndunum vegna þess að meðaltalsráðstöfunartekjur, eða hvað það nú heitir allt saman, væru alveg þokkalegar og reyndar mjög háar og þess vegna hlytu menn að hafa það nokkuð gott. Þetta könnumst við allt saman við. Þess er vert að minnast að á bak við þessi meðaltöl liggur margt, m.a. gífurlegur þrældómur. Öll yfirvinna, launaskrið, yfirborganir, fjármagnstekjur og aðrir slíkir hlutir koma þarna til auk hins venjulega kaups. Sú staðreynd er jafnframt ljós, þrátt fyrir öll meðaltölin, að menn eru í góðærinu, í þessu mesta góðæri sögunnar, jafnfjarri því að geta framfleytt sér af tímakaupi eins og þeir hafa lengi verið, ef ekki heldur fjær. Það er annar mælikvarði til að líta á þessa hluti og segir sína sögu.

Eitt hefur komið mér mjög á óvart, herra forseti, og þó kannski ekki á óvart en það hefur vakið athygli mína nú sem endranær. Það er hvernig hæstv. ráðherrar og stjórnarliðar kjósa að stilla málunum upp þegar þeir fjalla um verðbólguna. Þeir tala um það, þessir hv. og hæstv. menn, að það megi alls ekki hækka launin. Þá fari verðbólguskriða af stað. En hver er staðan? Hver er verðbólgan í dag? Við skulum fara aðeins yfir það. Hún er þannig að á milli mánaðanna desember og janúar var hún 54%. Og meðaltalsverðhækkanir sl. þriggja mánaða eru yfir 30%. Er hægt að tala um að það fari eitthvað af stað í þessum efnum þegar verðbólguhraðinn er slíkur? Auðvitað ekki. Þetta er hins vegar gamalkunnug aðferð, gamalkunnug hótun, svipa til að reiða upp þegar gengið er til kjarasamninga. Ef þið vogið ykkur að semja um einhverjar launahækkanir verður ykkur kennt um það að verðbólgan hafi farið af stað, veskú. Og þetta er reynt núna, eina ferðina enn, þó að sú staðreynd blasi við að tvennir síðustu kjarasamningar voru mjög hógværir samningar, verðbólgulækkandi samningar. Þannig að sú verðbólguskriða sem núna stendur yfir í landinu verður ekki með nokkru móti skrifuð á ábyrgð þeirra sem gerðu tvenna síðustu kjarasamninga. Oft hefur mátt reyna þetta en aldrei er það ósanngjarnara en nú. Hverjir gengu fram fyrir skjöldu og prísuðu síðustu kjarasamninga sem fyrirmyndarsamninga aðrir en þeir sömu menn sem nú eru að reyna að klína því enn þá eina ferðina yfir á samningsaðila að ef þeir leyfi sér að hækka kaupið skuli þeir bera ábyrgðina á verðbólgunni? Það eru mennirnir sem sjálfir misstu stjórn á henni. Það eru þeir hinir sömu ráðamenn úr síðustu og núv. ríkisstjórn sem eru búnir að missa tökin á hlutunum og hleypa verðbólgunni upp í 30–50%. Þeir tala úr glerhúsi og ættu að gæta þess.

Ég verð, herra forseti, vegna þeirra tilrauna hæstv. forsrh., sem eru ekki nýjar af nálinni, til að rangfæra það tilboð sem stjórnarandstaðan gerði stjórnarliðum 20. des. sl. í sambandi við framgang mála hér á Alþingi, að fara ofurlítið yfir þá hluti. Hæstv. ráðherra kýs að stilla málum svo upp að stjórnarandstaðan hafi gert halla á fjárlögum að sérstakri kröfu, rétt eins og það væri bara æðsta keppikefli okkar og æðsta takmark að hafa sem mestan halla á fjárlögum. Mér satt best að segja blöskrar svona framsetning. Hver á sér þann draum, með leyfi að spyrja, hver á sér það takmark í efnahagsmálum að það sé halli á ríkissjóði? Auðvitað ekki nokkur maður. Það er einnig alrangt og útúrsnúningur af versta tagi að við höfum hafnað allri frekari tekjuöflun ríkisins.

Við settum fram tvær óskir fyrst og fremst. Númer eitt að fallið yrði frá matarskattinum. Við gerðum okkur grein fyrir því að það að falla frá þeirri skattheimtu þó að ýmiss konar önnur tekjuöflun kæmi í staðinn gæti þýtt það að erfitt yrði að ná hallalausum rekstri á ríkissjóði þegar í stað. Og þess vegna settum við sem einn af þessum þremur liðum að við gætum sætt okkur við það að í staðinn fyrir að ná hallalausum ríkissjóði strax yrði það gert á þremur árum. Hæstv. forsrh. getur ef hann vill haldið áfram að snúa út úr þessu. Ég held hins vegar að það sé svo barnalegt að ætla að reyna að telja fólki trú um það að einhver heilvita stjórnmálamaður í landinu eigi það sem sérstakt takmark, sérstaka ósk, að reka ríkissjóð með halla að ég held að þetta gangi ekki upp hjá hæstv. ráðherra.

Þriðja óskin var ofur eðlileg. Hún var um það að ef gengið yrði til slíks samstarfs, samkomulags um hlutina, vildum við fá tryggingu fyrir því að ekki yrði svo þvert ofan í það að Alþingi færi heim gripið til einhverra stórfelldra efnahagsráðstafana með bráðabirgðalögum. Það var ofur eðlileg ósk við þessar aðstæður og ekkert um það að segja.

Ég beini því þeim tilmælum til hæstv. forsrh. að hann hætti þessum útúrsnúningum því að þeir fara honum ekki vel. Þeir fara engum manni vel og allra síst forsrh. sem vill vera málefnalegur, hygg ég. Það er auðvitað hægt að túlka hlutina svona. Það er hægt að snúa út úr þessu á alla enda og kanta, það veit maður. En mér finnst það ekki mjög stórmannlegt að fara þannig með tilboð sem við gerðum af einlægni vegna þess að ríkisstjórnin bað um viðræður við stjórnarandstöðuna. Mér finnst það ekki stórmannlega gert í sjálfu sér að nota sér það að stjórnarandstaðan var tilbúin til þess að ræða við ríkisstjórnina með þeim hætti að henda á lofti þær hugmyndir sem við vörpuðum þarna fram, snúa út úr þeim og reyna að nýta sér þá aðstöðu sem hæstv. forsrh. er oft og tíðum í, í fjölmiðlum og annars staðar, að rangfæra þær með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Haldi þetta áfram eins og það gerði t.d. í áramótagrein hæstv. ráðherra og oft áður áskil ég

mér auðvitað allan rétt til þess að svara því þá mjög rækilega og þá kann ýmislegt fleira að koma í ljós sem þarna var rætt.

Ég fullvissa svo hæstv. forsrh. um það að ég mælti fyrir þessum hugmyndum með góðri samvisku og gæti gert það enn vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það hefði ekki verið neinn stórglæpur í tengslum við aðrar ráðstafanir þó að ríkissjóður hefði ekki náðst með öllu hallalaus á þessu ári. Ég er sammála um að það var æskilegt markmið en menn verða stundum að láta byrinn ráða. Og að mínu mati var miklu mikilvægara að koma í veg fyrir þá skattþíningu á almenningi og láglaunafólkinu í landinu sem felst í matarskattinum. Það var margfalt mikilvægara markmið og keppikefli en það, þó að það sé gott út af fyrir sig að reka ríkissjóð hallalausan. Hæstv. forsrh. má þar af leiðandi hætta að vorkenna mér fyrir það að hafa tekið þátt í því að bera fram þetta tilboð við hæstv. ríkisstjórn.

Það var svo eitt mjög athyglisvert hér í umræðunni, herra forseti, að stjórnarliðar lýstu mjög eftir stefnu stjórnarandstöðunnar. Og hæstv. forsrh. eyddi drjúgum hluta ræðu sinnar í að ýmist snúa út úr því sem stjórnarandstaðan hafði fært fram, eins og þarna 20. des., eða þá að fjalla um það í löngu máli að stjórnarandstaðan hefði ekki lagt fram þetta og lagt fram hitt. Það gerði einnig hv. 2. þm. Norðurl. e. og fleiri og fleiri stjórnarliðar. Hvers vegna? Ég held að svarið sé einfalt, herra forseti. Það er vegna þess að stjórnarliðar sjálfir hafa ekki frá neinu að segja. Þeir geta ekki notað ræðutíma sinn til þess að segja frá eigin stefnu. Hæstv. forsrh. hafði svo fátæklegt nesti hingað í ræðustólinn að honum dugði það ekki nema í fáeinar mínútur. Þá sneri hann sér að stjórnarandstöðunni og eyddi því sem eftir var af ræðutímanum í hana. Skiljanlega, vegna þess að það var svo lítið að frétta úr þeim herbúðum sem hann á þó að heita talsmaður fyrir. Það er ábyggilega skýringin á því að stjórnarliðar hver um annan þveran eyddu mestöllum tíma sínum í það að segja að stjórnarandstaðan hefði ekki verið með stefnu í þessu eða stefnu í hinu -- sem er rangt því að stjórnarandstaðan á þessu þingi hefur að mínu mati gert ítarlegar og málefnalegar grein fyrir því í mörgum greinum hvernig hún hefði viljað taka á ríkisfjármálum og fleiru heldur en þær stjórnarandstöður sem ég hef fylgst með á undanförnum árum.

Ég nefni tillögur í skattamálum, ítarlegar brtt. við þau skattafrv. sem hér voru flutt, aðrar áherslur í ríkisfjármálum, brtt. við fjárlög og svo auðvitað þær almennu, pólitísku áherslur sem iðulega hafa komið fram hér í umræðum á Alþingi. Ef stjórnarliðið er hins vegar svo gjörsamlega heillum horfið að það sér ekkert nema þá von að fá einhverja hjálp hjá stjórnarandstöðunni, þá er auðvitað sjálfsagt að reyna að verða við því. Ég skal taka að mér að taka saman yfirlit um helstu hugmyndir stjórnarandstöðunnar, a.m.k. fyrir Alþb., og að koma þeim á framfæri við ríkisstjórnina henni til aðstoðar. Það er alveg sjálfsagður hlutur. Og ég er alveg viss um að það verður mér til góðs ef stjórnarliðið er nú tilbúið til þess að skoða þær vandlega eins og ætla má eftir ræðuhöld þeirra hér í dag.

Það er svo rangtúlkun og öfugmæli af versta tagi sem kom hér fram bæði hjá hæstv. fjmrh. og fleirum að stjórnarandstaðan hafi ekki haft neinar hugmyndir um það hvernig mætti afla tekna aðrar en þær þá að leggja á matarskatt. Við gerðum rækilega grein fyrir því hvernig við vildum leggja á skatta til að standa undir tiltekinni samneyslu en gera það með öðrum hætti en hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstjórn gerði.

Það þyrfti alveg nýjan fund, herra forseti, líklega jafnlangan þeim sem hér hefur staðið frá því um hádegisbilið ef ég ætti að reyna að svara eins og hálfs tíma messu hæstv. fjmrh. hér fyrr í dag, enda er hann nú á brottu genginn þannig að það hefur kannski lítið upp á sig. Hann fór víða vegu að sækja sér rök, yfir í Svíaríki og margt víðar. Margt dróst inn í hans mál, sem hann flutti nokkuð garpslega og ber að fagna því að hann er vaknaður til lífsins sá hæstv. ráðherra og farinn að reyna að verja sig og gjörðir sínar. En ég held að það sé þó hægt að draga þetta allt saman í eina setningu í raun og veru. Öll þjóðin er greinilega með á nótunum og hún er alveg sannfærð um það, íslenska þjóðin, að það geti ekki verið sérstök blessun fyrir almenning í landinu að gera matvælin dýrari. Það gangi engan veginn upp að þessar brýnustu nauðsynjar, daglegu þarfir hvers og eins, að það geti verið almenningi til hagsbóta að hækka verðið á þessum vörum. Svo einfalt er málið. Allt hagfræðinga- og spekingagengið er í raun og veru óþarft þegar kemur að svona einföldum sannindum, hvort sem það er í Póllandi eða á Íslandi, í Costa Rica eða hvar annars staðar, Tahiti, Port au Prince, þar sem almenningur rís upp til að mótmæla því þegar þessar daglegu brýnustu nauðsynjar eru hækkaðar úr samræmi við kaupgetu í landinu. Það er einfaldlega sá dómari sem menn eiga víða, hvað sem öllu röflinu í hagfræðingunum og öllum kratakýrslum frá Svíþjóð líður, því að almenningur ræður í þeim löndum þar sem lýðræði ríkir og því eiga menn að hlýða. Skoðanakönnun Dagblaðsins, þó að hún sé e.t.v. ekki dómur guðs almáttugs í þessum efnum, þá sýnir hún mönnum að það er sáralítið brot af íslensku þjóðinni sem styður aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Og á þá ekki hæstv. ríkisstjórn að taka eitthvert mark á því? Eiga menn að vera nákvæmlega jafnheilagir eftir sem áður í málflutningi sínum fyrir þessum skatti þegar það liggur fyrir að yfir 85% þjóðarinnar eru á móti honum? Ég spyr. Er það lýðræðislegur hugsunarháttur hjá ríkisstjórn sem á að heita meirihlutastjórn í landinu?

Það er auðvitað ekki svo að slagurinn hafi staðið um samneyslu eða ekki samneyslu, um velferðarríki eða ekki velferðarríki á Íslandi eins og hæstv. fjmrh. og sumir fleiri reyna að snúa þessu dæmi. Spurningin stendur hins vegar um það: Hvernig er teknanna

aflað til að borga hina sameiginlegu neyslu? Hverjir eiga að bera þar þyngstar byrðar? Það gengur ekki upp að reyna að telja almenningi trú um að það sé sérstök blessun og hagsbót fyrir hann að skatturinn komi fyrst og fremst frá honum sjálfum vegna þess að almenningur horfir upp á það hvert fjármunina ætti í raun og veru að sækja. Ef þetta er svona, eins og hæstv. fjmrh. vill hér vera láta, þá hlýtur það að vera enn þá betra að leggja á 50% matarskatt og enn þá betra að leggja á 75% matarskatt o.s.frv. því að blessunin hlýtur að vaxa í réttu hlutfalli við það sem matarskatturinn hækkar ef þetta er rétt, ef þetta á að ganga upp. Kannski það verði næsta stórkostlega uppfinning Alþfl. í skattamálum og það verði farið á hundrað fundi út um allt land til þess að segja við fólkið: Matarskatturinn er bara ekki nógu hár. Nú er næsta þarfaverk að hækka hann úr 25% í 50%. Maður gæti svo sannarlega átt von á því.

Herra forseti. Ég hefði haft af því óskaplega ánægju að ræða pínulítið vaxtamál, m.a. við hæstv. viðskrh. sem ræðir þau mál af viti og það er ævinlega gaman að rökræða við slíka menn þó maður þurfi ekki að vera þeim sammála. Ég ætla bara að segja eina setningu um það og það er þetta: Í öllum kennslubókum heimsins um hagfræði og vaxtamál má lesa setningar af því tagi að þrátt fyrir öll lögmálin og allar kenningarnar hafi hvergi tekist að sýna fram á beint samband milli vaxta og sparnaðar. Dr. Magni Guðmundsson fjallar einmitt um þetta í ágætri grein í Morgunblaðinu í morgun. Svo sitja menn bara uppi á Íslandi og bíða eða gera „experimentum", eina tilraun og þeir ætla að bíða þótt það kosti það að allt atvinnulíf og öll heimili í landinu verði gjaldþrota því þá langar svo til þess að reyna að sanna þetta sem engum öðrum hagfræðingum heimsins hefur tekist. Og hvers vegna hefur mönnum ekki tekist þetta? Hvers vegna hefur aldrei tekist að sýna fram á það í reynd að hægt væri að stilla af þetta lögmál framboðs og eftirspurnar með vöxtunum þannig að sýna mætti fram á bein áhrif á sparnaðinn, einhvers konar línulegt samband þar á milli eða logaríþmískt eða hvernig sem það nú yrði? Það er vegna þess að það eru svo ótal margir aðrir hlutir en vextirnir sem hafa áhrif á það hvernig almenningur ráðstafar sínum peningum. Það eru líka svo margir aðrir hlutir sem hafa áhrif á það hvað almenningur hefur mikla peninga til að leggja inn. Það er auðvitað aðalatriðið. Og þeir peningar eru núna að minnka. Þess vegna er alveg sama hvernig ríkisstjórnin hækkar vextina. Almenningur mun hafa minni og minni peninga á næstu mánuðum til að leggja inn í bankana. Og minni peninga einnig eftir því sem vextirnir hækka vegna þess að þá minnkar launagreiðslugeta fyrirtækjanna og þannig getur þetta elt skottið á sjálfu sér. Um þetta geta menn lesið ótal dæmi úr bókum. Svo sitja menn hér, þessir menn sem hafa tekið þetta í einhverri barnatrú, og ríghalda í það að þessi lögmál muni að lokum stilla sig inn á eitthvert jafnvægi. Ja, þvílík endemi!

Það er m.a.s. auðvelt að sýna fram á það með öðrum dæmum að hærri vextir geta leitt til þess að fjármagnið stoppi styttri tíma í bönkunum. Við skulum taka dæmi af manni sem ætlar að kaupa sér bíl sem kostar eina milljón. Hann byrjar að safna fyrir honum núna 5. febr. og hann ætlar að kaupa bílinn þegar hann er kominn með þessa milljón. Hann leggur þetta allt saman inn á bók mánuð eftir mánuð eftir mánuð og vextirnir bætast við. Og hvað gerist ef vextirnir hækka? Þá er hann fljótari að ná upp í milljónina. Þá á hann fyrr fyrir bílnum þannig að hann tekur alla peningana fyrr út úr bankanum en ella hefði verið. Þannig getur þetta nefnilega verkað á ótal vegu. Það er hægt að finna dæmi um alla skapaða hluti í þessum efnum.

En það að hanga eins og hundur á roði á því að þetta skuli ganga upp hér á Íslandi hvað sem tautar og raular, hversu háir sem vextirnir verða, hvernig sem atvinnulífinu reiðir af, það er einhvers konar ofstæki sem ég hélt satt best að segja að hefði liðið undir lok á miðöldunum. Þetta minnir mann á svona ofstækishugsunarhátt sem maður les úr sögubókum frá miðöldum.

Herra forseti. Ég held að niðurstaða þessarar umræðu sé í raun og veru sáraeinföld. Hún er sú að ríkisstjórnin hefur engu svarað. Hæstv. fjmrh. reyndi í einn og hálfan klukkutíma að verja matarskattinn. Hæstv. sjútvrh. sagði hluti sem allir vita: að það séu mjög erfiðar rekstraraðstæður í sjávarútvegi. Og hæstv. fjmrh. eyddi stórum hluta ræðu sinnar í það að snúa út úr fyrir stjórnarandstöðunni. Þetta skilaði okkur ekki miklu um það hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir á næstunni og hver sé efnahagsstefnan til framtíðar út frá ríkjandi aðstæðum. Það er það sem spurt er um. Það var ekki mikil leiðbeining fyrir aðila vinnumarkaðarins hefðu þeir lagt það á sig, liggur mér við að segja, að sitja hér og hlusta á alla þessa umræðu, hefðu þeir síðan ætlað að setjast niður á samningafund á morgun. Hefðu þeir verið miklu nær um það hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir, hvers sé að vænta í efnahagsmálunum, segjum á næsta ári því að nú tala menn um samninga til lengri tíma litið? Svarið er einfalt. Svarið er nei. Það kom ekki nokkur skapaður hlutur fram um það hvort ríkisstjórnin hyggst eitthvað fyrir og þá hvað það væri. Svarið var í raun og veru þetta: Við vitum ekkert, við þorum ekkert að gera, við þorum ekkert að segja, okkar helsta von er að það verði samið, þá ætlum við að sjá til hvort okkur dettur ekki eitthvað gott í hug, þá ætlum við að fara að gera tilraunir til að stjórna. — Þetta var a.m.k. mín samantekt á því sem kom fram hér í máli hæstv. ráðherra.

Kokhreysti hæstv. forsrh. hér í upphafi umræðunnar, um það að í raun og veru væri þetta allt í lagi og efnahagsstefnan væri ljós og skýr, er nú sérkennileg þegar maður rifjar það upp að hæstv. fjmrh. sagði fyrir jól að það væri alveg ljóst — hann sagði það hérna uppi í Ed. — að það væri alveg ljóst að þegar eftir áramót yrði að grípa til víðtækra efnahagsráðstafana. Svo kom Alþýðublaðið út fyrir nokkrum dögum. Hvernig var forsíðan? Geysilegur

uppsláttur um þessar rosalegu efnahagsráðstafanir sem fjmrh. væri með í undirbúningi — og hæstv. forsrh. sagði að þeir væru gamansamir á Alþýðublaðinu. Og hvað sagði hæstv. utanrrh. vestur á Sögu fyrir nokkrum dögum? „Róm brennur."

Og er það svo trúverðugt að hæstv. ráðherrar, hæstv. forsrh., yfirmaður efnahagsmálanna, komi hér upp og segi: Þetta er allt í fína lagi, efnahagsstefnan er alveg skýr og klár og það þarf ekkert að gera, við bara höldum okkar striki hérna með fast gengi og háa vexti, bíðum eftir að þetta lagist? — Nei. Það er nú ekki trúverðugt. Þegar ráðherrarnir eru þvers og kruss, út og suður að lýsa því yfir að auðvitað þurfi að grípa til víðtækra efnahagsráðstafana, hvers vegna er þá staðan sú að það skuli ekki vera hægt að segja svo mikið sem eitt einasta orð um það hvað eigi að gera? Getur hugsast að það sé vegna þess að í ríkisstjórninni sé ein höndin upp á móti annarri? Hver höndin upp á móti annarri? Skoðanirnar jafnmargar og hæstv. ráðherrar, líklega 11 talsins? Mér dettur það helst í hug ef þær eru þá einhverjar.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel eins og ég hef sagt að hún sýni það sjálf að hennar var þörf. Mönnum lá ýmislegt á hjarta, ekki síst hv. stjórnarliðum sem ég hygg að hafi, svo merkilegt sem það kann nú að virðast, notað meiri hluta ræðutímans hér í dag vegna þess að þeim lá svo mikið á annaðhvort að þvo hendur sínar eða þá að tjá sig um ástandið.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessi umræða sem fram hefur farið hér í dag hefur verið um margt athygli verð. Kannski má segja með nokkrum sanni að hún hafi ekki verið rík að innihaldi í samræmi við tímalengd hennar, en vafalaust til þess fallin að menn geti dregið af henni nokkrar ályktanir.

Það liggur fyrir skýrt eftir þessa umræðu að þessi ríkisstjórn sem nú situr greip þegar í stað eftir að hún kom til starfa til aðhaldsaðgerða í efnahagsmálum til þess að koma í veg fyrir verðbólgu. Með miklu átaki hafa verið gerðar ráðstafanir til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, það hafa verið gerðar ráðstafanir til að ná jöfnuði á fjármagnsmarkaði og fylgt hefur verið stöðugleikastefnu í gengismálum.

Nú standa yfir kjarasamningar og þeir valda eðlilega nokkurri óvissu og flestir vænta þess að þeim ljúki á viðunandi hátt innan tíðar. Ýmsir talsmanna stjórnarandstöðunnar hafa látið þau orð falla hér í þessum umræðum að ekki mætti kenna aðilum vinnumarkaðarins um verðbólguna og ekki væri það stórmannlegt af hálfu stjórnarflokkanna að beina orðum sínum einungis til aðila vinnumarkaðarins þegar talað væri um nauðsyn þess að lækka verðbólgu. Undir þetta ætla ég að taka. Til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálunum og ná niður verðbólgu þarf mjög víðtækar og alhliða aðhaldsaðgerðir í efnahagsmálum. Þessi ríkisstjórn hefur staðið þannig að verki. Hún lítur á kjarasamninga sem einn þátt í víðtækum aðhaldsaðgerðum, hún hefur höfðað til þeirra sem þar bera ábyrgð að fylgja þeirri stefnu og hún hefur fengið býsna góðar undirtektir í máli þeirra sem forustu hafa fyrir atvinnurekendum og launafólki. En aðgerðir stjórnarinnar hafa komið fram á öðrum sviðum og felast í því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, ná betra jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og árangur af þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið á því sviði er að skila sér. Það hefur verið sýnt hér með tölum í dag og ekki hrakið. Og það er alveg ljóst að gengisstefnan er einn meginþátturinn í því að tryggja hér jafnvægi og viðhalda kaupmætti. Við vitum það alveg nákvæmlega að ef gefið verður eftir á því sviði og farið inn í gamla farveginn að fella gengið þegar kröfurnar koma fram og hagsmunahóparnir heimta, þá lendum við inni í þessum gamla víxlgangi.

Auðvitað er það rétt að kostnaðarhækkanir hafa orðið hér innan lands. En eiga menn við þessar aðstæður að gefa alltaf eftir? Eiga menn sýknt og heilagt að gefa eftir og segja sem svo: Það er sama hvernig hlutirnir þróast hér innan lands, við strikum yfir þá reikninga með gengisfellingu og verðbólgu? Ég er ekki að varpa sök á einn aðila í þjóðfélaginu frekar en annan. Þegar kostnaðarhækkanir verða getur það stafað af því að ríkisstjórn beitir ekki nægu aðhaldi í peningamálum. Það getur stafað af offjárfestingarákvörðunum í atvinnulífinu. Það getur stafað af því að launafólk fer fram á og knýr fram launahækkanir umfram verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Það er ástæðulaust að ásaka einn aðila umfram annan. En að draga úr því aðhaldi sem stöðugleikastefna í gengismálum veitir að þessu leyti væri fullkomið ábyrgðarleysi og að segja sem svo: Það er nákvæmlega sama hvernig hlutirnir gerast, við leiðréttum þetta bara sjálfkrafa eftir á með því að lækka gengið.

Reyndar hef ég nú ekki skilið talsmenn stjórnarandstöðunnar þannig að þeir væru að biðja um þetta. Þeir segja samt: Það þarf að lækka gengið, en við erum á móti því að lækka gengið. Þeir segja: Það þarf aðrar aðgerðir en bara hófsama kjarasamninga. Þeir eru samt á móti því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Þeir eru samt á móti því að það séu gerðar aðgerðir á peningamarkaði til þess að ná jöfnuði. Þannig er nú eiginlega niðurstaðan af þessum umræðum að því er varðar málflutning stjórnarandstöðunnar.

Ríkisstjórnin hefur lýst alveg skýrri stefnu, komið þeim málum fram í framkvæmd og verk og þær ákvarðanir eru farnar að bera árangur. En við stöndum frammi fyrir margs konar vanda. Það er vandi í rekstri höfuðatvinnuveganna vegna þess að kostnaðarhækkanir hafa verið of miklar hér innan lands og vegna þess að viðskiptakjörin hafa verið að versna og kaupmáttur útflutningsteknanna að rýrna. En við leysum þetta ekki með því að slaka á aðhaldsaðgerðunum. Við þurfum að leggja nokkuð á okkur til þess að komast út úr verðbólgunni.

Þess vegna er það alveg ljóst að hér liggur fyrir

skýr stefna í efnahagsmálum, aðhaldsstefna á öllum aðalsviðum efnahagslífsins. Það er verið að vinna að ráðstöfunum til þess að treysta stöðu útflutningsatvinnugreinanna og hér hefur verið greint frá ákvörðunum sem teknar hafa verið í þeim efnum og öðru sem er í undirbúningi. Allt eru þetta mikilvægir þættir og skipta sköpum um okkar framtíð. En við getum ekki vænst þess að við þessar aðstæður komist fiskvinnslan, svo dæmi sé tekið, í einu vetfangi samkvæmt meðaltalsútreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem hér eru mikið nefndir, upp fyrir núllpunkt. Við getum ekki vænst þess að við eyðum viðskiptahallanum í einu vetfangi. En hann mundi rjúka upp á við ef við færum að stórauka hallarekstur inn á ríkissjóði, draga úr aðhaldsaðgerðum á fjármagnsmarkaðnum og láta algjörlega skeika að sköpuðu hvernig kjarasamningar færu.

Tölur sýna að verðbólga mun fara lækkandi ef okkur tekst að halda áfram á sömu braut. Hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi það að verðbólgutölurnar í byrjun janúar væru yfir 50% ef sú tala væri yfirfærð á það sem kallað er ársgrundvöllur á máli hagfræðinga. Ef horfurnar, sem hér hefur verið greint frá varðandi verðbólguna í byrjun febrúar, eru um 1% eða rétt rúmlega 1% þá væri það einhvers staðar í kringum 15% verðbólga á ársgrundvelli og verðbólgufall úr rúmlega 50 niður í 15. Þetta er auðvitað einfalt dæmi og mánaðarútreikningar af þessu tagi segja ekki mikla sögu. En af því að hann notaði slíka viðmiðun ... (Gripið fram í.) Hv. þm. gerði það einnig — þá væri verðbólgan komin niður í 15%, en yrði nokkru meiri u.þ.b. 30% ef við notuðum þriggja mánaða viðmiðun að því er varðar verðbólguna í febrúar. Af þessu sjáum við að við erum að ná árangri, ekki nægjanlega miklum, við náum ekki nógu miklum árangri, en við erum að ná árangri og megum ekki gefa eftir í þessu efni.

Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu að ríkisstjórnin hafi framið mikla synd með því að auka útgjöld og vissulega ber að hafa aðhald að útgjöldum. Þeir hinir sömu hafa þó staðið að stórauknum útgjaldatillögum við afgreiðslu fjárlaga. Í hverju er helsta útgjaldaaukningin fólgin sem ákveðin var með fjárlögunum? Er hún ekki fólgin í því að auka niðurgreiðslur á brýnustu lífsnauðsynjum almennings? Er hún ekki fólgin í því að hækka barnabætur, að hækka tryggingabætur, að verja auknu fjármagni til þess að lengja fæðingarorlof? Átti að hætta við þetta allt saman? Ber að skilja orð þeirra sem þessa gagnrýni báru fram á þann veg? (Gripið fram í.) Ég efast um það. Ég hygg hins vegar að þessi orð beri fremur að skilja á þann veg að maður eigi að taka mátulegt mark á þeim. (**AG:** Það réttlætir ekki skattheimtuna.) Það væri ábyrgðarleysi við þessa stöðu, vaxandi viðskiptahalla, að slaka á í ríkisfjármálunum vegna þess að það er ekki bara einn þáttur efnahagsstarfseminnar sem ber uppi baráttuna við verðbólguna heldur allir þættirnir. Þess vegna væri það ábyrgðarleysi.

Það tæki of langan tíma að víkja að máli allra þeirra sem hér hafa talað í dag. Það var athyglisvert að hv. 18. þm. Reykv. gat þess að útgjöld vísitölufjölskyldunnar hefðu á starfstíma þessarar ríkisstjórnar hækkað um 5400 kr. að því er varðar matarkostnað og að lágmarkslaunin hefðu hækkað um 2100 kr. Hitt var þó enn athyglisverðara að talsmaður Kvennalistans, þess stjórnmálaflokks sem haft hefur hæst um það að nauðsynlegt væri að sinna meir félagslegum úrbótum, lengja fæðingarorlof og auka barnabætur, gat þess í engu að til viðbótar þessum 2100 kr. er aukning í barnabótum á sama tíma upp á 3600 kr. hjá fjögurra manna fjölskyldu sem hefur lægstu laun. Upp á 3600 kr. Nei, þegar kemur að þessum staðreyndum þá er það einskis metið. Það er litið svo á að það komi barnafjölskyldunum og lágtekjufjölskyldunum ekkert við og skipti hag þeirra engu máli. Þetta sýnir afar vel sýndarmennskuna í málflutningi þessa flokks.

Ég ætla aðeins að varpa ljósi á málflutning stjórnarandstöðunnar með því að vitna hér til ræðu þess þm. stjórnarandstöðunnar sem mér sýndist tala af mestri skynsemi úr því liði og reis hæst í málflutningi sínum úr máli stjórnarandstöðunnar, en það er hv. 7. þm. Reykn. Ég hygg að það sé óumdeilt að ræða hans var af hálfu stjórnarandstöðunnar sú sem bar af og reis hæst. Hann ítrekaði öll fyrri ummæli sín um það hversu hroðalegt það væri að leggja á þennan matarskatt eins og hann kallaði. Ég ætla ekki að fara aftur með öll þau lýsingarorð. Síðan lýsti hann stefnu flokks síns í skattamálum og sagði að það væri stefna sem byggði á því að leggja á matarskatt í tolli. Það mætti leggja matarskatt á alla innflutta matvöru, bara ekki innlenda. Niðurstaðan af þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið af hálfu þessarar stjórnar er sú að skatturinn hefur verið greiddur niður af öllum mikilvægustu innlendu matvælunum. En eftir öll stóru orðin þá er það bara höfuðstefna að leggja matarskatt á allar innfluttar vörur, enda hafði formaður viðkomandi flokks tvívegis lagt fram frv. um það sem stjórnarandstaðan kallar matarskatt án þess að gera tillögur um nokkrar hliðarráðstafanir til þess að verja hag þeirra sem lakast eru settir, barnafjölskyldnanna í landinu og það er kannski ástæðan fyrir því að þau frv. náðu ekki fram að ganga á þeim tíma.

Hv. 7. þm. Reykn. sagðist taka undir það með ráðherrunum sem talað hafa að í gengismálum þýddi ekki að halda þannig á málum að við færum aftur inn í þennan vízlhækkunarfarveg á milli gengis og kostnaðarhækkana. Síðan tók hann fram að hann tæki algjörlega undir sjónarmið hv. 10. þm. Reykv. um að nú hefðu kostnaðarhækkanir orðið í útflutningsatvinnuvegunum og þess vegna yrði að lækka gengið og niðurstaðan varð sú að það ætti ekki að lækka gengið, heldur ætti að lækka gengið án þess að kalla það gengislækkun með því að breyta myntkörfunni. Þessi ræða lýsir mjög vel málflutningi stjórnarandstöðunnar hér í dag og er mjög gott dæmi um það en er auðvitað valin hér vegna þess að að mínu mati reis hún hæst af þeim ræðum sem

fluttar voru af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Herra forseti. Ég skal ekki fyrir mitt leyti lengja þessar umræður mjög. Það liggur hér fyrir skýr stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar um aðhaldsaðgerðir í efnahagsmálum. Það liggur fyrir að við búum við ákveðinn vanda sem ekki er einfalt að feta sig fram úr bæði að því er varðar rekstur atvinnuvega, og uppgjör á vinnumarkaði, en forsenda þess að við náum árangri á því sviði er að við slökum ekki til í alhliða aðhaldsstefnu við núverandi aðstæður í efnahagsmálum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það var brugðið á það ráð að taka ekki matarhlé og hafa kvöldfund á þeirri forsendu að við mundum geta lokið umræðunum núna, en nú hafa tveir hv. þm. kvatt sér hljóðs. Forseti væntir þess að þeir taki tillit til þess hvað áliðið er orðið ... (**ÓÞG:** En er ekki leyfi til þess að halda áfram umræðum?) Ég er ekki búinn að ljúka setningunni og ég ætla að ljúka henni með því að gefa hv. 5. þm. Reykv. orðið.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eiginlega óska eftir því að þessari umræðu verði hér með frestað ef það er ekki ætlunin að halda áfram. Forsrh. hefur gefið tilefni til að halda áfram. Ég hafði búið mig undir það að hætta og má segja hætti í miðri ræðu. Ég á mikið eftir af minni ræðu. Ég óska eftir því að þessari umræðu verði frestað og hún megi halda áfram sem fyrst, hvort sem það verður í nótt eða í annan tíma því að síðustu ummæli hæstv. forsrh. gefa mér tilefni til þess að lýsa hann enn þá einu sinni og nú úr ræðustól hér í Alþingi ósannindamann. Frummælandi leiðrétti hæstv. forsrh. með mildara máli en ég geri nú, þannig að við erum tveir ræðumenn í kvöld búnir að lýsa hann hvor á sinn hátt ósannindamann. Ég hef gert það áður. Og vegna ummæla sinna hefur hæstv. forsrh. gefið mér tilefni til að halda minni ræðu áfram, sem ég annars hefði ekki gert, þannig að ég verð að fara fram á það að fundinum verði frestað úr því að umræður geta nú ekki haldið áfram, að mér hefur skilist.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti hefur ítrekað tekið það fram að hann var ekki að takmarka umræður og forseti hefur líka greinilega lýst hugmyndum um að ljúka fundinum án þess að það verði tekið matarhlé og yrði kvöldfundur. Það hafa ekki komið neinar athugasemdir fram hér fyrr á fundinum við þessi sjónarmið. Þess vegna hugði forseti að það væri hægt að framkvæma fyrirætlanir hans á þennan veg.

Nú hefur komið upp sú staða að það er óskað eftir að fresta umræðum. Umræðum getur ekki verið frestað til morguns því að það væri mjög óeðlilegt að fresta utandagskrárumræðum til dags sem er ekki þingdagur (**AG:** Það má fresta þeim lengur.) og það er mjög óeðlilegt að fresta þeim lengur eða fram yfir helgi, utandagskrárumræðum, og algjörlega andstætt þingvenju.

Spurningin er: Vilja menn halda fundi áfram hér í kvöld? Ef svo er þá er spurning hvort ekki sé rétt, þó að seint sé, að taka nú matarhlé. Eða treysta þeir sér, sem hafa beðið um orðið, að stilla máli sínu það mikið í hóf að það sé betra að taka þann kost að halda fundinum nú áfram?

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég lít svo á að þær umræður sem nú eiga sér stað séu um þingsköp. Ég er alveg reiðubúinn að ljúka þessum umræðum. Það var hæstv. forsrh. með sínum ósvífnu fullyrðingum, sem eiga sér engan stað, sem gaf mér tilefni til að koma hér upp aftur og óska eftir því að umræðurnar héldu áfram. M.a. sé ég ekki að fundurinn geti haldið áfram vegna þess að mín ræða er svar til manna sem ekki eru viðstaddir, sem ekki sjá sóma sinn í að virða það sem er annars skylda hvers þm., að vera viðstaddur nema hann hafi fjarvistarleyfi sem forseti tekur gilda. En þessir menn eru ekki viðstaddir. Af þeim ástæðum taldi ég betra að fara fram á það að fresta fundinum og ég sé enga ástæðu til að fundi sé ekki frestað ef á þarf að halda, mismunandi lengi, það getur verið ákvörðun forseta hve lengi, frekar en að óska eftir því að þeir þrír eða fjórir þm. sem ég mundi þá þurfa að svara yrðu sóttir. Mér finnst það heldur verra að senda eftir þeim. En ég legg það í hendur forseta að ákvarða fyrir mig um þessa frestunarbeiðni. Ef hann sér einhverja annmarka á að fresta umræðum lengur en þangað til í kvöld, þá get ég fallið frá beiðni minni. En orð mín sem svar við óforskömmugheitum hæstv. forsrh. standa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill ítreka spurningu sína, sem honum virðist ekki hafa verið svarað, hvort þeir sem hafa beðið um orðið telja ráðlegt að ... (**AG:** Ég skal svara beinna ef forseti vill fá það beinna frá mér að svo framarlega sem frekara tilefni gefst ekki, þá fell ég frá beiðni minni.) Já. Þá skulum við gera tilraun til að halda núna umræðum áfram. (**AG:** Þá sé ég ekki tilefni til að taka til máls.) Ef að? (**AG:** Ef ekki gefst frekara tilefni til.) Já.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að níðast á tíma hv. þm. né annarra með því að taka til máls við þessa umræðu, en lokaorð hæstv. forsrh. voru með þeim hætti að ég fann mig knúinn til þess og gat í rauninni ekki setið undir þeim ummælum sem hann lét falla um fjarstaddan hv. þm. og ræðu hans og þá afgreiðslu sem hann í rauninni viðhafði og ég vil kalla útúrsnúning eða a.m.k. að hann lét liggja í láginni aðalatriði í því efni sem hann fjallaði um í ræðu hv. 7. þm. Reykn. Hann tók út úr það atriði að það að leggja á söluskatt í tolli, eins og réttilega kom fram í máli hv. 7. þm. Reykn., þýddi skattheimtu af innfluttum matvælum. En það sem hæstv. forsrh. Íslands lét sér sæma að þegja um í þessu atriði var að

jafnframt þýddi sú skattheimtuaðferð algert gjaldleysi á allri innlendri þjónustu. Þetta atriði lét forsrh. sér sæma að þegja um. Það kann að vera að þessi baráttuaðferð hæstv. forsrh. sé ástæða fyrir því hvernig komið er í því meginhlutverki ríkisstjórnar Íslands, sem hún á að rækja, sem er að veita forustu. Hún á að veita forustu til þess að það sé hægt að ná samstöðu í þjóðfélaginu á sem flestum sviðum.

Ég kom fyrir fáum dögum í kjördæmi okkar hæstv. forsrh. austanvert, fyrir austan Þjórsá. Þar eru nú aðstæður sem bera mjög svipað yfirbragð og var raunar í því sama kjördæmi fyrir mörgum árum, laust fyrir 1970, þegar bryddaði á atvinnuleysi. Það hefur verið lítið gert úr því hér í umræðunum í dag í máli hv. stjórnarliða að atvinnuleysi eða hætta á atvinnuleysi sé með þjóðinni um þessar mundir. En sú var tíð árið 1967 að gjaldeyristekjur Íslendinga hröpuðu um 45%. Þá bar íslensk þjóð gæfu til að njóta forustu aðila sem höfðu til að bera hæfileika til að sameina þjóðina til þess stórátaks að komast út úr þeim örðugleikum á 2–3 árum. Þeir örðugleikar sem nú eru uppi hér í landi eru hjóm miðað við það sem þá var. En þá var ekki staðið svo að málum úr ræðustóli, þori ég að fullyrða, hér á hv. Alþingi að mestur hluti ræðutíma eða verulegur hluti í svarræðutíma hæstv. forsrh. fór til að snúa út úr. Hann fór á þeim tíma til að sameina aðila í þjóðfélaginu til stórátaks.

Það hefur nokkuð einkennt þessa umræðu í dag að fáeinir stjórnarliðar hafa tekið undir meginrök stjórnarandstöðunnar. Og það vill svo til að einn hv. alþm., raunar einnig úr kjördæmi okkar hæstv. forsrh., raunar flokksbróðir hæstv. forsrh., næsti maður á lista Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, hefur lagt fram á Alþingi, ekki lengra síðan en í gær, frv. til laga um kjarna þess vandamáls sem nú er við að etja í íslensku þjóðfélagi. Kjarni vandamálsins í þjóðfélaginu í dag eru áhrif lagasetningar frá því 1979 um lánskjaravísitöluna. Það er kjarni vandamálsins á árunum á undan, lengi í íslenskri sögu, hin eilífa víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Í dag er það önnur víxlhækkun. Það er víxlhækkun vaxta og verðlags. Eins og kom hér fram í ágætri ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir fáum mínútum eru það sömu lögmál sem verið er að fjalla um og það verður ekki fundin lausn á þessum vandamálum með öðru en það náist nokkurt heildarsamkomulag í þjóðfélaginu. Það var rétt í máli hæstv. forsrh. hér áðan. Samkomulag verður að nást. En leiðin til þess er ekki sú að vega að mönnum úr launsátri eins og því miður oft virðist vera háttur hæstv. forsrh.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og ég vona að þessi ræða verði ekki talin málþóf.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Við lok þessarar löngu umræðu um efnahags- og kjaramál langar mig að þakka forseta fyrir þolinmæli hans við okkur þm. í dag. Mig langar að endingu að svara þótt í litlu sé orðum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. og málshefjandi hafði í sinni síðustu ræðu um vaxtastefnu stjórnarinnar og kenninguna sem hún er á byggð. Reyndar vék hv. síðasti ræðumaður einnig að þessu sama máli í sinni ræðu.

Þeim þótti það báðum og mörgum öðrum, sem eru gagnrýnir á það sem gert hefur verið í vaxtamálum hér á síðustu árum, að þetta byggist á grárri, þurri kennisetningu um jafnvægi framboðs og eftirspurnar á lánamarkaði og styðjist ekki, eins og það er stundum orðað, við íslenskan veruleik. Ég get ekki á mér setið að minna þá sem þannig tala á það að e.t.v. hafa verið öflugustu talsmenn raunvaxta á Íslandi tveir þm. sem nú eru allir, þeir Magnús Kjartansson og Vilmundur Gylfason, sem báðir töluðu fyrir jákvæðum raunvöxtum út frá siðferðilegu sjónarmiði fremur en hagsýni eða hagfræði. Þeir spurðu: Hvernig er það verjandi að láta sparifé almennings og oft hinnar eldri kynslóðar brenna upp á báli verðbólgunnar? Af öllu því tjái og tundri sem óðaverðbólgunni fylgdi væri þetta verst. Þetta eru sannindi sem við eigum að hafa hugföst. Þetta er ekki þurr kennisetning. Þetta er ávöxtur á lífsins tré sem við eigum að nema okkur til skilnings. Þetta vil ég biðja hv. 4. þm. Norðurl. e. að hafa hugfast þegar hann hugleiðir vaxtastefnuna og minni hann á um leið að sennilega hefur nýsköpunin á fjármagnsmarkaðnum með öllum sínum göllum haft þá kosti í för með sér að gefa hinni eldri kynslóð og þeim sem vilja spara kost á að verja sinn geymda eyri þannig að hann verði græddur. Þetta vildi ég biðja hv. þm. að hafa hugfast þegar þeir gagnrýna vaxtastefnu þessarar stjórnar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil bara fá að þakka fáeinum orðum þessa hjartnæmu ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti í lokin. En ég þakka honum einnig fyrir að vitna í þessa mætu sómamenn. Ég er þeim, var þeim og verð þeim hjartanlega sammála. Og ég bið hæstv. viðskrh. að ætla mér ekki að rugla saman annars vegar því að tryggð sé eðlileg ávöxtun fjár, að sparifé landsmanna geti staðið með eðlilegum hætti inni í bönkum án þess að rýrna, og hinu að hafa vaxtastigið jafnbrjálað og það er í dag. Á þessu tvennu er reginmunur sem ég veit að hæstv. viðskrh. gerir sér grein fyrir. Það er væntanlega keppikefli okkar allra að hafa hér sem eðlilegast ástand í þessum efnum og auðvitað er eðlilegt ástand einungis það að spariféð geti haldið verðgildi sínu, borið eðlilega, hóflega ávöxtun, raunvexti 2–4% eins og ég hygg að flestir séu sammála um að væri hið ákjósanlega ástand.

Efnisskrá.

Aðför (34. mál, aðfararstaður) 4167.
Aðför (231. mál, aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.) 4172.
Almannatryggingar (201. mál, örorkulífeyrisþegar á stofnunum) 4140, 4167.
Barnalög (207. mál, sameiginleg forsjá barna o.fl.) 4121.
Drengskaparheit unnið 4066.
Fangelsi og fangavist (212. mál, heildarlög) 4145.
Framleiðsla og sala á búvörum (228. mál, greiðslur fyrir sauðfjárafurðir) 4109.
Framtíðarhlutverk héraðsskólanna (199. mál) 4090.
Frárennslis- og sorpmál (184. mál) 4208.
Haf- og fiskveiðasafn (159. mál) 4067.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (229. mál, heildarendurskoðun) 4103.
Innflutningur á gölluðum Subaru-bifreiðum (230. mál) 4204.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (214. mál, meðlagsgreiðslur fanga) 4166.
Langtímaáætlun í samgöngumálum (183. mál) 4099.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (205. mál) 4172.
Meðferð opinberra mála (213. mál, fangelsismálastofnun) 4166.
Rafskautaverksmiðja við álverið í Straumsvík (219. mál) 4199.
Staða ullariðnaðarins (218. mál) 4193.
Tekjustofnar sveitarfélaga (211. mál, útsvarsprósenta) 4169.
Umræður utan dagskrár 4227 (staðan í efnahags- og kjaramálum).
Úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu (226. mál) 4215.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 4065.
Vesturlandsvegur (165. mál) 4076.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4065, 4066, 4102, 4199, 4273, 4343, 4344.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 4145.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 4234, 4339.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 4121, 4133, 4139, 4145, 4158, 4165, 4166, 4205, 4207, 4275, 4345.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 4254.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4103.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 4194, 4197, 4199, 4200, 4203, 4218, 4225.
Landbrh. Jón Helgason 4113.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 4082.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4227.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 4140, 4244.
Albert Guðmundsson 4071, 4089, 4322, 4343, 4344.
Alexander Stefánsson 4087, 4097, 4140.
Árni Gunnarsson 4179.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4112.
Eggert Haukdal 4172, 4204, 4206.
Egill Jónsson 4109, 4116.
Eiður Guðnason 4067, 4073, 4076, 4088.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4081.
Friðjón Þórðarson 4080, 4133.
Guðmundur Ágústsson 4099, 4103, 4151, 4164, 4208, 4214.
Guðmundur H. Garðarsson 4317.
Guðmundur G. Þórarinsson 4072, 4286.
Guðrún Agnarsdóttir 4071, 4107.
Guðrún Helgadóttir 4128.
Halldór Blöndal 4222, 4304.
Hjörleifur Guttormsson 4068, 4074, 4094, 4193, 4196, 4198, 4199, 4202.
Hreggviður Jónsson 4070, 4211, 4312.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 4066.
Jón Kristjánsson 4197.
Júlíus Sólnes 4293.
Karl Steinar Guðnason 4157, 4163, 4207.
Kjartan Jóhannsson 4084.
Kristín Einarsdóttir 4124, 4137.
Kristín Halldórsdóttir 4096, 4138, 4169, 4211.
Matthías Bjarnason 4185.
Málmfríður Sigurðardóttir 4143, 4302.
Níels Árni Lund 4221.
Ólafur G. Einarsson 4167.
Óli Þ. Guðbjartsson 4090, 4097, 4344.
Pálmi Jónsson 4222.
Ragnhildur Helgadóttir 4072, 4131, 4137.
Salome Þorkelsdóttir 4108, 4156.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 4251.
Skúli Alexandersson 4083, 4112, 4119, 4199.
Stefán Valgeirsson 4145, 4213, 4217, 4224, 4226, 4273.
Steingrímur J. Sigfússon 4102, 4187, 4219, 4227, 4332, 4346.
Valgerður Sverrisdóttir 4110, 4121, 4215, 4226.
Þórður Skúlason 4209, 4282.

SAMEINAÐ ÞING

45. fundur, mánudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 5. febr. 1988:

„Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á Alþingi taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Sverrir Sveinsson veitustjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti neðri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Sverris Sveinssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 8. febr. 1988:

„Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Ríkharð Brynjólfsson búfræðikennari, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti efri deildar."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Ríkharðs Brynjólfssonar, svo og bréf frá 1. varamanni Alþb. í Vesturlandskjördæmi og símskeyti frá 2. varamanni Alþb. í Vesturlandskjördæmi.

Með því að kjörbréf þau sem hér liggja fyrir þurfa meðferðar með þá er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréfin til meðferðar nú þegar, en á meðan verður fundinum frestað í 10 mínútur. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist tvö erindi, annars vegar kjörbréf 2. varamanns Framsfl. í Norðurl. v., Sverris Sveinssonar, sem tæki sæti í forföllum 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, og hins vegar kjörbréf 3. varamanns Alþb. á Vesturl., Ríkharðs Brynjólfssonar, sem tæki sæti 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssonar, í hans forföllum.

Kjörbréfanefnd hefur athugað bæði þessi kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Sverris Sveinssonar samþ. með 39 shlj. atkv.

Kjörbréf Ríkharðs Brynjólfssonar samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Ríkharð Brynjólfsson, 1. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ríkharð Brynjólfsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Er hann og Sverrir Sveinsson boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

Mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 52. mál. — Þskj. 52, n. 545, brtt. 546.

Frsm. utanrmn. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Herra forseti. Hv. utanrmn. hefur rætt um tillögu þessa og mælir nefndin einróma með að hún verði samþykkt með breytingum sem tillaga er gerð um á sérstöku þskj.

Kristín Einarsdóttir sem situr fundi nefndarinnar er sammála nál.

Brtt. eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum í Dounreay í Skotlandi og felur ríkisstjórninni að vinna áfram gegn þessum áformum.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum."

Eins og brtt. ber með sér taldi nefndin eðlilegt að Alþingi ályktaði að mótmæla sjálft stækkun endurvinnslustöðvarinnar, en fela hins vegar ríkisstjórninni að halda áfram mótmælum sem oft hafa verið sett fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, en fyrrv. ríkisstjórn mótmælti einnig þessum áformum, m.a. á

siglingamálaráðstefnu í tengslum við Parísarsamninginn um varnir gegn mengun sjávar í febrúar 1987, þar sem mótmæli voru borin fram af hálfu fyrrv. samgrh.

Að sjálfsögðu hefur hæstv. utanrrh. haldið uppi mótmælum gegn þessum áformum og svo mun vera um aðra stjórnmálamenn og embættismenn sem á erlendri grund hafa getað komið þessum mótmælum við og auðvitað fagnar nefndin því að ríkisstjórnin haldi áfram þessum mótmælum, enda er það nú svo eins og allir vita að kannski eru meginmál nefndarinnar einmitt þau að fjalla um höfin hérna í kringum okkur og þá fyrst og fremst verndun þeirra, ræktun og hagnýtingu.

Af því tilefni er rétt að rifja það aðeins upp, sem hefur raunar komið fram í fjölmiðlum, að dagana 25. og 26. jan. sl., eða fyrir hálfum mánuði, var haldinn hér í Reykjavík fundur Íslendinga, Norðmanna og Dana vegna Grænlendinga um hafsbotnsréttindi á norðurslóðum. Utanrrn. Íslands bauð til fundarins en málið hefur rækilega verið rætt í utanrmn. Alþingis og nú síðast í morgun.

Á þessum fundi skiptust menn á skoðunum og upplýsingum og voru sammála um að halda áfram nánu samstarfi til að tryggja réttindi þjóðanna utan 200 mílna efnahagslögsögunnar, en öll ríkin hafa þar hagsmuna að gæta sem nánar verða kannaðir á næstunni. En síðan verður væntanlega boðað til nýs fundar. Þau réttindi sem ríkin geta tryggt sér utan 200 mílna efnahagslögsögunnar eru svokölluð hafsbotnsréttindi, þ.e. eignar- og yfirráðaréttur yfir hafsbotninum sjálfum og öllum lífverum sem á honum eru, þ.e. krabbadýrum, skeldýrum o.s.frv. Lengra ná þessi réttindi ekki enn þá. En það er skýrt tekið fram í 76. gr. Hafréttarsáttmálans að ríki geti með ýmsum hætti helgað sér réttinn að hafsbotnssvæðum þar sem landgrunn nær lengra út en 200 mílur og er hér stuðst við þá reglu að fara megi út að svokölluðum brekkufæti sem er brattasti hallinn áður en kemur niður í hafdýpin og síðan 60 mílur þar út fyrir. Á grundvelli þessara reglna geta ríkin helgað sér svo til allt svæðið frá 200 mílum Færeyja og Íslands og svo aftur Noregs, 200 mílum Jan Mayen og 200 mílum Grænlands.

Það er að vísu svo að ekki er ljóst með þrjá bletti á þessu svæði hvort ríkin geti helgað sér þá, en hugsanlegt er að beita þar annarri reglu í 76. gr. sem fjallar um þykkt setlaga, en enn er ekki kunnugt um hve þykk setlög kunna að vera á þessum svæðum. Allir sérfræðingarnir á þessum fundi og aðrir þeir sem leitað hefur verið til eru sammála um það að meginefni til að þetta svæði, sem er um 100 km breitt þar sem það er mjóst og upp í 300 km, sé svo til allt saman eign þessara ríkja.

Á fundinum var af Íslendinga hálfu varpað fram þeirri hugmynd að ríkin gerðu sameiginlegt tilkall til alls hafsbotnssvæðisins, sem skv. þessari nefndu grein, 76. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, fellur til einhvers þeirra, en síðan yrði samið um hlutdeild hvers ríkis fyrir sig og samningar Íslendinga og Norðmanna frá árinu 1980, annars vegar um fiskveiðar, sameiginlegan eignarrétt að fiski og auðlindum hafsins á þessu svæði, og frá 1981 um Jan Mayen svæðið, þ.e. botninn, þar sem Íslendingar eiga viðurkenndan samningsrétt að verulegum hluta svæðisins.

Þess er þá að geta að við létum í ljós þá skoðun að réttmætt væri að þar sem neðansjávarhryggur, sem nefnist Mons-hryggur, liggur frá Jan Mayen og til Noregs, þá væri hægt að taka það svæði eftir sérreglum um hryggi þar sem hafsbotnsréttur getur náð til 350 mílna, þar eigi Íslendingar hlutdeild í og þess vegna væri það ekki einungis það svæði sem við getum beint tekið okkur norður af Færeyjum, heldur einnig hlutdeild í því svæði sem Monshryggurinn tryggir sem ætti að koma til athugunar þegar skipting færi fram eftir einhverjum hundraðstölum. En ljóst er þó að Noregur hefur þarna mestra hagsmuna að gæta.

Í lok þessa fundar hittust fulltrúar Dana og Íslendinga til að ræða um Hatton-Rockall málið og hver gætu verið næstu skref í því sambandi. Norðmönnunum var greint frá þeim sjónarmiðum Íslendinga að eðlilegast væri að hafa náið samstarf þjóðanna allt frá Noregsströndum og Skotlandi vestur til Kanada um verndum, ræktun og nýtingu hafsvæðanna og ekki væri öllu lengur stætt á öðru en að hraða framvindu mála. Enn fremur var rætt um árangur sameiginlegs rannsóknaleiðangurs Íslendinga, Dana og Færeyinga á Rockall-hásléttu sl. haust, en nú er unnið að úrvinnslu tölvugagna og er þess vænst að mikilvægra upplýsinga hafi verið aflað.

Eins og fram hefur komið leggur nefndin einróma til að þáltill. sem hér er á dagskrá verði samþykkt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju með þá samstöðu sem tekist hefur um þá till. til þál. sem hér er komin til síðari umr. frá utanrmn. Sem fyrsti flm. þessa máls vil ég þakka sérstaklega fyrir afstöðu nefndarinnar, sem ég á raunar sæti í, og þær breytingar sem aðeins eru til bóta sem gerðar hafa verið á till. í meðförum nefndarinnar.

Ég vil þakka hv. formanni nefndarinnar, Eyjólfi Konráð Jónssyni, sem hér hefur nælt fyrir nál., fyrir hans hlut að þessu máli eins og öðrum nefndarmönnum og hygg að ég mæli þar fyrir munn okkar flm. þessa máls, en það voru ásamt mér hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Páll Pétursson og Guðrún Helgadóttir.

Flutningur þessarar till. er liður í því að tryggja verndun íslenskra hafsvæða gegn skaðlegri mengun. Hér er verið að taka á þeim þætti sem athygli manna og þjóða hefur beinst að öðru fremur nú upp á síðkastið, en það er hættan af völdum geislavirkrar mengunar í sjó og í lofti. En áformin um stórfellda stækkunar endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay geta leitt til ófyrirséðra afleiðinga fyrir íslenskt umhverfi eins og fram kemur í fskj. með till., m.a. í

áliti Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Siglingamálastofnunar, en þessar stofnanir ásamt Magnúsi Magnússyni prófessor skiluðu til stjórnvalda sérstakri grg. um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í Dounreay í desember 1986. Ég vil leyfa mér hér að rifja upp örfá atriði sem koma fram í niðurstöðum þessara aðila, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna ríkjandi hafstrauma munu geislavirk efni sem losuð verða í sjó frá stöðinni berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands."

Og síðar í niðurstöðum:

„Mat á geislunaráhrifum eðlilegrar og áfallalausrar vinnslu á lífríki hafsins hér við land bendir til þess að áhrifin verði óveruleg. Engu að síður verður að telja þessi áhrif óæskileg og Íslendingum í hag að tekið yrði fyrir þessa losun í hafið.

Bygging endurvinnslustöðvar í Dounreay mun auka mengunarhættu fyrir Norður-Atlantshaf, ekki hvað síst að völdum slysa sem orðið geta bæði við flutning á geislavirkum efnum með skipum á erfiðum siglingaleiðum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að gætu orðið í endurvinnslustöðinni. Staðsetning stöðvarinnar í Dounreay orkar mjög tvímælis. Mengun og mengunarhætta frá væntanlegri stöð í Dounreay snertir frekar hagsmuni ríkja sem hafa ekki beinan hag af vinnslunni en hagsmuni þeirra ríkja sem að byggingu stöðvarinnar munu standa."

Þetta voru kaflar úr niðurstöðum þeirra þriggja stofnana sem skiluðu áliti til stjórnvalda í desember 1986.

Ég rakti við fyrri umræður þessa máls það sem fram hefur komið um þessi efni, bæði mótmæli og áhyggjur frá íslenskum stjórnmálamönnum og íslenskum stjórnvöldum, frá vestnorræna þingmannaráðinu og fleiri aðilum svo og umræður á vettvangi Norðurlandaráðs um þessi efni. Einnig það sem kom fram á fundi vegna Parísarsamningsins gegn losun geislavirkra efna og mengandi efna frá landstöðvum þar sem Íslendingar áttu hlut að samþykkt og voru raunar frumkvæðisaðilar um samþykkt sem gerð var á fundi sl. sumar. Þar fékkst hins vegar ekki stuðningur við tillögu frá Írum um mótmæli vegna annarrar kjarnorkuendurvinnslustöðvar í Sellafield, áður Windscale, en sú stöð hefur valdið verulegri og hættulegri mengun í Írska hafinu og hefur reyndar orðið enn rómaðri, illræmdari, eftir að ég mælti fyrir þessari tillögu þar sem upplýst var í lok síðasta árs um stórfellt kjarnorkuslys sem þar hefði orðið fyrir 30 árum síðan. Ég nefni það hér vegna þess að þær uppljóstranir, sem gerðar voru á grundvelli breskra laga um opnun upplýsinga og opinberra gagna, leiða það í ljós hvaða leynd hvílir víða yfir kjarnorkuiðnaðinum. Og það er umhugsunarefni að í 30 ár skuli í nágrannaríki okkar Bretlandi, þar sem þessi kjarnorkuendurvinnsla í Dounreay fer fram og ætlunin er að auka það mjög verulega samkvæmt áætlunum, skuli einmitt hafa verið hylmað yfir þetta mikla kjarnorkuslys, líklega annað mesta í sögunni, sem þar varð 1957.

Ég vil líka leyfa mér, herra forseti, að benda á mjög fróðlegt viðtal, sem birtist nú alveg nýverið í Morgunblaðinu 5. febr. sl., við Jóhannes Vigfússon eðlisfræðing, en hann starfar á skrifstofu kjarnorkueftirlitsstofnunar svissneska ríkisins „Hauptabteilung fur die Sicherheit der Kernanlagen" eins og hún heitir á þýsku. Í viðtalinu dregur þessi starfsmaður og eðlisfræðingur fram hvernig reynt er að fylgjast með hágeislavirkum úrgangi frá kjarnorkuverum, en lýsir jafnframt áhyggjum sínum yfir framtíðinni hvað þetta snertir. Ég tel að þetta viðtal við Jóhannes Vigfússon sýni ásamt fjölmörgu öðru sem hefur verið að koma fram að undanförnu í hvaða stöðu kjarnorkuiðnaðurinn er um þessar mundir, hvernig mönnum er að verða það smám saman æ ljósara hvaða stórfelldur vandi tengist hinni svokölluðu friðsamlegu nýtingu kjarnorkunnar svo ekki sé minnst á hættuna af kjarnorkuvopnunum sem öllum er væntanlega ljós.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að grípa hér niður í viðtalið við Jóhannes Vigfússon þar sem hann segir:

„Ég tel endurvinnslu brennsluefnanna vafasama. Endurnýtingin er enn á tilraunastigi og virðist ekki borga sig. Frakkar eiga kjarnaofn sem getur brennt plútóníum en það er mjög dýrt að reka hann. Svisslendingar eru nýtnir og halda endurvinnslunni kannski þess vegna áfram. Nýr geislavirkur úrgangur myndast við endurvinnsluna og það þarf líka að losna við hann."

„Eitt af viðfangsefnum mínum hér", segir Jóhannes í viðtalinu, „er að rannsaka dreifingu efna með vatnsburði í graníti. Nagra [en það er fyrirtæki í Sviss] hefur lagt til að úrganginum verði endanlega komið fyrir í stálhólkum í stórri granítblokk og þétt verði að þeim með leir svo að vatn komist ekki að þeim. Það þarf að hugsa fyrir þróun jarðar þúsundir ára fram í tímann til að geta komið í veg fyrir að geislavirkt efni komist út í lífríkið. Vatn seytlar í gegnum smáar sem stórar sprungur í granítinu og vinnur á öllu með tímanum. Það mun vinna á leirnum, stálinu og loks á granítinu. Þá mun úrgangurinn blandast saman við önnur jarðefni, fara út í jarðveginn og berast upp á yfirborðið með jarðvatni. Eitt mitt aðalstarf er að reikna út hversu mikil geislavirkni verður þá á ferðinni og hvernig hún mun dreifast í jarðlögunum. Það verður eftir óralangan tíma og í rauninni vitum við ekki hvernig lífið á jörðinni verður þegar þar að kemur."

Að síðustu leyfi ég mér að vitna hér í ummæli hans þar sem hann segir:

„Afstaða mín til kjarnorku hefur ávallt verið blandin. Ég óttast kjarnorkuslys ekki svo mjög, þrátt fyrir Tsjernóbíl. Það er vitað hvaða hætta stafar af kjarnorkuverum og það er leysanlegur vandi að verjast henni, eins og t.d. er gert með því að byggja hjúpa yfir verin svo geislavirk efni berist ekki út í umhverfið þótt slys eigi sér stað. En ég hef alltaf álitið að það væri ekki fundin nein endanleg

lausn á úrgangsvandanum. Og ég er enn á þeirri skoðun. Það á eftir að sannfæra mig um að staður finnist þar sem hægt er að geyma hágeislavirkan úrgang í eina til tvær milljónir ára án þess að hann komist út í umhverfið."

Þetta er viðtal við vísindamann sem er að fylgjast með hættunni af geislavirkum úrgangi á vegum svissneska ríkisins. Ég tel það fróðlegt fyrir okkur að íhuga orð hans. Einnig þegar við erum að ræða hér um mengunarhættuna frá Dounreay. Og þó að þarna sé um að ræða hágeislavirkan úrgang en fyrst og fremst lággeislavirkan sem berast mun frá Dounreay og losa á í hafið, þá er þetta stórfellt áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess fyrir Alþingi að álykta um þetta mál og ýta á eftir því að stjórnvöld haldi áfram mótmælum sínum á alþjóðavettvangi gegn þessum fyrirætlunum.

Ég vil sérstaklega minna á að það eru fleiri en Bretar sem þarna eiga hlut að máli. Það eru fimm ríki í Efnahagsbandalagi Evrópu sem standa að áætlunum um stækkun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay. Auk Breta: Frakkland, Vestur-Þýskaland, Ítalía og Belgía. Það er því nauðsynlegt að taka á þessum málum gagnvart ríkisstjórnum þessara landa svo og gagnvart réttum aðilum innan Efnahagsbandalagsins.

Það hefur komið fram hér á Alþingi að einstakir þm. hafa vaxandi áhyggjur af geislavirkni. Þetta hefur birst okkur í fsp. og þáltill. bæði á þessu þingi og á fyrri þingum. Og það er afar þýðingarmikið að menn sameinist hér á Alþingi um þessi mál gegn aðsteðjandi vá í umhverfi okkar og það varðandi öll íslensk hafsvæði og nágrenni landsins, og taki upp samvinnu við þær þjóðir sem hlut eiga að máli og eiga sömu hagsmuna að gæta og við til þess að verjast þessum vágesti.

Ég fagna aftur þeirri samstöðu sem tekist hefur í utanrmn. um þessa till. og treysti því að hún sé einnig hér til staðar á Alþingi, efa það raunar alls ekki. Ég minni á það að náttúruverndarþing, hið sjötta í röðinni, ályktaði sérstaklega um þetta mál og með þeim viðbrögðum sem hér liggja fyrir er einnig verið að taka undir með þeim aðilum sem ætlað er að fylgjast sérstaklega með verndun íslensks umhverfis þar sem er Náttúruverndarráð, svo og þeim stofnunum eins og Geislavörnum ríkisins og mörgum fleiri sem hafa vakið athygli á þeirri hættu sem okkur er búin af geislavirkum úrgangi sem hér um ræðir.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég nota tækifærið til að taka þátt í þessari umræðu. Þannig er mál með vexti að fyrir skömmu átti ég tal við orkuráðherra Bretlands, Cecil Parkinson, og lýsti þá áhyggjum íslenskra stjórnvalda vegna stækkunar endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay og reyndar einnig vegna uppbyggingar kjarnorkuraforkuvera í Bretlandi. Núna um þetta leyti er verið að opna nýja stöð nálægt Edinborg og lítið lát virðist vera á því að Bretar muni framleiða raforku í kjarnorkuverum þótt segja megi að Frakkar séu kannski enn þá harðari í horn að taka, ef svo má að orði komast, því að andstaða í Frakklandi virðist vera mun minni en í Bretlandi gegn kjarnorkuverunum.

Það er kannski athyglisvert vegna þess fréttaflutnings sem kemur hingað til Íslands að átta sig á því að norður í Skotlandi virðist vera mun minni andstaða gegn kjarnorkuverunum en í Englandi og gagnrýnin virðist vera meiri eftir því sem sunnar dregur í landinu.

Í viðtölum mínum við forráðamenn skosku raforkufyrirtækjanna bæði norður-skoska og suður-skoska fyrirtækisins kom í ljós að þau munu beita athygli sinni í auknum mæli á næstunni að því að framleiða raforku úr gasi, einkum súru gasi, sem er erfitt að nota til húshitunar, og kemur úr Norðursjónum. Má þess vegna búast við því að tilraunastarf þeirra muni beinast frekar að slíku á næstunni til þess að sinna þeirri orkuþörf sem fyrir er á Bretlandseyjum. Í dag kaupir stærsta fyrirtækið sem framleiðir orku í Bretlandi, CEGB, verulega orku frá Frakklandi, allt að 2000 mw.

Í viðræðum mínum við Cecil Parkinson lét ég koma fram að Íslendingar hefðu haft forgöngu um, það var Matthías Bjarnason ráðherra, að flytja tillögu á fundinum í Cardiff sem haldinn var á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar um siglingamál sem gerð var í París á sínum tíma. Einnig lét ég koma fram að enn fremur hefðu Íslendingar, þ.e. Ragnhildur Helgadóttir ráðherra, átt aðild að samþykkt Norðurlandaráðherra sem um þetta mál fjölluðu á sínum tíma.

Ég vil, herra forseti, láta það koma hér fram og ég fagna því að menn hafi náð saman um þessa tillögu, en vildi jafnframt fá tækifæri til þess að skýra frá að ég fyrir hönd íslenskra stjórnvalda lét koma fram áhyggjur okkar vegna stækkunarinnar í Dounreay og reyndar þeirrar stefnu sem birtist með raforkuframleiðslu Breta í kjarnorkuverum.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna framgangi þessa máls hér á þingi og fagna því að þessi till. er komin í þessu formi fyrir Sþ. Ég vil jafnframt leyfa mér vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram um mengunarhættuna frá Dounreay að þakka hæstv. iðnrh. fyrir það sem hann hefur sagt hér, en jafnframt vekja athygli á því gífurlega andvaraleysi sem hér á landi hefur viðgengist gagnvart mengun Norður-Atlantshafsins.

Á fundi vestnorræna þingmannaráðsins sem haldinn var fyrir nokkrum mánuðum flutti ég tillögu um að komið yrði á fót stofnun sem skipulegði og samræmdi mengunarrannsóknir og varnir gegn mengun Norður-Atlantahafsins og ætlaðist til þess að ríkisstjórnir allra Norðurlanda kæmu þar við sögu. Þessi tillaga var samþykkt lítið breytt, en eins og farið hefur um tillögur frá vestnorræna þingmannaráðinu, þá hafa þær ekki borist til ríkisstjórna

viðkomandi landa eða mér virðist þær vera saltaðar í þeim löndum þar sem þessir fundir hafa farið fram og þeim er á engan hátt fylgt eftir.

Í þessari till. var einnig gert ráð fyrir því að þegar í stað yrði boðað til alþjóðlegrar ráðstefnu vísindamanna um ástand Norður-Atlantshafs, mengunarástand Norður-Atlantshafs. Þessa tillögu rökstuddi ég m.a. á þeim forsendum að Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar ættu allt sitt undir því að Norður-Atlantshafið mengaðist ekki m.a. af völdum olíu, skipaumferðar og kjarnorku.

Ég hef haft af því vaxandi áhyggjur eftir því sem ég hef fengið meiri upplýsingar, m.a. um ferðir kjarnorkuknúinna skipa um Norður-Atlantshafið, að þar gæti orðið slys sem væri af þeirri stærðargráðu að efnahagsafkomu íslenskrar þjóðar, færeyskrar þjóðar og grænlenskrar þjóðar yrði ógnað í mjög verulegum mæli. Ég hef oft spurt eftir því þegar ég hef verið á fundum með herfróðum mönnum hversu mikil hætta væri á árekstrum, t.d. kafbáta og annarra herskipa sem m.a. sigla um Norður-Atlantshafið og hve mikil hætta gæti verið á því að þessi skip misstu út geislavirkt kælivatn. Ef slíkt gerðist í nágrenni við gotstöðvar eða hrygningarstövar, t.d. þorskstofns sem við byggjum að verulegu leyti afkomu okkar á, þá yrði ekki að sökum að spyrja, því að þá er sá stofn ónýtur til næstu 100 ára eða svo.

Mér finnst andvaraleysi okkar Íslendinga gagnvart þessum málaflokki vera alveg ótrúlegt. Herfróðir menn hafa tjáð mér að það sé lítil hætta á þessum slysum. Hins vegar átti ég kost á því fyrir mjög stuttu að ræða við fyrrverandi skipherra á breskum kjarnorkukafbáti. Ég spurði hann þessarar spurningar og spurði hann hvort það væri rétt að lítil hætta væri á því að geislavirkt kælivatn færi út, t.d. við árekstur tveggja skipa eða árekstur skips á rif, neðansjávarfjallgarð eða eitthvað slíkt og sagði honum jafnframt að ég hefði ævinlega fengið þau svör að slíkt gæti ekki gerst. Þessi skipherra var nú aldeilis á öðru máli. Hann sagði það fullum fetum að það gæti gerst að kjarnorkuknúið skip missti út geislavirkt kælivatn við árekstur. Og hans orð tek ég auðvitað trúanleg.

Það er annað sem ég hef áhyggjur af og þess vegna flutti ég þessa tillögu. Ég hef þær upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun að þar, eða á milli stofnana innan Norðurlandanna, sé ekki fyrir hendi nein samvinna. Upplýsingaskipti eiga sér stað, en það er engin formleg samvinna á milli þeirra stofnana sem um mengunarmál Norður-Atlantshafsins fjalla, ekki á neinu sviði. Þær senda á milli sín upplýsingar um mengunarástandið. Og ég vil skjóta því inn í að auðvitað þyrftu allar þjóðir sem eiga land að Norður-Atlantshafi að koma inn í þessa samvinnu. Annað væri ekki vitrænt. Það eru til alþjóðlegir samningar um varnir gegn mengun sjávar sem eru kenndir við Osló og París en samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunar þá vinnur hver þjóð út af fyrir sig að þessum rannsóknum sem hafa undirritað samninginn. Þannig að samstarfið og samvinnuna skortir algjörlega.

Ég hygg, herra forseti, að þessi málaflokkur hafi raunverulega farið í glatkistuna hjá okkur hér á hinu háa Alþingi á undanförnum árum. Við höfum sáralítið eða ekkert fjallað um þetta og ef maður fer að hugsa um það þá er það argasti dónaskapur af stórveldunum í austri og vestri að haga sinni herskipaumferð um íslensk hafsvæði þannig að við höfum enga vitneskju um í raun og veru hvað þar fer fram. Það væri t.d. fróðlegt að heyra um það frá hæstv. utanrrh. hvort hann hefði einhverjar tölulegar upplýsingar um það hve mikil þessi umferð er t.d. á dag, viku eða á mánuði, bæði umferð kafbáta sem unnt er að greina og sú umferð annarra herskipa sem knúin eru með kjarnorku.

Ég vildi, herra forseti, vekja athygli á þessu vegna þess að ég hygg að hér sé á ferðinni mál sem snertir alla afkomu íslensku þjóðarinnar upp til hópa. Það yrði ekkert bundið um sárin ef eitthvert slys yrði á borð við það sem ég hef hér nefnt.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Fyrst ég er staðinn upp vil ég byrja með því að fagna þessari till. og samstöðu um hana. Ég tek undir allt sem hefur verið sagt um mikilvægi þessa máls.

En hv. síðasti ræðumaður spurði mig að því hvort ég hefði upplýsingar um ferðir kjarnorkuknúinna kafbáta og skipa á Norður-Atlantshafinu. Það hef ég ekki og eftir því sem ég best veit hefur gengið ákaflega erfiðlega að fá slíkar upplýsingar frá stórveldunum. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um þá hættu sem þessu fylgir. Hins vegar hefur mér verið tjáð þegar ég hef spurt um þessi mál að hún væri lítil sem engin. Hefur verið gert ákaflega lítið úr þessari hættu og ég veit að sömu sögu hafa aðrir að segja. En ég hef tilhneigingu til að trúa betur þeim skipherra sem hv. þm. ræddi við.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Norðurl. e. vil ég minna þingheim á að fyrir Alþingi liggur frv. um aðgerðir til að draga úr, eftir því sem kostur er, hættunni á því að óhöpp verði vegna umferðar kjarnorkuknúinna farartækja eða vegna flutninga kjarnorkukleyfra efna um íslenska lögsögu. Þetta er 65. mál, frv. sem liggur fyrir Nd. og fór til allshn. deildarinnar 10. nóv. ef ég man rétt. Ég vildi að það kæmi fram að þinginu er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði hvað þetta varðar. Málið liggur þegar fyrir og ef áhugi er á því þá tel ég nauðsynlegt að menn láti ekki við það eitt sitja að mótmæla, svo sjálfsagt sem það er, þessari uppbyggingu í Skotlandi heldur líti sér nær og reyni að gera það sem í okkar valdi stendur til að draga úr þeirri vá sem vissulega stafar af þessum sökum. Sú hætta verður mönnum æ betur ljós með hverju árinu sem líður. Ég held að það sé þess vegna fyllilega tímabært og meira en svo að ég geti tekið undir það með hv. 3.

þm. Norðurl. e. að við förum að sinna þessum málum betur en gert hefur verið.

Ég lít á samþykkt þeirrar tillögu sem hér er flutt af hv. utanrmn. sem gleðilega vísbendingu um það að við séum að vakna til meiri meðvitundar um það hversu alvarlegir hlutir eru hér á ferðinni og þess vegna vonast ég til að menn skoði af sama velvilja það frv. sem ég hef nú minnt hér á, 65. mál þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 546,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 546,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 559), með fyrirsögninni:

Þál. um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum.

Rannsókn á byggingu flugstöðvar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 200. mál. — Þskj. 231.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsókn á ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þetta er 200. mál Sþ. á þskj. 231.

Till. er á þá leið að Alþingi kjósi rannsóknarnefnd skipaða níu alþm. til þess að gera sérstaka athugun á þessu tiltekna efni, ábyrgð á þeim umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem kunnur er orðinn, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar sem send var hv. alþm. og rædd hér í Sþ. skömmu fyrir jól. Um þá skýrslu og málið í heild er í raun óþarfi að fjölyrða. Sú umræða hefur þegar farið fram og staðið lengi dags hér á hinu háa Alþingi. Niðurstöður málsins hvað varðar umframkostnað og stjórnun og framkvæmd verksins liggja að mínu mati ljósar fyrir. Þær birtast í vandaðri skýrslu frá Ríkisendurskoðun og hafa ekki verið hraktar.

Síðast í morgun áttu formenn þingflokka og forsetar þingsins fund með ríkisendurskoðanda að ósk ræðumanns og þar var ríkisendurskoðandi að því spurður hvort hann teldi nokkuð það hafa komið fram sem breytti í einhverju þeim niðurstöðum sem stofnunin, Ríkisendurskoðun, kemst að í skýrslu sinni. Svarið við því var einfalt. Það var nei. Ríkisendurskoðun telur niðurstöður skýrslunnar að öllu leyti gildar og standa þrátt fyrir þá umfjöllun og ýmis ummæli sem fallið hafa um málið síðan skýrslan kom út.

Þá má í sem allra stystu máli draga þær niðurstöður saman á þann hátt að ljóst er að ýmsum atriðum í yfirstjórn við verkstjórn og hönnun þessa mannvirkis var ábótavant. Í öðru lagi er ljóst að farið var stórlega fram úr heimildum og kostnaður við mannvirkið varð mun meiri en fjárveitingaheimildir stóðu til. Í þriðja lagi var fjárveitingavaldinu ekki gerð grein fyrir umframeyðslu fyrr en eftir á.

Ég hygg að það nægi í raun og veru að vísa í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar eru dregnar saman helstu niðurstöður á bls. 3–10. Það er síðan ítarlega um þær fjallað bæði í skýrslunni og á fskj. Eins og ég sagði í upphafi hefur ekkert af því sem þar kemur fram verið hrakið og ég lít svo á og geng út frá því að það standi sem sannast er og best er vitað.

Hér er, herra forseti, á ferðinni alvarlegt mál og mjög stórt mál. Það skeður sem betur fer ekki oft að eyðsla fjármuna umfram heimildir sé af þeirri stærðargráðu sem hér ræðir um. Þó að upplýsingar liggi fyrir og málið sem slíkt þannig upplýst, þá er engan veginn þar með sagt að því sé eða eigi að vera lokið. Þvert á móti er nú það eftir sem e.t.v. er vandasamast en þó engu að síður nauðsynlegt: að fylgja málinu eftir. Þar hlýtur að koma til kasta Alþingis og að okkar mati, þm. Alþb., er þar eðlilegasta leiðin að kjósa sérstaka nefnd þm. til þess að annast rannsókn á því hverjir beri hér ábyrgð og hvernig skuli með málið fara í framhaldi af því. Því flytjum við svohljóðandi till. á þskj. 231, með leyfi forseta:

„Alþingi samþykkir að kjósa rannsóknarnefnd skipaða níu alþingismönnum til þess að gera sérstaka athugun á því hverjir skuli sæta sérstaklega ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar sem send hefur verið alþingismönnum.

Rannsóknarnefndin skal í starfi sínu leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver var ábyrgð þáv. utanrrh. á því að kostnaður við bygginguna og ákvarðanir um einstaka framkvæmdaþætti fóru langt fram úr áætlun og þeim heimildum sem Alþingi hafði samþykkt?
2. Hver var ábyrgð þáv. fjmrh. á því að fjárveitingar til byggingarinnar og kostnaður fóru langt fram úr áætlunum og heimildum þeim sem Alþingi samþykkti?
3. Hver var ábyrgð
   a. formanna byggingarnefndar,
   b. byggingarstjóra,
   c. einstakra byggingarnefndarmanna,
   d. hönnuða og
   e. framkvæmdafyrirtækja

á því að ráðist var í framkvæmdir, stækkanir, viðbætur, breytingar og önnur verkefni sem höfðu í för með sér útgjöld sem ekki voru í þeirri verkáætlun sem upphaflega var samþykkt.

Nefndin skal enn fremur meta hvort þeir sem ábyrgð báru geti gegnt opinberum trúnaðarstörfum eða með hvaða hætti þeir skuli sæta ábyrgð.

Rannsóknarnefndin skal afla sér upplýsinga, bæði munnlegra og skriflegra, hjá þeim sem hlut eiga að máli.

Nefndinni skal veitt fé til þess að tryggja henni sérfræðilega aðstoð og nauðsynlega starfsaðstöðu.

Rannsóknarnefndin skal gefa Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar og störf fyrir lok marsmánaðar

1988.“

Síðan segir í grg. og hún er ekki löng, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Alþb. telur upplýsingar, sem komið hafa fram um stórfellda eyðslu umfram áætlanir og heimildir við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, alvarlegustu atburði í opinberri fésýslu um langa hríð.

Þær niðurstöður, sem komist er að í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2. des. 1987, sýna að ýmsum þáttum í yfirstjórn og við verkstjórn og hönnun hefur verið stórlega ábótavant og að upplýsingum um alvarlega umframeyðslu og fjárvöntun var ekki komið á framfæri rétta boðleið við fjárveitingavaldið árum saman. Óhjákvæmilegt er að það verði rannsakað vandlega hverjir bera hér sérstaklega ábyrgð, ekki síst þar sem jafngífurlega mikil og dýr framkvæmd á í hlut og verkið var alveg á ábyrgð æðstu stjórnvalda og að hluta unnið af ýmsum mjög háttsettum embættismönnum.

Með hliðsjón af eðli málsins og mikilvægi þess og aðstæðum öllum telja flutningsmenn eðlilegast að Alþingi sjálft stýri slíkri rannsókn með því að kjósa til þess sérstaka nefnd þingmanna. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt nýlegum lögum heyrir Ríkisendurskoðun nú undir Alþingi og skal stofnunin vera þinginu sérstaklega innan handar í ýmsum efnum sem tengjast fésýslu.

Það er því rökrétt og eðlileg málsmeðferð að nefnd þingmanna, sem nýtur aðstoðar Ríkisendurskoðunar og leitar sér annarrar sérfræðilegrar aðstoðar eftir þörfum, annist þetta óumflýjanlega verkefni.

Flm. telja frekari rökstuðning fyrir tillögunni óþarfan, en vísa í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ítarlegri upplýsingar.“

Síðan eru samandregnar niðurstöður þeirrar skýrslu birtar sem fskj. með till. þessari.

Herra forseti. Ég tel að við svo búið megi ekki standa að í ljósi þeirra alvarlegu upplýsinga sem fram hafa komið verði ekkert frekar að gert í málinu. Því miður hefur það viljað brenna við hjá okkur Íslendingum að þegar slík mál eru upplýst, sem e.t.v. er of sjaldan, þ.e. sú hætta að mörg alvarleg mál nái aldrei því stigi er vissulega fyrir hendi, en þegar þó það gerist þá er óviðunandi að menn láti þar við sitja. Það væri í raun og veru mesta hneykslið í þessu máli, stærra hneyksli en sjálf byggingin og framkvæmd hennar er, ef hér yrði látið við sitja. Það má auðvitað ekki gerast að almenningur horfi upp á það aftur og aftur að opinberu fé sé eytt, svo ekki sé nú sagt sóað, með þeim hætti sem þarna hefur átt sér stað, það sé upplýst en síðan sé ekkert meira að gert.

Það getur naumast haft holl uppeldisáhrif almennt og góð áhrif á siðgæðisvitund í einu þjóðfélagi ef vandamálum af þessu tagi, tilefnum sem þessum, er ekki fylgt eftir. Ég tel í raun og veru einmitt vegna þess að hér eiga í hlut mjög háttsettir aðilar enn þá meiri nauðsyn en ella á því að þessu máli verði fylgt eftir allt til enda, engir lausir endar látnir þar eftir og því ekki sópað undir teppið eða það látið gleymast á því stigi sem nú er.

Auðvitað er hér um pólitískt mál að ræða og það kann að hafa sín áhrif á það hvernig gengur að fá málinu fylgt eftir. En málið er fyrst og fremst pólitískt vegna þeirra aðila sem kusu að gera það svo, sem tóku það upp á sína arma sem sitt sérstakt verkefni og þeir verða að sjálfsögðu að sæta því, þegar þetta mannvirki og sagan á bak við það er ekki jafnglæst og þeir e.t.v. töldu um hríð, að málið fái eðlilega umfjöllun eftir sem áður.

Ég held að það þurfi í sjálfu sér ekki miklu fleiri orð hér um. Hér er lögð til ein aðferð af nokkrum sem til greina kæmu við það að fylgja málinu eftir. Það er alveg ljóst að Ríkisendurskoðun — og væntanlega einnig fjmrh. sem bað um þá skýrslu sem hún vann — telja sig hafa lokið sínum hluta málsins. Hæstv. fjmrh. er reyndar ekki hér í dag en það væri ástæða til að spyrja hann um það hvað hann hyggist nú fyrir, hæstv. ráðherrann, hafandi fengið þessa skýrslu. En eftir sem áður þá hlýtur það þegar til kastanna kemur að vera Alþingis að ráða úr um meðferð málsins.

Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram að ef samstaða gæti orðið um einhverja aðra málsmeðferð en hér er flutt tillaga um, þá er ég til umræðu um það að skoða slíkt. Það eina sem ekki má gerast og verður ekki við unað er að hér verði látið staðar numið.

Ég vil einnig vekja á því athygli að hér er á ferðinni visst prófmál þar sem Ríkisendurskoðun er nú í raun og veru í fyrsta sinn eftir að sú stofnun færðist undir Alþingi að framkvæma viðamikla úttekt á meðferð opinbers fjár, á fésýslu af þessu tagi og það kann því að hafa nokkurt fordæmisgildi hvernig með þetta mál verður farið. Ég held að það sé alveg ljóst að höfundar laga um Ríkisendurskoðun ætluðu henni í raun meira hlutverk en það eitt að búa til skýrslur, þó góðar séu, um mál ef þeim verður svo ekki fylgt eftir jafnvel þó fyllsta ástæða sé til eins og auðvitað er í þessu tilefni.

Ég hygg að nefnd þm. sem kosin væri hér á hinu háa Alþingi gæti síðan haft forustu um og notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar við að upplýsa málið til hlítar og taka ákvarðanir um þá þætti sem eðli málsins samkvæmt stofnun af tagi Ríkisendurskoðunar getur ekki gert, þ.e. hverjir bera hér ábyrgð og hvernig skal með þau mál farið. Það er megintilgangur þessarar till. að leggja þar til ákveðna málsmeðferð.

Ég vil svo leggja það til, herra forseti, eðli málsins vegna að að loknum þessum hluta umræðunnar verði till. vísað til hv. utanrmn. Það má auðvitað um það deila hvar till. ætti best heima, en vegna þess að þetta sérstaka mannvirki hefur ákveðna stöðu í íslensku stjórnsýslunni sem ekki þarf að eyða hér orðum á, þá heyrir mannvirkið og rekstur þess undir utanrrn. Og þó að ræðumaður sé þeirri skipan andvígur þá er það samt sú skipan sem á er í dag og ég tel því eðlilegast að till. gangi til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að óska eftir þessari umræðu vegna þeirra reglugerða sem hæstv. landbrh. setti um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sem sett var 21. jan. sl. og jafnframt því gerræði sem átti sér stað þegar samþykkt var að sex manna nefnd tæki að sér að verðleggja þessar afurðir ásamt eggjum. Með þessari reglugerð er í raun búið að koma á kvótakerfi í þessum greinum. Á þennan hátt er að mestu búið að skjóta loku fyrir markaðsáhrif á verðlag þessara afurða og hagkvæmnisþróun í umræddum greinum. Núverandi framleiðendur hafa nú skipt á milli sín framleiðslunni og jafnframt komið í veg fyrir að nýir aðilar geti komist inn í þessar búgreinar.

Með þessu er réttur neytenda fótum troðinn á svívirðilegan hátt. Jafnframt því er búið að byggja upp kerfi sem kemur í veg fyrir eðlilega endurnýjun í greinunum og eðlilegan sveigjanleika. Hér er um að ræða mál sem snertir grundvallarréttindi íslenskra neytenda og er það með öllu óþolandi og raunar furðulegt að til skuli vera samtök undir lok 20. aldar sem telja sér sæma að stofna til styrjaldar við neytendur með umræddum hætti. Ég efast ekki um að lagaheimildir eru fyrir hendi fyrir þeirri reglugerð sem um er rætt. Í búvörulögunum er kveðið á um að séu samtök framleiðenda sammála um að óska eftir kvótakerfi á þessari framleiðslu skuli það gert.

Nú er ljóst að framleiðendur hafa náð saman í einu félagi. Ég fullyrði hins vegar að margir þeirra sem hvað harðast hafa beitt sér gegn verðstýringu eða kvótakerfi hafa verið kúgaðir til samstöðu með hvers konar mismunun og misbeitingu opinberra sjóða. Þessir framleiðendur hafa einfaldlega staðið frammi fyrir því að vera settir á hausinn eða vera góðir, þægir og meðfærilegir.

Í síðustu kjarasamningum voru þessi einokunarmál mikið rædd. Þá stóð til að gefa út þessa reglugerð þrátt fyrir andstöðu þeirra eggjabænda sem enn höfðu ekki látið segjast. Hvers vegna var þetta rætt í kjarasamningum? Það var vegna þess að umrædd verðstýring og verndun framleiðenda gegn hagsmunum neytenda mun leiða til óeðlilegs verðs, hærra verðlags en réttlætanlegt er.

Nú þegar sex manna nefnd verðleggur þessar afurðir er afar líklegt að tekið verði tillit til hvers konar kostnaðarliða sem tíndir eru til, hagkvæmni í stjórnun og rekstri verði fjarri allri viðmiðun. Neytandinn, launþegar eru varnarlausir í þessum efnum. Þess vegna var það liður í gerð síðustu kjarasamninga að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um að ekki verði tekin upp af opinberri hálfu framleiðslu- og verðstýring á innlendri matvöru umfram það sem nú er.

Á fundi Alþýðusambandsins eftir samningana með reiðum eggjabónda og jafnreiðum kjúklingabónda kom fram: Eggjabóndinn upplýsti að gjaldeyriskostnaður fóðurs til framleiðenda á hvert eggjakíló væri hærri en gjaldeyriskostnaður við kaup á eggjum í útlöndum. Annar gjaldeyriskostnaður, svo og vinnulaun, koma þá auðvitað til viðbótar. Kjúklingabóndinn upplýsti að kjúklingafjallið sem þá var væri tilkomið vegna viðleitni framleiðenda til að búa sig undir kvótann sem allir bjuggust við. Sem sagt: Áformin um kvóta leiddu til framleiðslu umfram sölumöguleika.

Ég spyr: Er eðlilegt að bakarar og kökugerðarmenn séu skyldaðir til að kaupa egg á langtum hærra verði en erlendir keppinautar sem njóta tollfrjáls aðgangs á íslenskum markaði? Eru áform um að bæta þennan kostnað með niðurgreiðslum?

Ég spyr staðgengil forsrh., en Þorsteinn Pálsson gegndi þýðingarmiklu hlutverki í síðustu kjarasamningum: Var þessi reglugerðarsetning borin undir ríkisstjórnarfund og hver var afgreiðsla málsins?

Ég skora á landbrh. að afturkalla umræddа reglugerð sem er ótvíræð aðför að neytendum í landinu. Kjarasamningar eru á viðkvæmu stigi. Telur landbrh. að brot á fyrirheiti um að taka ekki upp verðstýringu sé framlag til sátta í þeim erfiðu kjarasamningum sem nú standa fyrir dyrum?

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það er furðulegt nokkuð að heyra hér hv. alþm. fara að gagnrýna að draga þurfi úr landbúnaðarframleiðslu hér á landi í samræmi við markaðsaðstæður eftir alla þá umræðu sem búin er að vera um þörf á því og rísa nú upp og mótmæla slíku.

Því miður hefur þörf fyrir þennan samdrátt verið mikil þar sem markaðir hafa hrunið erlendis og útflutningur er því ákaflega óhagstæður. Nú vilja framleiðendur eggja og kjúklinga koma í veg fyrir það að þeir séu að framleiða vöru sem enginn markaður er fyrir og verða því að sitja uppi með bótalaust. Því hafa þeir óskað eftir að nýta sér rétt búvörulaganna, sem veitir þeim heimild til að stjórna sjálfir endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi. En það er ekki aðeins réttur framleiðenda í þessum lögum sem þarna skiptir máli heldur eru það líka lagaákvæðin sem segja í 30. gr. búvörulaganna að þessa endurgreiðslu skuli miða við framleiðslumagn eftir þörf hins innlenda markaðar. En það er þó enn þá ríkari ástæða til þess að þarna sé hugsað um magnið sem innlendir neytendur þurfa þegar kemur að því að fara að greiða úr ríkissjóði nokkurn hluta af söluskatti eins og ákveðið var með síðustu breytingu á búvörulögum.

Ég get ómögulega skilið að það sé hagur neytenda að greiða úr ríkissjóði fjármagn til þess að framleiða vöru sem þeir ekki nota. Það er ofvaxið mínum skilningi. Ég held að það sé að sjálfsögðu hagsmunamál neytenda að fjármagnið sem þannig er ráðstafað úr ríkissjóði nýtist sem best til þess að greiða niður þá framleiðslu sem þeir þurfa á að halda. En í sambandi við verðlagninguna og verðlag á eggjum og kjúklingum, þá er rétt að benda á að það verð sem nú gildir hefur verið óbreytt síðustu vikur og það sama verð sem var í gildi áður en þessi reglugerð var gefin út og það er verð sem hin frjálsa samkeppni skóp. Þegar verið er að gagnrýna núna þetta verðlag þá er að sjálfsögðu verið að gagnrýna verð hinnar frjálsu samkeppni.

En nú telja kaupmenn að þeir geti selt innflutta framleiðslu á eggjum á svipuðu verði og smásöluálagningin er á innlendu framleiðslunni. Það er því óhjákvæmilegt að spyrja hvernig á því standi að þeir þurfi að fá svo miklu meira fyrir að selja innlenda framleiðslu en innflutta. Og af hverju hafa Neytendasamtökin ekki farið fram á það að lækka smásöluálagninguna eins og þau hafa farið fram á að lækka verðið til framleiðenda?

Það er að sjálfsögðu margt fleira í þessu, en tíminn leyfir ekki að ég ræði meira um það að þessu sinni. En ég mun þá svara hér fsp. síðar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Þetta mál sem hér hefur verið tekið til umræðu er að mínum dómi allt hið hörmulegasta. Ég tel að það sé mikil afturför frá sjónarmiði hins almenna neytanda að framleiðendur í þessum greinum sem hér eru til umræðu skuli í raun óska eftir framleiðslustjórnun og kvótakerfi í framleiðslu kjúklinga og eggja. Ég tel raunar að það þjóni ekki hagsmunum þessara framleiðenda sjálfra þegar fram í sækir, enda er frjáls verðmyndun beggja hagur, framleiðenda og neytenda, þegar til lengri tíma er litið.

Það veldur miklum vonbrigðum að framleiðendur í þessum búgreinum, sem til þessa hafa fallið undir almenn verðlagsákvæði, skuli hafa séð sig til þess knúna, m.a. vegna mikillar skattheimtu, að leita sams konar verndar og hinar hefðbundnu landbúnaðargreinar njóta í krafti búvörulaganna á grundvelli sérstöðu sinnar.

Ég verð jafnframt að segja að ég tel algjörlega óeðlilega að því staðið að nota tækifærið við skattkerfisbreytingarnar um áramótin, þegar ákveðið var að lækka kjarnfóðurskattinn í því skyni að draga úr áhrifum söluskatts á verð þessara afurða, nota þá tækifærið og hneppa þessa framleiðslu í það kerfi sem ríkir í hefðbundnum landbúnaði. Er það ekki einmitt tilgangur slíkrar ráðstöfunar að halda uppi verðinu á þessum vörum þvert á það sem ætlunin var með því að lækka kjarnfóðurskattinn?

Síðan má auðvitað spyrja hvaða vit sé í því að innheimta sérstakt kjarnfóðurgjald, en endurgreiða það til tiltekinna framleiðenda að 75/80 hlutum. Hefur það nokkurn tilgang annan en þann að halda nýjum aðilum frá framleiðslu á þessu sviði?

Herra forseti. Það efast enginn um að búvörulögin veiti framleiðendum lagalega heimild til að óska eftir framleiðslustjórnun með þeim hætti sem nú er orðið. Hitt hljóta menn að vona að þær aðstæður skapist sem fyrst að framleiðendur geti náð samkomulagi um að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Það er ekki í þeirra þágu að eiga í stríði við neytendur og samtök þeirra, enda er það hagur allra góðra framleiðenda að gera viðskiptavinum sínum til geðs. En menn hljóta að skoða það í nokkurri alvöru hér á Alþingi hvort tilgangurinn með þeirri lagagrein sem hér er stuðst við í þessu máli hafi verið að fá fram þá stöðu sem nú er upp komin.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Í fjarveru forsrh. bar hv. málshefjandi fram ákveðna spurningu þess efnis hvort reglugerð sú er hæstv. landbrh. hefur gefið út hafi verið borin undir ríkisstjórnina. Af því tilefni vil ég aðeins segja það að hún var kynnt ríkisstjórninni. Innan ríkisstjórnarinnar eru skiptar skoðanir, deildar meiningar, um þetta mál eins og komið hefur fram í umræðum um málið. Það er ekki venja í ríkisstjórn að bera undir atkvæði málefni á borð við þetta, enda leikur enginn vafi á því að hæstv. landbrh. fer með þetta mál samkvæmt íslenskum lögum.

Ég vil enn fremur að það komi hér fram að forsrh. hefur ekki úrskurðarvald um það í þessu máli eins og ætla mátti af ummælum hæstv. viðskrh. Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands hefur hæstv. forsrh. úrskurðarvald um það undir hvert ráðuneyti málefni heyri, en ekki, eins og deilur voru hér um, um það hvort málið heyrði undir hæstv. viðskrh. eða hæstv. landbrh. því annar hæstv. ráðherra fer með verðlagsmál en hinn með landbúnaðarmál. Um þetta eru ekki deildar meiningar. Ríkislögmaður hefur skilað inn minnisblaði til hæstv. forsrh. og tekið þar skýrt fram að hæstv. landbrh. fari alfarið með þennan málaflokk.

Efnislega ætla ég ekki, herra forseti, að ræða mikið um þetta mál. Ég vil þó aðeins geta þess að það er mín von að í framtíðinni verði hægt að leita markaðslægari leiða til þess að leysa úr þeim vanda sem landbúnaðurinn á við að etja. Ég hef skilning á því að lögin sem nú eru í gildi og sá samningur sem gerður var við bændur er eðlilegur miðað við núverandi aðstæður. En það getur ekki verið keppikefli að halda í hann til allrar framtíðar. Ég vísa að öðru leyti til orða hv. 17. þm. Reykv. og tek undir hans sjónarmið.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Auðvitað er það svo að stjórnunarkerfi og framleiðslustýringu fylgir óhjákvæmilega nokkur kostnaðarauki sem kemur niður á neytendanum. Við erum enn að reyna að ná jafnvægi í framleiðslunni eftir undangengið þenslutímabil og það er því e.t.v. mögulegt að nauðsyn sé á einhvers

konar tímabundinni lágmarksstýringu ef við ætlum á annað borð að framleiða þessar vörur hér innan lands.

Nú er mikið rætt um hagstætt verð á innfluttum eggjum og kjúklingum. Áður en það skref verður hugsanlega stigið að opna allar flóðgáttir þykir mér vert að benda á tvennt sem við skulum hafa í huga. Í fyrsta lagi það að bændur hafa fjárfest í fuglabúum hér á landi og þykir mér einsýnt að ef innflutningur verður leyfður leggjast búin af með öllu. Spyrja má hvað það kosti okkur og eigendur búanna ef þau verða gjaldþrota og eignirnar verðlausar, en ríkisbankarnir hafa veitt lán til uppbyggingar þeirra.

Í öðru lagi vil ég benda á þátt sem ég tel enn mikilvægari, en svo háttar til hér á Íslandi, einu vestrænna ríkja, að ekkert heilbrigðiseftirlit er með innfluttum matvælum. Hæstv. heilbrrh. hefur reyndar boðað breytingu þar á en hún verður ekki komin í framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi að ári. Við vitum t.d. ekki frá hvaða löndum eða af hvaða svæðum grænmeti og ávextir berast og þó þau komi að stærstum hluta til frá sölumiðstöðvum í Hollandi eða Ameríku, þá vitum við ekki um upprunalandið. Í mörgum löndum er nú skylda að merkja allar vörur með upprunalandi.

Á sl. ári dróst sala kjúklinga saman hér á landi einmitt vegna salmonellusýkingar, en þó salmonella sé því miður orðin landlæg hér á landi er hún mun útbreiddari og algengari í öllum nærliggjandi löndum. Sú staðreynd ætti að nægja okkur sem rök fyrir því að leyfa alls ekki innflutning þessa viðkvæma varnings og það án mjög öruggs heilbrigðiseftirlits.

Ég vil líka aðeins benda á að eflaust finnst mörgum við smám saman vera að festa okkur í kvótakerfi á öllum sviðum. En staðreyndin er sú að víða annars staðar eru í gildi mun strangari reglur um kvóta en hér á landi. Í Kanada fá eggja- og kjúklingabændur úthlutað kvóta til tveggja mánaða í senn og verða að standa hann algjörlega til þess að eiga von um úthlutun aftur. Þetta fyrirkomulag tryggir jafna framleiðslu allan ársins hring, en í Kanada er verð á matvælum jafnframt mjög lágt.

Herra forseti. Ég vil aðeins benda á að fyrst sú leið var valin að koma ákveðinni stýringu í gegnum kjarnfóðurskattinn hlýtur verðlagning af opinberri nefnd að vera eðlilegt framhald, verðlagning sem tekur tillit til allra framleiðsluþátta. Ef við viljum framleiðsluna hér á landi verðum við neytendur líka að greiða laun framleiðenda, en eins og okkur er sjálfsagt öllum ljóst hefur verð eggja lengi verið of lágt.

Ég tel að ég hafi í þessu örstutta innleggi mínu komið að einhverjum þeim rökum sem nægja til þess að við höldum þessari framleiðslu innan lands.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Þessi umræða snýst í raun um það hvort við Íslendingar eigum að framleiða þessa vöru sjálfir eða ekki og þar með okkar búvörur eða að taka að flytja inn þessar afurðir með öllum þeim sjúkdómum og öðru slíku sem þeim fylgir og þar með að leggja þessa atvinnugrein í rúst. Svo einfalt er þetta mál hvernig svo sem menn kunna að velta því upp.

Ég vil aðeins upplýsa það að verð á eggjum til neytenda er núna um 180 kr. í Finnlandi og 140 kr. í Danmörku, þar sem kílóið af korni er komið niður í 3–4 kr. Þumalputtareglan hefur verið sú í gegnum tíðina að heildsöluverð á eggjum sé tíu til ellefufalt fóðurverð. Í Bandaríkjunum kostar fóðrið um 34 kr. kg og verð til framleiðenda er þar á bilinu 30–40 kr. og þetta hlutfall mun vera nær alls staðar þar sem er borið niður.

Þá er rétt að upplýsa bæði hv. þm. og almenning um það atriði að meðferð á eggjum er þannig háttað að framleiðendur eða bændurnir sjálfir skila eggjunum frá sér í neytendaumbúðum. Þeir verðmerkja vöruna og þeir skila henni í verslunarinnréttingar sem þeir sjálfir eiga. Það verður engin rýrnun þar sem eggjabakkarnir eru ekki opnaðir á sölustað. Verslunin verður þannig fyrir engri rýrnun og því ófært að hún geti með nokkrum sanni lagt á vöruna nema að hámarki 10%.

Við söluskattsbreytinguna var ætlun nokkurra kaupmanna að hækka álagninguna um 20% sem þýddi að þeir ætluðu sér með hana upp í 40% og setja útsöluverðið þar með á 238–240 kr. eða reikna sig úr 144 kr. upp í 240 kr., nota sem sagt ringulreiðina við verðbreytingarnar til óraunhæfra hækkana á sama hátt og t.d. bakarar gerðu en náðist ekki fram. Framleiðendur komu í veg fyrir þetta með því að fara eftir því verði sem ríkisstjórnin auglýsti opinberlega. Núgildandi verð er einfaldlega fundið á þann máta að heildsöluverðið, sem er 144 kr., margfaldað með 22% álagningu að viðbættum 25% söluskatti gerir 220 kr. Allt hærra verð þýðir hærri álagningarprósentu kaupmanna sem fellur í hlut annarra en mín að verja.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Við höfum orðið áheyrendur að því að einn af æðstu trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar, forseti efri deildar Alþingis, hefur kvatt sér hljóðs hér og talað um aðgerðir sex manna nefndar sem gerræði, kerfi í stjórnun sem farið er eftir, furðuverk 20. aldarinnar. Hann talar um einokunarmál. Hann talar um að farið sé gegn hagsmunum neytenda og launþega. Hann talar um — og ég legg áherslu á það — að hér sé brotið gegn samþykkt ríkisstjórnarinnar um verðstýringu og kjarasamninga. Hann talar um aðför að neytendum á sama tíma sem annar hv. stjórnarþm., 17. þm. Reykv., talar um hið hörmulegasta mál og að hér sé farið að ósk framleiðenda gegn þeirra eigin hagsmunum. Á sama tíma stendur upp einn hæstv. ráðherranna og segir að reglugerðin hafi verið borin undir ríkisstjórnina en það séu ráðherrar sem fari með valdið þrátt fyrir fyrri samþykktir ríkisstjórnarinnar.

Þetta er furðulegt og ég vildi bara spyrja hv.

fyrirspyrjanda, sem einn af trúnaðarmönnum og ráðamönnum í stjórnarflokki: Hversu alvarlegur er bresturinn í stjórnarsamstarfinu? Ætlar Alþfl., ætlar Sjálfstfl., samkvæmt ummælum þessara manna sem tekið hafa til máls, að kyngja enn einu stefnumáli sínu fyrir framsókn? Ég veit ekki betur en framsóknarmenn hafi komið í gegn hverju einasta máli sem þeir hafa lagt áherslu á í þessu stjórnarsamstarfi á kostnað stefnumála hinna flokkanna. Hversu langt ætla þessir flokkar að ganga? Hversu alvarlegur er þessi brestur í stjórnarsamstarfinu? Þetta er farið að vekja athygli, og meira en athygli, það er farið að vekja furðu fólks í landinu hversu illa gengur að stjórna landinu í þessu samstarfi sem nú er við lýði.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni að ég er algjörlega andvígur framleiðslustýringu á kjúklingakjöti og eggjum. Ég held að Íslendingar verði að fara að gæta sín á því að festast ekki í þessum kvótakerfum og stýringum. Ég held að það sé verið að hneppa þjóðfélagið í viðjar með þessu, alveg tvímælalaust.

Það er vel skiljanlegt að menn þurfi að grípa til slíkra aðgerða í hefðbundnum landbúnaði þar sem vandinn er mikill og markaðurinn dregst saman. Í öðrum greinum megum við ekki fara inn á þessa braut. Ég vil bara nefna dæmi: Hvað með húsgagnaframleiðendur þegar þeir áttu í sínum vanda? Af hverju fengu þeir ekki bara kvóta á ákveðna framleiðslu? Hvað með verkfræðistofurnar? Af hverju fá þær ekki bara kvóta á sitt? Það er þá kannski lítil spurning um að halda í verkefni, það er lítil spurning um gæðin eða verðið ef menn koma slíkum kvótum á. Hvað með innflutningsfyrirtækin? Eiga þau líka að fá kvóta? Hvað með fjármagnsleigurnar sem menn eru mikið að tala um núna? Ætti að skipta verkefnunum upp á milli þeirra í kvótum?

Ég held að við séum á villigötum með þessa framleiðslustýringu þarna. Það er mikill munur á því hvort gripið er inn í stór vandamál eins og í hefðbundnum landbúnaði eða stýringu auðlindar eins og í sjávarútvegi og þá helst tímabundið eða hvort menn grípa til slíkra aðgerða sem þarna er gert. Og þá kemur spurningin: Hvar ætla menn að enda? Það er auðvelt að horfa til fleiri atvinnuvega og slíkur samanburður hlýtur að sýna okkur að kerfi sem þetta gengur ekki upp.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli er alveg skýr eins og í fleiri málum og samstaðan er mikil, bæði milli stjórnarflokkanna og innan þeirra. Hér hafa komið upp talsmenn stjórnarliðsins hver á fætur öðrum og gefið okkur smáinnsýn inn í þennan heim, stefnu ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálunum.

Ég verð að segja alveg eins og er að málflutningur þeirra ágætu þm. úr stjórnarliðinu sem hér töluðu og lögðust gegn þessum ráðstöfunum er ekki mjög háreistur vegna þess að þeir menn hafa allar aðstæður til þess að koma skoðun sinni á framfæri með öðrum hætti en þeim að koma hér upp í ræðustólinn og pípa eitthvað. Séu menn ósáttir við þessa ráðstöfun, af hverju lögðust menn þá ekki gegn henni í ríkisstjórn eða í þingflokkum stjórnarliðsins? Og af hverju flytja menn þá ekki brtt. við búvörulögin þar sem þessi heimild til framleiðslustýringar með þessum hætti er afnumin? Þar væru hægust heimatökin. Ég hvet þá hv. þm. stjórnarliðsins sem vilja fylgja sannfæringu sinni eftir að gera það og með þeim hætti að mark sé á takandi.

Það má segja margt um þessa framkvæmd. Stjórnun af þessu tagi er að sjálfsögðu ekki fagnaðarefni og hún er vandmeðfarin. Ég tel að það orki tvímælis hvort unnt sé að nota sömu rök til framleiðslustýringar af þessu tagi í eggja- og kjúklingaframleiðslu og notuð eru þegar rætt er um hefðbundnar búgreinar þó að þetta sé nú á grundvelli búvörulaganna í raun tengt undir sama hatt.

Ég tel að sjálfsögðu að svona framkvæmd komi ekki til greina nema henni fylgdi mjög strangt verðlagseftirlit og opinber verðákvörðun og væntanlega verður það. Það má hins vegar segja um það ástand sem fyrir var að það var ekki sérlega gáfulegt heldur og mælir ekki með sér, þar sem menn höfðu ýmist gífurlegt offramboð á þessum vörum og svo tímabundinn skort inn á milli. Þarf ekki að fara langt aftur til að finna dæmi um það að skortur var t.d. á eggjum á tilteknum árstímum. Auk þess má auðvitað benda á þá sóun, offjárfestingu og vitleysu sem viðgekkst í þessu kerfi einnig. Blessun markaðsstýringarinnar er því ekki einhlít. Og þetta snilldaryrði sem hæstv. iðnrh. innleiddi hér um að leita „markaðslægari" leiða — ég held að ég hafi tekið rétt eftir, hæstv. iðnrh. — þetta er alveg nýtt snilldaryrði. Svolítið markaðslægari leiðir svo að þeir sjálfstæðismenn geti orðið ánægðari.

Ég vil bara að lokum, herra forseti, taka það fram að ég er algerlega andvígur þeim hugmyndum sem hreyft hefur verið undanfarið um innflutning á þessum vörum. Ég tel að það komi ekki til greina og að við hljótum að geta fundið þessari framleiðslu einhvern farsælan farveg hér innan lands. Það hlýtur að vera til eitthvert millistig á milli þess að hafa þetta allt saman stjórnlaust og hins að binda þetta endanlega í kvóta. Að því eigum við að leita, einhverjum farvegi sem tryggir eðlilegt framboð á þessari vöru á skikkanlegu verði þannig að ekki þurfi að koma til innflutnings.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið dálítið undarleg. Ég held að það sé samt ljóst að eitt eru menn þó sammála um: Samkvæmt lögum gat hæstv. landbrh. í raun og veru ekkert annað gert en að gefa út reglugerð. Það liggur á borðinu. Þegar verið var að fjalla um frv. að þessum lögum var þetta sett inn auðvitað að yfirlögðu ráði vegna þess að reynslan hefur sýnt okkur að þetta frjálsræði með framleiðslu

í þessum búgreinum gengur aldrei upp. Annaðhvort stórvantar vöruna eða þá að það er allt of mikil framleiðsla. Það er því ekki verið að hugsa um neytendurna þegar t.d. fást ekki nema eldgömul egg í búðunum. Þá er ekki verið að hugsa um neytendurna.

Ég var alveg sérstaklega undrandi á ræðu vinar míns, hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, því að ég ætlaðist til meira af honum en ýmsum öðrum sem hafa talað í þessu máli. En hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir skilur þetta mál til hlítar. Hafa menn ekki athugað það eða skilja menn það ekki, skilja hv. þm. það ekki hvernig komið er í Evrópu í sambandi við mengun á matvöru? Það var upplýst í útvarpinu í Bretlandi af fyrrv. orkumálaráðherra Bretlands að það hefðu orðið tugir kjarnorkuslysa á undanförnum 30 árum. Og svo vilja menn gera ráðstafanir til þess að fara að flytja inn matvæli frá þessum löndum, vitandi að það er ekkert heilbrigðiseftirlit að þessu leyti í landinu. Þannig standa menn að málum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Nú höfum við orðið vitni að kjúklingaommelettu ríkisstjórnarinnar hér í þinginu sem er framhald af skattarúllettunni sem var hér fyrir áramót. Hér eru menn að rífast um þetta sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og ákveðið að fara eftir búvörulögum. Það er enginn ágreiningur í ríkisstjórninni um þetta að sjálfsögðu því um það var samið í stjórnarmyndun að þessi kjúklingaommeletta héldi áfram.

Það er ekki svo að verðlagning skipti hér máli að því er virðist eða hvernig þessum málum er skipað. Menn hafa tekið hér fagurlega til máls og lýst sig andsnúna þessu þrátt fyrir að þeir væru í ríkisstjórn. En þeir eru auðvitað ekkert á móti þessu.

Hv. 17. þm. Reykv. sagði að þetta væri auðvitað út af því að það væri svo mikil skattheimta á þessu. En í skattarúllettunni hér fyrir áramót minntist hann ekki á þetta.

Hér kom hæstv. iðnrh. og sagði að þeir hefðu ekkert með þetta að gera í ríkisstjórninni því að það væri á valdi landbrh. Það er auðvitað alveg rétt. Þeir hafa ekkert með þetta að gera því að Framsfl. ræður þessu.

Og hv. 3. þm. Reykn. ræddi um þessa framleiðslu og kom inn á sjúkdóma. Hann kom inn á það að ekki mætti flytja inn þessa framleiðslu út af sjúkdómum, en hann gleymdi að minnast á það að í kjördæmi hv. þm. er flutt inn mikið af kjöti og matvælum — til varnarliðsins. Þá er ekki verið að tala um sjúkdóma.

Hv. 10. þm. Reykv. kom hér inn á það, sem er alveg rétt, að verið sé að festa kvótakerfið. Það er alveg rétt. Núverandi ríkisstjórn er að búa til nýtt kvótakerfi í þessu eins og öllum öðrum málum. Og það á að koma því þannig fyrir að almenningur haldi að sumir séu með og aðrir á móti, en auðvitað er það þannig að allir ríkisstjórnarmeðlimirnir standa að þessari kjúklingaommelettu og ég er ekki hissa á því þó að almenningur, neytandinn, sé undrandi á þessu. Það sem neytendur vilja er að fá þessar vörur á sanngjörnu verði og lágu verði og þeim er alveg sama um þessa kjúklingaommelettu ríkisstjórnarinnar.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Þessi umræða sem hér fer fram er ekkert óvenjuleg miðað við það sem gerst hefur á undanförnum árum á hv. Alþingi varðandi landbúnaðarmál. Ég tel hins vegar ástæðu til að hvetja hv. Alþingi til að halda ró sinni í þessu máli sem öðrum. Hér hefur ekki annað gerst en það að framleiðendur eggja og kjúklingakjöts hafa nýtt sér heimildir í lögum til þess að bindast samtökum um sína framleiðslu og hæstv. landbrh. hefur gefið út reglugerð í samræmi við gildandi lög. Þetta er það sem gerst hefur.

Ef menn eru óánægðir með þetta þá ættu þeir raunar, eins og hér hefur þegar komið fram, að gera tilraunir til að fá þessum lögum breytt, ella er eðlilegt að lögum sé framfylgt og þau framkvæmd á þann máta sem þau eru í gildi. Og það er það eina sem gerst hefur.

Ég ætla ekki að fara út í þessa umræðu neitt efnislega. Ég beini því aðeins til hv. alþm. að umræða af þessu tagi er til þess að æfa menn í mælskuíþrótt hér á hinu háa Alþingi, en það er efnislegra og réttara ef menn ekki una því sem lög kveða á um að þá sé gerð tilraun til að breyta þeim lögum og ná samkomulagi um að það sé gert.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa orðið skrautlegar eins og búast mátti við. Kjarninn í mínum málflutningi var sá að ég er andvígur því að settur sé kvóti á þessar framleiðslugreinar. Ég tel að þessi aðgerð verði til þess að hækka verð á þessum afurðum, binda þær í viðjar sem komi til með að verða mjög óhagstæðar þegar frá líður og er reyndar orðið nú.

Ég bendi líka á það að hæstv. síðasta ríkisstjórn gaf verkalýðshreyfingunni fyrirheit um að þetta yrði ekki gjört. Þess vegna hefði ég haldið að þetta hefði átt að bera upp í ríkisstjórn til samþykktar eða synjunar. Svo mun ekki hafa verið gert. Ég efast hins vegar ekki um að búvörulögin, sem við alþýðuflokksmenn reyndar greiddum atkvæði gegn, kveða á um að þetta sé heimilt.

Málið snýst aldeilis ekki um það hvort flytja eigi inn egg eða ekki. Málið snýst um það hvort binda eigi þessar framleiðslugreinar í kvóta, taka upp verðstýringu sem mun innan tíðar verða til þess að þessar afurðir verða dýrari en nokkru sinni fyrr.

Ég tel það mjög miður að svona skuli vera farið að. Þetta eru brigður við verkalýðshreyfinguna og þetta er árás á neytendur í landinu eins og Neytendasamtökin hafa reyndar látið í ljós. Ég vænti þess að menn skoði hug sinn og afturkalli þessa reglugerð svo frekara slysi verði forðað.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki rétt sem hv. frummælandi sagði að þessi reglugerð væri brigður við verkalýðshreyfinguna. Sú ályktun sem fyrrv. ríkisstjórn gerði árið 1986 náði til gildistíma þeirra kjarasamninga sem þá var verið að gera, en þeir féllu úr gildi nú um síðustu áramót. Því var það ákvæði ekki lengur í gildi.

Hins vegar lá út af fyrir sig ekkert fyrir um það árið 1986 hvort framleiðendur væru einhuga um það að óska eftir þessum hætti, að fá útgefna slíka reglugerð. Það kom í ljós nú fyrir áramótin að svo var. Og eins og hér kom fram bar að sjálfsögðu landbrh. að fara eftir ákvæðum laganna um það að endurgreiðsla á þessum gjöldum skyldi vera í samræmi við það sem innanlandsmarkaðurinn krefst.

Ég tel að þetta sé alls ekki einhver refsing eða dula, eins og ég held að hafi verið sagt, á verkalýðshreyfinguna því samkvæmt mínum skilningi mun þetta draga úr kostnaði, lækka verðið. Eins og ég sagði er það verð sem nú er í gildi verð hinnar frjálsu samkeppni og það á a.m.k. eftir að koma í ljós hver breyting verður þar á þegar sex manna nefnd hefur fjallað um málið og síðan aftur fimm manna nefndin sem ákveður heildsöluverðið. En það hefur a.m.k. verið svo að álagning þeirrar vöru sem þannig er verðlögð er lægri.

En vegna ummæla sem hér hafa fallið um að það væri eðlilegt að setja allt í viðjar vil ég að lokum, með leyfi forseta, lesa hér upp örstutta klausu úr bréfi sem mér barst nýlega frá bakarameisturum:

„Erlend fyrirtæki, þar á meðal kökuframleiðendur, líta á Ísland sem „dumping" markað. Landfræði- og verslunarlega er landið einangrað og markaðurinn smár þannig að hægt sé að reka sjálfstæða markaðsstefnu hér á landi óháða aðalmörkuðum fyrirtækisins. Ísland er svo sem aukabiti þar sem réttlætanlegt er að lækka verðið verulega til að sækja sér smáhagnaðarviðbót. Auðvelt er að velja einstakar tegundir t.d. sem umframframleiðsla er á í það skiptið og selja hér á landi. Fyrirtækin koma inn og fara út af markaðnum eftir þörfum og þurfa ekki að halda uppi neinni þjónustu við kúnnann."

Þetta eru þær aðstæður sem ríkja á hinum erlenda markaði, heimsmarkaði með búvöruframleiðslu. Vegna gífurlegra niðurgreiðslna er hann órafjarri framleiðslukostnaði í hverju landi.

NEÐRI DEILD

56. fundur, þriðjudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Aðför, 2. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur 1. umr. um þetta frv. en vildi taka fram að ég er stuðningsmaður þessa frv. Ég tók reyndar fram við umræður hér á þinginu fyrir jól þegar rætt var 34. mál þessa þings, frv. Jóns Magnússonar varaþm. Reykv. um breytingu á aðfararlögum, að þar þyrfti að taka tillit til ábendinga réttarfarsnefndar sem fengið hafði sams konar frv. til umsagnar í fyrravetur. Þótt nú standi fyrir dyrum heildarendurskoðun á aðfararlögunum taldi ég ekki og tel ekki rétt að tefja þær breytingar sem frv. Jóns Magnússonar fól í sér og þetta frv. einnig, ef tekið er tillit til ábendinga og tillagna réttarfarsnefndar.

Allshn. þessarar hv. deildar hefur nú tekið tillit til þessara ábendinga í því frv. sem hér er til umræðu. Ég vildi aðeins þakka nefndinni fyrir hennar hlut að málinu og lýsa yfir stuðningi við frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 205. mál. — Þskj. 279.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilsvert mál og ánægjulegt að fá til umfjöllunar þmfrv. um þetta efni og það úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar. Það hlýtur þó að hvarfla að manni hvað dvelur orminn langa, þ.e. tillögur ríkisstjórnarinnar í þessum málum svo mjög sem einstakir ráðherrar, aðallega úr Framsfl. hafa vikið að þeim aftur og aftur. Þaðan hafa þó ekki heyrst neinar tillögur til úrbóta, aðeins yfirlýsingar um það að efnahagsráðgjöfum bæri að koma með tillögur.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er a.m.k. að því leyti gagnlegt að það minnir þessa aðila á þau vandamál sem hér er um að ræða og neyðir þá e.t.v. til einhverra aðgerða. Hv. flm. lagði áherslu á það í sínu máli þegar hann mælti fyrir þessu frv. að það væri unnið í samráði við sérfræðinga af ýmsu tagi. Spurningin er svo kannski hvernig ráð allra heimsins hagfræðinga og sérfræðinga hafa reynst hingað til því það vantar nú ekki að þeirra ráð hafi verið notuð fram að þessu, með þeim afleiðingum sem við þekkjum.

Það eru vafalaust fáir hér inni sem ekki þekkja af

eigin raun eða annarra þeim kunnugra dæmi um það hvernig þróun vaxta og lánskjara hefur leikið marga, enda þótt þeir hinir sömu hafi gert margvíslegar ráðstafanir og áætlanir sem áttu að tryggja að þeir gætu staðið við nauðsynlegar fjárskuldbindingar sínar. Hér á ég bæði við einstaklinga og fyrirtæki. Auðvitað eru líka mörg dæmi þess að menn geti sjálfum sér um kennt og hafi sýnt glannaskap og óforsjálni og hafi grafið sína eigin gröf og jafnvel annarra í leiðinni. En það er nú af hinum sem við höfum áhyggjur.

Við kvennalistakonur höfum haft áhyggjur af þessum málum eins og aðrir og ég minni á það að fyrir þremur árum held ég það hafi verið lögðum við fram tillögu hér á þinginu um það að miða verðtryggingu langtímalána vegna húsnæðis og náms við vísitölu kauptaxta í stað lánskjaravísitölu. Sú tillaga fékk litla sem enga umfjöllun hér. Menn benda raunar gjarna á það að misgengi vísitalna getur verið af ýmsu tagi. Það gengur ekki bara í eina átt. En okkar skoðun var sú og er raunar enn að það væri alltaf réttlátara að launafólk gæti miðað sínar áætlanir og framtíðarskuldbindingar við það eina sem það hefur að selja, þ.e. vinnuframlag sitt.

Ég minni líka á að oft hefur heyrst gagnrýni á það hvernig lánskjaravísitalan, stundum nefnd ránskjaravísitalan, er saman sett. Og sú samsetning sem nú er notast við er ekki beinlínis vænleg til skilningsauka þegar fólk fær á sig hækkun lána vegna verðhækkunar kaffis eða tóbaks eða áfengis.

Ég spurði hæstv. viðskrh. að því hér fyrr í vetur hvort ríkisstjórnin hefði einhver áform uppi um endurskoðun lánskjaravísitölunnar eða þá að taka upp aðra viðmiðun verðtryggingar en nú er notuð. Í svari hans kom fram að svo er ekki og það olli vissulega vonbrigðum því ég er sammála hv. flm. þessa frv. um það að sú viðmiðun sem nú er notuð er ekki góð.

Þetta er nú svona til að minna á sumt það sem við höfum gert til þess að vekja umræðu um þessi mál. Ég ítreka það að ég fagna því að deildinni gefst nú tilefni til að ræða lánskjör og vexti sem er efni þessa frv. sem hér er til umræðu.

Nú verður að segjast eins og er að ég er ekki viss um að sú leið sem hér er lögð til geti gengið. Með henni er verið að hafna verðtryggingu skv. lánskjaravísitölu og lagt til að tengja vaxtastigið því sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Samkvæmt frv. vill flm. fela Seðlabanka að ákveða vexti og í rauninni er hann í þessu frv. að leggja til fasta vexti sem er að mínu viti óhugsandi. Við höfum alltaf búið við miklar hagsveiflur og fastir vextir af langtímalánum, langtímaskuldbindingum er meiri háttar mál, svo maður noti nú nýtískulegt orðfæri. Ef vextirnir eru festir í mikilli lægð, þ.e. þegar verðbólga er lítil, þá rýrnar lánsféð til langs tíma og aftur séu þeir festir í mikilli verðbólgu, segjum 40–50% eins og ekki er óþekkt hér á landi, þá sjáum við hvernig það færi. Ég held þess vegna að fastir vextir leysi ekkert í þessum málum heldur væri hið mesta áhættuspil í rauninni.

Ég vil sérstaklega vara við 4. gr. þessa frv. sem kveður á um að af spariinnlánum greiðist til jafnaðar vextir 1% neðar almennum útlánsvöxtum. Þar finnst mér alveg litið fram hjá því hversu almenn útlán eru mismunandi, svo það undrar mig að þessi tillaga skuli að sögn flm. koma frá slíkum hagspekingum sem hann gat um. Á sama hátt finnst mér litið fram hjá því að innlánskjör eru ákaflega mismunandi. Við nánast vöðum tilboðin í hné svo það er ekki hægt að láta eins og hér ríki enn sama ástand og fyrir tíu árum.

Þá er ég einnig mjög ósammála því að tékkareikningar verði vaxtalausir eins og lagt er til í 4. gr. Það er ekki rétt sem segir í athugasemd með þessari grein að ekki tíðkist í vestrænum ríkjum að greiða innlánsvexti af veltiinnlánum. Það er alls ekki rétt og má t.d. nefna Bretland sem dæmi þar sem ríkir nokkur samkeppni milli bankanna um vaxtakjör á slíkum reikningum. Við skulum ekki gleyma því að þetta eru launareikningar fjölda fólks sem leggur á þennan hátt til stóran hlut af því ráðstöfunarfé sem bankarnir hafa. Ég tel það mikinn misskilning að bankarnir hafi í raun kostnað af slíkum reikningum og tel að þeir ættu að greiða a.m.k. þá vexti sem nú eru greiddir af meðalupphæð mánaðarlega en ekki af lægstu innstæðu eins og nú er.

En það má auðvitað ekki skilja orð mín svo að ég finni þessu frv. allt til foráttu. Það er síður en svo. Ég hlakka til að heyra álit efnahagssérfræðinga úr ýmsum áttum svo og álit aðila vinnumarkaðarins t.d. Vel má vera að hér sé að finna einhverja vegvísa. Það er nú svo margt sem hefur áhrif á þróun vaxta og þar getur ríkið sannarlega átt hlut að máli. Þess vegna væri mjög mikilsvert ef einhverjir þeirra ráðherra, sem eru að vísu ekki margir hér inni, en annar hvor þeirra sem hér er viðstaddur vildi tjá sig um þetta mál.

Þenslan í efnahagslífinu er vitanlega aðalorsökin og samkeppni á lánsfjármarkaði. Þess vegna er það mjög mikilvægt að ríkið gæti hófs og eigi ekki stóran þátt í því að spenna upp þensluna og keppa um lánsfé eins og við lögðum ríka áherslu á í umræðum um lánsfjárlögin hér fyrir fáeinum vikum.

Við höfum nú í umræðunni sem hófst í síðustu viku heyrt sjónarmið nokkurra þm., m.a. úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar sem hv. flm. einnig tilheyrir. Það er óneitanlega sérkennilegt hvernig sumir þessara manna tala, rétt eins og þeir beri ekki líka ábyrgð á þeirri þróun sem verið hefur og hafi ekki sjálfir stuðlað að því ástandi sem nú er þeim svo mikið áhyggjuefni. Þessir menn greiddu atkvæði með matarskattinum sem a.m.k. hv. flm. gagnrýndi í máli sínu í síðustu viku og jafnvel lét sér sæma að hæða og uppnefna hæstv. fjmrh. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig: Hvað kom honum og öðrum til að samþykkja matarskattinn, sem er tvímælalaus verðbólguvaldur, ef hann í raun og veru skynjaði og skildi afleiðingar hans? Þessir menn greiddu einnig atkvæði með lánsfjárlögunum sem að mati allra

spekinga, og þarf raunar ekki spekinga til, hafa áhrif á vaxtaþróunina, vaxtastigið. Reyndar eru margar kenningar á lofti eins og menn þekkja í þessum málum, t.d. hvað varðar áhrif vaxtastigsins á eftirspurnina, en það er allt eins hægt að tala um það eins og hitt, þ.e. um áhrif eftirspurnarinnar á vaxtastigið. Ein kenningin er sú að háir vextir eigi að draga úr eftirspurn, en hin kenningin er líka til að háir vextir geri fólk djarft til lántöku því það trúi því að vextirnir muni lækka og þá „reddist" þetta allt saman. Þess vegna m.a. hafi eftirspurnin ekki minnkað þrátt fyrir háa vexti að undanförnu. Svona geta nú kenningarnar stangast á.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni en ég vil að lokum nefna eitt atriði sem oft heyrist í máli manna, þ.e. þeirra sem ekki lifa og hrærast í fjármálaheiminum í fjármálaspekúlasjónum og vangaveltum en þurfa engu að síður annað veifið á fjármagnsfyrirgreiðslu að halda og a.m.k. á því að halda að geyma fjármuni sína um lengri eða skemmri tíma í bönkum. Og það er að útfærsla á vöxtum er oft og tíðum svo flókin að margt fólk getur með engu móti áttað sig á því hver útkoma dæmisins verður. Það er því vert að velta því upp hvort ekki sé ástæða til að setja lánastofnunum einhverjar reglur eða fyrirmæli um að upplýsa almenna lántakendur á mannamáli um það hvernig fjármáladæmi þess muni þróast að teknu tilliti til vaxta og lánskjara.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er gott framlag í umfjöllun um þessi mál og vil ég þakka hv. þm. Eggert Haukdal fyrir það að hafa samið þetta frv. og lagt það hér fram þó að ég sé með ýmsa fyrirvara í sambandi við efni frv. En hvað um það. Það veitir ekki af að ræða þessi mál eins og þau horfa við í okkar þjóðfélagi í dag. Ekki síst vegna þess að þessi mál eru mjög viðkvæm og mistúlkuð á ýmsan hátt og það ekki minnst af þeim sem ættu síst að mistúlka þessi mál en ég mun koma að því síðar.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi nokkuð um vaxtamun í bankakerfinu. Auðvitað er nauðsynlegt að ræða það og athuga hvernig þetta er til komið, hugleiða það hvaða leiðir eru til að lækka þennan mun. En hann var með fullyrðingar, ef ég man rétt, um það að þessi munur væri langtum meiri en a.m.k. ég tel hann vera.

Áður en ég kem að því þá er ég hér með skýrslu frá Seðlabankanum fyrir framan mig sem segir nokkuð til um hvernig þetta hefur verið að undanförnu. Þessi skýrsla nær yfir nokkuð mörg ár, allt frá 1979 og fram til ársloka 1986.

Ég ætla ekki að fara að lesa alla þessa töflu en það er athyglisvert að munurinn hjá bönkunum er miklu minni en hjá sparisjóðunum. Ef ég tek hér ein fimm ár:

Árið 1982 er munurinn hjá ríkisbönkunum sagður 5,2%, en hjá sparisjóðunum 9,1%.

Árið 1983: Hjá ríkisbönkunum 6,6%, en hjá sparisjóðunum 11,4%.

Árið 1984: Hjá ríkisbönkunum 5,4%, en hjá sparisjóðunum 6,8%.

Árið 1985: Hjá ríkisbönkunum 4,4%, en hjá sparisjóðunum 9,2%.

Árið 1986, þ.e. síðasta árið sem er í þessari skýrslu, eru ríkisbankarnir með 6% mun en sparisjóðirnir með 8,8%.

Eftir þeim upplýsingum sem komu frá Tryggva Pálssyni, fjármálastjóra Landsbankans, í umræðum í Ríkisútvarpinu nýlega, þá er greiðsla ríkisbankanna til Seðlabankans rúmlega 2% af heildarinnlánum bankanna. Til þess að skýra þetta frekar vil ég segja það að eins og reglur eru nú þurfa bankarnir að binda í Seðlabankanum 13% af heildarinnlánum. Þessi binding er verðtryggð en vaxtalaus, þetta er ekki fært upp í hverjum mánuði, og þar af leiðir að bindingin í sjálfu sér í árslok getur af þessum ástæðum verið jafnvel 15%. Um síðustu áramót var greiðslan frá Búnaðarbankanum orðin meira en 13%, um 110 millj. kr. meira, en Búnaðarbankinn fékk ekki vexti af því fjármagni.

Það hefur um nokkurt skeið verið þannig að ríkið hefur látið bankana taka ríkisvíxla: Árið 1986 voru þeir skyldaðir til að taka 850 millj., 1987 1650 millj. og í ár er áætlað að þeir kaupi 1200 millj. Eða samtals 2 milljarða og 700 milljónir á þessum þremur árum. Þar að auki að kaupa af Framkvæmdasjóði 4%. Frjálsi markaðurinn hefur engar kvaðir, þ.e. þessi markaður sem virðist vera óskabarn þessarar ríkisstjórnar.

Nú var í septembermánuði, ef ég man rétt, farið að gefa almenningi kost á því að kaupa ríkisvíxla og um 20. nóv. sl. voru kjörin boðin þannig að ársávöxtun var orðin 39,6% miðað við 90 daga víxla, en 10 dögum seinna var þetta komið upp í 41,3%. Enn fremur var það ákveðið stuttu eftir að þessi ríkisstjórn tók við völdum að bankarnir mundu binda í Seðlabankanum eða kaupa ríkisvíxla sem samsvarar í kringum 10% af heildarinnlánum bankanna. Af þessu sem er á viðskiptareikningi Seðlabankans hefur ekki verið borgað nema 26% vextir. Þetta er skýringin á því dæmi sem kom fram hjá Tryggva Pálssyni um þennan mismun eða það sem Seðlabankinn tekur til sín og vaxtamunurinn þarf að vera það meiri hjá bönkunum.

En það er ekki öll sagan sögð. Hæstv. viðskrh. sagði hér sl. fimmtudag að það væri hræsni, það væri helber hræsni af formanni bankaráðs Búnaðarbankans að deila á þessa vexti þar sem hann sjálfur væri aðili samkvæmt lögum að því að ákveða vextina. Það er rétt að samkvæmt lögum eiga bankaráðin að ákveða vextina. En í hvaða stöðu setur ríkisstjórnin bankaráðin í þessum málum? Við skulum bara segja að Búnaðarbankinn hafi átt að eiga inni í þessum þremur formum um milljarð — það er ekki rétt tala en ég nota bara þessa tölu — en þegar búið var að ákveða það að setja ríkisvíxla til almennings og hækka vextina svona og ef bankinn átti ekki nema

800 millj. yrði hann að borga 48–49% miðað við desember en er nú orðið 51,6% miðað við árs ávöxtun. Og það þó það séu ekki nema tveir, þrír dagar.

Við berum ábyrgð á bönkunum og það eru ýmsar skyldur líka í lögum samkvæmt því. Bankarnir verða að eiga ákveðið eigið fé. Ég fullyrði það hér og nú, hæstv. bankamálaráðherra, að málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar í sambandi við þessi mál gerir það að verkum að bankaráðin ráða ekki í þessu efni. Nema bankamálaráðherra ætlist til þess að það sé haldið á þessum málum þannig að við étum upp eigið fé. Það væri gaman að það kæmi fram. Og mig undrar það, miðað við þessa ræðu sem hæstv. ráðherra flutti sl. fimmtudag, að hann sem æðsti maður þessara stofnana skuli tala þannig því ég man ekki til þess að bankamálaráðherra hafi fyrr eða síðar rætt þessi mál á þann veg sem hann hefur gert raunar hvað eftir annað.

Það var fleira sem hæstv. ráðherra sagði í þessari ræðu, en því miður var ég ekki hér inni í salnum, ég var niðri í kaffistofu. Hæstv. ráðherra var bent á það hvort ekki væri rétt að kalla í mig, það hef ég séð í ræðu hans nú, en hann taldi það óþarfa. Hann hefur ekki kært sig um að ég væri til staðar til að svara. Hann talaði um að það væri skrýtinn málflutningur hjá formanni bankaráðs Búnaðarbankans að tala um launajafnrétti og hann fullyrti að laun væru einna hæst í Búnaðarbankanum eða í bönkunum. Hann talaði um ríkisbankana og eftir því sem Staksteinar Morgunblaðsins segja telur hann Útvegsbankann líka einn af þeim. (**Gripið fram í:** Það er ekkert að marka Staksteina.) Ég hef ekki lesið ræðuna alla þannig að ég skal ekkert um það segja.

Ég veit náttúrlega vel hver launakjör eru í landinu. Sumt af því er trúnaðarmál og ég mun ekki fara með það hér. Það er hins vegar ekki trúnaðarmál sem birtist í opinberum blöðum. Það er ekki trúnaðarmál. Í Þjóðviljanum fyrir helgina er sagt að laun Harðar Sigurgeirssonar, fostjóra Eimskipafélagsins, séu 420 000 kr., forstjóra Ísals, Ragnars Halldórssonar 480 000 kr., laun Vals Arnþórssonar, stjórnarformanns SÍS, 380 000 kr., Sigurðar Helgasonar hjá Flugleiðum 360 000 kr., Jónasar Haralz bankastjóra 300 000 kr., Halldórs Jónatanssonar hjá Landsvirkjun 270 000 kr. og Höskuldar Jónssonar hjá Áfengisverslun ríkisins 260 000 kr. Ég hélt raunar að Höskuldur Jónsson væri einn af þeim sem væru hjá hinu opinbera.

Grunnlaun bankastjóra í dag eru rúmlega 215 000 kr., þeir hafa líka fyrir að sitja bankaráðsfundi. Þau eru ákveðin af bankamálaráðherra og þannig hefur það verið síðan ég kom í bankaráð. Ég gæti, ef ég vildi brjóta trúnað, talið upp yfir 20 menn, meira að segja menn sem eru í fyrirtækjum sem berjast nú í bökkum, sem hafa, ef það væri virt allt saman, töluvert meira en það sem talað er um að Höskuldur Jónsson hafi.

Þeir sem stjórna ríkisbönkunum og bera ábyrgð á þeirra launum hljóta að gera kröfu til þessara manna og líka þess að þeir hafi svipuð laun og sambærilegir menn hafa í þjóðfélaginu, enda mundi þeim ekki haldast á mönnum með öðrum hætti eða það er a.m.k. hætt við því miðað við það sem hægt væri að upplýsa að er í einkageiranum. Mér dettur ekki í hug að trúa því þó að Höskuldur Jónsson sé einn af bestu starfsmönnum í ríkisgeiranum að það séu ekki ýmsir aðrir sem hafa svipuð laun þar. Ég trúi því ekki. Og raunar hef ég kannski einhverjar hugmyndir um það.

Nei, ég hef alla tíð barist á móti þessu misrétti og ég mun gera það áfram. En það verður ekki gert með því að borga bankastjórum ríkisbankanna miklu minna en menn í sambærilegum stöðum hafa og ég tilgreini það ekki nánar. Það er annað mál.

Þá verð ég að koma svolítið betur inn á vaxtamálin. Það virðist vera sem ýmsir af ráðamönnum þjóðfélagsins trúi því, það sé bara trú, að það eigi við í þessu þjóðfélagi að vextirnir séu frjálsir. Það hafa þeir lært í útlöndum, t.d. hagfræðingarnir, þó að þeir komi sér ekki saman um það frekar en annað. Þeir eru ekki allir á einu máli um þetta en það gerist þótt reynslan sýni okkur að þetta á ekki við í okkar þjóðfélagi. Sumir af þeim sem nú eru komnir í vandræði tóku mark á yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar þegar hún settist á sína valdastóla. Ég man ekki betur, hæstv. bankamálaráðherra, en að þar væri efst á blaði að lækka verðbólguna, að lækka vexti. Ólafslögum er kennt um hvernig vextirnir eru komnir nú. Hvað sagði fyrrv. bankamálaráðherra hér í ræðustól á fimmtudag, og ég þekki vel þá sögu. Þegar verið var að ræða um þessi mál var því haldið fram af Ólafi Jóhannessyni og mörgum fleirum að það gengi ekki að hafa neikvæða vexti en raunvextir ættu ekki að vera hærri en 2–3%. Þetta staðfesti hv. 1. þm. Vestf., fyrrv. bankamálaráðherra, á fimmtudaginn var.

Nú er sjálfsagt hægt að deila um það endalaust hvað raunvextir eru og hvernig á þessu stendur, en þar eru fyrst og fremst tvær ástæður. Ég er hér með skýrslu frá Seðlabankanum sem er dagsett á Þorláksdag sl. þar sem ekkert er verið að hika við að segja hvað þarna liggur til grundvallar. Að vísu er sagt að það sé ótti við og mat manna á því að verðbólgan sé að vaxa. Þeir segja það. Þeir kenna um „gráa markaðinum" svokallaða og þeir kenna um samkeppni ríkisins á lánamarkaðinum. Hverjir stjórna því? Eru það einhverjir menn úti í bæ? Eru það bankarnir?

Nei, það náttúrlega þýðir ekkert fyrir hvorki hæstv. bankamálaráðherra eða aðra að bera það á borð fyrir þjóðina að það séu einhverjir vondir menn í bankaráðunum sem hafa staðið fyrir þessari vaxtahækkun. Og ef hann vill skal ég ræða þessi mál betur hér eða annars staðar. Þó ég sé ekki hagfræðingur er ég búinn að vasast í ýmsu og hef gengið í skóla lífsins eins og aðrir og sem betur fer hef ég ekki lært hagfræðina eins og margir af þessum hagfræðingum okkar virðast hafa lært og eru fastir í þeim kennisetningum.

Hæstv. ráðherra segir eftir því sem Staksteinar segja — eins og ég sagði fékk ég ekki ræðuna fyrr en um hálftvö þannig að ég gat ekki lesið hana — að það sé ekki hægt að hrópa vextina niður. Ég vil segja honum það og öðrum hæstv. ráðherrum og stjórnarþm. að ef vextirnir verða svona áfram verða þeir hrópaðir niður. Það er óumflýjanlegt. Þá verða þeir hrópaðir niður þegar atvinnufyrirtækin stöðvast í stórum stíl, og eru farin að stöðvast, út af óhæfilegum vaxtakjörum og þegar atvinnuleysið fer að aukast hér og þar á landinu og einstaklingar verða komnir í þrot vegna þess að þeir tóku mark á ríkisstjórninni um það að verðbólgan mundi minnka, vextirnir mundu lækka, þeir fóru í ýmsa fjárfestingu. Aðrir voru svo lánsamir að þeir biðu með það, sáu til, því að þeir vissu að ekki var alveg að treysta á að aðgerðirnar færu eftir orðum, en þeir sem biðu eru líka hættir við að fara út í atvinnurekstur vegna þess að þeir sjá það að þeir eru að fara bara út í fen, út í ófæru, menn sem hafa kunnáttu og markað fyrir útflutningsvörur. Þannig er komið. Þannig blasir málið við. Svo eru sumir úr stjórnarliðinu jafnvel að hóta launamönnum, ef launin hækki nema um það sem þeir leggja til verði gengisfelling.

Ég var að hugsa um að lesa töluvert upp úr þessari skýrslu sem ég hef undir höndum og það kann að vera, ef ég sé ástæðu til síðar í þessum umræðum, að ég geri það. Þar kemur ýmislegt fram sem sýnir hvernig þróunin hefur verið, hvert stefnir. Í þessari umræðu ætla ég þó, herra forseti, að láta þetta duga en mun sem sagt, ef ég sé ástæðu til, lesa upp úr skýrslu Seðlabankans. Ég tel að það sé ekki trúnaðarbrot þó að ég hafi fengið hana sem bankaráðsformaður vegna þess að á þessari skýrslu er ekki tekið fram að hún sé trúnaðarmál.

Guðni Ágústsson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir að verða settur á mælendaskrá í hita leiksins þann dag sem hv. flm. þessa ágæta frv. mælti fyrir því. Ég geri mér grein fyrir því að mér er ærinn vandi á höndum að tala á eftir hinum reyndasta bankaráðsmanni, manni sem hefur um langt skeið stjórnað ríkisbanka, banka sem hefur tekið þátt í þenslu og baráttu í landinu og er umsvifamikill á þenslusvæðinu hér syðra.

Um frumvarp hv. þm. Eggerts Haukdals er það að segja að mér finnst það virðingarverð tilraun. Það hefur kviknað á einni peru í viðbót sem skynjar að íslenskt þjóðfélag er í vanda statt. Það gefur manni vonir um að fleiri í hans flokki muni setjast niður og ráða sínum ráðum því að sannarlega er það svo að vandinn er stór sem við stöndum frammi fyrir. Mér finnst kannski að menn greini það að við vanda er að etja en skoðanirnar eru skiptar um hvernig á að taka á þeim vanda.

Ég gerði mér grein fyrir, þegar ég hafði litið fljótt yfir frv., að hér væri kannski ekki akkúrat lausnin. En mér sýnist þó að skákin sé nokkuð djúpt hugsuð og að menn eigi virkilega að skoða þennan kost sem bent er á. Ég geri mér grein fyrir að verðtryggingin er mikilvæg og hún yrði ekki lögð niður með frv. Peningastjórnunin í landinu hefur eigi að síður farið úr böndunum af ýmsum ástæðum. Ég hygg að margir hafi spáð því að svo færi. Ég minnist þess að um það leyti sem verðtrygging var tekin upp og ég gekk á fund bankastjóra míns til að fá lán sagði hann þá setningu sem ég gleymi aldrei. Hann sagði: Ég skal lána þér en verðtryggt lán færðu aldrei því að sá tími kemur að það verður aðaltekjulind bankanna í landinu að selja ofan af unga fólkinu húsin sem það er að kaupa. Nú hygg ég að það hafi ekki gerst verðtryggingarinnar einnar vegna, heldur vegna hins að allur sá vandi sem þessi þjóð á við að glíma er stjórnarfarslegur. Ég tel að við þurfum í heild sinni að taka sjúklinginn á borðið og nema burt meinið sem við er að etja. Ég hygg að ein meginógæfan liggi einmitt á þessum árum sem verðtryggingin er tekin upp, í kringum 1978–1979. Allmörg ár eftir það gekk mjög illa að ná stjórn á efnahagsmálum Íslendinga sem manni fannst nú að mjög væri að takast í lok hins síðasta kjörtímabils. En við sjáum eigi að síður að á þeim tíma og á tíma þessarar ríkisstjórnar hefur margt gerst sem gerir það að verkum að peningastjórnin fór úr böndunum.

Við höfum viljandi eða óviljandi sett þá þenslu í gang sem nú ríkir, aukið eftirspurnina eftir peningunum. Við höfum skapað nýtt bankakerfi í undirheimum þessa þjóðfélags sem kannski er ein aðalrótin að þeirri óraunsæju fjárfestingu sem einkageirinn, sem einstaklingarnir hafa farið út í á síðustu missirum. Síðan er það sem stjórnmálamönnum hefur í of ríkum mæli hætt til, það eru hinar stóru sveiflur, það eru hinar stóru ákvarðanir um ýmsa hluti. Við getum tekið sem dæmi að menn hafa prófað að setja kaupið fast, flest annað frjálst. Menn hafa prófað að setja gengið fast, allt annað frjálst. Því er það spurningin hvort næsta tilraun ætti ekki að vera fólgin í því að banna hækkanir á vöru og þjónustu. En ég held einmitt að þessar tilraunir, að taka á einum þætti en ekki alhliða á vandamálunum geri það hvernig farið hefur. Fyrir utan hitt að íslensk þjóð hefur í rauninni ekki kunnað með peninga að fara. Það tekur kynslóðir að læra það og það er örstutt síðan við fórum að handleika peninga. Við sjáum að eyðsluhugsunin er rík í okkur.

Ég hygg að með ýmsum ráðum hafi stjórnmálamennirnir átt þátt í því að auka á eyðsluhneigð þjóðarinnar sem hefur aukið eftirspurnina eftir peningunum sem hefur kannski einmitt eyðilagt lánskjaravísitöluna o.s.frv.

Snögg bílalækkun olli því að við eigum hér í landinu heimsmet, 143 000 bíla, og manni sýnist innflutningurinn á nýjum bílum rétt vera að fara í gang.

Við höfum tekið upp plastkort þar sem við kennum þjóðinni að skulda, sennilega til þess að einhverjir versli í hinum dýru húsum sem er verið að offjárfesta í í verslunargeiranum í landinu.

Við höfum hafið hina hrikalegu fjölmiðlabyltingu þar sem stöðvarnar skipta nú orðið sennilega tugum

í landinu. Mér er sagt að það glymji yfir þessari fámennu þjóð einir fjórir, fimm ljósvakar á hverri nóttu.

Þetta er offjárfesting sem menn verða að taka á. Við erum svo fámennir Íslendingar.

En ef við aðeins horfum á bankakerfið og á atvinnulífið finnst mér það stundum mjög einkennilegt að heyra hina lærðu menn sem virðast horfa blindum augum á vaxtaklukku Seðlabankans. Þeir gleyma undirheimabankakerfinu sem leikur lausum hala og hefur skapað þensluna. Þeir gleyma því að þeir frystu gengið og atvinnulífið stendur í talsverðri neyð. Bankakerfið bindur töluvert mikið af fjármagni sínu í Seðlabanka en undirheimakerfið leikur frjálst, þangað fer atvinnulífið í neyð eftir peningum og þar eru raunvextir að mér er sagt 12–18%. Og þarna sjá menn að þetta kann ekki að ganga upp. Við hljótum að aka með sama áframhaldi inn í blindgötu sem atvinnulífið þolir ekki. Útflutningsatvinnuvegirnir fá ekki að njóta sín, enda sjáum við að þeir eiga í mikilli neyð. Það hriktir í sjávarútveginum. Það brestur í atvinnulífinu á Vestfjörðum með ein bestu fiskimið við hliðina á sér, þar sem þróttur inn ætti að vera miðað við það ástand sem hefur ríkt: hækkandi fiskverð, lægsta olíuverð sem við munum eftir o.s.frv.

Hvert er arðurinn fluttur? Hvers vegna hefur störfum í ullariðnaði fækkað um fleiri hundruð? Hvers vegna er ekki lengur hægt að flytja þær afurðir til útlanda o.s.frv.? Hvers vegna eru nýgreinar eins og loðdýrarækt í vanda staddar? Verðið er ágætt á erlendum markaði, en krónurnar fáar sem koma þegar skipt er úr myntinni yfir í íslenskan gjaldmiðil. Ég hygg því að það færi nokkuð saman að skoða þessa tillögu flm. um að leggja niður lánskjaravísitölu en taka upp gengistryggingu af sparilánum um leið og við bindum okkar gengi í þágu útflutningsgreinanna en ekki þenslunnar. Ég held að það væri mjög mikilvægt.

En hvaða ráð á ríkisstjórnin? Hvað eiga opinberir aðilar að gera? Þeir geta auðvitað ýmislegt gert til þess að draga úr þenslunni, draga úr eftirspurninni. Við sjáum það að flugstöð og Kringlan eiga stóran þátt í þenslu síðasta árs og þeirri ógæfu sem fór í gang um leið og hinn mikli viðskiptahalli, sem er spáð 10–12 milljörðum á þessu ári, á sinn stóra þátt í þessari þróun. Þjóðin er að eyða um efni fram.

Ég hygg að ríkisstjórnin, sveitarfélögin, opinberar og hálfopinberar stofnanir geti í raun að hluta tekið á þessum vanda með því að draga úr fjárfestingum sínum. Varðandi fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga á þessu ári skilst mér að spáð sé að þau muni fjárfesta fyrir 15–20 milljarða. Ég hygg að stjórnmálamenn verði hiklaust að þora að fara fram á heildarendurskoðun og að dregið verði úr þessum fjárfestingum.

Ríkisstjórnin verður að vera ábyrg og hún verður að krefjast þess af lýðkjörnum sveitarstjórnarmönnum um allt land að þeir verði einnig ábyrgir. Mér skilst að Reykjavíkurborg ein eigi 60% af heildarfjárfestingu sveitarfélaganna á þessu ári, sveitarfélag sem hefur þriðjung af fólkinu í landinu. Ég held því að menn verði mjög að horfa á þetta og draga úr fjárfestingunni þannig að eftirspurnin minnki.

Ég fagna þessari tillögu flm. og sé það við nánari athugun að hún er þess virði að menn skoði hana sem raunhæfan kost samfara ýmsum öðrum aðgerðum sem ég hef hér nefnt. Ég held að menn verði að taka á þjóðfélaginu í heild sinni og lúta kannski ekki um of úrræðum hinna lærðu manna sem hafa setið á skólabekk með milljónaþjóðum við allt aðrar aðstæður en okkar í rauninni vanþróaða þjóðfélag hvað peningamál snertir og hina öru framkvæmdaþrá og uppbyggingu. Við höfum séð það hér á síðustu missirum að lögmálin sem mennirnir trúa á og geta trúað á með ríku þjóðunum gilda ekki. Að hækka vexti hér þýðir aukna eftirspurn því það er nú svo að bæði er lítið um mjög mikla eignamenn hvað einstaklinga og fyrirtæki varðar á Íslandi þannig að þessi lögmál gilda þess vegna síður. Kannski er það rétt sem spakmælið segir að hagfræðingur er maður sem hefur lært allt um peninga en á ekkert af þeim sjálfur.

En ég mun taka þessari tillögu sem raunhæfum kosti og vil þakka flm. fyrir að hafa lagt vinnu í þetta verk. Ég trúi því að það muni kvikna á enn þá fleiri perum í hans húsi, mönnum sem vilja leggja sig fram, mönnum sem kannski viðurkenna að peningamarkaðurinn á Íslandi er orðinn ófreskja. Ég hygg að það sé rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að hafi ríkisstjórnin ekki þor til þess að taka á efnahagsmálum í heild sinni nú á næstu vikum, þá mun hún ekki sofa sæl í rúmi sínu margar nætur eftir að góu er lokið.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Um frv. þetta til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár á þskj. 279 hafa orðið langar umræður. Það sýnir að mál þetta er áhugavert og mikilvægt, en kannski ekki að sama skapi auðleyst á þann veg að öllum henti. Í raun og veru er málið þó svo brennandi ef svo má segja að það er varla hægt að láta slíkar umræður alveg fram hjá sér fara.

Í 1. gr. þessa frv. segir að Seðlabanki Íslands geti „að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að nafnvextir af útlánum verði eigi hærri en þeir eru í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.“ Og í 6. gr. er kveðið svo á að við gildistöku laga þessara hætti verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum og þar með séu úr gildi fallin ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála.

Hugmynd hv. flm. virðist m.a. byggja á tvennu: Annars vegar lögbindingu hámarksnafnvaxta miðað við vexti í helstu viðskiptalöndum Íslands og hins vegar að hætt verði verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu. Ég ætla að fara um hvort þessara atriða örfáum orðum.

Satt að segja er ýmislegt sem mælir á móti löggildingu nafnvaxta með þessum hætti. M.a. má benda á það að verðbólga hér á landi er mun meiri en í helstu viðskiptalöndum Íslands. Raunvextir yrðu því neikvæðir hér á landi á ný með afleiðingum sem við þekkjum frá síðasta áratug. Það er einnig ákaflega erfitt að skilgreina nafnvexti í viðskiptalöndunum með fullnægjandi hætti því þeir eru mjög mismunandi eftir löndum og tegundum lánsviðskipta. Loks má benda á það að skv. 9. gr. laga nr. 36 frá 1986, um Seðlabanka Íslands, hefur Seðlabankinn heimild með samþykki viðskrh. til að grípa inn í vaxtaákvarðanir banka til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána. Hvort sem litið er á raunvexti um þessar mundir eða vaxtamun leikur enginn vafi á því að peningayfirvöld gætu íhugað alvarlega að hafa afskipti af vöxtum, ef þau yfirleitt telja það skynsamlegt.

Þá er að víkja aðeins að lánskjaravísitölunni. Hún var lögfest með lögum nr. 13/1979. Í grg. segir að hún fái ekki staðist lengur, hún hafi sprengt gjaldþol þegnanna, ekki aðeins atvinnufyrirtækja og heimila, heldur einnig opinberra stofnana og ríkissjóðs sjálfs sem rekinn hafi verið með halla. Útflutningsframleiðslan eigi einkanlega undir högg að sækja, eins og hér hefur verið margbent á í þessum umræðum. Og vikið er að því að við höfum í raun og veru búið við vaxta- og verðlagsskrúfu sem ekki sé unnt að hemja og sem ekki verði búið við til lengdar.

Að því er varðar lánskjaravísitöluna má benda á ýmislegt sem mælir með því að notkun hennar verði a.m.k. takmörkuð. Almenn vísitölubinding fjárskuldbindinga takmarkar möguleika stjórnvalda til að beita peningamálum í hagstjórnartilgangi ef svo má segja. En benda má á í þessu sambandi að mér er kunnugt um það að ýmsar alþjóðastofnanir hafa þráfaldlega gagnrýnt þetta fyrirkomulag hér á landi og víðtæk vísitölubinding fjárskuldbindinga þekkist ekki í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við að því er ég best veit. Hins vegar orkar t.d. tvímælis að banna alveg viðmiðun við lánskjaravísitöluna að því er varðar lán til langs tíma, þ.e. lán lífeyrissjóða, húsnæðislán og ríkisskuldabréf. Það mætti því orða það svo að þarna þyrfti málamiðlun í þessu sambandi sem gæti verið á þann hátt að takmarka vísitölubindingu fjárskuldbindinga við lán til lengri tíma en t.d. fimm ár eða svo.

Hvaða áhrif mundi það hafa? Takmörkun vísitölubindingar fjárskuldbindinga við lán til lengri tíma en fimm ára mundi fela í sér að öll almenn bankaviðskipti yrðu án vísitölubindingar. Það tel ég að mundi hafa veruleg áhrif á fjármagnsmarkaðinn utan bankanna.

VII. kafli laganna nr. 13/1979 geymir ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár en lögin fjölluðu, eins og ég nefndi áðan, um stjórn efnahagsmála og fleira.

Í 34. gr. laganna segir í upphafi að stefnt skuli að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Auðvitað skiptir meginmáli að efla innlendan sparnað og sjá til þess að sparifé þeirra sem geyma fé sitt í stað þess að eyða því rýrni ekki eða gufi upp. Af þessu höfum við bitra reynslu. Til þess að tryggja þessa hluti, þessa niðurstöðu, er bent á ráð í 4. og 5. gr. frv. á þskj. 279, þ.e. að gengistryggja spariinnlán sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur. Nánar er um þetta fjallað í 5. gr.

Hér tel ég bent á athyglisverða leið sem ég treysti mér þó ekki til að fara miklu nánar út í án undirbúnings en leiðin er virkilega þess virði að hún sé skoðuð og metin af þeim mönnum sem skoðað hafa tök málsins. Á hinn bóginn verður svo einnig að sjálfsögðu að hafa í huga að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa á lánsfé að halda, ekki síst að því er atvinnuvegina varðar. Við höfum löngum búið við skort á fjármagni hér á landi og skömmtun á lánsfé í ýmsum myndum til þeirra sem þurfa á því að halda. Þess vegna dugar frelsið eitt skammt í þessum efnum. Þessum málum verður að stjórna. Okurvextir eða annar áskilnaður um óhóflegt endurgjald fyrir afnot fjármagns eða lánsfjár fær ekki staðist gagnrýni almennrar skynsemi.

Ríkisstjórn og ráðamenn þurfa nú enn og aftur eins og oft áður fyrr að glíma við verðbólgu og viðskiptahalla. Það skiptir miklu máli hvernig sú glíma tekst. Að því er peningamál og vexti varðar segir í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar m.a. að stjórn peningamála muni miða að jákvæðum en hóflegum raunvöxtum og að lánastofnanir muni njóta frjálsræðis en verði þó veitt aðhald frá ríki og Seðlabanka innan ramma gildandi laga. Enn fremur segir að ríkisstjórnin muni stuðla að jafnvægi á lánamarkaði og lækkun vaxta.

Öll þessi atriði tengjast því máli sem hér er til umræðu og þeirri tillögu sem hér hefur verið varpað fram og ég tel þess virði að skoðuð sé rækilega.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að auka enn á þessa umræðu, svo löng sem hún er nú orðin og ítarleg. En raunar er heldur tæpast hægt að sitja þegjandi hjá þegar vaxtamálin og peningamálin eru tekin til umræðu með þeim hætti sem hér er gert. Hér er það yfirlýstur stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar sem kveður sér hljóðs og gagnrýnir harðlega stefnuna í vaxta- og peningamálum, stefnu sem ríkisstjórnin ber auðvitað fulla ábyrgð á og afleiðingum hennar öllum.

Það hefur raunar verið nokkuð furðulegt að heyra í mörgum stuðningsmönnum stjórnarinnar í þessari umræðu. Það á ekki bara við um hv. þm. Eggert Haukdal. Hv. þm. Árni Gunnarsson kom hér líka upp og gagnrýndi harðlega, og raunar af mikilli skynsemi, vaxta- og peningastefnu ríkisstjórnarinnar og honum var mikið niðri fyrir. Og svo er um marga fleiri stuðningsmenn stjórnarinnar sem hér hafa talað. Þannig var t.d. með síðasta hv. ræðumann,

Friðjón Þórðarson, og Guðni Ágústsson flutti hér mjög hátíðlega og skynsamlega ræðu einmitt í sama dúr rétt áðan.

Ég dreg ekki í efa að allir þessir hv. alþm. hafi rætt þessi mál af eigi minni sannfæringarkrafti á öðrum vettvangi, inni í sínum flokkum, á þingflokksfundum og við sína ráðherra. En allt kemur fyrir ekki. Ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera. Hún bíður og vonar að trúaratriði peningahyggju og markaðspostulanna, um að háir vextir dragi um síðir úr eftirspurn eftir fjármagni, rætist. Og ríkisstjórnin *virðist reiðubúin til að bíða lengi enn og hirðir* ekkert um afleiðingar vaxtaokursins hvorki á hagi einstaklinga né atvinnurekstrar.

Ég vorkenni hv. þm. sem tala af skilningi um vaxta- og peningamál og átta sig fullkomlega á afleiðingum stjórnarstefnunnar í þessum efnum. Ég vorkenni þeim fyrir að þurfa að tala þessu máli við daufa og skilningssljóa ríkisstjórn sem þeir ættu að geta haft áhrif á. En ríkisstjórnin þverskallast við og tekur engum rökum. Ég vorkenni þeim líka fyrir það að þurfa að telja sig til stuðningsmanna slíkrar ríkisstjórnar. Og ég spyr hv. þm. og ég tel víst að þeir spyrji sig sjálfa slíkt hins sama: Hversu lengi geta þeir talið sig stuðningsmenn ríkisstjórnar sem þvingar fram og heldur til streitu jafnslæmri og örlagaríkri stefnu og nú er framkvæmd í vaxta- og peningamálum? Þrátt fyrir viðvaranir sinna ötulustu stuðningsmanna og þrátt fyrir neyðaróp einstaklinga og fjölskyldna sem vaxtastefnan er að sliga og þrátt fyrir aðvaranir atvinnurekstrarins sem er við það að stöðvast víða um landið vegna þess að hann stendur ekki undir okurvöxtunum. Það er frjálshyggjan sem er leiðarljós ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eins og fleirum. Oftrúin á peningana og fjármagnið er allsráðandi og trúaratriðið að vextir skuli vera frjálsir er það sem hæstv. ríkisstjórn einblínir á. *Engin verðmæti í þjóðfélaginu eru tryggð með sama* hætti og peningarnir. Ekki fasteignir, ekki atvinnutæki, ekki nokkur skapaður hræranlegur hlutur.

Fyrr en varir eru öll áhvílandi lán sem tekin eru vegna húsbyggingar orðin hærri en nemur endursöluverði eignarinnar. Húsbyggjandinn hefur tapað öllu því fé sem hann lagði í bygginguna. Og sé hann svo óheppinn að hafa byggt hús úti á landi er hann trúlega bundinn þar átthagafjötrum fyrir lífstíð við óseljanlega og verðlausa eign. Vextir, afborganir og áhvílandi lán á þeirri verðlitlu eign hækka þó jafnt og þétt fyrir áhrif stefnu stjórnarinnar. En átthagafjötrar af þessu tagi halda ekki til lengdar. Reynslan er önnur.

Hávaxtastefnan og fjármagnsmarkaðirnir soga til sín meira fé af landsbyggðinni en áður eru nokkur dæmi um og fólkið fylgir á eftir. Þannig er hávaxtastefnan eigi lítill þáttur í þeirri byggðaröskun sem nú er meiri og hraðari en nokkru sinni fyrr. Fjármagnstilfærsla af þessu tagi frá landsbyggðinni og hingað á þetta svæði er langtum meiri en menn almennt gera sér grein fyrir. Hún er óhugnanlega mikil um þessar mundir. Og nú bætist fjármagn lífeyrissjóðanna við sem nú er gert að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins á sama tíma og einstaklingar eru undantekningarlítið hættir að þora að byggja úti á landi.

Vextir á Íslandi eru sennilega þeir hæstu í heiminum. Á einu ári hafa þeir hækkað um ein 100% og á hálfu ári yfir 60%. Mismunur útláns- og innlánsvaxta er geigvænlegur hjá bönkunum og hann er auðvitað enn þá meiri á fjármagnsmörkuðunum. Er nokkur furða þó bankastarfsemin og fjármagnsmarkaðirnir í landinu þenjist út svo arðvænleg sem slík starfsemi virðist nú? Gróði bankanna *hlýtur að vera gífurlegur og gróði þeirra sem* ávaxta fjármuni sína á gráa fjármagnsmarkaðinum er enn þá meiri. Bilið milli þeirra annars vegar sem skulda peninga og hinna sem eiga peninga og ávaxta þá á fjármagnsmörkuðunum er orðið að hyldýpisgjá. Vaxtaokrið er að eyðileggja líf fjölda fólks í þjóðfélaginu. Á sama tíma raka fjármagnseigendurnir til sín ómældum gróða. Fjármagnseigendurnir eru sérstakir skjólstæðingar þessarar ríkisstjórnar og eignatilfærsla til þeirra er meiri nú en nokkru sinni fyrr. Það er nánast ógeðslegt til þess að vita hvernig þessi stefna gerir þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari.

Í dag þykja það ekki sérlega háir vextir sem tvöfalda höfuðstól skuldar á sjö árum. Það munu vera nálega 9% ársvextir eða liðlega það sem gefa þá ársávöxtun. Húsaleiga hér á höfuðborgarsvæðinu er há en ég þykist vita að það þætti okurleiga ef ég leigði einhverjum hv. þingdeildarmanni hús eða íbúð eða einhverjum öðrum sem eftir sjö ár skilaði þessu sama húsi eða þessari sömu íbúð til baka í sama ásigkomulagi og á sama verðgildi og það var í við upphaf leigutímans og afgjaldið eða leigugjaldið fyrir eignina væri annað nákvæmlega eins hús — eftir aðeins sjö ár.

En hvernig ætli standi á því að þensla og eftir*spurn eftir fjármagni minnkar ekki við þessa háu* vexti? Hvers vegna rætist ekki spá og fyrirheit fjármálaspekúlantanna að þessu leyti? Svarið er einfalt: Það er svo gríðarlega margt annað sem hefur áhrif á eftirspurn eftir peningum, m.a. efnahagsmálaumræða eins og hún hefur birst okkur að undanförnu. „Róm brennur", sagði hæstv. utanrrh. og „það verður að gera eitthvað í efnahagsmálunum", segja margir talsmenn stjórnarflokkanna úti um allt land.

Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu halda því fram að gengið sé rangt skráð og hafi verið lengi, að gengisfelling sé fram undan, gengisaðlögun eða eitthvað slíkt. Slík umræða leiðir ekki til sparnaðar eða minnkandi eftirspurnar eftir fjármagni. Þvert á móti. Kaupahéðnar keppast við að flytja inn vörur og fólk hamstrar og fjárfestir án þess að spyrja um vexti. Þannig eru það ekki bara vextirnir sem ráða eftirspurninni eftir fjármagninu. Og auðvitað auka háir vextir á þensluna og verðbólguna hvað sem allir hagspekingar segja því það er verslunin og þjónustan hér syðra sem veltir þessum vöxtum út í verðlagið.

En atvinnureksturinn á landsbyggðinni, framleiðslugreinarnar þar, þær þola ekki þessa háu vexti lengur. Það hefði verið gagnlegri aðgerð til stuðnings ullariðnaði, sem nú á í alvarlegum erfiðleikum, ef vextir hefðu lækkað heldur en að lækka aðstöðugjöld um brot úr prósenti. Þessi fyrirtæki eru með mikið birgðahald, hæga veltu og mörg hver verulega skuldug. Rekstrarafkoma þeirra er mjög slæm og hangir víða á bláþræði. Í fjölda tilvika er þessi erfiða staða atvinnulífsins úti á landi nú viðfangsefni sveitarfélaganna og kreppa fyrirtækjanna til meðferðar hjá sveitarfélögunum með einum eða öðrum hætti. Skuldir fyrirtækjanna við sveitarfélögin hlaðast upp. Þau biðja um niðurfellingu, afskriftir og skuldbreytingar og nýtt og aukið hlutafé frá sveitarfélögunum. Afleiðingin er erfið fjárhagsstaða sveitarfélaganna og skuldasöfnun.

Þannig bitnar vaxtaokrið á fjölmörgum sveitarfélögum úti um land og er ein ástæða þess að mörg þeirra ná ekki endum saman í rekstri við gerð fjárhagsáætlunar fyrir þetta nýbyrjaða ár. Vegna erfiðrar rekstrarstöðu og þátttöku í atvinnulífinu með einum eða öðrum hætti á undanförnum árum er fjármagnskostnaðurinn að sliga fjölmörg sveitarfélög á landsbyggðinni. Hér er ástandið auðvitað allt annað eins og hæstv. ráðherrar eru iðnir við að benda á. Fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar virðist þeim mun betri sem sveitarfélög úti á landi eru í meiri erfiðleikum. Ástæðan er einföld: Höfuðborgin græðir á þenslunni í peninga- og milliliðastarfseminni, versluninni og bönkunum. Þannig var t.d. bent á það á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaga í nóvember sl. að sökum stóraukins innflutnings á bílum mundi verða veruleg hækkun á aðstöðugjöldum sveitarfélaga í landinu. En eina sveitarfélagið sem nýtur þessarar hækkunar vegna aukins bílainnflutnings er auðvitað Reykjavíkurborg. Hér eru atvinnumálin og erfið staða fyrirtækjanna ekki aðalviðfangsefni borgaryfirvalda. Hér er vandamálið að velja fjárfestingarverkefni og ná um þau sæmilegu samkomulagi.

Þannig eykur hávaxtastefnan á vanda og erfiðleika landsbyggðarinnar og veldur aukinni byggðaröskun. Þannig eykur hávaxtastefnan á vanda framleiðslu- og útflutningsgreinanna sem nú eiga í verulegum erfiðleikum og gerir þeim erfiðara um vik að greiða mannsæmandi laun. Og þannig eykur hávaxtastefnan misrétti og óréttlæti í þjóðfélaginu og leiðir til meiri auðsöfnunar á færri hendur en áður eru dæmi um.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir hefur gefið gott tilefni til almennrar umræðu um vaxta- og peningamál og stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Þetta hafa þm. notað sér hér óspart. Þessi tillöguflutningur er því jákvæður og af hinu góða og ber að þakka flm. frumkvæðið.

Mitt álit er það að ríkisstjórnin ætti nú þegar að taka vaxta- og peningamálin beint í sínar hendur og bjarga því sem bjargað verður áður en markaðs- og peningahyggjan leiðir til óbærilegrar ógæfu í þjóðfélaginu. Það er ljóst af þessari umræðu að ýmsum hæstv. stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar finnst nú kominn tími til að láta af tilraunum með að sanna frjálshyggju- og markaðskenningar í íslensku efnahagslífi — og var svo sannarlega kominn tími til.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Vaxtamál og fjármagnskostnaður hafa mjög verið til umræðu í íslensku þjóðfélagi að undanförnu. Ég skil þess vegna mjög vel þá hugsun sem að baki flutnings þessa frv. liggur. Ég er hins vegar ósammála þeirri niðurstöðu sem flm. kemst að og vil gera grein fyrir því í örfáum orðum.

Ég held að lagasetning í þessum mæli nái aldrei að stjórna vöxtum á Íslandi úr því sem komið er. Það kann að vera að það hafi verið hægt hér áður fyrr en nú verða vextir á Íslandi ekki ákveðnir með lagaboði. Fjármagnsmarkaður hefur þróast í margar áttir. Ég held að skrefið verði ekki stigið til baka með þá þróun. Þau lög sem þetta frv. miðar að mundu eingöngu ná til hluta þess lánsfjármarkaðar sem nú er í landinu. Afleiðing laganna yrði því eingöngu sú að þau mundu veikja bankakerfið mjög í samkeppni við aðra hluta lánsfjármarkaðarins. Þau mundu vafalaust draga úr sparifjármyndun innan bankakerfisins og ef ég skil þetta frv. rétt þar sem talað er um nafnvexti, sambærilega og í löndum í kringum okkur, þá værum við væntanlega að tala um talsvert neikvæða raunvexti.

Ég held þess vegna að sá tími sé liðinn að við getum stýrt vöxtum með lagaboði á þennan hátt. Ég held að þetta mundi aldrei ná nema til hluta markaðarins. Verðbréfamarkaðurinn sem er að verða stærri og stærri hluti af þessum lánsfjármarkaði, þar sem verðbréfin ganga með afföllum og raunvextirnir ákvarðast endanlega með upphæð affallanna, mundi blómstra áfram. Ég hef ekki trú á að menn næðu til þess hluta markaðarins með þessum lögum.

Ég held þess vegna að við verðum að gefa þessum lánsfjármarkaði færi á að þróast eftir lögmálunum um framboð og eftirspurn. Gallinn við það er hins vegar sá að þessi markaður okkar hér er lokaður. Hann lýtur ekki sömu lögmálum og framboð og eftirspurn með aðra vöru og þjónustu á íslenskum markaði þar sem vörur verða þá að keppa við innflutning erlendis frá.

Ég held að ekki takist að ná vöxtunum niður nema annars vegar með því að auka framboðið og hins vegar með því að draga úr eftirspurn. E.t.v. má draga úr eftirspurninni með því að draga úr þeirri miklu lántöku sem ríkið er með á þessum markaði, rúmlega 12 milljarða kr. Það mundi létta mjög á markaðnum ef ríkið gæti dregið úr sinni lántöku á þessum markaði.

Annað atriði sem ég hef hugsað meira og meira um á undanförnum mánuðum er innflutningur vöru til Íslands. Eins og menn vita tíðkast það hér að innflytjandi vöru fær ekki að leysa hana út fyrr en hann hefur greitt hana, nema í einhverjum mæli þær

vörur sem eru á sérstökum lista. Hér er um að ræða alveg sérstakt fyrirkomulag á Íslandi sem ég þekki ekki í neinu öðru landi, þ.e. að íslenskir bankar eða stjórnvöld innheimta fyrir erlenda söluaðila fjármuni og það er ekki hægt að ná vörunni inn í landið fyrr en greitt hefur verið.

Við flytjum hins vegar vörur út til ýmissa landa. Ég veit ekki um neitt slíkt tilvik þar sem við getum fengið erlend stjórnvöld til að innheimta það fyrir okkur. Sjálfur stend ég dálítið að því að flytja út lax frá fiskeldisstöð og hef flutt hann út til nokkurra landa og ég held að mér sé ómögulegt að fá erlend stjórnvöld til að innheimta fyrir mig verðgildi vörunnar.

Á Íslandi er það hins vegar svo að ef Jón Jónsson á Íslandi kaupir vöru frá einhverjum Jensen í Danmörku taka íslensk stjórnvöld að sér að innheimta það fyrir Jensen þannig að Jón Jónsson fær ekki vöruna fyrr en hann hefur greitt Jensen. Þetta er mjög sérstakt fyrirkomulag og eykur mjög þrýstinginn á lánsfjármarkaðinum vegna þess að stór hluti af viðskiptum bankanna eru einmitt þessir víxlar, vörukaupavíxlar og annað slíkt sem þarna gengur í gegn.

Ég tel að þetta sé úrelt fyrirkomulag og hélt reyndar að þegar bankastimplunin var afnumin hér á landi með lögum hefði þetta fyrirkomulag fallið. Ég held að breyting á þessu mundi ekki valda þenslu. Vöruframboðið er hér til staðar, en hins vegar mundum við fella niður eldgamla og óeðlilega hugsun með því að falla frá þessu. Ef þessum lögum væri breytt mundi afléttast mikill þrýstingur á lánsfjármarkaðinum. Það er enginn vafi um það.

Ég er síðan þeirrar skoðunar að innlendir framleiðendur eigi að eiga möguleika á því að taka lánin þar sem þau eru ódýrust. Fjármagnskostnaður er óeðlilega mikill á Íslandi vegna þess að markaðurinn er lokaður. Íslenskir framleiðendur sem flytja á markað erlendis verða að keppa um verðin eins og þau eru þar. Þessi framleiðsluþáttur er óeðlilega hár á Íslandi. Við hljótum að eiga rétt á að fá að taka lánin þar sem þau eru ódýrust, ella getum við ekki keppt. Það kann að vera að eðlilegt sé, og það þarf að skoða, að erlendir bankar fái heimild til að reka sína starfsemi hér og bæta þá úr þessari gífurlegu eftirspurn sem hér er eftir lánsfé.

Ég geri mér grein fyrir að það kunni að vera margir sem reki upp ramakvein þegar þeir heyra það og segi: Á nú að fara að auka á skuldirnar og á að eyða gjaldeyrinum á þennan hátt? En ég segi fyrir mig að ég sé ekki mikinn mun á því fyrir framleiðanda hér hvort hann skuldar Landsbankanum eða City Bank. Í báðum tilvikum verður að leggja fram nauðsynlegar tryggingar og þegar menn koma að eyðslu gjaldeyrisins er ekki nema sjálfsagt að fá gjaldeyri til að flytja inn 16–20 þús. bíla eða hvaða munaðarvöru sem mönnum dettur í hug vegna þess að innflutningur er frjáls hér. Vilji menn flytja eitthvað inn, hvort sem menn telja á því þörf eða ekki, fá menn til þess gjaldeyri vegna þess að við lifum í frjálsu landi við frjálsan innflutning. Ef við hins vegar viljum fá erlent lán til að framleiða lax til að mynda eða ísfisk eða eitthvað slíkt getur orðið erfiðara um vik og þá telja stjórnvöld sjálfsagt að leggja sérstök gjöld á þann gjaldeyri sem tekinn yrði að láni í því skyni. Ég held að þarna hafi menn ekki áttað sig á því að standa í takt við tímann og ég held að þessu verði að breyta. Með því að opna þennan markað mundu menn lækka vextina vegna þess að framboðið mundi aukast. Reyndar hefur hann kannski verið opinn að hluta vegna þess að erlendir bankar eiga verulegan hluta hér í fjármagnsleigum og hafa veitt erlendu lánsfé inn í gegnum þessar fjármagnsleigur og rentað það síðan í viðskiptum hér á lokuðum markaði á þann hátt að talið er að þeir geti hvergi nokkurs staðar í heiminum fengið aðra eins ávöxtun á sínu fé. Mér finnst þess vegna að þeir sem tala um frjálst framboð og frjálsa eftirspurn á lánsfjármarkaðinum hafi að hluta rétt fyrir sér en að hluta rangt vegna þess að markaðurinn er lokaður og þar af leiðandi getur maður a.m.k. sagt að þær takmarkanir geri markaðinn í þessu tilviki mjög óeðlilegan.

Að lokum þetta. Lánskjaravísitalan: Ég hef lýst þeirri skoðun minni bæði í ræðu og riti að ég telji að það verði að endurskoða lánskjaravísitöluna. Ef menn ætla að nota hana sem mælikvarða verða menn að endurskoða hana. Lánskjaravísitalan tekur eingöngu mið af kostnaði og kostnaðarhækkunum. Hún tekur ekkert tillit til tekjubreytinga eða tekjuþróunar. Það er mjög óeðlilegt. Ef menn eru þeirrar skoðunar að laun geti alls ekki fylgt kostnaðarhækkunum í þessu þjóðfélagi held ég að menn hljóti að sjá að eigendur fjár geti ekki reiknað með því að þeirra tekjur fylgi alfarið kostnaðarhækkunum. Ef laun geta ekki gert það, ef menn eru þeirrar skoðunar að ekkert megi fylgja kostnaðarhækkunum í þessu þjóðfélagi, geta ekki fjárskuldbindingar gert það. Ég er í raun þeirrar skoðunar að lánskjaravísitölubinding á styttri lánum sé beinlínis hættuleg. Við sjáum það best á því sem er að gerast í okkar þjóðfélagi núna, í fastgengisstefnu, þegar munur lánskjaravísitölu og meðalgengis verður svo gífurlegur sem raun ber vitni núna að þeir sem taka lán og lenda á þessum mikla öldutoppi sem þarna kemur, þar til breyting verður á, bíða af því mikið tjón. Það má segja að á lengri fjárskuldbindingum megi gera ráð fyrir að þessar sveiflur jafnist meira eða minna út og vegi miklu, miklu minna og því kæmi vel til greina að afnema lánskjaravísitölu á styttri skuldbindingum svo að misgengi kostnaðar og tekna geti ekki vegið svo gífurlega þungt í örlögum þeirra sem í hlut eiga.

Ég tel þess vegna fyllilega tímabært að taka til athugunar á hvern hátt sé unnt að endurskoða lánskjaravísitöluna og í rauninni nauðsynlegt að gera það. Það er engan veginn einfalt mál, en ég held að það sé mjög tímabært.

Í öðru lagi. Leiðin út úr þessu vaxtamáli og deilunni um háan fjármagnskostnað er að opna

markaðinn. Ég tel að það séu í rauninni eingöngu leifar af gamalli haftastefnu að gera það ekki.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Frv. sem er til umræðu lýsir áhyggjum flm., hv. 3. þm. Suðurl., af hækkun vaxta hér á landi á síðustu missirum. Þær áhyggjur eru vissulega skiljanlegar en úrræðin sem hann gerir tillögu um með frv. mundu að mínum dómi alls ekki bæta þar úr, heldur reyndar gera illt verra.

Það er víðtækt samkomulag um þá skoðun að vextir hér á landi séu nú hærri en staðist fái til lengdar og hærri en æskilegt er. Um það er ekki deilt. Menn greinir hins vegar á um það hvaða leiðir séu bestar til að lækka vextina. Til þess að nálgast þennan vanda er nauðsynlegt að menn átti sig sem gleggst á því hvað valdið hafi þeirri vaxtahækkun, bæði á nafnvöxtum og raunvöxtum, sem hér hefur orðið á síðustu missirum. Ég ætla að nefna þrjár ástæður, reyndar nefndi hv. 6. þm. Norðurl. e. þær flestar í sínu máli.

Í fyrsta lagi hefur mikill uppgangur og útgjaldaþensla í hagkerfinu sl. tvö ár valdið mikilli samkeppni um fjármagnið vegna halla á ríkisbúskapnum í fyrra og vegna aðhalds að peninga- og lánamálum á allra síðustu mánuðum en það er mjög mikilvægt að menn geri sér það ljóst að hert aðhald í peninga- og lánamálum hlýtur fyrsta kastið að leiða til hækkunar vaxta.

Í öðru lagi er það ómótmælanlegt að óvissa í efnahagsmálum fram yfir mitt sl. ár hafði í för með sér vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla. Því miður varð verðbólgan í fyrra miklu meiri en búist var við í upphafi ársins, líklega um það bil tvöfalt meiri en almenningur gerði ráð fyrir í lok ársins 1986. Reyndar eru fyrir þessari skoðun staðfestingar í skoðanakönnunum. Þetta er öðrum þræði vandinn sem við glímum við.

Í þriðja lagi er það auðvitað alveg rétt að vaxtafrelsið sem innleitt var með því að í gildi gengu lögin um Seðlabanka Íslands 1. nóv. 1986, fyrir 14 mánuðum, hefur leitt af sér jöfnun lánskjara sem á margan hátt var bæði nauðsynleg og eðlileg. Vegna þeirra þensluaðstæðna sem ríktu í þjóðarbúskapnum á þessu sama tímabili varð jöfnun lánskjaranna, þessi nauðsynlega leiðrétting á vaxtarófinu, því miður með því að meðalvextirnir hækkuðu verulega.

Þetta er í stuttu máli baksviðið fyrir þeirri löngu umræðu sem hér hefur farið fram og hefur reyndar farið víða um völl.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, áður en ég sný mér að frv. sjálfu og einstökum greinum þess, að fjalla í stuttu máli um sumt það sem fram hefur komið hér í þessum fróðlegu umræðum. Mig langar fyrst að víkja nokkuð að máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefáns Valgeirssonar.

Ég fagna því að hv. þm. talaði í dag af miklu meira raunsæi og ábyrgð en hann gerði síðast þegar efnahagsmál voru hér til umræðu sl. fimmtudag. Þessi breyting lýsti því vel að það er hægara um að tala en í að komast. Þetta á bæði við um vaxtamálin og launajafnréttið.

Hv. þm. nefndi að þörf væri á að samræma starfsskilyrðin á fjármagnsmarkaðinum fyrir alla sem þar starfa við sömu verkefni. Þetta er vissulega rétt. Það er einmitt í undirbúningi núna frv. um starfsemi á fjármagnsmarkaði utan banka og sparisjóða sem hefur nákvæmlega þetta markmið. Menn skyldu þó varast að reikna með því að slíkt frv., þótt að lögum yrði, leysi vaxtavandann á auga lifandi bragði. Það að temja þessar nýju stofnanir undir sama aga og aðrir verða að sæta kynni í upphafi að þýða hækkun vaxta, ekki af því að vondir menn vilji það, heldur af því að veruleikinn er þannig. Það er ekki af því að menn óski sér þess arna, heldur hitt að meðan við ekki höfum ráðist að rótum vandans hlýtur að skeika að sköpuðu með það enn um sinn. En þetta er ekki til gamans gert.

Ég vildi líka taka það sérstaklega fram vegna ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. að ég er honum algerlega ósammála og ýmsum öðrum sem hér hafa talað um að á Íslandi gildi lögmál hagfræðinnar alls ekki. Hv. þm. talaði um það að þessir vesalings menn sem hafi lært þetta í útlöndum séu að reyna að láta þetta gilda hér á Íslandi þar sem þetta eigi alls ekki við. Þetta er víðs fjarri. Eins og öll skynsamleg athugun á málinu sýnir gildir það vissulega hér á landi eins og í öðrum löndum að eftirspurn eftir lánsfé ræðst að nokkru af vöxtunum. Það þarf ekki á annað að benda en eftirsóknina eftir hinu niðurgreidda lánsfé húsnæðislánasjóðanna eða eftirsókn eftir niðurgreiddu lánsfé hvenær sem það hefur verið í boði. Hitt er svo annað mál að það kann að taka alllangan tíma að slá á eftirspurnina eftir lánsfé yfirleitt, en ég er þó sannfærður um það að einmitt hagþróun allra síðustu mánaða sýni það að nú sé þetta að snúast við. Þetta er ekki hlutur sem er ákaflega auðvelt að festa hendur á, en þó sýna allar vandaðar hagrannsóknir frá öðrum löndum að þetta er kjarni málsins.

Ég vildi líka benda á, fyrir þá sem eru fælnir á hagfræðikenningar, að vaxtastefna þessarar stjórnar og sú vaxtastefna sem skynsamlegt er að fylgja styðst ekki eingöngu við þessa gráu og þurru kennisetningu, sem kannski er komin frá útlöndum, um jafnvægi framboðs og eftirspurnar á lánamarkaðinum. Hún styðst nefnilega líka við ríka siðferðisvitund. Þyngsti áfellisdómurinn sem kveða má upp yfir hagstjórn á Íslandi á liðnum áratugum eru e.t.v. áhrif neikvæðra raunvaxta sem hér ríktu lengi. Því miður er hætt við að frv., sem hér er til umræðu, ef að lögum yrði, mundi innleiða þá að nýju. Hvernig er það verjandi að láta sparifé almennings, ekki síst hinnar eldri kynslóðar, brenna upp á báli verðbólgunnar? Af öllu því tjái og tundri sem verðbólgunni fylgdi var þetta verst. Þetta eru sannindi sem ekki byggjast á hagfræðibókum. Þetta er ekki eingöngu lögmál hagsýni og hagfræði. Þetta er lögmál sanngirni og réttsýni. Þetta er ekki þurr kennisetning. Þetta er ávöxtur af lífsreynslu í þessu landi. Við megum aldrei láta yfir okkur ganga að nýju slíkt

ástand og ég vona að flm. frv. stefni ekki að því. Við þurfum að gefa þeim sem vilja spara kost á því að verja sinn geymda eyri. Það er hættan við þetta frv., og ég kem að því nánar hér á eftir, að við færum þá í sama gamla farið sem var okkur til ævarandi skammar.

Hv. 2. þm. Vesturl. Friðjón Þórðarson fjallaði hófsamlega og skynsamlega um þetta mál og benti á að í frv. væru tveir efnisþættir, í fyrsta lagi lögbinding hámarks nafnvaxta og hins vegar afnám lánskjaravísitölu. Hann benti líka á að í fyrra atriðinu fælist það sem ég nefndi áðan, hættan á því að hér væri verið að stofna enn á ný til neikvæðra raunvaxta á sparifé almennings og almenningssjóða. Hann benti líka á að með því að ráðast að lánskjaravísitölunni á þennan hátt gætum við verið að stefna í hættu sparnaði þegar til lengdar lætur. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Vesturl. að það er vel til athugunar hvort verðtryggingarskilmálar með lánskjaravísitölu henti á stystu skuldbindingu. Það er ugglaust rétt að þar þurfi menn að fara varlega í sakirnar og það kom reyndar líka fram hér hjá öðrum ræðumönnum. En hann benti líka á að til þess að tryggja hagsmuni sjóða, bæði ríkissjóðs og almannasjóða, geti varla verið önnur leið en lánskjaravísitölutrygging eða eitthvað henni líkt. Ég kem kannski svolítið nánar að því á eftir hvað um lánskjaravísitöluna megi segja.

Hins vegar vildi ég taka fram að ég er ekki sammála hv. 2. þm. Vesturl. um að nú séu ástæður til staðar til þess, hvort sem litið er á erlenda vexti eða vaxtamun, að Seðlabankinn hlutist til um hæð vaxtanna á grundvelli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabankann. Það er ekki skoðun bankans og ég held að svo sé enn ekki komið, a.m.k. ekki hvað varðar hina erlendu vexti. Það er víðs fjarri sem haldið var fram hér af hv. 3. þm. Norðurl. v. að á Íslandi séu vextirnir þeir hæstu í heimi. Það eru þeir alls ekki þegar litið er á raunvextina.

Guðmundur G. Þórarinsson komst í sínu máli að sömu niðurstöðu og ég hef komist að, þ.e. að þetta frv. leysi ekki vaxtavandann í landinu, að vextirnir verði ekki lækkaðir eða ákveðnir með lagaboði. Hér hafi vaxið fram fjármagnsmarkaður sem ekki verði kæfður eða við snúið. Frv. eins og þetta mundi fyrst og fremst draga máttinn úr bönkunum, úr þeim stofnunum sem helst sinna þörfum atvinnulífsins.

Ég er hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni sammála um þetta álit. Hann benti á það í máli sínu að það eina róttæka úrræði sem dygði til að lækka vextina væri að opna íslenska fjármagnsmarkaðinn meira. Ég held að hann hafi nokkuð til síns máls þar, en vara þó við því að gína allt of mikið við þeirri einföldu aðferð því hér hljóta sem jafnan fyrr að togast á sjónarmið frjálsræðis og hagkvæmni þegar til lengdar lætur og þörfin fyrir að koma hér á betra jafnvægi á þessu og næstu árum. Ég vona þó að þarna megi finna hið gullna meðalhóf. Við þurfum að feta okkur í áföngum í þá átt að gera fjármagnsviðskiptin frjálslegri. M.a. greiðslufrest við vöru-kaup frá útlöndum sem hann nefndi. Ég er sammála honum um að það fyrirkomulag séu leifar frá liðinni tíð og megi ef rétt er á haldið færa til betri vegar og þá muni það líka létta nokkuð af þrýstingnum á íslenskum lánamarkaði. Ég hef reyndar í hyggju að skipa nefnd til þess að gera tillögur um það hvernig megi nálgast frjálsræði í þessu efni í áföngum á nokkrum næstu árum.

Ég vildi að lokum segja um mál Guðmundar G. Þórarinssonar að ég tel að samanburður hans á þróun lánskjaravísitölu annars vegar og gengisvísitölu hins vegar sé ekki alls kostar réttvísandi. Þar vantar á milli erlendu verðbreytingarnar til að gera þessa tvo mælikvarða sambærilega. Ég vildi líka benda honum á í allri hófsemd og vinsemd að hefði hans sjónarmið verið tekið bókstaflega, um að hafa tekjuþátt í lánskjaravísitölunni, þá hefði hún nú hækkað æðimikið meira á liðnu ári en um þau 22,2% sem raun bar vitni, því þá hefðu þar áreiðanlega bæst við á að giska 15 eða 20% vegna þess hversu mikið tekjurnar hækkuðu á árinu 1987 í peningum en verðlagið. Þannig væri nú ekki allt fengið með því að breyta skilgreiningunni í þá átt sem hann lýsti, en kannski gefst mér tækifæri til að koma aftur að lánskjaravísitölunni.

Þá sný ég mér að frv. hv. 3. þm. Suðurl. Ég verð að segja það að ég tel að þetta frv. lýsi alls ekki þeim skilningi á vaxtaþróuninni og ástæðunum fyrir vaxtahækkuninni sem er frumskilyrði þess að á því máli verði tekið þannig að árangurs sé að vænta. Frv. er því miður að mörgu leyti gallað. Ef við lítum fyrst á 1. gr. er um hana að segja að hún er ákaflega lík að orðalagi og 2. mgr. 9. gr. laganna um Seðlabankann, sem ég vitnaði til áðan, nema hvað þarna koma nafnvextir í stað raunvaxta og út hafa verið strikuð orðin „að jafnaði“ á eftir orðunum „til að tryggja að nafnvextir af útlánum verði eigi hærri en þeir eru“. Í gildandi lögum stendur „að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands“ o.s.frv. Þessi munur, að setja þarna inn nafnvexti, gerir greinina að mínum dómi algjörlega óraunhæfa því að þarna væri verið að ætlast til þess að við lækkuðum vextina til jafns við það sem gerist að meðaltali í okkar viðskiptalöndum þar sem verðbólga er nú kannski á bilinu 2–10%. Þetta er ógerningur að mínu viti nema efnahagslegar ástæður á Íslandi breytist þannig að þetta fái staðist.

Vaxtamunarákvæðið í þessari 1. gr. er alveg samhljóða því sem er í gildandi lögum og reyndar mætti segja, eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl., að Seðlabankinn hafi þegar umboð sem sé mjög skylt því sem er í 1. gr. og því vafasamt að það þurfi að setja það að nýju með sérstökum lögum. Hitt er svo annað mál að þegar kemur að 2. og 3. gr. frv. þá er í raun og veru stigið yfir 1. gr. og farið að ákveða með lögum hvert vera skuli hámark vaxta í nokkrum flokkum útlána. Það er hins vegar ekki mikið skeytt um innlánin fyrr en kemur að 4. gr. og mun ég víkja að því nokkrum orðum.

2. og 3. gr. fela hins vegar í sér bein lagafyrirmæli

um það hvað vextirnir eigi að vera, en þó þannig að það er svo laust skilgreint að ég tel ógerning að komast þar að einni niðurstöðu hvaða vaxtatala þetta ætti að vera. Þetta ýtir í raun og veru ekki aðeins til hliðar þeim ákvæðum í lögum nr. 13/1979 og lögum nr. 36/1986, sem nefnd eru hér í 6. gr. frv., heldur líka ákvæðum viðskiptabankalaga og sparisjóðalaga um vaxtaákvarðanir þessara stofnana. Reyndar er mér mjög til efs að unnt sé að skipa vaxtamálum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. og 3. gr. fyrir þá sök í fyrsta lagi og þegar af þeirri ástæðu að þetta vísar ekki á hverjir ákveði vextina eða hverjir þeir skuli vera. Þar vantar reyndar hvort tveggja.

Ég ætla ekki að segja mikið meira um formhlið málsins. Um efnishliðina vil ég segja að ef þessi ákvæði 1., 2. og 3. gr. verða tekin bókstaflega, eða 4., mundu þau við ríkjandi verðbólgu hér á landi leiða til mikillar lækkunar raunvaxta, lánsfjáreftirspurn mundi því aukast til muna sem annaðhvort hlyti að leiða til aukinnar þenslu, þar á meðal aukinnar verðbólguhættu, eða skömmtunar útlána. Það má varla á milli sjá hvort væri verra. Það er hætt við því að nýting lánsfjár verði léleg ef hægt er að fá lán með neikvæðum raunvöxtum. Ef slíkt lánsfé er fest í fasteign, birgðum eða öðrum eignum, þarf ekki að vanda valið mjög til þess að uppskera verðbólguhagnað. Lánþeginn getur hagnast enda þótt ráðstöfun fjárins væri svo óskynsamleg að hún ylli honum tapi ef engin væri verðbólgan og vextirnir núll. Arðbær verðmætasköpun í þjóðfélaginu hlyti því að minnka og tekjur einstaklinganna líka ef lánsfé er varið á þennan hátt. Það má benda á það líka að tekjutilfærsla til lánþega sem í þessu felst er ákaflega handahófskennd. Hún fer eftir duttlungum og sveiflum í verðbólgunni. Það er líka hætt við því að sparnaðurinn í landinu dytti niður.

Ég tek undir það með mörgum fyrri ræðumönnum hér í þessari umræðu að viðvarandi ástand hárra vaxta með þeirri eignatilfærslu sem í því felst er ekki æskilegt ástand. En að stofna til þess með opin augu væri okkur til skammar. Ekki meira um 1.–3. gr.

Í 4.–5. gr. er fjallað um einn þátt í vaxtamun af mörgum og honum skipað með lögum, en hins vegar kemur alls ekki fram hver það er sem ákveða skal sjálfa vextina. Ég bendi líka á það að ef það er tekið bókstaflega sem stendur í 2., 3. og 4. gr., þá fæli þetta í sér mjög verulega neikvæða raunvexti á sparifé almennings. Það getur varla verið vilji löggjafans að stofna til þess með lagaboði. Ég bendi á það tæknilega að öðru leyti að heimildir til að gengistryggja spariinnlán eru þegar í lögum. Það er heimilt að opna innlánsreikninga með gengisviðmiðun. Þetta getur almenningur þegar fært sér í nyt. Slíkir reikningar voru stofnaðir með reglugerð nr. 563/1987 og auglýsingu Seðlabankans 30. des. 1987. Gengistryggingin er eitt form verðtryggingar og þegar litið er til langs tíma á það að geta komið út á eitt hvort fjárskuldbindingarnar eru bundnar innlendri lánskjaravísitölu eða gengisvísitölu með vöxtum sem heyra til því myntsvæði sem við er miðað.

Það er líka heimilt og þarf ekki að setja í lög að nýju að gengistryggja spariskírteini ríkissjóðs. Slík sírteini hafa nýlega verið gefin út, ýmist miðuð við SDR eða Evrópumynteininguna, ECU. Þau eru bundin til þriggja ára og bera núna 8,3% vexti.

Ég vildi svo að lokum um einstakar greinar frv. aðrar en þá 6. segja það að hugmyndirnar sem þar er lýst um gengistryggingu á innstæðum, um áhættu ríkissjóðs af gengistryggingum, um að ráðstafa gengishagnaði til þess að svara þessum hlutum, þetta gengur ekkert upp. Allt er þetta með miklum tæknilegum tormerkjm eins og yfirferð með bankamönnum mundi fljótt leiða í ljós.

Þá komum við að því sem er kannski veigamesta tillagan í þessu frv. sem er að leggja niður lánskjaravísitöluna. Um það mál má segja, og ég held að það blandist fáum hugur um það, að verðtryggingu hér á landi hafi tekist að forða okkar peningakerfi frá glötun. Peningalegur sparnaður í okkar lánastofnunum hafði dregist mjög saman á 8. áratugnum. Hann er núna byrjaður að vaxa á ný. Hlutfall erlendra lána af lánanotkun í hagkerfinu í heild er farið að lækka en var orðið ákaflega hátt. Geta innlendra lánastofnana til þess að veita lán hefur aukist. Þetta á ekki síst við um löngu lánin.

Það er margt sem finna má að hinum nýju fyrirbærum á lánamarkaðnum, vaxtafrelsinu og hinum nýju fyrirtækjum sem það hafa, en eitt er þó alveg víst: að þau hafa gefið þeim sem vilja varðveita sinn sparnað færi á að ávaxta hann miklu betur en verið hefur. Ég er hins vegar sammála þeim sem hér hafa talað að nú sé orðið tímabært að setja almenna rammalöggjöf um fjármagnsstarfsemi og það verður gert, en alls ekki í því skyni að reyna að snúa þessari þróun aftur í liðna tíð með beinum lagafyrirmælum.

Ég tel það ekki tímabært að fella úr gildi heimildir til verðtryggingar fjárskuldbindinga meðan okkur hefur ekki tekist að draga meira úr verðbólgunni og verðbólguóttanum en raun ber vitni. Ég er hræddur um að þá mundi draga úr framboði lánsfjár af innlendum toga og við lentum aftur í erlendu skuldafeni.

Þetta er kjarni málsins. En það má ýmislegt segja um framkvæmd og viðmiðun verðtryggingar í lánssamningum. Ég tel að þetta ætti að verða í meira mæli en nú er samningsatriði þeirra sem lánssamningana gera eins og hinn meginþáttur lánskjaranna, raunvextirnir, er nú í dag. Þetta stafar m.a. af því að það eru ýmsir gallar á lánskjaravísitölunni. Þegar til lengdar lætur er hætt við að hún mæli meiri verðhækkun en í raun verður í hagkerfinu. Þetta stafar ekki af því að vondir menn hafi ákveðið að hafa þetta svona, heldur einfaldlega af því að vísitölur af þessu tagi eru ófullkominn mælikvarði á verðlagsþróun.

Ég bendi líka á að það er mjög vafasamt að breytingar á óbeinum sköttum eigi að hafa áhrif á ávöxtunarkjörin með þeim hætti sem nú gerist. Þetta er atriði sem ég er að láta vinna að athugun á

og er eitt af því sem vel kemur til álita að megi breyta. En kjarninn er samt þessi: Það einfalda í málinu er að leyfa mönnum að semja um þetta eins og önnur atriði í lánsskilmálunum.

Hæstv. forseti. Þetta er orðið lengra mál en ég ætlaði, en ég ætla því að tæpa á nokkrum atriðum sem gera í stuttu máli grein fyrir því hvers vegna ég tel að þetta frv. eigi ekki að hljóta stuðning þessarar hv. þingdeildar.

Í fyrsta lagi: Hlutur banka og sparisjóða í vaxtaákvörðunum samkvæmt þessu frv. er alveg á huldu.

Í öðru lagi: Mikil réttaróvissa mundi ríkja um útistandandi samninga og skuldir manna ef frv. yrði samþykkt.

Í þriðja lagi: Skyldur Seðlabankans samkvæmt þessu frv. eru alls ekki skilgreindar.

Í fjórða lagi: Að taka upp með einföldum hætti nafnvaxtaviðmiðun í stað raunvaxtaviðmiðunar í því sem er núna 2. mgr. 9. gr. seðlabankalaganna gengur ekki upp með nokkrum skynsamlegum hætti.

Í fimmta lagi: Ákvæðin um útlán í þessu frv. eru ekki skilgreind þótt væntanlega sé þá átt við lán frá innlánsstofnunum. En hvað þá með útlán í verðbréfasjóðum og öðrum fjármögnunarfyrirtækjum eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson vék réttilega að í sínu máli?

Í sjötta lagi: Þar erum við komin að því sem er kannski stærsti gallinn á þessari tilraun hv. 3. þm. Suðurl.: Frv. virðist beinast eingöngu að banka- og innlánsstofnanakerfinu, fjallar ekki um það sem er veruleikinn á lánamarkaðnum.

Í sjöunda lagi vil ég segja að það má vel hugsa sér að líta að nýju á verðtryggingarákvæði Ólafslaga, en það verður ekki gert nema að undangengnum miklum athugunum og kallar á víðtæk bráðabirgðaákvæði því lánskjaravísitala yrði auðvitað reiknuð út í marga áratugi enn. Hún nýtur réttarverndar og á að njóta hennar.

Eins og þessi orð mín og orð margra sem á undan mér hafa talað sýna glöggt er málið miklu flóknara en svo að það verði leyst með þeim einfalda hætti að segja: Nú lækkum við vextina með valdboði. Lækkun vaxta verður ekki ákveðin með lögum frekar en verðbólgan verður bönnuð með lögum. Það þarf samræmdar aðgerðir sem taka á rótum vandans, hallanum á ríkisbúskapnum, ofætlun í fjárfestingu og á skipulagi fjármagnsmarkaðarins. Þarna þarf að tryggja í senn hagsmuni þeirra sem lánin taka og almenna hagstjórn sem kemur sanngjarnlega við alla. Ef okkur tekst þetta þá mun okkur líka hljótast vaxtalækkun að auki.

Fyrsti áfanginn í þessu mikla máli er þó — og þar með er ég kominn að málefnum líðandi stundar — að það takist nú á næstunni skynsamlegir kjarasamningar sem geti samrýmst hjöðnun verðbólgu. Þegar slíkir samningar eru í sjónmáli mun ríkisstjórnin beita sér af alefli til þess að vextirnir lækki samstiga verðbólgunni. Þá er það ákaflega mikilvægt í þessu máli, eins og reyndar kom sérlega glöggt fram í máli hv. 10. þm. Reykn., að allir þeir sem starfa á lánamarkaðnum sinni betur upplýsingaskyldu sinni, bæði við þá sem fé leggja inn og þá sem lánin taka, um hver sé hinn raunverulegi vaxtakostnaður. Það er upphafið að lausn á vaxtavandanum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þá er mér næst að hugsa upphátt og segja: Ja, guð almáttugur, þá vitum við það! Það er sem sagt alveg gjörsamlega útilokað að snúa við af þeirri leið sem hefur leitt okkur til þessara háu vaxta og sem hefur leitt okkur til þessarar verðbólgu að mati ráðherrans miðað við þau orð sem hann hefur nú rétt í þessu látið falla. (**Dómsmrh.:** Það er ekki rétt.) Það er sem sagt ekki leið út úr þessu, ja, nema eins og hann sagði í lok ræðu sinnar að verðbólgan lækki og ríkissjóðshallinn verði leystur. Hvað er ríkisstjórnin að gera akkúrat í þessum málum? Hún er búin að hækka yfirleitt öll þau gjöld sem eru á hennar valdi. Hún er búin að bæta við sköttum. Hún er búin að bæta sköttum og álagningu á atvinnureksturinn. Hvert einasta atriði sem hefur verið samþykkt er verðbólguhvetjandi. Hún hefur aukið útgjöld ríkissjóðs og útgjaldahlið um 50% og hún hefur lagt á nýja skatta til þess að mæta þeim mismun sem þar hefur skapast á milli ára 1987/1986, sem þýðir samkvæmt því sem fyrrv. efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar var að enda við að segja, núv. hæstv. bankamálaráðherra, að það er ekki hægt, það er ekki í mannlegu valdi að koma til baka úr þessum háu vöxtum sem ástæðurnar hafa skapað fyrr en verðbólgan fer niður og ríkissjóðshallinn er leystur. Á sama tíma og hver einasta aðgerð sem samþykkt var af ríkisstjórninni við gerð fjárlaga og lausn efnahagsmála er verðbólguhvetjandi, þá er það svo að í hvert einasta skipti sem skuldabréf ríkisins fellur í gjalddaga er ríkissjóður kominn á markaðinn á ný til þess að selja ný bréf svo að ríkissjóður geti staðið undir fyrri skuldbindingum á gjalddögum. Og í hvert skipti sem ný bréf eru gefin út eru vextirnir hærri og stundum jafnvel þegar bréfin seljast illa, afföll boðin.

Og hvernig ætlar ríkisstjórnin þá að leysa þessi mál? Það er hún sjálf sem er leiðandi í því að hækka vextina. Hún sjálf er leiðandi í öllu því sem er verðbólguhvetjandi. Og nú síðast reynir hún að leysa sinn vanda eins og ég orðaði það í efnahagsumræðunum um daginn með því að ýta ríkissjóðshallanum inn í eldhúsin í landinu. Hækka matarskattinn. Þetta gengur ekki. Og það gengur heldur ekki að hæstv. bankamálaráðherra haldi áfram að hugsa og tala og ráðleggja eins og ég vil segja óábyrgur embættismaður því ekkert af því sem hann hefur lagt til fyrr á tímum hefur leyst nokkurn vanda heldur aukið hann. Og ég harma þetta.

Það sem hefur skeð hefur hvorki komið frá almættinu né heldur frá þeim vonda. Þetta er allt sjálfskaparvíti og af mannanna völdum. Þess vegna er það á okkar valdi að leysa málin en ekki að bíða

eftir því að eitthvað yfirnáttúrlegt komi fyrir til þess að vandinn verði leystur fyrir okkur.

Ég er ekki sammála flm. frv. um marga hluti. Ég get tekið undir margt af því sem hæstv. ráðherra sagði. Það er óþarfi að flytja, má segja, 1.–5. gr. Seðlabankinn og ríkisstjórn geta gert þetta allt án þess að frv. breyti þar nokkru um. Hvort það er samþykkt eða fellt, það skiptir engu máli. Ef ríkisstjórnin tekur ákvörðun verður Seðlabankinn að fylgja henni. Ríkisstjórnin hefur framkvæmdarvaldið.

En segjum nú svo að þetta yrði samþykkt. Það vantar ekkert í þetta frv. af því sem hæstv. ráðherra kvað vanta. Það segir til um það að Seðlabankinn og ríkisstjórn eigi að framkvæma lögin. Það er gangur mála að eftir að Alþingi setur lög er það framkvæmdarvaldið sem tekur við þeim og framkvæmir þau. Hæstv. ráðherra þarf því ekkert að vera að snúa út úr eða reyna að gera þetta minna verk en það er því að þetta verk er búið til af hagfræðingi sem er einhver menntaðasti hagfræðingur þjóðarinnar en hefur verið settur út á kaldan klaka vegna þess kannski að hann er menntaðri en fjmrh. og bankamálaráðherra í sínu fagi. Það er enginn annar hagfræðingur á Íslandi sem hefur skólagöngu á við þann hagfræðing sem bjó til frv. Ég efast um að með reynslu hans og starf í Kanada fyrir þjóðbanka þar og ríkisstjórnina að nokkur annar Íslendingur hafi meiri starfsreynslu erlendis sem hagfræðingur en einmitt sá sem bjó frv. til fyrir hv. flm. Athugasemdir ráðherra eiga sér því ekki stað. Og að gera 3. gr. tortryggilega vegna þess að einhverjir og einhverjir aðilar geti tekið lán, ef hún yrði samþykkt, fyrir einhverjum óarðbærum framkvæmdum. Guð almáttugur, það er alltaf verið að taka lán fyrir óarðbærum og arðbærum framkvæmdum og því verður aldrei breytt. Það er alveg sama hvaða kerfi við komum með. Framkvæmdirnar eru alltaf mismunandi óarðbærar og mismunandi arðbærar. Og hver er maður til að meta það? Það er bara sá sem fer út í framkvæmdirnar. Hann fer út í þær vegna þess að hann telur þær góðar fyrir sig. Ef hann fær lán er það hans mál og banka eða peningastofnana sem lána honum. Hann er furðulegt kratafyrirbæri, þessi hugsunarháttur.

Ég er hins vegar sammála hæstv. ráðherra þegar hann talar um fjármögnunarfyrirtækin. Ég er líka sammála þeim sem tala um að bankar séu of margir. En það eru ekki of margir bankar vegna þess að ríkisbankarnir séu of margir. Þeir eru orðnir of margir af því að það eru komnir miklu fleiri bankar, allir þessir einkabankar sem ég og aðrir einkaaðilar höfum barist fyrir því að fá að stofna og tekið þátt í að stofna. Það er hægt að segja að þeim sé ofaukið frekar en því sem var fyrir. Og þegar við erum að tala um fjárfestingarfélögin og fjármögnunarfyrirtækin sem eru að koma núna, þá átti aldrei að hleypa þeim af stað án þess að setja yfir þau strangar reglur, strangari reglur en bankarnir verða að þola sjálfir, sjálfir ríkisbankarnir sem Alþingi er ábyrgt fyrir. Auðvitað átti að setja þeim strangar reglur strax og þá fyrst og fremst um eigið fé. Í dag starfa þau þannig að þau hætta engu eigin fé. Þau eru bara með lánsfé og í mörgum tilfellum eru ábyrgðirnar kannski allt annarra en þeirra sjálfra.

Ég hefði gaman af að sjá þessa hagspekinga, og eiginlega hvað það er nauðsynlegt þjóðarinnar vegna að þessir eldkláru menn sem eru sjálfir alveg sannfærðir um að það sé enginn menntaðri eða færari til að standa í viðskiptum og þá stærstu viðskiptunum fyrir hönd þjóðarinnar, reka eitthvert fyrirtæki sjálfir og sýna þjóðinni hvernig eigi að standa faglega að málunum. Það gera afskaplega fáir af þessum langskólamenntuðum hagfræðingum sem læra teoríur sem eru úreltar daginn eftir að þeir lesa þær. Hvað eru þessar teoríur? Þær eru uppsöfnuð reynsla þeirra sem standa í atvinnulífinu sem er skráð á bók. Ég hefði gaman af að sjá þá reka eitthvað sjálfir. **(Gripið fram í:** Það á bara að reka þá.) Ja, þeir hafa unnið til þess og við erum að því í stjórnarandstöðunni að reyna að reka þá. En ég er ansi hræddur um að það verði ekki neitt lagfært á meðan menn eru við völd sem hafa ekki trú á því að það sé hægt að gera hlutina.

Hvað oft höfum við ekki heyrt ágætan þm., hv. 3. þm. Norðurl. e., tala akkúrat um þessi mál, hvað vextirnir séu orðnir hættulegir, hvað vísitalan sé orðin hættuleg, hvað þetta og hitt sé orðið hættulegt, sem er í algjörri andstöðu við framkvæmdir ríkisstjórnarinnar í dag. Og er hann þó tryggur stjórnarstuðningsmaður.

Ég hef margoft frá þessum ræðustól og ég hef margoft í ríkisstjórn þegar ég var fjmrh. borið saman þá aðgerð að fella niður vísitölu á launum og halda lánskjaravísitölunni og bent á hvað það þýddi og hvað það þýðir. Það er hægt að fella niður launavísitölu tímabundið. Það er hægt að vera með verðstöðvun tímabundið, en það er ekki hægt að vera með lánskjaravísitölu í gangi endalaust ef launavísitala er ekki í gangi. Það er útilokað. Það er alveg útilokað að vera með verðstöðvun. Þið getið sett á lög og bannað verðhækkanir, en við ráðum bara ekkert við það. Við flytjum inn 80–90% og jafnvel yfir þá tölu. Hvernig eigum við að fara að því að láta útlendinga, sem framleiða þær vörutegundir sem við þurfum að flytja inn, skilja að það eru lög á Íslandi sem banna hækkun á vörunni, að hráefnið hækki, að verksmiðjan þurfi að borga meira fyrir hráefnið og þar af leiðandi verði vöruverðið út úr verksmiðju hærra en það megi ekki hækka það þegar varan kemur á markaðinn á Íslandi? Það er hægt að halda verðstöðvun á meðan birgðir, sem fyrir eru í landinu, endast, en hún springur endanlega hvað sem lög segja til um. Á meðan við höldum að við getum haldið niðri verðgildi krónunnar sem býr í orku mannsins sjálfs en haldið áfram að auka verðgildi þeirrar krónu sem sá sami maður þarf að fá að láni, það er kerfi sem springur. Annaðhvort springur kerfið sjálft í höndum opinberra aðila eða fólkið sem þarf á þessari krónu að halda, þessari

dýru krónu, springur og það er akkúrat það sem er að gerast núna. Fyrirtækin og fólkið eru að springa.

Ég hef tekið dæmi, sem ég er með í vasanum, ég geng með það, af manni sem fékk 80 þús. kr. lán 1980 og hefur alltaf staðið í skilum bæði með afborganir og vexti. Hann skuldar 539 þús. kr. í maí 1985, fimm árum seinna. Ég hef líka sagt að við erum að blekkja ungt fólk. Við erum að plata það til þess að taka lán hjá lánastofnunum og telja því trú um að það geti eignast þak yfir höfuðið þegar staðreyndin er sú að við erum að festa það í skuldafjötrum sem enda með því að viðkomandi aðili á ekki neitt þegar upp er staðið og opinberir aðilar sem fengu hann til að taka lán á unga aldri eiga meira en verðmæti íbúðarinnar sem hann byggði yfir höfuðið í upphafi. Þetta gengur ekki.

Ég verð að segja alveg eins og er að 6. gr. er að því leyti frábrugðin því sem ég hef verið að tala um að hún talar um að við gildistöku laga þessara hætti verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölunni gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum. Ég vil að lánskjaravísitalan verði felld niður og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það eru alls konar samningar í gildi sem gera þetta erfiðara en ella. En það kemur að því að ríkissjóður getur ekki alltaf boðið hærri vexti og kannski afföll af bréfum sem hann þarf að selja til að standa í skilum við þá sem eiga bréf og fallin eru í gjalddaga. Það er ekki hægt endalaust að taka erlend lán alltaf pínulítið hærri til að standa í skilum með fyrri erlendar lántökur. Það endar með því að kerfið springur hjá ríkisstjórninni alveg nákvæmlega eins og hjá einstaklingi sem getur í ákveðinn fjölda skipta komið til bankastjóra og fengið framlengingu en það kemur að því að bankastjórinn segir: Nei, nú verður þú gerður upp, góði minn. Það er ríkisstjórnin sem spólar upp vexti, það er ríkisstjórnin sem spólar upp afföll af bréfum og það er ríkisstjórnin sem spólar upp verðbólguna. Ef hæstv. bankamálaráðherra ætlar að bíða eftir því að ríkisstjórnin nái niður verðbólgunni og ríkissjóðshallanum með þessum vinnubrögðum verður það aldrei. Það er alveg ljóst og það fer fyrir ríkisstjórninni eins og einstaklingnum. Hún bara hreinlega fer á hausinn. Það hefur komið fyrir önnur lönd af sömu ástæðum að tapa sjálfstæði sínu og fara á hausinn.

Ég fagna því að hæstv. bankamálaráðherra er um það bil að koma fram með frv. um fjármögnunarstarfsemi utan banka. Ég gat þess á meðan hæstv. ráðherra var frammi ... (**Dómsmrh.:** Ég var í símanum, því miður.) Ég veit ekkert af hverju, það gat alveg eins verið að þú hefðir farið niður á næstu hæð. Það skiptir mig engu máli, þú varst frammi. Ég gat þess að frv. og þessar reglur um fjármögnunarstarfsemi átti auðvitað að setja áður en fjármögnunarstarfsemin fór af stað. Og það þýðir ekkert að kvarta undan því að hér séu of margir bankar. Bankarnir voru ekkert of margir þegar aðeins voru ríkisbankar. Það sem er umfram í bönkum er tilkomið löngu eftir að ríkisbankarnir voru þrír og ég minnist þess ekki að nokkur maður hafi kvartað undan því að það væru of margir bankar meðan ríkisbankarnir voru bara þrír. En ég minnist þess að það hefur verið kvartað undan því að bankarnir væru of margir síðan þeir urðu fleiri. Ég tek það fram og endurtek af því að ég er búinn að gera það einu sinni að ég var einn af þeim sem heimtuðu banka og vann að því að prívatbanki yrði settur á laggirnar. En ekki gerði ég ráð fyrir að þeir yrðu jafnmargir eða jafnvel fleiri en ríkisbankarnir sem fyrir voru.

Og annað. Á sama tíma og verið er að sprengja peningakerfið á þennan hátt er búið að gera alla sparisjóði í landinu að bönkum. Þeir starfa eins og bankar. Það er enginn munur á starfsemi bankanna og starfsemi sparisjóðanna. Það er munur á ábyrgðum og ég hefði gaman af að fá upplýsingar um það frá hæstv. bankamálaráðherra hvað hann ætlar að gera í þeim málum. Það eru gerðar ákveðnar kröfur til bankanna um tryggingar en það eru bara ábyrgðarmannatryggingar hjá sparisjóðunum sem eru engar tryggingar. (**Dómsmrh.:** Það er líka komin innlánstrygging hjá þeim.) Innlánstryggingin, var það ekki tvöföldun á ábyrgðarmannatryggingunni sem er nokkur hundruð kr. á mann? (Gripið fram í.) Þetta er mjög, mjög lítil trygging og er engin trygging og ég hefði gaman af að vita, af því að búið er að taka einn ríkisbanka og skoða hann og það reyndist ástæða til þess að gera sérstakar ráðstafanir gagnvart honum: Hvernig stendur þjóðbankinn, sjálfur Landsbankinn? Hvernig stendur Iðnaðarbankinn? Þetta eru bankar sem við erum nýlega búnir að lesa um að hafi mjög stórar upphæðir í útlánum til fárra aðila. Það stóð í blöðum núna fyrir nokkrum dögum að það væri komið hátt á annan milljarð. Ég held að það hljóti að vera miklu meira bara í hluta af Sambandinu í Landsbankanum. Ég var að heyra að einn iðnrekandi hefði fengið stórlán, 600 millj. kr. var sagt í mín eyru, úr Iðnaðarbankanum. Þolir Iðnaðarbankinn slíkt? Hvernig standa þessi mál? Af hverju er þetta ekki skoðað?

Nei, það er full ástæða til og ég tek vel undir það með hæstv. bankamálaráðherra að fjármagnsstarfsemin í landinu þarf að skoðast miklu betur en bara því að skoða með árás á einn ríkisbanka. Það er allt annar hlutur. Ef á að skoða peningamálin í landinu, endurskoða bankakerfið, verður að gera það í heild sinni en ekki með einhverjum fordæmum.

Ég átti einu sinni því láni að fagna að búa erlendis og vann ágætlega fyrir mér og þurfti að geyma mína peninga í banka meðan ég bjó þarna. Þegar talað var um neikvæða vexti var það af því að tekið var fyrir að geyma peningana. Allt sem þú færð fyrir peningana er jákvætt. Það er hins vegar búið að búa til alls konar hugtök af þessum blessuðu hálærðu sérfræðingum sem hvergi nokkurn tíma, eða ég hef ekki séð það, sýna hvað þeir geta rekið sjálfir á eigin ábyrgð. Það hafa verið búin til hugtök sem fólkið í landinu skilur ekki. Það bara skilur ekki hvað menn eru að tala um. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er ekkert auðvelt að fylgjast með öllum þessum

hugtökum sem koma frá einum tíma til annars og þýða kannski nákvæmlega það sama og önnur sem voru til fyrir. Hér eru ekki neikvæðir vextir í þeim skilningi sem ég lærði um erlendis og sem ég lærði um á verslunarskóla erlendis. Það er bara ekki til vegna þess að ég hef aldrei vitað að við þyrftum að borga fyrir það að geyma peningana okkar í peningastofnunum hérna. Það voru neikvæðir vextir af því að þú þurftir að borga. Viðskiptavinurinn borgaði fyrir að hafa geymslustað fyrir peningana. Allt annað, þið getið kallað það raunvexti, þið getið kallað það vexti, þið getið kallað það hvað sem þið viljið, það sem peningarnir kosta manninn sem þarf að nota þá, eru vextir. Það er verðið á peningunum og það eru vextir. Það eru kannski 30–40% í dag og það er ekkert fyrirtæki á landinu sem hefur álagningu til að standa undir slíku. Það er ekki til. Og alveg eins og ríkissjóður þurfa fyrirtæki þess vegna að vera að taka fleiri og stærri lán til þess að standa undir rekstrinum frá einum degi til annars, til þess að geta borgað út laun og fleira. En vextirnir éta þetta smám saman upp. Þess vegna á þetta frv., sem hér er lagt fram á þskj. 279, fyllilega rétt á sér þó það sé óþarft. Þó það geri ekkert annað en að vekja upp umræður og fá menn til að hugsa um hvað er að ske. Allt sem hefur skeð er af mannavöldum og af því að það er af mannavöldum en ekki frá almættinu og heldur ekki að neðan, þá er það mannanna að breyta því aftur þó svo það þurfi að breyta því með skyndiákvörðun sem kemur illa við þá sem eiga mikla peninga og kemur illa við þá sem hafa gert samninga sem ekki er hægt að standa við á kostnað þjóðfélagsins. Því að samningarnir um lánskjaravísitölu eru á kostnað hins almenna borgara í landinu. Og það eru hinir fáu sem eiga fjármagnið sem koma í veg fyrir það að hægt sé að afnema lánskjaravísitölu á nákvæmlega sama hátt og miskunnarlaust af mér og öðrum sem þá voru í ríkisstjórn var farið að afnema launavísitöluna þannig að krónan í manninum sjálfum er verðminni en krónan sem hinir fáu auðmenn á Íslandi eiga sem geyma ekki fé sitt í bönkum heldur í bréfum. Og það eru þessir viðkvæmu fáu sem ráða sem segja nei. Lánskjaravísitalan skal vera áfram og launavísitalan skal dauð um aldur og ævi. Það þýðir að við og peningastofnanir söfnum eignum hinna sem minna mega sín.

Það hefur svolítið verið rætt um það, m.a. heyrði ég hæstv. bankamálaráðherra tala um það, að nú þyrfti að koma að því að hleypa inn erlendu fé til þess að útlendingarnir sjálfir tækju ábyrgð á sínum lánum og ríkið þurfi ekki að veðtryggja greiðslur heldur taki útlendingarnir, erlendir bankar, þátt í lánastofnunum hér og bönkum og þar með er okkar mál leyst. En ég segi ekkert annað en guð almáttugur, ef þetta er hin stóra hugsjón ríkisstjórnarinnar um þessar mundir. Hvað haldið þið að yrði um það litla kapítal sem til er á Íslandi? Því að það fé sem er í umferð á Íslandi og er íslenskt er lítið. Það er miklu minna en margan grunar. Margt af því sem við sjáum hér, verksmiðjuhús og alls konar framkvæmdir, orkuverin öll, er erlent fé. Og hvað haldið þið að útlendingar sem kæmu hingað væru lengi að fjárfesta í því sem gefur mest? Og hvað er það? Það er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Við ættum ekkert í honum eftir mjög skamma stund því það eina sem gefur eitthvað af sér á Íslandi er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Auðvitað færi erlenda kapítalið beint í undirstöðuatvinnuvegina, þar ávaxtast það, hvergi annars staðar. Sjávarútvegurinn stendur undir öllum okkar útgjöldum. Ég ætla að leyfa mér að vara við þessari hugsun.

Erlent fé er gott að vissu marki undir strönguu eftirliti. Þar þýðir ekkert að bera saman og segja: Við eigum að haga okkur eins og allir aðrir vegna þess að hagfræðin segir að kenningarnar gildi alveg jafnt fyrir okkar litla þjóðfélag eins og fyrir stóru þjóðfélögin. Það er rangt. Jafnvel stóru þjóðfélögin gera allt sem þau geta til þess að nota eigið fé og sem allra minnst af erlendu fé. T.d. ætla ég að benda á, svona til þess að hæstv. bankamálaráðherra átti sig á hvað ég er að segja, það stríð sem á sér stað núna milli ítalskra iðjuhölda sem eru að reyna að kaupa General (?) í Belgíu vegna þess að það á að gera Evrópumarkaðinn að einum sameiginlegum markaði innan fárra ára. Það er stórstríð sem stendur á milli þessara landa núna til að ná yfirráðum yfir þjóðarframleiðslu hvers lands fyrir sig. Haldið þið að við verðum eitthvað öðruvísi settir, í öðruvísi klemmu en þessi stóru lönd eru sín á milli núna? Stríðið er hafið á milli stórfyrirtækja. Ég ætla að biðja hæstv. ráðherra um að vera vel vakandi í þessum málum og engum treysti ég betur en einmitt þessum einstaklingi, Jóni Sigurðssyni, til að vera vakandi yfir þessu. Á svona tímum, þetta á ég náttúrlega sem stjórnarandstæðingur alls ekkert að segja, er mér ekki sama hver er í bankamálaráðherrastöðu, en ég treysti einstaklingnum Jóni Sigurðssyni. Þegar ég orða þetta á þennan hátt þá er það vegna þess að ég treysti ekki pólitískum meðbræðrum og flokkspólitíkinni sem hann hyllist í þeim málum. Það er svolítið annað, svolítill blæbrigðamunur.

Við skulum að sjálfsögðu hafa eins mikið frjálsræði í viðskiptum við aðra eins og hægt er, eins og við þolum. En við þolum ekki fjármagnsmarkaðinn eins og hann hefur verið settur af stað, við þolum hann ekki, það er alveg ljóst og við þolum ekki frjálst innstreymi af erlendu fjárfestingarfé og þátttöku útlendinga í peningastofnunum hér.

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Fjármagnsstarfsemi og frv. um hana er að sjálfsögðu fagnaðarefni eins og ég hef sagt en mér finnst eins og þegar talað er um frv. um fjármagnsstarfsemi þá sé verið að boða komu okurlaganna á ný. Og ég held að það hafi verið ákaflega slæmt skref þegar einhvern veginn brenglaðist það mál allt þannig í meðferð að okurlögin duttu bara hreinlega niður og út. Líklega vegna þess að stærsti okrarinn var Seðlabankinn sjálfur sem greiddi 30% fyrir bindifé en tók 200% í vexti af yfirdráttarfé

bankanna, af rekstrarfé bankanna, af vinnutæki fólksins í landinu því peningarnir eru ekkert annað en vinnutæki. Þú gerir ekkert án þess að hafa fé. Þú gerir ekkert án þess að hafa peninga. Þú vinnur með peningum. Þjóðfélagið gengur á þeim. Og öll verkfæri kosta ákveðið. En þegar verkfærunum er safnað saman af Seðlabankanum og leigð út aftur mörgum sinnum dýrara en eigandinn fær fyrir innlánsfé, þá segir sig sjálft að smám saman dregur þessi eina stofnun að sér allt ráðstöfunarfé viðskiptabankanna. Þessu hefur nú verið breytt en þessu hefur ekki verið hætt, bara gert á annan hátt núna. Það er gert á þann hátt að það er flóknara en áður og erfiðara fyrir fólk að skilja almennt hvað er að ske. Það er engu hætt, kerfið er bara öðruvísi. Það er þessi blekkingarstarfsemi sem er hættuleg. Hún er stórhættuleg. Það er nú það.

En ég er sammála hæstv. ráðherra um margt sem hann sagði. Sumt var nú hálfkveðið sem ég hefði viljað vita meira um, t.d. þegar ráðherra segir: Við lögum ekki vandann eða læknum ekki neitt — ef ég má nota mín orð, það er það sem ég skildi hjá ráðherranum — meðan við ekki ráðumst að rótum vandans. Þetta er alveg rétt. En þegar við erum svo heppnir að hafa efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar til margra ára, margra ríkisstjórna, í ráðherrastól, þá væri gaman að vita eitthvað meira. Eins og t.d.: Hvar eru rætur vandans? Getum við í stjórnarandstöðunni hjálpað ráðherranum við að ráðast að rótum vandans þannig að þetta megi verða betra og öruggara þjóðfélag? Þá held ég að það taki ekki langan tíma að sameina stjórnarandstöðuna ef hæstv. ráðherra vill segja okkur hvað við getum gert til að komast að þessum rótum og unnið með honum að því að laga vandann. Ég fyrir mína parta og Borgarafl. býð hæstv. ráðherra samstarf ef hann vill bara vísa veginn.

Virðulegur forseti. Klukkan er nú að verða fimm og ég reikna með að þessi fundur eigi ekki að standa mjög mikið lengur svo ég ætla að ljúka orðum mínum með því að þakka flm. fyrir að hafa komið fram með þetta frv. Hvort sem það verður samþykkt eða ekki samþykkt, þá hefur það dregið athygli að vanda sem er að sliga þjóðfélagið. Þetta er vandi sem hægt er að leysa að mínu mati, hvað sem hæstv. ráðherra kann að segja eða þó hann kunni að hafa aðra skoðun á þeim málum, og þá á ég við vaxtaþáttinn. Og um lánskjaravísitöluþáttinn í 6. gr. vil ég segja að ég mun styðja hana með mínu atkvæði þó að mér finnist hún ekki ganga nógu langt með því að lánskjaravísitöluna eigi að fella niður samkvæmt henni af öllum nýjum fjárskuldbindingum. Ég hefði viljað hafa það víðtækara og fella bara niður lánskjaravísitöluna á sama hátt og launavísitalan var felld niður með einu pennastriki. Það kemur við marga, það veit ég, en ég held að það komi lítið við marga af þeim sem minna mega sín og áreiðanlega ekkert við allan þorra landsmanna sem skulda, eru í skuldasúpu vegna lánskjaravísitölunnar heldur hina sem eiga eitthvað verulegt og kannski mikið magn af peningum inni í lánskjaravísitöluvæntingum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það var ætlunin að halda þessum fundi áfram til klukkan fimm í dag. Nú hafa bæst við þrír á mælendaskrá þannig að sýnt er að þessari umræðu lýkur ekki í dag, en við munum halda áfram til klukkan fimm ef hv. 6. þm. Norðurl. e. kýs að hefja sína ræðu eða telur að hann ljúki henni á þeim tíma sem til umráða er.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég klára nú aldrei mína ræðu á fimm mínútum, en þó að svo sé ætla ég ekki að tala mjög langt mál að þessu sinni.

Það gleður mig að hæstv. dómsmrh. skuli þó viðurkenna að þeir vextir sem nú viðgangast í þjóðfélaginu geti ekki staðið til lengdar. Það er þá a.m.k. búið að viðurkenna að það horfi illa. Hann talar um að ég tali af meiri skynsemi nú heldur en hann hefur heyrt í mér þegar ég tala um efnahagsmál. Það er nú alltaf nokkuð afstætt orðið skynsemi. Það má auðvitað deila um það, sjálfsagt bæði um ræður mínar og hæstv. ráðherra, hvenær við tölum um mál af skynsemi og af hvað mikilli skynsemi. Ég hef engan mæli til þess að mæla það. En ég man eftir því að þegar verið var að fá mig til þess að fara í framboð fyrir rúmum 20 árum þá sagði bóndi nokkur í Eyjafirði, sem ég hef alltaf haft miklar mætur á síðan, að stjórnmálamenn þyrftu að reyna að afla sér þekkingar, þeir þyrftu að vera hugvitssamir, þeir þyrftu að hafa réttlætiskennd, þeir þyrftu að hafa dugnað, lagni og hörku þegar á þyrfti að halda. Ég gleymi þessum orðum aldrei.

En ráðherrann var að tala um siðferðisvitund í sambandi við vexti, neikvæðu vextina og það ástand sem nú er og mér skildist, eða ég tók það þannig, ráðherrann leiðréttir mig þá, að þessir vextir væru á þann veg að þeir væru réttlætanlegir. Þeir væru innan þeirra marka sem hann taldi að samræmdist siðferðisvitund, ja kannski hæstv. ráðherra eða annarra, ég veit ekki hverra.

Ég held að þessir vextir séu komnir langt fram úr því. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að það var náttúrlega ekkert vit í því hvernig þessir neikvæðu vextir voru. Það er bara allt annað mál. En það er komið út í sömu öfgarnar ef ekki meiri. Ef ekki meiri. Ég bara trúi því ekki að siðferðisvitund hæstv. ráðherra sé á þann veg að hann telji við þetta unandi. Þegar hann gerðist ráðherra bankamála var því lofað að minnka verðbólgu og lækka vexti og menn treystu á það. Nú eru sumir sem fóru í framkvæmdir komnir í þrot, algjör þrot. Ég held að þessir menn, sem þannig stendur á fyrir, telji að ríkisstjórnin hafi ekki starfað eftir eðlilegri siðferðisvitund. Ég verð að segja það. (**Forseti:** Ég vil benda ræðumanni á að ég mun fresta fundi. Þessari umræðu lýkur ekki í dag. Hins vegar mun ég gefa honum kost á að ljúka sinni ræðu ef hann er ekki

með langt mál en ég mun leggja það í vald hans.) Ég mun þá fresta minni ræðu því ég á dálítið eftir.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

57. fundur, miðvikudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Aðför, 3. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 558 um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála. Frv. þetta er samið í viðskrn. og kveikjan að gerð þess er reyndar fyrirhuguð útgáfa á lagasafninu síðar á þessu ári. Í lagasafninu úir og grúir af ákvæðum sem ekki hafa gildi lengur en verða ekki felld niður sem gildandi lög í landinu án atbeina Alþingis. Ég vil því beita mér fyrir því sem nefna mætti lagahreinsun og er unnið að því verkefni varðandi þá málaflokka aðra sem ég fer með í ráðuneyti Þorsteins Pálssonar. Reyndar má skipta úreltum ákvæðum í lagasafninu í tvo flokka. Í fyrri flokkinn falla lög sem framkvæmd hafa verið samkvæmt sínu efni. Það er auðvitað óþarfi að birta slík einnota lög lengi í lagasafninu en hins vegar verða slík lög ekki niður felld nema með lögum.

Ég get tekið dæmi um slík lög af handahófi, t.d. lögin um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum, nr. 79 frá 29. des. 1967. Í hinn flokkinn falla svo lög sem eru að formi til í fullu gildi en algjörlega er hætt að framfylgja. Þar mætti t.d. nefna lagaákvæði um siðferði presta sem er að finna í lögum um kirkjunnar mál. Þótt biskup og starfsmenn þess ráðuneytis sem ég stýri og fer með kirkjumál hafi mikinn áhuga á því að málefni þjóðkirkjunnar séu í góðu lagi og þar sé framfylgt réttum lögum, þá hefur siðferðismat þjóðarinnar breyst á þeim öldum sem liðnar eru frá því ýmis ákvæði af þessu tagi voru í lög leidd og menn framfylgja þeim reyndar ekki á okkar dögum.

Þá mætti líka nefna lög sem enga merkingu eða áhrif hafa lengur en eiga sína sögu, t.d. lögin um friðun héra, sem voru sett í tilefni af fyrirhuguðum innflutningi á þeirri dýrategund til þess að drýgja bú bænda í landinu. Slík lög þarf að fella niður með formlegum hætti hér á þingi ef það er vilji löggjafans. Ritstjórar lagasafnsins geta ekki tekið upp á eigin spýtur ákvarðanir um það að hætta að birta svona lög í safninu.

Frv. sem við ræðum hér í dag fjallar að meginefni til um niðurfellingu gamalla og úreltra ákvæða, um löggilta verslunarstaði og mörk verslunarlóða. Í frv. er lagt til að brott falli hvorki fleiri né færri en 118 lög og 10 lagagreinar úr öðrum lögum. Ef þingið samþykkir að fella þessi lagaákvæði brott, þá styttast dálkar lagasafnsins um 177,2 cm, eða sem svarar hæð á meðalmanni, líklega meðalþingmanni. Næsta útgáfa á lagasafninu mun því þynnast sem þessu nemur. En lagasafnið hefur því miður almennt lotið því lögmáli að vaxa að blaðsíðutali frá einni útgáfu til annarrar. Löggjafarsamkundan hefur e.t.v. ekki sinnt því nægilega vel að hún á bæði að gefa og taka. Gefa ný og gagnleg lög, en taka úr gildi önnur sem enga merkingu hafa eða eru til óþurftar.

Í grg. frv. eru raktar helstu ástæður þessarar lagasetningar á hverjum tíma. Hér er vissulega um að ræða merkilegt atriði í framfarasögu þjóðarinnar sem varðar löggildingu verslunarstaða, en í dag hefur sú löggilding engin réttaráhrif ef frá eru skilin ákvæði þau í 9. gr. laganna um verslunaratvinnu sem lagt er til í frv. að haldist óbreytt. Það er ekki farið eftir lögunum hvað varðar mörk verslunarlóða. Það má t.d. nefna að skv. gildandi lögum um verslunarlóðina í Reykjavík nr. 13 frá árinu 1903, sem enn eru birt í dálki 1425 í lagasafninu, má ekki versla í Reykjavík vestan við Kaplaskjólsveg eða austan við Rauðarárstíg. Viðskrn. treystir sér ekki til að beita slíkum ákvæðum, enda þjóna þau engum skynsamlegum tilgangi lengur. Verslunin dafnar um allt land en margir staðir, sem löggiltir voru sem verslunarstaðir, eru nú blómlegir þéttbýlisstaðir. Aðrir slíkir staðir risu aldrei undir nafni sem verslunarstaðir þar sem framtak einstaklinga og aðstæður aðrar til verslunar reyndust ekki alltaf í samræmi við hugsjónir þeirra sem beittu sér fyrir löggildingunni.

Verslunarþjónustu er nú markað landsvæði með umfjöllun um aðalskipulag sveitarfélaga og öll sveitarfélög eru nú skipulagsskyld. Því er óhætt að fella úr lögum öll ákvæði sem varða verslunarstaði. Lögin um löggildingu verslunarstaða eru hins vegar merkileg gögn um þátt í löggjöfinni, þátt í samfélagsþróun hér á landi og munu sagnfræðingar og aðrir fræðimann vafalaust fjalla mikið um það efni í framtíðinni.

Í 1. kafla frv. er fjallað um breytingar á ákvæðum í lögum um verslunaratvinnu, nr. 41 frá 10. maí 1968,

en þar er nú vitnað til löggiltra verslunarstaða. Þar er ekki um neina efnisbreytingu að ræða heldur eingöngu vitnað til þess sem ég sagði hér áðan.

Í 2. og 3. kafla er fjallað um brottfall laga sem varða löggildingu verslunarstaðanna og um verslunarlóðirnar og 4. kaflinn fjallar svo um brottfall laga frá 1925, um sérstaka fiskifulltrúa á Spáni og á Ítalíu, og um brottfall laga frá 1933, þar sem ríkisstjórnin fékk heimild til að gera ýmsar ráðstafanir vegna viðskiptasamninga við bresku stjórnina.

Hæstv. forseti. Það er von mín að í framhaldi af þessu frv. muni fleiri slík frv. koma fram á þinginu. Það er að mínu áliti öldungis óviðunandi að í lagasafninu séu prentuð sí og æ lög sem ekki ber að fara eftir, lög sem úrelt eru orðin. Slíkt getur valdið réttaróvissu í þjóðfélaginu og dregur úr virðingu fyrir lögunum. Í þessu felst alls ekki sú hugmynd að það eigi að ryðja góðum og gömlum lagaákvæðum úr lagasafninu eingöngu fyrir elli sakir heldur eingöngu að lagasafnið sé spegill af raunverulega gildandi löggjöf á hverjum tíma að vilja löggjafans.

Ég hef rætt þetta mál við samstarfsráðherra mína og ráðuneytisstjórinn í dóms- og kirkjumrn. hefur tekið mál þetta upp við ráðuneytisstjóra allra annarra ráðuneyta.

Vorið 1985 kaus Alþingi sérstaka nefnd til að vera til ráðuneytis um framkvæmd þál. um lagahreinsun og samræmingu laga en árangur af því nefndarstarfi hefur enn ekki orðið. E.t.v. tekur nú nefndin við sér. Ég hygg að hún muni lítt hafa starfað fram til þessa.

Ég tel þó heppilegast að hvert ráðuneyti kanni sjálft og standi fyrir tillöguflutningi um brottfall laga á sínu sviði. Lagasafnið á ekki að vera eilíf safnþró fyrir lögin heldur þarf jafnt að hugsa um það að fella brott úrelt lög og úrsérgengin og að bæta nýjum við. En auðvitað þarf löggjafinn að leggja sjálfstætt mat á slíkar tillögur hverju sinni.

Ég vona að þetta frv., sem ég tel vera þarfa nýjung í löggjafarstarfinu, verði upphaf að vorhreingerningu í lagasafninu á vegum allra ráðuneyta.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ríður hér á vaðið með nokkrum dugnaði í máli sem nokkuð hefur verið til umræðu undanfarin ár, þ.e. endurskoðun lagasafnsins og hreinsun eða brottfelling ákvæða sem þar eru úrelt orðin. Í framsöguræðu svaraði reyndar hæstv. ráðherra nokkru af því sem ég ætlaði að spyrja hann um. En ég sé samt ástæðu til að inna frekar eftir því hvað líður stefnumörkun í þessu máli í heild. Þó að því sé vel sinnt og af dugnaði í einstöku ráðuneyti þá leysir það ekki þann vanda sem ræddur var hér í tengslum við almenna endurskoðun þessara mála og var grundvöllur þál. sem samþykkt var um það efni á sinni tíð og nefndaskipan eins og hæstv. ráðherra vitnaði til.

Ég hef þá afstöðu í þessu máli að móta þurfi reglur um það við hvað skuli styðjast þegar ákveðið er hvaða ákvæði skulu brottu felld og hverju megi að skaðlausu halda í lagasafni. Ég er þeirrar skoðunar, eins og fleiri hv. þm., að sum forn ákvæði megi gjarnan standa í lagasafni þjóðarinnar þó að þau hafi kannski ekki stórkostlegt hversdagslegt gildi. Ég minni á í því sambandi að enn er það svo að hæstaréttardómar falla inn á milli rökstuddir með eða grundvallaðir á ákvæðum forns réttar, til að mynda ákvæðum Jónsbókar. Og þó það sé yfirleitt á einhverjum afmörkuðum sviðum, þá sýnir þetta svo ekki verður um villst að ástæða getur verið til þess að láta forn ákvæði réttar halda sér þar sem það á við.

Með þessu er ég ekki að segja að það sé ekki heilmargt sem falla má brott úr lagasafninu. Og ég get út af fyrir sig stutt það að þessi ákvæði um löggildingu verslunarstaða eru nokkuð úrelt orðin í flestum tilfellum og óþörf. Þó er það þannig að viss söguleg eftirsjá er að því að úr lagasafninu falli þessir staðir. Á bak við löggildingu þeirra er ákveðin saga og þetta vitnar um ákveðið hlutverk sem þessir staðir léku á sinni tíð eða þeim var ætlað. Þarna fellur niður sem verslunarstaður Hraunhöfn á Melrakkasléttu, svo dæmi sé tekið, hvar veginn var Þorgeir Hávarsson og heygður er skammt frá og lesi menn lagasafn og sjái þennan stað rifjast auðvitað upp sú saga. Það er kannski ekki nægjanleg réttlæting til þess að hafa það inni í lagasafni, en ég nefni þetta dæmi og fleiri mætti taka til þess að sýna að á tölvuöld er e.t.v. ekki svo óskaplegt óhagræði að því þó að lagasafnið sé eitthvað ítarlegra, eitthvað þykkari bók en ella. Ég held að af nærgætni eigi að skoða hvaða ákvæði mega að skaðlausu halda sér sögunnar og menningarinnar vegna og einnig með það í huga að ákvæði forns réttar geta stundum ráðið úrslitum jafnvel við hæstaréttardóma.

Ég óska svo skýringa á einu atriði í athugasemdum við frv. sem ég ekki skil og ég get ekki neitað því, herra forseti, þó að ég ætli ekki að fara að hafa hér uppi gamanmál að mér varð á að glotta þegar ég las vísu sem prentuð er efst á bls. 6 í frv. Þar hefur annaðhvort orðið stórfelldur misskilningur höfunda frv. eða meinleg prentvilla. Ég vil gjarnan þeirra vegna trúa að um sé að ræða prentvillu því að mig grunar að gott og gilt íslenskt orð eigi að standa þar fyrir orðið „skötur“. Vísan er prentuð með eftirfarandi hætti, með leyfi þínu, forseti, efst á bls. 6 og er eignuð eða kennd gömlum Borgfirðingi en grunur leikur á um að Pétur Pétursson, síðar biskup, hafi komið vísunni á flot. Hún er svohljóðandi:

Kaupstaður á Skipaskaga
skötunum verður mjög til baga
eftir sig hann dilk mun draga
drykkjurúta og letimaga.

Vísan er náttúrlega skemmtileg og ágæt í þessu samhengi, en væntanlega ætti þarna að standa orðið skötnum, sbr. skati og veifiskati, og skil ég þá vísuna, en ef ekki er um prentvillu að ræða eru hér

alveg ný vísindi á ferðinni fyrir mig. Ég vil samt ekki að þessi meinlausa prentvilla verði til þess að þessi skemmtilega nýbreytni að halda í ofurlítið af sögunni og kveðskaparhefðinni þegar menn eru að vinna að löggjafarstörfum — ég vil alls ekki að hún verði eða skiljist af minni hálfu sem nokkur andstaða við það, þvert á móti. Hins vegar er nauðsynlegt að rétt sé með farið og því er rétt að athuga hvort ekki þurfi að leiðrétta þetta í endurprentun.

Það er ekki mikið fleira, herra forseti, sem ég sé ástæðu til að segja um þetta að svo stöddu. Ég hefði út af fyrir sig talið æskilegt að hæstv. forsrh. hefði getað sagt okkur af því hvernig þessi mál stæðu í ríkisstjórninni allri. Ég dreg að sjálfsögðu ekki í efa góðan vilja hæstv. dóms- og viðskrh. og að hann sé maður til að hafa góða og farsæla forustu um þessi efni innan ríkisstjórnarinnar, en ég skildi hann og hans mál svo að honum hefði leiðst biðin eftir því að aðrir ráðherrar sýndu einhvern dugnað af sér í þessum efnum og því riði hann á vaðið með þessum hætti og ætla ég sem sagt ekki að lasta það en vildi gjarnan fá að heyra hvers er að vænta á öðrum sviðum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að lýsa því yfir að ég styð þetta frv. í aðalatriðum og mundi að sjálfsögðu telja það af því góða að gert verði átak í því að hreinsa lagasafnið með brottfalli úreltra laga og hvort sem við mælum það í mannhæðum, þingmannamannhæðum eða öðru er það að sjálfsögðu stefna sem hefur áður verið mörkuð og virðist framtak hæstv. viðskrh. lofsvert að þessu leyti til. Hins vegar tek ég undir það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er ekki alveg sjálfgefið að hreinsa út úr lagasafni gömul lög þó að lítið reyni á þau. Það getur verið þess eðlis að nauðsynlegt sé að styðjast við þau í mörgum tilfellum eins og lagasagan sýnir.

Það sem kom mér til að koma hér upp var aðeins angi af þessari hugleiðingu í sambandi við brottfall laga um löggilta verslunarstaði. Ég hnýt um nokkur atriði en þó einkum ein lög sem ég vil aðeins staldra við og fá rökstuðning hæstv. ráðherra varðandi þau. Það er nr. 27, lög nr. 5 frá 1890, um löggilding verslunarstaðar á Stapa í Snæfellsnessýslu. Arnarstapi eða Stapi í þessu tilfelli er einn af merkari stöðum hér á landi í sambandi við verslunarsöguna og raunar viðskiptasögu á ýmsum sviðum. Þar hafa oft og tíðum setið merkustu menn í okkar þjóðfélagi. Þessi staður á sér merka sögu og gegndi alltaf þýðingarmiklu hlutverki fyrr á tíð. Ég vil geta þess sérstaklega að á þessum stað er enn þá verslun og í dag er þarna mikill uppgangur á ný og við sem þjónum þessu kjördæmi, Vesturlandskjördæmi, erum mjög bjartsýnir ásamt með íbúum á þessu svæði á að þarna verði veruleg framþróun í næstu framtíð. Þess vegna finnst mér að þessi staður megi helst ekki missa þennan þátt í lagasögu þjóðarinnar og vildi fá skýringar á því af hverju hann er tekinn hér með þar sem þarna er starfandi verslun og hvort það væri nokkuð úr vegi frá hendi hæstv. viðskrh. að breyta þessu ákvæði að því er varðar þennan stað.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessu framtaki viðskrh. til lagagrisjunar. Það hefur verið rætt hér á þingi oft og iðulega að mikil þörf væri á því að grisja lagasafnið. Lagadeild Háskóla Íslands beitti sér mjög fyrir því að þm. gengju fram í þessu máli sem varð m.a. til þess að 1984 flutti ég þáltill. hér á þingi um lagagrisjun. Hún var samþykkt samhljóða og í framhaldi af þeirri samþykkt var skipuð nefnd, ég hygg fulltrúa allra þingflokka, til þess að fjalla um málið. Og ég vildi endilega vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram hvetja til þess að þessari lagagrisjun verði hraðað eins og unnt er og að hæstv. viðskrh. sem sýnt hefur frumkvæði í þessu máli hafi þá frumkvæði um málið innan ríkisstjórnarinnar. Þetta er mjög brýnt og þeim hv. þm., sem lýst hafa áhyggjum yfir brottfalli ýmissa laga sem nú eru í lagasafni vil ég segja, til glöggvunar að það var hugmyndin í tengslum við lagagrisjunina að þau lög, þótt ekki yrðu í gildi lengur, hyrfu ekki af spjöldum sögunnar, heldur yrðu sett í sérstakt geymslueintak lagasafnsins sem yrði þá fylgirit væntanlega með lagasafninu hverju sinni. Sú hugmynd var uppi að þau lög sem brott falla yrðu ekki uppnumin né færu þau í glatkistuna.

Ég hvet, eins og ég sagði í upphafi, til þess að þessari lagagrisjun verði haldið áfram. Það er allt of mikið af lögum sem þjóna ekki lengur neinum tilgangi og hafa ekkert gildi. Það er ekki eftir þeim farið og ekki á þau litið þannig að þau eru betur geymd annars staðar en í lagasafninu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru bara örfá orð. Ég held að nauðsynlegt sé að hreinsa lagasafnið og það var samþykkt hér eins og fram hefur komið með þáltill. og hefur dregist að framkvæma hana eins og margar aðrar slíkar ályktanir. Við fljótlega yfirferð sýnist mér að elstu lögin séu frá 1875. Þarna er ekki verið að leggja til að tekin séu hin gömlu lög. Hins vegar finnst mér að það eigi að taka öll lög sem hafa ekki lengur neitt lagagildi. Hins vegar, ef það er álitamál, það þarf að athuga vel hvort þau geta haft lagagildi í dómsmálum, eiga þau náttúrlega að standa áfram. Mér finnst að það eigi reyna að hraða því að ljúka þessu verki og síðan eigi, bæði vegna sögunnar og líka til þess að átta sig á því hvernig lög hafa þróast hér, að gefa það út í einni bók.

Annað hef ég ekki um þetta mál að segja. Það er til óhagræðis fyrir okkur að hafa þetta svona og þess vegna þarf að ganga í það að ýta þessu verki áfram. Þó má ekki kasta til þess höndunum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þeir þm. sem tekið hafa til máls frá upphafi þessa fundar fagna

frv. og þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá vinnu sem hann hefur hafið með eins konar hreingerningu á lagasafninu. Ég vil benda á það að í fjármálaráðherratíð minni lét ég taka út, bara til þess að skapa mér rök fyrir einmitt sams konar vinnu, allt sem snerti landbúnað og gefa það út í sérriti til þess að sýna hvað mikið af lögum væri í gildi um þann málaflokk sem hefði ekki þýðingu lengur. Árangurinn varð nú afskaplega rýr því að engin niðurfelling kom út úr þeirri miklu vinnu sem unnin var af einhverjum hæfasta lögfræðingi þessa lands sem er Páll Líndal og væri gott ef hæstv. ráðherra gæti tekið þau mál og leitt áfram innan ríkisstjórnarinnar þannig að hún skilaði því góða verki að hreinsa út lög sem ekki hafa lengur lagagildi. Ekki skal ég segja hvort þessi lög sem hér er lagt til að falli brott úr lagasafninu hafi það litla þýðingu eða enga þýðingu öllsömul að þau geti fallið brott. Hvað skeður ef löggilding verslunarstaðar er felld niður? Verslunarstaðurinn heldur áfram að vera til, en er hann þá ekki lengur löggildur eða þarf hann ekki löggildingu? Ég veit það ekki. En ég fagna alla vega þessari vinnu sem hefur verið lögð í þetta.

Ég bjó um nokkurra ára skeið á Ítalíu og það var ósjaldan sem viðskiptaaðilar höfðu samband við mig sem Íslending og héldu að ég gæti eitthvað aðstoðað þá við það að hafa frjáls viðskipti við landið en það var nú eitthvað annað. Í IV. kafla frv. er lagt til að lög nr. 5 frá 4. maí 1925, um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu, falli úr gildi. Ég vona að þetta þýði að viðskipti við Ítalíu geti þá orðið frjáls, að þessi lög, þó að ég þekki þau ekki, séu þess eðlis að þau gefi einhverjum einum fiskifulltrúa þjóðarinnar einokun á markaðinum á Ítalíu og þá Spáni líka og það sé hér með verið að fella slík lög úr gildi. Nú veit ég ekki nógu mikið um þessi lög sem verið er að fella úr gildi til þess að geta sagt með neinni vissu að sú vinna sé unnin með þessari niðurfellingu laga. Það væri betra ef svo færi vegna þess að eins og er er ég sannfærður um að frjáls samkeppni er til bóta á þessum mörkuðum en ekki það fyrirkomulag sem verið hefur.

Sem sagt, ég bendi á þá vinnu sem var unnin, það sem er til sundurgreint í lögum. Æskilegt væri að hæstv. dóms- og viðskrh. gæti tekið það upp innan ríkisstjórnarinnar að þessu verki yrði haldið áfram. Ég þakka honum fyrir það sem komið er og lít á það sem byrjun á miklu starfi sem fram undan er í þessum málum vegna þess að þó ekki hafi komið annað út úr þeirri skoðun sem ég lét fara fram og var bæði kostnaðarsöm og mikil vinna var þó niðurstaðan sú að öllum var ljóst að þessi vinna sem nú er unnin og kynnt af hæstv. viðskrh. var löngu þörf og nauðsynleg.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég vildi þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir undirtektirnar við frv. Ég skil það svo að menn séu fylgjandi því að meginstefnu til. Ég vildi þó svara örfáum orðum ýmsu því sem fram hefur komið í máli þeirra sem talað hafa og ég vildi þá fyrst fjalla um það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e.

Hann innti eftir stefnumörkun í málinu og það gerðu reyndar aðrir, bæði hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Reykv., og kom það kannski óbeint fram í máli hinna sem töluðu. Ég nefndi þetta stuttlega í minni framsöguræðu. Ég hef tekið málið upp í ríkisstjórn og þar hefur verið samþykkt að hver ráðherra kanni hjá sér hvað til greina komi um brottfall úrsérgenginna laga á hans málasviði. Ég vonast til þess að því verði fylgt eftir. Ég hef líka beint þessu til embættismannanna í öllum ráðuneytunum fyrir milligöngu ráðuneytisstjórans í dómsmrn. Ég vona að á þessu verði framhald og ég mun svo sannarlega fyrir mitt leyti reyna að fylgja því eftir.

Ég vil þegar þetta er rætt taka það sérstaklega fram að auðvitað er aðdragandi þessa máls langur. Hann er m.a. þáltill. hv. 3. þm. Norðurl. e. Árna Gunnarssonar frá árinu 1984 og nefndin sem skipuð var í framhaldi af samþykkt þeirrar ályktunar. Ég geri ráð fyrir að eðlilegt sé að sú þingnefnd sem um málið fjallar leiti til þeirrar nefndar, sem hugsuð var að vera til ráðuneytis, þegar að því kemur.

Það er líka rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að hann lét taka saman mikið rit um rætur landbúnaðarlöggjafarinnar og um gildandi rétt á því málasviði. Það er mikið rit að vöxtum og gæðum sem Páll Líndal, hinn mætasti lögfræðingur, tók saman og vafalaust getur það orðið hjálplegt fyrir landbrh. þegar hann kemur með sínar tillögur um grisjun löggjafar á sviði landbúnaðar.

Ég vildi svo aftur koma nokkuð að því sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. sem nú sem fyrr lýsir því sem ég giska á að hann kalli heilbrigða íhaldssemi í sínu máli. Hann vill halda fast við fornar dyggðir. Það er gott. Hann vill halda fast í forn lagaákvæði og fornan rétt þótt ekki reyni oft á það í nútímaþjóðfélaginu. Þetta er sjónarmið sem ég geri ráð fyrir að þm. deili margir með honum og hann lýsti líka eftir því sem ég held að hann hafi kallað nærgætni í niðurfellingu lagaákvæða. Ég treysti á nefnd þingsins í því að hún fari nærfærnum ljósmóðurhöndum um þetta frv. eins og önnur og meti þá einmitt sjónarmið eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi.

Út af vísunni sem er í grg. er þar skemmst frá að segja að það er hvorki Pétur Pétursson biskup né gamall Borgfirðingur sem bera ábyrgð á því að vísan birtist í skötulíki í grg. Auðvitað átti þetta að vera skötnum og hefur engum manni dottið annað í hug nema prentvillupúkanum. Og um þetta er ekki fleira að segja. Því miður glæptist góður fréttamaður Ríkisútvarpsins til þess að lesa prentvilluna upp í útvarpinu. Ég harma það en það er ekki honum að kenna, heldur prentsmiðjunni og prófarkalesaranum að sjálfsögðu og ég tek á mig fulla ábyrgð af þessari bagalegu prentvillu og fagna því að hv. 4. þm. Norðurl. e. gefur mér þetta beina tilefni til að leiðrétta þessa prentvillu í grg. rækilega. Þær kunna

að vera fleiri. M.a. er ein hér í 11. tölul. 3. gr. frv. Þar á auðvitað ekki að vera „Protland eður Dyrhóla“ heldur „Portland eður Dyrhóla í Íslands suðuramti til að vera kaupstaðarpláz.“

Ég vildi svo út af máli hv. 1. þm. Vesturl. segja að ég tek undir með honum að það er ekki sjálfgefið að hreinsa út úr lagasafninu gömul lög þótt lítið reyni á þau. Það er einmitt þess vegna sem þarf að fjalla um þetta sem löggjafarmálefni.

Varðandi athugasemdir hans um 27. tölul. í 3. gr. um löggildingu verslunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu vil ég taka það fram alveg skýrt að um þann fornfræga og merka stað er ekki neitt sérstakt að segja í þessu sambandi. Þetta eru nákvæmlega sams konar lög og lagt er til að brott verði felld fyrir ýmsa aðra gagnmerka verslunarstaði og breytir engu um verslunarrétt eða verslunarstöðu á þeim stað og það er alls ekki meiningin að ræna staði afmælum sínum með því að fella þetta brott sem hætta gæti verið á og ég tel tillöguna sem fram kom í máli hv. 3. þm. Norðurl. e. og reyndar einnig í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., að gefa út eins konar safnrit með lagasafninu yfir lög sem sögulegt gildi hefðu, vera málefni sem lagastofnun gæti lagt lið. Það er kannski ekki kjarni málsins, en ég vil því sagja að það er alls ekki verið að leggja til að ræna staði sögu sinni, heldur eingöngu að vera ekki að fylla lagasafnið, sem á að vera starfstæki lifandi þjóðfélags, af ákvæðum sem hafa lítið með gildandi rétt að gera.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. orðaði þetta á einfaldan hátt. Hann sagði: Það ætti að taka öll lög sem ekki hafa lagagildi úr safninu. En þarna er líka kjarni málsins geymdur sem er þessi: Hvað hefur lagagildi? Það getur löggjafinn í reynd einn dæmt um þegar um það er að tefla hvort eigi að taka eitthvað af lögbókinni eður ei. Ég vona að með þessu hafi ég svarað því sem til mín var beint og ítreka tillögu mína um að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 205. mál. — Þskj. 279.

Stefán Valgeirsson (frh.):

Herra forseti. Ég mun hafa verið þar í ræðu minni að ég ætlaði að minnast á vexti í öðrum löndum vegna þess að hér hafa verið fullyrðingar um það að víða séu hærri vextir en eru á Íslandi. Ég tek þó fram að þessi samantekt er frá því fyrir áramót og síðan hafa vextir lækkað í nokkrum löndum þó að ég hafi það ekki hér fyrir framan mig hvað slík vaxtalækkun hefur orðið. En þetta er eftir Seðlabankanum haft og ég vona að það sé rétt.

Það er sagt að á Íslandi séu vextirnir frá 4,7 upp í 7,7%. Ég vil byrja á því að gera athugasemd við þetta. Það er að vísu talað um meðalvexti á sl. ári, en þegar þessi samantekt er gerð er miðað við ⅔ ársins, ekki síðustu fjóra mánuðina sem breytir líka þessari mynd verulega. Þeir segja að þetta hafi verið frá 4,7 upp í 7,7%, í Bandaríkjunum 2,9%, í Bretlandi 4,3%, í Vestur-Þýskalandi 5,4%, þeir eru verulega lægri núna, í Frakklandi 6,2%, í Japan 2,1%, Kanada 4,8%, í Danmörk 9%, í Finnlandi 4,1%, í Svíþjóð 6,5%, í Belgíu 7,1%, í Hollandi 5%, í Sviss 3,6%, á Ítalíu 8,4%, á Írlandi 4,8%, í Austurríki 5,3%, í Portúgal 10,9%, á Spáni 10,5%, í Ástralíu 9,3% og á Nýja-Sjálandi 17,4%.

Vextir á Íslandi hækkuðu verulega á síðasta þriðjungi sl. árs. Það kemur t.d. fram í skýrslu Seðlabankans að vextir á verðtryggðum reikningum eru verulega hærri. Það kom fram í viðtali við hæstv. utanrrh. að hann taldi að útlánsvextir væru 20–30%. Aðrir hafa nefnt við mig enn þá hærri tölu, þ.e. þá er það í vissum tilvikum. Ég held að það sjáist á þessum upplestri að raunvextir á Íslandi eru með þeim allra hæstu ef ekki hæstu miðað við þessa töflu.

Hæstv. bankamálaráðherra talaði um að fá erlenda banka inn í landið. Ég viðurkenni að ég hef ekki haft möguleika á að athuga það svo nákvæmlega nema ég hef haft samband við menn sem eru kunnugir á þessu sviði og þeir benda á að erlendir bankar muni ekki koma inn í landið öðruvísi en að gera ráð fyrir því að þeir hafi af því verulegan hagnað. Og ef reynslan sýni það að þeir hafi metið það rangt muni þeir hverfa héðan í skyndingu. Ég vil ekki fullyrða um það hvort þessar skoðanir eru á rökum reistar, en ég vil samt láta það koma hér fram til umhugsunar. Ef þessar skoðanir reyndust réttar, ég hef talað t.d. við hagfræðinga um þetta mál, við bankamenn, gæti það verið dálítið umhugsunarefni hvaða afleiðingar það gæti haft en ég ræði það ekki frekar hér.

Hæstv. bankamálaráðherra ræddi um það að verðtryggingin hafi bjargað fjármagnsmarkaðinum hér. Við höfum ekki deilt um þetta atriði. Það sem er verið að deila um er að vaxtahæðin hefur farið alveg úr böndum. Það er orðið eins — ja, ég vil segja vitlaust eins og áður var þegar vextirnir voru svo og svo neikvæðir. Það stendur enginn atvinnurekstur eða einstaklingar undir svona fjármagnskostnaði. Það er málið. Það vita allir sem hafa opin augun að eignatilfærsla í þessu þjóðfélagi er blátt áfram hrikaleg í dag. Og mér þykja það mjög mikil tíðindi ef þeir menn sem kenna sig við jafnaðarstefnu vilja ekki og fást ekki til þess að grípa þarna í taumana og laga þetta. Þetta er ólíðandi. Þetta hlýtur að verka þannig að til ófarnaðar leiði eins og mýmörg dæmi er hægt að koma með. Atvinnurekstur er að stöðvast, atvinnuleysið fer þá í kjölfarið. Einstaklingar eru gjaldþrota og það fer ört vaxandi. Hver hv. þm. vill bera ábyrgð á slíkri þróun?

Það hefur verið talað um að verðbólgan fari eftir

eftirspurn. Hún eigi að ráða og hún ráði. Það ræður auðvitað nú en það er líka ýmislegt sem verður til þess að hafa áhrif á það að almenningur telur að verðbólgan fari vaxandi, en eigum við að leiða hugann að því hvers vegna það er. Þetta gerist þrátt fyrir það að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkar hafi heitið þjóðinni því að vinna á móti verðhækkunum. Meira að segja ætla þeir að vinna að því að lækka verðbólguna og lækka vextina. Ef það er rétt, sem ég raunar efast ekkert um, að það sé ein af ástæðunum er það fyrir það að þjóðin treystir ekki ríkisstjórninni, blátt áfram vegna þess. Hún tekur ekki mark á orðum hennar og það ætti hæstv. ríkisstjórn að hugleiða niður í kjölinn.

Ég gat um það í fyrri ræðu minni að í september á sl. ári hefði ríkissjóður leitað út á hinn almenna markað með ríkisvíxla og þar með aukið eftirspurnina. Það er annað sem mig langar líka til að vekja athygli á en það er að ríkissjóður hefur samið við Seðlabankann um viss kjör á sínum yfirdrætti sem fer eftir hlaupareikningum bankanna en er þó 1% minna. Ef samkomulagið stendur ekki af hálfu ríkissjóðs verða þessir vextir að vísu hærri, það sem umfram er, en aldrei eins og dráttarvextir eru á hverjum tíma.

Auðvitað varð þessi breyting, að ríkissjóður fór út á hinn almenna markað og fór að keppa við bankana um peningana — og ég ætla ekki að bæta við það sem ég sagði um daginn um það efni, ég held að það hafi komið alveg nógu skýrt fram — til þess að vaxtasprenging varð í landinu. Og ég sný ekki aftur með það að það er algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvernig komið er í þessum málum og þegar menn halda því fram að vextirnir hafi ekki áhrif á verðlagið er ég alveg hættur að skilja slíkan málflutning og slíka menn. Halda menn virkilega að verslunin láti ekki vextina koma fram í verðlaginu? Dettur mönnum það í hug? Gera menn sér ekki grein fyrir hvað er að gerast í sambandi við dreifbýlisverslunina hvort sem það er samvinnuverslun eða einkaverslun? Það hafa sagt mér einir þrír forstöðumenn slíkra verslana að umsetningin í byggingarvörum og vefnaðarvörum hjá sér sé ekki nema tvisvar sinnum á ári. Miðað við þessi vaxtakjör þyrfti að setja á þessa vöru 20% vexti til að standa undir vöxtunum einum saman. Hér á þessu svæði er þetta náttúrlega allt annað vegna þess að afsetningin á sumum vörum er kannski þannig að þeir þurfa enga vexti að borga því að kaupmenn geta fengið vaxtalausa víxla í 45 daga. Ég veit a.m.k. dæmi þess að kaupmenn hafa getað velt í matvöruverslunum 20–30 sinnum á ári. Þá geta menn reiknað aðstöðuna út.

Það er sem sagt tvennt, og ég undirstrika það hér og nú, sem hefur gerst í þessum málum. Annars vegar er það „grái" markaðurinn sem hefur engar skyldur, hvorki bindiskyldur eða aðrar skyldur, og „grasserar" hér og meira að segja hæla menn sér af því í viðtölum við blöð að þeir séu að komast yfir svo og svo miklar eignir. Ég er margsinnis búinn að leggja áherslu á það, bæði hér á hv. Alþingi og við fyrrv. ríkisstjórn, að þarna verði að taka í taumana, annars muni til ófarnaðar leiða. Það eru fyrst og fremst þessar tvær ástæður. Ríkissjóður keppir um fjármagnið við bankana og „grái" markaðurinn fer sínu fram og engum lögum er hægt yfir hann að koma eftir því sem manni heyrist. Sú lagasetning sem átti að verða í fyrra um þetta efni reyndist haldlaus. Ég benti líka á að ég væri hræddur um að reyndin yrði sú þó að aðrir fullyrtu hið gagnstæða.

Ég sé mér ekki annað fært en að lesa tvo kafla upp úr skýrslu Seðlabankans máli mínu frekar til stuðnings, með leyfi forseta. Hér stendur á annarri síðu í þessari viðamiklu skýrslu þar sem þeir eru að tala um þróunina í þessum málum:

„Í fyrsta lagi hefur verðbólgan og óvissa um framtíðarþróun verðlags verið vaxandi á þessu tímabili og aukið jafnvægisleysi á lánamarkaði.

Í öðru lagi hefur aukin samkeppni á lánamörkuðum, bæði vegna almennrar þenslu og aukinnar fjáröflunar ríkisins og annarra opinberra aðila, aukið á eftirspurn eftir lánsfé.

Í þriðja lagi hafa raunvextir bankakerfisins smám saman verið að aðlagast raunvöxtum á öðrum hlutum lánamarkaðarins eins og hlaut að verða í kjölfar aukins frjálsræðis á lánamarkaðinum. Er reyndar slík samræming vaxtakjara lánsfjár eitt af skilyrðum þess að heildarjafnvægi geti náðst á markaðinum."

Hvað eru þeir að segja í þessari málsgrein? Þeir eru að viðurkenna að „grái" markaðurinn og boð ríkisins um raunvexti upp á 41,3% verði til þess að pressa upp vextina. Það stendur hér skýrt í skýrslu Seðlabankans.

Ég ætlaði ekki að þreyta þm. á of miklum lestri upp úr þessari skýrslu. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. geti fengið hana í hendur, enda er hægt að draga af henni ýmsa lærdóma. En ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa neðarlega af þriðju síðu skýrslunnar. Þar segir:

„Á fyrstu átta mánuðum ársins virðist hann þó vera nokkuð minni en á árinu 1986." — Hér er verið að tala um þensluna. — „Ýmislegt bendir til þess að afkoma innlánsstofnana verði ekki góð á þessu ári og gefur það ásamt upplýsingum um þróun vaxtamunar ekki tilefni til þess að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu Seðlabankans til þess að draga úr vaxtamun. Rétt er þó að taka fram að enn er unnið að þróun talnaefnis og endurbættum aðferðum til mats á vaxtamun og verður því þegar af þeirri ástæðu að fara varlega í ályktunum um þessi efni.

Nú er unnið að því að meta vaxtamun út frá reikningsuppgjörum innan árs. Bankar og sparisjóðir taka slíkt uppgjör saman þrisvar á ári og mun því henta að gera ráðuneytinu grein fyrir niðurstöðu um vaxtakjör í kjölfar þess en ekki ársfjórðungslega eins og nú er gert samkvæmt beiðni ráðuneytisins." Svo mörg eru þau orð.

Ég held að ég láti þetta nægja í sambandi við þær umræður sem hafa farið fram að öðru leyti en því að

ég tel það sjálfsagt mál að sú nefnd sem fær frv. til umfjöllunar athugi það mjög vel. Ég er ekki sammála þessum lagagreinum en það þarf að gera eitthvað í þessu máli. Það er alveg á hreinu. En ég vil ekki úttala mig um það hér og nú, ég á eftir að kanna það betur. En svo getur ekki haldið áfram. Það verður að taka á þessum málum eins og ég mun kannski koma svolítið betur að því að ég verð að fara út í aðra sálma nokkra stund.

Í Morgunblaðinu í morgun er viðtal við formann Framsfl., hæstv. utanrrh. Steingrím Hermannsson, út af viðtali við mig í Morgunblaðinu í gær þar sem Morgunblaðið spurði um veru mína í bankaráði Búnaðarbankans og hvort ég ætlaði að sitja þar áfram.

Hæstv. utanrrh. segir: „„Ég er Stefáni mjög ósammála. Hann var kosinn í bankaráð sem fulltrúi Framsfl. og þá um leið sem fulltrúi framsóknarmanna í þéttbýli og dreifbýli. Það mundi sýna siðferðilegan styrkleika að hann segði sig úr bankaráðinu", sagði Steingrímur Hermannsson utanrrh. og formaður Framsfl. er Morgunblaðið innti hann álits á þeim ummælum Stefáns Valgeirssonar, þm. Samtaka jafnréttis og félagshyggju, að ekkert óeðlilegt væri við það að hann sæti í bankaráði Búnaðarbankans fyrir tilverknað Framsfl."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira upp úr þessu samtali. En af þessu tilefni, og mér þykir það mjög leitt að utanrrh. á ekki sæti nú á þingi og er ekki viðstaddur, kemst ég ekki hjá því vegna blaðamanna sem hafa hringt í mig í morgun að skýra mitt viðhorf út af þessum ummælum hæstv. utanrrh. Þar sem þetta er í raun og veru allt tengt þessu máli vil ég byrja á því að segja að ég sagði mig ekki úr Framsfl., mér var vísað úr honum. Ég ætla ekki að rifja það upp að öðru leyti en því að það voru samtök margra manna á Norðurl. e. sem skoruðu á mig að fara í framboð. Það var sótt um að fá bókstafinn BB. Því var hafnað af forustu Framsfl. Samkvæmt lögum flokksins eru þeir sem fara í framboð fyrir aðra þar með sjálfkrafa úr honum farnir. Þetta er málið.

Ég vil þá koma að því að eftir kosningar barst mér svohljóðandi bréf, þrátt fyrir það að búið væri að vísa mér úr flokknum, sem ég kemst ekki hjá að lesa upp. Það er dagsett 10. júní 1987.

„Herra alþingismaður Stefán Valgeirsson.

Þingflokkur framsóknarmanna gerði á fundi sínum í gær svohljóðandi samþykkt:

Þingflokkur framsóknarmanna samþykkir að bjóða Stefáni Valgeirssyni að ganga í þingflokkinn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Ég og stjórn þingflokksins sem verður kjörin mjög fljótlega erum að sjálfsögðu reiðubúin til þess að ræða við þig um mál þetta. Það er von okkar að þú sjáir þér fært að taka sem fyrst sæti í þingflokknum."

Undir þetta ritar Steingrímur Hermannsson fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna.

Ég svaraði þessu bréfi og sagði að ég þyrfti að hafa samráð við mitt fólk á Norðurlandi og á þessum tíma væri ekki gott um fundarhöld. Fundur var svo ekki fyrr en 1. okt., með þeim formanni Framsfl. og formanni þingflokksins, norður á Akureyri þar sem við vorum tíu fyrir samtökin sem mættum þar til fundar. Við höfðum tekið saman nokkra skýrslu upp á 12 blaðsíður þar sem við fórum yfir stjórnarsáttmála Þorseins Pálssonar og gerðum miklar athugasemdir.

En hvað gerðist á þessum fundi? Formaður Framsfl. og formaður þingflokksins sögðu að í öllum tilvikum nema einu væru þeir sammála okkur en vegna þess að þeir væru í þessari ríkisstjórn gætu þeir ekki beitt sér fyrir þessum málum. Sem sagt, við á Norðurl. e. sem stóðum að framboði á vegum Samtaka jafnréttis og félagshyggju vorum með stefnu Framsfl. sem þeir höfðu ekki þrótt í sér til að fylgja eftir. Þeir vildu ekki missa stólana. Ég kemst ekki hjá því að lesa upp tvö bréf sem fóru frá okkur sem lýsa alveg gangi þessara mála.

Áður en ég les þau upp vil ég segja það að í raun og veru hefur formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., staðfest þetta að verulegu leyti, í viðtölum við blöð. Hver sagði að Róm væri að brenna, þegar hann var að minnast á efnahagsástandið í hans eigin landi þar sem hann ber ábyrgð ekki síður en aðrir, ekkert síður en aðrir? Hvað sagði hann líka í sambandi við ástandið? Hann sagði að öll þessi efnahagsmál þjóðarinnar væru hreint afskræmi. Í raun og veru þarf kannski ekki mikið annað heldur en að vitna í þessi ummæli.

Hann talar um að ég muni sýna siðferðilegan styrk ef ég segi mig úr bankaráðinu. Ég tel mig geta unnið ögn að málefnum, þeim málefnum sem ég hef sinnt á undanförnum árum, með því að sitja þar áfram. En hann ætti að sýna siðferðilegan styrk og segja sig úr ríkisstjórninni ef hann meinar nokkuð með þessum orðum sem ég hér tilfærði. Hvorki hæstv. utanrrh. né aðrir þurfa að halda að ég muni hlífa nokkrum eins og nú stendur á landsbyggðinni og hjá fátækara fólkinu í landinu. Það er alveg á hreinu.

Ég ætla að láta þetta nægja, en harma það að formaður Framsfl. skuli ekki vera hér og ekki eiga sæti nú á þingi því það er ekki háttur minn að svara nema ég megi til. En þar sem ég fæ ekki frið fyrir blöðum út af þessu viðtali í morgun við hæstv. utanrrh. þá tel ég mig knúinn til að segja það sem ég hef sagt og það sem ég á eftir að segja.

Og þá hefst lesturinn á fyrra bréfinu, með leyfi forseta. Þetta er dagsett 6. okt. og er skrifað til Páls Péturssonar, formanns þingflokks Framsfl.

„Ég vísa til fundar þíns og formanns Framsfl. með fulltrúum Samtaka jafnréttis og félagshyggju, sem haldinn var á Akureyri 1. þ.m., þar sem rætt var um boð Framsfl. að bjóða Stefáni Valgeirssyni að ganga í þingflokkinn með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, eins og stendur í boðsbréfi.

Á þessum fundum lögðum við fram athugasemdir við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar með beinum tilvitnunum í hana þar sem fram kemur að í mörgum veigamiklum málum getum við ekki átt samleið með þeim flokkum sem telja sig bundna af slíkri starfs-

áætlun.

Í niðurlagi athugasemda okkar segir: Hingað til hefur hlutverk stjórnvalda fyrst og fremst falist í að skapa starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina. Samtök jafnréttis og félagshyggju leggja ekki síður áherslu á að skapa skilyrði í þjóðfélaginu til þroska, heilbrigðis og ábyrgðar hvers og eins, m.a. með þeim breytingum á öllu skólastarfi þar sem mannrækt og sönn menning er sett í öndvegi í stað hefðbundinnar fræðslu, ítroðslu, og með því að beita hvarvetna samræmdum aðgerðum í jafnréttisátt.

Þessi umfjöllun og athugasemdir okkar við starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar leiðir í ljós að okkar mati að það einstaklingsfrelsi sem ríkisstjórnin stefnir að í grundvallarmarkmiðum sínum sé í raun frelsi þeim til handa sem sitja að fjármagni og völdum og leiði ekki til aukins jafnréttis, heldur þvert á móti.

Þessi skilningur á einstaklingsfrelsi gengur þvert á þá skilgreiningu samtakanna að raunverulegt frelsi einstaklinganna felist í því að geta tekið ábyrgð á eigin lífi og samfélaginu. Okkur sýnist það ganga eins og rauður þráður í gegnum hvert atriði af öðru í starfsáætluninni að þeim sem ráða fjármagninu sé ætlað að deila og drottna í okkar þjóðfélagi í næstu framtíð ef eftir þessum stjórnarsáttmála verður farið.

Verði ríkisbankarnir gerðir að hlutafélagsbönkum, lánasjóðir atvinnuveganna sameinaðir eða þeim gert skylt að lána eftir sömu reglum, fólksflóttinn til höfuðborgarinnar látinn halda áfram og aðstöðumunur vegna búsetu ekki minnkaður hefur einstaklingsfrelsið brugðið sér í líki frjálshyggjunnar, ýtt enn frekar undir misréttið og það geta Samtök jafnréttis og félagshyggju ekki stutt. Telji forustusveit Framsfl. að við misskiljum þá grundvallarstefnu sem felst í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og ef í ljós kemur að athuguðu máli að sjónarmið okkar og markmið fara að verulegu leyti saman þá fögnum við því og erum reiðubúin að starfa með öllum þeim sem vilja vinna að framgangi raunverulegs jafnréttis og koma á jafnvægi í byggð landsins.

Eftir að þið vikuð af fundi sátum við eftir, fulltrúar Samtaka jafnréttis og félagshyggju, til að meta það sem frá ykkur kom á fundinum og íhuga svar við boði þingflokks framsóknarmanna. Að okkar mati kom eftirfarandi fram af ykkar hálfu á fundinum:

1. Að þingmaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju getur því aðeins gengið í þingflokk Framsfl. að hann geri það sem stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar.

2. Forustumenn Framsfl. lýstu því hins vegar yfir að þeir styðji okkar stefnumál en vera þeirra í núverandi ríkisstjórn og þar með stjórnarsáttmálinn komi í veg fyrir að hægt sé að beita sér í þessum málum sem við berum fyrst og fremst fyrir brjósti.

Þegar við lögðum áherslu á eitthvert baráttumál okkar þá var langoftast svar ykkar: „Hvar á að taka peningana?“ eða „Það er bara ekki samstaða um þessi mál.“ Fáar eða engar leiðir virtust færar í þeim málum að ykkar dómi.

Það kom fram í okkar máli að margar byggðir riða nú til falls, sérstaklega þar sem sauðfjárrækt er aðalbúgreinin. Einnig verður að bæta og tryggja hag þeirra mörgu byggðarkjarna um allt land sem eru undirstaða okkar sjávarútvegs. Hlutdeild þeirra í aflafé verður að auka þannig að atvinnugreinin geti boðið starfsfólki sínu bætt kjör og atvinnuöryggi. Jafnréttislögin eru þverbrotin, sbr. ráðningu í stöðu kvensjúkdómalæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sbr. 9. gr. jafnréttislaga og fjögurra ára áætlun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál.

Launamunur hefur aukist, sbr. 7,23% launahækkun 1. þ.m. á öll laun, og aðstöðumunur eykst þar sem 10% söluskattur er nú lagður á alla matvöru nema mjólkurvörur og kjöt, meira að segja á mötuneyti heimavistarskóla. Okkur nægir ekki að sagt sé að ríkisstjórnin stefni í réttlætisátt ef framkvæmdin er öfug.

Þegar við bentum á að það gæti tæpast farið fram hjá neinum hvar fjármunirnir eru þar sem milljarðahallir eru byggðar nú á höfuðborgarsvæðinu var svar ykkar: „Það er engin samstaða um að færa þá fjármuni til.“

Okkur virðist sem sé ekkert vera hægt að gera til þess að sporna við þeirri þróun að fjármunir og völd færist sífellt í færri hendur á kostnað landsbyggðar og á kostnað þeirra fjölmörgu sem hafa lökustu samkeppnisaðstöðuna. Við bentum ykkur á að þetta er ekki lögmál, heldur leikreglur, kerfi sem verður að breyta ef við ætlum að halda uppi byggð í landinu og vinna að raunverulegu jafnrétti.

Samtök jafnréttis og félagshyggju eru breytingarafl, hópur fólks sem sér að við verðum að fara nýjar leiðir til þess að ná raunhæfum árangri. Við sættum okkur ekki við að málefnin séu látin víkja fyrir annarlegum sjónarmiðum. Við sjáum að í núv. ríkisstjórn er auðgildið sett ofar manngildinu. Jafnrétti, lagfæring á aðstöðumun, landsbyggðarstefna o.fl. verður að bíða betri tíma þar sem ekki eru finnanlegir fjármunir til slíkra hluta og það í mesta góðæri sem þjóðinni hefur hlotnast í langan tíma.

Hvenær verða þá peningar finnanlegir til þess að jafna launin og minnka aðstöðumuninn í okkar þjóðfélagi, eða vantar raunverulegan vilja til að halda uppi virkri byggðastefnu og setja í framkvæmd þjóðhagslegar aðgerðir til að vinna gegn vaxandi misrétti? Forustumenn Framsfl. virðast hafa gleymt hinum fleygu orðum og gildi þeirra: „Vilji er allt sem þarf.“

Samtök jafnréttis og félagshyggju geta með engu móti stutt ríkisstjórn sem setur auðgildið ofar manngildinu. En þar sem á fundi okkar kom greinilega fram að þið sögðust vilja vinna að framgangi þeirra mála sem við leggjum þyngstu áhersluna á, og þótt Framsfl. telji sig ekki geta beitt sér fyrir þeim málum á meðan hann er aðili að þessari ríkisstjórn, þá erum við fús til þess að kjósa með ykkur í þingnefndir, án annarra skuldbindinga ef um það

semst. Það skal tekið fram að með þessu erum við að bjóðast til að vinna með Framsfl. en alls ekki með núv. ríkisstjórn.

Ef aðstæður breytast svo að þið getið farið að vinna samkvæmt sannfæringu ykkar að þeim stefnumálum sem þið lýstuð á fundi okkar, þá gæti komið að því að nánara samstarf við Framsfl. reyndist mögulegt. Tíminn leiðir það í ljós."

Undir þetta ritar Stefán Valgeirsson fyrir hönd fulltrúa Samtaka jafnréttis og félagshyggju sem sátu fundinn.

Síðan gerist það að það kemur í útvarpi að mig minnir 10. okt. að ákveðið sé að leggja söluskatt á alla matvöru. Og 11. okt. átti ég fund með hv. þm. Páli Péturssyni, en það bréf sem ég sendi síðan er skrifað 12. okt. og er þannig, með leyfi forseta:

„Herra Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl.

Ég vísa til bréfs sem ég sendi þér 6. okt. 1987. Bréf þetta var sent í framhaldi af fundi sem fulltrúar Samtaka jafnréttis og félagshyggju áttu með þér og formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, á Akureyri 1. okt. sl.

Í upphafi bréfsins er gaumgæft hvernig ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hyggist vinna að framgangi jafnréttis í þjóðfélaginu. Í niðurlagi bréfsins hafna Samtök jafnréttis og félagshyggju stuðningi við ríkisstjórnina, m.a. vegna þess að samkvæmt stjórnarsáttmálanum eru landsbyggðin og þeir sem lökustu aðstöðuna hafa í þjóðfélaginu settir hjá. Sáralítið virðist á döfinni til þess að stöðva eða snúa við fólksflótta af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eða draga úr öðru misrétti í þjóðfélaginu.

Vegna þess að upphafleg stefnumál Framsfl. voru á sama veg og þau stefnumál sem Samtök jafnréttis og félagshyggju berjast fyrir buðumst við í fyrrnefndu bréfi til þess að kjósa með Framsfl. í þingnefndir án þess þó að styðja núverandi ríkisstjórn. Var þetta gert í þeirri vona að Framsfl. gæti síðar farið að vinna samkvæmt stefnumálum sínum og sannfæringu flokksmanna sinna.

Eftir að þetta bréf var sent hefur ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar gripið til mikilla efnahagsráðstafana í framhaldi af endurskoðaðri þjóðhagsspá að sagt er. Er hér gripið til aðgerða sem enn auka misréttið í þjóðfélaginu og hallar enn á landsbyggðina með þeim aðgerðum. Má nefna að fjárveitingar til framkvæmda vegna hafna, vega, skóla og heilsugæslu verða skornar niður og söluskattur lagður á öll matvæli.

Allt eru þetta málaflokkar sem við lögðum áherslu á á fyrrnefndum fundi með ykkur Steingrími og teljum við að hér sé enn vegið að landsbyggðinni og þeim sem minna mega sín og álítum að órökrétt sé að draga úr þenslunni á höfuðborgarsvæðinu með því að skera niður framkvæmdir sem eru lífsnauðsynlegar fyrir landsbyggðina.

Ég átti góðan fund með þér í Þórshamri 11. okt. þar sem við ræddum hugsanlega samvinnu Framsfl. og Samtaka jafnréttis og félagshyggju varðandi nefndakjör. Vegna þessara breyttu aðstæðna taldi ég mig þurfa að ræða við fulltrúa samtakanna í kjördæminu áður en afráðið yrði um samvinnu. Ég hef nú haft samband við þá sem voru á fundinum með ykkur Steingrími og allmarga aðra sem hafa staðið framarlega í samtökum okkar. Niðurstaðan varð sú að öll töldu þau að við gætum á engan hátt unnið með þeim sem þannig standa að málum og vinna gegn baráttumálum okkar, jafnvel þó þeir hafi hag landsbyggðarinnar á stefnuskrá sinni. Við verðum að meta menn og flokka eftir gjörðum þeirra en ekki orðum. Samtök jafnréttis og félagshyggju geta því ekki unnið með Framsfl. að umræddu nefndakjöri."

Undir þetta ritar Stefán Valgeirsson f.h. Samtaka jafnréttis og félagshyggju.

Ég vona að þegar ég er búinn að gera grein fyrir þessu hér hafi ég a.m.k. frið fyrir blöðum út af þessu máli. Og ég skal endurtaka það hér og nú að miðað við þessa sögu, miðað við hvernig þetta hefur gengið til, hvarflar ekki að mér eða öðrum í samtökunum að ég fari úr bankaráði Búnaðarbankans. Ég get hins vegar bent þeim á það sem þarna ráða að auðvitað geta þeir losnað við mig með því að breyta lögum. En þá gera þeir það.

Ég hef ekki meira að segja um þetta mál. Ég var að vona að ríkisstjórnin færi að sjá að sér í sambandi við þessi vaxtamál, þessi lánakjör, og yfirfari þessi mál þar sem mér virðist að þetta sé orðið trúaratriði í sambandi við vexti, að þeir eigi að fara eftir framboði og eftirspurn og ekki síst þegar er unnið svona að málum eins og ég hef lýst og reynt að rekja í máli mínu hér á undan.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þess sem fram hefur komið frá því að fyrsti hluti þessarar umræðu fór fram. Ég vil láta það koma í ljós að mér finnst þessi umræða hafa farið nokkuð út um víðan völl og þá kannski einkum og sér í lagi hjá hv. síðasta ræðumanni, en hann taldi sig hafa ástæðu til þess að koma með innanhúsvanda Framsfl. inn í sali Alþingis og fannst mér hluti að því ekki falla undir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um vexti og áhrif þeirra.

Ég sakna þess nokkuð úr þessari umræðu hve lítið hefur verið um það fjallað að vextir eru að margra manna mati verulegur verðbólguhvati séu þeir of háir. Það er augljóst af allri umræðunni sem hér hefur farið fram að menn eru ósammála um orsakir og afleiðingu, annars vegar hvaða áhrif vextir hafa á verðlag og verðbólgu og afkomu fólks og fyrirtækja í þjóðfélaginu og síðan spurninguna um það hvort vextir hækki vegna einhverra annarra ástæðna sem verða til, og það hefur í raun lítill botn fengist í málið.

Ég fagna ummælum hæstv. viðskrh., sem komu fram í hans ræðu hér í gær, um það að hann teldi að vextir væru orðnir það háir að við þetta vaxtastig yrði ekki lengur unað. Ég vænti þess að í framhaldi

af þessum ummælum muni hann beita sér fyrir því af fullri hörku að lækka vaxtastigið og fá ríkisstjórnina þá væntanlega til liðs við sig á þeim vettvangi.

Hann lýsti því enn fremur yfir að ríkisstjórnin mundi vinda að því bráðan bug að loknum kjarasamningum, ef þeir væru hagkvæmir að mati ríkisstjórnarinnar, að lækka eða leitast við að lækka vexti eins og ég hygg að hann hafi orðað það.

Í þessari umræðu hefur komið fram eitt atriði sem ég mótmæli eindregið. Það hefur verið sagt að vextir á Íslandi væru síst hærri en gengi og gerðist meðal annarra þjóða. Þetta er algjörlega út í hött. Það kann að vera að raunvextir hjá nokkrum þjóðum séu ögn hærri en hér gerist. Dæmi er um Nýja-Sjáland þar sem vextir eru um 17% en þar er líka efnahagskerfið að hrynja. Þar blasir við hreint og klárt þjóðargjaldþrot. Ég vil líka nefna Brasilíu sem býr við 300% verðbólgu eða hefur gert það. Þar er vaxtastigið vissulega hærra en hér á landi, en þessi samanburður er ekki hagkvæmur fyrir þá vaxtaþróun og þær viðvaranir sem komið hafa fram hér á undanförnum mánuðum og missirum.

Þá vil ég gera að umræðuefni þrennt sem hæstv. viðskrh. nefndi sem ástæður þess að vextir hefðu hækkað á Íslandi að undanförnu. Í fyrsta lagi nefndi hann útgjaldaþenslu sem hefði valdið samkeppni um fjármagnið. Það er hægt að líta á það mál frá mörgum hliðum, hvernig á þessari útgjaldaþenslu stendur. Ástæðurnar eru tvenns konar að mínu mati. Fjármagnið hefur verið sogað frá landsbyggðinni, frá undirstöðu- og útflutningsatvinnuvegunum inn á fjármagnsmarkaðinn hér í Reykjavík þar sem menn hafa getað ávaxtað fjármuni sína á mjög ríflegan hátt. Nákvæmlega sama gildir um ýmsa sjóði á landsbyggðinni eins og lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna sem hafa farið út í það að kaupa skuldabréf á hinum almenna markaði hér í Reykjavík og þannig flutt fjármagnið frá landsbyggðinni, henni til mikils ama og mikils tjóns, inn á Stór-Reykjavíkursvæðið. Í öðru lagi hefur þessi útgjaldaþensla orðið vegna tilverknaðar hins frjálsa markaðar. Hún hefur orðið til vegna þess að hér hafa sprottið upp kaupleigufyrirtæki sem hafa flutt inn geysimikið fjármagn erlendis frá inn í atvinnurekstrinn og þá einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu í verslunar- og þjónustugeirann.

Í öðru lagi nefndi hæstv. viðskrh. óvissuna í efnahagsmálum og verðbólguþróunina á sl. ári. Í þeim efnum má benda á að verðbólguþróunin hefur verið ör á síðustu mánuðum og eru menn ósammála um ástæður þess en ýmsir benda á að þar eigi vaxtahækkanir verulega sök á.

Í þriðja lagi benti hæstv. viðskrh. á það að vaxtafrelsið frá 1. nóv. 1986, sem þá verður að líta til að hæstv. þáv. ríkisstjórn stofnaði til og stóð fyrir, hafi leitt af sér jöfnun lánskjara. Ég hygg að um þetta megi deila lengi og rækilega hér á hinu háa Alþingi. Þetta vaxtafrelsi var auðvitað gjörsamlega óundirbúið að öllu leyti og hefur haft meiri áhrif í ólánsátt en flest annað sem hefur verið gert í peningamálum á undanförnum árum.

Á það var minnst að sparifjáreigendur yrðu að eiga kost á að verja sinn geymda eyri. Auðvitað er það hárrétt að þeir eiga fullan rétt á því og það verður að tryggja það að sparifé almennings rýrni ekki. Hins vegar verðum við að spyrja okkur sjálf: Hvað þarf vaxtastig að vera hátt umfram verðtryggingu til þess að það sé réttlætanlegt? Og við verðum líka að spyrja þá menn sem ráða vaxtastefnunni: Hvað eiga menn að fá mikið fyrir fjármuni sína? Hvað á að greiða mikið fyrir það að maður leggur til fjármuni til einhvers verks eða atvinnurekstrar eða leggur fram í einhverjum öðrum tilgangi? Mín skoðun er sú að vaxtastigið sem nú er í gildi hér á landi sé allt of hátt og þjóni í rauninni ekki þeim tilgangi sem að er stefnt vegna þess að hagnaðurinn af fjármagninu, af því að eiga fjármagnið, hann er kominn langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Ég tek það alveg skýrt fram í þessu sambandi að ég tel það höfuðnauðsyn að tryggja fjármagn sparifjáreigenda. Nú eiga allir kost á því að leggja inn á verðtryggða reikninga þó að í ljós hafi komið að auglýsingaflóð peningastofnana, sem líklega kostar tugi milljóna á hverju ári, hefur ekki náð eyrum allra og að það er fjöldi fólks með háar upphæðir inni á óverðtryggðum reikningum sem auðvitað er hin mesta fásinna. En ríkisstjórn eða yfirvöldum verður ekki kennt um það. Það eru einstaklingarnir sjálfir sem þar eiga sök á og mér finnst það hreint með ólíkindum ef sparifjáreigendur hafa ekki orðið varir við að unnt sé að leggja fjármuni inn á verðtryggða sparifjárreikninga.

Ég nefndi áðan vaxtastigið og þá fullyrðingu að vextir væru ekki hærri hér en í mörgum öðrum löndum. Ég bendi á það að menn minntust ekki á vaxtastig dráttarvaxta sem nú er 50% á ári eða 4,30% á mánuði og það þarf að leita víða um heim til að finna jafnháa dráttarvexti og ég hygg að þeir séu vart finnanlegir. Við getum líka litið á vextina á verðbréfamarkaðinum sem geta farið upp undir 100% ef við tökum afföllin með í bréfaviðskiptum sem þar eiga sér stað.

Annað vil ég nefna sem hefur ekki verið minnst á: að raunvextir umfram verðtryggingu eru ekki skattlagðir á Íslandi. Ég átti langt samtal við kunningja minn til margra ára sem starfar hjá hlutabréfamarkaði í Mónakó og hefur gert það lengi og er mikill þekkingarmaður um fjármagn og fjármagnstilfærslur á alþjóðlegum markaði. Ég benti honum á að hann ætti að hvetja viðskiptamenn sína til þess að koma með fjármagn sitt inn á íslenskan markað vegna þess að hvergi fengjust hærri vextir fyrir fjármuni í Evrópu um þessar mundir en á Íslandi. Þegar ég tjáði honum það að með verðbréfakaupum á Íslandi gæti hann tryggt sér 14% vexti átti hann erfitt með að trúa því og spurði þá hversu háir skattar væru á raunvöxtum. Ég sagði honum að hér væru raunvextir ekki skattlagðir og hann kom gjörsamlega af fjöllum, trúði ekki sínum eigin eyrum og benti á að raunvextir í Bandaríkjunum t.d. eru

skattlagðir sem nemur allt frá 25 upp í 34–35%.

Þetta er auðvitað það sem er að gerast og við höfum ekki áttað okkur á, að þessi vaxtabreyting, þetta vaxtafrelsi, þessi óhefta þróun verðbréfamarkaðar og kaupleigufyrirtækja, hefur leitt til þess að í landinu hefur orðið meiri fjármagnstilfærsla en dæmi eru til í allri sögu íslenska lýðveldisins. Og við erum í raun og veru með opnum augum að horfa upp á það að það er verið að búa til yfirstétt í þjóðfélaginu, fólkið sem á peningana og getur ávaxtað á markaðinum sem nemur milljónum króna á hverju einasta ári. Menn geta velt því fyrir sér hver ávöxtun er hjá manni sem á 10 millj. í lausafjármunum og fer með þessa peninga út á verðbréfamarkaðinn. Ætli hann gæti ekki á auðveldan hátt náð sér í 5–6 millj. á einu ári? Menn geta síðan horft á margföldunaráhrif þessa dæmis og hvað gerist. En hverjir eru það sem líða fyrir þessa vexti? Það eru skuldararnir, þetta venjulega alþýðufólk sem hefur orðið að fara í banka og aðrar lánastofnanir til þess að ná sér í fjármuni til þess að eignast þak yfir höfuðið af því að laun þess eru það lág að þau nægja ekki til þess að fólk geti á sjálfstæðan hátt eignast þak yfir höfuðið, og ég harma það að hæstv. viðskrh. skuli vera farinn.

Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að hér hafi aldrei í sögu þjóðarinnar verið stuðlað að eins miklu misrétti í þjóðfélaginu og á sér stað um þessar mundir. Aldrei. Og það er staðreynd enn fremur að auk þessara háu vaxta er lánskjaravísitalan, eins og hún er uppbyggð, reiknuð út frá byggingarvísitölu og framfærsluvísitölu, að sliga fólkið til viðbótar háum vöxtum. Hún er að sliga það. Svo einfalt er þetta mál. Það er auðvitað skelfilegt ástand þegar fólk er búið af skyldurækni að greiða af nokkrum hundruðum þúsunda króna skuld í banka og fær greiðsluseðil þar sem eftirstöðvar eru stöðugt hærri þó að búið sé að greiða hundruð þúsunda af viðkomandi láni.

Þetta gengur ekki og ég sagði það í fyrsta hluta þessarar umræðu þegar hún fór fram að ef ríkisstjórnin sæi sér ekki fært að gera ráðstafanir til að lækka vextina yrði þingið að grípa í taumana. Ég er enn þá staðfastlega þessarar skoðunar. Þessa skoðun byggi ég á því að það er ekki fólginn í því jöfnuður að halda uppi vaxtastigi sem gerir einn fátækan og annan ríkan. Það getur enginn flokkur sem kennir sig við jafnaðarstefnuna staðið þegjandi frammi fyrir slíkri þróun. Það er ekki hægt.

Ég hvet eindregið til þess að þingið hugsi vandlega um þetta mál að gerðum kjarasamningum. Ef þeir samningar verða hóflegir, eins og menn vonast eftir, liggur fyrir loforð ráðherra og þá væntanlega ríkisstjórnar um það að þegar í stað verði hafist handa um að keyra vextina niður hvort sem það verður gert með handafli eða með lögmálum markaðarins. Ef menn eru almennt þeirrar skoðunar að markaðskerfið eigi að stuðla að mismunun þjóðfélagsþegnanna í enn stærri stíl en ástæða er til er það mín skoðun að það sé vont markaðskerfi og að við eigum að sníða af því agnúana. En við eigum ekki að viðurkenna það sem trúarskoðun að þessi markaðsöfl eigi að fá að leika lausum hala endalaust.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mikið lengur. Við erum búin að fjalla um þetta mál á þremur fundum í hv. deild. Þetta er mikilvægt mál og það frv. sem hér liggur fyrir, þó að umdeilt sé, er innlegg í baráttuna gegn þeirri vaxtaþróun sem hefur átt sér stað og er af því góða fyrir þær sakir. Hins vegar hygg ég að ef menn skoða það nánar sé mjög erfitt að eiga við lánskjaravísitöluna öðruvísi en að reiknistuðull hennar yrði endurskoðaður og honum breytt. Við getum ekki tekið lánskjaravísitölu úr sambandi vegna þess að það er brot á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins að framkvæma eignaupptöku. Og eignaupptaka yrði það auðvitað þegar búið er að tryggja verðbréf og annað með lánskjaravísitölu ef hún yrði afnumin þannig að bara fyrir þær sakir einar gengur það alls ekki upp.

Ég vil minna á það í þessu sambandi og sagði það hér í upphafi orða minna að það hefur ekki greinst í þessari umræðu hvað er orsök og hvað er afleiðing í vaxtamálum og peningamálum og þróun þeirra að undanförnu og líklega verður það seint sem við finnum lausnarorðið í þeim efnum. Engu að síður vil ég láta það koma skýrt fram að það eru margar ríkisstjórnir sem hér er við að sakast og líka Alþingi sjálft. Við berum ábyrgð á þessari peningamálaþróun, öll, og getum ekkert skotið okkur undan því. Þess vegna eigum við, þegar okkur þykir misréttið vera farið að ganga út yfir fólkið í landinu, yfir alþýðu landsins, að grípa í taumana og breyta því sem verr hefur farið.

Flm. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. undirtektir við þetta mál, þar á meðal hv. síðasta ræðumanni sem hefur manna bestan skilning á þessu máli en út frá orðum hans hér síðast, að ekki væri hægt að taka lánskjaravísitöluna úr sambandi, er það kannski ekki hægt gagnvart gömlum skuldbindingum, frv. segir heldur ekki fyrir um að það sé gert, en það er hægt að taka hana úr sambandi gagnvart nýjum skuldbindingum eins og frv. segir fyrir um.

Þótt skoðanir séu skiptar um þær leiðir sem frv. bendir á hefur umræðan verið gagnleg. Eftir nánari skoðun og e.t.v. breytingar í nefnd er þess að vænta að það komi hér aftur til umræðu og atkvæða.

Í fyrri ræðu minni gerði ég ítarlega grein fyrir málinu. Ég hvet þá þm., sem fundið hafa að frv. í umræðunni, til að lesa það aftur og lesa betur. Í svari mínu til hæstv. viðskrh. hér á eftir koma og skýringar til annarra sem hafa verið með athugasemdir en hæstv. ráðherra fór ekkert sérstaklega mildum orðum um þetta frv. Ég ætla að svara honum en í engu blíðari tón en hann talaði.

Hæstv. viðskrh. virðist hafa lesið frv. sem er til umræðu líkt og skrattinn er sagður lesa biblíuna. Hann gerir sér ekki grein fyrir því hvað þarna er á ferðinni eða vill ekki skilja það. Ráðherrann hamp-

ar mjög lögmálum hagfræðinnar. Mér vitanlega hefur enginn hér í deildinni andmælt þeim lögmálum. Hins vegar er ráðherrann sjálfur hvergi nærri viss í sinni sök um þessi lögmál og því síður er hann nokkur hæstaréttardómari um þau. Ekki eru allir hagfræðingar á sama máli og hann. Sumum piltum sem hlaupa beint af skólabekk inn í æðstu stöður þjóðfélagsins gengur illa að tengja það sem þeir kunna að hafa lært við lífið sjálft, við atvinnu- og viðskiptahætti landsins, einkum ef þeir hafa aldrei komið nærri neinum rekstri eða e.t.v. aldrei difið hendi í kalt vatn eins og sagt er.

Því er ekki einu sinni að heilsa að samræmis gæti í málflutningi ráðherrans. Ekki eru nema nokkrar vikur liðnar síðan hann lýsti yfir í viðtali við dagblaðið Tímann að vaxtabremsan væri haldlaus. Ég sagði hvorki annað né meira en einmitt það í grg. með frv. Við erum þar með sammála um hagfræðilögmálið. Nú gengur hann hins vegar í sig og segir að lánsfé ráðist af vöxtunum. Hann vill sem sagt laga hagfræðilögmálin eftir hentisemi sinni eða geðþótta. Hann bendir á eftirsókn eftir niðurgreiddu lánsfé húsnæðislánasjóðanna. En það lánsfé er bara alls ekki niðurgreitt. Íbúðareigandi og byggjandi borgar nú 26,8% ársvexti, þ.e. 22,3% verðbótaþátt og 3,5% raunvexti af þessum lánum. Ársvextir af húsnæðismálastjórnarláni sem veitt er umsækjanda í dag eru nálega 700 þús. kr. Vaxtakostnaðurinn gleypir þannig ekki aðeins allar launatekjur lágtekjumannsins, 360 þús. kr., heldur hartnær tvöfalda þá fjárhæð. Rauntekjur verkamannsins eru því neikvæðar. Þarf ekki að hafa þær jákvæðar, hæstv. viðskrh.? Þarf ekki að hafa launatekjur lágtekjumannsins jákvæðar eins og vextina? Nei, viðskrh. Alþfl., öreigaflokksins, lætur sig einu varða ef peningamenn fá sitt. Það er hans siðferðiskennd.

Ég þarf ekki að ræða þá gömlu klisju okurkarlanna um sparifé almennings sem hefur brunnið á verðbólgueldinum eins og þeir þrástagast á. Það eru tekjur láglaunamannsins sem hafa verið að brenna á verðbólgueldinum. Í frv. mínu er einmitt séð fyrir því að sparifé haldi verðgildi sínu. Það gengistryggt. Öll langtímaverðbólga í okkar landi endar með gengislækkun og því var þetta gengistryggingarákvæði sett. En hvers vegna eru svo háir vextir haldlausir í því efni að draga úr eftirspurn eftir lánsfé? Það er m.a. vegna lánskjaravístölunnar og þeirrar aðferðar að geyma vextina til seinni tíma, bæta þeim við höfuðstól lánsins.

Ungt fólk tekur húsnæðislán í því trausti að þurfa aldrei að borga okurvextina. Annaðhvort muni verðbólgan lækka fyrir eitthvert kraftaverk ellegar ríkissjóður hlaupa undir bagga með björgunaraðgerðir eins og hann hefur raunar alltaf verið að gera og gerir enn í dag þó í litlum mæli sé.

Ef við hefðum nafnvexti eins og hér hafa tíðkast í ómunatíð, eins og enn tíðkast í öðrum vestrænum ríkjum og eins og lagt er til í frv. mínu borgar hver lántakandi sína vexti árlega, aðeins afborgunum er skipt niður á árafjölda lánsins. Þá mundi enginn húsbyggjandi biðja um lán 2,8 millj. kr. og borga nálega 700 þús. í ársvexti. Þá mundi hávaxtabransinn verka. Hagfræðingurinn Jón Sigurðsson skilur sem sagt ekki lögmál hagfræðinnar um framboð og eftirspurn.

Nafnvextir hækkuðu erlendis, bæði vestan hafs og austan kringum áramótin 1979–1980, um og yfir 20%. Þeir verkuðu og voru brátt lækkaðir. Þeir eru í lágmarki þar núna.

Þá er það einnig alrangt hjá ráðherranum að frv. geri ráð fyrir lögbindingu hámarks nafnvaxta. Vextirnir eru núna taglhnýttir verðbólgunni þar sem þeir fara eftir lánskjaravísitölunni. Engin hámarksákvæði vaxta er að finna í frv. Þeir verði í byrjun jafnir verðbótaþætti að viðbættum raunvöxtum núna. Hins vegar sé stefnt að því að lækka þá í áföngum. Það er nákvæmlega það sama og ráðherrann leggur til núna eftir að hann er byrjaður að sjá að sér, sbr. ræðuna í gær. Hann vill bara nota vaxtalækkunina sem tálbeitu á verkamennina og láta lækkunina bíða uns kjarasamningar hafa verið undirritaðir. Þegar til lengri tíma er litið mega vextir ekki vera hærri en í viðskiptalöndum okkar, eins og raunar Seðlabankanum er ætlað að sjá um skv. 2. mgr. 9. gr. seðlabankalaganna. Ef vaxtaprósentan heldur áfram að vera fjórum sinnum hærri en í löndum sem við keppum við á erlendum mörkuðum verður gengislækkun óhjákvæmileg því að framleiðslan hættir að seljast. Sparifjáreigendur græða ekki á útþynningu krónunnar. Stöðugt verðlag er þeirra mesta og brýnasta hagsmunamál en það næst aldrei meðan vextir og aðrar stærðir í hagkerfinu eru látnar elta verðbólguna. Hávaxtastefnan hefur beðið skipbrot. Það væri þó málsbót fyrir ráðherrann ef hann hefði kjark og drengskap til að viðurkenna það en hann er ekki á þeim buxunum. Hann velur flóttaleiðina og vill í uppgjöf sinni selja bankakerfið í hendur útlendingum.

Hæstv. ráðherrann er víðar á gati í hagfræðinni enda þótt hann gumi sífelldlega af kunnáttu sinni. Hann áttar sig ekki á því lögmáli sem a.m.k. allir athafnamenn kunna skil á, að verðhækkun eins þáttar í hagkerfinu leiðir til hækkunar á öðrum. Vextir eru verð peninga og hækkun þess verðs kemur við sögu í allri verðmyndun. Aukinn fjármagnskostnaður leiðir til aukins framleiðslukostnaðar, aukins vöruverðs, aukins þjónustuverðs og vinnulauna. Í rauninni er tilgangslaust að rökræða við hagfræðináttröll á borð við hæstv. ráðherrann. Hann skilur ekki sambandið milli lánskjaravísitölu og verðbólgu. Verðbólgan lækkar ekki fyrr en lánskjaravísitalan er tekin úr sambandi. Þetta veit svo að segja hver einasti Íslendingur nema Jón Sigurðsson og fáeinir með honum.

Vitrustu menn hafa sagt að hlutverk hagfræðinga sé að gefa ráð sem stjórnmálamenn eiga að velja eða hafna. Hagfræðingar mega ekki stjórna sjálfir og gera þjóð sína að tilraunadýri fyrir kreddur sínar. Hæstv. ráðherra var þjóðhagsstjóri og gat ekki í eitt skipti gert rétta þjóðhagsspá. En þetta vissu allir og

því var maðurinn hættulaus. Hann er það hins vegar ekki í ráðherrastól.

Lífeyrissjóðirnir og aðrir slíkir sjóðir munu klára sig vel við kerfi nafnvaxta. Hins vegar hafa þeir bundið of mikið fé í langtímalánum og ávaxtað of lítið fé á verðbréfamarkaðinum. Það var þeirra yfirsjón og tjáir ekki fyrir þá að kenna lágvöxtum liðins tíma um. Bankar og sparisjóðir eiga að deila húsnæðislánum sín á milli. Lífeyrissjóðirnir hafa öðrum hnöppum að hneppa. Að síðustu vil ég segja þetta varðandi fjögur atriði sem hæstv. ráðherra gat um í lok ræðu sinnar í gær:

1. Hlutur banka og sparisjóða í vaxtaákvörðunum er alveg ljós samkvæmt frv. mínu. Vextirnir eru frjálsir en lúta óbeinni stjórn Seðlabankans gagnvart forvaxtaprósentu þess banka og verðbréfaviðskipti hans eins og tíðkast í öllum siðmenntuðum löndum. Ríkisstjórn á einnig að geta haft hönd í bagga með vaxtaákvörðunum. Ef hún hefur það ekki er hún ófær um að stjórna landinu.

2. Engin réttaróvissa ríkir varðandi útistandandi fjárskuldbindingar. Þær haldast óbreyttar nema um annað sé samið. Með lækkandi verðbólgu aðlagast þær skuldbindingar nýjum.

3. Skyldur Seðlabankans eiga að ákvarðast af seðlabankalögum en ekki þessu lagafrv.

4. Að taka upp nafnvaxtaviðmiðun og gengistryggingu langtímaspariinnlána er eina hugsanlega leiðin til að komast út úr þeim verðbólguógöngum sem misvitrir hagfræðingar hafa leitt okkur í.

Forseti (Sighvatur Björgvinsson):

Skv. upplýsingatöflu á borði forseta voru 25 neðrideildarþingmenn í þessu húsi þegar atkvæðagreiðsla átti að fara fram. Eftir að hringing hófst hafa tveir deildarmenn gengið út úr húsinu. Ítrekaðar tilraunir hafa ekki borið árangur til að fá þá 24 sem eru staddir í húsinu til að mæta til atkvæðagreiðslu. Forseti telur það ekki góðan sið að menn víki úr Alþingishúsi þegar atkvæðagreiðsla hefur verið hringd. Forseti neyðist því til að taka út af dagskránni fyrsta, þriðja og fjórða dagskrármálið. Fleira liggur ekki fyrir þessum fundi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

46. fundur, fimmtudaginn 11. febr., kl. 10 árdegis.

Strjálbýlisátak Evrópuráðsins, ein umr.

Fsp. DS og KE, 182. mál. — Þskj. 202.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ráðherranefnd Evrópuráðsins ákvað árið 1985 að efna til sérstaks fræðslu- og útbreiðsluátaks til þess að vekja athygli á vandamálum strjálbýlisins í aðildarríkjum sínum. Tilgangur átaksins skyldi vera sá að vekja athygli á nauðsyn þess fyrir hvert þjóðfélag að halda við og vernda strjálbýlið, einkanlega sveitirnar, náttúrufar þeirra, byggð og mannlíf.

Við Íslendingar stöndum nú á krossgötum hvað varðar byggðaþróunina í landinu. Tæknivæðing í landbúnaði svo og oft skipulagslausar breytingar hafa hvorki tekið tillit til mannlífs né náttúrufars og því leitt til hnignunar byggðarinnar. Hin öra tækniþróun og stórfelldir fólksflutningar hafa þannig gjörbreytt lífsháttum strjálbýlisbúa á sl. 40 árum og stöðugt virðist fjarlægðin milli strjálbýlis- og þéttbýlisbúa aukast. Í kjölfar allrar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um byggðamál, ekki síst fyrir kosningar sl. vor, hefði þema-ár sem þetta átt að geta gefið kærkomið tækifæri til að varpa ljósi á aðstæður strjálbýlisbúa, svo og það hver auðlind strjálbýlið er fyrir þann sívaxandi fjölda landsmanna sem velur sér búsetu í borg eða bæ. Staðreyndin er hins vegar sú að mjög lítið hefur farið fyrir þessu fræðslu- og útbreiðsluátaki og virðast fæstir vita um það. Evrópuráðið gaf reyndar út veggspjald sem hefur verið þýtt á íslensku en einnig það sést mjög óvíða og mér er kunnugt um að svo mikilvægum aðila í þessu máli sem upplýsingaþjónustu landbúnaðarins hefur ekki borist neitt formleg erindi vegna þessa. Því hef ég leyft mér ásamt hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur að bera fram fsp. á þskj. 202 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig hefur þátttöku Íslands í strjálbýlisátaki Evrópuráðsins (Protection of the Countryside) verið háttað hingað til og hvað er fyrirhugað að gera á árinu 1988?“

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég leitaði til Eyþórs Einarssonar, forstöðumanns Náttúrufræðistofnunar Íslands, út af þessu máli en hann er formaður nefndar sem fjallar um þátttöku Íslands í þessu strjálbýlisátaki.

Með leyfi herra forseta les ég svar hans, en tek fram að það var tilbúið fyrir áramótin en nokkuð hefur dregist að svara fyrirspurninni af ýmsum ástæðum. Kemur það fram í svarinu að það er útbúið á fyrra ári. Með leyfi forseta segir Eyþór Einarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo:

„Til að fjalla um það hvort og þá með hvaða hætti Ísland ætti að taka þátt í strjálbýlisátaki Evrópuráðsins setti menntmrn. á laggirnar fimm manna ólaunaða nefnd embættismanna og eiga sæti í henni Eyþór Einarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands og formaður Náttúruverndarráðs, Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, Unnar

Stefánsson, ritstjóri Sveitarstjórnarmála, og Örn Bjarnason, forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins.

Þessi nefnd hefur haldið nokkra fundi. Hún er sammála um að Ísland eigi að taka þátt í þessu átaki þótt aðstæður hér séu að ýmsu leyti sérstæðar og margt af því sem áhersla er lögð á í öðrum Evrópuríkjum í þessu átaki eigi tæpast við hér.

Átakið var kynnt í 3. tbl. Sveitarstjórnarmála fyrr á þessu ári [þ.e. á síðasta ári]. Nefndin var einnig sammála um að miða þátttöku Íslands við síðara ár átaksins [þ.e. 1988] og mun snemma á því ári [þ.e. á þessu ári] ganga frá tillögu um það."

Svarið er því: Gert er ráð fyrir að Íslendingar taki þátt í þessu átaki.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Ég fagna því að til stendur að taka betur á þessum málum, en lýsi um leið undrun minni á því að hugmyndaflug stjórnvalda skyldi ekki ná lengra en svo að skipa launalausa nefnd sem hefur tekið ár í að gera upp hug sinn um það hvort ástæða sé til þátttöku af Íslands hálfu því ég tel fulla ástæðu til að taka þátt, ekki síst þegar slíkt tilefni sem þetta gefst. Ekki veitir okkur af ef við viljum viðhalda þeirri menningu sem við eigum rætur okkar að rekja til.

Í augum margra er Frakkland vagga menningarinnar og þaðan hafa okkur í gegnum tíðina borist margir straumar nýrra hugmynda. Frakkar gera sér grein fyrir því að menningararf sinn rekja þeir beint til bændasamfélagsins og þeir reka því öfluga byggðastefnu sem byggir á því að finna hið sérstæða í samræmi við hefðir hvers staðar fyrir sig.

Strjálbýlið er mjög háð efnahagsástandi hverju sinni og stefnu ríkisstjórnar í landbúnaðarmálum. Í öllum okkar nágrannalöndum hefur þróun byggðar orðið svipuð og hér, fólki fækkar vegna samdráttar í landbúnaði. Nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa svo sannarlega fært sér strjálbýlisátakið í nyt til þess að miðla reynslu og hagnýtum hugmyndum með stuðningi yfirvalda.

Í flestum löndum Evrópu hafa yfirvöld styrkt átakið með ýmsu móti. Á Ítalíu, Frakklandi og Skotlandi hefur fólk verið hvatt með fjárstuðningi t.d. til kaupa á tækjabúnaði í léttum iðnaði, fullvinnslu afurða og til eflingar ferðaþjónustu. Á veggspjaldi því sem ég minntist á áðan segir, með leyfi forseta:

„Öll höfum við ánægju af því að dvelja uppi í sveit. Hversu oft höfum við þó hugleitt hvernig lífið í dreifbýlinu er. Ást á náttúrunni nægir þó hvorki til að tryggja byggðaþróun né bæta lífsskilyrðin í dreifbýlinu. Þar þarf fleira að koma til. Okkur er því nauðsynlegt að þekkja vandamál hinna dreifðu byggða og vinna að lausn þeirra."

Herra forseti. Lykillinn er að styrkja efnahag svæða sem vegna einhæfs atvinnulífs hafa veikt og jafnvægislaust efnahagslíf, en jafnframt að tryggja milda aðlögun á svæðum sem líða fyrir örar breytingar. Því vil ég nota tækifærið hér og skora á hæstv. ríkisstjórn að gaumgæfa vel allar tillögur sem fram eru bornar hér á hinu háa Alþingi sem mega verða til hagsbóta fyrir strjálbýlið.

Niðurstöður áfengismálanefndar, ein umr.

Fsp. GA, 238. mál. — Þskj. 530.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Í samræmi við þál. sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1981 og fjallaði um að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur um stefnu hins opinbera í áfengismálum og er reyndar ítarlega sundurliðuð var skipuð nefnd á vegum heilbrmrh. 19. maí 1983 til að vinna að undirbúningi tillagna um opinbera stefnu í áfengismálum. Starf nefndarinnar átti að verða grundvöllur til að byggja á heildstæða og markvissa stefnu og löggjöf um stjórnun áfengismála, þ.e. um tilbúning og dreifingu áfengis, áfengisvarnir, meðferð áfengissjúkra, rekstur meðferðarstofnana og um upplýsinga-, rannsókna- og fræðslustarfsemi. Nefndin var fjölmenn eins og farið hafði verið fram á og störfuðu í henni 17 og síðar 18 manns. Henni var ætlað að skila áfangaskýrslum til ríkisstjórnarinnar þannig að hún gæti fylgst með störfum nefndarinnar og þetta var gert, bæði í nóvember 1983 og svo í febrúar 1984. Þessar áfangatillögur fjölluðu um sérstakt átak í áfengis- og fíkniefnamálum, en þær vöktu engin viðbrögð hjá ríkisstjórninni og er ekki vitað hvort um þær var fjallað þar. Nefndarmenn voru sammála um efni þessara tillagna, en allir þingflokkar áttu fulltrúa í nefndinni.

Hún hélt áfram störfum sínum þrátt fyrir áhugaleysi stjórnvalda og komst að samkomulagi um lokatillögur sem hún skilaði síðan í janúar 1987. Þær fjölluðu í fyrsta lagi um markmið laga, tilbúning og dreifingu áfengis, í öðru lagi um áfengisvarnir og í þriðja lagi um meðferð og þjónustu við misnotendur og aðstandendur þeirra.

Þetta eru nokkuð ítarlegar og vel unnar tillögur sem sannarlega verðskulda bæði umfjöllun og meiri athygli en þær hafa fengið, ekki síst af hálfu stjórnvalda. Tillögurnar eru unnar í anda þeirrar stefnu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mótað á þessu sviði, enda var nefndinni uppálagt að fylgjast náið með starfi stofnunarinnar og gera endanlegar tillögur sínar með framtíðarlausnir í huga.

Íslensk heilbrigðisáætlun sem var ítarlega rædd á nýafstöðnu heilbrigðisþingi er sniðin í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og markmið hennar í áfengismálum eru mjög samhljóða tillögum nefndarinnar þó að þær séu að sjálfsögðu ítarlegri.

Talsverð umræða hefur nú þegar farið fram á Alþingi og víðar í þjóðfélaginu um einstakar tillögur um breytingar á áfengislögunum. Mikil umræða hefur einnig orðið um vímuefnavanda barna og unglinga án þess þó að þessar umræður hafi alltaf tengst hvor annarri eða almennri stefnumótun í áfengis- og vímuefnamálum. Það er beinlínis skylda ríkisstjórnar og Alþingis að taka til umfjöllunar niðurstöður þeirra nefnda sem þau setja á laggirnar og fela ærna vinnu. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. sem ég eyði ekki tíma í að lesa upp en vænti svars við.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Til mín hefur hv. alþm. Guðrún Agnarsdóttir beint fsp. og hljóðar fyrri hluti hennar svo: „Mun ráðherra óska umræðu í Alþingi um niðurstöður áfengismálanefndar sem skipuð var vorið 1983 af þáverandi heilbrmrh. og skilaði lokatillögum í janúar 1987?“

Þessu er til að svara að fsp. gefur tilefni til að minna á að sú skýrsla sem hér er vitnað til var árangur af starfi nefndar sem skipuð var í ráðherratíð Svavars Gestssonar, þáv. heilbr.- og trmrh. Fyrstu tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir ríkisstjórn í ráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar og lokatillögur þessarar nefndar voru lagðar fyrir þáverandi ríkisstjórn í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur fyrir u.þ.b. einu ári. Skýrsla nefndarinnar var send alþm. öllum til kynningar en ekki lögð fram í þinginu sem skýrsla ráðherra og því er ljóst að fyrrv. heilbrmrh. gerði ekki ráð fyrir umræðum um skýrsluna á Alþingi. Ég hef heldur ekki gert ráð fyrir eða hugsað mér að óska umræðna um þessa skýrslu sérstaklega hér í hv. Alþingi heldur aðeins í því samhengi eða sambandi sem hún kann að vera við íslenska heilbrigðisáætlun sem vonandi verður hér til umræðu og umfjöllunar í hv. Alþingi síðar í vetur.

Síðari liður fsp. var: „Hvernig hyggst ráðherra og ríkisstjórn nýta niðurstöður nefndarinnar til að marka opinbera stefnu í áfengismálum?“

Í þessu sambandi vil ég benda á það að í íslenskri heilbrigðisáætlun, sem fyrrv. heilbrmrh. lagði fram á sl. vori en ekki var tekin til umræðu þá, er tekin svipuð afstaða til ákveðinna þátta áfengismála og gerð var tillaga um í tilvitnaðri eða umræddri skýrslu, þ.e. að leggja ætti megináherslu á að draga úr heildarneyslu áfengis.

Á nýafstöðnu heilbrigðisþingi, sem haldið var á föstudag í sl. viku, var þessi heilbrigðisáætlun, íslensk heilbrigðisáætlun, til umræðu og gert ráð fyrir því að að endurskoðun hennar lokinni yrði hún lögð fyrir Alþingi og þá til umræðu í þingsályktunarformi. Þannig gefst Alþingi kostur á því að taka afstöðu til þeirrar áætlunar í heild, þar með talið þeirra ákvæða er sérstaklega fjalla um áfengismálastefnuna.

Í sambandi við þessa fsp. verður einnig að minna á það, og kom það reyndar fram í máli hæstv. fyrirspyrjanda, að mjög veruleg áfengismálaumræða hefur farið fram á Alþingi í vetur í sambandi við frv. um að heimila sölu sterks bjórs í landinu. Tillaga um sölu á sterkum bjór er í andstöðu við þær tillögur sem áfengismálanefndin lagði fram og komu fram í tilgreindri skýrslu svo að afgreiðsla Alþingis á því frv. verður nokkur mælikvarði á hvort tillögur í þeim anda sem nefndin lagði fram eiga hljómgrunn á Alþingi og gæti því orðið leiðbeinandi um það hvaða áfengismálastefnu það Alþingi sem nú situr vill aðhyllast.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. svör hans, en ég vil jafnframt minna á að hér eru skipaðar nefndir að tilstuðlan Alþingis ár eftir ár eftir ár og margar hverjar vinna bæði mikla og oft mjög gagnlega vinnu og skila ítarlegum niðurstöðum í tillöguformi. Það sem ég er kannski einmitt að tala um í þessari fsp. er: Hvernig á að nýta ítarlegar tillögur? Það er mjög gott að meginandi tillagnanna sé tekinn upp og borinn áfram í öðrum málum, eins og t.d. í íslenskri heilbrigðisáætlun o.s.frv. Hins vegar hefur farið þriggja ára vinna eða meir í að útfæra tillögurnar. Ég er að velta því upp hérna hvort það þurfi ekki að fara fram slík umræða í þinginu t.d. þegar er verið að tala um áfengisstefnu innan íslenskrar heilbrigðisáætlunar eða í tengslum við önnur mál sem lögð eru fram á þinginu. Hvort ekki væri rétt að hafa hliðsjón einmitt af þeirri vinnu sem unnin var af nefndinni og kemur fram í skýrslunni. En það er oft tilhneiging slíkra skýrslna að detta ofan í skúffur og lokast þar niðri og verða ekki nýttar eða teknar upp einmitt þegar mest þarf á þeim að halda.

Þess vegna er það líka á ábyrgð stjórnvalda, jafnvel þeirra stjórnvalda sem taka við af öðrum, að gera sitt til að halda slíkri vinnu á loft og gæta þess að hún falli ekki í gleymsku. Á þeim stutta tíma sem ég hef verið á þingi hef ég gert fyrirspurnir um nokkrar skýrslur sem hafa verið unnar af nefndum sem skipaðar hafa verið af ríkisstjórn að beiðni Alþingis. Sumar hverjar eiga að fjalla um efni sem er kannski pólitískt ágreiningsmál og eru þess vegna viljandi þagðar í hel. Aðrar hreinlega falla í gleymskunnar dá fyrir andvaraleysi og vegna þess að menn eiga annríkt og láta bera sig á næstu öldu. Það er mjög mikilvægt að við nýtum alla þá vinnu sem við erum að beina fólki í og krefjast að það skili okkur niðurstöðum úr. Það er ekki síst þess vegna sem ég er að bera fram þessa fsp. Ég tel nauðsynlegt að nýta þessa vinnu á jákvæðan hátt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka að ég er efnislega sammála því, sem fram kom hjá fyrirspyrjanda nú, að það hefur verið lögð mikil vinna í þessa skýrslu og ég hef farið yfir hana, en ég ítreka að ég tel eðlilegt að hennar niðurstöður tengist svo sem

verða má þeirri íslensku heilbrigðisáætlun sem ég vænti að Alþingi eigi eftir að fjalla um í vetur. Ég vil einnig minna á það, sem ekki kom fram áðan, að formaður áfengismálanefndarinnar, það vill svo til, var einmitt og er einnig formaður þeirrar nefndar sem samdi frumdrögin að íslenskri heilbrigðisáætlun. Ég hygg að hans sjónarmiðum og nefndarinnar hafi verið komið nokkuð vel á framfæri í drögum að heilbrigðisáætluninni. Nú er verið að vinna hana upp með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á því heilbrigðisþingi sem ég gat um áðan og með hliðsjón af ítarlegu nefndarstarfi sem unnið var við undirbúning þess þings og ég vænti þess að á þann hátt verði a.m.k. áliti þessarar nefndar nokkuð vel fyrir komið í þeirri heildarumfjöllun um heilbrigðismál sem ég vona að hér eigi eftir að fara fram og þá sé e.t.v. betur séð fyrir áliti og nefndarstarfi þessu en kannski má segja um ýmislegt annað nefndarstarf sem hv. þm. tilgreindi eða nefndi.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra jákvæð svör, en ég álít það vera einmitt hlutverk mitt hér að minna á slík atriði sem þm. og þess vegna mun ég halda því áfram til að halda þessu máli eins og öðrum vakandi.

Alnæmi, ein umr.

Fsp. GuðnÁ, 255. mál. — Þskj. 551.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Hér er lögð fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um sjúkdóminn alnæmi, þennan hryllilegasta sjúkdóm sem menn standa agndofa frammi fyrir. Mér er kunnugt um að ráðherrann er nýkominn af ráðstefnu þar sem heilbrigðismálaráðherrar margra þjóðlanda komu saman til þess að fræðast og ræða um hvernig mætti bregðast við þessum ógnvaldi.

Þessi fsp. er í fjórum liðum:

„1. Til hvaða aðgerða hafa heilbrigðisyfirvöld gripið til að hefta útbreiðslu á alnæmi hérlendis?

2. Hversu mörg alnæmistilfelli hafa verið greind hér á landi? Hversu mörg á lokastigi?

3. Hvernig er búið að smituðum og hvaða meðferð fá þeir? Getur heilbrigðisþjónustan og hin félagslega aðstoð hérlendis veitt alnæmissjúklingum nægа aðstoð?

4. Er hægt að merkja að þær aðgerðir, sem stjórnvöld hafa þegar gripið til, hafi borið árangur?“

Ég held að það sé mikilvægt fyrir Alþingi að fylgjast með þessum sjúkdómi. Það hefur verið sagt að við Íslendingar höfum brugðist betur við en margar aðrar þjóðir, bæði með fræðslunni og ýmsum öðrum vörnum. Þess vegna verðum við að gæta þess að vera í fararbroddi.

Ég minni á að hér er ástæða til að fræða en ekki hræða fólk. Hér er ástæða til að menn, og ekki síst áhættuhóparnir, leiti í mótefnamælingar og að menn sem sýkjast af þessum voðalega sjúkdómi finnist og fái þá læknislegu og félagslegu meðferð sem er mikilvæg.

Það er vonandi að læknisfræðin standi ekki agndofa eða varnarlaus lengi gagnvart þessum sjúkdómi og það finnist sem fyrst lyf eða varnir, en fyrst og fremst verður að hvetja heilbrigðisyfirvöld til að hafa fræðsluna í lagi og varnirnar og fylgjast með því sem aðrar þjóðir eru að gera í þessu máli og hafa varnir og viðbúnað allan í sem bestu lagi í þessu litla þjóðfélagi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda er hér um mjög alvarlegt mál að ræða. Þessi sjúkdómur er kannski sérstakur fyrir þrennt. Þetta er í fyrsta lagi nýr eða tiltölulega nýr sjúkdómur. Þetta er í öðru lagi ólæknandi sjúkdómur enn sem komið er sem er auðvitað það alvarlegasta við sjúkdóminn og það hættulegasta. Hann er í þriðja lagi hættulegur fyrir þær sakir að hann leynist þeim sem eru sýktir. Menn vita ekki um ástand sitt og þá hættu sem þeir eru í og kunna að skapa sjálfum sér og sínu umhverfi.

Síðan á árinu 1983 hafa verið uppi aðgerðir til að hefta útbreiðslu alnæmis hér á landi. Svo sem í öðrum löndum hefur starfið fyrst og fremst beinst að upplýsingum um smitleiðir alnæmis og upplýsingin hefur því bæði beinst að einstaklingum í þjóðfélaginu, en í byrjun ekki síst að því starfsliði sem vinnur í heilbrigðisþjónustu og áhættuhópum, svo sem hommum og eiturlyfjasjúklingum. Þá hefur verið gerð breyting á lögum um kynsjúkdómavarnir og alnæmi er flokkað til kynsjúkdóma og verður því að skrást og tilkynnast til heilbrigðisyfirvalda með sérstökum hætti.

Í lok ársins 1986 ákvað þáv. heilbrmrh. að ef til aðgerða þyrfti að koma ættu alme ákvæði laga um farsóttir og sóttvarnir að gilda um næmissjúklinga.

Ef rekja á hvað gert hefur verið einstökum árum byrjaði áróður til upplýsinga ári 1983 til almennings en ekki síst til heilbrigðisstar liðs. Þessi upplýsingaherferð hélt áfram á árinu 1984. Á árinu 1985 var sent til allra heilsugæslustöðva sérstakt kynningarnámsefni og læknar sem fást við þennan sjúkdóm komu upp sérstakri símalínu þar sem þeir sem töldu sig í hættu gátu rætt við lækna. Skýr fyrirmæli voru gefin til alls starfsliðs á heilbrigðisstofnunum og fyrsta sjónvarpsmyndin var sýnd.

Á árinu 1986 var enn hert á þessari áróðursherferð með sendingu sérstakra kennslugagna til skóla. Sérstakur bæklingur var sendur til allra á aldrinum 15–24 ára og félag homma á Íslandi gaf út sérstakan bækling til meðlima sinna sem styrkt var með opinberu framlagi. Vinnustaðakynningar hófust.

Á sl. ári var haldið áfram almennri áróðursher-

ferð í fjölmiðlum. Sérstakur bæklingur var gefinn út til ferðamanna og sérstakt rit var sent á öll heimili landsins sem fyrst og fremst var kostað af áhugamönnum.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að eyða um 10 millj. kr. til alnæmisvarna. U.þ.b. 7–8 millj. kr. verður varið til alls konar upplýsingastarfsemi í samráði við og að tillögu landlæknisembættisins, en 2–3 millj. verða til þess að kosta starfslið í heilbrigðisþjónustu til þess að geta fylgst með því sem er að gerast á erlendum vettvangi í þessum málum.

Sem svar við annarri spurningunni um alnæmistilfellin, þá er það svo að til loka desember höfðu greinst 38 tilfelli af alnæmi hér á landi með mótefni í blóði, þar af 34 karlmenn og 4 konur. Af þeim eru um 70% hommar, 20% eiturlyfjaneytendur. Af þessum 38 eru 5 taldir alnæmissjúklingar af læknum eða greindir sem slíkir og þar af eru þrír látnir. Af hinum eru 15 algerlega einkennalausir enn sem komið er.

Þriðji liður fyrirspurnarinanr var um það hvernig búið er að smituðum og hvaða meðferð fá þeir. Þeir sem eru smitaðir og einkennalausir fá enga meðferð. Hinir sem hafa einhver einkenni hafa samband við þá lækna sem sinna þessum sjúkdómi, en það eru sérfræðingar í smitsjúkdómum og ónæmisfræðum.

Það er mat ráðuneytisins að heilbrigðisþjónustan hafi sinnt þessu fólki vel og ráðuneytið gerði snemma ráðstafanir til þess að þetta fólk fengi bætur almannatrygginga ef það gæti ekki sinnt störfum svo sem aðrir öryrkjar. Hvað varðar hina félagslegu aðstoð er þetta fólk flestallt eða allt í Reykjavík og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hefur sinnt sínum þætti vel. Það er því mat ráðuneytisins að það sé því ekki búið síður að þessum sjúklingahópi en öðrum sjúklingahópum í þjóðfélaginu.

Í fjórða lið fyrirspurnarinnar er spurt hvort hægt sé að merkja að þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar gripið til hafi borið árangur. Því er erfitt að svara í dag hvort þær aðgerðir sem hefur verið gripið til í heiminum almennt gegn alnæmi beri enn árangur. Það er almennt álit að það sé aðeins lítið brot af hinum sýktu sem enn er þekkt. Hitt eru allir sammála um að það hafi tekist að hefta mjög marga útbreiðsluþætti. Þannig er ljóst að fáir sem engir ættu framar að smitast vegna blóðgjafar eða blæðarar vegna blóðhlutagjafar. Hér á landi hefur skimun á blóðgjafarblóði verið gerð síðan 1985, en fyrir þann tíma hafði einn sjúklingur sýkst vegna blóðgjafar. Enginn blæðari hafði sýkst á Íslandi og er ekki vitað um neinn starfsmann í heilbrigðisþjónustu sem hefur sýkst.

Það er því mat heilbrmrn. að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hafi verð árangursríkar, enda þótt við vitum að í þjóðfélaginu hljóta að vera miklu fleiri sem tekið hafa smitun en vitað er um. Það á að vera hægt að hefta útbreiðsluna ef einstaklingarnir sinna viðvörunum og upplýsingum þeim sem veittar eru.

Á ráðstefnu sem 140 heilbrigðismálaráðherrar sóttu nýlega í London og ég sótti kom glögglega í ljós að menn binda ekki vonir í sambandi við heftingu á útbreiðslu alnæmis við útskúfun sjúklinga eða harkalegar aðgerðir gegn þeim. Menn leggja ábyrgðina á hvern einstakling, að hann sé ábyrgur gerða sinna, og smitist hann er það sjálfs hans sök en ekki þess sem smitaði hann. Smitleiðirnar eru kunnar og allir sem vilja geta forðast smitið.

Hvað varðar meðferð alnæmissjúklinga hafa sérfræðingar hér á landi mjög góð sambönd við starfsbræður sína erlendis og við munum fá tækifæri til að nota þau lyf sem prófuð verða jafnskjótt og þau koma á markað þannig að íslenskir alnæmissjúklingar munu fá möguleika til sömu og vonandi jafnvel betri meðferðar en nokkurs staðar annars staðar. Hins vegar verður að minna hv. Alþingi á að til þess að þetta geti orðið verður heilbrigðisstjórnin að ráða yfir verulegu fjármagni til þessa sérstaka málaflokks, enda þótt öll skimun og læknismeðferð verði greidd sem kostnaður við sérstakar sjúkrastofnanir.

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir glögg svör. Vissulega kom það glöggt fram í hans máli að við Íslendingar höfum allt frá 1983 brugðist fljótt við og ég tel með jákvæðum og opnum huga við þessum ógnvaldi mannkynsins. Ég held að menn verði að setja traust sitt á læknana, á að stjórnendur landsins og þá ekki síst heilbrmrh. hugi að þessum vörnum á tvennum vígstöðvum, þ.e. bæði í baráttu við að finna sjúklingana og verjast því að sjúkdómurinn breiðist út, og ekki síður á hinu sviðinu, að ungt fólk temji sér heilbrigt líf og lífsvenjur sem skipta sennilega langstærstu máli í þessu efni, að skapaðar verði hollar og heilbrigðar tómstundir ungum til handa og að fólk leiti inn á þær brautir sem einmitt gera það að verkum að það forðast óheilbrigt líferni sem kom fram í máli ráðherrans að um allan heim, eins og eiturlyfin, á sennilega stærri þátt í útbreiðslu þessa sjúkdóms og tilurð hans en nokkurn grunar. Ég fagna því að árangur hefur orðið, eins og kom fram hjá ráðherranum, af ýmsu því sem heilbrigðisyfirvöld hafa gripið til. Ég hvet ráðherrann til að fylgja þessu máli eftir.

Löggjöf um auglýsingar, ein umr.

Fsp. SJS, 239. mál. — Þskj. 531.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Á síðasta þingi, 109. þingi, flutti ég þáltill. um auglýsingalöggjöf. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„*Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þm. til að undirbúa í samráði við helstu hagsmunaaðila*

heildarlöggjöf um auglýsingar. Við vinnu sína skal nefndin taka sérstaklega mið af þeim miklu breytingum sem orðið hafa eða standa fyrir dyrum á sviði fjölmiðlunar. Jafnframt skal nefndin hafa að leiðarljósi að tryggja sem best gæði auglýsinga og eðlilega og nauðsynlega neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum. Nefndin skal hraða störfum og skila áliti sínu í frumvarpsformi til Alþingis eigi síðar en í lok febrúar 1987."

Niðurstaða þessa máls á síðasta þingi var sú að samþykkt var 18. mars 1987 þáltill. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að undirbúa heildarlöggjöf um auglýsingar."

Nú hefur nokkuð verið rætt um þetta mál að undanförnu í fjölmiðlum og víðar úti í þjóðfélaginu, sem eðlilegt er, en litlar fréttir hef ég haft eða litlar spurnir hef ég haft af því frá hæstv. ríkisstjórn hvað málinu líði á þeim vígstöðum. Þar sem hæstv. ríkisstjórn var falið sérstakt verkefni á þessu sviði hef ég leyft mér að spyrja viðskrh. um undirbúning löggjafar um auglýsingar og fsp. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður framkvæmd þáltill. um auglýsingalöggjöf sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987?

2. Er þess að vænta að heildarlöggjöf um auglýsingar verði sett á yfirstandandi þingi?

3. Hvernig hyggst ráðherrann tryggja að nauðsynleg neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum, verði hluti af væntanlegri löggjöf?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín fsp. í þremur liðum um undirbúning löggjafar um auglýsingar. Í fyrsta lagi spyr hann hvað líði framkvæmd þál. um auglýsingalöggjöf sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987, en með þeirri ályktun var samþykkt að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að undirbúningi heildarlöggjafar um auglýsingar.

Ég hyggst skipa slíka nefnd á næstunni og geri ráð fyrir að í henni verði fulltrúar neytenda, auglýsenda, auglýsingagerðarmanna, fjölmiðla og fulltrúar fyrir almannahagsmuni. Ég hef enn ekki ákveðið nánar þessa nefndarskipan, en ég mun auðvitað fela nefndinni að kanna hvernig best sé að haga auglýsingalöggjöf og reglum um auglýsingar til að tryggja hagsmuni almennings.

Í öðru lagi er svo spurt hvort þess sé að vænta að heildarlöggjöfin um auglýsingar verði sett á yfirstandandi þingi. Því vil ég nú svara þannig að ég treysti mér enn ekki til að spá um verkalok. Í viðskrn. hefur verið unnið nokkuð að söfnun gagna frá öðrum löndum um það hvernig þessu sé þar fyrir komið og eins gögnum hérlendis um það hvernig reglur gildi um þetta hjá þeim sem við þetta starfa, en þar hafa verið samþykktar eins og fyrirspyrjanda er án efa kunnugt siðareglur af samtökum auglýsingastofa. En um það hvenær nefndin, sem enn hefur ekki verið skipuð, ljúki sínu verki ætla ég engu að spá.

Í þriðja lagi spyr hv. 4. þm. Norðurl. e. hvernig ég hyggist tryggja að nauðsynleg neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum, verði hluti af væntanlegri löggjöf. Um þetta gildir að sjálfsögðu það sem ég sagði áðan, að ég ætla engu að spá um hvernig tillögurnar um lagafyrirmæli í þessu efni verði, en ég bendi á að slík neytendavernd felst þegar í ýmsum lagaákvæðum. Að hve miklu leyti er unnt að auka þessa vernd með löggjöf, m.a. með börn og unglinga sérstaklega í huga, verður eitt af verkefnum auglýsinganefndarinnar. Nefndin hlýtur þá m.a. að meta hvort rétt sé að lögfesta einhver ákvæði siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar sem Samband ísl. auglýsingastofa (SÍA) hefur gefið út í íslenskri þýðingu. SÍA virðir þessar reglur og hefur sett til þess sérstaka siðanefnd að framkvæma þær þar sem eiga sæti fulltrúar Neytendasamtakanna og fulltrúar auglýsenda. Ég mun beina því sérstaklega til nefndarinnar, þ.e. hinnar væntanlegu auglýsinganefndar, að hún athugi þetta sérlega gaumgæfilega og hafi um það samráð við barnaverndarráð meðal annarra.

Lög og reglur leysa því miður ekki allan vanda í þessu máli frekar en öðrum, en það er nauðsynlegt að setja ákveðinn lagaramma um þessa starfsemi til að veita henni aðhald og vernda almannahagsmuni.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Ég hefði gjarnan kosið að viðbrögð ríkisstjórnar hefðu verið ofurlítið snaggaralegri í þessu máli. Ég hygg að þetta sé oft raunin þegar mál sem flutt eru fyrir Alþingi og jafnvel lögð þar til sérstök málsmeðferð eru afgreidd með þeim hætti að fela seint og um síðir ríkisstjórninni að gera einhvern tíma eitthvað í málinu. Þá vill niðurstaðan, því miður, ærið oft verða sú að það taki óratíma að koma málunum af stað eins og hér hefur orðið raunin á þar sem heilt ár a.m.k. hefur tapast í máli sem öllum mátti ljóst vera að brýn nauðsyn bæri til að sinna. Þó ekki hefði komið annað til en breytt skipan fjölmiðlunar í landinu, geysileg aukning á veltu í auglýsingamarkaðnum, sem nú veltir að sögn kunnugra ekki minna en 3, jafnvel 4 milljörðum kr. á ársgrundvelli, hefði það eitt og sér nægt að mínu mati til að taka upp gömul og löngu ófullnægjandi ákvæði úr lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem eru einustu ákvæðin, jafnfátækleg og þau eru, sem tryggja neytendum einhverja vernd í sambandi við auglýsingar.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. viðskrh. að hann íhugi, þegar hann skipar þá nefnd sem hér hefur verið rædd, hvort ekki sé ástæða til að að þeirri nefnd eigi aðild fulltrúar uppeldisstétta eða aðrir slíkir sem geti á faglegum grundvelli lagt á ráðin um hvernig best verði gætt hagsmuna barna og

unglinga og annarra slíkra sem menn hafa áhyggjur af í þessu sambandi. Ég nefni sem dæmi að mönnum hlýtur að blöskra þegar auglýsingar eru jafnvel í Ríkissjónvarpinu hnýttar beint aftan í barnaefni sem þar er sent út, augljóslega í þeim eina tilgangi að höfða til trúgirni eða áhrifagirni barna og unglinga í sambandi við þessi mál.

Ég skora svo á hæstv. viðskrh. að vinda eins bráðan bug að því að hrinda þessum málum af stað og kostur og ítreka tilmæli mín um að nefndin verði þannig saman sett að sem best verði gætt ólíkra hagsmuna í þessum efnum, annars vegar að sjálfsögðu þeirra sem auglýsa vörur en ekki síður þó hinna sem verða fyrir barðinu á þeim auglýsingum daglega.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. hans seinni ræðu og góðar ábendingar. Ég mun taka tillit til þess, sem fram kom í hans máli, að gefa uppeldisstéttum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég hef ekki hugsað mér að skipa fjölmenna nefnd heldur geri ég á þessu stigi málsins ráð fyrir að það verði einn fulltrúi fyrir hvert þeirra fimm sjónarmiða sem ég nefndi áður, almannahagsmuna í fyrsta lagi, neytenda sérstaklega í öðru lagi, auglýsenda í þriðja lagi, auglýsingaframleiðenda í fjórða lagi og fjölmiðlanna í því fimmta. Ég tel að það sé hyggilegra að reyna að hafa þennan hátt á en að skipa fjölmennari nefnd, en að slík nefnd hefði þá samráð við ýmsa þá sem láta sig þessi mál varða.

Ég vildi að lokum benda hv. 4. þm. Norðurl. e. á að það er margt sem kallar að á stóru búi og þessi ályktun Alþingis um auglýsingalöggjöf er e.t.v. óvenjuleg að því leyti að hún gefur hvorki skýlausar tímasetningar fyrir verkið né nákvæm fyrirmæli um hvernig standa skuli að því. Hún er afar almenns eðlis. Reyndar var, eins og kom fram í máli hans sjálfs, breytt verulega þeirri till. sem hann upphaflega lagði fyrir þingið. Ég er með þessum orðum alls ekki að draga úr því að hér sé um mikilvægt og brýnt verkefni að ræða, en vildi einungis á það benda að vilji Alþingis kom fram með þeim hætti sem raun ber vitni.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 10. febr. 1988:

„Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Borgarafl. í Reykjaneskjördæmi, Kolbrún Jónsdóttir skrifstofumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Kolbrúnar Jónsdóttur. Það kjörbréf þarf nú athugunar við og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki körbréfið til meðferðar nú þegar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Júlíus Sólnes):

Virðulegur forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og tekið til athugunar kjörbréf Kolbrúnar Jónsdóttur sem er 1. varamaður Borgarafl. í Reykjaneskjördæmi. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við kjörbréf Kolbrúnar og leggur því til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Kolbrúnar Jónsdóttur samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Kolbrún Jónsdóttir, 11. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Kolbrún Jónsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Jafnréttismál, ein umr.

Fsp. GA, 241. mál. — Þskj. 533.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur verið skeleggur málsvari jafnréttis á Alþingi og flutti t.d. umdeilda till. um sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna eða jákvæða mismunun. Hún hefur beitt sér til að bæta launakjör kvenna og hún hefur verið gagnrýnin á ráðherra vegna stöðuveitinga og annarra stjórnvaldsaðgerða sem brjóta í bága við jafnréttislög og er það vel. Ekki þarf því í löngu máli að ítreka fyrir henni eða lýsa vandkvæðum kvenna

við að ná jafnrétti á við karla í launum, stöðuveitingum og starfsframa og áhrifastöðum í þjóðfélaginu almennt. Vert er þó að minna þingheim á niðurstöður úr nýútkominni skýrslu Jafnréttisráðs um framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga, en þar kemur eftirfarandi fram:

„Árið 1985 eru karlar 90% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins sem kosin eru af Alþingi. Karlar eru 91% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum sem skipuð eru og kjörin skv. lögum og ályktunum Alþingis. Karlar eru 88% þeirra sem sitja í nefndum sem skipaðar eru af stjórnvöldum."

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að í ljós hafi komið að konur sem eru annaðhvort starfandi innan hefðbundinna karlagreina eða standi körlum jafnt að vígi formlega séð til að gegna ábyrgðarstöðum í nefndum, ráðum og stjórnum séu síður tilnefndar til þess að gegna þeim stöðum. Enn fremur segir í könnun frá Jafnréttisráði á kynjaskiptingu í helstu stjórnunar- og ábyrgðarstöðum hjá hinu opinbera:

„Í ábyrgðar- og stjórnunarstörfum á aðalskrifstofu ráðuneyta og Hagstofu var árið 1985 engin kona ráðuneytisstjóri. Af tólf skrifstofustjórum var ein kona, af 26 deildasérfræðingum fimm konur og engin kona var sendiherra. Í ábyrgðar- og stjórnarstörfum innan níu opinberra stofnana, hjá Vegagerð ríkisins, Alþingi, Orkustofnun, Ríkisbókhaldi, Húsameistara ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Húsnæðisstofnun ríkisins, Hafrannsóknastofnun og borgardómaraembættinu í Reykjavík, voru konur árið 1985 samtals 61 af 318. Allir forstjórar þeirra opinberu stofnana sem athugaðar voru voru karlar."

Eitt fyrsta verk hæstv. félmrh. í ráðuneyti sínu var að senda sérstakt bréf til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Í bréfi ráðherra er vitnað í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um markmið í jafnréttismálum. Enn fremur í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Með tilliti til þessara tilvitnana ráðherra og efnis bréfs hennar að öðru leyti ber ég fram eftirfarandi fsp., með leyfi forseta:

„Hvernig hefur tekist til um framkvæmd þeirra tilmæla sem félmrh. beindi til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins 22. júlí 1987 varðandi átak til að ná settum markmiðum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum? Hefur konum fjölgað í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila? Hefur þeim konum fjölgað sem ráðnar eru til „ábyrgðarstaða" á vegum hins opinbera? Hafa ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins tekið upp sveigjanlegan vinnutíma eða hafið undirbúning að slíkum vinnuháttum?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í tilefni þeirrar fsp. sem hér er fram borin í fjórum tölul. á þskj. 533 mun ég svara henni í heild með því að gera í stuttu máli grein fyrir hvað gert hefur verið og hvað í undirbúningi er að því er varðar átak í jafnréttismálum eins og það er orðað í þeirri fsp. sem hér er til umræðu.

Eins og fram kemur í fsp. var því af hálfu félmrn. 22. júlí sl. beint til allra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins að gera átak til að ná þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setti sér í jafnréttismálum. Því var beint til framangreindra stofnana í fyrsta lagi að unnið verði markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust, í öðru lagi að ráðuneytið vinni að því að konur sem starfa hjá hinu opinbera fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum. Í þriðja lagi að ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífinu. Í fjórða lagi að launastefna ríkisins miði að því að stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu.

Í því bréfi sem sent var til ráðuneyta og stofnana 22. júlí sl. kom fram að félmrn. mundi einnig síðar fylgja þessu máli eftir með könnun á framkvæmd og stöðu mála innan ráðuneyta og ríkisstofnana. Það eru nú liðnir rúmir sex mánuðir frá því að bréf þetta var sent frá félmrn. Ég tel að til að sjá hvort marktækur árangur hafi náðst vegna þessara tilmæla, sem ég beindi til ríkisstofnana og ráðuneyta, þurfi að líða lengri tími þar til þessu máli verður fylgt eftir af hálfu ráðuneytisins. Ég tel að tímabært verði að fylgja þessu eftir og gera þá könnun sem nefnd var í bréfinu til ráðuneyta og stofnana á komandi hausti, en þá er liðlega ár liðið frá því að þessu var beint til ráðuneytanna og ríkisstofnana.

Ég vil einnig nefna í tilefni þessarar fsp. að á undanförnum mánuðum hefur nefnd á vegum félmrn. starfað að því verkefni í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að leita leiða til að stytta vinnutíma hér á landi án þess að tekjur skerðist. Er þetta liður í þeirri viðleitni að taka meira tillit til þarfa fjölskyldunnar og þess að foreldrar beri jafna ábyrgð á börnum sínum, svo og leið til launajafnréttis þar sem verulegur hluti af launamun kynjanna hefur verið skýrður með lengri vinnutíma. Nefndin mun fljótlega skila áfangaskýrslu til mín að því er þennan þátt varðar, en nefndin hefur m.a. fjallað um sveiganlegan vinnutíma sem er einn liður í þeirri fsp. sem hér er fram borin.

Um áramótin skipaði ég nefnd sem ætlað er að stuðla að auknu launajafnrétti karla og kvenna í störfum hjá hinu opinbera. Nefndinni er falið að fjalla um endurmat á störfum kvenna hjá hinu opinbera þar sem m.a. verði höfð hliðsjón af mikilvægi umönnunar- og aðhlynningarstarfa og starfsreynslu á heimilum og gera tillögur þar um. Nefndinni er enn fremur ætlað að leita leiða til að tryggja jafna stöðu karla og kvenna við ráðningar og stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Nefndin hefur þegar haldið nokkra fundi og rætt um með

hvaða hætti unnið verði að verkefninu. M.a. hefur verið samþykkt að fara yfir og kanna laun hjá einstökum ríkisstofnunum og ef í ljós verður leitt að mati nefndarmanna að munur sé á launum karla og kvenna sem ekki verður skýrður sérstaklega er ljóst að það verður tekið til sérstakrar athugunar.

Einnig hefur verið um það rætt í þessari nefnd hvernig gera megi tillögur í kjarasamningum um jafnréttisákvæði. Nefndin hefur athugað laun greidd ríkisstarfsmönnum hjá launadeild og þar kemur í ljós að karlar bæta um 67% við laun sín með yfirvinnu, en konur um 34%. Af þessu má draga þá ályktun að töluverðan hluta af launamun hjá hinu opinbera megi rekja til lengdar vinnutíma. Karlar fá greidda mun meiri yfirvinnu en konur. Þá vaknar sú spurning hvort sú yfirvinna sé öll unnin. Ekki er hægt með þeim gögnum sem fyrir liggja að ganga úr skugga um það. Til þess þarf mun fullkomnari upplýsingar um viðvist en nú liggja fyrir.

Á það skal einnig bent í þessu sambandi að í upplýsingum sem voru lagðar fram á Alþingi á árunum 1984–1985 kom fram að ýmsar greiðslur, svo sem föst yfirvinna og bifreiðahlunnindi, renna hjá ríkinu að 95% hluta til karla. Þetta er í sérstakri skoðun í nefndinni, enda ákvæði um það í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að jafna þessar hlunnindagreiðslur.

Nefndin hefur einnig rætt um hvernig hægt er að tryggja betur aðgang kvenna í stöðuveitingar hjá hinu opinbera, en ég tel að ljóst sé að ef vilji stjórnvalda stendur til þess séu ýmsar leiðir færar í því efni.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi að í athugun er hjá félmrn. og Jafnréttisráði hvort rétt sé að beita ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna sem felur í sér svokallaða jákvæða mismunun, þ.e. séraðgerðir í þágu kvenna og þá hvernig því ákvæði verði best beitt. Þessi nefnd, sem hefur fjallað um þetta umfangsmikla verkefni sem ég hef hér lýst, mun innan skamms skila mér sínum tillögum.

Þess má í lokin geta að Jafnréttisráð hefur með bréfi nú í febrúar sem sent hefur verið öllum ráðuneytisstjórum óskað upplýsinga um stöðu karla og kvenna innan ráðuneytanna. Er þessi könnun gerð í framhaldi af könnun Jafnréttisráðs á hlut kvenna og karla í stjórnum og ráðum á vegum hins opinbera. Óskað er upplýsinga í fyrsta lagi um fjölda nýrra ráðninga sl. tvö ár, í öðru lagi hvaða stöður það voru, í þriðja lagi hvaða kröfur voru gerðar til stöðunnar, bæði menntun og reynsla, í fjórða lagi fjölda umsækjenda og í fimmta lagi menntun, reynsla, starfsaldur og kyn þeirra sem voru ráðnir, í sjötta lagi menntun, reynsla, starfsaldur og kyn þeirra sem var hafnað, í sjöunda lagi stöðuhækkanir innan ráðuneytisins og milli ráðuneyta, í áttunda lagi hver var fyrri staða þeirra sem fengu hærri stöðu og í níunda lagi menntun, reynsla, starfsaldur og kyn þeirra sem fengu stöðuhækkun. Munu niðurstöður þessarar könnunar liggja fyrir innan nokkurra vikna.

Ég vænti þess að það sem er hér greint frá svari að nokkru þeirri fsp. sem hér er fram borin.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil í tilefni þessarar fsp. vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur frv. til breytinga á lögum um jafnrétti karla og kvenna sem felur efnislega í sér að það verði lögboðið að 40% munur verði hámarkið þegar skipað er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum hins opinbera. Það er tillaga sem snertir það mál sem hér er spurt um og ef frv. yrði samþykkt yrði róttæk breyting í þessum málum ef það yrði lögboðið að svona vinnubrögð yrðu viðhöfð.

Ég vek einnig athygli á því að það þurfa að koma til marghátttaðar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem hér eru til umræðu, en sú tillaga sem liggur fyrir þinginu er spor í þá átt.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar og það var fróðlegt að fregna af því hvernig þessu verkefni gengur. Ég vissi að sjálfsögðu að það er stuttur tími liðinn síðan erindið var sent út til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins, en hins vegar er mjög mikils vert að fá að fylgjast með framgangi þessara mála.

Það vakti athygli mína hvernig Jafnréttisráð ætlar sér að kynnast því hvernig stöðuveitingar fara fram. Ég tel það vera mjög jákvætt. Hins vegar væri líka fróðlegt að fylgjast með því eða fá að vita hvernig ráðuneytið ætlar í raun að fylgjast með erindi þess bréfs sem það sendi, hverjir eiga að meta hvernig svarað verður, hvort það eru fyrirtækin, stofnanirnar eða ráðuneytið eða hvort félmrn. og þá ráðherra mun beina alveg sérstökum spurningum til þess að fylgjast með öðrum en þeim sem ráðherra tilgreindi.

Í sjálfu sér er kannski ágætt að kanna nánar, ef á að fara að útfæra hlutina, hvernig ástandið er, en mér finnst samt að það séu komnar nægilega margar kannanir ár eftir ár eftir ár sem sýna okkur fram á misréttið svart á hvítu. Það vitum við að er til staðar. Það sem vantar fyrst og fremst eru leiðir og aðgerðir og vilji til þess að fara þessar leiðir og beita þessum aðgerðum til að ná fram réttlæti.

En ég heiti hæstv. félmrh. fyllsta stuðningi og hvet hana áfram í þessum fyrirætlunum sínum og minni hana á að mikils er vænst af henni í þessu starfi.

Launastefna ríkisins, ein umr.

Fsp. GA o.fl., 244. mál. — Þskj. 537.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Í mars 1987 var haldin ráðstefna ASÍ og BSRB til að endurskoða fjölskyldustefnu

heildarsamtaka verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum. Meginniðurstaða umræðna, sem fóru fram á þessari ráðstefnu, var að auka þyrfti vægi dagvinnu, draga úr yfirvinnu og leggja hana af þannig að fólk gæti lifað af dagvinnunni. Menn töldu þetta ákveðinn lykil af velferð fjölskyldunnar og einnig lykil að launajafnrétti.

Við vitum öll að á Íslandi er óhóflega langur vinnutími og það er einmitt hann sem stendur undir þeim aukna kaupmætti sem stjórnvöld hafa státað af. Þessi langi vinnutími er bæði heilsuspillandi og hann krefst margvíslegra félagslegra aðgerða vegna þess að heimilin, börnin og allir aðrir, sem umönnunar þurfa, eru vanræktir. Þetta vitum við öll og þetta höfum við margoft rætt hér og hefur verið rætt úti í þjóðfélaginu.

Við vitum líka að framleiðniskýrsla á vegum ýmissa samtaka launafólks og atvinnurekenda var unnin á árunum 1973–1983. Hún sýndi að hagvöxturinn og hin aukna verðmætasköpun, sem leiddi til bættra lífskjara, byggðist á mjög löngum vinnutíma og ekki síst á aukinni atvinnuþátttöku kvenna, mikilli atvinnuþátttöku kvenna sem í raun bera uppi þessa auknu verðmætasköpun. En hvernig er þeim síðan launað fyrir verk sín? Jú, launamunur milli karla og kvenna fer vaxandi. Þegar ég hóf störf hér á þingi 1983 lét nærri að karlar hefðu 51% hærri laun á ársverk en konur. Nú er hann kominn hátt yfir 60% og trúlega í áttina að 70 ef teknar eru giftar konur og giftir karlar og borin saman. Og við vitum líka að konur eru að öllu leyti hálfdrættingar í launum á við karla. Einungis konur á besta aldri ná meðallaunum og eru þá jafnháar í launum öldruðum körlum o ungum drengjum. Það er sama á hvaða könnun vi lítum. Launamunur er þannig að karlar hafa hærri tekjur í dagvinnu en konur í sömu starfsgrein. Þeir fá yfirleitt meiri yfirvinnu. Síðan koma allar aukagreiðslurnar og sporslurnar. Þetta stafar kannski ekki síst af því að karlar eru enn álitnir hin sígilda og eina sanna fyrirvinna heimilanna og þá er litið fram hjá vaxandi fjölda einstæðra mæðra, á 7. þúsund, sem hafa fyrir a.m.k. 14 þúsund börnum að sjá en margir álíta að sárust fátækt á Íslandi sé einmitt á slíkum heimilum, og einnig á heimilum aldraðra og öryrkja.

Á sama tíma hefur kostnaður við rekstur heimilanna aukist mikið. Í grein í Alþýðublaðinu 14. nóv. sl. er verðsamanburður sem sýnir að það tekur þrisvar sinnum lengri tíma fyrir Íslendinga en t.d. Hollendinga að vinna fyrir mat sínum og jafnvel í Englandi „Thatcherismans“ er ódýrastur matur af þeim Evrópulöndum sem könnuð voru. Þó var þetta fyrir matarskattinn sem lagður var á um áramótin, en nú miða margir tímatalið við álögu hans.

Það er orðið löngu tímabært og verður sífellt brýnna að eyða því launamisrétti sem viðgengst hér á landi og því hef ég mikla ástæðu til þess að spyrja ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans bæði hæstv. forsrh. og fjmrh. um launastefnu ríkisins með tilliti til komandi kjarasamninga: Hvað líður framkvæmd á launastefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún er túlkuð í starfsáætlun stjórnarinnar? Ég vitna, með leyfi forseta: „Launastefna ríkisins sem aðila að kjarasamningum miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og að endurmeta störf kvenna og stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu.“

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kemur í tilvitnun í fsp. í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er það ætlan hennar að afstaða til kjaramála komi fram fyrst og fremst í samningum ríkisins við opinbera starfsmenn og það mun því fyrst reyna á framkvæmd stefnunnar þegar að því kemur að gera kjarasamninga við samtök opinberra starfsmanna. En auk þeirra orða sem vitnað er til í fsp. í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að átak verði gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Það er ljóst að það er þörf á öflugu upplýsingastarfi á sviði launa- og kjaramála og að mínu mati væri ástæða til að Hagstofa Íslands kæmi í ríkara mæli en verið hefur inn í slíkar athuganir.

13. okt. sl. skipaði forsrh. nefnd um sérstaka samanburðarkönnun á launum karla og kvenna. Verkefni nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með úrtaksathugun sem gerð verði í því skyni að leiða í ljós svo sem kostur er hvort eða í hvaða mæli sé munur á launum eftir kynjum og ef svo sé, í hverju hann felist fyrst og fremst og hverjar séu skýringar hans. Formaður nefndarinnar er Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri. Auk hans skipa nefndina þau Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur, skipuð samkvæmt tilnefningu félmrn. að fenginni tillögu Jafnréttisráðs, og Sigurður Snævarr hagfræðingur, skipaður samkvæmt tilnefningu Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin samdi áætlun um starf sitt og naut í því sambandi fulltingis Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Lagði nefndin tvo kosti fyrir ráðuneytið til athugunar og ákvörðunar. Annars vegar er um að ræða kost er lýtur að þeirri sérstöku athugun sem mælt er fyrir um í skipunarbréfi nefndarinnar, þröngt skilgreindri. Hins vegar er fjallað um annan kost er snýst um víðtækari athugun á launum og lífskjörum í landinu. Er þá miðað við að auk þess sem fullnægt væri upphaflegu markmiði með samanburði á launum karla og kvenna væri jafnframt komið til móts við ýmsar óskir sem fram hafa komið á undanförnum missirum, ekki síst hér á Alþingi, um könnun og samanburð á launum og lífskjörum hér á landi og í nágrannalöndunum. Er þá haft í huga að Finnar, Norðmenn og Svíar hafa nýlega gert slíkar kannanir með samræmdum hætti og Danir munu leggja fram sambærilegan efnivið í norræna skýrslu um þetta efni. Könnun af þessu tagi gæti gert okkur kleift að taka að fullu þátt í þessu norræna verkefni og fá á þann hátt eðlilegan samanburð á lífskjörum hér á landi og á Norðurlöndum. Loks gæti könnun af þessu tagi að líkindum nýst stefnu-

mörkun ríkisstjórnarinnar á sviði fjölskyldumála, en þess er að vænta að fyrsta skýrsla fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar liggi fyrir í næsta mánuði.

Með tilliti til þessa ákvað forsrn. að fela nefndinni að hlutast til um framkvæmd könnunarinnar með víðtækari hætti en áður var áformað. Nefndin hefur nú samið við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að vera til ráðuneytis um gerð könnunarinnar og mun nefndin annast greiningu og skila ítarlegri skýrslu um niðurstöðurnar. Gert er ráð fyrir að spurningarnar miðist við að kanna og skýra launamun kynja þannig að spurt verði um laun og tekjur, atvinnu og atvinnuþátttöku, vinnutíma svo og um þætti er kunna að skýra launa- og tekjumyndun og launamun svo sem menntun, ábyrgð, starfsstöðu, starfsreynslu og fleira. Auk þess mun könnunin taka til fjölmargra þátta lífskjara, t.d. fjölskyldumála, heimilishátta og aðstöðu, heimilisfars, afnota af þjónustu, frítíma og margs fleira. Gert er ráð fyrir að eftir því sem unnt verði verði höfð hliðsjón af spurningum um þessi efni sem fram koma í hinni norrænu lífskjarakönnun sem áður er að vikið.

Tryggð hefur verið aukafjárveiting sem nemur 2½ millj. kr. til að standa straum af kostnaði við þetta verkefni. Nefndin gerir ráð fyrir að könnunin fari fram fyrir vetrarlok og að meginniðurstöður muni leggja fyrir á hausti komanda.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fsp. lýtur að framkvæmd á launastefnu ríkisins sem aðila að kjarasamningum, en í starfsáætlun ríkisstjórnar er hún skilgreind þannig að hún miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og endurmeta störf kvenna og stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu.

Eins og kunnugt er eru kjarasamningar ríkisins við starfsmenn þess bundnir til næstu áramóta með örfáum undantekningum. Af þeim ástæðum hafa ekki verið gerðir kjarasamningar eftir að starfsáætlun ríkisstjórnarinnar var samin. Undantekning er þó að fjmrn. gerði í samvinnu við Reykjavíkurborg kjarasamning við starfsmannafélagið Sókn. Sá samningur miðaðist við að koma á samræmi í launakjörum starfsfólks innan þess félags og þeirra sem hliðstæðum störfum gegna samkvæmt samningum annarra stéttarfélaga. Enn fremur er sá samningur staðfesting þeirra áforma að nota það litla svigrúm sem nú er til launabreytinga til að bæta kjör hinna tekjulægstu.

Enn fremur er unnið að mótun þessarar stefnu á vegum þeirrar nefndar sem skipuð hefur verið af hálfu félmrn. og að var vikið í svari hæstv. forsrh. hér áðan. Loks er rétt að skýra frá áformum á vegum fjmrn. sem munu snúast um það að breyta verkaskiptingu og starfsháttum innan ráðuneytisins, að fela sérstöku launasviði að undirbúa kjarasamninga af hálfu ríkisins sem stærsta vinnuveitanda landsins þegar næst kemur að kjarasamningum, vinna með kerfisbundnum hætti úr þeim upplýsingum sem launadeild hefur yfir að búa um raunverulega útborguð laun og launamun og að móta stefnu til undirbúnings þeim kjarasamningum í samræmi við þá starfsáætlun sem fyrirspyrjandi hefur vitnað til.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Mikið er nú dýrmætt að heyra að það skuli vera komin nefnd ofan á nefnd og nefnd til að líta eftir nefnd og nefnd sem á að fylgja þessu öllu saman eftir — og hvenær eiga þessar nefndir að skila einhverjum árangri? Það verður gaman að heyra það. Stefna ríkisstjórnarinnar í launamálum er skýr. Fólk skal byrja á svona 31 þús. og hjakka eitthvað upp fyrir 40 þús. eftir 18 ára eða heilt ævistarf. Þetta er alveg skýr stefna. Afleiðingarnar eru líka skýrar. Fólk fæst ekki lengur til að vinna á þessum stofnunum. Það er ekki hægt að opna öldrunarstofnanir vegna þess að fólk fæst ekki til þess að vinna þar og á þeim stofnunum sem eru opnar verður fólk hvort sem því líkar betur eða verr að vinna miklu meira en það þolir. Hæstv. ráðherrar vita það alveg eins og ég að á sumum stofnunum ríkisins er miklu hærra greitt fyrir aukavinnu en fyrir dagvinnu og fólkið er að vinna þetta af því að það má til.

Þeir vita líka að launamisrétti er á þessum markaði. Það er gott til þess að vita ef það á að fara að vinna eitthvað í því. T.d. hefur fagvinna kvenna verið miklu lægra metin en fagvinna karla. Þetta hefur alltaf svo verið.

Þetta er fyrirspurnatími og ég má víst ekki fara lengra en þetta, en það væri hægt að tala um þetta mikið mál.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég er aðili að þessari fsp., en mér leyfist væntanlega ekki meira en stutt athugasemd. (**Forseti:** Nei, það er 1. fyrirspyrjandi sem nýtur réttar sem fyrirspyrjandi. Það er viðtekin regla í þingsköpum.)

Herra forseti. Ég get því miður ekki sagt að ég hafi orðið fyrir neinum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra af þeirri einföldu ástæðu að ég átti ekki von á merkilegri svörum en við fengum. Því miður virðast stjórnvöld ekki komin lengra en svo þrátt fyrir alla umræðuna að þau treysta sér ekki til þess að framfylgja orðum sínum sem þó eru skráð og skjalfest. Og ég má til með, herra forseti, með þínu leyfi, að lesa upp örfá orð úr starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem hljóða svo:

„Átak verður gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Störf kvenna hjá hinu opinbera verði endurmetin. Við þetta endurmat verði m.a. höfð hliðsjón af mikilvægi umönnunar- og aðhlynningarstarfa og starfsreynslu á heimilunum."

Ég heyrði ekki, herra forseti, á máli hæstv. ráðherra að þeir myndu þessi orð. Ég hlýt að ítreka þá fsp. sem hér liggur fyrir og ráðleggja hæstv. ráðherrum að líta oftar í starfsáætlun sína og ég hlýt að spyrja þá: Hvar er átakið, hæstv. ráðherrar? Ég heyrði ekki minnst á neitt átak.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði áðan í svari við fsp. að til stæði að fara yfir og kanna laun karla og kvenna hjá hinu opinbera og ef mismunur á launum karla og kvenna komi í ljós verði það tekið til sérstakrar athugunar. Því spyr ég: Má búast við að í kjölfar slíkrar athugunar muni hæstv. ríkisstjórn hækka laun kvenna hjá hinu opinbera án þess að hækka laun karla?

Hæstv. forsrh. nefndi hér eina könnunina enn m.a. á stöðu í launamálum og á mismun launa kvenna og karla. En hvað hyggst hæstv. ráðherra gera þegar í ljós kemur að verulegur munur er á launum kvenna og karla?

Fyrirspyrjandi (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka ráðherrunum tveimur svör þeirra. Og þó að þeir væru tveir urðu svörin ekki þyngri.

Ég segi enn og aftur og tek undir með hv. 16. þm. Reykv.: Það er komið nóg af könnunum og við leysum ekki vandann með könnununum. Við leysum vandann með því að taka mark á niðurstöðum þeirra kannana sem þegar hafa verið gerðar og leita úrbóta. Við vitum að hér á landi býr fólk sem hefur of lág laun. Við vitum einnig að meginþorri þeirra eru konur. Við vitum að það verður æ brýnna og er reyndar orðið óhjákvæmilegt að leiðrétta þetta óþolandi misrétti vegna þess að það bitnar ekki bara á þeim sem eru beinlínis beittar því heldur einnig á fjölskyldum þeirra, störfunum sem þær gegna eða hafa yfirgefið eins og kom fram í máli hv. 16. þm. Reykv.

Óhófleg vinna og lág laun er að verða meinsemd í þessu þjóðfélagi og það stendur upp á þessa stjórn að uppræta þessa meinsemd því að hún getur leitt til alvarlegra vandamála sem ómögulegt verður að uppræta síðar meir. Þessi stjórn vill leggja áherslu á forvarnarstarf á ýmsum sviðum. Þarna er kannski brýnasta verkefnið til að beita forvörnum. Þessi stjórn hefur ráðrúm til þess. Hún hefur enn tíma til þess. Það er ófyrirgefanlegt ef hún ekki beitir því afli sem hún hefur og gerir það átak sem hún segist hafa ætlað að gera. Það mun verða henni til ævarandi skammar.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, ein umr.

Fsp. ÞSk, 248. mál (rækja og hörpuskel). — Þskj. 541.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ástæðan fyrir þeirri fsp. er ég flyt á þskj. 541 er slæm rekstrarskilyrði skel- og rækjuvinnslunnar á sl. ári og mjög erfið fjárhagsstaða þessara greina um þessar mundir.

Á árinu 1986 hækkaði rækjuverð verulega og hélst gott verð til vors 1987. Í fyrravor hrapar verðið síðan niður um ein 30%. Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði og taprekstur allt sumarið frá vori og fram á haust eru fyrirtækin áfram krafin um greiðslur í Verðjöfnunarsjóðinn. Þær greiðslur fara þó nokkuð lækkandi eða úr um 17% niður í um 7% þegar síðast var greitt í sjóðinn. Vegna verðlækkana féllu greiðslur síðan endanlega niður í september 1987 sem var auðvitað allt of seint.

Þrátt fyrir lækkun útflutningsverðs hélst hráefnisverð til útgerðarinnar óbreytt fram í október sl. er það lækkaði nokkuð. Útflutningsverð á rækju hefur síðan nánast haldist óbreytt og stöðugt frá vorinu 1987, en hráefnisverð til útgerðarinnar hækkaði aftur 1. febr. sl.

Allt frá því að verðlækkunin átti sér stað á sl. vori hefur vinnslan verið rekin með bullandi tapi. Vanskilaskuldirnar hlaðast upp með tilheyrandi dráttarvaxtareikningi og kostnaði. Á sama tíma er innstæða í rækjudeild Verðjöfnunarsjóðsins um 450 millj. kr. eða hálfur milljarður. Átelja verður harðlega þá framkvæmd að krefja fyrirtækin áfram um greiðslur í sjóðinn frá verðfallinu vorið 1987 og fram í september sl. Jafnframt verður að átelja að ekki skuli hafa verið gripið til þess ráðs á seinni hluta sl. árs að greiða verðbætur úr sjóðnum.

Með tilliti til bágrar afkomu vinnslunnar og vanskila hennar er óviðunandi í þessari stöðu að horfa upp á að um hálfur milljarður króna, er þessi atvinnugrein á í Verðjöfnunarsjóðnum, skuli læstur niðri í skúffu í Seðlabankanum á Arnarhóli á meðan fyrirtækin ramba á barmi rekstrarstöðvunar vegna vanskila. Þess vegna spyr ég hæstv. sjútvrh.:

„1. Hvað veldur því að ekki hafa verið greiddar verðbætur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins á rækju og hörpuskel með tilliti til verðlækkana á þessum afurðum og bágrar afkomu greinanna á sl. ári?

2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir endurskoðun á lögum og starfsemi sjóðsins á næstunni?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvað valdi því að ekki hafi verið greiddar verðbætur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins á rækju og hörpuskel með tilliti til verðlækkana á þessum afurðum og bágrar afkomu greinanna á sl. ári. Við þessu vil ég gefa eftirfarandi svar:

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs er skv. 1. gr. laganna um sjóðinn að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Fyrir upphaf hvers framleiðslutímabils ákveður stjórn sjóðsins verðgrundvöll þann sem út- og inngreiðslur í sjóðinn miðast við. Skv. 9. gr. laganna skal stjórnin við þá ákvörðun einkum hafa hliðsjón af verðlagi undanfarinna þriggja ára, en stjórnin skal einnig líta til annarra atriða, svo sem markaðs- og aflahorfa sem og afkomu í viðkomandi grein. Við

ákvarðanir sínar hefur sjóðstjórn jafnan stuðst við úttektir Þjóðhagsstofnunar um svokallað staðvirt meðalverð einstakra afurðaflokka á síðustu þrem til fimm árum og áætlað markaðsverð á þeim tíma sem ákvörðun er tekin.

Á árinu 1986 og fyrri hluta ársins 1987 var verðlag á frystri skelflettri rækju afar hátt. Þannig áætlaði Þjóðhagsstofnun að meðalverð á rækju í janúar 1987 samsvaraði 4,42 SDR á pund cif sem var 45% hærra en staðvirt meðalverð síðustu fimm áranna þar á undan, þ.e. 3,05 SDR á pund cif. Í samræmi við þetta háa markaðsverð var mikil inngreiðsla í Verðjöfnunarsjóðinn vegna rækju í upphafi ársins 1987 og nam hún 17,5% af cif-verði. Meðalverð á rækju fór síðan lækkandi eftir því sem á árið leið og lækkaði inngreiðsluhlutfall til sjóðsins til samræmis við það og var inngreiðsla alveg felld niður frá 14. sept. Þjóðhagsstofnun taldi að meðalverð á skelflettri rækju væri í september komið niður í 3,28 SDR á pund cif. Hinn 22. sept. tók sjóðstjórn ákvörðun um nýtt viðmiðunarverð sem hefði að óbreyttu rækjuverði haft í för með sér rúmlega 3% útborgun úr sjóðnum ofan á cif-verð rækju.

Sem betur fer hækkaði markaðsverð á rækju nokkuð aftur undir árslok. Af þessum sökum kom ekki til þess að ákvörðun viðmiðunarverðs í september leiddi til útborgunar á síðasta framleiðslutímabili ársins. Í janúar sl. var áætlað að meðalverð á skelflettri rækju lægi á bilinu 3,70–3,75 SDR á pund cif, en það er hærra en meðalverð undanfarinna ára hvort sem litið er til þriggja ára eða fimm ára meðalverðs.

Við ákvarðanir viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju hefur stjórn sjóðsins fylgt þeim meginreglum sem 9. gr. laganna um sjóðinn kveður á um. Fyrst og fremst hefur verið litið til meðalverðs liðinna ára, en tillit jafnframt tekið til annarra þeirra atriða er nefnd eru í lagagreininni. Í þessu sambandi verða menn að hafa í huga að rækjuverð var á árinu 1986 og fyrri hluta ársins 1987 með eindæmum hátt og að rækjuverðið er enn ofan við meðalverð liðinna ára þótt allmikil verðlækkun hafi orðið frá því að verðið reis hæst.

Ekki er hægt að ætlast til að Verðjöfnunarsjóður jafni öll skakkaföll sem hinar einstöku greinar fiskvinnslunnar verða fyrir. Sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að draga úr áhrifum verðsveiflna með því að halda eftir hluta andvirðis sjávarafurða þegar verðlag er yfir meðallagi en greiða verðbætur þegar afurðaverð er undir meðallagi. Að sjálfsögðu verða þeir sem í fiskvinnslu starfa sjálfir að bregðast við breyttum aðstæðum, t.d. með því að aðlaga hráefnisverð að markaðsverði afurða hverju sinni o.s.frv.

Mikið verðfall varð á frystum hörpudiski á árinu 1987, en verðlag á þessari afurð hefur eins og kunnugt er lengi verið mjög óstöðugt. Ákvarðanir stjórnar Verðjöfnunarsjóðs um viðmiðunarverð, er byggðust fyrst og fremst á meðalverði liðinna ára, leiddu því til þess að tilefni varð til verulegra útgreiðslna úr sjóðnum. Þar sem óseldar birgðir voru enn til í árslok 1987 frá öllum framleiðslutímabilum ársins var ekki unnt að gera útgreiðslur úr sjóðnum endanlega upp vegna neins þeirra tímabila. Stjórn sjóðsins tók það þá til bragðs í desember sl. að ákveða bráðabirgðaútgreiðsluhlutföll vegna ársins 1987. Nemur útgreiðslan 6,5% vegna framleiðslu á tímabilinu janúar til júlí, 12% vegna framleiðslu í ágúst til september og 15% vegna framleiðslu í október til desember. Nú þegar hafa verið afgreiddar verðbætur í samræmi við þetta og allan greiddan útflutning til hlutaðeigandi sölusamtaka eða framleiðenda. Í byrjun febrúar var búið að ráðstafa um 18 millj. kr. til uppgjörs verðbóta. Afgreiddar verða verðbætur á ógreiddan útflutning og á birgðir þegar þær hafa selst við framvísun á vottorði um gjaldeyrisskil. Áætlað er að greiðsla verðbóta muni nema um eða yfir 50 millj. kr. og verði inneign í hörpudiskreikningi sjóðsins þá nærfellt uppurin. Sjóðurinn mun því þess ekki megnugur að greiða uppbætur á framleiðslu ársins 1988, enda þótt markaðsverð sé áfram mjög lágt.

Í öðru lagi er spurt hvort ríkisstjórnin hyggist beita sér fyrir endurskoðun á lögum um starfsemi sjóðsins á næstunni. Þetta hefur ríkisstjórnin þegar gert. Í fyrsta lagi er rétt að geta þess að nefnd skilaði áliti í október 1986 um endurskoðun á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og varð ekki sammála. Hinn 20. jan. sl. skipaði sjútvrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs miðað við núverandi verðmyndun á fiski og skipulag á sölumálum sjávarafurða og með hvaða hætti slíkri verðjöfnun verði komið fyrir með sem virkustum og hagfelldustum hætti. Í nefndinni eiga sæti þeir Bolli Þór Bollason, efnahagssérfræðingur í fjmrn., Ólafur Ísleifsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, og Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri sjútvrn., en Kristján Skarphéðinsson, deildarstjóri í sjútvrn., er ritari nefndarinnar. Er nefndinni í skipunarbréfi falið að leita í störfum sínum samráðs við samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Nefndin hefur þegar haldið fjóra fundi og átt viðræður við fulltrúa samtaka margra hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Á þessu stigi vil ég ekki fullyrða hvenær vænta má tillagna nefndarinnar en tel þó ekki ólíklegt að það verði í aprílmánuði nk.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skilmerkilegt svar. Hann vitnar til upplýsinga Þjóðhagsstofnunar um meðalútflutningsverð á rækju á árinu 1986 og árinu 1987. Ég ætla ekki að rengja þær upplýsingar, en ég vil hafa á þeim fullan fyrirvara. Ég held að þær segi raunar ekki allan sannleikann nema menn skoði það sem að baki býr.

Staðreyndin er sú að á árinu 1986 var veiði á innfjarðarækju mjög góð. Vinnslurnar borga tiltölulega lágt verð fyrir innfjarðarækjuna, hún er smá. Á

árinu 1986 var útflutningsverðið hins vegar hátt og vinnslustöðvarnar fengu þess vegna mjög hátt verð fyrir þessa smárækju. Ástandið varð allt annað á árinu 1987. Þá var eins og kunnugt er algert hrun á rækjustofninum í innanverðum Húnaflóa t.d. og vinnslurnar gripu til þess ráðs að sækja í auknum mæli í veiðar á úthafsrækju sem er miklum mun stærri og rækjuvinnslustöðvarnar verða að greiða hærra verð fyrir. Hins vegar var markaðurinn þannig erlendis að stöðvarnar fengu ekkert hærra verð fyrir þessa stóru rækju en þær höfðu fengið fyrir litlu rækjuna á árinu 1986. Þannig segja meðaltalstölur Þjóðhagsstofnunar ekki allan sannleikann.

Ég held raunar að 10. gr. reglugerðar um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins kveði á um að Verðjöfnunarsjóðurinn eigi að koma til liðs við vinnsluna þegar svona stendur á, þegar svona aðstæður skapast.

Ég fagna hugmyndum ráðherra og þeim hugmyndum sem uppi eru um að nú skuli gripið til þess að sjóðurinn verði endurskoðaður. Ég vil hins vegar gagnrýna að hagsmunaaðilar í þessari vinnslu skuli ekki hafa beina aðild að þeirri nefnd sem á að endurskoða lög um sjóðinn.

Ég er fylgjandi því að Verðjöfnunarsjóður sé starfræktur og að inn í hann renni miklir peningar þegar verðið er hátt, en ég tel hins vegar nauðsynlegt að það sé gripið fljótt til þess að greiða út úr sjóðnum þegar bjátar á í þessum greinum. Ég tel það alveg forkastanlegt að sjóðurinn skuli nú liggja uppi með alla þessa peninga hérna fyrir sunnan, um hálfan milljarð króna, meðan þessi staða er í þessum greinum.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda vildi ég taka það fram að ástæðan fyrir því að hagsmunaaðilar eiga ekki beina aðild að endurskoðun sjóðsins er sú að þeir hafa á undanförnum árum tekið oftar en einu sinni þátt í slíkri endurskoðun og það liggur fyrir að þeir eru ekki sammála um þær hugsanlegu breytingar sem ættu að verða á sjóðnum. Til að flýta fyrir endurskoðuninni þótti rétt að fela hana þremur valinkunnum mönnum, en þeir hefðu náið samráð við hagsmunaaðila og færu yfir álit sem komið hafa fram í nál. áður og ræddu við menn og hafa þeir þegar hafið það starf.

Ég vildi aðeins benda á að ef ekki hefði verið um verðjöfnun að ræða á rækju þegar verðið var sem hæst hefði ásóknin í þennan stofn trúlega orðið enn þá meiri. Ég held að þrátt fyrir allt hafi þessi verðjöfnun komið í veg fyrir það á þeim tíma þegar ekki var bein stjórn á rækjuveiðinni að ásóknin í rækjustofninn varð ekki enn meiri.

Menn þurfa að sjálfsögðu að gera upp við sig hvort þeir vilja almennt leggja til hliðar af afurðaverði fiskafurða þegar vel gengur til að vera reiðubúnir að mæta áföllum. Það hefur reynst erfitt, kannski fyrst og fremst vegna þess að þjóðfélagið í heild vill njóta þess þegar uppgangur er. Hins vegar vilja menn síður á sig leggja þegar verð lækkar. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður, það eigi að halda áfram starfsemi hans, en mér er fullkomlega ljóst að ef það á að geta gengið verður þjóðfélagið í heild að taka tillit til þess og ekki aðeins þeir sem í fiskiðnaði starfa heldur verði allir í þjóðfélaginu að vera tilbúnir til þeirrar sveiflujöfnunar sem í starfsemi Verðjöfnunarsjóðsins felst. En það skal viðurkennt að það hefur ekki gengið nægilega vel á undanförnum árum.

Húsnæðismál á landsbyggðinni, ein umr.

Fsp. ÞSk, 249. mál. — Þskj. 542.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Eitt stærsta vandamál landsbyggðarinnar um þessar mundir er húsnæðisvandinn. Af 1455 umsóknum er borist höfðu Húsnæðisstofnun ríkisins um nýbyggingarlán á tímabilinu 1. sept. 1986 til 31. des. 1987 voru einungis 285 frá fólki sem hyggst byggja úti á landi eða um 19% umsækjenda. Sú staðreynd liggur þó fyrir að víða á landsbyggðinni er mikill húsnæðisskortur sem á mörgum stöðum hamlar fólksfjölgun. Sérstaklega er víða mikil eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Staðreyndin er sú að tryggt atvinnuástand og næg vinna eru ekki lengur næg ástæða til þess að fólk ráðist í íbúðabyggingar á landsbyggðinni. Ástæðurnar eru eflaust fleiri. Ein er sú mikla óvissa sem nú ríkir í stöðu landsbyggðarinnar, en fólksflótti þaðan fer vaxandi og fátt er gert til að snúa þeirri þróun við. Önnur ástæða, sem ég tel jafnvel aðalástæðuna, er sjálfhelda húsnæðismarkaðarins. Endursöluverð íbúðarhúsnæðis er víðast mjög lágt og helst langt undir kostnaðarverði og jafnvel undir eftirstöðvum áhvílandi lána. Gott atvinnuástand, eftirspurn eftir vinnuafli og mikil eftirspurn eftir húsnæði nægir þannig ekki til þess að snúa þessari þróun við.

Fasteignamarkaðurinn á landsbyggðinni er þannig í kreppu. Fólk vill selja íbúðir en getur það ekki vegna þess hve verðið er lágt. Fólk vill kaupa íbúðir en þorir það ekki vegna þess að það er hrætt við að fjárfesta í verðlitlum og illseljanlegum eignum. Íbúðaskorturinn og sjálfheldan á markaðnum kemur í veg fyrir fólksfjölgun og leiðir til byggðaröskunar. Landsbyggðarmenn hafa iðulega bent stjórnvöldum á þessar alvarlegu staðreyndir. Margir hafa varpað fram hugmyndum til úrbóta, m.a. sá sem þetta talar.

Verðjöfnunarsjóður fasteigna, sjóður er stuðlaði að minni mun á endursöluverði og byggingarkostnaði, er ein hugmyndin. Önnur er sú að afborganabyrði áhvílandi byggingarsjóðslána breytist í hlutfalli við áætlað endursöluverð eigna. Þriðja

leiðin er sú að landsbyggðin hafi forgang að byggingu félagslegra íbúða.

Víst er að málið er samfélagslegt vandamál sem ríkisstjórnin hlýtur að leita lausnar á. Því er spurt:

„1. Hyggst ríkisstjórnin grípa til aðgerða til að leysa húsnæðisvanda landsbyggðarinnar?

2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju einhverjar sérstakar aðgerðir til að draga úr óhóflegum mismun milli landshluta

a. á endursöluverði og byggingarkostnaði íbúða,

b. á endursöluverði og áhvílandi lánum opinberra byggingarsjóða?"

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvort ríkisstjórnin hyggist grípa til aðgerða til að leysa húsnæðisvanda landsbyggðarinnar.

Því er til að svara að eins og kunnugt er af upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins, sem m.a. komu fram í skriflegu svari mínu til Hjörleifs Guttormssonar núna í vikunni um skiptingu umsókna eftir kjördæmum, er ljóst að núgildandi húsnæðislánakerfi þjónar ekki landsbyggðinni til jafns við þéttbýlið hér á suðvesturhorninu.

Á næstliðnum árum hefur verið mikill samdráttur í byggingarframkvæmdum á landsbyggðinni. Ef ekkert verður að gert heldur sú þróun áfram því að samkvæmt þeim umsóknum sem liggja fyrir hjá Byggingarsjóði ríkisins fer megnið af útlánum sjóðsins til höfuðborgarsvæðisins á næstu árum. Miðað við upplýsingar um umsóknir frá 1. sept. 1986 til 15. okt. 1987 má áætla að 74% af öllum lánum vegna kaupa á íbúðum og nýbyggingum fari til Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins.

Í félmrn. hefur verið unnið að undirbúningi aðgerða í þágu landsbyggðarinnar. Frv. um kaupleiguíbúðir, sem lagt verður fram á næstunni, hefur að leiðarljósi sérstakar þarfir og aðstæður í húsnæðismálum á landsbyggðinni.

Þegar undirbúningur að gerð frv. hófst í júlí 1987 var öllum sveitarfélögum og félagasamtökum, sem starfa að húsnæðismálum, sent dreifibréf til kynningar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um stöðu félagslegra íbúðabygginga, áætlaða þörf fyrir kaupleiguíbúðir og einnig var beðið um ábendingar varðandi útfærslu hugmynda um kaupleiguíbúðir. Viðbrögð við dreifibréfi félmrn. voru mjög jákvæð og ef marka má þau viðbrögð er ljóst að mörg sveitarfélög og félagasamtök telja þennan kost henta vel við núverandi aðstæður í húsnæðismálum landsmanna.

Svör bárust frá yfir 90 sveitarfélögum og sex félagasamtökum. Ábendingar sveitarstjórnarmanna og forráðamanna félagasamtaka, sem fram komu í þessari könnun, voru mjög gagnlegar og höfðu víðtæk áhrif á tillögur frv. um kaupleiguíbúðir. Í svörum þeirra var m.a. bent á nauðsyn þess að opna nýja möguleika á samstarfi sveitarfélaga og einstaklinga eða félagasamtaka og fleiri aðila um lausn húsnæðisvandans á landsbyggðinni. Fram kom að þörf fyrir leiguíbúðir byggðar á félagslegum forsendum væri ekki eingöngu bundin við þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun heldur og þarfir landsbyggðarinnar og tekur frv. um kaupleiguíbúðir mið af þessum þörfum landsbyggðarinnar. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að sveitarfélög geti boðið leiguíbúðir fyrir aðkomufólk, á þetta lögðu sveitarfélögin sérstaka áherslu, sem ekki er viðbúið því að fjárfesta um leið og það flyst á viðkomandi stað en hefði þann möguleika opinn án þess að þurfa að skipta um íbúð. Jafnframt var ítrekað mikilvægi þess að nýtt fyrirkomulag tæki mið af eðli fasteignamarkaðarins á landsbyggðinni og þeirrar áhættu sem fylgir íbúðarfjárfestingu ef viðkomandi hefur ekki staðfastan ásetning um framtíðarbúsetu á staðnum. Einnig var vakin athygli á þörf sveitarfélaga á leiguhúsnæði til eigin nota fyrir starfsfólk sitt vegna tímabundinna starfa aðkomufólks, vegna ungs fólks sem er að stofna heimili og aldraðra sem vilja aðlaga húsnæðismál sín breyttum aðstæðum á efri árum.

Með kaupleiguíbúðum er verið að ryðja braut nýjum valkostum í húsnæðismálum landsmanna. Í þessu nýja fyrirkomulagi er gert ráð fyrir að sveitarfélög, félagasamtök og eða samstarfsaðilar þeirra geti boðið íbúðir bæði í almenna og félagslega kerfinu sem íbúar geta leigt eða keypt eftir atvikum.

Rétt er að undirstrika tvö atriði í þessu sambandi. Í kaupleigufyrirkomulaginu er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti fjármagnað framlag sitt með sölu skuldabréfa, t.d. til staðbundinna lífeyrissjóða. Með þeim hætti getur lífeyrissjóður heima í héraði stuðlað að nauðsynlegu auknu framboði íbúðarhúsnæðis og um leið aukið hlut byggðarlagsins í útlánum húsnæðislánakerfisins.

Hitt atriðið er sú nýjung að sveitarfélög geti byggt leiguíbúðir fyrir almennan markað en ekki fyrir láglaunafólk eingöngu. Ábendingar um þetta komu mjög skýrt fram hjá sveitarfélögunum í könnun félmrn.

Bæjarstjórinn á Ísafirði, Haraldur Haraldsson, undirstrikar einnig nauðsyn á kaupleiguíbúðum fyrir almennan markað í grein um húsnæðisvandann á landsbyggðini sem birtist í Sveitarstjórnarmálum nýverið, en í greininni kemst bæjarstjórinn að þeirri niðurstöðu að með öflugu kaupleigukerfi sé hægt að finna lausn á húsnæðisvanda landsbyggðarinnar.

Í skýrslu byggðanefndar þingflokkanna, sem gefin var út í júlí 1986, kemur m.a. fram um húsnæðismál að ef unnt væri, t.d. með kaupleigufyrirkomulagi eða einhverjum öðrum hætti, að tryggja auðveldari eignaskipti og jafnara fasteignaverð mundi það hafa veruleg áhrif til byggðajöfnunar.

Erfiðleikar landsbyggðarinnar eru af ýmsum toga og margar ástæður liggja til grundvallar. Þróun atvinnulífs og afkoma byggðarlaganna eru oft mjög sveiflukennd. Áhrif þess eru mun meira afgerandi á fasteignaverð á landsbyggðinni en á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Íbúðafjárfesting er því áhættumeiri á landsbyggðinni og því vissulega mikið áhyggjuefni

að fólk er tregt til að byggja eða kaupa víða á landsbyggðinni þó svo að afkoma sé góð og tekjur gefi tilefni til þess. Augljóst er að við þessar kringumstæður þarf að leita að fleiri valkostum en nú eru fyrir hendi. Einnig þarf að endurskipuleggja almenna húsnæðislánakerfið og forsendur þess því að núverandi kerfi stenst ekki til frambúðar.

Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að hluti af verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins verði færður til bankakerfisins. Með því móti getur þjónusta húsnæðislánakerfisins við landsbyggðina aukist verulega, en einnig er á döfinni að koma á fót skipulagrði þjónustu vegna húsnæðismála á landsbyggðinni.

Ég tel nauðsynlegt að reyna að tryggja eins og hægt er að fá aukna ráðgjöf og húsnæðislán afgreidd í lánastofnunum um land allt. Ég vænti þess að sú aðgerð sem ég hef hér lýst verði til þess að efla stöðu landsbyggðarinnar gagnvart opinbera húsnæðislánakerfinu og til að mæta þeim vanda sem landsbyggðin býr nú við í húsnæðismálum.

Í 2. lið fsp. er spurt hvort ríkisstjórnin hafi í hyggju sérstakar aðgerðir til að draga úr óhóflegum mismun milli landshluta. Bæði a- og b-liður fsp. tengjast því stóra vandamáli sem upp kemur þegar markaðsverð lækkar niður fyrir kostnaðarverð íbúðanna. Þetta þekkjum við frá stöðum á landsbyggðinni þar sem atvinnustarfsemi hefur dregist saman og fólk flutt úr byggðarlaginu. Svipað mun hafa átt við um stórar eignir hér á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1984 og 1985. Þetta vandamál er sérstaklega afgerandi þegar smærri staðir á landsbyggðinni eiga í hlut.

Á vegum húsnæðismálastjórnar starfar sérstök byggðanefnd sem fjallar um húsnæðisvanda landsbyggðarinnar. Ég hef óskað eftir því við nefndina að hún taki þessi vandamál til sérstakrar athugunar og skoðunar. Ég vil þó undirstrika að þetta mál er mjög erfitt úrlausnar og ljóst að engin auðveld lausn er til á þessu viðfangsefni þótt fullkominn skilningur sé á þessu vandamáli og vilji til úrlausnar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra var dreift á þinginu í þessari viku svari frá hæstv. ráðherra varðandi húsnæðismál og umsóknir um lán til Húsnæðisstofnunar. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að þar birtist mjög hrikaleg staða að því er snertir umsóknir annars vegar af höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík og Reykjanesi, og hins vegar af landsbyggðinni.

Sú fsp. sem hér er fram borin og hæstv. ráðherra hefur svarað varpar ljósi á þann gífurlega vanda sem þarna er við að fást og ég tel að verði ekki leystur nema með því að lögð verði stóraukin áhersla á félagslegar úrlausnir í sambandi við húsnæðismál. Hvort það er gert með kaupleigukerfi eða búseturéttaríbúðum læt ég liggja á milli hluta, en við verðum að vænta þess að áform hæstv. ráðherra varðandi kaupleiguíbúðir nái fram að ganga fyrr en seinna. Það er verulegt áhyggjuefni hversu seint það mál gengur innan hæstv. ríkisstjórnar og við verðum að vona að hæstv. ráðherra geti þokað því máli fram þannig að það komi inn í þingið fyrr en seinna. Þarna er um hagsmunamál að ræða fyrir hinar dreifðu byggðir í landinu.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í svari frá hæstv. félmrh. varðandi húsnæðismál kemur það m.a. fram að af umsóknum frá haustinu 1986 til ársloka 1987 er aðeins um 1/7 hluti þeirra sem nefna veðstað utan af landi, frá öðrum kjördæmum en Reykjavík og Reykjanesi. Það er háskaleg þróun sem birtist í þessum upplýsingum ásamt mörgu fleiru sem lesa má út úr þessum gögnum.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið við fsp. mínum. Ég fagna því að hún skuli hafa gert sér grein fyrir því að húsnæðiskerfið eins og það er uppbyggt í dag þjónar ekki landsbyggðinni með sama hætti og höfuðborgarsvæðinu.

Hún nefnir kaupleiguíbúðir sem lausn á vanda landsbyggðarinnar. Það má vel vera að það geti orðið. Hins vegar er ýmislegt óljóst í þeim efnum. Það er m.a. óljóst um þátttöku sveitarfélaganna, hvernig þau eiga að koma inn í þetta kerfi, t.d. með fjármögnun. Ég óttast það, ef gerð verður hörð og ströng krafa til þess að sveitarfélögin beri verulegan kostnað af þessu kerfi, að það muni þá e.t.v. koma þeim síst að gagni sem hafa mesta þörf fyrir að afla sér leiguhúsnæðis en það eru minni sveitarfélögin úti á landi. Hins vegar kynni það að leiða til þess að betur stæðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gætu nýtt sér þetta kerfi með allt öðrum og miklu betri hætti. Einnig er nauðsynlegt í þessu sambandi að taka mið af eðli markaðarins á landsbyggðinni eins og hann er á hverjum tíma.

Ég sakna beinna svara ráðherrans við seinni lið fsp. minnar, um hvort hún hafi ekki skoðað neitt þær hugmyndir sem sveitarstjórnarmenn og landsbyggðarmenn hafa bent á til að snúa þessum vanda við hvað varðar mismun á byggingarkostnaði, áhvílandi lánum annars vegar og hins vegar á endursöluverðinu, því þetta er einn stærsti vandi þessa máls.

Í þriðja lagi nefnir hún byggðanefnd sem mun vera starfandi á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í sjálfu sér fagna ég því, en þar er væntanlega bara um einhverja embættismenn að ræða sem eru að ræða sín á milli. Ég er reyndar ókunnugur málinu. Mér þykir miður, og vonandi hef ég rangt fyrir mér í því, ef enginn landsbyggðarmaður á beina aðild að þessari endurskoðun.

Að lokum vildi ég ítreka að það er gríðarlega stórt vandamál sem landsbyggðin stendur frammi fyrir, vandinn í sambandi við húsnæðismálin, bæði húsnæðisskorturinn, það vandamál að enginn þorir lengur að byggja og það vandamál að fólk getur hvorki selt né keypt vegna hins gífurlega munar á byggingarkostnaði og endursöluverði.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi nefndi að það væri ýmislegt óljóst að því er varðar kaupleigufrv. og þátttöku sveitarfélaganna í því efni. Ég ætla mér það ekki í stuttum fyrirspurnatíma að ræða kaupleigufrv. sem ekki er komið inn í þingið, en ég tel óhjákvæmilegt að nefna það að á vinnslustigi, þegar frv. þetta var í undirbúningi í félmrn., var það tvívegis kynnt fyrir Sambandi ísl. sveitarfélaga sem tók efni frv. mjög vel. Það var einmitt tekið tillit til ýmissa mikilvægra ábendinga sem fram komu hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga og við höfum skilið það svo að í megindráttum væri Samband ísl. sveitarfélaga sátt við frv. sem hefur verið í undirbúningi um kaupleiguíbúðir.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi að í byggðanefnd sem starfar á vegum Húsnæðisstofnunar ættu einungis sæti embættismenn. Mér er ekki nákvæmlega fullkunnugt um hvernig þessi nefnd er skipuð, en ég held að ég fari rétt með að í þessari nefnd, það eru fleiri nefndir starfandi á vegum Húsnæðisstofnunar, séu einmitt fulltrúar þeir sem eiga sæti í húsnæðismálastjórn og sem kosnir eru af hv. Alþingi. Ég vænti þess að með þeim tilmælum sem ég hef beint til byggðanefndarinnar muni hún skoða þær tillögur sem hafðar hafa verið uppi um þessi efni, m.a. þær tillögur sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, og ég tel ekki ástæðu til að tjá mig um þær sérstaklega á þessu stigi málsins fyrr en fyrir liggur álit byggðanefndarinnar sem hefur verið falið það verkefni að fjalla um þetta mál.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þó að þær upplýsingar sem hér hafa komið fram um hvað er verið að hugleiða í þessum málum séu góðra gjalda verðar er málið það að fólkið sem býr úti á landi hefur ekki trú á því að það verði tekið á málefnum landsbyggðarinnar á þann hátt að fólk treysti sér til eða vilji fjárfesta þar. Það er vandamálið. Vandamálið er að taka á málefnum landsbyggðarinnar þannig að fólkið úti á landi fái trú á því að þess lífskjör og lífsaðstaða verði ekki miklu lakari en hér á suðvesturhorninu, en við þekkjum öll hvernig það er í dag. Þannig þarf fyrst og fremst að taka á þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda að taka þetta þarfa mál upp. Við þyrftum að sjálfsögðu miklu lengri tíma til að ræða það eins og vert væri og skylt því hér er um að ræða einhvern stærsta vanda landsbyggðarinnar eins og hann kemur mér fyrir sjónir.

Ég vil vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um kaupleiguíbúðir í þessu sambandi sérstaklega segja að út af fyrir sig er sá kostur góðra gjalda verður og ég veit að margir sveitarstjórnarmenn horfa til hans sem hluta af úrlausn í þessum efnum, en í mínum huga kemur ekkert í staðinn fyrir að einstaklingar geti úti á landsbyggðinni eins og annars staðar byggt og átt sitt húsnæði því það er sú kjölfesta í hverri byggð sem best dugar. Það ástand sem ríkir í dag er óviðunandi, ber feigðina með sér eins og nýframkomnar upplýsingar um hlutföll í þessum efnum benda til.

Ég segi að þó að það sé nauðsynlegt að byggja íbúðarhúsnæði í félagslegri eigu upp að vissu marki úti á landi eins og annars staðar getur líka verið jafnhættulegt sjálfri byggðinni að gera hlutfall þess húsnæðis of hátt á stöðunum. Með því móti breytast þeir í raun og veru í verstöð þar sem enginn á þær rætur sem fylgja því að eiga sitt húsnæði á staðnum.

Ég bið menn því að íhuga að ekkert getur leyst þennan vanda nema ráðist sé á rætur meinsins og þar eru húsnæðismálin stór hluti af.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil aðeins vegna orða síðasta ræðumanns láta það koma fram, af því að mér fannst hann tengja það kaupleiguíbúðum að það væri ekki eingöngu lausn að byggja félagslegt íbúðarhúsnæði, að í frv. um kaupleiguíbúðir er einnig gert ráð fyrir kaupleiguíbúðum í almenna kerfinu og það er einmitt með hliðsjón af vanda landsbyggðarinnar sem það er einnig gert ráð fyrir kaupleiguíbúðum í almenna kerfinu sem ekki yrði háð tekjumörkum eins og í félagslega kerfinu. Af þessu gefna tilefni taldi ég ástæðu til að láta það koma hér fram.

Félagslegt íbúðarhúsnæði, ein umr.

Fsp. ÞSk, 250. mál. — Þskj. 543.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Nú liggja fyrir hjá Byggingarsjóði verkamanna umsóknir um framkvæmdalán til byggingar á 949 íbúðum á árinu 1988. Áætlað er að hægt verði að lána úr sjóðnum til byggingar 500–600 íbúða á árinu. Mikið vantar því upp á að unnt sé að fullnægja eftirspurn eftir lánum til byggingar félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna eins og staðan er nú.

Síðan eru uppi hugmyndir um að útlánareglur félagslega íbúðakerfisins verði rýmkaðar og framboð aukið. Þrýstingur á þetta félagslega íbúðakerfi eykst því stöðugt af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að launaþróun og afkoma launþega hefur leitt til þess að sárafátt venjulegt launafólk getur byggt eða keypt í almenna húsnæðiskerfinu, að hörð krafa er nú gerð til sveitarfélaga, sérstaklega úti á landsbyggðinni, um að þau leysi húsnæðisvandann með byggingu félagslegra íbúða, að uppi eru hugmyndir um kaupleiguíbúðir sem enn eru óútfærðar, að mikil vöntun er á leiguíbúðum í sveitarfélögum úti á landi, að mikill áhugi virðist á byggingu búseturéttaríbúða,

að húsnæðisþörf námsmanna er óleyst og réttur þeirra í almenna kerfinu ófullnægjandi, að mikil og vaxandi þörf er fyrir byggingar yfir aldraða, að enn er langt frá því að unnt sé að anna eftirspurn eftir lánum til byggingar verkamannabústaða og verður að stórefla það kerfi. Miðað við þessa stöðu og hugmyndir allar er hins vegar bráðnauðsynlegt að félagslega íbúðakerfið sé tekið til heildarendurskoðunar og slíkri endurskoðun ljúki sem allra fyrst.

Sveitarfélögin gegna þýðingarmiklu hlutverki í hinu félagslega íbúðakerfi. Því er eðlilegt að þau eigi beina aðild að endurskoðuninni og ekki síst sveitarfélög á landsbyggðinni. Jafnframt verður að tryggja að sveitarfélögum á landsbyggðinni sé fjárhagslega kleift að taka þátt í uppbyggingu íbúða eftir þessu félagslega kerfi.

Sveitarfélögin þurfa að mínu mati á landsbyggðinni að fá forgang að félagslega íbúðakerfinu, en slíkt getur hins vegar leitt til þess og það tiltölulega fljótt að hlutfall félagslegra íbúða á mörgum stöðum úti á landi yrði mjög hátt. Í því sambandi og raunar hvort sem er þarf að endurskoða sérstaklega kaupskylduákvæði sveitarfélaganna á svæðum þar sem mikill munur er á endursöluverði og kostnaðarverði og þess vegna spyr ég hæstv. félmrh.:

„1. Hvað líður endurskoðun á lögum um félagslegt íbúðarhúsnæði?

2. Er í þeirri endurskoðun gert ráð fyrir því að sveitarfélög, þar sem endursöluverð íbúðarhúsnæðis er undir kostnaðarverði, verði leyst undan ákvæðum um kaupskyldu?“

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Spurt er á þskj. 543 hvað líði endurskoðun á lögum um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Það er auðvitað öllum ljóst að heildarendurskoðun félagslega íbúðakerfisins er viðamikið og vandasamt verk sem vinna verður í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga og almannasamtök sem eiga eða reka félagslegt húsnæði. Áður en formlegt starf við endurskoðun félagslega kerfisins getur hafist þarf að afla mikilvægra upplýsinga um félagslegar íbúðir hér á landi sem ekki eru nú fyrir hendi. Undirbúningur að þeirri upplýsingaöflun og þar með endurskoðun á félagslega kerfinu hófst á haustmánuðum þegar félmrn. óskaði eftir því við Húsnæðisstofnun ríkisins að hún hefði umsjón með upplýsingaöflun í þessu skyni sem ég hér nefni. Í því sambandi sendi ráðuneytið bréf til Húsnæðisstofnunar ríkisins, það var í októbermánuði á sl. ári, þar sem tekið var fram að samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar væri í undirbúningi endurskoðun á uppbyggingu og fjármögnun félagslega íbúðalánakerfisins. Liður í þeirri áætlun væri úttekt á stöðu félagslega hluta húsnæðiskerfisins. Félmrn. óskaði því eftir því að Húsnæðisstofnun ríkisins tæki að sér öflun og úrvinnslu upplýsinga um félagslegar íbúðir sem fjármagnaðar hafi verið af Húsnæðisstofnun ríkisins. Í þessu sambandi lagði ráðuneytið áherslu á eftirtalin atriði:

1. Að fá fram fjölda, stærð og aldur íbúða á vegum stjórnar verkamannabústaða svo og sveitarfélaga og félagasamtaka.

2. Fá fram fjölda íbúða í verkamannabústöðum sem eru í leigu og tíðni íbúðaskipta.

3. Fá fram upplýsingar varðandi félagslega stöðu íbúanna, svo sem hjúskaparstöðu, fjölskyldustærð, aldur og efnahag.

Þessi atriði tel ég öll mjög mikilvæg við þá endurskoðun sem fyrirhuguð er á félagslega kerfinu, einkum það að fá fram fjölda íbúða í verkamannabústaðakerfinu sem eru í leigu og tíðni íbúðaskipta, félagslega stöðu og efnahag, þ.e. hvort um sé að ræða umtalsverðan fjölda eigenda í verkamannabústaðaíbúðum sem e.t.v. eru langt yfir þeim tekjumörkum sem gilda í verkamannabústaðakerfinu. Allar þessar upplýsingar tel ég mikilvægar við framtíðarskipulag félagslega íbúðakerfisins.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á það við Húsnæðisstofnun að þetta verk verði unnið í samráði við stjórnir verkamannabústaða og sveitarstjórnir. Það er skemmst frá því að segja að þetta verk er vel á veg komið. Í desember var þetta starf eflt með ráðningu starfsmanns sem mun hafa þetta sem annað aðalverkefni sitt hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í byrjun árs voru um 1700 íbúðir óskráðar í félagslega kerfinu. Nú er unnið að því að ljúka skráningu íbúðanna og annarra nauðsynlegra upplýsinga. Þegar því er lokið verður hér um að ræða fyrsta heildaryfirlit um félagslegar íbúðir á Íslandi. Síðan tekur við úrvinnsla og störf þeirrar nefndar sem með aðild aðila vinnumarkaðarins fær það verkefni að gera tillögur varðandi uppbyggingu og fjármögnun félagslega íbúðalánakerfisins.

Ég vil einnig nefna að í tengslum við endurskoðun félagslega hluta húsnæðislánakerfisins er áformað að gera áætlun um umbætur í húsnæðis- og vistunarmálum aldraða og fatlaða.

Í öðrum lið fsp. er spurt: „Er í endurskoðun félagslega kerfisins gert ráð fyrir að sveitarfélög þar sem endursöluverð íbúðarhúsnæðis er undir kostnaðarverði verði leyst undan ákvæðum um kaupskyldu?“

Því er til að svara að kaupskylda sveitarfélaga er bundin við félagslegar íbúðir sem voru byggðar eða keyptar í því skyni að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks. Lán til slíkra íbúða eru eins og kunnugt er bæði hærri og hagstæðari en almennt gerist. Til að tryggja að verkamannabústaðir og aðrar félagslegar íbúðir, sem seldar eru, haldist í félagslegri eign og þjóni áfram upphaflegum tilgangi sínum er kaupskylda sveitarfélaganna á þessum íbúðum bundin í lögum. Ég tel því ekki rétt að hverfa frá þessum markmiðum húsnæðislöggjafarinnar.

Fyrirspyrjandi (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör við fsp. Það er eins og fram hefur komið fjölmargt sem rekur á eftir því að heildarendurskoðun laganna um félagslega íbúðakerfið eigi sér stað og það sem

allra fyrst. Ég tel að það sé mjög brýnt að sveitarfélögin fái beina aðild að slíkri endurskoðun vegna þess að þetta er mál sem varðar þau ákaflega miklu.

Ég tel jafnframt að það sé nauðsynlegt að gæta þess við endurskoðun og allar þær hugmyndir sem uppi eru í sambandi við útvíkkað kerfið og jafnvel taka inn í það kaupleiguíbúðir og fleira þess háttar að þessar nýju hugmyndir dragi ekki fé frá byggingu verkamannabústaða svo mikilvægur þáttur sem bygging verkamannabústaða er í þessu kerfi og svo mikilvægur sem sá þáttur er bæði fyrir lágtekjufólk og eins fyrir íbúðabyggingar t.d. úti á landi. Ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt að Byggingarsjóður verkamanna verði mikið frekar efldur en hitt.

Ég tel hins vegar líka að það sé mjög af hinu góða ef sveitarfélögin hafa meira val um hvers konar íbúðir eru byggðar í þessu kerfi, hvort það eru leiguíbúðir eða verkamannabústaðir. Ég tel að það eigi að vera meiri sveigjanleiki í þessu kerfi þannig að þó að íbúðir séu byggðar eftir því úti á landi t.d. sé eignarhald þeirra ekki eingöngu bundið við þá sem lægst hafa launin vegna þess að sveitarfélög eru tíðum í vanda með að útvega húsnæði til þeirra sem hærri laun hafa, en sveitarfélögin þurfa að fá slíkt fólk til starfa úti á landi.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að athuga allan fjármögnunarþátt sveitarfélaganna mjög vel í þessu sambandi og ekki síst kaupskylduna, einkum þar sem endursöluverðið og byggingarkostnaðurinn er mjög ósambærilegt. Ég er að því leyti til óánægður með svar ráðherrans þar sem mér skildist að hann mundi ekki hugsa sér að endurskoða það ákvæði.

Mig langar aðeins að nefna að í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna og greiðslur sveitarfélaganna í sambandi við viðbótarlán við endursölu fara ekki alltaf saman hagsmunir þeirra sem eiga íbúðirnar og sveitarstjórnanna vegna þess að það eru hagsmunir þeirra sem eiga íbúðirnar að íbúðirnar séu sem hæst verðlagðar en sveitarsjóðanna að endursöluverðið sé lágt vegna þess að það er í hlutfalli við það sem sveitarfélögin greiða sínar greiðslur til Byggingarsjóðs verkamanna. Þær eru í hlutfalli við endursöluverðið.

En ég legg áherslu á að eftir því sem hlutfall félagslegra íbúða í sveitarfélögunum vex eftir því getur kaupskylda sveitarfélaganna riðið fjárhag hinna minni sveitarfélaga algerlega að fullu.

Aðstoð við riðuveikisvæði, ein umr.

Fsp. HG, 251. mál. — Þskj. 547.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 547 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh. um aðstoð við riðuveikisvæði:

„1. Hvaða ráðstafanir hefur landbrn. gert til að leiða í ljós hvernig búskapur muni þróast á svæðum þar sem fé hefur verið skorið niður vegna riðuveiki?

2. Er um að ræða sérstaka ráðgjöf fyrir bændur á þessum svæðum?

3. Mega sauðfjárbændur á riðuveikisvæðum, sem bæta þurfa aðstöðu á jörðum sínum áður en búskapur er hafinn á ný, eiga von á fjárhagslegri aðstoð?“

Með fsp. þessari er ég að leita eftir viðbrögðum frá framkvæmdarvaldinu varðandi þróun búskapar á þeim svæðum þar sem gripið hefur verið til niðurskurðar vegna riðuveiki. Þessi svæði eru í mörgum landshlutum og snertir þó sérstaklega tiltekin sveitarfélög þar sem gripið hefur verið til verulegs niðurskurðar á sauðfé af þessum sökum.

Ég tel að það sé ekki nægjanlegt að bæta fyrir það fé sem farga verður í þessu samhengi heldur þurfi jafnhliða að koma til sérstök ráðgjöf og upplýsingastarfsemi við þá aðila sem í hlut eiga. Það er þekkt að sauðfjárbúskapur er þannig að menn þurfa að hafa þar ákveðna samstöðu í þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga. Menn þurfa að standa skil á fé af fjalli og menn þurfa að vita um hvert horfir í þessum efnum í sambandi við uppbyggingu á nýjan leik á þeim svæðum þar sem niðurskurður fer fram.

Ég vænti þess að í svari hæstv. ráðherra verði varpað ljósi á hvað hans ráðuneyti og samtök landbúnaðarins ætla sér fyrir til að tryggja eðlilega endurreisn búskapar á þeim svæðum sem í hlut eiga.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur beint til mín fsp. í þremur liðum.

„1. Hvaða ráðstafanir hefur landbrn. gert til að leiða í ljós hvernig búskapur muni þróast á svæðum þar sem fé hefur verið skorið niður vegna riðuveiki?“

Gengið er út frá því að bændur geti hafið sauðfjárbúskap að nýju að loknum fjárleysistímanum þar sem þeir halda fullvirðisrétti sínum óskertum meðan á fjárleysi stendur eins og um fulla framleiðslu hefði verið að ræða. Hins vegar er misjafnt hvort og í hve miklum mæli bændur hafa tekið fé að nýju þegar samningstímanum lýkur þó að engin fyrirmæli hafi að sjálfsögðu verið gefin um slíkt. Það er háð ýmsum aðstæðum sem geta breyst eftir að niðurskurður hefur farið fram og því erfitt fyrir menn þá að fullyrða alltaf hver framvindan verður. Það er sífellt að koma í ljós.

Á þeim búnaðarsambandssvæðum þar sem búrekstrarkönnun hefur farið fram liggja fyrir upplýsingar um vilja manna á þeim tíma sem hún var gerð, en jafnvel þó ekki sé langt um liðið er af fyrrgreindum ástæðum erfitt að meta hversu áreiðanlegar heimildir um raunverulega þróun þar er að finna.

Í öðru lagi er um að ræða sérstaka ráðgjöf fyrir bændur á þessum svæðum. Sem kunnugt er er ráðgjöf til bænda í höndum leiðbeiningarþjónustu bændasamtakanna. Búnaðarfélag Íslands er með

ráðunauta sem eru sérfræðingar í öllum okkar búgreinum og þar að auki eru hin einstöku búnaðarsambönd síðan með ráðunautaþjónustu. Bændur leita að sjálfsögðu til þessara ráðunauta sinna í þeim mæli sem þeir sjálfir æskja og telja sér hag af, en landbrn. hefur hvatt bændur mjög til þess að nýta þá ráðgjöf eins og frekast er kostur.

„3. Mega sauðfjárbændur á riðuveikisvæðum, sem bæta þurfa aðstöðu á jörðum sínum áður en búskapur er hafinn á ný, eiga von á fjárhagslegri aðstoð?“

Það hefur komið í ljós að margir bændur hafa valið þá leið að byrja á nýrri atvinnugrein í staðinn fyrir eða samhliða sauðfjárrækt eftir niðurskurð. Þar má nefna nýtingu hlunninda, fiskeldi á einstökum bújörðum sem hefur þróast í að verða verkefni fyrir fleiri en eina fjölskyldu, ferðaþjónustu, loðdýrarækt o.fl. Þeir bændur sem valið hafa þennan kost hafa fengið stuðning í ýmsu formi, enda er í samningum sem gerðir eru við bændur varðandi niðurskurð vegna riðu og bætur af þeim sökum sérstaklega tekið fram að þeir samningsaðilar sem kjósa þriggja ára fjárleysi eigi kost á framlagi til búháttabreytinga þegar að fjárskipta- og leigusamningi gerðum. Þannig er fullur skilningur stjórnvalda á því að greiða fyrir búháttabreytingum á riðujörðum hjá þeim bændum sem þess óska, en ákvörðunin verður að sjálfsögðu að vera bændanna sjálfra. Bændum eru veittar leiðbeiningar og aðstoð til sótthreinsunar á húsum sínum, fjárhúsunum, en ekki eru veitt framlög til beinnar endurnýjunar á þeim. Hins vegar má minna á að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur á sínum vegum lánaflokk, hin svonefndu hagræðingarlán, sem ætluð eru til breytinga á húsum þegar farið er út í nýjar búgreinar eða varanlegar endurbætur. Afstöðu til lánveitinga af þessu tagi tekur stofnlánadeildin eftir mat byggingafræðinga sinna á þeim byggingakostum sem vænlegastir eru á hverri jörð.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég tel hins vegar að það hafi komið fram að ekki sé unnið að ráðgjöf og aðstoð við þau svæði þar sem gripið hefur verið til niðurskurðar vegna riðuveiki eins og æskilegt væri og nauðsynlegt. Hér er um að ræða í mörgum tilvikum svæði sem eru mjög viðkvæm varðandi röskun og get ég neínt í mínu kjördæmi svæði eins og Breiðdal eystra og Borgarfjörð eystri, svæði sem ekki byggja á öðru hvað landbúnað snertir að neinu marki nema sauðfjárrækt og því er það undir því komið hvernig byggðin þróast hvort menn geta horfið að sauðfjárbúskap á nýjan leik. Ég hefði talið að það væri þörf á því fyrir landbrn. og samtök bænda og búnaðarsambönd að gera sérstakt átak til að kanna hug manna í þessum efnum varðandi það að taka upp sauðfjárbúskap á nýjan leik og greiða fyrir því að svo geti orðið. Eins og menn vita liggja ekki upplýsingar um viðhorf manna alltaf á lausu jafnvel þótt um granna sé að ræða, en sauðfjárræktin tengist svo mjög samstarfi manna í sambandi við fjallskil og aðra þætti að brestur í byggðinni að þessu leyti getur breytt ákvörðunum einstaklinga um framtíðina sem eðlilegt er.

Hæstv. ráðherra nefndi búrekstrarkannanir. Ég hef lagt fram sérstaka fsp. þar að lútandi og ætla ekki að ræða það hér sérstaklega, en það hefði sannarlega verið þörf á því einmitt á slíkum svæðum að gera slíkar kannanir fyrr en seinna.

Ég tel að venjuleg heföbundin ráðgjafarþjónusta í þessum efnum skili ekki þeim árangri, sem nauðsynlegt er að ná fram, að styðja við bakið á þeim sveitarfélögum þar sem horfið hefur verið að því ráði að skera niður sauðfé vegna riðuveiki.

3. lið fsp. minna um sérstaka aðstoð við sauðfjárbændur á riðuveikisvæðum svaraði hæstv. ráðherra með því að vísa til fyrirgreiðslu varðandi búháttabreytingar. Ég var, herra forseti, að inna sérstaklega eftir því hvort vænta mætti að þeir bændur sem vilja bæta aðstöðu sína til sauðfjárræktar sérstaklega og þurfa þess í mörgum tilvikum hafi forgang í sambandi við lánafyrirgreiðslu m.a. frá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég tel að hér sé um stórt mál að ræða fyrir þau svæði sem í hlut eiga og ég hvet hæstv. landbrh. til að taka á þessum málum með öðrum hætti en virðist ráðgert ef marka má svör hans við þessari fsp.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég vildi aðeins undirstrika það, sem kom fram í lok máls míns, að stofnlánadeildin er með sérstakan lánaflokk sem þetta atriði fellur undir. Þannig svaraði ég 3. lið fsp. hv. þm. En ég skal ekki meta hvaða rök eru fyrir því að hin lögbundna og heföbundna leiðbeiningarþjónusta hafi ekki gert skyldu sína og ráði ekki við þetta verkefni. Ég held að það sé mjög brýnt fyrir leiðbeiningarþjónustuna í landinu, sem er lögbundin, að hún sé ávallt reiðubúin að taka að sér ný verkefni eftir því sem aðstæður breytast og ekki síst á tímum eins og núna eru þegar slíkar breytingar eru mjög örar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir áréttingu hans í sambandi við lánafyrirgreiðslu og vænti að það þýði að sauðfjárbændur sem ætla að bæta aðstöðu sína á jörðum og taka upp búskap á ný að loknum niðurskurði megi vænta forgangs í þessum efnum.

Ég vil einnig taka fram að ég tel að heföbundin ráðgjafarþjónusta sé ekki nægjanleg í sambandi við þann vanda sem þarna er við að fást. Þess vegna þurfi sérstakar aðgerðir til að koma í þessum efnum til þess að bæta stöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, en óvissan er þar því miður mjög mikil um framtíðina.

Vörugjald á búrnet til loðdýraræktar, ein umr.

Fsp. HG, 253. mál. — Þskj. 549.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Við ræddum hér fyrir nokkru, fáum vikum, frv. til l. um tollabreytingar og breytingar á vörugjöldum. Síðan það frv. varð að lögum hefur komið í ljós að eftir standa gjöld sem ég tel vera óeðlileg. Ég hef því leyft mér á þskj. 549 að bera fram svofellda fsp. til hæstv. fjmrh. um vörugjald á búrnet til loðdýraræktar:

„1. Hvað veldur því að lagt hefur verið 17,5% vörugjald á búrnet til loðdýraræktar?

2. Er að vænta tillagna frá ríkisstjórninni um að fella þessa gjaldtöku niður?"

Hér er um að ræða álagningu sem ég tel vera með öllu óeðlilega á útflutningsstarfsemi, þar sem er loðdýraræktin og skinnaafurðir. Það gengur ekki að mínu mati að ætla að fara að leggja þar á íþyngjandi gjöld eins og vörugjald, enda hygg ég að þarna hafi verið um mistök að ræða. Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að slíkt hafi gerst með þeim hraða sem þessi mál voru keyrð fram á hv. Alþingi á sínum tíma og þetta er kannski aðeins eitt dæmi af fleirum sem eiga eftir að koma í ljós og leiðréttinga er þörf.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi tekið eftir þessu máli og það sé vilji til að breyta lögunum að þessu leyti í staðinn fyrir að taka upp skriffinnsku sem er íþyngjandi fyrir þá aðila sem í hlut eiga svo og fyrir ráðuneytið til að tryggja endurgreiðslu á þessum gjöldum.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrri fsp. skal það tekið fram að við undirbúning frv. til l. um vörugjald var á sínum tíma ákveðið að leggja vörugjald á vír og net og það sjónarmið sem þar lá til grundvallar var einfaldlega tekjuöflunarsjónarmið. Tollskráin greinir ekki á milli neta eftir því til hvaða nota þau eru og því er það svo að loðdýrabúrnet voru ekki sérstaklega tilgreind í tollskránni. Það er rétt, sem fram kom í máli fyrirspyrjanda, að það var fyrir mistök því að eftir stendur bæði samkvæmt meginstefnu tekjuöflunarfrv., yfirlýsinga fyrri ríkisstjórnar og reyndar þessarar að stefnan er sú að forðast uppsöfnun vegna fjárfestingarkostnaðar í greinum eins og iðnaði og landbúnaði.

Samtök loðdýraræktenda hafa komið til fundar við mig í fjmrn. og rætt þessi mál. Niðurstaðan er sú að það er ekki fyrir hendi lagaheimild til að fella vörugjaldið niður. Hins vegar hefur sú hugmynd verið rædd að ráðuneytið endurgreiði innflutningsaðilum þessara neta og þeir eru þrír talsins það vörugjald sem þeir greiða við tollafgreiðslu netanna til þess að uppsöfnun opinberra gjalda verði ekki í þessari grein.

Þó að lögin geri ekki ráð fyrir þess konar afgreiðslu má segja að þær yfirlýsingar um stefnumörkun sem fyrir liggja um gjaldfrelsi aðfanga t.d. í loðdýrarækt styrki slíka afgreiðslu. Þetta mál var tekið upp til umræðu á ríkisstjórnarfundi nú í morgun og því yfirlýst af minni hálfu að þessari aðferð yrði beitt og á það fallist. Það er fyrirsjáanlegt að í lok þessa árs þarf að leggja fyrir Alþingi frv. til minni háttar breytinga á tollalögum og vörugjaldslögum til að lagfæra nokkur atriði sem fram hafa komið eftir að lögin voru samþykkt sem og til aðlögunar nýju frv. til l. um virðisaukaskatt. Framangreint atriði yrði þá tekið inn í þá hreinsun.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. hans svar. Eins og þar kom fram hafa orðið mistök í þessu efni og hæstv. ráðherra gaf til kynna að það hefði orðið á fleiri sviðum þannig að vænta megi frv. til l. um breytingar á þeim þáttum til leiðréttingar á slíkum mistökum. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að vinna að málinu með meiri hraða en hann gaf til kynna og sem hann ræddi um að það yrði fyrst fyrir lok ársins sem slíkt frv. kæmi fram. Ég teldi skynsamlegt að það yrði stefnt að því á yfirstandandi þingi að leiðrétta slíkt.

Hjá hæstv. ráðherra kom einnig fram, sem er þakkarvert út af fyrir sig, að gert sé ráð fyrir endurgreiðslu á þessu gjaldi, en ég inni hæstv. ráðherra eftir því með hvaða hætti að því verði unnið, hvort það kosti skriffinnsku fyrir þá sem búrnet kaupa til loðdýraræktar eða hvort hægt sé að koma þessu við með einfaldari hætti. Ég áttaði mig ekki á því í svari hæstv. ráðherra hvernig fyrirkomulagið yrði.

Erfiðleikar eru miklir í loðdýrarækt í landinu, sérstaklega í refabúskap, og það er ekki á það bætandi með íþyngjandi og óeðlilegum ákvæðum sem hér hafa orðið vegna mistaka og því skylt að reyna að auðvelda framkvæmd þessara mála þangað til lagabreyting hefur verið gerð eins og frekast er kostur.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Framkvæmd þessarar tillögu um endurgreiðslu er í þessu tilviki ákaflega einföld þar sem innflutningsaðilar eru einungis þrír talsins. Þetta verður gert með einföldu bréfi til tollyfirvalda við þessa afgreiðslu og á ekki að kalla á neina umtalsverða skriffinnsku sem gæti orðið til óþæginda.

Aflagjald til hafna, ein umr.

Fsp. HG, 254. mál. — Þskj. 550.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 550 hef ég leyft mér að leggja fram svofellda fsp. til hæstv. samgrh. um aflagjald til hafna:

„Hver er afstaða samgrh. til beiðni Hafnasambands sveitarfélaga um hækkun á aflagjaldi til hafna?“

Hafnasamband sveitarfélaga lagði fram þá ósk á aðalfundi sínum í septembermánuði sl. að fá verulega hækkun á aflagjaldi til hafna. Ég hygg að þar hafi verið um að ræða beiðni um hækkun frá 0,85% upp í 1,50 og vil ég út af fyrir sig ekki leggja mat á hvort þar hafi verið um óeðlilega beiðni að ræða hvað snertir prósentuhækkun, en hitt liggur fyrir að hér er um stórt hagsmunamál að ræða fyrir hafnir í landinu sem margar hverjar búa við heldur þröngan kost. Lengi vel var þetta aflagjald 1% en var síðan lækkað niður í 0,85% og hér hefur verið farið fram á leiðréttingu af hagsmunaaðilum, Hafnasambandi sveitarfélaga.

Einnig mun hafa verið farið fram á hækkun á vörugjöldum um sama leyti og hæstv. samgrh. heimilaði slíka hækkun sem nam um 20%, svo og á skipagjöldum, heldur meira að ég hygg, 22% eða nálægt því. Það kemur dálítið undarlega fyrir sjónir að þarna skuli hafa verið tekið á málum með mismunandi hætti, að heimild hafi ekki verið veitt til hækkunar á aflagjaldi, en þar eiga í hlut sérstaklega þær hafnir þar sem mikið er um löndun á fiski að ræða, en vörugjöldin koma sérstaklega til góða höfnum þar sem innflutningur á vörum er mikill eins og t.d. í Reykjavík.

Ég veit um að mikil óánægja ríkir meðal hafnayfirvalda víða á landinu og sveitarstjórna með afgreiðslu hæstv. ráðherra að þessu leyti og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. Ég sé að í einu stjórnarmálgagnanna, ef svo má að orði komast, þ.e. í Alþýðublaðinu í dag, er vikið að þessu máli og hæstv. ráðherra mun væntanlega skýra það nánar og ætla ég ekki að gera það hér að umtalsefni, en ég tel að það hefði verið eðlilegt að bregðast með öðrum hætti við en gert var af samgrn. í sambandi við þessa beiðni.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Þegar beiðni um breytingu á gjaldskrá vegna hafna var til umfjöllunar í samgrn. var enn fremur til umfjöllunar þar breyting á hafnalögunum. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda varðandi eitt af stjórnarmálgögnunum í morgun verður lagt fram á Alþingi eftir helgina frv. til breytinga á hafnalögunum sem gerir ráð fyrir að færa ákvörðunarvaldið um hafnagjöldin frá samgrn. til þeirra sem formlega eru eigendur hafnanna og reka þær, þ.e. til sveitarfélaganna.

Þegar þetta var allt til meðferðar á sama tíma taldi ég eðlilegt að afgreiða gjaldskrármálin þannig að þau gjöld sem voru í krónutölu ákvörðuð hækkuðu sem næmi verðlagsþróuninni á milli ára, en þau gjöld sem eru hlutfallsleg og í þessu tilfelli eru aflagjaldið, stæðu í stað m.a. vegna þess að fyrirhugað væri að færa þetta ákvörðunarvald yfir til sveitarfélaganna sjálfra.

Ég held að sé málið skoðað nánar komi í ljós að breyting varð á þegar fiskverðsbreytingarnar voru gerðar. Þá breyttist hlutfallið úr 1% eins og fyrirspyrjandi sagði í 0,85 en raunhækkun varð á gjaldinu. Ég held að það séu ekki liðin nema tvö ár síðan það var gert.

Þegar spurt er um afstöðu er því svarið að afstaða mín er sú að það eigi að auka sjálfstæði sveitarfélaganna, fela þeim að taka þessa ákvörðun. Ég vildi þess vegna gera sem allra minnsta breytingu, en taldi þó rétt að þar sem gjöld voru ákveðin í krónutölu yrði þeim breytt. Þar sem gjaldið var í hlutfalli af verðmæti væri það sjálfkrafa hækkun sem ætti sér stað með tilliti til þess aflamagns sem kæmi að landi og verðhækkun. En ég á von á því að á mánudaginn liggi á borðum þm. frv. sem leggur til að færa þetta vald til sveitarfélaganna eins og ég gat um.

Þórður Skúlason:

Herra forseti. Flokkur hæstv. ráðherra hefur lengi haft á orði að það beri að auka sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarstjórna. Hvernig snýr það við okkur í dag? Einmitt með þeim hætti sem hv. fyrirspyrjandi hefur hérna gert að umtalsefni í sambandi við hækkun hafnagjalda þar sem sveitarfélögin hafa farið fram á nokkra hækkun á aflagjaldi en ekki hefur fengist framgengt.

Aflagjöldin lækkuðu eins og kunnugt er vegna erfiðrar stöðu útgerðarinnar í sambandi við olíuverðshækkunina á sínum tíma og hafa ekki fengist hækkuð síðan þrátt fyrir að hagur útgerðarinnar hafi verulega batnað. Beiðni um hækkun hefur sem sagt ekki fengist fram.

Hvernig snýr þetta að sveitarfélögunum í sambandi við útsvörin? Alveg með nákvæmlega sama hætti. Sveitarfélögin báðu um 7,5% útsvar. Þau fengu ekki nema 6,7% útsvar. Þetta kemur mjög illa við sveitarfélögin í landinu. Þau ná ekki saman endum í sambandi við gerð fjárhagsáætlunar, sem núna stendur yfir, nema Reykjavíkurborg. Það virðist vera svo, þegar kemur að því að taka ákvarðanir í sambandi við sveitarfélögin, að þá sé eingöngu miðað við hagsmuni Reykjavíkurborgar og ekki litið til annarra staða. Ég fullyrði að forræðishyggjan yfir sveitarfélögunum hefur nánast aldrei verið meiri en einmitt núna.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans. Mér fannst það svar bera nokkurn vott um að hæstv. ráðherra hefði átt í ákveðnum erfiðleikum með þetta mál, kannski samvisku sinnar vegna, því að eins og hér var vakið máls á af hv. síðasta ræðumanni er þarna um verulega mismunun að ræða í garð sveitarfélaganna.

Hæstv. ráðherra víkur sér undan ákvörðun um þetta efni með því að vísa til frv. sem við eigum von á hér í þinginu og greint er frá í stjórnarmálgagninu Alþýðublaðinu á forsíðufrétt í dag. Þar er þetta mál tengt frv. til l. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfé-

laga sem liggur fyrir þinginu, en það er eitthvert mesta hrakningsmál sem fyrir þetta þing hefur komið og alger óvissa um með hvaða hætti það verði afgreitt eða hvort það kemur hér til afgreiðslu.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að það kom stjfrv. í gær inn í þingið um framhaldsskóla, sem gengur alveg þvert á boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir 40% þátttöku sveitarfélaga í kostnaði við framhaldsskóla, en samkvæmt boðaðri stefnu að baki frv. til l. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skyldi ríkið eitt eiga þar hlut að máli. Hér kemur mál sem er varpað yfir inn í þetta samhengi og ég ber ekki mikið traust til hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við þessi samskipti við sveitarfélögin, en ég mun að sjálfsögðu ræða það mál þegar það kemur til umræðu á þingi og það frv. sem hæstv. ráðherra hefur boðað að flutt verði varðandi aflagjöldin sérstaklega. Ég spyr hæstv. ráðherra, inni hann eftir því hvaða rök hann sjái fyrir því að ætla að taka aflagjöldin sérstaklega út úr en fjalla um ákvörðun varðandi vörugjöldin á vegum síns ráðuneytis.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það hefur þá verið misskilningur. Ég hef ekki talað nógu skýrt, en gert er ráð fyrir því að öll hafnagjöld fara til sveitarfélaganna. Vel má vera að byggt sé á því sem segir í Alþýðublaðinu. Það er hvorki haft eftir mér né sett þar eftir því sem ég hef sagt. Það er, eins og hv. þm. réttilega sagði, frv. um breytta verkaskiptingu. Þetta er aðeins einn þáttur, en er að öllu leyti sjálfstætt frv. og kemur til með að fjalla um öll þau gjöld sem hafnalögin gera ráð fyrir.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. kom hér upp og af því sem hann sagði gat ég ekki annað en metið að hann hefði ekki verið inni í þingsalnum þegar ég talaði. Ég var að segja frá því að hér yrði flutt frv. til að auka forræði sveitarfélaganna. Sveitarfélögin gera ályktun, óska eftir hækkun á gjaldskrá, fá til baka. Gjörið þið svo vel. Þið skulið ákveða þetta sjálf. Samt sem áður kemur hv. þm. upp og segir að það hafi aldrei verið meiri miðstýring. Ég trúi ekki að þm. hafi verið hér inni þegar ég talaði.

Með tilliti til þess að það er flutt frv. um breytingu á hafnalögum þar sem lagt er til að þessi gjöld verði til ákvörðunar hjá sveitarfélögum, eigendum hafnanna, taldi ég ekki eðlilegt að breyta þar öðru en því sem eðlilegt þótti að breyttum verðlagsforsendum á milli ára, en gjaldskrá hafði síðast verið gefin út fyrir ári.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Hæstv. samgrh. kom með athugasemd við þm. sem hefur ekki rétt til að ræða mál frekar. Ég ætla ekki að svara fyrir hans hönd, en ég bendi á að afgreiðsla hæstv. samgrh. á þessum gjöldum hafnanna liggur fyrir. Hann hefur heimilað hækkun á vörugjaldi til hafna en ekki hækkun á aflagjaldi. Hann hefur þegar mismunað. Og nú segir hæstv. ráðherra: Nú kem ég með frv. og það á að vera sjálfræði, aukið frjálsræði sveitarfélaganna og hafnanna að þessu leyti.

Ég er nú ekkert viss um að það sé einhver kjörlausn að fara að kasta því ofan á svokallað frjálst fiskverð og samkeppnina að því leyti að sveitarfélögin eigi að þurfa að fara að gera upp við sig hvert og eitt hvort þau hækka eða hvaða prósentu þau ákveða í sambandi við aflagjaldið eða ekki þannig að ég held að hæstv. ráðherra og framkvæmdarvaldið sé í rauninni að smokra sér undan eðlilegri afgreiðslu og hugurinn hefur þegar komið fram með ákvörðun hæstv. ráðherra varðandi aflagjöldin.

SAMEINAÐ ÞING

47. fundur, fimmtudaginn 11. febr., að loknum 46. fundi.

Innflutningur loðdýra til kynbóta, fyrri umr.

Þáltill. EL og VS, 242. mál. — Þskj. 534.

Flm. (Elín R. Líndal):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um innflutning loðdýra til kynbóta. Till., sem ég er flm. að ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, er þess efnis að Alþingi álykti að fela landbrh. að hefja þegar undirbúning að árlegum innflutningi kynbótadýra til loðdýraræktar.

Í grg. segir:

„Vöxtur loðdýraræktar hefur verið mikill hér á landi frá árinu 1980. Í ársbyrjun 1987 voru um 220 loðdýrabú starfrækt í landinu. Um síðustu áramót fjölgaði þeim um nálægt 60. Áætlað er að fjárfesting í loðdýrarækt sé orðin um 1,3–1,4 milljarðar kr.

Framleiðslutekjur þessa árs eru áætlaðar 450–500 millj. kr. á núverandi verðlagi. Loðdýraræktin er mjög gjaldeyrisskapandi. Afgangshráefni frá fisk- og kjötframleiðslu er breytt í þarfan gjaldeyri. Á þessu ári má ætla að notkun fiskúrgangs verði 15 000–16 000 tonn og sláturúrgangs 1500–2000 tonn.

Loðdýraræktin skapar mikla atvinnu í hinum dreifðu byggðum og er ekki fjarri lagi að ætla að um 300 ársverk séu bundin í loðdýrarækt samanlagt (uppbygging meðtalin).

Til að geta stundað samkeppnishæfa loðdýrarækt má tilkostnaður ekki vera hærri hér en gerist í helstu samkeppnislöndunum. Með aðgerðum hins opinbera undanfarin ár hefur ýmsum kostnaðarþáttum verið komið niður í viðunandi horf, t.d. með eftir-

gjöf eða niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts. Byggingar eru þó dýrari hér en víðast hvar annars staðar, en þær má afskrifa á eitthvað lengri tíma en tíðkast með þau skýli sem notuð eru erlendis. Að sama skapi þurfa tekjur af loðdýrarækt að geta verið sambærilegar við það sem þekkist í helstu loðdýraræktarlöndum. Til að svo megi vera þarf að stunda loðdýrarækt af kunnáttu. Því er rannsóknar- og leiðbeiningarstarf greininni mikilvægt.

Þegar næg kunnátta í meðferð dýranna er fyrir hendi markast afkoma loðdýrabúa einkum af þremur þáttum: frjósemi bústofnsins, fóðurverði og síðast en ekki síst af gæðum framleiðslunnar. Það er loðdýraræktinni því afar mikilvægt að eiga kost á úrvalslífdýrum til að geta framleitt þá gæðavöru sem er samkeppnishæf og eftirsótt.

Í minkaræktinni er svarta litarafbrigðið uppistaðan í framleiðslu Íslendinga. Til samanburðar við framleiðslu Dana á sama litarafbrigði er staðan þessi miðað við sl. ár: Meðaltal danskra skinna fær gæðastuðulinn 100. Hæsta danska búið fær 132 fyrir gæði sinna skinna. Á sama tíma var hæsta íslenska búið verulega fyrir neðan danskt meðalbú eða með gæðastuðulinn 85, og íslenska meðaltalið var 76. Öflugt kynbótastarf er því mikilvægt og innflutningur loðdýra nauðsynlegur, sérstaklega meðan vöxtur búgreinarinnar er svo mikill sem raun ber vitni. Einkum er þörfin mikil fyrir innflutning minka á næstu árum en minni í refarækt vegna samdráttar í henni og þess að í refaræktinni nýtast kynbótadýrin betur með tilkomu sæðinganna. Nauðsynlegt er að geta flutt árlega inn minka næstu árin til að bæta stofninn og til að svara eftirspurn vegna væntanlegrar aukningar í greininni. Sóttkvíarbú fyrir um 200 minkalæður hefur verið byggt upp á Möðruvöllum í Hörgárdal. Það eitt nægir ekki eins og sakir standa. Nauðsynlegt er að eiga kost á að flytja inn fleiri dýr á næstu árum. Til þess þarf að byggja upp aðstöðu á sérstökum sóttkvíarbúum. Einnig kemur til greina að koma upp sóttkví á völdum búum hjá bændum meðan þörfin er mest.

Erfitt er að áætla þörfina en hún er mjög mikil. Brýnt er að flytja inn verulegan fjölda dýra á næstu tveimur til þremur árum. Þegar fram í sækir og stofninn er kominn í meira jafnvægi ætti að nægja að flytja inn 200–300 minkalæður árlega. Til þess að svo megi verða þarf a.m.k. tvö sóttkvíarbú því að sóttkví tekur allt að tveimur árum."

Virðulegi forseti. Við loðdýraræktina hafa ávallt verið bundnar miklar vonir og henni jafnframt ætlað stórt hlutverk í þeim búháttabreytingum sem íslenskur landbúnaður gengur nú í gegnum. Vissulega hefur fjármagni verið veitt til þessarar búgreinar og slíkt ber að meta. En sé hendinni sleppt af minkaræktinni í núverandi stöðu má líkja því við að hætta við hálfklárað verk. Afar brýnt er að hið opinbera hafi forgöngu um að tryggja þessum atvinnuvegi þann rekstrargrundvöll sem dugir á erlendum samkeppnismörkuðum. Fyrirhyggja í þeim efnum er nauðsynleg því markaður loðskinna er með þeim hætti að þegar dregur úr eftirspurn eru það fyrst og fremst bestu skinnin sem seljast á viðunandi verði.

Verð á síðasta ári gefa ekki rétta mynd af gæðum framleiðslunnar. Á sl. ári voru Íslendingar með næst hæsta verð á minkaskinnum í danska uppboðshúsinu. Ástæður fyrir þeim árangri eru aðallega tvær.

Í fyrsta lagi: Hlutfallslega framleiddu Íslendingar mun meira í verðmætari litarafbrigðum en aðrar þjóðir. Í meðalverði allrar framleiðslunnar kemur það okkar skinnum ofar. Í öðru lagi voru Íslendingar að selja framleiðslu ársins 1986 á þeim uppboðum sem gáfu hæst verð.

Þessi tvö atriði urðu til þess að verð gaf skekkta mynd af gæðum framleiðslunnar. Réttari mælikvarði á gæðin óháð verðbreytingum á milli uppboða er sú stigagjöf sem fram kemur í grg. með till.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að fara fram á að till. verði vísað til síðari umræðu og atvmn.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi till. skuli hafa verið lögð fram og þakka skýra framsögu fyrir þessu máli.

Um þessar mundir má segja að málefni séu mjög að skýrast í landbúnaðarumræðunni. Áhrif búvörulaganna eru sem óðast að koma fram þannig að það er nú hægt að leggja talnalegt mat á áhrif þeirra á afkomu bændanna í landinu.

Í því sambandi hefur m.a. oft og einatt verið um það talað að hér væri fylgt samdráttarstefnu í landbúnaðarmálum. Það gagnstæða liggur hins vegar fyrir. Íslenskur landbúnaður hefur verið að auka framleiðslu sína, auka verðmæti sem er að sjálfsögðu óumdeilanlegt þegar farið er yfir þessi mál. Það liggur líka fyrir talnaleg niðurstaða um hvernig búskaparhættir hafa breyst með tilliti til nýrra viðhorfa í landbúnaðinum þannig að til mikils sparnaðar hefur leitt, bæði í búrekstri og eins með tilliti til kostnaðar við landbúnaðinn. Það er þess vegna einmitt um þessar mundir sem menn geta farið að ræða um landbúnaðinn frá nokkuð öðrum sjónarhóli en verið hefur og þá reyndar með meiri sóknarþunga til framfara og umbóta í landbúnaði en hefur verið á allra síðustu árum.

Það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá hv. flm., að á þessu breytingarskeiði voru miklar vonir tengdar loðdýrabúskap, enda eru aðstæður í okkar landi einkar ákjósanlegar fyrir þá búgrein. Það er svo annað mál að um þessar mundir eiga loðdýrabændur í erfiðleikum og þá sérstaklega þeir sem stunda refabúskap og þá einkum og sér í lagi þeir sem hafa treyst á þessa búgrein og binda afkomu sína einvörðungu því hvernig skipast í þeirri búgrein.

Það leiðir af sjálfu sér að auðvitað hvílir á þessum bændum mikill fjármagnskostnaður, ekkert sambærilegt því sem gerist hjá nágrönnum okkar sem hafa stundað þessa búgrein lengi, og að sjálfsögðu kemur ekki til nokkurra mála að láta þá sem hafa haft hér nokkra forgöngu um gjalda þess. Menn

verða að athuga í þessu sambandi m.a. að margir þessara manna hafa afsalað sér réttindum til framleiðslu í hefðbundnum búgreinum og tekið þessa áhættu og auðvitað hlýtur hún að vera sameiginlegt viðfangsefni bændastéttarinnar.

En það er m.a. af þessum ástæðum sem það er ánægjuefni að hér skuli vera lögð fram á Alþingi till. sem stefnir til sóknar í þessu máli með því að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að tryggja að hér geti átt sér stað eðlileg ræktun þessarar búfjárgreinar.

Það má sjálfsagt finna því einhver rök að enn um sinn eigi loðdýrabændur á brattann að sækja. Ég er fyrir mína parta sannfærður um hvernig þeirri baráttu muni ljúka. Það er hins vegar alveg óhætt að fullyrða að árangur í þessari búgrein næst ekki nema framleiðslan verði jafnverðmæt og gerist með grannþjóðunum sem keppa um þennan markað. Einmitt á allra síðustu árum, eins og kom raunar fram hér hjá flm., hafa orðið þar gífurlega miklar framfarir í því að auka verðgildi þessarar framleiðslu sem byggist á ræktun þessarar greinar. Það er alveg ljóst að við höfum enga möguleika á því á næstu árum að ná árangri í þessum efnum nema hefja innflutning með skipulegum hætti eins og hér er lagt til og markvisst ræktunarstarf hlýtur að grundvallast á.

Ég styð þess vegna till. og vona að hún nái fram að ganga. Ég endurtek þakklæti mitt til frsm. og flm. þessarar till. og ég vona að hún verði hvatning bæði til þeirra bænda sem stunda þennan búskap núna og ég vona líka að hún verði nokkur áminning til ríkisstjórnarinnar um að enn þá hafa menn fullan hug á að takast á við verkefni í þessari búgrein og að nú ríður á að menn taki rösklega til hendinni bæði í ræktun og endurskipulagningu þannig að þessi búgrein eflist og að ekki hljótist óhöpp af sem vissulega gæti orðið ef ekki væri brugðist vel og hratt við með að rétta loðdýrabúskapnum nokkra aðstoð í þeim vanda sem hann er í um þessar mundir.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Loðdýraræktin og þó einkum refaræktin á í erfiðleikum um þessar mundir. Eðlilegt er að leitað sé leiða til að bæta úr í þessum efnum og tillagan sem hér er flutt fjallar einmitt um einn þátt þeirra mála, þ.e. innflutning á loðdýrum til kynbóta.

Ég tel þakkarvert að það mál sé flutt inn á hv. Alþingi, en ég vil þó geta þess að mínum dómi þarfnast tillagan athugunar og orðalag hennar er þannig að ég tel óvarlegt að hún sé samþykkt óbreytt. Tillgr. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að hefja þegar undirbúning að árlegum innflutningi kynbótadýra til loðdýraræktar."

Í lok grg. og í ræðu flm. segir að hér sé stefnt að því að flytja inn verulegan fjölda næstu árin, en síðar, þegar meira jafnvægi hafi náðst, muni nægja að flytja inn 200–300 minkalæður árlega. Þessi texti tillögunnar, sem ég geri að umtalsefni og er ekki í sjálfu sér að finna að flutningi málsins nema síður sé, er að mínum dómi óvarlegur að því leyti að með þessu eru landbrh. gefin fyrirmæli af hálfu Alþingis, ef samþykkt er orðrétt, um að flytja inn minkalæður árlega. Það tel ég ekki víst að sé heppilegt eða ástæða til, m.a. og þó fyrst og fremst af öryggisástæðum. Við vitum að erlendis er síður en svo að fullkomið heilbrigði sé í loðdýrastofninum og útbreiðsla sjúkdóma er þar mikil. Útbreiðsla þessara sjúkdóma er einnig nokkuð sveiflukennd þannig að á sumartíma gæti verið svo að það væri afar óvarlegt að stefna að innflutningi og óheppilegt að hafa um það fyrirmæli af hálfu Alþingis, óheppilegt segi ég fyrir hæstv. landbrh. og heilbrigðisyfirvöld að hafa þau fyrirmæli sem tillagan gerir ráð fyrir. Þess vegna held ég að það þurfi að endurskoða orðalag hennar og gera hana ekki jafnafdráttarlausa og hún hljóðar.

Ég minni á það að þegar fluttur var inn minkur hingað til lands eftir að minkarækt var hafin hér að nýju hófst hún á nokkrum stórum búum. Þau lögðu sum upp laupana mjög fljótlega, en þrjú af þessum búum lifðu og störfuðu nokkuð myndarlega. En þó var rekstur þeirra þeim annmarka háður að í stofninum var blóðsjúkdómur sem kallast plasmasitosa og háði það afar mikið rekstri þessara búa. Það þótti býsna djarfleg ákvörðun þegar farið var í að skipta um stofn í þessum búum, sem voru á Sauðárkróki, Böggvisstöðum við Dalvík og við Grenivík, og er óhætt að segja að heilbrigðisyfirvöld hugsuðu sig um áður en leyfi var gefið til þess að farið væri í að skipta um stofn á þessum búum með innflutningi á fyrsta búinu. Þetta var gert að ég ætla á árinu 1982, og það tókst giftusamlega. Það tókst að útrýma þessum blóðsjúkdómi og það tókst að fá inn heilbrigðan stofn. Ég hygg að vel hafi einnig tekist að ná inn stofni sem býr yfir miklum kyngæðum, a.m.k. var vel til þess vandað eftir því sem mögulegt var að stefna að hvoru tveggja í senn að ná inn heilbrigðum stofni og góðum dýrum.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að geta öðru hverju stefnt að innflutningi til að kynbæta íslenska stofninn, en ég endurtek að ég tel að það þurfi þar að gæta fullrar varúðar og þó að komið sé upp sóttvarnarbúum, einu eða fleiri, og eitt hefur þegar verið að rísa, þá haggar það ekki því að við eigum hér svo mikið í húfi að við þurfum að fara að með varúð og þess vegna eru þessi varnaðarorð mín hér flutt.

Nú fjallar tillagan, sem hér er á dagskrá, einkanlega um innflutning á minkalæðum. Ég sagði í upphafi og flm. sagði að loðdýraræktin ætti í erfiðleikum. Refarækt hófst hér á landi 1980. Hún hófst undir þeim kringumstæðum að verð á refaskinnum fór hækkandi á heimsmarkaði. Verð á refaskinnum var í lágmarki 1972, en fór hækkandi allt til ársins 1983, en þá var verð á íslenskum refaskinnum á erlendum markaði 4000–5000 kr. íslenskar. Nú er verð á íslenskum refaskinnum fallið niður í um 1800 kr. íslenskar þannig að verðlækkun hefur orðið mjög alvarleg og eiginlega kippt fótunum undan rekstursafkomu þessarar búgreinar. Eigi að síður er verð á íslenskum refaskinnum litlu lægra en t.d. á dönskum

refaskinnum, eftir upplýsingum sem ég hef fengið frá loðdýraræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, eru íslensku refaskinnin einungis 2 kr. dönskum eða 10–12 kr. íslenskum lægri í verði en dönsku refaskinnin. Á hinn bóginn eru finnsku refaskinnin í mun hærra verði.

Ég vil svo ljúka þessu með refaskinnin og ljúka svo ræðu minni með því að refaskinnin íslensku eru á svo lágu verði að það hefur kippt fótunum undan þessari grein, en heimsmarkaðsverð er eigi að síður á bestu refaskinnum mun lægra en framleiðslukostnaðarverð er hér á landi.

Ríkharð Brynjólfsson:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir fyrri hv. ræðumanna til þeirra sem lögðu fram þessa þáltill. fyrir að vekja máls á þessu. Það er augljóst að hv. þm. liggja málefni loðdýraræktarinnar þungt á hjarta. Það eru hér á dagskrá tvö mál um það efni, hvort með sínum hætti, og fleiri eru á lofti, m.a. fsp. frá mér og fleiri hv. þm. um hvaða úrræði séu fyrirhuguð í refarækt.

Þó að loðdýrarækt sé oft tekin sem heild í umræðum skilur mikið á milli refa og minka, þeirra tveggja megintegunda sem hér eru ræktaðar, og í ýmsu er síst minni munur á þessum tegundum en á kúm og kindum. Vandamál þau sem tengjast þessum tveimur tegundum nú eru einnig að hluta til af mjög ólíkum toga spunnin. Í refarækt er fyrst og fremst um að ræða yfirþyrmandi fjárhagsvanda þar sem mestu skiptir lágt skinnaverð almennt. Í minkarækt er afkoman miklum mun betri vegna þess að minkaskinn eru almennt í hærra verði en refaskinn. Þegar hins vegar verið er að gera samanburð á verði þessara íslensku afurða og erlendra verður að gæta dálítið að við hvað er miðað. Danskur minkur er í hæstu verði af öllum mink sem seldur er. Hins vegar er danskur refur í lágu verði. Minkur sem seldur er frá Íslandi er í hærra verði en minkur sem seldur er frá Noregi, en refur frá Íslandi er í lægra verði en refur sem seldur er frá Noregi þannig að í hvorugu tilvikinu getum við miðað okkur við það sem best gerist í heiminum, en vissulega eru til lönd þar sem framleiðslan er lakari en okkar. Það skortir sem sé mikið á að gæði íslensku skinnanna jafnist á við það sem best gerist í minkaræktinni dönsku, eins og vel kemur fram í grg. með þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Hún snýr að mikilvægum þætti í lausn þessa máls, nefnilega hvernig tryggja megi að erfðaeðli minkanna verði sem best.

Með þeirri geysihröðu uppbyggingu sem varð í minkaræktinni hefur verið teflt á tæpasta vað með gæði ásetningsdýra og hér eins og í annarri búfjárrækt er hætta á afturför í erfðum stofnsins ef svo helst í lengri tíma. Rétt sem dæmi um þetta má segja að í minkastofni í jafnvægi hvað fjölda snertir má ætla að setja þurfi á um það bil fimmtung þeirra kvendýra sem upp komast, en hér hefur verið algengt að setja á helming eða jafnvel enn meira.

Þessu fylgir líka, þessum mikla ásetningi, að í læðuskinn, sem héðan eru seld, vantar, ef svo má segja, besta hlutann, fjórðung til þriðjung þeirra sem til sölu kæmu ef stofninn væri í jafnvægi. Meðan þetta ástand varir er sem betur fer ekki hægt að taka mismun í flokkun íslenskra og danskra skinna sem einhlítan mælikvarða á mun í erfðaeiginleikum. Engu að síður hníga öll rök að því að erfðaeðli íslensku dýranna sé nú lakara en erfðaeðli þeirra dönsku.

Erfðagæði dýranna má bæta með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með skipulögðum kynbótum innan stofnsins og í öðru lagi með innflutningi úrvalsdýra erlendis frá. Innflutningi fylgja ýmis vandkvæði eins og hér hefur verið drepið á, allveruleg sjúkdómahætta, og þar kennir reynslan okkur að seint er of varlega farið. Eigi að gæta fyllsta öryggis er óhjákvæmilegt að innflutningur er ærið kostnaðarsamur.

Meðan sú uppbygging helst og fjölgun sem nú er í minkarækt er engu að síður óhjákvæmilegt að treysta að verulegu leyti á innflutning kynbótadýra til að koma í veg fyrir stöðnun eða jafnvel afturför vegna mikils ásetnings. Eins er æskilegt að flytja inn reglulega kynbótadýr eftir að jafnvægi er náð svo að við getum á hverjum tíma nýtt okkur það besta sem fram kemur erlendis. Hversu mikið og hversu oft er flutt inn ræðst af því hvernig metinn er saman kostnaður og áhætta við innflutning og sú framför eða bót á stofninum sem vænta má af innflutningi. Ef innlent ræktunarstarf er í molum er mikill innflutningur nauðsynlegur, en miklu minni ef ræktunarstarfið er skipulagt og markvisst. Þess vegna ber að líta á innflutninginn eftir að jafnvægi er náð sem viðbót við það starf sem fyrir er og það er áreiðanlega affarasælla að fara þá leið sem flm. benda á, stöðugan innflutning, en rjúka upp öðru hverju með mikil umsvif í því efni. Á það verður þó að leggja áherslu að til lítils er unnið ef ekki er samtímis unnið skipulega að kynbótastarfi innan stofnsins.

Á vegum Búnaðarfélags Íslands og fleiri aðila hefur verið unnið að skipulagningu kynbóta í loðdýrarækt. Hornsteinn þess er skýrsluhald loðdýrabænda og þátttaka þeirra í því er mun meiri en annars staðar gerist. Það ætti að tryggja örugga framþróun með kynbótum.

Þetta kynbótastarf ásamt með því að innflutningur verði nýttur sem best mun tryggja að ekki þarf að óttast um erfðaeðli íslenska minkastofnsins í framtíðinni, en þetta tvennt verður að haldast í hendur eins og áður er sagt. Hinu má heldur ekki gleyma að góð arfgerð er ekki einhlít til að ná fram góðu skinni. Máltækið segir að fjórðungi bregði til fósturs. Í þessu tilviki er nær að segja að helmingi eða ¾ bregði til fósturs. Fóstrið er samsett úr fjölda þátta. Það er hús, fóður, umhirða, pelsun og skinnaverkun svo gróft sé talið. Hvaða þáttur sem er getur haft afgerandi áhrif á afkomuna. Mistök geta gert skinn af eðlisgóðu dýri ónýtt, en skinn af lélegu dýri verður aldrei gott.

Loðdýraræktin hefur vaxið úr nær engu í umtalsverðan útflutningsatvinnuveg á örskömmum tíma.

Því hafa ekki síst valdið breyttar aðstæður í sveitum landsins. Til þessa hefur verið hvatt af stjórnvöldum bæði beint og óbeint. Vaxtarverkir með svo örri þróun hafa verið óhjákvæmilegir. Verkþekkingu íslenskra loðdýrabænda hefur þó fleygt fram og margir hafa náð mjög góðum tökum á framleiðslunni. Innan skamms má gera ráð fyrir því að verkþekking íslenskra loðdýrabænda verði eins og best gerist hjá grönnum okkar ef hvergi er slakað á um ráðgjöf og leiðbeiningar. Það má ekki henda að við sitjum uppi með lakari minkastofn en nágrannarnir.

Innflutningur kynbótadýra er nauðsynlegur til að tryggja að svo verði ekki og því styð ég efni þessarar þáltill. og treysti því að Alþingi komi henni í það horf sem viðunandi er, ef því sýnist svo, um hversu bindandi hún verður fyrir landbrh. Ég treysti hæstv. landbrh. og ráðuneyti hans til að vinna að þessu máli í samráði við samtök loðdýrabænda og aðra sérfróða aðila á þessu sviði.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég óska hv. flm. þessarar þáltill. til hamingju með málið og þá ræðu sem hér var flutt. Ég hygg að í þessari umræðu hafi verið fluttar tvær jómfrúrræður eins og við köllum þær hér á Alþingi og er það ekki óeðlilegt í sambandi við þann vaxtarbrodd í íslenskum landbúnaði sem hér er til umræðu og menn binda miklar vonir við. En erfiðleikarnir eru líka margir sem kannski er ekki að undra þegar um er að ræða nýmæli af þessu tagi.

Ég tel efni þáltill. vera nauðsynjamál og þó að það þurfi að gæta að því sem hér hefur verið að vikið, m.a. af hv. 2. þm. Norðurl. v., í sambandi við sjúkdómahættu verðum við að reyna að búa að þessum iðnaði eða eigum við að segja búgrein með þeim hætti að við getum talist samkeppnishæfir og þar skipta kynbæturnar og möguleikarnir á að leita í útlenda erfðastofna vissulega miklu máli.

Ég vildi nefna í þessu sambandi þörfina á efldri ráðgjafarstarfsemi í loðdýrabúskap, en ég hef lagt fram fsp. til hæstv. landbrh. þar sem beðið er um skriflegt svar um að skilgreint verði og hann leggi fyrir þingið upplýsingar um með hvaða hætti staðið er að ráðgjöf í sambandi við loðdýrarækt í landinu. En það er kannski ein stærsta brotalömin að mínu mati í sambandi við þessa nýju búgrein að okkur hefur ekki tekist að byggja þar upp ráðgjafarstarfsemi með þeim hætti sem æskilegt væri og líklegast til að skila árangri. Hér hefur réttilega verið sagt að ólíkar aðstæður eru hvað rekstrarstöðu snertir milli minkaræktar og refaræktar, en ég hygg þó að nauðsynlegt sé að við áttum okkur á því að fyrr en varir getum við staðið frammi fyrir mun harðari samkeppni í sambandi við minkaeldið en raun er á nú um sinn þannig að við þurfum að gæta þess að búa okkur undir erfiðari tíma einnig á því sviði eins og við höfum þegar reynt í sambandi við refaræktina.

Ég þakka fyrir það frumkvæði sem hér hefur verið haft með flutningi þessarar till. og vænti þess að hún fái verðuga afgreiðslu hér í þinginu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað þakka fyrir að þetta mál er komið inn á þing með þessum hætti þannig að um það verða sjálfsagt nokkrar umræður eins og þegar hefur komið í ljós og virðist ekki vera lát á því.

Þetta mál stendur þannig að það er ástæða til að huga til allra átta í því. Ég tek undir það sem hv. næstsíðasti ræðumaður sagði, að það er erfitt að meta gæði skinnanna eftir þessum útflutningi vegna þess hve mikill hluti af dýrunum verða lífdýr. Það eru auðvitað bestu skinnin, ekki einungis skinn læðanna heldur verður líka mikið hærra hlutfall högnanna að lifa á móti þeirri aukningu sem verður hvert ár.

Eftir því sem maður heyrir er brotalöm í þessu dálítil. Maður heyrir t.d. að á sumum búum sé hátt hlutfall af hvolpunum látið lifa og ekki nægilegt eftirlit með því. Á sumum stórum búum, að manni er tjáð, séu sérstakir menn til að flokka, ekki ráðunautar, enda sé selt langtum hærra hlutfall sem lífdýr en annars staðar. Þetta þýðir að það er hætt við því að þessum stofni okkar hnigni, ekki síst ef í mörg ár er haldið þannig á málum. Að þessu máli þarf líka að huga.

Það er enginn vafi á að umhirðan á þessum dýrum og á skinnunum er stórt atriði, hvernig verðmæti fást fyrir þau. Af því hef ég óbeint nokkra reynslu.

En þetta mál allt saman er þannig að það er ástæða til að huga að öllum þáttum þess. Stofnlánadeildin er búin að lána nokkuð mikið í þessa búgrein. Af þeim fjármunum sem eru útistandandi nú frá stofnlánadeild eru 39% í loðdýrarækt, þ.e. hjá bændum og í fóðurstöðvum loðdýra, og þetta skiptist nokkuð jafnt. Í minkunum eru tæplega 300 millj., en 336 millj. vegna refabúa.

Þetta segir okkur að þetta hefur farið mjög ört vaxandi á undanförnum árum. Eru refabændur nú, að ég hygg, upp undir 20 sem hafa gefist upp ef ég man þetta rétt. Það væri mikið áfall ef fleiri gæfust upp vegna þess hvernig málin standa. Mér er a.m.k. tjáð að þetta sé að hluta til vegna þess að sá stofn sem keyptur var í fyrstunni hafi ekki reynst á þann veg sem menn gerðu sér vonir um. Ég efast ekkert um að þetta er rétt. Þess vegna þarf að fá lífdýr inn og það er nauðsynlegt ef menn á annað borð ætla að halda þessu áfram sem ég sé ekki annað en að sé óumflýjanlegt eins og ástatt er.

Það er mikils virði samt að farið sé með gát að þessum innflutningi og að gerðar séu allar þær ráðstafanir sem tiltækar eru til þess að verði ekki ný slys í sambandi við að flytja sjúkdóma inn. En það þýðir ekki að það verði ekki að hefjast strax handa í því efni. Það er rétt að flytja ekki inn mjög mikið í einu. Það er meiri áhætta vegna þess að hætt er við því að það verði ekki eins mikil einangrun með því móti og ef það eru tvö til þrjú bú sem eiga að hafa

með að gera þessi innfluttu dýr.

Ég fagna þessari till., en ég held að það sé fleira hægt að gera. Ég held að það verði að taka upp strangara eftirlit en mér er sagt að sé með lífdýratökunni. Spurning er líka hvort það sé ekki leið að reyna að fá bestu dýrin saman á bú af innlendum stofni til að fá þar upp líka góð dýr.

Ég tek ekki fullkomlega mark á því sem er í grg. þegar samanburður er gerður á gæðum dýranna — það er sagt að gæðameðaltalið á dönsku minkaskinnunum sé 100 en 76 hjá okkur — af þeim ástæðum sem við höfum komið hér inn á. Það er ekki marktækur mælikvarði þó það séu ábendingar fyrr en það er tekið svipað magn af okkar stofni sem lífdýr og er t.d. í Danmörku því það eru bestu skinnin sem eru heima fyrir.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Ég hafði gleymt tímamörkum þingskapa. Ég er svo gamall í hettunni að mér var í minni aðeins sú tíð þegar þm. máttu tala ótakmarkaðan tíma um þáltill. Biðst ég velvirðingar á þeirri gleymsku minni.

Mest af því sem ég hafði ætlað að bæta við mína ræðu hefur komið fram í máli síðari ræðumanna. Ég hafði ætlað mér að vekja athygli á því eins og gert hefur verið að í minkastofninum hefur ásetningur verið mikill og að sjálfsögðu hafa menn við vaxandi leiðbeiningar lært að setja á bestu dýrin sem jafnframt búa yfir bestu skinneiginleikunum. Þetta hefur orðið til þess að að meðaltali eru útfluttu skinnin lakari en ætla má að stofninn gefi tilefni til þegar ásetningur og útflutningur eru komin í jafnvægi. Þrátt fyrir þetta virðist sem íslenski minkastofninn búi yfir svo miklum skinngæðum að það sé e.t.v. undravert. Þrátt fyrir það sem segir í grg. með till., sem vafalaust er rétt frá fyrri árum, greindi flm. og frsm. till. frá því í lok máls síns að mismunur á verði danskra minkaskinna og íslenskra sé mjög lítill á síðustu uppboðum. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef munar aðeins 14 kr. íslenskum á verði danskra minkaskinna, sem eru bestu skinn í heimi, og á verði íslenskra skinna af svartmink.

Þetta er að mínum dómi stórkostlegur árangur og sýnir að það hefur tekist að flytja inn stofn sem býr yfir gæðum sem eru með því besta sem gerist í heiminum og gefur bendingar um að ef við kunnum vel að halda á þessum stofni og þegar útflutningur minkaskinna er kominn í eðlilegt horf, ásetningur ekki jafnmikill og nú er, getum við e.t.v. vænst þess að verða fremstir í heimi með skinngæði. Þetta er vel og ég vona að það takist að halda svo á málum að þetta verði. Eigi að síður tek ég undir að það er ástæða til að flytja inn dýr til kynbóta öðru hvoru. Ég vil ekki fastsetja það á hverju ári, ég tel að það sé of ógætilegt að fastsetja það, heldur að öðru hvoru sé stefnt að því að dýr séu flutt inn til kynbóta, en þá með þeirri fyllstu varúð sem við getum ráðið yfir vegna þess hversu mikið við eigum í húfi og hversu vel við erum einangraðir gegn sjúkdómahættu erlendis frá á Íslandi. Það er sérstaða sem er ekki lítils virði.

Ég tel því að miðað við horfur eins og nú eru séu þær tiltölulega góðar í minkaræktinni. Það er talið að t.d. fóðurkostnaður við framleiðslu á skinni sé ekki nema um 35% af skinnaverði sem er talið nokkuð gott í minkarækt. Á hinn bóginn er þetta gerólíkt í refaræktinni þar sem fóðurkostnaður er um 70% af skinnaverði og er óviðunandi m.a. vegna þess að þar er fjárfestingarkostnaður, húsnæðiskostnaður, allt of hár, fóðurkostnaðurinn of hár og frjósemin allt of lítil þannig að miðað við það sem best gerist erlendis vantar okkur um 60 þús. hvolpa í afrakstur af refastofninum sem var hér á síðasta ári og það munar um minna eða allt að 100 millj. kr.

Þar er vitaskuld mjög alvarleg staða og miklu verri en í minkastofninum. En ég vænti þess að það takist að halda á þessum málum á þann hátt að þessi atvinnugrein gefist hér vel og að við náum því að verða í fremstu röð a.m.k. í minkaræktinni. Ég tel að sú till. sem hér er flutt sé ágætt innlegg í þetta mál og þakka fyrir hana eins og aðrir sem hér hafa talað, en lýk máli mínu með því að vara enn við að fara of geyst í innflutningi vegna þess hve mikið er þar í húfi.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þetta mál er flutt á Alþingi og þær undirtektir sem loðdýraræktin hefur fengið í þeim umræðum sem fram hafa farið. Jafnframt vil ég taka undir hversu mikilvægt er að sú vara sem við framleiðum sé í besta gæðaflokki. Til þess þurfum við að sjálfsögðu að leita allra færra leiða. Það mun hafa verið fyrir tveimur árum sem ég skipaði nefnd hagsmunaaðila til að fjalla um innflutning á loðdýrum og þá til þess að leggja til hvernig skipulega skyldi að því staðið. En innflutningur er að sjálfsögðu ekki neitt nýr af nálinni þannig að allur okkar stofn er tiltölulega nýkominn inn í landið. Það hefur verið rakið hvernig minkastofninn var endurnýjaður þannig að hann er allur tiltölulega nýinnfluttur. Sama er að sjálfsögðu að segja um refastofninn. Þar hafa á síðustu árum verið flutt inn nokkrum sinnum bestu dýr sem völ hefur verið að fá og þá á bú einstakra bænda og verið þar í einangrun. Það var seinast fyrir ári flutt inn mjög fjölbreytt úrval af litarafbrigðum á eitt býli norður í Skagafirði sem að sjálfsögðu er þá einangrun á.

En hins vegar var það niðurstaðan að stofna einangrunarbú til að flytja inn minkastofn. Hann er nú búinn að vera á því búi nærri því eitt ár. Það var lögð mikil áhersla á að fá það þá flutt inn í landið því að af hálfu Sambands loðdýrabænda var talið að það gæti verið erfitt að fá nægjanlega heilbrigð dýr ef því tækifæri sem þá var um að ræða væri sleppt. En það er e.t.v. dæmi um hversu hér þarf að fara með mikilli gát og undirstrikar orð hv. 2. þm. Norðurl. v. að það mun hafa komið upp veiki í öðrum stofni þar sem þau dýr voru tekin, en sem betur fer ekki í þeim stofni sem inn var fluttur. Þar er fylgst rækilega með

heilbrigði dýranna af hálfu dýralæknis og sýni tekin reglulega. Sem betur fer hefur ekkert komið hættulegt upp. En þetta sýnir hversu gífurlega mikla gát þarf að hafa á þessum hlutum til þess að ekki hljótist af slys. Ég held að það sé ekki eingöngu mikilvægt fyrir okkar búrekstur á þessu sviði að heilbrigði sé í stofninum eins og reynslan var búin að kenna okkur allt of vel heldur geti líka verið ávinningur að því og þá möguleikar á útflutningi ef við eigum heilbrigðan stofn svipað og gerist nú í sambandi við seiðaeldi þar sem við njótum þess að geta flutt út af því að hér er heilbrigði og eftirlit í mjög góðu lagi.

Flm. (Elín R. Líndal):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðurnar og góðar undirtektir við till. Þetta er málefni sem brennur mjög á loðdýrabændum nú. Loðdýraræktin er ung atvinnugrein hér á landi og uppbyggingin hefur verið mjög hröð, bæði á búunum sjálfum og fóðurstöðvunum. Fóðurverð er því víða of hátt vegna of mikils fjármagnskostnaðar m.a. og því er atvinnugreinin illa búin undir svona mikla verðlækkun.

Það komu fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. varnaðarorð um sóttkví og aðgæslu í þeim málum. Ég tel nokkuð vel að þeim málum búið í reglugerð um loðdýrarækt og innflutning loðdýra og sé hún svo ströng að það sé hægt eftir henni að fara. En ég tek heils hugar undir varnaðarorð í þessum málum með hliðsjón af fyrri reynslu, t.d. miðað við að þegar flutt var inn á Möðruvöllum stóð tæpt að við fengjum þar sýktan stofn.

En það er með þessa spurningu hvernig á að reikna út gæði skinnanna. Ekki er hægt að reikna þau út með verði. Ég rakti hér að við vorum með næsthæsta verð og það er af þeim tveimur ástæðum að við erum með hlutfallslega verðmeiri litarafbrigði, sem við framleiðum hér, og eins að við seldum sama og ekkert á desemberuppboðinu í fyrra, en mjög mikið í febrúar og mars sem var við mun hærra verði. Það má alveg eins vera að það sé ekki endilega rétt að fara eftir þessu, en þá er spurningin eftir hverju á að fara ef ekki gæðunum sem koma fram í þessu? Við getum ekki mælt gæði á þeim dýrum sem búið er að setja á. En ég sé að þetta kemur ankannalega út. Yfirleitt eru þetta allt högnaskinn af því að það er svo mikill ásetningur.

En ég kom fyrst og fremst upp til að þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið og vænti þess að tillagan fái góða meðferð og velvild á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskur gjaldmiðill, fyrri umr.

Þáltill. KrP o.fl., 227. mál. — Þskj. 515.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem Kristinn Pétursson, sem hér átti skamma viðdvöl fyrir nokkru, undirbjó og flytur ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni og Karli Steinari Guðnasyni auk *mín. Ég hef fylgst með skrifum Kristins Péturssonar* og átt við hann margsinnis umræður um peningamál og efnahagsmál almennt og þótt mjög mikill fengur í að ræða þessi mál við hann, jafnskarpskyggnan mann og hann er. Það er auðvitað skaði að hann skuli ekki sjálfur geta flutt þessa framsögu, en ég mun reyna að bæta úr því með því að taka nokkrar glefsur úr hans ræðum og skrifum, með leyfi forseta, hér í inngangi að máli mínu. Þó ég sé kannski ekki sammála einu og öllu sem fram kemur hjá honum, sem ekki er eðlilegt í jafnflóknum málum og peningamálin eru, er ég í meginatriðum sammála honum a.m.k. um að það verði rannsakað með einhvers konar nefndarskipun, hvernig sem sú nefnd yrði þá saman sett, hvort eðlilegt væri fyrir okkur að tengjast með einhverjum hætti myntum annarra þjóða. Það er ekki ný hugmynd. Ég hef rætt hana sjálfur og margir aðrir.

En Kristinn segir m.a.: „Svokallaður grár markaður, verðbréfamarkaður," þegar hann ræðir um hann, „hefur fengið samlíkingu við ófreskju. Ég spyr: Er þá allt fólkið sem skiptir við þennan markað ófreskjur? Tæplega. Fólk er einfaldlega að bjarga sparifé sínu frá rýrnun. Fari stjórnvöld að skipta sér óhóflega af þessum markaði mun stór hluti þessa fjármagns verða að steinsteypu á nokkrum mánuðum sem mundi leiða af sér aukna þenslu og verðbólgu öllum til bölvunar. Það er ekki frjálsræðið sem er sökudólgurinn. Það er frekar að mínu mati áður nefnt ótryggt myntkerfi sem er draugurinn sem við erum að leita að. Frjálsræðið leiðir af sér *háa vexti sem aftur sýnir okkur að eitthvað mikið er* að. Lækningin við of háum hita sjúklingsins er ekki að setja sjúklinginn í frysti þar til 37 gráðum á Celcius er náð. Við verðum að skilgreina sjúkdóminn.

Síðan kemur lánskjaravísitalan, blessunin. Vísitölukerfið er nokkurs konar hitamælir þessa sjúka kerfis. Líklega hefur lánskjaravísitalan bjargað efnahagskerfi okkar frá enn verri útreið þótt bölvuð sé á margan hátt. Þetta kerfi er því bráðabirgðafyrirkomulag sem er ekki komið til að vera heldur verður að vera meðan við erum að koma á myntkerfi með varanlegum stöðugleika."

Ég hef rætt þetta mál talsvert við Kristin og ég hygg að hann sé sammála mér um það, þó að það komi ekki beint fram í því sem ég var að vitna til í hans orð, að meginástæðan til þess að við höfum þessa háu vexti sé ekki frjálsræðinu að kenna, þvert á móti. Hún er auðvitað sú að það er hér á landi, sem hvergi þekkist annars staðar, frystur ⅕ hluti af öllu sparifé, tekinn úr umferð og frjálsir vextir og engir peningar. Hvernig getur það samræmst? Af því að ég sé að hæstv. viðskrh. er hér og þykist vita að hann muni taka þátt í umræðunni vil ég strax geta þess að mér fannst gæta nokkurs ósamræmis í annars

mjög merkri og ágætri ræðu sem hæstv. ráðherra flutti í síðustu viku, en ég held að hann hafi þar sagt að óhjákvæmilegt væri aðhald í peningamálum. Ég skil ekki hvað aðhald í peningamálum er nema þessi frysting, að taka peningana úr umferð. Ég fæ ekki séð hvernig það getur samrýmst að ná niður vöxtum, enda sagði hæstv. ráðherra að vextirnir yrðu ekkert lækkaðir með valdboði. Þeir eru hækkaðir með valdboði. Það hefur verið um langt skeið. Það er ekki þessari ríkisstjórn einni að kenna. Það er þessi frysting og skömmtunarstjórn.

Hæstv. ráðherra sagði líka að framboð fjármagns væri lítið og væri þess vegna orsök hárra vaxta. Af hverju er framboð fjármagns lítið? Það er vegna þess að ríkið í fyrsta lagi heimtar allt of mikla skatta, síhækkandi, og í hinu laginu að það frystir það litla sem eftir er af peningunum. Auðvitað verða vextir *háir og auðvitað verður grár markaður ef menn vilja* kalla hann það. En nú skilst manni jafnvel að það eigi að fara að beita sömu ráðum við verðbréfamarkaðina, að það eigi að fara að frysta þeirra peninga líka og kannski vaxtalaust eins og gert er í Seðlabankanum. Og hvernig verða vextirnir þá ef verðbréfasjóðirnir verða að leggja kannski fimmta partinn inn vaxtalaust í Seðlabankann eða ríkissjóðinn, en sennilega er Seðlabanki ekkert annað en ein skúffa ríkissjóðsins? Ríkið á þennan banka og auðvitað eru sameiginleg fjármál bankans og ríkisins. Þegar talað er um að ríkissjóður taki lán frá Seðlabankanum tekur hann lán frá sjálfum sér með þeim hætti. Auðvitað er þetta allt saman heimt af borgurunum með skattpíningu, beinni og óbeinni, og þess vegna er þessi umræða og sú sem var í síðustu viku mjög nauðsynleg.

Ég ætla að halda áfram að vitna í Kristin: „Það munu vera um 95 þjóðir í heiminum sem tengja myntkerfi sín við önnur stærri myntkerfi. Því skyldum við ekki rökræða þetta í alvöru og hreinskilni? Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé með einhvern nýjan sannleik. Ég er bara orðinn þreyttur á því að vera hafður að hálfgerðu fífli með því að vera þátttakandi í útgerð og fiskvinnslu og gjaldeyririnn er alltaf hirtur af okkur á útsöluverði og í staðinn fáum við verðbólgnar krónur og getum ekkert keypt fyrir þær nema búið sé að smyrja á öllum þeim áhættu- og verðbólgukostnaði sem nefndur var hér að framan. Það er kjarni málsins. Undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar, sem framleiða verðmætin, verða alltaf undir í slagnum. Á þennan hátt tapar landsbyggðin sífellt í samkeppni við höfuðborgarsvæðið. Og auðvitað tapar öll þjóðin á verðbólgudansinum. Lífskjörin væru hér betri og kaupmáttur meiri hefði ríkt hér stöðugleiki. Það er engin spurning.

Svona koma þessir hlutir mér fyrir sjónir, en allar ábendingar um fleiri eða nýjar staðreyndir eru vel þegnar því að hérna er að mínu mati stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar og um leið þjóðarinnar allrar, jafnvægi og stöðugleiki í peningamálum. Ég fæ ekki annað séð en það að tengja myntkerfi okkar stærra myntkerfi sé eina leiðin til þess að koma í veg fyrir þá spákaupmennsku sem nefnd hefur verið hér að framan og um leið tryggja að vextir og verðbólga verði hér svipuð og í helstu viðskiptalöndum okkar."

Og enn fremur: „Enn þá einu sinni erum við í vandræðum með verðbólguna. Nýjar ráðstafanir er sífellt verið að gera. Hvað fer mikill vinnutími stjórnmála- og embættismanna í undirbúning þessara sífelldu ráðstafana í efnahagsmálum? Þetta virðast vera eilífðarvandamál. Eru ráðgjafarnir notaðir? Hafa þessir svokölluðu efnahagsráðgjafar og aðrir sérfræðingar í æðstu stöðum hjá ríkinu nægilega þekkingu á atvinnulífi þjóðarinnar? Það tel ég vafasamt. Það er ekki nóg að hafa falleg prófskírteini í einhverri fræðimennsku og takmarkaða þekkingu á atvinnulífi þjóðarinnar. Í efnahagsráðgjöf ætti ekki að ráða fólk nema það hafi bæði falleg prófskírteini og viðunandi starfsreynslu í atvinnulífinu. Þessar línur eru ekki settar á blað til þess að vera með kjafthátt út í fræðinga. Þeir verða bara að þola hreinskilna gagnrýni."

Og enn heldur Kristinn áfram og það er í Fiskifréttum. Þar hefur blaðið eftir honum:

„Kristinn orðaði það svo í samtali við Fiskifréttir að það að skipta út erlendri mynt fyrir íslenskar krónur væri líkt og að skipta á Benz og Skoda og sætta sig við viðskiptin því fyrir íslensku krónuna væri ekki hægt að kaupa neitt nema það sem væri búið að smyrja á verðbólgukostnaðinum. „Og þá er spurning dagsins", sagði Kristinn í ræðu sinni á fundinum, „hvernig má eyða vantrú íslenskra og erlendra aðila á gjaldmiðil okkar, hvernig má gera íslensku krónuna að alvörugjaldmiðli. Mín niðurstaða er sú að gera eigi íslensku krónuna að hluta úr stærra myntkerfi eins og t.d. Lúxemborg er með sameiginlegt myntkerfi með Belgíu undir yfirstjórn belgíska seðlabankans. Andmælendur þessara hugleiðinga hafa sagt að þetta þýddi skert sjálfstæði þjóðarinnar, en er það í raun sjálfstæði að búa við ótraust peningakerfi?"„

Þetta var tilvitnun í Kristin. En á sama fundi sem hann mælti þetta tekur einnig til máls Jónas Haralz *bankastjóri sem bendir á að áður hafi verið talað um* að skapa rekstrargrundvöll með millifærslum af öllu mögulegu tagi, en segir síðan, með leyfi forseta:

„Nú er bersýnilega mikill skilningur á mikilvægi stöðugleika á gengi", sagði Jónas, „og þá vaknar spurningin: Hvernig eigum við að ná þeim stöðugleika sem menn geta trúað á?" Hann tók undir þá skoðun að það sem mest hefði skort á í tengslum við fastgengisstefnuna, ekki síst á síðustu mánuðum, væri trú manna á að hún mundi takast. „Fólk hefur hagað sér eins og það væri sannfært um að þetta mundi ekki takast", sagði Jónas, „og meðan svo er getur þetta ekki tekist."

Síðan víkur Jónas Haralz að því að hann væri að sannfærast meira og meira um að við ættum að taka

upp einhver tengsl við erlenda mynt og segir síðan í þessari frétt:

„Það sem kemur mér fyrst í hug og liggur næst", hélt Jónas áfram, „er að gerast þátttakendur í EMS, European monetary system. Þetta er samvinna Evrópulanda í gengismálum þar sem gilda reglur um það hvað megi hreyfa gengið mikið innan þröngra marka. Það geta skapast þær aðstæður að það verði að breyta genginu og Frakkar hafa gert það oftar en einu sinni, en þetta er þrautalending sem ekki er gripið til fyrr en komið er í mjög erfiða stöðu. Þessu kerfi getum við tengst án þess að ganga í Efnahagsbandalagið. Slík þátttaka gæti tryggt þann stöðugleika sem við þurfum á að halda, en þá verðum við að ganga inn í slíka samvinnu á réttu gengi, á gengi sem skapar jafnvægi."

Enn hefur merkur maður tekið þetta mál til umfjöllunar nú alveg nýlega. Hinn 4. febr. birtist grein eftir Sigurð B. Stefánsson, sem er framkvæmdastjóri verðbréfamarkaðs Iðnaðarbankans, og hann segir, með leyfi forseta:

„Næstum helmingur af þjóðarframleiðslu Íslendinga er fluttur til útlanda og hátt í helmingi þjóðartekna er varið til innflutnings og vaxtagreiðslna til útlanda. Mest af þessum viðskiptum er við Evrópubandalagið og því hníga öll rök að því að miða gengi íslensku krónunnar við gjaldmiðla þessa ríkis. Evrópubandalagsríkin eru jafnframt í hópi þeirra ríkja sem notið hafa mikils efnahagslegs stöðugleika á síðasta áratug."

Úr því að ég vík hér að Evrópubandalaginu langar mig aðeins að geta þess að þegar ég ásamt öðrum fulltrúum í hv. utanrmn. átti viku dvöl í Brussel og Strasbourg til að ræða við forustumenn Evrópubandalagsins sannfærðist ég um það enn þá betur en áður að við eigum ekki að ganga í Evrópubandalagið, en við munum samt geta náð mjög hagstæðum samningum við bandalagið. Þeir sem þar ráða nú a.m.k. vilja ekki að Ísland hrekist úr samfélagi Evrópuþjóða. Við greindum þeim auðvitað frá því að við vildum vera Evrópuþjóð og hlytum að verða það héðan í frá eins og hingað til og ég á ekki von á því að við þurfum að sæta neinum afarkjörum í viðskiptum við þá, en ég held að við eigum ekki að halda því á loft að við séum að hugsa um að ganga í bandalagið. Þá ætla ég að þeir mundu segja bara: Gerið þið svo vel. Komið inn og þá takið þið auðvitað á ykkur þær skyldur sem aðrir taka á sig. — Ég held að það væri mikil fásinna og ég held að það sé best að reyna að drepa þær hugmyndir í fæðingu ef einhverjir eru að reyna að breiða það út. En það gefst betra tækifæri í umræðum um utanríkismál til að ræða um það. Hérna er annað mál til umræðu.

Ég vík aftur að þessu með framboð peninga og frystingu á innlendum peningum. Ég er sammála hæstv. viðskrh. um það, sem hann sagði hér í fyrri viku, að það getur verið eðlilegt að hér starfræki erlendir bankar einhverja starfsemi, annaðhvort með útibúum eða með þátttöku í íslenskum bönkum sem eru að meirihlutaeign kannski Íslendinga. En hitt er aðalatriðið að hætta þessari bindiskyldu, afnema hana í eitt skipti fyrir öll. Það hefur verið erfitt að eiga við það mál. Ég er nú búinn að berjast við það í tíu ár. Venjulega tekur tíu ár að koma góðum málum fram svo að ég er að gera mér vonir um að það fari eitthvað að gerast í málinu eftir áratuginn.

En þannig var að að næturlagi, 1985 var það víst, var laumað inn í bandorm ríkisstjórnarinnar heimild til að hækka bindiskyldu úr 28% sem hún þá var í 38%. Ég krafðist auðvitað fundar í mínum þingflokki þar sem ég lýsti því yfir að ég mundi berjast á móti þessu og greiða atkvæði á móti því. Það var að vísu lögfest en aldrei framkvæmt. Hins vegar tókst að koma bindingunni niður í 18 úr 28. Þegar það hafði tekist var samþykkt í Ed. breyting á lögum um Seðlabanka þar sem honum er einungis heimilað að binda 10%. Það varð auðvitað uppi fótur og fit í kerfinu. Þetta var undir þinglokin. Ég var þá formaður einmitt fjh.- og viðskn. og fékk seðlabankastjóra á fund hennar þar sem þeir lögðu fram skriflega bókun svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Peningamarkaðurinn hefur verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin tvö ár. Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna svo sem innlánsbindingu sem þegar hefur verið lækkuð úr 28% í 18%. Bankastjórn Seðlabankans mun leggja áherslu á að þessi þróun haldi áfram svo ört sem markaðsaðstæður og ytri skilyrði leyfa. Væntanlega verður unnt að taka umtalsvert skref til lækkunar á innlánsbindingu síðar á árinu."

Þetta er bókað í gerðabók fjh.- og viðskn. 21. apríl 1986.

En það var ekki mikið um lækkunina lengi vel. Loksins kom þó að því að bindiskyldan var lækkuð í 13%, en samhliða var tekið upp það sem var kallað lausafjárskylda og hún er upp á 8%. Þetta varð allt saman 21%.

Ég var sá bjálfi að fallast á að málið gengi ekki sem hafði verið samþykkt með miklum meiri hluta í Ed. um að takmarka bindiskyldu við 10% eins og upphaflega var í seðlabankalögunum. Ég féllst á að láta málið ekki ganga til Nd. Ég hélt að það yrði staðið við efni málsins að binda ekki meira af sparifé landsmanna en hámark 10%. En reynslan varð að bindingin er núna í raun 21%. Það er þó rétt og skylt að geta þessi að af 8%, sem kölluð er lausafjárskylda, geta bankarnir haft einhvern arð. Þeir mega kaupa ríkisvíxla o.s.frv. En hitt er allt saman í Seðlabankanum vaxtalaust. Og hvað halda menn nú að vextir gætu lækkað bara við að þetta fé yrði á markaði í staðinn fyrir að vera bundið og fryst? Þessi takmörkun á peningamagni í umferð er allt saman meira og minna dellukenning. Einu sinni var gullfótur eins og menn vita, það mátti ekki lána meira út, bankarnir fengu ekki meira til ráðstöfunar eða fólkið en sem svaraði verðmæti gullsins. Auðvitað urðu allar þjóðir að hverfa frá þessu eftir því sem umsvifin jukust í heiminum en gullframleiðslan ekki

sambærilega. Núna eru peningar ekkert annað en ávísun á auðlegð, á ríkisauð. Ríkið er alltaf að sölsa til sín meiri og meiri auðæfi hlutfallslega. Það gerir það á hverju einasta ári og við höfum orðið vör við það núna í öllum skattahækkununum. Samt á að binda það litla fjármagn sem eftir er. Atvinnuvegirnir fara auðvitað á hausinn með þessu háttalagi og gengið fellur og fólkið verður að knýja fram kauphækkanir til að geta lifað við sæmileg lífskjör. Þetta verkar allt saman öfugt við kennisetningarnar. Menn verða að fara að brjótast út úr þessum föstu viðjum sem maður heyrir um. Og hvar er þessi voðalega þensla? Hún er að fólk hefur sæmilega atvinnu, með allt of lágum launum þó flest hvað. Auðvitað er ég ekkert að mæla því bót, hvorki sem þm. Reykvíkinga né hefði ég gert það meðan ég var þm. úti á landi, að allt of mikið fjármagn fari til Reykjavíkur, allt of miklar framkvæmdir séu hér miðað við það sem er úti á landi. Það er ekkert hagur Reykvíkinga, síður en svo. Fyrrverandi borgarstjóri Geir Hallgrímsson lagði á það mikla áherslu á sínum tíma að styrkja Byggðasjóð, sem hét þá að vísu Atvinnujöfnunarsjóður eða hvað það nú var, til þess einmitt að fólkið væri ekki allt að flytja til Reykjavíkur og leggja byrðar á borgarana sem þar eru með allar þær framkvæmdir sem þarf að sinna þegar fólk flytur í stórum stíl eins og gerst hefur á undanförnum árum t.d. Það er ekki hagur Reykvíkinga. En það er ofstjórnarvaldið í þessu landi sem skapar alla þá erfiðleika sem við búum við.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég hygg að flm. þessarar þáltill. hafi á mörgum sviðum ólíkar skoðanir, enda úr fremur ólíkum stjórnmálaflokkum sem þó allir eiga það sammerkt að styðja ríkisstjórnina um þessar mundir. Ég hygg að það séu áhyggjur af þróun efnahagsmála sem hafa fengið þessa menn til að sameinast um þá ályktun sem hér er lögð fyrir hið háa Alþingi. Í dag búum við Íslendingar við vaxandi viðskiptahalla við útlönd. Lengi vel töldu spakir menn að gengisskráning væri hagstjórnartæki sem væri notað til að jafna samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra framleiðenda. Í dag er útstreymi á gjaldeyri sem mun leiða til efnahagslegra þrenginga áður en varir. Á hverju lifum við Íslendingar, hvað er það sem hér hefur skapað hin góðu lífskjör, er það varan sem við seljum fyrir gjaldeyri eða varan sem við kaupum inn í landið?

Einhvern tímann var sagt: Danskurinn og fjanskurinn á Djúpavog dregur að sér auðinn. Kann það að vera að einhverjir séu í dag að draga að sér auðinn, draga af undirstöðuatvinnuvegunum auðinn inn í sitt veski? Er eitthvað sem bendir til þess að þeir menn sem stunda og stjórna rekstri þess hluta atvinnulífsins á Íslandi sem selur afurðir sínar á erlendum mörkuðum séu lakari rekstrarmenn en hinir sem reka fyrirtækin sem framleiða og þjóna innanlandsmarkaðnum? Nei, allt bendir til hins gagnstæða, að þeir sem heyja harða samkeppni á mörkuðum erlendis standist prófið. Við náum sífellt hærra verði fyrir fiskafurðir okkar og erum vissulega með verðþandar afurðir. En það hefur okkur liðist vegna þess að gæðin á fiski okkar eru slík. En hvenær brestur það? Ýmsar þjóðir leggja nú áherslu á að ná slíkum gæðum. Hvað þá? má spyrja.

Hér var í umræðunni áðan loðdýraræktin og það má spyrja að því þegar hún hrópar á hjálp: Stafar ekki hennar vandi líka af sama toga, gæti ekki munað um það fyrir loðdýrabóndann ef hann fengi kannski, miðað við að gengið væri skráð rétt og því væri aldrei raskað með þenslu innan lands, 400–500 kr. meira í sinn hlut fyrir hvert skinn þegar skipt er yfir í íslenskar krónur?

Flm. hefðu kannski fremur átt að flytja hér till. um að þeir sem gjaldeyris afla mættu selja hann hæstbjóðanda í stað þess að skipta yfir í verðlausar íslenskar krónur. Á gengið að vera frjálst og ákvarðast af framboði og eftirspurn? Að þessu má spyrja. Við búum við mikið frelsi innan lands. Það eru frjálsir vextir, það er frjáls innflutningur, frjáls álagning og samkeppni í algleymingi. En gengið skal vera frosið og fast hvað sem gerist. Það ríkir í dag spákaupmennska og er þensla í efnahagskerfinu. Útflutningsatvinnuvegirnir fá yfir sig kostnaðinn af spákaupmennskunni. Þeir sækja ekki hækkanir í vasa erlendra neytenda. Hvað hjó verðbólgan á síðasta ári stórt skarð í krónuna íslensku? Var það 20–30%? Varð krónan íslenska að 70 aurum? Hvernig á sjávarútvegurinn, ullariðnaðurinn, loðdýraræktin, fiskeldið og samkeppnisiðnaður að mæta slíku? Það er vandaminna hjá verslun og þjónustu að gera slíkt. Borgarstjórinn hérna t.d. fann ráð til að mæta slíku. Hann hækkaði gjaldið í stöðumæla nú á dögunum úr 10–20 kr. upp í 50 kr. Hann spýtti því út í verðlagið og gat látið náungann borga. Það væri t.d. fróðlegt að heyra hvort menn telji líklegt að ein vænlegasta nýgrein atvinnulífsins haldi hlut sínum á þessu ári miðað við allar kostnaðarhækkanir innan lands og fast gengi. Þá á ég við ferðamannastrauminn hingað. Verður skarð í þeirri grein vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á síðasta ári og horfur eru á við óbreyttar aðstæður að haldi áfram?

Ég er orðinn afskaplega þreyttur á því að heyra sífellt í fréttum að vel rekin fyrirtæki í útflutningsgreinum séu á hausnum. Fólk er að flytja frá byggðarlögum sem afla verðmæta sem seljast á hæsta verði í heiminum. Tökum sem dæmi Vestmannaeyjar. Eitt hundrað manns fluttu þaðan á sl. ári. Er það eðlilegt? Ætti ekki þrótturinn og háu launin að vera á slíkum stað miðað við að aðstæður væru eðlilegar? Þá á ég við: Þeir eru að fá hæsta verð á sínum fiski, þeir búa við lægst olíuverð sem við höfum þekkt um áratugi og að auki er engin uppsöfnun á afurðum. Það selst jafnóðum út í veröldina.

Það var einhver verkamaður hjá þjónustufyrirtæki í Reykjavík að segja í fréttunum að hann væri orðinn þreyttur að fá ekki launahækkun hjá sínu vel

rekna fyrirtæki af því einhverjir fiskvinnsluskussar úti á landi rækju sín fyrirtæki illa og gætu þess vegna ekki hækkað launin við sína verkamenn. Það er ekki von að hann skilji það manngreyið að það er verðstöðvun af mannavöldum hjá útflutningsgreinunum meðan hinir vísa sínum hækkunum frjálst út í verðlagið.

Alhliða efnahagsráðstafanir eru við núverandi aðstæður mikilvægar, að móta ramma sem markar öllum í landinu frelsi innan marka. Gengisskráning hlýtur að koma inn í þá umræðu eftir það þensluástand sem hér ríkti á síðasta ári. Sjálfsagt er rétt að gengisfelling ein og sér leysir ekki vandann, en gengisskráning er þó viðurkennd sem hagstjórnartæki og hver þjóð hlýtur með kjafti og klóm að verja sitt atvinnulíf, halda fullum þrótti í útflutningsgreinum og gæta þess að samkeppnisgreinar, svo sem iðnaður, standist samkeppni við innflutning og hvers konar framleiðsla fái haldið velli.

Einhvern tímann trúðum við því að hollur væri heimafenginn baggi. Ég er ekki talsmaður þess að taka hér upp höft, en getum við horft á útlendinga með alls konar brögðum og klækjum og lúmskum ríkisstyrkjum leggja að velli okkar framleiðslu á mörgum sviðum? Sjávarútvegurinn er langsterkasti atvinnuvegur Íslendinga og ræður útkoma hans afkomu á landsbyggðinni. Það er enginn vafi að sé gengi erlends gjaldeyris ákveðið þannig að útflytjendur fá of lítinn innlendan gjaldmiðil fyrir erlenda gjaldeyrinn, sem þeir afla miðað við innlendan tilkostnað, er þróttur dreginn úr útflutningsgreinunum og langvarandi mismunur á innanlandsþenslu með rangt skráðu gengi þýðir það eitt að það dregur úr útflutningi og vöruskiptajöfnuður verður óhagstæður eins og við horfum nú upp á. Hitt er svo aðalmálið að ná tökum á verðbólgunni. Það eitt að binda íslenskt myntkerfi við erlendan gjaldmiðil nægir ekki ef verslun og þjónusta halda áfram að ávísa út í verðlagið og ef ríkið og opinberir aðilar halda áfram sinni þenslustefnu. Það eru alhliða aðgerðir sem grípa verður til í efnahagsmálum.

Ég tek undir þau orð að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar stafar nú mesta hætta af þeirri sjálfheldu sem peningamál eru í hér á landi. Í skjóli þeirra innanlandshækkana sem nú viðgangast eiga sér stað eignatilfærslur og eins og ávallt áður í verðbólgu eykst mismunun á launum og aðstæðum manna. Ég vænti þess að menn hugi að þessari þáltill. Hún ætti alla vega að vekja íslensk stjórnvöld til vitundar um að það ástand sem nú ríkir getur ekki gengið öllu lengur. Ef menn réðust í breytingar sem þessar yrðu þeir samhliða að taka á öllum þáttum efnahagslífsins og halda rammanum stöðugum eins og ég hef drepið á.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta, enda hef ég rætt um suma þætti þessa máls að undanförnu, en ég vil lýsa ánægju minni yfir ýmsu sem kom fram hjá frsm. þó ég sé honum aftur á móti ekki sammála um allt.

Ég var sérstaklega ánægður yfir þeirri yfirlýsingu, þar sem hann er formaður utanrmn., að hann lýsti yfir andstöðu sinni við að við Íslendingar göngum í Efnahagsbandalagið. Í hans flokki hefur bryddað á þeim skoðunum í blöðum og annars staðar að það væri það sem við ættum þó að gera.

Ég er líka ánægður með ýmislegt sem hann sagði í sambandi við bindinguna, vextina, en ég ætla ekki að fara að þessu sinni út í þau mál nánar nema ég ætla að minna á að þegar bindingin var 28% og lækkaði ofan í 18% losnaði Seðlabankinn samtímis við afurðalánin og afurðalánin fóru alfarið til viðskiptabankanna í sömu andrá. Ég var einn af þeim sem voru á móti þessari breytingu af þeim ástæðum að Seðlabankinn var sú eina stofnun sem gat lánað þetta fé með öðrum vöxtum en viðskiptabankarnir geta, enda hefur það komið á daginn. Það var sagt áður, á meðan Seðlabankinn hafði afurðalánin, að bindingin væri eingöngu til að mæta þessari kvöð á Seðlabankanum. Síðan lækkar þetta um 5%, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gat um, en er í raun og veru vegna framkvæmdarinnar hærra, eins og ég kom inn á í ræðu minni í gær eða fyrradag. Bindingin fer í sumum tilvikum upp í um 15%. Síðan var sett kvöð um lausafjárskyldu sem ég tel að sé ekki rétt að segja að sé 8% vegna þess að það er tekið mið af fleiri þáttum, a.m.k. miðað við það sem er hjá okkur í Búnaðarbankanum. Ég spurði minn hagfræðing að því síðast í gær hvort það væri ekki rétt hjá mér að það væru 10%, ef einn mælikvarði væri hafður, af heildarinnlánum bankans. Hann sagði það væri rétt niðurstaða. Þannig er þessi binding orðin í raun og veru 23–25% eftir því hvenær á árinu þetta er. Ég veit ekki hvort hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var hér inni þegar ég ræddi þessi mál, en t.d. Búnaðarbankinn fékk rúmlega 110 millj. til baka vegna þess að hann bar búinn að binda í árslok það mikið meira en 13%, en fékk enga vexti af því.

Ég stóð raunar ekki upp til að ræða þetta þó að ég vildi koma þessu að í leiðinni heldur til að segja að ég er nokkuð myrkfælinn yfir þessari hugmynd en viðurkenni að ég hef ekki haft tíma eða tækifæri til að hugleiða allar hliðar á þessu máli og ég mundi ekki treysta mér til að greiða þessari tillögu atkvæði eins og hún er. Það er nefnilega ekki alveg sama hverjir eru í nefndinni sem fjallar um þetta mál. Ef þar væru eingöngu menn sem hefðu lítið kynnt sér eða kunna á rekstur gæti komið annað út úr því en ef þar væru menn sem stæðu í framleiðslunni, a.m.k. einhver hluti af mönnum, sem þekkja slagæðar þjóðfélagins. Ég fyrir mitt leyti mundi því hafa allan fyrirvara á því ef slík nefnd yrði kosin á þann hátt að það væru tómir skrifstofumenn, hagfræðingar og fjármálaspekingar. Það þyrftu að vera í nefndinni menn sem sæju a.m.k. í fleiri áttir en að taka mið alltaf af fjármagninu einu saman.

Að öðru leyti ætla ég að láta þetta mál bíða betri tíma til að ræða um það þegar ég er búinn að átta

mig nánar á hvað þetta mundi þýða ef til þess yrði gripið og það er kannski erfitt að átta sig á því fyrr en nefndin er búin að skila frá sér. Ég geri ráð fyrir að þetta verði samþykkt þótt ég sé með þennan fyrirvara. En ég skora á hv. frsm. þessa máls að hugleiða um nefndarskipunina. Það er stóra málið í þessu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að ég held að tillöguflutningur sá sem hér er á ferðinni sé eðlilegur, þ.e. eðlilegur í því samhengi að það ástand sem við búum við í þessum málum er ekki nógu gott. Það er væntanlega undirrót þess að flm. leggja út í tillöguflutning af þessu tagi. Það er erfitt að leggjast gegn því að málin séu skoðuð eða skipaðar séu nefndir til að athuga hlutina og fara ofan í þá, en ég get þó ekki látið hjá líða við fyrri hluta umræðu um till. að gjalda mikinn varhug við því að haldið verði af stað inn á þá braut sem till. í raun stingur upp á þó að vægt sé til orða tekið.

Ég vil þó aftur ítreka að ég skil vel að mönnum finnist nauðsynlegt að leita leiða til að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur um gengisskráningu íslensku krónunnar vegna m.a. þess misvægis sem af gengisskráningunni getur leitt í afkomu greina atvinnulífsins í landinu og landsvæða þar með. Ég held þó að aðalatriðið í þessu máli sé í raun og veru að gengið sé rétt skráð, að gengi íslensku krónunnar sé raunhæf ávísun, raunhæfur mælikvarði á þau verðmæti sem liggi að baki í landinu. Ég tel það í raun og veru algjörlega óskiljanlegan hluta af íslensku sjálfstæði að við höfum okkar eigin íslenska sjálfstæða gjaldmiðil. Það er ekkert sem segir að gjaldmiðlar smáþjóða geti ekki verið sterkir ef rétt er að málunum staðið og þær þjóðir búa við þá verðmætasköpun, eru svo ríkar að það geti gefið tilefni til og staðið undir stöðugri gengisskráningu. Um þetta má að sjálfsögðu finna ótal mörg dæmi. Það er reyndar svo að það eru ekki gjaldmiðlar stórþjóðanna og stórveldanna endilega sem yrðu teknir sem dæmi ef menn færu að leita fyrir sér um hvar gengið hefur lengst verið stöðugt í heiminum. Þetta hygg ég að menn fyndu út ef þeir færu og könnuðu þau mál. Það má finna eftir því sem mér er best kunnugt um dæmi t.d. um Asíuþjóðir sem hafa búið lengi við miklu stöðugra gengi en margar af stórþjóðum Vestur-Evrópu.

Menn misskilja oft í þessu samhengi það óhagræði sem vissulega má segja að sé af því að vera hluti smáþjóðar og búa við það úti í löndum að þessi gjaldmiðill er ekki gjaldgengur í viðskiptum hvar sem er á byggðu bóli. Það er hins vegar stórhættulegt að rugla því saman við að það geti ekki gengið prýðilega fyrir sig og þjónað þjóðinni ágætlega að hafa sinn eigin sjálfstæða gjaldmiðil. Menn leysa að sjálfsögðu ekki þetta óhagræði, ef þeir vilja geta verslað og höndlað fyrir hinn íslenska gjaldmiðil hvar sem er í heiminum, öðruvísi en með því að taka upp einhvern af þeim fáu gjaldmiðlum sem njóta þeirra forréttinda. Ég held eða a.m.k. vil í lengstu lög vona að það sé ekki það sem hér er á ferðinni. Ef hins vegar gengið er traust og verðmætasköpunin sem þar stendur á bak við einnig traust verður okkur ekki skotaskuld úr því að verða okkur úti um þann erlenda gjaldeyri, það skotsilfur sem við þurfum til okkar brúks á ferðalögum og annars staðar. Svo fremi sem okkar útflutningsstarfsemi á gjaldeyrissköpun sé næg er það einfalt framkvæmdaatriði sem á ekki að vefjast fyrir okkur. Þessu finnst mér stundum að menn rugli saman og maður heyrir iðulega þann málflutning að það sé ómögulegt að vera með þessa krónu sem hvergi sé hægt að versla fyrir úti í heimi. En það eru nú einu sinni örlög smáþjóðanna og ætli það séu nú ekki miklu fleiri sem búa við sams konar aðstæður og við Íslendingar í þessum efnum.

Ég vil taka undir með frsm. um það að mér hefur leiðst dálítið í umræðu undanfarinna mánaða það dekur sem ég kalla svo og kemur fram í máli ákveðinna aðila varðandi Evrópubandalagið. Ég held að það sé stórhættulegt að ábyrgir aðilar íslenskir séu með dekur í þessum efnum. Við eigum að láta það liggja fyrir alveg skýrt og skorinort að það er ekki á dagskrá á Íslandi að ganga inn í Evrópubandalagið. Það er stórhættulegt að mínu mati að aðilar sem tekið er mark á séu með tvírætt orðalag í þessum efnum. Þess vegna fagna ég því hvernig formaður utanrmn. Alþingis fjallaði um þessi mál áðan.

Ég held að það séu í raun aðrar aðferðir sem liggi nær okkur en þær að tengja gengi íslensku krónunnar við erlenda gjaldmiðla og sem mundu leysa þau vandamál sem ég hef skilið sem hvatann að því að þessi till. er flutt. Ég hef skilið það svo að það sé í sjálfu sér ekki neitt keppikefli flm. sem slíkt að koma á slíkri tengingu, en spurningin er um það: Er það aðferð, er það ráð til þess að komast út úr þeim ógöngum sem við erum í staddir með þessi mál? Það er aðferð en ekki markmið eins og ég hef skilið það. Þar af leiðandi, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, herra forseti, er kannski erfitt að leggjast gegn því að þessi mál séu skoðuð, en ég vil engu að síður að mín varnaðarorð í þessum efnum séu alveg klár.

Auðvitað er það hárrétt að gengisskráningin eins og hún kemur manni fyrir sjónir er óhagstæð framleiðslugreinunum, útflutningsframleiðslustarfseminni, og landsbyggðinni þar með og veldur stórfelldum tilflutningi fjármagns í þjóðfélaginu, flytur til fjármagn í þjóðfélaginu.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri, úr því að það hefur komið fram í þessari umræðu, herra forseti, til að lýsa þeirri skoðun minni og algjörri andstöðu við hugmyndir sem uppi eru um að hleypa erlendum bönkum inn í íslenska efnahagslífið. Ég held að það sé ein af þessum stórhættulegum hugmyndum sem menn dekra nú við, daðra við í máli sínu án þess að fara mikið nánar út í hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir íslenskt sjálfstæði og íslenskt efnahagslíf. Við

höfum stundum talað um það undanfarin missiri að útlendingar væru að koma bakdyramegin inn í íslensku landhelgina, þ.e. með því að kaupa upp hráefni af íslenskum fiskimiðum óunnið, og má til sanns vegar færa. Ég segi að útlend áhrif gætu nákvæmlega eins komist bakdyramegin inn í íslenska efnahagskerfið með því að erlendir bankar hæfu hér upp starfsemi og umsvif. Halda menn að erlendir alþjóðlegir bankar stundi góðgerðarstarfsemi? Eru það traust rök að halda því fram að það yrði til stórfelldra hagsbóta fyrir okkur Íslendinga þegar til lengri tíma er litið að fá hér inn erlenda banka með sína starfsemi? Ætli það kæmi ekki til kasta okkar sjálfra að borga þeim þá þóknun sem þeir væntanlega ætla sér að fá fyrir sinn snúð? Eða bendi menn mér á dæmin um alþjóðlega erlenda banka sem eru þekktir að því að stunda góðgerðarstarfsemi og þá skal ég fara að ræða við menn um þessi mál. Auðvitað er það fjarstæða og er enginn vafi í mínum huga að með ríkisbönkum og opinberri stýringu á erlendum lántökum njótum við Íslendingar bestu fáanlegra kjara erlendis í lántökum og þannig eigum við að hafa það áfram. Þau kjör koma ekki til með að gera neitt annað en að versna ef við hleypum erlendum bönkum inn í íslenskt efnahagslíf. Þetta tengist allt saman í mínum huga: hugmyndir um að tengja íslensku krónuna erlendum gjaldmiðlum, hugmyndir um umsvif erlendra banka, ég tala nú ekki um daður við að ganga inn í Evrópubandalagið. *Allt eru þetta að mínu mati stóralvarleg mál þegar* um það er rætt í samhengi við sjálfstæði okkar Íslendinga, sjálfstæði íslensks efnahagslífs og möguleika okkar til þess að vera eigin húsbændur í eigin landi.

Ég vil því, herra forseti, við þessa umræðu koma þessum varnaðarorðum á framfæri og tel í sjálfu sér að það þurfi að fara ákaflega varlega í málið, jafnvel að setja þessi mál á eitthvert könnunarstig því það er svo að menn fara væntanlega ekki að kanna hlutina fyrr en þeim dettur í hug að það gæti verið ástæða til að framkvæma þá. *Eins og ég segi: Það mætti mín* vegna setja einhverja menn í að skoða hvaða möguleikar væru fyrir hendi í þessum efnum en með fullum fyrirvörum um það, a.m.k. af minni hálfu, að það komi til greina að ganga út á þessa braut.

Ég verð svo, herra forseti, ræðutímans vegna, sem ég geri nú ráð fyrir að sé alveg í þann veginn að ljúka, (**Forseti:** Ræðutímanum er alveg lokið.) að geyma mér þær umræður sem ég hefði vissulega haft óskaplega mikinn áhuga á og ég tala nú ekki um ánægju að fara ofurlítið út í umræður um „Eykonomics", *sem báru lítillega á góma, en það verður víst* að bíða betri tíma.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Þessi till. til þál. er allrar athygli verð. Að baki hennar býr sú meginhugmynd að stöðugleiki í gengi geti fært með sér heilbrigðan aga og aðhald, sem er vissulega ekki eftirlætisorð þess sem mælti fyrir till., í íslenskum þjóðarbúskap. En þetta er kjarni málsins.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að halda gengi krónunnar sem stöðugustu. Þessu til áréttingar ákvað Seðlabankinn með samþykki ríkisstjórnarinnar að frá og með 12. okt. 1987 skyldi halda gengi krónunnar stöðugu miðað við vægi gjaldmiðla í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd. Í þessu fólst nokkur breyting frá fyrri viðmiðun sem var miðuð við skiptingu greiðslna eftir myntum. Í framhaldi af þessari ákvörðun óskaði ég eftir því með bréfi til Seðlabankans að hann kannaði sérstaklega hvaða viðmiðun og gengistilhögun, sem hér er einmitt til umræðu, mætti telja best til þess fallna að tryggja í framtíðinni sem mestan stöðugleika í gengis- og efnahagsmálum. M.a. óskaði ég eftir því að kannað yrði hvernig tenging eða viðmiðun við evrópska myntkerfið, sem hér hefur borið á góma, European monetary system, og mynteiningu Evrópubandalagsins, ECU, mundi orka á íslenskt efnahagslíf og gengismál. Ég óskaði þess að Seðlabankinn hraðaði þessari könnun og hefði samráð við viðskrn. um tilhögun hennar. Þessi athugun stendur nú yfir og er nokkuð á veg komin og fjallar í reynd um sama mál og hér er lagt til að nefnd verði skipuð til að kanna. Þetta mál þarf að kanna mjög vandlega og ég tek undir það með flm. að það er vissulega tímabært að gera slíka könnun.

Í stuttu máli má segja að það sé þriggja kosta völ um gengistilhögun. Í fyrsta lagi núverandi fyrirkomulag sem er tenging við myntkörfu úr okkar eigin viðskiptum en þó háð endurskoðun öðru hvoru. Í öðru lagi að binda íslensku krónuna formlega við einhverja erlenda myntkörfu, t.d. reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR, eitthvað sem ekki væri háð okkar eigin viðskiptum eða ákvörðunum. Og svo í þriðja lagi einhvers konar aðild eða tenging við evrópska gjaldeyriskerfið sem ég nefndi áðan og kom fram í máli hv. frsm.

Þetta eru þeir þrír meginkostir sem til greina koma því ég tel að það sé varla raunhæfur kostur að láta gengið ráðast hér á daglegum uppboðsmarkaði og mundi reyndar fljótt enda í einhverju af þessu þrennu sem ég hef nefnt. En þegar maður hugleiðir val á gengistilhögun, sem er annað mál en gengisskráningin sjálf eins og hún er á hverjum tíma, er gagnlegt að skoða það frá þremur hliðum:

1. Gefur tilhögunin svigrúm til að beita genginu ásamt öðrum efnahagsaðgerðum til að halda stöðugu og háu atvinnustigi hér á landi, stuðla að hagvexti og jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd?

2. Stuðlar það að stöðugu gengi gagnvart vegnu meðalgengi erlendra gjaldmiðla og dregur það úr gengisóvissu íslenskra fyrirtækja og almennings? Þetta er ákaflega mikilvægt því það er undirstaðan í viðskiptum að geta metið rétt í hvað sé vert að leggja miðað við kostnað og hvað menn búast við að fá fyrir það sem þeir búa til.

3. Hér kem ég aftur að „eftirlætisorði" hv. flm.: Felur það í sér nægilegt aðhald og aga á innlenda hagþróun, þ.e. stuðlar það að því að jafnvægi náist í

þjóðarbúskapnum án verðbólgu eða með minni verðbólgu en verið hefur?

Þetta eru þessi þrjú meginsjónarmið. Það þarf auðvitað að gera á því ítarlegan samanburð hverju sinni hvernig kostirnir þrír í gengismálum, sem helst virðast koma til greina, gætu dugað þegar á er litið á þennan hátt.

Það er auðvitað mála sannast að gengisskráningunni er ætlað býsna fjölþætt hlutverk í okkar hagstjórn og reyndar í seðlabankalögum. Það er oft sagt að gengisskráningunni sé ætlað að viðhalda stöðugu verðlagi, í öðru lagi að ná jöfnuði í viðskiptum við önnur lönd og í þriðja lagi að tryggja rekstrarafkomu útflutnings og samkeppnisgreina. Þetta eru oft og tíðum ósamrýmanleg markmið og ef sjónarmið stöðugleika í verðlagsmálum er eitt sett á oddinn verður þjóðarbúið að reiða sig á aðrar ráðstafanir en gengisbreytingar til að tryggja fulla atvinnu og jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Það er því miður fáum gefið að slá þessar þrjár flugur í einu höggi og er reyndar varla nokkrum ætlandi. En ef gengisstefnunni er fyrst og fremst ætlað að vera akkeri fyrir verðlagið verða menn að segja það skýrt að þá hvílir meiri ábyrgð á, þá leggst þyngri byrði á fjármálastjórnina og peningamálastjórnina. Það liggur í augum uppi og reyndar tel ég að með slíkri gengisfestu hlyti að fylgja aukið frjálsræði í gjaldeyrisviðskiptum sem að sínu leyti kallar á sveigjanlegri ákvarðanir á vöxtum, meiri tengingu við erlenda fjármagnsmarkaði. Því fylgir margt sem fram kom í máli hv. 3. flm. og ég ætla reyndar ekki að hefja hér almenna umræðu um peninga- og vaxtamál þótt það sé vissulega rétt, eins og fram kom hjá hv. 8. þm. Reykv. og reyndar fleiri ræðumönnum, að þarna er skylt skeggið hökunni, að þarna eru tengingar, en ég kýs, hæstv. forseti, að fresta þeirri umræðu til betri tíma, m.a. um bindiskyldu og lausafjárkvaðir í bankakerfinu.

En eins og hér hefur komið fram hlýtur að fylgja ófrávíkjanlegri gengisfestu að þar með eru menn að takmarka þau tæki sem þeir ráða yfir við stjórn efnahagsmála og er það að nokkru leyti sjálfviljugt framsal eða afsal á efnahagslegu sjálfstæði. Þetta liggur í augum uppi. Slík ráðstöfun mundi líklega stuðla að stöðugra verðlagi, en jafnframt, og það er mikilvægt að menn átti sig á því, auka sveiflur í eftirspurn eftir vinnuafli og á viðskiptajöfnuði. Það er þetta sem við þurfum að hafa í huga þegar við veljum gengistilhögun: Erum við reiðubúin að axla þá ábyrgð sem því fylgir að binda okkur við stjóra á þennan hátt?

Þegar maður kemur að tæknilegri atriðum er t.d. spurningin hvers konar tenging við gengi, hvers konar gengisvog dreifir áhrifum alþjóðlegra gengisbreytinga við þau skilyrði sem nú ríkja á erlendum gengismörkuðum, með miklum breytingum frá ári til árs, og reyndar frá degi til dags, hvernig jafnast þetta best yfir alla þætti í okkar þjóðarbúskap. Ef við bindum gengið einhliða við eina mynt er þeim fyrirtækjum sem stunda viðskipti í þeirri mynt hlíft við óþægindum sem stafa af gengisbreytingum á alþjóðamörkuðum en aftur á móti yrði aðlögunarvandi þeirra sem stunda viðskiptin í öðrum myntum miklu meiri fyrir bragðið. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi erum við með viðskiptaskiptingu sem grundvöll.

Eins og ég hef þegar nefnt koma tveir aðrir kostir helst til greina. Annars vegar evrópska mynteiningin, ECU, hins vegar reikniseining Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, SDR. Ef við veldum Evrópueininguna mundi gengi krónunnar auðvitað verða stöðugra gagnvart Evrópumyntunum, en gengissveiflur gagnvart öðrum þeim mun meiri. Þar með er komin togstreita milli þeirra fyrirtækja sem stunda viðskipti á Evrópumarkaði og heldur vildu vera þeim megin og hinna sem stunda sín viðskipti á Bandaríkjamarkaði. Þetta er mikið matsatriði og ég held að maður geti ekki einhlítt kveðið upp úr um hvað sé nú besta viðmiðunin. En það er auðvitað rétt að utanaðkomandi gengisviðmiðun, sem á engan hátt verður breytt af íslenskum stjórnvöldum nema með ákvörðun Alþingis t.d., myndi auka tiltrú almennings á fastgengisstefnunni. En hvaða aðra kosti slík gengisviðmiðun hefði þarf að vega og meta.

Þar komum við m.a. að því sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykv. og reyndar fleiri og það eru tengslin við Evrópubandalagið. Það er rétt, eins og kom fram hjá 4. þm. Norðurl. e., að aðild Íslands að þessu Evrópubandalagi er alls ekki á dagskrá. Það er e.t.v. þegar af þeirri ástæðu að bandalagið sjálft hefur ekki áhuga á fleiri aðildarríkjum um sinn, en ég tel einnig að fyrir því séu góðar og gildar íslenskar ástæður að við sækjumst ekki eftir því. En hins vegar, eins og kom fram í máli hv. formanns utanrmn. Alþingis, er það mikið keppikefli og hagsmunamál Íslendinga að ná sem hagstæðustum samningum við Evrópubandalagið á mörgum sviðum. Þar er myntsamstarfið, gjaldeyrissamstarfið, eitt svið sem ég tel að við eigum mjög vandlega að fylgjast með, ekki síst af þeirri ástæðu að milli 55 og 60% af okkar utanríkisviðskiptum eru við Evrópubandalagið og þær þjóðir sem það mynda og mynda þetta myntbandalag.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að stjórnarformaðurinn í BIS, Bank for International Settlements, sem er eins konar seðlabanki seðlabanka iðnríkjanna, Hollendingurinn Wim Duisenberg, sem er seðlabankastjóri Hollands, hefur alveg nýlega hvatt til þess á ársfundi þessa banka að Evrópulönd tengi myntir sínar við evrópska myntkerfið hvort sem þau eru aðilar að Evrópubandalaginu eða ekki. Þetta mál hefur lengi verið á dagskrá hjá sumum grannþjóðum okkar, eins og Norðmönnum og Svíum. Ég held að við eigum einmitt að hafa augun opin fyrir þessari þróun og þetta sé eitt af þeim málasviðum þar sem við eigum að leita eftir leiðum til að tengjast Evrópu, en með ýmsum þeim fyrirvörum sem fram hafa komið í máli fyrri ræðumanna.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu með örfáum

orðum og ég ítreka að mikilvægasta spurningin í þessu máli er sú hvort unnt sé að ná varanlegri hjöðnun verðbólgu með því að gera stöðugleika gengisins að einni meginviðmiðun efnahagsstefnunnar og veita þannig aðhald að þróun verðlags og framleiðslukostnaðar. Þetta hefur oft skort hér á landi á undanförnum árum. Við trúðum því um skeið að sveigjanlegt gengi, þar sem tekið væri tillit til mismunandi þróunar framleiðslukostnaðar hér á landi og í öðrum löndum og sveiflna í viðskiptakjörum og öðrum ytri búskaparskilyrðum, gæti gefið okkur kost á að verjast ytri áföllum og halda hér *uppi hærra atvinnustigi en með öðrum þjóðum. Ég* held að reynslan hafi sýnt að hin sveigjanlega gengisstefna hafi að ýmsu leyti gengið sér til húðar og hún hafi á liðnum árum stundum leitt til aðhaldsleysis í efnahagsákvörðunum á öllum sviðum þjóðlífsins.

En það er auðvitað undirstaðan fyrir öllum skynsamlegum ákvörðunum í gengismálum, í efnahagsmálum eins og á öðrum sviðum, að menn skilji nauðsyn þess að horfast í augu við staðreyndir atvinnulífsins og viðskiptalífsins yfirleitt og hagi gerðum sínum í samræmi við það. Þegar þróun efnahagsmála hins vegar kemst á það stig að reynt er með sífelldu kapphlaupi verðlags, launa og gengis að velta efnahagsvandanum frá einum hagsmunaaðilanum til annars getur afleiðingin ekki orðið nein önnur en taumlaus verðbólga sem allir skaðast af að lokum.

Sé tekin staðföst ákvörðun um stöðugleika í gengismálum við rétt gengi eins og hér kom fram áðan, því það „varðar mest til allra orða að undirstaðan sé réttlig fundin", þá getur gengisskráningin átt mikinn þátt í að tryggja að sú raunasaga sem ég drap á endurtaki sig ekki. En föst gengisskráning verður þó aldrei nein endanleg lausn á öllum okkar efnahagsvanda.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Hér er í lítilli þáltill. vikið að mjög stóru máli. Ég verð að taka undir orð ýmissa hv. þm. um að menn skyldu nú fara gætilega í hvernig þetta mál yrði þróað.

Stefán Valgeirsson, hv. 6. þm. Norðurl. e., nefndi það m.a. í sinni ræðu að hann hefði allan fyrirvara um hvernig skipan nefndarinnar yrði með tilliti til niðurstöðu. Enn fremur sagði hv. þm. að það hverjir skipuðu nefndina gæti ráðið úrslitum um hver yrði niðurstaðan og þar með hugsanleg stefnumörkun í þessu máli af hálfu slíkrar nefndar. Ég tek undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það getur verið mjög hættulegt ef þeir menn skipuðu nefndina sem hefðu ekki ríka eða sterka tilfinningu fyrir íslenskum atvinnuvegum og íslenskum þjóðháttum. Mér virðist að sú þróun hafi orðið síðustu árin að það sé full þörf á því að menn geri sér grein fyrir því í hvaða landi þeir búa.

Í þessari þáltill. er m.a. skorað á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna hvort og þá með hvaða hætti helst kæmi til greina að tengja íslenska myntkerfið við annað stærra myntkerfi. Ég fyrir mitt leyti get fallist á að þetta sé kannað, en mér finnst eins og tillögumenn hafi gefið sér það að þá skuli einnig athugað með hvaða hætti þetta skuli framkvæmt. Í því felst að mínu mati ákveðin stefnuyfirlýsing um að tillögumenn vilji tengja íslenskan gjaldmiðil einhverjum erlendum eða stærri gjaldmiðli sem mundi hafa þau áhrif, eins og hæstv. viðskrh. sagði áðan, að það gæti haft í för með sér framsal á sjálfstæði og ákvörðunartöku Íslendinga um það grundvallaratriði sem er að ákveða sinn *eigin gjaldmiðil og þar með innri skipan mála í* atvinnu- og efnahagsmálum.

Það er óhrekjanleg staðreynd að gjaldmiðillinn er eitt aðalhagstjórnartækið sem við Íslendingar höfum til að ákveða og ráða innri málum og einnig í því tilliti að setja okkur ákveðin takmörk og stöðu um hvernig við viljum standa sem þjóð í atvinnumálum og efnahagsmálum gagnvart öðrum þjóðum við ýmsar og oft erfiðar og afbrigðilegar kringumstæður sem Íslendingar þurfa að mæta. Þess vegna verður að ræða þetta mál af alvöru og festu og gera sér grein fyrir því að ef of langt er gengið værum við raunverulega, ef þessi leið væri farin að fullu, að afsala okkur ákvörðunarvaldi sem er grundvallaratriði fyrir sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

Í þessu sambandi hefur mikið verið rætt um verðbólgu, hvernig hægt væri að ráða við verðbólguna og önnur atriði, og einnig kom inn í það hjá hæstv. viðskrh. lagaspursmálið. Hann minntist á að í því fælist ákveðinn agi erlendis frá ef Íslendingar væru tengdir erlendri mynt með þeim hætti að við yrðum að lúta því lögmáli sem sú stærri mynt myndi setja okkur. Ég er þeirrar skoðunar og ég held að flestallir Íslendingar séu þeirrar skoðunar að aginn eigi að koma innan frá en ekki erlendis frá. Það er grundvallaratriði fyrir okkur sem þjóð að gera okkur grein fyrir því að við verðum að ráða við okkar eigin mál sjálfir innan frá en ekki að leita ráða með þeim hætti að láta erlenda aðila eða tengsl við erlend ríki hafa þau áhrif að þeir agi okkar um skipan innri mála.

Þess vegna legg ég áherslu á það, þegar verið er að fjalla um þetta mál sérstaklega, þáltill. sem felur þetta í sér, að við gerum okkur grein fyrir því að of sterk tengsl við erlendan gjaldmiðil geta verið sjálfstæði okkar hættuleg eins og þegar hefur komið fram í ræðum annarra.

Hins vegar finnst mér það gott við þessa þáltill. ef hv. þm. og við öll ræðum það út frá því sjónarmiði sem hér er verið að fjalla um hvort umræðan geti upplýst betur og styrkt okkur í viðleitni okkar til að styrkja stöðu íslensks gjaldmiðils og þar með stöðu íslenskra útflutningsatvinnuvega með þeim hætti sem hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson kom inn á áðan í ræðu sinni sem að mínu mati var gott framlag í þá umræðu sem snýr að útflutningsatvinnuvegunum og því sem gera verður þeirra vegna til að styrkja stöðu íslenskra atvinnuvega og íslensks efnahagslífs.

Ef það er megintilgangur þessarar till. að styrkja stöðu íslensks gjaldmiðils og þar með íslenskra útflutningsatvinnuvega get ég fyrir mitt leyti greitt því atkvæði að þessi könnun fari fram, en með þeim fyrirvara sem ég hef þegar getið í minni ræðu.

Hér hefur nokkuð borið á góma Efnahagsbandalagið og hugsanleg tengsl Íslands við það. Eyjólfur Konráð Jónsson, hv. 8. þm. Reykv. og formaður utanrmn., mun hafa lýst því yfir — ég var því miður ekki inni þegar hann gerði það — að hann væri því mótfallinn að Ísland gerðist aðili að Efnahagsbandalaginu. Ég get tekið undir þau orð og staðfest það hér jafnframt, ef það hefur ekki komið fram í ræðu hv. þm., að þó einhverjir sjálfstæðismenn, svo og ýmsir aðrir úr öðrum flokkum, hafi rætt hvort það kæmi til greina að Ísland gerðist aðili að Efnahagsbandalaginu er það ekki gert í umboði Sjálfstfl. því Sjálfstfl. hefur það ekki á stefnuskrá sinni. Ég vil undirstrika það í þessari umræðu sérstaklega.

Það liggur í augum uppi að Íslendingar og Ísland gerast ekki aðili að bandalagi sem mundi hafa í för með sér að erlendir aðilar hefðu greiðan aðgang að íslenskum auðlindum, sérstaklega íslenskum fiskimiðum. Íslendingar ganga ekki í bandalag sem hefur það í för með sér að hér væru frjálsir fjármagnsflutningar og erlendum aðilum væru tryggð hér 100% stofnréttindi í atvinnulífinu. Þetta gefur auga leið og það hentar ekki íslenskum hagsmunum. Það hentar ekki hagsmunum Íslendinga hvað varðar eignarhald í landi sem og á öðrum lífsgæðum sem hér eru fyrir hendi.

Herra forseti. Ég skal ekki vera langorðari um þetta mál, en vil undirstrika að það ber að fara að með mikilli aðgát hvernig fjallað er um þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir liggur till. til þál. um íslenskan gjaldmiðil og þar er sett fram sú hugmynd að æskilegt geti verið að tengja íslenskt myntkerfi við annað stærra myntkerfi þannig að íslenskur gjaldmiðill njóti alþjóðlegrar viðurkenningar og varanlegur stöðugleiki verði í gengismálum hér á landi. Það sem fyrst hlýtur að koma upp í huga manna er að þeir fjórmenningar sem að þessari till. standa eru jafnframt að lýsa því yfir að þeir telji að það ástand sem er sé ófullnægjandi, það sé ekki viðunandi. Og hvaða ástand er í landinu í dag? Samkvæmt þeirri stefnu sem núverandi ríkisstjórn hefur eru þeir einmitt búnir að setja fast. Fastgengisstefna heitir það. Þeir eru búnir að setja fast að manni skilst við alla gjaldmiðla heimsins hvernig sem þeir reikna þetta út. Og við fylgjum eftir. Það hefur enginn orðið var við það mér vitanlega að þetta hafi orðið til að auka viðurkenningu á íslensku krónunni nema síður sé. Og í framkvæmd hefur þetta skilað okkur viðskiptahalla við útlönd á síðasta ári upp á 6–7 milljarða. Eru hærri tölur í boði? Það má vera. (**Dómsmrh.:** Lægri.) Lægri einnig. Eitt get ég tekið undir með flm. Ástandið er óþolandi eins og það er. Það er óþolandi vegna þess að þeir aðilar sem í dag með lögum hafa fengið það vald að eiga að gera tillögur til íslenskrar ríkisstjórnar um eðlilega skráningu krónunnar sitja með hendur í skauti og hafa í staðinn fallist á ný trúarbrögð, sem boðuð hafa verið, að hér skuli ríkja fastgengisstefna þrátt fyrir lagaákvæði og fyrirmæli sem eru í seðlabankalögunum um að þeir geri tillögur um skráningu hverju sinni.

Að mínu viti er það grundvallaratriði að menn átti sig á því að á hverfanda hveli og í veröld sem snýst, þar sem allt annað er á hreyfingu, er ákaflega erfitt að gera ráð fyrir því að það sem er gjörsamlega kyrrstætt geti táknað annað en ímynd dauðans. Og svo er í reynd. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að gengisskráningin er raunverulega fjöregg íslensku þjóðarinnar eins og allra annarra þjóða. Það er það sem ræður úrslitum hvort við komumst á það stig að eyða í samræmi við það sem við öflum eða hvort við höldum þeirri stefnu, sem nú virðist hafa verið tekin upp sem trúaratriði, að hafa fast gengi þó að útflutningsgreinar Íslands þoli ekki skráninguna og hvert fyrirtækið eftir annað gefist upp í iðnaði og í sjávarútvegi blasi við stöðnun með sömu stefnu.

Ég vil halda því fram að ef þær hugmyndir um frelsi skuli viðgangast, sem hér hafa tröllriðið íslenskri þjóð, frelsi á öllum sviðum, þá verði að vera samræmi í hlutunum, það verði að vera eitthvert réttlæti í þeim leikreglum sem upp eru settar.

Ágætur hafnarverkamaður orðaði það svo í sjónvarpinu að hann væri starfsmaður hjá einhverju best rekna fyrirtæki landsins, Eimskip, og þeir gætu borgað hærra kaup. Það væri ekki sanngjarnt að hans laun yrðu miðuð við eitthvert illa rekið frystihús austur á landi. Og hvaðan kemur svo Eimskip það fé sem þeir fá til að greiða með laun og annað? Jú, ætli það komi ekki m.a. í gegnum flutningsgjöldin á fiskinum frá þessu illa rekna fyrirtæki austur á fjörðum og einnig fyrir innflutning á varningi handa starfsfólkinu sem vinnur hjá því fyrirtæki og mörgum öðrum. Þarna er í sjálfu sér dregin upp einföld mynd. Hugsunin aftur á móti, eins og hún er sett fram, miðar að því að það sé ekki sanngjarnt að ef sum fyrirtæki beiti launaskriði til að hækka laun hjá sínum starfsmönnum af því að þar vegnar vel sé eitthvað sanngjarnt, af því að hann sé starfsmaður í verkamannastétt, að hann eigi að standa fyrir utan þetta launaskrið. Hvað það snertir er hans hugsun í alla staði rökrétt. En hitt gengur einfaldlega ekki upp að binda annars vegar frystihúsið fast með fastgengisstefnu með tekjur en láta hina hafa frelsi til að hafa farmgjöldin eins og þeir vilja. Þetta er stefna sem ekki gengur upp. (**SJS:** Niður með stjórnina.) Niður með stjórnina, segir einn af hörðustu baráttumönnum þess að ekki verði kosið strax því flokkurinn yrði ekki nógu stór ef það yrði farið í það að kjósa eins og skot.

En svo við höldum okkur við efnið. Hverjar væru þá hinar sanngjörnu leikreglur þannig að allir aðilar gætu hagnýtt sér lögmál framboðs og eftirspurnar

sem mjög er lofað og m.a. áhugamál margra að ekki falli nú úr gildi í hænsnarækt? Hvaða leikreglur ætti þá að taka upp varðandi gengismálin? Það liggur alveg ljóst fyrir. Þá á ekki bara að hafa fiskmarkað í Reykjavík. Þá á að hafa gjaldeyrismarkað, frjálst uppboð. Hvort þeir mundu bjóða upp einu sinni í viku eins og þeir gera hjá fiskmarkaðnum, það er svo spurning um verklag.

Vafalaust mundi ríkisstjórn Íslands gefa Seðlabankanum fyrirmæli um að hann skyldi kaupa allan þann gjaldeyri sem til félli á einhverju ákveðnu verði sem hún vildi reyna að halda sem réttu verði á gjaldmiðli. En ef svo færi að þeir fengju ekki eina einustu krónu með því að bjóða þetta dag eftir dag yrði trúlega reglan sú að þeir mundu hækka verðið og hið illa rekna fyrirtæki austur á fjörðum (**Dómsmrh.:** Það var mikið lán að það var ekki fyrir vestan. Það er mikið lán að það er ekki á Súgandafirði.) fengi kannski hækkun. Ég vil ekki fara að ræða um bakarí á Ísafirði í þessari stöðu, en við skulum halda okkur við gjaldeyrismálin.

Ég held að það sé mikil nauðsyn að menn ruglist ekki í rökfræðinni hvað þetta snertir. Ef það gerðist aftur á móti að með þessu fasta verði, sem ríkisstjórn gæfi Seðlabanka fyrirmæli um að bjóða í gjaldeyrinn, mundu safnast upp óhemju gjaldeyrisbirgðir í landinu, þá mundu þeir náttúrlega lækka verðið. Japanar láta það gerast ár eftir ár að skrá viljandi jafnlágt og hugsanlegt er sinn gjaldmiðil til að eiga afgang í viðskiptum við útlönd. Þeir hafa staðið upp frá spilaborðinu ár eftir ár með 25% fram yfir. Þeir gera allt sem þeir geta til að halda yeninu niðri til þess að atvinnuvegirnir haldi velli. Og þeir ganga svo langt að reyna að halda uppi gjaldmiðlinum hjá hinum eins og dollarnum.

Nei, ég held að það sé fyllilega tímabært að við setjumst niður og ræðum hvað það er raunverulega *sem ekki gengur upp í því kerfi sem við erum með.* Og það blasir alveg við. Það er beinlínis þjóhættulegt að láta sér detta það í hug að taka ekkert tillit til markaðslögmála þegar gjaldmiðill er verðlagður.

Herra forseti. Ég þarf ekki að segja meira.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar að þakka öllum ræðumönnum fyrir bæði skemmtilegar og málefnalegar umræður og skal reyna að víkja að einstökum ræðum.

Þá er það fyrst að sjálfsögðu að ég var í flestu efni mjög sammála meðflm. að þessari till., hv. þm. Guðna Ágústssyni, en mér fannst alveg ótækt að fara að skjóta eitthvað á stjórnvöld í Reykjavík eða borgarstjóra út af skiptimynt í stöðumæla. Reykjavík er vel rekin borg eins og allir vita. Hún er efnuð borg líka og gott að fimmtíukallinn eða tíkallinn fer í stöðumælinn. Tíkallinn hefur minnkað ansi mikið síðan hann byrjaði að vera í stöðumælunum og menn þekkja það nú. En það finnst mér ekki skipta neinu meginmáli. En að sjálfsögðu var ég að öðru leyti sammála hans ræðu.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson gat þess að hin raunverulega bindiskylda í Seðlabanka mundi vera hærri *en ég tilgreindi og ég hygg að hann hafi líklega* rétt fyrir sér. Þetta nálgist ¼ af sparifé þjóðarinnar. Hann er bankaráðsformaður eins og menn vita og kvaðst hafa þessar upplýsingar eftir áreiðanlegum heimildum og ég er ekkert að draga það í efa. En því verra er þá ástandið og gersamlega útilokað annað en gera á því breytingu áður en við förum að tala í mikilli alvöru um að tengjast endilega erlendu myntinni eða myntkerfi og kem ég betur að því síðar. Auðvitað eigum við fyrst að nota okkar eigin peninga og ávísanir á þann gífurlega ríkisauð í okkar eigin mynt áður en við förum að tengjast annarri. Það er mergurinn málsins og það er það sem er nú aðalinnlegg mitt í þessa umræðu eins og svo oft áður að það gengur ekki upp að frysta peninga á frjálsa vexti. Auðvitað á peningaframboðið að vera ótakmarkað, *ávísunin á þjóðarauðinn á að vera ótakmörkuð*, en Seðlabankinn á að hafa það vald, það hagstjórnartæki, að ákveða sína eigin forvexti. Á *þeim vöxtum geti allir viðskiptabankar fengið lán*, að því tilskildu að sjálfsögðu að þeir séu góðar stofnanir og eigi fyrir skuldum, séu ekki gjaldþrota, og síðan ákvarðast svo vextirnir af því hver kostnaður bankanna er og hvaða hagnað þeir ætla að hafa, viðskiptabankarnir. Þetta er svona einfalt í öllum löndum, en hérna eru búin til þessi ósköp sem við búum við. Það eru að vísu örlitlar leifar af því að menn þykjast vera að stjórna einhverju peningamagni í umferð, jafnvel í Bandaríkjunum, en það hefur auðvitað ekki nokkur minnstu áhrif, enda eru peningar varla til orðið í umferð. Þetta er allt komið í tölvur og fjarskipti og menn hafa plastpeninga til að fara í strætó en kaupa síðan með eintómum kortum. Það getur enginn mælt peningamagn í þessum stóru ríkjum og þar að auki fara öll alþjóða*viðskiptin núna eftir fjölmiðlaleiðum.*

Hv. þm. Stefán Valgeirsson vék einnig að því hverjir ættu að vera í þessari nefnd. Ég gleymdi því satt að segja í framsöguræðunni að ég ætlaði einmitt að leggja það til að sú nefnd sem fær væntanlega þessa þáltill. til meðferðar athugaði rækilega hvernig ætti að tilnefna í nefndina, jafnvel einstaklinga, en alla vega hverjir skyldu gera það þó að forminu til mundi ríkisstjórnin svo skipa nefndina. Ég er innilega sammála þessu og að þessu kom reyndar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson líka og þarf ég ekki að hafa um það fleiri orð.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon gat um að það ætti að gjalda varhug við því að við legðum niður okkar mynt eða tengdumst svo föstum böndum við einhverja erlenda mynt. Ég er auðvitað alveg sammála honum um það. Það sem meira er: Ef við ætlum að halda okkar mynt væri skemmtilegra, og ég hef vikið að því oftar en einu sinni áður og gerði það þegar peningaskipti voru hér, að taka upp íslenskt heiti á myntinni, vera ekki með krónu. Við erum ekki konungsríki og höfum ekkert við krónur að gera. Við eigum að kalla þetta auðvitað eyri og mörk eða

merkur og aura þegar þar að kemur. Þegar krónan er orðin svo lítil að það þarf hvort sem er að fara að skipta, þá gerum við það.

Öll umræða um peningamálin er með þeim hætti, sem menn hafa fylgst með úti í hinum stóra heimi, að menn eru að spá fyrir um gengi, eru að spá fyrir um hvað muni gerast ef seðlabankar kaupa þessa mynt en ekki hina. Oftast hefur þetta sáralítil áhrif. Þetta er komið svo mikið í alþjóðatölvukerfi, eins og ég vék að áðan, að menn hafa takmarkaða stjórn á þessu. En engu að síður verðum við að fylgjast með því sem er að gerast og einmitt að ræða það og setja fram sjónarmið þó maður viti kannski ekki hvort þau eru endilega rétt, en til þess þó að gera sjálfum sér betri grein fyrir hlutunum. Það er það sem gerst hefur í þessari umræðu mér til mikillar ánægju að allir hafa rætt þetta málefnalega.

Aftur á móti með erlent fé og erlenda banka sem þm. vék að. Ég er ekki svo óskaplega hræddur við erlent fé ef það er vel notað. Þetta kallaði nú Einar Benediktsson, ekki ómerkari maður, á sínum tíma starfsfé fyrir Íslendinga. Það var auðvitað erlent fé. Hann var að reyna að safna því erlendis. (**AG:** Hann dó blankur.) Hann var ekki að safna bara fé fyrir sjálfan sig. Hann var að safna fé fyrir Íslendinga. Og við getum tekið Íslandsbanka. Hann fór að vísu á hausinn. Hann var erlendur banki. Ég held að við höfum grætt á honum. Hann lagði mikið fé í mörg merkileg verkefni. Togaraflotinn okkar, togarabyltingin var auðvitað öll fyrir erlent fé. Við áttum enga peninga þá. Ef féð er nógu vel notað er ekkert úr vegi að taka erlent fé og jafnvel hafa stofnanir hér innan lands. Ef menn ætla að halda sig við það að neita að gefa út íslenska peninga, hvað gerum við þá? Þá förum við á erlendan markað og svo gerum við það sem auðvitað allir gera, eru með tóma víxla sem ganga manna á meðal. Í Írlandi var þriggja mánaða bankaverkfall einu sinni. Það gerðist ekki neitt. Fólkið gaf út sína eigin peninga. Og ef allir gefa út peninga þyrftum við ekkert að vera að hafa neinn seðlabanka eða ríkisstjórn.

En mergurinn málsins er sá að fólkið þarf að ráða yfir fjármununum. Ég gleðst yfir því að ríkið tekur skuldabréfalán. Þá er nefnilega ekki verið að ganga á lánamarkaðinn heldur eykst fé í umferð af því að skuldabréfin eru peningar í umferð. Ríkið gefur út peninga með þeim hætti. Síðan á ríkið að losa sig við eignir. T.d. dettur mér í hug að Jónas Haralz gat þess einhvern tíma fyrir meira en áratug að eðlilegast væri að gera Landsbankann að almenningshlutafélagi. Það væri sterkasti bankinn og ætti að vera þjóðbanki. Það væri mjög þægilegt að gera það, t.d. að senda öllum fjárráða mönnum eða hverju einasta mannsbarni eitt lítið hlutabréf með rétti til að kaupa 5 eða 10 og að bankinn yrði þar með almenningseign. Þar getum við skapað peninga líka. Fólkið á þá hlutabréfin í bankanum og notar þau til að versla í nógu smáum einingum til að fara með í búðir. Það er hægt að búa til peninga með öllum mögulegum hætti.

Að því er varðar Evrópubandalagið, sem ræðumaður einnig gat um, þá hefur t.d. Sjálfstfl. ályktað um það einróma á fundi á Selfossi í haust að það sé ekki á dagskrá. Ég hef engan þm. heyrt mæla með því að við gengjum í Evrópubandalagið. Ég vona að hann sé ekki til.

Þá er það hæstv. viðskrh. Ég þakka honum fyrir hans ágætu ræðu. Ég er ekkert á móti aga, en ég vil helst að það sé sjálfsagi. Ég vil nefnilega að fólkið í landinu fái að ráða sér en ekki stofnanirnar, t.d. eins og Seðlabankinn, Þjóðhagsstofnun og aðrar stofnanir. En það er sjálfsagt að hafa ráðgjafarstofnanir, en sjálfsaginn er bestur og frelsið. Til þess að það sé hægt að hafa sjálfsaga verða menn að hafa frelsi. Ef menn skipa fyrir um alla hluti þarf maður engan aga hjá sjálfum sér. Ég hef haldið því fram að allt megi skammta frekar en peninga. Þá verði óréttlætið algjört ef peningar eru skammtaðir. Þá verða auðvitað þeir sem minnst mega sín undir. Þeir fá ekki gjafapeninga eins og þeir voru á einni tíð. Það eru þó vextir núna sem koma nokkuð jafnt niður á fólk, auðvitað allt of háir. En ég hef sagt að það mætti gjarnan skammta t.d. kaffi og sykur. Við getum alveg lifað á því þó við fengjum ekki neitt. Ef allir fengju jafnt og jafnvel þó að enginn fengi neitt, þá er það í lagi. En peninga má ekki skammta. Það verður óréttlæti úr því. Það getur ekkert annað orðið.

Það var spurt hvort við værum reiðbúnir til að binda okkur og þá sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson að við værum búin að setja fast. Það má til sanns vegar færa. Tillagan er ekki hættulegri en svo að jafnvel þó hún væri framkvæmd og við byndum okkur eitthvað erlendri mynt mundum við væntanlega ekki gera það nema með lögum. Alþingi mundi væntanlega geta breytt þeim lögum ef allt væri komið á hausinn og getur breytt lögum sem eru um gengisskráningu núna. Auðvitað getur Alþingi strax á morgun ef því sýnist ákveðið nýja gengisskráningu. Það er ekki hægt að kenna einhverjum einstökum um það ef við erum sammála um að gengið sé fallið. Og sumir hafa, m.a.s. ráðherrar, á undanförnum vikum ýjað að því eða sagt berum orðum að gengið væri fallið. Ef við erum sammála um það getum við ákveðið gengið með einfaldri lagasetningu. Það er ekki verið að leysa lífsgátuna með þessari till. okkar. Við erum bara að vekja athygli á mögulegum leiðum og fá umræður í gang.

Þá man ég ekki eftir fleiru sem ég þyrfti beinlínis að svara og skal ekki vera að lengja þessa umræðu. Það er óþarfi.

Uppboðsmarkaðurinn sem hv. þm. Ólafur Þórðarson gat um er ekkert fjarstætt. Við höfðum uppboðsmarkað lengi á peningum. Það var bara svartur markaður. Gengið var kannski skráð þannig að dollarinn var á 16 kr. lengi og svarti markaður 30 eða eitthvað svoleiðis. Mönnum var ekki leyft að fá neinn gjaldeyri, kannski 10 eða 20 pund ef þeir fóru til útlanda. Hver einasti maður varð að ná sér í gjaldeyri af því að krónan seldist ekki erlendis eins

og allir vita. Þar var uppboðsmarkaður. Ég held að við mundum ekki deyja þó að það yrði hreinn uppboðsmarkaður á öllum gjaldeyri, að útgerðarmennirnir seldu sinn gjaldeyri á því verði sem þeir gætu fengið hann á. Ég gæti haldið að það væri alveg eins *gott ástand og er í dag ef það yrði gert.* Ég hlæ ekkert að þeirri hugmynd þm., hvort sem hann hafði sett hana fram í gamni eða ekki. (**ÓÞÞ:** Nei.) Ég held ekki, svo að við getum skoðað það líka.

Ég endurtek þakkir fyrir þessa umræðu og legg til að till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð við lok þessarar umræðu. Ég held að hv. 2. þm. Vestf. hafi snert meginstreng í málinu þegar hann sagði að gengiskjörin væru okkur sköpuð á hverfanda hveli eins og svo margt í tilverunni. Það er alveg rétt. *Og eins og hinir gömlu* Grikkir sagði hann líka að allt flyti og væri erfitt að höndla það í andránni. En það er einmitt verkefni stjórnvalda, það er einmitt verkefni þingsins að skilgreina einhverja stefnu í þessum hverfulleik tilverunnar. Mér fannst næstum því felast í þessum orðum hv. 2. þm. Vestf. að menn ættu að gefast upp við það. Ég er ekki sammála honum um það og veit reyndar að hann meinar þetta ekki. Mér fannst hann í senn segja: Gengið er ekki rétt skráð, en gengistilhögunin sem við höfum er í sæmilegu lagi og engin ástæða til að ræða till. sem býr að baki þáltill. Þarna vildi ég líka beina því til hans og þeirra annarra þm. sem hér hafa talað að við verðum að reyna að halda aðgreindu, þótt erfitt sé, gengistilhöguninni og genginu sem er. Hvort gengið er rétt, hvort það er of hátt eða lágt, um það greinir menn jafnan á og hefur greint á um síðan 1920; þegar íslenska krónan fæddist og náttúrlega með gengisfalli því það var ekki fyrr að ekki reyndist unnt að halda gengi hennar jöfnu dönsku krónunni að hún varð til. Það gerðist hægt og sígandi en ekki með beinni ákvörðun, en þannig var nú samt upphafið. Þetta er ákaflega mikilvægt að menn geri sér ljóst og ég tel einmitt þáltill. þakkarverða fyrir það að hún beinist að því að kanna hvernig tilhögunin á gengisskráningunni og gengisákvörðuninni á að vera fremur en einblína á hvort gengið sé nú nákvæmlega það sem menn vildu hafa það. Þetta held ég að sé kjarnaatriði og full ástæða til þess að þingið ræði.

Það kom nú reyndar fram í máli hv. 2. þm. Vestf. og reyndar fleiri, m.a. hjá hv. 5. þm. Suðurl., að kannski væri best að gefa viðskiptin með gjaldmiðilinn frjáls, þ.e. að láta gengið ráðast á markaði að mestu eða öllu leyti því að þarna er enginn millivegur. Ég held að þetta sé till. sem sé mjög vel þess verð að hún sé rædd. En það er athyglisvert að það skiptir mjög í tvö horn með gengistilhögun í heiminum. Annars vegar eru 8 eða 9 ríki, þau eru áreiðanlega teljandi á fingrum sér, öflug iðnríki með þróaða fjármagnsmarkaði, þar sem eftirspurn er eftir gjaldmiðlinum utan þjóðlandanna vegna alheimsviðskipta. Gengi þessara gjaldmiðla ræðst af markaðsöflum á hverjum degi, flýtur eins og kallað er. Hins vegar eru af einhverjum ástæðum hin 150 ríkin eða svo sem binda gengi gjaldmiðla einhverri meginmynt eða einhvers konar meðaltali helstu mynta. Ef menn ekki treysta sér til að láta gengið fljóta, og ég tel fá rök mæla með því að íslenska krónan geri það, verða stjórnvöld, víðast hvar þjóðbankarnir, að koma í markaðs stað og freista þess að ákveða verð á erlendum gjaldeyri. Viðfangsefni gengisstefnunnar er því einfaldlega að ákvarða jafnvægisverð á gjaldeyrinum, að finna leiðir til að nálgast það og viðhalda því með sem minnstum skaðlegum áhrifum og með sem mestu gagni fyrir efnahagslífið í þjóðfélaginu.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að ytri skilyrði þjóðarbúsins, hið efnahagslega umhverfi okkar, hefur orðið ótryggara, óstöðugra. *Við verðum að reyna að skilja það, reyna að* bregðast við því, finna okkur sjálfum stefnu í þessu ölduróti gengismarkaðanna. Ég vildi þess vegna enda á því að segja að mér fannst afstaða hans til þessa máls ekki mótast af þeirri skynsemi sem venjulega gætir auk skemmtilegheitanna í hans ræðuflutningi hér í þinginu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það gætti örlítils misskilnings hjá hæstv. viðskrh. þegar hann leit svo á að ég teldi e.t.v. að verkefni stjórnvalda ætti ekki að vera að stjórna. Auðvitað á verkefni stjórnvalda að vera að stjórna, *en innan þess ramma sem raunverulegt* valdsvið er á hverjum tíma. Það er sennilega frægasta dæmi sögunnar þegar Aðalsteinn konungur boðaði ráðherra sína niður að sjónum og sýndi þeim fram á að jafnvel konungsvilji fengi ekki stöðvað aðfallið. Það væri vel ef þeir áttuðu sig á því einnig, þó mikinn meiri hluta hafi á bak við sig á Alþingi Íslendinga, ráðherrar vors lands, að það hljóta að verða efnahagsleg lögmál sem ráða því hvert eigi að vera skráð gengi gjaldmiðils en ekki að ráðherravilji ráði þar úrslitum til lengri tíma.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir *rétt að það komi hér* fram skoðun sem flestra á þáltill. sem er á þskj. 515. Ég vil taka undir með þeim sem hafa varað við þessari till. því ég held að hún sé með því vitlausasta sem ég hef séð fram koma á þinginu frá því að ég kom hingað. Ég skildi hæstv. viðskrh. þannig, þó hann talaði diplómatískt rósamál, að hann væri líka að vara við þessari till. með öðrum orðum en þeim beinskeyttu sem ég viðhef hér. Ég geri það svo það fari ekkert á milli mála að þessi till. er hættuleg á sama hátt og hún er vitlaus.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki menn sem telja sig vera fjármálaspekinga og hafa fengið viðurkenningarorð fyrir það á Alþingi, eins og t.d. hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að láta sér detta í hug að tengja íslensku krónuna, hengja hana

aftan í gengi annarra þjóða á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Það er ekki hægt. Það er rétt sem hér hefur komið fram hjá ágætum þm. sem hafa varað við því að viss hluti af íslensku sjálfstæði er þar með horfinn úr íslensku þjóðlífi. Hæstv. viðskrh. veit vel að íslenskt gengi er miðað við viðskiptalönd okkar og ákveðna körfu. ECU, sem þýðir minnstu mynt sem Frakkland hefur átt, er ákveðin karfa sem er meðalgengi þeirra mynta sem eru helstu viðskiptalönd okkar. Það er engin betri trygging til en einmitt það sem er viðmiðun á þjóðarframleiðslunni og viðskiptalöndum okkar.

Við hvað vilja hv. flm. tengja gjaldmiðil okkar? Vilja þeir tengja hann við myntir þeirra þjóða sem eru dinglandi frá degi til dags annaðhvort upp eða niður eða vilja þeir tengja það við svissneska frankann eða japanska jenið, þýska markið sem hækka kannski frá degi til dags? Hvaða afleiðingar hefði það fyrir íslenskt efnahagslíf ef krónan væri hækkandi á hverjum einasta degi? Þegar krónan var hækkuð á sínum tíma fór Íslandsbanki á hausinn eins og hv. flm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði að umræðuefni áðan. Þá fór líka togaraflotinn á hausinn og Milljónafélagið fór líka á hausinn og það er hægt að telja fleiri fyrirtæki sem fóru þá á hausinn. Það má segja að þjóðin hafi ekki náð sér að fullu síðan.

Nei, ég tek undir með þeim hv. þm. sem hafa varað við þessari till. Ég skildi rósamál hæstv. viðskrh. þannig að hann væri að tala á móti þessu. Svo skildi ég ekki þegar hann kom upp og svaraði Ólafi Þ. Þórðarsyni, hv. 2. þm. Vestf. Þá fannst mér hann vera kominn á aðra skoðun. Það má eiginlega segja að það hafi komið mér til þess að standa upp. Mér fannst nóg í fyrri ræðunni af aðvörunarorðum, sem komu fram hjá hæstv. ráðherra, en aftur á móti fannst mér hann bakka yfir í það andstæða við sjálfan sig í seinni ræðunni. Það getur vel verið að það sé leiðrétt með því að ráðherra hristir höfuðið. Ég hef þá bara misskilið hann. Ég vona að ég hafi þá misskilið seinni ræðuna. Ja, ég vona að ég hafi skilið það rétt í fyrri ræðunni að hann hafi verið að vara við þeim hringlanda og vitleysu sem eru í till.

Að tengja íslenskt myntkerfi við annað stærra myntkerfi þannig að íslenskur gjaldmiðill njóti alþjóðlegrar viðurkenningar, að það sé hægt að ganga inn í búð hvar sem er og selja hann, það er alþjóðaviðurkenningin, og að varanlegum stöðugleika verði náð í gengismálum hér á landi með því að tengja hann einhverjum sveiflum erlendis, haldið þið að það sé eitthvert gjaldeyriskerfi erlendis sem er óhagganlegt og breytist aldrei? Ekki aldeilis. Svo lengi sem ég man, svo lengi sem ég hef lifað hefur svissneski gjaldmiðillinn verið talinn það öruggasta. Hann hefur alltaf verið á uppleið. Ég hef aldrei vitað til þess að hann hafi farið niður. Þýska markið, sem var gjörsamlega brotið niður, mölbrotið sem kerfi, hefur verið á uppleið allt frá fyrri heimsstyrjöldinni og er núna einn sterkasti gjaldmiðillinn. Sama er með jenið sem allt frá heimsstyrjöldinni síðari hefur verið að styrkjast. Allir aðrir gjaldmiðlar hafa verið að fara niður á við. Þeir hafa komið upp og niður en oftast nær sokkið meira en þeir hafa klifrað. Og hvert ætlið þið að sækja stöðugleikann? Þið eruð að færa, eins og kom fram hjá einum ágætum þm. áðan, vissan hluta af sjálfsákvörðunarrétti íslensku þjóðarinnar um innri málefni yfir til útlendra. Og það er slæmt veganesti fyrir nokkurn þm. að hafa það á samviskunni.

Ég mæli á móti till. Ég vara við henni. Og ég vara við henni með þeim orðum, sem ég geri að mínum, sem komu fram hjá öllum þeim þm. sem ég hef heyrt vara við þessu allt frá því ég kom inn í salinn áðan og virðulegur 4. þm. Norðurl. e. talaði og til þess sem síðast var hér á undan mér í ræðustól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumörkun í raforkumálum, fyrri umr.

Þáltill. ÞSk o.fl., 257. mál. — Þskj. 553.

Flm. (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stefnumörkun í raforkumálum sem er á þskj. 553. Flm. auk mín eru aðrir hv. þm. Alþb. Tillgr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til að endurskoða skipulag raforkumála í landinu.

Nefndin skal athuga sérstaklega hvernig unnt er að skipuleggja öflun og dreifingu raforku þannig að allir landsmenn búi við sem jafnast raforkuverð. Í þessu sambandi skal nefndin kanna alla möguleika, þar með talið breytta verkaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar eða hugsanlegan samruna fyrirtækja og endurskipulagningu orkuveitusvæða.

Nefndin skal skila tillögum sínum í skýrslu til Alþingis fyrir lok októbermánaðar 1988.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Þannig hljóðar tillögugreinin. En hver er staðan í raforkumálum um þessar mundir? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að fara um það örfáum orðum.

Hinn 1. des. sl. hækkaði húshitunartaxti Rafmagnsveitna ríkisins um 25,5%. Sé reiknuð út meðaltalshækkun sama taxta frá meðalverði ársins 1987 til meðalverðs 1988 og ekki gert ráð fyrir neinum hækkunum á þessu ári nemur sú hækkun um 33,8%. Bein hækkun taxtans frá janúar 1987 til janúar 1988 nemur hins vegar um 51%. Á sama tíma hækkaði framfærsluvísitalan um 24% og verð á gasolíu um 24,6%. Ástæður þessarar miklu hækkunar eru m.a. þær að niðurgreiðslur á raforku til

húshitunar hafa verið óbreyttar í krónutölu frá því í janúar 1985 eða 63 aurar á kwst. Samkvæmt útreikningum Orkubús Vestfjarða námu niðurgreiðslurnar 41% af heildarverðinu í janúar 1985 en nema nú um 26% af heildarverðinu. Þessi þróun raforkuverðs hefur leitt til þess að nú er verulega ódýrara að nota gasolíu til upphitunar en raforku frá Rafmangsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.

Ég hef undir höndum útreikninga bæði frá Orkubúi Vestfjarða og rafveitustjóranum í Búðardal og nemur mismunurinn á hitunarkostnaði eftir því hvort notuð er gasolía eða raforka frá 24% og upp í 34% eftir því hvaða reikningsaðferðir eru notaðar og hver reiknar. Raunar kemur einnig fram í útreikningum rafveitustjórans í Búðardal að óniðurgreidd raforka til húshitunar er 78,6% dýrari en gasolía og hef ég þá útreikninga undir höndum. Fullljóst er því að gasolían er orðin verulega hagkvæmari til húshitunar en raforkan.

Fyrir örfáum árum var hins vegar hvatt til þess af stjórnvöldum að húseigendur utan hitaveitusvæða breyttu orkunotkun sinni úr gasolíu í raforku og eyddu margir til þess verulegum fjármunum. Húsnæðisstofnun ríkisins veitti lán í þessu skyni, lán til orkusparandi aðgerða, og eru lánin vísitölutryggð til nokkurra ára. Höfuðstóll skuldarinnar hefur því hækkað eftir lánskjaravísitölu og afborgunarbyrðin aukist í sömu hlutföllum.

Nú liggur fyrir að allir þeir húseigendur sem breyttu sínum orkugjafa hafa verið plataðir. Þeir hafa verið sviknir nema raforkuverðsþróuninni verði snúið við. Ekki einungis það að raforkan sé nú orðin dýrari en gasolían sem þeir notuðu áður heldur bætist við fjármagnskostnaður vegna áhvílandi skulda er stofnað var til vegna breytingar á orkugjafa.

Það alvarlegasta við þessa þróun er þó það að húshitunarkostnaður hluta landsmanna hefur hækkað úr hófi fram og er nú orðinn óbærilegur. Þá hefur aðstöðumunur húseigenda eftir búsetu farið sí versnandi og vaxandi að undanförnu. Á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða kostar nú um 63 þús. kr. á ári að hita upp meðalíbúðina þegar það kostar um 22 þús. kr. á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur og annarra ódýrra hitaveitna víða um landið. Húshitun á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða er þannig orðin um þrisvar sinnum dýrari en á ódýrari hitaveitusvæðum landsins sem meginþorri þjóðarinnar nýtur. Þennan mikla mun verður að jafna. Hann er óréttlátur og hlýtur að leiða til búseturöskunar. Mundu ekki ýmsir huga að því að færa sig til milli staða ef mjólk eða kjöt eða aðrar nauðsynjar væru þrisvar sinnum ódýrari á einu landsvæði en öðru? Ég er ansi hræddur um það. Þar á ofan er almennur heimilistaxti 36% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir og verulega hærri taxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins en Rafmagnsveitu Reykjavíkur er afkomu Rafmagnsveitna ríkisins stefnt í hreinan voða. Um 700 millj. kr. rekstrarhalli á tveimur árum getur ekki leitt til neins annars en hreins ófarnaðar. Þróunin virðist stefna hraðbyri til þess ástands er varð hér á árinum 1974–1978 þegar fjármál Rafmagnsveitna ríkisins fóru úr böndunum. Taxtamunur rauk þá upp úr öllu valdi og varð um 80% milli taxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá var hins vegar gripið til þess ráðs að leggja verðjöfnunargjald á alla selda raforku en tekjur af innheimtu þess runnu til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Verðjöfnunargjaldið var fellt niður snemma árs 1986 en áætlað er að það hefði gefið um 400–450 millj. kr. í tekjur til rafmagnsveitnanna ef þess nyti enn við eða svipaða upphæð og nemur áætluðum halla.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit og bein loforð um að fyrirtækjunum er nutu verðjöfnunargjaldsins yrði að fullu bættur tekjumissirinn við niðurfellinguna blasir við sú staða að ríkisstjórn og hv. Alþingi skilja við málefni Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í óviðunandi stöðu. Afleiðingarnar bitna á viðskiptavinum þessara stofnana í stórhækkuðu orkuverði og mikilli óvissu um sinn hag. Miðað við þróun þessa máls, stórhækkanir á orkuverði og aukinn ójöfnuð, sýnist mér raunar full nauðsyn á að hæstv. ríkisstjórn taki þetta mál til athugunar hið fyrsta og freisti þess að finna bráðabirgðaleiðir til jöfnunar á raforkuverði nú þegar. Það er raunar ekki nema sanngjörn og eðlileg krafa rafmagnsnotendanna á umræddum orkuveitusvæðum.

Sú till. sem hér er mælt fyrir gengur hins vegar út á það að skipuð verði nefnd til að finna lausn á þessu máli til lengri tíma. Það er brýnt jafnaðar- og réttlætismál og ég er mjög ánægður með að allir hv. þm. Alþb. skuli flytja þessa till. með mér, jafnt þéttbýlisbúar sem hinir sem hafa þar beinna hagsmuna að gæta.

Til að leita framtíðarlausnar á þessu máli verður að mínu mati að grípa til pólitískra aðgerða. Það þarf nýja pólitíska stefnumörkun og út á það gengur till. að hafist verði handa í mörkun nýrrar pólitískrar stefnu í raforkumálum. Í grg. með till. segir svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur orðið stórfelld skipulagsbreyting í raforkumálum í heild án þess að stefnumörkun í málaflokknum hafi átt sér stað.

Landsvirkjun, sem áður var í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar og sá um orkuöflun fyrir Suðvesturland, hefur nú yfirtekið allar stærstu virkjanir landsins og er nú orðið orkuöflunarfyrirtæki sem þjónar landinu öllu.

Í meginatriðum er skipulag raforkumála í landinu nú með þeim hætti að einn aðili, Landsvirkjun, annast raforkuöflunina, rekur virkjanirnar og selur raforkuna í heildsölu til þeirra sem dreifa henni síðan til notenda.

Stærstu dreifingaraðilar eru Rafmagnsveita Reykjavíkur og aðrar minni bæjarveitur og síðan Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) og Orkubú Vest-

fjarða.

Rafmagnsveita Reykjavíkur og aðrar bæjarveitur búa við þær aðstæður að orkunotkun er tiltölulega mikil miðað við stærð dreifikerfis og rekstur því tiltölulega hagkvæmur. RARIK og Orkubú Vestfjarða annast hins vegar dreifingu og sölu á raforku til lítilla þéttbýlisstaða og í víðáttumiklar sveitir landsins. Þar er raforkusala hins vegar mjög lítil einkum miðað við lengd dreifikerfis og viðhalds- og rekstrarkostnað þess.

Til skamms tíma var það óhagræði í rekstri bætt þessum fyrirtækjum með álagningu jöfnunargjalds á raforku, sem RARIK og Orkubúið fengu í sinn hlut til rekstrarins, en áður hafði verið létt af þessum fyrirtækjum stofnkostnaði vegna byggðalína. Við niðurfellingu jöfnunargjaldsins var því lofað að sá tekjumissir yrði að fullu bættur. Minna hefur orðið úr því fyrirheiti en efni stóðu til og nauðsynlegt hefði verið. Jafnframt hefur þessum fyrirtækjum verið lögð sú skylda á herðar að bera stofn- og rekstrarkostnað af línulögnum sem engri arðsemi skila og taka lán til þeirra framkvæmda.

Mikill hluti raforkusölu RARIK og Orkubúsins er til húshitunar, öfugt við það sem gerist hjá öðrum veitum. Stærsti hluti orkusölu þessara fyrirtækja er mjög óarðbær. Sáralítill munur er nú t.d. á húshitunartaxta RARIK og því heildsöluverði er fyrirtækið greiðir fyrir rafmagnið, enda hafa niðurgreiðslur á raforku til húshitunar staðið í stað frá árinu 1985 og lækkað stórlega að raungildi. Mikill mismunur á smásöluverði raforku milli fyrirtækja liggur þannig að stórum hluta í því að RARIK og Orkubúinu eru lagðar ákveðnar skyldur á herðar sem aðrar veitur þurfa ekki að uppfylla. Þannig sitja RARIK og Orkubúið uppi með óhagkvæmasta hluta raforkudreifingarinnar í landinu, víðáttumikið og langt dreifikerfi sem er rekstrarlega þungt og viðhaldsfrekt, ásamt ábataminnsta orkumarkaðnum sem að verulegum hluta er raforkusala til húshitunar.

Landsvirkjun annast hins vegar orkuöflun og rekur virkjanirnar sem margar eru löngu afskrifaðar og rekstrarlega mjög hagkvæmar. Landsvirkjun ákveður síðan heildsöluverðið til RARIK og annarra veitna. Sjálfdæmi um verðlagningu hefur leitt til góðrar afkomu fyrirtækisins.

Reglur um afskrift virkjana, lánskjör, vextir og gengisviðmiðanir fjárfestingarlána ásamt umdeilanlegum fjárfestingum leiða einnig til þess að raforkuverð í landinu er hátt. Þá má minna á að um árabil hefur raforka verið seld til erlendrar stóriðju á verði sem er lægra en framleiðslukostnaðarverð frá nýlegum og áformuðum virkjunum. Raforkuverðið er bæði hátt miðað við önnur lönd og aðra orkugjafa. RARIK keyrir nú dísilvélar til að ná niður toppum í orkukaupum af Landsvirkjun í sparnaðarskyni og áhöld eru um hvort borgar sig fyrir sum fyrirtæki að keyra dísilstöðvar eða kaupa raforku í smásölu.

Núverandi skipulag raforkumála leiðir til mikils misræmis, annars vegar milli heildsöluaðilans og þeirra sem selja raforkuna á hagkvæmustu og þéttbýlustu markaðssvæðunum og hins vegar þeirra er þjóna óhagstæðasta hluta markaðarins í dreifbýlinu og verða að taka á sig sérstakar kostnaðarsamar og félagslegar skyldur að kröfu stjórnvalda. Sá aðstöðumunur fer vaxandi og stefnir í algjört óefni ef ekki verður gripið til aðgerða. Rekstrarhalli RARIK er nú áætlaður 400 millj. kr. á þessu ári.

Afleiðingin er m.a. mjög mikill munur á verði raforku eftir orkuveitusvæðum sem augljóslega fer vaxandi. Sá munur leiðir til ójafnaðar eftir búsetu og bitnar harðast á raforkunotendum á orkuveitusvæðum RARIK og Orkubúsins.

Þessi verðmismunur nemur allt að 30% þar sem mestu munar.

Með ákvörðunum stjórnvalda hafa Rafmagnsveitur ríkisins verið skuldbundnar til að ráðast í óarðbæra fjárfestingu á sviði raforkumála. Raunar er um að ræða sjálfsagt og eðlilegt félagslegt verkefni sem leitt hefur til aukins jafnaðar í þjóðfélaginu. Samfélagið allt verður að standa undir því verkefni en ekki einungis raforkunotendur einstakra orkuveitusvæða. Stjórnvöld hafa ákveðnar skyldur við raforkunotendur um land allt sem felast í því að þeim sé tryggð raforka á viðunandi verði og að verðmismunur milli orkuveitusvæða sé ekki óhóflegur.

Verkaskipting raforkufyrirtækjanna hefur verið með þeim hætti að RARIK hefur haft á hendi stærsta hluta hins óarðbæra félagslega þáttar. Jafnframt hefur arðbærari hluti orkusölu fyrirtækisins dregist saman. Heildsöluverð raforkunnar, sem RARIK kaupir, er ákveðið af Landsvirkjun en stjórnvöld þrýsta niður útsöluverðinu af eðlilegum ástæðum og knýja á um aukin félagsleg verkefni. Fjárhagsstaða millilíðar í slíkri stöðu er því afleit og á tímum kaldrar markaðshyggju eiga slík fyrirtæki sífellt meira undir högg að sækja hversu mikilvægt sem hlutverk þeirra er. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að endurskoða verkaskiptinguna. Ein leiðin gæti verið að Landsvirkjun sæi um rekstur allra háspenntra lína og seldi raforkuna í heildsölu á sama verði um land allt. Samruni fyrirtækja kemur til greina og ýmsar fleiri leiðir þarf að skoða.

Þjóðfélagslega nauðsyn ber til þess að á hverjum tíma sé leitað hagkvæmustu leiða í raforkuöflun og dreifingu. Jafnframt er mikið réttlætismál að raforkuverðið í landinu verði jafnað frá því sem nú er og svo sem kostur er á hverjum tíma.

Raunhæfasta leiðin til að ná því markmiði er að taka nú raforkumálin í heild til gagngerrar endurskoðunar og marka þessum málaflokki nýja og skýra stefnu með aukna hagkvæmni og jöfnuð að leiðarljósi."

Þannig hljóðar greinargerðin.

Ég legg síðan til að að lokinni þessari umræðu verði þessari till. vísað til atvmn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Í tilefni af þessum tillöguflutningi vil ég leyfa mér að taka til máls og nefna nokkur

atriði, bæði þau sem koma fram í grg. með till. og eins sem komu fram í máli hv. 1. flm.

Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar er sérstaklega vikið að þessu máli og þar segir, með leyfi forseta: „Skipulag orkumála verði endurskoðað, þar með hlutverk Orkustofnunar og Orkusjóðs.“

Í framhaldi af þessu fór ég fram á það að hafið yrði samstarf iðnrn., Sambands ísl. rafveitna, Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins um hvernig heppilegast væri að standa að endurskipulagningu í raforkumálum. Starfshópur hefur verið að störfum og tveir ágætir menn, annar hagfræðingur, hinn verkfræðingur, hafa unnið með þessum hópi og nú liggja fyrir þegar ýmsir útreikningar sem geta orðið grundvöllur áframhaldandi starfs.

Í grg. með þáltill. er ýmislegt athyglisvert að finna og er það ekki nema von, því að ég býst við að mikill hluti þessara upplýsinga sé frá þeim aðilum sem um þessi mál fjalla, þar á meðal frá Rafmagnsveitum ríkisins. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil gera athugasemdir við.

Í fyrsta lagi segir í grg. að „Rafmagnsveita Reykjavíkur og aðrar bæjarveitur búa við þær aðstæður að orkunotkun er tiltölulega mikil miðað við stærð dreifikerfis og rekstur því tiltölulega hagkvæmur.“ Útreikningar sýna að kostnaður við dreifinguna, þ.e. fjárfestingarkostnaðurinn, er ekki minni á þessum þéttbýlli svæðum en hinum. Hins vegar liggur munurinn fyrst og fremst í því að markaðurinn er dreifiveitunum hagstæðari á þéttbýlli svæðunum og markast það fyrst og fremst af því að svo stór hluti húshitunar og marktaxta er úti á landsbyggðinni, en í Reykjavík er um að ræða miklu færri taxta og taka þeir mið af framleiðslukostnaði og dreifingarkostnaði. Það er í þessu sem mismunurinn leggur eða m.ö.o.: Það á sér stað tilfærsla í raforkuverði Rafmagnsveitna ríkisins frá almenna taxtanum til marktaxtans og húshitunartaxtans þannig að ef kostnaðartölur lægju algerlega til grundvallar mundi þurfa að hækka bæði marktaxta og húshitunartaxta.

Það er ekki heldur rétt, sem ýjað er að í þessari grg., að raforkuverð frá Rafmagnsveitum ríkisins sé hátt vegna þess að skuldir hafi hlaðist upp hjá fyrirtækinu. Þvert á móti má halda því fram að einmitt vegna þess að skuldir hafi hlaðist upp þyrfti orkuverð að vera talsvert hærra ef fyrirtækið ætti að standa undir rekstri og greiðslu á þeim skuldabagga sem á fyrirtækinu hvílir.

Það er hins vegar alveg rétt að það eru áhöld um það hvort á sínum tíma hafi verið gengið þannig frá málum þegar jöfnunargjaldið var lagt niður að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða færu þannig út úr þeirri aðgerð að þau væru jafnsett og áður. Þetta hef ég beðið hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem á sínum tíma átti sæti í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði, að athuga gaumgæfilega fyrir ráðuneytið. Það hefur hann gert og skilað sinni skýrslu, gerði það fyrir síðustu áramót, og í framhaldi af því hefur iðnrn. farið fram á það við fjmrn. að upp verði teknar viðræður um hvernig fara skuli með skuldir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Það má gera ráð fyrir því að heildarskuldir Rafmagnsveitnanna verði í lok þessa árs um 1200 millj. kr., hvorki meira né minna, og að skuldaaukningin verði veruleg á þessu ári eins og fram kom í máli hv. flm. þáltill. Þetta mál hefur þess vegna verið tekið upp á réttum vettvangi og vænti ég þess, það hefur skriflega verið óskað eftir viðtali við fjmrh., að þær viðræður geti farið fram innan tíðar, fyrst á milli embættismanna ráðuneytanna og síðan að sjálfsögðu innan ríkisstjórnarinnar, á milli ráðherranna a.m.k. Þetta vildi ég láta koma fram hér sérstaklega.

Það er jafnframt athygli vert, sem kemur fram í grg. efst á bls. 3, þar sem nefnd er sú leið, sem hv. flm. talaði um í sinni ræðu, að hugsanlegt væri að færa út starfsemi Landsvirkjunar. Það er ein þeirra leiða sem koma til greina, en þýðir jafnframt að það verður að draga saman starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Öllum er ljóst að það getur ekki gerst á mjög skömmum tíma. Það mál þarf skoðunar við og er þó ein þeirra tillagna sem hljóta að verða til skoðunar nú þegar þetta mál er til umfjöllunar af þeim aðilum sem þessi mál skoða.

Ég sé að með grg. þessarar till. er fskj. sem í eru upplýsingar frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þar koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Það er ávallt spurning við hvaða tímabil á að miða þegar talað er um hækkanir á raforku. Ég vara við því þegar menn taka aðeins eitt ár út úr eins og síðasta ár því það er ekki eðlilegt að taka það eitt til skoðunar. Við verðum að skoða lengri tíma og jafnframt að átta okkur á því, sem réttilega kom fram hjá hv. 1. flm., að sú hækkun sem leyfð var með gjaldskrárhækkuninni 1. des. á að duga út þetta ár að gefnum forsendum. Þær forsendur eru að verðhækkanir verði ekki meiri en fjárlög gera ráð fyrir eða um það bil 25% og ekki komi til hækkunar á heildsöluverði raforku frá Landsvirkjun. Þessu verðum við að átta okkur á því þegar árið í ár verður síðan vegið kemur auðvitað í ljós að greiðslubyrðin hlýtur að verða mest fyrst, en fer síðan minnkandi ef að líkum lætur það sem eftir er ársins.

Þegar talað er um það, eins og kom fram hjá hv. flm., að það þurfi að jafna raforkuverð, þá er það mál ekki einfalt og í raun er þetta hluti af gamalli umræðu. Maður gæti kannski spurt jafnframt: Á ekki að jafna orkuverð í landinu? Það var athyglisvert að það er ekki verið að tala um orkuverð, ekki verið að tala um hitaveitur inni í dæminu heldur eingöngu raforkuverð.

Ég nefni dæmi um aðstöðumun, ekki bara milli þéttbýlissvæðanna á suðvesturhorninu og landsbyggðarinnar heldur nágrannabyggðarlaga. Ég leyfi mér að benda á þá sem búa á Hvammstanga við hitaveitu sem er mjög hagstæð og vel rekin, býr við góðan hita. Þeir þurfa að borga um það bil 66% af

olíukostnaði og helmingi lægra verð en þeir sem þurfa að kynda með rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins eins og t.d. ábúendur á Lækjamóti í Víðidal sem er næsta sveit. Ég nefni hérna dæmi sem ég veit að a.m.k. tveir þm. úr þessu kjördæmi gerþekkja. Spyrja má: Er eitthvert réttlæti í þessu? Það kemur ekkert fram í þessari þáltill. um að jafna eigi þennan mun heldur er eingöngu bent á raforkuna.

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á að allur samanburður við olíu er nokkuð varhugaverður einfaldlega vegna þess að olía hefur stórkostlega lækkað á undanförnum árum. Ég nefni dæmi. Árið 1985 var olíuverð 75% hærra en það er í dag á föstu verðlagi. Á sama tíma var húshitunin ívið lægri fyrir tveimur árum. Það er þetta sem hefur gerst og það er þessi mynd sem blasir við. Og þá segja menn: Þetta er óréttlátt. Auðvitað má segja það. Önnur leið hefði verið sú að halda háu olíuverði, hafa þar samsvarandi hæð og var fyrir tveimur árum og taka þá þann skatt og nota hann. Það verður að nefna allar hliðar á þessu veigamikla máli.

Ég minntist aðeins á þetta af því að það var talað um svik í þessu sambandi þannig að ég vísa því heim til föðurhúsanna.

Að allra síðustu, herra forseti, var minnst á dísilkeyrslu Rafmagnsveitna ríkisins. Það er rétt. Það sparaði Rafmagnsveitunum, miðað við þann samning sem lá fyrir við Landsvirkjun, líklega um 30 millj. kr. Nú hefur verið gert samkomulag á milli þessara fyrirtækja og hægt er að fara 10–15% fram yfir þann topp sem umsaminn var án þess að þar sé um aukagreiðslur að ræða.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Herra forseti. Á sl. hausti á þingi Sambands ísl. rafmagnsveitna var kynnt starf starfshópsins sem hæstv. iðnrh. nefndi áðan í máli sínu. Starfshópur þessi vinnur að endurskoðun raforkukerfis landsins. Í starfshópnum eru meðal annarra fulltrúar frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og iðnrn.

Hæstv. iðnrh. lýsti, ef ég man rétt, á þessu þingi yfir að hann vænti mikils af starfi þessa starfshóps og gerði ráð fyrir að niðurstöður hans gætu orðið stefnumótandi fyrir ákvarðanir í raforkumálum hér á landi. Enn sýnist mér hann vera sömu skoðunar. Ég var og er ekki þessarar skoðunar. Ég tel samsetningu starfshópsins vera slíka að ekki megi búast við að menn gætu sæst á leiðir og eftir að hafa hlustað á kynningu á því hvernig þessi starfshópur hafi starfað fylltist ég satt best að segja engri bjartsýni.

Á þingi Sambands ísl. rafmagnsveitna kom m.a. í ljós að safnað hefur verið gögnum um rekstur rafmagnsveitna í landinu og þau borin saman beint án þess að hirt væri um að samræma bókhaldslykla raforkufyrirtækjanna. Einnig voru forsendur þær, sem samstarfshópurinn ætlaði að meta hagkvæmni raforkukerfisins út frá, ekki skilgreindar á þessum tíma og í spjalli mínu við einstaka menn í þessum starfshóp síðar hefur komið í ljós að þeir höfðu æðiólíkar skoðanir á því hvað mætti teljast gott raforkukerfi fyrir alla landsmenn. Raunar fannst mér liggja í orðum þeirra að ekki mætti vænta stefnumörkunar frá hendi þessa hóps heldur fremur söfnunar upplýsinga um það hvernig raforkukerfið er í dag, enda hlýtur það að vera stjórnmálamannanna að marka stefnu í þessum málum og ekki er vanþörf á, slíkur er munurinn á raforkuverði til notenda milli landshluta.

Því fagna ég þessari þáltill., sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, og lýsi yfir fullum stuðningi mínum við hana.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu í dag birtist grein eftir Ófeig Gestsson, sveitarstjóra á Hofsósi, þar sem hann beindi athyglinni að því að upphitun húsa á Hofsósi, sem fer fram með rafmagni, er um það bil þrefalt dýrari en á Sauðárkróki, næsta byggðarlagi, þar sem upphitun húsa fer alla jafna fram með mjög ódýrri hitaveitu. Ég vil taka þátt í þessari umræðu til að vekja enn frekari athygli á þeim aðstæðum sem íbúar Hofsóss þurfa að búa við og reyndar íbúar allra þeirra byggðarlaga sem búa utan hitaveitusvæða og eru háðir því að þurfa að hita upp hús sín með rafmagni.

Þessa rafhitunarpólitík má rekja allt aftur til áranna 1971–1973 þegar iðnrh. Alþb. fór mikinn og sagði rafhitun sem byggðist á innlendum orkugjöfum lausn allra vandamála. Þessi pólitík hefur nú verið rekin í hálfan annan áratug og því miður ekki borið þann árangur sem til var ætlast, enda þótt hugmyndin sé allra góðra gjalda verð. Nú er svo komið að víða um land sjá menn sárlega eftir því að hafa tekið upp rafhitun í stað olíukyndingar og kem ég að því síðar.

Á Hofsósi hafa rafmagnsreikningar skapað alvarlegt vandamál í húshaldi margra íbúa þar. Þegar þessir reikningar bárust fólkinu nú fyrir tveimur dögum kom í ljós að þeir höfðu hækkað meira og minna upp undir helming frá því í nóvember sl. Reikningar vegna hitunarkostnaðar fyrir 100 m^2 íbúð námu allt að 15 000 kr. og yfir 30 000 kr. fyrir yfir 180 m^2 einbýlishús fyrir rúma tvo mánuði. Þetta er um það bil þrisvar til fjórum sinnum hærri upphitunarkostnaður en íbúar á góðu hitaveitusvæði þurfa að greiða eins og t.d. á Sauðárkróki í næsta nágrenni Hofsóss. Þar greiða menn mun minna í hitunarkostnað húsa sinna. Á Hofsósi er árgjaldið fyrir 100 m^2 íbúð u.þ.b. 84 þús. kr. meðan menn á Sauðárkróki greiða eitthvað um 22 þús. kr. fyrir svipaða íbúð. Fyrir einbýlishús 150–180 m^2 að stærð greiða menn á Hofsósi um 120 þús. kr. á ári einungis fyrir upphitun húsa sinna en á Sauðárkróki greiða menn fyrir sambærilegt hús 28 þús. kr. Kostnaðurinn er þrisvar til fjórum sinnum meiri. Þetta er verðmismunur sem nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það gengur ekki að íbúum þessa lands sé mismunað á þennan hátt. Á Hofsósi kemur um þessar mundir líka annað og meira til. Þar hafa flestir vinnandi

menn uppsagnarbréf í höndum frá frystihúsi staðarins, helsta atvinnurekandanum í þorpinu, og það rétt í þann mund sem fyrir dyrum stendur að gera upp reikninga jólahátíðarinnar. Það er sem sagt ekki nóg með að í fyrsta lagi sé fjárhagsleg framtíð í óvissu og í öðru lagi að árstíðabundið uppgjör jólahátíðar fari fram heldur koma í þriðja lagi einnig þessir óheyrilegu reikningar fyrir upphitun húsanna.

Sveitarstjóri Hofsóss segir í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta: „Ofan á þetta bætist að um nokkurra missira skeið hefur sérstakt orkusparnaðarátak iðnaðarráðuneytisins staðið yfir og hefur fólk verið hvatt til að taka upp rafmagnshitun í stað olíuhitunar á þeim svæðum þar sem ekki er ódýr hitaveita. Þetta hefur einnig átt sér stað á Hofsósi þar sem ráðunautur iðnaðarráðuneytisins hefur hvatt fólk til að taka orkusparnaðarlán og breyta úr olíuhitun yfir í rafhitun. Olían hefur hins vegar hækkað um 24,64% á sama tíma og rafmagn hefur hækkað um 50,98%. Lítri af olíu kostaði í janúar 1987 6,90 kr. en er nú orðinn 8,60 kr. Á sínum tíma fengu menn sérstök lán til að breyta kyndibúnaðinum, svonefnd orkusparnaðarlán." Sem dæmi má svo nefna að þau lán sem voru í kringum 50 þús. við lántöku eru orðin 150 þús. kr. Það er sem sagt ekki nóg að menn hafi breytt sinni kyndingaraðferð úr olíu sem var tiltölulega ódýr yfir í rafhitun og sitji nú uppi með háa reikninga, heldur sitja þeir nú einnig uppi með tiltölulega dýr lán. „Að því var unnið með oddi og egg," heldur Ófeigur Gestsson sveitarstjóri áfram, „að fá fólk til að nota innlenda orku í stað erlendrar og nú standa menn frammi fyrir þessum hækkunum auk þess að þurfa að greiða af orkusparnaðarlánum sem tekin voru hjá Húsnæðisstofnun."

En hvernig stendur á því að reikningarnir núna eru svo sérstaklega háir umfram venju þannig að til mikilla geðshræringa hefur komið hjá íbúum Hofsóss? Það er einkum þrennt sem kemur til? Í fyrsta lagi hafa afnotagjöldin hækkað nú um áramótin. Í öðru lagi er sú áætlun sem lögð er til grundvallar um eyðslu fyrir þetta ár — það er aðeins lesið af rafmagnsmælum tvisvar sinnum á árinu og stuðst er við áætlun um eyðslu — mun hærri en raunveruleg eyðsla reyndist vera. Í þriðja lagi er greiðslutímabilið sem mönnum er ætlað að greiða af um þessar mundir mun lengra á þeim reikningum sem nú liggja fyrir en á fyrri reikningum. Nú eru sendir út reikningar fyrir 73 daga notkun meðan venjulega er einungis sendur út reikningur fyrir 59–60 daga notkun. Þetta er um hálfum mánuði lengra tímabil en venjulega og það á þeim tíma sem er bæði árstíðabundinn og svo fyrst og fremst atvinnulega mjög viðkvæmur fyrir fólkið á staðnum.

Ég beini því þeirri beiðni sérstaklega til hæstv. iðnrh. og formanns RARIK, hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssonar, að þeir beiti áhrifum sínum til að ná fram tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi að umrædd áætlun um rafmagnsnotkun verði endurskoðuð og færð í það horf sem eyðsla síðasta árs sagði til um.

Í öðru lagi að greiðslutímabilið verði stytt úr 73 dögum í 50 daga eða a.m.k. að fyrirliggjandi reikningum verði skipt í tvennt þannig að um tvo mismunandi greiðsludaga verði að ræða. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk sem hefur alla jafna milli 45 og 50 þús. kr. á mánuði í laun eigi að reiða fram 15–30 þús. kr. einungis í upphitunarkostnað. Svona reikningar og svona mismunun, ef ekki verður að gert, er beinlínis orðsending frá yfirvöldum um að fólk skuli hypja sig burt af staðnum. Það er auðvitað hægara sagt en gert. Því vil ég ítreka tilmæli mín til þeirra ágætu manna sem áhrifum geta beitt að þessi reikningsgerð verði milduð þannig að sanngjarnt megi teljast. Það verður þó aðeins tímabundin aðgerð.

Þetta leiðir hugann þess vegna að því hvernig bregðast má við vandanum sjálfum, þ.e. hvernig á að létta af þessari mismunun íbúa landsins. Í Morgunblaðsgreininni segir Ófeigur Gestsson, með leyfi forseta:

„Nú spyrja menn á Hofsósi sig að því hvort það sé eðlilegt að upphitunarkostnaður þeirra sé þrefalt hærri en í nágrannabyggðum þar sem orkan er ódýr, hvers vegna þeir megi ekki sitja við sama borð í orkukaupum og þegar þeir greiða afnotagjöld sjónvarps, mjólk, bensín og brennivín. Þetta er mjög áleitin spurning. Þarna er um jöfnunargjald að ræða en ekki á orkunni. Við erum með jöfnunargjald fyrir hinar ýmsu vörur og þjónustu en ekki fyrir orku. Við hljótum fyrr eða seinna að reka þá pólitík að slík mismunun eigi sér ekki stað."

Nú um þessar mundir er verið að vinna að breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægasta tækið í þessu sambandi er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem meiningin er hjá öllum hlutaðeigandi að verði raunverulegur jöfnunarsjóður. Ef það er hins vegar tilfellið liggur beinast við að hér í þinginu verði unnið að breyttri tilhögun sem yrði mun fljótvirkari heldur en ætlun flm. þeirrar till. sem hér er til umræðu, breyttri tilhögun Jöfnunarsjóðs, þannig að þau sveitarfélög sem staðsett eru utan hitaveitusvæða og verða að hita öll sín hús með dýru innlendu rafmagni fái sérstakt framlag umfram önnur sveitarfélög sem notað yrði til að lækka útsvör eða notað yrði til beinna framlaga til íbúa viðkomandi sveitarfélaga. Ég er hræddur um að nefndaskipan eins og sú sem lögð er til í till. þeirra alþýðubandalagsmanna sé allt of seinvirkt tæki til að leiðrétta bráðan vanda. Ég mun a.m.k. vinna að því með tillögugerð að þessum vanda verði mætt með breyttri tilhögun Jöfnunarsjóðs þannig að hægt verði að koma til móts við vanda þess fólks strax á þessu ári.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft miklu máli og ástæða til þess að þakka þeim aðilum sem hafa flutt þessa till. þó að ég út af fyrir sig geti tekið undir með hv. síðasta ræðumanni að það að setja

málið í nefnd til athugunar þjónar ekki þeim tilgangi sem ég tel að þörf sé á nú, það eru ráðstafanir nú þegar til þess að létta af þeim mismun sem hér er um að ræða. Á sama hátt má auðvitað segja út af því sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, að því er varðar starfsáætlun ríkisstjórnarinnar: Það dugar ekki í þessu máli að setja málið þannig í skoðun. Hér verður að grípa inn í nú þegar til þess að létta því fólki þær byrðar sem nú eru að leggjast á það. Það er ekki bara á Hofsósi sem þetta á við og ég er ekki viss um að allir hv. þm. geri sér í raun og veru grein fyrir hvað hér er að gerast. Það mun verða orðið mjög almennt að menn borgi t.d. á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða frá 10 upp í 20 þús. í orku á mánuði, húshitun og rafmagn. (Gripið fram í.) Húshitun, já, já. Ég tek undir með hæstv. ráðherra, við skulum tala um orku hvort sem um er að ræða húshitun með rafmagni eða öðru. 30 þús. kr. maðurinn, lágmarkslaunamaðurinn, borgar þannig um helming af mánaðarlaununum bara til þessa þáttar heimilishaldsins. Og þá sjá menn nú sæng þessara aðila útbreidda. Hvað er til annarra hluta í heimilishaldinu? Þannig blasa þessi mál við fólki víðs vegar út um land. Það verður ekki sagt við fólk nú á Hofsósi: Þið skuluð bara flytja burt af staðnum. Nú er sagt við fólk út um allt land: Þið skuluð flytja burt af stöðunum. Það er það sem er að gerast. Að mínu viti getur engin ríkisstjórn setið aðgerðarlaus undir svona kringumstæðum. Það verður að gera ráðstafanir til þess að jafna þennan hluta heimilishaldsins hjá fjölskyldum í landinu.

Árið 1973, ég held ég muni það rétt, hér eru trúlega inni hv. þm. sem muna betur og leiðrétta fari ég með rangt, held ég að hafi verið sett á það sem kallað var orkujöfnunargjald og ef ég man rétt þá var það líklega 1½ söluskattsstig sem ætlað var til þessa. Það væri fróðlegt að heyra það núna hjá hæstv. iðnrh., ég veit að hann veit um það, hvað þetta mundi gefa. Orkujöfnunargjald var það skírt. Hvað þýddi það ef þessu væri ráðstafað í þeim tilgangi eins og til var ætlast? Ég held að lögin séu til um það enn, þó að út af fyrir sig sé rétt hjá hv. þm. Jóni Sæmundi að auðvitað ber alþýðubandalagsráðherrann ábyrgð á þessum darraðardansi eins og aðrir. Hann er ekkert undanskilinn því sem hefur verið að gerast í orkumálum. Það var hann, ef ég man rétt, sem breytti því þannig að þetta orkujöfnunargjald var tekið í hít ríkissjóðs til eyðslu, vísaði því þannig á allt annan stað en því var ætlað í upphafi og þeir sem á eftir hafa komið hafa haldið þeirri sömu reglu þannig að hér þýðir ekki að vísa frá einum til annars. Hér bera menn meira og minna sameiginlega ábyrgð á því ástandi sem hefur verið að skapast. Við skulum vona að við getum vænst meira af núverandi hæstv. ríkisstjórn en af þeim sem á undan hafa gengið og það kann að koma í ljós fyrr en síðar hvort af slíku á að verða eða ekki.

Hér er talað um að orkuverð muni hækka um 30–40% milli ára, janúar til janúar. Hvar stendur launafólk ef slíkir hlutir gerast? Þeir gerast ekki bara á þessu sviði. Þeir munu gerast á öðrum sviðum, í gjaldtöku af launafólki, og hvar standa þá þeir vítt og breitt út um landsbyggðina sem verst eru settir fyrir? Hvar standa þeir eftir að slíkt hefur verið gert? Ég held að menn megi fara að huga betur að sínum gjörðum en gert hefur verið til þessa ef menn ætla ekki nánast með einu handtaki að ryðja landsbyggðinni hér suður á Reykjavíkursvæðið.

Mér finnst að stjórnvöld horfi nánast blindum augum á það ástand sem nú ríkir að því er þetta varðar.

Ég held að þó að ekkert yrði gert annað til byrjunar en að skila orkujöfnunargjaldinu eða andvirði þess til þess að jafna sæju menn þó viðleitni í þá átt að reyna að breyta hér um frá því sem er og verður ef áfram heldur sem horfir.

Nei, við getum ekki horft upp á þetta, fulltrúar þeirra landsbyggða sem hér eiga sárast um að binda. Hér verður að grípa í taumana. Við þolum hvorki biðina eftir þessari ágætu nefnd sem lagt er til að verði skipuð, þó ég sé á engan hátt að gagnrýna það nema síður sé, og við þolum heldur ekki biðina innan ríkisstjórnarinnar í starfsáætluninni ef ekkert verður gert nú þegar. Það skiptir auðvitað höfuðmáli að menn sjái að sér, taki þeim staðreyndum sem við mönnum blasa í þessum efnum en hristi ekki hausinn og láti hjá líða að gera nokkuð.

Ég trúi því ekki að hæstv. iðnrh. sé ekki ljóst hvað er í rauninni að gerast ef það á að líða það af stjórnvöldum að launafólk með 30, 40, við skulum segja 50 þús. á mánuði verði að borga 15–20 þús. af því bara í húshaldið vegna orkunnar. Hvar standa menn þá? Svo eru menn að básúnast yfir jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þurfa menn ekki líka jafnvægi á heimilunum? Er það ekki grundvöllurinn? Við skulum líka skoða að það er ekki síður nauðsynlegt að heimilin búi við jafnræði í þessum efnum á sama hátt og ríkissjóður þarf að búa við jafnvægi og það verður ekkert jafnvægi í þessum málum nema stjórnvöld sjái að sér og grípi í taumana og sýni það a.m.k., þó að í litlum mæli væri, að menn meina eitthvað með því sem hér er að gerast, vilja að eitthvað verði gert í þessum efnum.

Ég skal fara að hætta, hæstv. forseti, þó að vissulega væri ástæða til að ræða þetta miklu ítarlegar og fara víðar yfir sviðið, en ég skal stytta mál mitt. Ég þakka hv. flm. fyrir þessa till. Hún hreyfir mikilvægu og stóru máli sem ástæða er til að komi hér inn í þingsali til umræðu og hún verður kannski til þess að menn taka fyrr við sér en þeir hefðu ella gert ef þessi umræða hefði ekki átt sér stað. Þess vegna er ástæða til að þakka þetta. Ég ítreka, það dugar ekki nefnd til skoðunar með tilliti til langtímasjónarmiða. Hér verður að grípa inn í nú þegar til þess að gera hluti sem jafna þá aðstöðu sem við erum að tala um.

Ríkharð Brynjólfsson:

Herra forseti. Ég hef mál mitt á því að minna aðeins á það sem þeir eru að tala um hv. síðasti

ræðumaður og aðrir, hvað orðið hefur um orkujöfnunargjald og niðurgreiðslur sem hafa verið settar inn í þennan orkugeira. Orkujöfnunargjaldið var fellt niður og niðurgreiðslurnar hafa staðið fastar í krónutölum. Hvort tveggja er dæmi um það að aðgerðir sem gripið er til til þess að leysa úr einhverjum slíkum vanda duga skammt. Fyrr en varir gleymast annaðhvort forsendurnar fyrir því að til aðgerðanna var gripið eða efndirnar. Þarna þýðir náttúrlega ekkert annað en það að reyna að leysa málin í eitt skipti fyrir öll og það verður ekki gert nema á einn afar einfaldan hátt, að þessi virðulega stofnun, Alþingi, ákveði að smásöluverð á raforku skuli vera hið sama um land allt. Það er ósköp einfalt markmið og þegar búið er að setja það og búið að ákveða þetta sameiginlega orkuverð er ekki um neina bráðabirgðaúrlausn að ræða heldur eitthvað sem kalla mætti nær endanlegri lausn.

Það hefur verið borið hérna dálítið saman verð á raforku og olíu til húshitunar og annarra hluta og hæstv. iðnrh. benti réttilega á það að slíkur samanburður getur orkað tvímælis. Og vissulega er svo, olíuverð sveiflast upp og ofan. En þó vil ég einnig benda á annað. Olíuverð, gasolíuverð hefur einmitt þann eiginleika sem ég var að segja áðan að raforkuverðið þyrfti að hafa. Það er sama gasolíuverð um land allt. Það er hætt við því að ef gasolíuverðið ákvarðaðist á sama hátt og raforkuverð, þá yrði ekki ódýrara að kynda með gasolíu út um dreifðar byggðir heldur en með raforku. Einn mikilvægur þáttur í orkukerfi landsmanna er verðjöfnuður og ég sé ekki ástæðu til annars en að aðrir ættu að fylgja þar með.

Í þessari ályktun er mælt fyrir því að skipulag orkumála, raforkumála í landinu sé skoðað, m.a. hvernig eigi að skipta þessu upp í orkuveitusvæði eða hvort orkuveitusvæði eigi að vera eitt o.s.frv.

Fyrir nokkrum árum síðan var sú stefna uppi að skipta landinu öllu í orkuveitusvæði sem væru nokkuð sjálfstæð hvert á sínu sviði. Þessi orkuveitusvæði eru til: Orkubú Vestfjarða og Orkubú Suðurnesja. Það þarf ekki annað en að líta á landakortið til að sjá að Orkubú Vestfjarða og Orkubú Suðurnesja eiga ekkert sameiginlegt nema nafnið, þ.e. fyrri hlutann af nafni sínu. Orkubú Vestfjarða er með geysilega víðlenda byggð. (**Iðnrh.:** Það heitir Hitaveita Suðurnesja.) Hitaveiturnar koma þarna inn í líka þannig að eftir því sem hæstv. iðnrh. sagði um það hvað raforkukerfið er hagstætt í rekstri á hitaveitusvæðum þá bætist það enn við, sem gerir það að verkum að Orkubú Suðurnesja á nánast ekkert sameiginlegt með Orkubúi Vestfjarða. (**Iðnrh.:** Það heitir Hitaveita Suðurnesja.) Fyrirgefðu, Hitaveita Suðurnesja. Það er nokkuð það sama. Ég held að þetta hafi verið röng stefna sem tekin var upp á sínum tíma að skipta landinu þannig upp. Þetta er eitt orkuveitusvæði og okkur ber að vinna að því.

Nú stendur svo á í því héraði sem ég á heima í, Borgarfirði, að þar er verið að tala um það að búa til eitt orkubú, Orkubú Borgarfjarðar, eða hvaða nafn sem var nú á því. Ástæðan var sú að vegna þess að á árum áður var lögð mikil áhersla á það að menn kæmu sér upp hitaveitu, þá var sett upp hitaveita sem reyndist síðan mjög dýr, Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Hitaveita sem er svo dýr að í smáum sveitarfélögum eins og ég er í, þar sem eru 250 íbúar, þar setjast sveitarstjórnarmenn, hreppsnefndirnar niður og samþykkja alvarlega ályktun um það að taka ábyrgð á 600 millj. jena láni og er þá eins gott að gengið á jeninu er lágt. Það fer svo eftir skopskyni manna hvort mönnum finnst það grátlegt eða kátlegt að 250 manns séu að skipta á milli sín ábyrgð á 600 millj. jena. Það verður hver að meta fyrir sig.

Málefni Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hafa verið í meðförum hvers iðnaðarráðherrans á fætur öðrum og á endanum fannst sú patentlausn að slá saman Rafmagnsveitum ríkisins í héraðinu, Andakílsárvirkjun, sem er í eign Borgarfjarðarsýslu og tveggja sveitarfélaga, og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og útkoman getur ekki orðið önnur en sú að raforkukaupendur á þessu svæði skuli fá hækkað raforkuverð sitt og borga þannig niður hitaveitukostnaðinn.

Þetta er afskaplega skondin staða að bóndi uppi í Hvítársíðu — og ef svæðið nær lengra jafnvel allt vestur á Snæfellsnes — skuli taka þátt í því að greiða niður orkukostnað Borgnesinga, Hvanneyringa og Akurnesinga. Hvers vegna er þá ekki alveg eins rétt að sá sem býr handan við Snæfellsnesfjallgarðinn, sá sem býr norður í landi eða suður í Reykjavík taki þátt í því að greiða þennan kostnað?

Það er langtímamarkmið að öll orka verði jafndýr fyrir alla landsmenn. Markmiðið getur ekki verið annað. Hins vegar er það skref sem stungið er upp á í þessari tillögu gott sem fyrsta skref. Þarna eru til þess að gera fáir aðilar sem sjá um heildsölu og þess vegna ætti ekki að vera óyfirstíganlegt að það geti gengið hratt fyrir sig að gera landið að einu orkuveitusvæði og hafa sama raforkuverð um land allt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem við höfum verið að stagast á á undanförnum mörgum árum, sem m.a. leiðir til þess að öll lífsaðstaða á landsbyggðinni, þar sem köldu svæðin eru, er allt önnur heldur en víðast hvar annars staðar. Það eru að vísu til hitaveitur sem eru dýrar, en þar hefur líka verið hlaupið undir bagga.

En nú geta þeir hv. þm., sem fylgja stjórnarflokkunum og hér hafa komið upp, hlaupið undir bagga með okkur hinum til þess að knýja stjórnvöld til aðgerða í þessu máli. Ég hygg að ef strjálbýlismennirnir yfirleitt og þeir sem á annað borð hafa réttlætistilfinningu, og sem betur fer eru það ýmsir hér á þessu svæði, stæðu saman mundi það duga til þess að knýja þetta mál og mörg önnur fram til réttlætisáttar. Það eru ekki mörg ár síðan að allir þáverandi formenn stjórnmálaflokkanna lýstu því hér yfir að þeir mundu vinna að því að minnka aðstöðumuninn í

landinu. En þá var verið að breyta vægi atkvæða í þjóðfélaginu. Þá stóð ekki á loforðunum, en það hefur staðið á efndunum. Og nú skora ég á þm., það er ekki nóg að tala og segja: ég vil, ég vil, ef athafnir fylgja ekki orðunum.

Það var hringt í mig fyrir einum tveimur dögum. Það var ekki frá Hofsósi. Það var annar staður, því það eru víða svona staðir eins og hv. þm. Karvel Pálmason kom inn á, og viðmælandi minn tjáði mér að miðað við það húsnæði sem hann er í þá borgaði hann rúmlega fjórum sinnum meira en ég fyrir hitun á þeirri íbúð hér í Reykjavík sem er sambærileg að stærð. Og það er mín reynsla að norður í Hörgárdal verð ég að borga svipað, þ.e. fjórum sinnum meira, en sú íbúð er rafkynt.

Auðvitað getur komið fleira inn í þetta. Inn í þetta getur komið ástand húsanna, þ.e. hvernig einangrun er og þess háttar. En þegar maður fær víða svipaðar niðurstöður þá sjáum við hvernig við stöndum í þessum málum. Og svo eru menn hissa á því að unga fólkið, sem vill þó vera úti á landi, fari ekki að fjárfesta þar, þegar svona er búið að því. En, hæstv. iðnrh., það verður þröngt fyrir dyrum Reykvíkinga ef meginhlutinn af landsbyggðinni flytur hingað suður. Og það þarf að athuga þá hlið líka á þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir tillaga um stefnumörkun í raforkumálum. Ég hygg að sú hugmynd sem þar kemur fram, að þetta verði leyst með því að kjósa nefnd með fulltrúa frá hverjum þingflokki, grípi ekki á kjarna þessa máls. Það slái málinu fyrst og fremst á frest þangað til í október. Og alvara þessa máls er meiri en svo að það sé hægt að slá því á frest svo lengi.

Mér er ljóst að ég sjálfur ber nokkra ábyrgð á því hvernig þróast hefur í orkumálum. Og það er mikil og löng saga að greina frá þeim mistökum sem orðið hafa í virkjunarmálum dreifbýlisins og leitt til þess að Landsvirkjun hefur fengið sjálfdæmi um verðlagningu á raforku til byggðanna úti á landi. Þar má minna á Laxárvirkjun, þar má minna á Kröflu og þar má minna á ákvörðun um það að Blanda skyldi færð til Landsvirkjunar. Og seinast þennan stórkostlega draum Jóhannesar Nordals: að Landsvirkjun skuli vera skuldlaus um næstu aldamót. Nú fer iðnrh. að skrifa. (**Iðnrh.:** Til að leiðrétta vitleysuna.) Um aldamót skal Landsvirkjun skuldlaus. Það er stefnan. Og það er glæfraleg stefna. Ég minni á það að ef það eru kostirnir sem á að bjóða landsbyggðinni þá er ég ekki í nokkrum vafa um það að hv. 4. þm. Vestf. var með betri hugmynd þegar hann vildi að menn færu að nýta surtarbrandinn og nota hann til upphitunar, heldur en að kaupa raforku af Landsvirkjun á því verði sem þeir eru að bjóða upp á. Kannski væri það það nærtækasta sem að köldu svæðin ættu að gera þar sem að byggð er þétt, þ.e. að koma upp hitaveitum og kynda þá með kolum og hætta að kaupa raforku á þessu verði því að munurinn á milli þess verðs sem verið er að bjóða raforkuna á og þess verðs sem er talið eðlilegt, svokallaður jaðarkostnaður, sá munur er orðinn svo mikill að hann nær engri átt.

Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur ætlað sér á jafnstuttum tíma að safna jafnmiklum auði og Landsvirkjun. Við höfum ekki boðið sjávarútvegi, iðnaði eða nokkrum öðrum upp á slíka möguleika. Það er óhemjuauður sem á að verða til á örstuttum tíma.

Norðlendingar minnast þess kannski, og m.a. sá sem hér talaði áðan, að það var ekki fyrr búið að afgreiða Laxárvirkjun inn til Landsvirkjunar en að menn fölnuðu norður í Eyjafirði yfir því að innstæðurnar, gróðinn af rekstri þessarar virkjunar sem var geymdur þar í Landsbankanum skyldi fluttur suður yfir heiðar. Að hann skyldi fluttur suður yfir heiðar. Því um leið og viðspyrnan var brotin niður úti á landi hækkuðu þeir verðið.

Ég segi það hér og nú: Það verður aldrei friður í þessari ríkisstjórn ef ekki fæst einhver ákvörðun um leiðréttingu á því orkuverði sem nú er verið að bjóða.

Flm. (Þórður Skúlason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þetta mál sem ég hafði framsögu fyrir. Hér hafa ýmsir talað og mörgum hefur verið mikið niðri fyrir og furðar enginn sig á því vegna þess að hér er um stórt og viðamikið mál að ræða sem snertir marga íbúa landsins, þó með misjöfnum hætti sé.

Ég ætla að byrja á því að víkja örlítið að máli einstakra þm. sem hér hafa talað og sný mér þá fyrst að hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóni Sæmundi Sigurjónssyni. Það sem hann las hér upp úr grein Ófeigs vinar míns Geststssonar, sem birtist í Morgunblaðinu í dag, var ágætt innlegg í þetta mál. Það var mjög gott innlegg í málið þó að það sem þar kom fram hafi ekki verið neitt sérstakt fyrir þann stað eins og hér hefur verið margoft nefnt. Jón Sæmundur kom hins vegar með nokkuð undarlega hugmynd inn í þessa umræðu og ég verð að segja það að hann er fljótur að læra af þeim sem eru hér inni í húsinu. Hann hefur ekki verið hérna nema síðan á haustdögum og hann er strax farinn að fá glýju í augun yfir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hann nefndi það að hann mundi gera það að tillögu sinni að þetta mál yrði leyst á kostnað Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og það finnst mér vera nokkuð sérkennileg hugmynd.

Staðreyndin er sú að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er notaður til þess að jafna aðstöðu sveitarfélaganna í landinu, en þetta mál er auðvitað miklu stærra en svo að það snerti bara sveitarfélögin ein. Fyrst og fremst snertir það einstaklingana og heimilin í landinu. Ekki bara sveitarfélögin. Þannig að það er ekki nóg að jafna þessa aðstöðu þeirra á milli. Það þarf að jafna þessa aðstöðu milli heimilanna í landinu.

Síðan vil ég víkja örfáum orðum að máli hv. þm.

Karvels Pálmasonar. Mér fannst hans ræða mjög góð og gott innlegg í þetta mál. Ég veit að hann talar af mikilli þekkingu um málið. En hann tók það fram að það væri ekki nóg að skipa nefnd og auðvitað er það alveg rétt. Ég tók það reyndar fram glögglega í minni framsöguræðu að það þyrfti að grípa á þessu máli strax og það er sannfæring mín. Hins vegar legg ég jafnframt til að málið verði skoðað með lengri tímamarkmið í huga. Ég held að málið sé það stórt og þess eðlis að það þurfi að gefa sér nokkurn tíma þó að það sé jafnframt nauðsynlegt að grípa strax til aðgerða. En báðir þessir hv. þm. tóku raunverulega mjög efnislega undir allt það sem ég sagði hér í minni ræðu og þess vegna langar mig til að spyrja þessa ágætu þm.: Sáu þeir ekki þennan vanda fyrir? Þessi vandi er löngu síðan ljós. Hvernig stóð á því að þessir hv. þm. tryggðu það ekki í stjórnarmyndunarviðræðunum að þetta mál hefði farsælan forgang, að landsbyggðinni yrði tryggt jafnt orkuverð á við aðra landshluta?

Hæstv. iðnrh. talaði um þetta mál og hann nefndi m.a. að skuldir RARIK væru miklar og var í raun eitthvað að gagnrýna það að ég hefði haldið því fram í minni framsöguræðu að það væru skuldir RARIK sem hefðu valdið hækkun á rafmagnsverði. Ég held að það liggi alveg í augum uppi að ef Rafmagnsveitur ríkisins eru reknar með rekstrarhalla ár frá ári, þá hljóti það að leiða til þess að orkuverðið hækki. Ég get ekki skilið það öðruvísi.

Í öðru lagi talaði hann um það að ef farið væri eftir þeirri hugmynd sem bent er á í tillögunni, að Landsvirkjun yfirtaki háspenntar línur um landið, þá muni koma til samdráttar hjá RARIK. Ég held að það hljóti að liggja alveg í augum uppi og skiptir raunar engu máli í þessu sambandi. Það yrði væntanlega gert með þeim hætti að Landsvirkjun eða starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins úti um land yrðu bara starfsmenn Landsvirkjunar og ég sé ekki að það breyti í sjálfu sér neinu.

Síðan vék hann örfáum orðum að jöfnun á öðrum orkugjöfum og nefndi hitaveiturnar í því sambandi, m.a. hitaveituna á Hvammstanga, og má vel vera að hann hafi eitthvað verið að sneiða að mér í því sambandi, en ég sé að hann hristir höfuðið og það er út af fyrir sig ágætt að svo hefur ekki verið, það er misskilningur hjá mér. En auðvitað er það þannig að hitaveiturnar í landinu eru einnig misdýrar. Hitaveitan hér í Reykjavík er t.d. líklega helmingi ódýrari en hitaveitan hjá okkur norður á Hvammstanga. En það er innlegg í þessa umræðu um orkukostnaðinn hvort ekki eigi að taka hitaveiturnar inn í þá mynd og skoða það með tilliti til þess að það verð verði líka jafnað, verðið frá hitaveitunum.

Síðan gagnrýndi hann það að verið væri að bera saman verð á rafmagni og olíu. Ég held að menn verði samt sem áður að hafa það í huga þegar verið er að fjalla um raforkuverðið í landinu hvað orkugjafar í öðrum löndum kosta og einnig hvað innfluttir orkugjafar kosta. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn taki eitthvert tillit til þess þegar þeir eru að verðleggja raforkuna í landinu. Það hlýtur að verða að taka tillit til þess, t.d. í sambandi við afskriftareglur og á hve skömmum tíma á að borga niður lán, t.d. hjá Landsvirkjun.

Mér fannst það koma fram í máli hæstv. iðnrh. að hann hefði skilning á þessum málum og þeim vanda sem lægi fyrir. Hann var raunar að greina frá því að það væru núna í gangi viðræður við fjmrn. um skuldastöðu Rafmagnsveitna ríkisins og auðvitað er það allt af hinu góða. Hann greindi líka frá því að það væri starfshópur að vinna að þessu máli, að endurskoðun raforkumála í heild sinni, ef ég skildi hann rétt. Starfshópur sem væri skipaður fulltrúum frá iðnrn. og Landsvirkjun, Orkustofnun og einhverjum fleiri slíkum. En það er raunverulega allt annað en við erum að leggja til. Þessi starfshópur, þetta er bara hópur embættismanna, einhvers konar elskuvina-klúbbur, og það er aldrei að búast við því að það komi neitt jákvætt í sambandi við þetta mál út úr þeim viðræðum. Við leggjum til að það sé tekið á þessu með allt öðrum hætti, á pólitískum vettvangi og það sé Alþingi sem hafi frumkvæði að því. Út á það gengur till.

Ég vil hins vegar taka mjög undir það sem hér hefur komið fram hjá mönnum að það verður að taka á þessum vanda strax. Það er ekki hægt að komast hjá því, svo geigvænlegur sem hann er orðinn og svo mikið sem misréttið er orðið í þessum efnum. Hins vegar held ég að ef leysa á þetta mál til frambúðar þá verði að endurskoða þessa verkaskiptingu orkuöflunarfyrirtækjanna og það verði best gert með því að skipa til þess nefnd með þeim hætti sem við gerum ráð fyrir í till. og ég vona að hún fái brautargengi hér á hinu háa Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég harma það að ég gat ekki verið viðstaddur þessa umræðu frá byrjun, en ég er einn af flm. þessa máls sem hér er til umræðu um stefnumörkun í raforkumálum.

Ég vil nefna það að ég reiknaði ekki með því að þingfundir hér almennt í Sþ. stæðu fram yfir kl. 14 og hafði því farið til fundar frá þeim tíma og frétti það fyrst seinna að hér stæðu yfir umræður lengur. Ég held að það sé þýðingarmikið fyrir þingið að átta sig á því með hvaða hætti staðið verður að fundahaldi, en mér hafði verið kynnt það að meiningin væri sú að almennt væru fundir á fimmtudögum ekki lengur en til kl. 14 þannig að menn gætu ráðstafað sér til annarra verka. En það er önnur saga.

Ég vil vegna þessarar umræðu sem hér stendur yfir, og ég hef aðeins heyrt hér í fyrsta flm. þessa máls, gera nokkrar athugasemdir og þá sérstaklega að því er snertir stefnu og störf núv. ríkisstjórnar í sambandi við raforkumálin og verðákvarðanir þar að lútandi. Ég vakti athygli á því við umræðu um fjárlög fyrir 1988 að þar væri af ríkisstjórnarinnar hálfu greinilega stefnt í vaxandi ójöfnuð frá því sem verið hefur og að gjaldskrár fyrir raforku til húshitunar stefndu mjög upp á við, jafnvel upp í 40%.

Hæstv. iðnrh. gerði sérstaka athugasemd við þetta á sínum tíma. Nú liggur það hins vegar fyrir að frá og með 1. des. sl. hækkuðu gjaldskrár fyrir húshitun með raforku um 34% og er þó haldið við það niðurgreiðslustig sem hafði verið, þ.e. 63 aura á kwst., en fjárlögin gera ekki ráð fyrir því að unnt sé að halda því stigi uppi. Jafnframt liggur það fyrir að verðmismunur til almennra nota, til ljósa og eldunar, hefur vaxið milli þéttbýlissvæðisins hér og gjaldskrársvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða þannig að munurinn á taxta A-1 er nú u.þ.b. 36% miðað við 4000 kwst. notkun á ári. Ég var að fletta upp í þessari gráu bók hér sem heitir „Stefnuyfirlýsing og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar" og það þarf að leita lengi þangað til maður finnur eitthvað sem snertir raforkumál og verðlag á raforku í landinu. Þó stendur þar á bls. 7:

„Skipulag orkumála verði endurskoðað, þar með hlutverk Orkustofnunar og Orkusjóðs."

Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir því hér í umræðunni, en ég geri frekar ráð fyrir því að hann hafi gert grein fyrir því hvaða hugmyndir hann hefur í sambandi við skipulag orkumálanna í landinu sem hér er flutt þáltill. um af Alþb. Ég tel að hér sé verið að taka á einu brýnasta máli sem varðar aðstöðu landsmanna, búsetuskilyrði, þ.e. orkumálin.

Á þeim tíma sem ég hafði áhrif á þessi efni 1978–1983 voru stigin ákveðin skref til þess að jafna þann mismun sem verið hafði á raforkuverði í landinu. Þegar komið var að þeim málum 1978 var mismunurinn á almennum taxta raforku u.þ.b. 90%. Það tókst með sameiginlegu átaki og ákvörðunum sem teknar voru hér á Alþingi að færa þann mismun niður undir 20% hvað snerti almennan taxta raforku í landinu. Þetta tókst m.a. vegna þess að alþm. lögðust á árar sameiginlega, að meiri hluta til, að hækka verðjöfnunargjald á raforku í landinu frá 16% upp í 19%. Síðan gerðist það í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að þetta verðjöfnunargjald á raforku var afnumið með samkomulagi í tengslum við kjarasamninga og það voru gefin ákveðin fyrirheit af stjórnvöldum um að það leiddi ekki til aukinnar mismununar á raforkuverði í landinu. Við þessi fyrirheit hefur ekki verið staðið. Þessi fyrirheit voru svikin og þess vegna er staða Rafmagnsveitna ríkisins sú sem við þekkjum að hér við afgreiðslu fjárlaga var dæmi Rafmagnsveitna ríkisins afgreitt með 400 millj. kr. halla og þrátt fyrir það skrifað upp á þær verðhækkanir og gjaldskrárbreytingar sem leiða til aukinnar mismununar á raforkuverði.

Ég hygg að hér við umræðuna hafi verið rifjað upp að árið 1980 hafi verið leitast við að gera átak til þess að jafna þann mun sem var á verði orku í landinu á þeim tíma. Ég átti þátt í þeim ákvörðunum sem þá voru teknar og þær lutu að því að taka ákveðinn hluta af söluskatti til þess að jafna verðmun á orku í landinu, bæði að því er snerti hitaveitur í landinu og að því er snerti almennt verð til húshitunar. Það var öllum alþm. ljóst þegar þessi ákvörðun var tekin að það 1,5%, sem var kallað verðjöfnunargjald eða orkujöfnunargjald á þeim tíma, var ekki sérmerkt til þess að þjóna þeim tilgangi sem heitið á þessum gjaldalið gaf tilefni til. Það vissu allir sem að þeirri ákvörðun stóðu. Því miður varð þetta að ráði. Ég hafði barist fyrir því í ríkisstjórn á þeim tíma að tekið yrði upp sérstakt orkujöfnunargjald sem legðist á selda orku í landinu, hitaveitur og raforku í þessu skyni. Það varð ekki niðurstaðan í þeirri ríkisstjórn, því miður, og innleidd var þar sú hækkun á söluskatti sem bar nafnið orkujöfnunargjald.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð til viðbótar, en nefni það að hæstv. forseti Sþ. átti sæti í stjórnskipaðri nefnd á þessum tíma til að bregðast við þeim mikla mun sem þá var og vaxandi í sambandi við orkuverð í landinu vegna þess sérstaklega að stóriðjan á þeim tíma bar sílækkandi heildarkostnað af raforkuverði í landinu. Við stóðum saman að því, núv. forseti Sþ. og fleiri ágætir alþm. sem voru þá í stjórnskipaðri nefnd, að leita leiða til að jafna þennan mun og sú stefnumörkun lá fyrir haustið 1982. Þá var tekin upp niðurgreiðsla á raforku til húshitunar. Sú niðurgreiðsla er enn í dag en henni hefur ekki verið viðhaldið í því hlutfalli sem þá var lagt upp með. Hún hefur farið sílækkandi sem hluti af húshitunarkostnaði í landinu og það er mjög miður.

Ég tel að það mál sem hér er flutt sé liður í því að endurskoða þessi efni, endurskoða það óréttlæti sem við búum við í þessum efnum. En það virðist sem núv. ríkisstjórn sofi algjörlega á verðinum í þessum málum, hún hafi ekki áhuga á því að taka á þessum málum og hún ætli að láta markaðinn, eins og á fleiri sviðum, stjórna þessu, hún ætli að láta dreifbýlið standa undir vaxandi kostnaði við orkudreifingu og standa fyrir því að landsmenn búi í þessum undirstöðuþætti við vaxandi óréttlæti.

Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. segi eitthvað um sinn hug ef hann er annar en ég hef lagt hér út af.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég efast um að mér vinnist tími hér í stuttum ræðutíma að gera öllu því skil sem fram hefur komið í þessum umræðum og verða þm. að virða mér það til vorkunnar, enda gefst eflaust tækifæri til þess síðar að ræða þessi mál í einstökum atriðum. Ég vil þó freista þess að nefna nokkur atriði sem hafa komið fram í þessum ágætu umræðum.

Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að þeim starfshópi sem hefur starfað á vegum iðnrn. og nokkurra stofnana er ekki ætlað að móta stefnu heldur að leggja grundvöll fyrst og fremst með reiknilíkani að því að hægt sé að breyta um skipulag í raforkugeiranum og koma þá ýmsar leiðir til greina sem ég hef fyrr nefnt hér í umræðunni í dag, en ein þeirra er nefnd í grg. með þessari þáltill. Það er ekki verk embættismanna að móta þessa stefnu, en þeir verða og hafa unnið að því að samræma útreikninga

og bókhald til þess að hægt sé að bera saman orkuverð í landinu, en það er afskaplega erfitt eins og flestallir hv. þm. vita.

Varðandi Hofsós vil ég segja þetta: Reikningar, sem sendir voru út, voru sendir út fyrir 73 daga en það er stefna Rafmagnsveitna ríkisins að orkureikningar séu fyrir síðustu 60 daga en ekki 73 daga og það skýrir á vissan hátt hvers vegna reikningarnir voru heldur hærri en ella hefði orðið. Á móti þessu hafa Rafmagnsveiturnar hins vegar lengt gjaldfrestinn þannig að það á að greiða þennan reikning fyrir 2. mars en ekki eins snemma og ella hefði verið.

Varðandi húshitunarkostnaðartölur, sem þar hafa komið fram, eru þær að mínu mati furðulega háar þegar þess er gætt að það eru til allgóðar upplýsingar í landinu um það hve margar kwst. fara í að hita upp meðalhúsnæði og einmitt í fskj. með þessari till. er bent á að meðaleyðslan er 33 þús. kwst. og þá er miðað við 400 m^3 íbúð eða u.þ.b. 150 m^2 íbúð. Og ef menn lesa nú það sem fram kemur á bls. 4 í þáltill., þá kemur þar fram að meðalkostnaður á mánuði — og þá eru teknir allir mánuðir ársins, jafnt þeir heitu sem þeir köldu — er u.þ.b. 5000 kr. miðað við verðlagið núna. Þetta þýðir að það eru um 60 þús. kr. á ári sem það kostar að kynda upp hús með rafmagni á svæðum RARIK.

Þess vegna er dálítið misvísandi að tala um upphæðina sem kemur fram á reikningi núna og þá vil ég skýra það sem ekki hefur komið fram í þessum umræðum og það er að í Reykjavík og á ýmsum hitaveitusvæðum er aðeins lesið á mælinn einu sinni á ári og síðan er þessu dreift yfir allt árið þannig að Reykvíkingar borga jafnmikið á sumri sem á vetri. Annars staðar er lesið oftar og þegar það gerist hljóta vetrarmánuðirnir að vera dýrari en sumarmánuðirnir og það skýrir auðvitað hluta af þessu dæmi sem hér er verið að nefna.

Mér er jafnframt kunnugt um það að sveitarstjórinn á Hofsósi hefur haft samband við þann aðila á Blönduósi sem fjallar um þessi mál og sér um innheimtuna og þar standa yfir umræður um það hvort hægt er eitthvað að gera í málum þeirra sem þar eru sem ég held að séu þó ekki öðruvísi en víðast hvar er á landinu þegar orkuverð hefur hækkað jafnmikið og það gerði 1. des. en ekki 1. jan. eins og einhver sagði. En þá verður enn að taka með í reikninginn að sú hækkun er miðuð við það að haldast út árið að óbreyttum aðstæðum en þó miðað við 25% verðbólgu frá áramótum til áramóta.

Þegar skoðuð er sú tafla sem kemur hér fram og er birt á bls. 4, þá kemur líka í ljós að orkuverðið í dag til húshitunar er lægra en það var þegar hv. síðasti ræðumaður var iðnrh. og ekki nóg með að það sé lægra miðað við byggingarvísitölu heldur hefur það gerst síðan að launavísitalan hefur hækkað meira en byggingarvísitalan þannig að það er rangt sem verið er að reyna að halda fram, að orkuverð hafi farið upp úr öllu valdi miðað við annað verðlag í landinu. Það sem er hins vegar rétt er það að hitaveiturnar eru ódýrar og halda áfram að vera ódýrar á mörgum svæðum og olían hefur lækkað stórkostlega á undanförnum árum. Það er sannleikurinn í þessu máli.

Ég vil líka nefna það, af því að það lýtur að samanburði við Sauðárkrók, að Sauðárkrókur er með hitaveitu sem er ein sú alhagstæðasta í landinu og verð á orku frá Hitaveitu Sauðárkróks er lægra en í Reykjavík. Það er lægra en í Reykjavík.

Hv. 3. þm. Vestf. ræddi um húshitunarkostnað þar og ef þetta er rétt sem hann segir, þá er eitthvað að því húsnæði sem hann er að tala um, annaðhvort opnir gluggar eða illa einangrað eða eitthvað þess háttar, nema þetta sé einhver höll sem hann er að miða við, því ef þetta eru réttar tölur, sem ég efast ekkert um, og þetta eru meðaltölur yfir árið, ef það er rétt, þá er það u.þ.b. helmingi meiri eyðsla en meðalhúsnæðið eða 150 m^2 húsnæði segir til um. Um það get ég ekkert sagt. Ég hef ekki séð þennan reikning og ekki heldur skoðað það húsnæði sem um er að ræða og hef ég þó séð mörg hús og kynnst á Vestfjörðum.

Varðandi orkujöfnunargjaldið ætla ég að taka það fram að þegar það var fellt niður var gert ráð fyrir því að fyrirtækin Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins stæðu rekstrarlega nánast jafnt eftir sem áður. Það var ekkert minnst á orkuverðið í sjálfu sér í því sambandi. Um þetta er deilt, ég hef farið í gegnum það hér og þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði, en það er þó ljóst, að ríkisvaldið yfirtók verulegar skuldir af raforkugeiranum um leið og orkujöfnunargjaldið var lagt af. Það skiptir milljörðum kr. þannig að ég þarf ekki að rifja upp Kröflu og fleira í þeim dúr.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort hér gefst tækifæri til að ræða mörg fleiri mál. Þó vil ég minnast á það að hv. 2. þm. Vestf. minntist á Landsvirkjun og hélt því fram að gert væri ráð fyrir því að Landsvirkjun yrði skuldlaus um aldamót. Þessu hefur hæstv. utanrrh. líka haldið fram, en þetta er rangt. Hið rétta er, og hefur komið fram í svari Landsvirkjunar, að miðað við útreikninga Landsvirkjunar og verðákvörðun þeirra munu þeir skulda u.þ.b. 70% af núverandi skuldum um næstu aldamót. Ég hygg að menn verði að hafa það sem er satt í þessum málum jafnvel þótt það hafi verið stefna Landsvirkjunar að reyna að greiða niður skuldir af ákveðnum fjárfestingum á 20 árum. En það er það sem hv. þm. hefur eflaust haft í huga þegar hann ákvað það hvað Landsvirkjun hefði í huga en komst að rangri niðurstöðu.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann hafði auðheyrilega ekki fylgst með þessum umræðum, enda sagði hann það sjálfur að hann hefði ekki búist við fundi á þessum tíma. Hann hélt því fram í umræðum um fjárlög að það að dregið yrði úr niðurgreiðslum leiddi til, eins og það er orðað, ég er með það hérna: að ef sú upphæð til niðurgreiðslu á rafhitun sem stendur í fjárlagafrv., 200 millj. kr., verði óbreytt muni það að mati Rafmagnsveitna ríkisins leiða til

40% hækkunar á rafhitunarkostnaði. Þetta sagði hann og endurtók síðan aftur. Þetta leiðrétti RARIK, en hv. þm. hafði ekki tíma til að lesa þá leiðréttingu svo að hann var leiðréttur hérna í umræðunum því að þetta er rangt. Þessi niðurfærsla á niðurgreiðslunum leiðir ekki til 40% rafhitunar. Það veit hv. þm.

Ég held, herra forseti, að þessar umræður hafi út af fyrir sig verið ágætar. Það er mín ætlan að halda því starfi áfram sem nú er hafið. Annars vegar það sem snýr að því að endurskipuleggja raforkudreifinguna, raforkukerfið. Það getur tekið einhvern tíma og í því starfi er ekki enn farið að taka ákvarðanir um það hvort einhver jöfnun eigi að eiga sér stað, eins og t.d. gerðist þegar Orkubú Vestfjarða var sett á laggirnar, en þar er orkuverð jafnað. Hitt sem unnið er að í ráðuneytinu er að taka upp viðræður, sem ekki eru hafnar, því miður, við fjmrn. um það hvernig eigi að bregðast við þeim vanda sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða standa frammi fyrir vegna þess að að bestu manna yfirsýn, og vitna ég þá til hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, virðist vanta verulegar upphæðir upp á það að þessi fyrirtæki standi rekstrarlega með svipuðum hætti og þau stóðu fyrir daga afnáms verðjöfnunargjaldsins. En eitt vil ég láta verða alveg skýrt og það þarf að koma fram. Menn skulu lesa það sem kemur fram á bls. 4 einmitt í þessari þáltill. og átta sig á því hvort verðið á orkunni hefur hækkað verulega miðað við aðrar verðhækkanir í landinu því að það er alveg rétt sem kemur fram þar í fskj. með þessari þáltill. Þá geta menn séð svart á hvítu hvort þetta verð hefur farið lækkandi eða hækkandi.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það hafa komið fram hér mjög athyglisverðar játningar af hálfu hæstv. iðnrh. Hann hefur sagt það hér í umræðunni að hann hafi ekki séð fram úr þeim vanda sem blasir við orkudreifingarfyrirtækjunum, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, og það sé ekki farið að ræða um þann hrikalega vanda sem þar blasir við á milli aðila í ríkisstjórn. Hæstv. iðnrh. og fjmrh. eru ekki farnir að taka á þeim vandamálum. Á sama tíma stendur ríkisstjórnin að því að hækka gjaldskrár þessara fyrirtækja gagnvart neytendum og viðskiptavinum þeirra þannig að verðmismunur á raforku í landinu fer vaxandi og það mjög ört, með hrikalegum hætti. Hæstv. ráðherra reyndi, eins og hann gerði hér í þessum ræðustól fyrir jólin, að afsaka og draga fjöður yfir þá breytingu sem orðið hefur í sambandi við verð á raforku til húshitunar. Hann stendur hins vegar uppi vopnlaus vegna þess að hann getur ekki annað en staðið við þær tölur sem fyrir liggja sem leiddu til 34% verðhækkunar samkvæmt gjaldskrá miðað við meðalnotkun á raforku til húshitunar frá 1. des. sl. og ef hann hefði miðað við það sem skammtað er í fjárlögum hans ríkisstjórnar hefði verðmismunurinn orðið 40% miðað við 1. des. sl. Síðan getur hæstv. ráðherra reiknað út alls konar meðaltöl út frá einhverjum verðbólguforsendum sem hann og hans ríkisstjórn miða við í sambandi við fjárlagagerð og það sem gerast muni á árinu. En ég ætla ekki að ræða það sérstaklega hér.

Ég ætla hins vegar að benda hæstv. ráðherra á það að það væri mjög verðugt verkefni fyrir hann að fara ofan í mál raforkuskipulagningar í landinu út frá þeim hugmyndum sem eru lagðar til í þáltill. sem hv. þm. Þórður Skúlason er 1. flm. að. Ef hæstv. ráðherra er ekki reiðubúinn til þess að halda uppi verðjöfnun með verðjöfnunargjaldi eða með því að leggja til fjármuni til þeirra fyrirtækja sem eru í þeirri vonlausu aðstöðu að ætla að halda uppi verðlagningu á orkunni þannig að endar náist saman biðjum við hann um leiðsögn. Hvað ætlar hann að gera? Ætlar hann að leggja þessar byrðar á landsbyggðina? Ætlar hann að leggja þessi viðskipti á notendur, viðskiptamenn Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera í þessum efnum? Um það er spurt.

Dæmið er ofur einfalt. Það er ofur einfalt. Spurningin er um pólitíska vilja. Er þessi pólitíski vilji til staðar, að standa fyrir verðjöfnun á orku í landinu? Mér sýnist því miður að það sé dálítið langt í land með það að yfirlýsingar af því tagi komi hér fram. Þetta er ekki flókið dæmi, hæstv. ráðherra. Þessi verðmismunur liggur fyrir og hann er vaxandi. Það er auðvitað undir forsendum komið hvernig menn reikna, hve stórar upphæðir er um að ræða. Ég get sagt hæstv. ráðherra dæmi. Það eru mínir eigin reikningar af því að halda uppi húsnæði austur á landi og hér í Reykjavík og það er mjög ólíkur kostnaður.

Ég greiði vegna íbúðar austur í Neskaupstað um 10 þús. kr. á mánuði fyrir orku, tiltölulega nýlegt hús. (**Iðnrh.:** Allan ársins hring?) Allan ársins hring. Og það eru margir sem horfa framan í svipað dæmi og ég held að ekki sé bruðlað með orku á þeim bæ. Hæstv. ráðherra ætti því í rauninni að átta sig á því hvernig ástandið er í þessum málum. Frammi fyrir hvaða reikningum standa menn úti um landið í þessum efnum? Ætlar hæstv. ráðherra og hans ríkisstjórn að skrifa upp á þessa mismunun og vaxandi mismunun í þessum efnum eða hefur hann önnur úrræði? Um það er spurt.

Ég tel að sú þáltill. sem hv. þm. Þórður Skúlason er frumkvæðisaðili að vísi á ákveðna leið sem við hljótum að athuga í sambandi við raforkumálin og skipulag þeirra í landinu. Annars vegar höfum við Landsvirkjun sem hefur sem betur fer bættan hag, m.a. vegna þess að það tókst að breyta hlutaskiptunum í sambandi við raforkuverð til stóriðju. Vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar 1980–1983 tókst að knýja fram breytingar á þeim viðskiptum sem hafa leitt til breytinga á aðstöðu Landsvirkjunar, sem betur fer. Það voru ekki nógu hagstæðir samningar. Það var ekki haldið nógu vel á þeim spilum. En þeir breyttu stöðunni. En Rafmagnsveitur ríkisins eru skrifaðar út af hv. Alþingi með 400 millj. kr. í mínus og á sama

tíma er gjaldskráin hækkuð og ekkert sagt um það hvernig brugðist verði við þessum halla.

Við biðjum um svör hér á Alþingi og fólkið, sem er ætlað að greiða þessa reikninga, biður um svör frá hæstv. ríkisstjórn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er ákaflega erfitt að taka þátt í umræðum þar sem eru eins konar vaktaskipti. Sumir koma inn í umræðurnar mjög seint en ég skal samt gera tilraun til þess í þessum örstutta ræðutíma sem ég hef.

Það er rétt að Rafmagnsveiturnar eru reknar með halla en þá verður að gæta þess að á móti eru afskriftir. Það eru 400 millj. kr. afskriftir á móti því sem kemur fram í 400 millj. kr. halla.

Það er líka rétt og því verður hv. þm. að átta sig á að þessar skuldir hafa ekki farið út í verðlagið. Hins vegar hafa RARIK og Orkubú Vestfjarða ekki enn greitt af skuldabréfi sem gengið var frá þegar breytingin átti sér stað fyrir tveimur árum. Það mál er í biðstöðu og það safnast þess vegna upp skuldir. Þær hafa ekki farið út í verðlagið á raforkunni.

Hv. síðasti ræðumaður er flm. þessarar till. Hann hefur kosið að birta í till. fskj. frá Rafmagnsveitum ríkisins. Á bls. 4 stendur skýrum stöfum þegar miðað er við byggingarvísitölu að árin 1980, 1981, 1982 og 1983 hafi raforkuverð til húshitunar verið hærra en í dag. Hver var ráðherra 1980, 1981, 1982 og 1983? Það var hv. síðasti ræðumaður. Hann segir það hér í ræðustól að það kosti hann 10 þús. kr. á mánuði núna allan ársins hring að kynda upp *húsnæði sitt á Neskaupstað, en á sama verðlagi hefði* það kostað hann 13 þús. kr. eða a.m.k. 12 þús. kr. þegar hann var ráðherra og bjó í Reykjavík og einnig fyrir austan. Um það snýst þetta mál. Ég skora á hv. þm. að átta sig á þessu og athuga svo jafnframt hvort hann hafi gleymt að loka glugga á húsnæðinu fyrir austan.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég held að það væri hollt fyrir hæstv. iðnrh. að líta út um gluggann til þeirra landshluta sem búa við allt annað ástand í orkumálum en fólk hér í Reykjavík sem sem betur fer býr við þolanleg kjör í þessum efnum. Hæstv. ráðherra er að senda mér einhvern reikning í sambandi við kostnað við orkuverð, útgjöld vegna orku á árunum 1980–1983. Á þessum árum stóð deilan um það, og var hér inni í sölum Alþingis líka, að leiðrétta hlutaskiptin í sambandi við orkukaup í landinu, annars vegar þann auðhring sem fékk orkuna á gjafverði, á útsöluverði, og sem Sjálfstfl. í minni hl., sá hluti hans sem var í stjórnarandstöðu á þessum árum, hélt uppi opnum vörnum fyrir hér á Alþingi gegn stjórnvöldum sem vildu leiðrétta þennan reikning.

Ég er alveg til umræðu um það að bera saman stöðuna þá og nú, virðulegur forseti, í sambandi við orkukostnað og hvernig staðan var til að leiðrétta þann mismun sem þá var, þann mismun sem núv. ríkisstjórn virðist ekki einu sinni hafa vilja til að horfa framan í, hvað þá að standa fyrir aðgerðum sem geta leitt til einhverra varanlegra úrbóta.

Ég bið hæstv. ráðherra um að opna gluggann og líta til annarra landshluta í sambandi við þá reikninga sem þar liggja á borðum, ekki aðeins hjá mér, heldur hjá þúsundum og tugþúsundum manna sem hann ætti að telja sig í forsvari fyrir og ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri það af fulli sanngirni. Til þess er þetta mál flutt, sem hér er, að menn leiti úrlausna í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það kom fram í umræðunni áðan af hálfu hv. 2. þm. Austurl. að honum kæmi það á óvart að fundur stæði enn og honum kæmi það á óvart að sú till., sem við vorum að ljúka umræðu um, skyldi vera til umræðu. Forseta þótti sem hv. þm. kæmi það á óvart að fundur stæði lengur en til kl. 2.

Það er alveg rétt að þessi fundur hefur staðið lengur en við ætluðum. En það eru engar reglur fyrir því að fundir í Sþ. geti ekki staðið lengur en til kl. 2. Það mun hafa verið svo á þessu þingi að fundir hafa alla jafnan eða alltaf staðið lengur. Þá á ég við fimmtudagsfundi. Síðasti fimmtudagsfundur stóð til kl. 9 að kvöldi án matarhlés þannig að ekkert óvenjulegt er að ske þó að rétt sé að fundurinn hefur staðið lengi.

En hvers vegna standa fundir lengi í Sþ.? Það er vegna þess að verkefnin eru það mikil. Það er gengið út frá því að það sé vilji þm. almennt að leitast við, eftir því sem kostur er, að haga vinnubrögðum þannig að ekki þurfi að koma til kvöldfunda. Það verður hins vegar ekki komist hjá því að sinna þeim þingmálum sem lögð eru fyrir þingið og það tekur sinn tíma þó að forseti reyni svo sem í hans valdi stendur að gæta þess að menn tali ekki umfram tilskilinn tíma og að fundirnir dragist ekki úr hófi fram. Þetta er ekki sagt í neinni ádeilu á einn eða annan. Þetta er sagt til þess að vekja athygli á því hvernig mál standa og við hvað er að fást í sambandi við vinnubrögð þingsins.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér finnst það mjög eðlilegt að virðulegur forseti taki til máls um þetta atriði vegna minnar athugasemdar. Ég er síst að finna að því að þingið starfi lengi, ötullega og vel og ég veit að það er metnaður hæstv. forseta að reyna að þoka málum áfram og auðvitað fer það eftir þátttöku okkar þm. í umræðum sem og málflutningi öllum. Ég hlýt hins

vegar að nefna það að þegar okkur þm. í þingflokkum, ég býst við að það gildi um alla þingflokka, voru kynntir nýir starfshættir var okkur greint frá því að það yrði meginregla að þingfundum í Sþ. sem hæfust kl. 10 á fimmtudögum lyki um kl. 13–14. Það yrði svona meginviðmiðun og mér finnst að það sé ekkert óeðlilegt að um það sé fjallað og það sé nefnt hvort þetta eigi að vera gildandi meginregla eða hitt séu undantekningar. Þetta varðar skipulag á störfum okkar utan þingfunda. Ég er síst að ásaka hæstv. forseta fyrir það að hann skuli halda fram fundi svona lengi, en hins vegar væri mjög æskilegt að við vissum það með einhverjum fyrirvara vegna skipulags á störfum okkar þm., utan þingfunda, því að þar höfum við einnig skyldum að gegna. Þess vegna leyfði ég mér að gera þessa athugasemd og ætlast ekki til að hún verði tekin sem aðfinnsla varðandi þetta fundahald eða á liðnum dögum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti lítur ekki á athugasemd hv. 2. þm. Austurl. sem neina ádeilu á það sem fram hefur farið.

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að þegar hin nýja skipun um fundahald var tekin upp í haust í samráði við formenn þingflokkanna var lögð áhersla á það sjónarmið sem forseti gat um hér áðan að það yrði leitast við að komast hjá kvöldfundum og það var ekki gengið út frá því að fundi þyrfti að vera lokið kl. 1 eða 2 á fimmtudögum. Þegar umræður voru um þetta nefndu menn töluna kl. 1, 2, 3 eða jafnvel 4 eftir því sem á stæði.

Það er rétt að vekja athygli á því sem allir gera sér að sjálfsögðu ljóst að tvö af þeim málum sem við höfum verið að ræða hér á fundinum í dag voru tekin sérstaklega á dagskrá vegna þess að flm. eru varaþm. sem eiga þess ekki kost að tala fyrir þessum málum og taka þátt í umræðum um þessi mál nema það sé gert í dag. Þegar fundur hófst átti forseti raunar ekki von á því að þessar umræður yrðu svona langar um þessi mál. Þær urðu óvenjulega langar um bæði málin. Það er hins vegar ekki ámælisvert að umræður séu langar. Það bendir til þess að um merk mál hafi verið að ræða. En ég hygg að það sé heldur ekkert ámælisvert sem hér hefur farið fram í dag fyrir það að fundur hefur staðið þetta lengi. Ég hef ekki heldur orðið var við að neinn þm. annar en hv. 2. þm. Austurl. kvartaði undan því.

Efnisskrá.

Aðför (231. mál, aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.) 4373, 4409.
Aðstoð við riðuveikisvæði (251. mál) 4469.
Aflagjald til hafna (254. mál) 4474.
Alnæmi (255. mál) 4439.
Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála (260. mál) 4409.
Drengskaparheit unnið 4350, 4446.
Félagslegt íbúðarhúsnæði (250. mál) 4466.
Húsnæðismál á landsbyggðinni (249. mál) 4460.
Innflutningur loðdýra til kynbóta (242. mál) 4478.
Íslenskur gjaldmiðill (227. mál) 4489.
Jafnréttismál (241. mál) 4446.
Launastefna ríkisins (244. mál) 4450.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (205. mál) 4374, 4417.
Löggjöf um auglýsingar (239. mál) 4442.
Mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay (52. mál) 4350.
Niðurstöður áfengismálanefndar (238. mál) 4436.
Rannsókn á byggingu flugstöðvar (200. mál) 4359.
Stefnumörkun í raforkumálum (257. mál) 4516.
Strjálbýlisátak Evrópuráðsins (182. mál) 4433.
Tilhögun þingfunda 4542.
Umræður utan dagskrár 4363 (verðstýring á sölu eggja og kjúklinga).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 4349, 4445.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (248. mál, rækja og hörpuskel) 4455.
Vörugjald á búrnet til loðdýraræktar (253. mál) 4473.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4349, 4350, 4445, 4446, 4542, 4543.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 4408.
Forseti Nd. Sighvatur Björgvinsson 4433.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 4452.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 4374, 4393, 4409, 4415, 4501, 4513.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 4447, 4461, 4465, 4466, 4467.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 4453, 4473, 4474.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4437, 4438, 4440, 4443, 4445.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 4355, 4366, 4520, 4536, 4541.
Landbrh. Jón Helgason 4364, 4373, 4470, 4472, 4488.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 4475, 4477.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4456, 4459.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 4358, 4434.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 4454.
Albert Guðmundsson 4368, 4400, 4414, 4514.
Alexander Stefánsson 4413.
Árni Gunnarsson 4356, 4414, 4426.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4366, 4433, 4435.
Eggert Haukdal 4430.
Egill Jónsson 4480.
Elín R. Líndal 4478, 4489.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4350, 4489, 4509.
Friðjón Þórðarson 4384.
Geir H. Haarde 4365.
Guðmundur H. Garðarsson 4505.
Guðmundur G. Þórarinsson 4369, 4390.
Guðni Ágústsson 4381, 4439, 4442, 4495.
Guðrún Agnarsdóttir 4436, 4438, 4439, 4446, 4450, 4455.
Hjörleifur Guttormsson 4352, 4450, 4463, 4469, 4471, 4472, 4473, 4474, 4475, 4476, 4477, 4485, 4534, 4539, 4541, 4542.
Hreggviður Jónsson 4371.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 4349, 4524.
Júlíus Sólnes 4446.
Karl Steinar Guðnason 4363, 4372.
Karvel Pálmason 4526.
Kristín Halldórsdóttir 4374, 4454.
Níels Árni Lund 4367.
Ólafur Þ. Þórðarson 4507, 4514, 4531.
Pálmi Jónsson 4372, 4481, 4487.
Ríkharð Brynjólfsson 4483, 4528.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 4455, 4523.
Stefán Valgeirsson 4370, 4377, 4408, 4414, 4417, 4465, 4486, 4497, 4530.
Steingrímur J. Sigfússon 4358, 4359, 4369, 4411, 4442, 4444, 4465, 4499.
Þórður Skúlason 4386, 4455, 4458, 4460, 4464, 4466, 4468, 4476, 4516, 4532.

SAMEINAÐ ÞING

48. fundur, mánudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 15. febr. 1988:

„Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Óskarsson kennari, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Ragnars Óskarssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 15. febr. 1988:

„Jón Baldvin Hannibalsson, 15. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Jón Bragi Bjarnason prófessor, sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Jóns Braga Bjarnasonar og bréf frá 1. varamanni Alþfl. í Reykjavík.

Þar sem kjörbréfin þurfa athugunar við er þess farið á leit við hv. kjörbréfanefnd að hún taki kjörbréf þessi nú þegar til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað um 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist tvö erindi, annars vegar kjörbréf Jóns Braga Bjarnasonar, 2. varamanns Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, en hann tæki sæti 5. þm. Reykv., hæstv. fjmrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar, og hins vegar kjörbréf Ragnars Óskarssonar, 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, en hann tæki sæti hv. 4. þm. Suðurl. Margrétar Frímannsdóttur.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þessi kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Ragnars Óskarssonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Kjörbréf Jóns Braga Bjarnasonar samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Ragnar Óskarsson, 4. þm. Suðurl., og Jón Bragi Bjarnason, 5. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ragnar Óskarsson og Jón Bragi Bjarnason hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þeir boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

Íslenskur gjaldmiðill, frh. fyrri umr.

Þáltill. KrP o.fl., 227. mál. — Þskj. 515.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39:1 atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Innflutningur loðdýra til kynbóta, frh. fyrri umr.

Þáltill. EL og VS, 242. mál. — Þskj. 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Stefnumörkun í raforkumálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSk o.fl., 257. mál. — Þskj. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til atvmn. með 40 shlj. atkv.

Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 16. mál. — Þskj. 303 og 343.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Með þingmáli 16 er farið fram á skýrslu utanrrh. um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Skýrsla þessi hefur legið nokkuð lengi fyrir þinginu eða frá því í desembermánuði. Ég gaf þeim sem skýrsluna unnu fyrirmæli um að vinna hana tölulega þannig að glöggt kæmi fram í hverju viðbótarkostnaður við flugstöðina felst.

Mér sýnist að það hafi verið gert þannig að það eigi að liggja nokkuð glöggt fyrir í þessari skýrslu. Hitt er svo ljóst að vegna nokkuð langs byggingartíma og mikilla breytinga á verðlagi á þessum byggingartíma, auk þess sem við verkið bættust nokkur kostnaðarsöm verk, þá verður þetta mál að öllu leyti töluvert flóknara en annars væri. Ég óskaði því eftir því að sett yrði fram smávegis viðbót við þessa skýrslu og er hún á þskj. 343. Segir í fyrirsögn til nánari skýringar við spurningu um framkvæmdir og ábyrgð á flugstöðinni. Eru það þrír liðir sem ég vona að skýri þessi mál nokkuð nánar.

Nú er það svo, herra forseti, að mjög ítarlega hefur verið rætt um flugstöðvarbygginguna í sambandi við skýrslu Ríkisendurskoðunar og ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega í þessa skýrslu, enda geri ég ráð fyrir að hv. þm. hafi skoðað hana vandlega og því væri réttara að leitast við að svara fyrirspurnum sem fram kunna að koma frá hv. flm. þeirrar beiðni sem skýrslan er byggð á og frá öðrum þm. En þó ætla ég að fara hratt yfir helstu liði skýrslunnar.

Í beiðni um skýrslu er fyrst tekið fram að gerð verði grein fyrir áætluðum kostnaði annars vegar og endanlegum kostnaði hins vegar. Ef um umframkostnað er að ræða er óskað eftir að gerð verði grein fyrir því af hverju hann stafar og hver beri ábyrgð á honum.

Í fyrsta kafla skýrslunnar er áætlaður kostnaður rakinn. Nú er það staðreynd að nokkrar áætlanir um byggingarkostnað voru gerðar. Það er í fyrsta lagi frumáætlun, sem svo hefur verið kölluð, um bygginu flugstöðvar. Síðan viðmiðunaráætlun fyrsta byggingaráfanga flugstöðvar, en þar sem jafnframt var fjallað um byggingarkostnaðinn í heild sinni og svo áætlanir byggingarnefndar um kostnað. Og þó þær séu ekki út af fyrir sig mjög frábrugðnar þá er þó þess að geta að á þessum tímum verða töluverðar verðhækkanir sem gera matið að ýmsu leyti dálítið erfitt.

Í fáum orðum sagt, eins og kemur fram á bls. 2 í skýrslunni, er bókfærður grunnkostnaður vegna framkvæmda 1 milljarður 321 millj. kr. og verðhækkanir sem verða á hverju tímabili eru upp á 1 milljarð 162 millj. kr. Samtals er bókfærður kostnaður þá 2 milljarðar 483 millj. kr.

Samkvæmt þeirri áætlun sem gerð var árið 1983 og hér er kosið að miða við var áætlaður framkvæmdakostnaður 936 millj. kr. Verðhækkanir voru áætlaðar þá þegar að yrðu 238 millj. kr. eða samtals 1 milljarður 174 millj. kr.

Eins og kemur fram í þessum samanburði þá er mismunur á grunnkostnaði 385 millj. kr. Verðhækkanir á þessum tíma urðu hins vegar 924 millj. kr. umfram það sem áætlað hafði verið en eins og ég sagði áðan voru verðhækkanir áætlaðar 238 millj. kr.

Samtals verður því hækkun umfram áætlun 1 milljarður 309 millj. kr. Eins og fram er tekið í skýrslunni eru í þessum áætlunartölum ekki þær viðbætur, sem ákveðnar voru á byggingartímanum.

Þessar tölur eru síðan skýrðar allmiklu nánar í skýrslunni og m.a. einnig rakið hvers vegna viðbætur voru að mati byggingarnefndar taldar nauðsynlegar. Er þar fyrst og fremst um það að ræða að fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll jókst langt umfram það sem áætlað hafði verið á árunum 1982–1987.

Og þar sem var sérstaklega að því spurt, og mér þótti ekki koma nógu greinilega fram í skýrslunni, hver bæri ábyrgð á þeim viðbótum sem ákveðnar voru, þá er tekið fram í þeim viðauka sem ég nefndi áðan að allar tillögur um stækkanir umfram upphaflega niðurskorna kostnaðaráætlun voru samþykktar af utanrrh.

Í beiðni um skýrslu er farið fram á sundurliðun á undirbúningskostnaði, verktakakostnaði, hönnunar- og umsjónarkostnaði og fjármagnskostnaði á byggingartíma. Leitast er við að sundurliða þetta í kafla sem nefndur er „sundurliðun kostnaðar“ í skýrslunni og eru þar birtar tölur þar sem þessi sundurliðun kemur fram.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að lesa þær töflur hér upp. Þar er bæði sundurliðun á verkþáttakostnaði og sömuleiðis sundurliðun á erlendum og innlendum kostnaði. Þarna er einnig talinn upp sá búnaður sem byggingarnefnd hefur samið um kaup á frá útlöndum í megindráttum, eins og t.d. landgöngubrýr og þess háttar hlutir, og vona ég að þessi sundurliðun kostnaðar sé viðunandi að mati þeirra sem um spyrja.

Rétt er að geta þess að stærsti liður þessa sundurliðaða kostnaðar er að sjálfsögðu verktakakostnaður sem er án verðhækkana 1 milljarður rúmur eða 76% heildarframkvæmdakostnaðar. En með verðhækkunum er verktakakostnaður 1 milljarður 883 millj. kr. Hönnunar- og sérfræðingaþjónusta er 90 millj. kr. án verðhækkunar eða 7%

heildarframkvæmda. Með verðhækkunum er þessi kostnaður 169 millj. kr.

Enn fremur er í beiðninni óskað eftir upplýsingum um það hvernig umframkostnaði verði mætt, þ.e. hvort fé til hans kemur úr ríkissjóði með því að taka erlent lán eða með öðrum hætti. Í skýrslunni er kafli um fjármögnun. Eins og þar kemur fram er byggingin fjármögnuð með erlendum lánum að mjög stórum hluta, en að hluta með framlagi Bandaríkjamanna sem er upp á 20 millj. dollara. Það framlag í dollurum hefur verið óbreytt frá því sem ákveðið var í upphafi og að sjálfsögðu með mikilli breytingu á dollarnum á þessu tímabili hefur hlutur Bandaríkjaframlagsins af heildarbyggingarkostnaði minnkað. Svarið við þessu er einfaldlega þetta að byggingin hefur eða okkar hluti hennar hefur verið fjármagnaður með erlendum lánum.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi hefur þetta mál verið mjög ítarlega rætt og ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu um of nema sérstaklega sé eftir því óskað og hef því ekki talið rétt að lesa hér upp nema aðeins einstök atriði af því sem í skýrslunni er.

Að lokum vil ég leyfa mér að segja það að þessi gífurlega mikla framkvæmd er vissulega slík að ástæða er til að ræða málið ítarlega og mér er fyllilega ljóst að margt í þessari framkvæmd má gagnrýna. Ég hygg hins vegar að við getum fagnað öðru sem þarna hefur tekist vel. E.t.v. getum við áfellst okkur sjálf fyrir að hafa samþykkt þessa gífurlegu framkvæmd. Ég get að vísu sagt að fyrst þegar málið var lagt fyrir var ég því mótfallinn, en ég samþykkti síðan endanlega ávörðun og þær fjárveitingar sem ákveðnar voru til byggingarinnar og er því að þessu leyti að sjálfsögðu jafnábyrgur hverjum öðrum.

Það er enginn vafi á því að reisa hefði mátt *mannvirki sem hefði verið fullkomlega* boðlegt en ekki kostað nema lítinn hluta af þessu glæsimannvirki sem er risið. Ég er einnig sammála því að ýmislegt má gagnrýna af því sem gert var á byggingartíma og það er enginn vafi á því að þarna hafa orðið mistök í hönnun, jafnvel veruleg mistök í hönnun, sem hafa leitt til verulegs aukakostnaðar. Þó hygg ég að sérstaklega sé gagnrýnisvert að ýmsar þær viðbætur sem ákveðnar voru hafi ekki farið rétta boðleið og ekki verið lagðar fyrir fjárveitingavaldið *og hið háa Alþingi. Mér er ljóst að þessar* viðbætur voru ákveðnar í m.a. þeirri góðu trú að þær rúmuðust innan þeirra fjárveitinga sem gert hafði verið ráð fyrir. Svo varð þó ekki að öllu leyti. Ég held hins vegar að við getum viðurkennt að þarna er risið glæsilegt mannvirki sem er hlið flestra þeirra sem til landsins koma og hefur vitanlega gjörbreytt því ófremdarástandi sem orðið var í flugstöðvarmálum á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg að við getum verið ánægð með flugstöðina að þessu leyti.

Ég vil að lokum aðeins geta um eitt atriði. Í byggingu þessarar flugstöðvar er ýmsu enn ólokið. Sumt má e.t.v. bíða en annað að mínu mati ekki. T.d. er ekki unnt að bíða annan vetur með að ljúka þeirri hitaveitu sem gert er ráð fyrir. Þar er eingöngu bráðabirgðahitaveita og hefur það valdið vandræðum í þeim kulda sem hefur verið upp á síðkastið. Ekki er síður illt að ekki hefur enn tekist að ljúka þeim listaverkum sem um var samið við listamenn. Ég vil geta þess að ég geri mér vonir um að við endanlegt uppgjör á þeim verkþáttum sem unnið var að á sl. ári, og m.a. eftir uppgjör við verktaka, verði eitthvert fjármagn eftir þannig að unnt verði að standa við þennan samning um listaverkið. En það og hitaveitan eru þau mál sem ég hef sett efst á lista af þeim verkum sem ólokið er.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla utanrrh. að beiðni allra þingkvenna stjórnarandstöðuflokkanna. Þessi beiðni var lögð fram eftir að vitnaðist um mikinn umframkostnað vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, svo mikinn reyndar og óvæntan að hæstv. fjmrh. hinn nýi varð ekki bara hissa, heldur forviða, og bað um skýringar. Við lögðum því beiðni okkar fyrir hann þar sem við vissum að hann átti von á ítarlegri skýrslu frá ríkisendurskoðanda. Þegar beiðnin var borin upp til samþykktar hér á þingi var gerð athugasemd og talið réttara að hæstv. utanrrh. tæki að sér að svara henni, málið heyrði undir hann. Okkur fannst svo sem sama hvaðan gott kæmi og þegar síðan hæstv. utanrrh. lýsti sig mjög fúsan að láta kanna þetta mál ítarlega og gefa um það skýrslu vorum við því samþykkar. Við áttum því satt að segja von á gagnrýnni, hlutlausri og málefnalegri skýrslu þar sem tekið væri á málunum.

Það svar sem okkur berst er þó ekki þannig vaxið. Það er að vísu gefið af mönnum sem segja má að hafi ekki haft þessi mál beint á sinni könnu, en hins vegar er þar lítil tilraun gerð til þess að kryfja mál til mergjar, miklu fremur að berja í brestina og gera lítið úr yfirsjónunum. Svo langt er reyndar gengið í þeim efnum að settar eru fram kostnaðartölur sem fá ekki staðist til samanburðar við þær tölur sem Ríkisendurskoðun ber fram í sinni skýrslu sem rædd var hér í þinginu í desember og enginn hefur vefengt hana.

Í beiðninni um skýrslu spyrjum við þingkonur fyrir hönd kjósenda eins og þær hagsýnu húsmæður sem við erum og viljum vera og ég vitna í skýrslubeiðnina þar sem við biðjum um að hæstv. ráðherra „gefi Alþingi skýrslu um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í skýrslunni verði gerð grein fyrir áætluðum kostnaði annars vegar og endanlegum kostnaði hins vegar. Ef um umframkostnað er að ræða er óskað eftir að gerð verði grein fyrir því af hverju hann stafar og [ég les með sérstakri áherslu] hver beri ábyrgð á honum.

Óskað er eftir sundurliðun í eftirfarandi þætti: Undirbúningskostnað, verktakakostnað, hönnunar- og umsjónarkostnað og fjármagnskostnað á byggingartíma. Óskað er eftir sérstakri sundurliðun á

verkþáttum og útboðsáföngum verktakakostnaðar. Einnig er óskað eftir sundurliðun í innlendan og erlendan kostnað.“

Í skýrslu ráðherra er hins vegar sagt um áætlanir byggingarnefndar um byggingarkostnað og ég vitna, með leyfi forseta:

„Áætlanir byggingarnefndar um byggingarkostnað til ársins 1987 sem hér segir:

1984: 254,7 millj. kr., 1985 301 millj. kr., 1986 1002,3 millj. kr. og 1987 986,2 millj. kr., samtals 2 milljarðar 544 millj. 200 kr.“

Enn stendur: „Byggingarnefnd gerði því ráð fyrir að byggingarkostnaður yrði 2544,2 millj. kr. eða 61 millj. kr. meiri en bókfærður byggingarkostnaður er áætlaður til verkloka.

Þessar áætlanir byggingarnefndar sem hún lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerðu því glögga og raunsæja grein fyrir byggingarkostnaði. Um umframkostnað samanborið við þessar áætlanir er því ekki að ræða. Ekki er heldur um að ræða umframkostnað ef viðmiðunaráætlun frá 1983 ásamt því endurmati sem fram fór á henni er borin saman við bókfærðan byggingarkostnað. En samkvæmt því endurmati er hún 2909 millj. kr. á verðlagi 1. sept. 1987.“

Þar sem þessar tölur standast ekki samanburð við þær tölur sem Ríkisendurskoðun hefur gefið lá beint við að biðja um athugasemdir Ríkisendurskoðunar á fundi með forsetum Alþingis og formönnum þingflokka þann 8. þ.m. Þetta gerði ég og mér barst síðan svohljóðandi svar frá Ríkisendurskoðun sem ég les upp hér, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af fundi með forsetum Alþingis og formönnum þingflokka sem sæti eiga á Alþingi þann 8. febr. 1988 þar sem rætt var um skýrslu Ríkisendurskoðunar um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og skýrslu utanrrh. til Sþ., þskj. 303, vill Ríkisendurskoðun taka fram eftirfarandi:

1. Áætlaður kostnaður. Áður en bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli hófst höfðu verið gerðar ýmsar kostnaðaráætlanir. Sú kostnaðaráætlun sem lögð var til grundvallar í meðferð Alþingis á málinu á sínum tíma var sem hér segir:

Byggingarkostnaður 33,5 millj. bandaríkjadala, áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma 8,5 millj. bandaríkjadala, samtals 42 millj.

Þessi kostnaðaráætlun framreiknuð til 1. sept. 1987 er að fjárhæð 2 milljarðar 121 millj. kr. Í skýrslu utanrrh. er getið um aðrar áætlanir, svo sem frumáætlun að upphæð 57 millj. bandaríkjadala og það sem nefnt er áætlanir byggingarnefndar um byggingarkostnað samtals að fjárhæð 2 milljarðar 544 millj. 200 þús. kr.“ Er það von að manni fatist í svo stórum upphæðum? Það er ekki daglega sem maður hefur þær á tungu sér eða á milli handanna.

„Þær „áætlanir“ eru þó ekki annað en samlagning á fjárveitingabeiðnum byggingarnefndar frá ári til árs. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið í hendur og er ekki kunnugt um að á vegum byggingarnefndar hafi nokkurn tíma verið gerð heildstæð kostnaðaráætlun um framkvæmdina eftir að framkvæmdir hófust.

2. Byggingarkostnaður. Í skýrslu utanrrh. er byggingarkostnaður talinn vera samtals 2 milljarðar 483 millj. kr. Hér er um bókfærðan kostnað á breytilegu verðlagi og áætlaðan kostnað frá september 1987 og fyrir árið 1988 að ræða og því ekki samanburðarhæfur að mati Ríkisendurskoðunar. Framreiknaður byggingarkostnaður til 1. sept. 1987 telst vera 2 milljarðar 992 millj. kr. og byggir Ríkisendurskoðunin þar á tölum fengnum frá Seðlabanka Íslands og ráðgjöfum byggingarnefndar.

3. Samanburður áætlana og raunkostnaður. Í skýrslu utanrrh. er bókfærður kostnaður borinn saman við fjárveitingabeiðnir byggingarnefndar og komist að þeirri niðurstöðu að um svipaðar fjárhæðir sé að ræða. Að áliti Ríkisendurskoðunar er hér um ósambærilegar tölur að ræða. Einnig er í skýrslunni sett fram endurmetin áætlun frá ágúst 1983 að upphæð 42 millj. bandaríkjadala og komist að því að með því að taka tillit til viðbóta og magnaukninga sé sú áætlun 2 milljarðar 909 millj. kr. í stað 2 milljarða 121 millj. kr. Að áliti Ríkisendurskoðunar lítur samanburðurinn út sem hér segir, sbr. bls. 3 og 4 í skýrslu Ríkisendurskoðunar, tölurnar eru færðar til verðlags 1. sept. 1987:

Framkvæmdakostnaður 2 milljarðar 992 millj. kr., kostnaðaráætlun 2 milljarðar 121 millj. kr., viðbætur 653 millj. kr., magnaukningar 135 millj. kr., óskiptur kostnaður 83 millj. kr. og samtals 2 milljarðar 992 millj. kr. Eins og að ofan greinir eru meginskýringar á krónutöluhækkun byggingarkostnaðar viðbætur og magnaukning, enda hefur kostnaðaráætlun frá árinu 1983 verið framreiknuð til 1. sept. 1987, svo og byggingarkostnaður. Í skýrslu utanrrh. er meginskýringin talin vera verðhækkanir á byggingartíma.“

Ég mun láta ljósrita þetta plagg og dreifa því til þm. nú á eftir og læt ég tilvitnun lokið í það.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig stendur á því að ráðuneytið og ráðherra sendir frá sér svona skýrslu? Hvar liggur hollusta hans? Hverjum skuldar hann skýringu? Er það frumskylda hans að vernda samráðherra sína eða ber honum að gefa Alþingi og þjóðinni skýr og óvilhöll svör um það hvernig almannafé hefur verið ráðstafað? Þetta færir okkur að því meginefni sem einkenndi umæður um flugstöðina fyrir jól, ábyrgð og reyndar líka siðgæði þeirra sem fara með opinberar stöður og almannafé.

Jón Gauti Pétursson, bóndi á Gautlöndum í Mývatnssveit, hafði forsjá og umsjón með annarra manna fjármunum frá unga aldri og í tæpa hálfa öld. Eftir hann var höfð þessi vísa:

Tók ei þátt í tröllladans,
trúr á vegi sannleikans.
Aldrei hvarf úr umsjá hans
eyris virði nokkurs manns.

Þetta var siðfræði þeirra tíma. Kannski má kenna hana við ungmennafélagshreyfingu í byrjun aldar-

innar. En hversu algeng skyldi hún vera nú? Hvernig stendur á því að í skoðanakönnun rétt um það leyti sem við reynumst hamingjusamasta þjóð í heimi lýsa aðeins 24% aðspurðra því yfir að þeir telji stjórnmálamenn segja sannleikann? Það eru sem sé ⅔ aðspurðra sem virðast ekki treysta stjórnmálamönnum. Þetta finnst mér alvarlegt. Og hvað er það sem almenningi finnst ótraustvekjandi við stjórnmálamenn? Geta það verið vinnubrögðin? Við heyrum talað um spillingu, fyrirgreiðslupólitík, bitlinga, hagsmunatengsl.

Mörg dæmi, stór og smá, hafa komið fram á sl. árum sem varpa ljósi á samtryggingarkerfi þeirra sem fara með völd. Almenningur hefur komist að raun um að þetta er ósýnilegt þéttriðið net, mannhelt ef svo ber undir, bæði til að halda utan um sína og varna öðrum inngöngu í skjólið. Það er notað til að viðhalda aðgangi að völdum og hefð þess er svo ævagömul og viðtekin að fólk tekur því nærri eins og lögmáli og býst í raun ekki við því að menn verði látnir sæta ábyrgð, þeir sem eru innan þessa nets.

Má ég bregða ljósi á málið með því að vitna í ummæli tveggja manna sem ég ætla að séu nokkuð vel með á nótunum og hafi reynslu af þessu kerfi. Fyrsta tilvitnun mín, með leyfi forseta, kemur úr tímariti sem ég er nú reyndar ekki viss um hvert er en er trúlega eitt af lífunum, Nýtt líf, Mannlíf, Framhaldslíf, ég veit ekki hvað það er, en greinin er eftir Vilhjálm Egilsson og heitir: Hvað kostar kunningjaþjóðfélagið. Mig langar að lesa upphaf þessarar greinar, með leyfi forseta, og merkilegt nokk stendur hér — ég hef ekki tekið eftir því fyrr — stendur hér til hliðar „Um áratug hinna glötuðu tækifæra". Þetta er tveggja ára gömul grein í það minnsta, kannski þriggja:

„Formaður stjórnar fjárfestingarlánasjóðsins er nýkominn heim af stjórnarfundi í sjóðnum. Hann borðar kvöldmatinn og horfir á sjónvarpsfréttirnar. Hann er afslappaður, enda hafa umræðurnar á stjórnarfundinum verið mjög friðsamlegar og ekkert nema hefðbundin mál verið á dagskrá. Eftir sjónvarpsfréttirnar tekur hann upp símtólið og hringir í nokkra menn. Þetta eru þingmenn. Hann tilkynnir þeim hvaða mál hafi verið tekin fyrir og hver hafi fengið afgreiðslu. Hann veit að þingmennirnir bíða í ofvæni eftir að geta hringt sjálfir í þá sem sóttu um lánin til þess að skýra þeim frá því að þeir hafi fengið jákvæða afgreiðslu. Enn fremur vilja þingmenn láta þá vita sem urðu fyrir frestun að allt sé gert sem mögulegt er til þess að málið geti komist í höfn á næsta fundi.

Eftir símhringingarnar sest sjóðstjórnarformaðurinn í hægindastólinn með kaffibolla við hliðina og heldur áfram að horfa á sjónvarpið. En hann er annars hugar og einbeitir sér ekki að hinu lélega sjónvarpsefni heldur er að skemmta sér við að hugsa til þingmanna sem margir hverjir hafa rauðþrútnir af æsingi strax byrjað að hringja og lýsa því fyrir umbjóðendum sínum hversu mikið þeir lögðu á sig til þess að fá lánin í gegn. Hann hlær í huganum vegna þess að flestir þm. höfðu ekkert talað við hann um málin sem voru afgreidd, heldur fengu þeir bara að vita um málin fyrstir allra til þess að geta látið umbjóðendurna halda að lánin hafi fengist fyrir þeirra tilverknað.

Stjórnarformaðurinn hlær líka í huganum að öllum frjálshyggjuungunum sem skrifa hvassyrtar greinar í blöðin um spillinguna í sjóðakerfinu. Hann sér enga raunverulega spillingu. Honum finnst þetta nokkurs konar leiksýning, spillingarleikur eða leikin spilling. Hann hlær sérstaklega að síðustu grein frjálshyggjupostulans sem kallaði svona kerfi sjálfvirka spillingu þar sem kerfið væri orðið hnökralaust og líkti mönnum eins og formanni sjóðstjórnarinnar við embættismenn Stóra bróður í bók Orwells 1984." Áfram heldur hann.

„Íslenska þjóðfélagið er kunningjaþjóðfélag. Þegar fyrirtæki verða gjaldþrota og þegar rekstur þeirra stöðvast eru það ekki einhver fjarlæg tíðindi, heldur oftast mál sem snerta ættingja, vini og samherja. Þegar stjórnandi fyrirtækis sækir um lán til fjárfestingar eru arðsemisútreikningarnir ekki bara svartar tölur á hvítum pappír þar sem öllu máli skiptir hvort plús eða mínus er fyrir framan niðurstöðutöluna og hversu stór hún er, heldur er verið að tefla um framtíðaratvinnumöguleika hjá mörgum frændum og gömlum leikfélögum. Og þegar stjórnandinn ætlar að víkja úr starfi einhverjum letingjanum sem allt eitrar í kringum sig með söguburði og illmælgi er hann vinsamlega minntur á það að frænka bankastjórans sé náskyld ömmu letingjans og það séu tveir þingmenn í ættinni. En hvað skyldi kunningjaþjóðfélagið kosta?" spyr dr. Vilhjálmur Egilsson.

Annar maður sem mig langar að vitna í, er hv. þm. Albert Guðmundsson sem var í viðtali fyrir skömmu við Alþýðublaðið. Þar stendur haft eftir þm. og reyndar er vitnað hér í einn flokk og ég hef tekið dæmi af mönnum er tengjast eða hafa tengst honum af því að þau voru nærtæk og ég átti ljósritin, en vitanlega viðgengst þetta alls staðar og er ekkert sérstaklega verið að vitna til þess flokks umfram aðra. Það á við alla stjórnmálaflokkana, fjórflokkana a.m.k.

„Fólk áttar sig ekki á því að Sjálfstfl. hefur notað það fjöldafylgi sem hann hefur til að auka vald hinna fáu. Það er þetta alræði hinna fáu í skjóli kosninga og fjöldafylgis sem gerir Sjálfstfl. sterkan." „Og hverjir eru hinir fáu," spyr spyrillinn. „Hvað heldurðu að það séu margir sem ráða Íslandi? Kallarðu það marga ef það eru tíu fjölskyldur sem ráða? Alræði hinna fáu ræður á Íslandi í dag. Þú kemst ekki áfram neins staðar ef þú stígur á anga hinna stóru í þjóðfélaginu."

Aftur er spurt: „Er það í krafti peninga sem þetta fólk ræður?" „Já, í krafti peninga og aðstöðu. Hvað heldurðu að það séu margir þessara 32 aðila sem buðu í Útvegsbankann á móti Sambandinu sem buðu eigin peninga? Farðu í gegnum þann lista og sjáðu hvaðan þeir koma, frá hvaða sjóðum, frá hvaða stofnunum, fyrirtækjum." Og áfram er spurt:

„Og þetta fólk náði saman á einum sólarhring til að leggja fram tilboð?“ „Það náði ekkert saman á einum sólarhring. Þetta er þróun sem er afskaplega sniðuglega byggð upp í gegnum áratugi.“ Og ég legg áherslu á það að ég er ekki að vega sérstaklega að einum flokki. Ég held að þetta gildi alls staðar. Þetta er bara tekið sem dæmi og ég bið þm. að íhuga það.

Já, það er einkennandi hve samtrygging þeirra er einhuga sem staðið hafa í forsvari fyrir ákvörðunum um almannafé alveg án tillits til þess hvernig tekist hefur til. Oft er jafnvel slegin skjaldborg um þá sem hafa gert mistök eða brotið af sér. Stundum eru þó færðar fórnir eða menn látnir farast ef þarf að losna við þá. Þeir sem ákvarða um almannafé eru oft ósínkir á að veita sér og lagsbræðrum sínum ýmis forréttindi sem almenningi bjóðast ekki. En hafa þeir velt fyrir sér fordæmisgildinu sem slíkt hefur? Er það rétt að kostnaður við rekstur 10 ráðherrabíla sé rúmlega tvöfalt hærri en allur rekstur Hæstaréttar og tvöfalt hærri en allur rekstur Fiskvinnsluskólans? Hvers vegna þurfa bankastjórar ráðherrakjör á bílum? Hvaða sérþarfir hafa þeir sem venjulegt fólk hefur ekki?

Nú er samdráttur í þjóðfélaginu. Hvernig ætla stjórnvöld að sýna fordæmi? Ætla þau að byrja á sjálfum sér? Eða er það bara almenningur sem á að spara? Kannast þm. við orðatiltækið eða máltækið „Eftir höfðinu dansa limirnir.“ Kannast þeir við orðatiltækið „Hvað höfðingarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það.“ Er siðgæði í íslenskum stjórnmálum í raun annað en tíðkast víða í nágrannalöndum okkar? Eru siðferðisstaðlar okkar þjóðfélags aðrir? Hvers vegna hefur það verið þjóðaríþrótt hérlendis að svíkja undan skatti? Er siðleysi skattsvika og opinberra fjársvika af sama toga spunnið? Endurspeglar siðferði stjórnmálamanna siðferði þess samfélags sem velur þá til starfa?

Bandaríkin eru annar aðili að byggingu þessarar flugstöðvar sem hér er til umræðu. Orð hefur stundum farið af spillingu tengdri forsetaembætti Bandaríkjanna vegna þeirra miklu fjármuna sem *frambjóðendur þurfa að hafa til þess að geta boðið* sig fram. Ég hef heyrt talað um 20–25 millj. dollara sem það kosti hvern mann sem lætur sér detta í hug að hann geti orðið forseti Bandaríkjanna. Það er dágóður hluti af flugstöð. Er þá stundum ýjað að því að fjársterkir hagsmunaaðilar standi að baki forseta og geti síðan haft áhrif á gerðir hans. Hvað sem rétt er í þessum efnum virðist samt vera til ferill innan bandarísks stjórnkerfis þar sem hægt er að taka á málum tengdum spillingu eða misferli og nægir að minna á Watergate og vopnasölumál sem snertu Íran og síðan fjársendingar til Contra-skæruliðanna. Þessi mál voru tekin fyrir á Bandaríkjaþingi og þau voru krufin jafnvel þó að það væri óþægilegt fyrir þá sem valdamestir eru.

Það má minna á fleiri mál úr nágrannalöndum okkar. Astrid Gjertsen var ráðherra í Noregi sem falsaði leigubílanótur allt að 30 þús. norskum krónum. Henni var vikið úr embætti. Ritt Bjerregaard var ráðherra í Danmörku. Hún hafði búið á of dýru hóteli að mati samráðherra sinna og þingsins. Henni var vikið úr embætti. Uwe Reimer nýtti sér skattaívilnanir á lögmætan hátt, en það þótti siðlaust. Cecil Parkinson eignaðist barn utan hjónabands. Hann vék úr embætti. Breskur ráðherra, annar, Profumo, átti samband við vændiskonu sem líka átti samband við rússneskan mann. Hann vék úr embætti. Það eru ótal slík dæmi sem mætti telja upp sem lýsa sterkri hefð til þess að segja af sér ef menn telja sig ekki hafa risið undir ábyrgð sem þeim var falin eða hafi þeir varpað hinum minnsta bletti á þá opinberu stöðu sem þeir gegndu. Jafnvel þegar stjórnmálastefnan er þannig að menn eru ekki sáttir við hana segja menn af sér víða erlendis þó að það sé auðvitað ekki algilt.

Það er enginn vafi í mínum huga að þeir sem taka að sér fulltrúahlutverk í stjórnmálum, opinbera stöðu eða embætti, taka jafnframt á sig aukna siðferðilega ábyrgð. Ábyrgð þeirra sem gegna áhrifastöðum er ekki einungis gagnvart stöðu sinni og umbjóðendum og sjálfum sér, heldur er hún einnig fólgin í því fordæmisgildi sem staða þeirra hefur, því eins og ég áðan sagði: eftir höfðinu dansa limirnir. Heilindi þeirra sem annast ákvarðanatöku er varðar velferð manna og ráðstöfun almannafjár verða að vera óvefengjanleg. Slíkir einstaklingar verða stöðugt að vera vakandi fyrir því að þeir lendi ekki í neinni þeirri stöðu sem gæti hindrað þá í því að taka málefnalega afstöðu og gegna hlutverki sínu sem skyldi.

Það er stutt síðan nýkosinn bæjarstjóri á Akureyri vék sér af fundi Byggðastofnunar vegna þess að hann sá fyrir sér hagsmunaárekstra á þeim fundi sem hann gæti sjálfur lent í. Hann sætti ámæli fyrir þetta en svaraði: Menn verða að hafa eitthvert siðferði.

Það skiptir meginmáli að kosnir fulltrúar séu í lifandi tengslum við þjóðlífið til þess að þeir beri skynbragð á þarfir þjóðfélagsins og einstaklinganna. Það gegnir hins vegar allt öðru máli um afskipti þeirra og tengsl við ýmsar fyrirgreiðslu- og fjármálastofnanir sem geta mjög auðveldlega stefnt hlutleysi þeirra í voða. Hið íslenska kunningjaþjóðfélag og ættartengsl hafa síðan án efa einnig gert mörgum erfitt um vik þegar taka þarf málefnalega afstöðu án tillits til þess hverjir eiga í hlut. Kunningja-, ætta- og stjórnmálatengsl eru burðarásar þess samtryggingarnets sem hefur bjargað mörgum frá slæmu falli en fleygt öðrum hálfa eða alla leiðina upp eftir framabrautinni.

Stjórnmálamenn sækjast eftir því að sýna festu við að stjórna öðrum. Því skyldi þeim líðast það að sýna sjálfum sér linkind og undanþágur? Það er kominn tími til þess að ráðamenn beiti því valdi sem þeim hefur verið falið til þess að taka í lurginn á sjálfum sér í stað þess að beita því eða misbeita gegn öðrum. Þessi kinokun ráðamanna við því að taka ábyrgð á gerðum sínum er meinsemd í íslensku þjóðfélagi og veldur vaxandi vantrausti almennings á stjórnvöldum og Alþingi. Samkrull stjórnmálamanna og ým-

issa ráðandi stofnana í þjóðfélaginu í gegnum pólitísk ráð og nefndir hefur leitt til þess að þeir hafa oft óeðlilega mikil völd og áhrif, einkum í meðferð almannafjár. Umræða meðal almennings lýsir mikilli óánægju og gremju með þetta athæfi og í mínum huga er það einungis spurning um það hvenær menn byrja að sýna það hugrekki sem þarf til að rjúfa öryggi samtryggingarinnar og vernd kunningjaþjóðfélagsins, sýna þann manndóm að taka ábyrgð á gerðum sínum og ætlast til þess sama af öðrum. Kannski verður þetta fyrst þegar fleiri húsmæður koma inn í stjórnsýsluna og færa þangað annálaða ábyrgðartilfinningu sína.

Það er reyndar ekki orð í þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. færir okkur hér um ábyrgðarhlutdeildina sem sérstaklega er spurt um og ég verð að segja að mér finnst það mjög miður. Það er ljóst að mikill skortur hefur verið á tengslum milli ráðherra og ráðuneytisins og þeirra sem ráðuneytið hefur falið verkefni. Að einhverju leyti hefur þó trúlega verið um að ræða traust milli manna sem vel þekkjast, samkomulag um að framkvæma verkefni sem allir voru sáttir um, gæluverkefni gætum við sagt, hvað sem það kostar. Stjórnarleg ábyrgð eða stjórnunarleg ábyrgð var óvefengjanlega í höndum utanrrh. á hverjum tíma og ráðuneytisins þó svo að undirmenn eða verktakar hafi í raun framkvæmt mistökin. Það er einnig ljóst að ekki var nægileg heildarsýn yfir verkið meðan það var í framkvæmd eins og tekið var fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það verður að fara í saumana á öllu þessu stjórnunar- og framkvæmdaferli bæði í þessu ráðuneyti og í öllum öðrum ráðuneytum til þess að tryggja að slíkt komi ekki fyrir aftur. Við höfum ekki efni á fleiri svona ævintýrum. Og við getum ekki liðið það að ævintýramennirnir gangi ævinlega ósárir frá leiknum þegar síðan eru hundeltir fulltrúar almennings sem hafa jafnvel mun minni yfirsjónir á sinni könnu. Það er einmitt þetta sem við þurfum að ræða hér í þinginu: Hvernig ætlum við að standa að því að gera stjórnkerfið og stjórnunarferlana trúverðuga? Því að ég er alveg viss um að við viljum það öll. Mér dettur ekki í hug að neinu ykkar sem hér sitjið líki það að einungis 24% almennings í landinu skuli halda að við segjum satt. Mér þykir það bara mjög slæmt. Ha! Að vera aðili að starfsgrein þar sem einungis 24% almennings halda að við séum að segja sannleikann. Mér finnst það bara afleitt og við hljótum öll að þurfa og vilja bæta þar úr skák. Og það dugar ekki lengur að veigra sér stöðugt við því að taka hlutlaust og málefnalega á málunum.

Mig langar til þess að vitna í þann lærdóm sem Ríkisendurskoðun taldi að mætti draga af þessu síðasta ævintýri okkar, vonandi því síðasta, flugstöðvarævintýrinu. En þar segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Lærdómur sem draga má af framkvæmdinni:

Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir," og þetta á auðvitað við allar meiri háttar opinberar framkvæmdir, „m.a. eftirfarandi:

1. Vanda til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.

2. Vanda til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.

3. Vanda til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.

4. Varast skal breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur."

Hæstv. utanrrh., það er mjög auðvelt að ljósrita bls. 10 í skýrslunni. (**Utanrrh.:** Ég á skýrsluna.) Nú fer ég fram á það við hæstv. ráðherra að hann láti taka eitt eintak fyrir hvern ráðherra, nei, þrjú eintök fyrir hvern ráðherra og þrjú eintök fyrir þá sem starfa í ráðuneytunum. Ég legg til að hann mæli með því að þeir hengi eitt eintak fyrir ofan rúmið sitt, næsta eintak verði við morgunverðarborðið og þriðja eintakið verði á skrifborðinu, þannig að þeir geti haft það fyrir augunum svo að við þurfum ekki að ganga í gegnum þetta eina ferðina enn, minna sig á það.

Vegna þess sem hæstv. ráðherra var að tala um að auðvitað hefði þetta getað orðið ódýrara langar mig að vitna hérna í blað sem þm. var sent. Það var sérstakt auglýsingablað frá tímaritinu Time og fjallaði um Möltu. Þar segir í örlitlum dálki að stjórnin á Möltu hafi gefið grænt ljós til framkvæmda fyrir nýja flugstöð. Hún á að kosta 30 millj. bandaríkjadala. Henni á að vera kleift að afgreiða tvær og hálfa milljón farþega á ári sem er sagt vera mun meira en Malta þurfi á að halda í bráð. En floti Möltu eru tíu Boeing-þotur sem taka á sig 137 flug á hverri viku til og frá Bretlandi. Og síðan eru önnur 35 flug til og frá París og Róm í hverri viku. Ég kann nú ekki samanburðartölur frá Íslandi, en þetta er greinilega mun nettari og ódýrari flugstöð sem Möltubúar telja sig þurfa.

Nei, við verðum að taka upp ný og betri vinnubrögð án þess þó að reka hér þjóðfélag sem leitar uppi sökudólga af hefndarlöngun. Um slíkt er ekki að ræða. Umfjöllun hlýtur alltaf að þurfa að vera tillitsöm, vinsamleg og réttlát. Menn í svokölluðum ábyrgðarstöðum og opinberum stöðum verða einfaldlega að standa ábyrgir gerða sinna eins og þeir ætlast til af hinum almenna borgara. Leikurinn við „litlu gulu hænuna" dugar ekki lengur. Það þýðir ekki að vísa stöðgt á aðra og neita að taka til sín annað en það sem gott þykir.

Atferli stjórnvalda hefur fordæmisgildi. Því vil ég biðja menn að hyggja að. Síðan vænti ég þess að hæstv. ráðherra svari þeim örfáu fyrirspurnum sem ég beindi til hans. Mér finnst þetta mál vera prófmál á vissan hátt um svo fjarskalega mörg önnur mál sem við þurfum ekki að endurtaka og eigum ekki að

endurtaka. Við eigum að læra af mistökum okkar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er orðið ákveðið vandamál þegar maður tekur þátt í þessari flugstöðvarumræðu áfram hve mikið af skjalasafninu maður á að taka með sér hverju sinni og hafa við höndina. Ég fer þó ógjarnan í ræðustólinn án þess að hafa með mér þjóðhátíðarútgáfu Morgunblaðsins frá 12. apríl 1987 þegar út kom eitthvert glæsilegasta sérrit sem þetta stærsta blað landsins hefur nokkurn tímann birt með miklu af fallegum myndum og viðtölum og sennilega fleiri hástemmdum lýsingarorðum en oft hafa verið sett á blað á einum degi á Íslandi um glæsileik og kosti þessa mikla mannvirkis og hvílík blessun það mundi nú verða landi og lýðum, hvursu vel hefði þar verið að verki staðið á allan hátt og hvursu ánægjulegt þetta væri allt saman svona rétt fyrir kosningarnar. Ég ætla alla vega að hafa þetta hér við höndina ásamt fleiri gögnum. Það gæti komið sér vel að rifja þar upp eina eða tvær setningar, t.d. úr ræðu hæstv. núv. samgrh.

Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar, sem hæstv. fjmrh. bað um að unnin yrði, kom út, vakti hún í senn auðvitað óhug en líka vonir um það að á því alvarlega máli, sem þá lá fyrir að tengdist byggingu þessarar flugstöðvar, yrði tekið og e.t.v. með nýjum hætti og myndugri hætti en við Íslendingar höfum oftast átt að venjast þegar upp koma slík vandræðamál.

Þar var á ferðinni ítarleg og vel unnin skýrsla eftir langa og rækilega skoðun á þessu máli, sett fram á skýran og hlutlægan hátt. Það vakti vissar vonir um að málinu yrði fylgt eftir og það gert sem gera þarf til þess bæði að öll kurl kæmu til grafar í þessu einstaka máli og það yrði hægt að fyrirbyggja með öllum tiltækum ráðum að slíkt gæti hent aftur.

Skýrslan bendir á þær spurningar sem ekki hafi verið svarað með fullnægjandi hætti og leggur til ýmsar úrbætur þegar staðið er í slíkum framkvæmdum. Nú verð ég hins vegar að segja eins og er að mér virðast öll viðbrögð stjórnvalda einkum og sér í lagi ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi benda til þess að það eigi að láta þar við sitja. Menn ætla að láta það duga að fá skýrslu um málið sem í sjálfu sér upplýsir að mjög alvarlegir hlutir hafi þarna átt sér stað, en síðan verði látið þar við sitja.

Þessi skýrsla, ef svo má að orði komast, sem hæstv. utanrrh. leggur fyrir þingið að beiðni nokkurra hv. þm. — hv. þm. Páll Pétursson notaði orðið „bréf“ og hefur sennilega viljað forðast það að kalla þetta skýrslu, mér liggur við að gera slíkt hið sama, tala um þennan pappír, 16. mál, þskj. 303 — er auðvitað ákaflega óburðugt og ómerkilegt plagg í raun og veru eins og þegar hefur verið rætt hér á hinu háa Alþingi.

Ég hafði vænst þess að hæstv. utanrrh., sem hefur nú haft alldrjúgan tíma til að skoða þessa afurð síns ráðuneytis, mundi við þessa umræðu um skýrsluna gera e.t.v. eitthvað ítarlegar grein fyrir afstöðu sinni og ráðuneytisins en lesa má út úr þessari skýrslu. Svo var ekki gert.

Ég held því að menn hljóti þá að líta svo á sem þetta sé málsvörn hæstv. utanrrh. eins og hún leggur sig, þetta litla plagg, þskj. 303. Þá er auðvitað óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að svara fyrir þann mun sem er á þessum tveimur opinberu skýrslum, annars vegar skýrslu Ríkisendurskoðunar og hins vegar skýrslu ráðuneytisins? Það gengur auðvitað ekki að tvær opinberar skýrslur stangist á í veigamiklum atriðum þegar svona hlutir eru hér á ferðinni. Það er alveg ljóst að fullyrðingar í skýrslu hæstv. ráðherra stangast á við niðurstöður Ríkisendurskoðunar. Og eins og þegar hefur komið hér fram þá stendur Ríkisendurskoðun við sína skýrslu í öllum greinum. Það hefur verið upplýst á fundum með formönnum þingflokka hér á Alþingi og jafnframt kom það fram í máli hv. síðasta ræðumanns.

Þess vegna sleppur hæstv. ráðherra að mínu mati einfaldlega ekki með það. Það gengur auðvitað ekki að hann ætli að láta líta svo út sem þetta sé allt í besta lagi, að við þessa skýrslu, þessa málamyndavörn sem þar er fram færð í skýrslu ráðherra eða svari við skýrslubeiðninni, verði látið sitja.

Ég fór fram á það fyrr í vetur, virðulegur forseti, að hæstv. utanrrh. drægi til baka þennan pappír sinn og léti skoða hann betur og dreifði síðan öðrum sem væri meira í samræmi við raunveruleikann. Ég taldi mig hafa sýnt fram á rangfærslur í þessu skjali. Þær standa enn og þær hafa ekki verið leiðréttar. Ég bendi hæstv. utanrrh. á bls. 2 í þessari skýrslu og ég spyr hann aftur: Er sú uppsetning sem þar er viðhöfð við hæfi, að setja áætlanir byggingarnefndar um byggingarkostnað á hverju ári 1984–1987 upp með þeim hætti sem gert er? Og segja síðan: Þessar áætlanir byggingarnefndar, sem hún lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gerðu því glögga og raunsæja grein fyrir byggingarkostnaði. Um umframkostnað samanborið við þessar áætlanir er því ekki að ræða. En gallinn er bara sá að í töflunni eru óskir byggingarnefndarinnar tíundaðar, ekki niðurstaða fjárveitingavaldsins. Það skakkar í einu tilfelli tæpum 300 millj. kr.

Á árinu 1986 fór byggingarnefndin fram á framkvæmdir fyrir 1 milljarð kr., reyndar rúman. Niðurstaða fjárlaga varð 710 milljónir. Engu að síður eru hlutirnir settir fram í þessari skýrslu með þeim hætti eins og óskir byggingarnefndarinnar séu það sem á að ráða úrslitum og miðað við þessar óskir sé ekki um umframkostnað að ræða.

Hér er auðvitað svo augljóslega verið að reyna að slá ryki í augu manna að ég held að svona uppsetning á opinberu skjali gangi ekki. Þó ekki væri annað en þetta eina atriði væri það full ástæða til þess að draga þessa skýrslu til baka og láta í öllu falli prenta hana upp þar sem búið væri að breyta þessari uppsetningu, þessari tölu. Reyndar er það ýmislegt fleira sem ætti þá að hverfa út úr þessari skýrslu, til að mynda fullyrðingar um það að skýrslan, jafn-

ómerkileg og hún nú er, sýni glöggt, eins og sagt er á bls. 5, að flestar þær fullyrðingar sem fram hafa komið síðustu daga, vikur og mánuði um byggingarframleiðslukostnað Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar séu rangar.

Þarna er ekki farið í manngreinarálit. Þarna er einfaldlega fullyrt að flestallt það sem haldið hafi verið fram um þessi mál, annað en það sem byggingarnefndin hefur sagt, væntanlega, sé rangt. Þarna var ekki undanskilin skýrsla Ríkisendurskoðunar. Hæstv. ráðherra tók það svo fram í sinni framsögu fyrir plagginu að hann ætti ekki við Ríkisendurskoðun eða að ekki bæri að líta svo á sem þessi ummæli næðu yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar. En hið prentaða mál gerir engan greinarmun þarna á og það er að mínu mati ekki við hæfi að setja hlutina þannig fram.

Ég held að hæstv. ráðherra verði að reyna aðeins betur en hann gerði hér í upphafi að skýra þetta tvennt út, hvernig hann vill fara með þann mismun sem er á þessum tveimur opinberu plöggum og þessa villandi framsetningu sem þarna er í skýrslunni.

Ég vil einnig aftur beina spurningu til hæstv. utanrrh. varðandi fréttatilkynningu frá þessum undirmönnum ráðherrans sem var send fjölmiðlum 14. ágúst sl. frá byggingarnefnd flugstöðvarinnar. Þar voru gerðar svo grófar tilraunir til þess að villa um fyrir mönnum að það verður að mínu mati varla við það unað að opinber nefnd standi þannig að hlutunum, þegar byggingarnefnd setur það fram að kostnaðaráætlun flugstöðvarinnar á árinu 1983 hafi hljóðað upp á 42 millj. bandaríkjadala. Og síðan eru framreiknaðar frá því ári allar verðhækkanir sem síðan hafa orðið.

En hver er staðreynd málsins? Staðreyndin er sú að inni í þessari tölu, 42 millj. dala, eru 8,5 millj. upp í áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma. Hin eiginlega kostnaðaráætlun hljóðar upp á 33,5 millj. Síðan er gert ráð fyrir verðhækkunum á byggingartíma upp á 8,5 millj. Engu að síður setur þessi nefnd í opinberri fréttatilkynningu fram fullyrðingu um það að kostnaðaráætlunin hafi verið upp á 42 millj. dala. Hér er farið rangt með og það getur ekki verið að menn sem hafa unnið að þessum málum í mörg, mörg ár viti ekki betur. Ef þeir gera það ekki eru þeir ekki starfi sínu vaxnir. Að mínu mati, þó ekkert annað kæmi til en þessi framsetning, hefðu allir byggingarnefndarmennirnir sem stóðu að útsendingu þessarar fréttatilkynningar átt að segja af sér samstundis og það var ljóst að þeir höfðu sent frá sér opinbera fréttatilkynningu þar sem farið var rangt með, beinlínis lagðar fram villandi upplýsingar til að reyna að bæta málstað nefndarinnar.

Hæstv. ráðherra vill e.t.v. svara ofurlítið til um þetta. Er til í dæminu að hann beini þeim tilmælum til þessara höfðingja sem sendu frá sér þessa fréttatilkynningu að þeir dragi hana formlega til baka þó seint sé, biðjist afsökunar á því að hafa sett fram rangar upplýsingar og geri þó a.m.k. það til að bæta það sem að vísu er næstum því ófyrirgefanleg framkoma af mönnum í þeirra stöðu?

Herra forseti, mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. lítillega út í eina hlið þessa máls sem ekki hefur verið mikið til umræðu. Það varðar hönnunarþátt verksins og skipulagslög og byggingarlög í landinu. Það skyldi þó ekki vera þannig ef farið væri aðeins ofan í saumana á þessu máli að þar hafi verið staðið nokkuð sérkennilega að hlutunum. Það er rétt að muna eftir því í þessu sambandi hvers eðlis þetta mannvirki er, að þetta er byggt sem hernaðarmannvirki og vegna þeirra ákvæða sem hér gilda um uppbyggingu hernaðarmannvirkja í landinu sem með sérstökum lögum eða samningum sem hafa lagagildi eru færð alfarið og einhliða undir utanrrh. Þar með eru í raun numin úr gildi ákvæði annarra íslenskra laga. Eins og margoft hefur komið fram þegar sveitarfélög og aðrir slíkir aðilar láta reyna á rétt sinn gagnvart einstökum lögum er ævinlega litið svo á að varnarsamningurinn, viðaukar hans sem hafa lagagildi, taki af lögsögu hinna einstöku fagsviða í slíkum tilvikum.

Þannig hefur það verið með skipulagsmál og framkvæmd byggingarlaga og skipulagslaga innan hinna svonefndu varnarsvæða að þau hafa ekki verið virt. Árið 1981 var páv. hæstv. utanrrh. bent á það að framkvæmdir á varnarsvæðunum hefðu í raun brotið í bág við byggingarlög og skipulagslög frá upphafi vega. Og þetta varð að nokkuð óþægilegu máli fyrir hæstv. páv. utanrrh. Niðurstaðan varð sú að búið var til nýtt „apparat", svonefnd „byggingarnefnd varnarsvæða", ef ég kann að nefna þessa stofnun rétt, til þess að bjarga þessu í horn og vísa þangað þeim verkefnum sem annars ættu að fara fyrir byggingarnefndir sveitarfélagana á viðkomandi svæðum. Og hvernig standa þau mál þá gagnvart þessu mannvirki? Þau standa auðvitað þannig að byggingarnefnd sveitarfélaga á þessu svæði hefur aldrei samþykkt neinar teikningar að þessari flugstöð. Hún hefur aldrei fengið um þær að fjalla, sbr. dóma þar um eða málshöfðun sem út af því hefur gengið.

Mig langar að spyrja líka vegna þess að til er í landinu embættismaður sem heitir húsameistari ríkisins og er aldrei nema arkitekt þessa mannvirkis. Nú vill svo sérkennilega til að þessi sami opinberi embættismaður situr í þessari byggingarnefnd varnarsvæða og hann situr líka eðli málsins samkvæmt í skipulagsstjórn ríkisins. Og vegna þeirrar sérkennilegu málsmeðferðar, sem viðhöfð hefur verið í þessu tilviki eins og öðrum innan varnarsvæðanna, hafa byggingarnefndir t.d. Miðneshrepps eða önnur slík apparöt aldrei samþykkt neinar teikningar að þessari flugstöð. Ég vil því spyrja: Hafa byggingarnefndarteikningar verið samþykktar að flugstöðinni? Svarið er nei. Þær hafa aldrei verið samþykktar. Hverjir hafa þá fjallað um þær hliðar málsins? Byggingarnefnd varnarsvæða. Húsameistari ríkisins ásamt með öðrum höfðingjum hefur fjallað um sín eigin hugarverk í byggingarnefnd varnarsvæða. Og ég vil spyrja um ákvæði skipulagslaga. Hefur deili-

skipulag verið samþykkt af þessu byggingarsvæði? Svarið er auðvitað nei. Þar hafa menn líka stytt sér leið.

Hér hefur þar af leiðandi verið staðið mjög óvenjulega að hlutunum. Venjubundin málsmeðferð þegar í hlut eiga opinberar íslenskar framkvæmdir hefur ekki verið virt vegna þess að þetta mannvirki er sett undir utanrrn. og varnarmálaskrifstofuna og það apparat allt saman en samgrn., sem eðli málsins samkvæmt hefði átt að fjalla um þetta, hefur þar hvergi nærri komið.

Núv. hæstv. samgrh. hefur að vísu ekki haft hátt um það að hann telji að þetta eigi að vera samgöngumannvirki eða ég hef ekki heyrt það, en það kann nú að vera af einhverjum öðrum ástæðum en þeim sem hæstv. forverar hans notuðu sem rökstuðning á sínum tíma. Auðvitað er það fullkomlega óeðlilegt að svona mikilvægt samgöngumannvirki fyrir þjóðina skuli vera með þessum hætti sett út undan og væri rétt að breyta því nú þó seint sé. En þetta held ég að hæstv. ráðherra ætti að fræða okkur ofurlítið nánar um. Ég er alveg viss um að hann hefur kynnt sér þetta rækilega og farið ofan í saumana á þessu vegna þess að þegar jafnaugljós mistök hafa átt sér stað í hönnunarþætti framkvæmdanna, og Ríkisendurskoðun telur að þar sé að finna einn af þeim þáttum sem fór úr böndunum, þá er eðlilegt að spurt sé: Hvernig var farið með teikningar og áætlanir á þessu sviði? Ég þykist hafa rakið það nokkuð hvaða málatilbúnaður var þar hafður uppi og það vekur líka spurningar um þátt einstakra manna eins og húsameistara ríkisins sem er þarna á öllum vígstöðvum ef svo má að orði komast.

Ég hefði einnig haft gaman af því að fá um það upplýsingar ef hæstv. forsrh., sem mun vera yfirmaður húsameistara, hefði nú heiðrað okkur hér með nærveru sinni: Hvernig voru skilin milli embættisins, embættis húsameistara ríkisins, annars vegar og arkitektsins Garðars Halldórssonar hins vegar? Að hve miklu leyti er Garðar Halldórsson sem einstaklingur og arkitekt höfundur hugverksins og teikninganna og vann það sem slíkur og að hve miklu leyti var hið opinbera embætti húsameistara ríkisins framkvæmdaaðili í þessum efnum? Af lestri þeirra skýrslna sem ég hef hér fyrir framan mig liggur það ekki ljóst fyrir í mínum huga hver hefur gert hvað í hverju einstöku tilfelli.

Herra forseti. Það er víðar verið að byggja flugstöðvar en á Möltu. Það eru fleiri þjóðir en við Íslendingar sem eru að byggja flugstöðvar. Vestur í Bandaríkjunum var líka byggð flugstöð og það hefur verið vitnað til hennar fyrr í þessum umræðum. Það er í Harrisburg í Bandaríkjunum. Og nú vill svo merkilega til að ég hef fengið allmiklar blaðaúrklippur, umræður um þá flugstöð. Það eru víðar vandræði í sambandi við nýjar flugstöðvar en á Íslandi, víðar koma fram svona tæknilegir ágallar og víða þrasa menn um þá hluti. En það merkilega við þessa flugstöð, sem nýlega var opnuð í Harrisburg í Bandaríkjunum, er það að þó að ýmissar óánægju hafi gætt með ákveðna hluti þeirrar framkvæmdar, þá kostar mannvirkið ekki nema 14 millj. bandaríkjadala. Og þar er allverulegur munur á þeirri tölu sem við stöndum frammi fyrir, flugstöðinni í Keflavík. Ég get ekki stillt um það, virðulegur forseti, að grípa niður í blaðaúrklippu sem ég hef fengið frá Bandaríkjunum um þessa flugstöðvarbyggingu í Harrisburg því að þar stendur á einum stað, með leyfi forseta, og ég verð því miður að lesa þetta á ensku:

„Critics and the architect of the building contend the building was open before it was ready. Opening the long awaited terminal had been a goal of the Thornborough administration."

Og í lauslegri þýðingu: „Gagnrýnendur og arkitekt byggingarinnar halda því fram að hún hafi verið opnuð áður en hún var tilbúin. Opnun þessa mannvirkis, sem lengi var búið að bíða eftir, var sérstakt takmark stjórnar Thornboroughs. M.ö.o.: Þarna voru menn að flýta sér. Kannski voru kosningar í nánd í Harrisburg eins og víðar. Þetta er eitt af því sem veldur mönnum vandræðum og rifist er um þarna vestan hafs.

Munurinn er hins vegar sá og mér segir svo hugur um að þar verði farið ofan í saumana á hlutunum og þegar upp verði staðið verði einhver látinn sæta ábyrgð fyrir það sem úrskeiðis hefur farið ef það telst þá svo mikið að rétt sé. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þeirri spurningu hér og nú hvort menn ætla að láta það gott heita að niðurstöður Ríkisendurskoðunar veki í raun og veru jafnmörg svör um ábyrgð, um það hverjir skuli sæta henni og hvort menn ætli að láta það viðgangast að málið verði látið deyja út af eða þaggað niður á því stigi.

Ég minni á tillögu sem liggur nú fyrir hv. utanrmn. Alþingis um það að þingið kjósi sérstaka rannsóknarnefnd til að fara ofan í saumana á þeim hlutum sérstaklega, þ.e. hverjir skuli sæta ábyrgð og hvort þeir aðilar, háttsettir ýmsir, sem þessu máli tengjast geti eftir sem áður sinnt opinberum embættum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, herra forseti, að ég held að það sé að sönnu mikið áfall fyrir þjóðina að hafa fengið svona dýra og vonda flugstöð þó að það bætist nú ekki við að þetta verði öllum almenningi hrapallegt dæmi um skort á siðferðisþreki æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Og með skorti á siðferðisþreki á ég við það að ef þessi stofnun hér, Alþingi, ætlar í þessu máli og þessu máli sérstaklega, þar sem ýmsir mjög háttsettir aðilar eiga hlut að máli, að láta þjóðina horfa upp á það að hlutunum verði sópað undir teppið og ekkert gert eina ferðina enn, þá verður það sennilega meira áfall og þyngra en flest önnur af sambærilegu tagi. Ég held að einmitt vegna þess að hér eiga beinan hlut að máli stjórnmálaforingjar og háttsettir opinberir embættismenn sé meiri nauðsyn en í flestum öðrum tilfellum að fá alveg hreinar niðurstöður í þessu máli. Það gengur auðvitað enn síður að láta

menn horfa upp á það að málunum sé sópað undir teppið vegna þessa. Því er ábyrgð hv. alþm. mikil ef þeir með upplýsingar af því tagi sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar í höndunum ætla að láta þar við sitja. Þar er sagt að á þessu og á hinu hafi Ríkisendurskoðun ekki fengið skýringar, t.d. ekki á því af hverju vitneskju um stórkostlega umframeyðslu fjár var árum saman haldið leyndri fyrir fjárveitingavaldinu. Og á sem sagt að láta þar við sitja eða ekki? Um það snýst í raun og veru spurningin. Þessi skýrsla sem hér er sérstaklega á dagskrá breytir í raun og veru engu þar um. Þetta er aumt plagg eins og ég hef þegar rakið, þetta er yfirklór í bland við ranga eða villandi framsetningu upplýsinga. Ég held að það sé í raun best að láta sem þessi skýrsla sé ekki til, það væri best ef það væri hægt. Að vísu er þetta opinbert þingplagg og verður sjálfsagt að meðhöndlast sem slíkt.

En niðurstöður Ríkisendurskoðunar liggja fyrir. Ríkisendurskoðun telur sig engu hafa við þær að bæta, stendur við þær í öllum atriðum þannig að ég kýs að halda mig við það sem sannara er, það sem réttast er og ræða málið á þeim grundvelli. Og þar eru að mínu mati opnar spurningar sem verður að fá svör við. Það er eðli málsins samkvæmt ekki hlutskipti Ríkisendurskoðunar og ekki tilgangur með þeirri stofnun að leita svara við því sérstaklega hverjir skuli sæta ábyrgð eða hverjum beri að axla ábyrgð á tilteknum hlutum. Það gerir ekki stofnun af tagi Ríkisendurskoðunar, en það kemur að sjálfsögðu til kasta Alþingis, bæði vegna þess að hér er opinber framkvæmd á ferð og Alþingi er líka sú stofnun sem hefur yfir Ríkisendurskoðun að segja, beint og sérstaklega.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. svari þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann sérstaklega um það hvernig þessi bygging tengist byggingarlögum og skipulagslögum og verður fróðlegt að heyra hversu vel hæstv. utanrrh. hefur kynnt sér það hvernig með þau mál var farið, en það er einn verulega stór angi þessa máls og tengist opinberu embætti af hæstu gráðu.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Mig langar til að taka sérstaklega fyrir og fjalla lítillega um einn þátt þessa máls, þ.e. þann lærdóm sem við getum dregið af undirbúningi framkvæmda flugstöðvarbyggingarinnar. Ég kom ekki í flugstöðvarbygginguna nýju fyrr en síðla árs 1987, stóð þannig á að ég átti ekkert erindi til útlanda fyrr en löngu eftir að flugstöðin hafði verið tekin í notkun. Ég var þá búinn að lesa margt um hana í blöðunum og sérstaklega var áberandi hvað allir voru eða a.m.k. virtust vera sammála um það að hér væri hið glæsilegasta mannvirki. Áttu menn varla nógu sterk orð til að lýsa því yfir hvað þetta væri allt stórkostlegt.

Þegar ég nálgaðist bygginguna var ég sammála því að þarna var að því er virtist mjög fallegt hús og í alla staði mjög glæsilegt á að líta, en glansinn fór fljótlega af þegar komið var inn fyrir dyr þarna. Ég hef haft töluverða reynslu af byggingu húsa og er mjög kunnugur öllum þáttum húsbygginga og það fór því ekki á milli mála að ég var fljótur að sjá að þetta var ákaflega illa hannað mannvirki þegar inn var komið. Burðarvirki eru alveg fáránleg í þessu mannvirki, skipulag hæðarinnar þar sem farþegar bíða eftir að ganga út í flugvélarnar er ákaflega illa leyst að mínum dómi þannig að það er illa nýtt pláss þarna. Verð ég að segja eins og er sem fagmaður að mér finnst við fá ansi lítið fyrir þessa miklu fjármuni sem þarna hafa farið.

Auðvitað má alltaf um það deila hvað er gott og hvað er vont og menn eru aldrei sammála um slíkt, þannig að ég verð að standa hér ábyrgur fyrir þessum ummælum sjálfur. Ég get ekki mælt fyrir munn fleiri en fyrir mig sjálfan hér. En þetta leiðir hugann að því hvernig undirbúningi framkvæmda er hagað og hvernig hönnun bygginga yfirleitt fer fram á Íslandi.

Það er alveg ljóst að sá þáttur mála er í miklum ólestri hér. Nægir að minna á mikla umræðu sem fór fram sl. vor þegar fjallað var um stöðugleika íslenskra bygginga gagnvart jarðskjálftaálagi. Það var gengið svo langt að halda því fram að mjög mörg hús hér á Reykjavíkursvæðinu þyldu alls ekki það jarðskjálftaálag sem þeim bæri samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Þróun mála undanfarin ár sýnir að hönnun mannvirkja er miklum mun lakari hér á Íslandi en gerist t.d. meðal nágrannaþjóða okkar. Sérstaklega er eftirlit með hönnuninni sjálfri og með byggingarframkvæmdum mjög slæmt þannig að það er mesta furða að það skuli ekki hreinlega hafa hrunið hér hús, einkum ef hugað er að þeim þætti sem eru burðarvirki sem slík.

Allir þekkja vandamál sem kom upp í sambandi við loftræstikerfi, en það er eiginleiki þeirra kerfa að vera bilaður. Það má segja að loftræstikerfi sem er í lagi sé undantekningarástand og vari sjaldnast mjög lengi.

Ég minnist þess einu sinni er ég dvaldist í Þýskalandi um nokkurt skeið að ég fór í ferð með eftirlitsverkfræðingi fyrirtækis sem hafði með höndum eftirlit með byggingarframkvæmdum. Þar er málum þannig háttað að opinberir aðilar annast ekki eftirlit með byggingarframkvæmdum né hönnuninni sem slíkri einfaldlega vegna þess að þar gera menn sér grein fyrir því að opinberir aðilar hafa ekki mannskap eða getu til þess að sinna þessum þætti mála. Þess vegna er málum þar þannig háttað að starfandi eru þar sérstök fyrirtæki sem taka þennan eftirlitsþátt að sér, fara yfir allar hönnunarforsendur og útreikninga og ganga úr skugga um það að bæði burðarvirki og lagnakerfi sé hannað eins og vera ber.

Í þessu tilviki sem ég ætlaði að fara að segja frá var um að ræða brúarmannvirki sem var í smíðum á vegum eins þýska ríkisins, þ.e. Baden Würtenberg. Þetta var stór vegbrú og átti að fara að steypa gólfið í

brúnni. Þegar við komum þarna á staðinn var búið að ganga frá öllum járnbindingum og járnalögn, steypubílarnir voru komnir á staðinn og það var bara beðið eftir því að þetta væri tekið út. Síðan átti að hefja steypuna. Eftirlitsmaðurinn komst að því að járn höfðu verið lögð vitlaust þannig að það nam líklega svo sem eins og 1–2 cm sem þau voru á röngum stað í steypunni. Hann var ekkert að ræða það frekar, hann stoppaði allar framkvæmdir og sagði að hér yrði ekkert steypt fyrr en búið væri að laga þetta. Á Íslandi hefði verið samið um það að þetta gerði nú ekkert svo mikið til og úr því að bílarnir væru komnir á staðinn þá væri sjálfsagt að steypa. Það væri ekkert vit í því að fara að afturkalla steypuna og svo biði allur mannskapurinn þarna. En mér er þetta mjög minnisstætt vegna þess að það kom mér svo spánskt fyrir sjónir að þetta skyldi gert. Þarna var um gífurlega mikið mannvirki að ræða og þessar tafir kostuðu án efa alveg mikla fjármuni. Verktakinn á staðnum tók þessu ákaflega létt og bauð okkur í ágætis hádegisverð og sagði að það eina sem hann gæti gert væri að reka verkstjóra járnabindingaflokksins — sem hann sagðist svo síðar mundu gera.

En ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessum þætti vegna þess að mér finnst einmitt að bygging flugstöðvarinnar hafi liðið fyrir það að undirbúningur og hönnun byggingarinnar hafi alls ekki verið með þeim hætti sem hefði þurft að vera. Það er augljóst að þessi bygging er á mörgum sviðum mjög illa hönnuð. Sérstaklega er áberandi að sjá fáránlegt burðarvirki byggingarinnar, en ég veit ekki hvaða tilgangi það eiginlega þjónar. Það þjónar ekki þeim tilgangi að bera uppi þak byggingarinnar, því það er *greinilega eitthvað annað sem hefur vakað þar fyrir.*

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um einmitt þennan þátt mála, svo ég taki bara eitt lítið dæmi, er talað um gífurlegar járnabindingar og styrkingar sem voru því samfara að það var bætt við skriðkjallara undir húsið. Var þá talið að það þyrti að auka járnamagn og steypumagn vegna jarðskálftaþols, sem þá þyrfti að reikna meira en ella. Mér er spurn: Liggja nokkur rök fyrir því að þetta hafi verið nauðsynlegt? Ég sem sérfræðingur á þessu sviði get ekki séð neitt sem réttlætir það að það hafi þurft að eyða einu kg eða einum *kúbikmetra af steypu til viðbótar þó svo* að þessum skriðkjallara hafi verið bætt við. Ef þetta er dæmi um það hvernig hönnunin öll hefur verið, þá er ekki nema von að þetta mannvirki hafi orðið svona dýrt.

Mér er tjáð af þeim sem komu þarna nálægt að það hafi verið hent fleiri tugum ef ekki hundruðum teikninga þar sem búið var að fullhanna loftræstikerfið fyrir allt húsið, þegar það svo kom í ljós að þessi hönnun gagnaði ekki, hún dugði ekki og það þurfti að endurskoða hana alveg frá grunni. Þannig að það er ekki nema von að þetta hafi kostað mikla peninga.

Ég ætla ekki að fara að ásaka hér einn eða neinn. Þetta er því miður svona hjá okkur og það sem við gætum best gert með þessari umræðu er að reyna að draga þann lærdóm sem við getum af þessari framkvæmd og athuga hvort við getum ekki komið því til leiðar að þessi mál verði færð til betri vegar í framtíðinni. Ég held að við þurfum að taka okkur tak og jafnvel breyta löggjöf ef með þarf til þess að gera undirbúning framkvæmda og hönnun þeirra *miklu betri. Leggja miklu, miklu meiri* ábyrgð á herðar þeim sem annast slíka hönnun og draga þá líka til ábyrgðar ef illa fer.

Erlendis er hönnuður, sem stendur að hönnun mannvirkis eins og flugstöðvarbyggingarinnar, gerður ábyrgur fyrir öllum þeim mistökum sem honum kunna á að verða, enda er það algengt að ráðgjafarfyrirtæki sem vinna slík verkefni erlendis þurfi að kaupa miklar og dýrar tryggingar til þess einmitt að geta greitt skaðabætur ef til kemur. Ef einhver mistök verða vegna rangrar hönnunar er hönnuðurinn dreginn til ábyrgðar og hann verður hreinlega að borga þann kostnað sem af því hlýst að hönnunin var ekki sem skyldi.

Hér er enginn ábyrgur. Þannig hefur það alla tíð verið svo lengi sem ég man eftir, frá því að ég fór að skipta mér af húsbyggingum á Íslandi, að það er yfirleitt enginn ábyrgur. Húsbyggjandinn situr bara uppi með tjónið og skaðann, vont hús. Hann getur reynt að leita á hönnuðinn, hann getur reynt að leita á byggingameistarana, hann getur reynt að leita á opinbera aðila sem áttu að taka út framkvæmdina og lýsa því þar með yfir að hún væri í samræmi við öll lög og allar reglugerðir. Það er yfirleitt enginn sem ber nokkurn tíma ábyrgð þannig að það er alltaf að lokum eigandinn sem situr uppi með allt tjónið.

Þess vegna óska ég þess að það yrði fyrst og *fremst niðurstaðan eftir* þessa umræðu að við tækjum okkur tak og reyndum að kippa í liðinn, bæta úr þar sem aflaga fer og reyna með bættri löggjöf að styrkja undirbúning allra framkvæmda og koma því til leiðar að hönnun þeirra verði miklu fullkomnari og betri en verið hefur.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég skal leitast við að svara einhverju af því sem hér hefur fram komið. Að vísu verð ég að viðurkenna að ég er eflaust ekki nægilega vel kunnugur sumu af því sem um er fjallað þar sem ég kom seint að þessu máli og stundum þegar stórt er spurt verður lítið um svör.

Áður en ég kem að einstökum atriðum vil ég segja það um ágæta ræðu hv. fyrsta fyrirspyrjanda, Guðrúnar Agnarsdóttur, hv. þingkonu, að eflaust er það allt ákaflega vel meint sem hv. þm. sagði um bætt siðferði. Ég get tekið undir mjög mikið af því. En mín reynsla af Íslendingum hefur hins vegar verið sú að þeir fullnægi langsamlega flestir þessum kröfum sem hv. þm. setti fram og séu sem betur fer ráðvandir og heiðarlegir einstaklingar. Ég er þeirrar skoðunar að þeir einstaklingar sem ég bað að vinna þessa skýrslu séu það. Ég er sannfærður um að þeir hafa unnið verkið af samviskusemi og ef hér eru

settar fram fullyrðingar þá tek ég fulla ábyrgð á þeim. Ég las yfir skýrsluna og hnaut því miður ekki nægilega snemma um það sem ég gerði athugasemd við, þ.e. fullyrðingu í lok skýrslunnar. Ég gerði athugasemd við hana í framsöguræðu og hvað ekki átt við Ríkisendurskoðun. Ég tel að sú athugasemd mín sé fullgild sem hvert annað þingskjal því hún birtist að sjálfsögðu í þingtíðindum.

Ég held hins vegar að það sé staðreyndin að um þessa blessaða flugstöð hefur ýmislegt verið sagt sem ekki stenst og nefndar tölur sem eru langt umfram það sem hv. þm. eru að tala um nú.

En þá um þessa skýrslu sem mjög er deilt á. Ég átti von á því af fyrri viðbrögðum. Ég hafði að vísu ekki séð athugasemdir Ríkisendurskoðunar fyrr en rétt nú. Það er vegna þess að ég var ekki á þingi síðustu viku og hafði ekki farið í hólfið mitt. En hver er í raun munurinn, svona í fljótu bragði?

Í 3. mgr. í skýrslu *minni* er tekið fram að upphafleg áætlun hafi verið reiknuð til verðlags 1. sept. 1987 2 milljarðar 121 millj. kr. Þetta er sama tala og Ríkisendurskoðun byggir á svo a.m.k. þessum tölum ber saman. Síðan segir að sé þessi tala framreiknuð með öllum viðbótum á byggingartíma, magnaukningum o.fl. sem þarna er talið upp, þá sé talan 2 milljarðar 909 millj. kr. E.t.v. hefði átt að setja punkt þar og vera ekki með fleiri bollaleggingar um kostnað. Við höfum þá getað borið þessar tölur saman við það sem Ríkisendurskoðun segir að sé framkvæmdakostnaður. Hver er hann? 2 milljarðar 992 millj. kr. Þarna munar 83 millj. kr. sem er ekki mikið.

Hins vegar töldu þeir sem skýrsluna unnu æskilegt að bera saman byggingarkostnað á ýmsum öðrum grundvelli. Bera má saman byggingarkostnað, ekki síst í verðbólguþjóðfélagi á ýmsum grundvelli. Færa má allan kostnað til upphaflegs verðlags. Það má færa allan kostnað til lokaverðlags. Það er gert í því sem ég rakti áðan. Einnig má bera saman byggingarkostnað á bókfærðu verðlagi og þær áætlanir sem voru gerðar fyrir hvert einstakt ár. Það töldu þessir menn æskilegt að gera einnig. Hvergi er sagt að þessar tölur, samanlagðar áætlunartölur byggingarnefndar séu endanlegur kostnaður á verðlagi 1. sept. 1988. Ég skil ekki gagnrýni Ríkisendurskoðunar þar á. Þarna er verið að bera saman bókfærðan kostnað á hverju ári með þeim verðhækkunun sem höfðu orðið til þess tíma, þ.e. í lok hvers árs frá því að byrjað var á byggingunni, ekki uppfært til ársins 1988 og áætlanir sem gerðar voru fyrir hvert ár. Bent er á að mismunurinn á þessum áætlunum og bókfærðum kostnaði þannig lagt saman o.s.frv. sé ekki mikill, mig minnir 61 millj. kr. Þetta er í samræmi við fyrri samanburðinn sem er á framreiknuðu verðlagi 1. sept. 1988. Munurinn á framkvæmdakostnaði samkvæmt Ríkisendurskoðun, áætlun með verðbótum o.fl. er 83 millj. kr. eins og ég sagði áður. Eðlilegt er að munurinn sé nokkru meiri því vitanlega hafa verðhækkanir orðið áfram á tímabilinu og þegar allt er reiknað til endapunkts þá bætast þær við.

Eftir því sem ég sé í fljótu bragði er munurinn á þessu tvennu sá að í þeirri skýrslu sem ég legg fram eru dregnar fram verðhækkanir á tímabilinu betur en gert er hjá Ríkisendurskoðun. Ég óskaði eftir því að það yrði látið koma fram að í upphaflegri áætlun, sem mér var ekki ljóst fyrr en ég fór að kynna mér skýrslu Ríkisendurskoðunar, hafði verið gert ráð fyrir verðlagshækkunum á byggingartíma upp á 238 millj. kr. Þá var byggt á áætlun um verðlagsbreytingar upp á 25% á byggingartímanum en verðlagsbreytingar á tímanum urðu 88%. Ég held að það hljóti að vera hverjum einasta manni ljóst að svo mikill munur á áætlaðri verðlagsbreytingu og raunverulegri hlýtur að hafa mikil áhrif á byggingarkostnað.

Ég óskaði eftir því að farið yrði mjög vandlega í þessa útreikninga. Verðlagsbreytingar voru reiknaðar *ætíð frá þeim tíma sem framkvæmd var lokið*. Útreikingar þessir eru í töflu sem er upp á fleiri síður. Niðurstaðan var sú að verðlagshækkanir hefðu orðið svo miklu meiri en upphaflega var áætlað eins og kemur fram í skýrslunni.

Ég verð að viðurkenna það að ég sé ekki að skaði sé gerður þótt kostnaðarsamanburði sé fram haldið eftir þriðju málsgrein, en eins og ég sagði áðan hefði kannski mátt setja þar punkt og segja hreinlega á eftir: Ríkisendurskoðun telur heildarkostnaðinn 2 milljarða 992 millj. kr. Mismunurinn er þetta mikill. Hann er 83 millj. Það breytir svo ekki hinu, sem kemur glöggt fram, að við bygginguna var bætt ýmsu sem nemur samtals samkvæmt þessum tölum í skýrslunni 788 millj. kr., þ.e. mismuninum á 2 milljörðum 121 millj. kr. og 2 milljörðum 909 millj. kr. eða samkvæmt Ríkisendurskoðun 871 millj. kr. En í þessu er að sjálfsögðu ekki eingöngu um að ræða hreinar viðbætur við bygginguna heldur eins og fram kemur magnaukningar sem höfðu verið rangt áætlaðar, ranglega áætlaður hlutur Bandaríkjamanna, þ.e. ekki tekið nægilega tillit til þess verðfalls sem varð á dollarnum á tímanum. Er ekki rétt að fá það fram? Það er gert samkvæmt tölum frá Seðlabankanum svo vonandi er þessum mönnum sem unnu skýrsluna ekki þar um að kenna.

Ég taldi vera til bóta, að fá slíkt fram. Hins vegar er ég að velta því fyrir mér nú hvort menn hafi í raun og veru kunnað að lesa nægilega úr því sem hér er sett fram og hvort það sé nógu greinilegt. Vel má vera að svo sé.

Staðreyndin er sem sagt þessi: Á byggingartíma er bætt við framkvæmdum sem nema líklega um 380 millj. kr. og það er sannarlega gagnrýnisvert því það er ekki gert eftir réttum leiðum. Það hef ég ætíð sagt. Hins vegar eru magnaukningar, hönnunarmistök, breyting á dollaranum og fleira þess háttar sem vissulega má kenna hinu og þessu um, ég veit þó ekki hverjum um fall dollarans. Vissulega hafa, eins og kom fram hjá hv. *síðasta ræðumanni*, orðið, einnig að mínu mati, mjög alvarleg mistök í hönnun. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er það dregið fram.

Ég tel að þau mistök í hönnun megi ekki síst rekja til þess að ákveðið var við upphaf byggingarinnar að þeir staðlar skyldu ráða íslenskir eða ameríkskir sem lengra gengu og þetta olli verulegri flækju í hönnun. Mönnum var slíkt ekki ætíð ljóst. Einnig olli það verulegum vandræðum að stöðug samráð þurftu að vera á milli hönnuða hér á landi og í Bandaríkjunum.

Út af því sem sagt var um loftræstikerfið þá er það alveg hárrétt að þar urðu t.d. mjög alvarleg mistök. Láðst mun hafa að láta ameríska hönnuð loftræstikerfisins vita um allstórar breytingar sem gerðar voru á byggingunni og breyttu öllum þörfum til loftræstingar. Loftræstingarkerfið var aðallega hannað í Bandaríkjunum því að þar eru kröfur um slík kerfi töluvert strangari en hér.

Ég tel það vera satt að segja mjög slæmt mál að byggingin skuli ekki vera hönnuð annaðhvort alveg eftir amerískum stöðlum eða alveg eftir íslenskum. Ég tel að svona hlutur flæki mjög málið og það er áreiðanlega eitt af því sem við eigum að læra af svona byggingu. Við eigum að hafa hreinar línur þegar gerðar eru kröfur til staðla, ekki síst þegar um svo flókin mannvirki er að ræða.

Ég vek athygli á því að um aðra þætti í þessari skýrslu hefur ekki verið rætt og mér skilst ekki vefengt það sem hér er sett fram um sundurliðun kostnaðar, um erlendan og innlendan kostnað, þ.e. skiptingu á honum og um fjármögnun, og það er út af fyrir sig töluvert afrek sýnist mér í þessu máli.

Hér hefur hins vegar verið spurt um ýmislegt. M.a. spurði hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir að því hver bæri ábyrgðina. Ég tel það liggja alveg ljóst fyrir. Ég vek athygli á því sem fram kom hjá fyrrverandi hæstv. utanrrh. í umræðu í desember að hann bæri tvímælalaust ábyrgð á þeim tíma sem hann var utanrrh. Ég held að enginn hafi reynt að skjóta sér undan ábyrgð. Þar sem segir í viðauka mínum að allar tillögur um breytingar á byggingunni, stækkun o.s.frv., hafi verið lagðar fyrir utanrrh. og samþykktar af utanrrh. tel ég að sýni að utanrrh. ber ábyrgð. (**GHelg:** Er slíkt ekki rætt á ríkisstjórnarfundum?) Nei. Nei, það er mjög gegnumgangandi í íslenskri stjórnsýslu að viðkomandi fagráðherra ber ábyrgð á þeim málum sem forseti Íslands felur honum að fara með. Eins og löglærðir menn hafa hvað eftir annað sagt er íslenska ríkisstjórnin ekki fjölskipað stjórnvald. Þannig að það hefur ekki verið rætt á ríkisstjórnarfundum.

Skýrsla byggingarnefndarinnar hefur verið mjög gagnrýnd hér. Ég vil taka það fram að byggingarnefndin spurði mig að því hvort ég hefði við það að athuga að hún gerði algjörlega á eigin ábyrgð grein fyrir sínum sjónarmiðum á því sem hana og Ríkisendurskoðun greinir á um. Og ég sagði að ég gæti ómögulega haft neitt við það að athuga, enda væri það algjörlega á ábyrgð byggingarnefndar. Ég skal taka það fram að ég hef flett þeirri skýrslu, ég hef ekki reynt að meta hana á neinn máta og ekki haft nein afskipti af því sem þar er sett fram. Ég tel það vera rétt sérhvers einstaklings að skýra sitt mál, líka hér fyrir hinu hv. Alþingi.

Að hvaða leyti þessar skýrslur stangast á sem við höfum verið að ræða hér, þá á ég við skýrslu mína og það sem Ríkisendurskoðun hefur látið frá sér fara, þá sé ég satt að segja ekki þegar ég hef rakið málið að mjög mikill munur sé en ég mun biðja þriðja aðila að fara yfir þetta, einhverja tölufróðari menn en mig og ef ég má leyfa mér að segja kannski suma hv. þm. aðra, sem fjallað hafa um málið, einhverja sem þekkja þetta dálítið og eru hlutlausir í þessari skýrslugerð. Ég mun gera það, þó það sé ekki nema mér sjálfum til fróðleiks, og sjálfsagt er að láta alþm. það í té.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um nokkur atriði sem eru kannski dálítið annars eðlis en eru þó öll mikilvæg. Hann ræddi nokkuð um tilhögun mála á varnarsvæðunum. Samkvæmt lögum frá 1954, ef ég man rétt, segir að allt sem leiði af dvöl varnarliðsins skuli falla undir verksvið utanrrh. Ég hef oft haft mínar efasemdir um sumt af þessu. Ég viðurkenni að vísu að þetta er mjög æskileg tilhögun til þess að samband við varnarliðið sé á sem einfaldastan máta og sé við eitt ráðuneyti að eiga. Það er enginn vafi á því að í gegnum árin hefur það stuðlað að því að fjölmörg mál, sem upp hafa komið og koma stöðugt, hafa leyst tiltölulega fljótt. Menn sjá, hygg ég, allir að ef um mjög mörg ráðuneyti væri að ræða væri þetta miklu flóknara.

Hins vegar skal ég viðurkenna það að ég hef ekki verið ásáttur við alla framkvæmd — og mun gera ráðstafanir til þess að ákveðin tengsl verði við ýmsa aðila í stjórnkerfinu. Ég nefni t.d. Flugmálastjórn sem ég tel að hafi ekki nálægt því verið nægilega mikið viðriðin mál á Keflavíkurflugvelli og hef gert ráðstafanir til þess að flugvallarstjóri þar og flugmálastjóri og fulltrúi varnarliðsins hafi stöðug samráð um þau mál. Ég tel einnig mjög eðlilegt að skipulagsstjóri ríkisins fjalli um mál þarna á þessu svæði. Samráð hefur reyndar verið haft við hann. Skipuð var fyrir allmörgum árum skipulagsnefnd varnarsvæða og eftir því sem ég best veit hefur verið gott samráð á milli hennar og skipulagsstjóra ríkisins, enda tengjast þessi mál mjög. Byggðirnar þarna í kring eru að sjálfsögðu háðar því skipulagi sem ákveðið er á varnarsvæðinu, við skulum segja hávaðamörk og fjölmargt fleira, og tvímælalaust óhjákvæmilegt að gott samráð sé.

Um byggingarnefndir sveitarfélaganna er það að segja að þær hafa ekki verið tilkvaddar. Það er hárrétt. Mun hafa verið litið svo á allt frá upphafi að byggingar á svæðinu væru háðar ákvörðun utanrrh. eða þeirra manna sem hann kveður til, þ.e. varnarmáladeild og þeirra byggingarnefnda sem hafa verið settar á fót. Sú leið hefur verið farin að setja á fót byggingarnefndir og þær hafa verið látnar meta hvort byggingar á svæðinu fullnægi íslenskum stöðlum. En ég vil einnig benda á það að varnarmáladeild hefur haft í sinni þjónustu, hygg ég æði lengi, byggingarfróða menn. T.d. hefur starfað

þar alllengi, og er aðeins nýlega hættur, Hörður Bjarnason, fyrrverandi húsameistari, sem er einnig kunnugur öllum byggingarkröfum. Hann hefur starfað þar eftir að hann hætti sem húsameistari og m.a. haft það verkefni að yfirfara byggingar og ganga úr skugga um að þær fullnægi íslenskum byggingarkröfum. Jafnframt hafa verið kvaddir verkfræðingar til slíkra starfa.

Það var fróðlegt að heyra það sem byggingarfróður hv. þm. sagði hér áðan. Ég er ekki dómbær á það. Fróðlegt væri að vita hvort það er rétt sem hann sagði um t.d. jarðskjálftaþol þessarar byggingar. Vissulega verð ég að vona að þess hafi ítarlega verið gætt af þeim byggingarfróðu mönnum sem til voru kvaddir.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég hef a.m.k. gert það eins vel og þekking mín á þessu máli leyfir. Ég skal láta skoða nánar þau önnur atriði sem komu fram í þessum samanburði og vissulega það sem Ríkisendurskoðun lagði fram. Ég er ekki að vefengja Ríkisendurskoðun en ég er heldur alls ekkert viss um að allt sé rétt sem hún hefur um málið sagt. Það leyfi ég mér að segja. Ég held satt að segja að þegar þetta er borið vandlega saman þá sé munurinn miklu minni en liggur í þeim orðum sem koma fram í bréfi Ríkisendurskoðunar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði nú vonast til þess að fá orðið á undan hæstv. utanrrh. vegna þess að ég vonaði að hann sæi ástæðu til þess að svara þeim fáu spurningum sem ég vil gjarnan leggja fyrir hann og ég tel að sé mjög áríðandi að hann svari af ástæðum sem munu koma fram í mínu máli.

Ég verð að leiðrétta hæstv. utanrrh. að einu leyti. Keflavíkurmannvirkið var rætt í ríkisstjórninni þegar ég sat þar. Hæstv. utanrrh. sem þá var, Geir Hallgrímsson, kynnti mannvirkið mjög vel og ríkisstjórnin öll samþykkti að fara út í þessar byggingar og þar með ég sjálfur líka þrátt fyrir það að ég er ekki ádeilulaus á hvernig að var staðið. Þannig að ég og hæstv. utanrrh. erum jafnsekir um það að hafa farið út í þetta mannvirki því það var kynnt og það var kynnt það dýrt sem það er og búist var við að áætlunin gæti verið of lág. Þetta eru umræður sem ég man vel eftir sem fjmrh. og áttu sér stað á fundi ríkisstjórnarinnar. Ég man nú ekki hvort þessar umræður eru sérstaklega bókaðar eða ekki. Það man ég ekki. En við skulum ekki firra okkur ábyrgð á því sem skeð hefur.

Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra þegar hann flýr á bak við gengislækkanir í sambandi við þennan aukna kostnað. Ég veit ekki til þess að gengislækkun dollarans hafi breytt verðlaginu heima í USA nokkurn skapaðan hlut. Það var a.m.k. ekki, eftir þeim upplýsingum sem fékk núna í desember þegar ég var rúma viku í Bandaríkjunum, vart við það að gengi dollarans, sem breyttist þá daglega, hefði nokkur áhrif á verðlag á amerískum vörum innan lands eða til útflutnings að því sem ég frétti þá. Að vísu má segja að fall dollarans hefur getað haft áhrif gagnvart mannvirkjunum á Keflavíkurflugvelli að því leyti sem dollararnir þurftu að standa undir hækkandi verðlagi hér innan lands á þeim hluta sem þetta 20 millj. dollara framlag Bandaríkjamanna átti að fjármagna af mannvirkjagerðinni sjálfri eða kaup á því sem hækkaði hér vegna innanlandshækkana á Íslandi en það er bara partur af þeim hækkunum sem við erum að tala um á mannvirkinu öllu. Ég geri ráð fyrir því að megnið af þessum 20 millj. dollurum hafi farið í tækjakaup frá Bandaríkjunum og ýmislegt af byggingarhlutum sem mér skilst að hafi verið fluttir inn frá Bandaríkjunum, framleiddir í Bandaríkjunum, og á þeim hluta er engin gengislækkunarsveifla.

Mér finnst margt í þessum umræðum hafa staðfest það sem ég hef haft vissan ótta við, að við séum að tala um upphaflega áætlaðan kostnað og kostnaðinn eins og hann er í dag, en það er miklu meiri kostnaður en áætlaður var, en við skulum gera okkur grein fyrir því að mannvirkið er langt frá því að vera fullkomnað. Ég hefði annaðhvort viljað fá það staðfest hjá hæstv. utanrrh. hér og nú að sú niðurstöðutala sem við erum að tala um sé endanlegt verð á mannvirkinu eins og það kostar þegar það er fullbúið eða þá að fá upplýsingar um það hvað er áætlað að komi til viðbótar til þess að fullklára mannvirkið. Ég er ansi hræddur um að það sé ekki til áreiðanleg áætlun til að klára mannvirkið og ég er líka hræddur um að fullklárað verði það nokkuð miklu dýrara, nokkuð miklu kostnaðarsamara en gefið er til kynna í þeim upplýsingum sem fram hafa komið í umræðunum hér.

Sem sagt, hæstv. utanrrh.: Eru þetta lokatölur á fullkláruðu mannvirki sem við erum hér að ræða sem of háar eða er þetta bara fyrir þann hluta mannvirkisins sem þegar er kominn upp? Það er talað um mannvirki á Möltu og það er talað um mannvirki í Bandaríkjunum, í Harrisburg ef ég man rétt. Ég get sagt frá því að rétt eftir að þetta mikla mannvirki okkar var tekið í notkun þá var ég á leiðinni til Suður-Frakklands, ég var með fyrstu farþegum sem fóru í gegnum alveg nýja stöð sem er ekki minni, hún er áreiðanlega þó nokkuð stærri en okkar nýja stöðin í Nice. Hún er mörgum sinnum einfaldari í allri útfærslu. Þetta er flókin og á margan hátt erfið flugstöð sem við höfum byggt. Það er hægt að gera hlutina á miklu, miklu einfaldari og ódýrari hátt eins og kom fram hér áðan hjá þeim sem gat um stöðina í Harrisburg eða hvar það var nú í Bandaríkjunum, en hún kostaði fullkláruð skildist mér 14 millj. dollara.

En það er annað, hæstv. utanrrh., sem ég vil fá svar við vegna þess að nú er ég að tala um hluta af sjálfstæði og sjálfstæðum ákvörðunum íslenskra stjórnvalda. Þegar það var kynnt fyrir mér sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands að byggja ætti þetta mikla mannvirki og hvað það var áætlað dýrt, þá fannst mér það réttlætanleg ákvörðun af einni

ástæðu eingöngu og það var sú ástæða að mannvirkið yrði utan umráðasvæðis hervalda á Íslandi, að það væri verið að færa alla starfsemi innanlands- og utanlandsflugs og alla starfsemi sem Ísland hefur rekið í Keflavík í samráði við og í samstarfi við ameríska herinn út fyrir umráðasvæði Bandaríkjamanna á Íslandi. Á þessum forsendum vildi ég borga nokkuð mikið fyrir mannvirkið og á þessum forsendum byggði ég mína afstöðu til hugmyndarinnar á sínum tíma. En mannvirkið var enn þá í byggingu þegar ég fór að finna fyrir því að þessi rök voru ekki lengur inni í myndinni og ég sem ráðherra gerði ítrekaðar tilraunir til að gegna stöðu minni sem slíkur gagnvart stærstu tollinnheimtustöð landsins og mér tókst það ekki. Þrátt fyrir það að ég hafði upplýsingar sem gerðu það nauðsynlegt var fyrir mig sem yfirmann tollþjónustunnar að gera þar miklar breytingar á tókst mér það ekki. Mér tókst það aldrei. Og mér er næst að halda að vegna afstöðu minnar til Keflavíkurstöðvarinnar og vegna ítrekaðra tilrauna minna til þess að gegna mínu embætti sem fjmrh. á þann hátt sem ég taldi nauðsynlegt. Átti ég í erfiðleikum á öðrum sviðum í starfi. Ég vil minna hæstv. utanrrh. á samstarf okkar til nokkurra ára í flugráði þar sem við margreyndum að fara að landslögum og fá viðurkenningu á því að flugstöðvarsvæðið á Keflavíkurflugvelli heyrði undir flugmálastjóra og flugráð eins og landslög segja til um. Við reyndum í sameiningu að fá flugmálastjóra inn í varnarmálanefnd en það tókst ekki. Við kláruðum okkar löngu setu í flugráði saman til margra ára án þess að koma þessum málum í það horf sem landslög segja til um og þau eru enn þá í þessu horfi.

Þess vegna spyr ég: Verður flugstöðin nýja í Keflavík innan eða utan við umráðasvæði herstöðvarinnar eins og upphaflega var ætlast til eða verður hún það ekki? Á íslenskur ráðherra fjármála ekki að hafa umráðarétt yfir stærstu tollstöð landsins? Á íslenskur flugmálayfirmaður, sem lögum samkvæmt ræður yfir öllum flugmálum á landinu, flugvöllum o.fl., á hann enn þá að vera fyrir utan, ábyrgur fyrir því sem skeður samkvæmt lögum en ófær um að gegna stöðu sinni samkvæmt reglugerð?

Ég talaði um tollþjónustuna, ég hafði m.a.s. sagt það í ríkisstjórn Íslands að ef flugstöðin yrði innan við landamerki heryfirvalda í Keflavík þá mundi ég sem fjmrh. byggja tollskýli utan við girðingu til þess að geta gegnt þeirri skyldu sem hvíldi á herðum tollstjóraembættisins og tollþjónustunnar. Þetta er mikið og stórt mál og ég vil gjarnan að utanrrh. svari þeirri spurningu: Er þetta virkilega breytt frá því sem upphaflega var ætlað og að nýja flugstöðin verði áfram undir sama skipulagi og sú gamla þrátt fyrir upphafleg rök sem urðu til þess að ég sem fjmrh. samþykkti að hefja þessar framkvæmdir?

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um orðinn hlut. Skýrsla utanrrh. liggur hér fyrir. Það er mjög gott og þakkarvert að það kom fsp. sem gerði þessa skýrslu nauðsynlega, en ég vil segja það við hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur, 6. þm. Reykv., að ég ætla að vona það að tal hennar og hugsun verði ekki til þess að aðrir þurfi að standa í sömu sporum og ég sem ráðherra og sanna sakleysi mitt hvað eftir annað. Við skulum vera viss í okkar sök áður en við köllum, hvort sem það eru embættismenn eða ráðherra eða aðra sem hér starfa, þm., siðlausa á einhvern hátt. Ég hef ekki þekkt einn einasta þm. frá 1974 sem ég mundi segja að væri siðlaus á einhvern hátt. Kvennalistinn hefur haft sín tækifæri til að koma inn í stjórn þessa lands og ég ætla að vona að hann komi sér ekki hjá því í framtíðinni og að hann komi þá með nýtt siðgæði inn í íslensk stjórnmál ef hann vill breyta til. Þangað til skulum við bíða með stóru orðin.

Ég fagna því að þessi fsp. kom fram og að þessi skýrsla kom fram en ég vil gjarnan fá að vita: Eru þetta lokatölur fyrir mannvirkið fullklárað eða er til áætlun um fullklárað mannvirki? Vegna þess að samkvæmt upplýsingum starfsfólks á staðnum er langt í land með að flugstöðin sé fullkláruð. Það er fullklárað sem auga gestsins sér við komu eða brottför en það er margt ógert enn við mannvirkið í heild. Og stærsta málið er að sjálfsögðu að vita hvort ráðherrar geta gegnt stöðu sinni. Verður mannvirkið innan eða utan yfirráðasvæðis hersins?

Í sambandi við sjálfan samninginn við herinn, sem að sjálfsögðu snertir þetta mál sem er hér á dagskrá, þá ætla ég ekki að hefja umræður um það, en fullyrði að honum er ekki framfylgt sem skyldi.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Sl. haust var úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna breytt á þann veg að barnsmeðlag til einstæðra foreldra, eða í flestum tilvikum einstæðra mæðra, var talið námsmanni til tekna. Fulltrúar námsmanna í stjórn Lánasjóðsins mótmæltu þessu ákvæði í reglunum á sínum tíma en ekki var tekið tillit til mótmæla þeirra.

Skv. 23. gr. barnalaga nr. 9 frá 1981 tilheyrir barnsmeðlag barni sjálfu en ekki foreldri og ætti því ekki að vera talið til tekna þess. Stúdentaráð Háskóla Íslands fór þess á leit við Lagastofnun Háskólans að hún segði álit sitt á því hvort það sé eðlilegt og í samræmi við ákvæði íslenskra réttarreglna að telja meðlög greidd með barni einstæðs foreldris með tekjum foreldris við afgreiðslu lánaumsókna hjá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Þann 30. nóv. skilaði Lagastofnun álitsgerð sem er undirrituð af þeim Sigurði Líndal og Þorgeiri Örlygssyni. Í lok álitsgerðarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu teljum við að stjórn Lánasjóðs

ísl. námsmanna skorti að óbreyttum lögum heimild til þess að setja slíkt skerðingarákvæði í úthlutunarreglur sjóðsins.“

Þann 21. des. sl. ritaði menntmrh. stjórn Lánasjóðsins bréf þar sem hann mælist eindregið til þess að við næstu endurskoðun úthlutunarreglna verði fallið frá því að líta á barnsmeðlög sem tekjur lánþega og reglum breytt í samræmi við það. Í Morgunblaðinu laugardaginn 13. febr., þ.e. í fyrradag, var viðtal við Sigurbjörn Magnússon, nýskipaðan formann stjórnar Lánasjóðsins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar LÍN í dag var tekin sú ákvörðun að hætta að flokka meðlög sem tekjur og tekur sú ákvörðun gildi frá og með 1. júní þegar nýjar úthlutunarreglur taka gildi.“

Það virðist því vera að stjórn Lánasjóðsins sé sammála áliti Lagastofnunar, þ.e. að ekki beri að telja barnsmeðlag til tekna námsmanns en hins vegar er ekki hægt að skilja annað en að stjórnin ætli sér ekki að leiðrétta þau mistök eða misskilning sem þarna er á ferðinni.

Auðvitað verða þeir einstæðu foreldrar sem jafnframt eru námsmenn og hafa orðið fyrir skerðingu námslána í vetur vegna þessara ólöglegu reglna að fá leiðréttingu nú þegar. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann muni ekki beita sér sérstaklega fyrir því að þessi hópur námsmanna fái leiðréttingu á upphæð námslána strax. Það er alls ekki hægt að sætta sig við að opinberir lánasjóðir fari ekki að lögum.

Herra forseti. Sú upphæð er ekki há sem þarf til þess að leiðrétta lán til einstæðra mæðra en hún getur skipt verulegu máli fyrir þá einstaklinga sem þarna er um að ræða. En peningarnir verða að koma strax. Það getur verið of seint að bíða til haustsins. Ég legg því mikla áherslu á það, herra forseti, að þetta mál þolir enga bið.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég tel rétt í upphafi þessarar umræðu að skýra sjónarmið meiri hluta stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna varðandi meðlög og meðferð þeirra við mat á námslánum. Ég vitna í því sambandi til blaðagreinar, sem fyrrv. formaður sjóðstjórnar ritaði í DV. Þar segir, með leyfi forseta, og það er Árdís Þórðardóttir sem hefur orðið:

„Tekið hefur verið tillit til meðlags í áraraðir hjá Lánasjóði. Áður var það gert með því að lækka þann stuðul sem var notaður við útreikning á úthlutun til foreldra fengju þeir greitt meðlag með barni sínu. Nú lækkum við ekki þennan útreikningsstuðul en lítum þannig á að meðlagið bæti fjárhag viðkomandi námsmanns líkt og barnabætur gera. Því var einungis verið að einfalda vinnulagið á skrifstofunni, breyta lítillega hinni tæknilegu útfærslu, en efnislega farið áfram eftir 3. gr. laganna en þar segir:

„Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- opg framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns.“

Meiri hluti stjórnarinnar telur að meðlag megi flokka sem önnur atriði er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Þannig er ég sannfærð um að þetta verklag er fyllilega í samræmi við þessa lagagrein.“

Þetta voru orð fyrrv. stjórnarformanns Lánasjóðs ísl. námsmanna, Árdísar Þórðardóttur.

Eftir að niðurstöður Lagastofnunar Háskóla Íslands lágu fyrir í álitsgerð, þar sem fram kom að hún teldi að umrætt skerðingarákvæði úthlutunarreglna stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna ætti sér ekki beina stoð í lögum ritaði ég stjórn Lánasjóðsins bréf þar sem fram kemur — og ég vitna í bréfið, með leyfi forseta:

„Menntmrn. er kunnugt um að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hyggst endurskoða gildandi úthlutunarreglur sjóðsins þegar í upphafi næsta árs. Það eru eindregin tilmæli menntmrh. að við þá endurskoðun verði fallið frá því að líta á barnsmeðlög sem tekjur lánþega og ákvæðum úthlutunarreglnanna breytt í samræmi við það.“

Ég tek það skýrt fram að með þessu bréfi var ég ekki að leggja neitt lögfræðilegt mat á þann ágreining sem þarna var uppi heldur fannst mér hér vera um sanngirnismál að ræða og því eðlilegt að breyta úthlutunarreglunum með tilliti til þessa. Ég gekk ekki lengra í þessu bréfi en að óska eftir því að við þá endurskoðun á úthlutunarreglum sem yfir standa yrði þessu breytt. Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur nú tekið þá ákvörðun að breyta þessu, þ.e. að þegar hinar nýju úthlutunarreglur taka gildi 1. júní nk. þá verði þetta fellt úr gildi.

Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um hvort rétt eða eðlilegt sé að afturvirk leiðrétting eigi sér þarna stað. Ég tel rétt að eiga um það viðræður við stjórn Lánasjóðsins. Ég tel að stjórn Lánasjóðsins eigi að hafa ákveðið sjálfstæði og eigi ekki að lúta valdi ráðherra í einu og öllu varðandi framkvæmdaatriði eins og hér er, þannig að ég vil ekki svara því hér á þessari stundu hvort afturvirkni muni eiga sér stað varðandi þetta ákvæði. Meginatriðið í mínum huga er hins vegar það að búið er að taka ákvörðun um að leiðrétta þetta þannig að í framtíðinni muni meðlag ekki verða reiknað sem tekjur fyrir námsmenn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja það að ég er nokkuð undrandi á því hvernig hæstv. ráðherra hagar máli sínu. Það vill nú svo til að það er verið að spyrja hæstv. ráðherra hér á þingi, ekki stjórn Lánasjóðsins. Þess vegna var það nokkuð sérkennilegt að hæstv. ráðherra skyldi verja svo til öllum ræðutíma sínum í að rökstyðja eða réttlæta afstöðu meiri hluta stjórnar Lánasjóðsins. Það var verið að spyrja um stefnu hæstv. ráðherra eins og ég skildi

málshefjanda og afstöðu í þessu máli og ráðherra hefur að sjálfsögðu vald til þess að koma vilja sínum fram. Stjórn Lánasjóðsins situr ekki á Alþingi og stendur ekki til að ræða við hana hér í gegnum þennan ræðustól.

Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og ég skora á hæstv. ráðherra að sýna nú af sér myndugleik og breyta þessu strax. Það er ósköp einfalt mál að það liggur fyrir nokkurn veginn borðleggjandi og óyggjandi úrskurður um það hvernig fara skuli með þetta mál lagalega séð og ég held að hæstv. ráðherra eigi ekki að vera að draga úr þeim tilmælum sem hann sendi stjórn Lánasjóðsins með bréfi dags. 21. des., þar sem bréfið hefst á því að vísað er í álitsgerð Lagastofnunar og síðan er farið fram á það að þetta verði þegar í stað endurskoðað.

Það liggur fyrir að lagalega séð eru barnsmeðlög eign barns. Bæði í skattalögum eins og þau leggja sig og í barnalögunum er þetta alveg ljóst þannig að úrskurður Lagastofnunar gat varla orðið nema á þennan eina veg, enda vafðist það ekki fyrir þeirri stofnun að fella þennan úrskurð. Ég verð að segja alveg eins og er við hæstv. ráðherra að það er auðvitað slík niðurlæging ef menn ætla með svona lögfræðilegt álit í höndunum að ákveða það að t.d. frá og með næsta hausti skuli lögunum framfylgt. Ef þetta eru lög þá ber að fara eftir þeim og það strax í dag. Við getum þá alveg eins tekið til að ákveða það að ýmislegt annað sem að vísu eru lög í landinu þurfi menn ekki að virða fyrr en t.d. 15. maí. Það er e.t.v. hægt að setja reglugerð um það að við megum keyra full fram að 15. maí, en frá og með þeim degi skulum við uppfylla landslög í þessum efnum. Þetta er auðvitað til skammar, hæstv. ráðherra, ef menn ætla að standa svona að hlutunum.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að aflétta þessu misrétti nú þegar. Nógu þungbær er sú skerðing á námslánunum sem allir búa við og þrír hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa komið á.

Að lokum þetta, hæstv. ráðherra. Ég tel að fulltrúar ríkisvaldsins í stjórn Lánasjóðsins eigi tafarlaust að hlýða fyrirmælum, og þeir hljóta auðvitað að gera það ef þau verða send, um að leiðrétta þetta þegar í stað. Það þarf ekki að vera um afturvirkni að ræða. Það væri t.d. hægt að ákveða að frá og með morgundeginum skyldi þetta viðhaft með þessum hætti með því að gefa út bréf 16. febr. Og ef þessir ágætu fulltrúar ríkisvaldsins í stjórn Lánasjóðs ekki hlýða slíkum tilmælum þá verður einfaldlega að skipta um fulltrúa og mér segir svo hugur um að það yrði ekki harmað ákaflega af sumum þó það yrði gert.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Samkvæmt lögum nr. 72/1982 og reglugerð frá 1982 eiga íslenskir námsmenn rétt á fjárhagsaðstoð úr Lánasjóði ísl. námsmanna til framhaldsnáms í stofnunum sem gera sambærilegar kröfur til undirbúnings náms nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. sömu laga gildir þetta einnig um nemendur ákveðinna sérskóla sem greindir eru í 2. gr. reglugerðar nr. 578/1982 eða einstaka árganga þeirra skóla. Í 3. gr. sömu laga segir að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögunum skuli nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hafi verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanna. Og þá segir að nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skuli setja í reglugerð.

Eins og áður hefur verið rakið er nú komin upp sú staða að lán hafa verið skert og eins og fram hefur komið skaut Stúdentaráð Háskóla Íslands því til Lagastofnunar Háskólans hvort rétt væri að telja barnsmeðlög til tekna. Og það var samdóma álit þeirra lagaprófessora sem um málið fjölluðu að svo væri ekki, hvorki skv. barnalögum né skattalögum og þeir töldu stjórn Lánasjóðs bresta heimild til að setja slíkt skerðingarákvæði í úthlutunarreglur. Þessar niðurstöður voru sendar menntmrh. svo sem fram hefur komið og hæstv. menntmrh. sendi stjórn Lánasjóðsins bréf með eindregnum tilmælum um að fella þetta skerðingarákvæði niður. Stjórn Lánasjóðsins tók ekki tillit til þessara óska né heldur álits Lagastofnunar um að það væri andstætt lögum að telja meðlög til tekna og hvergi hefur komið fram rökstuðningur stjórnarinnar vegna þessa nema lítillega í máli hæstv. menntmrh. áðan og það er nú kannski ekki mjög sannfærandi.

En þá vaknar sú spurning hvort stjórn Lánasjóðsins hafi talið sig hafna yfir íslensk lög. Ef litið er á lánareglur sjóðsins og upptalningu þess sem í þeim teljast tekjur námsmanna, þá kemur þar fram að þar eru m.a. taldar vera tekjur: barnalífeyrir, mæðralaun, barnabætur, barnabótaauki og fæðingarstyrkur, fyrir nú utan meðlagið. Þetta telst til tekna og ég vil vekja athygli á því að allt þetta sem hér er talið á að bæta foreldri upp tekjutap annars vegar og kostnað hins vegar vegna barns eða barna.

Ég held því fram að það sé mjög hæpið að telja þessa fjármuni til beinna tekna og ég undirstrika það að frá samfélagsins hálfu eru þeir ætlaðir til þess að stuðla að umönnun og velferð barnsins þó svo þeir gangi til foreldris eða foreldra eðli málsins samkvæmt. Í lögum um Lánasjóðinn stendur að hlutverk hans sé m.a. að jafna aðstöðu fólks til náms. Einstæðir foreldrar hafa óumdeilanlega lakari aðstöðu til náms en einhleypir þó að bætur, lífeyrir og styrkir frá Tryggingastofnun létti þeim róðurinn. Því tel ég hæpið að skerða lánsréttindi þeirra vegna þessa. Það tekur hvort sem er enginn hærra lán en hann þarf á að halda því að menn eru meðvitaðir um að það kemur að skuldadögum.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Fyrir liggur álit frá Lagastofnun Háskólans um það að stjórn Lánasjóðsins sé ekki

heimilt, hafi ekki til þess lagaheimild að beita skerðingarákvæðum við úthlutun úr sjóðnum vegna meðlaga. Mér þykir mjög óeðlilegt að þessum skerðingarákvæðum sé beitt eftir að slíkt álit liggur fyrir þó ég geri mér vel grein fyrir því að álit sem þetta er ekki endilega ótvírætt og engan veginn dómsorð.

Ég vil taka undir með menntmrh. þegar hann sagði að þetta væri fyrst og fremst sanngirnismál. Ég hefði kosið að tekið væri tillit til þessa álits Lagastofnunar Háskólans miðað við þá dagsetningu sem á því áliti er. Ég vil benda á það að hér er um afar litla upphæð að ræða fyrir Lánasjóðinn, líklega 13–15 millj. kr. og ég vil jafnframt benda á að þetta skerðingarákvæði kemur harðast niður þar sem síst skyldi, í flestum tilvikum einstæðar mæður sem sjaldnast hafa úr miklu að spila og ekki veitir af þeirri aðstoð sem unnt er að fá.

Ég vil því beina þeim orðum mínum til menntmrh. að hann beiti áhrifum sínum í þá átt að þessi skerðingarákvæði verði afnumin hið fyrsta, helst afturvirk með tilliti til dagsetningar álits Lagadeildar Háskólans. Og ég vil hafa það mín lokaorð hér að mér sýnist á bréfi menntmrh. til stjórnar Lánasjóðsins að viðhorf hans sjálfs sé ótvírætt í þessu máli og vonast til að hann beiti áhrifum sínum í þá átt að skerðingarákvæðin verði afnumin.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram, umræðu um Lánasjóðinn og það atriði í úthlutunarreglum hans er snertir meðlag, hvort það teljist tekjur námsmanns eða eign barns. Hingað til hefur það ekki vafist fyrir löglærðum mönnum að meðlag sé eign barnsins og hefur sú skoðun stuðst við skýran hæstaréttardóm frá árinu 1954. Það sætir því furðu að slík regla skuli hafa komist inn í úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ég vil því lýsa yfir stuðningi mínum við þær kröfur sem stúdentar hafa gert og býst við að minn flokkur styðji þær að fullu.

Í mínum huga er það annars vítavert í þessu máli, sú staðreynd að þegar mistökin koma í ljós þá er vitleysan ekki leiðrétt þrátt fyrir álit Lagastofnunar sem ekki aðeins er byggð á skatta- og barnalögum heldur nefndum hæstaréttardómi. Þess í stað er álitið dæmt ómerkt þar sem meiri hluta sjóðstjórnarinnar fannst erfitt að kyngja niðurstöðunni. Ég hef enga trú á að meiri hluti sjóðstjórnarinnar geti ekki fallist á rökin í áliti Lagastofnunar. Þau eru skýlaus. Önnur sjónarmið en lagasjónarmið eru í lok bréfs stjórnar sjóðsins til formanns Vöku, en þar segir: „Stjórnin stendur fast við þá skoðun sína að núgildandi regla sé fullkomlega lögmæt."

Sá lærdómur sem við þm. eigum að draga af þessu máli er að vanda til lagasetningar því að allt of oft vill það henda að reglur sem embættismannakerfið og ráðherrar setja samrýmast ekki lögum sem samþykkt hafa verið hér á Alþingi. Ég vil að lokum styðja þessa kröfu og þakka fyrir þessa umræðu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja orð í belg í þá umræðu sem hér hefur farið fram um úthlutunarreglur Lánasjóðs ísl. námsmanna og benda á örfá atriði í því sambandi.

Megintilgangur Lánasjóðsins er að jafna aðstöðu fólks til náms óháð efnahag, búsetu og kynferði. Með þeim reglum sem nú er fylgt er svo sannarlega ekki verið að vinna að þessu markmiði. Deili menn um lögmæti þeirra reglna sem nú eru í gildi sem ég tel reyndar óumdeilanlegar og vísa til mats Lagastofnunar Háskólans á þeim. Hvað sem lögmætinu líður er þetta auðvitað fyrst og fremst mikil grundvallarspurning um réttlæti fyrir þann fjölda einstæðra mæðra sem nú stunda nám á háskólastigi. Það skiptir litlu máli fyrir þá einstæðu foreldra sem þurfa á lánum að halda að til stendur að breyta þessu í vor. Því vil ég skora á hæstv. menntmrh. að beita sér af fullri alvöru fyrir breytingu á þessu nú þegar. Sé miðað við þær reglur sem ætlunin er að taki gildi í vor, gæti hér verið um að ræða um það bil 13,5 millj. sem er tæplega 0,1% af framlagi ríkissjóðs til Lánasjóðsins.

Í starfsáætlun og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir á bls. 20, með leyfi hæstv. forseta: „Menntunaraðstaða verði jöfnuð svo sem kostur er."

Þetta er aðeins örlítið skref í þá átt. Vil ég því ítreka tilmæli mín og áskorun til hæstv. menntmrh. og raunar allrar ríkisstjórnarinnar um að kippa þessu í liðinn nú þegar.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og hér hefur þegar komið fram er sú heildarupphæð sem hér um ræðir ekki há miðað við allt umfang Lánasjóðs ísl. námsmanna og munar reyndar sáralitlu í því heildardæmi. Hins vegar munar viðkomandi aðila mikið um hverja einustu krónu. Það er viðurkennt að þetta fólk hefur orðið að þola órétt og það ber að leiðrétta.

Tilgangur Lánasjóðsins er að tryggja öllum jafnrétti til náms, m.a. óháð efnahag. Þetta mál er því grundvallarmál. Það snýst um það að nokkrum námsmönnum hefur í rauninni verið refsað fyrir það að vera skrifaðir fyrir lögmætum tekjum barna sinna. Hæstv. ráðherra hefur fallist á það að þetta fólk hafi verið órétti beitt og hann hefur gefið fyrirmæli um að leiðrétta það í framtíðinni. En það er ekki að fullu leiðrétt fyrr en fortíðin hefur verið gerð upp. Það verður að bæta fyrir þetta óréttlæti sem þegar hefur verið framið.

Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að hann vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á stjórnarmönnum Lánasjóðsins og sagði eitthvað á þá leið að ráðherrar ættu ekki að vera of ráðríkir á þeim bæ. Vafalaust hefur hann í huga ráðsmennsku hæstv. forvera síns, en fyrr má nú vera.

Ég skora á hæstv. ráðherra að tryggja réttlætið ekki bara í framtíð heldur einnig í nútíð og helst af öllu í fortíð.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs af tveim ástæðum. Annars vegar vegna þeirrar staðhæfingar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði í frammi í máli sínu er hann sagði að lán hefðu verið mjög skert í tíð þriggja ráðherra Sjálfstfl. Mér finnst engin ástæða til að láta svona hlutum ómótmælt þegar það gerðist í fyrsta sinn í sögu Lánasjóðsins um áramótin 1984–1985 að 100% framfærsluáætlun var fullnægt. Þetta hafði aldrei gerst fyrr. Ár eftir ár hafði gildistöku laganna um að lánið yrði 100% verið frestað en þau tóku gildi um þessi áramót, 1984–1985. Og mér finnst engin ástæða til þess að láta menn ómótmælt halda öðru fram. Hins vegar ráðlegg ég þessum sama hv. þm. að kanna reikninga sjóðsins og bera saman við fjárlagaupphæðir, m.a. frá þeirri tíð er hans eigin flokksbróðir sat í embætti menntmrh., og raunar frá því er sami hæstv. páv. ráðherra sat í embætti fjmrh. Væri þá e.t.v. minna um þessar staðhæfingar.

Hin ástæðan sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs var sú að ég tek heils hugar undir það sjónarmið að barnsmeðlag á ekki að telja til tekna foreldra. Ég tel það vera grundvallaratriði í eðli meðlaganna. Þetta atriði kom m.a. fram í umræðum sem fram fóru um frv. til barnalaga nú fyrir nokkru síðan. Hitt er annað mál að mér er kunnugt um það að þessi regla, sem lánasjóðsstjórn framkvæmdi frá því í haust, hefur ekki nema í sumum tilfellum orðið til einhverrar lækkunar á lánum vegna þess að áður hafði meðlagið áhrif á lánsfjárhæðina og hefur alla tíð haft. Það er umdeilanlegt, ég játa það, en svo hefur þetta verið. En um leið og þessi regla var sett í haust var verulega hækkaður grundvöllurinn sem gengið var út frá um lán til einstæðra foreldra þannig að þeir hefðu að sögn formanns stjórnar Lánasjóðsins eitt og hálft lán í raun og veru, en foreldri í sambúð með börn hefði eitt og fjórðung láns. Þannig að núna hafa einstæðir foreldrar, þrátt fyrir þetta, mun hærra lán en eftir öðrum reglum. Hitt er svo annað mál að mér finnst það langtum skýrara og eðlilegra að það sé ljóst að meðlögin teljist ekki til tekna. Jafnvel þó að útkoman úr talnadæminu sé þessi eins og raun ber vitni, þá tel ég að það eigi ekki að gera. Hafi það verið orðalag reglunnar að meðlagið teldist til tekna og það orðið einhverjum til íþyngingar, þá tel ég sjálfsagt að það verði leiðrétt við fyrsta tækifæri og styð það.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil láta mína skoðun koma fram í þessu máli. Það á ekki undir neinum kringumstæðum að hegna námsmönnum fyrir að eiga börn. Það á frekar að verðlauna þá hvort sem þeir eru einstæðir eða ekki einstæðir. Þeir eru að gegna því hlutverki sem þjóðfélaginu er nauðsynlegt þegar þeir eiga börn.

Ég tek undir áskorun á hæstv. ráðherra um að lögin taki gildi þegar í stað og þeir sem hafa þurft að þola skerðingu námslána vegna barnsmeðlaga fái endurgreitt þegar í stað. Ég hef unnið í mörg ár við hliðina á hæstv. ráðherra, með honum og undir hans stjórn og ég þekki hans hjartalag það vel að það er ekki hans verk að stöðva framkvæmdina á þann hátt sem ég hef lagt til hér og nú. Og ég vil láta það koma fram að ef hann þarf á stuðningi Borgarafl. að halda til þess að ná árangri þá er hann fyrir hendi. Þá er sá stuðningur fyrir hendi. Hann hefur þá 7 þm. af 63.

Ég vil líka lýsa vantrú minni á það að ríkisstjórnin þurfi þrátt fyrir allt að ná þessum barnsmeðlögum frá námsmönnum til þess að rétta halla ríkissjóðs. Ef svo er þá eru það ekki bara eldhúsin á Íslandi sem standa undir hallanum á ríkissjóði með matarskattinum heldur líka barnsmeðlögin. Og ég mótmæli því.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera örstutta athugasemd. Það varðar ummæli hv. 3. þm. Reykv. Það er greinilega viðkvæmt mál að rifja upp feril þriggja hæstv. ráðherra Sjálfstfl. í menntmrn. Staðreyndir málsins liggja hins vegar ljósar fyrir. Þær eru að í tíð Alþb. í ríkisstjórn voru lögin um Lánasjóðinn endurskoðuð og þá komu inn ákvæði um hækkanir námslána í 100% í áföngum. Það var hins vegar eitt af fyrstu embættisverkum hv. 3. þm. Reykv. í menntmrn. að fresta um eitt ár síðustu áfangahækkuninni í full 100%. Staðreyndin er sú að lánin voru ekki 100% nema eitt einasta ár, árið 1984. Þegar á árinu 1985 breytti hæstv. ráðherra framreikningi lána og hætti að miða við framfærsluvísitölu og fór að miða við aðra mælikvarða sem leiddi til skerðingar á námslánum. Á árinu 1986 gaf hæstv. menntmrh. Sverrir Hermannsson út sínar frægu reglugerðir, 3. jan. og 2. apríl 1986. Og hæstv. núv. menntmrh. hefur viðhaldið þessum skerðingum. Þannig að það sem ég sagði var rétt, herra forseti. Hér er um að ræða skerðingar þriggja ráðherra Sjálfstfl. í menntmrn.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umræðunni er þetta ekki bara spurning um hvort þetta sé löglegt heldur er þetta fyrst og fremst spurning um réttlæti, hvort einstæðir foreldrar fái þarna leiðréttingu mála sinna. Það hefur einnig komið fram að þessi upphæð sem um er að ræða er alls ekki há. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um að þetta væru óverulegar upphæðir sem væri þarna um að ræða. Nefndar hafa verið 13–15 millj. Ég held að það sé kannski ekki miklu hærri upphæð en blómin kostuðu í flugstöðina sem við vorum að ræða um áðan, þannig að þarna getur varla verið spurning um peninga. Ef það er ástæðan fyrir því að stjórn Lánasjóðsins treystir sér ekki til að leiðrétta þessi mistök þá vonast ég til þess að ríkisstjórnin sjái þá til þess að þeir fái þá þetta smáræði, litla aukafjárveitingu fyrir þessum milljónum til þess að hægt sé

að koma til móts við þetta fólk sem þarna hefur orðið fyrir skerðingu. Og ég tel ekki koma neitt annað til greina en að leiðréttingin verði gerð fyrir allt þetta ár, það sé ekki nóg að gera það frá og með deginum í dag, þó það mundi vissulega vera til bóta.

Ég skora því á hæstv. menntmrh., eins og raunar allir sem hér hafa tekið til máls, að hann beiti sér fyrir því að þetta skerðingarákvæði verði afnumið nú þegar.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Mér finnst rétt að geta þess til að fyrirbyggja misskilning, sem mér hefur aðeins fundist koma fram í þessum umræðum, m.a. í ummælum eins og þeim að það sé verið að refsa námsmönnum fyrir að eiga börn, að í lánsfjárhæðunum, eins og þær eru ákveðnar nú, er verulegt tillit tekið til barnafjölda námsmanna. Þannig er lán til einstæðs foreldris með eitt barn nú 41 295 kr., einstætt foreldri með tvö börn fær 55 060 kr. og einstætt foreldri með þrjú börn 68 825 kr. Þannig að það er ljóst að það er verulegt tillit tekið til barnafjölda varðandi lánsupphæðir.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu fyrst og fremst, þá held ég að mín afstaða hafi komið mjög skýrt fram og kom þegar fram í því bréfi sem ég ritaði stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna þar sem ég beindi þeim eindregnu tilmælum til stjórnarinnar að við endurskoðun verði fallið frá því að líta á barnsmeðlög sem tekjur lánþega og ákvæðum úthlutunarreglnanna breytt í samræmi við það. Ég tel að ég hafi á engan hátt dregið úr mínum fyrri ummælum í þessu efni eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði. Minn vilji lá alveg skýrt fyrir þá og liggur skýrt fyrir enn að við endurskoðun úthlutunarreglna verði þessu breytt. (**SJS:** Hvenær?) Ég tók það fram í mínu bréfi, og eins og hv. þm. getur lesið, því hann hefur það fyrir framan sig, þá vitnaði ég til endurskoðunar úthlutunarreglna sem nú færi fram. Sú endurskoðun stendur yfir og væntanlega þarf að breyta fleiri atriðum í þessum úthlutunarreglum. Á stjórnarfundi Lánasjóðsins nú fyrir helgi var tekin ákvörðun um að taka strax af skarið varðandi þetta atriði þannig að menn þyrftu ekki að velkjast í neinum vafa um framtíðina varðandi meðferðina á meðlögunum.

Eins og ég sagði áðan mun ég að sjálfsögðu taka upp viðræður nú við fulltrúa úr stjórn sjóðsins. Ég frétti fyrst af þessari ákvörðun núna um helgina og hefur mér því ekki gefist tóm til að ræða við stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna um þetta mál, en mun að sjálfsögðu gera það núna fljótlega. Og eins og ég sagði þá hef ég ekki hér í farteskinu neinar yfirlýsingar um hvernig fara skuli með fortíðina að þessu leyti.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Það var aðeins til leiðréttingar vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hélt því fram að ég hefði skert námslán með því að breyta viðmiðun við vísitölu. Ég vil taka það fram að það er rétt að viðmiðuninni var breytt og tekin upp önnur viðmiðun, en það skerti ekki lánin heldur þvert á móti. Því var hætt á tímabili að miða við vísitölu framfærslunnar og miðað var við vísitölu ráðstöfunartekna. Þetta reyndist síðar á því ári koma verr út fyrir námsmenn vegna breytinga í kaupgjaldsmálum landsmanna og því var breytt aftur yfir í viðmiðun við framfærsluvísitölu. Þannig að útkoman var sú að þessi ráðstöfun skerti lánin ekki. Þetta vildi ég láta koma fram því það er ástæðulaust að láta hella yfir sig blekkingum hvað eftir annað.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að mér skildist að það væri alls ekki víst hvenær þessar reglur mundu taka gildi. Og ég heyrði það í útvarpi hér á dögunum að þær mundu ekki taka gildi fyrr en í haust. Ég vil leggja áherslu á það að ráðherra verði við þeim óskum sem hafa komið hér fram um að þessar breyttu reglur gildi fyrir yfirstandandi ár.

EFRI DEILD

56. fundur, þriðjudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62, n. 439 og 544.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hl. iðnn. um frv. til laga um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978. Frv. er ekki langt. Það er aðeins tvær greinar og lætur vissulega ekki mikið yfir sér og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa það vegna þess að nokkuð er um liðið síðan það var kynnt. Í 1. gr. frv. segir:

„Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Iðnrh. er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á."

Og í 2. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í athugasemdum með frv. segir: „Frv. þetta er flutt til að veita iðnrh. heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi.

Orðalagið, sem lagt er til í frv. þessu, er samhljóða undanþáguákvæði því er var í iðnaðarlögum allt frá árinu 1927 þar til ákvæðið féll úr iðnaðarlögum 1978.

Með orðalaginu „enda standi sérstaklega á" er fyrst og fremst átt við samstarfsfélög íslenskra og

erlendra aðila er vinna að nýsköpun.“

Í nál. meiri hl. iðnn. segir m.a. svo:

„Á fund nefndarinnar komu Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur iðnrn., og Baldur Guðlaugsson hrl., formaður nefndar sem forsrh. hefur skipað til að annast heildarendurskoðun á lögum og reglum um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi iðnaðarmanna og Alþýðusambandi Íslands.

Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu í starfsáætlun sinni að lög um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi verði endurskoðuð og samræmd. Samkvæmt því er stefnt að því að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Ástæða þess að frv. þetta er flutt áður en heildarendurskoðuninni er lokið er sú að á síðustu mánuðum hafa leitað til iðnrn. nokkur innlend fyrirtæki sem hyggja á samstarf við erlend fyrirtæki um iðnrekstur hér á landi þar sem sammæli er um að erlendu aðilarnir eigi jafnan hlut eða meiri hluta. Í einu tilviki hefur jafnvel komið til tals milli aðila að verði ekki heimilt að stofna hér á landi iðnfyrirtæki í jafnri eign aðila verði fyrirtæki stofnað í heimaríki hins erlenda aðila. Því hefur iðnrh. talið brýnt að málið verði afgreitt sem fyrst þannig að ekki þurfi til þess að koma að mikilvæg nýsköpun í iðnaði verði flutt úr landi í tilviki sem þessu.

Við afgreiðslu frv. leggur meiri hl. áherslu á eftirfarandi sjónarmið:

1. Heildarákvæði sambærilegt því sem lagt er til í frv. þessu var í iðnaðarlögum frá 1927 til 1978 þegar ákvæðið féll úr lögum. Nefndin áréttar það sem fram kemur í greinargerð með frv. að orðalagið „enda standi sérstaklega á“ skuli skýra þröngt og gildi fyrst og fremst um samstarfsfélög innlendra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.

2. Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja. Varðandi samninga um stóriðju er gert ráð fyrir að sérstök lagasetning þurfi til að koma auk lánsfjárheimildar.

3. Samstarf innlendra og erlendra aðila í iðnfyrirtækjum getur aukið verulega fjölbreytni í útflutningi, flutt inn í landið nýja þekkingu, t.d. á sviði tæknimála, markaðsfærslu og stjórnunar. Enn fremur er það mikils virði að hinn erlendi samstarfsaðili beri hluta af fjárhagslegri áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.

4. Það er eðlilegt og æskilegt að stuðla að því að innlendir og erlendir aðilar taki upp samstarf í nýjum iðngreinum og við endurskipulagningu á starfsemi sem þegar er fyrir hendi. Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt.“

Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Júlíus Sólnes, Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Karl Steinar Guðnason og Jóhann Einvarðsson.

Hv. þm. Svavar Gestsson skilar sérnefndaráliti á þskj. 544.

Ég legg mjög þunga áherslu á það sem segir í niðurlagi nál. iðnn.: Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar.

Á fund nefndarinnar kom Baldur Guðlaugsson, formaður þessarar svokölluðu samræmingarnefndar er vinnur að lagasmíð er varðar fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Lög þessi sem að er unnið eiga að tryggja að auðlindir til lands og sjávar verði í íslenskum höndum og einnig eiga þau að einfalda núgildandi lög um þessi efni þannig að þeim verði sem best komið fyrir í einum lagabálki. Í máli Baldurs kom fram að ekki væri mjög langt í það að þessi nefnd mundi ljúka störfum og skila drögum að frv. til ríkisstjórnarinnar. Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir m.a.:

„Miðstjórnin bendir á að nú standi yfir heildarendurskoðun á reglum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Þess vegna telur miðstjórnin ekki rétt að flytja þessar brtt. nú heldur fjalla um þau atriði sem þar um ræðir við endurskoðun reglnanna. Miðstjórnin telur að þar sem um sé að ræða að leysa vanda einstaks fyrirtækis eigi að gera það með sérstökum lögum varðandi viðkomandi fyrirtæki.“

Þetta var umsögn frá Alþýðusambandinu.

Við fengum einnig umsögn frá Landssambandi ísl. iðnaðarmanna og ég ætla að leyfa mér að fara yfir það sem þar segir því að hér er vissulega verið að fjalla um ýmislegt athyglisvert, en þar segir m.a., herra forseti:

„Ljóst er að því hefur ekki verið skýrt skipað í lög hvaða reglur skuli gilda um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Eðlilegt má því telja að sett verði heildstæð löggjöf um þetta efni, eða a.m.k. að ákvæði ýmissa laga, sem um þetta fjalla, verði samræmd. Við lagasetningu af þessu tagi er þó afar brýnt að hinir erlendu aðilar njóti í engu betri starfsskilyrða heldur en íslenskir aðilar þannig að starfsemin verði rekin á jafnréttisgrundvelli.“

Hér segir áfram: „Af frv. því sem hér er til umræðu verður ekki séð að það sé flutt sem liður í því að samræma lagaákvæði um þetta efni. Engu að síður telur Landssamband iðnaðarmanna rétt að það verði samþykkt.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. var undanþáguákvæðið samhljóða ákvæði í iðnaðarlögum allt frá árinu 1927 þar til það féll niður er núgildandi iðnaðarlög voru sett árið 1978. Með breytingu þessari þrengdust ákvæði iðnaðarlaga meira en ýmissa annarra hliðstæðra lagaákvæða og er ástæða til að færa það aftur til samræmis,“ segja iðnaðarmenn. Og að lokum: „Þótt Landssamband iðnaðarmanna lýsi sig fylgjandi umræddu frv. hvetur það engu að síður til varúðar á þessu sviði og að ákvæði um að undanþága skuli aðeins veitt þegar

sérstaklega standi á verði virt í hvívetna. Landssambandið treystir því að iðnrh., sem með slíkt vald fari, beiti því ekki nema í samráði við samtök iðnaðarins."

Herra forseti. Ég undirstrika að ákvæði sambærilegt því sem lagt er til í frv., og endurtek það enn og aftur, var í iðnaðarlögum frá 1927 til ársins 1978 er það féll úr lögum og að okkur var tjáð í nefndinni að það hefði fallið út trúlega mest vegna mistaka þá. Menn sögðu okkur einnig sem þarna komu að með því mætti álíta að lögin, þannig breytt, gangi þvert á reglur EFTA.

Mér er það ljóst að í dag geta erlendir aðilar komið inn í íslensk iðnfyrirtæki, ég segi það ekki að þeir geti það alveg hindrunarlaust svona nokkurn veginn á grænu ljósi, en það er hins vegar ljóst að á leiðinni eru ekki óyfirstíganlegar hindranir, vægast sagt. Ég treysti því hins vegar að hæstv. iðnrh. og ríkisstjórn fari vel með það vald sem hér er gefið um mjög skamma stund og að heimildir sem er verið að gefa verði notaðar af skynsemi og fullri hófsemi.

Frsm. minni hl. iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 544 hef ég skilað nál. minni hl. iðnn. um frv. það til laga um breyt. á iðnaðarlögum sem hér er til umræðu. Ég mun nú, herra forseti, gera grein fyrir þessu nál., en þar segir:

Hinn 2. nóv. sl. mælti iðnrh. fyrir frv. þessu í Ed. Það hefur síðan hlotið meðferð í iðnn. Leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt með ströngum skilyrðum sem fram koma í nál. hans. Minni hl. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem eðlilegra sé að ræða mál þetta sem hluta af heildarendurskoðun á reglum um aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi.

Frv. það sem hér er til umræðu lítur sakleysislega út. Það er aðeins tvær efnisgreinar. Iðnrh. flutti sem aðalrök fyrir frv. í framsöguræðu sinni að hér væri í raun horfið til sömu lagaákvæða og voru í gildi á árunum 1921–1971. Ráðherrann reyndi að láta þetta líta út sem smámál er þingið ætti að geta afgreitt á nokkrum dögum. Ekki féllst þingið á þá málsmeðferð og svo mikill ágreiningur virðist hafa verið í stjórnarliðinu um frv. að nál. meiri hl. sá ekki dagsins ljós fyrr en um jólaleytið. Og málið var snemma tekið út af forgangslistum yfir þau mál sem átti að afgreiða fyrir hátíðar og síðar fyrir þinghlé.

Undirritaður er ósammála iðnrh. um að hér sé á ferðinni smámál. Telur minni hl. að eðlilegra hefði verið að afgreiða málið sem hluta af heildarendurskoðun lagaákvæða um aðild útlendinga að fjárfestingu hér á landi. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd til þess að vinna að slíkri heildarendurskoðun. Nefndin er að vísu einokuð af stjórnarflokkunum eins og reyndar er venja núverandi ríkisstjórnar. Þó sjá allir að eðlilegra hefði verið að allir flokkar hefðu átt aðild að slíkri endurskoðun laga um þennan mikilvæga þátt efnahags- og atvinnulífsins á Íslandi.

„Frv. það, sem hér er mælt fyrir, varðar brýnt hagsmunamál íslenskra fyrirtækja sem nauðsynlegt er að afgreiða sem fyrst," sagði hæstv. iðnrh. 2. nóv. sl. Þessu sjónarmiði iðnrh., sem kom þannig fram orðrétt í framsöguræðu hans, mótmælti undirritaður strax við 1. umr. hér í deildinni. Enda fór það svo að deildin tók sér eðlilegan tíma til að fjalla um málið.

Ástæðan fyrir því að ráðherrann flutti frv. mun hafa verið sú að forráðamenn fyrirtækisins Lýsis hf. hafa átt í viðræðum við fulltrúa erlends fyrirtækis um samstarfsverkefni. Eðlilegra hefði verið að stuðla að samstarfi fyrirtækjanna með öðrum hætti en þeim að spretta upp iðnaðarlögunum og skapa þannig fordæmi fyrir önnur og stærri fyrirtæki um næstu framtíð.

Þegar iðnaðarlögum var breytt 1978 var fellt niður ákvæði sem heimilaði ráðherra að opna fyrir meirihlutaeign útlendinga í fyrirtækjum. Gunnar Thoroddsen, þáv. iðnrh. og varaformaður Sjálfstfl., mælti fyrir frv. Urðu litlar sem engar umræður um þetta sérstaka ákvæði, þ.e. að fella niður þessa heimild handa iðnaðarráðherra. Væntanlega hafa umræður orðið litlar vegna þess að allir voru sammála um að það væri í alla staði eðlilegt að fella þessa heimild niður. Þá komu því ekki fram neinar tillögur um að halda inni gamla ákvæðinu sem núv. iðnrh. gerir ráð fyrir að gangi aftur í lögunum á nýjan leik.

Eina athugasemdin sem fram kom um þetta efni var frá Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. núv. sjútvrh., er hann sagði:

„Einnig er vert að íhuga það aðeins betur sem kemur fram í 4. gr. um skilyrði til þess að reka iðnað. Þar kemur fram að ef félag er hlutafélag, þá skuli enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi. Ég hygg að það muni verða tryggara að það væri gerð krafa til þess að viðkomandi menn hefðu verið búsettir hér ákveðinn tíma, því að það er svo að menn geta að vísu sest hér að og verið nýlega komnir hingað til landsins. Ég vildi aðeins varpa því fram að það væri rétt að íhuga hvort ekki bæri að gera það að skilyrði að viðkomandi aðilar hefðu búið hér ákveðinn tíma, t.d. tvö ár eða svo, þannig að það væri ljóst að menn væru raunverulega búsettir í landinu og ætluðu sér að búa hér."

Þetta var, herra forseti, eina athugasemdin sem fram kom 1978 og hún beindist að því að þrengja lögin en ekki að víkka út heimildir þeirra.

Þegar Gunnar Thoroddsen mælti fyrir frv. til iðnaðarlaga 1978 gerði hann grein fyrir því hvernig að málinu hefði verið unnið og hverjir hefðu komið þar nærri. Virðast það hafa verið flestir forustumenn í atvinnulífi þess tíma — fyrir aðeins 10 árum, það er: Björgvin Frederiksen framkvæmdastjóri, Páll S. Pálsson, samkvæmt tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Kristinsson, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Axel Gíslason, eftir tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðmundur Þ. Jónsson, eftir tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, og Sigurður Guðgeirsson, samkvæmt tilnefningu ASÍ.

Hér voru sem sagt kallaðir til allir þeir sem best þekktu til iðnaðar á þessum tíma þannig að engin leið er að halda því fram, eins og hv. frsm. gerði áðan, að niðurfelling gamla ákvæðisins hafi verið mistök. Frv. er talið samið „að bestu manna yfirsýn" þar sem fulltrúar launafólks og atvinnurekenda komi við sögu og þetta ákvæði er samþykkt samhljóða hér í þinginu, ágreiningslaust — nema Halldór Ásgrímsson vildi þá þrengja enn frekar heimildir útlendinga.

Undirritaður telur að sjálfsagt sé að hafa samvinnu við útlendinga um einstök verkefni eftir hagkvæmni á hverjum tíma enda sé á engan hátt hróflað við efnahagslegum forsendum sjálfstæðis þjóðarinnar. En um þessi efni eiga að gilda almennar, strangar og skýrar reglur og það er beinlínis fráleitt að eiga slík mál undir geðþótta ráðherra, jafnvel þó um hin smæstu mál sé að ræða.

Fyrir síðasta þingi lá skýrsla um þátttöku útlendinga í atvinnurekstri hér á landi. Í skýrslunni kom glöggt fram að gildandi ákvæði eru í senn óskýr, óljós og ósamstæð. Vísar minni hl. til skýrslu þessarar sem birtist á þskj. 700 frá síðasta þingi.

Nauðsynlegt er hér í prentuðu þskj. að mótmæla sérstaklega túlkun í skýrslunni á þskj. 700 frá síðasta þingi á atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar.

Skýrsluhöfundar bera það fyrir sig aftur og aftur að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar séu með þeim hætti að það sé ekki heimilt að leggja aðrar kvaðir á aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi en þær sem þegar eru í lögum. Samkvæmt þeim textum, sem er að finna t.d. í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, er þetta ákvæði að öllu leyti réttlægra en t.d. almenna eignarréttarákvæðið, enda er ljóst samkvæmt stjórnarskránni að skerðingu á atvinnufrelsi geta menn orðið að þola bótalaust þó að um slíkt sé ekki að ræða að því er varðar eignarnám á tilteknum eignum manna.

Í bók Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, segir þetta á bls. 468:

„Réttarleg þýðing 69. gr. stjórnarskrárinnar er ekki ýkja mikil. Aðalþýðing hennar er sú að handhöfum framkvæmdarvalds er óheimilt að skerða atvinnufrelsi manna, en sennilega hefði sú regla verið talin gilda þó að ekki væri við þetta stjórnarskrárákvæði að styðjast. Eftir orðanna hljóðan eru löggjafarvaldinu einnig settar nokkrar skorður þar sem atvinnufrelsið má því aðeins skerða að almenningsheill krefjist. En þar er þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að löggjafinn ætti sjálfur fullnaðarmat um það hvort því skilyrði sé fullnægt, sbr. hæstaréttardóma VIII, bls. 332. Á meðan sú regla gildir er fremur lítið hald í ákvæði þessu gagnvart löggjafanum. Eru þess fjölmörg dæmi í núgildandi löggjöf að lögð séu meiri eða minni höft á atvinnufrelsi manna. Væri því óneitanlega æskilegt að ítarlegri ákvæði væru sett í stjórnarskrána um atvinnufrelsi.

Í 69. gr. stjórnarskrárinnar felst þó almenn stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans. Sú stefnuyfirlýsing getur skipt máli við lögskýringu. Hún leiðir til þeirrar túlkunarreglu að í vafatilvikum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsi."

Þegar skýrsluhöfundar halda því fram að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar eigi einnig við rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi eru menn viljandi eða óviljandi að misskilja og rangtúlka stjórnarskrána því að auðvitað er atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar aðeins til að tryggja atvinnufrelsi Íslendinga en ekki útlendra aðila á Íslandi. Þegar menn eru farnir að bera fyrir sig stjórnarskrá lýðveldisins Íslands til að tryggja útlendingum atvinnufrelsi og umsvifarétt hér á landi eru þeir býsna langt leiddir, komnir býsna langt frá þeim veruleika sem stjórnarskráin sjálf á að tryggja.

Að öllu samanlögðu leggur minni hl. því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hafni deildin þeirri tillögu minni hl. leggur hann til að frv. verði fellt.

Ég vil þá næst, herra forseti, víkja örfáum orðum að nál. meiri hl. á þskj. 439 og að þeirri ræðu sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti áðan.

Í fyrsta lagi vil ég segja það að ég tel það til bóta að meiri hl. skuli lýsa því yfir mjög afdráttarlaust og frsm. meiri hl. að þessi nýju lagaákvæði beri að túlka þröngt. Ég tel það til bóta. Ég tel hins vegar að eitt og annað í nál. meiri hl. sé enn of óljóst og mun aðeins víkja að því og þá fyrst í 1. tölul. þar sem meiri hl. ber það fyrir sig, eins og hv. frsm. gerði aftur og aftur áðan, að hér væri í raun og veru um að ræða gömlu ákvæðin sem voru í lögum frá 1921–1971. Það eru í mínum huga engin rök vegna þess, herra forseti, að nú á árinu 1988 er mun meiri aðsókn í atvinnurekstur á Íslandi af útlendu kapítali en var á þessum árum. Í 1. umr. um þetta mál sem fór fram 2. nóv. sl. benti ég á það hvað hefur orðið gífurleg aukning í tilflutningi erlends fjármagns til atvinnurekstrar í heiminum á undanförnum áratug. Þar er um að ræða margföldun og aftur margföldun. Þess vegna tel ég að það að bera árið 1988 saman við árið 1921, þó það sé allt til ársins 1971, gjörsamlega ósambærilegt og engin rök í þessu máli.

Ég bendi einnig á það varðandi 2. tölul. að meiri hl. er bersýnilega í stórkostlegum vanda þegar hann er að búa til forskrift handa hæstv. iðnrh. sem meiri hl. treystir til að framkvæma þetta rétt og vel, jafnvel þeir úr meiri hl. sem eru úr stjórnarandstöðunni. Ég er mest hissa á þeim. En látum það vera. Meiri hlutinn er í stökustu vandræðum því að hér segir, með leyfi forseta:

„Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja."

Hver á að túlka það hvenær meðalstórt fyrirtæki verður stórt fyrirtæki? Hvað er meðalstórt fyrirtæki? Er það 10, 20, 40 eða 50 manna fyrirtæki? Er það fyrirtæki sem veltir 5 millj. eða 100 millj.? Við hvað er átt? Við hvað á meiri hlutinn? Hvar eru mörkin í þessu efni? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að meiri hlutinn rísi hér upp á eftir og geri grein fyrir því, hvar er grensan? Hvað má hæstv. iðnrh. gera í

þessu efni? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þetta komi fram og ég tel ekki nóg að hæstv. iðnrh. svari fyrir þetta mál vegna þess að auðvitað á hann að hlýða því sem löggjafinn ákveður hér og sérstaklega þessi virðulega deild setur honum skorður. Hann hefur að vísu málfrelsi og tillögurétt en engan atkvæðisrétt því að hér á þessi deild ein um að véla þegar að úrslitunum kemur.

Ákvæðið er loðið. Meiri hlutinn er í vandræðum. *Hann veit ekki hvar hann á að setja mörkin*, segir: Smærri eða meðalstór fyrirtæki. Kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði. Hvað er hún? Er hún stórfyrirtæki? Hún hefur verið talin meðalstórt fyrirtæki. Er átt við fyrirtæki af því tagi eða hvað? Um hvað er verið að tala? Meðalstórt miðað við hvað?

Ég ítreka einnig í þessu sambandi það sem segir í umsögn Alþýðusambands Íslands, ítreka það alveg sérstaklega. Auðvitað hefði verið nær að taka þetta mál sem hluta af heildarendurskoðun og auðvitað átti að hleypa öllum flokkum að þeirri heildarendurskoðun. En ef ráðherrann vildi koma þessu sérstaka lýsismáli hér í gegn, sem ég hygg að sé orkubúið á bak við þetta mál, Lýsi hf. hérna á Hringbrautinni — *ef ráðherranum var svo mikið í mun að koma því í* gegn átti hann að flytja sérstakt frv. um samstarf Lýsis við þetta erlenda fyrirtæki sem ég man varla lengur hvert er en það var nefnt við 1. umr. og ég hygg að það heiti Nova eða eitthvað því um líkt. Þá átti auðvitað ráðherrann að flytja sérstakt mál um þetta samstarfsverkefni en ekki að spretta upp iðnaðarlögunum eins og þau leggja sig. Það hefði verið mikið eðlilegri nálgun þessa máls.

Ég vil einnig, herra forseti, mótmæla því sérstaklega sem fram kemur í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. að ákvæðið hafi 1978 fallið út fyrir mistök. Ég tel enga ástæðu til að ætla það. Ég tel þvert á móti að allt bendi til þess, ekki aðeins höfundar málsins, heldur líka umræðurnar og sérstaklega ræða hv. þáv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að það hafi verið vitandi vits sem löggjafinn ákvað að þrengja þessi lagaákvæði á sínum tíma, vitandi vits, opnum huga. Fyrst og fremst auðvitað vegna þess, herra forseti, að á þeim árum var mikil umræða í gangi um aðild útlendinga að fyrirtækjarekstri hér á landi og forustumenn Sjálfstfl. höfðu beitt sér fyrir stofnun Kísilmálmverksmiðjunnar á Grundartanga, voru nokkuð lúnir og mæddir eftir þá umræðu sem þá hafði gengið yfir, og þess vegna var talið rétt að þrengja lagaákvæði þarna fremur en hitt.

Svo vil ég spyrja hæstv. iðnrh.: Hefur hann kynnt sér hvernig útlendingar eru að koma sér inn í *íslenskan atvinnurekstur og íslenskar auðlindir* núna? Hvað er að frétta af því fyrirtæki sem er auglýst undir nafninu Glitnir hjá Iðnaðarbankanum þar sem augljóst er að erlendir aðilar eru bakdyramegin að koma sér inn í íslenskt atvinnulíf? Ég held að það væri óhjákvæmilegt, herra forseti, við tækifæri að taka umræðu um það mál, hvernig erlendir aðilar eru að koma sér hér inn í íslenskt atvinnulíf og sjálfsagt ekki aðeins þarna, heldur höfum við orðið vör við það að erlendir aðilar hafa áhuga á að sækja m.a. inn í sjávarútveginn eftir þeim glufum og götum sem eru alls staðar og út um allt í íslenskri löggjöf, því miður, í sambandi við þessi mál.

Ég hefði þess vegna talið mikið affarasælla, herra forseti, að þessi virðulega deild hefði komist að þeirri niðurstöðu að hafna frv., krefjast þess jafnframt að þingflokkarnir allir eigi aðild að endurskoðun lagaákvæða um hlut útlendinga að atvinnurekstri hér yfirleitt. Ég tel að hér sé ekki um að ræða smámál, heldur stórmál, mál sem geti skapað hættulegt fordæmi varðandi þróun atvinnulífsins á komandi árum og ég tel að við eigum ekki að spretta upp iðnaðarlögunum fyrir eitt fyrirtæki jafnvel þó að fyrirtækið heiti Lýsi hf.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Því miður var ég staddur erlendis í opinberum erindum þegar frv. var lagt fram þannig að ég gat ekki tekið þátt í umræðum um það þegar frv. var til 1. umr.

Ég tek undir orð fyrri ræðumanna hér. Hér er verið að fjalla um mjög veigamikið mál þótt það láti *lítið yfir sér og það hreyfir við ákveðnum grundvall*araðstöðum í sambandi við þátttöku Íslendinga sjálfra og eignarhald í íslensku atvinnulífi.

Ég vil fyrst segja það að ég er þeirrar skoðunar að í þeim efnum beri að varast eins og unnt er að hafa of almennar og rúmar heimildir fyrir einstaka ráðherra til að ákveða þátttöku erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum, þ.e. að leggja það frekar á vald hæstv. Alþingis að fjalla um slíkt á hverjum tíma eða setja almennar reglur sem eru frekar þröngar því að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þótt íslenskur þjóðarbúskapur standi tiltölulega traustum fótum er eignarhald það sem máli skiptir stendur ekki á allt of traustum grunni miðað við þá mögu*leika sem erlendir aðilar gætu haft í sambandi við* það að hasla sér völl á Íslandi á sviði atvinnumála og einnig með tilliti til þess hvernig erlendir aðilar gætu eignast fyrirtæki í landinu í hinum ýmsu atvinnugreinum. Ég ætla ekki að hefja hér almenna umræðu um það, en ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Svavars Gestssonar, um að það er auðvitað ærin ástæða til að hæstv. Alþingi taki þetta til umræðu og gagngerðrar skoðunar, ekki bara í sambandi við þröngt svið iðnaðar, heldur íslenskt atvinnulíf í heild.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að svo virðist sem erlendir aðilar séu að smeygja sér inn í íslenskt atvinnulíf eftir ýmsum leiðum með þeim hætti að það getur skaðað stöðu og eignarhald Íslendinga sjálfra á mjög mikilvægum sviðum.

Það sem rak mig einnig til þess að koma hér í ræðustól er það atriði að mér finnst ekki nægilega ljóst hvað átt er við þegar verið er að tala um iðnað almennt í sambandi við möguleika erlendra aðila til þátttöku umfram það sem leyfilegt hefur verið til þessa. Það er t.d. ekki nægilega ótvírætt hvort þessar breytingar ná einnig til fiskiðnaðar. Þess vegna vildi

ég í þessu sambandi vekja athygli á því að til þessa hefur fiskiðnaður verið skilgreindur í tengslum við sjávarútveg þannig að skilgreining orðsins „sjávarútvegur" og þar með lagatúlkun á stöðu eða möguleikum erlendra aðila til þátttöku í íslensku atvinnulífi hefur verið þrengd. Það hefur verið litið þannig á að undir hugtakið „sjávarútvegur" flokkaðist einnig fiskiðnaður. Nú er þess að geta að lög um takmörkun erlendra aðila í útgerð á Íslandi eru frá 1924, ef ég man rétt. Þá var eiginlega ekki hægt að tala um fiskiðnað í þeirri merkingu sem við gerum í dag þannig að þau lög eru að ýmsu leyti úrelt. En ég vildi fá það fram í þessum umræðum, og beini orðum mínum sérstaklega til hæstv. iðnrh., hvort hann sé ekki sammála þeirri túlkun minni að fiskiðnaður geti alls ekki fallið undir þær breytingar á lögum, iðnaðarlögum, sem hér eru til umræðu, þ.e. hvort hann sé ekki sammála þeirri túlkun minni að fiskiðnaður heyri undir sjávarútveg í hefðbundinni merkingu þess orðs. Þar með er ótvírætt girt fyrir það að erlendir aðilar geti komist inn í íslenska útgerð í gegnum fiskiðnað eða eignarhald í t.d. fyrirtækjum sem starfrækt eru í tengslum við þessa atvinnugrein. Þetta er mjög þýðingarmikið og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra taki af öll tvímæli um það efni hér á eftir. Það mun ráða mínu atkvæði í þessu máli. Ég leyfi mér að skilgreina þetta þannig að undir „útgerð" falli bæði veiðar og vinnsla sem þýðir það að þessi heimild sem breytingarnar á iðnaðarlögunum gera ráð fyrir heimila ráðherra ekki að leyfa erlendum aðilum að eignast hlut í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum. Þetta er mjög þýðingarmikið, sérstaklega með tilliti til orða hv. frsm. þar sem hann undirstrikaði og tvítók að það sé vilji meiri hl. iðnn. Ed. að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands eða sjávar. Með því hlýtur nefndin að eiga við það að erlendir aðilar geti ekki fengið þá aðstöðu í íslenskum fiskiðnaði sem hér um ræðir og mögulegt væri á öðrum sviðum iðnaðar.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar og ég vænti þess að hæstv. ráðherra veiti mér skýr svör við þessu og taki af öll tvímæli.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Mig langar í örstuttu máli að gera grein fyrir afstöðu okkar þm. Borgaraflokksins í þessu máli. Við höfum séð ástæðu til þess að samþykkja frv. og standa að þessari breytingu sem þarna er lögð til. Ég persónulega fagna því að það skuli með þessum hætti vera auðveldað samstarf iðnfyrirtækja við erlenda aðila á ýmsum sviðum iðnrekstrar. Ég get hins vegar tekið undir með hv. 14. þm. Reykv. að að sjálfsögðu megum við ekki fara að spila með okkar sjávarútveg í þessu dæmi þannig að það kemur ekki til greina að fara að hleypa útlendingum inn í hvorki fiskvinnsluna né útgerðina þannig að þeir gætu náð hér meirihlutaaðstöðu í þessum mikilvæga atvinnuvegi þjóðarinnar.

En hvað varðar iðnaðinn gegnir allt öðru máli. Í iðnaði verðum við að sækja hugmyndir og nýjungar til útlanda og við erum mjög háðir því að geta haft margháttað samstarf við erlend fyrirtæki. Slíkt samstarf er raunar orðin forsenda og undirstaða alls iðnrekstrar um allan hinn frjálsa heim, að fyrirtækin eru í margháttuðu samstarfi yfir landamærin þannig að þau eiga aðild að iðnrekstri margra landa, sömu fyrirtækin og upplýsingar og nýjungar flæða á milli landa á mjög fjölbreytilegan hátt. Við getum að sjálfsögðu ekki einangrað okkur frá þessu samstarfi ef við ætlum að byggja upp einhvern iðnað og verðum því að taka þátt í þessu samstarfi sem jafningjar á við hina erlendu aðila. Það kann meira að segja vel að vera að það þurfi að ganga lengra í þessu efni en frv. gerir ráð fyrir, en að sjálfsögðu er eðlilegra að bíða eftir þeirri endurskoðun á iðnaðarlögum sem er fyrirhuguð áður en slíkt skref yrði stigið.

Hins vegar finnst mér sanngjarnt og eðlilegt að heimila þessa breytingu nú þar sem um er að ræða ákveðið tilvik sem felur í sér samstarf tveggja fyrirtækja. Frekar en að tefja það með því að þeim væri gert að bíða eftir heildarendurskoðun iðnaðarlaga tel ég sjálfsagt að stuðla að því að þetta samstarf geti náð fram að ganga og á þeim grundvelli styðjum við þessa breytingu.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. nefnd sem fjallaði um þetta mál fyrir afgreiðsluna. Það hefur reyndar komið fram hjá talsmanni minni hl., hv. 6. þm. Reykv., að hv. Ed. hafi tekið sér þann tíma sem hún þurfti. Undir það get ég tekið. Ég vil þó að það komi fram við þessa umræðu að það var í samráði við mig sem ákveðið var að freista þess ekki að afgreiða þetta mál fyrir jól, einfaldlega vegna þess að það voru önnur mál sem þurftu að fá hraðari afgreiðslu fyrir þingið. Hins vegar hafði hv. meiri hl. nefndarinnar þegar afgreitt málið, 22. des., þótt minnihlutaálitið kæmi ekki fyrr en 3. febr. og það var jafnframt í samráði við mig sem beðið var með að taka þetta mál til umræðu þar til nú en þar kom til að framsögumenn báðir voru ekki viðstaddir síðustu viku. Öllu máli skiptir þó að fram hefur komið nú þegar í nál. meiri hl. að gera má ráð fyrir að þetta mál fái afgreiðslu innan tíðar og ég óska eftir því, ef hægt er, herra forseti, að mál þetta fái tiltölulega hraða meðferð úr þessu, enda hefur málið nú verið skoðað rækilega af nefnd og hv. þm. þess vegna fengið nægan tíma til að kynna sér efni frv. sem alls ekki er flókið þótt þar með sé ekki verið að segja að þetta sé smámál. Því hefur ekki verið haldið fram þótt málið sé einfalt og ekki flókið.

Ég nefni örfá atriði sem komið hafa fram í ræðum hv. ræðumanna sem hafa talað.

Í fyrsta lagi held ég að ástæða sé til að benda á að lagaákvæði iðnaðarlaganna eru þrengri en ákvæði samsvarandi laga í öðrum atvinnugreinum. Ég bendi jafnframt á að skv. 16. gr. samningsins um EFTA-aðildina er ljóst að það var gert ráð fyrir því þar þegar við gengum í Fríverslunarbandalagið á sínum

tíma að þetta lagaákvæði fullnægði þeim skilyrðum sem bandalagsþjóðirnar gerðu og það er á þeim forsendum byggt. Menn telja m.a. að það hafi verið mistök þegar þetta ákvæði féll úr lögunum við þær breytingar sem gerðar voru árið 1978 og ég bendi jafnframt á að þær breytingar sem þá voru gerðar á lögunum voru fyrst og fremst breytingar vegna handiðnar hér á landi. Um það fjallaði það mál. Það var aðalatriði málsins og svo virðist að í þeim breytingum sem gerðar voru að bestu manna yfirsýn, svo að notað sé orðalag þess tíma, sé verið að horfa fyrst og fremst til þeirra lagaákvæða. Það hefur nokkuð verið gert úr áliti hæstv. sjútvrh. en hann talaði í umræðunum 2. nóv. og tók þar mjög skýrt fram að hann styddi þetta frv., eins og skráð er í Alþingistíðindum, þannig að það er hægt að segja það hér og nú og ítreka að hæstv. sjútvrh. er stuðningsmaður frv. enda er um stjfrv. að ræða sem hann hefur tekið þátt í umræðum um.

Ég ætla ekki að deila um frelsisákvæði stjórnarskrárinnar, m.a. um atvinnufrelsið. Ég læt það liggja milli hluta. Það hafa hvergi komið fram varðandi flutning þessa máls þau rök sem koma fram í þeirri skýrslu sem hv. 7. þm. Reykv. vitnaði til og er á þskj. 700 frá þinginu í fyrra og er samin að mig minnir af Birni Líndal og Hreini Loftssyni. Það eru þeirra rök. Hins vegar geta menn velt þessum stjórnarskrárákvæðum fyrir sér og það er alveg ljóst að hafi útlendingar sama rétt hér á landi, það verða að gilda um það almennar reglur, og þeir sem hér búa og verða ríkisborgarar gilda auðvitað stjórnarskrárákvæði, *mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar*, jafnt um þá sem Íslendinga, enda erum við bundnir af slíkum sáttmálum eins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum slíkum sáttmálum sem tryggja það að með útlendinga sé farið með sama hætti og þá sem búa í ríkjunum sjálfum sem hafa gerst aðilar að slíkum samningum. Það sem ég segi hér útilokar hins vegar ekki hugmyndir hv. 7. þm. Reykv. um skilning hans á þessu stjórnarskrárákvæði, en ég tel ástæðu til að láta það liggja á milli hluta, enda finnst mér það ekki koma þessu máli við.

Ég tek það fram að ég er fyllilega sammála og sáttur við þau atriði sem koma fram í meirihlutaálitinu og ég tel þar koma fram ábendingar og reglur, meginreglur, sem hægt sé að fylgja. Auðvitað er það svo og þar er ekki nákvæmlega að orði kveðið fremur en ávallt, hvorki í texta í nál. né heldur í lagaákvæðum, en ég held þó að hugtök eins og smærri rekstur eða meðalstór gefi tilefni til þess að álíta að ef um stórrekstur er að ræða, eins og stóriðju, þá iðju sem við þekkjum sem stóriðju, mundi það að sjálfsögðu ekki vera í verahring iðnrh. að veita undanþágu í slíkum tilvikum, heldur hlyti atbeini Alþingis að koma til. Það liggur í hlutarins eðli og hlýtur að gerast með þeim hætti því að í samningum við slík fyrirtæki er jafnan fjallað um önnur atriði sem atbeina löggjafans þarf við.

Af því að minnst er á kísilmálminn er augljóst að kísilmálmurinn hefði komið til Alþingis þrátt fyrir það að þessu ákvæði yrði breytt í þá veru sem lagt hefur verið til með frv. sem hér er til umræðu.

Ég hef, þar sem spurt var um það, að sjálfsögðu kynnt mér hvernig útlendingar eiga samstarf við innlenda aðila og var minnst á Glitni í því sambandi og mér er það ljóst að full ástæða er til þess að skoða lagaákvæðið um slíkt samstarf bæði á því sviði og fjölmörgum öðrum. Ég gæti talið upp 10–15 lagabálka þar sem ástæða væri til þess að kíkja á slík atriði sem snerta samstarf Íslendinga og erlendra aðila. En ég er ekkert viss um að það sé af hinu vonda að fá til landsins erlent fé með öðrum hætti en venja hefur verið á undanförnum árum og áratugum, að taka það eingöngu að láni, en leyfa ekki útlendingum að taka áhættu með því að koma og afhenda féð sem er afhent í rekstur sem áhættufjármunir.

Það er full ástæða til þess að benda á í þessu sambandi að prófessor Þorvaldur Gylfason segir frá því í einu dagblaðanna í dag að Íslendingar séu með skuldugustu þjóðum í heimi af því að við höfum lagt svo mikla áherslu á lántökur sem verður að greiða hvernig svo sem reksturinn fer sem fjármagnið er notað til. Ekki meira um þetta því að þetta er ekki atriði þessa máls.

Hv. 14. þm. Reykv. spurðist fyrir um fiskiðnaðinn og bað mig um að segja mitt álit á því hvort þessi lagabreyting yrði til þess að ég gæti með því heimildarákvæði, sem gert er ráð fyrir að samþykkt verði og breytt í lögunum, heimilað útlendingum að *eignast meiri hluta í fiskvinnslufyrirtækjum*. Svo er ekki. Það er ljóst að iðnaðarlögin ná til iðnaðar. Það er að vísu rétt að samkvæmt orðanna hljóðan gæti svo virst sem fiskiðnaður tilheyrði þeim iðnaði, en í 2. gr. laganna er minnst á að lögin nái til fyrirtækja sem þurfa iðnrekstrarleyfi og fiskvinnslan þarf ekki iðnrekstrarleyfi og svo hefur aldrei verið. Fiskvinnslan hefur fylgt útgerðinni í sjóðakerfið, og er talin standa með útveginum, og tilheyrir allt öðru ráðuneyti, þ.e. sjútvrn. Það er því ekki í verkahring iðnrh. að veita útlendingum heimild til þess að eignast hvorki 1 né 51% í fiskvinnslufyrirtækjum, ekki á grundvelli þessa lagaákvæðis sem hér er verið að leggja til að breytt verði.

Ég fagna því að hv. þm. Júlíus Sólnes skuli hafa skrifað undir meirihlutaálitið og tel að það styrki framgöngu frv. að slík breið samstaða hafi náðst um það og vænti þess að það merki að frv. fái greiðari leið í gegnum þingið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til, nema þess verði krafist, að ég fjalli frekar um þetta mál en vísa til fyrri ræðna sem fluttar voru í þessar hv. deild hinn 2. nóv. sl.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við að bæta, en þó, vegna þess að ég held að ég hafi skilið ræðumenn rétt að þeir hafi beint ákveðnum fsp. til mín sem þeir a.m.k. vildu fá ákveðin svör við, sé ég

ástæðu til þess að koma hér upp og sting þá kannski aðeins að fleiri þáttum málsins.

Ég vil fyrst geta þess sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég skildi hann svo að ég hafi sagt að málið væri ekki stórt. Það er ekki rétt. Ég sagði að málið léti ekki mikið yfir sér. Ég veit að hv. þm. vill hafa það sem sannast er og því vil ég að þetta komi skýrt fram. Ég tel að málið sé ekki smámál, alls ekki.

Hv. þm. vék einnig að því og spurði hvað við teldum að væri smáfyrirtæki, hvað væri meðalstórt fyrirtæki og hvað væri hvað, hvort við teldum t.d. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem rætt hefði verið um, vera smáfyrirtæki eða stórfyrirtæki. Í mínum huga er það engin spurning og ég veit að það er ljóst í huga hv. þm. að þar erum við að tala um stórfyrirtæki, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Það verður að koma alveg skýrt fram að ég ber mikið traust til þeirra manna sem við kölluðum fyrir okkur, t.d. þess ágæta embættismanns, Halldórs Kristjánssonar, starfsmanns í iðnrn., sem ég gekk í smiðju til í þessum efnum. Það kemur alveg ljóst fram að þessi lög opna á engan hátt fyrir stóriðju inn í þetta land. Það er alveg ljóst að þetta frv. opnar ekki fyrir stóriðju.

Um það má svo náttúrlega endalaust deila hvort þetta ákvæði hafi fallið út vegna mistaka árið 1978. Ég ætla ekkert að segja um það. Þetta er aðeins það sem kom fram í viðræðum í iðnn., að þannig hefði þetta borið að, en alla vega er þetta þó talið vera í mótsögn við 16. gr. fríverslunarsáttmálans.

Ég ætla ekki að fara að ræða um þetta sérstaka fyrirtæki sem er verið að nefna, þetta danska fyrirtæki sem hefur verið að leita eftir samráði og samvinnu við Lýsi hf. og heitir Nova. Það er ekki málið út af fyrir sig. Við ræddum það hins vegar mjög í nefndinni hvort það væri hægt og rétt að bíða eftir þessari endurskoðun, en menn voru ekki á því. Það kom upp þessi hugmynd sem hér hefur verið hreyft hvort ekki væri hægt að draga þetta mál eitt og sér út úr og flytja það hér sérstaklega inn. En að yfirsýn hinna bestu manna var það ekki talinn skynsamlegur kostur. Ég undirstrika það enn og aftur að ég treysti hæstv. iðnrh. og ríkisstjórninni *allri til að fara vel og skynsamlega með* þetta vald. Ég veit, eftir viðræður við formann nefndarinnar sem vinnur að þessari lagasmíð, að það er mjög stutt í það að þetta frv. komi inn á borð ríkisstjórnarinnar og þá væntum við þess að allur vafi verði þar tekinn af.

Vegna þess sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði og beindi orðum sínum að nokkru til mín í sambandi við sjávarútveginn fannst mér að ég tæki það oft fram að hér væri alls ekki opnað fyrir það að *erlendir aðilar gengju og hefðu aðgang að fyrirtækjum* sem störfuðu, og að auðlindum landsins. Það er alveg ljóst og mér fannst það líka koma greinilega fram í máli hæstv. iðnrh. og ég lýsi því yfir enn og aftur, ef það má verða til þess að svara hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að ég get ekki undir neinum kringumstæðum fallist á að erlendir aðilar komist inn í íslenskan sjávarútveg.

Frsm. minni hl. iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hafa komið fram bæði frá hæstv. iðnrh. og frá hv. 3. þm. Norðurl. v. og sömuleiðis þær athugasemdir sem fram hafa komið frá þeim til að skýra málið og einnig athugasemdir sem fram komu hjá hv. 14. þm. Reykv.

Ég vil þá aðeins víkja nánar að þessum athugasemdum og segja fyrst að ég fagna því að hæstv. iðnrh. tekur ekki undir túlkun skýrslunnar frá síðasta þingi á þskj. 700 varðandi atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Það tel ég mjög mikilvægt atriði.

Hv. þm. Júlíus Sólnes sagði í framhaldi af orðum Guðmundar H. Garðarssonar: Hv. 14. þm. Reykv. sagði: Hvað er átt við með iðnaður almennt? Er fiskiðnaður þar? — Og í þessu nýja bandalagi Sjálfstfl. og Borgarafl., lýsisbandalaginu, sagði hv. þm. Júlíus Sólnes: Þetta er allt í lagi því að þetta er ekki fiskur. Og hæstv. iðnrh. svaraði: Enginn fiskur hér. Og hv. 14. þm. Reykv. varð sem eitt brosandi land í stólnum hvar hann sat undir yfirlýsingu varaformannsins.

En hvað er lýsi? Hvað er lagmeti? Það heyrir undir iðnrn. Fiskur. M.ö.o.: ætlar hæstv. iðnrh. þá næst að lýsa því yfir að þetta snerti ekki lýsi og ekki heldur lagmeti, þ.e. þær iðngreinar fiskiðnaðarins sem iðnrn. hefur farið með? Þetta er fiskiðnaður eða hvað? Er hægt að tala um fiskiðnað, þó ekki lýsi og lagmeti? (**EKJ:** Bræðingur.) Og þó ekki bræðingur eða hvað? Þetta er rökleysa í málinu. Það er verið að opna fyrir aðild útlendinga að samvinnu við Íslendinga um vinnslu á íslenskum fiskafurðum. Þær röksemdir sem hv. 14. þm. Reykv. og hv. þm. Júlíus Sólnes gera sér að góðu eru engar röksemdir. Þær duga ekki í þessu efni. Mörkin eru of óskýr. Þetta leiðir aftur af því að það er vitleysa að taka þetta mál út úr. Það á að taka á þessum málum sem hluta af heildarendurskoðun varðandi atvinnuréttindi og fjárfestingar útlendinga hér á landi yfirleitt.

Hv. þm. Júlíus Sólnes segir hins vegar: Þetta er ekki fiskur. Þetta er ákveðið tilvik í iðnaði. Það er rangt. Þetta er ekki ákveðið tilvik. Það er verið að spretta upp iðnaðarlögunum fyrir öll hliðstæð tilvik, ekki bara þetta eina, nóg af lýsi, heldur öll hliðstæð tilvik. Þannig er verið að opna iðnaðarlögin fyrir útlendingum. Það er alveg óumdeilanlegt. Og menn eiga ekki að vera að gera tilraun til að stinga höfðinu í sandinn í þeim efnum. Það liggur þannig. Það getur svo verið ákvörðun manna út af fyrir sig, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., pólitísk ákvörðun, að það sé rétt að opna lögin svona, en við skulum ekki neita okkur um að horfast í augu við þá staðreynd að það er verið að opna þessi lög.

Ég tek eftir því að hv. þm. Stefán Guðmundsson treystir sérstaklega hæstv. iðnrh. Það er reyndar alveg nýtt í þessari ríkisstjórn að menn treysti

ráðherrunum og stjórnarliðinu yfirleitt og það er út af fyrir sig ástæða til að merkja við á dagatalinu hjá sér 16. febr. 1988, þá hafi það komið fyrir. En það er ekki athyglisvert, hæstv. iðnrh., þó að stjórnarliðið sé með svona yfirlýsingar. Hitt er athyglisverðara þegar Borgarafl. er farinn að treysta ríkisstjórninni. (**Salþ:** Batnandi mönnum er best að lifa.) Ja, það er nefnilega mikið vafamál, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, hvort þetta er til marks um að mennirnir séu batnandi. Ég dreg það stórkostlega í efa. (**Dómsmrh.:** Þeir eru farnir að taka lýsi á morgnana.) Ég tel að þetta séu mjög fróðlegar athugasemdir hjá hæstv. viðskrh., hæstv. forseti, og er ástæðulaust að vera að þagga neitt sérstaklega niður í honum.

En í fullri alvöru tel ég að þær röksemdir, sem hafa komið fram um að þetta sé einstakt tilvik, hafi verið hraktar. Hér er verið að opna iðnaðarlögin almennt. Í öðru lagi að hér sé um það að ræða að fiskurinn sé fyrir utan þetta dæmi. Þær röksemdir eru dottnar líka. Þess vegna tel ég að það hafi komið fram í umræðunum, einnig í þeim röksemdum sem skipta stuðningsmenn iðnrh., hv. þm. Stefán Guðmundsson og Júlíus Sólnes, mestu máli, að þær duga ekki, þær halda ekki. Kjarninn stendur eftir, sá að hér er verið að opna iðnaðarlögin og ég vara við því, herra forseti.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Svavars Gestssonar rétt áðan um hvernig beri að skilgreina fiskiðnað og hvað flokkist undir fiskiðnað vil ég taka fram eftirfarandi:

Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðu sinni *tók hann fram* að þessi lög og sú lagabreyting sem hér er til umræðu ætti við þann hluta iðnaðar sem er háður leyfisveitingum á grundvelli laga um iðnað. Í þessu tilviki er um að ræða, svo sem fram hefur komið í umræðunum, lýsi. Það má auðvitað segja, eins og hv. þm. sagði, að lýsi sé í ákveðinni merkingu þess orðs hluti af fiskiðnaði, en þó er það nokkuð langt sótt.

Hin hefðbundna skilgreining á fiskiðnaði hefur verið á Íslandi í gegnum árin, áratugina þannig að fiskiðnaður hefur flokkast undir sjávarútveg og við þá skilgreiningu held ég mig, enda hefur komið fram í umræðunum að svo gera aðrir hv. þm. og m.a. einnig hæstv. ráðherra. Þannig er það útúrsnúningur og langt sótt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að segja að með því að taka afstöðu með þessari breytingu séum við að opna möguleika fyrir útlendinga til að fara inn í aðrar greinar, ef ég skilgreini lýsi sem fiskiðnað, með því að samþykkja þá lagabreytingu sem hér um ræðir. Þetta vil ég láta koma fram og undirstrika að lýsisvinnsla og lagmeti er háð leyfisveitingum á grundvelli ákvæða iðnaðarlaga, en svo er ekki um aðrar greinar íslensks fiskiðnaðar.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Til þess að málin séu ljós og hvað við höfum verið að segja hér vil ég víkja orðum mínum að því sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni.

Í mínum huga, og ég gat þess í upphafi máls míns, skiptir það mjög miklu máli að í dag geta erlendir aðilar komist inn í íslensk iðnfyrirtæki. Ég sagði að þeir geti það kannski ekki alveg þráðbeint og hindrunarlaust á grænu ljósi, en það eru ekki óyfirstíganlegar hindranir á þeirri leið til þess að erlendir aðilar geti komist inn í íslenskan iðnaðarrekstur. Það er málið. Þetta danska fyrirtæki hefði sjálfsagt átt kost á því að gera það, en vildi það ekki í þessu tilfelli. Það er alveg ljóst. Það var um að ræða annaðhvort að þetta lægi alveg hreint fyrir og það þyrfti ekki að fara einhverjar krókaleiðir sem kannski lagalega stæðust og væri hægt að fara. Þeir vildu ekki velja þann kost. Það var ekki um annað að ræða. Ella vorum við búnir að missa af þessum atvinnutækifærum og þeirri þekkingu sem var um að tefla og þetta fyrirtæki hefði sjálfsagt verið reist á danskri grund.

En ég vona að við þurfum ekki að hafa mikinn *ótta og kvíða af þessu máli. Ég vona* að það verði stutt í frv. um þetta mál, lagabálk um þessi mál, þess verði ekki langt að bíða að hann komi inn í þingsali. Ég er ekki kvíðinn vegna þess, eins og kom fram hjá hv. þm., að ég ber fullt traust til hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnarinnar allrar. Ég treysti henni til að fara með það vald sem iðnrh. er gefið með frv.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Mig langar til að koma upp og ítreka það, sem hv. 7. þm. Reykn. Júlíus Sólnes sagði áðan, að við þm. Borgarafl. styðjum frv. Það byggist ekki á því hvort við erum að hlaupa í faðm ríkisstjórnarinnar eða ekki. Við teljum að þetta sé mál sem geti komið íslenskum iðnfyrirtækjum til góða miðað við það ástand sem nú er. Það hefur verið, því miður, mjög erfitt fyrir íslensk fyrirtæki í iðnaði að hasla sér völl á erlendri grund, m.a. út af mjög veikum ytri aðstæðum hér. Iðnfyrirtæki hafa átt í erfiðleikum með að útvega sér fjármagn til rekstrar og einnig vegna múra erlendis þar sem þau hafa átt í erfiðleikum með að koma sínum iðnvörum á markað. Með því að opna þessa leið teljum við að erlent áhættufé geti borist hingað til lands og jafnframt bæði þekking á markaðsmálum og þekking að því er varðar uppfinningar o.fl.

Ég hef þá trú á íslenskum aðilum í atvinnurekstri að þeir vegi og meti, þegar þeir fara til samstarfs við erlend fyrirtæki, hvaða áhrif það hefur fyrir fyrirtækið sem slíkt og hvaða áhrif það hefur fyrir þjóðarbúið íslenska. Ég óttast í sjálfu sér ekki þetta ákveðna frv. Þarna er aðeins átt við iðnaðarfyrirtæki, en kemur ekki inn á það sem mestu máli skiptir, fiskvinnslu og útgerð. Ég óttast ekki að þessi lög, út af þeim skýringum sem hér hafa komið fram, verði heimfærð á fiskvinnsluna.

Þetta vil ég að komi skýrt fram sem afstaða Borgarafl. til þessa máls. Því var varpað upp áðan að

við séum að fara yfir á væng ríkisstjórnarinnar. Ég sé ekki, þó við séum í stjórnarandstöðu, að við þurfum að vera á móti öllu því sem kemur frá ríkisstjórninni. Við verðum að meta það á þeirri forsendu hvort það sé til hagsbóta fyrir þjóðfélagið eða ekki. Ég tel að þetta mál geti flokkast undir það.

Frsm. minni hl. iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það eru aðeins þrjár athugasemdir.

Það er fyrst það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði. Það er auðvitað til í dæminu að fyrirtæki komist hér inn í atvinnurekstur á grundvelli gildandi lagaákvæða bakdyramegin, því miður. Ég hygg satt að segja að það væri ástæða til að fara rækilega yfir það einhvern tíma í þinginu hvernig þeir hlutir gerast. Það eru viðskrh. og iðnrh. ekki síst sem ættu þar um að véla. En frv. eins og það lítur hér út gerir ráð fyrir því að fjölga leiðum til samstarfs við útlendinga.

Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv. sagði er alveg ljóst að lýsi er í mörgum tilvikum fiskafurð og það dugir ekki sem röksemd að í rauninni sé gert ráð fyrir því að útiloka útlendinga frá fiskiðnaðinum, það megi bara hleypa þeim í lýsið. Mér finnst satt að segja hv. 14. þm. Reykv. vera hálfgert rökþrotabú í málinu vegna þess að ég veit að hugur hans stendur með hagsmunum sjávarútvegsins og ég vænti þess að hann og aðrir geri sér grein fyrir hvað það væru alvarleg tíðindi ef útlendingar færu að sækja inn í atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Í þriðja lagi: Það kom fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það væri stutt í frv. um heildarendurskoðun. Af hverju fáum við það ekki? Hvaða asi er þá með þetta frv.? Af hverju ekki að salta það og taka heildarfrv. til meðferðar úr því að það er alveg að koma? Ég satt að segja átta mig ekki á því af hverju í ósköpunum þarf að rífa þetta mál út úr eins og hér er gerð tillaga um.

Varðandi það sem vinur minn hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson sagði, þá er það þannig að stjórn og stjórnarandstaða ná iðulega saman um mörg mál. Ég veit að hv. deild þekkir mörg dæmi þess að við höfum í sameiningu stutt fjölda mála. Jafnvel þó þau hafi komið frá ríkisstjórninni hefur það iðulega komið fyrir. M.a. frv. um skatta á fyrirtæki studdi ég af heilum hug fyrir áramótin til að hjálpa krötunum pínulítið sem áttu í erfiðleikum með það mál. Það kemur oft fyrir. Auðvitað metum við þetta eftir efni og ástæðum hverju sinni. Ég er hins vegar þeirrar grundvallarskoðunar að eitt það mikilvægasta fyrir okkur, ef við viljum varðveita sjálfstæði þjóðarinnar, sé að halda þétt utan um stöðu íslensks atvinnurekstrar andspænis erlendum hagsmunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 544, um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RB, SvG, DS, GA, RÓsk.

nei: StG, VS, EgJ, EG, EKJ, GuðmÁ, GHG, JHelg, JúlS, SalÞ, KSG.

5 þm. (ÞK, HÁ, HBl, JE, KP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þar sem lagaákvæði um aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi eru í endurskoðun og þar sem varasamt er að spretta upp iðnaðarlögum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir tel ég eðlilegt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og segi já.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

57. fundur, þriðjudaginn 16. febr., að loknum 56. fundi.

Iðnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 10:1 atkv.

Frsm. minni hl. iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég tel fyrir mitt leyti að miðað við allar aðstæður hafi verið dregnar fram allar helstu staðreyndir þessa máls og engin ástæða sé til þess að setja á mikið meiri umræður, alla vega af okkar hálfu hér í Alþb., um þetta mál í þessari virðulegu deild. Málið á eftir að fá meðferð í hv. Nd. og hver veit nema málin hittist þá þar að lokum, þ.e. sú heildarendurskoðun sem hér hefur verið margboðuð og lofað hefur verið að komi í vetur og svo þetta frv. Ég tel ekki ástæðu til þess af hálfu okkar þm. Alþb. að orðlengja frekar um mál þetta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, GuðmÁ, GHG, JHelg, JúlS, SalÞ, StG, VS, EgJ, KSG.

nei: GA, RÓsk, RB, SvG, DS.

6 þm. (EKJ, HÁ, HBl, JE, KP, ÞK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Lögreglusamþykktir, 1. umr.

Stjfrv., 276. mál. — Þskj. 575.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lögreglusamþykktir sem er prentað á þskj. 575. Þetta frv. er samið af nefnd sem ég skipaði með bréfi 16. okt. sl. til að endurskoða gildandi lög um lögreglusamþykktir, en í þessari nefnd sátu þeir Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., William Möller, héraðsdómslögmaður og fyrrv. fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, og Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkur.

Um lögreglusamþykktirnar gilda nú þrenn lög. Eru það í fyrsta lagi lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina frá 1890, lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum frá 1924 og loks lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna frá árinu 1985. Nú eru í gildi lögreglusamþykktir settar skv. lögum þessum er gilda fyrir alla kaupstaði og sýslur.

Meginástæðan fyrir því að nú er talið brýnt að endurskoða lögin um lögreglusamþykktirnar er sú að eins og vel er kunnugt voru gerðar verulegar breytingar á málefnum sveitarfélaganna með sveitarstjórnarlögunum sem samþykkt voru árið 1986. Nú er málum þannig komið að réttarstaða kaupstaða og hreppa er nánast hin sama. Sýslunefndirnar sem eiga að semja frv. til lögreglusamþykktar fyrir sýslur eins og nú er háttað löggjöfinni verða lagðar niður frá og með næstu áramótum. Þá verður ekki lengur til staðar stjórnvald til að semja lögreglusamþykktir fyrir sýslur og lögin gera eins og nú háttar ekki ráð fyrir lögreglusamþykkt í einstökum hreppum ef undan eru skildir löggiltir verslunarstaðir, en þá aðeins að því er varðar mjög takmörkuð viðfangsefni. Hin fjölmörgu lög um löggildingu verslunarstaða eru auk þess löngu úrelt orðin og hef ég reyndar flutt í hv. Nd. frv. til l. um að fella þau öll úr gildi.

Í grg. frv. er þetta frv. skýrt nánar. Ég vildi þó benda á hv. þm. til athugunar að í athugasemdum við einstakar greinar hefur því miður orðið prentvilla þegar vísað er til greina frv. þannig að tvíprentuð er tilvísun í 1. gr. þannig að það þarf að færa til raðtölu allra greina eftir 1. gr. og hækka um einn staf þannig að rétt sé tilvísað.

Með þessu frv. er, eins og ég sagði, gert ráð fyrir því að lögreglusamþykkt megi setja fyrir hvert sveitarfélag í landinu og þá er ekki gerður greinarmunur á hvort sveitarfélagið telst hreppur eða kaupstaður eða hversu fjölmennt það er. Af því leiðir að ekki er þörf á fleiri en einum lögum um lögreglusamþykktir og úr gildi falla hin eldri lög.

Um efnið, sem kveða á um í lögreglusamþykktum, er fjallað í meginatriðum í gömlu lögunum frá 1890 með ýmsum síðari tíma breytingum. Um mörg þessara atriða er nú fjallað í yngri sérlögum ýmiss konar og eru sum ákvæði gildandi laga því óþörf orðin. Í lögreglusamþykktum þarf að kveða á um ýmis atriði sem varða allsherjarreglu. Í frv. eru þau reyndar talin upp í 3. gr. og eru þau flest í gildandi lögum.

Í ljósi breytinga á löggjöfinni frá því eldri lög um lögreglusamþykktir voru sett má nú fella ýmis ákvæði brott. Hafa sérlög og ítarlegar reglugerðir um t.d. umferð, barnavernd, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, byggingarmálefni, brunavarnir og lögreglumálefni nú leyst af hólmi ákvæði sem staðið hafa í lögreglusamþykktunum um langt bil ára. Eftir sem áður kann þó að vera æskilegt að hafa áfram ákvæði um sum þessara mála í lögreglusamþykktunum, t.d. um umferðarmálin, þótt þau þurfi ekki að vera eins ítarleg og í sérlögunum.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að eitt atriði er nú tekið inn í frv. sem efnislega hefur til þessa ekki verið kveðið á um í lögreglusamþykktum heldur í sérstökum reglum. Þetta eru reglur um slit á skemmtunum. Með frv. er lagt til að efnisákvæði um þetta verði yfirleitt felld inn í lögreglusamþykktir, enda eiga reglurnar um þetta efni að mínum dómi þar vel heima með ákvæðunum um almenna reglu og skemmtanahald, þar á meðal reglum um opnunar- og lokunartíma veitingastaða.

Eins og kunnugt er varða ákvæði lögreglusamþykktanna fyrst og fremst reglu á almannafæri. Með almannafæri er þá átt við það svæði sem almenningur fer um og ætlað er til almenningsnota. Þetta er ekki skilgreint í þessum lögum, en hins vegar gert ráð fyrir því að í lögreglusamþykktunum verði slík skilgreining.

Í 2. gr. frv. er líka það nýmæli að þar er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um lögreglusamþykktir og hún verði fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Ákvæði í lögreglusamþykktum eru mörg hver samhljóða efnislega, en ýmis tilbrigði um framsetningu, ekki síst eftir aldri samþykktanna, eða upprunalegum aldri þeirra. Það er æskilegt að samræmi sé varðandi efni slíkra samþykkta þannig að sömu eða svipaðar reglur gildi í sömu atriðum um allt land. Til að stuðla að þessu er gert ráð fyrir því að samin verði slík reglugerð sem verði þá sveitarfélögunum til leiðbeiningar að því er varðar samningu sérstakra lögreglusamþykkta fyrir hvert þeirra.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því að slík reglugerð verði látin gilda sem lögreglusamþykkt fyrir þau sveitarfélög sem ekki setja sér sjálf slíka samþykkt. Er í frv. gert ráð fyrir því að dómsmrn. semji slíka reglugerð sem fyrst eftir að frv. þetta er orðið að lögum.

Með því að í gildandi lögreglusamþykktum eru margvísleg ákvæði sem vegna nýrrar löggjafar eiga þar ekki lengur heima þykir rétt að leggja til að hinar eldri lögreglusamþykktir falli allar úr gildi einu ári eftir að slík reglugerð hefur verið birt. Þar með yrðu ákvæði lögreglusamþykktar samræmd og úrelt ákvæði úr gildi felld hvernig sem á stendur með samningu sérstakra lögreglusamþykkta í hverju sveitarfélagi. Eins og segir í 8. gr. frv. skal samræmd

reglugerð ekki taka gildi fyrr en sex mánuðum eftir að hún er birt og hinar eldri lögreglusamþykktir falla svo, eins og ég sagði áðan, úr gildi sex mánuðum þar á eftir þannig að sveitarstjórnirnar eiga að hafa góðan tíma til að meta hvort þörf sé á að setja sveitarfélaginu eigin lögreglusamþykkt eða hvort hægt sé að láta reglugerð dómsmrn. duga.

Herra forseti. Ég hef gert nokkra grein fyrir frv. til l. um lögreglusamþykktir. Meginástæða þess að frv. er fram komið eru þær breytingar sem leiðir af gildistöku nýju sveitarstjórnarlaganna og varða fyrst og fremst brottfall sýslunefndanna úr stjórnkerfinu. Jafnframt hefur svo tækifærið verið notað til að endurskoða ákvæði sem í megindráttum hafa staðið óbreytt í tæpa öld. Taka þarf tillit til breyttra þjóðlífshátta og breyttrar löggjafar á öðrum sviðum. Með ákvæðinu um reglugerð dómsmrn. um lögreglusamþykktir er stefnt að því að samræma efni þessara samþykkta, en þó án þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórnanna til að setja sérstakar lögreglusamþykktir í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Loks er á það að benda að frv. hefur í sér nokkra lagahreinsun þar sem úr gildi eru felld nokkur eldri lög, en ein og einföld lög koma í þeirra stað.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég fagna frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég held að það sé í flesta staði til bóta því að í núgildandi lögreglusamþykktum eru mörg ákvæði úrelt og með frv. er að því er mér sýnist verið að taka með samræmdum hætti á þessum málum. En það sem rak mig upp er eitt ákvæði, þ.e. 2. mgr. 6. gr. frv. Þar segir:

„Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri *umsjón foreldris eða þess er gengur barninu í* foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina."

Ég mundi vilja gera fyrirvara varðandi þetta. Nú er mér ekki fullkunnugt um hvort þetta hefur verið í eldri lögum, en ég held að það sé varhugavert að refsa foreldri fyrir að gæta ekki barnsins með nægilegum hætti. Það eru þannig þjóðfélagshættir hér að foreldrar báðir vinna úti, börn koma kannski heim kl. 2 til 3 á daginn og koma að tómu heimilinu. Verði þau sér kannski eitthvað að skaða við eitt eða annað yrði foreldrinu dæmd refsing eða sekt fyrir að gæta ekki barnsins.

Það er ein af grundvallarreglum lögfræðinnar a.m.k. að engum verði til sakar fundið fyrir brot annars manns. Ég held að það skipti ekki máli hvort þarna er um barn að ræða eða annan aðila. Ég minntist, þegar ég las þessa grein, dóms sem gekk fyrir nokkuð mörgum árum og fjallaði um skaðabótaábyrgð. Það var sjö ára drengur sem skaut af boga í auga að mig minnir átta eða níu ára gamals drengs. Foreldrar þess drengs fóru síðan í skaðabótamál við foreldra hins. Á því var byggt í málinu að þeir hefðu ekki gegnt þeirri skyldu að sjá um að barnið hefði ekki með bogann að sýsla. Þau voru sýknuð af þeirri bótakröfu. Þar sem það virðist vera gildandi réttur varðandi skaðabótaábyrgð hingað til að foreldrar eru ekki gerð skaðabótaábyrg fyrir vanrækslu á umsjón með börnum held ég að það sé frekar óeðlilegt að þau verði gerð refsiábyrg fyrir því. Þetta er eina ákvæðið, sem ég sé í fljótu bragði, sem ég mundi vilja gera athugasemd við. En þetta kemur til allshn. og ég á von á að þetta frv. hljóti þar jákvæða afgreiðslu, a.m.k. af hálfu minni og míns flokks. Ég tel sem sagt frv. vera til bóta.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins svara örfáum orðum athugasemd hv. 11. þm. Reykv. varðandi 6. gr. frv.

Að því er mér skilst mun ákvæði þetta vera efnislega í samræmi við það sem nú er í gildi. Ég get líka bent á að í raun og veru er þetta efnislega skylt því og segir í inngangi 7. gr. Ef einhver lætur það ógert sem skylda hans er samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni má eiginlega sækja hann til þess að efna það til að koma í veg fyrir að vanrækslan valdi tjóni.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en tek undir það með hv. 11. þm. Reykv. að ástæða er til þess að hv. allshn. kanni þetta ákvæði sérstaklega og kveðji til höfunda þessa frv. og líti á allar hliðar málsins þannig að það verði í sem bestu samræmi við réttarfar og réttar lagareglur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Aðför, 1. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfaragerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég fylgi úr hlaði frv. til l. um breytingu á lögum nr. 19 frá 4. nóv. 1887, um aðför. Það eru tildrög þessa máls að í október sl. flutti hv. þm. Jón Magnússon frv. í Nd. um þetta efni sem prentað er á þskj. 34. Í umræðum um málið í Nd. mælti ég með því að frv. yrði samþykkt að teknu tilliti til þeirra breytinga á því sem réttarfarsnefnd lagði til í umsögn sinni um fyrra frv. hv. þm. Jóns Magnússonar um sama efni sem flutt var á 109. þingi.

Tilgangur frv. Jóns og þess frv. sem hv. allshn. í Nd. flytur nú er að draga úr kostnaði og tímasóun við aðfararaðgerðir og laga þær að öðru leyti að nútímaaðstæðum. Hv. allshn. Nd. gerði á þskj. 522

tillögur og ábendingar réttarfarsnefndar um breytingar á hinu upphaflega frv. að sínum og flutti svo nýtt frv. um efnið á þskj. 523. Ég mælti með samþykkt þessa frv. nefndarinnar í Nd. Ég tel að þótt nú standi fyrir dyrum heildarendurskoðun á hinum aldargömlu aðfararlögum sé ástæðulaust að tefja þess vegna einfaldar breytingar af því tagi sem nú eru lagðar til af allshn. Ég mæli fyrir þessu frv. í samráði við hv. formann allshn. Nd.

Í tengslum við þær tillögur um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds, sem unnið er að á vegum dómsmrn. þessa daga, hefur verið ákveðið að taka ýmis réttarfarslög, þar á meðal lögin um aðför, til allsherjar endurskoðunar. Sú endurskoðun mun óhjákvæmilega taka nokkurn tíma og eins má gera ráð fyrir því að slík lög tækju ekki gildi fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá birtingu þeirra. Sú breyting sem hér er lögð til af hv. allshn. Nd. er einföld og stefnir til hagræðis fyrir fógeta án þess að draga úr réttaröryggi gerðarþola eins og fram kemur í grg. Jóns Magnússonar með hinu upphaflega frv. á þskj. 34.

Ég legg því til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil varðandi þetta frv. eins og það kemur frá allshn. Nd. fagna því. Ég held að þetta sé til mikilla bóta og eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. held ég að þessar breytingar komi til með að spara mjög verulega tíma fógeta við fjárnám eða aðför eins og það heitir hér og komi á miklu betri reglu varðandi þessi mál. Hingað til hefur þetta verið mjög tímafrekt og kostað mikið bæði fyrir dómstólinn sem slíkan og líka fyrir aðfararþolann þar sem það hefur alltaf lent á honum að greiða að lokum þann kostnað sem á málið fellur hjá þeim sem réttinn á.

Ég fagna þessu og lýsi því hér yfir að ég mun styðja þetta og minn flokkur og vonast eftir því að málið fái greiða leið í gegnum allshn. og megi verða samþykkt á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

58. fundur, þriðjudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH, 205. mál. — Þskj. 279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um aðgerðir í sjávarútvegi til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem sett voru 10. júlí 1987. Í þeim bráðabirgðalögum var gert ráð fyrir því að sá hluti uppsafnaðs söluskatts sem ekki hafði verið endurgreiddur fiskvinnslunni á þeim tíma yrði settur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og greiddur út í gegnum hann, þó ekki fyrr en eftir árslok 1988.

Eins og öllum er kunnugt hefur orðið mikil breyting á afkomu fiskvinnslu á þeim tíma sem liðinn er og er þar verulegur taprekstur. Í þessu frv. er því gert ráð fyrir að horfið verði frá þeirri fyrirætlan sem fram kom í bráðabirgðalögunum og söluskattur þessi endurgreiddur með þeim hætti sem upphaflega var ráðgert. Það mun hafa það í för með sér að endurgreiðslan verður sú sama og var fyrri hluta árs 1987, þ.e. fyrir seinni hluta árs 1987 verður endurgreidd sama prósenta af útflutningi eins og var fyrri hluta ársins.

Hér er ekki um mjög háa fjárhæð að ræða eða samtals 136 millj. 500 þús. kr. Sú fjárhæð er ekki mikil miðað við þann vanda sem þessi atvinnugrein stendur frammi fyrir. Hins vegar skiptir hún töluverðu máli fyrir atvinnugreinina og er því mikilvægt að þessi greiðsla geti farið fram sem allra fyrst. Ég vænti þess að hægt verði að flýta málinu eins og kostur er hér á Alþingi.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. var ekki ýkja margorður um stöðu sjávarútvegsins þegar hann

mælir hér fyrir þessu frv. um aðgerðir í sjávarútvegi. Hefði þó einhverjum dottið í hug að hæstv. ráðherra færi nokkrum orðum, a.m.k. svona fáeinum almennum orðum yfir sviðið þegar hann mælir hér fyrir sérstöku frv. til l. um aðgerðir í sjávarútvegi. Þó ekki væri annað en að greina hv. Alþingi frá stöðu mála. Ég hygg að upplýsingar, sem fram koma í athugasemdum við frv. á bls. 2 þó það sé ekki ýkja gamalt, séu nú þegar úreltar. Það segir neðarlega á bls., með leyfi forseta:

„Rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar hafa gjörbreyst til hins verra frá því er bráðabirgðalögin voru sett í júlí sl. Vegur þar þyngst þróun gengismála og innlendar kostnaðarhækkanir. Er nú svo komið að fiskvinnslan er rekin með nokkru tapi að mati Þjóðhagsstofnunar."

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. sjútvrh. örlítið nánar út í þetta mál. Hvað er átt við með nokkru tapi? Og hvað eru þær upplýsingar gamlar sem lágu til grundvallar orðalagi í grg. frv.?

Mér segja kunnugir aðilar um afkomu í sjávarútvegi og rekstri fiskvinnslunnar, einkum og sér í lagi frystingarinnar, t.d. þeir sem standa í því þessa dagana að gera upp reikninga ársins 1987, gera bráðabirgðauppgjör eða ganga frá reikningum, að þar komi greinilega fram að afkoman á síðari helmingi ársins sé mun lakari en menn höfðu reiknað með og væntanlega lakari en Þjóðhagsstofnun byggði mat sitt á frá því í október og nóvember sl. sem mun liggja til grundvallar mati Þjóðhagsstofnunar á þeim rekstrartölum sem hún hefur síðastar út gefið. A.m.k. var síðasta yfirlit sem ég sá frá Þjóðhagsstofnun um rekstrarstöðu sjávarútvegsins, dagsett síðla janúarmánaðar, byggt að mestu leyti á aðstæðum eins og þær voru taldar vera í sjávarútveginum í nóvember eftir ákvörðun fiskverðs þá. En jafnframt sagði Þjóðhagsstofnun í þessum pappír að ljóst væri að afkoman færi versnandi.

Hér er að vísu á ferðinni úrelt mál ef svo má að orði komast. Hér er flutt frv. samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður svo á að staðfesta skuli bráðabirgðalög á Alþingi, hinu næsta sem situr eftir að bráðabirgðalögin eru sett ef ég man rétt. En þetta frv. sem hér er flutt gerir í raun og veru ráð fyrir því að þau ákvæði sem mestu máli skiptu í bráðabirgðalögum frá því í júlí í sumar verði felld úr gildi, þ.e. að ekki verði endurgreiddur söluskattur heldur gangi hann til Verðjöfnunarsjóðs og safnist þar upp.

Þannig er þessi ein af fyrstu efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstjórnar þegar úrelt orðin og það undirstrikað með sérstökum frumvarpsflutningi hér á Alþingi. Þetta hefur svo sem komið fyrir áður en vekur óneitanlega spurningar upp um það hversu markvissar þær ráðstafanir voru, sem hæstv. ríkisstjórn greip til á sl. sumri, þegar nú þegar er orðin ástæða til að flytja lagafrumvörp til að nema úr gildi þær ráðstafanir sem þá var gripið til og sem rökstuddar voru með því, eins og segir í formála forseta Íslands, þar sem hann rökstyður nauðsyn þess að setja lögin: „að brýna nauðsyn beri til að grípa þegar til efnahagsráðstafana til þess að hemja verðbólgu og treysta jafnvægi í þjóðarbúskap, þar á meðal séu ráðstafanir í sjávarútvegi til að draga úr þenslu og jafna aðstöðu milli greina innan sjávarútvegsins" o.s.frv.

Þetta virðist sem sagt hafa snúist við og það heldur rækilega. Þó að hér sé í sjálfu sér ekki um mikilvægt mál að ræða og næsta sjálfgefið að við þær aðstæður sem nú eru uppi hljóti menn að falla frá áformum um að hætta við að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, þá held ég að það væri fyllilega eðlilegt, herra forseti, við þessar aðstæður að hæstv. sjútvrh. gerði aðeins ítarlegar grein fyrir stöðu mála jafnframt því hvaða ráðstafanir aðrar kynnu að vera á döfinni í hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum.

Ég hygg að það sé ekkert óeðlilegt við það að leggja slíkar spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. sem fagráðherra í greininni þó að það virðist vera nokkuð á reiki að vísu hver fari með ábyrgð og yfirstjórn efnahagsmálanna í þessari hæstv. ríkisstjórn ef marka má orðaskipti hæstv. ráðherra í blöðum og öðrum fjölmiðlum um þau efni undanfarið.

Ég vil í öllu falli leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. sem fagráðherra þessara mála hver sé hans afstaða í þessum efnum, hverjar hann telji nú raunverulegar rekstraraðstæður í íslenskum sjávarútvegi, hinum einstöku greinum í fiskverkun, eins og frystingu og öðrum, og hvað hæstv. ráðherra telji að gera þurfi á næstu mánuðum til að tryggja afkomu fiskvinnslunnar, koma í veg fyrir það að fjölmörg fiskvinnslufyrirtæki út um allt land stöðvist, hvort hæstv. ráðherra muni leggja til eða hafi lagt til innan ríkisstjórnarinnar ráðstafanir í þessum efnum, og hverjar viðtökur slíkar hugmyndir hafi þá fengið ef einhverjar hafa verið af hans hálfu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé nú engin spurning um að þessi aðgerð er nauðsynleg og óhjákvæmileg, að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt sem frestað var með bráðabirgðalögum. Spurningin er hins vegar hvort með þessu sé nóg að gert og ég held að flestir hljóti að telja að svo sé ekki.

Það er vissulega umhugsunarvert hversu fljótt veður skipast í lofti í undirstöðuatvinnuvegi okkar eins og hér hefur svo rækilega sannast. Flestar greinar sjávarútvegsins virtust standa með miklum blóma á fyrri hluta síðasta árs og það var því e.t.v. engin furða þótt menn sæju þar matarholu sem var hinn uppsafnaði söluskattur í sjávarútvegi. Sú leið kom vissulega til greina og umræðu að fella endurgreiðsluna alveg niður, þ.e. það sem eftir var þá á því ári. En niðurstaðan varð sú að fresta þessum greiðslum og það er nú komið í ljós að ekki veitti af þeim varnagla.

Við höfum því enn einu sinni verið minnt rækilega á það hversu sveiflukennd afkoman er í hinum ýmsu

greinum sjávarútvegsins og þess verðum við alltaf að minnast. Það er í rauninni undrunarefni hversu sein stjórnvöld hafa verið til skilnings í þessu efni núna. Í því sambandi hlýt ég að minna á nýsett lög um launaskatt á sjávarútveginn. Við kvennalistakonur og ýmsir fleiri, ég held öll stjórnarandstaðan varaði mjög við því að leggja þennan skatt á sem var gert illu heilli fyrir örfáum vikum og verður ekki til að bæta stöðu þessara greina. Við töldum hreint ekki ástæðu né efni til að leggja þennan skatt á sjávarútveginn með tilliti til erfiðrar stöðu í mörgum ef ekki flestum greinum fiskvinnslunnar og er nú ekki að vita nema stjórnvöld neyðist til þess að taka þá ráðstöfun sína aftur eins og hér er nú verið að leggja til með uppsöfnun söluskattsins.

Ég vildi minna á þetta áður en hæstv. ráðherra kemur hér upp og svarar þeim spurningum sem hv. síðasti ræðumaður bar fram og ég leyfi mér hér að taka undir.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt að það sé spurst fyrir um afkomumál og framtíðarhorfur í sjávarútvegi. Ég efast ekki um það að allir hv. þm. hafa áhyggjur af þeirri þróun mála sem þar hefur orðið.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hv. 4. þm. Norðurl. e., að hér er verið að taka til baka ákvörðun sem tekin var á sl. sumri og þar af leiðandi um breytingu að ræða. Það var von hv. ríkisstjórnar þegar hún var mynduð að með því að leggja mikla áherslu á að minnka halla í ríkisfjármálum mætti það verða til þess að draga úr þenslu í þjóðfélaginu og það gæti orðið til þess að rekstrarskilyrði sjávarútvegsins fengju staðist. Því miður varð sú ekki raunin á. Það hefur verið mikið launaskrið í þjóðfélaginu. Laun hafa hækkað mikið á þeim tíma án þess að til aukningar þjóðartekna hafi komið. Það hefur líka verið óhófleg lánastarfsemi í landinu. Það hefur verið mikill innflutningur erlends fjármagns bæði af hálfu bankastofnana og annarra lánastofnana og má segja að slík þróun peningamála hafi kynt undir þenslu. Þannig hefur því miður ýmislegt farið á annan veg en menn vonuðust til þá og gátu séð fyrir.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hér stendur að það sé nokkur halli í sjávarútveginum. Það er nú út af fyrir sig afstætt hvernig menn túlka orðið „nokkuð". Ef litið er á það í prósentum býst ég við að menn gætu talið að 5% væri „nokkuð" en ég vil taka undir það með honum að ég tel heldur lítið gert úr því með því að nota þetta orð. Ég vildi segja að það er um verulegt tap að ræða í sjávarútveginum og þá sérstaklega í frystiiðnaðinum.

Ég hygg að þrátt fyrir allt þá komi sjávarútvegurinn ekki með mjög verulegt tap út úr síðasta ári ef á heildina er litið. Hins vegar er aðaláhyggjuefnið árið 1988. Það er vissulega umdeilt hversu mikið tapið er í frystingunni en samkvæmt því mati sem Þjóðhagsstofnun hefur látið fara frá sér þá er, miðað við 6% ávöxtun stofnfjár, gert ráð fyrir 8,3% tapi í frystingu, 5% í botnfiskvinnslunni í heild. Þar er ekki gert ráð fyrir endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti á árinu 1988 sem mundi þýða rúm 2% í afkomu vinnslunnar, þannig að ef hann væri endurgreiddur að fullu árið 1988 þá mundi þessi tala lagfærast sem því nemur.

Hins vegar eru þessar aðstæður mjög misjafnar eftir því hversu vel fyrirtækin eru stödd fyrir. Og það er engin launung á því að fyrirtæki í sjávarútvegi voru mjög illa stödd vorið 1983. Það var von manna að það væri hægt að lagfæra stöðu greinarinnar á næstu árum. Að því var unnið, en ég leyni því ekki að það hefur verið gengið of nærri stöðu þessarar atvinnugreinar. Þjóðarbúið í heild hefur ætlað sér of mikið og tekið of mikið frá þessari atvinnugrein. Og án þess að ég hafi nokkra aðstöðu til þess að tíunda það hvað hafi komið í hlut hvers, hvort sem það eru bankastofnanir, þjónustufyrirtæki eða aðrir launamenn almennt í þjóðfélaginu, þá hefur sjávarútvegurinn í reynd misst niður afkomu sína núna á síðustu mánuðum.

Það er mín skoðun, vegna þess að hv. þm. spurði um það, að ekki sé aðstaða til annars en að uppsafnaður söluskattur verði endurgreiddur að fullu á árinu 1988. Það er ekki gert ráð fyrir því á fjárlögum og það hefur verið til umræðu í ríkisstjórninni með hvað hætti sé hægt að standa að því og það er ekki komin niðurstaða í það mál.

Hitt er svo annað mál að það eitt sér er ekki nægilegt til þess að frystiiðnaðurinn búi við viðunandi skilyrði. Það hefur sem betur fer verið svo á undanförnum árum að það hafa verið verulegar hækkanir á mörkuðum og þar af leiðandi hefur þessi iðnaður getað staðið undir vaxandi kostnaði. Því er ekki lengur til að dreifa. En það er að sjálfsögðu umhugsunarvert að á sama tíma og staðan er þessi skuli vera jafnmikil almenn kröfugerð í okkar þjóðfélagi. Þótt ég sé vissulega þeirrar skoðunar að það þurfi að leiðrétta hlut þeirra sem minnst hafa þá er það staðreynd að það er mikil og almenn kröfugerð í landinu sem þessi undirstöðugrein getur ekki staðið undir.

Það standa nú yfir viðkvæmar samningsumræður á vinnumarkaðnum sem munu hafa mikið að segja fyrir framvinduna í málefnum sjávarútvegsins. Ég vænti þess að þar fáist farsæl lausn og í framhaldi af því verði hægt að sjá fram úr því að frystiiðnaðurinn búi við einhver lágmarksrekstrarskilyrði. Ég hef hins vegar enga trú á því að það séu aðstæður til að þess sé að vænta að þar geti verið verulegur hagnaður, en það hlýtur að vera lágmarkskrafa þeirra, og ég tek undir hana, sem í þessari atvinnugrein vinna að þessi iðnaður búi við hallalausan rekstur þannig að hann fái staðið undir lífsframfæri þeirra fjölmörgu sem vinna í þessari atvinnugrein og hafa allt sitt lífsframfæri frá henni.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að hér er ekki um fullnægjandi svör að ræða. Ég get því miður ekki svarað neitt frekar um það á þessu stigi með

hvaða hætti niðurstaða fæst í þessum málum. Þar er því miður of mikil óvissa, óvissa sem þarf að eyða. En ég skil mjög spurningar og í reynd þá um leið áhyggjur hv. þm. og ég vænti þess að bæði við hér á Alþingi og ríkisstjórn, aðilar á vinnumarkaði og aðrir muni haga þannig málum á næstunni að það verði viðunandi fyrir sjávarútveginn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin eða tilraun hans til að svara hér. Og ég segi bara að ég er tilbúinn til að taka þar viljann fyrir verkið. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra treystir sér ekki mikið út í það að svara hvaða efnahagsráðstafanir, ef einhverjar, eru á dagskrá hjá ríkisstjórninni og þá út frá sjávarútveginum sérstaklega. Það er e.t.v. skiljanlegt. Hér eru því miður hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. forsrh. En mér segir svo hugur um að það hefði litlu breytt svo oft hefur verið reynt að spyrja þá hæstv. ráðherra undanfarnar vikur um það hvað ríkisstjórnin hyggist fyrir í þessum stærstu dráttum efnahagslífsins algjörlega án nokkurs minnsta árangurs. Það er ekki að sjá að hæstv. ríkisstjórn hafi vott af efnahagsstefnu, vott af því að vita hvað hún hyggst fyrir í þessum efnum. Svarið er ævinlega eitt og hið sama: Ef nú nást kjarasamningar þá ætlar ríkisstjórnin að fara að skoða málin. Þá hugsanlega mun ríkisstjórnin gera eitthvað í vaxtamálunum. Þá e.t.v. verður hægt að gera eitthvað og skapa sjávarútveginum þolanlega rekstrarstöðu eða einhverja lágmarksrekstrarafkomu eða hvað sem það nú á að heita.

Ég held að það sé merkilegt, herra forseti, að upplifa sig í þessari aðstöðu hér á þessu herrans ári eftir þann langa góðæriskafla sem ekki hvað síst hefur nú komið fram í sjávarútveginum eða verið sprottinn úr góðæri í sjávarútveginum. Og ef maður fer yfir hvað hefur einkennt stöðu sjávarútvegsins sl. missiri alveg fram undir það síðasta þá má segja að í fyrsta lagi hafi verið mikill afli, meiri afli en oftast áður, í öðru lagi óvenjulágt olíuverð, í þriðja lagi hátt verð á mörkuðum okkar erlendis og í fjórða lagi mjög mikil eftirspurn eftir okkar framleiðsluvörum. Þannig hefur þetta í raun og veru allt hjálpast að til að skapa einhverja mestu uppsveiflu í íslenskum sjávarútvegi sem menn hafa lengi búið við. Hefur sem sagt bæði afli og verðmæti verið meiri, hvert metárið rekið annað, eftirspurnin svo mikil að birgðir eru með því minnsta sem þær hafa verið í landinu, eða voru a.m.k. undanfarin tvö ár, algjörlega í lágmarki, o.s.frv. Samt standa menn frammi fyrir því nú á þessu herrans ári nýlega byrjuðu að fjölmörg fyrirtæki í þessari atvinnugrein eru við það að stöðvast eða þegar stöðvuð.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að tíminn sem hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hafi sé ekki mjög langur ef ekki á nánast að stöðvast öll frysting í landinu, nema þá hjá nokkrum allra grónustu og öflugustu fyrirtækjunum. Ég er alveg viss um að það dregur núna mjög hratt úr frystingunni og mun draga á þessum vetri. Og hvert einasta fyrirtæki sem hefur til þess einhverja aðstöðu mun flýja í aðra verkun eftir því sem kostur er.

Þau fyrirtæki sem reka bæði frystingu og saltfiskvinnslu færa vinnsluna yfir í saltfiskinn eftir því sem þau geta, o.s.frv. Um þetta þekkja menn dæmin ef þeir hafa heimsótt atvinnufyrirtæki. Rekstraraðstæður einfaldlega knýja menn til þess að gera þetta. Þannig mun þetta á mjög skömmum tíma, ef ekki verður gripið til aðgerða, annars vegar leiða til stöðvunar fyrirtækja og hins vegar til þess að frystingin dregst stórlega saman, jafnvel hjá þeim fyrirtækjum sem áfram eru í rekstri. 30 þús. tonna áætlaður aflasamdráttur í þorskveiðum á þessu ári kemur þar af leiðandi að líkindum allur niður í frystingunni. Ég geri ekki ráð fyrir því að neitt af þeim samdrætti muni bitna annars staðar. Til viðbótar því verður svo örugglega um aukningu að ræða í saltfiskverkun og útflutningi á ferskum ísfiski eftir því sem markaðsaðstæður framast leyfa. Það eru þessar aðstæður sem menn standa m.a. frammi fyrir. Síðan kemur þessi venjulegi söngur um kjarasamningana og hæstv. sjútvrh. tók það upp eins og aðrir hæstv. ráðherrar. Það er nefnilega þannig með borgaralegar ríkisstjórnir að þá sjaldan að þær vakna til lífsins yfir höfuð, þá er það yfirleitt ef fara á að semja um kaup og kjör í löndunum þar sem þær stjórna. Þá vakna þær allt í einu til lífsins og hrökkva upp við það að nú megi ekki hækka launin þá fari allt í strand og allt í kalda kol. Og þetta segir jafnvel hæstv. sjútvrh. eða gefur í skyn, verandi þó fagráðherra þeirrar atvinnugreinar þar sem sennilega er hvergi meiri þörf, nema ef vera skyldi í sumum greinum iðnaðarins, til að hækka launin. Því það mun ganga af þessari atvinnugrein dauðri, sjávarútveginum, fiskvinnslunni, ef ekki verður unnt að gera kjörin þar sæmilega sambærileg við það sem annars staðar gerist. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðherrann. Og það er ekki síst þetta fólk sem menn hafa nú áhyggjur af í kjarasamningum. Verkamannasamband Íslands hefur lýst því yfir að það sé alveg sérstakt keppikefli þess í þessum samningum að leiðrétta kjör fiskvinnslufólks. Þannig að ég mundi í sporum hæstv. ráðherra tala dálítið öðruvísi um þessa hluti og leggja fyrst og fremst áherslu á það hvernig hægt sé að skapa atvinnugreininni þau rekstrarskilyrði að hún geti borgað sæmileg laun, en ekki segja: Launin þurfa að vera svo lág að sjávarútvegurinn geti gengið.

Það var merkilegt að hæstv. ráðherra skyldi t.d. ekki nefna vextina hér áðan. Hann talaði að vísu um, ef ég hef tekið rétt eftir, óhóflega lánastarfsemi í landinu og innstreymi erlends lánsfjármagns, og þetta er út af fyrir sig allt rétt. En það sem skiptir auðvitað sköpum og það sem veldur mestu um hvernig rekstrarafkoma fiskvinnslunnar hefur versnað á síðari helmingi ársins 1987 það er ekki launaskrið, vegna þess að það er ekki umtalsvert í þessari atvinnugrein, heldur er það fjármagnskostnaðurinn. Ég er alveg viss um að ef hæstv. ráðherra

fer í fyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki hvar sem er á landinu, og ég held einnig á Hornafirði, mundu rekstraraðilar þeirra fyrirtækja segja við hann: Það sem er okkur langerfiðast núna eru vextirnir. Það er fjármagnskostnaðurinn. Hann er að drepa okkur. Þetta heyrir maður hringinn í kringum landið þegar maður fer í heimsókn í þessi fyrirtæki. Vaxtakostnaðurinn hefur á seinni helmingi sl. árs næstum því tvöfaldast. Þetta er staðreynd. Fjármagnskostnaður fyrirtækjanna er óhóflegur og víða sambærileg og hærri tala en launagreiðslurnar. Og hvers vegna væla menn þá yfir launaskriði? Af hverju er ekki talað um vextina og aðra þá hluti eða rafmagnsverðið t.d. sem þessi fyrirtæki þurfa að borga úti um landið? Það er nefnilega hægt að ráðast á ýmsa aðra útgjaldaliði í þessari atvinnugrein en launin eða skoða ýmsa aðra útgjaldaliði. Og ég held að það væri skynsamlegt við þessar aðstæður vegna þess að það verður engin fiskvinnsla á Íslandi innan tiltölulega fárra ára nema hægt sé að tryggja það að kjörin og starfsaðstæður þar séu sambærileg við það sem gerist annars staðar í þjóðfélaginu. Það er fólksflótti úr þessari grein. Það veit hæstv. ráðherra væntanlega og það er ekki hyggilegt að ætla að bregðast við því m.a. með því að hefja núna upp söng í tengslum við þessa kjarasamninga sem yfir standa í þjóðfélaginu um það að nú þoli þessi grein ekki að launin hækki. Það verður að leysa með einhverju öðru móti.

Það er mikill bagi að því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. eru ekki hér viðstaddir. Það hefði t.d. verið fróðlegt að leggja ýmsar spurningar fyrir hæstv. fjmrh., sem hélt mikla ræðu einhvers staðar á Suðurnesjum núna um síðustu helgi um stöðu sjávarútvegsins m.a., þar sem ég hygg að hann hafi tekið svo til orða að gengisfelling við þessar aðstæður væri óðs manns æði. Efnislega eitthvað í þá veru. Ég man nú ekki hvaða málblóm hæstv. fjmrh. notaði nákvæmlega þegar hann var að lýsa þessari skoðun sinni, en efnislega var það eitthvað í þá veru að gengisfelling væri óðs manns æði við þessar aðstæður.

Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að ekkert liggi fyrir um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts á árinu 1988. Hæstv. ráðherra minntist ekki heldur til að mynda á launaskattinn. Hæstv. ráðherra minntist ekki á vextina, ekki rafmagnsverðið og ekki aðra slíka hluti sem nefna mætti sem ráðandi þætti í rekstrarafkomu sjávarútvegsins. Hvað stendur þá til að gera? Ekki neitt. Er ekkert á dagskrá þegar kominn er miður febrúar nema flytja hér frv. til að afnema úrelt bráðabirgðalög frá sl. sumri? Er þess ekki að vænta á næstu vikum að neitt komi frá hæstv. ríkisstjórn um þessi efni? Og er það nú trúlegt að það greiði fyrir kjarasamningum, þar m.a. sem verið er að reyna að rétta hlut fiskvinnslufólks, að hæstv. ríksstjórn skilar gjörsamlega auðu blaði hvað þessa hluti varðar? Hvað varðar einhverja stefnumörkun í efnahagsmálum, einhverja ytri stefnumörkun og líka hvað varðar sértækar ráðstafanir gagnvart sjávarútveginum. Ekki vottur. Gjörsamlega autt blað. Nei, þetta er ekki burðug frammistaða.

Satt best að segja verð ég að vorkenna hæstv. sjútvrh. að þurfa að standa hér uppi við slíkar aðstæður og ég held ég leggi ekki á hann að gera það aftur þannig að ég ætla ekki að spyrja hann frekar. Það er greinilegt að honum er alveg heft tungan, hæstv. ráðherranum. Hann hætti sér a.m.k. ekki út í það að segja hvað hann teldi að ætti að gera, en það hefur nú stundum verið notað í Framsfl. þegar menn eru í vandræðum að grípa þá til sinnar persónulegu skoðunar. T.d. hefur núv. formaður Framsfl. oft og iðulega gert það og ég held að það sé ekkert að því að varaformaðurinn taki líka upp þann hátt þegar hann er í pínulitlum vandræðum og veit að hann getur ekki talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að prófa þá bara að lýsa sinni persónulegu skoðun. (**Gripið fram í:** Er það ekki góð hugmynd?) Það er ágætis hugmynd og ég er alveg viss um það að hæstv. sjútvrh. hefur einhverjar persónulegar skoðanir á því hvað þyrfti að gera í sjávarútveginum. En hann er e.t.v. þetta varkárari en hæstv. utanrrh. og formaðurinn að hann fer ekki hér upp undir þeim formerkjum, setur ekki slíkar gæsalappir utan um mál sitt eins og hæstv. utanrrh. er ekkert feiminn við að gera.

Herra forseti. Ég held að kannski hafi það ekki mikið upp á sig að ræða þessi mál frekar. Að mínu mati hefði verið full ástæða til að þetta mál færi til hv. fjh.- og viðskn. Ekki það að ég treysti ekki hv. sjútvn. sem ég skil svo að meiningin sé að fái þetta frv. til skoðunar, en það eru auðvitað hinar efnahagslegu forsendur fyrst og fremst sem hér þurfa skoðunar við. Ég legg á það áherslu að sjútvn. deildarinnar, sem fær þetta til skoðunar, kalli á sinn fund sérfræðinga úr efnahagslífinu og fari ofan í saumana á því hvernig þessar aðstæður eru allar því ég er alveg sannfærður um það að málið þolir enga bið. A.m.k. er það mat þeirra rekstraraðila í sjávarútvegi sem ég hef haft samband við, til að mynda úr mínu kjördæmi, að það sé orðið mjög brýnt að einhverjar línur komi í þessi mál. Menn búa við óþolandi óvissu um framhaldið við þær aðstæður að reksturinn er nánast að stöðvast og mikið tap er á fyrirtækjunum og fólksflótti úr greininni vegna þess hversu lág laun eru greidd þar, reyndar fólksflótti úr þeim landshlutum og af þeim landsvæðum þar sem sjávarútvegurinn er uppistaða atvinnulífsins. Það þarf því ekki að rökstyðja það frekar hversu nauðsynlegt það er að tekið sé á þessum málum. Það mætti orða það svo um þetta efni sérstaklega eins og önnur að Róm væri að brenna. Hún brennur ekki hvað síst í þessum efnum en það bólar ekkert á neinu slökkviliði.

Ég vil svo fara fram á það, herra forseti, að það verði tryggt þegar mál þetta kemur til 2. umr., ef ekki verða á dagskrá hér á hinu háa Alþingi önnur þau mál sem gefa tilefni til og bjóða upp á aðstæður til að ræða rekstrarafkomu sjávarútvegsins, að það

verði þá í öllu falli tryggt að ríkisstjórnin verði sæmilega fjölmenn hér á fundunum þegar málið kemur aftur til 2. umr. og þá verði hér bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. þannig að það verði hægt að ræða við fullskipaða ríkisstjórnina, þá viðkomandi ráðherra sem þessi efnahagsmál heyra sérstaklega undir, þegar við fáum málið hingað aftur til meðferðar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þessar blessaðar efnahagsráðstafanir sem margir þm. hafa spurt um voru afgreiddar fyrir jól og uppsafnaður söluskattur til sjávarútvegsins var hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og þó nokkuð dæmi í ríkissjóðsvandanum. En allt var lagt í sölurnar til þess að ná ríkissjóði hallalausum á einu ári.

Nú hefur hæstv. sjútvrh. hugsað sitt mál eftir að fjárlögin voru afgreidd og efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar höfðu hlotið samþykki og ákveðið það að málflutningur stjórnarandstöðunnar á réttum tíma við afgreiðslu þessara mála var og er holl ráð því hæstv. sjútvrh. hefur ákveðið að taka upp tillögur stjórnarandstöðunnar og endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í staðinn fyrir að frysta hann.

Ég vil benda á að hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir spurði hæstv. sjútvrh. í sinni ræðu hér áðan um launaskattinn en fékk ekkert svar. Ég vona að hæstv. ráðherra svari hv. 10. þm. Reykn. Það eru fleiri þm. hér inni sem bíða eftir svari við þeirri spurningu.

En ég vil spyrja: Miðað við það að búið er að samþykkja efnahagsráðstafanir, búið að ganga frá fjárlögum, er þá virkilega hægt svona skömmu eftir að fjárlögin eru samþykkt að breyta þeim um fleiri hundruð millj. með því nú allt í einu að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt án þess að skera eitthvað niður á móti? Eru tekjurnar, eru skatttekjurnar, er 25% matarskatturinn svo veigamikil tekjulind að það sé hægt að skera niður fleiri hundruð millj. og endurgreiða án þess að nokkuð komi á móti í niðurskurði á tekjum?

Ég vil taka það fram að ég er með því að endurgreiða söluskatt til sjávarútvegsins. Ég eins og aðrir í stjórnarandstöðu talaði á móti því að frysta söluskattinn, við töluðum á móti launaskattinum og fögnum því að ráðherra skuli nú skyndilega skilja að við vorum ekki með neinn fjandskap í garð ríkisstjórnarinnar þegar við ráðlögðum henni að taka ekki þennan skatt eða frysta ekki uppsafnaðan söluskatt í ríkissjóði. Auðvitað styðjum við það að skatturinn verði endurgreiddur eins og til stóð í fyrri lögum. En það sem er að velkjast fyrir mér er sú staðfesting sem stjórnarandstaðan fær nú frá hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. sjútvrh. að tekjuhliðin, skattarnir, allar þessar hækkanir eru óþarfar. Það er undirstrikun á því að þessi skattpíning á fólkið er óþarfi ef það er staðreynd að nú sé hægt að endurgreiða fleiri hundruð millj. án þess að skera niður útgjöld á móti. Ég held að það sjái hver einn og einasti maður að það gengur.

Í a-lið 1. gr. er talað um fjárveitingu ársins 1987. Það þýðir að það hlýtur að eiga að frysta söluskattinn 1988, ég skil að þetta nær ekki til 1988, að frystingin á söluskatti til sjávarútvegsins er í gildi og sjávarútvegurinn fær ekki endurgreiðslu söluskatts 1988 svo ég bið hv. þm. um að hafa það í huga. Við erum bara að tala um hluta af árinu 1987. En a-liður 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjárveitingu ársins 1987 vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal varið sem hér segir:

a. Til fiskvinnslufyrirtækja skulu renna 455 millj. kr. í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis eftir reglum sem sjútvrh. setur.“

Af hverju kemur það ekki fram hér hvernig á að áætla? Ætlar sjútvrh. bara að setjast niður þegar þetta frv. hefur verið samþykkt og búa til einhverja reglu sem hann ekki þekkir í dag? Þessi regla á að vera komin hér í plaggið sem liggur fyrir. (**Sjútvrh.:** Hún er þar.) Ja, ég sé hana nú ekki hérna. (**Sjútvrh.:** Í grg.) Já, grg. er ekki með þessu. Það getur vel verið að ég hafi hlaupið yfir það og þá skal ég draga það til baka. En það á að vera náttúrlega í frv. sjálfu hvernig skiptingin á að fara fram. Það á ekki að vera neitt óákveðið í sjálfum lögunum því að grg. fylgir ekki lögunum þannig séð á leiðarenda.

Síðan kemur b-liðurinn. Þar er talað um að helmingur þeirra 220 millj. kr. sem renna til Fiskveiðasjóðs Íslands árið 1987 skuli lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu Fiskveiðasjóðs. Og það heldur áfram: „Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðstjórnar sett reglur“ — hann þarf ekki að gera það — „um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnlána fiskiskipa.“ Ráðherra þarf ekkert að setja neinar reglur. Hann getur úthlutað úr þessum sjóði eftir því sem honum líst vegna stofnlána fiskiskipa. Og hvar eru flestöll fiskiskip byggð? Það er verið að beina söluskattspeningunum, sem á að endurgreiða þarna, inn í þennan farveg, til greiðslu vaxta eða stofnkostnaðar lána erlendra skipasmíðastöðva. Þar eru flest skipin byggð. Hérna hefði ég viljað taka það fram að það mætti bara alls ekki nota sjóðinn nema til innanlandsþarfa. Ég vil fyrirbyggja það að við séum að halda uppi með söluskattsendurgreiðslum vinnumarkaðnum einhvers staðar í útlöndum, venjulega í Noregi. Sjóðirnir, Fiskveiðasjóður o.fl., fara flestir til útlanda. Ég fékk engan hljómgrunn þegar ég vildi takmarka það að íslenskir peningar færu til erlendra skipasmíðastöðva. Ég fékk bara enga áheyrn á þeim tíma og ég vil gera það að ósk minni hér, því að það þýðir ekkert að koma með brtt. við þessi frv., en ég vil gera það að ósk minni hér að sú nefnd sem fær frv. til athugunar — ef það er þá ekki of seint, þetta er 1. umr., frv. á eftir að fara í nefnd — að sú nefnd skoði frv. mjög vel, að komið verði í veg fyrir að þessi endurgreiðsla á söluskatti verði notuð til þess að viðhalda vinnu-

markaði erlendis og sniðganga íslenskar skipasmíðastöðvar í þessu tilfelli.

Síðan kemur c-liðurinn sem ég er líka á móti, ég geri athugasemdir við hann, um að Útflutningsráð Íslands skuli á árinu 1987 fá 25 millj. kr. af endurgreiddum söluskatti til sjávarútvegsins. Þetta er fjárlagadæmi. Ef við erum að tala um að endurgreiða söluskatt til sjávarútvegsins þá förum við ekki að ráðstafa hluta af endurgreiðslunni eins og við séum með fjárlagadæmið. Það er fjvn. sem ákveður hvað hver sjóður á að fá. Það er ekki endurgreiðsla söluskattsins sem á að viðhalda starfsemi Útflutningsráðs Íslands. Það er langt frá því. Hér er verið að fara aftan að hlutunum.

2. gr. og frv. út fjallar svo um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins sem á ekkert heima í þessu frv. Það á ekkert að tengja það við frv. um endurgreiðslu á söluskattinum. Endurgreiðsla á söluskattinum er samþykkjanleg af öllum og hinum verðjöfnunarsjóðnum er stillt upp sem skottinu á skepnunni til þess að fá það samþykkt um leið. Það á ekki að vera að beita brögðum eða sniðugheitum til þess að fá mál samþykkt. Þetta er alveg sérfrv. Það er hægt að setja fyrirsögnina við 2. gr. og hafa það bara sérfrv. og ræða það sérstaklega.

Ég vil vara Alþingi við svona vinnubrögðum. Þetta eru engin vinnubrögð. Þetta eru tvö frv. sem eru fjarskyld og eiga alls ekki að vera í eins konar bandormi þó að þau séu bara tvö. Ég vara við þessu á sama hátt og ég vil endurtaka að það er fróðlegt að fá upplýsingar um það a.m.k., ég vil endurtaka að ég skil ekki, og þá hugsa ég sem fyrrv. fjmrh., hvernig hægt er að taka frá í tekjum ríkissjóðs fleiri hundruð millj. kr. án þess að skera eitthvað niður á móti nema það sé komið í ljós að allar þær hækkanir og nýir skattar sem ríkisstjórnin hefur fengið samþykkt gefi svona miklar tekjur umfram það sem áætlað var.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins út af því sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Í fyrsta lagi spurðist hann fyrir um að því er varðar 1. gr. frv. með hvaða hætti þessir fjármunir verði endurgreiddir. Það má segja að grundvöllurinn að þeirri skiptingu liggi fyrir í fjárlögum ársins 1987, þar sem fram kemur að 455 millj. skuli ganga til fiskvinnslufyrirtækja, 220 millj., sem eru uppsafnaður söluskattur í útgerðinni, fer til Fiskveiðasjóðs og 25 millj. kr. til Útflutningsráðs Íslands. Þetta kemur fram í fjárlögum ársins 1987 og þar var gerð sú breyting í meðferð þingsins að Útflutningsráð skyldi fá 25 millj. kr.

Nú er það svo að hér áður fyrr fengu aðilar verulega fjármuni í gegnum svokallað sjóðakerfi sjávarútvegsins sem hefur verið lagt niður. M.a. fékk Fiskveiðasjóður verulega fjármuni af útflutningsgjaldi og þetta útflutningsgjald var notað til þess að greiða niður vaxtakostnað í útgerðinni. Þegar gerðar voru aðgerðir í sjávarútvegi fyrir nokkru, upp úr því að sjóðakerfið var lagt niður, þá var tekinn upp vaxtaafsláttur á þeim lánum sem veitt voru fyrir 1. mars 1986. Þessi vaxtaafsláttur var ákveðinn 60% en hefur smátt og smátt verið lækkaður og er nú 20%. Það hefur enginn vaxtaafsláttur verið veittur á lán sem tekin voru eftir það og þar af leiðandi á þessi vaxtaafsláttur eingöngu við þann hluta flotans sem var þá kominn í gagnið. Þeir sem njóta langmest af þessum vaxtaafslætti eru aðilar sem hafa byggt skip hér innan lands. Mörg þessara skipa voru óhóflega dýr og höfðu enga möguleika til að standa undir sér og máttu allir vita sem að því stóðu á þeim tíma að hér gæti ekki nema illa farið.

Þessi mál voru leyst. Að hluta til voru skipin boðin upp og Fiskveiðasjóður tapaði miklum fjármunum, svona allt að 100 milljónum á skip, og síðan var veittur vaxtaafsláttur á þau lán sem eftir stóðu. Þessi vaxtaafsláttur var veittur til að gefa nokkra aðlögun og koma í veg fyrir að enn fleiri skip færu undir hamarinn. Þau skip, það eru a.m.k. flest þessara skipa, eru skip sem voru byggð innan lands en ekki erlendis því um margra ára skeið var ekki heimilað að skip væru smíðuð nema hér innan lands. Með þessu er ég á engan hátt að gera lítið úr þýðingu íslensks skipamíðaiðnaðar og stöðu hans, en þetta eru staðreyndir þessa máls.

Þeir fjármunir sem hér um ræðir, þ.e. þessar 220 millj., duga til að greiða vaxtaafslátt af þessum lánum á árinu 1987 og fram á mitt ár 1988 og þá er átt við 20% vaxtaafslátt. Að því er stefnt að þessi vaxtaafsláttur falli niður eftir árið 1988, enda ættu þessir aðilar þá að vera komnir í gegnum það versta í þessu sambandi og verða að búa við sömu skilyrði og aðrir í greininni. Það var hins vegar ákveðið til þess að slíkur vaxtaafsláttur ýtti ekki undir fjárfestingar að hann yrði afnuminn á lánum sem veitt yrðu eftir það.

Hv. þm. spurðist fyrir um hvernig hægt væri að greiða mörg hundruð millj. kr. af fjárlögum ríkisins án þess að tekjur kæmu þar á móti eða niðurskurður að öðru leyti. Það er að sjálfsögðu ekki hægt eins og hv. þm. Albert Guðmundssyni er jafnvel kunnugt og mér. Það verður að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess að gera slíkt mögulegt, en það leysir ekki neinn vanda í þjóðfélaginu að reka ríkissjóð hallalausan ef það verður til þess að atvinnuvegirnir eru reknir með verulegu tapi. Það er engin lausn á efnahagsvanda í sjálfu sér ef það eitt gerist að ríkissjóður er rekinn hallalaus. Hins vegar er ég ósammála hv. þm. að því leyti að ég tel þá skattheimtu sem er í þjóðfélaginu síst of mikla miðað við þau útgjöld sem til er stofnað og þá þjónustu sem ríkið vill veita. Ef eitthvað er hefur sú skattheimta verið of lítil á undanförnum árum og þar varð að verða breyting á ef ekki átti illa að fara og verða enn meiri viðskiptahalli en raun ber vitni. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég sé sérstaklega hrifinn af mikilli skattheimtu, en hins vegar geri ég mér grein fyrir því að það þýðir ekki að stofna til útgjalda ef ekki er aflað tekna á móti.

Með hvaða hætti því verður mætt, ef til kemur, að

söluskattsendurgreiðslan verði aukin skal ég ekki segja á þessu stigi. Það má að sjálfsögðu gerast m.a. með niðurskurði ef menn telja að þetta sé meira forgangsverkefni en ýmis önnur verkefni í þjóðfélaginu. Ég er þeirrar skoðunar að það megi margt annað víkja fyrir þessu verkefni, en það er ekki þar með sagt að allir séu þeirrar skoðunar eins og gengur og gerist. Ég skal ekki leyna því að ég taldi ekki að það hefði verið óeðlilegt við núverandi óvissuaðstæður að fresta því að lækka verð á bensíni. Ég er ekki að segja að það skipti sköpum í þessu máli en ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé neitt slíkt fram undan að við getum átt von á því að kjör okkar batni, hvorki í gegnum lækkun á bensíni eða öðru, vegna þess við hvað mikinn vanda við eigum að stríða í útflutningsatvinnugreinunum sem er þó þýðingarmest af öllu að geti gengið.

Vegna spurninga um launaskatt, þá skiptir sá launaskattur sem lagður var á fiskvinnsluna ekki sköpum fyrir atvinnugreinina og því hefur ekki verið um það umræða af hálfu ríkisstjórnarinnar að breyta þeirri löggjöf sem sett var um launaskatt. Hér er ekki um mjög háar fjárhæðir að ræða fyrir fiskvinnsluna og skipta ekki sköpum.

Ég vil leiðrétta það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði hér. Hann sagði að það hefði verið nær af mér að tala með öðrum hætti um launin í sjávarútveginum. Það er alveg rétt hjá honum að laun í fiskvinnslunni, þ.e. í frystingunni, eru ekki stærsti kostnaðarhluturinn. Þessi laun eru u.þ.b. 25%, fiskverð um 50% og annar kostnaður. Ég var að tala um laun almennt í landinu. Mér þykir sæta nokkurri furðu að það skuli vera talað um þau oft og tíðum á Alþingi eins og þau skipti bara engu máli. Það sé alveg sama hvað þessi laun hækka. Það séu smámunir í þessu sambandi. Auðvitað skiptir það sköpum í einu þjóðfélagi hver launin eru. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að launin í fiskvinnslunni hafa að mörgu leyti ekki fylgt öðrum launum og það þarf að leiðrétta. En ég endurtek að auðvitað skipta launagreiðslur og launaskrið í þjóðfélaginu almennt hvað mestu í efnahagsmálum. Ég skal gjarnan taka undir það með honum að vextir eru óhóflega háir og eru veruleg byrði fyrir atvinnugreinina. Þessir vextir munu væntanlega lækka og það er lífsspursmál að þeir geri það. En aðalforsenda þess að svo geti orðið er að það dragi úr þeirri þenslu sem ríkir almennt í þjóðfélaginu á lánamarkaði og einnig á vinnumarkaði. Það er of mikil þensla á vinnumarkaði í landinu. Mikil þensla á vinnumarkaði þýðir launaskrið hvort sem okkur á Alþingi líkar það betur eða verr og mikil þensla á lánamarkaði þýðir vaxtahækkun með einum eða öðrum hætti hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það stendur ekki á þeim stofnunum sem reka þá þjónustu, hvort sem það eru bankastofnanir eða aðrar þjónustustofnanir, að hækka sína taxta hafi þær skilyrði til þess. Þannig hafa ýmsar þóknanir bankastofnana hækkað verulega að undanförnu, m.a. þóknanir sem teknar eru af útflutningsatvinnuvegunum.

Ég vænti þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér á Alþingi. Það varðar eingöngu árið 1987. Ég vænti þess að það blandist ekki um of inn í þá umræðu sem þarf að fara fram um afkomu útflutningsatvinnuveganna á árinu 1988. Ég tel að lausn þeirra mála felist að engu leyti í afgreiðslu þessa máls þó að það sé lítið skref í því. Ég get vel skilið hv. þm. að þeim finnist vera nokkuð lítið um svör að því er varðar framtíðina, en ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að þessi mál eru til umfjöllunar ekki aðeins í ríkisstjórn heldur einnig hjá öðrum aðilum í þjóðfélaginu, m.a. aðilum vinnumarkaðarins, og hér er ekki fyrst og fremst spurningin um persónulegar skoðanir, hvorki mínar né annarra, heldur spurningin um hvaða ásættanleg niðurstaða fæst. Ég gæti út af fyrir sig upplýst hv. þm. um mínar skoðanir í þessum efnum. Ég tel það hins vegar ekkert leysa og ekki öllu skipta í þessari umræðu hverjar þær eru. Hins vegar tek ég undir með honum að það er mikilvægast af öllu að niðurstaða fáist og ég vil sérstaklega taka undir það, sem hann sagði hér, að tíminn í því sambandi er afar stuttur.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. kom að nokkrum punktum sem ég vil gjarnan svara vegna þess að þeir punktar segja kannski meira en í fljótu bragði má ætla.

Hann sagði að ekki hefði verið hægt að reka ríkissjóð með halla. Ég er honum alveg sammála þar, en það er ekki sama hvernig hallinn er réttur við eða hvernig hann verður til þó að það séu skiptar skoðanir í ríkisstjórnarliðinu um það hvort ríkissjóð má reka með halla eða ekki og vísa ég þar í fjármálasérí ríkisstjórnarinnar Eyjólf Konráð eins og oft hefur verið vitnað í hvað það snertir.

En hæstv. ráðherra sagði að skattheimtan væri of lítil miðað við þau útgjöld sem fyrir hendi eru. Er það virkilegt að hæstv. ráðherra geti ekki látið sér detta í hug að útgjöldin séu skorin við nögl, ef við tölum um tekjurnar, en tekjurnar ekki alltaf auknar? Fólkið þolir mismunandi mikið. Sumir þola mikið, aðrir þola lítið. Ég held að meiri parturinn af þjóðinni þoli ekki þær miklu álögur sem nú hafa dunið yfir til að mæta fjárlagaútgjöldum sem eru 50% hærri í krónutölu fyrir 1988 en fyrir 1987. Það er mjög athyglisvert ef það er almenn skoðun í ríkisstjórninni og í ríkisstjórnarliðinu að það sé engin önnur leið út úr fjármálum en að halda áfram að eyða og eyða og leggja á þyngri og þyngri skatta, að sparnaðarleiðin sé ekki í myndinni.

En hann sagði líka: Það þýðir ekki að stofna til útgjalda ef ekki er aflað tekna á móti. Það er þetta sem ég er að vara við. Að stofna ekki til útgjalda er kúnstin. Að eyða ekki fyrir fram, að slá ekki út á áætlaðar umframtekjur, það var mesti vandinn fyrir mig sem fjmrh. að koma í veg fyrir, að eyða ekki fyrir fram því sem var áætlað umfram í tekjum.

Ég vil líka benda hæstv. ráðherra á að launaskatturinn, sem hann gerði lítið úr, er stórt dæmi í því sem

við erum að tala um. Í 1. gr. er talað um 455 millj. kr. endurgreiðslu fyrir árið 1977, í c-liðnum er talað um 220 millj., en launaskatturinn átti að gefa rúmar 400 millj. og þar af, eftir því sem ég hef komist næst, átti þetta 1% að gefa 300 millj. í ríkissjóð af sjávarútveginum. Þetta er ekkert lítið dæmi. Þetta er stórt dæmi. Ég harma að ráðherra skyldi ýta þeirri spurningu sem kom frá hv. 10. þm. Reykn. svo léttilega frá sér, eins og hér væri um spurningu að ræða sem væri svo lítilvæg að henni væri tæplega svarandi.

Það er rétt að aukin eftirspurn eftir vinnuafli skapar ákveðna þenslu, en við höfum takmarkað vinnuafl. Þetta vinnuafl er beðið um að vinna óheyrilega langan vinnutíma og fær greitt fyrir þá aukatíma sem það vinnur, en af því það fær greitt þannig að það eykur kaupgetu fólksins, sem leggur mikið á sig, er öskrað: Þensla, þensla. Við verðum að ná þessum peningum af fólki með sköttum. Við erum að láta það vinna aukavinnutímana, en við verðum að ná í aukavinnutekjurnar af því til að koma í veg fyrir að það njóti þeirra tekna sem það getur skapað sér til viðbótar við það sem talið er eðlilegt af ríkisstjórninni. Og þetta, segir hann, skapar aukna eftirspurn eftir peningum og aukin eftirspurn eftir peningum skapar þenslu á lánamarkaðnum og það kallar á hærri vexti. Þetta er að litlum hluta rétt. Við horfum á það í hvert skipti sem ríkissjóðsvíxlar falla. Og ríkissjóður er gjaldþrota. Hann getur ekki staðið í skilum. Það er útilokað. Í hvert einasta skipti sem ríkissjóðsvíxlar falla í gjalddaga og á að standa í skilum koma nýir ríkissjóðsvíxlar á markaðinn með hærri vöxtum og jafnvel afföllum vegna þess að ríkissjóður verður að fá fólkið til að skuldbreyta í staðinn fyrir að taka út peningana. Og hver er það sem skapar háa vexti? Hver er það sem skapar spákaupmennsku? Það er ríkissjóður, ríkisstjórnin sjálf og ríkisbankarnir. Og svo ætlar hæstv. ráðherra að tala hér á Alþingi eins og þetta sé einhverjum vondum einstaklingum úti á vinnumarkaðnum að kenna, að athafnaþrá fólksins í landinu skapi þenslu sem þjóðfélagið ræður ekkert við. Þetta er rangt og á ekki heima hér svona tal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 570.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framhaldsskóla sem lagt hefur verið fram á þskj. 570.

Ég vil fyrst fara nokkrum orðum um aðdraganda að þessu frv. Frv. þetta var upphaflega samið af nefnd sem Sverrir Hermannsson þáverandi hæstv. menntmrh. skipaði 8. des. 1985. Í nefndinni áttu eftirtaldir sæti: Magnús Pétursson hagsýslustjóri, tilnefndur af fjmrh., Björn L. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af borgarstjóra, Björn Friðfinnsson, núverandi aðstoðarmaður dómsmrh., og Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri þá á Akranesi en nú í Garðabæ, voru þeir tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Jón Böðvarsson, fyrrverandi skólameistari, og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri, skipaður af menntmrh. án tilnefningar. Formaður nefndarinnar var Birgir Ísl. Gunnarsson alþm., en upphaflega var Eyjólfur Konráð Jónsson alþm. skipaður formaður nefndarinnar en hann óskaði eftir að verða leystur frá því starfi og var Birgir Ísl. Gunnarsson þá tilnefndur formaður þann 13. maí 1986. Með nefndinni starfaði Stefán Ólafur Jónsson deildarstjóri í menntmrn.

Í skipunarbréfi menntmrh. sagði: „Þess er óskað að nefndin semji m.a. sem einn þátt frv. reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna sem séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, enda yrði þá að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða.“

Með tilvísun til þessa tók nefndin það sem sitt fyrsta verkefni að semja reglur um stofn- og rekstrarkostnað framhaldsskóla. Eftir því sem leið á nefndarstarfið var nefndin sammála um að óheppilegt væri að semja sérstakt frv. um fjármál framhaldsskóla. Eðlilegra væri að fella ákvæði um fjármálin inn í heildarfrv. um framhaldsskóla og var það gert.

Á síðasta þingi lagði fyrirrennari minn, Sverrir Hermannsson þáverandi hæstv. menntmrh., fram til kynningar á Alþingi frv. það sem nefndin hafði samið. Frv. var eingöngu lagt fram til kynningar og ekki fyrir því mælt, en menntmrn. sendi það síðan til umsagnar fjölmargra aðila. Þeir voru: Bandalag kennarafélaga, Skólameistarafélag Íslands, rektorar, skólameistarar og skólastjórar allra skóla á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, iðnfræðsluráð, iðnfræðslulaganefnd, samstarfshópur um sjávarútvegsskóla, grunnskólanefnd og heilbr.- og trmrn.

Alls bárust 36 umsagnir. Umsagnirnar hafa verið yfirfarnar í menntmrn. og frv. breytt nokkuð til samræmis við það sem þar kom fram. Í sérstöku fskj., sem fylgir þessu frv., eru tilgreindar þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram á Alþingi í fyrravetur. Að öðru leyti vísast til fskj. sem því frv. fylgdu, þar á meðal nál. í heild ásamt sérálitum svo og til yfirlits um kostnaðaráhrif frv. ef það yrði að lögum.

Engin heildarlöggjöf hefur verið til um framhaldsskólastigið. Það er rúmur hálfur annar áratugur síðan Alþingi samþykkti lög um skólakerfi og lög um grunnskóla. Áformað var að löggjöf um framhaldsskóla kæmi í beinu framhaldi af því. Frv. til l. um framhaldsskóla var lagt fram árið 1976 en náði ekki fram að ganga. Síðan var það endurflutt nokkrum sinnum en dagaði ætíð uppi. Það var einkum ágreiningur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem stöðvaði framgang frv.

Í grg. með þessu frv. eru rakin helstu einkenni þess og mun ég rekja þau hér á eftir áður en ég ræði einstaka kafla frv. Helstu einkenni frv. eru:

1. Frv. felur í sér rammalöggjöf sem tekur til alls náms á framhaldsskólastigi og undirbýr nemendur undir nám í sérskólum, háskólum og störf í atvinnulífinu.

2. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntmrn. setur. Framhaldsskólum er skylt að fylgja í meginatriðum ákvæðum námsskrárinnar hvort heldur kennt er samkvæmt áfangakerfi eða bekkjakerfi.

3. Með frv. er stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntmrn., skólayfirvalda og starfsmanna skólanna. Það nýmæli er í frv. að gert er ráð fyrir að skólanefnd starfi við hvern skóla. Hlutverk ráðuneytis verði að vinna að heildarstefnumótun, kennslueftirliti og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla, en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitinga sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.

4. Stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum þannig að ríkið greiðir 60% en sveitarfélag/sveitarfélög 40%. Þó er menntmrn. veitt heimild til þess að semja um hærri kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða.

5. Ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna.

6. Tryggt er samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði og í sjávarútvegsgreinum með fræðsluráði sjávarútvegsins, sem verða til ráðuneytis um skipulag námsins og kennslueftirlit.

7. Hlutdeild sveitarfélaga og heimamanna að stjórnun skólanna verður í formi aðildar að skólanefndum sem starfa við hvern framhaldsskóla. Þær skulu skipaðar þremur til fimm fulltrúum eftir skólategund og fjölda rekstraraðila. Skólanefndir ákveða skipulag náms og námsframboð ásamt skólameistara. Skólanefnd gerir fjárhagsáætlun í samræmi við fjárlög og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

8. Skólameistari stjórnar daglegum rekstri skóla og er jafnframt framkvæmdastjóri skólanefndar.

9. Hver skóli verði sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiði laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint. Annan rekstrarkostnað greiði ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Sú meginregla gildi að sama framlag komi á hvern nemanda hvar sem er á landinu með heimild til sérgreinds framlags ef sérstakar aðstæður ríkja.

10. Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiði ríkissjóður kostnað við umsjón, tækja- og rekstrarbúnað húsnæðis. Sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mötuneytis greiði nemendur.

11. Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntmrh. að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.

12. Framhaldsskólum verði heimilt að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum er skólinn starfrækir, svo og að stofna til sérstakra námskeiða (öldungadeilda). Skulu nemendur greiða sem næst þriðjungi kennslulauna. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms.

Þetta eru í sem fæstum orðum meginatriði framhaldsskólafrv. Í frv. felst að framhaldsskólarnir fá umtalsvert frjálsræði til ákvörðunar um innihald og þróun náms svo og nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði. Þar með er skólunum veitt aðstaða til að taka tillit til staðhátta og atvinnulífs á hverjum stað. Með frv. er reynt að tryggja að framhaldsskólamenntun geti þróast í samræmi við hinar fjölbreytilegu kröfur tímans. Það er síðan verkefni skólanefnda og skólastjórnenda að móta skólastarfið á grundvelli hinna nýju laga og reglugerðar sem síðan verður sett. Ég bind vonir við að uppskeran af þessu verði fjölbreytt og gróskumikið skólastarf og menntalíf og aukin þekking og áhugi nemenda.

Ég mun nú snúa mér að því að rekja einstaka kafla frv.

I. kafli fjallar um gildissvið frv. og er í 1. gr. tekið fram að lög þessi taki til náms á framhaldsskólastigi er taki við af skyldunámsstigi allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974 um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er falla undir lögin. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntmrn. heimilar. Einstaka skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki. Tilgreint er að setja skuli reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum og er þar átt við að sérstök reglugerð verði sett um hvern skóla. Allmargir framhaldsskólar sem undir lög þessi falla eiga sér langa sögu og eru ríkir af hefðum. Það er því sérstaklega tekið fram að einstakar skólastofnanir beri áfram sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki og er þetta tekið svona ákveðið fram í þessari lagagrein til að forðast allan misskilning um það efni.

Í II. kafla frv. er fjallað um hlutverk framhaldsskóla og það er skilgreint í 2. gr. á eftirfarandi hátt: Að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum. Að búa nemendur undir

störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti sérréttindi. Að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að veita þeim almenna menntun og efla með þeim félagsþroska. Þetta orðalag hefur tekið nokkrum breytingum frá fyrra frv. en talið var æskilegt að orða hlutverk framhaldsskólans í sem fæstum orðum, en meginmarkmið framhaldsskólans er spunnið af nokkrum þáttum sem eiga helst að vera svo samtvinnaðir að tæpast verði milli þeirra greint.

III. kafli frv. fjallar um stofnun og byggingu framhaldsskóla. Hér er ákveðin sú stofnkostnaðarskipting við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður eða sveitarsjóðir greiði 40% áætlaðs kostnaðar með þeirri undantekningu að þegar um er að ræða stofnbúnað verknámsbrauta er ráðuneytinu heimilt að sækja um hærri kostnaðaraðild ríkissjóðs. Með því er reynt að stuðla að því að verknámsaðstöðu verði komið upp eigi síður en bóknámsaðstöðu, en hún er mun dýrari og þjónar slík námsaðstaða oft stórum landshlutum og jafnvel öllu landinu.

Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri sveitarfélög geti átt aðild að framhaldsskóla á móti ríkinu. Samþykki Alþingis þarf til þess að stofnaður verði nýr framhaldsskóli og samþykki sveitarstjórnar verður einnig til að koma þannig að hún gerist aðili að stofnun skóla. Áskilið er að gera skuli samning milli ríkis og sveitarfélags eða sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir vegna framhaldsskóla. Sú staða kann að koma upp varðandi einstaka sérskóla, t.d. skóla með það sérhæft nám að aðeins einn slíkur skóli er til á landinu, að sveitarfélög fáist ekki til þess að verða aðilar að slíkum skóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lagafrv. að unnt sé að stofna sérskóla án aðildar sveitarfélaga og greiðist þá allur kostnaður úr ríkissjóði.

Sem fyrr segir skal gera samning milli ríkis og sveitarfélaga um nýframkvæmdir og endurbætur húsnæðis vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum eins og tíðkast hefur hingað til hafi sveitarfélag til þess burði. Bent skal á að í greininni er heimilað að heimavistir skóla verðir nýttar til gistihúsareksturs utan skólatíma og við hönnun og byggingu húsnæðisins verði tekið tillit til þess. Áskilið er að menntmrn. setji viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ekki er óeðlilegt að menn spyrji hvernig á því standi að gert sé ráð fyrir því að sveitarfélögin taki þátt í stofnkostnaði framhaldsskóla með þessum hætti þegar ríkið tekur alfarið að sér reksturskostnað samkvæmt frv. Meginástæða þessa fyrirkomulags er sú að með því er talið að sveitarfélög verði nokkru ábyrgari í afstöðu sinni til stofnunar framhaldsskóla ef þau þurfa sjálf að leggja fram hluta af stofnkostnaði og það muni væntanlega draga úr óraunhæfum kröfum um byggingu framhaldsskóla í einstökum sveitarfélögum.

Í 4. gr. frv. er fjallað um eignarhlutföll að skólamannvirkjum og varðandi þá grein er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir að skólamannvirki sem eru í notkun við gildistöku þessara laga skuli vera eign ríkis og eða sveitarfélaga í sömu hlutföllum og þessir aðilar hafa greitt stofnkostnað mannvirkja. Ekki er gert ráð fyrir að neitt sérstakt uppgjör fari fram milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þau mannvirki sem nú eru notuð fyrir framhaldsskóla. Allt nýtt húsnæði sem byggt er verður í sameign með sama eignarhluta og framlög byggingaraðila eru. Sama gildir um viðbyggingar við eldra húsnæði og meiri háttar endurbætur og breytingar.

Hins vegar er tekið fram að verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms þá skuli eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

Í IV. kafla, þ.e. 5.–11. gr. frv., er fjallað um stjórn framhaldsskólans. Í 5. gr. er því slegið föstu að menntmrn. fari með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til og hafi með höndum námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf í skólum. Enn fremur er staðfest það hlutverk menntmrn. að gera tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað. Samkvæmt þessari grein er því gert ráð fyrir að innan skólanna sjálfra fari fram þróunarstörf er snerta framhaldsskólana.

Í 6. gr. er ákvæði um að skipuð skuli samstarfsnefnd framhaldsskóla og í henni séu skólameistarar, rektorar, undir forsæti menntmrh. eða staðgengils hans og skal þessi samstarfsnefnd fjalla um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræma störf þeirra. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd þessi haldi a.m.k. einn fund árlega.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að skólanefnd sé við hvern framhaldsskóla og er það nýmæli. Gert er ráð fyrir að 3–5 fulltrúar sitji í skólanefnd og ræðst fjöldi þeirra af fjölda rekstraraðila og gerð skóla. Menntmrh. skipar formann, en um tilnefningu hinna skal ákveðið í reglugerð. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun fyrir atvinnulífið er æskilegt að fulltrúi viðkomandi starfsgreinar eigi sæti í skólanefnd. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja samstarf ríkis, heimamanna og atvinnulífsins um stjórnun hvers framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að menntmrh. skipi án tilnefningar alla skólanefndarmenn við sérskóla sem stofnaðir kunna að vera án þátttöku sveitarfélaga.

Í 8. gr. er fjallað um verkefni skólanefndanna. Þar kemur fram að skólanefnd og skólameistari marki stefnu í skólahaldi og ákveði námsframboð með samþykki menntmrn. Skólanefnd á að undirbúa árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og senda þær menntmrn.

Í upphafi hvers árs á skólanefnd að gera fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og bera ábyrgð á að henni sé framfylgt. Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda sem nemendur greiða svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Er því ekki um að ræða neina meginbreytingu frá ríkjandi ástandi, en rétt þykir að festa í lög ákvæði um gjöld þessi. Við ýmsa skóla hafa verið stofnaðir sérstakir sjóðir í ákveðnum tilgangi og kann það að vera nokkuð mismunandi eftir skólum. Því þykir í 4. mgr. þessarar greinar rétt að setja ákvæði um sjóði þessa til að tryggja örugga meðferð þeirra.

Í 9. gr. er fjallað um starfssvið skólameistara eða rektors og fram tekið að skólameistari stjórni daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gæti þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann á einnig að sjá um framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólanefnd tekur.

Í 2. og 3. mgr. þessarar greinar er fjallað um skólaráð sem skuli vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur hans. Skólaráðið er skipað fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara ef hann starfar við skólann, en skólameistari á að vera oddviti skólaráðsins. Gert er ráð fyrir að um skipun skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skuli nánar kveða á í reglum sem skólanefnd setur. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að skólanefnd hvers skóla setji skólaráði reglur, en það kann að vera mismunandi eftir skólum og því er rétt að þetta vald sé í höndum skólanefndanna. Skólaráði er ætlað að vera lýðræðislegur vettvangur umfjöllunar um málefni hvers skóla.

Í 10. gr. er fjallað um nemendaráð sem starfi við hvern framhaldsskóla og sé þar m.a. fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Kveðið er á um að nemendaráð hafi tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Samtök nemendanna sjálfra skuli setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir að skólanefnd setji reglur um almenna kennarafundi og verksvið þeirra.

Í V. kafla frv., þ.e. í greinum 12–15, er fjallað um starfslið framhaldsskólanna. Í 12. gr. er ákveðið að um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa milli þeirra fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Að öðru leyti fjallar greinin um hverjir ráða skuli hina einstöku starfsmenn. Menntmrh. setur eða skipar skólameistara eða rektor framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda, menntmrh. setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara en skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Hafi kennari ekki kennsluréttindi skal leita staðfestingar menntmrn.

Í 13. gr. er vísað til ákvæðis laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986 og þarfnast það ekki sérstakra skýringa.

Í 14. gr. er fjallað um sérstakt orlof kennara sem ákvæði hafa verið um í ýmsum lögum um framhaldsskóla. Sú breyting er hér lögð til að heimilt sé að veita kennara orlof sem starfað hefur í fimm ár ef hann óskar eftir því til að efla þekkingu sína í stað tíu ára starfs eins og verið hefur.

Í 15. gr. eru ákvæði sem ætluð eru til að tryggja nauðsynlega heilsuvernd í framhaldsskólum. Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna séu viðhlítandi. Þessi ákvæði eru í samræmi við lög nr. 61 1957, um heilsuvernd í skólum.

VI. kaflinn sem er ein grein, 16. gr., fjallar um inntökuskilyrði í framhaldsskóla, kveður á um að allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þá er kveðið á um að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Enn fremur er kveðið á um að heimilt sé að setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Í greininni er kveðið á um að nemendur, sem orðnir séu 18 ára og eldri, geti hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja framangreindum ákvæðum nema að því er starfsþjálfun varðar. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. kafli frv., sem er allmargar greinar, þ.e. 17.–31. gr., fjallar um námsskipan í framhaldsskólunum. Í 17. og 18. gr. eru markaðir megindrættir í námsskipan framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan tiltekinna námsbrauta sem stefna að skilgreindu marki. Skal miða við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms ellegar hvort tveggja. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir eins og fram er tekið í 18. og 19. gr. Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum hvaða námsbrautir skuli starfræktar. Það er ljóst að upptalning námsbrauta í lögum getur ekki verið tæmandi nema stutt skeið í senn og þyrfti þá lagabreytingu í hvert skipti til að stofna nýja námsbraut. Með setningu fjárlaga gefst Alþingi jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboð.

Fjölbreytni í námsframboði og mismunandi lengd námsbrauta eru mikilvæg atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda áfangamenntun í þeirri merkingu að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til að kröfur um undirbúning eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að markmið hverrar námsbrautar liggi ljós fyrir, þ.e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Í síðustu mgr. 17. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem skipulagning náms á framhalds-

skólastigi beinist að, þ.e. að tryggja að engin námsbraut verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta. Þessi markmið eru hvort öðru tengd. Vert er að leggja áherslu á að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði beint inn í háskóla heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist.

Í 18. gr. er fjallað um samhæfingu bóklegs og verklegs náms og er þar átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. Svigrúm frjálsra valgreina verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en mikilvægt er að það sé ætíð nokkuð. Þykir eðlilegt að kveða nánar á um námsbrautir í námsskrá.

Í 19. gr. er kveðið á um að nám á framhaldsskólastigi skuli skipulagt í námsáföngum og skuli hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga eftir umfangi námsefnis. Öllum framhaldsskólum er skylt að fylgja slíkum ákvæðum, en þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haldið bekkjakerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú.

Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu: að skólar geta valið um hvort þeir hafa svokallað áfangakerfi eða bekkjakerfi og tel ég reyndar æskilegt að bæði kerfin séu í gangi á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir að námseining verði skilgreind í námsskrá. Námseining er nú skilgreind sem tvær kennslustundir á viku í eina önn, en þessi skilgreining er gölluð og þarfnast því endurskoðunar. Ekki er talið rétt að binda skilgreiningu námseininga í lögum eins og gerð var tillaga um í því frv. sem lagt var fram á sl. vori.

Í 20. gr. er kveðið á um að í námsskrá sem menntmrn. setur skuli ákveðið með námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir. Þótt ekki sé það berum orðum tekið fram í frv. er reiknað með að við setningu námsskrár muni menntmrn. eins og verið hefur hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegsins, faggreinafélög og fleiri aðila sem láta sig nám á sínu sviði varða.

Í 21. gr. er mælt fyrir um að í námsskrá skuli sett ákvæði um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Fyrri hugmyndir hafa gengið út á að ákvæði um þessi atriði yrðu sett í reglugerð. Er talið fara betur á því að mælt sé fyrir um þetta í námsskrá. Þá er og sú nýjung að fyrir er mælt að nemendur skuli hafa rétt til þess að sjá prófúrlausnir sínar.

Í 22.–25. gr. er fjallað um iðnnám. Við samningu þeirra var byggt á einróma tillögum sérstakrar nefndar sem menntmrh. skipaði til að gera tillögur um skipan iðnnáms.

Í 22. gr. er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um heildarmótun og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Sú breyting er gerð á stöðu iðnfræðsluráðs frá fyrri lögum að nú er það ráðgefandi í stað þess að það hafði áður umsjón með framkvæmd iðnfræðslunnar. Þau verkefni, sem iðnfræðsluráð hafði áður, færast til ráðuneytis, skólanefnda og skólanna. Eigi að síður er tryggt að þeir sem starfa í iðnaði, bæði atvinnurekendur og launþegar, hafi áhrif á stefnumörkun í iðnfræðslu. Þar sem hluti af iðnfræðslu fer fram úti í atvinnulífinu eru þessi tengsl mikilvæg. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um verksvið iðnfræðsluráðs í reglugerð.

Í 23. gr. er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Hér er um verulegar breytingar að ræða frá fyrri skipan þegar skipaðar voru fræðslunefndir fyrir hverja iðngrein. Þessi breyting er gerð til að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta.

Í 24. gr. er kveðið á um að heimilt sé áfram að gera námssamning milli iðnmeistara og iðnnema. Þá er veitt lagaleg heimild til að skólanefnd geti gert samning við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Í reglugerð skal svo kveða á um m.a. gerð námssamninga, próf og starfsréttindi. Heimilað er áfram að ganga undir verklegt sveinspróf í iðngrein langskólanáms ef ákveðnum skilyrðumn er fullnægt. Með þessu ákvæði er verið að tryggja mönnum sem lengi hafa starfað í iðngrein rétt til að þreyta sveinspróf sem veitir takmarkaðan rétt til að starfa í iðngreinum.

Í 25. gr. er það nýmæli að menntmrn. er gert skylt að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs. Auknar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá verktakaheimild og af þeim sökum þótti rétt að setja þetta ákvæði í lög. Nánari ákvæði skal svo setja í námsskrá fyrir meistarapróf.

Í 26. gr. er nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegs og skuli það skipað fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Greinin er í meginatriðum í samræmi við tillögur sem nefnd á vegum menntmrh. og sjútvrh. um skipulag fræðslumála sjávarútvegs lagði fram. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samstarf skóla og atvinnulífs á þessu sviði á sama hátt og leitast er við að gera í iðnnámi.

Í 27. gr. er menntmrn. veitt heimild til að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir til að móta heildarstefnu í námi á öðrum sviðum en í iðnaði og sjávarútvegi. Þetta er enn ein tilraun þessa frv. til að reyna að tryggja nánar tengsl atvinnulífs og skóla.

Ýmis lagaákvæði gera ráð fyrir því að ákveðið nám sé skilyrði fyrir atvinnuréttindum. Í 28. gr. segir að slíkt nám skuli skipulagt í samvinnu við stofnanir eða við sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Dæmi um slíkt er t.d. nám á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Þarna er og ítrekuð sú meginstefna sem víðar kemur fram í frv. að auk starfsréttinda skuli nám á framhaldsskólastigi veita rétt til frekara náms.

Í 29. gr. er kveðið á um skólasafn og ákveðið að í hverjum skóla skuli vera slíkt safn. Hlutverk skóla-

safns er að vera upplýsingamiðstöð fyrir kennara og nemendur og virkur þáttur í fræðslustarfi skólans. Nú á dögum er brýnt að einstaklingurinn sé sjálfur fær um að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og því er æ meiri áhersla lögð á að gera nemendur sjálfstæða í öflun upplýsinga og notkun heimilda. Þessi sjálfstæðu vinnubrögð krefjast vel búinna skólasafna, þ.e. fjölbreytts safnkosts, menntaðs starfsliðs og góðrar vinnuaðstöðu.

Í 30. gr. er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Vísir að starfsemi af þessu tagi er þegar fyrir hendi, m.a. á vegum Heyrnleysingjaskólans, sbr. lög nr. 70/1978, og meðal þeirra aðila sem annast kennslu blindra.

Í 31. gr. er kveðið á um að starfstími framhaldsskóla verði eigi skemmri en níu mánuðir. Eins og nú er háttað er starfstíminn bundinn við ákveðinn vikufjölda. Þá er gert ráð fyrir að menntmrn. gefi út árlegar reglur um nánari skiptingu starfstíma.

Í VIII. kafla frv., 32.–34. gr., er fjallað um rekstur framhaldsskóla. Þar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla og að hver skóli skuli vera sjálfstæð rekstrareining og hafa sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum. Til þessa hefur það verið nokkuð mismunandi hvernig rekstrarkostnaður skóla hefur verið greiddur. Ýmist hefur ríkissjóður einn staðið straum af rekstrarkostnaði framhaldsskóla eða samvinna hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um reksturinn. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Í 32. gr. er rekstrarkostnaður skóla greindur í tvo meginþætti, þ.e. launakostnað sem nánar er skilgreindur í 1. tölul. 2. mgr. en síðan annan rekstrarkostnað og er það nýmæli að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður skuli greiddur til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Enn fremur er kveðið á um það að fjárveitingum vegna 1. og 2. tölul. skuli haldið aðgreindum og að eigi megi skerða fjárveitingu til annars rekstrarkostnaðar en launakostnaðar þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu enda sé umfang starfsemi í samræmi við samþykkta áætlun. Með þessu á að vera tryggt að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður gangi til skólanna og að skólarnir hafi sjálfstæði til að ráðstafa því fjármagni innan ramma áætlunar. Með því m.a. er skólastjórnendum veitt hvatning til að spara á ákveðnum liðum og fá þá að njóta þess á öðrum, en hingað til hefur viljað brenna við að ef skólastjórnendur spara á einhverjum rekstrarkostnaði hefur skólinn ekki fengið að njóta þess en fjármagnið hreinlega verið tekið af skólanum.

Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði eins og áður greiddur beint til starfsmanna úr ríkissjóði. Tekið er fram að skólameistara er heimilt með samþykki skólanefndar að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða innan þess sem telst annar rekstrarkostnaður, þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skólans.

Í 32. gr. er og heimilað að ráða til framhaldsskóla sérstakan fjármálafulltrúa til að annast fjárreiður skólans. Ákvæði um slíkan starfsmann hafa ekki áður verið í lögum þó að fjármálafulltrúar hafi starfað við nokkra skóla. Gert er ráð fyrir því að starf fjármálafulltrúa geti verið hlutastarf þótt ekki sé það berum orðum sagt í frumvarpsgreininni.

33. gr. fjallar einkum um rekstur heimavista og er við það miðað að allar meginreglur þar um verði óbreyttar. Sums staðar hafa nemendur greitt lítils háttar gjöld í heimavistarsjóð til þess að standa undir kostnaði við þjónustu sem þeir hafa sjálfir gengist fyrir eða tekið nokkra ábyrgð á skemmdum. Um þetta hafa engar sérstakar reglur gilt. Um aksturskostnað þar sem um skipulagðan akstur hefur verið að ræða hefur gilt sú framkvæmdaregla að nememdur hafa sjálfir greitt ígildi strætisvagnafargjalda á Reykjavíkursvæðinu en viðbótarkostnaður hefur skipst að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga.

Hvað varðar mötuneyti framhaldsskóla hafa nemendur sjálfir greitt launa- og hráefniskostnað en rekstraraðilar skóla lagt til aðstöðu og orku. Ástæða þótti til að tengja ofantalin gjöld öðrum kostnaði sem nemendum er gert að greiða, sbr. það sem fram kemur í 8. gr. frv., og er ráð fyrir því gert að í reglugerð sem menntmrn. setur samkvæmt lögum þessum verði sett ítarleg ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í rekstri framhaldsskóla. Fram er tekið í lagagreininni að hagnaður af leigu skólahúsnæðis skuli renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

Í 34. gr. er leitast við að setja almennar viðmiðunarreglur um ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum. Vegna mismunandi eðlis náms er erfitt að setja fastar viðmiðunarreglur, en hér er miðað við grunntöluna 1,7–2 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi og fer eftir stærð og gerð skóla hvaða viðmiðunartala skal notuð innan þess ramma. Þessu til viðbótar skal koma stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa. Menntmrn. setji reglur um hvaða greinar skuli teljast verknám og sérnám, hvernig skuli ákveða grunnfjárhæðir vegna kennslu og annarrar launavinnu og hvernig skuli ákveða grunnframlag vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Í IX. kafla, þ.e. 35.–36. gr., er fjallað um fullorðinsfræðslu og eftirmenntun. Í 35. gr. er kveðið á um að heimilt sé framhaldsskólum að veita þeim sem orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er

framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla eða öldungadeilda, fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna.

Á síðari árum hefur eftirspurn og þörf fullorðinna aukist fyrir margvíslegt nám. Með ákvæðum þessarar greinar er reynt að mæta þessari vaxandi þörf með því móti að nýta skólana betur til að sinna henni en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að nemendur, sem orðnir eru 18 ára eða eldri, geti stundað nám í einstökum áföngum án þess að vera reglulegir nemendur skólanna. Þá er gert ráð fyrir að öldungadeildir starfi áfram og heimild er veitt til að skólar stofni til sérstakra námskeiða sem gætu nýst fólki í starfi. Segja má að ákvæði þessarar greinar séu nýmæli í löggjöf, en í framkvæmd hafa framhaldsskólarnir rekið starfsemi af þessu tagi þannig að í raun er hér ekki um nýmæli að ræða.

Í 36. gr. er hins vegar nýmæli. Ráðgert er að framhaldsskólar geti efnt til eftirmenntunarnáms í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög og atvinnurekendur og er það þáttur í viðleitni þessa frv. til að treysta tengsl atvinnulífs og skóla. Það er mjög æskilegt að framhaldsskólarnir fari meira inn á þá braut að veita eftirmenntun af ýmsu tagi og starfsþjálfun og þá þarf sú starfsemi að þróast í samræmi við aðstæður og kröfur á hverjum stað, en atvinnulíf er með mismunandi hætti á hinum ýmsu stöðum á landinu og því kann hér að vera um mjög fjölbreytta starfsemi að ræða.

Í X. kafla eru ýmis ákvæði og er þar fyrst 37. gr., en í henni er staðfest að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafi rétt til að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Gert er ráð fyrir að staða þessara skóla verði sem líkust því sem hún er í dag. Í þessari grein eru tekin upp aðalatriði núgildandi laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 51/1976, en þessir tveir skólar hafa starfað á grundvelli þessara laga. Gert er ráð fyrir að skólanefndir starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands, en í stað sveitarfélaga í öðrum framhaldsskólum skuli eignaraðilar tilnefna aðra skólanefndarmenn en þann sem menntmrh. skipar.

Ekki er fastákveðið í þessari frumvarpsgrein hversu margir skuli skipa skólanefndir þessara tveggja skóla. Rétt er að taka fram varðandi Verslunarskóla Íslands að ríkissjóður hefur ekki tekið þátt í stofnkostnaði þess skóla, en inn í kennslukostnaðinn hefur hins vegar verið reiknuð leiga sem ríkissjóður hefur greitt. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á því þótt ekki sé það berum orðum fram tekið í frumvarpsgreininni.

Í 38. gr. eru sett inn hliðstæð heimildarákvæði varðandi einkaskóla og eru í lögum um grunnskóla, þ.e. að skólar sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann geti fengið framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og er nánar kveðið á um skilyrði þess í greininni.

Í 39. gr. er ákvæði um að heimilt sé að lána skólahúsnæði til félagsstarfs utan reglulegs skólatíma samkvæmt almennum reglum um slíka ráðstöfun húsnæðis sem skólanefnd setur.

Í 41. gr. eða XI. kafla laganna eru talin upp lög sem lagt er til að falli úr gildi við gildistöku þessara laga, m.a. nokkur lög um sérskóla á framhaldsskólastigi.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að setja skuli sérstaka reglugerð um hvern sérskóla. Þá er og rétt að ítreka það sem segir í 1. gr. frv. að einstakar skólastofnanir geti borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, þótt sérlög sem nú gilda um þá skóla verði felld úr gildi. Hér koma að sjálfsögðu mörg álitaefni til greina og var það nokkuð vandaverk og tilefni allmikillar umhugsunar hvaða lög ætti að fella úr gildi með gildistöku þessara laga. Ég vil því fara um það mál nokkrum orðum.

Athygli skal vakin á því að lagt er til að lög um Hjúkrunarskóla Íslands falli úr gildi, en sá skóli hefur hætt störfum og hjúkrunarnámið færst á háskólastig. Enn fremur er lagt til að lög um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann falli úr gildi og er eðlilegt að kennsla sú sem þar hefur farið fram færist til Háskóla Íslands.

Ekki er lagt hér til að fella úr gildi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands. Hann brautskráir nú nemendur með hliðstæðum hætti og Kennaraháskóli Íslands og nauðsynlegt virðist því að endurskoða lög um þann skóla og fella þau að lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Lagt er til að lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands falli úr gildi, enda hefur skólinn ekki tekið nemendur síðustu árin. Nauðsynlegt er hins vegar að fella húsmæðrakennaranám inn í Kennaraháskóla Íslands eins og verið hefur í raun að undanförnu.

Nokkrir sérskólar gegna alveg sérstöku og afmörkuðu hlutverki sem fellur illa að skipulagi almennra framhaldsskóla, auk þess sem sumir þeirra veita menntun er liggur að nokkru leyti ofan framhaldsskólastigsins. Því er ekki lagt til að felld séu úr gildi lög um eftirtalda skóla: Fósturskóla Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða lögin um þessa skóla og afmarka starfssvið þeirra í samræmi við lög um framhaldsskóla. Menntmrn. hefur þegar sett af stað endurskoðun laga um Fósturskóla Íslands, um Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Í janúar 1986 var skipaður starfshópur á vegum menntmrn. og sjútvrn. til að athuga grundvöll að

stofnun sjávarútvegsskóla er taki til náms þess sem nú er veitt í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði. Starfshópurinn hefur nú skilað álitsgerð um málið og er hún til athugunar hjá ráðuneytunum.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974, um skólakerfi, skiptist skólakerfið í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Þessi skipting er að sumu leyti óheppileg þar sem hún ýtir undir það að reynt sé að skilgreina nám annaðhvort á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Hins vegar er ljóst að ýmsar námsbrautir tilheyra hvorugu stiginu einvörðungu, heldur liggja bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Dæmi um þetta er t.d. Tækniskóli Íslands og vissar brautir á sviði iðn- og tæknináms, listnám o.fl. Skólar sem starfa á sviði búnaðarfræðslu falla í þennan flokk. Sumir þeirra starfa bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Stjórn þessara skóla fellur undir landbrn. Af þessum ástæðum m.a. er ekki lagt til að lög um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði felld niður.

Hér er um að ræða svið innan skólakerfisins sem ekki hefur verið hugað nægilega að til þessa en ýmislegt bendir til að nauðsynlegt sé að efla, m.a. með tilliti til undirbúnings vegna sérhæfðra starfa í atvinnulífinu. Það kæmi því til greina að skipta skólakerfinu í fjögur stig í stað þriggja, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig, sérskólastig og háskólastig. Sérskólastig lægi að hluta til á framhaldsskólastigi og að hluta á háskólastigi. Á sérskólastigi væru skólar sem veittu sérhæfða menntun og þjálfun til undirbúnings starfa í atvinnulífinu og gerðu að inntökuskilyrði eins til þriggja ára almennt nám í framhaldsskóla. Slíkt fyrirkomulag er alþekkt erlendis, en hér hefur þetta ekki verið skilgreint sem afmarkaður hluti skólakerfisins. Miðað við þessa skiptingu væri ekki rétt að fella lög um sérskóla úr gildi og frv. sem hér liggur fyrir mundi þá aðeins taka til iðnfræðslu og almenns framhaldsnáms. Þetta mál þarfnast þó meiri undirbúnings og er því ekki lagt til að farið verði inn á þessa braut að sinni, en reikna má með að við endurskoðun ýmissa laga um sérskóla sem nú stendur yfir verði nauðsynlegt að breyta lögunum um skólastig til að mæta þessum þörfum.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum gert grein fyrir efni þess lagafrv. sem hér liggur fyrir um framhaldsskóla. Ég gat þess áðan að frv. það sem lagt var fram á síðasta alþingi hefði farið til umsagnar margra aðila sem fjalla um skólastarf í framhaldsskólum. Umsagnir þessar liggja fyrir í ráðuneytinu og er að sjálfsögðu eðlilegt að þingnefnd sú sem fær mál þetta til meðferðar fái þær umsagnir í hendur, en einnig hafa verið gerðir útdrættir úr umsögnunum þar sem þær eru flokkaðar eftir greinum frv. þannig að auðvelt er að sjá hvernig viðbrögð voru hjá umsagnaraðilum við hinum ýmsu greinum þess. Einnig vil ég ítreka að ég vísa til gagna sem fylgdu frv. sem lagt var fram á síðasta þingi.

Það er öllum ljóst að brýn þörf er á að setja lög um framhaldsskóla í landinu. Undirbúningur slíkrar lagasetningar hefur staðið í langan tíma og reyndar hafa verið gerðar tilraunir til að fá slík lög samþykkt en þær ekki tekist. Mér virðist af undirtektum undir þetta frv. hjá skólamönnum að í meginatriðum sé samstaða um aðalatriði þessa frv. Sjálfur tel ég að það marki tímamót varðandi framhaldsskóla í landinu. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir að í slíku frv. sem að miklu leyti er nýsmíði eru allmörg álitamál og ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til viðræðna við þingnefndir um skynsamlegar breytingar á frv. en ég tel hins vegar mjög brýnt að afgreiða þetta mál á þessu þingi og vænti góðs samstarfs við hv. þingdeild og þá þingnefnd sem fær mál þetta til meðferðar.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og menntmn. að lokinni þessari 1. umr. hér í deildinni.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því að hæstv. menntmrh. hefur lagt fram frv. um framhaldsskóla. Ég tel það höfuðnauðsyn í íslenskum skólamálum að hreyfing verði á málefnum framhaldsskólans. Að vísu tel ég að frv. sé gallað í mörgum atriðum. Ég er ósamþykkur stefnu þess í ýmsum mikilvægum greinum og ég undrast ýmis ákvæði þess. En ég endurtek að ég tel það ánægjulegt að frv. skuli vera komið fram og að við hér í þinginu sjáum það lífsmark í málefnum framhaldsskólans sem frv. felur í sér.

Ég sagði að ýmis ákvæði frv. vektu hjá mér undrun. Ég á þar sérstaklega við kostnaðarákvæði frv. því að það á að heita yfirlýst áform þessarar ríkisstjórnar að stokka upp verkefni ríkis og sveitarfélaga og eitt af því sem til stóð og margoft hefur komið fram er einmitt það að ríkið taki að sér allan kostnað við byggingu framhaldsskóla. Það er því alveg augljóst mál að það sem fram kemur í frv. stangast illilega á við þær yfirlýsingar sem um það hafa verið gefnar.

Nú er ég ekki að segja með þessu að ég persónulega telji það alveg óhjákvæmilegt að ríkið taki á sig allan kostnað við byggingu framhaldsskóla. Ég er einungis að vekja á því athygli að frv. er ekki í samræmi við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um áform ríkisstjórnarinnar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ég kemst heldur ekki hjá því að vekja á því athygli að frv. stefnir nokkuð í öfuga átt við það sem áður hefur komið fram. Það er ekki aðeins að ekki sé neitt haldið í þá átt að taka þetta verkefni af sveitarfélögunum. Það er beinlínis verið að leggja á þau þyngri byrði með þessu frv. en þau báru áður.

Ákvæðin um skólabyggingarnar eru að vísu óbreytt. Samkvæmt núverandi skipulagi hvað fjölbrautaskóla varðar ber ríkið 60% kostnaðar en sveitarfélög 40%. Varðandi menntaskólana borgar hins vegar ríkið allan kostnaðinn eins og við þekkjum og svo aftur varðandi iðnskólana borgar ríkið

helming. Ef við segjum að aðalreglan í dag sé þessi 60/40%-regla má segja varðandi skólabyggingarnar að þar sé um óbreytt hlutföll að ræða. En þegar við komum að heimavistarhúsnæðinu er greinilega verið að stíga skref aftur á bak vegna þess að heimavistir við fjölbrautaskóla úti um land hafa verið kostaðar 100% af ríkinu ef fleiri sveitarfélög hafa staðið að byggingunni. Þannig stendur t.d. á um byggingu Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki þar sem mörg sveitarfélög standa að byggingunni. Ríkið tekur þátt í þeim kostnaði 100% þó að vísu sé síðan niðurstaðan sú að sveitarfélagið borgar að mig minnir 3% á móti 97% vegna þess að skólabyggingin fer eitthvað umfram norm miðað við hina almennu reglu sem að sjálfsögðu er nokkuð sem kemur þessu máli ekki beinlínis við. Staðreynd er að þar sem sveitarfélög vilja hafa samvinnu um byggingu heimavista í tengslum við fjölbrautaskóla borgar ríkið uppbyggingu þeirra. En það er ekki hægt að lesa neitt annað út úr frv. en að nú eigi að breyta þessu þannig að sveitarfélögin eigi líka að borga 40% af byggingarkostnaði heimavistanna.

Ég sagði það hér áðan að ég væri ekki þeirrar skoðunar að það þyrfti endilega að vera svo að ríkið tæki á sig allan kostnað við byggingu framhaldsskóla. Sú stefna er ekkert einhlít að mínu áliti og ég viðurkenni að það kemur ýmislegt til greina. Það er alveg hárrétt sem hæstv. menntmrh. sagði áðan að það felur auðvitað í sér vissa kosti að gera sveitarfélögin ábyrg fyrir vissum hluta kostnaðarins, þannig að kröfugerð þeirra verði raunsærri og niðurstaðan því heppilegri fyrir alla aðila.

Ég vek á því athygli að í frv. um framhaldsskóla sem flutt var þegar ég gegndi embætti menntmrh., árið 1979, var gert ráð fyrir þeirri skipan að á fyrsta og öðru ári framhaldsskólans væri sama kostnaðarskipting og er í grunnskólanum, fyrst og fremst með þeim rökum að það er mjög algengt að t.d. fyrsta ár í framhaldsskóla fari fram í húsnæði grunnskólanna, sérstaklega þar sem kannski er einungis boðið upp á þetta eina ár af framhaldsskólanámi og síðan fara þá nemendurnir í fjölbrautaskóla á síðara stigi. Nú má vel vera að þetta hafi verið að breytast og að þessi regla hafi kannski þótt sjálfsagðari 1979 en hún þykir í dag. Ég vek sem sagt á því athygli að þegar ég sem menntmrh. flutti frv. um þetta gerðum við ráð fyrir því að á fyrstu tveimur árunum væri sama skiptingin og er varðandi kostnaðinn við byggingu grunnskólanna, en svo aftur á árunum sem fylgdu á eftir borgaði ríkið allan kostnaðinn, 100%.

Aftur á móti ef litið er á frv. okkar alþýðubandalagsmanna sem ég mælti fyrir fyrir einu ári og svo aftur núna í haust er þar gert ráð fyrir því að ríkið borgi 80% stofnkostnaðarins en hins vegar borgi ríkið allan kostnað við byggingu heimavistanna.

Ég tel það satt best að segja mjög einkennilegt að hæstv. menntmrh. skuli leggja fram frv. þar sem gert er ráð fyrir að stíga skrefið aftur á bak og þyngja byrðina verulega hjá sveitarfélögum úti um land varðandi uppbyggingu heimavistanna. Ég veit hins vegar að í frv. er heimildarákvæði þar sem segir að þegar um verknámshúsnæði er að ræða og búnað þess sé heimilt að setja aðrar kostnaðarreglur, en mér virðist að það sé ekki nein sérstök heimild til undanþágu varðandi heimavistirnar og það tel ég vera alveg fráleitt.

Annað sem ég undrast í sambandi við kostnaðarákvæði frv. eru ákvæðin í 32., 33. og 34. gr. Þar er um óbreytt ákvæði að ræða frá því sem var í frv. sem flutt var af hæstv. fyrrv. menntmrh., Sverri Hermannssyni, en það segir í 2. mgr. 32. gr.: „Framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem er á landinu."

Ég segi það hreint út: Ég undrast að hæstv. menntmrh. skuli koma með frv. og þetta ákvæði óbreytt. Ég hélt að menn hefðu áttað sig á því að vandamál af þessu tagi verða ekki leyst með þríliðureikningi og ákvörðun framlaga á grundvelli þessarar greinar er of mikil einföldun á þeim veruleika sem við okkur blasir út um landsbyggðina. Þannig dæmi ganga hreinlega aldrei upp. Útreikningur af þessu tagi getur aldrei orðið í samræmi við bráðnauðsynlegar þarfir skólanna út um landið. Þá á ég auðvitað ósköp einfaldlega við það að kostnaður pr. nemanda getur aldrei orðið sá sami í fámennari héruðum og á skólasvæðum þar sem tugþúsundir manna búa og nemendaframboð er auðvitað miklu meira en í fámenninu.

Í 34. gr. segir: „Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntölurnar 1,7 til 2 kennslustundir á viku fyrir hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla." Ég er ansi hræddur um að þessi regla sé líka nokkuð stíf og þröng og miðist fyrst og fremst við skólana í mesta þéttbýlinu og að hún mundi fela í sér niðurskurð kennarastarfa þar sem nemendaframboðið er fábreyttara en það er í þéttbýlinu. Ég gæti nefnt tölur máli mínu til stuðnings en tel nú að málið sé þess eðlis að það ætti kannski betur að fara yfir það í nefnd sem um þetta mál mun fjalla, þ.e. hv. menntmn. deildarinnar, og geymi mér að rekja það hvernig þetta kemur út fyrir skólana í hinum fámennari byggðarlögum.

Ég hef nefnt hérna tvö atriði sem varða kostnaðarhliðina, hvort tveggja atriði sem ég undrast. En þá kem ég að hinni almennu stefnu sem felst í frv. og ég er í grundvallaratriðum ekki sáttur við. Þar á ég ósköp einfaldlega við það að í frv. er meiri miðstýringartilhneiging en ég get fellt mig við. Ég álít að það sé tímans kall að dreifa valdinu meira en nú er gert og ég held að það sé löngu orðið tímabært að menntmrn. láti af hendi nokkurt það vald sem það býr yfir út í skólaumdæmin þannig að heimamenn hafi meira með stjórn þessara skóla að gera en þeir gera nú. Ég vek á því athygli að í frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi formann skólanefndar í hverju umdæmi og það án tilnefningar. Hann gerir það bara eftir sinni hentisemi og þarf ekkert að hlusta eftir því hvað heimamenn hafa um það mál að segja.

Síðan á hann í öðru lagi að skipa alla hina skólanefndarmennina en að vísu eftir tilnefningu. Þó er það athyglisvert að hann á að skipa þá eftir reglum sem hann hefur sjálfur sett. Hann á sjálfur að ákveða hverjir eiga að tilnefna þannig að hann hlýtur að hafa mikil óbein áhrif á það með hvaða hætti tilnefningarnar eiga sér stað.

Í þriðja lagi á svo hæstv. ráðherra að skipa skólameistara eins og reyndar nú er gert og má segja að það sé engin breyting frá því sem nú er en spurning hvort ekki sé orðið löngu tímabært að breyta þessu atriði og þar mundu skólanefndirnar einungis hafa tillögurétt. Þær mundu ekki hafa rétt til þess að velja skólameistara. Þar ætti ráðherrann seinasta orðið áframhaldandi eins og nú er.

Og svo loks í fjórða lagi mundi ráðherrann sjálfur ákveða alla fasta kennara við alla skólana en skólanefnd og skólameistari hefðu einungis tillögurétt. Ég vek á því athygi að lögin gefa hvorki nemendum né kennurum rétt til áhrifa á skipun skólanefndarinnar og fræðsluráð fyrir framhaldsskólakerfið í umdæminu er ekkert til. Það er enginn fræðslustjóri fyrir þetta stig út um landið þannig að ég tel alveg augljóst mál að áhrif heimamanna yrðu mjög undir hælinn lögð og þá á ég auðvitað alveg sérstaklega við áhrif skólamanna í viðkomandi skólahéruðum og áhrif sveitarstjórnarmanna.

Ég mælti í haust fyrir frv. sem við alþýðubandalagsmenn flytjum um sama efni, um framhaldsskólann. Ég ætla ekki að fara að rekja hér efni þess, enda er ég búinn að gera grein fyrir því hér í þessari sömu hv. deild, en ég get þó ekki látið hjá líða að bera saman þessi tvö frv. og þá alveg sérstaklega þetta atriði sem ég hef núna gert að umtalsefni, þ.e. stjórnskipun framhaldsskólans. Samkvæmt okkar frv. er það ekki einungis ráðuneytið sem hefur yfirstjórn framhaldsskólanna. Þar kemur líka fræðsluráð, nýkjörið fræðsluráð við sögu og þar verða uppeldismálaþing til ráðgjafar. Síðan er gert ráð fyrir því að skólasamfélagið, þ.e. kennarar, nemendur og annað starfslið kjósi skólastjórn og skólastjórnin ráði skólameistara til fjögurra ára í senn. Það er ekki ósvipað fyrirkomulag og er við Háskóla Íslands í dag. Síðan mundi þá skólastjórnin ráða kennarana og skólastjórnin mundi kjósa sér formann. Ég þarf auðvitað ekki að vekja frekari athygli á því að þarna er sem sagt verið að færa völdin frá menntmrn. til viðkomandi fræðsluumdæmis, til viðkomandi skólasamfélags og á þessu tvennu er auðvitað meginmunur.

Ég vek á því athygli að í frv. ráðherra sem við erum hér að ræða um er talað um að ráðuneytið geri námsskrá fyrir skólana og orðalagið felur í sér að þar hljóti að vera um talsverða miðstýringu að ræða. Við reyndum í okkar frv. að draga úr þessari miðstýringu með því að tala um rammanámsskrá því að með því orðalagi er greinilega verið að gefa undir fótinn með það að síðan sé fræðsluumdæmum og skólunum ætlað að fylla út í námsskrá sem sé svona fyrst og fremst mótuð í meginatriðum af ráðuneytinu. Á þessu er viss áherslumunur eins og allir hljóta að skilja.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni sem hefur komið fram hjá mér vil ég taka skýrt fram að ég tel að fjöldamörg ákvæði í frv. séu með ágætum, þau séu jákvæð og gagnleg og horfi til bóta. Mörg þeirra eru reyndar hliðstæð ákvæðum sem eru í frv. sem við fluttum í haust og í öðrum þeim frv. sem flutt hafa verið um málefni framhaldsskólans. Það er enginn vafi á því að það er mikil nauðsyn á setningu laga um framhaldsskólann til að laga og leiðrétta ýmislegt sem nú er ekki í lagi og einkum og sér í lagi að leiðrétta ýmiss konar misrétti sem uppi er á þessu sviði. Ég endurtek enn einu sinni að ég er alls ekki að gagnrýna frv. vegna þess að ég vilji vísa því á bug og að ég telji að það sé illt að það hafi komið fram, þvert á móti, ég fagna því.

Menntmrh. Sjálfstfl. hafa verið hér hver af öðrum nú í fimm ár og það verður að segjast alveg eins og er að á þessum tíma hefur verið harla lítil hreyfing á málefnum framhaldsskólans. Í tíð fyrrv. menntmrh. Ragnhildar Helgadóttur var ekki flutt neitt framhaldsskólafrv. og í tíð fyrrv. menntmrh. Sverris Hermannssonar var flutt eitt frv. um framhaldsskólann, sem þó fékk ekki að heita stjfrv. heldur einungis persónulegt frv. ráðherrans og var ljóst að því var ekki ætlað líf heldur einungis verið að kynna það. Nú er þó lagt fram stjfrv. og það hlýtur að fela í sér að þar stendur ríkisstjórn á bak við. Það er þó þrátt fyrir allt ákveðið framfaraspor sem ber að fagna.

Ég hef hins vegar vakið á því athygli hér að viss ákvæði frv. eru mjög gölluð, fyrst og fremst kostnaðarákvæðin, og eitt ákvæði er alvarlegt spor aftur á bak, en það er ákvæðið um heimavistirnar. Við höfum mátt búa við það alllengi að ekki hefur verið til nein heildarlöggjöf um framhaldsskólann. Auðvitað má segja eins og margur maðurinn hefur sagt: Hefur ekki framhaldsskólinn verið að þróast þrátt fyrir allt og eftir sem áður? Hefur þetta ekki gengið þótt engin löggjöf hafi verið fyrir hendi nema þá þessi ófullkomna löggjöf um fjölbrautaskólana sem fyrir hendi er í dag? Jú, jú, það má segja að málin hafi þróast og þau hafa þróast í rétta átt. En við getum ekki lokað augunum fyrir þeirri staðreynd að það er misrétti í kerfinu, það er mikið misrétti ríkjandi gagnvart sveitarfélögunum. Þau standa mjög misjafnlega að vígi eftir því hvort verið er að byggja t.d. menntaskóla eða fjölbrautaskóla á þeirra vegum eða á þeirra svæði og eins er misrétti ríkjandi annars vegar gagnvart bóknámi og hins vegar hvað varðar verknám.

Lögin verða auðvitað aldrei annað en rammi og ég legg á það áherslu hér að lokum að sá rammi verður að vera víður og frjálslegur. Það er einmitt mjög nauðsynlegt að skólarnir fái áfram að þróast í ákveðnu frjálsræði. Því miður tel ég það einmitt vera megingallann á þessu frv. að það er ekki í takt við tímann að þessu leyti. Tími okkar krefst frjálslegrar þróunar og valddreifingar en ramminn sem felst í

þessu frv. er of þröngur, hann er of stífur og þar er of mikil miðstýring. Hefði maður nú síst af öllu átt von á því frá ráðherrum Sjálfstfl. en í þessum efnum er sem sagt lítt á það að treysta.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt varðandi það mál sem hér er á dagskrá vil ég benda á að ég bað um að fá að taka til máls um leið og mál þetta var tekið á dagskrá. Í 37. gr. þingskapa stendur, með leyfi forseta: „Forseti gefur þingmönnum venjulega tækifæri á að taka til máls í þeirri röð er þeir beiðast þess."

Forseti hefur upplýst að sá hv. þm. sem hér talaði á undan mér hefði óskað eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið fyrr á fundinum. Mér þætti fróðlegt að vita hve löngu áður en mál er tekið á dagskrá þingmönnum gefst tækifæri á að biðja um að fá að taka til máls. (**Forseti:** Ég vil geta þess í þessu sambandi að hv. 4. þm. Norðurl. v. óskaði eftir að taka til máls í þessu máli um það leyti sem fundur hófst. Það kann að vera að eftir ýtrustu þingsköpum hefði ég átt að láta hann kveðja sér hljóðs með formlegum hætti eftir að umræða byrjaði þar sem þetta virðist vera viðkvæmt mál — viðkvæmara en mér datt í hug vegna þess að hér hefur ekki verið þröngt á mælendaskrá í dag. En ég mun eftirleiðis, svo að ekkert fari á milli mála, láta menn kveðja sér hljóðs þegar umræða um viðkomandi mál er hafin. En ég tek alla sök á mig í þessu efni að ég var búinn að skrifa hv. 4. þm. Norðurl. v. á mælendaskrá áður en umræðan hófst, taldi það ekki koma að sök vegna þess að hér hefur verið ró yfir þessum umræðum í dag, en ég mun að sjálfsögðu fara eftir ýtrustu þingsköpum í þessu efni.) (**GHelg:** Herra forseti. Ég vil benda hinum mjúka Kvennalista á að þm. sem bað um orðið er veikur og bað þess vegna um að þurfa ekki að vera lengur hér í þingsölum. Það er þm. fullkunnugt um.) (Gripið fram í.) (**RA:** Ég held að þetta hafði tíðkast í 20 ár, herra forseti, ég vildi bara koma því á framfæri, að menn bæðu um orðið í upphafi fundar.)

Ég vil taka það fram að ég efast ekki um að forseti hafi farið að þingsköpum. Ég vildi bara koma þessu á framfæri. (**Forseti:** Ég vil ljúka máli mínu með því að ég mun að sjálfsögðu fara að ýtrustu þingsköpum í þessu efni og vona að þessar umræður þurfi ekki að ganga lengra og þessi umræða geti haldið áfram á eðlilegan hátt en ítreka það að það var ekki ætlun forseta að mismuna einum eða neinum í þessu efni því það var auðséð að þessi umræða gæti farið fram hér í dag og öll sjónarmið kæmust á framfæri, enda er ætlunin að halda henni áfram fram undir klukkan sex ef þörf er á sem ekki er nú einu sinni útlit fyrir ef ekki bætist á mælendaskrá hér eftir.)

Ég þakka forseta fyrir en ég vil taka það fram að ég efast ekki um að forseti hafi farið að þingsköpum, en ég vildi bara benda á þetta vegna þess að mér hefur einu sinni verið neitað um að fá að biðja um orðið áður en málið var tekið á dagskrá. Það er þess vegna sem fsp. var lögð fram. Það var aðeins óljóst af minni hálfu hvenær maður gæti beðið um orðið og með orðum mínum var ég ekki að efast um að rétt væri að málum staðið. Ég tek það fram, herra forseti. (**Forseti:** Ég vil aðeins geta þess að eftirleiðis mun verða haft samræmi í þessu efni og málið verða skoðað í því ljósi.)

Herra forseti. Ég vil taka það fram að mér finnst löngu orðið tímabært að taka málefni framhaldsskólanna og setja um þá rammalöggjöf og ég vona að umræðan geti farið friðsællega fram eins og forseti sagði. Ástæðan fyrir því að ég vakti athygli á þessu var ekki sú að ég teldi skipta höfuðmáli hvort ég væri á undan hv. síðasta ræðumanni eða eftir, heldur vildi ég aðeins fá það á hreint hvernig væri í pottinn búið með þetta ákvæði þingskapa.

Kennarar og aðrir skólamenn eru orðnir langeygðir eftir að löggjöf um framhaldsskóla verði sett vegna þess að skipulagningu hefur vantað í málefnum framhaldsskólanna. Einnig vantar eðlilegt samhengi milli skólastiga, en grunnskólalögin tóku gildi fyrir 14 árum. Hafa kennarasamtökin ítrekað bent á nauðsyn þess að setja rammalöggjöf um framhaldsskólana. Þó hafa margir bent á að e.t.v. hefði einmitt þessi skortur á ströngum reglum orðið til þess að framhaldsskólarnir hafa þróast á sjálfstæðan og jákvæðan hátt. E.t.v. hafa sumir nemendur og kennarar goldið þess, en eflaust einnig margir og vonandi fleiri notið þess að frelsið til að reyna nýja hluti hefur verið til staðar. Það er því mikilvægt þegar sett er löggjöf um framhaldsskóla að sjálfstæði skólanna verði ekki skert svo að allt frumkvæði verði drepið í dróma.

Síbreytilegar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á öflugan og góðan framhaldsskóla þar sem stöðug endurskoðun fer fram. Með stofnun nýrra framhaldsskóla hafa aðstæður til náms batnað til muna þó enn séu möguleikar fólks mismunandi eftir búsetu og efnahag. Það er því fagnaðarefni að nú hafi verið lagt fram frv. um framhaldsskóla hér á Alþingi.

Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. hér áðan er frv. upphaflega samið af nefnd sem fyrrv. menntmrh. skipaði. Það sem fyrst vekur athygli við skipun nefndarinnar er að þar er enginn fulltrúi kennara. Þetta finnst mér galli við nefndarskipunina þótt með því sé á engan hátt efast um hæfni þeirra sem nefndina skipuðu. Það hefði verið eðlilegra að frv. hefði verið samið í samráði við samtök kennara og skólameistara en ég heyrði ekki að hæstv. menntmrh. minntist á það í ræðu sinni að svo hafi verið gert.

Það kemur fram í grg. með frv. að fyrri útgáfa frv. hafi verið send ýmsum aðilum til umsagnar, þar á meðal Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands og fleiri samtökum. Þess er ekki getið í athugasemdum hvaða álit einstakir aðilar höfðu á frv. en sagt að frv. hafi verið breytt nokkuð til samræmis við það sem fram kom í umsögnunum. Það væri fróðlegt að vita hvort og á hvern hátt tekið

var tillit til umsagna félaga kennara og skólameistara og hvort þau eru ánægð með frv. eins og það er nú.

Herra forseti. Ég ætla nú aðeins að víkja að frv. sjálfu. Það sem vekur athygli mína er að með því er gert ráð fyrir ótrúlega miklu valdi pólitískt kjörinna fulltrúa um starfsmenn skólanna. Yfirmenn og kennarar eiga samkvæmt frv. nánast ekki að hafa neitt um það að segja hvaða starfsemi fer fram í skólunum. Allt vald er í höndum skólanefnda þar sem enginn af þeim sem starfa í skólunum á að eiga formlegt sæti. Er þarna kannski um mistök að ræða eða telja frumvarpssmiðir verra að starfsmenn hafi eitthvað um það að segja hvað fer fram á þeirra vinnustað? Ég get því ómögulega fallist á það sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan að sjálfstæði skólanna að því er varðar ákvarðanir um innihald og þróun námsins væri mikið ef þetta frv. verður að lögum.

Í 3. gr. frv. er tekið fram að kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskólans skiptist þannig að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður 40%. Þetta er ekki í samræmi við það sem komið hefur fram að stefnt skuli að vegna breyttrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Í þeim tillögum sem kynntar hafa verið er gert ráð fyrir að ríkið beri allan kostnað af framhaldsskólastiginu. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort þarna hafi orðið á einhverjar breytingar.

Í þessari grein er einnig ákvæði sem veitir heimild til að nota skólahúsnæði til gistihúsarekstrar. Ég vil leggja á það áherslu að hagsmunir og þarfir skólans þurfa ætíð að sitja í fyrirrúmi þegar um samnýtingu skólahúsnæðis er að ræða þannig að það verður fyrst og fremst að miða við þarfir nemenda og skólans áður en farið er að huga að gistihúsarekstri og þetta gildir kannski sérstaklega að því er varðar tímann hvenær skólanum geti lokið á vorin og hann byrjað á haustin.

Í IV. kaflanum, sem fjallar um stjórnun, vekur mesta athygli að skólanefnd, sem skipuð er af menntmrh., fer með öll völd. Í skólanefndum á ekki að sitja neinn kennari né nemandi skólans og skólameistari situr fundi nefndarinnar aðeins með málfrelsi og tillögurétt. Af orðanna hljóðan virðist jafnvel aðeins vera gert ráð fyrir að hann sé framkvæmdastjóri skólanefndarinnar. Skólanefndin ásamt skólameistara á að ákveða stefnu í skólahaldi og námsframboð. Skólanefndin á einnig að ákveða upphæð gjalda er nemendur greiða við innritun. Vald skólanefndanna er því töluvert mikið.

Einnig er gert ráð fyrir að við skólann starfi skólaráð sem skipað skal fulltrúum kennara, nemenda og aðstoðarskólameistara, ef hann starfar við skólann, en skólaráð hefur samkvæmt lögum ekkert verksvið né vald því að skólanefndin hefur þar öll völd eins og annars staðar varðandi stjórn skólans, eins og stendur í 9. gr. frv., með leyfi forseta:

„Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem skólanefnd setur.“

Þarna er spurningin hvað frumvarpssmiðir hafa verið að hugsa þegar þeir settu þetta ákvæði inn í frv.

Tilganginn með 11. gr. get ég alls ekki séð, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem skólanefnd setur.“

Ég get ekki fundið neina skýringu á þessu í athugasemd við frv., hvers vegna talið er nauðsynlegt að skólanefndir setji reglur um kennarafundi. Mér sýnist þessi grein vera nánast móðgun við kennara. Ég átta mig ekki á hvaða reglur skólanefndin á að þurfa að setja um kennarafundina. Það væri fróðlegt að fá það upplýst.

Samkvæmt þessum kafla, þ.e. IV. kafla um stjórnun, er skólanefndinni ætlað að hafa mikil völd og áhrif á störf skólans, miklu meiri en ég tel eðlilegt, sérstaklega með tilliti til samsetningar nefndarinnar. Það er nauðsynlegt að auka áhrif starfsmanna skólans á innra starf hans með auknum áhrifum skólaráðs eða með hlutdeild kennara og þá e.t.v. annarra skólamanna að skólanefndum, af því að það er mjög óljóst hvernig á að skipa skólanefnd og það virðist frekar vera að það þurfi alls ekki að vera kennarar eða skólastjórar. Talað er um að menntmrh. skipi í skólanefndina samkvæmt tilnefningu, en það kemur ekki fram hverjir eigi að tilnefna.

Í V. kafla frv. er mjög margt jákvætt. Í 12. gr. stendur, með leyfi forseta: „Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.“ Þetta getur verið jákvætt svo fremi sem þessi starfsemi fái verulega aukinn mannafla til að sinna þeirri þjónustu sem henni er þarna ætlað. Ég vek athygli á því að þarna er talað um ráðgjafarþjónustu.

Í grunnskólunum eru engir námsráðgjafar að því er ég best veit, en það er álit þeirra sem um þetta atriði hafa fjallað að nauðsynlegt sé að bjóða upp á námsráðgjöf innan framhaldsskólanna. Það er því spurning hvort gert er ráð fyrir því af hálfu ráðuneytisins að námsráðgjafar starfi við framhaldsskólana. Nú þegar er ákveðin námsráðgjöf starfandi þar og hefur verið að eflast hin síðustu ár og þyrfti að efla hana enn frekar. Það þyrfti því e.t.v. að hugsa aðeins betur hvernig þetta færi saman, þessi sálfræði- og ráðgjafarþjónusta grunnskólanna og því sem ætlað er að taka þarna við, ekki síst með tilliti til námsráðgjafanna, þó að ég telji mjög nauðsynlega sálfræðiþjónustuna sem gert er ráð fyrir að geti verið líka í framhaldsskólum.

Mig langar aðeins að varpa fram spurningu varðandi 13. gr. Hvað er átt við með því sem þar stendur, með leyfi forseta: „Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.“ Þarna er skólanefndin aftur komin til sögunnar með sínar reglur. Mér er ekki ljóst hvað þarna er átt við, hvers konar reglur og um hvaða starfsfólk þarna er talað. Ég fann það ekki heldur í athugasemdum.

Allir kennarar hljóta að fagna 14. gr. sem fjallar um orlof kennara til að efla þekkingu sína. Það þarf varla að hafa mörg orð um mikilvægi endurmenntunar og símenntunar fyrir kennara í síbreytilegu þjóðfélagi nútímans. Það er því nauðsynlegt að þetta ákvæði verði ekki bara orð á blaði heldur verði kennurum í raun og veru gert kleift að njóta endurmenntunar eins og þessi grein gerir ráð fyrir.

Sama gildir um 15. gr. Hún er mjög jákvæð. En hér er aftur spurningin um hvernig á að framkvæma. Í mörgum framhaldsskólum vantar t.d. enn alla íþróttaaðstöðu, en íþróttir eru mikilvægur þáttur fyrirbyggjandi heilsugæslu. Einnig er mikilvægt að unglingar fái fræðslu um t.d. næringarfræði, kynlíf o.fl. sem nauðsynlegt er á þessum árum og hingað til hefur verið ábótavant.

Um inntökuskilyrði inn í framhaldsskólana ætla ég ekki að hafa mörg orð, en bendi á að úr grunnskólunum koma nemendur sem hafa tileinkað sér mjög mismikla þekkingu. Margir þurfa á mikilli hjálp að halda við námið en aðrir þurfa minna. Það er því spurning hvort ekki þurfi að gera ráð fyrir sérkennslu í framhaldsskólunum til að þeir geti tekið við þeim nemendum sem af einhverjum ástæðum eru á eftir í námi. Ég tel að framhaldsskólinn eigi að vera fyrir alla og það verður að sjálfsögðu að hafa viðeigandi þjónustu til þess að hann geti tekið við þeim nemendum sem þangað sækja.

Um VII. kaflann hef ég það helst að segja að ég tel að kennarar ættu að hafa meira að segja eins og annars staðar. Í 20. gr. er m.a. kveðið á um námsskrá. Gert er ráð fyrir að menntmrn. setji hana og í athugasemd við frv. stendur að reiknað sé með að hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegsins, faggreinafélög og fleiri aðila. Ég tel mjög mikilvægt að svo verði gert og varpa því fram hvort það þyrfti ekki að koma fram í lagatextanum. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvort það er nauðsynlegt.

Í iðnfræðsluráði og fræðsluráði sjávarútvegsins er ekki gert ráð fyrir að kennarar sitji en ég tel nauðsynlegt að þeir eigi þar sæti , ekki síst með tilliti til þess að þeir verði þá til ráðgjafar um námsskrána. Ég tel af mörgum fleiri ástæðum æskilegt að bæði í iðnfræðsluráði og fræðsluráði sjávarútvegsins fái kennarar, og reyndar nemendur líka, aðild. Að vísu er í iðnfræðsluráði gert ráð fyrir að tveir iðnsveinar sitji en það er ekki gert ráð fyrir því í fræðsluráði sjávarútvegsins.

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því sem stendur í 24. gr., en þar er sagt að heimilt sé skólanefndum að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Ég veit að það hefur verið mikið rætt um að ekki eigi að gera samninga við iðnmeistara nema þar sem aðstæður bjóða ekki upp á annað, það eigi að vera algjör undantekning. Ég bendi á þetta atriði, en held reyndar að flestir séu mjög ánægðir með það fyrirkomulag sem nú er í sambandi við iðnnámið og gert er ráð fyrir í Iðnskólanum t.d. og í fjölbrautaskólunum og hafi verið á móti því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í 24. gr. og vil því bara benda á að það verði kannað nánar.

Í 29. gr. er tekið fram að í öllum framhaldsskólum skuli vera skólasöfn. Það er mikilvægt að fé sé veitt til þessa mikilvæga þáttar skólastarfsins til þess að skólasafnið verði ekki nokkrar bækur í hillu í einu horni í skólanum eins og heyrst hafa dæmi um.

Varðandi VIII. kaflann, um rekstur skólanna, er miðað við að framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskólanna skuli miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem hann er á landinu. Ég vil aðeins benda á að jákvæð mismunun í þessu sambandi getur verið nauðsynleg. Í mörgum smærri skólum, sérstaklega úti á landi, er mjög erfitt að halda uppi kennslu í ýmsum greinum vegna fámennis. Þetta kemur að sjálfsögðu niður á námsframboði. Það verður því að telja eðlilegt að taka tillit til þessa. Vil ég í því sambandi taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. v. sem talaði hér áðan um einmitt þetta atriði.

Í 33. gr. vil ég vekja athygli á ákvæði um þátttöku nemenda í ýmsum kostnaði. Þar segir, með leyfi forseta: „Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar ...“

Þetta ákvæði tel ég þurfa vandlegrar skoðunar við og vara við að leggja miklar álögur á nemendur dreifbýlisins, en þessi gjöld sem þarna er talað um koma aðallega við dreifbýlisnemendur. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á till. til þál. á þskj. 80, um launakostnað við mötuneyti framhaldsskólanna, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að launakostnaður starfsfólks í mötuneytum framhaldsskólanna verði greiddur úr ríkissjóði.“

Þessa tillögu flytja hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ingi Björn Albertsson.

Ég tel að það þurfi að athuga mjög vandlega ákvæði þessarar greinar með tilliti til dreifbýlisnemenda. Einnig stendur í 33. gr., með leyfi forseta:

„Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.“

Þarna hlýtur að vera miðað við þau tilfelli þegar skólahúsnæði er lánað til annarra en nemanda. Varla er miðað við að nemendur greiði það háa leigu af heimavistinni að af því verði hagnaður.

IX. kafli frv. finnst mér heldur snubbóttur. Ég hefði viljað sjá miklu betur útfærð ýmis atriði er varða fullorðinsfræðslu, hvaða sess fullorðinsfræðslunni er ætlaður í skólakerfinu. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ætlunin sé að semja frv. um fullorðinsfræðslu eða hvort hann telur þetta nægjanlegt um hana í lögum um framhaldsskóla.

Einnig er spurningin hvort öll menntamál ættu

ekki að heyra undir menntmrn. Hvað með t.d. þá skóla sem falla undir landbrn. sem eru bændaskólarnir, garðyrkjuskólinn og e.t.v. einhverjir fleiri skólar? Það vekur einnig athygli mína að einungis er gert ráð fyrir iðnfræðsluráði og fræðsluráði sjávarútvegsins en ekki neitt er varðar aðrar atvinnugreinar, t.d. heilbrigðisþjónustuna og uppeldisgreinar svo eitthvað sé nefnt.

Ég vil taka undir það sem stendur a bls. 19 í frv. og hæstv. ráðherra minntist á í ræðu sinni áðan, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 55/1974, um skólakerfi, skiptist skólakerfið í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Þessi skipting er að sumu leyti óheppileg þar sem hún ýtir undir það að reynt sé að skilgreina nám annaðhvort á framhaldsskólastigi eða háskólastigi."

Þetta ákvæði í lögunum virðist m.a. hafa ýtt undir að þeir skólar sem hafa stúdentspróf sem inntökuskilyrði vilji kalla sinn skóla háskóla. Ég tel þetta óheppilega þróun og þyrfti að endurskoða ákvæði þessara laga að því er varðar þetta atriði, en hæstv. menntmrh. minntist einnig á það í sinni ræðu að svo þyrfti að gera.

Ég hef aðeins drepið á fáein atriði í þessu frv. til laga um framhaldsskóla og eru athugasemdir mínar langt frá því að vera tæmandi. Ég tel mikilvægt að samráð verði haft við samtök kennara og skólameistara við umfjöllun hv. menntmn. um frv., en það er ljóst að töluverðar breytingar verður að gera á fyrirliggjandi frv. til að það geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru til almennrar menntunar í nútímaþjóðfélagi sem er sífelldum breytingum háð.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns byrja á því að fagna þessu frv. til laga um framhaldsskóla sem hér er flutt. Það er sjálfsagt öllum hér kunnugt, eins og hefur nú raunar komið fram fyrr í máli manna í dag, að þetta mál á sér nokkuð langa meðgöngu, búið að vera á dagskrá raunar allar götur síðan lög um skólakerfi voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi og raunar grunnskólalögin í framhaldi eða um leið 1974.

Þá þegar, árið 1974, var byrjað að undirbúa þessa löggjöf og hún mun hafa verið undirbúin og unnin vísast í tíð velflestra menntmrh. sem síðan hafa setið hér á landi. Það hefur komið fram að sumir þeirra hafa lagt fram frv., aðrir ekki, sumir einungis til kynningar, en engu að síður hefur veruleg þróun orðið á þessu sviði um allt land sem hefur byggst á einni lagasetningu sem eru lög nr. 14 frá 1973. Ef ég man rétt þá er sú löggjöf sjö, átta greinar, eitthvað þar um bil, já, átta greinar. Og það er í rauninni 7. gr. þeirrar löggjafar sem öll þessi þróun, sem við höfum séð undanfarin 13–14 ár um allt land, hefur hvílt á. Það er 7. gr. laga nr. 14 frá 1973.

Það er þess vegna vissulega fagnaðarefni þegar hér er nú lagt fram frv. sem er flutt ekki af einstökum ráðherra heldur af ríkisstjórninni í heild, eða sem stjfrv., og þess vegna eru veruleg líkindi til þess að þetta mál nái nú fram að ganga.

Þetta er svo sem ekki fyrsta frv. um þetta efni á þessu þingi sem lagt er fram. Það hefur líka komið fram hér í umræðunum að alþýðubandalagsmenn lögðu fram frv. fyrr á þinginu og í umræðum um það 21. okt. boðaði hæstv. menntmrh. það frv. sem nú er hér að líta dagsins ljós.

Það hefur margt gerst á þeim tíma sem liðinn er frá því að grunnskólalögin voru lögfest. Margir skólar hafa verið byggðir, stofnsettir úti um land á grundvelli þeirra laga sem ég áðan nefndi. En það hefur líka orðið önnur þróun í rekstri þessara skóla sem aldrei hefur hlotið lögfestingu. Þar á ég sérstaklega við námsskipanina sjálfa, eins og það að reka skólana á grundvelli brautakjarna, valgreina, námsáfanga sem aftur eru grundvallaðir á einingakerfi og annað í þeim dúr. Og þó ekki væri nema af þessari ástæðu þá er það fagnaðarefni að fá nú frv. fram hér á hinu háa Alþingi sem líkur benda til að nái fram að ganga. Það er meira en tímabært.

Nú er það ekki að ástæðulausu sem þessi dráttur hefur orðið á lagasetningunni. Ég býst við að ástæðurnar séu aðallega tvær. Fyrri ástæðan er vafalaust ágreiningur um kostnaðarskipti, bæði um stofn- og rekstrarkostnað, sem lengi hefur verið um þessi efni, sérstaklega á milli sveitarstjórnarmanna og fulltrúa ríkisins. Og í annan stað býst ég við að drátturinn hafi orðið vegna þess að ákveðnar stofnanir á þessum vettvangi, menntaskólarnir, eru ríkisbyggðar stofnanir en á sama tíma hafa verið að rísa stofnanir sem aftur eru grundvallaðar á löggjöfinni, þessari stuttu löggjöf frá 1973, þar sem miðað er við stofnkostnaðarhlutfallið 60% hjá ríki og 40% hjá sveitarfélagi.

Nú er það svo að þessir ríkisbyggðu skólar eru núna í öllum kjördæmum nema á Vesturlandi og í Norðurlandi vestra, þ.e. Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Laugarvatni, og raunar Íþróttakennaraskólinn þar, og síðan hér í Reykjavík náttúrlega, gamli menntaskólinn og hinir líka ríkisbyggðir.

Það er togstreitan sem af þessum ástæðum hefur alltaf myndast þegar átt hefur að koma þessari löggjöf í gegnum þingið sem ég held að hafi verið undirrót þessa ágreinings og þess að frv. hafa aldrei orðið að lögum.

Nú er tekið á þann veg hér á þessum málum samkvæmt þessu frv., ef ég bind mig fyrst við fyrra atriðið, um kostnaðarskiptin, að í 3. gr. III. kafla segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður/sjóðir greiða 40% áætlaðs kostnaðar, samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar). Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd fram-

lög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.“

Ég vil fyrir minn hlut fagna þessum þætti í frv. Ég geri það af tveimur ástæðum. Þetta er reglan sem miðað hefur verið við nánast alls staðar í uppbyggingunni sem hefur orðið undanfarinn áratug. En í annan stað fagna ég þessu vegna þess að mér finnst í rauninni að hér sé verið af núv. ríkisstjórnar hálfu verið að gefa það fyllilega í skyn að ekki verði unnið að breytingu á stofnkostnaðarhlutfalli grunnskólabygginga. Því þar er ég ákveðið þeirrar skoðunar að það hlutfall sem nú er í gildi sé affarasælast miðað við þá skiptingu sem hér á landi er í hin mörgu sveitarfélög og ójöfnu að stærð og þeirra ófrávíkjanlega hlutverk að standa að grunnskólahaldi. Þess vegna held ég að þarna sé í rauninni loksins komin leið sem menn ættu að geta sameinast um, leið sem hefur því miður ekki verið fær að því er virðist hér á hinu háa Alþingi fyrr.

Hitt atriðið sem ég tel að sé til bóta er sú ákveðna afstaða sem kemur fram í 4. gr. um skólamannvirkin sem fyrir eru í landinu. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir að miða að neinu sérstöku uppgjöri skv. 4. gr. Það tel ég líka affarasælast, þar er um að ræða mjög misgamla sögu, sem sjálfsagt yrði erfitt að gera upp. Við getum bara rétt ímyndað okkur ef ætti að fara að gera upp sérstaklega skólabygginguna frá 1846 hér við Lækjargötuna eða eitthvað í þeim dúr. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt.

Í 4. gr. segir þetta:

„Skólamannvirki þau sem lög þessi taka til skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, eða hefur verið greiddur, sé um eldra húsnæði að ræða.“

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eðlilegasta lausnin á þessu máli og það sé í rauninni ómögulegt að láta það bíða öllu lengur að Alþingi setji löggjöf, bráðnauðsynlega löggjöf af því að menn hafa ekki getað komið sér saman um þessa þætti.

Kostir frv. að öðru leyti eru þeir frá mínum bæjardyrum séð að hér er um að ræða mjög rúma rammalöggjöf. Rúma rammalöggjöf sem er ákaflega nauðsynlegt að sé rúm. Ég tel eins og ég sagði áðan að þessi kostnaðarskipti séu eðlileg og ég bind við það verulegar vonir að menn ætli sér ekki að hrófla við kostnaðarskiptunum í sambandi við grunnskólahúsnæðið.

Þriðji stórávinningur sem ég tel vera með þessu frv. er það sem kemur fram í 32. gr. frv. um rekstur framhaldsskóla. Þar er gert ráð fyrir að ríkið greiði allan rekstrarkostnað og þar með talið viðhald mannvirkja. Þetta álít ég að sé ákaflega þýðingarmikið og muni eiga þátt í að fleyta þessu máli hér í gegnum þingið. Í þessari 32. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.“

Síðan segir nokkru neðar í þessari sömu grein.

„Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir alla fasta starfsemi á vegum skólans, svo sem fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig fyrir störf á skrifstofu, í skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur og við umsjón eigna skólans, svo og annar launatengdur kostnaður í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma.“

Þarna er um að ræða mjög mikla framför fyrir þá sem reka þessa skóla eða stjórna þeim. Og síðan segir:

„2. Til annars rekstrarkostnaðar telst allur kostnaður sem leiðir af starfrækslu skólans og viðhaldi húsa og tækja, að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.“

Það sem ég tel þó þýðingarmest í þessari grein er málsgrein sem kemur aðeins neðar, en þar segir:

„Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. og 2. tölul. skal að fullu haldið aðgreindum.“ Þetta þýðir m.ö.o. að því fyrirkomulagi sem hefur þekkst um langan aldur, að sveitarfélögin í samrekstri að þessu leyti hafa þurft að þola það að taka á sig auknar byrðar vegna mismunandi gengis í rekstrinum, er í rauninni lokið, en það er hins vegar höfðað til þess í þessari grein þegar segir: „Eigi má skerða fjárveitingu til 2. tölul., þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykkta áætlun.“ Þarna er höfðað til þess að skólameistarar, skólanefnd og aðrir sem fjalla um rekstur þessara skóla njóti góðs árangurs í rekstrinum. Þetta tel ég vera mjög þýðingarmikið.

Ég vildi nefna aðeins frekar 34. gr. frv. Þar er fjallað um atriði sem nokkuð var gagnrýnt í máli eins hv. þm., 4. þm. Norðurl. v., hér fyrr á fundinum. Ég óttast ekki þessa grein eins mikið og kom fram í hans máli. Í henni segir m.a.:

„Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla.“

Þetta er þannig í dag að yfirleitt er miðað við 1,8 í meðalskólum á landsbyggðinni, 1,8 kennslustund á hvern nemanda á viku, plús 0,9 fyrir þá nemendur sem eru meira en 20 stundir á viku í verklegu námi. Og sé skóli kominn í meðalstærð, ég kalla meðalstærð svona 300 nemendur, þá hefur þessi kvóti verið alveg viðunandi.

En í 34. gr. segir áfram, og það sannar fyrir mér að málið er ákaflega opið hér, með leyfi hæstv. forseta: „Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa.“ Og síðan segir enn fremur, og það er ekki þýðingarlítið fyrir minni skólana á landsbyggðinni: „Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.“ Hérna er lagt til að beinlínis sé bundið í lög þetta atriði sem mér fannst hv. 4. þm. Norðurl. v. nokkuð óttast. „Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint fram-

lag til að mæta þeirri þörf.“ Það er ekkert minna. Þetta tel ég vera stórkostlegt framfaraspor sem hafa mun mikla þýðingu ef samþykkt verður.

Fúslega skal ég viðurkenna það að ég hef ekki haft mikinn tíma til að ígrunda þessi efni enda sá ég frv. fyrst í gær. En það sem ég felli mig best við í þessu efni er í rauninni það aukna sjálfstæði skólanna sem frv. ber með sér. Ég óttast ekki þá miðstýringu sem hefur dálítið verið höfð á orði fyrr á þessum fundi. Ég óttast hana ekki. Þegar skólarnir fá þetta aukna sjálfstæði hver fyrir sig og fræðsluráðamilliliðurinn er úr sögunni þá finnst mér í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að menntmrn. skipi formann viðkomandi skólanefndar þannig að tengslin á milli skólanefndar og ráðuneytis verði þar með fengin.

Áður en ég lýk máli mínu vildi ég þó nefna eina grein, 30. gr., sem mér finnst annálsverð og mjög til bóta. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntmrn. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.“

Þetta eru ekkert lítil tíðindi ef lögfest verða. Mér finnst þetta vera þess eðlis að fullkomlega sé ástæða til að vekja athygli á þessari grein því það vitum við auðvitað að mikil þróun hefur orðið í þessu efni á undanförnum árum og núna sérstaklega þeim seinustu. En það er ekki lengra en tvö, þrjú ár síðan ég varð vitni að vandamáli varðandi flutningskostnað blinds nemanda í skóla á landsbyggðinni. Þetta var vandamál og þrætuepli á milli viðkomandi skóla, ríkis og sveitarfélaga. Með samþykkt lagagreinar eins og hér er um að ræða væru öll slík vandamál að því er mér sýnist úr sögunni. Það væri lagabundin skylda að fatlaðir nemendur fengju þá aðstoð sem þeir þyrftu á að halda.

Eftir þennan fljótlega yfirlestur minn finnst mér sú tenging sem hér kemur fram á milli atvinnulífsins og framhaldsskólanna vera til bóta. Ég er ekki tilbúinn að svara því fyrir minn hlut hvort hér sé nógu vel að staðið. Það kom fram í máli hv. 12. þm. Reykv. hér rétt áðan að það væri ekki óeðlilegt að athuga þá hluti nánar. Það út af fyrir sig get ég alveg fallist á. En samt sem áður tel ég hér ýmislegt verulega til bóta.

Ég er sæmilega ánægður með kaflann um fullorðinsfræðslu fyrir minn hlut. Hér er að vísu eingöngu um heimildalöggjöf að ræða en mér sýnist þó að ef aðilar, sem næst þessum skólum eru, æskja þess að slíkri fræðslu eða kennslu væri haldið uppi þá væri skólunum í rauninni skylt að framkvæma hana. En það kann að vera að það þyrfti að kveða greinilegar á í því efni en hér er gert.

Það eru aðeins tvö atriði sem ég hnýt um við þennan yfirlestur, og ég vil vekja athygli á, sem ég er ekki ánægður með. Annað er í 11. gr. frv. Það hefur raunar verið minnst á þessi atriði hér held ég, en ég vildi láta mína skoðun koma fram. 11. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem skólanefnd setur.“

Og í lokum 13. gr. segir:

„Menntmrn. setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.“

Nú er það svo að skólameistari og kennarar eru ríkisstarfsmenn. Og enda þótt skólanefndir þessara skóla fái verulega aukið valdsvið miðað við skólanefndir almennt, þá sýnist mér ekki rökrétt að ætlast til þess að aðili, sem ekki ræður viðkomandi menn til starfa og ber á þeim ábyrgð að því leyti, setji þeim starfsreglurnar. Fyrir minn hlut finnst mér að sömu aðilar eigi að setja starfsreglur eða erindisbréf skólameisturum, aðstoðarskólameisturum og kennurum. Hins vegar finnst mér eðlilegt að skólanefndir setji öðrum starfsmönnum skólanna erindisbréf, en þeir eru margir í rauninni og þeim fer sjálfsagt fjölgandi. Þarna finnst mér vera á skilsmunur.

Hitt atriðið sem ég hnýt um er í 33. gr. frv. Það er verið að tala um heimavistir og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr.“ o.s.frv.

Í athugasemd með þessari grein segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinin fjallar einkum um rekstur heimavista, og er við það miðað að allar meginreglur þar um verði óbreyttar.“ Svo er fjallað nokkuð jákvætt um þessa hluti, en síðan segir:

„Hvað varðar mötuneyti framhaldsskóla, þá hafa nemendur sjálfir greitt launa- og hráefniskostnað en rekstraraðilar skóla lagt til aðstöðu og orku.“

Þarna finnst mér of langt gengið að ætlast til þess að nemendur framhaldsskólanna greiði launakostnað í mötuneytum. Ég get fallist á að það sé eðlilegt að þeir greiði hráefniskostnað við matinn, en ég tel að þeir eigi að sitja við sama borð og er víða í ríkismötuneytum að launakostnaður er greiddur af ríkissjóði og þess vegna styð ég þá hugmynd sem kemur fram í frv. sem hér var minnst á fyrr á fundinum um þetta efni.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Ég vil endurtaka það sem ég sagði fyrr: Ég lýsi fylgi við meginatriði og meginstefnu þessa frv. Ég vænti þess fastlega að það takist svo til að frv. verði eftir eðlilega meðferð og eðlilega skoðun í nefndum beggja þingdeilda afgreitt sem lög frá hinu háa Alþingi fyrir þinglok í vor. Til þess er vissulega tími til kominn.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég skal ekki draga þessa umræðu á

langinn. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Hér hafa farið fram mjög málefnalegar umræður um efni þess og mér virðist af þeim umræðum að um þetta frv. ætti að geta tekist allgott samkomulag hér á hv. Alþingi. Ég sagði það sjálfur í minni framsöguræðu að í frv. af þessu tagi sem væri nýsmíði, um framhaldsskólann, hlytu að vera mörg álitamál og ég geri mér fulla grein fyrir því sjálfur þar sem ég átti sæti í nefndinni sem samdi frv. að það eru atriði í frv. sem taka má á á ýmsan veg og væntanlega fara þá nánari umræður fram um þau atriði í þingnefndinni.

Ég vil aðeins gera nokkrar athugasemdir við það sem hefur komið fram og byrja á því sem hv. 4. þm. Norðurl. v. gat um þar sem hann taldi að með ákvæðum þessa frv. væri verið að leggja meiri byrðar á sveitarfélög en þau hafa nú. Þetta tel ég ekki vera. Það er ljóst að sveitarfélög sem hafa haft menntaskóla innan sinna vébanda þurfa að taka á sig samkvæmt þessu frv. aukinn kostnað við stofnun þessara skóla. Af sveitarfélögum sem hins vegar hafa fjölbrautaskóla og iðnfræðsluskóla er létt kostnaði sem þau hafa haft varðandi rekstur skólanna og samkvæmt þeim útreikningum sem fyrir lágu með frv. sem lagt var fram í vor kom það fram að það skipti verulegum fjárhæðum sem flutt var af sveitarfélögum yfir á ríkið samkvæmt þessu frv.

Varðandi þá gagnrýni að kostnaðarákvæði frv. miðist frekar við þéttbýli en dreifbýli get ég nú reyndar látið nægja að vísa í það sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði um það efni. Mér sýnist að þó að í frv., og það er a.m.k. full meining með því, sé um það talað að framlag ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skuli ákveða sem tiltekna upphæð á nemanda árlega eru svo miklir fyrirvarar varðandi þessa reglu í 34. gr. að það er alveg ljóst að með þeim fyrirvörum á að vera hægt að koma til móts við fámennari sveitarfélög þar sem vitað er auðvitað að kostnaður á nemanda er hærri en í þéttbýli.

Ég er heldur ekki sammála þeim ummælum hans að í þessu frv. sé meiri miðstýring en hefur verið hingað til. Ég skal að vísu fúslega játa að í frv. því sem Alþb. hefur flutt eða þm. þess um framhaldsskólann er gert ráð fyrir nokkuð öðru stjórnunarformi sem að sumu leyti felur í sér meiri valddreifingu en þetta frv. en að öðru leyti meiri miðstýringu einnig. En það sem að er stefnt með þessu frv. er að flytja bæði faglegt og fjárhagslegt vald út til skólanna sjálfra án þess að hafa nokkurt millistig í fræðsluráðum eða fræðslustjórum sem taka yfir stærri umdæmi. Ég tel að með þessu sé flutt vald sem raunar muni marka tímamót varðandi stjórn framhaldsskólanna í landinu.

Varðandi þau atriði sem hv. 12. þm. Reykv. gat um og spurði sérstaklega um eru mörg þeirra þess eðlis að það er eðlilegt að ræða þau nánar í menntmn. þessarar hv. deildar. Hún fjallaði allmikið í sinni ræðu um að kennarar virtust samkvæmt þessu frv. ekki hafa nægilega mikið vald í stjórnun skólanna. Það sem fyrirhugað er með skólanefndunum sem hafa æðimikið vald samkvæmt frv. er að þetta vald sé flutt frá menntmrn. í hendur heimamanna og þá fyrst og fremst fulltrúa sveitarfélaga og fulltrúa atvinnulífsins. Þetta er mismunandi eftir skólategundum og þess vegna var sú leið valin í frv. að í stað þess að kveða skýrt á um það að sveitarstjórnir tilnefndu þessa menn ætti að setja nánari reglur um tilnefninguna með reglugerð. Um það má auðvitað deila hvort eigi að færa það aftur í eldra horfið eða ekki.

En ég tel það skipta mjög miklu máli varðandi stjórn framhaldsskólanna að þeir séu opnir fyrir áhrifum fólks sem stendur utan við skólana. Sannleikurinn er sá að sú gagnrýni heyrist æðioft á okkar skóla hér á landi og sú umræða fer fram, t.d. á Norðurlöndum og víðar, að skólarnir séu of lokaðar stofnanir, að í skólunum hrærist fyrst og fremst nemendur og kennarar og sjónarmið aðila utan þessara stofnana komist ekki að.

Auðvitað er það ljóst að kennarar og starfslið skólans eiga að hafa mikil áhrif á starfsemi skólans og stjórn hans og það má segja að þeir hafi auðvitað öll undirtökin í því hvernig skólastarfið fer fram, eðli málsins samkvæmt. Ég tel hins vegar að það sé mjög nauðsynlegt að opna ákveðna þætti í stjórn skólanna til fólksins sem býr þar sem skólarnir starfa, bæði varðandi fjármál, varðandi ýmsa faglega þætti, varðandi framboð náms t.d., og að þessu er stefnt með frv. Það þarf að finna hinn gullna meðalveg, annars vegar á milli þeirra eðlilegu og sjálfsögðu áhrifa sem kennarar og starfslið skólans hafa á starfsemi hans og hins vegar þau nauðsynlegu áhrif sem fólkið í byggðum landsins þarf að geta haft á skólastarfið. Þess vegna var þessi leið valin að skipta nánast stjórnun skólans upp í annars vegar skólanefndir sem skólameistari er framkvæmdastjóri fyrir og stjórna framkvæmdum skólans og hafa auðvitað allmikil völd eins og fram kemur í 9. gr. og reyndar 8. gr. frv. og svo hins vegar að skólaráð sem sé til aðstoðar við stjórnun skólans þar sem starfslið skólans kemur inn til áhrifa á starfsemi skólans.

Varðandi það hvers vegna skólanefnd eigi að setja reglur um kennarafundi er því til að svara að í frv., eins og það lá fyrir í vor, var gert ráð fyrir að menntmrn. setti reglur um almenna kennarafundi og verksvið þeirra. Þessu var breytt í þetta form samkvæmt ósk Skólameistarafélags Íslands. Þeir töldu að það ætti að vera í verkahring skólanefndar í hverjum skóla að setja reglur um almenna kennarafundi og þá eftir eðli skólans á hverjum stað. Það væri eðlilegra að þessar reglur gætu verið sveigjanlegar miðað við tegundir skóla og staðhætti. Þess vegna lagði Skólameistarafélagið þetta til og á það var fallist.

Í 13. gr. segir að menntmrn. setji skólameisturum erindisbréf, en reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd og þessu ákvæði var líka breytt samkvæmt eindregnum tillögum Skólameistarafélags Íslands. Þeir lögðu til að þetta yrði á þennan veg

og vildu með því færa meira vald frá menntmrn. til skólanefndanna og þá væntanlega með tilliti til þess að aðstæður væru nokkuð misjafnar á hverjum stað.

Varðandi 33. gr. var spurt sérstaklega hvað átt væri við með orðunum „hagnaður af leigu skólahúsnæðis", en ákveðið er að hann skuli renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar. Þar er fyrst og fremst átt við hagnað af leigu heimavista til hótelreksturs sem er sennilega langstærsti tekjuliðurinn sem skólar hafa í þessu sambandi og sú regla hefur reyndar gilt að hagnaður af slíkri leigu rennur til viðhalds og endurnýjunar og meiningin er að halda því áfram þannig að það er fyrst og fremst slíkur hagnaður sem þarna er átt við.

Herra forseti. Ég tel mig hafa svarað þeim beinu spurningum sem til mín var beint og vildi láta þessar athugasemdir koma fram strax við 1. umr., en ég ítreka þakklæti mitt til þeirra sem þátt hafa tekið í þessari umræðu fyrir þær viðtökur sem frv. hefur fengið og vænti þess að um það og afgreiðslu þess geti orðið gott samstarf hér í deildinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 256. mál (gleraugnakaup). — Þskj. 552.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 552 um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum. Flm. auk mín eru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Lillý Baldursdóttir. Frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

Fyrir gleraugu handa börnum og unglingum, samkvæmt gleraugnaávísun (resepti) frá augnlækni, sem framvísað er á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga sem Tryggingastofnunin hefur gert fyrir þeirra hönd eða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, þó ekki nema einu sinni á ári nema sjón breytist:

I. Fyrir börn og unglinga, 18 ára og yngri, skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar.

II. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega greiðist allur kostnaður við gler.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið þessa frv. er að öll börn og unglingar, 18 ára og yngri, eigi rétt á að fá gler í gleraugu sér að kostnaðarlausu og að greidd sé föst upphæð vegna umgerða sem Tryggingastofnun metur hver skuli vera — en engin aðstoð er nú veitt vegna þess kostnaðar — og að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi rétt á ókeypis glerum og að kostnaður vegna umgerða sé greiddur á sama hátt."

Í lögum um almannatryggingar, b-lið 39. gr. stendur „að hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar sé að veita styrk til öflunar hjálpartækja vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta". Í anda þessarar lagagreinar er frv. borið hér fram, frv. sem ber það í sér að veita styrk til hjálpartækja þeim til handa sem búa við hamlaða líkamsstarfsemi af völdum skertrar eða gallaðrar sjónar. Tryggingalögin, svo ágæt sem þau eru, bera ekki í sér heimildir til að veita slíkan styrk nema að því leyti að í reglum frá tryggingaráði um hjálpartæki eru ákvæði sem heimila greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins á 70% af verði á glerjum sem eru til lækninga fyrir skjálga og fyrir rangeygð börn, skilgreint sem „strabismus". Þessi gler eru greidd að þeim hluta sem fyrr greinir, fyrir börn að 16 ára aldri, þó aðeins ein gler á ári nema um breytt ástand augna sé að ræða. Engir aðrir af þegnum þjóðfélagsins njóta aðstoðar vegna gleraugnakostnaðar.

Sjúkratryggingar greiða nú fyrir tannlæknaþjónustu svo og fyrir tannviðgerðir barna og unglinga, frá 50%–75% kostnaðar. Ríkissjóður greiðir heyrnartæki að öllu leyti fyrir börn og unglinga til 18 ára aldurs og 60% af kostnaði fyrir eldri en 18 ára og kemur á ýmsan hátt til móts við heyrnarskerta vegna kostnaðar, sem af fötlun þeirra stafar.

Eðlilegt er að hafa þessa þætti til hliðsjónar þegar fjallað er um fjárhagsaðstoð vegna gleraugnanotkunar. Börn og unglingar þurfa yfirleitt ekki á gleraugum að halda nema vegna meðfæddra sjóngalla, sjúkdóma eða slysa. Sama gildir um þá sem nota heyrnartæki. Þeirra þörf er af sams konar orsökum og virðist því eðlilegt að svipuð aðstoð gildi fyrir báða. Hvorir tveggja líða vegna aðstæðna sem þeir hafa ekki skapað sér sjálfir og virðist því full ástæða til að samfélagið komi þeim til aðstoðar. Þetta hefur ríkisvaldið þegar viðurkennt með aðstoð sinni við heyrnarskerta og virðist sanngjarnt að á sama hátt sé staðið að málum þeirra sem áfátt er um sjón.

Einnig má benda á að ýmsir sjóngallar eru ættgengir. Ekki er fátítt að flestir eða allir innan sömu fjölskyldu noti gleraugu, a.m.k. á einhverju skeiði ævinnar. Gleraugu eru dýr og það er oft umtalsverður fjárhagslegur baggi á fjölskyldu að standa straum af kostnaði vegna gleraugnanotkunar sé þannig ástatt að flestir eða allir innan hennar þurfi á

gleraugum að halda. Einnig skal bent á að börn og unglingar verða oft fyrir óhöppum með gleraugu í leikjum og íþróttum og eykst þá kostnaður.

Í þessu sambandi vil ég líka geta þess að þó að flest okkar sem gleraugu nota telji gott en e.t.v. ekki bráðnauðsynlegt að eiga tvenn gleraugu, þ.e. varagleraugu ef önnur skyldu brotna eða týnast, að víða úti á landi þar sem menn eiga ekki greiðan aðgang að gleraugnasmiðum er fólki sem er örðugt að vera án gleraugna alger nauðsyn að eiga gleraugu til vara, einkum börnum og unglingum sem tíðar verða fyrir óhöppum með gleraugu en aðrir. Það getur tekið daga og vikur að verða sér úti um ný gleraugu og þar á ofan valdið fólki kostnaðarsömum ferðalögum.

Leitað hefur verið upplýsinga í því skyni að gera grein fyrir þeim kostnaði sem frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér. Augnlæknar halda ekki sérstakar skrár um börn og unglinga eða gleraugnaþörf þeirra og segja enda að slíkt sé ekki unnt. Þeir benda einnig á að gleraugnaþörf barna og unglinga sé oftlega aðeins tímabundin og erfitt eða óframkvæmanlegt að halda skýrslu um slíkt. Því er hvergi hægt að sjá hversu mörg börn og unglingar nota gleraugu.

Könnun var gerð í einum grunnskóla á gleraugnanotkun barna. Í þeim skóla voru 320 börn. Þar af voru 22 börn sem notuðu gleraugu eða tæplega 7%. Af þeim börnum voru sex sem fengu hluta af gleraugnaverði greiddan svo sem heimildir eru um.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var fjöldi barna og unglinga 18 ára og yngri 80 920 þann 31. des. 1986. Nákvæmar tölur eru ekki til fyrir sl. ár. Ef gengið er út frá að 7% af þessum hópi þurfi á gleraugum að halda, sem ekki er þó hægt að fullyrða, má gera sér hugmynd um fjöldann.

Verð á gleraugum er afar mismunandi og ræðst að miklu leyti af því hvers eðlis sjóngallinn er og hvers konar gler eiga við. Verð á einu gleri er nú á bilinu frá 900 kr. til 2500 kr. og getur orðið mun hærra ef um mjög sérhæfða slípun er að ræða. Einnig eru gler úr akrýl eða plastefni mjög dýr en oft er þó fremur ráðlagt að nota slík. Verð á umgerðum er einnig mjög mismunandi og fer eftir efni, gæðum og einnig tískusveiflum. Sterkar og vandaðar umgerðir eru dýrar. Þó er mælt með að börn og unglingar noti fremur umgerðir sem þola meira hnjask og eru þá jafnframt dýrari því að þeim er hættara við að fara ógætilega með gleraugu sín en þeim sem fullorðnir eru.

Verð á algengum umgerðum er nú á bilinu frá 1250 og 3000 kr. en getur þó orðið mun hærra, allt að 6000 kr. og yfir það. Ekki þykir rétt að tryggingum sé ætlað að greiða gleraugnaumgerðir að öllu leyti þar sem það kann að vera geðþóttaákvörðun hverju sinni hvers konar og hve dýrar umgerðir fólk velur sér og því er lagt til að áætlað sé meðalverð á umgerðum sem Tryggingastofnun greiði. Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins í árslok 1986 voru örorkulífeyrisþegar alls 3748. Tekjutryggingar nutu 3228 af þeim. Á sama tíma voru ellilífeyrisþegar 20 702 og þar af voru 14 783 með tekjutryggingu. Ekkert er vitað um hve margir í þessum hópum nota gleraugu en gera má ráð fyrir að meðal ellilífeyrisþega sé gleraugnanotkun nokkuð almenn. Lagt er til í frv. að elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar fái gler að fullu greitt og ákveðna upphæð vegna umgerða en aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar fái einungis glerin greidd, sjái sjálfir um greiðslu vegna umgerða.

Í nágrannalöndum okkar, t.d. í Vestur-Þýskalandi og á Norðurlöndunum, hefur hið opinbera um árabil veitt aðstoð vegna gleraugnakaupa. Nokkuð mismunandi reglur gilda um aðstoð þessa eftir löndum, en það má nefna að í Vestur-Þýskalandi eiga allir þeir sem þurfa á gleraugum að halda rétt á ákveðinni fjárhæð fyrir gler og sömuleiðis vegna umgerða, þó ekki oftar en einu sinni á ári. Einnig fá menn þar greiddar viðgerðir á gleraugum en ekki er lagt hér til að svo verði gert. Í Danmörku fá allir styrk vegna gleraugna einu sinni á ári sem eru með sjónstyrk +/− 5 og neðan við það. Augnlæknaþjónusta er ókeypis og öryrkjar fá ókeypis gleraugu. Hér er lagt til að menn eigi ekki rétt á aðstoð til gleraugnakaupa oftar en einu sinni á ári nema um breytingu á sjón sé að ræða sem geri ný gleraugu nauðsynleg.

Eins og áður er að vikið er það aðeins mjög takmarkaður hópur sem nú nýtur aðstoðar vegna gleraugnanotkunar og elli- og örorkulífeyrisþegar eru ekki þar á meðal. En það má þó ljóst vera öllum að þeir sem ekki hafa annað að lifa af en elli- og örorkulífeyri hafa varla ráð á að kaupa sér gleraugu. Enda er raunin sú að mörgum þeim sem þannig stendur á fyrir er bent á að leita til Félagsmálastofnunar eftir styrk til gleraugnakaupa og þarf ekki að tíunda það að öldruðu fólki og öryrkjum eru það þung spor.

Markmið frv. er að samfélagið komi til móts við þarfir þeirra sem búa við skerta sjón og sjóngalla og létti þeim þær fjárhagslegu byrðar sem þeir bera af þeim sökum. Þessi aðstoð er talin sjálfsögð meðal þeirra þjóða sem við viljum helst miða okkur við um samfélagslega þjónustu og við ættum ekki að vera eftirbátar þeirra.

Herra forseti. Að loknum umræðum um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til heilbr.- og trn.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

58. fundur, miðvikudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 281. mál (skyldusparnaður ungs fólks). — Þskj. 581.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Við þm. Borgarafl. í Ed. og reyndar einnig þm. Borgarafl. í Nd. höfum á þessu þingi lagt fram mjög ítarlegar og umfangsmiklar tillögur um skipan húsnæðislánamála. Ber þar fyrst að nefna frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka sem var lagt fram í hv. Ed. í nóvembermánuði. Í framhaldi af því lögðum við fram mjög umfangsmiklar og ítarlegar brtt. við frv. hæstv. félmrh. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Brtt. okkar fólu nánast í sér heildarendurskoðun á allri starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins og meðferð húsnæðislánakerfisins. Í raun og veru er um að ræða algerlega nýtt húsnæðislánakerfi eins og við höfum lýst því í þeim tillögum sem ég hef verið að segja frá.

Það var ætlun okkar að halda áfram með þessa vinnu til að skapa meiri umræðu um þessar hugmyndir og tillögur okkar. Við leggjum því fram frv. til laga á nýjan leik, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem við tökum fyrir einn ákveðinn þátt laganna um Húsnæðisstofnun en það er VI. kafli núgildandi laga um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga.

Í brtt. okkar vorum við þegar með hugmyndir um hvernig mætti færa þau mál til betri vegar og við höfum haldið áfram þeirri vinnu og leggjum því fram hér og nú sérstakt frv. til laga um að breyta þessum kafla húsnæðislaganna en munum síðar meir leggja fram annað frv. til að breyta öðrum þáttum húsnæðislaganna.

Ef litið er á grg. með frv. er þar greint frá hvernig innstreymi og útstreymi skyldusparnaðar í Byggingarsjóð ríkisins hefur verið háttað að undanförnu, þ.e. allt frá árinu 1983. Þarf ekki annað en að horfa á þessar tölur til þess að komast að þeirri niðurstöðu að lögin um skyldusparnað ungs fólks hafa bersýnilega ekki náð tilgangi sínum. Stór hópur ungs fólks er undanþeginn skyldusparnaði. Skv. núgildandi lögum eru námsmenn, sem stunda nám í skóla sex mánuði á ári eða meira, undanþegnir skyldusparnaði, einnig þeir sem hafa stofnað heimili, keypt sér íbúð, hafa barn eða aðra skylduómaga á framfæri, þeir sem búa við varanlega örorku. Þeir geta því sótt um að fá skyldusparnaðinn endurgreiddann eftir hvert ár. Tölurnar um innstreymi og útstreymi sýna þessar hreyfingar. Árið 1983 voru greiddar inn í Byggingarsjóð ríkisins vegna skyldusparnaðar ungs fólks 351 millj. kr. Vegna undanþáguákvæða, eins og ég var að lýsa, var tekið út úr sjóðnum og greitt til þeirra, sem höfðu fengið viðurkennda undanþágu, litlu meira, þ.e. 359 millj. kr., þannig að mismunurinn er neikvæður. 8 millj. meira var tekið út úr sjóðnum en lagt var inn í hann árið 1983. Sömu sögu er að segja um árin 1984 og 1985. Það er tekið meira út úr sjóðnum en nemur greiðslum til sjóðsins vegna skyldusparnaðar á þeim árum. Staðan lagast eilítið á árinu 1986 og aftur 1987. Árið 1987 eru greiddar til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar ungs fólks 1110 millj. kr., en út er tekið vegna undanþáguákvæðanna 1025 millj. kr. Af rúmum milljarði kr., sem fer til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar, er nánast sama upphæð tekin út aftur vegna undanþáguákvæðanna þannig að eftir sitja í sjóðnum aðeins 85 millj. Það er því alveg bersýnilegt að eitthvað hefur farið úrskeiðis. Skyldusparnaðurinn virkar ekki sem skyldi.

Skyldusparnaður ungs fólks er settur á með lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins eins og hún hét þá og er þessu lýst nánar í lögum nr. 42/1957. Frá Húsnæðisstofnun ríkisins hef ég fengið mjög ítarlega og fróðlega greinargerð um þróun skyldusparnaðar og ýmiss konar ákvæða varðandi skyldusparnað frá því að þessi lög voru sett og ætla ég að fá að lesa glefsur úr þessari greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

Í lögum nr. 42/1957 er í fyrsta sinni ákvæði um skyldu til sparnaðar til íbúðarbygginga eða bústofnunar í sveit.

Fé ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins eða eftir atvikum í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, þeirra sem eru í sveit.

Nær til einstaklinga 16–25 ára.

6% af launum greidd í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum.

Fé í sjóðnum er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Við 26 ára aldur, hjúskap og heimilisstofnun er féð greitt út.

Fé þá greitt út að viðbættum vöxtum og uppbótum vegna vísitöluhækkunar sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum.

Forgangur til lána frá húsnæðismálastjórn. Lán megi vera allt að 25% hærri en almennt gerist. Þó ekki yfir ⅔ af matsverði viðkomandi íbúðar. Sparifjársöfnun verður að vera a.m.k. 25 000 kr.

Í 10. gr. laga nr. 42/1957 er átt við vísitölu framfærslukostnaðar.

Álag reiknað að fullu í samræmi við hækkun nefndrar vísitölu og hagað þannig í framkvæmd.

Frá 1964 var farið að greiða fullar vísitölubætur á sparifé samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964 um verðtryggingu lána og síðar 5. gr. laga nr. 19/1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en þá voru einmitt sett ný lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Í þeim lögum er gengið út frá fullri vísitölutryggingu sparifjár eins og í eldri lögum, en hins vegar er nú miðað við kaupgreiðsluvísitölu, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1965.

Frá 1964 var farið að greiða fullar vísitölubætur á skyldusparnað á grundvelli kaupgreiðsluvísitölu.

1968 er gerð breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem skipta miklu máli, þ.e. lög nr. 21/1968, en þá eru lögtekin ákvæði um vísitölutryggingu lána og sparifjár.

1. málsl. 3. málsgr. 10. gr. þessara laga hljóðar svo: „Þegar sá sem sparað hefur fé eða lagt í sjóð

skv. 1. málsgr. hefur náð 26 ára aldri eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt skv. 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma er það var lagt inn og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu."

Í nýjum lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970, lögum nr. 30, er sama orðalag í 3. málsgr. 11. gr. Öll árin 1957 til 1964 var greidd full vísitöluuppbót á skyldusparnaðarfé.

Húsnæðismálastjórn fól í kjölfar nýrra laga frá 1970 Gauki Jörundssyni að semja grg. um þetta atriði og skila tillögum. Gaukur taldi mjög hæpið að skýra hefði átt lög nr. 21/1968 á þá leið að við endurgreiðslu skyldusparnaðarfjár skyldi aðeins greiða álag er næmi helmingi hækkunar á kaupvísitölu á innlánstímanum, enda þótt þeim skilningi hefði verið fylgt í framkvæmd. Það er sú starfsregla sem var viðtekin frá 1964, en áður hafði verið greidd full vísitöluuppbót á skyldusparnaðarfé. Gaukur taldi því að það ætti að greiða fulla vísitölu.

Í framhaldi af niðurstöðum Gauks sendi félmrn. bréf til húsnæðismálastjórnar, en þar segir m.a. eftirfarandi: „Fram til gildistöku laga nr. 21/1968 var skylt að lögum að greiða fullar vísitölubætur á skyldusparnaðarfé, enda lagaframkvæmd á þann veg. Ef skýra ætti lög nr. 21/1968, 5. gr., á þann veg að eftirleiðis ætti að endurgreiða skyldusparnað með álagi er aðeins svaraði til helmings vísitöluhækkunar hefði þar verið um mjög veigamikla breytingu að ræða frá fyrri lögum sem ekkert benti til að ætlunin hafi verið þótt ný vísitala kæmi til, svonefnd kaupvísitala, þ.e. ekkert hafi komið fram í grg. eða umræðum í þá veru. Ráðuneytið leggur fyrir húsnæðismálastjórn að vangreitt álag kaupvísitölu frá gildistöku laga nr. 21/1968 verði leiðrétt svo fljótt sem verða má. Það er því félmrn. sem leggur til við húsnæðismálastjórn að það beri að leiðrétta hálfa vísitölu í heila fyrir allt tímabilið 1957–1964.

Árið 1974 var það gert og leiðréttingar sendar út. Þessar leiðréttingar vekja óánægju einhverra og spurningar vakna um rétta meðferð við þær. Í blaðagrein skrifar Vilhjálmur Bjarnason m.a. eftirfarandi um það sem hann kallar mistök veðdeildar Landsbanka Íslands við leiðréttingarnar og rekur athugasemdir í þrem liðum:

„Mistök veðdeildarinnar við leiðréttinguna voru eftirfarandi:

1. Vísitölubætur voru reiknaðar á lægstu upphæð sem er inni á reikningnum á árinu. Þannig reiknast engar vísitölubætur fyrsta árið sem upphæð er inni á reikningi. T.d. 100 kr. lagðar inn 15. febr. 1974. Þá eru fyrst reiknaðar vísitölubætur 1. febr. 1975.

2. Veðdeild reiknar einungis með þeim prósentuhækkunum sem hafa orðið á vísitölunni frá því seinast voru reiknaðar vísitölubætur og prósentuhækkunin aðeins látin ná yfir höfuðstól plús vexti en hækkun í stigum ekki mæld miðað við þá vísitölu sem í gildi var á innborgunardegi."

Veðdeildin svaraði þessum aðfinnslum þannig að e.t.v. þurfi að reikna vísitölubætur oftar en gert er en til þess skorti lagaheimild. Þannig er bæði fundið að reikningsaðferð við leiðréttingarnar og eins að vísitölubætur eru lagðar á sérreikning sem var vaxtalaus.

Í þágildandi lögum nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins segir í 11. gr.: „Þegar sá sem hefur sparað fé og lagt í sjóð skv. 1. málsgr. hefur náð 26 ára aldri eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr., skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt skv. 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma er það var inn lagt og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu, sbr. 5. málsl. 5. gr. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga úr húsnæðismálastjórn og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó eigi yfir ¾ af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði að sparifjársöfnun þeirra sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa nemi samanlagt a.m.k. 150 þús. kr.

Hinn 17. febr. 1975 ritar Seðlabanki Íslands bréf til veðdeildar Landsbanka Íslands, en málið virðist þá hafa verið borið undir Seðlabankann. Seðlabankinn tíundar þar þau atriði sem að hans mati þarfnast athugunar.

1. Hvort rétt sé að reikna vísitölubætur tíðar, t.d. allt að fjórum sinnum á ári í stað einu sinni á ári eins og nú er gert. Orðalag ofannefndrar greinar gæti bent til hins fyrra.

2. Hvort núverandi framkvæmd endurgreiðslu skyldusparnaðar sé samrýmanleg ofangreindum lagaákvæðum eins og þau hafa verið frá 1970.

3. Hvort vísitölubætur skuli greiddar af vöxtum og vextir af vísitölubótum. Orðalagið virðist mjög opið þannig að túlka mætti á hvorn veginn sem er.

Félmrn. felur síðan Gauki Jörundssyni prófessor enn að semja álit sem virðist vera takmarkað við eftirfarandi: Hvort skýra beri umrætt ákvæði í 11. gr. laga nr. 30/1970 svo að reikna beri fjórum sinnum á ári vísitölubætur á skyldusparifé samkvæmt nefndum lögum, þar á meðal hvernig skýra beri tilvísun í 5. málsgr. 5. gr. í niðurlagi ákvæðisins.

Þann 25. apríl 1975 svarar Gaukur erindi ráðuneytisins á eftirfarandi hátt: „Að vísu hefur takmarkaða þýðingu að skera úr því hvort vísitölubætur á skyldusparnaðarfé skuli reiknaðar fjórum sinnum á ári eða aðeins einu sinni á ári þar sem önnur atriði tilhögunar á útreikningi þess álags skipta meginmáli. Ef reikna á vísitölu oftar en einu sinni á ári, þ.e. fjórum sinnum, er lágmarkskrafa til útreiknings sú að reiknað sé álag á innistæðu á hverju undanförnu þriggja mánaða tímabili, e.t.v. þá innistæðu sem er fyrir hendi í upphafi hvers tímabils. Orðalag 5. mgr. 5. gr. laga nr. 30/1970 er fyrst og fremst að ákveða þá vísitölu sem vísitöluhækkun skuldabréfa Byggingarsjóðs ríkisins og húsnæðismálastjórnar skuli miðast við.

1. Hér er um lögþvingaðan sparnað að ræða.

2. Sparifé á að endurgreiðast með vísitöluálagi, þ.e. sparifé á að endurgreiðast án verðrýrnunar.

Velja beri þann kost sem sé hagstæðari sparifjáreigendum og tryggir best fullt álag samkvæmt vísitölu."

Til að fara fljótt yfir sögu var það að lokum niðurstaðan að það skyldi farið í prófmál út af útreikningi verðbóta og vaxta á því sparifé sem skyldusparnaðarþolar áttu inni hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Það var í júní 1976 að félmrh. ákvað að það skyldi farin þessi leið og fól Ingólfi Hjartarsyni hdl. að undirbúa prófmálið og gæta hagsmuna Byggingarsjóðs ríkisins. Á sama tíma fór félmrn. þess á leit við Gunnar M. Guðmundsson hrl. að hann færi með þetta prófmál fyrir hönd skyldusparandans og féllst Gunnar á það. Í maímánuði 1976 hafði Gunnar höfðað mál á hendur fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs vegna ætlaðs vangreidds vísitöluálags á skyldusparnaðarfé Hólmfríðar Sigurðardóttur. Þetta mál var ekki talið svara til þeirra krafna sem gera yrði til prófmáls. Framhaldið er síðan ljóst. Fundinn var skyldusparandi, Gunnar H. Baldursson, mál höfðað og endanleg niðurstaða fékkst ekki fyrr en tíu árum síðar, þ.e. með dómi sem var kveðinn upp í Hæstarétti þann 24. mars 1986.

Það er athyglisvert þegar farið er yfir þessa sögu að nær allan tímann hefur deilan staðið um með hvaða hætti skyldi reikna vexti og verðbætur á það fé sem unga fólkið hefur verið lögþvingað til að greiða til Byggingarsjóðs ríkisins sem skyldusparnað.

Flm. þessa frv., þ.e. við þm. Borgarafl., eru sammála því meginmarkmiði með lagasetningu um skyldusparnað að ungu fólki sé auðveldað að eignast eigið húsnæði. En þá vaknar spurningin: Hefur því markmiði verið náð með því að karpa í 30 ár um vexti og verðbætur af skyldusparnaðinum eða sparifé unga fólksins í stað þess að leggja meiri áherslu á að leysa húsnæðisþörf ungs fólks, gefa því kost á að eignast íbúð með skyldusparnaði sínum?

Eins og ég gat um í upphafi máls míns er alveg augljóst að þetta veigamikla atriði, sem hlýtur að vera meginmarkmiðið með lagasetningu sem þeirri að lögþvinga ungt fólk til að spara saman fé til að gera því auðveldara að eignast eigið húsnæði, hefur ekki náðst. Það staðfesta þær tölur sem ég fór með áðan um innstreymi og útstreymi vegna skyldusparnaðargreiðslna í Byggingarsjóð ríkisins. Þess vegna þarf að hugsa þetta mál alveg upp á nýtt. Það þarf að finna einhverja aðra aðferð til að nota skyldusparnaðinn, það sparifé sem þannig myndast, á þann hátt að það sé fyrst og fremst hugsað um það meginmarkmið að leysa húsnæðisþörf ungs fólks. Því leggjum við þm. Borgarafl. til að það verði gerðar veigamiklar breytingar á lögunum um skyldusparnað ungs fólks þar sem verði lögð áhersla á að leysa húsnæðisþörf ungs fólks. Við viljum gera það með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi leggjum við til að fyrir það fé sem safnast saman í Byggingarsjóð ríkisins vegna skyldusparnaðar verði byggðar sérstakar leiguíbúðir og eignaríbúðir sem ungt fólk á skyldusparnaðaraldri hafi forgang það, þ.e. það unga fólk sem ákveður að hafa sparifé sitt inni hjá Byggingarsjóði ríkisins. Við viljum ekki hrófla við undanþáguákvæðunum, við teljum rétt að þau séu áfram í lögunum, þannig að námsfólki, sem hefur ekki efni á því að skilja eftir skyldusparnaðinn í Byggingarsjóði ríkisins vegna tímabundins mikils kostnaðar vegna skólanáms, eins þeim sem búa við varanlega örorku og öðrum þeim, sem einhverra hluta vegna geta ekki séð af því fé sem annars á að renna til skyldusparnaðar, verði gert kleift að fá endurgreitt sparifé sitt árlega eins og verið hefur. En við viljum hins vegar verðlauna þá sem ákveða að hafa sparifé sitt inni í Byggingarsjóði ríkisins með þeim hætti að þeir fái forgang að ódýrum leigu- og eignaríbúðum sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefði þá frumkvæði um að byggðar verði í samvinnu við ýmis samtök, sveitarfélög og félagasamtök, m.a. samtök námsmanna, Félagsstofnun stúdenta svo dæmi séu nefnd. Slíkar íbúðir verði byggðar fyrir það fé sem þannig myndast í Byggingarsjóði ríkisins.

Ég er alveg sannfærður um það að sjái unga fólkið einhvern tilgang með skyldusparnaðinum, þannig að það geti leitt til þess að það fái aðgang að hentugum leiguíbúðum, yrði miklu minni ásókn í að fá skyldusparnaðinn endurgreiddan. Það hefur verið þannig öll þessi ár að unga fólkið hefur í raun ekki séð neinn tilgang með skyldusparnaðinum. Því er ástandið eins og ég lýsti því. Unga fólkið leitast við, það reynir að leita allra leiða til að ná fénu út jafnharðan aftur og það hefur verið greitt til Byggingarsjóðsins og hefur verið gripið til ýmissa örþrifaráða í þeim efnum. Allir þekkja hugtakið „sparimerkjagifting". Það hefur gengið svo langt að ungt fólk á skyldusparnaðaraldri, sem t.d. ekki stundar skólanám eða á annan hátt getur notfært sér þau undanþáguákvæði sem eru í lögunum, hefur gift sig til þess að báðir aðilar geti náð út skyldusparnaðinum, stofnað á pappírunum til hjónabands og síðan skilið jafnharðan aftur þegar búið er að ná út skyldusparnaðinum. Þetta sýnir og sannar betur en nokkuð annað dæmi að unga fólkið sér engan tilgang með skyldusparnaðinum eins og honum hefur verið háttað.

Ef það hins vegar vissi að með því að halda skyldusparnaðinum inni í Byggingarsjóði ríkisins gæti það tryggt aðgang að ódýru leiguhúsnæði, þá er ég viss um að menn mundu hugsa dæmið upp á nýtt og vera ásáttir við að greiða skyldusparnaðinn til Byggingarsjóðsins.

Ég sé fyrir mér tvær leiðir í þessu sambandi. Annars vegar að skyldusparnaðarþoli geri sérstakan samning við Byggingarsjóð ríkisins um að sparifé hans verði ávaxtað með þeim hætti að hann eignist smám saman eignarhlut í íbúð sem Húsnæðisstofnun lætur þá byggja í þeim tilgangi sérstaklega í samvinnu við sveitarfélög og ýmis félagasamtök. Að skyldusparnaðartímabilinu loknu, þegar viðkomandi hefur náð 26 ára aldri, fær hann hreinlega afhent afsal fyrir eignarhluta í slíkri íbúð. Að sjálf-

sögðu fær hann þá um leið kost á húsnæðisláni þannig að hann geti keypt íbúðina og eignast hana að fullu eða, ef aðstæður eru þannig, að honum sé heimilt að selja eignarhlut sinn á markaðsverði. Er Húsnæðisstofnun ríkisins skylt að leysa til sín eignarhlut viðkomandi. Til þess að hafa eins mikið frjálsræði í þessu og hægt er höfum við líka talið að það sé eðlilegt að skyldusparnaðarþoli geti óskað eftir því að sparifé hans verði ávaxtað með venjulegum hætti, þ.e. að það verði lagt inn á reikning og reiknaðar verðbætur og vextir á höfuðstólinn. Hann fái síðan sparifé sitt endurgreitt að skyldusparnaðartímabilinu loknu þannig að það hafi verið ávaxtað á venjulegan hátt. Hins vegar teljum við eðlilegt að ávöxtunarkjörin séu betri en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en þar segir að vextir á sparifé vegna skyldusparnaðar skuli vera hinir sömu og útlánsvextir Húsnæðisstofnunar vegna húsnæðislána. Þetta þýðir að vextir af sparireikningum hjá Húsnæðisstofnun eru 3,5%. Að vísu er síðan full verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu, en þessir vextir eru þó lægri en þeir vextir sem bjóðast af bundnum verðtryggðum bankareikningum og mun lægri en vextir af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs. Við teljum eðlilegt að þeir sem leggja til hliðar hluta af tekjum sínum til skyldusparnaðar fái a.m.k. jafngóð kjör og ríkisviðskiptabankarnir bjóða af bundnum sparireikningum hverju sinni.

Kjósi skyldusparnaðarþoli að ávaxta fé sitt með þessum hætti ætti hann eftir sem áður að geta fengið aðgang að þeim leiguíbúðum sem Húsnæðisstofnun mundi byggja fyrir það fé sem safnast inn í Byggingarsjóðinn vegna skyldusparnaðar, en hann mundi að sjálfsögðu ekki eignast eignarhlut í íbúð. Til þess að svo verði verður hann að velja fyrri ávöxtunarleiðina þar sem hann gerir samning við Húsnæðisstofnun um að eignast eignarhlut í íbúð sem Húsnæðisstofnun hefur þá frumkvæði um að verði byggð á skyldusparnaðartímabilinu, eins og ég gat um í samvinnu við ýmis samtök og sveitarfélög.

Ef þær aðgerðir, sem hér eru lagðar til, næðu fram að ganga má búast við því, eins og ég hef reyndar áður vikið að, að ásókn í að ná út skyldusparnaðinum mundi minnka stórlega. Það er líklegt að flestir mundu kjósa að gera samning við Húsnæðisstofnun um að binda sparifé sitt í íbúð fremur en njóta venjulegrar ávöxtunar. Ég hef rætt þetta við fjölmörg ungmenni, einkum þó námsfólk, og spurt þau að því hvort þau mundu geta hugsað sér að reyna að herða mittisólina og lifa sparar á námstímanum og halda skyldusparnaðinum inni hjá Húsnæðisstofnun ríkisins ef þau með þeim hætti eignuðust eignarhlut í íbúð sem þau fengju afsal fyrir að skyldusparnaðartímabilinu loknu og samtímis því tilboð um húsnæðislán til að kaupa íbúðina að fullu. Flestir hafa svarað því játandi, að þeir mundu leggja mjög hart að sér til að geta náð þessu.

Hin leiðin er að halda fénu inni, en það verði ávaxtað með venjulegum hætti. Engu að síður fengju skyldusparendur forgang að hentugum leiguíbúðum sem yrðu þá byggðar fyrir þessa fjármuni. Þá er svarið það sama, að ef viðkomandi hefði kosið þá leið mundi hann leggja mjög hart að sér að halda skyldusparnaðinum inni til þess þó að geta haft aðgang að hentugum leiguíbúðum.

Þá er spurt: Eru nokkrir fjármunir til að byggja þessar leigu- og eignaríbúðir? Ef við lítum á innstreymi til sjóðsins og hugsum okkar að með þessum aðgerðum væri hægt að stöðva þó ekki væri nema helminginn af innstreyminu í sjóðnum þannig að útstreymið minnkaði um helming, undanþáguákvæðin yrðu ekki nýtt nema að hluta til, hefði fyrir árið 1987 verið laust fé til að byggja hentugar leigu- og eignaríbúðir sem nam 560 millj. Fyrir þetta fé hefði mátt byggja og ráðstafa allt að 150–170 íbúðum til ungs fólks á einu ári. Á árunum 1982–1987 hefði mátt byggja tæplega 1000 íbúðir fyrir ungt fólk með þessum hætti og stórt skref hefði verið stigið til þess að leysa húsnæðisvandamál ungs fólks.

Varðandi einstakar lagagreinar er ekki mikið að segja. Við höfum gert nokkrar orðalagsbreytingar á sumum lagagreinunum. Okkur þóttu þær vera í mörgum tilvikum óskýrar og í sumum tilvikum var um að ræða að hliðstæð ákvæði var að finna í mörgum lagagreinum. T.d. koma undanþáguákvæðin fram í tveimur lagagreinum í núgildandi lögum. Þannig höfum við í 71. gr. safnað saman öllum nauðsynlegum ákvæðum varðandi innheimtu skyldusparnaðar og hver er ábyrgð launagreiðanda sem á að halda eftir 15% af tekjum og skila til Byggingarsjóðs ríkisins.

Í 72. gr. er lýst yfir megintilgangi okkar með þessari lagasetningu, að allt það fé sem safnast í Byggingarsjóð ríkisins vegna skyldusparnaðar skuli notað til að byggja leigu- og eða eignaríbúðir fyrir ungt fólk.

Í 73. gr. er lýst hinum tveimur mismunandi ávöxtunarleiðum sem standa til boða þeim sem ber að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins. Svo að ég endurtaki hvað vakir fyrir okkur getur viðkomandi í fyrsta lagi óskað eftir því að fé hans verði ávaxtað með þeim hætti að hann eignist smám saman hlut í íbúð sem byggð hefur verið í þeim tilgangi. Hægt er að hugsa sér að viðkomandi fái íbúðina til leigu á meðan skyldusparnaðartímabil hans stendur yfir. Að því loknu fær hann lán hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að eignast íbúðina ef hann óskar þess. Eins er hægt að hugsa sér að sérstakar eignaríbúðir verði byggðar fyrir þá sem hafa gert samning við Húsnæðisstofnun um að ávaxta sparifé sitt á þann hátt.

Að sjálfsögðu eru margir lausir endar sem á eftir að hnýta í þessum tillögum, enda þyrfti að semja um þetta reglugerð, en ég er ekki í nokkrum vafa um að þessar tillögur mundu á margan hátt geta orðið til þess að leysa vandamál, sem þarf að leysa, þ.e. mikla húsnæðiseklu sem er orðin mjög áberandi síðari árin. Það er að verða neyðarástand, einkum í húsnæðismálum námsfólks, svo að maður tali ekki um námsfólk sem þarf að koma utan af landi til

höfuðborgarsvæðisins til að stunda nám í bæði háskóla og ýmsum sérskólum. Það á í miklum erfiðleikum með að finna húsnæði meðan það er við nám.

Í 74. gr. höfum við safnað saman öllum ákvæðum sem eru í núgildandi lögum um undanþágu frá skyldusparnaði, hverjir geta fengið undanþágu og vegna hvers.

Að lokum er 75. gr. Þar höfum við aðeins breytt orðalagi lítillega.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki þessi orð fleiri og hef lokið máli mínu.

Ríkharð Brynjólfsson:

Herra forseti. Þetta mál, sem hér er lagt fram, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er enn ein tilraunin sem gerð er til að fá það kerfi, sem sett var upp 1957 og flm. hv. þm. Júlíus Sólnes rakti vel áðan, til að ganga upp, þ.e. reyna að finna einhverja leið til að ná peningum inn í húsnæðislánakerfið. Þetta var gert í upphafi með því að hvetja sérstaklega til sparnaðar þess fólks sem mönnum fannst að ætti kannski mestra hagsmuna að gæta, þ.e. ungmenna, sem væru ekki búin að binda sér neina sérstaka bagga með fjölskyldu og þess háttar og kynnu þess vegna að eiga peninga aflögu.

Eins og hv. þm. Júlíus Sólnes rakti vel í ræðu sinni áðan hefur í gegnum árin verið hið mesta vandræðabasl með þetta kerfi allt saman. Ungmennin hafa ekki séð þann hvata sem ætlast var til að þau sæju. Frekar hefur verið litið á þetta sem leiðindakvöð sem hefði í rauninni haft í för með sér tapað fé. Eins og málin standa núna er þetta nánast pappírsmál. Það þekkja allir sem koma nálægt framhaldsskólum að á hverju ári eru gefin út vottorð fyrir nánast alla nemendur um að þeir séu í skólanum og þar með undanþegnir ákvæðum um skyldusparnað. Afleiðingin er svo sú, sem kemur fram í grg., að nánast allt það fé sem fer inn í þetta kerfi rennur þaðan jafnharðan út og verður svo sem engum að gagni nema hugsanlega þeim bönkum sem hafa það inni um nokkurra mánaða skeið.

Það er ljóst að forsendur fyrir skyldusparnaði eru allt aðrar en þegar kerfið var byggt upp í upphafi. Samsetning þjóðarinnar er orðin allt önnur nú. Verulegur hluti ungmenna er við nám fram eftir öllum aldri, jafnvel langt fram yfir þann aldur sem 26 ára mörkin eru miðuð við.

Það er vissulega góðra gjalda vert að reynt sé að leita einhverra leiða til að ná fram sparnaði hjá þeim sem hugsanlega gætu sparað. Þetta hefur verið gert í gegnum árin. Það hefur verið reynt að finna fleiri hópa en bara ungmenni. Mig minnir að einhvern tíma hafi verið reynt að fá stóreignamenn og hátekjumenn til að spara með þvinguðum sparnaði. Tilefni málsins er því gott.

Hins vegar er ég alls ekki sannfærður um að sú lausn sem þarna er stungið upp á komi endilega til með að leysa vandann eða vera einföld í framkvæmd. Þarna er eins og fram hefur komið um tvennt að ræða. Annars vegar að reyna að nota gömlu aðferðina, fá ungt fólk til að spara, helst umfram getu, með fyrirheiti um að þeim peningum sé vel varið, bæði fái menn réttindi út á þetta og fái þessa peninga til baka í fullu verðmæti og helst meira að sparnaðinum loknum, þ.e. menn skulu fá út á þetta íbúð. Þetta er góðra gjalda vert, en mér sýnist að á þessu séu ýmsir vankantar sem krefjist a.m.k. mjög ítarlegrar reglugerðar ef hægt er að setja reglugerð sem tæki nokkurn tíma af öll tvímæli.

Það er í fyrsta lagi: Hver á að byggja þessar íbúðir? Það eru að vísu taldir upp nokkrir aðilar, m.a. að Húsnæðisstofnun ríkisins færi að byggja íbúðir. Það kann vel að vera að það þætti gott að sú stofnun færi ekki bara að lána fé til bygginga heldur færi að standa í byggingum líka.

Í öðru lagi er mér ekki ljóst af þessu, og er þó sjálfsagt auðvelt að upplýsa það, hvort gert er ráð fyrir að sá samningur sem talað er um, að með því gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun geti viðkomandi eignast hlut í íbúð sem hefur verið byggð sem eignar- eða leiguíbúð, sé gerður fyrir fram, við upphaf sparnaðarins eða meðan á sparnaðartímabilinu stendur. Er þarna þá um að ræða samning um einhverja tiltekna íbúð eða er um að ræða einhverja þá íbúð sem kynni að verða til þegar þar að kemur? Þegar sparnaðartímabilinu lýkur og á að fara inn í íbúðina getur skipt verulegu máli hvort þarna er um að ræða íbúð sem var byggð og viðkomandi sparandi hefur samþykkt gerð íbúðarinnar, stærð og þess háttar, eða hvort kemur að því að þeir sem ljúka sínum skyldusparnaði árið 2005 lendi á einhvers konar slagsmálamarkaði um þær íbúðir sem verða þá til ráðstöfunar með þessu móti.

Enn má spyrja um hvert verðmætið á íbúðinni sé við afsal, þ.e. þegar sparnaðartímabilinu lýkur, hvort sem það er við 26 ára aldur eða fyrr af einhverjum þeim ástæðum sem lögmætar eru. Nú vitum við ósköp vel að verðmæti íbúðarhúsnæðis er alls ekki hið sama um landið allt. Þess vegna gæti farið svo að sá sem hefur sest inn í íbúð á sprengisvæði, eins og Reykjavíkursvæðið hefur verið undanfarið, fái þarna gefins allverulega fjármuni miðað við þann vesling sem ætlaði sér að setjast að á einhverjum þeim stöðum á landinu þar sem ekki hefur verið þensla undanfarin ár og íbúðaverð hefur staðið í stað og lækkað að raungildi. Þetta er kannski praktískt mál sem væri hægt að leysa, en ég sé ekki að lausnin liggi í augum uppi, hvernig á að gera þetta upp. Þarna gæti verið um að ræða ákveðna mismunun.

Svo er, svo að ég lengi ekki mál mitt miklu meira, herra forseti, spurningin um hinn valkostinn. Ef viðkomandi óskar þess að sparifé hans sé ávaxtað á venjulegan hátt er Húsnæðisstofnun skylt að ávaxta innistæðu hans með bestu fáanlegum kjörum. Bestu fáanleg kjör eru ansi teygjanlegt hugtak. Það er um margra valkosti að ræða og þó að þarna sé miðað við ávöxtunarkjör sem ríkisviðskiptabankarnir bjóða er bæði um að ræða margs konar innlánsreikninga og

það er líka um að ræða ákveðin bankatryggð verðbréf sem seld eru með talsvert hærri vöxtum en einhvern veginn í gegnum afföll, en hæstu vextir eru sem bankarnir greiða. Auk þess eru ávöxtunarkjör, eins og við vitum, afskaplega mikið háð því hvað binditíminn fjárins er langur og það gætu komið upp þar álitamál.

Þetta er e.t.v. enn annað praktískt mál, en ég er hræddur um að það gæti orðið svo að sá skjalabunki sem fylgdi þegar búið væri að ganga frá einum svona sparanda yrði býsna þykkur og það gæti komið til þess, eins og hv. flm. og ræðumaður áðan, Júlíus Sólnes, benti á, að það lenti í málaþrasi og stappi með sparnað í húsnæðislánakerfinu. Ég er alveg sammála því að sparnaður með vöxtum upp á 3,5% er fyrir neðan allt velsæmi miðað við hvernig kaupin gerast á eyrinni, en það er þó hrein og klár tala sem ekki er umdeilanleg. Að hafa hreyfanlega vexti á þessu með til þess að gera óskýrri viðmiðun held ég að gæti leitt til mikilla vandræða við uppgjör á slíkum sparnaði.

Enn mætti nefna það til ef ungmenni ákveður í upphafi að gera samning um að fara í hús, að leggja sitt fé inn upp á það að kaupa hús, að ganga inn í húsakaup. Síðan gerist það af einhverjum ástæðum, sem er ekkert erfitt að búa sér til, að sparandinn fellur frá þessum kosti. Hversu verður þá með ávöxtun á því fé sem hann hefur lagt í íbúðina og kannski vonast til þess að ná meira en venjulegri ávöxtun með því að fjárfesta þannig í steinsteypu?

Þó að ég hafi verið heldur neikvæður í máli mínu um þær lausnir sem hér er leitað á vandamálinu er ég sammála flm. um að kerfið eins og það er nú nær ekki tilgangi sínum, því fer fjarri, hvorki það að fá fram sparnað eða það að tryggja þeim sem eiga þarna inni peninga bærilega ávöxtun, en það hlýtur að hafa verið meiningin á sínum tíma að sparendur töpuðu ekki. Það er sjálfgert að leita leiða til að leysa úr þessu. Það er náttúrlega mjög eðlilegt að mönnum detti fyrst í hug í þessu sambandi hvort það sé ástæða til að halda áfram þessum skyldusparnaði eða hvort það eigi að leggja þetta kerfi af í eitt skipti fyrir öll. Það er búið til fyrir aðstæður sem voru uppi 1957 og hefur síðan verið aðlagað breyttum tímum með margs konar hætti. Enn er þetta kerfi allt saman í basli og er spurning hvort ekki er rétt að byrja alveg upp á nýtt, eins og ég hygg að hv. þm. Júlíus Sólnes hafi sagt áðan, með því að reyna ekki að krukka í þetta kerfi eins og það er núna heldur leggja það niður og setja upp eitthvert annað kerfi í þess stað ef þörf krefur.

Jóhann Einvarðsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu, sá kafli laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sem varðar skyldusparnað ungs fólks, er að mörgu leyti merkasti kafli þeirra laga. Það er út af fyrir sig alveg rétt að hann hefur ekki allar götur alltaf náð tilgangi sínum. Ég átti þess kost að starfa um tíma í félmrn., sem hafði með þessi mál að gera, og eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu var skyldusparnaður ungs fólks neikvæður nokkur ár í röð og mörg ár þar á undan eins og hægt er að fletta upp aftar. Þá var reglunum nokkuð breytt og dregið úr þeim undanþágum sem eru til þess að ungt fólk geti fengið skyldusparnað sinn út. Það hefur þó haft þau áhrif að tvö síðustu árin hefur skyldusparnaðurinn verið jákvæður.

Ég viðurkenni að það má deila um hver er rétt ávöxtun í þessu og ég hygg að meðan Húsnæðisstofnun ríkisins, byggingarlánakerfið, er að taka lán með 7 og jafnvel 8% vöxtum auk verðtryggingar sé ósanngjarnt að borga unga fólkinu ekki nema 3,5%.

Það eru tvær meginástæður fyrir þessum skyldusparnaði. Önnur ástæðan er að fjármagna húsnæðislánakerfið og hin er að auðvelda ungu fólki að eignast íbúð þegar þar að kemur. Við vitum um fjöldamörg dæmi þar sem þetta hefur létt mjög á ungu fólki þegar það byggir. Ásóknin í þessu lífsgæðakapphlaupi í að fá sína peninga út ef það stundar eitthvert nám hefur hins vegar verið alveg með eindæmum þannig að ásóknin á þeim tímum er mjög mikil. En að hætta þessu í eitt skipti fyrir öll er ekki einfalt verk. Ég man ekki töluna eins og hún er, en síðast þegar ég vissi til, meðan ég enn starfaði í ráðuneytinu, en það er komið talsvert á annað ár síðan, voru 1,2 milljarðar inni í húsnæðislánakerfinu. Ég hygg að það sé orðið nær því að vera jafnvel 1,5 eða hærri tala sem inni stendur þarna í dag.

Ég held að tilgangurinn með frv. sé góður, en ég hygg að það að byggja leiguíbúðir fyrir ungt fólk eigi eftir að valda vandkvæðum í kerfinu að ýmsu leyti. Það er í fyrsta lagi afar flókið mál að ganga frá því, bæði pappíranna vegna eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni og ekki síður vegna þess að við erum í raun að skipta niður sama fjármagninu til húsbygginga í þjóðfélaginu og enn er inni í húsnæðislánakerfinu. Við erum með Byggingarsjóð verkamanna, við erum með Byggingarsjóð ríkisins, við erum með lán til leiguíbúða sveitarfélaga, til ýmissa sérþarfa, við lánum verulegt fjármagn til Félagsstofnunar stúdenta í leiguíbúðir fyrir námsmenn. Nú er verið að tala um að bæta við einu atriðinu enn þar sem eru svokallaðar kaupleiguíbúðir. Ég held að leiguíbúðir fyrir ungt fólk og að flokka fólk áfram niður á almennum markaði muni auka enn þau vandkvæði sem eru á að skipta þó þessu ákveðna fjármagni niður og trúlega valda aukinni spennu á höfuðborgarsvæðinu í byggingarmálum umfram það sem er. Ég held því að það sé það hagkvæmasta sem verði gert í þessu: Annað tveggja að hætta þessu, sem ég tel útilokað, enda ekki skynsamlegt að standa gegn sparnaði á einn eða annan hátt, eða, og ég held að sú leið væri einna vænlegust, að lækka þá prósentu sem unga fólkið er skyldugt til að spara og draga verulega úr þeim undanþágum sem eru og m.a. að fella niður aðrar undanþágur en þar sem er um veikindi að ræða, alvarleg veikindi, örkuml eða eitthvað í þeim dúr, hjúskap, húsbyggingar og einstæða foreldra svo að eitthvað sé nefnt, en

undanþágur fyrir almennt skólanám verði felldar niður. Það hygg ég að sé miklu vænlegra til að tryggja að unga fólkið hafi það fjármagn sem það þarf á að halda til húsbygginga þegar það vill og hefur tök á að byggja sjálft og tryggi jafnframt aukið fjármagn í húsnæðislánakerfinu.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um það frv. sem við þm. Borgarafl. í Ed. höfum lagt fram. Þar hefur margt komið fram um bæði gæði frv. og það sem þeir aðilar sem tekið hafa til máls vilja að verði öðruvísi. En það sem stendur eftir er að þeir sem talað hafa hér eru sammála um að núverandi kerfi er hrunið varðandi skyldusparnað ungs fólks. Ég held að það sé meginmálið. Þessi tillaga, sem við leggjum hér til, er annars vegar um að það verði byggðar íbúðir á vegum Húsnæðisstofnunar eða aðila sem hún fær til þess verks og hins vegar eru ávöxtunarkröfurnar um hvað ungt fólk fær fyrir það fjármagn sem það leggur inn. Þetta eru okkar hugmyndir að svo komnu, en auðvitað getum við fallist á að það megi breyta þessu að einhverju leyti ef slíkar hugmyndir eru uppi á pallborðinu hjá þm. En því miður hafa þær ekki komið glöggt fram í þessari umræðu.

Þetta frv. er einn liður í þeirri heildarendurskoðun sem við þm. Borgarafl. höfum lagt fyrir þingið núna og á að skoðast meira í því ljósi en taka það einstakt út úr. Eins og 1. flm. frv. sagði hafa komið fyrir augu þm. annars vegar tillögur varðandi húsbanka og hins vegar brtt. við frv. sem hæstv. félmrh. lagði fram í október. Þar var þetta tekið fram sem nú hefur verið lagt fram sér og er lítið eitt breytt.

Það sem liggur alveg ljóst fyrir er hinn mikli fjárskortur í húsnæðislánakerfinu. Frv. er einn liður í því að efla húsnæðislánakerfið og þá húsnæðislánastofnun, um það að ákveðnir peningar renni til Húsnæðisstofnunar sem síðan mundi annaðhvort vera ráðstafað í formi láns eða þá með byggingu nýrra íbúða. Eins og fram hefur komið er það einn megintilgangur og hefur verið einn megintilgangur Húsnæðisstofnunar að hjálpa ungu fólki að eignast þak yfir höfuðið.

Það hefur líka sýnt sig að það kerfi sem er nú við lýði er götótt á marga vegu og er, eftir því sem kunnugir menn segja og flestum ætti að vera ljóst, hrunið. Þess vegna þarf að finna nýjar leiðir til að byggja upp kerfi sem getur haldið a.m.k. næstu 10–20 árin.

Það kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. að það sé ekki gert ráð fyrir því í frv. hvaða sérstöku vextir eigi að vera á því sparifé sem þarna er lagt inn og er vísað til þess að það eru mismunandi vaxtakjör í þjóðfélaginu. Mér mundi finnast eðlilegt, a.m.k. eins og nú er komið, að á þessu væru ekki lægri vextir en ríkisvaldið er að bjóða á hinum almenna sparisjóðsmarkaði, en það eru í kringum 8% í dag, og þeir peningar sem þar eru fengnir eru einmitt til þess að standa straum af þessu dýra húsnæðislánakerfi sem nú er.

Sami þm. minntist á það ákvæði í frv. er fjallar um þá nýju leið sem við leggjum til, þ.e. að það verði fjárfest annaðhvort í leiguíbúðum eða þá eignaríbúðum hjá Húsnæðisstofnun. Þá er spurt hvenær samningurinn á að vera gerður. Það kemur nokkuð skýrt fram að það er í upphafi sparnaðartímabilsins.

Í öðru lagi spyr hann hvernig fari með það ef einhverjar aðstæður breytast að liðnu tímabili. Ég veit ekki hvort það kom fram, en þá gerum við ráð fyrir að þetta breytist á þann veg að síðari kosturinn gildi, að það fé sem lagt hefur verið inn fáist út með verðbótum og þeim vöxtum sem í gildi eru.

Ég get tekið undir þau sjónarmið, er varða landsbyggðina, að það geti verið erfitt að eiga við svona kerfi er tekur tillit til landsbyggðarinnar, en samt vil ég ekki taka undir að það eitt út af fyrir sig útiloki þann möguleika sem við leggjum þarna til. Það er miklu viðameira og flóknara atriði en að hægt sé að leysa það á þennan hátt.

Ég eftirlæt 1. flm. að gera betur grein fyrir einstökum atriðum, kannski þeim atriðum sem ég hef í ræðu minni sleppt, en ítreka og undirstrika að það sem við leggjum hér til eru lausnir til að svara því sem við teljum mjög aðkallandi að ráða bót á, að fólk á aldrinum 16–26 ára fái þá vexti sem réttir eru og það þurfi ekki að líða fyrir að leggja inn til Húsnæðisstofnunar fé.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um húsnæðismál og er það eðlilegt. Svo lengi sem ég hef fylgst með stjórnmálum hafa umræður af þessu tagi verið snar þáttur í hinni pólitísku umræðu, hvort sem við höfum talað um það hér á Alþingi eða hvort talað hefur verið um það í borgarstjórn og einstökum sveitarfélögum eftir því sem á stendur á hverjum stað, og er það skiljanlegt þar sem það ríki sem við búum í er ungt og stendur ekki á gömlum merg þannig að við höfum á mjög stuttum tíma orðið að byggja okkar land upp og er það auðvitað gömul staðreynd, sem við þekkjum allir, að þeir sigrar sem við höfum unnið í húsnæðismálum eru meiri en orð fá lýst borið saman við það ástand sem var t.d. þegar ég var að alast upp í Reykjavík fyrir 30–40 árum. Það er mjög ólíku saman að jafna.

Eins og áður er það auðvitað svo að óskirnar eru meiri en við höfum fjármagn til að standa undir. Við endurskoðun á húsnæðislögum, ég hygg að það hafi verið í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, var þar ákveðið tekið inn í 32. gr. húsnæðislaganna, c-lið, að heimilt væri að lána úr Byggingarsjóði verkamanna félagasamtökum eða sveitarfélögum sem vildu standa fyrir byggingu leiguíbúða fyrir námsmenn og er í þeirri grein gert ráð fyrir að 85% lánsfjárins verði með 1% vöxtum til 30 ára og afborgunarlaust í tvö ár. Þetta var almenn yfirlýsing löggjafans um að hann gerði sér grein fyrir þeim mikla vanda sem ýmsir námsmenn standa frammi fyrir þegar þeir hafa náð þrítugsaldrinum, þegar þeir

hafa kvatt föðurhúsin og eru að stíga sín fyrstu skref í lífinu. Á hinn bóginn verður að viðurkennast að við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga hefur ekki tekist að leggja til hliðar nægilega mikið fé til að fullnægja í grófum dráttum þeirri eftirspurn sem verið hefur hjá námsmönnum eftir ódýrum leiguíbúðum. Það frv. sem hér er lagt fram, þótt samþykkt yrði, breytir engu um það. Hér er einungis verið að leggja til að fé sem sjóðurinn hefur til umráða verði varið til að byggja íbúðir fyrir námsmenn. Þessar fjárhæðir eru ekki meiri en svo, sem þar er talað um, að miklu meiri fjármunum er á hverju ári varið til þessara þarfa hvort sem er. Það nýja fé, sem talað er um að komi inn, er þá frá hópum sem eiga kost á því að fá peningana til baka og auðvitað vitum við að þar er ekki um þær fjárhæðir að ræða að neinum úrslitum ráði. Það er alveg ljóst.

Ef við hugsum um ung hjón sem stofna heimili eiga þau kost skv. núgildandi lögum á því að fá skyldusparnaðinn greiddan út, eins námsmenn. Í flestum tilvikum er ekki um svo háar fjárhæðir að ræða að dragi neitt til byggingar nýrrar íbúðar. Við erum því ekki að tala þarna um neitt sem skiptir sköpum. Aðalatriðið er hitt að fjármagn er mjög dýrt hér á landi. Það er af skornum skammti. Það eru ekki mörg ár síðan að við neyddumst til þess að afla fjármagns til byggingarsjóðanna með erlendum lántökum. Það er ekki mjög langt síðan að það var, nokkur ár. Síðan hefur það þó áunnist að tekist hefur með hjálp lífeyrissjóðanna að afla þessa fjár innan lands og þó svo að mikil eftirspurn sé eftir þessum lánum og meiri en hægt er að rísa undir, bæði vegna þess að peningar eru af skornum skammti og líka vegna hins að mikil þensla er í byggingariðnaðinum, þannig að óráðlegt væri að hleypa inn á markaðinn því fé sem nægja mundi til að fullnægja öllum óskum, þá eru úrbæturnar gífurlega miklar á þessum stutta tíma.

Ég ætla ekki, herra forseti, í þessari ræðu að fara ítarlega út í þær mismunandi hugmyndir sem fram hafa komið um hvernig best sé að standa að húsnæðismálunum í bráð og lengd. Það mál mun ég gera að umræðuefni við annað tækifæri. En ég vil aðeins leggja áherslu á þetta: að í lögum eru fullnægjandi heimildir til að koma myndarlega til móts við þá sem vilja standa fyrir byggingum fyrir námsmenn, sem eru hér í Reykjavík fyrst og fremst stúdentagarðarnir og samtök sérskólanema í öðrum skólum. Það eru fullnægjandi lagaheimildir út af fyrir sig fyrir því að hægt sé að gera meira í sambandi við húsnæðismál öryrkja og í sambandi við húsnæðismál aldraðra. Það eru líka til húsnæðislög um nægilegar heimildir fyrir því að láglaunafólk, eins og verkamenn t.d., geti fengið verkamannabústaði með þeim kjörum sem þar er boðið upp á. Þá er gert ráð fyrir 85% láni til 40 ára afborgunarlaust í þrjú ár og jafnframt gert ráð fyrir því að þau 15% sem upp á vanti séu lánuð úr Byggingarsjóði verkamanna til skamms tíma, þriggja ára má ég segja, til að auðvelda þessu fólki þannig að eignast húsnæði með viðráðanlegum kjörum. Allar þessar heimildir eru fyrir hendi. Í öllum þessum dæmum erum við að tala um 1% vexti. Á hinn bóginn er meira kvíðaefni fyrir menn hvernig við hugsum okkur til frambúðar að standa undir þeim miklu skuldbindingum, bæði fyrirheitunum sem gefin hafa verið í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna og eins raunar í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins, og hvernig þær muni leika þessa sjóði og hvað möguleika við höfum til frambúðar til að standa undir þeim mikla vaxtamun sem þar er um að ræða og vaxandi framlögum úr ríkissjóði. Það er auðvitað mjög mikið áhyggjuefni núna.

Ég hef tekið þátt í nefndarstarfi um húsnæðismál að ég hygg í fimm eða sex ár samfleytt og heyrt ýmsar hugmyndir sem fram hafa komið um hvernig æskilegt væri að búa að ungu fólki, öldruðum og öryrkjum ekki síst og þeim sem verst eru staddir í þjóðfélaginu. Það skortir ekki hugmyndir og tillögur um hvernig við viljum hafa slíkt kerfi. Það sem á hinn bóginn hefur alltaf vantað er að afla þess ódýra fjármagns sem þarf til að uppfylla þessar óskir. Þetta fjármagn verður ekki til af engu, það verður ekki hægt að útvega það nema með því að leggja þyngri byrðar á aðra. Ég held ég geti fullyrt, af því ég sé að einn fyrrv. húsnæðisráðherra gekk í salinn sem vildi beita sér og beitti sér fyrir miklum breytingum og umbótum á húsnæðislöggjöfinni, að hann átti á sínum tíma, eins og sú ríkisstjórn sem nú situr, í eilífu stríði við þetta eitt, að afla fjármagnsins. Þar eru ekki til neinar skyndilausnir sem ekki kosta neitt. Þetta vil ég að fram komi.

Á hinn bóginn vil ég líka að fram komi að vilji flm. er mikill til að leysa þessi vandamál, sem brenna vissulega á mörgum, bæði úti á landi og hér, en tilfærsla á fjármunum innan húsnæðislánakerfisins skiptir ekki máli þegar við lítum á heildarfjárhæðina og sá sparnaður, sem hér er gefinn í skyn, er sýnd veiði en ekki gefin.

Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég kom of seint á fundinn og þurfti aðeins að snúast eftir fund þannig að ég hef misst af því ef flm. hafa gert grein fyrir því hvað þeir byggjust við um þær íbúðir sem er talað um skv. 72. gr. Hér er talað um leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk sem þess óskar. Það hefði verið fróðlegt að fá upplýsingar um það, sem e.t.v. hafa verið gefnar í umræðunum og þá get ég kynnt mér það síðar ef svo er, hvað gert er ráð fyrir stórum íbúðum, hvort gert er ráð fyrir því að viðkomandi hafi þessar íbúðir til æviloka ef þeir óska, hvert gert er ráð fyrir að sanngjarnt endurgjald sé fyrir það fjármagn sem lagt er í íbúðina. Allt skiptir þetta auðvitað verulegu máli. Það hefur verið gerð úttekt á því norður á Akureyri í sambandi við hugsanlegar byggingar á stúdentaíbúðum fyrir háskólann þar hvað hægt sé að gera ráð fyrir að hver íbúð megi kosta mikið. Við höfum miðað þá við 3 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir að 15% af því fé verði lagt fram í eitt skipti fyrir öll þannig að það verði ekki krafist endurgjalds fyrir þá fjármuni og

gert ráð fyrir því að hin 85% séu með 1% vöxtum til 30 ára. Við gerum ráð fyrir því að það sé námsmönnum ekki ofviða að standa undir slíkum kostnaði ásamt eðlilegu viðhaldi og fasteignagjöldum af viðkomandi íbúð og þá erum við að tala um stærstu íbúðir sem til greina geta komið. En þetta er allt matsatriði. Vonandi gefst ráðrúm til að ræða það frekar í tengslum við þau frv. sem nú eru í undirbúningi hjá húsnæðisráðherra.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka fyrir málefnalegar og fróðlegar umræður sem hafa farið fram um frv. sem við flytjum hér í Ed. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Menn hafa að sjálfsögðu haft ýmsar efasemdir uppi um að þessi tillaga, sem við leggjum hér fram sem frv. til laga um breytingu á húsnæðislögunum, sé fær leið og við því er ekkert að segja. Að sjálfsögðu er það eins og með allar nýjar hugmyndir og nýjar tillögur. Það tekur sinn tíma að melta slíkt og sannfærast um að þetta sé möguleiki. Það kann líka vel að vera að það þurfi að breyta þessu verulega. Ég get hins vegar alveg tekið undir það, sem var sagt áður í umræðunum, að annaðhvort ber að leggja þetta skyldusparnaðarkerfi niður, þar sem það er alveg augljóst, eins og kemur fram í grg. með frv., að það nær ekki tilgangi sínum, maður sér það einfaldlega á þeim tölum sem þarna eru sýndar, eða þá að það verður að finna einhverja leið til þess að skyldusparnaðurinn komi unga fólkinu að einhverju gagni.

Ástandið í húsnæðismálum ungs fólks er skelfilegt. Við þurfum ekkert að vera að draga dul á það. Það hlýtur því að vera aðalmarkmið með einhverri lagasetningu sem þessari að reyna að ráða þar bót á, að finna einhverjar leiðir til að koma á móts við unga fólkið, reyna að hjálpa því við að leysa húsnæðismál sín. Það er einmitt í þeim tilgangi sem við höfum flutt þetta frv.

Varðandi ýmis gagnrýnisatriði, sem hér hafa komið fram í umræðunum, kom fram áðan að menn spurðu hver ætti að byggja þessar íbúðir. Það kann vel að vera að það orki tvímælis að Húsnæðisstofnunin sjálf taki að sér það hlutverk. Þó finnst mér það ekkert fráleit hugmynd að Húsnæðisstofnun, sem hefur yfir mjög fullkominni tæknideild að ráða, geti gert verksamninga, boðið út verkefni þess eðlis að það yrðu byggðar svo og svo margar íbúðir á mismunandi stöðum. Ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu. Hins vegar hefðum við talið eðlilegra að Húsnæðisstofnun leitaði eftir samvinnu við þá aðila sem nú þegar hafa heimildir til húsnæðis- og framkvæmdalána til að byggja bæði leiguíbúðir og ódýrar íbúðir fyrir lágtekjufólk og fæli þeim þetta verkefni.

Það var nefnt hér áðan að það gæti hugsanlega orðið vandamál hvað íbúðir á höfuðborgarsvæðinu verða miklu dýrari en íbúðir úti á landsbyggðinni. Þá var spurt hvort það gæti leitt til þess að þeir sem mynduðu sér eignarhlut í íbúð á höfuðborgarsvæðinu færu eitthvað betur út úr kerfinu en hinir. Ég held þvert á móti að því verði alveg öfugt farið. Þeir sem gera samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um að sparifé þeirra verði varið til byggingar á íbúðarhúsnæði úti á landi komi til með að eiga miklu meiri hlut í íbúðinni að skyldusparnaðartímabilinu loknu en aðili sem kýs að gera samning um að eignast hlut í íbúð sem yrði byggð á höfuðbogarsvæðinu. Það er einfaldlega vegna þess að það hefur sýnt sig að byggingarkostnaður hefur yfirleitt orðið meiri á höfuðborgarsvæðinu en víðast annars staðar á landinu. Þó hefur þetta breyst nokkuð hin allra síðustu missirin þannig að byggingarkostnaður t.d. norður á Akureyri nálgast nú mjög það sem hann er á höfuðborgarsvæðinu. Það er því ekki víst að þetta skipti alveg sköpum. Ef um byggingu nýrra íbúða er að ræða er það eina sem getur breytt byggingarkostnaði milli landshluta þau vinnulaun sem fara til verksins. Ef um útboðsframkvæmd yrði að ræða ætti það ekki að skipta neinu stórmáli. Ég sé í sjálfu sér ekki að það þurfi að vera neitt vandamál hvort um er að ræða að það yrði gerður samningur um að íbúð yrði byggð á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi.

Hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson, meðflm. að frv., gerði ágætlega grein fyrir hinni ávöxtunarleiðinni, þ.e. að sparifé verði ávaxtað með bestu fáanlegu kjörum. Að sjálfsögðu yrði það reglugerðaratriði hvernig ætti að ákveða þau kjör hverju sinni. Hins vegar hef ég ekki áhyggjur af því að það kosti mikið umstang né mikla skjalabunka. Við erum uppi á tölvuöld og það er mjög auðvelt mál að tölvufæra sparireikninga og jafnvel vaxtareikna þá daglega ef þörf krefur. Þetta er farið að gera víða erlendis. Það eru myndaðir sparireikningar í bönkum sem eru vaxtafærðir daglega eftir breytilegum vöxtum, bara eftir því hvað markaðurinn er með háa vexti hverju sinni. Það er hægt að breyta vöxtum daglega. Þetta er auðvelt mál að ráða við á tölvuöld.

Að sjálfsögðu höfum við ekki, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, hnýtt alla enda. Það er margt sem þarf að athuga í þessu og ef við hefðum ætlað að leggja fram frv. til l. ásamt öllum þeim reglugerðum sem því þyrftu að fylgja hefðu liðið nokkuð mörg ár, með þá vinnuaðstöðu sem við höfum sem þm. stjórnarandstöðuflokks, hefði liðið ansi langur tími þangað til þessar tillögur hefðu séð dagsins ljós. En ef undir þessar tillögur yrði tekið er það verkefni embættismanna ríkisvaldsins að útfæra þær og ganga frá nauðsynlegum reglugerðum og tryggja að þessi hugmynd geti náð fram að ganga eins og henni er lýst hér í mjög grófum dráttum, enda er það ekki markmið með lagasetningu að það sé útfært í smáatriðum hvernig á að framfylgja lögunum.

Hv. 8. þm. Reykn. taldi að það gæti valdið erfiðleikum að draga fólk í dilka hvað varðar íbúðalán og byggingu íbúða. Það fé sem myndast í Byggingarsjóði ríkisins vegna skyldusparnaðar ungs fólks er hluti af heildarfjármögnun Byggingarsjóðsins og er þar með notað til að skapa húsnæðislán til þeirra

sem þau fá úr Byggingarsjóði ríkisins. Nú er athyglisvert að einmitt unga fólkið er þar forgangshópur. Að vísu óbeint, má segja, en allir þeir sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð eru forgangshópur, voru það samkvæmt þeim lögum sem voru í gildi á síðasta ári og breytti húsnæðisfrv. hæstv. félmrh., sem varð að lögum rétt fyrir jól, engu um að unga fólkið er eftir sem áður forgangshópur. Þannig er kannski varla hægt að tala um að með þessari lagasetningu verði neitt frekar dregið í dilka en verið hefur.

Ég tek undir að í tíð hæstv. félmrh. Alexanders Stefánssonar, félmrh. í fyrri ríkisstjórn, var gerð sú breyting á húsnæðislögunum að það var opnað fyrir lán til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og ýmissa félagssamtaka. Það er einmitt lykillinn að þessum tillögum að gera samning við þessa aðila um að taka að sér það verkefni að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk. Að sjálfsögðu get ég fallist á að lokum er spurningin um að finna fjármagn til þessara verkefna. En hugmyndin ber með sér að það sé töluvert fjármagn sem sé hægt að ná inn í Byggingarsjóð ríkisins til þessa verkefnis ef litið er á útstreymi úr sjóðnum sem 1987 nam rúmlega milljarði króna. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni hefði verið hægt að byggja 150–170 íbúðir ef við hefðum getað haldið helmingi þessa fjár inni í Byggingarsjóðnum. Þá er gert ráð fyrir íbúðum, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um, sem eru 3–3½ millj. að verðmæti. Ef um er að ræða að byggja hentugar leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk held ég að það verði allir sammála um að það yrðu íbúðir af hóflegri stærð sem mundu henta m.a. námsfólki og ungu fólki sem er að feta sín fyrstu spor á lífsleiðinni hvað varðar heimilisstofnun og heimilishald.

Sérstaklega er það athyglisvert ef sú staðreynd er skoðuð að ef helmingur útstreymis úr Byggingarsjóði ríkisins 1982–1987 hefði haldist inni í Byggingarsjóði ríkisins hefði fengist þarna viðbótarfjármagn sem hefði nægt til að byggja 1000 íbúðir af þessu tagi. Það er að sjálfsögðu þarna sem við viljum sækja peninga til að byggja þessar íbúðir. Hins vegar er ég ekki í nokkrum vafa um að ef þessi leið yrði farin mundi þetta vinda sjálfkrafa upp á sig þannig að þegar unga fólkið sæi að það væri til einhvers að leggja hluta af tekjum til hliðar til skyldusparnaðar, að það veitti því þennan rétt, sem kom nú reyndar fram hér í máli sumra ræðumanna áðan, að það fengi með þessu aðgang að hentugum leiguíbúðum og eða eignaríbúðum, mundi útstreymið minnka verulega. Ég yrði ekkert hissa á því þó að það væri hægt að ná útstreyminu niður í ¼ af því sem streymir inn í sjóðinn. Þá er hægt að taka enn myndarlegar á þessu vandamáli.

Það er alveg rétt að það eru fullnægjandi heimildir í núgildandi lögum um byggingu bæði námsmannaíbúða og íbúða fyrir fleiri þjóðfélagshópa sem þurfa á aðstoð að halda. Það er bara ekki til umræðu hér. Við höfum lagt fram tillögur um hvernig væri best að leysa þau vandamál. Það kom fram í þeim brtt. sem við lögðum fram við frv. hæstv. húsnæðismálaráðherra fyrir jólin og tel ég ekki þjóna neinum tilgangi að fara að rekja þær nú. Hér er aðeins á dagskrá að koma á móts við unga fólkið, finna leiðir til að leysa húsnæðisþörf þess og sérstaklega að koma á móts við námsmenn sem eiga við mikinn vanda að stríða með að komast í hentugt leiguhúsnæði á meðan námstíma lýkur og eins að sá skyldusparnaður sem við erum búin að hafa í lögum í nær 30 ár komi að einhverju gagni. Ef ekki er hægt að fara neina slíka leið eins og hér hefur verið lýst eða menn láta sér ekki neitt annað koma til hugar ber að leggja þennan skyldusparnað niður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

59. fundur, miðvikudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MálmS o.fl., 256. mál (gleraugnakaup). — Þskj. 552.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 552 og er frv. til l. um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, og sem flutt hafa þeir hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Það er löngu kominn tími til að tryggingakerfið taki að sér þátttöku í kostnaði vegna útgjalda við kaup á gleraugum og þarf ekki að fara nánar út í ástæður þess. Eins og alkunna er greiðir Tryggingastofnun ríkisins að hluta til fjölmargar tegundir hjálpartækja, og þau hjálpartæki sem kannski hvað algengust eru eru einmitt gleraugu og öll þekkjum

við þann mikla kostnað sem fjölskyldur verða fyrir vegna útgjalda við gleraugnakaup handa börnum. Eins og hver getur sagt sér sjálfur vilja þau gjarnan brotna og þessi vara er orðin mjög dýr.

Margsinnis hefur það komið fyrir að þeir aðilar sem gleraugu selja hér í Reykjavík hafa komið að máli við mig og haft orð á því að það sé óbærilegt á að horfa hversu mikinn kostnað fjölskyldur hafa af endurteknum kaupum á gleraugum, þannig að ég vil eindregið styðja þetta frv. og trúi því að hæstv. heilbrrh. finni einhverja leið til þess að koma til móts við efni þess. Okkur er auðvitað öllum ljóst að það þarf víða að finna matarholu og vitaskuld er hér um verulegan kostnað að ræða, en alveg ljóst þykir mér að það verði að finna lausn á kostnaði foreldra vegna gleraugna barna. Ég tel að það væri mikill áfangi í áttina að því marki sem frv. setur að a.m.k. einhverjir hópar yrðu þarna teknir inn.

Í grg. vil ég aðeins nota tækifærið til þess að leiðrétta smáatriði. Hér segir að einungis svokölluð „strabismus"-gleraugu séu greidd af Tryggingastofnun ríkisins og engir aðrir af þegnum þjóðarinnar njóti aðstoðar vegna gleraugnakostnaðar. Það er raunar ekki alveg rétt vegna þess að svokölluð „aphaki"-gleraugu eða gleraugu með sérstökum linsum eru einnig greidd 90%. Einnig eru greidd gler vegna missis augasteins og enn ein tegund gleraugna er líka greidd 70%, en það eru svokölluð „nystagmus"-gleraugu eða gleraugu sem menn nota við svonefndum augnatitringi sem er ekki svo sjaldgæfur sjúkdómur. Þetta vildi ég leiðrétta svo að öllu sé til skila haldið um það sem hér stendur.

Herra forseti. Ég þarf ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég treysti því að hv. þm. sameinist um að hvetja hæstv. heilbrrh. til að finna einhverja leið til þess a.m.k. að koma til móts við fjölskyldur vegna sjóngalla barna og ekki skal ég heldur draga úr því *að elli- og örorkulífeyrisþegar fái hér þjónustu því* það er alveg ljóst að margir þeirra hafa hreinlega ekki efni á að skipta um gleraugu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar framsaga var flutt fyrir þessu frv. sem hér er til umræðu en ég get út af fyrir sig tekið undir það með síðasta ræðumanni, hv. 13. þm. Reykv., að hér er hreyft máli sem heilbrigðisyfirvöld og þeir sem fara með málefni Tryggingastofnunarinnar þurfa að skoða og það er auðvitað ákaflega einfalt að lýsa yfir stuðningi sínum við frv. sem þetta eða við það efni sem hér er til umræðu. En það er svo með margt, margt fleira sem bæði hefur verið hreyft hér í þinginu og varðar útgjöld Tryggingastofnunarinnar eða þætti og ýmis efni sem almannatryggingakerfið okkar þyrfti að ná til, en það er ekki alveg svo einfalt. Við verðum líka að huga að því í heildina hver þessi útgjöld eru og hvað við getum ætlast til að almannatryggingakerfið, hið sameiginlega tryggingakerfi okkar verji og bæti. Eg geri ekki lítið úr því að þetta sem hér er á ferðinni sé í þeim flokki sem við þyrftum að setja ofarlega á blað.

Ég vildi aðeins koma inn í umræðurnar til þess að nefna það, sem ég hef reyndar sagt hér áður í þessum ræðustól á þessu þingi sem nú stendur yfir, að heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni er nú í gangi. Ég vil líka leyfa mér að segja hv. þm. þó að þeir hafi bent mér sumir hverjir og þar á meðal hv. síðasti ræðumaður á það fyrr að það sé nú ekki nýtt mál að endurskoða tryggingalöggjöfina og það sé ekki heldur einfalt og það hafi áður sýnt sig að það hafi tekið langan tíma. En ég vil segja það hér og nú og ítreka það sem ég hef áður sagt að það er unnið í þessu nú af miklum krafti. Það eru vikulega fundir í þeirri ágætu nefnd sem er að vinna að þessari endurskoðun. Í þeirri nefnd eiga sæti þm. og fyrrv. þm. sem þekkja vel til þessara mála fyrir utan starfsmenn Tryggingastofnunar og aðra sem hafa fjallað um þessi mál á undanförnum árum. Ég geri mér í alvöru vonir um það að við fáum fyrr en síðar niðurstöður úr því nefndarstarfi þó að ég geri mér nú ekki vonir um að það verði á þessu þingi, þ.e. ekki nú fyrir vorið, *en vonandi síðar á árinu* þannig að það mætti leggja frv. um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni fyrir næsta þing.

Ég vil líka segja það að við höfum tínt til ýmsa þætti, ýmis atriði sem öllum er ljóst að þarf að lagfæra og breyta varðandi almannatryggingalöggjöfina, bæði atriði sem hér hefur verið hreyft nú þegar á hv. þingi og eins ýmis önnur atriði sem hafa verið til umræðu í heilbr.- og trmrn. og hjá Tryggingastofnuninni, ýmsar athugasemdir sem þegar hafa komið fram og menn hafa viljað láta taka inn í þessa heildarendurskoðun. Mín niðurstaða hefur verið sú að vera ekki að flytja þessi mál eitt og eitt hér inn í þingið heldur vísa þeim öllum til þessarar heildarendurskoðunar, einnig þeim atriðum og þeim þáttum sem hér hafa verið flutt inn í þingið. Ég geri mér vonir um það að við getum náð samkomulagi um það, flm. ýmissa þessara tillagna. Auðvitað kann mönnum að finnast að eitthvað af þeim sé svo brýnt að ekki verði mögulegt að bíða með það heldur verði að knýja á um það að þing það sem nú situr afgreiði það og þá verði það auðvitað í valdi Alþingis að taka um slíkt ákvörðun. En á undanförnum árum hefur verið krukkað — *ég segi krukkað* meira og minna í almannatryggingalöggjöfina án þess að nokkur heildaryfirsýn væri í þeim breytingum. Margt af því hafa auðvitað verið þarfar og nauðsynlegar leiðréttingar, en þær hafa hins vegar skapað misræmi milli t.d. ýmissa bótaþátta. Menn hafa verið að lagfæra einn þáttinn og gleymt öðrum eða skilið hann eftir eða hirt minna um það. Þess vegna hefur skapast alla vega misræmi. Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta og einfalda löggjöfina og þá er líka mjög brýnt að taka alla þá þætti, sem hér hafa komið inn, inn í þá endurskoðun. Ég mundi vilja leggja það til við flm. þessara tillagna, ekki bara þessarar einu sem hér liggur fyrir heldur margra annarra sem nú hafa komið fyrir þingið að undan-

förnu, að menn sameinuðust um það að vísa því til þessarar heildarendurskoðunar. En auðvitað verður þingið sem slíkt að taka endanlega ákvörðun um það.

Ég ítreka það að ég held að hér sé hreyft þörfu máli. Við greiðum nú þegar hluta af heyrnartækjum, hjálpartækjum til þeirra sem eru heyrnarskertir og það má svo sem alveg segja það eins og gert er hér í þessari grg. að það sé ekkert samræmi í því að það skuli þá ekki vera neinn þáttur tekinn í kostnaði þeirra sem þurfa að nota gleraugu. Þetta er auðvitað bara eitt dæmi um það misræmi sem er alls staðar að finna í þessari löggjöf og ég ítreka það að ég tel m ög mikilvægt að menn setjist yfir það í heild og reyni að samræma hina ýmsu þætti og það sé skynsamlegra heldur en að pikka út einn og einn á þennan hátt.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta þarf ekki að vera langt mál. Ég ætla aðeins að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa till. Það er rétt sem kemur fram í grg. með tillögunni að augnsjúkdómar eru ættgengir. Þar af leiðir að í sömu fjölskyldunni geta verið mörg börn sem þurfa á gleraugum að halda. Þess vegna er mjög brýnt að það sé komið til móts við þetta fólk.

Ég hef líka rekist á það t.d. með gamalt fólk sem er inni á stofnunum og hefur þessa svokölluðu vasapeninga að það er vandamál fyrir það að fá ekki gleraugun út úr almannatryggingum. Að vísu greiða sveitarfélögin eða félagsmálastofnanir sjálfsagt fyrir þetta fólk eftir beiðni, en það er nú einu sinni það sem er algjört eitur í þess beinum. Það er einhvern veginn auðveldara með það sem kemur beint frá Tryggingastofnuninni.

Ég lýsi ánægju minni yfir því sem hæstv. heilbrrh. segir að það sé í fullum gangi og unnið af krafti að því að endurskoða tryggingalöggjöfina og vona að hann fylgi því vel og vandlega eftir. En það breytir engu um það að það hafa komið hér fram tillögur um ýmsa hópa, sem hafa sitt lífsviðurværi stundum og ýmsa hjálp úr almannatryggingum, sem þarf að bæta fyrir strax því að ég hef satt að segja ekki trú á því þó að ég beri mjög gott traust til hæstv. núv. ráðherra að hann taki svo mikið fram þeim sem hafa setið á undan honum að það verði mjög hraður gangur í þessu.

Ég skal ekki lengja mál mitt meira en lýsi eindregnum stuðningi mínum við tillöguna.

Flm. (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka stuðningsorð sem fallið hafa um umrætt frv. Hv. 13. þm. Reykv. vil ég segja það að ég fékk mínar upplýsingar hjá Tryggingastofnun og mér var ekki tjáð að það væri annað greitt en þetta sem tilgreint er í grg. svo að þess vegna er það ekki fyllra þar. Upplýsingarnar voru frá Tryggingastofnuninni.

Við höfum áður heyrt um endurskoðun á tryggingalögum. Hún er víst búin að vera nokkuð lengi í gangi og þó að verið sé að flýta því máli eins og sagt hefur verið þá getur nú liðið ár og dagur þangað til þær endurbætur sjá dagsins ljós svo að ég held að bæði þessi leiðrétting og hagsbót fyrir þá hópa sem um er að ræða og eins fleiri sem hafa komið fram í tillögum hér, ég held að það sé ekkert á móti því að þær nái fram að ganga á þessu þingi. Það er hægt að fella þær inn í endurskoðunina þegar hún er það langt komin að farið verður að leggja fram frv. til nýrra tryggingalaga, en ég held að ýmsum þessum hópum sem rætt hefur verið um liggi töluvert á því að fá sinn hag réttan svo það er full ástæða til að þau mál gangi fram sem hafa verið lögð fram í því skyni.

Ég hef held ég ekki fleiru við þetta að bæta öðru en því að ég þakka þeim sem hafa látið falla orð um að þeir styðji þetta frv. og ég vona að það fái góðan framgang.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Uppbygging dagvistarheimila, 1. umr.

Frv. SLB o.fl., 275. mál. — Þskj. 574.

Flm. (Sigríður Lillý Baldursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn á þskj. 574, en flm. ásamt mér eru hv. þingkonur Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Enn erum við kvennalistakonur við sama heygarðshornið, í mjúku málunum, eins og svo margoft hefur verið bent á. En það er mikill misskilningur hjá mörgum þeim sem það hafa gert að við séum ekki í pólitík. Kjarni stjórnmálanna er mjúku málin. Ef þeim er ekki vel komið fyrir í samfélagi þá er velferðarstig þess samfélags lágt. En við skulum gera ráð fyrir því að sameiginlegt markmið stjórnmálamanna, karla og kvenna, sé að skapa gott samfélag manna í þröngri sem víðri merkingu og ekki einungis fyrir dagstundina sem er að líða heldur til framtíðar litið.

Börnin okkar, afkomendur okkar eru íslenskt samfélag framtíðarinnar. Í dag er lagður grunnur að því samfélagi með uppeldi barnanna en hvernig er því uppeldi komið? Hverjir annast það og hvernig? Hverjir eiga að annast það? Og hverjir hafa hag af því að uppeldi barna sé vel sinnt?

Á Íslandi í dag vinna allir sem vettlingi geta valdið hvenær sem því verður við komið, karlar, konur, unglingar og jafnvel börn. Atvinnuþátttaka foreldra, og þá á ég við vinnuframlag þeirra utan heimilis, hefur aldrei verið meiri hér á landi og fer

hún vaxandi. Um 80% kvenna og ríflega 90% karla, sem eiga börn á forskóla- og skólaaldri, vinna meira en ¼ úr ársverki og mjög margir foreldrar ungra barna vinna fullan vinnudag og yfirvinnu að auki til að ná endum saman í heimilisrekstrinum. Það er vissulega ekki ástand sem við verður unað og á því máli þarf að taka sérstaklega með því m.a. að hækka lágmarkslaun og dreifa stofnkostnaði eins og við húsnæðisöflun yfir lengra tímabil. En þó lágmarkslaun hækki þannig að ein laun dugi fjölskyldunni til framfærslu, eins og eðlilegt mætti teljast, snúum við ekki þeirri þróun við sem verið hefur á undanförnum missirum í aukinni atvinnuþátttöku kvenna. Það er hluti af þróun samfélagsins. Konur hafa í sívaxandi mæli leitað sér aukinnar menntunar og aflað sér mikillar reynslu í atvinnulífinu sem hvorki þær né samfélagið má verða af að nýta sem best. Samfélagsgerðin hefur breyst eða eins og segir í uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, er gefin var út af menntmrn. 1985, með leyfi forseta:

„Með aukinni iðnvæðingu og borgarmyndun fjölgar hröðum skrefum fjölskyldum sem búa í borgum og öðrum þéttbýliskjörnum þar sem atvinnuframboð er mest. Hér á landi búa 20% landsmanna í dreifbýli en 80% í þéttbýli. Þessu var öfugt farið fyrir 50 árum. Breyting á búsetu barnafjölskyldunnar og uppeldisskilyrðum þeim sem börnum er búin í nútímaþjóðfélagi er því gífurleg.

Borgarfjölskyldan býr oft við þröngan húsakost og misgóð lífskjör. Aðstaða til leikja innan húss er því oft af skornum skammti, utan dyra er lítil sem engin aðstaða til útiveru og ekkert öryggi. Geigvænlega hætta af umferðinni blasir hvarvetna við. Við þetta bætist skortur á eðlilegum viðfangsefnum sem geta veitt börnum margvíslega þjálfun og eflt sjálfstraust þeirra og ábyrgðarkennd.

Tæplega verður sú þversögn hrakin að í þéttbýli sé mest hætta á félagslegri einangrun manna. Lítil börn í borgarsamfélagi fara ekki varhluta af þeirri einangrun, einkum þau sem engin systkini eiga. Barneignum fækkar, fjölskyldan verður æ fámennari og meira úr tengslum við aðra ættingja. Á þetta einnig í vaxandi mæli við um fjölskylduna í dreifbýli.

Kjarnafjölskyldan er talin einkennandi fyrir fjölskyldugerð nútímaþjóðfélags. Hin dæmigerða stórfjölskylda er á undanhaldi ef ekki horfin með öllu. Enda þótt fjölskyldan hafi misst flest hinna fjölþættu hlutverka sem stórfjölskyldan gegndi í bændasamfélagi fyrri tíma gegnir hún enn veigamiklu hlutverki. Kjarnafjölskyldan er fyrst og fremst tengd nánum tilfinningaböndum, það er styrkur hennar og veikleiki. Hún er griðastaður einstaklinganna, foreldra og barna og þarf að vera þess megnug að fullnægja þörfum þeirra fyrir náin tilfinningatengsl, ást og öryggi. Mikilsvert er því að gefa gaum að fjölskyldunni sem tilfinninga- og félagsmótandi afli í uppeldi barna og gera sér grein fyrir því hvernig hún er í stakk búin til að anna því hlutverki.

Óstöðugleiki kjarnafjölskyldunnar er meiri en svo að unnt sé að loka augunum fyrir honum. Hjónaskilnaðatalan vex hröðum skrefum, barnsfæðingum utan hjónabands eða utan sambúðar foreldra fjölgar. Einstæðir foreldrar verða hlutfallslega æ fleiri. Fleira kemur til sem raskað hefur hefðbundnu mynstri fjölskyldunnar. Konan hefur til skamms tíma borið meginábyrgð á uppeldi barnanna innan vébanda heimilisins. En breytt staða konunnar í nútímaþjóðfélagi og aukin þátttaka hennar í atvinnulífinu hefur bein áhrif á stöðu móðurinnar sem foreldris, raskar hefðbundinni fjölskyldugerð og hefur afdrifarík áhrif á uppeldisskilyrði barnanna.

Í anda jafnréttis fer í vöxt að báðir foreldrar taki þátt í atvinnulífinu, einnig meðan börnin eru enn í bernsku. Jafnrétti til starfa er lögum samkvæmt í flestum menningarlöndum, þar á meðal á Íslandi, sbr. lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976. Því má ekki gleyma. Þjóðfélagið verður að taka þeim afleiðingum af raunsæi, með heill fjölskyldunnar að leiðarljósi.

Á tiltölulega skömmum tíma hafa orðið örar og miklar breytingar á lífsháttum manna í hinum vestræna heimi sem hafa geigvænleg og afdrifarík áhrif á uppeldisaðstæður barna. Bitnar þessi þróun mest á ungum börnum ef ekkert er að gert. Engum eru þó ljósari afleiðingar þessarar félagslegu þróunar en hugsandi foreldrum. Aukin almenn menntun gerir það að verkum að foreldrar eru yfirleitt betur upplýstir um mikilvægi barnauppeldis og uppvaxtarskilyrði barna en nokkru sinni fyrr. Þeir eru einnig mjög móttækilegir fyrir þekkingu á því sviði, enda slíkur fróðleikur meiri og aðgengilegri en áður í gegnum bækur, blöð og aðra fjölmiðla.

Foreldrar ungra barna í dag óska eftir uppeldisaðstoð til handa börnum sínum og þurfa á henni að halda. Fjölskyldan sem griðastaður og uppeldisathvarf barna stendur mjög höllum fæti. Staða fjölskyldunnar er mjög alvarleg og gefur fullt tilefni til aðgerða henni til styrktar og verndar. Meðal raunhæfra og viðeigandi aðgerða er fjölgun dagvistarheimila sem veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir."

Þetta er einfalt mál. Það þarf að fjölga dagvistarheimilum sem veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. En hver á að borga? Þeir sem hafa hagsmuna að gæta. Og hverjir eru það? Fyrsta ber að nefna foreldrana því augljóslega hlýtur það að vera þeirra hagur að börn þeirra fái gott uppeldi. Afar og ömmur? Á sama hátt hlýtur það að vera þeirra hagur að afkomendurnir hljóti gott uppeldi. Aðrir nákomnir? Það þarf ekki að staldra sérstaklega við að rökstyðja það. Börnin sjálf? Vissulega, því með góðu, markvissu uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir skyldi maður ætla að átt sé við uppeldi sem nýtist barninu til farsæls lífs í flóknu samfélagi manna. En þau eru ekki borgunarmenn í dag en verða það væntanlega síðar. Atvinnurekendur? Eiga þeir hagsmuna að gæta? Já. Bæði beint og óbeint. Foreldrarnir eru væntanlega betri starfsmenn þegar þeir vita af börnum sínum í öruggri og góðri umsjá. Það kemur

sér væntanlega vel fyrir atvinnureksturinn í landinu í framtíðinni að landið byggi vel kostum prýtt fólk, því lengi býr að fyrstu gerð.

Ég vil geta þess að hér á ég ekki við að uppeldi barna skuli miðast við að þau verði vinnudýr í atvinnurekstri framtíðarinnar, enda verður ekki séð í dag hvernig hann muni þróast. Til þess að börnin megi nýtast sér og þjóðfélaginu sem best í framtíðinni hlýtur uppeldið m.a. að miða að því að gera þau sem sjálfstæðust.

En hvað varðar fólk um uppeldi annarra manna krakka og þá sérstaklega: Hvað í ósköpunum kemur það barnlausu fólki við hvernig börn eru?

Það eru margvísleg verðmæti sem ná út fyrir okkar eigin persónu sem við deilum með okkur. Engum eða nánast engum er alveg sama um hvernig mannlíf og menning verður hér í þessi samfélagi í framtíðinni, jafnvel þótt við sjálf verðum komin undir græna torfu. Við viljum að fólkið í landinu búi við almenna farsæld og komi vel fram hvert við annað. Við viljum að í landinu ríki réttlæti. Sumum er það mikið kappsmál að skáklíf haldi áfram að blómstra, aðrir láta sig það ekki svo miklu varða. En *við viljum öll, barnlausir sem aðrir, að mannlíf* og menning blómstri með einhverjum hætti og haldi áfram að gera það, líka þegar við erum öll, þótt okkur greini eitthvað á um í hverju það ætti helst að felast og á hvaða hluti beri að leggja mesta áherslu. Eitt er þó ljóst: Almennt skilyrði þess að þjóðfélagið haldist gangandi, svo ekki sé sagt blómstri, er að uppeldismál almennt séu í góðu lagi. Ekki bara hjá sumum heldur sem víðast, því ólag, þó ekki sé nema á fáum stöðum, eitrar út frá sér og getur reynst afdrifaríkt.

Í stuttu máli eru það allra hagsmunir að uppeldi sé almennt gott. Þess vegna er uppeldi ekkert einkamál foreldra og barna þeirra. En þetta breytir þó ekki þeirri almennu reglu að það séu foreldrar sem að jafnaði beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna og beri stærsta kostnaðinn þar af. Það er án efa besti hátturinn enda býður náttúran okkur að hafa hann á. En það er engin sanngirni að ætla þeim alla ábyrgð og allan kostnað.

Uppeldi er í eðli sínu félagslegt mál sem varðar alla í samfélaginu. Hin almenna skylda til að leggja þar eitthvað af mörkum er ekki bara kristileg skylda til að gera góðverk, heldur er uppeldi þess háttar hlutur að hagsmunir allra eru skertir ef illa tekst til og það þjónar sameiginlegum hagsmunum allra að vel takist til. Þess vegna er það samfélagsleg skylda að standa að uppeldi barns.

Þá eru þeir upp taldir sem hafa hagsmuna að gæta í uppeldi barna. Enn er eftir að meta hvernig kostnaðurinn við uppeldið á að skiptast, en með því frv. til l. sem ég mæli hér fyrir gerum við flutningskonur þess tillögu að skiptingu kostnaðarins.

Eins og segir í 1. gr. frv. er markmið þess að bæta verulega og með skjótum hætti úr skorti á dagvistarrými fyrir börn um allt land. Það vita allir sem vilja að verulega skortir á að nægjanlegt framboð á dagvistarrýmum sé hér á landi og hefur svo verið um langt árabil án þess að á því væri tekið af einhverri alvöru. M.a. gerðist það við gerð kjarasamninga ASÍ í október 1980 að ríkisstjórnin greip inn í til að liðka fyrir samningum og lofaði að taka til höndum við uppbyggingu dagvistarheimila og fullnægja þörf fyrir dagvistarþjónustu á næstu tíu árum. Það þarf ekki að orðlengja það að ríkisstjórnin stóð ekki við loforð sem hún gaf verkafólki þessa lands 1980.

Í 2. gr. frv. segir að stofnaður skuli byggingarsjóður dagvistarheimila fyrir börn. Stjórn sjóðsins skuli skipuð þremur mönnum, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, einum frá menntmrn. og einum frá Fóstrufélagi Íslands.

Í greininni er gert ráð fyrir að stofnaður verði einn sjóður fyrir allt landið sem einungis skuli notaður til uppbyggingar dagvistarheimila í landinu. Einnig kveður greinin á um með hvaða hætti stjórn sjóðsins skuli skipuð. Ástæða þykir til að sveitarfélögin og ríkið hafi sinn fulltrúann hvort vegna aðildar þeirra að sjóðnum og þá þykir eðlilegt að í stjórninni sé fóstra enda hafi hún þekkingu á því hvaða kröfur gott dagvistarheimili þarf að uppfylla.

Í 3. gr. frv. er þess getið að byggingarsjóður dagvistarheimila fyrir börn skuli vera í vörslu Sambands ísl. sveitarfélaga og fjár til hans skuli aflað sem hér segir:

„a. Sveitarstjórnir skulu leggja 0,11% álag í fimm ár á aðstöðugjaldsstofn sem renna skal að fullu í sjóðinn. Einnig skal skattstjórinn í Reykjavík leggja 0,11% álag í fimm ár á aðstöðugjaldsstofn þeirra félaga sem greiða landsútsvar og skal það einnig renna að fullu í sjóðinn." – Álag þetta er að meðaltali 2300 kr. á fyrirtæki á mánuði í þessi fimm ár.

„b. Á móti framlagi því sem getið er í a-lið skal greiða úr ríkissjóði jafnháa upphæð í sjóðinn eigi síðar en þremur mánuðum eftir að álagning aðstöðugjalda og álags samkvæmt þessari grein liggur fyrir."

Nefnd sem menntmrh. skipaði árið 1980 til að gera áætlun um þá uppbyggingu dagvistarheimila, sem ríkisstjórnin lofaði við kjarasamninga ASÍ í október 1980, lauk störfum 30. apríl 1982 og byggði hún álit sitt á tveimur mismunandi forsendum fyrir þörf á dagvistarrými.

Eins og fram kemur í grg. með frv. var annars vegar notuð forsenda 1, sem gerði ráð fyrir að 10% barna þriggja til tólf mánaða væru á dagvistarheimili, 25% eins árs barna, 65% barna á aldrinum tveggja til fimm ára og 8% sex til níu ára barna. Hins vegar var notuð forsenda 2, þar sem gert er ráð fyrir að 22% þriggja til tólf mánaða barna væru á dagvistarheimilum, 50% eins árs barna, 80% barna á aldrinum tveggja til fimm ára og 17% sex til níu ára barna.

Skipting dagvistarstofnana var einnig metin af nefndinni og miðuð við tvær forsendur: Forsendu A, *þar sem gert er ráð fyrir að 30% barna verði á* dagheimili lengur en 5 stundir á dag en 70% í leikskóla 5 stundir á dag, og forsendu B, þar sem

skiptingin er áætluð 45% á dagheimili og 55% í leikskóla.

Útreikningar vegna 0–5 ára aldurshóps voru annars vegar gerðir samkvæmt forsendum 1 og A, hins vegar samkvæmt 2 og B og gefa því áætluð ystu mörk þarfarinnar á þessum tíma. Fyrir börn á aldrinum sex til níu ára var þörfin reiknuð samkvæmt forsendu 1 og forsendu 2.

Áætlað var að ríkið þyrfti að greiða 50 millj. kr. í tíu ár miðað við byggingarvísitölu 909 stig til að uppfylla þörf samkvæmt forsendum 2 og B. Hins vegar var talið að árlegt framlag ríkisins í tíu ár samkvæmt forsendum 1 og A þyrfti að vera 30 millj. kr. við sömu vísitölu. Á vísitölu í febrúar 1988 samsvara þessar tölur 280 millj. kr. og 168 millj. kr. Heildarframlag ríkisins til uppbyggingar dagvistarþjónustu hefði því þurft að vera á bilinu 1680 millj. kr. til 2800 millj. kr. Ástæða er til þess að ætla að forsendur 2 og B falli betur að þörfinni eins og hún hefur þróast síðastliðin ár. Því eru þær lagðar hér til grundvallar.

Framlag ríkisins til byggingar dagvistarheimila á árunum 1980–1987 var samkvæmt tölum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun samtals 501 722 000 kr. Sveitarfélögin hafa verið ívið duglegri að leggja fé til þessa máls og samkvæmt upplýsingum frá menntmrn. var skuld ríkisins við sveitarfélögin sl. áramót vegna þessa samtals 207 millj. kr. sem þýðir að framlag sveitarfélaganna til þessa máls frá því 1980 hefur verið u.þ.b. 707 millj. Þannig vantar 5600 millj. að frádregnum 1207 millj. eða 4393 millj. til uppbyggingar dagvistarheimila í landinu, ef miðað er við byggingarvísitölu í febrúar 1988. Gert er ráð fyrir í frv. að í byggingarsjóð dagvistarheimila fyrir börn safnist tveir þriðju hlutar þessa fjár í fimm ár.

Helmings þeirrar fjárhæðar, eða 1465 millj. kr. sem er 293 millj. kr. á ári, verði aflað samkvæmt a-lið greinarinnar með álagi á aðstöðugjaldsstofn þeirra einstaklinga og lögaðila sem greiða aðstöðugjald og á aðstöðugjaldsstofn hjá þeim félögum sem greiða landsútsvör. Samanlagður stofn þessi var við álagningu aðstöðugjalda og landsútsvars í júlí 1987 u.þ.b. 260 milljarðar kr. miðað við byggingarvísitölu í febrúar 1988. Því er gert ráð fyrir 0,11% álagi á stofninn. Úr ríkissjóði komi síðan jafnhá upphæð eða u.þ.b. 293 millj. kr. á ári í fimm ár. Samtals færi í sjóðinn, ef miðað er við byggingarvísitölu í febrúar 1988, nálægt 3 milljörðum á þessu tímabili.

Í 4. gr. frv. segir að sveitarstjórnir skuli sækja formlega um framlag úr byggingarsjóði dagvistarheimila fyrir börn til stjórnar sjóðsins. Í umsókninni skuli koma fram gerð og stærð fyrirhugaðs dagvistarheimilis, fyrir hvaða aldurshóp það á að vera, hvort reisa eða kaupa á dagheimili, leikskóla, skóladagheimili eða annað, mat sveitarstjórnar á þörf fyrir slíkt dagvistarheimili og annað það sem nauðsynlegt er til að stjórnin geti tekið afstöðu til úthlutunar.

Byggingarsjóði dagvistarheimila fyrir börn er ekki einungis ætlað að veita fé til nýbyggingar dagvistarheimila heldur einnig til kaupa á eldra húsnæði og nauðsynlegra breytinga á því.

Í 5. gr. frv. kemur fram að úr byggingarsjóði dagvistarheimila á að úthluta tveimur þriðju hlutum áætlaðs kostnaðar við uppbyggingu dagvistarheimilis og miða á við að úthlutun komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin beri þriðjung kostnaðar við uppbyggingu dagvistarheimila hvort sem um nýbyggingu eða kaup á eldra húsnæði er að ræða, sbr. samt skerðingarákvæði 6. gr.

Í 6. gr. frv. kemur fram að telji stjórn sjóðsins að ekki sé gætt hagkvæmni í hönnun og byggingu dagvistarheimilis er henni heimilt að hafna umsókn eða skerða hana, enda skal miða við eðlilegan kostnað hverju sinni að uppfylltum fullnægjandi aðbúnaði. Ef fyrirhugað dagvistarheimili uppfyllir ekki þau skilyrði sem stjórn sjóðsins þykir eðlilegt að setja er henni heimilt að hafna umsókn.

Í 7. gr. frv. er forgangur sveitarfélaga til úthlutunar skilgreindur, en miða skal við fjölda barna á þau dagvistarrými sem fyrir eru. Það sveitarfélag þar sem flest börn eru um hvert dagvistarrými skal að öllu jöfnu ganga fyrir við úthlutun úr sjóðnum.

Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að menntmrh. setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdir þar sem m.a. skuli vera ákvæði um meðferð sjóðsins, ávöxtun hans og hvar hann skuli geymdur.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir að ef frv. þetta verði að lögum muni þau koma til framkvæmda við álagningu skatta nú í ár vegna tekna og gjalda sl. árs.

Frv. tekur einungis til uppbyggingar dagvistarheimila en ekki reksturs þeirra sem vissulega er mjög stór þáttur í kostnaðinum. Eins og málum er komið í dag greiða foreldrar u.þ.b. ⅓ af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, en sveitarfélagið það sem á vantar. Vel má hugsa sér önnur form á þessu þar sem foreldrar greiddu misháa upphæð eftir tekjum þeirra. Ríkið kæmi inn í með einhverjum hætti, t.d. eins og hv. varaþm. Alþb. í Reykjavík, Ásmundur Stefánsson, lagði til að gert væri í frv. hans til laga á þskj. 110 fyrr á þessu þingi. En hvernig sem þeim greiðslum væri komið í skiptingu milli þessara aðila eða e.t.v. fleiri er borðleggjandi að það þarf aukið fé til reksturs dagvistarheimila, þá sérstaklega til að hækka laun fóstra og annarra sem starfa á þeim, en laun þeirra eru til háborinnar skammar fyrir alla þá sem að þeim standa og enn ein vísbending um að „stjórnmálamenn" hafa ekki áttað sig á því hver kjarni stjórnmálanna er.

Það er efnahagsleg skammsýni að átta sig ekki á því að þörf er á skjótu átaki í dagvistarmálum. Efnahagsráðstafanir þær sem taka mikinn tíma þm. hér á hinu háa Alþingi eru iðulega skammtímaráðstafanir eða skyndibjörgun. Átak í uppbyggingu dagvistarheimila er hins vegar efnahagsstefna fyrir framtíðina því ef ekki verður gripið inn í og fólki veittur sá valkostur að eiga börn og vænta þess að þau geti fengið sæmandi uppeldi hjá þeim og

samfélaginu stefnir í óefni.

Verulega hefur fækkað barnsfæðingum hér á landi undanfarna áratugi. Á árabilinu 1950–1965 voru að meðatali 3,6 börn í hverri fjölskyldu, en nú eru þau að meðaltali 1,7 sem er undir viðhaldsmörkum og ef börnum fer ekki fjölgandi í fjölskyldum verða árgangarnir sem fæðast eftir 40 ár helmingi fámennari en þeir sem nú eru að stíga sín fyrstu skref. Lífaldur fólks fer sífellt vaxandi, en starfsaldur þess ekki að sama skapi. Þannig fjölgar þeim stöðugt sem þurfa umönnunar við á meðan vinnufærum fækkar. Eftir um það bil 40 ár lætur nærri að fólk á besta vinnualdri verði um það bil helmingi færra en það sem komið er vel yfir miðjan aldur sem þýðir meira en tvöfalt álag á sérhvern vinnufæran og þá hræðist ég að menningu okkar og efnahagslífi muni vera hætta búin.

Forsaga þessa frv. er tillaga sem borgarfulltrúar minni hlutans í Reykjavík báru sameiginlega fram í borgarstjórn Reykjavíkur sl. haust og allir sameinuðust um að kalla stefnumarkandi í dagvistarmálum. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarstjórn samþykkir að beita sér fyrir sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga og atvinnurekenda sem hafi það að markmiði að leysa þá þörf sem nú er fyrir dagvistarrými á næstu þremur árum. Hvað Reykjavík varðar verði átakið við það miðað að koma upp 42 nýjum dagvistardeildum og 30 nýjum leikskóladeildum með möguleika á allt að sex tíma vistun í hverjum. Stofnkostnaður þessara nýju heimila verði greiddur til jafns af Reykjavíkurborg, ríkinu og atvinnurekendum í borginni þannig að hver um sig greiði þriðjung. Til þess að þetta geti náð fram að ganga þurfi sveitarstjórnir að fá lagaheimild til þess að leggja 5–10% álag á aðstöðugjöld í þrjú ár. Jafnframt samþykkir borgarstjórn að taka gjaldskrá dagvistarheimila til endurskoðunar þannig að lágmarksgjald verði áfram óbreytt, en fari stighækkandi í samræmi við tekjur foreldra. Breyting á gjaldskránni taki gildi á næsta ári. Samþykki borgarstjórn að kjósa fimm manna nefnd til að vinna að þessum verkefnum."

Í minni hluta í borgarstjórn Reykjavíkur eru Kvennalisti, Alþfl., Alþb. og Framsfl. Ég geri ráð fyrir að allir nefndir flokkar hafi sömu stefnu og hugsjónir að standa að í borgarmálum sem landsmálum. Því geri ég mér vonir um góðar undirtektir við frv. þetta á hinu háa Alþingi og lít raunar á það sem formsatriði að leggja það hér fram. Slíkur er meiri hluti þessara flokka hér.

Hugsast getur að einhver sjái ekki hvar skuli taka þá peninga sem þarf til verksins. Þeim vil ég benda á að það eru ætíð til peningar til þeirra verka sem sameinast er um að takast á við. Dæmin eru ótal mörg. Flugstöð Leifs Eiríkssonar er nýlegt dæmi. Einnig heyrði ég ekki betur en hæstv. menntmrh. hafi, með leyfi forseta, blásið á þá miklu kostnaðaraukningu sem var við byggingu og frágang Listasafns Íslands við opnun þess á dögunum. Hvet ég hv. þm. á sama hátt til að blása á þann kostnað sem uppbygging dagvistarheimila hefur í för með sér því hér er á ferðinni mikið hagsmunamál fyrir okkur öll, þingkonur, þingmenn sem og aðra landsmenn. Með því að blása á kostnaðinn sýnum við ekki ábyrgðarleysi heldur ábyrgð því að þannig setjum við þetta verkefni fremst í forgangsröðina.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Síldarverksmiðjur ríkisins, 1. umr.

Frv. SvS o.fl., 282. mál (heimild til framkvæmda). — Þskj. 582.

Flm. (Sverrir Sveinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um Síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 1 frá 5. jan. 1938, svohljóðandi:

„1. gr. Fyrri mgr. 6. gr. laganna falli brott.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. með frv. segir að á þeim tíma sem lög þessi voru sett hafi sjálfsagt verið full þörf fyrir þessa grein laganna, enda voru Síldarverksmiðjur ríkisins stóriðja þess tíma og nánast einráðar í vinnslu fiskimjöls og lýsis í landinu.

Nú, réttum 50 árum seinna, stingur þessi lagagrein mjög í stúf við almennt viðskiptaviðhorf manna til reksturs fyrirtækis sem er í harðri samkeppni við innlend og erlend fyrirtæki á sama sviði og brýtur í bága við þá almennu skoðun að Alþingi Íslendinga skuli fara með löggjafarvaldið en ekki framkvæmdarvaldið, jafnvel þó að 6. gr. laganna verði felld niður, en þar segir:

„Verksmiðjustjórninni er óheimilt án samþykkis Alþingis að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja sem fyrir eru."

Seinni mgr. laganna mundi hins vegar standa, en þar segir:

„Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykktar ráðherra og leggja fyrir hann ítarlega grg. og kostnaðaráætlun."

Tel ég að Alþingi hafi þó framkvæmdarvaldið í höndum sér eftir sem áður þar sem Alþingi kýs fimm af sjö stjórnarmönnum fyrirtækisins. Verksmiðjurnar heyra eins og kunnugt er undir sjútvrh.

Eins og mönnum er kunnugt er fiskimjölsiðnaðurinn mjög sveiflukenndur er varðar afla og markaðs-

verð afurðanna og til þess að rekstur fyrirtækja á þessu sviði verði farsæll eru skjótar ákvarðanir nauðsynlegar og nánast ókleift að reka slík fyrirtæki ef bíða þarf ákvarðana Alþingis um uppbyggingu og endurbætur verksmiðjanna. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum, það hlýtur öllum að vera augljóst.

Þó að þessari grein laganna um Síldarverksmiðjur ríkisins verði breytt eða hún felld niður nú þyrfti hið fyrsta að semja ný lög fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins þar sem lögin í heild eru löngu orðin úrelt, ekki síður en umrædd 6. gr. laganna. Nú hefur hæstv. viðskrh. hafið endurskoðun á ýmsum úreltum lögum er varða hans ráðuneyti og flutt frv. um brottfall ýmissa laga sem ekki hafa gildi lengur nema sögulegt. Hygg ég að fleiri hæstv. ráðherrar mættu huga að slíku í sínum málaflokkum. Sýnist mér að hæstv. sjútvrh. megi láta endurskoða lög um Síldarverksmiðjur ríkisins þannig að þau samrýmist betur þeim starfsháttum og starfsemi sem eðlilegt er að verksmiðjurnar hafi.

Óskar Halldórsson útgerðarmaður hreyfði fyrstur hugmyndinni um að Íslendingar byggðu Síldarverksmiðjur ríkisins. Fékk hann til liðs við sig Magnús Kristjánsson, síðar ráðherra, sem flutti þáltill. á Alþingi árið 1927 um að rannsókn færi fram á því að byggja fullkomna síldarbræðslu á hentugum stað á Norðurlandi. Tillagan náði einróma samþykki og var Jóni Þorlákssyni falin rannsóknin. Að henni lokinni báru þeir Erlingur Friðjónsson og Ingvar Pálmason fram frv. á Alþingi um stofnun síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi. Frv. náði samþykki og notaði Tryggvi Þórhallsson atvinnumálaráðherra heimild Alþingis til að reisa fyrstu síldarverksmiðjuna 1929–1930 á Siglufirði. Forstöðumaður byggingarinnar var Guðmundur Hlíðdal verkfræðingur. Fyrsta verksmiðja SR tók á móti fyrstu síldinni 19. júlí 1930 og er þá talið að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi hafið starfsemi sína.

Frá þeim tíma að Síldarverksmiðjur ríkisins hófu starfsemi sína á Siglufirði hafa verksmiðjurnar verið einn stærsti atvinnurekandinn á staðnum. Sveiflur í síldveiðum höfðu því ætíð veruleg áhrif á fjárhag bæjarins ekki síður en þjóðarbúsins þar sem síldveiðar og vinnsla voru einn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar um árabil. Síldarbræðslur sem fyrirtækið rak urðu alls sex á Norður- og Austurlandi og auk þess komu þær upp hraðfrystihúsi á Siglufirði sem þær ráku um tíma eða þar til fyrirtækið Þormóður rammi hf. var stofnað af ríkissjóði, Siglufjarðarbæ og einstaklingum sem yfirtóku þennan rekstur.

Síldarverksmiðjum ríkisins var falið að reisa verksmiðju til niðurlagningar á síld árið 1961 á grundvelli laga frá árinu 1944. Verksmiðja þessi var rekin af SR til ársins 1971 að ríkissjóður yfirtók verksmiðjuna og stofnaði Lagmetisiðjuna Siglósíld sem starfaði til ársins 1983 að Þormóður rammi hf. yfirtók reksturinn. Á árinu 1984 var þessi verksmiðja seld einstaklingum og hafa þeir síðan rekið í henni umfangsmikla rækjuvinnslu auk framleiðslu á gaffalbitum fyrir Rússlandsmarkað. Því miður hafa þessir einstaklingar nú orðið að selja frá verksmiðjunni tækjabúnað til framleiðslu á gaffalbitum og fækkar því þeim atvinnutækifærum á Siglufirði.

Ég hef e.t.v. gerst heldur langorður um þá breytingu sem ég legg til að verði gerð á lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins, en þar sem á hinu háa Alþingi sitja margir nýir þm. sem á eftir kunna að fjalla um þetta mál í nefndum finnst mér nauðsynlegt að ræða það svolítið ítarlegar hvernig starfsemi þessa fyrirtækis hefur verið að miklu leyti undirstaða atvinnulífs í Siglufirði síðan um 1930 eða nær 60 ára tímabil. Ég vil því einnig glöggva þá á hlutverki SR-46 á Siglufirði.

Eftir að hlutverk verksmiðjanna breyttist úr síldarbræðslu í loðnubræðslu hefur SR-46 á Siglufirði verið breytt í stærstu og fullkomnustu loðnuverksmiðju landsins sem afkastar um 1200–1400 tonna bræðslu á sólarhring og hefur um 15 þús. tonna geymslurými. Eins og nú háttar eru loðnuveiðar háðar takmörkunum og skipunum er úthlutað aflakvóta. Ég tel að stjórn þeirra veiða hafi tekist vel í samvinnu við Norðmenn sem hagsmuna eiga að gæta við nýtingu loðnustofnsins. Skipunum sem úthlutað er aflakvóta fylgja hins vegar engar kvaðir eða tímasetningar um veiðar. M.ö.o. fara ekki saman hagsmunir veiða og vinnslu þannig að heildarhagsmuna sé gætt. Verksmiðjurnar verða oft að gera fyrirframsamninga um sölu á loðnumjöli og lýsi sem byggist á væntanlegum veiðum og vinnslu.

T.d. þegar haustvertíðin 1987 fór af stað voru mörg loðnuskipanna að úthafsrækjuveiðum vegna hugmynda um kvótasetningu á þær veiðar. Tapaðist þá e.t.v. dýrmætur tími frá veiðum þegar loðnan var fitumest og gat gefið mest afurðaverð. Á móti kom að loðnan virtist erfið til veiða á þessum tíma og hagaði sér einkennilega, var dreifð og illa veiðanleg þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir hverju þetta skipti. Engu að síður vek ég athygli á þessu atriði sem tengist því máli sem ég vík nú að.

Það er mín skoðun að eftir að ljóst er að sífellt fleiri skip tengjast loðnuverksmiðjunum hagsmunasamböndum þá sé eðlilegt að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi og reki loðnuskip sem afli hráefnis til verksmiðjanna svo tryggð verði betri nýting verksmiðjanna um landið. Vek ég athygli á því að bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkti á síðasta kjörtímabili áskorun á þm. kjördæmisins að hlutast til um að lögunum um Síldarverksmiðjur ríkisins yrði breytt svo að stjórn verksmiðjanna gæti tekið þátt í þeirri samkeppni sem nú fer fram um þennan rekstur. Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika í því, bæði í samvinnu við starfandi útgerðarfyrirtæki á stöðunum þar sem verksmiðjur SR starfa eða þær eigi sín eigin skip ein og sér. Að sjálfsögðu er mér kunnugt um þau sjónarmið sem ýmsir hv. þm. hafa til afskipta ríkisins af atvinnulífinu og rekstrarforma þess og sömuleiðis er mér kunnugt um að einstaka þm. trúa því að atvinnulífinu sé best komið fyrir í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Ég er einnig

þeirrar skoðunar að slíkt eigi við í fjölmörgum fyrirtækjum og rekstri. Hins vegar bið ég hv. þm., þegar þeir koma til með að fjalla um þetta mál, að líta á það með þeirri sanngirni að sanngjarnt er að fyrirtæki, sem eru vissulega í samkeppni á þessu sviði, búi við sem jöfnust rekstrarskilyrði.

Við framsóknarmenn höfum ályktað margoft að í atvinnulífinu teljum við að nýta beri frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja þeirra. Því viljum við standa að málum þannig að frumkvæði einstaklinga sé metið og þeir studdir til dáða til athafna fyrir land og þjóð. En þegar fyrirtæki eru orðin af þeirri stærð að þau eru ofvaxin einstaklingum viljum við að sveitarfélög og ríkið komi til. Þetta er öllum ljóst og ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum um. Áhrif staðsetningar stórfyrirtækja á borð við síldarbræðslur var á sínum tíma e.t.v. sambærilegt við staðsetningu stórra fyrirtækja nú, svo sem álversins við Hafnarfjörð, Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi, járnblendið við Grundartanga eða verksmiðju Sambandsins á Akureyri svo að dæmi séu tekin. Fyrirtæki þessi styrkja atvinnulíf þessara staða og hafa verið og eru undirstaða margháttaðrar þjónustu sem af staðsetningunni leiðir.

Á þetta vil ég benda, herra forseti, m.a. vegna þess að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir um efnahagsstefnu að örva þurfi hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar og að bæta lífskjör, tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd, sem stöðugast verðlag og fulla atvinnu. Ég hygg að þessi markmið náist m.a. með því að nýta þá þekkingu og reynslu sem til staðar er og örva það frumkvæði sem kann að leynast í þeim fyrirtækjum sem ríkið sjálft á og eru í rekstri. Og þótt í II. kafla starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar segi að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnstur segir líka að markmið atvinnustefnunnar sé að búa atvinnulífinu sem best vaxtarskilyrði og að allar atvinnugreinar njóti sem jafnastra starfsskilyrða. Á þetta vil ég sérstaklega benda því að þó menn greini oft á um árangur í rekstri fyrirtækja og ekki síst þeirra sem ríkið á og rekur sjálft, sem eðlilegt er, er óverjandi að dæma slíkan rekstur ef ytri rekstrarskilyrði eru ekki jöfn.

Ég fer þá, herra forseti, að ljúka máli mínu. Ég hef talað hér fyrir máli sem er ekki stórt en er flutt til þess að jafna aðstöðu þeirra fyrirtækja sem eru í sambærilegum rekstri. Það er flutt af mér sem varamanni Páls Péturssonar, 1. þm. Norðurl. v., en með vitund hans. Meðflm. að þessu frv. eru hv. þm. Pálmi Jónsson, Ragnar Arnalds og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Auk þess var Stefán Guðmundsson sammála um að þetta frv. yrði flutt, en hann situr eins og kunnugt er í Ed. þingsins.

Ég vona að þetta mál fái umfjöllun eins og eðlilegt er og að á málið verði litið með þeirri sanngirni og velvilja sem samrýmist þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til sjútvn. Nd. þingsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 263. mál (ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga). — Þskj. 562.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt af vinnuþoli hv. þm. Það er nú aðeins liðinn rúmur klukkutími af þingfundinum og orðið heldur þunnskipað hér. Mér þætti vænt um ef forseti vildi láta gera hæstv. heilbrmrh. viðvart.

263. málið er á þskj. 562 og er frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Ásamt mér flytja þetta mál hv. þingkonur Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Þetta mál á sér nokkra forsögu. Þannig var að góð vinkona okkar varð fyrir þeirri reynslu fyrir ári og nokkrum mánuðum betur að barnið hennar veiktist alvarlega og varð að liggja lengi og vera til læknismeðferðar á Landspítalanum, raunar svo mánuðum skipti. Þetta hafði í för með sér mikla röskun á högum allrar fjölskyldunnar, vinnutap foreldra og raunar allnokkurn launamissi. Í þessu tilfelli þurfti hins vegar ekki að koma til aðskilnaður fjölskyldu þar sem hún býr hér á höfuðborgarsvæðinu, en um alllangt skeið mátti þó heita að móðirin byggi á Landspítalanum. Öll þessi röskun bættist við þá tilfinningalegu áraun sem alvarleg veikindi eru ævinlega, ekki aðeins fyrir viðkomandi sjúkling heldur einnig og oft ekkert síður fyrir hans nánustu. Öllu þessu fékk þessi fjölskylda að kynnast, en hún vinkona okkar fékk líka að kynnast því hversu miklu erfiðari aðstæður sumra annarra geta orðið sem sækja þurfa nauðsynlega læknisþjónustu um langan veg.

Hún kynntist mæðrum sjúkra barna af landsbyggðinni sem sumar höfðu ekki séð eiginmann og systkini sjúka barnsins vikum saman og ekki notið þess styrks sem venslafólk getur veitt hvert öðru í slíkum tilvikum. Hún kynntist foreldrum sem höfðu orðið að flytjast búferlum vegna veikinda barns síns, fólki sem hafði mátt þola ótrúlega erfiðleika og fjárhagsáhyggjur ofan á allt það tilfinningalega rót sem veikindin sköpuðu, og margir voru hreinlega við það að brotna undan þessu álagi.

Reynsla vinkonu okkar varð til þess að við kvennalistakonur sáum að við svo búið mátti ekki

standa, ástandið væri ekki til sóma fyrir okkar samfélag. Fyrsta skrefið var að ég beindi fsp. til páv. hæstv. heilbrmrh. um hvernig háttað væri aðstoð við foreldra veikra barna á landsbyggðinni, sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum vegna læknismeðferðar, og hvort foreldrar fengju greiddan ferðakostnað, hvernig þeim greiðslum væri háttað og í þriðja lagi hvort foreldrar hefðu í eitthvert hús að venda meðan á meðferð stæði. Fsp. var svarað í Sþ. 27. jan. 1987 og svörin leiddu í ljós, sem við raunar vissum, að aðstoð var af mjög skornum skammti og engin sérstök áform úrbætur.

Þegar við upphaflega hreyfðum þessu máli höfðum við fyrst og fremst í huga aðstæður vegna veikra barna, en þrátt fyrir nokkra sérstöðu slíkra tilfella er ljóst að þessi vandi er einnig fyrir hendi þegar um veikindi annarra náinna skyldmenna er að ræða. Að fsp. svaraðri varð niðurstaða okkar sú að þennan vanda yrði að lina með tvennum hætti. Annars vegar yrði að leysa tilfinnanlegan húsnæðisvanda fólks, sem dvelja þarf fjarri heimilum sínum vegna læknismeðferðar, og í langflestum tilfellum að sjálfsögðu hér í Reykjavík, svo að fólk þurfi a.m.k. ekki að vera þjakað af húsnæðisáhyggjum og tilheyrandi kostnaði þess vegna til viðbótar við alla aðra erfiðleika. Til þess þarf að okkar dómi engin lög, aðeins vilja, samvinnu og framkvæmdir og lögðum við kvennalistakonur fram tillögu um það skömmu eftir fyrrnefnda umræðu í Sþ. í janúar í fyrra. Sú tillaga varð reyndar ekki útrædd, en við flytjum hana aftur nú á þskj. 563 og mun ég ræða hana frekar einhvern næstu daga.

Hins vegar þótti okkur svo einboðið að tryggingakerfið yrði á einhvern hátt að koma til móts við fólk vegna þátttöku í kostnaði vegna alvarlegra veikinda þar sem sækja þarf meðferð í annað byggðarlag, kostnað vegna ferðalaga og uppihalds, svo og að bæta að einhverju marki þann launamissi sem fólk að einhverju leyti verður fyrir og getur orðið mjög tilfinnanlegur.

Það er oft svo, eins og hv. þm. þekkja vafalaust, að sjúklingar þurfa að leita læknismeðferðar til útlanda og þá gilda ákveðnar reglur um greiðslu fargjalds og uppihaldskostnaðar fylgdarmanns. Með fylgdarmanni er þá átt við lækni eða hjúkrunarkonu eða annan fylgdarmann ef brýn nauðsyn þykir til, eins og það er orðað í reglunum, en ég held að reynslan sé sú að þetta sé tiltölulega rúmt. Miklu strangari reglur gilda um kostnað vegna læknismeðferðar innan lands þótt oft sé um sambærileg tilvik að ræða.

Skv. j-lið 43. gr. laga um almannatryggingar skal greiða eins og þar segir, með leyfi forseta: „óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni með eða án innlagningar."

Samkvæmt reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands nr. 70/1982 eru einungis greidd fargjöld fyrir sjúklinga og réttur til greiðslu þeirra mjög takmarkaður. Fargjald fylgdarmanns telst því aðeins ferðakostnaður að sjúklingurinn sé tólf ára eða yngri eða ósjálfbjarga. Ég held að það hljóti allir að sjá að þetta er allsendis ófullnægjandi aðstoð og geta menn nú rétt aðeins reynt að setja sig í spor foreldra 13, 14, 15 ára barna eða jafnvel eldri, hvort þeir mundu treysta sér til þess að senda þau fylgdarlaust um langan veg til þess að gangast undir læknismeðferð. Það er því engin spurning um að þessar reglur þarf að endurskoða hið fyrsta.

Engin heimild er í lögum eða reglugerð til að greiða uppihaldskostnað í þeim tilvikum þegar sjúklingur og fylgdarmaður hans þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimili vegna læknismeðferðar sem ekki er hægt að veita í heimabyggð og hér á ég að sjálfsögðu enn við þær reglur sem gilda varðandi læknismeðferð sem er unnt að veita innanlands. Það er því skoðun okkar, sem flytjum þetta frv. á þskj. 562, að samfélagið komi alls ekki nægilega til liðs við sjúklinga og aðstandendur þeirra í tilvikum sem þessum. Það er nógu þungbært, herra forseti, þegar alvarleg veikindi ber að höndum þótt ekki bætist við amstur og fjárhagsáhyggjur. Margir leggja á sig ferðalög og langar fjarvistir frá heimili og mega þola vinnutap og launamissi ofan á allt annað.

Sumir geta reitt sig á velvild ættingja eða vina um húsaskjól, en aðrir þurfa að gista hótel eða leigja fyrir stórfé. Þann vanda teljum við kvennalistakonur að samfélaginu beri að leysa með því að hafa ráð á húsnæði til leigu gegn hóflegu gjaldi fyrir aðstandendur sjúklinga, sbr. till. okkar til þál. á þskj. 563. Hins vegar þarf að tryggja með lögum aukinn rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til þátttöku almannatrygginga í fargjaldi og dvalarkostnaði þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega meðferð í heimabyggð og enn fremur að tryggja rétt til dagpeninga ef veikindi náinna ættingja valda vinnu- og launatapi. Tillögur okkar í þessu efni liggja fyrir í frv. því til laga sem hér er nú til umræðu og er rétt að taka fram að við samningu þess nutum við faglegrar ráðgjafar Guðnýjar Björnsdóttur hdl., en hún hefur einmitt reynslu af umfjöllun tryggingamála og því var sú ráðgjöf okkur mikils virði og tryggir að okkar dómi að hér er um faglega vinnu að ræða og væntanlega hnökralausa.

Frvgr. eru þrjár og mun ég nú kynna þær og skýra nánar. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirtaldar breytingar verði á 43. gr. laganna:

a. J-liður 1. mgr. orðist svo: Fargjöld fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar og fargjöld fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.

b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er verði k-liður og orðist svo: Ferðastyrki til uppihaldskostnaðar sjúklings og fylgdarmanns samkvæmt j-lið ef dvelja þarf 30 daga eða lengur á tólf mánaða tímabili utan heimabyggðar. Skilyrði er að ekki sé hægt að veita sjúklingi nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Ferðastyrkur til sjúklings miðast við dvöl hans utan

sjúkrahúss. Þegar ferðastyrkur er greiddur greiðast jafnframt fargjöld án tillits til þess hvort um ítrekaðar ferðir er að ræða.

c. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo: Tryggingaráð setur reglur um greiðslu fargjalda og ferðastyrkja samkvæmt j- og k-liðum 1. mgr. sem ráðherra staðfestir.“

Hér er um það að ræða, herra forseti, að það er gerð tillaga um að það sé kveðið skýrar á um það í hvaða tilvikum skuli greiða ferðakostnað en gert er í gildandi lögum og er sérstaklega ætlað að tryggja aukinn rétt þeirra sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna nauðsynlegrar dvalar utan heimabyggðar, bæði sjúklinga og aðstandenda. Ég hygg að þetta þarfnist ekki frekari skýringa við þessa umræðu, en er vitaskuld reiðubúin til þess að svara spurningum hv. þm. ef þeir hafa einhverjar.

2. gr. hljóðar svo:

„Við 45. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:

Greiða má sjúkradagpeninga ef samlagsmaður neyðist til að leggja niður vinnu og missir launatekjur vegna alvarlegra og langvarandi veikinda barns hans, maka eða foreldris.“

Um þessa grein er það að segja að hér er gerð tillaga um nýtt heimildarákvæði í 45. gr. sem fjallar um greiðslu sjúkradagpeninga og að í þeirri heimild felist að bætt verði að nokkru fjárhagslegt tap vegna veikinda aðstandenda. Gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði einungis beitt vegna alvarlegra og langvarandi veikinda nákominna ættingja og maka.

3. gr. er svo um gildistöku laganna og þarfnast ekki skýringa.

Ég vildi svo aðeins að lokum segja, herra forseti, að hljóti þetta frv. samþykki, svo og tillaga okkar á þskj. 563, fengist mikilvæg leiðrétting á aðstöðumun landsmanna eftir búsetu. Og vegna orða hæstv. ráðherra áðan varðandi það þingmál sem var hér fyrst til umræðu þá er vissulega gott og þarft að verið er að endurskoða tryggingalöggjöfina í heild sinni og ég vænti að þetta sé innlegg í þá endurskoðun. En ég er ekki tilbúin að fallast á að þetta mál geti beðið eftir því að þeirri endurskoðun og frágangi þeirra tillagna verði að fullu lokið. Því vonast ég til þess að þetta mál fái verðuga umfjöllun og afgreiðslu frá nefnd hið fyrsta. Og að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þrátt fyrir lokaorð hv. frsm. þessa frv. sem hér er til umræðu þá langar mig enn til að vísa til þess sem ég sagði hér áðan í umræðu um annað dagskrármálið sem einnig er frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar á þskj. 552. Ég ítreka það sem ég sagði þá að ýmis þau mál sem hv. þm. sjá ástæðu til að flytja hér inn í Alþingi eru misjafnlega áríðandi og misjafnlega brýn. Öll eru þau sjálfsagt á þann veg að flestir gætu verið sammála um að æskilegt væri að koma þeim fram og helst sem fyrst. En ég held þó að við verðum að reyna að hafa nokkra heildaryfirsýn yfir þessar breytingar allar, hvert við viljum beina áherslum almannatryggingakerfisins og hvaða áherslur við viljum setja í forgang. Það er auðvitað hlutverk Alþingis að gera það og ég ætla ekki að draga neitt úr því. Þess vegna hlýtur það að vera í valdi Alþingis hvernig þessum málum reiðir af og hversu brýn hv. alþm. telja þessi verkefni sem öll eru auðvitað mikilvæg hvert á sinn hátt og snerta einstaklinga misjafnlega. En auðvitað finnst hverjum og einum það málið sem á honum brennur vera heitast.

Ég hef nýlega fengið athugasemdir eða fsp. frá fólki sem einmitt varð mjög fyrir barðinu á þeim reglum sem gilda um ferðakostnaðargreiðslur fyrir sjúklinga og eins og ég greindi frá í umræðum fyrr í dag, þá hef ég vísað því eins og ýmsu öðru til þeirrar endurskoðunarnefndar sem nú er að fjalla um almannatryggingalöggjöfina. Ég ítreka það sem ég sagði þá að ég hef valið þann kost frekar en að vera að flytja hér inn í þingið einstakar breytingar þó svo að sjálfsagt megi segja að þær séu mikilvægar og brýnar.

Af því að frsm., hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, nefndi hér mál sem hún ásamt fleiri hv. þm. flytur á þskj. 563, sem er till. til þál. um að fela heilbrrh. að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga, ég ræddi það svolítið hér undir þessum dagskrárlið líka, þá langar mig til að segja frá því að það er einmitt nú þegar verið að skoða það mál sérstaklega og m.a.s. á því stigi að það er verið að horfa í því sambandi á ákveðna fasteign og reynt að huga að því hvort þetta mál sé hægt að leysa. Ég vil segja flm. og hv. þm. öðrum sem áhuga hafa að ég tel líka að hér sé um mjög brýnt mál að ræða og þetta sé mál sem ekki þarf að tengjast neinni endurskoðun á almannatryggingalöggjöf og hef þess vegna hugsað mér að reyna að leita lausnar á þessu vandamáli. Það á eftir að koma hér til umræðu sérstaklega en ef það skyldi fara svo að ég verði ekki við þá umræðu, þá finnst mér ástæða til að nota þetta tækifæri til að greina frá því hér.

Einnig langar mig að segja frá því að það er nú hugað að breytingum á reglum um dvöl fólks á sjúkrahóteli Rauða kross Íslands. Hingað til hafa aðeins læknar á sjúkrahúsum hér í Reykjavík haft heimild til að vísa fólki þangað inn eða vista fólk á sjúkrahótelinu. En það eru uppi hugmyndir nú um að a.m.k. kanna það hvort ekki sé rétt að breyta svolítið þeim reglum. Það tengist m.a. því að sjúkrahótelið býr nú við betri aðstæður en áður, hefur yfir fleiri rúmum að ráða, og einnig að það færist æ í vöxt að fólk kemur utan af landsbyggðinni til þess að fara í rannsóknir eða sækja heim sérfræðinga án tilvísana, án þess að það fari í gegnum sjúkrahús. Og þá þarf e.t.v. að breyta reglum þannig að þeir sem hér þurfa að dvelja langdvölum — ekki langdvölum reyndar því það er ekki ætlast til þess að menn dvelji mánuðum saman á þessu sjúkrahóteli — en einhvern tíma, einhverja daga, kannski vikur hér til

þess að sækja þjónustu sérfræðinga eða annarra aðila sem vinna fyrir heilbrigðiskerfið, þá sé brýnt og æskilegt að opna möguleika fyrir fólk að njóta þeirrar þjónustu sem Rauði krossinn veitir og auðvitað tryggingakerfið einnig.

En ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar, herra forseti, heldur vísa til þess sem ég hef áður sagt um þetta mál og önnur hliðstæð. Ég hygg þó að það kunni að vera nokkuð flóknara að afgreiða þetta frv. en sum önnur því mér sýnist að hér þurfum við að skoða nokkuð vandlega hvernig að þessum greiðslum og styrkjum yrði staðið ef af verður að breyta þeim reglum sem nú eru uppi. Hér er t.d. talað um það í 2. gr. frv. að greiða sjúkradagpeninga vegna alvarlegra og langvarandi veikinda. Þetta eitt sér t.d. kallar á það að meta það og átta sig á því hvað hér er átt við.

Ég veit það af fenginni reynslu nú þegar þó hún sé ekki löng, af þeirri reynslu sem ég hef nú þegar af samskiptum við Tryggingastofnun og af þeim verkefnum sem það starfsfólk sem þar vinnur þarf við að glíma á degi hverjum, að ekkert í þessum efnum er einfalt og allt slíkt mat veldur oft og tíðum a.m.k. umræðum ef ekki gagnrýni og sitt sýnist hverjum. Þannig að hér er ábyggilega um mál að ræða sem við þurfum að skoða nokkuð vandlega og setja reglur, ef af verður, sem eru eins ljósar og hægt er að hafa þær þannig að við þurfum ekki alltaf að standa í látlausum deilum um það hvað hverjum og einum beri að fá eða njóta af þessu almannatryggingakerfi okkar sem við þó auðvitað viljum að sé þannig uppbyggt að þeir sem þurfa á því að halda fái þá þjónustu sem þeim ber og að það sé ekki neinn vafi á því hvað þetta almannatryggingakerfi á að gera fyrir sjúklinga og fyrir þegna þjóðfélagsins. En því miður er margt óljóst í því efni og stafar að mínu áliti, og ég hygg að fleiri geti verið sammála um það, m.a. af því hvernig við höfum breytt tryggingalöggjöfinni á undanförnum árum án þess að gæta þess heildarsamræmis sem nauðsynlegt er og ég hef gert hér áður að umræðuefni.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. ráðherra fyrir að fara þó nokkrum orðum um þetta mál. Og ekki síður kem ég nú hingað til þess að fagna því að frétta af að verið sé að skoða hitt málið sem ég minntist á og tengist þessu að nokkru. En um það verður fjallað á öðrum þingfundi.

Ég varð hins vegar fyrir svolitlum vonbrigðum með að hæstv. ráðherra skyldi ekki taka líflegar í það að þetta yrði afgreitt áður en heildarendurskoðun tryggingalaganna lýkur. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta mál geti hreinlega beðið. Ég vísa því til hv. þm. sem hér eru inni, sem eru nú að vísu ekki margir, hvort þeim þætti líklegt að þm. sjálfir, t.d. utan af landi, mundu sætta sig við það að þurfa að bíða mánuðum og árum saman eftir einhverri heildarskoðun mála til þess að finna það út hvort bæri og hvernig að greiða þeim þann kostnað, útlagðan kostnað sem þeir hafa af tvöföldu heimilishaldi og ferðalögum fram og aftur vegna starfs sem þeir hafa þó komið sér í með allnokkrum fögnuði en ekki orðið fyrir því örlaganna vegna að þurfa að halda heimili á tveimur stöðum og ferðast fram og til baka og verða fyrir ýmiss konar áraun eins og ég lýsti í framsögu minni hér áðan.

Mér er þetta mjög mikið hjartans mál og kappsmál að þm. skoði þetta vandlega og kynni sér það. Ég mun að sjálfsögðu reyna að vinna að því að það verði afgreitt hér innan þings. En ég veit að hæstv. ráðherra skilur þetta mál ágætlega og treysti því vitanlega að það sé notað sem innlegg í þessa heildarendurskoðun sem hann hefur oft og einatt vísað í. Ég held ekki að þetta sé flóknara að afgreiða en margt annað ef vilji manna stendur til að leysa þetta mjög svo brýna vandamál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 1. umr.

Frv. MB og PJ, 272. mál (sérreikningar framleiðenda o.fl.). — Þskj. 571.

Flm. (Matthías Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. frv. um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum.

Þetta frv. felur fyrst og fremst í sér að breyta núverandi fyrirkomulagi verðjöfnunar í fiskiðnaði þannig að hún miðist við einstök fyrirtæki, en sé ekki sameign heillar greinar eins og verið hefur frá því að lögin um Verðjöfnunarsjóð tóku gildi. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að aðild hagsmunaaðila að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins verði breytt og að hvert fyrirtæki um sig geti ákveðið að innstæða þess sé ávöxtuð á sérstökum reikningi í banka eða öðrum lánastofnunum að eigin vali. Að öðru leyti er gildandi lögum lítið breytt með þessu frv. En þó að innheimtukerfi sjóðsins verði með sama hætti og verið hefur, þó það sé ekki brtt. um það, þá geri ég ráð fyrir því að það þurfi að endurskoða framkvæmd þeirra laga verulega frá því sem nú er.

Verðjöfnun í sjávarútvegi á sér alllanga sögu. En það var ekki fyrr en á árinu 1967 eftir að verðfall varð mjög mikið á íslenskum útflutningsmörkuðum samfara samdrætti í afla að þá var sem oft áður horfið að því af hálfu ríksstjórnar að ábyrgjast lágmarksverð á ákveðnum afurðum. En ríkissjóður lagði þá fram í þessu skyni á árinu 1976 140 millj. kr.

og þá var tekin ákvörðun um að stofna Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og svo var gert með lögum sem hann hefur starfað eftir síðan með tiltölulega litlum breytingum og eru nr. 72/1969. Í þeim lögum er hlutverk sjóðsins skilgreint með almennum orðum „... það er að draga úr áhrifum verðsveiflna sem kunna að verða á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins". Og eins og ég sagði áðan þá hafa þessi aðalatriði staðið svo að segja óbreytt síðan.

Í þessu frv. eru ákvæði til bráðabirgða sem gera ráð fyrir því að skipta skuli eignum Verðjöfnunarsjóðs, sem fyrir hendi eru við gildistöku þessara laga, milli framleiðenda fiskafurða sem greitt hafa í sjóðinn frá 1. jan. 1985 í þeim hlutföllum sem framreiknaðar greiðslur hvers og eins hafa numið af heildargreiðslum á þessu tímabili. Skal þannig fundin inneign hvers framleiðanda lögð inn á sérreikning hans hjá Verðjöfnunarsjóði sem stofnaður verður samkvæmt þessum lögum.

Nú þegar tiltekinn framleiðandi hefur greitt í sjóðinn vegna fleiri en einnar fiskafurðar þá skal skipta inneign hans samkvæmt framangreindu á sérreikninga hans fyrir viðkomandi fiskafurðir í sömu hlutföllum og nemur hlutfallslegri innbyrðis skiptingu greiðslna til Verðjöfnunarsjóðs á umræddu tímabili vegna viðkomandi afurða.

Enn fremur segir í frv.:

„Nú framleiðir einhver framleiðandi fiskafurða ekki lengur tiltekna fiskafurð og skal þá samkvæmt ósk hans heimilt að láta inneign hans vegna þeirrar fiskafurðar ganga inn á sérreikning hans sem stofnaður er vegna annarrar fiskafurðar.

Sé einhver framleiðandi alfarið hættur rekstri skal hann sækja um endurgreiðslu á innstæðu sinni áður en 12 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

Innstæður, sem myndast hafa vegna frystingar á endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti, skulu greiddar út eftir sömu reglum og uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur.

Sé af einhverjum ástæðum ekki unnt að rekja innstæðu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til tiltekins greiðanda í sjóðinn eða hafi innstæðu ekki verið vitjað af framleiðanda sem hættur er rekstri skulu þeir fjármunir renna til framfaramála í sjávarútvegi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra."

Nú hefði mátt segja að það hefði jafnvel verið eðlilegt að flytja breytingu á öllum lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins en við flm. töldum þennan kost vera vænlegastan, að taka hér upp þau ákvæði sem mest hafa verið rædd.

En áður en lengra er haldið vil ég geta þess að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins sendi mér bréf í dag þar sem þeir segja að þau mistök hafi átt sér stað þegar áramótastaða Verðjöfnunarsjóðs var sett upp að staðan í saltfiskdeildinni er raunverulega um 77 millj. kr. hærri en í þeim gögnum sem ég hafði með höndum þegar þetta frv. fór í prentun. Ég tel því nauðsynlegt að þessi leiðrétting verði gerð hvað þetta snertir því að eðlilega verðum við að hafa það alls staðar sem sannara reynist.

Tildrögin að þessari endurskoðun hafa staðið lengi frá hendi okkar flm. Við höfum haft samband við fjölmarga aðila og rætt við þá oft og mörgum sinnum. Fyrsta uppkast að frv. um breytingar á Verðjöfnunarsjóði lá fyrir okkur 29. nóv. og við höfum haldið marga, marga fundi með fjölmörgum aðilum sem láta sig málið varða og frv. er í þeirri mynd sem það kemur nú fyrir þessa hv. deild og við, þessi hópur, höfum komist að niðurstöðu um.

Í fsp. sem lögð var hér fram á Alþingi af varaþm. Alþb. fyrir nokkru var spurt hvort ríkisstjórnin hygðist beita sér fyrir endurskoðun á lögum um starfsemi sjóðsins á næstunni. Hæstv. sjútvrh. svaraði því á þann veg að 27. jan. hefði sjútvrh. skipað nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hlutverk nefndarinnar er að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs miðað við núverandi verðmyndun á fiski og skipulag á sölumálum sjávarafurða og með hvaða hætti slíkri verðjöfnun verði komið fyrir með sem virkustum og hagfelldustum hætti. Síðan er sagt frá því að í þessa nefnd hafi verið skipaðir þrír menn, Bolli Bollason, efnahagssérfræðingur í fjmrn., Ólafur Ísleifsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, og Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjútvrn., og starfsmaður í því sama ráðuneyti, Kristján Skarphéðinsson, hefur veitt þeirri nefnd forstöðu. Nefndinni er í skipunarbréfi falið að leita í störfum sínum samráðs við samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og nefndin hafði, þegar þetta svar lá hér fyrir Alþingi, haldið fjóra fundi og átt viðræður við samtök margra hagsmunaaðila í sjávarútvegi, en á þessu stigi segist hæstv. sjútvrh. ekkert geta fullyrt hvenær vænta má tillagna nefndarinnar en telur þó ekki ólíklegt að það verði í aprílmánuði nk.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef ekki mikla trú á því að það væri búið að skipa þessa nefnd sem skipuð var 27. jan., ef við, þessir menn, hefðum ekki unnið að þessu máli allt frá því snemma í haust. Þegar vitað var að lá fyrir frv. var loksins farið að skipa menn í nefndina.

Ég sé ekki að það sé neitt því til fyrirstöðu að þm. almennt geti unnið að sínum áhugamálum og lagt fram frv. um breytingu á gildandi lögum. Ég vil vitna í sjóðanefndina sem skilaði af sér verkefni á sl. ári. Þar segir um starf sjóðanefndarinnar sem var ef ég man rétt undir forystu hæstv. núv. viðskrh.:

„Nefndin kannaði í vor og sumar viðhorf helstu samtaka í sjávarútvegi til Verðjöfnunarsjóðsins. Þessi könnun leiddi í ljós að samtök fiskvinnslunnar eru á þeirri skoðun að leggja beri sjóðinn niður, en samtök sjómanna og útvegsmanna telja aftur á móti að hann eigi að starfa áfram. Að þessu athuguðu og á grundvelli þeirrar könnunar sem nefndin hefur sjálf gert á starfsemi sjóðsins telja nefndarmenn, aðrir en Árni Benediktsson og Knútur Óskarsson, ekki ástæðu til að breyta gildandi lögum um sjóðinn. Knútur telur að leggja beri sjóðinn niður eins og samtök fiskiðnaðarins leggja til, en Árni telur að

gera þurfi ýmsar breytingar á lögum og reglum um starfsemina eða leggja hann niður að öðrum kosti. Þessir tveir síðastnefndu gerðu sérstaka grein fyrir afstöðu sinni í bókunum sem fylgdu með í nál.

Meiri hluti nefndarinnar telur að sjóðurinn hafi yfirleitt þjónað því hlutverki sem honum er ætlað að gegna og hann geti einnig framvegis gert gagn með því að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegsins. Ekki megi þó ætla honum of stóran hlut í þessu efni því einnig þurfti að treysta á aðrar leiðir til þess að bregðast við slíkum sveiflum. Þá bendir meiri hluti nefndarinnar á að það geti verið heppilegt við ríkjandi skilyrði í gengismálum að samræma gengisviðmiðun við ákvörðun viðmiðunarverðs þannig að í öllum deildum sjóðsins verði miðað við SDR-gengi fremur en gjaldmiðil markaðslands. Ætla má að með þessu móti verði að nokkru tekið almennt tillit til mismunandi afkomu greina sem ýmist selja afurðir sínar á Evrópu- eða Bandaríkjamarkaði. Þetta telur nefndin hins vegar vera framkvæmdaratriði sem stjórn sjóðsins eigi að fjalla um á hverjum tíma.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um það hvort þess skuli freistað að láta verðjöfnun ná til ísfisks sem settur er óunninn á markað erlendis. Fulltrúar útvegsmanna og sjómanna lögðust eindregið gegn því að verðjöfnun tæki til ísfisks og töldu reyndar ekki unnt að koma henni við með skynsamlegu móti. Fulltrúar fiskvinnslunnar vildu, ef á annað borð væri um verðjöfnun að ræða, að reynt yrði að finna leiðir til þess að láta ísfisk sæta sömu verðjöfnun og freðfiskur og saltfiskur á hverjum tíma."

Þetta er í höfuðatriðum það sem þessi nefnd hafði að segja um Verðjöfnunarsjóðinn. Hins vegar tók nefndin afstöðu til fjölmargra eða þó nokkuð margra annarra greina í sjóðakerfi sjávarútvegsins og voru um það flutt frv. á síðasta ári.

Ég ætla ekki að gera þau frv. að umræðuefni hér, en ég tel að mikilvægt sé að þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar, sem verður örugglega sjútvn., leiti álits allra þessara aðila að nýju varðandi Verðjöfnunarsjóðinn. Deilur hafa verið uppi frá fyrstu tíð, annars vegar menn sem vilja leggja sjóðinn niður, hins vegar þeir aðrir sem vilja ekki standa að því að leggja sameiginlega í heila grein, heldur eigi, eins og við köllum, að eyrnamerkja þessa fjármuni.

Ég hnýt um það sem kemur fram í grg. frv., að það hljóti að vera mismunandi aðferðir við innheimtu á fjármagni til deilda. Og ef við berum saman, t.d. rækjudeildina, þá er hún upp á 390 millj. en eignastaðan er 450 millj. þannig að þar vantar 60 millj. á að komið sé inn í deildina. En ef við förum aftur í óverkaða saltfiskinn, þá er ég með óleiðréttu töluna, er eignastaðan þar 610 millj. en ekki nema tæpar 180 millj. komnar inn. Sama er að segja um frystideildina. Eignastaðan er 150 millj., en það eru ekki nema rúmlega 8½ millj. kr. komnar inn. Þetta gefur manni tilefni til að ætla að það sitji ekki allar greinar við sama borð. Nú ætla ég ekkert að óreyndu að fullyrða um þetta fyrr en um það verður fjallað í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Ég legg á það áherslu að nefndin reyni að setja þetta sem víðast í umsögn, taki tillit til allra ábendinga sem fram koma í þessum efnum og vandi mjög til afgreiðslu á þessu máli sem er orðið mjög aðkallandi.

Eins og fram kemur og áður hefur komið fram segir að meginstarfsregla sjóðsins sé að innheimta afgjöld af útflutningsframleiðslu sjávarafurða þegar markaðsverðlag er talið hátt en bæta upp verð afurðanna þegar verðið er talið lágt. Við framkvæmd þessarar meginreglu skal einkum tekið mið af markaðsverðlagi afurða á undanförnum þremur árum og afkomu viðkomandi framleiðslugreina. Þar hefur mér oft þótt á skorta að stjórnin hafi tekið til greina afkomu viðkomandi framleiðslugreinar vegna þess að sumir menn þar á bæ hafa gjarnan viljað nota sér ekki nógu glöggt orðalag laganna, en mér þótti vænt um það á sínum tíma þegar ég sá að endurskoðunarnefnd sjóðakerfisins tók það alveg ótvírætt inn í sitt nál.

Það eru svo sérstaklega tvær deildir sem eiga fjármuni inni í Verðjöfnunarsjóði. Önnur þessi deild er rækjuveiðarnar og sem dæmi um örar breytingar sem orðið hafa í sjávarútvegi undanfarin ár má nefna þessar veiðar og vinnslu rækjunnar. Þegar sjóðurinn var stofnaður voru rækjuveiðar stundaðar innfjarða, t.d. við Ísafjarðardjúp og í Arnarfirði og þar eru elstu rækjuverksmiðjurnar. Sem kunnugt er eru nú hafnar úthafsrækjuveiðar og þetta er orðin umfangsmikil atvinnugrein sem framleiddi á sl. ári fyrir um 4000 millj. kr. Rækjuframleiðendum hefur fjölgað ört. Nýir aðilar hafa fengið rækjuvinnsluleyfi árlega. Þessum aðilum hefur raunar fjölgað svo ört að nú munu vera um 80 rækjupillunarvélar í landinu. Í þeim verða væntanlega skelflett um 30–35 þús. tonn af rækju á þessu ári, en þá ber auðvitað að hafa í huga að það er reiknað með 36 þús. tonna úthafsrækjukvóta sem verður, eitthvað af því, selt frosið og ópillað úr landi, en innfjarðarækjan getur e.t.v. orðið 3–4 þús. tonn. Til samanburðar má geta þess að Norðmenn vinna nú árlega um 90 þús. tonn af rækju í 155 pillunarvélum og keppa við okkur Íslendinga á sömu mörkuðum. Engin rök sýnast fyrir því að nýir framleiðendur fái sömu réttindi og hinir eldri til greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði við slík skilyrði og þannig sé hvatt til þess að samkeppnisaðstaða, t.d. við Norðmenn, versni. En að því er varðar nýtingu afkastagetunnar verður að hafa í huga að þeir framleiðendur sem eru elstir og framleiða mest hafa greitt hundruð milljóna í sjóðinn. Þessu verður að breyta og koma á séreignarfyrirkomulagi eins og lagt er til í þessu frv.

Það kom mér mjög á óvart að sjá í dagblaðinu Tímanum í morgun að hæstv. sjútvrh. kvartar undan því að það séu undarleg vinnubrögð af hálfu samstarfsflokks að þm. þess flokks skuli leyfa sér að flytja mál á Alþingi Íslendinga og hann virðist vera, eftir því sem þar segir, fokreiður, blessaður ráðherrann. Ég hefði talið skemmtilegra fyrir hæstv. ráðherra að vera við þessa umræðu og hafa sparað sér

samtalið við Tímann í gærkvöldi.

Ég verð að segja það að ég var í tveimur ríkisstjórnum í samstarfi við Framsfl. og ég minnist þess ekki að ég hafi hlaupið upp á nef mér þó að framsóknarmenn hafi flutt frumvörp um mál innan þeirra málaflokka sem undir mig heyrðu í þeim ríkisstjórnum. Og ég sé það að meira að segja framsóknarmenn flytja hér mál í sjávarútvegi, ekki eitt heldur tvö í vetur. En kannski ætlast ráðherrann til þess að það gildi annað um þm. Sjálfstfl., að þeir séu það múlbundnir. Ef þetta er orðið þannig vil ég ekki vera með í þessu samkrulli. Ég vil alveg hafa mínar skoðanir og mín ráð. Ég er kosinn á þing af fólki sem vinnur hörðum höndum og er sérstaklega þó í þessari atvinnugrein, sjávarútvegi. Þetta fólk hefur hvatt mig mjög til þess að vinna að þessu máli og ég hef gert það í fleiri mánuði. Ég neita því algjörlega að meira að segja sjálfur hæstv. sjútvrh., herra Halldór Ásgrímsson, geti sagt við mig: Þú bara flytur ekki eitt einasta mál sem er á sviði sjávarútvegs því að það er mitt og einskis manns annars. Þá er illa komið fyrir löggjafanum. En látum þetta allt vera.

Hins vegar finnst mér afar leiðinlegt að þegar sami ráðherra, sem var samstarfsmaður minn í fyrri ríkisstjórn, segir og Tíminn birtir það innan tilvitnunarmerkja: „Ég tel það mjög undarleg vinnubrögð af hálfu samstarfsflokks að standa að svona málum. Matthías Bjarnason barðist gegn því af mikilli hörku að sjóðakerfi sjávarútvegsins yrði breytt á sínum tíma og reyndi að koma í veg fyrir að af því gæti orðið. Vinnubrögð af þessu tagi eru ekki til þess fallin að greiða fyrir lausn mála þó að vissulega sé hverjum og einum þm. í sjálfsvald sett að meta hvernig þeir geti best komið áhugamálum sínum til leiðar.“

Ég vil vísa þessum ummælum til föðurhúsanna. Ég hef ekki greitt atkvæði á móti breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Ég sem sjútvrh. á árinu 1976 flutti róttækustu breytinguna á sjóðakerfinu sem nokkru sinni hefur verið flutt. Þá var dregið verulega úr sjóðakerfinu, upp á fleiri milljarða, og fyrir þessu beitti ég mér. Þegar síðasta endurskoðun átti sér stað og kom fram hafði ég tilteknar athugasemdir fram að færa varðandi það að fella niður Úreldingarsjóðinn fyrst og fremst, varðandi það að fella niður Aflatryggingasjóð eða bætur vegna aflatjóns. Ég var innilega sammála nefndinni um það að fella niður bæði áhafnadeildina og hinar deildir sjóðsins sem og tryggingakerfið og fleira. Þetta lét ég koma fram bæði í ríkisstjórn og eins hér á hv. Alþingi. Ég greiddi atkvæði með og studdi frv., flutti eina stutta ræðu þar sem þetta kom fram. Ég bara skil ekki í hæstv. sjútvrh. að láta skapið hlaupa svona með sig í gönur og koma með svona fullyrðingar í víðlesnu blaði.

Ég hafði ætlað mér að flytja töluvert lengra mál. Ég vil hins vegar ekki verða til þess að tefja fyrir þessu máli því að það er nóg og mikil vinna eftir í nefnd og það þarf að leita samstarfs við marga aðila og það eru vafalaust mjög skiptar skoðanir um þetta atriði sem önnur. Mín skoðun er sú að það eigi alls ekki að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður. Þó að þær raddir gerist æ háværari held ég að það komi hinum einstöku greinum í sjávarútvegi illa þegar búið er að leggja hann niður. Hann verður ekki stofnaður á ný eftir að hann er lagður niður og þá munu koma margir úrtölumenn fram. En ég tel eðlilegt og sjálfsagt að gera þær grundvallarbreytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er hvergi tekið á ferskfiskútflutningi í frv. Um það má deila í það óendanlega. Ég er tilbúinn til þess að hlusta á rök með og á móti þessu máli einstökum tilfellum, hvort sem þau koma frá ráðherra, ráðuneyti, greinum sjávarútvegsins eða öðrum og gera breytingar á frv. sem fyrir liggur. Aðalatriðið er það að breyting verði gerð vegna þess að breyting er nauðsynleg.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Aðför (231. mál, aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.) 4608.
Aðgerðir í sjávarútvegi (243. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 4610.
Almannatryggingar (263. mál, ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga) 4698.
Almannatryggingar (263. mál, ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga 4698.
Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála (260. mál) 4609.
Drengskaparheit unnið 4546.
Framhaldsskólar (271. mál, heildarlög) 4625, 4682.
Húsnæðisstofnun ríkisins (281. mál, skyldusparnaður ungs fólks) 4662.
Iðnaðarlög (60. mál, hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum) 4586, 4604.
Innflutningur loðdýra til kynbóta (242. mál) 4546.
Íslenskur gjaldmiðill (227. mál) 4546.
Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (16. mál) 4547.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (205. mál) 4610.
Lögreglusamþykktir (276. mál) 4605.
Síldarverksmiðjur ríkisins (282. mál, heimild til framkvæmda) 4694.
Stefnumörkun í raforkumálum (257. mál) 4546.
Umræður utan dagskrár 4576 (reglur LÍN um barnsmeðlög).
Uppbygging dagvistarheimila (275. mál) 4686.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 4545.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins (272. mál, sérreikningar framleiðenda o.fl.) 4704.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4545, 4546.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 4605, 4608.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 4683, 4701.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 4596.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 4577, 4585, 4625, 4656.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 4610, 4613, 4621.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 4547, 4568.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 4685.
Albert Guðmundsson 4573, 4583, 4619, 4624.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4582.
Guðmundur Ágústsson 4581, 4602, 4607, 4609, 4675.
Guðmundur H. Garðarsson 4594, 4601.
Guðmundur G. Þórarinsson 4580.
Guðrún Helgadóttir 4682.
Halldór Blöndal 4676.
Jóhann Einvarðsson 4673.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 4545.
Júlíus Sólnes 4565, 4595, 4653, 4679.
Kristín Einarsdóttir 4576, 4584, 4645.
Kristín Halldórsdóttir 4582, 4612, 4698, 4703.
Matthías Bjarnason 4704.
Málmfríður Sigurðardóttir 4579, 4659, 4685.
Óli Þ. Guðbjartsson 4651.
Ragnar Arnalds 4640.
Ragnhildur Helgadóttir 4583, 4585.
Ríkharð Brynjólfsson 4671.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 4686.
Stefán Guðmundsson 4586, 4598, 4601.
Stefán Valgeirsson 4586.
Steingrímur J. Sigfússon 4549, 4578, 4584, 4610, 4615.
Svavar Gestsson 4589, 4600, 4603, 4604.
Sverrir Sveinsson 4694.

SAMEINAÐ ÞING

49. fundur, mánudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 22. febr. 1988:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., er á förum til útlanda og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Vilhjálmur Egilsson hagfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Vilhjálms Egilssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 18. febr. 1988:

„Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Unnur Sólrún Bragadóttir húsmóðir, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Unnar Sólrúnar Bragadóttur.

Með því að kjörbréf þau sem hér fylgja þurfa athugunar við er þess farið á leit að hv. kjörbréfanefnd taki bréfin nú þegar til meðferðar, en á meðan verður fundinum frestað í tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Vilhjálms Egilssonar hagfræðings sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra. Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt. Þá hefur kjörbréfanefnd og skoðað kjörbréf Unnar Sólrúnar Bragadóttur húsmóður sem er 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur sömuleiðis til að það kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Unnar Sólrúnar Bragadóttur samþ. með 35 shlj. atkv.

Kjörbréf Vilhjálms Egilssonar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Unnur Sólrún Bragadóttir og Vilhjálmur Egilsson hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þau boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 16. mál. — Þskj. 303 og 343.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Er ekki hæstv. utanrrh. við? (**Forseti:** Hæstv. utanrrh. er við, en hann er ósýnilegur í augnablikinu. Hann var hér rétt í þessari andrá og það verða gerðar ráðstafanir til að gera honum ljóst að umræðan er byrjuð.) Já, ég ætla að sjálfsögðu að beina máli mínu til hæstv. utanrrh., en hann er vafalaust á næstu grösum og ég mun nú hefja mál mitt. Hún ætlar að reynast okkur drjúg til umræðu þessi flugstöð og spá mín er sú að hún eigi oftar eftir að leggja okkur til umræðuefni. Ég ætla raunar ekki að auka miklu við þessa umræðu núna, en þó kom sitthvað fram í umræðunum sl. mánudag sem gefur tilefni til athugasemda.

Ég heyrði að hæstv. utanrrh. orðaði það í sinni framsögu að vafalaust hefði mátt byggja umfangsminni og ódýrari flugstöð og undir það verð ég að taka. Við kvennalistakonur vorum raunar andvígar þessari byggingu frá upphafi af ýmsum ástæðum og ekki síst sparnaðarástæðum. Okkur fannst svo margt brýnna, svo margt ofar í forgangsröðinni og sú skoðun hefur ekki breyst.

Byggingin er að vísu risin og við því er lítið að gera, en mér fer eins og hæstv. utanrrh. og mörgum öðrum að ég hugsa til þess með mikilli eftirsjá að úr því að þessi bygging var reist hefði svo sannarlega mátt fara með meiri gát. Hæstv. utanrrh. fer víða um

heim vegna starfs síns og sér margar flugstöðvar og honum er auðvitað löngu ljóst af þeim samanburði hversu fáránleg flottheit hafa ráðið ferðinni þar suður á Miðnesheiðinni. Þar hafa menn ekki sést fyrir eins og því miður gerist svo allt of oft þar sem menn fara með annarra fé, en þurfa ekki að blæða sjálfir.

Flestir hv. þm. hafa að sjálfsögðu séð gróðurhúsið þarna suður frá og séð fjölda erlendra flugstöðva til samanburðar og hljóta að viðurkenna að þessi ég vil leyfa mér að segja flottræfilsháttur keyrir úr hófi og mætti verða okkur víti til varnaðar. Því miður erum við augljóslega ekki búin að bíta úr nálinni með þessa framkvæmd. Menn urðu dálítið hissa yfir reikningnum sem barst á síðasta ári vegna umframkostnaðar og var orsök þeirrar skýrslubeiðnar sem er undanfari þessarar umræðu sem hófst sl. mánudag. En getum við nú treyst því að þetta sé síðasti reikningurinn? Ég er hrædd um ekki. Það hefur nefnilega gerst rétt eina ferðina enn að nýreist hús á vegum hins opinbera reynist ekki svo sem til var ætlast. Það var naumast fyrr komið í notkun en einn gallinn af öðrum tók að gera starfsfólki og gestum lífið leitt.

Ein aðalástæðan sem menn færðu fyrir nauðsyn þess að reisa þessa flugstöð var lélegur aðbúnaður starfsfólks í gömlu flugstöðinni. Nú efa ég ekki að töluvert rýmra sé um hvern starfsmann og að ýmsu leyti þægilegra í nýju flugstöðinni. Hins vegar virðist hönnunar- og byggingarmeisturum ekki hafa tekist að útiloka þær höfuðskepnur, vindinn og regnið, sem hafa leikið marga íslenska byggingu grátt. Vatnið hefur sem sagt fundið leið inn í þetta glæsta gróðurhús. Hitastigið innan dyra hefur farið allt niður í 4 stig á köldum dögum svo að starfsfólk hefur mátt vinna þar kappklætt. Miðnesheiðin er nú ekki beint þekkt fyrir lognværð og vindurinn hefur ekki látið þrælhannaðar hurðir aftra för inn um alla sali og leiðir það þá eðlilega hugann að því að þarna var komið upp rándýru loftræstikerfi, en slík kerfi eru þeirrar náttúru að verka ekki eða a.m.k. ekki nema um skamman tíma að því er hv. 7. þm. Reykn. upplýsti í umræðunum sl. mánudag. Ég ætla svo ekki að fjalla um músagang eða eðlufár, enda slíkt vonandi minni háttar vandamál þarna syðra. En mér segir svo hugur að forstöðumenn þessarar byggingar eigi eftir að banka upp á með fleiri reikninga bæði vegna nýsmíði og endurbóta.

Að lokum vil ég svo segja að öll þessi umræða um þessa framkvæmd, skýrslubeiðni, utandagskrárumræða, tillöguflutningur og ítrekaðar áminningar eru sprottnar af þörf og vilja til að láta þessi mistök að kenningu verða, að menn dragi einhvern lærdóm af þessu öllu saman.

Því miður hljóta viðbrögð hæstv. ráðherra að valda verulegum vonbrigðum. Mér virtist raunar af ræðu hæstv. utanrrh. sl. mánudag eins og hann væri kominn í varnarstöðu og vilja fyrst og fremst afsaka það sem orðið er. Skýrsla hans hefur sætt harðri gagnrýni, en hann vill gera lítið úr ágöllum hennar og lætur sem tugmilljóna mismunur á kostnaði milli skýrslna sé varla til að tala um. Hann virðist hafa þokað sér í hóp þeirra sem segja: Jú, að vísu fór kostnaðurinn milljarð fram úr áætlun, en við því er ekkert að gera og nú eigum við þessa glæsilegu flugstöð og því þá þetta nöldur. Mér finnst hann hafa nálgast ískyggilega afstöðu hv. 10. þm. Reykv., formanns byggingarnefndar Listasafns ríkisins, sem segir að endurbygging þess hafi alls ekki verið dýr þótt hún hafi farið langt fram úr áætlunum heldur hafi áætlanirnar verið svona illa gerðar. Þannig virðast menn vilja hafa það með flugstöðina: búið og gert, enginn ábyrgur og næsta mál á dagskrá, gerið svo vel.

Ríkisendurskoðendur afgreiddi hæstv. utanrrh. með heldur óviðeigandi hætti, með því að hann vildi ekki vefengja niðurstöður þeirra, en taldi þó að þær væru ekki að öllu leyti réttar og hann mundi fela einhverjum óskilgreindum, gott ef ekki töluglöggum mönnum að fara yfir þessar skýrslur. Maður hlýtur að spyrja hvert hlutverk Ríkisendurskoðunar eiginlega sé. Og hvað nú ef þessir aðilar komast að enn einni niðurstöðunni? Á þá að setja nefnd yfir þá? Þetta fer að minna á söguna um Einbjörn og Tvíbjörn og alla þá bræður sem toguðu í rófu eina sögufræga.

Viðbrögð hæstv. ráðherra hafa valdið vonbrigðum vegna þess að það er ekki að sjá og heyra að þessi mistök leiði til sérstakrar árvekni né að ráðamenn ætli að setja neina þá varnagla í sína starfshætti sem tryggi að slík mistök endurtaki sig ekki eða a.m.k. dragi verulega úr þeim og það er alvarlegt mál því við verðum að hafa manndóm til þess að læra af mistökum.

Mér virðist sem sagt, herra forseti, nokkuð ljóst að það hafi lítið verið gert til að bæta fyrir mistökin þarna suður frá. Það er enginn reiðubúinn til þess að taka á sig eina eða neina sök og má vera að það breytti svo sem ekki miklu. En það er framtíðin sem skiptir máli og ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra, vegna þess að ég heyrði hann ekki tíunda neitt slíkt í ræðu sinni hér fyrir viku, hvort stjórnvöld hafi ekki í framhaldi af þessu í huga að endurskoða reglur í sambandi við framkvæmdir á vegum hins opinbera eða setja reglur um áætlanagerð og eftirlit með opinberum framkvæmdum. Þetta er að mínu viti aðalatriði málsins og vitanlega enn mikilvægara ef sú er raunin að milljarðaframkvæmdir á vegum hins opinbera séu í raun og veru á ábyrgð eða undir stjórn eins manns og séu alls ekki ræddar í ríkisstjórninni frekar en verkast vill eins og virtist af máli ráðherra um daginn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mönnum finnst e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að bæta miklu við í þessari umræðu um flugstöðina og nóg af tíma Alþingis hafa farið í það mál nú þegar, en þegar menn hugleiða stærð þess máls, að hér er um þriggja milljarða mannvirki að ræða, og velta því svo fyrir sér að

stundum eru haldnar hér býsna langar ræður um talsvert mikið minni upphæðir, til að mynda þegar verið er að bítast um skiptingu fjárlaga og menn ræða kannski daglangt og náttlangt um hvort þessi eða hinn reksturinn þurfi fáeinum þúsundum eða 100 þús. kr. meira eða minna, þá er auðvitað ekki óeðlilegt að Alþingi ræði dálitla stund um þetta flugstöðvarhneyksli sem ég kýs að kalla svo.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennilega grein fyrir því, vegna þess að talnamat manna er líklega býsna ruglað orðið, a.m.k. á það við um ræðumann, hvað 3000 millj. kr. eru miklir peningar. Jafnvel þó maður beri þær saman við byggingar*áform Davíðs borgarstjóra, sem eru nú ekki smá í* sniðum, fölna þau býsna mikið borið saman við þessa flugstöð. Þar er þó ekki verið að tala um nema 500–600 millj. í veitingahús upp á hitaveitutönkunum og kannski 800 millj. til milljarð fyrir ráðhús *niðri í Tjörninni* og eru þó byggingarlóðir Davíðs ekki endilega valdar út frá því hvar hagkvæmast er að byggja í borginni eins og sjá má og heyra. Jafnvel þessi risaáform Davíðs fölna í samanburði við flugstöðina.

Það má líka taka annað dæmi, K-byggingu Landspítalans eða ríkisspítalanna sem á að hýsa höfuðstöðvar stórs hluta sérhæfðustu læknisþjónustu landsmanna með tilheyrandi tækjabúnaði og umfangi. Þar erum við að ræða um að ráðstafa tugum og hundruðum milljóna, 150–200 millj., núna þessi árin sem verið er að byggja þá byggingu og er það þó ekki nein smábygging og eðli sínu samkvæmt býsna dýr í framkvæmd.

Þriðja dæmið skylt flugstöðinni má taka þar sem er tíu ára áætlun sérstakrar stjórnskipaðrar nefndar um uppbyggingu allra flugsamgangna innan lands, allra mannvirkja á sviði flugsamgangna innan lands, flugvalla, flugstöðvarbygginga, tækjabúnaðar og annarra slíkra hluta. Á verðlagi síðasta árs hljóðaði þessi tíu ára áætlun upp á rúma 2 milljarða kr. Sem sagt: þetta eina hús er þegar komið milljarði fram úr þeirri tíu ára áætlun. Menn skulu því hugleiða að hér eru stórar tölur á ferðinni og umframeyðslan ein upp á nú þegar tæpar 900 millj. er ekkert smáræði.

Ég verð, herra forseti, enn að gera athugasemdir við bls. 2 í skýrslu hæstv. utanrrh. Ég uni því afar illa að í þskj. framtíðarinnar verði ekki með einhverjum hætti skýrt og ljóst að þær upplýsingar, sú framsetning sem er á bls. 2 í skýrslunni er ekki við hæfi vegna þess að þar er látið líta svo út að ef kostnaðurinn sé í samræmi við áform byggingarnefndarinnar og fjárveitingabeiðnir byggingarnefndarinnar sé allt í lagi, bara ef samræmi sé á milli óska byggingarnefndar og síðan kostnaðarins. M.ö.o.: það eru ekki hinar endanlegu fjárveitingar fjárveitingavaldsins sem þar eru teknar til samanburðar við raunkostnað heldur óskir byggingarnefndarinnar. Að hafa svona framsetningu á hlutunum í opinberu plaggi er ekki við hæfi. Ég vitna í bréf Ríkisendurskoðunar frá 9. febr. þar sem þetta kemur skýrt fram. Það segir á bls. 2 í því bréfi: Samanburður áætlana og raunkostnaðar, með leyfi forseta:

„Í skýrslu utanrrh. er bókfærður kostnaður borinn saman við fjárveitingabeiðnir byggingarnefndar og komist að þeirri niðurstöðu að um svipaðar fjárhæðir sé að ræða.“

Þetta er alveg rétt. Bókfærður kostnaður er borinn saman við fjárveitingabeiðnir byggingarnefndarinnar, ekki hinar raunverulegu fjárveitingar fjárveitingavaldsins, og síðan er látið líta svo út að þetta sé allt í góðu lagi úr því að þarna er nokkurn veginn samræmi á milli. Og það er sett í skýrslu hæstv. utanrrh. Þessu uni ég a.m.k. ekki og get alveg lagt leið mína í ræðustólinn eina ferðina enn til þess að undirstrika að ég mótmæli þessari framsetningu.

Í töflu á bls. 2 í skýrslu ráðherrans er talan 1 milljarður og 2 millj. úr áætlun byggingarnefndar þar sem ætti að standa: fjárveiting ársins samkvæmt ákvörðun fjárveitingavaldsins upp á 710 millj. 387 þús. Það er sú tala sem á að miða við vegna þess að byggingarnefndin hefði þess vegna getað beðið um 1½ milljarð eða 2 milljarða samkvæmt þessum rökum og þá væri það allt í lagi svo lengi sem hún færi ekki fram úr óskum sínum. Og þá er málið orðið einfalt fyrir ýmsa þá aðila sem standa í opinberum framkvæmdum. Það á að vera bara með nógu háar óskir og þá eru þeir örugglega réttu megin samkvæmt þessari samanburðarfræði. Þetta gengur auðvitað ekki og mér finnst í raun slæmt að hæstv. utanrrh. skuli ekki taka af skarið og viðurkenna að hér er um óviðeigandi framsetningu að ræða og þetta þyrfti að leiðrétta. A.m.k. þyrfti með einhverjum hætti að passa upp á að í framtíðinni verði þetta ekki meðhöndlað sem ábyggilegar opinberar upplýsingar því að það eru þær ekki.

Ég verð að segja alveg eins og er að annað í þessum málflutningi öllum, rökstuðningnum fyrir því að hér hafi í raun og veru ekkert alvarlegt skeð, fer í taugarnar á mér. Það er þessi tilhneiging til að reyna að segja sem svo: Stór hluti af þessum umframkostnaði eru alls konar framkvæmdir sem farið var út í, alls konar viðbætur og stækkanir. Og það er allt í lagi. Það er eins og það sé bara allt í fína lagi að einhver byggingarnefnd og einhver hæstv. utanrrh. taka sér þá bara heimildir til að ákveða alls konar opinberar framkvæmdir án þess að fyrir því séu fjárveitingar. Og ég spyr aftur: Ef menn fá nú leyfi til að byggja læknisbústað eða kennarabústað einhvers staðar, svo vakna menn allt í einu upp við það að byggingaraðilanum datt í hug að stækka þetta upp í félagsheimili, er það þá allt í lagi bara af því að þetta eru að vísu framkvæmdir sem farið var út í? Yfirleitt er sjálfsagt hægt að rökstyðja það mjög víða um landið að þó að menn fái ekki heimild til að byggja nema kennarabústað sé kannski full þörf á *heilum skóla eða heilu félagsheimili með sömu* rökum og byggingarnefndin og hæstv. ráðherrar hafa haft fyrir því að teygja á og stækka þetta mannvirki á ýmsa enda og kanta. En við erum að ræða hér um að vilji löggjafans sé virtur og menn sætti sig við að það er hér sem eru teknar ákvarðanir

um fjárveitingar til opinberra framkvæmda en ekki úti í bæ.

Ég spurði hæstv. utanrrh. einnig í minni fyrri ræðu um þessa skýrslu hvort hann væri sáttur við fréttatilkynningu byggingarnefndar frá 12. ágúst sl., þá framsetningu sem þar er viðhöfð. Hæstv. ráðherra svaraði þessu ekki og ég endurtek spurningu mína.

Ég ræddi í þriðja lagi ofurlítið um skipulagsmál og spurninguna um hvernig byggingarlög og skipulagslög tengdust þessu máli. Þar viðurkenndi í raun og veru hæstv. ráðherra að þegar um hernaðarframkvæmdir er að ræða hefur hæstv. utanrrh., eða þá þeir menn, sá armur hans sem vinnur að málinu hverju sinni, meira og minna sjálfdæmi um þá hluti alla vegna þess að hin sérstöku ákvæði hins svonefnda varnarsamnings fela hæstv. utanrrh. á hverjum tíma mjög víðtækt vald í þessum efnum. Það tengist beint næstu spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra og hann svaraði ekki og ég ítreka um þátt og aðild húsameistara ríkisins að þessu máli. Ég tel að það verði ekki fram hjá því horft að af ýmsum embættismönnum, opinberum og háttsettum, sem tengjast þessu máli, er þáttur húsameistara ríkisins hvað stærstur. Hann kemur ekki bara að þessu máli í gegnum embætti sitt heldur líka sem arkitekt að því er virðist og einnig sitjandi í nefndum báðum megin við borðið ef svo má að orði komast. Vegna þess að byggingarlög og skipulagslög eru tekin úr sambandi með ákvæðum varnarsamningsins svonefnda koma hin sérstöku ákvæði um skipulagsnefnd varnarliðsframkvæmda eða hvað það nú heitir og að hluta til skipulagsráðs ríkisins til framkvæmda og þar situr húsameistari til viðbótar því að vera hönnuður mannvirkisins og eiga með ýmsum hætti aðild að framkvæmdinni. Þegar þetta allt er haft í huga held ég að það sé ástæða til þess að ítreka spurningu til hæstv. utanrrh.: Hefur verið farið yfir það hvernig embætti húsameistara ríkisins og einstaklingurinn núverandi húsameistari sem arkitekt tengjast þessu máli? Ég held að það sé full ástæða til.

Það er skaði, virðulegi hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. er enn fjarri þegar verið er að ræða þessi flugstöðvarmál. Nú er það hann sem óskaði eftir skýrslu frá Ríkisendurskoðun síðla sl. árs um þetta mál og ég hef margóskað eftir því að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur einhvern hluta þessarar umræðu. Við fengum áþreifanlega sönnun fyrir því, landsmenn, að talfærin voru í ágætu lagi hjá hæstv. ráðherra úti í Stokkhólmi á dögunum og hafi ekki orðið þar breyting á hefði honum ekki átt að verða neitt að vanbúnaði að vera hér og taka þátt í umræðunni. En því miður er hann fjarstaddur og ég spyr hæstv. forseta hvort unnt sé að kanna hvar hæstv. fjmrh. er því að vissulega er hér um efni, sem tengist mjög hans starfssviði, að ræða. Það hefði eins og ég segi verið ánægjulegt ef hann hefði getað heiðrað okkur með nærveru sinni.

Hæstv. samgrh. hefur fylgst nokkuð samviskusamlega með þessari umræðu og er það vel, en hann hefur hins vegar ekki tekið þátt í henni. Og ég spyr, ef hæstv. samgrh. væri einhvers staðar nálægur, sem mun vera, ég veit ekki hvort hann er að tefla skák þarna í hliðarsalnum, en alla vega er hann mjög upptekinn: Þykir hæstv. samgrh. ekki ástæða til að taka þátt í þessari umræðu? Ef unnt væri að gera hæstv. samgrh., sem er í áköfum samræðum í hliðarsal, aðvart vildi ég gjarnan að hann hlýddi á mál mitt.

Hæstv. núv. utanrrh. hefur sem og ýmsir fleiri tekið af öll tvímæli um það, tekið alveg af skarið um það að hin pólitíska ábyrgð þessa máls hlýtur að liggja hjá hæstv. utanrrh. á þeim tíma, þ.e. hæstv. núv. samgrh., að svo miklu leyti sem hann var fagráðherra málsins á meðan á framkvæmdum stóð. — Nú er hæstv. samgrh. mættur hér, brosmildur að vanda, og hlýðir þá á mál mitt.

Ég spurði hæstv. samgrh. hvort hæstv. ráðherra þætti ekki ástæða til að taka þátt nú í þessari umræðu af því að hæstv. ráðherra hefur hlýtt á hana með athygli að mestu leyti en ekki blandað sér í hana enn þá, þ.e. ekki í umræðu um þessa skýrslu. Nú hefur hæstv. utanrrh., ásamt fleirum reyndar, tekið alveg af tvímæli um það, tekið af skarið um að hin pólitíska ábyrgð á þessu máli liggur eða lá hjá hæstv. utanrríkisráðherrum á hverjum tíma og ég á von á því að hæstv. samgrh. sé sammála. (**Forseti:** Vegna fsp. áðan vil ég upplýsa hv. þm. um að hæstv. fjmrh. er ekki staddur í húsinu og ég spyr hv. þm. hvort ástæða sé til að biðja hæstv. ráðherra, ef það er unnt, að koma hingað, en eins og kunnugt er hefur hann nú inni varamann vegna leyfis.) Hæstv. forseti. Svo fremi sem hæstv. fjmrh. hafi ekki fjarvist úr þinginu gerum við að sjálfsögðu ráð fyrir því að hann komi og sinni sínum þingskyldum nema eitthvað óvænt hafi þá komið fyrir og þá mundi hann væntanlega biðja formlega um fjarvist. (**Samgrh.:** Hann hefur fjarvistarleyfi. Það er varamaður hans inni.) Ber ekki hæstv. ráðherra að gegna þingskyldum sem ráðherra hvort sem hann hefur varamann inni í augnablikinu eða ekki? Ég held að hæstv. ráðherra ætti ekki að fara lengra út í þessa umræðu. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að hæstv. ráðherra hefur ekki beðið um fjarvist, en að sjálfsögðu mundi hann eflaust sinna þeirri skyldu að koma hér ef þess yrði óskað og ég bið hv. þm. að skera úr því hvort ástæða er til að biðja hæstv. ráðherra að koma hingað.) Hæstv. forseti. Það væri hugsanlegt að bera hæstv. fjmrh. þau boð að mönnum þætti betra ef honum væri unnt að vera viðstaddur umræðuna þó það sé ekki úrslitaatriði af því tagi að ég fari fram á að umræðunni verði frestað þó að hæstv. ráðherra komi ekki. En mér þætti að sjálfsögðu betra að hæstv. ráðherra gæti verið hér og þætti vænt um að þau boð yrðu borin. (**Forseti:** Þau verða þá borin honum nú.) Já. Þá þakka ég hæstv. forseta fyrir.

Ég hafði einmitt hugsað mér að spyrja hæstv. fjmrh. um það hvort þess væri að vænta að áframhald yrði á hans atbeina í þessu máli, þ.e. hvort hæstv. fjmrh. hygðist eitthvað frekar fyrir í framhaldi af þeirri skýrslu sem hann og Alþingi hefur

fengið frá Ríkisendurskoðun, en hún var eins og kunnugt er tilkomin vegna frumkvæðis hæstv. fjmrh. Fyrir nú utan það að það væri ástæða til að ræða ýmsa fleiri þætti þessa máls, sem tengjast opinberum fjárveitingum og meðferð opinbers fjár almennt, við hæstv. fjmrh.

Ég ætla þá ekki að hafa þessar spurningar mínar fleiri. Ég ætla að hlýða á svör hæstv. utanrrh. ef hann vill vera svo góður að reyna að svara þeim spurningum sem ég hef ítrekað. Ég mun einnig bíða spenntur eftir því hvort hæstv. núv. samgrh., hv. 1. þm. Reykn. og fyrrv. hæstv. utanrrh., sér ástæðu til að kveðja sér hljóðs.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst að sumu leyti að þessi umræða hafi farið út um víðan völl. Annars vegar hafa menn verið að tala um þá ákvörðun sem var tekin hér fyrir allmörgum árum, að byggja flugstöð af ákveðinni stærð, og harma það. Það verður út af fyrir sig vafalaust hægt að deila um það í framtíðinni en það verður þó óumdeilanlegt að sú ákvörðun var löglega tekin af Alþingi Íslendinga og í fullu samræmi við stjórnarskrá þessa lands. Það verður aftur á móti ekki sagt um framhaldið.

Ég vil minna menn á það að hér stóð hæstv. fyrrv. menntmrh. og krafðist þess að fræðslustjóri yrði látinn víkja vegna þess að hann virti ekki fjárlögin, taldi að ef fjárlögin væru ekki í samræmi við þarfir ákveðins fræðsluumdæmis væru fjárlögin einfaldlega vitlaus og ekki hægt að fara eftir þeim.

Ég tel að hæstv. menntmrh. hafi haft nokkur rök fyrir sér í því að það beri að virða fjárlögin. Það virðist aftur á móti sem hæstv. fyrrv. utanrrh. hafi ekki talið að sér bæri nein skylda til að virða hvorki stjórnarskrána né fjárlögin, og það er mjög alvarlegt mál. Svo alvarlegt að það er trúlega Íslandsmet í sjálfteknum heimildum til framkvæmda.

Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt 14. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta, kemur það fram og er orðrétt svo:

„Ráðherra ber ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.“ Svo einfalt er þetta.

Spurningin er um það: Hvað var það í stjórnarskránni sem ekki var virt og hvaða grein tekur á því máli? Með leyfi forseta er það 41. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“ Þetta var ekki virt. Þetta er grundvallaratriðið í stjórnarskránni, að þingið hefur réttinn til að ákveða hvað sé greitt og hvað ekki. Og það er ekki bara hæstv. fyrrv. utanrrh. sem hefur átt í vandræðum með þetta. Þetta er mesta vandamálið sem Ronald Reagan hefur haft við að glíma sem handhafi framkvæmdarvaldsins. Það væri ekki dónalegt gæti hann starfað eins og hæstv. fyrrv. utanrrh. og mokað bara út peningum án þess að hafa nokkurt leyfi frá þinginu. Hann hefði sloppið við margan óþægilegan skrekkinn ef hann hefði haft það vald. Og auðvitað finnst sumum ráðherrum að þingið sé til trafala og það starfi ekki eðlilega, það afgreiði ekki mál nægilega hratt. E.t.v. hefur hæstv. ráðherra litið svo á að rétt fyrir kosningaátök væri óþægilegt að þurfa að segja sannleikann allan um þetta mál hér í þingsölum.

Ég vil undirstrika það að ég tel að þegar mál eins og þetta kemur upp hlýtur það náttúrlega fyrst og fremst að vekja upp spurningar sem þessa: Hvenær telur Alþingi Íslendinga að svo gróflega hafi verið brotið af sér í stjórnarákvörðunum að vísa beri máli til landsdóms? Það er spurningin sem hér hlýtur að koma fram. Hvað þurfa það að vera margir milljarðar sem menn leika sér með, fram yfir heimildir, svo að slík ákvörðun sé tekin?

Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hún unir ekki á nokkurn hátt því sem gerst hefur. Það kemur fram í umsögn hennar um skýrslu utanrrh. að hún telur að ekki sé um sambærilegar tölur að ræða, þ.e. hinn upprunalega kostnað og þá niðurstöðu sem verður. Auðvitað hlýtur þetta mál að þurfa að haldast áfram. Auðvitað hlýtur að verða að fást úr því skorið: Hvar endar valdsvið ráðherra?

Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að tveir íslenskir alþm., sem nú sitja á Alþingi, hafa þurft að hlíta hæstaréttardómi fyrir störf sín sem ráðherrar. Þeir fóru út fyrir sitt valdsvið. Spurningin er undir þessum kringumstæðum, og það er fyrst og fremst spurningin um styrkleika þingsins annars vegar og styrkleika framkvæmdarvaldsins hins vegar, hvort menn telja að nú beri að vísa þessu máli til landsdóms eða eigi. Ég verð að segja eins og er að ég tel að ákvörðun um slíkt eigi ekkert skylt við það hvort menn séu í stjórn eða stjórnarandstöðu. Sá þm., sem tekur að sér að vera stjórnarsinni, tekur fyrst og fremst ákvörðun um það að hann ætlar að verja viðkomandi ríkisstjórn falli. Hann tekur enga ákvörðun um það að hann ætli að verja hvaða ráðherra sem er fyrir hvaða vitleysu sem honum dettur í hug að framkvæma, enda væri það alveg fráleitt að bera ábyrgð á slíku.

Ég vil, með leyfi forseta, vekja athygli á 13. gr. laga um landsdóm:

„Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi og annan til vara ef hinn rétti kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.“

Ég vænti þess að menn geri sér grein fyrir því að auðvitað verður svo Alþingi að hlíta niðurstöðum landsdómsins jafnt og ráðherra. Landsdómurinn er ekkert vilhallt tæki sem hægt er að beita gegn ein-

hverjum ákveðnum ráðherra. Landsdómurinn er úrskurðaraðili m.a. þegar alls ekki ber saman niðurstöðum frá framkvæmdarvaldinu og frá Ríkisendurskoðun.

Auðvitað verða menn hér að taka um það ákvörðun hvort þeir telja að nú sé tímabært að láta á það reyna hvar mörkin eru á milli þess valds sem þinginu er ætlað samkvæmt stjórnarskránni og þess valds sem ráðherrar hafa tekið sér og taka sér áfram ef Alþingi Íslendinga heldur áfram að láta fótum troða samþykktir þingsins sem koma fram í fjárlögum þessa lands.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir svör hans fyrr í umræðunni þó að mér hafi ekki þótt þau bitastæð. Ég vil einnig þakka öðrum þm. sem hafa tekið til máls. Og það var í sjálfu sér fróðlegt að hlusta á síðasta ræðumann.

Ég vil taka skýrt fram að af orðum mínum í umræðu um þetta mál á síðasta þingfundi má ekki draga þá ályktun að verið sé að reyna að beita ofsóknum á hendur saklausum mönnum, né heldur tilraun til að elta uppi og hengja sökudólga, þótt einhverjir kunni að vera. Hins vegar er það meginmál, eins og ég vék að áður, hvernig verður unnið að því að skilgreina ábyrgð opinberra aðila, þeirra sem fara með almannafé, bæði ráðherra og eins aðila innan ráðuneytis, svo og þeirra sem taka að sér verkefni fyrir ráðuneyti eða vinna á vegum þess. Það kom einmitt fram í máli hv. 7. þm. Reykn. að víða erlendis bera hönnuðir ábyrgð á verkum sínum og vegna þess þurfa þeir t.d. að tryggja sig til þess að geta greitt fyrir mistök ef þeir verða uppvísir að þeim.

Ég held að afar nauðsynlegt sé fyrir okkur, vegna þess að við höfum horfst í augu við svo mörg slík mistök og ævintýri, að ábyrgð á verkum sé skýrt afmörkuð og skilgreind þannig að allir viti hvað til þeirra heyrir. Og ég spyr: Ætla stjórnvöld og í þessu tilviki hæstv. utanrrh. að standa að slíkri endurskoðun og ef svo er, hvernig? Hvernig ætlar hann að beita sér í þessu máli?

Það er vafamál hvernig fer ef Ríkisendurskoðun er ekki treystandi eins og mátti ætla af orðum hæstv. ráðherra fyrr í umræðunni. Það gætu orðið nokkuð margar silkihúfurnar hver upp af annarri nema ef hann hugsaði þetta í hring þannig að hver endurskoðaði annan. Hvað meinti hæstv. ráðherra? Ætlar hann að skipa nefnd eða ætlar hann prívat og persónulega að leita til einhverra tölfróðra kunningja sinna? Ætlar hann að skipa ákveðna nefnd til þess að úrskurða um ályktun Ríkisendurskoðunar?

Það verður að sjálfsögðu að taka einhvern trúanlegan varðandi endurskoðun á málefnum ríkisins og til þess var einmitt Ríkisendurskoðun fengin, að gefa hlutlaust mat á rekstri og umsvifum ríkisins.

Síðan þessi umræða hófst hafa ýmsir haft samband við mig sem hafa starfað eða starfa í tengslum við flugstöðina og sent mér upplýsingar eða sagt mér ýmsar fjölskrúðugar sögur, bæði af kostnaði og mistökum, t.d. hitaveitu sem var rifin og henni hent, bráðabirgðalögn sem sett var í fyrir opnunina en dregur hvergi úr kulda í frosthörkum og vindi nú, geysidýru leiguhúsnæði í nær heilsuspillandi umhverfi, a.m.k. í austan- og norðaustanátt. Allir starfsmenn munu hafa skrifað undir kröfur um úrbætur vegna kuldans en ekkert verið að gert.

Einnig var vakin athygli mín á miklu rými í kjallara flugstöðvarinnar, undir byggingunni, sem reyndar var stækkaður en er ekki nýttur að því er ég best veit. Þá langaði mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig er fyrirhugað að nýta þetta mikla rými sem þannig var fengið með stækkun og hverjar voru forsendurnar í raun fyrir þessari stækkun?

Ég ætla ekki að lengja mál mitt því að ég kom meginefni þess sem ég hef að segja um þetta mál til skila fyrr í umræðunni en að lokum þetta: Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. að sjá til þess að þetta mál verði okkur öllum að kenningu og hvernig ætlar hann að búa svo um hnútana í samráði við ríkisstjórnina að slíku ráðslagi verði ekki aftur beitt? Þessu er afar mikilvægt að hæstv. ráðherra svari skýrt og skorinort til að taka af allan vafa.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Virðulegi forseti. Ég sagði við síðustu umræðu um þetta mál sl. mánudag að eflaust yrði ýmsu ábótavant í mínum svörum og ég heyri það að hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur þykir svo vera. Ég verð að viðurkenna að ég er langt frá því að vera nógu vel að mér um ýmsa þætti þessa mikla máls sem að mestu leyti hefur orðið til á tíma sem ég hef ekki setið í utanrrn., reyndar að öllu, svo að segja.

En sumu sem hér hefur verið spurt um skal ég enn leitast við að svara. Hv. þm. Júlíus Sólnes, sem er prófessor í jarðskjálftafræðum, fór með mjög alvarlegar fullyrðingar um bygginguna sem ég reyndi að sjálfsögðu strax að kanna og ég hef fengið svar við því sem er þannig að jarðskjálftastaðlar og styrkleiki byggingarinnar er yfirfarinn af Almennu verkfræðistofunni. Tveir dúxar frá hv. þm. — ég má líklega bara segja prófessor Júlíus Sólnes — önnuðust þá útreikninga, báðir sérmenntaðir frá Los Angeles. Þetta er nokkurn veginn orðrétt það sem mér var sagt og ég óskaði eftir að fá eitthvað á blað um þetta og þar segir: „Allir staðlar hússins miða við bandarískra eða íslenska staðla [þetta fjallar um jarðskjálftastaðla] eftir því hvor staðallinn gengur lengra. Ávallt báðum stöðlum fullnægt. Forsendur ákveðnar sameiginlega af bandarískum og íslenskum hönnuðum. Upphafleg hönnun gerð af bandarískum hönnuðum en endurreiknað af Almennu verkfræðistofunni þegar breytingar voru gerðar á kjallara. Byggingin er hönnuð bæði við ýtrustu kröfur jarðskjálftastaðla og er byggingin njörvuð niður með sérstökum bergfestum sem er einsdæmi í íslenskum byggingarframkvæmdum.“ En jafnframt er mér tjáð að hv. þm. prófessor Júlíusi Sólnes sé velkomið að koma og skoða allar þær tölur og upp-

lýsingar sem fyrir liggja um bygginguna og mér þætti satt að segja mjög vænt um ef kollegi minn, verkfræðingurinn, gerði það því að ég vil gjarnan fá úr þessu skorið, að þarna sé sem sagt öllum slíkum reglum fullnægt.

Ég óskaði einnig eftir því að fá upplýst hvernig staðið væri að rafmagnseftirliti og brunaeftirliti og fékk eftirgreindar upplýsingar, með leyfi forseta:

„Rafmagnseftirlit ríkisins hefur allan tímann verið *með í ráðum og er úttektaraðili hússins. Fulltrúar* þess hafa allan byggingartímann fylgst grannt með framkvæmdum og oft verið tveir til þrír menn frá þeim á byggingarstað. Úttekt á rafkerfi hússins er í höndum Rafmagnseftirlits ríkisins.

Brunamálastjóri er samþykktaraðili að brunatæknilegri hönnun hússins. Öll brunatæknileg hönnun byggingarinnar er uppáskrifuð og stimpluð með embættisstimpli hans."

Til viðbótar hef ég gefið fyrirmæli um það að allir íslenskir aðilar, sem eiga að stimpla við úttekt byggingar, verði tilkvaddir og enginn þar undanskilinn. Og ég veit að svo verður gert. Endanleg úttekt á byggingunni hefur ekki farið fram.

Hv. þm. Albert Guðmundsson gat um það réttilega að byggingin var rædd í ríkisstjórninni upphaflega. Auðvitað er það hárrétt, en ég hygg að það hafi verið aðeins misskilningur í hans orðum. Í orðaskiptum þeim sem fóru á milli mín og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, sem situr nú í forsetastóli, var rætt um þær viðbætur sem verið hafa á byggingartíma og ég minnist þess ekki að þær hafi verið ræddar sérstaklega í ríkisstjórninni, viðbæturnar. En það er gott og skylt að það komi fram sem hv. þm. sagði að vitanlega var upphafleg ákvörðun ítarlega rædd í ríkisstjórn.

Það er einnig hárrétt hjá hv. þm. að þótt dollarinn hafi fallið þá hafa eflaust einnig fallið í verði ýmis þau tæki eða þættir sem keypt er frá Bandaríkjunum. En hér er verið að gera samanburð í íslenskum krónum og þá hefur að sjálfsögðu vægi dollarans lækkað mjög og munar þar um 200 millj. kr. í þeirri áætlun sem gerð var upphaflega og endanlegu dollaragildi í íslenskum tölum reiknað. Væntanlega ætti þá að hafa komið fram gjaldamegin lækkun á ýmsu sem keypt er frá Bandaríkjunum og tek ég undir það með hv. þm. En hér var eingöngu verið að gera grein fyrir því hvaða breytingar hefðu orðið á áætlun í íslenskum krónum.

Hv. þm. spurði einnig um það hvaða viðbótarkostnaður, ef ég man rétt, væri líklegur við bygginguna til að ljúka henni að fullu. Er það ekki rétt hjá mér? Ég held að spurt hafi verið um það. Það er nokkuð síðan ég óskaði eftir því að mjög ítarleg slík úttekt yrði gerð. Ég gekk eftir henni og fékk hana í hendurnar sl. föstudag og þar kemur fram að ef allt er til tínt, sem fram hefur komið, er talið að heildarfjárvöntun sé 241 millj. kr. Þegar lá fyrir umsókn um minnir mig 180 millj. á þessu ári, sem reyndar fékkst ekki inn á lánsfjáráætlun, en hins vegar er þessi fjárvöntun af ýmsum toga og flokkuð hér í allítarlegu skjali í fjóra flokka eftir forgangsröðun. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu með því að fara yfir það. En eins og ég sagði í fyrri umræðu, þá eru þar ákveðnir stórir liðir sem valda okkur verulegum áhyggjum. Það er m.a. frágangur á hitaveitulögn sem getur ekki beðið mjög lengi og sömuleiðis þykir mér afar illt ef ekki er hægt að standa við samninga við listafólk um þau listaverk sem þarna eiga að rísa. Ég hygg að ég hafi sagt við fyrri umræðu að ég gerði mér vonir um að það yrði hægt með þeim fjárveitingum sem liggja fyrir, en samkvæmt síðasta uppgjöri er það ekki svo að ég mun enn leita eftir leiðum til að framkvæma þessa hluti alveg sérstaklega.

Hér hefur verið minnst á starfsmannaaðstöðu. Að sumu leyti er henni lokið, að öðru leyti ekki. Hún er inni í þessari áætlun sem ég nefni hér og ætla reyndar að ræða í ríkisstjórninni í fyrramálið. Ég hef ekki lagt hana þar fram enn.

Hv. þm. spurði einnig að því hvort flugstöðin væri utan yfirráðasvæðis hersins. Það er hún. Hún er utan yfirráðasvæðis hersins. Girðingin kemur í tvö horn flugstöðvarinnar og hermenn eru þarna hvergi viðriðnir. Hins vegar er gamla flugstöðin enn þá notuð í þeirra þágu. Það er enn þá tollgæsla með innflutningi varnarliðsins og sú tollgæsla fer ekki fram í þessari stöð. Ég sé að hv. þm. hristir höfuðið og ég lái honum það ekki neitt. En ég hygg þó að ég geti fullvissað hann um það að á þessari tollgæslu er hert og verður fylgst með þeim innflutningi sem á vegum hersins er. Ég er ekki að segja að það hafi ekki verið, en ég hef lagt á það ríka áherslu að það verði ekki síður fylgst með þeim innflutningi. En sem sagt: Flugstöðin er utan þess svæðis og í gegnum hana fara ekki flutningar á vegum hersins.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði um síðasta reikninginn. Ég hef aðeins farið yfir það. Hvort það er allra síðasti reikningur skal ég þó ekkert um segja, en ég óskaði þó eftir því að nú yrði allt tínt til sem mönnum væri ljóst og m.a. eru inni í þessu breytingar á dyrum flugstöðvarinnar þannig að ekki þurfi að blása þar í gegn í ákveðnum vindum. Mér er tjáð að sú lausn sem hér er lögð til sé örugg, en ég segi enn einu sinni: Það kann að breytast með meiri vindi. Ég þori ekkert um það að segja. En það er a.m.k. lögð vinna í það að reyna að leysa þessi vandamál.

Ég hef ekki verið að afsaka eitt eða neitt. Ég hef hvað eftir annað sagt að það sé ámælisvert að við flugstöðina var bætt. Ég hef hvað eftir annað sagt það. Og með þá hluti var ekki farið rétt. Það átti að komast alla leið til Alþingis og fjárveitingavaldsins að mínu mati. En ég er hins vegar enn ósammála því sem hér hefur verið sagt um þessa skýrslu sem ég lagði fram. Ég hef reynt að skýra mismun eða þann ágreining sem virðist vera um skýrsluna á milli þeirra sem gerðu hana fyrir mig og þess bréfs sem kom inn hjá Ríkisendurskoðun. Ég hef ekki gagnrýnt skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég kalla það ekki

skýrslu sem hér kemur inn. Munurinn á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar og niðurstöðum þeirra sem unnu þessa skýrslu fyrir mig er 83 millj. kr. Vitanlega er það veruleg upphæð. Það er rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni ef hann átti við þessa tölu. Það er veruleg upphæð. En í þeirri stórupphæð sem við erum að tala um, 2 milljarðar 992 millj., er það ekki mjög stór upphæð í þeirri tölu. Ég hef beðið um að fá skýringu á því í hverju þessi mismunur liggur, þessar 83 millj. kr., og ég hafði ekki fengið það í hendurnar þegar ég kom hingað eða a.m.k. ekki tekið eftir því á mínu borði. Það sem ég hef gagnrýnt — ég endurtek: ekki í skýrslu Ríkisendurskoðunar heldur í bréfi hennar — er það að alls ekki séu sambærilegar áætlanir sem gerðar eru fyrir hvern áfanga og kostnaður við hvern áfanga. Ég er enn ósammála því jafnvel þótt Ríkisendurskoðun eigi hlut að máli. Ég tel mig hafa komið það nálægt ýmsum framkvæmdum að ég tel að áætlun sem gerð er fyrir eitt ár og framkvæmdin það ár, og síðan samanlagður framkvæmdakostnaður bókfærður og slíkar áætlanir, séu samanburðarhæfar þó að þær gefi ekki endanlega niðurstöðu. Ég er líka þeirrar skoðunar — og ég endurtek enn einu sinni: þá er ég ekki að afsaka viðbæturnar, alls ekki — ég er enn þeirrar skoðunar að of lítið hafi verið gert úr verðhækkunum á tímabilinu, sem mér fannst rétt að kæmi fram að urðu 88% en ekki 25% eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

Ég sé ekki ástæðu til þess að biðja afsökunar á 2. síðu skýrslunnar eins og mátti skilja á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni nema þá að því leyti að það sé ekki nógu skýrt sett fram sem þar er verið að reyna að gera. Þar er verið að draga fram hvaða verðhækkanir vega þungt á þessu tímabili. Það er hvað eftir annað undirstrikað að viðbæturnar eru ekki teknar með í þær áætlanir sem þar eru gerðar, komist að þeirri niðurstöðu, ef ég man töluna rétt, að grunnkostnaður viðbótanna sé 385 millj. kr. Vitanlega hafa síðan bæst við það líka verðhækkanir. Hluti af verðhækkunum á tímabilinu kemur að sjálfsögðu líka á viðbæturnar svo að þær eru í heild sinni, þegar allt er framreiknað til 1. sept. 1987, vitanlega meiri en þessi grunnkostnaður. Í þeim áætlunum sem hins vegar voru gerðar mun hafa verið gert ráð fyrir þessum viðbótum sem eru þarna teknar út úr til að reyna að draga það fram hverjar þær eru að grunnkostnaði.

En ég endurtek líka það sem ég sagði síðan: Líklega hefði verið einfaldast að gleyma þessu með verðbæturnar og bera aðeins saman þessa upphækkuðu tölu til 1. sept. 1987 og þá hefði það komið í ljós sem á engan máta er falið þarna að þær eru samkvæmt útreikningum þeirra sem ég fékk til að gera skýrsluna 783 millj. eða þar um bil reiknað í huganum, en hins vegar hjá Ríkisendurskoðun 861 millj. og þar í eru viðbæturnar og það er í raun og veru það sem er ámælisvert í þessari framkvæmd.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði hvort endurskoðaðar yrðu reglur um áætlanagerð og framkvæmdir. Allar ábendingar Ríkisendurskoðunar verða í mínu ráðuneyti a.m.k. teknar til meðferðar og skoðaðar í öllu sem á þess vegum er framkvæmt. Ég hef þegar átt fund með þeim mönnum sem um þessi mál fjalla þar og hef rætt þessi mál. Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir við fyrri umræðu að þarna væri um að ræða ábendingar sem yrðu teknar til meðferðar í framkvæmdum á vegum ríkisvaldsins og styð ég það mjög eindregið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að ég væri að segja að ekkert alvarlegt hefði gerst. Það hef ég aldrei sagt. Ég vona að ég þurfi ekki að endurtaka enn einu sinni að ég tel afar alvarlegt að það skuli hafa verið bætt við framkvæmdir umfram heimild Alþingis fleiri hundruðum millj. kr. Ég tel það mjög alvarlegt og hefði þurft að komast vitanlega til skila hingað og þá að metast hér hvort þessar viðbætur væru nauðsynlegar. Það eru færð rök fyrir því, m.a. í sjálfri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar er tekið fram hvers vegna byggingarnefnd á sínum tíma og sá utanrrh. sem þá sat, sem reyndar var nú ekki síðasti utanrrh. heldur sá sem var þar á undan. Ég hef kannað það mál og ég held að allar þessar viðbætur séu samþykktar á hans tíma. Það er engin ástæða til að fela það heldur hvers vegna menn töldu — og ég efa það ekki að það hefur verið gert í góðri trú — nauðsynlegt að bæta þessum hlutum við. Ég hef sjálfur leyft mér að segja að ég held t.d. að það væri afar slæmt ástand þarna suður frá ef ekki hefði verið fjölgað úr þremur landgöngurönum í sex því að þeir eru oft allir skipaðir. En hins vegar átti vitanlega að ræða það við fjárveitingavaldið og það að samþykkja að svo yrði gert.

Hv. þm. ræddi nokkuð um húsameistara og skipulagsmálin o.s.frv., sjálfdæmi í þeim málum. Ég held að það sé ekki rétt. Ég hef að vísu ekki nægilegar upplýsingar til að svara þeirri spurningu en eftir því sem ég veit best hefur húsameistari ríkisins ekki setið í þeim nefndum sem fjallað hafa um flugstöðina. Ég held að ég fari þar rétt með. Ef hann hefur átt sæti í slíkum nefndum þá hefur hann vikið þegar um það hefur verið að ræða. Þetta verð ég að segja með fyrirvara en mig minnir að þetta hafi komið fram í viðræðum sem ég átti með mínum mönnum um málið fyrir alllöngu eða skömmu eftir að ég kom til starfa og byrjaði að kynna mér þetta mál.

Skipulagsnefndin sjálf sem þarna starfar hefur unnið í mjög nánu samstarfi við skipulagsstjóra ríkisins. Ég get staðfest það. Fréttatilkynningu byggingarnefndar treysti ég mér ekki til að svara öðru en því sem ég sagði síðast að ég sagðist ekki taka neina ábyrgð á því sem kæmi frá byggingarnefndinni. Hins vegar hefði ég ekki við það að athuga að hún í sínu eigin nafni bæri hönd fyrir höfuð sér, við skulum kalla það það, eða reyndi að skýra sinn málstað. Ég hvorki fór yfir þessa fréttatilkynningu né yfir þá skýrslu sem hún sendi hingað. Ég vil að það komi skýrt fram. Ég hélt reyndar að það hefði komið skýrt fram að ég tek enga ábyrgð á þeirri skýrslu né fréttatilkynningunni.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir kom held ég ekki beinlínis með spurningar nema um það að það sem þarna hefur orðið verði okkur vonandi lærdómur. Ég hef þegar svarað því að nokkru. Ég vona svo einnig og mun leggja áherslu á það af minni hálfu. Ég held að það sé aldrei nógu vandlega að áætlunum og byggingarframkvæmdum staðið. Því miður höfum við ótal dæmi um það að farið hefur verið fram úr jafnvel þar sem t.d. opinber nefnd sem hefur eftirlit með framkvæmdum hefur haft með málin að gera. Við þekkjum þetta alls staðar. En ég mun svo sannarlega leggja áherslu á það þar sem ég kem að að framkvæmdir verði sem vandaðastar. Ég hef að sjálfsögðu þegar um það rætt að í engu verði farið fram úr þeim fjárveitingum sem Alþingi hefur ákveðið til þeirra verka sem að einhverju leyti falla undir minn verkahring. En þau eru að vísu ekki mörg í utanrrn. eins og er þó að þetta stóra verk hafi þar komið undir á sínum tíma.

Ég vona, virðulegi forseti, að ég hafi svarað þessum spurningum. Það er ýmislegt fleira sem mætti nefna. Ég vil segja það út af því sem var talað um að fá athugun á þessu bréfi Ríkisendurskoðunar úr skýrslu minni, að þá hef ég þegar rætt við menn sem ég treysti og við höfum farið aðeins yfir þau mál. Sumt af því sem ég sagði áðan er byggt á slíkri umræðu eins og t.d. að vitanlega eru áætlanir hvers áfanga og kostnaður við hvern áfanga sambærilegur. Mér er sama þó að það sé Ríkisendurskoðun, ég tel þetta vera rangt í bréfi Ríkisendurskoðunar að halda slíku fram.

Mér er einnig sagt að í skýrslu Ríkisendurskoðunar, ég ætlaði að fletta því upp en hafði ekki tíma til þess, að í skýrslunni sjálfri sé þess getið að hún hafi fengið tvær áætlanir í hendur, þ.e. 12. febr. 1985 og 20. jan. 1986 og auk þess áætlun frá 1. mars 1987. En það segir í þessu sama bréfi að Ríkisendurskoðun hafi enga áætlun fengið nema þessa frá 1983. Ég veit ekki hvar liggur þarna misskilningur á milli manna sem ég hefði gjarnan viljað skoða betur.

En svo læt ég fyrir mitt leyti þessu lokið nema einhverjar enn fleiri spurningar komi fram. Ég vil aðeins endurtaka það að lokum að það er að sumu leyti skiljanlegt að hv. þm. hafi ekki verið ánægðir með öll mín svör því að ég hef orðið að leita annað upplýsinga og ekki ætíð haft þær undir höndum, en vil segja að það er velkomið að veita hv. þm. aðgang að öllu því sem tiltækt er í þessum málum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði við lok þessarar umræðu vegna athugasemda hv. 4. þm. Norðurl. e. sem saknaði þess að ég tæki ekki þátt í umræðunni og síðan vegna orða hv. 2. þm. Vestf. Þegar skýrsla ríkisendurskoðanda var til umræðu ræddi ég þetta mál. Ég gerði grein fyrir málinu eins og það lítur út fyrir mér þegar skýrsla ríkisendurskoðanda kom fram, en á sama tíma var lögð fram skýrsla hæstv. utanrrh. um kostnað vegna flugstöðvarinnar. Í þeirri ræðu gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum. Ég rakti þar gang þessara mála eins og ég hef þekkt til þeirra og leyfi mér hér aðeins að rifja upp úr þeirri ræðu, ef það má verða til þess að varpa enn betur ljósi á þær staðreyndir þessa máls sem fyrir liggja, að hluta til ákvarðanatöku um breytingu á byggingu flugstöðvarinnar svo og um fjármögnun í því sambandi og síðan eins og það var orðað hér af hv. 2. þm. Vestf. ákvarðanatökur rétt fyrir kosningar. Þar sem rætt er um ábyrgð ráðherra á þessum málum, eins og að sjálfsögðu öðrum málum, þá sagði ég í ræðu minni 17. des. sl., með leyfi forseta:

„Ég gegndi ekki embætti utanrrh. á þessum tíma, en það er skoðun mín að viðbæturnar hafi verið nauðsynlegar og átt sér eðlilegar skýringar.“ Þegar ég endurtek þetta nú þá segi ég: Ég gegndi embætti viðskrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá því í maímánuði 1983 þar til í október 1985. Ég sat ekki í ríkisstjórn frá 16. okt. 1985 til 26. jan. 1986. Eins og hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. eru allar þessar ákvarðanir teknar fyrir þann tíma. Ef þm. lesa þá er hægt að fá skýringar á því að byggingarnefndin leitaði til Almennu verkfræðistofunnar þegar þessar ákvarðanir höfðu verið teknar og spurðist fyrir um það hvort skynsamlegra væri að fresta því að taka þessa byggingu í notkun. Þá leyfi ég mér að vitna til þess sem ég sagði í fyrrgreindri ræðu, með leyfi forseta:

„Þegar framangreindar viðbætur höfðu verið ákveðnar leitaði byggingarnefndin eftir áliti Almennu verkfræðistofunnar á því hvort verktími sá sem ætlaður væri fyrir innréttingar yrði fullnægjandi án verulegrar aukavinnu og þar með hvort tímasetning samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn stæðist. Í svari verkfræðistofunnar frá október 1985 [og það bréf má finna í skýrslu byggingarnefndarinnar] kom skýrt fram að verktíminn yrði nægilegur og þar er einnig lýst þeirri áætlun sem unnið var eftir á lokastigum verksins og miðaðist við opnun flugstöðvarinnar í apríl í vor [þ.e. 1987].“

Í þeim samningi sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði við ríkisstjórn Bandaríkjanna í ágústmánuði 1983 er gert ráð fyrir að verkinu, þ.e. byggingu flugstöðvarinnar, sé lokið 1. apríl 1987.

Þegar talað er um að eigi megi inna af hendi greiðslur öðruvísi en lög standi til, eins og hv. 2. þm. Vestf. orðaði það, þá leyfi ég mér að lesa úr ræðu minni frá 17. des. sl. Það kom í minn hlut að fjalla einu sinni, þ.e. með fjárlögin 1987, um fjármögnun til flugstöðvarinnar, fjalla um það mál sem utanrrh., en að sjálfsögðu hafði ríkisstjórnin öll fjallað um fjármögnun til byggingarinnar allt frá því að samningurinn um bygginguna var lagður fyrir ríkisstjórn 1983 og þar samþykktur og lögin síðan samþykkt sem grundvalla ákvarðanatöku í þessu máli. Ég leyfi mér að vísa til fyrri ræðu minnar, með leyfi forseta:

„Ég vil taka það fram að um leið og utanrrn. var kunnugt um þá umframfjárþörf sem skapast hafði af fyrrgreindum ástæðum“ — og þá eru það þær ákvarðanatökur sem hér hefur verið rætt um — „var

leitað eftir heimild fyrir bráðabirgðalántöku eins og fram kemur í bréfi ráðuneytisins til fjmrn. 29. apríl. Fyrst taldi byggingarnefndin að umframfjárþörfin væri 480 millj. kr." — og það bréf hljóðar upp á 480 millj. kr. — „en síðar kom í ljós að fjárhæðin sem vantaði var allmiklu hærri eða um 869 millj. kr."

Og enn vísa ég í mína ræðu:

„Við fjárlagagerð ársins 1987 gerði byggingarnefndin utanrrn. og Fjárlaga- og hagsýslustofnun grein fyrir áætlaðri lánsfjárþörf vegna byggingarinnar árið 1987 að fjárhæð 520 millj. kr. Það er sú fjárhæð sem samþykkt var í lánsfjárlögum."

Þegar sú fjárhæð var uppurin og komið fram á árið 1987 og ráðuneytinu var gerð grein fyrir að það væri fjármagnsskortur, þá gerði utanrrn. fjmrn. samstundis grein fyrir þessum hlutum. (**SJS:** Var þetta 29. apríl?) Þetta var 29. apríl eins og segir í þessari ágætu ræðu sem flutt var hér í desember. (Gripið fram í.) Vitneskjan barst ekki fyrr til utanrrn., það eru staðreyndir málsins, og um leið var leitað eftir samþykki. Það er eins þegar því er haldið fram að sá sem í ræðustólnum stendur hafi ákvarðað opnunardaginn svona rétt eins og það væri fyrir fram kosningahátíð. Menn gera sér þá ekki grein fyrir því að það var gerður samningur á milli tveggja ríkisstjórna og um leið og menn tala um ábyrgð ráðherra, þá segi ég: Er það þá ekki á ábyrgð ráðherrans sem fer með málin þegar kemur að lokum að standa við þá samninga sem ríkisstjórn Íslands hafði gert um framkvæmd verksins?

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera hér örstutta athugasemd vegna ummæla hæstv. utanrrh. Mér þótti vænt um að heyra að hann hefði í tilefni af þeirri ræðu, sem ég flutti hér í umræðunum fyrr um flugstöðvarbygginguna og skýrslu hæstv. ráðherrans, gert sér ferð til Almennu verkfræðistofunnar til að kanna með hvaða hætti hefði verið staðið að jarðskjálftahönnun byggingarinnar. Það sem ég minntist á í máli mínu í umræðunum fyrr var að ég rak augun í athugasemd sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, þar sem staðhæft er að vegna þess að skriðkjallara var bætt við undir bygginguna hafi þurft að auka verulega járnamagn, járnabindingu og steypumagn vegna aukins jarðskjálftaálags sem þá var nauðsynlegt að taka tillit til.

Mér þykir mjög vænt um að heyra að það eru fyrrverandi nemendur mínir úr Háskólanum sem hafa staðið að þessari hönnun. Er mér nú miklu rórra því ég þekki nokkra ágætis fyrrverandi nemendur mína sem starfa einmitt hjá Almennu verkfræðistofunni og ég veit að málin hafa verið í góðum höndum hjá þeim. Það sem kannski væri þá þess virði að kanna betur eru forsendur hönnunar sem þessarar, þ.e. hér er um að ræða gífurlega mikið mannvirki og þeir fátæklegu hönnunarstaðlar sem við höfum aðgang að á Íslandi taka ekki á einn eða annan hátt tillit til slíkra mannvirkja sem flugstöðvarbyggingarinnar. Þegar um slíka framkvæmd er að ræða verður að fara miklu nákvæmar niður í allar forsendur fyrir þeirri hönnun sem þar á að fara fram. Að sjálfsögðu hefði átt að kalla til sérfræðinga á sviði jarðeðlisfræði, láta þá segja fyrir um hvað er líklegt jarðskjálftaálag á þessum slóðum. Það kemur nefnilega í ljós þegar það er kannað betur að það er sáralítið. Flugstöðvarbyggingin stendur alls ekki á miklu jarðskjálftasvæði. Hún er á Reykjanesskaganum þar sem um er að ræða jarðhitasvæði og þar verða jarðskjálftar aldrei mjög stórir. Þess vegna eru kannski allar líkur á því að ef þetta hefði verið kannað betur — það er ekki hægt að ætla venjulegum byggingarverkfræðingum að rannsaka slík mál, þetta er aðeins á færi jarðskjálftasérfræðinga — þá hefði það komið í ljós að það hefði verið nægjanlegt að reikna þessa byggingu fyrir mjög lítið jarðskjálftaálag. Þess vegna orka hugmyndir um bergfestingar með meiru mjög tvímælis í þessu sambandi.

Ég vildi nú aðeins vekja athygli á þessu og á því að þann lærdóm má draga af þessu að hönnunarforsendum og hönnunarstöðlum, sem við notum hér á landi, er mjög ábótavant og það er til vansa hvað við höfum sinnt þessu illa. Við höfum lítið viljað sinna þeim málum að láta vinna hér nákvæma og vandaða hönnunarstaðla. Iðntæknistofnun Íslands hefur haft þetta verkefni með höndum til margra ára en hún hefur ekkert fjármagn fengið til þessa verkefnis sem neinu nemur þannig að þessi mál eru í mjög miklum ólestri. Þannig eru allir staðlar, sem unnið er eftir hér á landi, mjög ófullkomnir og væri það ágætt tækifæri sem hér gefst til þess að draga þann lærdóm að við þurfum að vanda betur til allra hönnunarstaðla sem eru notaðir hér við hvers kyns framkvæmdir og veita meira fjármagni til þessara hluta en verið hefur.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en ég verð þó samt að koma upp til að ítreka spurningar mínar vegna þess að þeim var eiginlega ekki svarað.

Í fyrsta lagi: Hvernig ætlar hæstv. utanrrh. að standa að endurskoðun á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar? Mér er nefnilega ekki alveg ljóst hvort hann ætlar að skipa sérstaka nefnd til þessa verks eða hvort hann ætlar sjálfur persónulega að leita til óvilhallra tölfróðra vina sinna. Það skiptir talsvert miklu máli finnst mér hvort á að endurskoða Ríkisendurskoðun og þá hvernig að því er staðið.

Í öðru lagi: Hvernig er fyrirhugað að nýta hið stækkaða kjallararými undir flugstöðinni sem var ein af viðbótunum eða breytingunum sem gerð var á byggingartíma og er gríðarlega mikið flæmi og er ekki nýtt nú? Til hvers var það hugsað? Hvers vegna var þetta stækkað?

Í þriðja lagi og það er meginmál: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að sjá til þess að þetta mál verði okkur að kenningu — og þá meina ég nákvæmlega hvernig? Eða ætlar hann að gera það og þá hvernig ætlar hann að gera það? Ætlar hann að sjá til þess að

teknir verði upp nýir vinnuhættir þar sem ábyrgðin er skýrt skilgreind hjá ráðherrum, ráðuneytismönnum öllum, hjá öllum verktökum eða öðrum sem sinna störfum á vegum ráðuneyta þannig að ábyrgðin sé ævinlega í hverju verki skýrt skilgreind? Hvernig ætlar hann að standa að því? Það er gott að ráðherra hafi góðan vilja til þess arna en mig langar að vita hvernig hann hyggst framkvæma þetta.

Síðan til hv. 4. þm. Norðurl. e. Mér datt nú í hug þegar hann var að biðja um að fjmrh. yrði viðstaddur þessar umræður að það væri kannski ekki nema von að ráðherrann gæti ekki verið viðstaddur því hann er að sjálfsögðu önnum kafinn við að hanna nýja utanríkisstefnu og má ekki vera að því að koma.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið. Félagar mínir og aðrir þeir sem hér hafa talað hafa sagt flest af því sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Ég vil einungis benda hv. þingheimi á þá till. til þál. sem liggur hér fyrir þinginu á þskj. 231 frá þm. Alþb., um rannsókn á ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Ég fæ ekki betur séð en allir flokkar aðrir en Sjálfstfl. séu sammála um það hér að þetta mál sé langt utan við og ofan við allt sem áður hefur þekkst í meðferð fjármála hér í landi. Sjálfstfl. hefur hins vegar svarað eins og honum sýnist og ég vil vekja athygli hv. þingheims á því að einungis einn fyrrv. ráðherra Sjálfstfl. fékk umboð til að starfa áfram í þessari ríkisstjórn, allir hinir voru reknir en hv. fyrrv. utanrrh. var látinn halda áfram og það hlýtur að vera vegna umsjónar hans á byggingu flugstöðvar í Keflavík.

Ég held, herra forseti, að ástand mála hér í okkar landi sé á þann veg nú að við þolum ekki fleiri ævintýri á borð við þetta. Þess vegna vil ég taka undir með öllum þeim sem krafist hafa þess að í eitt skipti fyrir öll verði girt fyrir að svona lagað geti átt sér stað. Vitaskuld þarf rannsóknarnefnd að verða sett á laggirnar til að fara ofan í þetta mál alveg niður í grunn. Það þarf líka að kanna hverjir höfðu hagsmuna að gæta við byggingu þessa húss, hverjir fluttu inn það sem til þess var keypt, hver voru tengsl þeirra aðila við aðra þá sem höfðu með byggingu þessa húss að gera o.s.frv. Ég held að þetta mál sé af þeirri stærðargráðu að hér þurfi að fara ofan í saumana á flíkinni allri. Þess vegna vil ég mælast til að þingið verði við því að rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar til að kanna þetta mál algjörlega til hlítar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætlaði raunar ekki að taka til máls í þessu máli. Ég hef ekki kynnt mér það svo mikið að ég sé til þess fær en mér finnst einhvern veginn lyktirnar í þessu máli vera þannig að menn verði að glöggva sig á því hvernig það stendur og hvað skal gera.

Við sem vorum hér á þeim tíma sem ákveðið var að fara út í þessa byggingu munum vel eftir því að hún var minnkuð verulega. Hvers vegna? Vegna þess að mönnum þótti að stefnt væri í mjög dýra framkvæmd. Þingið ákveður þetta. Síðan er það ekki lagt fyrir þingið að breyta þarna aftur til. Það virðist vera þröngur hringur sem ræður því að niðurstaða Alþingis í þessu máli er virt að vettugi og málinu er ekki skotið til þingsins aftur og komið þá fram með þau rök að fyrri ákvörðun hafi ekki byggst á nægilegri þekkingu og þess vegna þurfi að taka málið upp. Ef ekkert verður svo gert í þessu máli meira en að ræða það á tveimur fundum og þar við látið sitja, hvaða fordæmi gefur þetta mál öðrum þeim sem slík verk verða falin í framtíðinni? Og er það samkvæmt því sem við viljum, að þessi stofnun sé virt, að svona sé starfað, að ekkert sé gert með það sem Alþingi ákvað í þessu máli?

Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að þetta mál sé ekki gott mál og ekki hafi verið farið réttað því. Við þurfum líka að athuga það hvernig við stöndum, stöndum gagnvart þjóðinni, stöndum gagnvart Alþingi, stöndum sem sagt frammi fyrir framtíðinni í þessu máli jafnvel þó að menn séu búnir að gefa það alveg upp á bátinn að þessi stofnun eigi að halda virðingu sinni.

Hæstv. samgrh. sagði að nauðsynlegt hefði verið að breyta fyrri áætlun. Það réttlætir ekki það að fara út í þessa breytingu öðruvísi en að hún kæmi aftur fyrir þingið. Ég er ekki fær til þess að dæma um það og það kann að vera að það sé alveg rétt hjá hæstv. fyrrv. utanrrh. að þetta hafi verið nauðsynlegt. Það er bara ekki nóg. Það átti að setja þetta mál fyrir þingið aftur. Hér er ekki um nokkrar milljónir að ræða og ég segi fyrir mig að ég er ekki alveg klár á því hvort bæta eigi þessum 241 millj. kr., sem er reiknað með að þurfi til þess að klára þetta hús, við þessa tæpa 3 milljarða kr. eins og ætla má eftir þessum upplýsingum því að varla hefði verið talað um tæpa 3 milljarða ef menn hefðu ekkert vitað hver hin talan yrði. M.ö.o., mér skilst að gert sé ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði, eins og nú horfir, og það er ekki vitað hvort það er endanleg tala eða svo skildist mér á hæstv. utanrrh., 3 milljarðar 233 millj. kr. Hér er ekki um neinar smátölur að ræða.

Ég held að nauðsynlegt sé að hv. Alþingi skoði þetta mál frá þessum sjónarhóli eða ætlar þingið að hafa svona mistök í framtíðinni að það sé hægt að benda á það sem fordæmi? Ber í raun og veru enginn ábyrgð í þessu landi? Nú skilst mér að það séu íslenskir aðilar sem hanna þessa byggingu að einhverju leyti en að einhverju leyti amerískir aðilar. Hvaða ábyrgð bera þeir á hönnuninni? Og ef þeir bera ábyrgð á hönnuninni að einhverju leyti, er það þá alveg neglt niður að þeir eigi ekki að bæta við þá tölu sem samningurinn hljóðaði upp á í fyrstunni þar sem þetta fer allt úr böndum og m.a. af mistökum?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð en mér sýnist þetta mál vera mjög alvarlegt hvernig sem á það er litið.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég gerði fsp. fyrr við þessar umræður til hæstv. utanrrh., fyrst um heildarkostnað byggingarinnar, hvort við værum að ræða heildarkostnað byggingarinnar á Keflavíkurflugvelli eða hvort enn mætti eiga von á viðbótarkostnaði. Hæstv. utanrrh. hefur nú svarað að áætlaður viðbótarkostnaður til að fullklára mannvirkið, og inni í þeim kostnaðartölum sem hann gaf er gert ráð fyrir viðgerðum til þess að mannvirkið haldi vatni og vindum, sé upp á 241 millj. kr. og það eru líka peningar. Þannig að þá vitum við svona nokkurn veginn hvað mikill byggingarkostnaðurinn verður í heild sinni og hann verður umfram áætlun þegar upp er staðið og byggingunni er að fullu lokið.

Ekki vil ég leiðrétta frekar en kollegi minn, hv. 7. þm. Reykn., hefur gert þann misskilning sem kom upp á milli hans og hæstv. utanrrh. þegar þeir töluðu um faglegu hlið byggingarinnar en það er gott að vita að hæstv. utanrrh. sá ástæðu til þess að skoða hvaða fagmenn, og hvaða einkunnir þeir hefðu hlotið, stóðu að hönnun mannvirkisins en hv. 7. þm. Reykn. talaði um að það hefði verið of í lagt og gerði athugasemdir við kostnaðinn miðað við það sem þörf er um styrkleika bygginga á þessu svæði vegna væntanlegra jarðskjálfta. Það var sem sagt ekki þörf fyrir þá steinsteypu sem lögð var í bygginguna til viðbótar vegna þess að skriðkjallari var stækkaður. En ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að þátttaka Bandaríkjamanna í þessu mannvirki væri m.a. háð því að mannvirkið væri þannig úr garði gert að það væri hægt að nota það fyrir stríðssærða sem yrðu fluttir frá vígvöllum til Íslands í eins konar sjúkrahús sem yrði þá staðsett í flugstöðinni í Keflavík og þeir væru þá í nokkru öryggi sem þangað yrðu fluttir. Og án þess að hafa spurt sérstaklega hef ég litið á stækkun á þessum skriðkjallara sem hluta af stríðsmannvirki, sjúkrahúsi, sem væri þá rekið í stöðinni ef til styrjaldar kæmi.

Það væri gott að fá svar við því hvort þessi skilningur minn er rangur því eitt af því sem talað var um þegar ákveðið var að fara út í þessar byggingarframkvæmdir var einmitt að hægt væri að breyta flugstöðinni í sjúkraskýli fyrir særða hermenn ef til styrjaldar kæmi.

Ég fagna því að hæstv. utanrrh. er búinn að staðfesta að ummæli mín um tollgæslu fyrr í þessum umræðum urðu til þess að hæstv. utanrrh. staðfestir í dag í svari sínu að tollgæslan hefur verið hert. Ég vona að ég hafi skilið það rétt. Ég verð að segja að það var ekki vanþörf á því vegna þess að engin tollgæsla var á tollpósti, pakkapósti, með flugvélum frá útlöndum til Keflavíkurflugvallar. Ég gerði tilraun sem yfirmaður tollþjónustunnar á sínum tíma til að breyta þar um og laga en gat ekki vegna þess að utanrrn. fór með tollgæsluna og þó að fjmrh. væri yfirmaður tollgæslunnar á pappírnum eða lögum samkvæmt hafði hann í raun sem yfirmaður tollgæslunnar engan aðgang að því að gera þær úrbætur sem nauðsynlegar voru. Mér þykir gott að heyra að utanrrh. hefur hert og bætt tollgæsluna hvað þetta snertir.

Þá vil ég líka geta þess að ég átti í mjög miklum erfiðleikum innan ríkisstjórnarinnar vegna ráðstafana sem ég gerði í tolleftirliti á þeim vörum sem eru fluttar sjóleiðina til Keflavíkur þegar mér barst það til eyrna, og fékk það staðreynt, að vörur voru fluttar úr skipum, hvort sem það voru íslensk eða erlend skip, beint upp á Keflavíkurflugvöll án nokkurs eftirlits og pappírar sem áttu að fylgja vörunum fyrir íslensku tollþjónustuna bárust ekki fyrr en kannski hálfum mánuði eftir að vörunum hafði verið skipað upp til Keflavíkuraðilanna og þær farnar inn á Keflavíkurflugvöllinn og þá kannski með farmskrám sem voru á dulmáli þannig að það var útilokað að skilja pappírana og skoða vöruna. Ég vona að þessu hafi líka verið breytt og að tollgæslan hafi verið hert á þessu sviði. Annað væri okkur sem sjálfstæðu ríki til háborinnar skammar því að á þessum sviðum hefur innflutningi fyrir varnarliðið ekki verið hagað á neinn annan hátt hér en milli fylkja í Bandaríkjunum. Keflavíkurstöðin hefur því verið eins konar fylki í Bandaríkjunum hvað þetta snertir og með tilkomu nýju tollstöðvarinnar og nýrrar og breyttrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli stóð til að breyta þessu og laga. Þess vegna lagði ég mjög mikla áherslu á það að fá svar frá hæstv. utanrrh. — (**Forseti:** Gefið hljóð á fundinum.) Á ég að taka það til mín eða ætla einhverjir aðrir að taka það til sín? Ég þakka hæstv. forseta. — um það hvort flugstöðin yrði talin utan eða innan girðingar, hvort hún kæmi áfram undir yfirráðasvæði hæstv. utanrrh. eða hvort ráðherrar hinna ýmsu ráðuneyta og málaflokka gætu starfað á eðlilegan hátt. Ég gat þess að ljóst þyrfti að vera hvort þessi stærsta tollstöð landsins og fjölmennasta farþegaafgreiðsla landsins til og frá landinu, og má segja sú eina ef undan er skilin afgreiðsla Færeyjaferjunnar á Seyðisfirði, heyrði undir rétt ráðuneyti eða ekki.

Nú hefur hæstv. utanrrh. staðfest að svo muni ekki verða því að á milli funda kynnti ég mér líka staðsetningu stöðvarinnar frá þessu sjónarmiði. Girðingin hún liggur þannig að afmarkaða svæðið sem heyrir beint undir daglegan rekstur varnarliðsins er þannig afgirt að girðingin liggur í flugstöðina hvoru megin og varnarliðið lítur á flugstöðina sem eins konar hlið út úr landinu en um leið og þú ert kominn inn í flugstöðina, að maður tali nú ekki um út hinum megin, ertu kominn á varnarsvæði. Þannig að stöðin er innan girðingar varnarliðsins en átti að vera utan. Og ég held að hvar sem hver vill staðsetja sjálfan sig í hinum vestrænu vörnum og þátttöku þar í eða hvernig hann vill tjá hug sinn til NATO þá vil ég staðsetja mig sem NATO-sinna og hef talið sem sjálfstæðismaður að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa hér varnir eða varnarlið og rök mín fyrir þessu eru nákvæmlega rök Sjálfstfl. Ég hef ekkert breyst í lífsskoðun við það að stofna nýjan flokk eða vera rekinn úr Sjálfstfl. Mín lífsskoðun er óbreytt. Ég vil hins vegar, á sama hátt og um leið og ég undirstrika það

að ég er NATO-sinni sem kallað er, aftur enn einu sinni reyna að ná eyrum þjóðarinnar almennt, hvaða flokksskírteini sem þeir kunna að hafa, þegar ég segi að löng dvöl varnarliðs hvar sem er má ekki verða til þess að hefðir sem dvöl varnarliðs skapar þar sem það er verði landslögum yfirsterkari. Þessi hætta er líka fyrir hendi þar sem herir eru í heimalandinu sjálfu. Landslög eru þar í hættu ekki síður en hér og annars staðar. Því harma ég það að ein af forsendum fyrir því að farið var út í þessa miklu byggingu sem er Keflavíkurflugstöðin er brotin með því að starfsemi þessarar flugstöðvar er ekki aðskilin frá starfsemi varnarliðsins eins og reiknað var með og utanrrn. heldur áfram að fara með alla málaflokka hvort sem það eru lögreglumál, tollamál eða hvað annað, það heyrir undir utanrrh., ekki samkvæmt lögum heldur samkvæmt reglugerð sem bæði hæstv. núv. utanrrh. og ég höfum reynt að fá breytt á vissan hátt, eins og ég gat um í ræðu minni fyrr í þessari umræðu fyrir nokkrum dögum síðan, þegar við sátum hlið við hlið í flugráði og vitna ég til þeirrar ræðu til þess að endurtaka ekki það sem ég sagði þá.

Þetta er stærra mál en svo að við getum ýtt því til hliðar með því að neita að hlusta þegar orðin eru töluð og það er alveg sama frá hverjum þau koma. Það fer ekki eftir flokksskírteinum hvort menn eru Íslendingar í raun eða ekki. Við verðum að hafa pláss fyrir það í okkar heila að hugsa vítt og breitt um hagsmuni þjóðarinnar. Til þess erum við hérna.

Við hv. 6. þm. Reykv. segi ég það að ég ætla ekki í þessari ræðu frekar en þeirri síðustu að firra mig ábyrgð á flugstöðvarbyggingunni eða mannvirkinu. Ég var fjmrh. þegar þessi ákvörðun um að byggja flugstöðina var tekin. Að vísu var kostnaðaráætlunin í lægra lagi, mikið lægri en niðurstöðutalan virðist ætla að verða. En það vil ég segja að sá maður, sem var fenginn úr Ríkisendurskoðun til þess að fylgjast með verkefninu, var góður maður. Það var einn af bestu mönnum Ríkisendurskoðunarinnar og hafði fullt traust margra fjmrh. á undan mér og fullt traust mitt og það kom mér ekkert á óvart, en það kom sér illa fyrir mig sem fjmrh. að það var beðið um hann úr Ríkisendurskoðuninni til þess að fylgjast með framkvæmdum. Mat mitt á þeim manni, þrátt fyrir allar umræður um aukakostnað við framkvæmdirnar, hefur ekkert breyst. Og ég vil segja það að hæstv. þáv. utanrrh. ræddi þetta mál hér úr þessum stól. Hann gaf ríkisstjórninni þá fulla skýrslu um væntanlegar framkvæmdir og lagði málið mjög vel fyrir og við samþykktum þá í ríkisstjórninni að fara út í þessar framkvæmdir og eru þá allir samábyrgir fyrir því. En mig minnir og ég held að ég muni það rétt, mér er næst að segja að ég hafi leyfi virðulegs formanns utanrmn. til þess, að málið var líka kynnt í utanrmn. og ég held, ef ég man rétt, rætt oftar en einu sinni. (Gripið fram í.) Ég fer rétt með, er það ekki? (Gripið fram í.) Já, þannig að við erum öll meira og minna sammála.

Þegar hv. 6. þm. Reykv. spyr hæstv. utanrrh. hvort hann ætli að sjá til þess að málið verði okkur öllum að kenningu og við breytum þá einhverju til þess að niðurstöðurnar verði þá aðrar en í þessu tilfelli við næstu verkefni, held ég að það þurfi ekki að breyta neinu öðru en því að allir fari að lögum og fari að reglugerðum. Ég held að það sé nokkuð vel gengið frá því hvernig á að standa að opinberum framkvæmdum almennt og liður í því var að fá þennan trausta mann frá Ríkisendurskoðun á sínum tíma til þess að hafa eftirlit með framkvæmdum. Ég held að þetta sé allt spursmál um það sem er svo íslenskt. Það er bara að fara að þeim reglum sem þegar hafa verið settar. Það á við Íslendinga almennt á öllum sviðum. Það er oft erfitt að fylgja settum reglum eða fara eftir ákvörðunum.

Ég hef talað um skilning minn á stækkun eða þörfinni fyrir stækkun á kjallararýminu og ég vona að hæstv. ráðherra staðfesti eða leiðrétti ef skilningur minn er rangur, en alla vega var um það talað á sínum tíma að þátttaka Bandaríkjamanna í framkvæmdum væri háð því að þeir gætu haft not af byggingunni ef á þyrfti að halda sem við skulum öll vona að verði aldrei.

Mig langar líka að svara hv. 13. þm. Reykv. þegar hún segir að allir nema Sjálfstfl. séu sammála um málsmeðferð og það sé eins og að Sjálfstfl. einn hafi ekkert við málsmeðferð að athuga eða málið í heild að athuga. Ég efast um að það sé rétt. Ég vil hins vegar ekki firra mig neinni þeirri ábyrgð sem hv. þm. setur á Sjálfstfl. eða sjálfstæðismenn. Ég var í þeirra hópi á þeim tíma og er fullkomlega ánægður með það að vera með þeim í þeirra félagsskap í þeirri ábyrgð sem kann að verða sett á herðar Sjálfstfl. í þessu máli. Ég sé ekki að hann þurfi neitt að skammast sín. Ég sé ekki, enda hef ég ekki heyrt það á neinum sem hér hafa talað, að ástæðan fyrir fsp. sem slíkri hafi verið sú að einhverjir hafi verið grunaðir um eitthvert glæpsamlegt atferli. Það hef ég ekki heyrt talað um. En að farið hafi verið út í framkvæmdir umfram það sem Alþingi hafi gert ráð fyrir, það hefur komið fram. Annað hefur ekki komið fram. Ég sé ekki neitt óheiðarlegt nema þá að það sé talið óheiðarlegt að bygging flugstöðvarinnar hafi átt sér stað. Þar af leiðandi er ég ekki sammála hv. 2. þm. Vestf. um þetta mál, að tala okkur í þessu máli inn í einhverja sjálfheldu, sem gefur okkur ekki neina aðra útgönguleið en að senda málið til landsdóms. Mér finnst allt tal um landsdóm ekki eiga rétt á sér.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég koma inn á spurningar sem til mín hefur verið beint. Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir spurði enn um það hvernig ég hygðist standa að endurskoðun á niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Ég veit að hún á þar við minnisblað það sem Ríkisendurskoðun sendi hv. þm. og er athugasemdir við skýrslu mína. Ég mun hafa sagt að ég ætlaði að fá tölfróða menn til að líta á þetta með mér. Það hef ég reyndar þegar gert og hef

m.a. staðfest það sem kom fram áðan að vitanlega er hægt að bera saman áætlanir hvers árs og bókfærðan byggingarkostnað hvers árs. Ég held að það þurfi svo sem ekki nokkurn tölfróðan mann til að segja manni af slíku. Samanburður er mjög oft unninn og ekkert óeðlilegt við það.

Ég hef líka fengið upplýsingar um það sem ég nefndi áðan að Ríkisendurskoðun fékk í hendurnar fleiri áætlanir en þessa einu sem skilja má í bréfi Ríkisendurskoðunar að hafi verið sú eina sem hún fékk. Hins vegar ætla ég að skoða þetta dálítið betur. En að skipa nefnd í málið ætla ég ekki að gera og má vel vera að ég ræði persónulega við ríkisendurskoðanda um málið og reyni að komast til botns í því hvað þarna veldur þessum misskilningi sem er.

Hvað varðar stækkaða kjallarann þá er, eftir því sem ég best veit, kjallarinn stækkaður m.a. til þess að setja hlut af loftræstingu þar niður sem var talið henta betur. Loftræstingin var aukin allverulega. Hins vegar mun áætlun hafa gefið til kynna að það væri að sumu leyti hentugra og jafnvel ódýrara að steypa kjallarann upp fremur en að fylla upp það rými sem þurfti að fjarlægja. Það mun hafa verið þarna töluvert af lausu grjóti sem varð að fjarlægja og það var talið betra að steypa kjallarann upp, fjárhagslega líka.

Þessu rými hefur ekki nema að hluta verið ráðstafað. Hluti mun vera ætlaður til afnota fyrir lögregluna á Keflavíkurflugvelli. Hana hefur skort húsrými. Hluti mun verða nýttur sem geymsla fyrir flugstöðina og fleira. Það hefur einnig verið mikill skortur á geymslurými eins og er á öllum heimilum, hygg ég, og þannig mætti nota töluvert af kjallaranum. Ég hef hins vegar aldrei heyrt það nefnt sem hv. þm. Albert Guðmundsson kom inn á að heimilt væri að nota kjallarann sem sjúkrastofu. Hitt er svo rétt sem hv. þm. sagði að framlag Bandaríkjamanna er háð því skilyrði að þeir geti fengið afnot af flugstöðinni, eða a.m.k. að einhverjum hluta, ef til átaka kemur. Það getur vel verið rétt metið hjá hv. þm. að kjallarinn væri góður til þeirra afnota, en það hef ég ekki heyrt nefnt áður.

Verði okkur að kenningu og hvernig: Ég get ekki talað nema fyrir mitt ráðuneyti. Ég sagði áðan að ég mun leggja á það ríka áherslu að betur eða öðruvísi verði að málum staðið í mínu ráðuneyti. Hins vegar vísaði ég til þess áðan að forsrh. tók þetta einmitt upp í ræðu sinni í desember í umræðu um málið og hæstv. forsrh. hefur miklu betri tök á því að láta þetta öllum ráðherrum og ráðuneytum að kenningu verða. Ég held að rétt væri að beina þeirri spurningu til hans. (**GHelg:** Hæstv. utanrrh. var forsrh.) Ég er ekki lengur forsrh. eins og hv. þm. veit og get því ekki beint fyrirmælum til annarra ráðherra í þessu sambandi. Það get ég ekki. Ég hef engin tök á því. Þessi skýrsla kemur ekki fram og ábendingar í skýrslunni fyrr en eftir að ég hef látið af starfi sem forsrh.

Hv. þm. Albert Guðmundsson ræddi um heildarkostnaðinn. Við bókfærða heildarkostnaðinn var bætt 150 millj. kr. sem er hitaveitan og minnismerkið, eða ekki minnismerkið, þ.e. listaverkin, kannski reyndar hálfgert minnismerki einhvern tíma. (Gripið fram í.) Jæja, flugstöðin er minnismerki. Það á að reisa þarna fyrir framan heilmikinn og fallegan regnboga sem mun sjást víða að. Og þessu var bætt við bókfærðan kostnað. Þá var hann 2 milljarðar 483 millj. kr. Samkvæmt þeirri ítarlegu athugun sem ég hef látið fara fram þarf að bæta við þetta 91 millj. kr. svo að það má ætla að þessi heildarkostnaður gæti orðið, bókfærður, ekki framreiknaður, 2 milljarðar 574 millj. kr., samkvæmt síðustu áætlun.

Ég hef svarað þessu með kjallarann. Svo kemur þetta með flugstöðina og hvar hún er. Það er alveg rétt að hún er inni á varnarsvæðinu og hún er í girðingunni eins og hv. þm. benti á, en ég held því fram að með þessari flugstöð hafi tekist að stíga mjög stórt skref til að skilja að starfsemi hersins og aðra starfsemi á flugvellinum. Nú þarf enginn farþegi að aka í gegnum herhlið eða neitt þess háttar og flugstöðin er þess vegna utan athafnasvæðis hersins. Ég tel þetta í sjálfu sér mjög mikilvæga breytingu og hefur t.d. breytt mjög allri umferð um hliðin inn á herstöðina sjálfa. Hitt er rétt að eftirlit með starfsemi stöðvarinnar, tolli og öllu slíku er enn í höndum utanrrh. eins og hv. þm. réttilega greindi frá og vitanlega er að því leyti dálítið erfiðara að aðskilja flugstöðina frá öðru sem viðkemur varnarliðinu að hún er byggð með þeim skilyrðum frá hendi Bandaríkjanna að þeir fái afnot af stöðinni ef til átaka kemur sem ég tek undir með hv. þm. að við skulum vona að verði ekki. Sömuleiðis starfar sú lögregla sem þar er einnig inni á varnarsvæðinu þegar hún er þangað kvödd eða er þar á vakt o.s.frv. Þeir tollverðir sem sinna tollgæslu þarna sinna einnig tollgæslu í gömlu flugstöðinni og því sem varnarliðinu viðkemur. Ábendingar hv. þm. um tollgæslu á því sem kemur t.d. með skipum eru mjög athyglisverðar og ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki hugleitt það nægilega vel, en það ætla ég að gera. Vitanlega á það að verða undir tolleftirliti eins og hvað annað.

Ég vil taka það fram að það gæti vel komið til greina að flytja frá utanrrh. til viðkomandi stjórnvalda ýmislegt sem er núna í þessari tollstöð eins og t.d. tolleftirlit og hafa þá hins vegar tolleftirlit með varnarliðinu sjálfu hjá utanrrh. Ég held hins vegar að aðalatriðið sé að mjög gott samstarf verði með tollgæslunni þarna og tollgæslu sem er á vegum fjmrn. og ég hef reyndar átt viðræður við tollgæslustjóra, tiltölulega nýskipaðan, um þá samræmingu og hef frá honum erindi sem ég er nú með í athugun í því sambandi svo að ég vona að það geti orðið árekstralaust.

Greiðslusamningar vegna skólamannvirkja, fyrri umr.

Þáltill. RÓsk, 279. mál. — Þskj. 579.

Flm. (Ragnar Óskarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um greiðslusamninga vegna skólamannvirkja. Tillaga þessi er á þskj. 579 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ljúka greiðslum af ógreiddum hlut ríkissjóðs við sveitarfélög vegna stofnkostnaðar skólamannvirkja með þeim hætti að gerðir verði bindandi greiðslusamningar við einstök sveitarfélög um skuldagreiðsluna.

Verði framvegis um að ræða sameiginlega þátttöku ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu skólamannvirkja skulu bindandi greiðslusamningar gerðir vegna þeirra framkvæmda.“

Eins og fram kemur í grg. með till. er skuld ríkissjóðs vegna framkvæmda við skólamannvirki allveruleg. Ekki fer á milli mála að slík skuldastaða hlýtur auðvitað að vera afar slæm fyrir ríkissjóð, ekki síst þegar litið er til ákvæða laga nr. 30/1973 þar sem skýrt er kveðið á um að heildarframlög ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skuli vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt.

Undanfarin ár hafa þessi ákvæði laganna ekki verið uppfyllt. Afleiðingar þessa hafa einkum verið tvenns konar. Annars vegar þær að sveitarfélögin hafa hreinlega dregið mjög saman framkvæmdir við uppbyggingu skólamannvirkja og það kemur auðvitað harðast niður á nemendum og hefur tvímælalaust óæskileg áhrif á ýmsa aðra þætti í viðkomandi sveitarfélögum, auk þeirra er lúta beint að menntuninni sjálfri. Í þessu sambandi má t.d. nefna búsetuþróun og ýmislegt fleira. Hins vegar eru afleiðingarnar þær að sum sveitarfélög hafa framkvæmt hraðar en framlög ríkissjóðs gefa tilefni til vegna sjálfsagðrar kröfu heimamanna um fullnægjandi skólamannvirki. Þessi sveitarfélög standa hins vegar frammi fyrir þeim vanda að með því að lána ríkissjóði að meira eða minna leyti sinn hlut verður minna fé eftir í sveitarfélaginu til annarra nauðsynlegra framkvæmda. Skiptir í því sambandi litlu máli hvort framlög ríkissjóðs koma verðbætt þegar þau loks koma.

Þegar þessir þættir eru skoðaðir blasir raunverulega við að uppbygging skólamannvirkja er víðast hvar afar ómarkviss nema hjá þeim sveitarfélögum sem standa svo vel fjárhagslega að þau geta lánað ríkissjóði hlut sinn í stofnkostnaði. Ég hygg reyndar að þau sveitarfélög séu ekki mörg.

Ég tel engan vafa leika á því að það ástand sem ég hef hér fjallað um sé langt frá því að vera eðlilegt. Það getur að mínu mati ekki verið eðlilegt að uppbygging skólamannvirkja sé nánast látin ráðast af tilviljunum einum saman í stað markvissra og raunverulegra áætlana. Það er einfaldlega of mikið í húfi til þess að svo megi verða. Þess vegna er nauðsynlegt að bæta úr þessu ástandi hið fyrsta.

Í þessu sambandi koma að sjálfsögðu margar leiðir til greina og ég tel að sú þáltill. sem ég hér mæli fyrir sé í það minnsta ein leið til þess að ráða bót á því sem mér liggur við að kalla ófremdarástand við uppbyggingu skólamannvirkja.

Fyrri hluti till. minnar lýtur að því hvernig gera megi upp ógreidda skuld ríkissjóðs við fjölmörg sveitarfélög. Þar geri ég ráð fyrir að lokið verði greiðslum af ógreiddum hlut ríkissjóðs við sveitarfélögin með þeim hætti að gerðir verði bindandi greiðslusamningar við einstaka sveitarfélög um skuldagreiðsluna. Í slíkum greiðslusamningum skuldbindi ríkissjóður sig til þess að gera upp skuldina á ákveðnum tíma með ákveðinni greiðslu á ákveðnum gjalddögum. Með þeim hætti yrði staða sveitarfélaganna að þessu leyti mun betri en nú er þegar óþarfa óvissa ríkir um uppgjörsmálin.

Seinni hluti till. lýtur að hugmynd um það hvernig uppgjörsmálum væri unnt að haga í framtíðinni ef svo fer að áfram verði um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga vegna byggingar og stofnkostnaðar skólamannvirkja. Reyndar er ekki enn ákveðið hvort eða hvernig hugsanleg kostnaðarskipting verður í framtíðinni. Í nýjasta frv. til laga um framhaldsskóla er t.d. gert ráð fyrir kostnaðarskiptingu þannig að ríkissjóður greiði 60% en sveitarfélög 40% vegna byggingarframkvæmda og stofnbúnaðar og samkvæmt núgildandi lögum er kostnaðarskiptingin vegna grunnskólanna 50% hjá ríkissjóði og 50% hjá sveitarfélögunum, hvað svo sem síðar kann að verða.

Ég tel afar mikilvægt að ef um áframhaldandi kostnaðarskiptingu verður að ræða verði tryggt afdráttarlausara uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga en nú er. Það uppgjör væri auðveldlega unnt að tryggja með bindandi greiðslusamningum um þau skólamannvirki sem ráðist verður í að reisa í framtíðinni, þannig að ríkissjóður og sveitarfélögin ættu á allan hátt auðveldara með að gera sínar áætlanir um framkvæmdir og fjármögnun vegna þeirra.

Ef fyrir lægi við upphaf framkvæmda við skólamannvirki samningur milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, þ.e. kostnaðar- og greiðsluáætlun bundin í samningi, hlyti að vera auðveldara fyrir báða aðila að móta heildaráætlun að þessu leyti. Ég tel reyndar að 76. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, sé mjög í anda þess að slíkir greiðslusamningar séu gerðir, en í þeirri lagagrein segir, með leyfi forseta:

„Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal endurskoða hana hverju sinni í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.“ Í skýringum sem samdar hafa verið með lögunum segir enn fremur um 76. gr., með leyfi forseta:

„Margar framkvæmdir taka mörg ár og því er nauðsynlegt að gera áætlun um framgang verka og fjármögnun til lengri tíma um leið og tekið er tillit til annarra framkvæmda og reksturs. Gerð þriggja ára

áætlana auðveldar einnig fjárveitingavaldi ríkisins og öðrum opinberum aðilum samræmingu sinna áætlana við áætlanir sveitarfélaganna."

Fyrrnefnd lagagrein og skýringar með henni hvetja sem sé mjög til þess að mínu mati að gerðir séu greiðslusamningar af því tagi sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Nú kann auðvitað að vakna sú spurning hvort sveitarfélögin almennt séu tilbúin til þess að gera bindandi greiðslusamninga að þessu leyti, hvort fjárhagur þeirra leyfir t.d. að til einhverra ára séu settar fyrir fram ákveðnar fjárhæðir til skólamannvirkja. Væri e.t.v. með því verið að skuldbinda sveitarfélögin um of í verkefnavali? Ég tel að svo sé ekki, heldur þvert á móti sé þeim á ýmsan hátt með því auðveldað val verkefna.

Víst mætti hugsa sér að greiðslusamningar væru gerðir til mislangs tíma eftir vilja og getu einstakra sveitarfélaga. Sum kynnu að vilja hraða framkvæmdum en önnur fara hægar. Allt slíkt kæmi auðvitað til greina í greiðslusamningi. En umfram allt, og það sem meginmálið snýst um, greiðslusamningarnir mundu tvímælalaust stuðla að markvissari áætlanagerð og minni óvissu um framkvæmda- og fjárhagsliði sveitarfélaganna.

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um að till. sú sem ég hér hef mælt fyrir sé til bóta vegna uppgjörsmála fyrir skólamannvirki og stofnbúnað þeirra. Ég er einnig sannfærður um að hún stuðlar að auðveldara uppgjöri í framtíðinni ef um áframhaldandi kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í uppbyggingu og stofnbúnaði verður að ræða. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. Alþingi taki tillögunni vel, skoði hana í það minnsta frá öllum hliðum og útfæri hana nánar með tilliti til þeirra þátta sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri till. sem hér er fram komin og þakka flm. fyrir að færa þessa hugmynd hér inn á Alþingi. Ég tel að hann hafi í greinargerð sinni og ræðu gert allvel grein fyrir málinu. Mér bárust hins vegar tvö bréf í morgun sem tengjast efni tillögunnar og reyndar berast svona bréf allt of oft. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa annað bréfið sem er skrifað að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði. Þar segir:

„Í dag er öskudagur 1988. Því er eigi í vant nema hálfu fjórða ári að skólinn hér á Kleppjárnsreykjum hafi starfað í þrjá áratugi. Þeir nemendur sem settust í Kleppjárnsreykjaskóla haustið 1961 og haustið næst á eftir eru margir hverjir foreldrar núverandi nemenda. Þá voru bundnar miklar vonir við starfið eins og æ síðan. Og allt frá upphafi hafa heimamenn kappkostað að þoka byggingarmálum skólans áfram.

Frá 1974 að lög um grunnskóla voru sett hefur enginn hér getað hugsað sér að til þess kæmi að ríkisvaldið þyrfti að grípa til þess að beita ákvæðum 19. gr. þeirra laga. En þar segir að sjái sveitarfélag börnum á grunnskólaaldri ekki fyrir viðunandi húsnæði til skólahalds geti ríkið látið reisa það og krafið svo sveitarsjóð um hans hlut í byggingarkostnaði. Sveitarstjórnarmenn hafa af áræði og óbilandi trú á æskumenn sína og mátt menntunar staðið þannig að málum að í dag vantar svo mikið fjármagn, þ.e. nálega 16 millj. úr ríkissjóði til síðustu fjögurra byggingaráfanga í skólahverfinu, að hlutur ríkisins dygði líklega til að ljúka þeim öllum án teljandi fjárútláta heimamanna. Er því von að spurt sé með hvaða rétti þetta lagaákvæði gildi ekki ef ríkissjóður er jafnsinnulaus og raun ber vitni.

Tildrög atburða þessa öskudags má rekja til þeirra vanefnda sem hafa orðið á því að fá staðfestan samning um byggingar hér, en af okkar hálfu hefur verið unnið af heilindum allt frá því fyrrum menntmrh. bauð upp á samningsgerð er hann vígði Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í janúar 1987. Fljótlega eftir það vaknaði áhugi nemenda hér á að reyna á táknrænan hátt að sýna sem skýrast samstöðu allra hér um slóðir varðandi uppbyggingu grunnskóla á Kleppjárnsreykjum.

Þegar einn þm. Vestlendinga áði hér fyrir stuttu afhenti stjórn skólafélagsins honum undirskriftalista er allir félagarnir höfðu ritað nöfn sín á. Þar treysta þeir honum til að leggja máli þessu lið. Eftir það ákváðu þeir að leita til allra heimila norðan Skarðsheiðar og sunnan Hvítár, allt frá efsta byggðu bóli til strandar, hvort þau vildu ekki heita á þá að ef þeir dönsuðu og syntu á öskudag frá birtingu til myrkurs, þ.e. frá kl. 9–21. Greiddi viðkomandi ákveðið gjald fyrir hverja klukkustund. Hverjum og einum yrði í sjálfsvald sett hversu há fjárhæðin yrði.

Viðbrögð fólksins við þessari viðleitni æskumanna, sem eru haldnir bjartsýni og djörfung, líkt og sveitarstjórnarmenn hafa verið í gegnum tíðina, urðu með þeim eindæmum að á hálfum degi náðu loforð um styrk tæpum 250 þús. kr. Og það sem hvað mestu skiptir, bæði fyrir nemendur og sveitarstjórnarmenn, er að nær undantekningarlaust töldu menn sjálfsagt að leggja málinu lið.

Það er því bjart í og yfir Kleppjárnsreykjaskóla í dag þótt þorrinn yggli sig utar, enda sólin að hækka á lofti. Og skilaboðin eru þung sem berast frá heimilum hér niður lækjarfarvegi í Hvítá og út í straumiðu hennar allt til sjávar og inn á Viðeyjarsund, að þið þm. Vestlendinga og ráðherra fjármála sjáið sóma ykkar í því að ljúka því verki sem tveir menntmrh. hafa fengið ykkur, en það er að færa okkur upphaflegan samning hingað heim, staðfestan og gildan.

Þessi eru skilaboðin til ykkar þm. um leið og sveitarstjórnarmönnum er frá upphafi skóla þakkað þeirra mikla verk til þessa.

Ég þakka nemendum og öllum öðrum samstarfsmönnum mínum þennan dag áræðis og samstöðu og minni á að öskudagur á sér marga bræður."

Undir bréfið ritar skólastjórinn, Guðlaugur Ósk-

arsson, en degi síðar ritar hann áfram, með leyfi forseta:

„Ljóst er að þar sem nemendur dönsuðu og syntu 12 klukkustundir urðu áheitin nálægt því sem fram kemur í bréfinu. Við það bættust 36 þús. kr. sem var ágóði af kökuuppboði í lok dagsins, en hver nemandi kom með eina köku að heiman. Upphæðin er því orðin á milli 280 og 300 þús. kr. eða hálf úthlutun ríkisins til skólabygginga hér á fjárlögum þessa árs. Vegalengdin sem synt var er 133 km eða ríflega frá Kleppjárnsreykjum suður í Alþingi. Dansað var af svipaðri elju.

Aðeins í lokin: 600 þús. kr. eru nálega 1/26 af skuld ríkis við okkur eða u.þ.b. 4%."

Þetta bréf lýsir ástandi í einum skóla, en við vitum það öll að það er víðar pottur brotinn og mér barst reyndar líka bréf frá Stykkishólmsbæ nú í morgun og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Meðal þeirra erinda sem borin voru upp var fjárveiting til uppgjörs skólabyggingar. Fyrsta fjárveiting til skólans fékkst 1973 og var lokið við hönnun skólahússins 1975. Fjárveitingar höfðu þá fengist til undirbúnings en vegna erfiðleika við byggingu hótelsins var framkvæmdum við skólann frestað. Framkvæmdir hófust 1978 og lauk byggingu skólans árið 1985. Var hann þá fullbúinn. Í greiðsluáætlun sem fylgdi samningi um byggingu skólans var gert ráð fyrir því að greiðslum ríkisins yrði lokið 1983.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 lá fyrir að inneign Stykkishólmsbæjar hjá ríkinu vegna skólans væri um 12 millj. kr. Skuldin er að hluta vegna þeirra eignarhluta Helgafellssveitar sem ríkið yfirtók í Laugagerðisskóla árið 1974 og átti að ganga til greiðslu á hlut Helgafellssveitar í skólanum. Sl. haust fóru fram viðræður við menntmrh. og fjmrh. um uppgjör skuldarinnar og varð niðurstaðan sú að í nóvember fékkst aukafjárveiting, 3 millj. kr., og var þess vænst að við afgreiðslu fjvn. fengist frekari úrlausn. Skuldin er því núna um 9 millj. kr.

Vegna þess hve langt er um liðið frá því að bygging hófst og að henni var að fullu lokið 1985, tveimur árum eftir áform menntmrn., var búist við því að fjárveiting yrði hærri á árinu 1988 en raun varð á, aðeins 1 millj. kr."

Ég vildi aðeins koma með þessi tvö bréf sem innlegg í þessa umræðu um þáltill. hv. 4. þm. Suðurl. og taka undir orð hans er hann talaði um minnstu sveitarfélögin. Víða eru skólabyggingar að sliga lítil sveitarfélög og þrátt fyrir mikinn vilja heimamanna og baráttu í áraraðir er ekki hægt að sinna þar lögboðinni kennslu. Það sem þörf er á er fyrst og fremst markviss áætlanagerð og að þeir sem skólana reka og skólunum stjórna viti hvar þeir eru í röðinni, hvenær þeir mega vænta lausna á sínum málum, vegna þess að eins og menn vita hafa oft komið upp, að því er virðist, skyndisamningar við ýmis bæjarfélög á meðan önnur hafa beðið og verið komin af stað með sínar framkvæmdir. Það veldur heimamönnum að sjálfsögðu miklum vonbrigðum. Því vil ég enda orð mín á því að fagna þessari till. enn og aftur og skora á hæstv. ráðherra mennta- og fjármála að koma þessum mikilvægu málum í höfn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa stuðningi við þáltill. sem hér er til umræðu, flutta af hv. 4. þm. Suðurl. Ég geri það fyrir minn hlut. En ég geri það einnig í umboði annarra vegna þess að svo háttar til að í fræðsluráði Suðurlands höfðu menn spurnir af þáltill. fyrir fáeinum dögum. Þar var fundur á föstudaginn var og þar var samþykkt tillaga um það að lýsa fylgi við þá stefnumörkun sem felst í þáltill. Mig langar að koma því á framfæri hér við hv. Alþingi að þessi till. var þarna samþykkt.

Ástæðan fyrir því er vafalaust augljós. Í þessu fræðsluumdæmi, eins og víðar um landið, hefur sagan verið sú sama, að ríkið hefur dregist mjög aftur úr í viðskiptum sínum við sveitarfélögin að þessu leyti.

Þó er því ekki svo varið að lagasetninguna skorti í þessu efni. Allt frá 1967 hafa verið í gildi lög sem ættu að duga í þessu efni. Og mig langar, með leyfi hæstv. forseta, til að vitna í þessa löggjöf, svona mönnum til glöggvunar, 14. gr. laga nr. 49/1967. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á 2–4 ár vegna hverrar framkvæmdar. Heildarframlag ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr. [þetta mun þó vera breyting frá löggjöfinni frá 1973] og greiðist með sex greiðslum eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig: 20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt að verk megi hefja, 10% þegar botnplata er steypt, 20% þegar bygging er fokheld, 25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk, 20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram og 5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar, hús og búnaður."

Málið er sem sagt þannig að löggjöfina skortir ekki. En af ýmsum ástæðum hefur þessi löggjöf ekki verið framkvæmd. Í því fræðsluumdæmi þar sem ég þekki best til, á Suðurlandi, var málum þannig komið fyrir tveimur árum þegar fræðsluráð Suðurlands kannaði þessi mál sérstaklega ofan í kjölinn að á milli 25 og 30 verk voru í gangi í þessu umdæmi án þess að frá samningum væri á fullan hátt gengið. Ég býst við að málum sé svipað komið víða um land. Þess vegna var það sérstaklega í tíð hæstv. fyrrv. menntmrh., Sverris Hermannssonar, að hann tók upp að gera svonefnda fasta greiðslusamninga og þeir munu aðeins vera átta á landinu, sex á grunnskólastigi og tveir á framhaldsskólastigi. Mig langar að það komi hér fram við umræðuna hvar þessir samningar eru.

Það er í fyrsta lagi í Kópavogi. Þar er fastur greiðslusamningur, grunnskólasamningur varðandi þrjá skóla, uppgjörssamningur vegna grunnskól-

anna í Kópavogi. Það er vegna Snælandsskóla, Digranesskóla og Hjallaskóla.

Í annan stað er það greiðslusamningur vegna grunnskóla Bessastaðahrepps.

Í þriðja lagi vegna grunnskólanna á Akranesi. Þar er um að ræða tvo skóla: Grundaskóla og Brekkubæjarskóla.

Í fjórða lagi er um að ræða íþróttahús í Stykkishólmi.

Í fimmta lagi íþróttahús á Ísafirði.

Og í sjötta lagi uppgjörssamningur vegna skólanna á Akureyri, Síðuskóla og Lundarskóla.

Síðan er um að ræða tvo skóla á framhaldsskólastigi. Í Neskaupstað vegna heimavistar Verkmenntaskóla Austurlands og á Selfossi vegna Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Þessir samningar sem fyrrv. menntmrh. hafði forustu um að láta gera eru í rauninni sá vegvísir út úr þeim vanda sem hér er um að ræða. Og þegar fjárlög voru í undirbúningi nú seinast hér á hinu háa Alþingi, þá leit málið þannig út í stórum dráttum: Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra byggingardeildar menntmrn. voru óuppgerðir samningar ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti að upphæð 1 milljarður 400 millj. kr. Þá lagði deildarstjóri ráðuneytisins til að þetta mál yrði tekið þeim tökum að á fjárlögum þessa árs yrði gert ráð fyrir 506 millj. kr. til þess að þurrka þennan halla út á u.þ.b. þremur árum með því í leiðinni að fást við þann vanda sem myndaðist á þeim þremur árum. Niðurstaðan varð sú að Alþingi ákvað 336 millj. kr. af þessum óskuðu 506 millj. Þarna vantaði þess vegna töluvert upp á að að væri staðið eins og þurft hefði í þessu efni.

En ég vil ekki lengja þessa umræðu, hæstv. forseti, aðeins ítreka fylgi mitt við þáltill. hv. flm. og jafnframt það að þetta mál er í sjálfu sér ekki stórt til úrlausnar fyrir hv. Alþingi, a.m.k. ekki miðað við milljarðinn þann sem mest hefur verið ræddur hér fyrr í dag.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka flm. þessa tillögu, *tillögu sem beinir athygli að því ástandi sem víða* ríkir í sveitarfélögunum þar sem ríkissjóður skuldar stórfé a.m.k. miðað við veltu smærri sveitarfélaga. Eins og kemur fram í grg. eiga mörg sveitarfélög í verulegum erfiðleikum með framkvæmdir við skólamannvirki og reyndar ekki einungis þau heldur einnig íþróttahús, sundlaugar, félagsheimili og barnaheimili og dagvistir, þar sem ríkið hefur ekki staðið við sitt.

Fyrri ræðumenn hafa að vísu drepið á eitt og annað af því sem ég ætlaði að segja svo ég ætla ekki að fara út í endurtekningar til að draga ekki umræður á langinn en mig langar að nefna dæmi um hvernig þessi skuldamál ríkisins við sveitarfélögin geta komið út.

Um sl. áramót skuldaði ríkissjóður sveitarfélagi á Norðurlandi vegna skólabyggingar upphæð sem var hærri en allar útsvarstekjur sveitarfélagsins á nýliðnu ári og um þessi áramót lá ekkert fyrir um greiðslusamning né greiðslu nema óveruleg upphæð á fjárlögum. Hvernig eiga sveitarfélög að geta gert fjárhags- og framkvæmdaáætlanir við slíkar aðstæður? Ég held að hver maður sjái að slíkt er mjög erfitt að gera svo nokkuð sé í raun á þeim að byggja. Slíkt ástand hlýtur að orsaka samdrátt í allri uppbyggingu í sveitarfélögum og gera þeim mjög erfitt fyrir.

Flm. gerði mjög góða grein fyrir erfiðleikum sveitarfélaganna vegna óeðlilegrar stöðu þessara mála þar sem ekki hefur verið tekið á þessum málum með markvissum hætti og hvergi sést að slíkt sé fyrirhugað. Það er ekki ljóst nú hver kostnaðarskipti sveitarfélaga og ríkis kunna að verða í framtíðinni en það er ljóst að það verður bæði að gera samninga um þær byggingar sem nú eru í gangi og jafnvel lokið, en einkum verður þó að sjá til þess að ekki verði farið af stað með framkvæmdir í framtíðinni nema bindandi samningar hafi þegar verið gerðir. Því styð ég þessa tillögu og tek undir með hv. flm. um nauðsyn þess að þessum málum sé komið á hreint í eitt skipti fyrir öll.

Flm. (Ragnar Óskarsson):

Hæstv. forseti. Mér hefur verið bent á að það væri rétt að vísa þáltill. minni til félmn. Ég hafði lagt það til að henni væri vísað til allshn. en það stafaði af ókunnugleika. Ég óska þess vegna eftir því till. verði vísað til hv. félmn.

Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað við þessa umræðu og lagt þáltill. minni lið með góðum orðum. Mér finnst umræðan hafa verið þannig að hv. þm. séu reiðubúnir að íhuga gaumgæfilega möguleika á gerð greiðslusamninga, bæði vegna skulda ríkissjóðs nú og einnig með tilliti til framtíðarinnar. Þessu hlýt ég að fagna sérstaklega enda er afar brýnt að koma uppgjörsmálum í öruggan farveg svo bæði ríkissjóður og sveitarfélögin eigi auðveldara með að gera sínar áætlanir um uppbyggingu skólamannvirkja.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

59. fundur, þriðjudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Sálfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 578 en

það er frv. til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.

Lög nr. 40/1976 eru þess efnis fyrst og fremst að lögverndað er starfsheitið sálfræðingur og rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafi þeir einir sem til þess hafi fengið leyfi menntmrn.

Þetta frv. felur hins vegar í sér að möguleiki verði á því að sálfræðingar fái heimild til þess að kalla sig sérfræðing í einhverri sérgrein innan sálarfræði og þurfi til þess leyfi menntmrn.

Tildrög frv. eru þau að með bréfi dags. 26. maí 1986 fór Sálfræðingafélag Íslands þess á leit við menntmrn. að sett yrði reglugerð um sérfræðingsviðurkenningu sálfræðinga á grundvelli laga nr. 40 1976, en samkvæmt þeim lögum veitir menntmrn. mönnum leyfi til að kalla sig sálfræðinga. Að athuguðu máli var félaginu tjáð að ráðuneytið teldi lagaheimild bresta til að verða við erindinu. Að því svari fengnu fór Sálfræðingafélagið fram á það í bréfi til ráðuneytisins dags. 8. júlí 1986 að lagt yrði fyrir Alþingi frv. til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, þess efnis að enginn sálfræðingur megi kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi menntmrh. Jafnframt yrði kveðið á um setningu reglugerðar um skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis. Ráðuneytið leitaði umsagnar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um málaleitan Sálfræðingafélagsins. Í umsögn deildarinnar kom fram að hún hefði ekkert við efnisatriði málsins að athuga, en gerðar voru tillögur um orðalagsbreytingar frá drögum félagsins.

Með bréfi dags. 12. des. 1986 beindi ráðuneytið því til menntmn. neðri deildar Alþingis, „hvort nefndin mundi vilja standa að flutningi frv. til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, í samræmi við tilmæli Sálfræðingafélags Íslands og með hliðsjón af umsögn félagsvísindadeildar". Af frumvarpsflutningi varð ekki að því sinni.

Við undirritun kjarasamnings milli fjmrh. f.h. ríkissjóðs og Sálfræðingafélags Íslands 14. apríl 1987 var gerð svofelld bókun:

„Menntmrn. mun fyrir 1. okt. nk. í samvinnu við samningsaðila vinna að gerð frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, er miði að því að þeir geti öðlast sérfræðileyfi.

Fái sálfræðingar sérfræðileyfi á samningstímabilinu eru samningsaðilar sammála um að taka upp viðræður um röðun þeirra sálfræðinga er það leyfi hljóta. Skulu viðræður um þá röðun hefjast innan mánaðar frá gildistöku."

Hér lýkur tilvitnun í þá bókun er gerð var við undirritun kjarasamninga á sl. vori. Þetta frv. er því flutt samkvæmt beinum ákvæðum í kjarasamningum og til að uppfylla samningsákvæði sem þá voru gerð.

Eins og ég rakti áðan þá er þetta lítið frv., aðeins tvær greinar og í 1. gr., sem er megingreinin, felst það að réttur til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar verði háður leyfi menntmrn. og kveðið verði nánar á um skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis í reglugerð. En í slíkri reglugerð þurfa m.a. að vera ákvæði um sérgreinar þær sem um getur verið að ræða, kröfur um framhaldsnám og starfsþjálfun að loknu embættisprófi, svo og um aðila er fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (gjaldskrá). — Þskj. 587.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Með núgildandi hafnalögum, sem sett voru 1984, var sjálfsforræði sveitarfélaganna yfir höfnum aukið verulega frá því sem áður var. Þannig er skýrt kveðið á um það í lögum að sveitarfélög eða sýslufélög séu eigendur hafnanna. Jafnframt var ákvörðunarréttur þeirra um nýjar framkvæmdir skilgreindur miklu betur og má segja að hafnirnar séu nú einungis háðar ríkisvaldinu hvað snertir framlög á fjárlögum til hafnarframkvæmda. Hafnamálastofnun ríkisins hefur þó eftir sem áður veg og vanda af áætlunargerð, frumrannsóknum og framkvæmdum ef einstakar hafnarstjórnir óska sérstaklega eftir því.

Samkvæmt hafnalögum skal samgrh. gefa út gjaldskrá fyrir hafnirnar sem nær yfir meginhlutann af tekjum þeirra. Ýmis gjöld eru þó ákveðin af eigendum hafnanna, svo sem hafnsögugjöld, leiga fyrir afnot mannvirkja eða tækja hafnarinnar og lóðargjöld. Með því frv. sem hér er til umræðu á þskj. 587 er lagt til að ákvörðun um gjaldskrá verði færð að fullu til eigenda hafnanna. Það er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. segir að verkaskipting ríkis og sveitarfélaganna verði gerð skýrari svo að saman fari ákvörðun framkvæmda og ábyrgð og sveitarstjórnirnar fái auk þess aukið sjálfræði um tekjustofna. Þetta frv. er einnig í samræmi við frv. til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem nú er til umræðu í hv. Nd.

Nú er í gildi ein samræmd gjaldskrá fyrir allar almennar hafnir en áður fyrr voru gjaldskrárnar jafnmargar og hafnirnar. Þessi samræming hefur átt sér stað fyrir ötula forgöngu Hafnasambands sveitarfélaga sem hefur átt mjög gott starf að málefnum hafnanna. Ég er þess fullviss að Hafnasambandið mun áfram vinna að þessum málum og með þeim hætti sem hingað til hefur verið gert af því og halda nauðsynlegum stöðugleika í gjaldskránum og því samræmi við gerð þeirra sem náð hefur verið. Sam-

kvæmt frv. er gert ráð fyrir því að verði það að lögum, þá taki lögin gildi 1. ágúst nk., en ný gjaldskrá var sett 1. febr. sl. og því eðlilegt að nokkur tími líði þar til ný gjaldskrá yrði sett á vegum sveitarfélaganna.

Að öðru leyti en því sem ég hef nú gert grein fyrir, þá þarfnast þetta frv. ekki sérstakra skýringa.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

60. fundur, þriðjudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögunum, nr. 42/1978. Þetta frv. er örstutt og ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa lagafrumvarpsgreinina en hún er svohljóðandi:

„Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á."

Í athugasemdum kemur fram að þetta frv. sé flutt til þess að iðnrh. hafi heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi.

Í athugasemdum er jafnframt tekið fram að orðalag 1. gr. frv. sé það sama og var í iðnaðarlögum er giltu hér á landi frá árinu 1927 til ársins 1978 þegar þetta ákvæði féll úr iðnaðarlögum. Ekki verður séð annað en það hafi gerst vegna mistaka eða af misskilningi, enda voru þá gerðar breytingar á iðnaðarlögum sem snertu fyrst og fremst allt önnur atriði en þau sem hér er um að tefla.

Það er jafnframt tekið fram í athugasemdunum, sem eru stuttar, að með þessu orðalagi „enda standi sérstaklega á" sé fyrst og fremst átt við samstarfsfélög íslenskra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.

Í ljós hefur komið við skoðun á þessu máli að á þeim tíma þegar Ísland gekk í Fríverslunarbandalag Evrópu hafi þetta ákvæði, sem þá var í gildi í iðnaðarlögunum, verið talið ein af forsendum þess að Íslendingar gátu gerst aðilar að Fríverslunarbandalaginu, skv. 16. gr. samninganna þar um. Ég vil taka það fram að ég tel að þessa undanþágu til að veita aðilum búsettum erlendis heimild til að eiga meiri hluta í íslenskum iðnfyrirtækjum beri fyrst og fremst að nota þegar um samstarfsverkefni er að ræða þar sem erlendi aðilinn hefur yfir að búa tækniþekkingu eða hefur aðgang að markaði með þeim hætti að hagkvæmt getur verið að fyrirtæki sé að meiri hluta til í eigu erlendra aðila. Það skal tekið fram að nokkrir slíkir hafa leitað til iðnrn. og leitað fyrir sér um það hvort heimilt sé að stofna slík félög, og til munu vera dæmi um það að erlendir aðilar eigi í raun meiri hluta í sameignar- eða hlutafélögum þrátt fyrir nánast fortakslaust bann þar að lútandi skv. 4. gr. iðnaðarlaga.

Það skal jafnframt tekið fram að slík félög sem þannig verða stofnuð gegna að sjálfsögðu íslenskum lögum og tilheyra íslenskri lögsögu í öllum atriðum. Þau eru háð lögsögu íslenskra stjórnvalda og dómstóla. Forræði íslenskra stjórnvalda almennt yfir rekstri þessara fyrirtækja yrði því óbreytt hvað varðar skattlagningu, mengunarvarnir, hollustuvernd, öryggisbúnað á vinnustöðum, réttindi og skyldur starfsmanna, gjaldeyrismál, reglur um samkeppnishömlur og fleira í þeim dúr sem snýr að almenningsheill og varðar íslensk lög. Það er þess vegna rangt sem stundum er haldið fram að forræði íslenskra stjórnvalda og dómstóla nái ekki til slíkra fyrirtækja.

Þá vil ég, herra forseti, minna á að í samstarfi ráðherra sem fara með iðnaðarmál á vegum Norðurlandaráðs hefur verið unnið að því að auðvelda iðnaðarsamstarf milli Norðurlanda og það frv. sem hér er flutt er í þessum anda, enda þótt endurskoða þurfi fleiri ákvæði en þau sem hérna er verið að fjalla um.

Í Ed. var þetta mál skoðað mjög rækilega af hv. iðnn. þeirrar hv. deildar. Nál. meiri hl. er birt á þskj. 439 og þar kemur fram að meiri hl. hv. nefndar leggur áherslu á fjögur atriði sem ég tel, herra forseti, ástæðu til að kynna hv. neðrideildarþingmönnum. Þessi fjögur atriði eru:

„1. Heildarákvæði sambærilegt því sem lagt er til í frv. þessu var í iðnaðarlögum frá 1927 til 1978 þegar ákvæðið féll úr lögum. Nefndin áréttar það sem fram kemur í grg. með frv. að orðalagið „enda standi sérstaklega á" skuli skýra þröngt og gildi fyrst og fremst um samstarfsfélög innlendra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.

2. Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja. Varðandi samninga um stóriðju er gert ráð fyrir að sérstök lagasetning þurfi til að koma auk lánsfjárheimildar.

3. Samstarf innlendra og erlendra aðila í iðnfyrirtækjum getur aukið verulega fjölbreytni í útflutningi, flutt inn í landið nýja þekkingu, t.d. á sviði tæknimála, markaðsfærslu og stjórnunar. Enn fremur er það mikils virði að hinn erlendi samstarfsaðili beri hluta af fjárhagslegri áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.

4. Það er eðlilegt og æskilegt að stuðla að því að innlendir og erlendir aðilar taki upp samstarf í nýjum iðngreinum og við endurskipulagningu á starfsemi sem þegar er fyrir hendi. Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar."

Hér læt ég lokið við að vitna til nál. meiri hl. iðnn. Ed., en að því nál. stóðu þm. Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl. og Borgarafl. Minni hl., en í honum var hv. þm. Svavar Gestsson, skilaði minnihlutaáliti og lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, fyrst og fremst á þeim rökum að þessi mál í heild sinni, þ.e. fjárfestingar erlendra aðila, væru til skoðunar í sérstakri nefnd. Ég vil taka það fram, herra forseti, að sú skoðun hefur átt sér stað allt frá síðasta sumri og er langt á veg komin, en breytir ekki því að þetta frv. sem hér er flutt þarf að fá afgreiðslu sem allra fyrst, enda eru hagsmunir í húfi og þeir eru að svo kann að fara að fyrirtæki, sem hugsanlega gætu stofnast og hafið rekstur hér á landi í samvinnu erlendra og íslenskra aðila, mundu að öðrum kosti hugsanlega flytjast til annarra landa.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en vænti þess að þetta mál megi að lokinni skoðun í hv. iðnn. þessarar hv. deildar koma aftur hingað inn á fund og verða samþykkt fyrr en síðar.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur hér mælt fyrir frv. sem hann lýsti í upphafi orða sinna á þá leið að þar væri á ferðinni ákaflega einfalt og stutt frv., og gaf þar með í skyn að frv. væri að sama skapi léttvægt og breytti litlu. Ég vil leggja á það áherslu hér að þetta frv. er býsna stórt og mikið mál og breytir miklu. Hér er um að ræða valdaafsal Alþingis á einu viðkvæmasta pólitíska sviðinu hér á landi, þ.e. hvað varðar atvinnurekstur útlendinga, valdaafsal Alþingis í hendur ráðherra.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, þá er það sérstaklega tekið fram í þeim lögum sem hér er verið að gera tilraun til að breyta að helmingur hlutafjár, þegar um hlutafélög er að ræða, skuli vera eign manna búsettra á Íslandi. Ég vek á því athygli að ákvæðið er nú ekki strangara en þetta. Þess er ekki krafist að eigendurnir hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þess er fyrst og fremst krafist að mennirnir séu búsettir hér á Íslandi. Og þessi litla einfalda klausa, sem hæstv. iðnrh. er að lauma hérna í gegnum þingið svo að lítið ber á, snýst ósköp einfaldlega um það að í svona tilvikum þurfi ekki lengur að leita til Alþingis og fá undanþáguna samþykkta þar, heldur sé nægilegt að leita til hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar og þeirra sem á eftir honum sitja á stóli iðnrh. Og ef menn sjá ekki að í þessu er fólgið stórfellt valdaafsal af hálfu Alþingis og þarna er á ferðinni mikið pólitískt mál, þá eru menn furðu blindir orðnir.

Mér fannst nú satt að segja keyra um þverbak hér áðan hjá hæstv. ráðherra þegar hann ætlaði svo að reyna að lauma því að mönnum til viðbótar að þetta ákvæði væri tilkomið vegna mistaka, greinilega vegna misskilnings, þetta hefði líklega bara fallið óvart niður þegar málið var afgreitt á sínum tíma árið 1978. Þáv. iðnrh. flutti þá frv. til iðnaðarlaga og sá hét Gunnar Thoroddsen og var þá varaformaður Sjálfstfl. Frv. hafði að sjálfsögðu verið samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. á þeim tíma og í stjórnarflokkunum báðum og um málið var fjallað hér á Alþingi. Það er ekkert sem bendir til þess að þarna hafi nein mistök verið á ferðinni eða misskilningur af hálfu eins eða neins. Þarna var um vísvitandi stefnumörkun Alþingis að ræða eftir umræðu um þátttöku erlendra aðila í íslensku atvinnulífi sem átt hafði sér stað þá í einn og hálfan áratug og hafði verið eitt af heitustu og viðkvæmustu deiluefnum hér á landi allan þann tíma. Menn geta ekki verið svo einfaldir að reyna að lauma því að einum eða neinum að ákvörðun af þessu tagi af hálfu Alþingis árið 1978 hafi verið tilkomin vegna misskilnings.

Hæstv. ráðherra getur vel komið hér til Alþingis og sagt: Ég hef aðra skoðun á þessu en Alþingi hafði á sínum tíma, ég tel að þetta ákvæði hefði aldrei átt að vera svona, ég tel að tímarnir séu breyttir — eða eitthvað annað í þeim dúr. Það hefur hann fullt leyfi til að segja mönnum og óska eftir því að þeir endurskoði þetta ákvæði á þeim grundvelli. En hann getur ekki komið hér og reynt að lauma því inn að Alþingi hafi fyrir einhvern misskilning sett svo stefnumarkandi stórmikilvægt ákvæði sem þarna er um að ræða.

Ég legg á það áherslu hér við 1. umr. málsins, og skal ekki vera langorður um þetta mál að öðru leyti, en ég legg á það áherslu að hér eftir sem verið hefur seinasta áratuginn verði Alþingi að leggja það ómak á sig að fjalla um hvert einstakt tilvik af þessu tagi þegar um það er að ræða. Hæstv. ráðherra getur alls ekki talið neinum manni hér trú um að einhver voði sé á ferðum vegna þess að hann geti ekki afgreitt eitthvert nauðsynjamál fyrr en þetta mál hafi náð fram að ganga. Ef um eitthvert nauðsynjamál er að ræða, af hverju kemur þá ekki ráðherrann með það hér inn í þingið og óskar eftir því að undanþágan sé veitt? Er hann ekki með dyggan þingmeirihluta sér að baki sem ætti að vera þeim mun fúsari til að afgreiða eitt slíkt mál sem hann getur hugsað sér að afgreiða almenna reglu? Ef menn eru á annað borð opnir fyrir því að gera undanþágur af þessu tagi, þá ætti ekki að standa á því ef það mál sem hann ber svo mjög fyrir brjósti er þess eðlis að mönnum líst á það. Munurinn á þessu tvennu er auðvitað ósköp einfaldlega sá að í öðru tilvikinu fær Alþingi að vita hvað hæstv. iðnrh. er með í huga, hvað hann ætlar sér, en í hinu tilvikinu á Alþingi að veita hæstv. iðnrh. óútfylltan víxil. Og það ekki einn, heldur bara nægilega marga eftir því sem þörf er á, og svo á hann sjálfur að fylla út sína víxla alveg að eigin mati án þess að við hér á Alþingi fáum nokkurt tækifæri til að stöðva þau mál af sem okkur líst ekki á.

Þessi mál verður að sjálfsögðu að afgreiða

áframhaldandi hvert fyrir sig, meta þau og vega og komast að niðurstöðu í samræmi við efni máls. Ég er ekki með orðum mínum hér að segja það að aldrei komi til greina að útlendingar eigi neitt í fyrirtæki sem reist er hér á landi. Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að við gætum verið svo heilagir, við Íslendingar, að slíkt gæti ekki komið til greina í sérstökum undantekningartilvikum. Hins vegar hef ég almennt verið þeirrar skoðunar að þeir ættu aldrei að eiga meiri hluta í fyrirtækjum hér á landi. Og ég held að það þurfi býsna mikil rök og sterk til þess yfirleitt að leyfa slíkt.

Ég viðurkenni hins vegar fúslega að samvinna við útlendinga getur átt rétt á sér þegar um tækniþekkingu þeirra er að ræða sem ekki er unnt að afla með öðrum hætti en að eiga við þá samvinnu. Ég hafði t.d. ekkert við það að athuga á sínum tíma að erlent fyrirtæki ætti nokkurn hlut í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki vegna þess að það tengdist tækniþekkingu, það tengdist sölu á vélum við það fyrirtæki. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að það var skynsamleg ráðstöfun. (**SvH:** Það var í kjördæminu.) Og breytti þar engu um hvar á landinu fyrirtækið var staðsett.

En ég held að við verðum að fara varlega í þessum efnum. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að ef hér eru opnaðar allar gáttir þá getur þess verið skammt að bíða og það getur gerst á ótrúlega skömmum tíma að útlendingar eignist hér úrslitavald í íslensku atvinnulífi. Það þarf ekkert annað en að undanlátssamur iðnrh. sitji uppi í iðnrn. og veiti heimildir sem alþm. mundu ekki veita og standa gegn ef þeir hefðu ákvörðunarvaldið í sínum höndum.

Ég vil svo að lokum benda á það að nál. meiri hl. iðnn. í Ed., sem hæstv. ráðherra vísaði hér til áðan, er að vísu fróðlegt um afstöðu þeirra manna sem þar sátu en er ekki á nokkurn hátt bindandi fyrir hæstv. ráðherra. Því miður. Við skulum ekki blekkja okkur með því að punktarnir sem eru í niðurlagi nál., fjórir talsins, að þeir séu eitthvert skilyrði af hálfu Alþingis fyrir samþykkt málsins. Þar stendur einungis: „Við afgreiðslu frv. leggur meiri hl. áherslu á eftirfarandi sjónarmið ...“ Meiri hl. leggur „áherslu“ á þetta. Ef aftur á móti hefði átt að gera þetta að forsendu eða skilyrði fyrir samþykkt laganna þá hefði það auðvitað orðið að koma fram með miklu skýrari hætti og þá væntanlega í lögunum sjálfum. Ég treysti ekki á fyrirvara af þessu tagi og geri mér fullkomlega grein fyrir því að iðnrh. verður ekki neitt bundinn af þessum skilyrðum, heldur getur hann tekið ákvarðanir alveg án þeirra ósköp einfaldlega með tilvísun til laganna sem eru nú bara þessi eina setning og með tilvísun til þess að hann kunni að hafa allt aðrar skoðanir á þessu en þær sem meiri hl. iðnn. lagði „áherslu“ á þegar málið var til afgreiðslu. Ef menn ætla að setja fyrirvara við lagasetningu þá verður að sjálfsögðu að gera það með strangari og skilvirkari hætti en gert er hér í nál. meiri hl. iðnn. Því miður þá er sá fyrirvari lítils virði og alls ekki fullnægjandi í þessu samhengi. Auk þess sem fyrirvarinn gengur nú ekki lengra en svo að hann opnar líka býsna margar gáttir þegar meðalstór fyrirtæki eiga í hlut og smærri fyrirtæki — hvað svo sem sú skilgreining á nú nákvæmlega að þýða því hætt er við að margur iðnrh. mundi túlka þau orð með þeim hætti sem honum hentaði best þegar á reyndi og ekki er nú mikil festa í svo loðnu orðalagi.

Hæstv. forseti. Ég vil að endingu leggja þunga áherslu á það að þetta er ekkert smámál, þetta er stórmál sem hér er á ferðinni og ég vænti þess fastlega að það verði til vandlegrar athugunar í hv. iðnn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er margt sem ber til tíðinda hér í þingsölum og það seinasta sem borið er á borð fyrir þm. er það að hæstv. iðnrh. núv. sé nánast að leiðrétta mistök sem hæstv. forvera hans í starfi, Gunnar heitinn Thoroddsen, hafi orðið á á því herrans ári 1978. Þá hafi fyrir mistök hjá páv. iðnrh. farið í gegnum þingið frv., breyting á þessum lögum, sem alls ekki hafi átt að fara í gegnum þingið. Við sem munum eftir hæstv. iðnrh. þeim sem starfaði 1978 og seinna sem forsrh., Gunnari heitnum Thoroddsen, munum eiginlega ekki eftir þeim eiginleika að hann hafi verið mjög fljótfær þegar hann var að verja mál og sækja hér í þinginu. Við munum eftir því að hann hirti suma af þeim mönnum, þar á meðal núv. hæstv. iðnrh. stundum, héðan úr ræðustól af slíkri nákvæmni að maður varð nánast hissa hve höggin voru markviss.

Ég verð að undirstrika það að mér þykir það mjög ólíklegt að hæstv. páv. iðnrh., Gunnari heitnum Thoroddsen, hafi orðið á þau mistök að hann hafi hleypt máli í gegnum þingið sem hann hafi alls ekki ætlað að koma hér í gegn.

Og ég vil undirstrika það að þeir sem hafa kynnt sér hans málflutning um afstöðu til útlendinga og þann þjóðlega metnað sem hann hafði til að bera, og kemur víða fram í hans málflutningi, þeir hljóta að hallast að því að þar hafi ekki verið um nein mistök að ræða hvað þingið varðar.

Hitt er aftur á móti upplýst hér og nú að hann virðist hafa smyglað frv. í gegnum Sjálfstfl. án þess að þeir hefðu nokkra hugmynd um hvað þeir voru að samþykkja. Það segir náttúrlega sitt um mat hans á sínum samstarfsmönnum að hann skyldi velja þá leið að láta þetta svífa í gegnum flokkinn án þess að flokkurinn vissi nokkuð hvað hann var að samþykkja.

Ég verð að segja eins og er að það hefur þá verið unnið af sömu nákvæmni og þegar við hlýddum stundum á hans málflutning hér í þinginu. Ég fell þess vegna algjörlega frá þeirri kenningu að þar hafi verið um mistök að ræða.

Þá komum við að því orðalagi sem hér er notað og sagt að hafi verið áður í lögum, þ.e. þann texta: „enda standi sérstaklega á.“ Það er nú það. Ég verð bara að segja eins og er að mér finnst að það megi

túlka þetta orðalag út og suður eins og mönnum dettur í hug. „Enda standi sérstaklega á.“ Fyrirtækið getur verið að fara á höfuðið þess vegna. Það er hægt að velja hvaða skýringu sem er. Halda menn þá að lagatúlkun þessa frv. muni byggjast á því hvað iðnn. Ed. segir í sínu nál.? Ég er hræddur um ekki. Það hefur nákvæmlega ekkert gildi ef Nd. setti annan texta inn. Eftir hvorum ætti þá að fara? Auðvitað verður lagatextinn einn og sér að vera þess eðlis að eftir honum sé hægt að túlka lögin. Auðvitað þarf að standa í lagatextanum það sem máli skiptir en ekki einhverju nál.

Aðalatriði þessa máls er náttúrlega það að gera sér grein fyrir því að Alþingi Íslendinga er að afsala sér í reynd því valdi sem það hefur til að meta það sjálfstætt á hverjum tíma hvort útlendingar eigi að hafa meirihlutaeign í fyrirtækjum hér á landi eða ekki.

Þá kemur það næsta sem er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir líka: Ef fyrirtæki starfar að íslenskum lögum þá bannar því enginn að mynda dótturfyrirtæki í þessu landi og eiga meiri hlutann í viðkomandi dótturfyrirtæki. Og hver ætlar að setja reglur um það að viðkomandi dótturfyrirtæki megi ekki eignast auðlindir hér á landi? Hvernig ætla menn að koma í veg fyrir það? Það er gjörsamlega opið út og suður á alla kanta! Það er hægt að stofna 10 dótturfyrirtæki þess vegna og móðurfyrirtækið gæti átt meiri hlutann í þeim öllum.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum: Fyrirtækin eiga ekki að vera stór. Ég hef aldrei séð vitlausari hugsun setta fram hér en þetta: Fyrirtækin eiga ekki að vera stór. Byrjaði Eimskipafélag Íslands sem eitthvert stórt fyrirtæki? Byrjuðu Flugleiðir sem eitthvað stórt? Loftleiðir sem eitthvert stórt fyrirtæki? Ætla menn að fara að binda það hér í lagatexta að svona fyrirtæki megi ekki stækka? Á að ganga frá því alveg skipulega að svona fyrirtæki skuli aldrei stækka? Er það það sem iðnrh. er að fara fram á? Og hver er þá tilgangurinn með aðstoðinni erlendis frá ef það á ekki að vera vöxtur í fyrirtækinu?

Nei, það er ekki til heil brú í þeirri röksemdafærslu sem hér er sett upp. Og þá er von að spurt sé: Er það ekki fyrst og fremst staðreynd málsins að sá sem hér stendur telur að útlendingar eigi aldrei að eiga meiri hluta í fyrirtækjum? Er það ekki fyrst og fremst það sem um er að ræða? Ég svara því neitandi. Ég tel að Alþingi Íslendinga eigi að meta það og ég tel að það séu viss rök fyrir því að stundum sé það rétt að við tökum slíka ákvörðun. En það eru mörg smámál sett fyrir þetta þing til afgreiðslu og taka hér ótal tíma.

Hvers vegna skyldi Alþingi Íslendinga skorast undan því að taka afstöðu til svona mála í hvert skipti? Það er ekkert sem mælir gegn því að Alþingi taki á svona málum og það er sjálfsagður hlutur að það geri það. En að ákveða á þennan hátt með óljósu orðalagi út í bláinn að ráðherra „ef sérstaklega stendur á“ skuli hafa þetta vald hjá sér er alveg fráleitt að mínu viti og breytir engu fyrir mig hvernig menn hafa greitt atkvæði í Ed. um þetta mál.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu lætur lítið yfir sér og lítur í fljótu bragði ekki út fyrir að vera mikið mál. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að ef frv. verður að lögum er verið að færa mikið vald yfir til ráðherra með því að rýmka heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga, um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi. Þarna er ráðherra gefið vald til að taka mikilvægar ákvarðanir án þess að þurfa að bera þær undir Alþingi.

Það sem vekur athygli í þessu sambandi er að á sama tíma og verið er að endurskoða lög og reglur um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi kemur þetta frv. sem ætti að vera hluti af þeirri endurskoðun.

Í skýrslu viðskrh. um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, sem lögð var fyrir 109. löggjafarþing á þskj. 700, kemur fram að lagaákvæði varðandi fjárfestingu útlendinga í íslensku atvinnulífi eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Það er því full ástæða til að endurskoða lögin og samræma þau.

Ég tel hins vegar óeðlilegt að taka á þennan hátt út eitt lítið atriði án þess að líta á málið í heild. Ég hef enn ekki heyrt þau rök sem geta réttlætt slíkt. Ef einstök mál koma upp væri þá ekki eðlilegra að taka á þeim sérstaklega hér á Alþingi?

Það er þó ekki aðeins af þessum ástæðum sem við kvennalistakonur höfum áhyggjur af þessu frv. Með því er verið að opna leið fyrir erlent fjármagn inn í íslenskan iðnað sem getur haft verulegar afleiðingar. Hæstv. ráðherra sagði áðan að þótt fyrirtæki væru að meiri hluta í eigu útlendinga þá giltu um þau íslensk lög og að þau mundu falla undir íslensk skattalög. Það er ekki ljóst að svo þurfi endilega að vera en ég held að það gæti verið auðvelt fyrir fyrirtækin ef það hentaði þeim að koma ágóðanum óskattlögðum úr landi. Alla vega þyrftu að gilda um þetta mjög ákveðnar reglur.

Oft hafa heyrst þau rök að við þurfum að laða að erlent fjármagn í formi svokallaðs áhættufjármagns og er það talið betra en að við tökum lán. Í því sambandi efast ég um að erlendir fjármagnseigendur muni vilja fjárfesta hér á landi nema geta flutt það mikinn arð úr landi að það samsvaraði dágóðum vöxtum af því fjármagni sem þeir hafa lagt til.

Ég hef verulegar áhyggjur af því að við töpum yfirráðum yfir auðlindum okkar í hendur útlendinga. Það er vandséð hvers vegna liggur á að samþykkja þetta frv. og réttast væri að samþykkja það alls ekki.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þeir hafa nú verið svo vitrir hér í ræðustólnum hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Vestf. að ég hef litlu við ræður þeirra að bæta. Ég get einungis tekið undir það að hér er um mjög af-

drifaríkt frv. að ræða ef að lögum verður. Það veldur auðvitað hver á heldur. Það getur vel verið að gætnum og yfirveguðum iðnrh. sé treystandi fyrir svona valdi, en það er ekkert í lögum eða hefðum þingsins sem heimtar það eða tryggir það að iðnrh. á hverjum tíma sé gætinn og yfirvegaður og ef hann er það ekki, ef svo kynni að fara, getur vel verið að illa fari. Ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald eins og menn hafa hamrað á hér á undanförnum árum, kannski hamrað óþarflega mikið á, og ráðherrarnir eru farnir að bauka óþarflega mikið hver í sínu horni og taka sér vald yfir sínum málaflokkum eins og þeir væru einhverjir smáguðir. Ég held að stjórnarsamstarf verði ekki farsælt eða langvinnt nema menn ráðfæri sig hver við annan og samstarfsflokkar ræði saman og ráðherrar hafi samráðherra sína með í ráðum um afdrifaríkar ákvarðanir. Samráðið þarf að vísu ekki að verða eins ítarlegt og hæstv. félmrh. hafði við hæstv. forsrh. um síðustu helgi, en allt um það, þá held ég að það sé heppilegt að ráðherrarnir ráðfæri sig hver við annan.

Ég tel að það sé algerlega fráleit kenning að halda því fram að það hafi gleymst 1978 við setningu iðnaðarlaga að hafa þetta ákvæði inni í. Ég stóð að afgreiðslu iðnaðarlaga 1978 og það hefði ég ekki gert ef þetta ákvæði hefði verið þar inni. Ég tel, eins og hér hefur komið fram, miklu eðlilegra að setja sérstök lög í hverju tilfelli þegar hagkvæmt kann að vera að láta útlendinga eiga meiri hluta í fyrirtækjum hér. Ég er alveg sannfærður um að ef við hefðum ekki staðið vörð um virk yfirráð yfir fyrirtækjum svona að mestu leyti hér á Íslandi værum við miklu verr settir en við erum í dag. Ef við nú gerðum bæði þessi dagskrármál að lögum, þ.e. breyttum iðnaðarlögum, svo sem hér er lagt til, og áfengislögum, svo sem lagt er til í öðru dagskrármálinu, er út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu að á góðum degi gæti Carlsberg gamli verið búinn að yfirtaka alla ölbruggunina hér.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að oft þegar hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Norðurl. v., talar felst í því boðskapur eða ábending þó að orðin séu ekki mörg eða ræðan löng og ég hlustaði með mikilli athygli á upphaf orða hans, fannst þau vera svona varnaðarorð, að nú sé hætta á því að ef ráðherrar ekki fara að haga sér eins og menn sé ekki langt í að lífdagar þessarar ríkisstjórnar séu taldir. Þetta voru skilaboð til hæstv. iðnrh. um að hann skuli haga sér eins og maður gagnvart Framsfl., annars eigi hann það á hættu að vera ekki ráðherra stundinni lengur. Þetta eru svo sem engin sorgartíðindi fyrir mig.

Það er eitt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. Ólafi Þ. Þórðarsyni og einnig hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., það eru viss varnaðarorð gagnvart ráðherra. Það kom fram vantrú á iðnrh., hvort sem hann átti við iðnrh. sem nú situr eða væntanlegan iðnrh., hver sem hann kann að verða þegar að því kemur að iðnrh., með þau völd sem hér er lagt til að hann fái með nýju frv., eigi að taka ákvörðun. Ég verð að segja það, og kannski vegna þess að í þessu máli, nákvæmlega þessu máli, varð ég sjálfur sem iðnrh. var við þessa vantrú. Þetta vald sem farið er fram á var mér neitað um á sínum tíma og þess vegna vil ég eftir þá reynslu vara við þessari vantrú á íslenskum ráðherrum að ætla þeim það að ganga fyrst erinda erlendra aðila áður en þeir láta hagsmuni Íslands koma til við ákvarðanatöku sína. Þetta finnst mér stóralvarlegt mál og stóralvarleg hugsun og þó að við hæstv. núv. iðnrh. höfum ekki alltaf verið sammála og þó að mér hafi verið neitað um það sem hann fer fram á nú mæli ég með því að frv. verði samþykkt. Ég ber fullt traust til hans og ég ber fullt traust til þeirra manna sem njóta þess trúnaðar að fara með ráðherravald hverju sinni.

Hv. 2. þm. Vestf. talar um dótturfyrirtæki eins og það sé eitthvað annað en hagsmunir fyrirtækis sem ekki heitir dótturfyrirtæki. Það er nákvæmlega það sama. Fjármögnun og fjárfesting er nákvæmlega sú sama hvort sem fyrirtækið er kallað útibú eða ekki útibú. Það er angi af starfsemi sem hefur aðalstöðvar einhvers staðar annars staðar en hér á landi, en það er ekki öðruvísi fyrirtæki í sjálfu sér en móðurfyrirtækið ef það vill greina á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis. Hitt er annað mál að það geta verið aðrir hluthafar í útibúi en í aðalfyrirtæki. Það er hugsanlegt. Og það hlýtur að verða ef erlent fyrirtæki, sem er orðið gamalt og traust og á peninga til að fjárfesta annars staðar, fjárfestir hér á landi, fer þá í samstarf við innlenda aðila. Þá eru komnir nýir hluthafar inn í starfsemi heimafyrirtækisins.

Ég beini þó þeim orðum til hæstv. iðnrh., og mun hafa það í huga þegar þetta kemur til iðnn. og þar á ég sæti, að skilyrði sem sett verði af Íslands hálfu feli í sér gagnkvæmni við heimaland þess sem vill fjárfesta á Íslandi. Þar verði gagnkvæmni. Og þá minni ég á t.d. að engin gagnkvæmni ríkir milli Íslands og Bandaríkjanna. Íslensku fyrirtækin, sem eru 100% eign íslenskra aðila og eru starfrækt í Bandaríkjunum, kaupa hráefni frá undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga á algjöru lágmarksmarkaðsverði, selja það með ágóða eftir breytingu, eftir framleiðslu, í Bandaríkjunum, en mega ekki, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið, flytja ágóðann af starfseminni til Íslands, heldur verða að fjárfesta í landinu þar sem þau starfa. Þar af leiðandi erum við alltaf að skapa meiri og traustari atvinnutækifæri í heimalandinu en ekki í því landi sem skapar hráefnið til framleiðslunnar. Þess vegna bið ég hæstv. iðnrh., okkar veğna sem mælum með því að hann fái þau völd sem hann sækist eftir í þessum málum, að hann gæti þessara hagsmuna upp á framtíðina. Þetta er mjög stórt atriði.

Það þarf að vera gagnkvæmni líka í heimflutningi gjaldeyris. Það á ekki að lúta því að gjaldeyrisyfirfærsla frá Bandaríkjunum er lokuð. Það hefur átt sér stað að bandarísk fyrirtæki hafa fjárfest á þann hátt að þau hafa fengið 30% framlag frá heimaaðilum, skaffað tryggingar í heimalandinu fyrir kannski 50%

en lagt fram sjálfir um 10%. Þetta hefur skapað þeim eignarhlut upp á helming. Það þýðir eignarhlut upp á helming gegn 10% kapítali en 50% yfirfærslu á hagnaði til Bandaríkjanna, til heimafyrirtækisins. Ég vil vara við þessu og þess vegna stend ég upp og hvet til þess að þessara hagsmuna verði mjög gætt þegar að því kemur að við förum að mynda fyrirtækjasamstæðu eða framleiðslukeðju með erlendum aðilum, kannski með íslenskum hráefnum sem fyrirtækin fá hugsanlega ekki annars staðar, alla vega ekki í því magni sem hér fæst ef um framleiðslu á sjávarafurðum, eða úrgangi t.d., er að ræða. Ég hef vissan grun um að erlendir aðilar hafi áhuga fyrir því að nota sér þann fiskúrgang sem hér er til framleiðslu á mjög seljanlegum vörum.

Mér þykir leitt að sjá í nál. meiri hl., sem fulltrúi Borgarafl. í Ed. hefur samþykkt, setningu eins og þessa. Ég vitna, með leyfi forseta, í nál. en þar stendur: „Í einu tilviki hefur jafnvel komið til tals milli aðila að verði ekki heimilt að stofna hér á landi iðnfyrirtæki í jafnri eign aðila verði fyrirtækið stofnað í heimalandi hins erlenda aðila.“ Í þessu felst hótun og slík hótun er nóg til þess að ég gæti snúist á móti frv. því að ég vil ekki að erlendir aðilar setji íslenska aðila upp að vegg í neinu tilfelli. Þetta segir mér eftirfarandi: Ef við ekki fáum að opna fyrirtæki og framleiðslu hér á landi flytjum við efni sem við þurfum að fá héðan út og framleiðum annars staðar þó að við berum kannski eitthvað minna úr býtum, því að það kostar okkur ekki annað en að ágóðinn sem við höfum upp úr þessu er minni en ella. Það segir sig sjálft að ekkert fyrirtæki færi að fjárfesta með íslenskum aðila, hvorki hér heima né erlendis, nema ágóðavon sé nokkuð trygg. Þetta eru nokkur varnaðarorð sem ég segi á þessu stigi.

M.ö.o., með þeirri breytingu sem ég vona að verði í nál. Nd. og endanlegum samþykktum, bæði á orðalagi nál. og eins hugsunarhætti gagnvart íslenskum ráðherrum, mæli ég með samþykkt þeirrar heimildar sem ráðherra fer fram á til að ákveða með minni háttar fyrirtæki, eins og hann orðar það sjálfur, þó að ég telji sjálfsagt að þegar um stærri fyrirtæki er að ræða, og er þá alveg sammála málflutningi hv. 7. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. v., verði að fara mjög varlega jafnvel þó að fyrirtækin séu smá í upphafi. Þegar um stærri fyrirtæki er að ræða er sjálfsagt að Alþingi fjalli um þau og setji sérstök lög um þau eins og hingað til hefur verið.

Ég vil líka að það komi fram hér að það er eins gott fyrir okkur að átta okkur á því að innan fárra ára, kannski er það þegar að byrja — eins og kom fram á ráðstefnu þar sem yfir 4000 vísindamenn voru samankomnir á iðnaðarráðstefnu í Cannes fyrir um tveimur árum síðan eða ekki það, þá kom mjög á dagskrá olíukreppa og væntanlegur skortur á eldsneyti í veröldinni. Gert var ráð fyrir að þessi orkuskortur yrði alvarlegur upp úr aldamótunum. Ég hef áður getið þess hér að það var talið að af heildarorku sem þekkt er í heiminum kæmu 7% frá olíu, en 40% af allri þeirri orku sem við notum koma frá olíu, og þess vegna þyrfti að finna aðrar leiðir. Ein leiðin var sú að færa alla orkufrekustu iðnaðarframleiðslu frá Suður-Evrópu, frá suðurhveli jarðar, upp til norðursins vegna þess að vatnsorkan var talin, a.m.k. í augnablikinu, það öruggasta upp á nánustu framtíð, en vatnið getur líka gengið til þurrðar. Í augnablikinu var hins vegar vatnsorkan talin vera öruggust og vatnsorkan er í mesta magni í Norður-Evrópu. Þetta kom fram á þessari ráðstefnu. Þeir voru því að tala um að gera Norðurlöndin að eins konar verksmiðjuhverfi veraldarinnar. Enginn þessara vísindamanna, sem þarna voru staddir og eru taldir vera fremstu vísindamenn veraldarinnar í orkumálum, mótmælti þessu eða gerði athugasemd við þetta, en fjölmargir, frá mörgum löndum, tóku undir þetta. Framsýn fyrirtæki hlusta á fagmenn þegar þeir tala á þennan hátt og hver veit nema einhver þessara framsýnu fyrirtækja séu þegar farin að taka fyrstu skrefin til þess að ná fótfestu þar sem vatnsorkan er öruggust. Ég vara því líka við frá þessu sjónarmiði, en þrátt fyrir það treysti ég hæstv. núv. iðnrh. til að fara rétt með þessi mál með hagsmuni Íslands fyrst og fremst í huga eins og ég treysti þeim sem Alþingi hverju sinni kýs sér til forustu í hverjum málaflokki fyrir sig, í þessu tilfelli iðnaðarmálum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Nú er ég ekki sammála hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég held að hér sé ekki um að ræða traust eða ekki traust. Við erum að setja lög og það er málið. Og við erum að tryggja það að ef til þess kemur að hleypa erlendum aðilum með meirihlutafjármagn hér inn í landið verði um það umfjöllun, það verði rætt, það verði skoðað, það verði ekki gert í fljótræði að ganga frá slíku sem alltaf er hætta á, jafnvel þó menn treysti þeim mönnum sem með þá málaflokka fara.

Ég spyr bara alveg í einlægni: Er ástæða til þess að treysta þessari ríkisstjórn? Ég held að nauðsynlegt væri, ef menn eru yfirleitt á því, að taka hina gráu bók og lesa hana. Ég held að það sé ekkert að ástæðulausu sem menn treysta ekki hæstv. ríkisstjórn.

Nei, ég held að það sé það minnsta að þegar um slíkt er að ræða komi það hér fyrir Alþingi, það sé rétt, það sé athugað. Stundum getur verið full ástæða til þess, e.t.v., að verða við þessu þó að ég vilji samt sem áður hafa fyrirvara á því.

Ég skal ekkert fullyrða um það, en ég man ekki til þess að þessi orð hafi nokkurn tíma staðið í lagagrein: Enda standi sérstaklega á. Það kann að vera. Ég sé að hæstv. iðnrh. hristir höfuðið. Það væri gaman að því að hann fyndi þá lagagrein og kæmi með hana þar sem þetta stendur, standi sérstaklega á, án annarrar skilgreiningar. (**Iðnrh.:** Hv. þm. getur lesið þessa stuttu grg., það kemur fram í henni. Hún er í fimm eða sex línum.) Ég hef lesið, hæstv. iðnrh., þessa grg. Hún er ekki lengi lesin og

það skýrir ekkert þetta mál. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra les út úr þessu, en það tryggir ekkert og skýrir ekkert. Það er bara mat ráðherrans hvort standi sérstaklega á eða ekki. Það er kannski eins og í nál. þar sem er talað um að fyrirtæki hafi haft í hótunum sem hv. þm. Albert Guðmundsson las upp áðan. Auðvitað stendur sérstaklega á ef einhver aðili hefur í hótunum. Það má sjálfsagt túlka það þannig. Hvernig ætlar ráðherrann að bregðast við því? Og það þarf auðvitað ekkert svar við því því að ég geri ráð fyrir að þessi stjórn verði ekki það langlíf að oft komi til hans atbeina að gefa slíka úrskurði. Í nál. meiri hl. Ed. stendur, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að frv. þetta er flutt áður en heildarendurskoðuninni er lokið er sú að á síðustu mánuðum hafa leitað til iðnrn. nokkur innlend fyrirtæki sem hyggja á samstarf við erlend fyrirtæki um iðnrekstur hér á landi þar sem sammæli er um að erlendu aðilarnir eigi jafnan hlut eða meiri hluta."

Sammæli hverra? Ríkisstjórnarinnar? Ég held a.m.k. að komið hafi fram að það er ekki sammæli Alþingis. Það liggur á hreinu. Og í sjálfu sér er þetta nál. nokkuð merkilegt. En ég ætla ekki að fara mikið út í það. Hér stendur að vísu nokkuð sem ég ætla aðeins að drepa á, með leyfi forseta:

„Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja."

Hver er mælikvarðinn? Er það mælikvarði á heimsvísu eða hver er mælikvarðinn? Er ekki hugsanlegt að hægt sé að segja að hvaða fyrirtæki sem væri sem ætlaði að hefja rekstur í þessu dvergríki falli undir þetta?

Ég held hins vegar að á svona frv. megi hv. þm. vara sig. Það gæti komið þeim í koll. Það þarf enginn að halda að það hafi verið að ástæðulausu sem þetta var fellt úr lögum 1978. Það var engin tilviljun. Miðað við þá frjálshyggjuhugsun sem veður uppi í þjóðfélaginu er ekki síður ástæða nú til að gjalda varhug við svona heimildum. Ég er raunar hissa á hæstv. iðnrh. að hann skuli bara vilja fá þetta vald og verða að liggja undir þrýstingi ýmissa manna um það að nota það í vissum tilvikum. Það er ekkert spaug. Í hans sporum hefði ég ekki flutt þetta frv. af þeirri ástæðu, hvað þá af ýmsum öðrum sem ég hef raunar komið inn á.

Ég ætla bara að endurtaka það að ég held að menn verði að gera vel upp sinn hug í sambandi við svona mál. Frv. er ekki stórt, en það sem í því felst getur orðið afdrifaríkt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þarf að eiga örlítinn orðastað við hv. 5. þm. Reykv. ef forseti mundi gera gangskör að því að óska eftir því að hann gengi í salinn.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að hann hefði hlustað nokkuð grannt á það sem ég sagði hér í ræðustól. Það verður varla skilið á annan veg en þann að ég hafi alls ekki útskýrt nægilega vel það sem ég vildi sagt hafa og verð ég því að bæta við nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi skildi hann orð mín á þann veg að ég væri að bera upp vantraust á hæstv. núv. iðnrh. Ég hygg að ef svo færu leikar að hér yrði borið upp vantraust í þinginu á hæstv. núv. ríkisstjórn væru meiri líkur á því að ég greiddi atkvæði með því að verja stjórnina falli en hann með vantraustinu á ráðherrana alla. (**AG:** Ég mundi líklega flytja það.) Og líklega flytja það, segir hann nú, þannig að eitthvað hefur nú traustið hrunið á stuttum tíma.

Annars vegar var það sem kom fram í hans máli að hann vakti athygli á því að það væru ýmsir fyrirvarar sem hann vildi gjarnan að væru virtir og viðhafðir þegar erlendir aðilar fengju meiri hluta í íslenskum fyrirtækjum. Getur hann álasað nokkrum manni hér í þinginu fyrir það að hafa sömu skoðun, að vilja einnig hafa aðstöðu til að hafa vissa fyrirvara hverju sinni á slíkum málum? Er það ekki rökrétt að það séu fleiri sem hafi þá skoðun að þeir telji að þar eigi að vera ýmsir fyrirvarar? Hann nefndi fyrirvarann um gagnkvæmni.

Ég vakti aftur á móti athygli á því og dreg það ekki til baka að mér þótti það nokkuð djarft teflt að halda því fram að það hefði verið einhver misskilningur hjá hæstv. fyrrv. iðnrh. á sínum tíma, eða mistök, að bera frv. fram á þann veg sem hann gerði þá. Ég fellst ekki á þá söguskýringu.

Þá verð ég einnig að víkja að hinum þættinum sem snýr að dótturfyrirtækjum. Einnig virtist sem það hefði algjörlega verið misskilið. Ég var ekki að gera lítið úr dótturfyrirtækjum eða telja þau ómerkilegri en önnur fyrirtæki. Ég var að undirstrika tvennt: Í fyrsta lagi að vel rekið fyrirtæki sem byrjar smátt getur orðið stórt. Í annan stað að samkvæmt íslenskum lögum getur það fyrirtæki jafnframt stofnað dótturfyrirtæki sem starfa í hvaða grein sem er hér innan lands. Ég ætla að nefna dæmi um fyrirtæki sem byrjaði smátt en varð stórt og hefur stofnað dótturfyrirtæki eða á í dótturfyrirtækjum sem starfa hér innan lands á mjög mörgum sviðum. Við skulum bara taka Eimskipafélag Íslands. Þetta fyrirtæki byrjaði ekki stórt, en það er stórveldi í dag. Það hefur verið vel rekið. Það á stóran hlut í Flugleiðum. Það átti ef ég man rétt um 40% í Flugfélagi Íslands. Það fyrirtæki á svo aftur á móti hótel. Þar með er það komið inn í þjónustu. Eimskipafélag Íslands á einnig beina aðild að iðnfyrirtækjum í þessu landi. Hvar eru ákvæðin í þessu lagafrv. sem ganga út á að tryggja að svona fyrirtæki verði aldrei stórt ef það verður stofnað innan lands með erlendri aðild? Hvar eru þau? Það eru engin slík fyrirmæli, enda hlægileg vitleysa að láta sér detta það í hug að hægt væri að setja þau.

Og ég ætla að segja meira þó að ég hafi ekki setið á þeirri vísindaráðstefnu um orkumál þar sem fram kom m.a. hvílíkur auður er til hér á landi. Ég ætla að halda því fram sem staðreynd að í dag sé verið að stofnsetja í þessu landi lítil iðnaðarfyrirtæki sem eiga eftir að verða mjög stór sem betur fer. En ástandið í þessu þjóðfélagi í dag er slíkt að hér er fjármagns-

svelti. Hér er algjört fjármagnssvelti. Hvað haldið þið að það ýti ekki á marga aðila að leita út fyrir landsteinana eftir samstarfsaðilum til þess að koma fjármagni inn í fyrirtæki og byggja þau þannig upp? Ég held að nær væri að byrja á því að koma fjármálamarkaði þessa lands í eðlilegt ástand. Ég held að það væri það fyrsta sem þyrfti að gera.

Ég undirstrika það að ég hef ekki talað gegn einu einasta frv. frá hæstv. iðnrh. þar sem hann leggur til að ákveðið fyrirtæki fái erlendan samstarfsaðila. En hvers vegna er ekki hægt að flytja lagafrv. um þetta efni og leggja þau fyrir þingið? Hvað er það sem veldur? Er þá kannski rétt að gagnálykta? Er það vantraust hæstv. iðnrh. á Alþingi Íslendinga? Telur hann að þingið sé ekki fært um að fjalla um slíka hluti? Er það niðurstaðan og ástæðan fyrir því að það er ekki gert?

Nei, ég vara við því að menn reyni á nokkurn hátt að snúa út úr því sem hér er sagt eða ætla mönnum einhverjar annarlegar hvatir. Ég hef ekki borið það á þá menn sem sitja í ráðherrastólum að þeir virði aðra hagsmuni meir en íslenska. Ég hef ekki borið það á þá. Ég undirstrika það hins vegar að ég tel að smáþjóð þurfi að gæta sín mun meir í þessum efnum en stórveldin. Og það er athyglisvert að fyrrv. nýlenda, Bandaríkin, hefur svo ströng lög í þessum efnum að hv. 5. þm. Reykv. telur þau algjörlega óaðgengileg. Það kom fram í hans máli áðan. Ef þetta stórveldi telur að slíkrar aðgæslu sé þörf, hvað þá með okkur?

Við skulum ræða þessi mál efnislega og við skulum ekki ætla hver öðrum aðrar skoðanir en menn hafa. Ég tel mig nú hafa talað það skýrt að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að menn hafi misskilið það sem ég var með sem aðalatriði míns máls.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja mikið við þessa 1. umr. málsins. Ég vil aðeins segja það að það kom mér satt að segja nokkuð á óvart að hlusta á hv. 1. þm. Norðurl. v. flytja sína ræðu. (**Gripið fram í:** Fjórða.) Það kom mér ekkert á óvart að hlusta á hv. 4. þm. Norðurl. v. Við því var búist sem kom frá honum. En hann hefur hingað til ekki verið einn þeirra sem lýst hafa eindregnum stuðningi við þessa ríkisstjórn né heldur stýrir hann enn sem komið er þingflokki framsóknarmanna þó að hann kannski eigi eitthvað andlega skylt við þá menn sem þar eru. (**SvH:** Það munaði litlu.) Já, það munaði litlu. Það er víst ábyggilegt. En það sem kom fram hjá honum var nánast stuðningur við þau sjónarmið sem hafa verið andstæð þeim sem koma fram í þessu frv. sem enginn hefur haldið fram að væri smámál. Þótt málið sé einfalt og ekki flókið þá er þetta ekkert smámál. Því hefur bara enginn haldið fram.

Það sem hefur komið fram í þessum umræðum og skiptir máli er að það er þróun sem hefur átt sér stað í nálægum löndum, í okkar viðskiptalöndum og meðal þjóða sem eru skyldastar okkur á Norðurlöndum, að menn hafa komið sér saman um að það beri að greiða fyrir því að hægt sé að stofna fyrirtæki af því tagi sem hér er verið að leggja til að hægt verði að gera, og þannig ýtt undir samstarf sem báðir aðilar, báðar þjóðirnar geta haft gagn af.

Það sem hefur enn fremur komið fram, og ég vil leggja áherslu á, er að þetta er nákvæmlega eins orðalag og var í lögum 1927–1978. Og af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði að því sérstaklega hvort slíkt ákvæði hefði verið í lögum þá er svarið þetta: Nákvæmlega eins orðað ákvæði var í iðnaðarlögum 1927–1978. Árið 1970 og 1971 þegar Íslendingar ákváðu að ganga í Fríverslunarbandalagið var þetta ákvæði sérstaklega skoðað og talið vera ein af forsendum þess að við gætum tekið þátt í því samstarfi en í 16. gr. samningsins er tekið fram sérstaklega hvernig með slík mál skuli fara. Það hefur ekkert komið fram annað en það. Og það er ekki ádeila á einn eða annan mann og allra síst á fyrrv. varaformann Sjálfstfl. og fyrrum iðnrh., Gunnar Thoroddsen, þótt frv., sem flutt var árið 1978, hafi verið orðað þannig að þetta ákvæði félli út. Við höfum leitað að skýringu á þessu, starfsmenn iðnrn., og það verður ekki annað séð en það hafi gerst án ásetnings. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja. Það gerist ýmislegt slíkt hér í sölum Alþingis þegar mál koma hér fyrir og renna hér í gegn ákaflega mishratt.

Ég verð að segja það að ég tek það a.m.k. ekki til mín þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. telur sig hafa áhyggjur af framhleypnum og fljótráðum ráðherrum. En ég vil aðeins minna á að ráðherrar sitja í krafti meiri hluta Alþingis og það getur auðvitað skipt máli við stofnun fyrirtækja að það þurfi ekki að leita til Alþingis í hvert einasta skipti. Alþingi situr ekki allt árið og það hefur sýnt sig að ferð frv. í gegnum Alþingi tekur stundum nokkuð langan tíma. En í viðskiptum þurfa menn oft að bregðast nokkuð snarpt við. Þess vegna er ekki verið að fara fram á annað í þessu máli en að endurvakið sé ákvæði sem var í lögum og ég tek undir það með öllum þeim sem hér hafa talað að með þetta heimildarákvæði ber okkur að fara ákaflega varlega.

Ég minni á það enn fremur að íslensk lögsaga gildir að sjálfsögðu um þessi fyrirtæki. Menn hafa hér verið að gera því skóna að þetta sé stórhættuleg innrás erlendra aðila inn í íslenskt atvinnulíf. Ég vil taka það fram að það er fjöldi ákvæða í íslenskum lögum, til að mynda í hlutafélagalögunum, sem krefjast þess að Íslendingar eða íslenskir ríkisborgarar og menn búsettir hér á landi sitji í meiri hluta í stjórnum fyrirtækja sem hér starfa, jafnvel þótt þau fyrirtæki séu að miklum meiri hluta í eigu erlendra aðila. Og hver er nú munurinn á því ef erlendir aðilar lána fyrirtæki sem hér starfar allt það fjármagn sem þarf að nota í fyrirtækinu og hinu að þeir leggi fram 51% af því fjármagni sem myndar hlutafé í fyrirtækjum? Er ekki eins mikil hætta á því að lánardrottnar okkar setji þau skilyrði fram sem menn virðast óttast hér eins og a.m.k. kemur fram

eða má skilja á ræðum þeirra? Auðvitað þurfum við alltaf að vera á varðbergi. Það er okkar skylda. En mér hefur sýnst það vera heldur lítill vandi að fá erlend lán og sum fyrirtæki eru rekin hér með erlendum lánum, beinum og óbeinum, og þá talar enginn um þessa stórkostlegu hættu að þessir erlendu lánardrottnar hafi sett einhver skilyrði á bak við.

Við verðum aðeins að átta okkur á því, og það er rétt sem hér hefur komið fram, að okkur skortir fjármagn. Við höfum hingað til notast við erlent fjármagn að láni. Það fjármagn verðum við að greiða aftur hvort sem árar vel eða illa. Hér er verið að leggja það til að ef íslenskt fyrirtæki, íslenskir aðilar telja það vera heppilegra fyrir íslenskar aðstæður, íslensk fyrirtæki, fyrir Íslendinga að stofnsetja hér á landi fyrirtæki sem erlendir aðilar eiga meirihlutaeign í, þá sé heimilt að veita slíkt leyfi þegar sérstaklega stendur á. Það er reynt að skýra það út og það hefur komið fram í umræðum bæði í hv. Ed. og eins hér í Nd. hvernig með slíkt verður farið. Auðvitað hefur það ekki lagagildi, það er alveg hárrétt hjá lögfræðingnum hv. 4. þm. Norðurl. v., en það er til leiðbeiningar. Og á meðan ég sit í ráðherrastól mun ég að sjálfsögðu fara eftir því sem ég hef lýst yfir að gert muni í þeim ræðum sem ég hef flutt um þetta mál bæði hér í þessari hv. deild og eins í hv. Ed.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. tók undir þessar viturlegu ræður sem hann nefndi, viturlegu ræður. Auðvitað er það hans mat og ég veit að framsóknarmenn flytja viturlegar ræður. Ég vona að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., sem er svona logandi hræddur við það að sá sem hér stendur fái þessa heimild, hann a.m.k. virði það mér til vorkunnar að ég tel að það séu fleiri vitrir menn í framsóknarþingflokknum heldur en hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Vestf. Við skulum nefna hæstv. sjútvrh., 1. þm. Austurl. Hann sagði í Ed. við umræðurnar að hann styddi þetta frv. sem hefur verið lagt fram og segir hér orðrétt: „... og tel það nauðsynlegt og skynsamlegt skref miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi. Það eru miklar tækniframfarir í heiminum, það liggur alveg fyrir að við getum oft ekki notið þessarar tækni nema í samstarfi við erlend fyrirtæki og það hlýtur að vera okkur kappsmál að slík fyrirtæki séu starfrækt hér á landi en ekki annars staðar."

Og síðar í sinni ræðu sagði hæstv. sjútvrh.: „Ég tel að það skref sem hér er stigið sé mjög varkárt og með því sé verið að tryggja að atvinnustarfsemi geti farið fram hér á landi sem mundi ella ekki verða, að með þessu sé tryggt í mörgum tilvikum að ýmis starfsemi eigi sér stað eins og skýrt kom fram hjá hæstv. iðnrh."

Ég vona að hér rísi ekki framsóknarmenn í Nd. upp til handa og fóta og segi að þetta séu ekki viturleg orð. Ég verð að viðurkenna að mér finnst þessi orð vera viturlegri en öll þau orð sem hafa farið fram í þessari umræðu hér sem hafa komið frá hv. stjórnarþm. Framsfl.

Og ég endurtek ef það skyldi hafa farið fram hjá einhverjum að þetta er stjfrv. og stutt að auki af einum flokki sem er í stjórnarandstöðu sem er Borgarafl. Þetta vil ég að komi fram ef þetta hefur farið fram hjá einhverjum í þeim umræðum sem farið hafa fram í þessu máli fyrr á þessu þingi og þá í hv. Ed.

Auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta mál og við eigum eftir síðar á þessu þingi að ræða um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi í miklu víðara samhengi. Og þá kemur í ljós í þeim umræðum hverjar eru hindranir fyrir slíku og þá verður væntanlega gerð grein fyrir því í ítarlegu máli á hvaða ferð nágrannaþjóðirnar og þær þjóðir, sem við viljum hafa mest samskipti og viðskipti við, eru í þessum málum — þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar, hv. 1. þm. Norðurl. v. Og það ætti nú hv. 1. þm. Norðurl. v. að þekkja mjög vel því að stundum halda menn að hann sé fremur þm. þeirra en þm. síns kjördæmis. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Já, það er rétt er sagt frá kollega hans í Norðurlandaráði. Ég bið hv. þm., frænda minn og vin, þegar hann verður næst á ferðinni — og það verður áreiðanlega innan skamms því að ég veit að hann er að fara til Óslóar en þar verður Norðurlandaráðsfundur — að kynna sér nú vel á því tungumáli sem honum er tamast um þessar mundir hvað er að gerast í þessum efnum, kynna sér m.a. niðurstöður ráðherranefndar iðnaðarráðherranna og koma svo heim að því þingi loknu, sem vonandi verður fyrir vorið, og skýra okkur í þessari hv. deild frá því að hverju hann komst. Ég hlakka til þess og ég veit að hv. þm. kemur vitrari heim en hann fór. Það gerir hann alltaf, það má hann eiga, blessaður, enda er batnandi manni best að lifa.

Herra forseti. Þessi umræða er kannski komin út á hálan ís og nokkuð karp. Ég veit að auðvitað er mönnum mál sem hafa ekki setið á þingi um nokkra hríð að koma hér upp og skamma ríkisstjórnina. Það er vinsæl íþrótt og ég tek það ekkert nærri mér. En ég veit og vona að hv. 1. þm. Norðurl. v., sem á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, greiði fyrir þessu máli og sýni því skilning og átti sig á því að hér er um framfaramál að ræða sem hann þarf ekkert að skammast sín fyrir í framtíðinni að hafa stutt.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst af þessum umræðum að hæstv. iðnrh. er í miklum mótbyr með þetta stjfrv. sitt, jafnvel lentur hér í hávaðasömum deilum við frænda sinn og vin, formann þingflokks Framsfl., en báðir munu þeir vera afkomendur fornfrægra Vatnsdælinga. (**Gripið fram í:** Orrastaðakyn.) Af Orrastaðakyni, já. Ég ætla nú ekki að blanda mér frekar í ætterni þeirra félaga en ég gat ekki látið hjá líða að vekja athygli á ótrúlegri fullyrðingu, ótrúlegu sjónarmiði sem fram kom hjá hæstv. ráðherra hér áðan þegar hann hélt því fram

að það væri nánast enginn munur á því hvort fyrirtæki hefði fengið að láni fé erlendis frá eða hvort því væri stjórnað erlendis frá og hvort eigendur þess væru erlendir menn. En þessu hélt hæstv. ráðherra blákalt fram hérna áðan og spurði menn að því hvort þeir gerðu sér ekki grein fyrir því að mörg fyrirtæki yrðu að byggja á erlendum lánum og væru þar með háð skilyrðum erlendra aðila, gaf jafnvel í skyn að það væri hálfu verra heldur en hitt að fyrirtæki kynnu að vera í eigu þeirra. Auðvitað þarf ekki að svara svona ótrúlega einföldum málflutningi mörgum orðum.

Það kemur einstöku sinnum fyrir að maður heyrir svona fráleitar athugasemdir en þá er það vegna þess að menn þekkja ekki ýkja mikið til og átta sig ekki á því að sá sem þiggur lán sætir fyrir fram ákveðnum skilyrðum sem hann samþykkir þegar lánið er tekið. Hann veit að hverju hann gengur. Þessum skilyrðum verður ekki breytt eftir að lánið hefur verið undirskrifað. Þar hefur verið gerður samningur sem stendur síðan meðan sá samningur lifir. En fyrirtæki, sem er eign manna, er ekki aðeins háð þeim skilyrðum sem sett eru þegar hlutafé er keypt og eignin verður til heldur er það síðan áframhaldandi undir stjórn þeirra manna sem eiga hlutaféð. Á þessu tvennu er augljóslega reginmunur — satt að segja svo mikill munur að manni finnst maður verða hálfbarnalegur að þurfa að benda á þetta, en það er gert hér fyrst og fremst vegna þess að það var enginn annar en hæstv. iðnrh. sem leyfði sér að bjóða hv. alþm. upp á svo einfeldnislegan málflutning.

Nei, auðvitað fer það ekkert á milli mála að með frv. hæstv. ráðherra er verið að breyta verulega stefnunni frá því sem verið hefur og í frv. er fólgið örlagaríkt valdaafsal. Menn geta borið góðan hug til manna, rétt eins og hv. þm. Albert Guðmundsson er vanur að gera. Hann treystir mörgum og hann getur lýst því hér yfir að hann treysti á dómgreind núverandi iðnrh. og þeirra sem sitja í hans sæti hér eftir, en ég tel mig ekki vera neitt verri mann þótt ég geti ekki tekið undir þessi orð.

Ég verð að segja það alveg eins og er, og taka þá undir með ýmsum öðrum sem hér hafa talað, að menn eru misjafnir, misjafnlega trausts verðir. Ég mun ekki ráða því hverjir sitja í sæti iðnrh. á komandi árum og ég get ekki átt það undir vali kannski allt annars þingmeirihluta en ég styð hverjir setjast í það sæti og hvaða ákvarðanir eru þá teknar *af þeim sem í því sæti situr*. Þetta vona ég að hv. þm. Albert Guðmundsson skilji fullkomlega þó að viðhorf okkar skilji að þessu leyti.

Ég vil enn fremur ítreka það sem hér hefur margoft komið fram að auðvitað er það fyrir neðan virðingu hæstv. ráðherra að reyna að telja fólki trú um það hér að lagabreytingin árið 1978 hafi verið gerð fyrir mistök eða misskilning og það sé núna 10 árum seinna sem menn séu að uppgötva þetta og benda á að þarna hafi verið misskilningur á ferðinni.

Ég hygg að hv. þm. Albert Guðmundsson hafi á sínum tíma líka viljað breyta þessu þegar hann var iðnrh., en ég minnist þess ekki að hann hafi haldið því fram að ákvæðið væri komið inn í löggjöf fyrir misskilning.

Og ég segi bara eitt hér að lokum: Hæstv. ráðherra hefur sagt okkur frá því að ætlunin sé að endurskoða þessi mál, virða þau öll í víðara samhengi síðar á þessu ári og hvað er þá sjálfsagðara en að fresta ákvörðun um þetta átaka- og ágreiningsmál þangað til sú endurskoðun á sér stað?

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er nú tóm vitleysa hjá frænda mínum og vini, hæstv. iðnrh., að ég hafi kallað hann framhleypinn. Það dytti mér aldrei í hug að gera. Mér dytti kannski í hug að hæstv. ráðherra væri fljótfær, en að þessi hógværi og hlédrægi maður væri framhleypinn, það dytti mér aldrei í hug að segja. (**RA:** Það tíðkast ekki í ykkar ætt.) Nei, við erum ekki svoleiðis frændurnir. Frændi minn og vinur, hæstv. iðnrh., má heldur ekki taka það sem eitthvert vantraust á sig og það má hv. þm. og hæstv. fyrrv. iðnrh. Albert Guðmundsson ekki heldur gera þó að ég hafi lagst gegn því að iðnrh. fengi þessar heimildir.

Albert Guðmundsson, hæstv. fyrrv. iðnrh., óskaði eftir því að fá að flytja svona stjfrv. á sinni tíð, fá þessar heimildir. Því var hafnað af flokki mínum og átti ég m.a. þátt í því. Það var ekkert vantraust á hann sem ráðherra. Ég vil bara ekki skrifa á óútfyllta víxla. Ég vil vita hvað þarna hangir á spýtunni og til hvers þetta muni leiða. Ég vil fá að meta það í hverju tilfelli hvort mér sýnist skynsamlegt að hleypa útlendingum að með meirihlutaaðild. Til þess er Alþingi að setja lög og það er ekkert ofverkið okkar að fara ofan í svona mál. Við getum alveg eins gert það eins og ráðherra eða starfsmenn hans.

Ég met þessa hæstv. ráðherra, fyrrv. iðnrh. Albert Guðmundsson og núv. iðnrh. Friðrik Sophusson, báða mjög mikils sem ráðherra og menn og þeir mega ekki taka það sem eitthvert vantraust á sig þó ég vilji ekki skrifa á þessa víxla fyrir þá.

Hæstv. iðnrh. vitnaði til hæstv. sjútvrh., sem líka er vitur maður, og las úr ræðu hans í Ed. Ég met vitsmuni Halldórs Ásgrímssonar afar mikils, eins og menn sjálfsagt vita, eins og ég met vitsmuni hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar ekki síður. Það er ekkert vantraust á hæstv. sjútvrh. þó að ég fullyrði að ég kæmi ekki til með að standa að lagasetningu ef hæstv. sjútvrh. óskaði eftir heimildum til að fá að veita útlendingum aðgang að íslenskum fiskiðnaði svo að ég taki dæmi og það ætti ekki að skoða það sem vantraust á ráðherrann.

Hér hafa menn deilt um hvort afglöp hafi orðið við lagasetninguna 1978 og þetta ákvæði hafi fallið niður. Þetta ákvæði var ekki í því frv. eins og það var lagt fyrir Alþingi og þess vegna var frv. samþykkt si svona. Ef það hefði verið í frv. hefði ég a.m.k. ekki staðið að samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum. Þetta er 293. mál á þskj. 595.

Þetta frv. er flutt af meiri hl. allshn. Nd. Auk mín mynda þann meiri hl. hv. þm. Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson og Guðni Ágústsson.

Aðdragandi að flutningi frv. er athugun allshn. á frv. um sama efni sem flutt var sem 42. mál þessa þings og kom fyrst til umræðu í þessari hv. deild þann 28. okt. sl. Því frv. var vísað til allshn. þann 25. nóv. og vísað til umsagnar ýmissa aðila daginn eftir.

Eftir að hafa athugað það frv. varð nefndin sammála um að afgreiða málið ekki frá sér þar sem á því væru ýmsir annmarkar burtséð frá því hvort nefndarmenn væru hlynntir eða andvígir áfengu öli. Í síðustu viku kynnti ég svo frv. sem ég mæli hér fyrir fyrir nefndarmönnum og varð þá sú niðurstaða að fjórir nefndarmenn lýstu sig reiðubúna að standa að flutningi þess.

Sjálfsagt má um það deila hvort réttara sé að flytja nýtt frv. um sama efni, eins og hér er gert, eða flytja brtt. við hið fyrra frv. og þá eins orðaðar og þetta frv. er orðað. Ég vil ekki gera mikið mál úr því hvort kunni að vera réttara. Mér þykja það hins vegar þinglegri vinnubrögð að flytja nýtt frv. þegar hinu fyrra er breytt svo mjög sem hér hefur verið gert. Hins vegar eru dæmin sjálfsagt fleiri um þá leið að flytja brtt. þótt hvort tveggja hafi raunar verið gert. En þessa leið völdum við og ég vona að andstæðingar frv. væni okkur a.m.k. ekki um neitt gerræði. Einnig vona ég að flm. hins fyrra frv. líti ekki svo á að verið sé að stíga ofan á þá með neinum hætti, enda býst ég ekki við að þeir kæri sig um að fá samþykkt frv. í sínu nafni sem þeir hafa ekki samið.

Ég hef líka verið spurður að því hvort þessi aðferð tefji ekki fyrir afgreiðslu málsins þar sem hér þarf að fjalla um málið við eina umræðu þá til viðbótar við það sem ella hefði þurft. Ég sé ekki ástæðu til að ætla að svo verði. Málið hefur þegar verið kynnt í nefndinni og töf verður ekki á afgreiðslu þess þar. Umsagnar þarf ekki að leita að nýju. Um það eru nefndarmenn sammála. Meginefnið er hið sama í báðum frv., þ.e. að upphefja bannið við innflutningi á áfengu öli með því að fella brott 3. málsl. 3. gr. áfengislaga og svo að leyfa framleiðslu og sölu á áfengu öli þótt farnar séu aðrar leiðir varðandi þær leyfisveitingar en í hinu fyrra frv.

Allar umsagnir sem bárust nefndinni um 42. mál fjölluðu einvörðungu um þá grundvallarspurningu hvort leyfa ætti innflutning, framleiðslu og sölu á áfengu öli en ekki um orðalag einstakra greina frv. Umsagnir þessar eru því jafngildar varðandi það frv. sem hér er nú flutt.

Ég mun þá gera grein fyrir efnisatriðum frv. og síðan greina frá þeim umsögnum sem bárust og helstu atriðum sem þar er tekið á.

1. gr. þessa frv. er samhljóða 1. gr. hins fyrra frv., þ.e. að brott falli úr áfengislögum 3. málsl. 3. gr. sem kveður á um bann við innflutningi á öli sem hefur inni að halda meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, en skv. þeirri grein telst áfengi hver sá vökvi sem inniheldur meira en þetta magn. Áfengt öl telst því sem hvert annað áfengi. Af þessu leiðir að ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn áfenga drykki hverju nafni sem þeir nefnast, sbr. 1. og 2. málsl. 3. gr. laganna, og annast Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins innflutninginn.

2. gr. þessa frv. felur í sér umorðun á 7. gr. áfengislaganna og er tekin nokkuð öðrum tökum en var í 2. gr. hins fyrra frv. Það segir svo í athugasemdum okkar við þessa grein: „Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja er vísað til laga um verslun ríkisins með áfengi og tóbak nr. 63/1969, sérstaklega 2. gr. eins og henni var breytt með lögum nr. 51/1986. Þar er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einnig heimil framleiðsla áfengra drykkja, en þó er fjmrh. heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ráðherra er enn fremur heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis."

Í 5. gr. laga nr. 63/1969, sbr. lög nr. 51/1986, sem ég var hér að vísa til, er kveðið skýrt á um það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einnig heimilt að selja innan lands áfengi sem hún flytur inn og allt áfengi sem framleitt er innan lands.

Í 7. gr. áfengislaganna er að finna fortakslaust bann við bruggun eða tilbúningi áfengra drykkja hérlendis að öðru leyti en því að heimilt er að framleiða áfengt öl til útflutnings. Eins og áður sagði er lagt til að þetta bann verði afnumið, en um tilbúning og framleiðslu áfengs öls fari með sama hætti og um framleiðslu annarra áfengra drykkja, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum. Enn fremur er lagt til að önnur framleiðsla, tilbúningur eða bruggun áfengis sé bönnuð.

Í 2. mgr. 7. gr. áfengislaganna er kveðið á um innheimtu framleiðslugjalds af áfengu öli. Þetta ákvæði er óþarft þar sem í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, er beinlínis kveðið á um að framleiðsla öls sé gjaldskyld hvort sem það er áfengt eða ekki. Að öðru leyti ákveður fjmrh. hverjar tekjur ríkissjóðs skuli vera af áfengi í einkasöluverðinu. Þetta

var varðandi 2. gr. frv., en hún fjallar sem sagt um að 7. gr. áfengislaganna verði umorðuð alveg.

3. gr. þessa frv. fjallar svo um að upptæk skuli gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Þetta er nauðsynleg breyting í kjölfar breytinganna á 7. gr., þ.e. að upptæk skuli gerð þau tæki sem hafa verið notuð til ólögmætrar framleiðslu.

4. gr. þessa frv. fjallar svo um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annist innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lögin um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Um það er svo sem ekkert sérstakt að segja.

5. gr. fjallar svo um breytingu á 1. mgr. 15. gr. áfengislaga. Í gildandi lögum er notað orðið „vína", en í stað þess er lagt til að komi orðið „áfengis" sem tekur þá einnig til áfengs öls. Það er rétt að taka fram að þar sem notað er orðið „vínveitingar" í áfengislögum verður það að teljast taka til allra áfengisveitinga, þar með talið áfengs öls.

6. gr. frv. fjallar svo um gildistöku þess og þar er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. mars 1989. Þessi tímamörk eru sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim sem hyggja á ölframleiðslu nokkurt svigrúm og ekki síður til að gefa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tækifæri til þess að undirbúa þessa breytingu.

Þetta eru efnisatriði frv. sem ég hef gert hér grein fyrir og aðdraganda þess að þetta nýja frv. er flutt.

Ég kem þá að umsögnum þeim sem nefndinni bárust. Án þess að ég ætli að fara að rekja þær umsagnir í ítarlegu máli, það tæki allt of langan tíma, tel ég rétt og sjálfsagt að gera hér grein fyrir niðurstöðum þeirra sem sent hafa nefndinni umsagnir um leið og ég nefni þá aðila.

Það verður þá fyrst fyrir umsögn Æskulýðsráðs ríkisins, en í samandregnu máli segir æskulýðsráðið:

„Afstaða Íslendinga til bjórneyslu er gjarnan sú að bjórinn sé vægasta áfengi á markaðnum og teljist varla til áfengis á sama hátt og aðrir alkóhóldrykkir. Þó er ljóst að til eru létt vín sem hafa minna áfengismagn en mörg bjórgerðin. Því er mjög varasamt að innleiða hann hingað til lands án mikils fræðslu- og áróðursátaks þannig að menn séu vel upplýstir um hætturnar sem fylgja bjór sem og öðru áfengi."

Þá er hér næst umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar og þar er mjög svipuð umsögn í lokin. „Því er mjög varasamt", segir hér, með leyfi hæstv. forseta, „að innleiða bjórinn hingað til lands án þess að á undan fari mikið fræðslu- og áróðursátak þannig að Íslendingar séu vel upplýstir um hætturnar sem fylgja bjór sem og öðru áfengi."

Ferðamálaráð Íslands sendir stutta umsögn sem endar á þessum orðum: „Samþykkt var að mæla með að frv. verði samþykkt." Það var á fundi stjórnar Ferðamálaráðs.

Alþýðusamband Íslands segir að miðstjórnin hafi fjallað á fundi sínum 10. des. um málið. „Af hálfu miðstjórnar ASÍ hefur ekki verið tekin sérstök afstaða til frv., en miðstjórn minnir á samþykkt 34. þings Alþýðusambands Íslands 1980. **(Gripið fram í:** Hvernig var sú samþykkt?) Sú samþykkt var svohljóðandi:

„34. þing ASÍ bendir á niðurstöður Heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna", það á sjálfsagt að vera Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, „þar sem fram kemur að þau vandamál er stafa af áfengisneyslu verði í beinu samhengi við heildarneyslu þess. Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur helstu ráðin til úrbóta á þessu sviði vera að halda verðlagi á áfengi háu og fækka dreifingarstöðum áfengis. 34. þing ASÍ lýsir yfir fullum samstarfsvilja við þá aðila sem berjast gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu og aðstoða þá einstaklinga sem háðir eru þessari neyslu." Þannig var samþykktin.

Íþróttasamband Íslands sendir umsögn og tekur eftirfarandi fram:

„Það hefur verið stefna Íþróttasambands Íslands frá upphafi að vinna gegn áfengisneyslu og kemur það fram í margendurteknum samþykktum íþróttaþinga ÍSÍ svo og annarra funda er tekið hafa afstöðu til áfengismála." Þessi afstaða ÍSÍ er óbreytt.

Þá er Læknafélag Íslands hér næst, en það fylgir bréfi Læknafélagsins allítarleg umsögn og ég tek hér lokaorðin, með leyfi forseta: „Eins og fram kemur hér að framan eru þargreindir aðilar", þ.e. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sem þar er fyrst og fremst vísað til, „sammála um nauðsyn þess að draga úr heildarneyslu áfengis. Stjórn félagsins, þ.e. Læknafélags Íslands, tekur undir þessi sjónarmið, en bendir á að skoðanir eru mjög skiptar meðal lækna um leiðir til að ná þessum markmiðum."

Áfengisvarnaráð sendir ítarlega umsögn, auk þess sem fulltrúar frá áfengisvarnaráði og áfengisvarnaráðunautur ríkisins komu til viðtals við nefndina. Ég þarf vart að geta um þeirra niðurstöðu þar sem hún hefur æðioft komið fram. Þeir eru alfarið andvígir þessu frv.

Landssamband lögreglumanna sendir umsögn og þar segir svo: „Stjórn Landssambands lögreglumanna telur ljóst að mikið magn af áfengu öli sé nú þegar flutt inn í landð með ferðamönnum og áhöfnum fara. Með slíkum innflutningi verði til óeðlilegur aðstöðumunur þegnanna.

Að lokum vill stjórn Landssambands lögreglumanna undirstrika mikilvægi þess að áfengt öl verði aldrei selt í öðrum verslunum en ÁTVR og eftirlit með sölu þess verði ekki lakara en með sölu annars áfengis. Áfengt öl verði ekki ódýrara en sambærilegur vínandi í öðrum áfengistegundum. Þá verði fræðsla um skaðsemi alls áfengis stóraukin."

Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið senda umsögn eða framkvæmdastjórn þeirra samtaka og þar segir svo: „Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið, SÁÁ, er hópur 8 þúsund einstaklinga sem hafa sameinast undir einu merki til þess að berjast á raunhæfan hátt við áfengisvandamálið. Félagsmenn

eru nánast þverskurður af þjóðfélaginu með ólíkar skoðanir á opinberum málum. Innan SÁÁ rúmast bindindismenn, hófdrykkjumenn og drykkjusjúklingar. Stjórn SÁÁ getur því ekki tekið afstöðu fyrir hönd þessa hóps með eða á móti fram komnu frv. þess efnis að leyfð verði bruggun og sala bjórs á Íslandi."

Kvenfélagasamband Íslands telur að ekki beri að rýmka ákvæði núgildandi áfengislaga.

Verkamannasamband Íslands vísar til ályktunar sem samþykkt var á 13. þingi þess á Akureyri dagana 29.–31. okt. sl., en ályktunin er svohljóðandi:

„13. þing Verkamannasambands Íslands lýsir fyllsta stuðningi sínum við öll félagasamtök sem berjast gegn notkun vímuefna. Jafnframt skorar þingið á alþm. að samþykkja þjóðaratkvæðagreiðslu um fram komið bjórfrv."

Þá er hér næst fyrir Samband veitinga- og gistihúsa og þar segir svo: „Stjórn Sambands veitinga- og gistihúsa fagnar ef Alþingi tekst að lokum að leiða viðkomandi breytingar á áfengislöggjöfinni til lykta og samþykkir að heimilaður verði innflutningur og framleiðsla á bjór með þeim skilyrðum sem fram koma í frv."

Vinnuveitendasamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frv., þ.e. að sala og bruggun áfengs öls verði leyfð.

Geðlæknafélag Íslands ályktaði á almennum fundi sem fjallaði um málið 21. jan. sl. og á fundinum var eftirfarandi ályktun gerð:

„Geðlæknafélag Íslands telur að vísa beri frá fram komnu frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 82 1969 vegna þess að framleiðsla og sala áfengs öls hér á landi mundi leiða til aukinnar áfengisneyslu og aukins tjóns á heilsufari þjóðarinnar. Jafnframt leggur félagið til að Alþingi taki til umræðu tillögur áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá því í janúar 1987."

Stórstúka Íslands sendir umsögn og þar segir svo, með leyfi forseta: „Hinn 7. maí 1981 samþykkti Alþingi þingsályktun um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum sem fyrst og fremst fæli í sér minnkun vímuefnavandans. Öllum dómbærum mönnum, læknum, lögreglu og æskulýðsleiðtogum ber saman um að bruggun og sala áfengs öls hér á landi eins og gert er ráð fyrir í frv. muni hafa í för með sér allverulega aukningu á áfengisneyslu þjóðarinnar. Einkum mundi áfengis- og vímuefnaneysla unglinga aukast. Í trausti þess að Alþingi vilji enn sem fyrr standa við samþykkt sína frá 7. maí 1981 leggjum við til að frv. verði fellt."

Ég hef þá farið yfir, herra forseti, þær umsagnir sem nefndinni bárust og hef aðeins stiklað á því stærsta í þeim umsögnum en þó getið niðurstöðu þeirra allra. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það sem þar hefur verið sagt heldur aðeins greina hér frá þessu.

Til viðtals komu við nefndina fulltrúar frá áfengisvarnaráði, eins og ég sagði áðan, og áfengisvarnaráðunautur ríkisins. Landlæknir kom til viðtals einnig, en landlæknisembættið hafði sent umsögn um þetta sama mál þegar það var síðast til meðferðar hér á hv. Alþingi og hafði þar engu við að bæta og er andvígt frv. Þá ræddum nefndarmenn einnig við póst- og símamálastjóra og forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. (**ÓÞÞ:** Hvað höfðu þeir að segja?) Þeir höfðu sitt af hverju til málanna að leggja. Póst- og símamálastjóri var kvaddur á fund nefndarinnar til þess að gera henni grein fyrir viðhorfum sinnar stofnunar til þessa máls að því leyti sem það tekur til póstflutninga á bjór sem vafalaust yrði nokkurt mál fyrir póstmálastofnunina ef frv. yrði samþykkt. Póst- og símamálastjóri sendi nefndarmönnum stutt plagg að loknum fundinum og ég get hlaupið á niðurstöðum hans. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Verði hafin sala á öli hjá ÁTVR hlýtur sami háttur að verða hafður á af póstþjónustunnar hálfu og með aðrar sendingar ÁTVR sem á annað borð uppfylla viðtökuskilyrði póstþjónustunnar um frágang og hámark stærðar og þyngdar. Ölsendingar væru að vísu margar hverjar" ... (**GHelg:** Þeir eru nú í þessu hvort eð er.) Þeir eru í þessu, já, já, það kemur fram. „Ölsendingar væru að vísu margar hverjar fyrirferðarmeiri en aðrar sendingar ÁTVR og tækju meira geymslurými á pósthúsum. Jafnframt mætti ákveða skemmri geymslufrest en hinn almenna fyrir þessar sendingar. Ekki má heldur gleyma að sendingar til fólks utan þéttbýlis eru fluttar heim með landpóstum." — Góð þjónusta það.

Að öðru leyti held ég að hafi mátt ráða í mál póst- og símamálastjóra þannig að hann hefði ekki verulegar áhyggjur af þessu frv. eða afgreiðslu þess. Hans stofnun mundi sinna þeim viðfangsefnum sem henni yrðu lagðar á herðar.

Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins benti nefndarmönnum á ýmis atriði sem nauðsynlegt væri að lagfæra í frv. sem þá var til meðferðar hjá nefndinni og veitti okkur verðmætar upplýsingar af reynslu sinni, bæði sem forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og sem fyrrv. ráðuneytisstjóri í fjmrn. Ég held að ég megi segja að í frv. sem ég er hér að mæla fyrir hafi verið tekið tillit til ábendinga forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Nefndarmenn allshn. hafa sem aðrir haft undir höndum ýmis fleiri gögn en hér hafa verið talin. Ég nefni þar áskorun nokkurra prófessora læknadeildar Háskóla Íslands og áskorun lækna sem vinna að meðferð áfengissjúklinga. Ég verð að segja að eftir að þessar ályktanir voru birtar virtist umræðan taka á sig þá mynd að það væri læknisfræðilega sannað og um það full samstaða í læknastétt að bjór skyldi áfram vera bannvara á Íslandi að svo miklu leyti sem hægt er að tala um hann í alvöru sem bannvöru. Umræðan á hv. Alþingi tók líka á sig þessa mynd að nokkru leyti. En ég segi það líka sem mína skoðun að það er miður þegar menn fara að alhæfa eins og komið hefur of oft fyrir í umræðum um bjórmálið.

Það getur ekki verið málstaðnum til framdráttar.

Ég nefni í þessu samhengi ályktun um bjórmálið, sem svo heitir, sem 133 sérmenntaðir læknar undirrituðu í tilefni af áskorun prófessoranna. (**ÓÞÞ:** *Geturðu ekki lesið upp nöfnin.*) Nei, ég held að ég sé ekki að tefja tímann á því. Það geta aðrir lagt sig í það að stunda málþóf á þinginu í þessu efni, (Gripið fram í.) en ég efast ekkert um að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson á eftir að tala í þessu máli og ég get vel unnt honum þess að lesa þessa nafnarunu ef honum finnst nauðsynlegt að fá það inn í þskj. (**ÓÞÞ:** Ég er ekki með það fyrir framan mig.) Ég skal lána þér mitt eintak á eftir. — En í ályktun þessara lækna segir m.a., með leyfi forseta:

„Þá er líklegt að neyslan beinist frekar að veikari drykkjum og frá þeim sterkari. Að áliti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar eru virkustu ráð til að stjórna heildarneyslu markviss verðstýring og takmörkun dreifingar en ekki bann á einstökum tegundum.“ Þeir segja hér einnig: „Þá er einnig ljóst, ef litið er til faraldsfræðilegra rannsókna, að lítið samband er milli heildarneyslu áfengis og fjölda drykkjusjúkra. Þannig er hlutfall drykkjusjúkra svipað á Íslandi og í Bandaríkjunum þrátt fyrir mun meiri neyslu þar. Hlutfall drykkjusjúkra er og svipað á Íslandi og í Svíþjóð og Noregi, en í þeim löndum er bjór leyfður með líku fyrirkomulagi og fyrirhugað er hér á landi. Við undirritaðir teljum því ekki ástæðu til að ætla að íslenska þjóðin muni missa fótfestuna í áfengismálum þó leyfð verði sala bjórs í áfengisútsölum.“

Mér sýnist nú satt að segja mikilvægara fyrir hv. þm. að heyra hvað læknar eða hópar lækna hafa að segjar frekar en heyra lesna nafnarununa þó að hún kunni að skipta máli.

Þessi mismunandi álit lækna segja mér eitt og aðeins eitt og það er þetta: Það verður ekki lagt læknisfræðilegt mat á skaðsemi þess að leyfa bjór á Íslandi, ekki óumdeilanlegt læknisfræðilegt mat, en það hafa sumir viljað gera. Kveikjan að undirskrift þessara 133 sérmenntuðu lækna var auðvitað áskorun prófessoranna sem auglýstu álit sitt í dagblöðunum á bjórfrv. í krafti sinna embætta. Það var ekkert óeðlilegt við það heldur að allur almenningur skildi það svo að hér væri á ferðinni skoðun læknastéttarinnar almennt og að stuðst væri við vísindaleg rök eins og Grétar Sigurbergsson geðlæknir segir í grein í Morgunblaðinu þann 10. febr. sl. Umræðan í þessari hv. deild fyrr í vetur einkenndist að nokkru leyti af þessum skilningi eða öllu heldur misskilningi eins og ég nefndi áðan án þess að ég ætli að fara að vitna sérstaklega í einstaka þm. en gæti þó gert það.

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri og get stytt mál mitt. Ég læt í ljós þá von að þessi umræða verði með málefnalegri hætti en hún stundum hefur verið. Alþingi verður að taka afstöðu í þessu mjög svo mikilvæga og viðkvæma deilumáli. Til þess gefst nú tækifæri og tími þar sem málið er nú fyrr á ferðinni á þingtímanum en oftast áður.

Þótt þetta frv. hafi verið kynnt í allshn. þessarar hv. deildar legg ég samt til að því verði vísað til nefndarinnar. Slíkt verður að teljast eðlilegt og raunar þingleg vinnubrögð til þess að nefndarmönnum gefist tóm til að ganga frá nál.

Eins og ég áður sagði er skilningur á því hjá nefndarmönnum að afgreiða málið til 2. umr. frá nefndinni án sérstakra tafa og óþarfi er að senda það að nýju til umsagnar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Saga þessa máls, sem nú hefur verið mælt fyrir, er orðin alllöng. Það var á 106. löggjafarþingi sem við hv. þm. Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson og Stefán Benediktsson lögðum fram frv. sama efnis og það frv. sem hér liggur nú fyrir. Síðan var það frv. endurflutt á 107. löggjafarþingi með breyttu gildistökuákvæði. Hvorugt frv. var afgreitt, en flm. í síðara skiptið voru hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson og Friðrik Sophusson ásamt ræðumanni hér. Það frv. var síðan endurflutt og að því stóðum við hv. þm. Jón Magnússon, Geir H. Haarde og Ingi Björn Albertsson á yfirstandandi löggjafarþingi.

Ég hef ekki áður tekið til máls í þessari umræðu vegna þess að ég hef aldrei verið 1. flm. og hef talið 1. flm. vera fullfæra um að mæla fyrir þessu máli. Þeim mun meira hafa þeir talað sem á móti sölu áfengs öls eru í þessu landi og oft af ærið litlu viti en þeim mun meiri fordómum. Með slíkri umræðu held ég að engum í þessu landi sé greiði gerður.

Í Dagblaðinu í dag eru viðtöl við nokkrar stúlkur, svokallaðar „au pair“ stúlkur erlendar á Íslandi. Stúlka ein frá Odense segir m.a., þegar hún er spurð um ástand mála á Íslandi og hvernig landið komi henni fyrir sjónir, með leyfi forseta:

Hún er spurð hvernig henni finnist næturlífið: „Ég fékk hálfgert áfall“, segir hún, „þegar ég fór fyrst út. Ég veit ekki almennilega á hverju ég átti von, en það var alla vega ekki það sem ég upplifði. Mér fannst fólk drekka mikið og allt of margir verða ölvaðir.“

Önnur stúlka segir, frá Danmörku líka, sem finnst landið almennt koma henni fyrir sjónir eins og Litla-Ameríka eins og hún orðar það: „Mér finnst dálítið skrýtið hvað fólk virðist drekka sig fullt hér. Auðvitað er þetta ekki algilt, en þetta er þó mjög vanalegt. Ég held að þetta hljóti að vera út af öllum þessum sterku drykkjum sem fólk drekkur.“

Þetta eru vitrar stúlkur. Auðvitað er ástand áfengismála hér svona vegna allra þessara sterku drykkja sem menn eru alltaf að drekka. Íslendingar hafa nefnilega fyrir löngu ákveðið að ef fólk neytir áfengra drykkja eigi það að verða fullt. Þannig er ástand mála ekki meðal siðmenntaðra þjóða og þess vegna geta Íslendingar á engan hátt talist siðmenntuð þjóð í þessu efni frekar en svo ótalmörgum öðrum. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að neyslu

áfengis fylgi endilega meiri háttar fyllirí.

Alþingi Íslendinga er að því leyti dæmalaus stofnun að hún getur ekki talað um þjóðina í heild eða ástand mála meðal þjóðarinnar öðruvísi en í meðaltölum. Hér hefur verið klifað á því, herra forseti, að með því að leyfa framleiðslu og sölu áfengs öls hljóti meðaltalsáfengisneyslan að aukast. Það getur vel verið. Mér er bara fyrirmunað að hafa á því minnsta áhuga. Það er nefnilega mikill munur á því hvort öll þjóðin dreypir í áfengi eða hálf þjóðin drekkur sig örvita af áfengi. Á þessu er allur munur.

Heildarneysla áfengis segir nákvæmlega ekki neitt um drykkjusiði þjóðarinnar. Þeir verða ekki í lagi fyrr en þjóðinni hefur lærst að fara með áfenga drykki eins og siðað fólk. Von okkar sem teljum æskilegra að fólk neyti léttra áfengra drykkja en sterkra er sú að einn góðan veðurdag renni upp sú stund að það verði heldur litið niður á fólk sem sést á almannafæri áberandi drukkið. Það eru nefnilega engir mannasiðir.

Því hefur hins vegar verið viðhaldið í þessu landi að það sé synd að drekka. Þess vegna fyllast menn sektarkennd í hvert skipti sem þeir neyta áfengra drykkja og deyfa hana með ofneyslu þeirra. Þetta er vond áfengisstefna eins og öll önnur áfengisstefna sem mótuð hefur verið í þessu landi ef hægt er að kalla að nokkur áfengisstefna hafi verið mótuð yfirleitt.

Það hefur gerst á síðustu árum t.d., herra forseti, að verð á léttum drykkjum hefur verið hækkað en lækkað á sterkum drykkjum. Finnst einhverjum hv. þm. eða herra forseta vit í þessu?

Það er enn og aftur talað um unglingana sem allir bera svo mjög fyrir brjósti. Vilja íslenskir foreldrar heldur að börnin þeirra eða unglingarnir drekki sterka drykki í óleyfi en létta drykki í leyfi? Getur þetta verið skynsöm uppeldisstefna í áfengismálum? Öll vitum við, sem börn eigum, að það þýðir ekkert að segja unglingum að þeir megi ekki neyta áfengra drykkja. Þeir munu ekki fara neitt að því. Hins vegar gætum við gert annað, sem væri miklu skynsamlegra, en það er að gera tilraun til að kenna unglingunum okkar að umgangast áfengi af einhverju skynsamlegu viti. Auðvitað á þeim að vera fullljóst að bjór jafnt sem annað áfengi er vara sem ber að fara varlega með og neyta af allri varúð, en hvernig í ósköpunum eiga unglingarnir að læra það ef ævinlega er talað um þessi mál af fordómum, og ég vil leyfa mér að kalla það heimsku að trúa því að neysla áfengra drykkja, léttra vína og áfengs öls þurfi endilega að hafa í för með sér að fólk veltist um og verði sér til skammar á almannafæri. Þannig þarf þetta engan veginn að vera, en þessu ráðum við auðvitað sjálf.

Mér er fullljóst að til er fólk sem á ákaflega erfitt með að umgangast áfengi án þess að valda sér verulegum skaða, en sá hópur er sem betur fer í miklum minni hluta. Hitt er svo annað mál að í því þjóðfélagi sem við höfum búið íslensku þjóðinni nú er allt of margt fólk sem á engan hátt ætti að eiga í erfiðleikum með að umgangast áfengi, á það samt, en þar koma til allt aðrir þættir.

Við höfum búið fólki þannig þjóðfélag að það vinnur allt of langan vinnudag. Það býr við allt of erfiðan fjárhag. Það hefur einfaldlega allt of lítinn tíma til að eiga samskipti við annað fólk, jafnvel við eigin fjölskyldu. Slíku fólki er hætt þegar það drekkur áfengi. (**Gripið fram í:** Hvers vegna drekka þeir þá í Rússlandi?) Ég mun koma að því seinna, herra þm., hvers vegna menn drekka í Rússlandi.

Ég held að skilyrði fyrir því að fólk geti umgengist áfengi eins og aðra vöru, sem til ánægju má verða sem betur fer í mörgum tilfellum, sé að við eigum sem allra mest af andlega sterku og heilbrigðu fólki sem rís undir sjálfu sér og þarf ekki á því að halda að leita að einhverjum óminnishegra til að gera sér lífið bærilegt. Ég held að hv. þm., sem ákafast hafa mælt móti því að sala og bruggun áfengs öls verði leyfð, ættu að huga betur að því við hvernig aðstæður fólk neytir áfengra drykkja og þá helst sterkra drykkja hér í landi. Menn hafa gengið svo langt í skilningsleysi sínu að vitna til áfengisvandamála Grænlendinga og þau eru skýrð með því að þar sé svo mikið drukkið af áfengu öli. Þarna er verið að bera þá saman við það þjóðfélag, sem við lifum í, sem er þó ærið miklu lengra komið. (**Gripið fram í:** Lengra komið hvernig?) Menningarlega, efnahagslega og alla vega séð eru Grænlendingar langt á eftir Íslendingum, því miður. Þar er um að ræða þjóð í djúpri kreppu, þjóð sem hefur orðið að þeytast frá því að vera með frumstæðustu þjóðum Evrópu og inn í velferðarsamfélag sem á engan hátt hefur verið gert þannig úr garði að það bil væri brúað sem þarna hlaut að myndast. Að þm. skuli voga sér að grípa til svo ódýrra leiða, svo ómerkilegs samanburðar gegn betri vitund er satt best að segja ekkert minna en þinghneyksli.

Um þetta mál mætti halda langa ræðu. Öll þessi mál hjá okkur eru í megnasta ólestri og mætti tala lengi um sölu áfengra drykkja sem nú fer fram á tíu stöðum í þessu stóra og strjálbýla landi. Það er eitt sér efni í heila umræðu í þinginu og mættu þeir sem hæst belgja sig um jafnvægi í byggð landsins og sama rétt allra landsmanna til lífsgæða taka þátt í þeirri umræðu þar sem beinlínis er verið að hrekja verslunina í landinu til þéttbýlissvæðanna með því að neyða fólk um fjöll og firnindi hvernig sem viðrar til þess að ná sér í eina tegund vöru sem allflest fólk notar hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

Svo mikil vitleysa hefur verið sögð í þeim löngu umræðum sem hér hafa farið fram að lengi mætti halda áfram til að mótmæla öllu því. Ég ætla hins vegar að láta mér nægja að lesa yfir þeim sem hér nenna að hlýða á mál mitt nokkrar tilvitnanir í frábæra grein sem Grétar Sigurbergsson, geðlæknir á Borgarspítalanum, reit í Morgunblaðið 10. febr. sl. þar sem hann hefur lagt vinnu í að bæði hrekja statútur um læknisfræði frá mönnum sem ekkert vit hafa á læknisfræði, fölsun á skýrslum heilbrigðisyfirvalda og önnur óvönduð vinnubrögð sem hér hafa

verið höfð í frammi. Með leyfi forseta grípég niður í það sem Grétar Sigurbergsson (**Gripið fram í:** Þú verður að lesa þetta allt held ég.) læknir segir um heildarneyslu:

„Allt það líkamlega, félagslega og geðræna tjón sem áfengi veldur er jafnan talið vera í réttu hlutfalli við heildarneyslu hverrar þjóðar mælt í hreinum vínanda á mann 15 ára og eldri. Ef heildarneysla vínanda eykst, þá eykst einnig tjónið sem það veldur. Þetta á þó ekki við um drykkjusýki. Tíðni drykkjusýki er sú sama t.d. í Bandaríkjunum og Svíþjóð þótt heildarneysla á íbúa í Bandaríkjunum sé mun meiri en í Svíþjóð. Drykkjusýki virðist því lúta öðrum lögmálum en annað það tjón sem vínandi veldur. T.d. eru erfðaþættir ...“ (Gripið fram í.) — Herra forseti. Svo er hv. 2. þm. Vestf. mál að tala að hann skal hér með upplýstur um að ég tel að ég hafi lokið máli mínu eftir svo sem stundarfjórðung. Mun hann þá komast að. — „Til dæmis eru erfðaþættir mikilvægir í tilurð drykkjusýki. Hafa verður í huga þegar rætt er um heildarneyslu hverrar þjóðar að 10% þjóðarinnar neyta 50% þess vínanda sem þjóðin neytir í heild. Heildarneyslan segir því lítið til um hver almenn neysla vínanda er. Þá ber að hafa í huga að ekki eru allir ofneytendur áfengis drykkjusjúkir.

Við Íslendingar höfum jafnan státað okkur af lágri heildarneyslu vínanda. Í skýrslum Hagstofunnar er þó tekið fram að tölur um heildarneyslu landsmanna, sér í lagi hin síðari ár, séu mjög óáreiðanlegar og kemur þar margt til. T.d. er ekki tekið með í tölum um heildarneyslu allt það áfengi sem Íslendingum er selt í Fríhöfninni og Hagstofan telur að þar sé um mikið mgan að ræða.“ — Ætli við förum ekki öll nærri um það.

„Á síðasta ári munu Íslendingar hafa keypt um 900 þúsund lítra af bjór í Fríhöfninni. Ef áætlað er að álíka fjöldi hafi keypt leyfilegan skammt af bjór eða sterku víni, þ.e. 6–8 lítra af bjór og/eða einn lítra af sterku víni, þá selst þar á ári sem svarar hálfum lítra af hreinum vínanda á hvern íbúa 15 ára og eldri.

Áfengi það sem farmenn fá að taka með sér inn í landið er heldur ekki með í tölum Hagstofunnar um heildarneyslu og er þar þó umtalsvert magn. Þá er ótalið allt það áfengi sem smyglað er til landsins og erfitt er að áætla. Þó virðist sem hver sem vill geti orðið sér úti um bjórkassa hvenær sem er, reyndar á uppsprengdu verði. Vil ég leyfa mér að fullyrða að ef allt smyglað áfengi yrði talið með í tölum um heildarneyslu, þá væri heildarneysla hér svipuð og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum ef ekki meiri.“

Hér er einfaldlega öll lygin um þá meðalheildarneyslu, sem menn hafa státað af, hrakin. Ég vil benda á ýmsa staði á þessu landi þar sem aldrei hefur skort hvorki áfengi né bjór og nægir að nefna staði eins og Vestmannaeyjar, Vestfirði. Hver hefur kvartað yfir því að erfitt sé að nálgast áfengi og bjór þar? (**ÓÞÞ:** Þú varst að gera það áðan.) Ekki nokkur maður.

Grétar Sigurbergsson læknir hefur meira að segja um þetta. Hann vikur að upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

„Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur bent þjóðum heims á vænlegar leiðir til að halda heildarneyslu niðri í þeirri von að draga mætti úr áfengisskaða. WHO [sem er erlend skammstöfun á því fyrirtæki] ráðleggur eftirfarandi:

1. Takmarka má aðgang að áfengi með: a. stjórnun á innflutningi og framleiðslu, b. stjórnun dreifingar, þ.e. takmörkun á fjölda útsölustaða, ákvæðum um lágmarksaldur, vínveitingaleyfi o.s.frv., c. verðstýringu með skattlagningu.

2. Draga má úr eftirspurn eftir áfengi með: a. upplýsingum og fræðslu um áfengi og vandamál sem skapast af því, b. takmörkunum á auglýsingum á áfengi, c. beitingu siðferðilegra og trúarlegra afla í þjóðfélaginu.

Hvergi í ráðleggingu WHO er að finna neitt sem styður bjórbann. T.d. er ekki talið í þessum ráðleggingum að fækkun tegunda áfengis leiði til minni heildarneyslu við óbreytt sölufyrirkomulag. Hvergi er að finna stafkrók um að áfengi sé hættulegra í sínu veikasta formi en þeim sterkari, enda slíkt rökleysa. Þessar ráðleggingar WHO hefur þó ýmsum tekist að rangtúlka sem svo að þær styddu bjórbann. Er bágt til þess að vita að nafn WHO skyldi bendlað við annað eins veraldarviðundur og bjórbannið er.

Skýrt er tekið fram í áfengisstefnu margra þjóða, t.d. Breta og Svía, að beina beri neyslu frá sterku áfengi til hinna veikari tegunda, svo sem bjórs og léttra vína, með því að skattleggja áfengi í hlutfalli við styrkleika þess.“

Herra forseti. Það er hægt að ræða um áfengismál af skynsamlegu viti og það er mál til komið að einhver gerði það. Ég mun því halda áfram að vitna í Grétar Sigurbergsson geðlækni.

„Áfengisskaði á Íslandi er gífurlegur.“ Og ég vil fá að skjóta inn: hér á landi þar sem heildarneysla er minnst meðal flestra landa í Evrópu. „Flestir meiri háttar glæpir, morð og sjálfsmorð tengjast ofneyslu áfengis. Sama er að segja um alvarleg umferðarslys, hjónaskilnaði, sjúkdóma, húsbruna o.s.frv. Talið er að fjórði hver maður sem leggst inn á sjúkrahús geri það vegna líkamlegra áfalla sem stafa beint eða óbeint af áfengisneyslu. Kostnaður þjóðfélagsins af áfenginu er meðal flestra þjóða talinn margfaldur sá gróði sem fæst af sölu þess með skattlagningu.

Síðustu tólf árin hefur stór hluti landsmanna verið meðhöndlaður við ofneyslu áfengis eða drykkjusýki hérlendis og/eða erlendis. Með sama áframhaldi verður mestöll þjóðin búin að fá slíka meðferð innan fárra áratuga. Hvergi á byggðu bóli eru til hlutfallslega jafnmörg sjúkrarúm fyrir ofneytendur áfengis og drykkjusjúka. Þessi þróun bendir að mínu mati ekki til að núverandi áfengisstefna sé sérlega heillavænleg eða líkleg til að draga úr heildarneyslu hvað þá áfengisskaða. Þvert á móti virðist áfengisstefnan ýta verulega undir ofneyslu. Meðferðin á hverjum einstaklingi kostar skattborgarana stórfé, hundruð eru á biðlistum. Telja menn enn að íslensk áfengis-

stefna sé sú eina æskilega? Telja menn að ástandi áfengismála í þessu landi hafi verið borgið með því að banna sölu og bruggun áfengs öls?"

Herra forseti. Grétar Sigurbergsson beinir næst orðum sínum að verðstýringu og ég vitna, með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnvöld hafa fyrst og fremst haldið niðri heildarneyslu með takmörkun á fjölda útsölustaða og með gífurlegri skattlagningu sem að mínu mati er fyllilega réttlætanleg með hliðsjón af þeim kostnaði sem ofneysla áfengis hefur í för með sér fyrir ríkissjóð. Verðstýring og einkasala eru langáhrifamestu leiðir til að halda niðri heildarneyslu og með skattlagningu eftir styrkleika má tiltölulega auðveldlega beina neyslunni í ákveðinn farveg. T.d. til sterkra vína, léttra vína eða enn veikari tegunda séu þær á boðstólum. Því miður hefur verðstýring á sölu hinna ýmsu tegunda áfengis á Íslandi síðustu ár aðallega stjórnast af því hversu mikið vantar í ríkiskassann hverju sinni." — Og skulum við þá ekki einu sinni geta okkur til um hvaða áhrif hefur haft hverjir hafa haft umboð umræddra drykkja. Ég held áfram tilvitnun minni: „Ekkert annað virðist ráða stefnunni. Eftir jákvæða þróun síðustu áratuga í átt til neyslu veikra vína hefur þróunin snúist við hin síðustu ár. Skattlagning hefur verið aukin hlutfallslega á léttum vínum og því hefur neysla sterkra vína aukist. Fyrir ríkissjóð er hagstæðara að hvetja til neyslu sterkra vína þar eð þau eru hlutfallslega ódýrari í innkaupi og framleiðslu. Fyrir þjóðfélagið í heild hlýtur þessi þróun þó að teljast afleit og að mínu mati að ýta undir ofneyslu og þar með áfengisskaða."

Herra forseti. Ég mun að lokum vitna enn í grein Grétars Sigurbergssonar því þar er að finna staðreyndir og upplýsingar sem ég held að séu mjög nauðsynlegt innlegg í þessa umræðu eftir allt það dauðans bull sem hér hefur verið haft í frammi dag eftir dag í umræðum um þessi mál. Hann víkur að alþjóðlegri þróun og fær þá hv. 2. þm. Vestf. nokkuð að heyra um þá vini mína sovétmenn vegna fyrri fsp.

„Flestar þjóðir Evrópu", segir Grétar Sigurbergsson, „hafa náð nokkrum árangri síðustu ár í þá átt að draga úr heildarneyslu." — Og það skal tekið fram að þessari grein fylgdu mörg línurit. — „Fram til 1980 jókst heildarneysla flestra Evrópuþjóða stöðugt, en hefur farið minnkandi síðan. Þetta hefur m.a. gerst fyrir tilstilli WHO. Á Íslandi fer heildarneysla hins vegar vaxandi enn sem komið er og ekkert bendir til að sú þróun muni breytast á næstunni. Sérstaklega er áhyggjuefni að neysla sterkasta forms áfengis fer hratt vaxandi. Skipta má vestrænum þjóðum í vínþjóðir, bjórþjóðir og þjóðir sem fyrst og fremst neyta sterkra vína. Þróunin hefur síðustu áratugi verið í þá átt að þessi munur á neysluvenjum hinna ýmsu þjóða hefur verið að jafnast út. Þannig hefur dregið úr vínneyslu t.d. Frakka, bjórneyslu Þjóðverja og neyslu sterkra drykkja í Svíþjóð. Þetta er kallað „internationalisering" á drykkjuvenjum. Við Íslendingar fylgjum ekki með í þessari þróun, enda tilneyddir að halda okkur við sterkari tegundir áfengis."

Þeim þm. til upplýsingar sem mest hafa talað um reynslu Færeyinga hefur Grétar Sigurbergsson geðlæknir um þetta að segja: „Færeyingar hafa aftur á móti ekki farið varhluta af þessari þróun. Þar var sterkur bjór aðeins leyfður í svokölluðum bjórklúbbum fyrir 1. júní 1980. Höfðu þá aðeins klúbbmeðlimir aðgang að þessum klúbbum. 1. júní 1980 var leyft að brugga sterkan bjór í Færeyjum og þá gat almenningur keypt sterkan bjór eftir ákveðnum en mjög rúmum reglum. Þannig má hver Færeyingur kaupa 42 lítra af sterkum bjór á mánuði. Auk þess mega þeir kaupa án hafta meðalsterkan bjór í verslunum. Því hefur verið haldið fram, m.a. af áfengisvarnaráði, að þessi lagabreyting í Færeyjum hafi leitt til mjög aukinnar heildarneyslu í landinu. Sannleikurinn er hins vegar sá að á árunum 1978–1984 minnkaði heildarneysla Færeyinga úr 5,72 lítrum á mann 15 ára og eldri í 5,50 lítra, þ.e. um 4%. Á meðan jókst heildarneysla Íslendinga úr 4,11 lítrum í 4,46 lítra eða um 9% þrátt fyrir bjórleysið. Þessar upplýsingar er auðvelt að verða sér úti um á Hagstofunni og er mér algjörlega óskiljanlegt hvernig áfengisvarnaráð fór að því að komast að þeirri niðurstöðu að hér væri nánast um þjóðarharmleik að ræða hjá Færeyingum. Þessi reynsla Færeyinga sýnir okkur þvert á móti að aukin bjórneysla dregur úr neyslu annarra tegunda og heildarneyslan helst óbreytt eða minnkar.

Þá víkur að reynslu Svía. Því hefur verið haldið fram að reynsla Svía af sterkum bjór sé okkur Íslendingum víti til varnaðar. Reyndar má segja að hjá Svíum sé að finna eina dæmið sem hægt væri að nota til hliðsjónar þegar spá á fyrir um hvað muni gerast verði bjór leyfður hér á landi. Í Svíþjóð var sterkur bjór nefnilega algjörlega bannaður á tímabilinu 1917–1955 er hann var leyfður á ný og aðeins seldur í áfengisverslunum sænska ríkisins. Fyrirkomulagið var sem sagt líkt og fyrirhugað er hér á landi samkvæmt bjórfrumvarpinu. Árið áður en sterki bjórinn var leyfður á ný, þ.e. 1954, var aflétt skömmtun á áfengi í Svíþjóð sem hafði staðið frá 1917.

Fyrstu árin sem sterkur bjór var leyfður var neysla hans hverfandi en hefur aukist gífurlega hin síðustu ár. Á sama tíma og neysla á sterkum bjór hefur margfaldast hefur mjög dregið úr neyslu sterkra vína og heildarneysla hefur minnkað meira en hjá nokkurri annarri Norðurlandaþjóð.

Það sem bannmenn vitna oft til þegar þeir vilja sannfæra landsmenn um skaðsemi bjórs er að 1965 leyfðu Svíar sölu á svokölluðu milliöli í matvöruverslunum. Engin aldurstakmörk giltu hvað varðaði kaup á milliöli fyrst í stað. Unglingar áttu þannig óheftan aðgang að þessu öli. Sölustöðum áfengs öls fjölgaði með þessari aðgerð úr ca. 400 í yfir 20 000. Má nærri geta að þetta hafði mikil áhrif á heildarneyslu landsmanna án þess að teljandi breyting yrði

á sölu áfengis í áfengissölu ríkisins. Skýringin er auðvitað sú að þarna kom til nýr hópur neytenda sem áður hafði ekki haft greiðan aðgang að áfengi, þ.e. unglingar. Milliölið var tekið úr verslunum 1977. Það var aldrei selt í áfengisverslunum. Vert er að hafa hugfast að ekki er ætlunin að bjór verði seldur nema í áfengisverslunum samkvæmt frv. því sem nú liggur fyrir Alþingi", en þar er um að ræða að sjálfsögðu hið fyrra frv.

„Hið jákvæða við tilraun Svía með milliölið var þó að neysluvenjur Svía tóku að beinast í átt að bjórneyslu. Þetta ásamt ýmsum aðgerðum stjórnvalda hefur leitt til þess að í fyrsta sinn síðan 1941 hefur heildarneysla í Svíþjóð minnkað umtalsvert eða meira en hjá nokkurri annarri Norðurlandaþjóð. Með tilkomu milliölsins 1965 má segja að sænsk stjórnvöld hafi verið að ganga þvert á allar ábendingar WHO, enda árangurinn eftir því. Tekið skal fram að allt frá 1955 hefur verið leyfð sala á veikum bjór í matvöruverslunum í Svíþjóð."

Áfram heldur Grétar Sigurbergsson og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þessi rannsókn hans verð hér tíunduð á Alþingi, með leyfi forseta: „Ég fæ ekki betur séð en að reynsla Svía af sterkum bjór sé á flestan hátt jákvæð. Á sama tíma og neysla á sterkum bjór hefur aukist margfalt hefur dregið mjög úr neyslu sterkra drykkja og heildarneyslan hefur minnkað verulega. Á sama tíma hefur mjög dregið úr neyslu unglinga á áfengi, dregið hefur úr drykkjulátum unglinga og mjög hefur dregið úr eiturlyfjaneyslu grunnskólabarna. 1971 höfðu þannig 15% 9. bekkinga prófað eiturlyf en ellefu árum seinna, 1982, 10% og 1986 5%. Stórlega hefur dregið úr ölvun við akstur hin síðustu ár þrátt fyrir mjög vaxandi umferð.

Bjórneyslan nú í Svíþjóð er álíka mikil í lítrum vínanda talið og hún var á tímum milliölsins, aðeins sölufyrirkomulagið er annað. Að öllu samanlögðu virðist skipta meginmáli hvernig sölukerfi á bjór er. Sé hann seldur á sama hátt og annað áfengi virðist hann frekar draga úr heildarneyslu. Alla vega er ljóst að hann dregur verulega úr neyslu á sterku áfengi. Sé hann aftur á móti seldur í matvöruverslunum, þ.e. eins og gosdrykkir, leiðir það til aukinnar heildarneyslu."

Til þess að spara tíma, herra forseti, ætla ég að láta hér lokið tilvitnunum um hina alþjóðlegu þróun, en Grétar Sigurbergsson hefur einnig rannsakað hvernig ástandið er hjá Finnum og kemst þar mjög að sömu niðurstöðu.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að vitna í það sem geðlæknirinn hefur að segja um það sem oft hefur verið stagast á hér á hv. Alþingi, væntanleg vinnusvik vegna bjórdrykkju.

Þetta segir Grétar Sigurbergsson, með leyfi forseta, um vinnusvik: "Eitt af mörgu sem bannmenn hræða þjóðina með er að með því að leyfa sterkan bjór mundu alls kyns vinnusvik aukast, afköst minnka og vörugæði þverra, einnig mundi dagdrykkja aukast. Mesta bjórþjóð í heimi eru Vestur-Þjóðverjar. Sú þjóð er annáluð fyrir dugnað og fyrir að framleiða heimsfrægar gæðavörur. Á ég erfitt með að trúa því að þeir séu ölvaðir við að setja saman t.d. Bensana þar í landi, en sé svo eru það einhver bestu meðmæli sem ég hef heyrt með bjórnum hingað til. Aðrar þekktar bjórþjóðir eru Danir, Austurríkismenn, Belgar og Ástralir. Allar þessar þjóðir eru þekktar fyrir allt annað en lélega framleiðslu. Þær þjóðir sem neyta hlutfallslega minnst af bjór og þeim mun meira af sterkum drykkjum eru Sovétmenn og Pólverjar. Ef ég man rétt telur sjálfur Gorbatsjov, a.m.k. samkvæmt nýútkominni bók sinni, að vinnusvik séu eitt helsta þjóðarmein hjá hans þjóð. Það skyldi þó ekki vera vodkanu að kenna?"

Ég lýk hér með tilvitnunum í þessa ágætu grein Grétars Sigurbergssonar geðlæknis sem svo sannarlega ber að þakka fyrir því að í hana hefur verið lögð vinna til að kanna staðreyndir og afhjúpa þá skýrslufölsun sem hér hefur hvað eftir annað verið höfð í frammi við hið háa Alþingi af ýmsum þeim stofnunum sem yfirvöld eiga að geta treyst.

Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að þakka hv. allshn. fyrir að hafa haft manndóm í sér til þess að koma nú einu sinni þessu síðasta af mörgum frv. um leyfi til sölu og bruggun á áfengu öli út úr hv. allshn. Ég get afar vel fellt mig við hið nýja frv. Ég get ekki betur séð en það sé betra en þau sem áður hafa verið flutt og er það vel. Ég harma það að vísu að ekki skyldu allir nefndarmenn geta sameinast um flutning frv. En það er Alþingi til sóma að þetta frv. skuli þó vera komið frá meiri hl. nefndarinnar og ég vænti þess að þm. hafi burði til þess að taka afstöðu til þess og reyna að taka rökum í þessu máli og treysti því að þetta mál hljóti afgreiðslu á þessu löggjafarþingi.

Auðvitað eiga alþm. að taka ákvörðun í þessu máli og allar flóttatilraunir eins og t.d. þær að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mál eins og þetta eru fráleitar og satt að segja í hæsta máta undarlegt að margir þeir hv. þm., sem telja sig vera boðbera frelsis og frjálsrar samkeppni í þessu landi, skuli hafa gengið harðast fram í að taka að sér forræði annars fólks. Vitanlega verður hver einasta manneskja sem telst vera andlega heilbrigð að ráða sínu lífi sjálf hvað neyslu varðar. Vitaskuld. Sú svipting á eigin forræði sem þessir menn hafa barist fyrir er fráleit og langt fyrir neðan virðingu okkar alþm.

Hinu háa Alþingi væri sæmra að sjá svo til að í þessu landi byggi þjóð sem ynni eðlilegan vinnutíma, hefði eðlileg fjárráð og hefði eðlilegan tíma til að sinna áhugamálum sínum, menningarlegu lífi sínu og samveru við annað fólk og aðrar manneskjur. Ef okkur tækist það er ég ósköp lítið hrædd við að þjóðin kynni ekki að fara með áfengt öl og gæti nýtt sér það sér og öðrum til ánægju og gleði. — Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að príla upp á

neinn sérstakan skemil til að stækka í pontu, en ég vil byrja á að vekja athygli á því að nú er búið að flytja tvær stórgagnmerkar framsöguræður fyrir þessu máli og andláti fyrra málsins. En þannig stendur á að venjulegum þingtíma á að ljúka eftir fimm mínútur. Það verður að segjast eins og er að þm. vilja stundum fá að skipuleggja að einhverju leyti sinn tíma, að það sé ekki hér vinnuskylda 24 tíma á sólarhring. Ég vona að hv. 13. þm. Reykv. taki undir það, svo mjög var hún að tala á móti þessum langa vinnutíma, að það sé hægt að treysta því einhvern tímann að hér sé farið eftir vissum áætlunum. Ég fyrir mitt leyti ætlaði mér að fara frá klukkan fimm mjög ákveðið, en er búinn að biðja um orðið og hef þó nokkuð um það að segja sem hér hefur verið imprað á. Ég óska þess vegna skýlaust eftir svari frá forseta með það án nokkurra undanbragða hvað lengi hann hyggst halda áfram fundi og vek á því athygli að það má merkilegt heita ef sú valdníðsla á fyrst að líðast að menn ætla fyrst að flytja frv. úr nefnd og aðeins í sýndarmennsku að kalla það aftur til nefndarinnar og forseti er jafnframt einn af flm., ef hér á að keyra áfram án þess að menn fái eðlilega að standa að umræðum um þetta mál. Ég vil fá það alveg á hreint. Ég spurði forseta að því í morgun hvort það yrði fundur eftir klukkan fimm og hann kvað að hér yrði lokið fundi klukkan fimm. Ég óska eftir svörum við þessu.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en næsti ræðumaður tekur til máls um þingsköp vil ég geta þess að mig rekur ekki minni til þess að ég hafi ákveðið um fundarlok í dag. Það er venjan að þingfundur sé frá klukkan tvö til fimm ef þannig stendur á. Hins vegar höfum við iðulega haldið áfram frá fimm til klukkan sjö ef þannig hefur staðið á spori. Það er að engu leyti óvenjulegur máti á umræðum í dag. Hér er aðeins einn á mælendaskrá þannig að það er ekkert því til fyrirstöðu að ljúka þessu máli þess vegna. Ég bendi á að hér er stórmál, sem var lagt fram í dag, sem ætlunin var að taka til umræðu á morgun. Ef menn telja sér ekki mögulegt að ljúka þessu máli í dag er hætt við að það þurfi að halda kvöldfund um málið ef því á að ljúka. Ég bendi á í þessu sambandi að 1. umr. um frv. til l. um breytingu á áfengislögum hefur þegar farið fram og auðvitað hefði nefndinni verið í lófa lagið að skila nál. og að þetta hefði verið 2. umr. Nefndinni fannst þetta hreinlegra og þinglegra. Ég bendi á það í þessu sambandi og ég vísa því algjörlega á bug að forseti þingsins hafi neina valdníðslu í huga í þessu efni og tel þau orð algjörlega út í hött. Ég vildi láta þetta koma fram.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Mér þykir það koma úr hörðustu átt að hv. 2. þm. Vestf. ásakar mig fyrir að hafa tafið tímann hér í þinginu. Ég hef ekki lagt það í vana minn að tefja mál í þinginu með málþófi, hef aldrei gert það og mun aldrei gera. Ég var heldur ekki frsm. um frv. sem hér var lagt fram. Ég hef aldrei tekið til máls í umræðu um þetta mál fyrr. Það hefur hv. 2. þm. Vestf. gert hvað eftir annað. Ég leyfði mér hins vegar að styðja þetta mál, hef gert það frá fyrstu byrjun, enda einn af flm. málsins fyrr og síðar þar til það kemur nú frá hv. allshn. í nýjum búningi. Ég tel mig því ekki hafa tafið hér mál heldur lagt inn í það eins vitræn atriði og aðrir sem um það hafa talað.

Hitt er svo annað mál að tal um ofbeldi, eftir að hv. 2. þm. Vestf. leyfir sér að fara fram á það að hér verði umræða stöðvuð klukkan fimm vegna þess að hann, sem er einn á mælendaskrá, þarf að bregða sér frá er furðulegt. Ég bið hv. forseta að fara fram á það við þm. að annaðhvort sleppi hann þessari ræðu, við erum hvort eð er búin að heyra ræður hans allar, eða hann losi sig undan þeim skyldustörfum sem hann telur merkilegri en þingstörf og haldi ræðu sína svo að þingfundur fari fram á eðlilegan hátt.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Mér finnst endilega að menn þurfi að rifja upp hvers vegna við fluttum deildarfundi til í þinginu. Við vorum með þá á þeim dögum sem þingflokksfundir voru jafnframt þannig að við höfðum ekki tíma fyrir deildarfundi nema á milli klukkan tvö og fjögur á mánudögum og miðvikudögum. Þeir voru fluttir til til þess að við hefðum meiri tíma fyrir deildirnar og þyrftum ekki að ljúka deildarfundum klukkan fjögur. Ég kannast ekkert við það að tímamarkið hafi verið sett við klukkan fimm og hef heldur ekki heyrt hæstv. forseta gefa neitt loforð um að fundi skuli ljúka klukkan fimm í dag. Ég kannast ekki við það.

Ég skil ekki í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að vera að ásaka menn hér um valdníðslu ef það á að halda þessari umræðu áfram. Hann verður að færa betri rök fyrir sínu máli ef hann ætlar að kalla það valdníðslu ef á að halda áfram stundarkorn enn og hann einn á mælendaskrá. Ég veit hins vegar um einn þm. sem ekki gat setið hér nema til klukkan hálffjögur í dag og hann fór fram á það við hæstv. forseta að hann frestaði umræðunni. Ég veit vel hvað sá hv. þm. ætlaði að gera upp í ræðustól og jafnframt að hann getur vel geymt það til 2. umr. þannig að þess vegna þarf ekki að fresta umræðunni. Og ég hefði mótmælt því ef hæstv. forseti hefði orðið við þeirri beiðni. Mér þykja þetta sem sagt heldur leiðinleg vinnubrögð af hálfu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar.

Ég gat þess í upphafi minnar ræðu, þegar ég var að gera grein fyrir hvers vegna nýtt frv. væri flutt, að við vildum gefa þm. allan kost á því að ræða þetta nýja frv. frá grunni og þess vegna væri ný 1. umr. í raun og veru um sama mál. Þetta var þó þeim mun meiri óþarfi, það skal ég viðurkenna, þar sem ekki einn einasti ræðumaður, sem kvaddi sér hljóðs í 1. umr. um 42. mál hér fyrir jólin, ekki einn einasti ræðumaður talaði um orðalag frv., ekki einn. Það var eingöngu talað um hvort það ætti að leyfa inn-

flutning á áfengum bjór eða ekki og framleiðslu á honum hér heima en ekki með hvaða hætti það yrði gert í lögum. Þess vegna má alveg segja að 1. umr. um þetta mál sé löngu lokið.

Ég á ekki von á því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson eða einhverjir aðrir andstæðingar bjórsins ætli að fara að ræða hér um orðalag greina frv. sem ég mælti fyrir í dag. Af þeirri ástæðu sé ég ekki nokkra ástæðu til að fresta umræðunni.

Menn hafa auðvitað tækifæri til þess eins og venja er við 2. umr. málsins að ræða hvernig nefndin hefur afgreitt það. Þá liggja fyrir nál. Þau liggja af eðlilegum ástæðum ekki fyrir núna vegna þess hvaða leið meiri hl. nefndarinnar valdi — og raunar ekki meiri hl. heldur voru allir nefndarmenn sammála um þessa málsmeðferð, þ.e. að leggja til hliðar 42. mál.

Ég hvet hæstv. forseta til að halda þessum fundi áfram. Það er hreint ekkert sem kallar á að umræðunni verði frestað núna, ekki einu sinni það að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kann að þurfa að bregða sér frá.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á minnisleysi forseta og ég verð því miður að aumkva hann fyrir það minnisleysi. Mér þykir hart að þurfa að búa við það að menn muni ekki hvað þeir segja frá morgni til kvölds. Það er alvarlegt mál. Ég ber það ekki á forseta að hann hafi látið undan þrýstingi og látið hræða sig til að halda áfram fundi, en það er ákaflega erfitt ef þm. geta ekki tekið mark á forsetum um hvenær þeir segjast ætla að ljúka fundum í þinginu. Það þýðir nánast að menn geta aldrei treyst einu né neinu um það hvenær hér sé vinnuskylda og hvenær ekki. Ég ætla ekki að eiga orð frekar við hæstv. forseta um þetta. Mér þykir það miður og þetta mun verða til þess að ég fyrir mitt leyti mun ekki treysta mér til að kjósa hann til forsetadóms oftar. En ég er reiðubúinn að tala hér.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það er vissulega óþarft að við séum að deila hér, ég og hv. 2. þm. Vestf., um minnisleysi hvors annars. Við getum rætt þau mál á öðrum vettvangi og ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma þingsins í þau mál.

Hitt ætla ég að ákveða, fyrst deilur eru komnar upp og það er sýnt að þeir sem hyggjast tala gegn þessu máli ætla að halda uppi miklum umræðum um málið, og ég hef fengið tilmæli frá hv. þm. sem hafa ráðstafað sér á fundi úti í bæ á fundartíma þingsins, að fresta þessari umræðu. Ég hef fengið það frá fleirum en þeim þm. sem hv. 2. þm. Reykn. gat um.

Ég verð að átelja þetta harðlega og ég vænti þess að þm. skipuleggi ekki sinn fundartíma á tíma þingsins. (**ÓÞÞ:** Hver er tími þingsins?) Það er tíminn frá klukkan eitt til sjö á þriðjudögum. Fundartíma hefur oft lokið klukkan fimm, en við höfum iðulega haldið áfram til sjö ef svo hefur verkast. En hér hafa menn ráðstafað sér á fundi og úti í bæ á tímanum frá klukkan tvö til fimm sem er þó alveg öruggt að er fundartími þingsins.

Hins vegar vil ég ekki láta ásaka mig um valdníðslu í þessu máli og ég mun skera svo úr að þessari umræðu verður nú frestað þó að það sé ekki ástæða til þess. Ég vænti þess að framhald málsins muni ráðast af því og ég sem einn af flytjendum þessa máls verði ekki ásakaður um valdníðslu í forsetastóli í framhaldi af þessari umræðu. Ég vísa því algjörlega á bug og ég vísa algjörlega á bug öllum óheiðarlegum vinnubrögðum af hálfu forseta í þessu máli. Það hefur aldrei verið ætlunin að níðast á einum né neinum í sambandi við þetta mál.

Guðrún Helgadóttir:

Sú umræða sem hér hefur farið fram er æðikyndug. Við erum alvön því — og það hélt ég að hv. 2. þm. Vestf. vissi — að vita mjög ógjörla hversu lengi við erum á þingi dag hvern og við höfum löngu sætt okkur við það vegna þess að við viljum umfram allt hafa málfrelsi á hinu háa Alþingi. Eitt sinn minnist ég þó að mér ofbauð og jafnvel sárnaði skipulag vinnu Alþingis, sem hv. 2. þm. Vestf. átti verulegan hlut að, en það var um sl. jól. Það vill svo til að við flestir hv. þm. reiknum með því að við eigum frí um jólin og getum verið með fjölskyldum okkar heima eða erlendis. En svo bar við og var því ekki mótmælt af hálfu hv. 2. þm. Vestf. að nú skyldu þm. ekki fá jólaleyfi heldur voru menn skikkaðir til að vera hér nótt og dag allt fram á sjálfa jólahátíðina og koma hingað til þings um leið og fyrstu dögum hennar lauk. Svo leyfa þessir menn sér að kvaka yfir því þó að umræðu sé haldið áfram á venjulegum þingdegi þó klukkan sé tíu mínútur yfir fimm! Ég minnist þess varla að hafa komið heim til mín af þingi fyrr en um kvöldmatarleytið og ég spyr: Eru það einhver ný tíðindi að hér fari fram umræður allt til klukkan sjö á venjulegum vinnudegi? Hér stendur samflokksmaður virðulegs forseta og eys yfir hann svívirðingum, vil ég kalla, með hótunum um að hann sé ekki verður þess að hljóta atkvæði hans sem forseti vegna þess að hv. þm. kemst ekki út í bæ klukkan fimm. Hvers konar grín er hér á ferð? Ef ég er hneyksluð á einhverju hér öðru en málflutningi hv. 2. þm. Vestf. er það nú eiginlega á því umburðarlyndi sem virðulegur forseti hefur hér sýnt með því að taka í mál að fresta fundi á svo grindhoruðum grundvelli sem hér hefur verið lagður.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vildi geta þess að sá úrskurður sem ég felldi áðan um framhald umræðna stendur að sjálfsögðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að forseti lét vit ráða.

Örfá orð á ég vantöluð við hv. 13. þm. Reykv. Ég veit ekki til að hv. 13. þm. Reykv. hafi unnið hér um jólin. Ég veit ekki betur en hv. 13. þm. Reykv. hafi farið til útlanda og haft þar náðarsamlegt jólafrí. Og

ég veit ekki til að hv. 13. þm. Reykv. hafi verið hýrudreginn fyrir að mæta ekki til vinnu á þessum tíma.

Ég biðst undan því að það sé á mig borið að ég hafi fyrirskipað svo að hér yrði unnið á þessum tíma. Ég hélt að hv. 13. þm. Reykv. vissi að þingið kýs sér forseta og forsetar hafa mikil völd og því skiptir verulegu máli hvernig þeir fara með þau völd. Hér er og starfandi ríkisstjórn í landinu og með fullri virðingu fyrir einstökum þm. hélt ég að hv. 13. þm. Reykv. gerði sér grein fyrir því að ríkisstjórn og forsetar ráða mestu um hvernig staðið er að vinnu í þinginu. Ég segi ekki að þeir ráði öllu.

Mig undrar satt best að segja ef hv. 13. þm. Reykv. telur að það sé óeðlilegt þó að þm. leyfi sér að spyrja forseta að því stundum hvernig hagað verði vinnu til að átta sig á því á einhvern hátt hvenær hér sé unnið og hvenær ekki. Ég leyfði mér að gera það og tel mig ekki þurfa að biðjast afsökunar á því. Þar fékk ég ákveðið svar.

Mér skilst aftur á móti að hv. 13. þm. Reykv. telji að það sé óheimilt að slíkar viðræður eigi sér stað milli þm. og forseta. Vissulega má þm. hafa þá skoðun fyrir mér. En satt best að segja undrar mig ef svo er komið að hennar mati réttindum og skyldum þm. að það sé óheimilt að spyrja forseta að því um miðjan dag eða að morgni dags hvernig störfum verði hagað í þinginu.

Guðrún Helgadóttir:

Ég tel mér skylt vegna þeirra orða sem hv. 2. þm. Vestf. hafði um jólaleyfi mitt að segja að það er alveg rétt að ég var beinlínis tilneydd til þess að fara að minni eigin skipulagningu á jólaleyfi og var því ekki hér á milli jóla og nýárs. Ég hafði nefnilega reiknað með einhverri skipulagningu á vinnubrögðum þingsins og treysti því að ég gæti farið úr landi til að hitta börn mín fjögur 22. des. Svo reyndist hins vegar ekki vera fyrir tilstilli þeirrar ríkisstjórnar sem hv. 2. þm. Vestf. styður og hann mótmælti á engan hátt þessum vinnubrögðum. Þetta vil ég að komi fram. Ég harmaði þetta satt að segja vegna þess að það er ekki minn vandi að sitja ekki þingfundi og stunda mitt starf hér, en ég hygg að hv. forseti og þingheimur skilji að þegar búið er að kaupa svokallaðan Apex-flugmiða með margra vikna fyrirvara er afskaplega erfitt að snúa því við. Þyrftu laun þingmanna að hækka verulega til þess að þeir hafi efni á því að henda slíku í ruslakörfuna. Þetta vil ég einfaldlega að komi fram svo ég verði ekki ásökuð um að hafa vísvitandi skrópað frá vinnu minni hér, en í þetta skipti fór skipulagning úr öllum böndum og þess vegna minntist ég á þetta þegar verið er að tala um smámuni eins og þá sem tímasetning þessa fundar er.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil geta þess í þessu sambandi að hv. 13. þm. Reykv. hafði fjarvistarleyfi á þeim tíma sem um er talað og það er ástæðulaust að eyða umræðu í þingsköp um það atriði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þessar umræður eru allt að því að svæfa mig sem þm. Ég bið afsökunar á því að trufla heimiliserjur stjórnarliða og harma að einn stjórnarandstæðingur skuli blanda sér inn í þær. En ástæðan fyrir því að ég kem hingað eru ósanngjörn orð sem hafa fallið í garð forseta. Ég lýsi fullu trausti á forseta og tel að hann hafi gegnt starfi sínu á þann hátt að þm. geti vel við unað. Sem þm. lít ég á forseta sem forseta okkar allra og tel þau orð sem féllu í hans garð ómakleg.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég verð að vona, þrátt fyrir þann úrskurð sem forseti kvað upp áðan um að ljúka fundi klukkan fimm, að hann taki ekki upp þá reglu að ljúka fundi klukkan fimm á þriðjudögum. Formenn þingflokka stjórnarinnar a.m.k. ætlast til þess að fundur standi til klukkan sjö á þriðjudögum ef efni standa til. Deildarfundir voru, eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson lét koma fram áðan, fluttir af mánudögum yfir á þriðjudag til þess að rýmri tími gæfist til löggjafarstarfsins og mér þykir eðlilegt að sá tími sé notaður. Ef forseti hugsar sér að hætta klukkan fimm á þriðjudögum þrátt fyrir það þætti mér vænt um að fá að vita það með fyrirvara þannig að ég gæti þá notað seinni partinn til að halda þingflokksfundi á þriðjudögum líka.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég geta þess að eins og hefur komið fram ætlar þingið sér tímann frá tvö til sjö á þriðjudögum nema það standi svo á að lítið hafi verið fyrir á dagskrá, þá hefur verið hætt klukkan fimm. Við höfum ekki séð ástæðu til að halda fram umræðum í fimm klukkutíma ef lítið hefur legið fyrir. En að sjálfsögðu er þessi tími ætlaður fyrir deildarfundi á þriðjudögum og ég bið hv. þingdeildarmenn að hafa það til athugunar og festa sér það í minni. Þó að það sé ástæðulaust að vera að lesa yfir þeim sem hér eru staddir eru greinilega margir sem hafa það ekki í heiðri. (**ÓÞÞ:** Hvað eru margir í húsinu?) Samkvæmt mínu bókhaldi eru 15 staddir í húsinu. Það er ekki óvanalegur fjöldi þegar þingfundir standa yfir síðari hluta dags. En að sjálfsögðu er það ekki nægjanlega góð viðvera á þingfundum.

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs um þingsköp og af framangreindum ástæðum, sem ég hef rakið, er umræðu frestað, en ég vil geta þess að það má búast við kvöldfundi um þetta mál ef raðast á mælendaskrá við 1. umr. í málinu. Á morgun verður séð hverju fram vindur.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

60. fundur, miðvikudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, 2. umr.

Frv. JúlS og GuðmÁ, 69. mál (útvarp um streng o.fl.). — Þskj. 72, n. 597 og 608.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur á nokkrum fundum fjallað um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68 frá 1985, 69. mál.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Sú tillaga er gerð á þeim forsendum að yfir stendur endurskoðun útvarpslaga og það er eðlilegt að bíða með breytingar á lögunum þar til þeirri endurskoðun lýkur.

Mál þetta var sent til umsagnar m.a. til Sambands ísl. sveitarfélaga, til útvarpsréttarnefndar, til nefndar er vinnur að endurskoðun útvarpslaga á vegum menntmrh., til Póst- og símamálastofnunar og til Ríkisútvarpsins.

Um umsagnirnar er það að segja að Samband ísl. sveitarfélaga leggur til að frv. verði samþykkt, án þess að nokkuð sé í umsögninni fjallað um málið efnislega, en niðurstaða þeirra aðila annarra, sem málið fengu til umsagnar, þeirra sem taka afstöðu, er í skemmstu máli sú að um þetta beri að fjalla samtímis því sem lögin eru endurskoðuð. Nú spyrja menn væntanlega: Hvað líður þeirri endurskoðun? Því er til að svara að í gildandi útvarpslögum er kveðið svo á að þau skuli endurskoða áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og þrjú ár eru liðin frá setningu laganna á miðju þessu ári, þ.e. í júní á þessu ári. Af því dreg ég þá ályktun að hæstv. menntmrh. muni leggja frv. til nýrra útvarpslaga fyrir það þing sem nú situr. Hann hlýtur að gera það samkvæmt efni máls.

Í umsögn útvarpsstjóra, sem ég leyfi mér að vitna hér til, segir, með leyfi forseta:

„Í ákvæði til bráðabirgða í útvarpslögum frá 27. júní 1985 er tekið fram að lögin skuli endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra. Endurskoðun laganna í heild er hafin og hefur sérstök nefnd skipuð af menntmrh. það verk með höndum.

Undirritaður [þ.e. útvarpsstjóri, Markús Örn Antonsson] telur fjölmörg atriði nýju útvarpslaganna þurfa gagngerrar endurskoðunar við og það væri þar af leiðandi rétt að taka ekki einstaka þætti þess fyrir á þessu stigi eins og það frv. til breytinga sem nú liggur frammi gengur út á."

Þetta er held ég kjarni málsins alveg burt séð frá því hvaða skoðun menn hafa á þeim efnisatriðum sem tekin eru til meðferðar og ráð er fyrir gert að breyta í frv. hv. þm. Júlíusar Sólnes og Guðmundar Ágústssonar.

Þessi ummæli útvarpsstjóra sem ég vitnaði til staðfesta raunar þá skoðun, sem ég hélt mjög rækilega fram hér í þessari hv. deild vorið 1985 þegar útvarpslög voru til umræðu, að þau væru meingölluð á margan veg. Það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna að þau eru það og þess vegna er auðvitað brýnt að þessari endurskoðun verði hraðað og nýtt frv. til útvarpslaga verði lagt fram sem allra fyrst. Það er raunar miður að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu þannig að hann gæti þá kannski skýrt nánar frá því hvað þeirri endurskoðun líður og hvernig þeirri vinnu miðar.

Það er alkunna að sjónvarpsendurvarpshnöttum hefur fjölgað gífurlega og alveg tímabært að endurskoða reglur þar um, en rétt að það gerist þá í samhengi við annað. Sömuleiðis varðandi þau ákvæði sem gilda um útvarp um streng eða kapalkerfi eða boðveitukerfi, sem hefur líka verið kallað, það er ástæða til að skoða þau ákvæði sérstaklega vegna þess að slík kerfi munu koma og nauðsynlegt að um það séu reglur.

Að því er varðar erlent sjónvarp frá gervihnöttum þá gefur það auga leið að það verður æ algengara að almenningur taki á móti slíku efni. Ég hef stundum orðað það svo að fjöldi þessara móttökuhlemma eða loftneta standi yfirleitt í öfugu hlutfalli við íbúatölu, a.m.k. hér á norðurslóðum og þarf ekki annað en líta til Færeyja og Grænlands til að sannfærast um það. Það verður líka þannig að það verður æ auðveldara fyrir almenning að taka beint á móti slíku efni frá gervihnöttum, erlendu efni, eftir því sem svokölluðum DBS-hnöttum fjölgar, þ.e. hnöttum sem eru beinir útvarpshnettir og senda beint til notenda.

Ég átti þess kost í janúar að gera stuttan stans hjá sænska sjónvarpinu. Sjónvarpsstjórinn þar afhenti þeim hóp sem ég var í för með yfirlit yfir þær erlendu stöðvar sem menn gætu nú tekið á móti í Svíþjóð og sem þar er tekið á móti í ýmsum kapalkerfum. Það voru 14 stöðvar. Víða eru möguleikar á enn þá fleiri kostum og þetta er hið fjölbreytilegasta efni. Það eru þekktar stöðvar eins og Sky Channel, Super Channel, hverra framtíð virðist nú raunar nokkuð óráðin. Síðan eru dagskrár frá Frakklandi, Sovétríkjunum, rás með norrænu efni, sérstök kvikmyndarás, sérstök íþróttarás, menningarrás með bresku tali, sérstök rás með barnaefni, sérstök rás með kvikmyndum og sérstök rás með fréttaefni stöðugt. Þetta er bara hluti af því sem á boðstólum er og áreiðanlega mun fara vaxandi og gæta hér eins og annars staðar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð að sinni nema sérstakt tilefni gefist til, en meiri hl. nefndarinnar, svo sem ég sagði í upphafi míns máls, leggur til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. *minni hl. menntmn.* (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir minni hl. menntmn. í þessu máli, 69. máli og nál. er á þskj. 608. Ég vil í upphafi taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. að æskilegt hefði verið að hæstv. ráðherra hefði verið hér til þess að fjalla um og gefa hv. deild skýrslu um það hvernig líður því starfi sem nú á sér stað eða þeirri nefnd sem sér um endurskoðun á útvarpslögum.

Þá vil ég líka vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. segja að hann, eins og flestir aðrir, sér að það þarf að breyta þessum útvarpslögum gagngert ef við eigum að vera þátttakendur í því starfi sem er nú og er mikið erlendis. Það hafa orðið mjög verulegar breytingar með tilkomu gervihnatta um móttöku á þessu efni. En ég vil lesa upp nál. minni hl. Það er á þessa leið:

„Ný útvarpslög tóku gildi 1. janúar 1986. Var þá í fyrsta sinn heimilaður rekstur frjálsra útvarps- og sjónvarpsstöðva. Áttu lögin að gilda til ársloka 1988 en sæta endurskoðun fyrir þann tíma á grundvelli þeirrar reynslu sem þessi aðlögunartími leiddi í ljós. Nú þegar er komin nokkur reynsla á rekstur frjálsra útvarpsstöðva og á sama tíma hefur orðið mikil framþróun í fjarskiptum og sjónvarpssendingum milli landa. Viss ákvæði í núgildandi lögum, eins og þau voru samþykkt vorið 1985, standa í vegi fyrir því að Íslendingar geti nýtt sér þessa tækni. Er hér átt við þá túlkun á 5. og 6. gr. laganna sem hindrar sveitarfélög og aðra aðila í samstarfi við þau í því að dreifa útvarps- og sjónvarpsmerkjum beint til notenda. Krafa um þýðingu á öllu erlendu sjónvarpsefni með textum eða íslenskum þul, ef um er að ræða fleiri en 36 notendur á sama loftneti, hefur reynst jafngilda því að móttaka og dreifing slíkra sendinga sé bönnuð. Hér er átt við strengkerfi þar sem heilu hverfin eða bæjarfélög nota sama loftnet til móttöku hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár. Slík kerfi hafa á undanförnum árum rutt sér til rúms í nágrannalöndum okkar. Þau eru boðberar byltingar á sviði fjarskiptatækni og upplýsingamiðlunar.

Þörf manna fyrir aukið sjónvarpsefni, einkum frá erlendum sjónvarpsstöðvum, hefur orðið til þess að flýta fyrir þessari þróun í nágrannalöndunum þar sem dreifing á erlendu sjónvarpsefni til notenda frá sameiginlegu loftneti hefur verið notuð til þess að standa straum af kostnaði vegna lagningar þessara kerfa. Mikill áhugi hefur verið fyrir því, einkum hjá sveitarfélögum, að koma upp slíkum kerfum. Bæði er um að ræða óskir um breytt móttökuskilyrði fyrir sjónvarp og útvarp, sem víða eru slæm hvað varðar íslensku stöðvarnar, og óskir um að skógur sjónvarps- og útvarpsloftneta lýti ekki bæjarmyndina.

Við afgreiðslu á frv. var leitað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum: Ríkisútvarpinu, útvarpsréttarnefnd, Póst- og símamálastofnun, Sambandi ísl. sveitarfélaga og nefnd sem fæst við endurskoðun gildandi útvarpslaga. Eru umsagnirnar yfirleitt jákvæðar og beinlínis lagt til að samþykkja beri frv. ef undan er skilin umsögn útvarpsréttarnefndar. Af hálfu Ríkisútvarpsins var bent á aukið samstarf Evrópulandanna á sviði sjónvarpsmála. Er þar vikið að fyrirhuguðum sáttmála Vestur-Evrópuríkja um sjónvarpssendingar milli landa um gervihnetti. Í inngangsorðum hans er gert ráð fyrir að aðilar sáttmálans skuldbindi sig til þess að virða frelsi til þess að taka á móti og endurvarpa sjónvarpssendingum um gervihnetti á yfirráðasvæðum sínum. Er þar gengið út frá þeirri forsendu að Vestur-Evrópubúum verði almennt tryggð skilyrði til þess að taka á móti algerlega óheftum sendingum um gervihnetti frá ýmsum upprunalöndum og málsvæðum. Þýðingarskyldan, sem núgildandi lög mæla fyrir um, er hindrun sem er andstæð þeirri meginhugsun sem byggt er á í sáttmálanum. Það er álit minni hl. að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til þess að styrkja íslenska tungu og koma í veg fyrir frekari hrörnun hennar. Það verður hins vegar ekki gert með því að banna erlendar sjónvarpssendingar heldur með því að grípa til harkalegra aðgerða í skólakerfinu. Þar liggur hundurinn grafinn.

Það er álit minni hl. að fráleitt sé að hindra þá tækniþróun, sem hér er verið að fjalla um, eða tefja hana með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Minni hl. telur að Alþingi verði að taka afstöðu í þessu máli þannig að sú nefnd sem vinnur að endurskoðun útvarpslaganna fái að vita hver vilji löggjafans er í þessu mikilvæga málefni.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur minni hl. til að málið fái efnislega afgreiðslu og frv. verði samþykkt."

Minni hl. er því ekki sammála því sem fram kemur hjá meiri hl. menntmn. að það beri að vísa þessu frv., 69. máli, til ríkisstjórnarinnar. Minni hl. telur að það sé Alþingis að ákveða áður en endanleg niðurstaða fæst í þessari endurskoðunarnefnd hvort afnema eigi þýðingarskylduna eða ekki svo að þessi nefnd geti miðað störf sín út frá ákveðnum forsendum.

Ég vona að mál þetta fái hér líflega umræðu og að hin háa efri deild, Ed., sjái sér fært að taka efnislega afstöðu til þessa mikilvæga máls.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa yfir furðu minni á því að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér og sýna okkur þm. í hv. Ed. þá virðingu að vera til staðar þegar verið er að fjalla um svo mikilvægt mál sem útvarpslögin eru og væntanlega endurskoðun þeirra. Ég hefði viljað spyrja hann ýmissa spurninga, t.d. hvernig líður þeirri endurskoðun sem vísað er til í áliti menntmn., bæði meiri hl. og minni hl. Eins tel ég alveg nauðsynlegt að fá úr því skorið hver er afstaða ríkisstjórnarinnar og hver er afstaða hæstv. menntmrh. til þeirra efnisatriða sem við höfum fjallað um í frv. okkar. Ég get ómögulega fallist á það að það eigi að vera hlutverk þriggja manna nefndar að taka afstöðu í því máli fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Það hlýtur ríkisstjórnin

sjálf að þurfa að gera og hér var einmitt tækifærið til að fá þessa afstöðu hennar fram. Varðandi það að þar sem þessi endurskoðun útvarpslaga sé nú í gangi og henni skuli lokið fyrir árslok, ég geri ráð fyrir því að svo verði þar sem ég get ekki spurt hæstv. ráðherra að því hvernig þetta verk gangi.

Ég vil minna á það að hér var fyrir skömmu til umfjöllunar í hv. Ed. breyting á iðnaðarlögum. Þar kom glögglega fram að fyrirhuguð er heildarendurskoðun á iðnaðarlögum, en mönnum þótti engu að síður sjálfsagt að taka og afgreiða þessa brtt. og fjalla um hana efnislega. Þá komu engin mótmæli gegn því að það ætti ekki að afgreiða frv. á þeim forsendum að heildarendurskoðun iðnaðarlaga væri í gangi. Þá var öldin eitthvað önnur.

Það er mjög fróðlegt að lesa umsagnir þeirra aðila sem voru beðnir um að láta álit sitt í ljósi á þeim tillögum sem koma fram í frv. okkar flm. Sérstaklega las ég með mikilli athygli mjög ítarlega umsögn útvarpsstjóra sem fjallar á mjög málefnalegan hátt um þróun sjónvarpssendinga milli landa um gervihnetti og við hverju búast má. Mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að grípa niður í umsögn útvarpsstjóra á nokkrum stöðum, en hann segir m.a. svo:

„Undirritaður vann ásamt útvarpsstjórum ríkisútvarpsstöðva annarra Norðurlanda að tillögugerð um dagskrárgerð og dagskrármiðlun um Tele-x-hnött samkvæmt beiðni norrænu ráðherranefndarinnar og að höfðu samráði við fulltrúa menntmrn. Athugun á sérstakri móttöku norsks sjónvarpsefnis var þá frestað. Ljóst var að íslenskur almenningur mundi ekki hafa aðgang að Tele-x með beinni móttöku frá gervitungli líkt og fólk á hinum Norðurlöndunum. Því var helst gert ráð fyrir því að Tele-x-efni yrði í framtíðinni dreift um kapalkerfi til íslenskra notenda frá einni mótttökustöð, en þar til kapalkerfi hefðu verið lögð að einhverju marki mundi sjónvarpið leitast við að flytja hið norræna Tele-x-efni að nokkru leyti í beinu endurvarpi frá gervihnettinum, en þó aðallega með sýningu efnis af myndböndum sem hingað bærust flugleiðis og tekin væru til útsendingar utan hins reglulega dagskrártíma sjónvarpsins. Ítrekað skal að umrætt fyrirkomulag var hugsað til bráðabirgða, en álitið að framtíðarskipan fælist í dreifingu um kapalkerfið.

Varðandi þýðingu á íslensku á hinu norræna gervihnattaefni skal tekið fram að aldrei hefur verið gert ráð fyrir öðru en það bærist íslenskum áheyrendum með upprunalegu tali án þýðingar að því undanskildu að í Tele-x-umræðunum var jafnan gengið út frá því að finnskir þættir yrðu þýddir á sænsku eða norsku til notkunar hér á landi. Af hálfu Ríkisútvarpsins hefur því verið litið á það sem eðlilega framvindu í fjarskiptatækni og dreifingarmálum sjónvarps að kapalkerfi ryddu sér hér til rúms til að greiða fyrir margvíslegum boðskiptum með hagkvæmum hætti, þar með taldar sýningar á sameiginlegu norrænu efni og vestur-evrópsku, sbr. bréf frá menntmrh. frá því í janúar 1985.

Svo sem bent hefur verið á er útbreiðsla kapalkerfa fyrir sjónvarp orðin mjög umtalsverð í mörgum nágrannalöndum okkar og fjölbreytni dagskrár í framboði um gervihnetti sem kapalkerfum stendur til boða fer vaxandi. Sérstök sjónvarpsfyrirtæki einbeita sér að útsendingu efnis um gervihnetti til kapalkerfa eða beinnar móttöku og byggja afkomu sína á alþjóðlegum auglýsingum. Franskar og þýskar sjónvarpsstöðvar hafa tekið höndum saman um rekstur gervihnattarása og þjóna málsvæðum sínum með sameiginlegum dagskrám er teljast mega af menningarlegum toga. Fer það efni einnig um kapalkerfi vítt og breitt um Vestur-Evrópu.“ — Það má í þessu sambandi geta þess að það er orðið mjög algengt að vestur-evrópskir háskólar taki við slíku sjónvarpsefni. Sérstaklega hefur franska sjónvarpsrásin TV-5 orðið mjög vinsæl og eru þessar sjónvarpssendingar notaðar í sambandi við kennslu og nám í frönsku sem fer fram í háskólum víða í Vestur-Evrópu.

„Þá hafa ýmsar af hinum stóru sjónvarpsstöðvum eins og BBC í Bretlandi áform uppi um að senda dagskrár sínar í heild um gervihnetti þannig að fólk utan viðkomandi þjóðlanda geti haft aðgang að þeim í kapalkerfum.“ — Hér vil ég aftur skjóta því að að einmitt nýlega er farið að dreifa dagskrá BBC-sjónvarpsstöðvarinnar um kapalkerfi í Kaupmannahöfn sem hefur orðið þess valdandi að eftirsókn eftir tengingu við kapalkerfi, sem verið er að leggja í Kaupmannahöfn á vegum dönsku póst- og símamálastofnunarinnar, er mjög mikil. — „Þá má rifja upp að samkvæmt samningi Televerket í Noregi við sænska sjónvarpið er dagskrá þess send um gervitungl til kapalkerfa í Noregi.“

Ég gríp á öðrum stað niður í umsögn útvarpsstjóra, þar segir: „Evrópubandalag útvarps- og sjónvarpsstöðva EBU, sem Ríkisútvarpið er aðili að, hefur unnið að gerð áætlana um sameiginlega tónlistardagskrá um gervihnött. Enn fremur hefur bandalagið nú nýlega ákveðið að hefja rekstur á sérstakri sjónvarpsrás um gervihnött þar sem einungis verða sýndar fréttir og dagskrár frá íþróttaviðburðum. Fyrst í stað er áformað að dreifa þessu efni til notenda um kapalkerfi í Evrópu. Af því sem hér að framan er ritað má glöggt ráða að hvarvetna, þar sem fulltrúar Ríkisútvarpsins eru beinir aðilar að fjölþjóðlegu samstarfi eða fylgjast með á útvarps- og sjónvarpssviði og framvindu þess málaflokks, snýst umræðan mjög um framtíð gervihnattasendinga í Evrópu. Þá er jafnan gengið út frá þeirri forsendu að Evrópubúum verði almennt tryggð skilyrði til að taka á móti algjörlega óheftum sendingum um gervihnetti frá ýmsum upprunalöndum og málsvæðum og að fyrst um sinn a.m.k. fari miðlunin fram um kapalkerfi byggðasvæða í viðkomandi löndum.

Undanfarið hefur fjölmiðlunarnefnd Evrópuráðsins unnið að drögum að sáttmála Vestur-Evrópuríkja um sjónvarpssendingar milli landa um gervihnetti. I inngangsorðum hans er gert ráð fyrir að aðilar sáttmálans skuldbindi sig til að tryggja tjáningarfrelsi og miðlun upplýsinga í samræmi við 10.

gr. mannréttindasáttmála Evrópu og skulu þeir virða frelsi til að taka á móti og endurvarpa á yfirráðasvæði sínu sjónvarpssendingum um gervihnetti sem fara fram í samræmi við ákvæði sáttmálans. Af þessum drögum og viðbrögðum ríkja Vestur-Evrópulanda við þeirri þróun sem þegar er orðin og fyrirsjáanleg er á þessu sviði kemur skýrt fram að móttaka erlends sjónvarpsefnis með eigin búnaði einkaaðila eða sameiginlegum móttökustöðvum sem tengjast kapalkerfum er staðreynd. Og í stað þess að amast við óheftu framboði dagskrárefnis á erlendum tungumálum er áhersla lögð á hinn þáttinn sem lýtur að fjölbreytileika evrópskrar menningar og þeim tækifærum sem sjónvarpstækni og gervihnettirnir veita til eflingar samskiptum Evrópuþjóða.

Að endingu skal vikið nokkuð að þeim þætti málsins sem snýr að ávinningi Ríkisútvarpsins sjálfs, að einföldun gervihnattatækninnar í því skyni að taka á móti fréttum og öðru dagskrárefni til notkunar í útsendri dagskrá sjónvarpsins."

Ég held að það fari ekkert á milli mála að hér talar sá sem hefur kynnt sér þetta mál vel og veit hvað hann er að segja. Í þeim ummælum sem þarna koma fram er alveg ljóst að þetta er orðið staðreynd og það að ætla að tregðast við því að taka á móti erlendum sjónvarpssendingum og miðla þeim til almennings á Íslandi á sem einfaldastan, ódýrastan og hagkvæmastan hátt, er þröngsýni og tímaskekkja sem minnir einna helst á afstöðu nokkurra bænda hér fyrst á öldinni sem komu til Reykjavíkur til að mótmæla því að sími yrði lagður um landið — sem væntanlega stafaði af vanþekkingu og kannski af hræðslu við það nýja.

Ef gripið er niður í fleiri umsagnir þá er athyglisverð umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 18. þ.m. var lagt fram bréf menntmn. Ed. Alþingis, dags. 2. þ.m., þar sem leitað er umsagnar Sambandsins um frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, þskj. 72, 69. mál. Í frv. er m.a. ákvæði um að leyfi til útvarps um streng verði háð samþykki sveitarstjórnar. Stjórnin mælti með samþykkt frv. þessa. Þetta tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með."

Það er ekkert launungarmál að mörg sveitarfélög hafa óskað eftir að fá að stuðla að því að sjónvarpsdreifikerfi með kapli verði lagt um lönd þeirra. Víða eru móttökuskilyrði mjög slæm fyrir sendingar íslensku sjónvarpsstöðvanna og því æskilegt að bæta móttökuskilyrði fyrir sendingar þeirra með ýmsum ráðum. Þetta er á hagkvæmastan og einfaldastan hátt gert með því að leggja strengkerfi, þar sem sett er upp eitt loftnet fyrir heilu bæjarhverfin og/eða heilu bæjarfélögin og síðan er sjónvarpsmerkjunum dreift til allra notenda sem tengjast við slíkt kapalkerfi þannig að allir fái eins gott merki inn á sjónvarpsskjá sinn og framast er unnt. Því miður kostar lagning slíkra kerfa allmikla fjármuni. Er áætlað að kostnaður við að leggja slíkt kapalkerfi í sæmilega þéttbýlu sveitarfélagi geti numið eitthvað u.þ.b. 20–30 þús. kr. fyrir hvern notanda í einbýlishúsi, eitthvað ódýrara fyrir notanda sem byggi í íbúð í fjölbýlishúsi. Þetta mun vera hliðstætt, a.m.k. hvað varðar notandann í íbúð í fjölbýlishúsi, við þann kostnað sem er því samfara að kaupa lykil að Stöð 2.

Nú skal ég ekki fara að bera saman sjónvarpsdagskrá Stöðvar 2 og sjónvarpsdagskrár hinna ýmsu evrópsku sjónvarpsstöðva sem við eigum kost á að sjá hér í gegnum gervitunglasendingar, en mér segir svo hugur um að margt það efni sem við eigum völ á í gegnum sjónvarpsgervitungl, sem við höfum aðgang að, sé öllu menningarlegra en það sem boðið er upp á á Stöð 2 og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Í umsögn útvarpsréttarnefndar er sagt m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsréttarnefnd telur rétt að fylgjast náið með þróun á sviði fjölmiðlatækni og telur að taka verði fullt tillit til þeirrar þróunar við yfirstandandi endurskoðun útvarpslaga. Í gildandi útvarpslögum er það viðhorf ríkjandi að leggja beri áherslu á að erlendu sjónvarpsefni fylgi íslenskur texti. Það er í sjálfu sér sjálfstætt úrlausnarefni en útvarpsréttarnefnd bendir á þessi ákvæði útvarpslaganna í þessu sambandi.

Frv. það sem hér er til umfjöllunar hefur þá breytingu í för með sér að ekki er lengur áskilin íslensk þýðing á því sjónvarpsefni sem móttekið er hér á landi og dreift hefur verið um gervihnetti. Að þessu leyti mundi frv. þetta, ef það verður að lögum, mismuna innlendum sjónvarpsstöðvum sem eftir sem áður yrðu skyldugar til þess að þýða erlent dagskrárefni að útvarpslögum óbreyttum."

Hér vil ég aðeins staldra við og spyrja hvort útvarpsréttarnefnd hafi skilið hvað felst í því að taka við erlendum sjónvarpssendingum og dreifa þeim um kapalkerfi til notenda viðstöðulaust án nokkurrar dagskrárgerðar. Í mínum huga er íslensk útvarpsstöð, sem sendir út efni, sendir út dagskrá sem er unnin af hálfu útvarpsstöðvarinnar, allt annað og á ekkert sameiginlegt við það að hlustandi á Íslandi stillir inn á erlenda útvarpsstöð og hlustar á dagskrár hennar. Þetta tvennt er gjörsamlega óskylt. Alveg það sama er um að ræða ef sjónvarpsáhorfandi á Íslandi með eigin loftnetsbúnaði eða tengdur við kapalkerfi stillir inn á erlenda sjónvarpsstöð og horfir á dagskrá hennar, það á ekkert skylt við að það séu íslenskar sjónvarpsstöðvar sem sendi út sérstakar dagskrár. Þetta er ekki sambærilegt og þess vegna er það að mínum dómi alveg út í hött að tala um að það sé verið að mismuna innlendum og erlendum sjónvarpsstöðvum með þessu. Þetta eru algjörlega óskyld atriði. Annars vegar er um að ræða íslenska sjónvarpsstöð sem sendir út unna dagskrá. Í hinu tilvikinu er ekkert um annað að ræða en að sjónvarpsáhorfandi stillir inn á einhverja erlenda sjónvarpsstöð og horfir á út úr hennar dagskrá. Hér er alls ekki um sama hlutinn að ræða.

Úr því að hæstv. menntmrh. er nú kominn hér hefði ég mjög gjarnan kosið að heyra álit hans á

þessum efnisatriðum sem koma fram í frv. okkar, hvort það á áfram að hamla gegn því að við getum notfært okkur þessa tækniþróun sem nú ryður sér mjög hratt til rúms í öllum nágrannalöndunum, hvort á að meina okkur að horfa t.d. á norrænu sjónvarpsstöðvarnar, hvort við megum ekki taka beint við, við skulum segja sendingum danska sjónvarpsins, sænska sjónvarpsins eða norska sjónvarpsins, hvort við megum ekki búast við því að fá leyfi til þess að horfa hér á þýskt, franskt og ítalskt sjónvarpsefni. Því við skulum aðeins átta okkur á einu. Hafi menn áhyggjur af íslenskri tungu — og svo sannarlega tek ég undir með mörgum sem hafa lýst yfir miklum áhyggjum sínum út af því hvernig vart verður við ýmis hrörnunareinkenni í málfari fólks og að íslensk tunga virðist eiga í vök að verjast. Það er svo sannarlega ekki vegna þess að fólk horfi hér á erlendar sjónvarpsstöðvar. Það er eitthvað að í skólakerfinu. Ég þarf ekki annað en rifja það upp þegar börn mín gengu í skóla fyrir nokkrum árum hvernig þeirri íslenskukennslu var háttað, hvaða íslenskunám þau gengu gegnum þar. Það var alveg augljóst að þar kreppir skórinn að.

Þegar ég lærði íslensku bæði í barnaskóla og síðar í menntaskóla fyrir orðið ansi mörgum árum, þá var það gert með þeim hætti að mikill agi var viðhafður í kennslunni. Ég minnist þess mætavel að það var það fag sem enginn þorði að mæta ólesinn í í skólann. Það sem hafði verið sett fyrir til lærdóms í þeim fræðum lásu menn og lærðu. Það var það fag sem enginn þorði að slugsa við. En nú á dögum virðist það ekki skipta nokkru máli hvort börnin læri eitthvað í íslensku eða ekki, a.m.k. er það orðið mjög algengt að háskólastúdentar, sem eru að ljúka embættisprófi í hinum ýmsu faggreinum sem eru kenndar þar, eru ekki ritfærir á íslensku, þannig að það er eitthvað meira en lítið að í skólakerfinu.

Ég hygg að það væri öllu skynsamlegra að taka þá fjármuni sem hugsunin er að verja til þess að þýða erlent sjónvarpsefni og nota þá til þess að styrkja íslenskukennslu í skólum landsins. Það er hugsanlegt að betri árangur næðist með þeim hætti.

Þá langar mig til að segja frá einu skemmtilegu dæmi. Ágætis útvarpstæknimaður, sem ég þekki vel og býr úti á Seltjarnarnesi, hefur verið mjög áhugasamur um móttöku erlends sjónvarpsefnis. Lagði hann í það að kaupa sér loftnetsmóttökubúnað sem hann setti upp á húsi sínu. Hann sagði mér að eftir fimm mánaða reynslu af því að horfa á erlendar sjónvarpsstöðvar hefði hann skráð sig til þýskunáms í Námsflokkum Reykjavíkur því að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að það sem honum fannst áhugaverðast af þeim erlendu sjónvarpsstöðvum eða því erlenda sjónvarpsefni sem var á boðstólum var efni þýsku stöðvanna. Hann sagðist aldrei hafa lært þýsku í skóla, hann hafði ekki farið í langskólanám, en þetta hefði vakið það mikinn áhuga hans að hann hafi nú drifið sig í Námsflokkana til þess að læra þýsku.

Ég held nefnilega að með því að opna fyrir þennan möguleika, að gefa okkur færi á því að horfa á sjónvarpsefni Vestur-Evrópulandanna, gæti það jafnvel orðið til þess að draga verulega úr þeim áhrifum sem ensk tunga veldur nú hér á landi. Ensk tunga er nú orðin jafnmikill ógnvaldur við íslenskuna og danskan var á sínum tíma. Besta leiðin til þess að hamla gegn því er einmitt að hvetja fólk til þess að horfa meira á stöðvar á meginlandi Evrópu, þ.e. þýskar, franskar, ítalskar og ekki síst Norðurlandastöðvarnar. Þannig gæti sú aðgerð að opna fyrir möguleika almennings á því að horfa á erlendar sjónvarpsstöðvar þvert á móti orðið til þess að draga úr þeim máláhrifum sem engilsaxneskan veldur nú í mjög ríkum mæli á Íslandi.

Að lokum langar mig svo aðeins til þess að segja þetta. Það er svo fjarri lagi að bannað sé að taka á móti erlendu sjónvarpsefni hér. Aðilar geta slegið sér saman, 36 eða færri, og gert það án þess að það teljist vera útvarpsstöð, án þess að þeir þurfi þá að texta efnið sem þeir taka á móti og dreifa til þeirra sem gerast notendur í slíku kerfi eða hafa þar íslenskan þul. Að sjálfsögðu geta síðan einstaklingar sett upp sjónvarpsmóttökubúnað og horft á erlendar sjónvarpsstöðvar án þess að þurfa að hafa neinar áhyggjur af þýðingarskyldunni svokölluðu.

Þetta er náttúrlega grófleg mismunun á aðstöðu fólks til þess að nýta sér þann möguleika að horfa á erlendar sjónvarpsstöðvar. Þessi móttökubúnaður er mjög dýr og það er því ekki á færi nema þeirra sem eru sæmilega fjárhagslega stæðir að veita sér það að kaupa loftnetsmóttökubúnað fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar. Hann mun kosta svona á bilinu 100–150 þús. kr. og því er þannig varið að jafnvel þótt fleiri en einn aðili ætli að notfæra sér sama loftnetið, allt að 36 samkvæmt núgildandi lögum, verður kostnaðurinn litlu minni vegna þess að þá þarf að kaupa dýran og flókinn tækjabúnað til þess að breyta sendingunni þannig að hún geti gagnast allt að 36 aðilum samtímis.

Hins vegar er ekki nokkur vafi á því að ef þetta bann verður áfram við lýði mun almenningur að sjálfsögðu taka þetta mál í sínar hendur. Fólk mun í ríkara mæli leggja út í þennan kostnað. Búast má við að þessi tæki verði eitthvað ódýrari á næstu árum þannig að þau verði þá viðráðanlegri og við eigum væntanlega eftir að sjá, eins og er sagt í áliti minni hl., skóg af sjónvarpsloftnetum hér í bæjarmyndinni. Það er einmitt þetta sem sveitarfélögin hafa haft áhyggjur af. Þau vilja nefnilega ná utan um þessa þróun og hamla gegn því að sjónvarpsloftnet, stórir hlemmar, komi upp á næstum því hvert einasta hús hér í bænum sem yrði til stórkostlegra lýta og mundi verða að flokkast undir umhverfisspjöll. En ekki er nokkur vafi á því að svo verður ef löggjafinn ætlar að tregðast við þessu. — Ég veit satt að segja ekki hvaða hugmyndir liggja þarna að baki. Eru þetta hugmyndir til þess að vernda Stöð 2, til þess að gefa henni einokun á þessum markaði meðan hún er að festa rætur? Ég leyfi mér að varpa fram þessari spurningu. Ég sé ekki nokkra skynsemi

að baki þessarar reglu að banna mönnum að taka á móti erlendu sjónvarpsefni og dreifa því á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt annan en þann að það séu einhverjir hagsmunir þarna á bak við sem ekki hafa komið fram. Ég mundi mjög vilja heyra álit hæstv. menntmrh. á þessu og gjarnan fá að heyra hvernig gengur með endurskoðun útvarpslaganna og hver er stefna og vilji ríkisstjórnarinnar og þá fyrst og fremst hæstv. menntmrh. í þessu máli.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Það var í rauninni aðeins örstutt athugasemd vegna þess sem fram kemur í nál. minni hl. en þar segir með leyfi forseta:

„Eru umsagnirnar yfirleitt jákvæðar og beinlínis lagt til að samþykkja beri frv. ef undan er skilin umsögn útvarpsréttarnefndar."

Ég vil bara vekja athygli á því að þetta er rangt og þurfa menn ekki annað en að lesa umsagnirnar og raunar vitnaði ég til þess áðan að það er aðeins einn aðili sem leggur til skilyrðislaust að frv. verði samþykkt og það er Samband ísl. sveitarfélaga, en umsögn þeirra er ekki efnisleg á neinn hátt og í öðrum umsögnum er beinlínis lagt til sem eðlileg málsmeðferð að þetta verði skoðað í samhengi. Ég vildi ekki að þessu yrði ómótmælt.

Að endingu væri kannski rétt að minna á að það liggur alltaf við borð að umræður um útvarpslög fari út í almennar umræður um málefni Ríkisútvarpsins sérstaklega og þær umræður eiga sér alltaf stað með ákveðnu millibili hér á hinu háa Alþingi og ég vildi eiginlega mælast til þess að hæstv. menntmrh. tæki upp þann sið að afhenda Alþingi árlega skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins, þetta er ein veigamesta stofnun á vegum ríkisins, og síðan yrðu umræður um þá skýrslu þannig að farið gæti fram á Alþingi heilleg, efnisleg og samhangandi umræða um þessi mikilvægu mál. Ég vildi biðja hæstv. ráðherra að taka þessa hugmynd til vinsamlegrar skoðunar.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég skal gera þá játningu strax að ég hef því miður ekki verið við þessa umræðu nema nú alveg í lokin þannig að ég hef ekki fylgst með því sem fram hefur komið, en mér skilst þó að beint hafi verið til mín nokkrum spurningum og þá kannski númer eitt: Hvernig stendur endurskoðun útvarpslaganna og hvenær er þess að vænta að nýtt frv. sjái dagsins ljós?

Fyrirrennari minn, hv. 4. þm. Austurl. Sverrir Hermannsson, skipaði þriggja manna nefnd á sínum tíma til þess að endurskoða útvarpslögin. Í henni eiga sæti Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri í menntmrn., Haraldur Ólafsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og þeir hafa unnið í þessari endurskoðun. Ég hef lagt á það áherslu að fá frá þeim tillögur sem gætu legið fyrir nú síðla vetrar svo að vinna megi frekar í málinu og hafa nauðsynleg samráð við aðra aðila þannig að frv. um þetta efni gæti legið hér fyrir á næsta hausti.

Ég skal segja varðandi frv. sem hér liggur fyrir sérstaklega að ég sé margt sem mælir með því að sú stefna sem það frv. markar verði tekin upp í endurskoðun útvarpslaganna, þ.e. það verði auðveldað og gert fólki frjálsara en nú er að ná erlendum sjónvarpsstöðvum í gegnum streng og leiða þær í gegnum streng til fleiri hlustenda, t.d. ákveðinna hverfa eða ákveðinna byggðarlaga. Það verður hins vegar að segjast eins og er að allar væntingar manna og spár um hvað hér væri afskaplega ör þróun á ferðinni hafa ekki reynst alveg réttar. — Nú veit ég ekki hvor er að tala hér í deildinni, ég eða hv. 4. þm. Austurl., en það væri kannski rétt að loka hurðinni. — Mér hefur satt að segja fundist að þessi þróun sé ekki eins ör og hafi ekki verið eins ör og menn spáðu. Það eru ekki ýkja margar stöðvar sem menn ná hér enn sem komið er. Menn eru alltaf að spá því að þetta gerist mjög fljótlega, þeim fjölgi mjög ört, en einhvern veginn hefur þessi þróun öll verið miklu hægari en menn reiknuðu með. Samvinna Norðurlandanna t.d. er enn á umræðustigi. Þessar hugmyndir um samnorrænan gervihnött, sem sjónvarpaði til Íslands efni frá Norðurlöndum, hafa ekki ræst og eru enn á umræðustigi og menn hafa enn ekki náð að fóta sig á því máli. Síðustu fréttir af því eru raunar þær að þær hugmyndir sem helst eru ofan á séu að það séu fyrst og fremst Norðmenn, Danir og Svíar sem geti átt möguleika að sjá slíkan hnött en hvorki Íslendingar né Finnar. Við höfum þess vegna mótað okkar afstöðu til þess samstarfs sem þar er á ferðinni í viðkomandi nefnd í Norðurlandaráði á þann veg að við viljum fylgjast með. Við viljum ekki neinar skuldbindingar í þeim efnum meðan óljóst er hvort við myndum ná slíku efni og þá hversu mikil fjárútlát það hefði í för með sér.

Ég get fallist á að það sé mjög æskilegt fyrir okkur Íslendinga að geta séð sjónvarp frá fleiri menningarsvæðum en engilsaxneskum svæðum og víst er um það að hér er um að ræða þróun sem við ráðum lítið við og nauðsynlegt er að löggjafinn bregðist við í tíma. Við höfum hins vegar haft þá reglu að efni af þessu tagi eigi að texta þannig að allur almenningur geti jafnan átt kost á að skilja það sem fram fer auk þess sem verndunarsjónarmið eru þar á ferðinni varðandi íslenska tungu.

Ég ætla ekki að tjá mig frekar um efni frv. Ég hef ekki, eins og ég sagði, tekið þátt í umræðunni eða haft tækifæri til þess að kynna mér t.d. þau gögn sem nefndin safnaði um þetta mál, en tel að þetta hljóti að verða eitt af þeim málum sem mjög verði litið til þegar endurskoðun útvarpslaganna fer fram því að ég er sammála hv. 7. þm. Reykn. í því efni að auðvitað má löggjafinn ekki sitja uppi eins og steintröll eða nátttröll og verða til þess að einhver óæskileg þróun eigi sér stað í þessum efnum. Hér þarf að vera rúm fyrir eðlilega þróun. Það þarf auðvitað að vera visst aðhald, en alls ekki þannig að við missum þetta gjörsamlega út úr höndum okkar.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég mundi kannski vilja bæta aðeins við það sem áður er komið fram að eftir því sem mér skilst, ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kanna það alveg til fullnustu, munu tilraunasendingar danska og norska sjónvarpsins vera hafnar um gervitungl sem hefur verið sett upp á vegum Eutelsat-samtakanna. Þessar sendingar munu nást hér á Íslandi þannig að nú þegar er væntanlega ekkert því til fyrirstöðu að við getum náð sendingum danska og norska sjónvarpsins og með norsku sjónvarpsdagskránni er dreift sænsku sjónvarpsdagskránni þannig að nú þegar er líklegt að við getum séð dagskrár allra Norðurlandanna að Finnlandi undanskildu.

Það er því ósköp eðlilegt að í samstarfi Norðurlandanna á sviði sjónvarpstækni, þ.e. varðandi hugmyndir manna um að koma upp sameiginlegum norrænum sjónvarpsgervihnetti, hefur dregið verulega úr áhuga manna á því að vinna að því máli þar sem tæknin hefur raunverulega hlaupið fram úr þeim hugmyndum. Það er þegar hægt að gera þetta á miklu hagkvæmari og ódýrari hátt með því einfaldlega að leigja rásir hjá Bandalagi evrópsku póst- og símamálastofnananna, Eutelsat, sem leysir þetta verkefni á miklu auðveldari og ódýrari hátt.

Þessi þróun hefur verið mjög ör erlendis. Hins vegar staðnaði hún hér á Íslandi með tilkomu útvarpslaganna 1985, frá og með áramótum 1986. Fyrir þann tíma voru uppi hugmyndir um að leggja sjónvarpsdreifikerfi um allt höfuðborgarsvæðið. Á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í samráði og samvinnu við Póst- og símamálastofnun var skipuð nefnd snemma árs 1986 til þess að vinna að því að koma upp sameiginlegu sjónvarpsdreifikerfi, kapalkerfi, um allt höfuðborgarsvæðið. Þessi nefnd var skipuð þremur fulltrúum frá Póst- og símamálastofnun og þremur fulltrúum frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Minnist ég þess að borgarverkfræðingur átti m.a. sæti í þessari nefnd.

Nefndin kom nokkrum sinnum saman fyrri hluta árs 1986 og var mikill hugur í mönnum að það skyldi hafist handa við að leggja kapaldreifikerfi um allt höfuðborgarsvæðið. Voru tilkallaðir fulltrúar allra sveitarfélaganna hér á svæðinu á fund nefndarinnar og menn voru sammála um að þetta væri mjög æskilegt og jákvætt verkefni til úrlausnar. Þegar leið á árið 1986 og mönnum varð ljóst hvað útvarpslögin segðu um þetta mál var það ljóst að þetta verkefni var ekki mögulegt vegna þess að það yrði ekki framkvæmt nema með því að nota hið erlenda sjónvarpsefni til þess að skapa þann áhuga meðal almennings að hægt væri að fjármagna verkefnið. Nefndin nánast leystist því upp síðla árs 1986 og hún skilaði aldrei af sér neinu áliti. Menn sáu að það var ekkert annað að gera en bíða eftir því að löggjafanum snerist hugur, að hann vitkaðist um staðreyndir málsins. Þýðingarskyldan veldur því einfaldlega að svona sjónvarpsdreifikerfi verða aldrei lögð, aldrei, því að það er ekki nokkur leið að standa undir kostnaði við að leggja kapalkerfi einungis til þess að það verði eitthvað auðveldara að horfa á Stöð 2. Það er alveg fráleitt. Við getum þá gleymt öllu um það að leggja boðveitukerfi og upplýsingaveitukerfi framtíðarinnar því að það voru allir sammála um að til þess að geta komið á boðveitukerfi framtíðarinnar varð fyrst að byrja á því að leggja sjónvarpsdreifikerfið. Það var grunnurinn að því að geta síðar meir farið út í upplýsingaveituna.

Nú má vel vera að Póst- og símamálastofnun takist að koma á einhvers konar upplýsingaveitu um ljósleiðarakerfi sem þó er aldeilis óvíst vegna þess að ljósleiðarakerfið er aðeins hagkvæmt í þeim tilgangi að tengja saman símstöðvarnar. Það er þó langt í land og alveg óljóst hvort það kemur til með að gagnast þannig að leggja megi dreifikerfi úr ljósleiðurum frá símstöðvunum til notenda. Það var hins vegar hugmynd okkar þegar við unnum að þessum málum á árinu 1986 að með því að sameina þetta hvort tveggja, nota ljósleiðarakerfi milli símstöðvanna, leggja síðan sjónvarpsdreifikerfi sem tengdist inn á hverja símstöð fyrir sig, mætti ná þarna mjög góðri samvinnu milli Pósts og síma og sveitarfélaganna og dreifa sjónvarpsmerkjum og síðar meir upplýsingamerkjum og hvers konar boðum á mjög hagkvæman og ódýran hátt öllum til hagsbóta. Það var hins vegar alveg ljóst að þetta gat ekki orðið nema með því að opnað yrði fyrir að hægt væri að taka á móti erlendum sjónvarpsdagskrám og dreifa þeim um þetta kerfi. Því neyðumst við til þess að bíða eftir að fá endanlega úr því skorið hvort þetta verður bannað áfram eða ekki. Það er alveg ljóst að ef menn ætla að halda því til streitu að það verði að texta allt erlent sjónvarpsefni og þar með koma í veg fyrir að því verði dreift viðstöðulaust til notenda eða krefjast þess að þulur þýði allt slíkt efni jafnharðan munum við fara á mis við þá tækni sem ryður sér nú mjög ört til rúms alls staðar erlendis, þ.e. undanfara upplýsinga- og boðveitukerfisins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tók ekki eftir því hvort hæstv. menntmrh. gaf um það afdráttarlausar yfirlýsingar sem hv. 3. þm. Vesturl. upplýsti áðan að til stæði að frv. að nýjum útvarpslögum yrði lagt fyrir yfirstandandi þing. Ég tel það mikilvægt innlegg í málið og æskilegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það hvort þess megi vænta að frv. af þessu tagi verði lagt fyrir þetta þing þannig að við getum tekið á þeim málum sem hér eru á dagskrá áður en langur tími líður, jafnvel þó að dagskrármálinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég hef orðið var við það að þm. hafa í vaxandi mæli áhyggjur af þróun útvarpsmála, m.a. af stöðu Ríkisútvarpsins og um það liggur nú fyrir þingmál frá þingflokki Alþb. sem verður tekið hér fyrir í virðulegu Sþ. áður en langur tími líður. Ég tel að það hafi einmitt verið tímabært og nauðsynlegt að flytja það mál vegna þess að þessi endurskoðun útvarps-

laganna stendur yfir. Ég vil sem sagt inna hæstv. ráðherra eftir því hvenær þetta frv. kemur hér inn í þingið þannig að við fáum tækifæri til að taka á því og öðrum mikilvægum skipulagsmálum Ríkisútvarpsins og svo þeirrar nýju tækni sem boðið er upp á og minnst er á í dagskrármálinu.

Í nál. minni hl. menntmn. er tekið þannig til orða að frjáls útvarpsrekstur hafi fyrst verið leyfður á Íslandi frá og með árinu 1986. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla. Ég tel að Ríkisútvarpið hafi verið frjáls stofnun. Ríkisútvarpið er stofnun sem hefur lotið ákveðnum lögum sem hafa verið sett af Alþingi með frjálsum hætti og talið um það að þessar nýju stöðvar, hvað þær nú heita allar, séu eitthvað frjálsari en Ríkisútvarpið er ákaflega leiður orðavani sem maður heyrir mjög oft á seinni árum en ég get ekki setið mig úr færi að mótmæla úr því ég hljóp hér upp til að spyrja hæstv. menntmrh. ákveðinnar spurningar.

Síðan í sambandi við það sem hv. 7. þm. Reykn. sagði um þróun málsins verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst að meira sé um ræður, meira um orð og orðaflóð í þeim efnum heldur en athafnir. Hann líkti stöðu málsins gagnvart enskunni núna við þá stöðu sem íslensk tunga hafði áður gagnvart dönskunni. Ég held því fram að núorðið sé staða móðurmálsins að sumu leyti veikari gagnvart enskunni en hún var áður gagnvart dönskunni, eða um skeið, fyrst og fremst vegna þess að þá fór baráttan gegn dönskunni saman við alhliða sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Nú er þetta ógnar meðvitundarleysi í sambandi við þetta flóð enskrar tungu sem birtist okkur hér í okkar landi og við kynnumst auðvitað ákaflega vel í okkar lífi, bæði af börnunum okkar og öðru ungu fólki sem við höfum samskipti við. Jafnvel þó að við höldum okkur fast við það að allt það efni sem kæmi frá gervihnöttum væri textað væri það auðvitað ekki einu sinni nóg í þessu efni. Staðreyndin er sú að menn hafa stundum verið að gefa fyrir sálu sinni í sambandi við þróun íslensks máls með því að halda hátíðir á Akureyri eða í Þjóðleikhúsinu og bjóða til þess mönnum í löngum bunum, virðingarmönnum í þjóðfélaginu, þar sem þeir hafa lofað og prísað hið sæla tungumál okkar en einhvern veginn hefur verið minna um það að menn hafi gripið til skipulegra athafna, aðgerða, til þess að treysta stöðu málsins. Ég tók eftir því að hæstv. menntmrh. nefndi það sem meginviðfangsefni við endurskoðun á námsefni grunnskóla fyrir komandi ár að þar yrði lögð alveg höfuðáhersla á íslenska tungu og ég er hjartanlega sammála honum um það að þarna á að leggja á mjög ríka áherslu og kosta til þess dálitlum fjármunum. Mér fyndist einhvern veginn að það gæti verið skynsamlegt að velta því fyrir sér, þó að það heyri kannski ekki beint til dagskrármálinu, að settir yrðu til þess sérstakir fjármunir að gera átak í þágu íslenskrar tungu, alhliða átak, og þá er ég að tala um skólana. En ég er líka að tala um allt fjölmiðlakerfið og ég er líka að tala um rannsóknir á íslensku máli og norrænudeild Háskólans, ég er að tala um Handritastofnun og það að hún komi út í þjóðlífið með myndugum hætti þannig að þjóðin geri sér grein fyrir því hvað það eru dýrmæt verk sem þar er verið að vinna.

Ég get auðvitað játað það í þessu efni að ég tel mig til íhaldsmanna í sambandi við þessi mál. Mér líkar illa þessi ónáttúra sem maður heyrir stundum að alls konar limlesting á málinu sé í raun og veru framfarir, í nafni framfara og nafni þróunar. Það er uppsetning á málinu sem ég á satt að segja ákaflega erfitt með að þola og finnst mjög dapurlegt þegar ég heyri það úr munni manna sem tala kannski fyrir hinar virðulegustu stofnanir íslenskra fræða hér í þessu landi.

Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt varðandi útvarpsmálið að á þessum málum sé sérstaklega tekið og við höfum auga á þeim og hættum að láta orðin duga, veltum fyrir okkur athöfnunum og hvað þingið getur gert til þess að treysta stöðu málsins, ekki til að einangra það, heldur til að þróa það með eðlilegum hætti með nútíðinni og þannig að það byggi upp, eins og sagt er um sjúkdómana, svo að segja innra varnarkerfi í þeim miklu sviptingum sem eiga sér stað í menningarlífi heimsins og snerta okkur auðvitað líka.

En erindi mitt, herra forseti, var fyrst og fremst spurning til hæstv. menntmrh. og ég vona að mér fyrirgefist þó að ég hafi nefnt þennan þátt sem lýtur að þróun málsins því að satt að segja væri ástæða til að ræða það einhvern tímann undir sérstöku dagskrárefni. Ég býst við því að þar sé mörgum býsna mikið niðri fyrir í seinni tíð.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. hefur hann sennilega brugðið sér frá meðan ég talaði áðan því að ég taldi mig hafa svarað því hvenær vænta mætti nýs frv. um útvarpslög. Endurskoðun stendur yfir eins og ég sagði áðan. Ég hafði reiknað með því svona fram undir áramótin að sú vinna gengi það vel að unnt yrði að leggja frv., a.m.k. þá til kynningar síðla vetrar eða undir vorið. Mér sýnist nú að það sé of mikil bjartsýni. Ég reikna með að fá tillögur að nýju frv. frá þeirri nefnd sem að því starfar nú síðla vetrar en ég tel það of mikla bjartsýni að hægt sé að leggja frv. um það fram á þessu þingi þannig að ég mundi ekki þora að lofa því fyrr en á haustþingi.

Ég vil að lokum segja það sem ég gleymdi áðan varðandi þá hugmynd hv. 3. þm. Vesturl. að lögð yrði fram árlega skýrsla um málefni Ríkisútvarpsins hér á Alþingi. Mér líst vel á þá hugmynd og skal taka hana til mjög jákvæðrar athugunar.

Frsm. minni hl. menntmn. (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi leiðrétta það sem kemur fram í nál. mínu, minni hl. menntmn., og get tekið undir það með hv. 7. þm. Reykv. að rétt hefði verið að tala um einkastöðvar í staðinn fyrir frjálsar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og þakka fyrir þessa

ábendingu.

Það sem varð til þess að ég kem hér upp aftur er það að nú þegar umræðu þessari er að ljúka hefur ekki verið tekið á aðalmálinu, en við flm. frv. höfðum vænst þess af þinginu, en það er þýðingarskyldan, hver vilji þm. væri í sambandi við hana og hvort það eigi að vera alfarið í höndum þeirrar nefndar sem sér nú um endurskoðun útvarpslaganna að taka á þessu máli. Ég mundi telja það æskilegt að það yrði í höndum þingsins áður en endanleg niðurstaða þessarar nefndar liggur fyrir, að það sé ljóst hver vilji þingsins er í þessu efni.

Það var hv. 3. þm. Vesturl. sem talaði um það áðan að þær umsagnir sem nefndin fékk hafi ekki verið jákvæðar gagnvart frv. Ég tel hins vegar þvert á móti að þær hafi allar verið í þá átt að það ætti að breyta núverandi útvarpslögum og frv. þetta kæmi mjög sterklega til greina. Að vísu tóku umsagnaraðilarnir til orða á mjög ólíkan hátt en litu þannig á að þarna væri um hugmyndir að ræða sem þyrftu að ræðast og kæmi mjög vel til greina að væru inni í hinum nýju lögum.

Ég verð að segja það að ég átti von á því frá hæstv. ráðherra menntamála að hann tæki skýrar til orða um þau atriði sem er verið að ræða um í frv. varðandi þýðingarskylduna og þá stefnu ríkisstjórnarinnar í því efni. Ég ætlaði áðan í fyrri ræðu minni að koma inn á það að spyrja hæstv. ráðherra hvaða leiðbeiningarreglur endurskoðunarnefndin fékk frá þeim aðilum sem skipuðu hana, hvort hún ætti að hafa frjálst val um það að hvaða niðurstöðu hún kæmist eða hvort einhverjar leiðbeiningarreglur kæmu frá ráðherra um hvaða atriði þyrfti sérstaklega að skoða. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að ákveðnar línur verði í þessu efni svo að þar megi fara fram mjög góð og málefnaleg umræða um þá hluti.

Varðandi íslenska tungu og áhrif þess að þýðingarskylda verði ekki lengur skilyrði fyrir því að taka á móti sjónvarpsefni er ég sannfærður um að það er það mikið efni hérna á enskri tungu og fleiri tungumálum að það sem slíkt hafi ekki úrslitaáhrif um það hvort við höldum okkar tungu eða ekki. Minni hl. bendir á það í nál. að til þess að viðhalda tungunni sé meira áríðandi að efla skólakerfið og leggja meiri áherslu á íslenska tungu í skólum.

Ég vil að lokum þakka fyrir þær umræður sem þetta mál hefur fengið en ég átti von á að lyktir þess yrðu aðrar en fyrirsjáanlegt er að verði á því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. 597 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 14:2 atkv.

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 1. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586.

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 586 um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi.

Tildrög þessa máls eru þau að fyrir alllöngu var ríkisjörðinni Þóroddsstað skipt í þrjú lögbýli, Þóroddsstað sem er 7/12 hlutar jarðarinnar, Staðarholt sem er 2/12 hlutar og Engihlíð sem er 3/12 hlutar. Staðarholt hefur um margra ára skeið verið í eyði og nytjað með Þóroddsstað þannig að Þóroddsstað hafa í raun fylgt 9/12 eða 3/4 hlutar upphaflegu jarðarinnar en Engihlíð 3/12 eða 1/4 hluti.

Jörðin Engihlíð var seld af ríkinu með afsali dags. 19. des. 1975. Við ábúendaskipti á Þóroddsstað árið 1984 ákvað jarðeignadeild landbrn. að leiðrétta þáverandi magnskiptingu jarðarinnar Þóroddsstaðar og óhagkvæm landskipti með því að sameina eyðibýlið Staðarholt jörðinni Þóroddsstað og auka nokkuð hlut Engihlíðar í upphaflegu landi Þóroddsstaða með því að gefa eiganda og ábúanda Engihlíðar kost á að kaupa 2/12 hluta úr upphaflegu landi Þóroddsstaðar. Að beiðni landbrn. vann Stefán Skaftason héraðsráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga tillögur að nýjum landskiptum milli jarðanna Þóroddsstaðar og Engihlíðar. Hinn 10. des. 1987 undirrituðu eigandi Engihlíðar og landbrh. fyrir hönd jarðadeildar landbrn. landskipti á upphaflegu landi ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar. Byggjast hin nýju skipti jarðanna að verulegu leyti á tillögum Stefáns Skaftasonar héraðsráðunautar og eru í samræmi við breytingu á landnýtingu ábúenda jarðanna frá fardögum 1984.

Ábúandi Þóroddsstaðar, Björgvin Björgvinsson, hefur fyrir sitt leyti samþykkt þá tilfærslu á mörkum jarðanna sem hér um ræðir. Þá hafa hreppsnefnd Ljósavatnshrepps og jarðanefnd Suður-Þingeyjarsýslu samþykkt endurlandskipti á jörðinni Þóroddsstað og enn fremur að eigandi Engihlíðar fái hluta Þóroddsstaðar keyptan. Jafnframt hefur Búnaðarfélag Íslands samþykkt landskiptin.

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram að lokum eftir að hafa kynnt mér málavöxtu betur að ég vil að það verði athugað í hv. landbn. hvort ekki sé rétt að fram komi í frv. um hversu stóran hluta jarðarinnar Þóroddsstaðar þarna sé að ræða að seldur verði. Þau leiðu mistök áttu sér stað í umfjöllun nokkurra fjölmiðla um þetta mál að orðið „hluta“ féll niður þegar sagt var frá sölu jarðarinnar og er ekki að spyrja að því að íbúum á Þóroddsstað varð nokkuð hverft við þegar þau lásu það í blöðum að lagt hefði verið fram frv. til laga á Alþingi þess efnis að selja undan þeim jörðina. Enn fremur vil ég að athugað verði hvort ekki sé unnt að fella inn í frv. eða flytja annað mál þar sem heimilað yrði að selja ábúanda á Þóroddsstað það sem eftir yrði af þeirri jörð ef þetta frv. verður samþykkt, þar sem mér er kunnugt um að hann hefur áhuga á kaupum.

Hæstv. forseti. Með þessu frv. er nánast verið að leitast við að skipta upphaflegu Þóroddsstaðarjörðinni í tvö lögbýli á sem réttlátastan hátt. Ég óska eftir því að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er nú á ferðinni gamall kunningi. Það er alltaf verið að selja ríkisjarðir. Þm. kjördæmanna koma og flytja tillögur um að selja eignir ríkisins, flytja í raun og veru engin rök fyrir því önnur en þau að einhver sem býr á næsta bæ þurfi nauðsynlega á skikanum að halda. Þessi sala ríkisjarða er ákaflega tilviljanakennd. Það er engin stefna til í þessum efnum. Ráðuneyti landbúnaðarmála hefur aldrei haft uppi neina burði til þess að framleiða neina stefnu í þessu máli og steininn tekur þó úr þegar landbrn. er að selja svokallaðar kristfjárjarðir sem voru gefnar Kristi í þágu fátæks fólks hér fyrr á öldum. Jafnvel þessar kristfjárjarðir hafa orðið að sæta þeim örlögum að verða seldar inni í þessari tilviljanakenndu rúllettu sem heitir sala á opinberum eigum eða ríkisjörðum.

Ég hef setið hér á þingi ein 8 eða 9 ár og ég hef alla tíð verið heldur tregur til að taka þátt í þessum æfingum. Ég hef stundum haft það við orð að ástæða væri til að láta fara fram rækilega úttekt á þessum jörðum og stöðu þeirra í viðkomandi byggðarlögum, ekki síst með tilliti til þeirrar stefnu sem nú er uppi í landbúnaðarmálum varðandi fullvirðisrétt og takmörkun á framleiðslu hefðbundinna landbúnaðarvara. Sömuleiðis væri afskaplega fróðlegt að fá lærða ritgerð um kristfjárjarðirnar og hver það er sem í raun og veru getur ráðstafað þeim, hver í raun hefur umboð, jarðneskt umboð til að selja þessar jarðir með þeim hætti sem stundum hefur verið gert. Ég minnist þess að fyrir fáeinum árum var seld kristfjárjörð austur á landi og niðurstaðan varð sú að andvirði jarðarinnar var notað til þess að byggja upp þjónustu við aldraða á Eskifirði. Út af fyrir sig má vel hugsa sér að þannig sé að málum staðið vegna þess að það er þá í samræmi við vilja gefanda jarðarinnar á sínum tíma, þessarar kristfjárjarðar. Og þó að þeim fækki nú sem geta kallað sig bónda hjá Kristi, eins og Jón gerði hér forðum, þá er engu að síður nauðsynlegt að Alþingi hafi nokkurt yfirlit yfir þessi mál og ég vil enn þá einu sinni, í tíunda eða tuttugasta sinn hér í þessari stofnun hvetja til þess að slíkt yfirlit verði til.

Ég tel auk þess að það frv. sem hér liggur fyrir sé gallað vegna þess að það gefur ekki rétta mynd af því sem hér er að gerast. Samkvæmt ræðu fyrri flm., hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, þá er hér um að ræða 2/12 hluta upprunalegs lands ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og væri auðvitað eðlilegra að takmarka það með skýrum hætti þannig að engum misskilningi valdi, eins og reyndar hv. flm. fór fram á við hv. landbn. að hún tæki til athugunar.

Hér eru sem sagt uppi af minni hálfu almennar athugasemdir sem ég hef oft áður flutt við sölu á ríkisjörðum og ég held því áfram meðan menn eru með þetta í gangi með þessum hætti sem hér hefur verið í áratugi.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það kom fram hér hjá hv. síðasta ræðumanni, 7. þm. Reykv., að hann flytti sína venjulegu ræðu með almennum athugasemdum, en ég vildi þá aðeins í því sambandi benda á að Alþingi markaði að sjálfsögðu stefnu í þessum málum þegar það ákvað að ábúendum jarða væru heimil kaup á þeim eftir ákveðinn árafjölda búsetu þeirra á jörðinni. Langflestar þær sölur sem fram fara byggjast á þessu ákvæði um það.

En í sambandi við þetta frv. þá er þarna aðeins um að ræða að verið var að lagfæra skipti milli þessara jarða sem var í mörgum skikum og ákaflega óhagkvæm til nýtingar. En um leið og það var gert þótti eðlilegt að heldur drýgri hluti rynni til býlisins Engihlíðar sem hafði fengið svo lítinn hluta af upphaflegu jörðinni við fyrstu skipti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að landbn. kynni sér þetta mál vandlega og þá komi þar greinilega fram um hversu mikinn hlut af jörðinni er þarna að ræða og þá kort yfir þá skiptingu sem þarna hefur verið gerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

61. fundur, miðvikudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Enn á ný er bjórmálið komið á dagskrá þessarar virðulegu deildar. Það er ekki ástæða til þess að fara mjög mörgum orðum um þetta nýja frv. sem hefur tekið þó nokkrum breytingum frá fyrra frv. Ég get þó ekki látið hjá líða að svara ýmsum fullyrðingum sem hafa komið fram þar sem vefengdar hafa verið ýmsar vísindalegar niðurstöður um áhrif bjórneyslu á heildarneyslu og á heilbrigðisástand hverrar þjóðar sem í hlut á.

Mér þótti heldur lakara að lesa það í Morgunblaðinu í morgun, að ég hygg, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir og minn elskulegi félagi hefði haft það á orði í umræðum í gær að þeir menn sem mest töluðu um bjórinn hefðu minnst vit á honum. Ég hygg að hið þveröfuga hafi verið staðreynd í þeirri umræðu

sem hér hefur farið fram. Ég hef a.m.k. ekki látið tilfinningar ráða afstöðu minni til bjórmálsins heldur hef ég látlaust vitnað í vísindalegar niðurstöður og rannsóknir frá fjölmörgum löndum og einkum og sér í lagi reynt að minna menn á að á sama tíma og flestar þjóðir heims, einkum á Vesturlöndum, eru að gera miklar tilraunir til að draga úr áfengisneyslu almennt er Alþingi Íslendinga að gera tilraun til að auka hana. Þetta skýtur mjög skökku við þær staðreyndir lífsins sem við okkur blasa, þau áhrif sem áfengisneysla hefur haft á mannlíf almennt, á heilbrigðiskerfið, kostnað þjóðfélagsins við heilbrigðiskerfið upp til hópa. Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður, að mér þykir það býsna mikil ábyrgð sem flm. frv. af þessu tagi takast á herðar; að berjast fyrir framgangi þessa máls á hinu háa Alþingi og ég vænti þess fastlega að þeir séu menn til að takast á við þann vanda sem samþykkt þessa frv. hefur í för með sér. Ég hygg að þær afleiðingar verði meiri og alvarlegri en menn vilja almennt í gleði hvunndagsins gera sér grein fyrir og það beri í þessum málum eins og öðrum að fara varlega og a.m.k. horfast í augu við þær staðreyndir sem blasa við öðrum þjóðum sem hafa farið þessa leið og reynt hana.

Ég segi það alveg eins og er að samkvæmt upplýsingum sem komið hafa fram um t.d. rannsóknir á áfengisvenjum Íslendinga og rannsóknir sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur látið frá sér fara get ég ekki greint það, og segi það í fyllstu einlægni, að neysla áfengs öls hafi bætandi áhrif á neysluvenjur áfengis almennt eða á útgjöld þjóðfélaganna sem í hlut eiga vegna heilbrigðiskerfisins. Þess vegna skil ég ekki þann mikla ákafa og þann mikla áhuga sem menn hafa á því að keyra í gegnum þingið þetta frv. Mér er það í raun alveg óskiljanlegt og ég hygg að þeir menn sem ljá nafn sitt við frv. af þessu tagi hafi raunverulega ekki gert sér grein fyrir því um hvað þeir eru að tala, ekki nokkra. Ég vildi gjarnan spyrja þá þegar þeir koma væntanlega upp í ræðustól hér á eftir: Hvaða athuganir, hvaða vísindalegar niðurstöður, hvaða rannsóknir hafa þeir í höndunum sem benda til þess að áfengisvenjur verði eitthvað skárri, áfengisneysla minnki og að heilbrigðiskerfið bíði ekki skaða af? Hvaða rannsóknir hafa þeir í höndum sem sýna þetta? Hið þveröfuga eru niðurstöður allar sem ég hef á mínum borðum. Ef menn sjá einhverja aðra liti í þessu máli er það vegna þess að þeir hafa einhverjar aðrar upplýsingar.

Vegna þátttöku, sérkennilegrar þátttöku vil ég segja, lækna í umræðum um þessi mál vil ég minna á að á aðalfundi Læknafélags Íslands 1987 var samþykkt opið bréf til ríkisstjórnar og alþm. um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis. Þetta bréf gengur þvert á undirskriftalista rösklega 130 lækna sem sumir hverjir vilja í dag ekki kannast við að þessar undirskriftir hafi verið settar á blaðið frá þeim sem læknum heldur sem einstaklingum. Ég spyr: Hver er munurinn?

Í samþykkt Læknafélagsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Reykjavík 22.–24. sept. 1987, lýsir fullum stuðningi við erindi tólfmenningana“ — og er nú vísað í bréf sem tólf kunnir læknar og einstaklingar í þjóðfélaginu skrifuðu — „og tekur undir áskorun þeirra til ráðherra og alþm. að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.“

Þá kem ég aftur að samþykktum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um þetta efni sem Íslendingar hafa undirgengist, sem Íslendingar hafa samþykkt, um meginreglurnar í því hvernig eigi að berjast gegn áhrifum, óheillavænlegum vil ég segja, ofnotkunar og misnotkunar áfengis á þjóðfélög sem aðild eiga að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Þar eru alveg skýrar leiðbeiningar um að hverju beri að hyggja og hvað beri að varast. Hver sá sem les samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar getur ekki lesið annað út úr henni en það að allt sem geti orðið til þess að auka heildarneyslu áfengis sé til að auka heilbrigðisvanda þeirrar þjóðar sem að því stuðlar.

Í bréfi, sem fyrrnefndir tólfmenningar rituðu ríkisstjórn og alþm. í desember 1986, segja þeir m.a., með leyfi forseta:

„Ástæða þessa er sú að öll vandamál sem tengjast áfengi vaxa margfalt með aukinni heildarneyslu. Áfengissýkin er aðeins einn þáttur þessara vandamála. Aðrir sjúkdómar fólks á starfsaldri eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar áfengis. Sama er að segja um slys. Hvort tveggja veldur þjáningu og örorku, auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu og meiri dánarlíkum. Lítill vafi er á að aukin áfengisneysla á sinn þátt í vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu á undanförnum aldarfjórðungi.“

Ef nú hv. þm., sem eru að bauka við að koma saman fjárlögum og standa frammi fyrir því að kostnaður við almannatryggingar og heilbrigðiskerfið er kominn upp í 25 milljarða kr., eru tilbúnir að ganga einhverja þá leið sem eykur á kostnað heilbrigðisþjónustunnar almennt, er það stóralvarlegt mál. Eru þeir tilbúnir til að koma hér og finna tekjupósta fyrir því að greiða út hærri upphæðir til heilbrigðiskerfisins en ástæða hefði ella verið til? Ég spyr og svari hver sem getur.

Ég held, herra forseti, að það sé full ástæða til að minna á nokkrar staðreyndir varðandi þá tilraun sem Svíar gerðu með svonefnt milliöl. Þar var sala á milliöli leyfð 1965 og ég hygg að það sé skýrasta dæmið um afleiðingar af því að heimila sölu á sterku öli sem við höfum fyrir hendi. Það eru engar staðreyndir, sem hafa komið fram, herra forseti, sem vefengja niðurstöður Svía í þessu máli.

Þar var ein aðalröksemdafærsla þeirra sem fengu í gegn sölu á milliöli sú að ölneysla myndi draga úr

neyslu sterkra drykkja. Reynslan varð nákvæmlega þveröfug. Um þetta eru tölulegar staðreyndir sem ekki nokkur einasta leið er að hnekkja. (**GHelg:** Þetta er ekki rétt, enda var þetta hrakið í gær í ræðu.) Ég skal svara þessu betur, hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þetta hefur ekki verið hrakið vegna þess að þessar tölur standa svartar á hvítum blöðum. Ég hygg þá að það væri rétt að kalla til félagsmálaráðherra Svíþjóðar frá þessum tíma og láta hann bera vitni um það. Hann kallaði þetta eitt mesta heilbrigðisvandamál sem komið hefði upp í Svíþjóð, sem sænsk ungmenni ættu eftir að hafa slæma reynslu af á næstu árum, jafnvel eftir að salan var bönnuð.

Það kom í ljós samkvæmt upplýsingum sem fyrirliggjandi eru að unglinga- og barnadrykkja jókst gífurlega og það svo að sænska þingið sá sig tilknúið til að banna framleiðslu og sölu milliöls frá 1. júlí 1977. Það eru staðreyndir þessa máls, gjörsamlega óhrekjanlegar.

Þá má líka geta þess, ef hv. þm. Guðrún Helgadóttir vill reyna að hrekja það, að fyrir liggja tölur um að á milliölsáratugnum í Svíþjóð jókst áfengisneysla um 39,5% en á sama árabili jókst neysla á Íslandi um 26%. Ég vil vegna frammíkalls hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur geta þess að félagsmálaráðherra Svía sagði m.a. um þetta mál og er nú haft eftir honum orðrétt: „Ég er eindregið þeirrar skoðunar að á nýliðnu tíu ára tímabili milliöls í Svíþjóð hafi grunnur verið lagður að drykkjusýki sem brátt muni valda miklum vanda."

Ef menn geta ekki og þora ekki að horfast í augu við þær staðreyndir sem hér er verið að tala um vegna þess að það heitir frelsi að veita þessa heimild til framleiðslu og bruggunar á öli hygg ég að menn eigi að láta það eiga sig að bera fram mál af þessu tagi. Þetta er miklu alvarlegra en menn gera sér grein fyrir í daglegu vafstri.

Ég vil líka vitna í það að kunnur sænskur doktor í félagsfræðilækningum, Gunnar Ågren, sagði um milliölsáratuginn að hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkjunnar á milliölsáratugnum séu nú að koma í ljós. Afleiðingar öldrykkjunnar, sem dr. Gunnar Ågren minnist á, eru einkum heilaskemmdir.

Mönnum finnst kannski tekið of djúpt í árinni þegar menn eru að tala um að heimila sölu, bruggun á áfengu öli og það eigi bara að seljast í Áfengisverslun ríkisins. Engu að síður verður þetta viðbót við það magn sem þegar er drukkið í þjóðfélaginu. Engu að síður er það staðreynd að ungt fólk drekkur miklu frekar öl en brennda drykki og aldursmarkið hjá þeim sem byrja að neyta áfengs öls lækkar um a.m.k. tvö ár miðað við það sem gerist gagnvart brenndum drykkjum. Þetta eru tölulegar staðreyndir líka. Síðan vitum við eftir m.a. mjög víðtækar rannsóknir í Bandaríkjunum að áfengisneysla unglinga leiðir í mjög mörgum tilvikum, jafnvel talið að 60 hundraðshlutum, út í notkun annarra vímuefnagjafa, hassneyslu, amfetamínneyslu o.s.frv., þannig að við erum ekki að tala un neitt saklaust öl sem á að koma inn á markað. Við erum bara að tala um nýja tegund af áfengi. Öl er ekki svaladrykkur. En menn hafa leyft sér að tala um það með þeim hætti.

Ég hef minnt á það enn fremur að í Finnlandi var sala áfengs öls gefin frjáls árið 1968. Fyrir þann tíma var áfengisneysla Finna minni en annarra norrænna þjóða, að Íslendingum undanskildum. Við vorum með minni heildarneyslu en Finnar. En eftir að sala áfengs öls í Finnlandi hófst jókst áfengisneysla gífurlega og nú drekka Danir einir Norðurlandaþjóða meira áfengi en Finnar. Það má kannski geta þess í framhjáhlaupi að það eru margir sem telja drykkjuvenjur Finna svipaðar drykkjuvenjum Íslendinga.

Þá má geta þess að á tímabilinu 1969–1974 jókst áfengisneysla Finna um 52,4%. Á sama tíma jókst áfengisneysla hér um 35%. Allt þetta verðum við að taka með inn í myndina.

Við höfum stundum litið til Danmerkur og talað um Dani sem hina „notalegu" neytendur áfengis eða að þeir neyti áfengis á mjög notalegan hátt, fari vel með áfengi, það sjáist ekki drukknir menn á götum í Kaupmannahöfn o.s.frv. En það sem við blasir þar er m.a. það að vegna ölsins er meðalaldur við upphaf áfengisneyslu u.þ.b. fjórum árum lægri en hér á landi. Þær staðreyndir liggja enn fremur fyrir að í helmingi sjúkrarúma í Kaupmannahöfn og á Norður-Sjálandi er fólk sem er þangað komið vegna ofneyslu áfengis. Síðan spyr ég bara: Af hverju vilja menn auka á vandann sem þegar er fyrir hendi hér á landi? Þessari spurningu hljóta flytjendur þessa frv. að verða að svara.

Ég nefndi áðan að það eru líka talsverðar líkur á því að þeir sem byrja ungir að neyta áfengis fari m.a. út í kannabisefni fyrr en ella. Það hefur komið í ljós í könnun sem gerð var í Danmörku, sem amtsráðin þar stóðu fyrir, að meðalaldur neytenda kannabisefna hefur farið hækkandi undanfarin ár eða úr 18–19 árum 1970 í 25–26 ár nú. Hins vegar hefur þar á móti tekið við misnotkun á áfengu öli og pillum. Slík ofneysla er núna nánast faraldur eins og landlæknir Dana getur borið vitni um.

Þá skulum við líta á tölur í samhengi við það sem ég hef núna sagt. Á árabilinu 1966–1982 jókst áfengisneysla Íslendinga um 34,7%, Dana um 98% og Finna, sem gáfu ölið frjálst 1969, um 146%. Af því að menn hafa talað um þetta mál, finnst mér, meira af tilfinningu en nokkurn tímann af rökum held ég að það sé rétt að við lítum á fleiri tölur.

Hjá bjórþjóðum eins og Vestur-Þjóðverjum og Tékkum jókst heildarneysla áfengis á árunum 1950–1967 um 196% en hérlendis um 70% þannig að það er alveg glöggt og kemur alveg skýrt fram að þær hömlur sem við höfum þó viðhaft í sambandi við sölu á áfengi, framreiðslu á áfengi, aðgengi að áfengi, aldurstakmörk vegna áfengiskaupa hafa haldið áfengisneyslunni niðri og þykir þó mörgum vandamálið vera nægjanlegt.

Ég hygg að flytjendur þessa frv. ættu að spjalla

eina dagstund við yfirmenn geðdeilda Landspítalans og Borgarspítalans, við yfirmenn meðferðarheimilanna í Vogi og á Reykjalundi og spyrja þá um ástandið þar. Þeir gætu líka talað við presta þjóðarinnar og spurt þá hvernig sé um sálgæsluþjónustuna um þessar mundir, sem er að sliga þá, m.a. vegna ofneyslu áfengis margra sem til þeirra koma. Það kemur auðvitað margt til. Það kemur til aukin vinna, aukin streita í þjóðfélaginu. Engu að síður: þetta er að verða einn af dýrustu þáttunum í heilbrigðiskerfinu á Íslandi og við verðum að horfast *í augu við þá staðreynd. Við verðum líka að* viðurkenna að allt sem við gerum til að auka þessa heildarneyslu verður til að auka útgjöld samfélagsins til heilbrigðisþjónustunnar og til samneyslunnar almennt. Mér finnst þetta hafa gleymst í allri umræðu um þetta mál. Menn verða að hugleiða þessar staðreyndir. Menn komast ekkert fram hjá því að allar tölur sem við höfum undir höndum um áhrif bjórneyslu á heildarneyslu áfengis eru þess eðlis að það ber að gjalda varhug við þessu máli hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Ég verð að spyrja t.d. foreldra sem eiga börn á unglingsaldri um þessar mundir hvort það er ekki áhyggjuefni hjá þeim ef aðgangurinn að þessum „saklausa" drykk, eins og menn vilja vera láta að hann sé, muni hafa alvarleg áhrif í för með sér á vímuefnanotkun ungs fólks á Íslandi.

Ég hef líka getið þess að t.d. í Belgíu, þar sem 70% alls áfengis sem neytt er eru í formi öls, eru u.þ.b. 95% allra drykkjusjúklinga öldrykkjumenn. Þá er kannski rétt að hugleiða hvort þessi eftirsótti drykkur er svo hættulaus eins og menn vilja vera láta. Ég hygg ekki.

Það skaðar kannski ekki heldur að vitna í Þuríði Jónsdóttur félagsráðgjafa sem starfaði lengi í Halifax í Kanada. Hún hefur látið þess getið að þar leitaði til hennar mun yngra fólk en gerðist eftir að hún fór að starfa hér á landi og það einkum og sér í lagi vegna vímugjafaneyslu árum saman. Þar voru það tvær tegundir sem skáru sig gjörsamlega úr, áfengt öl og hass.

Það sýnir sig líka að í hinu mikla öldrykkjulandi Bretlandi, þar sem menn sjá ölneysluna kannski í einhverjum rómantískum ljóma í formi pöbba eða kráa þar sem menn sitja og eiga gott mannlegt samneyti, hefur komið í ljós að öldrykkja hefur aukist gífurlega og einnig neysla sterkra drykkja á síðustu árum. Á sama tíma og neysla áfengra drykkja í heild, sterkra drykkja, hefur aukist hér á Íslandi um 54% hefur hún aukist um 300% á Bretlandi eða sex sinnum meira en hér á landi. En þar búa þeir ekki við skort á bjór. Það verður ekki bent á með nokkrum rökum að skortur á bjór valdi því að þeir drekki svo mikið af sterku áfengi á Bretlandseyjum. Kenningin um að aðgangur að öli muni draga úr neyslu sterkra drykkja er býsna veik.

Af því að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur komið mjög við sögu í þessari umræðu og menn túlka ályktun hennar á ýmsan hátt er kannski rétt að láta koma skýrt fram að á 62. fundi stjórnar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1979 voru þessi mál tekin sérstaklega fyrir. Þar er m.a. niðurstaðan sú í ályktun sem ráðið sendi frá sér og ég ætla að fá að lesa það, með leyfi forseta:

„Ljós tengsl eru milli heildarneyslu áfengis og tjóns af völdum neyslunnar. Þessi staðreynd gengur þvert á þá venjubundnu skoðun að drykkjusýki sé eiginleiki ákveðinna einstaklinga en ekki vandamál sem sé tengt því hversu mikið sé drukkið. Niðurstaðan af þessu er sú: aukin áfengisneysla jafngildir *auknum áfengisvanda.*"

Þessi sama stofnun birti 1980 í tímariti World Health Organization Technical Report Series grein um afstöðu stofnunarinnar og þar segir m.a. í niðurstöðu frá stofnuninni: „Þá tókst að lokum að draga mjög úr þessari miklu áfengisneyslu og því félagslega tjóni sem hún olli með markvissri stjórnun og ýmiss konar löggjöf svo sem:

1. Hömlum á sölu áfengra drykkja.
2. Styttingu á opnunartíma áfengisútsölustaða og vínveitingahúsa.
3. *Hækkuðum sköttum á áfengi.*
4. Banni við áfengissölu til ungmenna."

Síðan hafa menn hér á landi farið á skeiði í blöðum og á þingi og lýst því yfir að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi ekkert við þessa stefnu að athuga, þessa útþenslustefnu í áfengismálum. Mér finnst það í raun og veru sorglegt að ungt fólk, sem á að taka afstöðu til talna af þessu tagi þegar um er rætt jafnveigamikið mál og nú er hér inni í sölum Alþingis, skuli raunverulega leyfa sér að taka afstöðu af einhverjum tilfinningalegum ástæðum og kannski af þeirri ástæðu að fólkið veit að meiri hluti þjóðarinnar, einkum yngra fólkið, er hlynnt þessu máli. Slíkt vil ég kalla berum orðum atkvæðaveiðar sem ekki byggjast á ábyrgri afstöðu gagnvart því vandamáli sem um er rætt á þessari stundu. Það er heldur ómerkileg afstaða að því leytinu til að hún er ekki byggð á neinum staðreyndum.

En það tekur kannski enginn mark á Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem er fylgjandi bjórfrumvarpinu. Þó hefur ríkisstjórn Íslands og Alþingi undirgengist sáttmála þessarar stofnunar og hefur undirgengist að fylgja áfengismálastefnu þessarar stofnunar og hefur ákveðið sjálft að koma á fót nefnd sem á að móta áfengismálastefnu sem ekkert hefur verið gert með. En frá þessari stofnun, sem við þó eigum aðild að, hefur komið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælist nú til þess við aðildarríkin að þau í áfengismálastefnu sinni taki mið af nauðsyn á ýmiss konar hömlum. Tilmælin eiga rót að rekja til þess að sérfræðingar stofnunarinnar eru komnir á þá skoðun að aðgerðum verði að beina gegn áfenginu sjálfu en ekki aðeins ofneyslu þess. Það er í fullu samræmi við þær niðurstöður rannsókna undanfarinna ára að tjón er áfengisneyslu fylgir margfaldist ef heildarneysla eykst.

Jafnframt er áhersla lögð á að afstaða almennings til áfengis skiptir sköpum um hve alvarlegt tjónið verður.“

Afstaða almennings til áfengis skiptir sköpum. En hver á þá að vera afstaða ábyrgra þingmanna sem kjörnir eru í kosningum til að fjalla um jafnveigamikil mál og þessi? Eiga þeir að leyfa sér að ganga þvert á yfirlýstar skoðanir færustu sérfræðinga á þessu sviði, manna sem hafa fjallað um þessi mál meðal milljónaþjóða þar sem reynslan er fyrir hendi. Hún er ekki fyrir hendi á Íslandi. Kannski ættu menn, ef það hillir undir að þetta frv. verði samþykkt, að setja í það eins konar sólarlagsákvæði um það að ef áfengisneyslan aukist í framhaldi af samþykkt þessa frv. svo einhverju nemi beri að afnema lögin. Það væri svolítill kjarkur af flm. að setja slíkt ákvæði inn í frv.

Herra forseti. Ég vildi einkum og sér í lagi hnykkja á með ýmsum viðbótartölum. Ég hafði um þetta nokkuð langt mál þegar fyrra frv. þessarar lotu kom hér fram og tel því ekki ástæðu til að lengja þetta, enda er ég þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að afgreiða, á hvorn veg sem það fer. Það er óþinglegt að þvælast með svona mál í nefndum eða á milli deilda og þetta ber að afgreiða. Þeir sem fylgja þessu verða þá auðvitað að taka ábyrgðina sem fylgir því hugsanlega að auka á áfengisneysluna í þjóðfélaginu. Þetta er ekkert gamanmál þó menn fjalli þannig um það á stundum. Það er ekki gamanmál að Alþingi Íslendinga skuli samþykkja þetta, kannski með opnum augum sumir hverjir, í von um einhverja hugsanlega fylgisaukningu sem ég hygg nú að geti orðið skammgóður vermir. Menn eiga að skoða þetta mjög svo vandlega.

Ég hygg að við mundum ekki samþykkja hér á Íslandi og í þessari virðulegu stofnun umferðarlög sem bentu til þess að fleiri færust í umferðinni en ella. Það er nákvæmlega það sama sem á við um þetta mál, nákvæmlega sama áhættan.

Ég vil að lokum leggja höfuðáhersluna á að ég hef verulegar áhyggjur af því að vaxandi áfengisneysla í lægstu aldursflokkum hafi í för með sér nákvæmlega það sama og gerst hefur í ýmsum nágrannalöndum, kalli á aukna neyslu vímuefna af öðru tagi. Það eru kannski skelfilegustu hætturnar sem við horfumst í augu við. Það eru alveg klárar rannsóknir sem sýna það, meðal annars í Bandaríkjunum, ég get komið með þykka doðranta um það, að því fyrr sem unglingar byrja að neyta áfengis þeim mun meiri hætta er á að þeir hefji neyslu annarra vímuefna. Önnur rannsókn, sem ég nefndi hér áðan, hefur sýnt að aldurshóparnir sem hefja áfengisneyslu í bjórlöndum eins og t.d. Danmörku eru tveimur til fjórum árum yngri, þ.e. aldurinn er 2–4 árum lægri, en hér. Ég bendi einkum og sér í lagi á þessa hættu.

Herra forseti. Lokaorð mín í þessu máli verða þessi: Afstaða mín til bjórfrv. byggir á tölulegum staðreyndum, vísindalegum staðreyndum, ekki tilfinningalegum rökum eða tilfinningalegu mati. Og ég segi þetta að lokum: Mikil verður ábyrgð þeirra manna sem koma þessu máli í gegnum hið háa Alþingi.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér kom töluvert í opna skjöldu að lesa fréttir í Morgunblaðinu í morgun af átökum sem hér áttu sér stað á hinu háa Alþingi í umræðu um þetta nýja frv. í gærdag. Ég fór til hæstv. forseta kl. rúmlega hálffjögur og tjáði honum aðstæður mínar. Ég hafði ekki ráðið mig til einhverra annarra starfa utan þings kl. 4 heldur var ég að gegna framhaldsskyldu sem ég hafði á herðar tekið sem fyrrv. menntmrh. Hæstv. forseti tók mér af hinni mestu ljúfmennsku og lét þess getið að fyrra bragði að hann gerði ráð fyrir því að halda umræðum eitthvað áfram, svona eins og til kl. 5, en hefði svo í huga að ljúka þeim á morgun. Það var ekkert því til fyrirstöðu að ég kæmi að máli mínu við þessa umræðu. Þannig skildum við kl. 20 mínútur fyrir fjögur í gær og ég var alveg grunlaus um að hér væri ætlunin að þjösnast þannig áfram í þessu máli eins og síðar kom á daginn.

Ég sagði formanni þingflokks Sjálfstfl. frá því að ég hefði fengið samþykki hæstv. forseta við þessu. Hann var að vísu ekki ánægður með það, en hann lét sér samt lynda að vera einn af þeim sem hér óskapaðist uppi út af því að það væri ekki hægt að ljúka 1. umr. um alveg nýtt mál. Hversu gamalt var þetta mál? (**ÓE**: Það var ekki vegna þess.) Það var 1½ klukkutími sem var á milli þess að hæstv. forseti yrði að biðja um afbrigði frá þingsköpum um að fá að taka það fyrir. Þessu máli var útbýtt á mánudag. Ef menn hrista höfuðið yfir því eins og hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. er að gera ... (**ÓE**: Þurfti afbrigði?) Það hefði þurft. Það munaði 1½ klukkutíma. Þessu frv. var útbýtt á þingfundi á mánudag að því er ég gekk úr skugga um hér inni á skrifstofu Alþingis. Hæstv. forseti ætti a.m.k. að hafa gengið úr skugga um að það þarf a.m.k. að líða sólarhringur á milli þar til hann getur tekið þetta mál fyrir án þess að leita afbrigða. Svo var að vísu ekki. En þannig er fyrirgangurinn í þessu. Ég ætlaði ekki að tefja þetta mál, en ef boðið er upp í þennan dans skal ég gjarnan stíga hann við menn. Það skal ég gjarnan gera. (**ÓE:** Það var enginn að gagnrýna þig hér í gær.) Ég er ekkert að tala um það. Ég er að tala um málsmeðferð af hendi hæstv. forseta og þingflokksformannsnefnunnar í Sjálfstfl., það er ég að gera, sem var fullkunnugt um að ég hafði fengið samþykki hæstv. forseta fyrir því að þessu máli yrði ekki lokið, umræðunni yrði ekki lokið í gær. (**Forseti:** Ég vil geta þess, án þess að ég telji ástæðu til þess að endurvekja þá umræðu sem var hér í gær, að ég átti von á því að umræður drægjust á langinn um þetta mál, en hins vegar reyndust þeir færri en ég átti von á sem létu skrá sig þannig að þegar mér varð það ljóst reyndi ég að ná til hv. 4. þm. Austurl. til að tjá honum að ég hefði í huga að halda umræðunni áfram og reyna að ljúka henni. En að öðru leyti tel ég ástæðulaust að endurvekja þessar þingskapaum-

ræður vegna þess að ég tók þá ákvörðun að fresta umræðunni til þess að öll sjónarmið gætu komið fram. Ég tel ástæðulaust að endurvekja þær deilur sem hér urðu í gær út af meðferð málsins vegna þess að það hefur aldrei verið ætlunin að reka þetta mál í gegn án þess að menn fengju að tjá sig um það. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram í sambandi við þau orð sem hér hafa fallið.) Það er vonandi að Moggi taki eftir þessum ummælum hæstv. forseta og geti þá leiðrétt það að hér hafi ekki verið ætlunin að viðhafa þau vinnubrögð sem sagt er frá og beinlínis vitnað til umræðna um sem urðu í gær. Ég hafði leyfið, á þetta var fallist, það var afgreitt mál. Það fer ekki hjá því að þessi málsmeðferð öll veki hjá mér grunsemdir, og því er ég að rifja þetta mál upp, um að það hafi ekki átt að standa við gefið loforð.

Hér er á ferðinni alveg nýtt frv. Ég hef að vísu ekki nema tæpa 17 ára starfsreynslu í Alþingi og hef verið hér að vísu á stjákli í 23 ár. Ég man aldrei eftir slíkri meðferð á máli eins og hv. nefnd viðhefur með fóstur tveggja flokksbræðra minna meðal annarra þar sem málið er allt borið á bál, talið eins og það er og allur málatilbúnaðurinn að engu hafandi og ófært og ótækt.

Ég náði mér í eintak af gamla frv. áður en það var borið á bálið sem vafalaust hafa verið gefin fyrirmæli um. Ég ætla að geyma þetta því þessi málatilbúnaður er sá einstæðasti sem nokkurn tímann hefur verið borinn fram á Alþingi, rakaleysurnar með þeim hætti að fágætt er og áreiðanlega einsdæmi í þessi 958 ár sem liðin eru frá stofnun Alþingis, enda fara þeir þannig að ráði sínu, nefndin, meiri hlutinn, að kasta frv., varpa því fyrir ofurborð og flm. eru kaghýddir og hin þorstláta valkyrja, hv. 13. þm. Reykjavíkurkjördæmis, kom hér upp og kyssti á vöndinn og heyrðist smellur út á tún.

Það var ekki vegna þess að það væri ekki auðvelt í sjálfu sér að koma fram breytingum þannig að bruggun öls gæti farið fram eftir þessu gamla frv. Það sem ekki mátti sýna meir og ekki mátti byggja á, því það hafði verið rifið að grunni, hvert einasta atriði í öllum rökstuðningnum hafði verið rifið að grunni, það sem ekki mátti sýna meir var tilgangur flm., sjálfur tilgangur flm., hv. Jóns Magnússonar varaþm., hv. þm. Geirs H. Haarde, hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og hv. þm. Inga Björns Albertssonar. Það mátti ekki sýna meir tilganginn með þessu frv. Og hver var hann?

Í fyrsta lagi að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja.

Í öðru lagi að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar.

Í þriðja lagi að afla ríkissjóði tekna.

Í fjórða lagi að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum.

Í fimmta lagi að samræma fylliríið, samræma áfengislöggjöfina.

Allt stendur þetta á haus, öll þessi röksemdafærsla endilöng. Tilgangurinn var að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja. Í öllum löndum þar sem reynsla af öldrykkju er er þessi reynsla þveröfug. Aukin neysla sterkra drykkja hefur ávallt fylgt í kjölfarið. En það sem er skelfilegast af þessu öllu saman og gerir það að verkum að ég hef nú beitt mér harkalega í þessu máli, sem ég aldrei gerði við fyrri bjórfrv. þó ég væri andvígur þeim, eru hinar nýju köldu staðreyndir um að áfengið er undanfari annarrar neyslu vímuefna. Það er hin skelfilega staðreynd sem nú liggur fyrir öllum sem vilja hafa opin augun. Bjórinn er auðvitað ekkert nema áfengi, það hafa hinir nýju frumkvöðlar og flm. frv. til laga um ölið játað berum orðum, og því miður líklega lúmskasti drykkurinn af áfenginu öllu saman og eins og ég hef áður nefnt dæmi um sér í lagi í augum Íslandsmannsins sem heldur því fram í svæsinni ölvímu að hann hafi ekkert brennivín bragðað, bara öl.

Svo er það tilgangurinn í öðru lagi að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar. Þetta þarfnast ekki andsvara. Þvílíkur hráskinnaleikur er ekki í munn berandi. Að ætla að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar með því að auka áfengisneysluna er einkennilegasta röksemd sem hægt er að bera fram í þessu máli.

Í þriðja lagi á, sem ég er ekkert hissa á að hv. fyrrv. aðstoðarmaður fjmrh. skuli leggja sig í líma við, að afla ríkissjóði aukinna tekna. Staðreyndirnar eru allt, allt aðrar. Það er talið að útgjöldin vegna sölu áfengra drykkja hjá hinu opinbera séu tvöfalt til þrefalt meiri en tekjurnar af sölunni. Þetta hefur verið rannsakað vísindalega og raunar má vísa til rannsókna á öllum atriðum þessa máls þar sem blákaldar tölfræðilegar staðreyndir liggja fyrir. Þær koma allar í einn stað niður. Með því að auka áfengisneyslu þjóðarinnar er verið að baka hinu opinbera stórkostleg aukin útgjöld. Hæstv. heilbrmrh., sem hér er mættur til leiks, er áreiðanlega vís til þess að taka undir þau orð og vitna til þeirra staðreynda sem hljóta m.a. að liggja á hans borði. Þess vegna er þessi röksemdafærsla, þessi tilgangur auðvitað eins og annað sem getur á að líta í þessu makalausa frv.

Síðan ætla þeir að efna íslenskan iðnað sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum. Að vísu er nú reynsla annarra þjóða sú að það stórdregur úr drykkju gosdrykkja við framleiðslu og sölu á öli. Það er ekki stór keppur í þessari sláturtíð. En gamli Carlsberg er auðvitað kominn á vettvang og áhugi einkaframtaksins á að koma meira brennivíni ofan í þjóðina til þess að geta þénað á því er kominn á stjá. Og það er kannski tilviljun hrein að það skuli vera læknir sem er umboðsmaður Carlsbergs gamla á Íslandi. Kannski er það tilviljun ein og ætla ég ekki að leggja frekar út af því. (**ÓÞÞ:** Er hann á listanum yfir þessa 150?) En auðvitað er það bráð- og stórhættulegt ef einkagróðasjónarmið ná skriði í að ota fram áfengi að þjóðinni. Fyrir því er nú það að við höfum einkasölu ríkisins á þessu vægа eitri sem það er þó það hafi þessar skelfilegu afleiðingar sem allir menn hafa fyrir augum sem vilja hafa þau opin.

Já, og síðasti liður tilgangsins fræga var sá að samræma áfengislöggjöfina.

Meiri hl. allshn. komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að þetta væri ónothæft og til skammar fyrir Alþingi að fjalla um frv. sem fram væri flutt á slíkum og þvílíkum forsendum og varpaði því fyrir ofurborð.

Það er virðingarvert í sjálfu sér, en meðferðin á flm. er engu lík sem ég man eftir. Og ég skil nú satt að segja ekkert í formanni þingflokks míns, hv. 2. þm. Reykn., að hann skyldi ekki hafa leitt hugann að því að ungu mennirnir okkar voru nú m.a. að þessu til þess að efla sig í næsta prófkjöri, af því að þeir telja sér trú um að ölberserkir séu í meiri hluta í okkar flokki, sér í lagi hjá unga fólkinu, á hvers mið þeir ætla auðvitað að róa í næsta prófkjöri. Hefði nú mátt leiða hugann að því því að helmingurinn af flokknum okkar er nú í þessum prófkjörsslag seint og snemma.

Nei, en það var ekki verið að spara það. Þetta hugsjónamál þeirra var rifið í tætlur og þarf ekki neinn aukadóm um það meir. Meiri hluti nefndarinnar og raunar öll nefndin er sammála um að fleygja þessu fyrir borð og láta það aldrei sjást, helst að afmá það úr öllum þingskjölum. En svo er ekki ljóst hvernig það verður, hvernig mönnum tekst upp í prófkjörinu þegar keppinautarnir byrja að segja frá því að ungu mennirnir hafi nú bögglað saman bjórfrv. og hinu háa Alþingi hafi verið svo nóg boðið að það hafi rifið það sundur og ákveðið að hafa það alls ekki að neinu og búa til alveg nýtt. Formaður þingflokks Sjálfstfl. varð að ganga í það *verkefni að búa til alveg nýtt frv. til* að reyna að hindra þá skömm sem yfir dundi með þessum málflutningi. Það verður þokkalegt og ég óttast að það muni valda vökunum í Valhöll.

Ég, eins og ég sagði, ætla enga tilraun að gera til að þæfa þetta mál eða tefja framgang þess með málþófi. Ég var í þeirri stöðu einu sinni að gá að því sérstaklega að meiri hluti í Alþingi fengi að ráða og næði vilja sínum fram. Það var dálítið erfitt á köflum á árunum 1980–1983 og ég hef töluverða æfingu í því. En það tókst nú samt og ég er mjög eindregið fylgjandi því að engum aukaráðum sé beitt til þess að hið háa Alþingi og meiri hluti þess fái að ráða. *Fyrir því er það að ég hef engar ástæður til þess* eða ætlanir uppi að setja einhvern málþófsfót fyrir þetta mál. En menn verða að gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að gera með þessu. Það er þýðingarlaust að skella skollaeyrum við þeim köldu staðreyndum að með samþykkt þess ákveður hið háa Alþingi nýja áfengisstefnu. Við höfum haft áfengisstefnu um að brugga ekki og selja áfengt öl. Sú áfengisstefna hefur leitt til þess að þessi þjóð drekkur minna af vínanda en aðrar sambærilegar þjóðir, ef ég má orða það svo, til að mynda á Norðurlöndum. Þessi stefna hefur bjargað okkur frá mikilli óhamingju og er hún þó ærin fyrir í þessum málum sem allir hv. alþm. þekkja ef ekki af eigin raun þá af næsta nágranna.

Ég ætla ekki að lesa upp nafnaskrá 133 lækna. En verði þetta frv. samþykkt og þegar reynslan af því er fengin, sem verður óðar í bili, þá ætla ég að nefna *nöfnin þeirra ef mér endist aldur til.*

Og við sjáum auðvitað vinnubrögðin, þau eru alþekkt og gamalkunn, að gróðasjónarmiðið er auðvitað komið á stjá að ota sínum tota, að fá á því færi að framleiða öl og selja með góðum gróða. Það er það sem hér knýr áfram um þetta mál alveg sérstaklega og engar hugsjónir manna og allra síst ungra manna að það þurfi að auka áfengisneysluna meðal almennings. Auðvitað er þetta megindrifffjöðrin í tillöguflutningnum, peninga- og gróðasjónarmiðið. Þeir spyrja ekkert um það, umboðsmennirnir, eiturlyfjasalarnir, hvað verður um þann sem kaupir. Þeir spyrja bara um: Hvað gefur þetta í aðra hönd?

Að samþykktum þessum lögum og eftir að þau eru komin í framkvæmd munu menn taka til við að líta ofan í til hvers þessar gerðir leiddu. Það er enginn vafi á hverjar afleiðingarnar verða. Allt annað, að neita þeim köldu staðreyndum, er út í hött. Þær hafa sannast í öllum þjóðlöndum þar sem athugun á þessum málum hefur farið fram. Allar rannsóknir benda til hins sama. Allar athuganir koma í einn stað niður. Með samþykkt þessa frv. eru menn að kalla yfir sig stóraukinn áfengisvanda á Íslandi. Og svo geta þeir, ef þeim sýnist, borið fyrir sig að hér eigi að ríkja frjálsræði á sem flestum sviðum, það mega þeir ef þeim sýnist, og hið háa Alþingi eigi ekki að hafa vit fyrir mönnum eins og maður heyrir. Það geta þeir ef þeim sýnist. En ábyrgðin er gríðarleg og ég verð að segja það eins og er að *eftir það sem menn hafa fengið sannanir* fyrir um í þessum málum er það meira en lítið sorglegt ef það á nú yfir Alþingi að dynja að taka slíka ákvörðun eins og þessa. Eftir að við lifum nú á öld þessarar stórauknu fíkniefnaneyslu sem er þó hálfu verri en áfengisneyslan og leiðir til enn meiri ófagnaðar, eftir að okkur hefur verið færður heim sanninn um að áfengið skuli vera í nærri öllu falli undanfari slíks, þá ætli hið háa Alþingi að gera samþykkt um að auka áfengisneysluna hjá þjóðinni. Það er með ólíkindum næsta svo að ekki sé kveðið fastar að orði.

Ég ætla nú að leggja þraut fyrir hæstv. forseta. *Við höfum hér nýtt frv. sem er tveggja sólarhringa* gamalt og kemur ekkert málinu við þótt ónýta frv. væri þæft á fyrri dögum Alþingis í haust. Ég þarf að leggja fyrir hann þá þraut hvernig hann bregst við þeirri nauðsyn minni að fá þessu máli frestað nú í dag af því sem ég á von á mikilvægum upplýsingum sem varða málið og þurfa að komast með því til hv. allshn. þegar því verður vísað þangað. Nú gagnar ekki að vísa til þess að ég geti komið því að við síðari umræðu þessa máls af því sem, eins og ég segi, að málið gengur aftur til allshn. og þangað eiga þær upplýsingar sem ég nú býð. Nú lifir langt þings enn þá þannig að hér eru ekki hundrað í hættunni. En ég vil gjarnan fá að vita hvaða réttinda ég nýt sem þm. Ég nýt jafnmikilla réttinda sem þm. eins og ráðherr-

ar eða þingflokksformenn. Ég minni á það. Ég þarf ekki að rifja það upp. Þegar um alveg nýtt mál er að tefla og þannig stendur á fyrir mér vil ég gjarnan heyra úrskurð hæstv. forseta.

Hér þuldi fyrri ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. e., upp staðreyndir í löngu máli, las upp niðurstöður rannsókna hvaðanæva að. Og allar voru þær á eina lund. Við höfum fengið hér nýjar upplýsingar sem ég hef í höndum frá Tómasi Helgasyni prófessor og dr. med. um fræðileg rök gegn aukinni áfengisneyslu og bjórfrv. Það þyrftu þm. að gaumgæfa, þær röksemdir og staðreyndir sem þar koma fram, óyggjandi um til hvers þetta arna leiðir.

Þótt ég leggi áherslu á að hið háa Alþingi fái á því færi að taka afstöðu til þessa máls, báðar deildir helst þó ég kysi að það félli hér strax, megum við ekki hafa slíkan hraða á að ekki sé hægt að koma jafnmikilvægum upplýsingum eins og til að mynda felast í þessu nýja plaggi, spánnýja plaggi frá dr. Tómasi Helgasyni, að hinu háa Alþingi gefist ekki færi á að athuga þau sérstaklega og ekki síst hv. nefnd sem hefur með málið að gera.

En lokaorð mín eru þessi: Ég bið þessa úrskurðar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka til máls um þingsköp að lokinni ræðu síðasta ræðumanns vegna þess að þar er mjög verulega hallað réttu máli um hina þinglegu meðferð þessa máls. Auðvitað gerir hv. 4. þm. Austurl. Sverrir Hermannsson sér grein fyrir því að þetta frv., sem hér er á ferðinni, er efnislega hið sama og við fluttum nokkrir þm. í haust. 1. gr. frv. er nákvæmlega sú sama og það er hún sem skiptir meginmáli. Það var auðvitað með góðu samkomulagi við okkur flm. sem sú leið var farin að leggja hér fram nýtt frv. en ekki vegna þess að þeir sem að þessu nýja frv. standa hafi haft þá túlkun eða mistúlkun á grg. frv. í huga sem hv. 4. þm. Austurl. fór með í annað sinn á þessu þingi nú fyrir stundu. Hann nefnilega flutti þessa ræðu hér í haust. Og það voru meira að segja sömu karakterarnir í þessari ræðu. Það var Íslandsmaðurinn, það var Carlsberg gamli og það vantaði bara þennan „með geifluna niður í fang af fylliríi". En það kemur kannski við 2. umr. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því að hér eru aðeins þingsköp til umræðu en ekki efni málsins.) Já, ég vildi láta koma fram hér, herra forseti, að þessi breyting á frv. er í fullu samkomulagi við okkur flm. Hún snertir ekki efni þessa máls og gefur ekkert tilefni til ræðuhalda af því tagi sem hv. 4. þm. Austurl. leyfði sér hér að fara með og taldi einsdæmi í 958 ára sögu Alþingis.

Það sem ég vildi kannski fá að bæta við, herra forseti, er það að það er greinilegt að ýmsir hér í Alþingi, í þessari hv. deild, ætla að nota tækifærið fyrst þetta mál kemur hér aftur til 1. umr. og flytja sömu ræðurnar og þeir fluttu hér í haust og reyndar að því er mér sýnist eftir að hafa gluggað í Alþingistíðindi sömu ræðurnar sem þeir fluttu hér á Alþingi 1985 og jafnvel fyrr. Mér finnst það athugunarefni upp á seinni tíma meðferð mála í þingsölum hvort það sé svo mjög til fyrirmyndar. Og ég vildi skora á hv. þingdeildarmenn að sjá til þess að þetta mál komi til atkvæða. Ef það kemur hér til atkvæða og ef það fellur, þá er þetta mál úr sögunni í bili. En annars eru menn að kalla yfir sig að þetta mál verði tekið upp á hverju þinginu á fætur öðru, ef menn beita hér málþófi og alls kyns bolabrögðum til þess að þetta mál geti ekki komið til atkvæða með eðlilegum hætti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér gengur mjög illa að henda reiður á því hvað forseti ætlast til með vinnutíma í þessari deild. Ég hafði frá því upplýsingar í gær að þá ætti að hætta kl. 5 og vildi standa þannig að verki í dag að ég yrði ekki eins og glópur. Ég aflaði mér upplýsinga um hvað ætti hér að vera á dagskrá og það stóð þar Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. Ég frétti um þm. sem vakti til tvö við að kynna sér þessi mál. Svo þegar ég kem hingað niður eftir er verið að ræða áfengislög sem vissulega áttu að vera hér líka. En mér er forvitni á að vita: Þetta er prentað í gær, dreift í morgun. Það liggur við að það hafi verið í nótt sem hefur verið samband milli ráðherra og forseta um breytingar á þessu. Og hvers vegna er þá ekki gefin út leiðrétting á því ef svona stórmál er tekið út? Var beitt einhverjum þrýstingi við húsnæðismálaráðherra? Hefur hann fallið frá áhuga á frv.? Hvernig stendur á þessum hringlandahætti með störf þingsins?

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð síðasta ræðumanns vil ég geta þess að það komu fram óskir um að húsnæðismál yrðu ekki rædd í dag og það var í fullu samráði við félmrh. og tilkynnt í upphafi fundar að þetta mál væri tekið út af dagskrá. Hv. 2. þm. Vestf. hefði heyrt það ef hann hefði þá verið kominn til fundar. Það mátti reikna með að þau mál sem á dagskránni eru, sem voru tvö í dag, kæmu á dagskrá þannig að það var alltaf ætlunin að halda áfram þessari umræðu í dag.

Nú er það svo að forseti á ákaflega erfitt með að meta í hverju máli hvað umræður verða langar. Það er ekki ljóst fyrir fram og er erfitt að henda reiður á því. Hins vegar var ætlað ljóst að þessari umræðu yrði haldið áfram í dag. Menn hafa nú bæst á mælendaskrá þannig að það er ekki von á því að umræðunni ljúki fyrir kl. 4. Það er ekki ætlunin að halda fundi áfram lengur.

Í sambandi við þá þraut sem hv. 4. þm. Austurl. lagði fyrir mig og ég tók það sem þraut því hv. 4. þm. Austurl. er fyrrv. forseti Nd. og klókur í þingsköpum: Auðvitað hefur hann þá tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri í þessari 1. umr. Hins vegar vil ég segja að auðvitað eru þrjár umræður um hvert mál til þess að menn hafi tækifæri til að koma þar öllum sjónarmiðum á framfæri og það hlýtur hv. 4. þm. Austurl. að vita og ég veit reyndar að honum

er það fullkunnugt. Hann getur komið öllum upplýsingum á framfæri við 1. umr. vegna þess að það er sýnt að henni lýkur ekki og hann á eftir af ræðutíma sínum og rétt til að taka til máls aftur við þessa umræðu.

Ég held satt að segja að þessar umræður um vinnutíma þingsins séu algerlega óþarfar í þessu efni vegna þess að það hefur aldrei verið ætlunin, eins og ég hef margtekið fram, að níðast á hv. þm. í þessari umræðu. Ég tel ástæðulaust að halda uppi löngum þingskapaumræðum um það. En fundi verður fram haldið til kl. 4 í dag. Þá er þingflokksfundatími. Eftir það veit ég að m.a. hv. 4. þm. Austurl. hefur boðið hv. þm. að skoða Þjóðminjasafnið þannig að fundi verður ekki haldið áfram lengur en til kl. 4 í dag og vona ég að þm. séu eftir atvikum ánægðir með þá niðurstöðu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef alltaf haft þá skoðun að hér á Alþingi sitji verulega mikið af gáfufólki. Hins vegar hefur nú komið í ljós að þar situr þó nokkuð af *fólki sem sér fyrir óorðna hluti og veit hvað á eftir að* gerast. Þannig vita sumir hvort ræður sem voru fluttar í hittiðfyrra eigi enn eftir að verða fluttar það sem eftir er þessa þings. Ég verð að segja að slíkir menn hafa náttúrlega algera andlega yfirburði yfir okkur hina sem er framtíðin hulin hvað þetta snertir.

Ég hygg að það sé rétt í þeirri umræðu sem hér fer fram að reyna að hólfa örlítið í sundur það sem sagt er eftir því við hvaða flm. rætt er að því frv. sem hér er til umræðu. 1. flm. þess var hv. 2. þm. Reykn., en fyrsti sjálfboðaliði sem flm. var hv. 13. þm. Reykv., 2. þm. Morgunblaðsins. Sá þm. þarf að sjálfsögðu ekki að hlusta á mína ræðu því hún hefur nú þegar heyrt hana fyrir.

Ég vil fyrst geta þess að ég ætla að sleppa þættinum um Grænlendinga, ég ætla að sleppa honum vegna þess að mér fannst erfitt að vera Íslendingur og sitja undir þeim kafla ræðunnar og vona að hv. 13. þm. Reykv., 2. þm. Morgunblaðsins, sjái sér fært að strika þann kafla út í virðingarskyni við íslenska þjóð þó að það hafi komið mjög átakanlega fram í ræðu hv. 13. þm. Reykv. hvað hann telur drykkjusiði Íslendinga slæma.

Ég hjó sérstaklega eftir því að ræðumaður lýsti því yfir að það væri búið að innprenta Íslendingum að *drykkjuskapur væri synd og af því að ég veit að* hv. 13. þm. Reykv. er bókmenntalega sinnaður fór ég í huganum að rifja upp hvort eitthvert af skáldum þjóðarinnar hefði nú komist að þessari niðurstöðu, að drykkjuskapur væri synd. Og viti menn. Það var víst Káinn sem lýsti því yfir:

> Ég veit það er synd að súpa af stút
> og sérhverjum Íslending bannað.

En það stóð hvergi í hans fræðum að það væri nein synd að súpa af glasi þannig að þetta getur ekki verið þaðan komið. Þetta hlýtur að vera miklu dýpra og sennilega er það minn þekkingarskortur sem veldur því að ég átta mig ekki á hvaðan þetta er komið. En hins vegar, í lotningu fyrir rökum, tók ég með mér lítilræði sem Flosi Ólafsson skrifaði 9. jan. í Alþýðublaðið og þar stendur: Af sendibréfi. Hvort hér hefur átt að standa: Af sendibréfi til Guðrúnar eða ekki veit ég ekki. Það hefur þá fallið niður. Það stendur aðeins: Af sendibréfi. Og með leyfi forseta vil ég fá að lesa þetta bréf. Það er nokkuð vel stílað:

„Þegar þú færð þetta bréf, elsku vinur, þá eru jólin liðin og áramótin víst vikugömul. Maður var sem sagt að heiman um hátíðarnar og það heldur betur svo að ekki sé nú meira sagt. Það er bæði ljúft, lærdómsríkt, skrýtið og skemmtilegt að fagna jólahátíðinni og áramótunum meðal siðmenntaðra manna sem kunna að gera sér glaðan dag við létt ölteiti þar sem vinir láta vínið andann hressa og vín glóir á skál án þess að allt sé komið í bál og brand áður en menn eru búnir að renna niður. Ég hleypti sem sagt heimdraganum um hátíðarnar, hélt upp á fæðingarhátíð frelsarans og fagnaði nýju ári í þetta skipti í Danaveldi sem auðvitað er tæplega í frásögur færandi — og þó.

Þetta voru sem sagt dýrleg jól í landi hófdrykkjunnar þar sem ölið rennur hömlulaust og virðist seint af könnunni, já, þykir meira að segja sjálfsagt og er það líka áreiðanlega fyrir þá sem kunna með það að fara eða drekka það ekki. Allir voða léttir og ljúfir, brosmildir, jákvæðir og elskulegir. Ekkert þras, ekkert vesen, ekkert röfl, engin illindi. Engin vel valin sannleikskorn í jólaveislum, ekkert til að skyggja á jólaljómann á friðarhátíð barnanna, fæðingarhátíð frelsarans. Allt meira og minna let berusett, gudskelov", stendur hér. „Og þetta er það sem helst, elsku vinur, ef menn bara ástunda hófdrykkju en ekki kófdrykkju eins og við gerum á Íslandi.

Þegar ég var enn ungur að aldri tók Grímur frændi minn að sér að kenna mér þær drykkjuvenjur sem líklegt þótti að kæmu til með að henta mínum karakter á lífsleiðinni. Já, Grímur frændi var óþreytandi við að prédika fyrir mér það sem hann kallaði danskan drykkjumáta eða dönsku aðferðina.

Ég var satt að segja ekkert sérlega fljótur að tileinka mér þessi fræði Gríms sem byggð voru á jafngóðum rökum um jákvæðar aðferðir við drykkju sem leiddu til þess að menn gátu notað eftirsóknarverðustu taktík sem hugsast getur þegar verið er að neyta áfengis, hófdrykkjunnar. Hófdrykkja Gríms var einkum fólgin í því að hann drakk aldrei af stút *nema í vinnunni og fyrst á morgnana* þegar enginn sá til. Annars drakk hann jafnan úr glösum eða jafnvel úr staupum þegar hann var búinn að ná úr sér mesta skjálftanum. Þetta kallaði Grímur hófdrykkju og impóneraði mig einhver ósköp með þessari dæmalausu íþrótt þar til yfir lauk. Blessuð sé minning hans. Hann fékk brennivínsslag á besta aldri og þá var það að ég fór að láta mér detta í hug að mikil og hömlulaus hófdrykkja á danska vísu gæti verið alveg eins varasöm og frjáls aðferð. Þá var ég að vísu þroskaheftur.

Og nú var ég sem sagt þorstaheftur maður um jólin í landi hófdrykkjunnar, Danmörku, og gat eins

og með návistinni einni numið hvernig danskurinn drekkur sér til gleði, gagns og gamans á jólunum, ekki til óbóta heldur til bóta, ekki í óhófi heldur í hófi.

Þetta voru róleg og hátíðleg jól í Danmörku, sagði sjónvarpið, enginn snjór en eitthvað af björ. Mikill sálmasöngur, bænastagl, messugjörðir og guðsbarnahjal og allir í hátíðaskapi eins og vænta má þegar unað er í góðra vina hópi við ljúfa hófdrykkju þar sem ölið er hluti af elskulegheitunum.

Það var svo á þriðja í jólum sem blöðin komu með svona eins og nokkrar stikkprufur af hátíðahaldinu í Danaveldi. Það er rétt að segja það umbúðalaust, sögðu lögregluyfirvöldin, að nær öll slys, limlestingar og manndráp um hátíðarnar má rekja til áfengis eða annarrar vímu. Ég trúði því fyrst svona rétt mátulega að hér í landi hófdrykkjunnar væru menn að fara sér og öðrum að voða þó þeir fengju sér aðeins í staupinu til hátíðabrigða, en svo fór ég að fletta blöðunum og í þeim var sagt frá þó nokkrum ljúfum jólaboðum í faðmi fjölskyldunnar þar sem allt fór svo undurvel af stað, en svo virtist eitthvað hafa farið úrskeiðis í hófdrykkjunni sem Danir eru þó svo frægir fyrir, a.m.k. á Íslandi.

Í notalegum jólafrúkosti í Slagelse tók 27 ára gamall skólastrákur upp á því í ölgleði augnabliksins að berja föður sinn í höfuðið með barefli við matarborðið þar til heilinn á pabba lá úti. Þegar drengurinn var færður til yfirheyrslu hafði hann þetta að segja um föðurdrápið: Ég man ekkert, ég var fullur. Já, það er gaman að fá sér einn öllara með pabba og mömmu á jóladag.

Í Horsens bauð maður nokkur nágranna sínum til jólaveislu. Þegar þau höfðu lokið við jólasteikina og voru búin að koma sér þægilega fyrir kyrkti gestgjafinn nágranna sinn með berum höndunum og stakk síðan steikaragafflinum á kaf í þjóinn á eiginkonu hins myrta þegar hún fór að blanda sér í málið.

Í fæðingarbæ H.C. Andersen, Óðinsvéum, gerðist það líka á jóladag eftir jólafrúkostinn að bakarasveinn nokkur og mágur hans settust að öldrykkju eftir vel heppnaða máltíð. Sá vinafundur endaði með því að bakarinn stakk mág sinn með brauðhníf og var það hans bani. Þegar komið var með bakarann á lögreglustöðina sagði hann: Kan jeg ha en öl?

Á fjölskyldujólagleði í Kaupmannahöfn náði stemningin hámarki þegar afbrýðissamur hófdrykkjumaður stakk vanfæra konu sína í kviðinn með kjöthníf og framdi svo kviðristu á sjálfum sér, líklega til hátíðabrigða, og svona til að undirstrika ágæti hófdrykkjunnar.

Sumt af þessu skemmtilega ölteiti lifðu Danir þó af.

Fræg dönsk ljósmyndafyrirsæta lagði sig eftir jólafrúkostinn hjá tengdaföður sínum, líklega til að láta líða úr sér. Þegar eiginmaðurinn leit upp úr hófdrykkjunni og varð þess áskynja að konan og pabbi höfðu lagt sig náði hann í búrsaxið á heimilinu, fór inn í svefnherbergi föður síns og skar nefið af konu sinni, ljósmyndafyrirsætunni. Fegurðardísin lifði þessa ljúfu jólagleði af, en mun eftir áramótin hafa í huga að leita sér að nýju starfi.

Þetta er nú bara svona það helsta um hófdrykkjuna hér í Danmörku, hófdrykkjuna sem mér skilst að sé öðru fremur blessuðu sterka ölinu að þakka. Mér bara svona datt þetta í hug, elsku vinir, eins og svo margt annað þessa dagana. — Gleðilegt ár.“

Ég veit ekki hvort hástemmt lof hv. 13. þm. Reykv. um hófdrykkju Dana hefur verkað á einhvern hér í salnum. Það má vel vera að svo hafi verið. Mér er aftur á móti ljóst að það sem ég hef sagt verkar á engan hátt á hv. 13. þm. Reykv. því þetta vissi hún allt fyrir. Hún hafði heyrt þessa ræðu áður og þess vegna kemur þetta henni að sjálfsögðu ekki á óvart (**GHelg:** Og lesið greinina.).

Ég ætla þá að víkja frá hv. 13. þm. Reykv. þar sem hann er í sínum pistli um ágæti Dana og að þeirri stóru grein sem hv. 13. þm. Reykv., 2. þm. Morgunblaðsins, las upp úr Morgunblaðinu. Þar var sagt frá geðlækni sem hafði lagt mikla vinnu í að kynna sér áfengissiði og venjur og ástand mála. Ég verð að segja eins og er, eftir að hafa hlustað á þá grein, að ég hef mikla trú á því að umræddur maður þurfi að fá smáhvíld frá störfum. Ekki til að stunda rannsóknir á sviði geðlækninga, mér er ljóst eða trúi ekki öðru en hann sé vel að sér í þeim fræðum, en hann þurfi að fá smáfrí frá störfum til að meta hvort hann sé ábyrgðarmaður fyrir því tjóni sem af því hlýst ef hans kenningar um áfengið skyldu ekki vera réttar. Ætli honum entist ævin til þess? Ætli hann geri sér grein fyrir því að að sjálfsögðu vega hans orð þyngra en annarra? Það varð yfirlækninum hjá SÁÁ ljóst þegar hann settist niður og samdi svargrein við þessu. Til að tefja ekki tímann hér uppi ætla ég ekki að lesa þá grein. Ég veit nefnilega að hv. 13. þm. Reykv. er læs og hefur vissulega gefið sér tíma til að fara yfir þá grein líka, en þar ber ekki aldeilis saman.

Ég vil halda áfram og ræða afskipti lækna af þessu máli. Þeir sendu frá sér, 133 læknar, ályktun um bjórmálið. Þessi ályktun, sem þeir skrifa undir, vegur vissulega þungt vegna þess einfaldlega að þeir eru læknar. En hér hefur verið dálítið hik á mönnum að koma því á framfæri hverjir þetta eru. Það er eins og menn hafi talið heppilegt að það yrði ekkert skjalfest í þinginu hverjir þetta voru. Það tel ég alrangt. Ég tel mikla nauðsyn að þessi ályktun fari inn í þskj. orð fyrir orð og nöfnin á þeim öllum sömuleiðis. Með leyfi forseta vil ég lesa þessa ályktun:

„Nýlega birtist í Morgunblaðinu áskorun nokkurra prófessora við læknadeild Háskóla Íslands til þm. um bjórfrv. það sem nú liggur fyrir Alþingi. Í áskorun þessari er gefið í skyn að samþykkt frv. muni leiða til mikillar aukningar áfengisneyslu í landinu og margvíslegra vandamála sem tengjast ofdrykkju. Þar sem svo er að skilja að þessi áskorun sé birt í nafni læknastéttarinnar viljum við undirritaðir sjúkrahúslæknar og heimilislæknar benda á eftirfarandi:

Það er ekki verið að takast á um hvort áfengisneysla á Íslandi verði leyfð eða ekki. Það hefur hún verið og verður um fyrirsjáanlega framtíð. Það er því um að ræða hvort leyfa eigi mildasta form áfengra drykkja en ekki eingöngu þau sterku. Hvergi er að finna vísbendingar um að neysla bjórs sé skaðlegri heilsu manna en aðrar tegundir áfengis. Sú skoðun að bjórneysla muni alfarið bætast ofan á aðra neyslu er órökstudd og benda einu hliðstæður erlendis til þess að heildarneysla muni lítið breytast að því tilskildu að bjór verði seldur á sama hátt og annað áfengi. Þá er líklegt að neysla beinist frekar að veikari drykkjum og frá þeim sterkari. Að áliti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru virkustu ráð til að stjórna heildarneyslu markviss verðstýring og takmörkun dreifingar en ekki bann á einstökum tegundum.

Ýmsar rannsóknir benda til að samband heildarneyslu og líkamlegra og félagslegra afleiðinga ofdrykkju sé ekki eins einfalt og gefið er í skyn í ályktun prófessoranna. Nýlega birtist í Læknablaðinu faraldsfræðileg rannsókn um skorpulifur á Íslandi þar sem greinilega er sýnt fram á að tíðni skorpulifrar hefur minnkað á sama tíma og heildarneysla áfengis á Íslandi hefur vaxið. Svipuð þróun virðist hafa átt sér stað í Bandaríkjunum á undanförnum árum. Þá er einnig ljóst, ef litið er til faraldsfræðilegra rannsókna, að lítið samband er milli heildarneyslu áfengis og fjölda drykkjusjúkra. Þannig er hlutfall drykkjusjúkra svipað á Íslandi og í Bandaríkjunum þrátt fyrir mun meiri neyslu þar. Hlutfall drykkjusjúkra er og svipað á Íslandi og í Svíþjóð og Noregi, en í þeim löndum er bjór leyfður með líku fyrirkomulagi og fyrirhugað er hér á landi.

Við undirritaðir teljum því ekki ástæðu til að ætla að íslenska þjóðin muni missa fótfestuna í áfengismálum þó leyfð verði sala bjórs í áfengisútsölum."

Undir þetta skrifa: Arnaldur Valgarðsson, Reykási 1, Reykjavík, Atli Dagbjartsson, Mánabraut 3, Kópavogi, Árni Björnsson, Blátúni 4, Bessastaðahreppi, Árni Kristinsson, Kaplaskjólsvegi 52, Reykjavík, Árni T. Ragnarsson, Vesturgötu 36b, Reykjavík, Ársæll Jónsson, Deildarási 4, Reykjavík, Ásgeir Jónsson, Markarflöt 29, Garðabæ, Ásgeir Karlsson, Hofsvallagötu 49, Reykjavík, Ásgeir Theódórsson, Bleikjukvísl 24, Reykjavík, Ástráður Hreiðarsson, Hofgörðum 26, Seltjarnarnesi, Baldur Fr. Sigfússon, Safamýri 19, Reykjavík, Bjarni Hannesson, Lindarflöt 45, Garðabæ, Björn Árdal, Holtaseli 26, Reykjavík, Björn Júlíusson, Stórageröi 11, Reykjavík, Björn Magnússon, Blómvallagötu 10, Reykjavík, Bragi Guðmundsson, Fjóluhvammi 16, Hafnarfirði, Börkur Aðalsteinsson, Háaleitisbraut 95, Reykjavík, Daníel Guðnason, Sævarlandi 8, Reykjavík, Eggert Jóhannsson, Dynskógum 5, Reykjavík, Egill Jacobsen, Unnarbraut 9, Seltjarnarnesi, Einar Oddsson, Hrauntungu 35, Kópavogi, Einar Steingrímsson, Granaskjóli 31, Reykjavík, Einar Thoroddsen, Þingholtsstræti 17, Reykjavík, Eiríkur Benjamínsson, Kríuhólum 2, Reykjavík, Eyþór Björgvinsson, Laugalæk 20, Reykjavík, Friðrik K. Guðbrandsson, Frostaskjóli 32, Reykjavík, Friðþjófur Björnsson, Skriðuseli 7, Reykjavík, Geir Ólafsson, Álftamýri 35, Reykjavík, Gissur Gottskálksson, Holtsbúð 5, Garðabæ, Gísli Vigfússon, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, Grétar Ólafsson, Bergstaðastræti 62, Reykjavík, Grétar Sigurbergsson, Miðleiti 10, Reykjavík, Guðjón Baldursson, Skaftahlíð 14, Reykjavík, Guðjón Lárusson, Smáraflöt 49, Garðabæ, Guðjón Sigurbjörnsson, Safamýri 15, Reykjavík, Guðmundur Benediktsson, Seilugranda 20, Reykjavík, Guðmundur I. Eyjólfsson, Lálandi 17, Reykjavík, Guðmundur F. Guðjónsson, Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, — það verður athugað sérstaklega þegar menn bera þetta saman, sagnfræðingar seinni tíma, hver dagsetningin var á þessari undirskrift, — Guðmundur M. Jóhannesson, Hjallaseli 1, Reykjavík, Guðmundur Jónmundsson, Dalsbyggð 4, Garðabæ, Guðmundur Oddsson, Vallarbraut 12, Seltjarnarnesi, Gunnar J. Barregaard, Brekkubæ 30, Reykjavík, Gunnar Biering, Geitlandi 3, Reykjavík, Gunnar H. Guðmundsson, Smáraflöt 13, Garðabæ, G. Snorri Ingimarsson, Dalbraut 3, Reykjavík, Hafsteinn Sæmundsson, Breiðvangi 13, Reykjavík, Halldór Steinsen, Tjarnarflöt 11, Garðabæ, Haraldur Briem, Reykjahlíð 33, Reykjavík, Haukur Árnason, Langholtsvegi 112b, Reykjavík, Hjalti A. Guðbjörnsson, Drápuhlíð 35, Reykjavík, Hlédís Guðmundsdóttir, Fellsmúla 7, Reykjavík, Hannes Finnbogason, Hlíðarbyggð 8, Garðabæ, Hjörtur Sigurðsson, Bergstaðastræti 68, Reykjavík, Hrafnkell Helgason, Vífilsstöðum, Garðabæ, Hróðmar Helgason, Reynimel 62, Reykjavík, Hörður Bergsteinsson, Eiðistorgi 3, Seltjarnarnesi, Höskuldur Baldursson, Hvassaleiti 129, Reykjavík, Ingimundur Gíslason, Rauðagerði 29, Reykjavík, Ingvar Kristjánsson, Mýrarási 9, Reykjavík, Jóhann Guðmundsson, Mávanesi 14, Garðabæ, Jóhann L. Jónasson, Hofteigi 8, Reykjavík, Jóhann Ragnarsson, Sjafnargötu 5, Reykjavík, Jóhann Björnsson, Tómasarhaga 45, Reykjavík, Jóhannes Gunnarsson, Þrastarlundi 11, Garðabæ, Jóhann Benediktsson, Bergstaðastræti 42, Reykjavík, Jón Þ. Hallgrímsson, Búlandi 27, Reykjavík, Jón V. Högnason, Sörlaskjóli 15, Reykjavík, Jón Níelsson, Selbraut 17, Seltjarnarnesi, Jón L. Sigurðsson, Fjólugötu 3, Reykjavík, Jón B. Stefánsson, Geitlandi 1, Reykjavík, Jónas Magnússon, Miðleiti 1, Reykjavík, Katrín Fjeldsted, Hólatorgi 4, Reykjavík, Kjartan Magnússon, Hrísmóum 1, Garðabæ, Kjartan Magnússon, Miðbraut 27, Seltjarnarnesi, Knútur Björnsson, Hjallabraut 9, Hafnarfirði, Kristinn Jóhannsson, Lindarseli 9, Reykjavík, Kristján Erlendsson, Vaðlaseli 12, Reykjavík, Kristján Eyjólfsson, Hringbraut 10, Reykjavík, Kristján Róbertsson, Breiðvangi 68, Hafnarfirði, Kristján Sigurðsson, Hjallalandi 24, Reykjavík, Kristján Sigurjónsson, Kjartansgötu 10, Reykjavík, Kristján Steinsson, Laxakvísl 27, Reykjavík, Leifur Bárðarson, Reynimel 25, Reykjavík, Magni Jóns-

son, Heiðarási 12, Reykjavík, Magnús Guðmundsson, Háaleitisbraut 36, Reykjavík, Magnús R. Jónasson, Hvassaleiti 70, Reykjavík, Magnús Ólafsson, Stigahlíð 69, Reykjavík, Níels Níelsson, Hávallagötu 51, Reykjavík, Ólafur Örn Arnarson, Víkurströnd 11, Seltjarnarnesi, Ólafur Einarsson, Helgubraut 11, Kópavogi, Ólafur Eyjólfsson, Öldutúni 3, Hafnarfirði, Ólafur Bjarnason, Geitlandi 17, Reykjavík, Ólafur Gunnlaugsson, Selvogsgrunni 23, Reykjavík, Ólafur Jónsson, Hellulandi 4, Reykjavík, Óskar Arinbjarnarson, Hjarðarhaga 34, Reykjavík, Páll Ammendrup, Brautarási 15, Reykjavík, Páll Ásmundsson, Hvassaleiti 131, Reykjavík, Páll Eiríksson, Arnartúni 17, Garðabæ, Páll Stefánsson, Hjallaseli 7, Reykjavík, Páll Þórhallsson, Hagamel 43, Reykjavík, Pétur Lúðvíksson, Reynimel 35, Reykjavík, Reynir Tómas Geirsson, Safamýri 91, Reykjavík, Sigmundur Magnússon, Steinavör 4, Seltjarnarnesi, Sigurður Björnsson, Bergstaðastræti 78, Reykjavík, Sigurður Guðmundsson, Álftamýri 69, Reykjavík, Sigurður Þ. Guðmundsson, Barðaströnd 1, Seltjarnarnesi, Sigurður V. Sigurjónsson, Markarflöt 28, Garðabæ, Sigurgeir Kjartansson, Langholtsvegi 76, Reykjavík, Stefán Dalberg, Nesbala 60, Seltjarnarnesi, Stefán Jónsson, Prestbakka 11, Reykjavík, Stefán Karlsson, Reyðarkvísl 13, Reykjavík, Stefán Ólafsson, Víðimel 68, Reykjavík, Stefán Skaftason, Blikanesi 17, Garðabæ, Stefán Jónsson, Selbraut 12, Seltjarnarnesi, Svavar Haraldsson, Vogalandi 13, Reykjavík, Sævar Halldórsson, Vesturbrún 21, Reykjavík, Uggi Agnarsson, Frostaskjóli 19, Reykjavík, Viðar Hjartarson, Barðaströnd 47, Seltjarnarnesi, Viktor Sighvatsson, Barónsstíg 63, Reykjavík, Þorgeir Jónsson, Sunnubraut 29, Kópavogi, Þorkell Bjarnason, Fornuströnd 10, Seltjarnarnesi, Þorvaldur V. Guðmundsson, Víðihvammi 22, Kópavogi, Þóra F. Fischer, Sörlaskjóli 24, Reykjavík, Þórarinn Arnórsson, Suðurhólum 8, Reykjavík, Þórarinn Ólafsson, Smáragötu 10, Reykjavík, Þórarinn Sveinsson, Hvassaleiti 38, Reykjavík, Þórður Sverrisson, Ægisíðu 92, Reykjavík, Þórður Helgason, Sunnuvegi 11, Reykjavík, Þórir Ragnarsson, Lundarbrekku 8, Kópavogi, Þráinn Rósmundsson, Þverárseli 22, Reykjavík, Þröstur Laxdal, Háaleitisbraut 21, Reykjavík, Örn S. Arnaldsson, Sæbraut 19, Seltjarnarnesi.

Þetta eru nöfnin á mönnunum sem skrifuðu undir þessa ályktun og verði það frv. samþykkt sem hér liggur fyrir vænti ég þess að sagan muni dæma það svo að þessir menn hafi komið því til leiðar og þjóðin hlýtur þess vegna að snúa sér að þeim með þakkir eða athugasemdir fari nú ekki á allt þann veg sem þeir boðuðu. Það eru örfá atriði í þessari ályktun sem ég vil undirstrika sérstaklega.

Þegar ég heyrði ályktun prófessoranna við læknadeild Háskóla Íslands varð ég hvergi var við það að þeir væru að tala fyrir hönd allra lækna á Íslandi, hvorki datt þeim það í hug eða þeir töldu sig þurfa þess.

Það þurfti þess vegna ekki þessa ályktun til að leiðrétta slíka hluti. Ég veit ekki hver hefur misskilið það á þann veg en það held ég að sé alveg ljóst, íslenska þjóðin gerði sér grein fyrir því að það voru aðeins prófessorarnir sem voru með þá ályktun. Hins vegar er dálítið skondið að sjá hér að þeir tala um nokkra prófessora við læknadeild Háskólans.

Hér er svo vikið að öðrum hlutum sem mjög orka tvímælis í þeirra röksemdafærslu. Á Íslandi greiðir íslenska þjóðin daggjöldin á Vogi. Haldið þið að slíkt tryggingakerfi sé í Bandaríkjunum til að taka á móti? Það er nú aldeilis ekki. Ætli þeir hendi svo mjög reiður á þeim einstaklingum sem falla frá í göturæsunum og koma aldrei á heilbrigðisstofnanir? Ætli þeir séu með nákvæma skrásetningu yfir þetta? Ég segi nei, ég segi nei.

Hv. 13. þm. Reykv. rengdi tölur Hagstofunnar um drykkju Íslendinga. Ég hallast að sumu leyti til að gera það líka. Ég held að sá þáttur sem stóraukinn ferðamannastraumur til Íslands á í aukningu á hinum skráðu tölum áfengisneyslu sé algjörlega ómetinn. Þess vegna dreg ég það mjög í efa að hægt sé að tala um að Íslendingar hafi verið að auka sína drykkju að undanförnu. Ég dreg það mjög í efa.

Ég dreg líka í efa að það séu nokkur rök í ályktun þessara lækna að drykkjuvandamál Íslendinga séu hlutfallsleg við Bandaríkin. Ég tel þau miklu minni hér á landi. Það ber hins vegar miklu meira á þeim af því að þjóðin borgar meðferðarkostnaðinn. Ætli það væri ekki hægt að fylla ansi mörg hælin þar úti ef menn tækju upp á því að greiða þennan meðferðarkostnað? Jú, það er ábyggilega ekkert vafaatriði.

Svo komum við að hinu sem hlýtur að skoðast hér líka. Hvort er nú meira mark takandi á nokkrum prófessorum eða 133 læknum? Mig langar eiginlega að víkja norður fyrir heiðar, norður í Norðurlandskjördæmi vestra þegar Björn Pálsson var þar í framboði. Þá var þar hópur af lögfræðingum í framboði og til þess að ná tökum á þeim sameiginlega tók hann lögfræðistéttina fyrir. Þetta voru hinir mætustu menn. Þetta var Eyjólfur Konráð, þetta var Jón Þorsteinsson og þetta var Ragnar Arnalds, hv. 4. þm. Norðurl. v. (**Gripið fram í:** Og Ólafur Jóhannesson.) Og ekki má gleyma Ólafi Jóhannessyni. Ólafi líkaði illa þessi stöðuga árás á lögfræðingana og það var sáttafundur þar sem Stefán Guðmundsson kosningastjóri sat og rætt var um það hvort hægt væri að hætta þessum árásum á lögfræðingana. Ólafur krafðist þess eiginlega að það yrði látið af þessari iðju. Þetta væru bara venjulegir menn þótt þeir hefðu þessa menntun, alveg eins og læknarnir hér eru venjulegir menn þótt þeir hafi þessa menntun. Björn féllst á þetta, að hætta því að ráðast á lögfræðingana en í hita leiksins er stundum erfitt að muna eftir góðum áformum og hvort það var á Skagaströnd eða annars staðar að hann var kominn vel á skrið með að hýða þá saman lögfræðingana að þá er hrópað framan úr salnum: Hvað með Óla Jó? Hvað með Óla Jó? — Hann er prófessor, hann er prófessor, sagði Björn. Og það

fór ekkert á milli mála að hann lagði það ekkert að jöfnu hvort menn væru lögfræðingar eða prófessorar. Það var ekki það sama í hans huga. Og ég verð að segja eins og er, með fullri virðingu fyrir þessum læknum: Ég legg það nú ekki að jöfnu hvort það eru prófessorar eða læknar enda, ef ég gerði það, ætti náttúrlega að leggja Háskólann niður og láta læknana taka sér lærlinga og leysa þessa læknafræðslu í landinu á þann hátt. (Gripið fram í.) Nú er svo komið að það mikla prúðmenni hv. 2. þm. Reykn. fær ekki þagað í sæti sínu.

Þá kem ég að hans þætti í þessu máli og það verður að segjast eins og er, með fullri virðingu fyrir hv. 2. þm. Reykn., að mér fannst hálfgerð olíumalarlykt af þessu máli. (**ÓE:** Á að hlæja núna?) Ekki geri ég það, nafni minn, en olíumalarlyktin var ekki til að bæta mitt skap. (Gripið fram í.) Já, en sumir hafa lifað það að hún hefur orðið hrein martröð og þeir átta sig á því að enda þótt þeir teldu að allt væri nú satt og rétt fóru hlutirnir á annan veg þegar farið var að framkvæma þá. Ég ætla ekki að bera það á hv. 2. þm. Reykn. að hann telji að hann sé að vinna íslenskri þjóð bölvun með frv. Það ætla ég ekki að bera á hann. Ég er sannfærður um að hann mundi aldrei flytja frv. ef hann teldi að það yrði til bölvunar fyrir íslenska þjóð. Það hvarflar ekki einu sinni að mér að hann láti skoðanakannanir hafa áhrif á sig í þessu máli. Ég tel hann of sjóaðan í íslenskum stjórnmálum til þess. Ég tel að hann trúi því, því miður, að hann hafi rétt fyrir sér. Hann færði í sinni ræðu rök fyrir því að hann væri orðinn sannfærður um það að það væru engin einhlít læknisfræðileg rök til í þessu máli. Vissulega er ekkert skrýtið þó að menn hugsi svo þegar fram koma jafnólíkar skoðanir og hafa birst á prenti frá læknastéttinni um þetta mál. Vissulega er ekkert skrýtið þó að menn hugsi svo. En þegar við skoðum svo á línuriti áfengisneysluna á Norðurlöndum — og þá vil ég byrja á að geta þess að ég tel að Danir drekki ekki jafnmikinn bjór og talað er um á þessu línuriti. Ástæðan er sú að ég tel að bæði Svíar og Norðmenn kaupi verulegt magn af bjór í Danmörku fyrir utan það að mikill straumur ferðamanna er í þessu landi. Engu að síður blasir það við að bjórdrykkjan er með álíka mikið áfengismagn og neyslan á almennum vínum.

Ég er dálítið hræddur um að það fari eins fyrir þeim sem taka nú öldrykkjuna upp eins og ágætum vini mínum sem ætlaði að hætta að reykja og til þess að ná nú í nikótín þá ákvað hann að taka í nefið og svo endaði það með því að hann bæði tók í nefið og reykti.

Það er ekkert sem bendir til þess að okkar reynsla í þessum efnum verði mikið á annan veg en t.d. hjá Svíum. Það er ekkert sem bendir til þess. Mér er ljóst að það er hvorki endir þessa lands eða menningar þó að menn taki upp neyslu á bjór. Ég vil hins vegar vekja athygli á öðrum hlutum. Í dag á Ísland þá mannvænlegustu æsku sem nokkurn tímann hefur verið til í þessu landi og hennar afrek á sviði íþrótta, hvort heldur líkamlegra eða andlegra, eru svo stórkostleg að ég held að þau efli sjálfstraust hvers einasta Íslendings. (**Forseti:** Ég vek athygli ræðumanns á því að nú er fundartími liðinn en vil inna hann eftir hvort hann á eftir langt mál. Ef hann á það eftir munum við fresta fundi. Ef hann vill hins vegar ljúka máli sínu mun ég gefa honum tækifæri til þess.) Mér er, herra forseti, ekki nauðsyn að ljúka máli mínu en ég á ekkert mjög langt mál eftir. (**Forseti:** Er það ein eða tvær mínútur eða innan við fimm mínútur?) Ætli það séu ekki svona 10–15 mínútur. (**Forseti:** Þá munum við fresta umræðu.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

50. fundur, fimmtudaginn 25. febr., kl. 10 árdegis.

Hvalarannsóknir, ein umr.

Fsp. GHelg, 232. mál. — Þskj. 524.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Sá tími sem samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um stöðvun hvalveiða náði til er nú óðum að styttast, en hann rennur út eins og kunnugt er í árslok 1989. Bannið tók gildi 1. jan. 1986. Allan þennan tíma hafa Íslendingar samt ásamt nokkrum öðrum þjóðum haldið áfram hvalveiðum án þess að séð yrði að hagsmunir væru hafðir í fyrirrúmi við þær ákvarðanir eða virðing þjóðarinnar í alþjóðlegu samstarfi. En um þau sjónarmið mín höfum við hæstv. sjútvrh. átt margan málfund og verður tímans vegna þar að vísa til fyrri umræðna í þingtíðindum.

Í samningi Hafrannsóknastofnunar og Hvals hf., sem gildi tók 1. jan. 1986, segir svo í 3. gr., með leyfi forseta:

„Árleg veiði árin 1986–1989 er áætluð 80 langreyðar og 40 sandreyðar. Endanleg ákvörðun um árlegt veiðimagn verður tekin af Hafrannsóknastofnun fyrir upphaf hvers almanaksárs."

Alþingi tók á sínum tíma þá ákvörðun að mótmæla ekki ákvörðun um stöðvun hvalveiða og samþykkti að tími sá sem bannið stæði yfir skyldi nýttur til rannsókna á hvalastofninum. Nútímarannsóknir á hvölum og ferli þeirra í lífríkinu beinast fremur að rannsóknum á lifandi dýrum en dauðum eins og þeir vita sem mest og best hafa unnið að slíkum rannsóknum. Áætlanir Íslendinga um veiðar í vísindaskyni hafa því verið harðlega gagnrýndar öll þessi ár þó að enginn efi um réttmæti þeirra hafi búið um sig í huga hæstv. sjútvrh. Hygg ég þó að þekking hans á ástandi hvalastofna geti vart verið meiri en þekking mín sem þýðir að hún er ekki önnur en sú sem lesa má sér til í ritum þeirra

vísindamanna sem eytt hafa starfsævi sinni í rannsóknir á þessu stærsta dýri jarðarinnar.

Enginn íslenskur vísindamaður hefur yfir slíkri þekkingu að ráða. Um réttmæti áætlunarinnar um veiðar í vísindaskyni skal þó ekki deilt hér heldur er fsp. mín fram komin vegna þess að Alþingi á rétt á að fá í hendur árlega hina samningsbundnu árlegu endurskoðun sem þó hefur ævinlega orðið að ganga eftir að lögð yrði fram.

Öll þessi ár hefur jafnframt verið ljóst að erfiðleikum hefur verið háð að koma á markað þeim 49% hvalaafurðanna sem leyfilegt er að selja úr landi. Hafa Íslendingar orðið fyrir margs konar niðurlægjandi aðgerðum vegna þeirra og nægir að minnast stöðvunar hvalkjötsfarms í Hamborg sem sendur var síðan heim aftur, að ekki sé minnst á heldur rislitlar síendurteknar ferðir hæstv. ráðherra og embættismanna hans til Bandaríkjanna til að biðja Íslendingum griða í þessu leiða máli. Allt hefur þetta verið okkur hér á hinu háa Alþingi til lítils sóma hérlendis sem erlendis og nokkurt undrunarefni hversu skeytingarlausir hv. þm. hafa í raun og veru verið um framvindu þessa máls. Hafa menn jafnvel ekki gert athugasemd við það að fyrirspyrjanda var meinað að sitja ráðstefnu hvalveiðiþjóða sem haldin var hér í Reykjavík fyrr í vetur þó að þar ættu í hlut þjóðir sem ekki veiða í vísindaskyni heldur í beinu trássi við yfirlýsta stefnu Alþingis í hvalveiðimálum. Að því verður raunar komið seinna.

Að þessu sögðu hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. sem hér liggur frammi á þskj. 524 og er 232. mál þingsins. Hún hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„1. Hefur áætlun um hvalarannsóknir samkvæmt samningi sjútvrn. við Hval hf., sem tók gildi 1. janúar 1986, verið endurskoðuð fyrir árið 1988 eins og samningurinn gerir ráð fyrir?

2. Getur ráðherra upplýst hversu mörg dýr og hvaða tegundir er ráðgert að veiða á yfirstandandi ári?

3. Á hvaða rannsóknarþætti var megináhersla lögð á sl. ári og hvaða þætti hyggjast menn rannsaka á þessu ári?

4. Hvert var heildarmagn hvalaafurða árin 1986 og 1987 og hversu mikið af því hefur verið selt úr landi?"

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi hefur nú farið allmikið út fyrir þá fsp. sem hér hefur verið borin fram og vænti ég þess að vegna þess geti ég aðeins komið inn á það og einnig farið þá út fyrir fsp. og svarað því þá eftir að ég hef lokið að svara hinni formlegu fsp.

Í svari mínu við fsp. um sama efni í Sþ. 3. febr. 1987 var athygli fyrirspyrjanda vakin á því að samningur sá, sem vitnað er til og gerður var í því skyni að auka vísindalega þekkingu á ástandi hvalastofna hér á landi og skapa nauðsynlegan grundvöll fyrir árið 1990 til endurmats á áhrifum veiðistöðvunar, er á milli Hafrannsóknastofnunar í Reykjavík annars vegar og Hvals hf., Miðsandi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, hins vegar. Þetta er endurtekið hér því að fsp. ber með sér að þessar upplýsingar hafi ekki náð eyrum fyrirspyrjanda og má vera að það sé að einhverju leyti um aðrar upplýsingar í þessu máli að þær eigi stundum erfitt með að ná eyrum hv. fyrirspyrjanda.

Vík ég þá að 1. tölul. Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins og skal ósk þar að lútandi hafa borist gagnaðila fyrir 15. janúar hvers árs. Hvorugur samningsaðila setti fram ósk um endurskoðun samningsins innan þessara tímamarka. Hafrannsóknastofnun gerir hins vegar ráð fyrir að árleg endurskoðun rannsóknaáætlunar taki mið af gangi og niðurstöðum rannsóknanna og fjárhagsstöðu þeirra. Stefnt er að því að þeirri endurskoðun ljúki í maí nk.

2. Á yfirstandandi ári er ráðgert að veiða 80 langreyðar og 40 sandreyðar, enda leiði endurskoðun rannsóknaáætlunar ekki til annarrar niðurstöðu.

3. Á sl. ári fóru fram afar ítarlegar rannsóknir á öllum hvölum sem landað var í Hvalfirði. Gerðar voru athuganir á aldri og viðkomu dýranna, fæðu þeirra og orkuástandi þar sem tekin voru m.a. mismunandi vefjasýni til mælinga á hitaeiningagildi vefja og fæðu skepnunnar og líffæri þeirra vegin í rannsóknaskyni. Haldið var áfram athugunum á eggjahvítusamsetningu og erfðamörkum nokkurra hvalategunda ásamt svokölluðu DNA eða erfðaefnisrannsóknum sem nú virðast opna nýja möguleika á þessu sviði. Ljóst er að jafnítarleg og reglubundin sýnasöfnun og nú er framkvæmd í tengslum við veiðarnar á sér vart hliðstæðu og mun efniviðurinn gera kleift að stunda margvíslegar rannsóknir er að gagni koma.

Á sl. ári voru gerðar nokkrar breytingar á gagnaöflun á sjó í tengslum við veiðarnar sem auka mun nytsemi reglubundinna skráninga á hvölum á skipunum og gera samanburð við önnur talningargögn auðveldari. Jafnframt var haldið áfram öflun upplýsinga um ástand umhv rfisþátta á miðunum og sýnum safnað í þeim tilgangi.

Íslendingar höfðu forustu um framkvæmd umfangsmestu hvalatalninga sem framkvæmdar hafa verið á Norður-Atlantshafi í júní og júlí 1987. Talningarnar fóru fram samkvæmt hvalrannsóknaáætluninni á svæðinu milli Íslands og Grænlands allt í kringum land, norður fyrir Jan Mayen og suður af Írlandi. Samstarf tókst við Norðmenn, Færeyinga, Grænlendinga og Spánverja sem lögðu til skip og flugvélar og jók þetta mjög gildi rannsóknanna sem náði til stórs hluta Norðaustur-Atlantshafs allt frá Svalbarða suður að ströndum Spánar. Jafnframt tóku vísindamenn frá Japan, Bretlandi og Bandaríkjunum þátt í rannsóknunum ásamt fulltrúum frá Alþjóðahvalveiðiráðinu sem sérstaklega var boðin þátttaka.

Á Íslandsmiðum var talið úr flugvél með svipuð-

um hætti og sumarið 1986 og staðfesta athuganir fyrri niðurstöður um fjölda og útbreiðslu hrefnu á grunnslóð við landið. Þrjú skip okkar önnuðust talningar á djúpslóð og bendir allt til að tilraun þessi hafi skilað verulegum árangri.

Eins og undanfarin ár voru háhyrningar athugaðir með ljósmyndunartækni á síldveiðimiðunum austan lands. Rannsóknir þessar miða að aukinni vitneskju um fjölda og útbreiðslu háhyrninga við landið, afrán þeirra á síld og tengsl þeirra við háhyrninga annars staðar á Norður-Atlantshafi. Úrvinnsla sýna og talningar gagna fer fram jafnóðum þar sem m.a. liggur mikið starf að baki við tölvuvæðingu gagna og prófun þeirra. Flestar rannsóknanna eru langtímaverkefni og verða niðurstöður kynntar í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins næsta vor í sem endanlegustu formi eftir því sem tilefni gefur til.

Rannsóknirnar í Hvalfirði 1988 munu í flestu verða með mjög svipuðu sniði og í fyrra. Talið er of snemmt að efna til endurtekinna talninga á þessu ári þar sem lokaniðurstöður liggja ekki enn fyrir. Hins vegar er gert ráð fyrir atferlisrannsókn á hrefnu sem bæta á túlkun talninganiðurstaðna sl. árs. Jafnframt er hafinn undirbúningur að umfangsmiklu verkefni þar sem ætlunin er næsta haust að fylgjast með göngum langreyðar og sandreyðar vestur af Íslandi úr flugvél í allt að þrjá mánuði.

4. Heildarmagn hvalafurða sl. ár er eftirfarandi í kg nettó:

1986: Hvalkjöt 2 157 700 kg. Aðrar hvalafurðir: 1 720 700 kg. 1987: Hvalkjöt 1 888 800 kg og aðrar hvalafurðir 1 517 100 kg. Útfluttar hvalafurðir 1986: Hvalkjöt 1 046 277. Aðrar hvalafurðir 533 343. 1987: Hvalkjöt 799 384 og aðrar hvalafurðir 424 706.

Vænti ég að ég hafi þar með svarað þeirri fsp. sem hv. þm. kom hér með, en ég vildi aðeins út af orðum hennar um að við stunduðum hér enn hvalveiðar benda henni á að hér er verið að stunda vísindalega starfsemi og þetta er talið nauðsynlegt til að sinna því. Og ég mótmæli sífelldum útúrsnúningum hennar í þessu sambandi um að hér sé staðið niðurlægjandi að málum. Þá tel ég vera mest niðurlægjandi, eins og kemur fram í orðum hv. þm., að það eigi að hlíta í einu og öllu því sem öfgahópar erlendis leggja til í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Það er með hreinum ólíkindum hvað fsp. mínar um hvalveiðideiluna fara í skapið á hæstv. ráðherra, þessum annars gæfa og prúða manni, og það hvarflar ekki að mér að fara að rífast við hann hér. Ég held að við, ég og hæstv. ráðherra og þingheimur allur, eigum hér sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Það var hins vegar ýmislegt sem kom fram í svari hæstv. ráðherra, sem ég að sjálfsögðu þakka, sem vekur athygli. Hann minntist t.d. ekkert á fyrirhugaðar hrefnuveiðar. Ég vil þess vegna spyrja hvort fyrirhugað sé að veiða hrefnu eða ekki. Einhvern veginn er hrefnan fallin út úr allri þessari umræðu.

Það vekur einnig athygli mína að það stendur ekki til að endurskoða áætlunina og þess vegna stendur óbreytt talan 80 langreyðar og 40 sandreyðar. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þm. á því að það er aukning um 20 sandreyðar vegna þess að það var aldrei veiddur fullur kvóti á sl. ári. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telur það nú einmitt það sem við þurfum varðandi útflutning okkar og önnur viðskipti að það sé hægt að setja á herðar okkar að við séum að auka hvalveiðar.

Auðvitað ber að fagna þeim rannsóknum sem farið hafa fram á lifandi dýrum og hvalatalningar eru auðvitað af hinu góða og sú aðgerð öll hin prýðilegasta, en eftir stendur að það er ekki bara ég, virðulegi forseti, sem dreg í efa gildi hinna vísindalegu rannsókna á dauðum dýrum. Það eru ærið margir aðrir og mér viturri einstaklingar um allan heim. Það er nú einu sinni eðli skynsams fólks að efast og heldur lítið merki um þekkingu manna að halda því fram að þeir viti alla skapaða hluti. Ég hef aldrei haldið því fram að ég hafi hugmynd um ástand hvalastofna. Ég hef hins vegar fulla ástæðu til að hlýða á það ef hundruð virtustu vísindamanna um heim allan og þeir sem mesta þekkingu hafa á ferli hvalanna í lífríkinu óttast um afkomu stofnsins. Þá sé ég ekki annað en hver einasti þjóðkjörinn þm. hljóti að hlusta á það og hafa af því verulegar áhyggjur.

Þriðja atriðið sem ég hnaut um í upplýsingum hæstv. ráðherra ef hér er ekki um að ræða prentvillu ... (**Sjútvrh.:** Kíló.) Já, ég skil það, hæstv. ráðherra. En skil ég það svo að þarna muni um 3000 kg á útflutningnum 1986 og 1987 varðandi hvalkjöt. Ég bið aðeins um skýringu á þessum tölum á eftir og ástæður fyrir því.

Í Morgunblaðinu í dag er þó nokkuð löng grein um svokallaðar vísindaveiðar Japana og viðbrögð Bandaríkjamanna við þeim. Nú er beðið eftir ákvörðun um hvort beita eigi Packwood/Magnússon-lögunum varðandi refsiaðgerðir gegn Japönum. Ég vil því spyrja að lokum: Hefur hæstv. ráðherra engar áhyggjur af því að ef svo skyldi fara að Japanar yrðu beittir refsiaðgerðum vegna vísindaveiða sinna kunni það jafnframt að bitna á Íslendingum? Ég verð að játa að ég hef það. Og ég læt ekki í þessu máli fyrr eða síðar, hæstv. ráðherra, afgreiða mig með uppblásinni þjóðrembu. Ég mun svo sannarlega vinna að því eins og ég hef ævinlega gert að koma hernum úr landi, en ég ætla ekki að gera það með afstöðu minni í hvalamálinu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spurðist fyrir um hrefnu. Því er til að svara að það hefur ekki verið tekin ákvörðun í því sambandi og engir samningar um það gerðir. Hins vegar hefur ekki verið fallið frá fyrirætlunum um rannsóknir á hrefnustofninum og mun það mál verða tekið inn í endurskoðun áætlunarinnar, en eins og ég tók fram í svari mínu sagði ég að endurskoðun rannsóknaráætlunarinnar stæði yfir

og þeirri endurskoðun ljúki í maí nk. þannig að það ætti að hafa verið nokkuð skýrt að ég sagði frá því að það væri verið að endurskoða þessa áætlun.

Hv. fyrirspyrjandi vitnaði til hundraða virtustu vísindamanna. Ég bendi hv. fyrirspyrjanda á að ræða við þá vísindamenn okkar sem starfa að þessum málum. Eru þeir að störfum á Hafrannsóknastofnuninni í sérstöku húsnæði þar. Vænti ég þess að hv. fyrirspyrjandi hafi komið í þá stofnun fyrir nokkru og kynnt sér þessi rannsóknarmál, eins og ég veit að allir þingflokkar munu annaðhvort hafa gert eða ætla sér að gera.

Að lokum spurðist hv. þm. fyrir um hvort ég hefði engar áhyggjur af því að við yrðum beittir refsiaðgerðum. Ég hef að sjálfsögðu áhyggjur af því og ég vænti þess að það hafi komið nokkuð skýrt fram í umræðum að undanförnu. En hitt er svo annað mál að ég tel ekki að slíkar áhyggjur eða slíkar hótanir megi koma í veg fyrir nauðsynlega þekkingarleit nema menn vilji almennt vera í miðaldamyrkri í þessum málum sem því miður fjölmargir vísindamenn og kannski þessi „hundruð vísindamanna um allan heim", eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, vilja gjarnan gera. Það er því miður svo að margir þessara vísindamanna vilja vera áfram í myrkrum miðalda.

Raforkuframleiðsla, ein umr.

Fsp. EG, 236. mál. — Þskj. 528.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 528 að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi raforkuframleiðslu. Það vakti óneitanlega athygli margra í löngum og samfelldum frostakafla um daginn, þegar orkukerfi Landsvirkjunar gekk mjög vel, hafði nægt vatn þrátt fyrir frost, að dísilstöðvar út um allt land voru látnar ganga stundum nótt sem nýtan dag á sama tíma og í kerfi Landsvirkjunar var næg orka að ég hygg. Því hef ég beint svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Hver var kostnaður Rafmagnsveitna ríkisins við raforkuframleiðslu með dísilvélum í janúar 1988?

2. Hver hefði kostnaður Rafmagnsveitna ríkisins orðið ef orkan sem framleidd var með dísilvélum hefði verið keypt skv. taxta Landsvirkjunar?

3. Hve miklu meiri var afl- og orkuframleiðslugeta Landsvirkjunar í janúar 1988 en nam orkusölu fyrirtækisins í þeim mánuði?"

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. á þskj. 528, það eru þrjár fsp., vil ég segja þetta:

1. spurning: Hver var kostnaður Rafmagnsveitna ríkisins við rafokuframleiðslu með dísilvélum í janúar 1988? — Svarið er: 5,8 millj. kr. Áætluð framleiðsla dísilvéla í janúar 1988 vegna lækkunar afltopps var 1,6 gwst. Áætlaður framleiðslukostnaður er 3,60 kr. á hverja kwst. og þess vegna er kostnaðurinn samtals 5,8 millj. kr.

2. spurning: Hver hefði kostnaður Rafmagnsveitna ríkisins orðið ef orkan, sem framleidd var með dísilvélum, hefði verið keypt skv. taxta Landsvirkjunar? — Svarið við þessari spurningu er: 36,6 millj. kr. Áætluð lækkun aflkaupa í janúar 1988 var 19,21 mw., áætluð lækkun aflkaupa í heild fyrir árið 1988, sem orsakast af lækkuninni í janúar, er þess vegna 4,8 mw. eða 19,21 deilt með 4. Aflverð frá Landsvirkjun er 7,626 millj. kr. á mw. og kostnaðurinn er þess vegna 36,6 millj. kr. Það þýðir að Rafmagnsveitur ríkisins hafa sparað sér liðlega 30 millj. kr. með því að framleiða raforku með dísilvélum á þessu tímabili.

3. spurning: Hve miklu meiri var afl- og orkuframleiðslugeta Landsvirkjunar í janúar 1988 en nam orkusölu fyrirtækisins í þeim mánuði? — Svar við þessari spurningu er að orkuvinnsla Landsvirkjunar í janúar 1988 var um 388 gwst. samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun, en orkuvinnslugetan er talin vera u.þ.b. 10% hærri. Mesta aflálag í janúar 1988 var um 600 mw. Aflgeta Landsvirkjunar í vatns- og jarðgufustöðvum að frádregnu því umframafli sem jafnan þarf að vera í gangi vegna rekstraröryggis eða svokallað reiðuafl er um 7% hærri eða um 640 mw.

Ég vil, herra forseti, í lokin aðeins segja að gert hefur verið munnlegt samkomulag á milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins þannig að varla þarf að koma til þess á næstunni að Rafmagnsveitur ríkisins þurfi að keyra dísilvélar til að lækka afltoppa.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. skýr og greinargóð svör.

Það var athyglisvert sem hann sagði síðast, þ.e. ég skildi ummæli hans svo, að það væri úr sögunni þetta fáránlega fyrirkomulag sem var í janúar og ber vissulega að fagna því, þ.e. þegar við notum innflutta sovéska olíu til að framleiða raforku með kostnaði sem er tæpar 6 millj. kr., en ef Rafmagnsveitur ríkisins hefðu átt að kaupa þessa orku af Landsvirkjun á gildandi töxtum hefði kostnaðurinn verið 36,6 millj. kr. Þetta sýnir auðvitað svo ekki verður um villst að eitthvað er bogið við þessar verðskrár og það meira en lítið. Ég er ekki að gagnrýna Rafmagnsveitur ríkisins, síður en svo. Þetta er bara einföld vörn og skynsamleg rekstrarráðstöfun af þeirra hálfu. En hins vegar eru þessir taxtar þá rammvitlausir. Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að samkomulag hafi tekist um að nú skuli látið af þessu og þessu muni linna. Það var tími til kominn.

Tjón á ljósleiðurum, ein umr.

Fsp. RA, 191. mál. — Þskj. 220.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Um nokkurt skeið hefur Landssíminn lagt ljósleiðara í jörð víða um land af miklu kappi. Þegar hafa verið lagðir um 300 km, en það er aðeins byrjunin því eftir mun að leggja um 1300 km af þessum leiðurum. Ljóst er að viðgerð á leiðurum er óvenjulega dýr. Hver viðgerð kostar mörg hundruð þúsund kr. Einnig er ljóst að óbeint tjón, sem orðið getur vegna þess að leiðarinn slitnar, getur orðið enn meira. Hins vegar er kannski nokkuð óljóst um bótaskyldu af óbeinu tjóni í slíkum tilvikum.

Þessir ljósleiðarar hafa verið lagðir víða um byggð ból, en hins vegar hafa eigendur lítt verið spurðir hvort þeir vildu fá þessa þræði í lönd sín. Mér skilst að lengst af hafi ekki verið gerðir neinir samningar við landeigendur þegar ljósleiðarar hafa verið lagðir. Því er það þannig að menn eru komnir með inn á sig viðkvæmar leiðslur og er ljóst að það er dýrt spaug fyrir menn ef þeir lenda í því að valda skemmdum á þessum leiðurum, jafnvel þótt af gáleysi sé.

Þetta hefur valdið áhyggjum víða um land og dálitlum vangaveltum meðal manna. Fsp. er að sjálfsögðu sprottin af þessum umræðum. Menn gera sér grein fyrir því að bótakröfur geta hugsanlega komið efnalitlu fólki á vonarvöl og því er ekki óeðlilegt að spurt sé eins og hér er gert:

„1. Ber sá ótakmarkaða ábyrgð á tjóni sem verður fyrir því óhappi að slíta af gáleysi ljósleiðara sem síminn er að leggja í jörð víða um land?

2. Er ekki nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði í lög um merkingar á legu ljósleiðara, ábyrgð á tjóni, t.d. um hámarksábyrgð þeirra sem tjóni valda, og hugsanlegar tryggingar þar sem bótakröfur gætu numið óvenjulega háum fjárhæðum?“

Síðan er hér viðbótarspurning. Sú fyrri var til hæstv. samgrh., en viðbótarspurningin yrði þá til hæstv. félmrh. en af sama tilefni. Ráðuneytið gaf sem sé út úrskurð þann 4. ágúst sl. og þessi úrskurður kom nokkuð á óvart, en hann fjallaði einmitt um samskipti Landssímans og skipulagsyfirvalda varðandi lagningu ljósleiðara. Úrskurðurinn verður varla skilinn öðruvísi en svo að Skipulagi ríkisins sé m.a. skylt að fá samþykki Landssíma Íslands fyrir nýju eða breyttu skipulagi, þar sem byggt er á skipulagsskyldum stöðum sem og stöðum sem ekki eru skipulagsskyldir, ef jarðstrengur Landssímans liggur á því svæði sem skipuleggja á. Því finnst mér ekki óeðlilegt að spyrja hvort þessi úrskurður ráðuneytisins kalli ekki á breytingu á gildandi skipulagslögum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Tveimur af þremur spurningum á þskj. 220 er beint til samgrh. Varðandi nr. 1 er þeirri spurningu svarað játandi og vísað til 2. málsgr. 11. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984. Skv. þeirri grein ber sá ótakmarkaða ábyrgð sem óvænt eða af gáleysi hefur valdið skemmdum á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra. Honum ber að greiða allan kostnað sem af því leiðir, bæði beinan og óbeinan, t.d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi. Honum ber einnig að tilkynna Póst- og símamálastofnun um allar skemmdir. Hins vegar er ýmislegt gert til að koma í veg fyrir tjón. T.d. fer Póst- og símamálastofnunin fram á það við framkvæmdaaðila að þeir kanni gaumgæfilega hvort jarðrask á framkvæmdastað geti valdið skemmdum á símastrengjum og er hún ávallt reiðubúin að senda menn á staðinn endurgjaldslaust til að finna og merkja alla strengi sem gætu legið um eða við væntanlegt framkvæmdasvæði.

Sem svar við nr. 2: Fyrri hlutinn fjallar um nauðsyn sérstakrar lagasetningar um merkingar ljósleiðara. Ekki er talið nauðsynlegt að setja ákvæði í lög um merkingar ljósleiðara og er það stutt eftirfarandi rökum: Nú eru í gildi leiðbeiningar um umgengni við símastrengi frá Póst- og símamálastofnun til landeigenda og ábúenda ábýlisjarða. Leiðbeiningarnar, sem eru frá ágúst 1987, fjalla m.a. um merkingar símastrengja. Flestir strengir utan þéttbýlis eru í dag merktir með merkihælum og enn fremur eru til teikningar af legu strengja sem landeigendur og framkvæmdaaðilar fá afrit af. Helsta undantekningin frá þessu er þegar landeigendur hafa óskað eftir því að ekki séu merkihælar á ræktuðu landi, enda er ávallt haft samráð við landeigendur um legu strengja.

Eins og áður segir er Póst- og símamálastofnunin ávallt reiðubúin að senda menn á viðkomandi staði endurgjaldslaust til að finna og merkja sérstaklega alla strengi sem gætu legið um eða í nálægð framkvæmdasvæða. Um síðari hluta spurningarinnar, hugsanlega lagasetningu um takmörkun á ábyrgð tjónvalds og skyldutryggingar, er því til að svara að ekki sýnist ástæða til slíkrar lagasetningar, enda undantekning í íslenskum rétti. Hætta á tjóni á ljósleiðurunum er ekki meiri en annars staðar. Hins vegar er rétt að benda á að menn eiga kost á að tryggja sig gegn slíku og geta því takmarkað áhættu sína á þann hátt.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í þeirri fsp. sem hér er fram borin er um að ræða efni 3. tölul. sem til mín er beint, en spurt er um hvort úrskurður félmrn. dags. 4. ágúst 1987 varðandi samskipti Landssímans og skipulagsyfirvalda um lagningu ljósleiðara kalli á breytingar á gildandi lögum.

Úrskurður ráðuneytisins frá 4. ágúst 1987, sem til er vitnað, er svar við fsp. byggingarfulltrúans í

Skagafjarðarsýslu um hvort Póst- og símamálastofnun þurfi að fá samþykkt sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar ríkisins fyrir staðsetningu jarðlínulagna eða símastrengja í jörðu. Niðurstaða ráðuneytisins um að samþykki skipulagsyfirvalda sé ekki nauðsynlegt til umræddra framkvæmda var m.a. byggð á því að lagnir þær sem hér um ræðir hefðu ekki áhrif á útlit umhverfisins og féllu ekki undir byggingarframkvæmdir í skilningi skipulagslaga og að fjarskiptalögin væru sérhæfð lög gagnvart skipulagslögum og yngri en þau.

Í úrskurðinum segir enn fremur að ráðuneytið hafi beint þeim tilmælum til samgrh. að settar verði reglur um samráð og umgengni við landeigendur í stað einhliða leiðbeininga Póst- og símamálastofnunar. Það gerði ráðuneytið sama dag eða 4. ágúst sl.

Vegna þessa máls hefur það verið skoðun mín að skipulagslög þyrftu að geyma fyllri ákvæði en núgildandi lög gera, m.a. um dreifikerfi rafmagns og síma, lagningu vega, virkjunarmannvirki og hafnarmannvirki. Í ráðuneytinu hefur verið til athugunar frv. til nýrra skipulagslaga og er brýnt að gefnu tilefni að það ákvæði skipulagslaga sem kveður á um dreifikerfi rafmagns og síma, lagningu vega, virkjunarmannvirkja og hafnarmannvirkja fái í þeirri umfjöllun sérstaka skoðun.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum fyrir svör þeirra. Það var jákvætt svar sem samgrh. gaf við fyrstu spurningunni. Menn bera ótakmarkaða ábyrgð á öllu því tjóni sem af verður ef þeir slíta ljósleiðara af gáleysi og þá ber auðvitað að hafa það í huga að menn virðast ekki geta neitað því að slíkir leiðarar séu lagðir um lönd þeirra þannig að þarna er lögð á menn talsverð ábyrgð sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að mundi á þeim hvíla þegar þeir keyptu landið eða eignuðust það. Mér finnst nú satt að segja lítil huggun fyrir menn að þeir eigi kost á því að tryggja sig gegn slíku og geti þannig takmarkað ábyrgð sína því að hætt er við að ekki verði almennt um það að ræða og reyndar kostnaður sem því fylgir. Menn þurfa að borga tryggingariðgjöld og þar með er verið að leggja á menn kostnað sem menn reiknuðu ekki með að á þeim mundi lenda.

Hæstv. ráðherra svaraði að ekki væri ástæða til að setja ákvæði í lög um merkingar á legu ljósleiðara. Ég er ekki alveg sammála þessari niðurstöðu. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að líta nánar á þessa hlið málsins og líta reyndar nánar á hvort ekki verði að takmarka hámarksábyrgð manna í þessu sambandi. Almennt gildir held ég um þetta nýja svið hið fornkveðna að gott er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Og þó að engin mál hafi enn komið upp af þessu tagi, þá gætu þau átt eftir að koma upp, fleiri en eitt og fleiri en tvö og verða talsverð flækja áður en lýkur.

Hæstv. félmrh. gerði grein fyrir úrskurði ráðuneytisins sem ég ætla út af fyrir sig ekki að gagnrýna sérstaklega. Það er vafalaust rétt að hér var um að ræða sérhæfð lög og yngri sem sett voru eftir að skipulagslög voru sett og þar af leiðandi voru þau talin ná lengra. Það er hins vegar alveg ljóst að valdsvið Landssímans virðist fleyga valdsvið skipulagsyfirvalda með allsérkennilegum hætti. Ég er því algjörlega sammála ráðherranum um það að gagnlegt væri að setja í skipulagslög fyllri ákvæði um framkvæmdir opinberra aðila eins og Pósts og síma, Vegagerðar og annarra slíkra aðila þannig að þessi mál liggi skýrar fyrir en þau gera nú.

Ég þakka að öðru leyti fyrir.

Söluskattur af íslenskum kvikmyndum, ein umr.

Fsp. SvG, 233. mál. — Þskj. 525.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Þegar söluskattsmálin voru hér til meðferðar í vetur, aðallega matarskatturinn, þá fylgdu nokkur önnur atriði og um það sagði í grg. með söluskattsfrv. sem birtist frá fjmrn.: „Þær undanþágur sem verið hafa við lýði en falla nú niður eru þessar ...“ Svo voru þær taldar upp og meðal þessa var aðgangseyrir að sýningum á íslenskum kvikmyndum.

Af þeim ástæðum hef ég borið fram þessa fsp. á þskj. 525:

„Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur ríkisins af íslenskum kvikmyndum á árinu 1988?“

En um þessi mál segir í söluskattslögunum í fyrsta lagi að í 6. gr. eru talin upp þau atriði sem undanþegin eru söluskatti. Þar segir, með leyfi forseta: Kvikmyndir, sem keyptar eru eða leigðar til sýninga í kvikmyndahúsum eða sjónvarpsstöðvum, sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar, eru allar undanþegnar söluskatti.

Í b-lið 6. gr. segir enn fremur um undanþágur að þar sé undanþegið sala listamanna á eigin verkum, enn fremur sala á einkarétti eða höfundarrétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan tekur einungis til sölu höfundar á hugverkinu.

Á það hefur verið bent að samkvæmt þessu undanþáguákvæði sé ekki hægt að innheimta söluskatt af kvikmyndum þegar kvikmyndagerðarmenn eru sjálfir í miðasölunni að selja miða á viðkomandi bíómynd. Því er spurt: Hve mikið innheimtist samkvæmt áætlun af íslenskum kvikmyndum í ár og hvernig á að haga innheimtunni?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Spurt er: Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur ríkisins af íslenskum kvikmyndum á árinu 1988?

Tölur um það verða vart nefndar nema með miklum fyrirvörum. Líklegt er talið að tvær íslenskar

kvikmyndir verði frumsýndar á árinu. Sé reiknað með því að samtals 40 000 áhorfendur kaupi sig inn á þær myndir og aðgangseyrir með söluskatti verði 450 kr., þá má ætla að söluskattstekjur verði 3,6 millj. kr. Um söluskattstekjur af endursýningum á eldri myndum er nánast ekkert hægt að segja annað en það að áætlaðar tekjur eru mjög óverulegar.

Það ber síðan að taka fram að þetta er byggt á heldur óvissum upplýsingum, en mundi þó ekki vera fjarri lagi að því er varðar nýjar íslenskar kvikmyndir.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. 3,6 millj. kr. er það sem þessi lagabreyting þýddi fyrir ríkissjóð og hlýtur vissulega að vera alveg stórkostlegur hvalreki fyrir hæstv. fjmrh. að geta náð inn öllum þessum peningum af íslenskum kvikmyndum í von um að það verði tvær frumsýndar á þessu ári og áhorfendur að þeim verði 40 þús.

Þegar söluskattslögin voru sett í vetur þá var það talið upp að eftirfarandi þættir væru teknir undir söluskatt: aðgangseyrir að gufubaðsstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum, svo og að útisamkomum og að sýningum á íslenskum kvikmyndum, svo og vélbinding heys.

Ég taldi enga ástæðu til að spyrja um alla þessa þætti, t.d. útisamkomurnar, né heldur taldi ég ástæðu til þess að inna eftir því hvaða pólitísk afstaða lægi á bak við það að rukka sérstaklega söluskatt af útisamkomum eða af íslenskum kvikmyndum. En ég bendi á að þessi ákvörðun er auðvitað í hrópandi ósamræmi við hátimbraðar ræður hæstv. forsrh. aftur og aftur um nauðsyn þess að efla, bæta og þróa hið íslenska nýja myndmál. Það er alveg bersýnilegt að þær yfirlýsingar eru aðeins orð en ekki athafnir og þar af leiðandi markleysa.

Ég bendi á að við þm. Alþb. fluttum hér við meðferð þessara mála í báðum deildum þingsins tillögu um að fella niður söluskatt af íslenskum kvikmyndum. Og til vara fluttum við tillögu um það að ef innheimtur yrði söluskattur af íslenskum kvikmyndum þá yrði hann látinn renna í Kvikmyndasjóð. Þessar tillögur okkar voru báðar felldar og athyglisvert var í þeirri svarræðu hæstv. fjmrh., sem ég þakka hér að öðru leyti fyrir, það sem hann flutti hér áðan, að hann nefndi það ekki einu orði hvernig ætti að fara að því að innheimta söluskatt af íslenskum kvikmyndum ef kvikmyndagerðarmenn nota þá aðferð, sem bæði Hrafn Gunnlaugsson og Þráinn Bertelsson hafa bent á, að þeir muni sjálfir setjast í miðasölurnar og rukka, en sala listamanna á eigin verkum beint til neytenda er söluskattslaus samkvæmt öðrum ákvæðum í söluskattslögunum. Þannig sýnist mér ákvæðið í fyrsta lagi auðvitað andmenningarlegt en í öðru lagi sennilega óframkvæmanlegt líka.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þegar spurt er með hvaða hætti söluskattur af sýningum á innlendum kvikmyndum verði innheimtur þá er svarið mjög einfalt. Það verður gert með nákvæmlega sama hætti og um aðrar kvikmyndasýningar, enda var hér um að ræða að fella niður undanþágur og hafa á því samræmt kerfi.

Tekjuöflun er, eins og fram hefur komið, mjög óveruleg og skiptir ekki sköpum fyrir þróun þessa iðnaðar. En á það má benda af gefnu tilefni að meiri hluti Alþingis ákvað að hækka mjög verulega framlög í Kvikmyndasjóð eða um 20 millj. kr.

Söluskattur af heilsurækt, ein umr.

Fsp. SvG, 234. mál. — Þskj. 526.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Aðeins varðandi síðasta málið, sem hæstv. fjmrh. nefndi hér með kvikmyndirnar, vil ég leyfa mér að segja að með því að innheimta söluskatt af kvikmyndum með þeim hætti sem hann upplýsti þá er bersýnilega verið að brjóta í bága við b-lið 6. gr. söluskattslaganna sem fjallar um sölu listamanna á eigin verkum. Það verður þokkalegt ef listamannasamtökin þurfa að höfða mál gegn hæstv. fjmrh. en það gæti orðið óhjákvæmilegt í sambandi við þetta atriði.

Í þessum tölulið dagskrárinnar, herra forseti, legg ég hér fram fsp. sem er svona:

„Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur íslenska ríkisins 1988 af heilsurækt?"

Fyrirspurnin er borin fram í tilefni af nýsamþykktum söluskattslögum þar sem gert er ráð fyrir því að eftirfarandi þættir verði nú söluskattsskyldir sem hafa áður verið söluskattslausir, þ.e. aðgangseyrir að gufubaðsstofum, nuddstofum, ljósastofum og heilsuræktarstofum. Fsp. er líka borin fram vegna þess að í söluskattslögunum er ákvæði um það að aðgangseyrir að starfsemi íþróttafélaga er undanþeginn söluskatti. Því spyr ég hæstv. fjmrh. rétt eins og hér áðan:

Í fyrsta lagi: Hvað ætlar hann að hafa mikið af heilsurækt í ríkissjóð þetta ár, árið 1988?

Í öðru lagi ætla ég að spyrja hann að því hvernig hann ætlar að fara að því að innheimta þetta án þess á sama tíma að brjóta gegn lagaákvæðum um það að íþróttafélögin séu söluskattsfrjáls.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Spurt er: Hverju nema áætlaðar söluskattstekjur íslenska ríkisins árið 1988 af heilsurækt? Svarið er það að söluskattstekjur af starfsemi heilsuræktarstöðva, þar með talið ljósastofur, nuddstofur og gufubaðsstofur, eru áætlaðar á bilinu 80–90 millj. kr. á árinu 1988.

Að svo miklu leyti sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja innheimtu þessara gjalda þá verður það að sjálfsögðu gert.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Í b-lið 6. gr. laga um söluskatt segir svo í tölul. 9 að undanþegið sé frá söluskatti: lækningar, þar með taldar ljós- og nuddlækningar. Og í tölul. 14. stendur: „Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum er undanþeginn söluskatti."

Ég sé ekki betur en ef það gerðist sem spurst hefur og sagt hefur verið frá í blaðafréttum að einstaklingar hyggist stofna íþróttafélög um heilsuræktarstarfsemi af ýmsu tagi, þá geti fjmrh. ekki innheimt söluskattinn. Og það verður einkar fróðlegt líka fyrir hann að undanþiggja meðferð á ljósa- og nuddlækningastofum söluskatti og greina hana frá almennri meðferð af því tagi sem ekki er samkvæmt læknisráði. Það verður fróðlegt þegar embættismenn fjmrh. fara inn á ljósastofurnar og nuddstofurnar að skoða og tékka: Er verið að nudda þig samkvæmt læknisráði? Er verið að lýsa þig samkvæmt læknisráði? Eða er þetta einkaframtak? Baðstu um það sjálfur án ráðleggingar frá lækni að þú yrðir nuddaður eða upplýstur? Ef hvort tveggja er án læknisráðs þá rukkar fjmrh. Ef menn aftur á móti sýna tilvísun frá sérfræðingi eða lækni þá eru þeir ekki rukkaðir. Og þetta er hið einfalda, skilvirka, pottþétta 100%-söluskattskerfi, ergo óframkvæmanlegt, herra forseti.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Það gleður mig alveg sérstaklega að nú kveður við annan tón hjá hv. 7. þm. Reykv. Hann gerist nú innblásinn andstæðingur þess að viðhalda undanþágum á söluskattskerfi sem að hans mati leiða til þess að það verður mjög torvelt að innheimta eðlileg gjöld af slíkri starfsemi. Ég er afar þakklátur fyrir þessar ábendingar. Hins vegar læðast að mér efasemdir um það hvort hv. þm. hefur í þessu máli gerst sérstakur talsmaður þeirra manna sem opinberlega lýsa áformum sínum um það að brjóta lög og þá skattalög sem Alþingi hefur nýlega sett. Það tel ég hins vegar ekki til fyrirmyndar.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Vont er að setja vitlaus lög, óréttlát lög, eins og lögin um matarskatt, skatt á kvikmyndir og heilsurækt. En verst er þó þegar löggjafinn er að burðast við að setja lög sem almenningur blæs á og segir að séu óframkvæmanleg. Það er ekki fallið til þess, eða hvað herra forseti, að efla virðinguna fyrir löggjafarvaldinu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir málflutning fyrirspyrjanda og leggja mikla áherslu á það að miðað við þær upplýsingar sem komið hafa um starfsemi sem þá sem hann gerði hér að umræðuefni, þá þarf að endurskoða þessar nýju söluskattsreglur. Það er alveg tvímælalaust meira rugl í þeirri innheimtu núna en nokkurn tímann hefur verið áður.

Raforkuverð, ein umr.

Fsp. EG, 237. mál. — Þskj. 529.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 529 leyft mér að bera fram stutta fsp. til hæstv. iðnaðar- og orkumálaráðherra:

„Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að draga úr húshitunarkostnaði með raforku?"

Tilefni þessarar fsp. er fyrst og fremst það að nú verður vart mjög vaxandi óánægju hjá landsbyggðarfólki, sem verður að hita hús sín með raforku, með það hversu mjög þetta hefur hækkað að undanförnu.

Ég gæti sett hér á langan talnalestur með samanburðartölum. Ég ætla ekki, herra forseti, að gera það. Ég ætla aðeins að nefna tvö dæmi. Miðað við núverandi verð á gasolíu án olíustyrks er niðurgreitt vatnsorkuverð frá Orkubúi Vestfjarða 31,25% hærra en óniðurgreidd gasolía. Enn hníga hér rök að því að það sé ódýrasti hitunarkostur fyrir okkur að nota sovéska olíu fremur en íslenskt vatn og íslenskt rafmagn. Þetta var fyrra dæmið. Síðara dæmið er um sambærileg hús vestur á Hellissandi og í Reykjavík, hús af svipaðri stærð og byggð á svipuðum tíma, hús sem eru rúmlega 500 m^3 að stærð. Og hér er miðað við júlíverðlag. Samkvæmt júlíverðlagi kostaði 253 kr. á dag að hita húsið á Hellissandi eða 92 þús. kr. á ári. Í Reykjavík var sambærilegur kostnaður um 60 kr. á dag eða um 22 þús. kr. á ári, þannig að munurinn á hitunarkostnaði þessara tveggja fjölskyldna er 70 þús. kr. á einu ári. Og því spyr ég:

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að draga úr húshitunarkostnaði með raforku?

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur lagt fram svohljóðandi fsp.:

„Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að draga úr húshitunarkostnaði með raforku."

Að undanförnu hefur nokkuð árviss umræða um hátt verð á raforku til húshitunar blossað upp. Ástæðurnar fyrir því að hún kemur upp á þessum árstíma eru aðallega tvær: Í fyrsta lagi eru nú nýafstaðnar gjaldskrárhækkanir. Gert er ráð fyrir að hækkun á gjaldskrá, sem varð 1. des. sl., dugi þetta ár miðað við forsendur fjárlagafrv. um þróun verðlags og óbreytt verð raforku frá Landsvirkjun.

Í öðru lagi er nú kaldasti árstíminn. Í því sambandi ber að geta þess að víðast hvar úti á landi er lesið af

mælum oft á ári, sums staðar mánaðarlega, og eru hitareikningar því af eðlilegum ástæðum hæstir á kaldasta árstíma. Sums staðar er að vísu lesið sjaldnar af mælum, en reikningar eru miðaðir við áætlaða notkun á hverjum árstíma. Í Reykjavík hins vegar er lesið af mælum einu sinni á ári og ársnotkun skipt í jafna hluta þegar reikningar eru sendir út. Þetta er ég ekki viss um að öllum sé ljóst. Það er að vísu þannig að húshitunarkostnaður á höfuðborgarsvæðinu er mun lægri en hjá Rafmagnsveitum ríkisins t.d., en munurinn er ekki eins mikill og samanburðartölur gefa til kynna þegar verið er að nefna dæmi um háa reikninga úti á landsbyggðinni, enda er það athygli vert að slíkur samanburður heyrist varla á sumrin.

Hv. fyrirspyrjandi gat um dæmi frá Hellissandi ef ég man rétt og sagði að það kostaði 92 þús. kr. á ári að hita 500 m^3 íbúð. Ég hef hér fyrir framan mig tölur frá Rafmagnsveitum ríkisins sem eru meðaltalstölur. Þar kemur í ljós að meðalupphitunarkostnaður hjá RARIK á 150 m^2 íbúð sem er 400 m^3 er 5 þús. kr. á mánuði eða 60 þús. kr. á ári. Þannig að þetta dæmi er sjálfsagt fyrir ofan meðaltal, en húsið er þar að auki nokkuð stórt.

Þegar fjárlög voru lögð fyrir þingið var lögð áhersla á að þau yrðu hallalaus. Reynt var að draga úr útgjöldum ríkisins svo sem kostur var. Einn liðurinn í því var að draga úr niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar og var upphæð sem til þess var ætluð lækkuð úr 230 millj. eins og hún var 1987 í 200 millj. kr. í ár. Man ég ekki að komið hafi tillögur um breytingar á því frá þm. Alþfl., hvorki frá hv. fyrirspyrjanda né öðrum. Þvert á móti greiddu þeir atkvæði gegn tillögum um hækkun niðurgreiðslna sem og aðrir hv. þm. stjórnarflokkanna, en slíkar tillögur komu að sjálfsögðu fram. Ég bendi á í þessu sambandi að hæstv. fjmrh. og hv. formaður fjvn. eru einmitt úr þeim þingflokki sem hv. fyrirspyrjandi stýrir.

Í þessu sambandi má rifja upp, og ég nefni þetta vegna þess að þetta mál var til umræðu í fjvn. og tek það fram að iðnrn. hafði ekki á móti því að auka niðurgreiðslur vegna rafhitunar, ummæli hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv. Þar gerir hann yfirtöku ríkissjóðs á skuldum vegna orkumannvirkja að umtalsefni og segir m.a. að ríkissjóður *hafi yfirtekið 8,4 milljarða kr. vegna þessara framkvæmda.* Þetta er miðað við verðlag í september á sl. ári. Síðan segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Með yfirtöku ríkissjóðs á þessum skuldum er í raun verið að færa greiðslubyrðina af mannvirkjum frá orkunotendum til skattgreiðenda.“ — Og fjmrh. kemst að þeirri niðurstöðu sem ekki skal vefengd, með leyfi forseta: „Ef orkugeiranum hefði verið afhent skuldasúpan eða öllu heldur hann haldið henni, 8,4 milljörðum kr., frá næstu áramótum og miðað við að vextir væru 6,5% og lánstími 20 ár, sem má ætla að sé um það bil meðallíftími mannvirkja, þyrfti að hækka gjaldskrá almennrar raforkunotkunar um fimmtung til að bera uppi þessi lán.“ Hér lýkur þessari tilvitnun. En fjmrh. heldur áfram og segir síðar:

„Allar þessar yfirtökur ríkissjóðs af orkugeiranum fela í sér að raforkuverð í landinu endurspeglar ekki þann kostnað sem liggur að baki þess. M.ö.o.: raforkuverð í landinu er falsað og þykir þó mörgum nóg um hversu hátt það er.“ Hér lýkur tilvitnuninni í orð hæstv. fjmrh. sem hann viðhafði í fjárlagaræðu sinni.

Þegar gerðar voru athugasemdir við ræðu hæstv. fjmrh. svaraði hann því til að ríkissjóður þurfi að greiða 1900 millj. kr. í vexti og afborganir vegna yfirtöku ríkissjóðs af skuldum orkugeirans. Og síðan segir hæstv. fjmrh.:

„Niðurstaða mín var í grófum dráttum sú að ef skuldasúpan væri flutt yfir til orkugeirans þyrfti að hækka almennt raforkuverð í landinu um fimmtung og mætti þá lækka tekjuskatta einstaklinga um rúm 20%.“

Herra forseti. Mér hefur gengið svo illa að lesa svarið að ég á eftir nokkrun hluta svarsins og kannski það sem skiptir máli vegna fsp. Ég mun freista þess að halda áfram þangað til aftur verður hringt bjöllu eða þá fá að koma aftur í ræðustól og flytja síðari hluta svarsins. (**Forseti:** Hv. ræðumaður er kominn fram úr sínum tíma, en hann hefur um það að velja að halda núna áfram í þessum ræðutíma eða síðari. Það sem hann fer fram úr núna verður dregið frá síðari.) Ég þakka hæstv. forseta þennan salómonsdóm og held ég þá áfram.

Eins og fram hefur komið hér á Alþingi hefur hv. alþm. Kjartan Jóhannsson tekið saman grg. um rekstrarhorfur RARIK og kemst hann að þeirri niðurstöðu að skuldir RARIK muni aukast um 200 millj. kr. á þessu ári að öllu óbreyttu og verði skuldir fyrirtækisins þá orðnar um 1200 millj. kr. í árslok. Það er því útlit fyrir að ríkið þurfi að yfirtaka meiri skuldir orkugeirans.

Orkubú Vestfjarða á nú við svipaðan fjárhagsvanda að etja. Vandi þessara fyrirtækja nú á aðallega rætur að rekja til þess að verðjöfnunargjald af raforku, sem þessi tvö fyrirtæki nutu góðs af, var afnumið án þess að þau væru jafnsett eftir og áður. Viðræður standa nú yfir milli iðnrn. og fjmrn. um hvort ríkið eigi að yfirtaka þeirra skuldir að öllu eða hluta þannig að þær fari ekki út í orkuverðið, en slíkt mundi leiða til u.þ.b. 15% hækkunar á rafhitunarkostnaði og reyndar öllu rafmagnsverði.

Í fskj. með till. til þál. um stefnumörkun í raforkumálum, sem flutt var af þm. Alþb., kemur fram að miðað við byggingarvísitölu er áætlað meðalverð í ár um 84% af því sem það var 1980 og er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Það er að vísu nokkuð hærra en þrjú undanfarin ár, fór niður í tæp 77% árið 1986. Rafmagnsverð til heimilisnota hefur hins vegar aldrei verið lægra en nú ef skoðaður er tíminn frá 1980. Ef miðað er við verðlag í janúar ár hvert er það nú um 95% af því sem það var í janúar 1980 miðað við byggingarvísitölu. Ef rafhitunarkostnaður er hins vegar borinn saman við þróun

launa á sama tímabili og miðað við verð í janúar ár hvert er rafhitunarkostnaður nú um 83% af því sem hann var í janúar 1980 og hefur aðeins einu sinni verið lægri á þessu tímabili, en það var í janúar 1987, en á árinu 1987 var orkuverð lækkað í kjölfar kjarasamninga og var verð á raforku til húshitunar því lægra í krónum talið í janúar 1987 en var árinu áður.

Hv. fyrirspyrjandi ber síðan rafhitunarreikninga saman við gasolíureikninga og þá vil ég taka þetta fram: Gasolía hefur snarlækkað og miðað við byggingarvísitölu er verð á gasolíu nú 43% af því sem það var 1980 og 37% af verðinu 1980 ef miðað er við þróun launa á sama tímabili og aðeins þriðjungur af verðinu 1984. Þetta gerir að verkum að samanburður við olíuhitun er nú óhagstæður. Ég vil geta þess að Hitaveita Reykjavíkur hefur hækkað sína taxta frá 1980 um 53% þannig að þar er langmesta hækkunin.

Eins og hér hefur verið sýnt fram á hefur rafhitunarkostnaður hækkað minna á undanförnum árum en annað verðlag. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafa safnað skuldum sem leiða til hærra orkuverðs á næstunni ef ríkið hleypur ekki undir bagga. Með þessu er ekki verið að halda því fram að rafhitunarkostnaður sé ekki tilfinnanlegur. Til þess að lækka hann þarf meira fé til niðurgreiðslna. Það er mál sem ekki á síður erindi til hæstv. fjmrh. og hv. formanns fjvn. en til annarra ráðherra og stjórnarþm. Ég er að sjálfsögðu tilbúinn að ræða það mál ef einhver þingflokkur stjórnarflokkanna hefur áhuga á og tel það skyldu mína og ríkisstjórnarinnar. Mestu máli skiptir þó að raforkuverð þurfi ekki að hækka til viðbótar vegna mikilla skulda RARIK og Orkubús Vestfjarða.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. flutti yndislega ræðu áðan sem draga má saman í eina setningu: Þetta er allt Alþfl. að kenna.

Það er út af fyrir sig gott að hv. stjórnarliðar eru vaknaðir til lífsins yfir því mikla óréttlæti sem hið háa raforkuverð á landsbyggðinni til húshitunar er, en það væri betur að þessir hv. þm. og hæstv. ráðherrar hefðu komið til meðvitundar fyrir áramótin þegar verið var að greiða atkvæði um og fella með atkvæðum þessara hv. þm. brtt. okkar alþýðubandalagsmanna og fleiri um hærri fjárveitingar til að niðurgreiða raforku til húshitunar. Ég ætla að vona, úr því að þessi kostulega umræða er komin af stað milli stjórnarliða um orkuverðið, að áhuginn og meðvitundin endist fram að næstu afgreiðslu fjárlaga og þá fari öðruvísi þegar fluttar verða sanngjarnar tillögur um meiri fjárveitingar til að greiða niður hið háa orkuverð á landsbyggðinni.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þetta er góð fsp. og eðlilegt að þetta mál sé rætt. Og það má segja að bragð er að þá barnið finnur, þegar svona er spurt. Svör hæstv. ráðherra voru eðlileg. Hitt er svo annað mál að landsmenn búa nú orðið við svo mikinn ójöfnuð í orkumálum að þar verður Sjálfstfl. og hans forustumenn að láta til sín taka, því að eitt af okkar meginkjörorðum er það, að ég best veit, að allir landsmenn búi við sem jöfnust lífsskilyrði hvar sem þeir eiga heima á landinu.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að þetta hafi verið þörf fsp. og sú umræða sem af henni hefur spunnist hlýtur að leiða hugann að því að hér í þinginu er að mínu mati vilji til að taka á þessu máli. Ég heyrði ekki betur en það væri einnig vilji hjá hæstv. iðnrh. að taka á þessu máli og verður að taka á því. Það er þá rétt að það komi fram hvar fyrirstaðan er ef það verður stöðvað.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Það er svolítið furðulegt að heyra hv. þm. Steingrím J. Sigfússon koma hér og tala af heilagri vandlætingu. Það gefst einhvern tíma tækifæri til þess þó það sé ekki unnt í fyrirspurnatíma að rekja afskipti hans flokks af þessum málum þegar hann fór með þessi mál. Það verður áreiðanlega hægt hér og gæti orðið býsna sögulegt.

En ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. — Ég sé að ókyrrist nú fyrrv. formaður Alþb. og kveður sér hljóðs. Þeir hafa sitthvað að verja í þessum efnum og ekki kannski alveg nógu góðan málstað ef grannt er skoðað. — Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Ég ætla ekki að hefja neitt karp við hann um hver beri hér sök. Við vitum alveg nákvæmlega báðir jafn vel hvernig er staðið að afgreiðslu fjárlaga og hvernig er staðið að því að afgreiða tillögur stjórnarandstöðunnar. Við vitum það og skulum ekkert vera að fjölyrða um það. Ég efast ekki um góðan vilja hans í þessu máli og hann er áreiðanlega fyrir hendi hjá fleiri ráðherrum og í fjvn., enda þótt ekki hafi verið tök á því að fara aðrar leiðir þá en farnar voru.

Ég vildi með þessari fsp. vekja athygli á þessu máli. Hér er um jafnréttismál að ræða. Hér er mikið misrétti ríkjandi og það hallar mjög á landsbyggðina og ekki bara í þessu máli. Einnig í mörgum öðrum málum. Þetta hefur komið mjög skýrt í ljós að undanförnu. Hér þarf að verða breyting á og ég veit að þetta er ekkert einfalt mál eða auðvelt að leysa.

Ég hygg að þegar við berum saman þennan hitunarkostnað megi vel vera að Hitaveita Reykjavíkur hafi hækkað um 50% í prósentum á einhverju ákveðnu árabili eins og hæstv. ráðherra sagði. Ég veit það hins vegar að það kostar 1500 kr. að hita 500 m^3 hús með Hitaveitu Reykjavíkur á mánuði þegar það kostar svona 8–9 þús. kr. kannski úti á landsbyggðinni að hita með raforku. En það eru líka ódýrar hitaveitur úti á landi. Þær eru til þó ekki séu þær margar og ekki stórar.

Menn þurfa ekkert að vera hissa á því þó að fólk flytji til Reykjavíkur og höfuborgarsvæðisins í stórum stíl þó ekki væri nema vegna orkukostnaðarins

eins. Það skyldu menn hafa í huga að þeir fólksflutningar eru þjóðinni dýrir. Það kostar nefnilega töluvert að láta landið sporðreisast og það er ekki víst að það verði svo auðvelt að rétta það af aftur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ætli það væri ekki fróðlegt fyrir hv. stjórnarsinna að bera saman niðurgreiðslur á raforkuverði nú og áður, en það er það sem skiptir máli um hinn pólitíska vilja til að stuðla að jöfnuði á lífskjörum í þessu landi með beinum framlögum úr ríkissjóði. Ástæðan til þess að ég ókyrrðist í sæti mínu var fyrst og fremst sú að ég fagna því að það er bersýnilegt að stjórnarliðið undir forustu flokks fjmrh. og iðnrh. ætlar að drattast með, er tilbúið að auka verulega við fjárveitingar, framlög til niðurgreiðslu á raforku. Það verður auðvitað séð til þess að þessi góði vilji þeirra fái að njóta sín í verki.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er gott að menn eru farnir að ókyrrast yfirleitt út af því misrétti sem er í þessu landi. Ég held að þeir sem ráða þessum málum ættu að íhuga hvort ekki er hægt að setja eitthvert ákveðið fast verð á t.d. raforku til húshitunar miðað við hitaveituverðið þar sem raforkan nýtist ekki, a.m.k. eins og er, öll, hún fer til ónýtis. Ef menn meina eitthvað með því að vilja jafna aðstöðuna í landinu hljóta þeir að leiða hugann að þessu. En það þarf að leiða hann að fleiri atriðum í þessu efni.

Ég sting upp á t.d. að hitunarkostnaðurinn úti á landi væri ekki nema helmingi hærri en t.d. það sem er hér eða hjá 4–5 hitaveitum sem eru lægstar í landinu. Menn sýna það í verki. Er þetta bara til að sýnast eða ætla menn að taka á málunum?

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að láta heyra í mér um þetta mál. Hér erum við sjálfsagt að takast á við eitt það viðkvæmasta mál sem varðar fólk úti á landsbyggðinni og ástandið hefur því miður versnað miklu meira en menn gerðu ráð fyrir við síðustu hækkun frá RARIK. En tilefni þess að ég vildi koma upp til að sýna fram á þennan mismun er að ég var að fá í hendur reikning fyrir 61 dags notkun vestur í Ólafsvík til að kynda hús sem er 120 m^2. Reikningurinn upp á 61 dag í húshitun er 16 025 kr., sem sagt rúmar 8 þús. kr. á mánuði. Á sama tíma borga ég reikning fyrir sömu stærð íbúðar í Reykjavík til Hitaveitu Reykjavíkur sem er 4 180 kr. fyrir 61 dag. Þarna sjá menn svart á hvítu hver þessi munur er og hann hefur því miður vaxið miklu meira en menn gerðu ráð fyrir við síðustu hækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hvað sem líður fortíðinni og þeim samþykktum sem gerðar hafa verið er þetta mál sem þolir ekki lengur bið og þó að við höfum samþykkt síðustu fjárlög miðað við þær kröfur sem þá voru lagðar fram um stöðu mála er ekki þar með sagt að það þurfi ekki að taka þetta mál upp aftur. Þetta er stórt mál og eitt stærsta byggðavandamálið í dag sem verður að finna lausn á.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það hefði þurft að vera meira en örstutt athugasemd. Reyndar hefur þetta mál verið rætt talsvert í þessari hv. deild fyrir skömmu. Ég vil fyrst benda á að rafhitunarverð hefur lækkað á undanförnum árum miðað við annað verðlag. Ég vil jafnframt benda á að árið 1980, 1981, 1982 og 1983, ef einhver skyldi kannast við þau ártöl, var rafhitunarkostnaður hærri en hann er nú. Ég held, og þetta eru viðkvæm mál, að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir hljóti að ræða þessi mál vegna þess ójafnvægis sem er komið upp, ekki vegna þess að rafhitunarkostnaðurinn hafi hækkað heldur vegna þess að gasolían hefur stórkostlega lækkað og það er það óréttlæti sem menn eru að tala um ef þeir vilja segja sannleikann í þessu máli.

Ég vil aðeins benda á að á sama tíma frá 1980, þegar RARIK-verðið, í föstum krónum talið, lækkar um 17%, hækkar Hitaveita Reykjavíkur sína gjaldskrá um 53%. Þetta er miðað við byggingarvísitölu. Þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli vegna þess að við höfum lækkað heilmikið rafhitunarkostnaðinn.

Út af því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, þá má út af fyrir sig hugsa sér slíkar lausnir. Ég vil benda á stað þar sem mesta óréttlætið er. Það er á Húsavík og á Tjörnesi. Húsvíkingar borga 5–6 sinnum lægra orkuverð en nágrannasveitirnar. Auðvitað er þetta óréttlátt þegar maður horfir svona á það. En þetta er í kjördæmi hv. þm. Hann getur beitt sér fyrir því að þeir jafni þetta út. Ég held raunar að menn verði að fara varlega áður en þeir fara að gefa hér yfirlýsingar á borð við þær að það eigi að setja niður ákveðnar reglur í þessu sambandi.

Og að lokum þetta til hv. þm. Alexanders Stefánssonar: Þeir reikningar sem hann les hér upp um hitunarkostnað í Ólafsvík og Reykjavík eru að því leytinu til ólíkir að annars vegar er um að ræða vetrarverð og hins vegar er um að ræða jafnaðarverð. Það verður að taka tillit til þess.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, ein umr.

Fsp. SalÞ, 280. mál. — Þskj. 580.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. 19. mars 1987 voru samþykkt ný umferðarlög sem taka gildi 1. mars nk. eða eftir fimm daga. Ýmis nýmæli er að finna í þessum lögum sem miða að því að auka umferðaröryggi og fækka slysum. Eitt af þeim nýmælum er að finna í 114. gr. laganna og varðar starfsemi Umferðarráðs. Í síðustu mgr. þessarar greinar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. getur skipað sérstaka rannsóknar-

nefnd umferðarslysa fimm mönnum með sérfræði- og tækniþekkingu sem varðar slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðaeftirlit, löggæslu og tryggingamál. Umferðarráð skal hafa eftirlit með störfum nefndarinnar."

Það hefur margsinnis komið fram hjá þeim sem afskipti hafa af umferðarslysum, ekki síst læknum sem taka við þeim sem slasast í umferðinni ásamt landlækni, hversu þýðingarmikið er að slík rannsóknarnefnd sé til vegna umferðarslysanna, sambærilegt við rannsóknarnefndir flugslysa og sjóslysa sem eru taldar sjálfsagður þáttur í öryggismálum.

Varðandi umferðarslysin hefur verið bent á að þegar alvarleg umferðarslys verða þurfi að liggja fyrir upplýsingar t.d. um hverjir verða fyrir þessum slysum, hvenær þau verða, við hvers konar aðstæður, hvar, hvers vegna, hvernig og hverjar urðu afleiðingar slyssins fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðfélagið.

Umferðarslys eru heilbrigðisvandamál þó að þessi málaflokkur heyri undir dómsmálayfirvöld því að óhöpp í umferðinni leiða því miður oft til alvarlegra slysa og jafnvel dauða eins og dæmi um hörmuleg slys að undanförnu staðfesta. Til þess að hægt sé að vinna markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum og koma í veg fyrir umferðarslys er nauðsynlegt að áreiðanlegar og ítarlegar upplýsingar um sem flesta þætti umferðarmála liggi fyrir í aðgengilegu formi. Þess vegna hef ég leyft mér, herra forseti, að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh., sem er að finna á þskj. 580, um það hvort hann hyggst skipa slíka rannsóknarnefnd skv. 114. gr. nýrra umferðarlaga.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Reykn. spyr hvort ég hyggist skipa rannsóknarnefnd umferðarslysa samkvæmt heimild í nýju umferðarlögunum sem taka gildi um mánaðamótin. Ég svara þessu þannig að ég tel ákvörðun um slíka nefndarskipun ekki tímabæra að svo stöddu. Dómsmrn. hefur verið að kynna sér reynslu annarra þjóða í þessu efni, t.d. reynslu Norðmanna, en þar hafa slíkar nefndir um skeið starfað til reynslu í Rogalandsfylki. Niðurstaða Rogalandsbúa er sú að það sé mikilvægt að samræma gerð skýrslna um umferðarslys úrvinnslu úr þessum skýrslum og útgáfu þeirra. Það þarf að bæta rannsóknir á vegum lögregluyfirvalda á umferðarslysum og þar verði kallaðir til fleiri fagmenn en þeir sem starfa innan lögreglunnar. Eg vil láta fylgjast lengur og nánar með reynslu annarra af skipan fastrar rannsóknarnefndar áður en hún verður ákveðin hér.

Ég tek sterklega undir það með fyrirspyrjanda að rannsókn á orsökum umferðarslysa er ein mikilvægasta forsendan fyrir góðum slysavörnum, en ég bendi á að hér er ekki um sambærilega nefndarskipun að ræða og flugslysa- eða sjóslysanefnd. Verkefni þeirra nefnda koma til allrar hamingju mun sjaldnar upp en verkefni hugsanlegrar bílslysanefndar, en slík nefnd gæti hæglega orðið að miklu bákni. Það er því eðlilegt að áður verði athugað hvort ekki má í staðinn auka og bæta rannsóknir lögreglunnar á bifreiðaslysum og úrvinnslu á skýrslum hennar.

Þá vil ég láta kanna hvort ekki sé skynsamlegt að takmarka verkefni slíkrar nefndar, ef skipuð yrði, við bifreiðaslys sem leitt hafa til mannsláts. Innan dómsmrn. er nú til athugunar sú hugmynd að láta rannsaka sérstaklega orsakir banaslysa sem urðu í umferðinni á árinu 1987. Komi í ljós að ófullnægjandi skýrslur lögregluyfirvalda torveldi það að niðurstaða fáist um raunverulegar orsakir slysanna, þá verður skýrslugjöfin að sjálfsögðu endurbætt. Þessi hugmynd er nú til athugunar hjá starfsmönnum dómsmrn., en þeir hafa reyndar að undanförnu verið ákaflega bundnir við önnur verkefni í sambandi við gildistöku nýju umferðarlaganna. Þessu máli verður því sinnt síðar og betur en þegar hefur verið gert.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að menn hafa nú af því nokkrar áhyggjur eftir gildistöku nýju umferðarlaganna hvort upplýsingar um umferðarslys muni skila sér þangað sem þær ættu helst að koma eins og áður hefur verið. Nú mun hæstv. ráðherra vera með reglugerð í smíðum og eftir að tjónsaðilar eiga sjálfir í mörgum tilvikum að skila skýrslu um óhöpp hafa menn nokkrar áhyggjur af því að tryggingarfélögin muni ekki hirða um sem skyldi að skila upplýsingum. Þeir sem stjórna umferð, t.d. á þéttbýlissvæðunum og raunar hvar sem er, hafa komið að máli við mig hver eftir annan og dregið í efa að eins auðvelt verði að fylgjast með hættulegum stöðum í umferðinni. Ég vil því fara þess á leit við hæstv. dómsmrh. að að því verði hugað við gerð þeirrar reglugerðar sem við eigum von á hvort ekki er einhver möguleiki á því að gera tryggingarfélögunum beinlínis skylt að skila tjónskýrslum án þess að þar með þurfi að fylgja upplýsingar um persónur og bílnúmer og annað slíkt, heldur fái bæði Vegagerðin og sú stofnun hér í Reykjavík sem fjallar um umferð á Stór-Reykjavíkursvæðinu þessar upplýsingar frá tryggingarfélögunum. Ég væri þakklát fyrir að fá að heyra hugmyndir hæstv. ráðherra um þetta.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör sem ég verð að viðurkenna að komu mér nokkuð á óvart og valda mér vonbrigðum vegna þess að mér hefur fundist hæstv. dómsmrh. gera sér ljósa grein fyrir þýðingu þessara mála og sýnt þeim mikinn áhuga.

Hann talaði um að þetta væri ekki sambærilegt við flugslys og sjóslys. Ég er ekki alveg sammála vegna þess að ég tel að slík rannsóknarnefnd umferðarslysa hljóti einmitt að beinast fyrst og fremst að þessum alvarlegu slysum í umferðinni, stóru slysunum ef við getum kallað svo. Slík nefnd, skipuð sérfræðingum eins og gert er ráð fyrir í lögunum, hlyti að vera

dómbær á það að gera skilgreiningu á því hvenær þörf er slíkra rannsókna og hvenær ekki. Það er einmitt það að ekki er tryggt að upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, liggi fyrir eftir rannsókn slíkra slysa sem hlýtur alltaf að verða með frekar fljótu yfirbragði hverju sinni. Þess vegna held ég að það sé í raun og veru borðliggjandi að það sé ástæða til að skipa þessa nefnd.

Ég vil benda á að það er stjórnskipuð nefnd um varnir gegn slysum að vinna að því núna að koma á samræmdri slysaskráningu fyrir landið allt varðandi öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar þar sem sú skráning fer öll inn á slysadeild Borgarspítalans til að einfalda þau mál.

En ég vil endurtaka að hæstv. ráðherra hefur sýnt þessum málum skilning og áhuga, m.a. með því að bregðast skjótt við og skipa nefndina um þjóðarátakið í umferðaröryggi sem einmitt er að byrja að sýna árangur af sínum störfum núna um gildistöku nýju umferðarlaganna og hófst í fyrrakvöld með beinni útsendingu í sjónvarpinu sem væntanlega margir hafa séð, sem Ómar Ragnarsson stóð fyrir, en markmiðið með því átaki er einmitt að þeim umferðarslysum verði nánast útrýmt sem rekja má til vankunnáttu, þjálfunarleysis og tillitsleysis við aðra vegfarendur.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja örfá orð um ábendingar hv. 13. þm. Reykv. Ég skil vel áhyggjur hennar og þakka ábendingarnar. Ég held þó að það sé ástæðulaust að óttast, að upplýsingar skili sér miður í hinu nýja kerfi en því sem verið hefur. Reynsla annarra þjóða, sem hafa tekið þetta lag upp, þ.e. að ökumenn sem verða fyrir slysum í umferðinni, sem ekki valda neinu tjóni á fólki en eingöngu á munum eða bílum, skili sjálfir þessum skýrslum, hefur sýnt þetta og sannað, enda er það beinlínis hagsmunamál tryggingarfélaganna að halda um þetta sem bestar skýrslur og koma þeim á framfæri. Það er ekkert síður þeim í hag en ökumönnum að hættulegir staðir í umferðinni séu greindir og upplýsingum um þá komið til skila við gatnagerðar- og vegagerðaryfirvöld. Ég mun fyrir mitt leyti leggja á það mjög ríka áherslu að þarna verði upplýsingum skilað þannig að umferðarlagabreytingin verði alls ekki til þess að við vitum minna en áður um hætturnar í umferðinni. Ég ítreka það, og fullvissa reyndar hv. 13. þm. Reykv. um það, að gengið verður ríkt eftir þessu. Ég er sannfærður um það að upplýsingakerfið mun ekki bila við þetta.

Í öðru lagi vildi ég segja örfá orð um það sem fram kom í athugasemdum hv. 6. þm. Reykn. Ég fullvissa hv. þm. um það að minn áhugi er alveg óbilaður á þessu máli. Þótt hv. 6. þm. Reykn. hafi lýst vonbrigðum með það sem ég sagði í byrjun og hún segði sig ekki sammála mér um það sem fram kom þar, þá heyrðist mér reyndar þegar ég hlustaði eftir að við værum í reynd algerlega sammála. Ég fagna því að í máli þm. kom fram að hún teldi að takmarka ætti verkefni slíkrar nefndar, ef skipuð yrði, við alvarlegustu slysin. Ég er einmitt að láta huga að reynslu annarra nánar og lengur en gert hefur verið til að skilgreina sem best verkefni slíkrar nefndar þannig að enn verði ekki hrundið af stað nefnd með almennt erindi, erindi sem ekki er hnitmiðað við það sem máli skiptir, því við eigum auðvitað að nýta þá starfskrafta, þær skýrslugerðir og rannsóknir sem hvort sem er fara fram á vettvangi dóms- og umferðarmála, ekki setja alltaf upp eitthvað nýtt. Ég er þess því fullviss að þjóðarátaksnefndin, sem nýlega hefur verið skipuð, hafi gert ákaflega mikið gagn. Það gagn mun þó koma enn betur í ljós síðar. En ég bið hv. 6. þm. Reykn. að sýna nokkra biðlund í þessu máli. Ég er viss um að á endanum verðum við alveg sammála.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra. Ég heyri á hans máli, eins og hann reyndar gat um, að við erum sammála í þessum efnum. Ég vil þá aðeins ítreka hvatningu mína til hans að vera á verði og vakandi fyrir því að þessi nefnd verði skipuð því ég er sannfærð um að niðurstaðan verður sú að það verður talið raunhæft að skipa slíka nefnd. Og ég er sammála honum um að það á ekki að vera bara til þess að skipa nefndina heldur til þess að hún skili árangri.

Endurgreiðsla á söluskatti til erlendra ferðamanna, ein umr.

Fsp. IBA, 268. mál. — Þskj. 567.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Á þskj. 567 leyfi ég mér að leggja eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. fjmrh.:

„1. Hefur ráðherra í huga að notfæra sér nýfengna heimild til að endurgreiða erlendum ferðamönnum söluskatt er þeir hverfa af landi brott? Ef svo er, er undirbúningur hafinn og hvenær er áætlað að hefja endurgreiðslurnar?

2. Hvernig verður staðið að endurgreiðslunni? Verður hún bundin við lágmarksupphæð, tilteknar vörutegundir og hver mun annast greiðslurnar (ríkissjóður eða verslanir)? [Og hér hefur fallið út einkaaðilar.]

3. Hvert er áætlað tekjutap ríkissjóðs af endurgreiðslunni?

4. Telur ráðherra að endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna leiði til aukinnar sölu á íslenskum varningi? Hyggst hann beita sér fyrir sérstakri kynningarherferð af þessu tilefni með það fyrir augum að laða frekar að erlenda ferðamenn?“

Hæstv. forseti. Í flestum ef ekki öllum nágranna-

löndum okkar er söluskattur eða virðisaukaskattur endurgreiddur til erlendra ferðamanna af þeim vörum er þeir taka með sér úr landi, enda er í rauninni um innlendan neysluskatt að ræða og því ekki sanngjarnt að láta erlenda ferðamann greiða hann. Ég hef alla tíð verið því fylgjandi að slík endurgreiðsla yrði heimiluð og fagna því þeirri heimild sem ráðherrann hefur í þessum málum og hvet hann eindregið til að notfæra sér hana.

Ég er í engum vafa um að ef þessu verður komið á mun það auka stórlega verslun útlendinga hérlendis og því alls ekki verða þess valdandi að tekjutap verði heldur þvert á móti.

Þá vil ég einnig láta koma fram þá skoðun mína að þessi þjónusta á ekki að vera í höndum ríkisins heldur í höndum einkaaðila eins og víðast gerist erlendis.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fsp. þessar eru í nokkrum liðum. Fyrst er spurt hvort áform séu uppi um að notfæra sér heimild til að endurgreiða erlendum ferðamönnum söluskatt þegar þeir hverfa af landi brott. Svarið við því er já. Þau áform eru uppi.

Í annan stað er spurt: Ef svo er, er undirbúningur hafinn og hvenær er áætlað að hefja endurgreiðslur? Svarið við þessu er að undirbúningur er hafinn, en hann er ekki svo vel á veg kominn að unnt sé að svara því nákvæmlega hvenær framkvæmd geti hafist.

Áður en ég svara seinni fyrirspurnunum er rétt að vekja athylgi á nokkrum almennum atriðum. Í fyrsta lagi að talið er að í fyrra, árið 1987, hafi erlendir ferðamenn eytt yfir 2,4 milljörðum kr. hér á landi í gistingu, veitingar og aðrar vörur og þjónustu. Auk þess er ætlað að fargjaldatekjur flugfélaganna af erlendum ferðamönnum hafi verið hátt í 2 milljarðar króna. Í ár eru samsvarandi tölur 3 milljarðar áætlaðar að því er varðar almenna eyðslu erlendra ferðamanna og áætlað að hver erlendur ferðamaður eyði að meðaltali um 25 þús. kr.

Það er rétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að víðast hvar í grannlöndum okkar er endurgreiðsla virðisaukaskatts kerfisbundin og partur af þjónustu ferðamannaiðnaðar þessara landa. Þetta á sér nokkra forsögu í sumum löndum en er nýtilkomið í öðrum. Þá er einnig ástæða til að vekja athygli á því að þegar vara er flutt úr landi þá er ekki greiddur söluskattur af henni. Þetta á jafnt við um afurðir sjávarútvegs og iðnaðar en þegar vara er seld erlendum ferðamönnum hér á landi þá er greiddur af henni söluskattur. Erlendir ferðamenn kaupa að líkindum fyrir a.m.k. 300 millj. kr. í íslenskum verslunum í ár eða fyrir um 25 þús. kr. á mann og greiða a.m.k. 50–60 millj. í söluskatt af þessum vörum sem væri þá tekjutapið sem um væri að ræða.

Þegar spurt er: Hvernig verður staðið að endurgreiðslunni? og það er spurt: Verður hún bundin við lágmarksupphæð? þá er svarið það að í þeim hugmyndum sem við nú vinnum með er gert ráð fyrir því að hún verði bundin við lágmarksupphæð en hins vegar ekki við tilteknar vörutegundir heldur verði það almennt.

Spurningin um það hver muni annast greiðslur, ríkissjóður, verslanir eða einkaaðilar, þeirri spurningu er á þessu stigi málsins ekki svarað. Það er kannski meginatriði málsins. Ef hér er um að ræða tiltekið valdaframsal af hálfu ríkisins að því er varðar álagða skatta, þá hefur sú spurning verið vakin upp hvort hér þurfi sérstaka löggjöf ef um það væri að ræða að velja þá leið að fela einhverjum tilteknum einkaaðila einkaleyfi til þessarar starfsemi og þeirri spurningu hefur enn ekki verið að fullu svarað.

Að því er varðar áætlað tekjutap, sem spurt er um í þriðja lið fsp., þá er svarið það að samkvæmt tölum sem fengnar eru frá Verslunarráði Íslands er vörusala til erlendra ferðamanna áætluð á árinu 1987 um 300 millj. kr. og af því væri þá um að ræða söluskatt að fjárhæð 50–60 millj. kr. Jafnframt má áætla að einhver kostnaður verði við endurgreiðslurnar, en á móti kæmi hins vegar að reyna að meta veltuaukningu sem væri þessu samfara og ætti að skila ríkissjóði tekjum á móti. Erfitt er að spá í það á þessu stigi málsins hver hún þyrfti að vera en þó er ljóst að veltuaukning upp á 200–300 millj. mundi vega tekjutapið upp.

Þá er spurt: Telur ráðherra að endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna leiði til aukinnar sölu á íslenskum varningi? Já, ég tel svo vera og styðst þá við fyrst og fremst erlenda reynslu. Og spurt er: Hyggst hann beita sér fyrir sérstakri kynningarherferð af þessu tilefni með það fyrir augum að laða frekar að erlenda ferðamenn? Það er rétt að leggja áherslu á það að endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna mundi líklega leiða til aukinnar sölu á íslenskum vörum og verða almennt séð hagstæð og hvatning fyrir íslenskan ferðamannaiðnað og heimsóknir erlendra ferðamanna. Spurningin um það hvort fyrirhuguð sé af hálfu fjmrn. sérstök kynningarherferð af því tilefni, því kann ég nú ekki að svara. Það er kannski ekki beinlínis á verksviði þess ráðuneytis heldur væri það liður í almennu kynningarátaki að því er varðar ferðamannaþjónustu og þá á vettvangi annarra ráðuneyta.

En til þess að draga saman þá eru svörin við þessum spurningum jákvæð í þeim skilningi að það eru áform uppi um þetta. Það er verið að vinna að málinu. Það hefur ekki öllum spurningum verið svarað, fyrst og fremst er ósvarað þeirri spurningu hvort nauðsyn sé á sérstakri löggjöf verði farin sú leið sem hv. fyrirspyrjandi lýsti sig fylgjandi, þ.e. að fela einhverjum tilteknum einkaaðila að annast framkvæmdina og þá hins vegar um það hvort endurgreiðslan verði þar með takmörkuð við það þegar ferðamenn fara brott af landinu en verði ekki, eins og sums staðar er, strax innt af hendi við búðarborð í þeim verslunum sem ferðamenn eiga viðskipti við.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):
Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir ágæt svör. Það er alveg ljóst að málið er á því stigi að það er tregt um svör og erfitt að gefa fullnægjandi svör við þessum spurningum. Þá er einnig ljóst að það er gífurlegt fjármagn í kringum erlenda ferðamenn og tekjutap er áætlað 50–60 millj. kr. af söluskatti. Hins vegar má kannski benda á að það hirða ekki allir, og í rauninni kannski ekki nema brot af ferðamönnum, um það að krefjast þessarar endurgreiðslu þannig að ég held að tekjutapið verði minna.

Svar við spurningunni um bundna lágmarksupphæð kom mér reyndar svolítið á óvart því að ég er því ósammála að hafa ákveðna lágmarksupphæð. Ég held að við eigum að endurgreiða söluskattinn af öllum vörum sem fara út hvað sem þær kosta. Og þá stærsta málið, það er mín skoðun að þetta eigi að vera í höndum einkaaðila og ef til þess þarf löggjöf þá erum við hér til þess að setja hana. Fari þetta yfir á einkaaðilana þá taka þeir náttúrlega að sér þessa kynningarherferð sem ég er að tala um þannig að sá baggi yrði tekinn af íslenska ríkinu.

Tvísköttunarsamningar við erlend ríki, ein umr.

Fsp. GHH, 283. mál. — Þskj. 583.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):
Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eftirfarandi fsp. til fjmrh.:

„Hvað líður undirbúningi tvísköttunarsamninga við Frakkland og Bretland? Eru tvísköttunarsamningar við fleiri lönd í undirbúningi?"

Ég held að það sé öllum ljóst sem hafa fylgst með umræðum hér á Íslandi undanfarin missiri að það er mjög líklegt að það muni á næstu árum stofnast til *nánari samvinnu milli íslenskra aðila og ýmissa* erlendra aðila. Í þessu sambandi koma upp í hugann þær umræður sem hafa farið fram um það sem er að gerast innan Efnahagsbandalags Evrópu og nauðsyn þess fyrir okkur Íslendinga að vera vel á verði gagnvart því sem þar fer fram.

Tvísköttunarsamningar sem nú þegar eru í gildi við nokkur ríki, Norðurlönd, Bandaríkin, Vestur-Þýskaland og Sviss, að ég hygg, hafa reynst afskaplega hagkvæm tæki til þess að auðvelda og greiða fyrir eðlilegum samskiptum, bæði einstaklinga og fyrirtækja, milli þessara landa. Ég tel að það sé mjög brýnt að koma á slíkum samningum við fleiri lönd og hef þess vegna leyft mér að grennslast fyrir um það hjá fjmrh. í formi þessarar fsp. hvar þessi mál eru á vegi stödd.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):
Herra forseti. Það er spurt um hvað líði undirbúningi tvísköttunarsamnings við Frakkland og Bretland og hvort slíkir samningar séu í undirbúningi við fleiri lönd. Svarið er þetta: Hinn 8. okt. sl. voru undirrituð drög að samningi milli ríkisstjórna Íslands og Frakklands þess efnis að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur. Síðan hefur verið unnið að þýðingu samningsdraganna á íslensku og yfirlestri á franska textanum. Þessu starfi mun ljúka mjög bráðlega af Íslands hálfu og mun þá verða ákveðið hvenær samningur verði undirritaður.

Að því er Bretland varðar þá er áformað þann 21. mars nk. að halda fyrsta fund með samninganefndum Íslands og Bretlands þar sem unnið verði að drögum að samningi til að komast hjá tvísköttun. Á þessari stundu er ekki unnt að segja til um það hvenær unnt verður að undirrita drög að slíkum samningi en reikna má með því að það verði á þessu ári.

Að því er varðar önnur lönd þá liggja ekki fyrir neinar formlegar ákvarðanir um að taka upp viðræður við önnur lönd um samninga til að koma í veg fyrir tvísköttun. Hins vegar má geta þess að landsstjórn Færeyja hefur í bréfi frá 9. okt. sl. greint frá því að Færeyingar hafi í hyggju að gerast aðilar að marghliða samningi Norðurlandanna til þess að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og eigna.

Fyrirspyrjandi (Geir H. Haarde):
Herra forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir þessar upplýsingar og fagna því jafnframt að á þessum málum er tekið að því er virðist af nokkrum myndarskap.

Málefni loðdýrabænda, ein umr.

Fsp. RB, 273. mál. — Þskj. 572.

Fyrirspyrjandi (Ríkharð Brynjólfsson):
Virðulegi forseti. Á þskj. 572 hef ég ásamt þeim hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um málefni loðdýrabænda. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar svo:

„1. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar, eða hafa verið ákveðnar, til að styrkja stöðu loðdýraræktar, einkum refaræktar, í kjölfar verðfalls á skinnum undanfarið?

2. Eftir hvaða reglum hefur verið farið við úthlutun leyfa til loðdýraræktar og eru fyrirhugaðar breytingar á þeim í ljósi breyttra aðstæðna?"

Það er óþarfi að fjölyrða um þann vanda sem refabændur eru í vegna verðfalls á skinnum þannig að verð skinnanna nægir engan veginn fyrir framleiðslukostnaði og má raunar fullyrða að þessi sama

staða er uppi í öllum helstu framleiðslulöndum refaskinna. Því er spurt til hvaða ráða menn hyggist grípa um málefni þessarar búgreinar.

Í seinni lið fsp. er spurt um reglur um úthlutun leyfa. Í lögum og reglugerð um loðdýrarækt er bundið að leyfi landbrn. þurfi til stofnunar loðdýrabús. Þar er einnig tilgreint hvaða upplýsingar þurfi að fylgja umsókn, en þar eiga að vera ítarlegar áætlanir um byggingu og rekstur búsins og jafnframt upplýsingar um menntun og reynslu þeirra sem sjá eiga um hirðingu dýranna.

Nýlega hafa komið fram opinberlega athugasemdir í þá átt að landfræðileg dreifing loðdýrabúa sé óhagkvæm og ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til fóðuröflunarmöguleika við leyfisveitingar sem leiðir svo aftur til hærra fóðurverðs. Í lögum og reglugerð, sem raunar eru samhljóða um þetta efni, þ.e. hvernig skuli standa að leyfisveitingum, eru engin ákvæði um hvernig beri að meta þær upplýsingar sem fylgja umsókn nema leita skal umsagnar Búnaðarfélags Íslands.

Þær athugasemdir um dreifingu loðdýrabúa sem að framan greinir gefa tilefni til að spyrja hvaða reglur hafi verið notaðar um úthlutun leyfa og hvort sú reynsla sem fengist hefur undanfarin missiri gefi tilefni til þess að endurmeta þær vinnureglur.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Um fyrsta lið fsp. hv. 4. þm. Vesturl. og fleiri er það að segja að í síðasta mánuði þegar ljóst var að verð á refaskinnum mundi verða mjög lágt þriðja árið í röð, þá kallaði ég saman til fundar þá aðila sem helst tengjast þessum málum, frá Stéttarsambandi bænda, Samtökum loðdýrabænda, Búnaðarfélagi Íslands, Stofnlánadeild, Framleiðnisjóði, Byggðastofnun ásamt ráðuneytinu, þar sem rætt var um þessa stöðu. Þar var lagt fram erindi frá SÍL um það hvernig þeir mátu stöðuna og út frá því var síðan málið athugað af fulltrúum þessara stofnana. Skömmu síðar kom annað erindi frá SÍL þar sem gengið var heldur lengra í mati þeirra á hvað þyrfti að gera til þess að refabændur gætu haldið áfram búrekstri sínum þetta árið.

Með tilliti til þeirra upplýsinga sem fengist höfðu með þessari vinnu og þessara erinda ákvað ég að fá fulltrúa frá öllum stjórnarflokkum til að skoða þessi mál og nefnd sú sem þar var tilnefnd hefur svo verið að fara yfir þessi erindi og ég á von á því núna alveg næstu daga að þar komi niðurstöður um hennar tillögur.

Í þessu sambandi höfum við lagt áherslu á að sem mest verði reynt að styrkja þarna undirstöðurnar eins og fóðurstöðvarnar og reyna að lækka fóðurverð, en lágt fóðurverð var talinn einn helsti kosturinn fyrir því að fara út í loðdýrarækt hér á landi þar sem gott fóður er hér fyrir hendi í miklum mæli.

Um annan lið fsp., um reglur fyrir úthlutun leyfa, þá er það svo að sérstök nefnd fjallar um umsóknir, um leyfi. Í henni eiga sæti fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda, Búnaðarfélagi Íslands og landbrn. Hún óskar eftir þeim upplýsingum sem lög og reglugerðir kveða á um og metur síðan málið eftir því sem þær upplýsingar gefa tilefni til.

Við fyrstu leyfisveitingar í upphafi var erfitt að gera sér grein fyrri því hvernig loðdýraræktin mundi dreifast og þá var veitt leyfi til þeirra sem voru nálægt þeim stöðum þar sem fóðuröflun var fyrir hendi. En smátt og smátt hefur þetta dreifst allmikið. Í sumum tilvikum má vera að rétt sé að það hafi verið of mikið en þó var það reiknað út að á meðan kaup frá fóðurstöðvum eru mjög lítil þá getur það verið ávinningur fyrir fóðurstöð að fá viðskipti þó um alllanga flutningaleið sé að ræða og flutningskostnaði útjafnað. T.d. var það reiknað út að fyrir fóðurstöðina á Sauðárkróki var ávinningur að því að fá viðskipti í Vestur-Húnavatnssýslu þó það væri nokkur spölur frá síðasta kaupanda áður vegna þess að hinn fasti kostnaður fóðurstöðvarinnar er það mikill.

Að hinu leytinu er síðan Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það hefur verið lagt fyrir hana að áður en hún samþykkir lánsloforð geri hún kröfur til ítarlegrar stofnkostnaðar- og rekstraráætlunar og meti þannig möguleika viðkomandi aðila til að fara út í þessa starfsemi. Hins vegar má viðurkenna að æskilegt hefði verið að gerðar hefðu verið meiri kröfur um menntun og kunnáttu til þeirra sem fengu þessi leyfi í upphafi, en það voru má segja engir sem hér höfðu kunnáttu á þessu sviði, og í öðru lagi að það eru ekki til neinar reglur í gildi um hvaða kröfur á að gera til bænda þegar þeir fara út í búrekstur. Það mál er hins vegar nú til umræðu og meðferðar og að mínu mati er það ákaflega þýðingarmikið að þess sé gætt að þeir sem fá lánsfé niðurgreitt og þar með aðstöðu til að hefja búskap hafi lágmarksþekkingu.

Þannig er það að sjálfsögðu ýmislegt sem rétt er að endurskoða og taka til athugunar í sambandi við þessi mál, bæði að fenginni reynslu og vegna breyttra aðstæðna á ýmsan hátt.

Fyrirspyrjandi (Ríkharð Brynjólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og ég vænti þess að sú nefnd, sem hann sagði að menn frá stjórnarflokkunum væru að vinna núna með til að finna einhverja lausn á vanda refabænda, vinni vel og ötullega og láti ekki frjálshyggjusjónarmið leiða sig á glapstigu. Það er nefnilega einu sinni svo að þeir sem eru í refarækt inni núna fengu mjög ákveðna hvatningu, beina og óbeina, til að hefja refarækt í stað hefðbundins búskapar og það að hlaupa frá málinu nú væri einfaldlega ekki sæmandi gagnvart þeim sem urðu við hvatningunni og lögðu bókstaflega allt sitt undir.

Í öðru lagi má áætla að beint fjárhagslegt tjón verði afar mikið ef ekkert verður gert, ekki bara fyrir bændurna heldur verði væntanlega að afskrifa verulegan hluta af þeim lánum sem á refabúunum hvíla.

Í þriðja lagi held ég að við verðum að hafa í huga að það hvernig tekið er á málefnum refaræktarinnar núna er býsna mikilvægur prófsteinn á það sem við höfum stundum verið að kalla byggðastefnu því að þetta mundi væntanlega hafa nokkuð niðurdrepandi áhrif á alla nýbreytni í dreifbýli. Það hefur verið hvatt til uppbyggingar í fiskeldi, ferðaþjónustu og hverju því sem mönnum gæti dottið í hug, smáiðju úti í sveitum. Ég held að viðbrögðin við vanda refabænda séu býsna mikilvægur prófsteinn á hvernig menn einfaldlega ætla að standa að þeim málum í framtíðinni.

Hvað snertir seinni lið fsp., um það hvernig leyfin eru veitt, geri ég mér alveg ljóst að þegar leyfi er veitt í upphafi til loðdýraræktarinnar voru menn einfaldlega með vanda hinna hefðbundnu búgreina á bakinu og var þess vegna ekki mjög hægt um vik, en ég held að það sé full ástæða til að vera strangari nú í reglum við úthlutanir, bæði hvað varðar hina tæknilegu og fjárhagslegu hlið mála og þá sérstaklega þá menntun og þá reynslu og þekkingu sem væntanlegir nýir loðdýrabændur hafa.

Afnám bankastimplunar við innflutning, ein umr.

Fsp. IBA, 266. mál. — Þskj. 565.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Á þskj. 565 er ég með fsp. til viðskrh. um afnám bankastimplunar við innflutning sem er svohljóðandi:

„Hvenær er gert ráð fyrir því að afnema bankastimplun almennt hjá innflytjendum svo að þeir sitji allir við sama borð hvað varðar greiðslusamninga við erlenda umbjóðendur?“

Herra forseti. Á sl. vetri afnam hið háa Alþingi með lagabreytingu skyldu fyrirtækja til að leggja fram stimplaða vörureikninga til tolls sem sýndu að vörukaup voru greidd eða um greiðslu samið á þeim vörum sem kaupa má með skammtímavörukaupalánum. Þó er enn í gildi reglugerð sem mismunar milli vöruflokka. Um 70% alls innflutnings eru keypt með lántökuheimild, en 30% og þá allar helstu neysluvörur almennings er óheimilt að kaupa með slíkri skammtímalántöku og þarf því að staðgreiða við innlausn vörunnar.

Nú er það svo að vörukaup til landsins eru gerð vegna þess að fólk vill kaupa. Til þess að geta afgreitt vörur eru gjarnan komnar til landsins vörur sem geymdar eru hjá flutningsaðila með ærnum kostnaði þar til sala hefst. Talað er um að leigugjald pr. fermetra sé svipað og á dýrustu lúxushótelum.

Innflutningsverslunin þarf sannarlega að greiða hæsta fjármagnskostnað atvinnurekstrar landsmanna. T.d. eru viðskiptavíxlar keyptir á gengi ásamt áföllnum kostnaði sem nemur samtals ca. 50–55% á ári. Það leikur ekki nokkur vafi á að þessi fjármagnskostnaður ásamt geymslukostnaði fer beint út í verðlagið. Þegar skoðað er helsta verkefni núverandi og reyndar fyrrverandi ríkisstjórna, sem er að ná niður verðbólgu til jafns við það sem gerist í nágrannalöndum okkar, sætir mikilli furðu að vilji Alþingis með afnámi bankastimplunar og afskipta af skammtímaviðskiptasamningum skuli ekki hafa náð fram að ganga.

Með skammtímaviðskiptasamningum er átt við vörukaupalán. Með leyfi til slíkrar lántöku mætti lækka vöruverð um allt að 4–5% sem að viðbættum lækkandi geymslukostnaði gæti orðið 5–7%. Engin haldbær rök hafa verið lögð fram gegn heimild til skammtímavörukaupalána. Þó hefur hæstv. viðskrh. borið fyrir sig þensluáhrif. Þensluáhrif að þessum heimildum fengnum hafa verið ríflega áætluð ca. 1,5 milljarðar króna sem þó skiptist á eitt og hálft til tvö ár. Þetta er aðeins lítill hluti þeirra þensluáhrifa sem komu fram við heimild til notkunar krítarkorta og upptöku fjármögnunarleiga.

Benda má á að yfirdráttarheimildir á tékkareikningum eru taldar geta aukið þenslu um allt að 1,8–2,5 milljarða kr. á einu ári. Þessi tegund lána hefur andstæð áhrif á verðbólgu og eykur eftirspurn meðan skammtímavörukaupalán mundu fyrst og fremst lækka vöruverð. Það var skynsamleg tímamótaákvörðun þegar Alþingi ákvað að hætt skyldi eftirlitshlutverki því, sem verið hefur í gildi, að ríkisvaldið væri að fylgjast með því að íslenskir borgarar stæðu við viðskiptasamninga við erlenda aðila.

Nú er tímabært að hv. Alþingi stígi skrefið til fulls og sneiði af þá annmarka er standa enn í vegi fyrir að íslensk verslun og íslenskir neytendur fái notið bestu kjara. Það mun auka kaupmátt þeirra sem mest þurfa á að halda með lækkandi vöruverði á mörgum nauðsynjavörum og lækkandi framfærsluvísitölu er gæti á skömmum tíma breytt stöðu okkar í barátttunni við verðbólguna. Síðast en ekki síst gæti heimild til skammtímavörukaupalána aukið svigrúm á útvegun lánsfjár til t.d. húsbyggjenda sem þurfa oft skammtímalán til þess að komast yfir erfið greiðslutímabil. Ætla má að vilji Alþingis sé ekki að mismuna milli vöruflokka eða atvinnugreina en að atvinnuvegir landsmanna eigi allir sama möguleika á verðmætasköpun fyrir þjóðfélagið.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvenær ráð sé fyrir því gert að afnema bankastimplun almennt hjá innflytjendum svo að þeir sitji allir við sama borð hvað varðar greiðslusamninga við erlenda umbjóðendur. Með bankastimplun er væntanlega átt við það ákvæði í lögunum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, að óheimilt væri að tollafgreiða vörur nema fyrir lægi staðfesting gjaldeyrisbanka, bankastimpill, á því að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum

hætti, t.d. með lántöku eða greiðslufresti. Þetta ákvæði var fellt úr gildi með lögum dags. 27. mars 1987 og samkvæmt þeim var bankastimplun afnumin 1. sept. 1987. Um þetta leikur enginn vafi. Mér virðist því að fyrirspyrjandinn blandi saman í spurningunni og reyndar í málflutningi bankastimpluninni sjálfri, því sem ég vitnaði til, og reglum um greiðslufrest vegna innflutnings til landsins því þótt bankastimplun hafi verið felld niður breytti sú ákvörðun engu um reglur um erlendar lántökur og nú síðast um lántökugjöld og um greiðslufresti.

Þótt ríkisstjórnin telji æskilegt að innflutningsreglur verði sem almennastar og frjálsastar er óhjákvæmilegt við núverandi ástæður í okkar þjóðarbúskap að halda aftur af erlendum lántökum og notkun greiðslufrests. Lántökugjaldið var einmitt sett á í því skyni. Á síðasta ári jókst innflutningurinn um 28% og það bendir ekki beinlínis til þess að núgildandi reglur torveldi mjög innflutning til landsins.

Hinn 1. febr. sl. gaf viðskrn. út að nýju auglýsingu um innflutning með greiðslufresti svo og um aðrar erlendar lántökur. Meginmarkmiðið með þessum auglýsingum var eitt: að aðlaga fyrri auglýsingar nýrri tollskrá, en jafnframt voru reyndar rýmkaðar og samræmdar reglur um greiðslufrestinn og bætt við nokkrum vöruflokkum sem heimilt var að taka til landsins með greiðslufresti. Þá var líka sú almenna breyting gerð að nú er birtur listi yfir vörur sem ekki er heimilt að flytja inn með greiðslufresti í stað auglýsingar um innflutning sem leyfður er með greiðslufresti.

Ég veit að í þessu fólst engin veruleg breyting, en ég bendi á að ástæðurnar fyrir því að halda þessum reglum eru aðhald að innflutningi en ekkert annað. Ég hef í hyggju að endurskoða þessar reglur í heild í frjálsræðisátt. Ég geri ráð fyrir að það megi gera þetta í áföngum án þess að það valdi vandræðum. Ég hef gefið fyrirheit um að við þessa endurskoðun verði haft samráð við þá aðila sem þarna eiga hlut að máli, fyrst og fremst samtök verslunarinnar. Þessi endurskoðun er enn ekki hafin, en hún er í undirbúningi.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Auðvitað var ráðherra fullkunnugt um hvað fsp. snerist þannig að hann gat alveg sleppt þessum formála að sinni ræðu.

Hann bendir á að mikill innflutningur hafi verið og mikil aukning og það bendi ekki til þess að það torveldi innflutning. Það er enginn að tala um það að það sé eitthvað erfitt að flytja hér inn. Það er einfaldlega verið að tala um að það skortir heimild til að fá að taka hér erlend skammtímalaun, vörukaupalán svonefnd. Og hvað er það sem vinnst með því? Það er fyrst og fremst að það lækkar vöruverð í landinu. Það er enginn að tala um að það sé erfitt að flytja inn hitt og þetta. Við verðum líka að hugsa um neytendurna af og til.

Með því að þessi heimild verði gefin, mönnum verði gefið frjálst að semja við sína erlendu umbjóðendur, vinnst ansi margt. Það má nefna hérna nokkra punkta. Það má t.d. nefna að innflytjendur geta þá notað sín samtök og sína hæfileika til samninga til fulls. Það má benda á að aðsókn í lánsfé hér innan lands muni minnka. Vaxtabyrði fyrirtækja mundi minnka. Meira fjármagn yrði því til ráðstöfunar. Það eykur samkeppni banka, það ógnar tilveru okrara, það stuðlar að hagkvæmum innkaupum og kostnaðarauki ríkisins er enginn. Sá sem í rauninni græðir á þessu þegar upp er staðið er neytandinn og á tímum matarskatts held ég að það veiti ekki af því að hugsa til hans af og til.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra veit nákvæmlega muninn á bankastimplun og greiðslufresti og gang mála í ríkisstjórn. Þessi tillaga um að fella niður bankastimplun til að gera samskipti manna þó af ólíku þjóðerni séu frjáls og háð því einu að traust hefur myndast á milli tveggja viðskiptaaðila var borin fram af mér á sínum tíma í ríkisstjórn og alls ekki gert ráð fyrir að greiðslufrestur yrði á annan hátt skilinn á milli þeirra sem bera traust hver til annars þó af ólíku þjóðerni séu en viðskiptin sem eiga sér stað milli verksmiðju og heildsala eða innflytjenda annars vegar og hérlendra. Það er enginn munur á þó að menn búi í tveimur löndum eða þó að menn búi í sama landinu, þó að menn tali annar íslensku en hinn eitthvert annað tungumál. Traust getur ríkt á milli manna fyrir því. Það er hrein hártogun og misnotkun á samþykkt Alþingis og hugmynd sem kemur frá ríkisstjórnnni á sínum tíma að stöðva það sem átti að losa um með því að fella niður bankastimplun ásamt heimild til greiðslufrests sem Seðlabankinn hefur. Þetta er rangtúlkun og illa farið með gott mál. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert svo góða grein fyrir málinu að ég held að það sé alveg ljóst að það er stórsparnaður fyrir viðskiptin almennt, almenning og það opinbera, ef viðskipti fái að vera frjáls.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv. að það er æskilegt að samskipti manna í viðskiptum milli Íslands og annarra landa geti verið sem frjálsust og sem líkust því sem er á milli sams konar aðila innan lands. Ég tel að það væri til hagsbóta þegar til lengdar lætur. En í þessu máli togast á eins og oft vill verða viðleitnin til að gera viðskiptin frjálsari og viðleitnin til að halda jafnvægi í okkar viðskiptum við önnur lönd. Það er eina ástæðan fyrir því að enn hefur ekki verið gert almennt heimilt að taka vörur til landsins með þeim greiðslufresti sem um semst milli einkaaðila. Það má vel vera að það sé ekki jafnhættulegt og sumir hafa haldið að rýmka þarna um. Ég hef þegar lýst minni skoðun, að ég vilji stefna að því í áföngum að gera þessar reglur almennar þannig að allir sitji við sama borð. Þetta er þegar hafið með þeirri breytingu sem

gerð var 1. febr., en ég bið hv. þm., þann 5. úr Reykjavík og þann 5. úr Vesturlandi, að hafa nokkra biðlund.

Ég bendi á að í máli hv. 5. þm. Vesturl. kom fram að hann taldi að veruleg þensluáhrif mundu fylgja því ef greiðslufrestur yrði almennt heimilaður. Hann benti á að þessi þensluáhrif væru líklega minni en þau sem fylgdu kaupleigunum og breyttum reglum um erlendar lántökur í fyrra. Ég get tekið undir þetta með honum, en það er bara sá galli á málinu að þessi áhrif mundu bætast við þau sem fyrir væru og þótti þó nóg komið. Þetta er vandinn í hnotskurn.

Ég hef ekki fleira um málið að segja, en lýsi þeim ásetningi mínum að endurskoða þessar reglur í þá átt sem fsp. og athugasemdir hv. þm., hins 5. úr Reykjavík og hins 5. úr Vesturlandi, hafa hnigið.

Menningarsjóður útvarpsstöðva, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 258. mál. — Þskj. 556.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hve mikið fé hafa útvarps- og sjónvarpsstöðvar greitt í Menningarsjóð útvarpsstöðva til 1. febr. 1988? Hve mikið er útistandandi og hvernig skiptist það á greiðendur? Hvernig skiptist það fé sem greitt hefur verið úr sjóðnum?“

Ég vil minna á í þessu sambandi að með útvarpslögunum, sem samþykkt voru 1985, var Ríkisútvarpið svipt þeirri einkaaðstöðu sem það hafði haft í þessu landi. Þá þótti og eðlilegt að létta af því einhverju af þeim kvöðum sem það hafði einnig haft vegna sinnar sérstöðu. Þar var þyngst sú kvöð að greiða vissan hluta af rekstrarkostnaði við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Með menningarsjóðnum var tvíþættur tilgangur: annars vegar að tryggja að allar þær stöðvar, sem nytu auglýsingatekna á Íslandi, greiddu fé til Sinfóníuhljómsveitarinnar og einnig að tryggja með þessum hætti menningarlegri dagskrárgerð í útvarpsstöðvum hvort sem þær væru hljóðvarpsstöðvar eða sjónvarpsstöðvar.

Nú leikur mér mikil forvitni á að vita hvernig þetta hefur verið framkvæmt, hvort þarna hafi verið gengið fram af sæmilegu réttlæti milli stöðva eða hvort mönnum hafi dottið í hug að misnota þetta á þann hátt að færa fjármagn frá Ríkisútvarpinu yfir til einkastöðvanna, sem hafa risið, og í reynd hafi þetta orðið til þess að Ríkisútvarpið sitji eitt með þá kvöð að greiða með Sinfóníuhljómsveitinni og einnig hafi verið fært fé til dagskrárgerðar hinna stöðvanna á þeirri forsendu þá að þær séu menningarlegri en dagskrárgerð Ríkisútvarpsins.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Fsp. hv. 2. þm. Vestf. hljóðar svo:

„1. Hve mikið hafa útvarps- og sjónvarpsstöðvar greitt í Menningarsjóð útvarpsstöðva til 1. febr. 1988?

2. Hve mikið er útistandandi og hvernig skiptist það á greiðendur?

3. Hvernig skiptist það fé sem greitt hefur verið úr sjóðnum?“

Í tilefni af fsp. þessari leitaði menntmrn. eftir umsögn stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva og er hún efnislega svohljóðandi:

1. Samtals hafa hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar greitt rúmlega 76 millj. í Menningarsjóð útvarpsstöðva. Greiðslur í menningarsjóðinn skiptast þannig: Ríkisútvarpið 60 millj. 528 þús. 429 kr. Íslenska sjónvarpsfélagið 5 millj. 395 þús. 28 kr. Íslenska útvarpsfélagið 10 millj. 310 þús. 593 kr. Eyfirska sjónvarpsfélagið 238 þús. 950 kr. Stjarnan 300 þús. kr. Tækifærisútvörp 10 þús. 155 kr. Skólaútvörp 4 þús. kr. Samtals: 76 millj. 787 þús. 155 kr.

2. Samkvæmt upplýsingum sem ritari sjóðstjórnar, Baldvin Jónsson, veitti fyrir hönd stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva voru full skil við sjóðinn 1. febr. 1988 hjá þeim stöðvum sem áður er getið. Hins vegar kemur fram í umsögn sjóðstjórnar að aðrar útvarpsstöðvar, þar með taldar útvarpsstöðvar sem fengið hafa leyfi til skemmri tíma, þ.e. til tiltekins tilefnis, tækifærisútvörp eða skólaútvarpsstöðvar, hafi ekki allar svarað áskorun sjóðsins um að senda skýrslu um auglýsingatekjur. Þess vegna treystir sjóðstjórnin sér ekki til að svara því hversu mikið fé aðrar útvarpsstöðvar skulda sjóðnum. En lögmanni hefur nú verið falin innheimta hjá þessum stöðvum.

3. Samtals hefur Menningarsjóður útvarpsstöðva greitt rúmlega 35 millj. kr. til Sinfóníuhljómsveitar Íslands svo sem útvarpslögin gera ráð fyrir. Önnur framlög úr sjóðnum eru sem hér segir: Ríkisútvarp sjónvarp 8 millj. 525 þús. kr. Íslenska sjónvarpsfélagið 5 millj. 750 þús. kr. Íslenska útvarpsfélagið 9 millj. 508 þús. kr. Eyfirska sjónvarpsfélagið 400 þús. kr.

Sjóðstjórnin tekur fram í umsögn sinni að það ósamræmi sem kann að virðast á milli þess sem aðilar greiða til sjóðsins og fá úthlutað úr honum kemur til af þeirri reglu, sem sjóðstjórnin setti sér í upphafi, að úthluta ekki til þeirra er skulda sjóðnum.

Sjóðstjórnin bendir enn fremur á að einungis var óskað svars við því hver staðan var 1. febr. 1988. Gjalddagar á greiðslum til sjóðsins eru sex á ári eða annan hvern mánuð og þá þann 15. þess mánaðar. Hinn 1. febr. áttu aðeins tekjur fram til 1. nóv. að vera greiddar en tekjur sjóðsins breyttust nokkuð hinn 15. febr. sl. Eins hafa tölur um úthlutanir úr sjóðnum breyst eftir þann tíma.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu efni hér vegna þess að þær

tölur sem hæstv. menntmrh. fór með eru athyglisverðar og þær eru líka umhugsunarefni.

Ríkisútvarpið hefur greitt 60 millj. í þennan sjóð, fengið 8,5, Stöð 2, sem svo er nefnd, greitt 5 millj., fengið 5,7, Íslenska útvarpsfélagið greitt 10,5 og fengið svipaða upphæð. Hér ætla ég að láta staðar numið í þessari upptalningu. Ég er afar tortrygginn á þessar tölur. Mér finnast þær mjög einkennilegar, sérstaklega þær greiðslur sem Stöð 2 eða Íslenska sjónvarpsfélagið hefur innt að höndum, sem aðeins eru 5 millj. kr., og hafa fengið meira úr sjóðnum en þeir hafa greitt í hann. Og ég segi þetta vegna þess að í Dagblaðinu 9. jan. 1987 sagði Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri, með leyfi forseta: „Í öðru lagi hefur Stöð 2 nú nær helming auglýsingamarkaðarins. Samkvæmt upplýsingum Miðlunar hf. voru hlutföllin 50% í október, 40% í nóvember og um 45% í desember."

Nú skyldu menn þá ætla að Stöð 2 seldi sínar auglýsingar svo óskaplega ódýrt að þeir þyrftu ekki að borga meira í sjóðinn. En í Morgunblaðinu fimmtudaginn 11. febr. 1988 segir Jón Óttar Ragnarsson sjónvarpsstjóri: „Við erum með 60–65% af auglýsingamarkaðnum. Okkar verð er orðið svipað og hjá Ríkissjónvarpinu." Nú er bara tvennt til að mínu mati. Annaðhvort er þetta rangt, sem sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 heldur fram, eða það er ástæða til að skoða þetta mál miklu, miklu nánar og þá að fagmenn líti á bókhald einhvers staðar. Ég held að þetta tvennt sé það sem blasir við okkur þegar við heyrum þessi svör.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans og jafnframt vil ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir þær ábendingar sem hann kom hér með og eru því miður mjög alvarlegs eðlis. Ég verð að taka undir það, sem hann sagði, að þetta útheimtir virkilega athugun á stöðu mála.

Hitt er svo ærið umhugsunarefni, miðað við 5. gr. laganna sem fjallar um skyldur íslenska ríkisútvarpsins. Með leyfi forseta hljóðar 1. málsgr. svo: „Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð." Er það virkilega svo að sú nefnd sem þarna útdeilir fé telji að Ríkisútvarpið hafi gjörsamlega brugðist skyldu sinni, útdeilingin er á þann veg, eða hefur sú starfsregla sem hún hefur sett sér, að því eins sé greitt til stöðva úr sjóðnum að þær séu í skilum, komið í veg fyrir að Ríkisútvarpið fengi þarna eðlilega úthlutun? Annaðhvort hlýtur að hafa átt sér stað.

Nú er ekki hægt að dæma störf þessarar nefndar að mínu viti miðað við þann stutt starfstíma sem hún hefur haft og einhver breyting gæti komið í ljós, en ég lýsi því yfir hér og nú að ég ætla að fylgjast með því hvernig þessu fjármagni verður skipt á því ári sem nú er hafið og get ekki unað því ef staðið verður eins að því verki og verið hefur.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég tek undir þær áhyggjur sem fram hafa komið í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og Eiðs Guðnasonar. Sé rétt eftir Jóni Óttari haft í Morgunblaðinu, og hygg ég að það hafi verið, er það nánast siðferðileg skylda ráðherra að kafa í þetta mál og fá sannleikann upp á yfirborðið.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það skal að sjálfsögðu ekki standa á mér að kafa ofan í þetta mál til að eyða allri tortryggni sem hugsanlega kann að vakna þegar þessi svör eru metin.

Ég vil aðeins benda á tvennt í því sambandi, án þess að ég vilji nokkuð skera úr um hvað hér er á ferðinni. Í fyrsta lagi: Þegar talað er um tekjur menningarsjóðsins frá Ríkisútvarpinu er að sjálfsögðu bæði átt við tekjur af hljóðvarpi og sjónvarpi, en aftur eingöngu tekjur af sjónvarpi þegar við erum að tala um tekjur af Stöð 2.

Í annan stað hygg ég að Stöð 2 hafi starfað allmiklu skemur en Ríkisútvarpið á því tímabili sem þetta svar nær yfir, þ.e. frá því að útvarpslögin tóku gildi. Stöð 2 var ekki stofnuð strax ef ég man rétt.

Þá er rétt að hafa í huga, þegar metið er hvernig fé hefur verið úthlutað úr sjóðnum og það hefur verið gert af þar til kjörinni sjóðstjórn, að þá kemur fram, á mjög fínan hátt reyndar, í því svari sem ég gat um að sjóðstjórnin hafi sett sér þá reglu í upphafi alveg hlutlægt að úthluta ekki fé til þeirra stöðva sem skulduðu sjóðnum. Ég þarf vonandi ekki að hafa fleiri orð um það. Ég held að það sé alveg ljóst að Ríkisútvarpið stóð ekki við sínar greiðslur í sjóðinn fyrr en á síðustu mánuðum sem Ríkisútvarpið greiddi það sem það átti að greiða í þennan sjóð.

En að öðru leyti er sjálfsagt að óska eftir frekari skýringum og skýrslu frá sjóðstjórninni um þetta mál og það mun ég gera.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Mér finnst þetta svo alvarlegt mál að það sé ástæða til að biðja hæstv. menntmrh. blátt áfram um skýrslu um það fyrir Alþingi því að ef á að taka eitthvart mark á blaðaviðtali við Stöð 2, framkvæmdastjóra hennar, gefur það a.m.k. til kynna að þarna sé verulega skotið undan. Hins vegar er það rétt, sem hæstv. menntmrh. segir, að greiðslur frá Ríkisútvarpinu munu hafa komið seint og getur skýrt málið að einhverju leyti. En ekki nema að einhverju leyti.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég fagna því að það kom skýrt fram hjá menntmrh. að hann metur það svo að það sé ekki dagskrárgerð Ríkisútvarpsins sem hafi hlotið dóm með þeirri útdeilingu sem átt hefur sér stað, enda hefði ég talið dóminn fráleitan ef svo væri, heldur sú skýring að þeir hafi ekki staðið í skilum og þess vegna hafi þeir ekki fengið úthlutun eins og eðlilegt má teljast. Hins vegar finnst mér það dálítið

djörf ákvörðun, ef hún er aðeins hjá sjóðstjórninni en ekki fyrirmæli frá menntmrh., að það skuli miðað við hvort stöðvar standi í skilum því að spurningin um vanskil hlýtur í hverju tilfelli að vera þá spurning um upphæð. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um að sinni.

Fiskvinnsluskólar, ein umr.

Fsp. JSS, 259. mál. — Þskj. 557.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Í fréttum Ríkisútvarpsins seinni hluta janúarmánaðar sagði af fundi sjálfstæðismanna á Dalvík. Á fundinn var mættur hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson og hafði hann lýst því yfir að nú væri ákveðið að koma á fót fiskvinnsluskóla á Dalvík. Þessi yfirlýsing vakti mikla undrun og umtal á Siglufirði, jafnt hjá samflokksmönnum ráðherrans sem öðrum. Menn voru vel minnugir samþykktar Alþingis frá 30. mars 1973, sem hneig í þá átt að koma á fót fiskvinnsluskóla á Siglufirði, og einnig jákvæðra niðurstaðna fulltrúa menntmrn. þar að lútandi frá því í október 1984. Það sést því á þessum tímasetningum að menntmrn. ætlar ekki að rasa um ráð fram í þessum efnum og hefur vafalaust notað tímann vel til undirbúnings.

Í umræðum um þetta mál í Sþ. þann 11. júní 1985 segir fyrrv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir, með leyfi forseta: „Þessi athugun málsins stendur yfir. Það er nokkuð viðurhlutamikið að stofna til nýs skóla á svo sérhæfðu sviði og það er skynsamlegt að standa vel að athugun þess máls áður en ákvörðun er tekin um að hefjast handa.

Frumathugun um aðstæður á Siglufirði var gerð á sl. hausti. Þessa athugun gerði deildarstjóri í menntmrn., Stefán Ólafur Jónsson, en meginniðurstöður hans voru eftirfarandi: Heppilegt yrði, ef skóli yrði stofnaður á Siglufirði, að skipuleggja hann með öðrum hætti en Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Tillaga um þetta liggur fyrir þó hún sé vitanlega ekki fullunnin."

Þeim mun meiri varð undrunin á Siglufirði þegar útkoman reyndist svo sú að stofna svona skóla á Dalvík. Miðað við hefðbundinn undirbúningstíma menntmrn. í þessum efnum vaknar auðvitað spurningin til að byrja með hvort þessi yfirlýsing ráðherrans sé tímabær þegar skólinn kemur væntanlega ekki til með að rísa á Dalvík fyrr en einhvern tímann eftir árið 2010. Þörfin á slíkum skóla er auðvitað rík, jafnt á Siglufirði, Dalvík sem og öðrum stöðum. En fyrst og fremst er nauðsynlegt að Norðlendingar fái vitneskju um fyrirætlanir ráðherra varðandi þessa skólavæðingu á þeirra svæði þó svo um langtímaáætlanir sé að ræða. Eða hvað hyggst menntmrh. koma á fót mörgum fiskvinnsluskólum á Norðurlandi?

Í lærðri grein í Morgunblaðinu 13. des. 1986 eftir Guðjón Ármann Eyjólfsson skólastjóra um sjávarútvegsskóla er bollalagt um verknámsskóla í fiskvinnslu sem leggja megi algerlega til jafns við kjötiðnaðarnám eða fag líkt og kjötvinnslu. Fiskvinnsluskólar í formi fiskiðnskóla eiga því fullan rétt á sér og þörfin er rík. Starfsfræðsla fólks í fiskvinnslugreinum sem hlyti viðurkenningu í launum er nauðsynleg ef halda á hæfileikafólki í þessum störfum og er víst aldeilis ekki vanþörf á. Fiskvinnsluskólar geta hins vegar gegnt fjölþættara hlutverki en því að vera fiskiðnskólar.

Guðjón segir m.a., með leyfi forseta: „Sjávarútvegsskólar gætu orðið til mikillar eflingar öllum sjávarútvegi og plássum vítt og breitt um landið ef í hverjum landsfjórðungi yrði komið á fót skólum í grunnnámi skipstjórnar, vélstjórnar og fiskvinnslu."

Sagt var um Gunnar á Hlíðarenda að hann væri jafnvígfimur á báðar hendur og barðist jafnt til beggja hliða. Flestir aðrir gátu og geta aðeins vinstra eða hægra megin í einu. Svo var farið með fyrrv. menntmrh. Ragnar Arnalds, sem hafði mikinn áhuga á fiskvinnsluskóla á Siglufirði, að hann notaði sinn tíma sem menntmrh. til að koma upp slíkum skóla í Hafnarfirði og sagði í umræðum um þetta mál, einmitt 11. júní 1985, með leyfi forseta, að það hlyti að ganga fyrir og það væri algerlega óraunhæft að stofna annan skóla á nákvæmlega sama tíma. Þetta höldum við að gildi jafnt um Dalvík og Siglufjörð og við efumst ekki um að Siglufjörður er fyrr í röðinni þegar kemur að því að stofna fiskvinnslu- eða fiskiðnskóla á Norðurlandi.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það er spurt í fyrsta lagi: Hvað hyggst menntmrh. koma á fót mörgum fiskvinnsluskólum á Norðurlandi?

Svar mitt er að menntmrh. hefur ekki tekið neina ákvörðun um stofnun margra fiskvinnsluskóla á Norðurlandi. Skv. frv. til laga um framhaldsskóla, sem ég hef nýverið lagt fram á Alþingi, er það Alþingi sem á að ákveða stofnun nýrra skóla á framhaldsskólastigi, sbr. 3. gr. frv. Fjöldi skóla hlýtur því, ef þetta frv. verður að lögum, að vera háður ákvörðun Alþingis og fjöldinn byggður á þörfum fyrir þá menntun sem um ræðir hverju sinni. Hitt er svo annað mál hvort heimiluð er kennsla á fiskvinnslubraut við starfandi skóla. Það fer með þetta nám eins og annað, að sé þörf á auknu námsframboði vegna þarfa atvinnulífsins eða af öðrum ástæðum verður ráðuneytið að sjálfsögðu að taka slíkt til athugunar.

Að undanförnu hefur verið í athugun að koma á fót kennslu í fiskvinnslu á Dalvík, en bæjarstjórnin þar óskaði eftir því fyrir ári að athugað yrði hvort möguleikar væru á því að bjóða upp á nám í fiskvinnslu í framhaldsdeild Dalvíkurskóla. Sérstakur starfshópur hefur verið að kanna málið, bæði er varðar aðstöðu til kennslu og kennsluskipulag, og

tillögur hans munu verða tilbúnar innan skamms. Verður þá tekin ákvörðun um hvort gerð verður tilraun með kennslu þar sem ákvarðast auðvitað af því hvort eftirspurn verður eftir náminu á Dalvík, aðstaða verði fullnægjandi og hæfir kennarar fáist til starfa. Þótt nefndarstarfi sé ekki formlega lokið hafa undirtektir verið jákvæðar og hef ég heitið bæjar- og skólayfirvöldum á Dalvík fulltingi mínu við að koma þessu námi á fót ef sú verður tillaga nefndarinnar. Það gerði ég á fundi með bæjarstjórn og skólayfirvöldum á Dalvík fyrr í vetur en ekki á fundi sjálfstæðismanna á Dalvík eins og hv. fyrirspyrjandi sagði áðan.

Spurt er í öðru lagi: Hvenær hyggst menntmrh. snúa sér að því verkefni að framkvæma vilja Alþingis, sem fram kom í samþykkt þess 30. mars 1973, um að koma á fót fiskvinnsluskóla á Siglufirði?

Hér er spurt af ónákvæmni. Þann 30. mars 1973 samþykkti Alþingi svohljóðandi tillögu:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna grundvöll að stofnun og rekstri fiskiðnskóla á Siglufirði."

Fyrirrennarar mínir í embætti menntmrh., en þeir eru sjö talsins frá því þessi tillaga var samþykkt, ég er sá áttundi, munu eitthvað hafa athugað þetta mál þótt það hafi ekki leitt til ákvörðunar um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, enda hefur verið á þessum tíma unnið að því að koma Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði á laggirnar og hefur það kostað ríkið nokkurt fjármagn.

Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. menntmrh., lét gera forathugun á aðstæðum til reksturs fiskvinnsluskóla í Siglufirði haustið 1984. Annaðist Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntmrn., það verk. Hann kynnti sér aðstæður á staðnum, ræddi við bæjarstjórn og forustumenn í fiskvinnslufyrirtækjum, athugaði möguleika á húsnæði til kennslu og heimavistar fyrir aðkomunemendur og þjálfunaraðstöðu fyrir nemendur í fiskvinnslufyrirtækjum. Niðurstaða Stefáns Ólafs var sú að það væri ávinningur fyrir Siglufjörð að þar yrði stofnaður fiskvinnsluskóli, en nauðsynlegt væri að gera ítarlega athugun á ýmsum þáttum málsins áður en ákvörðun yrði tekin. Ekki hefur frekar verið unnið að þessu máli í menntmrn., enda hefur þurft á þessum tíma verulegt fjármagn til Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði sem ekki var fullsetinn.

Við þetta er því að bæta að ég er þeirrar skoðunar að það sé úreltur hugsunarháttur að hugsa sér að setja á fót fiskvinnslu- eða sjávarútvegsskóla, þ.e. fullkominn skóla í þessum greinum, á mörgum stöðum. Ég tel hins vegar að brautum í þessum greinum, hvort sem það er í fiskvinnslu eða skipstjórn, eigi að koma á laggirnar við ýmsa skóla sem fyrir eru, fjölbrautaskóla eða framhaldsdeildir við grunnskóla, og síðan eigi menn kost á framhaldsnámi t.d. í Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði sem verði þá eins konar landsskóli. Hitt verði t.d. tvö stig eins og fyrirhugað er á Dalvík.

Á Dalvík hefur verið rekin skipstjórnarbraut við þessa framhaldsdeild grunnskólans sem nú veitir nemendum kost á tveimur stigum og síðan fá nemendur ákveðin starfsréttindi eftir það nám, en ljúka síðan, þeir sem vilja, námi hér við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ég held að þetta fyrirkomulag eigi að vera nokkuð til fyrirmyndar. Við eigum að koma slíkum brautum upp sem víðast um landið þar sem þörf er á, en síðan geti menn fullnumið sig í skóla þar sem tryggt er að menn geti fengið góða framhaldsmenntun. Þessu vildi ég bæta við þau beinu svör sem ég gaf við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég þakka greinargóðar upplýsingar sem komu fram hjá menntmrh. Ég fagna því fyrir hönd fjórðungsbræðra minna á Norðurlandi, þeirra Dalvíkinga, að við hafi verið brugðið með svo undraskjótum hætti þeirra óskum að fá skóla settan á stofn fyrir fiskvinnslu, fiskiðnað á þeirra stað. Er ekki annað hægt en samfagna því.

Ég gat ekki skilið ráðherra öðruvísi en svo að það væri úreltur hugsunarháttur að koma á stofn einhverjum slíkum skóla á Siglufirði og ég mun koma þeim skilaboðum áleiðis.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þar sem ég var einn flm. að tillögu þeirri sem hér var samþykkt á sínum tíma um fiskvinnsluskóla á Siglufirði með fullum stuðningi alls fjórðungsráðs Norðlendinga á þeim tíma og allir þm. Norðlendinga fluttu þá till. sem samþykkt var, þá finnst mér rétt að benda á að auðvitað eigi að snúa sér að því að framkvæma þá tillögu fremur en hefja aðgerðir á öðrum stöðum þó ég sé ekki að öfundast út af því að vel sé að verki staðið annars staðar. Ég tek þess vegna undir með flm. fsp. að það sé mjög brýnt að aðilar snúi sér að því að koma upp braut, má það heita mín vegna, eða skóla í Siglufirði því að þar eru aðstæður þannig að þar eru síldarverksmiðjur, þar er niðurlagning, þar er fullkomið frystihús, mikil útgerð, bæði togara, báta og trillubáta, og þess vegna eðlilegt að þar sé slík braut.

Ég vil geta þess að þegar þetta mál var til umræðu fór þáv. menntmrh. til Siglufjarðar til að skoða aðstæður. Það var boðið upp á Hótel Hvanneyri, sem þar er, sem heimavist og aðstöðu og þar var hægt að fá húsnæði og alla aðstöðu með mjög góðum kjörum og er enn hægt.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. menntmrh. hversu réttilega og vel hann hefur brugðist við þeirri málaleitan að fiskvinnsluskóli skuli koma á Dalvík. Ég get ekki séð að hæstv. menntmrh. sé á neinn hátt ámælisverður þó hann með þessum hætti byggi upp skólastarf í hjarta Eyjafjarðar á því svæði sem þessi skóli er. Ef við tökum svæðið frá Húsavík til Ólafsfjarðar býr þar um tíundi hver maður og næsta undarlegt að heyra það af einum af þm. Norðlendinga að hann skuli

geta hugsað sér að segja í þessum stól að rétt sé að slá á frest uppbyggingu fiskvinnsluskóla á Dalvík, fremur eigi að byrja annars staðar. Við höfum reynt, þm. Norðlendinga, að standa saman um okkar mál. Við höfum í Norðurlandi eystra reynt að standa á bak við þá uppbyggingu sem verið hefur fyrir vestan og ég vil vænta þess að svo verði áfram. Við verðum í sameiningu að standa að uppbyggingu menntastofnana á Norðurlandi, hvorum megin sem það er við Tröllaskaga, því ég tel það einmitt mjög þýðingarmikið að menningarstofnanir eflist sem víðast úti á landi. Ég held að það sé einhver heilbrigðasta byggðastefna sem við getum framfylgt.

Fyrirspyrjandi (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins gera örstutta athugasemd við málflutning hv. 2. þm. Norðurl. e., sem fram kom áðan, að ég hafi lagt til að málefni fiskvinnsluskóla á Dalvík verði slegið á frest. Ég sagði: Miðað við þann undirbúningstíma sem mér finnst menntmrh. hafa þurft að taka sér miðað við að þál. var samþykkt hér 1973, athugun fór ekki fram fyrr en 1984, gerði ég ekki ráð fyrir að skóli mundi rísa á Dalvík fyrr en 2010. Það væru þær tímaáætlanir sem mér virtust vera uppi í þessum efnum. Ég fagnaði síðan þeim undraverðu og skjótu viðbrögðum sem uppi höfðu verið í sambandi við þennan skóla á Dalvík og samfagnaði mínum fjórðungsbræðrum á Norðurlandi, Dalvíkingum, að þessi skóli skyldi rísa þar.

En ef hv. 2. þm. Norðurl. e. talar um samstöðu finnst okkur á Norðurlandi vestra aðeins skorta á að þeir hafi staðið rækilega með okkur hinum megin við Tröllaskaga hvað snertir uppbyggingu skóla á Siglufirði og ég vænti þess að hann standi að því með okkur betur en áður.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Sæmundur Sigurjónsson hefur hreyft ágætu máli sem við þm. á Norðurlandi vestra höfum oft vakið máls á. Ég var einmitt með fsp. um þetta mál fyrir tveimur árum og þetta hefur verið kappsmál okkar lengi.

Hv. þm. gat þess að ég hefði á sínum tíma setið í ráðherrastól og þá hefði uppbygging fiskiðnskólans í Hafnarfirði verið á döfinni. Það er rétt að þegar ég kom í menntmrn. hafði þegar verið ákveðið af Alþingi að fiskiðnskóli fyrir allt landið skyldi rísa þar. Þó var hann ekki kominn á fót og ekki búinn að eignast eigið húsnæði þegar ég var þar í ráðuneytinu. Að sjálfsögðu var brýnt á þeim tíma að tryggja tilvist þessa eina skóla sem Alþingi hafði þá ákveðið að þar yrði settur á stofn. Hins vegar höfum við alla tíð haft auga með því að skóli af þessu tagi rísi á Norðurlandi og ég tek mjög eindregið undir ábendingar hv. þm. í þeim efnum. Það hefur lengi verið kappsmál mitt.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. lauk annarri ræðu sinni á þann veg að hann skyldi koma því áleiðis til Siglfirðinga að ég teldi það úreltan hugsunarhátt að koma á fót einhverjum slíkum skóla á Siglufirði. Það var alls ekki það sem ég sagði og ég bið hv. þm. að snúa ekki út úr orðum manna úr ræðustólnum. Það sem ég sagði og meina er að við eigum að kappkosta að koma upp brautum í fiskvinnslu og ýmsum þáttum sjávarútvegs við þá skóla sem fyrir eru í landinu. Skólinn í Siglufirði kemur vissulega til greina sem einn af þeim skólum. Það sem verið er að gera á Dalvík er að það er verið að vinna að því að koma á braut í fiskvinnslu til viðbótar við skipstjórnarbrautina sem fyrir er við skólann þar. Ég tel að skólar af því tagi eigi að vera sem víðast um land þannig að menn eigi ekki að þurfa að sækja hingað suður alla grunnmenntun í þessum greinum.

Ég ætla ekki að taka þátt í því karpi á milli kjördæma sem hér hefur farið fram, en ég get þó ekki látið hjá líða að gera þá játningu og viðurkenningu, eftir að hafa setið í stóli menntmrh. þó í hálft ár, rúmlega það, að mér var ekki kunnugt um þetta mál, fiskvinnsluskóla á Siglufirði, fyrr en mér var tjáð að Siglfirðingar hefðu hrokkið við eftir að ég var á Dalvík og gaf mínar yfirlýsingar þar. Mér finnst þess vegna að það megi beina því líka til heimamanna að vera dálítið meira vakandi yfir sínum málum. Ég hef fengið margar heimsóknir frá bæði bæjarstjórn og skólayfirvöldum á Dalvík og reyndar frá Vestmannaeyjum og víðar um landið þar sem þeir eru að ræða um sín mál. Ég hafði ekki heyrt orð frá Siglfirðingum um þetta mál fyrr en með óbeinum hætti eftir að þetta kom fram á Dalvík. Það sem við erum þó að tala um er 15 ára gömul þál. sem er grundvöllur þess sem fsp. fjallar um og er ekki sterkar til orða tekið þar en svo að það eigi að kanna eða gera athugun á hvort rétt sé að setja slíkan skóla upp á Siglufirði. Ragnhildur Helgadóttir lét gera slíka athugun 1984. Ég hef núna skoðað niðurstöðu þeirrar athugunar og hún er bæði jákvæð og neikvæð, en niðurstaða þess starfsmanns í menntmrn. sem athugunina framkvæmdi var sú að málið þyrfti að athuga betur. Það væru ýmis atriði óljós enn. Og ég skal sannarlega beita mér fyrir því að sú athugun fari fram í samráði við bæjaryfirvöld á Siglufirði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni að það sé með öllu ástæðulaust að við þm. Norðlendinga förum að gera þessa uppbyggingu framhaldsskólans á Dalvík að þrætuepli. Ég hygg að allir sem þekkja til aðstæðna við innanverðan Eyjafjörð séu sammála um að það sé mjög tímabært að á því svæði, sem er vaxandi útgerðar- og fiskvinnslusvæði, komist slíkt nám á fót og það er eðlilegt að það sé byggt upp innan starfandi framhaldsskóla eins og nú stendur til og sé uppbygging sem ekki er nokkur ástæða til að gera neitt annað með en fagna.

Rás 2, ein umr.

Fsp. IBA, 269. mál. — Þskj. 568.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 568, 269. mál, Sþ. leyfi ég mér að leggja fram fsp. til hæstv. menntmrh. um Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu. Fsp. er svohljóðandi:

„Hyggst ráðherra stuðla að því að Rás 2 verði seld eða starfsemi hennar hætt?“

Herra forseti. Það er staðreynd að einkaaðilar hafa sýnt að þeir geta sinnt því hlutverki Rásar 2 mjög vel að vera með afþreyingartónlist, fréttir og upplýsingar. Tveir stærstu aðilarnir ná nú þegar til 80% landsmanna og hafa fullan hug á að ná til þeirra allra.

Hvað varðar Rás 2 tel ég ljóst að auglýsingatekjur stöðvarinnar nægja ekki til að standa undir rekstri hennar og afborgunum og hlýtur því að vera fjárhagslegur baggi af því að halda rásinni úti sem skattgreiðendum er væntanlega gert að bera. Ég er þeirrar skoðunar að selja eigi Rás 2 eða leigja þar sem einkaaðilar eiga þá að sjá um afþreyingarútvarp, enda tel ég það betur komið í þeirra höndum. Ríkisútvarpið á hins vegar að vera með eina rás sem snýr að menningarlegu efni, fréttum, þjónustu, upplýsingum, leikritum o.s.frv. og ætti að efla það verulega, en láta einkageirann um afþreyingarútvarpið. Það má benda á að hluti af dagskrá Rásar 1 hefur verið flutt yfir á Rás 2 og nýtur þar lítillar ánægju hlustenda þar sem annað afþreyingarefni næst ekki.

Með þessum orðum vil ég spyrja ráðherra þess flokks sem hvað mest boðar frelsi einstaklingsins og frelsi einkaframtaksins hvort ekki komi til álita að framkvæma þá hugmynd sem núv. hæstv. forsrh. setti fram, þá hugmynd að selja Rás 2?

Hvað varðar lið spurningarinnar um það hvort til greina komi að hætta starfseminni, þá er það í beinum tengslum við þá skoðun mína að slík útvarpsstöð og slíkur rekstur á að vera í höndum einkaaðila. Ríkið á ekki að standa í samkeppni við þá á þessu sviði.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. spyr hvort ráðherra hyggist stuðla að því að Rás 2 verði seld eða starfsemi hennar hætt. Því er til að svara að skv. 16. gr. útvarpslaga frá 1985 ber Ríkisútvarpinu skylda til að senda út tvær hljóðvarpsdagskrár til landsins alls og næstu miða. Dagskrárrásum verður því ekki fækkað án þess að Alþingi hafi áður samþykkt breytingu á áðurnefndu ákvæði útvarpslaganna.

Nú stendur yfir endurskoðun útvarpslaga og er stefnt að því að henni ljúki þannig að nýtt frv. til útvarpslaga verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Ég mun beita mér fyrir því að við þá endurskoðun verði þeirri skyldu létt af Ríkisútvarpinu að senda út tvær hljóðvarpsdagskrár. Fallist Alþingi á þetta sjónarmið er það sjálfstætt úrlausnarefni þegar þar að kemur hvernig vinna ber að framgangi þess máls, en það er ekki tímabært að mínu mati fyrr en þessi grundvallarstefnumörkun hefur verið mótuð.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Ég gat ekki betur heyrt á þeim en að til greina kæmi að hans mati að skoða þá möguleika sem ég bendi á með fsp. minni. Ég fagna því og vona að hann taki þá undir það þegar það kemur hér til umræðu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Okkur er tjáð að það standi til að endurskoða lögin um hljóðvarp og útvarp og þar með stöðu Ríkisútvarpsins. Hér gefur hæstv. menntmrh. stefnumarkandi yfirlýsingu um að losa Ríkisútvarpið við Rás 2. Ég mótmæli þessu af pólitískum ástæðum og ég mótmæli sérstaklega vinnubrögðum ráðherrans í þessu efni. Ég tel að það hefði verið eðlilegra að hann hefði lagt fram frv. um breytingu að útvarpslögunum eða um ný útvarpslög áður en teknir eru fyrir einstakir þættir þessa máls með þeim hætti sem hann hér gerir. Bendi ég á í því sambandi að í gær var vísað til ríkisstjórnarinnar í Ed. frv. Borgarafl. um breytingu á útvarpslögum með þeim rökum að málið væri ekki tímabært þar sem þessi mál væru til endurskoðunar. Nú kveður við annan tón. Það á að selja Rás 2, það á að veikja Ríkisútvarpið sem er alvarleg yfirlýsing af hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég get ekki fallist á að það séu óeðlileg vinnubrögð þó ég lýsi minni skoðun á máli sem ég er spurður um í fyrirspurnatíma á hv. Alþingi. Ég tók það skýrt fram að það væri lagaatriði hvort Ríkisútvarpinu bæri skylda til að reka tvær rásir og það er auðvitað ekki fyrr en Alþingi hefur samþykkt ný lög sem ganga í aðra átt að unnt er að fjalla um hvort eigi að selja, hvort eigi að hætta og hvernig yfir höfuð eigi að standa að framkvæmd þeirrar stefnumarkandi ákvörðunar ef hún verður tekin. Ég mótmæli því harðlega að hér sé að einhverju leyti um óeðlileg vinnubrögð að ræða.

Hernaðarframkvæmdir, ein umr.

Fsp. SJS, 240. mál. — Þskj. 532.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ber fram árlega fsp. mína um

hernaðarframkvæmdir. Þessi fsp. hefur af minni hálfu undanfarin ár sem og núna þjónað þeim tilgangi að draga fram sérstaklega þau miklu hernaðarumsvif og þá miklu uppbyggingu á þessu sviði sem hafa átt sér stað í landinu undanfarin ár.

Það er í öðru lagi spurt um hina miklu stjórnstöð á Keflavíkurflugvelli sem er í byggingu eða a.m.k. stendur til að reisa þar, hvaðan á að stjórna hernaði, jafnvel kjarnorkuhernaði, á norðurslóðum í allt að sjö sólarhringa þó allt sé rjúkandi rúst á yfirborði jarðar á Íslandi. Hæstv. ráðherra svarar því e.t.v. hvort það standi til að stöðva þær framkvæmdir eða fara t.d. fram á að þessi áform verði endurskoðuð með það í huga að stjórnsýsla hersins fari fram í venjulegu húsnæði sem mundi sæta sömu örlögum og annað húsnæði í landinu ef til þess kæmi.

Og í þriðja lagi spyr ég hæstv. utanrrh., sem gjarnan vill nú gerast kyndilberi friðarins, a.m.k. á alþjóðavettvangi, og hefur haft um það býsna fögur orð undanfarna mánuði, hvort til standi af hans hálfu að beita sér fyrir því að hætt verði við eða a.m.k. stöðvuð þau miklu áform um hernaðaruppbyggingu sem hér hafa verið í ljósi breyttra aðstæðna og breyttrar þróunar í alþjóðamálum. Það er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda, að manni skilst, að gera allt sem hægt er til að draga úr vígbúnaði hér á norðurslóðum og reyna að koma í veg fyrir það t.d. að samningar um fækkun kjarnorkuvopna á landi leiði til aukinnar vígvæðingar í hafinu. Eru þá ekki nærtæk og hæg heimatökin hjá okkur Íslendingum að sjá a.m.k. til þess að vígbúnaður á norðurslóðum aukist ekki á því afmarkaða svæði sem við höfum ráðrúm yfir, sem er Ísland og landhelgin og lögsagan umhverfis landið? Þess vegna finnast mér mikil rök fyrir því að spyrja nú hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn: Eru ekki á dagskrá áform um að endurskoða þessa miklu hernaðaruppbyggingu í þessu ljósi? Enn fremur vegna þess að ýmislegt bendir til að þau áform, sem við höfum enn séð framan í, séu ekki þau einu sem hernaðarmaskínan hefur á prjónunum varðandi Ísland og nægir að minna þar á margnefndan varaflugvöll og einnig áform um ýmsar frekari framkvæmdir á sviði radarmannvirkja en enn hafa verið leyfð og nýlegar vísbendingar hafa komið fram um.

Þess vegna vænti ég og vona sannarlega að hæstv. utanrrh. geti fært okkur þau gleðitíðindi að nú verði brotið í blað og þeirri gífurlegu hernaðaruppbyggingu sem stóð allan þann tíma sem hæstv. núverandi utanrrh. var forsrh. verði nú hætt.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er um nýjar framkvæmdir sem ég hef heimilað og ekki hafa áður komið fram í skýrslum. Það eina sem ég hef heimilað en sem er alveg óákveðið hvenær reist verður er svokallað hugbúnaðarhús eða miðstöð þar sem unnið verður við hugbúnað þann sem stjórnar þeim radarstöðvum sem verið er að reisa. Þær verða allar tölvustýrðar og er viðamikill hugbúnaður í því sambandi nauðsynlegur. Eins og kemur fram í þeirri skýrslu minni sem ég flyt eftir u.þ.b. klukkutíma er gert ráð fyrir að íslenskir kerfisfræðingar vinni við þann hugbúnað.

Ég hef farið yfir þær framkvæmdir sem um er að ræða og ég sé ekki betur en þeirra sé allra getið í fyrri skýrslu nema ég fann ekki eina, sem er að vísu löngu samþykkt, og það er æfingasvæði fyrir slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli. Varla getur það talist hættuleg hernaðarframkvæmd. Annað hygg ég að sé allt í fyrri skýrslu.

Í öðru lagi er spurt um hina „rammgerðu" og „sprengjuheldu" hernaðarstjórnstöð. Ég verð að leiðrétta þetta. Ég kynnti mér þá framkvæmd með mönnum sem ég treysti. Því fer víðs fjarri að þessi stjórnstöð þoli sprengju. Hún mundi aldrei þola sprengju sem kæmi beint á hana eða rétt við hana. Ég tala ekki um ef það væri kjarnorkusprengja. Því fer víðs fjarri. Hins vegar er hún þannig útbúin að þótt falli kjarnorkusprengja einhvers staðar fjær á svæðinu eiga þeir sem þar starfa að geta haldist þar við í nokkra daga, mér er sagt 5–7 daga. Loftræstikerfi og veggir svo þykkir og fleira að hún á ekki að falla við slíka sprengju.

Hins vegar er þessari stjórnstöð ætlað að gegna nákvæmlega sama hlutverki og nú er í gömlu stálgrindarhúsi. Ég held að hver sem það heimsækir muni sjá að það er orðið æðiúrelt, bæði tæknilega og aðstaða öll afar erfið. Ég hef einnig kynnt mér hvað þar á að fara fram. Það er ekkert þar sem getur talist til að stjórna kjarnorkustyrjöld. Því fer víðs fjarri. Þarna verður tekið við merkjum frá þeim kafbátaleitartækjum sem liggja um Atlantshafið, tekið við skilaboðum frá þeim flugvélum sem fljúga yfir og fylgjast með umferð í lofti og á hafi og tekið við skilaboðum eða merkjum frá þeim radarstöðvum sem er verið að byggja. Þessar radarstöðvar eru allar af þeirri gerð að þær ná ekki eða sjá ekki, eins og stundum er sagt, yfir sjóndeildarhringinn eins og þær fullkomnu radarstöðvar sem reistar eru víða um heim, að því að mér skilst, og geta stjórnað ferð flugskeyta. Þær ná 200 mílur út og eru að okkar ósk með radar sem getur fylgst með yfirborði sjávar því við teljum það mikilvægt í sambandi við t.d. björgunarstörf og eftirlit með skipum. Þær verða mannaðar algjörlega af Íslendingum.

Í þriðja lagi er spurt hvort komið hafi til álita í ríkisstjórn að láta draga úr, fresta eða hætta alveg við einhverjar hernaðarframkvæmdir hérlendis. Eins og kemur fram í skýrslu minni hef ég frestað að vísu aðeins einni framkvæmd eða einum áfanga við olíuhöfnina og dregur það úr framkvæmdum um u.þ.b. 4 millj. dollara, en mér þykir það mikilvægast í þessu sambandi, sem ég hef a.m.k. sannfærst um, að allt það sem verið er að gera er í þágu eftirlits og þar með náttúrlega varna, en alls ekki árásar.

Mér væri ljúft að beita mér fyrir því að hv. þm. fái aðgang að þessum upplýsingum og fái að kynna sér málið. Ég er sannfærður um að þetta er í þágu eftirlits sem verður stöðugt mikilvægara í þeirri

jákvæðu þróun sem er að verða í heimsmálum.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Þau urðu mér að vísu talsvert mikil vonbrigði því það kom í raun ekkert fram um að hæstv. utanrrh. hefði á prjónunum neinar nýjar áherslur að nokkru leyti í þessum málum. Því miður virðist það vera svo að „glasnost" og „perestrojka" hæstv. utanrrh. sé fyrst og fremst til nota á erlendri grund og fari vel í ræðum vestur í Kanada eða Bandaríkjunum eða austur í Moskvu. En þegar kemur heim til Íslands er komið og farið er að ræða málefni hersins og vígbúnaðinn hér situr allt við sama farið, því miður.

Ég kunni utan að þessa ræðu um stjórnstöðina. Þetta var nákvæmlega sama ræðan og hæstv. fyrrverandi utanrrh. Geir Hallgrímsson og síðan hæstv. ráðherra Matthías Á. Mathiesen fluttu á árum áður og fer nú ekki mikið fyrir reisninni, að mínu mati, þegar hæstv. núv. utanrrh. og formaður Framsfl. fær að láni gömlu ræðurnar kaldastríðsstílsins sem þeir fluttu hæstv. fyrrverandi ráðherrar.

Um stjórnstöðina veit ég ýmislegt, hæstv. utanrrh. Það er að vísu rétt að ef kjarnorkusprengja dytti ofan á þakið á henni mundi hún sennilega ekki þola það, en hún er byggð samkvæmt NATO-stöðlum eins og sprengjuheldu flugskýlin sem eru þannig að svo fremi sem ekki sé um að ræða svonefnt „direct hit", þ.e. að sprengjan falli beint á húsið, á hún að þola höggbylgjuna og þola efnahernað. Ef hér á einungis að vera um varnarstarfsemi að ræða, hæstv. utanrrh., hlýtur maður auðvitað að spyrja: Hvað á að verja, e.t.v. eftir fimm daga gjöreyðingarstyrjöld? Hvaða Íslendinga á að verja með starfsemi í þessari stjórnstöð? Auðvitað er það þannig að þetta er hluti af síðari tíma átökum í kjarnorkustyrjöld og hluti af varnarhlekk bandaríska kjarnorkuvígbúnaðaraflans í þeim efnum en ekki í okkar Íslendinga þágu. Þá væri nær að reisa þarna einfalda byggingu á yfirborði jarðar úr bárujárni eða þess vegna úr múrsteini eða steypueiningum. Það mundi væntanlega þjóna þessu varnarhlutverki jafn vel. Hér er um það að ræða að örfáir yfirmenn herafla geti haldið úti í sérstöku mannvirki og stjórnað þaðan árásum kjarnorkukafbáta og stýriflauga og sprengjuflugvéla mörgum sólarhringum e.t.v. eftir að allt er horfið af yfirborði jarðar.

Það eru mér mikil vonbrigði að hæstv. utanrrh. virðist ekki á nokkurn hátt ætla að hverfa frá kaldastríðsáherslum forvera sinna í þessum efnum.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ég hygg að allir, nema þá e.t.v. hv. þm., viti að á Norður-Atlantshafinu hafa átt sér stað mjög miklar breytingar og afar alvarlegar breytingar. Allir vita að á Kola-skaga hefur verið byggð sú mesta hernaðarstöð sem líklega er til í heiminum. Ekki fer leynt að hún er ekkert síður til árása en varnar. Sömuleiðis hygg ég að öllum sé ljóst að í allri þessari þróun er eftirlit með umferð, hvort sem það er á sjó eða í lofti, eitt það mikilvægasta í þeirri viðleitni sem nú er til að draga úr vígbúnaði. Mér er það satt að segja hulin ráðgáta hvers vegna hv. þm. getur ekki sætt sig við að hér sé sæmilega útbúin eftirlitsstöð. Hvers vegna verða byggingar að vera þannig á Keflavíkurflugvelli að þær hrynji við fyrstu árás? Hvern skaðar það þótt radarstöðvar séu byggðar sem fylgjast með þeirri umferð sem er í háloftunum? Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta óskiljanlegt og mér virðist að með því að hafa sæmilega vel útbúna eftirlitsstöð séum við að stuðla að því að samkomulag geti náðst um að draga úr þessu vitfirrta árásartækja- og vígbúnaðarkapphlaupi sem hefur átt sér stað á undanförnum áratugum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í febrúar 1949 var haldinn fundur í Pentagon. Þann fund sátu fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar, utanrrh., flugmálaráðherra, viðskrh. (Gripið fram í.) 1949. Þar sat hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson að sjálfsögðu ekki. — Á þessum fundum var rætt um aðildina að Atlantshafsbandalaginu og um herstöðina á Íslandi. Þá sagði forustumaður Bandaríkjahers, sem þá var viðstaddur, að það væri mjög erfitt að greina á milli eftirlits, varna og árása. Þá sagði íslenskur ráðherra samkvæmt fundargerðum sem Bandaríkjamenn hafa gefið út: Já, en við viljum auðvitað gjarnan hafa það þannig að þetta líti frekar út sem varnir vegna þess að hitt er óvinsælt á Íslandi.

Ég óttast að í viðræðum við hæstv. núv. utanrrh. hafi Bandaríkjamenn beitt sömu röksemdum, en menn hafi viljað reyna og vilji reyna að láta hlutina líta þannig út að um sé að ræða varnir. Auðvitað er ákaflega mjótt þarna á milli og staðreyndin er sú að Keflavíkurherstöðin er í seinni tíð orðin hluti af kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna á norðurhveli jarðar. Það er ekki nokkur leið að neita því.

Leigukjör Stöðvar 2, ein umr.

Fsp. IBA, 270. mál. — Þskj. 569.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 569, 270. mál Sþ., leyfi ég mér að leggja eftirfarandi fsp. í fjórum liðum fyrir hæstv. samgrh. varðandi leigukjör Stöðvar 2:

„1. Hvað greiðir Stöð 2 fyrir afnot af dreifikerfi Pósts og síma?

2. Við hvað miðast ákvörðun leigugreiðslunnar?

3. Hver er gildistími leigusamningsins?

4. Stendur dreifikerfi Pósts og síma öðrum aðilum, er hyggjast hefja rekstur sjónvarpsstöðva, til boða og á sömu kjörum?"

Meginkjarni fsp. þessarar felst í síðustu spurningunni, en svör við hinum fyrri eru jafnframt nauðsynleg til að fullnægjandi svör fáist varðandi þau kjör sem hér um ræðir. Með setningu nýrra útvarpslaga á sínum tíma var stefnt að auknu frjálsræði og samkeppni í rekstri útvarps og sjónvarps. Verður ekki annað séð en að myndarlega hafi verið af stað farið í kjölfar laganna og enginn lofar frjálsræðið og samkeppnina meira en þeir sem standa að rekstri Stöðvar 2, enda hefur dagskrárgerð beggja sjónvarpsstöðvanna batnað með tímanum að því er virðist. Því má hins vegar ekki gleyma í þessu sambandi að grundvöllur frjálsrar samkeppni hlýtur að vera sá að aðilum séu skapaðir sem jafnastir möguleikar til reksturs eftir því sem kostur er.

Stöð 2 hefur nú samningsbundin afnot af dreifikerfi opinberrar stofnunar og er ekki að efa að þetta atriði hefur dregið verulega úr stofnkostnaði stöðvarinnar. Er því eðlilegt að ráðherra upplýsi þá aðila, sem áhuga kynnu að hafa á sjónvarpsrekstri, hvort hann muni beita sér fyrir því að þeir fái sams konar afnot af dreifikerfi Pósts og síma og á sömu kjörum og Stöð 2. Er ekki að efa að ef svör ráðherrans verða jákvæð muni það vera mikil hvatning til þeirra sem nú eru í startholunum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Svar við fyrsta lið fsp. hv. þm. er að gjald fyrir hvert sjónvarpssamband í flutningakerfi Póst- og símamálastofnunarinnar var við lok síðasta árs mánaðarlega 42 158 kr. án söluskatts. Hvert sjónvarpssamband samkvæmt gjaldskrá Pósts og síma — nú er þetta allt svo tæknilegt að það er allt að því erfitt að svara nákvæmlega — er yfirleitt á bilinu 40–60 km. Tökum dæmi: Eitt samband Reykjavík–Selfoss, annað samband Selfoss–Hvolsvöllur. Gjaldið, sem fylgir almennum gjaldskrárbreytingum hjá stofnuninni, er nú á mánuði 50 590 kr. án söluskatts og Stöð 2 leigði í lok síðasta árs 18 slík sjónvarpssambönd en leigir nú 26.

Sem svar við 2. tölul.: Ákvörðun leigunnar miðast við hlutfallslegan kostnað í flutningskerfinu.

Sem svar við nr. 3: Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með tólf mánaða fyrirvara.

Svar við nr. 4: Séu laus sjónvarpssambönd til hjá Póst- og símamálastofnun standa þau öllum rekstrarfyrirtækjum sjónvarps til boða á sömu kjörum og Stöð 2, enda hafa fleiri aðilar en Stöð 2 ofangreind sjónvarpssambönd á leigu hjá stofnuninni. Póst- og símamálastofnunin er að leggja ljósleiðarastrengi víðs vegar um landið vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa stofnunarinnar sem auðveldar lausnir á sjónvarpssamböndum nánustu framtíðar og leiðir til lækkunar á leigugjöldum vegna samnýtingar.

Ég vonast til þess að þessi svör séu fullnægjandi varðandi þessar fsp.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst af athygli með þessum orðaskiptum hæstv. ráðherra og fyrirspyrjanda, en ég er ekki alveg ánægður með svar við síðustu spurningunni, því eftir því sem mér hefur skilist hefur Stöð 2 fengið að nýta svokallað VHF-band til sjónvarpssendinga. Mun hafa verið um að ræða vararás á því sviði sem ekki var ætluð til almennra sjónvarpssendinga. Komi önnur sjónvarpsstöð til yrði hún að fara upp á hátíðnibandið, UHF-bandið, eftir því sem ég hef heyrt. Því spyr ég: Er þá ætlast til þess að Stöð 2 fylgi þar á eftir og flytji sig upp á UHF-bandið eða fær hún ein áfram að sitja að sendingum á VHF-bandinu sem að sjálfsögðu býður upp á miklu, miklu ódýrara dreifikerfi?

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans. Það kemur í ljós, eftir því sem ég best fæ séð, að leigukjörin eru vægast sagt mjög hagstæð Stöð 2. Það er eins og að leigja nokkuð stóra íbúð í Reykjavík, sú mánaðargreiðsla sem Stöð 2 þarf að greiða fyrir þann kostnað sem landsmenn allir hafa tekið þátt í að byggja upp.

Ég fagna því ef aðrar stöðvar eiga að fá sömu kjör, en mér fannst ráðherra aðeins draga úr þegar hann segir: ef til staðar væru . . . Ég er nefnilega ekki alveg viss um að það sé svo einfalt að bæta við nýrri stöð, eins og hv. þingflokksformaður Borgarafl. kom inn á hér áðan, og væri fróðlegt ef ráðherra vildi kannski svara þeirri spurningu sem hann lagði hér fram.

Sé það hins vegar hægt má benda á að þeir afruglarar sem notendur Stöðvar 2 nú eiga, þeir eiga þá sjálfir, geta tekið við nýrri stöð og jafnvel fleiri en einni þannig að þar mundi sparast strax sá stofnkostnaður sem liggur í að kaupa afruglara. Einnig tel ég að Stöð 2 hefði virkilega gott af því að fá samkeppni inn á hinn frjálsa markað þó ekki væri nema til þess að fækka þá endursýningum sem eru í dag þrjár á hverri mynd sem gerir að hver bíómynd á Stöð 2 er sýnd fjórum sinnum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Út af fyrir sig get ég ekki svarað einhverju því sem menn hafa heyrt. Fyrirspurnum sem er beint til mín reyni ég að svara eftir þeim upplýsingum og vitneskju sem ég hef. Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi sagði síðast, þá kom fram í mínu svari að það væri unnið að því að leggja ljósleiðarastrengi víða um landið. Þetta er gert til að auðvelda öðrum að njóta sömu þjónustu og Póstur og sími veitir í dag þeim aðilum sem reka sjónvarpsstöðvar, hvort sem þeir leigja miðað við hátíðni eða ekki. Ég er ekki eins vel að mér og verkfræðingur til að svara því, en allt er þetta gert til þess að þeir sem vilja sinna þessum sjónvarpsstöðvum, reka þessar sjónvarpsstöðvar geti allir haft sömu aðstöðu. Það er að sjálfsögðu það eðlilega og, ég sagði í lok míns svars, til að reyna að fá fram lækkanir á gjöldunum með eins mikilli samnýtingu og mögulegt er.

SAMEINAÐ ÞING

51. fundur, fimmtudaginn 25. febr., að loknum 50. fundi.

Utanríkismál, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 294. mál. — Þskj. 596.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Skýrsla um utanríkismál liggur fyrir allmiklu fyrr á þessu þingi en verið hefur á undanförnum þingum og reyndar lengi. Ég hef lagt á þetta áherslu til þess að nægur tími megi verða til umræðu um þessi mikilvægu mál. Er ég forseta þakklátur fyrir að hann hefur ráðstafað í þessu skyni deginum í dag og á morgun. Er það von mín að umræður um utanríkismál geti orðið gagnlegar og nægur tími til að ræða það sem hv. þm. kjósa að fjalla um.

Skýrslan er í hefðbundnu formi. Að vísu mætti breyta ýmsu í þessu formi, en ég hef ekki séð ástæðu til þess nú. Ég veit að ýmislegt sem þarna kemur fram er nokkuð fjarlægt því sem við ræðum fyrst og fremst í sambandi við utanríkismál, en ég tel þó allt gagnlegur fróðleikur. En ég hef í huga að formi skýrslunnar verði að einhverju leyti breytt áður en hún er lögð fram að nýju.

Þegar rætt er um utanríkismál ber að sjálfsögðu að leggja til grundvallar vissar staðreyndir.

1. Þær samþykktir sem Alþingi hefur gert.
2. Ákvæði stjórnarsáttmála.
3. Breytt ástand í heimsmálum.

Á síðasta sviðinu hefur meiri breyting orðið á undanförnum árum en dæmi eru til áður. Raunar má segja að orðið hafi bylting og mætti út af fyrir sig lýsa henni í langri ræðu. En í fáum orðum sagt hygg ég að megi segja að heimurinn hafi með nýrri tækni í samgöngumálum og fjarskiptum breyst frá því að vera stór í það að verða lítill og við höfum færst frá því að vera í útjaðri stórrar veraldar inn í miðju lítils heims.

Þetta hefur að sjálfsögðu haft gífurleg áhrif á alla þróun mála hér á landi. Við erum orðnir langtum háðari því sem gerist í kringum okkur. Við erum langtum háðari t.d. í viðskiptamálum en við vorum áður, enda mun um það bil helmingurinn af okkar þjóðarframleiðslu vera fluttur úr landi nú og einnig um það bil helmingur af okkar þjóðartekjum.

Ég hef stundum orðað það svo að sérhverri þjóð beri í raun skylda til að reyna að hafa þau áhrif á gang heimsmála sem þjóðin getur og skiptir þá ekki máli hvort hún er lítil eða stór. Þetta hefur jafnframt orðið til þess að þjóðir heimsins hafa hópast saman í stærri markaðssvæði og reyna að tryggja sína hagsmuni á þann máta. Þetta þýðir að sjálfsögðu að við verðum að leita samninga um þau mikilvægu viðskiptamál sem ég hef aðeins nefnt.

Á fáum sviðum hefur þó orðið meiri breyting en á sviði hernaðarkapphlaupsins sem ég hygg að flestir geti verið sammála um að er komið út í algera öfga og ég hygg að við getum öll verið sammála þeim breytingum sem á þessu sviði virðast nú fram undan og að sumu leyti orðnar og reyndar æðimargir orðnir langþreyttir af biðinni eftir þeim breytingum. Einnig á þessu sviði ber okkur skylda til að beita okkar áhrifum, þótt sumum kunni að þykja þau lítil þannig að sem fyrst verði snúið af braut vígbúnaðarkapphlaupsins.

Ég ætla síðan að fara yfir ýmsa kafla þessarar skýrslu og mun þá leitast við að draga fram þau atriði sem ég tel hvað mikilvægust. Ég vil byrja á því sem ég rétt lauk við að nefna, þær breytingar sem hafa orðið í vígbúnaðarkapphlaupi fyrst og fremst stórveldanna en sem vitanlega hefur haft sín áhrif um heim allan.

Við Íslendingar eigum þar nokkuð merkan þátt með Reykjavíkurfundinum í október 1986. Á fjölmörgum fundum sem ég hef sótt og hlustað á t.d. utanrrh. Bandaríkjanna eða í því sem við höfum lesið og haft er eftir forustumönnum í Sovétríkjunum er sá fundur ætíð nefndur sem sá mikilvægasti sem þjóðarleiðtogar stórveldanna hafa átt. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna orðaði það svo á einum slíkum fundi að öll þau mál sem eru nú til umræðu á milli stórveldanna á sviði afvopnunar hefðu í raun verið sett fram á fundinum í Reykjavík, í raun og veru væri öll vinnan framhald af þessum fundi í Reykjavík.

Fyrsti árangur þessarar viðleitni kemur fram í því samkomulagi sem undirritað var í Washington nýlega á leiðtogafundi og gerir ráð fyrir því að meðaldrægar eldflaugar og kjarnorkuvopn verði með öllu fjarlægð. Þetta er út af fyrir sig ekki stórt skref í eyðingu kjarnorkuvopna því að þessi vopn munu aðeins vera 3–4% af kjarnorkuforðabúri stórveldanna eða heimsins. En þetta samkomulag er fyrst og fremst mjög mikilvægt í því sambandi að það þýðir breytingu frá því kapphlaupi sem verið hefur og vonandi fráhvarf frá því kalda stríði sem verið hefur á milli stórveldanna undanfarin ár og jafnvel áratugi.

Gert er jafnframt ráð fyrir að þessu samkomulagi fylgi annað samkomulag og reyndar fleiri en eitt, samkomulag um helmingsfækkun langdrægra eldflauga, samkomulag um útrýmingu efnavopna og svo ýmis nánari sundurliðun á heimild stórveldanna til kjarnorkuvopna á landi, í flugvélum og á og í hafinu. Að vísu er gert ráð fyrir því að kjarnorkuvopnabirgðir stórveldanna verði eftir sem áður 6000 kjarnaoddar hjá hvoru og utanríkisráðherra Bandaríkjanna orðaði það nýlega að þessar birgðir væru í raun nægar til að eyða heiminum öllum á hálftíma. Því er æðilangt í land, jafnvel þótt þetta samkomulag náist nú, að séð sé fyrir endann á þeirri kjarnorkuógnun sem að heiminum hefur steðjað á undanförnum árum og áratugum.

Slíkt samkomulag er þó langtum stórstígara en

samkomulag um eyðingu meðaldrægra kjarnorkuvopna og ég tel að við hljótum að geta fagnað þessu samkomulagi sem annarri staðfestingu á því að horfið er af braut kalda stríðsins og kjarnorkuvopnakapphlaupsins.

Eitt hið allra mikilvægasta í þeim viðræðum sem nú fara fram á milli stórveldanna er það traust sem virðist fara vaxandi á milli þeirra og hefur komið mjög glöggt fram, t.d. á þeim fundum sem utanrrh. Bandaríkjanna hefur haldið með utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkjanna undanfarna mánuði. Það kemur m.a. fram í litlum samningi um fiskveiðiréttindi fyrir bandarísk skip í sovéskri lögsögu og kemur líka fram í þeim árangri sem virðist vera að nást á ýmsum sviðum mannréttinda sem hafa ætíð verið nátengd viðræðum á milli stórveldanna og í umræðu innan Atlantshafsbandalagsins um afvopnun. Á öllum þeim fundum sem haldnir hafa verið hafa mannréttindamálin í raun verið fyrsti liðurinn á dagskrá og ánægjulegt er að sjá að nú virðist á þessu verða nokkur breyting í Sovétríkjunum og ef rétt reynist, sem ég efa ekki, að Sovétríkin draga herafla sinn frá Afganistan, er það eitt út af fyrir sig mikið skref í þá átt að draga úr þeirri tortryggni sem ríkir á milli þjóða.

Einnig hefur náðst töluverður árangur í því að leyfa meiri fjölda óánægðra íbúa Sovétríkjanna að flytja þaðan. Hefur orðið töluverð aukning á þeim heimildum en á það er lögð mjög mikil áhersla af hálfu Vestur-Evrópuríkja og Bandaríkjanna að breytingar verði einnig á því sviði.

Ég lít því svo á, þegar á heildina er litið, að um sé í raun miklu meiri breytingu að ræða en kemur fram einfaldlega í þeim tölum sem eru birtar um fækkun kjarnorkuvopna. Við Íslendingar höfum eðlilega haft áhyggjur af því að samfara þessum breytingum og fækkun kjarnorkuvopna á landi fjölgi kjarnorkuvopnum í og á hafinu. Ég hef því lagt á það áherslu þar sem ég hef tekið þátt í umræðum um þessi mál að gæta þurfi einnig að því að takmarka slík vopn í og á hafinu. Undir þetta hafa fulltrúar Noregs tekið mjög ákveðið og ég lít svo á að í þeim samningum sem eru fram undan verði þessa gætt. Þó eru þar viss mjög erfið svið eins og fyrst og fremst svonefndar stýriflaugar sem eru þess eðlis að mjög erfitt er að hafa með þeim eftirlit. En að því er nú einnig unnið.

Því verður heldur alls ekki neitað og er ekki borið á móti því að á undanförnum árum hefur orðið gífurlega mikil uppbygging á norðurslóðum og sérstaklega Kola-skaga. Þar er líklega í dag orðið eitthvert öflugasta hernaðarhreiður kjarnorkuvopna sem til er í heiminum og veldur það miklum áhyggjum hjá þeim þjóðum sem í nálægð þess eru. Því er mikilvægt að við og Norðurlöndin sameiginlega beitum áhrifum okkar eins og við frekast getum til þess að norðurslóðir verði í þeirri umræðu og í þeim samningum sem nú er unnið að um fækkun kjarnorkuvopna og til að draga úr kjarnorkuvopnakapphlaupinu.

Þetta dregur að sjálfsögðu hugann að umræðu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Á vegum utanrrn. hafa menn á virkan máta tekið þátt í þeirri umræðu á milli Norðurlandanna. Hins vegar verður að segjast að þær viðræður ganga nokkuð hægt og virðast þar vera ýmis ljón á vegi. Því er ekki að neita að sjálfsögðu að hugmynd um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd tengist mjög náið þeirri almennu umræðu sem nú fer fram um fækkun kjarnorkuvopna og margir eru þeirrar skoðunar að sérhver ákvörðun um slíkt hljóti að takast í tengslum við víðtækari umræðu og hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði á milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Þau þrjú ríki Norðurlandanna sem eru í Atlantshafsbandalaginu hljóta svo að sjálfsögðu að hafa nokkra sérstöðu og verða að fjalla um þessi mál í nánu samráði við önnur ríki Atlantshafsbandalagsins. Án þess að ég ætli að ræða þátt þinga Norðurlandanna í þessu máli vil ég þó geta þess að allmiklir fundir hafa verið og liggja þar þegar fyrir hugmyndir sem mjög er vert að skoða. Í þessu sambandi öllu verður þó að undirstrika nokkra sérstöðu okkar Íslendinga sem erum staðsettir fjær, eins og ég þarf út af fyrir sig ekki að rekja, öðrum Norðurlöndum. Mikið hafsvæði er á milli og er ákaflega mikilvægt fyrir okkur að samfara þessari hugmynd, ef hún kemur til framkvæmda, nái fram að ganga hugmyndir um mjög mikinn samdrátt a.m.k., ef ekki útilokun, kjarnorkuvopna í hafinu í kring.

Í allri umræðu um afvopnun hefur sérstök áhersla verið lögð á eftirlit og raunar má segja að það hefur verið eins og rauður þráður í þeim skýrslum sem ég hef fengið og á þeim fundum sem ég hef þegar nefnt og mun einhver mesti tími í þessum viðræðum á milli stórveldanna hafa farið í að fjalla um þessi mál. M.a. var talið að þetta mál hafi leyst með því að útrýma meðaldrægum kjarnaflaugum alveg. Miklu auðveldara er að hafa eftirlit með því sem ekki á að vera til heldur en hinu sem takmarkað er við einhvern fjölda. Í því sambandi eru fjölmörg mál sem eru enn óleyst. En á þeim fundi sem utanrrh. Bandaríkjanna hélt í Brussel nú fyrir tveimur dögum og ég hef fengið skýrslu um kemur fram að ýmis þessi vandamál virðast nú leysanlegri en áður var talið og lofar það góðu.

Ég nefndi áðan að unnið er að samkomulagi um útrýmingu eiturvopna eða efnavopna. Slíkt samkomulag er mjög miklum erfiðleikum háð því efnavopn má framleiða eins og einn maður sagði, nánast í eldhúsinu heima eða m.ö.o. þau eru mjög auðframleidd og munu vera því miður æði útbreidd um heiminn. Því er alveg ljóst að til að slíkt samkomulag um eyðingu efnavopna verði virt er nauðsynlegt að kveðja til langtum fleiri þjóðir en hefur verið gert.

Mér þykir rétt að fara í þessu sambandi nokkrum orðum um ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Það eru fundir sem haldnir eru og hafa verið haldnir undanfarin ár á milli Evrópuþjóða um bætta sambúð og öryggi þessa svæðis. Þessir fundir eru í framhaldi af Helsinki-samkomu-

laginu, Stokkhólmsfundinum og fleiri fundum sem haldnir hafa verið. Þessir fundir eru orðnir ákaflega viðamiklir og raunar hefur verið afar erfitt fyrir okkur að taka þátt í þeim eins og ég lít á að okkur beri nánast skylda til. Þeim fundi sem nú er haldinn í Vín á að ljúka á þessu sumri en í beinu framhaldi af þessum fundi er gert ráð fyrir öðrum fundi og jafnvel tveimur. Umræður á þessum fundum um öryggi og samvinnu í Evrópu eru mjög víðtækar og skiptast í allmarga málaflokka. Þarna er ekki aðeins um að ræða hernaðarlegt jafnvægi og öryggi heldur er einnig rætt þarna ítarlega um mannréttindamál og fleira sem er beint framhald af Helsinki-samþykktinni sem ég nefndi áðan.

Utanrrn. hefur leitast við að leysa þessi mál með því að senda þangað fulltrúa héðan að heiman eða frá sendiráðum erlendis. Þeir hafa setið þar einir skamman tíma og að mínu mati unnið gott starf. Íslendingar eru orðnir þátttakendur í flutningi fjölda tillagna og hafa gegnt sínu hlutverki, sýnist mér, miklu betur en hægt er í raun og veru að gera ráð fyrir við þessar aðstæður. Allar aðrar þjóðir hafa skipað sérstakan sendiherra til þess að fjalla um afvopnunarmálin og þá alveg sérstaklega þessa fundi og þessir sendiherrar eru að sjálfsögðu með fjölmennt starfslið. Ég geri ekki ráð fyrir því að við getum falið mörgum að vinna að þessum málum en ég nefni í skýrslunni á bls. 11 að það hljóti að koma til athugunar að við Íslendingar skipum sérstakan sendiherra í afvopnunarmálin sem hafi yfirumsjón með þátttöku okkar í þessum fundum um öryggi og samvinnu í Evrópu sem og annarri umræðu um afvopnunarmál og þátttöku okkar á þeim sviðum. Þetta eru atriði sem ég mun taka mjög fljótlega til athugunar en fróðlegt væri að heyra sjónarmið hv. þm. varðandi þetta.

Næsti kafli skýrslunnar fjallar um alþjóðastofnanir. Ég skal aðeins minnast á fáein atriði þar. Sameinuðu þjóðirnar eru sú stofnun sem við Íslendingar höfum ætíð í okkar samþykktum lagt einna mesta áherslu á. Við höfum ætíð stutt Sameinuðu þjóðirnar eins og við höfum getað og viljað efla þær og gert okkur vonir um að þær gætu orðið leiðandi ef ekki ákvarðandi um bætta þróun í heiminum og vissulega hefur mjög margt gott komið frá Sameinuðu þjóðunum og ekki síst hinum ýmsu sérhæfðu stofnunum þeirra sem hafa tekist á við ákveðin vandamál. Þó hygg ég að ástæða sé til að lýsa nokkrum vonbrigðum með starfsemi t.d. allsherjarþingsins og Öryggisráðsins. Allsherjarþingið hefur orðið meiri og meiri vettvangur pólitískra deilna, oft á milli þjóða sem dregist hafa í ákveðna flokka og oft með fyrir fram ákveðnar skoðanir. Öryggisráðið hefur orðið langtum veikara í sínum ákvörðunum vegna þess neitunarvalds sem þar er. Engu að síður er að sjálfsögðu allsherjarþingið mikilvægur vettvangur fyrir skoðanaskipti og eftir því tekið sem þar er gert og á þann máta hefur það haft sín áhrif.

Eins og áður hefur komið fram í umræðu hér á Alþingi og í fjölmiðlum ákvað ég breytingar á afstöðu okkar Íslendinga í níu málum sem lágu fyrir 42. allsherjarþingi. Þessar ákvarðanir byggðust á athugunum á þeim grundvallaratriðum sem ég nefndi í upphafi míns máls, þ.e. í fyrsta lagi á samþykktum Alþingis, í öðru lagi á stjórnarsáttmála, í þriðja lagi á samstöðu okkar með bandalagsþjóðum og þá ekki síst innan Atlantshafsbandalagsins og í fjórða lagi á samstöðu okkar með þjóðum Norðurlanda. Einnig og ekki síst byggðist afstaðan á breytingum þeim sem orðið hafa í alþjóðamálum sem, eins og ég nefndi, hafa orðið gífurlega viðamiklar. Ég lít t.d. svo á að Alþingi hafi gefið skýra stefnumörkun í samþykkt sinni frá maí 1985 sem fjallar um almenna afvopnun. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni“ o.s.frv.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þá umræðu sem hér hefur orðið um þessi mál en vil geta þess að eftir atkvæðagreiðslu í nefnd gerði ég utanrmn. grein fyrir atkvæðagreiðslunni þar og komu ekki fram athugasemdir. Fjallað var nokkuð um nýja tillögu sem fram kom á allsherjarþinginu sem var áskorun til meðlimaríkja að gera sitt ýtrasta til þess að framkvæma samþykktir allsherjarþingsins enda væri eftirlit traust og samstaða um slíka framkvæmd.

Við Íslendingar greiddum atkvæði með þessari tillögu enda sýnist mér hún vera í fullu samræmi við þann þunga sem við höfum lagt á starfsemi Sameinuðu þjóðanna og þær vonir sem við þá starfsemi eru bundnar.

Af einstökum stofnunum Sameinuðu þjóðanna vil ég nefna UNESCO eða Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Þar hafa verið miklar deilur og voru þær af ýmsum raktar til framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Við Íslendingar studdum kosningu nýs framkvæmdastjóra, og náði það fram að ganga eftir harðar deilur og margar atkvæðagreiðslur.

Von okkar er að þetta verði til þess að starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar eflist á ný með þátttöku sem flestra ef ekki allra þjóða heims.

Af öðrum alþjóðastofnunum vil ég nefna Atlantshafsbandalagið. Þátttaka okkar í störfum þess hefur verið aukin. Fyrirrennari minn í starfi utanrrh. hóf það verk, m.a. með því að við erum nú orðnir aðilar að fleiri nefndum og ráðum sem þar starfa. Í sumum tilfellum erum við ekki fullir aðilar heldur eins konar aukaaðilar að þeim störfum eins og t.d. í störfum nefndar sem fjallar um kjarnorkuvígbúnað. En ég tel ákaflega mikilvægt að fylgjast með öllum þessum störfum þannig að við getum mótað okkur sjálfstæða skoðun á þeim ráðherrafundum sem æðstir eru í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og látið þar koma fram okkar skoðanir og haft þau áhrif sem atkvæði okkar leyfir.

Fundir Atlantshafsbandalagsins upp á síðkastið hafa einkennst mjög af viðræðum stórveldanna. Ég

hef þegar nefnt að þar hafa verið margir fundir með t.d. utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem hefur lagt á það mikla áherslu að halda slíka fundi eftir hvern fund sem hann á með utanríkisráðherra Sovétríkjanna. Ég hef getað mætt á þremur af fjórum slíkum fundum, sá mér ekki fært að mæta á þeim síðasta. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti tveimur slíkum fundum þar til nýr leiðtogafundur verður haldinn í Moskvu í lok maí eða júní og mun ég leggja áherslu á að sækja þá fundi. Ég tel mikilvægt að sæti Íslands sé skipað á þeim fundum og þannig komi fram sá áhugi og sú áhersla sem við leggjum á þessar afvopnunarviðræður.

Því er ekki að neita að þessi þróun hefur valdið nokkrum skjálfta innan Atlantshafsbandalagsins sem er ekki einkennilegt þegar mörg ríki eiga hlut að máli og hagsmunir ríkjanna eru allbreytilegir. Þó sýnist mér í raun aðdáunarvert hvað tekist hefur að ná breiðri samstöðu um þá meginstefnu sem fylgt er. Og á þeim fundum sem ég hef sótt hjá Atlantshafsbandalaginu hefur komið fram mjög eindreginn stuðningur við þær afvopnunartilraunir og tilraunir um fækkun kjarnorkuvopna sem nú fara fram.

Hinu er svo ekki að neita að þarna eru skiptar skoðanir um hve langt á að ganga í þessu sambandi og virðist vera töluverður ótti hjá ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu ef kjarnorkuvopn, m.a. þau vopn sem notuð eru á vígvöllum, þ.e. vígvallarvopn, eru með öllu fjarlægð. Í þessu sambandi tel ég að mikilvægasta skrefið á næstunni muni verða samkomulag um jafnvægi í hefðbundnum vígbúnaði. Þar hallar mjög á ríki Vestur-Evrópu. Og mér sýnist að kunni að vera jafnvel vonlaust að ná mikið lengra með eyðingu kjarnorkuvopna í Evrópu ef ekki er þegar orðið samkomulag um jafnvægi í hefðbundnum herbúnaði. Þær viðræður fara fram á fyrrnefndum fundum um öryggi og samvinnu í Evrópu og eru reyndar orðnar viðamestu umræðurnar á þeim vettvangi.

Ég tel því að leggja beri mjög mikla áherslu á að ná árangri í samkomulagi um jafnvægi í hefðbundnum vopnum og hefðbundnum herbúnaði. Ég er alls ekki einn um þessa skoðun. Mér virðist hún vera ákaflega ríkjandi hjá fjölmörgum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins.

Evrópuráðið er önnur stofnun sem ég vil lauslega nefna. Evrópuráðið eru þau pólitísku samtökin í Evrópu, ef ég má orða það svo, sem við erum virkir þátttakendur í. Starfsemi Evrópuráðsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Áhrif þess eru tvímælalaust langsamlega mest á ýmsum sviðum mannréttinda. Evrópuráðið vinnur þar mjög þarft starf. Athygli mína hefur vakið að Evrópuráðið hefur nú tekið í vaxandi mæli á dagskrá sína bætta sambúð austurs og vesturs í Evrópu. M.a. hefur aðalframkvæmdastjóri þess ferðast til Austur-Evrópuríkjanna og greint á fundum frá athyglisverðum viðræðum sem hann hefur átt við lönd þar, m.a. um hugsanlega eins konar áheyrn að a.m.k. einhverri starfsemi innan Evrópuráðsins.

Ég tel þetta mikilvægt og vona að það geti orðið til þess með tímanum að fella það járntjald sem því miður hefur verið á milli Austur- og Vestur-Evrópu. Og vitanlega er ekkert annað ásættanlegt en að Austur- og Vestur-Evrópa geti starfað saman í sátt og samlyndi.

Um Norðurlöndin ætla ég ekki að fjalla hér mikið. Þar hefur að sjálfsögðu samstarfið verið mjög innan Norðurlandaráðs sem er á vegum þinga þessara landa. En samstarfið hefur einnig verið mikilvægt á sviði utanríkismála. Fundir utanríkisráðherranna hafa verið hefðbundnir og menn hafa þar borið saman sínar bækur.

Grænland er þó eitt af Norðurlöndunum sem vert er að ræða nokkuð. Við erum næstu nágrannar þessa stóra landsvæðis og höfum allt frá því að Grænlendingar tóku í vaxandi mæli við heimastjórn boðið Grænlendingum samstarf á fjölmörgum sviðum. Því miður þykir mér að þetta hafi þróast of hægt. Á því eru ýmsar skýringar. Það er gífurlegt verkefni sem Grænlendingar hafa tekið sér á hendur í þessu stóra landi en fámenna. Óttast ég að langt sé frá að séð sé fyrir endann á því viðfangsefni. Við hljótum að sýna Grænlendingum fullan skilning í þessu sambandi, en jafnframt verðum við að vænta þess að tvíhliða samningar náist um þau miklu auðæfi sem þessi tvö lönd deila í hafinu á milli. Þar hafa orðið vonbrigði.

Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um skiptingu á loðnustofninum, því miður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Á síðasta fundi sem haldinn var 1986 komu Grænlendingar fram með mjög auknar kröfur um hlutdeild í loðnustofninum þrátt fyrir að allar athuganir hafa sýnt að loðnustofninn er jafnvel enn meir íslenskur fiskstofn en áður var talið. Sömuleiðis hefur ekki tekist að ná samkomulagi um veiðar á rækjustofni þeim sem er á milli landanna á Dornbanka. Það er stórt hagsmunamál hygg ég fyrir okkar rækjusjómenn og á einnig að vera fyrir Grænlendinga, ekki síst með tilliti til þess að þeir hafa fengið heimild til að athafna sig í íslenskum höfnum. Þá heimild veitti ég á sínum tíma þegar ég var sjútvrh. og leit á það sem fyrsta skrefið í samkomulag um nýtingu á þessum rækjustofni.

Hins vegar hafa viðskipti á milli þjóðanna stórlega aukist og voru á síðasta ári um 100 millj. kr. í beinum vöruviðskiptum. Samstarf hefur einnig aukist á öðrum sviðum. M.a. hafa íslenskir verktakar í vaxandi mæli tekið að sér ýmiss konar framkvæmdir á Grænlandi og munu þær nú vera um 320 millj. kr. að verðmæti. Einkum er það í sambandi við uppbyggingu á frystihúsum og fiskvinnslustöðvum.

Um hinn fjarlægari heim mætti margt segja. Þar eru því miður átök mjög víða. Ég ætla aðeins að nefna fjögur svæði.

Ég hef reyndar þegar nefnt Afganistan þar sem fram hafa farið mannvíg sem enginn getur afsakað á nokkurn máta. En eftir ítarlegar viðræður nú í Genf virðist sjá fyrir endann á þeim átökum og eru nú

miklar vonir bundnar við að Sovétríkin fjarlægi sinn her frá Afganistan samkvæmt því samkomulagi sem er langleiðina komið í höfn. Verður að sjálfsögðu mjög fylgst með því og því sem á eftir fylgir.

Hins vegar sér ekki fyrir endann á átökum Írans og Íraks þrátt fyrir viðleitni Sameinuðu þjóðanna og m.a. samþykkt þeirra þar sem mjög eindregið er skorað á aðila að hætta átökum. Ég lýsti þeirri skoðun í ræðu minni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að þessari samþykkt bæri að fylgja eftir með samþykkt um vopnasölubann til þessara ríkja. Mér sýnist að eftir að Öryggisráðið hefur stigið fyrsta skrefið að þessu leyti hljóti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að stíga næsta skref ef fyrri samþykkt nægir ekki.

Því miður hefur ekki orðið samkomulag um slíka samþykkt hjá Öryggisráðinu þótt í viðræðum stórveldanna sé einnig fjallað um þessi mál og leitað eftir samkomulagi um aðgerðir. Að sjálfsögðu er alls ekki ljóst hvort vopnasölubann gæti orðið til þess að ljúka þessum miklu átökum. Því miður virðast vopnasalar engu að síður á hverju horni. En slík samþykkt mundi þó sýna vilja og viðleitni Sameinuðu þjóðanna og í kjölfar hennar væri hægt að fylgja því eftir, sem erfitt er nú, að stöðva vopnasölu til þessa svæðis.

Mið-Ameríkuríkin hafa verið mjög í umræðunni og ekki að ástæðulausu því að þar eru einnig deilur miklar og mannvíg, ekki aðeins í Nicaragua heldur jafnvel víðar.

Ég lýsti því í ræðu minni á allsherjarþinginu að tvímælalaust bæri að stuðla að því að samkomulag það, sem þessi ríki gerðu með sér sl. sumar, næði fram að ganga og hverri þjóð bæri skylda til að stuðla að slíku. Þetta er helsta vonin til þess að friður megi verða á þessu svæði. Framkvæmd þessa samkomulags er mjög háð því hvernig Bandaríkjamenn bregðast við og við hljótum að lýsa þeirri eindregnu von okkar að það stórveldi á vesturhveli jarðar beiti sínum mætti til þess að þetta samkomulag megi stuðla að friði á svæðinu.

Þá vil ég að lokum nefna þau hroðalegu átök sem nú eiga sér stað í Ísrael. Við Íslendingar höfum í gegnum árin stutt mjög ákveðið rétt Ísraelsríkis og staðið að samþykktum í þá veru aftur og aftur á þingum Sameinuðu þjóðanna. Við höfum einnig stutt sjálfstætt ríki Palestínubúa. Við höfum hins vegar lagt á það mikla áherslu að leitað verði eftir heildarlausn á þeim miklu vandamálum sem eru í þessum heimshluta. Og við höfum fært rök fyrir því í okkar málflutningi hjá Sameinuðu þjóðunum að í raun sé málið langt frá því að vera leyst með einstökum afmörkuðum lausnum, heldur verði að ná um það heildarsamstöðu á svæðinu.

Ég hygg að allir þeir sem stutt hafa tilverurétt Ísraelsríkis hljóti að hafa orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með það sem gerist nú á herteknu svæðunum. Mér sýnist ekki unnt að líkja því við neitt annað en hin verstu hryðjuverk. Þessi verk hafa verið sýnd alheimi af þeim fjölmiðlum sem hafa komist inn á þessi svæði, oft í óþökk stjórnvalda, ef ekki alltaf. Þau eru því okkur miklu nálægari en annars væri. Engin þjóð, enginn einstaklingur, óháð stuðningi við rétt Ísraelsríkis til sinnar tilveru, getur stutt morð á börnum, ófrískum konum, gamalmennum o.s.frv., eins og þarna á sér stað.

Við hljótum að fordæma slíkt og ég geri fastlega ráð fyrir að umræða um þessi mál verði á næsta fundi utanríkisráðherra Norðurlanda sem verður í Noregi eftir u.þ.b. þrjár vikur. Ég mun beita mér fyrir því að Norðurlöndin móti sameiginlega stefnu í þessum málum og fordæmi þann yfirgang sem þarna er um að ræða.

Mér er ljóst að ástandið á þessu svæði er ákaflega viðkvæmt. Og erfitt er að setjast í dómarasætið. Mér sýnist þó að það sem þarna gerist nú sé langt umfram þau mörk sem þolað verður.

Sem betur fer eru innan Ísraels öflug samtök sem vilja allt aðra leið í þessum málum. Mér er kunnugt um það að frjálslynd stjórnmálasamtök þar og sömuleiðis jafnaðarmenn vilja leita annarra leiða. Þeir hafa boðað sjálfstæði herteknu svæðanna og treysta sér til að fallast á sjálfstætt ríki Palestínubúa, en um það hefur því miður ekki náðst samstaða og virðist ekkert nær nú en áður hefur verið. Hafnað hefur verið samþykkt Sameinuðu þjóðanna um ráðstefnu sem fjalli um lausn þessara vandamála í heildinni séð.

Þetta er mál sem við hljótum að láta til okkar taka eins og við getum á alþjóðlegum vettvangi.

Ég kem þá að kafla um utanríkisviðskipti.

Á því sviði hafa orðið miklar breytingar í utanrrn. Samstaða varð um það á milli stjórnarflokkanna að flytja útflutningsmálin til utanrrn. Það er í samræmi við það sem er í flestum okkar nágrannaríkjum, m.a. Norðurlöndunum og t.d. Kanada og er að sjálfsögðu gert með það í huga að nýta utanríkisþjónustuna sem best í þágu þessa mikilvæga þáttar í okkar þjóðarbúskap. Þessi þróun hófst áður en ég tók við starfi, m.a. lét fyrirrennari minn setja á fót sendiráð í Brussel sem fyrst og fremst sinnir hinum mikilvægu störfum okkar í tengslum við Evrópubandalagið. Sú skrifstofa í utanrrn., sem fer með þessi mál, er ekki fjölmenn enn sem komið er. Þar vinna fjórir sérfræðingar. Verkefnin eru hins vegar gífurlega mikil eins og ég mun ræða nokkuð nánar. Ég geri mér vonir um að þetta reynist vel. Samstarfið við Útflutningsráð er ágætt og ég geri mér vonir um að það muni mjög auka starfskraftana á þessu sviði. Útflutningsráði ætla ég að sjá sem sjálfstæðast um veigamikla þætti. T.d. er Útflutningsráði ætlað að velja menn, viðskiptafulltrúa, sem sitji við hin ýmsu sendiráð okkar erlendis. Slíkir fulltrúar eru nú í Kaupmannahöfn, í Vestur-Þýskalandi og í New York. Ég geri mér vonir um að þeim muni fjölga. Viðskiptafulltrúi var í London en er ekki nú. Vegna fjárskorts hefur ekki verið talið fært að senda þangað á ný viðskiptafulltrúa.

Ég geri ráð fyrir að lög um Útflutningsráð verði endurskoðuð nú á næstunni. Ætlð var gert ráð fyrir

að þau yrðu skoðuð þegar nokkur reynsla væri af þeim fengin. Ég tel afar mikilvægt að tryggja Útflutningsráði öruggari tekjustofn en þann sem það hefur nánast til bráðabirgða nú, m.a. af þeim uppsafnaða söluskatti sem endurgreiddur hefur verið a.m.k. að verulegum hluta til fiskvinnslunnar. Sömuleiðis eru allháværar raddir um það að aðild að Útflutningsráði þurfi að vera víðtækari og ég tel mikilvægt að um það geti orðið samstaða. Af kynnum mínum af Útflutningsráði sýnist mér þar unnið hið ágætasta starf. Þar er áhugasamt starfslið og verkefnin hafa vaxið hröðum skrefum.

Ég ætla ekki að ræða hér um viðskiptajöfnuð og þá hluti, en í skýrslunni eru allítarlegar upplýsingar um slíkt. Ég þarf ekki að nefna þá staðreynd að því miður varð verulegur viðskiptahalli á árinu 1987. Er það veruleg breyting sem varð frá árinu 1986. Jafnframt samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar að óbreyttu þá verður viðskiptahalli enn meiri á þessu ári, jafnvel allt að 5% landsframleiðslu, eða um 10 milljarðar. Vitanlega verður að stemma stigu við þessu og það er von mín að það verði gert með þeim efnahagsráðstöfunum sem að sjálfsögðu eru fram undan.

Ég vil hins vegar ræða nokkuð um þær miklu breytingar sem augljósar eru á ýmsum sviðum viðskiptamála og þá sérstaklega sem tengjast þeirri breytingu eða þróun sem er innan Evrópubandalagsins. Ég hygg að menn séu nokkuð sammála um það eftir árangursríkan fund leiðtoga landa Evrópubandalagsins nú nýlega í Brussel að hinn svonefndi innri markaður megi kallast í höfn. Að vísu er þar gífurlega mikið starf óunnið, en stærstu tálmarnir eru úr vegi og ríkir nú miklu meiri bjartsýni. Rík ástæða er fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með því sem er að gerast innan Evrópubandalagsins. Það er orðinn okkar stærsti viðskiptaaðili. Við flytjum meira en helming af okkar útflutningi þangað og sömuleiðis inn af okkar innflutningi, og má segja að þessi viðskipti vaxi hröðum skrefum. Ég vildi því strax hefja viðræður við forustumenn þar og átti í byrjun desember ágæta fundi með aðalframkvæmdastjóra Evrópubandalagsins, de Clercq. Ég gerði skýrslu um þann fund sem ég lagði fyrir ríkisstjórn og utanrmn. og var hún þar rædd. Sömuleiðis var fundur ráðherra Fríverslunarbandalags Evrópu í desember haldinn í Genf. Og raunar er varla hægt að ræða þessi mál án þess að fjalla um Evrópubandalagið og Fríverslunarbandalagið í einu lagi.

Evrópubandalagið stefnir að því að mynda innri markað og með því ekki aðeins að afnema allar þær tálmanir sem eru nú á flutningi varnings innan meðlimaríkjanna. Þær eru satt að segja ótrúlegar. Mér er t.d. tjáð að það hafi a.m.k. allt til síðustu stundar þurft 12 skjöl og uppáskriftir til að flytja vörur frá Vestur-Þýskalandi til Ítalíu landleiðina. Allt slíkt á að afnema og reyndar er í þessu sambandi nú talað um hin fjögur frelsi, þ.e. fullkomið frelsi til viðskipta, fullkomið frelsi í flutningi fjármagns, fullkomið frelsi í allri þjónustustarfsemi og fullkomið frelsi í flutningi mannafla. Þetta er mikið og háleitt markmið sem ég hygg að ýmis ríki utan Evrópubandalagsins hljóti að staldra við og þá á ég við ríki sem hafa þarna mikilla hagsmuna að gæta.

Á fundum ráðherra Fríverslunarbandalags Evrópu skýrði ég frá því að áreiðanlega yrði mjög erfitt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í fullkomnu frelsi fjármagns og fullkomnu frelsi í flutningi á vinnuafli. Raunar hef ég aldrei farið leynt með þá skoðun mína að full aðild að Evrópubandalaginu komi ekki til greina, hún henti okkur ekki. Ég hef rætt þetta bæði í utanrmn. og í ríkisstjórn og vil skýra frá því að bæði utanrmn. og ríkisstjórn telja fulla aðild að Evrópubandalaginu ekki vera á dagskrá.

Það breytir hins vegar ekki hinu að við þurfum að fylgjast mjög náið með því sem þarna er að gerast. Til að ná þessum innri markaði er Evrópubandalagið að samhæfa staðla, reglugerðir, lög og ýmsar kröfur á fjölmörgum ólíkum sviðum. Ég er þeirrar skoðunar að við hljótum að leita eftir nánum samningum við Evrópubandalagið eða þann innri markað sem upp úr því sprettur. Við hljótum að leita eftir góðum samningum við það. Við megum þó aldrei gleyma því að við höfum sem betur fer nú óvenjugóða samninga við Evrópubandalagið. Þetta sýnist mér stundum gleymast. Við höfum betri samninga við Evrópubandalagið en ég hygg nokkurt ríki sem utan þess stendur. Ég vil einnig leggja á það áherslu að þessir samningar eru ekki tímabundnir, þeir eru að vísu uppsegjanlegir, en þeir eru ekki tímabundnir. Í þeim viðræðum sem ég hef átt við aðalforstjóra Evrópubandalagsins kom fram að hann telur þessa samninga vera jákvæða fyrir okkur og lýsti engri hættu á því að þeim yrði sagt upp.

Ég er þeirrar skoðunar að Evrópubandalaginu sé töluvert kappsmál að halda okkur í tengslum við bandalagið með samningi eins og við höfum nú eða jafnvel eitthvað betri samningi. Við leitum fyrst og fremst eftir því að fá vissar sjávarafurðir viðurkenndar sem fríverslunarvöru og vegur þar langsamlega þyngst saltfiskurinn sem þegar samningurinn var upphaflega gerður var ekki okkar áhyggjumál því að Spánn og Portúgal voru þá utan Evrópubandalagsins. Var því ekki lögð á það sú áhersla sem gert er nú að fá fullkomið verslunarfrelsi. Nú hafa bæði Spánn og Portúgal, eins og allir vita, gengið í bandalagið og því hefur þessi mikilvægi markaður okkar færst inn fyrir tollmúrana.

Nú hagar þannig til að samkvæmt ákvæðum GATT eru 25 þús. lestir af saltfiski tollfrjálsar en öll viðbót er háð ákvörðun Evrópubandalagsins sjálfs.

Í viðræðum mínum lagði ég að sjálfsögðu fyrst og fremst áherslu á að við hefðum mikinn áhuga á því að saltfiskur nyti sama tollfrelsis og aðrar okkar sjávarafurðir. Mér var svarað að vonlaust væri að fara fram á slíkt á þessari stundu á meðan Evrópubandalagið væri að móta sinn innri markað. Eða eins og sá fulltrúi sem þar fer með sjávarútvegsmál sagði: Ég treysti mér ekki til og reyndar er það

vonlaust að fara með slíkt mál á þessu stigi fyrir tólf sjávarútvegsráðherra. Hins vegar var því ekki neitað að þetta gæti orðið á síðari stigum eftir að Evrópubandalagið hefur náð markmiði sínu með innri markað.

Mér þótti athyglisvert það sem de Clercq aðalforstjóri sagði: Leitið eftir fullri fríverslun fyrir fisk innan Fríverslunarbandalags Evrópu og komið þannig sameinaðir með það málefni til Evrópubandalagsins. — Kem ég að því nánar síðar.

Ég lagði jafnframt áherslu á að opnað yrði fyrir þennan tollfrjálsa kvóta, 25 þús. lestir, sem fyrst. Því var vel tekið og það var gert í desembermánuði. Ég lagði jafnframt áherslu á að viðbótarkvóti yrði ákveðinn fyrr en verið hefur því það hefur oft dregist fram á vor og valdið verulegum vandræðum þar sem saltfisk-"vertíð", ef ég má kalla það svo, er þá iðulega langt gengin. Þessu var einnig vel tekið og hefur nú verið ákveðið miklu fyrr en áður hefur verið að veita 45 þús. lesta viðbótarkvóta með 5% tolli.

Til að aðlagast þessum nýja markaði, sem ég legg eindregið til að við gerum, og stefnum að góðum samningum við Evrópubandalagið, þurfum við að vinna mikið starf. Við þurfum að aðlagast breytingunum. Ég hygg að um 20 starfshópar séu eða verði starfandi á hinum ýmsu sviðum. Þegar hefur verið ákveðið að taka þátt í einu slíku starfi sem fjallar um samræmingu á rafbúnaði sem, eins og allir þekkja sem ferðast um þessi lönd, eru ekki eins frá einu landi til annars. Þetta er mikilvægt skref. En þau eru mörg, mörg önnur málin sem verður fjallað um.

Því hefur á vegum Fríverslunarsambands Evrópu verið lögð á það mikil áhersla að þau sex ríki sem þar eru enn vinni sameiginlega að aðlögun að því sem er að gerast innan Evrópubandalagsins. Núverandi framkvæmdastjóri EFTA hefur unnið mjög gott starf á þessu sviði og er þegar hafin starfsemi innan EFTA á mörgum sviðum sem fjarlæg eru fríverslun. Ég nefni t.d. menntamál þar sem augljóslega er mikilvægt að samræma hugmyndir og kröfur. Samræming á ýmsum sviðum laga sem einnig er hafin hjá EFTA. Samræming á ýmsum innflutnings- og útflutningsreglum er nauðsynleg og samþykkt hefur verið hjá EFTA að meðlimaríkin veiti skrifstofu samtakanna í Genf upplýsingar um allar reglur og reglugerðir sem varða inn- og útflutning. Gert er ráð fyrir að veittur verði þriggja til sex mánaða frestur til að skoða slíkar hugmyndir og benda á annmarka sem menn þykjast á þeim sjá og þá með það í huga að samræma slíkar reglur innan landa Fríverslunarsamtakanna í Evrópu og þá að sjálfsögðu því sem verið er að gera innan Evrópubandalagsins.

Hér er því um mikið starf að ræða sem ég sé ekki fram á að verði unnið af því fámenna starfsliði sem nú er. Í sendiráði okkar í Genf er einn sendiherra og einn sérfræðingur fyrir utan aðstoðarfólk. Þeir sinna einnig að sjálfsögðu GATT þar sem mjög mikilvægir hlutir eru að gerast sem við verðum að fylgjast með.

Þá vil ég geta þess að við Íslendingar munum taka við formennsku í EFTA á næsta ári og þar með einnig í ýmsum sérnefndum á vegum EFTA sem við skoruðumst undan síðast þegar við tókum við formennsku. Þar er t.d. um að ræða nefnd sem er ætlað að samræma störf EFTA og EB á næstu árum og er í Brussel. Sendiherra okkar þar tekur við formennsku í þeirri nefnd. Að mínu mati kemur ekki til mála að skorast undan slíkri ábyrgð. Ef við ætlum að taka virkan þátt í því starfi sem þarna er unnið, þá verðum við að vera í því heilir. Ég hygg að öllum hljóti að vera ljóst að þegar að þessu kemur á næsta ári, þá reynir mjög á það starfslið sem í þessu verður og er áreiðanlegt að því verður að fjölga.

Við eigum einnig fram undan afar mikið óunnið verk hér heima. Því fer víðs fjarri að samráð sé jafnvel á milli ráðuneyta hér um reglur og reglugerðir. Ekki hefur þess verið krafist hér að einstök ráðuneyti beri reglugerðir, sem eru tvímælalaust í þess verkahring, undir önnur ráðuneyti. Það hefur ekki verið talið nauðsynlegt. Ef við hins vegar ætlum að samræma slíkt, ekki aðeins innan lands heldur að þeirri þróun sem er fram undan erlendis, þá verður slíkt samráð að verða traust hér heima. Ég hef því gert ráð fyrir að einn af starfsmönnum viðskiptadeildar utanrrn. fái það verkefni að koma á nauðsynlegu samstarfi og samráði við stjórnvöld hér heima og við ýmsar stofnanir, útflutningsaðila, samtök þeirra, sem starfa utan Stjórnarráðsins.

Ég er þeirrar skoðunar að mjög sé unnt að grisja þann frumskóg alls konar reglna og kvaða sem eru hér hjá okkur og hafa verið lengi og í raun og veru eru bæði óþarfar eða ganga ekki upp í þeirri stöðu sem við erum nú.

Í þessu sambandi vil ég svo minnast á fiskinn sem ég hef lauslega minnst á áðan og vil geta þess að í þingmannanefnd EFTA hefur verið unnið hið ágætasta starf. Þar hefur hv. þm. Kjartan Jóhannsson setið og fengið því framgengt að þingmannanefndin hefur mælt með því við ráðherranefnd EFTA að fiskur verði fríverslunarvara. Þetta var í raun eina deilumálið á síðasta ráðherrafundi EFTA í desember í Genf. Svíar hafa lagst mjög hart gegn þessu og vildu strika þessi meðmæli þingmannanefndarinnar algjörlega út. Það kom í minn hlut að andmæla þessu en Norðmenn studdu það vel. Við fengum samþykkt að málið yrði áfram á dagskrá, yrði skoðað nánar og verði rætt, og ég vona ítarlega, á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna sem halda á í Finnlandi 14. og 15. júní nk.

Ég er þeirrar skoðunar að leiðin með fisk inn í fulla fríverslun sé í gegnum EFTA. Að vísu eru nokkuð skiptar skoðanir um það. Og ég er þeirrar skoðunar eftir viðhorf Svía að leiðin inn í EFTA kunni að vera í gegnum Norðurlandaráð. Ég vil því beina þeim tilmælum til okkar fulltrúa þar, sem ég hef reyndar rætt við um þessi mál, að þeir hreyfi þessum málum kröftuglega innan Norðurlandaráðs. Innan Norðurlandanna er talað um Norðurlöndin sem einn markað eða heimamarkað og að sjálfsögðu

er tilgangslaust fyrir okkur að taka þátt í slíkum markaði ef við fáum þar ekki fullt frelsi fyrir okkar meginafurð, fiskinn. Þetta mál þarf að taka upp á Norðurlandaráðsþingi sem haldið verður nú mjög fljótlega.

Ég skal nú stytta mál mitt um þennan mikilvæga málaflokk, en læt þess að lokum getið að þetta verður að mínu mati eitt okkar allra stærsta mál á næstu árum og við megum ekkert til spara að sinna þessum málum mjög vel.

Ég kem þá að þróunarsamvinnu sem við hljótum að viðurkenna að er nokkurt feimnismál í þessum sölum. Ég þarf ekki að minna á það að fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi samþykktu Sameinuðu þjóðirnar áskorun til hinna efnaðri meðlimaríkja að verja a.m.k. 1% þjóðartekna til þróunaraðstoðar. Ýmis lönd hafa náð þessu. Ég hygg að Noregur sé þar fremstur í flokki og sé kominn nokkuð fram yfir þetta. Ég heyrði nýlega að við séum á síðasta ári líklega með næsthæstu þjóðartekjur í heimi, en við erum líklega lægstir þróaðra landa eða hinna efnuðu landa í þróunaraðstoð. Með því að telja allt saman, bæði það sem Þróunarstofnun Íslands fær á fjárlögum og það sem veitt er til ýmissa stofnana Sameinuðu þjóðanna m.a., sumt sem er vafasamt að telja allt til þróunaraðstoðar, og bæta því við sem Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauði krossinn og aðrir slíkir aðilar safna og veita í frjálsum framlögum, þá sýnist mér að framlag okkar til þróunaraðstoðar sé um 0,05–0,06 % þjóðartekna. Þróunarstofnunin fær 40 millj. kr. á fjárlögum.

Ég hef séð ríka ástæðu til að skoða þessi mál og sótti því fund í Arusha í Tanzaníu nú í lok janúarmánaðar til að kynnast þeirri gífurlega miklu þróunaraðstoð sem það svæði fær. Mér fannst þetta nauðsynlegt vegna þess að fyrrv. utanrrh. hafði ákveðið að við tækjum þátt í einum þætti þess verkefnis, þróun á sviði fiskveiða í hinum risastóru vötnum sem á þessu svæði eru. Ég tel að sú ákvörðun hafi verið rétt, en hins vegar er ljóst að sú ákvörðun leggur töluverðar skyldur á okkar herðar. Getum við sinnt þessu verkefni?

Ákveðið hefur verið að íslenskur sérfræðingur taki að sér samræmingu á aðstoð Norðurlandaþjóðanna á sviði fiskveiða á þessu svæði og mun aðsetur hans verða í Malawi. Til upplýsinga vil ég geta þess að á þessum fundi í Arusha upplýstist að Norðurlöndin hyggjast verja á næstu fjórum árum 4 milljörðum dollara í þróunaraðstoð við ríkin norður af Suður-Afríku eða hin suðlægari lönd í Afríku. Þetta eru að sjálfsögðu eins og öllum er ljóst gífurlegar upphæðir. Þetta er á ári hverju um 36–37 milljarðar ísl. kr. Það sem við getum lagt í þessa aðstoð í ár verður líklega 5–6 millj. ísl. kr. Hins vegar er alveg ljóst að sú ákvörðun að ráðast í þetta verkefni mun krefjast aukins fjármagns á næstu árum. Við getum ekki setið þarna með einn mann. Við hljótum að þurfa að setja verulega mikið meira fjármagn í þetta verkefni. Mér hefur því þótt rík ástæða til að marka ákveðna stefnu í okkar þróunaraðstoð.

Ég tel að við Íslendingar eigum að leggja áherslu á ákveðin, afmörkuð verkefni. Það er í raun og veru eins og að kasta fjármagni út um gluggann, ef ég má orða það svo, að veita þessar litlu fjárhæðir okkar í stór sameiginleg verkefni. Við sjáum í raun og veru aldrei neinn árangur af slíku. Við eigum að takmarka okkar þróunaraðstoð við þau svið þar sem við höfum þekkingu. Við höfum þekkingu á sviði fiskveiða og sjávarútvegs. Þeirri þekkingu getum við miðlað.

Ég heimsótti Grænhöfðaeyjar sem forsrh. og var afar ánægður með það sem verið er að gera þar fyrir okkar takmarkaða fjármagn. Þar hefur tekist að meta ákveðna fiskstofna sem lítt voru veiddir áður og þar verður haldið áfram, að vísu af veikum mætti, að þjálfa íbúa Grænhöfðaeyja í veiðum á þessum fiskstofnum og aðstoða þá við að vinna og markaðssetja þessa afurð. Ef við gætum sinnt eins og tveimur, þremur svona verkefnum, þá liggur eitthvað marktækt eftir okkur.

Ég tel einnig að við eigum að skoða það sem við getum gert á sviði jarðvarmans. Þar erum við viðurkenndir með mikla þekkingu og höfum dálítið komið inn í þau mál, t.d. í Kenýa. Ég notaði tækifærið og heimsótti utanríkisráðherra Kenýa og ræddi sérstaklega við hann um þau mál. Þar eru gífurlega stór verkefni. Þróunarstofnunin hefur ákveðið að veita 1 millj. kr. til þess að tveir sérfræðingar megi fara þangað og skoða hugmyndir um nýtingu jarðvarma, í öðrum tilgangi en til raforkuframleiðslu. Þar vinna ýmsar þjóðir að nýtingu jarðvarmans og vissulega höfum við tekið þátt í umræðu um það og voru miklar vonir við það bundnar fyrir rúmu ári að við fengjum stóran hluta af þeim verkefnum. Það hefur því miður brugðist að langmestu leyti. Það brást af þeirri ástæðu að við höfum ekki haft, eins og þessar þjóðir tala um, ódýrt fjármagn til að — hvað eigum við að segja — malbika veginn að þessum verkefnum. Í öllum slíkum tilfellum er ákveðið forstarf af því tagi nauðsynlegt. Ný-Sjálendingar tóku af okkur verkefnið með slíku þróunarframlagi.

Nú skal ég viðurkenna að vissulega getur það verið umhugsunarvert að steypa sér út í mjög stór verkefni og ætíð spurning hvað sú þjóð hagnast sem vinnur verkið. Hins vegar eru ýmsar leiðir til þessa og ég lærði mikið um það á fundinum í Arusha. T.d. hafa Danir þá reglu að 25% af því fjármagni sem þeir veita skuli varið til að kaupa tæki í Danmörku. Reyndar var mér sagt þarna að mjólkurbúin dönsku séu einhver enn í kössunum og búin að vera í mörg ár. Og sum mjólkurbú hafa verið reist þar sem vantar kýrnar eða mjólk er lítil. Þannig að mér sýnist að ýmislegt af þessari tækniaðstoð hafi verið mjög ómarkvisst. Það er m.a. af þeirri ástæðu sem ég tel að við eigum að leggja áherslu á afmörkuð svið þar sem við höfum þekkingu og fyrst og fremst stefna að því að koma þekkingunni til skila. Við getum ekki gert okkur vonir um að héðan verði keypt mikið af

tækjum. Þróunarsamvinnan er stórt mál sem við verðum að taka til mjög alvarlegrar athugunar á næstu árum og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Þá kem ég að kafla sem fjallar um öryggis- og varnarmál og mætti fara mörgum orðum um þau, en ég skal reyna að stikla á stóru. Að sjálfsögðu hafa orðið nokkrar breytingar á þessu sviði með byggingu flugstöðvarinnar og ekki síst með flutningi girðingar utan um það svæði sem herinn hefur haft til afnota og lagningu nýs þjóðvegar að flugstöðinni. Í sambandi við þær breytingar hef ég ákveðið að eftirlit lögreglu með hinum nýjum vegi að flugstöðinni verði í höndum Keflavíkurlögreglunnar. Hann er í beinu framhaldi af öðru svæði þessarar lögreglu og því eðlilegt að hún hafi þar allt eftirlit.

Ég hef einnig rætt um það við sveitarfélögin, þ.e. Njarðvík og Keflavík, að ráðstafa til þeirra afnota meginhluta þess svæðis sem er nú kominn, við flutning girðingarinnar, út fyrir svæði varnarliðsins. Þetta er mjög mikilvægt byggingarsvæði fyrir þessi sveitarfélög sem eru orðin afar aðþrengd og ég sé enga ástæðu til þess að halda því innan varnarsvæða. Þetta er á umræðustigi og hef ég þegar tilkynnt forustumönnum þar þessa ákvörðun mína. Ég geri ráð fyrir því að umræður um það fari fram á næstunni.

Hjá lögreglustjóraembættinu hafa að sjálfsögðu orðið þær breytingar að umferð um hlið inn á varnarsvæðið, inn á völlinn eins og sagt er, hefur mjög dregist saman við flutning flugstöðvarinnar. Því er öðru hliðinu nú lokað á nóttunni og aðeins einn lögregluþjónn í hliðunum með amerískum lögreglumanni. Að öðru leyti get ég ekki sagt að þarna hafi orðið breytingar. Ég geri ráð fyrir því að efla eins og frekast er kostur a.m.k. allt samstarf á milli tollgæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og annarrar tollgæslu hér á landinu. Ég vil nefna það að rætt hefur verið um hvort flytja eigi tollgæsluna alfarið undir tollgæslustjóra ríkisins. Ég hef ekkert viljað hafna því. Ég hef viljað skoða þetta mál með opnum huga, en hins er þó að gæta að þessir tollverðir hafa einnig eftirlit með öllum innflutningi varnarliðsins og það hygg ég að hljóti samkvæmt lögum frá 1954 að teljast hjá utanrrn. Flugmálastjórn hefur flutt í hina nýju flugstöð og hefur að sjálfsögðu yfirumsjón með rekstri hennar.

Um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið svo mikið rætt hér að það væri að bera í bakkafullan lækinn að ræða mikið um hana. Ég vil geta þess að samkvæmt áætlun sem ég hef látið gera og nýlega fengið um rekstur flugstöðvarinnar bendir allt til þess að hann geti orðið í jafnvægi á þessu ári og munu þá nægja þær tekjur sem fást af lendingargjöldum o.fl. í þann rekstur, en þess ber þó að gæta að sjálfsögðu að ekki er um afborganir að ræða á þessu ári nú af lánum sem til flugstöðvarinnar falla.

Um bygginguna hefur fyrst og fremst verið rætt hér og ég gat þess í þeirri umræðu að samkvæmt síðustu áætlun sem ég hef látið gera og látið tína allt til sem sérfróðir menn telja óhjákvæmilegt á einhverju stigi á næstunni, þá eru þau verk sem þar eru eftir upp á 241 millj. kr. Hluti af því eða 150 millj. kr. var í þeirri upphæð sem ég nefndi þá, þ.e. í bókfærðum kostnaði að viðbættri áætlun yfir það sem umsamið er en ólokið. Ég hef rætt í ríkisstjórninni um þessi verkefni og m.a. hve mikilvægt er að ljúka sumum þeirra. Sum eru samningsbundin eins og t.d. lagning endanlegrar hitaveitu á svæðið. Því er mjög mikilvægt að ljúka því byggingum fjölgar þar og bráðabirgðalögn mun ekki geta annað þeim byggingum öllum í umtalsverðum kuldum. Ég hef einnig vakið athygli á því að samningsbundið er að ljúka og koma upp þeim listaverkum sem ákveðin hafa verið á svæðinu. Sömuleiðis eru viðgerðir eða lagfæringar á útihurðum o.fl. sem ekki verður komist hjá.

Ekki hefur orðið samstaða í ríkisstjórninni um innlenda lántöku sem ég hef farið fram á í þessu skyni. Hér vil ég taka skýrt fram að ekki er um neinar viðbótarframkvæmdir að ræða. Ég tel að ef um þetta gæti orðið samstaða þá ætti að sjálfsögðu að ræða það við fjvn. Þetta vil ég láta koma fram því að mér þykir ákaflega illt ef ekki verður unnt að standa við samningsbundin verk og það geti orðið til mjög mikilla vandræða í sambandi við rekstur flugstöðvarinnar á næsta vetri. Mér þykir ófært að standa ekki við samninga við listamenn, en sé ekki, því miður, ráð til þess eins og nú horfir og verður þá að greiða þeim skaðabætur, sýnist mér ljóst.

Um varnarliðið sjálft skal ég ekki fara mörgum orðum, en minnast þó á fáein atriði. Varnarliðið hefur eins og fyrr einnig gegnt ákveðnu björgunarhlutverki og verið æðioft kallað út. Í skýrslunni er getið um björgun á vegum varnarliðsins. Árið 1984 voru þær nítján, 1985 fjórar, 1986 fimm og 1987 þrettán. Sem betur fer hefur hin nýlega þyrla Landhelgisgæslunnar komið í mjög vaxandi mæli inn í þau störf og hljótum við að stefna að því að geta sinnt þessu sem mest sjálfir. Þó er það sannarlega þakkarvert að unnt er að leita til varnarliðsins þegar á þarf að halda.

Kostnaður við rekstur varnarliðsins er rakinn í þessari skýrslu. Kemur þar fram að kostnaðurinn á árinu 1987 að öllu meðtöldu var 5,6 milljarðar kr. Af þeim kostnaði er 1,4 milljarðar kr. laun, 4,2 milljarðar kr. eru greiðslur til verktaka, þ.e. bæði launagreiðslur þeirra og allt annað sem á þeirra vegum hefur verið. Varnarliðið keypti á síðasta ári landbúnaðarafurðir fyrir 40,7 millj. kr.

Fjöldi í varnarliðinu hefur verið mjög svipaður og undanfarin ár og skal ég ekki fara um það fleiri orðum.

Mér þykir hins vegar ástæða til að ræða um það mjög alvarlega slys sem varð á varnarsvæðinu. Eins og menn vita láku úr leiðslum varnarliðsins á geymslusvæði þess fyrir neðan völlinn 75 þús. lítrar af olíu. Strax og vart varð við þetta var brugðist skjótt við, sett á fót samstarfsnefnd allra aðila sem hlut eiga að máli, bæði að sjálfsögðu varnarliðsins,

ráðuneytisins og þeirra sem eru á svæðinu, bæjarfélaganna og sérfræðingar tilkvaddir. Hefur ekkert verið til sparað að skoða og leita leiða til að koma veg í fyrir tjón af þessu slysi. Ætlunin var fyrst að fjarlægja jarðveg. Menn töldu að olían hefði lekið skammt niður. En fljótlega kom í ljós að svo var ekki og berg, sem þarna var talið vera nokkuð ósprungið undir, reyndist mjög sprungið og olía hafði farið æðihratt niður úr jarðvegi og niður úr berginu og niður í grunnvatnið. Boraðar hafa verið holur á þessu svæði samkvæmt ákvörðun sérfræðinga í straumstefnu, fyrst 30 metra frá lekastaðnum og síðan nú holur töluvert lengra frá. Kemur í ljós að vatnsflæði þarna er ákaflega hægt en þó nokkuð að sjálfsögðu og jafnframt hefur komið í ljós að olían virðist dreifast í aðra átt en sérfræðingar töldu áður, meira í áttina til Keflavíkur en til Njarðvíkur.

Einnig hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að loka holum, reyndar var einni holu lokað um tíma áður en borað var og menn vissu ekki hvernig olían hafði dreifst, og þá jafnframt að tengja vatnsveitur þessara byggðarlaga fram hjá þessu svæði í önnur vatnsból sem gætu sinnt þörfinni a.m.k. til bráðabirgða.

Ég hef að sjálfsögðu fjallað allítarlega um þetta mál bæði við sérfræðinga og við heimamenn og ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína að engin önnur lausn sé á þessum vanda en að sækja vatn lengra inn á heiðina eða innar á heiðina á svipað svæði og Hitaveita Suðurnesja sækir sitt ferska vatn. Og ég hygg ég megi segja að um þá lausn er fullkomin samstaða á milli utanrrn., íslenskra sérfræðinga og sveitarstjórnarmanna á svæðinu. Ég hef því falið mönnum að gera áætlun í samráði við sveitarstjórnarmenn um slíka vatnslögn og jafnframt að athuga á hvaða svæði vatnið yrði tekið. Það munar æðimiklu í kostnaði með fjarlægð og þarf því að athugast vel.

Jafnframt hefur verið samþykkt að gera mjög ítarlega grunnvatnsathugun á öllu svæðinu og munu Bandaríkjamenn kosta þá athugun að öllu leyti. Hún verður framkvæmd af bandarískum og íslenskum aðilum. Þetta hygg ég að sé reyndar löngu orðið tímabært því að vatnstaka á svæðinu er gífurlega mikil og allt of lítið vitað í raun um vatnsflæði eða vatnsmagn sem þarna má taka.

Sömuleiðis hefur verið ákveðið að fram fari á vegum heilbrigðisyfirvalda athugun á öllum hugsanlegum mengunarvöldum á þessu svæði og þeir eru mjög margir. Þeir eru miklu fleiri en olíuleki eins og hér um ræðir eins og öllum má vera ljóst. Á þessu svæði eru notuð alls konar efni. Þarna er að sjálfsögðu olía notuð á allar vinnuvélar og á flugvélar. Þarna eru notuð efni til þess að eyða ís af vélum og af flugbrautum. Hvað verður um þessi efni? hljótum við að spyrja. Þetta er orðið eitt af meiri háttar athafnasvæðum þessa lands og vatn er tekið við jaðar þess. Ég held að slíkt geti aldrei nokkurn tímann liðist til lengdar. Því er orðið ákaflega tímabært að taka þessi mál föstum tökum.

Ég hef einnig lýst því við amerísk stjórnvöld, þ.e. bæði sendiherra og flotamálaráðherra Bandaríkjanna sem hingað kom (hefur reyndar sagt af sér síðan), að ég telji enga lausn vera aðra en nýja vatnstöku og að sjálfsögðu hljóti Bandaríkjamenn að taka verulegan þátt í þeim kostnaði. Varnarliðið er samkvæmt samningi skaðabótaskylt og þær skaðabætur gætu orðið gífurlegar ef þessi olía fer inn í leiðslur á svæðinu. Þessu hefur alls ekki verið hafnað, en þeir hafa talið sér nauðsynlegt að fá gleggri upplýsingar um flæði olíunnar og um svæðið í heild. Þessu verður fylgt eftir. (**SJS:** Sagði ráðherrann af sér út af þessu?) Það vona ég nú ekki, en hann sagði af sér að því að mér skilst af því að hann fékk ekki nægilegt fjármagn. Kannski hann hafi ekki fengið aurana í þetta.

Ég vil einnig taka fram að ég hef að sjálfsögðu rætt þetta mál í ríkisstjórninni og þar er full samstaða um þessa lausn á vandamálinu.

Sala landbúnaðarafurða hefur verið nokkuð á dagskrá og er nýlega búið að gera nýjan samning þar sem nokkur aukning er. Varnarliðið kaupir nú öll egg innlend. En því er ekki að neita að okkur hefur gengið illa að koma lambakjötinu ofan í varnarliðsmennina og sömuleiðis höfum við lent í vandræðum með kjúklingana, m.a. orðið að biðjast undan því að uppfylla þann samning sem gerður var á síðasta ári vegna sýkla sem allir kannast við í kjúklingum. Þetta er alls ekki einleikið mál, en að því er unnið að auka þessa sölu og hún hefur aukist verulega.

Ratsjármálin hafa verið hér nokkuð til umræðu og skal ég fara fljótt yfir sögu. Þó er þar um mjög mikil mál að ræða. Eins og hv. þm. vita var samþykkt fyrir nokkrum árum að byggja tvær nýjar ratsjárstöðvar á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum og jafnframt að endurbyggja þær stöðvar sem verið hafa um langt skeið á Suðvesturlandi og Suðausturlandi. Jafnframt var þá ákveðið að byggja nýja stjórnstöð. Þessar ratsjárstöðvar eða ratsjár sem þar verða eru allar af nýrri gerð, mjög sjálfvirkar. Eins og ég hef sagt áður er lögð á það rík áhersla af íslenskum stjórnvöldum að þetta séu ratsjárstöðvar eingöngu af þeirri gerð sem ekki sjá yfir sjóndeildarhringinn, ef ég má orða það svo. Þeirra svið er u.þ.b. 200 mílur. Talið var nauðsynlegt að reisa þær til að loka því gati sem er í flugumsjón yfir Norður-Íslandi og þar norður af. Sett voru þau skilyrði að íslensk flugmálayfirvöld fengju fullan aðgang að merkjum frá þessum stöðvum og gjörbreytir það að sjálfsögðu flugumsjón á hinu íslenska yfirráðasvæði og ekki síst yfir Íslandi þar sem ekki hefur verið slíkt öryggiseftirlit yfir stórum hluta landsins.

Einnig var sett það skilyrði að meginþorri starfsmanna yrði íslenskur. Á þessu hefur síðan orðið sú breyting að þeir verða allir íslenskir sem í stöðvunum starfa og verða á bilinu 8–10, hygg ég, á hverri vakt. Eftir að þetta var ákveðið setti fyrirrennari minn á fót svonefnda ratsjárstofnun, sem má segja að sé til bráðabirgða innan Varnarmáladeildar, en ég hef sett menn til að gera drög að lögum fyrir þá

stofnun þannig að hún verði staðfest með lögum frá Alþingi. Umsvif þessarar stofnunar eru mjög mikil, verða yfir 320 millj. kr. á þessu ári sem er að öllu leyti greitt af varnarliðinu. Þegar hafa verið ráðnir 18 starfsmenn, sem hafa verið sendir til þjálfunar erlendis, og samið við erlend fyrirtæki að aðstoða í fyrstu við rekstur ratsjárstöðvanna. M.a. er gert ráð fyrir því að Íslendingar taki fyrr en áður var ætlað við rekstri ratsjárstöðvarinnar á Suðausturlandi.

Í sambandi við þessar stöðvar er ráðgerður mjög kostnaðarsamur hugbúnaður sem mun vera nálægt einsdæmi. Þær verða tölvustýrðar. Leitað hefur verið eftir því við varnarliðið að íslenskir kerfisfræðingar starfi við þróun, eftirlit og alla meðferð á þessum hugbúnaði. Ég lít svo á að um það sé orðið samkomulag. Félag ísl. iðnrekenda hefur verið til aðstoðar í þessu sambandi og ýmis hugbúnaðarfyrirtæki hafa sameinast um að bjóða í hönnun þessa hugbúnaðar sem er gífurlega stórt mál, líklega hátt í 200 millj. dollara þegar allt er með talið þó að hugbúnaðarhlutinn einn kunni að vera eitthvað minna. Ekki eru þá taldar ratsjárnar sjálfar sem eru þegar boðnar út og ameríska fyrirtækið General Electric mun framleiða.

Hér er því um að ræða ákaflega mikil tæknimál. M.a. er um það talað að við Háskóla Íslands þurfi að koma upp deild á hugbúnaðarsviðinu. Þeir menn sem við þetta munu starfa taka að sjálfsögðu upp störf í þjóðfélaginu á ýmsum sviðum. Ég get staðfest eftir viðræður mínar við hugbúnaðarfyrirtæki að það er mjög mikill hugur í mörgum þeirra að takast á við þetta verkefni.

Ég veit að ratsjárnar eru umdeildar. Um það höfum við rætt, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ég, en á það vil ég leggja ríka áherslu að þessar ratsjár eru eingöngu til eftirlits. Þetta hef ég rætt við menn. Öll gerð ratsjánna, sem þarna eiga að verða, segja mér menn sem ég treysti, er þess eðlis að þær eru alls ekki nothæfar til árása, eins og hér hefur verið haldið fram. Þær ná, eins og ég sagði áðan, aðeins út að 200 mílum.

Um framkvæmdir á vegum varnarliðsins er fjallað. Talin eru upp verkefni sem öll eru samþykkt áður og greint frá öllum áður í skýrslu utanrrh. nema, eins og ég sagði fyrr í dag, líklega eitt verkefni, þ.e. æfingasvæði fyrir slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli sem er mjög lítið í sniðum. Framkvæmdirnar eru heldur minni í dollurum og krónum talið en áður hefur verið. Það sem Aðalverktakar hafa samið um en sem menn verða að athuga að alls ekki verður allt unnið í ár, er upp á 55,2 millj. bandaríkjadala en var á sl. ári 59 millj. bandaríkjadala. Frestað er einum áfanga við olíuhöfnina í Helguvík eins og kemur fram í skýrslunni. Framkvæmdir á vegum Keflavíkurverktaka eru einnig nokkru minni, þ.e. nú 9,2 millj. bandaríkjadala í stað 9,9 millj. áður. Öll verk á vegum Keflavíkurverktaka eru viðhaldsverkefni.

Næsti kafli skýrslunnar fjallar um hafréttarsamninginn og skal ég fara þar fljótt yfir sögu. Þess er þó vert að minnast að aðeins 35 aðilar hafa staðfest samninginn og er þar Ísland með talið, en hann þarf staðfestingu 60 aðila til að ná fullgildingu. Það er athyglisvert að við erum þeir einu vestrænna ríkja sem höfum fullgilt samninginn. Önnur vestræn ríki telja sig bíða eftir árangri af starfi nefndar sem vinnur að undirbúningi alþjóðabotnsstofnunar og hafréttardómstóls. Það er vitanlega góðra gjalda vert og við bíðum einnig eftir slíku en hljótum að leggja á það áherslu þar sem við getum að sem flest ríki staðfesti þennan samning sem fyrst.

Hatton-Rockall svæðið hefur verið nokkuð til umræðu og ber þar hæst þá rannsókn sem á þessu svæði fór fram í fyrra og var samvinnuverkefni Íslendinga, Dana og Færeyinga. Bretum og Írum var boðin þátttaka í því rannsóknarverkefni, en þeir þáðu það ekki. Þó sýnast mér nú merki um að ná megi a.m.k. samkomulagi um viðræður við Breta og Íra um þessi mál. Við munum standa fast á þeim rétti sem Hafréttarsáttmálinn gefur okkur á þessu svæði, en að sjálfsögðu er öllum ljóst að afar mikilvægt er að geta náð samkomulagi um þessi mál og leyst þau þannig. Raunar er engin lausn í sjónmáli nema samkomulag verði og er því lögð á það mikil áhersla. Geri ég mér vonir um að eitthvað miði í þá átt á næstunni.

Einnig hefur farið fram athugun á þeim rétti sem við kunnum að eiga á norðurslóðum í samræmi við ákvæði Hafréttarsáttmálans. M.a. beitti utanrrn. sér fyrir fundi í Reykjavík 25. og 26. jan. um þau mál með þjóðum hér í kring sem þarna eiga einnig hagsmuna að gæta.

Ég þarf ekki að geta þess að formaður utanrmn. hefur verið sá maður sem fylgt hefur þessum málum best eftir og utanrrn. notið hans ráðgjafar í einu og öllu í þessu sambandi.

Um hvalamálið er fjallað og hefur það verið mikið rætt. Í fáum orðum sagt hygg ég að í því máli hafi orðið nokkur breyting á sl. hausti, m.a. eftir fundi sem ráðgerðir voru í Ottawa í september en urðu ekki. Eftir bréfaskipti á milli forsrh. og forseta Bandaríkjanna gerðum við ráð fyrir að háttsettur fulltrúi utanrrn. bandaríska yrði í forustu í umræðum við okkur um málin. Svo varð ekki. Ég sá því ekki annan kost en að hafna að mæta á þeim fundi. Embættismenn tóku hins vegar við hugmyndum sem síðan var unnið úr og urðu grundvöllur að samkomulagi í þremur liðum sem síðan hefur verið lagt til grundvallar í þeim viðræðum sem fram hafa farið milli Íslendinga og Bandaríkjamanna um málið.

Ég vil einnig láta koma fram að á fundi sem ég átti með Shultz utanríkisráðherra Bandaríkjanna 23. sept. sl. í New York lagði ég á það ríka áherslu að viðræður um þetta mál gætu orðið langtum fyrr en verið hefur. Þær hafa yfirleitt orðið eftir fundi í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þegar hlutirnir hafa verið komnir í vandræði. Við þessu var orðið og hefur sjútvrh. átt nýlega góðan fund í Washington um málið.

Ég vil leggja á það áherslu að ég tel að við höfum

e.t.v. lagt dálítið vafasaman skilning í hvalveiðimálið, Íslendingar. Mér finnst við hafa lagt of mikla áherslu á að réttlæta vísindaveiðar. Við höfum ekki lagt nægilega áherslu á þann skilning, sem ég veit að er langflestra eða allra Íslendinga, að vitanlega á hvalurinn sinn rétt og vernda ber hvalastofninn. Við höfum reyndar sýnt það í verki þegar við stöðvuðum hvalveiðar frá 1915 til 1935 þegar tvímælalaust var gífurleg ofveiði á hval hér við land.

Við eigum að taka þátt í þessum verndaraðgerðum, vera virkir í þessum verndaraðgerðum, en við hljótum hins vegar að halda fram þeirri sannfæringu, a.m.k. margra okkar, að gæta þurfi viss jafnvægis í lífríkinu og það sé engum til góðs, hvorki hvalnum né manninum, að friða hvali svo að þetta jafnvægi raskist. Ég hygg að mönnum sé að verða þetta stöðugt ljósara. Þetta hefur komið fram t.d. í því jafnvægisleysi sem skapast hefur víða á selaslóðum og hefur horft til mjög stórra vandræða. Nægir þar að nefna Norður-Noreg og ýmis svæði í Kanada þar sem kanadísk stjórnvöld sáu sig tilneydd til þess að láta drepa 50 000 seli á sl. vetri. Ég held að þetta sé hlutur sem við megum alls ekki horfa fram hjá. Ef náðst gæti samkomulag um ákveðna stofnstærð hinna ýmsu hvalategunda og síðan nýtingu á þeim hvalastofnum innan marka jafnvægis í náttúrunni og verndun hvalastofnsins sýndist mér mikið unnið. Við eigum að stefna að því að það geti orðið niðurstaða t.d. hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu og öðrum þeim aðilum sem um þessi mál fjalla.

Herra forseti. Ég hef gerst nokkuð langorður um þessa skýrslu og meira en ég ætlaði. En utanríkismálin eru sannarlega mikill þáttur og vaxandi þáttur í okkar þjóðarbúskap og okkar þjóðlífi.

Ég vil aðeins að lokum vekja athygli á því að í lok skýrslunnar er fjallað nokkuð um utanríkisþjónustuna sem slíka. M.a. kemur þar fram hver fjöldi starfsmanna utanríkisþjónustunnar er. Í utanrrn. starfa nú 23 embættismenn og 17 aðrir starfsmenn eða alls 40 manns. Erlendis starfa í okkar sendiráðum samtals 28 embættismenn, 17 útsendir ritarar, 9 staðbundnir ritarar og 12 aðrir starfsmenn eða samtals 66 manns. Samtals eru því starfsmenn utanríkisþjónustunnar 106. Á vegum utanríkisþjónustunnar starfa síðan 200 ólaunaðir ræðismenn. Ég hygg að öllum muni vera ljóst að þetta er afar fámennt starfslið. Sendiráð og fastanefndir eru samtals 12 og auk þeirra eru að vísu tveir heimasendiherrar sem fara með stóran hluta heimsins, Asíu, Ástralíu o.fl. Það hefur víða vakið athygli hvað þeim er ætlað að sinna mörgum löndum og stórum svæðum.

Ég hef sannfærst um það eftir að ég hóf störf við utanríkisþjónustuna að þarna starfar mjög gott fólk. Þarna er mikill áhugi á þessum störfum, þarna er mikil kunnátta til staðar, ótrúlega mikil miðað við það hvað menn þurfa að skipta sér á mörg störf, og þarna er vel unnið og samviskusamlega. Ég held hins vegar að með mjög vaxandi umsvifum þurfi að endurskoða starfsemi utanríkisþjónustunnar. Ég hef t.d. gert ráð fyrir því að sérhæfing verði meiri í utanríkisþjónustunni en verið hefur. Menn verði ekki fluttir, eins og nauðsynlegt hefur reynst, á milli ólíkra starfa. Ég hygg að við fáum þannig enn betri störf unnin. Staðreyndin er vitanlega sú að sum svið eru orðin svo viðamikil að sérhæfing er möguleg. Ég nefni t.d. viðskiptasviðið og öryggismálin.

Ég tel einnig og vil leggja á það áherslu að endurskoða þurfi upplýsingamiðlun frá utanríkisþjónustunni og hef gert ráðstafanir til þess. Er verið að koma á fót sérstakri upplýsingadeild sem verður í hinni almennu skrifstofu utanríkisþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að upplýsingamiðlun, ekki aðeins til annarra landa, sem hefur verið töluvert mikil að beiðni þaðan, verði einnig stórlega aukin innan lands þannig að landsmenn fái tækifæri til þess að fylgjast glöggt með því sem fram fer.

Ég hef einnig athugað skrifstofuskipan utanríkisþjónustunnar sem þarf að vera nokkuð ákveðin og föst. Þar er að sjálfsögðu starfandi alþjóðaskrifstofa, skrifstofa varnarmála, skrifstofa viðskiptamála og almenn skrifstofa auk sendiráða erlendis. Í utanrrn. er starfandi einn svonefndur prótókollsstjóri sem ég hef ekki fundið gott íslenskt nafn á. En ef þm. geta hjálpað mér þá er ég þakklátur. (**GHelg:** Siðameistari.) Nei, ég vil ekki það orð, ómögulegt orð. Sömuleiðis er þar starfandi þjóðréttarfræðingur sem segja má að þjóni hinum ýmsu deildum. Þá er skrifstofa Norðurlandaráðs í utanrrn. og þó að hún sé velkomin þar er hún nokkuð sérstæð að því leyti að hún heyrir undir annan ráðherra en það hefur allt leyst með sátt og samkomulagi.

Herra forseti. Ég vona að ég hafi dregið fram þau meginatriði skýrslunnar. Mér er fullkomlega ljóst að þar eru fjölmörg önnur sem mætti ræða og verða rædd. Ég vona að þm. taki þau mál upp eins og þeim sýnist nauðsynlegt. Ég mun leitast við að svara spurningum sem fram koma. Ég vona jafnframt að þessir tveir dagar verði mikilvægir fyrir utanríkisstarfsemina sjálfa, að héðan komi ýmsar mikilvægar ábendingar sem verða skoðaðar.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur nú hér lagt fram og mælt fyrir.

Skýrsla hæstv. utanrrh. að þessu sinni er fyrir margra hluta sakir athyglisverð. Ef hún er skoðuð og borin saman við skýrslur fyrri utanrrh. liggur við að mönnum detti orðið „glasnost“ í hug. Í skýrslu utanrrh. á síðasta ári segir t.d., með leyfi forseta:

„Árið 1986 flugu F15-orustuþotur varnarliðsins til móts við 170 sovéskar herflugvélar sem komið höfðu inn á íslenska loftvarnarsvæðið. Sovéskar herflugvélar komu að meðaltali á tveggja daga fresti inn á íslenska loftvarnarsvæðið.“

Núv. hæstv. utanrrh. nefnir þetta sovéska herflugvélager að engu og verðum við því að ætla að varnarliðið og hæstv. þáv. utanrrh. hafi endanlega hrakið það á brott. Almennt víkur hæstv. utanrrh.

heldur vinsamlega að þeim Sovétmönnum eða nánar til tekið á svipaðan hátt og öðrum helstu viðskiptaþjóðum okkar. Þetta er nokkur nýjung í skýrslum íslenskra utanrrh.

Annað það atriði sem athygli vekur er hversu persónuleg skýrslan er. Ráðherra talar oft í fyrstu persónu en ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar, enda taldi Morgunblaðið sér skylt að róa vini sína með leiðara í gær þar sem því er velt upp hvort breyting sé að verða á meðferð utanríkismála og afstöðu Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ekki eru þar bein svör við því, en áhersla lögð á hversu flókin og margbrotin viðfangsefni utanrrn. séu og löng og mikil skýrsla geti leynt aðalatriðum. Án þess að skýrslan sé gagnrýnd berum orðum gefur Morgunblaðið í skyn að hún sé hættulaus, en hafa beri auga á starfsemi utanrrn. og hæstv. utanrrh.

Það er e.t.v. ekki að undra þó að þeim Morgunblaðsmönnum hnykkti við þegar þeir lásu upphaf skýrslunnar. Þar stendur nefnilega, með leyfi forseta:

„Við getum ekki lengur látið þróun heimsmála afskiptalausa. Jafnvel smáþjóð eins og við Íslendingar á ekki aðeins þann rétt heldur ber skylda til að hafa þau áhrif sem hún getur til að þoka þróun heimsmála á rétta braut.“

Þetta er athyglisvert og beinlínis áfellisdómur yfir fyrri hæstv. utanríkisráðherrum, svo sannarlega réttmætur. Íslendingar hafa um árabil hangið aftan í Ameríkönum á alþjóðavettvangi og lítið þjóðlegt sjálfstæði sýnt. Því ber að fagna ef þetta er að breytast. En nokkuð ber þó á að hæstv. utanrrh. sé ekki sjálfum sér samkvæmur í umfjöllun sinni á alþjóðamálum og verður vikið að því seinna.

Hvað sem því líður ber skýrsla hans ekki þau kennimerki ofstækis og fordóma sem fyrri skýrslur hafa einkennst af. Því ber að fagna og það ber að þakka honum.

Hæstv. utanrrh. fagnar fyrsta samningi risaveldanna um fækkun kjarnorkuvopna og útrýmingu mikils magns meðaldrægra kjarnorkuvopna. Það gerum við alþýðubandalagsmenn einnig. Flokkur okkar hefur alla tíð einn flokka haft afdráttarlausa stefnu gegn vígbúnaði og herrekstri, gegn erlendum her á Íslandi og gegn þátttöku í hernaðarbandalögum.

Sú barátta um allan heim er nú að bera árangur. Æðstu ráðamenn hafa loksins skilið ákall heimsbyggðarinnar um líf í friði við menn og umhverfi. Alþingismenn skildu þetta ákall einnig og þáltill. sú um gagnkvæma alhliða afvopnun sem Alþingi samþykkti 23. maí 1985 braut í blað í sögu þingsins. Flokkur okkar hafði um langt árabil flutt till. í þessa átt og á allra síðustu árum einnig þm. annarra flokka, einkum Framsfl. og Kvennalista.

Sú staðreynd að Alþingi náði samstöðu um áðurnefnda till. var sögulegur viðburður sem óhugsandi hefði verið fyrir örfáum árum. Þessi barátta hefur borið árangur hér sem víða annars staðar um heim.

Það er óumdeilanlegt að þíðan heldur áfram. Í fyrradag hittust þeir George Schultz og Shevardnadze. Hittu þeir hvor sitt hernaðarbandalag til að gefa skýrslur um viðræður risaveldanna tveggja um fækkun hefðbundinna vopna og útrýmingu meðal- og skammdrægra kjarnorkuvopna sem einnig verða meginumræðuefni á fundi ráðamanna NATO-ríkja í Brussel í næsta mánuði. Talið er víst að sovétmenn dragi herlið sitt út úr Afganistan m.a. til þess að koma til móts við viðsemjendur sína um friðar- og afvopnunarmál.

En þó að vonir manna hafi vissulega glæðst um varanlegan frið er víða ófriðvænlegt í heiminum. Grimmileg stríð eru háð og afleiðingarnar sjáum við dag hvern á sjónvarpsskermum okkar heima í stofu. Hyldýpi mannlegra þjáninga, hungur, ástvinamissi, örkuml og vonleysi. En hvert örstutt spor í átt til friðar er fagnaðarefni og hæstv. utanrrh. segir um áðurnefnda samþykkt Alþingis um afvopnun, með leyfi forseta:

„Þetta er athyglisverð ályktun og mikilvægur grundvöllur á að byggja í utanríkismálum. Ég hef lagt á það áherslu að sýna í verki þann vilja sem Alþingi hefur lýst. Það hefur verið gert hjá Sameinuðu þjóðunum með breyttri afstöðu í allmörgum málum og hvarvetna þar sem rödd Íslands heyrist.“ *Hér kveður vissulega við nokkuð nýjan tón.*

Skal nú vikið nánar, herra forseti, að einstökum efnisatriðum skýrslunnar.

Getið er um þá breytingu sem orðið hefur á verkefnum utanrrn. við það að útflutningsviðskipti hafa nú færst frá viðskrn. til utanrrn. og sagt er frá opnun sérstakrar skrifstofu í Brussel sem annast skal viðskipti við Efnahagsbandalag Evrópu. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki þurfi að endurskoða við hvað sé stuðst þegar sendiherrar verða ráðnir í framtíðinni. Óneitanlega hafa ekki verið gerðar aðrar kröfur hingað til en að sendiherrar þjóðarinnar væru frambærilegir menn á almannafæri, kynnu sig við opinberar athafnir og kynnu einhver skil á erlendum tungumálum og hefðu til að bera almenna þekkingu um þær þjóðir sem þeim var falið að annast. (**SJS:** Sterkan hægri handlegg.) Stundum hafa þessi embætti næstum gengið í erfðir. Nú kynni að vera ástæða til að krefjast nokkurrar þekkingar á alþjóðaviðskiptum, markaðssetningu og markaðsleit svo að ekki þurfi til að koma fjöldi nýrra embætta í utanríkisþjónustunni. Hið sama ætti að gilda um annað starfsfólk sendiráðanna. Það væri sannarlega mál til komið að sá endemis kauðaháttur, sem einkennt hefur tilraunir Íslendinga við sölu á íslenskum varningi erlendis, yrði aflagður og nútímaaðferðum beitt í samskiptum við erlenda viðskiptaaðila. Á þessu þarf meginbreyting að verða. En nýleg afskipti ríkisstjórnarinnar af boði Gorbatsjovs til forseta Íslands urðu ekki beint til að kveikja þær vonir. Slíkur afkáraskapur og nesjamennska ætti helst ekki að eiga sér stað aftur.

Í kaflanum um einstök alþjóðamál er þess getið að umhverfismálaráðherrar allra Norðurlandanna hafi borið fram formleg mótmæli gegn kjarnorku-

endurvinnslustöðinni í Dounreay í Skotlandi. Þess er hins vegar ekki getið að Alþingi hefur nýlega samþykkt till. hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri þm. um sama efni. Ekkert er heldur minnst á ágæta frammistöðu Íslendinga á fundum um mengun hafsins, svo sem það að Íslendingar greiddu einir Norðurlandaþjóða tillögu Íra um lokun kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield, sem áður hét Windscale, atkvæði sitt sl. sumar. Siglingamálastjóri og starfsmenn hans hafa lagt mikla vinnu í þessi mál og eiga heiður skilið fyrir.

Hugleiðingar hæstv. utanrrh. í kaflanum um Washington-samkomulag risaveldanna vekur ýmsar spurningar. Þar telur hann upp nokkrar meginástæður fyrir mikilvægi samkomulags Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um fækkun kjarnavopna. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi halda Bretar og Frakkar að svo stöddu óskertum kjarnavopnaherafla sínum. Það var Atlantshafsbandalagsríkjunum mikið áhyggjuefni á sínum tíma að Sovétríkin væru að reyna að reka fleyg milli Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna."

Við hljótum að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað merkir þetta? Er ráðherra að fagna því að meginhluti herafla Breta og Frakka er nú kjarnorkukafbátar? Það er erfitt að sjá annað en að hann telji eðlilegt að þeir auki þann herafla sinn og er það mjög í blóra við það sem hæstv. ráðherra segir annars staðar um áhyggjur sínar af auknum kafbátahernaði á höfum úti.

Einnig segir í þessum sama kafla: „Í fimmta lagi náðist samkomulagið vegna þess að Atlantshafsbandalagsríkin héldu fast við þá stefnu sem mörkuð var fyrir átta árum um að endurnýja skammdrægar og meðaldrægar flaugar á landi í Evrópu en semja um leið við Sovétríkin um eyðingu þessara vopna (Dual Track Decision)."

Ég spyr aftur: Hvað þýðir þetta? Er hæstv. ráðherra að fagna niðursetningu meðaldrægra kjarnorkuvopna? Er hann að lýsa ánægju sinni með staðsetningu Pershing-flauga á evrópsku landi? Það er ákaflega erfitt að álykta annað við lestur þessarar greinar.

Þá segir einnig í kaflanum um takmörkun vígbúnaðar á norðurslóðum, með leyfi forseta:

„Nokkuð hefur verið rætt um það undanfarna mánuði hvaða leiðir Atlantshafsbandalagið geti farið *til að bæta sér upp missi þeirra flauga* sem upprættar eru með samningunum." Ég játa hreint út að ég skil ekki alveg hugsanagang hæstv. ráðherra þarna og vildi biðja hann að skýra það nánar út fyrir okkur á eftir.

Herra forseti. Ég mun ekki gera kaflann um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að umræðuefni hér. Það mun hv. þm. Svavar Gestsson gera hér á eftir þar sem hann er fulltrúi flokksins í þingmannanefndinni um þau mál. Hið sama gildir um kaflann um Sameinuðu þjóðirnar, en hann sat síðasta allsherjarþing. Ég vil þó nota tækifærið til að lýsa ánægju minni með það að þm. eru ekki lengur titlaðir varamenn embættismanna utanrrn. í skýrslu um þátttöku Íslands í 42. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eins og áður tíðkaðist heldur fulltrúar þingflokkanna. Það tel ég mikla framför.

Ég mun því flytja mig aftur í kaflann um Atlantshafsbandalagið á bls. 17. Við erum auðvitað ósammála flestu því sem þar er sagt. Við teljum ekki að þátttaka í Atlantshafsbandalaginu sé grundvöllur öryggis- og varnarstefnu Íslands né að markmið hernaðarbandalags sé að koma í veg fyrir styrjöld, því síður að það hafi tryggt okkur frið og öryggi í 40 ár. Hernaðarbandalög eru ævinlega ógnun við frið og herforingjar Atlantshafsbandalagsins og a.m.k. ein aðildarþjóðin, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur haldið styrjöldum gangandi í öðrum heimshlutum öll þessi ár með samþykki og samábyrgð Íslendinga. Herstöðin í Keflavík er liður í hernaðarkeðju Bandaríkjanna og þá fyrst er von um frið og öryggi í þessu landi þegar öllum eyðingarvopnum verður útrýmt og hernaðarbandalög aflögð. Vopnaframleiðslan kallar á styrjaldir, framleiðsluvaran verður að seljast og hún hefur selst með því að sjá um að sífelld eftirspurn sé eftir henni til styrjaldarreksturs víða um heim.

Það sem vekur þó mesta athygli við lestur þessa kafla er frásögnin um kjarnorkuáætlunarnefndina. Þar segir að Íslendingar hafi í fyrsta skipti setið fund nefndarinnr í Monterey í Kaliforníu 3. og 4. nóv. sl. Þetta er sú nefnd, og nú bið ég þm. að hlusta, sem raunverulega tekur allar ákvarðanir um pólitísk og hertæknileg mál sem tengjast kjarnavopnaherafla NATO-ríkjanna, bæði uppbyggingu og endurnýjun hans og afvopnun og fækkun kjarnavopna. Með þessari fundarsetu hafa Íslendingar gerst formlegir aðilar að ákvörðunum um hertæknileg efni sem er vægast sagt kyndugt þar sem þjóðin hefur aldrei rekið her eða átt vígvélar. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvort fulltrúar Íslands hafi látið færa til bókar afstöðu sína á fundinum. Vísast hvílir leynd yfir því sem þarna fer fram, en hæstv. ráðherra leggur áherslu á að megintilgangur þátttöku í störfum nefndarinnar af Íslands hálfu sé að vinna að friði og afvopnun. Því spyr ég: Var sú afstaða færð til bókar? Tóku fulltrúar Íslands þátt í ákvörðunum um uppbyggingu og endurnýjun gjöreyðingarvopna? Þetta bið ég hæstv. ráðherra að upplýsa þingheim um. Jafnframt hvort áhersla hafi verið lögð á að aldrei verði kjarnavopn leyfð á íslensku landi, hvorki í stríði né friði. Við þessum spurningum verður þingheimur að fá skýr og afdráttarlaus svör.

Í kaflanum um Evrópuráðið kemur fram að á síðasta ári hafi farið fram undirbúningur að svonefndu norður-suður átaki ráðsins árið 1988 um samskipti Evrópuráðsríkja og ríkja þriðja heimsins, en ráðgjafarþingið hafi áður beitt sér í málinu. Þingheimi til upplýsingar ber að taka fram að þetta starf er framkvæmd á tillögu Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns Alþb., sem hann flutti á fundi ráðsins í Lissabon árið 1984. Er gleðilegt að þetta

starf skuli vera hafið. En fróðlegt væri að heyra hugmyndir hæstv. ráðherra um hvern hlut Íslendingar ætla sér í þessu starfi, hvað er fyrirhugað að gera af Íslands hálfu. Bið ég hæstv. ráðherra að skýra nánar frá því.

Ég mun ekki gera Norðurlandasamvinnu ítarleg skil hér þar sem skýrsla Íslandsdeildar ráðsins verður ekki lögð fram nú eins og venja er þegar skýrsla utanrrh. er lögð fram. Ég á nokkra sök á þessu. Ég óskaði eftir því við þessa umræðu á síðasta ári að skýrsla Norðurlandaráðs yrði lögð fram sérstaklega svo umræða um hana hyrfi ekki í skuggann af hinni skýrslunni. Ég tel að allt of lítil umræða sé hér í þingsölum um samstarf Norðurlandanna og að það starf hafi nánast verið einkamál okkar sem í ráðinu sitjum. Ég er næsta viss um að aðrir hv. þm. eru harla ófróðir um það mikla starf sem þar er unnið. Ég tók eftir því að hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir gat þess í þessari umræðu á síðasta þingi að hún hefði gert sér grein fyrir gildi þessa samstarfs er hún sat þing Sameinuðu þjóðanna. Allt sem hún sagði um það var rétt, en þm. ættu ekki að þurfa að ferðast til annarra landa til að sannfærast um gildi norrænnar samvinnu. 36. þing Norðurlandaráðs hefst í Osló 7. mars nk. Fyrir þinginu liggja fjölmörg mál, en næsta víst er að hæst mun bera umræðuna um hlut Norðurlandanna í efnahagssamvinnu Evrópuríkja. Afstaða til Efnahagsbandalagsins eftir að sýnt er að framtíð EFTA verður æ ótryggari, eftir að æ fleiri EFTA-lönd hafa sótt um inngöngu í Efnahagsbandalagið, hefur breyst og önnur og ný lota um þau mál hefur nú hafist.

Það er hárrétt, sem hæstv. utanrrh. sagði hér áðan, að við megum ekki liggja á liði okkar þar. Á síðasta þingi Norðurlandaráðs lagði ég til að Norðurlandaráð kæmi sér upp einhverju liði af starfsmönnum sem væru vel menntaðir og hæfir á sviði alþjóðapeningamála. Ég tel að ráðið hafi yfir of fáu starfsliði að ráða er þá þjálfun hefur. Ég held að hvert land fyrir sig og Norðurlandaráð í heild þurfi að sinna þessum málum miklu betur og fylgjast miklu nánar með hvað er að gerast suður í Brussel og í þessum alþjóðastofnunum.

Þá liggur fyrir þinginu tillaga um norrænt átak í menningarmálum en hv. þm. Eiður Guðnason er formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, hefur verið það undanfarin ár eins og kunnugt er eða þar til þessu þingi lýkur, en þá verður hann að víkja vegna breytinga í síðustu kosningum.

Þá hef ég ásamt öðrum fulltrúum Íslands í Norðurlandaráði og raunar nokkrum hópi norrænna þm. flutt tillögu um norrænt átak til að hreinsa norræn hafsvæði og strandir sem von er til að verði samþykkt. Kann ég starfsfólki Siglingamálastofnunar miklar þakkir fyrir stuðning við tillöguna, ekki síst Gunnari H. Ágústssyni sem lagt hefur verulega til þess að tillagan hljóti jákvæða afgreiðslu.

Loks hefur hv. þm. Óli Þ. Guðbjartsson, sem nú hefur tekið sæti í samgöngunefnd ráðsins, lagt fram tillögu um tölvumál sem nú er í afgreiðslu í stofnunum ráðsins.

Tímarit ráðsins, Nordisk kontakt, hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum eins og ég vænti að menn hafi tekið eftir. Ég hef veitt stjórnarnefnd ritsins forustu þessi ár og vil nota þetta tækifæri til að þakka ritstjóra Nordisk kontakt, Einari Karli Haraldssyni, frábært starf við þessa breytingu.

Ég tel að óhætt sé að halda því fram að fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði hafi verið virkir þátttakendur í störfum ráðsins og haft forgöngu um fjölmörg mál sem of langt mál yrði upp að telja, en það verður gert þegar skýrsla ráðsins verður tekin til umræðu.

Vegna orða hæstv. utanrrh. áðan um hafréttarmál vil ég jafnframt taka fram að ég hef einmitt lagt inn nú fsp., sem borin verður upp á komandi þingi, um ástæðuna fyrir því að norrænar þjóðir hafa ekki staðfest alþjóðahafréttarsáttmálann. Vegna þeirrar hvatningar hans að við sinntum þessum málum vildi ég upplýsa hann um þetta.

Kaflanum um málefni fjarlægra heimshluta mun ég ekki gera skil hér, enda verður svo stutt mál um svo stóran hluta heimsbyggðarinnar óhjákvæmilega yfirborðslegt svo vægt sé til orða tekið. Þó verður ekki hjá því komist að nefna vingulshátt íslenskra stjórnvalda gagnvart Suður-Afríku. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna hafa ítrekað samþykkt sameiginlegar refsiaðgerðir vegna aðskilnaðarstefnu suður-afrískra stjórnvalda og hætt viðskiptum við landið. Íslensk stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að fylgja þessum aðgerðum eftir þó að þau viðskipti séu svo óveruleg að refsiaðgerðir hefðu einungis „symbólska“ þýðingu. — Bið ég nú þm. afsökunar á slettunni.

Fyrir þessu þingi liggur þáltill. frá hv. 4. þm. Norðurl. e. o.fl. um bann við innflutningi á framleiðsluvörum frá Suður-Afríku og ætti þingið að sjá sóma sinn í að samþykkja hana. Þegar IBM, General Motors, Honeywell og Eastman Kodak treysta sér ekki til að halda áfram rekstri fyrirtækja sinna í þessu landi af siðferðisástæðum ættu Íslendingar að hafa siðferðisþrek til jafns við þau.

Hv. þm. Svavar Gestsson mun hér á eftir fjalla um málefni Mið-Ameríku og deilurnar í Mið-Austurlöndum. Ástæðu sé ég þó til að undrast vangaveltur hæstv. ráðherra um skoðun Pakistana á því að ef gagnkvæm ógnun kjarnavopna tryggi frið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna sé rökrétt að líta svo á að kjarnavopn Pakistana og Indverja gætu tryggt frið milli þeirra. Finnst ráðherranum hið sama gilda um Írak og Íran, um Ísrael, Palestínu eða ríki heimsins almennt þar sem ágreiningur er uppi? Á þessu tel ég þurfi að koma skýring.

Alþb. hefur margítrekað hækkun á framlagi Íslendinga til þróunaraðstoðar í þriðja heiminum. Árið 1985 samþykkti Alþingi að framlagið skyldi verða 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu og stefnt skyldi að því í áföngum. Reyndin er hins vegar sú að nú er svo komið að þetta framlag er komið niður í 0,05%. Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur Sigfús-

son hefur við sérhverja afgreiðslu fjárlaga reynt að fá framlagið hækkað en hlotið lítinn stuðning. Það er þjóð okkar til mikils vansa, eins og hæstv. ráðherra raunar tók fram, hversu aumlegt þróunarframlag okkar er, einkum nú á tímum æ meiri þjóðarframleiðslu. Úr þessu verðum við að bæta.

Herra forseti. Að lokum mun ég víkja að þeim kafla skýrslunnar sem nefndur er Öryggis- og varnarmál. Hermangið á Miðnesheiði lifir góðu lífi og dafnar og ekki sjáanlegt að íslensk stjórnvöld deili draumum hæstv. ráðherra um frið og afvopnun í náinni framtíð. Framkvæmdir bandaríska hersins aukast í sífellu og teygja sig nú í auknum mæli til annarra landshluta. Unnið er að nýjum ratsjárstöðvum á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli og endurnýjun stöðvanna á Miðnesheiði og Stokksnesi. Hugmyndin um uppsetningu svonefndrar „Over the Horizon" ratsjár eða OTH-ratsjár á Íslandi hefur enn skotið upp kollinum, en það er ratsjá þar sem bylgjurnar eru sendar upp í jónahvolfið sem virkar eins og spegill svo að geislinn fer langt út fyrir sjóndeildarhringinn. Þannig má fylgjast með ferðum t.d. skipa, kafbáta og flugvéla miklu lengra en áður. Sjóndeildarhringurinn takmarkar ekki lengur útsýnið. Í eintaki af fréttabréfi sem ég hef undir höndum frá „United States Information Service" eða upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna kemur þetta fram.

Þegar þetta var fyrst rætt kom í ljós að gömlu góðu norðurljósin rugluðu eitthvað virkni þessa merka vita, en nú mun vera búið að bæta úr því. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hvernig þessi mál standa nú. Þetta fréttabréf, sem ég minntist á hér áðan, er reyndar frá 1985. Eins og allir vita hér í salnum er afar erfitt að fylgjast með umræðu um þessi mál í Bandaríkjunum. Það hefur aldrei verið séð nein ástæða til, þó margsinnis hafi verið um það beðið, að við fengjum útskrift úr þingtíðindum þeirra Bandaríkjamanna þegar fjallað er um íslensk málefni. Eina leiðin til þess að verða sér úti um það er að hver og einn sé að hringja heiminn á enda til að reyna að nálgast þetta.

Stjórnstöð hefur verið ákveðið að reisa og er í byggingu, segir á bls. 46. Ekki er hún samt á listanum á bls. 49 um framkvæmdir sem samþykktar voru á ársþingi byggingardeildar sjóhersins í Norfolk í október sl. Stjórnstöð þessi er hið magnaðasta mannvirki að sögn. Sem dæmi er það á þann veg útbúið að sérhannað loftræstikerfi er innan við þykka múra hússins svo að úrval bandaríska hersins geti hafst þar við í sjö daga eftir að kjarnavopn hafa þurrkað út allt mannlíf á suðvesturhorni landsins. — Ekki ónýtt það.

Ekki er að finna upplýsingar um hvaða fyrirætlanir eru uppi um varaflugvöll fyrir bandaríska herinn. Væri áhugavert að heyra hvar það mál er nú á vegi statt.

Þá er að finna gagnmerka nýjung í hernaðarbrölti Bandaríkjanna á Íslandi á bls. 46 sem kom mér vægast sagt á óvart. Þar segir: „Þessi eftirlits- og varnarviðbúnaður er jafnframt mikilvægur hlekkur í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Tengsl annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins við varnarliðið hafa verið treyst á undanförnum árum og starfa nú liðsforingjar frá Kanada, Danmörku, Hollandi og Noregi við yfirstjórn varnarliðsins og til athugunar er að breskur liðsforingi komi einnig til starfa þar."

Um hollensku flugsveitina var okkur fullkunnugt. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær var þessi ákvörðun tekin? Ekki skal ég harma að þeir sem nær okkur standa í heiminum komi þarna til rétt eins og þeir góðu Bandaríkjamenn, en annaðhvort hef ég fylgst afar illa með eða þessi ákvörðun hefur farið afar leynt og hljótum við að fá skýringu á því frá hæstv. ráðherra á eftir.

En merkilegra þykir mér nú framhaldið: „Ef til átaka dregi er ljóst að varnarliðið þyrfti aukinn liðsafla. Hersveit í varaliði bandaríska landhersins hefur verið þjálfuð og búin undir að koma til landsins á hættu- eða ófriðartímum. Hluti hennar tók þátt í umfangsmiklum æfingum í Kanada í sumar og fylgdust fulltrúar varnarmálaskrifstofu með þeim æfingum." — Ég bið góðan guð að hjálpa mér. — „Til að slík þjálfun komi að fullu gagni er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi hönd í bagga og tryggi að allar varnaráætlanir séu í sem bestu samræmi við íslenska hagsmuni og staðhætti."

Ég hlýt að spyrja: Hvernig hafa stjórnvöld hönd í bagga með æfingum liðsafla bandaríska hersins sem sérþjálfaður er til að koma þjóðinni til bjargar á hættu- eða ófriðartímum? Leggur hæstv. utanrrh. á ráðin um æfingaprógram? Hverjir eru sérfræðingar íslenska ríkisins við þjálfun víkingasveita bandaríska hersins? Eru það þessar sveitir sem eiga að verða eftir í stjórnstöðinni þegar við hin erum öll dauð? Ég vænti þess að ráðherra upplýsi okkur nánar um þessa tilburði úti í Kanada og þarf ekki mikla kímnigáfu til að sjá fyrir sér æfingar og áhorfendalið frá varnarmálaskrifstofunni á Íslandi.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Um nýju flugstöðina hyggst ég ekki ræða. Við umræðu um skýrslu utanrrh. á síðasta þingi lýsti ég því yfir að það væri óþolandi að flugstöðin, sem stendur utan varnarsvæðisins, skuli heyra undir utanrrn. en ekki samgrn. og minnist ég þess að undir það tók hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson. Tollgæslan heyrir einnig undir utanrrn. eins og hæstv. ráðherra minntist á áðan en ekki fjmrn. Má það fáránlegt teljast að samgöngutæki þetta, sem tengir Ísland öðrum fremur við umheiminn, skuli teljast til hernaðarmannvirkja en ekki samgangna.

Þá vil ég víkja aðeins að samanburði á listum yfir framkvæmdir ársins 1986 og 1987. Þá kemur undarlegt ósamræmi í ljós enn á ný. Í síðustu skýrslu var getið um 250 íbúðir sem samþykktar voru á fundi byggingarnefndar hersins í fyrra. Þær er ekki að sjá á listanum núna og ég hlýt því að spyrja: Eru þær fullbyggðar eða var hætt við að byggja þær?

Ratsjárstofnun Íslands er sögð hafa verið sett á laggirnar og þegar búið að standa í samningum við

Bandaríkjamenn um rekstur og viðhald ratsjárstöðvanna. Einn örlítill hængur er á því. Í lok kaflans stendur: „Í undirbúningi er frv. að lögum um ratsjárstofnun.“ Tekur því úr þessu að standa í lagasmíð, hæstv. ráðherra? Stofnunin er orðin til og farin að semja. Búið er að ráða 18 tæknimenn og þeir sendir til þjálfunar í meðferð ratsjárbúnaðar í Bandaríkjunum í tvo mánuði sl. haust. Sú þjálfun hélt áfram í Stokksnesi eftir heimkomu. Síðan upplýsti ráðherra hæstv. í morgun að hann hefði þegar heimilað einhverja merkustu hugbúnaðarstöð sem til er einmitt fyrir þessa sömu stofnun. Ég hlýt að spyrja: Hvað eigum við að gera með að sjá svo eitthvert lagafrv. löngu seinna um þessa ágætu stofnun? Ég hefði gjarnan kosið að sjá það nokkru fyrr. Og gaman væri að vita hver tók ákvörðun um stofnun þessa, hæstv. utanrrh. Hvers vegna þarf blessun þingsins nú til að koma þegar allt er búið og gert? Hæstv. ráðherra talar hvað eftir annað um mikilvægi þess að við séum sjálfstæð þjóð. Er þetta í hans huga að vera sjálfstæð þjóð sem byggir tilveru sína á lýðræði og þingræði? Vill hæstv. ráðherra svara því hér á eftir?

Herra forseti. Allt er þetta hermang andstyggilegt og ólíðandi. Á bls. 43 hnaut ég um málsgrein sem ég skil ekki og bið um skýringu á. Þar stendur í lok VI. kafla: „Innheimtar tekjur til ríkissjóðs voru sem næst 320 millj. kr. eða rösklega 99 af hundraði tekna. Veruleg lækkun hefur orðið á tekjum frá fyrra ári og stafar það fyrst og fremst af lægri álagningu opinberra gjalda á Íslenska aðalverktaka.“

Vel kann að vera að þetta sé með öllu eðlilegt, en um það er mér ókunnugt og tókst ekki að afla mér upplýsinga um það og því bið ég hæstv. ráðherra að upplýsa hvað olli því að þessi lækkun kom til.

Ég mun ljúka máli mínu, herra forseti, innan stutts tíma.

Svo oft hef ég átt orðastað við hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála um hvalveiðideiluna og nú síðast í morgun að um hana mun ég ekki fjölyrða. En hitt er víst, að með aukinni þekkingu mannsins á umhverfi sínu hefur orðið æ ljósara hversu afdrifaríkt það kann að reynast ef einstakir hlekkir í lífkeðju jarðarinnar bresta. Íslendingar hafa tekið virkan þátt í samstarfi þjóða heims um verndun lífríkisins, varnir gegn mengun landa, lofts og lagar og þáttur Íslendinga í gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna var Íslandi til sóma, enda hefur enginn ágreiningur verið um sjálfsagðan þátt okkar í Sameinuðu þjóðunum um umhverfismál fyrr en tekist hefur að gera okkur að viðundri á alþjóðavettvangi vegna hvalveiðimálsins sem nú sýnist komið í óleysanlegan hnút. Varla verður með sanni sagt að við þessu hafi ekki verið varað á Alþingi, þó engan veginn nægilega að mínu mati, en sjálf hef ég alla vega reynt að gera það eins og alkunna er, en e.t.v. höfum við gert of lítið af því að skýra eðli málsins fyrir almenningi þó að vissulega hafi það verið reynt. Þess vegna hættir mörgum til að ruglast á aðalatriðum og aukaatriðum þessa máls.

Þetta mál hefur alla tíð í mínum huga snúist um heiðarleg samskipti þjóða og að standa við það sem fallist hefur verið á að standa saman um. Þá hlið málsins, sem snýr að því hversu mikilli hættu hvalastofnarnir eru í, skal ég látið ósagt um, en ef aðrir mér færari, vísindamenn og aðrir, hafa einhverjar áhyggjur af því ber okkur að fara varlega. En víst er að Ísland hefur sett niður á alþjóðavettvangi vegna þessara klaufalegu hvalveiða.

Það gladdi mig þess vegna að heyra áðan í ræðu hæstv. utanrrh. að hann er ekki eins sannfærður um réttmæti þessara svokölluðu vísindaveiða og samráðherra hans, hæstv. sjútvrh. Það sat að segja gladdi mitt gamla hjarta, fékk þar óvæntan stuðning.

Það er þó ekki alltaf hárnákvæm samkvæmni í málflutningi hæstv. utanrrh. í þessari skýrslu. Eftir allt hermangið sem skýrsla hans sýnir einungis toppinn á er ekki að sjá að hann hyggist vinna ötullega að brottför hersins að sinni. Það er aðeins eitt mál sem minnir hæstv. ráðherra öðru hverju á að ekki sé sjálfgefið að á Íslandi verði um aldur og ævi erlendur her. Það er þegar flokksbróðir hans og samráðherra, hæstv. sjútvrh., stendur í höm með embættismönnum sínum undir veggjum bandaríska viðskiptaráðuneytisins og bíður eftir að vera hleypt inn í hlýjuna. Þá fyllist hreint hjarta hæstv. utanrrh. heitri ættjarðarást og hann hótar brottför hersins á stundinni, ef Hvalur hf. fær ekki að veiða hval þrátt fyrir hvalveiðibannið sem Alþingi mótmælti ekki.

Breska skáldið W. H. Auden orti eitt sinn ágætt kvæði um Winston Churchill og þátt hans í síðari heimsstyrjöldinni. Í lok þess kvæðis segir í lauslegri þýðingu að hann hafi fengið siðmenningunni borgið á alröngum forsendum eða orðrétt, með leyfi herra forseta: „The old sod saved civilization all for the wrong reasons“. Eigi hvalurinn að stökkva bandaríska hernum úr landi er betra að hann sé lifandi. Dauður gerir hann það varla.

Við alþýðubandalagsmenn höfum aldrei velkst í neinum vafa um afstöðu okkar til þessara mála. Á landsfundi flokksins í nóvember sl. var samþykkt ályktun um utanríkismál. Við höfum alla tíð barist gegn þeirri óværu á andliti landsins sem hersetan er. En við höfum jafnframt fylgst með þróun heimsmála og lagað og endurskoðað stefnu okkar í utanríkismálum að raunhæfum kostum. Ég vil því að lokum, herra forseti, rifja upp með þingheimi helstu atriði í ofannefndri ályktun virðulegum forseta og hv. þm. til andlegrar uppbyggingar áður en ég lýk máli mínu. Í þessari ályktun eru þessi atriði helst:

„Unnið verði að uppsögn herstöðvarsamningsins. Endurskoðun fari fram á öllum samskiptum við herinn og endurskipulagning þeirra mála í stjórnkerfinu. Afnumið verði alræðisvald utanrrh. í meðferð þessara mála og lýðræðisleg umfjöllun og ákvarðanataka tryggð m.a. með beinni þátttöku þingsins. Dregið verði úr umsvifum hersins og fækkað í herliðinu jafnt og þétt. Allur tækjabúnað-

ur, sem nota mætti til árásaraðgerða, verði fluttur burt. Herskip eða önnur farartæki komi ekki inn í landhelgi Íslands nema tryggt sé og yfirlýst að þau beri ekki kjarnorkuvopn innanborðs.

Herinn verði algerlega einangraður. Stefnt skal að því að verktakar og aðrir sem þjónusta herinn dragi úr starfsemi sinni í áföngum þannig að slík samskipti við hann verði engin innan tiltekins tímabils og sú einangrun haldist meðan herinn dvelst í landinu. Samfara einangrun hersins verði hrint í framkvæmd öflugri áætlun um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum og annars staðar þar sem menn hafa haft atvinnu af þjónustu við herinn. Tryggt verði að allt það starfsfólk sem áður vann við störf er tengdust hernum fái þjóðnýt störf við hæfi.

Hafinn verði undirbúningur að úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu. Boðið verði til alþjóðlegrar ráðstefnu á Íslandi til að skipuleggja og undirbúa samningaviðræður um afvopnun í Norðurhöfum. Sérstaklega þarf að berjast gegn áformum um stórfellda aukningu kjarnorkuvopna í höfunum og þeirri hættu að þeim fjölgi enn í framhaldi af samningum stórveldanna um fækkun eldflauga með kjarnorkusprengjur á landi. Áhersla er á mótun sjálfstæðrar óháðrar utanríkisstefnu sem grundvallast á virkri friðarviðleitni og þjóðlegri reisn, einnig á auknum framlögum til þróunarsamvinnu og samstöðu með þróunarríkjum og stuðningi við frelsishreyfingar og sjálfstæðisbaráttu alþýðu hvarvetna gegn arðráni og kúgun."

Ég fyrir hönd þingflokks Alþb. lýsi því yfir að við erum hvenær sem er tilbúin til að taka höndum saman við hæstv. utanrrh. svo og alla aðra hv. þm. sem kynnu að vilja vinna að framgangi þessarar stefnu í utanríkismálum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Menn hljóta ávallt að veita sérstaka athygli skýrslu nýs utanrrh., sjá hvaða mál hann hyggst setja á oddinn í þessum mikilvæga málaflokki og hvaða áherslu hann leggur á hin ýmsu atriði er snerta samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir.

Auðvitað mótast sérhver skýrsla af stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem starfar þá hún er gerð. Það er skemmst frá því að segja að skýrsla núv. hæstv. utanrrh. er í hefðbundnum stíl þar sem annars vegar er lögð áhersla á efnahagslegt samstarf vestrænna ríkja og hins vegar á samstöðu þeirra í öryggis- og varnarmálum.

Í þessari skýrslu, sem hér er til umræðu, er boðað að haldið verði áfram þeirri vinnu sem hafin var í tíð síðustu ríkisstjórnar og miðast við eflingu þessarar undirstöðu íslenskrar utanríkisstefnu, en einmitt hæstv. núv. utanrrh. var forsrh. þeirrar ríkisstjórnar og sá sem hér talar utanrrh. að hluta til þess tímabils.

Raunar má segja að þetta starf hafi að nokkru byrjað í ráðherratíð Ólafs Jóhannessonar í utanrrn. þegar endurnýjun hófst á mikilvægum búnaði varnarliðsins, en Geir Hallgrímsson markaði síðan sem utanrrh. þá stefnu um aukið frumkvæði okkar sjálfra í vörnum landsins sem fylgt hefur verið síðan. Í tíð hans var það starf utanríkisþjónustunnar er lýtur að vörnum landsins, varnarviðbúnaði og mat á varnarþörfinni stóreflt og í kjölfarið hafa fylgt áætlanir og síðan framkvæmdir, t.d. hvað varðar ratsjárstöðvar á Vestfjörðum og Norðausturlandi, endurnýjun flugskýla og annarra mannvirkja og tækja og svo einnig aukið samstarf við ýmis Evrópuríki í varnarmálum svo að ekki sé minnst á samstarfið við Atlantshafsbandalagið sjálft eins og hæstv. utanrrh. kom inn á í sinni ræðu. Það voru ráðnir innlendir sérfræðingar á þessu sviði til ráðgjafar við mörkun varnarstefnunnar, en fram til þess tíma má segja að við Íslendingar höfðum kosið okkur frekar hlutskipti áhorfandans. Frá þessari stefnu er ekki hvikað, sbr. skýrslu núv. utanrrh., enda hefur sú stefna treyst öryggi okkar gagnvart sívaxandi flotastyrk Sovétmanna á hafsvæðunum norður og austur af landinu.

Þá kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að áfram verður haldið að efla þann þátt utanríkisstefnunnar og utanríkisþjónustunnar er lýtur að málefnum Evrópubandalagsins. Í fyrri skýrslu minni um utanríkismál 1986 gat ég þess að alþjóðaefnahagsmál hefðu rutt sér til rúms sem mikilvægur þáttur alþjóðamála og sú þróun hefði áhrif á alþjóðleg öryggismál með margvíslegum hætti. Utanríkisviðskipti væru snar þáttur þessarar framvindu og mikilvægur hluti starfs okkar Íslendinga á næstu árum hlyti að mótast nokkuð af þessum nýju viðhorfum. Við sjáum t.d. þá breytingu sem efnahagslegar staðreyndir hafa haft á samskipti austurs og vesturs á allra síðustu árum.

Það var á grundvelli þessara viðhorfa sem ég hafði forgöngu um að starf utanríkisþjónustunnar hvað varðar samskiptin við Evrópubandalagið yrði stóreflt og stofnuð var að mínu frumkvæði sérstök skrifstofa í Brussel til þess að annast þau samskipti, fylgjast með og koma upplýsingum á framfæri við stjórnvöld svo og einnig að koma sjónarmiðum okkar og viðhorfum á framfæri þar hvenær sem þess gerðist þörf. Ég hygg að þetta spor hafi verið skynsamlegt og um það eru held ég allir sammála að það muni skila miklu þegar viðræður um framtíðarstöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu hefjast. Þessi skrifstofa tók til starfa 10. des. 1986. Það er ástæða til að ætla að starfi þessu verði haldið áfram, enda er í skýrslunni tekið undir þessi orð mín frá fyrri skýrslu að stærstu verkefni utanríkisþjónustunnar í náinni framtíð hljóti að vera að efla utanríkisviðskipti og útflutningsmál.

Í þeirri umræðu sem nú fer fram um samskipti við Evrópubandalagið finnst mér nokkuð skorta á nauðsynlega yfirvegun manna og ýmsir hafa verið að mínum dómi heldur glannalegir í yfirlýsingum um það efni. Sumir hafa dregið upp svartar myndir og á máli þeirra er það helst að skilja að okkar bíði dapurleg örlög nýlenduþjóða ef ekki verði gengið til samninga um tollfrelsi þegar í stað. Jafnvel hafa

verið hugmyndir um einhvers konar viðskipti með varnaraðstöðu. Við slíkar raddir vil ég segja: Er ekki hyggilegra að vinna okkar sjónarmiðum skilning með yfirvegun en láta slagorðin eiga sig? Staðreyndin er nefnilega sú að við höfum haft hagstæðan samning við Evrópubandalagið og markmiðið hlýtur að vera að útvíkka þann samning á næstu missirum eða þegar Evrópubandalagið er reiðubúið til að ganga til slíkrar samningsgerðar. Ég tek undir þau orð hæstv. utanrrh. í skýrslunni að heldur er ólíklegt að til slíkra samninga dragi fyrir 1992. Það þarf tvo til að semja og Evrópubandalagið hefur marglýst yfir að framkvæmd stefnunnar um innri markað hafi forgöngu nú um stundir í málefnum bandalagsins.

Við eigum á hinn bóginn að nota tímann þangað til viðræður geta hafist og marka okkur sameiginlega stefnu gagnvart þessu starfi Evrópubandalagsins sem tryggir okkar hagsmuni í viðskiptum okkar og stöðu almennt í samfélagi vestrænna ríkja. Mikilvægt er í því sambandi að slá engu frá sér sem óhugsanlegu heldur nálgast viðfangsefnið af raunsæi og fumleysi og gæta vel að því að fullveldi okkar, t.d. hvað varðar auðlindir, verði treyst í Evrópusamstarfi framtíðarinnar. Aðild að Evrópubandalaginu er ekki á dagskrá nú, en framvinda þess máls er að sjálfsögðu háð sérstöðu okkar varðandi fiskveiðiréttindi.

Ég legg áherslu á að menn varist innantómar yfirlýsingar og hræðsluóp í þessu sambandi, hvort sem það kemur úr röðum stjórnmálamanna eða frá fulltrúum hagsmunahópa. Ég tel að það hafi verið vel ráðið þegar utanrmn. Alþingis sótti heim á sl. ári Evrópubandalagið, en það var einmitt stofnað til þeirrar ferðar í viðræðum formanns utanrmn., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, og utanrrh. Evrópubandalagsins, de Clercq, þegar hann var í opinberri heimsókn hér á Íslandi árið 1986.

Við verðum að nota tímann og fá aðrar þjóðir, ekki síst EFTA-ríkin, til að virða sjónarmið okkar og afstöðu og fá þær til stuðnings við íslenskan málstað. Mikilvægt í því sambandi er, eins og fram kemur í skýrslu utanrrh., að fá fullt viðskiptafrelsi fyrir fisk og fiskafurðir innan EFTA og yfirvinna andstöðu Svía við það mál.

Ég gat þess hér að framan að hin nýju viðhorf í alþjóðamálum ættu sér efnahagslega undirtóna. Það er t.d. deginum ljósara að erfið efnahagsleg kjör eru hreyfiafl þeirrar áherslu Sovétmanna að dregið skuli úr vígbúnaði. Þáttaskilin í vígbúnaðarkapphlaupinu eru staðreynd og hæst ber þar samninginn um útrýmingu meðaldrægu og skammdrægu kjarnaflauganna úr Evrópu. Eins og réttilega kemur fram í skýrslu utanrrh. hefur sá árangur náðst fyrir eindrægni í vörnum Evrópu. Sovétmenn standa frammi fyrir því að ríki Atlantshafsbandalagsins hafa þrek til að vega upp yfirburði þeirra á mikilvægum sviðum og Sovétmenn hafa fundið sig knúna frammi fyrir þeirri staðreynd að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu. Atlantshafsbandalagið hefur nýtt styrk sinn til að auka friðarlíkur og draga úr vígbúnaði. Stefna þessi er að skila árangri. Það er mikilvægt að vestræn ríki haldi áfram að treysta samstöðu sína og við Íslendingar eigum að taka þátt í því að haldið verði áfram að semja um fækkun kjarnaflauga. Vonandi ná leiðtogar risaveldanna samkomulagi á fundi sínum í Moskvu í maí eða júní í vor um fækkun langdrægra kjarnaflauga.

Fyrir Atlantshafsbandalaginu liggur á hinn bóginn það verkefni að undirbúa viðræður um fækkun hefðbundins vígbúnaðar og efnavopna eins og samþykkt var á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins hér í Reykjavík hinn 12. júní sl. sumar. Nauðsynlegt er fyrir varnir Evrópu að samið verði um niðurskurð þessara vopnategunda áður en t.d. verður rætt um hin svokölluðu vígvallarvopn. Markmiðið er, eins og margoft hefur komið fram í málflutningi Atlantshafsbandalagsins, að tryggja friðinn og árangur næst ekki nema með festu og sveigjanleika í samningum eins og vestrænu ríkin hafa borið gæfu til að gera allt frá stríðslokum.

Ég vil víkja nokkuð að þeirri áherslubreytingu sem orðið hefur í framkvæmd utanrrh. í atkvæðagreiðslum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í skýrslunni kemur fram að breytt hafi verið um atkvæði til tíu tillagna frá því sem atkvæði áður féllu, sennilega rétt níu en breytt afstaða varðandi þá tíundu. Engin tilraun er gerð til að rökstyðja þessa breytingu í skýrslunni nema með afar ónákvæmum og óljósum tilvísunum í þáltill. frá 23. maí 1985, um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Það hefði mátt koma fram nánari skýring af hálfu utanrrh. á því hvernig á því stendur að þeir sem á undan gengu gátu fylgt sömu ályktun en greitt þó atkvæði með öðrum hætti en hann gerir, en ekki er gerð tilraun til slíks rökstuðnings í skýrslunni.

Í einu tilviki var um að ræða tillögu sem oft hefur verið rædd hér á Alþingi og stundum með allmiklum hávaða, en það er hin svokallaða sænsk-mexíkanska frystingartillaga. Afstaða til þeirrar tillögu var raunar mótuð í tíð Ólafs Jóhannessonar, en í skýrslu hans um utanríkismál frá 1983 segir um þessa tillögu að Íslendingar hefðu tekið þátt í þeirri ákvörðun Atlantshafsbandalagsins að koma upp meðaldrægum kjarnaflaugum í Evrópu á árinu 1979 til að vega upp yfirburði Sovétmanna á því sviði. Að greiða atkvæði um frystingu á sama tíma jafngilti því að verið væri að koma í bakið á bandamönnum okkar, sagði Ólafur Jóhannesson. Tillagan var með öðrum orðum sett fram í upphafi þessa áratugar og hafði þann tilgang að frysta yfirburði Sovétmanna. Það hefði a.m.k. verið afleiðingin ef hún hefði náð fram þegar hún var sett fram. Það er á hinn bóginn staðfest í skýrslu utanrrh., eins og ég gat um hér að framan, að það var einurð vestrænna ríkja, það er uppsetning meðaldrægu flauganna sem gerði þann árangur mögulegan að samið var um útrýmingu þessara flauga með samningnum sem undirritaður var í Washington hinn 8. des. sl. Afstaða til þessarar tillögu mótaðist ekki aðeins af þessum sjónarmiðum, heldur komu og fram í tillögunni fullyrðingar

um jöfnuð í vígbúnaði og var þannig horft fram hjá yfirburðum Sovétmanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar. Þá var það afstaða *mín* að í tillögunni *fælist* að semja ætti um frystingu á sama tíma og samningar stæðu yfir um hreinan niðurskurð kjarnavopna. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til stefnubreytingar að þessu leyti af hálfu okkar Íslendinga, en segja má að tillagan hafi verið orðin úrelt og tímaskekkja þegar hún er flutt á allsherjarþinginu sl. haust.

Ég vil nota þetta tækifæri og hvetja menn til þess að gæta rökhyggju varðandi afstöðu til tillagna á þingi Sameinuðu þjóðanna sem oftar en ekki, því miður, eru settar fram í áróðursskyni. Það er til að mynda afar undarlegt að samþykkja tillögu til ályktunar, sem flutt var af Úkraínu og Tékkóslóvakíu og ýmis þróunarríki stóðu einnig að, um samræmda framkvæmd ályktana allsherjarþings á sviði afvopnunar. Íslendingar voru eina vestræna þjóðin sem greiddi þessari tillögu atkvæði. Þessi afstaða var afar vafasöm þó ekki væri nema vegna þess að við höfum ýmist setið hjá eða verið á móti samþykktum margra áróðurstillagna um þennan málaflokk, t.d. frystingartillögunnar margnefndu sem þó hafa verið samþykktar af allsherjarþinginu. (**SvG:** Hefur þú ekkert rætt þetta í ríkisstjórninni?) Í þessari afstöðu felst mótsögn og ég vil leggja áherslu á að í samþykkt Alþingis um afvopnunarmál frá 1985, þar sem segir að fagna beri hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins, felast ekki fyrirmæli um að samþykkja hverja þá áróðurstillögu gagnrýnislaust sem fram kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þennan málaflokk. Mál þessi eru flóknari og mikilvægari samstöðu vestrænna ríkja en svo að þar megi lítt grunduð ákvörðun ráða ferðinni.

Ég mun ekki víkja að málefnum Norðurlandaráðs hér og nú. Eins og fram kom hjá hv. 13. þm. Reykv. mun sérstöku þskj. verða dreift um störf Norðurlandaráðsdeildar og þar gerð grein fyrir norrænu samstarfi og þá gefst tækifæri til þess að ræða það.

Af þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir, er ljóst að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar mun fylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Á þeim grundvelli munu Íslendingar styðja alla raunhæfa viðleitni sem beinist að gagnkvæmri fækkun kjarnavopna undir öruggu eftirliti gegn vígbúnaðarkapphlaupi og vinsamlegum samskiptum þjóða.

Af skýrslunni er ljóst að ríkisstjórnin ítrekar þá grundvallarstefnu í utanríkismálum að taka virkan þátt í norrænu samstarfi, í samstarfi Evrópuþjóða, í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og vestrænu varnarsamstarfi á grundvelli aðildar að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamningsins og að Íslendingar taki virkan þátt í starfsemi bandalagsins.

Af þessari skýrslu er ljóst að ríkisstjórnin leggur áherslu á aukna samvinnu við Efnahagsbandalagið á sviði viðskiptamála og vísindaþróunar og að með breytingum verði vel fylgst.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú lagt fram og mælt fyrir skýrslu sinni um utanríkismál, en hennar hefur verið beðið með nokkurri eftirvæntingu sem von er þar sem þetta er fyrsta skýrsla nýs utanrrh. í nýrri ríkisstjórn. Að vísu höfum við fylgst með ferli hæstv. utanrrh. þá mánuði sem hann hefur verið að störfum sem slíkur og er það alveg ljóst að hann hefur þegar markað ýmis ný spor sem utanrrh. og kannski á stundum markað þannig spor að teknar hafa verið ýmsar ákvarðanir sem eru óvanalegar og hafa valdið bæði fjaðrafoki og undrun manna, kannski öðruvísi ákvarðanir en við höfum átt að venjast hingað til. Ég er þó ekki að segja með þessu að þær hafi verið rangar eða ámælisverðar, einungis það að hæstv. utanrrh. hefur stundum komið á óvart á þessum stutta ferli sínum.

Ég held að það sé rétt og eðlilegt í upphafi máls míns að ég fjalli með örfáum orðum um stefnu Borgarafl. í utanríkismálum. Sum stjórnarblaðanna hafa reynt að gera *lítið úr okkur og ekki nóg með* það, þau hafa reynt að gera okkur tortryggilega í þeim málum. Á þetta þó aðallega við um Morgunblaðið sem hefur gripið hvert tækifæri sem hefur gefist til þess að reyna að hártoga og snúa út úr og rangfæra hver sé stefna Borgarafl. í utanríkismálum. Í þeirri stefnu sem við lýstum yfir í utanríkismálum í kosningabaráttunni sl. vor kom það skýrt fram að við teljum það vera staðreynd að Íslendingar eru í varnarbandalagi vestrænna þjóða, NATO, og það er ekkert í heiminum sem bendir til þess að við getum farið úr þessu varnarsamstarfi. Þetta er einfaldlega staðreynd hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Og við verðum að viðurkenna aðra staðreynd og hún er sú að með þátttöku okkar í varnarbandalagi vestrænna þjóða höfum við búið við frið og öryggi frá stríðslokum.

Það er hins vegar skelfilegt til þess að vita að allt frá stríðslokum hafa orðið átök hér og þar í heiminum, stríðsaðgerðir sem hafa kostað fleiri mannslíf en öll seinni heimsstyrjöldin kostaði, þannig að það er síður en svo að það hafi verið friðvænlegt í heiminum. Þess vegna þarf engan að undra þó við séum því ekki meðmæltir að slíkt ástand í utanríkismálum sé nú fyrir hendi að við getum dregið okkur út úr þessu varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Ógnarjafnvægið, sem svo hefur oft verið kallað, er þrátt fyrir allt það sem hefur skapað frið í hinum vestræna heimi þessi rúmlega 40 ár sem eru liðin frá lokum heimsstyrjaldarinnar.

Hins vegar er það kannski áhyggjuefni að það er komið að því fljótlega að fæstir núlifandi Íslendinga hafa lifað það Ísland að hér sé enginn erlendur her. Það er í raun og veru skelfileg tilhugsun að hugsa til þess að brátt mun enginn núlifandi Íslendinga muna það Ísland þegar enginn erlendur her var hér á íslenskri grund. Þannig að það er síður en svo að ég eða mínir flokksbræður séum ánægðir yfir þessari

stöðu mála. Helst af öllu mundum við vilja sjá það ástand alþjóðamála skapast að hernaðar- og varnarbandalög verði óþörf og erlendur her geti farið héðan. Það er alls ekki og síður en svo keppikefli að hér sé erlendur her alla tíð. En eins og er verðum við að beygja okkur undir þá staðreynd að meðan við búum við slíkt óöryggi í samskiptum milli stórveldanna og stríðsaðgerðir eru tíðar um allan hinn byggða heim, þá er varla um aðra kosti að ræða en að við höldum áfram þátttöku okkar í þessu varnarsamstarfi og hér sé haldið uppi vörnum með þeim hætti sem verið hefur.

Það er þó eitt atriði sem ég vildi aðeins fjalla um sem mér finnst lítið vera komið inn á í skýrslu hæstv. utanrrh. og ég verð kannski að varpa fram sem nokkurri gagnrýni á ýmsa forvera hæstv. utanrrh., en það eru öryggismál Íslendinga sjálfra í varnarsamstarfinu. Þeim málaflokki hefur verið allt of lítið sinnt að okkar dómi og ástæða til þess að taka þau mál upp til gagngerrar endurskoðunar og nýrrar hugsunar. Ég held nefnilega að öllum hljóti að vera það ljóst að það er ákaflega óhægt um vik að verja fólkið sem hér býr í landinu ef kæmi til styrjaldarátaka sem mundu beinast gegn herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna mundum við óska þess að það yrði athugað og lögð í það vinna að svara ýmsum spurningum sem vakna í sambandi við öryggi fólksins sem býr hérna, með hvaða hætti það yrði betur tryggt.

Við höfum í okkar málflutningi, m.a. í kosningabaráttunni, vikið að ýmsum hugmyndum þar að lútandi. T.d. vakna spurningar um hvort hægt væri að flytja starfsemi varnarliðsins að einhverju leyti frá þessu þéttbýlasta svæði landsins. Er hún betur komin annars staðar þar sem er minni hætta af varnarstöðinni? Og jafnvel höfum við varpað fram þeirri hugmynd, að við ættum að beita okkur fyrir því innan Atlantshafsbandalagsins að komið yrði upp einhvers konar forvarnarkerfi þannig að það mætti draga úr mikilvægi herstöðvarinnar hér e.t.v. með vísi að herstöð fyrir norðan Ísland.

Afvopnunarmál hafa mjög verið í brennidepli allt undanfarið ár og þau náðu í okkar huga að sjálfsögðu hámarki þegar leiðtogafundurinn var hér í Reykjavík í október 1986. Eftir leiðtogafundinn má segja að Íslendingar hafi komist á landakortið sem ábyrgur aðili í þessum málum. Auðvitað verðum við að viðurkenna í hvert skipti sem við ræðum utanríkismál að við erum mjög fámenn þjóð. Það verður alla tíð erfitt fyrir okkur að fá aðrar þjóðir til að taka mark á okkar. En ég held að sérstaða okkar bæði landfræðileg og menningarleg sé þess eðlis að þrátt fyrir allt sé hlustað á okkur. Ef við berum gæfu til þess að koma fram af fullri reisn í viðskiptum okkar við erlendar þjóðir þá er ekki nokkur vafi á því að það er komið fram við okkur sem jafningja þrátt fyrir stærðarmuninn. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það að allur almenningur hér á þessu landi er mjög meðvitaður um afvopnunarmál og friðarmál.

Ýmsir aðilar, bæði félagasamtök, stjórnmálamenn og aðrir, hafa lýst áhyggjum sínum yfir vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna og þeim styrjaldarátökum sem eru næstum því samfelld einhvers staðar í heiminum. Við höfum verið með ýmsar hugmyndir þar að lútandi með hvaða hætti við gætum lagt okkar á vogarskálina til að reyna að draga úr þessari áhættu. Ég minni t.d. á ágætistillögu, sem var flutt hér í Sþ. í haust sem leið, um það að boðað yrði til friðarráðstefnu hér í Reykjavík þar sem sérstaklega yrði fjallað um með hvaða hætti mætti koma í veg fyrir að það yrði mjög mikil aukning á vígbúnaði í Norðurhöfum samfara því að það yrði dregið úr kjarnorkuvopnabúnaði í Evrópu. En það var komið inn á það, hæstv. utanrrh. minntist á það í ræðu sinni að mig minnir, að auðvitað er hætta á því að þegar stórveldin hafa komið sér saman um, sem þau hafa þegar gert, að fækka meðaldrægum kjarnorkuflaugum í Vestur-Evrópu, þá verði þessum vopnum komið fyrir einhvers staðar annars staðar. Það er nokkuð sem við þurfum sérstaklega að huga að, að þeim verði ekki dembt í kafbáta sem síðan verði allt í kringum okkur hérna í Norður-Atlantshafinu. Því miður hefur þessi þáltill. fengið mjög hæga og þunglamalega meðferð þannig að hún er ekki komin úr nefnd, en við þm. Borgarafl. studdum þetta mál á sínum tíma. Og ég minni á að hér á Alþingi hafa verið fluttar tillögur um þessi mál.

Það hefur mikið verið rætt um að gera Reykjavík að nokkurs konar miðstöð friðarviðræðna og það er mál sem ég held að við gætum unnið betur að en gert hefur verið. Það var mjög athyglisvert hér í haust sem leið, þegar upp kom sú hugmynd að bjóða leiðtogum stórveldanna að halda fund sinn, sem þá var fyrirhugaður, hér í Reykjavík. Við þm. Borgarafl. funduðum um þetta og skoruðum á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að boðum þar að lútandi yrði komið á framfæri við ríkisstjórnir beggja stórveldanna. Ef þau kynnu að óska eftir þá væru leiðtogarnir velkomnir til fundar hér í Reykjavík.

Hæstv. forsrh. kaus að svara þessu nánast út í hött með útúrsnúningi einum saman, talaði um að við ættum ekki að vera að skipta okkur af ráðagerðum stórveldanna. En hér var aðeins verið að tala um það að bjóða þeim fundarstað ef þeim hentaði. Á sama tíma var hæstv. utanrrh. nánast að bjóða það sama á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York, að leiðtogarnir væru velkomnir hingað til fundar ef þeim þóknaðist. Þannig að það var einkennilegt að verða vitni að þeim orðaskiptum að í annan stað vísaði hæstv. forsrh. tillögu okkar borgaraflokksþingmanna algjörlega á bug og gaf það raunar í skyn að hún væri hreint bull en hæstv. utanrrh. var að stinga upp á hinu sama í ræðu sem hann hélt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York.

Þá langar mig til þess að víkja að samstarfi okkar við Norðurlöndin og ýmsar alþjóðastofnanir, en þetta samstarf hefur kannski verið hornsteinn íslenskra utanríkismála í marga áratugi. Um samstarf

okkar við Norðurlöndin er allt gott að segja. Það er ofur eðlilegt að við leitum eftir miklu og góðu samstarfi við hin Norðurlöndin. Þrátt fyrir allt erum við hluti af hinu norræna menningarsvæði. Þetta eru þrátt fyrir allt frændþjóðir okkar. Því miður heyrast oft þær raddir hér á Íslandi að við eigum að láta Norðurlöndin sigla lönd og leiðir og snúa okkur alfarið að samskiptum og samstarfi við hinn engilsaxneska heim og höfð eru uppi ýmis stór orð um að hin Norðurlöndin gagni okkur lítið og vilji lítið fyrir okkur gera. Ég held að þetta sé alrangt. Við höfum átt mjög gott samstarf við hin Norðurlöndin og því ber að halda áfram. Hins vegar þarf ævinlega að gæta þess, eins og við höfum lagt mikla og ríka áherslu á, að fyrir hönd Íslands sé ávallt komið fram af fullri reisn í öllum samskiptum við þær þjóðir sem við höfum samskipti við þannig að við þurfum ekkert að vera að skammast okkar fyrir það þó að við séum ekki nema tæplega 250 þús. manns. Við eigum að geta borið höfuðið hátt og komið fram með fullri reisn og það ber að gera fyrir okkar hönd alls staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Ég hef þegar fjallað um aðildina að NATO, Atlantshafsbandalaginu, sem við teljum áfram vera einn af hornsteinum utanríkismála Íslendinga hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Við munum ekki gera neina athugasemd þar að lútandi eða leggja til neina breytingu á því. Það eru engar aðstæður fyrir hendi á alþjóðavettvangi sem heimila slíkt.

Hvað varðar ýmis viðskiptasambönd þá höfum við að sjálfsögðu tekið þátt í Fríverslunarbandalagi Evrópu, EFTA, um mjög langt skeið, frá því í byrjun áttunda áratugarins og á áttunda áratugnum náðum við, eins og hér hefur þegar komið fram í máli hæstv. utanrrh. áðan, mjög góðum samningum við Efnahagsbandalagið.

Það var talað um að það kynni að verða erfitt að ná betri samningum við Efnahagsbandalagið um sinn og því er ekki að leyna að við getum haft af því nokkrar áhyggjur hvað verður um Fríverslunarbandalagið því löndin sem eru í Fríverslunarbandalaginu týna nú ört tölunni. Mörg þeirra eru nú á leiðinni inn í Efnahagsbandalagið nýja. Jafnvel er farið að ganga svo langt að það er farið að huga að því í Svíþjóð, sem er nú eiginlega það ríki í Evrópu sem síst var ætlað að mundi nokkru sinni ganga inn í Efnahagsbandalagið, þar er farið að tala um leið til þess að Svíar geti tengst Efnahagsbandalaginu og jafnvel gengið inn í það sem fullgildir aðilar. Það gæti því endað svo á næstu árum, kannski áratug eða svo, að nánast öll lönd Vestur-Evrópu yrðu komin inn í Efnahagsbandalagið og við sætum þar einir fyrir utan.

Að sjálfsögðu verðum við að hugsa þessi mál mjög vandlega, með hvaða hætti við tengjumst áfram Vestur-Evrópulöndunum, því ég held að við séum sammála því eins og nær allir að um beina aðild okkar að Efnahagsbandalaginu geti vart verið að ræða, a.m.k. ekki meðan Efnahagsbandalagið heldur þeirri stefnu sinni óbreyttri að því fylgi fullur aðgangur að fiskimiðum okkar. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að við getum komið fram við Efnahagsbandalagið og stjórn þess í Brussel af mikilli festu og gert þeim það skiljanlegt að Íslendingar séu þrátt fyrir allt hluti af Vestur-Evrópu og þeir hafi vissar skyldur gagnvart okkur svo við getum áfram verið hluti af Vestur-Evrópu. Ég er ekki hér með að segja að við eigum þann valkost að leita eftir nánari samvinnu við Bandaríkin — það hafa heyrst raddir um það að við getum gerst fylki í Bandaríkjunum, það er enginn að tala um það hér — þá er engu að síður hugsanlegt að við gætum leitað eftir tvíhliða viðskiptasamningum við Bandaríkin í líkingu við það sem Kanadamenn gerðu nýlega þannig að slík viðskipti gætu að einhverju leyti komið í staðinn fyrir viðskipti okkar við Efnahagsbandalagið. Ég er ekki að segja að við eigum að hóta Efnahagsbandalaginu með þessu. Ég tel hins vegar að við eigum að hafa opinn hug gagnvart báðum þessum möguleikum því það kann vel að vera að við gætum átt betri viðskipti við Bandaríkin en nú er. Það kemur m.a. fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að það hefur töluvert dregið úr viðskiptum okkar við Bandaríkin. Hins vegar verður að velta því fyrir sér hvers vegna við höfum ekki reynt að notfæra okkur það að staða bandaríkjadals hefur verið ákaflega veik undanfarin ár sem hefur gert það að verkum að það er hægt að gera mjög hagkvæm innkaup í Bandaríkjunum fyrir Íslendinga. Hins vegar hafa gjaldmiðlar Evrópubandalagsríkjanna hækkað mjög í verði gagnvart íslensku krónunni þannig að innkaup frá Evrópubandalagsríkjunum hafa orðið okkur dýrari og dýrari á síðustu árum. Þannig getur þetta eitt valdið því að það væri rétt að huga að frekari og beinni viðskiptum við Bandaríkin.

Í skýrslunni er fjallað nokkuð um þá samvinnu sem við höfum átt við bæði Grænlendinga og Færeyinga. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort við ættum ekki að reyna að stækka hópinn og fá jafnvel Nýfundnaland með í þessa samvinnu og þar með austurströnd Kanada. Ég held að við eigum margt sameiginlegt með þessum löndum sem búa hér við Norður-Atlantshafið. Það væri raunar mjög eðlilegt og sjálfsagt að þessi lönd hefðu víðtækt samstarf sín á milli bæði hvað varðar fiskveiðar og ekki síður varðandi efnahagsmál og verslunarviðskipti. Ég held að við ættum að reyna að beita okkur fyrir því að þessi samvinna verði aukin bæði við Grænland og Færeyjar og við ættum að reyna að taka hluta af austurströnd Kanada með í þessu sambandi og gerast frumkvöðlar í því að þessi ríki myndi með sér nokkurs konar efnahagsbandalag. Gæti það jafnvel orðið einhvers konar svar við Efnahagsbandalagi Evrópu og gæti hugsanlega styrkt okkur í því að vernda fiskimiðin gegn ásælni Vestur-Evrópuríkjanna.

Í þessu sambandi er rétt að fjalla aðeins um viðskipti okkar við Grænlendinga sem góðu heilli

hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár. Þar er þó við einokun dönsku Grænlandsverslunarinnar að eiga og væri kannski athugandi að reyna með samningum við Dani að liðka betur til fyrir viðskiptum við Grænlendinga þannig að við séum ekki ofurseldir einokun Grænlandsverslunarinnar í jafnríkum mæli og verið hefur, t.d. varðandi flutninga og margt annað. Ég tel að við getum átt miklu fjölbreytilegri viðskipti við Grænlendinga ef um það semdist við dönsk stjórnvöld.

Sú viðamikla breyting hefur orðið á starfsemi utanrrn. með stjórnarsáttmálanum frá því í vor að utanríkisviðskipti hafa verið færð yfir til utanrrn. Í skýrslu hæstv. utanrrh. sem hér liggur fyrir má segja að stór hluti skýrslunnar fjalli einmitt um utanríkisviðskiptin. Við höfðum um það ýmsar efasemdir í meðferð tveggja þingmála sem voru hér fyrir þinginu í kringum áramótin, en þau voru staðfesting á þessari breytingu sem þegar hefur átt sér stað. Þessi breyting er orðin að staðreynd og skal ég ekkert frekar fjalla um hana hér, en ég vildi þá nota tækifærið og fjalla nokkuð um utanríkisviðskipti og varpa fram ýmsum spurningum í því sambandi.

Ég dreg enga dul á það að við þm. Borgarafl. erum sammála um það að viðskipti Íslendinga við umheiminn hafi verið allt of þröng og lokuð fram til þessa. Ég tel að það þurfi að opna þessi viðskipti meira og ekki nóg með það: Það þarf að beita utanríkisþjónustunni betur fyrir vagninn í þessu sambandi og ekki síst virkja þá duglegu einstaklinga sem hér eru og stunda viðskipti en gjarnan á þann veg að þeir eru yfirleitt í innflutningsviðskiptum. Það er mjög athyglisvert hvað Íslendingar eru duglegir í innflutningsviðskiptum. Þó ég sé ekki að lasta þá fáu aðila sem hafa fengið að sinna utanríkisviðskiptunum, þá hef ég oft spurt sjálfan mig að því hvernig á því standi að við höfum ekki fyrir löngu breytt um stefnu í þessum málum, opnað meira utanríkisviðskiptin og reynt að virkja alla þá duglegu aðila, einstaklinga og fyrirtæki sem hér starfa að innflutningsmálum og beitt þeim einnig í utanríkisviðskiptamálum.

Í þessu sambandi höfum við látið okkur koma til hugar ýmsar aðgerðir sem gætu stuðlað að því að auðvelda slík viðskipti. T.d. settum við fram í kosningastefnuskrá okkar hugmynd að því að hér yrði sett á stofn heimsverslunarmiðstöð. Hún gæti annaðhvort verið hér í Reykjavík eða hugsanlega í tengslum við nýju flugstöðina. Þar færu fram bein tölvufjarskipti við allar helstu kauphallir og viðskiptamiðstöðvar heimsins þannig að þar væri hægt að gera bindandi samninga með tölvuboðum, nánast á broti úr sekúndu liggur mér við að segja, um kaup á ýmsum vörum sem við kaupum á heimsmarkaðsverði í líkingu við það sem er gert í öðrum löndum. Því miður höfum við farið varhluta af þessum viðskiptum þar sem við höfum verið ansi einangraðir hér á Íslandi í þessu tilliti.

Það er nú einu sinni svo að hér áður fyrr var mjög oft talað á þeim nótum að Íslendingar væru hér norður í Dumbshafi, allar samgöngur við Ísland væru mjög erfiðar, við værum mjög einangraðir hér, flutningskostnaður til og frá landinu væri mjög dýr og allt þar fram eftir götunum. Það má segja vegna þeirrar þróunar og þeirra breytinga sem hefur orðið á samgöngumálum og allri tækni, bæði fjarskiptatækni og sérstaklega í sambandi við flugumferð, þá eigi þetta ekki við lengur. Íslendingar eru í þjóðbraut. Við erum í þjóðbraut á milli Evrópu og Vesturheims og þetta getum við nýtt okkur. Ég held að það sé mjög auðvelt að hugsa sér það að Ísland geti orðið miðstöð verslunar og viðskipta sem fara fram einmitt á milli Vestur-Evrópu og Vesturheims. Þannig væri vel hægt að hugsa sér að með sérstökum fríverslunarsvæðum og fríiðnaðarsvæðum kæmi vara frá Vestur-Evrópu, á leiðinni vestur um haf til Bandaríkjanna og Vesturheims, hefði hér viðdvöl, hugsanlega væri henni pakkað um hér og eitthvað breytt og síðan héldi hún áfram. Og með sama hætti væri hægt að hugsa sér að vörur ættu erindi til Íslands á leið sinni frá Vesturheimi til Vestur-Evrópu. Nú og svo þar fyrir utan að varan kæmi aldrei hingað en hér væru milligöngumenn um slík viðskipti. Þannig held ég að við gætum hugað miklu, miklu betur að þessum þáttum í utanríkisviðskiptum okkar.

Þessu samhliða mætti vel hugsa sér að hér væri komið upp aðstöðu fyrir erlendar stofnanir, fjármálastofnanir, jafnvel þó að þær blönduðu sér beinlínis ekki inn í íslenskt efnahagslíf né fjármálalíf. Þeim væri heimiluð aðstaða hér til þess einmitt að stuðla að heimsviðskiptum vegna þeirrar einföldu staðreyndar að við erum hér í þjóðbraut. Ég held að þessi viðskipti gætu legið mjög vel við Íslandi bæði vegna legu landsins og ýmissa annarra þátta sem eru hagstæðir fyrir þetta, m.a. það að hér býr friðsemdarfólk, hér þurfa menn ekki að óttast að gerðar verði uppreisnir eða að hér séu uppþot sem geri staðsetningu slíkra stofnana hér á landi óvissa.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er nokkuð vikið að þróunarsamstarfi og hann segir þar frá fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem átti sér stað í Tanzaníu núna rétt eftir áramótin. Langar mig að fara nokkrum orðum um þátttöku Íslendinga í þróunarsamstarfi og hver hefur verið niðurstaðan af því undanfarin ár. Við höfum reynt ýmislegt fyrir okkur á þessu sviði. Það hefur heyrst mikil gagnrýni á það hvað við verjum litlu fé til þróunarhjálpar en ég er ekki viss um að það sé e.t.v. meinið í þessum þætti utanríkismála okkar, hvað við verjum litlum peningum til þróunaraðstoðar, heldur e.t.v. að við höfum ekki nýtt þau tækifæri sem við höfum haft nógu vel og okkur hefur kannski ekki orðið nógu mikið úr þessu fé sem við höfum veitt til þróunaraðstoðar. Hin Norðurlöndin hafa náð betri árangri en við og kannski er það eðlilega vegna þess að þau eru miklu stærri og burðugri en við erum. Það kemur aftur og aftur að því að við megum náttúrlega ekki gleyma þeirri staðreynd að við erum þrátt fyrir allt aðeins 250 þús. sem hér búum og það er ekki hægt

að ætlast til þess að við gerum stóra hluti í þessum málaflokki. Engu að síður eigum við erindi í þróunarhjálpinni. Ég held að það sé best gert með því, eins og reyndar hæstv. utanrrh. nefndi áðan í ræðu sinni, að þar sem við höfum yfir vissri þekkingu að búa getum við hjálpað ýmsum þjóðum. T.d. að byggja upp fiskveiðar og fiskiðnað, og við getum hjálpað þjóðum við að virkja jarðhita þannig að dæmi séu nefnd.

Það er svolítil sorgarsaga, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra, hvað varð um jarðhitaverkefni það sem við höfðum unnið að í Kenýa, en það var nánast hrifsað út úr höndunum á okkur af Nýsjálendingum eins og hæstv. ráðherrann sagði frá. Ég hafði tækifæri til að fylgjast nokkuð með þessu jarðhitaverkefni þegar það fór af stað fyrir einum 10–15 árum síðan. Ég man að í byrjun var ákaflega erfitt að fá nokkra hjálp við að þreifa fyrir sér um að ná þessu verkefni. Það var um að ræða að rannsaka jarðhitasvæði í svokölluðum Rift valley í Kenýa og aðstoða þar við undirbúning og hönnun mikillar jarðgufuaflsvirkjunar sem þar er. Íslendingar komust þó inn í þetta verkefni í gegnum Sameinuðu þjóðirnar og fengu síðan að gerast undirverktakar hjá enskum ráðgjafarverkfræðingi sem annaðist tækniþjónustu fyrir Kenýa-stjórn. Í tíð Alberts Guðmundssonar sem iðnrh. var mjög langt á veg komið með að ná samningum við Kenýa-stjórn um marghliða tækniaðstoð Íslendinga um uppbyggingu í Kenýa. M.a. var mjög eitt athyglisvert verkefni sem nánast átti aðeins eftir að undirskrifa samninga um, en það var að Íslendingar tækju að sér að aðstoða Kenýa-búa við að koma rafmagni út í sveitir landsins. Kenýa-menn höfðu séð það að Íslendingar höfðu orðið að leysa þetta með mjög einföldum hætti á Íslandi og þeim sýndist að þeir gætu nýtt sér þekkingu okkar og hugmyndir í því sambandi. Samhliða þessu verkefni var líka um það rætt að Íslendingar tækju að sér að smíða einföld raftæki svo sem upphitunarhellur sem mætti síðan nota í sveitum þar sem nær engin slík tæki eru þekkt fyrir. Því miður varð ekkert af þessu því að eins og óþarft er að rifja upp hér fyrir hv. þingheimi var það nánast nokkrum dögum áður en þessir samningar voru undirritaðir að hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson varð að víkja úr iðnrn. og segja af sér embætti iðnrh.

Ég tel engu að síður að hér sé verk að vinna og ég mundi vilja skora á hæstv. utanrrh. að beita sér markvisst fyrir því að aðstoða íslenska tækniráðgjafa við að koma hugmyndum sínum á framfæri erlendis og veita þeim alla þá aðstoð sem honum er megnug til þess að ná í verkefni og sinna þeim.

Ég tel t.d. að það hafi afskaplega litla þýðingu að safna peningum á Íslandi og afhenda síðan út í heim, oft í gegnum aðrar alþjóðlegar stofnanir. Ég held að það sé nefnilega dæmi um það að það hafi verið safnað fé á Íslandi, síðan afhent norrænum hjálparstofnunum sem síðan hafa notað þetta fé til þess að láta norræna tækniráðgjafa hafa verkefni. Þannig hef ég grun um að byggð hafi verið bæði barnaheimili, dagvistunarheimili og lítil sjúkrahús fyrir fé sem hefur verið safnað á Íslandi en síðan hafa hinar Norðurlandaþjóðirnar tekið að sér að selja efni og alla vinnu í þessum byggingum. Við þurfum því að vera mjög vel á varðbergi með hvernig slíkum peningum er varið sem við veitum til tækniþróunar og til þróunarhjálpar yfirleitt.

Það var, sem eðlilegt er, í skýrslu utanrrh. fjallað ítarlega um samskipti okkar við varnarliðið. Mér þótti vænt um að heyra — ég hef það skrifað hér hjá mér — að ákveðið hefur verið að fram fari mjög ítarlegar grunnvatnsrannsóknir á varnarsvæðinu sem verða unnar sem verkefni í samvinnu milli bandarískra og íslenskra ráðgjafa. Ég mundi kannski vilja upplýsa hæstv. utanrrh. um það, ef honum er ekki kunnugt um það, að íslenskir ráðgjafar hafa unnið að þessu verkefni fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og hafa gert mjög umfangsmiklar athuganir á grunnvatni og vatnsbúskap Suðurnesjamanna. Mér er mjög til efs að það finnist bandarískir ráðgjafar sem raunverulega geta leyst þetta verkefni betur. Ég held að í þessu tilviki gætu hinir bandarísku ráðgjafar lært heilmikið af okkur, þ.e. hinum íslensku ráðgjöfum sem hafa sinnt þessu máli. Það var reynt að stækka þetta verkefni þannig að allt Reykjanesið yrði undirlagt og vatnsból höfuðborgarsvæðisins yrðu tengd við þetta verkefni þannig að það fengist góð og ítarleg vitneskja um hvernig er háttað grunnvatnsstreymi og nýtanlegu vatni, bæði á öllu höfuðborgarsvæðinu og um öll Suðurnesin. Því miður fékkst ekkert fé til þessara rannsókna og þetta varð því aldrei meira en sjálf hugmyndin.

Það er kafli um hina nýju ratsjárstofnun í skýrslunni. Þar er boðað að fljótlega muni verða lagt fyrir Alþingi frv. um ratsjárstofnun. Við erum síður en svo óánægðir yfir þeirri þróun mála, við þm. Borgarafl., því að þetta kemur heim og saman við þá stefnu okkar að við teljum að Íslendingar geti tekið miklu virkari þátt í varnarsamstarfinu. Þetta er einmitt dæmi um það að Íslendingar taka yfir ákveðinn þátt mála. Enda hefur það alltaf farið dálítið í taugarnar á mér að í samskiptunum við varnarliðið er eins og það hafi alltaf vantreyst Íslendingum, kunnáttu þeirra og getu. Því miður hefur örlað á því að íslenskir ráðamenn, þá væntanlega á vegum utanrrn., hafa ýtt undir þessa skoðun. Ég held að þetta sé að vísu að heyra sögunni til en þetta var mjög áberandi hér áður fyrr, að varnarliðsmenn og yfirmenn Bandaríkjahers höfðu lítið álit á kunnáttu og þekkingu Íslendinga og það var síður en svo að íslenskir ráðamenn reyndu neitt að draga úr því.

Þess vegna þótti mér vænt um að heyra ummæli hæstv. utanrrh. um hugbúnaðarþróunina sem nú á sér stað fyrir ratsjárstöðvarnar og það að íslenskir hugbúnaðarsérfræðingar fái aðgang og aðild að því verkefni. Hæstv. ráðherrann kom inn á að það þyrfti að styrkja aðstöðu við Háskóla Íslands til þess að efla þar rannsóknir á sviði hugbúnaðargerðar og til að þjálfa sérfræðinga í hugbúnaðargerð. Ég er

honum hjartanlega sammála. Það vill svo til að við rafmagnsverkfræðiskor verkfræðideildar Háskóla Íslands, en það ætti að vera skylt hæstv. utanrrh. sem er sjálfur rafmagnsverkfræðingur — ég vona að hann sé ekki alveg búinn að gleyma því — fer fram töluverð vinna á þessu sviði og raunar mjög athyglisverðar rannsóknir. Því miður er þessari starfsemi mjög þröngur stakkur sniðinn þannig að fjárskortur hamlar mjög að þarna sé hægt að gera eins myndarlega og menn vildu. Það er því mjög auðvelt, hæstv. utanrrh., að styðja við þessa starfsemi með því að taka rausnarlega þarna á með auknum fjárveitingum.

Ég sakna þess í skýrslunni að það er lítið fjallað um hvort eigi að taka upp einhverja aðra skipan mála verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli eða hvort við eigum að halda áfram eins og verið hefur. Satt best að segja hefur það verið gagnrýnt mjög í gegnum árin hvernig málum hefur verið háttað *í sambandi við verktöku íslenska ríkisins á Keflavík*urflugvelli og talað um mikið sukk í þessu sambandi. Víst er að framkvæmdir á vegum varnarliðsins hafa alltaf verið mjög dýrar og kann það að vera skýring á því að flugstöðin varð svona dýr. Allt sem byggt er og allt sem unnið er á varnarsvæðinu verður sjálfkrafa svo sem eins og þrisvar sinnum dýrara en aðrar framkvæmdir á Íslandi. Þetta hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt og Ameríkumenn virðast hafa kyngt þessu. Kannski vita þeir vel að það er um að ræða að einhverjir fá mikið fyrir sinn snúð en þeir hafa látið það gott heita. En svo mikið er víst að um áratuga skeið hefur gilt svokölluð helmingaskiptaregla þannig að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa skipt þessu bróðurlega á milli sín og Alþfl. fengið kannski smámola með, en ekki mikið.

Það er fjallað um hafréttarmál í skýrslunni. Ég skal fara að stytta mál mitt, virðulegur forseti. Það er rétt að taka undir orð hæstv. ráðherra og fagna því að við höfum þó einir vestrænna ríkja fullgilt samninginn um hafréttarmál, enda höfum við verið þar miklir frumkvöðlar og ég tek undir það að hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur þar verið fremstur í flokki þá þegar við höfum fjallað um rétt til hafsbotnsins, með hvað hætti við gætum staðfest okkar rétt til hafsbotnssvæða umhverfis landið og nýtt þennan rétt. Það væri kannski vert að fjalla aðeins um og spyrja hvort nokkuð frekar hafi gerst í olíuleitarmálum. En það var hér fyrir nokkrum árum að bæði Bandaríkjamenn og jafnvel Rússar sýndu því pínulitinn áhuga hvort hugsanlegt væri að þrátt fyrir allt væru olíuberandi setlög í hafsbotninum umhverfis Ísland. Það er hins vegar eins og það mál hafi alveg sofnað aftur og væri gaman að heyra hvort nokkuð nýtt er á döfinni á þeim vettvangi.

Varðandi hvalamálið er ég alveg sammála hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnu Helgadóttur að við erum búin að gera okkur að hálfgerðum, ja, ég vil ekki segja fíflum, en hálfgerðum ösnum í þessu máli á alþjóðlegum vettvangi. Nú erum við þeirrar skoðunar að í sjálfu sér sé ekkert óeðlilegt að við veiðum hvali á Íslandi, enda held ég að við höfum í gegnum árin farið ákaflega varlega að í þeim málum. Við höfum aldrei gengið mjög nærri hvalastofnunum og ég held að að mörgu leyti hafi okkar hvalveiðar verið til fyrirmyndar hvað þetta varðar. En að draga þannig athygli að Íslandi með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. hefur gert, að vera nánast í því daglega að auglýsa Ísland út um allan heim sem eitt mesta hvalveiðiland heimsins er alveg með ólíkindum og yfirleitt eru öll afskipti hæstv. ríkisstjórnarinnar af hvalveiðimálinu næsta furðuleg. Sérstaklega er þó broslegur þessi margumræddi fundur í Ottawa. Okkur voru kynnt bréfaskipti ríkisstjórnarinnar og Bandaríkjastjórnar þegar sá fundur var í undirbúningi. Sérstaklega var okkur skemmt þegar við lásum *bréf til Bandaríkjastjórnar*, skrifað að ég held á mánudegi, þar sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna var nánast skipað að mæta á fund í Ottawa *daginn eftir. Hann átti að hafa held ég rúman dag* til stefnu og það var auðvitað ekkert verið að hugsa um það að utanríkisráðherra Bandaríkjanna er væntanlega *með sinn tíma skipulagðan vikur og mánuði* fram í tímann. Okkur var mjög skemmt að lesa þessi bréfaskipti. Það þarf því kannski ekkert að koma á óvart þó að utanríkisráðherrann eða annar jafnhátt*settur fulltrúi Bandaríkjastjórnar hafi þrátt fyrir allt ekki mætt í Ottawa.

Hins vegar eru mörg mál sem við þurfum að hafa áhyggjur af í sambandi við umhverfi okkar og tengjast hugsanlega hvalamálinu. Miklar selagöngur voru áberandi við Noregsstrendur fyrir nokkru síðan, í fyrra og hittiðfyrra að mig minnir. Spurningin er hvort við megum búast við einhverju slíku, að miklar selagöngur komi hér upp að Íslandi. Þær gætu haft skelfilegar afleiðingar í för með sér varðandi þorskveiðarnar. Það er ekki nóg með það að selurinn geti minnkað þorskstofninn hér verulega heldur eyðileggur hann þann þorsk sem er í sjónum með því að þorskurinn étur saur selsins sem er frekar óhugguleg staðreynd.

Þá er athyglisvert að það hefur komið upp í Bandaríkjunum að hnúfubakur hefur ekki lengur nóg æti og étur nú makríl. Drepst hann af því, þannig að það er ekki allt á sömu bókina lært í hvalamálum og þessum umhverfisverndarmálum. Það er því rétt að við fylgjumst vel með á þessu sviði. Ég held hins vegar að við getum hugsanlega gert það með öðrum hætti en við höfum gert hingað til, að leggja höfuðáherslu á það að auglýsa það út um allar grundir að áhugi okkar sé fyrst og fremst að veiða hvali til að geta selt kjötið til Japans.

Ég fer að stytta mál mitt, virðulegur forseti. Mig langar hérna undir lokin að fjalla örstutt um sjálfa utanríkisþjónustuna. Utanríkisþjónustan hefur alllengi verið í föstum farvegi. Mig minnir að fyrir nokkrum árum hafi þó verið til íhugunar, m.a. hér á hinu háa Alþingi, að breyta utanríkisþjónustunni og fjölga sendiráðum, setja upp sendiráð í þeim heimshlutum þar sem viðskipti okkar hafa farið

mjög vaxandi svo sem í Japan og jafnvel víðar. En að athuguðu máli þótti þetta of dýrt og ekkert varð af.

Ég held að þetta sé miður vegna þess að einmitt Austurlönd fjær eru kannski að verða eitt mesta og mikilvægasta efnahagssvæði heimsins í dag. Við erum með þrjú fullgild sendiráð á Norðurlöndunum, en við höfum engan fastan sendifulltrúa í Austurlöndum fjær. Við höfum að vísu sendiherra, búsettan á Íslandi, ef ég fer rétt með, sem sinnir þessum heimshluta. En að sjálfsögðu hlýtur það að vera með allt öðrum hætti en ef við hefðum öfluga skrifstofu í Tókýó sem gæti sinnt viðskiptalegum hagsmunum okkar á þeim slóðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að við gætum átt miklu meiri og betri viðskipti við Japana en við höfum gert. Það kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að vöruskiptajöfnuður á verslun okkar við Japana er neikvæður um 1 milljarð.

Ég minnist þess á einni ferð minni til Japans að ég ræddi þetta við japanska viðskiptamenn. Þeir sögðu að nánast í öllum samskiptum þeirra við aðrar þjóðir væru þeir alltaf þvingaðir til þess að vöruskiptajöfnuðurinn væri helst á núlli. Þeir sögðu t.d. að þeir kæmust ekki upp með það gagnvart Rússum að vöruskiptajöfnuðurinn væri ekki á núlli. Rússar kaupa því ekki meira af Japönum en þeir geta selt þeim. Þeir töldu að það ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir Íslendinga að ná því í gegn að þessi vöruskiptajöfnuður yrði á núlli. Þessu þarf auðvitað að fylgja eftir.

Ég vildi því kannski varpa fram að lokum nokkrum hugmyndum, m.a. þeirri hvort hægt væri að hlutast til um að Norðurlöndin hefðu einhverja samvinnu í þessu efni, að Norðurlöndin gætu komið sér sameiginlega upp verslunarskrifstofum í þessum heimshlutum. Nú veit ég að hin Norðurlöndin hafa öll sendiráð í Tókýó. Engu að síður gætu Norðurlöndin eflaust staðið að og kostað sameiginlega verslunarskrifstofu á þessum slóðum. Gætum við þá tengst henni og þannig gætt hagsmuna okkar í þessum heimshluta ef það er svona dýrt að það er ekki nokkur leið að standa undir því að koma þar upp sendiráði.

Svíar hafa náð mjög góðum árangri með því að hafa svokallaða tækni- og vísindafulltrúa við sendiráð sín um allan heim. Með þessum hætti hafa Svíar getað fylgst með og fengið allar nýjar upplýsingar, upplýsingar um nýja tækni og nýja þróun í iðnaði, beint og milliliðalaust frá þeim löndum þar sem iðnaður stendur hvað best. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við um Japana og kannski iðnríkin í Vestur-Evrópu og svo Bandaríkin sjálf. Sendifulltrúarnir senda upplýsingar jafnharðan til heimalandsins og þar er þeim dreift til iðnaðarins og þeirra stofnana sem fást við rannsóknir og þróun tæknimála.

Ég held að eitthvað í þessum dúr þurfum við að gera til þess að treysta stöðu okkar. Þetta er líður í því að við þurfum að renna traustari stoðum undir atvinnulíf okkar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við getum gert það með þeim hætti að stunda fjörug viðskipti við umheiminn og hafa gott samstarf við allar þjóðir.

Kjartan Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé tvímælalaust að tvennt beri hæst í utanríkismálum Íslendinga um þessar mundir. Annars vegar á ég þá við öryggis- og afvopnunarmál og þá þróun sem þar hefur átt sér stað og hins vegar þróunina í Evrópu með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um að koma á sameiginlegum innri markaði fyrir árið 1992.

Ég tel að þessi mál beri hæst og séu mikilvægust af því að í þessum tveimur málaflokkum eiga sér stað miklar breytingar frá því sem áður gilti. Í öryggis- og afvopnunarmálum var ástand mála nokkuð svipað ár eftir ár á liðnum árum. Það ástand einkenndist af vígbúnaðarkapphlaupi og samskiptaleysi stórveldanna. Nú er þetta breytt. Við göngum því nýjum tímum á hönd, en jafnframt fetum við um ókomna stigu. Í Evrópu og evrópskum markaðsmálum hafði á sama hátt ríkt samstarfs- og samskiptastöðnun um nokkurt árabil. Þessu fylgdi vissulega ákveðin tegund af stöðugleika. Einnig á þessu sviði göngum við nýjum tímum á hönd. Með nýjum ákvörðunum Efnahagsbandalagsins eru róttækar breytingar í aðsigi. Breytingar sem vissulega eru mjög áhugaverðar en fela jafnframt í sér óvissu umfram það sem við höfum vanist. Báðir þessir málaflokkar snerta okkur Íslendinga sérstaklega og þótt margt annað mætti gera að umræðuefni í þessari umfjöllun hér og nú um utanríkismál tel ég þessi tvö svo langmikilvægust að ég mun eingöngu fjalla um þau.

Sú þróun sem nú á sér stað í Evrópu með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað 1992 gerir að mínum dómi kröfu til skýrrar stefnumörkunar af Íslands hálfu. Sú stefnumörkun á að mínum dómi að byggjast á eftirfarandi sex meginþáttum:

1. Tryggja verður viðskiptahagsmuni Íslands gagnvart bandalaginu og aðlaga íslenskt efnahagslíf að þeim breytingum sem fram undan eru en aðild að bandalaginu er ekki á dagskrá.

2. Kappkosta á að fylgjast vel með þeim ákvörðunum sem fram undan eru hjá bandalaginu og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri og vinna þeim stuðning jafnharðan eftir því sem kostur er.

3. Aðild Íslands að EFTA á að nýta til hins ýtrasta til að tryggja hagsmuni Íslands í samningaumleitunum og viðræðum EFTA og EB um afnám viðskiptahindrana. Ísland á að hvetja til þess að EFTA verði eflt og stutt til að sinna þessum verkefnum.

4. Sett verði á fót samstarfsnefnd ráðuneyta til þess að tryggja örugga miðlun upplýsinga og samræmi í ákvarðanatöku varðandi Evrópumálin. Jafnframt verði komið á reglulegu samráði við aðila atvinnulífsins um þessi mál.

5. Haldið verði áfram viðræðum við Evrópu-

bandalagið um samskipti og samstarf Íslands og Evrópubandalagsins þar sem sérstaða Íslands verði sérstaklega kynnt, jafnframt því sem leitað verði eftir samstarfi á völdum sviðum.

6. Gerð verði sérstök athugun á því hvernig íslensk hagstjórn verði aðlöguð hinum nýju aðstæðum og færð til betra samræmis við það sem gerist í helstu samskipta- og viðskiptalöndum okkar með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Á grundvelli þessarar stefnumörkunar tel ég að setja eigi á fót nefnd til þess að taka sérstaklega til athugunar þá þróun sem nú er að eiga sér stað í Evrópu, kanna áhrif hennar á viðskipta- og efnahagsstöðu Íslands og koma með frekari ábendingar um hvernig æskilegt sé að tryggja hagsmuni Íslands og standa að stefnumörkuninni í framkvæmd. Nefndinni verði gert að skila skýrslu um athuganir sínar fyrir árslok 1988 þannig að almenningi og hagsmunaaðilum gefist kostur á að kynna sér málið með aðgengilegum hætti og traustur grundvöllur væri lagður að frekari umræðum og umfjöllun um málið.

Áður en ég vík nánar að þessari stefnumörkun er rétt að rifja upp í fáeinum dráttum hvað felst í ákvörðun Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað og hvaða öfl búa þar að baki. Stefnumörkun Evrópubandalagsins felur í rauninni í sér að sem næst þurrka út landamærin milli bandalagsríkjanna, einkum í viðskiptalegu tilliti. Hugmyndin að baki er ekki síst sú að með þessu megi tryggja aukinn hagvöxt og ná nægjanlega stórum heimamarkaði til þess að fyrirtæki innan bandalagsins geti staðið sig vel í samkeppni við fyrirtæki frá efnahagsstórveldunum Bandaríkjunum og Japan. Útþurrkun landamæranna í þessum skilningi krefst þess hins vegar að afnumdar verði þær tæknilegu og fjárhagslegu hindranir viðskipta sem gera landamæraeftirlit nauðsynlegt. Á sama hátt verður að samræma efnahagsstjórn og efnahagsstefnu til þess að raunverulega myndist eitt markaðssvæði og landamærin verði óþörf. Af þessu leiðir krafan um frjálst flæði fjármagns og mannafla og fasta gengistengingu innan bandalagsins. Þá hefur bandalagið sett sér að þjónustuviðskipti skuli njóta sama frelsis og viðskipti með vörur. Þetta er vitaskuld gert í ljósi þess að þjónustuviðskipti gerast sífellt stærri og mikilvægari hluti þjóðarkökunnar.

Ef við víkjum hins vegar að áhyggjum Evrópuríkja, sem ekki eru í Evrópubandalaginu, af þessari þróun eru þær áhyggjur fyrst og fremst af tvennum toga. Ég held að gott sé að við gerum okkur grein fyrir því. Í fyrsta lagi varða þessar áhyggjur aðgang að mörkuðum Evrópubandalagsins en í öðru lagi, og það er rétt að það verði sérstaklega undirstrikað, varða þær samkeppnisstöðu fyrirtækja landa utan Evrópubandalagsins við fyrirtæki innan þess og reyndar samkeppnisstöðu t.d. fyrirtækja í EFTA almennt á heimsmarkaði við hinar nýju aðstæður. Þar við bætast svo pólitísk atriði sem ég skal ekki rekja nánar í þessu samhengi.

Stefnumótun Evrópubandalagsins snertir mörg svið. Þau verða ekki rakin hér öll en meðal þeirra má nefna tæknilegu viðskiptahindranirnar, opinber innkaup, ríkisstyrki til fyrirtækja, upprunareglur, vísindarannsóknir, menntamál, hugverkarétt, einkarétt, umhverfismál, flutningamál, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, neytendavernd, samræmingu skatta, frelsi í þjónustuviðskiptum, frjálst flæði fjármagns og mannafla, festu í gengismálum, samræmda efnahagsstefnu og sameiginlega pólitíska stefnumörkun.

Í stað þess að fara frekari orðum um þessi svið held ég að gagnlegt sé að flokka hin helstu þeirra í þrjá flokka eða meginþætti því að slík skipting auðveldar okkur að átta okkur á viðfangsefninu eins og það snýr að okkur og skil ég þá eftir mörg málasvið þar sem leita ber eftir samstarfi.

Ef ég skipti þessu með þessum hætti í þrennt tel ég til fyrsta þáttarins tæknilegar hindranir og reyndar aðrar viðskiptahindranir sem yfirleitt eru af fjárhagslegu tagi. Þessar tæknilegu hindranir varða gæði vöru og staðla og þar með jafnvel hluti eins og dýraverndunarlög og atriði sem varða innflutning á plöntum. Hvort tveggja það síðastnefnda gæti orðið viðkvæmt mál fyrir okkur. Hins vegar eru svo aðrar viðskiptahindranir, yfirleitt af fjárhagslegu tagi, svo sem varðandi opinber innkaup og ríkisstyrki til fyrirtækja. Þetta eru atriði sem ég vil í heild sinni nefna tæknilegs eðlis. Mín skoðun er sú að þau séu auðveldust, pólitískt og efnahagslega séð, fyrir hvaða þjóð sem er og þá einnig fyrir okkur. Ég tel enn fremur að varðandi þessa þætti eigum við að vinna í gegnum EFTA og með EFTA. Að þeim er þegar unnið á þeim vettvangi og fáein hafa þegar komist í framkvæmd. Þetta er flókið og fjölþætt svið sem ég tel að vel sé tekist á við í EFTA en, eins og ég sagði áður, þessi atriði ættu ekki eða að mjög litlu leyti að valda okkur neinum sérstökum efnahagslegum erfiðleikum.

Í annan flokkinn samkvæmt þessari niðurflokkun set ég þá landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál. Þessi mál hafa mikla sérstöðu innan Evrópubandalagsins og reyndar hér hjá okkur líka og ekki síður. Hættan er sú að því er sjávarútveginn varðar að stjórnunaraðgerðir í sjávarútvegi innan Evrópubandalagsins muni mótast mjög af sams konar viðhorfum og eru í landbúnaðarmálum. Á þessu sviði verðum við að vera mjög vel á verði. Ég er þeirrar skoðunar að samhentur hópur hagsmunaaðila haldi í rauninni utan um stefnu Evrópubandalagsins í sjávarútvegsmálum. Þessi hópur stendur fast að baki hinni samræmdu sjávarútvegsstefnu bandalagsins og henni er erfitt að hnika. Það er rétt að benda á að það eru miklir styrkir til sjávarútvegsins innan bandalagsins og sjávarútvegshópur Evrópubandalagsins er vitaskuld að starfa fyrir sinn hag og vernda sinn fiskiðnað. En það er einmitt á þessu sviði sem við eigum sérlega mikla hagsmuni. Ég held að um þennan málaflokk gildi að við getum ekki gert ráð

fyrir að þessi málaflokkur leysist með neinum öðrum þeim hætti en að við tökum hann sjálfir í okkar hendur og varðandi þessi mál verðum við að snúa okkur að Evrópubandalaginu til viðræðna við það, bæði til þess að kynnast þeirra viðhorfum betur í sjávarútvegsmálum en við höfum gert og eins til þess að kynna okkar sjónarmið og fikra okkur áfram með það hvaða stöðu við höfum. Við þurfum sem sagt að halda uppi viðræðum og samræðum beint við Evrópubandalagið að því er sjávarútvegsmálin varðar.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á viðleitni okkar til þess að ná fram fríverslun á fiski og fiskafurðum innan EFTA en ég tel slíka ákvörðun á þeim vettvangi styrkja mjög stöðu okkar, samningsstöðu okkar gagnvart Evrópubandalaginu að því er þetta málefni varðar.

Þá kem ég að þriðja þættinum eða þriðja flokkinum en til þess þáttar tel ég það sem sumir hafa nefnt fullveldisskilyrði. Þessi atriði varða sameiginlegan vinnumarkað, sameiginlegan frjálsan fjármagnsmarkað, fast gjaldmiðilskerfi, samræmda skattastefnu o.fl. af því tagi. Ég segi það fyrst að ég tel að óttinn við hinn sameiginlega vinnumarkað sé að verulegu leyti ástæðulaus á Íslandi. Því veldur tungan og veðurfarið að hættan á miklum innflutningi vinnuafls, t.d. frá suðrænum löndum, er áreiðanlega ekki í þeim mæli sem margir Íslendingar ímynda sér. Ég veit hins vegar að í hugum Íslendinga er einmitt þetta mjög viðkvæmt atriði.

Ef við lítum á næsta atriðið í þessum þætti, sameiginlegan frjálsan fjármagnsmarkað, erum við vitaskuld komin að einu því hagstjórnartæki sem menn hafa beitt mjög hér á landi á undanförnum árum. Með þátttöku einhvers ríkis í hinum sameiginlega frjálsa fjármagnsmarkaði eru einstakar þjóðir náttúrlega að hluta til að afsala sér þessu hagstjórnartæki. Hugtakinu sameiginlegum fjármagnsmarkaði fylgir réttur til þess að stofna til eða kaupa fyrirtæki hindrunarlaust í einstökum löndum innan þess svæðis þar sem þetta skipulag gildir. Hér erum við komin að sviði sem við Íslendingar þurfum að skoða vel með tilliti til þess að aðlaga okkur að því sem gerist í helstu grannlöndum okkar.

Annar málaflokkur er gengið og gengisstefnan. Ef við færum inn á þá braut að festa gengi íslensku krónunnar miðað við evrópska gjaldmiðla og vera þannig aðilar að gengisskráningu evrópumynta værum við líka að fást við hagstjórnartæki sem mjög hefur verið beitt hér á landi á undanförnum árum og áratugum. Ég held að það sé augljóst að fast gengi íslensku krónunnar, t.d. gagnvart evrópskum myntum, hefði það í för með sér að það hrikti í víðs vegar í íslensku atvinnulífi. Að hinu leytinu geta menn velt því fyrir sér hvort við höfum ekki verið of undanlátssöm í gengismálum og það hafi ekki verið að öllu leyti til góðs fyrir íslenskt atvinnulíf. En aðalatriðið er að menn geri sér ljóst að gengisbinding af þessu tagi hefur í för með sér ákveðna áreynslu ef ég má orða það svo.

Þriðja atriðið sem ég vil minnast á af þessu tagi er samræmd skattastefna. Þar er auðvitað líka á ferðinni mikilvægt hagstjórnartæki og auðvitað sneyðist um möguleika í fjáröflun ríkis og ríkisfjármálum hjá þeim ríkjum sem undirgangast að fylgja samræmdri skattastefnu hvernig svo sem hún er. Að hinu leytinu má segja að skattaleg aðlögun sé hafin hér á landi með nýgerðri breytingu á söluskatti og ákvörðun ríkisstjórnar og ríkisstjórnarflokka um að tekinn verði upp virðisaukaskattur um næstu áramót.

Ég gæti að sjálfsögðu talið upp fleira eins og t.d. frjálsræðið í þjónustustarfsemi, en spor í þá átt væri auðvitað nýjung ef upp væri tekið í íslensku atvinnulífi.

Þetta eru vandasöm mál, allt saman, og eiga það sameiginlegt að vera af því tagi að þar tel ég að við þurfum að taka upp vinnu í okkar eigin hóp. Þessi atriði sem ég hef talið í þessum flokki snúa að okkur sjálfum og að mínum dómi þurfum við að skoða þau gaumgæfilega og átta okkur á því hvað við getum, hvað við viljum, hvað við þorum og hvað við þolum.

Menn segja að við höfum frest til ársins 1992 eða kannski svolítið lengur en það þýðir líka að við verðum að vera viðbúin árið 1992 eða um það leyti, við þurfum þá að vita vel hvað við viljum og hvað við ætlum okkur. Um sumt þurfum við reyndar nú þegar að taka ákvarðanir og má segja að við séum í raun byrjaðir að taka ákvarðanir um það. En varðandi þetta allt saman er rétt að benda á að það er auðvitað aðeins um aðlögun að ræða nema hjá þeim aðilum sem gerast aðilar að Evrópubandalaginu til þess að hafa áhrif.

Þær viðræður sem eiga sér stað milli EFTA og Evrópubandalagsins eða á milli þjóða utan Evrópubandalagsins víð það eru fyrst og fremst af því tagi að menn eru að bera saman bækur sínar. Þetta eru ekki eiginlegar samningaviðræður þó að sú nafngift sé gjarnan notuð, heldur er um samráð að ræða.

Varðandi stöðuna gagnvart Evrópubandalaginu má kannski líta svo á að við stöndum frammi fyrir þrem meginvalkostum, þ.e. lítilli aðlögun, mikilli aðlögun og aðild. Um aðildina vil ég segja það að ég tel ekki að hún sé á dagskrá.

Lítil aðlögun er sú sem snertir eingöngu eða fyrst og fremst hinar tæknilegu hindranir og aðrar skyldar hindranir, m.a. fjárhagslegs eðlis, í meira eða minna mæli. Það mundi vera bærileg skilgreining á lítilli aðlögun að aðlaga sig einungis á því sviði.

Önnur leiðin er það sem kalla mætti mikla aðlögun. En í því felst að samræma okkar hagkerfi flestu því sem er að gerast í löndum Evrópubandalagsins, þar á meðal á sviði gengismála, fjármagnsmarkaðar, vinnumarkaðar og skattastefnu.

Hvar við lendum á þessum stiga get ég ekki beinlínis dæmt um að svo komnu en ég held að það sé hollt fyrir okkur að líta á málin út frá þessum sjónarhóli. Sá fyrsti, með lítilli eða takmarkaðri aðlögun, er tiltölulega auðveldur. Mikil aðlögun er erfiðari en um þriðja möguleikann, aðild, hef ég tekið fram að ég tel ekki að hann sé á dagskrá.

Hvað sem þessu líður held ég að það sé meginmál að við þurfum meiri og ítarlegri umræðu um þessi málefni en átt hefur sér stað. Við þurfum sem sagt að vita meira og við þurfum að láta fara fram úttekt á stöðu okkar, bæði inn á við og út á við, hverju verður að fórna og hverjir ávinningarnir eru í hverju tilviki. En þá þurfum við líka mannafla til að sinna þessum málum og a.m.k. að leggja fram það fé sem þarf til þess að fylgjast með því sem er að gerast utan lands og fylgja því eftir á innanlandsvettvangi og í öðru lagi til þess að afla vitneskju og gera þá úttekt á stöðu okkar sem ég minntist á hér að framan.

Þetta verkefni á m.ö.o. að mínum dómi að vera þríþætt. Í fyrsta lagi að vinna í gegnum EFTA hvað varðar þann þátt sem ég nefndi fyrst, tæknilegar hindranir og því um líkt. Í öðru lagi tel ég að við verðum að halda uppi viðræðum við Efnahagsbandalagið um sjávarútvegsmálin og um samvinnu á ýmsum öðrum sviðum. Og í þriðja lagi verðum við að snúa okkur að því að skoða hug okkar sjálfra varðandi atriði eins og fjármagnsmarkaðinn, mannaflið, skattamál, gengismál og annað það sem er af þeim toga.

Sú stefnumörkun sem ég gerði grein fyrir í upphafi málsins felur í sér þessa þríþættingu. Jafnframt er nauðsynlegt að gerð verði og birt úttekt á stöðunni eins og ég gerði að tillögu minni hér áðan líka og ég vil benda á að Norðmenn, Svíar og Svisslendingar hafa þegar unnið og birt skýrslu af þessu tagi.

Víkjum þá að hinum þættinum sem ég sagðist mundi gera að umræðuefni, öryggis- og afvopnunarmálum. Ég minni á að mörg undanfarin ár einkenndust af hinu sama ár eftir ár. Vígbúnaðarkapphlaupið hélt sínu striki, sífellt var bætt í vopnabúrin, samskipti stórveldanna í austri og vestri einkenndust fyrst og fremst af samskiptaleysi og stóryrðin flugu á víxl. Leiðtogar þeirra hittust ekki árum saman. Þetta var í sjálfu sér ákveðin tegund af stöðugleika því við máttum ganga að þessu ástandi sem vísu. Við könnuðumst við þetta allt, ekkert kom okkur í rauninni á óvart og okkur hafði lærst að lifa við þetta ástand, hversu sátt eða ósátt sem við vorum við þetta. Nú er þetta breytt. Leiðtogar stórveldanna hafa hist æ tíðar og ætla sér enn einn fund í vor eða sumar, einungis hálfu ári eftir að þeir hittust síðast, og utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna hittast mánaðarlega um þessar mundir. Breyting er tæplega nægilega sterkt orð yfir þessi umskipti. Þetta er nánast bylting í samskiptum.

Margir hafa orðið til þess að láta í ljós efasemdir varðandi samkomulag stórveldanna um eyðingu meðaldrægra kjarnorkuflauga. Einn hópurinn hefur látið í ljós ótta um að með eyðingu þeirra sé öryggi Vestur-Evrópu stefnt í voða. Annar hópurinn hefur gert lítið úr samkomulaginu af því að fækkun í heildarvopnabúrum samkvæmt því sé svo smávægileg.

Ég held að báðir aðilar hafi á röngu að standa. Vígbúnaðarjafnvæginu í Evrópu var ekki raskað Vestur-Evrópu í óhag. Og heildarfækkunin í vopnabúrinu er ekki réttur mælikvarði á gildi samningsins. Vissulega er af nógu að taka en það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er að samningarnir skyldu vera gerðir. Kjarni málsins er að þeir skyldu jafnframt vera gerðir með tilliti til gagnkvæms eftirlits samningsaðila. Þessum samningum um niðurskurð kjarnavopna á reyndar einmitt að framfylgja með sama hætti og Alþingi tiltók í ályktun sinni í maí 1985, nefnilega á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti.

Nú er unnið að undirbúningi nýs samnings um helmingsfækkun langdrægra vopna. Margir tortryggja það. Aðrir spá því að þessi viðleitni muni renna út í sandinn eða „stranda" eins og það er venjulega nefnt. Ég leyfi mér á hinn bóginn að vera bjartsýnn á að þessir samningar um langdrægu vopnin verði gerðir. En ég vil benda á að eins og fyrr er meginatriðið ekki hversu mikill niðurskurðurinn verður í prósentum talið, heldur samningurinn sjálfur og þá jafnframt að hann verði í góðu jafnvægi og afvopnun á einu sviði eða svæði leiði ekki til aukningar í vopnaburði á öðru sviði eða á öðru svæði. Lít ég þá sérstaklega til Norður-Íshafsins í þessu sambandi og hafsvæðisins umhverfis Ísland.

En eins og ég segi: Mikilvægasti þáttur samninganna er ekki umfangið á niðurskurði vopnanna. Samningaumleitanirnar sjálfar eru nefnilega tæki til þess að draga úr undirrót vopnakapphlaupsins, tortryggninni. Samningaumleitanirnar eru tilefnið og tækifærið til samskiptanna sem eru helsta leiðin til að draga úr tortryggninni. En það er tortryggnin sem er undirrót og orsök vopnakapphlaupsins. Þess vegna er mikilvægi samninganna fyrst og fremst fólgið í þeim sjálfum en ekki í magni niðurskurðar eða takmarkana. Þess vegna er líka betra að ætla sér ekki um of í hverju þrepi heldur taka frekar minna fyrir hverju sinni og forðast þannig vonbrigði eða strand í samningum.

Sú ánægjulega þróun, sem nú á sér stað í vopnatakmörkunum og minnkun spennu, er árangur af stefnufestu Atlantshafsbandalagsins annars vegar og hins vegar af breyttum viðhorfum í Sovétríkjunum. Segja má að enn einu sinni hafi Atlantshafsbandalagið sannað gildi sitt. Öllum aðildarþjóðum bandalagsins ætti nú að vera enn betur ljóst en áður að þær hafa verið og eru á réttri leið. Þeim ætti líka að vera enn betur ljóst en fyrr að önnur leið er ekki færari til þess að ná árangri.

Sumir kalla sífellt eftir einhliða aðgerðum, einhliða afvopnun eða vopnafækkun eða yfirlýsingum af ýmsu tagi. Ég hef áður í umræðum um utanríkismál varað við slíkum aðgerðum. Ég geri það enn. Sú leið er ekki fær. Sérhver tilraun af því tagi mun fara út um þúfur. Á hinn bóginn höfum við nú sannanir fyrir því að staðfesta, krafa um gagnkvæmni og öruggt eftirlit jafnframt því að sýna ekki á sér neinn bilbug, sú leið skilar einmitt árangri.

Þessi staðreynd minnir okkur á nauðsyn þess að treysta samheldni Atlantshafsbandalagslandanna því að slík samheldni er lykillinn að áframhaldi

þeirrar þróunar sem nú er hafin í minnkun spennu og afvopnun. Í þeim efnum tel ég að Íslendingar eigi að leggja sitt af mörkum og hvetja aðrar bandalagsþjóðir til slíks hins sama. Um þetta eigum við að reka virka stefnu, innan bandalagsins sem utan, og feimnislaust því að hlutverk okkar í NATO er mikilvægt fyrir NATO, fyrir aðrar bandalagsþjóðir og fyrir okkur sjálf með sama hætti og NATO er okkur mikilvægt.

Það er í samræmi við þetta sem við höfum tekið þátt í ákvörðunum um endurnýjun og uppbyggingu eftirlitsaðstöðunnar hér á landi. Sumir, einkum alþýðubandalagsmenn, hafa haft horn í síðu þessarar endurnýjunar, vilja hefta hana og tefja. Á flótta sínum frá gömlu stefnunni um „Ísland úr NATO og herinn burt" hafa þeir staðnæmst við það stefnumið að takmarka og draga úr umsvifum varnarliðsins eins og það heitir á þeirra máli. Þetta ætlunarverk hefur þeim ekki tekist heldur hefur verið unnið markvisst að endurnýjun og uppbyggingu, enda bæði sjálfsagt og nauðsynlegt. Grundvallarstaðreyndin er nefnilega sú að sú varnar- og eftirlitsstöð sem ekki svarar kröfum tímans er ekki trúverðug en trúverðugheitin eru undirstaða gagnsemi í viðleitninni til að tryggja frið.

Það er reyndar rétt að benda á í þessu samhengi að á sama tíma og þessi uppbygging og endurnýjun hefur átt sér stað hér hjá okkur þá hefur samband okkar við Sovétríkin farið batnandi og samskipti aukist. Þetta er vitaskuld vísbending um það að Sovétríkin viðurkenna hlutverk okkar og hvernig við rækjum það.

Sambúð okkar við varnarliðið er góð og nánast snurðulaus. Allar spár um annað hafa ekki ræst, allur ótti um hættu fyrir íslenska menningu af veru varnarliðsins hér á landi hefur reynst ástæðulaus. En í þessu samhengi hlýt ég hins vegar að víkja að þeirri mengun vatnsbóla af olíuleka sem átt hefur sér stað og láta þá eindregnu skoðun í ljós að þeir aðilar sem vatnsbólunum spilltu eigi afdráttarlaust að greiða kostnað af öflun nýrra vatnsbóla að fullu með tilheyrandi vatnslögn sem afhent verði Keflavíkurbæ og Njarðvík til fullra umráða.

Herra forseti. Annað veifið og úr ýmsum herbúðum heyrist gagnrýni á varnarbandalög. Er þá gjarnan höfðað bæði til Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins og látin í ljós ósk um að þau verði leyst upp, frekar fyrr en síðar. Auðvitað geta menn látið sig dreyma um slíkt en ég held að það sé beinlínis rangt að gæla við slíkar hugmyndir eða gera þær að nærtæku markmiði. Sannleikurinn er nefnilega sá að bandalögin eru afleiðing ástands en ekki orsök þess. Og bandalagsfyrirkomulagið er líklegra til að tryggja öruggan og skipulegan samningsvettvang um afvopnun og minnkun spennu heldur en bandalagsleysið og sú óvissa sem því fylgdi. Upplausn bandalaganna er því ekki raunhæfur undanfari árangurs á því að bæta ástand heimsmála, en hugsanlega afleiðing. Og heldur vil ég viðhalda bandalögunum áratug lengur eða svo ef nauðsyn kynni að krefja en að stefna að ótímabærri upplausn þeirra og þeim afleiðingum sem það kynni að hafa.

Ég vék að þeirri alkunnu staðreynd hér áður að tortryggnin væri frumrót vígbúnaðar og þess kapphlaups sem þar ríkir. Ég sagði líka að samningar um afvopnun væru tæki til þess að auka samskipti ríkjanna og draga þannig úr tortryggni. Hin hlið þessa máls er sú að eðlilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti verður ekki komið á milli austurs og vesturs nema almenn mannréttindi séu fyllilega virt og landamæri ekki gerð að óyfirstíganlegum þröskuldi. Þetta verða leiðtogar Evrópuþjóða og þá einkum Sovétríkjanna að láta sér skiljast. Það má ekki gleymast að þessi ríki tóku á sig ótvíræðar skuldbindingar í mannréttindamálum í Helsinkisáttmálanum. Þeir samningar eiga ekki að vera orðin tóm. Sá hluti sáttmálans er ekki síður mikilvægur en aðrir hlutar hans. Svo lengi sem hann er ekki virtur, svo lengi sem mannréttindi eru fótum troðin næst ekki gagnkvæmt traust. Svo lengi sem lönd eru lokuð inngöngu eða útgöngu, svo lengi sem ferða- og flutningsfrelsi er ekki virt næst ekki það traust landa á milli sem er undirstaða varanlegs og öruggs friðar.

Þennan sannleika mættu leiðtogar Íslands og sendiboðar oftar reiða fram. Rödd Íslands um mannréttindamál er ekki síður áheyrslu verð en annarra þjóða sem eru stærri og öflugri. Ég held reyndar að einmitt í þessu máli sé frekar hlustað á Ísland en ýmsar aðrar þjóðir. Því beini ég því til utanrrh. og utanríkisþjónustunnar að hyggja sérlega að mannréttindamálunum og hlutverki þeirra í auknu trausti milli austurs og vesturs, og að hlutverki og skyldu Íslendinga við að koma þeim sjónarmiðum sterklega á framfæri.

Herra forseti. Ég hef hér á undan takmarkað mig eingöngu við tvo málaflokka og ætla að halda mig við það. Takmarkað mig við málaflokka sem ég tel rísa hæst í utanríkismálum um þessar mundir. Annars vegar Evrópumálin og hins vegar afvopnunar- og öryggismálin. Ég hef fjallað um þau sitt í hvoru lagi, enda tel ég að ekki eigi að blanda saman öryggismálum Íslands og samskiptum okkar við Evrópubandalagið.

Öryggismálunum höfum við skipað með farsælum hætti með aðild okkar að NATO og samningum við Bandaríkin um dvöl varnar- og eftirlitssveitar hér á landi. Þessi skipan hefur gefist vel. Ekkert bendir til þess að því verði betur komið með öðrum hætti. En við eigum að leggja rækt við hlut okkar í NATO og leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess að starfsemi Atlantshafsbandalagsins treysti öryggi okkar heimshluta og stuðli að afvopnun og slökun spennu skref fyrir skref.

Málefni Evrópu og samskipti okkar við hana eru hins vegar af efnahagslegum og viðskiptalegum toga og þess vegna allt annars eðlis. Og þau verður að nálgast í samræmi við það. Ég tel brýnt að Ísland móti skýra stefnu í málefnum Evrópu og samskiptum sínum og Evrópubandalagsins eins og ég vona að

komið hafi fram hér í máli mínu.

Ég hef reifað þá meginþætti sem ég tel að þessi stefnumörkun eigi að fela í sér og bent á nauðsyn þess að koma upp nefnd til að vinna að athugunum og skýrslugerð um þessi mál.

Ég legg áherslu á að íslenskir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar sameinist um þessa stefnumörkun gagnvart Evrópu og Evrópubandalaginu. Við skulum halda á þessum málum af reisn, en jafnframt þurfum við að sýna snerpu því við megum ekki einangrast eða dragast aftur úr. Hér er mikið í húfi og því skulum við leggja okkur vel fram. Ég er bjartsýnn á stöðu okkar og efast ekki um að við munum ná farsælli niðurstöðu ef við bregðumst nú vel við og sameinum kraftana.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa skýrslu utanrrh. og það tækifæri sem gefst til að ræða utanríkismál hér á þinginu. Jafnframt vil ég þakka samstarfið í utanrmn., en þar hef ég setið sem áheyrnarfulltrúi í vetur en Kvennalistinn á þar ekki aðalfulltrúa á þessu þingi.

Eitt stærsta málið fyrir þjóð eins og okkur Íslendinga eru samskiptin við aðrar þjóðir. Þessi samskipti eru bæði mikil og margþætt og varða margs konar samstarf, svo sem á sviði vísinda, menningar og viðskipta. Í þessu samstarfi og samvinnu er mikilvægt að við höldum vöku okkar við varðveislu þjóðmenningar okkar og tungu, töpum ekki yfirráðum yfir auðlindum okkar, missum ekki fjárhagslegt sjálfstæði og seljum ekki landið og sjálfstæði okkar í hendur útlendinga.

Við erum smáþjóð á norðurhjara sem getur haft kosti í för með sér. Menning og tunga okkar fámennu þjóðar hefði ekki varðveist nema vegna einangrunarinnar í gegnum aldirnar. Fjarlægð frá mengandi iðnaði hefur einnig orðið okkur til góðs og höfum við því að mestu sloppið við þá miklu eyðileggingu sem orðið hefur í iðnríkjum vegna andvaraleysis í mengunarmálum.

Á seinni árum höfum við áþreifanlega orðið vör við breytingar í þessum málum. Ísland hefur færst nær umheiminum með auknum og bættum samgöngum og byltingu í fjölmiðlun.

Mengun sjávar ógnar afkomu Íslendinga um leið og hún er ógnun við allt líf á jörðinni. Á síðustu árum hefur komið í ljós að hafið hefur verið notað sem ruslakista. Eiturefnum og alls konar úrgangi er kastað í hafið án þess að hugsað hafi verið um afleiðingarnar. Öll mengun er ógnandi og hættuleg, en sú mengun sem öllu mannkyni stendur nú mikil ógn af og er e.t.v. einna erfiðust að ráða við er geislamengun. Nú stendur til að stækka kjarnorkuendurvinnslustöðina í Dounreay í Skotlandi með tilheyrandi mengunarhættu. Og kjarnorkustöðin í Sellafield er einnig geislamengunarvaldur eins og dæmin sanna. Í samanburði við hættuna frá þessum stöðvum stafar okkur þó enn meiri hætta af aukinni umferð kjarnorkuknúinna kafbáta í hafinu umhverfis Ísland. Mengun þekkir engin landamæri. Eitt slys getur ógnað öllu lífi í hafinu umhverfis Ísland.

Örar breytingar í alþjóðamálum undanfarið vekja vissar vonir. Fyrir Reykjavíkurfundinn haustið 1986 stóðu risaveldin grá fyrir járnum andspænis hvort öðru. Ekkert mátti gera, allt var frosið fast, og engin viðleitni var til afvopnunar. Vígbúnaðarkappið var í algleymingi og eyðileggingarmáttur kjarnorkuvopna slíkur að hægt var, og er reyndar enn, að eyða mannkyninu, ekki bara einu sinni heldur mörgum sinnum.

Á bls. 8 í skýrslu utanrrh. stendur, með leyfi forseta:

„Aukin áhersla Sovétmanna tengist efnahagserfiðleikum, m.a. eftir áratuga kostnaðarsamt og umfangsmikið vígbúnaðarkapphlaup."

Það er alveg ljóst að gífurlegum fjármunum hefur verið sóað í vígvélar í gegnum tíðina og aldrei meir en síðustu áratugi, jafnvel svo að það er að sliga ríkustu þjóðir. Vopnaframleiðendur hafa kynt undir og reynt að viðhalda óvinaímyndum og selt svo öllum vopn til að hver gæti ógnað öðrum. Mér finnst það nöturlegt ef að því er virðist friðarvilji og vilji til fækkunar vopna, jafnvel afvopnunar, er einungis tengdur efnahagserfiðleikum. Ég vona svo sannarlega að þau merku tímamót sem urðu með Reykjavíkurfundinum eigi sér dýpri rætur en einungis efnahagslegar.

Næsta skref eftir Reykjavíkurfundinn var undirritun samninga um útrýmingu allra meðal- og skammdrægra kjarnaflauga á landi. Ég vek athygli á því að þarna var aðeins samið um fækkun vopna á landi. Það er mikil ástæða til að óttast að um leið og vopnum fækkar á landi muni þeim fjölga í og á höfunum.

Í skýrslunni rekur hæstv. utanrrh. hvers vegna hann telur samkomulagið milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna mikilvægt. Þar segir m.a., með leyfi forseta, á bls. 9 þegar hann telur upp það sem hann telur vera mikilvægt við þennan samning:

„Í öðru lagi eru staðfestingarákvæði þessa samkomulags afar ströng og fela m.a. í sér að eftirlit er hægt að framkvæma með mjög litlum fyrirvara. Slíkt gæti einmitt orðið til þess að auka trúnaðartraust milli ríkjanna og styrkja frekar þann grunn sem aðrir samningar gætu hvílt á."

Ég lít á þetta sem mjög mikilvægt atriði þar sem talið hefur verið hingað til að ekki sé hægt að semja um takmarkaða afvopnun vegna þess að ekki hefur verið hægt að koma við eftirliti og ekki væri hægt að treysta ríkjum til að halda slíka samninga. M.a. hafa þessi rök heyrst gegn hugmyndum um yfirlýsingu um kjarnorkuvopnaleysi Íslands og Norðurlanda. Þrátt fyrir þá samninga sem gerðir hafa verið á milli risaveldanna um fækkun kjarnorkuvopna heldur hernaðaruppbygging áfram á öðrum kjarnorkuvopnakerfum. Má þar nefna geimvopnaáætlunina sem dæmi og enn er haldið áfram kjarnorkuvopnatilraunum.

Ef lesið er aðeins áfram í skýrslu utanrrh., þar

sem talin eru upp fleiri atriði er varða mikilvægi samningsins milli risaveldanna frá í desember, þá stendur, með leyfi forseta:

„Í fimmta lagi náðist samkomulag vegna þess að Atlantshafsbandalagsríkin héldu fast við þá stefnu sem mörkuð var fyrir átta árum að endurnýja skammdrægar og meðaldrægar flaugar á landi í Evrópu en semja um leið við Sovétríkin um eyðingu þessara vopna."

Þarna stendur það því svart á hvítu að enn er verið að framleiða kjarnorkuvopn og því fyllsta ástæða til að Ísland beiti sér sérstaklega fyrir stöðvun kjarnorkuvígbúnaðarins, eða því sem oft hefur verið nefnt „frysting", á alþjóðavettvangi. Ég vil í því sambandi minna á að þingkonur Kvennalistans lögðu fram í upphafi þessa þings till. til þál. um frystingu kjarnorkuvopna. Utanrmn. hefur nú þessa till. til meðferðar, svo og till. varðandi bann við geimvopnum.

Það er ekki nóg að banna eina tegund vopna á meðan önnur gereyðingarvopn eru framleidd jafnóðum.

Íslendingar hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Því er eðlilegt að við gerumst boðberar friðar og afvopnunar í heiminum og látum til okkar taka á alþjóðavettvangi sem friðflytjendur, ekki síst vegna þess að við búum mitt á milli risaveldanna tveggja.

En við verðum einnig að líta okkur nær. Í skýrslunni kemur ekkert fram hvert stefna skuli til frambúðar. Erum við búin að gera upp við okkur hvort við ætlum að hafa hér hernaðaraðstöðu til frambúðar? Einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh. og formaður Alþfl., virðist vera búinn að gera það upp við sig að hér skuli vera her til frambúðar og m.a.s. finnst honum að því er virðist *sjálfsagt að selja hernaðaraðstöðu fyrir aðgang að* mörkuðum. Ég er algjörlega andvíg öllum slíkum hugmyndum. Við eigum að vinna að afvopnun, einnig hér á Íslandi. Við erum einn möskvinn í hernaðarneti stórveldanna. Á undanförnum árum höfum við flækst æ fastar í því neti. Hernaðarumsvif hafa aukist verulega á seinni árum. Nýjar vígvélar, olíuhöfn, ratsjárstöðvar og flugskýli sem þola kjarnorkuárás sýna hvernig Ísland er notað sem víghreiður.

Kvennalistinn er andvígur hugarfari hermennskunnar. Okkur ber að stöðva allar hernaðarframkvæmdir hér á landi þegar í stað og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar í heimi án hernaðarbandalaga. Við verðum að hugsa málið og gera upp við okkur hvert við ætlum að stefna. Í mínum huga er eins og ég sagði áðan enginn vafi hvert við eigum að stefna og ég er viss um að meiri hluti þjóðarinnar er mér sammála. Það má benda á það að skoðanakannanir sýna að um 90% þjóðarinnar er fylgjandi yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Herra forseti. Afstaða Íslendinga á alþjóðavettvangi á undanförnum árum hefur verið okkur til háborinnar skammar. Utanríkisráðherrar í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, núv. hæstv. utanrrh., urðu að viðundri er þeir greiddu atkvæði á þingi Sameinuðu þjóðanna gegn tillögum um afvopnunar- og friðarmál og stríddu gegn vilja þjóðarinnar og Alþingis sem kemur m.a. fram í ályktun þingsins frá 23. maí 1985. Það er því ánægjulegt og góðra gjalda vert að nú hefur hæstv. utanrrh. breytt afstöðu Íslendinga á alþjóðavettvangi. Furðu vekur þó að hann skyldi ekki hafa beitt sér fyrr fyrir breyttri afstöðu sem forsrh. í síðustu ríkisstjórn. Það er ekki nóg að vera með fögur orð og yfirlýsingar. Það eru aðgerðirnar sem skipta máli.

Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt sér fyrir því að koma viðskiptabanni á Suður-Afríku til að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda þar. Mörg ríki hafa samþykkt viðskiptabann á Suður-Afríku, m.a. Norðurlandaþjóðirnar nema Íslendingar. Íslendingar hafa ekki mikil viðskiptaleg tengsl við Suður-Afríku og mundi því viðskiptabann af Íslands hálfu ekki hafa mikil efnahagsleg áhrif. Það er þó ekki aðalatriðið í þessu sambandi, heldur hitt að með yfirlýsingu um viðskiptabann lýsum við stuðningi við baráttu blökkumanna í Suður-Afríku fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Þeir hafa lagt áherslu á að þótt bannið hafi ekki áhrif til að draga úr öllum viðskiptum sé pólitíski stuðningurinn þeim mjög mikilvægur.

Á það ber þó að leggja áherslu að mannréttindi eru víða brotin og þurfum við að beita okkar áhrifum alltaf og alls staðar gegn slíku. Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að koma á friði fyrir botni Miðjarðarhafs hafa ekki borið árangur. Hörmulegar fréttir hafa borist frá þessum heimshluta síðustu vikur. Ég tel fyllstu ástæðu til að Íslendingar fordæmi ofsóknir Ísraelsmanna á hendur Palestínu*mönnum sem eru samkvæmt fréttum farnar* að líkjast þeim ofsóknum sem gyðingar urðu fyrir á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Við getum ekki horft upp á þetta aðgerðarlaus.

Ísland hefur nú um allmörg ár verið aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA. Við höfum þar náð tiltölulega hagstæðum samningum þótt við þurfum að vinna áfram á þeim vettvangi að okkar málum. EFTA-löndin hafa haft samskipti við Evrópubandalagið um viðskiptasamninga. Íslendingar hafa nú tiltölulega hagstæða samninga við Evrópubandalagið en þar skiptir mestu fyrir okkur verslun með fisk. Við verðum að halda vöku okkar varðandi þróun innan Evrópubandalagsins og reyna að styrkja stöðu okkar gagnvart því. Við megum þó ekki halda þannig á málum að við missum þá stöðu sem við höfum gagnvart bandalaginu. Ég tel alls ekki koma til greina að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið vegna þess að með því er hætta á að við missum sjálfstæði okkar, m.a. vegna þess að við inngöngu í Efnahagsbandalagið fá öll aðildarríki aðgang að fiskimiðum hvers annars. Ég tel heldur ekki koma til greina að tengja á neinn hátt samninga um aðgang að mörkuðum Efnahagsbandalagsins við aðgang að fiskimiðunum. Menn eru vonandi ekki búnir að gleyma baráttu okkar fyrir stækkun land-

helginnar, árin síðan eru varla orðin svo mörg. Ég tel fráleitt að „selja" landið fyrir aðgang að mörkuðum Efnahagsbandalagsins eins og formaður Alþfl. vill nú ólmur gera.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Samvinna við þróunarlönd verður aukin í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna um þróunaraðstoð."

Það er langt síðan Sameinuðu þjóðirnar beindu því til betur megandi þjóða að þær verðu sem svaraði 1% af þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þær þjóðir sem minna mega sín. Á 107. löggjafarþinginu var samþykkt ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga ná því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu." — Það er því lítil reisn yfir þeim 0,05–0,06% af þjóðarframleiðslu sem við vörðum til þróunaraðstoðar á árinu 1987. Því miður virðist ekki eiga að verða á þessu nein breyting með nýrri ríkisstjórn því að áætluð framlög á árinu 1988 eru ekki hærri en sl. ár. Við þurfum því að taka okkur á í þessu efni.

Herra forseti. Á alþjóðavettvangi, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, höfum við flutt og samþykkt fjölmargar tillögur sem varða konur sérstaklega. Einnig höfum við gerst aðilar að samningi um afnám alls misréttis gegn konum. Í þessum samningi og tillögum sem við höfum samþykkt er lögð áhersla á mikilvægi þess að konur taki þátt í þjóðfélaginu á öllum sviðum. Ríkjum er falið að vinna að því að konur fái jafnan rétt og jafna stöðu í þjóðfélaginu á við karla. Ríkjum er bent á hvað þurfi að gera til að slíkt geti orðið að veruleika. Ég skora því á hæstv. utanrrh. að lesa vel samninginn um afnám alls misréttis gegn konum, sem Ísland er aðili að, og gera ríkisstjórninni grein fyrir á hvern hátt vinna beri að þessu markmiði samkvæmt því sem stendur í samningnum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig lagt áherslu á hlutverk kvenna í því að stuðla að friði í heiminum. Ein af þeim tillögum sem samþykktar voru á síðasta allsherjarþingi var tengd samþykkt yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1982 um þátttöku kvenna í því að stuðla að friði í heiminum. Í tillögunni kemur fram hvatning til ríkisstjórna til að kynna yfirlýsinguna og koma í framkvæmd boðskap hennar. Ég hef ekki orðið vör við framkvæmd þessarar tillögu hér á landi.

Valdbeiting, ofbeldi og virðingarleysi við það sem lífsanda dregur hefur um of verið ríkjandi við stjórn heimsins. Að baki liggur hugarfar sem er í hrópandi andstöðu við menningu kvenna sem þiggur lífskraft sinn frá endurnýjun lífsins, verndun þess og viðhaldi. Það er því engin tilviljun að Sameinuðu þjóðirnar leggja áherslu á þátttöku kvenna í friðarstarfi. Út um allan heim starfa friðarhreyfingar sem að mestum hluta eru bornar uppi af konum. Auðvitað eru karlar þar einnig virkir þátttakendur. Hlutverk kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins er mikilvægt, en hlutverk þeirra til að stuðla að friði í heiminum er nýr tónn í friðarbaráttu og við hann bindum við miklar vonir. Við verðum að rísa gegn þeirri hernaðarhyggju sem mótar afstöðu þeirra sem fara með völdin. Við getum ekki falið örfáum mönnum líf okkar og framtíð. Því tökum við afstöðu með þeim sem vinna að friði í heiminum og stefna að friðlýsingu Íslands án vígbúnaðar í heimi án hernaðarbandalaga.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Nú þegar fulltrúar allra flokka hafa talað þykir mér rétt að koma inn í umræðuna og mun ég leitast við að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, er hún kannski ekki í húsinu lengur? (**Forseti:** Hv. 13. þm. Reykv. var hér rétt á þessu augnabliki. Það skulu verða gerðar ráðstafanir til þess að vekja athygli hennar á því sem hér er að fara fram.) Ég mun þá koma að ræðu hv. þm. þegar hún hefur birst. Ég hefði einnig viljað svara hæstv. samgrh., en ég spyr: Er hann í þinghúsinu? (**Forseti:** Hæstv. samgrh. virðist ekki vera í þinghúsinu sem stendur.) Ég mun þá síðar koma inn á ummæli hans. Ég tel ákaflega mikilvægt að greiða úr því sem þar kom fram um atkvæðagreiðslur hjá Sameinuðu þjóðunum og er tilbúinn að rekja þær lið fyrir lið. Hins vegar vil ég líka láta koma fram að ég kann því illa að menn komi hér með gagnrýni og séu svo ekki við til að taka við svörum. En ég mun láta það bíða þess tíma að hæstv. ráðherra er hér við.

Hv. þm. Júlíus Sólnes kom að athyglisverðum málum í skýrslu minni. Reyndar er þar ekki um mörg atriði að ræða sem ég þarf að svara. Ég get tekið undir með hv. þm. það sem hann sagði um Evrópubandalagið og viðskiptahagsmuni okkar í þessu sambandi. Hv. þm. nefndi að viðskiptasamningur við Bandaríkin gæti komið til greina og vissulega er það rétt. Ég hygg hins vegar að viðskiptasamningur svipaður og Kanada og Bandaríkjamenn gerðu sé alls ekki í myndinni. — Ég hef reyndar gleymt að spyrja að því hvort þessi hv. þm. sé hér. En hvað um það, þetta er almenns eðlis. Ég vil þó undirstrika að slíkur samningur er að mínu mati alls ekki í myndinni. Hann er miklu víðtækari en við getum þolað. T.d. leyfir hann fullt frelsi á fjármagnsflutningum og ýmsu fleiru sem ég hygg að við getum verið sammála um að er varla um að ræða fyrir okkur. Hins vegar getur vel komið til greina að leita eftir nánari viðskiptum við Bandaríkjamenn þó ég taki undir það sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að með öllu móti er eðlilegra fyrir okkur að snúa okkur til Evrópu og tengjast þeirri þróun sem þar virðist vera fram undan.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir er gengin í salinn og ég ætla þá að snúa mér að því að svara ýmsu af því sem kom fram hjá henni. Það er rétt hjá hv. þm. að ég sá ekki ástæðu til að telja upp ferðir sovéskra

flugvéla um íslenska lögsögu. Mér sýnist það ekki vera erindi í skýrslu utanrrh. til Alþingis, en það er hins vegar því miður ekki svo að þessum ferðum sé lokið. Mér er tjáð að þær séu margar enn.

Hv. þm. fjallaði nokkuð um það sem nefnt er í minni skýrslu, sem mikilvægi þessa samnings að ekki hafi Sovétríkjunum tekist að reka fleyg í röð Atlantshafsbandalagsríkjanna með kröfu sinni sem áður var um það að kjarnorkueldflaugar Breta og Frakka yrðu einnig fjarlægðar. Ég er ekki að meta það hvort Bretar eða Frakkar eigi að hafa sínar eldflaugar, en Bretar og Frakkar lögðu á það mjög mikla áherslu að þeir gætu ekki fallist á að Sovétmenn og Bandaríkjamenn semdu um þeirra eldflaugar og þetta var mikill ásteytingarsteinn. En Sovétríkin gengu það langt að þau lögðu þessa kröfu sína til hliðar. Vonandi nást síðar samningar um að fjarlægja einnig þessar eldflaugar. Ég lýsi því sem minni skoðun.

Hv. þm. gerði einnig athugasemd við setningu á bls. 9: „Nokkuð hefur verið rætt um það undanfarna mánuði hvaða leiðir Atlantshafsbandalagið gæti farið til að bæta sér upp þann missi þeirra flauga sem upprættar eru með samningnum.“ Og hv. þm. virtist lesa út úr þessu stuðning minn við viðleitni sem hjá báðum stórveldunum er örugglega mjög ákveðinn í þessa átt. En hv. þm. hefði mátt lesa einni setningu lengra, með leyfi forseta, því þar segi ég: „Ég hef margoft lýst því að gegn slíku beri að standa.“

Þetta er töluvert margslungið mál. Að sjálfsögðu á sér stað stöðug þróun í þessum hernaðartækjum og hún verður eflaust ekki stöðvuð. Hún fylgir annarri tækniþróun. Hins vegar er því ekki að neita að mörgum þykir að hjá stórveldunum báðum gæti mjög þeirrar tilhneigingar að fylla það gat sem verður með því að fjarlægja meðaldrægar eldflaugar.

Mjög hefur verið rætt m.a. um svonefndar stýriflaugar í þessu sambandi og var m.a. nýlega upplýst í ræðu, sem varnarmálaráðherra Noregs flutti, að Sovétmenn munu vera að útbúa sín skip með slíkum stýriflaugum sem geta borið kjarnorkuodda. Þessum stýriflaugum, sem fljúga mjög lágt og eru að sumu leyti líkari flugvélum en eldflaugum, er ákaflega erfitt að fylgjast með. Mjög erfitt er að hafa eftirlit með þeim. Þær geta hvort sem er verið með kjarnorkuodd eða ekki kjarnorkuodd. Þetta hefur verið eitt af þeim málum sem einna erfiðast hefur reynst að finna lausn á og þá sérstaklega hvernig á að hafa eftirlit með. Þessa hina tæknilegu þróun hefur borið á góma á fjölmörgum alþjóðlegum fundum um samdrátt í kjarnorkuvopnum.

Hv. þm. ræddi nokkuð um þátttöku okkar í kjarnorkunefndinni svonefndri. Þátttaka okkar er þar þannig að við erum áheyrnaraðili. Það er misskilningur að þessi nefnd taki allar ákvarðanir, sem ég hygg að hv. þm. hafi orðað svo, um kjarnorkuvæðingu. Hún gerir það ekki. Hún er ráðgefandi fyrir ráðherranefnd eða æðstu nefnd Atlantshafsbandalagsins. Hins vegar taldi fyrirrennari minn, og ég er honum sammála, æskilegt að við gætum fylgst með þeirri umræðu sem þarna fer fram og látið koma fram álit okkar á þeim hugmyndum sem þar er hreyft. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það sem þarna fer fram er skráð sem mesti leyndardómur og ég er ekki frjáls að skýra frá því sem ég hef séð frá þessari nefnd, en það vil ég segja að mér hefur þótt það mjög upplýsandi og fróðlegt og m.a. gefur það mér nokkra innsýn í það hvernig fulltrúar einstakra ríkja hugsa í þessum málum. Ég hef því talið þetta mjög gagnlegt.

Hv. þm. spurði um framkvæmd á tillögu Ólafs Ragnars Grímssonar, eða ég tók það svo, um ráðstefnu um norðurhöfin. Ég sagði við umræðu um þá tillögu að ég tel hana að mörgu leyti athyglisverða. Hún er enn þá hjá utanrmn. og hefur ekki verið afgreidd þaðan svo að hún er ekki komin í mínar hendur En ég hef líka sagt að ég hygg að framkvæmd á þessari tillögu kunni að ýmsu leyti að vera erfiðleikum háð. T.d. er ljóst að til þess að svona fundur yfirleitt hefði nokkra þýðingu, þá yrði að tryggja góða aðsókn að honum og m.a. frá stórveldunum sem, hvort sem okkur líkar betur eða verr, ráða að sjálfsögðu langmestu í þessum málum.

Þá talaði hv. þm. nokkuð um fælinguna og fælingarkenninguna. Ég hef áður í ræðu lýst efasemdum mínum um fælingarkenningu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar nú, eftir að ég hef kynnst þessum málum betur, að sú ákvörðun sem tekin var fyrir allmörgum árum hjá Atlantshafsbandalaginu, að mæta eldflaugauppbyggingu Sovétríkjanna í Evrópu með eigin hervæðingu á þessu sama sviði, eigi þátt í því að nú er sest niður og samið um fækkun kjarnorkuvopna. Mér finnst, eftir að ég hef haft tækifæri til að ræða við ýmsa fróða menn um þessi mál, þetta í raun vafalaust. Ég tek undir það sem sagt var hér áðan, ég hygg af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að þarna á einnig stóran hlut stefna í Sovétríkjunum og sú augljósa niðurstaða að efnahagslega væri þeim í raun ofviða að taka þátt í þessu mikla kapphlaupi, og hef reyndar hvað eftir annað heyrt, og hv. þm. eflaust einnig, svipuð sjónarmið í Bandaríkjunum. Þannig að ég held að þótt þetta kjarnorkuvopnakapphlaup sé af hinu illa, þá hafi það þó opnað augu manna fyrir tilgangsleysi þessa kapphlaups og þeirri endaleysu, ef ég má orða það svo, sem í því felst. Fælingin hefur að þessu leyti haft nokkur áhrif.

En ég verð jafnframt að vekja athygli á því að við Íslendingar erum þátttakendur í grundvallarsamþykkt Atlantshafsbandalagsins sem öll ríkin hafa staðið samhljóða um og byggir m.a. á fælingu. Þar er undirstrikað að Atlantshafsbandalagið muni aldrei beita kjarnorkuvopnum, en hins vegar að það muni verða reiðubúið að beita þeim til varnar verði á það ráðist. Í þessu felst fælingin. Við eigum áreiðanlega mjög erfitt með að hlaupa frá þessari samþykkt. Okkar von liggur í því að sú þróun haldi áfram sem nú er og þannig verði horfið frá nauðsyn fælingar ef menn vilja kalla það svo.

Hv. þm. spurði mig um þróun ratsjártækni, þess-

arar „yfir sjóndeildarhringinn"-tækni eða hvað við eigum að kalla það. Ég er ekki vel að mér um það. Ég veit að slíkar ratsjár eru reistar og eru umdeildar á milli stórveldanna, en þær ratsjár, sem hér eru, eru örugglega ekki af þeirri gerð. (**GHelg:** Nei.) Er það ekki öruggt? (**GHelg:** Það er öruggt, en í riti upplýsingaþjónustunnar er hitt talið æskilegt.) Mér er vel kunnugt um að til eru þeir hernaðarsinnar sem vilja gjarnan sjá slíkan radar hér á landi, en um það varð full samstaða í fyrri ríkisstjórn að það kæmi ekki til greina og ég hef ekki heyrt neinn mann hér, sem einhverju ræður í þessum málum, mæla með slíkum ratsjám. Þau ratsjártæki sem búið er að bjóða út eru ekki þessarar gerðar.

Enn einu sinni er rætt um þessa stjórnstöð sem á að þjóna kjarnorkuárás. Ég ræddi þetta svo ítarlega í morgun að ég vil helst ekki ræða það svo mjög nú aftur. Hún þolir alls ekki kjarnorkuárás. Hún getur þolað kjarnorkusprengju einhvers staðar á svæðinu. Hún fer úr öllu sambandi við öll fjarskipti því að fjarskiptaloftnet mundu hrynja, en mennirnir gætu lifað í sjö daga. Einhver sagði, hvort það var ekki hv. þm., að víkingasveitin ætti að hafa þar aðsetur í sjö daga. Ég verð að upplýsa hana um að hún er allt of lítil til þess að rúma þessa víkingasveit og verkefni hennar eru skráð nákvæmlega þau sömu og eru nú í járngrindahúsi því sem stjórnstöðin er í.

Um varaherflugvöll hefur ekkert verið rætt í minni tíð og hann kemur ekki til greina. Ég neita því ekki að ég hef alltaf haft áhuga á almennum varaflugvelli, en varaherflugvöllur er ekki á dagskrá.

Ákvörðun tekin um liðsforingjana blessaða frá hinu og þessu NATO-ríki. Ég á líklega erfitt með að svara því, en mér er tjáð að það hafi viðgengist nokkurn tíma að liðsforingjar frá öðrum Atlantshafsbandalagsríkjum komi og dvelji hér nokkurn tíma. Við vitum að það koma líka nefndir eða hópar frá þessum löndum í heimsókn. Þetta er gagnkvæmt. Ég held út af fyrir sig að þetta sé ekki nema af því góða. (**GHelg:** Það stendur nefnilega: Í yfirstjórn hersins.) Já, ég hefði getað kannað það á milli ræðna, en mig minnir að einn sitji í æðsta ráðinu hjá þeim þannig að þeir hafi verið teknir þar inn. Æðsta stjórn hersins er að sjálfsögðu í höndum aðmírálsins, en hann er með við hlið sér ráð sem í situr, ef ég man rétt, einn slíkur maður.

Víkingasveitin. Það hefur löngu verið upplýst stefna hjá Atlantshafsbandalagsríkjunum að í ýmsum ríkjum eru þjálfaðar sveitir sem grípa má til ef til átaka kemur í einhverju Atlantshafsbandalagsríkinu. Einhverjar þessar sveitir eru í Bandaríkjunum. Eðlilegt þótti og hefur verið gert fyrr að fylgjast með þjálfun þessarar sveitar til að vita sem nánast um t.d. til hvers er ætlast af þeim eins og öðru sem við kemur Íslandi. Ég verð hins vegar að viðurkenna að það eru langt frá því að vera sérfræðingar sem þar voru. Það voru tveir ungir menn, sem hafa starfað í varnarmáladeildinni, sem fengu að vera viðstaddir til að sýna a.m.k. lit að þessu leyti.

Hv. þm. ræddi nokkuð um íbúðir sem stendur til að byggja á svæðinu. Þær eru til endurnýjunar á gömlum íbúðum og m.a. til þess að geta betur fullnægt þeirri ósk okkar að í hernum sé fyrst og fremst fjölskyldufólk, en ekki er nægjanlegt íbúðarými til að það verði að öllu leyti. En ástæðan fyrir því að þær eru ekki á skrá núna er sú að þær voru á skrá hygg ég í síðustu skýrslu og það sem birtist í skýrslunni núna eru framkvæmdir sem hafa að vísu verið samþykktar, sumar fyrir einu ári, sumar fyrir tveimur, ég held ein 1985 eða fyrr en hafa ekki komist til framkvæmda. Þannig eru samþykkt verk töluvert fram í tímann og koma síðan smám saman inn í framkvæmdaröð. Þarna eru tíundaðar framkvæmdir sem nú er samið um við Aðalverktaka og því komnar til framkvæmda, en hafa verið samþykktar áður.

Ratsjárstofnunin er nú nánast deild í varnarmálaskrifstofunni. Ég tel að stofnun sem er svona umfangsmikil og kann að vaxa mjög, ef við tökum að okkur í enn stærra mæli rekstur ratsjárstöðvanna, eigi að vera sjálfstæð og óháð stofnun og ætti að hafa sérstaka stjórn o.s.frv. en ekki að vera deild í skrifstofu. Mér finnst hún stefna í að geta orðið of viðamikil til þess.

Hv. þm. spurði um lækkun opinberra gjalda sem nefnd er. Þetta mun vera í því sambandi að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli innheimtir opinber gjöld fyrir fjmrn. eins og aðrir slíkir og þessi innheimta var nokkru lægri á síðasta ári vegna þess að skattar sem á Aðalverktaka voru lagðir voru lægri, ekki vegna þess að þeir voru lækkaðir í hlutfalli heldur vegna þess að tekjur Aðalverktaka voru minni á skattaárinu 1986 en þær voru 1985 svo skattlagningin varð af eðlilegum ástæðum lægri.

Ég ætla ekki að ræða hér um hvalveiðarnar en vil þó taka það fram að þó að ég telji að áherslur okkar hafi ekki verið eins og æskilegast er og við getum haldið á okkar málum á annan máta betur út á við, er ég þeirrar skoðunar að vísindaveiðarnar séu fullkomlega löglegar með tilliti til Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég vildi leiðrétta þann misskilning sem mér fannst koma fram hjá hv. þm.

Ég sé að hæstv. samgrh. er genginn í salinn og vil því koma að afgreiðslum hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég vek athygli á því, sem ég hefði átt að geta um í upphafi að sjálfsögðu, að skýrslu um þátttöku Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum var dreift hér með skýrslu minni og þar koma fram miklu ítarlegri upplýsingar um afstöðu okkar Íslendinga til tillagna hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar er m.a. þess getið, ég vona í öllum tilfellum, ég a.m.k. óskaði eftir því, hvar við hefðum breytt um afstöðu. En almennt, áður en ég kem að þessu, því ég mun rekja atkvæðagreiðslur, finnst mér satt að segja ekki mikil rökhyggja, svo að ég noti orð hæstv. samgrh., felast í því sem fram kom í ýmsum afstöðum okkar til tillagna með hliðsjón af samþykkt Alþingis í maí 1985. Það er kjarni málsins. Í samþykkt Alþingis segir:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum,

framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga“ o.s.frv. sem ég veit að allir hv. þm. þekkja.

Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að vísa til þess ágæta manns Ólafs Jóhannessonar og þess sem hann lét frá sér fara fyrir mörgum árum. Hefur ekkert breyst í heiminum síðan? Mikið hefur breyst, meira en við fáum lýst í ræðum á tveimur dögum. Það hefur orðið gerbreyting í heiminum síðan. Við Íslendingar værum sem nátttröll ef við skildum það ekki og ef það kæmi ekki fram í okkar afstöðu. Ég vísa því á bug að í dag gildi það sem vísað var til í ræðum Ólafs heitins Jóhannessonar. Ég vek athygli á því að önnur Norðurlönd, m.a. þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu, hafa talið sér fært að greiða atkvæði með svonefndri frystingartillögu. Það er að vísu rétt að málið var afgreitt á þjóðþingum þessara landa. Ég er tilbúinn að láta fara hér fram atkvæðagreiðslu um afstöðu okkar til þessarar tillögu ef þeir sem efast eða vefengja mína afstöðu, halda því fram að hún sé í andstöðu við vilja Alþingis, vilja samþykkja það. Það er sjálfsagt.

Mér er sagt í utanrrn. að það hafi ekki fyrr verið farið svo ítarlega í tillögurnar eins og nú. Ég varði í það mörgum dögum að sitja yfir þessum tillögum. Ég spurði eftir því hvað hefði ráðið afstöðu okkar til ýmissa mála. Ég fékk lítið af svörum. Ég mun standa við allar þær breytingar sem ég hef gert á afstöðu okkar og tel að hún sé í samræmi við það sem Alþingi Íslendinga hefur ákveðið. Ég skal svo fara yfir þessar tillögur, en til að lengja ekki allt of mikið mál mitt gera það nokkuð hratt.

Í þeirri bók sem hv. alþm. hafa fyrir framan sig er fyrsta tillagan um stöðvun allra kjarnorkuvopnatilrauna. Við Íslendingar sátum hjá við afgreiðslu þessarar ályktunar á 41. allsherjarþingi. Öll Norðurlöndin greiddu atkvæði með henni og við gerum það líka núna. Bandaríkjamenn greiddu atkvæði á móti.

Þá er tillaga nr. 42/35, bann við þróun á framleiðslu nýrra gereyðingarvopna. Reyndar kemur ekki fram í ritinu hvernig greitt var atkvæði síðast og ég hef ekki tíma til að afla mér upplýsinga um það, en tillagan var samþykkt með 135 atkvæðum, einn sat hjá og 18 voru á móti. Á móti voru Bandaríkin. 18 sátu hjá, Ísland, Noregur, Danmörk og flest Vesturlönd. Finnland og Svíþjóð greiddu atkvæði með ályktuninni. Ég satt að segja velti mikið vöngum yfir því hvers vegna við ættum ekki að greiða atkvæði með þessari tillögu, en ég treysti mér ekki til að við skerum okkur svo algerlega úr frá öðrum okkar félögum innan Atlantshafsbandalagsins. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, efni tillögunnar:

„Afvopnunarnefndinni er falið með fullu tilliti til þeirra verkefna er bíða úrlausnar að herða á viðræðum með aðstoð sérfræðinga með það fyrir augum að semja uppkast að samningi er banni hönnun á framleiðslu nýrra gereyðingarvopna.“

Ég hefði miklu frekar búist við gagnrýni á það að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu. Ég á erfitt með að skýra það. En ég skoðaði þessa tillögu mjög vandlega og ég varð var við andstöðu annarra ríkja. Skýringin sem ég fékk var sú að útilokað væri að fylgjast með þessu og það lægi ekki fyrir nein leið til þess eða neitt samkomulag og þess vegna væri tillagan óraunhæf.

Þá er það næst tillaga nr. 42/38,d sem er um tvíhliða viðræður um kjarnorkuafvopnun og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fagnað er samkomulagi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að undirrita samning um niðurskurð á skammdrægum og meðaldrægum eldflaugum og að vinna ötullega að samkomulagi um 50% niðurskurð á árásarvopnum innan ramma viðræðnanna og hefja viðræður um bann við kjarnorkuvopnatilraunum fyrir 1. des. 1987. Biður [þ.e. allsherjarþingið] ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að láta afvopnunarnefndina fylgjast með árangri.“

Ísland sat hjá á 41. allsherjarþingi. Ég gat ómögulega fundið nokkra skýringu á því. Ég held að við hljótum öll að fagna því samkomulagi sem þá blasti við. Ég gat ekki varið það fyrir sjálfum mér að greiða atkvæði á móti eða sitja hjá við þessa tillögu. Norðurlöndin greiddu öll atkvæði með ályktuninni, en af einhverjum ástæðum sátu t.d. Bandaríkin hjá. Ég held að þau hefðu átt að fagna þessu mest.

Þá kem ég að tillögu nr. 42/38.j, um framkvæmd ályktana Sameinuðu þjóðanna um afvopnun. Það er sú tillaga sem mest hefur verið umdeild, þ.e. tillaga Úkraínu og Tékkóslóvakíu:

„Öll aðildarríkin eru hvött til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að auðvelda framkvæmd ályktana Sameinuðu þjóðanna á sviði afvopnunar og sýna þannig vilja sinn til þess að ná því takmarki að koma á gagnkvæmum, aðgengilegum afvopnunaraðgerðum sem unnt er að sannprófa.“ Sem er undirstöðuatriði. „Þá er aðalframkvæmdastjórinn beðinn um að leggja árlega fyrir allsherjarþingið skýrslu um þróun afvopnunarmála og öll ríki beðin um að aðstoða hann við það.“

Þetta er ný tillaga og það lá ekki fyrir nein afstaða. Við fórum töluvert ítarlega í hana, ég og mínir samstarfsmenn, og mér fannst strax að eðlilegt væri að styðja þessa tillögu. Við fréttum síðan að önnur Vesturlönd hefðu setið hjá. Bandaríkin og Ísrael voru á móti. Ég bað um upplýsingar um hvernig stæði á þessari hjásetu, en þær upplýsingar komu seint og tillagan var þá afgreidd á allsherjarþinginu.

Þetta er líklega ein af þessum áróðurstillögum sem hæstv. ráðherra talaði um. Ég var að velta því fyrir mér hvernig aðrar þjóðir mundu líta á okkar tillögur. Eru þær flokkaðar sem áróðurstillögur af öðrum þjóðum? Ég vil ekki flokka neina tillögu sem áróðurstillögu. Ég vil skoða hana málefnalega og taka afstöðu til hennar málefnalega. En það er að sjálfsögðu ekki von að vel fari ef litið er á tillögurnar

þannig. Ég veit að hæstv. samgrh. fer með rétt mál, því miður. Þannig er þetta hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er litið á þetta sem áróður frá einni blokkinni á hina og menn eru að reyna að komast í alþjóðlegt áróðurssviðsljós, ef ég má orða það svo. Frá því hefði ég helst viljað hverfa.

Þá er tillagan um frystingu kjarnorkuvopna sem ég þarf ekki að fara um mörgum orðum. Hún hefur verið ítarlega rædd. Ég hef lýst því hér áður í ræðu minni að ég er tilbúinn að láta Alþingi skera úr um hvort ég fari þar að vilja þingsins eða ekki og fari þar að í samræmi við samhljóða samþykkt Alþingis frá maí 1985.

Þá er hér önnur tillaga um frystingu kjarnavopna, sem Indland og Rúmenía flytja, sem er svona:

„Enn á ný er skorað á þjóðir sem hafa kjarnavopn að samþykkja samtímis frystingu á framleiðslu þeirra og framleiðslu á kjarnakleyfum efnum til vopnaframleiðslu."

Við sátum hjá á 41. allsherjarþingi. Þá greiddu ýmsar þjóðir, eins og Bandaríkin, atkvæði á móti. Norðurlöndin greiddu öll atkvæði með ályktuninni.

Þá er tillaga nr. 42.a sem fjallar um að beita ekki kjarnorkuvopnum og koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld. Mér þykir rétt, með leyfi forseta, að lesa upp efni þeirrar tillögu:

„Í sjöunda sinn er yfirlýsing tveggja kjarnorkuvelda um að verða ekki fyrri til að beita kjarnorkuvopnum í styrjöld talin spor í rétta átt og skorað á önnur kjarnorkuvopnaveldi að gefa sams konar yfirlýsingu. Jafnframt er lagt fyrir afvopnunarnefndina að athuga með gerð alþjóðasamnings gegn beitingu kjarnorkuvopna að fyrra bragði."

Við greiddum atkvæði á móti þessari tillögu á 41. allsherjarþingi. Ég gat ekki fengið nokkra skýringu á því. Mér er það satt að segja hulin ráðgáta því að það er yfirlýst stefna Atlantshafsbandalagsríkjanna að beita ekki kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Hvernig í ósköpunum getum við greitt atkvæði á móti slíkri tillögu?

Á þinginu núna greiddum við að sjálfsögðu ekki atkvæði gegn þessari tillögu. Nú sátum við hjá við tillöguna. Ég var í erfiðleikum með að ákveða að sitja hjá við þessa tillögu. Það er að vísu rétt að Danmörk og Noregur greiddu atkvæði á móti tillögunni, en Svíþjóð og Finnar greiddu atkvæði með tillögunni. E.t.v. getur hæstv. samgrh. upplýst mig um hvers vegna við greiddum atkvæði gegn slíkri tillögu.

Þá er tillaga nr. 42.c, stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins og kjarnorkuvopnunar, stendur í þýðingunni. Þessi tillaga er flutt af Argentínu og ýmsum fleirum. Efni hennar er þannig, með leyfi forseta:

„Staðfest að fælnistefna með kjarnorkuvopn hafi aukið hættu á kjarnorkustyrjöld og leitt til meira öryggisleysis í alþjóðamálum. Afvopnunarnefndinni er falið að stofna sérstaka nefnd í byrjun árs 1988 til að gera tillögur um hvernig afvopnunarnefndin geti best komið á marghliða samningaviðræðum um að stöðva alla framleiðslu kjarnavopna og kjarnakleyfra efna til vopnaframleiðslu og stórfelldan niðurskurð á núverandi kjarnavopnabúrum með það fyrir augum að þau verði að lokum eyðilögð."

Við sátum hjá um þessa tillögu. Ég treysti mér ekki til að greiða þessari tillögu atkvæði vegna þess að við Íslendingar höfum samþykkt innan Atlantshafsbandalagsins að fælni sé veigamikill þáttur í okkar varnarstefnu. Ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með þessari tillögu. Sama gerðu Danmörk og Grikkland t.d. sem eru líka í Atlantshafsbandalaginu. Ég vildi hins vegar ekki undirstrika þessa fælnikenningu með því að greiða atkvæði á móti tillögunni og taldi því best að sitja hjá. Finnland og Svíþjóð greiddu atkvæði með tillögunni.

Þá kem ég næst að tillögu um alþjóðlega samvinnu um afvopnun. Tillagan hljóðar svo: „Öll ríki eru hvött til þess að vinna ötullega að afvopnunarviðræðum á grunni gagnkvæmni, jafnræðis og öryggis í alþjóðasamskiptum og lögð er áhersla á að efla hlutverk Sameinuðu þjóðanna við afvopnun. Þá er ítrekað að útgeiminn eigi ekki að nota til hernaðar heldur aðeins í þágu mannkyns."

Við Íslendingar höfum að vísu held ég ekki opinberlega tekið afstöðu til geimvarnaáætlunar Bandaríkjamanna. Sumar aðrar Atlantshafsþjóðir hafa gert það. T.d. Norðmenn sem hafa látið bóka sérstöðu sína þar. Við greiddum á 41. allsherjarþingi atkvæði á móti þessari tillögu, en við sátum hjá nú. Ég lýsi því fyrir mitt leyti að ég hef ekki nokkra trú á þessari áætlun um geimvarnir. Viðurkennt er af öllum sérfræðingum að slíkt getur aldrei náð nema til takmarkaðs fjölda flugskeyta. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að hernaðarátök eigi ekki að færa út í geiminn. Hins vegar fannst mér eðlilegt að sitja hjá við tillöguna þar sem þessi hugmynd hefur hlotið samþykki meiri hlutans hjá Atlantshafsbandalaginu.

Síðan kemur tillaga sem er nokkuð athyglisverð. Þetta er tillaga sem er mjög svipaðs eðlis og sú nýja tillaga sem hefur verið nokkuð umdeild. Efni þessarar tillögu er að öll ríki, sérstaklega kjarnorkuveldin, eru hvött til þess að gera átak í því að framfylgja ályktunum og ákvörðunum 10. aukaþingsins um afvopnunarmál. Þá er afvopnunarnefndin enn hvött til að ná árangri í störfum sínum. Við greiddum atkvæði á móti þessari tillögu á 41. allsherjarþinginu. Nú greiddu Ísland, Danmörk, Svíþjóð og Finnland atkvæði með tillögunni enda: Hvað er rangt við að skora á lönd heims að framfylgja samþykktum um afvopnun?

Þá vil ég loks geta einnar tillögu sem er í fjórðu nefndinni og tæmi þá þessa upptalningu. Það er tillaga um Vestur-Sahara. Tillagan hljóðar svo efnislega, með leyfi forseta:

Lýst er ótvíræðum rétti íbúanna á þessu landsvæði, sem enn lýtur nýlenduyfirráðum, til að njóta sjálfsákvörðunarréttar og öðlast sjálfstæði. Enn sem fyrr er skorað á deiluaðila, þ.e. Marokkó og Polisario, samtök frelsisbaráttumanna í Vestur-Sahara, að ganga til beinna samningaviðræðna án milliliða

um vopnahlé og þjóðaratkvæðagreiðslu með friðsamlegum hætti og undir eftirliti Einingarsamtaka Afríkuríkja og Sameinuðu þjóðanna. Nýlendunefndinni er falið að halda áfram að fjalla um málið og láta 43. allsherjarþinginu í té skýrslu um það.

Við studdum þessa tillögu nú ásamt Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Danir sátu hjá. Við sátum hjá á 41. allsherjarþingi. Þessi tillaga er í samræmi við yfirlýsta stefnu okkar um sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Ég gaf fyrirmæli um að gera grein fyrir okkar atkvæði því að á það hefur verið deilt að eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna hafi ekki fengið aðgang að svæðinu eins og þeir þurfa. Ég lét gera grein fyrir því að við legðum áherslu á að úr því yrði bætt. Þessi sárfátæka þjóð á að sjálfsögðu að fá að njóta síns réttar og sjálfsákvörðunarvalds. Það getur varla sakað nokkurn að skora á deiluaðila, þ.e. þessa þjóð og Marokkóbúa, að setjast niður og ræða málin. Mér þykir satt að segja undarlegt að ýmsar þjóðir hafa lagst gegn slíkri málsmeðferð.

Ég vona þá að ég hafi bætt úr því, sem vantaði í mína skýrslu og nefnt allar tillögur, sem að vísu er gert í fylgiriti, og gert nokkra grein fyrir þeim breytingum sem ég ákvað í atkvæðagreiðslum á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

Ég hef áður komið nokkuð að ræðu hv. þm. Júlíusar Sólnes. Það voru að vísu ekki margar spurningar sem hann bar fram til mín. Ég tek undir með honum að það beri að aðstoða íslenska tækniráðgjafa erlendis. T.d. nefndi ég það í minni ræðu að Þróunarstofnun hefur samþykkt að veita 1 millj. kr. til slíks tæknistarfs, við skulum segja frumstarfs, til að skoða hverju megi koma til leiðar á þessu sviði í Kenýa. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það, en ég tek undir það sem hann hefur sagt um þetta.

Það er rétt að áreiðanlega vita engir betur um grunnvatn á Reykjanesskaga en íslenskir aðilar. Hins vegar kom í ljós þegar samið var um framkvæmd á þeirri rannsókn sem hér er um að ræða að þau tæki sem Háskóli Íslands á til athugunar á snefilefnum eru ákaflega ófullkomin, enda gömul. Háskólinn getur því miður ekki framkvæmt allar slíkar athuganir sem ákveðið var að gera og því óhjákvæmilegt að fá erlendan aðila með. Jafnframt mun það vera skilyrði hjá Bandaríkjaher, þegar um slíkar rannsóknir er að ræða, að amerískur aðili sé með í ráðum.

Hv. þm. spurði um olíuleit. Það hefur lítið borið á henni upp á síðkastið. Engan áhuga hef ég heyrt. Eflaust er það tengt því að olía hefur lækkað í verði.

Hv. þm. minntist á okkar verslunarhagsmuni í Austurlöndum fjær og kom með ágæta hugmynd, sem sannarlega væri vert að skoða, hvort einhver sameiginleg skrifstofa Norðurlanda gæti sinnt þeim heimshluta. Norðurlöndin hafa öll lagt mikla áherslu á þennan heimshluta og öll komið þar upp sendiráðum, bæði í Tókýó, Peking og víðar. Ég veit ekki hvort þau yrðu mjög ginnkeypt fyrir slíkri hugmynd, en þess vil ég þó geta að t.d. í Peking hafa sendiráð Norðurlandanna oft orðið okkur að liði.

Hugmyndin um tæknifulltrúa við sendiráðin er góðra gjalda verð. Ég vildi gjarnan að við hefðum fjármuni til að framkvæma það því ég er sammála hv. þm. um að það mætti mikið læra þó ekki væru nema einn eða tveir slíkir menn staðsettir á réttum stöðum.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti ítarlega ræðu um þróun viðskipta og markaðsmál í Evrópu og get ég tekið undir hvert orð sem hann sagði um það og mikilvægi þess að fylgjast með þeim málum sem allra best. Ég skal ekki hafa um það fleiri orð.

Ég tek undir það með honum sem hann sagði um afvopnunarmálin. Svo sannarlega hefur orðið bylting. Ég held að það sé ekki annað orð til. Það hefur orðið bylting á örfáum árum, svo stór að hún hlýtur að kalla á endurskoðun á viðhorfum þjóða, m.a. okkar eins og ég hef komið inn á.

Áreiðanlega er rétt að það er sú tortryggni sem ríkir á milli þjóða sem er bölvaldurinn í þessu. Enginn vafi er á því. Mér þykir ánægjulegt bæði að heyra og sjá í skýrslum, t.d. Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hve mikil breyting virðist vera að verða á þessu sviði. Þó að það sé víst einhvers staðar skráð sem leyndarmál get ég varla verið að rjúfa neina leynd þó að ég segi, sem mikið var umtalað í Brussel eftir fundinn hans í fyrradag, að hann hafi ekki fyrr haft hástemmdari lýsingarorð um þær breytingar sem eru að verða í Sovétríkjunum. M.a. ráðlagði hann mönnum að lesa bókina Perestrojku sem hann sagði að væri merkilegt rit og væri hreint og beint ótrúlegt að leiðtogi eins ríkis gæti opinberlega látið fara frá sér þá gagnrýni sem þar kemur fram. Það fer nú að blikna það sem ég hef sagt um Gorbatsjov. (**GHelg:** Hann var líka söluhærri en ég hér í vetur.) Það þykir mér leitt. — En ég met þetta svo að kaldastríðshugsunarhátturinn sé a.m.k. víða mjög á undanhaldi og ég vona að hann boði betri tíma. Shultz segir hins vegar í umsögn sinni að um árangurinn af þessari viðleitni geti hann ekkert sagt og hvort þetta takist eða takist ekki. Það er áreiðanlega rétt. Það veit held ég enginn á þessari stundu.

Ég vil einnig taka undir það með hv. þm. að við þurfum að beita okkur vel á mannréttindasviðinu. Ég hygg að við höfum ætíð gætt þess að láta það fylgja með, en vel má vera að við þurfum að undirstrika það enn betur en við höfum gert.

Hv. 12. þm. Reykv. kom ekki með miklar spurningar, sem ég skildi svo, til mín. Þó voru það nokkur atriði sem ég vil koma inn á. Ég tek heils hugar undir með henni að vonandi þarf ekki að vera hér her til frambúðar og ég vona að hans verði ekki þörf og það fljótt. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að við erum þar ósammála þar sem ég tel að Atlantshafsbandalagið hafi gegnt mikilvægu hlutverki á undanförnum áratugum. Við megum þakka þeirri samstöðu sem þar hefur verið að stórum hluta þann árangur sem nú hefur náðst. Ég tel að á meðan ötullega er unnið að því að draga úr tortryggni á

milli þjóða og ná þannig verulegum árangri í afvopnun væri ekki skynsamlegt af okkar hálfu t.d. að segja upp varnarsáttmálanum. Ég tel að það mundi valda slíkum óróa í samskiptum stórveldanna að ekki verði séð fyrir endann á því. Því miður er staðreynd að Norður-Atlantshafið er orðið ákaflega mikilvægt. Við vildum eflaust mörg sjá mikilvægi þess miklu minna í hernaðarlegu tilliti og eins og það var áður fyrr, en sú ósk rætist ekki.

Enn verð ég að leiðrétta að byggingar á Keflavíkurflugvelli, eins og flugskýli, þoli kjarnorkuárás. Ég hef skoðað þessi flugskýli. Þau þola sprengjufall einhvers staðar í nágrenninu. Hins vegar má t.d. benda á að flugbrautir yrðu ónýtar svo að flugvélar kæmust að öllum líkindum ekki á loft og fleira má benda á í þessu sambandi. T.d. eru dyrnar rafknúnar og ef rafmagnið fer er erfitt að ná flugvélunum út o.s.frv. Rétt er að þær eiga ekki að eyðileggjast þótt sprengja falli einhvers staðar fjær á svæðinu.

Hv. þm. ræddi töluvert um viðskiptabann á Suður-Afríku. Ég hef hreyft þeirri hugmynd í ríkisstjórninni að setja viðskiptabann á með lögum, en um það er ekki samstaða. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Við Íslendingar höfum lagst gegn viðskiptaþvingunum. Við eigum ákaflega mikið undir frjálsum viðskiptum. Vissulega má spyrja að því: Hvar endar slíkt? Erfitt er að sjá fyrir endann á því. Margar þjóðir, því miður, haga sér ekki á þann máta sem okkur líkar. En þó að ég hafi talið að mörgu leyti koma til greina að fylgja hinum Norðurlöndunum með lögbundið viðskiptabann verð ég að viðurkenna að á fundinum í Arusha þótti mér nóg um það sem ég heyrði frá ýmsum um framkvæmd á þessu viðskiptabanni. Enn eru miklir flutningar með norskum skipum og sænsk fyrirtæki starfa í Suður-Afríku eins og ekkert hafi í skorist. Það sem mér þótti einkennilegast þó er að svo að segja öll eða langmest af viðskiptum landamæraríkjanna, Afríkuríkjanna, er við Suður-Afríku. Þau sjálf treysta sér ekki til að framkvæma viðskiptabann. Ég hef reynt að fylgja þeirri stefnu, sem hér hefur verið fylgt, að draga úr viðskiptum með útölum og hef skrifað bréf, eins og fyrrv. viðskrh. gerði, bæði til útflytjenda og innflytjenda og til verkalýðshreyfingar og núna alveg nýlega til ferðaskrifstofa og mælst til þess að viðskipti verði engin við Suður-Afríku. Ég er ekkert viss um að þetta gefist verr.

Svo er hitt, sem vel má vera, að þetta liti eitthvað betur út í samanburði við aðrar þjóðir ef við setjum á lög, en þá verða þau líka að vera framkvæmd.

Að lokum vil ég með ánægju taka undir það sem hv. þm. sagði um ýmsa friðarviðleitni kvenna. Ég held að hún sé mikilvæg. Ég hef aldrei verið haldinn neinum annarlegum skoðunum í sambandi við friðarhreyfingar sem eru ópólitískar. Þær verða að vera þannig til að vera trúverðugar. Ég tel að vilji almennings í þessu sambandi eigi að vera velkominn. En til að vera trúverðugur má hann ekki tengjast pólitískum öfgaflokkum. Það er ég þó alls ekki að segja að þær friðarhreyfingar, sem hér hafa verið nefndar, geri.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem fram komu, en er að sjálfsögðu tilbúinn að svara fleirum á morgun ef þm. óska.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

52. fundur, föstudaginn 26. febr., kl. 10 árdegis.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé sjálfsagt og eðlilegt að ræða ítarlega um skýrslu hæstv. utanrrh. í dag í framhaldi af umræðunni í gær. Þar kom margt mjög merkilegt fram. Ég vil hins vegar láta það koma fram að auðvitað hefði að mörgu leyti verið eðlilegt á þessum degi, þegar nýlega er búið að undirrita kjarasamninga, að fjalla um forsendur þeirra og að ræða við ríkisstjórnina hvernig hún hyggst búa að þeim kjarasamningum sem nýlega hafa verið undirritaðir. Afstaða okkar er hins vegar sú að það þýði ekki vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki skoðun í efnahagsmálum samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust af fundi framsóknarmanna í Kópavogi í gærkvöld. Ráðherrarnir segja eitt hér og annað þar og þess vegna hef ég ekki þreytt forseta með því að biðja um umræðu utan dagskrár. (**Forseti:** Já, en þetta er ekki um þingsköp.) Þetta er um þingsköp, þ.e. um umræðu utan þingskapa. Ég vil þess vegna lýsa því hér yfir að ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi, þó að kjarasamningar hafa verið undirritaðir, að eiga orðastað við ríkisstjórnina vegna þess að hún veit ekkert hvað hún ætlar að gera. Hins vegar verða gerðar ráðstafanir til að kalla eftir áliti hennar á málum eftir helgina ef svo kynni að fara að þessir þrír flokkar, sem í ríkisstjórn eru, hefðu hist á fundi til að koma sér að niðurstöðu.

Utanríkismál, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 294. mál. — Þskj. 596.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Ég vil hefja máls á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og ekki síst að hún skuli vera svo snemma á ferðinni gagnstætt því sem oft áður hefur verið þegar við höfum þurft að ræða um þessi mikilvægustu mál á síðustu dögum þings í þeim önnum sem þá eru og tími hefur varla unnist til

þess að ræða ítarlega um málin. Ég vil einnig þakka bæði honum og forseta fyrir að ætla nú tvo daga til þessarar umræðu. Ég held að það sé ekki of í lagt þó að við helgum tvo daga af þinghaldinu árlega til þess að ræða um utanríkismálin þannig að allir geti komið að sjónarmiðum sínum, sem það vilja, og við getum skipst á skoðunum, enda er þess ekki að vænta að við getum verið sammála í einu og öllu þótt við reynum nú venjulega og höfum góðu heilli um langa tíð reynt að koma fram sem sameinuðust út á við þegar um sérstök hagsmunamál Íslendinga hefur verið að ræða eins og t.d. hafréttarmálin.

Mig langar í upphafi að ræða lítið eitt um störf hv. utanrmn. en þar hafa starfshættir nokkuð breyst á liðnum árum. Nefndin er nú u.þ.b. að verða sextug, nú í aprílmánuði, og hefur alltaf haldið fundi sína fyrir luktum dyrum. Ég held að þeir sem stóðu að stofnun nefndarinnar á sínum tíma hafi gjarnan viljað geta ræðst við án þess að utanaðkomandi aðilar fylgdust með því sem þar færi fram og væntanlega hefur okkar barátta fyrir fullveldi og frelsi átt í því þátt að þessi háttur var á hafður. Þetta er enn svo, að nefndin starfar fyrir luktum dyrum. Í þingskapalögum segir um nefndina, með leyfi forseta: „Til utanrmn. skal vísa utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á."

Þetta hafa menn haldið vel og lengi. Það hefur verið hægt að treysta því að það sem færi fram á nefndarfundum yrði ekki á allra vitorði. Þess vegna hefur verið tiltölulega auðvelt að stilla saman strengina og ná sameiginlegri niðurstöðu í hinum mikilvægustu málum. Út af þessu hefur af slysni aðeins brugðið, en það er ekki orð á því gerandi.

Að öðru leyti hefur það nú verið tekið upp í fyrsta skipti að utanrmn. hefur farið til funda við erlenda aðila og er þá fyrst að nefna ferð nefndarinnar á fund Evrópubandalagsins og Evrópuþingsins í septembermánuði sl. Til þeirrar ferðar var boðið af hálfu Evrópubandalagsins og eftir alllanga íhugun og umræður í nefndinni var ákveðið að breyta nú til og í fyrsta skipti að fara til útlanda, enda mikið í húfi að ná góðu samkomulagi og samningum við Efnahagsbandalagið eins og rætt var í gær og margrætt er og á allra vitorði.

Þá er þess að geta að heimboð hefur borist frá breska þinginu til formanns nefndarinnar og tveggja manna annarra úr nefndinni að heimsækja þingið og er sú ferð ráðgerð nú um miðjan marsmánuð og voru menn sammála um að þiggja þetta boð. Það er nokkur nýlunda að það sé boðið mönnum úr sérstakri nefnd fremur en þinginu sjálfu, en ég hafði um þetta að sjálfsögðu samráð við forseta Sþ. og var það okkar niðurstaða að ekkert væri óeðlilegt við að þiggja boð þó það væri með þessum hætti.

Þá hefur það borið við fyrir réttum hálfum mánuði að ávarp hefur borist frá utanríkismálanefndum sambandsráðs og þjóðarráðs í Æðsta ráði Sovétríkjanna sem snýr sér til samsvarandi nefnda í þjóðþingum Danmerkur, Íslands, Noregs, Finnlands, Sviþjóðar, Bandaríkjanna og Kanada. Var það líka með nokkuð sérkennilegum hætti að þetta skyldi berast utanrmn. beint, en auðvitað tíðkast það, þótt það hafi lítt tíðkast hér, að menn snúi sér ekki beint til utanríkisþjónustunnar heldur til ákveðinna nefnda.

Þetta mál höfum við rætt nokkuð í nefndinni. Mín fyrstu viðbrögð eftir að ég hafði tekið við þessu ávarpi voru að sjálfsögðu að greina forseta Sþ. frá því svo og hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Hér er að vísu um talsvert mikið nýmæli að ræða því að í þessu ávarpi segir, með leyfi forseta:

Að okkar mati væri í þessu efni æskilegt að halda í náinni framtíð vinnufundi (seminar) eða ráðstefnur svo og að koma á fót sjónvarpsbrú þar sem fram kæmu fulltrúar utanrmn. og annarra samsvarandi nefnda á þjóðþingum landanna í Norður-Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada til að ræða mögulegar leiðir til að blása lífi í sameiginlegar aðgerðir þeirra. Fyrir okkar leyti leggjum við til að árið 1988 verði haldinn í Moskvu fundur fulltrúa þjóðþinga allra þeirra landa sem hlut eiga að máli þar sem rætt verður um ráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera til að vernda umhverfið o.s.frv.

Eins og ég sagði hefur þetta mál komið fyrir í nefndinni en lítt verið rætt þar, enda ljóst að við hljótum að hafa samráð við aðra þá sem ávarpi þessu er beint að og þá ekki kannski síst okkar nánustu frændur og nágranna. Var einmitt í hv. utanrmn. rætt um það og utanrrn. beðið að sjá til þess að við fengjum upplýsingar frá öðrum þeim sem ávarpið hafa fengið og ekki síst Norðmönnum og hefðum þá hugsanlega samráð við formann utanrmn. norska þingsins sem er nú enginn annar en Kåre Villoch sem við á sínum tíma, bæði ríkisstjórn og utanrmn., studdum til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins þó að á annan veg færi um úrlausn þeirra mála. Þessa vildi ég geta hér til þess að menn átti sig á að þarna er kannski að verða breyting á störfum nefndarinnar og skal ég játa að ég var einna íhaldssamastur í þessu efni og efaðist um að breyttir starfshættir að þessu leyti væru heppilegir, en ég hef breytt um skoðun á því eftir förina til Evrópubandalagsins og Evrópuþingsins sem ég tel að hafi verið geysimikilvæg og fróðleg fyrir okkur og kem ég að því síðar í minni ræðu.

En ef ég vík að skýrslu utanrrh. hnýt ég fyrst um takmörkun vígbúnaðar á norðurslóðum. Ég hef haft af því áhyggjur hve gífurlegur hernaðarþrýstingur er að færast yfir okkar höf, Noregshaf, Íslandshaf, Grænlandshaf, sem eru auðvitað höf sem hafa um aldirnar verið höf þeirra ríkja sem að þeim liggja. Þessi þrýstingur kemur auðvitað frá hinu mikla víghreiðri á Kola-skaga. Þess vegna þurfum við að fylgjast mjög náið með allri framvindu mála hér um slóðir.

Menn hafa óttast það líka að fjölgun kjarnavopna yrði á þessum slóðum þegar þeim fækkaði annars staðar. Að vísu hafa stórveldin eða risaveldin ekki sagst mundu flytja vopnin sem niður verða tekin eða sambærileg vopn út á höfin í stað þeirra sem eytt verður, en allur er varinn góður í þessu efni og að því hlýtur athygli okkar að beinast á komandi árum að því hvernig þessi framvinda verður og að því víkur einmitt hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni á bls. 9 og er það vel.

Þá er einnig vikið að ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 sem stendur óbreytt sem stefna Íslendinga í afvopnunarmálum og í þessum alvarlegustu kjarnorkumálum og hermálum heimsins. En nauðsynlegt er að undirstrika það rækilega, þegar talað er um þá ályktun, að hafa verður hliðsjón af grg. þeirri sem henni fylgdi til þess að menn forðist allan misskilning um meiningar, þar sem mér hefur fundist að stundum bryddaði á. Þess vegna ætla ég að rifja það upp hvað sagt var um þessa till., hvað ég sagði úr þessum ræðustól um þessa till. sem formaður og frsm. nefndarinnar þennan dag 23. maí 1985, með leyfi forseta:

„Ekki var í lítið ráðist þegar allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga, ákváðu í fyrravetur að freista þess að nefna til fulltrúa sem könnuðu hvort þess kynni að vera kostur að ná sameiginlegri niðurstöðu um eina ályktunartillögu er varðaði afvopnunar- og kjarnorkumál í stað þess að bitist yrði um þær margar. Þingi lauk þó án þess að þessar tilraunir bæru fullan árangur. Nú á þessu þingi var talið rétt að skipuð yrði undirnefnd til að fjalla um afvopnunarmálin og skilaði hún áliti í tillöguformi til hv. utanrmn. 6. þ.m. Þar hefur till. þessi verið samþykkt óbreytt eftir nokkrar umræður en þó, ég endurtek, en þó með skýringum sem mér er falið að greina hér frá svo að forðast megi allan hugsanlegn misskilning."

Og skýringarnar eða grg. sem öll nefndin stóð að og fól mér að flytja er svohljóðandi: „Allmiklar umræður urðu í utanrmn. um fyrri málsl. 6. mgr. ályktunartill. og skilning á honum. Ýmsum hugmyndum var varpað fram um orðalag breytinga, en á það var fallist að halda orðalagi undirnefndarinnar óbreyttu en formanni falið að koma á framfæri fyrir hönd nefndarinnar eftirfarandi skýringum er hann mælti fyrir till.:

1. Sá landfræðilegur skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna og allt frá Grænlandi til Úralfjalla.

2. Sá skilningur sem fram kom í eftirfarandi hugmynd um breytingu á upphafi 6. mgr. væri réttur.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaus svæði í Norður-Evrópu sem nái til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því. Samningur þessi verði liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu."

Hér lýkur þeirri grg. sem mér var falið að flytja á þessum degi. (Gripið fram í.) Á ég að endurtaka? Nei, nei ég er bara að lesa grg. sem undirnefndin samþykkti. (**SvG:** Það vantar smávegis. Ég les þá meira á eftir.) Ég get lesið aðeins í viðbót:

„Samkomulag er um það í utanrmn. að með till. sem hér er lögð fram sé lokið afgreiðslu fjögurra tillagna um afvopnunar- og kjarnorkumál sem fyrir nefndinni hafa legið, en þær till. þekkja allir hv. þm."

Er þetta nóg eða á ég að halda áfram, hv. þm.? (Gripið fram í.) Nei við skulum láta þetta nægja í bili.

Það er ánægjulegt, held ég, fyrir alla að þessi stefna, sem þarna er mörkuð um Norður-Evrópu, hefur verið áréttuð og tekin upp m.a. af leiðtogum Sovétríkjanna, sem einmitt ræða nú um þetta svæði í heild, að það sé ekki hægt að einangra neitt kjarnorkuvopnalaust svæði við Norðurlönd ein. Það hefur margkomið fram í ræðum, jafnvel sjálfs Gorbatsjovs eins og menn vita, Múrmansk-ræðunni, að nú er farið að tala um miklu stærra svæði. Ávarpinu sem ég var að geta um áðan er einmitt beint til þjóðanna á norðurslóðum allra og auk þess raunar Bandaríkjanna og ég tel að það sé hyggilega gert af ráðamönnum í Ráðstjórnarríkjunum að beina málinu einnig til þeirra. Milli þessara Atlantshafsbandalagsríkja og reyndar ríkja utan bandalagsins hlýtur að verða náið samráð þegar svör verða gefin við málaleitan þessari.

En það er líka athyglisvert að á ráðstefnu um öryggi í Evrópu, sem íslenskir embættismenn kalla RÖSE, þar er í júlí sl. getið um það að hins vegar væri tillaga gerð um sérviðræður þeirra 23 ríkja sem tilheyra NATO og Varsjárbandalaginu. Þar verði fjallað um hvernig koma megi á jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu frá Úralfjöllum vestur á Atlantshaf. Þetta er sem sagt samþykkt af Varsjárbandalagsríkjum engu síður en Atlantshafsbandalagsríkjum. Hvort það er fyrir áhrif frá tillögu okkar og þeirri greinargerð sem ég var að lesa hér upp eða ekki skal ég láta ósagt, en menn eru þó að átta sig á að það er tilgangslaust að lýsa yfir kjarnorkuvopnalausu svæði þar sem engin kjarnorkuvopn eru og enginn hefur boðað að slíkt yrði. Að sjálfsögðu þarf þetta að ná til miklu víðtækara svæðis. Um það er ekki deilt lengur nema þá deilur kynnu að upphefjast um það hér á Alþingi Íslendinga á ný. Það er ekki um þetta deilt. Skilningurinn er réttur og það staðfesta m.a.s. risaveldin og Varsjárbandalagsríkin.

Ég ætla þá að hyggja nokkuð að kaflanum um hafréttarmál. Þar er allt rétt og vel sagt, en má kannski einhverju við bæta.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að á þessu sviði í hafréttinum hafa tíðindi gerst svo ótt og títt að

menn hafa varla fylgst með. Við leiðum hugann að því að það er fyrst 1. sept. 1973 sem Íslendingar sjá á skermi sjónvarpsins 200 mílurnar dregnar og aðeins þrem árum síðar höfðum við helgað okkur 200 mílurnar að fullu og öllu um eilífð. Menn ráku upp stór augu og jafnvel hlátrasköll þegar farið var að tala um 200 mílur í miðjum 50 mílna slagnum, en svo ör var þróunin að flestar þjóðir höfðu á næstu þrem árum helgað sér 200 mílurnar. Það voru nokkrar þjóðir sem voru seinar til, þar á meðal nágrannaþjóðir okkar, svo sem eins og Bretar og Norðmenn. Þar að auki voru Ráðstjórnarríkin nokkuð sein til, en þetta mjakaðist áleiðis. Suður-Ameríkuríkin voru í fararbroddi og innan mjög fárra ára voru 200 mílurnar orðnar alþjóðalög og við höfðum á örfáum árum horfið frá 4 mílum og komumst alla leið í 200.

Yfir þessu getum við glaðst. En þetta var enginn lokasigur. Við héldum það, fulltrúar Íslands á hafréttarráðstefnu, lengi vel að nú væri lokasigur unninn. Við áttuðum okkur satt að segja ekki á því kannski nægilega tímanlega að aðrar þjóðir, svo sem eins og Kanadamenn, Ástralíumenn o.fl. voru þegar byrjaðar að hugsa um hafsbotninn utan 200 mílnanna, en það var árið 1978 á Genfarfundi að fram var lagt kort um hafsbotnssvæðin sem sýndu hafsbotnslínur og annað slíkt og þá rann upp fyrir okkur ljós að hér væri mikilla hagsmuna að gæta af Íslands hálfu. Þessir hagsmunir voru á Reykjaneshrygg, Jan Mayen svæði, Hatton-Rockall svæði og svo á norðurslóðum eða því svæði sem nú nýlega er tekið að ræða um við Norðmenn og Dani að þessar þjóðir helgi sér.

Um Reykjaneshrygginn er það að segja að þar gátum við einungis farið 350 mílur út, þ.e. 150 mílur út fyrir efnahagslögsöguna, þó að segja megi að Reykjaneshryggurinn og Norður-Atlantshafshryggurinn séu náttúrlegt framhald af Íslandi sem er hæsta svæðið á þessum hrygg á Norður-Atlantshafi. En svona til gamans má greina frá því að það voru okkar fulltrúar og fulltrúar Ráðstjórnarríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum sem áttu um það viðræður lengi vel hve langt mætti fara út á neðansjávarhryggjum. Fulltrúar Ráðstjórnarríkjanna bentu á að við værum miklir heimsveldasinnar, ætluðum að teygja okkur suður eftir öllu Atlantshafi. Við sögðum auðvitað að það hefðum við aldrei ætlað okkur. En við spurðum hvað þeir gætu hugsað sér að mætti setja takmörk fyrir útfærslu á neðansjávarhryggjum. Ég man eftir því að þeir nefndu kannski 100 mílur til viðbótar efnahagslögsögu, segjum 300. Við sögðum 400 og sættumst svo á 350. Það fór þráðbeint inn í hafréttarsáttmálann og allir guðsfegnir að þurfa ekkert að vera að rífast meira um það. En þannig ganga málin fyrir sig oft og tíðum á ráðstefnum sem menn halda að séu að öllu leyti gífurlega merkilegar og hlutirnir grandskoðaðir. Stundum ákveða menn þetta með einhverri þumalputtareglu.

Jan Mayen deiluna muna menn. Það tók líka tiltölulega skamman tíma að leysa það mál. Það var 29. júní 1979 sem ráðamenn Norðmanna komu hingað til lands með mjög stuttum fyrirvara, hvorki meira né minna en þrír ráðherrar, Frydenlund utanríkisráðherra, Jens Evensen hafréttarráðherra og Eyvind Bolle sjávarútvegsráðherra með forstöðumanni réttardeildar utanríkisráðuneytisins og fríðu föruneyti og buðu þá að ef Íslendingar samþykktu fullan eignarrétt Norðmanna að hafsvæðunum umhverfis Jan Mayen og hafsbotni mundu þeir verða tilbúnir að leyfa okkur að veiða 60 þúsund tonn af loðnu, hækkuðu sig raunar í 70, á ári í tvö ár. Sá fundur stóð í tvo daga og endaði með því að menn skildu lítt sáttir. En aðeins ári síðar hafði náðst samkomulag um að við hefðum 85% af loðnustofninum, að við hefðum að mínu mati, þó að það sé ekki orðað beint, helming af öllum öðrum fiskstofnum á þessu svæði og sérstaklega ætti að taka tillit til íslenskra hagsmuna. Þarna er sem sagt um sameign að ræða og samnýtingarrétt í mjög merkum samningi. Og ári síðar er gert samkomulag um að við eigum líka helmingsréttindi í öllum þeim hafsbotnssvæðum þar sem talið er hugsanlegt að geti leynst olía og gas og slík verðmæti. Þarna leystu tvær þjóðir á mjög merkan hátt deilumál sín og ágreiningsmál og eru það fyrstu samningarnir á grundvelli hafréttarsáttmálans þar sem slíkt sameignarfyrirkomulag er ákveðið.

Við höfum haldið áfram okkar baráttu eftir að þessu lauk og nú beinast augu manna fyrst og fremst að Hatton-Rockall svæðinu og í öðru lagi að norðurslóðum. Að því er Hatton-Rockall svæðið varðar hafa Bretar verið heldur tregir til formlegra viðræðna við okkur, en þó var haldinn formlegur viðræðufundur árið 1980 eða 1981 í Genf og síðan hafa formleg nótuskipti farið fram á milli ráðuneytanna þannig að málið hefur ekki legið dautt. Nú er auðvitað komið að því að við knýjum mjög fast á að Bretar og Írar, ef því er að skipta, þó að þeir eigi nú lítil réttindi þarna, kannski engin, og Bretar kannski ekki heldur, setjist að samningaborði í samræmi við 83. gr. hafréttarsáttmálans þar sem þjóðum, sem lenda í slíkum árekstrum eða ágreiningi, er skylt að setjast niður og reyna að leysa sín mál með samkomulagi eða þá að ákveða að vísa því til einhvers konar gerðardóms, sáttanefndar eða þá Alþjóðadómstólsins.

Bretar hafa borið fyrir sig að hafréttarsáttmálinn sé ekki genginn í gildi þar sem einungis 35 þjóðir hafa undirritað hann, en 60 þjóðir þarf til þess að hann öðlist lagagildi (á lagamáli de jure). Hitt er ljóst mál að sá sáttmáli hefur öðlast fullt gildi sem alþjóðalög de facto, eða í raun og gerði það raunar fyrir meira en áratug, eins og sigrarnir í landhelgismálinu bera vott um. 200 mílurnar voru auðvitað byggðar á uppkastinu að hafréttarsáttmála þótt hann væri þá ekki samþykktur og auðvitað kom aldrei til greina, a.m.k. ekki af minni hálfu, að bíða eftir því að hafréttarráðstefnunni lyki og samningar yrðu undirskrifaðir því að hafrétturinn eins og alþjóðaréttur yfirleitt, og það verðum við að horfast

í augu við, hefur byggst á því sem strandþjóðirnar gerðu, ef við tökum hafréttinn, og það sem hafði gerst í heiminum. Rétturinn skapaðist í raun hvað sem einhverjum bókstöfum leið. Þess vegna höfum við, að ég hygg, haldið rétt á þessum málum.

Um norðurslóðir er það að segja að könnun á því hvaða réttindi við gætum haft þar og Norðmenn og Danir fyrir hönd Grænlands hefur verið framkvæmd núna á síðustu árum og niðurstaðan er sú að þar sé um mjög mikil og mikilvæg réttindi að ræða. Þau byggjast á einni reglu í 76. gr., sem fjallar um hafsbotninn, sem er á þann veg að strandþjóðir megi færa út hafsbotnsréttindi sín að svokölluðum brekkufæti eða hlíðarrót, hvort sem menn vilja nú nota, foot of the slope heitir það á enskunni, en það er þar sem mesti brattinn niður í hafdýpin endar, og síðan megi fara 60 sjómílur út fyrir þá línu. Það er það sem við höfum nú lagt til við Norðmenn og Dani að þessar þjóðir geri í sameiningu, þar yrði þá um sameign að ræða á þessu svæði í einhverjum hundraðshlutum, og að full samstaða næðist í því efni.

En þá spyrja menn: Eftir hverju er að slægjast? Nú vitum við auðvitað ekki hvaða verðmæt jarðefni kynnu að finnast á þeim svæðum sem við erum að helga okkar, en hvað sem því líður tilheyra hafsbotninum eftir reglum hafréttarsáttmálans allar lífverur sem á honum eru, þ.e. krabbadýr, skelfiskur og annað slíkt, og þegar tímar líða munu réttindi þess sem botninn á án efa aukast. En þó ekkert af þessu væri fyrir hendi er hitt þó alveg ljóst að það er óheimilt að henda á þennan botn óþverra og rusli, eiturefnum o.s.frv., öllu sem sekkur til botns. Það er hægt að neita því því að þjóðirnar sem helga sér hafsbotninn gera það með þeim hætti að þær hafa fullveldisrétt yfir botninum. Þess vegna er engum heimilt að snerta hann. Það er ekki nokkrum manni heimilt að stunda þar t.d. botnvörpuveiðar eða henda þar rusli. Þetta eru því miklu mikilvægari málefni en menn kannski í fljótum hasti hafa gert sér grein fyrir.

Þegar ég segi að það má enginn snerta þennan botn, hvorki koma upp með skel né stein, er það ekki lítils virði því að við vitum að á Reykjaneshrygg, t.d. á þessu 150 sjómílna belti utan 200 mílnanna, hafa verið stundaðar mjög miklar karfaveiðar. Stundum hafa skip þar skipt tugum. Við höfum ekki hreyft við þessu á neinn hátt og við höfum ekki nytjað þessa auðlegð þrátt fyrir kvótakerfi og fiskskort hér. Sama er raunar að segja um þau réttindi sem við eigum á Jan Mayen svæðinu til annarra fisktegunda en loðnunnar. Við höfum ekki sinnt því sem skyldi og heldur ekki rannsakað Hatton-Rockall svæðið nægilega, en upplýsingar liggja fyrir um að þar hefur a.m.k. á stundum verið gífurlegur afli, bæði þorskafli, ýsuafli o.s.frv. Þetta eru framtíðarmálefni.

Þá dettur mér það í hug að því miður höfum við alþm. ekki borið gæfu til þess að styrkja landhelgisgæslu nægilega. Hún hefur ekki haft fjármagn sem skyldi. Það ætti að vera eitt af forgangsverkefnum okkar hvað sem líður öllum niðurskurði og sparnaði að tryggja að landhelgisgæslan yrði efld en ekki látin grotna niður, ef ég má nota það orðalag, því að við eigum enn mikilla hagsmuna að gæta ekki bara innan 200 mílnanna heldur utan þeirra líka. Þetta tækifæri vil ég nota til að vekja á þessu athygli.

Það eru mörg fleiri hafréttarmál sem óleyst eru. Okkur hefur gengið erfiðlega að ná nægilega traustu sambandi við Grænlendinga. T.d. er enn óútkljáð hvort miðlína eigi að gilda á milli Jan Mayen og Grænlands eða hvort Grænlendingar eða Danir fyrir þeirra hönd fá fullnægt kröfu um að færa út í 200 mílur frá Grænlandsströndum. Þessi krafa hefur verið rökstudd með því að við Íslendingar höfum fengið fullar 200 mílur í átt að Jan Mayen, en það byggðist á allt öðru en venjulegum reglum hafréttarins. Það byggðist á sögulegum rökum og ekki síst á bréfi því sem Jón Þorláksson sendi árið 1927, þegar Norðmenn fyrst fóru að hugsa sér til hreyfings að byggja veðurathugunarstöð á Jan Mayen áskildi hann sér fyrir Íslands hönd allan sama rétt og borgurum hvers annars lands á þessari eyju. Hún var allt eins talin íslensk eins og norsk. Þess vegna var þetta málamiðlun. En miðlínuregla er aðalregla í tilfellum eins og þessum. Íslendingar styðja auðvitað að þarna verði almennar reglur því að við eigum gífurleg réttindi sameiginlega við Norðmenn á þessu svæði. Það eru slík mál sem þessar nágrannaþjóðir þurfa að leysa og umræður um þau eru auðvitað miklar, bæði í utanrrn. og í hv. utanrmn.

Svo eru það samskiptin við Færeyjar. Þegar samkomulag varð um að þeir fengju núna nokkuð auknar veiðar frá því sem áður var og það var einróma samþykkt í nefndinni var vakin athygli á því að þeir yrðu að forðast að spilla fyrir okkar hagsmunum vegna loðnuveiða á þessu svæði, sem ég var að ræða um, við Jan Mayen og hafa um það fullt samráð við okkur ef þeir væru að afla sér réttinda þar eða kaupa þau t.d. af Grænlendingum. Eins var vakin athygli á því að 66. gr. hafréttarsáttmálans, sem fjallar um laxveiðar, bannaði í rauninni Færeyingum allar laxveiðar í sjó. Þó að við höfum glapist til að fara í samtök sem byrjuðu á því að heimila þeim nokkrar veiðar verði að halda við þessa meginreglu sáttmálans. Færeyingar byrjuðu ekki að veiða lax í sjó fyrr en 1979 og juku þær síðan á árunum þar á eftir, en sú grein, sem ég vitnaði til, bannar allar slíkar veiðar nema þær séu hefðbundnar og það væri efnahagslegt áfall fyrir viðkomandi ríki ef þau yrðu svipt öllum slíkum veiðum. Engu slíku er til að dreifa að því er Færeyinga varðar þótt öðru máli varði um Grænlendinga sem stundað hafa þessar veiðar lengi.

Kaflinn um varnarliðið í skýrslunni sýnist mér vera með ágætum og þarf ég ekki að fara langt út í það mál. Það er ánægjuefni að það eru minni deilur nú en oftast áður um varnarliðið, um varnarliðsframkvæmdir og stöðu okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Það er eðlilegt. Menn hafa áttað sig á því að við eigum engra annarra kosta völ en að halda

okkar striki þar til þá að eitthvað rofar betur til í heimsmálunum en hingað til hefur orðið. En við gleðjumst auðvitað yfir þeim skrefum sem þar hafa náðst.

Ég vík aftur að Hatton-Rockall málinu og vil gjarnan greina frá því hér að þegar boð barst um það til hv. utanrmn. eða formanns hennar að hann og tveir aðrir úr nefndinni kæmu í boði breska þingsins til Bretlands, það var held ég í ágústmánuði í fyrra, var það samdóma álit nefndarmanna að því boði yrði ekki tekið á því stigi og ekki svarað því að þá stóð fyrir dyrum að ný utanrmn. yrði kosin þegar Alþingi kæmi saman, en þá var þetta boð ítrekað og ákveðið að þiggja það. Ég hef getið þess margsinnis við sendiherra Breta að ég færi auðvitað ekki til Bretlands og kannski enginn úr nefndinni nema það væri alveg ljóst að þar yrðu deilumál okkar út af Hatton-Rockall rædd bæði við háttsetta embættismenn og þingmenn og leitast við að ná einhvers konar samkomulagi þó það sé auðvitað ekki samninganefnd, það er utanrrn. sem annast þau mál, en að leitast við að ná einhverjum skilningi um sæmilega samstöðu þannig að ríkin gætu helgað sér þetta svæði. En gerist þetta allt saman er svo komið að Norður-Atlantshaf allt frá Noregs- og Skotlandsströndum og alla leið vestur til Kanada, en Kanadamenn eru einmitt að tryggja sér hafsbotnsréttindin, er orðið í eignarhaldi þessara nágrannaþjóða og hægt að friða meira og minna öll þessi gífurlegu hafsvæði, nytja þau, rækta þau og verja fyrir ágangi, vonandi. Það er því ekkert smámál sem hér er um að ræða.

Ég held að Bretar hljóti að gera sér grein fyrir því að þeir geta ekkert annað gert en sest að samningaborði. Þannig segir t.d. merkur breskur fræðimaður í mikilli grein, sem rituð var árið 1986, í niðurlagsorðum að það sé eðlilegt að þjóðirnar sem um þetta deila leiti einhverra sáttaumræðna eða þá að þær ákveði sameiginlega að vísa málinu til gerðardóms, alþjóðadóms, sáttanefndar o.s.frv.

Þegar árið 1978 benti prófessor E.D.Brown við Wales-háskóla á það í mjög merkri grein að mjög vafasamt væri að Bretar og Írar ættu nokkur réttindi á Hatton-svæðinu og The Times í London, stórblaðið, vék að þessu í grein fyrir 2–3 árum. Niðurlagsorðin voru á þann veg að svo gæti farið í dómsmáli að kröfugerð Breta væri 200 milljón árum á eftir tímanum, two hundred million years out of date. Þannig er auðvitað ljóst að þessar þjóðir verða að setjast niður og leitast við að ná samkomulagi.

Þá er ég kominn að lokakafla í þessari ræðu minni, en það er Evrópubandalagið, og langar mig að fara um það nokkrum orðum því að það er nú víst að komast í brennidepil umræðan um það hér. Við hefðum kannski fyrr mátt ræða málið nánar. Við höfum að vísu gert það mjög oft í hv. utanrmn. Utanrrh. núv. og forverar hans hafa auðvitað tekið þátt í umræðum um það mál, en utanrrh. mætir ætíð á fundum nefndarinnar. Ég held að ég megi segja að fundir nefndarinnar á síðustu árum hafi verið miklu oftar en áður var og samband milli nefndarinnar og hæstv. ráðherra hafi verið miklu meira og betra. Ég get ekki annað en glaðst yfir samstarfi við þá alla, núv. hæstv. utanrrh. og þá sem sátu á síðasta kjörtímabili í því virðulega sæti. Þar hefur engan skugga borið á.

En það var sem sagt rétt, sem hæstv. samgrh. greindi frá í umræðunum í gær, að þegar de Clercq, sem er nokkurs konar utanríkisráðherra Evrópubandalagsins, var hér á ferðalagi og á fundum sumarið 1986 orðaði hann það við mig hvort hugsanlegt væri að utanrmn. vildi koma í boði bandalagsins til viðræðna til að skiptast þar á skoðunum. Það var reyndar úti í guðsgrænni náttúrunni sem þetta var fyrst orðað en endurtekið síðan í ræðu í kvöldverðarboði. Ég tók því kannski sem kurteisi fyrst og fremst en ekki að það væri alvara, en því var síðan fylgt eftir með formlegum hætti af hálfu utanríkisþjónustu. Niðurstaðan varð sú að nefndin ákvað að rétt væri að þiggja þetta boð. Ætla ég þá aðeins að víkja að því hvernig mál æxluðust þar.

Þetta var viku boð og við vorum á stanslausum fundum frá kl. 9 á morgnana og langt fram eftir kvöldi því það fylgdu hádegisverðarboð og kvöldverðarboð og þar var umræðum auðvitað haldið áfram. Þetta voru því ekki bara formlegir fundir heldur margháttaðar viðræður. Það er skemmst frá að segja að við sem vorum þarna frá öllum stjórnmálaflokkum vorum algerlega samstiga í einu og öllu. Ég held að það hafi vakið athygli viðmælenda okkar, sem voru æðimargir, að við skyldum mæta frá öllum stjórnmálaflokkum Íslands og vera sammála í einu og öllu því að öll tókum við meiri og minni þátt í þessum umræðum sem stundum voru mjög formlegar eins og t.d. fyrsta morguninn þegar við vorum á viðræðufundi með þingmannanefnd þeirri frá Evrópuþinginu sem fer með málefni Norðurlanda. Þá var fundur í fundaherbergi álíka stóru og þessum sal og með fullt af túlkendum og þýðendum o.s.frv.

Ég nefni þennan fund sérstaklega vegna þess að þar bar það við að þegar fundurinn var nýbyrjaður, og hann átti að vera til þess að ræða okkar málefni og óskir og við áttum að kynnast bandalaginu, voru þeir komnir þar í háarifrildi út af því hvort Evrópubandalagið og Evrópuþingið að einhverju leyti skyldu verða beinir þátttakendur í vörnum, þ.e. hvort Evrópubandalagið ætti að þróast yfir í það að verða líka einhvers konar varnar- eða hernaðarbandalag. Þegar þetta þóf hafði staðið nokkra tíð og hörkurifrildi á milli ónafngreindra fulltrúa þjóða, það voru ekki bara Skandinavar þarna, þetta var nefnd Evrópuþingsins sem átti sérstaklega að athuga viðskipti við Norðurlöndin, þá sá ég mig knúinn til að biðja menn að vera ekki að ræða þetta að okkur viðstöddum, við værum ekki hingað komnir til þess að taka þátt í deilum um hvort Evrópubandalagið ætti að verða hernaðarbandalag eða eingöngu efnahagsbandalag, en við gleddumst auðvitað yfir því ef það styrktist og efldist á efnahagssviðinu og við

værum hér til þess að kynnast þeirri hlið málanna og reyna að kynna okkar sjónarmið. Það var þá beðist afsökunar á því að þetta skyldi hafa blandast inn í umræðuna og allt fór á hinn besta veg. Þetta sýnir hve hættulegt er að við förum að skipta okkur af þeirri kannski heitustu deilu í Evrópubandalaginu hvort það eigi jafnframt að vera hernaðarbandalag eða ekki. Það held ég að við eigum að forðast eins og heitan eldinn að nefna einu orði. Það er alveg vísasti vegurinn til þess að á okkur verður ekki hlustað ef við ætlum að fara að skipta okkur af þeirri hlið innbyrðis mála í Evrópubandalaginu.

Raunar er þá komið að þungamiðju málsins. Ég held að það sé alrangt að nokkrar raddir heyrist héðan frá Íslandi um að við séum að sækjast eftir inngöngu í Efnahagsbandalagið. Engin rödd hefur heyrst um það t.d. í utanrmn. þar sem þetta er margrætt. Ég held að þar séu allir sammála um að það komi alls ekki til greina að við förum að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið. Og hvers vegna? Ekki bara vegna þess að við getum ekki leyft neinar fiskveiðar í okkar landhelgi og getum heldur ekki leyft ótakmarkaða fólksflutninga o.s.frv. Það er ekki það eina. Hitt er kannski meira atriði, að ef við segðum að við værum á leið inn í bandalagið væru þeir auðvitað ekki til viðræðna um neina nýja samninga við okkur. Þeir segðu bara: Gerið þið svo vel. — Það er mitt mat. Þó að þeir leggi megináherslu á núna að styrkja sitt innra skipulag held ég að þeir mundu geta ósköp vel sagt bara: Gerið þið svo vel, og kannski gefið okkur allar mögulegar undantekningar í fyrsta umgangi. En ég er hræddur um að það mundi breytast þegar fram í sækti.

En ég hef fulla ástæðu til, og get rökstutt það, að segja hér og hvar sem er að ég er sannfærður um það eftir þessa dvöl þarna úti að við eigum þar að mæta mjög miklum velvilja og við þurfum engu því að fórna til að ná hagstæðum samningum við Evrópubandalagið sem menn nú óttast og eru að hafa á orði.

Þetta kom fram í ræðum margra þar. Það sem við lögðum megináherslu á var að við værum Evrópuþjóð, hefðum verið það og vildum vera það. Til Evrópu hefðum við sótt okkar menningu og okkar vistir og flutt út okkar varning um aldirnar. Það fór ekkert á milli mála að allir viðmælendur okkar vildu að við yrðum áfram Evrópuþjóð og þeir vildu ganga langt í samningum við okkur. Þar á meðal var raunar Gallagher sá sem hingað hefur oft komið og þótt harður í horn að taka í sambandi við einhvers konar réttindi til fiskveiða. Mér fundust hans kröfur ekki vera mjög miklar. Við áttum fund við hann og rifumst dálítið við hann náttúrlega, en hann sagði undir lokin að auðvitað yrði hann að túlka stefnu bandalagsins en þar með væri ekki sagt að það væru gerðar allar sömu kröfur til okkar. Og hann margundirstrikaði það, sem að við vissum fyrir fram, að í viðræðum áður hafði ekki farið fram neitt annað en það sem þeir kalla „dialogue“, þ.e. bara umræður, viðtöl, að skiptast á skoðunum. Annað hafði ekki gerst og kem ég nánar að því á eftir.

Hér í gær var af mörgum ræðumanna fjallað mjög ítarlega um Evrópubandalagið og Evrópuþingið og ekki síst í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sem ég gat tekið undir held ég í einu og öllu, nema eitt. Það var orð sem hann notaði æðioft og það var hagstjórnartæki. Það orð fer gífurlega í taugarnar á mér. Ég held að öll þessi tæki til hagstjórnar hafi reynst okkur þannig þessi síðustu 15–20 ár að við ættum að hafa þau sem fæst. Það er kannski eina frjálshyggjan — sem þó er vitlaust orð. Frjálshyggja þýðir trúleysi og ekkert annað í íslenskum orðabókum og á ég þær held ég allar.

Ég vil segja um það að í peningamálum er óheimil stjórnun eins og t.d. við þurfum að búa við hér. Ég held að við ættum að leggja þessi tæki á hilluna mörg hver sem hefur verið beitt bæði hér og annars staðar. En auðvitað ráðum við því í samningum við Evrópubandalagið, ef við ekki förum að álpast til að sækja um inngöngu þar, hvaða fjármagnsflutningar verða milli þess og okkar. En hitt er annað mál að peningar í gömlu merkingunni eru nú að hverfa úr umferð. Þetta er allt meira og minna komið í tölvur og telexa o.s.frv. og enginn veit hver skuldar öðrum. Þegar er verið að segja að Íslendingar skuldi mikið eða Bandaríkjamenn séu stórskuldugir: Hvaða eignir eiga þeir annars staðar á móti o.s.frv.? Einhvern tíma var sagt að ef lagðar væru saman allar skuldir allra þjóða heims og hins vegar allar eignir væru skuldirnar miklu meiri en eignirnar. Þetta er kannski brandari en öll þessi umræða er þannig að við höfum ekki haft mikið gagn af þessum tækjum hvort sem það eru hamrar eða einhver önnur tæki, skrúfstykki o.s.frv. Þetta var útúrdúr.

Þá langar mig að greina frá því að undir lokin hittum við sjálfan de Clercq, sem bauð okkur, og hann flutti yfir okkur ræðu og gaf sér litla stund til að ræða við okkur og raunar hafði einn af hans nánustu samstarfsmönnum, de Lainge, verið með okkur meira og minna og við haft mjög góð tækifæri til að ræða við hann bæði á fundum og utan funda og skýra okkar sjónarmið. Hann flutti ávarp sem mér þótti mjög vinsamlegt í okkar garð, en þó var það svo að í því var a.m.k. ein eða tvær málsgreinar sem ekki féllu mér í geð eða okkur neinum held ég. Það gerðist síðan morguninn eftir, og það var í eina skiptið sem það gerðist, að ræða hans, sem heitir Speaking note og ég er með hér í höndum, frágengið eintak af því, var lagt á okkar borð okkar og var þar um morguninn þegar við komum og þá hafði myndast eyða þar sem féll niður það sem ég held að hafi ekki fallið okkur í geð, en síðan er bætt við skriflegri síðu sem var ekki í upphaflega ávarpinu. Mig langar til að lesa upp í lauslegri þýðingu það sem þar segir og sýnir þann velvilja, að ég vil meta svo, sem nægir okkur til að geta haft mjög vinsamlegt samband við bandalagið og ná þeim samningum sem okkur hentar. Við höfum raunar æðigóða samninga nú þegar eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. í gær. Þessa skriflegu viðbót verður að líta á að sé hinn

endanlegi texti og er ekki merkt sem neitt trúnaðarmál, en í mjög lauslegri þýðingu hljóðar þessi handskrift á þennan veg:

„Í vaxandi fjölbreytni og samkeppni er lífsnauðsyn að við Evrópubúar tökum höndum saman til að viðhalda og auka velmegun þjóðanna. Rödd Vestur-Evrópu á að vera gildandi í heimsmálum. Þetta verður því aðeins unnt að við treystum samstöðuna. Ekkert framlag, sem einstök ríki geta boðið, á að vanmeta. Þetta á einnig við um land ykkar sem er kannski lítið ef miðað er við mannfjölda en er mjög þýðingarmikið vegna legu þess og auðlinda. Í ferð minni til lands ykkar hafði ég tækifæri til að sannfæra mig um evrópsk viðhorf ráðamanna og fólksins. Ykkur finnst augljóslega að þið tilheyrið okkur. Á sama hátt hef ég getað metið jákvæð viðhorf yfirvalda ykkar í samstarfi við EB og EFTA. Loks hef ég á sama hátt skilið að Íslendingar eru opnir fyrir tvíhliða jákvæðum viðræðum, dialogue, við bandalagið. Við fögnum þessari framvindu."

Þetta er innskotið og síðan eru lokaorð þessarar ræðu á þennan veg, með leyfi forseta, í lauslegri þýðingu:

„Við aftur á móti viljum skoða sérstaka hagsmuni ykkar lands. Stundum muldrið þið" — „grumble" er það á enskunni — „dálítið yfir fiskveiðistefnu EB. En lítið á viðskiptaskýrslurnar. Þið getið ekki með sanngirni rökstutt það sjónarmið að við opnum ekki markað okkar fyrir þessum lífsnauðsynlega útflutningi ykkar lands. Í Reykjavík samþykktum við að opna umræðu aftur [eða dialogue] til að leysa vandamál sem fyrir hendi eru á þann hátt sem báðir aðilar geta sætt sig við. Við erum enn þeirrar skoðunar að þetta sé sú leið sem fara á. Milli félaga eins og við erum getur slík umræða, þar sem hvor aðili um sig getur sett fram skoðanir á sérstökum vandamálum sínum, aðeins orðið jákvæð. Leyf mér að draga saman.

Bandalagið hefur orðið mikilvægur vettvangur evrópskrar sameiningar. Samhliða vill bandalagið í samræmi við venjur sínar færa út samstarfið við félagana í Vestur-Evrópu. Það mun þá skapa margbrotin vandamál á báðar hliðar. Í þessu átaki þarfnast ríkisstjórnir stuðnings þjóða sinna þar sem raddirnar heyrast á þjóðþingum og berast til Evrópuþingsins. Það er verkefni fram undan að því er þetta varðar. Ég er sannfærður um að Alþingi mun sinna jákvæðu hlutverki sínu. Til að það takist þurfum við að hafa samband reglulega. Ég vona innilega að í kjölfar þessarar fyrstu heimsóknar muni fylgja fleiri."

Þetta voru orð de Clercq.

Ég vil geta þess að önnur aðalröksemd okkar í öllum viðræðum, öllum ræðum sem þar voru fluttar og einkaviðræðum, var sú að við Íslendingar hefðum bæði sögulegan og lagalegan rétt til sérstöðu að því er fiskveiðar varðaði í okkar landhelgi. En svo er mál með vexti að þegar á annarri hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Genf 1960, kom fram sú skoðun að þjóðir sem mjög væru háðar fiskveiðum ættu að hafa sérstök réttindi. Allar götur síðan 1960 höfðu Íslendingar haldið þessu fram og flutt um þetta tillögu og sú tillaga hefur fengið verulegan stuðning. Að vísu var hún felld með naunum meiri hluta, ef ég man rétt 1960, en síðan alltaf haldið áfram, en það að hún var felld þá varð til þess að við greiddum atkvæði á móti skertum 12 mílum, með tíu ára sérréttindum. Hún féll á einu atkvæði. Ef við hefðum verið með og tillaga okkar hefði verið samþykkt og við hefðum greitt atkvæði með 12 mílunum þess vegna, sem voru 6 og 6, þ.e. á ytra belti áttu að vera hefðbundin réttindi í tíu ár, væri hugsanlegt að 12 mílurnar hefðu orðið að alþjóðalögum og væru það kannski enn. Svona geta örlögin verið. En það sem ég hygg að allir alþm., þegar þeir hitta erlenda menn og sérstaklega þá sem eru áhrifamenn í Evrópubandalaginu, eigi að hamra á er að við eigum þarna sögulegan rétt allt frá 1960. En ekki bara það. Í uppkasti hafréttarsáttmálans frá upphafi, gegnum alla fundina, sem voru víst 20 og eitthvað, hefur þetta ákvæði, sem heitir íslenska ákvæðið í munni allra þeirra sem á réttarráðstefnunni voru, staðið óskert og enginn reynt að hnika við því. Það er 71. gr. hafréttarsáttmálans, sem er undantekning frá gildi 69. og 70. gr., sem eru greinar sem heimila öðrum ríkjum en strandríkinu sjálfu, því sem efnahagslögsöguna á, ákveðnar veiðar innan þess efnahagslögsögu, en að vísu með ákveðnum takmörkunum. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði 69. og 70. gr. gilda ekki gagnvart strandríki ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðlinda í sérefnahagslögsögu þess."

Þetta heitir og hét á hafréttarráðstefnunni alla tíð íslenska ákvæðið og allir vissu hvaða land var átt við. Þessu eigum við auðvitað að halda fram. Það má segja að eftir þrengsta skilningi laga megi vefengja að þetta gildi nú þó að þetta hafi verið sett inn á sínum tíma, fyrst 1960 og síðan aftur strax í upphafi hafréttarráðstefnu. En hitt er alveg ljóst, og það viðurkenndu a.m.k. sumir viðmælendur okkar, að ef það væri rétt, sem þeir segðu, að þeir vildu að Ísland gæti notið réttinda í bandalaginu og yrði áfram Evrópuþjóð en yrði ekki hrakið í vesturveg, gætu þeir a.m.k. notað þessi rök gagnvart þeim sem kynnu að gagnrýna þá fyrir að láta okkur njóta þeirra sérréttinda að engar fiskveiðakröfur yrðu gerðar á okkar hendur. Þeir viðurkenndu að auðvitað væru þetta rök. Þess vegna get ég þessa hér að allir hér inni, sem hafa meira og minna einhver samskipti við erlenda menn, bein og óbein, noti þessi rök, þessi sérréttindi okkar sem allar þjóðir heims, allar þjóðir á hafréttarráðstefnunni nema þær sex sem greiddu atkvæði á móti samþykktu og enginn gerði tilraun til að hrófla við þó að allir vissu við hvaða land væri átt.

Í framhaldi af þessu, og skal ég nú ljúka máli mínu, herra forseti, fagna ég þeim kafla sem fjallar um Evrópubandalagið í skýrslu hæstv. utanrrh. og

einkum og sér í lagi umræðunum sem hann átti einmitt við de Clercq og reyndar líka um samskipti EFTA og Efnahagsbandalagsins. Ég veit að hæstv. ráðherra beitti sömu rökum og við gerðum og ég efa ekki að heimsókn hans til Evrópubandalagsins muni bera árangur og hafi verið til mikils gagns.

En niðurstaðan er þessi: Auðvitað störfum við áfram innan EFTA og reynum að koma málum þar fram, og þá fyrst og fremst fríverslun með fiskafurðir, og erum að vinna að því. En við höldum líka áfram beinum viðræðum við Evrópubandalagið og notum öll tækifæri til að túlka okkar málstað. Nú hefur það gerst fyrir nokkrum dögum að sú nefnd sem ég vitnaði til áðan, þ.e. nefndin sem hefur með að gera sérstaklega Norðurlöndin, mun koma til Íslands á næsta sumri. Það kom til greina að henni yrði boðið strax í fyrra. Ég taldi það allt of mikið óðagot og við þyrftum ekki að láta líta svo út að við værum alveg í öngum okkar út af því sem væri að gerast. Þvert á móti lögðum við áherslu á að við fögnuðum því mjög ef Evrópa gæti sameinast í sterka efnahagsheild. En auðvitað ber að endurgjalda boð til okkar og svo vel vill til að ég hygg að það muni vera ákveðið að þessi þingmannanefnd komi hingað í sumar. Ég veit að utanrrn. og starfsmenn þess halda stöðugu sambandi við bandalagið, afla þar upplýsinga og kynna okkar sjónarmið. Það er eitt af meginverkefnum þings og þjóðar á næstunni að tryggja þessi réttindi, að við losnum ekki úr tengslum við okkar nánustu viðskiptavini og nágrannaþjóðir heldur höldum þannig á málum að við getum með fullri reisn haldið öllum þeim réttindum sem við höfum hingað til talið helgust. Um það erum við öll sammála.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í gær gerði hv. þm. Guðrún Helgadóttir grein fyrir okkar almennu athugasemdum við þá skýrslu sem hér er til umræðu, skýrslu hæstv. utanrrh., svo og meginstefnu flokks okkar í utanríkismálum. Í minni ræðu mun ég staðnæmast frekar við einstök atriði skýrslunnar og fara lauslega yfir þau. Það væri ástæða til að eyða dálitlum tíma í þessar umræður vegna þess að frá okkar sjónarmiði séð höfum við eitt og annað við mál að athuga. Okkar afstaða hefur verið í grundvallaratriðum ólík afstöðu annarra flokka í þinginu og þess vegna eðlilegt að við þurfum kannski ítarlegri og lengri tíma en aðrir til að gera grein fyrir okkar stöðu í þessum málum. Ég mun þó reyna að þreyta ekki þolinmæði þingheims verulega.

Ég nota þetta tækifæri til að taka undir þær þakkir sem komið hafa fram til hæstv. utanrrh. fyrir að leggja skýrsluna fram svona snemma, til hæstv. forseta Sþ. fyrir að stuðla að því að umræða um skýrsluna getur þó tekið tvo daga, sem er betra en verið hefur, og sömuleiðis tel ég ástæðu til að þakka hv. formanni utanrmn. fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan. Sömuleiðis er ég þess fullviss, þó ég hafi ekki verið í utanrmn. um nokkurt skeið þekki ég það af reynslu félaga minna af samstarfinu í utanrmn., að þar hefur hv. formaður nefndarinnar reynt eftir megni að halda þannig á málum að sæmileg sátt gæti tekist um einstök úrlausnarefni, stundum hin flóknustu mál, eins og t.d. samþykktina vorið 1985. Þó svo að dálítil túlkunardeila sé uppi í þeim efnum og verði sjálfsagt er það engu að síður mikilvægur áfangi fyrir okkar utanríkisstefnu og hún er bersýnilega einn hornsteinninn undir utanríkisstefnu Íslendinga eftir að hún var gerð, eins og fram kemur í rökstuðningi hæstv. utanrrh. fyrir því á hverju hann hefur byggt sínar ákvarðanir í utanríkismálum.

Ég vil aðeins víkja að ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og segja að það sem mér finnst aðalatriðið í sambandi við Evrópubandalagið er að auðvitað er samstaða um það hér að við getum ekki orðið aðilar að Evrópubandalaginu á grundvelli óbreyttra stofnsamþykkta Evrópubandalagsins. Það er alveg ljóst. Um það er alger samstaða. Fyrir því eru margvísleg rök sem hér hafa verið rakin og engin ástæða er til að endurtaka, en auk þess er það hárrétt hjá hv. 8. þm. Reykv. Eyjólfi Konráð Jónssyni að við værum að setja okkur í vonlausa samningsstöðu ef menn ætluðu sér að fara fram í þessu máli með einhverju óðagoti.

Hitt er svo annað mál og umhugsunarefni í sambandi við Evrópubandalagið og Vestur-Evrópu og stöðu hennar að það eru að gerast ný tíðindi, stórkostlega ný tíðindi í alþjóðamálum þar sem samskipti stórveldanna hafa breyst í grundvallaratriðum. Þau eiga núna býsna margt sameiginlegt. Það sem þau eiga sameiginlegt getur farið vaxandi á komandi árum að því er varðar vígbúnaðareftirlit og sérstaklega eftirlit með kjarnorkuvopnum. Þau munu bæði hafa af því hagsmuni að tryggja að þeir samningar sem þau hafa gert og þau kunna að gera verði haldnir. Þau munu m.a. líka hafa af því sameiginlega hagsmuni að koma í veg fyrir að önnur ríki vaxi þeim þrátt fyrir þessa samninga yfir höfuð að því er varðar kjarnorkuvígbúnað. Þannig er augljóst mál að Vestur-Evrópa þarf að skoða sína stöðu andspænis báðum stórveldunum samanlagt, liggur mér við að segja, eins og staðan er núna. Þess vegna er út af fyrir sig eðlilegt að menn ræði mikið um stöðu Vestur-Evrópu í ljósi þessara nýja viðhorfa og þessarar nýju stöðu stórveldanna.

Ég vil þá fyrst, virðulegi forseti, víkja að svörum hæstv. utanrrh. frá í gærkvöld. Ég vil segja að þau orðaskipti sem fóru fram á milli hans og hæstv. samgrh. eru sennilega alveg einstæð í okkar umræðusögu utanríkismála. Það sem er þó athyglisverðast fyrir okkur sem erum utan þessa safnaðar sem stendur að stjórninni að nafninu til er að hæstv. samgrh. skuli koma hér, í þinginu, og að því er virðist utanrrh. að óvörum, og gera mjög harkalegar athugasemdir við afgreiðslur á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þetta er þeim mun undarlegra þegar það virðist vera viðurkennd vinnuregla í ríkisstjórninni að ræða þar ekki um utanríkismál eða, eins og segir í Morgunblaðinu 23. febr., með leyfi forseta, í viðtali

við hæstv. forsrh. Þorstein Pálsson:

„Þorsteinn Pálsson forsrh. sagði að þetta mál hefði ekki verið rætt í ríkisstjórninni [Það er þetta upphlaup hæstv. fjmrh. sem ég ætla aðeins að koma að á eftir.] og raunar hefðu utanríkismál ekkert verið rædd milli stjórnarflokkanna síðan línan var lögð í stjórnarsáttmálanum."

Auðvitað er það þannig samkvæmt íslenskum lögum að utanrrh. fer með þessi mál. Hann hefur þetta vald sem stjórnvald utanríkismála, sem ríkisstjórn Íslands í utanríkismálum þangað til hann yrði sviptur því þá með samþykkt Alþingis. En hann hefur þetta vald þangað til. Og málið er ekki rætt í ríkisstjórninni! Ég er satt að segja svo oft hissa á þessari ríkisstjórn að í þeim efnum kemst ég örugglega a.m.k. í hálfkvisti við hæstv. utanrrh. í því að verða undrandi á því sem frá ríkisstjórninni kemur og málsmeðferð hennar yfirleitt í öllum málum. En þarna liggur fyrir að forsrh. segir: Það er vinnuregla að ræða ekki utanríkismál í ríkisstjórninni. (**AG:** Þakkaðu fyrir.) Ja, ég veit ekki hvað ég á að þakka fyrir, hv. þm., í þessum efnum. Ég þakka alla vega ekki fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar yfirleitt. En það er vinnuregla í þessari stjórn að ræða ekki um utanríkismál. Svo kemur hæstv. samgrh., fyrrv. hæstv. utanrrh., og flytur hérna dómadagsprédikun með skammarræðu yfir hæstv. núv. utanrrh. Ja, þetta er sérkennilegt, virðulegi forseti. Þetta er óvenjulegt a.m.k. að ekki sé meira sagt.

Ég vil síðan víkja að einstökum atriðum í ræðu hæstv. utanrrh., seinni ræðunni í gærkvöld. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá honum um að hann mundi, að svo miklu leyti sem Ísland hefði afl til, beita sér gegn því að stórveldin reyni að bæta sér upp missi eldflauga og kjarnorkubúnaðar í öðrum vígbúnaði. Það er mjög mikilvægt að þessi yfirlýsing liggi fyrir varðandi afstöðu Íslands í utanríkismálum.

Ég tel einnig mjög mikilvægt fyrir þingheim að taka eftir því að hæstv. ráðherra fullyrti eftir spurningu frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þrátt fyrir aðildina að NPG-hópnum eða Nuclear Planning Group, væri Ísland óábyrgt varðandi ákvarðanir um staðsetningu kjarnorkuvopna. Þetta er í rauninni mjög sérkennilegt verð ég að segja. Ég sé ekki betur en þó að þetta sé ráðgjafarnefnd sé Ísland með aðildinni að ráðgjöfinni að taka á sig verulega ábyrgð þannig að ég er ekki viss um að það sé hægt að draga jafnskarpa línu milli ráðgjafar og stefnu og hæstv. utanrrh. gerði í gærkvöld.

Ég vil einnig fagna afdráttarlausri yfirlýsingu ráðherrans í sambandi við radarstöðvarnar, OTH-radarstöðina, þar sem ég skildi hann þannig að það kæmi ekki til greina að hans mati að leyfa hér uppsetningu OTH-radarstöðvar. Það er mjög mikilvægt atriði vegna þess að þessar stöðvar eru bersýnilega hluti af árásarkerfi. Það getur ekkert annað verið þar á dagskrá.

Ég tók einnig mjög glöggt eftir því að hæstv. ráðherra sagði: Varaherflugvöllur kemur ekki til greina. Nú hef ég frétt af því að það sé til einhver skýrsla um þennan varaherflugvöll. Var ekki fyrrv. hæstv. utanrrh. eitthvað að bauka með þennan varaherflugvöll? Fróðlegt væri að vita hvort þessi skýrsla er til einhvers staðar. Hefur Flugmálastjórn samið einhverja skýrslu um þetta mál eða flugmálastjóri látið semja? Þetta er mál sem ég held að væri gott að fá nánari fregnir af, ef ekki við þessa umræðu þá sem fyrst.

Hæstv. utanrrh. lagði á það áherslu að afstaða hans varðandi einstakar tillögur á 42. allsherjarþinginu hefðu verið í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og hann sagðist reiðubúinn að láta fara fram hér atkvæðagreiðslu um afstöðu sína varðandi tillögu Mexíkó og Svíþjóðar um frystingu. (**Utanrrh.:** Í samræmi við stefnu Alþingis.) Í samræmi við stefnu Alþingis, já. Ég held út af fyrir sig að það sé engin ástæða til að neita utanrrh. um að þessi atkvæðagreiðsla fari fram, hjálpa til við að það verði kannað hver er hugur þingsins í þessu efni. Þegar upp koma svo alvarlegar athugasemdir frá stjórnarflokki forsrh., eins og Sjálfstfl., stærsta flokknum hér í þinginu, er eðlilegt að utanrrh. beinlínis óski eftir því að Alþingi segi hvaða skoðun þingið hefur á þessu máli. Ég tel að það sé fyllilega eðlileg hugmynd og í raun og veru óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að vilji þingsins verði kannaður. (**AG:** Er það ekki skoðað sem traustsyfirlýsing?) Það er hætt við því að hæstv. samgrh. mundi t.d. líta þannig á. En þá er orðið vandlifað örugglega í ríkisstjórninni ef ráðherrarnir geta ekki greitt atkvæði með traustsyfirlýsingum hver á annan. En þá kemur það bara í ljós. Varla birtist niðurstaðan þannig að hæstv. samgrh. flytji tillögu um vantraust á utanrrh., en það væri líka nýlunda og svo sem eftir öðru í ríkisstjórninni og yrði kannski enginn hissa eða hvað.

Það sem mér fannst líka athyglisvert þegar hæstv. utanrrh. var að skýra frá þessum tillögum, sem hann breytti afstöðu til á þingi Sameinuðu þjóðanna, var það að hann spurði: Hvað réði afstöðu Íslands? Ég fékk lítið af svörum, sagði hann. En þá spyr ég: Af hverju var ekki hægt að spyrja fyrrv. hæstv. utanrrh. um það af hverju hann tók þessa afstöðu? Sitja þeir ekki svo að segja hlið við hlið á fundum tvisvar í viku í ríkisstjórninni hérna í „hvíta húsinu" við Lækjargötu eða hvað? Hvaða ofboðslegir sambandsörðugleikar eru þetta þarna á milli ráðherra í ríkisstjórninni? Auðvitað átti hæstv. fyrrv. utanrrh. að geta svarað því hvaða rök lágu á bak við hans afstöðu.

Þegar ég var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust, einmitt þá daga sem greidd voru atkvæði um þessar tillögur í fyrstu nefnd allsherjarþingsins, þóttist ég finna út af hverju það var sem ýmis NATO-ríki voru mjög gagnrýnin á afstöðu Íslands til þessara tillagna. Rökin voru ekki efni tillagnanna. Það kom mjög skýrt fram í viðræðum sem ég átti við t.d. fulltrúa Noregs og Vestur-Þýskalands á allsherjarþinginu sem ég hitti fyrir tilviljun á göngu. Það voru ekki tillögurnar sem slíkar og efni þeirra. Hvað var það þá? Það voru

flutningsaðilarnir. Það var af því að tillögurnar voru fluttar: ein af Úkraínu og Tékkóslóvakíu, önnur af Þýska alþýðulýðveldinu, Kúbu, Rúmeníu og Tékkóslóvakíu. Það var af því að flutningsaðilarnir voru þessir. Þá mátti ekki styðja þær. Það sem í rauninni er verið að segja við hæstv. utanrrh. er að hann eigi með atkvæði Íslands á allsherjarþinginu að taka þátt í þessum blokkaleik burt séð frá innihaldi þeirra tillagna sem liggja fyrir. Þegar hæstv. samgrh. er að gagnrýna áróðurstillögur á allsherjarþinginu, sem er mjög margt til í, er hann í hinu orðinu í rauninni að segja að Ísland eigi að taka þátt í áróðursleiknum með því að hlaupa eftir því hverjir flytja tillögurnar á allsherjarþinginu en ekki hvað er í þeim.

Ég tók vel eftir því sem kom fram síðan í ræðu ráðherrans í gærkvöld varðandi viðskiptabann á Suður-Afríku. Þar kom fram að hann hafði gert tillögu um það í ríkisstjórninni að það yrði sett viðskiptabann á Suður-Afríku. Það kom jafnframt fram að það væri ágreiningur um það innan ríkisstjórnarinnar. Það fer að verða vandséð um hvað er eiginlega þessi stjórn og um hvað er samstaða í henni. Það er hvert málið á fætur öðru þar sem kemur fram að það er ágreiningur.

Ég tel að það sé út af fyrir sig mjög eðlilegt og við höfum flutt um það till., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að sett verði viðskiptabann á Suður-Afríku. En það er mjög athyglisvert að þetta mál skuli svo lokast inni í ríkisstjórninni og nauðsynlegt og æskilegt að það fái meðferð hér við umræðu um skýrslu utanrrh. En ég hygg að það sé mjög sjaldgæft í Vestur-Evrópu að innan ríkisstjórna séu ágreiningsmál jafnmörg og þýðingarmikil að því er varðar framkvæmd utanríkismála og nú er um að ræða, m.a. um Suður-Afríku. Er það neikvætt að uppi séu skiptar skoðanir í ríkisstjórn? Um það héldu þeir formenn Sjálfstfl. hér fyrrum langar ræður. Geir Hallgrímsson, fyrrv. formaður Sjálfstfl., og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson fluttu um það langar ræður hér áður hvað það væri óskaplegt að innan ríkisstjórnar væru mismunandi áherslur í utanríkismálum. Hvað það væri ofboðslegt fyrir ásýnd Íslands, veikti traust þess og stöðu á alþjóðavettvangi og Morgunblaðið skrifaði síðu upp og síðu niður um þessi ósköp. Nú liggur málið þannig að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann. Sjálfstfl. leiðir stjórn þar sem bersýnilega er um að ræða viðleitni til þess að taka tillit til nýrra aðstæðna í utanríkismálum og þar af leiðandi ágreiningur af því að forusta Sjálfstfl. er í þessum málum, eða hluti hennar, nátttröllið í íslenskri utanríkismálaumræðu þó að þíðunnar gæti oft, jafnvel eins og í *málflutningi hv. 8. þm.* Reykv. Ég verð að hryggja hann með því að ég verð að hæla honum í þessu sambandi. Ég veit að það spyrst ekki vel í prófkjörsstríðinu sem alltaf er hjá íhaldinu og hv. þm. Sverrir Hermannsson var að tala um í fyrradag í öðru samhengi.

Varðandi herstöðvarmálið, sem ég ætla að koma hér að aðeins seinna í ræðu minni, sagði hæstv. utanrrh.: Það á ekki að segja upp herstöðvarsamningnum eins og staðan er núna. Ég tel reyndar alveg þvert á móti að staðan sé þannig núna að það eigi einmitt að fara að undirbúa uppsögn herstöðvar*samningsins og koma hernum úr landinu.* Það væri í samræmi við þær aðstæður sem nú eru uppi í alþjóðamálum, bestu samræmi við þá þróun sem þar er uppi. Ég er þess vegna fullkomlega ósammála hæstv. utanrrh. um þessa afstöðu eins og ég mun koma hér að síðar.

Ég ætla síðan að víkja að einstökum atriðum sem fram komu hér í umræðunni í gær varðandi skýrsluna. Hæstv. utanrrh. talaði í tvo tíma í gær og allt í lagi með það. Þetta er mikið mál og menn þurfa að tala ítarlega um það. En fyrir nokkrum sólarhringum voru fjölmiðlarnir stútfullir af því að einn ráðherra ríkisstjórnarinnar hefði gefið meiri háttar pólitískar yfirlýsingar á alþjóðafundi hjá krötum á Norðurlöndum. Það var hæstv. fjmrh. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel athyglisvert að hæstv. utanrrh. gat haldið hér tveggja tíma ræðu án þess að *nefna hæstv. fjmrh.* Það er eðlilegt að hann skyldi sleppa því, en það er athyglisvert. Og það er bersýnilegt að menn gera ekki mikið með það sem hæstv. fjmrh. sagði í þessari makalausu ræðu. Ég tel að það sé hins vegar alveg óhjákvæmilegt að þessi ræða sé rædd hér aðeins vegna þess að þetta er þó enn einn úr þessari ríkisstjórn. Ég tel óhjákvæmilegt að það sé aðeins rætt.

Ég vil í fyrsta lagi mótmæla tóninum í þessari ræðu, að ef Norðmenn fari þarna inn missum við Íslendingar bandamann og verðum þess vegna í raun og veru að hlaupa á eftir þeim. Hvers lags samningsstaða væri það nú fyrir Ísland ef það legði málin upp svona gagnvart Evrópubandalaginu? Hvers lags samningsstaða væri það?

Hann segir t.d. í þessari ræðu, hæstv. fjmrh.: „Samningarnir við EB eru tímabundnir.“ Það eru þeir ekki. Þeir eru uppsegjanlegir, en þeir eru ekki tímabundnir. Hann gengur út frá þessu grundvallaratriði í ræðu sinni þannig að manni skilst að hann haldi að þessir samningar renni út.

Hvað á svo aðildin að kosta? Fjmrh. veit yfirleitt hvað hlutirnir kosta og sérstaklega þjóðin auðvitað eftir að hann tók við embætti fjmrh. Hvað ætlar hann að borga? Hvaða agn er það sem Vestur-Evrópuríkin eiga að bíta á? Hvað er það? Að þau fái að kosta herinn hér á vellinum. Að þau fái að borga fyrir herinn. Það er agnið sem þau eiga að bíta á. Þetta er sérkennileg uppsetning í alþjóðapólitík, verð ég að segja. Næsti bær við þessa speki væri þá að hæstv. fjmrh. legði til að til þess að EFTA hefði samningsstöðu gagnvart Efnahagsbandalaginu ætti EFTA að vígvæðast, EFTA ætti að hervæðast þannig að það hefði einhverja samningsstöðu þegar það fer að liðast í sundur að lokum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að það sé fullt málfrelsi í þessu landi og ráðherrar tali og tali og þingmenn lesi upp nöfn á læknum og ég veit ekki hvað og hvað þó það sé stundum skrýtið hvernig að

þeim hlutum er staðið. Ég er málfrelsissinni. En drottinn minn dýri. Eru engin takmörk fyrir því sem ráðherrar geta blaðrað á alþjóðavettvangi? Eru engin takmörk fyrir því? Nei, það eru sennilega engin takmörk fyrir því. Það er ekki hægt að setja neinar reglur um þetta hvorki í þingsköp eða samþykktir um Stjórnarráð Íslands. En þessar yfirlýsingar eru alveg rosalegar.

Ég hélt fyrst að þetta væri stefna Alþfl., en svo tek ég nú eftir því mér til ánægju að það er misskilningur. Ég las Alþýðublaðið í morgun, sem ég les oft mér til ánægju, en þar eru alveg skýrar yfirlýsingar um það mál að þetta er ekki stefna Alþfl. Hér er um að ræða eitthvert einkaútspil formanns Alþfl.

En halda menn að svona yfirlýsingar styrki Ísland í samningsstöðunni á komandi árum eða missirum? Auðvitað ekki. Auðvitað eru svona ræður þýddar og skoðaðar af merkilegum þjóðarleiðtogum og landsfeðrum eins og hæstv. fjmrh., hvert orð vegið og metið. Þetta veikir stöðu okkar í þessum samningum á komandi mánuðum, missirum og árum, því miður.

Um þessa umræðu og skýrsluna að öðru leyti vil ég taka undir það sem fram kom hjá hv. 13. þm. Reykv. í gær varðandi skýrsluna og þann svip sem er á henni. Skýrslurnar sem við fengum á síðustu árum frá utanrrh. íhaldsins minntu á lýsingar á landi og hafi eftir frostaveturna miklu. Það var samfelldur ís svo langt sem augað eygði, bæði til lands og til sjávar. Ég veit ekki hvort þm. hafa nýlega eða einhvern tímann lesið Sólon Íslandus þar sem Davíð Stefánsson segir frá því hvernig ísinn lagði hrammana yfir Norðurland sem eru einhverjar myndrænustu lýsingar sem til eru á ís í íslenskum bókmenntum að mínu mati. Þessar lýsingar hefðu átt fjarska vel við um skýrslur fyrrv. utanrrh. Það var hvergi stingandi strá. Það var ísheilan yfir öllu, kaldastríðsbrynjan yfir öllu. Það væri rangt að líkja skýrslunum við freðmýrar vegna þess að þar stendur upp úr eitt og eitt strá.

Nú er hægt að segja að það sé grastoppur á stangli og jafnvel gróðurnál í skjólsælum lautum hér og þar þannig að umræðan og aðkoman að þessu máli núna er önnur en áður, ber merki þíðu frekar en kalda stríðsins og frostsins í samskiptum manna, flokka og þjóða sem fylgdi kalda stríðinu.

Ég ætla hins vegar ekki að fara að hæla hæstv. utanrrh. mikið meira vegna þess að ég er ekki viss um að það sé mjög gott fyrir hann að það spyrjist víða að ég sé að senda honum rósir í stórum stíl. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna að ég tel það út af fyrir sig jákvætt að það skuli hafa verið stöðvaður áfangi við Helguvíkurstöðina. Ég tel einnig að í skýrslunni sé í raun og veru opnað með vissum hætti, eins og ég kem að hér á eftir, varðandi kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Auðvitað í tengslum við annað. Engum hefur dottið neitt annað í hug, eins og ég rakti ítarlega í umræðum um þetta mál á síðasta þingi. Ég tel það einnig mjög jákvætt, sem fram kom í framsöguræðu ráðherrans í gær, að það eru uppi hugmyndir um að ráða sérstakan sendiherra til að sinna þessum afvopnunarmálum og ráðstefnum öllum þar sem við erum með fjarska lítið lið miðað við aðrar þjóðir. Það er dálítið sárt stundum að vera Íslendingur í alþjóðasamskiptum og taka eftir því að við eru ekki með mannskap til þess að ná eins utan um málin og við vildum. Þess vegna verða menn oft að taka mið af því sem gerist með öðrum þjóðum og Norðurlandaþjóðunum sérstaklega. Svo gott sem það er er ekki rétt að hafa það þannig að þær stýri okkur að einu eða neinu leyti.

Hins vegar er fjöldamargt sem vantar í þessa skýrslu. Í rauninni er hún of mikil lýsing og of lítil stefna. Það sem ég tel að vanti sérstaklega í þessa skýrslu, að mér finnst, eru sex þættir.

Það er í fyrsta lagi spurningin um alþjóðlega eftirlitsstofnun með vígbúnaði sem er eitt heitasta umræðuefni alþjóðastjórnmála um þessar mundir, þ.e. hvort unnt er að koma upp alþjóðlegri eftirlitsstofnun sem hefur eftirlit með vígbúnaði í heiminum, sérstaklega kjarnorkuvígbúnaði, þannig að þau mál verði ekki í höndum stórveldanna einna. Ég sé haft eftir hæstv. utanrrh. í Helgarpóstinum fyrir nokkru að hann eigi sér þann draum — hvorki meira né minna — að bæði Rússar og Bandaríkjamenn stjórni radarstöðvunum hérna saman. Ég á mér hins vegar þann draum að það væru t.d. Sameinuðu þjóðirnar eða önnur slík alþjóðleg samtök sem hefðu með þetta að gera. Þessi spurning um alþjóðlega eftirlitsstofnun er algjör lykill að því að hægt sé að halda vígbúnaðar- og afvopnunarviðræðum áfram með einhverjum árangri, að vinna traust fyrir slíka stofnun.

Ég bendi á að leiðtogar ríkjanna sex hafa lagt á þetta mjög mikla áherslu. Það liggur einnig fyrir að ríki eins og t.d. Kanada, Ástralía, Vestur-Þýskaland hafa auk stórveldanna alla þá tækni sem þarf til að fylgjast með vígbúnaði og þróun mála í þeim efnum.

Annað atriði sem ég tel að hefði gjarnan mátt nefna í skýrslu hæstv. utanrrh. er umræðan um alþjóðlegt öryggiskerfi. Eins og kunnugt er hafa farið fram ítarlegar umræður um alþjóðlegt öryggiskerfi m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sovétríkin hafa óskað eftir því að fram fari um það mál umræður á næsta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég man satt að segja ekki hvort það var samþykkt að setja það á dagskrá næsta allsherjarþingsins, ég man það ekki, en alla vega var það rætt. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á því í þessu máli og það sem ég upplifði svo sterkt á allsherjarþinginu sl. haust var það að sovéthliðin á heiminum svo að segja, hvað sem ég á við með því, það er hópur ríkja sem gengur þar undir merkjum, virðist vera með svo að segja allt frumkvæði að umræðum hjá Sameinuðu þjóðunum og jafnvel á alþjóðavettvangi og maður tekur eftir því jafnvel hér. Ég tók eftir því að fulltrúar vesturveldanna gagnrýndu þessar hugmyndir um alþjóðlegt öryggiskerfi vegna þess að það væri ekkert í þeim, þetta væri ómerkilegt og það væri hægt að gera þetta

innan ramma Sameinuðu þjóðanna og allt það. Engu að síður var umræðan þarna í gangi og vesturhliðin á heiminum verkaði eins og frumkvæðislaus, íhaldssöm, geðvond og pirruð. Ég mundi í sporum þeirra sem ráða fyrir málum af þessu tagi á Vesturlöndum hafa áhyggjur af þessu. Ég tel að það skipti miklu máli fyrir okkur, sem búum hér í Vestur-Evrópu, að okkar megin, hvaða skoðun sem við kunnum að hafa á NATO og því öllu saman, sé líka frumkvæði. Það duga ekki geðvonskuviðbrögð, eins og oft hefur verið um að ræða í tíð Reagans eða var um að ræða, gagnvart því sem kom frá Sovétríkjunum. Það dugir ekki. Það verður bersýnilega að velta því mjög alvarlega fyrir sér: Hvert á frumkvæðið að vera? Ég er þeirrar skoðunar að þó Ísland sé vissulega ekki stórveldi heldur *smáríki í raun að fólksfjölda til nýtur Ísland* svo mikillar virðingar á alþjóðavettvangi, það nýtur virðingar á alþjóðavettvangi eins og sést t.d. á leiðtogafundinum, að Íslendingar gætu, einmitt Ísland gæti haft frumkvæði, forustu varðandi umræður um alþjóðamál. Ég tel að í skýrslu eins og þessari og í þessari umræðu ætti þess vegna að fjalla um alþjóðlegt öryggiskerfi, alþjóðlega öryggismálastefnu ættum við kannski frekar að kalla það, því að þarna liggur framtíðin, í alþjóðastofnun sem hefur eftirlit með hlutunum og menn treysta og í nýju alþjóðlegu öryggiskerfi sem leysir af hernaðarbandalögin. Auðvitað tekur það tíma og auðvitað er það ekkert sem gerist á einni nóttu, en þarna er örugglega beðið eftir frumkvæði frá vesturhliðinni, ef ég má orða það svo.

Þriðja atriðið sem ég saknaði í ræðu hæstv. utanrrh. og skýrslunni voru orð um starfsemi þingmanna á Norðurlöndum varðandi kjarnorkuvopnalaus svæði. *Ég mun koma að því aðeins ítarlegar á* eftir. En ég held að einmitt í sambandi við boð Ryzhkovs, forsætisráðherra Sovétríkjanna, til Jörgensens-nefndarinnar og í sambandi við boð Æðsta ráðsins til þinganna á Norðurlöndum og víðar, að ég hygg, komi þetta einmitt fram, verki eins og Sovétríkin, sovéthliðin sé að leita að frumkvæði, leita að nýjum leiðum og við tökum við. Í sambandi við Jörgensens-nefndina fannst mér í rauninni slæmt að það mál skyldi koma þannig upp að menn ræddu það í fyrsta lagi hvort við ættum að fara í þessari nefnd til Sovétríkjanna til viðræðna. Ég tel að nálgun mála í svona nefndum eigi að vera „ballanseruð" og *það sé óeðlilegt og óheppilegt* að ræða þessi mál við annan aðila en ekki hinn.

Fjórða atriðið, sem er mikið minna, sem ég tók eftir að er ekki í þessari skýrslu en var í skýrslu Matthíasar Á. Mathiesens, hæstv. fyrrv. utanrrh., er um mannvirkjasjóð NATO. Í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh. segir að það sé verið að vinna skýrslu um mannvirkjasjóð NATO, á bls. 51 í því plaggi. Ég vildi aðeins inna eftir því hvar það rit er á vegi statt.

Í fimmta lagi finnst mér að hér þurfi að fara fram dálítil umræða um spurninguna um kjarnorkuvopn á ófriðartímum. Hæstv. utanrrh. lýsti því alveg afdráttarlaust yfir, ég hygg sl. sumar eða sl. haust, að Íslendingar vildu ekki hafa kjarnorkuvopn, hvorki á friðartímum né á ófriðartímum. Þessi yfirlýsing hæstv. utanrrh. vakti mjög mikla athygli ekki bara á Íslandi heldur í samstarfslöndum Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu. Og auðvitað hefði þurft að ræða þetta mál hérna aðeins. En mér finnst dálítið um það, þó að samgrh. hafi verið brattur hér í gær gagnvart hæstv. utanrrh., með Sjálfstfl. að það er eins og hann vilji þegja í hel, helst, vissar óþægilegar yfirlýsingar hæstv. núv. utanrrh. sem fara aðeins undir skinnið á íhaldinu.

Ég held að það hefði þurft að ræða þetta mál aðeins og ég vil taka það fram af okkar hálfu að við erum algjörlega sammála þessari áherslu sem fram hefur komið frá hæstv. utanrrh. í þessu efni. Ég *hefði hins vegar kannski gjarnan viljað heyra rök frá* þeim sem eru hinnar skoðunarinnar og segja: Yfirlýsing um kjarnorkuvopn ekki á Íslandi á aðeins við um friðartíma, hitt er opið. Ég held að það standi upp á þá að gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Nú ef það gerir enginn í þessari tveggja daga umræðu er það auðvitað til marks um það að þeir séu sammála hæstv. utanrrh. í þessum efnum og þá stendur það eftir.

Ég ætla síðan að víkja aðeins að einstökum þáttum í skýrslunni og fyrst þá að kaflanum um Suður- og Mið-Ameríku. Í skýrslu fyrrv. utanrrh., bæði Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Á. Mathiesens, var engu líkara af orðum sem þeir létu falla um ástandið í Nicaragua en að þeir væru svona heldur á bandi „contranna" og vildu heldur stuðla að því að Bandaríkjastjórn og Bandaríkjaþing samþykktu að veita dálitla peninga til contra-skæruliðanna til þess að þeir gætu haldið áfram að glíma við sandinista-stjórnina í Nicaragua. Í þessari skýrslu er tekið öðruvísi á þessum málum. Ég held hins vegar að nauðsynlegt sé að inna hæstv. utanrrh. eftir því hver afstaða hans og þar með ríkisstjórnarinnar sé til fjárframlaga Bandaríkjamanna til þess að halda uppi skæruhernaði contra-skæruliða í Nicaragua. Þetta er brennandi mál, kemur aftur og aftur upp, m.a. á þingum Sameinuðu þjóðanna. Og utanrrh. verður þá að móta afstöðu til einstakra tillagna sem snerta þessi efni. Ég held að það væri mjög æskilegt að fá nokkur orð frá honum um þetta atriði.

Ég kem þá næst, í öðru lagi, varðandi einstök atriði, að spurningunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Hæstv. utanrrh. sagði: Þetta mál þarf að skoða í heild, það þarf m.a. að skoða með tilliti til ástandsins á Kola-skaga. — Nú, auðvitað, auðvitað. Auðvitað verða menn að hafa auga á hernaðaruppbyggingunni á Kola-skaga. Það kemur ekkert annað til greina, enda er það grundvallaratriði í þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta mál í Jörgensens-nefndinni, þar sem nokkrir Íslendingar hafa átt sæti, að það eigi jafnframt umræðunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að pressa á samdrátt í vígbúnaði á aðliggjandi svæðum og þar með töldum Kola-skaga. Það kemur ekkert annað til

greina. Og mér finnst að stundum þegar menn eru að tala um þessi mál með Kola-skagann og Eystrasaltið o.fl. sé ákveðinn hópur úr kaldastríðstímanum hér á Íslandi eins og að nota Kola-skagann og nota Eystrasaltið til að hræða menn frá stuðningi við hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. En auðvitað dettur engum manni í hug sem er að fjalla um þessi mál varðandi kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að annað komi til greina en að sú umræða sé tengd því ástandi sem er í aðliggjandi ríkjum og hjá stórveldunum og hernaðarbandalögunum.

Hæstv. utanrrh. nefndi það að hægt gengi í embættismannanefndinni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og það sýnist mér að sé rétt. Hann sagði að ákvörðun um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd að því er okkur varðar hlyti að gerast í samráði við önnur NATO-ríki. Og ég segi enn og aftur, auðvitað, hvað annað? Hvað annað? Þetta er einmitt ein aðferðin sem oft hefur verið notuð gegn kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum, að þeir sem berjast fyrir þeim segi sem svo: Heyrðu, þetta gerist bara hér og okkur kemur ekki við hvernig heimurinn er að öðru leyti. Auðvitað liggur málið ekkert þannig.

Í framsöguræðu sinni sagði hæstv. utanrrh. líka að samfara ákvörðun um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd yrði að eiga sér stað samdráttur á kjarnorkuvopnum og útilokun kjarnorkuvopna helst í hafinu og það er einmitt eitt grundvallaratriðið í áliti Jörgensens-nefndarinnar sem var gefið út 1. júní 1987 að hafið eigi að vera þarna inni.

Þannig stendur á með þessi mál, kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, að það virðist vera meiri hluti fyrir þeim á flestum þjóðþingum Norðurlanda. Það er meiri hluti fyrir þessu í Danmörku, það er meiri hluti í Svíþjóð, það er meiri hluti í Finnlandi, það er meiri hluti í Noregi, og þá komum við auðvitað að spurningunni um það: Ætlum við að láta það gerast að Norðurlönd að öðru leyti verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði en við verðum ein eftir sem þýðir aukinn þrýsting á Ísland og umhverfi Íslands að taka við kjarnorkuvopnum? Við höfum verið þeirrar skoðunar, allir flokkar hér í þinginu, m.a. man ég eftir ræðum sem um það voru fluttar af Sjálfstfl., að Ísland ætti að fylgjast með þessum málum og það væri verra að Ísland yrði viðskila við öll hin Norðurlöndin. Um þetta liggja m.a. fyrir ræður frá 30. nóv. 1985, fluttar af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Ólafi G. Einarssyni á ráðstefnu um þessi mál í Kaupmannahöfn. Núna stöndum við hins vegar frammi fyrir þeirri afgerandi spurningu: Ætlum við að taka þátt í umræðunni um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd með virkum hætti eða ekki vegna þess að þetta er að komast á alvarlegt stig, vinnustig?

Eftir fund sem var haldinn í Stokkhólmi núna fyrir nokkrum dögum um þessi mál þar sem var samþykkt að taka boði Ryzhkovs, forsrh. Sovétríkjanna, og ákveðið að fara einnig í viðræður í Washington um þessi mál, eftir þann fund ræddi ég lauslega við formann utanrmn. Alþingis og sagði honum frá því sem ég er að segja frá hér. Sömuleiðis ræddi ég aðeins um þessi mál við hæstv. utanrrh. vegna þess að þessi mál eru á dagskrá. Ég veit að það hefur verið viss tilhneiging til að ýta þessum málum frá sér, það mundi ekki gerast, það væru draumórar, þetta væri rugl í friðarhreyfingum eins og það var kallað o.s.frv. í Morgunblaðinu hér áður. Þannig er það ekki. Málið er á dagskrá og það er óhjákvæmilegt fyrir þingið og ríkisstjórnina að skoða það. Ég held að það sé mjög æskilegt að að því máli komi allir þingflokkar og ríkisstjórnin. Ég held að við megum ekki útiloka okkur eða neitt fyrir fram í sambandi við mál af þessu tagi. Málið er núna komið á það stig.

Ég gæti farið yfir grundvallaratriðin fyrir kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum sem Jörgensens-nefndin hefur samþykkt. Ég ætla ekki að gera það í einstökum atriðum. Ég veit að bæði ráðherra og þm. hafa fengið þetta í hendur. Lögð er á það áhersla að þessi mál verði að skoðast með hliðsjón af öðru. Lögð er á það áhersla t.d. að Eystrasaltið eigi að dragast með inn í þessa mynd o.s.frv. Það er því alveg ljóst að spurningin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er að komast á dagskrá sem verkefni. Það þýðir ekkert að ýta henni lengur frá sér, þessari spurningu. Hún er á dagskrá. Hún er með.

Mig langar síðan, herra forseti, að víkja aðeins að Efnahagsbandalaginu aftur og bara segja þetta: Ég er sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um að það á að verða til nefnd sem skoðar þessi mál. Við eigum ekki að tala um aðild, hún er ekki á blaði, kemur ekki til greina. Við þurfum heldur ekki að tala um mikla eða litla aðlögun á þessu stigi málsins. Við þurfum auðvitað að halda þannig á málinu að við eigum sem besta samningsstöðu, en við þurfum að skoða þetta vendilega og stöðu Íslands í sambandi við Vestur-Evrópu og Evrópubandalagið. Ég held að þetta ætti gjarnan að vera þingmannanefnd eða nefnd sem flokkarnir fengju aðild að. Það skiptir miklu að við reynum að halda þannig á málum að við séum nokkurn veginn samferða í stórum málum eins og þessu. Ég minni á gott fordæmi í þeim efnum. Það er utanríkismálanefndin 1984/1985. Þannig á að vinna. Það á að reyna að laða menn saman um grundvallaratriði af þessu tagi og það væri rangt að mínu mati að ætla að leysa þessi könnunarmál gagnvart Evrópubandalaginu með því að skipa einhverja embættismannanefnd eða einhverja nefnd stjórnarflokkanna einna. Hér er um mikið víðara mál að ræða og nauðsynlegt að við vöndum okkur við það og að allir leggi sig fram um að ná þeirri niðurstöðu sem skynsamlegast er fyrir þjóðina í heild. Og við skulum ekki vera með neinn asa og ekkert óðagot í þessu efni. Við höfum ágæta samninga við Efnahagsbandalagið og þeir eru ekki tímabundnir þó að hæstv. fjmrh. haldi það. Það er auðvitað hægt að segja þeim upp, en það stendur ekkert til, hvorki af hálfu okkar né heldur af hálfu Evrópubandalagsins, að segja þeim samningum

upp.

Í tengslum við þetta mál er kannski rétt að minnast aðeins á utanríkisviðskiptin og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það hafi verið mikið vafamál hvort rétt hafi verið að flytja þau yfir í utanrrn., mikið vafamál. Ég óttast að það sem gerist í þeim efnum verði í raun og veru ekkert annað en það að viðskrn. verði flutt inn í utanrrn. og að utanríkisþjónustan að öðru leyti, þ.e. sendiráðin, verði í jafnlitlum tengslum við viðskiptin og þau voru áður. Ég held að það þurfi endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar og það þarf að breyta, mér liggur við að segja því hugarfari sem er ríkjandi í sendiráðunum.

Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það að utanríkisþjónusta okkar er ekki nægilega vel skipuð að því er varðar fjölda starfsfólks og ef þessi breyting á viðskrn. yfir í utanrrn. á að verða eitthvað verður að endurskipuleggja ráðuneytið og starfsemi þess og endurskipuleggja sendiráðin og breyta, mér liggur við að segja innstillingu þeirra sem stýra sendiráðunum. Ég er ekki að tala um það að þeir hafi unnið vont verk á undanförnum árum, en það blasir við að þeir heyra nú undir ráðuneyti sem er allt öðruvísi en það var áður og rökin fyrir því að flytja viðskrn. yfir voru náttúrlega þau að viðskrn. væri ekki í nægilegum tengslum við utanríkisþjónustuna og til að fylgja þeim rökum eftir þarf auðvitað að taka á þessum málum með nýrri mannaskipan og endurskipulagningu á utanríkisþjónustunni og sérstaklega sendiráðunum í heild.

Ég vil þessu næst, herra forseti, koma aðeins almennt að Sameinuðu þjóðunum og vekja athygli á þeirri gífurlegu breytingu sem þar hefur orðið á afstöðu ríkjanna á undanförnum árum. Ég tel að breyting á okkar afstöðu til afvopnunartillagnanna hafi verið jákvæð á síðasta hausti. Ég bendi hins vegar á að í einstaka málaflokkum virðist afstaða Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vera ákaflega hlutlaus eða þá öllu heldur ákaflega óvirk. Þetta kemur t.d., að mínu mati, vel fram í Palestínumálinu, Ísrael. Þar var um að ræða afgreiðslu t.d. á átta tillögum í Palestínumálinu á síðasta allsherjarþingi ef ég sé rétt. Íslendingar greiddu atkvæði með tveimur, á móti einni, en sátu hjá við fimm tillögur. Og mér sýnist þegar maður fer yfir afstöðu Íslands á undanförnum árum til Palestínumálsins að betra hefði verið að fara nákvæmar ofan í þróun mála í Palestínu eins og síðustu atburðir sýna. Ég held að Ísraelsstjórn hafi í raun og veru treyst of mikið á það að hún ætti samúð allra hvað sem hún gerði og ég tel að framferði Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum núna á undanförnum vikum sé alveg yfirgengilegt. Það er hroðalegt og ég tel að í þessum efnum eigum við að ganga mjög hart fram vegna þess að það er eitt af grundvallaratriðunum í stefnu okkar að verja rétt þjóða til sjálfsákvörðunar, Palestínumanna líka. Ég held að það sé mjög skynsamlegt sem hæstv. utanrrh. nefndi í gær, að við reynum að móta, Norðurlöndin, sameiginlega stefnu gagnvart Palestínu hið fyrsta og ég held að við hefðum kannski betur gert það mikið, mikið fyrr.

Ég gæti farið nákvæmar yfir Palestínumálið og er tilbúinn til að gera það við tækifæri og hef reyndar lagt fram ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fsp. um það mál og vík kannski aðeins nánar að því hér á eftir. En ég tók eftir því, þegar maður skoðar atkvæðagreiðslurnar hjá Sameinuðu þjóðunum á undanförnum árum, að afstaða Íslands er alveg sérstaklega veik og óburðug liggur mér við að segja þegar að Palestínumönnum kemur.

Ég vil í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar leggja síðan tvær spurningar fyrir hæstv. utanrrh. Það er fyrst: Íslendingar hafa verið með í Sameinuðu þjóðunum frá upphafi en aldrei átt aðild að Öryggisráðinu. Það hefur aftur og aftur komið fram að það væri áhugi á því að Ísland ætti fulltrúa í Öryggisráðinu, áhugi hjá öðrum. Við höfum alltaf hafnað því vegna þess að við höfðum ekki efni á því og það er dýrt að vera sjálfstæð þjóð, það er dýrt að halda uppi utanríkisþjónustu með reisn. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun að ég tel að Íslendingar og íslenska ríkisstjórnin eigi að íhuga það mjög alvarlega að næst þegar okkur gefst kostur á eigi Ísland að fara inn í Öryggisráðið. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær kom þetta upp síðast? Er það rétt að það hafi verið á sl. ári og hann hafi hafnað því eða var það kannski forveri hans? Ég vildi gjarnan heyra skoðun hans á hugsanlegri aðild Íslands að Öryggisráðinu.

Önnur spurning sem ég vil leggja fyrir hæstv. ráðherra varðandi Sameinuðu þjóðirnar er um afvopnunarþingið sem verður haldið í sumar, þriðja afvopnunarþing Sameinuðu þjóðanna. Það var haldið þing 1982 og 1978 eða 1979, ég man það ekki alveg, ég held að það hafi verið 1979. Á þeim þingum voru fulltrúar Alþingis, á báðum þeim þingum, trúi ég, rétt eins og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég beini því til hæstv. utanrrh. og auðvitað ekki síður til hæstv. forseta Sþ. hvort það er ekki mál sem á að athuga, að Ísland verði þátttakandi í afvopnunarþinginu vegna þess að við höfum verið það og það mundi vekja athygli, neikvæða að ég held, ef Ísland yrði ekki með á þessu þriðja afvopnunarþingi og auðvitað nauðsynlegt að utanrmn. og hv. formaður hennar fjalli einnig um það mál.

Mig langar þá kannski að allra síðustu í sambandi við þessi einstöku mál sem ég hef hér rætt aðeins til að bæta við í sambandi við Ísrael og Palestínu. Ég tel að ræða ráðherrans hafi verið betri en skýrslan í því máli og ég tel að skynsamlegt sé að það sé reynt að samræma stefnu Norðurlandanna í sambandi við þessi mál. Það er auðvitað dálítið umhugsunarefni að umræðan um utanríkismál á Íslandi hefur snúist um vígbúnaðarmál, afvopnunarmál, af og til kannski um Suður-Afríku, mjög lítið um ástandið í Mið-Ameríku, sáralítið um Palestínumálið í raun og veru, og það hefur verið viss tilhneiging til þess að segja: Þessi mál eru það langt frá okkur að þau koma

okkur svo lítið við. Frá sjónarmiði utanrrn. er málið hins vegar ekki svona einfalt vegna þess að utanrrn. verður aftur og aftur, bæði á allsherjarþinginu og alls konar þingum, að vera að taka afstöðu til mála sem eiga sér þarna stað. Þess vegna held ég að það sé mjög nauðsynlegt að þegar fram fer umræða um skýrslu utanrrh. fari fram umræða um þessi mál í heild og líka mál á svæðum sem eru langt í burtu frá okkur. Mér finnst t.d. slæmt að það skuli vanta í þessa skýrslu, svo að ég nefni eitt dæmi, umfjöllun um kjarnorkuvopnalaust svæði í Kyrrahafi, Rarotonga-samninginn og reynsluna af honum. Hvernig er hann? Hafa menn kynnt sér hann? Auðvitað hafa menn gert það. Þar er um að ræða mjög merkilega fyrirmynd að hugmynd um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þar sem gert er ráð fyrir því að stórveldi og hernaðarbandalög geti tengst þessum samningi um kjarnorkuvopnalaust svæði í Kyrrahafi með viðaukasamningum af ýmsum toga. Þegar ég segi að í skýrslu utanrrh. sé fullmikið af lýsingum en fulllítið af stefnu á ég m.a. við það að mér finnst vanta umræður um stefnumótandi atriði af þessu tagi.

Mig langar síðan aðeins að spyrja hæstv. utanrrh. um mál sem er kannski dálítið óskylt en er hvergi nefnt í þessum skýrslum og ræðum og hefur sennilega aldrei verið rætt í neinum umræðum, en það er um afstöðu Íslands gagnvart flóttamönnum, mönnum sem koma hingað og er vísað frá. Fyrir liggur fsp. um það efni frá hv. 2. þm. Austurl. Unni Sólrúnu Bragadóttur. Ég hygg að móttökur þær sem þetta hrjáða og hrakta fólk fær hér á landi séu kuldalegri en gerist víða og ég hef grun um að það séu til alþjóðasáttmálar sem okkur hefur láðst að staðfesta í þessu efni og ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir hvort nokkuð er uppi varðandi þau mál núna í utanrrn.

Og svo að lokum þetta, herra forseti. Ég tel að í ljósi þeirrar þíðu sem nú er í alþjóðamálum, þeirrar umræðu sem hér fer fram, og þíðuna má merkja hér á Alþingi Íslendinga líka, eigi að leggja áherslu á eftirfarandi fjögur meginatriði:

Í fyrsta lagi tel ég að stefna eigi að því að losna við herinn úr landinu. Það eigi að gera það vegna þess að það sé í samræmi við hina jákvæðu þróun sem nú er að ganga yfir í utanríkismálum. Það væri dýrmætt framlag Íslendinga í þessum efnum og við eigum að hefja strax viðræður um þetta mál við Bandaríkin og við Atlantshafsbandalagið.

Í öðru lagi eigum við að fara í virkar viðræður og umræður á alþjóðavettvangi, alls staðar þar sem við getum, um nýtt alþjóðlegt öryggiskerfi, eftirlitskerfi, og nýja alþjóðlega öryggismálapólitík. Við eigum að láta rödd Íslands heyrast alls staðar. Við eigum að vera með duglega, ötula utanríkisþjónustu sem hefur frumkvæði og beitir sér í málum. Liður í því gæti verið ráðning sérstaks sendiherra í afvopnunarmálum eins og hæstv. utanrrh. nefndi í gær.

Síðan tel ég að við eigum í tengslum við þetta að undirbúa það að við getum losnað við hernaðarbandalög, getum komið okkur út úr hernaðarbandalögum, um leið og við höfum séð þessum málum forráð og í tengslum við það í nýju alþjóðlegu öryggiskerfi.

Að lokum vil ég segja í sambandi við þessa umræðu: Við eigum að athuga okkar stöðu gagnvart Vestur-Evrópu. Aðild er ekki á dagskrá. Um það er allsherjar samstaða í þinginu. Við eigum að athuga okkar stöðu og við eigum að fara yfir mál mjög rækilega, hleypidómalaust, ekki með neinu óðagoti, t.d. byggjandi á þeirri hugmynd sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson setti fram í gær.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans vil ég ræða um tiltekinn kafla í skýrslunni og málefni sem honum tengjast. Það varðar samstarf Evrópuríkja, en neðst á bls. 18 í skýrslu hæstv. ráðherra segir í kaflanum um Evrópuráðið að Alþingi fari með málefni ráðgjafarþingsins og því séu störf þess ekki nánar rakin í skýrslunni.

Nú er það svo að oft hafa verið lagðar fram af hálfu Alþingis sérstakar skýrslur um starfsemi ráðgjafarþings Evrópuráðsins og ég tel að það sé mjög æskilegur háttur að hafa á hlutunum, en til þess hefur raunar ekki verið ráðrúm að þessu sinni af tveimur ástæðum, annars vegar vegna þess að nefndin var skipuð á nýjan leik með örlítið breyttri samsetningu nú í ársbyrjun og svo að svo skammur tími er liðinn frá því er seinasta ráðgjafarþingi lauk að þingskjöl að því loknu hafa ekki enn komið til úrvinnslu. En þetta stendur til bóta og sjálfsagt er að hafa þennan hátt á eins og áður var.

Þegar menn ræða um samstarf Evrópuríkja er það ljóst að mönnum hefur í seinni tíð verið efst í huga annars vegar Evrópubandalagið og hins vegar EFTA eða Fríverslunarbandalagið fyrir svo utan náttúrlega Norður-Atlantshafsbandalagið sem starfar að varnar- og öryggismálum, en um þau mál fjallar Evrópuráðið ekki. Því vík ég að þessu að ég verð þess mjög vör að menn rugla stundum saman Evrópuþinginu og Evrópuráðsþinginu. Það er ósköp eðlilegt, þegar svo litlu munar í nöfnum þessara stofnana, en þó er þarna um þýðingarmikinn mun að ræða.

Nú segja menn sem svo að þar sem ráðgjafarþing Evrópuráðsins hefur ekki löggjafarvald og er fyrst og fremst stefnumarkandi um ýmis efni og ráðgefandi, annars vegar fyrir ráðherranefndina og svo fyrir þjóðþingin, hafi það e.t.v. ekki sömu þýðingu og stofnanir sem hafa meira vald gagnvart hinum sjálfstæðu aðildarríkjum eins og t.d. Evrópubandalagið. Ég undirstrika það sérstaklega að Evrópuráðið er vettvangur sem við eigum að nýta okkur eins og við getum einmitt og ekki síst nú þegar visst mótunarskeið stendur yfir í samstarfi ríkja Evrópu. Við sjáum fram á að það geta orðið mjög verulegar breytingar í samstarfi Evrópubandalagsríkjanna sem geta haft afgerandi þýðingu fyrir framtíð okkar hér á

landi og möguleika okkar í milliríkjaviðskiptum. Þess vegna held ég að ekki verði of mikil áhersla lögð á það að það hefur þýðingu að vinna okkur bandamenn, bæði í Norðurlandaráði eins og hæstv. ráðherra nefndi, í EFTA eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi og einnig í Evrópuráðinu þar sem þm. allra þessara bandalaga vinna á einum og sama vettvangi. Þess vegna er það að slíka möguleika til óbeins samstarfs, ef ég má kalla það svo, er sjálfsagt að nýta sér.

Reyndar hefur það stundum verið svo að tillögur og samþykktir hafa snert viðskiptahagsmuni okkar beint þegar þær voru samþykktar einmitt á Evrópuráðsþingi í stað þess að vera einvörðungu innan EFTA eða þá Evrópubandalagsins. Svo var t.d. um tillögu sem ég hygg að hv. þm. Kjartan Jóhannsson hafi átt nokkurt frumkvæði að og samþykkt var í október sl., en hún var einmitt um fríverslun að því er varðar fisk og sjávarafurðir og þessi tillaga fól það m.a. í sér að skorað var á þau lönd sem eiga aðild að Evrópubandalaginu og EFTA, svo og var nefnt þar Finnland, að vinna sérstaklega að því á ýmsum aðgengilegum vettvangi eins og í GATT, OECD, Evrópubandalaginu og EFTA að sem fyrst yrði komið á frjálsri verslun með fiskafurðir og sérstaklega að veitt yrðu sömu viðskiptafríðindi í sambandi við unninn fisk eins og gert er við aðrar iðnaðarafurðir. Þetta er dæmi um það hvernig nota má þennan vettvang beinlínis til þess að undirbúa stöðu okkar og styrkja eins og hún þarf að vera sterk þegar að því kemur að við stöndum e.t.v. andspænis því að innri markaði Evrópubandalagsins hefur verið komið á og Norðmenn og Svíar eru hugsanlega orðnir þar aðilar.

M.ö.o., ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Kjartans Jóhannssonar um þetta efni, að við athugum vel okkar gang, séum við öllu búin og látum gera á því ítarlega og sérfræðilega úttekt hvað þurfi til að koma til þess að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir í Evrópu sem e.t.v. lítur öðruvísi út að þessu leyti nú innan mjög fárra ára. Ég held að það sé afar óhyggilegt að gefa yfirlýsingar um það að aðild komi aldrei til og ég held líka að óhyggilegt sé að segja að við skulum strax gerast aðilar. Ég held hins vegar að nauðsynlegt sé að búa okkur undir að geta orðið það þannig að okkar löggjöf og öll aðstaða sé þannig að við getum gert það án þess að hagsmunir okkar bíði nokkurt tjón af.

Ég vil hins vegar taka það fram eins og fleirum kann að vera gjarnt að ég tel það afar óheppilegt og óviðfelldið að nefna í sömu andránni að á móti geti komið möguleikar annarra til þess að taka að sér varnir Íslands. Í fyrsta lagi veit ég ekki til að menn séu að bjóðast til þess þannig að það komi til greina að slíkt gæti verið skiptimynt í þessu sambandi og ég verð að segja að mér finnst það alveg óskiljanlegt að hæstv. fjmrh. landsins, sem gerir margt skynsamlegt, skuli svo sem eins og að bjóða það fram á erlendum vettvangi að við kunnum að láta umsjón með vörnum landsins koma í staðinn fyrir auðlindir í hafi. Það er einhvern veginn afar skringilegt að blanda þessu tvennu saman. Þetta eru óskyldir hlutir sem er bæði órökrétt og óviðfelldið að blanda saman. Ég held að það sé óþarft að fara nánar út í það en þetta verður að vera alveg ljóst. Og ég er ekki ein um þessa skoðun. Ég vona bara að sem fæstir hafi tekið eftir þessum ummælum hæstv. fjmrh. Ég hygg að þetta hafi verið sagt í einhverju ógáti eða menn misskilji e.t.v. þetta í þýðingunni. Það má vel vera. Þó að sænska, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi talað á fundinum, sé lík íslensku er það oft svo að kannski er þýðandinn sérstaklega lærður í dönsku eða öðru máli norrænu og hefur misskilið einhvern mun á milli hinna norrænu tungumála og hefur kannski ekki haft við hendina hinn fræga bækling „Likt og ulikt i de nordiske språkene". En hvað sem þessu líður vonum við að þessi orð verði svona lögð til hliðar og geymd eins og hvert annað „kúríósum" en ekki til að fara eftir.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, víkja aðeins að ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, en það vill nú svo til að það er svolítið sérkennilegt að beina máli sínu um þetta efni til hæstv. forseta sem er sá hv. þm. sem hefur manna besta þekkingu á þeirri stofnun og lengsta reynslu. Mér líður því í raun og veru eins og skólastúlku sem er að fara með lexíu sína fyrir kennara sínum í efninu og sú er í raun og veru staðreyndin að því er þetta varðar. En hvað sem því líður, það skiptir máli að upplýsingar um stofnanir sem þessar liggi fyrir og séu gefnar og það á vel við í sambandi við umræður um utanríkismál því að Evrópuráðið er svo sannarlega vettvangur þar sem mörgum málum er hægt að koma að og mörgu góðu er hægt að þoka til leiðar.

Á ráðgjafarþinginu sem haldið er þrisvar á ári eiga sæti 170 þingmenn frá 21 ríki. Samkvæmt starfsreglum Evrópuráðsins eru fulltrúar Íslands þrír. Jafnmargir varamenn eru skipaðir af Íslands hálfu. Sendinefndin eins og hún er nú á nýbyrjuðu kjörtímabili var skipuð formlega í janúar sl. og eru aðalfulltrúar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson og sú sem hér stendur, en varafulltrúar eru hv. þm. Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson og Kristín Halldórsdóttir. Allir þessir þm. sitja í nefndum þótt aðeins þrír þeirra eigi í senn seturétt á sjálfu þinginu, en nefndirnar vinna að ýmsum sérverkefnum og undirbúa mál fyrir þingið. Með því að hafa þennan hátt á að skipta öllum mönnunum, bæði aðal- og varamönnum, niður á nefndirnar er tryggð þátttaka þm. frá öllum flokkum á Alþingi í störfum Evrópuráðsins. Ég verð að játa það að mér þótti þessi aðferð sérkennileg fyrst þegar mér varð þetta ljóst því að þetta er annar háttur en hafður er á um nefndir sem kosnar eru t.d. á Alþingi því að þá eru varamennirnir frá flokkum í sömu hlutföllum og með sama hætti eins og aðalmennirnir. Hitt er annað mál að ég hef komist á þá skoðun að þetta sé skynsamleg aðferð. Ég tel að skynsamlegt sé að þm. úr flokkum sem eru í minni hluta á

Alþingi eigi líka kost á að því að kynna sér verkefni í samstarfi eins og þessu og taka beinan þátt í störfum.

Sú aðferð sem hér hefur verið höfð um val á fulltrúum er skipun samkvæmt tilnefningu þingflokka og er nú einn frá hverjum þeirra samkvæmt venju og samkomulagi. Starfsreglur ráðsins kveða hins vegar ekki á um ákveðna aðferð við val á fulltrúum eins og gildir t.d. um Norðurlandaráð, en nokkuð mismunandi er hins vegar landa í milli hvort okkar aðferð er höfð eða kosið hlutfallskosningu á þjóðþingunum eða jafnvel skipað úr hópi þingmanna af ríkisstjórnunum. Íslensku þingmennirnir skiptast í nefndir sem hér segir: Hv. þm. Kjartan Jóhannsson er í landbúnaðarnefnd, sem einnig er sjávarútvegsnefnd, og í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, svo og vísinda- og tæknineſnd. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er í menningarmálanefnd, byggða- og sveitarstjórnanefnd og í flóttamannanefnd. Ragnhildur Helgadóttir er í laganefnd og stjórnmálanefnd, auk fastanefndar sem tekur ákvarðanir fyrir hönd þingsins á þeim tímum sem það situr ekki. Hv. þm. Ragnar Arnalds er í efnahagsmálanefnd svo og fjárlaganefnd. Hv. þm. Hreggviður Jónsson er í nefnd um upplýsingar og almannatengsl þingsins. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir er í nefnd um málefni þeirra ríkja sem utan Evrópuráðsins eru og um samstarf við þau.

Hæstv. forseti Sþ. hefur setið ráðgjafarþing Evrópuráðs í fullan aldarfjórðung og oft sem varamaður áður. Mestan hluta þessa tíma hefur hann einnig verið formaður sendinefndarinnar. Mér þykir ástæða til þess nú að þakka honum sérstaklega mikilsverð störf á þessum vettvangi og geri mér ljóst að það er ekkert vandalaust að taka við af svo reyndum manni í þessu efni en slíkt er nú einu sinni lífsins gangur. Við njótum auðvitað ágætrar aðstoðar skrifstofustjóra Alþingis sem er ritari nefndarinnar svo að ekki er í kot vísað um aðstoð við sendinefndina, en hitt er aftur á móti athugunarefni hvort ekki er tímabært að Alþingi ráði sérstakan alþjóðaritara til þess að þingið geti betur sinnt milliríkjasamskiptum þeim sem það hefur skuldbundið sig til að gera. Það er alveg ljóst að að þessu leyti og kannski að ýmsu öðru leyti þarf að búa betur að skrifstofu Alþingis, bæði um aðstöðu og mannafla. Ég nefni þetta sérstaklega því ég tel að vönduð vinna við þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi ráði miklu um það hver áhrif við höfum á erlendum vettvangi. Ég tel að við þurfum að taka beinan þátt í störfum og sýna nokkurt frumkvæði og það sé ljóst að við séum virk sem þátttakendur. Við þurfum á því að halda, ekki síður en aðrir, að nota þann pólitíska vettvang sem við höfum til að vinna annars vegar að okkar sérstöku hagsmunamálum og hins vegar einnig og ekki síður að þeim málum sem varða þjóðirnar sameiginlega. Undan því megum við ekki skorast og falla í þá freistni að sinna einungis þeim málum sem e.t.v. snerta okkar sérhagsmuni.

Tilgangur Evrópuráðsins er að auka samstöðu Evrópuþjóða um þær grundvallarhugsjónir sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og greiða fyrir efnahagslegum og félagslegum framförum. Varnarmál þátttökuríkjanna eru hins vegar ekki á verksviði Evrópuráðsins. Ráðgjafarþingið er í raun valdastofnun Evrópuráðsins og tekur frumkvæði í aðgerðum sem oft eru stefnumarkandi, en verkefni ráðherranefndarinnar er að koma ákvörðunum þingsins í framkvæmd meðal þjóða sinna. Vinnan í Evrópuráðinu hefur m.a. borið þann árangur að gerðir hafa verið Evrópusáttmálar sem hafa haft mikil áhrif um margvísleg efni í löggjöf landanna. Flest þau efni varða með einhverjum hætti hversdagslíf einstaklinganna í löndum ráðsins en eru sjaldnar stórpólitísk deilumál.

Sáttmálarnir eru grundvöllur samræmingar og samstarfs og auðvelda því samskipti manna þjóða í milli. Þeir eru til aðhalds og stuðnings á sviði mannréttinda, menningar og velferðar. Frá því er Evrópuráðið var stofnað 1949 og til þessa dags hafa verið gerðir 127 sáttmálar. Mikilvægastur er mannréttindasáttmálinn sem undirritaður var 1950. Ákvæði mannréttindasáttmálans hafa verið lögfest í heild í mörgum aðildarríkjum en með fullgildingu hans undirgengust ríkin þá skyldu að löggjöf landanna væri í samræmi við sáttmálann. Að mínum dómi er það athugunarefni fyrir okkur að láta sáttmálann og viðbótarbókanir hans öðlast lagagildi í heild sinni og með formlegum hætti svo að hann verði prentaður í íslenskri þýðingu meðal annarra laga landsins, aðgengilegur almenningi sem hann vissulega snertir svo mjög. Samkvæmt sáttmálanum starfar mannréttindanefnd sem tekur við kærumálum einstaklinga og velur úr þau sem ganga til dómstólsins. Dómur getur leitt til þess að ríki sé skyldugt til að breyta lögum eða lagaframkvæmd til betra samræmis við sáttmálann. Málsmeðferð í þessum tveimur stofnunum er tímafrek og þung í vöfum. Í laganefnd ráðgjafarþingsins fer nú fram umræða um athugun á því hvort sameina ætti þessar tvær stofnanir. Við íslensku þingmennirnir höfum ekki tekið afstöðu til þess máls en að því kemur væntanlega á næstu mánuðum þegar frekari athuganir hafa farið fram.

Aðrir sáttmálar Evrópuráðsins eru m.a. um félagslegt öryggi, menningu, náttúruvernd, vernd gamalla mannvirkja, brottvísun úr landi, lækningar, jafngildi prófa og skírteina, sjónvarpsvernd, ættleiðingar o.fl. Einnig má nefna sáttmála um varnir gegn hryðjuverkum, um réttindi farandverkafólks og um framsal fanga. Meðal nýrri sáttmála má nefna sáttmála um vernd einstaklinga gegn sjálfvirkri dreifingu persónuupplýsinga, um bætur til fórnarlamba ofbeldisglæpa, um ofbeldi áhorfenda á íþróttakappleikjum, sérstaklega fótbolta, og loks sáttmála gegn pyndingum.

Ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. utanrrh. að hann gefi Alþingi, ekki nauðsynlega nú við þessa umræðu, en fljótlega, yfirlit um þá sáttmála sem við Íslendingar erum ekki aðilar að og í þeim tilvikum

sem svo er, þá hvers vegna það sé svo.

Auk sáttmálanna og annarra samþykkta beitir Evrópuráðið sér fyrir sérstökum verkefnum til styrktar ákveðnum einstökum málefnum. Þannig helgar það tilteknu efni hvert ár. Við getum minnst á kvikmyndaár, tónlistarár, ár gamalla húsa o.s.frv. Síðasta ár var dreifbýlisár og þetta ár er helgað átaki til samstarfs norðurs og suðurs.

Á síðasta þingi Evrópuráðsins í janúarlok ýtti Jóhann Karl Spánarkonungur úr vör svonefndu norður-suður átaki sem hæstv. utanrrh. vék að í skýrslu sinni. Þetta felur í sér viss markmið í *þróunaraðstoð undir kjörorðinu: við lifum öll í* aðeins einum heimi.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að við getum náð betri árangri í þróunaraðstoð með miðlun þekkingar en með beinum peningasendingum. Hér getur verið um að ræða þátttöku í einstökum sérhæfðum framkvæmdum, verkkennslu eða þá skólakennslu í grunngreinum svo og ýmiss konar heilbrigðisaðstoð. Á öllum þessum sviðum hafa Íslendingar fundið að þeir geta lagt lóð á vogarskálarnar og orðið miklu fleirum að liði en með takmörkuðum fjárlagasamþykktum. Ákvarðanir um aðferðir í þessu skyni þurfa að taka mið af samstarfi og verkaskiptingu þjóða og stofnana sem aðstoðina veita.

Nýliðið janúarþing í Strasbourg varð styttra en efni stóðu til samkvæmt áður undirbúinni dagskrá þess. Ástæðan var samþykkt þingsins á ályktun sem fól í sér mótmæli gegn þeirri ráðstöfun ríkisstjórnar Frakklands að krefjast vegabréfsáritunar frá ýmsum ríkjum Evrópuráðsins. Talsmaður pólitísku nefndarinnar sem flutti tillöguna kvaðst skilja og meta viðleitni Frakka til að verjast hryðjuverkamönnum en honum þótti lítið samræmi í reglum þeirra um vegabréfsáritun og móðgun við þær þjóðir sem í hlut eiga. Ríkisborgarar Evrópubandalagsríkjanna geta hins vegar ferðast óhindrað til Frakklands og raunar borgarar Lichtenstein og Sviss en komi aftur á móti fólk frá Austurríki, Svíþjóð, Noregi eða Íslandi þykir Frökkum ástæða til þess að hafa allan varann á og gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra skelfinga sem þeim kynnu að vera búnar af völdum hins varasama fólks frá þessum löndum! Slíku vilja þjóðir Evrópuráðsins ekki una og þinginu lauk í skyndingu í mótmælaskyni við þessar ráðstafanir og við það að þessu skuli ekki enn hafa verið breytt. Ákveðið var að halda fundi nefndanna utan Frakklands þar til þessu hefði verið létt af. Jafnframt var ákveðið að halda ekki í Strasbourg þing sem neinar efnisákvarðanir tækju fyrr en þarna hefði verið breytt um. Reglur ráðsins skylda þó ráðið til að halda þing og ganga frá vissum þingskapaákvörðunum í Strasbourg, þingmenn eru bundnir við það. Síðan verður samkvæmt ályktuninni ekki Evrópuráðsþing í Strasbourg nema Frakkar breyti þessum hætti gagnvart þjóðunum utan Evrópubandalagsins. Þessi ályktun getur valdið umtalsverðum tekjumissi fyrir Strasbourg *nema breyting verði á.*

Á þinginu í janúar voru samþykktar mjög fáar aðrar ályktanir, en ég vil sérstaklega nefna þó að samþykkt var ályktun um varnir gegn kjarnorkuslysum. Sú ályktun kvað mjög fast að orði en í henni fólst að þeir sem byrjaðir væru eða ætluðu að stofna til nýrra kjarnorkuvera í friðsamlegum tilgangi skyldu hætta þeim framkvæmdum og hafast ekki að fyrr en fyrir lægju annaðhvort alþjóðlegir staðlar eða þá Evrópustaðlar um öryggisbúnað við kjarnorkuverin til þess að þau mættu verða byggð. Af tveimur ástæðum kann þetta að vera vafasamt. Fyrst og fremst af einni ástæðu en hún er sú að þegar allar þjóðirnar hafa samþykkt sín á milli slíka staðla geta *menn gengið út frá því að kröfurnar verða í því* algjöra lágmarki sem þeir sem minnstar varúðarráðstafanir hafa núna vilja. Þess vegna tel ég talið að skynsamlegra hefði verið að menn héldu sér við þau skilyrði sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin telur að æskilegust séu og létu við það sitja. Hins vegar gerði tillagan ráð fyrir að menn stöðvi framkvæmdir í öllum tilvikum þangað til slíkir staðlar væru tilbúnir sem menn geta gert ráð fyrir að verði ekki fyrr en eftir mörg ár. Þá er það ekki heldur sanngjarnt því að það kunna líka að vera framkvæmdir á döfinni sem fullnægja ýtrustu varúðarskilyrðum sem menn yfirleitt hafa þekkingu til að setja. Í hlut kunna að eiga svæði sem eru alfarið háð þessari orkulind til raforkuframleiðslu. Að mínu mati var það því ekki alveg einsýnt að þetta atriði í ályktuninni næði tilganginum eins vel og vera þyrfti, en að öðru leyti eru mjög margir góðir hlutir í þessari ályktun sem ráðherranefndin hefur nú fengið til meðferðar.

Í nefnd sem ég á sæti í eru til meðferðar mál sem varða réttarstöðu ungra barna, skýrslugerðir um aðstöðu og umönnun smábarna í aðildarríkjum Evrópuráðsins og einnig er þar til meðferðar mjög vandasamt mál um réttarstöðu þegar fóstur eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi ef svo má segja. Það er í raun og veru eitt af þeim alvarlegu siðfræðilegu málum sem til umfjöllunar hafa verið víða og koma upp núna einmitt vegna mikilla framfara í læknisfræði. Þetta eru hlutir sem Evrópuríkin þurfa að taka á og þurfa að hafa samræmdar reglur um.

Enn fremur eru til meðferðar reglur um samræmingu aðgerða gegn alnæmi og fleiri mikilvæg atriði á sviði heilbrigðismála en ég mun ekki fara út í það, *hæstv. forseti, að telja upp einstök mál á þessu stigi.* Eins og ég vék áður að bíðum við þess að við fáum frekari gögn í hendur og munum þá vinna úr þeim þannig að unnt verði að leggja fyrir Alþingi nánari grg. um þau mál sem unnið hefur verið að á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins á sl. ári og vænti ég þess þá að fá góðar upplýsingar frá hæstv. forseta einnig.

Ég undirstrika það í lok þessarar grg. að við skulum taka slíkt milliríkjasamstarf alvarlega og gera okkur grein fyrir því að þarna er einmitt vettvangur sem við getum notað töluvert til þess að undirbúa hina breyttu stöðu sem kann að verða þegar Evrópubandalagið hefur komið á sínum innri markaði og Evrópuríkjum hefur fjölgað í þeim hópi. Aðalatriðið er þetta að við stöndum vel að þeim

málum sem Evrópuráðið hefur gert að grundvallaratriðum sem er vernd þeirra mannréttinda sem við göngum út frá og þeirrar sameiginlegu menningararfleifðar og viðhorfs til laga og siðgæðis sem Evrópuríkin hafa og evrópsk menning byggist á. Evrópuhugsjónin má segja að hafi fyrst fundið framrás í stofnun Evrópuráðsins þegar það var stofnað á rústum síðari heimsstyrjaldarinnar og við það bundu menn vonir að þar væri enn ein stofnun þar sem fyrrum fjendur sameinuðust og færu með friði og vináttu til þess sameiginlega að efla menningu og velferð ríkja sinna.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Af sérstöku tilefni þakkar forseti hv. 3. þm. Reykv. vinsamleg orð í hans garð.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér í upphafi máls míns að þakka hæstv. utanrrh. sérstaklega fyrir að leggja þessa skýrslu svona snemma fyrir þingið þannig að hér sé unnt að taka til umræðu utanríkismál í framhaldi af skýrslu hæstv. ráðherra í góðu tómi og gefa sér sæmilegan tíma til að fara yfir þau mál. Það hefur allt of oft viljað brenna við að þau mál hafa lent á hálfgerðum hrakhólum og verið rædd í tímaskorti undir þinglausnir að vori. Það er að sjálfsögðu miklu betri háttur og eftirbreytniverður að reyna að koma þessari skýrslu saman sæmilega snemma vetrar og gefa sér nægan tíma til að fjalla um hana.

Ég ætla aðallega að ræða þetta efni út frá skýrslunni eins og eðlilegt er og raða máli mínu nokkurn veginn í sömu röð og þar er gert, en ætla þó að byrja á kaflanum sem ég byrja oftast á að fletta upp á í þessum skýrslum og fjallar um herinn og umsvif hans hér í landinu. Ég sagði víst í fyrirspurnatíma í gærmorgun, hæstv. forseti, að mér þætti sem þíðublærinn, „glasnostið" eða „perestrojkan" eða hvað það nú er í skýrslunni færi minnkandi eftir því sem nær drægi hinu heilaga, sem er herinn og dvöl hans hér í landinu og umsvif, og þar bæri meira á kunnuglegu orðalagi frá fyrri tíð en víða annars staðar í skýrslunni. Því miður er þetta svo. Það er eins og hæstv. núv. utanrrh., sem hefur víða góða tilburði til að tala um málin og horfa á þau, að því er virðist, eða skoða frá frjálslyndissjónarmiði og í samræmi við þá þíðustrauma sem núna fara víða um lönd og álfur, verði dálítið feiminn þegar kemur nær herstöðinni. Það er líklega skiljanlegt út af fyrir sig því að hæstv. ráðherra er ekki einn í ríkisstjórn og í öðru lagi var hæstv. ráðherra einnig forsrh. í fjögur ár og þá gerðust ýmsir atburðir í þessari herstöð sem enn er ekki búið að gleyma. Þar er brugðið á þetta kunnuglega orðalag að tala um varnarhlutverkið og varnarstöðina og hér sé eftirlit og í raun og veru er orðalagið svipað því og menn væru að fjalla um einhverja fámenna björgunarsveit skáta einhvers staðar norður í landi sem væri að dunda við að æfa sig og tala í labb-rabb tæki og eitthvað svoleiðis og þetta sé allt ósköp saklaust.

En hvernig er þetta nú, hæstv. utanrrh., til að mynda með radarstöðvarnar og stjórnstöðina sem ráðherrann talar um að séu eftirlitstæki sem geti engan skaðað og allir hljóti að eiga að fagna og séu ekki á nokkurn hátt tengd hernaði eða stríði, ekki frekar en labb-rabb tæki björgunarsveitanna eða hvað. Við skulum aðeins fara yfir það hvernig þessar radarstöðvar og annar radarkerfisvígbúnaður Bandaríkjanna á norðurslóðum tengist yfirstjórn þeirra herafla og þó að Íslendingar vinni við að halda þessum stöðvum gangandi og þó að Póstur og sími flytji merkin vestan af Stigahlíð eða norðan af Gunnólfsvíkurfjalli til Keflavíkur stoppa merkin ekki þar. Hæstv. ráðherra veit væntanlega að þó að það sé unnið úr þeim að einhverju leyti í stjórnstöðinni halda merkin áfram því að öllum radarmerkjum af keðjunni er safnað saman og þau send áleiðis gegnum langdrægt fjarskiptakerfi Bandaríkjahers til höfuðstöðva kjarnorkuheraflans hjá því herveldi.

Þetta er þannig, og ég ætla að lesa þetta aðeins fyrir ráðherrann því að hann hefur gott af því að heyra þetta ef hann hefur ekki kynnt þetta þegar, að ratsjárstöðvarnar, sem hér hafa verið starfræktar og þær sem verið er að byggja og endurnýjun í hinum tveimur, í Rockville og Stokksnesi, eru austasti hluti svokallaðrar DEW-línu. Þetta stendur fyrir Distant Early Warning System. Þetta kerfi radarstöðva var sett upp á 6. áratugnum og það nær allt frá Point Bay nyrst og vestast í Alaska yfir þvert og endilangt Kanada og Grænland og um Ísland. Upplýsingar þær sem þetta kerfi aflar, allt þetta kerfi, þar með talið radarstöðvarnar á Íslandi, eru sendar til höfuðstöðva NORD, sem er skammstöfun fyrir North American Air Defense System í Cheyenne-fjalli í Colorado Springs og þar er unnið úr þessum boðum. Þetta er ákveðinn nafli í allri yfirstjórn bandarísks herafla, þ.e. þessi miðstöð sem er víst að hluta til neðanjarðar í fjallinu Cheyenne í Colorado Springs.

Síðan eru þessi boð send áfram enn lengra og til höfuðstöðva yfirstjórnar strategísks herafla bandarísks flughersins, hvorki meira né minna, sem er skammstafað SAC, Strategic Air Command, í Nebraska. Þetta er önnur æðsta stjórnstöð alls Bandaríkjahers. Það yrði úr þessari stöð SAC, yfirstjórnar strategísks herafla bandarísks flughersins, sem hugsanlegri kjarnorkustyrjöld Bandaríkjamanna við Sovétríkin yrði stjórnað. Þar yrðu ákveðin skotmörk bandarískra kjarnorkuvopna, m.a. á grundvelli þeirra upplýsinga sem DEW-línan aflar, hæstv. utanrrh. Ég get lesið áfram og frætt hæstv. ráðherra meira um hvernig boðin frá þessum kerfum ganga beina boðleið inn í höfuðstöðvar bandarísks herafla, þar á meðal yfirherstjórnar bandarískra flughersins í Nebraska sem ákveður skotmörk í kjarnorkustyrjöldum og metur á hverjum tíma hvernig á að beita bandarískra kjarnorkuheraflanum.

Síðan má enn rekja tengingu radarstöðvanna hér við evrópska radarstöðvakerfið og breska kerfið og það kerfi sem skammstafað er NADS og teygir sig alla leið frá Norður-Noregi suður til Tyrklands. Öll

þessi mikla radarstöðvakeðja, sem meira og minna umlykur Sovétríkin vel að merkja, er tengd með einum eða öðrum hætti og boðin úr þessum radarstöðvum verða ekki undan dregin allri starfsemi þessa samtengda nets og yfirherstjórnarinnar sjálfrar. Það er óskaplegur barnaskapur að fjalla um þessar radarstöðvar sem eitthvert sérislenskt fyrirbrigði sem hafi verið sett upp bara til að fylgjast með einhverjum pínulitlum bletti hnattarins á Íslandi og komi engu öðru við. Það er óskaplegur misskilningur. Þetta er hluti af miklu stærra kerfi, tengt því og er hlekkur í keðju sem er eitt af því mikilvægasta í allri stjórnun herafla og mati á aðstæðum á hverjum tíma á átakatímum.

Ef hins vegar hæstv. utanrrh. vill koma hlutunum þannig fyrir að hann geti talað um radarstöðvarnar eins og hann gerði í gær, þá er til leið til þess. Þess vegna ætla ég að spyrja hæstv. utanrrh.: Er hann að segja að hann sé tilbúinn til þess að klippa á allt samband radarmerkjanna héðan úr íslenska kerfinu við umheiminn, þ.e. sjá til þess að þeim upplýsingum sem hér er aflað að nafninu til í þágu varna Íslands sé ekki dreift víðar þannig að við getum með fullum rétti sagt við hvern og einn: Við erum eingöngu að afla þessara upplýsinga fyrir Ísland og næsta nágrenni og við sjáum til þess og getum tryggt að þær upplýsingar fari ekki víðar, verði ekki notaðar af öðrum en okkur sjálfum og ekki í þágu annarra en okkar sjálfra. Það mundi breyta heilmiklu um eðli þessara stöðva og líka því hvernig ég lít á þær.

Spurningin er síðan, sem er auðvitað svo margrædd að það er kannski ekki ástæða til að hafa um það allt of mörg orð hér, hvort þetta sé varnarstöð, eftirlitsstöð eða árásarstöð. Ég veit ekki hvort ég legg út í þá umræðu núna. Það eru hins vegar til einfaldar leiðir til að sjá til þess að stöðvarnar séu ekki nema eftirlitsstöðvar og varnarstöðvar. Þær eru ekki nýttar. Ég ætla að minna hæstv. utanrrh. á það sem Spánverjar eru að gera þessa dagana. Hvað eru þeir að gera? Þeir eru að reka af höndum sér ákveðin bandarísk árásartæki í sínu landi, F-15 orustuþotur, sem er sama tegund flugvéla og komu hingað í forsætisráðherratíð hæstv. núv. utanrrh. Hvers vegna gera Spánverjar þetta? Vegna þess að þeir vilja ekki ögrandi árásartæki í sínu landi. Þeir hafa lýst því yfir. Þeir vilja takmarka umsvif bandarískra hersins, losna við hann eins og fleiri, helst, a.m.k. meiri hluti spænsku þjóðarinnar, og eitt það fyrsta sem þeir benda á eru F-15 orustuþoturnar. Hvers vegna? Vegna þess að þetta eru öflugustu flugvélar bandarísku flughersins. Þær eru búnar öflugustu ratsjánum, þær eru langdrægastar allra sprengjuflugvéla með orustuþotueiginleika sem geta borið kjarnorkuvopn. Veit hæstv. utanrrh. að F-15 orustuþoturnar geta farið í 5400 km langa árásarferð án þess að taka eldsneyti? Þær geta varpað sprengjum á Mílanó, þær geta varpað sprengjum á Leningrad og komið heim aftur án þess að taka eldsneyti. Þær geta borið a.m.k. tvær tegundir skammdrægra stýriflauga með kjarnorkuoddum. Ætla menn að segja að þessar vélar séu ekki árásartæki? Eru þær varnartæki eins og eitthvert batterí sem er steypt niður fast á landi? Auðvitað ekki. Það var grundvallarbreyting á árásargetu búnaðarins hér á Íslandi við komu F-15 vélanna. Ef hæstv. utanrrh. vill vera sjálfum sér samkvæmur á hann að leggja til að þessar vélar fari héðan og í staðinn komi einhverjar skammdrægari vélar sem geta þjónað nákvæmlega sama varnarhlutverki en hafa ekki möguleika á því að fara í árásarferðir á fjarlægar heimsálfur. Veit hæstv. utanrrh. að það munar mjög litlu, nokkur hundruð km að íslensku F-15 orustuþoturnar hefðu getað gert sprengjuárásina á Trípólí í Lýbíu? Það munaði litlu. Ef KC-135 eldsneytistankvélin hefði fylgt þeim svolítið áleiðis suður í Atlantshafið og bætt þar á þær eldsneyti hefðu þær getað gert þessa árás einar og óstuddar. Þannig tæki eru hérna á Íslandi. Við skulum horfast í augu við það. Og ég hlusta ekki á röfl menntaðra manna, ég tala nú ekki um verkfræðinga, eins og hæstv. utanrrh. er, þegar menn hafa svona staðreyndir á borðinu. Það þýðir ekkert að neita því að þessi árásarflugsveit hér, sem getur geymt vélarnar sínar í sprengjuheldum flugskýlum og hefur tankvél á staðnum til að fylgja þeim áleiðis, er árásarflugsveit. Allir hljóta að líta þannig á, bæði við og ég tala nú ekki um einhverjir hugsanlegir óvinir okkar. Ég bið hæstv. utanrrh., vel menntaðan og ágætlega gefinn manninn, að hlífa mér við blaðri um varnarhlutverk þessara véla.

Hæstv. ráðherra getur auðvitað gert fleira ef hann vill reisa þá stefnu sína að hér sé ekki árásarstöð. Hann getur látið AWACS-þoturnar fara því þær eru stjórnstöð í kjarnorkuátökum. Það er viðurkennt. Ég get lánað hæstv. utanrrh. handbækur um stríðstól þar sem þessar vélar eru skilgreindar þannig. Hæstv. utanrrh. getur t.d. með einu einföldu skilyrði breytt miklu um eðli útbúnaðarins sem hér er. Ef hæstv. ráðherra má vera að því að hlusta á það ætla ég að útskýra það fyrir honum. Hæstv. ráðherra getur farið til yfirstjórnar bandarísku herstöðvarinnar hér og sagt: Ég fer fram á það í nafni íslensku þjóðarinnar að þær Orion PC-3 vélar sem eru hér á Íslandi séu af þeirri gerð sem ekki getur borið kjarnorkuvopn. Það er nefnilega þannig, hæstv. ráðherra, að Orion-vélar eru af tveimur mismunandi gerðum. Önnur gerðin og sú eldri er þannig útbúin að hún er ekki ætluð til að varpa kjarnorkuvopnum. Hin gerðin, sú nýrri, þar á meðal hollenska vélin sem hér kom í forsætisráðherratíð hæstv. núv. utanrrh., getur borið kjarnorkuvopn, þ.e. hún er þannig úr garði gerð, öryggiskerfið í vélinni er þannig hannað og áhöfn og stjórn vélarinnar er þannig að hún fellur undir þann hluta heraflans sem má og getur meðhöndlað kjarnorkuvopn. Er hæstv. utanrrh. reiðubúinn að kanna þetta mál samkvæmt minni ósk? Ætlar hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því að það verði athugað hvort unnt er að fá því framgengt og tryggja það að hér verði ekki aðrar kafbátaeftirlitsleitarvélar en þær sem ekki hafa mannafla og búnað og eru ekki

ætlaðar til að bera kjarnorkuvopn? Við vitum að það hafa verið áætlanir uppi um annað og það biðu 48 kjarnorkudjúpsprengjur tilbúnar í Skotlandi viðbúnar því að fara til Íslands ef kallið kæmi. Þannig getur hæstv. utanrrh., ef hann vill gera alvöru úr tali sínu um varnar- og eftirlitsstöð, gripið til ýmissa þeirra ráðstafana sem sýna að honum er alvara. Þær eru miklu betri, hæstv. ráðherra, og það er meiri reisn yfir því en falleg orð þó að ég sé út af fyrir sig ekki að lasta þau.

Ég vil taka fyrir annað, herra forseti, sem ég hef reyndar rætt áður, og það er svonefnd ratsjárstofnun og fjallað er um í þessari skýrslu. Það verð ég að segja að mikið vorkenndi ég líka hæstv. utanrrh. þegar hann vék að því fyrirbrigði, þessari ratsjárstofnun. Það er verið að snúa því upp í eitthvert sjálfstæðis- og stoltsefni að það sé verið að búa til þessa íslensku ratsjárstofnun til að sjá um reksturinn á þessum hernaðarmannvirkjum. Hvers vegna í ósköpunum? Hvar eru sjálfstæðismennirnir þegar þessa ratsjárstofnun ber á góma? Voru það ekki þeir sem höfðu einu sinni þá stefnu að það ætti ekki að blanda saman vörnunum, eins og þeir kalla það, og viðskiptahagsmunum, peningum, það mætti ekki, það væri hættulegt? Þar með væru menn í raun og veru að grauta saman tvennu ólíku og menn mundu glata sjálfstæði sínu hvort á sínu sviðinu. En hvað er ratsjárstofnun, þetta aumlega fyrirbrigði? Það er nafn á deild sem tekur við peningum frá bandaríska hernum til að borga fyrir rekstur hernaðarmannvirkja. Menn muna hvernig ratsjárstofnunin er meðhöndluð í íslensku fjárlögunum, er það ekki? Það eru víst 385 millj. kr. tekjur frá bandaríska hernum og útgjöld upp á 385 millj. kr. á móti. Framlag Íslendinga til rekstrar þessarar miklu stofnunar er núll krónur. Það er svo mikið sem hún kemur okkur við, hv. formaður utanrmn. Þetta er ekki stoltsefni, þetta er ekki til að gleðjast yfir, að vera að þvæla þannig saman bandarískum hernaðarhagsmunum og rekstri hernaðarkerfisins og íslenskum stofnunum. Þetta er auðvitað dulbúin „aronska“ af verstu tegund og mun smátt og smátt leiða til þess, ef svo heldur sem horfir, að þó að þeir tímar komi að allir vilji herinn burt, ekki bara við sem höfum barist fyrir því, verður það hið versta mál að komast út úr því, því önnur hver stofnun í landinu er meira og minna komin á mála hjá þessum her. Og það verða fleiri en ratsjárstofnun. Póstur og sími fer á næstu árum að hafa umtalsverðar sértekjur af því að þjónusta bandaríska herinn í landinu, flytja radarmerkin milli landshluta o.s.frv. Halda menn að þegar þetta bætist við það hermang sem fyrir er og heldur Sambandinu gangandi og helstu forkólfum Sjálfstfl. að það auðveldi að koma hernum burt? Nei, það geta allir væntanlega skilið. Ég bið hæstv. utanrrh. að íhuga þetta ofurlítið betur ef hann er þá ekki kominn á þá skoðun að þessi her muni verða hér um aldur og ævi og það sé allt í lagi þó hér gerist ýmislegt í tengslum við dvöl hans sem ankeri hann þannig niður að hann verði enn fastari við íslenska berggrunninn en flugstöðin, og er hún þó vel njörvuð niður að sögn.

Ég ætla að hlaupa svo yfir það sem eftir er af þessum kafla um varnarliðið, nema ég ætla að nefna þennan „yfir sjóndeildarhringinn“ radar sem reyndar hefur nokkuð borið á góma. Ég fagna þeim ummælum sem hæstv. utanrrh. mun hafa haft um hann í gær. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur en hef fengið fregnir af því.

En vegna þess að þau mál hafa greinilega verið komin lengra en flestir gerðu sér grein fyrir ætla ég að gefa hæstv. utanrrh. ákveðnar upplýsingar sem ég hef undir höndum um þetta fyrirbrigði þar sem það kemur fram á ekki fleiri en þremur stöðum að nafn Íslands og uppbygging íslenska radarkerfisins er nefnt í sömu andrá og OTH-radarstöð, svonefnd „relocateable“ eða færanleg radarstöð bandaríska sjóhersins sem á að geta séð yfir sjóndeildarhringinn. Ég ætla líka að gefa honum innsýn í skýrslu þar sem fjallað er um OTH-radarstöðvauppbyggingu flughersins. Þar fékk ég yfirheyrslu bandarísks herforingja fyrir bandarískri þingnefnd. Ég hef oft áður skoðað slíka pappíra og er þeim býsna kunnugur eins og sumir hv. þm. e.t.v. vita, en ég hef aldrei fengið í hendur pappír með jafnmörgum eyðum. Ég hef aldrei skoðað plagg um jafnháhernaðarlegan og leyndardómsfullan hlut og þennan OTH-radar. Það eru í annarri hverri línu langar útstrokanir og eyður. Svo óskaplega leynt verður þetta að fara allt saman. Það eru þessir hlutir sem greinilega hafa verið uppi áætlanir um að setja niður á Íslandi.

Við könnumst við þessar áætlanir bandarísku hersins. Hæstv. fyrrv. utanrrh. Geir Hallgrímsson sagði einu sinni: „Þeir eru alltaf að gera svona áætlanir“ þegar hann var spurður út í áætlanir um að flytja hingað kjarnorkuvopn á ófriðartímum eða spennutímum. Þá sagði hæstv. ráðherrann fyrrv.: Þeir eru alltaf að gera einhverjar áætlanir. Þetta er náttúrlega ein af þessum áætlunum sem þeir eru alltaf að gera þarna fyrir vestan að reisa hérna risaradar. En ég ætla þá að spyrja hæstv. utanrrh.: Ætlar hann ekki að kanna hvort það hafi verið gerðar að Íslendingum forspurðum áætlanir um að setja hér upp risaradar? Og ætlar hann ekki að koma þeim skilaboðum á framfæri við bandarísk stjórnvöld að þau geti hætt að gera slíkar áætlanir því það standi ekki til af hálfu íslenskra stjórnvalda að leyfa slíkt mannvirki hér? Ég mundi fagna því mjög ef hæstv. utanrrh. gæti eftir nokkrar vikur upplýst þingið og þjóðina um að hann hefði komið alveg skýrum skilaboðum á framfæri við bandarísk stjórnvöld: Þið getið gleymt því strákar að vera að bollaleggja um þennan risaradar. Hann verður ekki byggður á Íslandi.

Ég mun þegar ég lýk máli mínu, herra forseti, afhenda hæstv. utanrrh. þessi gögn, sem ég hef undir höndum, ef honum eða einhverjum starfsmönnum hans kynni að vera í því eitthvert nýnæmi að fá þau í hendur.

Ég vil í þriðja lagi nefna möguleikana á kjarn-

orkufriðlýsingu Íslands og íslenskrar lögsögu. Auðvitað er maður þar fyrst og fremst með í huga hið pólitíska gildi og þetta sem framlag í þágu friðar í heiminum, en ég get ekki neitað því að á síðari árum hefur mér í raun þótt þessi möguleiki ekki síður spennandi sem aðferð til að reyna að firra okkur sjálfa þeirri ógn og vá sem stafar af nærveru kjarnorkuvopna og kjarnorkuknúinna farartækja við landið.

Í frv. til laga, sem ég hef flutt ásamt með hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, eru ákvæði um að banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja eins og þar segir í 10. gr., með leyfi forseta:

„Sérhverju því farartæki sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði.“ Hið friðlýsta svæði er til skilgreiningar fyrir hv. þm. íslenska landhelgin og lofthelgin, íslenska efnahagslögsagan og landgrunnið eftir því sem ýtrasti þjóðaréttur og fullveldisréttur okkar gefur tilefni og heimildir til.

Í 11. gr. er með svohljóðandi hætti fjallað um kjarnorkuúrgang og kjarnakleyf efni: „Öll umferð farartækja sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis. [Sbr. þá ákvæði 12. gr.] Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna, hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.“

Þetta eru að vísu greinar í stærra frv. sem gerir ráð fyrir friðlýsingu landsins með mjög víðtækum hætti fyrir bæði kjarnorku- og eiturefnavopnum, en ég vil segja það hér að ef um það gæti skapast samstaða í hv. utanrmn. að draga út úr frv. þessar greinar eða sambærileg ákvæði og flytja um það till. eða frv. sérstaklega er ég að sjálfsögðu tilbúinn til þess og mundi fagna því þó afgreiðsla frv. að öðru leyti kynni að bíða betri tíma.

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er hann tilbúinn til að láta kanna það og beita sér e.t.v. fyrir því að það verði gerð á því könnun hvaða möguleika við Íslendingar höfum, burt séð frá kjarnorkufriðlýsingu að öðru leyti, að takmarka með lagasetningu umferð kjarnorkuknúinna farartækja og flutning kjarnakleyfra efna og losun kjarnaúrgangs á okkar áhrifasvæði? Er t.d. hæstv. utanrrh. tilbúinn að láta kanna þó ekki væri nema afdráttarlausa friðlýsingu 12 mílna landhelginnar og lofthelginnar í þessu sambandi?

Menn kunna nú að koma upp unnvörpum og segja: Já, en hvernig á að hafa með þessu eftirlit? Þýðir nokkuð að setja svona lög nema unnt sé að tryggja framkvæmd þeirra o.s.frv.? En í mínum huga er það ekki réttlæting eða afsökun fyrir því að hafast ekki að í þessum málum þó menn kunni að telja okkur nokkuð vanmegnuga þess að tryggja framkvæmdina með ýtrasta hætti þegar í upphafi.

Ég vil spyrja hæstv. utanrrh., þó með þeim fyrirvara að það kann að hafa komið eitthvað fram í umræðunni í gærkvöld, þeim hluta hennar sem ég náði ekki að fylgjast með, hver afstaða Íslands verður og hvort hún muni koma fram með skýrum hætti á t.a.m. leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel eftir fáeina daga, þ.e. afstaða Íslands gagnvart þeim hugmyndum sem uppi eru innan Atlantshafsbandalagsins um viðbrögð við fækkun meðaldrægra eldflauga í Evrópu.

Það hafa komið um það upplýsingar að innan NATO, bæði hjá einstökum aðildarríkjum og í klúbbnum sem slíkum, séu menn með alls konar vangaveltur um að friðurinn þoli ekki að þessum vopnum fækki svona mikið og það verði að koma upp einhverjum vopnum á móti einhvers staðar annars staðar. Í því sambandi hafa verið nefnd bæði skammdræg vopn og vígvallarvopn, stýriflaugar í kafbátum og skipum og sprengjuflugvélar, aukinn fjöldi þessara tegunda vopna. Mér finnst mjög mikilvægt að hæstv. utanrrh. hafi uppi alveg skýra afstöðu Íslands í þessum efnum, að við viljum að sjálfsögðu að um raunverulega fækkun verði að ræða og að vopnunum verði ekki hlaðið niður einhvers staðar annars staðar í staðinn. Ég held að það sé gott að hæstv. utanrrh. fjalli rækilega um þetta við þessa umræðu og hafi helst stuðning Alþingis að baki sér þegar hann ásamt með hæstv. forsrh. heldur til Brussel á næstunni.

Ég veit að það stendur varla á talsmönnum flokkanna á Alþingi að lýsa stuðningi sínum við hæstv. utanrrh. verði afstaða hans á þá lund, sem ég tel að mest samstaða hljóti að vera um hér, að það komi auðvitað ekki til greina að setja upp kjarnorkuvopn í staðinn fyrir þau sem nú á að taka niður einhvers staðar annars staðar.

Ég vil víkja örlítið að Suður-Afríku þó það mál hafi verið rætt hér áður, bæði í fyrirspurnatíma og víðar, og sé til umfjöllunar í hv. utanrmn. Ég vil fyrst og fremst minna á að ástandið þar virðist nú því miður fara versnandi og þær horfur sem voru á því að friðsamleg andstaða kynni að fá einhverju áorkað, kynni að knýja einhverja breytingu fram, virðast nú vera að hverfa, verða að engu vegna harkalegra viðbragða stjórnvalda sem nýverið bönnuðu starfsemi flestallra almannasamtaka og félagasamtaka blökkumanna sem að mati fróðra manna og þar á meðal framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna munu því miður líklega hafa þau áhrif að menn gefist upp og hverfi unnvörpum frá því að reyna að beita friðsamlegri andstöðu við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna til að knýja fram á henni breytingar.

Ég tel að þessir síðustu atburðir séu mjög alvarlegir og allt bendi til þess að því miður fari ástandið í Suður-Afríku versnandi en ekki batnandi og því sé enn meiri þörf fyrir samstöðu meðal þjóða heimsins um að berjast gegn þessari stefnu og knýja fram á henni breytingar. Sú aðferð sem hefur orðið fyrir valinu á alþjóðavettvangi, meðal Norðurlandaþjóða, hjá Sameinuðu þjóðunum og yfirleitt annars staðar þar sem þessi mál eru til umfjöllunar er að beita viðskiptaþvingunum. Menn kunna að hafa efasemdir og mismunandi skoðanir á ágæti þeirrar

aðferðar og ég get alveg hlustað á slík rök, en það breytir ekki hinu, að menn hafa ekki fundið aðrar vænlegri leiðir. Það er ekki vegna þess að menn hafi ekki hugsað um þessi mál eða leitað eða skrifað þykkar skýrslur. Ég vil því enn hvetja hæstv. utanrrh. með tilvísun til nýjustu atburða til að láta virkilega á það reyna innan ríkisstjórnar og hér á Alþingi hvort ekki sé hægt að skapa samstöðu um viðskiptabann á Suður-Afríku. Ekki vegna þess að viðskipti Íslendinga við þá þjóð eða það land skipti sköpum fyrir okkur eða þá, heldur er hér á ferðinni spurning um siðferðislega afstöðu og þátttöku okkar í aðgerðum ásamt með öðrum þjóðum.

Af því að hæstv. fjmrh. hefur verið hér á flökti, hæstv. forseti, ætla ég að snúa máli mínu næst að honum lítillega og Efnahagsbandalagi Evrópu eða Evrópubandalaginu.

Það gladdi mig að sjálfsögðu að sjá hæstv. fjmrh. hér. Ég hef m.a.s. grun um að hann gæti hugsað sér að taka til máls í umræðunni hér á eftir vegna þess að orði hefur verið vikið að hæstv. fjmrh. í þessari umræðu af tilefni sem allir þekkja.

Ég ætla að vísu ekki að bæta miklu við í dómum um þau ummæli sem hæstv. fjmrh. viðhafði úti í Stokkhólmi á dögunum um framtíðina og sambúð okkar Íslendinga við Evrópubandalagið. Svo fáránleg sem þau voru þá dæma þau sig auðvitað best sjálf. Mér skilst auk þess að hv. þm. Kjartan Jóhannsson, meðlimur í utanrmn. og fyrrv. formaður Alþfl. og 4. þm. Reykn., hvorki meira né minna, hafi afgreitt þetta nokkuð snyrtilega í gær og einnig á forsíðu Alþýðublaðsins í morgun. Það er auðvitað miklu betra að sá hv. þm. afgreiði þennan flokksbróður sinn en að aðrir óviðkomandi heimilinu séu að skipta sér af þeim deilum eða blanda sér í þau efni. Ég get þó ekki annað en sagt að mér finnst í raun alveg furðulegur sá angurgapaháttur sem einkennir framkomu ráðherra í ríkisstjórn landsins með þessum hætti. Það er svo með ólíkindum að mínu mati að hæstv. ráðherrar skuli kunna við það á erlendri grund, ég tala nú ekki um ósköpin, að fjalla um viðkvæm málefni okkar og hagsmunamál með slíku ábyrgðarleysi að maður veit ekki almennilega hvaða lýsingarorð á að viðhafa í því sambandi.

Ég minni á að það hefur ekki verið minnst gæfa íslensku þjóðarinnar að menn hafa reynt að standa sæmilega saman um réttindamál sín út á við í þessum efnum. Það hefur oft tekist, t.a.m. í landhelgismálunum og mörg önnur dæmi má nefna. En halda menn að svona angurgapaháttur sé til þess fallinn að hjálpa upp á í þeim sökum? Ég held ekki. Þegar svo kemur í ljós að þessi ummæli eru einhverjar persónulegar fullyrðingar út í bláinn sem hafa engan stuðning ríkisstjórnarinnar, hafa ekki verið rædd þar og að því er manni skilst ekki einu sinni rædd í flokki hæstv. fjmrh., þá spyr maður auðvitað að því hvernig þetta var. Gekk hæstv. ráðherra á múrvegg einhvers staðar í Svíaríki og hljóp svo í ræðustólinn eða hvað skeði eiginlega? Það liggur við að maður álykti sem svo að það hljóti eitthvað að hafa komið fyrir manninn áður en hann fór þarna í ræðustólinn.

Hv. síðasti ræðumaður var með þá tilgátu, sem var út af fyrir sig skemmtileg, að tungumálaerfiðleikar hefðu valdið því að hæstv. ráðherra hefði misskilist, honum hefði orðið fótaskortur á sænskunni. Ég veit ekkert um hvernig hæstv. fjmrh. er að sér í sænsku. (**Gripið fram í:** Hann er nokkuð góður í sænsku.) En eitthvað hefur farið úrskeiðis. Það eru alveg hreinar línur. Eitthvað hefur skolast til skulum við að minnsta kosti vona. (**Gripið fram í:** Hann hefur séð stjörnur.) Það væri e.t.v. ekki ástæða til að hafa fleiri orð um þessi fáránlegu ummæli hæstv. fjmrh. sem eru ömurlegt og niðurlægjandi sambland af „aronsku" og heimsku því þetta gengur ekki upp. Hverjum lifandi manni dettur í hug að Evrópuþjóðirnar, sem reyna að ríghalda í þátttöku Bandaríkjamanna í vörnum meginlands Evrópu, séu á næsta leiti með að fara að borga stórfúlgur fyrir að fá að koma með her hingað til Íslands eða að taka þátt í vörnum hér? Síðan eru menn að tala um þetta í samhengi við hinn stóra evrópska markað og það að Evrópubandalagið verði innan tíðar bandalag allra Evrópuþjóða. Þá verður málið enn vitlausara því að þar með gengju hlutlausu þjóðirnar inn í Evrópubandalagið. Halda menn að það mundi auka möguleikana á því að þetta yrði að einhverju varnarbandalagi? Auðvitað ekki. Halda menn að Austurríkismenn eða jafnvel Svíar eða Svisslendingar, hlutlausar þjóðir, væru mjög spenntar fyrir því að gera Evrópubandalagið að einhverjum herklúbbi? Evrópubandalagið er þegar klofið í þeim efnum og á ekki samleið. Allar þjóðirnar eiga þar ekki samleið. Þetta er einhver sú mesta hugsanaskekkja og meinloka sem maður hefur lengi séð, þessi fluga sem fór þarna út úr höfðinu á hæstv. fjmrh.

En eitt að lokum um þetta mál sem mér finnst rétt að leggja hér áherslu á af því að menn eru sýknt og heilagt að blaðra hér, liggur mér við að segja, um samskipti okkar við Evrópubandalagið: Það fer í taugarnar á mér að hálf þjóðin virðist vera komin með þetta á heilann. Hvernig halda menn að samningsstaða okkar verði þá og þegar, ef við þurfum að fara að ræða í einhverri alvöru við Evrópubandalagið, ef menn eru alltaf að lýsa því yfir að við eigum ekki neinn annan kost en að ganga inn í það og það sé bara tímaspursmál hvenær við verðum að lúta höfði og skríða inn í Evrópubandalagið? Halda menn að það sé þannig sem við komum til með að semja sterkir við þá skilmála ef til kemur? Auðvitað er um vítavert tal að ræða hjá hæstv. fjmrh. og öðrum slíkum vegna þess að þetta grefur undan þeirri stöðu sem við höfum og er ágæt, en það er auðvitað hægt að mylja hana niður ef menn halda áfram sýknt og heilagt bæði innan lands og erlendis að röfla um að við séum í einhverri úlfakreppu og munum ekki innan tíðar eiga neinn annan kost en koma skríðandi á hnjánum og biðja um inngöngu og opna þá landhelgina eða guð má vita hvað. Svona hegða menn sér ekki ef þeir hafa hundsvit á því hvernig á að standa að samningum og verja sína

hagsmuni. Þetta þættu ekki beysin vinnubrögð í kjarasamningum og má þó ýmislegt um það segja sem þar gengur á. Það er verst þetta rugl, bæði í hæstv. fjmrh. og öðrum slíkum, vegna þess að það veikir okkar stöðu í þessum efnum og menn eiga fram í rauðan dauðann, ef svo fer, að halda því fram að þetta sé í góðu lagi, við höfum sterka stöðu og það sé ekkert sem knýi okkur til að ganga inn í þetta Evrópubandalag. Við eigum að slá fram öðrum möguleikum á móti, segja sem svo: Við getum nú kannað hvort við með Grænlendingum og Færeyingum og jafnvel fleirum getum ekki myndað ákveðna blokk hérna sem getur staðið sjálfstæð og samið bæði í austur og vestur. Þetta gæti orðið mjög hagstætt fyrir okkur og alla aðila í staðinn fyrir þetta eymdarinnar tal. En nóg um það. Það verða e.t.v. einhverjir fleiri til þess að hjálpa til að jarðsyngja þessa vitleysu hæstv. fjmrh. og ég læt þetta duga fyrir minn part.

Ég hef yfirleitt rætt ofurlítið um þróunarsamvinnu þegar ég hef átt leið í ræðustólinn um utanríkismál og einnig við afgreiðslu fjárlaga og það er enn þá dapurlegra umræðuefni en ræða hæstv. fjmrh. í Stokkhólmi þannig að ég treysti mér ekki út í langar umræður um það efni nú. Ég vitna til minnar fyrri afstöðu í þeim efnum. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. að það er afar dapurlegt að horfa upp á að framlög okkar á þessu sviði eru að lækka að raungildi og sem hlutfall af þjóðartekjum á sama tíma og þær hafa verið vaxandi þrjú eða fjögur ár í röð og eru nú einhverjar hinar hæstu í heimi, e.t.v. aðrar hæstu þjóðartekjur í heimi. Ég held að við getum ekki mjög vel bæði sleppt og haldið í þessum efnum, litið á okkur og verið velmegunarþjóð, tekið þátt í störfum slíkra, átt m.a. aðild að OECD-stofnuninni og auðvitað Sameinuðu þjóðunum og öðrum þeim samtökum sem við erum í og leggja mikla áherslu á þetta viðfangsefni. Norðurlandaþjóðirnar, Efnahags- og framfarastofnunin, Sameinuðu þjóðirnar — á öllum þessum vígstöðvum eru menn að reyna að sinna þessum verkum og eru hvattir til þess. Við Íslendingar viljum vera þar og vera menn með mönnum þannig að við eigum ekki margra kosta völ að mínu mati annarra en að hysja upp um okkur buxurnar í þessum efnum eða sækja þá um einhverja alveg sérstaka aðild að þessum stofnunum sem sé þannig til komin að vegna sérgæsku okkar og nísku og nirfilsháttar í þessum efnum verðum við að fá að vera aukaaðilar og undanþegnir kvöðum í þessum efnum eins og menn gætu hugsað sér að menn fengju að sækja um aðild að íslenska ríkinu án þess að þurfa að borga þar skatta og skyldur. Mér vitanlega hefur slíkt ekki verið tekið í mál hér á heimaslóðum og spurningin er: Getum við Íslendingar sem þjóð ætlast til þess að við fáum einhverja sérmeðhöndlun á þessum efnum í samfélagi þjóðanna? Það er ekki háreist afstaða.

Að lokum nokkur orð aftur, hæstv. forseti, um blæinn á skýrslu hæstv. utanrrh. Ég heyri það að menn hafa verið að velta því svolítið fyrir sér hvort þetta sé „glasnost"-skýrsla eða ekki. Ég held að það sé einfaldast að segja eins og er að hún er það að sumu leyti en öðru ekki eins og ég þykist reyndar hafa sýnt fram á. Ég fór í gömlu skýrslurnar, sem ég er nú búinn að fletta nokkrum sinnum og kann býsna vel, frá dögum þeirra hæstv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Á. Mathiesens og fór í kunnuglega kafla. Árið 1987 er kafli um varnarliðið og þar er talað um 170 sovéskar herflugvélar sem komið höfðu inn á íslenska loftvarnarsvæðið o.s.frv. og að sovéskar herflugvélar hafi komið að meðaltali á tveggja daga fresti o.s.frv. í alllöngu máli. Árið 1986 er sambærilegur kafli. Það er fyrsta skýrslan sem hæstv. núverandi samgrh. Matthías Á. Mathiesen lagði fyrir þingið sem utanrrh. Þar er komið dálítið nær kalda stríðinu, einu ári. Þar er hálf blaðsíða með alls konar kortum og fíniríi með um þennan gífurlega sovéska flugvéla- og kafbátaflaum og það er mikið af tölum. Það væri út af fyrir sig hægt að lesa þetta upp yfir mönnum. Árið 1985 kom síðasta skýrslan sem hæstv. ráðherra Geir Hallgrímsson lagði fyrir þingið sem utanrrh. Hvernig var þetta þar? Þá er komið einu ári enn nær kalda stríðinu, enda sér það á plagginu. Þar eru þetta tæpar tvær síður, útlistanir á þessari ógurlegu umferð flugvéla og kafbáta og Kola-skaganum og öllu þessu og orðbragðið er allt með talsvert öðrum blæ, verð ég að segja. Það er mikið talað um hættuna á árás og átökum og styrjöld og árásarsvipurinn eða átakasvipurinn er nokkuð auðséður á þessari skýrslu og þeim bls. sem fjalla um herinn eða varnar- og öryggismál eins og það heitir þar á þeim bæ.

Þegar maður tekur skýrslu hæstv. núverandi utanrrh. og ber hana saman með þessi hlutföll í huga er vissulega hægt að segja að það sé svolítið annar blær á henni. Þar er t.d. einna lengstu máli varið í mengun frá hernum sem er miklu neikvæðara í sjálfu sér en að herinn sé sífellt daginn út og daginn inn að stugga í burtu sovéskum herflugvélum. Það er greinilega öðruvísi áhersla að eyða a.m.k. jafnlöngu máli í mengun og sóðaskap frá þessum her og hæstv. fyrrv. ráðherrar gerðu í það hvað hann væri duglegur við að stugga burtu sovéskum herflugvélum. Menn geta því vissulega, ef þeir svo kjósa, túlkað þetta sem „glasnost"-skýrslu.

En orðin ein segja auðvitað ekki allt. Það eru athafnirnar og sú stefna sem í reynd ræður ferðinni sem skiptir máli. Hvernig er það ef við skoðum það aðeins í lokin eins og ég reyndar byrjaði á að fjalla hér um? Þá er hlutskipti okkar og hæstv. utanrrh. dapurlegt. Það er fyrst og fremst dapurlegt vegna þess að hæstv. utanrrh. tók við mjög slæmum arfi í sínu embætti og getur hann sjálfum sér um kennt því hann var forsrh. í þeirri ríkisstjórn sem undirbjó svo stórfelldar hernaðarframkvæmdir að annað eins finnst ekki samjöfnuður um nema á fyrstu árum eftir komu hersins, í miðju kalda stríðinu. Þetta er staðan í dag, því miður, og það er svo dapurlegt sem það er fyrir okkur Íslendinga, sem eigum ferðaglaðan utanrrh. sem er út um heiminn að boða „glasnost"

og „perestrojku“, að hér uppi á Íslandi sitjum við og hæstv. ráðherra kolföst í bullandi uppbyggingu hernaðarmannvirkja sem var að vísu að mestu leyti ákveðin áður en er samt staðreynd. Við horfum upp á milljónir og aftur milljónir dala fara í uppbyggingu hernaðarmannvirkja, í radarstöðvar, í stjórnstöð, í olíubirgðastöð, í ýmiss konar þjónustu og viðbúnað við árásarsveitunum sem hér eru o.s.frv. Þetta er hinn dapurlegi veruleiki þrátt fyrir skýrslu, þrátt fyrir ágætlega hlýlegt orðalag á köflum þar sem m.a.s. er lofuð upp í hástert ræða Mikhail Gorbatsjovs sem hefði einhvern tímann þótt tíðindi í skýrslum íslenskra utanrrh. En veruleikinn er þessi, því miður. Það er a.m.k. þannig með ræðumann, hvernig sem öðrum er farið í þessum efnum: Þó ég hafi alltaf gaman af því að heyra falleg orð töluð mun ég taka fyrst og fremst mark á athöfnum í þessum efnum. Ef hæstv. utanrrh. lætur ekki „glasnostið“ sitt ná heim til Íslands og upp á hólmann með þeim hætti að stöðva frekari uppbyggingu bandarísku hernaðarmaskínunnar á landinu verður hann næsta fjaðrafár í mínum augum, hæstv. ráðherra, þó hann sé einhvers staðar út um heiminn að boða „glasnost“.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Það er einkum tvennt sem ég kýs að gera hér að umræðuefni í beinum tengslum við skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis um utanríkismál. Hið fyrra varðar afstöðu okkar Íslendinga til þróunarmála á meginlandi Evrópu, hagsmuni okkar Íslendinga í viðskiptum og öryggismálum gagnvart þeirri þróun, afstöðuna til Efnahagsbandalagsins og þeirrar umræðu sem fram fer með grannþjóðum okkar um það mál. Hið síðara varðar fyrst og fremst hagsmuni okkar og grannþjóða okkar á Norðurlöndum að því er varðar þróun vígbúnaðarmála á höfunum í kringum okkur.

Áður en ég sný mér að umræðunni um Ísland og Efnahagsbandalagið er rétt ég fari nokkrum orðum um þau viðbrögð sem ræða mín á fundi með leiðtogum jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum hefur vakið. Menn hafa sagt ýmislegt í hita leiksins mismunandi fljótfærnislegt. Það er ástæðulaust að kippa sér upp við það. Þetta er mál sem verður á dagskrá í íslenskri þjóðmálaumræðu, ekki bara næstu daga, ekki næstu vikur heldur næstu mánuði og næstu ár. Hefðbundinn skotgrafahernaður af því tagi sem við höfum mátt venjast í umræðum um íslensk utanríkismál skiptir þar litlu máli. Það vísar aftur til fortíðarinnar en ekki til framtíðarinnar.

Það er ekkert undarlegt og ósköp einfaldlega við því að búast, þegar vakin er upp spurningin um samhengið milli viðskiptalegra hagsmuna og hagsmuna í öryggis- og varnarmálum, að þá vekist upp nokkrir fortíðardraugar. Það virðist koma við einhverja sektarkennd og einhvern tvískinnung hjá stjórnmálamönnum þegar slík umræða á sér stað. Þetta er reyndar oft einkenni hjá smáþjóðum, ber vott um ákveðið öryggisleysi, minnimáttarkennd sem er því miður af hinu vonda en snertir lítið kjarna málsins. Það er hins vegar mikilvægt ef okkur hefur tekist að brjótast í gegnum þagnarmúr sem hefur umlukið umræðuna um Ísland og Efnahagsbandalagið. Sú umræða hefur staðið lengi með grannþjóðum okkar og er orðið tímabært að við förum að skerpa okkar hugsun í þeirri umræðu, taka afstöðu, hugsa fram í tímann. Ég segi fyrir mig að ég hygg að till. sú sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson reifaði í umræðunni um að sett verði á fót sérstök samstarfsnefnd t.d. milli ráðuneyta af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar til að kerfisbinda það með hvaða hætti við fylgjumst með þessari umræðu og þeirri þróun sé að sjálfsögðu af hinu góða.

Ef við hefðum dregið miklu lengur að koma þessari umræðu af stað hefðum við einfaldlega verið að bregðast skyldum okkar að vekja máls á þýðingarmestu hagsmunamálum morgundagsins, ekki gærdagsins. Það hefur hins vegar komið í hlut ýmissa forustumanna í íslensku atvinnulífi að ýta þessari umræðu af stað og vísa ég þá sérstaklega til athyglisverðs viðtals sem nýlega birtist í einu dagblaðanna við Magnús Gunnarsson þar sem hann setti fram mjög afdráttarlausa skilgreiningu á þeim kostum sem við eigum völ í þessum málum.

Í samningum okkar við grannþjóðir hefur hvað eftir annað birst sérstaða okkar á landakortinu og samstaða okkar með grannþjóðum okkar í varnarmálum. Við höfum ekki hingað til, og þurfum þess ekki í framtíðinni eftir því sem ég fæ best séð, sett einhvern verðmiða á landið í því samhengi. Við höfum ekki gert það hingað til og það er ástæðulaust að ætla að við þurfum þess. Ég vek hins vegar athygli á því að það er mikill barnaskapur að ætla að það sé ekki ákveðið samhengi milli viðskiptahagsmuna og hagsmuna þjóða í öryggis- og varnarmálum. Í Bandaríkjunum t.d. hafa ráðuneyti varnarmála, viðskipta og utanríkismála nána samvinnu sín í milli í verslunar- og viðskiptasamningum við aðrar þjóðir. Í Evrópu er sami háttur á hafður. Á Íslandi birtast þessi þrjú verkefni okkur í einni og sömu persónunni, hæstv. utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðherra, sem flytur okkur þessa skýrslu. Það væri mikill barnaskapur að ímynda sér að sérstaða okkar í Norður-Atlantshafi og samstaða okkar með lýðræðisríkjunum í Atlantshafsbandalaginu hafi ekki haft margvísleg áhrif á milliríkjasamninga hér á undanförnum árum. Eru menn búnir að gleyma þorskastríðum? Eru menn búnir að gleyma því hvaða þátt aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu átti í lyktum þeirra mála? Man ég það ekki rétt að hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson hafi notað tækifærið og kynnt Bandaríkjamönnum skoðanakönnun sem hér var um afstöðuna til varnarliðsins þegar menn deildu um hvali? Man ég það ekki einnig rétt að hæstv. utanrrh. hafi notað tækifærið og lýst yfir að hann vildi fresta framkvæmdum á vegum varnarliðsins og tengja það beint þeim deilumálum?

Í ræðu minni í Stokkhólmi benti ég á hvernig utanríkisviðskipti Íslands við Evrópubandalagið

hafa þróast frá því á seinasta áratug þannig að nú er svo komið að ríflega helmingur af útflutningi og innflutningi okkar er til og frá Evrópubandalagsríkum og fjallaði um þær afleiðingar sem það kann að hafa fyrir samkeppnisstöðu okkar á Evrópumarkaði ef Norðmenn ganga í bandalagið og þá óvissu og þau vandamál sem tollamál bandalagsins geta skapað í utanríkisviðskiptum Íslendinga í framtíðinni. Ég komst, eins og flestir aðrir Íslendingar sem um þessi mál hafa fjallað, að þeirri niðurstöðu að aðild Íslands að bandalaginu kæmi ekki til greina hefði hún í för með sér hindrunarlausan aðgang Evrópubandalagsríkja að fiskveiðilögsögunni. Í framhaldi af því leitaði ég svara við ákveðnum spurningum um hverra kosta við ættum völ og benti á þann möguleika að efla samstarf við Evrópubandalagsríkin á sviði öryggis- og varnarmála. Það er algjör misskilningur ef menn halda að ég sé hér með að ræða um sérstök herstöðvaréttindi handa Evrópubandalaginu hér á landi. Eins mætti orða það á þann veg að með því að tengja þetta tvennt saman værum við að styðja útfærslu á þeirri stefnu sem hófst í utanríkisráðherratíð Geirs Hallgrímssonar, sem Alþfl. studdi á sínum tíma, þ.e. að auka virkari þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu m.a. með auknu samstarfi við Evrópuríkin á sviði öryggis- og varnarmála. Þessi stefna íslenskra stjórnvalda hefur m.a. komið fram í auknum tvíhliða tengslum við ýmis Evrópuríki innan Atlantshafsbandalagsins, svo sem eins og t.d. að hér á landi er nú staðsett hollensk kafbátaleitarflugvél ásamt áhöfn.

Staðreyndin er sú að varnarsamningurinn við Bandaríkin gefur svigrúm til að efla þátttöku annarra ríkja í vörnum Íslands og þá um leið Norður-Atlantshafsins. Það sem gefur til kynna áhuga Evrópuríkja á slíku samstarfi ætti að vera augljóst öllum þeim sem fylgst hafa með þróun í samskiptum Evrópu- og Bandaríkjamanna á undanförnum árum. Ég bendi þar sérstaklega á augljósan áhuga fyrir því meðal Evrópuríkja Atlantshafsbandalagsins að auka vægi álfunnar innan Atlantshafsbandalagsins til að geta haft meiri áhrif á stefnu þess en raunin hefur á orðið frá stríðslokum hingað til. Ég rifja upp að í viðtali við Morgunblaðið þann 10. júní 1986 benti Willy de Clercq, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, á að hann hefði tilkynnt ríkisstjórn Íslands að Evrópubandalagið sé reiðubúið að taka upp alhliða viðræður við íslensku ríkisstjórnina um alla þætti samstarfsaðilanna. Ég rifja upp að í ályktun flokksstjórnar Sjálfstfl. frá því í nóvember 1986 er rætt um nauðsyn þess að samskipti Íslands við Evrópubandalagið verði grandskoðuð frá víðtækara sjónarhorni en því einu er lýtur að verslun og viðskiptum. Mér er spurn: Um hvað ætla menn að ræða í alhliða viðræðum sem einblína ekki aðeins á verslun og viðskipti? Hvaða önnur mál geta verið mikilvægari í slíkum alhliða viðræðum en öryggis- og varnarmál? Öryggispólitík miðar að því að viðhalda fullveldi og sjálfstæði þjóðar og tekur ekki einungis til hernaðarlegra þátta heldur einnig pólitíska og efnahagslegra. Utanríkisviðskiptamál eru þar með hluti af öryggispólitík en ekki einangruð frá henni.

Herra forseti. Það er ástæða til að fara heldur betur ofan í saumana á þeim kostum sem okkur eru búnir að því er varðar viðskiptamálin og Efnahagsbandalagið. Þeir sem svartsýnastir eru, og þá vísa ég til t.d. viðtalsins við Magnús Gunnarsson, hafa sagt sem svo að e.t.v. gætum við lent í því að eiga aðeins tveggja vondra kosta völ. Sjálfsagt er þetta sagt með nokkurri dramatík til að skerpa athygli manna. Annars vegar væri sá kostur að sitja uppi sem hráefnisaflandi eða framleiðandi fyrir fiskiðnað Norður-Evrópuríkjanna eða hinn kosturinn, eins og einhver hefur orðað það, að gerast 52. fylki í Bandaríkjunum.

Það er ósköp eðlilegt að menn sperri við eyrun þegar hlutirnir eru settir fram á þennan hátt og ósköp eðlilegt að menn segi sem svo: Er nú ekki verið að mála þetta einum of svarthvítum litum? Það skal tekið fram að ekkert af því sem ég hef sagt um þessi mál er af því taginu að mála myndina svo afdráttarlausum og öfgakenndum litum. En við skulum hafa í huga að þróun mála á meginlandi Evrópu getur fyrr en varir orðið sú að ef við ekki höfum gát á okkur, fylgjumst ekki vel með henni og undirbúum afstöðu okkar og aðgerðir fyrir fram gætum við lent í mjög þröngri stöðu þar sem fárra góðra kosta væri völ.

Þróunin í átt til Bandaríkja Evrópu verður að mínu mati ekki stöðvuð úr þessu. Hún kann að taka langan tíma, en það verður ekki aftur snúið. Það kann að vera spurning hvort ríkisstjórnum Efnahagsbandalagsins tekst að standa við dagsetninguna sem þær hafa sett sér, 1992, til að tryggja hindrunarlausan innri markað bandalagsþjóðanna. Ef miðað er við reynslu um hvernig dagsetningar hafa nú ekki náðst í fjölþjóðlegu samstarfi þessara þjóðríkja má vel vera að því verði ekki slegið föstu. Samt sem áður er að þessu stefnt. Það er margt sem bendir til þess að innan fárra ára muni það fríverslunarbandalag, sem við eigum aðild að, EFTA, leysast upp.

Það er vissulega stór spurning hvort hlutlausu ríkin innan EFTA, Svíþjóð, Finnland, Sviss, Austurríki, koma á eftir knúin af nauðung viðskiptahagsmuna sinna og muni að lokum leita inngöngu í Efnahagsbandalagið. Hingað til er því neitað, jafnvel afdráttarlaust með vísan til hlutleysisstefnu þessara ríkja. En nú erum við ekki að hugsa til morgundagsins. Við erum að hugsa fram yfir árið 1992 og fram undir aldamót. Og hver er sá sem hér er reiðubúinn til að slá því föstu að ekki geti orðið svo afdráttarlausar breytingar, bæði í afvopnunarmálum og í samskiptum ríkja, breytingar á þeirri ríkjaskipan sem varð upp úr rústum heimsstyrjaldarinnar síðari, að þær aðstæður kynnu að skapast að jafnvel þessi hlutlausu ríki létu það ekki lengur aftra sér að ganga að fullu inn í samstarf Evrópuríkjanna? Sannleikurinn er sá að þeir eiga líka þar harða kosti fyrir höndum.

Ef menn fylgjast með umræðunni í Noregi, þá tala Norðmenn varfærnislega, en þeir draga ekki á það neina dul að það eru taldar yfirgnæfandi líkur á því að Noregur gangi í Efnahagsbandalagið á næsta áratug. Þá gæti svo farið að Ísland yrði eina Vestur-Evrópuríkið innan Atlantshafsbandalagsins sem stæði utan hins nýja stórveldis á meginlandi Evrópu. Þá er spurningin: Getum við þá ekki slegist í hópinn? Getum við yfirleitt staðið fyrir utan, sérstaklega eftir að Norðmenn væru komnir inn fyrir dyrnar? Þar með hefðum við t.d. glatað hugsanlegum bandamanni í samningum við Efnahagsbandalagið um að tryggja fríverslun með fiskafurðir. Auk þess stæðumst við eftir það verr samkeppni á Efnahagsbandalagsmarkaðnum þar sem við stæðum frammi fyrir ytri tolli en þeir ekki. Þar með yrði reyndar Efnahagsbandalagið sjálft sjálfu sér nægt með fiskafurðir og nettóútflytjandi á fiskafurðum sem gæti haft hinar afdrifaríkustu afleiðingar fyrir okkur. Í fljótu bragði sagt virðast þess vegna viðskiptahagsmunir Íslendinga mæla með inngöngu ef svona færi.

Utanríkisverslun er gríðarlega stór þáttur í okkar þjóðarframleiðslu, yfir helmingur. Um 75% útflutningsins eru enn fiskafurðir. Árið 1987 voru rúmlega 57% af útflutningi okkar til Evrópubandalagsríkja og 52% af innflutningi og þessi viðskipti hafa farið hraðvaxandi á undanförnum árum. Það stafar m.a. af fjölgun aðildarríkja Efnahagsbandalagsins með inngöngu Spánar og Portúgals og hins vegar að nokkru leyti af gengisþróun, en að öðru leyti af þróun sem ég hygg að eigi sér aðrar skýringar. Á sama tíma hafa viðskipti okkar við Bandaríkin dregist verulega saman hlutfallslega. Útflutningurinn hefur t.d. minnkað úr 30 í 20% og innflutningurinn hefur til skamms tíma einnig minnkað og var um 8% á síðasta ári. Viðskipti okkar við Austur-Evrópuríkin hafa líka dregist saman og um viðskipti okkar við önnur ríki Norðurlanda er það að segja að þau einkennast af því að vera í allt of miklum mæli einstefna, þ.e. við flytjum býsna mikið inn frá þeim, 28% af heildarinnflutningi okkar á síðasta ári, en þeir kaupa tiltölulega mjög lítið af okkur. Það eru aðeins um 8–9% af okkar útflutningi sem beinast að Norðurlöndum. Það er ekkert sem bendir til þess að á þessu verði nein veigamikil breyting.

Þess vegna er eðlilegt að menn spyrji: Verða Íslendingar þá ekki nauðugir viljugir af hreinum og klárum viðskiptahagsmunum að fylgja á hæla öðrum Evrópuþjóðum inn fyrir tollmúra Efnahagsbandalagsins, og nú vek ég athygli á því að ég er ekki að tala um þessa hluti sem eru að gerast í dag eða á morgun heldur vekja athygli á því sem er líkleg þróun eftir árið 1992 eða m.ö.o. á næsta áratug. Verðum við að borga það verð sem upp er sett? Það er spurningin. Kjarni málsins í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram er sá að okkur þykir það verð sem upp er sett, aðgöngumiðinn að Efnahagsbandalaginu, vera of hátt. Og hvað kostar þessi aðgöngumiði? Efnahagsbandalagið býður aðgang að stórum tollfrjálsum markaði með mikilli og vaxandi kaupgetu, en krefst í staðinn gagnkvæmni, þ.e. aðgangs fyrir fiskiflota bandalagsþjóðanna í fiskveiðilögsögu okkar Íslendinga. Þeir heimta m.ö.o. aðgang að þeirri einu auðlind sem íslenska þjóðin lifir á og hefur ekki talið til skiptanna.

Það er ekki langt síðan við Íslendingar unnum þrjú þorskastríð við vestur-evrópsk stórveldi, stórveldi á okkar mælikvarða, þ.e. Bretland og Þýskaland, og áður hafa menn komist að orði á þá leið að það hafi verið til lítils að vinna þessi þorskastríð ef niðurstaðan yrði síðan sú að við töpuðum ávinningnum af þessum stríðum við samningaborðið í Brussel.

Við skulum gæta að því að sérstaða okkar meðal þjóða Evrópu er býsna mikil. Norðmenn eru 20 sinnum fleiri en við. Þeir stunda umfangsmiklar fiskveiðar þó að fiskveiðar séu lítill þáttur í þeirra þjóðarbúskap. Þeir geta borgað það verð sem Efnahagsbandalagið setur upp fyrir aðgöngumiðann. Þeir lifa nú í býsna iðnþróuðu samfélagi. Þeir hafa miklar og vaxandi tekjur, þrátt fyrir sveiflur, af olíuauðlindum sínum. Efnahagsbandalagið er ekki sjálfu sér nógt í olíuvörum. Það er mikill áhugi af hálfu Efnahagsbandalagsþjóðanna á að fá Norðmenn inn í bandalagið.

Ef við berum okkur saman við Norðmenn er augljóst mál að við erum í allt annarri og erfiðari stöðu. Hættan er m.ö.o. sú að við yrðum þá aftur hráefnisaflendur fyrir fiskiðnaðinn í Bretlandi og Norður-Evrópu eins og fyrr á þessari öld. Hlutskipti þriðja heims nýlendu er ekki aðlaðandi framtíðarsýn fyrir þjóð sem hefur háð sjálfstæðisbaráttu í 700 ár.

Við þetta bætast síðan kvaðir um frjálsan tilflutning fólks og fjármagns innan hins útvíkkaða Evrópubandalags. Þannig óttast margir að erlent fjármagn gæti eignast eða náð tangarhaldi og eignarréttindum á íslenskum sjávarútvegi gegnum bakdyrnar. Þegar menn vilja spyrja hvort sá ótti sé ástæðulaus vek ég athygli á og rifja upp þær eldheitu deilur sem urðu með Norðmönnum árið 1972 þegar þeir lögðu þetta mál fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu og höfnuðu því, þetta miklu stærri þjóð og öflugri. Hafi Norðmenn óttast þetta svo mjög árið 1972 er ástæða til að spyrja: Hvers vegna skyldum við þá ekki fremur óttast þessa framtíðarsýn? Engu að síður gætu varfærnir menn sagt sem svo: Er þessi mynd ekki dregin upp í óþarflega svarthvítum litum? Spurning: Geta t.d. Norðmenn og Íslendingar snúið bökum saman og tryggt hindrunarlausa fríverslun með fiskafurðir innan EFTA? Þeir geta það ekki, segir hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem er þessum hnútum býsna kunnugur. Geta Norðmenn og Íslendingar náð fram sams konar samningum? Ef þeir gætu nú náð þessu fram innan EFTA, væri það leiðin að fara EFTA-leiðina að samningaborðinu við Efnahagsbandalagið eftir að tryggt væri að EFTA hefði viðurkennt fríverslun með fiskafurðir og náð þannig samningum með samstöðu EFTA-ríkjanna við Efnahagsbandalagið? Hv. þm. sagði nei og hann

hefur veigamikil rök fyrir sínu máli. Það er t.d. athyglisvert að Svíar hafa hingað til staðið gegn því að við næðum þessum árangri. Það væri t.d. spurning fyrir þá íslenska stjórnmálamenn sem sækja heim Norðurlandaþing og taka hvað mestan þátt í norrænu samstarfi: Geta þeir fengið einhverju því áorkað að breyta afstöðu Svía í þessu efni? Geta þeir náð einhverjum meiri árangri í því en í viðræðum sínum við keppinauta okkar eins og t.d. Norðmenn að því er varðar niðurgreiðslur á sjávarafurðum sem hafa verið miklar í Noregi, að vísu minnkað nokkuð á seinustu árum?

Sumir segja sem svo: Höfum við Íslendingar ekki þegar náð fríverslunarsamningi við Efnahagsbandalagið? Hann var gerður 1972, kom til framkvæmda 1976 eftir að þorskastríðin voru til lykta leidd. Getum við ekki við unað í stórum dráttum, nægir hann okkur, tryggir hann okkar viðskiptahagsmuni? Auðvitað er þessi samningur ákaflega mikilvægur og hefur skipt sköpum varðandi viðskiptahagsmuni okkar í verslun við þessi ríki. En það er valt að treysta á þennan samning. Að nokkru leyti er þarna um að ræða að samningurinn byggist á kvótum. Við getum að sjálfsögðu engu slegið föstu um það, þar sem við stöndum utan dyra, að ekki verði brugðist við samkvæmt aðstæðum sem geta skapast snögglega af misvægi framboðs og eftirspurnar á fiskmörkuðum í Evrópubandalaginu, að þeir gætu ekki gripið til þeirra ráða að hækka tolla eða breyta kvótum eftir því sem þeirra eigin hagsmunir segja til um á hverjum tíma. Ég hygg að flestir komist að þeirri niðurstöðu að þótt samningurinn sé mikilvægur muni hann ekki einn og sér nægja. Hann tryggir ekki okkar hagsmuni nægilega vel. Við getum m.ö.o. ekki gengið fram hjá því að Efnahagsbandalagið hefur mótað sér samræmda fiskveiðistefnu þar sem gagnkvæmni um aðgang að auðlindinni er skilyrði fyrir aðgangi að markaði.

Við skulum ekki sniðganga það í þessari umræðu að Efnahagsbandalagsríkin sjálf eru stórveldi í fiskveiðum og fiskvinnslu. Í löndum Efnahagsbandalagsins eru gerð út 77 þús. fiskiskip. Þau eru mönnuð 270 þús. fiskimönnum. Þeir eru fleiri en íslenska þjóðin öll. Yfir 1 milljón manna byggir afkomu sína á þessum fiskveiðum á tilteknum svæðum innan Evrópubandalagsins, sem hafa þó nokkur pólitísk áhrif innan dyra, í samanburði við 5 þús. fiskimenn á Íslandi sem veiða um það bil 1½ millj. tonna á ári. Fiskneyslan innan Efnahagsbandalagsins nemur nú um 6–7 millj. tonna sem að hluta til fer ekki til manneldis og skilar lágu verði, en í reynd er Efnahagsbandalagið líka útflytjandi á fiskafurðum. En eins og ég sagði áðan: Aðild Norðmanna að bandalaginu gæti þýtt að Efnahagsbandalagið yrði sjálfu sér nægt á fiskmörkuðum.

Það er svo annað mál og eitt út af fyrir sig að öll er þessi útgerð og vinnsla stórlega niðurgreidd og ríkisstyrkt rétt eins og landbúnaður Efnahagsbandalagsins sem á undanförnum árum hefur hvað eftir annað verið að því kominn að ríða að fullu fjárhag þessa verðandi efnahagsstórveldis. Í raun og veru má það heita nokkuð hlálegt að öll þau mjólkurstöðuvötn, kjötfjöll og ostafjöll sem þar hafa hlaðist upp hafa að verulegu leyti verið notuð til að ala Rauða herinn á tiltölulega miklu ágætisfæði en niðurgreiddu af skattborgurum bandalagsins.

Við þennan ríkisstyrkta sjávarútveg verðum við Íslendingar að keppa. Það hefur gengið bærilega fram að þessu í skjóli fríverslunarsamningsins, en það er full ástæða til þess að efast um hvernig okkar viðskiptahagsmunum reiðir af ef við allt í einu þyrftum að standa frammi fyrir ytri tolli, jafnvel þótt hann yrði ekki hár, eða óvissu um að hvenær sem væri gæti bandalagið notað ytri tollinn sem vopn til að tryggja eigin hagsmuni.

Spurningin er þá: Hver er þá samningsstaða okkar Íslendinga ef við göngum út frá því að Norðmenn væru gengnir í bandalagið? Hún er ekkert allt of góð ef við erum sammála um að við höfum ekki efni á að borga hið uppsetta verð fyrir aðgöngumiðann, veita aðganginn að okkar auðlind. Að þessu leyti erum við sem fámenn þjóð með mjög einhæft atvinnulíf í annarri og lakari stöðu en flestar ef ekki allar aðrar meginlandsþjóðirnar og mun lakari samningsstöðu en Norðmenn. Og spurningin er þá þessi: Eigum við einhverra annarra kosta völ?

Sumir hafa nefnt til sögunnar annan kost, nefnilega þann að við færum að dæmi Kanada og freistuðum þess að ná fríverslunarsamningi við Bandaríkin þar sem við höfum sterka markaðsaðstöðu sem hefur staðið nokkuð lengi, sérstaklega ef við hefðum von til þess að geta náð slíkum fríverslunarsamningum án óaðgengilegra skilyrða um gagnkvæmni. Það er staðreynd að allt frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar hafa Bandaríkin axlað ábyrgðina af öryggi Vestur-Evrópu og reyndar borgað reikninginn að langsamlega stærstum hluta. Það hefur komið í hlut Bandaríkjanna að tryggja líflínuna milli gamla og nýja heimsins sem liggur um Atlantsála, en þar er Ísland í skurðpunktinum. Svo lengi sem varnarsamstarf Vestur-Evrópuríkja og Bandaríkjanna helst mun Ísland gegna þar mikilvægu hlutverki fyrir bæði stórveldin, hið gamla og hið nýja. Tollfrjáls aðgangur að fiskmörkuðum sýnist vera tiltölulega lágt verð fyrir ómetanlega aðstöðu sem skiptir sköpum fyrir varnarsamstarf ríkjasamsteypa á meginlöndunum beggja megin Atlantshafsins. Og hver er þá samningsstaða okkar Íslendinga? spyr ég. Og ég rifja upp að í gamla daga lásum við það á íslenskum skólabókum að Danir hefðu einhvern tíma selt Bretum aðgang að íslenskri fiskveiðilandhelgi fyrir tollfrjálsan aðgang þeirra fyrir egg og beikon á breska markaðnum sem danska þjóðin lifði á áratugum saman. Og ég bæti við að Danir hafa löngum haft þó nokkuð gott vit á „bisness".

Íslendingar þurfa tollfrjálsan aðgang að mörkuðum stórvelda beggja vegna Atlantshafsins fyrir fiskafurðir. Það er ekki nóg að stilla þessu upp sem annar kosturinn, að okkur nægi að ná fríverslunarsamningum við Bandaríkin ein. Hvað höfum við að

bjóða í staðinn annað en aðgang stórvelda að auðlindinni sem við lifum á ef það er ófrávíkjanlegt að það sé ekki að vænta neinna sérstakra breytinga á hinni samræmdu fiskveiðistefnu sem krefst aðgangs að auðlindinni? Ég hef leyft mér að varpa fram þeirri spurningu: Ef við ætlum að ræða við Evrópubandalagið í alhliða viðræðum um annað en fisk og fiskafurðir, aðgang að mörkuðum, sé það umræðugrundvöllur ekkert síður en annað að ræða um samstarf í öryggis- og varnarmálum.

Hið nýja efnahagsbandalagsstórveldi, Bandaríki Evrópu, þegar þar að kemur, snýst nefnilega ekki bara um mjólkurstöðuvötn, kjötfjöll, ostafjöll, niðurgreiddan fisk eða egg og beikon. Það snýst um pólitík. Og pólitík er líka um samstarf þjóða á sviði öryggis- og varnarmála, sérstaklega þeirra þjóða sem hafa frá stríðslokum átt með sér býsna náið samstarf á því sviði. Stórveldi þurfa að sjá ögn lengra en nef þeirra ná. Spurningin er hvort hið nýja Evrópustórveldi með Skandinavíu innanborðs þurfi ekki út frá eigin hagsmunum að fylgjast með gangi mála á Atlantshafinu. Verði það niðurstaðan, sem ég gef mér reyndar sem sjálfgefið, munu þeir þurfa að ræða við Norðmenn og okkur Íslendinga um annað en fisk og markað.

Samningar um fækkun kjarnavopna á meginlandi Evrópu kalla á aukið pólitískt samstarf Evrópuríkja um varnar- og öryggismál. Sennilega mun það þegar fram líða stundir líka kalla á breytta varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Það er e.t.v. of mikið sagt að öll Evrópubandalagsríkin verði þegar fram líða stundir aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu, en líkurnar á því að svo verði eru hreint ekki litlar. Á það er síðan að líta að margt bendir til þess að Bandaríkin muni smám saman á næstunni draga úr nærveru sinni í Evrópu. Það er margt sem bendir til þess að þau hafi öðrum hnöppum að hneppa á Kyrrahafssvæðinu þar sem stórveldi næstu aldar eru að vakna til vitundar um mátt sinn og megin og Evrópa verði þess vegna að beina sjónum sínum í auknum mæli að hafinu sem tengir þessi tvö stórveldi saman, þessar tvær meginríkjasamsteypur lýðræðisríkja sem við höfum átt samstarf við frá stríðslokum og reyndar lengur.

Fækkun kjarnavopna á meginlandi Evrópu kann að leiða til aukins vígbúnaðar í hafinu. Ör uppbygging og vaxandi umsvif sovéska norðurflotans er sameiginlegt áhyggjuefni lýðræðisríkjanna beggja vegna Atlantshafsins. Það er fátt sem bendir til þess að Sovétríkin muni draga úr hernaðarumsvifum sínum á Atlantshafi þótt til lengri tíma sé litið. Bandaríkin stefna að því samkvæmt sínum núverandi áætlunum að auka nærveru eigin flota á svæðinu og efla æfingar til varnar þeim ríkjum sem eiga strendur að Noregshafi. Það er út frá þeirra bæjardyrum séð nauðsynlegt hvort tveggja í senn til að sýna fram á trúverðugleik þessara varna og til þess að koma í veg fyrir að norðurhöf verði einungis vettvangur sovéskra flotaumsvifa, eins konar Mare sovéticum. Sú þróun sem á sér stað ber þess jafnframt merki að vígbúnaðarkapphlaupið á svæðinu er að færast í aukana. Má þar nefna t.d. þá þróun á sviði langdrægra stýriflauga sem beina má gegn landi og vakið hefur athygli undanfarið vegna þess að kafbátar Sovétmanna hafa verið búnir slíkum flaugum. Þessi þróun getur hæglega leitt til þess að höfin fái enn aukið mikilvægi í vígbúnaðar- og afvopnunarmálum.

Frá sjónarhóli Íslendinga og Norðmanna og reyndar fleiri Norður-Evrópuríkja er það augljóst hagsmunamál að ekki komi til aukinnar spennu og vígvæðingar í norðurhöfum. Leiðir til að efla traust og takmörkun vígbúnaðar á höfunum hafa ekki verið tilefni afvopnunarviðræðna enn sem komið er nema að mjög takmörkuðu leyti þótt sagan geymi mörg dæmi um það. Tiltölulega nýlegt dæmi um leiðir til að efla traust á höfunum sem hefur borið góðan árangur er samkomulag sem tókst á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um aðgerðir til að koma í veg fyrir slys á höfunum frá árinu 1972. Það er spurning hvort ekki væri hugsanlegt að við Íslendingar beittum okkur fyrir því í samstarfi við grannþjóðir sem eiga hagsmuna að gæta að Atlantshafinu, sérstaklega kannski Norðmenn í þessu tilviki, að gerður verði sérstakur fjölþjóðlegur samningur á svipuðum nótum sem Bandaríkin, Sovétríkin og Evrópubandalagsríkin ættu aðild að.

Við Íslendingar höfum valið aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin sem leið til þess að tryggja öryggi okkar á viðsjárverðum tímum. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé tímabært að ríki Vestur-Evrópu sem hafa vaxandi hlutverki að gegna innan Atlantshafsbandalagsins telji sér ekki sjálfum nauðsynlegt að auka þátttöku sína í þessu varnarsamstarfi og þar með nærveru sína á norðurslóðum. Um það má ræða ekkert síður en tollfrjálsan aðgang að mörkuðum fyrir auðlindanýtingu.

Þegar menn leiða hugann að umræðunni sem nú á sér stað meðal grannþjóða okkar, þeirra sem standa utan Efnahagsbandalagsins, um afstöðuna til þess og þróun mála í þá átt skilst manni, sérstaklega á Norðurlöndum, að þar sé efst á baugi að fylgjast vel með, að komast með í sem flestar ákvarðanir sem verið er að taka, að laga sig sem fyrst að þeim kerfisbreytingum sem eiga sér stað innan bandalagsins, hafa m.ö.o. áhrif á þá þróun án þess að gerast beint aðili eins og stendur. Jafnframt vakir það í umræðunni að fyrr en síðar muni flest þeirra telja sér lífsnauðsynlegt að stíga skrefið til fulls. Þar er viðkvæðið að það liggi alla leið upp til Brussel. Sennilega erum við Íslendingar þeir einu þessara þjóða sem vegna landfræðilegrar legu og sérstöðu þurfa að spyrja sjálfa sig annars konar spurningar. Munum við verða tilneyddir að velja milli austurs og vesturs? Munum við leita samstarfs annaðhvort við gamla heiminn, þaðan sem við komum, eða nýja heiminn sem við fundum? Við erum ekki búnir að fá endanleg svör við þessum spurningum, en fyrsta atriðið er að spyrja sjálfan sig þessara spurninga og niðurstaðan ræðst síðan af því hvaða svör við fáum

við spurningum af þessu tagi í því samstarfi sem við ástundum á vettvangi Norðurlandaráðs, innan EFTA og í viðræðum okkar við bandalagsþjóðir okkar innan Atlantshafsbandalagsins og í viðskiptalegum viðræðum okkar við fulltrúa Evrópustórveldisins.

Þetta eru í stórum dráttum þær spurningar sem ég hef fyrst og fremst vakið upp og eins og menn heyra af mínu máli er þeim engan veginn svarað. Þetta er tilraun til þess að skilgreina hvaða vanda við stöndum frammi fyrir og áheit um það að byrja að taka þessi mál alvarlega og setja þau í einhverja hnotskurn.

Það er fullkominn misskilningur ef menn vilja túlka þessi orð mín á þann veg að ég sé að leggja til einhverja verslun með öryggis- og varnarmál Íslands. Það er algjörlega út í hött. Það sem gengið hefur undir nafninu aronska hér á landi hefur venjulega vísað til þess hvort gera eigi varnarsamstarfið við Bandaríkin að féþúfu í einu eða öðru formi. Sá flokkur sem ég er formaður fyrir hefur alla tíð verið því mótfallinn og ég bendi á það að ef menn vilja rekja saman fjárhagsleg hagsmunatengsl einhverra stjórnmálaflokka eða stjórnmálalegra afla eða aðila vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins er þeirra einhvers staðar annars staðar að leita heldur en í mínum flokki.

Það sem ég er að segja er ósköp einfaldlega þetta: Evrópubandalagið er okkar mikilvægasti markaður og það bendir margt til þess að mikilvægi þess fari vaxandi. Menn skulu bara hugsa það til enda þegar Norðmenn og fleiri EFTA-þjóðir væru komnar inn hver væri þá hlutdeild stækkaðs Evrópubandalags að því er varðar okkar útflutning og innflutning. Við verðum að tryggja þennan markað í framtíðinni. Við höfum ekki þann kost að gerast aðilar að bandalaginu, a.m.k. ekki meðan bandalagið gerir þá kröfu að fá aðgang að fiskveiðilögsögu okkar. Um þetta virðist ekki vera ágreiningur. Spurningin er þá um það hvaða kosti við eigum aðra. Við lifum í alþjóðlegu samfélagi sem hvort tveggja í senn fer minnkandi vegna þróunar í fjarskiptum og flutningatækni og þar sem þjóðríkin verða sífellt háðari hvert öðru innbyrðis vegna fjárfestingar, vegna tilflutnings fjármagns og fjármagnsflæðis, vegna aukinnar verkaskiptingar, vegna nánari samvinnu. Það eru þessi innbyrðis tengsl sem fyrst og fremst ákvarða það hvort önnur ríki taka tillit til okkar og þá að hve miklu leyti. Varnarsamningurinn hefur skapað okkur slík tengsl við Bandaríkin og hver eru áhrifin? Láta menn sér virkilega detta það í hug að Bandaríkjamenn hlustuðu jafngrannt og þeir gera eftir okkar rödd og okkar málflutningi og tækju tillit til okkar í ágreiningsmáli, hvort heldur er um hvali eða um lendingarleyfi á hinum ýmsu stöðum í Bandaríkjunum, ef ekki væri vegna þess að þessi innbyrðis tengsl eru fyrir hendi? Ég efast um að nokkur mundi neita því sem til þekkir hvaða áhrif varnarsamstarfið við Bandaríkin hefur haft á alþjóðasamskipti okkar við þau. Hingað til hefur enginn séð ástæðu til þess að kenna þetta við aronsku. Menn hafa einfaldlega kennt þetta við gagnkvæma hagsmuni af því tagi sem gilda í samskiptum ríkja á okkar dögum. Það eru þessi innbyrðis tengsl sem ég tel að sé nauðsynlegt að koma á í vaxandi mæli við Evrópubandalagsríkin til þess að við getum tryggt hagsmuni okkar betur gagnvart þeim í framtíðinni.

Þetta verður ekki gert á einum degi, ekki á einu ári. Þetta er tilraun til þess að spá fram í tímann. Þetta er eitthvað sem við verðum að taka tillit til þegar við metum stöðu okkar í samfélagi þjóðanna og hugsum einn áratug fram í tímann eða svo. Ég fæ ekki séð að svo lengi sem við hvorki getum né viljum veita Evrópubandalaginu aðgang að fiskveiðilögsögunni eigum við margra kosta völ. Ég bendi hins vegar á þann möguleika að skapa aukin innbyrðis tengsl með auknu samstarfi við Evrópuríkin á sviði öryggis- og varnarmála. Það er þróun sem þegar er hafin og var byrjuð í utanríkisráðherratíð Geirs Hallgrímssonar. Með slíkri stefnu værum við að reyna að skapa forsendur fyrir samskiptum við Evrópubandalagsríkin sem eru nauðsynleg til þess að við getum jafnframt og í kjölfarið tryggt betur efnahagslega hagsmuni okkar gagnvart þeim í framtíðinni.

Ef menn vilja enn halda sig við það heygarðshornið að kenna þessi viðhorf til aronsku minni ég á það að íslensk utanríkismálasaga, ekki síst eftirstríðsáranna og þá vísa ég mönnum á að kynna sér rannsóknir prófessors Þórs Whitehead, ber þess glöggt vitni að íslenskir stjórnmálaleiðtogar hafa alla tíð miðað að því að samræma utanríkisstefnuna hagsmunum okkar á sviði öryggis- og varnarmála, efnahagsmála og stjórnmála. Nægir í því efni að minna á afstöðu fyrrv. forsrh. okkar Íslendinga, Hermanns Jónassonar, á örlagaríkum tímum við upphaf seinni heimsstyrjaldar. Menn hafa m.ö.o. jafnan reynt að hafa heildarmyndina í huga, en ekki einungis einstaka þætti einangraða hvern frá öðrum. Með Evrópubandalagið sem okkar stærsta markað stöndum við að vissu marki á krossgötum í utanríkismálum. Við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvernig við getum tryggt hagsmuni okkar gagnvart því í framtíðinni. Við höfum hingað til byggt tvær brýr í utanríkismálum okkar fram til þessa, annars vegar til Norðurlandanna og hins vegar til Bandaríkjanna. Og það er kominn tími til að hefja þriðju brúarsmíðina, þ.e. brú í átt til Evrópubandalagsins. Hvernig? Mitt svar er það að við gerum það með því að skapa aukin tengsl innbyrðis við Evrópubandalagsríkin í öryggis- og varnarmálum og tel það vera raunverulega rökrétta afleiðingu af þróun alþjóðamála, þróun stjórnmála sem eru að gerast í Evrópu þessi missiri og mun gerast í auknum mæli á næstu árum. Ég tel ástæðulaust af okkar hálfu að ætla að stinga höfðinu í sandinn. Við þurfum að byrja þessa umræðu hér heima. Við höfum enn sæmilegan tíma til stefnu, en við eigum ekki að neita staðreyndum eða vekja upp gamlan skotgrafahernað sem vísar til fortíðarinnar og hefur ekkert gildi í þessu samhengi.

Herra forseti. Ég vil, eins og ég sagði í upphafi, víkja nokkrum orðum að öðrum kafla í skýrslu utanríkisráðherra, um takmörkun vígbúnaðar á hafinu. Til að byrja með vil ég taka undir þá afstöðu hæstv. ráðherra sem fram kemur í skýrslunni, að Íslendingar eigi að beita sér fyrir, í samstarfi við aðrar þjóðir, takmörkun vígbúnaðar á höfunum. Hagsmunir okkar í þeim efnum eru augljósir. Staðreyndin er sú að takmörkun vígbúnaðar á höfunum hefur fengið litla athygli allt frá stríðslokum. Þó hafa það einmitt verið höfin sem í 150 ára sögu afvopnunarviðleitni hafa oft verið í miðpunkti samningaviðræðna og á það bæði við um árin fyrir heimsstyrjöldina 1914–1918 og eftir hana og fram á seinni heimsstyrjöld. Samningar risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, um kjarnorkuvígbúnað hafa vissulega haft áhrif á vígbúnað á höfunum. Fjöldi eldflaugakafbáta og þeirra kjarnorkuflauga sem þeir hafa innanborðs er takmarkaður í SALT-samningnum, gagneldflaugasamningnum frá 1972, sem nær einnig til búnaðar í hafi. Hafsbotnssamningurinn bannar staðsetningu kjarnavopna á hafsbotni og samningurinn um takmarkað bann við kjarnorkutilraunum bannar tilraunir með kjarnavopn neðansjávar. Sjóherir hafa hins vegar ekki nema að mjög litlu leyti verið meginefni samningaviðræðnanna. Einna helst mætti nefna viðleitni til friðunar Indlandshafs á seinasta áratug sem, eins og reynslan sýnir, hefur að vísu ekki borið mikinn árangur.

Að ýmsu leyti er þetta mjög skiljanlegt. Þar til hafréttarsáttmálinn kom til sögunnar var réttarlegur grundvöllur samninga um vígbúnað á höfunum það veikur að erfitt var að festa hönd á því hver hafði rétt til að samþykkja hvað. Hafréttarsáttmálinn frá árinu 1982 breytir þessu og skapar ramma sem gerir stefnumótun auðveldari í framkvæmd. Því fer þó fjarri að það nægi til að gera samning um vígbúnað á höfunum eða jafnvel að koma af stað samningaviðræðum. Flotaumsvif eru þess eðlis, m.a. vegna hreyfanleika sjóherja, mismunandi uppbyggingar og landfræðilegra aðstæðna, að erfitt er að búa til mælikvarða sem eru aðgengilegir til að koma á samningum.

Þá ber ekki hvað síst að nefna að fjölmargar hugsanlegar leiðir til að takmarka vígbúnað eða efla traust á höfunum mundu skerða frelsi siglinga um höfin, en sú hefð á sér djúpar rætur í hugum manna.

Herra forseti. Varnarviðbúnaður í Noregi og á Íslandi er að stærstum hluta til miðaður við flotaumsvif Sovétríkjanna í norðurhöfum. Það er augljóst hagsmunamál Norðurlanda að stemma stigu við auknum flotaumsvifum Sovétríkjanna á þeim slóðum og hamla gegn auknu vígbúnaðarkapphlaupi. Undanfarin ár hefur athygli manna beinst í auknum mæli að vígvæðingu norðurhafa vegna uppbyggingar sovéska flotans á Kola-skaga, breytingar á stefnu og styrkleika bandaríska flotans, tæknilegra nýjunga í sjóhernaði, einkum langdrægra stýrieldflauga sem beina má gegn mannvirkjum á landi og margs fleira. Ýmsir hafa óttast aukna spennu og vígbúnaðarkapphlaup á norðurslóðum af þessum sökum og ekki hvað síst í kjölfar árangurs í samningum um gagnkvæma afvopnun að því er varðar kjarnavopn á meginlandi Evrópu.

Það segir sig sjálft að Norðurlöndum hlýtur að vera hagsmunamál að stemma stigu við þessari þróun. Það er hins vegar ljóst að það er ekki sama hvernig að þessum málum er staðið eða hvernig við berum okkur að. Þó að ýmsum kunni að finnast það einkennileg fullyrðing er Norðurlöndum t.d. lítill akkur í því að jafnvægi ríki í hefðbundnum skilningi í vígbúnaði á Norður-Atlantshafi. Höfin hafa engin landamæri og því ræður flotastyrkur miklu um pólitísk áhrif á hafsvæðum og þeim landsvæðum sem eiga strendur að þeim. Ísland var á áhrifasvæði Breta um langan aldur í krafti flotaveldis þeirra. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr var það einfaldlega söguleg staðreynd. Flotajafnvægi í bókstaflegum skilningi í Norður-Atlantshafi þýddi að víglína sovéska flotans lægi sunnan Íslands. Landið væri þar með á áhrifasvæði Sovétríkjanna. Flotajafnvægi á Norður-Atlantshafi væri því hvorki í þágu Atlantshafsbandalagsins né heldur Norðurlandanna. Fullyrðingar af þessu tagi kunna að bera keim af því að nauðsynlegt sé að efla sem mest vígvæðingu vestursins í Atlantshafi. Það er hins vegar ekki mín skoðun, heldur er ég einungis að benda á þá staðreynd að það er ekki einhlítt að hernaðarjafnvægi sé æskilegt á öllum sviðum. Nauðsynlegt væri að taka tillit til aðstæðna í hverju tilviki.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er vikið að tillögum Gorbatsjovs um norðurheimskautið og norðurhöf. Johan Jörgen Holst, varnarmálaráðherra Noregs, benti á það í viðtali í Morgunblaðinu 22. okt. sl. að ræða Gorbatsjovs í Murmansk væri mikilvæg í fyrsta lagi vegna þess að hann flutti hana sjálfur og í öðru lagi vegna þess að henni væri beint til þeirra þjóða sem byggja okkar heimshluta. Þá sjaldan sem sovéskir ráðamenn ræddu sérstaklega þróun mála á norðurslóðum væri ástæða til að hlýða á málflutning þeirra.

Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna sovéskir ráðamenn beina orðum sínum til Norðurlandaþjóða en ekki Bandaríkjanna milliliðalaust. Þeim er það fullkomlega ljóst að það eru ekki Norðurlöndin sem standa fyrir flotaumsvifum við Norður-Atlantshaf, heldur eru það Sovétríkin og Bandaríkin. Það væri því eðlilegra að þeir beindu tillögum sínum til Bandaríkjanna fremur en Norðurlanda. Svarið við því er hins vegar tvíþætt: Í fyrsta lagi er Sovétríkjunum það ljóst að Bandaríkjamenn eru ekki líklegir til að taka slíkum hugmyndum vel. Bandaríkin eru þrátt fyrir allt enn ótvírætt mesta flotaveldi heims. Sovéski flotinn er geysilega öflugur á ákveðnum hafsvæðum eins og á hafsvæðunum norðan Íslands, þ.e. Noregshafi, Grænlandshafi og Barentshafi. Ef viðmiðið er hins vegar tekið af heimshöfunum í heild er greinilegt að bandarískí flotinn hefur yfirburði. Af þessu leiðir að Bandaríkin sjá ekki sérstaka ástæðu til að gera samning um takmörkun vígbúnað-

ar á höfunum, en það má m.a. skoða í ljósi þess að slíkum samningum má að ýmsu leyti líkja við vöruskiptaverslun. Hafi annar aðilinn minna til að versla með er venjulega ekki um samningsgrundvöll að ræða. Þau skilyrði sem gert hafa samninga um kjarnorkuvígbúnað mögulegan eru fyrst og fremst þau að bæði risaveldin hafa litið svo á að jafnvægi hafi ríkt á því sviði. Samningarnir um kjarnavopn í Evrópu sem þeir Reagan og Gorbatsjov undirrituðu í Washington á sl. ári hefðu ekki verið gerlegir ef Atlantshafsbandalagið hefði ekki tekið ákvörðun sína um að staðsetja ný vopn í Evrópu til mótvægis við SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna. Án þess hefðu þessi vöruskipti hreinlega ekki getað átt sér stað.

Sovétmenn gera sér enn fremur grein fyrir því að á Norðurlöndum hefur gætt vaxandi áhuga á takmörkun vígbúnaðar á höfunum á undanförnum árum og gera sér væntanlega vonir um að sá áhugi sé nægilega mikill til að þau vilji hafa frumkvæði á þessu sviði. Atlantshafsbandalagið er sá vettvangur sem Ísland, Noregur og Danmörk hafa aðgang að og jafnframt sá vettvangur sem mestu máli skiptir frá sjónarhóli Sovétmanna. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að hafa þetta í huga án þess að ég sé þar með að hafna hugmyndum um samstarf á því sviði.

Í ræðu Gorbatsjovs í Murmansk kom fram yfirlýstur vilji Sovétmanna um samvinnu á norðurslóðum, um takmörkun vígbúnaðar, nýtingu auðlinda, samræmingu vísindarannsókna og umhverfisvernd. Þær hugmyndir sem þar koma fram um takmörkun vígbúnaðar eru út af fyrir sig ekki nýjar og þær þarf ekki endilega að taka bókstaflega, heldur sem dæmi um það hvað það er sem Sovétmenn eru tilbúnir að semja um. Þær endurspegla að sjálfsögðu fyrst og fremst hagsmuni Sovétríkjanna fremur en að vera hugmyndir sem samræmast hagsmunum Atlantshafsbandalagsríkjanna eða Norðurlandanna fimm. Þannig er bann við æfingum á helstu siglingaleiðum á Norður-Atlantshafi hugmynd sem er fullkomlega óaðgengileg. Norður-Atlantshafið er lífæð Atlantshafsbandalagsins sem tengir saman aðildarríkin í Evrópu og Ameríku og án æfinga á liðsflutningum til Evrópu eða norðurslóða er tómt mál að tala um trúverðugar varnir.

Þróun hugmynda um takmörkun vígbúnaðar á höfunum er enn, því miður, skammt á veg komin. Þó er greinilegt og má m.a. marka af ræðu Gorbatsjovs að áhuginn fer vaxandi og að öllum líkindum má gera ráð fyrir aukinni umræðu um þau mál á næstu árum. Ein fyrstu merkin um þetta eru skýrsla sérfræðingahóps á vegum Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út árið 1985. Þar er m.a. bent á að ein af höfuðforsendum afvopnunar á höfunum sé sú að hún sé jöfn og skerði ekki öryggi hlutaðeigandi ríkja á nokkurn hátt. Skýrslan sem er niðurstaða af tillögum Sviþjóðar og fleiri ríkja, þar á meðal Íslands, var samin með það markmið í huga að kanna mögulegar leiðir til að auka traust og takmarka vígbúnað á höfunum. Hún ber þess merki hversu viðkvæmt og flókið mál er hér um að ræða og þó að ýmsar hugmyndir hafi komið þar fram eru raunverulegar tillögur fáar. Hér er verk að vinna, að þróa þessar hugmyndir betur og ég tel það sjálfsagt mál af hálfu okkar Íslendinga að leita eftir samvinnu, bæði við grannþjóðir okkar annars staðar á Norðurlöndum og innan Atlantshafsbandalagsins, til þess að ýta á eftir frumkvæði um að slíkar samningaviðræður byrji og þróist.

Ein tillaga sem þarna er þó sett fram er sú að Norðurlöndin beiti sér fyrir að ná fjölþjóðlegum samningi á líkum nótum og samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 1972 um aðgerðir til að koma í veg fyrir árekstra og slys á höfunum. Þetta samkomulag hefur borið góðan árangur sem m.a. kemur fram í því að yfir 100 alvarlegir árekstrar eða slys vegna flotaumsvifa á höfunum áttu sér stað ár hvert á seinni hluta sjöunda áratugar, en frá því að samkomulagið var gert hefur þessum slysum fækkað verulega. Þau eru nú um 40 talsins og er þó nóg. Það er margt sem mælir með því að Íslendingar taki undir þessar hugmyndir, t.d. í samstarfi við önnur Norðurlönd, hugmyndir um það að gert verði fjölþjóðlegt samkomulag um aðgerðir til að koma í veg fyrir árekstra og slys á höfunum sem Bandaríkin og Sovétríkin og hugsanlega fleiri Evrópuríki ættu aðild að. Ég nefni tvennt í því sambandi: Í fyrsta lagi það hversu mikið hagsmunamál það er fyrir okkur að vernda umhverfi sjávarins. Í öðru lagi þá staðreynd að jafnviðkvæm og flókin mál og takmörkun vígbúnaðar og leiðir til að efla traust á höfunum þarf að nálgast af varfærni, einkum á meðan menn eru að venjast nýjum hugmyndum um það. Samkomulag um árekstur og slys hefur þann kost að fyrir því er fordæmi sem menn þekkja. Af þessu leiðir að það gæti verið upphafspunktur sem flestir gætu sameinast um en um leið skref í átt til frekari þróunar sem beindist að því að hamla gegn auknu vígbúnaðarkapphlaupi á höfunum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla utanrrh. þó svo að umræður fari gjarnan um víðan völl á sviði utanríkismála eins og venja er þegar þessi skýrsla er til umræðu.

Ég byrja á því að fagna þessari skýrslu. Ég tel að hún staðfesti margyfirlýsta stefnu Íslands á mikilvægustu sviðum utanríkismála, ekki síst í öryggis- og varnarmálum auk þess sem góð grein er gerð fyrir utanríkisviðskiptamálum landsins og nýjum viðhorfum gagnvart Evrópubandalaginu. Skýrslan er að þessu leyti afar hefðbundin.

Ég legg áherslu á það að fyrir smáþjóð er fátt mikilvægara á sviði utanríkismála en festa í samskiptum við önnur lönd og ákveðinn stöðugleiki í stefnu. Allar breytingar verða að vera vel grundaðar og byggðar á yfirvegaðri greiningu á aðstæðum.

Utanríkisstefna Íslands tekur í senn mið af landfræðilegum, sögulegum, efnahagslegum og pólitísk-

um forsendum. Hún grundvallast á fornri lýðræðishefð Íslendinga, varðveislu hagsmuna þeirra í samskiptum við aðrar þjóðir og viðleitni til þess að leggja lóð á vogarskálar frelsis, friðar og mannréttinda í heiminum.

Ég tel það afar mikilvægt nú að skýrsla utanrrh. skuli vera komin fram. Hún eyðir óvissu um afstöðu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar til ýmissa mála og óvissa um afstöðu til utanríkismála er slæm, bæði innan lands og gagnvart erlendum ríkjum sem mörg hver fylgjast náið með því sem menn í ráðandi stöðum hér á landi láta frá sér fara um utanríkismál. Þannig segir utanrrh., en frásögn skýrslunnar er öll í 1. persónu, á bls. 17 í skýrslunni, í kaflanum um Atlantshafsbandalagið, fullum fetum, skýrt og skorinort, að bandalagið hafi tryggt aðildarríkjum sínum frið og öryggi í hartnær 40 ár. Og á bls. 42 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Þátttaka okkar í varnarsamstarfi vestrænna þjóða innan Atlantshafsbandalagsins og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru hornsteinar í öryggismálum okkar. Tilgangur þess samstarfs er og hefur ætíð verið að tryggja frið í okkar heimshluta."

Hér kveður réttilega nokkuð við annan tón en í viðtali sem birtist við ráðherra í Helgarpóstinum þann 11. þ.m. þar sem hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við getum ekki neitað þeirri staðreynd að það hefur verið friður í Evrópu í 40 ár og það kann að vera Atlantshafsbandalaginu að þakka." Tilvitnun lýkur ef þetta er þá rétt eftir haft í blaðinu.

Með sama hætti segir hvergi í skýrslunni þar sem fjallað er um ratsjárstöðvar Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, t.d. á bls. 48, að þær megi vonandi síðar einnig nota fyrir Varsjárbandalagið eins og haft er eftir ráðherra í áðurnefndu viðtali í Helgarpóstinum. Ég tel að það sé afar mikilvægt að skýrsla ráðherra tekur af öll tvímæli í þessu efni, enda vonandi að öllu leyti traustari heimild en Helgarpósturinn.

Ég hef hugsað mér, herra forseti, að fjalla einkum um þrjú atriði er snerta skýrslu utanrrh. Í fyrsta lagi utanríkisviðskipti og alþjóðleg efnahagsmál, í öðru lagi afvopnunarmál og breyttar aðstæður í þeim efnum og loks nokkuð um Sameinuðu þjóðirnar og afstöðu Íslands til málefna á vettvangi þeirra.

Á fyrstu árunum eftir síðari heimsstyrjöld myndaðist ákveðinn rammi um samskipti ríkja sem gagnlegt er að greina í sundur eftir sviðum og eðli viðfangsefna. Þannig voru hin pólitísku mál ætluð Sameinuðu þjóðunum til umfjöllunar, efnahagsmál Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þróunaraðstoð Alþjóðabankanum og um tíma voru uppi hugmyndir og raunar samningur sem aldrei kom til framkvæmda um sérstaka alþjóðlega viðskiptastofnun. GATT-samkomulagið kom síðar í hennar stað. Vestræn ríki bundust síðan samtökum innan NATO til að tryggja varnarhagsmuni sína.

Vitanlega hefur margt breyst frá þessum tíma. Sjálfstæðum ríkjum hefur fjölgað gífurlega, ný samtök verið mynduð á ýmsum svæðum í heiminum og á nýjum sviðum um ný viðfangsefni. En það er alveg ljóst að menn gerðu sér glögga grein fyrir því hvert mikilvægi alþjóðlegra viðskipta væri og sömuleiðis þess að efnahagsmál eins ríkis eru ekki alltaf einkamál þess eins. Á árunum milli stríða fékkst þannig mjög bitur reynsla af efnahagsstefnu ríkja sem ekkert tillit tóku til afleiðinga stefnu sinnar á nágranna- eða viðskiptalönd. Æ síðan hefur mikilvægi þessara mála í samskiptum ríkja farið vaxandi. Þá þróun þekkjum við Íslendingar mjög vel og höfum sem smáríki með einhæfa framleiðslu sennilega notið meira góðs af auknum heimsviðskiptum og verkaskiptingu milli ríkja en mörg önnur lönd.

Mikilvægi frjálsrar alþjóðlegrar verslunar er nú mun fleirum ljóst hér á landi en áður var. Aðildin að EFTA hefur t.d. ekki verið deiluefni í stjórnmálum árum saman, góðu heilli, og sá flokkur sem mest barðist gegn því máli á sínum tíma, Alþb., hefur löngu látið af þeirri trú. Rödd hv. þm. Svavars Gestssonar t.d. um þau efni í þessum umræðum er allt önnur og skynsamlegri en fyrir nokkrum árum síðan. Og reyndar má bæta því við að Alþb. virðist vera að láta af gamalli stefnu sinni í öryggis- og varnarmálum sömuleiðis eða a.m.k. eitthvað að beygja af hinni gömlu línu ef marka má ummæli sem höfð eru eftir formanni flokksins í tímariti nýlega.

En nú blasir við ný áskorun á sviði alþjóðlegra viðskipta og efnahagsmála sem við Íslendingar verðum að takast á við þegar og ef áform Evrópubandalagsins um einn markað verða að veruleika á árinu 1992. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu efni eða endurtaka það sem aðrir hafa sagt, eins og t.d. hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem flutti hér afar efnismikla og málefnalega ræðu í gær um þessi mál. Ég lýsi hins vegar ánægju með flest af því sem fram kemur í skýrslu ráðherra um þetta efni og ég vil líka vekja athygli á þeirri framsýni hæstv. þáv. utanrrh., Matthíasar Á. Mathiesens, að beita sér á árinu 1986 fyrir sérstakri skrifstofu í Brussel til að fjalla um málefni Evrópubandalagsins og gæta hagsmuna Íslands hjá því.

Herra forseti. Menn hafa mjög gert að umtalsefni í þessum umræðum afvopnunarmálin og réttilega er ítarlega um þau fjallað í skýrslu ráðherra. Það er vissulega rétt sem menn hafa sagt að við lifum um þessar mundir nokkuð breytta tíma í þeim efnum frá því sem áður var, og því hljóta allir velviljaðir menn að fagna. Við getum auðvitað verið stolt af því, Íslendingar, að ákveðin þáttaskil í því efni urðu hér á leiðtogafundinum í Reykjavík og í framhaldi hans.

Það er að vísu ekki svo, eins og stundum er gefið í skyn, að það megi draga þá ályktun af leiðtogafundinum í Reykjavík, af staðsetningu hans og þeirri ákvörðun stórveldanna að óska eftir fundarstað hér í Reykjavík, að með því væri verið að gefa til kynna einhvern tvískinnung eða einhverja óákveðni Íslendinga í alþjóðastjórnmálum. Það er síður en svo. Ég tel þvert á móti að alltaf hafi legið ljóst fyrir að Íslendingar hafa komið fram af fullri reisn gagnvart stórveldunum báðum og sú staðreynd gerði þeim

báðum auðvelt að sætta sig við þennan fundarstað. Það var ekki vegna þess að við höfum þóst vera hlutlausir miðja vegu milli stórveldanna. Það hefur alltaf legið fyrir að við höfum skipað okkur á bekk með vestrænum lýðræðisþjóðum af fúsum og frjálsum vilja og í samræmi við siðferðisvitund þjóðarinnar og rótgróna lýðræðishefð.

Í sambandi við þann samning sem gerður hefur verið um fækkun meðaldrægra og skammdrægra kjarnavopna, sem vonandi verður staðfestur á þessu ári, hafa vaknað ýmsar spurningar sem menn velta fyrir sér um það hverjar afleiðingar samningsins geti orðið.

Getur það t.d. verið að samningur sem þessi um fækkun vopna á landi kalli fram fjölgun slíkra vopna í hafinu? Það er eðlilegt að við Íslendingar veltum þeirri spurningu fyrir okkur og höfum af því áhyggjur. Ég tel hins vegar að uppbygging herafla á hafinu þurfi ekki og eigi ekki að verða afleiðing þessa samkomulags. Það sé raunverulega marklaus samningur sem felst í samkomulagi um niðurskurð herafla á landi ef hann þýðir sjálfkrafa að menn byggja upp á nýjan leik úti í hafinu og tel að við verðum að leggja áherslu á þetta atriði.

Þær raddir hafa heyrst, sérstaklega á meginlandi Evrópu, að hið nýja samkomulag gæti stofnað öryggi lýðræðisþjóðanna í Vestur-Evrópu í hættu, þ.e. að brottflutningur hinna skamm- og meðaldrægu eldflauga gæti hugsanlega orðið freisting fyrir árásaraðila úr austri og þar með sett þjóðirnar í hættu. Ég tel að þessi greining sé mjög vafasöm og standist ekki gagnrýna athugun og þess vegna sé óþarfi fyrir okkur Íslendinga að taka undir hana. Ég tel að það sé rangt sem þessi greining raunverulega byggist á, að Bandaríkin eða forseti þeirra sé ólíklegri til þess að beita langdrægum eldflaugum til varnar Evrópu en þeim skammdrægu eða meðaldrægu sem komið hefur verið fyrir í álfunni. Ég tel að Atlantshafssamningurinn sé nægilega traustur til þess að tryggja öryggi þjóðanna í Evrópu þó svo að hinn nýgerði samningur komi til framkvæmda, enda hverfa samningsskuldbindingar Bandaríkjanna eða annarra aðildarríkja auðvitað ekki með því samkomulagi. Þessi ótti hlýtur því að vera ástæðulaus, en ég vildi nefna þetta atriði vegna þess að þetta er eitt af því sem kemur upp í umræðum um þessi mál.

Það er mikilvægt og hefur verið rætt í þessum umræðum að vegna þessara breytinga séu nýir tímar í alþjóðamálum og vissulega er það rétt svo langt sem það nær. Því hefur verið varpað fram hér sem spurningu hvort við Íslendingar ættum t.d. að sýna aukinn áhuga okkar í verki með því að tilnefna sérstakan sendiherra til þess að fjalla um þessi mál og mér finnst það vissulega koma til athugunar. Hins vegar verða menn að gæta þess í öllum umræðum um þessi mál eða spyrja sig þeirrar spurningar hvort einhver eðlisbreyting hafi orðið t.d. á utanríkisstefnu Sovétríkjanna eða þeim markmiðum sem sovétmenn hyggjast ná með henni.

Nú hefur utanrrh. vor stundum, í ánægju sinni með þá þróun sem orðið hefur, vitnað til erlendra manna um það sem er að gerast í Sovétríkjunum og jafnvel viljað bera það upp á aðra menn hér innan lands að þeir væru orðnir kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Ég leyfi mér að vitna í það sem kemur fram í áðurnefndu viðtali í Helgarpóstinum þar sem kemur fram, með leyfi forseta: „Ég hef orðið var við að Margaret Thatcher hefur hrifist enn meir af honum [þ.e. Gorbatsjov]. Þegar ég sá hann í sjónvarpinu eftir að hann hafði komið við hjá henni á leið sinni á leiðtogafundinn og heyrði ummæli hennar varð mér að orði: Aumingja vinir mínir í Heimdalli."

En til þess aðeins að athuga hvað það er sem frú Thatcher hefur sagt um þessi mál, án þess að ég sé að gera þau ummæli að mínum, er ég með í höndunum úrklippu úr Sunday Times frá því sl. sunnudag 21. febr. og þar kveður eiginlega nokkuð við annan tón en utanrrh. gefur þarna í skyn. Hér segir frú Thatcher, með leyfi forseta, í nokkuð óformlegri þýðingu:

„„Rússneski björninn var langtum auðveldari við að eiga þegar hann leit út eins og björn en núna", sagði Thatcher á fundi með NATO-sendiherrum í Brussel nýlega. Og hún bætir við: „Þeim mun huggulegri sem Rússarnir verða, þeim mun hættulegri eru þeir." Og hún bætir því við: „Meginmarkmið sovéskrar utanríkisstefnu eru óbreytt, þ.e. að komast til ríkjandi áhrifa í Vestur-Evrópu."„

Eins og ég sagði er ég ekki að gera þessi ummæli að mínum, en ég er að svara því sem hæstv. utanrrh. sagði um þetta í Helgarpóstinum og gaf í skyn, eins og ég sagði áðan, að aðrir menn væru orðnir kaþólskari en páfinn í öryggis- og varnarmálum. Reyndar sagði hann síðast í gær í seinni ræðu sinni og vitnaði þá í George Shultz að hann færi hjá sér, ef ég man rétt, við að heyra slík ummæli. Það væri ekki mikið sem hann hefði sagt miðað við þetta.

En í skýrslu ráðherra og ræðu hans í gær kom fram að hann legði mikla áherslu á starfsemi Sameinuðu þjóðanna. Slík afstaða er auðvitað í fullu samræmi við afstöðu fyrri ríkisstjórna. En ráðherra lét þess einmitt getið í svari við fsp. frá mér skömmu fyrir jólin að það væri „yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að starfa innan Sameinuðu þjóðanna af heilindum". Sömuleiðis segir á bls. 13 í skýrslu ráðherra að það sé einn meginþátturinn í utanríkisstefnunni, þátttakan og starfið hjá Sameinuðu þjóðunum. Ekki skal ég draga það í efa og þykir það sjálfsagt að slíkt sé dregið fram, en hitt er vafasamara að mínum dómi að fella það undir virka þátttöku eða þátttöku af heilindum að leggja nafn Íslands við ýmiss konar sýndartillögur sem lagðar eru fram hjá samtökunum og kem ég nánar að því á eftir. En fyrst vildi ég, með leyfi forseta, gjarnan vitna til skýrslu utanrrh. 1983 sem Ólafur heitinn Jóhannesson flutti Alþingi. Þar segir svo:

„Sameinuðu þjóðirnar eru fyrst og fremst vettvangur þar sem skapa má betri skilning á eðli afvopnunarmála og vekja þjóðir heims til umhugs-

unar um nauðsyn afvopnunar. Þar er góður grundvöllur til að ræða meginviðfangsefni og forgangsröðun verkefna, en framkvæmdahliðin, samningsgerðir um eftirlit með vígbúnaði og um afvopnunarmál er mjög erfið í svo fjölmennum hópi. Þar hefur reynst betur að þeir aðilar, tveir eða fleiri, sem málin snúa mest að, semji sín í milli."

Og enn með leyfi forseta: „Annað einkenni á umræðum og ályktanagerð um afvopnunarmál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er áróðurskeimurinn af verulegum hluta tillagna sem þar koma fram. Virðist allt of mörgum ríkjum vera meira í mun að auglýsa sig með umfangsmiklum tillögum sem ómögulegt er að hrinda í framkvæmd og hafa eftirlit með eða stefna að einhliða ávinningi heldur en leggja fram eða styðja heils hugar raunhæfar tillögur sem dregið gætu úr vígbúnaði og hættu á árekstrum. Vék framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna reyndar að þessari tilhneigingu í ársskýrslu sinni til allsherjarþingsins á sl. hausti. Bæði ég og forverar mínir í starfi utanrrh. höfum lagt áherslu á að meta slíkar tillögur af raunsæi í stað þess að veita gagnrýnislausan stuðning hverri þeirri ályktunartillögu sem fram er sett undir yfirskini áhuga á áætlunarmálum."

Í þessu sambandi, herra forseti, er kannski þess virði að kíkja eilítið í frásögn sem birt var í Tímanum þann 19. febr., en þar er getið um rannsókn eða athugun sem maður nokkur hafði gert á því hvernig einstakar þjóðir greiddu atkvæði með ályktunartillögum hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar er dregin sú ályktun að Íslendingar séu í hópi neikvæðustu þjóða þingsins og hafi verið um langa hríð þó heldur hafi dregið úr því upp á síðkastið. En það sem ég vildi segja í því sambandi og þá með tilvísun til tilvitnaðra orða Ólafs Jóhannessonar er að það sem skiptir máli er auðvitað ekki það hvað menn fylgja mörgum ályktunum heldur hvers efnis þær eru og hvers eðlis þau mál eru sem menn leggja nafn Íslands við. Það skiptir engu máli þó menn fylgi 100% þeim ályktunum sem fram koma á Sameinuðu þjóða þingum ef þær ályktanir eru tóm vitleysa og á ekki að þurfa að hafa um það fleiri orð.

Það hefur óneitanlega vakið nokkra athygli hve mikið utanrrh. hefur lagt upp úr svokölluðum breyttum áherslum sínum í atkvæðagreiðslum hjá Sameinuðu þjóðunum og á þetta er m.a. lögð áhersla á bls. 5 í skýrslu hans til þingsins. Þar er rakin ályktun Alþingis um afvopnunarmál frá 23. maí 1985 og síðan segir svo, með leyfi forseta:

„Þetta er athyglisverð ályktun og mikilvægur grundvöllur á að byggja í utanríkismálum. Ég hef lagt á það áherslu að sýna í verki þann vilja sem Alþingi hefur lýst. Það hefur verið gert hjá Sameinuðu þjóðunum með breyttri afstöðu í allmörgum málum og hvarvetna þar sem rödd Íslands heyrist."

Ég verð að segja að dálítið er þetta málum blandinn rökstuðningur því þessari sömu ályktun fylgdu áður fram tveir utanríkisráðherrar í ríkisstjórn sem kennd er við núv. utanrrh. þannig að þessi ályktun sem slík getur ekki verið sérstakur grundvöllur breyttrar stefnu eða afstöðu. Í því efni hljóta að koma til aðrar ástæður. Í ræðu sinni í gær vék ráðherra að þeim forsendum sem stuðst var við þegar afstaða var tekin til tillagna á allsherjarþinginu, en um þessar forsendur er fjallað á bls. 13 í skýrslu hans. Hann bætti reyndar við í ræðunni, og það kemur ekki fram í skýrslunni, að fyrst og fremst hefðu hinar breyttu aðstæður í alþjóðamálum ráðið afstöðu hans. Það kemur hins vegar glöggt fram í skýrslu ráðherra að hinar breyttu aðstæður í alþjóðamálum, þ.e. þeir afvopnunarsamningar sem ég gerði að umtalsefni áðan eða þá þeir samningar sem langt eru komnir og það jákvæða andrúmsloft milli stórveldanna sem þeim fylgir, eru afleiðing af stefnufestu Vesturlanda. Á bls. 7 segir svo, með leyfi forseta:

„Samkomulag stórveldanna er staðfesting á því hverju unnt er að ná með einbeitni og stefnufestu en ekki með einhliða afvopnun Vesturlanda. Niðurstöðurnar má rekja til tillagna Vesturlanda sem settar voru fram fyrir sex árum. Fyrir samstöðu Vesturlanda og eindrægni í vörnum Evrópu hefur þessi árangur náðst."

Svo má auðvitað bæta því við, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði í gær og ráðherra tók undir í seinni ræðu sinni, að til viðbótar þessu kemur síðan það að hinir nýju leiðtogar í Sovétríkjunum eru farnir að hugsa meira um önnur mál, sín innanlandsvandamál, en áður var þannig að það hentar þeim að vissu leyti líka að koma til móts við Vesturlönd í samningum um þessi mál. En auðvitað er grundvallaratriðið að þeir hefðu eflaust ekki séð neina ástæðu til þess ef ekki hefði komið til þessi stefnufesta, einbeitni og samstaða Vesturlanda sem svo ágætlega er lýst á bls. 7 í skýrslu ráðherra.

Í ljósi þeirrar ályktunar, sem ég var að enda við að lesa og er að mínum dómi alveg hárrétt og mjög traust ályktun og greining á eðli þessara mála, væri eðlilegt að ætla að afstaða Íslands til tillagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna væri í samræmi við þessa greiningu og afstaðan leitaðist við að styðja þá stefnu sem kallað hefur fram þetta breytta ástand í heimsmálunum. Mér sýnist því miður að svo hafi ekki alltaf verið og hin breytta afstaða hafi stundum verið í mótsögn við áður yfirlýsta stefnu Íslands, m.a. eins og henni er lýst í þeirri skýrslu utanrrh. sem við erum hér að ræða.

En auðvitað er það einnig svo, að hinar svokölluðu breyttu aðstæður í alþjóðamálum og þessir nýju tímar og fersku vindar eru ekki fyrirbæri sem eingöngu snýr að okkur Íslendingum. Okkar bandalagsríki og okkar vina- og nágrannaþjóðir á Norðurlöndunum verða að sjálfsögðu einnig vör við þessa þróun þannig að hún ætti ekki að kalla fram afstöðubreytingu hjá Íslendingum einum. Það hljóta allir að sjá að er rökleysa. Hún hlýtur að kalla fram svipuð áhrif hjá þeim og okkur. En samt kemur í ljós þegar málið er kannað að við höfum í stöku tilfellum skorið okkur úr að því er virðist algerlega að

ástæðulausu.

Ég hef vakið máls á þessum málum áður á Alþingi með fsp. um afstöðu Íslands til tillögu frá Úkraínu og Tékkóslóvakíu sem ráðherrann gerir að umtalsefni bæði í skýrslu sinni og í ræðu sinni í gær. Skal ég nú gera nánar grein fyrir mínum viðhorfum í þessu efni, ekki síst í ljósi þess að ráðherra óskaði eftir því í seinni ræðu sinni í gær að menn kæmu með rökstuðning fyrir því að það hefði verið rangt að breyta afstöðu Íslands til allra þessara tillagna. Að vísu hefði kannski verið eðlilegra að sjá í skýrslu ráðherrans einhverjar röksemdir fyrir ákvörðunum hans um breytta afstöðu. Ég hygg að það hafi alla jafnan verið talið eðlilegra að menn gæfu skýrar ástæður fyrir því þegar þeir eru að breyta eldri ákvörðunum, en svo er hvergi gert nema með almennum orðum.

Mig langar þá að víkja að þessum tillögum hverri fyrir sig. Ég hef gluggað í þá ágætu skýrslu, sem hér var lögð fram í gær, um þátttöku Íslands á síðasta allsherjarþingi og mig langar að víkja fyrst að tillögu Úkraínu og Tékkóslóvakíu sem margumrædd er. Reyndar er, að því er virðist, villa í skýrslu ráðherra, sú hin sama villa og ég gerði mig sekan um samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu hér á sínum tíma, að þessi ályktun er talin gömul og endurflutt. En hið rétta mun vera, eins og kom hér fram í ræðu ráðherrans í gær og eins og kemur fram í skýrslunni um þingið, að hún er ný þannig að það eru þá níu tillögur sem breytt hefur verið um afstöðu til en ekki tíu eins og segir í skýrslunni um utanríkismálin.

Ég hef sagt og segi það enn að það sé mótsögn fólgin í því að samþykkja tillögu sem hvetur alla til að auðvelda framkvæmd ályktana á sviði afvopnunar og þar á meðal þeirra ályktana sem við höfum ýmist verið á móti eða setið hjá við afgreiðslu á. Það vill nú svo vel til að í þessari bók eru einmitt tvær slíkar ályktanir sem ég vil vekja athygli þm. á.

Það er í fyrsta lagi ályktun 42.26.b, stöðvun allra kjarnavopnatilrauna, þar sem öll Norðurlönd, þar á meðal Ísland, sátu hjá. Samt er með samþykkt tillögu Úkraínu og Tékkóslóvakíu lagt til að þessi tillaga verði framkvæmd, að menn geri allt sem í þeirra valdi stendur til að auðvelda framkvæmd þessarar ályktunar.

Síðan er annars staðar í þessu plaggi önnur ályktun þar sem við gerðum nú meira en að sitja hjá, vorum beinlínis á móti. Þetta er tillaga 42.39.c, samningur um bann við beitingu kjarnavopna. Á móti voru öll NATO-ríkin nema Grikkland og ýmis önnur lönd. Þessa tillögu sá utanrrh. ekki ástæðu til að samþykkja þó hann á hinn bóginn hafi séð ástæðu til að samþykkja tillögu sem gerði ráð fyrir að þessi tillaga yrði framkvæmd. Þetta er það sem ég hef verið að kalla mótsögn og geri enn. Skýringarnar sem gefnar eru um þetta eru á bls. 14 í skýrslu ráðherrans. Þar segir, með leyfi forseta: „Stuðningur okkar við þessa tillögu er byggður á fyrrgreindri ályktun Alþingis um afvopnunarmál."

En ég sé ekki neitt í þeirri ályktun sem hvetur til þess að við förum að samþykkja tillögu eins og þessa sem er í mótsögn við það sem við höfum áður gert, þannig að ég held að það væri satt að segja langeðlilegast og hreinlegast að viðurkenna að þarna hafi orðið ákveðin mistök í stað þess að reyna að halda enn á ný uppi einhverjum málatilbúnaði til varnar fyrir þessa afstöðu.

Ég kem þá að annarri tillögu, herra forseti. Það er tillaga Indlands og Rúmeníu, 42.39.b, um frystingu kjarnavopna. Norðurlöndin greiddu atkvæði með ályktuninni, þar á meðal Íslendingar, en á fyrra þingi sat Ísland hjá á þeirri forsendu að frysting án samninga eða nægilegs eftirlits tefji nauðsynlegar afvopnunarviðræður. Nú má auðvitað segja um þessa tillögu, þó svo að í henni sé góður vilji í þessum málum, að hún er orðin úrelt einmitt í ljósi hinna breyttu aðstæðna í alþjóðamálum. Vilja menn kannski frekar frysta þau kjarnvorkuvopn sem verið er að tala um í stað þess að taka þau niður? Eða hvað eru menn að tala um með því að samþykkja ályktanir um að frysta hluti sem er orðið samkomulag um að útrýma?

Sama er að segja um næstu tillögu sem ég vil gera hér að umtalsefni. Það er hin margfræga tillaga Svíþjóðar og Mexíkó sem er svipaðs efnis, þ.e. hún fjallar um frystingu kjarnavopna, og hefur verið margrædd bæði hér í þingsölum og á þingum allsherjarþingsins fyrir vestan. Þessi tillaga er að mínum dómi úrelt í ljósi hinna margumræddu breyttu aðstæðna. Ég vil í þessu sambandi vitna til hæstv. fyrrv. utanrrh. Ólafs heitins Jóhannessonar frá árinu 1983, en þar segir hann í skýrslu sinni til Alþingis á bls. 9:

„Um frystingartillöguna er hægt að hafa fá orð og vísa að mestu til kaflans um samskipti austurs og vesturs og þess sem segir hér síðar um INF-viðræðurnar í Genf. Ég vil aðeins undirstrika að við höfum tekið þátt í tvíþættri ákvörðun NATO-ríkjanna að bregðast við þeirri nýju ógnun við öryggi Vestur-Evrópu sem SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna eru á þann hátt að ákveða að koma fyrir vopnum til varnar en jafnframt að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á meðaldrægum kjarnaflaugum í Evrópu. Viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna eru hafnar og eru í fullum gangi. Að greiða þá atkvæði með frystingartillögu hefði verið túlkað á þá lund að verið væri að koma í bakið á bandamönnum okkar. Hjásetan bar hins vegar viðhorfi okkar til þessara mála vitni. Við erum andvígir framleiðslu og notkun kjarnavopna" o.s.frv.

Það var sagt hér í gær, hæstv. ráðherra sagði það, þegar vitnað var til ummæla Ólafs heitins Jóhannessonar, að það væru breyttir tímar. Vissulega er það rétt. Það eru breyttir tímar. En hvað er það sem hefur breyst varðandi þessa ályktun? Það er einmitt það að sú stefna sem Ólafur heitinn Jóhannesson lýsir þarna hefur sigrað. Stefna Atlantshafsbandalagsins, sem mjög er tekið undir í skýrslu utanrrh. og sagt fullum fetum að sé meginástæðan fyrir þessum breyttu viðhorfum og breyttu tímum í alþjóðamál-

um, hefur sigrað, sbr. bæði það sem ég hef áður lesið um það efni á bls. 7 í skýrslu ráðherra, en kannski ekki síður það sem fram kemur á bls. 8 og 9 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 8. des. sl. er mikilvægt m.a. af eftirgreindum ástæðum:" Síðan koma þarna nokkrar ástæður og í fimmta lagi segir þar: „Náðist samkomulagið vegna þess að Atlantshafsbandalagsríkin héldu fast við þá stefnu, sem mörkuð var fyrir um átta árum, að endurnýja skammdrægar og meðaldrægar flaugar á landi í Evrópu, en semja um leið við Sovétríkin um eyðingu þessara vopna (Dual Track Decision)."

Þannig er nú það. Ég held að það sé stundum gott að menn gái aðeins að samræmi í hlutum. Og ég endurtek: Þessi stefna, sem hér er lýst, hefur orsakað þessa breyttu tíma og það er hún sem hefur m.a. gert að verkum að tillaga Svíþjóðar og Mexíkó er úrelt orðin. Stuðningur við hana er því órökréttur og ástæðulaus og kannski enn meira út í bláinn að láta sér detta í hug að taka það mál hér upp til atkvæða á Alþingi Íslendinga úr því sem komið er.

Ég vildi þá, herra forseti, í fjórða lagi koma að einni tillögu enn sem breytt var um afstöðu til. Það er tillaga 42.42.a, um að ekki megi beita kjarnavopnum til að koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld. Flutningsmenn eru Þýska alþýðulýðveldið, Kúba, Rúmenía og Ungverjaland. Hér voru t.d. Danir og Norðmenn á móti og Íslendingar voru eina þjóðin í NATO ásamt Grikkjum sem sat hjá. Afstaðan í þessu máli er þar af leiðandi ekki í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru í skýrslu ráðherra á bls. 14 þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Breytt afstaða til annarra tillagna [þ.e. annarra en hinnar margumræddu Úkraínutillögu] réðst af samráði því sem Norðurlöndin hafa á allsherjarþinginu."

Það er alls ekki svo ef marka má upplýsingar um atkvæðagreiðsluna þarna. *Þarna voru Danmörk og* Noregur á móti þó svo að Svíar og Finnar hafi greitt atkvæði með, en Íslendingar og Grikkir sátu hjá einir NATO-ríkja. En á síðasta þingi greiddi Ísland atkvæði á móti þessu máli. Ástæður fyrir því að svo var gert var sú að þá þótti þessi tillaga óþörf þar sem stofnskrá Sameinuðu þjóðanna bannar beitingu árásarvopna. Ef menn muna það ekki stendur í 51. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna að þjóðir hafi eingöngu heimild til að grípa til vopna í varnarskyni.

Hér segir enn fremur: „Einnig var bent á að NATO-ríkin hafi margsinnis gefið þá yfirlýsingu að þeirra vopnum yrði ekki beitt nema sem svari við árás."

Hér tel ég enn á ný að sé ákveðin mótsögn í afstöðu, mótsögn í því sem fram kemur í skýrslu ráðherra og svo í afstöðu þarna á þinginu. Það má svo kannski bæta því við innan sviga að við erum þarna í félagsskap á hjásetubekknum í þessu máli m.a. með Paraguay og Samóa, en ef ég man rétt fær leiðtogi Paraguay það óþvegið í skýrslu ráðherra og sjálfsagt ekki eftirsóknarvert að skipa sér í sveit með honum þó eflaust sé það tilviljun í þessu máli.

Ég held enn áfram, herra forseti. Hér er fimmta tillagan sem ég hyggst gera að umtalsefni. Hún er nr. 42.42.c, stöðvun kjarnavopnakapphlaupsins og kjarnorkuafvopnun. Flytjendur: Argentína, Bangladesh og fleiri ríki. Í þessari tillögu er það staðfest að fælnistefna með kjarnorkuvopnum hafi aukið hættu á kjarnorkustyrjöld og leitt til meira öryggisleysis í alþjóðamálum o.s.frv. Á móti tillögunni voru Ástralía, Noregur og flest NATO-ríki, en Íslendingar sátu hjá í þetta sinn þó svo við höfum verið á móti þessu áður.

En hvað skyldi ég nú hafa við þetta að athuga? *Það vill svo vel til að ástæður mínar fyrir andstöðu* við þessa tillögu er einmitt að finna í skýrslu utanrrh. sjálfs á bls. 17. Þar segir, með leyfi forseta: „Trúverðugur fælingarmáttur stangast ekki á við þá viðleitni bandalagsríkjanna að tryggja öryggi sitt með minni vopnabúnaði en nú er."

Þar er einnig vitnað til Harmel-skýrslunnar frá 1967 þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta, að öryggi vestrænna ríkja hvíli á tveimur meginstoðum: fælingu og vörnum annars vegar og umræðum og samningum um afvopnunarmál hins vegar.

Enn segir neðar á sömu síðu, með leyfi forseta, að „herstyrkur Atantshafsbandalagsins ætti að nægja til að viðhalda öryggi aðildarríkjanna og tryggja stjórnmálalega samstöðu þeirra. Einnig með þessum styrk og með viðræðum og samvinnu yrðu skapaðar forsendur fyrir stöðugum og friðsamlegum samskiptum milli þjóða í austri og vestri."

Þarna er sem sagt fullyrt, og það er reyndar líka gert á bls. 9 í þeirri tilvitnun sem ég hef þegar lesið upp, og staðfest réttilega hver fælingarstefna Atlantshafsbandalagsins er. Er það þá ekki mótsögn og í ósamræmi við markaða stefnu að treysta sér ekki til að greiða atkvæði gegn tillögu sem gengur þvert á þetta, tillögu sem felur í sér að fælnistefna með kjarnorkuvopn hafi aukið hættu á kjarnorkustyrjöld og leitt til meira öryggisleysis í alþjóðamálum? Ég er ansi hræddur um að það þurfi ekki mikla sérfræðinga í íslensku máli eða tungutaki til að sjá þessa mótsögn, herra forseti.

Í sjötta lagi vildi ég geta tillögu 42.42.e sem Íslendingar greiddu atkvæði á móti á síðasta allsherjarþingi en sátu hjá í þetta sinn. Flytjandinn er Tékkóslóvakía og ályktunin fjallar um alþjóðlega samvinnu um afvopnun. Þessi tillaga er sama eðlis og Úkraínutillagan sem ég nefndi fyrr og það eiga alveg við um hana sömu röksemdir. Þetta er gersamlega óþörf tillaga. Hún er heldur ekki í samræmi við það sem segir á bls. 14 í skýrslu utanrrh. þannig að mér er alveg hulin ráðgáta hvernig komist var að þeirri niðurstöðu að það bæri að skipta þarna um afstöðu.

Síðan eru nokkrar tillögur til viðbótar, herra forseti, sem breytt hefur verið um afstöðu til. Ég skal ekki tína þær allar upp. Ég er ekkert að segja að það hafi í öllum tilfellum verið misgáningur að gera það. Það var t.d. tillaga frá Zimbabwe og fleiri

ríkjum sem breytt var um afstöðu varðandi. Hún var studd í þetta sinn en það var setið hjá síðast. Þessi tillaga fjallar um tvíhliða viðræður um kjarnorkuafvopnun og er nr. 42.38.d. Þessi tillaga virðist ekki hafa mikinn tilgang í sjálfu sér þó að ég sjái ekki annað en það sé algerlega skaðlaust að styðja hana og það hefur augljóslega verið mat ráðherrans. Sömuleiðis ætla ég ekki að gera ágreining um afstöðu hans til málefna Vestur-Sahara eða þeirrar ályktunar sem fjallar um námsmenn í Palestínu, á hinum hernumdu svæðum Ísraelsmanna þar. Þar var breytt um afstöðu og Norðurlönd greiddu atkvæði með ályktun sem fordæmir Ísraelsmenn fyrir neikvæðar aðgerðir gegn námsmönnum á þessum svæðum, en Ísland, Danmörk, Noregur og Finnland sátu hjá á síðsta þingi.

Ég tel mig nú hafa, herra forseti, komið fram með nokkurn rökstuðning varðandi afstöðu mína og umkvartanir okkar ýmissa sjálfstæðismanna varðandi þessi mál. Það er gert að gefnu tilefni vegna þess að ráðherrann beinlínis bað um það í gær, spurði: Hvað hafa menn við þetta að athuga? og fór hér yfir nokkrar ályktanir. Og ég segi það: Við höfum það við þetta að athuga sem ég var að enda við að segja.

Ég vildi svo gjarnan í þessu framhaldi víkja að því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um allsherjarþingið og afstöðu Íslands á þeim vettvangi. Það er alger fjarstæða, þó svo honum hafi sýnst það svo meðan hann var fyrir vestan, að menn eigi að taka eða hafi tekið afstöðu í þessum málum út frá því hver sé flytjandinn. Ég held að ég hafi einmitt bent á þær efnislegu ástæður fyrir afstöðu þeirri sem taka hefði átt. Mig varðar ekkert um hvaðan gott kemur í sjálfu sér. En þær tillögur sem ég hef gert að umtalsefni t.d. eru þess eðlis efnislega að ég geri þær athugasemdir sem ég hef nefnt.

Ég vildi gjarnan segja í þessu sambandi, herra forseti, vegna þess að hæstv. utanrrh. er tamt að tala um nátttröll þegar að þessum málum er vikið, að ég vil vísa slíkum ummælum algerlega á bug og bendi á nauðsyn þess að menn sofni ekki á verðinum í þessum málum þó svo það blási jákvæðir vindar í heimsmálunum um þessar mundir. Eða svaf kannski ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á verðinum á síðasta allsherjarþingi þegar verið var að greiða atkvæði um þessi mál? Nei, hún gerði það ekki. Ég biðst undan því að menn séu vændir um slíkt hér.

Það veltur á miklu, herra forseti, fyrir litla þjóð að halda reisn sinni og virðingu á alþjóðavettvangi. En ég held því miður að þau dæmi sem ég hef hér rakið séu ekki til þess fallin að auka reisn okkar og virðingu, því miður. Ég vil gjarnan vitna í og reyndar gera að mínum ummæli utanrrh. á bls. 13 í skýrslu hans þegar hann segir:

„Við Íslendingar eigum og munum beita okkur eins og við getum fyrir friði, fækkun og eyðingu vopna og bættu ástandi heimsmála almennt. Við munum halda áfram að gera slíkt með málflutningi og atkvæði okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og hvar sem við komum fram í samtökum þjóða og á opinberum vettvangi."

Undir þetta vil ég taka heils hugar. Þetta eigum við auðvitað að gera. En ég tel að það sem ég hef hér nefnt sem dæmi flokkist því miður ekki undir þetta. Menn geti haft sína sjálfstæðu afstöðu í málum þó að menn túlki það ekki þannig að það þurfi endilega að breyta afstöðu breytinganna vegna. Ég tel að einmitt slíkar ákvarðanir geti haft þveröfug áhrif við það sem ég las hér upp og ég vil gera að mínum lokaorðum í þessari umræðu, herra forseti.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Því er haldið fram og má kannski segja með sanni að hún sé með hefðbundnum hætti, en ef grannt er skoðað er hún með öðru yfirbragði en áður hefur verið. Ég hef flett þessum skýrslum undanfarin 4–5 ár. Það verður að segja að ég sé ekki betur a.m.k. en hæstv. ráðherra hafi í afstöðu sinni verið einarðari en hefur verið að undanförnu.

Hv. þm. Geir H. Haarde, sem var uppi í ræðustól síðast, talaði um að frystingartillögurnar um kjarnorkuvopn væru alveg óþarfar. Er ekki eitthvað af kjarnorkuvopnum þrátt fyrir þessa samninga? Er það virkilega svo að þessar tillögur séu taldar óþarfar? Hvað er það sem við Íslendingar höfum fyrst og fremst beitt okkur fyrir, ég held bæði hér á Alþingi og annars staðar? Það er að reyna að koma í veg fyrir styrjaldir og vinna að afvopnun. Þó að það sé mesta málið að þessum kjarnorkuvopnum sé eytt er það þó líka skárra en ekki ef það væri hægt að koma því þannig fyrir að þau yrðu fryst. Ég sé ekki samræmingu í því, ef menn eru sammála um að vinna að því með öllum okkar litla mætti að eyða vopnum og koma í veg fyrir styrjaldir, hvernig við ætlum að sitja hjá eða vera á móti þessum tillögum. Það sem ég finn að helst hjá hæstv. utanrrh. er að í sumum tilvikum finnst mér að það orki mjög tvímælis þegar er setið hjá eða jafnvel greitt atkvæði á móti slíkum tillögum.

Ég var á þingi Sameinuðu þjóðanna um þriggja vikna skeið, á 37. þinginu, og þeir sem hafa verið þar vita að sendinefnd Alþingis kemur á hverjum morgni til sendiherra og aðalmanns þar fyrir Íslands hönd á þinginu til að ræða um afstöðurnar og skilja hvernig á því stendur að svona og svona er greitt atkvæði. Ég verð að segja að ég fékk ekki nægar skýringar oft og tíðum hvernig á því stóð að Ísland sat hjá eða jafnvel greiddi atkvæði á móti. Ég fann að þessu og vildi fá frekari skýringar. Það er alveg rétt, sem hefur hér komið fram áður í þessum umræðum, að það var ekki nægur mannafli til að fara ofan í saumana á hverju máli og Íslendingar tóku oft mið af afstöðu Norðurlanda í ýmsum málum. En við hljótum að taka afstöðu til málefna, til hverra tillagna en ekki hverjir koma fram með þær eða hvernig aðrir greiða atkvæði. Ég held að

lítilli þjóð eins og okkar sé nauðsyn til að halda reisn og virðingu að sýna fulla einurð gagnvart alþjóðamálum. Það hefur mér fundist stundum á undanförnum árum skorta og því vil ég segja að mér finnst nú hafa orðið nokkur breyting á og fagna því. — Er hæstv. fjmrh. einhvers staðar í kallfæri? Ég kann því illa (**Forseti:** Ég skal láta kanna það.) að tala til manna öðruvísi en að gera tilraun til þess að þeir séu viðstaddir.

Meðan er verið að leita að ráðherra ætla ég aðeins að minnast á það sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. Svavars Gestssonar í sambandi við alþjóðaeftirlit með þeim samningum og með vopnabúnaði ef hægt er að semja um það áfram sem allir vona. Ég held að það hljóti að vera eina skynsamlega leiðin ef hægt er að fá stórveldin til að fallast á að slíkt eftirlit sé fyrst og fremst í höndum Sameinuðu þjóðanna. Það er alveg rétt að það hefur gengið illa á undanförnum árum að gera Sameinuðu þjóðirnar að því sem menn væntu í stríðslokin, en nú er breyting að manni virðist á alþjóðavettvangi. Það er farið að semja um afvopnun og við hér hljótum að vonast til þess að slíkir samningar og samkomulag haldi áfram. En einhvern veginn verður að gera það eins öruggt og það er hægt að eftir þeim verði farið. Það ætti að vera nokkur trygging ef það væri hægt að setja einhverja nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna til þess að fylgjast með því. Það er enginn vafi á því að vopnakapphlaupið á undanförnum árum er fyrir ótta og tortryggni og þarf að gera ráðstafanir til að draga úr því hvoru tveggja. Ég sé a.m.k. ekki aðra skynsamlegri leið en að slíkt eftirlit sé á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það sé nokkuð stórt atriði að hæstv. utanrrh. og stjórnvöld hér reyni að hafa áhrif í þá átt. E.t.v. eru það ekki aðrir sem eiga meira undir því en við að t.d. kjarnorkuvopnum sé eytt algjörlega. Það bendir a.m.k. margt til þess því við erum þannig staðsett á jarðarkringlunni. Því á Ísland að láta til sín heyra um þessi mál hvar sem möguleiki er á því.

Ég tek undir þá tillögu að það væri rétt að hafa sérstakan sendiherra í þessum málum. En það er ekki sama hvernig sá sendiherra er. Hann þarf að vera einarður til að halda okkar merki sem hæst á loft.

Ég vil líka segja um það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. gagnvart aðförum Ísraelshers að það er ekki vansalaust að þjóðir heims láti ekki til sín heyra og fordæmi slíkar aðfarir. Ég vil taka sérstaklega undir að þeir séu látnir vita um hug þjóðanna í sambandi við það sem er að gerast í Palestínu.

En nú sé ég að hæstv. fjmrh. er genginn í salinn og ég kemst ekki hjá því að segja við hann nokkur orð vegna þeirrar ræðu sem hann flutti áðan og vegna þeirrar ræðu sem hann er sagður hafa flutt í Stokkhólmi fyrir skemmstu. Ég held að stjórnmálamenn og þeir sem eru ábyrgir verði að hugleiða hvað við getum alls ekki gert og hvers vegna. Ég lít svo á að það sé útilokað mál og það sé ekki hægt undir hvaða kringumstæðum sem eru að við göngum inn í Efnahagsbandalagið ef um leið fylgir það að Evrópuþjóðirnar geti farið inn á okkar fiskimið. Hvað er það sem við lifum á? Eru þessi auðæfi eitthvað sem við getum miðlað öðrum? Er það ekki lífsafkoma okkar sem byggist á þessum auðæfum? Ég held að það sé blátt áfram óþurftarverk, háskalegt, að hæstv. ráðherrar eða þingmenn eða forustumenn í flokkunum láti í sér heyra á þann hátt að þetta komi til greina. Ég er alveg sannfærður um að það bætir ekki samningsaðstöðu okkar ef ráðherrar og þingmenn gefa í skyn eða jafnvel segja að það komi virkilega til mála að við göngum inn í Evrópubandalagið og hlítum þessu skilyrði sem allir vita að er a.m.k. eins og er algjört skilyrði fyrir inngöngu í Evrópubandalagið. Það væri nær á opinberum vettvangi að láta menn vita að þetta kemur ekki til greina, ekki undir nokkrum kringumstæðum. Það er útilokað mál. Það er allt annað fyrir Norðmenn eða aðra þar sem þeirra fiskveiðar eru ekki nema lítið brot af þeirra útflutningi, þeirra tekjum. En hvað eru útflutningstekjur okkar af sjávarafurðum fyrir sl. ár? Minnir mig vera 77%. Við verðum nú að draga úr sókn á miðin í alla stofna. Hvernig dettur ráðamönnum slíkt í hug?

Ég er að vísu ekki hernaðarsérfræðingur eins og virðist vera að hæstv. fjmrh. sé og fleiri þm. sem hér hafa talað, en við getum ekki látið af þessari auðlegð og keypt það því verði. Það er útilokað mál. Ég tel að okkar staða sé þrátt fyrir allt þannig að við þurfum ekkert að vera mjög óttaslegin yfir því jafnvel þó að við stöndum einir af þeim sem eru í NATO utan við Evrópubandalagið ef rétt er haldið á okkar málum. En ég ætla ekki að fara út í það að þessu sinni.

Hins vegar finnst mér vera álitamál og raunar e.t.v. óumflýjanlegt að það verði rætt um þessa afstöðu okkar, það sé alveg sérstök umræða á hv. Alþingi, vegna þess hvað málið er alvarlegt og vegna þess hvað ráðamenn sumir hverjir tala gáleysislega um það. Það er ekki hæstv. fjmrh. einn. Ekki man ég betur en að einn af forustumönnum iðnaðarins, Víglundur Þorsteinsson, léti þau orð falla frekar tvisvar en einu sinni að það kæmi til mála og væri kannski óumflýjanlegt að við gengjum í Efnahagsbandalag Evrópu. Hæstv. fjmrh. minntist einnig á Magnús Gunnarsson í ræðu sinni áðan. Af þessum ástæðum er full ástæða til þess að taka upp sérstaka umræðu um þetta mál og sérstaklega með það í huga að menn séu ekkert að vefjast í vafa um afstöðu þjóðþings okkar til þessa máls, að það komi greinilega fram að það sé útilokað með öllu að við gerumst aðilar að Evrópubandalaginu.

Ég tók eftir því að hv. 13. þm. Reykv. ræddi dálítið um afstöðu okkar til þeirrar þróunar sem hefur orðið í hvalamálinu. Ég er henni og hennar skoðunum algjörlega andvígur og ég ætla að koma með rök fyrir því hvers vegna ég er það. Ég var einn af þeim sem greiddu atkvæði á móti því á sínum tíma, 1983, þegar var samþykkt að stöðva veiðar í atvinnuskyni. Það er vegna þess á hverju við lifum.

Og við erum að keppa við þessi dýr í sambandi við það sem sjórinn gefur. Svo einfalt er það. Ef á að takmarka eða jafnvel hætta veiðum á hval, hrefnu og sel er enginn vafi á að í okkar hlut kemur langtum minna. Við verðum þá að draga úr okkar sókn því að ekki tökum við það sem þessi dýr taka. Ég hef orðið vitni að því að yfir 100 kg af fiski hafa komið út úr einum hrefnumaga þannig að það er ekkert smáræði sem þessi dýr taka. Við vitum hvernig selurinn hefur það. Meira að segja tekur hann laxinn, hvað þá aðra fiska. Það er sannað mál. Ég ætla ekki að fara út í þessa sálma meira, en ég get ekki annað en minnst á þetta vegna ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Við verðum að athuga á hverju við lifum. Ég er ekki að tala um að ganga svo hart að þessum stofnum að þeir séu í einhverri útrýmingarhættu, það er bara allt annað mál, en við verðum að halda þessum stofnum í hæfilegri stærð. Og við erum allt öðruvísi stödd en t.d. Norðmenn og aðrar þjóðir m.a. vegna þess á hverju við lifum. Ég sagði áðan að um 77% af okkar gjaldeyrisöflun væru af sjávarafla. Hvað er það hjá Norðmönnum? Hvað er það hjá Japönum? Við höfum alveg sérstöðu í þessum málum og ég er ekki sammála því sem gert var, þ.e. að ríkisstjórn Íslands þurfi að leggja rannsóknaráætlun sína fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins og eigi allt undir afstöðu hennar í sambandi við þessar veiðar af þessum ástæðum. Ef það væru ekki nema 10% af okkar tekjum sem við fengjum frá sjónum væri þetta allt annað mál. Við sögðum í sambandi við landhelgisdeiluna við Breta að Bretar væru að vinna fyrir einum málsverði á meðan við vorum að berjast fyrir lífi okkar. Við hljótum að skoða þessi mál öll út frá því sjónarmiði á hverju við lifum og hvers vegna okkar lífsafkoma er þó eins góð og hún er og afstaða okkar hlýtur að byggjast á því, hæstv. fjmrh., bæði til Efnahagsbandalags Evrópu, en einnig í sambandi við að halda þessum sjávarspendýrum í hæfilegri stærð til þess að við þurfum ekki af þeim ástæðum að minnka okkar hlut í afla.

Það væri margt hægt að ræða um þessa skýrslu hæstv. utanrrh. og um varnarmál. Því hafa verið gerð góð skil af mörgum. Ég ætla að láta þetta nægja að sinni, en ítreka að endingu að hæstv. utanrrh. sjái til þess á næstunni þegar hægt er að það verði tekin umræða á Alþingi um afstöðuna til Efnahagsbandalags Evrópu, hvernig við eigum að halda á því máli þannig að það fari ekkert á milli mála. Og þó að hjáróma raddir komi hér og þar, sem ég tel þó alvarlegt að skuli heyrast, þurfi enginn að vera í vafa um okkar afstöðu í því máli: Engin skip inn í okkar fiskveiðilandhelgi.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð við þessa umræðu um utanríkismál og fjalla almennt um stöðu Íslands í alþjóðlegu umhverfi sem og stefnu þjóðarinnar í utanríkismálum.

Ég er sammála hæstv. fjmrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni þegar hann segir að sjaldan hafi verið jafnmikilvægt og nú fyrir Íslendinga að gera sér grein fyrir því hvar við værum á vegi staddir í utanríkismálum og samskiptum okkar við aðrar þjóðir, en jafnframt vil ég undirstrika að við þá umfjöllun er mikilvægt að menn hafi í huga að breytingar frá þeirri meginstefnu í utanríkismálum Íslands sem mótuð var á fyrstu áratugum lýðveldisins krefst mikillar og ítarlegrar umræðu innan þings sem utan.

Tímabundnir viðskiptahagsmunir eða óeðlileg pólitísk sambönd við alþjóðaflokka eiga ekki að ráða stefnumörkun Íslendinga í utanríkismálum. Það sem á fyrst og fremst að ráða er auðvitað afstaða til þjóðlegra verðmæta, vernd eignarhalds Íslendinga á landinu sjálfu, vernd íslenskrar tungu og menningar. Þá er mikilvægt og þýðingarmikið að Íslendingar geri sér grein fyrir hverjir eru efnahags- og viðskiptalegir hagsmunir í tengslum við þessi mál. Og síðast en ekki síst þarf að tryggja að Íslendingar fái að lifa og starfa í landi sínu í friði fyrir ásælni annarra þjóða sem ýmist með hernaði eða viðskipta- og efnahagsþvingunum brjóta undir sig hvert smáríkið á fætur öðru.

Smáríki tryggja best stöðu sína að mínu mati með sjálfstæðum samningum í öryggis- og varnarmálum við lýðræðisríki sem virða frelsi og sjálfstæði smáþjóða. Íslendingar hafa slíkan samning við Bandaríki Norður-Ameríku í öryggis- og varnarmálum. Sá samningur er góður. Þess vegna er að mínu mati óþarft að ræða um slík mál í tengslum við stöðu Íslands gagnvart Efnahagsbandalaginu.

Þess vegna er einnig óþarft að ræða við Efnahagsbandalagið um öryggis- og varnarmál í tengslum við hugsanlega frekari samninga við Efnahagsbandalagið. En ég vil minna hv. þm. á að við höfum nú þegar mjög góða samninga við Efnahagsbandalagið í sambandi við veigamikil atriði á viðskipta- og tollasviði og það er spursmál hvort það borgi sig fyrir Íslendinga að opna þessa samninga með nýjum viðræðum að svo stöddu. Alla vega mundi ég leggja til að það verði skoðað mjög gaumgæfilega áður en óskað væri slíkra viðræðna.

Hæstv. fjmrh., sem hefur verið mjög í umræðunni um Ísland og Efnahagsbandalagið undanfarna daga vegna ræðu sinnar á sameiginlegum fundi forustumanna alþýðuflokka Norðurlandanna, sagði áðan í ræðu að hann teldi að hv. þm. þyrftu að taka afstöðu og það sem fyrst og nefndi hann tímasetningu sérstaklega í því sambandi sem er árið 1992, en það er það ár sem Efnahagsbandalagið stefnir að að Vestur-Evrópa verði orðin ein markaðsheild. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra í því að það er mjög þarft, tímabært og nauðsynlegt að hv. þm. taki afstöðu í þessu máli og dragi það ekki, en legg áherslu á að það verði gert að vel íhuguðu og athuguðu máli.

En það er ekki alveg rétt að líta þannig á, þegar verið er að ræða um samskipti Íslands og Vestur-Evrópu þannig, eins og mér fannst stundum örla á

hjá hæstv. ráðherra, eins og þessi umræða hafi ekki farið fram neitt áður. Allar götur frá stofnun Efnahagsbandalagsins, ef ég man rétt var það stofnað með Rómar-samningnum svonefnda árið 1957, hafa farið fram mjög ítarlegar umræður um þetta mál hér á Íslandi en þó með nokkru hléi. Ég minnist þess að um og eftir 1960 fór fram hér mjög ítarleg umræða um hvort Ísland ætti að ganga í eða óska eftir aðild að Efnahagsbandalaginu eða ekki. Var m.a. efnt til ráðstefnu þar sem aðilar helstu útflutningssamtaka og hagsmunasamtaka mættu og fjölluðu um það. Einnig fjölluðu ýmsir af frammámönnum íslensku þjóðarinnar og þáverandi ráðherrar mikið um þessi mál. Niðurstaðan af þeirri umræðu varð sú að Ísland nálgast ekki Evrópu þrátt fyrir að menn mætu það á þeim tíma ekki ósvipað og nú að Íslandi væri það lífsnauðsyn að nálgast og vera nálægt þeirri þróun sem var að hefjast í Evrópu í kringum 1960.

Þess í stað mótuðu Íslendingar stefnu sem fól í sér að ríkari áhersla var lögð á samskiptin við Atlantshafsbandalagsríkin í heild og einnig var lögð meiri áhersla á viðskiptn við Bandaríki Norður-Ameríku, bæði í sambandi við vöruviðskipti sem og á sviði þjónustuviðskipta. Þessi stefna, sem þá var mörkuð, reyndist Íslendingum vel og hefur reynst Íslendingum vel til þessa. Þar með er ég ekki að segja að það þurfi ekki að endurmeta þessi mál og gera það með þeim hætti að menn geri sér grein fyrir því að Ísland verður að fara mjög varlega þegar það nálgast viðræður við ríkjasambönd hvort sem þau eru í austri eða vestri.

Það var eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég vil víkja að nokkrum orðum. Það er mikilvægt atriði í íslenskum utanríkismálum sem skiptir máli að hafa í huga þó nokkuð sé um liðið síðan það var efst á baugi. Hæstv. ráðherra minntist á þorskastríðið og gat þar nokkurra Evrópuþjóða.

Það er nú einu sinni þannig að reynslan kennir mönnum. Þorskastríðið er mjög mikilvægt atriði í sögu Íslands. Það er mjög þýðingarmikið að Íslendingar dragi réttar ályktanir af því sem gerðist í því máli og hvers vegna Íslendingar náðu þeim árangri sem raun bar vitni. Þess vegna vil ég varpa fram þeirri spurningu og svara henni sjálfur: Hverjir reyndust Íslendingum vel í þeim stríðum? Það er ekki aðeins þorskastríðið um og eftir 1970 til 1976 sem við verðum að hafa í huga heldur einnig fyrri þorskastríð. Voru það Bretar, voru það Þjóðverjar eða voru það Evrópuþjóðirnar yfirleitt? Ég leyfi mér að svara því neitandi. Staðreyndin er sú að í þessu stríði okkar fyrir þeim lífsgrundvelli sem við lifum á, sem er sjávaraflinn, voru Evrópuþjóðirnar þær þjóðir sem höfðu mjög takmarkaðan og svo til engan skilning á stöðu íslensku þjóðarinnar í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þetta eru sögulegar staðreyndir. Stjórnmálamenn í Evrópu voru Íslendingum mjög erfiðir og mjög skilningslausir. Staðreyndin er sú að Bandaríkjamenn voru þrátt fyrir allt sá aðili sem reyndist Íslendingum vel í þeirri baráttu, bæði í sambandi við pólitísk jákvæð afskipti af málinu sem og líka vegna þeirrar afstöðu sem Íslendingar höfðu í sambandi við markaðs- og sölumál á helstu sjávarafurðum. Rússar sáu sér auðvitað leik á borði þegar ágreiningur kom upp á milli NATO-ríkjanna og spiluðu með og sögðust vera bestu vinir Íslendinga þá í sambandi við þetta hagsmunamál. En það var ekki velvild Vestur-Evrópuríkjanna sem tryggði okkur sigur í landhelgismálunum. Mun ég víkja síðar að því hvernig ég met það og hvers vegna.

Það sem réði úrslitum var í fyrsta lagi þrautseigja og samstaða Íslendinga sjálfra í baráttunni fyrir rétti sínum. Þetta er grundvallaratriði. Þarna vorum við einangraðir eyjabúar í baráttu fyrir lífshagsmunamáli í stríði við stórþjóðir og að vissu leyti í óþökk og óvild annarra þjóða sem ekki áttu eins ríkra hagsmuna að gæta og t.d. Bretar töldu sig eiga á Íslandsmiðum.

Í öðru lagi réði það einnig úrslitum hve frammistaða þáverandi forustumanna Íslendinga reyndist þjóðinni vel í því að sameina hana og á ég þá sérstaklega við forsrh. Geir Hallgrímsson, Einar Ágústsson utanrrh., Matthías Bjarnason sjútvrh. og Ólaf Jóhannesson dómsmrh. Þessir pólitísku forustumenn Íslendinga á þeim tíma sameinuðu þjóðina og þeir sýndu hinum erlendu aðilum, sem Íslendingar áttu við að etja, að þeir ætluðu, þ.e. Íslendingar, að hafa sigur í málinu, enda var verið að berjast um lífshagsmuni og framtíðarvelferð þjóðarinnar. Það hafði mikil áhrif hve framganga og forusta þessara manna var farsæl og góð í þeirri miklu og hörðu baráttu og gegndu þeir hver sínu hlutverki eftir því sem við átti í þeirri baráttu.

Þá er það þriðja atriðið. Það er: Hvaða þjóð erlend studdi okkur í reynd best? Ég var í samninganefndinni á þessum tíma, þ.e. 1974–1976, og kynntist því vel á ferðum mínum, bæði fyrir utanrrh. og á vegum míns þingflokks, hvernig forráðamenn vissra þjóða brugðust við þegar leitað var eftir því að þær beittu sér til stuðnings málstað Íslendinga. Bandaríkjamenn studdu Íslendinga leynt og ljóst. (**AG:** Alveg passífir.) Það er söguleg staðreynd sem hv. þm. Albert Guðmundsson getur ekki hrakið. — Ja, ég skil ekki almennilega þetta frammíkall hv. þm. Hv. þm. Albert Guðmundsson kom hvergi nálægt þessum samningamálum umfram það að hann greiddi þeim atkvæði sem stuðningsmaður þáverandi ríkisstjórnar þannig að hann getur ekki fullyrt þetta og mun ég rökstyðja það nú.

Bandaríkjamenn beittu sínum áhrifum á Breta og Vestur-Þjóðverja. M.a. var einn af fyrrverandi aðstoðarutanríkisráðherrum Bandaríkjamanna, Eugene Rostow, í þessu máli og vann sérstaklega að viðræðum við forráðamenn Bretlands og Vestur-Þýskalands á bak við tjöldin, jafnframt því sem hann átti viðræður við forseta Bandaríkjanna á lokastigi þessarar deilu. Þetta hafði auðvitað sín áhrif eins og gefur að skilja. Þetta hafði líka áhrif innan Atlantshafsbandalagsins eins og margoft kom fram á þeim tíma.

Þá áttu Íslendingar í fjórða lagi mjög góða bandamenn meðal áhrifamanna í verkalýðshreyfingu Vestur-Evrópu. Þar voru m.a. flokksbræður hæstv. ráðherra Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það voru háttsettir forustumenn í verkalýðshreyfingu Vestur-Evrópu, sérstaklega Bretlands, menn eins og Vic Feather, þáv. framkvstj. TUC, og Jack Jones, áhrifamikill verkalýðsforingi á Bretlandi og vinur Harolds Wilsons. Í Vestur-Þýskalandi var það forseti þýska alþýðusambandsins, DGB, Heinz-Oskar Vetter, áhrifamaður í þýska alþýðuflokknum SPD. Þessir alþýðuflokksmenn og forustumenn í verkalýðshreyfingu Vestur-Evrópu voru Íslendingum mjög hliðhollir og töluðu við ríkisstjórnir og forráðamenn viðkomandi landa. Þetta er söguleg staðreynd sem ég vil gjarnan að komi fram á þessu stigi.

Hins vegar verður það að segjast eins og er að evrópskir stjórnmálmenn, hvort sem það voru kratar eða íhaldsmenn, voru Íslendingum yfirleitt mjög erfiðir í þessari deilu. Þeir eru yfirleitt erfiðir. Stjórnmálamenn í Evrópu eru erfiðir viðureignar þegar kemur að þjóðlegum hagsmunum þeirra sjáfra. Þeir meta hagsmuni út frá allt öðrum forsendum en Íslendingar eru vanir. Hið sama verður ekki sagt um t.d. verkalýðsforingja Evrópu sem dugðu Íslendingum vel. En ég mun víkja nánar að þessum atriðum sem þjóðríkin snerta síðar í ræðu minni.

Hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson varpaði fram þeirri spurningu hvort Íslendingar gætu tryggt hagsmuni sína í gegnum EFTA eða hvort við gætum gert það með nánara samstarfi við Norðmenn en verið hefur til þessa. Átti hann þar sérstaklega við, ef ég skildi hann rétt, að tryggja sölu- og viðskiptahagsmuni okkar fyrir sjávarafurðir.

Ég hef setið í ráðgjafarnefnd EFTA síðan 1971 og verð að segja að þótt ýmislegt gott hafi komið út úr því að Íslendingar tækju þátt í EFTA hefur EFTA ekki að mínu mati þá burði sem mundu duga okkur úr því sem komið er til að tryggja okkur þá hagsmuni sem hæstv. ráðherra var að vísa til. Hins vegar er sjálfsagt að láta enn frekar á það reyna hvort t.d. Svíar hindri áfram að við getum fengið viðeigandi leiðréttingar í sambandi við okkar hagsmuni í útflutningi og sölu sjávarafurða og gera það þá auðvitað innan EFTA.

Hvað Norðmenn áhrærir verð ég að segja að því miður hef ég takmarkaða trú á því að það mundi skila okkur miklum árangri. Samstarf við Norðmenn á viðskiptasviði hefur yfirleitt ekki reynst Íslendingum vel. Þó eru auðvitað til undantekningar. Norðmenn eru miklir eiginhagsmunamenn þegar kemur að fjármálum og viðskiptamálum. Það hefur verið reynt samstarf, svokallað frjálst samstarf, við Norðmenn í sambandi við sölu ákveðinna tegunda sjávarafurða. Það áttu að vera samráðsfundir og samstarf, en því miður varð það oftar að Norðmenn hlupu út undan sér og komu aftan að okkur í þeim viðskiptum sér í hag.

Þess vegna má eiginlega segja að mín niðurstaða sé sú, að eins og á stendur sé best fyrir Íslendinga að reyna sjálfir. Ég hef ekki trú á að Norðurlöndin muni styðja þannig við bakið á okkur að það skili þeim árangri sem viðunandi er.

Ráðherra ræddi nokkuð um sölu á ákveðnum sjávarafurðum, talaði m.a. um saltfisk. Skal ég ekkert draga úr mikilvægi þess að fá tollaleiðréttingar í sambandi við útflutning á saltfiski, sérstaklega eftir að Spánn og Portúgal gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu. En það sem mér finnst skipta máli þegar verið er að ræða þetta er að menn geri sér grein fyrir vægi einstakra afurðategunda og einnig hvert er verðmæti þeirra.

Ef við lítum yfir helstu útflutningsafurðir Íslendinga, sem er ekki flókið mál, þá er það ferskur fiskur, saltfiskur, frystur fiskur, lýsi og mjöl og einnig álvörur. Aðrar vörur, t.d. iðnaðarvörur almennt, hafa ekki aukist mikið í útflutningi Íslendinga á liðnum árum, því miður, þrátt fyrir mikla og góða viðleitni manna í þeim efnum. Við erum háðir Vestur-Evrópu sérstaklega í sambandi við sölu á ferskum fiski og saltfiski og einnig lýsi og mjöli. Lýsi og mjöl er ekkert annað en hráefni. Það er hráefni sem Vestur-Evrópumenn kaupa af okkur og hagnýta sér síðan til að framleiða úr því fullunnar vörur. Þótt lýsi og mjöl sé út af fyrir sig mjög mikilvæg afurð í útflutningi er það ekki mjög eftirsótt framleiðsla því það er alger hráefnisframleiðsla. Ég er sammála ráðherranum í því að við viljum ekki gera Ísland að landi sem framleiðir hráefni fyrir aðrar þjóðir.

Það eru mjög miklar sveiflur í verðlagi og sölumagni af ferskum fiski á mörkuðum Vestur-Evrópu. Skjótt geta veður skipast í lofti. Það þyrfti ekki annað að gerast í þeim efnum en Norðursjórinn næði sér á ný eða að Norðmenn ykju verulega úthafsveiðar sínar sem þeir eru að gera nú með frystitogurum. Það er áætlað að þeir verði komnir með áttatíu frystitogara í lok þessa árs. Ef það gerist að fiskgengd eykst í Norðursjónum og í kringum Bretlandseyjar á sama tíma sem Norðmenn auka sitt framboð á frystum fiski, t.d. í Englandi og Vestur-Þýskalandi, má búast við að verðlag á ferskum fiski lækki verulega, þó ég segi ekki að það hrapi niður. Það hefur strax áhrif á viðskiptakjör okkar í Evrópu og þá verður ekki eins eftirsóknarvert að selja ferskan fisk þar og nú er.

Saltfiskurinn er aftur á móti vörutegund sem getur orðið vandamál fyrir okkur að afsetja í Vestur-Evrópu nema við fáum tollaívilnanir og lækkanir. Það skal ég viðurkenna. En það sem kemur á móti í sambandi við saltfiskinn er að þarfir Spánverja og Portúgala eru mjög miklar fyrir saltfisk. Ég sé ekki fyrir mér að aðrar þjóðir geti útvegað þeim það magn af saltfiski sem gæti komið í veg fyrir þann íslenska sem nokkru nemur. Það þýðir aftur á móti að Spánverjar og Portúgalar verða að gæta sinna eigin hagsmuna innan Efnahagsbandalagsins þannig að þeir fái góð viðskiptakjör við Ísland.

Um frysta fiskinn get ég verið stuttorður. Hann hefur verið í aukningu í Vestur-Evrópu, en alls ekki fyrr en e.t.v. á síðustu árum í þeim mæli sem við hefðum vænst í Evrópu þrátt fyrir að mikið hafi verið reynt á síðustu áratugum.

Ég er þeirrar skoðunar að þó að Vestur-Evrópubúar séu út af fyrir sig ágætir kaupendur á okkar sjávarafurðum muni þeir ekki ráða úrslitum fyrir Íslendinga í sambandi við útflutning sjávarafurða í framtíðinni heldur verði markaðirnir jafngóðir og hugsanlega betri annars staðar. Á ég þar sérstaklega við Bandaríkin, þó þar sé niðursveifla í dag, og Japan.

En utanríkismál snúast um fleira en fisk og útflutning og viðskipti. Það er líka mikið atriði, þegar verið er að fjalla um samskipti við aðrar þjóðir og gera sér grein fyrir stöðu þjóðarinnar í tengslum við þær, á hvað menn vilja leggja áherslur. Það eru fleiri og jafnmikilvæg atriði, sem skipta sköpum fyrir sjálfstæði lands og þjóðar, sem menn verða að hafa í huga.

Á síðustu áratugum hafa samskipti þjóða á flestöllum sviðum gjörbreyst. Tækniþróun á sviði fjarskipta og samgangna hefur þurrkað út fjarlægðir milli þjóða í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Kjarnorka til friðsamlegra nota hefur gjörbreytt atvinnu- og efnahagslífi hinna háþróuðu ríkja. Kjarnorkan, vetnissprengjur, eldflaugarnar og önnur nútíma háþróuð ógnarvopn hafa sett stórveldunum nýjar og áður óþekktar samskiptareglur. Þetta og ótalmargt fleira í þróun vísinda og tækni hefur gert að verkum að engir, hvorki þjóðir né einstaklingar, búa við einangrun. Þetta er sú staðreynd sem við Íslendingar búum við sem aðrir.

Ákvarðanir teknar í Hvíta húsinu eða Kreml geta haft og hafa áhrif um gjörvalla heimsbyggð. Fyrir rúmri hálfri öld eða aðeins einum mannsaldri var þessu öðruvísi varið. Viðhorf og gildismat hafa breyst að sama skapi. Ef litið er til stöðu ríkja og sjálfstæðis þjóða hefur þróunin verið frá hinu sjálfstæða, óháða ríki yfir í stærri heildir, ríkjasambönd eða bandalög. Það á einkum við í atvinnu-, viðskipta- og efnahagsmálum sem og í öryggis- og hermálum. Í sumum tilvikum er erfitt að draga mörk um innbyrðis tengsl þessara þátta í sameiningu eða nánu bandalagi margra ólíkra þjóða. En eftir sem áður blasir nú við sú staðreynd að þjóðir, sem telja sig eiga ríkra hagsmuna að gæta, hafa á síðustu árum tengst nánari böndum og í ýmsum ákveðnum tilvikum sameinast eins og á þjóðlegum grundvelli væri í útfærslu veigamikilla þátta á sviði atvinnu- og efnahagsmála.

Efnahagsbandalagið er dæmigert fyrir þessa þróun. Flest helstu iðnríki Vestur-Evrópu mynda EB. Innan þess hafa ríkin tengst mjög sterkum böndum og má nánast segja að þau hafi afsalað sér þjóðlegu sjálfræði í ákveðnum málum. Sjálfstæð, einangruð, opinber meiri háttar ákvarðanataka í peninga-, atvinnumarkaðs,- landbúnaðar- og viðskiptamálum er óhugsandi innan EB. Sáttmáli þessara þjóða um mjög náið og víðtækt samstarf innan EB brýtur gjörsamlega í bága við fyrri hugmyndir manna um sjálfstæði ríkja.

Fyrir þá eða þær þjóðir sem vilja undirgangast slíkt afsal um sjálfsforræði í hefðbundinni merkingu þess orðs vegna markmiða um nýjar og árangursríkar leiðir til aukinnar almennrar velmegunar er allt gott að segja ef menn, ég endurtek, ef menn vilja greiða það gjald sem um ræðir. Það er engum vafa bundið að hinir frjálsu og ótakmörkuðu flutningar fjármagns og vinnuafls innan EB flýta fyrir samruna Efnahagsbandalagsins í eitt bandalagsríki. Eðli málsins samkvæmt hljóta stærstu og fjölmennustu ríkin að ráða lögum og lofum innan þessarar ríkjasamsteypu. Reynsla liðinna ára hefur staðfest þetta. Hin stóra spurning, sem snýr að Íslendingum, er: Hver er staða okkar sem smáríkis á hjara veraldar í þessari þróun? Er unnt að viðhalda og efla sjálfstæði þjóðarinnar í hinni hefðbundnu merkingu eða verðum við að endurmeta það gildismat sem felst þar að baki?

Íslendingar hafa verið virkir þátttakendur í víðtæku alþjóðasamstarfi frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Ísland er aðili að Norðurlandaráði, Atlantshafsbandalaginu, Sameinuðu þjóðunum, fríverslunarsvæðinu o.s.frv. Þá taka Íslendingar þátt í fjölbreytilegu alþjóðlegu samstarfi á sviði félags-, menningar-, heilbrigðis-, fjarskipta- og vísindamála svo nokkuð sé nefnt. Það er því óhætt að fullyrða að þjóðin hefur verið mjög opin í samskiptum við aðrar þjóðir án þess að framselja nokkurn hluta af sjálfsákvörðunarrétti sínum sem sjálfstæð þjóð.

Umhverfið hefur hins vegar tekið nokkrum breytingum. Norrænu þjóðirnar hafa færst nær hver annarri. Vestur-Evrópuríkin stefna í sameiningu, ríkjabandalag, og starfa sem ein ríkjaheild á ákveðnum mikilvægum sviðum. Í austri og vestri eru stórveldin, Bandaríki Norður-Ameríku og Sovétríkin, sem eru eðli málsins samkvæmt ríkjasambönd. Við þetta bætist starfsemi fjölþjóðafyrirtækja sem teygja anga sína út um allan heim. Tækniþróunin og þjónusta ýmissa þessara fyrirtækja eru þess eðlis að þau öðlast sjálfkrafa ákveðna einkaréttaraðstöðu hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Nægir í því sambandi að minna á ákveðin tölvufyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki o.s.frv.

Íslendingar hafa eins og flestar aðrar þjóðir orðið að beygja sig undir þessa þróun og undirgangast þá skilmála sem um ræðir. Í því felst ekki afsal stjórnarfarslegs sjálfstæðis, en hins vegar ákveðin erlend áhrif um framkvæmd eða útfærslu tiltekinna mála á mjög takmörkuðu sviði. Aðild Íslands að EB mundi hafa í för með sér afsal á einhliða ákvarðanatöku í veigamiklum málum og skapa jafnframt ákveðinn og jafnan rétt þegna aðildarríkja EB á Íslandi. Þegnar Efnahagsbandalagsins hafa rétt til að stofna fyrirtæki í hvaða landi sem er innan bandalagsins. Ef Ísland gerðist aðili að EB mundu þeir hafa fullan aðgang að sameiginlegum auðlindum, sbr. fiskimið-

unum á Íslandi. Fjármagnsflutningar eru frjálsir, sömuleiðis atvinnuréttindi innan svæðisins og skattar eru samræmdir. Markmið EB er að tryggja hagkvæma verkaskiptingu og bæta lífskjör. Efnahagslegur ávinningur er meginmarkmið. Önnur atriði, eins og hin þjóðernislegu og menningarlegu, eru víkjandi.

Viðskiptalega skiptir það auðvitað miklu máli fyrir Ísland hvernig þróunin er í EB. Hið sama má segja um Bandaríkin. Norðurlöndin skipta hins vegar minna máli viðskiptalega en hins vegar þeim mun meira máli félags- og menningarlega. Segja má að til þessa hafi Íslendingar notið þess besta í samskiptum sínum við þessa aðila án þess að gangast þeim á hönd. Staðreynd er að þegar Ísland hefur verið viðskiptalega háð Norðurlöndunum hefur þjóðinni vegnað illa afkomulega. Þetta er söguleg staðreynd. Þessar þjóðir kaupa ekki helstu afurðir landsmanna sem nokkru nemur né greiða þær sambærilegt verð og aðrar þjóðir.

Þegar Íslendingar tóku hins vegar sjálfir upp bein viðskipti við engilsaxa, sérstaklega Breta, og síðar þegar þeir tóku upp náin viðskipti við Bandaríkjamenn, fór þeim að vegna mun betur. Þess vegna skipta viðskiptaleg tengsl Íslendinga við þessar þjóðir miklu máli. En hvort enn nánari tengsl við þær, svo sem í gegnum eignaraðild þegna þessara ríkja í landi og fyrirtækjum, skili landsmönnum meira efnalega í aðra hönd er matsatriði. Ég tel að það eigi að fara mjög varlega í að heimila erlendum aðilum þátttöku í íslenskum fyrirtækjum. Að vísu er það nauðsynlegt á vissum sviðum og ber þá að gera það, en með varúð.

Verðmætasta eign landsmanna er landið sjálft, gögn þess og gæði. Íslensk menning hvílir á fornri arfleifð, tungu og listum sem eru mjög sérstæðar. Í gegnum aldirnar hefur þróast mjög sterkur þjóðlegur stofn á Íslandi sem í einangrun og harðbýli hefur tileinkað sér sterka sjálfsbjargarviðleitni en er, eins og eyjabúum er tamt, tortrygginn gagnvart utanaðkomandi áhrifum. Þrátt fyrir það hefur þjóðin mikla aðlögunarhæfileika í því sem skiptir máli um aðlögun að tæknilegum framförum sem hafa þýðingu fyrir betri efnahagslega afkomu.

Margir erlendir aðilar, sem hafa átt náin samskipti við Íslendinga, dást að dugnaði þeirra, þessara 240–250 þúsunda manns, við að byggja upp nútímalegt samfélag í þessu stóra landi. Á vissum sviðum, svo sem í sjávarútvegi og fiskiðnaði, hótel- og veitingahúsarekstri, svo nokkuð sé nefnt, eru Íslendingar meðal fremstu þjóða. Þá er þjóðin óvenjulega vel upplýst og menntuð miðað við ýmsar hinar fjölmennari þjóðir, svo sem iðnríkin, þótt Íslendingar vegna smæðar sinnar geti aldrei keppt við þau á mörgum sviðum af skiljanlegum ástæðum.

Erfitt er að sjálfsögðu að segja nákvæmlega til um hvar draga skuli strikið milli Íslands annars vegar og náinna samskipta við önnur ríki hins vegar. Það er enn erfiðara í dag en var fyrir 30–40 árum og mun væntanlega verða enn erfiðara í framtíðinni. Fólksfjölgunin í heiminum og gjöreyðingarvopnin krefjast endurmats á fyrri gildum. Meginmarkmið mannkynsins hefur verið og mun ætíð verða að tryggja friðinn. Einstaklingurinn vill fá tækifæri til að þroskast og takast á við lífið í samræmi við getu og hæfileika. Hann vill fá að starfa í friði að jákvæðri uppbyggingu í eigin umhverfi og innan þeirrar heildar sem hann lifir í.

Friður og framfarir verða ekki í hinum fjölmenna heimi framtíðarinnar — en spár eru um að íbúatala jarðarinnar verði farin að nálgast 7000 milljónir árið 2000 — nema þjóðir heims vinni saman, færist nær hver annarri. Nauðsynlegar framfarir í tækni og vísindum til að mæta fæðuþörf þessara milljarða verða ekki nema þjóðirnar starfi enn nánar saman. Menntun og fræðsla krefst samræmingar ef þjóðum heims eiga að nýtast hinar miklu framfarir. Friður byggist á gagnkvæmum samskiptum, skoðanaskiptum og nánari umgengni einstaklinga ólíkra þjóða. Þannig er unnt að fjalla um flestöll svið mannlegra samskipta með tilliti til framtíðarinnar.

Einangrun eða takmarkalaus sérhyggja og þjóðernishroki falla ekki inn í framtíðarsýn mannkynsins. En það þýðir ekki að sérhver einstaklingur sem þjóðir verði ekki að skoða eigin stöðu í þrengri merkingu þess orðs og gera sér sem besta grein fyrir stöðu sinni og möguleikum við breyttar aðstæður.

Þótt Ísland sé gjöfult og gott land á ákveðnum sviðum býður það ekki upp á ótakmarkaða möguleika. Engir nema landsmenn sjálfir skynja þetta. Í heimi nútímans er rányrkja mikill vágestur. Óvandaðir menn fara víða eins og eldur í sinu og eyða náttúruauðlindum með skjótum hætti. Þegar allt er nýtt og landið er orðið eins og sviðin jörð hverfa þeir af vettvangi, en eftir situr hnípin þjóð á öskuhaugum nútímans, bílhræjum, plasthúsgögnum, gervimunaði og þess háttar, rúið lífsgrundvellinum.

Ég sagði áðan að Ísland væri gjöfult land en mjög viðkvæmt. Það krefst því góðrar umgengni. Hið sama má segja um auðlindir landsins. Með nútímatækni er unnt að tæma þær á örfáum árum. Gott dæmi þessa er sjávaraflinn. Íslendingar einir vita best hvernig nýta ber landið, gögn þess og gæði þannig að jafnvægi ríki. Með því nýtist landið betur þeim takmarkaða fjölda sem getur byggt landið á grundvelli mannsæmandi lífskjara. Að mínu mati væri það því óráð að opna landið erlendum aðilum með aðild að EB eða öðrum ríkjasamsteypum.

Undir niðri eru EB-ríkin einnig mjög ósamstæð. Í stjórnmálum geta Evrópumenn verið mjög hverflyndir svo sem sagan sannar. Það hentar ekki íslensku eðli eða íslensku lundarfari að eiga hagsmuni sína undir slíku stjórnarfari. Íslendingar vilja stöðugleika samfara miklu frelsi til athafna. Skipulagshyggja gömlu nýlenduveldanna er Íslendingum ekki að skapi. Aðild Íslands að EB mundi í reynd þýða það að landið yrði hjálenda þessara gömlu ríkja sem bera takmarkaða virðingu fyrir smáríkjum.

Miklar pólitískar sviptingar vinstri og hægri flokk-

anna í Evrópu setja leiðtogum þeirra takmörk í auðsýnd umburðarlyndis gagnvart hinum smáu. Þetta er staðreynd. Ísland getur því aldrei sameinast slíkri ríkjaheild. Hugsanlegur efnahagslegur ávinningur er smáræði borið saman við þau þjóðarverðmæti sem fórnað yrði með aðild að Efnahagsbandalaginu.

Vil ég þá víkja nokkrum orðum að Norðurlöndunum. Norðurlöndin eru ágæt að vissu marki, þ.e. þar til kemur að efnahagslegum atriðum. Í almennum menningar- og félagslegum atriðum er gott að eiga samleið með Norðurlandabúum. Í þeim efnum eru Norðurlöndin tillitssöm, enda kostar það tiltölulega lítið. Öðru máli gegnir í viðskipta- og fjármálum. Þar er ekkert til skiptanna. Norðmenn og Svíar eru þekktir fyrir allt annað en gefa eitthvað eftir í viðskiptum. Danir hafa hins vegar oft sýnt og sannað að þeir hafa skilning á högum annarra og eru reiðubúnir að láta samstarfsaðila njóta ávaxtanna að fullu. Þrátt fyrir allt hafa Danir reynst Íslendingum vel. En í samræmi við ríkjandi aðstæður og hugarfar reyndu þeir auðvitað að hagnast á aðstöðu sinni á meðan þeir réðu ríkjum á Íslandi. Of náið efnahagslegt samstarf eða samruni Íslands við Norðurlöndin mun því að mínu mati ekki styrkja stöðu þjóðarinnar.

Ísland hefur átt ágætt samstarf við Bandaríki Norður-Ameríku á ýmsum sviðum, sérstaklega í öryggis-, varnar- og viðskiptamálum. Bandaríkjamenn hafa sýnt vilja til að tryggja Íslendingum hagstæða samninga á mikilvægum sviðum án nokkurra óaðgengilegra skilyrða. Á viðskiptasviðinu eru miklir ónýttir möguleikar í Bandaríkjunum. Ísland og Bandaríkin eiga gangkvæmra hagsmuna að gæta á mjög mikilvægu sviði sem tengir þessar þjóðir þeim böndum að óþarft er að gangast öðrum þjóðum á hönd með þeim hætti sem EB eða Bandaríkin mundu krefjast ef Ísland óskaði aðildar að þessum ríkjasamsteypum. Það er því mitt mat að Ísland eigi að rækta vel tengsl sín við Norðurlöndin, Vestur-Evrópu og Bandaríkin með svipuðum hætti og gert hefur verið á liðnum áratugum. Eftir því sem kringumstæður krefjast verður að leita sérsamninga eða taka upp nánara samstarf við þessi ríki eftir því sem aðstæður leyfa.

Að lokum: Ákvarðanir í utanríkismálum mega ekki tengjast stundarhagsmunum eða tilfinningasemi. Í þessum efnum verður yfirvegun og köld raunhyggja að ráða. Gerðir samningar við önnur ríki verða ekki ógiltir eins og hendi sé veifað. Þess vegna veltur á miklu að Íslendingar geri sér góða grein fyrir stöðu sinni í framtíðinni með sérstöku tilliti til hinnar miklu samsteypuþróunar ríkja í fáar en stórar heildir. Fyrir Íslendinga gildir í þessum efnum hið forna spakmæli: Flýttu þér hægt.

Sigríður Lillý Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans um utanríkismál sem hér er til umræðu. Skýrslan er að mörgu leyti ágætlega unnið plagg, en við lestur hennar fann ég þó ekki stafkrók um þá hættu sem fylgir umferð kjarnorkuknúinna báta, skipa og kafbáta um hafið umhverfis landið. Hins vegar minnist ég þess að við umræður á Alþingi 8. febr. sl., um þáltill. um mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay, hafi spunnist nokkur umræða um þetta atriði. Þá sagði m.a. hv. 3. þm. Norðurl. e., með leyfi forseta:

„Ég hef haft af því vaxandi áhyggjur eftir því sem ég hef fengið meiri upplýsingar m.a. um ferðir kjarnorkuknúinna skipa um Norður-Atlantshafið að þar gætu orðið slys sem væru af þeirri stærðargráðu að efnahagsafkomu íslenskrar þjóðar, færeyskrar þjóðar og grænlenskrar þjóðar yrði ógnað í mjög verulegum mæli. Ég hef oft spurt eftir því þegar ég hef verið á fundum með herfróðum mönnum hversu mikil hætta væri á árekstrum t.d. kafbáta og annarra herskipa, sem m.a. sigla um Norður-Atlantshafið, hvað mikil hætta gæti verið á því að þessi skip misstu út geislavirkt kælivatn. Ef slíkt gerðist í nágrenni við gotstöðvar eða hrygningarstöðvar t.d. þorskstofns, sem við byggjum að verulegu leyti afkomu okkar á, þá er ekki að sökum að spyrja því að þá er sá stofn ónýtur til næstu 100 ára eða svo. Mér finnst andvaraleysi okkar Íslendinga gagnvart þessum málaflokki vera alveg ótrúlegt. Herfróðir menn hafa tjáð mér að það sé lítil hætta á þessum slysum. Hins vegar átti ég kost á því fyrir mjög stuttu að ræða við fyrrverandi skipherra á breskum kjarnorkukafbáti. Ég spurði hann þessarar spurningar og spurði hann hvort það væri rétt að engin hætta væri á því að geislavirkt kælivatn færi út t.d. við árekstur tveggja skipa eða árekstur skips á rif, neðansjávarfjallgarð eða eitthvað slíkt og sagði honum jafnframt að ég hefði ævinlega fengið þau svör að slíkt gæti ekki gerst. Þessi skipherra var nú aldeilis á öðru máli. Hann sagði það fullum fetum að það gæti gerst mjög einfaldlega að kjarnorkuknúið skip missti út geislavirkt kælivatn við árekstur. Og hans orð tek ég auðvitað trúanleg."

Síðar við sömu umræður sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Síðasti ræðumaður spurði mig að því hvort ég hefði upplýsingar um ferðir kjarnorkuknúinna kafbáta og skipa á Norður-Atlantshafinu. Það hef ég ekki og eftir því sem ég best veit hefur gengið ákaflega erfiðlega að fá slíkar upplýsingar frá stórveldunum. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um hættu þá sem þessu fylgir. Hins vegar hefur mér verið tjáð, þegar ég hef spurt um þessi mál, að hún væri lítil sem engin eða að það hafi verið gert ákaflega lítið úr þessari hættu og ég veit að sömu sögu hafa aðrir að segja. En ég hef tilheigingu til að trúa betur þeim skipherra sem hv. þm. ræddi við."

Hæstv. utanrrh. ber augljóslega ekki mikið traust til þeirra mörgu Atlantshafsbandalagsmanna sem hann hefur aðgang að. Hann hefur frekar tilheigingu til að trúa betur þeim skipherra sem hv. 3. þm. Norðurl. e. vitnaði til. Hvað hyggst hæstv. utanrrh. gera til þess að bægja þessari miklu hættu, sem hann

telur stafa af umferð kjarnorkuknúinna báta, frá íslensku hafsvæði? Ég gerði mér vonir um að fá svar við þessari spurningu í skýrslu hæstv. utanrrh., en þar er eins og ég sagði áðan ekki fjallað sérstaklega um þetta.

Hugsanleg geislamengun úthafa hlýtur að vera mikið áhyggjuefni okkur sem eigum allt undir fiskveiðum. Því hljótum við að velta sérstaklega fyrir okkur hversu mikil hætta er á slíkri mengun og með hvað hætti megi koma í veg fyrir hana. Til þess þurfum við að gera okkur grein fyrir því hvernig mengunin gæti orðið. Geislamengun sjávar má flokka í mengun vegna meðvitaðrar losunar kjarnorkuúrgangs í hafið, mengunar þegar kjarnorkuúrgangur rennur í hafið frá endurvinnslustöðvum eða úr kjarnorkuverum, mengunar þegar slys verða með geislavirk efni í kjarnorkusprengjum herskipa og kafbáta eða þegar slys verða í meðferð geislavirkra efna í kjarnaofnum kjarnaknúinna skipa og kafbáta og síðast og vonandi síst verða höfin fyrir geislamengun í kjölfar kjarnorkustyrjaldar þar sem sprengjum er beint að skotmörkum á hafi.

Allir eru, vænti ég, klárir á þeirri stórkostlegu hættu sem fólgin er í sprengingu kjarnorkusprengju, hvort sem um er að ræða tilraunasprengingu eða árásarsprengingu. Albert Einstein sagði einhvern tímann, með leyfi forseta: „Allt breyttist 1945 nema hugsun okkar.“ Þekking aldanna dugir skammt í heimi fullum af gereyðingarvopnum. Menn verða að breyta hugsunarhætti sínum og vonandi er nú svo komið 43 árum síðar að valdamönnum er að verða það ljóst. Alla vega virðist rifa í einhvern skilning þegar tíðindi sl. ára eru skoðuð.

En er mönnum kunn sú hætta sem fólgin er í svokallaðri friðsamlegri notkun kjarnorku? Þar held ég að sé nokkur misbrestur á. Raunar hef ég aldrei fellt mig við orðið „friðsamleg“ í þessu sambandi því ég er þeirrar skoðunar að sú notkun á kjarnorku, sem þá er átt við, sé í raun ekki friðsamleg heldur segi hún umhverfi okkar stríð á hendur þar sem við erum hreint ekki búin að leysa það hvernig megi koma fyrir geislavirkum úrgangi þannig að ekki hljótist mengun af í bráð eða lengd.

Vissulega hefur gætt aukins skilnings á hættunni vegna meðvitaðrar eða slysalosunar kjarnorkuúrgangs í sjó eða eins og segir í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 8, með leyfi forseta: „Brýna nauðsyn ber til að kjarnorkuiðnaði verði gert að skyldu að hlíta ströngu eftirliti og öryggisreglum. Það er Íslendingum sérstakt áhyggjuefni að allar líkur benda til þess að stjórnvöld á Bretlandseyjum hyggi á stórfellda stækkun á kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay á Norður-Skotlandi.“

Hins vegar hafa menn almennt ekki gert sér næga grein fyrir hættunni sem fólgin er í umferð báta og kafbáta sem hafa kjarnorkuvopn innanborðs eða eru einungis knúnir kjarnorkuvél. Við fyrstu sýn virðist raunar ekki geta verið veruleg hætta á stóru kjarnorkuslysi þó eitthvað misfarist í slíkri vél. En skoðum þetta nánar. Í einum kafbáti geta verið 200–300 kjarnaoddar sem hver um sig hefur nokkra tugi kílóa af hreinsuðu úrani eða plútoni. Í kjarnaofni skipa og kafbáta eru nokkrir tugir eða hundruð kílóa af hreinsuðu úrani og þegar líður frá eldsneytisskiptum verulegt magn geislavirkra dótturefna sem myndast við kjarnaklofnun. Litlar líkur eru á því að slys komi af stað kjarnorkusprengingu í oddunum. Því er mengunarhætta sem stafar af kjarnorkuvopnum herskipa og kafbáta einkum fólgin í dreifingu óklofins úrans og hugsanlega plútons út í umhverfið. Plúton er mjög hættulegt efni, en mengunarhætta af völdum úrans er ekki talin eins mikil. Hins vegar eru geislavirk dótturefni, sem myndast við kjarnaklofnun í kjarnorkuvél þessara farartækja, mörg hver ákaflega hættuleg. Má þar nefna m.a. sesíum, strontíum, joð og baríum. Hætta á geislamengun frá skipum og kafbátum er því fyrst og fremst fólgin í dreifingu slíkra efna um hafið í kjölfar slyss í kjarnorkuknúnum skipum og kafbátum.

Til þess að gera sér betur grein fyrir því hvers kyns farartæki er hér um að ræða langar mig til að bera saman stóran kjarnorkuknúinn kafbát og stóran skuttogara eins og við þekkjum þá. Stór kjarnorkuknúinn kafbátur er u.þ.b. 170 m langur. Skuttogari hins vegar er yfirleitt 70 m langur eða 100 m styttri. Rúmtak stórs kjarnorkuknúins kafbáts er u.þ.b. 20 000 lestir á meðan rúmtak skuttogarans er u.þ.b. 1000 lestir sem er 20 sinnum minna. Afl kjarnorkuknúins kafbáts er á bilinu 40–90 mw., en getur orðið allt að 200 mw. sem er jafnt afli Búrfellsvirkjunar. Afl stórs skuttogara hins vegar er u.þ.b. 2 mw. sem er 20–100 sinnum minna afl.

En hver er geislamengunarhætta ef slys verður í kjarnorkuvél kafbáts? Til þess að geta metið það ætla ég að bera saman kjarnorkuver á landi og kjarnorkuvélina í skipi eða kafbát af þeirri tegund sem ég lýsti áðan. Fjöldi kjarnorkuvera á landi er u.þ.b. 400 og fjöldi stórra kjarnorkuknúinna kafbáta er af svipuðum toga. Talið er að um 400 slíkir bátar séu á ferðinni. Afl kjarnorkuvers í landi er u.þ.b. 1000 mw., en afl vélar í kafbátnum er 50 mw., en getur farið upp í 200 mw., eins og ég sagði áðan, eða 20 sinnum minna. Munurinn er ekki meiri. Eldsneytið sem notað er í kjarnorkuveri á landi fyrir 1000 mw. aflstöð er u.þ.b. 100 tonn af úraníum af hreinleikanum u.þ.b. 3% af úraníum-235 á meðan eldsneyti sem notað er í kjarnorkuvélina í skipinu eða kafbátnum er u.þ.b. 0,1 tonn af mjög hreinsuðu úraníum eða u.þ.b. 90% af úraníum-235.

Hlutfall eldsneytis sem slapp út í andrúmsloftið við slysið í kjarnorkuverinu í Tsjernóbíl var u.þ.b. öll eðalgös, 10–20% joðs og sesíums og 3–4% flestra annarra hættulegra geislavirkra efna eða að heildarhlutfalli u.þ.b. 10% alls eldsneytisins. Hins vegar mundi hlutfall eldsneytis, sem færi út í sjóinn og andrúmsloftið við kjarnabráðnun í kjarnaofni skips eða kafbáts, vera nálægt 100%.

En hverjar eru líkurnar á mengunarslysi um borð í kjarnorkuknúnum kafbát í samanburði við hættuna á kjarnorkuslysi í kjarnorkuveri á landi? Í kjarna-

ofni er magn dótturefna, en í þeim felst mesta mengunarhættan, í réttu hlutfalli við afl ofnsins annars vegar og tímann sem liðinn er frá eldsneytisskiptum hins vegar. Meta má mengunarhættuna sem margfeldi afls og þessa hlutfalls dótturefna sem berst út í umhverfið við alvarlegt slys, sem er 100% af 50 mw. afli kafbátsvélar eða 50 en 10% af 1000 mw. aflvél kjarnorkuvers sem er 100. Því má búast við að u.þ.b. helmingur þess magns af geislavirkum efnum, sem fer út í andrúmsloftið við kjarnorkuslys í kjarnorkuveri, geti losnað út í hafið við kjarnorkuslys í kjarnorkuvél í kjarnorkuknúnum kafbáti. Kjarnorkuver skipa og kafbáta eru sögð mun öruggari en kjarnorkuver á landi og kemur þar m.a. til stærðarmunurinn. Þar á móti kemur að kjarnorkuknúin herskip og kafbátar eru hlaðin vopnum og sprengiefni, eldsneyti fyrir eldflaugar og öðru sem stríðsrekstri tilheyrir. T.d. gætu mistök eða alvarleg bilun við flugtak langdrægrar eldflaugar frá kafbáti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Því má búast við að hætta á slysi í kafbáti sé ekki minni en hættan á kjarnorkuslysi í kjarnorkuveri á landi.

Við þetta má bæta að vindhraðinn í andrúmslofti er u.þ.b. 10 sinnum meiri en hraði hafstrauma og hættulegasta geislunin dvínar ört með tímanum. Mengun af völdum kjarnorkuslysa á höfunum verður því staðbundnari en mengun af völdum slysa á landi og jafnframt miklu sterkari svo langt sem hún nær.

Við kjarnorkuslysi í hafinu er nánast ekkert hægt að gera. Litlir sem engir möguleikar eru á að hreinsa upp mengunina. Hún verður einfaldlega að dreifast með straumum og dvína með tíma.

En hafa orðið einhver kjarnorkuslys á höfunum fram til þessa? Það er talið að Bandaríkjamenn hafi misst tvo kjarnorkuknúna kafbáta með áhöfn. Einnig er talið að kjarnorkuknúinn bandarískur kafbátur með 16 eldflaugum hafi farist á Suður-Atlantshafi 1986. Þá hefur orðið vart við leka geislavirkra efna frá bandarískum kafbátum þó ekki hafi komið til alvarlegra slysa. Og talið er að Sovétmenn hafi misst a.m.k. einn kafbát. Einnig er vitneskja fyrir því að fjórum sinnum a.m.k. hafi leki frá kjarnaofnum sovéskra kafbáta valdið mannskaða. Gervitungl Bandaríkjamanna hafa orðið vör við sovésk skip á Barentshafi með kafbáta í margra kílómetra fjarlægð í togi sem bendir til að þar hafi orðið kjarnorkuslys. Kjarnorkuver í skipum og kafbátum Sovétmanna eru talin standa verum Bandaríkjamanna langt að baki og fréttir hafa borist til Vesturlanda um að margir sjómenn í sovéska sjóhernum þjáist af geislaveiki af völdum slysa um borð í herskipum og kafbátum. Raunar minna fregnir um ástand kjarnorkuvera í sovéska sjóhernum um margt á lýsingar á öryggi í sovéskum kjarnorkuverum til rafmagnsframleiðslu á landi sem birtust á Vesturlöndum eftir slysið í Tsjernóbíl.

Nú er mál að linni. Það er mitt mat að Íslendingar verði að beita öllum brögðum til að fá réttar upplýsingar um umferð kjarnorkuknúinna báta um hafsvæðið umhverfis landið. Og löngu er tímabært að við neytum réttar okkar yfir íslensku hafsvæði og bönnum umferð slíkra báta.

Fyrir þinginu liggur nú frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum á þskj. 68. Flm. eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Einarsdóttir. Mín skoðun er sú að ekki megi dragast að það frv. verði að lögum. En þar til svo verður vil ég benda hæstv. utanrrh. á að nýta sér aðild okkar að kjarnorkuáætlunarnefnd Atlantshafsbandalagsins til að benda á þessa hættu, ef hún er ekki kunn nefndarmönnum, og fara fram á að ferðum kjarnorkuknúinna báta um íslenska landhelgi verði tafarlaust hætt.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. tel ég bæði rétt og nauðsynlegt að fram komi að ég er gersamlega ósammála þeim sjónarmiðum sem hæstv. fjmrh. setti fram í ræðu sinni áðan varðandi Evrópubandalagið, þar á meðal um kaupskap í öryggis- og varnarmálum út á tollfríðindi.

Í fyrsta lagi tel ég að ekki eigi að blanda þessum tveimur málaflokkum saman og í öðru lagi tel ég að hugmyndin um kaupskapinn gangi ekki upp.

Það er eiginlega ekki nema von að niðurstaðan af hugleiðingum ráðherrans sé röng þegar saman fer eins og þar að hann gefur sér rangar forsendur og að hinu leytinu er vitlaust reiknað. Ráðherra gefur sér að staða okkar sé vonlaus ef Noregur gangi í Evrópubandalagið og í öðru lagi og jafnframt gefur hann sér með sama hætti að staða okkar sé líka vonlaus meðan við veitum ekki EB aðgang að fiskveiðilögsögunni. Út frá þessu tvöfalda vonleysi er síðan hafin leit að einhverju öðru til að bjóða upp á í staðinn. Sú leit endar með þeim niðurstöðum sem þinginu er kunnugt. En þessi leit er óþörf, enda á misskilningi byggð af því að forsendan um þetta tvöfalda vonleysi er ekki rétt. Staða okkar er alls ekki vonlaus í hvorugu þessu tilviki þegar af þeirri ástæðu að við höfum góðan samning við Evrópubandalagið, sem nær yfir stærstan hluta af útflutningsafurðum okkar, og auk þess tel ég að við höfum ágæta stöðu til þess að semja við Evrópubandalagið að öðru leyti og þurfum ekki að óttast það.

Í annan stað hefur ráðherra misskilið Evrópubandalagið og þá þróun sem þar á sér stað eða annað verður ekki fundið af orðum hans. Í fyrsta lagi eru varnarmál einmitt svið sem Evrópubandalagið er ekki um. Að hinu leytinu er það svo að ráðherra talar um Evrópubandalagið út frá viðskiptasamningum einum saman. En Evrópubandalagið snýst um allt annað og meira eins og kom fram í ræðu minni í gær.

Við verðum að gæta að því að tala ekki um Evrópubandalagið eins og það sé eingöngu um saltfisk. Það er kannski skiljanlegt að Magnús Gunnarsson tali um Evrópubandalagið af þeim sjónarhóli, en við þurfum að líta á málin af víðari sjónarhóli og í heild sinni. Það er grundvallaratriði

til þess að menn nálgist málin með réttum hætti.

Þá kemur að reikniverkinu. Sú kenning að Evrópubandalagið sækist svo mjög eftir að taka að sér að greiða kostnaðinn af varnarstöðinni hér að þeir kaupi þessi viðbótarútgjöld sín því verði að láta viðskiptaívilnanir í kaupbæti gengur alls ekki upp. Þetta er reikningsskekkja. Hér eiga tveir mínusar að gera plús. Það gildir að vísu í margföldun en ekki í samlagningu sem á frekar við í þessu sambandi.

Evrópubandalagið hefur áreiðanlega ekki áhuga á að taka að sér útgjöld af varnarstöðinni á Íslandi og ég tel að við höfum ekki áhuga á því að þýskir, ítalskir, portúgalskir eða grískir dátar leysi hið bandaríska varnarlið af hólmi. Við höfum komið varnarmálum okkar fyrir með farsælum hætti með aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin og þetta hefur gefist vel. Það er ekkert sem bendir til að þessu verði betur fyrir komið með öðrum hætti og við eigum ekki að raska þessu fyrirkomulagi.

Ég tel mjög varasamt að blanda saman öryggismálum og viðskiptamálum. Ef við gerum það erum við komin út í hreinar ógöngur. Eigum við t.d. að gefa undir fótinn með að viðhorf okkar í öryggismálum sé komið undir því hvernig viðskiptasambönd eða viðskiptasamningar ganga við Sovétríkin? Svarið er vitaskuld nei. Og þá er svarið líka nei við því að blanda þessu tvennu saman. Öryggismálin eru eitt. Evrópubandalagið varðar hins vegar viðhorf í efnahagsmálum og efnahagsstjórn og styrkingu á samkeppnisstöðu með því að skapa samræmda heild á markaði hvort heldur er fyrir vöru eða þjónustu, fólk eða fjármagn, vísindi, rannsóknir eða menntun. Þær aðgerðir sem Evrópubandalagið vinnur nú að byggja á þessari forsendu. Við verðum að nálgast Evrópubandalagið út frá skilningi á þessu. Hlutverk okkar er að ákveða hvernig við lögum okkur að þessari stefnu Evrópubandalagsins, þar á meðal vissulega um viðskipti og í viðskiptum við Evrópubandalagið en það er einungis einn þátturinn.

Ég er alls ekki svartsýnn á stöðu okkar og ekkert vonleysi tel ég vera í henni. Ég er bjartsýnn á hana eins og kom fram í ræðu minni hér í gær. Þá gerði ég líka grein fyrir því hver ég tel að stefna Íslands eigi að vera gagnvart Evrópubandalaginu og hvernig við eigum að halda á okkar málum í því sambandi og ég vísa til þess og mun ekki endurtaka það. Ef við stöndum saman um þá línu sem ég lagði þar tel ég að við munum ná góðri niðurstöðu og við skulum snúa okkur að hinu raunverulega verkefni en láta ekki dæmi sem er vitlaust reiknað rugla okkur í ríminu.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Enn hafa verið fluttar margar og ítarlegar ræður um utanríkismálin og vil ég hefja mál mitt með því að fagna því hve þær hafa verið málefnalegar og komið víða við í þessum mikilvæga málaflokki. Ég ætla að leitast við að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint.

Hjá hv. þm. Svavari Gestssyni kom m.a. fram að með þátttöku okkar í kjarnorkuáætlunarhópi Atlantshafsbandalagsins værum við að vissu leyti ábyrgir fyrir ákvörðunum sem þar eru teknar. Ég kom nokkuð inn á þetta í miðræðu minni og nefndi þá að við erum þar sem áheyrnarfulltrúar eða eins konar aukaaðilar og auk þess tekur þessi hópur engar endanlegar ákvarðanir. Hins vegar gefur aðild okkar að þessari nefnd okkur tækifæri til að láta koma fram í t.d. fundargerðum hópsins afstöðu okkar á ýmsum sviðum kjarnorkuvígbúnaðar. Aðild okkar í þessu er algjörlega ný og þetta hefur raunar varla komið til og ráðherra hefur ekki sótt fundi þessa hóps til þessa, en ég hyggst sækja næsta fundinn sem á að vera í Danmörku í lok apríl.

Skýrsla um varaherflugvöll mun liggja í utanrrn. en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki séð hana en mun skoða hana við tækifæri.

Hv. þm. ræddi nokkuð ítarlega um Sameinuðu þjóðirnar og hef ég engu við það að bæta en vil taka undir það með honum að mér sýnist það rétt niðurstaða hans að afstaða æðimargra ríkja virðist helgast af því hverjir eru flutningsmenn viðkomandi tillögu. Þetta tel ég óviðunandi eins og ég hef látið koma fram. Ég tel að meta eigi afstöðu eftir efni tillögunnar en ekki flutningsmönnum. En það hefur komið greinilega fram í ræðum hér að sumum þykir a.m.k. við ekki vera í skemmtilegum hópi eins og við höfum orðið með afstöðu okkar í einstökum málum eða a.m.k. mátti skilja orð hv. þm. Geirs H. Haarde þannig.

Um skýrsluna fjallaði hv. þm. allítarlega og kom inn á ýmis efni. Hann nefndi athyglisvert mál, alþjóðlega eftirlitsstofnun. Að sjálfsögðu hef ég kynnst þeirri umræðu sem um þetta hefur farið fram og ég tek undir það með hv. þm. að þetta er mjög athyglisvert mál en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki treyst mér til að móta mér afstöðu til þessarar hugmyndar svo ég geti rætt hana vel. Mér hefur satt að segja sýnst að slík alþjóðleg eftirlitsstofnun verði veik án öruggrar aðildar og stuðnings stórveldanna. Stórveldin eru svo yfirgnæfandi á þessu sviði vopnakapphlaupsins í raun, og ég vil taka það skýrt fram að ég ber fulla virðingu fyrir viðleitni hinna svonefndu sex þjóða, en án stuðnings stórveldanna virðist allt slíkt vera heldur máttlaust. Því sýnist mér í raun að alþjóðleg eftirlitsstofnun væri það án viðurkenningar og stuðnings þeirra. Nú veit ég að forustumenn sex-veldanna hafa leitað eftir slíkum stuðningi, hafa kynnt sínar hugmyndir bæði í Washington og Moskvu en ekki orðið ágengt að því er mér sýnist til þessa.

Hv. þm. ræddi einnig um alþjóðlegt öryggiskerfi. Um það má raunar segja hið sama: Þessi hugmynd hefur vissulega verið í umræðunni og ég get vísað til þess sem ég sagði um alþjóðlega eftirlitsstofnun. Það væri svo sannarlega mjög mikils virði ef hægt er að, ef ég má orða það svo, hanna slíkt kerfi svo öruggt geti talist. Í öllum þessum málum hefur mér sýnst að eftirlit sé það sem upp úr stendur. Hvernig verður eftirlit með hinum ýmsu samþykktum, sem

gerðar hafa verið, í framkvæmd? Og eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu þá er mjög áberandi í öllum skýrslum sem komið hafa frá Bandaríkjamönnum og það sem heyrst hefur frá Sovétríkjunum um þessi mál að eftirlitsþátturinn er einna viðamestur í umræðunni hjá þeim. Ætla ég ekki að endurtaka það sem ég hef áður sagt í þessu sambandi.

Hv. þm. minntist á það að hin vestrænu lönd virtust æðioft vera frumkvæðislaus, ég man ekki hvað hann orðaði fleira í því sambandi, stöðnuð getum við sagt, á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ég neita því ekki að ég hef sem vestrænn haft af þessu nokkrar áhyggjur. Ég get ekki neitað því að mér finnst að Sovétríkin hafi tekið mjög frumkvæði á ýmsum sviðum afvopnunarmála. Ég er alls ekki einn um þetta. Þetta hefur komið mjög greinilega fram t.d. á fundum hjá Atlantshafsbandalaginu. Það eru margir sem hafa lýst áhyggjum af því áróðursgildi, sem við getum nefnt svo, sem ýmis frumkvæði Sovétríkjanna hafa auðsýnilega í huga almennings. Ég segi áróðursgildi. Ég skal ekkert út af fyrir sig um það segja hvort slíkir hlutir eru settir fram með áróður í huga eða ekki en ég get þó að vísu borið fyrir mig menn eins og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Shultz, sem hefur lagt á það mikla áherslu að í a.m.k. langflestum tilfellum fylgir hugur máli. Hann sagði það á síðasta fundi í Brussel núna 23. þ.m. En því verður alls ekki neitað að Sovétríkin hafa mjög tekið frumkvæðið í tillöguflutningi á þessum sviðum og má þá t.d. nefna ræðu Gorbatsjovs í Murmansk.

Hv. þm. hvatti til þess að við tækjum frumkvæði á alþjóðlegu sviði í þessu sambandi og taldi að Íslandi væri almennt mjög vel treyst í þessum málum. Ég vona að það sé rétt og vissulega sýnir samkomulag stórveldanna um skyndifund hér í október 1986 að þeir bera nokkurt traust til okkar og það hefur reyndar komið fram í ýmsum ræðum. Ég hef oft hugleitt þetta og hef lýst þeirri skoðun minni að við gætum tekið frumkvæði en hef þá fremur hallast að því að við beittum okkur á grundvallarsviðinu, þ.e. að reyna að skapa aukinn trúnað og trúnaðartraust á milli þjóða. Ég hef satt að segja ímyndað mér að á Íslandi gæti orðið vettvangur fyrir viðræður á milli aðila með ólík sjónarmið á fjöldamörgum sviðum og menn gætu rætst hér við í friði, leitað eftir lausnum á þeim fjöldamörgu vandamálum sem augljós eru öllum mönnum. Ég hef minnst á þetta við leiðandi menn, bæði í vestri og austri. Ég hef rætt þetta við Gorbatsjov og ég hef komið þessu á framfæri við Bandaríkjamenn, en ég hef haft heldur lítil svör, það verður að segjast eins og er, til þessa. Þetta finnst mér að sumu leyti aðgengilegra hlutverk heldur en beint í afvopnunarmálunum sjálfum og því sem þeim fylgir. Svo ég vísi til þess sem ég sagði áðan, þá sýnist mér þau mál vera svo afgerandi í höndum stórveldanna að við týnumst í því.

Hv. þm. kom að ýmsum fleirum málum sem fróðlegt væri að ræða hér en tekur kannski nokkuð langan tíma. Hann nefndi mannvirkjanefnd NATO og spurði um það hvort skýrsla væri til um mannvirkjanefnd NATO. Reyndar hafði ég hana í huga þegar ég sagði að skýrsla væri til um varaherflugvöll. Ég veit ekki hvort hún er til en skýrsla mun vera til um mannvirkjanefnd Atlantshafsbandalagsins, svo ég leiðrétti það.

Hv. þm. vísaði til þess, sem ég hef áður sagt, að ég lít svo á samþykkt Alþingis frá maí 1985 að þar sé á afgerandi máta tekið fram að hér eigi ekki að vera kjarnorkuvopn, hvorki á friðar- né ófriðartímum. Ég skoðaði slíkar samþykktir allvel, m.a. skoðaði ég þingtíðindi á Norðurlöndum og þar er yfirleitt tekið fram að kjarnorkuvopn skuli ekki vera á friðartímum. En það er ekkert um það sagt í þessari tillögu. Ekki neitt. Og ég kannast ekki við að í umræðu hér á hinu háa Alþingi hafi nokkur gert þann fyrirvara svo ég stend við fyrri yfirlýsingu mína. Ég skil þessa tillögu svo og fylgi henni þannig að það sé afstaða Alþingis Íslendinga að hér á landi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn. Og ég minni á það að fyrir fáum árum var hér nokkuð mikil umræða um áætlanir sem upplýstust í Bandaríkjunum um flutning kjarnorkusprengja hingað á ófriðartímum eða átakatímum og því var harðlega mótmælt hér. Því var mótmælt jafnvel að slíkar áætlanir skyldu gerðar sem enn styður þessa túlkun mína á samþykkt Alþingis.

Hv. þm. fjallaði um utanríkisþjónustuna og sendiráðin og mér þótti vænt um að heyra að hann telur að utanríkisþjónustuna beri að efla. Ég minnist þess að stundum kvað dálítið við annan tón í umræðu um utanríkisþjónustuna. Ég fagna þessu og vona að við getum staðið saman um það. Ég tek einnig undir það með hv. þm. að vissulega þurfa sendiráðin að breytast með breyttum tímum og breyttri starfsemi utanrrn. Sem betur fer eru í utanríkisþjónustunni margir einstaklingar sem hafa bæði reynslu og verulega þekkingu á sviði viðskiptamála. Sumir hafa komið úr viðskiptaráðuneytinu, m.a. nú við þessa breytingu, aðrir hafa verið lengur í utanríkisþjónustunni. Einnig eru ýmsir sendiherrar mjög áhugasamir um þennan þátt. En ég deili ekki á neinn þó að ég taki undir það að aðrir séu reynsluminni á þessu sviði og hafi ekki komið að því áður. En lögð er á það rík áhersla innan utanrrn. að þetta breytist. Það mun gerast smám saman.

Hv. þm. ræddi um nokkur mál enn, m.a. um Sameinuðu þjóðirnar. Ég verð að taka undir það með honum að ég hef aldrei verið hrifinn af hjásetu í tillögum þar. Ég held ég hafi nefnt það hér í gær að mér þótti ég vera í nokkrum vanda í sumum tillögum, og kem að því nánar hér á eftir, og vissulega þá kaus ég það ráðið fremur en að ganga gegn öðrum þjóðum, sem við erum í nánu sambandi við, að gefa heldur fyrirmæli um að sitja hjá. En ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að leita eigi sem oftast að rökstuðningi fyrir því að fylgja eða að vera á móti tillögu, taka afstöðu í máli. Það er vissulega hárrétt sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði að sumar tillögur eru ákaflega þýðingarlitlar og kannski erfitt að gera upp hug sinn með þær en engu að síður finnst mér hjáseta bera fremur vott um, sem reyndar

kom fram í ræðu hér, að viðkomandi hefði ekki haft tækifæri til að kynna sér málið nægilega vel. Það er alveg rétt að það er fámenni í þessum málum hjá okkur og mér þótti sá tími sem við fengum í ráðuneytinu til að skoða tillögurnar allt of skammur. Það fór í það samt drjúgur tími. En iðulega var það svo að tillögurnar komu inn og óskað var eftir svari eftir hádegi og það er allt of skammur tími. Ég hef mikinn hug á því að gera það sem ég get til að breyta þessum vinnubrögðum þannig að upplýsingar liggi fyrir fyrr. Þarna hefur kannski einhverju ráðið um að ég kom nýr að þessum málum og þurfti því að verja meiri tíma til að skoða tillögurnar en annars hefði verið.

Hv. þm. spurði um Öryggisráðið og setu okkar í því. Það var, því miður verð ég nú eiginlega að segja, eitt af mínum fyrstu verkum þegar ég kom í ráðuneytið að staðfesta — sem fyrrverandi utanrrh. hafði reyndar skilið eftir fyrir mig að líta á og eðlilegt þar sem stjórnarskipti voru en engu að síður hafði komið fram áður hjá okkur sú skoðun að taka ekki sæti í Öryggisráðinu og ég staðfesti að svo væri enn þá. Að því var spurt hvort við hygðumst sækja eftir sæti þar 1992, en ég gaf út þá ákvörðun að við gerðum það ekki. Því er ekkert að neita að þetta byggðist á því sem fyrr hefur verið að við teljum okkur ekki hafa nálægt því nógu mikið starfslið til að sinna þessu. Því ef við tökum sæti í Öryggisráðinu verðum við að gera það af myndarbrag. Ég hygg að allir geti verið sammála um það. Mér sýndist ljóst að svo þröngt yrði í búi á þessu ári að við fengjum ekki ráðið við — ja, þetta er náttúrlega ekki fyrr en 1992 og nokkuð mörg ár að vísu til stefnu en ég held að ég geti þá orðað það svo að mér þótti svo þröngt á næstu árum að við þetta fengist varla ráðið. Ég vildi mjög gjarnan að þetta gæti breyst og ég held að við ættum að skoða það vandlega hvort við getum ekki axlað þessa ábyrgð þegar að okkur kemur á ný.

Hv. þm. spurði um þriðja afvopnunarþing Sameinuðu þjóðanna. Ég er rétt að byrja að skoða það. Ég geri ráð fyrir því að við sækjum það þing. Ég geri ráð fyrir því að ég fari þangað og mér finnst mjög eðlilegt að fulltrúar Alþingis fái einnig rétt til að fara þangað og mun ræða það við utanrmn. og forseta Sþ. En þetta er rétt aðeins í undirbúningi hjá okkur nú.

Hv. þm. vildi vita afstöðu mína til Mið-Ameríku og ræddi nokkuð um það svæði. Ég taldi mig lýsa henni í minni ræðu. Ég lagði þá áherslu á, gerði það reyndar í ræðu minni hjá Sameinuðu þjóðunum í september, að fylgja bæri til hins ýtrasta því samkomulagi sem náðist á milli fimm landa í Mið-Ameríku og kennt er við Arias, forseta Costa Rica. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar að þetta nái að sjálfsögðu einnig til aðstoðar við stríðandi öfl á þessu svæði og vil hvetja eindregið til þess að þeir sem þar eiga hlut að máli gæti þess að þetta samkomulag fái í raun þá reynslu sem það þarf að fá. Það eru margir sem efast um að með því muni nást sá árangur sem að er stefnt en á það hefur alls ekki reynt enn. Eins og menn vita fara nú fram mjög ákveðnar tilraunir í þá átt í Mið-Ameríku og sömuleiðis hefur Bandaríkjaþing sýnist mér ákveðið að styðja að því með því að draga mjög úr vopnasendingum til skæruliða á þessu svæði svo að ég bind vonir við að þarna náist markverður árangur.

Hv. þm. spurði um flóttafólk og alþjóðasáttmála í því sambandi. Ég get því miður ekki svarað því hér og nú hvort hjá okkur eru einhverjir slíkir sáttmálar sem hafa þá verið undirritaðir en ekki staðfestir. Hins vegar vil ég upplýsa að slíkir sáttmálar eru mjög margir, skipta tugum, og fljótlega eftir að ég tók við starfi lét ég gera skrá yfir alla þessa sáttmála og ég hef afhent utanrmn. þá og reyndar einnig ríkisstjórn og hef óskað eftir því að yfir þá verði farið og ákveðið hvaða sáttmála við ætlum að staðfesta. Sumir eru þess eðlis að það er engin ástæða til þess. Sumir eru held ég þegar orðnir úreltir og hafa legið lengi. Ég veit mætavel að menn hafa verið hikandi við þetta af skiljanlegum ástæðum. Sumum fylgir mikill kostnaður. Og það má kannski spyrja sjálfan sig að því hvort rétt hafi verið að staðið þegar undir þá var ritað. Við höfum ritað undir ýmislegt og svo er verið að spyrja okkur að því eftir á: Hvernig stendur á því að undir þetta hafið þið ritað og síðan ekki staðfest? Ég hef fengið slíka heimsókn frá forstjóra alþjóðastofnunar og ekki átt svör svo að þetta er hlutur sem við þurfum að skoða og ég hef mikinn hug á að færa í betra horf.

En um flóttafólkið almennt vil ég segja það að við höfum leitast við að marka þá stefnu að mega velja sjálfir það fólk sem hingað flyst og ég hygg að fyrir þessu séu nokkuð sterk rök. Það hentar ekki öllum að flytja hingað til lands og satt að segja hefur komið hingað flóttafólk sem hefur flúið héðan fljótlega aftur, hefur bara ekki getað komið sér fyrir hérna. Annað hefur tekist betur eins og t.d. með þá sem komu frá Víetnam og það var nýlega ákveðið í ríkisstjórninni að heimila fleirum að flytjast þaðan, og þá fyrst og fremst ættingjum þeirra sem eru hér fyrir. Við verðum náttúrlega að minnast þess að við erum ákaflega lítið þjóðfélag og að mörgu leyti sérstætt. Við getum ekki boðið heim þeim gífurlega mikla vanda sem Norðurlöndin hafa komist í í þessu sambandi. En um leið og ég segi þetta, það kann að hljóma eins og ég hafi ekki meðaumkun með þessu flóttafólki, vil ég leiðrétta það. En ég held að flóttafólki sé enginn greiði gerður með því að taka óskipulega við því og sannarlega er þetta töluvert viðkvæmt og vandasamt mál.

Þó ég geti tekið undir afar margt sem hv. þm. sagði, og margt var það fróðlegt, þá get ég illa tekið undir þau fjögur atriði sem hann lauk ræðu sinni með, nema þá helst það að sannarlega vonast ég til þess að hér þurfi ekki að vera erlendur her um alla eilífð. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og ég hef lýst áður, að við séum mjög mikilvægur hlekkur í þeim samningum og viðræðum sem nú fara fram um afvopnun og ég vil ekki raska því. Ég er sannfærður um, eins og ég hef sagt áður í þessari umræðu, að ef

við t.d. gripum til þess nú að vísa varnarliðinu af landi, þá mundi það verulega breyta því jafnvægi sem hefur komið því til leiðar sem nú er að gerast. Ég veit að við erum ósammála um þetta og verðum það eflaust, en ég vildi þó láta þetta koma fram.

Ég vil hins vegar taka undir síðasta atriðið sem hann nefndi, og ég hef a.m.k. skráð hjá mér, og það var staðan gagnvart Vestur-Evrópu. Ég tek undir það að það er ákaflega mikilvægt að fylgjast með því eins og fjölmargir hv. þm. hafa rakið hér og ég tek undir að langmestu leyti nema kannski hæstv. fjmrh. Ég kem að honum seinna. (**Gripið fram í:** Er nokkur honum sammála í utanríkismálum?) Jú, jú, það eru einhverjir sammála.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti ítarlega skýrslu um Evrópuráðið og þakka ég henni það. Það var gott að fá það inn í umræðuna. Ég tek undir það sem hún sagði um ýmiss konar mikilvægi Evrópuráðsins. Ég er þeirrar skoðunar að þar sé góður vettvangur fyrir okkur Íslendinga til að koma á framfæri ýmsum málum sem við getum ekki t.d. í Evrópubandalaginu þar sem við erum ekki aðilar og erum ekki reyndar á öðrum vettvangi þar sem slík pólitísk mál eru í umræðu eins og oft í Evrópuráðinu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tjáði mér að hann yrði að víkja af fundi en vildi þó að ég kæmi inn á einhverjar spurningar hans og skal ég gera það, að vísu nokkuð hratt. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að vitanlega er það rétt að ratsjárstöðvar af öllum gerðum tengjast hernaði að einhverju leyti. Varnarveggur eða víggirðing getur tengst hernaði, en er alls ekki til árása. Að sjálfsögðu er það rétt. Ég fæ ekki séð satt að segja hvernig radarstöðvum verður kippt úr sambandi, eins og hann orðaði það, við hernaðarmannvirki önnur. Hitt vil ég svo taka fram að það gætti aðeins misskilnings hjá hv. þm. í nokkrum atriðum sem ég vil leiðrétta. Það er ekki rétt að F-15 orustuvélarnar hér séu af sömu gerð og þær sem vísað var frá Spáni. Það voru F-16 vélar. Ég leitaði mér upplýsinga til að fá þetta staðfest og það var rétt, það voru F-16 vélar sem eru að því er mér er tjáð langtum fullkomnari en F-15 orustuþoturnar. Það var orðað þannig við mig að þær væru af nýrri kynslóð. Nú skal ég viðurkenna að ég er alveg augljóslega langtum verr að mér í þessum málum en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En þetta hef ég staðfest og vil leiðrétta.

Ég á ákaflega erfitt með að sjá hvernig við gætum sjálfir greint þau merki sem frá radarstöðvunum koma og brugðið við eins og þarf að gera. Mér sýnist að það hlyti að þýða að við ætluðum að manna þessar vélar sem fari í veg fyrir óvæntar flugvélar o.s.frv. og ég er á móti því að setja hér upp her. Ég tel að það væri skref hjá okkur aftur á bak ef ég má orða það svo. Við höfum engan her hér og eigum ekki að setja menn undir heraga. En ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta þar sem hv. þm. er fjarverandi.

Hv. þm. ræddi nokkuð um risaradar, sem mun vera sá radar sem sér yfir sjóndeildarhringinn eins og kallað er, og hann skýrði það vel. Hann endurvarpar eða nær endurvarpi frá jónalögum í háloftunum. Ég hef fengið hjá honum þá skýrslu eða afrit af þeirri umræðu sem mun hafa orðið í þingnefnd hjá Bandaríkjamönnum um þetta mál. Hún er frá 1985 og ég hef kannað það líka og það er staðfest að hvorki á þeirra vegum eða Atlantshafsbandalagsins eru neinar hugmyndir nú um slíkan radar. Þessi radar, eins og honum er lýst, þarf fleiri fermílur lands og það get ég fullvissað hv. þm. um að ekki hefur verið leitað eftir slíku hér. Það kann vel að vera, og ég satt að segja efa það ekki að í öllum þessum hernaðarleik, ef ég má orða það svo, sem stórveldin og fleiri eru stöðugt í, þá hafa eflaust verið settar fram hugmyndir um slíkan risaradar. En ég lít svo á að þetta mál hafi verið afgreitt fullkomlega þegar ítarleg umræða varð í síðustu ríkisstjórn um þær fjórar ratsjárstöðvar sem hér var samþykkt að yrðu og þá skýrt og skilmerkilega tekið fram að það eru ratsjár sem ekki sjá yfir sjóndeildarhringinn og er því ekki unnt að nota til þess að leiðbeina t.d. flugskeytum að skotmarki. Ég hygg að það muni skilja það að skotmörk eru miklu lengra héðan heldur en 200 mílur út til hafs þó að það kynni að vera eitthvert skip þar á ferðinni. En ég hygg að menn séu ekki að tala um slík skotmörk. Ég er þó það vel að mér að ég hef heyrt þessa DEW-línu nefnda, sem er skammstöfun á Distant Early Warning, og teygði sig yfir norðurhluta Kanada, en ég hélt satt að segja að hún væri orðin algjörlega úrelt. Ég hafði lesið það einhvers staðar eða heyrt að hún væri nánast búin að vera og eitthvað miklu fullkomnara komið að sjálfsögðu hygg ég í staðinn. Ég hef heldur ekki heyrt fyrr að þessar ratsjárstöðvar okkar væru hluti af þessari línu, en um það ætla ég ekkert að deila.

Hv. þm. spurði um viðhorf mitt til þess að leyfa flutning kjarnakleyfra efna um íslenska lögsögu. Ég get greint frá því að ég var spurður að því mjög nýlega hvernig ég mundi svara fsp. um það hvort fljúga mætti yfir Ísland með plútoníum held ég að það hafi verið, eða sem sagt kjarnakleyf efni til endurvinnslu í Japan, og ég svaraði því til að ég mundi aldrei fallast á slíkt. Hitt er svo annað mál og það er verðugt athugunarefni hvaða vald við höfum í raun og veru til að hafna slíku eða neita. Hv. þm. fór fram á það að ég léti kanna það og það skal ég með ánægju gera og er þarft að lagahliðin sé könnuð.

Hv. þm. ræddi um viðbrögð sumra ríkja Atlantshafsbandalagsins við fækkun kjarnorkuvopna og taldi að ýmis þeirra hygðu á fjölgun á öðrum sviðum eða einhvern veginn að brúa þetta bil. Það er alveg ljóst að þessar raddir heyrast. En ég get fullvissað hv. þm. um það að það eru langtum fleiri heldur en ég og við sem höfum varað við þessu í þeirri umræðu sem við höfum tekið þátt í. Mér þótti t.d. ágætt að lesa eftir varnarmálaráðherra Noregs mjög svipuð varnaðarorð. Og ég tek undir það sem hv. þm. hafa sagt að vitanlega verður þessi fækkun að vera

raunveruleg. En hitt er svo allt annað mál að það er stöðug þróun á þessum sviðum og framleiðsla kjarnorkuvopna er enn þá, eftir því sem ég best veit, í fullum gangi hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Hv. þm. ræddi um Suður-Afríku og ég hef út af fyrir sig lýst minni afstöðu þar, en mér þykir rétt að það komi fram hér í þessari umræðu að ég ritaði Samtökum ferðaskrifstofa og fór fram á það að þær felldu niður skipulagðar ferðir til Suður-Afríku og mér þótti vænt um að við þessu var strax orðið og reyndar þegar komið í fréttum að ein ferðaskrifstofa, sem hafði hugsað til slíkra ferða, hefur fellt þær niður. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að tilmæli stjórnvalda hafa borið verulegan árangur. Það er kannski spurning hvort lög bæru eitthvað meiri árangur. En ég hef hins vegar fyrir mitt leyti ekki aftekið það. Mig minnir að hv. þm. gerði þetta að máli sem um væri deila innan ríkisstjórnarinnar. Það get ég ekki tekið undir. Við höfum rætt það. Það komu fram dálítið ólík sjónarmið eða áherslur sem varð til þess að ég taldi réttara að fara áfram þessa leið sem ég hef reynt að fara.

Um ræðu hæstv. fjmrh. væri gaman að ræða nokkuð, en flokksbróðir hans, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hefur gert það með svo miklum ágætum að ég ætla að láta mér nægja að vísa til þess. Ég er sammála hverju einasta orði sem hann sagði. Ég vil þó taka það fram að það er rangt, eins og ég hef skilið hæstv. fjmrh., að við Íslendingar yrðum nauðugir viljugir að ganga á einhvern máta í eða tengjast mjög náið Evrópubandalaginu. Ég held að við eigum þar marga góða kosti og engin ástæða sé til þess að hafa allt of miklar áhyggjur af á þessari stundu þótt afar mikilvægt sé að aðlaga okkur að þessum breytingum og vinna markvisst að því að skapa okkur þar góðan markað.

Eitt var það atriði sem hæstv. ráðherra nefndi sem mér finnst ég verða aðeins að koma inn á, kann að vera að ég hafi misskilið hann eitthvað, en hann ræddi um viðhorf Hermanns Jónassonar til svipaðra mála frá því fyrir stríð. Ég vil láta það koma skýrt fram, sem ég vona að hafi nú verið skilningur hæstv. ráðherra einnig, að Hermann Jónasson blandaði aldrei saman öryggismálum og viðskiptamálum og kom það mjög greinilega fram þegar hann hafnaði ósk Þjóðverja um lendingaraðstöðu hér á landi árið 1938. Við áttum þá mjög mikilla viðskiptahagsmuna að gæta hjá Þjóðverjum, en það var mjög eindregin afstaða hans sem réði því að þrátt fyrir þá viðskiptahagsmuni var þessari beiðni neitað og sjálfur sagði hann oft í mín eyru að hann teldi þetta hafa verið það besta verk sem hann vann sinni þjóð.

Hv. þm. Geir H. Haarde kom aftur að skýrslunni og þá sérstaklega þætti Sameinuðu þjóðanna. Hann vitnaði töluvert í Helgarpóstinn og það er kannski allt í lagi að hefja hann til vegs og virðingar, en aðeins út af því sem hann sagði að „við getum ekki neitað þeirri staðreynd," las hann úr Helgarpóstinum eftir mér, „að það kunni að vera NATO að þakka." Við getum verið sammála um það. Það eru sumir sem efast um þetta og ég er að reyna að slá á þann efa á hógværan máta.

Hann nefndi það einnig að ég hafi lýst þeirri draumsýn að eftirlitshlutverk okkar gæti þjónað bæði Atlanshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Eitt var það atriði í ræðu fjmrh. sem mér þótti dálítið athyglisvert. Mér sýnist hann vera þar með svipaða hugmynd því að hann talar þar um hugsanlegt samkomulag Sovétríkjanna og Bandaríkjanna sem við kynnum að eiga stóra hlutdeild í varðandi Norður-Atlantshaf. Ég man ekki orðrétt hvernig þetta er, en menn geta lesið þetta í ræðu hans. Ég endurtek enn einu sinni að ég held að eftirlitshlutverkið verði ákaflega viðamikið, og þar er ég sammála hæstv. fjmrh., í þeirri þróun sem fram undan er. Og við getum átt þar allstóran hlut varðandi Norður-Atlanshafið.

Hv. þm. ræddi dálítið um ummæli mín um frú Thatcher, en það sem ég átti við var sjónvarpsviðtal, sem var við frú Thatcher, sem margir hafa eflaust séð. Ég var reyndar erlendis og sá það þar. Það var þegar Gorbatsjov skrapp þarna niður í London og hitti vinkonu sína á leiðinni til Washington og ég verð að endurtaka það að sú aðdáun sem kom fram í orðum forsætisráðherra Bretlands var mikil, hvað sem hún hefur svo sagt síðar. Og ég verð bara að undirstrika það sem ég sagði í þessari grein í því sambandi.

Hv. þm. vísaði nokkuð til Ólafs heitins Jóhannessonar frá 1983 og allt er það mjög rétt, en ég verð að endurtaka að það hefur meira breyst frá 1983 í þessum málum en á fjórum áratugum áður. Það hefur meira að segja mjög mikið breyst á síðasta ári. Ég tel að þær breytingar sem hafa orðið nú og sú slökun sem er augljós í heiminum, ein sér, hefði hlotið að krefjast endurskoðunar okkar á ýmsum þeim atkvæðagreiðslum okkar sem kunnar eru frá 41. allsherjarþinginu. Ég tel að það hafi orðið svo miklar breytingar, afar jákvæðar breytingar. Mitt grundvallarsjónarmið er að við eigum að stuðla að þessari slökun. Ég er ákaflega óhress með það sem ég kom lítillega að áðan að mér finnst Atlantshafsbandalagið hafa látið hrifsa frá sér frumkvæðið í þessum málum. Hæstv. fjmrh., ef ég man rétt, minntist á það einnig. Það er ég ekki ánægður með, eins og kemur greinilega fram í minni skýrslu og hv. þm. las, sem ákveðinn stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins og vestrænna þjóða. Þetta er eins og í skákinni sem hv. þm. teflir hér oft. Það er mikils virði að hafa frumkvæðið. Rússar kunna líka að tefla. Bandaríkjamenn virðast vera aular í því. Það er mjög mikils virði að ná frumkvæði og mér finnst að við höfum ekki gætt þess og þegar ég segi við á ég við Atlantshafsbandalagsríkin. Ég tek það fram að ég hef lýst þessari skoðun á fundum Atlantshafsbandalagsins og það hafa margir tekið undir hana, að þetta væri mjög umhugsunarvert.

Ég veit ekki hvort ég á að fara í þessa tillögur aftur. Við verðum eflaust aldrei sammála um þær.

Ég var búinn að lýsa því áður allítarlega. Þó eru kannski örfá atriði sem ég vil nefna. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að í skýrslu minni kemur ekki eins ákveðið fram eins og reyndar þurfti að vera að ég tók einnig afstöðu til breyttra viðhorfa. Það er yfirsjón af minni hálfu, en um einstakar tillögur eins og t.d. svonefnda tillögu um frystingu segir hún náttúrlega meira en að frysta aðeins. Hún segir einnig að stöðva framleiðslu kjarnorkuvopna. Og framleiðsla kjarnorkuvopna er mjög víðtæk enn, gífurlega mikil. Ég leit svo á að það væri í samræmi við okkar samþykkt hér á hinu háa Alþingi að hvetja til þess að kjarnorkuvopnaframleiðsla yrði stöðvuð.

Hv. þm. nefndi það oft að samstöðu hefði ekki verið gætt við Norðurlöndin. Ég man að í einu tilfelli, tillögu 42a eða 42.42a áttum við samstöðu, ef ég man rétt, með Svíum og Finnum og það eru líka Norðurlönd, en það er vissulega rétt að við áttum, hygg ég, ekki í þeirri tillögu samstöðu með Dönum og Norðmönnum.

Ég skal viðurkenna að mér þótti tillagan um fælnina erfiðust og lá töluvert yfir henni. Kannski hefur einhverju ráðið að ég hef aldrei verið mjög sannfærður sjálfur og ef ég hefði farið algjörlega að persónulegri sannfæringu minni hefði ég líklega viljað greiða atkvæði með þeirri tillögu, við sátum hjá. Við sátum hjá vegna þess að ég treysti mér ekki til að ganga þvert gegn fyrri samþykktum hjá Atlantshafsbandalaginu. Mér sýnist jafnvel, eins og segir í skýrslu minni og hv. þm. las réttilega upp, margt mæla með því að þetta hafi leitt til þess að nú er sest að samningaborði og það verið þess vegna mjög mikilvægt. Ég held því samt fram að við höfum verið komnir satt að segja alveg á klettabrúnina. Það finnst mér. Ef þessi fælnihugmynd hefði ráðið áfram hjá báðum stórveldunum, hvar hefði endað í þessu kapphlaupi? Og ég verð að taka undir hjá ýmsum sem hafa óttast slys o.s.frv. með gífurlegri fjölgun kjarnorkuvopna. Mín skoðun er þess vegna sú, og það tel ég að komi fram í skýrslunni, að afstaða Atlantshafsbandalagsins hefur tvímælalaust leitt til þess að stórveldin eru sest að samningaborði og semja nú um fækkun og fælnin er hluti í því. Fælnin er raun og veru ekkert annað en að mæta Sovétríkjunum með fjölgun kjarnorkuvopna og eldflauga. Hins vegar hafa Atlantshafsbandalagsríkin undirstrikað það aftur og aftur að þau munu aldrei beita slíkum vopnum að fyrra bragði þannig að þetta held ég að sé út af fyrir sig hárrétt og undir það vildi ég taka í skýrslu minni þó að ég óttist að framhald þessarar stefnu hefði getað orðið hættulegt og erfitt og það held ég að miklu fleiri en ég séu á. Ég held að margir andi léttar að menn eru nú að draga úr þessu kapphlaupi. Vitanlega er fælnin enn þá eitt af grundvallaratriðum Atlantshafsbandalagsins og felst í því að leitað er jafnvægis á báða bóga.

Hv. þm. taldi sumar tillögur óþarfar. Það kann að vera. Það er vitanlega matsatriði. Ég á enn, og verð að segja það, ákaflega erfitt með að sætta mig við það að rangt hafi verið að greiða því atkvæði að aðildarríki gerðu sitt ýtrasta til að framfylgja samþykktum allsherjarþingsins í afvopnunarmálum, enda væri eftirlit traust og samræmdar aðgerðir. Allsherjarþingið er ekki stofnun þar sem neitunarvaldi er beitt. Hvernig mundi hv. þm. greiða atkvæði ef hér á hinu háa Alþingi kæmi fram áskorun á ríkisstjórnina að framkvæma eftir besta megni þær þingsályktanir sem hér hafa verið samþykktar af meiri hluta? Mundi nokkur treysta sér til þess að greiða atkvæði gegn því? Það má kannski segja að þetta sé óþörf tillaga og vitlaus. Ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði gegn því þó að ég viðurkenni að mjög margar þessar ályktanir Alþingis hafa lent í skúffunni því miður þannig að ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum. Við erum þarna ósammála, en ég hafna því alfarið að gætt hafi handahófs sem mátti skilja á orðum hv. þm. Það var farið mjög vandlega í þessi mál og það var að vísu mjög lítill tími en strax eftir atkvæðagreiðslu í nefnd skýrði ég þetta fyrir utanrmn., allar tillögurnar, og fékk ekki athugasemd nema við það að ég var beðinn að athuga hvers vegna Norðurlöndin hefðu setið hjá um þessa tillögu um framkvæmd á samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Og ég fékk reyndar skýringu en dálítið seint. Þau töldu eins og hv. þm. þetta vera hálfgerða sýndarmennsku.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var ekki með neinar sérstakar ábendingar til mín, en ég vil taka undir afstöðu hans til Evrópubandalagsins. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Það mun hafa verið hann sem sagði að það væri ekki nægur mannafli hjá okkur Íslendingum þarna úti til að fara eins vel í málin og við annars vildum.

Hv. þm. Sigríður Baldursdóttir flutti mjög fróðlegt erindi um kjarnorkuna, enda er hún okkur fróðari um þau mál. Ég verð því miður að segja að ég veit ekki hvaða brögðum, eða hún orðaði það þannig, að beita öllum brögðum til að koma í veg fyrir ferðir kjarnorkukafbáta um íslenska lögsögu, ég get beitt, en ég vil gjarnan heyra hugmyndir um það. Við höfum ekkert legið á því, hvorki í þessari ríkisstjórn eða fyrri, að við viljum ekki kjarnorkuknúin farartæki, skip eða hvað annað, það eru náttúrlega fyrst og fremst skip, í íslenska höfn, en við höfum ekki treyst okkur til að hafa það eftirlit með hafinu í kring að við getum hamlað ferðum slíkra skipa þar. Það er hárrétt sem hv. þm. sagði. Það stafar áreiðanlega af þessu mikil slysahætta. Það er ekki nokkur vafi á því. Og sú leynd sem stórveldin hafa haft á þessum málum kannski öllu fremur sannar það en afsannar. Hins vegar er held ég ákaflega erfitt við að eiga. Ég óttast að kjarnorkan sem slík sé hér til að vera. Það hefur held ég aldrei gerst að einhver tækniframför hafi verið dregin til baka og mér finnst þess vegna og hef sagt það oftar en einu sinni að við þurfum að taka þátt í kröfugerð þjóða, margra þjóða, um stórauknar öryggisráðstafanir í sambandi við alla notkun kjarnorkunnar. Ég hef t.d. rætt þetta við fulltrúa okkar hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, Magnús Magnússon

prófessor, og ég veit að hann hefur hreyft þessum málum. Ég hef rætt þetta við forstjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, en eins og svo oft áður ræðst ákaflega illa við þetta ef stórveldin vilja ekki makka rétt ef ég má orða það svo. Ef þau hlusta ekki, og jafnvel þó að þau hlusti en framkvæma ekki, þá virðist illa ráðast við þetta. Ég ræddi þetta ítarlega og átti mjög fróðlegar viðræður við forstjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og hann tjáði mér að það væri stöðugt að opnast að vísu meira að þeir fengju að senda menn og hafa eftirlit, m.a. eftir slysið í Tsjernóbíl hefðu Sovétríkin verið miklu opnari fyrir slíkum eftirlitsferðum. Hann sagði hins vegar að það væri enn þá algjörlega loku fyrir það skotið að þau gengjust undir það að hlíta þeim reglum sem alþjóðleg stofnun setti um byggingu og rekstur svona vera í raun, þau bjóði að koma í eftirlit ef óskað er, en vilji sjálf fá að ráða því enn þá og telji sig vera best fær um það að ákveða öryggisstaðla.

Við vitum að sjálfsögðu mætavel að það eru ótal kjarnorkuver eða a.m.k. mjög mörg í heiminum sem eru ákaflega óörugg, t.d. í Bandaríkjunum. Sum hafa ekki fengist opnuð eftir að þau eru byggð. Það er vegna þess að reglur hafa verið hertar á byggingartíma. En ég held að menn verði fyrst og fremst að binda vonir við stórauknar kröfur á þessu sviði og við eigum að taka þátt í að setja fram þær kröfur.

Við hernaðartækin er vitanlega miklu erfiðara að eiga því að eins og við höfum sagt hvílir þar yfir mikil leynd og ég verð að endurtaka það að því miður þekki ég ekki þær leiðir nema þá opinbera umræðu eins langt og hún nær til að hafa áhrif á það.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu um utanríkismálin sem hefur staðið í tvo daga. Mér hafa þótt ræður mjög málefnalegar og gagnlegar. Þær eru gagnlegar fyrir okkur sem í utanríkisþjónustunni störfum. Hér hefur vissulega komið fram ýmiss konar gagnrýni á það sem hefur verið gert, enda hygg ég að seint verði svo gert að öllum líki og þeirri gagnrýni tek ég vel. Mér þykir þó ekki síður mikilvægt að komið hafa fram margar ábendingar og ég er vitanlega þakklátur fyrir þau jákvæðu orð sem fallið hafa um skýrsluna og utanríkisstefnuna.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. KolbJ og JúlS, 287. mál. — Þskj. 588.

Flm. (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Fyrir hönd þm. Borgarafl. Reykjaneskjördæmi mæli ég hér fyrir till. til þál. um að tvöfalda Reykjanesbrautina frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Skal gert ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1990. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar."

Reykjanesbrautin milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur er fyrsti vegakafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963–1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var að syngja sitt síðasta. Með tilkomu vegarins varð mikil breyting til batnaðar og stórt skref stigið til að bæta samgöngur við Suðurnes.

Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Það olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, lagt leið sína um Reykjanesbrautina allar götur síðan. Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.

Umferð um Reykjanesbrautina hefur farið stöðugt vaxandi, bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Mikil aukning hefur orðið á farþegaflugi til og frá landinu, enda munu nær allir flugfarþegar í millilandaflugi fara um Reykjanesbrautina fram og til baka. Þá hefur einnig orðið mikil aukning á vöruflutningum með flugvélum til og frá landinu um Keflavíkurflugvöll.

Á árunum 1982–1987 voru lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi aðkomu- og brottfarar-farþega sem hér segir: Árið 1982 voru lendingar 3580, farþegar frá landi 150 887, farþegar til landsins 152 411; 1983: Fjöldi lendinga 3 269, farþegar frá landi 145 557, farþegar til landsins 144 628; 1984: Fjöldi lendinga 3460, farþegar frá landi 165 276, farþegar til landsins 168 470; 1985: Fjöldi lendinga 4045, farþegar frá landi 182 393, farþegar til landsins 183 469; 1986: Fjöldi lendinga 4337, farþegar frá landi 213 254, farþegar til landsins 211 539; 1987: Fjöldi lendinga 5377, farþegar frá landi 265 254, farþegar til landsins 260 192.

Athyglisverð er hin mikla aukning á flugumferð sem verður milli áranna 1986 og 1987, nærri 25%, og má þar greina áhrif af tilkomu nýju flugstöðvarinnar. Á seinni árum hefur komið til vaxandi samstarf

atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu sem hefur haft í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti runnið saman í eitt og sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hefur verið talað um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti.

Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Tvöföldun Reykjanesbrautarinnar mundi gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og næg réttlæting er fyrir því að hraða þessari framkvæmd. Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim kröfum sem nú verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.

Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið fjölgandi. Aksturskilyrði á Reykjanesbraut eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að vegurinn er með umferð í báðar áttir.

Allra síðustu árin hefur mikil fjölgun bifreiðaeignar landsmanna sett sinn svip á umferðina um Reykjanesbraut. Umferðaröryggi hefur minnkað og slysum fjölgað. Reykjanesbrautin er nú að verða einn hættulegasti vegarkafli landsins. Í töflu 1 í grg. með þáltill. er yfirlit yfir þróun umferðar og slysatíðni á Reykjanesbraut frá því að hún var tekin í notkun í núverandi mynd. Þar kemur fram að umferð á Reykjanesbraut fer greinilega ört vaxandi eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982. Það er stutt í það að mesta sólarhringsumferð um brautina verði 8 þúsund bílar, en það er einmitt sú viðmiðun sem við höfum til þess að ákveða hvenær það er nauðsynlegt að aðskilja aksturssstefnur, það að hafa tvær aðskildar brautir.

Fyrir 20 árum var orðið nauðsynlegt að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Nú er orðið nauðsynlegt að huga að lagningu fullkominnar hraðbrautar með aðskildum aksturssstefnum. Hið fyrsta þarf að hefja undirbúning að þeirri framkvæmd að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendu fyrirmyndum, hraðbraut sem þolir mikla umferð og aksturshraða við hagstæð skilyrði.

Það skref sem yrði stigið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina er ekki endanlegt. Gera verður ráð fyrir því að með stórauknum samgöngum og vöruflutningum um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust áður en langt um líður kallað á enn fullkomnari samgöngur. Hugsanlega eigum við eftir að sjá hraðlest á einteinungi fara á milli flugstöðvarinnar og höfuðborgarsvæðisins á 10–20 mínútum.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins muni kosta um 1 milljarð kr. Þetta kann mörgum að virðast miklir fjármunir og meiri þörf fyrir þá annars staðar. Það er þó athyglisvert að hér er um nokkurn veginn sömu fjárhæð að ræða og hvarf vegna umframkostnaðar við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Úrtölumennirnir munu að sjálfsögðu finna þessari tillögu allt til foráttu og telja að ekki sé þörf fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar í bráð. Þeir sem voru á ferðinni milli Keflavíkur og Reykjavíkur síðla dags sl. sunnudag í súld og blautu veðri eru áreiðanlega ekki sama sinnis. Má segja að bílalestin á leiðinni til Reykjavíkur hafi verið samfelld alla leiðina frá Keflavík. Flm. leggja áherslu á að leitað verði leiða til að fjármagna þetta verkefni án þess að ganga á annað takmarkað fé til vegagerðar.

Sjálfsagt er að bjóða þetta verkefni út til stórra verktakafyrirtækja og láta þau koma með tillögur um fjármögnun. Þá má varpa þeirri spurningu fram hvort hér sé ekki um framkvæmd að ræða sem snertir öryggismál Íslendinga.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Sem annar meðflm. að þessari tillögu langar mig til að leggja nokkur orð í belg. Það væri kannski fyrst að staldra við þær kostnaðartölur sem getið er um í grg. með tillögunni, en þar er sagt að það geti kostað allt að 1 milljarði kr. að leggja nýjan akveg við hliðina á gamla veginum, byggja nauðsynleg umferðarmannvirki þar sem um er að ræða innáakstur á hraðbrautina og útafakstur af henni, sömuleiðis gatnamót ýmiss konar, og svo má ekki gleyma einu atriði, en það er gert ráð fyrir því að það verði lýsing með allri akbrautinni, þ.e. með öllum veginum frá Hafnarfirði og til Keflavíkurflugvallar. Þeir sérfræðingar sem við höfum leitað álits hjá telja eðlilegt og nauðsynlegt að vegurinn verði með lýsingu alla leiðina.

Nú er ekki þar með sagt að það þurfi að ljúka öllum þessum áföngum í einu og er kannski rétt að sundurgreina hvernig kostnaði gæti verið skipt milli hinna ýmsu áfanga. Það að tvöfalda akveginn sem slíkan án þess að um væri að ræða að gengið yrði frá veginum sem fullkominni hraðbraut í líkingu við það sem við þekkjum erlendis frá er talið að muni kosta 600 millj. kr. ef miðað er við þau verð sem Vegagerðin gengur út frá. Hins vegar er talið að hér mætti ná miklum sparnaði með útboðum, jafnvel að þessi framkvæmd, þessi áfangi gæti farið allt niður í 300–400 millj. kr.

Í þeim viðræðum sem við höfum átt við sérfræðinga Vegagerðarinnar hafa þeir metið stöðuna þannig að ef þetta verkefni yrði boðið út í einu lagi, að tvöfalda veginn til Keflavíkur, og stór verktakafyrir-

tæki fengju að gera tilboð í að ljúka þessari framkvæmd eins og þeim teldi best henta er viðbúið að þetta mundi kosta jafnvel um 300 millj. kr. Þess vegna er kannski svolítið villandi að sjá aðeins þessa einu tölu, 1 milljarð kr., en það er sá heildarkostnaður þegar búið er að ljúka öllum áföngum og allir kostnaðarþættir eru metnir til hins ýtrasta. T.d. lýsing brautarinnar, sem við teljum að sé um 50 km löng, kostar nærri 200 millj. kr., en til gamans, af því að hér var verið að flytja þáltill. um að koma upp lýsingu yfir Hellisheiðina, er talið að lýsing þjóðvegar sem þessa muni kosta um 3–3½ millj. kr. fyrir hvern km. Ef ætti að byggja brautina og gera hana þannig úr garði að hún flokkaðist sem hraðbraut eftir bestu erlendu fyrirmyndum má ætla að þau nauðsynlegu umferðarmannvirki sem yrðu því samfara muni kosta um 150–250 millj. kr.

En við erum fyrst og fremst að tala um sjálfa tvöföldunina því við leggjum áherslu á að gera veginn þannig úr garði að slysahætta á veginum minnki og svo hitt að sjálfsögðu að umferðarmagn geti aukist verulega. Það er talað um að þegar bílaumferð er komin í um 8000 bíla á dag þurfi að tvöfalda veg sem Reykjanesbraut. Tölurnar sem við komumst að og eru sýndar í grg. okkar fyrir árið 1987 sýna að umferðin er komin vel yfir 5000 bíla á dag. Það er því ekki ólíklegt að fyrir árið 1990 megi jafnvel búast við því að umferðin verði komin í um 8000 bíla á dag sem er einmitt sú tala sem er höfð til viðmiðunar þegar taka ber ákvörðun um að tvöfalda brautina. Þannig er í náinni framtíð að koma að því að þetta verður nauðsynlegt.

Ég veit vel að menn hugsa sem svo: Við höfum ekki peninga til allra þessara framkvæmda. Það eru ótal vegarkaflar á landinu sem þarf að ljúka fyrst. Ég ætla ekki að taka að mér hér að hjálpa hæstv. samgrh. að raða upp í forgangsröð öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem ég veit að honum er ætlað að leysa, en ég er ekki í nokkrum vafa um að það væri mjög skynsamlegt að verja fyrst 300–400 millj. kr. til þess að ljúka við tvöföldun brautarinnar. Þau rök sem við tilgreinum í grg. með tillögunni eru að mínu mati mjög mikilvæg, þ.e. uppbygging atvinnulífs á Suðurnesjum, þessi samgöngubót sem gæti orðið til þess að gera Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið að einu og hinu sama atvinnusvæði. Ég held að þetta sé kannski ein mikilvægasta röksemdin fyrir þessari framkvæmd.

Þá höfum við lagt töluverða vinnu í að rannsaka ástand vegarins og þá slysahættu sem fylgir Reykjanesbrautinni vegna þeirra aðstæðna sem oft eru þar sérstaklega á veturna, en mikil hálkumyndun á Reykjanesbraut er landfrægt fyrirbrigði og mjög alvarleg slys hafa orðið af þeim völdum. Það er því e.t.v. mjög sterk röksemd fyrir því að það þurfi að leggja út í þessa framkvæmd þó ekki væri nema til þess að reyna að draga úr slysahættunni á brautinni.

Að lokum er alveg ljóst að eftir því sem áhrif flugstöðvarinnar koma fram að fullu má búast við því að það verði mikið stökk í umferðinni á Reykjanesbraut. Ég er á því að við eigum eftir að sjá það á næstu árum að umferð fari vaxandi og mun hraðar en hefur gerst hingað til. Það kann að koma að því, hvort sem hæstv. samgrh. líkar betur eða verr, að hann neyðist til að fara út í þessa framkvæmd þó ég þykist fullviss um að hann sé henni mótfallinn í dag.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður komst þannig að orði að hann ætlaði ekki að hjálpa samgrh. í sambandi við það með hvaða hætti hann raðaði niður varðandi vegamál og sagði svo að það kæmi sjálfsagt að því að þessi vegur yrði lagður, enda þótt hann reiknaði með að samgrh. væri á móti því. Ég átta mig ekki á því hvernig kemur ofan frá himninum til þessa ágæta þm. afstaða einhverra manna í máli sem ekki hefur verið talað í og hv. þm. er að flytja hér í fyrsta skipti.

Ég efast ekki um að þar fylgir hugur máli hjá hv. þm. með vilja til þess að láta gott af sér leiða. Ég kemst hins vegar ekki hjá því þegar þessi tillaga er rædd að benda á nokkur atriði. Ég er sammála því sem fram kom varðandi Reykjanesbrautina og því sem að var vikið að gera þyrfti til lagfæringar einmitt vegna hættu til að skapa öryggi. Að þessum málum er unnið. Það eru þó sérstaklega, þegar verið er að tala um leiðina úr Hafnarfirði suður að stöð Leifs Eiríkssonar, tveir vegkaflar sem þar hafa verið erfiðir öðrum fremur, þ.e. kaflinn í gegnum Kúagerði og svo suður á Fitjum suður við Njarðvík. En ef við tökum Reykjanesbrautina eins og hún lá þar til fyrir tveimur árum að vegurinn á milli Hafnarfjarðar og Breiðholtsins var opnaður, þá voru þessir kaflar ekki þar sem slysatíðnin var mest. Það er Arnarneshæðin sem er langerfiðasti kaflinn í sambandi við slysatíðni. Þar á að hefja mikla vegagerð á þessu ári og gert ráð fyrir að þar verði unnið og framkvæmdir með svipuðum hætti og vegurinn í gegnum Kópavog.

Engu að síður verðum við að horfa á og einmitt gera okkur grein fyrir hvar skynsamlegast er að nota það fjármagn sem við höfum. Rétt fyrir áramótin flutti ég erindi hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og vakti athygli á þeim vegaframkvæmdum sem þyrfti að sinna á þessu svæði. Eitt af þeim atriðum var einmitt tvöföldun á Reykjanesbrautinni frá Hafnarfirði og suður að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það voru fjöldamörg önnur verkefni og þegar að er gáð kom það skýrt fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 7. þm. Reykn., að samkvæmt mati þeirra manna sem best eru að sér í sambandi við vegarlagningu er umferðin núna um Reykjanesbrautina frá Hafnarfirði suður til Keflavíkur um það bil 4000 bílar, þ.e. helmingurinn af þeim fjölda sem talið er að tvöföld akbraut geti borið þannig að það skortir 4000 bíla umferð í viðbót til að ná þessu marki.

En ef við skoðum annan kafla á þessum sama vegi, þ.e. frá Breiðholtinu til Hafnarfjarðar, sem var opnaður fyrir tveimur árum, er þar 9000 bíla umferð

í dag. Allt það fólk — ég segi ekki allt, flest, mjög margt, mjög stór hluti umferðarinnar til Keflavíkur fer þar um líka. Og af því að 1. flm. tillögunnar nefndi atvinnumálin á Suðurnesjum, þá er þessi kafli vegarins ekki síður þýðingarmikill en þegar komið er suður fyrir Hafnarfjörð. Þannig er hægt að virða fyrir sér, ef fjármagn er fyrir hendi, hvar best er að koma því fyrir. Það er ekki samgrh. sem útdeilir því eða raðar því. Það er Alþingi sjálft. Það var atriði sem ég vildi vekja athygli á að lög nr. 6 1977, um vegamál, gera skýrt ráð fyrir því hvernig að vegamálum skuli unnið, hvernig farið skuli með ákvarðanatöku á framkvæmdum í þeim efnum. Áður en þessari umræðu lýkur vildi ég vekja athygli á þessu því að í 10. gr. vegalaganna er skýrt tekið fram um þetta. Með leyfi forseta les ég:

„Samgrh. leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra till. til þál. um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum skv. lögum þessum."

Þegar búið er að sundurliða samkvæmt flokkunum eftir vegakerfinu er tillagan til meðferðar í fjvn. sem skiptir fjármagninu á einstaka vegi. Og þá kemur: „Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þál. um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil."

Svo bætist við: „Sé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í þáltill. um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur.

Er þál. um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár."

Ég vek athygli á þessari grein vegna þess að tillagan, eins og hún hér er orðuð, eins og henni er hér ætlað að verða samþykkt, getur ekki staðist það lagaákvæði sem ég var að lesa upp. Það er tvennt til, það er að breyta lögunum eða við meðferð málsins í nefnd sé texta tillögunnar breytt. Þess vegna vildi ég vekja athygli á þessu því að í staðinn fyrir að láta nú þegar hefja undirbúning að verki er hægt að gera könnun á ákveðnum hlutum vegna verks og þess vegna skynsamlegt, þegar tillagan verður til skoðunar í þeirri nefnd sem hún á að fara til, að orðalag hennar verði skoðað sérstaklega og þannig mætti vilji flm. e.t.v. ná fram að ganga.

Áður en Alþingi lýkur í vor fjallar fjvn. um skiptingu þess vegafjár sem er umfram það sem tekið er og skipt hafði verið í vegáætlun þeirri sem gildir fyrir fjögur ár nú, en á næsta ári, þ.e. á þinginu 1988–1989, verður lögð fram ný vegáætlun og væru einhverjir þeir hlutir fyrir hendi sem yrðu samþykktir vegna þessarar tillögu eða sem brtt. við hana hefur að sjálfsögðu Alþingi möguleika á því að taka það mál þá til meðferðar og ganga frá því með lögformlegum hætti og á ég þar við ef Alþingi sjálft er tilbúið til þess að láta fjármagn til þessarar vegagerðar og þá í vegáætlunni grundvallað á þeim tekjum sem vegáætlun gerir ráð fyrir og lög standa til í sambandi við tekjur til vegagerðarinnar.

Þetta vildi ég láta koma fram því að það er heldur ekki nægjanlegt fyrir einn sem á að framkvæma að sagt sé í lokin: Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar. Spurningin er: Á að leita að vegafénu utan vegáætlunar eða á að leita að fé til þess að framkvæma hlutinn utan vegáætlunar sem lög gera ekki ráð fyrir?

Þetta vildi ég sagt hafa einfaldlega til þess ef vera mætti í nefndinni sem fjallar um þetta að gerðar yrðu þær breytingar að þetta gæti allt saman orðið eins og vegalögin gera ráð fyrir.

Í viðræðum áðan benti ég á, af því að flm. gerði ekki tillögu um nefnd, að tillögu um vegáætlun, fjármögnun og útgjöld, er ævinlega vísað til fjvn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst koma að því að hv. flm. að till. til þál. á þskj. 588 gat þess ekki í lok ræðu sinnar hvert hún gerði tillögu um að vísa till. Var það vegna athugasemda sem hæstv. ráðherra gerði um hina réttu málsmeðferð, en við höfðum hugsað okkur að þessari þáltill. yrði að lokinni fyrri umr. vísað til allshn., en hæstv. ráðherra benti á að á því væri formgalli og bæri að vísa henni til fjvn. Nú í millitíðinni hef ég haft samband við skrifstofu Alþingis og fengið það staðfest að hvort tveggja er rétt.

Þá hefur hæstv. ráðherra bent á formgalla á að flytja tillöguna þar sem vegáætlun er gerð á þann hátt sem hann greindi frá, að hæstv. ráðherra gerir þáltill. sem gildir til fjögurra ára og hv. fjvn. afgreiðir svo á fjárlögum fjármagn það sem ætlað er til þess að framkvæma tillögur ráðherra. Allt er þetta rétt. En ég sé ekkert í lögum sem bannar nýjum þm. eða hverjum sem er að flytja hvað sem hann vill, hvaða þá hugmynd sem hann samvisku sinnar vegna telur sig þurfa að flytja og telur sig vera að betrumbæta þjóðfélagið með. Eins og ég hefði getað túlkað öll þau varnaðarorð sem komu frá hæstv. ráðherra, sem er samþm. úr héraði við hv. flm., væri þá helst að skilja að þangað til 4000 bíla umferð bætist við það sem í dag er samfelld bílaröð þegar álagstími er hvað mestur frá Keflavík til Reykjavíkur, eins og kom fram hjá hv. frummælanda, gæti umferðin kannski nýtt það sem eftir er af gamla malarveginum ef menn vilja komast áfram.

Menn verða að þola að nýir vindar blási þegar nýjar hugmyndir koma inn í þessa gömlu sali eins og stormsveipur með ferskleika sem við erum kannski hættir að venjast. Ég var það lengi í Sjálfstfl. (Gripið fram í.), virðulegi Guðmundur H. Garðarsson, að það eru farnir að leika um mig ferskir vindar nýrra þm. (Gripið fram í.) En alla vega veit ég að hæstv. samgrh. er maður sem kann að meta þann ferskleika

sem leikur um sali með þessari till., ég tala nú ekki um þegar á sama tíma er minnst á það sem er algjör nýjung hér þó að hún hafi oft komið til umræðna bæði hér og í borgarstjórn Reykjavíkur, að hugsanlega fari að koma að því að einteinungar eigi rétt á sér í umferðinni á Íslandi. En þeir hafa í áratugi verið hjá fjölmennum þjóðum eins og t.d. í Japan og víðar.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir að það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvert skynsamlegast er að beina fjármagni sem við höfum til ráðstöfunar til vegagerðar og á réttum tíma, þ.e. þegar fjvn. fjallar um málin. Ég held að það sé rétt hjá hv. frsm. að það er orðið tímabært borið saman við það sem talið var tímabært þegar farið var út í þá Reykjanesbraut sem nú liggur á milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, þá er orðið jafntímabært ef ekki meira að hugsa um stækkun á einhvern hátt, annaðhvort á þann hátt sem hér er lagt til eða á einhvern annan hátt. Það hefur umferðin sjálf sýnt og sannað.

Ég tek því hins vegar ekki að nokkur ráðherra geti tekið hugmyndaflugið af neinum þm. og sagt: Ég kom með þál. sem bindur þig, góða mín, í þessu tilfelli, til fjögurra ára og vegna þess að ég kom með tillögu sem er að vísu endurskoðuð árlega við fjárveitingagerð skalt þú bara vera róleg þangað til ég opna möguleika fyrir því að þú megir hugsa sjálfstætt.

Í þessari þáltill. kemur fram með leyfi forseta:

„Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar."

Það hefur verið gert áður. Það var gert þegar hringvegurinn var byggður. Þá fannst sérstök fjáröflunarleið og það var virðulegur þm. Sjálfstfl. Jónas Pétursson sem átti þá hugmynd þó að hann hafi fengið litla viðurkenningu eða þakkir fyrir. Aðrir ætluðu að eigna sér hans verk því allir vildu þá Lilju kveðið hafa. Það er kannski ástæðan. Þessa Lilju vildu kannski einhverjir aðrir kveðið hafa.

Hæstv. forseti. Ég er hér með þingsköp Alþingis frá 1985 sem í gildi eru og eftir að hafa talað við starfsmenn Alþingis sem með þessi mál fara, túlkunarmál á fundarsköpum eða þingsköpum, er mér bent á að þessi till. sé að öllu leyti rétt fram borin, enda væri hún ekki komin á dagskrá væri hún það ekki og það komi tvær nefndir til greina skv. 15. gr. II. kafla, en þar segir:

„Fjárveitinganefnd fjallar um frv. til fjárlaga og fjáraukalaga og þáltill. sem til hennar kann að vera vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði." Seinna segir: „Til allsherjarnefndar skal vísa þeim málum sem þingið ákveður."

Svo segir mér skrifstofa Alþingis að það sé hægt að velja á milli þessara tveggja nefnda. Að þessu sögðu og hafandi lesið það sem snertir þau rök sem ráðherra gat um hér í lögunum sé ég ekki að það sé neinn formgalli á þessu. Ég sé það ekki frekar en aðrir sem ég hef leitað til og legg til, virðulegi forseti, að þessari þáltill. verði vísað til allshn. og síðari umr. að lokinni þessari umræðu.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Út af orðum hv. 5. þm. Reykv. vil ég meta það svo að hann hafi misskilið mína ræðu áðan þegar ég reyndi að benda á þá formgalla sem mér sýndist vera á tillöguflutningnum og benti m.a. á með hvaða hætti skynsamlegast væri að fara með till. til þess að hún gæti náð þeim markmiðum sem ég væri sannfærður um að flm. hefðu í sambandi við till. Þeir eru tveir, en eins og 1. flm. orðaði það var það fyrir hönd þm. Borgaraflokksins.

Það er Alþingi sem samþykkir vegáætlun en ekki samgrh. sem slíkur. Hann er stjórnvaldið og leggur fram tillögu, en það er auðvitað Alþingi sem ákveður hvort heldur er tekjurnar eða útgjöldin.

Hann vék að sérstakri fjáröflun til hringvegarins og það er alveg rétt. Við munum eftir því. Það voru lög sett um þá fjáröflun. Hér er ekki verið að setja lög.

Við getum deilt um það í hvaða nefnd tillagan ætti að fara. Út af fyrir sig var ég ekki að deila um það. Ég benti á að tillögur um fjárveitingar til vegagerðar, þ.e. vegáætlunin, till. til þál. um vegáætlun, fer til fjvn. einfaldlega vegna þess að hérna er um að ræða útgjöld ríkissjóðs og ég benti á að mér fyndist skynsamlegra og skynsamlegast að þangað væri þessari till. vísað. Við gerum ekkert eftir því sem mér sýnist hér og nú á þessum fundi og miklu skynsamlegra að á milli funda athugi menn hvað sé best að gera og hvað þjóni best þeim málstað sem hér er verið að vinna fyrir. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. Hitt er svo annað mál að það eru engar nýjar hugmyndir að tvöfalda Reykjanesbraut, hvort heldur það er fyrir sunnan Hafnarfjörð eða hérna megin við Hafnarfjörð. En það er ævinlega gott að fá stuðningsmenn þess að fá meira fé til vegaframkvæmda. Enginn getur glaðst meira yfir því en einmitt samgrh. og hann auðvitað vill benda á hvernig skynsamlegast er að fara með hlutina og í hvaða farveg þeir eigi að fara. Vegna tímans í dag munum við að sjálfsögðu ekki geta afgreitt málið og fram á næsta fund finnst mér langeðlilegast að flm. velti fyrir sér hvernig afgreiðsla væri til nefndar.

Júlíus Sólnes:

Virðulegur forseti. Ég vildi kannski byrja á því að biðja hæstv. ráðherra velvirðingar á því að ég hafi ætlað honum að hann væri á móti þessari tillögu. Það var ekki þannig hugsað af minni hálfu, heldur gerði ég honum upp þann hug að hann væri e.t.v. mótfallinn því að setja fjármuni í þessa framkvæmd á undan öðrum framkvæmdum. Ég þykist vita að hæstv. samgrh. eigi í erfiðleikum með að fjármagna allar þær vegaframkvæmdir sem honum er ætlað að standa fyrir.

Ég vil minna á að hér á þinginu fyrr í vetur hafa verið fluttar áþekkar tillögur um vegaframkvæmdir án þess að það hafi valdið því að menn hafi haft af

því miklar áhyggjur hvort þær væru eðlilegar og réttmætar með tilliti til þess sem hæstv. ráðherra sagði áðan um hvernig bæri að standa að tillöguflutningi um vegamál og vegagerð. Í kosningabaráttunni sl. vor bentum við frambjóðendur Borgarafl. á að það væri orðið tímabært að taka skipan vegamála til gagngerrar endurskoðunar, sérstaklega með hvaða hætti er staðið að því að deila hinu takmarkaða vegafé landsmanna niður á framkvæmdir í hinum ýmsu kjördæmum. Það hefur vakið mikla furðu mína árum saman að sjá þann leik sem hér fer fram ár hvert er þm. hinna ýmsu kjördæma eru kvaddir saman á fund með sérfræðingum Vegagerðarinnar til þess að fara yfir tillögur Vegagerðarinnar um vegaframkvæmdir í hverju kjördæmi fyrir sig og taka um það ákvörðun hvernig raða skuli niður framkvæmdum innan hvers kjördæmis. Þetta hefur orðið til þess á undanförnum árum að vegakaflar á milli kjördæma hafi orðið út undan því að þeir útvega engin atkvæði. Þetta hefur einnig orðið til þess að tefja eðlilegar framkvæmdir innan sumra kjördæma með því að það hefur verið lögð meiri áhersla á þvervegi í kjördæmunum sem hugsanlega tengja saman þéttbýlisstaði en ekki nægjanlega tekið tillit til hagsmuna heildarinnar. Þess vegna höfum við verið þeirrar skoðunar að það beri að endurskoða frá grunni með hvaða hætti er staðið að því að ákveða vegaframkvæmdir og vil ég aðeins gera grein fyrir þessu í örstuttu máli.

Við viljum að vegaframkvæmdir verði flokkaðar í þrjá meginflokka.

Í fyrsta flokki verði svokölluð þjóðfélagsleg verkefni sem skipta alla þjóðina máli en ekki einstök kjördæmi. Eitt slíkt verkefni er einmitt Reykjanesbrautin milli höfuðborgarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Sá vegur er ekkert sérmál Reykjaneskjördæmis. Hann er vegur sem varðar alla þjóðina því að um þennan veg fara allir íbúar þessa lands á leiðinni til og frá Keflavíkurflugvelli. Þess vegna er þessi vegarframkvæmd ekkert sérmál Reykjaneskjördæmis. Sem slík á hún því ekki heima á dagskrá þegar þm. Reykn. eru að koma saman til þess að deila því takmarkaða fé sem því kjördæmi hefur verið ætlað, heldur á að útvega fjármagn til þessa verkefnis svo sem annarra þjóðfélagslegra vegaverkefna án tillits til kjördæmapots.

Í öðru lagi á að flokka vegi sem tilheyra landshlutum og eru eðlilegar framkvæmdir vegna samgangna innan landshluta. Í stað þess að láta þm. kjördæmanna ásamt sérfræðingum Vegagerðarinnar í Reykjavík um að ákveða hvernig eigi að verja fé til hinna ýmsu vegaframkvæmda í hinum ýmsu landshlutum á að sjálfsögðu að fela heimamönnum þetta verkefni, þ.e. yfirstjórn viðkomandi landshluta sem gæti hæglega verið sveitarstjórnarmenn eða nefndir þeirra. Þær eiga að taka um það ákvarðanir með hvaða hætti framkvæmdum skuli háttað og í hvaða forgangsröð innan viðkomandi landshluta.

Í þriðja flokki kæmu síðan sýslu- og sveitavegir í líkingu við það sem verið hefur.

Þessi lýsing sem ég hef komið hér með, þ.e. hvernig þessu er háttað eins og núverandi lög gera ráð fyrir, er aldeilis ófullnægjandi að mínu viti og leiðir beinlínis til þess að oft er um rangar ákvarðanir í vegaframkvæmdum að ræða.

Þetta vildi ég segja með hliðsjón af orðum hæstv. ráðherrans þegar hann var að fjalla um tillöguflutning sem slíkan, að leggja til að fé verði veitt til ákveðinna vegaframkvæmda. Að ekkert fari á milli mála að till. er einmitt í samræmi við skoðanir okkar og stefnumörkun okkar í samgöngumálum sem byggir á allt öðrum ákvarðanagrunni en nú er viðhafður. Það kann vel að vera að það kalli á það að við munum þá flytja brtt. við nefnd lög um vegaframkvæmdir sem hæstv. ráðherrann gat um áðan.

Að lokum vil ég þakka fyrir annars málefnalega umræðu um þessa till. okkar og ég hef sannfærst um að hæstv. ráðherra er sammála okkur um það að þessi framkvæmd er nauðsynleg. Hugsanlega greinir okkur á um tímasetningu hennar. Ég vil þó aðeins minna hæstv. ráðherrann á að í grg. okkar kemur fram að mesta dagsumferð á Reykjanesbraut er komin yfir 5000 bíla. Ég spái því að það verði örskammur tími, hugsanlega ekki nema tvö til þrjú ár þangað til þessi dagsumferð er komin yfir 8000 bíla markið.

Að lokum vil ég taka undir og styðja þá tillögu að þáltill. sem slíkri verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Afnám bankastimplunar við innflutning (266. mál) 4867.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 4771, 4812.
Drengskaparheit unnið 4714.
Endurgreiðsla á söluskatti til erlendra ferðamanna (268. mál) 4860.
Fiskvinnsluskólar (259. mál) 4875.
Greiðslusamningar vegna skólamannvirkja (279. mál) 4741.
Hafnalög (286. mál, gjaldskrá) 4750.
Hernaðarframkvæmdir (240. mál) 4882.
Hvalarannsóknir (232. mál) 4836.
Iðnaðarlög (60. mál, hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum) 4751.
Kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (16. mál) 4714.
Leigukjör Stöðvar 2 (270. mál) 4886.
Málefni loðdýrabænda (273. mál) 4864.
Menningarsjóður útvarpsstöðva (258. mál) 4871.
Raforkuframleiðsla (236. mál) 4841.
Raforkuverð (237. mál) 4850.
Rannsóknarnefnd umferðarslysa (280. mál) 4856.
Rás 2 (269. mál) 4881.
Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi (285. mál) 4810.
Sálfræðingar (278. mál, sérfræðileyfi) 4748.
Söluskattur af heilsurækt (234. mál) 4848.
Söluskattur af íslenskum kvikmyndum (233. mál) 4846.
Tjón í ljósleiðurum (191. mál) 4843.
Tvísköttunarsamningar við erlend ríki (283. mál) 4863.
Tvöföldun Reykjanesbrautar (287. mál) 5073.
Um þingsköp 4966.
Utanríkismál (294. mál) 4889, 4966.
Útvarpslög (69. mál, útvarp um streng o.fl.) 4793.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 4713.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 4713, 4714, 5003.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 4787, 4789, 4790, 4791, 4792, 4826.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 4857, 4859, 4868, 4870.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 4844.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 4846, 4848, 4849, 4861, 4864, 5015.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 4751, 4765, 4841, 4850, 4856.
Landbrh. Jón Helgason 4812, 4865.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 4748, 4803, 4808, 4872, 4874, 4876, 4879, 4881, 4882.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 4729, 4750, 4844, 4887, 4888, 4923, 5078, 5082.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 43837, 4840.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 4724, 4738, 4883, 4885, 4889, 4954, 5061.
Albert Guðmundsson 4735, 4759, 4792, 4849, 4870, 5080.
Alexander Stefánsson 4855.
Árni Gunnarsson 4812.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 4743.
Eiður Guðnason 4793, 4803, 4841, 4842, 4850, 4854, 4872.
Eyjólfur Konráð Jónsson 4878, 4966.
Friðjón Þórðarson 4853.
Geir H. Haarde 4825, 4863, 4864, 5030.
Guðmundur Ágústsson 4795, 4808.
Guðmundur H. Garðarsson 5045.
Guðrún Agnarsdóttir 4723, 4732.
Guðrún Helgadóttir 4733, 4778, 4787, 4790, 4791, 4836, 4839, 4858, 4912.
Halldór Blöndal 4878.
Ingi Björn Albertsson 4860, 4863, 4867, 4869, 4874, 4881, 4882, 4886, 4888.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 4875, 4878, 4879.
Júlíus Sólnes 4731, 4796, 4805, 4887, 4928, 5076, 5082.
Kjartan Jóhannsson 4940, 5060.
Kolbrún Jónsdóttir 5073.
Kristín Einarsdóttir 4758, 4949.
Kristín Halldórsdóttir 4714.
Málmfríður Sigurðardóttir 4747.
Ólafur G. Einarsson 4771, 4788.
Ólafur Þ. Þórðarson 4721, 4756, 4763, 4786, 4789, 4790, 4826, 4827, 4854, 4871, 4873, 4874.
Óli Þ. Guðbjartsson 4746.
Páll Pétursson 4758, 4770, 4792.
Ragnar Arnalds 4753, 4768, 4843, 4845, 4879.
Ragnar Óskarsson 4741, 4748.
Ragnhildur Helgadóttir 4996.
Ríkharð Brynjólfsson 4864, 4866.
Salome Þorkelsdóttir 4856, 4858, 4860.
Sigríður Lillý Baldursdóttir 5055.
Stefán Valgeirsson 4733, 4762, 4855, 4874, 5042.
Steingrímur J. Sigfússon 4713, 4716, 4853, 4880, 4882, 4885, 5003.
Svavar Gestsson 4806, 4811, 4846, 4847, 4848, 4849, 4855, 4882, 4886, 4966, 4981.
Sverrir Hermannsson 4820.
Valgerður Sverrisdóttir 4810.

SAMEINAÐ ÞING

53. fundur, mánudaginn 29. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 26. febr. 1988:

„Steingrímur Hermannsson, 3. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Níels Árni Lund ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Níels Árni Lund hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 26. febr. 1988:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Þorsteinn Pálsson forsrh. er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að hans beiðni með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Árni Johnsen fréttastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Árna Johnsens.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 26. febr. 1988:

„Matthías Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson útgerðarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 26. febr. 1988:

„Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Vesturlandskjördæmi, Ingibjörg Daníelsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Ingibjargar Daníelsdóttur.

Með því að kjörbréf þau, sem borist hafa með þeim bréfum sem hér hefur verið gerð grein fyrir, þurfa athugunar við er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki bréfin nú þegar til meðferðar. Á meðan verður fundi frestað í tíu mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þriggja varamanna. Það er fyrst kjörbréf Árna Johnsens, 1. varamanns Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, en óskað er eftir að hann taki sæti í fjarveru hæstv. forsrh. Þorsteins Pálssonar sem er á förum til útlanda í opinberum erindum. Í öðru lagi er hér kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar, 1. varamanns Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, en það er óskað eftir að hann taki sæti á þingi í veikindaforföllum Matthíasar Bjarnasonar, hv. 1. þm. Vestf. Í þriðja lagi er svo kjörbréf Ingibjargar Daníelsdóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Vesturlandskjördæmi, en óskað er eftir að hún taki sæti Danfríðar Skarphéðinsdóttur, hv. 6. þm. Vesturl., sem er á förum til útlanda. Kjörbréfanefnd leggur til að þessi kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Einars Kr. Guðfinnssonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Kjörbréf Árna Johnsens samþ. með 35 shlj. atkv.

Kjörbréf Ingibjargar Daníelsdóttur samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ingibjörg Daníelsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til

starfa á Alþingi.

Einar Kr. Guðfinnsson og Árni Johnsen hafa áður setið á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa á ný.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolbJ og JúlS, 287. mál. — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Opinber ferðamálastefna, síðari umr.

Þáltill. USt o.fl., 108. mál. — Þskj. 112, n. 589.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. á þskj. 589 um till. til þál. um mótun opinberrar ferðamálastefnu.

Nefndin hefur haft till. til meðferðar og sent hana fjórum aðilum til umsagnar: Ferðamálaráði, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Ferðaþjónustu bænda og samgrn.

Jákvæð svör bárust frá Ferðamálaráði, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og Ferðaþjónustu bænda. Í svari Ferðamálaráðs kemur fram að ráðið telur eðlilegt að því verði falið að gera drög að ferðamálastefnu.

Nefndin mælir með því að till. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ólafur Þ. Þórðarson og Geir Gunnarsson.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Eggert Haukdal.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Í tillgr. er talað um að hraðað verði störfum nefndar sem skipuð var í júní 1987 til þess að undirbúa slíka stefnumörkun, þ.e. stefnumörkun í ferðamálum.

Það hagar þannig til að þessi nefnd var sett saman á sl. sumri og fyrir eindregin tilmæli fyrrv. samgrh. tók ég að mér formennsku í nefndinni. Nefndin hóf störf á sl. hausti, hélt nokkra fundi, athugaði þetta mál og sendi út erindi til nokkurra aðila. En á miðju síðasta sumri urðu stjórnarskipti eins og kunnugt er. Ég hafði því samband við hæstv. núv. samgrh. í upphafi þessa þings og innti hann eftir því hvort sú nefnd sem hér um ræðir ætti að halda áfram störfum. Hann taldi þá um að rétt væri að fara hægt í það á meðan verið væri að athuga ný viðhorf í þessum málum.

Ég mun að sjálfsögðu haga mínum störfum í samvinnu eða samráði við ráðuneyti og hæstv. núv. samgrh. En þar sem ég hygg að ýmsir viti að þessi nefnd er til og e.t.v. einnig að ég sé formaður hennar, þá vildi ég láta það koma fram, því að nefndin mun að sjálfsögðu ekki starfa neitt að ráði nema í samráði við þá aðila sem ég nefndi.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf nú raunar ekki að koma í ræðustól til þess að lýsa stuðningi mínum við þá afgreiðslu sem hefur orðið í þessari nefnd því eins og sjá má er nafn mitt meðal flm. þessarar till. sem nú er verið að afgreiða hérna.

Reyndar verður að segjast eins og er að þegar hv. 1. flm. hafði samband við mig, bar undir mig þessa till. og bauð mér að gerast meðflytjandi, þá fannst mér í fyrstu að þetta mundi vera óþörf till. því hér væri í raun og veru aðeins verið að þrýsta á um framkvæmd samþykktar Alþingis frá því vorið 1986 sem minnst er á í grg. Við nánari athugun fannst mér þó sem mætti segja að þessi till., sem nú er hér til afgreiðslu og síðari umr., taki til víðara sviðs en till. frá 1986, auk þess sem sjaldan er góð vísa of oft kveðin.

Ég hlýt því að fagna afgreiðslu þessarar till. ef hún fer sem lagt er til. Ég hef nú reynt að sinna ofurlítið ferðamálum á ýmsa vegu í starfi mínu hér á Alþingi og er áhugi minn á ferðaþjónustu m.a. tilkominn vegna þess að ferðaþjónusta býður upp á margvísleg störf sem henta konum einkar vel. Við kvennalistakonur höfum hins vegar haft af því miklar áhyggjur hvað hið opinbera hér á landi vanrækir ferðaþjónustu sem atvinnugrein svo mikilvæg sem hún þó er í þjóðarbúskapnum, en ekki síður með tilliti til þeirra spjalla sem verða á dýrmætri náttúru lands okkar ef ekki er sinnt fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

Þessi vanrækslu hefur að okkar mati birst í ýmsum myndum. T.d. hefur Ferðamálaráð ár eftir ár verið svipt stórum hluta af lögboðnum tekjum sínum og þar með möguleikunum til þess að gegna því hlutverki sem því er falið með lögum og í fjárlögum og lánsfjárlögum þessa árs er sú stefna því miður undirstrikuð. Og ekki þarf að minna á flugvallarskattinn sem er hærri hér en víðast hvar í heiminum.

Þeir sem vilja læra til ferðaþjónustu koma nánast að tómum kofunum í íslenska menntakerfinu. Hótel- og veitingaskólinn er fjársveltur og fáir aðrir kostir í boði. Það hefur reyndar lengi staðið til að bjóða nám í ferðaþjónstu og matvælaiðju í Kópavogi og teikningar að húsnæði liggja þar á borðinu. En það hefur lítið gengið og raunar ekkert að hrinda þeim framkvæmdum af stað. Þó mun nú vera hafin eða í þann veginn að hefjast og væntanlega að aukast kennsla í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Það hafa verið stofnuð ferðamálasamtök úti um landið, en þau hafa ákaflega lítinn stuðning hlotið. Þau fengu að vísu stuðning í meðförum fjvn. árið

1987. Sá liður var reyndar skorinn niður í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár, en þau munu eiga að fá einhverja mæru af öðrum lið, sem ég man nú ekki að nafngreina, sem er í fjárlögum fyrir þetta ár.

Þrátt fyrir allt hefur þó vöxtur eða viðgangur ferðaþjónustu farið langt fram úr bjartsýnustu spám og fært okkur fjölda starfa og dýrmætar gjaldeyristekjur. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur ferðaþjónustan tvöfaldað hlutdeild sína í atvinnulífi landsmanna síðasta aldarfjórðung og þetta hlutverk fer nú stöðugt vaxandi eftir nokkurra ára stöðnun. Til þess að fá samanburð við aðrar atvinnugreinar má t.d. nefna að vægi ferðaþjónustu á vinnumarkaðnum er álíka mikið og vægi málm- og skipasmíðaiðnaðar og nokkru meira en allrar bankastarfsemi í landinu. Það gegnir því vissulega furðu hversu tómlát stjórnvöld hafa verið um uppbyggingu þessarar atvinnugreinar og væri jafnvel nær að tala um niðurrif, sbr. flugvallarskattinn illræmda og harkalegan niðurskurð lögboðins framlags til ferðamála.

Kvennalistinn hefur haft tvívegis frumkvæði að flutningi tillagna á Alþingi til að reyna að ná fram aðgerðum og úrbótum í ferðaþjónustu. Sú fyrri hafði fyrst og fremst þann tilgang að efla Ferðamálasjóð og fékkst ekki samþykkt. Sú síðari var flutt árið 1986 og voru flm. einnig úr öðrum flokkum, þ.e. úr öðrum flokkum stjórnarandstöðu. Sú till. var svo samþykkt 22. apríl 1986, þ.e. fyrir bráðum tveimur árum, en samkvæmt henni var samgrh. falið að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skyldi m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkingar, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Verk þetta skyldi unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna og áætlun um úrbætur gerð á grundvelli þeirrar athugunar. Þannig vildum við reyna að treysta grunninn undir þessari atvinnugrein og koma til móts við þann áhuga sem er mikill víða um land á uppbyggingu ferðaþjónustu. En það sem okkur hefur fyrst og fremst þótt skorta fyrir utan nauðsynlegt lánsfjármagn eru upplýsingar og ráðgjöf um hvað helst vantar og hvernig á að standa að framkvæmdum. Úr því skyldi bætt með þeirri könnun og áætlanagerð sem fólst í tillögu okkar sem var samþykkt á Alþingi fyrir tæpum tveimur árum.

Þessi till. hefur nú verið framkvæmd að hluta til og er árangur þess verks að finna í skýrslu samgrn. sem kom út í mars á sl. ári og ber heitið Úttekt á íslenskum ferðamálum. Vonandi hafa einhverjir hv. þm. þegar kynnt sér þessa skýrslu og alveg áreiðanlega hv. síðasti ræðumaður. Vissulega er þar ýmsan fróðleik að finna, en eins og segir í inngangi skýrslunnar gefur hún ekki svör við öllum þeim atriðum sem ályktunin fól í sér. Þar segir einnig að ráðuneytið vonist til þess að skýrslan veki umræður um stöðu ferðamála á Íslandi nú og framtíð þeirra og á grundvelli hennar verði hægt að vinna að frekari stefnumótun í þessari atvinnugrein. Loks segir í niðurlagsorðum inngangsins að ráðuneytið sé reiðubúið að leggja sitt af mörkum við þetta starf og leggi í því tilliti sérstaka áherslu á áframhaldandi samvinnu við ferðamálasamtök landshlutanna.

Sú nefnd, sem minnst er á í tillgr. sem er á þskj. 112 og er nú hér til umfjöllunar og afgreiðslu, mun hafa verið skipuð að mér virðist til þess að móta tillögur á grundvelli þessarar skýrslu, en reyndar hafði verið svo hljótt um hana að ég vissi ekki um tilvist hennar fyrr en þegar undirbúningur þessarar þáltill. var í gangi. En nú hefur hv. síðasti ræðumaður upplýst okkur um störf þeirrar nefndar. Ég hafði ætlað mér að spyrja hæstv. samgrh. um störf þessarar nefndar, hvað þeim líði og hvenær hann ætlaðist til að hún lyki störfum og legði fram sínar tillögur og ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með þær upplýsingar sem komu fram í máli hv. síðasta ræðumanns og um leið hlýt ég að láta í ljósi von um að Eyjólfur hressist og það verði gert eitthvað í því að ljúka þessu máli með sæmd.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það gleður mig að margir hv. alþm. hafa mikinn áhuga á ferðamálum og þar á meðal hv. síðasti ræðumaður. Það vantar í sjálfu sér ekki að hér á hv. Alþingi séu fluttar ýmsar tillögur í þessum efnum og þessum málum alloft hreyft. Hitt er rétt að undanfarin ár hefur tekjustofn til ferðamála verið skertur verulega ár eftir ár. Það er svo sem ekki til fyrirmyndar, en sú regla hefur tíðkast í mörgum fleiri málaflokkum.

Það er hverju orði sannara að það er brýnt að búa vel að þessum málum og veita til þeirra nægu fé. Af því að hv. síðasti ræðumaður vék sérstaklega að skýrslu sem samgrn. gaf út á síðasta ári, þá má geta þess að það mun hafa verið í mars 1987 sem ráðuneytið gaf út skýrslu um ferðamál undir heitinu Úttekt á íslenskum ferðamálum. Sú skýrsla er ítarleg og fylgdi í kjölfar þál. sem samþykkt var á Alþingi vorið 1986. Í þeirri þál. segir að á grundvelli slíkrar úttektar skuli gerð áætlun um úrbætur. Og það var einmitt hlutverk þeirrar nefndar sem ég talaði um í fyrri ræðu minni. En jafnframt var okkur falið að vinna að tillögum um ferðamálastefnu.

Þessi nefnd sem ég tók að mér formennsku í var skipuð af samgrn. 23. júní 1987. Með mér í nefndinni eru Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri, Sigríður Ingvarsdóttir deildarstjóri, Óli Þór Ólafsson ferðamálafulltrúi og Reynir Adolfsson ferðamálafulltrúi, þannig að ég vænti þess að þarna megi tala um hóp af ágætu fólki sem á að vinna að þessum málum. Meira skal ég ekki segja um störf nefndarinnar en ég áðan sagði að öðru leyti en því að ég tel það að sjálfsögðu skyldu nefndarinnar að vinna í takt við hæstv. núv. ríkisstjórn og ráðamenn enda þótt hlutverk hennar sé öðrum þræði að vinna að nýrri ferðamálastefnu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá skoðun eða stefnu eða hvað menn vilja kalla það sem kemur fram í þeirri þáltill. sem fjallar um mótun opinberrar ferðamálastefnu á þskj. 112, sem er 108. mál þessarar hv. stofnunar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að mótun opinberrar ferðamálastefnu. Í því skyni verði hraðað störfum nefndar sem skipuð var í júní 1987 til þess að undirbúa slíka stefnumörkun."

Formaður þeirrar nefndar, hv. 2. þm. Vesturl., fagnar því að margir hv. alþm. hafi áhuga fyrir ferðamálum. Ég harma með honum að ekki skuli meira fé veitt til ferðamála en raun ber vitni, en við erum jú að deila í marga staði tiltölulega lítilli upphæð í samkeppni við sívaxandi útgjöld ríkissjóðs á öðrum sviðum.

Það kemur fram í upphafi grg. hversu mjög ferðamannastraumur til landsins hefur aukist á undanförnum árum og er það alls ekki svo lítil aukning sem þýðir að hér er verið að skapa gríðarlega mörg ný atvinnutækifæri á sama tíma sem þm. hver af öðrum standa upp og kvarta undan því hversu mikið af vinnuaflinu fer nú í þjónustustörf miðað við hvað erfitt er að fá mannskap í hina hefðbundnu undirstöðuatvinnuvegi. Þá segir að ferðalög Íslendinga innan lands og utan hafi aukist verulega.

Ég vil minna á að áður en Alþingi setti nokkur lög um ferðamál og móttöku ferðamanna þá voru hér starfandi — og það er ekki svo langt síðan, það eru innan við 20 ár síðan — þá voru starfandi hér ferðamálafélög og Ferðamálafélag Íslands sem var drifið af áhugamönnum, ekki kostað af opinberum aðilum. Einn af forsprökkum ferðamálafélaganna var Gísli Sigurbjörnsson, betur þekktur fyrir sín störf við ellimál. Og í framhaldi af hans starfi og starfi áhugamanna um ferðamálafélög á Íslandi komu hingað erlendir aðilar, aðallega þó danskir, en í framhaldi af samskiptum við danska aðila um ferðamál kom hingað franskur maður, sem mig minnir að hafi heitið Levesque og eftir úttekt hans á íslenskum ferðamálum og hans frumkvæði var síðan haft samráð og samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og þá deild sem kostar skoðun á uppbyggingu ferðamála í hinum ýmsu löndum veraldarinnar. Og Sameinuðu þjóðirnar gera eins konar útboð með fyrirtækjum sem eru sérstaklega valin og samþykkt og viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum sem hæf til þess að taka þátt í úttekt á ferðamálum í hverju landi. Þessi fyrirtæki voru held ég sex á sínum tíma, um það leyti sem Ferðamálaráð var stofnað samkvæmt lögum settum að beiðni þeirra sem ráku þá Ferðamálaráð og formanns Ferðamálaráðs, fyrsta formanns Ferðamálaráðs, Lúðvíks Hjálmtýssonar. Var það Gunnar heitinn Thoroddsen sem bar þau lög til samþykkis hér á Alþingi. Þessi sex fyrirtæki, sem voru viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum, sýndu áhuga á því að gera úttekt á íslenskum ferðamálum. Þar á meðal var eitt fyrirtæki sem heitir Tourist Consult, svissneskt fyrirtæki sem ég hef áður getið um eða sagt frá hér í þessum ræðustól. Tourist Consult var með ákaflega nýstárlegar hugmyndir um ferðamál á Íslandi sem voru raunverulega framkvæmanlegar. En Tourist Consult hafði m.a. unnið sér það til ágætis — og er það verkefni enn þá í gangi þó að það sé langt komið — að hafa flutt þær hugmyndir til Mónakó að flytja hluta af fjöllum út í sjó til að skapa undirlendi. Nú er undirlendi Mónakó allt að því tvöfaldað og hefur ferðamannafjöldinn margfaldast en það var komið að því að þetta litla ríki gat ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum en þangað komu. En nú hefur það pláss fyrir allt það fólk sem vill heimsækja landið.

En fyrirtækið Tourist Consult var ekki valið. Það var valið annað fyrirtæki, bandarískt, sem hér er getið um í grg. og það gerði tillögu um það fræga og stóra hús og skemmtistað sem átti að vera í Krýsuvík. Það var eina tillagan sem kom frá því fyrirtæki og hún var ekki samþykkt af íslenskum aðilum til framkvæmda. Því miður var Tourist Consult ekki valið því að Tourist Consult fór eins að með Ísland og Mónakó, þeir gerðu ráð fyrir því að tengja Ísland við þá hringiðu sem er í ferðamannastraumi um veröldina þannig að Ísland hefði orðið einn af stoppistöðum alþjóðaferðamála eða -ferðalaga á borð við þær stóru borgir sem draga mest að sér ferðamenn eins og París, Róm, Ríó og fleiri slíkir staðir sem mynda túristahringiðu í veröldinni. Út frá þessari hringiðu var svo minni hringiða sem var innan lands, að ferðamenn væru fluttir sem fyrst út frá Reykjavík til annarra staða á landinu sem væru aðlaðandi fyrir túrismann almennt. En til þess þurfti svo að byggja upp innan lands, til að taka á móti þessum aukna ferðamannastraumi, alls konar möguleika, ekki bara í hótelum heldur þjónustu, telex- og þyrluþjónustu ásamt bílum og skipum. Allt var þetta mjög nýstárlegt fyrir okkur og frumlegt en gerlegt, og miðað við hæga uppbyggingu sem við hefðum ráðið við til viðbótar við þá fjárfestingu sem gat verið til hagsbóta með þátttöku stórra erlendra ferðaskrifstofa og þeirra sem hafa áhuga og ágóða af ferðaþjónustunni í veröldinni allri, en binda sig ekki við neitt eitt þjóðland, en vinna eins og stórir hótelhringir o.fl. En því miður bárum við ekki gæfu til þess að semja við réttan aðila.

Ég vil að þetta komi hér fram og ég vil beina því til hv. 2. þm. Vesturl., sem ég veit að hlustar á góð ráð og tekur tillit til þess sem aðrir segja, að hann reyni nú að láta grafa upp þá bæklinga sem eiga að vera til í samgrn. frá Tourist Consult og skoði þær hugmyndir og þær tillögur sem komu frá því fyrirtæki á sínum tíma — þó svo kostnaðaráætlanir hafi ekki verið unnar vegna þess að fyrirtækið var ekki valið til að gera kostnaðaráætlun eða útfæra sínar hugmyndir frekar, en þeir gerðu á eigin spýtur til að kynna sitt fyrirtæki — það verði dregið fram og þær hugmyndir kynntar fyrir nefndinni. Það verður fróðlegt ef formaðurinn finnur þessa bæklinga að hann kynni hugmyndirnar fyrir hv. Alþingi til þess að sýna hvaða möguleika aðra má hugsa sér en að

byggja hér skemmtihús sem lítur út eins og eskimóakofi margstækkaður með alls konar þjónustu undir þaki í Krýsuvík.

Það hefur óskaplega mikið verið gert frá því að lögin um ferðamál voru sett og ég ætla ekki að fara að tína það til. Við fórum þá úr fornöld til framtíðar þegar hugmyndum Lúðvíks Hjálmtýssonar og Gísla Sigurbjörnssonar var hrint í framkvæmd með stofnun hótelskólans hér, með stofnun Þjóna- og veitingaskólans eða hvað hann heitir og margt annað sem hefur verið gert á undanförnum árum þrátt fyrir skort á peningum. Það er alveg með eindæmum og satt að segja óskiljanlegt hvað mikið hefur verið gert við afskaplega bág kjör í ferðamálum.

Ég tek undir og mun halda áfram að styðja á allan þann hátt sem ég get ferðamálin. Því miður tókst mér ekki að gera það á eins myndarlegan hátt og ég hefði viljað þegar ég var fjmrh. en ég mun halda áfram á sama hátt og ég gerði áður en ég varð fjmrh., meðan ég var fjmrh. og eftir að ég hætti að vera fjmrh. — að því að fjármagna ferðamál. Í því liggur veruleg framtíð og atvinnutækifæri fyrir utan þá gríðarlega miklu gjaldeyrisöflun sem þetta er ef við ekki kæfum það með alls konar óþarfa sköttum á ferðalög til að fjármagna allt annað, t.d. til að fjármagna halla á ríkissjóði en ekki til þess að fjármagna uppbyggingu ferðamála.

Ég vildi geta þess sem hefur verið gert. Það eru til gögn, ef það er ekki búið að týna þeim eða henda þeim þá eiga að vera til gögn í samgrn., þau fóru þangað frá Ferðamálaráði, sem hafa að geyma nýjar og ferskar hugmyndir, langtum betri hugmyndir en nokkur íslenskur maður getur hugsað upp vegna þess að þarna er alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur mikla reynslu í uppbyggingu á þekktustu ferðastöðum heims eins og t.d. Mónakó.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 629).

Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði, síðari umr.

Þáltill. EH o.fl., 107. mál. — Þskj. 111, n. 600.

Frsm. atvmn. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá atvmn. um till. til þál. um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Nefndin hefur rætt till. á fundum sínum. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vegagerð ríkisins.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Eggert Haukdal, frsm., Guðmundur H. Garðarsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði. Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið."

Í umsögn Vegagerðar ríkisins segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Umferð um Hellisheiði er mikil á íslenskan mælikvarða. Árið 1986 var meðalumferð á dag 2850 bílar yfir allt árið. Er þessi vegur því með allra fjölförnustu þjóðvegum á landinu."

Enn fremur segir í umsögninni:

„Lýsing vegarins mundi án efa draga úr vanda vetrarumferðar og hjálpa henni til að komast leiðar sinnar."

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér vegna þess að mér sýnist að ekki sé tímabært að gera þessa ályktun. Ef hv. þm. Suðurl. telja að vegafé Suðurlandskjördæmis sé best varið með því að lýsa heiðina, þá finnst mér að þeir eigi það við sjálfa sig og ég mundi ekki setja mig á móti því. En ég held að það þurfi ekki um þetta sérstaka ályktun Alþingis.

Ég hygg að það sé margt brýnna í vegamálum sem fyrir hendi er heldur en þessi framkvæmd. Vafalaust verður þetta einhvern tíma gert, en ég held að það verði ekki gert alveg á næstu árum. Mér finnst t.d. miklu brýnna að lýsa veginn upp í Mosfellssveit (Gripið fram í.) svo að höfuðfötum hv. þm. sé sæmilega borgið og ég legg áherslu á að það verði gert fyrst. Mér sýnist að þó að þessi tillaga beri vott um mikinn stórhug þá sé eðlilegt að láta ýmislegt annað sitja fyrir.

Frsm. atvmn. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Ég harma að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur ekki lesið þessa tillögu nægilega vel. Tillgr. er svona:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg" o.s.frv.

Það stendur nú ekkert til að fara að gera þetta á morgun. Þetta er könnun og upplýsingar, en að sjálfsögðu kemur einhvern tímann að því að þetta verði gert, vonandi sem fyrst. Það þarf að afla tekjustofna til þessa verks og það þarf víðar ljós eins og ég gerði grein fyrir í framsögu þegar ég mælti fyrir málinu fyrr á þinginu. Það þarf að sjálfsögðu að lýsa upp fleiri vegi en þennan. En þarna er aðeins um að ræða að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaðinum og leita leiða við framkvæmd verksins.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Sjálfsagt er hér um mjög gott mál að ræða og ekkert við það að athuga að menn hafi áhuga fyrir að auka öryggi í umferðinni á þennan hátt. En það sem kemur mér til að ganga hér upp er fyrst og fremst það að mér finnst að atvmn. hafi horft fram hjá vissum staðreyndum í þessum máli. Þá á ég við að ef talið er nauðsynlegt að Alþingi geri ályktun um þennan þátt, lýsingu þessa vegar, hefði verið miklu nær að útfæra þetta nánar þannig að það yrði þá gerð úttekt á kostnaði og möguleikum á því að lýsa upp helstu vegi í gegnum eða við þéttbýli eða milli þéttbýlisstaða. Ég nefni hættulega vegi milli staða, t.d. veginn frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur. Ég nefni vegi milli þéttbýlisstaða eins og Ólafsvíkur og Rifs og Hellissands. Ég nefni vegi eins og Keflavíkurveginn. Og síðast en ekki síst veginn upp í Mosfellssveit sem margumtalaður er. Það hefði verið eðlilegt finnst mér að ef Alþingi fer að hafa afskipti af þessum málum á þennan hátt, að lýsa yfir vilja sínum, þá hefði átt að taka þetta talsvert víðtækar og láta þá gera allsherjarkönnun á því og setja það upp í einhverja forgangsröð af vegagerðarmönnum hvað væri hægt að gera í þessum málum. Ég geri ekki ráð fyrir að þm. Suðurlands, sem hafa að sjálfsögðu og eðlilega mikinn áhuga fyrir þessu máli, ætlist til þess að farið verði að rýra þeirra skammt af nýbyggingarfé með því að nota það í lýsingu veganna. Þeir hafa sjálfsagt ætlast til að það yrði gert á annan hátt og nefndin hefur að sjálfsögðu tekið undir það og þess vegna finnst mér að hún hefði átt að taka málið á þennan hátt um leið.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 1. flm. að ég hafi ekki lesið tillöguna. Þessi könnun á kostnaði liggur fyrir og kemur fram í umsögn Vegagerðarinnar um þessa tillögu, þar sem Vegagerðin upplýsir hvað þetta muni kosta. Í seinni parti tillgr. segir:

„Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið."

Þetta skil ég þannig að flm. ætlist til þess að innan skamms verði hafist handa um að framkvæma þetta. Leiðina hef ég bent á. Það er að taka hluta af vegafé Suðurlandskjördæmis þegar hv. þm. Suðurl. þykir að þeir hafi ekki brýnna við þá prósentu að gera sem þeir hafa úr Vegasjóði.

Í Norðurl. v. hefur verið lýstur einn vegarspotti og við tókum það bara af vegafé kjördæmisins og ég sé ekki að það sé eðlilegt að fara öðruvísi að í þessu tilfelli.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því hvernig unnið hefur verið að þessum tveim síðustu tillögum sem hér hafa verið lagðar fram til afgreiðslu. Sjálfsagt eru þær báðar góðra gjalda verðar. En hingað til hefði ég haldið að þegar formenn nefnda hafa afgreitt mál út úr nefnd og þm. nefndarinnar undirritað það, þá hljóti aðrir þm. að ætlast til að þessi mál hafi komið til umræðu í þingflokkunum og grænt ljós verið gefið fyrir afgreiðslu þeirra. Það er auðvitað alveg fráleitt að nefndir skili hér nál. sem samþykkt hafa verið af öllum nefndarmönnum og síðan kemur einn þm. eftir annan úr hinum ýmsu þingflokkum og mótmælir harðlega afgreiðslu málsins. Ég held að við hljótum að verða að treysta því þegar mál koma úr nefndum að um þau hafi verið fjallað í þingflokkum og stuðningur viðkomandi þingflokka liggi að baki. Annars er hér eingöngu um að ræða mál örfárra þm.

Ég vil vekja athygli á því að í þessari umræddu tillögu, sem vissulega er allra góðra gjalda verð, eru fjórir af fimm hv. þm. sem undirrita nál. af Suðvesturlandi. Vitaskuld vitum við öll að framkvæmdir á borð við þessa eru brýn nauðsyn í öllum kjördæmum þannig að ég get vel skilið hv. þm. landsbyggðarinnar sem e.t.v. telja þetta mál ekki meira forgangsverkefni en svo mörg önnur.

En þess vegna kom ég nú hingað, virðulegi forseti, að ég kannast ekki við að um þessi mál hafi t.d. verið fjallað í mínum þingflokki og eru þó fulltrúar frá okkur að báðum málunum. Ég vil mælast til þess að það verði brýnt fyrir hv. þm. að ræða mál í þingflokkunum áður en þau koma hér inn í þingsali til afgreiðslu.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Athugasemd mín er í framhaldi af þeim orðum sem ég mælti hér áðan um kostnaðinn. Ég hafði ekki handbært það plagg sem við átti þegar ég var í ræðustólnum áðan, en í umsögn Vegagerðar ríkisins um þessa tillögu sem lá fyrir atvmn. segir svo, með leyfi forseta:

„Vegagerð ríkisins hefur látið athuga kostnað við að setja upp lýsingu á vegi þessum og fylgja niðurstöður þeirrar athugunar hér með. Þar sést að heildarstofnkostnaður við lýsingu alls vegarins eru 124–135 millj. kr., háð útfærslu, og rekstrarkostnaður 4–5 millj. kr. á ári. Fyrir sjálfa heiðina eru samsvarandi tölur 61–67,5 millj. kr. í stofnkostnað og 2,1–2,6 á ári í rekstur. Hér er um alldýra framkvæmd að ræða ef tekið er mið af fjármagni sem er til ráðstöfunar í vegáætlun."

Fleira var það ekki, herra forseti.

Frsm. atvmn. (Eggert Haukdal):

Herra forseti. Vegna gagnrýni ýmissa þm. vildi ég enn undirstrika eins og ég gat um áðan þegar ég svaraði: Þetta er fyrst og fremst að gera könnun á kostnaði, en líka, jú, eins og bent hefur verið á að leitað verði leiða til framkvæmda við verkið. Að sjálfsögðu verður ekki farið í þetta verk fyrr en fé liggur til þess og þá fyrst og fremst að sunnlenskir þm. verði sammála um að fara í þetta verk. Og verði ekki búið að finna aðra tekjustofna þá liggur það ljóst fyrir að það verður af vegafé. En ég gat þess í minni frumræðu hér um þetta mál fyrr á þinginu að

æskilegt væri að finna tekjustofna til að lýsa upp vegi. Og ég gat þess líka þá, og nefndi ýmsa vegi sem m.a. hv. 1. þm. Vesturl. nefndi hér áðan, sem þyrfti að lýsa ásamt Hellisheiðinni. En Hellisheiðin er mjög mikil umferðaræð og eina umferðaræðin til Suðurlands. Þarna eru oft vond veður og þarna hafa orðið hættuleg slys. Þess vegna mælir margt með því að í þetta verði farið sem allra fyrst.

Það eru fleiri en þm. Suðurl. sem eru á þessari till. Nokkrir hv. þm. Reykv. eru og flm. að till. Hún fékk stuðning í nefndinni, eins og kemur fram í nál., og ég vænti þess að till. verði samþykkt.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram hér í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. að sú könnun, sem þessi till. gerir ráð fyrir að fram fari, hefur þegar farið fram og liggur fyrir. Og ég spyr: Ætlar hið háa Alþingi að fara að samþykkja að láta gera könnun sem þegar er búið að gera? Ég held að það væri mjög óskynsamlegt og út í hött.

Í öðru lagi segir hinn efnisliður þessarar till.: „Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið.“ Ég er ekki tilbúinn til að ákveða það hér og nú að þessi vegur eigi að hafa einhvern sérstakan forgang að því er þetta varðar. Ég held að það mál þurfi að skoða í miklu stærra samhengi og líta til miklu fleiri staða eins og hér hefur verið bent á. Þess vegna held ég að það sé ekki rétt að samþykkja þessa till. á þessu stigi.

Varðandi ummæli hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnar Helgadóttur um að þetta mál hafi ekki verið kynnt í þingflokkum, má það vel vera rétt, en hins vegar er hér kannski um að ræða eina af þeim till. sem ekki eru ævinlega kynntar í þingflokkum og ekki er mótuð flokksstefna um það hvernig menn greiða þar um atkvæði þegar mál koma hér til atkvæða. Það má rétt vera að kannski hefðu nefndarmenn átt að segja frá þessu í þingflokkunum. En ég vek athygli á því að Alþingi getur ekki samþykkt þessa till. eins og hún liggur nú hér fyrir vegna þess að sú könnun, sem þar er gert ráð fyrir að verði látin fram fara, hefur þegar farið fram og liggur fyrir. Svo einfalt er það.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa nokkrar umræður spunnist um þessa till. Ég sé ekkert athugavert við það að þessi till. verði samþykkt. Fjallvegir eru misjafnlega dimmir og eðlilegt að hver hugsi um þann veg sem hann fer oftast. En vitanlega verður það þá að koma niður á fjárveitingunum eftir því sem viðkomandi þm. raða þeim niður.

Það eru auðvitað sumar heiðar bjartari en aðrar. Ég get þess að gamni mínu t.d. að það er svo með Laxárdalsheiði í Dölum að þegar farið er yfir hana til Hrútafjarðar þá birtast ljósin í Hrútafirðinum um leið og þau hverfa í Laxárdalnum. Það eru sennilega ekki allar heiðar svo bjartar. En auk þessa get ég ekki stillt mig um annað en minna á það gamalkunna heilræði að það er líka dálítið gott fyrir vegfarendur ef þeir sem búa nálægt vegi láta lifa ljós í glugganum. Og ég ætla að enda þessi orð mín með því, með leyfi hæstv. forseta, að fara með vísu eftir borgfirskan bónda, sem hann svaraði eitt sinn vini sínum, þegar hann bauð honum heim til sín um kvöld í Reykjavík:

Ég mun ugglaust til þín tifa
tám úr skugganum.
En verði mugga láttu lifa
ljós í glugganum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með flm. þessarar þáltill. á þskj. 111 um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Ég held að það sé öllum ljóst að við höfum tæplega efni á, jafnvel þó þm. kjördæmisins kæmu sér saman um að fjárveitingin rynni öll í það verk, þá höfum við tæplega efni á að fara í þessa framkvæmd nú. Ég held að það liggi alveg jafnljóst fyrir að við verðum í framtíðinni að lýsa upp fjallvegi okkar. Ég held að það sé alveg ljóst að það komi að því að þessir dimmu vegir milli landshluta verði upp lýstir. Við höfum til þess orkuna. Og ég sé ekkert að því að ríkisstjórninni verði falið að kanna á þessu stigi máls, á þessum tímamótum sem við erum á núna, árið 1988, að það sé farið að kanna kostnaðinn við það og hugsa til þess að í framtíðinni verði þetta gert. Og vonandi verður ekki langt þangað til að farið verður að framkvæma í þessum málum.

Ef það liggur fyrir einhver kostnaðaráætlun, einhver niðurstaða sem er í þá átt sem till. gerir ráð fyrir, á vegum Vegagerðarinnar þá er það ágætt, þá er það minna verk að gera hana nútímalegri, hafa hana til dagsins í dag eða kannski eitthvað til framtíðar. Og það er fyllilega tímabært eins og till. segir til um að fara að leita leiða til að framkvæma verkið. Hér er ekki talað um annað en bara að athuga málin með því hugarfari að það hlýtur að koma að því einhvern tíma í náinni framtíð að þessar nauðsynlegu framkvæmdir verði settar í gang og að við verðum að hugsa til leiða til að framkvæma þær. Og það sem gerir till. góða er að hún er ekki um að hlaupa í framkvæmdir þegar í stað. Hún er till. um að búa okkur undir framtíðina.

Þess vegna mæli ég eindregið með þessari till. eins og hún liggur frammi og bið mína samflokksmenn um að styðja hana. Ég skil ekki hvers vegna menn mæla á móti þessari till., nema það sé af öfund, af því þeir hafi ekki verið beðnir um að vera meðflm.

Guðni Ágústsson:

Herra forseti. Ég hefði nú getað sparað mér þessi spor því hv. þm. Albert Guðmundsson sagði kannski það í sínu máli hér áðan sem segja þarf.

Mér finnst að þm. hrökkvi hér við og vilji leggjast gegn þessu máli. Ég tek undir það að hér er ekki verið að ákveða neitt. Það er nú svo að í hverju máli erum við alltaf að stíga ný og ný skref til framtíðarinnar. Þetta er eitt skref. Mér dettur ekki í hug að

heiðar Íslands verði í stórum stíl lýstar upp. En ein er sú heiði sem er fjölfarnari en aðrar, 2800 bílar að meðaltali dag hvern fara yfir Hellisheiði, háan fjallveg með sérstöku veðurfari, slysaleið. Ég hygg að flestir sem hér eru hafi farið um þennan veg. Hann er fjölfarinn af stærstum hluta þjóðarinnar. Það er ekki bara vegna þess að Sunnlendingar fari um veginn heldur sækja þéttbýlisbúar héðan austur í sumarlandið og dvelja þar einnig yfir veturinn í vaxandi mæli í fríum og þess vegna er þessi vegur svo fjölfarinn sem raun ber vitni. 2800 bílar að meðaltali, dimm þoka og veðrabrigði á þessari leið. Rafmagnið er nú framleitt einu sinni hjá okkur þarna fyrir austan.

Það kann að vera að þessi till. sem hér er sett á blað og byrjað að hugsa um, eitt nýtt skref til framtíðarinnar, verði ekki að veruleika fyrr en ég og hv. 1. flm. höfum gránað enn meira um kollinn. En þó hygg ég að hún muni nú einhvern tímann líta dagsins ljós. Ég tek undir það að ég bið menn að skoða þessa till. með velvilja í ljósi þeirrar umferðar sem um heiðina er af svo stórum hluta þjóðarinnar, af svo stórum hluta allra þeirra ferðamanna sem til þessa lands koma, í ljósi þess hversu þessi heiði er stutt en há og hættuleg.

Þess vegna bið ég menn um það að þó Vegagerðin hafi gert þarna lauslega kostnaðaráætlun þá þarf að taka þetta verk út, móta það til framtíðarinnar, því auðvitað er það svo að þegar þetta skref verður stigið, farið að lýsa fyrir utan þéttbýlið, þá verður Hellisheiði þar fyrst á dagskrá, það er enginn vafi í mínum huga. Þess vegna mæli ég með því að ríkisstjórnin láti „plana" það verk sem hér er hugsað og sett í tillöguform.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 630).

Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 264. mál. — Þskj. 563.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. 264. mál á þskj. 563 er till. til þál. um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum."

Flytjendur auk mín eru hv. þingkonur Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Nýlega mælti ég fyrir frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem er nátengt þessu máli sem hér er nú á dagskrá þar eð bæði taka þau til aðstæðna vegna veikinda þar sem læknismeðferð hefur í för með sér mikla röskun á högum sjúklings og aðstandenda. Ég hreyfði þessu máli á sl. þingi með fsp. til hæstv. þáv. heilbrrh. um það hvernig háttað væri aðstoð við foreldra sjúkra barna um greiðslu fargjalda og fyrirgreiðslu varðandi húsnæði. Fsp. var svarað í Sþ. 27. jan. 1987 og svörin leiddu í ljós það sem ég raunar vissi að slík aðstoð er af afar skornum skammti og lítilla úrbóta von. Í framhaldi af því lögðum við kvennalistakonur fram till. til þál. samhljóða þeirri sem hér er nú til umræðu og höfum þá um leið vinnu við gerð þess frv. sem ég gat um áðan og felur í sér aukinn rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til þátttöku almannatrygginga í fargjaldi og dvalarkostnaði þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Auk þess er þar kveðið á um rétt til dagpeninga þegar veikindi náinna ættingja valda vinnu- og launatapi.

Nú er það svo því miður að ákaflega margir og sjálfsagt flestir verða einhvern tímann á ævinni fyrir því að veikjast alvarlega eða að einhver þeim nákominn þurfi á læknismeðferð og sjúkrahúsvist að halda. Slíkt er alltaf nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, aðskilnaður fjölskyldu, vinnutap, launamissir og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds og auka barnagæslu, ferðalaga jafnvel oft á ári o.s.frv. Þetta er því miður reynsla margra, sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar, sem þurfa að sækja sérhæfða læknisþjónustu til Reykjavíkur. Slík reynsla er ævinlega þungbær og oft afar dýr þar sem aðstoð af hálfu samfélagsins er af mjög skornum skammti og raunar til mikillar skammar. Um það hljóta menn að sannfærast ef þeir kynna sér þessi mál.

Sumpart má leysa vanda þessa fólks gegnum tryggingalöggjöfina, eins og við gerum till. um í frv. okkar á þskj. 562, *hins vegar þarf engin lög til* að leysa húsnæðisvanda þeirra sem hér um ræðir, til þess þarf aðeins vilja, samvinnu og framkvæmdir.

Hæstv. heilbrrh. tók þátt í umræðum um frv. okkar kvennalistakvenna á miðvikudaginn var og vék í leiðinni að þeirri till. sem hér er á dagskrá. Mér virtist hann hafa fullan vilja til að vinna að úrbótum á þessu sviði og raunar þegar byrjaður á því. En þegar við könnuðum þetta mál nú ekki alls fyrir löngu til þess að meta hvort við ættum að leggja þessa till. fram aftur eða ekki, þá hafði nákvæmlega ekkert gerst og þörfin síst minni en áður.

Við ræddum t.d. við forstöðumann Lindar, sem er sjúkrahótel Rauða krossins. Hann sagði okkur að þar væru rúm fyrir 28 sjúklinga, þ.e. í flestum tilfellum fólk sem getur ekki farið beint heim af sjúkrahúsi, en er ekki svo veikt að það þurfi að taka

upp rándýr sjúkrarúm. Gestir Lindar eru ekki síður fólk úr Reykjavík sem býr eitt eða við erfiðar aðstæður og getur alls ekki eða illa séð um sig sjálft meðan það er að jafna sig eftir erfiðar aðgerðir eða meðferð á sjúkrahúsi. Það er full ástæða til þess að vekja athygli á þessari starfsemi sem er mjög hagkvæm og þörf og bráðnauðsynlegt að efla hana og auka því að það er ekki einasta að þarna sé komið til móts við sjúklingana og þeirra vandi leystur, heldur er þetta einnig miklu hagkvæmara og ódýrara en að veita slíka þjónustu á sjúkrahúsi eins og liggur í augum uppi.

Sjúkrahótelið annar ekki beiðnum frá sjúkrahúsunum og getur ekki leyst vanda aðstandenda sjúklinga utan af landi þótt vilji sé fyrir hendi.

Aðstandendur sjúklinga hafa hins vegar í afskaplega fá hús að venda að því er félagsráðgjafar á Landspítalanum tjáðu okkur og er raunar fljótlegt að telja upp þá kosti sem í boði eru: Það er lítil tveggja herbergja íbúð við Leifsgötu sem er til reiðu fyrir foreldra krabbameinssjúkra barna, en þessa íbúð gáfu Krabbameinsfélag Íslands, Kvenfélagið Hringurinn og Rauði krossinn í þessu skyni. Þar geta dvalist tvær manneskjur og yfirleitt í fremur skamman tíma að því er okkur var sagt. Það breytir því hins vegar ekki að þarna er um afskaplega lofsvert framtak að ræða. Þá er Þroskahjálp með húsnæði í Kópavogi þar sem foreldrar þroskaheftra barna geta dvalist með börnum sínum sem þurfa á meðferð að halda. En hér munu þá upptaldir þeir kostir sem fyrir hendi eru og má ljóst vera hversu fjarri lagi er að þeir svari þörfinni.

Herra forseti. Það er mikið talað um byggðamál — eða var það a.m.k. fyrir síðustu kosningar þótt slík umræða hafi nú heldur hljóðnað síðan. Þetta mál sem hér er til umræðu er ekki aðeins mannréttindamál, það er líka byggðamál. Á höfuðborgarsvæðinu er margvísleg þjónusta sem ekki er unnt að veita annars staðar á landinu, þar með talin sérhæfð læknisþjónusta af ýmsu tagi og reyndar ýmiss konar sérnám en það er nú annar handleggur.

Landsbyggðarfólk á ekki annars úrkosti en að sækja sérhæfða læknisþjónustu til höfuðborgarinnar og það skapar vitanlega umtalsverðan aðstöðumun sem nefna mætti mörg dæmi um. Húsnæðisvandinn er þar stór þáttur og raunar vaxandi vandi sem stafar einfaldlega af því að það er nú liðin tíð að landsbyggðarfólk eigi alltaf vísan samastað hjá ættingjum í höfuðborginni eins og áður var. Kemur þar hvort tveggja til að tengslin eru töluvert að rofna á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins. Því miður. Ættartengslin og fjölskylduböndin eru ekki jafnsterk og áður og svo hitt að heimavinnandi húsmæðrum hefur mjög svo fækkað og heimilin á höfuðborgarsvæðinu því ekki eins vel í stakk búin til að taka á móti gestum og gangandi og veita þeim húsaskjól og styrk sem þurfa að leita eftir þjónustu á þessu svæði. Þennan aðstöðumun er brýnt að leiðrétta og að því stefnir þessi tillaga.

Það þarf að kanna hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda vegna þess að ekki er nauðsynlega læknismeðferð að fá í heimabyggð. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til reiðu húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geta fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika. Með góðum kjörum er vitanlega alls ekki átt við neitt markaðsverð á leiguhúsnæði heldur lægsta hugsanlega verð.

Flm. telja eðlilegt að heilbrmrn. leiti samstarfs við Samband ísl. sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda og æskilegast væri að okkar dómi að koma upp húsnæði sem næst Landspítalanum sem aðstandendur sjúklinga utan að landi geti gengið að sem vísu.

Ég vona að hv. þm. gefi sér tíma og ráðrúm til að kynna sér þetta mál, svo og frv. okkar á þskj. 562. Fengjust þessi mál afgreidd og samþykkt næðist með því mikilvæg leiðrétting á aðstöðumun landsmanna eftir búsetu.

Að lokinni umræðu um þetta mál, herra forseti, legg ég til að því verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki vegna þess að ég hafi mikið við þáltill. á þskj. 563 að bæta, en þar er gert ráð fyrir að kannað verði og heilbrmrh. falið að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum. Ég reikna þá með að hér sé ekki átt við langdvölum í Reykjavík eingöngu. Það eru sjúkrahús víðar á landinu, fjórðungssjúkrahús og hvað annað.

Ég vil ekki að þessi till. fari í afgreiðslu til nefndar án þess að taka undir hana. Ég held að hún sé góð. Við vitum að vandi sá sem hv. frummælandi taldi upp er til staðar, er mikill og það er kostnaðarsamt fyrir aðstandendur að fylgja sjúklingi, hvort sem það er barn eða fullorðið, til sjúkrahúsdvalar tímabundið eða til langs tíma. Því held ég að við getum reiknað með að hjartalag þm. almennt sé þannig að þessi tillaga verði tvímælalaust samþykkt. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur þm. sé hér, eða ég treysti mér ekki til að benda á neinn þm., sem ekki mundi leggja þessari þáltill. Kvennalistans lið. Alla vega vil ég lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því að Borgarafl. styðji þessa till.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með síðasta hv. ræðumanni. Ég vil ekki að þetta mál fari til nefndar án þess að ég lýsi stuðningi við það. Það er alveg ljóst að fólki er mikill vandi á höndum sem þarf stundum langtímum saman að fara frá heimilum sínum og dveljast með sjúkum börnum og oft helsjúkum þar til yfir lýkur hér á Reykjavíkursvæðinu og auðvitað ósæmandi að til viðbótar því, svo og vinnutapi og kostnaði þurfi fólk að vera í húsnæðis-

vandræðum.

Ég harma það satt að segja mjög, virðulegur forseti, að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðu sem þessa. Þó nokkrar umræður hafa farið fram um þetta mál á undanförnum árum og foreldrar reynt að vekja athygli á þessum vanda. Við verðum einfaldlega að gera ráð fyrir, með það í huga að við búum í landi sem er eins í laginu og okkar, að það er mikill aðstöðumunur fólks eftir því hvar það býr á landinu. Við verðum einfaldlega að bera af því kostnað að hér eru stóru sjúkrahúsin, sem fást við erfiðustu sjúkdómstilvikin, og annað eins er látið af fé í aðrar framkvæmdir svo að ég held að þetta vandamál ætti að vera hægt að leysa. Vitaskuld má hugsa sér ýmsa samninga við t.d. minni hótelin eða hvernig sem menn vildu leysa það. Ég fylgist nú sjálf með hv. félmn.og mun þar af leiðandi fá málið þangað og vil lýsa því yfir hér að ég mun berjast fyrir því að það verði samþykkt. En vitaskuld hefði verið nauðsynlegt að eiga nokkurn orðastað við hæstv. ráðherra um þetta mál. Þar sem það getur ekki orðið vænti ég þess og mun reyna að beita mér fyrir því að hv. félmn. taki þetta mál til gaumgæfilegrar meðferðar og treysti því að það geti orðið samþykkt á þessu þingi.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og tekið svo myndarlega undir efni þessarar tillögu. Fyrir það er ég þakklát þó að ég hefði gjarnan kosið að heyra í fleirum.

Ég vil af tilefni orða hv. síðasta ræðumanns upplýsa að hæstv. heilbr.- og trmrh. var viðstaddur umræðu um frv. okkar sem ég minntist á í máli mínu áðan og sýndi að mér fannst í ræðu sinni mikinn skilning á þeim vanda sem þarna er við að etja. Hann vísaði raunar þar til endurskoðunar tryggingalaganna og áttum við ofurlítil orðaskipti um það mál þar sem við flytjendur þess frv. erum ekki alveg sammála um að það sé hægt málsins vegna að bíða eftir þeirri heildarendurskoðun. Ég vona sannarlega að Alþingi beri gæfu til að taka afstöðu til þess máls án þess að bíða eftir heildarendurskoðun.

Hann tjáði sig einnig um efni tillögunnar sem hér er á dagskrá og eins og kom fram í máli mínu áðan lýsti hann sig mjög fylgjandi því og lýsti því yfir að hann hefði fullan skilning á þeim vanda sem þar er við að fást. Mér heyrðist hann hafa fullan hug á að taka þátt í lausn þess vanda. Ég vildi aðeins að það kæmi fram vegna þess að hann sagði einmitt um leið að hann yrði sennilega ekki viðstaddur þessa umræðu og vildi þess vegna láta það koma fram þá.

En ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem hér hafa talað. Það vekur vissulega vonir um að þessi tillaga fái góða umfjöllun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Launabætur, fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 265. mál. — Þskj. 564.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem ég flyt ásamt öðrum hv. þm. Borgarafl., þeim Guðmundi Ágústssyni, Albert Guðmundssyni, Júlíusi Sólnes og Óla Þ. Guðbjartssyni. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar frv. um hækkun persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts í 19 360 kr. á mánuði. Jafnframt verði teknar upp launabætur þannig að ónýttur persónuafsláttur verði greiddur úr ríkissjóði til launþega.“

Frekar segir í greinargerð:

„Þessi þáltill. felur í sér að skattleysismörk fyrir einstaklinga verði hækkuð upp í 55 000 kr. á mánuði miðað við 1. jan. 1988 og þeir sem tekjur hafa undir þeim mörkum og sitja eftir með ónýttan persónuafslátt fái hann greiddan sem bætur úr ríkissjóði, þeim mun hærri upphæð sem launin eru lægri.“

Eins og margoft hefur komið fram tala allir sem um launamál fjalla á þá leið að það þurfi að leiðrétta kjör þeirra sem verst eru settir hvað sem öðru líður. Þær auknu þjóðartekjur vegna góðæris til lands og sjávar undanfarin 2–3 ár hafa engan veginn skilað sér til hins almenna launamanns yfirleitt og koma harðast niður á þeim sem lægstu launin hafa.

Almenna verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur nú starfað í 70 ár. Baráttan fyrir betri lífskjörum var löngum hörð. Þrátt fyrir marga áfangasigra hefur í raun og veru aldrei náðst sá árangur að hægt sé að lifa á átta stunda vinnudegi. Nú á síðari árum velferðar og ríkidæmis hefur ástandið í launamálum á margan hátt versnað. Launamisréttið hefur stóraukist. Satt að segja finnst mér launamisréttið í landinu orðið svo mikið að það sé hættulegt þjóðinni. Við lifum í fámennu þjóðfélagi, þjóðfélagi þar sem í rauninni allir nærri því þekkja alla og mismunurinn verður kannski enn þá áþreifanlegri og sjáanlegri. Ég hygg að það ástand sem við búum við og fer síversnandi sé jafnvel að verða stórhættulegt þjóðarsálinni sjálfri.

Fólk tekur ekki laun eftir umsömdum launatöxtum. Víða er unnið eftir kaupaukakerfi og yfirborganir eru geðþóttaákvörðun atvinnurekenda. Það er vitað mál og það vita það allir, sem hafa verið á almennum vinnumarkaði t.d., að á sumum vinnustöðum þorir enginn að gefa öðrum upp hvað hann fær greitt í laun. Atvinnurekandinn greiðir fólki eftir því sem honum sjálfum sýnist, en hundsar kauptaxtana nema við þá sem geta neytt réttar síns. Vitanlega skapar þetta afar erfitt andrúmsloft á vinnustöðum. Það getur hver sagt sér sjálfur þó hann hafi ekki við það búið, auk þess sem þetta slævir félagsþroska manna og stéttarvitund og gerir fólk almennt óánægt með það sem það býr við. Verkalýðshreyf-

ingunni hefur þrátt fyrir vel skipulögð samtök ekki tekist að hamla gegn þessu og aldrei verr en á síðustu árum.

Á síðasta ári, góðærisárinu mikla, má segja að launamálin hafi algerlega farið úr böndunum. Kauptaxtarnir voru aldrei haldnir. Það hafa aldrei verið eins mikil brögð að því og árið 1987 hvað þeir voru sniðgengnir og hvað menn buðu í þá sem þeir vildu hafa og þurftu að hafa en á kostnað þeirra sem minnst hafa.

Það eru notuð fín orð um þetta misrétti, svo sem eins og launaskrið og þensla og þess háttar, enda náttúrlega reynt í þessu sem öðru að fara fram hjá því að nefna það sem raunverulega er. En þegar svona er unnið er ósköp einfaldlega verið að svíkja samninga. Þegar menn standa ekkert við það sem þeir skrifa undir heldur fara eftir sínum eigin geðþótta eru þeir að svíkja samninga.

Ég veit með vissu að þeir sem eru fjölmennastir í launalægsta hópnum eru konur. Það vita allir að á suðvesturhorninu hefur verið mikil vinna sl. ár. Fólk hefur unnið meira en nokkru sinni fyrr og þar af leiðandi kannski haft úr meiri peningum að spila en það á almennt að venjast. Þó eru hreinlega ekki allir sem hafa getað notað sér þetta góðæri og þessa miklu vinnu vegna þess að vinnustaðir eru svo illa mannaðir og álagið er svo gífurlega mikið á fólkinu sem þar vinnur að það hefur ekki orku til að bæta við sig fram yfir ákveðinn vinnudag.

Enn sem fyrr verða konur þarna langverst úti. Þau erfiðu kjör sem hér eru í boði eiga mestan þátt í því hve erfiðlega gengur að manna barnaheimili og sjúkrahús. Það er nöturlegt til þess að vita að eins og ástandið er í málefnum aldraðra, ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu, skuli ekki vera hægt að opna deildir á sjúkrahúsum, langlegudeildir fyrir aldraða, vegna þess að það fæst ekkert fólk til að vinna þar.

Fiskvinnslufólk hefur mjög látið í sér heyra sl. ár, enda taldi það sig verða illa úti í samningunum 1986 þegar niður féllu aldurshækkanir. Ég hef alltaf litið á það sem einstakt slys og mér liggur við að segja fáfræði að fella niður starfsaldurshækkanirnar. Það er ekki hægt að óvirða fólk þannig að það sé ekkert tillit tekið til þess hvað það hefur lagt af mörkum til vinnunnar.

Við þessar aðstæður settist fólk nú til kjarasamninga og satt að segja hafa þær kröfur sem heyrst hafa lítillar samúðar notið, bæði hjá atvinnurekendum og ríkisvaldi. Okkur finnst því meira en mál til þess komið að löggjafinn grípi inn í og geri ráðstafanir til að bæta hag þess fólks sem verst er sett án þess að hægt sé að bendla þær aðgerðir við aukna dýrtíð eða verðbólgu. Við bentum á í grg. hvar hægt er að taka fjármagn til að bæta það sem ríkissjóður leggur fram, þ.e. frá þeim sem hafa fengið óeðlilega mikið í sinn hluta eða eins og það er sagt: „Til að fjármagna það sem á kynni að vanta til að bæta upp tekjumissi vegna hærri skattleysismarka og kostnað við greiðslu launabóta er bent á sérstakan hátekjuskatt eða hærra tekjuskattsstig á tekjur yfir 2 millj. kr. á ári og veltuskatt á fjárfestingarfélög, fjármagnsleigur og verðbréfamarkaði, auk banka og tryggingafélaga. Það á auðvitað að leita fjár í auðugs garði og sækja skattpeninga þaðan sem þeir velta í stríðum straumum og safnast upp fyrir augum allra, m.a. stjórnvalda, en ekki mergsjúga lífæðar þjóðfélagsins, heilbrigða athafnasemi og stritandi fólk."

Nú hafa stærstu erfiðismannasamtök landsins, félagar í Verkamannasambandi Íslands, nýlokið kjarasamningum. Ég ætla ekki að gera þá kjarasamninga að umtalsefni undir þessum lið. Það gefst vonnandi tækifæri til þess síðar. En mér finnst þeir kjarasamningar, sem við höfum nú öll heyrt og öll lesið um, gefa miklu frekar tilefni til þess að þessi tillaga sé samþykkt en ekki.

Að mínu viti hafa svokallaðir aðilar vinnumarkaðarins fyrir löngu misst áttir í launamálum. Mér er ekkert ljúft að segja þetta. Verkalýðshreyfingin er stór þáttur í lífi mínu, en öllu má nú ofbjóða.

En hvers vegna að fara með þessi mál fyrir löggjafann? Kemur Alþingi það við þó fólk sem vinnur samviskusamlega í átta stundir á dag beri ekki nóg úr býtum fyrir brýnustu lífsnauðsynjum? Kemur Alþingi við sú upplausn heimilanna sem óhóflegur vinnudagur foreldra leiðir oft af sér? Kemur Alþingi við að sá hópur erfiðisfólks fer stækkandi sem gefst upp áður en það kemst á ellilaunaaldur? Kemur Alþingi það við að æ stærri hópur ungs fólks neyðist til að hverfa frá námi eða hefur aldrei framhaldsnám vegna þess að aðstæður eru þannig á heimilunum að það er ekki hægt að styrkja það í námi? Ég segi hiklaust já. Það fólk sem ég er að fjalla um á sama þegnrétt í þjóðfélaginu og við hv. alþm. Þó óhóflega langur vinnudagur ræni það möguleikum á að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni á það kosningarrétt og kjörgengi og óspart er talað til þess á vinnustaðafundum fyrir kosningar. Við þm. Borgarafl., sem þessa tillögu flytjum, viljum leggja því fólki lið sem svo illa er leikið. Okkar tillaga er um að ríkisvaldið skili til launamanna hluta af því sem af þeim hefur verið tekið. Við erum svo sannarlega ekki andvíg frjálsum kjarasamningum, en við viljum ekki una því launamisrétti sem sífellt fer vaxandi. Aðilar vinnumarkaðarins ráða ekki við málin og hafa reyndar margir úr þeirra röðum viðurkennt það. Menn greinir enn á um hvaða leið á að fara svo verulegur bati náist. Við teljum, þm. Borgarafl., þá leið vænlegasta til árangurs sem hér er bent á.

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 16. þm. Reykv. hefur áratuga reynslu af verkalýðs- og samningamálum. Hún hefur áunnið sér þann sess og þá *tiltrú* og virðingu með störfum sínum og framkomu að þar fari manneskja sem meini það sem hún segi og vilji raunverulega bæta hag þeirra sem ævinlega hafa

fengið minnstu bitana af nægtaborði þjóðfélagsins. Það hljóta því margir að kynna sér þessa tillögu, sem hún er 1. flm. að, og meðfylgjandi grg. með það í huga að þarna sé raunverulegur kostur og rétta leiðin til að bæta hag hinna tekjulægstu. Raunar er þessi hugmynd ekki ný af nálinni. Ég minnist þess t.d. að hafa heyrt hv. 10. þm. Reykv. lýsa því yfir fyrir rúmum fjórum árum, þegar verulega var hart í ári hjá þeim lægst launuðu, að hún væri búin að gefa upp á bátinn að atvinnurekendur fengjust nokkurn tíma til að bæta lægstu launin svo að dygði og því yrði ríkið að koma til og greiða launabætur sem hún kallaði þá, ef ég man rétt, tekjutryggingu eða afkomutryggingu. Þeirri leið hefur Kvennalistinn hafnað alveg frá upphafi. Slík leið er að okkar mati ófær nema maður fallist á að það verði aldrei unnt, aldrei nokkurn tíma, ekki einu sinni í fjarlægri framtíð mögulegt, að tryggja fólki laun fyrir unna vinnu sem dugar til framfærslu. Slík afstaða er að okkar mati uppgjöf, sorgleg uppgjöf.

Ef farið er út í að ríkið greiði uppbætur á laun að ákveðnu marki er verið að greiða niður laun fyrir atvinnurekendur, þá er verið að fallast á að þeir séu með vonlausan atvinnurekstur sem geti aldrei greitt mannsæmandi laun, en þó atvinnurekstur sem ríkinu beri að halda uppi. Við mundum festast í slíku styrkjakerfi og það er ekki nokkur einasti vafi á því að slíkt kerfi mundi útiloka allar leiðréttingar af hálfu vinnukaupenda í framtíðinni. Þeir mundu að sjálfsögðu velta ábyrgðinni og byrðunum yfir á ríkið. Það er líka augljóst að launabætur frá ríkinu eru engin trygging fyrir lágtekjufólk. Að því kæmi fyrr en síðar að ríkið vildi lækka þessar bætur eða fella niður því hér er vissulega um talsvert fé að ræða og það er óvíst og raunar ótrúlegt að saman fari þörf ríkisins til þess að losna við þessar greiðslur og hæfni atvinnuveganna til að taka við þeim. Það má því ekki gera fólki þann grikk að koma á niðurgreiðslum á laun.

Það er sígild lágmarkskrafa að laun fyrir dagvinnu eigi a.m.k. að duga fyrir brýnustu nauðsynjum. Það er ekki hægt að segja annað en að það sé hógvær krafa og fullkomlega eðlileg krafa að fólk geti séð fyrir sér og helst sínum líka með fullri vinnu. Að mati okkar kvennalistakvenna er þetta beinlínis spurning um siðferði. Það er siðferðislega rangt að kaupa fulla vinnu fólks slíku lágmarksverði að það dugi því ekki einu sinni til framfærslu einstaklings. Þetta er því miður ömurleg, bláköld staðreynd í allt of mörgum fyrirtækjum og margir bregðast við á þann hátt að bæta við sig vinnu til að auka tekjurnar en margir geta ekki einu sinni farið þá leið eða eigum við að segja margar því að í þeim hópi eru konur í yfirgnæfandi meiri hluta af ýmsum ástæðum sem óþarft ætti að vera að rekja. Þetta ástand er óþolandi. Um það er ég hjartanlega sammála hv. flm.

Hv. þm. þekkja vafalaust hvernig Kvennalistinn hefur viljað taka á þessum vanda. Við erum sama sinnis og flestir aðrir að samningar um kaup og kjör eigi að vera frjálsir og á ábyrgð þeirra sem semja. Hins vegar hlýtur löggjafinn að setja ákveðnar reglur eins og gert er um svo margt í þessu þjóðfélagi sem varðar daglegt líf okkar og afkomu. Og séu aðilar vinnumarkaðarins ófærir um að tryggja fólki sómasamlegar tekjur fyrir fulla vinnu með samningum er það skoðun okkar að við eigum að setja lög sem hreinlega kveði á um að óheimilt sé að greiða lægri laun fyrir fulla dagvinnu en sem dugi til framfærslu. Þetta þekkja hv. þm. Kvennalistinn hefur tvívegis flutt frv. um þetta og við settum þessa kröfu fram í viðræðum um myndun ríkisstjórnar eftir síðustu kosningar.

Auðvitað er hugsanlegt að fara aðra leið, aðeins mýkri en vafalaust miklu seinvirkari, og það getur t.d. ríkisvaldið gert án þess að setja lög. Það má einfaldlega gera í samningum við ríkisstarfsmenn. Ríkið gæti sett sér viðmiðun um lágmarkstekjur og einfaldlega ákveðið að greiða sínu fólki ekki lægri laun fyrir fulla dagvinnu en þessi viðmiðun kveður á um. Þar með setti það aðilum vinnumarkaðarins fordæmi og viðmiðun sem erfitt væri að ganga fram hjá. Slíka viðmiðun þarf auðvitað að finna og segja má að ríkisvaldð hafi gefið tóninn og viðurkennt lágmarkstekjur í lögum um tekju- og eignarskatt. Það viðurkennir að skattfrjálsar tekjur skuli vera nokkuð yfir 40 þús. kr. — nú man ég ekki töluna hárnákvæmt, en það er nú einmitt nálægt því sem margir telja algert lágmark. Það er óréttlátt og rangt að greiða nokkrum laun undir þessu marki. Um það erum við sammála flm.

Það væri líka hægt að skilgreina þetta lágmark og mæla það samkvæmt því. Annað eins er nú unnið í öllum þessum hagfræðistofnunum okkar. Það hefur hins vegar reynst þrautin þyngri að fá slíkt gert. Við kvennalistakonur höfum lengi reynt að fá slíka útreikninga frá Hagstofunni en ekki fengið og raunar er furðulegt hvernig menn bregðast við í umræðum um þessi atriði og þá er ég ekki endilega að tala um Hagstofuna heldur svo marga aðila sem við höfum rætt við. Það er t.d. útbreitt viðhorf að það sé algerlega óraunhæft að setja nokkra viðmiðun um það hvað þurfi til lágmarksframfærslu. Menn segja bara blákalt með tölustafi í augunum að framfærslan ráðist af tekjunum. Þá er nú stutt í dæmisöguna um hestinn sem hv. 18. þm. Reykv. sagði í jómfrúrræðu sinni um daginn. Ef einhverjir þm. skyldu hafa misst af því, þá var hún um bónda sem gerði tilraun með hvað hesturinn hans kæmist af með lítið fóður. Tilraunin heppnaðist vel þangað til hesturinn dó daginn áður en matarskammturinn fór niður í ekki neitt.

Við kvennalistakonur vorum satt að segja orðnar þreyttar á því að fá þessa viðmiðun út úr kerfinu, þ.e. hver væri eða ætti að vera framfærslukostnaður einstaklings. Við bjuggum þá til okkar eigin lista yfir það sem við teljum að hver einstaklingur eigi kröfu til þess að geta veitt sér án alls óhófs og báðum um nákvæma útreikninga á því hvað það þýddi háa fjárhæð á mánuði. Enn er reyndar kerfið stirt og ekki höfum við fengið þessa útreikninga enn og má vera

að við verðum að sætta okkur við það að opinbera stimpilinn vanti og gera þetta sjálfar.

Ég vil aðeins ítreka og leggja áherslu á að við erum hjartanlega sammála hv. flm. þeirrar tillögu sem hér er á dagskrá um að þetta ástand er óviðunandi og það verður að fást leiðrétting. Lágtekjufólk verður að fá leiðréttingu sinna mála og sú viðmiðun sem sett er upp hér á töflu í grg. er síst of há. Markmiðið með þessari tillögu er gott. Þetta fólk þarf launabætur, en þær launabætur eiga þeir að greiða sem kaupa vinnu þessa fólks. Ég reikna með að Kvennalistinn leggi innan tíðar fram frv. um *lágmarkslaun*.

Umræðu frestað.

Tilkynning frá ríkisstjórninni, ein umr.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur undanfarnar vikur haft í undirbúningi ráðstafanir til þess að treysta stöðu útflutningsatvinnugreina og samkeppnisiðnaðar og jafnframt í þeim tilgangi að draga úr þenslu til þess að freista þess að lækka viðskiptahalla og draga úr erlendri skuldasöfnun. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var tekin ákvörðun um að þessar efnahagsráðstafanir, sem þannig eru gerðar til þess að styrkja stöðu útflutningsframleiðslunnar og draga úr þenslu, tengdust niðurstöðu kjarasamninga þannig að heildarákvarðanir í þessum efnum gætu legið fyrir á einum og sama tíma. Ríkisstjórnin hefur á fundi sínum í dag tekið ákvarðanir í þessum efnum og gefið út svohljóðandi yfirlýsingu:

Ríkisstjórnin hefur ákveðið samstilltar aðgerðir á sviði gjaldeyrismála, ríkisfjármála og lána- og peningamála. Tilgangur aðgerðanna er að bæta starfsskilyrði útflutningsatvinnuveganna og hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Einn þáttur þessara aðgerða er lækkun á gengi krónunnar um 6% sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Stefnan í gengismálum verður framvegis við það miðuð að gengi krónunnar verði haldið stöðugu. Á grundvelli stefnunnar í gengismálum og með þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir mun draga úr verðbólgu á síðari hluta ársins. Forsenda þess er að þeirri almennu stefnu, sem mörkuð hefur verið í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir, verði fylgt í öðrum samningum.

Aðgerðir til að bæta stöðu útflutningsgreina:

1. Uppsafnaður söluskattur verður að fullu endurgreiddur fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerðum skipa sem greiðsluskyld eru til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þó ekki vegna sjófrystingar og útflutnings á óunnum fiski. Endurgreiðsla þessi nemur 587 millj. kr. umfram það sem fjárlög ársins 1988 gera ráð fyrir.

2. Launaskattur í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar fellur niður frá 1. júlí 1988. Þessi aðgerð svarar til 200 millj. kr.

3. Skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og greiðslum vegna lána ríkissjóðs sem afgreidd voru frá Fiskveiðasjóði 1984 verður breytt í lán til lengri tíma. Áætlað er að skuldbreytingar þær sem hér um ræðir létti greiðslustöðu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga um 370 millj. kr. á árinu 1988.

4. Áfram verður unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi við viðskiptabanka, Byggðastofnun og aðrar lánastofnanir.

5. Seðlabankinn beitir sér fyrir því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að vaxtamunur, sem bankarnir taka vegna gengisbundinna afurðalána, lækki um a.m.k. 0,25%. Seðlabankinn beitir sér einnig fyrir því að umsjónar- og eftirlitsgjald vegna afurðalána verði lækkað í fyrra horf hjá þeim bönkum sem hækkuðu gjaldið árið 1987.

6. Seðlabankinn mun beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda.

7. Tilhögun á greiðslu vaxta- og geymslugjalds sauðfjárafurða verður endurskoðuð.

8. Olíuverð lækkar 1. mars með hliðsjón af stöðu innkaupajöfnunarreiknings, verði birgða og horfum um þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði.

Bætt starfsskilyrði launafólks:

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og mun ríkissjóður leggja fram fé á árinu 1988 í þessu skyni. Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verða endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök.

Aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun:

Ríkisútgjöld verða lækkuð um 300 millj. kr. á þessu ári. Útgjöld til vegamála lækka um 125 millj. kr. Framlög í byggingarsjóði ríkisins lækka um 100 millj. kr. Önnur útgjöld lækka um 75 millj. kr. Áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verður frestað um ár. Við það styrkist fjárhagur ríkissjóðs um 267 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1988. Gjald á erlendar lántökur verður tvöfaldað. Tekjuskattur félaga verður hækkaður. Samanlagt skila þessar ákvarðanir ríkissjóði 290 millj. kr. á árinu. Gjald á erlendar lántökur fellur niður frá og með næstu áramótum. Erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða og ýmissa annarra aðila verða lækkaðar um 300 millj. kr. Lántökur opinberra aðila eru lækkaðar um 100 millj. kr., þar af hjá Landsvirkjun um 75 millj. kr. og Þróunarfélagi Íslands um 25 millj. kr. Þá er lántökuheimild til smíði Herjólfs lækkuð um 25 millj. kr. Erlendar lántökur atvinnuvegasjóða eru lækkaðar um 175 millj. kr., þar af hjá Fiskveiðasjóði vegna útlána 75 millj., hjá Iðnlánasjóði 75 millj. kr. og hjá

Iðnþróunarsjóði um 25 millj. kr.

Fylgt verður fast eftir framkvæmd gildandi reglna um erlendar lántökur. Hvað varðar lán sem háð eru sérstökum leyfum verður við það miðað að heildarfjárhæð slíkra lánsheimilda verði haldið innan tiltekinna marka á hverjum ársfjórðungi.

Fiskveiðasjóði verður falið að fresta svo sem framast er unnt lánveitingum til nýsmíði og kaupa á fiskiskipum. Ríkisstjórnin mun beina því til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að dregið verði úr framkvæmdum eftir því sem föng eru á. Mun ríkisstjórnin óska eftir viðræðum um þetta við Samband ísl. sveitarfélaga og aðra viðkomandi aðila.

Vextir og fjármagnsmarkaður:

Nafnvextir innlánsstofnana lækka almennt 1. mars um 1–4% eða um 2% að meðaltali. Seðlabankinn hefur ákveðið að lækka eigin vexti í viðskiptum við innlánsstofnanir um 2%. Fjmrn. hefur ákveðið frekari lækkun forvaxta ríkisvíxla um 1%. Í kjölfar efnahagsaðgerðanna verða raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir. Seðlabankinn mun beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Ákvæði laga um dráttarvexti verða síðan endurskoðuð. Lagt verður fram frv. um starfsemi fjármálastofnana annarra en innlánsstofnana sem m.a. tryggi hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Jafnframt verður lagt fram frv. um skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka. Með þessum aðgerðum eru sköpuð bætt skilyrði fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum sem er undirstaða framfara og batnandi lífskjara.

Þetta er sú yfirlýsing sem ríkisstjórnin hefur gefið út í dag og í henni felast þær ákvarðanir sem nú hafa verið teknar. Þær fela í sér breytingar á fjárlögum og lánsfjárlögum. Hæstv. fjmrh. mun í framhaldi af þessum ákvörðunum flytja frv. hér á hinu háa Alþingi, sem lagt verður fram á morgun, sem felur í sér breytingar á fjárlögum og lánsfjárlögum í samræmi við þær ákvarðanir sem hér hafa verið teknar.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa að undanförnu setið við samningaborð og lokið samningsgerð. Samningar eru nú til meðferðar hjá verkalýðsfélögum og eru bornir undir fundi verkalýðsfélaganna. Í þessum samningum hefur verið leitast við að bæta stöðu þeirra sem eru í lægri hluta launastigans. Jafnframt hefur verið að því stefnt með þessum samningum að þeir gangi ekki gegn því markmiði að verðbólga geti lækkað á árinu og í þriðja lagi að þeir komi ekki í veg fyrir að unnt verði að bæta rekstrarskilyrði útflutningsgreinanna í landinu.

Augljóst er, þegar þjóðartekjur minnka og hallarekstur hefur verið á helstu útflutningsgreinum, að erfitt er um vik að samræma þessi markmið í heild sinni. Ég tel að eftir atvikum hafi tekist vel til með þá kjarasamninga sem fyrir liggja og af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur þess verið freistað að bæta svo sem nokkur kostur er stöðu útflutningsframleiðslunnar. Hér er um að ræða verulega lækkun á sköttum sem leggjast á kostnað útflutningsframleiðslunnar. Samtals lækka þessir skattar um tæpar 800 millj. kr., en á móti koma skattar sem leggjast á tekjur og skattur sem leggst á erlent fjármagn sem tekið er inn í landið, um tæpar 300 millj. kr. Í heild er hérna um að ræða nettóskattalækkun um 500 millj. kr.

Ráð er fyrir því gert að sú gengisbreyting sem hér hefur verið gerð, sú lækkun á sköttum sem gerð hefur verið í þágu útflutningsframleiðslunnar og sú skuldbreyting sem ákveðin er bæti rekstrarstöðu sjávarútvegsins um rúma 3 milljarða kr. á þessu ári.

Ráð er fyrir því gert að verðbólga hækki um rúmlega 15% frá upphafi til loka þessa árs miðað við þær forsendur sem gengið er út frá eftir þessar ráðstafanir og í ljósi þeirra kjarasamninga sem fyrir liggja. Einkaneysluútgjöld í heild munu væntanlega dragast saman og gæti samdrátturinn numið 1,5%.

Ljóst er að einn meginvandinn sem við höfum átt við að etja er vaxandi viðskiptahalli. Við þær aðstæður sem við búum við er um margt erfitt að ráðast til atlögu við þennan vanda, ekki síst vegna þess að óhjákvæmilegt hefur verið að bæta launakjör þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu og reikna má með að launahækkanir fari upp launastigann að verulegu leyti í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í kjarasamningum.

Þjóðhagsstofnun hefur í sínum vinnugögnum reiknað með því að viðskiptahallinn áður en til aðgerða var gripið gæti orðið um 13–14 milljarðar á þessu ári. Með þessum ráðstöfunum er þess vænst að dregið verði úr viðskiptahalla um a.m.k. 3 milljarða kr. þannig að viðskiptahallinn verði rúmir 10 milljarðar eða um 4,5% af landsframleiðslu. Þessi viðskiptahalli er of mikill og ekki viðunandi til frambúðar, en hér hefur verið stigið fyrsta skrefið til að ná þessum halla niður samhliða því að ákvarðanir eru teknar sem miða að lækkun verðbólgu. Þau bættu skilyrði í þjóðarbúskapnum eiga að gefa okkur vonir um að við getum stigið markvisst fleiri skref í þessu efni eftir því sem betra jafnvægi næst á öðrum sviðum í þjóðarbúskapnum og náð fullum jöfnuði áður en of langt um líður.

Að því er varðar áhrif þessara aðgerða á afkomu sjávarútvegsins var reiknað með því að fiskvinnslan að meðaltali væri tekin með 5% tapi í janúar eins og Þjóðhagsstofnun hefur metið rekstrarskilyrði sjávarútvegsins. Með þessum ráðstöfunum er þetta tap að meðaltali komið niður í 1,5%. Það er þess vegna ljóst að fiskvinnslan að meðaltali býr áfram við mjög þröngan kost. Auðvitað er hér um að ræða meðaltalstölur. Ýmis fyrirtæki eru sjálfsagt verr stödd en önnur þá rekin með hagnaði miðað við þessi skilyrði. En hér hefur verið stigið mjög verulegt skref í þá veru að bæta rekstrarskilyrði sjávarútvegsins.

Þess er að vænta að um leið og verðbólga lækkar lagist staða útflutningsframleiðslunnar og hún eigi þá hægara um vik að ná tökum á þeim rekstrarvanda sem hún stríðir við og þjóðarbúið í heild eigi þá hægara um vik að bregðast við þeim vanda. Auðvit-

að er það óþolandi að höfuðatvinnugreinar landsmanna séu reknar með halla til lengri tíma. En við þessar aðstæður skiptir mestu máli að aðgerðir í efnahagsmálum í heild miði að því marki að ná niður verðbólgu. Koma í veg fyrir stöðugar kostnaðarhækkanir innan lands. Höfuðvandi útflutningsframleiðslunnar felst í því að við höfum búið við of mikla verðbólgu. Höfuðkrafa útflutningsframleiðslunnar hlýtur því að vera sú að ná verðbólgunni niður. Með þeim kjarasamningum, með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, í ríkisfjármálum og peningamálum sem gerðar hafa verið á okkur að takast að ná verðbólgu niður á þessu ári frá því sem hún hefur verið að undanförnu.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera í aðalatriðum grein fyrir þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið í dag. Frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum, sem er bein afleiðing af þessum ákvörðunum, verður lagt fram hér á Alþingi á morgun og væntanlega munu efnisumræður um einstök atriði sem þá þætti varða fara fram undir þeim dagskrárlið þegar frv. kemur til meðferðar á hinu háa Alþingi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru ekki nema tveir klukkutímar eða svo síðan við fengum upplýsingar um til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hygðist grípa í tengslum við þá kjarasamninga sem núna hafa nýlega verið undirritaðir. Þess vegna er þess ekki að vænta að við eigum kost á því að meta þessar ráðstafanir í einstökum atriðum, enda munu fara fram umræður um þessi mál í einstökum atriðum næstu daga í tengslum við þingmál sem hæstv. ríkisstjórn mun leggja fyrir á Alþingi. Hins vegar eru nokkur atriði þegar skýr í þessum efnum og nauðsynlegt að mínu mati að ræða þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem hér eru kynntar í tengslum við kjarasamningana sem nýlega hafa verið undirritaðir og eru nú til meðferðar í verkalýðsfélögunum.

Það sem liggur fyrir varðandi kjarasamningana er að mínu mati þrennt: Það er í fyrsta lagi að kaupmáttur lægstu launataxta mun ekki hækka heldur lækka. Kaupmáttur allra lægstu launataxtanna mun lækka frá nóvember 1987 til nóvember 1988 um 8–10%. Í öðru lagi er ljóst á þessum kjarasamningum að verðtryggingin er mjög veik í samningunum. Í þriðja lagi liggur einnig fyrir að í þeim eru margvíslegir þættir sem erfitt er að meta, t.d. aldurshækkanir, breyting á orlofi og yfirvinnu. Allt eru þetta þættir sem skipta verulegu í kjörum fólks en erfitt að meta í einstökum atriðum. Aðalatriðið er þó það: Kaupmáttur lægstu taxtanna lækkar.

Í annan stað hljótum við í þessu sambandi síðan að horfa á ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Þær eru í fyrsta lagi gengislækkun um 6%. Þar með er fastgengisstefnan, sem var kynnt sem hornsteinninn undir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, hrunin. Fastgengisstefnan er úr sögunni, heyrir sögunni til sem áróðursbragð sem var sett upp fyrir kosningarnar 1987, haldið áfram fram eftir árinu 1987 og fram á árið 1988. Sú stefna er hrunin.

Í öðru lagi kynnir hæstv. forsrh. ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það á að endurgreiða söluskatt til sjávarútvegs. Ríkisstjórnin er hætt við að leggja launaskatt á. Það á að fella hann niður á samkeppnisgreinum í sjávarútvegi frá og með 1. júlí nk. Þetta er áfangi, þetta er viðurkenning á því að ríkisstjórnin gerði mistök við skattaákvarðanir sínar á sl. ári. En það er hrapallegt til þess að vita að í raun er það láglaunafólkið sem borgar þessa skattalækkun til sjávarútvegsins. Það er matarskattur sem er tekinn til að greiða niður vanda sjávarútvegsins í landinu.

Í þriðja lagi fylgja þessum ákvörðunum upp á 700–800 millj. kr. útgjöld úr ríkissjóði ákvarðanir um að skera niður vissa þætti í útgjöldum ríkissjóðs. Það er í fyrsta lagi 100 millj. kr. framlag til Byggingarsjóðs ríkisins, í öðru lagi 125 millj. kr. til Vegagerðar ríkisins og í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að leggja skatt á sveitarfélögin. Ríkisstjórnin ákveður að hætta við áform sín um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og í stað þess að skila sveitarfélögunum þessum peningum, eins og hefði átt að gera samkvæmt verkaskiptingunni eins og hún var, hirðir ríkisstjórnin þá alla í ríkissjóð. Þetta eru kaldar kveðjur til sveitarfélaganna sem þessa dagana eru að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum, m.a. að reyna að ná endum saman til að aura einhverju upp í verklegar framkvæmdir eða þjónustuverkefni eins og t.d. dagvistarstofnanir. Í rauninni er þátturinn um sveitarfélögin í þessum yfirlýsingum, sem hér hafa komið fram frá hæstv. forsrh., einn ljótasti kaflinn í þessum ráðstöfunum og í rauninni er meðferðin á félmrn., bæði að því er varðar sveitarfélögin og húsnæðismálin, hrikaleg í þessu dæmi.

Fjórði þátturinn varðandi tekjuöflun ríkisins eru svo lántökugjöld á erlendar lántökur sem eru skynsamleg ráðstöfun og sömuleiðis sú ákvörðun að auka við skatta á þau fyrirtæki sem hafa grætt í góðæri undanfarinna ára. Skattar á félög og lántökugjöld er talið að munu gefa um 290 millj. kr. Það er skynsamlegt út af fyrir sig.

Síðasti þátturinn í þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar er svo aftur það að hún gerir ráð fyrir því að breyta vöxtum með pólitískri ákvörðun sinni. Þar er allt of skammt gengið. Þar munu atvinnuvegir og einstaklingar áfram bera hrikalega þunga vaxtabyrði. Staðreynd er engu að síður hitt, að þetta er í fyrsta sinn sem ákvæði gildandi laga eru notuð til að fyrirskipa vaxtalækkun. Ég tel að það sé mikilvægt atriði, mikilvægur áfangi í sókn gegn frjálshyggjumönnunum sem sögðu í þinginu fyrir nokkrum dögum: Það má undir engum kringumstæðum taka ákvörðun um að lækka vextina.

Niðurstaða mín, herra forseti, eftir að hafa horft á þessi mál núna aðeins skamma stund, er þessi:

1. Kaupmáttur lægstu launa er fyrir neðan allar hellur og fer lækkandi og við þessar aðstæður er bæði rökrétt og eðlilegt að fram komi tillögur og

hugmyndir um að lögbinda hærri lágmarkslaun þar sem ljóst er að verkalýðshreyfingin í landinu virðist ekki hafa afl til þess að verja kjör láglaunafólksins.

2. Annað verður ekki séð en að ríkisstjórnin leysi ekki meginvanda atvinnuveganna á þessu ári og þá á ég sérstaklega við vanda frystingarinnar. Hún hefur orðið að þola vegna frelsisins í vaxtamálum 70% hækkun á sínum vöxtum frá því sem var í lok ársins 1986. Ég tel ekki að vandi frystingarinnar sé í rauninni leystur með þessum ráðstöfunum. Þvert á móti ætla ég að spá því, herra forseti, að vandinn muni enn fara vaxandi þegar líður á árið og ríkisstjórnin muni jafnvel síðar á þessu þingi leggja fram nýjar tillögur um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Þessi yfirlýsing, sem ég setti á blað þegar ég hafði séð textann, staðfestist enn þá betur í ræðu hæstv. forsrh. þar sem hann viðurkennir að þrátt fyrir þessar ráðstafanir verði viðskiptahalli á þessu ári sennilega í kringum 10 milljarðar kr. og út úr tölum hans gat ég ekki lesið annað en það að frystingin yrði þrátt fyrir þessar ráðstafanir rekin með 4–6% halla miðað við stöðuna eins og hún er í dag.

3. Ráðstafanirnar eru fálmkenndar. Þær skortir heildarsvip. Þær eru líka afurð ríkisstjórnar sem er ósamstæðari en flestar aðrar ríkisstjórnir sem setið hafa hér frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Ráðstafanirnar eru langt frá þeim yfirlýsingum sem t.d. ráðherrar Framsfl. hafa gefið á undanförnum árum um óhjákvæmilegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Í fjórða lagi er ljóst að ráðstafanirnar fela í sér hrikalega meðferð á sveitarfélögunum og reyndar á málaflokkum félmrh. sérstaklega, bæði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Byggingarsjóði ríkisins.

Í fimmta lagi er ljóst: Ríkisstjórnin viðurkennir: Fastgengisstefnan er hrunin, grunnur hennar í rauninni löngu hruninn.

Í sjötta lagi er hins vegar rétt að viðurkenna að ríkisstjórnin lýsir að nokkru leyti yfir uppgjöf sinni á ákveðnum sviðum með ákvörðunum sínum í vaxta- og skattamálum, en þar er skemmra gengið en þurft hefði að vera.

Herra forseti. Við blasir alls staðar misvægi, ranglæti og vaxandi launamisrétti í þessu þjóðfélagi þar sem einn krefst 30 millj. kr. í launauppbót á fimm árum meðan það tekur aðra þúsund mánuði eða 83 ár að vinna fyrir sömu upphæð. Og þó situr ríkisstjórn í landinu þar sem jafnaðar- og samvinnumenn ættu að geta haft tögl og hagldir.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Þingflokkur framsóknarmanna hefur samþykkt þessar aðgerðir, sem hæstv. forsrh. hefur lýst, í trausti þess að þær verði til þess að þeir samningar, sem forustumenn vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar hafa náð, verði staðfestir. Við teljum að samningar þessir séu langsamlega besti grundvöllurinn til að snúa við þeirri efnahagsþróun sem verið hefur nú upp á síðkastið. Við teljum rétt að vinna að endurbótum á þessu sviði í samráði við verkalýðshreyfingu og vinnuveitendur.

Við fögnum því að samkomulag hefur náðst um það í ríkisstjórninni að hverfa á ný að því ráði að endurgreiða söluskatt í sjávarútvegi sem ákveðið var í fyrri ríkisstjórn. Við fögnum því að ákveðið hefur verið að hverfa frá því að leggja launaskatt á útflutningsatvinnuvegina og samkeppnisatvinnugreinar. Við fögnum því að samkomulag er um að taka til endurskoðunar vaxta- og geymslugjald, sem hefur íþyngt mjög ýmsum samvinnufélögum og vinnslustöðvum landbúnaðarins víða um land, og við treystum því að þessi endurskoðun verði til þess að jafnræði verði með slíkum vinnslustöðvum og greiðslustaða þeirra bætt.

Við fögnum því mjög að fram undan er nokkur lækkun á vöxtum, en þótt ég taki undir það með síðasta hv. ræðumanni að lækkunin mætti vera meiri, og væntanlega verður hún það, og áreiðanlega ef verðbólga lækkar svo sem Þjóðhagsstofnun telur.

Okkur er fyllilega ljóst að teflt er á tæpasta vaðið, t.d. með grundvöll útflutningsatvinnuveganna, eins og kom fram í þeim upplýsingum sem hæstv. forsrh. flutti hér. Þó er það staðreynd að með þessum aðgerðum er fallist að langmestu leyti á óskir þessara sömu atvinnuvega eftir þá samninga sem hafa náðst.

Þó er ljóst að á næstu mánuðum verður að fylgjast mjög vandlega með þróun útflutningsatvinnuveganna og stöðu þeirra og ríkisstjórnin áreiðanlega að vera tilbúin að bæta hana ef t.d. hallar undan fæti á erlendum mörkuðum svo að eitthvað sé nefnt.

Alveg sérstaklega teljum við alvarlegt að viðskiptahalli verði enn eftir sem áður um 10 milljarðar kr. Við fögnum því að þessar aðgerðir verða til að draga úr fyrirsjáanlegum viðskiptahalla um 3 milljarða, en ég hygg að öllum megi vera ljóst að svo mikinn viðskiptahalla þolir þjóðin ekki til lengdar. Honum verður hins vegar ekki náð niður á einu ári.

Ég er þeirrar skoðunar jafnframt að svo kunni að reynast að draga verði enn meira en þessar aðgerðir gera ráð fyrir úr þeirri þenslu sem er í þjóðfélaginu og alveg sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, en á það mun reyna þegar viðræður verða nú upp teknar við sveitarfélögin um framkvæmdaáætlun þeirra.

Ég lýk þessum fáu orðum mínum með því að leggja áherslu á að í samkomulagi við vinnuveitendur og verkalýðshreyfinguna geta menn gert sér vonir um að snúa við þeirri erfiðu stöðu sem orðin er í okkar efnahagsmálum.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Sem aðrir þm. stjórnarandstöðunnar höfum við ekki haft mikinn tíma til að skoða og íhuga þessar tillögur ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir, en það þarf ekki að eyða miklum tíma í að lesa það plagg sem hæstv. forsrh. kynnti fyrir þingheimi áðan. Ríkisstjórnin hefur ekki náð neinum tökum á efnahagsmálunum þrátt fyrir þessar aðgerðir.

Það læðist sá grunur að að hér sé um að ræða

ráðstafanir eða tillögur til að reyna að blekkja sérstaklega verkalýðinn í landinu sem gengur nú til kosninga um gerða kjarasamninga. Það er ekki örgrannt um að það sé verið að reyna að telja fólki trú um að með þessu fari allt að ganga betur. Þegar betur er að gáð sýnist mér að það verði þvert á móti, að horfur séu á að nú fari að ganga miklu verr.

Ef staldrað er við 6% gengisfellingu er alveg ljóst að með henni einni saman er tekið til baka allt það sem náðist í kjarasamningunum sem undirritaðir voru af hálfu samninganefndarinnar rétt fyrir helgina. Launafólkið þarf ekkert að fara í grafgötur með það að með þessum aðgerðum er búið að taka allt til baka sem náðist í kjarasamningunum.

Það var skelfilegt að heyra þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. kom með áðan, að viðskiptahallinn stefni í 13–14 milljarða kr. og þrátt fyrir þessar efnahagsráðstafanir verði hann eftir sem áður 10 milljarðar kr. Aðeins þessi eina upplýsing segir betur en allt annað að ríkisstjórnin hefur engin tök á efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ef farið er út í einstök atriði þessarar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir verkar það hjákátlega að tala um að verðlag og verðbólga muni nú lækka og það stefni ekki í nema 15% hækkun verðlags á árinu þegar þessar efnahagsaðgerðir miða þvert á móti að því að hækka verðlag.

Að vísu er margt jákvætt í þessum aðgerðum og munum við taka heils hugar undir það. T.d. er talað um að reynt verði að breyta skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð, lengja lán og bjóða upp á skuldbreytingar. Hér rifjast upp fyrir hv. þingheimi hugmyndir hv. 5. þm. Reykv. Alberts Guðmundssonar um pennastrikið margfræga og virðist vera að ríkisstjórnin hafi eitthvað gluggað í þær hugmyndir þegar hún var að semja þessar tillögur sínar.

Launaskattur í sjávarútvegi og í samkeppnisgreinunum, þ.e. samkeppnisgreinum iðnaðar, verður felldur niður frá og með 1. júlí 1988. Þegar frv. til laga um launaskatt var lagt fyrir þingið í haust voru þm. Borgarafl. á móti launaskatti. Að sjálfsögðu fengum við ekki stuðning við þær tillögur okkar, en okkur þykir þó vænt um að ríkisstjórnin hefur séð að sér og er nú sammála okkur hvað þetta atriði varðar.

Að það verði unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi við viðskiptabanka, Byggðastofnun og aðrar lánastofnanir hlýtur að teljast jákvætt. Ef einhver leið er til þess að ná niður þessum hrikalega viðskiptahalla, sem virkar ógnvænlegur, verður að styrkja útflutningsgreinarnar, en leggja minni áherslu á hömlulausan innflutning eins og hér hefur verið undanfarin missiri og mánuði.

Seðlabankinn ætlar að beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á að halda afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða. Hér er verið að tala um að viðskiptabankarnir taki upp eðlilega viðskiptahætti gagnvart fyrirtækjum sínum og hljótum við að taka undir það.

Þá er talað um að breyta tilhögun greiðslu vaxta og geymlugjalds sauðfjárafurða eða að það verði endurskoðað. Við beinum því til ríkisstjórnarinnar að hún láti um leið endurskoða með hvaða hætti greiðslur fyrir sauðfjárafurðir berist til bænda. Við höfum verið að fást við eitt vandamál, sem er stórt hjá þeim sem eiga þar aðild að, en það er að bændur í Dýrafirði hafa enn ekki fengið greitt fyrir sínar sauðfjárafurðir. Væri óskandi að það væri reynt að leysa vandamál þessara bænda. Rifjast þá upp fyrir mér setning úr Gísla sögu. Falla nú öll vötn til Dýrafjarðar, sagði Vésteinn í Gísla sögu.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks. Mun ríkissjóður leggja fram fé á árinu 1988 í þessu skyni. Enn fremur er talað um að endurskoðuð verði ákvæði laga og reglugerða um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks. Af hverju ekki iðnverkafólks? Af hverju ekki almenns verkafólks? Af hverju er það ekki haft með? Ég held að ríkisstjórnin ætti að kynna sér betur þáltill. þm. Borgarafl. í Sþ. um launabætur til hinna lægst launuðu því að mér segir svo hugur um, og þar er ég alveg sammála hv. 7. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, að að loknum þessum ráðstöfunum, þegar þær hafa náð fram að ganga, verður enn meira launamisrétti í landinu en verið hefur og það verður enn sárara fyrir láglaunafólkið að lifa í þessu landi.

Það er mjög athyglisvert að sjá að framlag í Byggingarsjóð ríkisins verður lækkað um 100 millj. kr. Við veltum því fyrir okkur hvort hér væri um að ræða framlagið vegna kaupleiguíbúðanna, hvort þar með væri nú hætt við þær. En væntanlega fæst það upplýst síðar.

Að fresta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. þá verði endanlega hætt við að glíma við það frv. sem við höfum verið að fást við á hinu háa Alþingi. Þetta er ekkert annað en það sem stjórnarandstaðan lagði til vegna þess að frv. er svo illa undirbúið og unnið að það hlaut að verða að fresta því. Við fögnum því að sjálfsögðu að ríkisstjórnin hafi loksins séð að sér og samþykkt þessa hugmynd og tillögu stjórnarandstöðunnar um að taka frv. til gagngerðrar endurskoðunar og lagfæringar og leggja það síðan fyrir þegar búið er að því.

Við erum ekkert sérlega hrifnir af því, þm. Borgarafl., að hamla mjög gegn erlendum lántökum fyrirtækja. Það getur auðveldlega orðið til þess að vöruverð í landinu hækki, einfaldlega vegna þess, að þrátt fyrir allt eru mörg fyrirtæki háð því að fá erlend lán til vöruinnkaupa sinna og til ýmissa stofnfjárfestinga. Það er því ekkert víst að þetta sé svo mjög hagstætt. Það getur vel verið að þetta verði til þess að verðlag í landinu hækki. Þrátt fyrir allt verðum við að flytja inn ýmsar vörur og við verðum að endurnýja tækjabúnað okkar í ýmsum fyrirtækjum. Það getur vel verið að þessi fyrirtæki verði þá að leita á „gráa“ peningamarkaðinn í staðinn með himinháum vöxtum. Ekki lækkar það verðlag í landinu.

Um er að ræða að það verða sett algerlega ný

lánsfjárlög. Það rifjast upp fyrir mér tillaga minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. Ed., en við lögðum það til að lánsfjárlögum yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar af því að við töldum að lánsfjárlögin, eins og þau voru að lokum samþykkt frá hinu háa Alþingi hér um áramótin, væru ekki raunhæf. Hér hefur hæstv. ríkisstjórn enn á ný orðið að taka til greina tillögur stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Orðið að taka þessi lánsfjárlög aftur til ríkisstjórnarinnar og endurvinna þau nákvæmlega eins og við lögðum til, þm. stjórnarandstöðunnar.

Þá er Fiskveiðasjóði falið að fresta eins og framast er unnt lánveitingum til nýsmíða og kaupa á fiskiskipum. Það hefur verið upplýst að verulegur hluti þess viðskiptahalla, sem við eigum við að glíma, er óstjórnleg smíði fiskiskipa erlendis og viðhald fiskiskipa og annarra skipa erlendis. Það væri nær að reyna þá að flytja þessa skipasmíði inn til landsins og lækka þar með að verulegu leyti erlendan kostnað þess vegna. Væri sú aðgerð til að lækka viðskiptahallann svo um munar um leið og rennt væri traustari stoðum undir atvinnulíf landsmanna. Væri óskandi að hæstv. ríkisstjórn mundi huga betur að því máli.

Að lokum er svo fjallað um vexti og fjármagnsmarkaðinn. Það er talað um að nafnvextir innlánsstofnana muni nú almennt lækka um 1–4%. Skömmu eftir síðustu mánaðamót lækkuðu vextir og hæstv. ráðherrar komu fram í sjónvarpi og börðu sér á brjóst og sögðu að nú væri þetta allt saman farið að verka, nú væri þetta að komast í rétt horf. En þá bar svo við að það voru einungis innlánsvextir og vextir af skuldabréfum sem lækkuðu, en raunvextir af lánskjaravísitölulánum voru algerlega óbreyttir. Það eru þau lán sem flestir þurfa að taka. Þessi vaxtalækkun kom aðeins fram á mjög litlum hluta peningamarkaðarins. Eftir sem áður var langstærsti hluti útlánamarkaðarins með óbreyttum vöxtum.

Það er talað um að lækka raunvexti á spariskírteinum ríkissjóðs. Það væri gaman að fá að vita hve mikið. En það kemur væntanlega fram þegar frv. verður lagt fram á hinu háa Alþingi.

Að lokum er sagt að Seðlabankinn muni beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Við erum mjög hlynntir því að þessu verði breytt með þeim hætti sem hér er lagt til. Hér er um að ræða mjög jákvæða aðgerð sem við tökum heils hugar undir, þm. Borgarafl., og hefði átt fyrir löngu að vera búið að taka til endurskoðunar ákvæði laga um dráttarvexti.

Ég verð því miður að ljúka máli mínu með því að segja að þessar aðgerðir eru ekki líklegar til að koma neinu þaki yfir efnahagsmál okkar. Ég tek undir það, sem var sagt áðan, að við megum búast við því að innan fárra vikna eða mánaða hljóti að koma til enn þá kröftugri efnahagsaðgerða. Þær munu eflaust koma enn þá verr við launafólkið í landinu því að það virðist vera haft út undan þegar hæstv. ríkisstjórn er að reyna að leysa efnahagsmál landsins.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Tilgangurinn með þessum aðgerðum og nýgerðum kjarasamningum er sá að bæta starfskjör fólks og fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum okkar Íslendinga eða, eins og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hæstv. forsrh. kynnti þingheimi hér áðan, markmiðið er það að bæta starfsskilyrði útflutningsgreina, hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Eins og fram hefur komið ítrekað af hálfu ríkisstjórnarinnar var að því stefnt að stefna þessum ákvörðunum öllum saman í einn punkt, að taka þessar ákvarðanir samtímis, aðgerðir til að styrkja hag útflutningsgreinanna og þar með landsbyggðarinnar og jafnframt kjarasamninga.

Að því er varðar hlut þessara aðgerða í því dæmi er það gert með því að bæta afkomu sérstaklega fiskvinnslu. Við metum það svo að afkomugrundvöllur hennar hafi með þessum aðgerðum verið bættur sem svarar 3–3½ milljarði kr. Stærstu þættirnir í því eru að sjálfsögðu endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts, skuldbreytingar í sjávarútvegi og vegna fyrirtækja í útflutningsiðnaði, niðurfelling launaskatts frá miðju ári sem og lækkun kostnaðar fyrirtækjanna vegna afurðalána. Þessar ráðstafanir færa til fyrirtækjanna um 1250 millj. kr., en verðbreytingu í tengslum við gengislækkun á erlendum gjaldeyri má meta upp á tæpa 2 milljarða kr. Auk þess er um að ræða ýmsar aðrar óbeinar ráðstafanir sem koma atvinnulífi í þessum greinum að gagni eins og reyndar atvinnulífi yfirleitt, svo sem eins og felst í lækkun dráttarvaxta, boðaðri vaxtalækkun og fleiri þáttum. Auk þess eru gerðar ráðstafanir til þess í framhaldi af kjarasamningunum að koma upp og verja nokkru fé til þess, 35 millj. kr., að standa undir kostnaði vegna starfsmenntunar verkafólks og enn fremur að framlengja lög og reglugerðir um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks, þ.e. kauptrygging þessa fólks verði greidd þegar það tekur þátt í námskeiðum á vegum útflutningsgreinanna.

Að því er varðar útfærslu þessara aðgerða í heild sinni nánar mun ég spara mér að fara um það mörgum orðum vegna þess að ég vænti þess að frv. ríkisstjórnarinnar um þessar aðgerðir í heild sinni komi til umræðu á hinu háa Alþingi þegar á morgun. Á það ber hins vegar að leggja áherslu að þessar aðgerðir byggja eftir sem áður á þeirri grundvallarstefnu í ríkisfjármálum að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum. Þeim vanda sem ríkissjóður stóð þess vegna frammi fyrir er mætt annars vegar með lækkun útgjalda, bæði að því er varðar útgjöld á fjárlögum og lánsfjáröflun til opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða á lánsfjárlögum, og með nýrri tekjuöflun. Tekjuöflunin leggst annars vegar á þá aðila sem leita eftir erlendum lántökum til langs tíma og svo í annan stað á hagnað fyrirtækja, en sú breyting er ráðgerð frá þeim lögum sem samþykkt voru fyrir áramót að skatthlutfall er hækkað úr 45 í 48%.

Ég dreg ekki dul á að mér er að því eftirsjá að það er fallið frá frv. um fyrri áfanga verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Það er hins vegar staðreynd að frv. mætti mikilli andstöðu á Alþingi og margir þm. hafa beitt sér gegn veigamiklum þáttum þess. Að vísu er það rétt að forsvarsmenn sveitarfélaga, formaður og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, hafa margítrekað lýst stuðningi sínum við þetta mál. Hins vegar hafa borist allmargar umsagnir frá einstökum sveitarfélögum sem eru neikvæðar. En rökrétt niðurstaða af þeirri staðreynd að þetta frv. á ekki brautargengi að fagna hér á þingi er einfaldlega sú niðurstaða að draga það til baka að sinni og freista þess á ný að taka málið upp og þá hugsanlega í einum áfanga, þ.e. í heild sinni.

Herra forseti. Ég vil fyrst nota tækifærið og víkja nokkrum orðum að kjarasamningunum og þeim almennu efnahagsáhrifum sem þessar aðgerðir í heild sinni hafa. Það er ljóst að þegar gengið var til samningaviðræðna Verkamannasambandsins og atvinnurekenda, sem nú er lokið, voru menn á einu máli um að höfuðverkefni kjarasamninga væri að leiðrétta misgengi sem orðið hefði í launaþróun. Almenn kaupmáttaraukning á seinasta ári var meiri en dæmi eru um. Hlutur launa í þjóðartekjum hefur ekki verið jafnhár fyrr. Vandinn var hins vegar sá að einstakir hópar launafólks, ekki síst í fiskvinnslu, höfðu ekki fengið þann hlut sem þeim bar. Þetta setur mark sitt á þessa nýju kjarasamninga.

Samningarnir markast einnig af því að afkoma útflutningsgreinanna var ákaflega veik. Þessar sérstöku aðstæður, þar sem saman fór almenn viðurkenning á því að rétta þyrfti sérstaklega hlut fiskvinnslufólks og slök afkoma frystingarinnar, hlaut að gera samningana afar erfiða. Það er því sérstakt fagnaðarefni að það skuli hafa tekist niðurstaða um samningagerð án ófriðar á vinnumarkaði. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er ljóst að hörð átök hefðu getað orðið og hefðu getað leitt til hrapallegrar niðurstöðu. Þetta var þess vegna vandaverk og ég læt einfaldlega í ljós þá ósk að niðurstaðan af umfjöllun um þessa kjarasamninga verði hleypidómalaus og að menn sjái að þessir samningar við þessar erfiðu aðstæður eru þeir skynsamlegustu sem unnt var að gera í stöðunni.

Menn hafa farið hér nokkrum orðum um einstaka þætti að því er varðar t.d. lækkun framlaga á fjárlögum til framkvæmda svo sem eins og til vegamála eða húsnæðismála. Ég vil sérstaklega nefna það að því er varðar húsnæðismál að innan skamms tíma er að vænta tillagna frá nefnd sem hæstv. félmrh. hefur skipað og fengið hefur það verkefni að taka til skoðunar grundvallarþætti húsnæðislánakerfisins. Það er orðin nokkuð breið samstaða um að þetta kerfi fái ekki staðist til frambúðar. Í ljósi þessa er þess að vænta að það kerfi verði tekið til heildarendurskoðunar ekki seinna en á næsta hausti þannig að það komi aftur í hlut Alþingis að setja um það viðamikla löggjöf fyrir upphaf næsta árs.

Að því er varðar lánsfjárlög er þess að geta að sú lækkun á lánsfjáröflun opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða er nær því lánsfjárlagafrv. sem sett var fram af hálfu ríkisstjórnarinnar í upphafi þings. M.ö.o.: það má segja að að nokkru leyti hafi verið eytt þeim slaka sem kom í það mál samkvæmt niðurstöðum umfjöllunar Alþingis og meiri hluta þess.

Menn hafa að sönnu miklar áhyggjur af viðskiptahallanum sem spáð var að gæti farið vel yfir 10 milljarða kr. Það er ástæða til að vekja athygli á því að með í þessum tölum um viðskiptahalla erum við að ræða um óhagstæðan vaxtajöfnuð upp á 6,3 milljarða kr. og sérstakan innflutning, þá fyrst og fremst skip og flugvélar, sem er um rúmlega 3½ milljarður kr. Með þessum aðgerðum er þess að vænta að viðskiptahallinn fari úr 4–6% af vergri landsframleiðslu niður í 3,3% af vergri landsframleiðslu, þ.e. verði í svipuðu horfi og á síðasta ári. Fjarri sé mér að ætla að sá árangur sé viðunandi, en engu að síður er það rétt að með þessum aðgerðum er innan hins þrönga svigrúms hamlað gegn viðskiptahallanum sem samkvæmt mati fjmrn. gæti lækkað niður í 8,2 milljarða kr.

Að því er varðar verðlag gerir verðlagsspá ráð fyrir að verðhækkun frá upphafi til loka þessa árs verið rétt tæplega 16% á mælikvarða framfærsluvísitölu samanborið við 26% hækkun á síðasta ári. Jafnframt dregur verulega úr hraða verðbreytinga þegar komið er fram yfir mitt ár og áhrif gengisbreytingar og upphafshækkunar launa í kjarasamningum eru komin fram. Ef ekkert óvænt kemur upp á má reikna með að verðbólguhraðinn verði kominn niður undir 10% á síðasta ársfjórðungi samanborið við um og yfir 30% um áramót.

Í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir felst að því er virðist óbreyttur kaupmáttur dagvinnulauna verkafólks frá upphafi til loka þessa árs. Kaupmáttur lægstu launa gæti jafnvel heldur aukist. Hins vegar verður kaupmáttur launa að meðaltali nokkru lægri á þessu ári en í fyrra, e.t.v. um 3% á mann. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að árið 1987 var um margt afar sérstakt. Þar fóru saman hagstæðar ytri aðstæður og mikil mannekla. Hvort tveggja kynti undir mikilli þenslu og kröftugri hækkun launa. Jafnframt hefur „skattlausa árið" vafalaust stuðlað að aukinni ásókn í aukavinnu. Allt þetta lagðist á sömu sveif og leiddi til mikillar hækkunar launa og einnar mestu kaupmáttaraukningar á einu ári sem orðið hefur.

Þegar menn spyrjast fyrir um hvaða áhrif þessar aðgerðir hafi á afkomu í sjávarútvegi er rétt að rifja upp að frystingin var talin vera rekin með um 7–8% halla og söltun og útgerð hafi rétt hangið fyrir ofan núllpunkt. Með þessum aðgerðum, sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið, batnar afkoma fiskvinnslunnar verulega. Lauslega áætlað gæti frystingin verið komin upp undir núllpunktinn, söltun að sama skapi í nokkurn hagnað. Hins vegar hefur afkoma útgerðar heldur versnað og má reikna með því að þar verði

nokkur halli þegar afleiðingar af þessum aðgerðum í heild sinni eru fram komnar.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja á það áherslu, sem kemur fram í stefnuyfirlýsingunni, að ríkisstjórnin muni beina þeim tilmælum til sveitarstjórna og annarra framkvæmdaaðila að þessir aðilar leggist á eitt um að draga úr framkvæmdum meðan verið er að ná árangri í að keyra niður þensluna. Ég tel að með þessum aðgerðum hafi ríkisstjórnin gert sitt til þess, bæði með því að lækka bein útgjöld, draga úr lánsfjárnotkun sinni og geti því með auknum rétti beint þeim tilmælum til annarra, sem látið hafa sinn hlut eftir liggja, þ.e. sveitarfélaga og ýmissa aðila í atvinnulífinu, að þeir leggist á eitt með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórn um að ná fram meginmarkmiðinu sem er að verulega dragi úr verðbólgu þegar líða tekur á árið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig til fyrirmyndar að Alþingi fái nú fréttirnar um leið og fjölmiðlar því það hefur því miður allt of oft komið fyrir að alþm. hafa þurft að lesa um slíkt sem hér er á ferðinni í blöðum eða heyra það í útvarpi eða sjónvarpi. Hins vegar ber þessa umræðu ansi brátt að og ég ætla mér ekki þá dul að geta fjallað ítarlega um þær upplýsingar sem hér liggja fyrir eftir þá afar lauslegu skoðun sem mér hefur gefist á þessu. Ég vil reyndar lýsa óánægju minni með að okkur þm. stjórnarandstöðu skyldi ekki gefast kostur á betri tíma til að gaumgæfa þessi mál áður en við tjáum okkur um þau hér. Ég hefði sannarlega viljað fá ráðrúm til að skoða þessar tillögur og átta mig betur á þeim og kynna þær í okkar hópi og fá viðbrögð þar. En til þess hefur vitaskuld ekki gefist neinn tími.

Raunar er ekki margt nýtt í þessum ráðstöfunum því svo mjög hefur verið fjallað um þessar ráðstafanir nú þegar í fjölmiðlum að þær eru orðnar býsna kunnugar má kannski segja. En það má líka segja að þessi ríkisstjórn er mikil ráðstafanaríkisstjórn. Hún hefur verið að gera svokallaðar ráðstafanir í efnahagsmálum nánast allt frá eigin fæðingu og svo böksulega gengur henni að rata á réttu ráðstafanirnar að þær ráðstafanir, sem hún gerir hér, eru að stórum hluta að taka til baka fyrri ráðstafanir. Svo er t.d. um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts, en eitt af því sem mönnum datt fyrst í hug til að rétta af ríkissjóðshallann á sl. sumri var einmitt að hætta við endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi, enda sýndist sá kostur mögulegur með tilliti til góðrar stöðu í flestum greinum sjávarútvegs á fyrri hluta síðasta árs. En það er auðvitað til marks um hve skjótt skipast veður í lofti í þeim greinum að það var ljóst þegar síðsumars eða á haustmánuðum að hagur flestra greina fiskvinnslunnar fór mjög versnandi og mundi ekki þola að uppsöfnuðum söluskatti yrði haldið eftir. Stjórnarherrar kusu þó að berja höfðinu við steininn og lágu á uppsöfnuðum söluskatti eins og ormar á gulli, þ.e. uppsöfnuðum söluskatti síðasta árs, og hafa aðeins nýlega fallist á að endurgreiða hann. Í fjárlögum þessa árs er ætlunin að greiða aðeins hluta af áætluðum uppsöfnuðum söluskatti þessa árs. Nú hafa menn hins vegar beygt sig fyrir staðreyndum og fyrsti punkturinn í þessum ráðstöfunum að frátaldri gengisfellingu að sjálfsögðu, sem reyndar er aðeins viðurkenning á ástandi sem þegar er orðið eins og reyndar margt annað í þessum ráðstöfunum, er sem sagt um það að uppsafnaður söluskattur verði endurgreiddur að fullu. Það er vitanlega nauðsynleg ráðstöfun. Næsti punktur er svo niðurfelling launaskatts í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðarins frá 1. júlí nk. Það er notað til marks um þroska að segja aldrei „þetta sagði ég", en það verður að hafa það, ég held ég segi það samt: Þetta sagði ég og þetta sögðu mjög margir. Um þennan launaskatt fjölluðum við í kringum hátíðarnar og þá sögðum við kvennalistakonur að enda þótt það væri góð og gild stefna að mismuna ekki atvinnugreinum og að skapa atvinnugreinunum sem jöfnust skilyrði m.a. hvað skattlagningu varðar yrði að taka tillit til aðstæðna. Það var okkar mat að nú væru alls ekki þær aðstæður í sjávarútvegi og ýmsum greinum iðnaðar að fiskvinnslugreinarnar og samkeppnisgreinar iðnaðarins gætu borið launaskatt. Auk þess legðist hann þyngst á atvinnulífið á landsbyggðinni og væri því í raun réttnefndur dreifbýlisskattur. En stjórnarherrarnir hlustuðu ekki á þau rök frekar en önnur og skatturinn var lögfestur. Nú er hann tekinn til baka eins og svo margt annað sem ráðherrar gera í fljótfærni sinni og hugsunarleysi.

Fleiri dæmi mætti nefna um slíka tiltekt, t.d. stendur hér að Seðlabankinn beiti sér einnig fyrir því að umsjónar- og eftirlitsgjald vegna afurðalána verði lækkað í fyrra horf hjá þeim bönkum sem hækkuðu gjaldið árið 1987. Hér er því enn verið að taka aftur ráðstöfun sem einhvern tíma hefur þótt heillaráð.

Ég ætla ekki að fara í öll þessi atriði. En það er t.d. talað hér um að olíuverð lækki 1. mars með hliðsjón af stöðu innkaupajöfnunarreiknings, verði birgða og horfum um þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði. Það er ágætt, en minnir okkur kannski á að alltaf þegar olíuverð hækkar er það vegna markaðsmála erlendis og ekkert við því að gera rétt eins og það séu náttúruhamfarir. Nú er hægt að lækka og segir það sína sögu. Hins vegar sakna ég þess að ekki er fjallað um aðra orku en olíuna. Það er ekki staður né stund til spurninga hér, en ég leyfi mér þó að spyrja hvort ekki hafi komið til greina að lækka aðra kostnaðarliði svo sem vegna raforku. Því hefur oft verið haldið fram að íslensk fiskvinnsla þyrfti að greiða margfalt raforkuverð á við t.d. nágrannalöndin, en um það verður væntanlega fjallað nánar þegar þessar ráðstafanir liggja fyrir á þingskjölum.

Í kafla um bætt starfsskilyrði launafólks eru þar atriði sem eru góð og gegn en kosta væntanlega nokkurt fé og breytingu á útgjaldahlið ríkissjóðs sem greinilega er ekkert vitað um eins og reyndar marga útgjaldaliði þessara ráðstafana.

Sama má segja um aðgerðir til að hamla gegn við-

skiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Þar er margt opið og óljóst og vekur spurningar. Það á að lækka ríkisútgjöld, m.a. útgjöld til vegamála. Hvað hefur það í för með sér? Það sjáum við ekki af þessu. Við sjáum ekki hvaða framkvæmdir það eru sem verða skornar niður eða hvernig á að standa að því sem að sjálfsögðu er heldur ekki von.

Það á að lækka framlög í byggingarsjóði ríkisins. Ég hélt reyndar að það væri hreinlega búið að ráðstafa þessu fé — eða hvar mun þessi niðurskurður koma niður? Við því fást vonandi svör fyrr en síðar en mig undrar ekki að hæstv. félmrh. er ekki við þessa umræðu.

Síðan eru hér áform um að frv. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði ýtt til hliðar og ekki harma ég það. Við höfum talað gegn því frv. þar sem okkur þótti það illa undirbúið. En hér er þá enn ein ráðstöfunin af hendi hæstv. ríkisstjórnar sem er tekin til baka. Vonandi nota ráðherrar þá tækifærið og ráðrúmið sem gefst til að íhuga það mál betur og undirbúa á þann veg að þessar breytingar verði til bóta og í fullu samráði við sveitarstjórnarmenn. En heldur leggst nú lítið fyrir kappana að kippa þeirri fjárupphæð til sín sem þarna var um að ræða svo að segja formálalaust og segja fagnandi: Við það styrkist fjárhagur ríkissjóðs um 250 millj. kr. Sem sagt gott.

Það á enn fremur að beina því til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að draga úr framkvæmdum. Úr því að það er verið að ganga á þeirra ráðstöfunarfé geta sveitarfélögin sjálfsagt orðið við því, en ætli borgarstjórinn í Reykjavík sé ekki helst aflögufær í þeim efnum hvernig sem hæstv. ráðherrum gengur að ráða við hann.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þessar ráðstafanir og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, enda allt galopið og óljóst, svo sem aðgerðir í vaxtamálum sem hér eru boðaðar, en um það verður nánar fjallað þegar þetta kemur allt fram á þingskjölum.

Ég vil aðeins að lokum segja að enn fær launafólk sendingu frá hæstv. ríkisstjórn. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er vitnað til þeirra samninga sem þegar hafa verið gerðir en reyndar ósamþykktir enn nema á Vestfjörðum og sagt að sú stefna sem þar er mörkuð sé forsenda þess að þessar ráðstafanir haldi og að sjálfsögðu gefið í skyn að ef menn haldi sig ekki á sömu nótum í öðrum samningum sé allt í voða. M.ö.o.: enn er stefnan og ábyrgðin lögð á herðar launafólks. Hæstv. ríkisstjórn treystir sér ekki til að axla þá ábyrgð, enda kann hún fá ráð önnur en að kyngja þeim ráðum sem henni fundust eitt sinn vænleg.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, í dag er 29. febrúar, hlaupársdagur, og það er vel við hæfi að ríkisstjórnin komi með þessa tilkynningu á þeim degi. Bæði ég og aðrir sem ræddu mikið um fjárlög og lánsfjárlög fyrir áramót margfullyrtum að það mundi ekki líða langt á árið þangað til yrði gerður uppskurður á þessum frv. Nú liggur það fyrir og það í verulegum mæli.

Annað er dálítið athyglisvert. Við höfum átt umræður um vaxtamál og um hvaða áhrif hæstv. ríkisstjórn geti haft á þau mál. Það hefur verið fullyrt að það verði að fylgja framboði og eftirspurn. Ég sé ekki betur en þessi tilkynning um ráðstafanir feli í sér að hæstv. ríkisstjórn sé nú komin á aðra skoðun í því máli þó að margt megi svo segja um vextina í því sambandi. En ég hef stuttan tíma og get ekki farið mikið út í það frekar.

Ég vil taka fram að á fyrstu síðu er sagt að Seðlabankinn, með leyfi forseta, beiti sér einnig fyrir því að umsjónar- og eftirlitsgjald vegna afurðalána verði lækkað í fyrra horf hjá þeim bönkum sem hækkað hafa gjaldið 1987. Búnaðarbankinn hækkaði ekki þetta gjald.

Það er sagt frá því að Seðlabankinn hafi ákveðið að lækka eigin vexti í viðskiptum við innlánsstofnanir um 2%. Þetta er ekki skilgreint frekar, en í umræðunum á morgun óska ég eftir því að það komi betur fram við hvað er átt og hvort muni ekki koma eitthvað til baka eða það verði þá tekið upp um bindiféð, sem bankarnir binda í Seðlabankanum, að farið verði að borga af því einhverja vexti.

Þar sem ég hef mjög lítinn tíma vil ég spyrja aðeins um það sem hér segir í síðasta punktinum: „Jafnframt verður lagt fram frv. um skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeildir bankanna.“ Skil ég það rétt að það eigi t.d. að fara að leggja skatt á Stofnlánadeildina til þess að hún sé síður þess umkomin að halda áfram að borga niður vexti hjá skuldugum bændum og reyna að koma þar á móts við hinar brýnu þarfir sem þar eru? Ég óska einnig eftir því að fá svar við því á morgun í umræðunum.

Að öðru leyti mun ég ræða vaxtamálin í umræðunum á morgun og reyna að færa að því rök að sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur fylgt hafi leitt til þess að nú sé búið að ákveða að fella gengið. En tíma til þess hef ég ekki nú.

Í hinni gráu bók, sem ég er með hér fyrir framan mig, er sagt m.a.: „Leitast verður við að mæta vanda þeirra bænda sem búa við sérstaka erfiðleika, erfiða lánsfjárstöðu, með skuldbreytingum o.s.frv.“ Ekki kemur fram í þessu að það sé neitt hugsað til þess að standa við þetta fyrirheit. Ég vii einnig fá svar við því.

Að endingu vil ég segja þetta: Það eru mikil vonbrigði hvernig er tekið á þessum málum þjóðarinnar. Það er ekki verið að hugsa um réttlæti hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég viðurkenni að það er erfitt að lyfta launum láglaunafólksins í samningum, en það var hægt í sambandi við þær aðgerðir, sem nú er verið að gera, að gera eitthvað til þess að láglaunafólkið hafi meiri tekjur með einhverjum hætti en það hefur því það er til skammar. Það er til skammar okkur öllum og ekki síst ríkisstjórninni að viðhalda því misrétti sem er í þjóðfélaginu.

Ég geri ráð fyrir að ég sé búinn með mínar fimm mínútur og læt þessu lokið.

EFRI DEILD

61. fundur, þriðjudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Sálfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578, n. 609.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um sálfræðinga, en frv. þetta felur í sér réttarvernd fyrir þetta starfsheiti og er það í framhaldi af samkomulagi sem sálfræðingar og ríkisvaldið gerðu á sínum tíma í tengslum við kjarasamninga. Fyrir liggur nál. á þskj. 609 frá menntmn. þessarar hv. deildar sem leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

62. fundur, þriðjudaginn 1. mars, að loknum 61. fundi.

Sálfræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Um þingsköp.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Svo háttar málum að annað dagskrármálið sem fyrirhugað er að taka fyrir, ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. er ekki komið en kemur innan mjög skamms tíma og hef ég því í hyggju að fresta fundinum.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Samkvæmt þingsköpum er nú ekkert mál á dagskrá. Fyrra frv. hefur verið samþykkt til hv. Nd. til fyrirgreiðslu. Síðara frv., sem er skráð á útbýttum miða sem liggur hér fyrir, hefur ekki verið tekið á dagskrá. Þess vegna er ekki hægt að halda fundinum áfram því að það liggur ekkert fyrir honum, herra forseti.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég hafði hugsað mér að þegar málinu hefði verið dreift að leita afbrigða fyrir málinu, málið er greint á dagskránni, og hafði talið eðlilegt að það væri hægt að fresta fundi til hálf þrjú, þar sem þetta yrði afgreitt. Ég hafði talið að það væri samkomulag um það.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er nýlunda í sögu þingsins að fresta fundi þegar ekkert mál er á dagskrá. Ég vek athygli á þessu brautryðjendastarfi stjórnarmeirihlutans og hæstv. forseta og tel nauðsynlegt að það komi fram þannig að þingheimi megi vera ljóst hvílíkur viðburður er hér á ferðinni undir forustu Alþfl. hér í þessari hv. deild, sögulegur viðburður. Mér gengur auðvitað gott eitt til, eins og venjulega þegar ég er að tala við þá alþýðuflokksmenn, er ekki með neinn meiri háttar uppsteyt við hæstv. forseta af þessu tilefni, en vil aðeins vekja athygli á þessum sögulegu kaflaskiptum að hann er að fresta fundi án þess að það sé neitt mál á dagskrá fundarins. Auðvitað ræður forseti þessu. Það er fullkomlega reiðilaust af minni hálfu þó að hann fresti fundi án þess að neitt mál sé á dagskrá. En ég var aðeins að vekja athygli deildarinnar á því hvað við ættum nýjungagjarnan forseta hér í þessari virðulegu deild.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ekki efumst við alþýðuflokksmenn um gott innræti hv. þm. Svavars Gestssonar í okkar garð. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hér er engin nýlunda á ferð. Það er að vísu ekki oft sem háttar svo til sem hér gerir núna, en ég hygg að þess muni býsna mörg dæmi í önnum á Alþingi að svipað hafi verið staðið að. Mér finnst það fullkomlega eðlilegt að þó svo máli, sem átti að vera komið hingað, hafi seinkað um einhverjar mínútur úr prentsmiðju, þá sé fundi frestað í stundarfjórðung eða svo. Raunar kann nú að vera að þess þurfi ekki með því að vera má að verið sé að útbýta þessu frv. nú þessar mínúturnar. En allt tal hv. 7. þm. Reykv. Svavars Gestssonar um eitthvert sérstakt brautryðjendastarf og einhverja sérstaka nýlundu hér í þingstörfum er auðvitað gjörsamlega út í hött. Hér er ekkert nýtt á ferðinni. Þetta eru auðvitað ekki hin venjulegu vinnubrögð hér, en ég vek athygli á því að þetta hefur gerst áður og það oftar en einu sinni og

oftar en tvisvar að ég hygg og það hygg ég að hv. þm. viti líka mætavel sjálfur enda þótt hann kjósi að vekja athygli á sér og sínum flokki með þeim málflutningi sem hann hefur nú haft hér uppi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég harma það að hafa gert hæstv. forseta það upp að hann hafi beitt sér hér fyrir sérstökum nýmælum. Ég get auðvitað sett á stóra iðran um það mál í tilefni af þessari umvöndunarræðu hv. 3. þm. Vesturl. og er satt að segja heldur illa haldinn af samviskubiti, ef ég hef snert hann svona illa út af þessari litlu athugasemd. Ég get þó huggað hann með því að alþýðuflokksmenn hér í hv. deild eiga örugglega eftir að þola meira af okkar hálfu á kjörtímabilinu þannig að ef þeir bregðast svo ókvæða við jafnlitlum málum, þá hygg ég að meiri málin kunni að verða þeim býsna erfið.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ef frammistaða þeirra hv. þm. Alþb. í þessari hv. deild verður með sama hætti og verið hefur að undanförnu þá höfum við alþýðuflokksmenn hreint engu að kvíða.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér þykir vænt um það að þeir hv. þm. Alþfl. ætli sér að ganga öruggir rakleitt mót þeim her sem Alþb. mun stefna hér inn í deildina í vetur og þykir vænt um að þeir skuli hafa kjark til að ganga til móts við okkur tiltölulega óttalausir þó að ég geti ekki neitað því að mér hafi fundist viðbrögðin lýsa óþarfa viðkvæmni að ekki sé fastar að orði kveðið, herra forseti. Mér þykir leitt að hafa brugðið forsetanum um nýmæli sem hann á bersýnilega ekki skilið.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Forseti hefur greinilega misst af því tækifæri að brjóta upp á nýmæli þar sem búið er að dreifa umræddu frv. og bið ég hv. 7. þm. Reykv. að setja ekki á stóra iðran vegna þess sem á undan er gengið.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 1. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 631.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 11 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 631 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum árið 1988. Um þetta mál hafa þegar spunnist nokkrar umræður í Sþ. þannig að efni frv. er hv. efrideildarþingmönnum þegar kunnugt.

Tilgangurinn með þessu frv. er sá að bæta starfskjör fólks og fyrirtækja í sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu og öðrum útflutningsgreinum. Hér er um að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar aðgerðir á sviði gjaldeyrismála, ríkisfjármála, lána- og peningamála og tilgangurinn er að bæta starfsskilyrði útflutningsatvinnuveganna og hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun, eins og segir í inngangsorðum yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem hæstv. forsrh. kynnti þingheimi í gær.

Þessum tilgangi er náð með aðgerðum sem segja má að séu þríþættar. Í fyrsta lagi er um að ræða aðgerðir til þess sérstaklega að bæta hag útflutningsgreina. Í annan stað eru sérstakar aðgerðir til þess að bæta starfsskilyrði launafólks. Í þriðja lagi eru aðgerðir á sviði ríkisfjármála og peninga- og vaxtamála sem miða að því að draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.

Helstu þættir þessara aðgerða felast í endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, afnámi launaskatts frá miðju næsta ári, skuldbreytingum í sjávarútvegi og lækkun tilkostnaðar vegna afurðalána í sjávarútvegi. Þessar aðgerðir ásamt með breyttri gengisskráningu krónunnar, sem felur í sér 6,38% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla, þýða rúmlega þriggja milljarða styrkingu á fjárhag sjávarútvegsins og annarra útflutningsgreina. Þar af má meta áhrif gengisbreytingarinnar upp á 2 milljarða kr., en aðrar aðgerðir til þess að styrkja fjárhag sjávarútvegs og fiskvinnslu sérstaklega má meta upp á um 1250 millj. kr. Auk þess eru ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar sem bæta hag útflutningsgreinanna með óbeinum hætti eins og t.d. lækkun vaxta, lækkun tilkostnaðar vegna afurðalána, sem og þær aðgerðir sem gripið er til til þess að draga úr fjárfestingu, einkum og sér í lagi í framkvæmdum, sem einnig stuðla að því að draga úr því misgengi sem að undanförnu hefur bitnað á útflutningsgreinunum sérstaklega.

Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um þann sérstaka efnahagsvanda sem við höfum átt við að stríða á undanförnum mánuðum. Í umfjöllun um þennan vanda er oft lögð áhersla á það að hér sé fyrst og fremst um að ræða kreppu útflutningsgreinanna. Í raun og veru erum við þó að fást við sérstakt afbrigði af góðærisvanda. Það er ástæða til að rifja upp hver aðdragandinn er að þessum efnahagsvanda og hvernig hann hefur birst okkur á undanförnum mánuðum.

Það er alkunna að á undanförnum árum hafa Íslendingar notið einstæðs góðæris. Hagvöxtur hefur verið með því mesta sem þekkist hjá sambærilegum þjóðum. Á undanförnum þremur til fjórum árum hefur þjóðarframleiðsla Íslendinga aukist um rúmlega fimmtung en það eru verðmæti sem meta má til um 50 milljarða kr. Þetta góðæri á rætur sínar að rekja til sjávarútvegsins. Þar fóru saman á undanförnum árum einstaklega hagstæð ytri skilyrði. Það birtist okkur í stórauknum afla, í hækkandi verði á helstu mörkuðum okkar, í lækkandi tilkostnaði um

langt skeið, bæði vegna lækkunar olíuverðs og lækkunar vaxta á erlendum mörkuðum. Við þetta bættust síðan kjarasamningar í tvígang á árinu 1986 sem ásamt með samstilltum aðgerðum leiddu til þess að það tókst að nýta þessi hagstæðu ytri skilyrði til þess að halda aftur af verðbólgu um skeið.

Á hitt er svo að líta að frá og með hausti 1986 eða í allra seinasta lagi í upphafi árs 1987 voru sýnileg ytri merki þess að þetta hagvaxtarskeið væri að snúast upp í verðbólguskeið og kom þar margt til. Á árinu 1987 var ljóst að hallinn í ríkisfjármálum var mikill og fór vaxandi og um mitt ár mældist hann tæpir 3,5 milljarðar kr. Verðbólguáhrif af þessum sökum eru sýnileg. Auk þess var ljóst að í kjölfar góðæris undangenginna ára höfðu forsvarsmenn í atvinnulífi spennt bogann býsna hátt að því er varðaði fjárfestingar og nýframkvæmdir. Þetta leiddi til þess að inn í landið streymdi erlent lánsfjármagn langt umfram það sem áætlanir höfðu gert ráð fyrir eða rúmlega 5 milljarðar kr. á árinu 1987. Hömlulítil lánsfjáröflun, hallinn í ríkisfjármálum og hátt framkvæmdastig í sumum greinum íslensks atvinnulífs, allt leiddi þetta til sívaxandi þenslu. Á vinnumarkaðnum ríkti uppboðsástand. Launaskrið var mjög mikið. Og það tókst ekki við þessar aðstæður að standa við megintilgang kjarasamninganna frá því annars vegar í febrúar 1986 og síðan í desember 1986 um það að láta hækkun lægstu launa hafa forgang umfram aðrar hækkanir. Í raun og veru má segja að víða í hagkerfinu hafi kjarasamningar gilt sem lágmarkssamningar, en atvinnulífið hafi að öðru leyti brugðist við spennunni á vinnumarkaðnum með því að bjóða upp vinnuaflið með þeim afleiðingum að þegar líða tók á árið varð augljóst sívaxandi misgengi milli annars vegar útflutningsgreinanna og hins vegar þjónustugreina sem fyrst og fremst eru fyrirferðarmiklar í Reykjavíkurhagkerfinu ef svo má að orði komast.

Þessi þróun mála leiðir í ljós að það hefði verið nauðsynlegt að grípa til aðgerða á sviði ríkisfjármála og peningamála strax í upphafi árs 1987. Sú staðreynd að það gerðist ekki leiddi til þess að vandinn varð mun verri viðureignar þegar ný ríkisstjórn kom til valda um mitt sl. ár. Við þetta bætist síðan að á sl. hausti urðu snögg umskipti til hins verra. Þetta birtist okkur m.a. í því að við stóðum frammi fyrir umtalsverðu falli á gengi dollars, sem hefur óvenjumikil áhrif í okkar utanríkisviðskiptum. Jafnframt er sýnt að fiskveiðistefna þessa árs byggir á forsendum um nokkurn aflasamdrátt. Í þriðja lagi má nefna að horfur á erlendum mörkuðum eru tvísýnar. Þegar hefur komið til nokkurrar verðlagslækkunar, en að öðru leyti hafa menn áhyggjur af þróun mála á erlendum mörkuðum, sérstaklega á Bandaríkjamarkaði. Á sama tíma og þetta gerðist urðu umtalsverðar launahækkanir samkvæmt kjarasamningum í byrjun október á sl. ári. Niðurstaðan varð því sú að kostnaðarhækkanir innan lands, einkum á síðari hluta ársins, urðu til mikilla muna meiri en samrýmst gat horfum um tekjuöflun, sérstaklega í útflutningsgreinunum, þannig að umskiptin urðu tiltölulega snögg og þess fór að gæta þegar líða tók á sl. haust og í byrjun þessa árs.

Þensluástandið gerði stöðu útflutningsgreinanna erfiðari viðfangs vegna þess að þær reyndust ekki hafa burði til þess að keppa um vinnuaflið eins og þær greinar sem selja vöru sína og þjónustu á innlendum markaði og gátu hindrunarlítið velt þessum aukna kostnaði út í verðlagið. Með þessum hætti ágerðist tilhneiging til eftirspurnarverðbólgu sem hefur verið einn meginvandinn sem við er að fást ásamt með þessu misgengi milli annars vegar útflutningsgreinanna og starfskjara fólks í útflutningsgreinum og hins vegar þess einstaka góðæris sem ríkti í öðrum geirum þjóðfélagsins og þá einkum og sér í lagi hér á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar ríkisstjórnin kom til valda um mitt sl. ár hófst hún þegar í stað handa um aðgerðir til að vinna bug á þessum vanda. Þær aðgerðir voru einkum og sér í lagi á sviði ríkisfjármála og peningamála. Ríkisstjórnin hóf feril sinn þegar í stað með því að koma í framkvæmd nýrri tekjuöflun. Sú tekjuöflun þýddi að fjárhagur ríkissjóðs var styrktur sem svaraði u.þ.b. einum milljarði króna strax á árinu 1987. Í annan stað beitti ríkisstjórnin sér fyrir því á grundvelli fjárlaga og lánsfjárlaga að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og jafnframt bar lánsfjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar öll einkenni verulegs aðhalds að því er varðaði lánsfjáröflun á vegum opinberra aðila. Það birtist m.a. í því að ríkisstjórnin hafði ekki uppi áform um neinar nýjar erlendar lántökur ríkissjóðs, hún dró verulega úr lánsfjáröflun opinbera geirans í heild. En eftir sem áður lá fyrir að fjárfestingaráform í atvinnulífinu voru mikil sem síðan hefur staðfest líka þegar birst hafa tölur um fjárfestingaráform sveitarfélaga sem óneitanlega eru býsna háreist. Á sama tíma og ríkið stefndi þannig að samdrætti í fjárfestingum ríkis og opinberra aðila um sem svaraði tæplega 15% stóðu menn frammi fyrir fjárfestingaráformum sveitarfélaga sem stefndu til aukningar upp á 43% og reyndar má nefna sérstaklega fjárfestingaráform höfuðborgarinnar sem ætlað er að stefni í að vaxi milli ára um hvorki meira né minna en 63%.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því yfirlýst að æskilegt væri, að því er varðaði kjarasamninga sem lausir voru á seinustu áramótum, að reynt yrði að stefna saman í einn tímapunkt ákvörðunum sem vörðuðu bæði starfskjör fyrirtækja í sjávarútvegsgreinunum og leiðréttingu á kjörum fiskvinnslufólks og annarra þeirra launþega sem ekki höfðu setið við veisluborð launaskriðsins á undangengnum mánuðum.

Þessi áform hafa nú staðist. Við stöndum frammi fyrir því að gerðir hafa verið tveir stefnumarkandi kjarasamningar, fyrst kjarasamningarnir sem tókust á Vestfjörðum og því næst nú kjarasamningar milli atvinnurekenda og Verkamannasambandsins sem byggja jafnframt á þeim forsendum að ríkisstjórnin beiti sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að styrkja

greiðslugetu og samkeppnishæfni sjávarútvegsgreinanna. M.ö.o.: Það er ljóst að forsenda þess að þessir kjarasamningar gátu tekist var sú að ríkisstjórnin hafði í tæka tíð gert ráðstafanir til að styrkja svo mjög stöðu ríkisfjármálanna að henni var gert kleift að koma til móts við aðila vinnumarkaðarins um það að styrkja fjárhag þessara greina sérstaklega.

Í ljósi þessa er ég ekki í nokkrum vafa um það að ríkisstjórnin fylgdi réttri stefnu þegar hún beitti sér einarðlega fyrir því að styrkja fjárhag ríkissjóðs og jafnframt beitti sér fyrir því að auka aðhald að erlendum lántökum og lánsfjárnotkun opinbera geirans eins og það birtist í lánsfjárlögum. Hefði þetta ekki verið gert efast ég stórlega um það að forsendur hefðu verið til staðar til þess að ná samningum um það að gera hvort tveggja í senn: styrkja stöðu útflutningsgreinanna og skapa forsendur fyrir því að það mætti leiðrétta kjör þess fólks sem í þessum greinum starfar.

Það er ástæða til að spyrja þeirrar spurningar hvort ekki hefði eins mátt fara einhverjar aðrar leiðir til þess að leysa þennan vanda. Það er ekkert launungarmál að það voru uppi stífar kröfur af hálfu ýmissa aðila í atvinnulífinu um það að ganga lengra í gengislækkunarátt. Íslendingar hafa á undanförnum árum og áratugum langa reynslu af því hvað slíkar kollsteypur í efnahagsmálum þýða og á hverjum þær bitna þyngst öðrum fremur.

Meiri háttar gengisfelling hefði ekki verið vænleg ráðstöfun. Ef við lítum sérstaklega á hag fiskvinnslu og fiskvinnslufólks, þá er það alkunna að hráefniskostnaður er hvað stærsti útgjaldaliður fiskvinnslunnar eins og nú er komið. Launin eru á bilinu fimmtungur til fjórðungur, en erlendur kostnaður er líka býsna hár. Meiri háttar gengisfelling við þessi skilyrði hefði auðvitað þýtt meiri fjármagnstilfærslu til atvinnurekenda frá launafólki. Meiri háttar gengisfelling við þessi skilyrði hefði útilokað það að menn hefðu getað gert sér vonir um að ná samkomulagi um leiðréttingu á kjörum hinna lægst launuðu með von um það að halda í við launabreytingar upp allan launastigann. Gengisfelling af þessu tagi hefði vissulega bætt hag útflutningsgreinanna en mjög skamma stund vegna þess að laun, fiskverð, hráefniskostnaður og erlend aðföng hefðu hækkað jafnóðum í verði. Verðbólgumarkmiðin hefðu verið fyrir bí, vonin um það að ná auknum stöðugleika með hjöðnun verðbólgu á seinni hluta ársins hefði farið forgörðum og niðurstaðan er sú að innan skamms tíma hefðu bæði fyrirtækin í sjávarútvegi og fiskvinnslu, sem og fólkið sem við þessar greinar starfar, verið í verri stöðu eftir en áður.

Ég hika því ekki við að fullyrða að það er rétt stefna sem í þessum ráðstöfunum birtist, að hafa hamlað gegn ýtrustu kröfum um gengisfellingu, en byggt fremur á traustum fjárhag ríkissjóðs til þess að styrkja hag þessara greina og halda í vonina og fyrirheitið um að það takist að ná hjöðnun verðbólgu á seinni hluta ársins. Það er meginmarkmið þessara ráðstafana. Það er stærsta hagsmunamál hvort heldur er útflutningsgreinanna, atvinnrekenda í þeim greinum og launafólksins í þessum greinum.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þeir sem halda því fram að það hefði átt að fara aðrar leiðir, og þá fyrst og fremst grípa til stórtækari gengisfellingar, hafi ekki rétt fyrir sér. Ég held að ríkisstjórnin hafi valið þá leið sem miðað við allar aðstæður sem við nú búum við er hin rétta.

Vissulega er það harður dómur um hagstjórn í okkar þjóðfélagi að menn skuli þurfa að grípa til gengisfellingar með svo litlum fyrirvara nú þegar við horfum fram á að einhverju mesta hagvaxtarskeiði sem íslenska þjóðin hefur upplifað á undanförnum árum er að ljúka. Af því má marga lærdóma draga og þar er mér efst í huga að hlutverk opinberrar hagstjórnar hlýtur að vera það að grípa í tæka tíð til aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hlutirnir fari úr böndunum eins og við höfum orðið að upplifa einn ganginn enn. Það er mikill munur á því hvort gripið hefði verið til þessara ráðstafana í upphafi árs 1987 eða hvort ekki var hægt að komast til þessara verka fyrr en upp úr miðju ári eins og niðurstaðan varð. En því segi ég þetta að ég vil leggja á það áherslu að við erum ekki að fást við efnahagsvanda sem er alvarlegur í þeim skilningi að það sé einhver allsherjar kreppa í íslenskum þjóðarbúskap. Við erum að fást við afleiðingarnar af því að ekki var gripið í taumana í tæka tíð, að góðærisvandinn var látinn þróast upp í verðbólguvanda með þessum hætti.

Alkunna er að þegar menn fjalla um efnahagsmál á Íslandi grípa menn til mats á helstu stærðum sem kenna má við meðaltöl og á það jafnt við þegar menn eru að reyna að meta afkomu fyrirtækja og greina innan sjávarútvegs og fiskvinnslu sem og launaþróun og ýmsar aðrar stærðir. Ég leyfi mér að vekja athygli manna á því að þrátt fyrir óvefengjanlegar staðreyndir um ört versnandi afkomu fiskvinnslunnar á undanförnum mánuðum var það svo að útgerðin í landinu hefur búið um langt skeið við býsna mikið góðæri. Hún naut að verulegu leyti fastgengisstefnunnar við þau skilyrði að afli var vaxandi og verðlag fór hækkandi á erlendum mörkuðum, sem og tilkostnaður lækkandi. Hagur útgerðarinnar hefur verið býsna góður, óvenjulega góður á undanförnum árum og það er ástæða til þess að nefna það að a.m.k. að ⅘ hlutum er um það að ræða í einu eða öðru formi að útgerð og fiskvinnsla eru rekin í nánum innbyrðis tengslum, þ.e. ef ekki sömu fyrirtækin, þá á grundvelli skyldra fyrirtækja. Á sama tíma og snögg breyting á ytri skilyrðum kallaði á þetta mikinn hallarekstur hjá fiskvinnslunni er það engu að síður svo að fjárfestingaráform þeirra aðila sem starfa í fiskvinnslu og útgerð eru óneitanlega mjög háspennt. Í því efni hafa verið nefnd dæmi um að útgerðaraðilar stefna að nýsmíði fiskiskipa og meiri háttar endurbótum á fiskiskipum á þessu ári í framhaldi af mjög miklum fjárfestingum á síðasta ári sem metið er einhvers staðar á bilinu 3–4 milljarðar kr.

Auðvitað er hægt að nefna líka dæmi um það að menn hleypa sér út í miklar fjárfestingar þegar afkoma er sæmileg og menn horfa fram á batnandi tíma. Dæmi um það má t.d. nefna í fjárfestingu í rækjuvinnslu. Fyrir um það bil fimm árum voru rækjuvinnslur um það bil 20 talsins en eru núna eitthvað um 50. Þarna hefur verið ráðist í mjög mikla fjárfestingu. Auðvitað hefur orðið um að ræða mikla aukningu í veiðum og vinnslu sem bendir til þess að hagur í sjávarútvegi var til skamms tíma býsna góður.

Það er gamalt vandamál í íslensku efnahagslífi hvernig menn ætla sér að reyna að hafa taumhald á hagsveiflu í sjávarútvegi sem fyrst og fremst ræðst að verulegu leyti af skilyrðum sem eru utanaðkomandi. En ég staldra enn við þá staðreynd að við höfum á undanförnum árum þrátt fyrir allt náð hér hagvexti í þessu þjóðfélagi, aukningu þjóðarframleiðslu, sem á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til sjávarútvegsins og batnandi skilyrða í sjávarútvegi og arðurinn af þeim hagvexti er ekki minni en um 50 milljarðar kr. Spurningin er: Hvernig nýttist þessi hagvöxtur? Hverjum kom hann í hag? Hvernig stendur á því að atvinnulíf á landsbyggðinni stendur ekki traustari fótum þegar hagvöxturinn er fyrst og fremst þaðan kominn á undanförnum árum? Hvað getum við lært af því?

Sjávarútvegur og fiskvinnsla eru keppinautar þjónustu og byggingarstarfsemi og annarrar framleiðslustarfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu og af því að ekki var gripið í taumana í tæka tíð er það einfaldlega svo að sjávarútvegurinn og útflutningsgreinarnar, sem eiga afkomu sína undir verðlagsþróun á erlendum mörkuðum og gengisþróun, urðu undir í þessari samkeppni. Það hlýtur að vera eitt meginhlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að reyna að sjá fyrir slíka þróun og grípa í taumana í tæka tíð og reyna að skapa sem jöfnust starfsskilyrði fyrir atvinnulífið í heild sinni. Að því miða þessar aðgerðir. Þær hefðu hins vegar ekki tekist ef ríkisstjórnin hefði ekki í tæka tíð gert ráðstafanir til þess að treysta fjárhag ríkissjóðs þannig að hann gæti á réttum tímapunkti skorist í leikinn og lagt sitt af mörkum til þess að endurreisa jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap.

Viðskiptahalli sem hlotist hefur af þessari efnahagsþróun undangenginna mánaða og verðbólga eru nú eins og oft áður þau vandamál sem yfirgnæfa önnur að því er varðar hagstjórnina. Ég legg áherslu á það að þessum erfiðleikum mætum við þó við önnur og betri skilyrði en oftast áður. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið hröðum skrefum eins og ég hef nefnt tölur um á síðustu fjórum árum. Það er líka staðreynd að launatekjur hafa hækkað enn hraðar en nemur vexti þjóðartekna. Að raungildi hækkuðu atvinnutekjur um 45% á síðustu þremur árum, þar af um ekki minna en 17% á síðasta ári. Launatekjur voru liðlega 70% sem hlutfall landsframleiðslu á seinasta ári og hefur þetta hlutfall aldrei verið hærra.

Á þessu ári eru hins vegar horfur á því að þjóðarframleiðslan dragist nokkuð saman, en öllum má ljóst vera að við erum að kljást við góðærisvanda fremur en hallæris. Það sem ég sagði áðan um misgengið milli atvinnugreina skýrir hins vegar það að tekjuþróunin hefur endurspeglað þá þróun. Við höfum búið við misskiptingu tekna í allt of ríkum mæli og við þurfum að leiðrétta það og við gerum það ekki nema á grundvelli aukins jafnvægis í efnahagsmálum.

Herra forseti. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt og birtast í þessu frv. og hæstv. forsrh. kynnti þingheimi í gær koma bæði við tekju- og gjaldahlið fjárlaga fyrir árið 1988. Jafnframt snerta þær niðurstöður lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Á gjaldahlið vegur þyngst sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að endurgreiða að fullu uppsafnaðan söluskatt sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1988, en við afgreiðslu fjárlaga var einungis gert ráð fyrir að um þriðjungur yrði endurgreiddur. Þetta hefur í för með sér tæplega 600 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á þessu ári. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður launaskatt í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar frá 1. júlí nk. Útgjaldaauki ríkissjóðs af þeim sökum er 200 millj. kr. Til þess að standa undir þessum útgjaldaauka og hvika jafnframt ekki frá því meginmarkmiði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð án halla var nauðsynlegt að gera hvort tveggja í senn: Lækka ríkisútgjöld og afla ríkissjóði viðbótartekna. Þetta hefur verið ákveðið með því að lækka ríkisútgjöld um 300 millj. kr. frá því sem ákveðið var í fjárlögum og þá fyrst og fremst fjárfestingarútgjöld með vísan til þeirra áforma að draga úr framkvæmdum og fjárfestingum sem eru þensluvaldur.

Framlög til vegagerðar eru þannig lækkuð um 125 millj. kr. Á fjárlögum var gert ráð fyrir 2,9 milljörðum til vegagerðar. Samkvæmt því lækka framlög til vegagerðar í 2775 millj. kr. á árinu 1988. Að vísu er það matsatriði hvort tekjur Vegasjóðs af bensíngjaldi, einkum og sér í lagi, kunni að verða eitthvað meiri, kannski á bilinu 70–90 millj. kr. fyrst og fremst vegna fjölgunar bifreiða á sl. ári, en hver sem svo niðurstaðan verður í því efni má ætla að framlög til vegaframkvæmda verði að hámarki um 2860 millj. kr.

Þá eru framlög til byggingarsjóða lækkuð um 100 millj. kr. og aðrar fjárveitingar ýmsar um 75 millj. kr.

Að því er varðar húsnæðismálin er rétt að staldra við þau lítillega. Eins og hv. þm. muna var fjáröflun til húsnæðismála stórlega aukin við afgreiðslu seinustu fjárlaga. Þar skiptu ekki mestu út af fyrir sig framlögin sjálf, þ.e. í Byggingarsjóð ríkisins. Þó voru framlög til Byggingarsjóðs verkamanna tvöfölduð, en einkum og sér í lagi byggðist þetta á því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, sem samkvæmt samningum er varið til byggingarlánasjóðanna, fór stórlega vaxandi. Þetta þýðir að fjármagn til byggingarlánasjóðanna hefur aukist mjög verulega. Jafnframt

búum við við kerfi þar sem niðurgreiðsla vaxta á húsnæðislánum er mjög mikil og langt umfram það sem áformað var þegar þetta kerfi var upphaflega sett af stað þar sem menn gerðu ráð fyrir því að vaxtamunur milli vaxta á fengnum lánum frá lífeyrissjóðunum og hins vegar veittum lánum byggingarsjóðanna mætti vera á bilinu 1½–2% ef ekki ætti að stefna fjárhag byggingarsjóðanna í framtíðinni í hreina og klára hættu.

Öllum er kunnugt um að vextir hafa farið hækkandi í undangengnu þensluástandi sem hefur þýtt að þessi vaxtamunur er orðinn mjög mikill. Jafnframt hefur það þýtt að sjálfvirk afgreiðsla lána til húsnæðismála — stór hluti þjóðarinnar er ósköp einfaldlega í biðröð eftir húsnæðislánum, nánar tiltekið án tillits til þess hversu brýn þörfin er. Hér er um að ræða niðurgreitt lánsfé af stærsta eða helsta skyldusparnaði þjóðarinnar sem að sjálfsögðu veldur mjög mikilli eftirspurn eftir slíkum lánum og það á sinn þátt í því að spenna upp vexti á öðrum sviðum lánamarkaðarins.

Hæstv. félmrh. hefur þegar skipað nefnd vísra manna til þess að taka núgildandi lög og reglur og reyndar stefnu í grundvallaratriðum að því er varðar húsnæðismál til gagngerðrar endurskoðunar. Þessi nefnd starfar undir forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Þess er að vænta að hún skili fyrstu grg. sinni innan um það bil 10 daga.

Ég hygg að um það sé ekki mikill ágreiningur að við stöndum nú á tímamótum í húsnæðismálum. Við þurfum að taka þar á næstu mánuðum ákvarðanir um grundvallaratriði, hvernig við ætlum að haga húsnæðisfjármálunum, fjáröflun húsnæðislánakerfisins, og hvernig við ætlum að móta stefnu að því er varðar húsnæðislánafyrirgreiðslu í framtíðinni. Þessi samdráttur sem nú er að því er varðar þessar 100 millj. kr. mun hafa litla þýðingu að því er varðar það sem gerist á þessu ári. Að langmestum hluta til hefur þegar verið ráðstafað því fé sem veitt er til húsnæðislána á þessu ári í formi skuldbindandi lánsloforða, þó ekki að öllu leyti. Það sem hins vegar mestu skiptir, og er eitt stærsta umbótamál sem bíður þessarar ríkisstjórnar á næstu mánuðum, er að móta nýja stefnu á þessu sviði.

Þá er þess að geta að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eitt ár. Við þetta losnar fé sem renna átti til sveitarfélaganna um Jöfnunarsjóð, tæplega 400 millj. kr. Á móti koma aukin útgjöld vegna tilflutnings verkefna til ríkisins, um það bil 130 millj. kr., þannig að samanlagt styrkir þetta fjárhag ríkissjóðs um 260 millj. kr.

Ég dreg enga dul á það að mér þykir mjög miður að þessum fyrri áfanga í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli hafa verið frestað í eitt ár, en ég legg á það ríka áherslu að hér er um að ræða frestun því að ríkisstjórnin er engan veginn fallin frá áformum sínum um að standa við þær tillögur sem unnar voru í samráði við samtök sveitarfélaga í landinu um að koma á nýjum samskiptareglum ríkis og sveitarfélaga. Tilgangurinn með því er að láta drauma og óskir sveitarstjórnarmanna á undanförnum áratugum um að auka hlut sveitarfélaganna í stjórnsýslunni rætast um leið og fjárhagur sveitarfélaganna verði styrktur.

Það er ekkert leyndarmál að þetta frv. hefur mætt mikilli andstöðu á þingi, þ.e. frv. um fyrri áfanga þessarar verkaskiptingar, og ekki hvað síst úr röðum ýmissa stjórnarþm. Það lá reyndar fyrir að ekki næðist samkomulag um það að koma frv. heilu í höfn. Menn ræddu um samkomulag um það að taka til baka veigamikla þætti sem þýddi að þá var svo lítið eftir af þáttum sem þetta frv. tók á að það var einsætt að fresta þessari framkvæmd hvort heldur hún leiðir til þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því fyrir næsta haust að taka þessar verkaskiptingartillögur til framkvæmda í heilu lagi, í einum áfanga eða ekki.

Þeir menn sem hafa hins vegar haldið því fram að fjárhagur sveitarfélaga hefði verið rýrður við þessar aðgerðir standa nú frammi fyrir því að svo er að sjálfsögðu ekki, enda á ég von á því að jafnvel sömu mennirnir, sem hvað mest gagnrýndu tillögurnar um þennan þátt verkaskiptingarinnar, bendi nú á að þegar þær eru teknar til baka skerðist að sjálfsögðu fjárhagur sveitarfélaganna sem því svarar. Staðreyndin var nefnilega sú að fjárhagur sveitarfélaganna hefði stórlega styrkst við framkvæmd þessara tillagna.

Þetta styðst hins vegar við þau rök að fjárfestingaráform sveitarfélaganna eru til mikilla muna hærri milli áranna 1987 og 1988 en í hinum opinbera geira og því er yfirlýst í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að efna skuli til viðræðna við sveitarfélögin um það að fá þau til þess að draga úr fjárfestingum sínum og þá á ég auðvitað sérstaklega við forsvarsmenn Reykjavíkurborgar en einnig í einstökum tilvikum önnur sveitarfélög. Sú staðreynd að sveitarfélögin verða við frestun verkaskiptingarinnar af tekjum sem samsvara um 260 millj. kr. verður auðvitað til þess, m.a., að stuðla að ákvörðunum á vettvangi sveitarstjórna um frekari samdrátt framkvæmda.

Til þess að mæta þeirri fjárþörf sem eftir stendur hefur verið ákveðið að afla ríkissjóði aukinna tekna. Sú tekjuöflun er í því formi að það eru lagðar auknar álögur á fyrirtæki í þeim greinum sem annars vegar er ástæða til að ætla að skili auknum tekjum, þ.e. tekjuskattur fyrirtækja er hækkaður, þeirra sem hagnaði skila, og hins vegar er erlenda lántökugjaldið hækkað sem mun þá fyrst og fremst leggja álögur á þau fyrirtæki sem hyggjast fjármagna framkvæmdir sínar með auknum erlendum lántökum. M.ö.o. eykur tekjuöflunin hlut fyrirtækjanna og kemur það til móts við það að ríkið fellur frá álagningu launaskatts á öll fyrirtæki sem ekki er tekjutengdur sem svarar 200 millj. kr.

Með þessu móti er tryggt að meginmarkmið fjárlaganna, að þau verði hallalaus á árinu 1988, standist, enda er það forsenda þess að dregið verði úr þenslu innan lands, viðskiptahalla, og þar með

stuðlað að hjöðnun verðbólgu á síðari hluta árs.

Enn frekari aðgerða er þörf til að draga úr innlendri eftirspurn og erlendum lántökum. Í því skyni er gjald á erlendar lántökur tvöfaldað eins og áður sagði og gildir það ákvæði til næstu áramóta. Í því felst hvatning til fyrirtækja um að fresta lánsfjármögnuðum fjárfestingaráformum fram yfir næstu áramót í trausti þess að þá hafi slegið það myndarlega á þensluna og það geti þannig stuðlað að jafnvægi. Jafnframt eru erlendar lántökuheimildir til langs tíma lækkaðar um 300 millj. kr. Erlendar lántökur opinberra aðila lækka um 100 millj. kr. Þar af eru 75 millj. kr. vegna framkvæmda Landsvirkjunar og 25 millj. kr. í Þróunarfélag Íslands. Þá er lántökuheimild til smíði Vestmannaeyjaferju lækkuð um 75 millj. kr. á árinu 1988, en um þá framkvæmd gildir að öðru leyti sú samþykkt Alþingis við afgreiðslu lánsfjárlaga að áður en til framkvæmda eða lánsfjáröflunar verði stofnað verði það mál endurskoðað sérstaklega að frumkvæði fjmrh., samgrh. og formanns fjvn.

Að lokum eru erlendar lántökuheimildir atvinnuvegasjóða lækkaðar um 175 millj. kr., þar af hjá Fiskveiðasjóði um 75 millj. kr., Iðnlánasjóði 75 millj. kr. og Iðnþróunarsjóði 25 millj. kr.

Um þetta má kannski segja að með þessum aðgerðum er stefnt að því að draga úr þeim slaka í lánsfjárlögum sem varð niðurstaða hv. Alþingis við umfjöllun lánsfjárlaga. Að þessum aðhaldsaðgerðum loknum eru lánsfjárlög nær því eins og þau voru fram sett í upphafi þings sem bendir til þess að menn hafi farið óvarlega í þá átt að slaka á aðhaldssemi lánsfjárlaga rétt fyrir jólin miðað við þær aðstæður sem þá voru öllum mönnum augljósar í okkar þjóðarbúskap. Framangreindar ráðstafanir fela í sér að erlendar lántökur þjóðarbúsins til langs tíma lækka úr 9574 millj. kr. í 9274 millj. kr.

Að undanförnu hefur það verið viðtekin skoðun að horfur um viðskiptahalla á þessu ári séu mun lakari en á sl. ári. Hér hafa verið nefndar tölur allt upp í 10–12, jafnvel 13–14 milljarða kr. eða sem svarar til 4% eða yfir 5% af landsframleiðslu. Með þeim efnahagsaðgerðum sem nú hafa verið ákveðnar er stefnt að því að hamla gegn vaxandi viðskiptahalla, snúa þessari þróun við og draga úr viðskiptahalla sem svarar um 3 milljörðum kr.

Það er ástæða til þess að geta þess að stærsti liðurinn sem skýrir þennan þráláta og mikla viðskiptahalla, skýrist af fortíðarsyndum. Stærsti liðurinn er m.ö.o. halli á vaxtajöfnuði þjóðarbúsins upp á 6,3 milljarða kr. Þetta er afleiðing af ótæpilegri sláttumennsku fyrri ára. Að vísu má segja að í góðæri og með auknum hagvexti hefði þjóðarbúið átt að vera þess umkomið að greiða skuldir sínar niður örar en reynslan sýnir, en umræðan um viðskiptahallann hlýtur að taka tillit til þess að um er að ræða gjaldaþyrði á þjóðarbúskapnum sem er afleiðing af löngu teknum ákvörðunum og löngu gerðum hlutum. Í þeim skilningi er það rétt að aðgerðir til þess að koma viðskiptajöfnuði á aftur munu óhjákvæmilega taka lengri tíma en eitt ár.

Það er líka ástæða til að nefna að í þessum tölum um viðskiptahalla má gera ráð fyrir því að sérstakur innflutningur skipa og flugvéla nemi hvorki meira né minna en 3½ milljarði kr. þannig að ef við tökum saman óhagstæðan vaxtajöfnuð og sérstakan innflutning skýrir það eitt út af fyrir sig viðskiptahallatölur upp á meira en 9 milljarða. Þjónustujöfnuðurinn er aftur á móti áætlaður hagstæður um a.m.k. 1½ milljarð. Tölur sem nefndar hafa verið á undanförnum mánuðum um viðskiptahalla hafa breyst svo ört að það er ósköp eðlilegt að menn festi ekki mikinn trúnað á slíkar spár, hvort heldur þær hafa komið frá Þjóðhagsstofnun eða öðrum aðilum. En það sem ég vil leggja áherslu á í þeirri umræðu er fyrst og fremst það að við getum enn ráðið allmiklu um niðurstöðuna, hver hún verður. Hér er ekki bara um að ræða einhvern sjálfvirkan framreikning á orðnum hlutum.

Það er t.d. staðreynd sem hefur farið býsna mikið fram hjá mönnum að innan sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar hafa auðvitað þegar verið gerðar ráðstafanir í ljósi gengisbreytinga til þess að draga úr framleiðslu fyrir Bandaríkjamarkað í dollurum og að auka útflutning og framleiðslu á Evrópumarkað, en Evrópugjaldmiðlar hafa hækkað í hlutfalli við aðrar myntir. Þá er einnig á það að líta að þær aðgerðir sem nú hefur verið gripið til til að styrkja fjárhagslega stöðu fiskvinnslunnar munu væntanlega leiða til þess að verðmæti útflutningsframleiðslunnar verði meira heldur en það ella hefði orðið.

Loks er þess að geta að gangi menn fram af sæmilegri einbeitni í því að draga úr lánsfjármögnuðum fjárfestingaráformum er það hvað áhrifamesta aðgerðin sem við getum gripið til til þess að hamla gegn viðskiptahallanum. Í því efni hafa menn auðvitað staldrað við mikil fjárfestingaráform Reykjavíkurborgar, en það má nefna miklu fleiri aðila. Ég nefni t.d. í þessu samhengi að nú er í undirbúningi útboð vegna byggingar á um það bil 250 íbúðum á Keflavíkurflugvelli sem er fjárfestingaráform upp á 1½ milljarð kr., fjárfestingaráform af því tagi sem kallar á mikinn mannafla og er fjármagnsfrekt. Sama er að segja um ýmis önnur einstök fjárfestingaráform sem öll rök eru til að unnt sé að fresta, sérstaklega ef menn hyggjast fjármagna þau með erlendum lánum og greiða af þeim aukna skatta. Niðurstaða mín er því sú að menn taki varlega einstökum spám um viðskiptahalla. Þessar aðgerðir munu hafa sitt að segja til þess að draga úr þeirri þróun og það mun líka mjög ráðast af því hvernig viðbrögð annarra aðila en ríkisvaldsins verða við tilmælum um það að draga saman seglin í lánsfjármögnuðum fjárfestingum.

Staða flestra sjávarútvegsfyrirtækja hefur verið erfið. Það er tilefni þessara aðgerða. Það var mat manna miðað við 6% arðkröfu að frystingin hefði verið rekin með 7–8% halla að meðaltali og söltun og útgerð rétt hangið fyrir ofan núllpunkt. Með þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið

batnar afkoma fiskvinnslunnar verulega. Lausleg áætlun leiðir í ljós að frystingin gæti verið komin upp undir núllpunktinn og söltun að sama skapi í nokkurn hagnað. Hins vegar hefur afkoma útgerðar heldur versnað, einfaldlega vegna þess að gengisfelling leiðir tiltölulega fljótt til aukinna útgjalda í útgerð og má reikna með því að þar verði nokkur halli. En hallinn er þá fyrst og fremst í bátaútgerð, en rekstur togara verður væntanlega í járnum.

Herra forseti. Í byrjun janúar fór fram verðupptaka vegna útreiknings framfærsluvísitölu, aðallega á tveimur fyrstu dögum eftir að til framkvæmda komu hinar umfangsmiklu skattkerfisbreytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á Alþingi fyrir sl. áramót. Þegar þessi verðtaka fór fram hafði söluskattsbreytingin komið til framkvæmda, en verðlækkanir af völdum tolla og vörugjaldslækkunar ekki. Þessi verðmæling sem þá sýndi 3,71% hækkun framfærsluvísitölu benti til hraða verðbreytinga langt umfram það sem eðlilegt gat talist og villti mönnum sýn. Sumir höfðu þá á orði að verðbólguþróunin stefndi í yfir 50%. Við útreikning framfærsluvísitölu nú í byrjun febrúar kom á daginn að vísitalan hafði einungis hækkað um 0,84% sem svarar til 10,6% verðbólgu á heilu ári en um 25% verðlagshækkunar síðustu 12 mánuðina. Þetta er minnsta hækkun framfærsluvísitölu frá því vorið 1986 í kjölfar kjarasamninganna þá í febrúar og lækkunar olíuverðs. Jafnframt hefur vísitala byggingarkostnaðar nú lækkað tvo mánuði í röð um alls 0,55%, en slíkt hefur a.m.k. ekki gerst áður á þessum áratug. Þá hækkar lánskjaravísitala einungis um 0,51% frá febrúar til mars og enn verðum við að fara tvö ár aftur í tímann til þess að finna dæmi um svo litla hækkun lánskjaravísitölu. Þetta ber því að sama brunni. Þessi þróun staðfestir ótvírætt að fjölþættar aðgerðir ríkisstjórnarinnar á seinustu mánuðum eru farnar að skila árangri.

Þessar aðgerðir hafa einkum beinst að tvennu: Að jafna mikinn halla á ríkissjóði og hins vegar að því að draga úr erlendum lántökum og koma á jafnvægi á lánsfjármarkaði. Með þessum hætti hefur markvisst verið unnið að því að draga úr þenslu og verðbólgu. Þessum aðgerðum hefur verið fylgt eftir með auknu aðhaldi og upplýsingastarfi á sviði verðlagsmála og nú erum við að uppskera árangur af því striti.

Strax í kjölfar þess að síðustu upplýsingar um verðbreytingar lágu fyrir lækkuðu viðskiptabankarnir útlánsvexti á óverðtryggðum lánum yfirleitt um 2–4%. Þá lækkaði Seðlabankinn dráttarvexti úr 4,3% í 3,8%. Nú um þessi mánaðamót lækka bankarnir vexti á óverðtryggðum útlánum enn frekar, að meðaltali líklega um 2%. Bankastjórn Seðlabankans hefur ákveðið lækkun á vöxtum bankans á viðskiptum hans við innlánsstofnanir hans um 2%. Þannig hafa nafnvextir því lækkað á 10 dögum um 4–5%.

Jafnframt eru sýnileg teikn á lofti um það að vaxtalækkun á öðrum vettvangi fjármagnsmarkaðarins er í vændum. Mikil og jöfn sala á spariskírteinum ríkissjóðs og ríkisvíxlum er einnig til marks um aukið jafnvægi á þessu sviði. Þessar fregnir af verðlags- og vaxtamálum sem hér hafa verið raktar hafa áreiðanlega orðið samningamönnum vinnumarkaðarins nokkur hvatning til þess að taka þær ákvarðanir sem hvort tveggja í senn tryggðu hag þeirra launamanna sem ekki nutu launahækkana til samræmis við það sem almennt gerðist á síðasta ári, en fyrst og fremst til þess að tryggja að ekki riði yfir þjóðina ný alda verðhækkana. Slíkt hefði haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Við vorum því stödd á vendipunkti í efnahagsmálum okkar sem leystist í einu með kjarasamningum og þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin hafði lýst yfir að myndu fylgja í kjölfarið og hér hafa verið birtar. Það hefur ótvírætt sannast á síðustu árum að við Íslendingar getum kunnað fótum okkar forráð í efnahagsmálum ef við höfum nægilega einbeittan pólitískan kjark til þess að fylgja fram ráðstöfunum í tæka tíð. Það hefur sannast að verðbólga er ekkert náttúrulögmál eða álög á íslensku efnahagslífi þótt vitaskuld verði menn að viðurkenna að hagstjórn er hér vandasamari en í flestum öðrum löndum, einfaldlega vegna þess að efnahagslíf okkar er einhæfara og sveiflukenndara, viðkvæmara fyrir sveiflum ytri skilyrða en flest önnur lönd sem kalla má þróuð iðnríki.

Þrátt fyrir slíkar sveiflur er það svo að við ráðum býsna miklu um það sjálf í hvaða efnahagslegu umhverfi við störfum. Verðbólgan hefur oft og lengi sett mark sitt á þjóðfélagið og einkum þjakað þá sem mest eiga undir högg að sækja. Fyrir því höfum við óræka reynslu.

Þegar gengið var til þeirra samningaviðræðna Verkamannasambandsins og atvinnurekenda sem nú er lokið voru menn á einu máli um að höfuðverkefni samninganna væri að leiðrétta misgengi sem orðið hefði í launaþróun. Almenn kaupmáttaraukning á síðasta ári var hins vegar meiri en dæmi eru um. Hlutur launa í þjóðartekjunum hefur aldrei verið jafnhár. Vandinn var því sá að einstakir hópar launafólks ekki síst í fiskvinnslu höfðu ekki fengið þann hlut sem eðlilegur var. Þetta setur sitt mark á þessa nýju kjarasamninga.

Samningarnir markast einnig af því að afkoma útflutningsgreinanna var ákaflega veik. Þessar sérstöku aðstæður, þar sem saman fór almenn viðurkenning á því að rétta þyrfti sérstaklega hlut fiskvinnslufólks og slök afkoma frystingarinnar, hlutu að gera samningana ákaflega erfiða. Það er því fagnaðarefni að nú skuli hafa náðst niðurstaða án ófriðar á vinnumarkaði. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum er ljóst að hörð átök á vinnumarkaði hefðu getað orðið illskeyttari en oftast áður og vandinn að sama skapi torleystari og vonin um árangur að sama skapi minni. Það er ánægjulegt að með þessum samningum hefur hlutur fiskvinnslufólks verið réttur sérstaklega.

Í kjölfar þessara kjarasamninga hefur á vegum fjmrn. verið gerð sérstök verðlagsspá. Niðurstaða

hennar er sú að verðhækkun frá upphafi til loka þessa árs verði rétt tæplega 16% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Jafnframt dregur verulega úr hraða verðbreytinga þegar komið er fram yfir mitt ár og áhrif gengisbreytingarinnar og upphafshækkunar launa á kjarasamninga hefur komið fram. Ef ekkert óvænt kemur upp má reikna með því að verðbólguhraðinn verði kominn niður undir 10% á seinasta ársfjórðungi samanborið við um og yfir 30% nú um áramót.

Í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir felst að kaupmáttur dagvinnulauna verkafólks geti haldist óbreyttur frá upphafi til loka þessa árs 1988. Kaupmáttur lægstu launa gæti jafnvel heldur aukist. Hins vegar verður kaupmáttur launa að meðaltali augljóslega nokkru lægri á þessu ári en í fyrra, ef menn nota mælikvarðann að bera saman meðaltal 1987 við meðaltal 1988. Sú lækkun kaupmáttar launa að meðaltali gæti verið um það bil 3% á mann. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að árið 1987 var um margt afar sérstakt. Þar fóru saman mjög hagstæðar ytri aðstæður og mikil mannekla á vinnumarkaði. Hvort tveggja kynti undir mikilli þenslu og kröftugri hækkun launa, en fyrst og fremst hjá hinum betur settu á vinnumarkaðinum. Jafnframt hefur skattlausa árið vafalaust stuðlað að aukinni ásókn í aukavinnu. Allt þetta lagðist því á sömu sveif og leiddi til mikillar hækkunar launa og einnar mestu kaupmáttaraukningar á einu ári sem orðið hefur.

Herra forseti. Síðustu verðmælingar sýndu svo að ekki varð um villst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar síðasta missirið voru að skila árangri. Verðbólgan fór lækkandi. Í kjölfarið hafa vextir lækkað eins og þegar hefur verið rakið. Það verður að tryggja að aðgerðum verði nú þannig hagað að við horfum til þess að verðbólga, vextir og fjármagnskostnaður fari lækkandi á næstu mánuðum. Þetta er unnt að gera og að þessu marki stefna aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú. Nýgerðir kjarasamningar eru þess vegna tilefni til þess að við getum horft sæmilega björtum augum til framtíðarinnar. Það hefur mjög hamlað efnahagsstjórn á síðustu mánuðum að mikil óvissa hefur ríkt um framvindu mála á vinnumarkaði, en þeirri óvissu hefur nú að verulegu leyti verið eytt, en í því efni vek ég athygli á því sem segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forsenda þessa er að þeirri almennu stefnu sem mörkuð hefur verið í þeim kjarasamningum, sem þegar hafa verið gerðir, verði fylgt í öðrum samningum."

Ástæða er, herra forseti, til að staldra við þessa setningu af sérstöku tilefni. Aðilar vinnumarkaðarins, ekki hvað síst talsmenn Verkamannasambandsins, hafa ítrekað sagt að stjórnvöld hafi brugðist í framhaldi af gerð desembersamninganna þegar þeir féllust á meiri launahækkanir til annarra aðila en meðlima verkalýðshreyfingarinnar í þeim kjarasamningum sem gerðir voru á fyrri hluta ársins 1987. Það verður því að líta svo á og segja það fullum fetum að ríkisstjórninni ber skylda til að læra af því og miða launastefnu sína í þeim samningum sem fram undan eru við þá launastefnu sem aðilar vinnumarkaðarins sjálfir hafa markað, annars vegar með Vestfjarðasamkomulaginu og hins vegar með nýgerðum kjarasamningum Verkamannasambandsins.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að minna á það að kjarasamningarnir í febrúar 1986, sem gerðir voru við mun hagstæðari ytri skilyrði en nú, höfðu í för með sér meiri aukningu kaupmáttar í raungildi en dæmi eru um áður. Til þeirra samninga hefur oft verið vitnað sem tímamótasamninga að því er varðaði vinnubrögð, en staðreyndin er sú að þeir skiluðu launþegum miklum árangri. Um þessa nýju samninga er það að segja að við þá er ugglaust vandlifaðra fyrir alla aðila, bæði launafólk, atvinnurekendur og ríkisvaldið, en kannski er það einmitt til marks um það að tónninn í þeim sé nokkur salómonsdómur þegar tekið er tillit til allra aðstæðna.

Herra forseti. Ég held að ég hafi með því sem þegar er sagt gert í stórum dráttum grein fyrir aðalatriðum í þeirri stefnumörkun í efnahagsmálum sem felst í þessum aðgerðum. Fjarri er því að allur vandi sé leystur með þessum aðgerðum og auðvitað verður margt að fylgja á eftir. Í almennri hagstjórn er það vafalaust viðskiptahallinn sem við verðum fyrst og fremst að einbeita okkur að að ná niður þó að ég hafi reyndar þegar fært rök að því að honum verði ekki náð niður með nokkru móti á einu ári, einfaldlega af þeirri ástæðu hvað vaxtajöfnuðurinn er þar stór þáttur. Vafalaust verða margir til þess líka að segja að grípa þurfi til frekari aðgerða til þess að jafna hag fólks. Ekki hvað síst er nú mikil umræða í þjóðfélaginu um það misræmi sem er í raunverulegum lífskjörum heimila eftir búsetu í landinu og þá er ekki hvað síst bent á sívaxandi orkukostnað heimilanna sem þurfa að nýta raforku til húshitunar. Einn þáttur þessara aðgerða sem hér hefur verið gripið til er lækkun olíuverðs sem eykur þann mun enn að nokkru og leiðir til þess að við verðum nú að leita allra leiða til þess að leiðrétta þetta misvægi í kjölfar þessara aðgerða. Það mál er nú sérstaklega til athugunar þótt ekki sé hún svo vel á veg komin að unnt sé að skýra frá niðurstöðum að svo stöddu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ed.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlýða á þá ræðu hæstv. fjmrh. sem hér var flutt áðan þar sem hann fagnaði mjög þeim niðurstöðum kjarasamninga sem núna liggja fyrir og eru að sumu leyti undirstaða undir þeim ákvörðunum sem nú eru gerðar tillögur um í efnahagsmálum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hann taldi að þetta væru tímamótasamningar, jákvæðir samningar, en hann fór engum orðum um það fólk sem verður að lifa á lægstu töxtunum, 31 500 kr. á mánuði, og hann vitnaði til

samninganna í desember 1986 þar sem lægstu laun voru hækkuð úr 19 500 upp í um 26 000 kr. eða um 36–38% og taldi að þessir samningar væru að einhverju leyti sambærilegir. Það eru þeir ekki, fyrst og fremst vegna þess að þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir, gera ekki ráð fyrir þeirri sérstöku hækkun lægstu launa sem samningarnir 1986 byggðust á. Og staðreyndir málsins eru þær, hvað svo sem talnaflóði hæstv. fjmrh. líður, að kaupmáttur kauptaxta, hinna lægstu kauptaxta, mun skerðast frá árinu 1987 til ársins 1988 um 8–10% ef tekið er tímabilið nóvember 1987 til nóvember 1988. Ég hefði haldið að það væri í rauninni ekki sérstakt fagnaðarefni fyrir fjmrh. og formann jafnaðarmannaflokks að lýsa ánægju sinni með samninga með þeim hætti sem hann gerði hér áðan.

Forsendur kjarasamninga eiga að mínu mati að vera þessar, þ.e. sá mælikvarði sem maður mælir kjarasamninga á.

Í fyrsta lagi jöfnuður. Að hve miklu leyti stuðla kjarasamningar að jöfnun? Að hve miklu leyti stuðla þeir að því að dregið sé úr misvægi lífskjara í þjóðfélaginu? Það er algjört forgangsatriði, hlýtur að vera, fyrir þá sem aðhyllast jafnaðarstefnu, sósíalisma, eins og t.d. mig.

Annar meginmælikvarðinn á að vera þróun kaupmáttar með tilliti til þjóðhagsstærða að öðru leyti. Og menn geta auðvitað velt því fyrir sér og fullyrt og sagt sem svo að kaupmáttur launa hlýtur að taka mið af kaupmætti heildartekna þjóðarbúsins á hverjum tíma. Það er rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að meðan kaupmáttur launa lækkar að jafnaði um 3% milli áranna 1987 og 1988 samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar skerðast þjóðartekjur eða þjóðarframleiðsla hverfandi eða í kringum 1% hið mesta. Hér er sem sagt bersýnilega um það að ræða að það er verið að færa peninga frá launafólkinu í landinu yfir til annarra efnahagsþátta þjóðfélagsins. Það er verið að færa peninga frá þeim sem skapa verðmætin með vinnu sinni til hinna. Þetta er grundvallaratriðið í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem hér er verið að gera og á þennan mælikvarða hef ég alltaf metið niðurstöður kjarasamninga. Er það jöfnuður? Hvernig þróast kaupmáttur miðað við aðrar efnahagsstærðir þjóðfélagsins?

Mín skoðun er sú að samningarnir 1986 hafi að mörgu leyti verið kaflaskil, bæði í raun og veru samningarnir í desember og samningarnir í febrúar. Þar var um að ræða aukinn jöfnuð og aukinn kaupmátt launa. Þeim fylgdu auk þess ýmsar félagslegar ráðstafanir, sem voru jákvæðar, eins og t.d. í húsnæðismálum, þó að margt megi um það kerfi að öðru leyti segja sem þar er uppi. Þeim fylgdu auðvitað líka ráðstafanir sem ég fyrir mitt leyti átti mjög erfitt með að fella mig við. Það var lækkun innflutningsgjalda á bifreiðum, sem ég taldi í raun og veru mjög sérkennilega ráðstöfun miðað við þær aðferðir og aðstæður sem þá voru uppi í þjóðlífinu. En allt um það, þessir kjarasamningar hækkuðu lágan kaupmátt launa aðeins frá því sem var. Þess vegna voru þetta samningar sem hægt var að segja um ýmsa jákvæða hluti.

Þegar aftur á móti það gerist að kaupmáttur kauptaxta lækkar meira en nemur falli þjóðartekna eru það ekki kjarasamningar sem ég tel góða. Þess vegna tel ég að í rauninni sé mjög fráleitt að setja mál upp með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. gerði ef hann vill láta taka sig sem talsmann jafnaðarstefnu en það dregur maður auðvitað mjög í efa í seinni tíð, óneitanlega.

Varðandi hin almennu atriði sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. um þróun efnahagslífsins tók hann þannig til orða að um væri að ræða snöggversnandi ytri skilyrði. Það er auðvitað rangt. Ytri skilyrði hafa ekki versnað. Ytri skilyrði hafa, herra forseti, batnað. Olíuverðið hefur ekki hækkað, það hefur lækkað. Vörur okkar á alþjóðlegum mörkuðum hafa ekki lækkað í verði, þær hafa hækkað. Eftirspurnin hefur ekki minnkað, hún hefur aukist. Hvað er það þá sem veldur þeim vanda sem uppi er í þjóðfélaginu núna í efnahagsmálum eftir mesta góðæri, eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, eftir mesta hagvaxtarskeið sem þjóðin hefur upplifað? Hvað er það sem veldur vanda atvinnuveganna og launafólks? Það er tvennt, að mínu mati, fyrst og fremst að því er varðar atvinnuvegina. Það getur gengið undir samheitinu: Sá tollur sem frjálshyggjan hefur tekið til sín.

Það er í fyrsta lagi ört vaxandi fjármagnskostnaður í þjóðfélaginu, þannig að t.d. í fiskvinnslunni eða frystingunni var fjármagnskostanður frystihúsa, Sambandsfrystihúsanna svokölluðu, orðinn 11% af rekstrartekjum núna fyrir fáeinum vikum samkvæmt uppgjörsyfirliti sem ég sá frá sjávarafurðadeild Sambandsins fyrir skömmu. Hæstv. utanrrh. sagði um sama leyti að raunkostnaður vaxta í frystingunni hefði hækkað um 70% á einu ári. Þessi tala var síðan höfð eftir hæstv. ráðherra í blaðinu Tíminn, sem ég veit að menn lesa samviskusamlega, og það kann að vera að þessi tala hafi verið eitthvað í hærri kantinum miðað við það sem ég sjálfur hafði ímyndað mér og reynt að reikna út, en a.m.k. var ljóst eftir þeim tölum sem ég sá frá Sambandsfrystihúsunum að það var gífurleg hækkun á fjármagnskostnaði. Ef við gerum ráð fyrir að í þessari tölu hæstv. utanrrh. hafi verið mjög of í lagt, hækkunin hafi ekki verið 70% heldur kannski ⅓, jafngildir það því að sömu upphæð og að laun hefðu hreyfst um 10–15%. Sem sagt, vaxtahækkunin étur upp kauphækkunarsvigrúm í frystihúsunum sem nemur 10–15%.

En það er annað sem í nafni frelsisins hefur verið innleitt í seinni tíð og það er hið dásamlega frjálsa fiskverð sem menn hafa keppst um að lofa og prísa um allt land úr öllum flokkum að mér hefur heyrst núna á undanförnum missirum í stórum stíl. Niðurstaðan þar er sú, svo að ég taki Sambandsfrystihúsin aftur sem dæmi, að raunhækkun fiskverðs frá janúar 1987 til janúar 1988 er 11%. Þessar hækkanir á vöxtum annars vegar og fiskverði hins vegar upp á 8% í afkomu frystihúsanna jafngildir 30–35% launa-

hækkun og auðvitað er það ljóst að þessi tollur sem þarna er tekinn af frystingunni í landinu veldur því að hún á við stórkostlegan vanda að glíma. Það eru þess vegna heimatilbúnar ástæður ríkisstjórnarinnar sjálfrar sem skapa þarna vandann. Ég heyrði að hæstv. fjmrh. var að klína þessu öllu yfir á fyrrv. ríkisstjórn í ræðu sem hann hélt hér áðan. Hann sagði að þessar tillögur væru harður dómur um hagstjórnina á undanförnum missirum. Það sem hann átti við og var bersýnilega að segja var það að hagstjórn hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafi verið svo léleg í tíð síðustu ríkisstjórnar að núna séu menn að gera eilífar hallæris- og kreppuráðstafanir rétt ofan í mesta hagvaxtarskeið sem þjóðin hefur gengið í gegnum.

Staðreyndin er sú að frjálshyggjan hefur tekið þarna toll af kaupgreiðslusvigrúmi atvinnuveganna, af heimilunum sem hafa orðið að borga hærri vexti, af heimilunum sem hafa orðið að sætta sig við stóraukna vinnu til þess að bæta upp kjaraskerðinguna og af byggðunum í landinu, landsbyggðinni sérstaklega, þar sem um er að ræða svartsýni og vonleysi á stórum svæðum þar sem fólk sér ekki fram úr þeim vanda sem um er að ræða.

Ég hef á undanförnum árum farið oft um landið, heimsótt frystihús og atvinnufyrirtæki. Ég hygg að ég hafi sjaldan hitt menn öllu daufari í dálkinn í frysti- og fiskiðnaðinum í landinu en einmitt núna í janúarmánuði og ég tek fram að það er sama hvar maður kom, hvort það var á Norðausturlandi eða Suðurlandi eða Austfjörðum, það var alls staðar sama sagan. Það var döpur ásýnd sem blasti við manni á þeim stöðum.

Um þessar ráðstafanir að öðru leyti, herra forseti, ætlaði ég að draga saman nokkra aðalpunkta og segja þetta áður en ég fer út í einstök efnisatriði.

Í fyrsta lagi: Kaupmáttur kauptaxta lækkar, tekjur fólksins í landinu lækka mun meira en nemur falli þjóðartekna milli áranna 1987 og 1988 og það er engum manni bjóðandi að taka laun fyrir 8 tíma vinnu upp á 31 500 kr. á mánuði. Það er engum manni bjóðandi að búa við slík lífskjör. Við skulum ekki láta okkur detta það í hug, þó að menn haldi það örugglega hér, að fólk geti leyst þennan vanda með því að taka á sig stórkostlega yfirvinnu og aukavinnu. Í mörgum tilvikum er það þannig, t.d. þar sem konur eru einar með börn á framfæri, að þær geta ekki nema með takmörkuðum hætti bætt upp þennan vanda með aukinni yfirtíð. Hér er um að ræða fólk sem núna eftir vaktavinnu á spítölunum í Reykjavík og elliheimilunum er að taka inn laun sem eru 45 000 kr. á mánuði fyrir gífurlega mikla og erfiða vinnu. Það er aldrei hægt að vera ánægður með kjarasamninga sem dæma þetta fólk í örvinglun og örvæntingu og börn þessa fólks í lífsskilyrði sem ættu ekki að vera til í okkar ríka landi í dag.

Í öðru lagi, um ráðstafanirnar. Gengisstefna ríkisstjórnarinnar, fastgengisstefnan, er hrunin. Hornsteinninn mikli er hruninn. Það sem meira er: Hæstv. ráðherrar eru þegar byrjaðir að lýsa því yfir að það þurfi meiri gengislækkun. Hæstv. utanrrh. sagði í umræðum í þinginu í gær að í rauninni væri hér ekki nóg að gert. (**KP:** Hann hefur alltaf sagt það.) Ég er sannfærður um það, hv. þm. Karvel Pálmason, að þegar líður á árið muni forráðamenn útflutningsgreinanna aftur koma til ríkisstjórnarinnar og segja: Við ráðum ekki við dæmið.

Þá kem ég að þriðja þættinum sem ég vil nefna. Hann er þessi. Vandi atvinnuveganna, sá bráðavandi sem útflutningsframleiðslan á nú við að stríða, er ekki leystur með þessum ráðstöfunum. Það er auðvitað alveg augljóst mál að það eru áframhaldandi veruleg vandamál í útflutningsiðnaðinum og það er einnig augljóst mál að frystingin býr við verulegan halla. Það er kostulegt með þessi plögg frá þessum mönnum sem hæstv. fjmrh. hefur í vinnu í kringum sig, með einn á hverjum fingri, minnst, nýráðna krata þarna inni í fjmrn., að þegar verið er að senda manni pappíra er yfirleitt reynt að draga fjöður yfir veruleikann.

Hér er ég með pappír frá Þjóðhagsstofnun og ég heyrði tölurnar frá hæstv. fjmrh. áðan sem skartar með alls konar liði sem hann er búinn að ráða í fjmrn. að undanförnu, og væri fróðlegt að vita hvað kratalaunin eru há í fjmrn. í seinni tíð. Hér er niðurstaðan hins vegar sú að það er sagt: Vinnslan er hérna með mínus 1½. En það segir ekki neitt. Það segir nákvæmlega ekki neitt vegna þess að frystingin er eftir sem áður rekin samkvæmt þeim tölum sem ég hef séð og sjálfur farið yfir. Hún er örugglega enn þá með halla á bilinu 4–6%. Þegar verið er að matreiða þessar tölur frá opinberum stofnunum eins og Þjóðhagsstofnun eða frá þessum kratahagfræðingum uppi í fjmrn. og þetta er si svona og dregin fjöður yfir það sem skiptir máli, þá segi ég: Þessir menn vinna ekki fyrir kaupinu sínu. Þeir eiga að framleiða þannig pappíra að sannleikanum sé haldið til haga jafnvel þó að hann kunni að vera óþægilegur fyrir þessa spekinga.

Það er satt að segja alveg óþolandi þegar verið er að rúlla hingað inn upplýsingum af þessu tagi eins og það sé, heyrist mér, nýlega búið að stofna eins konar þjóðhagsstofnun inni í fjmrn. því nú er ekki lengur um það að ræða að Þjóðhagsstofnun sendi ein frá sér pappíra um kaupmátt og viðskiptahalla og afkomu atvinnuveganna, sem hæstv. forsrh. les upp af gömlum vana hér í ræðustól í þinginu, heldur kemur svo líka niðurstaða frá hinni sérstöku innri þjóðhagsstofnun fjmrn. um það að í raun og veru sé allt vitlaust sem Þjóðhagsstofnunin í Seðlabankanum hefur skrifað niður. Hæstv. fjmrh. kemur hér með upplýsingar um það að viðskiptahallinn sé ekki 10 milljarðar heldur 8,5 og hann er með aðrar tölur varðandi ýmsa þætti hér í þessum efnahagsmálum en Þjóðhagsstofnunin af því að hann er búinn að setja upp einhverja prívat kratаþjóðhagsstofnun þarna inni í fjmrn. Þetta er skrýtin lenska og væri kannski ástæða til þess að Alþingi setti upp sína þjóðhagsstofnun til þess að geta tékkað allar þessar þjóðhags-

stofnanir sem ríkisstjórnin er að framleiða í öðru hverju ráðuneyti þessa dagana og borgar fyrir stórfé úr ríkissjóði til að halda þessu gengi uppi sem framleiðir svo svona pappír ofan í mann sem er meira og minna rugl og dregin fjöður yfir sannleikann í málinu. Ég vænti þess, herra forseti, að það sé alveg tryggt að þeir séu hérna einhvers staðar nærri til þess að heyra það sem hérna er sagt.

Hér er auðvitað ekki róið fyrir hverja vík að því er varðar vanda atvinnuveganna. Það er alveg augljóst mál. Og þeir munu koma aftur til ríkisstjórnarinnar þegar líður á þetta ár og þá verður enn þá einu sinni beðið um það að menn megi gera efnahagsráðstafanir einu sinni til. Þetta var þriðji þátturinn. Það fyrsta var um kaupmáttinn, annað gengisstefnuna, þriðja vanda atvinnuveganna og það fjórða sem ég nefni er viðskiptahallinn og verðbólgan.

Ég lýsi því hér yfir: Ég tel verðbólguspárnar ekki marktækar. Ég tel verðbólguspána frá Þjóðhagsstofnun hinni meiri, hinni eldri, ég tel hana ekki marktæka en þar er gert ráð fyrir því að verðbólgan í lok þessa árs verði komin niður í 6,4%. Ég hef ekki séð spána frá þjóðhagsstofnun fjmrn. en mér heyrðist að hún væri eitthvað aðeins önnur. Og að því er varðar viðskiptahallann vil ég hins vegar segja það að samkvæmt tölum Þjóðhagsstofnunar, sem starfar samkvæmt lögum, stefnir viðskiptahallinn í 10 milljarða, en samkvæmt þjóðhagsstofnun fjmrn. eru þetta eitthvað 8,5–9 milljarðar kr. Hvor talan sem er rétt, þá er alveg ljóst að hér er um stóran vanda að ræða og ríkisstjórnin mun þegar kemur fram á árið koma til þingsins og segja: Það þarf að gera ráðstafanir til að rétta við þennan ofboðslega viðskiptahalla.

Ég hef nefnt hér fjóra þætti úr þessu frv. Í fimmta lagi vil ég nefna það úr þessum efnahagsráðstöfunum að ég tel það jákvætt að ríkisstjórnin beitir hér 11. gr. seðlabankalaganna um það að skipa bönkunum að lækka aðeins vextina. Ég tel það mikinn ósigur fyrir hæstv. viðskrh. sem hér fyrir örfáum vikum sagði að það væri alveg útilokað að ríkisstjórnin hefði neina skoðun á þessu máli, þar verður hin frjálsa hönd markaðarins, hin milda hönd markaðarins að fá að njóta sín. Staðreyndin er sú að þarna hefur ríkisstjórnin tekið ákveðna ákvörðun. Hún er að vísu lítil en hún fær örugglega einn fyrir viðleitni eða tvo og ég tel að það sé mikilvægt. Og það eru kaflaskil síðan lögin voru sett um viðskiptabankana og Seðlabankann á sínum tíma, það eru ákveðin kaflaskil um að það skuli vera tekin ákvörðun um að lækka aðeins vextina.

Ég fagna því síðan sérstaklega, herra forseti, að samkvæmt þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að gera tillögu um, þá er verið að taka aftur nokkur frumvörp sem voru pínd hér í gegnum þingið fyrir nokkrum vikum. Það eru lögin um launaskatt, að hækka launaskattinn, og það er ákvörðunin um að greiða ekki uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel það alveg sérstakt fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli vera svo þroskuð og vitur að hún étur þetta ofan í sig aðeins nokkrum vikum eftir að hún hefur keyrt þetta hér í gegnum þingið. Það gekk nú ekki svo lítið á þegar við vorum að fara yfir þetta hér í þinginu. Stjórnarandstöðuflokkarnir voru á móti þessu, stjórnarflokkarnir keyrðu þetta í gegn. Og þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um að atvinnuvegirnir þyldu þetta ekki, þá hlustuðu menn ekki, menn hlustuðu ekki frekar en venjulega þegar um stjórnarandstöðuna er að ræða. Það er „prinsipp“ að taka aldrei mark á stjórnarandstöðunni. En svo kemur veruleikinn einn góðan veðurdag, bankar upp á hurðina hjá þessum einangruðu mönnum sem sitja í þessum fílabeinsturnum sínum og veruleikinn segir: Góðan daginn. Góðan daginn. Ástandið er nákvæmlega eins og stjórnarandstaðan var að segja. Og þá verða menn að sætta sig við þennan veruleika og éta ofan í sig nokkur hundruð milljónir af þeim pinklum sem þeir voru að hlaða á sjávarútveginn hérna fyrir örfáum vikum.

Eins er það með iðnaðinn. Hæstv. iðnrh. taldi að þetta væri allt saman í lukkunnar velstandi, allt í lagi að leggja skatt á iðnaðinn. Kemur svo ekki frv. frá hæstv. iðnrh. um það nokkrum vikum seinna að það sé alveg óhjákvæmilegt að fella niður launaskatt af samkeppnisgreinum iðnaðarins. Svona er nú samkvæmnin í þessu liði. Ég bíð bara eftir því að þeir komi hérna eftir nokkra daga og taki eitthvað aftur af þeim vitleysum fleirum sem þeir hafa verið að gera að undanförnu. Þetta er kannski ekki skrýtið með ráðherrana. Þeir standa í þessu svona dálítið frá degi til dags. En stjórnarliðið að öðru leyti. Þvílíkt geðleysi! Einn daginn koma þeir með þetta inn í þingflokka stjórnarliðsins, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., og segja: Það verður að hætta við að greiða uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi og það verður að leggja launaskatt á sjávarútveginn. Og þarna sitja menn eins og Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal og allir þessir miklu snillingar, hv. þm., og segja já og amen og takk, leggjum launaskatt á sjávarútveginn. Nokkrum dögum seinna eru þeir kallaðir saman á krísufund í þingflokkunum og sagt: Nú verður að taka þetta allt saman aftur. — Eru þetta allt saman alveg geðlausar druslur, með leyfi hæstv. forseta, eða hvað? Alveg gjörsamlega geðlausar druslur? Kemur það aldrei fyrir að það sé tekið mark á almennum þm. stjórnarflokkanna inni í þeim þingflokkum? Aldrei? (**HBl:** Jú, það kemur nú fyrir.) Örsjaldan. Hv. þm. Halldór Blöndal man örugglega eftir því og var með það í huga sem gerðist í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn um áramótin, þar sem hann bjargaði ríkisstjórninni naumlega í horn og ber að þakka honum það út af fyrir sig.

Þetta er nú niðurstaðan af þessari sérkennilegu ríkisstjórn sem hér er að gera tillögur í efnahagsmálum og þá ætla ég að nefna sjöunda punktinn í þessum tillögum, áður en ég kem að einstökum atriðum í tillögunum, það er punkturinn sem ég kalla „sjálfsagðir hlutir“. Því er lýst yfir að það eigi

að gera þetta og hitt sem búið er að vera lengi í bígerð og undirbúningi og sagt að ríkisstjórnin ætli að gera það áfram og það kemur engum á óvart. En það varð að hafa plaggið a.m.k. þrjár vélritaðar síður þannig að það þurfti að tína til eitt og annað drasl sem ríkisstjórnin var hvort sem er að gera í þessu áður en hún kynnti þessar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Ég lít þá þessu næst, herra forseti, á þessar einstöku aðgerðir og tek fyrst aðgerðir til að bæta hag útflutningsgreina. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver er staða frystingarinnar eftir þessar aðgerðir? Ég fagna því að ríkisstjórnin tekur aftur þetta varðandi söluskattinn og eins launaskattinn. Ég fagna því. Það eru fyrstu liðirnir í þessu plaggi þar sem hún étur ofan í sig það sem hún var áður búin að afgreiða.

Í þriðja lagi gerir hún ráð fyrir vissum skuldbreytingum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og það er áætlað að þetta létti greiðslustöðu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þetta er auðvitað alveg dæmigerð kreppuráðstöfun, hallærisráðstöfun. Þegar fyrirtækin geta ekki borgað eftir þetta mikla góðærisskeið, þá er farið að framlengja hjá þeim í ríkissjóði og Fiskveiðasjóði — og allt gott um það. Allt gott um það.

Í fjórða lagi er sagt: Áfram verður unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi viðskiptabanka, Byggðastofnunar og annarra lánastofnana. Ja, þetta er það sem ég flokka undir „sjálfsagða hluti". Ríkisstjórnin ætlar sem sagt áfram að vera til. Hún er ekki alveg að segja af sér. Hún ætlar eitthvað að gera. Hún ætlar áfram að vinna að þessu. Og það er engin frétt.

Fimmta yfirlýsingin er um það að ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir því að vaxtamunur sem *bankarnir taka vegna gengisbundinna afurðalána* lækki a.m.k. um 0,25%. Þetta er gott. Það er gott að ríkisstjórnin tekur þarna þessa rögg á sig þrátt fyrir andstöðu viðskrh. og bankamálaráðherra sem hefur komið hér fram aftur og aftur í þinginu á undanförnum vikum og mánuðum. Síðan er sagt: Seðlabankinn mun beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda. Ja, hefur verið einhver veruleg stífni í bönkunum í þessu máli, hæstv. sjútvrh.? Ég tel að þetta sé gott en það hefði nú ekki þurft sérstaka utandagskrárumræðu á Alþingi til að lýsa því yfir að ríkisstjórnin ætlaði allra náðarsamlegast að fara fram á það við bankana að þeir væru sveigjanlegir gagnvart viðskiptaaðilum sínum. Kannski hefur þetta verið sérstakt vandamál og yfirlýsingarefni og utandagskrárumræðuefni hér í þinginu í gær sem liður í þessum miklu efnahagsráðstöfunum.

Svo kemur hérna mikil snilld. Og nú vantar mig hæstv. landbrh. Væri hægt að hóa í hæstv. landbrh., hæstv. forseti? (**Forseti:** Hann er ekki staddur í húsinu.) Hann er ekki staddur í húsinu. Þá spyr ég hæstv. sjútvrh. um þetta. „Tilhögun á greiðslu vaxta og geymslugjald sauðfjárafurða verður endurskoðuð." Ég óska eftir því að fá upplýsingar um það hvernig á að endurskoða þetta. Hvaða endurskoðun er þetta? Það hlýtur að vera hæstv. sjútvrh. sem á að svara þessu. Framsfl. fer með þennan málaflokk.

Og svo er hér í síðasta lagi: „Olíuverð lækkar 1. mars með hliðsjón af stöðu innkaupajöfnunarreiknings, verði birgða og horfum um þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði." Samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá Verðlagsskrifstofunni var alveg ljóst að þetta hlaut að gerast hvort eð var. Þetta hlaut að gerast hvort eð var. Spurningin var bara um það hvort það gerðist 1., 2., 5. eða 15. mars. (**Dómsmrh.:** Fyrirgefðu. Það er lögbundið að það gerist um mánaðamót. Engin tillaga hafði komið fram. Tillaga kom fram frá fulltrúa ríkisstjórnarinnar um 40 aura og hefur ...) (Forseti hringir.) — Hæstv. forseti. Ekki veit ég af hverju forseti hringir bjöllunni. (**Forseti:** Ég bið menn um að haga máli þannig að það sé aðeins ræðumaður í ræðustól sem heldur ræðu.) Mér þykir vænt um það að hæstv. viðskrh. heldur svona eina og eina ræðu meðan ég er að tala. Það gerir þetta allt saman svo miklu, miklu skemmtilegra að menn geti aðeins talast við. En að sjálfsögðu reynum við að hlíta þeim vinnureglum sem hér tíðkast.

Það sem gerðist varðandi olíuverðið var ósköp einfaldlega það að verðið á olíu hafði lækkað. Ákvörðun var hins vegar tekin um það að láta lækkunina renna í innkaupajöfnunarreikning olíunnar til þess að rétta hann af og það hlaut því að koma að því að verðlag á olíuvörum lækkaði hér til skipanna vegna þess að það var búið að lækka það erlendis.

Þá kem ég næst að kafla í yfirlýsingunni sem heitir „*Bætt starfsskilyrði launafólks*". Og það er: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og mun ríkissjóður leggja fram fé" — og annars staðar kemur fram 35 millj. kr. — „á árinu 1988 í þessu skyni." Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því: Hverjir eru að undirbúa þessa lagasetningu? Er kannski hugsanlegt að stjórnarandstaðan fái að fylgjast eitthvað með því hvernig á að verja þessu fé? Ég óska eftir upplýsingum frá hæstv. fjmrh. um það efni.

Enn þá frekar vildi ég fá upplýsingar frá honum um seinna ákvæði þessa kafla þar sem segir: „Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verða endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök." Hvað er hér ætlunin að gera? Menn þekkja hvað ríkisstjórnin gerði í sambandi við Atvinnuleysistryggingasjóð núna fyrir fjórum vikum? Hann var skorinn niður um 100 millj. kr. Á að skila því kannski aftur? Er það tilgangur þessarar endurskoðunar — eða hvað? Ég inni hæstv. fjmrh. eftir því.

Síðan kemur síðasti hluti yfirlýsingarinnar þar sem

fjallað er um aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Í tilefni af því vil ég biðja um það að hæstv. félmrh. verði kölluð hér inn á þessa virðulegu deild því að mér skilst að hún standi ekki að stjfrv. sem hér er til meðferðar og ég mundi vilja fá að eiga við hana orðastað. — Það er ljót meðferðin á ýmsum málaflokkum hér í þessu frv. en verst er það nú á félmrn.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að ríkisútgjöld verði lækkuð um 300 millj. kr. á þessu ári. Þar af á að lækka útgjöld til vegamála um 125 millj. kr., framlög í byggingarsjóði ríkisins — þ.e. bæði Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, það eru báðir sjóðirnir sem á að skera niður — á að lækka um 100 millj. kr. og síðan önnur útgjöld um 75 millj. kr. Hver eru þessi önnur útgjöld? Það lítur sakleysislega út, en hvað er það sem hér á að gerast? Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma einhvers staðar í frv. er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til K-byggingar Landspítalans um 20 millj. Það munu vera inni í þessari tölu 75 millj. Það á að lækka framlög til Ríkisábyrgðasjóðs um 25 millj. og síðan stendur hér: Framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu. Hvað þýðir þetta og hvað ætli það séu margir þm. sem fá tæmandi upplýsingar um málið með því að lesa þennan texta? Ég hygg að þeir séu ekki margir. Það sem verið er að segja hér er: Það á að hækka lyf og læknisþjónustu um 30 millj. kr. umfram forsendur fjárlaga. Það er tillaga m.ö.o. um að sjúklingar, sem þurfa að greiða fyrir lyf og læknisþjónustu, taki þátt í því ríkisfjármögnunarátaki sem hér er uppi.

Ég geri ráð fyrir því að allir ráðherrar standi að þessu frv. En ég sá hæstv. heilbrrh. birtast hér í sölum fyrir skömmu. Ég vildi gjarnan fá hann líka hér ínn, hæstv. forseti. Ég vil fá að vita hversu mikið hann ætlar að hækka lyf og læknisþjónustu ofan á þau 100% sem hann hækkaði lyfin og læknisþjónustuna núna um áramótin. Til viðbótar við þau 100% þá á að fara að plokka sérstaklega af þessu fólki. Það eru breiðu bökin náttúrlega sem ríkisstjórnin hefur fundið þarna, viðskiptamenn almannatrygginga, þá sem verða að kaupa lyf og borga fyrir læknisþjónustu. Ég satt að segja tel að þetta sé svo yfirgengileg tillaga að hún hljóti að hafa sloppið þarna í gegn fyrir einhver mistök. Og ég vænti þess að það verði hægt í meðförum málsins hér í þinginu að stoppa þetta. Hækkun á lyfjum og læknisþjónustu inni í máli af þessu tagi er óþolandi. Það er auðvitað margt vitlaust í þessum plöggum, en þegar menn hlaupa í svona lagað og ætla sér að plokka 30 millj. kr. af þeim sem neyðast til þess að kaupa meðul og læknisþjónustu, sérfræðiþjónustu, röntgengreiningu hér í þessu landi, þá eru menn að fara of langt. Þá eru menn að láta þau köldu lögmál reglustikunnar, sem oft virðast ráða í þessum innri þjóðhagsstofnunum ráðuneytanna, taka völdin af sér. Og ég skora á hæstv. fjmrh. eða heilbr.- og trmrh. að lýsa því yfir hér á eftir að þetta verði ekki gert. Þetta er óþolandi.

Síðan er gert ráð fyrir því í þessu frv. að skera niður framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um 100 millj. kr. Og svo kemur hæstv. fjmrh. hér í ræðustól og segir: Það verður að endurskoða húsnæðiskerfið. Það verður að hækka vexti á húsnæðislánum. Það var það sem hann sagði. Ég vil inna hann eftir því eða hæstv. félmrh., sem ég vona að forseti hafi gert ráðstafanir til að hóa í, ef hún kemur hér í salinn. (**Forseti:** Hún er upptekin við umræður í Nd.) Þá getum við frestað umræðunum hér á meðan þau ljúka umræðunni í Nd. (Gripið fram í.). Það er hægt að fresta umræðunni hér á meðan, nú eða í Nd. Það er auðvitað alveg óþolandi að vera að taka hérna fyrir málaflokka, herra forseti, þegar viðkomandi ráðherrar eru ekki við. Þetta frv. er alveg afbrigðilegt að því leyti að þetta snertir svo að segja hvert einasta ráðuneyti. (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til þess að heilbrrh. verði kallaður hingað. Félmrh. er upptekinn í bili. Við skulum sjá til hvort ekki rætist úr.) Það skulum við gera, herra forseti. Ég er samvinnuþýður maður og ætla þá að sleppa húsnæðismálunum aðeins í bili og sömuleiðis tillögunum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en það þarf aðeins að ræða við hæstv. félmrh. líka smástund.

Ég var að spyrja hæstv. sjútvrh. í fjarveru landbrh. um vaxta- og geymslugjöld sauðfjárafurða (**Sjútvrh.:** Ég skal segja honum það.) og hæstv. sjútvrh. er svo vinsamlegur og það er það gott samkomulag í Framsfl. að þeir geta talast við þannig að hann ber þá þessar upplýsingar. Það er annað en segja má um ríkisstjórnina að öðru leyti.

Varðandi síðan tillögu ríkisstjórnarinnar um að tvöfalda gjald á erlendar lántökur þá er það góð tillaga og ég mun greiða henni atkvæði fyrir mitt leyti, þetta er skynsamleg tillaga.

Síðan segir hér: „Tekjuskattur félaga verði hækkaður.“ Það er ágæt tillaga. En það er einnig athyglisvert með þessa tillögu eins og hinar að það eru ekki nema fjórar, fimm vikur síðan hæstv. fjmrh. lét lið sitt fella tillögu frá mér um nákvæmlega sömu hækkun á tekjuskatti fyrirtækja og hér er verið að leggja til núna. Batnandi manni er best að lifa. Kannski kemur hann með fleiri tillögur sem voru felldar fyrir stjórnarandstöðunni fyrir hátíðar.

Í fjórða lagi: Í þessum þætti málsins gerir hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn tillögur um að skera niður erlendar lántökuheimildir fjárfestingarlánasjóða og ýmissa annarra aðila og þar sem ég á sæti í þeirri þingnefnd sem mun fjalla um það mál mun ég ekki fara nánar út í það. Ég get vel ímyndað mér að sumt af þessum niðurskurði geti fyllilega staðist, a.m.k. að því er varðar Landsvirkjun. Um hina aðilana skal ég ekki segja á þessu stigi málsins.

Síðan segir í lok þessa kafla: „Fylgt verður fast eftir framkvæmd gildandi reglna um erlendar lántökur.“ Já, það er nefnilega það. Henni verður fylgt fast eftir. Ætli þetta hafi nú átt erindi inn í yfirlýsingu, að ríkisstjórnin ætlaði að fylgja fast eftir þeim reglum um erlendar lántökur sem hún sjálf setti?

Síðan segir: „Fiskveiðasjóði verður falið að fresta svo sem framast er unnt lánveitingum til nýsmíði og kaupa á fiskiskipum.“ Þetta er mál sem þarf að skoða og verður gert í þeirri nefnd sem fjallar um málið þar sem sjálfsagt er að kalla til fulltrúa Fiskveiðasjóðs.

Og að lokum segir: „Ríkisstjórnin mun beina því til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að dregið verði úr framkvæmdum eftir því sem föng eru á. Mun ríkisstjórnin óska eftir viðræðum um þetta við Samband ísl. sveitarfélaga og aðra viðkomandi aðila.“ Þetta er nú satt að segja einn höfuðbrandari plaggsins. Ráðherrar eru áður búnir að lýsa því yfir að það sé alveg sérstakt keppikefli þeirra að skera niður þessar framkvæmdir sveitarfélaganna. Hvaða sveitarfélög ætli séu stödd í einhverjum þenslufram-kvæmdum? Ætli það séu Egilsstaðir? Eða hvaða sveitarfélög? Bolungarvík kannski eða Akranes? Reykjavík er í rauninni eina sveitarfélagið þar sem hæstv. ráðherrar hafa getað bent á ákveðnar þenslufram-kvæmdir. Menn hafa að vísu nefnt eitt og eitt annað sveitarfélag, en það er alveg ljóst að það er Reykjavík sem menn númer eitt eru að tala um. Er það þá þannig að hæstv. iðnrh., varaformaður Sjálfstfl., ætli að fara og kúska Davíð til þess að hætta við framkvæmdirnar við veitingahúsið hérna uppi á tönkunum og ráðhúsið hérna ofan í Tjörninni? En svo mikið flóir út úr af peningum hjá sveitarfélaginu Reykjavík að borgarstjórinn varð að finna þessar sérstaklega ódýru lóðir, uppi á hitaveitutönkunum og ofan í Tjörninni, til þess að geta komið fyrir þessum peningum sem eru að sprengja borgarsjóð, sprengja borgarsjóð. Mér er sem ég sjái minn ágæta vin, hæstv. iðnrh. og varaformann Sjálfstfl., þegar hann fer á vettvang og segir: Davíð, stoppaðu þetta og stoppaðu þetta. — Satt að segja, herra forseti, vildi ég gjarnan fá að vera þarna fluga á vegg ef kostur er en ég geri ekki ráð fyrir að mér standi það til boða.

En ætli það sé svo ekki líka þannig að þegar farið verður að tala við sveitarfélögin um að skera niður framkvæmdir þá muni sum sveitarfélögin koma og segja: Heyrðu, við erum hérna með mótreikning á ríkisstjórnina fyrir niðurskurð á framlögum til okkar upp á 267 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum fyrir árið 1988. Það er hins vegar mál sem ég ætla að ræða við nánar við hæstv. félmrh. þegar hún birtist hér í þessari virðulegu deild.

Ég sé að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur brugðið sér hingað inn í Ed. og er það vel. Það er ég sem á sök á því og tilefnið er það að í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að hækka lyf og læknisþjónustu um 30 millj. kr. Og ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því hvort hann ætli að hækka lyf umfram þau 100% sem hann samþykkti í desember og læknisþjónustu umfram þau 100% sem hann samþykkti í desember, og kræki sér þannig í 30 millj. kr. þannig að sjúklingar geti tekið þátt í því að bjarga þeim vanda sjávarútvegsins sem er auðvitað undirstaða þeirra ráðstafana sem hér eru uppi. Það er matarholan, það eru breiðu bökin, eða hvað, sem hæstv. ráðherrar finna í þessum efnum.

Ég er fyrir mitt leyti algjörlega sannfærður um það að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki áttað sig á því hvað menn voru þarna að gera. Ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti að hann veit og gerir sér nú grein fyrir því eftir að hafa lesið þetta í heild að hér sé um mistök að ræða og hlýtur þess vegna að leggjast í lið með okkur hinum og víking við að koma þessu í burtu úr þeim textum sem hér eru.

Sum mál eru þannig að það er stundum hægt að fá jafnvel harðsvíruðustu stjórnarliða til að taka við sér. Ég flokka hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki í þann flokk þannig að ég verð að gera mér vonir um það að hann hlýði á þá beiðni sem hér er komin fram vegna þess að fyrir utan það að hann ætlar að hækka lyf og læknisþjónustu um 30% samkvæmt þessu, þá á að skera niður framlög til K-byggingar Landspítalans um 20 millj. kr. Engar upplýsingar liggja fyrir um það hvaða áhrif það hefur á framkvæmdir á Landspítalalóðinni varðandi þróun og uppbyggingu á ríkisspítalasvæðinu og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. En ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að svara því: Samþykkti hann það að lyf og læknisþjónusta yrðu hækkuð til að standa undir þessum hallærisráðstöfunum sem ríkisstjórnin er hér að gera tillögu um eftir eitthvert mesta hagvaxtarskeið sem þjóðin hefur lifað?

Síðasti kafli þessa frv., þessara tillagna eða þessarar yfirlýsingar, fjallar um vexti. Fyrstu tveir þættirnir byggjast á því að ríkisstjórnin hefur beitt 11. gr. seðlabankalaganna. Hér segir í þriðja lagi: „Í kjölfar efnahagsaðgerðanna verða raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir.“ Ég vil fá að vita hvernig og spyr hæstv. fjmrh. að því. Síðan er hér um að ræða það sem ég flokka undir „sjálfsagða hluti“ í þessum pappírum: „Seðlabankinn mun beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti“ o.s.frv. Og svo stendur hér í síðasta lagi: „Lagt verður fram frv. um starfsemi fjármálastofnana annarra en innlánsstofnana.“ Þetta er búið að segja hundrað sinnum út um allan bæ og engin frétt og ekkert merkilegt við þetta. En eitthvað varð auðvitað að vera í þessu plaggi úr því að mennirnir fóru að gefa út einhverja yfirlýsingu, jafnvel þó þeir væru búnir að segja það margoft áður.

Niðurstaðan af þessu er sú að mér sýnist að sjávarútvegurinn fái í gegnum breyttar reglur varðandi söluskatt 587 millj. Iðnaður og sjávarútvegur fá samtals vegna lækkaðs launaskatts 200 millj. Í starfsmenntunarsjóð fara 35 millj. kr. Samtals sýnist mér að hér sé um að ræða útgjaldaauka fyrir ríkið upp á 822 millj. kr. Á móti því kemur niðurskurður upp á 300 millj. kr., tekjuskattur fyrirtækja er hækkaður um 130 millj. kr., gjald á erlendar lántökur er hækkað um 160 millj. kr. og síðan er lagður sérstakur skattur á sveitarfélögin upp á 267 millj. kr., þannig að heildartekjuöflunin í dæminu er upp á 857 millj. kr. en útgjaldahliðin er upp á 822 millj. kr.

Mismunurinn er 35 millj. kr. og það væri vel þegið, a.m.k. af minni hálfu þó að fátt annað breyttist í þessu, að þessi sérstaki meðalaskattur hæstv. heilbrrh. yrði strikaður út úr dæminu.

Ég ætla síðan, herra forseti, að víkja hér að einu atriði varðandi launaskattinn og vænti ég þess að hæstv. fjmrh. heyri mál mitt og hæstv. landbrh. sé ekki langt undan. Ég sé ekki betur en að með þessu frv. sé verið að leggja söluskatt, 3,5% söluskatt á fiskeldi. Ég sé ekki betur en að þegar allir 1%-þættirnir eru strikaðir út, þá sé þar með verið að segja: Allir aðrir þættir eiga að borga 3,5%. Og ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því, og vona að hann heyri mál mitt, hvort það séu ekki örugglega mistök að setja málin þannig upp, eins og hér er gert, að fiskeldið fái á sig 3,5% launaskatt vegna þess að fiskeldið var í gamla 1%-flokknum. 1%-flokkurinn er felldur út, þá er bara eftir 3,5% launaskattur og þá hlýtur það að lenda á fiskeldinu. Ég er sannfærður um að þetta séu einhver mistök. Ég sé að hæstv. landbrh. er þarna líka þannig að ég held að það hljóti að vera að við getum sameinast um að breyta þessu.

Ég vil spyrja hvort hæstv. félmrh. sé ekki á leiðinni hingað. (Gripið fram í.) Þá getur hún bara frestað þeim umræðum. Hvort er mikilvægara kaupleigufrv. eða þetta? Ríkisstjórnin verður bara að gera það upp við sig. Það er ekki hægt að hengja hér upp umræður í báðum deildum á sama ráðherranum. Hæstv. félmrh. er hér með málaflokka inni í þessu frv., hvorki meira né minna en smámál eins og húsnæðismálin og samskiptin við sveitarfélögin. Hæstv. félmrh. segir í einhverjum fjölmiðlum að hún hafi bókað mótmæli við þessu. Það er skrýtið ef hæstv. fjmrh. flytur frv. sem heyrir undir félmrh. en hún er á móti. Ég sé ekki betur en hæstv. fjmrh. hafi þá tekið að sér að stjórna félmrn. líka og hafi með frv. í raun og veru rekið hæstv. félmrh. út úr ríkisstjórninni, þannig að ég held að það sé full ástæða til þess að fá að ræða við hæstv. félmrh. um þetta mál. (**Forseti:** Það mun verða athugað hvort hæstv. félmrh. er til staðar.) Ég hinkra þá augnablik. (**Gripið fram í:** Ekki slá metið.) (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki skíðunum.) Skíðasambandsmetið? (**Forseti:** Hæstv. félmrh. mun vera bundinn í hv. Nd. þar sem einn hv. þm. er þar í ræðustóli og á erindi við hæstv. ráðherra á sama hátt og hv. 7. þm. Reykv. biður um að fá hæstv. ráðherra hingað, svo ég vildi spyrja hvort hv. þm. gæti ekki haldið máli sínu áfram og geymt það sem hann á ósagt við hæstv. félmrh. þar til hann kemur í salinn?) — Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa ábendingu. Þannig er að ég ætlaði ekki að fara að tefja þetta mál með einhverjum löngum ræðuhöldum og hef lokið þeim meginatriðum sem ég ætlaði að fara yfir varðandi þetta frv. annað en það sem lýtur að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og húsnæðiskerfinu og er í nokkrum vanda staddur vegna þess að ef ég slít ræðu minni nú þá á ég ekki tök á því að koma hér aftur til að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra og síðan að svara henni þar sem aðeins er leyfilegt að tala tvisvar við þessa umræðu. Málið er því nokkuð vandasamt. Fyrir því munu engin fordæmi að þm. hafi gert hlé á ræðu sinni, umræðan hafi haldið áfram eftir sem áður og hann hafi þá geymt helminginn af ræðu sinni þar til síðar. Ég er reiðubúinn til að brjóta upp á þeirri nýlundu en ég hygg að hæstv. forseti sé ekki jafnnýjungagjarn og hæstv. aðalforseti. Þess vegna hyggst ég varpa nokkrum orðum að hæstv. fjmrh. og formanni Alþfl. út af þessum málum og ræða þá við hæstv. félmrh. síðar.

En þetta frv. sem hér liggur fyrir heyrir í raun og veru undir mörg ráðuneyti. Það heyrir undir fjmrn. að langstærstum hluta, en það snertir líka heilbrrn., það snertir landbrn., það snertir viðskrn. eða þær ráðstafanir sem hér er verið að gera, það snertir sjútvrn., það snertir iðnrn. og það snertir félmrn. Hér er því um að ræða mál sem í þingsögunni gengur oft undir nafninu bandormur, það eru margs konar lög út og suður sem verið er að breyta, og þegar það er þá er venjan sú að forsrh. flytji mál. Venjan er sú að forsrh. flytji mál. Hins vegar er það samkomulagsatriði milli ráðherra hver flytur mál ef forsrh. gerir það ekki, en ég hygg að það algengasta sé að hæstv. forsrh. mæli fyrir máli af þessu tagi. (**Iðnrh.:** Fyrir hv. ræðumann þá eru þetta lagaatriði sem heyra undir fjmrn. þó þau snerti ýmis önnur eins og fjárlög. Ég bendi hv. þm. á að þó að fjárlög snerti öll ráðuneytin, þá er það fjmrh. sem mælir fyrir þeim en ekki forsrh.) Það er út af fyrir sig alveg rétt að hér er um það að ræða, en auk þess er það venja, hæstv. ráðherra, við umræður um fjárlög að einstakir ráðherrar eru kvaddir til til þess að svara fyrir sína málaflokka, þannig að það er út af fyrir sig eðlilegur hlutur að þeir séu kallaðir hér til. Ég vona að ráðherranum finnist það ekki leiðinlegt, finnist það heldur skemmtilegt, að þeir séu kallaðir til, fái að vinna fyrir kaupinu sínu smástund með því að vera hér í deildinni því að í Nd. er mál sem þeim kemur ekkert við, kaupleigufrv., og hæstv. félmrh. sér um það. En hún hefur enn þá með þann málaflokk að gera þó það sé að öðru leyti búið að taka af henni húsnæðismálin að mér sýnist.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sé ekki fjarri. Hann flytur hér frv. þar sem byggt er á þeirri forsendu að taka í raun og veru húsnæðismálin af hæstv. félmrh. Það er gert ráð fyrir því að skera niður framlög til Byggingarsjóðs ríkisins um 100 millj. kr. og Byggingarsjóðs verkamanna líka. Og hæstv. félmrh. segist vera á móti þessu. Hún segist vera á móti þessu en samt flytur fjmrh. frv. á þessum forsendum. Með þessu er auðvitað hæstv. fjmrh. að taka að sér húsnæðis- og félagsmálaráðuneytið að þessu leyti og reka hæstv. félmrh., segja henni að taka pokann sinn. Því það er auðvitað ekki hægt fyrir einstaka ráðherra að leika þann leik að segja: Heyrðu, ég er á móti helmingnum af frv. og ég bara bóka mótmæli og svo er ég farin heim. Annaðhvort eru menn í ríkisstjórn eða ekki og það á við hvern sem er.

Síðan kemur hér tillagan um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það ætlar ríkisstjórnin að éta ofan í sig í bili. Það á hins vegar að veita 130 millj. kr. til þessara verkefna á árinu 1988 en ríkisstjórnin ætlar svo að græða á því 267 millj. kr. með því að skerða Jöfnunarsjóðinn extra um 267 millj. kr. Er hæstv. félmrh. kannski á móti þessu líka? Er verið að vaða yfir hæstv. félmrh. í þessu máli líka? Styður hæstv. félmrh. þetta eða ekki? Það er alveg óhjákvæmilegt að það komi fram upplýsingar um það.

Síðan kemur hér hæstv. fjmrh. og rekur húsnæðismálin og segir: Það er búið að setja húsnæðismálin í nefnd hinna vísustu manna. Og það var nefndur einn vís maður úr þeim hópi, fyrrv. formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson. Hverjir aðrir eru hinir vísu menn sem eiga að taka við stjórn húsnæðismála af hæstv. félmrh. núna næstu mánuðina þegar kerfið er að hrynja? Kerfi sem hún sagði á síðasta kjörtímabili að væri ekki nokkur vandi að leysa, ekki nokkur vandi að laga. Það væri bara aumingjadómur þeirra sem höfðu haft með þetta mál að gera á árunum á undan að þeir skyldu ekki vera búnir fyrir löngu að leysa þessi húsnæðismál. Og þegar Alþfl. væri kominn í húsnæðismálaráðuneytið þá væri þetta allt saman leyst á einni nóttu. Niðurstaðan er svo sú að það er flutt frv. um kaupleiguíbúðir. Það mál er skorið niður um 100 millj. kr. Það er skipuð nefnd í málið og félmrh. segist vera á móti ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað alveg augljóst mál að Alþfl. hefur ákveðið að taka húsnæðismálin af henni, hæstv. félmrh.

Framkoman við hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur í þessu máli, sem á góðan stuðning þm. úr öllum flokkum sem hafa séð hana glíma við flokksbræður sína á undanförnum mánuðum, framkoman við hana er auðvitað alveg yfirgengileg. Þessar árásir, sem birtist núna þegar hæstv. ráðherra reynir að segja sig frá málinu, en samt flytur fjmrh. það og formaður Alþfl., er auðvitað alveg fráleit meðferð og fráleitt að nokkur ráðherra skuli láta bjóða sér það. Því að auðvitað gat hæstv. félmrh. sagt: Þetta verður ekki flutt. Auðvitað gat hún það. Auðvitað hefur hún ráðherramyndugleika og vald til að segja: Þetta verður ekki svona. Hún ræður því. En þrátt fyrir mótmæli hennar er frv. prentað og keyrt hér inn í þingið og talað um málið eins og þetta sé ekki nokkur vandi og hinir „vísustu" menn hafi í raun og veru tekið við þessu máli af hæstv. félmrh.

Ég vil fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann svari þessum hlutum varðandi húsnæðismálin, hvað það á að þýða að taka húsnæðismálin af Jóhönnu Sigurðardóttur eins og verið er að gera. Og ég vil líka inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann telur rök mæla með því að skera niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um 267 millj. kr. en á síðasta kjörtímabili greiddi Alþfl. alltaf atkvæði gegn þeim niðurskurði.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir því frv. sem hér er til umræðu. Mig langaði til að segja nokkur orð um örfáa þætti þessa frv. og um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur nú gripið til.

Með þessum aðgerðum er tekið á tveimur mjög brýnum vandamálum, sem reyndar eru samofin, annars vegar rekstrarvanda útflutningsgreinanna og hins vegar því jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum sem lýsir sér í mikilli þenslu. Þessar aðgerðir fela m.a. í sér að skattar eru lækkaðir af útflutningsgreinunum um 800 millj. kr. Annars vegar er hér um að ræða endurgreiðslu söluskatts til fiskveiða og fiskvinnslu og hins vegar niðurfellingu launaskatts frá miðju yfirstandandi ári. Nettóskattalækkun í þessu frv. og með aðgerðum ríkisstjórnarinnar eru 500 millj. kr. því að gert er ráð fyrir að tekjuskattar fyrirtækja breytist og skatthlutfall hækki úr 45% í 48% sem á að gefa ríkissjóði 130 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir lántökugjaldi vegna lána sem fyrirtæki taka erlendis og það er tvöfaldað og áætlaðar tekjur ríkisins af því nema 160 millj. kr. Þessi skattastefna, sem birtist í þessum aðgerðum, er eins konar undirbúningur undir virðisaukaskattinn og verður að skoðast í ljósi þess að hér er um að ræða tilfærslu í sköttum fyrirtækja. Horfið er frá að verulegum hluta svokölluðum veltusköttum en í staðinn koma tekjuskattar, en það er sú stefna sem ríkisstjórnin hyggst fylgja í þeim málum.

Þá er einnig dregið úr þenslunni með þeim aðgerðum sem birtast í frv. Það gerist annars vegar með niðurskurði ríkisútgjalda að upphæð 300 millj. kr. og hins vegar með því að falla frá erlendum lántökum ýmissa aðila, aðallega fjárfestingarlánasjóða og Landsvirkjunar, en það nemur 300 millj. kr. Með þessum samdrætti í opinberum rekstri, ríkisrekstrinum, er verið að skapa skilyrði til þess að ríkisvaldið geti rætt við sveitarstjórnir um samdrátt framkvæmda á þeirra vegum, en eins og kemur fram í þessu frv. sem hér er til umræðu er jafnframt horfið frá þeim fyrirhuguðu aðgerðum að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, enda reyndist ekki samkomulag hjá stjórnarflokkunum um það mál.

Eins og greinilega kom fram hjá hæstv. fjmrh. hlýtur það ævinlega að vera ákaflega erfitt fyrir þá sem fara með stjórn efnahagsmálanna í þessu þjóðfélagi sem og öðrum þegar aðlaga þarf efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar að breyttum og lakari skilyrðum. Þetta hefur þurft að gera áður, en undantekningarlaust hefur það gerst með þeim hætti að verðbólgan hefur farið á flugstig og er þá hægt að minnast áranna 1982 og 1983 svo ég rifji upp ártöl sem hv. síðasti ræðumaður hlýtur að muna og þekkja, því að þá sat hann sjálfur í ríkisstjórn hér á landi, en á síðasta tímabili þeirrar ríkisstjórnar fór verðbólgan vel yfir 100% þegar mælingar voru gerðar á síðasta þriggja mánaða tímabilinu. Sú ríkisstjórn sem hv. síðasti ræðumaður átti aðild að þurfti enn fremur að grípa til ýmissa aðgerða sem

snertu launakjörin í landinu. Auðvitað var það ekki gert af illgirni þegar hv. 7. þm. Reykv., sem sat í þeirri stjórn, greip a.m.k. 13 ef ekki 14 sinnum til þess að nota lög, á grundvelli stjfrv., til þess að skerða laun launamanna í landinu. Þetta þarf að rifja upp fyrir hv. síðasta ræðumanni því að hann virðist hafa gleymt því hvernig þá var staðið að málum. Það sem ég er að segja með þessum orðum er að annars vegar er hægt að grípa til aðgerða á borð við þær sem hér er gert eða að gefast upp og nota verðbólguna til þess að skerða launin. En eins og ég hélt satt að segja að hv. síðasti ræðumaður vissi betur en flestir aðrir þá er verðbólgan versti óvinur þeirra sem minnst bera úr býtum og verst eru settir í þjóðfélaginu.

Það er kannski ekki úr vegi enn einu sinni að rifja það upp fyrir hv. síðasta ræðumanni að þegar hann sat í ríkisstjórn og ákvað með tveggja mánaða fyrirvara um áramótin 1980–1981 að skerða laun frá og með 1. mars 1981 með brbl., þá var einn aðalrökstuðningurinn þessi: Með því að skerða laun um 7% og hætta þannig við að greiða út verðbætur á laun, þá græddi launafólkið 2% vegna þess — og það er best að ég lesi þetta orðrétt úr blaði hv. ræðumanns, Þjóðviljanum. Þetta er leiðari blaðsins frá 6. jan. 1981 og ber yfirskriftina „Slétt skipti — góð skipti", en það var heiti sem kom fram í áramótagrein hv. síðasta ræðumanns þegar hann var ráðherra í þessari ríkisstjórn og sá sem hefur eftir honum í þessum leiðara segir: „Hvernig á að tryggja kaupmáttinn á árinu 1981?" (**SvG:** Er það ekki Kjartan?) Það er Kjartan sem skrifar leiðarann, en hann skrifar leiðarann eftir áramótagrein páv. formanns Alþb. sem þá sat í ríkisstjórn og er sá hinn sami sem síðast talaði hér úr þessum ræðustól. — Hann spurði: „Hvernig á að tryggja kaupmáttinn á árinu 1981?" Og eins og allir þingdeildarmenn heyrðu sem hlýddu á mál hv. síðasta ræðumanns, þá hafði hann miklar áhyggjur af kaupmættinum. Þessu er svarað í þessum ágæta leiðara með þeim hætti að „með því að koma verðbólgunni úr um 70%, sem fram undan var, og niður fyrir 50% á árinu 1981, þá felur slíkur árangur einn sér í sér 2% hærri meðalkaupmátt yfir árið en ella vegna þess að kaupmáttarskerðingin meðan menn bíða eftir næstu verðbótum verður minni sé verðbólgan minni." Og síðan er sagt í þessum leiðara: „Hér er því um a.m.k. slétt skipti að ræða fyrir almennt launafólk í landinu hvað kaupmáttinn varðar," og klykkt er út — og ég tek eftir að hv. síðasti ræðumaður gengur úr þingsal þegar rifjað er upp fyrir honum hvað hann sjálfur hefur sagt í Þjóðviljanum. (**Gripið fram í:** Er það von?) Nei, það er ekki nema von. — er klykkt út: „Auðvitað er aldrei neitt gamanmál að hrófla við kjarasamningum, en krafan um samningana í gildi á því aðeins við að uppfylling þeirrar kröfu færi verkafólki betri kjör."

M.ö.o.: Það á að ganga á kjarasamninga. Það má beita lögum þegar stjórnarherranum finnst að það sé hægt að tryggja kjörin betur með öðrum hætti.

Þetta hef ég rifjað upp, hæstv. forseti, til þess að benda á þann tvískinnung sem kemur fram í máli hv. síðasta ræðumanns þegar hann nú ræðst á ríkisstjórnina fyrir það að beita aðgerðum sem byggjast samt sem áður á frjálsum kjarasamningum og ganga út á það að ná niður verðbólgunni einmitt, eins og stóð í Þjóðviljanum 6. jan. 1981, til þess að tryggja betur kaupmátt launa. Þetta vil ég, hæstv. forseti, að komi hér fram því að þetta setur ræðu hv. þm. kannski í nýtt ljós. Og það er athyglisvert, hæstv. forseti, að þessi hv. ræðumaður, sem gerði kröfu til þess að hér sæti öll ríkisstjórnin og hlýddi á mál hans, hefur nú horfið úr þingsölum og finnst ekki taka því að hlýða á þau svör sem hann hefur þó beðið um. Ég er ekki að óska eftir nærveru hans hér. Ég held nefnilega að það skipti ekki nokkru máli hvort talað er við hann eða ekki. Það kemst ekkert meira inn í hausinn á honum en þegar er komið og hann heldur áfram með sínar röngu fullyrðingar hversu oft sem reynt er að renna ofan í kokið á honum sannleika í þessu máli sem og öðrum.

Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að kaupmáttur mun dragast saman á yfirstandandi ári og það er gert ráð fyrir því að kaupmáttur verði 3–4% minni á þessu ári en á síðasta ári. En þetta verður að skoða með tilliti til þess að á undanförnum tveimur árum hefur kaupmátturinn vaxið um 28–30% og það er talsvert meira en þjóðartekjurnar hafa vaxið eins og kom greinilega fram í ræðu hæstv. fjmrh. Og það er alveg ljóst að slík þróun á milli kaupmáttar launanna og þjóðarteknanna, þetta hlutfall getur ekki gengið um langan aldur.

Hv. síðasti ræðumaður, sem kýs að hlusta ekki á þau svör sem hann bað um, minntist á vexti og spurðist fyrir um þann kafla í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fjallar um vexti. Ég vil benda á að þegar áhrifin koma fram af þeim aðgerðum, sem hér er verið að efna til með því frv. sem hér er til umræðu, er tímabært að endurskoða raunvexti á spariskírteinum ríkissjóðs og slíkt hlýtur að hafa áhrif á raunvaxtastigið í landinu. Þannig ber að skilja þennan kafla í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til þess að viðurkenna að viðskiptahallinn er of mikill. Í raun veit enginn nákvæmlega hve mikill hann verður á þessu ári. Í vinnuskjali Þjóðhagsstofnunar kemur fram að þar er talið að viðskiptahallinn muni verða liðlega 10 milljarðar á þessu ári, en sú spá er talin allsvartsýn. Aðrir, sem um þetta mál hafa fjallað, telja að viðskiptahallinn verði heldur minni. Það ber að viðurkenna að þessi staða er ekki góð og jafnframt að með þessu eru gerðar talsverðar kröfur til útflutningsfyrirtækjanna um það að þau standi sig betur en þau hafa gert. Það verði hagrætt í fyrirtækjunum og þau endurskipulögð fjárhagslega. En þá má spyrja: Hvers vegna var ekki efnt til meiri gengisfellingar? — Ég fagna því að hv. síðasti ræðumaður kemur hér í salinn og telur ástæðu til þess, kannski fyrir kurteisis sakir eða einhverjar aðrar, að

hlýða a.m.k. á tíunda hluta þeirrar ræðu sem hér er flutt, en hann hefur sem kunnugt er, hæstv. forseti, gert kröfu til þess að a.m.k. hálf ríkisstjórnin hlýði á hans mál en bregður sér svo strax úr þingsal er hann hefur lokið sér af. (**SvG:** Má ég fara í tvær mínútur, hæstv. ráðherra?) Ég gef hv. þm. leyfi til þess að gera nákvæmlega það sem lund hans liggur til. (**SvG:** Vér kvökum og þökkum.) Það er ekkert að þakka, hv. þm. — Ástæðan fyrir því að ekki var efnt til meiri gengisfellingar var ósköp einfaldlega sú að það var mat ríkisstjórnarinnar að sú gengisfelling hefði hreyft við ýmsum stærðum í þjóðfélaginu með þeim hætti að um kollsteypu gæti orðið að ræða. Við vonumst vissulega til þess að ekki þurfi að koma til hækkunar á fiskverði í kjölfar þessara ráðstafana, en við vitum að ef um meiri gengisfellingu hefði verið að ræða hefði orðið talsverð hætta á því að fiskverð hefði hækkað og þar af leiðandi rekstrarafkoma frystihúsanna orðið lakari. Það aftur kallað á ný gengislækkunartilefni og síðan koll af kolli. Þá hringekju þekkjum við öll.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hafði hugsað mér að eiga hér orðastað við hv. síðasta ræðumann, en hann kýs að fara í felur, en er nú kominn hér í salinn. Ég vil aðeins beina því til hans — ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef sagt um hans ræðu hér áður, hann kaus að fara hér úr þingsal þegar ég byrjaði að lesa úr hans eigin verkum og telur það erfitt fyrir sig að þurfa að hlýða á þann boðskap sem hann boðaði þegar hann sat í ríkisstjórn á sínum tíma. (**SvG:** Var það ekki 6. jan. 1981?) Það var 6. jan. 1981. (**SvG:** Já, ég man þetta alveg.) Það er gott að minni hv. þm. er ekki farið að bresta né kölkun komin fram. (**SvG:** Þetta var leiðari eftir Kjartan, var það ekki rétt?) Þetta var leiðari sem Kjartan, þáv. ritstjóri Þjóðviljans, skrifaði eftir áramótaræðu fyrrv. formanns Alþb. (**SvG:** Þú meinar áramótagrein?) Það var áramótagrein, já. Það er gott að fá viðurkenningu á því að rétt er farið með allt sem ég hef sagt fyrr í minni ræðu um þetta atriði.

Það sem skiptir máli, hæstv. forseti, er að með þessum ráðstöfunum er gerð tilraun til þess að komast út úr þeim vanda sem við er að etja án þess að magna verðbólguna í landinu. Auðvitað getur menn greint á um leiðir, en ríkisstjórnin hefur komið sér saman um þessar ráðstafanir og sá málflutningur sem uppi var hafður af hv. síðasta ræðumanni er ekki beysinn þegar hann annars vegar segir: Það er ekki nóg að gert, það verður að fella gengið síðar á þessu ári, og hins vegar, þegar fjallað er síðan um þær aðgerðir sem grípa á til, er sagt: Það má ekki gera svona mikið, það bitnar á einhverjum, það bitnar á húsnæðismálunum, það bitnar á vegamálunum, það bitnar á hinum sjúku o.s.frv. Sé þessi málflutningur skoðaður í þessu ljósi stendur auðvitað ekki steinn yfir steini í slíkum málflutningi. Það er athygli vert að hv. síðasti ræðumaður sagði svo: Ég hef orðið var við það að fjármagnskostnaður fyrirtækjanna hefur stórkostlega hækkað, og síðan sagði hann: Ég styð að lántökugjaldið skuli tvöfaldast. Það var eini stuðningurinn. Eina atriðið sem stuðningur kom fram við hjá hv. síðasta ræðumanni var að auka fjármagnskostnaðinn.

Ég vil aðeins segja hv. síðasta ræðumanni það að fjármagnskostnaður fyrirtækjanna hlýtur að vaxa þegar taprekstur verður. Á meðan fyrirtæki ganga eðlilega, sérstaklega í útflutningsgreinum sem njóta þess að geta tekið afurðalán, er fjármagnskostnaður alls ekki óeðlilega hár, en auðvitað gerist það að þegar um taprekstur er að ræða og stjórnendur fyrirtækjanna verða að ganga á fund bankastjóra og slá lán til skamms tíma vex fjármagnskostnaðurinn. Þetta hélt ég að hv. síðasti ræðumaður skildi. Á þetta vil ég benda og þykir nokkuð sérkennilegt að á sama tíma og hann kvartar fyrir hönd Sambands ísl. samvinnufélaga um of háan fjármagnskostnað er það eina aðgerðin sem hann lýsti yfir stuðningi við og sagðist mundi greiða atkvæði með og ég er vissulega þakklátur fyrir það. Það er sú aðgerð sem kemur til með að hækka lántökukostnað og þar með fjármagnskostnað þeirra fyrirtækja sem þurfa að taka lán erlendis.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Það kemur ekki á óvart að þurfa að hefja á nýjan leik þá fjármála- og efnahagsmálaumræðu sem við áttum um hátíðarnar og áramótin á maraþonlöngum fundum þar sem var fjallað um öll þessi mál frá öllum hliðum. Það var alveg ljóst þá þegar að það yrði stutt í að það þyrfti að taka alla þessa umræðu upp á nýjan leik. Á þetta bentum við, þm. stjórnarandstöðunnar. Við færðum sterk og góð rök fyrir því að flestöll frv. ríkisstjórnarinnar sem voru samþykkt um áramótin voru með þeim endemum að það hlaut að þurfa að brjóta allt fjármálakerfið upp aftur.

Nú eins og þá er nákvæmlega það sama uppi á teningnum. Það leikur nokkur vafi á því hvort hér sé um stjfrv. að ræða eða einfaldlega þmfrv. hæstv. fjmrh. Í tengslum við skatta- og fjármálafrv. ríkisstjórnarinnar um hátíðarnar heyrðist maldað í móinn af hálfu ýmissa ráðherra og sumir gengu svo langt að lýsa beinlínis yfir andstöðu sinni við veigamikla þætti þessara frumvarpa. Hér hefur nákvæmlega það sama gerst, að hæstv. félmrh. hefur látið bóka mótmæli sín við ýmsa þætti í þessu nýja frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Það er því spurn: Er þetta frv. hæstv. ríkisstjórnarinnar, stjfrv., eða er þetta einungis þmfrv. hæstv. fjmrh.?

Þessi ríkisstjórn hefur ekki náð neinum tökum á efnahagsmálunum frá því að hún kom til valda í júlímánuði á sl. ári. Ef eitthvað hefur málum stórlega hrakað því að það er eins og ævinlega að þegar ljóst er að fram undan eru erfiðleikar í efnahags- og viðskiptamálum hlýtur að þurfa að grípa til einhverra ráðstafana til þess að kippa því í lag. Það er hins vegar alveg ljóst að þetta hefur blessuð ríkisstjórn hæstv. ekki megnað að gera. Þetta

sem verið er að gera núna er eitt hálfkákið enn ofan á þær aðgerðir sem fyrst komu síðla sumars 1987, síðan með skatta- og fjármálafrumvörpunum nú um hátíðarnar og svo kemur þessi bandormur sem við erum að ræða hér nú. Ég væri ekki hissa þó að eftir svo sem eins og einn mánuð eða undir þinglok þurfi á nýjan leik að taka til við einhverjar hliðstæðar aðgerðir þegar það hefur komið í ljós að allt er á sömu bókina lært. Efnahagsástandið hefur ekkert lagast. Það hefur væntanlega versnað. Að vísu eru nokkrir þættir þessara ráðstafana sem við þm. Borgarafl. getum tekið undir, enda er um að ræða ábendingar og raunar í sumum tilvikum afstöðu Borgarafl. sem kom fram með því að við andmæltum ýmsu í frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem voru til umræðu um áramótin. Auðvitað var ekkert hlustað á það né tekið tillit til þeirra mótmæla okkar, en nú er skyndilega verið að taka upp sumt af því sem við sögðum og breyta þeim frv. sem voru samþykkt um áramótin eins og við lögðum til. Svo að ég taki eitt dæmi er verið að tala um að fella niður launaskatt í sjávarútvegi og í samkeppnisgreinum iðnaðar frá og með 1. júlí 1988. Við lögðumst gegn launaskatti yfirleitt og teljum að það sé aðeins aðferð til þess að flækja skattkerfið sem er orðið nógu slæmt fyrir. Þegar hæstv. fjmrh. er alltaf að tala um þessa einföldun og hvað skattkerfið eigi að vera skilvirkara og réttlátara á maður raunverulega að túlka þau orð hans á þann veg að það eigi að gera skattkerfið miklu flóknara þannig að enginn botni upp né niður í því, fjölga alls kyns sköttum, leggja helst skatt á alla skapaða hluti. Þá fyrst er skattkerfið orðið einfalt og skilvirkt þegar það er orðið nógu andskoti flókið þannig að enginn skilur það.

Annars er eitt sem vekur hvað mestan ugg í brjósti allra sem hugsa um þessi mál og það er hinn geigvænlegi viðskiptahalli sem stefnir í á þessu ári. Það var skelfilegt að heyra orð hæstv. forsrh. þegar hann gerði grein fyrir þessum efnahagsaðgerðum og kynnti þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem er fskj. með þessu frv. Hann sagði að það stefndi í 13–14 milljarða viðskiptahalla á árinu og með þessum aðgerðum tækist að vísu að ná honum niður í 10 milljarða. Nú segir hæstv. fjmrh., ef ég hef hlustað rétt á, að þetta sé ekki rétt og viðskiptahallinn muni ekki verða mikið meiri en 8–8½ milljarður kr. Mér þykir það vera nóg samt og spurningin er: Hefur þá nokkuð verið tekið á þessu veigamikla vandamáli sem að mínum dómi skapast einfaldlega af því að hingað flæðir inn til landsins ódýrt erlent skran meðan útflutningur landsmanna á undir högg að sækja vegna rangrar gengisskráningar? Gengisfellingin, 6%, mun breyta litlu um, enda er það alveg ljóst eins og þróun mála hefur verið undanfarið meðan þjónusta innan lands og kostnaður útflutningsgreinanna vex hröðum skrefum — það var talað um að kostnaður útflutningsgreinanna hefði vaxið um u.þ.b. 30% á einu ári meðan fastgengisstefnan hélt útflutningsverðinu nánast föstu — hefur innflutningsverslunin átt sína gósentíð þannig að innflutningur er með því mesta sem við höfum nokkurn tíma upplifað í þessu þjóðfélagi. Bílar og alls kyns varningur streymir inn í landið, enda má segja að slíkur varningur sé nánast á útsöluverði miðað við það sem áður hefur tíðkast í þessu landi.

Fastgengisstefnan hefur verið einn meginhornsteinn þessarar ríkisstjórnar og þá er gjarnan talað um að það þýði ekkert að höggva í sama knérunn og áður fyrr, en þá var alltaf byggt á því að þegar útflutningsverslunin taldi að rekstrarskilyrði hennar væru með þeim hætti að nú gengi þetta ekki öllu lengur var gripið til þess ráðs að fella gengið. Hér er ekki um það að ræða heldur einfaldlega það að gengismálin hafa þróast þannig á alheimsmörkuðum. Dollarinn hefur fallið mjög í verði og það hefur fyrst og fremst komið illa við íslenska útflutningsverslun. En mönnum hefur ekki dottið í hug að leiðrétta það á einn eða annan hátt. Það þarf ekkert að tala um gengisfellingu í því sambandi, hæstv. viðskrh. Það væri hins vegar hægt að hugsa sér einfaldlega að leiðrétta vægi dollarans í myntkörfunni þannig að betur yrði hugað að hagsmunum útflutningsverslunarinnar sem mestöll selur afurðir sínar á erlendum mörkuðum í dollurum.

Það er talað um að þessar ráðstafanir, sem hér hafa verið kynntar, muni leysa málin að mestu leyti og þess er skemmst að minnast að fyrir nokkru börðu hæstv. ráðherrarnir sér á brjóst hér í sjónvarpinu og töluðu um að nú væri afraksturinn af þeirri breytingu sem orðið hefur á skatta- og fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar eða ríkisins farinn að skila árangri. Vextir færu nú lækkandi og verðbólga væri snarlækkandi. En nú er spurt: Hafa vextir eitthvað lækkað? Vextir af lánskjaravísitölulánum eru eftir sem áður 9½%. Nafnvextir skuldabréfa hafa að vísu lækkað. Það er rétt. En hafa þeir nokkuð lækkað óðruvísi en að aðlagast raunvöxtum sem eru nú 9½% umfram lánskjaravísitölu? Flestallir sem hafa tekið lán undanfarið hafa orðið að taka lánskjaravísitölulán og þeir verða ekki varir við neina vaxtalækkun. Það kann vel að vera að á pappírunum hafi verið um einhverja vaxtalækkun að ræða, á skuldabréfum. Það kemur einfaldlega fram í því að vextir hafa verið leiðréttir til þess að raunvextir séu þessi 9½% á lánskjaravísitölulánum. Þannig er raunverulega um algjöra blekkingu að ræða þegar talað er um að vextir hafi lækkað. Þeir hafa ekki lækkað nokkurn skapaðan hlut. Vextir eru í dag 9½% á lánskjaravísitölulánum og verða það áfram að því er best er vitað. Það hefur ekki verið boðuð nein vaxtalækkun á raunvöxtum lánskjaravísitölulána. Ef eitthvað er verið að boða vaxtahækkun á húsnæðislánum, þannig að þessi umræða um lækkun vaxta virðist vera ein blekking.

Þá er það rétt að um síðustu mánaðamót og aftur um þessi mánaðamót hefur framfærsluvísitala, byggingarvísitalan og lánskjaravísitalan hækkað minna en um alllangan tíma að undanförnu. Þetta er ofur eðlilegt. Tollalækkunin hlaut að skila sér og breytingin á vörugjaldi sem út af fyrir sig var mjög

jákvæð, enda mæltum við mjög með þeim breytingum á sínum tíma þegar þessi tvö frv. voru til umræðu hér um áramótin. Að vísu bentum við réttilega á að frumvörpin voru barin hér í gegn, þ.e. frv. til breytinga á tollalögum, svo og vörugjaldið sem við út af fyrir sig erum algjörlega mótfallnir sem slíku því að það er enginn vandi að fella vörugjaldið inn í tollana. En látum það vera. Þrátt fyrir allt var um verulega tollalækkun að ræða á ýmsum innfluttum vörum, m.a. byggingarvörum. Það hlaut því að skila sér fyrr eða seinna þó að það léti nú bíða eftir sér eins og öllum er kunnugt. En ég er ekki viss um að þetta endist mikið lengur en þessi tvö mánaðamót. Ég er ansi hræddur um að framfærsluvísitalan og byggingarvísitalan fari á fullt skrið aftur þannig að það er ekki víst þeir verði eins bólgnir hæstv. ráðherrarnir um þarnæstu mánaðamót.

Eitt af því sem lögð er höfuðáhersla á í þessum ráðstöfunum er breyting á lántökugjaldi vegna erlendra lána. Það er einn annar hornsteinn ríkisstjórnarinnar, þ.e. að reyna að draga úr erlendum lántökum sem framast er unnt. Það er út af fyrir sig gott markmið í sjálfu sér og ekki skal ég mæla gegn því. Það er hins vegar ekki sama hver tekur erlendu lánin að minni hyggju. Sá aðilinn sem ætti aldrei að taka erlend lán er ríkisstjórnin sjálf og opinberir aðilar. Þeir eiga að nota þær tekjur sem þeir afla til framkvæmda og ekkert annað. Hins vegar tel ég að það sé ekkert eðlilegt að vera að amast við því að atvinnufyrirtæki taki erlend lán til fjárfestinga til þess að skapa ný atvinnutækifæri og til þess að styrkja útflutningsgreinarnar. Ég tel að aðgangur slíkra aðila eigi að vera tiltölulega frjáls að erlendu lánsfjármagni og kynni það að verða til þess að lækka hér vexti því að raunvextir á Íslandi eru langtum hærri en gerist í nágrannalöndunum. Ég hygg að flestir mundu vilja, ef þeir ættu þess kost, fá að taka erlend lán á miklu lægri raunvöxtum beint án þess að ríkisvaldið væri nokkuð að skipta sér mikið af því. En ég vil ítreka það og undirstrika að ef á að takmarka erlendar lántökur er það fyrst og fremst ríkið og hinir opinberu aðilar sem eiga að minnka erlendar lántökur sínar. Það á ekki að amast við því þó að atvinnufyrirtæki taki erlend lán til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnulífið og skapa fleiri atvinnutækifæri, þar með styrkja útflutningsgreinarnar.

Dýrtíðin er nú komin á fullt í þessu landi. Ég held að flestir launþegar geti verið sammála um það að það hefur aldrei verið dýrara að lifa á Íslandi en einmitt þessar vikurnar. Fólk, sem ég hef talað við, og það á jafnt við um lágtekjufólk og fólk með allgóð laun, lýkur upp einum rómi um það að það minnist þess ekki um áraraðir að það hafi verið jafnerfitt og dýrt að lifa á Íslandi eins og þessa mánuðina og vikurnar. Fólki blöskrar hreint og beint. Til gamans má taka að tryggingagjöld sem vísitölufjölskyldan þarf að inna af hendi á hverjum mánuði vegna venjulegra trygginga af þeim bifreiðum sem hún á og rekur slaga hátt upp í mánaðartekjur hennar. Ég minni á það að það var einn liður í kjarasamningum 1986 að allir áttu að kaupa sér bíla, öðruvísi gátu þeir ekki fengið þær kjarabætur sem þeir samningar báru með sér svo að það er ekkert hægt að amast við því þó að fólk eigi núna fleiri bíla en á undanförnum árum. En af þessum bílum þarf að borga tryggingar og tryggingaútgjöld einnar fjölskyldu slaga hátt upp í þær mánaðartekjur sem fjölskyldan hefur til að lifa fyrir þannig að hún á ekkert eftir þegar hún er búin að borga tryggingagjöldin.

Mig langar rétt til þess að vekja athygli á einu sem hefur því miður lítið komið til umræðu eftir að hæstv. félmrh. hætti að sinna þeim málaflokki eftir að hún komst í ráðherrastól, en það er kostnaður við tannlækningar. Ef láglaunamaður, og jafnvel þótt um sé að ræða aðila með sæmilega góðar tekjur, verður fyrir því að þurfa að fara í viðamiklar tannviðgerðir er fjárhagur hans þar með kominn í rúst. Hann hefur raunverulega ekki efni á því að láta gera við tennurnar í sér lengur því að það kostar tvenn, þrenn mánaðarlaun að fara í slíka aðgerð. Fólk býr því við mikið óöryggi og í flestum fjölskyldum er núna fyrst og fremst rætt um það hvernig á að láta enda ná saman. Ég endurtek og ítreka það að ég minnist þess ekki að hafa heyrt jafnmarga kvarta yfir því að launin hrökkvi hvergi nærri fyrir brýnustu nauðsynjum þessa mánuðina.

Það er höfuðárangur þeirrar ríkisstjórnar sem kom til valda hér 8. júlí 1987 að eftir rúmlega hálfs árs valdatímabil er svo í pottinn búið að fólk hefur aldrei átt erfiðara með að lifa í þessu landi.

Í þessu ljósi verður að skoða þá kjarasamninga sem voru gerðir í síðustu viku og reyndar þá kjarasamninga sem voru gerðir á Vestfjörðum, sem frægt er orðið, í byrjun febrúar. Mikið var um það rætt að þar virtust tengsl hæstv. ráðherra Alþfl. í ríkisstjórninni vera mjög áberandi og menn vörpuðu þeim spurningum fram hvort þessar niðurstöður væru samkvæmt pöntunum hæstv. ráðherranna. Það er hins vegar alveg ljóst að þær litlu launahækkanir sem samið var um í þessum kjarasamningum, bæði í Vestfjarðasamningunum og í nýgerðum kjarasamningum, sem var verið að samþykkja í gær í stærsta verkalýðsfélagi landsins, Dagsbrún, með naumum mun að vísu, skila nákvæmlega engu því að með þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur nú gripið til í kjölfarið á þessum kjarasamningum er búið að taka nákvæmlega allt aftur sem ávannst. Ef eitthvað, þá er búið að taka ívið meira. Ég leyfi mér að fullyrða að það verkafólk sem var verið að semja um kaup og kjör fyrir núna fyrir helgina var mun betur sett fyrir mánuði en það er nú eftir að hafa fengið þá launahækkun sem um var samið og fá síðan ofan í þær ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Ég held að þessu fólki hafi verið mun betur borgið án nokkurra samninga og án þessara ráðstafana. Því held ég að það hljóti að verða mjög ákveðin og hávær krafa, sem við þurfum að taka afstöðu til á næstunni, hvort það verði ekki að grípa til sérstakra aðgerða til að hækka lægstu laun lágtekjufólksins í landinu. Ég bið hæstv.

ríkisstjórn að kynna sér vel tillögur Borgarafl. í þeim efnum. Í gær var mælt fyrir þáltill. um sérstakar launabætur til handa lágtekjufólkinu í Sþ. sem þm. Borgarafl. flytja. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að kynna sér þessa till. vel og athuga hvort ekki sé hægt að notfæra sér þessa hugmynd til að rétta við hag þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst að samkvæmt framfærsluvísitölunni þarf vísitölufjölskyldan rúmlega 115–120 þús. kr. til þess að lifa á hverjum mánuði, en það er ekki víst að hún hafi nema um 80 þús. kr. til þess. Ég veit ekki hvernig fólk ætlar að fara að á næstunni.

Það er talað um að það hafi orðið miklar launahækkanir á síðasta ári og víst er rétt að sumir hópar hafa náð umtalsverðum launahækkunum. Það hefur verið mikið launaskrið hjá vissum hópum og kaupmáttur jókst að meðaltali hjá mönnum, að því er talið er um 17%. Þetta er allt saman rétt, en ég er hræddur um að þetta meðaltal kunni að verða með þeim hætti þegar það er greint niður á hina ýmsu hópa að í raun hafi gerst það að launamisréttið hefur aukist hröðum skrefum í landinu.

Ég held að við Íslendingar höfum öll árin eftir stríð getað stært okkur af því að hér væri um minna launamisrétti að ræða í þjóðfélaginu en í flestum öðrum löndum Vestur-Evrópu. Við gátum verið stoltir yfir því að hér var ekki sá hrikalegi launamismunur sem þekkist víða í hinum háþróuðu iðnríkjum Vestur-Evrópu þar sem forstjórar hafa margföld laun verkafólks. Það má margfalda með fleiri tugum laun þeirra miðað við það sem lágtekjufólkið hefur. Þannig var þetta allar götur fram til síðustu ára á Íslandi. En á eins og 3–4 árum hefur það gerst að launamismunur hefur vaxið hröðum skrefum á Íslandi og nálgast nú það sem mest gerist í nágrannalöndunum þannig að hér er orðinn gífurlegur launamunur á milli þeirra hæst launuðu og þeirra tekjulægstu. Hér hefur orðið breyting til hins verra. Það er ekki hægt að ásaka einn eða neinn fyrir þessa þróun nema menn hefðu hugsanlega átt að sjá þetta fyrir og reyna að grípa til aðgerða fyrr. En þetta er mál sem við verðum að ganga í að leysa. Við verðum að komast aftur til fyrra ástands, sem við vorum stoltir yfir, að hér ríkti minna launamisrétti og meiri launajöfnuður en gerist meðal annarra vestrænna þjóða.

Undanfarin ár hafa verið einhver bestu ár sem við Íslendingar höfum lifað frá stríðslokum. Það hefur verið mikið góðæri til lands og sjávar. Fiskafli hefur verið mikill og verð á fiski og fiskafurðum hefur verið mjög hátt á erlendum mörkuðum. Í raun og veru er ekkert sem bendir til þess að þetta ástand breytist mjög mikið. Þó svo að það sé rétt að gert er ráð fyrir ívið minni botnfiskafla samkvæmt núgildandi fiskveiðistefnu en var á síðasta ári og það er vissulega ótryggt ástand á sumum mörkuðum held ég að þegar á heildina er litið sé ekki um svo ýkjamikla breytingu að ræða. Góðærið hvað varðar ytri skilyrði er því enn þá fyrir hendi. Það sem er að er að sú ofstjórn sem hér er á efnahagsmálum er að fara með allt til verri vegar. Þannig bendir allt til þess að ef það væri haldið vel á málum gætum við lifað hér ágætu lífi og við ættum að geta haldið uppi háum launum og góðri lífsafkomu allra sem þetta land byggja ef við byggjum ekki við þá óstjórn sem hefur ríkt í langan tíma.

Eitt af því sem ég held að við ættum að athuga gaumgæfilega á næstunni, og mér er sama hvort hæstv. ríkisstjórnin gerir það eða hvort við hjálpum henni til þess, er að fara aftur ofan í saumana á öllu tekjuöflunarkerfi ríkisins. Mér óar við því sem er fram undan. Það er verið að innleiða hér flókin skattakerfi, sem eru tekin að láni frá tugmilljónaþjóðfélögum, sem ekkert erindi eiga í þetta fámenna þjóðfélag norður í Dumbshafi. Það er boðað að á næstunni verði lagt fram frv. til l. um virðisaukaskatt. Ég hef haldið nokkrar ræður um virðisaukaskatt hér í þinginu og mun væntanlega halda því áfram. Það er dæmigert fyrir skattkerfi sem á ekkert erindi til Íslands. En ég veit að það verður barið hér í gegn eins og annað, enda er það að verða svo að fólk stynur undan því kerfi sem er búið að hlaða yfir það. Ef fer sem fer endar þetta þannig að almenningur og allir þeim sem koma nálægt rekstri hafa ekkert annað að gera en að fylla út alls konar skýrslur fyrir ríkissjóð og ríkisvaldið og mega síðan hlíta því að ríkið verður með eftirlitssveitir út um allt til að fylgjast með því að fólk hafi fyllt þessar skýrslur út og skilað því sem því ber. Ég veit eiginlega ekki hvers konar þjóðfélagi við stefnum að ef fer sem horfir.

Ég vildi vara við þessu og ég vildi kannski nota tækifærið og benda á að hinum eldri og reyndari þm. hættir dálítið til að fjalla um fortíðina. Það er alltaf verið að fjalla um hvað þessi og hinn hv. þm. sagði fyrir mörgum árum. Hverju máli skiptir það? Er það ekki framtíðin sem skiptir öllu máli? Er það ekki okkar verkefni á þingi að reyna að leysa framtíðarverkefnin, reyna að setja skynsamlega löggjöf sem gerir lífvænlegra að búa í þessu landi fyrir fólkið sem hér á heima?

Það var minnst á húsnæðismál og mig langar til að fara örfáum orðum um þau hér. Um það er mikill ágreiningur auðheyrilega innan ríkisstjórnarinnar. Hér er skerðing á framlagi í byggingarsjóði ríkisins. Það er ekki sundurgreint. Ég hef ekki náð að lesa þetta svo vel yfir að ég sjái með hvaða hætti það gerist. Það kannski skiptir ekki máli. En framlag til byggingarsjóða ríkisins verður lækkað um 100 millj. Hæstv. fjmrh. taldi að þetta gerði ekki svo mikið til þar sem ráðstöfunarfé lífeyrissjóða mundi vera stórum meira en við hefði verið búist. Það hefur aukist verulega. Það er rétt. En þá vaknar spurningin: Hvað hafa margir lífeyrissjóðir gert bindandi samninga við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup? Hér kemur aftur að því að okkur sárvantar hæstv. félmrh. í deildina til að spyrja hana um ýmis atriði varðandi húsnæðismálin, en eins og hefur komið fram áður er hæstv. félmrh. upptekinn í hinni deildinni og verð ég því að beina þessum spurning-

um til hæstv. fjmrh. í staðinn.

Eftir því sem hæstv. ráðherrann sagði er í lagi að minnka framlag til byggingarsjóðanna með því að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna hefur aukist svo mikið. Það er þá búist við því væntanlega að framlag sem kemur með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna muni aukast að sama skapi. Þess vegna spyr ég: Hvernig gengur að fá lífeyrissjóðina yfirleitt til að gera samninga við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaupin? Hér um daginn heyrðist manni að lífeyrissjóðirnir væru mjög tregir til þessa. Það er reyndar mjög athyglisvert að hvorki lífeyrissjóður alþingismanna né lífeyrissjóður ráðherra hefur gert bindandi samninga um slík skuldabréfakaup við Húsnæðisstofnun, bara til glöggvunar fyrir hv. þm. í deildinni.

Það var mikið brambolt hér fyrir jólin þegar var verið að berja í gegn húsnæðisfrv. hæstv. félmrh. sem varð að fá algjöran forgang hér á undan öllum öðrum málum. Það var nánast sagt að ef þetta frv. yrði ekki samþykkt færu öll húsnæðismálin í hnút. Allt fólkið biði eftir úrlausn og það yrði að samþykkja þetta til þess að hægt væri að byrja að afgreiða þessi lán. Nú samþykktum við þetta frv. og það fékk mjög skjóta meðferð í þinginu, en málin sýnast vera alveg í sama hnútnum eftir sem áður. Ef eitthvað, þá hefur hnúturinn herst. Eftir því sem best er vitað munu nú bíða um 9000–12000 umsóknir úrlausnar hjá Húsnæðisstofnun. Það eina sem þetta ágætisfrv. hæstv. félmrh. hefur leitt af sér er að fólk fær tilkynningu um það bréflega hvort umsóknin hafi verið rétt útfyllt eða ekki, en það fær ekkert frekar að vita um það hvort það fái einhvern tímann lán. Það er síðari tíma mál sem enginn fær neitt frekar að vita um.

Það er því ágætt að heyra að húsnæðismálin skuli komin í hendurnar á mjög vísum mönnum og ber síður en svo að lasta að það skuli hafa verið skipuð nefnd vísra manna til að endurskoða húsnæðislögin. Ég vil ráðleggja þeirri nefnd að kynna sér tillögur Borgarafl. í húsnæðismálum og er ekki víst að þeir þyrftu þá að eyða mikilli vinnu í þessa endurskoðun því að sú endurskoðun liggur fyrir. Þeir þurfa ekkert að gera annað en að taka þær tillögur, sem við lögðum fram á þingi fyrir jólin, og fella þær inn í sínar eigin og skal það vera reiðilaust af okkar hálfu þó að þeir leggi þessar tillögur okkar fram sem eigin tillögur með stjfrv. þar um á næsta þingi. Það er oft svo að það er eina leiðin fyrir stjórnarandstöðuna að koma sínum tillögum á framfæri að setja þær fram og fá síðan stjórnarliðana óbeint til að taka þær upp og gera þær að sínum eigin, enda er um að ræða í þessum efnahagsráðstöfunum mörg slík mál þar sem stjórnarandstaðan fær sínar tillögur í gegn að lokum. Þó að allar ábendingar hennar og brtt. hafi verið felldar á sínum tíma birtast þær allt í einu hér sem aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig til að fara örfáum orðum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það mál komst satt að segja aldrei í hv. Ed. Það gufaði upp í hv. Nd.

Ég rifja það upp meira kannski til gamans að á fundi sem var haldinn með þingflokksformönnum og fulltrúum ríkisstjórnarinnar með hæstv. forsrh. í broddi fylkingar rétt fyrir jólin, þessi fundur var að mig minnir haldinn laugardagskvöldið 20. des., var stjórnarandstöðunni boðið upp á að ríkisstjórnin skyldi fresta verkaskiptingarfrv. fram yfir áramót, reyndar átti að greiða einhverja hungurlús niður af fiski með, ef stjórnarandstaðan vildi nú halda sér saman og hleypa öllum frv. í gegn fyrir jól með því bara að rétta upp hönd með eða á móti þegar til atkvæðagreiðslu kæmi. Það var mjög hlálegt að daginn eftir upplýstist að þetta hvort tveggja hafði ríkisstjórnin ákveðið að gera hvort sem var. Það er eins og verið sé að bjóða manni eitthvað sem þegar er búið að gefa honum, bjóða honum að versla með hlut sem er búið að ákveða að gefa honum. Það var ekki von að fulltrúar stjórnarandstöðunnar vildu sætta sig við þetta tilboð. En að lokum er málið gert endanlegt með því að öll áform um að ljúka verkaskiptingarfrv. eru úti og eftir skilin í reiðuleysi fjármál sveitarfélaga.

Það er mjög athyglisvert að í frv. sem er verið að ræða hér er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð verði skert um 260 millj. kr. Hér hefur reikningsmeisturunum eitthvað orðið á í samlagningunni og frádrættinum vegna þess að ég get ómögulega séð annað en að skerðingin sé 380 milljónir. Í fjárlögum, sem voru samþykkt fyrir 1988, var gert ráð fyrir framlagi upp á 123 millj., sem fjárveitingu vegna tilfærslu verkefna til sveitarfélaga. Í þeirri endurskoðun sem hér fer fram er gert ráð fyrir að hækka þessa upphæð um 18 millj., upp í 139 millj. 970 þús. Síðan er sagt að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði lækkað um 398 millj. Ef maður dregur þá mismuninn frá, þær 18 millj. sem ríkið ætlar að færa til viðbótar til sveitarfélaganna vegna sérstakra verkefna, er eftir sem áður um 380 millj. að ræða sem ríkið tekur af sveitarfélögunum. Það er ekki verið að taka 260 millj. af sveitarfélögunum. Það er verið að taka 380 millj. af sveitarfélögunum.

Það kann vel að vera að Reykjavíkurborg þoli þetta. Hún getur þá væntanlega frestað öldurhúsinu sem á að byggja uppi á Öskjuhlíðinni. En hvernig á að fara á litlu stöðunum úti á landi? Hvernig á að fara á stað eins og Tálknafirði, en menn eru þar að berjast við að reyna að klára íþróttamannvirki? Þangað komum við þm. Borgarafl. í sumar sem leið og skoðuðum fallegt íþróttamannvirki sem var langt komið, en það er alveg ljóst að slíkt lítið sveitarfélag úti á landi má ekki við því að framlög í Jöfnunarsjóð verði skert um 380 millj. en ekki 267 millj. eins og er sagt í frv.

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé um að ræða lognið á undan storminum. Þessar aðgerðir eru að mínu viti ekki nema hálfkák eins og ég sagði áðan þannig að hinar raunverulegu aðgerðir, þegar þær að lokum birtast og sjá dagsins ljós, hugsanlega áður

en þingi lýkur, kannski ætlar ríkisstjórnin þó að bíða eftir því að losna við þingheim og geta þá leyst þetta með bráðabirgðalögum, verða þeim mun þungbærari sem það er lengur dregið að gera eitthvað raunhæft í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin tók að vísu við ríkissjóði í mikilli óreiðu undir stjórn hæstv. núverandi forsrh. sem fráfarandi fjmrh., en ástandið var þó ekki svo slæmt að það hefði ekki verið hægt að ná strax tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar í því góðæri sem við bjuggum við og við enn búum við. Það er eitthvað meira en lítið skrýtið í þessu þjóðfélagi að það er alveg sama hvað vel árar til lands og sjávar, að ævinlega skal þeim sem fara með völdin takast að klúðra málum þannig að eftir situr öll alþýða þessa lands, allur almenningur upp til hópa og býr við lakari lífskjör en hann þyrfti að gera ef landinu væri almennilega stjórnað.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Mín ætlan er ekki að ræða mikið efnisþátt þess frv. sem hér er til umræðu. Aðalástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er sú að menn hafa æðimikið blandað samningamálum inn í þessa umræðu, bæði í gær og í dag, og mér finnst að sumir hverjir hv. þm. tali nokkuð ógætilega um þá hluti og af nokkurri vanþekkingu og á það ekki síst við þann hv. þm. sem var að ljúka máli sínu áðan. Það er afskaplega þægilegt að standa fyrir utan allt, fyrir utan stéttarfélögin og gagnrýna harkalega þá menn sem eru í forustu fyrir þau og eru þó að reyna að hala inn aukin réttindi til handa því fólki sem í félögunum er. Það er léttasti vandinn að standa fyrir utan, á götum og gatnamótum og gagnrýna, þurfa enga ábyrgð að bera.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Svavar Gestsson, sem er nú kominn algjörlega endurnærður eftir að losna undan oki formannsins í Alþb., endurnærður og sprelllifandi og frískur, sem hóf umræðu, held ég, um jólaföstusamningana, nefndi þá og sagði ef ég man rétt: Það voru góð og jákvæð atriði í þeim samningum.

Þetta er rétt. Ég held að þegar menn ræða um samningamálin í heild ættu þeir að skoða hvað hefur gerst áður í þessum efnum. Við skulum aðeins rifja upp framhald af jólaföstusamningunum frá því í desember 1986. Það voru að mörgu leyti tímamótasamningar og hefðu þeir haldist út samningstímabilið hefðum við ekki staðið í þeim sporum sem við stöðum í núna í samningsgerð. Þeir samningar héldu að því er varðaði flesta sem þeir tóku til og þá fyrst og fremst láglaunafólkið. Þeir vöruðu allt fram í mars. Þá breyttist allt. Og hvers vegna? Þá voru samningamálin sett á uppboð rétt fyrir kosningar og það var fyrrverandi hæstv. fjmrh. sem stóð að þeim leik, spretti samningamálunum upp og gjöreyðilagði þann árangur sem náðist í desember að því er varðaði láglaunafólkið. Þá hófst launaskriðið sem staðið hefur síðan. Menn vita vel hverjir hafa þar fengið mest. Þar hafa þeir verst settu setið eftir. Ég held að menn þurfi að skoða í þessu ljósi hvað hefur verið að gerast í samningamálum og hvernig þau hafa þróast. Það er líka vitað að kaupmáttur á síðasta ári er hinn hæsti sem verið hefur um langt árabil. Þá erum við að tala um meðaltöl að sjálfsögðu og þarf ekki að taka það fram.

Menn segja núna að það hafi verið gerðir slæmir samningar. Ekki ætla ég að hæla þessum samningi og sjaldan hef ég staðið upp frá samningsborði ánægður. Yfirleitt er það svo að menn telja sig þurfa að ná meiru en menn standa frammi fyrir í lokin. Svo mun vera á fleiri sviðum.

Ég hef sagt og segi það hér: Það var aðeins einn aðili sem stóð við sinn þátt í jólaföstusamningunum og það var láglaunafólkið innan Alþýðusambandsins. Bæði vinnuveitendur og ríkisvald sviku. Þegar það gerist trekk í trekk að stjórnvöld bregðast þeim loforðum sem þau gefa þegar þau eiga aðild að samningum er ekkert létt verk að fá fólk til að trúa því að nú haldi það hjá ríkisstjórn. Það kann kannski að verða svo að það sem nú hefur gerst og hvernig það fer sem nú hefur verið samið um muni ekki síst byggjast á því hver töggur verður í hæstv. ríkisstjórn, hvernig hún skilar sínu hlutverki. Það hlýtur að verða að koma í ljós með hvaða hætti það gerist. Það er enn trúað á að við megum eiga von á því að stjórnvöld standi við sinn hlut.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um Vestfjarðasamningana. Ég hygg að sá hv. þm. hafi engin efni á að kasta rýrð á þá sem stóðu að þeim samningi, hvernig sem menn svo meta hann sem slíkan, það er annað mál. Utanaðkomandi aðilar vita minnst um það sem er að gerast í samningsgerð utan þess svæðis sem þeir eru á. Ég tala nú ekki um þegar þeir taka ekki einu sinni þátt í einu eða neinu sem er í kringum slíka vinnu. Það er ekki annarra að dæma slík vinnubrögð. Það er þess fólks sem við það vinnur og á við það að búa. Menn vilja tala um kratasamninga í þeim efnum. Menn mega nefna það hvaða nöfnum sem þeir vilja. Séu þeir ánægðir með þá samninga sem við þá eiga að búa má kalla þá hvað sem er. En það þarf oft djörfung til að ríða á vaðið og þeir sem ríða á vaðið þeir geta líka átt von á því að þeir sem á eftir koma nái meira innan úr pottunum. Þessa djörfung sýndu þeir Vestfirðingar. Það var ekki öfundsvert hlutskipti þeirra að taka forustuna í þessum efnum miðað við þær kringumstæður sem við búum við og ekki þá síst Vestfirðingar að því er varðar fiskveiðar og fiskvinnslu á því svæði, en 80–90% af öllu vinnuafli vinnur við það þar. Ég held að menn þurfi aðeins að skoða og líta í kringum sig áður en menn fara að gagnrýna harkalega hluti eins og þá sem hér er verið um að ræða.

Hv. þm. Júlíus Sólnes sagði áðan að ríkisstjórnin væri búin að taka til baka, ekki bara það sem var samið um hér heldur meira. Hvernig eru slíkir útreikningar fengnir? Það hefði verið ástæða til að háskólamenntaður maður, hv. þm., hefði farið yfir dæmið allt og sett það upp fyrir okkur hina í tölum. Það ætti að vera vandalítið hjá manni ofan úr Háskóla að setja dæmi upp fyrir okkur hina óbreyttu

þm. um hvernig hlutirnir koma út eins og hann setur þá fram. (**JúlS:** Það stendur hér í drögum frá Þjóðhagsstofnun.) Það stendur ekkert um það. Það er rangt. Menn ættu að lesa betur. Það er til þess ætlast af þm., ég tala nú ekki um hinum hámenntuðu, að þeir geti gert sig skiljanlega á því máli sem þeir tala og menn viti hvað þeir eru að tala um.

Hann heldur kannski, hv. þm., að 6% gengisfelling þýði 6% kauplækkun. Kannski það sé kennt í Háskólanum. Nei, þetta er algerlega rangt, hv. þm. Auðvitað vissu menn fyrir, það var spurning um hvenær menn viðurkenndu það, að gengið var fallið og menn vissu hvað þeir voru að tala um í kringum þessa gjörð. Menn eru hins vegar ekki að semja um gengisfellingar. En ég tek undir með þeim sem hafa sagt: Hefði ekki Verkamannasambandið komið að þessari samningsgerð hefðu trúlega orðið hærri tölur að því er varðar fall á gengi en menn standa nú frammi fyrir. Þá er ástæða til að spyrja þessa hina sömu menn, sem telja að þetta dugi ekki, það þurfi meira: Hvað átti að gera? Átti að fella gengið meira? Á að skera meira niður? Við þessu hafa engin svör fengist. Það er líka ástæða til þess að spyrja hv. þm. Svavar Gestsson um það: Átti að fella gengið meira til að bjarga betur og á að skera meira niður og hvar? Hv. þm. Svavar Gestsson veit auðvitað alveg hvað hann er að tala um, maður sem hefur verið fremstur í flokki í áraraðir einmitt í svona verkefnum og kannski verri oft og tíðum. En hv. þm. er snjall leikari í orði, kann með hlutina að fara í munni þó hann hafi sjálfur staðið að enn þá verri verkum í gegnum árin.

Auðvitað er það ekkert fagnaðarefni sem menn eru hér að ræða um. Það fagnar þessu enginn. Þetta varð að gera og kannski má segja: Menn mega þakka fyrir að það þurfti ekki að ganga lengra þó í þessum efnum.

Víkjum aðeins að því sem hv. þm. Júlíus Sólnes sagði áðan. Það er búið að taka meira en samið var um. Núna í febrúar samkvæmt spám sérfræðinganna beggja megin borðsins var kaupmátturinn 123 stig. Hann var 134 árið 1987. Eftir að verkamannasamningarnir hafa verið gerðir er kaupmátturinn kominn í 132 stig. Þá er búið að taka allt „materíalið" inn í dæmið. Hann er kominn í 132 stig. Þetta er eftir þeim reikningi sem ég lærði í barnaskóla. Þetta þýðir ekki að það sé búið að taka meira en um var samið. Ekki ef menn eru að tala um kaupmáttinn. Eru menn að tala um eitthvað annað?

Ég held að menn eigi að skoða dæmið betur þó að ég sé á engan hátt ánægður og tek það sérstaklega fram að vissulega hefði ég viljað gera betri samninga en hér um ræðir. En menn skulu ekki gleyma því að í langflestum sjávarþorpum víðs vegar í kringum landið er staða atvinnufyrirtækja sú að þau hafa beðið eftir því að loka. Þau hafa trúlega beðið eftir því að verkalýðsfélögin sjálf lokuðu þannig að þeir þyrftu ekki að gera það sjálfir, eigendurnir. Þetta er sú staða sem menn stóðu frammi fyrir. Lífið í þessum tilvikum er ekki alltaf dans á rósum og menn geta ekki alltaf baðað sig sem slíka.

Það er alveg ljóst að stjórn undanfarinna ára á fjármunum, peningamagninu, efnahagsstjórnin, hefur verið á þá lund að það hefur sorfið að framleiðslugreinunum en hinir hafa verið mataðir, í þjónustugeiranum. Það er það sem við erum að blæða fyrir nú. Þeirri stjórnun þarf auðvitað að snúa við. Það þarf að sjá svo um af stjórnvöldum að framleiðslugreinarnar, undirstöðuatvinnugreinarnar, geti þrifist með eðlilegum hætti.

Það má segja að fari menn niður í höfuðborg Reykjavíkur á dags millibili sjái maður breytingu hér í uppbyggingu. Öll þenslan er á þessu svæði hér. Peningaflóðið er hér. Hér ætlar Reykjavíkurborg að byggja fyrir 4–5 milljarða á þessu ári án þess að þurfa að taka nokkra krónu að láni. Ekkert slíkt þekkist nokkurs staðar úti um land. Það er þetta sem er þess valdandi hvernig nú er búið að atvinnulífi landsmanna víðs vegar úti um landið. Það verður að finna fjármagninu annan farveg en bara í þjónustugeirann.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Svavar Gestsson sem talaði líka um að tryggingarnar væru veikar í þessum samningi. Um það má deila hvort þær eru veikar eða veikar ekki. Ég held hins vegar að þær tryggingar sem í honum eru, sem eru 1. júlí og 1. nóv., hljóti að veita stjórnvöldum aðhald. Það er líka tilgangur með samningsgerðinni, að stjórnvöld hafi aðhald að því er varðar verðbólguna. Við hefðum gjarnan viljað ná lengra í þessum efnum, fá frekari tryggingar, en þess var ekki kostur.

Hv. þm. Svavar Gestsson minntist líka á starfsmannasjóðinn. Hann beindi því að vísu til hæstv. fjmrh. og hann hlýtur að svara því. En ég minni á að þetta var ein af kröfum Verkamannasambandsins, um starfsmenntunarsjóð, og þá höfðu menn fyrir sér í huganum það sem gerst hefur að því er varðar námskeiðin í fiskvinnslunni fyrst og fremst sem hafa skilað miklu.

Frá 1. mars og þangað til í desember á sl. ári mun kaupmátturinn vera á bilinu frá 125, þegar hann fer lægst í ágúst, upp í 137 í desember. Þetta er rokkandi. Kröfur Verkamannasambandsins voru settar fram með það í huga að reyna að halda óbreyttum kaupmætti frá árinu 1987. Það var kannski dirfska að reikna með slíku þegar litið er til ástandsins í kringum okkur og vitandi það að við búum við versnandi kjör. Eigi að síður var það talin skylda af hálfu Verkamannasambandsins að halda þannig á málum að við gætum sem næst haldið uppi kaupmætti frá árinu 1987. Hann er 3% minni í þessari samningsgerð heldur en var og engin ástæða til þess að leyna því á einn eða neinn hátt. Og þó að ég sé ekkert hissa á því að menn séu óánægðir, þá fullyrði ég það að menn hefðu ekki náð lengra í þessum efnum án harðvítugra átaka, langvarandi verkfalla sem menn hér innan dyra ættu að vita hvað kynnu að kosta. Frammi fyrir þessu stóðu menn og það kemur að því alltaf annað slagið hjá þeim aðilum sem við þessi verkefni fást að menn þurfa að

taka ákvarðanir, taka afstöðu og þá bera jafnvel ábyrgð og standa eða falla með sínum gjörðum.

Menn hafa heyrt það núna í gær og í dag að launafólk er ekkert hrifið af þessum samningum. Það er tvennt sem ég held að fólki gremjist fyrst og fremst. Það er það hvernig betur launuðum stéttum hefur tekist að ná fram sínum kröfum verulegum umfram láglaunafólkið sl. ár og nánast fram á þennan dag. Og líka það hvernig ríkisvaldið brást sinni skyldu í samningsgerðinni frá árinu 1986. Þetta er sú gremja sem er að brjótast út innan raða félaga í Verkamannasambandinu. Það er því mikil ábyrgð sem hæstv. ríkisstjórn ber að því er þetta varðar nú, hvort það heldur eða ekki. Ef öðrum líðst það að skríða upp eftir baki láglaunafólks með enn frekari hækkunum en um er að ræða hjá þeim, þá er enginn friður. Þá er enginn friður í þessu landi á vinnumarkaðnum. Það gerist ekki eina ferðina enn án þess að verði tekið til hendinni á þeim bæ. Ég held að það sé hollt fyrir menn að hafa það í huga, jafnt hina sem gagnrýna þessa samninga sem lélega og einskis virði og okkur sem að þeim stóðu, það er nauðsynlegt að hafa það í huga að við ætlumst til þess af stjórnvöldum að þau standi við sinn hlut í samningsgerðinni og láti á það reyna ef aðrir ætla sér þá ósvinnu að taka sitt á þurru meira en Verkamannasambandið samdi um.

Menn gerðu lítið úr, og gera kannski enn, því hlutaskiptakerfi sem Vestfirðingarnir tóku upp. Ekki ætla ég að gera það að umræðuefni hér. Við fáum frekari fréttir af því þegar fram líða stundir. Það er hlutur sem tekur nokkurn tíma að reyna á hvernig kann að skila sér. En eftir fréttum að dæma mun nú vera annað hlutaskiptakerfi komið upp og það mun vera innan Sambands ísl. samvinnufélaga. Hvort sem menn kalla það bónus, einstaklingsbónus eða hlutaskipti í aukavinnu, þá er það nýtt í þessum heimi að því er varðar laun. Kannski hefur Verkamannasambandið verið of fljótt á sér að semja, en það skýtur skökku við að þetta dæmi, hvort sem það er nú rétt eða rangt, ég tala nú ekki um ef það er rétt, að þetta dæmi skuli koma úr þeim herbúðum þar sem andstaðan var mest við það að leiðrétta kjör láglaunafólksins. Það skýtur skökku við ef slíkt gerist á þeim bæjum. En kannski kann þetta að vera svo víðar.

Í lokin vil ég taka sérstaklega undir lok ræðu hæstv. fjmrh. sem fjallaði um vanda í orkumálunum. Ég held að það verði ekki unað lengur við annað en að stjórnvöld grípi í taumana í þessum efnum. Ætli menn trúi því að það kostaði 30 þús. í janúarmánuði að hita upp íbúðarhúsnæði vestur á fjörðum, 30 þús. upphitunarkostnaður og rafmagn. Þ.e. þessi eini þáttur í heimilishaldinu kostar öll lágmarkslaunin. Og spyrji menn nú sjálfa sig sem búa hér á þessu svæði og beri saman. Það er auðvitað verkefni stjórnvalda að grípa hér í taumana. Þetta er líka kjaramál, ekki hvað síst hvernig tekst að jafna þennan gífurlega aðstöðumun sem fólk býr nú við. Það gæfi mörg prósent í kauphækkunum ef þarna tækist að taka til hendinni til jafnréttis. Og ég ítreka það, ég treysti því og mun að sjálfsögðu ýta á það á þeim stað sem ég hef aðstæður til að í þessu verði farið að vinna og að menn sitji ekki aðgerðarlausir lengur, því að ef svo fram heldur sem horfir þá verður ekki langt í það að velflestir af þessum köldu svæðum sem menn kalla hyggja á brottför hingað á suðvesturhornið. Og það er enginn betur settur með því.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Þeir þm. stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað í dag og reyndar ýmsir þeirra sem töluðu við utandagskrárumræðurnar í Sþ. í gær, hafa fundið efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar flest til foráttu. Ég ætla ekki að elta ólar við allt það sem missagt kann að hafa verið í máli þeirra en hlýt þó að benda á að aðfinnslur stjórnarandstöðunnar eru æði mótsagnakenndar. Annars vegar er fundið að því að með efnahagsaðgerðunum sé ekki unninn bugur á ýmsum vanda sem nú steðjar að í íslenskum efnahagsmálum: Verðbólga verði áfram mikil, sömuleiðis viðskiptahallinn og afkoma útflutningsgreinanna sé ekki tryggð. Hins vegar er því haldið fram að launahækkanir þær, sem Verkamannasambandið og Alþýðusamband Vestfjarða hafa nýlega samið um við vinnuveitendur, skili verkafólki ekki nógum kaupmáttarauka og einnig er kvartað undan því að útgjöld ríkisins séu skorin niður og stefnt að minni framkvæmdum á vegum hins opinbera en áður voru áformaðar.

Auðvitað er það æskilegt að gera allt í senn, draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, tryggja góða afkomu útflutningsgreinanna, auka kaupmátt launa og standa í miklum framkvæmdum. En það er hreinn barnaskapur að halda að þetta sé unnt við núverandi aðstæður. Ræða hv. 3. þm. Vestf. var gott dæmi um það hvernig forustumenn verkalýðshreyfingarinnar, hvernig forusta Verkamannasambandsins og Alþýðusambands Vestfjarða lítur miklu raunsærri og skynsamari augum á það sem við blasir í íslenskum efnahag en fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað.

Hvernig á að snúast við þessum að mörgu leyti erfiðu aðstæðum? Það er mikilvægt, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh., að þeir tveir stefnumarkandi kjarasamningar sem nýlega hafa verið gerðir, kjarasamningur Verkamannasambandsins og kjarasamningurinn á Vestfjörðum, verði undirstaða að farsælli framvindu í efnahags- og kjaramálum við þessar aðstæður. Ef það tekst, og það er tilgangur þessa frv. sem hér liggur frammi að það megi takast, þá er ástæða til að vera bjartsýnn um framtíðina. Ábyrgð þingsins í þessu máli er stór.

Það er auðvitað alveg rétt að við horfum fram á viðskiptahalla á árinu sem gæti stefnt í 3–4% af landsframleiðslunni. Ég hirði ekki um að tala um tölurnar sem hér hafa verið ræddar af meiri nákvæmni en það. Við eigum enn eftir að vinna nokkuð að þótt þær aðgerðir verði samþykktar sem

hér hafa verið fram lagðar. Við þurfum að halda aftur af ýmsum útgjaldaáformum sem ekki er enn unnt að festa í tölur.

Það er auðvitað alveg rétt að það er hætt við nokkrum hallarekstri í sumum greinum sjávarútvegs. Það er enn því miður við að búast að verðbólgan verði 15–16% frá upphafi til loka þessa árs og það er rétt að það verður nokkur skerðing kaupmáttar frá meðaltali síðasta árs þegar á allt er litið. Þetta eru auðvitað ekki æskilegar horfur. Þetta eru auðvitað óviðunandi horfur til lengdar. En ég spyr hv. þingdeildarmenn: Hverjar væru horfurnar ef ríkisstjórnin hefði ekki hafst að? Hverjar væru horfurnar ef ekki hefðu tekist þeir kjarasamningar sem eru að mörgu leyti forsenda þess sem hér er unnið að á þessum dögum?

Eins og hæstv. fjmrh. minnti á kemur þessi staða nú upp í lok óvenjulegs uppgangsskeiðs. Á síðasta ári fóru þjóðarútgjöldin fram úr þjóðartekjum sem kom fram í því að verðbólga og viðskiptahalli fóru vaxandi. Við horfum nú fram á það að þjóðartekjur á þessu ári verði í besta falli óbreyttar frá því síðasta. Þetta stafar ekki af ákvörðunum stjórnvalda, heldur af því að nú er þess ekki að vænta að ytri skilyrði þjóðarbúsins batni enn frá því sem verið hefur. Því miður eru horfur á að þróunin snúist frekar öndverð okkur á þessu ári fremur en þau batni. Við þurfum í öllum efnahagsákvörðunum að taka mið af þessum staðreyndum.

Frv. sem við erum nú að ræða er mikilvægt skref til þess að skapa skilyrði fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum og tryggja þá kjaramálastefnu sem mörkuð hefur verið í þeim tveimur verkamannasamningum sem þegar hafa verið gerðir. Við þurfum að rétta hlut þessa fólks og þeirra greina sem það vinnur við. Það er tilgangur þessa frv. eins og glöggt kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf. Ríkisstjórnin hefur í reynd þegar gert fjölmargt sem í þessa átt hnígur til þess að sporna gegn misvægi í þjóðarbúskapnum, og hún hefur gert það bæði fyrr og með ákveðnari hætti en fyrri ríkisstjórnir. Þetta á við um fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1988 og stjórn peningamála undanfarin missiri.

Sumar ráðstafanir, sem stjórnin hefur staðið fyrir, hafa ekki verið sársaukalausar og ekki til þess fallnar að kaupa henni stundarvinsældir. Þær hafa engu að síður verið nauðsynlegar. Það var t.d. alveg óhjávæmilegt að stokka upp tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs til þess að hægt væri að ná hallalausum fjárlögum. Strangt aðhald að peningamálum, en því fylgja óhjákvæmilega um sinn háir raunvextir, hefur líka verið nauðsynlegt til þess að draga úr þenslu. Þær efnahagsráðstafanir, sem stjórnin grípur nú til í tengslum við kjarasamninga Verkamannasambands og vinnuveitenda, eru rökrétt framhald af fyrri ráðstöfunum hennar í efnahagsmálum. Þær eru líka rökrétt viðbragð, á réttum tíma, til þess að bregðast við vanda í tæka tíð. Til þeirra var ekki gripið fyrr en í sjónmáli voru kjarasamningar sem gátu samrýmst hjöðnun verðbólgu og bætt kjör hinna lægst launuðu. Þetta var margyfirlýst af stjórnarinnar hálfu.

Ég ætla ekki að vera langorður um þessar ráðstafanir almennt, enda hafa bæði forsrh. og ekki síst fjmrh. hér í dag kynnt þær í smáatriðum. Ég ætla hins vegar að víkja nokkrum orðum að þeim þáttum sem beinlínis snerta viðskrn., en þar á ég við stefnuna í gengismálum, stefnuna varðandi erlendar lántökur og varðandi vexti og fjármagnsmarkað.

Ég vík þá fyrst að gengisstefnunni. Það var, það er og það verður brýn nauðsyn enn um sinn að bæta kjör lægst launaða fólksins í landinu, þess fólks sem dregist hefur aftur úr öðrum í launum á síðustu missirum. Ég vil leggja áherslu á að það er einfaldlega rangt sem hv. 7. þm. Reykn. hélt hér fram áðan, að með þessum samningum og þeim aðgerðum, sem við erum nú að ræða, hafi þessum kjörum verið svipt til baka. Þetta kom mjög glöggt fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf. Ég óttast það að prófessorinn hafi ekki litið rétt á reiknistokkinn þegar hann setti upp sitt dæmi því það er alveg víst að þessir kjarasamningar verja kjör þessa fólks, halda því í horfi, meðan aðrir verða að sætta sig við nokkuð skarðan hlut. Þetta er málið sem við erum að ræða í hnotskurn. En það var einfaldlega ekki hægt að ná þessum árangri nema með því að bæta starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem þetta fólk starfar við, einkum fiskvinnsluna. Það er ekki fastgengisstefnan sem er undirrót vanda útflutningsgreinanna, heldur eiga hinar innlendu kostnaðarhækkanir á síðasta ári þar langstærsta sök.

Hv. 3. þm. Vestf. lýsti því vel hvernig launamarkaðurinn fór á uppboð í aðdraganda kosninganna í fyrra, hvernig jólaföstusamningarnir voru sprengdir upp og hvernig lántökur og ógætilegar framkvæmdir kyntu undir þeirri þróun. En nú er svo komið að það er ekki úr að skorast að lækka gengi krónunnar nokkuð til að bæta afkomu þessara greina og gera þeim kleift að hækka laun hjá sínu fólki. Að sama skapi skipti miklu máli að þessi gengislækkun yrði eins lítil og nokkur kostur var til að koma í veg fyrir að ný verðbólgualda skylli yfir. Þess vegna var farin sú leið að endurgreiða útflutnings- og samkeppnisgreinum uppsafnaðan söluskatt og létta nokkuð greiðslubyrði þeirra af lánum með skuldbreytingum.

Það er ekki rétt sem hv. 7. þm. Reykv. hélt hér fram að fastgengisstefnan, sem hann kallaði hornstein efnahagsstefnu stjórnarinnar, væri hrunin. Það sem rétt er í þessu efni er að þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir gefa enn færi á verulegri hjöðnun verðbólgu á síðari hluta ársins. Hornsteinninn hefur ekki brotnað. Hann hefur verið færður lítillega til og múraður fastur á ný. Fari svo, sem von er til, reynist unnt að halda genginu stöðugu, en það er til lengri tíma litið forsenda stöðugleika í okkar verðlagsmálum og það er sannarlega stefna stjórnarinnar að halda genginu stöðugu ef þess er nokkur kostur. Í því sambandi er m.a. unnið að athugunum á því að tengja gengi krónunnar við erlenda myntkörfu fremur en inn-

lenda, t.d. við mynteiningu Evrópuþjóðanna eða sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Niðurstöðu í þessum athugunum er að vænta á þessu ári.

Stöðugleiki í gengisskráningunni er mikilvægur til þess að stuðla að hjöðnun verðbólgu. Það er í reynd aðaltilgangur þessara aðgerða að freista þess enn að breyta verðlagsþróun hér á landi í það horf sem er meðal annarra Evrópuþjóða. Og ég tek undir það með hv. 3. þm. Vestf. að spyrja hv. 7. þm. Reykv.: Á hvað er hann að hrópa þegar hann kallar þessar aðgerðir ónógar handa frystingunni? Á hvað er hann að hrópa? Vill hann láta fljóta yfir hvern stein eða eins og mig minnir að hann orðaði það sjálfur, róa fyrir hverja vík til að koma vinnslunni upp fyrir hagnaðarmark sem hann telur hæfilegt? Hver verða þá kjör fólksins í landinu, má ég spyrja? Frystihúsin þurfa líka að laga sig að breyttum aðstæðum ekki síður en almenningur. Ég vil minna þennan hv. þm. á að hann hefur nú og í fyrri umræðunni um efnahagsmál gert sig til harðasta málsvara þess sem hann einu sinni kallaði útgerðarauðvaldið. (**SvG:** Það verður nú einhver að hugsa um útgerðarauðvaldið.) Já, já.

Ég vík þá að erlendum lántökum. Á síðasta ári fóru erlendar lántökur langt fram úr því sem gert hafði verið ráð fyrir á lánsfjárlögum þessa árs. Fyrir þessari miklu aukningu í erlendu lántökunum í fyrra voru ýmsar samverkandi ástæður. Mestu máli skipti að á síðasta ári buðust erlend lán á hagstæðum kjörum vegna mun meiri verðlagshækkana hér innan lands en erlendis á sama tíma og gengi krónunnar var þá haldið stöðugu. Þá er einnig ljóst að brotalöm var á framkvæmd áætlana um erlendar lántökur. Með upptöku gjalds á erlendar lántökur á miðju síðasta ári leitaðist stjórnin við að stemma stigu við innstreymi erlends lánsfjár. Þetta gjald jafnaði þó engan veginn mun á innlendum og erlendum lánskjörum. Nú er lagt til að tvöfalda þetta gjald. Jafnframt er því lýst yfir að gjaldið verði fellt niður frá og með næstu áramótum til að stuðla að því að þeir sem hyggja á erlendar lántökur fresti frekar áformum sínum. Þá er unnið að því í viðskrn. að framvegis verði miklu fastar fylgt eftir reglum og áætlunum hins opinbera um erlendar lántökur. M.a. verður við það miðað að heildarfjárhæð lána, sem háð eru sérstökum leyfum, verði haldið innan ákveðinna marka á hverjum fjórðungi ársins. Í þessu sambandi er mikilvægt að frá og með lánsfjárlögum fyrir þetta ár eru erlendar lántökur allra fjárfestingarlánasjóðanna háðar sérstökum leyfum, eins og hjá öðrum fyrirtækjum, en þeir sækja nú ekki erlend lán samkvæmt sérstökum lagaheimildum.

Á síðasta ári var líka sett innlend fjármögnunarkvöð á lántökur kaupleigufyrirtækjanna. Ég mun á næstunni láta kanna hvaða áhrif þessi kvöð hefur haft og hvort nauðsynlegt er að breyta reglunum að þessu leyti. Það er afar brýnt að okkur takist að hefta ótæpilegt innstreymi erlends lánsfjár á næstunni. Erlent lánsfé var olía á þenslubálið á síðasta ári og við verðum að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Að því miða ráðstafanir stjórnarinnar.

Ég vík svo nokkuð að vaxtamálum sem menn hafa hér margir vikið að. Á undanförnum vikum hafa margir gerst talsmenn þess að vextir yrðu lækkaðir með valdboði af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég hef haldið því fram að nafnvextir héldust hér háir vegna mikillar óvissu í verðlagsmálum en raunvextirnir héldust hér háir vegna jafnvægisleysis á lánsfjármarkaði. Forsenda þess að vextir gætu lækkað væri því annars vegar að horfur í verðlagsmálum skýrðust og hins vegar að betra jafnvægi kæmist á milli framboðs og eftirspurnar á fjármagnsmarkaðnum. Nú hefur verulega dregið úr óvissu um þróun verðlags á næstunni, bæði vegna þess að fyrri aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru nú farnar að skila árangri í minnkandi verðhækkunum og vegna þess að stefnan í kjarasamningum fyrir þetta ár hefur nú verið að skýrast og ljóst er orðið að hún gefur færi á hjaðnandi verðbólgu er líða tekur á árið.

Hv. 7. þm. Reykv. hélt því fram áðan að raunvaxtakostnaður fiskvinnslunnar og útgerðarinnar hefði hækkað um 70% í fyrra (Gripið fram í.) og vitnaði til hæstv. utanrrh. í því sambandi. (**SvG:** Já, það er rétt.) Ekki ætla ég að staðfesta þá tilvitnun, en vil bara nefna það að samkvæmt tölum Seðlabankans nam allur vaxtakostnaður sjávarútvegsins á sl. ári 15% miðað við heildarskuldir hans eins og þær voru á árinu. Þegar litið er á verðlagsþróun á sama tíma þá hækkaði verðlag hér á landi um 25%. Því er algjörlega ljóst að raunvextir sjávarútvegsins voru þegar á heildina er litið neikvæðir svo verulega munaði í fyrra og hafa áreiðanlega lést þegar rétt er reiknað á hinu liðna ári. Þetta eru staðreyndirnar í málinu. En það er auðvitað alveg rétt að þarna er ákaflega misjafnt milli fyrirtækja og ég mæli því ekki bót að bankarnir hafi tekið meira en þeir þurftu af afurðalánunum á þessu ári og geri það að nokkru leyti enn, enda er það ein af tillögum í þessum aðgerðum að aftur verði snúið með þá gjaldtöku sem ótæpileg var. En þetta er til marks um það hversu fráleitar fullyrðingarnar eru um vaxtakjörin í landinu.

Sannleikurinn er sá að langstærstur hluti af rekstrarlánsfé sjávarútvegsins er tekinn á alþjóðavöxtum. Hann er einfaldlega tekinn á heimsmarkaðsvöxtum að stofni til. Að vísu er bætt þarna við vaxtamun bæði hér og þar og hann er of mikill. Og um það er ég sammála hv. 7. þm. Reykv. að við þurfum að finna leiðir til þess að draga úr þessum kostnaði með því að gera okkar bankakerfi skilvirkara og betra. En það er líka athyglisvert, eins og hæstv. iðnrh. reyndar benti á, að eiginlega eina atriðið í þessum tillögum sem hv. 7. þm. Reykv. fagnaði var hækkun á fjármagnskostnaði. Það er nefnilega tvöföldun á lántökugjaldinu af erlendum lánum. Það er auðvitað alveg rétt að þetta felur í sér að sínu leyti nokkra hækkun á fjármagnskostnaði, en þetta verða menn þó að þola vegna þess að það er

alveg víst að þessi gjaldtaka þjónar því að hefta innstreymi erlends lánsfjár um sinn og það er nú nauðsynlegt. Það er athyglisvert að þetta er nú að mati hv. 7. þm. Reykv. það jákvæðasta í því sem hér er fram lagt.

En það sem er að gerast hér er blátt áfram það að lögmál hagfræðinnar gilda líka á Íslandi eins og í öðrum löndum þótt hv. 7. þm. Reykv. þverskallist við að viðurkenna það og þykist ekki sjá það.

Í framhaldi af þessari verðlagsþróun hafa nafnvextir innlánsstofnana byrjað að lækka, fyrst 21. febr. og svo aftur í dag og það er reiknað með enn frekari lækkun þeirra fram til miðs mars. Samtals hafa nafnvextir óverðtryggðra útlána þegar lækkað um 4–5%. Innlánsvextir hafa lækkað nokkru minna eða um 3% að meðaltali þannig að nokkuð virðist hafa dregið úr vaxtamun í bankakerfinu að undanförnu. Hér skiptir einnig miklu máli að Seðlabankinn mun beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvextina framvegis sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Jafnframt hefur Seðlabankinn lækkað sína eigin vexti af lánsviðskiptum um 7–10% frá því sem var fyrir 21. febr. og forvextir ríkisvíxlanna hafa lækkað um rúmlega 4% frá sama tíma.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þær vaxtalækkanir sem hér um ræðir hafa lánastofnanirnar sjálfar ákveðið. Þetta er í samræmi við þá stefnu stjórnarinnar að vaxtaákvarðanirnar skuli fyrst og fremst vera í höndum innlánsstofnananna sjálfra eins og reyndar er mælt fyrir um í lögum frá Alþingi.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi að ríkið hefði beitt því sem hann tvívegis vitnaði til sem 11. gr. seðlabankalaganna. — Ég vænti þess að hv. 7. þm. Reykv. sé að hlusta á mál mitt. (**SvG:** Já, já.) Þegar hv. þm. vitnaði tvívegis til 11. gr. seðlabankalaganna hefur hann væntanlega átt við 9. gr. laganna, og þá 2. mgr. hennar sérstaklega. (**SvG:** Já, það var 11. í frv.) Já, það er nefnilega það. En ég vildi nú hugga hann með því að þótt hann hafi vitnað í vitlausa grein, þá gerir það ekkert til því tilvitnunin var hvort sem er tóm vitleysa þar sem stjórnin hefur alls ekkert beitt þessari lagagrein. Hún hefur hins vegar beitt sér fyrir lækkun vaxta með almennum ráðstöfunum og það er það sem máli skiptir. Hún hefur lagt grunn að raunverulegri vaxtalækkun með jafnvægi í ríkisfjármálum, með aðhaldssemi í sínum ráðstöfunum og nú vill hún hnykkja á því með því sem hér er fram lagt. Hún mun halda þessu áfram og beita sér fyrir þessu af alefli.

En það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að raunvextir innlánsstofnana hafa enn ekki lækkað eins og nafnvextirnir. Það er mikilvægt að þeir geri það. Það er margt sem bendir til þess að betra jafnvægi sé að komast á fjármagnsmarkaðinn. Þannig hafa raunvextir á bankabréfum og almennum skuldabréfum byrjað að lækka að undanförnu. Einnig hefur verið mikil og góð sala í spariskírteinunum hjá ríkissjóði það sem af er ári og það bendir til þess að nú bjóðist ekki yfirleitt betri ávöxtun á fjármagnsmarkaði en þar er um að ræða, þegar búið er að taka tillit til annarra þátta eins og t.d. áhættu. Nú fyrst er því von til þess að raunvextir geti almennt byrjað að lækka og er þess að vænta að á næstunni verði raunvextir af spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt og gert grein fyrir hér áðan. Það verður mikilvæg vísbending um framhaldið þegar þar að kemur. En það væri óskynsamlegt að grípa nú með valdboði inn í ákvörðun raunvaxta á hinum almenna markaði og tefla þannig í tvísýnu þeim árangri sem þegar hefur náðst til þess að efla sparnað og draga úr óhóflegri eftirspurn eftir lánsfé.

Þróunin að undanförnu sýnir að við höfum náð vendipunkti í efnahagsmálum. Árangurinn af jafnvægisstefnu stjórnarinnar er að koma í ljós. Nú ríður á að fylgja þessum árangri eftir. Þess vegna er það mjög mikilvægt að þetta frv., sem við ræðum hér í dag, verði samþykkt hið allra fyrsta og ég ítreka það eins og kom glöggt fram í máli hv. 3. þm. Vestf.: Ábyrgð þingsins er mikil í þessu máli, ábyrgð stjórnarinnar er mikil í þessu máli. Hún hefur axlað hana, hún hefur borið þetta mál fram og býst nú til þess að ljúka málinu svo skjótt sem kostur er.

Ingibjörg Daníelsdóttir:

Herra forseti. Góðærið hefur gengið sitt skeið. Hátíðinni er lokið, hátíð sem til var komin vegna hagstæðra ytri skilyrða. Einstök aflaár, lækkandi verð á olíu, lækkaðir erlendir vextir ásamt hækkandi afurðaverði sköpuðu einstaklega hagstæða afkomu íslensku þjóðarinnar. En hvernig var svo farið með auðinn, okkar bættu afkomu?

Það vildi svo illa til að á síðasta ári fóru saman skattlaust ár og kosningar. Kosningaárið leiddi til þess að ríkisstjórnin missti sjónar á markmiðum sínum og fór að stunda blekkingar og bruðl til að ganga í augu kjósenda. Skattlausa árið hvatti alla til aukinnar þátttöku í atvinnulífinu og þeir sem áður stunduðu litla vinnu juku við sig, heimavinnandi fóru í auknum mæli til launavinnu og sama gilti um skólafólk sem frestaði þá skólagöngu sinni. Þenslan þaut af stað og launaskrið sigldi í kjölfarið á eyðslunni og vissulega hafa margir aldrei haft það betra. En þenslan kom ekki til allra landshluta og launaskriðið skilaði sér ekki til allra stétta. Hluti launafólks mátti líða þó nokkra kjaraskerðingu á síðasta ári. Það var þeirra hlutur sem meiningin var að bæta með þeim kjarasamningum sem sagðir eru kalla á þessar aðgerðir.

Vissulega er sumt jákvætt í þessum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Markmiðin eru af hinu góða. Það er nauðsynlegt að draga úr viðskiptahalla og bæta hag þeirra atvinnuvega sem sjá okkur fyrir útflutningsvörum. Einnig hafa stjórnvöld nú viðurkennt ýmis feilspor í fyrri aðgerðum og stigið sum þeirra til baka. Má þar t.d. nefna niðurfellingu launaskatts og endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts. Þessar aðgerðir eru sjálfsagðar þótt betra hefði verið

að fara að ráðum okkar og leggja þennan skatt alls ekki á nú fyrir nokkrum vikum.

Það sem er athugavert við þessar aðgerðir eru þær leiðir sem notaðar eru til að ná settu marki og koma þær sér flestar mjög illa fyrir allan almenning í landinu og þá sérstaklega það fólk sem býr úti á landsbyggðinni.

Utan Reykjavíkur býr stærsti hluti þess hóps sem telst til láglaunafólks ef við miðum við íbúafjölda. Þeir sem eru með lægstu launin tapa mestu þegar gengisfelling verður því þeir eru enn verr undir það búnir að hluti launa þeirra sé étinn af verðbólgunni heldur en hinir sem meira bera úr býtum. Því má segja að þessi gengisfelling bitni harðast á þeim sem búa utan höfuðborgarinnar. Er það raunar undarlegt að alltaf þurfi að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og sýnir það að enn er frumskógarlögmálið í fullu gildi meðal mannanna.

Það er hastarlegt að taka þá litlu leiðréttingu sem láglaunafólk var að fá á launum sínum áður en blekið er þornað á undirskriftum samninganna. Hefur þetta ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér hjá þeim sem lægstar tekjur hafa og er það manni hulin ráðgáta hvernig ætlast er til að lágtekjufólk nái endum saman.

Þær bætur sem launafólki eru lofaðar í tengslum við þessar aðgerðir eru líklegar til þess að vera aðeins marklaus orð á pappír. Þar eru loforðin óljós og það læðist að manni sá grunur að þess sé gætt að hafa a.m.k. eina undankomuleið opna þegar til efndanna kemur. Notað er orðalag eins og „mun beita sér fyrir" og „reglur verða endurskoðaðar".

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er stórlega skert og er það annað dæmið um niðurskurð við landsbyggðina. Gegnir það mikilli furðu að árlega sé hægt að skerða enn meira framlag í þennan sjóð þar sem það er lögbundið. Í staðinn fá sveitarfélög aðeins 15 millj. kr. í Félagsheimilasjóð skv. 7. gr. frv.

Við kvennalistakonur höfum alltaf borið velferð barna fyrir brjósti og höfum miklar áhyggjur af gífurlegum skorti á dagvistarheimilum úti um allt land. Í því sambandi höfum við ítrekað flutt tillögur um að gert verði átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þessa málaflokks, m.a.s. er mörgum sveitarfélögum gert ókleift að framkvæma á þessu sviði þar sem Jöfnunarsjóðurinn er svo stórlega skertur.

Óljóst er hvar niðurskurður til vegamála á að koma, en þessi skerðing á framlagi til vegamála hlýtur þó að skoðast sem bein árás á búsetu úti um landið. Það er deginum ljósara að gott vegakerfi er ein af forsendum þess að byggð haldist í landinu. Þeir íbúar landsbyggðarinnar, er búa við hina frægu malarvegi, sem oft er líkt við þvottabretti, greiða í raun mun hærri gjöld í ríkissjóð en þeir sem aka á hinum malbikuðu. Gerist þetta vegna þess hve malarvegabílarnir endast illa og koma þessar greiðslur því vegna aðflutningsgjalda og annarra tolla sem leggjast á bifreiðar og varahluti. Það hefur einnig geysileg áhrif á þróun atvinnuveganna úti um landið að vegakerfið sé í góðu lagi.

Í þessum efnahagsráðstöfunum er gert ráð fyrir að sparnaður vegna framlaga til lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu verði upp á 30 millj. Hver borgar mismuninn? Eru það sjúklingarnir? Og hverjar verða afleiðingarnar? Það eru mörg spurningarmerki við þessa tölu og þær afleiðingar sem þetta hefur í för með sér. Einnig undrast maður að framlag til K-byggingar sé skert um 20 millj. og spyr maður sjálfan sig hvort um sparnað sé í rauninni að ræða þegar til lengri tíma er litið. Á ég þá við ef fólk fær ekki fullnægjandi læknisþjónustu þegar um jafnillræmdan sjúkdóm er að ræða og krabbamein.

Maður hlýtur að spyrja hvort ekki hafi verið hægt að spara á öðrum stöðum. Ráðherrar gátu litið sér nær og reynt að spara í yfirbyggingunni. Það hefði mátt fresta dýrum framkvæmdum í húsnæðismálum hins opinbera, t.d. stofnkostnaðar hjá aðalskrifstofu sjútvrn., hönnunarkostnað vegna byggingar alþingishúss o.fl. Þá má einnig minna á ferða- og risnukostnað og uppbyggingu tölvuþjónustu hjá því opinbera. Er það raunar einkenni á þessum ráðstöfunum að niðurskurðarhnífnum er beitt eins langt frá þeim aðilum sem standa í þessum niðurskurði og mögulegt er.

Ekki batnar hagur húsbyggjenda við þessar nýju aðgerðir og hefur hann þó verið bágur fyrir. Rekur mann í rogastans að svo auðvelt sé að rífa niður það sem hæstv. félmrh. byggði nú fyrr í vetur. Þetta ber reyndar með sér að ríkisstjórnin hafi lent í frosti er grunnurinn að stjórnarsamstarfinu var steyptur og nú séu frostskemmdirnar að koma verulega í ljós. Með skerðingu til húsnæðiskerfisins er enn ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Það eru ekki hinir betur settu í þjóðfélaginu sem eiga það undir jákvæðu svari við lánsumsókn hvort þeir koma þaki yfir höfuðið á sér, heldur hinir sem hafa miðlungslaun og lægri. Það þyrfti e.t.v. ekki að skerða framlag til húsnæðiskerfisins um 100 millj. ef skattþrepin væru tvö, eins og Kvennalistinn hefur lagt til, eða jafnvel þrjú. Einnig drægi það úr þenslu í þjóðfélaginu ef skattþrepin væru fleiri en eitt.

Það er góðra gjalda vert að lækka vexti og löngu tímabært, en hættan er sú að þetta verði skammgóður vermir því tilraunir til að beina erlendum lántökum á innlendan markað eru líklegar til þess að þvinga upp vexti innan lands vegna eftirspurnar umfram framboð á markaði og þá er líklegt að vaxtalækkunin verði uppurin og vel það. Við það bætist að hækkun lánskjaravísitölu fyrir áhrif gengisfellingarinnar mun hækka öll lán sem tengjast þeirri vísitölu. Almenningur sem og fyrirtæki standa því frammi fyrir aukinni greiðslubyrði af skuldum sínum.

Hæstv. forseti. Íslandssagan segir okkur að oftast dynji á okkur einhverjar hörmungar á næstsíðasta tug hverrar aldar. Árið 1783 voru móðuharðindin, á árunum 1880–1890 var veðurfar mjög kalt og féllu

menn úr hungri eða flúðu til Ameríku. Óneitanlega veltir maður fyrir sér hvernig sagan muni greina frá síðustu tugum þessarar aldar og jafnvel læðist sá grunur í hugann að ekki verði svo ýkja bjart yfir þeim kafla Íslandssögunnar.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur margt verið sagt um þær efnahagsráðstafanir sem birtast í þessu frv. og þá kjarasamninga sem eru undanfari þessara ráðstafana að nokkru leyti vegna þess að það hefur ávallt legið fyrir að ríkisstjórnin hefur stefnt að því að bíða eftir því hvort skynsamlegir kjarasamningar gætu náðst áður en til efnahagsráðstafana væri gripið. Það er alltaf slæmt þegar rætt er í marga mánuði um hluti sem gera þarf þegar öllum má vera ljóst að hjá því verður ekki komist. Það gerir það eitt að verkum að enn þá verra verður að ná tökum á þróuninni og má með sanni segja að ýmislegt hafi gerst sem hafi orðið þess valdandi á síðasta ári að menn hafa misst tök á ýmsum þáttum efnahagsmála sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Ég skal ekki rifja það upp, enda hafa margir komið inn á nokkra þætti þess.

Það sem er þó mikilvægast að gera sér grein fyrir þegar þessar ráðstafanir eru dæmdar og þeir samningar sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni er það umhverfi sem við búum við og sú framtíð sem við nú sjáum. Menn ræða gjarnan um að hér ríki einhver kreppa og tekjur okkar hafi skerst verulega. Svo er alls ekki. Við Íslendingar höfum verið að auka tekjur okkar mikið á undanförnum árum og áratugum. Það er athyglisvert að útflutningstekjur sjávarútvegs fara yfir 1 milljarð dollara á sl. ári, en ætli sé lengra síðan en svona um 1970 að útflutningstekjur voru rétt um 100 millj. dollara eða aðeins 1/10 af því sem þær eru í dag. Ætli það séu margar þjóðir í heiminum sem hafa fengið jafnmikla tekjuaukningu á jafnskömmum tíma. Ég býst við því að slíks séu fá dæmi, enda höfum við Íslendingar verið að gera meira á þessum stutta tíma en nokkur önnur þjóð og hér hefur verið byggð upp margvísleg þjónusta við almenning í landinu. Sumt af því er skynsamlegt og annað er óskynsamlegt eins og gengur, en þar er það okkar val sem ræður mestu um hvernig ferst úr hendi.

Þær aðstæður sem við sjáum nú fyrir okkur eru í fyrsta lagi þær að á sl. ári var markaðsverð hækkandi, aflabrögð góð og þær væntingar voru almennt í þjóðfélaginu að það mætti auka tekjur hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu og allir vildu, eins og ávallt er, auka sinn hlut. Viðskiptahalli var mikill eða um 7 milljarðar kr. sem er allt of mikið við slíkar aðstæður. Þá hefði þurft á því að halda að nota það fjármagn til að byggja upp og draga úr skuldum, sérstaklega í framleiðsluatvinnuvegunum. Svo varð því miður ekki. En þegar gera á samninga við þær aðstæður að draga þarf úr viðskiptahalla, markaðsverð fer lækkandi, minnkandi afli og þær almennu væntingar í þjóðfélaginu að enn megi auka tekjur og bæta kaupmátt er úr vöndu að ráða og það er allt annað en auðvelt að ná þar ásættanlegri niðurstöðu þegar við blasir að tekjur okkar í heild þurfi að skerðast. Þá þarf á því að halda að freista þess að bæta kjör þeirra sem minnst hafa, eins og gjarnan er nú sagt, þótt það gangi stundum illa. Það hefur verið gert í þeim samningum sem nú hafa verið gerðir, en það er forsenda að slíkt geti haldið, að þeir sem meira hafa og eftir munu koma í samningum sætti sig við þá niðurstöðu og afsali sér hækkun á launum þannig að um raunverulega kjarajöfnun verði að ræða í þjóðfélaginu, en ekki aðeins upphaf að nýrri öldu víxlhækkana verðlags og kaupgjalds. Sú hætta er fyrir hendi og það mun á alla reyna, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórn, Alþingi og fleiri, að koma í veg fyrir að svo verði.

Útflutningsatvinnuvegirnir hafa í reynd enga burði og langt frá því til að greiða launahækkanir. Það er held ég flestum ljóst og viðurkennt bæði á Alþingi og annars staðar. Til þess að svo mætti verða þurfti að skapa þeim meiri tekjur. Það er gert í fyrsta lagi með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, með gengisbreytingu, með því að fella niður launaskatt og reyna að draga úr kostnaði eftir því sem hægt er. Með þeim hætti ætti að vera hægt að standa við þessa samninga. Því er hins vegar ekki að leyna að hér er teflt á tæpasta vað og afkoma fiskvinnslunnar ekki nægilega góð. Þannig er gert ráð fyrir því að hagnaður í vinnslunni samtals verði miðað við 3% arðsemiskröfu núll og miðað við 6% arðsemiskröfu 1½, en hins vegar verði tap í frystingu á bilinu 3½–5% þegar áhrif þessara breytinga verða komin fram. Það mun taka nokkurn tíma og þar af leiðandi ætti frystingin að búa við betri kost nú í upphafi tímabilsins en í lok þess.

Auðvitað er þetta ekki nægilega góð niðurstaða fyrir fiskvinnsluna. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið hægt að ná betri niðurstöðu sem stendur og það skipti fiskvinnsluna mun meira máli að það verði hægt að hemja kostnaðarhækkanir á næstunni og standa við þær fyrirætlanir og þær fyrirætlanir standist að fjármagnskostnaður fari lækkandi sem skiptir fiskvinnsluna afar miklu máli. Hins vegar er afkoman mismunandi eftir því hvort um frystingu á þorski er að ræða eða ýmsum öðrum tegundum og ég minni einnig á það að hér er um meðaltöl að ræða sem reiknuð eru út af Þjóðhagsstofnun á grundvelli reikninga fiskvinnslunnar þannig að sumir standa betur og aðrir verr. Það liggur alveg ljóst fyrir að víða í fiskvinnslunni er tiltölulega lítið eigið fé og það hefur gengið illa að sætta menn á að þessi atvinnugrein þurfi á því að halda að búa við góða eiginfjárstöðu þannig að hún geti þolað áföll ef til þeirra kemur.

Ýmsar aðrar aðgerðir eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að launaskrið verði á næstunni. Þess vegna skiptir miklu máli að samdráttur verði í fjárfestingum og sveitarfélög og sérstaklega Reykjavíkurborg taki þeim tilmælum vel að hemja fjárfestingarútgjöld. Það kemur fram í þessum aðgerðum að það er gert ráð fyrir að ýmislegt verði gert til að

greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og leysa rekstrarfjárþörf þeirra. M.a. mun Byggðastofnun vinna áfram að úttekt á ýmsum fyrirtækjum. Það kemur jafnframt fram að Seðlabankinn muni beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda. Í því sambandi vil ég nefna að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á verulegt fjármagn inni í Seðlabankanum og eðlilegt að Seðlabankinn greiði meir fyrir þeim bönkum sem veita sjávarútveginum þjónustu. Sérstaklega er þar um að ræða Landsbanka Íslands, en sá banki og ýmsir aðrir bankar sem þjónusta sjávarútveginn hafa í reynd ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita sjávarútveginum þá þjónustu sem hann þarf á að halda. Með tilliti til þeirra aðstæðna að sjávarútvegurinn á verulegt fjármagn inni í Seðlabankanum er eðlilegt að til þess sé ætlast að bankinn greiði betur fyrir útlánastarfsemi til sjávarútvegsins og er það mál til meðhöndlunar við bankann.

Ég vænti þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann spurði um afkomu í sjávarútvegi og einnig að því er varðar afurðalánin. Hann spurði þessara tveggja spurninga. Hann spurði einnig um það með hvaða hætti ætti að endurskoða geymslu- og vaxtakostnað, þ.e. tilhögun á greiðslu vaxta og geymslugjalds sauðfjárafurða. Það er þannig með þetta mál að það var gerð breyting á þessari greiðslu þannig að greitt er við sölu á afurðum en ekki af birgðum sem hefur skapað mikinn vanda hjá þeim afurðasölufyrirtækjum sem lengst liggja með birgðir. Þau hafa enga burði til að standa undir því án fyrirgreiðslu ríkissjóðs eða banka. Í þessu felst að það verði gerð sú breyting að þessum fyrirtækjum verði gert kleift að standa við sínar skuldbindingar, þ.e. að fjármagna með einum eða öðrum hætti þessa byrði þannig að þau séu svipað stödd og þau voru fyrir breytinguna.

Ég veit að hæstv. heilbrmrh. mun svara þessu með lyf og sérfræðikostnaðinn, en mér þótti athyglisvert að hv. þm. Svavar Gestsson skyldi ekki láta sér detta í hug að e.t.v. mætti lækka eitthvað launin hjá öllum þessum sérfræðingum sem eru að rukka inn þessi gjöld. Það gæti verið betri leið en að láta sér detta það eitt í hug að innheimta þetta af sjúklingum. Það er með eindæmum hvað þessum aðilum hefur tekist að ná til sín í gegnum tíðina. Ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson þurfti að standa í þeirri glímu meðan hann var heilbr.- og trmrh. og eftir því sem ég best veit varð honum lítið ágengt í því og hækkuðu laun þessara manna á þeim tíma umfram aðra eins og oft hefur komið fyrir og smátt og smátt hafa þeir farið fram úr öllum velsæmismörkum í krafti aðstöðu sinnar. Það eru einmitt svona aðilar sem þarf að taka á á næstunni og koma í veg fyrir að þeim muni takast eins og oft áður að hrifsa til sín aukin laun þar sem er trúlega um að ræða tekjuhæstu menn þjóðfélagsins.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessar aðgerðir, sem hér er farið út í, eru til verulegra bóta, en hins vegar mun verða mjög erfitt fyrir sjávarútveginn að standast þær kostnaðarhækkanir sem hafa orðið þrátt fyrir þetta. Ég minni á að það er nokkur hætta á því að markaðsverð muni lækka þótt vonandi komi ekki til þess þannig að svigrúm til að þola einhverjar hækkanir er þar ekki fyrir hendi. Þar með talið er ekki um það að ræða að fiskvinnslan geti þolað hærra fiskverð við þessar aðstæður sem mun þýða að kjör sjómanna munu standa í stað. Þeir hafa vissulega betri kjör en fiskvinnslufólk almennt og vænti ég þess að þeir muni þola að þeirra kjör standi í stað þrátt fyrir þessar aðgerðir. En vegna lækkaðs olíuverðs mun skiptahlutfall þeirra hækka um 1% eða laun þeirra um 1,4%. Það á svo eftir að koma í ljós hvort takast muni að halda fiskverði í skefjum. Þar duga ekki eingöngu tilskipanir því að þar geta menn að sjálfsögðu samið sín í milli og hluti af því verði ræðst á markaði og þar ræður lögmál framboðs og eftirspurnar að nokkru leyti. En ég á von á að fiskvinnslan muni sýna mikið aðhald í því að bjóða ekki hátt verð fyrir fisk. Þess eru vissulega dæmi að ýmsir aðilar í fiskvinnslu hafa verið að borga hærra verð en þeim er mögulegt að standa við.

Það er einnig mikilvægt fyrir sjávarútveginn að auka kostnaðaraðhald og koma sér saman um að greiða ekki hækkun á þjónustugjöldum. Ef aðilar í fiskvinnslunni standa saman um slíkt ætti þeim að geta orðið nokkuð ágengt. Hitt er svo annað mál að menn vita oft lítið hver af öðrum í því sambandi, en með því að auka sameiginlegt kostnaðaraðhald og eftirlit í sjávarútveginum ætti að vera betur mögulegt að halda kostnaði í skefjum. Það eru mörg dæmi þess að aðilar hafa hækkað sína gjaldskrá og komist upp með það til lengri tíma. Dæmi um það er gjaldskrá bankanna sem nýlega var hækkuð þrátt fyrir að um annað hafi verið rætt fyrir nokkru. Bankarnir hafa hins vegar tekið þeim tilmælum, sem komið hafa frá ríkisstjórninni í því sambandi, og ákveðið að breyta því til fyrra horfs.

Það hefur mikið verið talað í þessum umræðum um kjarajöfnun og menn réttilega á það bent að besta kjarajöfnunin í þessu landi væri að jafna húshitunar- og rafmagnskostnaðinn. Sá kostnaður er visslega orðinn óbærilegur fyrir marga úti á landsbyggðinni. Undir það vil ég gjarnan taka, en ég vil hins vegar minna á að eina raunhæfa leiðin til að jafna þann kostnað er að leggja á orkuskatt sem jafnar aðstöðuna í landinu. Þetta hefur oft verið rætt á hv. Alþingi og aldrei náðst um það raunhæf samstaða. Það er svo að auðvitað hafa þessar framkvæmdir víða í landinu verið allt of dýrar, en ef menn meina eitthvað með því að vilja jafna orkukostnaðinn í landinu verður að leggja þar á einhvern jöfnunarskatt þannig að þeir sem minnst greiða greiði meira og þeir sem mest greiða greiði minna.

Ég hef tekið eftir því að þm. Reykjavíkur hafa minnst á það hér í umræðunum að þennan kostnað þyrfti að jafna og ég vænti þess að þeir geti tekið undir það með ýmsum þm., sem eru fulltrúar fólks

úti á landsbyggðinni, að eina leiðin til þess að svo megi verða er að þeir sem minnst greiða sætti sig við nokkurn skatt í þessu sambandi því að ríkissjóður er ekki aflögufær. Þangað er ekkert að sækja og ekkert annað en sjálfsblekking að halda að það sé hægt að sækja verulega jöfnun á húshitunarkostnaði í gegnum þann sjóð án frekari tekna eins og nú standa sakir.

Það sem ástæða er til að hafa mestar áhyggjur af í sambandi við þessar aðgerðir og þá framtíð sem við sjáum fyrir okkur er allt of mikill viðskiptahalli. Sá viðskiptahalli getur ekki staðist til lengdar. Hann verður að minnka, en hann verður ekki minnkaður í einu höggi. Hann ætti hins vegar að vera sönnun þess að það var ekki hægt að komast hjá þeim aðgerðum sem nú er farið út í. Ef eitthvað er ganga þær ekki líkt því nógu langt. Það þýðir einfaldlega það, þessi mikli viðskiptahalli, að við erum að eyða umfram okkar tekjur og í framtíðinni verður það verkefni okkar að jafna þennan halla. Þess vegna er alls ekki hægt að reikna með því á næstunni og trúlega á næstu árum að við Íslendingar getum bætt kjör okkar. Viðskiptahalli hefur verið svo lengi viðloðandi að það verður mikið og langvarandi verkefni að greiða upp þær skuldir sem þannig hafa safnast.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið með því að fara mörgum orðum um efnisatriði frv. sem hér er til umræðu eða einstaka þætti þess. Það hafa aðrir hæstv. ráðherrar gert í umræðunum á undan og farið ítarlega yfir málið og einmitt þeir ráðherrar sem mest unnu að undirbúningi þessa frv. og þeirra ráðstafana sem nú er verið að grípa til.

Hins vegar var beint til mín nokkrum fsp. sem sjálfsagt er og eðlilegt að verða við að svara hér. Það var hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson sem beindi til mín fsp. um hvernig heilbrmrn. hugsaði sér að standa að þeim breytingum sem gert er ráð fyrir varðandi útgjöld hvers ráðuneytis og fram koma í skýringum við einstakar greinar frv., þ.e. þar sem fjallað er um 1. gr. og gert er ráð fyrir samdrætti í ríkisútgjöldum. Þegar tekist er á við aðgerðir eins og hér er verið að gera, þegar verið er að glíma við ráðstafanir í ríkisfjármálum og þarf bæði að leita leiða til að draga úr útgjöldum og til þess einnig að finna nýja tekjustofna til að mæta öðrum útgjöldum sem hér er lagt til að verða við þurfa allir að leggja nokkuð á sig og eðlilegt að leitað sé leiða til að finna þá þætti einhverja þar sem hugsanlegt sé að spara. Ég verð að segja að ég tel það nokkuð vel sloppið fyrir heilbr.- og trmrn., sem fer með 40% af ríkisútgjöldunum, 25 milljarða kr., að vera ætlað það verkefni að draga úr útgjöldum um 50 millj. Auðvitað vildi ég gjarnan vera laus við það. Ég tel hins vegar að það sé ekki óeðlilegt að við tökumst á við þetta verkefni einnig. Það sem hér liggur fyrir er annars vegar að lækka framlög til K-byggingarinnar um 20 millj. kr. og lækka framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu um 30 millj.

Ég mun reyna að gera nokkra grein fyrir því hvernig þetta er hugsað þó svo að það hafi ekki verið rætt eða útfært í smáatriðum því að það er skammt síðan þetta kom á borð hjá mér og við höfum ekki fjallað um það til loka hvernig að málinu verði staðið. En það sjá allir og vita að fjárveitingar til fjárfestinga í heilbrigðismálum eru ekki stórar upphæðir.

Ef tínt er til það sem rennur til ríkisspítala, til einstakra sjúkrahúsa, til bygginga sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og til Framkvæmdasjóðs aldraðra er hér samtals um 660 millj. kr. að ræða. Þetta eru ekki stóruppæðir borið saman við sumar aðrar fjárfestingartölur sem maður hefur heyrt talað um í þjóðfélaginu að undanförnu. Stærsta einstaka talan er framlag til K-byggingarinnar upp á 171,2 millj. Þegar farið var yfir þennan lista varð ljóst að það væri erfitt að glíma við að lækka aðrar tölur. Auðvitað er erfitt að lækka þessa tölu líka. Ef ég tek sem dæmi liðinn Bygging sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, þar sem í heildina var varið 214,8 millj. kr., er stærsta einstaka fjárveitingin í þeim lið til fjórðungsjúkrahússins á Ísafirði 26,9 millj. Eins og málum hefur háttað þar að undanförnu sjá allir og vita að það er ekki hægt að skerða þann lið og ekki aðra sem eru smærri, allt niður í nokkur hundruð þús. kr. Ég lít einnig svo á að það sé fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu sem við þurfum að takast á við þenslu og útgjöld ríkisins til fjárfestinga og þess vegna hafi ekki verið óeðlilegt að horfa fyrst og fremst til þessa stærsta einstaka liðar sem ég nefndi áðan þó að það sé ljóst að það er líka mjög brýnt að koma þeim framkvæmdum áfram.

Varðandi K-bygginguna, þá eru þrjú útboðsverk þar í gangi. Hið fyrsta er frá fyrra ári og er upp á tæpar 80 millj. kr. Annað er rúmar 30 millj. og er verið að semja við verktaka um þessar mundir. Það þriðja upp á 7 millj. kr. er enn ósamið um, en búið er að opna tilboðin. Þessi þrjú útboðsverk eru þá samtals upp á 117 millj. Önnur verkefni sem tengjast þessum framkvæmdum eru í grófum dráttum þannig að um er að ræða breytingar innan húss, sem tengjast framkvæmdunum við nýbygginguna, upp á 5 millj., lóðaframkvæmdir upp á 5 millj., utanhússframkvæmd, smáupphæð, upp á 2 millj., kaup á húsbúnaði og vegna símstöðvar 11 millj., kaup á tækjum 20 millj. og eftirstöðvar eða lokagreiðsla vegna línuhraðals upp á 11 millj. Þetta sýnist mér vera um það bil 55 millj. eða samtals nánast sú upphæð sem gert er ráð fyrir í fjárlögum að renni til K-byggingar. Þarna má líka öllum vera ljóst að það er ekki hægt um vik að skerða þessar upphæðir mikið. Þó er það mín hugmynd að það megi fresta framkvæmdum við innanhússbreytingarnar og fresta framkvæmdum við lóðina og draga eitthvað úr tækjakaupum og húsbúnaði og ná þannig samtals þeim 20 millj. sem hér er gert ráð fyrir.

Varðandi hinn liðinn sem spurt er um, sem er framlag vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu upp á 30 millj. kr., langar mig að nefna fyrst að þetta eru þeir tveir útgjaldaliðir í heilbrigðisþjónustunni sem hækkað hafa mest á undanförnum árum hlutfallslega. Þeir hafa hækkað langt umfram aðra útgjaldaliði heilbrigðisþjónustu. Þess vegna er það svo að við höfum verið með í gangi sérstaka athugun á báðum þessum þáttum og hvernig megi glíma við það að draga úr kostnaði.

Varðandi lyfin hefur verið sérstök nefnd að störfum sem hefur haft viðamikið verkefni að glíma við, að fara yfir verðmyndunina og ekki bara verðmyndunina heldur einnig neysluvenjur, ávísanavenjur lækna og alla aðra þá þætti sem tengjast lyfjaneyslunni. Um helgina síðustu, er þessi mál voru til umræðu, átti ég tal við formann nefndarinnar og við ræddum hvaða hugmyndir væru þar á borðinu og hvenær líklegt væru að tillögur kæmu frá nefndinni. Hún átti reyndar að hafa lokið störfum um sl. áramót, en því miður tókst það ekki, en það mun vera mjög á næstunni sem nefndin skilar sínu nefndaráliti og nefndarmenn fullyrða að þar muni verða tillögur sem leitt geti til lækkunar á lyfjakostnaði. Þar er auðvitað um það að ræða m.a. að átta sig á því hvernig lyfjaverðið er upp byggt og þá auðvitað að framkvæma breytingar á því. Það þýðir lítið að fá nefndarálit og stinga þeim niður í skúffu ef menn ekki þora að takast á við þær tillögur sem þar eru settar fram. Eitt sem sérstaklega kom upp í þessum umræðum og mér hefur verið bent á er að lyf með hliðstæðar eða sömu verkanir eru mjög misdýr. Læknar hafa haft afar erfiðar aðstæður og ógreiðan aðgang að upplýsingum um þetta. Hugmyndir eru uppi um að koma á svokallaðri samheitalyfjaskrá sem auðveldi þeim sem skrifa lyfseðlana að ávísa fremur á hin ódýrari lyf en hin dýrari. Auðvitað væri hægt að hugsa sér, þó að ég sé ekki á þessu stigi uppi með tillögur um slíkt, að greiðslurnar væru miðaðar við ódýru lyfin eða eitthvert meðaltal en ekki hin dýrustu. Þetta gæti verið ein leiðin, en þetta set ég fram sem hugmynd en ítreka það að auðvitað er eftir að skoða ítarlega hvernig að þessu verði staðið.

Varðandi sérfræðiþjónustuna kom það fram hjá hæstv. sjútvrh. áðan að sérfræðiþjónustan hefur á undanförnum árum hækkað verulega og langt umfram aðra liði heilbrigðisþjónustunnar og laun sérfræðinga eru í mörgum tilfellum úr öllu samræmi og úr takt við launagreiðslur aðrar í þjóðfélaginu. Á þessu varð nokkur breyting fyrir líklega þremur eða fjórum árum að aðgangur var gerður frjálsari, ef það *má orða það þannig*, að sérfræðiþjónustunni og það þurfti ekki lengur tilvísanir frá heimilislæknum eða heilsugæslulæknum til að fara til sérfræðings. Þetta form þarf að taka til skoðunar aftur. Þetta var gert til reynslu til að byrja með. Reyndar er það svo að þetta brýtur í bág við lög þannig að það verður að taka á þessu máli sérstaklega. Ég hef hugsað mér að það kunni að verða einn liðurinn í þeim aðgerðum sem þarf að grípa til. Þetta varðar að sjálfsögðu samninga Tryggingastofnunarinnar við sérfræðingana og er óhjákvæmilegt að taka á þeim málum.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði sérstaklega um og nefndi væntanlegar hækkanir á kostnaði einstaklinga, sjúklinga og þeirra sem þurfa að nota lyf, kostnaði sem þeir þurfa sjálfir að bera við þessa þjónustu, bæði við lyfin og eins í sambandi við heimsóknir til sérfræðinga og eða heimilislækna. Það hafa ekki verið uppi hugmyndir um að hækka þær greiðslur. Ég vil hins vegar benda á að heimsókn til heimilis- eða heilsugæslulæknis kostar nú um 150 kr., en til sérfræðings kostar það 500 kr. Hér er verulegur munur á. Auðvitað eiga menn tök á því í mörgum tilfellum að leita til heimilislæknis, þó alls ekki öllum, enda væri þá lítið að gera með sérfræðinga ef það dygði ávallt að leita aðeins til heimilislæknanna. En í mörgum tilfellum hygg ég að það sé nóg og heimilislæknar eða heilsugæslulæknar geti leyst vanda margra sjúklinga sem fara í dag til sérfræðinga. Það mætti einnig hugsa sér mun á greiðslum til sérfræðinga eftir því hvort viðkomandi fer í slíka heimsókn með tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni eða ekki.

Fyrir lyf greiða menn í dag 400 kr. aðrir en aldraðir og öryrkjar sem greiða 130 kr. Vegna þess að hv. þm. nefndi það hér að lyf og þessar greiðslur hefðu hækkað um áramótin um 100% vil ég taka fram að hér er leikið sér nokkuð frjálslega að tölum. Það er hægt að finna fyrir því dæmi að þessi kostnaður hafi hækkað um 100%. Það er þegar innlend sérlyf hækkuðu úr 200 kr. í 400 kr. Hluti af þessu er þannig til kominn að það var ákveðið að breyta greiðslum fyrir lyf og hafa aðeins eitt gjald í staðinn fyrir tvö sem voru áður og það var mismunun á því hvort væri um að ræða innlend lyf eða erlend lyf. Ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja hér ástæður þess eða fjalla um það sérstaklega, enda er það ekki mergurinn málsins heldur það að hér var tekið upp eitt gjald. Hækkunin á erlendu lyfjunum var aðeins úr 350 kr. í 400 kr. eða um 14,3%. Notkun innlendu lyfjanna er sáralítið hlutfall, líklega um 15% af heildarlyfjanotkuninni þannig að það eru líka sárafáir sem þurfa að búa við þessa 100% hækkun. En ef við lítum aðeins á hækkunina hjá öldruðum og öryrkjum hækkuðu innlendu lyfin úr 80 kr. í 130 eða 62%, en erlendu lyfin, sem er auðvitað það sem menn nota eingöngu eða kannski 85% af allri lyfjanotkuninni, úr 120 kr. í 130 eða 8,3%. Þessu sleppti hv. þm. þó hann vissi það reyndar vel því hann skrifaði „ágæta“ grein um þessi mál á dögunum í DV og greindi þar ítarlega frá þessu öllu. Hluti af hækkuninni var aðeins 8,3% þó finna megi dæmi um 100% hækkun. En ég ítreka að það hafa ekki verið uppi hugmyndir um að hækka þessi þjónustugjöld.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi hér svarað þeim fsp. sem til mín var beint. Ég ítreka að auðvitað á eftir að vinna nánar í því hvernig þetta verður útfært. Það liggur nokkurn veginn fyrir hvernig þessum 20 millj. til K-byggingarinnar verður

náð, en ég geri mér vonir um að um það náist bærilegt samkomulag. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að það kostar auðvitað átök að ná þessu fram í lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu, en ég vænti þess að við getum jafnvel náð meiri sparnaði en hér er þó lagt til og tel að það væri æskilegt og reyndar nauðsynlegt. Ég vona að í því efni njóti ég góðrar aðstoðar þeirra fulltrúa og hv. þm. sem sæti eiga í stjórnarnefnd ríkisspítalanna því að auðvitað heyrir hluti af þessu máli þar undir, svo sem eins og vinna sérfræðinga innan sjúkrahúss og utan, og er það sérmál sem við eigum ábyggilega eftir að ræða um síðar, en ég ætla ekki að eyða tíma í að gera frekar hér að þessu sinni.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrr í þessari umræðu í dag óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. svaraði nokkrum atriðum varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Ég hef tekið eftir því að fundi er lokið í Nd. og ég bað hæstv. forseta um að sjá til þess að hæstv. félmrh. kæmi hingað á fundinn. Ég spyr hæstv. forseta hvort það sé ekki tryggt að hæstv. félmrh. geti verið hérna með okkur við lok þessarar umræðu ef henni á að ljúka á þessum sólarhring. Auðvitað er hugsanlegt að halda áfram umræðum á morgun ef menn svo kjósa.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég hef þegar óskað eftir því að hæstv. félmrh. kæmi hingað og veit ég ekki frekar um málið.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum fyrir árið 1988. Þessi umræða hefur tekið ýmsum myndum og hefur verið farið vítt og breitt um efnahagsástandið eins og það er í dag, kjarasamninga, stöðu atvinnuvega og þá sérstaklega stöðu fiskvinnslunnar. En þær aðgerðir sem þetta frv. boðar eru að meginstefnu til stuðnings þeirri grein atvinnulífsins.

Hér áðan lýsti fulltrúi Borgarafl., hv. 7. þm. Reykn., skoðun Borgarafl. á frv. en ummæli hans hafa að mörgu leyti verið gagnrýnd og þá sérstaklega af 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni. Vil ég því í upphafi koma nokkrum orðum að því.

Sá kjarasamningur sem gerður var rétt fyrir helgi fól í sér 13–15% hækkun launa á einu ári. Með þeim aðgerðum, sem nú hafa verið boðaðar með frv., er fyrst gengið út frá því, sem raunar hefur komið fram, að verði 6% gengisfelling og síðan ýmsar tilfæringar með frv. 6% gengisfelling þýðir að vöruverð á innfluttum framleiðsluvörum hækkar með margföldum áhrifum þegar til nokkurs tíma er litið, um 9–10%.

Varðandi innlenda framleiðslu var verið að boða í dag að landbúnaðarvörur hækki um 4–9%. Það eru fleiri þættir sem eru að hækka. Tryggingaiðgjöld eru að hækka um 60% þessa dagana svo að sú kjarabót sem í kjarasamningunum felst vegur lítið upp á móti þessum hækkunum, bara þeim hækkunum sem núna sjást beint. En ekki skal dregið í efa að þeir menn sem eru í fyrirsvari fyrir verkalýðshreyfinguna hafi reynt að gera sitt besta í því að ná sem bestum samningum fyrir sitt fólk. Það er vitað að mjög þröngt er í búi núna í þjóðfélaginu og sérstaklega hjá fiskvinnslugreinum.

Hverjar eru ástæðurnar? Ástæðurnar eru þær að sú ríkisstjórn sem sat og sem situr nú hefur ekki haldið þannig á spöðunum að þessi grein geti búið við fullnægjandi skilyrði, þannig að hún geti greitt mannsæmandi laun. Fastgengisstefnan hefur leitt þetta af sér ásamt því að ekki hefur verið gripið til ráðstafana til að bæta stöðu þessarar sérstöku greinar með því að létta af henni ýmsum kostnaðarhækkunum en rétt er að til þeirra hefur aðallega verið stofnað hér á höfuðborgarsvæðinu.

Hæstv. viðskrh. hélt góða ræðu um það að nú væri þetta allt á réttri leið og árangur jafnaðarstefnunnar væri að koma í ljós. Benti hann aðallega á því til stuðnings að nú væru vextir að lækka. Það er þannig með vexti að þeir eru tvenns konar, annars vegar raunvextir sem sjást best á vísitölubundnum kjörum og hins vegar nafnvextir sem eru á hinum almennu skuldabréfum og almennu reikningum í bankakerfinu. Í raun réttri felst ekki í þeirri vaxtalækkun sem hefur orðið nein raunvaxtalækkun heldur er bankakerfið aðeins að laga sig að þeim aðstæðum sem eru í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst að miðað við vísitölur hefur verðbólgan lækkað og þá er mjög eðlilegt að nafnvextir lækki líka. Það mætti kannski líkja þessu við það að maðurinn er jafnstór hvort sem hann stendur uppi á stól eða ekki.

Ég get verið sammála hæstv. viðskrh. í því að auðvitað gilda lögmál hagfræðinnar hérna eins og annars staðar. Ef það væri ekki væri hér mjög óeðlilegt ástand. Hins vegar er annað sem gildir hér en ekki annars staðar. Það er það að atvinnuvegir og ástand er miklu sveiflukenndara en í öðrum ríkjum vegna þess m.a. að við erum háðir duttlungum erlendra markaða og miðum lífskjör okkar við það sem gerist þar.

Það sem ég vildi koma inn á til viðbótar er það að auðvitað viðurkennum við sem aðrir að sú aðgerð að fella gengið hafi verið nauðsynleg og raunar teljum við í Borgarafl. að ekki hafi verið gengið nógu langt þegar á þjóðhagsstærðir og afkomu er litið. Þegar litið er á það sem gert er, 6% gengisfellingu, verður líka að líta til þess til hvaða ráðstafana hefur verið gripið og hvort þær leiðir komi til með að jafna það sem á vantar. Ég tel að svo sé ekki og tel að þessar aðgerðir séu bara stundarlausn en ekki lausn til frambúðar. Það liggur alveg ljóst fyrir að tekjur fiskvinnslunnar næstu mánuði koma ekki til með að hækka út af því að það eru engin teikn þess á lofti erlendis að verð á okkar afurðum hækki eða þá að gengi gjaldmiðla komi til með að breytast umfram það sem nú er. Ég held að það sé alveg ljóst að til sams konar aðgerða verði gripið innan skamms.

Ég ætla ekki að fara í einstakar greinar frv. en vek þó máls á því sem fram kom í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. um niðurskurð sem er á framlögum til hans ráðuneytis og þá varðandi lyfjakostnað. Að sjálfsögðu fagna ég því að þetta komi ekki til með að lenda á þeim sem borga lyfin, heldur komi þetta til með að leiða til hagræðingar í rekstri og að hæstv. ráðherra ætli að sjá til þess að læknar komi til með að ávísa í auknum mæli á íslensk lyf. Þetta er þá kannski dæmi um það hvað er hægt að spara í ríkisrekstrinum. Þá vaknar líka sú spurning hvort ekki hafi mátt, bæði er fjárlögin voru gerð og núna, í staðinn fyrir að leggja á álögur, athuga hvort ekki sé eitthvað hægt að laga í ríkisrekstrinum.

Fleira vildi ég ekki taka fram að svo komnu, en ég vona að þetta frv. hljóti góða afgreiðslu í þeirri nefnd þar sem þetta kemur til afgreiðslu og að vel verði farið ofan í saumana á þeim liðum sem þarna eru. Ég fagna því að ríkisstjórnin ætlar að fara að gera eitthvað í þeim málum sem hvíla svo þungt á okkar landi.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Vegna tilhögunar fundarins vil ég segja frá því að það er fyrirhugað að reyna að klára þessa umræðu fyrir kl. 8 og vænti ég þess að það sé samkomulag um það. Það var óskað eftir að hæstv. félmrh. kæmi hingað og hafði ég ítrekað reynt að ná í hana. Nú fyrir nokkru var mér tilkynnt að hún hefði farið heim vegna lasleika og get ég því ekki orðið við þessari beiðni. Ég vænti þess að menn misvirði það ekki og hæstv. félmrh. verði til staðar þá í 2. umr.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum við þessar umræður sem sjálfsagt er að svara. Fyrsta spurningin var um það hvort ekki væri öruggt að launaskattur yrði felldur niður af fiskeldi, fiskirækt, svo sem boðað hefur verið um niðurfellingu launaskatts, 1%, af sjávarútvegi, fiskiðnaði, frá og með 1. júlí og svarið er það að svo er. Það sem kann að valda misskilningi er að sérstaklega er getið mannvirkjagerðar við fiskirækt, en mannvirkjagerð og byggingarstarfsemi bera að sjálfsögðu áfram launaskatt, 3,5%.

Í annan stað var spurt hvenær væri að vænta lækkunar vaxta á spariskírteinum og þá um hve mikið. Við þessu er ekki unnt að gefa svar að svo stöddu. Ætlunin er að meta nú næstu dagana ástand á peningamarkaði eftir lækkun nafnvaxta. Ákvörðun um þetta verður tekin innan tíðar, en hún hefur ekki verið tekin og því er ekki hægt að fullyrða nákvæmlega hversu mikil sú vaxtalækkun verði.

Spurt var um ákvæði stefnuyfirlýsingarinnar um framlag af hálfu ríkisins vegna starfsmenntunar launafólks. Eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vestf. var þetta þáttur af samningagerðinni af hálfu Verkamannasambandsins við vinnuveitendur. Ákveðið er að verja til þessarar starfsemi 35 millj. kr. Reglur um aðild annarra að þeim sjóði verða ekki settar nema með nánu samráði við Verkamannasambandið, en þetta er hliðstætt við námskeiðahald og starfsmenntun í fiskiðnaði sem gaf góða raun fyrr. Hitt ákvæðið sem varðaði Atvinnuleysistryggingasjóð er um það að framlengja lög og reglur um hlut Atvinnuleysistryggingasjóðs við að greiða kauptryggingu þeirra starfsmanna sem þátt taka í námskeiðum eins og t.d. námskeiðum í fiskvinnslunni. Að öðru leyti er þess að geta að á vegum félmrn. er nefnd starfandi sem á að skila tillögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það er vitað að í fjárlögum eru framlög til þessarar starfsemi undir tveimur öðrum liðum og mikið meira er ekki um það að segja að svo stöddu.

Þá var það fullyrt af hálfu hv. 7. þm. Reykv. að í ræðu minni hefðu falist tillögur um hækkun vaxta af húsnæðislánum. Það er misskilningur eða rangherми. Eins og menn sjá af þessari tillögugerð er engin ákvörðun tekin um hækkun vaxta af húsnæðislánum. Ég vék að því varðandi húsnæðismálin í ræðu minni áðan að innan 10 daga eða svo væri að vænta álitsgerðar eða niðurstaðna frá þeirri nefnd sem hæstv. félmrh. hefur skipað og falið að taka til endurskoðunar ýmsa undirstöðuþætti húsnæðismálanna. Að sjálfsögðu er ekki við því að búast að nefndin skili eftir tiltölulega skamman tíma eða um það bil einn mánuð heildstæðum tillögum um nýtt húsnæðislánakerfi. Fremur er um að ræða að þar verði mótuð stefna, skilgreint hvaða þættir það eru sem þarf að taka til endurskoðunar og meðan málin eru á því stigi er ekki tímabært að taka ákvarðanir um frekari breytingar á grundvelli óbreytts kerfis.

Spurt var sérstaklega um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þær tölur sem hafa verið birtar í því efni eru í fskj. III með frv. Þar er gerð grein fyrir forsendum fjárlagafrv. og fjárlaga 1988 um tilfærslu verkefna til sveitarfélaga. Eins og menn vita var upphaflega gert ráð fyrir því að tilfærslurnar fælu í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að upphæð um 200 millj. kr. Í meðförum Alþingis var síðan dregin til baka tilfærsla tónlistarfræðslu sem nemur tæplega 52 millj. kr. Að öðru leyti er hér um að ræða upphæð sem nemur 31 millj. kr. um það bil og skiptist hún þannig: Dagvistarheimili 60 millj., Félagsheimilasjóður 15 millj., Íþróttasjóður 25 millj., húsfriðun, byggða- og minjasöfn 8,3 millj., málefni fatlaðra, vatnsveitur, heimaþjónusta aldraðra, landshafnir. Það sem um er að ræða er það að af þessum 398 millj. sem komu í hlut sveitarfélaganna í auknum framlögum, þá gerist það nú að sá kostnaður sem hefði fallið á sveitarfélögin ef frv. hefði orðið að lögum nemur um 130 millj. kr., en þessi kostnaður fellur nú að sjálfsögðu á ríkið við það að frv. nær ekki fram að ganga. Að öðru leyti eru dregin til baka þau framlög umfram þetta upp á 260 millj. kr. sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir samkvæmt samningum og samkomulagi við forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga og voru lögð fram sem auknir fjármunir til sveitarfélaga til þess að greiða fyrir verkaskiptingunni. Menn geta

nefnilega ekki gert hvort tveggja í senn: beitt sér gegn því að verkaskiptingin nái fram að ganga og síðan harmað það að auknir fjármunir til sveitarfélaganna, sem áttu að greiða fyrir þeirri verkaskiptingu, geri það ekki þegar samkomulag næst ekki um málið.

Að öðru leyti er ekki margt um þetta að segja því til viðbótar sem þegar hefur fram komið. Sérstaklega vil ég þó gera athugasemd við það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði um þróun kaupmáttar launa og þjóðartekna þar sem hann hélt því fram að kaupmátturinn hefði verið minni en vöxtur þjóðartekna. Það er ástæða til þess að rifja þetta upp. Þjóðartekjur hafa aukist sem hér segir á næstliðnum árum: Um 7½% 1986, 8% 1987. Það er gert ráð fyrir allt að 2% samdrætti í þjóðartekjum árið 1988. Þannig hafa þjóðartekjur á þessum þremur árum aukist um 13½%. Um kaupmátt launa er það að segja að hann jókst um 9½% 1986, 18% 1987 og áætlað er að hann lækki að meðaltali í samanburði við árið 1987 um 3% á árinu 1988. Niðurstaðan er þess vegna sú að á sama tíma og þjóðartekjur hafa á þessum þremur árum aukist um 13½% hefur kaupmáttur launa aukist um 25%.

Í ræðu sinni áðan vakti hæstv. viðskrh. athygli á því hversu mótsagnakennd sú gagnrýni er sem frv. hefur sætt af hálfu stjórnarandstæðinga. Annars vegar er talað um hrun fastgengisstefnu og hv. 7. þm. Reykv. lýsir því yfir sem sinni skoðun og sínu mati að þörf sé meiri gengisfellingar. Hann gerist því talsmaður meiri gengisfellingar. Í hinu orðinu harma menn háa verðbólgu og láta uppi óskir um það að menn nái fastari tökum á verðbólgunni og verðbólga fari lækkandi. Síðan segja menn í öðru orðinu að það beri að harma að dregið sé úr framkvæmdum og fjárfestingum, en í hinu orðinu fárast menn yfir miklum viðskiptahalla. Þetta er náttúrlega býsna mótsagnakennt og kjarni málsins er kannski þessi, ef menn vilja meta það hverra kosta var völ: Vildu menn meiri gengisfellingu og þar af leiðandi meiri verðbólgu og þar af leiðandi meiri tilfærslu frá launafólki til atvinnuvega? Er það kröfugerðin af hálfu stjórnarandstöðunnar? Voru menn reiðubúnir að fórna þeim markmiðum sem þeir setja sér um að ná niður verðbólgu á seinni hluta árs, en það samrýmist að sjálfsögðu ekki... (Gripið fram í.) það samrýmist að sjálfsögðu ekki, hv. 7. þm. Reykv., svo mikilli gengisfellingu.

Þegar menn segja: Það hefði kannski verið skynsamlegt að taka undir með stjórnarandstöðunni við afgreiðslu tekjuöflunarfrumvarpa fyrir jól, t.d. með því að falla frá launaskatti og endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti þá, er ástæða til að spyrja: Halda menn að það hefði gengið betur að ná samkomulagi um hvort tveggja í senn, trausta stöðu ríkisfjármála og aðgerðir til þess að bæta rekstrarstöðu og greiðslugetu fiskiðnaðar og sjávarútvegs, ef það hefði verið gert þá? Eða er ekki líklegra að aðgerðir af því tagi þá þegar hefðu leitt til þess að kröfugerðin um gengisfellingu hefði orðið enn þá meiri? Ég er reyndar alveg sannfærður um það að svo er.

Það er deginum ljósara að samkomulagið hefði ekki getað tekist með þeim hætti sem það þó hefur gerst ef ríkisstjórnin hefði hvikað frá þeim ásetningi sínum fyrir jól að gera það sem í hennar valdi stóð til þess að treysta fjárhag ríkisins því að það er forsenda þess að þetta samkomulag tókst.

Herra forseti. Ég held að ég hafi með þessum athugasemdum svarað gagnrýni og fyrirspurnum. Nei, það var ein fsp. enn, herra forseti. Það var spurningin um vaxta- og geymslugjald, hvað yfirlýsingin um það sem birtist í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar merki. Hún merkir kannski ekki mikið ein og sér, en því er yfirlýst að af hálfu fjmrn., landbrn. og viðskrn. verður sett á laggirnar nefnd til þess að fara ofan í saumana á rekstrarvanda afurðastöðva landbúnaðarins, en af minni hálfu felur það jafnframt í sér að þá verði einnig teknir til endurskoðunar aðrir veigamiklir kostnaðarþættir ríkissjóðs vegna landbúnaðarmálanna, ekki hvað síst þeirra ákvæða búvörulaga sem skuldbinda ríkissjóð til þess að greiða verðbætur á landbúnaðarafurðir þrátt fyrir það að þær hafa þegar verið staðgreiddar og teljast þess vegna vera seldur varningur í eigu afurðastöðva og sú greiðsluskylda miðuð við 15. des. ár hvert.

Herra forseti. Ég læt umræðu um þetta mál lokið af minni hálfu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Já, það er sérkennilegt að hlusta á þessa umræðu ef menn hafa þrek til að sitja undir þessu öllu, bera t.d. saman svör hæstv. ráðherra varðandi vaxta- og geymslugjald af landbúnaðarafurðum, en hæstv. fjmrh. sagði nú í örstuttu máli allt annað en hæstv. sjútvrh.

Hæstv. sjútvrh. sagði að aftur ætti að hverfa til hins gamla horfs í þessu efni varðandi vaxta- og geymslugjöld af landbúnaðarafurðum. Hæstv. fjmrh. sagði hins vegar: Það á að endurskoða þetta og skipa nefnd en jafnframt að endurskoða aðra kostnaðarþætti landbúnaðarins. M.ö.o., það getur verið að kerfi vaxta- og geymslugjalda verði breytt, en það á þá landbúnaðurinn sjálfur að borga.

Þarna ber ráðherrunum ekki saman varðandi þetta atriði og verður auðvitað óhjákvæmilegt að ganga nánar eftir því við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi hvor það er sem hefur stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég fer fram á það að hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. komi sér saman um texta sem verði þá lagður hér upp í ræðustólinn einhvern tíma við 2. eða 3. umr. málsins þannig að þingdeildin viti um hvað var í raun og veru samið í ríkisstjórninni í málinu. Það er bersýnilegt að hæstv. fjmrh. er með allt aðra túlkun á þessu máli en sjútvrh. og munar það sjálfsagt talsverðum upphæðum þegar þetta mál er skoðað.

Ég þakka hæstv. ráðherrum sem hafa talað fyrir svörin sem þeir hafa gefið við þeim spurningum sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa borið fram í

dag. Ég skil það svo í fyrsta lagi að ekki verði um að ræða launaskatt á fiskeldi frá og með 1. júlí 1988 þó að kannski megi skilja frv. svo, og það er spurning hvort ekki þarf aðeins að laga orðalag á frv. til þess að þetta sé alveg ótvírætt, því að ég tek auðvitað yfirlýsingar ráðherra góðar og gildar í þessu efni. *Það er engin ástæða til annars.* En það er spurning hvort nefndin ætti ekki að líta aðeins á orðalag frv. til þess að glöggva sig betur á því eða það sé skýrara hvert menn vilja fara í þessu efni.

Ég tók eftir svari hæstv. fjmrh. varðandi spariskírteinin og tel í sjálfu sér enga ástæðu til þess að ganga frekar eftir því. Sömuleiðis minntist hann aðeins, í tilefni af fsp. minni, á framlög vegna starfsmenntunar verkafólks og ég spurði hann um þetta í dag vegna þess að mig langaði til þess að vita hvernig menn hugsuðu sér að framkvæma þetta. Ég var ekki að amast við málinu nema síður sé. Ég bendi á tillögu sem ég hef flutt hér á tveimur þingum, um rétt launafólks til námsleyfa á launum, sem ég held að sé satt að segja mjög stórt mál. Í Danmörku og Svíþjóð er til kerfi þar sem launafólk á kost á því að sækja nám, starfsnám, líka almennt nám og sömuleiðis félagslegt nám, á launum í 3–4 vikur á 3–4 ára fresti. Til þess er stofnaður sjóður þar. Ég held að þetta sé mjög þarft og brýnt mál og kannski getur þessi starfsmenntunarsjóður orðið einhver vísir að þessu. Ef svo yrði mundi ég að sjálfsögðu fagna því.

Um svar hæstv. ráðherra varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð hef ég ekkert að segja. Ég lít svo á að það séu uppi hugmyndir um að framlengja þau ákvæði sem verið hafa í gildi varðandi hlut Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar um er að ræða greiðslu launa við uppsagnir og fleira af því tagi og ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta.

Í fimmta lagi nefndi hæstv. fjmrh. húsnæðislánin. Ég spurði: Er gert ráð fyrir hækkun vaxta af húsnæðislánum? Hann sagði nei við því. Það er ekki gert ráð fyrir því og þá er ég raunar ekki bara að tala um frv. Hann sagði hins vegar að í gangi væri endurskoðun á húsnæðislögunum. Það væri væntanlegt álit eftir 10 daga. Hvað eru menn þá að þvælast með þennan 100 millj. kr. niðurskurð inni í þessu plaggi ef eitthvert álit er að koma eftir 10 daga? Hvað eru menn að eyða hérna heilum degi í Nd. í umræður um kaupleigu þegar stjórnarflokkarnir eru ekki einu sinni sammála þar sem það er ætlun ríkisstjórnarinnar að endurskoða allt húsnæðiskerfið hérna næstu daga og það er einhver nefnd vísra manna undir forustu Kjartans Jóhannssonar, þess ágæta manns, (**Gripið fram í:** Og vísa.) og vísa, vissulega, þó að alþýðuflokksmenn hafi ekki alltaf kunnað að meta hann sem slíkan, en ég geri það, og allt gott um það að segja. En af hverju í ósköpunum eru menn þá að kýla þessi mál og breytingar á húsnæðiskerfinu í gegn með þessum hætti? Ég sé ekki rökin fyrir því. Ég er satt að segja ekkert undrandi þó að hæstv. félmrh. leggi fram bókun í ríkisstjórninni þar sem hún mótmælir þessu. Ég er hins vegar mjög leiður yfir því að hún skuli ekki hafa komið hingað í deildina til að svara spurningum. Ég tek auðvitað yfirlýsingar forseta um að félmrh. hafi farið heim vegna veikinda góðar og gildar, að sjálfsögu, dettur ekki annað í hug, en bendi á að auðvitað ræður félmrh. málaflokknum. Auðvitað getur hún neitað að láta skera niður Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Auðvitað getur hún neitað því sem hún vill í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga líka. Það er náttúrlega ekki marktækt ef ráðherra málaflokksins leggur fram bókun og síðan kemur fjmrh., allt annar ráðherra úr allt öðru ráðuneyti og gerir tillögur um það að breyta þeim málaflokki sem hæstv. félmrh. fer með. Ég orðaði það þannig í dag að þetta jafngilti því að hæstv. fjmrh. væri að setja félmrh. af í þessu máli og þannig er það vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur tekið fram fyrir hendurnar á hæstv. félmrh. í þessu efni, annaðhvort sem fjmrh. eða sem formaður Alþfl. nema hvort tveggja sé. En þannig er það.

Ég tók eftir því að hæstv. félmrh. var hér í umræðum í allan dag í Nd. og fannst það satt að segja alveg afleitt að hún skyldi ekki treysta sér til að skjótast hingað augnablik til að svara spurningum mínum t.d. um þetta: Um hvað er bókunin? Er hæstv. félmrh. á móti meðferðinni á byggingarsjóðunum eða Jöfnunarsjóðnum eða hvoru tveggja? Vill hæstv. fjmrh. koma hér upp á eftir og lesa bókunina? Hver er bókunin? Hverju er hæstv. ráðherra að mótmæla? Ég vil fá upplýsingar um það. Ef þetta er alvörustjórnarfrumvarp, en svo er að skilja á hæstv. viðskrh. sem flutti alvarlegustu ræðu dagsins eins og venjulega, er auðvitað nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar um það hver er afstaða einstakra ráðherra í þessu máli og þar á meðal hæstv. félmrh. Ég vil fá bókunina. *Út með hana! Hvaða leyniplagg er* þetta? Er þetta ekki plagg ríkisstjórnarinnar eða er þetta plagg sem Alþfl. einn fer með, Alþýðuflokksdeildin í ríkisstjórninni?

Síðan eru útskýringar hæstv. fjmrh. á þessu Jöfnunarsjóðsmáli. Þær eru náttúrlega svo dæmalausar. Hann segir: Sveitarfélögin voru með röfl. Af því að þau voru með röfl hættum við við þetta en lækkum um leið framlagið í Jöfnunarsjóðinn um 398 millj. Sveitarfélögin mega í raun og veru bara þakka fyrir að hanga þó eftir með 268 millj. kr., með þessa skerðingu á Jöfnunarsjóðnum, niður um 398 millj. kr. Þetta er auðvitað fullkomin rökleysa. Auðvitað ætti hæstv. fjmrh. að ákveða að skila skerðingunni til sveitarfélaganna þar sem dæmið gekk ekki upp. Þannig átti hæstv. ráðherra að taka á málinu. Hann átti að segja: Veitum þessu fé í tiltekin verkefni, skilum mismuninum til Jöfnunarsjóðs, 268 millj. kr. Það væri í raun og veru það eina sem væri eðlilegt að gera í þessu sambandi. En þessi ofboðslega talnaleikfimi sem hæstv. ráðherra er hér með og segir nánast að sveitarfélögin megi bara þakka fyrir að það verði ekki tekið meira af þeim. Þetta er skrýtið þegar hæstv. fjmrh. ætlar á sama tíma að fara að ræða við sveitarfélögin um að þau skeri niður fram-

kvæmdir sínar. Þá geri ég ráð fyrir að sveitarfélögin komi með reikninga samkvæmt þeim greinum sem liggja fyrir í þessu frv.

Ég segi að lokum varðandi þetta mál að ég vil auðvitað ræða þessi mál við hæstv. félmrh. nánar. Ég vona að hún verði komin til heilsu þegar við hittumst aftur við 2. umr. málsins hvenær svo sem hún fer fram. Ég legg á það mjög mikla áherslu að hún komi hér til viðræðna í deildinni og auðvitað má hugsa sér að fara fram á það að hæstv. ráðherra verði kallaður fyrir fjh.- og viðskn. hv. deildar. Það hefur áður gerst að ráðherra hafi verið kallaður fyrir nefndir til viðræðna og það má auðvitað vel gera það nú þar sem mikið liggur við.

Varðandi kaupmátt launa sem hæstv. fjmrh. ræddi hér aðeins. Það sem ég sagði var ósköp einfaldlega þetta: Kaupmáttur launa milli áranna 1987 og 1988 skerðist meira en nemur falli þjóðartekna á sama tíma. Það er óvefengjanlegt. Fall þjóðartekna er 1½% og fall kaupmáttar, samkvæmt þeim útreikningi sem hv. þm. Karvel Pálmason las hér upp í dag, er 3%, þ.e. fall kaupmáttar innan ársins 1988. Hins vegar er það alveg óvefengjanlegt að ... (**Dómsmrh.:** Nei, hv. 3. þm. Vestf. las þetta ekki rétt.) Bíddu nú við, hv. 3. þm. Vestf. fór með nokkrar tölur sem ég skal lesa. (**Dómsmrh.:** Hann sagði að meðalkaupmátturinn hefði breyst um 3% samkvæmt þessu milli ára, en að hann væri varinn innan ársins.) Innan ársins? Það sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði var einfaldlega þetta: Við höfðum kröfur um óbreyttan kaupmátt frá árinu 1987. Milli áranna 1987 og 1988 lækkar kaupmáttur um 3% eins og hann sagði og eins og stendur hér í plaggi Þjóðhagsstofnunar líka varðandi kaupmátt ráðstöfunartekna, en það er ómótmælanlegt að kaupmáttur lægsta kauptaxtans lækkkar frá nóvember 1987 til nóvember 1988 um 8–10%. Ég skora á hæstv. viðskrh., sem stendur þarna í dyrum, að leggja fram upplýsingar um þróun kaupmáttar lægstu taxta frá desember 1986 til loka þess samningstíma sem var verið að ganga frá núna. Ég skora á hæstv. ráðherra að gera það vegna þess að hér er um alveg óvefengjanlega hluti að ræða. Það sem hins vegar kann að vera að menn átti sig ekki á er það að í nýju kjarasamningunum eru ákvæði um aldurshækkanir og orlofsbreytingar og desemberuppbót sem lyfta mjög stórum hópi fólks umfram það sem hinar hreinu taxtabreytingar gera. Þegar ég er að tala um 31 500 kr. er ég að tala um þá hækkun sem verður í prósentum á hinum hreinu kauptöxtum byrjenda, þeirra sem eru að hefja störf á hinum almenna vinnumarkaði. Þess vegna er kaupmáttarskerðingin milli áranna 1987 og 1988 meiri en nemur falli þjóðarteknanna. Það er óvefengjanlegt. Af því að hæstv. iðnrh., sem ég var ekkert að biðja um að svara mér einu eða neinu, fór að halda einhverja dómadagsprédikun um næstsíðustu ríkisstjórn og var með sagnfræðilegar upprifjanir í dag er best að ég fari aðeins yfir það þó að hann sé því miður illa fjarri góðu gamni. (**Fjmrh.:** Hann er farinn.) Hann er farinn, já, en það gæti verið að sumir fleiri hefðu gott af því að heyra það. Hæstv. fjmrh. verður að þola að sitja undir því. Öðru eins hefur maður setið undir frá honum um dagana.

Staðreynd málsins er sú að á árunum 1979–1982 er kaupmáttur kauptaxta á bilinu 93–99 miðað við 100 1978. Á árunum 1984–1986 er kaupmátturinn á bilinu 69,5–72. Á árinu 1987 hækkar hann verulega, þessi kaupmáttur kauptaxta. En á sama tíma hækka þjóðartekjur á mann að raungildi — það væri kannski rétt að fá eitthvað af þessum snillingum hér í salinn — um 15%, á árunum 1979–1986, og sennilega um 23–24% á árunum 1979–1987. En meðan þjóðartekjur á mann hækka að raungildi um 25% lækkar kaupmáttur kauptaxta sennilega um 15%. Og mér er spurn: Hvar ætli mismunurinn liggi? Hverjir ætli hafi hirt mismuninn í kaupmætti kauptaxta annars vegar og hins vegar í vaxandi þjóðartekjum á þessum tíma? Þess vegna þýðir auðvitað ekkert fyrir menn eins og hv. varaþm. Sjálfstfl. að vera að ráðast hér sérstaklega að þeirri ríkisstjórn sem annar varaformaður Sjálfstfl. stýrði hér fyrr á öldinni og ég átti sæti í vegna þess að þá var kaupmáttur kauptaxta að jafnaði 10–15% hærri en hann var á síðustu árum og ef maður tekur aukningu þjóðarteknanna inn í myndina er munurinn í raun meiri. Ég er ekkert að gleðja forsetann með því að láta kalla í hæstv. iðnrh. eða fara fram á það vegna þess að ég vil greiða fyrir þingstörfum að vanda. Hins vegar hefði hæstv. iðnrh. gott af því að heyra þennan lestur og meira til.

Síðan nefndu þeir félagar, bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., spurninguna um það hvað ætti að gera og það er alltaf þetta tal í þessu kerfisgengi hér: Það eru mótsagnir í því sem þið eruð að segja. — Auðvitað eru mótsagnir í því sem menn eru að segja, bæði við og þeir, og það eru meira að segja mótsagnir í því sem þið eruð að gera, auðvitað, vegna þess að efnahagsráðstafanir eins og þessar raðast saman úr mörgum mismunandi þáttum. Hvað er að gerast hér? Í efnahagsmálum var hér áður oft talað um niðurfærslu verðlags, niðurfærsluleið, uppfærsluleið og millifærsluleið. Hvað er hér að gerast? (**Gripið fram í:** Félagsmálapakki.) Sem er ein leið líka en sem er liður í millifærsluleið. Það eru þrjár meginleiðir. Hvað er hér að gerast?

Þær ráðstafanir sem hér er verið að framkvæma eru í raun og veru blanda af þessu þrennu. Það er um að ræða gengislækkun eða uppfærslu, það er um að ræða millifærslu í sambandi við söluskatt í sjávarútvegi og það er um að ræða niðurfærslu að því er varðar lækkun launaskatts í sjávarútvegi þannig að auðvitað er það þannig þegar menn eru að grípa til efnahagsráðstafana eða þegar menn eru að gagnrýna efnahagsráðstafanir, þá geta menn út af fyrir sig sagt: Það er mótsögn í hlutunum. En þannig er nú okkar þjóðfélag, það er fullt af mótsögnum og spurningin er sú í rauninni í þessu efni: Vildu menn ganga lengra eða skemmra í einhverjum þeim aðgerðum sem hér hafa verið nefndar og hér eru til-

lögur um? Ég vil nefna sem dæmi: Ég tel að það hefði átt að ganga miklu lengra í millifærslu, miklu lengra í skattlagningu á versluninni, miklu lengra í skattlagningu á milliliðunum og flytja þá fjármuni til í þjóðfélaginu til þess að jafna lífskjör í landinu. Og í annan stað átti að gera ráðstafanir til þess að lækka vexti með beinum stjórnvaldsákvörðunum. Þessar ráðstafanir hefðu skilað kjarabót annars vegar til láglaunafólksins og hins vegar hefðu þær þýtt betri afkomu útflutningsatvinnuveganna og þar með þörf fyrir minni gengislækkun en ella hefði verið. Þegar ég er að segja hér í dag að ég spái því að vinnslan muni koma til ríkisstjórnarinnar á miðju ári og segja: Við viljum meiri gengislækkun, þá er það yfirlýsing sem byggist á því að vinnslan er núna rekin með halla og frystingin er rekin með halla. Og það er ekki vegna þess að ég sé hér að gera tillögur um gengislækkun, eins og hæstv. fjmrh. var að segja hér áðan eða viðskrh. Ég er að vekja athygli þeirra á þeim staðreyndum að við lifum á fiski og ef fiskvinnslan í þessu landi er á hausnum, ef fiskvinnslan í þessu landi tapar, þá rekum við ekki þjóðarbúið. Svo einfalt er það. Og það þýðir ekkert að sýna fínar tölur um verðbólgu og fallegan ríkissjóð ef fiskvinnslan ekki gengur. En það er eins og þessir menn skilji það ekki og læri það heldur aldrei, sem er makalaust með tilliti til þess að þeir ættu að hafa a.m.k. sumir hverjir lífsreynslu sem dygði í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. sagði á einhverjum fundi í Keflavík núna fyrir nokkru og slegið var upp í blaði: „Gengisfelling núna væri óðs manns æði.“ Samkvæmt því er ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gengislækkun óðs manns æði og hæstv. fjmrh. framkvæmir hér óðs manns æði. Auðvitað liggur málið ekki þannig. Auðvitað er það þannig að hann áttaði sig á því að lokum að það varð að viðurkenna staðreyndir. Það var búið að halda þannig á málum að vinnslan stóð illa og stendur enn illa.

Ég ætla aðeins að nefna hér eitt atriði úr ræðu hæstv. fjmrh. Það var þetta: Halda menn að það hefði verið betra núna ef við hefðum ekki lagt á skattana, hætt við að leggja á launaskattinn og hætt við þetta með söluskattinn í sjávarútveginum um áramótin? Halda menn að það hefði verið betra? Var ekki betra að hafa gert það og láta þá halda að þeir væru að vinna eitthvað með því að sleppa þeim við þetta núna? — Macchiavelli kom nýlega út í íslenskri þýðingu. Kannski hæstv. fjmrh. hafi lesið ágæta þýðingu eftir Ásgrím Albertsson. „Að deila og drottna“, heitir þetta, „drottinn gaf og drottinn tók“. Þessi uppsetning mála er auðvitað svo ósvífin, svo yfirgengilega ósvífin að segja: Ég lagði skatta á sjávarútveginn til þess að ég hefði eitthvað um að semja þegar þeir kæmu til mín að væla um gengislækkun eftir nokkrar vikur. Það var það sem hæstv. fjmrh. var að segja. Þessi uppsetning mála er auðvitað svo ósvífin að engu tali tekur.

Ég tók vel eftir því, herra forseti, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér í dag og lagði á það áherslu að niðurstaða alls þessa, sem við erum að ræða hér um, byggðist ekki síst á því hver töggur væri í ríkisstjórninni. Og vafalaust er það alveg rétt. Það er þannig frá hnútunum gengið í þeim kjarasamningum sem nýlega var gengið frá að það er sagt sem svo: Ef Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandið semja um hærra kaup, þá á að taka upp samninga Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Og svo er bætt við því sem ég kalla öfugt BSRB-ákvæði. Það er sagt: Ef samið verður um hærra kaup við opinbera starfsmenn, þá skal hið sama ganga þarna yfir líka. Með þessu er í raun og veru búið að taka ákvörðun um það í þessum tilteknu samningum Verkamannasambandsins að reyra allan vinnumarkaðinn ef hægt er inn í það munstur sem þar er verið að skrifa niður.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurði hvað hefði átt að gera. Var hægt að ná lengra? Um það skal ég ekkert segja. Ég veit ekki hvort það hefur verið til í stöðunni að sækja stórkostlegar kauphækkanir t.d. með verkfallsátökum eða þvílíku. Ég skal ekkert um það segja. Ég læt mönnum eins og hv. þm. Karvel Pálmasyni alveg eftir að dæma það og meta mikið frekar en ég get gert. En ég vil hins vegar segja að ég tel að það hefði verið hægt að ná lengra ef verkalýðshreyfingin öll hefði getað stillt sig betur saman. Og nú er ég ekki að kenna mönnum um það að menn ákváðu að fara hver fyrir sig í þessa samninga. En ég held að reynslan sé sú að því aðeins tekst okkur að lyfta raunverulega lægsta kaupinu að verkalýðshreyfingin taki á í sameiningu. Það sé gamla og góða boðorðið: Einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Ég vona að í framhaldi af því sem gerðist á vinnumarkaðnum 1987 og virðist vera að gerast núna, þá muni menn læra að vinna betur saman en tekist hefur á undanförnum missirum. Það er svo merkilegt að þessi lexía samstöðunnar virðist bresta og týnast, einkum á hagvaxtartímum. Við getum séð þetta aftur og aftur á undanförnum áratugum að þegar um hefur verið að ræða hagvöxt og aukningu þjóðarframleiðslu, þá hefur samstaðan brostið og menn hafa viljað fara hver fyrir sig og ná í hver handa sér. Auðvitað er það hroðalegt fyrir verkalýðssinna eða sósíalista eins og ég tel mig vera að upplifa það aftur og aftur í sambandi við umræður um kjaramál að metingurinn um að vera aðeins hærri en sá næsti er oft ríkari en þörfin fyrir að standa sem hluti af heild. Og auðvitað sjáum við það í þessum samningum og í launamálunum á síðasta ári. Verkalýðshreyfingin hefur verið að veikjast sem afl, sem heildarafl og þetta sjáum við því miður mjög víða.

Hæstv. viðskrh. sagði: Hornsteinninn hefur ekki brotnað heldur verið færður til og múraður fastur á ný. Já, það er ástæða til að bregða fyrir sig myndmáli þegar komið er að efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Ekki vissi ég að hæstv. viðskrh. kynni sérstaklega með múrverk að fara. En hann sagði nokkuð merkilegan hlut í framhaldi af þessu sem ég

veit ekki hvort allir hv. þm. hafa tekið eftir, mjög merkilegan hlut, í rauninni mjög alvarlegan hlut og væri gaman að fá um það umræður hér í þinginu einhvern tíma. Ég minni á að það er til skýrsla um peningamál, gengismál og vaxtamál frá Seðlabankanum frá því fyrir áramótin sem væri kannski ástæða til að taka einhvern tíma til umræðu í Sþ. Hæstv. ráðherra sagði að menn væru að ræða um það að tengja íslensku krónuna við erlenda myntkörfu eða við SDR og við þekkjum þessar umræður. Hvað þýðir þetta í raun og veru? Það þýðir það að svigrúm okkar til sjálfstæðrar ákvörðunar um gengið, og þar á meðal hlutföllin milli útflutnings og innflutnings, það svigrúm minnkar. Svigrúm okkar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnunar frá þessum bæjardyrum séð minnkar. Um leið getur auðvitað hæstv. ráðherra komið hér og sagt: Þetta stuðlar að því að við náum stöðugleika hugsanlega í verðlagi hér í þessu landi svipað og er í þeim löndum sem við þá tengjum okkur við. En þá stöndum við enn frammi fyrir þeirri staðreynd að við erum auðvitað oft að breyta hér gengi, fella hér gengi til þess að breyta og rétta við tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu milli útflutnings og innflutnings vegna þess að við erum svo háð útflutningi á Íslandi og útflutningsframleiðslu að við þurfum aftur og aftur að gera ráðstafanir til að rétta þetta við.

Ég játa það alveg að ég er býsna íhaldssamur í þessu efni. En ég mundi satt að segja í fyrsta lagi gjarnan vilja fá upplýsingar um það hvað menn eru að hugsa. Ég vildi lesa í gegn pappíra ef menn eru með einhverja í þessu efni, en ég mundi fyrir fram vilja gjalda varhug við þessu atriði. Mér fannst þetta satt að segja eitt það merkilegasta sem hæstv. viðskrh. sagði — fyrir nú utan það að hann sagði að lögmál hagfræðinnar giltu líka hér á Íslandi og það kom út af fyrir sig engum á óvart að það gæti gerst af og til. En það er dálítið öðruvísi hagfræðin í 250 þúsund manna þjóðfélagi heldur en 25 milljón manna eða þaðan af stærra.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þau góðu svör sem hann veitti mér og okkur. Ég vil segja það af minni hálfu að ég er tilbúinn til þess að aðstoða hann við það að taka á þessum vanda sem hann nefndi varðandi lyfin og sérfræðiþjónustuna. Þetta voru mikil mistök að opna fyrir það að menn gætu farið til sérfræðinga án ávísana frá heimilislæknum. Það voru mjög alvarleg mistök. Það er búið að kosta ríkissjóð stórfé. Og ég held að ég láti það koma hér fram að ég er líka tilbúinn til að segja það við hæstv. heilbrrh. að ég held að það þurfi að skrúfa fyrir þessa krana á ríkissjóð sem er búið að raða hérna niður allan Laugaveginn á þessum sérfræðistofum, þar sem menn sitja og tjakka út seðla úr ríkissjóði af því að þeir eru sérfræðingar og ríkissjóður ræður ekkert við. Það er í raun og veru rosalegt að sjá þessar tölur sem maður fréttir af varðandi laun læknastéttarinnar, sérstaklega sérfræðinganna og sem stjórnarnefndarmaður í stjórnarnefnd ríkisspítalanna er ég tilbúinn að hjálpa þar til. Ef það hins vegar tækist að skrúfa þennan kostnað eitthvað niður, sem ég vona að hæstv. ráðherra takist og ég vona að við hjálpum honum öll til þess, þá tel ég að það ætti að afturkalla eitthvað af þessari lyfjahækkun sem átti sér stað um áramótin upp að allt að 100%. Það var í raun og veru engin röksemd að hækka lyfin þó að EFTA og Efnahagsbandalagið krefðust þess að innlend lyf væru á sama verði og erlend.

Hæstv. sjútvrh. svaraði nokkrum atriðum sem fram komu hér í mínu máli í dag varðandi rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og ég hef þakkað honum fyrir það og hef engu við það að gæta. Það staðfesti í raun og veru það sem vitað er fyrir þá sem vita vilja um þessi efni.

Ég vek athygli á því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan að það er dálítið af kauphækkuninni að fara. Það er ekki bara 6% gengislækkun. Það er líka verið að hækka búvöruverð svo sem við er að búast og svo er 60% hækkun á iðgjöldum bifreiðanna, það kostar nú ekki lítið, þannig að ég er ansi hræddur um það að ef þetta væri reiknað á þann vísitölugrunn, sem vísitölufjölskyldan býr við í dag, þ.e. í mars 1988, þá kæmi þetta dæmi verr út en það gerir samkvæmt þeirri vísitölu sem við höfum búið við á undanförnum árum.

Hæstv. viðskrh. stóð mig að því að vitna vitlaust í seðlabankalögin og það þykir mér afar leitt. Hann sagði að ég hefði vitnað í 11. gr. sem ætti að vera sú 9. Reyndar sé ég það hér á ræðu nokkurri, sem haldin var á Alþingi 16. apríl 1986, að þá var greinin 10. gr. en tilvitnunin er í formann Alþfl. þannig að ég hef mjög sterkan stuðningsmann með mér í þessu efni. Þá var verið að ræða um það hvort ríkisstjórnin ætti að geta lækkað vexti eða fyrirskipað það að vextir væru teknir niður. Ég var að segja það hér í dag að ég fagnaði því að hæstv. viðskrh. hefði drifið sig í það að fyrirskipa í raun og veru vaxtalækkun þannig að eftir hinum frjálsu lögmálum markaðarins þyrfti ekki lengur að bíða.

Hæstv. viðskrh. hélt hér ræðu í dag — eina af þessum löngu ræðum sem ráðherrarnir hafa verið að halda hérna yfir okkur í dag og er allt gott um það að segja því að það er eðlilegt að málið fái ítarlega umræðu — og fór hér í raun og veru fyrst og fremst í ræðustólinn til að sverja það af sér að hann hefði tekið ákvörðun í málinu: Þetta var markaðurinn og aðstæðurnar. Þetta kom mér ekkert við. Þetta heitir auðvitað að ganga býsna langt í afstöðunni og verða kaþólskari en páfinn. Og þetta er líka breyting á afstöðu Alþfl. Þegar seðlabankalögin voru til umræðu 16. apríl 1986, þá fluttum við, ég og hæstv. fjmrh., 20 brtt. við seðlabankafrv. Ég skora á hæstv. viðskrh. að kynna sér þær brtt. Þar kom m.a. fram að við fögnuðum báðir sérstaklega þessari grein seðlabankalaganna, þar sem stendur:

„Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum, m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo

og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána."

M.ö.o.: Samkvæmt þessum texta hefur Seðlabankinn sem miðbanki afdráttarlaust vald til íhlutunar um vaxtaákvarðanir. Þessu fögnuðum við alveg sérstaklega, ég og hæstv. fjmrh., að Seðlabankinn hefur þetta íhlutunarvald, ríkisstjórnin hefur þetta íhlutunarvald. Því valdi hefur hæstv. viðskrh. beitt þó að hann kjósi að halda þannig á málum eða láta menn halda það að hann hafi hvergi komið nálægt málinu. Þess vegna er það alveg ástæðulaus hógværð fyrir hann að neita því að hann hafi átt einhvern hlut að því að lækka pínulítið vextina og skipa svo fyrir að svo skyldi gert. Hann ætti þvert á móti að muna þetta, það þakka honum það margir. Ég tel að það sé eitt það skársta við þessar ráðstafanir að þessu ákvæði seðlabankalaganna hefur verið beitt, sem við hæstv. fjmrh. fögnuðum sérstaklega í umræðum á Alþingi 16. apríl 1986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

62. fundur, þriðjudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 605.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Með því frv. sem hér er mælt fyrir um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er lagt til að opna nýja leið í húsnæðismálum landsmanna.

Kaupleiguíbúðir eru skv. frv. þessu íbúðir byggðar eða keyptar á þeim forsendum að íbúar eigi kost á að velja um leigu eða kaup á íbúðinni með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Í frv. er lagt til að kaupleiguíbúðirnar verði með tvennum hætti, félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir.

Félagslegar kaupleiguíbúðir verða eingöngu á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka sem þurfa að byggja kaupleiguíbúðir fyrir láglaunafólk, eða aðra þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun. Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni til félagslegra kaupleiguíbúða 85% lán til 43 ára með sömu vaxtakjörum og almennt gilda hjá sjóðnum.

Framkvæmdaaðili skal sjá um að útvega lán til 15% fjármögnunar, t.d. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða eða annarra fjárfestingarlánasjóða. Sá sem fær úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um að gera kaupsamning strax í upphafi eða gera leigusamning með kauprétti. Skv. frv. hefur leigjandi a.m.k. fimm ára umhugsunarfrest varðandi kaup á íbúðinni. Þeir sem koma til greina við úthlutun félagslegra kaupleiguíbúða verða að uppfylla skilyrði 44. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, en þar eru almenn skilyrði varðandi tekjumörk og eignarstöðu þeirra sem eiga kost á félagslegum íbúðum.

Leiga í félagslegri kaupleiguíbúð greiðist mánaðarlega og miðast við afborgun og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna, auk vaxtakostnaðar af 15% framlagi framkvæmdaaðila að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðili miði þau vaxtagjöld af 15% framlaginu sem renna í leigu við þau vaxtakjör sem gilda hjá Byggingarsjóði ríkisins en á móti því kemur sú eignamyndun framkvæmdaaðila sem verður við afborgun 85% lánsins.

Ef hins vegar leigjandi festir kaup á íbúðinni og gerir samning við framkvæmdaaðila um endurgreiðslu 15% framlagsins er gert ráð fyrir að miðað sé við sömu vaxtakjör og framkvæmdaaðili býr við gagnvart lánardrottnum sínum, enda fá þeir sem kaupa íbúðir sérstaka aðstoð, húsnæðisbætur fyrir milligöngu skattakerfisins.

Leigjandi á kost á að kaupa íbúðina á kjörum Byggingarsjóðs verkamanna að því tilskildu að skilyrðum varðandi lánveitingar úr sjóðnum sé fullnægt. Kaupandi gerir þá samning við sveitarfélagið eða félagasamtök um endurgreiðslu á 15% framlaginu. Lagt er til að endurgreiðsla geti farið fram á allt að 30 árum með mánaðarlegum greiðslum sem er þá eins konar viðbót við leigu. Þegar kaupandi hefur endurgreitt framkvæmdaaðila framlag hans fær viðkomandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur eftirstöðvar áhvílandi lána.

Mikilvægt nýmæli varðandi félagslegar íbúðir er ákvæði um endurskoðun vaxtakjara. Lagt er til að átta árum eftir að kaup eru gerð skuli endurskoða vaxtakjör á láni úr Byggingarsjóði verkamanna með hliðsjón af tekjum viðkomandi. Ef kaupandi er kominn yfir tekjuviðmiðun félagslega kerfisins þegar endurskoðun fer fram skal breyta vaxtakjörum lánanna til samræmis við gildandi kjör á almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Endurskoðun vaxtakjara fer fram átta árum eftir undirritun kaupsamnings eins og áður sagði, en síðan á fimm ára fresti eftir það. Þetta er gert til að tryggja að hin mikla niðurgreiðsla vaxta sem á sér stað í félagslega kerfinu fari sem best eftir þörfum og verði hætt þegar hagur íbúðareigenda gefur tilefni til þess og lúti þá ákvæðum vaxtakjara í Byggingarsjóði ríkisins.

Gert er ráð fyrir að félagslegar kaupleiguíbúðir lúti flestum þeim skilyrðum sem sett eru um aðrar lánveitingar til félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna. Í þessu sambandi má nefna kaupskyldu sveitarfélaga og félagasamtaka sem gildir í 15 ár og síðan forkaupsréttur. Þessi skilyrði eru eins og

kunnugt er til að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni áfram tilgangi sínum í þágu láglaunafólks.

Í frv. er lögð rík áhersla á skýr ákvæði um ábyrgð framkvæmdaaðila. Frumkvæði framkvæmdaaðila um byggingu félagslegra kaupleiguíbúða og ábyrgð þeirra eru í frv. mjög samtvinnaðir þættir. Fyrirkomulag þetta er með öðrum hætti en í verkamannabústaðakerfinu, en þar er gert ráð fyrir að frumkvæði og framkvæmd verði á vegum stjórnar verkamannabústaða, en í félagslegum kaupleiguíbúðum er frumkvæði, ábyrgð og úthlutun íbúða á vegum framkvæmdaaðila sem ætla má að séu í flestum tilfellum sveitarfélögin.

Þegar undirbúningur að gerð frv. hófst í júlí 1987 var sveitarfélögum og félagasamtökum sem starfa að húsnæðismálum sent dreifibréf til kynningar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um stöðu félagslegra íbúðabygginga, áætlaða þörf fyrir kaupleiguíbúðir og einnig var beðið um ábendingar varðandi útfærslu hugmynda um kaupleiguíbúðir.

Viðbrögð við dreifibréfi félmrn. voru mjög jákvæð og augljóst að mörg sveitarfélög og félagasamtök telja þennan kost henta vel við núverandi aðstæður í húsnæðismálum landsmanna. Svör bárust frá yfir 90 sveitarfélögum og átta félagasamtökum, þar á meðal samtökum aldraðra og fatlaðra, Búsetahreyfingunni og frá samtökum námsmanna. Ábendingar sveitarstjórnarmanna og forráðamanna félagasamtakanna, sem fram komu í þessari könnun, voru mjög gagnlegar og höfðu víðtæk áhrif á tillögur þessa frv. Má þar benda á að með frv. þessu er opnað fyrir nýjan möguleika á samstarfi sveitarfélaga og einstaklinga eða félagasamtaka og fleiri aðila um lausn húsnæðisvandans á landsbyggðinni. Leiguíbúðir byggðar á félagslegum forsendum eru ekki eingöngu bundnar við þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoðar við húsnæðisöflun heldur einnig opnað fyrir leiguíbúðir í almenna húsnæðislánakerfinu.

Lögð er áhersla á í frv. nauðsyn þess að sveitarfélög geti boðið leiguíbúðir fyrir aðkomufólk sem ekki er viðbúið því að fjárfesta um leið og það flyst á viðkomandi stað en hefði þann möguleika opinn án þess að þurfa að skipta um íbúð. Jafnframt er í frv. lagt til grundvallar mikilvægi þess að nýtt fyrirkomulag taki mið af eðli fasteignamarkaðar á landsbyggðinni og þeirri áhættu sem fylgir íbúðafjárfestingu ef viðkomandi hefur ekki staðfastan ásetning um framtíðarbúsetu á staðnum. Af þessu er ljóst að ábendingar frá landsbyggðinni og sveitarstjórnum að því er frv. þetta varðar höfðu víðtæk áhrif á gerð frv. og ákvæði þess.

Til viðbótar þessu má benda á þörf sveitarfélaga á leiguhúsnæði til eigin nota fyrir starfsfólk sitt vegna tímabundinna starfa aðkomufólks, vegna ungs fólks sem er að stofna heimili og fyrir aldraða sem vilja aðlaga húsnæðismál sín breyttum aðstæðum á efri árum, en af þessum sjónarmiðum markast einnig það frv. sem hér er mælt fyrir.

Tillögur frv. um almennar kaupleiguíbúðir byggja mjög á þessum viðhorfum einnig, sem hér hefur verið lýst, og gert er ráð fyrir lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í því skyni. Auk þess sem íbúar geta valið um kaup eða leigu á íbúðum fjármögnuðum úr Byggingarsjóði ríkisins er gert ráð fyrir að leigjendur geti tryggt sér afnotarétt á íbúð með því að kaupa hlut í íbúðinni. Framkvæmda- og ábyrgðaraðilar að almennum kaupleiguíbúðum geta verið sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu.

Lagt er til að fyrrnefndir framkvæmdaaðilar, sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, eigi kost á 70% hámarksláni úr Byggingarsjóði ríkisins til að kaupa eða byggja almennar kaupleiguíbúðir auk viðbótarláns úr sama sjóði. Í þessu skyni er gerð tillaga um að stofnaður verði sérstakur lánaflokkur í Byggingarsjóði ríkisins, lán til almennra kaupleiguíbúða, ætlaður sveitarfélögum eða öðrum framkvæmdaaðilum sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð húsnæðis í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að lánað verði allt að 15% kostnaður skv. þessum lánaflokki og lánstími verði 25 ár. Framkvæmdaaðili skuldbindur sig til að útvega 15% kostnaðar eða kaupverðs og gert er ráð fyrir að fjárins sé aflað með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða eða annarra aðila.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir 273 millj. á útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins sérstaklega vegna kaupleiguíbúða. Framlög til Byggingarsjóðs verkamanna munu aukast á þessu ári og ætla má að útlánageta sjóðsins nær tvöfaldist miðað við árið á undan. Í tillögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða félagasamtök geti fjármagnað eigið framlag með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða einstaklinga eða fleiri aðila.

Ef byggðar verða 300 kaupleiguíbúðir, svo dæmi sé tekið, og skuldabréf seld lífeyrissjóðum vegna framlags sveitarfélaga væru þau skuldabréfakaup rétt rúmlega 1% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á þessu ári. Skv. upplýsingum Seðlabanka Íslands er ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna áætlað fyrir árið 1989 13,4 milljarðar. Því yrði um að ræða, ef til kæmu skuldabréfakaup frá lífeyrissjóðum til sveitarfélaga, 134 millj. samtals til að standa að fullu undir framlagi sveitarfélaga miðað við að byggðar verði 300 kaupleiguíbúðir. Ég tel að hér sé um raunhæfa áætlun að ræða að ætla að lífeyrissjóðirnir væru tilbúnir í slík skuldabréfakaup við sveitarfélögin þegar til þess er litið að þá mundi fjármagn lífeyrissjóðanna frekar haldast á stöðunum úti á landsbyggðinni.

Samkvæmt tillögum frv. getur sá sem fær úthlutað almennri kaupleiguíbúð valið um leigu eða kaup á íbúðinni. Er það eitt af mikilvægustu ákvæðum frv. Sá sem velur leigu strax í upphafi hefur skv. ákvæðum a.m.k. fimm ára umþóttunartíma til að ákveða kaup, en sveitarfélög eða framkvæmdaaðilar geta framlengt leigutímann ef þau svo kjósa. Leigugjald fyrir almennar kaupleiguíbúðir greiðist mánaðarlega

og miðast við afborganir og vexti af almennu láni, 70% láninu, og sérstöku viðbótarláni, 15%, úr Byggingarsjóði ríkisins auk vaxtakostnaðar af framlagi framkvæmdaaðila og almenns rekstrarkostnaðar. Óski leigjandi þess að kaupa íbúðina á hann rétt á því að uppfylltum skilyrðum um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóð. Þegar leigjandi óskar að kaupa íbúðina gerir hann samning um afborganir af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins og endurgreiðslur á framlagi framkvæmdaaðila. Gert er ráð fyrir að sérstaka viðbótarlánið fyrir 15% kostnaði greiðist upp á allt að fimm árum frá dagsetningu kaupsamnings.

Þegar kaupandi hefur greitt framlag sveitarfélagsins eða samstarfsaðila þess fær viðkomandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að almennum kaupleiguíbúðum auk þess sem forsendur fjármögnunar, framkvæmdir og rekstur íbúðanna grundvallast á félagslegum sjónarmiðum. Því er lagt til að á framkvæmdaaðila hvíli kaupskylda í fimm ár frá útgáfu afsals. Eftir það er gert ráð fyrir að framkvæmdaaðili eigi forkaupsrétt.

Þriðji valkosturinn í almenna kaupleigukerfinu er hlutareign í leiguíbúð. Framkvæmdaaðilum er heimilt að selja einstaklingum skuldabréf sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt af íbúð. Þegar um er að ræða aldraða eða öryrkja verður heimilt að selja leigjendum 15% hlut í eigninni, en almenna reglan í þessu sambandi er 30% hlutareign.

Skuldabréf sem seld eru gegn tryggingu á afnotarétti skulu vera tryggð skv. lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Heimilt verður að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra segir upp leigusamningi á íbúðinni svo og við andlát hans. Þá er hlutareign endurgreidd með verðbótum en án vaxta. Leiguíbúðir með hlutareign í almenna kerfinu eru hér útfærðar með svipuðum hætti og eru nú fyrir hendi í félagslega kerfinu skv. 33. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fjölmörg sveitarfélög og félagasamtök bentu á nauðsyn þess að hafa þennan kost í almenna kerfinu. Þetta fyrirkomulag hentar vel hvað varðar fjármögnun og rekstur íbúða fyrir aldraða og öryrkja. Fyrir aldraða sem vilja aðlaga húsnæðismál sín breyttum forsendum á efri árum og komast í sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða verða íbúðaskiptin auðveldari með þessum hætti. Hlutareign gefur jafnframt möguleika á þátttöku leigjenda í stjórnun eða rekstri íbúðanna og sameinar þannig kost eignar- og leigufyrirkomulags.

Við gerð þessa frv. um kaupleiguíbúðir hefur sérstök hliðsjón verið höfð af húsnæðismálum á landsbyggðinni eins og áður er sagt. Í frv. er tekið mið af þeim sérstaka vanda sem landsbyggðin á nú við að glíma í húsnæðismálum. Á sl. árum hefur dregið úr íbúðabyggingum. Tímabilið 1976–1980 voru fullgerðar árlega að meðaltali um 2200 íbúðir. Sl. sex ár er meðaltalið hér á landi um 1660 íbúðir á ári. Árið 1986 voru íbúðabyggingar í algeru lágmarki en þá var byrjað á aðeins 1163 íbúðum. Framkvæmdir við nýjar íbúðir hafa ekki verið jafnlitlar allar götur síðan 1969.

Það sem einkennir þessa þróun er að samdráttur sl. ára tekur nær eingöngu til landsbyggðarinnar. Árið 1986 fóru um 82% almennra byggingarlána Byggingarsjóðs ríkisins til höfuðborgar- og Reykjaness svæðisins. Félagslegum íbúðabyggingum á landsbyggðinni hefur einnig fækkað sl. ár. Þegar heildarútlán Húsnæðisstofnunar ríkisins á árinu 1986 eru athuguð sést að rúmlega 3 af hverjum 4 krónum fóru til þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa, höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness.

Ef ekkert er að gert blasir við að landsbyggðin mun ekki rétta hlut sinn í húsnæðiskerfinu á næstu árum. Þetta sést meðal annars á því að af þeim rúmlega 12 000 umsóknum samkvæmt nýja húsnæðiskerfinu sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur borist frá 1. sept. 1986 eru um 70% frá umsækjendum sem búa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Augljóst má vera að nýja húsnæðislánakerfið hefur ekki náð að þjóna landsbyggðinni sem skyldi og því nauðsynlegt að bæta stöðu landsbyggðarinnar í húsnæðismálum. Frv. hefur þessar forsendur að leiðarljósi.

Í tillögunum er gert ráð fyrir að lán verði veitt á þeim forsendum að auka þurfi framboð húsnæðis í sveitarfélaginu og við úthlutun lána taki húsnæðismálastjórn mið af stöðu húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélagi. Í kaupleigufyrirkomulaginu er gert ráð fyrir að framkvæmdaaðili geti fjármagnað framlag sitt með sölu skuldabréfa t.d. til staðbundinna lífeyrissjóða. Með þeim hætti getur lífeyrissjóður heima í héraði stuðlað að nauðsynlega auknu framboði íbúðarhúsnæðis og um leið aukið hluta byggðarlagsins í útlánum húsnæðiskerfisins.

Þó þessa sé getið í ákvæðum í frv. um sölu skuldabréfanna er slíkt ákvæði ekki nauðsynlegt í lagatexta og reyndar um það skiptar skoðanir, en það hefur verið sett þarna sem leiðbeinandi ákvæði.

Erfiðleikar landsbyggðarinnar eru af ýmsum toga og margar ástæður liggja til grundvallar. Þróun atvinnulífs og afkoma íbúanna er oft mjög sveiflukennd. Áhrif þessa eru mun meira afgerandi á fasteignaverð á landsbyggðinni en á þéttbýlissvæðum við Faxaflóa. Íbúðafjárfesting er því áhættumeiri á landsbyggðinni, enda er nú svo komið að fólk vill ekki byggja eða kaupa þó svo að afkoma sé góð og tekjur gefi tilefni til þess.

Augljóst er að við þessar kringumstæður þarf að leita að fleiri valkostum en nú eru fyrir hendi. Það er von mín að kaupleigukerfið geti aukið möguleika landsbyggðarinnar gagnvart húsnæðiskerfinu. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika húsnæðiskerfisins með tilliti til mismunandi þarfa fólks eftir aldri, búsetu og félagslegri stöðu. Af viðbrögðum sveitarfélaga við könnun félmrn. vegna undirbúnings þessa frv. má ráða að fjöldi sveitarfélaga telur kaupleiguíbúðir henta vel við þær aðstæður sem nú eru í húsnæðismálum úti á landsbyggðinni. Þessi sjónarmið

koma einnig fram í máli bæjarstjórans á Ísafirði á ráðstefnu sem Byggðastofnun stóð fyrir á Selfossi í nóvember 1987 undir nafninu: Hefur byggðastefnan brugðist? Bæjarstjórinn á Ísafirði fjallar um húsnæðisvandann á landsbyggðinni í grein sem birtist í Sveitarstjórnarmálum, nr. 5 1987, og kemst að eftirfarandi niðurstöðu. Ég vitna í orð bæjarstjórans á Ísafirði, með leyfi forseta:

„Með öflugu kaupleigukerfi tel ég að hægt verði að finna lausn á húsnæðisvanda landsbyggðarinnar, enda verði fólki tryggð sömu verðmæti í íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu."

Fram kemur í grein bæjarstjórans einnig, sem rituð er í Sveitarstjórnarmál, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Reynsla mín frá Ísafirði er sú að fólk er ekki tilbúið að flytja út á land og byrja á því að fjárfesta í íbúð. Það vill a.m.k. fyrst um sinn taka húsnæði á leigu."

Í skýrslu byggðanefndar þingflokkanna, sem gefin var út í júlí 1986, segir eftirfarandi um húsnæðismál: „Aðgerðum í húsnæðismálum hefur ekki verið beitt til að hafa áhrif á byggðaþróun með búsetujöfnun. Bygging mikils fjölda félagslegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu hefur áreiðanlega haft áhrif til aukinna flutninga til svæðisins. Húsa- og íbúðaverð er verulega lægra utan höfuðborgarsvæðisins og á einstöku stöðum eru fasteignir illseljanlegar eða óseljanlegar eins og nú horfir. Að einhverju leyti hefur lægra verð hvetjandi áhrif á flutning frá höfuðborgarsvæðinu en í raun vegur hitt miklu þyngra að fólk hættir öllu sínu með því að fjárfesta í húseign úti á landi sem reynst gæti óseljanleg. Þetta hefur því í raun mjög letjandi áhrif á búsetu á landsbyggðinni. Ef unnt væri t.d. með kaupleigufyrirkomulagi eða einhverjum öðrum hætti að tryggja auðveldari eignaskipti og jafnara fasteignaverð mundi það hafa veruleg áhrif til byggðajöfnunar."

Herra forseti. Auk þess sem kaupleigukerfið hefur, eins og ég hef hér lýst, ótvíræðan kost fyrir landsbyggðina er kosturinn fyrir fólkið sem á að njóta þessara íbúða einkum fólginn í tvennu:

1. Vali fólksins um hvort það vill leigja eða kaupa íbúðina.

2. Eingöngu er um fastar mánaðargreiðslur að ræða af hálfu leigjanda eða kaupanda og viðkomandi þarf ekki að fara út í þungar lántökur til að standa undir íbúðinni.

Þetta tvennt er fyrst og fremst þeir kostir sem kaupleigukerfið hefur fram yfir t.a.m. verkamannabústaðakerfið.

Að því er varðar einstakar greinar frv. skal vikið að því helsta.

Í 1. gr. er kveðið á um stofnun sérstaks lánaflokks sem heimilar lánveitingu allt að 15% kostnaðar til viðbótar 70% láni sem gert er ráð fyrir í 2. og 3. gr. frv.

Í 2. gr. er kveðið á um lánsheimild fyrir allt að 70% byggingarkostnaðar til handa sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum sem af sérstökum tilgreindum ástæðum þurfa að auka framboð húsnæðis í sveitarfélaginu.

Í 3. gr. er sams konar lánsheimild vegna kaupa á notuðum íbúðum sem kaupleiguíbúðir og er í 2. gr. um nýbyggðar kaupleiguíbúðir.

Í 4. gr. er fjallað um skilgreiningu og fyrirkomulag almennra kaupleiguíbúða.

Að gefnu tilefni, herra forseti, er nauðsynlegt að skýra uppsetningu á frv. nánar. En í Morgunblaðinu 26. febr. sl. er haft eftir þingflokksformanni Framsfl. eftirfarandi, með leyfi forseta, þar sem hann er að fjalla um kaupleiguíbúðir, en þar segir Páll Pétursson:

„Ef menn skoða það er lagatextinn ákaflega viðvaningslega gerður, ógreinilegur og undarlegur. T.d. eru sumar greinar margar blaðsíður."

(**SJS:** Vill ráðherrann endurtaka þetta, lesa þetta aftur?) Það er sjálfsagt. Þetta er tilvitnun í Pál Pétursson, þingflokksformann Framsfl., um kaupleiguíbúðir í Morgunblaðinu 26. febr.:

„*Ef menn skoða það er lagatextinn ákaflega viðvaningslega gerður, ógreinilegur og undarlegur. T.d. eru sumar greinar margar blaðsíður.*"

Það gengur auðvitað ekki, þó að reynt sé að koma höggi á mig, að hitta um leið fyrir starfsfólk ráðuneytisins sem af fyllstu samviskusemi hefur lagt á sig mikla vinnu í marga mánuði til að skila vönduðu verki.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í bréf sem tveir starfsmenn félmrn. sendu í dag til Páls Péturssonar alþm. til að skýra út það sem hann segir um að sumar greinar frv. séu margar blaðsíður.

Í bréfi starfsmanna ráðuneytisins til Páls Péturssonar kemur eftirfarandi fram:

„Í grein í Morgunblaðinu 26. febr. 1988 undir fyrirsögninni „Kaupleigufrumvarp félagsmálaráðherra veldur deilum" segir eftirfarandi og er þar eftirfarandi haft eftir yður: „T.d. eru sumar greinar margar blaðsíður. "Hér virðist gæta nokkurs misskilnings og viljum við undirrituð, sem unnum að smíð þessa frumvarps, koma eftirfarandi athugasemd á framfæri:

Í umræddu frv. er lagt til að í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist 35 nýjar greinar. Annars vegar er um að ræða nýjan undirkafla, „Lán til almennra kaupleiguíbúða", með 18 nýjum greinum. Hins vegar nýjan VI. kafla, „Félagslegar kaupleiguíbúðir", með 17 nýjum greinum. Ljóst var að við uppsetningu þessa frv. komu fleiri en ein leið til álita. Frv. var m.a. sent til yfirlestrar hjá starfsmanni Alþingis sem lagði til að uppsetningu þess yrði breytt þannig að hvor undirkafli, kafli fyrir sig, yrði ein grein í frv., annar með 18 nýjum greinum en hinn með 17 nýjum greinum eins og áður segir. Slík uppsetning er í samræmi við þá venju að þegar skotið er inn köflum með mörgum nýjum greinum eru nýju greinarnar settar upp sem stafliðir og voru lög nr. 90/1984 nefnd sem dæmi. Ákveðið var að fara eftir tilögu þessari.

Með hliðsjón af framangreindu felur 4. gr. frv. í

sér 30.–47. gr. væntanlegra laga og 8. gr. felur í sér 85.–105. gr. þeirra. Jafnframt viljum við vekja athygli á því að mikill tími og vinna voru lögð í það að vanda til verksins. Í því sambandi voru m.a. lögfræðingar utan ráðuneytisins fengnir til að yfirfara frv. áður en það var lagt fram. Er það von undirritaðra að með bréfi þessu sé sá misskilningur, sem hér virðist hafa átt sér stað, úr sögunni.

Virðingarfyllst,

Ingi Valur Jóhannsson og Þorgerður Benediktsdóttir."

Hér lýkur tilvitnun í bréf sem var sent þingflokksformanni Framsfl. í dag af tveim starfsmönnum ráðuneytisins sem eru auðvitað vandir að sinni virðingu og vilja ekki liggja undir því að hafa ekki vandað til þessa verks. Þetta er það fólk sem hefur borið hitann og þungann af því verki sem hér hefur verið unnið. Er það auðvitað ótækt að þetta fólk þurfi að sitja undir því að hafa verið með viðvaningsleg vinnubrögð við þetta mál þegar annað liggur ljóst fyrir, að þetta fólk hefur lagt mikla vinnu í að skila vönduðu verki af sér eins og reyndar frv. ber með sér sem hér liggur fyrir þinginu og hér er til umræðu.

Ég vona að þetta skýri út þá uppsetningu sem er á frv., en ákvæði frv. verða síðan felld inn í heildarlöggjöf um húsnæðismál.

Í 4. gr. a í frv. er skilgreining á almennum kaupleiguíbúðum, hverjir geta verið framkvæmdaaðilar og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess. Í 4. gr. b er fjallað um sérstaka 15% viðbótarlánið, lánstíma og lánskjör. Rétt er að vekja athygli á að í frv. er jafnan vísað í 30. gr. laga um Húsnæðisstofnun þegar fjallað er um vexti á lánum byggingarsjóðanna. Þar er kveðið á um að ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki skuli ríkisstjórnin taka að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

Vaxtakjör á lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins eru þó samkvæmt lögunum ákveðin af ríkisstjórn og því ekki kveðið á um vaxtakjör einstakra lánaflokka í frv. Skv. þeim tillögum sem frv. þetta byggir á er gert ráð fyrir að þegar íbúðin er keypt, þ.e. almennar kaupleiguíbúðir, breytist vaxtakjörin og er ekki óeðlilegt að vextir af 15% viðbótarláninu verði þeir sömu og af skuldabréfum lífeyrissjóðanna til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Í c-lið er gerð grein fyrir skilyrðum fyrir lánveitingum vegna almennra kaupleiguíbúða og lögð er rík áhersla á góðan undirbúning framkvæmda. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að við úthlutun lána sé jafnan tekið mið af þörf á auknu framboði íbúða í sveitarfélaginu samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um stöðu byggingarmála í viðkomandi sveitarfélagi.

Í d-lið er fjallað um stærðarmörk og fleiri skilyrði lánveitinga, en þar kemur fram að ekki skuli veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 fermetrar brúttó.

Í e-lið er fjallað um fyrirkomulag fjármögnunar almennra kaupleiguíbúða. Þar eru einnig ákvæði um sölu á hlutareign í íbúð til leigjenda sem vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sem er nýmæli í almenna kerfinu, en þessi kostur gæti hentað vel, eins og áður kom fram, fyrir marga, eins og t.d. aldraða. Hér er fyrst og fremst um að ræða að viðkomandi tryggir sér afnotarétt eða leigurétt af íbúðinni svo lengi sem hann kýs. Hætti hann afnotum af íbúðinni verður framlagið, sem viðkomandi lagði fram, endurgreitt með verðbótum en án vaxta.

Í f-lið er fjallað um ráðstöfun á almennum kaupleiguíbúðum.

Í g-lið er kveðið á um þá þrjá kosti sem um er að ræða fyrir þann sem fær úthlutað íbúð í almennri kaupleiguíbúð. Það er leiga með kauprétti, leiga með kaupum á eignarhluta eða kaup á íbúð. Hér er um að ræða eitt af mikilsverðustu nýmælum þessa frv., en það er það val sem fólk hefur samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í h-lið er fjallað um leigu á íbúð þar sem leigutaki á rétt á að kaupa íbúðina innan tilskilins frests. Framkvæmdaaðili ákveður hver sá frestur skuli vera. Hann skal þó eigi vera skemmri en fimm ár. Mikilvægt er að leigjanda sé ljóst hvaða kjör verði í boði ef hann neytir kaupréttarins. Því er lagt til að um þetta atriði verði kveðið á í leigusamningi að svo miklu leyti sem upplýsingar þar að lútandi liggja fyrir á þeim tíma. Ljóst er að kjör á lánum Byggingarsjóðs ríkisins geta breyst. Hins vegar á framkvæmdaaðili að geta veitt upplýsingar um það þegar við gerð leigusamnings hver verði kjör vegna 15% framlagsins.

Í i-lið eru ákvæði er lúta að kaupum leigjenda á hlutareign, en meginreglan er sú að eignarhluti nemi 30% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Þegar um elli- og örorkulífeyrisþega er að ræða getur eignarhlutinn numið lægra hlutfalli, þ.e. 15%.

Á kaupum á eignarhluta hvílir tiltekin kvöð um afnotarétt leigutaka. Hér er því einungis um persónulegan rétt hans að ræða og geta því aðrir ekki nýtt sér þann rétt. Falli leigutaki frá eða hætti afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

Í j-, k- og l-liðum eru ákvæði um skilyrði og kjör þegar íbúðin er keypt. Í j-lið er kveðið á um að ákveði leigutaki innan tilskilins frests að neyta kaupréttar á íbúð sé gerður kaupsamningur milli aðila. Kaupsamningur kveður á um eftirfarandi greiðslur: Í fyrsta lagi ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi láni Byggingarsjóðs ríkisins. Í annan stað endurgreiðslur á 15% framlagi sem útvegað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila. Í þriðja lagi vaxtakostnað af 15% framlagi. Hafi svo verið ákveðið við gerð leigusamnings að einungis hluti af vaxtakostnaði framlagsins félli undir leigu er framkvæmdaaðila nú heimilt að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlaginu en hann greiddi við leigu, allt að þeim vöxtum sem hann greiðir lánardrottni sínum. Rök fyrir því að kaupandi greiði hærri vexti en leigjandi byggjast á því skattahagræði sem

íbúðarkaupandanum er búið og vísast um það atriði til almennra athugasemda með frv.

Í k-lið er kveðið á um að við útgáfu afsals yfirtaki kaupandi áhvílandi veðskuldir. Allt fram til þess tíma hefur sveitarfélagið eða annar framkvæmdaaðili séð um skuldaskil milli kaupanda og Byggingarsjóðs ríkisins og kaupandinn því snúið sér til framkvæmdaaðila með allar greiðslur og afborganir.

Lagt er til að þeim sem fest hafa kaup á almennri kaupleiguíbúð sé óheimilt að leigja út íbúðina nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila.

Að því er varðar ákvæði næstu sex greina eða liði merkta m–r er m.a. fjallað um fimm ára kaupskyldu framkvæmdaaðila, forkaupsrétt og önnur atriði er lúta að endursölu almennra kaupleiguíbúða. Framkvæmd endursölu verður með svipuðum hætti og gildir nú um félagslegar íbúðir sem koma í endursölu.

Í 5. gr. er kveðið á um að sérstakt lán til almennra kaupleiguíbúða skuli vera með jafngreiðslufyrirkomulagi og að afborgun hefjist strax á fyrsta ári.

Í 6. gr. er opnuð heimild til að lána úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupleiguíbúða.

Í 7. gr. er kveðið á um að félagslegar kaupleiguíbúðir heyri ekki undir stjórn verkamannabústaða.

Í 8. gr. er fjallað um nýjan kafla með fyrirsögninni „Félagslegar kaupleiguíbúðir". Í þessari grein eru 17 nýjar greinar um félagslegar kaupleiguíbúðir.

Í a-lið er skilgreining á félagslegum kaupleiguíbúðum og kveðið á um hverjir geta verið framkvæmdaaðilar, þ.e. sveitarfélög eða félagasamtök.

Í b-lið eru ákvæði um undirbúning að byggingu félagslegra kaupleiguíbúða og hvaða skilyrði sveitarfélög eða félagasamtök þurfi að uppfylla til að eiga kost á láni.

Í c-lið er fjallað nánar um undirbúning og síðan þau stærðarmörk sem gilda um kaupleiguíbúðir, en um er að ræða 130 fermetra íbúð eða það sama og í almenna kerfinu.

Í d-lið er fjallað um lánshlutfall og lánskjör vegna félagslegra kaupleiguíbúða. Lánskjör verða með sama hætti og gildir um lán vegna íbúða í verkamannabústöðum með tveimur mikilvægum undantekningum. Í fyrsta lagi er kveðið á um að átta árum eftir að kaupsamningur er gerður skuli fara fram endurskoðun vaxtakjara. Ef tekjur kaupandans eru yfir tekjumörkum félagslega lánakerfisins skal lánskjörum breytt til samræmis við þau kjör sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir. Í öðru lagi verða lánskjör þegar við kaupsamning þau sömu og gilda um almennar kaupleiguíbúðir ef leigjandi sem gerir kaupsamning er yfir tekjumörkum félagslega kerfisins.

Í e-lið er kveðið á um að framkvæmdaaðili skuli útvega 15% kostnaðarverðs félagslegra kaupleiguíbúða.

Í f-lið er kveðið á um ráðstöfun íbúðanna. Framkvæmdaaðili skal ráðstafa íbúðunum og koma þeir einir til greina sem þurfa af félagslegum ástæðum á aðstoð að halda við að útvega sér húsnæði, sbr. 44. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í g-lið er kveðið á um þá tvo kosti sem sá sem fær úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um, þ.e. leiga með kauprétti eða kaup. Þar sem lögð er áhersla á val fólks í þessum efnum er framkvæmdaaðila óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

Í h-lið er fjallað um leigu á íbúð með kauprétti. Eins og í h-lið 4. gr. frv. er lögð áhersla á að leigjandanum sé ljóst hvaða kjör verða í boði ef hann neytir kaupréttar.

Í i-lið er síðan fjallað um kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum og í j-lið er lagt til að kaupanda félagslegra kaupleiguíbúða verði ekki gert að greiða stimpilgjald af afsali líkt og gildir um íbúðir í verkamannabústöðum.

Í k-lið er lagt til að þeim sem festa kaup á félagslegri kaupleiguíbúð sé óheimilt að leigja út íbúðina nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Hér er höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilda um íbúðir í verkamannabústöðum.

Í l-lið eru ákvæði um kaupskyldu fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals og forkaupsrétt framkvæmdaaðila. Hér er höfð hliðsjón af reglum hjá Byggingarsjóði verkamanna einnig um íbúðir í verkamannabústöðum.

Með ákvæðum um kaupskyldu og forkaupsrétt er verið að tryggja að félagslegar kaupleiguíbúðir haldist í félagslegri eign og þjóni áfram upphaflegum tilgangi sínum.

Í m-lið er lagt til að útreikningar á söluverði íbúðanna þegar til endursölu kemur verði á hendi sveitarfélaganna sjálfra eða viðkomandi félagasamtaka.

Í n-lið er stuðst við ákvæði laga um útreikning á endursöluverði og eignarhluta seljanda í verkamannabústöðum sem byggðir eru eftir 1980, að því undanskildu að ekki er tekið mið af markaðsverði íbúðar á hverjum stað. Með greininni er seljanda tryggt að við endursölu íbúðar fái hann endurgreitt það sem hann hefur lagt í íbúðina en engan söluhagnað.

Í o- og p-lið eru ákvæði um heimild til nafnaskipta á íbúðum án sölu og um réttarstöðu framkvæmdaaðila ef félagsleg kaupleiguíbúð er seld á nauðungaruppboði. Þessi ákvæði eru í samræmi við það sem gildir um íbúðir í verkamannabústöðum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hefði alla jafna ekki séð ástæðu til að standa upp og taka til máls í þessu máli ef aðdragandi málsins hefði ekki verið með nokkuð óvenjulegum hætti undir það síðasta.

Eins og kunnugt er var frv. þessu útbýtt í þinginu fyrir viku, en þá án þess að fyrir hefði legið endanleg og formleg heimild þingflokks sjálfstæðismanna. Nú

er það að vísu svo að í því efni og um það sem fór milli manna áður en frv. var lagt fram gætir einhvers misskilnings sem þó hefði ekki þurft að koma neitt að sök vegna þess að það hefði nákvæmlega engu breytt fyrir framgang frv. í þinginu ef það hefði verið lagt fram einum, tveimur eða þremur dögum síðar en varð vegna þess að það hafði ekkert komið til umræðu fyrr en í dag. En óðagotið við að koma þessu máli inn í þingið var svo mikið að það mátti ekki bíða þess að formlegar tilkynningar um framlagningu kæmu fram með venjubundnum hætti.

Ég hefði eflaust ekki séð ástæðu til þess að gera þetta að umtalsefni hér ef það hefði ekki verið þannig að um eitt mikilvægt atriði í frv., sem ég taldi að búið væri að ná samkomulagi um, er þannig háttað að orðalag er að okkar dómi sjálfstæðismanna ekki fullnægjandi. Því hefðum við að sjálfsögðu reynt að fá breytt við nánari umfjöllun ef tími hefði gefist til þess. En þar sem við fengum ekki að sjá endanlegt orðalag á þessu viðkvæma atriði gafst okkur ekki tækifæri til að gera við það okkar athugasemdir.

Þetta vildi ég segja hérna í tilefni sérstaklega af grein sem minn ágæti sessunautur og samstarfsmaður, 5. þm. Norðurl. v., skrifar í Morgunblaðið í morgun vegna þess að þar er því miður ekki allur sannleikurinn sagður og ég tel mig til þess knúinn að upplýsa hvað þarna fór fram áður en ég vík að efni frv.

Við sem sátum í tiltekinni undirbúningsnefnd stjórnarflokkanna, tveir fulltrúar félmrh. og tveir frá hinum stjórnarflokkunum, vorum búnir að komast að munnlegu samkomulagi, eftir að vísu þó nokkur fundahöld og þó nokkrar breytingar sem gerðar voru á frv., fyrst og fremst að frumkvæði okkar sjálfstæðismanna.

Við náðum munnlegu samkomulagi á þriðjudeginum í síðustu viku, eins og réttilega kemur fram í greininni, og það var síðan borið undir þingflokka á miðvikudag. Ég tilkynnti hv. 5. þm. Norðurl. v. í fljótheitum (því hann var í símanum þegar ég ræddi við hann, en við erum hlið við hlið úti í Skjaldbreið), skaut því að honum að við hefðum samþykkt þetta.

En auðvitað liggur það fyrir í öllum samskiptum þingflokkanna að eðlilegar og tilteknar venjur gilda. Ég gerði reyndar síðan sérstakar ráðstafanir með því að ég hringdi í hinn nefndarmann félmrh., hennar hægri hönd í þessu máli, starfsmann ráðuneytisins, og tjáði honum á fimmtudagsmorgni að málið væri samþykkt, en ég þyrfti sem nefndarmaður okkar í þessari nefnd auðvitað að fá að sjá lagatextann sem ætlunin væri að leggja fram, þarf raunverulega ekki að taka slíkt fram, og í öðru lagi vildi þingflokkurinn fá frv. til athugunar. Menn vildu fá að sjá frv. og lesa það áður en það yrði lagt fram. Þessi vitneskja komst til ráðuneytisins og ráðherrans, það á ekkert að fara milli mála, þó ég hafi þurft að bregða mér bæjarleið á vegum þingflokksins um þessa helgi, að við þyrftum að fá frv. til athugunar og endanlegrar afgreiðslu.

Hinn ágæti og mæti starfsmaður félmrn., og ég vil nota tækifærið og taka undir ummæli ráðherrans varðandi hans störf í þessu efni, sem hafa að mínum dómi verið alveg til fyrirmyndar, og ég væni hann síst af öllum um einhver undirmál í þessu, mun hafa lagt hart að sér við að gera þær breytingar á texta þessa máls sem nauðsynlegar voru, en sendir þær síðan, að því er fram kemur, í þinghúsið eftir að allir eru héðan farnir á föstudag. Þess vegna berst mönnum þetta ekki í hendur, starfsmanni þingflokksins, (**ÁrnG:** Þetta er eins og stríðsáætlun.) fyrr en á mánudag og mér ekki fyrr en ég kem frá útlöndum nokkrum dögum seinna. Allt þetta hefði ekki þurft að vera neitt mál ef ráðherrann hefði getað setið á sér og látið þetta bíða í örfáa daga þangað til menn væru búnir að leggja blessun sína yfir þetta. En auðvitað minna þessi vinnubrögð um margt á ýmislegt annað sem maður hefur þurft að horfa upp á í sambandi við vinnubrögð þessa hæstv. ráðherra. Ég get ekki leynt því. (**Félmrh.:** Dæmi.) Ég skal t.d. lesa bréf sem framkvæmdastjórum þingflokka Sjálfstæðis- og Framsfl. var sent í þinghléi í janúar út af þessu máli. Ég ætla að leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta. Þar segir:

„Frv. til laga um kaupleigu hefur nú verið til meðferðar í þingflokkunum frá því um mánaðamótin nóvember–desember. Hér með er óskað eftir því að athugasemdir við frv., ef einhverjar eru, verði sendar undirritaðri eða Inga Val Jóhannssyni í félmrn. fyrir þriðjudaginn 26. jan. nk.“ — Þetta er sent 21., sem sagt rétt fyrir helgi, og menn eiga að gjöra svo vel að vera búnir að svara þessu rétt eftir helgi. Þarna er reyndar ranglega tekið fram að þetta hafi verið sent okkur um mánaðamótin nóvember–desember. Það er rétt sem segir í grein hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar í blaðinu í morgun að eintökin af þessu eru dagsett 7. des. Slík vinnubrögð í þinghléi eru fyrir neðan allar hellur.

Ég hafði einsett mér að sitja á mér og vera ekki að hafa orð á þessu, en eftir það sem á undan er gengið tel ég fullkomna ástæðu til þess. Þetta minnir reyndar á það þegar hæstv. ráðherra talaði um það við okkur nokkra stjórnarliða að senda okkur til yfirlestrar reglugerðir þær sem hún hugðist gefa út í framhaldi af nýsettum lögum um húsnæðismál fyrir jólin. Hún sendir þessar reglugerðir á síðasta degi, á fimmtudegi, þegar þinghlé er gert, seint um daginn, og gefur þær síðan út morguninn eftir. Þetta er ekki beint til marks um eðlilegan eða góðan samstarfsvilja.

En það er eins og það sé rauður þráður í þessum vinnubrögðum að það sé nóg að henda pappírum í fólk og segja: Þú ert búinn að sjá þetta og ef þú segir ekkert við þessu er það samþykkt. Það er tónninn, því miður, í grein míns ágæta félaga, hv. þm. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar, í morgun. Þar er tekið fram, með leyfi forseta: „Á föstudag er lagatextinn tilbúinn og sendur niður í Alþingi til sjálfstæðismanna í samræmi við það samkomulag að þeir sæju hann áður en frv. yrði lagt fram sem var áætlað á

mánudaginn.“ Auðvitað var það ekki til þess eins að sjá frv. Það var auðvitað til þess að fara yfir það og gera athugasemdir ef einhverjar eru. Menn verða þá að fá eitthvert tóm til þess. (**GHelg:** Þetta eru alvanaleg vinnubrögð, herra þingmaður.) Nei, ekki þar sem ég þekki til. (**GHelg:** Þetta eru alvanaleg vinnubrögð.) Ég vil biðja þm. að vera ekki að blanda sér í það sem hún veit ekkert um.

Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram vegna þess að ég uni því afar illa að liggja undir þeim grun eða þeim ásökunum, hvort heldur það er í Morgunblaðinu eða annars staðar, að hafa ekki unnið mín störf að þessu máli af heilindum og samviskusemi. Það er þá við einhverja aðra að tala um slíkt mál. (**SJS:** Er það gefið í skyn í Mogganum?) Það segir í þeirri grein sem ég var að vitna í. (**SJS:** Er það ekki ritstjórn ... ?) Hv. þm. þarf ekki að vera að snúa út úr því. Nóg hefur hann til að snúa út úr almennt séð þó hann sé ekki að snúa út úr þessu. (**SJS:** Liggur illa á ræðumanni?) Nei, nei. (**Forseti:** Hv. ræðumaður hefur orðið.) (**Gripið fram í:** Það skulum við vona.) Ég taldi óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að koma þessum athugasemdum á framfæri. En ég vil jafnframt geta þess að í þessari undirbúningsnefnd, sem við sátum í sex manns, tókst á endanum ágætt samkomulag um þau ágreiningsefni sem þarna voru uppi þannig að það má segja að þessi uppákoma öll hafi verið hreinn óþarfi og framkoma ráðherrans að því leyti til afskaplega óheppileg og ekki síst fyrir hana sjálfa og hennar málefni hér.

Ég lét þess getið áðan að við hefðum sennilega ekki gert mikið veður út af þessu ef texti frv. hefði á endanum í þeim atriðum sem við gerðum athugasemdir við verið fullnægjandi. Ég ætla ekki að lesa það bréf sem við sendum félmrh., ég ætla ekki að tefja fundartímann á því, í kjölfar þess að frv. var lagt fram, en hún fékk sérstakt bréf frá þingflokki sjálfstæðismanna vegna þess. (**Félmrh.:** Er ekki ágætt að fá það lesið?) Jú, jú, ég skal lesa það þá. Það er svona, stílað á félmrh., með leyfi forseta:

„Vegna framlagningar frv. yðar um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál, vill þingflokkurinn taka fram eftirfarandi:

1. Ekki lá fyrir skrifleg heimild þingflokksins til að leggja frv. fram sem stjfrv. þegar það var lagt fram. Það hefur verið föst venja í núverandi stjórnarsamstarfi eins og áður að heimild þingflokka til að leggja fram stjfrv. er veitt með bréfi frá framkvæmdastjóra þingflokks.

2. Þegar gengið var frá munnlegu samkomulagi fulltrúa stjórnarflokkanna um hin mörgu ágreiningsefni í upphaflegu frv. ráðherra var skýrt tekið fram af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. að gefast yrði tóm til að yfirfara þær breytingar á texta frv. sem um var samið áður en frv. yrði lagt fram. Á raunar að vera óþarfi að taka slíkt fram svo sjálfsagt sem það er í samstarfi á milli flokka.

3. Komið hefur í ljós að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. frá upphaflegum drögum eru að dómi þingflokksins ekki allar í fullnægjandi samræmi við hið munnlega samkomulag fulltrúa flokkanna. Hjá slíku hefði eflaust mátt komast hefðu eðlileg og venjubundin vinnubrögð verið viðhöfð áður en frv. var lagt fram. Þannig var ákvæði jliðar 4. gr. ekki í skýru samræmi við samkomulag flokkanna né skýringar við þessa grein í athugasemdum frv. Sama er að segja um 1. málsgr. e-liðar 4. gr. Einnig hefur nýjum málsgreinum verið bætt inn í frv. sem fulltrúar flokkanna hafa ekki séð áður og öðrum breytt án samráðs.

4. Þingflokkurinn telur óhjákvæmilegt að um fullnægjandi breytingar á frv. semjist án tafar og leggur því til að þeim aðilum sem upphaflega var falið að ná samkomulagi um málið verði falið að ná endanlegu samkomulagi um frumvarpstextann og frv. svo breytt prentað upp.

Virðingarfyllst.
Sigurbjörn Magnússon,
framkvæmdastjóri.“

Það er nú þannig að hér er verið að tala um mál sem sérstaklega var samið um milli stjórnarflokkanna á sl. sumri. En það frv. sem upphaflega var lagt fram gekk á hinn bóginn í ýmsum atriðum verulega lengra en það samkomulag. Þess vegna sáum við sjálfstæðismenn ástæðu til að gera skriflegar athugasemdir við frv. og tillögur um málsmeðferð.

Það á ekkert að þurfa að taka það fram að þegar þannig er að málum staðið vilja menn auðvitað fá tækifæri til að yfirfara hinn endanlega frumvarpstexta. Við gerðum þá tillögu í þessu bréfi um málsmeðferð að þeir aðilar sem unnu þetta mál í nefndinni settust niður og leiðréttu það sem leiðrétta þyrfti að okkar dómi og málið yrði síðan prentað upp og því dreift hér aftur eins og algengt er í þinginu. Við höfum hins vegar ekki fengið neitt svar við þessu bréfi. Önnur leið hefði verið sú að gera fullnægjandi grein fyrir þessum atriðum í framsöguræðu og reyna að leysa málið í þingnefnd. En ég verð því miður að segja að mér fannst skýringar ráðherra við þessi atriði ekki nægilega góðar og kem ég þá að því, þó svo ég vilji þar með engan veginn útiloka að um þetta geti náðst samkomulag í nefndinni, enda var efnislega búið að því þannig að mig undrar mjög að hún skuli ekki, ráðherrann hæstv. og virðulegur, taka þetta alveg skýrt fram.

Það sem um er að ræða númer eitt er að þegar aðili sem hefur leigt kaupleiguíbúð og hyggst síðan festa kaup á henni eftir ákveðinn tíma á að gjaldfella hið sérstaka 15% viðbótarlán sem framkvæmdaaðilinn hefur fengið úr Byggingarsjóði ríkisins. (**Félmrh.:** Það kemur fram.) Það kemur ekki fram með skýrum hætti, ráðherra. Það á að gjaldfella það og greiða á fimm árum. Og það sem meira er: það á að gera það með markaðsvöxtum, með þeim vöxtum sem lífeyrissjóðirnir lána fé sitt á inn í húsnæðiskerfið. (**Félmrh.:** Á það að vera í lagataxtanum?) Það er ekki fullnægjandi, ef ég gæti fengið frið fyrir ráðherranum, virðulegum, að segja í þingræðu að það sé „ekki óeðlilegt“ að það eigi að miða við þá

vexti sem lífeyrissjóðirnir veita fé sitt til húsnæðiskerfisins á. Það á að standa skýrum stöfum. Það er ekki nóg að vitna til þess að ríkisstjórnin fari með þetta vald. Ég skal útskýra með nokkrum orðum hvers vegna við leggjum mikla áherslu á þetta atriði vegna þess að hér var eitt af þessum stóru ágreiningsmálum milli flokkanna á ferðinni.

Það sakar þá ekki að geta þess að í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir að einstaklingar sem eignast húsnæði í gegnum kaupleigukerfið ættu rétt á mun meiri og mun hagstæðari lánafyrirgreiðslu úr hinum opinberu byggingarsjóðum en hinn almenni borgari. Við sögðum sjálfstæðismenn og það var tekið undir það af fleirum: Svoleiðis gengur ekki. Það gengur ekki að veita venjulegu fólki að hámarki 70% lán úr Byggingarsjóði ríkisins, ef það er að byggja eða kaupa íbúð, en öðrum, sem hafa valið sér það form að festa kaup á íbúð í gegnum kaupleigukerfið, 85% lán. Það stenst ekki. Það var fallist á þetta. Það var ákveðið að hið sérstaka viðbótarlán upp á 15% skyldi gjaldfellt, endurgreitt með fullum markaðsvöxtum á fimm árum. Ef þetta kemur ekki nægilega skýrt fram þegar nefndin gengur frá þessu frv. tel ég mér alveg óhætt að fullyrða að þetta mál verður ekki afgreitt úr nefndinni með okkar samþykki.

Ég get hins vegar sagt það að ég tel að minn ágæti félagi, sem lagði sitt af mörkum til að ná samkomulagi, hv. 5. þm. Norðurl. v., og starfsmaður ráðuneytisins sem vann í þessu og aðrir nefndarmenn töldum okkur vera komna að samkomulagi. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að við náum saman um þetta þrátt fyrir þá misklíð sem orðin er og ég harma mjög. En á það mun reyna í störfum þingnefndarinnar.

Ég held að hæstv. ráðherra verði að fara að átta sig á því að hún er ekki ein á ferð í þessu máli. Hún er í ákveðnu samstarfi og það gengur ekkert, þó ráðherrann hafi gert fyrirvara í gær við efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem snúa að henni sjálfri eða hennar ráðuneyti, að halda sig sífellt við að það þurfi ekkert að taka tillit til samstarfsflokkanna. Það hefði áreiðanlega heyrst hljóð úr horni hjá hæstv. fjmrh. ef hæstv. samgrh. hefði gert fyrirvara við sinn þátt efnahagsráðstafananna, vegamálin, eða ef hæstv. heilbrmrh. hefði gert „prívat" athugasemdir við að hann þyrfti að skera eitthvað niður í sínu ráðuneyti í kjölfar þessara ráðstafana. En það er eins og það sé allt á sömu bókina lært. Þessi ráðherra telur sig hafa algera sérstöðu um vinnubrögð og annað sem tíðkast og ekki þurfa að temja sér hinar venjulegu samskiptavenjur sem gilda milli flokka í stjórnarsamstarfi á Alþingi.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni erum við að ræða húsnæðismál hér á þinginu og enn á að breyta lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þó eru ekki eldri en frá því í september 1986. Þegar breytingar voru gerðar á húsnæðislögunum árið 1986 var einungis tekið til við það íbúðaform sem fjallaði um eignaríbúðir. Félagslega íbúðakerfið og leiguíbúðalán og fleira var algerlega skilið eftir, en þó var talað um að endurskoðað yrði milli þinga. En ekki náðist samkomulag um að það yrði gert. Það voru þáverandi ríkisstjórnarflokkar sem ég vil nánast segja sviku að tekið yrði á þeim málum. Þetta frv. er kannski að einhverju leyti hluti af því máli, sem þar var talað um, að líta að einhverju leyti á félagslega íbúðalánakerfið og leiguíbúðakerfið. Þó að ég telji ekki að það sé rétt að taka einn hlutann út úr og líta eingöngu á það sem hér er til umræðu lít ég samt svo á að þetta sé að mörgu leyti jákvætt.

Í athugasemd við frv. stendur að markmiðið sé að ryðja braut nýjum valkostum í húsnæðismálum. Má vel vera að það sé mjög nauðsynlegt að gera það núna. Ef litið er á kerfið út frá einstaklingnum hefur það marga kosti. Þó ég hafi kannski ekki ætlað að blanda mér á neinn hátt í þær deilur sem upp virðast komnar á milli stjórnarflokkanna varðandi þetta mál get ég nú samt ekki stillt mig um að segja að þó það sé alls ekki verið að ásaka einn eða annan finnst mér frv. líka mjög flókið. Það má vel vera að það sé nauðsynlegt og ég er ekki þar með að segja að það þurfi ekki að vera flókið, en það er ákaflega flókið og erfitt að skilja. Það tók mig langan tíma að skilja hvernig kerfið væri upp byggt. Það má vel vera að sumt af því sem ég kem til með að ræða um sé vegna þess að ég hafi ekki áttað mig á öllum endum sem mér finnst margir vera lausir þegar frv. er lesið. Ég get á vissan hátt skilið ummæli hv. þm. Páls Péturssonar um að þetta væri flókið þó ég viti ekki hvort hann hafi meint endilega að það væri hægt að gera það miklu einfaldara. Ég skal ekkert um það dæma.

En ef maður lítur á frv. út frá einstaklingnum eingöngu, sem ég ætla að gera til að byrja með, hefur þetta kerfi mjög marga kosti. Lítum fyrst á almenna kerfið og ég ætla að halda mig aðallega við það. Þeir sem kaupa kaupleiguíbúðir geta fengið, ef þeir ákveða að kaupa, 70% lán með þá 3,5% vöxtum til 40 ára, ef við miðum við það sem gildir núna, og 15% lán með 3,5% vöxtum til fimm ára. Ég heyrði að það var einhver ágreiningur á milli Sjálfstfl. og ráðherrans um þetta atriði, en ég skildi þetta svona. Auk þess getur fólk fengið 15% lán frá framkvæmdaaðila, sem þá getur verið bæði sveitarfélag, félagasamtök eða fyrirtæki, með vöxtum sem menn hafa þurft að greiða af þeim lánum sem þeir hafa tekið sem eru þá væntanlega markaðsvextir. Þetta fólk, sem þarna ákveður að kaupa, hefur augljóslega miklu hagstæðara lán en þeir sem sækja um í núgildandi kerfi.

Það er líka gert ráð fyrir að fólk sem ákveður að kaupa þurfi að hafa rétt til láns hjá Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr. laganna sem ég tel vera eðlilegt ákvæði. Þetta kemur fram í j-lið 4. gr. frv. En ég gat ekki séð og sé hvergi í frv. hvað verður með biðröðina eftir láni. Ef við lítum á ástandið eins og það er er tíminn mjög langur sem fólk þarf að bíða eftir því að fá lán frá því að umsókn er lögð fram. Það er talað um að það verði fljótlega fjögur til fimm ár. Ég

velti fyrir mér hvernig þetta verði gert, hvort fólk þurfi að fara í einhverja röð eða hvort það fer fram fyrir hitt fólkið í röðina ef það ákveður að kaupa í þessu kerfi. Þetta finnst mér frekar óljóst. Þó má vel vera að það standi þarna einhvers staðar þó ég hafi ekki komið auga á það. Ég tel á vissan hátt að þetta sé ósanngjarnt gagnvart því fólki sem er að sækja um, sérstaklega ef það er búið að sækja um og er þar með komið í einhverja ákveðna biðröð að því er það telur í almenna kerfinu, þá er ég ekki að tala um kaupleigukerfið. Þetta finnst mér að þurfi að athuga vel og eins með vexti af lánum, hvort þarna er verið að búa til annað kerfi við hliðina á hinu sem er augljóslega miklu hagstæðara. Ekki er ég að finna að því í sjálfu sér að gera lánin hagstæðari fyrir fólkið. Ég er bara að velta fyrir mér muninum á þessu og hinu kerfinu.

Ég gat ekki komið auga á hvernig á yrði haldið ef margir vilja sækja um kaupleiguíbúð, komast inn í það kerfi. Með þessum hagstæðu lánum tel ég að það muni sjálfsagt margir reyna það. Á að fara eftir einhverri ákveðinni röðun, á að fara eftir félagslegum aðstæðum, þá er ég að tala um almenna kaupleigukerfið, eða hvernig er hugmyndin að búa til röð, umsóknaröð inn í þetta kerfi? Er það bara einföld númeraröð eftir því hvenær umsókn berst eða er eitthvað annað sem haft er í huga? Til þess að þetta gangi upp þarf að sjálfsögðu að auka fé til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna til þess að hægt sé að koma til móts við þetta kerfi þar sem það virðist eiga að vera við hliðina á hinu almenna kerfi.

Það eru líka ákvæði í frv. um kaupskyldu svokallaðra framkvæmdaaðila í fimm ár eftir að kaupin eru ákveðin. Það er ákaflega hagstætt fyrir fólkið að geta verið tryggt með það að ef það ákveður að hætta við kaupin geti það fengið til baka það sem það hefur greitt verðtryggt. Auðvitað gildir þetta sérstaklega úti á landi þar sem það hefur verið mjög erfitt að selja íbúðir og fólk er jafnvel bundið á þeim stöðum sem það býr. Þó það kjósi að fara burtu, þó að atvinnuástand breytist eða það af einhverjum ástæðum þarf að flytja burt er það nánast bundið vegna þess að það getur ekki losað sig við sitt húsnæði og það er mikið fé bundið í því. Þetta er því ótvíræður kostur fyrir fólkið.

En hvað gerist nú ef sveitarfélagið, félagasamtökin eða fyrirtækin hafa ekki bolmagn til að sinna þessari kaupskyldu? Verða þá byggingarsjóðirnir bakhjarl eða hvernig hafa hæstv. félmrh. og frumvarpshöfundar hugsað sér framkvæmd á þessu atriði frv.? Það getur t.d. orðið að fyrirtækin fari á hausinn og félagasamtökin hætti eða leggist niður og sveitarfélögin og allir þessir aðilar hafa ekki neitt fjármagn til að sinna þessari kaupskyldu. Sérstaklega getur þetta átt við ef skyndileg breyting verður í einhverju þorpi úti á landi, allt í einu verður atvinnutæki selt út byggðarlaginu eða eitthvað þess háttar og þar eru margar svona íbúðir. Þá er hætta á að sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að sinna þessari kaupskyldu. Ég hef nokkrar áhyggjur af þessu og bendi á að þetta kaupskylduákvæði hefur reynst mjög erfitt sveitarfélögunum í verkamannabústaðakerfinu og er einmitt hætta á að svo verði einnig hér. Ég get ekki séð á frv. að sveitarfélög úti á landi hafi meiri möguleika á að leggja fé í þetta íbúðaform frekar en þau hafa nú með verkamannabústaðakerfinu. Ég get heldur ekki séð hvernig þetta kemur sér betur fyrir sveitarfélögin úti á landi og átta mig alls ekki á af hverju það verður meiri hvatning fyrir sveitarfélögin að nota þetta form en hefur verið með verkamannabústaðakerfið. Eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. áðan hefur verið samdráttur í byggingu verkamannabústaða úti á landi þannig að ég er ekki alveg búin að sjá að þetta komi í staðinn fyrir það.

Ég tel varla réttlætanlegt að koma með nýtt kerfi núna við hliðina á öðru kerfi vegna þess að núverandi húsnæðislánakefi er í miklu fjársvelti og biðtíminn er langur og mikil óvissa um framtíð lánasjóðanna beggja. Nú síðast er boðað að minnka eigi fjárveitingar til húsnæðislána um 100 millj. kr., 75 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins og 25 millj. til Byggingarsjóðs verkamanna. Ég býst við að hæstv. ráðherra viti það jafn vel og ég og væntanlega allir aðrir að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna eru búnir að ráðstafa öllu því fé sem þeir töldu sig hafa til umráða á þessu ári þannig að til þess að hægt sé að skera niður lánveitingar um 100 millj. hlýtur að þurfa að svíkja einhvern. Mér finnst alveg ótækt að svíkja það fólk sem þegar hefur fengið loforð fyrir láni, hvort sem það er hjá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna. Ég teldi þá frekar koma til greina að fresta gildistöku einhvers nýs kerfis eins og t.d. þessa, hvaða skoðun sem maður hefur á ágæti þess, því lögleiðing á því mun ekki leysa þann vanda sem blasir við.

Ég tel það þess vegna nánast blekkingu og sýndarmennsku að leggja þetta fram núna þar sem ríkisstjórnin hefur skorið verulega niður fé til byggingarsjóðanna. Það er ómögulegt að svíkja fólk sem núna hefur fengið loforð og samþykkja að setja peninga í eitthvað annað sem enginn hefur fengið loforð fyrir að fá.

Ég endurtek að ég tel að hugmyndin að baki frv. sé góð. En það er alveg sama hversu fallegt kerfi er sett á pappír ef ekki fæst fjármagn til kerfisins. Ég minni á að ein aðalröksemdin gegn því kerfi sem nú gildir er að það var fyrirsjáanlegt þegar það var samþykkt að það fengist ekki nægjanlegt fé til að mæta þörfunum. Það hefur sýnt sig að það sem talað var um á þeim tíma hefur ræst því núna er biðtíminn orðinn óheyrilega langur. Það virðist jafnvel að þetta frv. sé fyrst og fremst lagt fram til að geta staðið við loforð um að eitthvað kæmi sem heitir kaupleiguíbúðir þó það hljóti að vera augljóst að með samþykkt frv. verður húsnæðisvandi þeirra sem verst eru settir því miður ekki leystur.

Þetta er eins og ég sagði áðan flókið frv. og erfitt að fá heildarmynd af því hvernig kerfinu er ætlað að

virka. Enn eru í mínum huga mjög margir lausir endar.

Ég vonast til að félmn. deildarinnar, sem ég á sæti í, gefist kostur á að fá svar við ýmsum þeim spurningum sem vöknuðu við lestur frv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get að verulegu leyti tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns. Vil ég taka fram í upphafi að ég hef ekki haft ýkja mikinn tíma til að fara vandlega ofan í einstakar greinar frv. og enn síður að lesa þær saman við gildandi lög um húsnæðismál sem er nauðsynlegt ef maður á að fá að fullu glögga mynd af því hvernig þessi ákvæði koma til með að útfærast og falla inn í gildandi ákvæði um húsnæðislán.

Ég vil þá í upphafi ræða, og það er eiginlega óhjákvæmilegt að ræða það lítillega í upphafi vegna þess að það mun væntanlega hafa áhrif á afdrif þessa frv. og vegferð þess í gegnum hið háa Alþingi, hvernig það er tilkomið og þá sérkennilegu umræðu og jafnvel bréfaskriftir sem orðið hafa innan stjórnarliðsins út af þessu máli.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum að a.m.k. þingflokkur Framsfl. hafði skrifað hæstv. félmrh. bréf. (**PP:** Sjálfstfl.) Og þingflokkur Sjálfstfl., í öllu falli, bréf sem lesið var upp áðan. Síðan hafa menn verið að svara þessum bréfum, starfsmenn ráðuneytisins o.s.frv. Ég vil út af fyrir sig segja um þessi bréfaskipti að mér þykir heldur vænt um að menn skuli leggja sitt af mörkum til að viðhalda þeim þjóðlega sið að skiptast á sendibréfum. Ég hef óneitanlega haft nokkrar áhyggjur af því á tölvuöld og póstfax- og telexöld að hinn gamli góði siður að skiptast á bréfum væri alveg að leggjast af. En það er greinilegt að ríkisstjórnin ætlar fyrir sitt leyti að sjá um að þetta menningarlega fyrirbrigði leggist ekki með öllu af. Það er spurning hvort væri ekki rétt að benda henni á að færa þessi bréf á skinn til að þetta væri enn þjóðlegra. Nóg er til af skinnunum, alla vega eru frændur okkar Grænlendingar aflögufærir með selskinn ef út í það yrði farið.

Það var engu líkara en hv. skrifari deildarinnar væri farinn að fara með kafla úr leynilögreglusögu þegar hann talaði áðan um síðustu sólarhringana, þessa afdrifaríku sólarhringa áður en frv. birtist á borðum þm. Meinsemdin ku vera sú að þó að Sjálfstfl. hefði í raun verið búinn að samþykkja frv. var hann ekki búinn að sjá hið endanlega orðalag, ef ég skildi hv. skrifara rétt. Þetta er út af fyrir sig mjög alvarlegt mál en varla tilefni til stórvægilegra árekstra í stjórnarsamstarfi ef það stjórnarsamstarf er heilt að öðru leyti.

Þessar uppákomur, svo skringilegar sem þær eru, væru af sjálfu sér harla ómerkilegar, en það má þó velta því fyrir sér hvort þær séu vísbendingar um aðra og alvarlegri bresti í þessu stjórnarsamstarfi og er svo sem von að menn spyrji sem svo.

Það sem mun fyrst og fremst ráða því hvort það frv. sem hér er flutt um kaupleiguíbúðir verður einhvern tímann barn í brók er auðvitað það fjármagn sem til afgreiðslu verður út úr húsnæðislánakerfinu á næstu árum og þá sá forgangur sem kaupleiguformið fær þar. Nú liggja fyrir þeir löngu biðlistar sem allir vita um og samkvæmt nýlegum upplýsingum, sem ég hef frá Húsnæðisstofnun ríkisins, geta þýtt að jafnvel forgangshóparnir, þ.e. þeir sem falla undir forgangshóp og sækja um lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í dag, mega vænta þess að þurfa að bíða í allt að tvö ár eftir því að fá fyrirgreiðslu. Þetta eru forgangsmennirnir, þeir sem eru settir í sérstakan forgang. Hinir verða þá væntanlega að bíða mun lengur.

Nú tók ég ekki svo glöggt eftir því hvort hæstv. félmrh. rakti í raun og veru í sinni framsöguræðu hvernig með kaupleiguflokkinn yrði farið að þessu leyti og hvort þar kynni að verða mismunur á annars vegar innan félagslega kerfisins eða frá Byggingarsjóði verkamanna og hins vegar um hinar almennu kaupleiguíbúðir. En sá vandi er mönnum hér á höndum að ef kaupleiguíbúðunum, t.a.m. hinu almenna kerfi, yrði veittur umtalsverður forgangur verður ásóknin í þá tegund eftir því, miðað við þá biðlista sem fyrir eru í kerfinu. Hér er alveg nauðsynlegt að fá skýr svör um: Liggur fyrir samkomulag um hvernig kaupleiguflokknum sem slíkum verður raðað með tilliti til forgangs og hvernig er þá það samkomulag?

Það er næsta nöturlegt fyrir hæstv. félmrh. að þurfa að standa hér í ræðustól í Nd. nákvæmlega á sömu mínútum og flokksbróðir hæstv. ráðherra, hæstv. fjmrh., er að mæla fyrir skerðingu á fjárveitingum til byggingarsjóðanna í Ed. og má næstum heyra á milli deildanna í hæstv. fjmrh. Þar er að vísu ekki um stórvægilega tölu að ræða, 100 millj. kr. sem ef ég man rétt úr grg. frv. skiptist þannig að 75 millj. skulu vera frá Byggingarsjóði ríkisins og 25 millj. frá Byggingarsjóði verkamanna, en það sýnir þó þann hug sem hæstv. ríkisstjórn virðist bera til húsnæðismálanna og þann skilning eða það skilningsleysi öllu heldur sem þeir sem gengu frá efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar hafa á ástandinu í húsnæðismálunum og þeim biðlistum t.a.m. sem ég hef gert grein fyrir. Ég get vel skilið að hæstv. félmrh., sem er í sömu andrá að mæla fyrir óskabarni Alþfl., kaupleiguíbúðunum, í Nd., sé mátulega hress með þær efnahagsráðstafanir sem birtast í sömu andrá.

Þetta kemur ofan í þá frystingu fjármagns frá lífeyrissjóðunum sem ákveðin var með fjárlögum eða lánsfjárlögum á þingi um áramótin og eykur enn á þann vanda og þá óvissu sem er í þessu kerfi. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé meiningin eða liggi fyrir neinar ákvarðanir um hvernig þessi viðbótarskerðing upp á 100 millj. skuli skiptast ef þá á að vera um nokkra skiptingu að ræða. En það er nauðsynlegt að hæstv. félmrh. svari því eins og öðru og jafnframt hvort tekin hefur verið frá ákveðin upphæð í kaupleiguflokkinn sem kemur þá væntanlega til með að skerða ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna til annarra

verkefna og lengja biðina þar eftir lánum sem því nemur. Ég vonast til þess að hæstv. félmrh. geti gefið hér svör um þetta efni núna strax við 1. umr. því það er alveg óhjákvæmilegt að sú nefnd sem fær þetta kaupleigufrv. til meðferðar, hv. félmn. deildarinnar, gangi út frá einhverjum ákveðnum staðreyndum í þessum efnum eða einhverjum ákveðnum upplýsingum þegar hún fer að skoða hvernig þetta vegur inn í húsnæðislánakerfið.

Ég vil að öðru leyti, herra forseti, hafa fyrirvara á um afstöðu mína til þeirrar útfærslu á kaupleigukerfinu sem hér er lögð til. Það hefur áður komið fram að við alþýðubandalagsmenn styðjum í sjálfu sér að þessi valkostur sé tekinn upp í hinum félagslega hluta húsnæðislánakerfisins. Hér er hins vegar lagt til að þetta verði vistað á báðum stöðunum, bæði í almenna kerfinu og hinu félagslega, og það er útfærsluatriði sem ég vil að svo stöddu ekki lýsa ákveðinni afstöðu til.

Ég vil í þessu sambandi einnig vekja athygli á því og í raun og veru harma — fer einstaklega vel á því að ræðumaður sem ber þetta nafn taki þannig til orða að hann harmi hlutina — að heildarendurskoðun hins félagslega hluta íbúðalánakerfisins er ekki inni í myndinni, er ekki á dagskrá að því er virðist.

Hér er flutt frv. um einn tiltekinn hluta, en ekki með nokkrum hætti tekið á því verkefni, sem löngu er brýnt og lofað var á árinu 1986, að tekið yrði á í beinu framhaldi af þeim breytingum sem þá voru gerðar á útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins og hinum almenna hluta húsnæðislánakerfisins. Það verk hefur setið algerlega eftir og er strandað. Það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. enn þó hæstv. ráðherra hafi reyndar nýlega svarað fsp. um það efni: Hvernig miðar því verki? Hvað er á dagskrá í þeim efnum? Er þess að vænta að heildarendurskoðun hins félagslega hluta íbúðalánakerfisins líti dagsins ljós hér á næstu mánuðum?

Ég hefði talið það miklum mun æskilegra ef þess hefði verið kostur að fá frv. um kaupleiguíbúðir flutt á Alþingi sem hluta af heildarendurskoðun félagslega hluta íbúðalánakerfisins þar sem menn hefðu þá haft það fyrir framan sig í einu lagi hvaða breytingar yrðu á skipulagi verkamannabústaðakerfisins, leiguíbúðakerfisins og annarra þeirra ákvæða sem eru í lögum eða þyrfti að taka upp í lög við endurskoðun þessa málaflokks. Ég nefni búseturéttaríbúðirnar eða húsnæðissamvinnufélögin. Það er að mínu mati heldur hrakleg niðurstaða fyrir okkur öll, ekki síður hæstv. félmrh., sem var ötull baráttumaður fyrir búseturéttaríbúðunum á sinni tíð og er vonandi enn, og fyrir Framsfl., það sem eftir er af honum, sem telur sig vera samvinnuflokk og tók undir hugmyndirnar um húsnæðissamvinnufélög og húsnæðissamvinnuformið þegar það var fyrst tekið upp af einhverjum þrótti á Íslandi fyrir nokkrum árum. Nú ættu þessir tveir aðilar saman, Framsfl. og Alþfl., að hafa sæmilega aðstöðu sem meirihlutaaðilar í þessari ríkisstjórn til að koma stefnu sinni í framkvæmd. Og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum er þá niðurstaðan sú að ekkert örlar á því að þetta húsnæðisform, sem ég hefði talið ekki síður og reyndar jafnvel enn vænlegra en kaupleiguíbúðir, situr eftir? Er það e.t.v. vegna þess og eingöngu vegna þess að kaupleiguíbúðirnar voru kosningamál hjá Alþfl. og það tókst að koma einhverjum málmyndaákvæðum inn í stjórnarsáttmálann? Er þá ekki verið að segja í raun að hér sé fyrst og fremst verið að bjarga fyrir horn með þessum málflutningi en ekki tekist á við að móta heildarstefnu í þessu máli?

Ég þykist reyndar vita að hæstv. félmrh. hafi harla lélegan stuðning ýmissa samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn til að beita sér fyrir úrbótum á þessu sviði. Það er löngu kunnugt að ákveðnir hv. þm. og áhrifamenn innan Sjálfstfl. hafa beitt sér með öllum tiltækum ráðum gegn flestu því sem kalla mætti úrbætur í hinu félagslega húsnæðiskerfi. Sú niðurstaða sem hér er borin fram virðist benda til þess að hæstv. félmrh. hafi ekki sterka stöðu til að sigrast á þeim afturhaldsöflum og hér sé eingöngu um málamyndatillöguflutning að ræða sem píndur er fram með mismunandi mikilli ánægju ýmissa stjórnarliða á grundvelli ákvæða í stjórnarsáttmála til að bjarga ákveðnum kosningaloforðum fyrir horn.

Ég vil einnig taka undir það, sem síðasti hv. ræðumaður vék lítillega að, vegna þess að hæstv. félmrh. gerði kaupleigukerfið og stöðu sveitarfélaganna og landsbyggðarinnar sérstaklega að umræðuefni, að ég sé ekki í fljótu bragði hvernig kaupleigukerfið sem slíkt á að koma þeim sveitarfélögum sérstaklega til aðstoðar eða gera þeim kleift að hefja umtalsverðar húsnæðisbyggingar úti á landsbyggðinni sem hafa í raun fengið sig fullsödd af því að leggja fram sinn kostnaðarhlut í þeim félagslegu íbúðum sem byggðar hafa verið á undanförnum árum og eru sum hver með þungar byrðar af því kerfi, m.a. vegna endurkaupaskyldunnar. Þess vegna held ég að kaupleigukerfi þar sem gert er ráð fyrir a.m.k. 15% og jafnvel 30% fjármögnun framkvæmdaaðila með einum eða öðrum hætti geti ekki í raun og veru breytt miklu fyrir stöðu sveitarfélaganna í þessum efnum.

Nú sé ég ekki annað en að almennu lánin til almennu kaupleiguíbúðanna séu 70%. Síðan er þar heimild til 15% lánveitinga í viðbót að tilteknum skilyrðum fullnægðum. Þó við gerum ráð fyrir að þeim skilyrðum sé yfirleitt fullnægt í tilfellum sveitarfélaga, sem ég sérstaklega ræði um, standa eftir 15% hvort heldur er í almenna kerfinu eða hinu félagslega. Með einhverjum hætti þyrfti framkvæmdaaðilinn, sem hæstv. félmrh. réttilega spáði að yrði í flestum tilfellum sveitarfélagið, að sjá fyrir þeim hlut. Ég held að jákvæðar undirtektir í könnun hæstv. félmrh. hjá sveitarfélögum víða í landinu hafi ekki í fullri hreinskilni sagt verið tilkomnar fyrst og fremst vegna þess að sveitarfélögin hafi um árabil trúað því að þetta eina form væri lausnarorðið, þ.e. kaupleiguíbúðir skyldu það vera og þess vegna væru þau tilbúin að segja: Við þurfum 50 eða 100 kaup-

leiguíbúðir, kaupleiguíbúðir, kaupleiguíbúðir. Ég held að sveitarfélögin hafi fyrst og fremst verið að segja: Við verðum með einhverjum ráðum að koma húsnæðisbyggingum á stað aftur á landsbyggðinni. Ef það á að taka upp eitthvert kaupleigukerfi erum við jákvæð að skoða það, viljum gjarnan vera með í því ef það mætti verða til þess að við komum íbúðabyggingum aftur á stað. Ég held að í raun og veru hafi sveitarfélögin fyrst og fremst verið að segja: Við erum tilbúin að vera með í eða skoða hvað eina, hvað sem það heitir, ef það verður til þess að við getum með einhverjum hætti brotist út úr þeirri úlfakreppu sem við erum í núna og felst í því að það er einfaldlega ekki verið að byggja úti á landi.

Ég mundi sem slíkur taka mönnum vara við því að fyllast nú heilagri innblásinni bjartsýni og trúa á að bara ef kaupleigufrv. fari í gegn verði þetta allt í lagi. Ég óttast að það þurfi meira til. Fyrst og fremst þyrfti að ráðast á rætur vandans sem er mikill og er kannski erfiðasta úrlausnarefni allra samanlagðra byggðamálanna. En það þarf í öðru lagi að tryggja að það húsnæðisform, félagslegt eða ekki félagslegt, sem menn leggja áherslu á í sinni stefnu á næstu árum, verði þannig að sveitarfélögin hafi bolmagn til þess, líka þau fátækustu, að taka þátt í því. Ég hefði þá viljað sjá, ef menn virkilega væru að taka á vanda þeirra sveitarfélaga sem erfiðast eru stödd í þessum efnum, heimildir til frekari fyrirgreiðslu en felast í ákvæðum frv. um kaupleiguíbúðir. Sama ætti við um önnur ákvæði um uppbyggingu félagslegs húsnæðis skv. gildandi lögum.

Það liggur reyndar fyrir hv. Alþingi annað frv. sem snertir Húsnæðisstofnun ríkisins og útlán úr þeirri stofnun og leggur til að binda ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna með tilteknum hætti við landshlutana til að forða því fjármagnsstreymi sem sannanlega á sér stað í gegnum gildandi lög, núverandi kerfi, af þeim svæðum þar sem minnst er byggt til þeirra svæða þar sem mest er byggt. Ég tel að það eigi að skoða í fullri alvöru. Einnig ætti að skoða í alvöru hvort ekki er nauðsynlegt að vera með sértækar ráðstafanir í gangi, t.d. innan félagslega kerfisins, til að aðstoða sérstaklega þau sveitarfélög, þau landsvæði sem eiga mest á brattann að sækja í þessum efnum. Það er ekki gert ráð fyrir neinu slíku eftir því sem ég hef best séð í þessu frv. Ég þykist því hafa rökstutt það nokkuð að fyrir þeirri miklu bjartsýni sem skilja mátti á hæstv. félmrh. að ríkti meðal sveitarfélaganna, ekki síst úti á landi, í tengslum við kaupleigukerfið séu ekki fullar innistæður, nema þá hér sé eitthvað á ferðinni sem ég hef ekki gert mér ljóst, einhverjar sérstakar ráðstafanir sem mér hafa yfirsést í fljótheitalestri á frv.

Herra forseti. Ég tel að svo stöddu ekki ástæðu til að hafa þessi orð mikið fleiri. Eins og ég segi hef ég fyrirvara á um þá útfærslu sem hér er lögð til, enda nokkuð verk að kynna sér til hlítar hvernig þetta kemur allt saman út.

Varðandi þá umræðu að texti frv. sé aulalegur og viðvaningslega fram settur er ég nú ekki sammála því. Ég tel að það sé sæmilega skýrt hvað við er átt hér. Það má um það deila að hve miklu leyti ítarleg útfærsluatriði eiga að vera í lögum og að hve miklu leyti þau eiga heima í reglugerð um húsnæðismál eins og önnur lög, en í þessum efnum er þó held ég erfitt að gagnrýna að menn fari frekar þá leiðina að hafa lagaákvæðin ítarlegri en öfugt. Ég held að menn verði að leggja það á sig og hv. þm. Páll Pétursson einnig að lesa dálitla texta þó að því sé að skipta. Það eru þó lög í landinu sem engu verður um breytt. Það kemur úr óvæntri átt ef hv. þm. Páll Pétursson hefur á móti því að lagaákvæði þau sem hæstv. félmrh. styðst við séu ítarleg og skýr. Það þýðir að sama skapi að reglugerðirnar þurfa ekki að vera mjög langorðar og minna vald er í raun framselt af hálfu löggjafans til þess hæstv. ráðherra sem fer með málin hverju sinni þannig að e.t.v. var þetta dulbúin traustsyfirlýsing af hálfu hv. þm. Páls Péturssonar þegar hann gagnrýndi þær löngu lagagreinar sem í frv. finnast. Það má hins vegar deila um hvort uppsetning eða prentun frv. er ekki óheppileg þar sem vantar í raun öll eðlileg greinaskil eða línubil til að skilja á milli hinna einstöku lagagreina. Það er uppsetningaratriði og verður varla fært á kostnað þeirra sem orðuðu frv.

Ég vil svo að lokum aftur segja að ég hefði gjarnan viljað sjá hér fyrir framan mig, og þó það hefði verið miklu þykkara frv., endurskoðun á öllum kafla húsnæðislaganna um félagslegt íbúðarhúsnæði. Ég minni á það starf sem átta almannasamtök hafa unnið á undanförnum mánuðum og lagt fram í tillöguformi þar sem þau leggja til gagngera uppstokkun á ákvæðum um félagslegt íbúðarhúsnæði í landinu og að stofnaður verði svonefndur félagsíbúðasjóður. Því miður óttast ég að kaupleigufrv. komi að mjög takmörkuðu leyti til móts við óskir þessara samtaka eins og þær hafa a.m.k. verið kynntar mér. Sú vinna sem þar hefur verið innt af hendi og er góðra gjalda verð og merkileg er litlu nær settu marki en áður þrátt fyrir þetta frv.

Það er svo að lokum aðeins eitt atriði sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um efnislega til viðbótar þessu og varðar það hvort ég hafi skilið rétt að framkvæmdaaðilar í hinu almenna kaupleiguíbúðakerfi geti verið fyrirtæki í þeirri merkingu að lögaðili í einkaeigu, þ.e. einstaklingur sem stendur fyrir einhverjum atvinnurekstri, geti sem slíkur hafið byggingu kaupleiguíbúða og hvort sé þá ekki ástæða til að staldra nokkuð við það. Þó að ég geri mér grein fyrir því að það gengur ekki að mismuna fyrirtækjum í landinu út frá mismunandi eignarformi vakna vissar spurningar í mínum huga, hvort einstaklingur geti stofnað fyrirtæki og þar með verið orðinn lögaðili í þeirri merkingu að hann geti gerst framkvæmdaaðili og hafið byggingu kaupleiguíbúða. Mér sýnist fljótt á litið að þannig sé þessu varið. Ég vil þá spyrja hæstv. félmrh. um hvort hæstv. ráðherra telji engar ástæður til að setja þá einhverjar sérstakar reglur í þessu einstaka tilviki eða hvort þetta skuli vera jafnopið og ef um stór-

fyrirtæki eða félagasamtök væri að ræða.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég verð að segja eins og er að mér rann til rifja að hlusta á lýsingu hv. 17. þm. Reykv. á því harðræði sem hæstv. félmrh. hafði beitt hann. Í fyrsta lagi kom fram að gerð var krafa um vinnu á helgidegi og jafnframt að ekki hafði hv. þm. verið sent frv. til aflestrar þegar hann var erlendis. Jafnframt kvartaði hann yfir því að fá ekki að lesa þennan lagatexta yfir.

Nú er það svo að þess er engin von að menn lesi lagatextana yfir fyrr en búið er að samþykkja frv. hér í þinginu, en hin aðferð ráðherrans minnir að harðfylgi mest á það þegar Grettir Ásmundsson gerði það við einn fyrirsátursmann sinn að hann elti hann með hrísvendi og fór þó ekki nær honum en svo að hinn gat kastað af sér klæðum á flóttanum þar til hann lagði til þess ráðs að henda sér út í á eina alófæra og synda þar yfir til að halda lífi. Auðvitað verður hæstv. ráðherra að hafa hóf á sinni harðneskju gagnvart samflokksmönnum þannig að þeir líði hvorki kvalir á sál né líkama þó að þeir þurfi að vinna nefndarstörf fyrir hæstv. ráðherra.

En ég verð að segja að önnur ásökun sem kom fram, að það væri visst hik á ráðherranum að samþykkja 100 millj. kr. niðurskurð á peningum til húsnæðismálakerfisins, er atriði sem að mínu viti horfir dálítið öðruvísi við. Ég veit ekki betur en það sé búið að gefa út skuldbindandi loforð frá Húsnæðisstofnun ríkisins um ráðstöfun á fjármagni allt þetta ár. Mér er þess vegna til efs að Húsnæðisstofnun ríkisins geti svikið þau loforð nema hún sé skaðabótaskyld og þar með ríkissjóður fyrir hennar hönd.

Allir ráðherrarnir munu hafa varist niðurskurði á þeim forsendum að búið væri að gera skuldbindandi samninga um þetta eða hitt og þess vegna væri ekki hægt að skera það niður. Mér er ekki ljóst að það sé hægt að ganga þannig til leiks gagnvart þeim sem hafa lánsloforð frá Húsnæðisstofnun ríkisins að það sé tilkynnt að þau verði bara svikin og bótalaust komist stofnunin upp með slík vinnubrögð. Eitt er víst, að ef sú regla yrði upp tekin tæki enginn banki mark á lánsloforðum frá Húsnæðisstofnun ríkisins þó að menn héldu með þau á fund bankastofnunar til að fá lán út á loforðin ef þeir þyrftu að hraða framkvæmdum.

Ég tel að þessi umræða hafi á marga vegu snúist upp í of heitar trúarkenningar um hvaða húsnæðislánaform væri það sem ætti að taka upp í landinu. Hér var talað um Búseta, hér hefur verið talað um að það væri nauðsyn að varðveita það að hver maður ætti sína íbúð og hér hefur verið talað um að það þyrfti að hafa leiguíbúðir og það þyrfti að hafa félagslegar íbúðir. Það er ábyggilega hollt hjá okkur í dag að horfa á þessa stöðu mála út frá því hvernig ástandið er. Við höfum í gildi lánskjaravísitölu sem hefur orðið til þess að húsnæðismálastjórnarlán hafa í mörgum tilfellum hækkað meir en verðmæti eignanna úti á landi. Menn hafa lent í því að þurfa að tapa sinni eign og sitja uppi áfram með skuldakvöð. Auðvitað er alveg vonlaust með þá lánskjaravísitölu sem við erum með, sem hefur hækkað jafnmikið, að gera ráð fyrir því að menn fjárfesti á ýmsum stöðum þar sem slíkt hefur gerst í húsnæði og það blasir við að stór hluti þeirra sem hafa verið að sækja um lán á landsbyggðinni hafa uppi áform um að byggja á höfuðborgarsvæðinu þó að þeir jafnframt vilji búa úti á landi. Ég tel þess vegna að við séum komin í vissar ógöngur.

Með þessu er ég ekki að gagnrýna þau lög sem sett voru um Húsnæðisstofnun ríkisins í tíð fyrrv. félmrh. og ég tel stórmerk hvað það atriði snertir að þá náðist í fyrsta skipti samkomulag við lífeyrissjóðina um aðild þeirra að uppbyggingu húsnæðismálakerfisins og afleiðing þess varð sú að meiri fjármunum var varið til húsnæðismála en verið hafði. Ég hef þess vegna talið að það yrði að standa þannig að þessum málum að aðilar vinnumarkaðarins teldu ekki að á þeim væri svikið samkomulag og teldu að þeir væru skuldbundnir að standa við það sem þá var samþykkt og fór af stað gagnvart kaupum lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Ég held aftur á móti að í dag sé það ærin nauðsyn fyrir sveitarfélög úti á landi að koma uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á ný af stað. Ég segi á ný vegna þess að sums staðar hefur það algerlega stöðvast vegna lánskjaravísitölunnar eins og ég gat um hér að framan.

Mér sýnist að sú leið að bjóða mönnum fyrst upp á að leigja húsnæði en að þeir seinna geti tekið ákvörðun um að kaupa það sé að mörgu leyti aðgengileg. Þess vegna vænti ég þess að þó að menn deili um vinnubrögð og e.t.v. hafi orðið einhver fljótaskrift á því að hafa þar öll formsatriði í lagi setjist menn niður þegar þetta mál kemur í nefnd, yfirfari þennan texta og afgreiði þetta mál til þingsins aftur þannig að hér verði tekin um það ákvörðun hvort menn samþykkja þær breytingar sem verið er að leggja til á þessu frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það eru ýmis ákvæði í þessu frv. sem ég játa fúslega að ég vildi hafa á annan veg. Það vill löngum verða svo þegar ýmis og ólík sjónarmið verða uppi í samningu frv. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að ég tel að eitt af því sem við þurfum alveg sérstaklega að leggja áherslu á, þessi þjóð, sé að ná þeim árangri í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis að fólk dvelji ekki erlendis vegna þess að það treysti sér ekki til að koma heim til Íslands vegna húsnæðismála. Því miður hygg ég að svo sé í dag. Þeir séu þó nokkuð margir sem dvelji á Norðurlöndum og komi ekki heim vegna húsnæðismála.

Ég veit að sumir eru hörundsárir yfir því að þetta frv. gæti e.t.v. orðið til þess að raska að einhverju leyti þeirri röð sem menn telja að þeir hafi fengið og komist í með því að sækja um lán til Húsnæðisstofnunar. Auðvitað má segja sem svo að það fer eftir heildarfjármagninu hvort það á eftir að breyta þeim

tíma sem gert var ráð fyrir. En það er jafnframt mjög alvarlegt mál ef þróunin er sú í þessu landi að frumatvinnuvegir þjóðarinnar, m.a. sjávarútvegurinn, eru stundaðir í hinum dreifðu byggðum hringinn í kringum landið með verulegum hópum af erlendu vinnuafli á sama tíma og húsnæðisuppbyggingin á sér fyrst og fremst stað á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa og vinnumarkaðurinn býður fyrst og fremst upp á atvinnu í þjónustu. Auðvitað hlýtur það fyrr eða síðar að koma niður á lífskjörum þjóðarinnar ef við stöndum þannig að þessum málum. Ég tel þess vegna að það samkomulag, sem gert var af stjórnarflokkunum, að það yrði farið í að setja í lög ákvæði um kaupleiguíbúðir, beri að efna og það beri að efna það í hinu almenna kerfi. Ég efa að sumu leyti að það sé jafnmikil þörf á þessari fjölbreytni í félagslega húsnæðiskerfinu þó að ég leggi ekki neinn stein í götu þess, en mér er ljóst að sum sveitarfélög binda vonir við að þau geti komið af stað byggingum í sínum byggðarlögum verði það frv. að lögum sem hér liggur fyrir þó að ég telji að það sé að sjálfsögðu ekki svo heilagt að það megi ekki breyta þar einhverju áður en það kemur aftur til deildarinnar.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi rifja aðeins upp í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, það sem liggur til grundvallar frv. í aðalatriðum, þ.e. það samkomulag sem formenn stjórnarflokkanna gerðu í byrjun júlí á fyrra ári um kaupleiguíbúðir, en þar segir svo, með leyfi forseta: „Hugtakið kaupleiguíbúð verði skilgreint í húsnæðislöggjöfinni.“

Annað er um Byggingarsjóð ríkisins: „Í húsnæðislöggjöf komi ákvæði þess efnis að sveitarfélög, félög eða einstaklingar, sem vilja byggja íbúðarhús með það fyrir augum að bjóða íbúðirnar með kaupleigukjörum, njóti lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins með sömu lánakjörum og þar gilda nú.“

Þriðja lagaákvæðið er um Byggingarsjóð verkamanna: „Sett verði sérstök lagaákvæði um kaupleiguíbúðir fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna og nánari reglur um framkvæmd þeirra að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband ísl. sveitarfélaga. Lán úr Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélaga og eða félaga má nema 85% byggingarkostnaðar með sömu kjörum og gilda um lán úr Byggingarsjóði verkamanna.“

Fjórða atriðið var byggingaráætlun og fjármögnun: „Gerð verði þriggja ára áætlun um byggingu kaupleiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka að undangenginni sérstakri könnun meðal sveitarstjórna. Sérstaklega skal taka tillit til þarfa þeirra sveitarfélaga sem þurfa af sérstökum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis. Fjöldi kaupleiguíbúða á ári hverju verði ákveðinn með hliðsjón af heildarframlögum í byggingarsjóðina skv. fjárlögum og lánsfjárlögum.“

Fimmta atriðið var lánafyrirgreiðsla: „Ríkisstjórnin mun veita sveitarfélögum sérstaka lánafyrirgreiðslu til að standa straum af 15% byggingarkostnaðar eða kaupverðs. Þessi lánafyrirgreiðsla má nema umsaminni upphæð á þremur árum (110 millj., tæpar 37 millj. pr. ár). Lánin skulu vera til 25 ára með sömu vöxtum og eru á almennum lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Lán þessi verði veitt þeim sveitarfélögum og eða félögum sem samkvæmt könnun þurfa mest á þeim að halda og skulu lánakjör, fyrirgreiðsla og skipting fjármagns ákveðin fyrir fram.“

Sjötti liður: „Endurskoðun félagslega húsnæðislánakerfisins. Í samræmi við ákvæði starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar fari fram heildarendurskoðun á lögum, fjármögnun og skipulagi félagslega íbúðarhúsnæðislánakerfisins og í nefndinni verði einnig fulltrúar sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.“

Þetta samkomulag, sem er undirritað af formönnum stjórnarflokkanna, var undirritað 3. júlí 1987 og er raunar grundvöllur þess sem hér er til umræðu. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar næstu fjögur ár um húsnæðismál er fyrsti punktaliður, sem tekinn verður til meðferðar, uppbygging og fjármögnun félagslega íbúðarkerfisins, að það verði endurskoðað. Síðan er annar punktaliður: „Sett verði sérstök lagaákvæði um kaupleiguíbúðir og fjármögnun þeirra“ samkvæmt sérstöku samkomulagi sem áður hefur verið rakið.

Ég taldi rétt, herra forseti, að rifja þetta upp og einnig hvernig svo staðið hefur verið að samningu frv. sem hér liggur fyrir. Það er ekkert ofsagt að það er mjög óvenjuleg aðferð að leggja út í samningu á frv. sem hefur verið ágreiningsefni við stjórnarmyndun án þess að gefa fulltrúum stjórnarflokkanna í ríkisstjórn kost á að vera kvaddir til að semja slíkt frv. Þetta var ekki gert og enginn fulltrúi frá stjórnarflokkunum kom nálægt samningu frv.

Þetta frv. var síðan sent þingflokkunum rétt fyrir miðjan desember sl. í mestu önnum þingsins. Það var frv. upp á 50 bls. með grg. og er ekkert nema gott um það að segja. Það hafði ýmis atriði innanborðs sem sjálfsagt er að skoða og getur skýrt mál með því að lesa það vandlega. Frv. var síðan tekið til meðferðar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar eftir þinghlé og tilnefndur einn maður fyrst frá hverjum þingflokki til að yfirfara frv. Það var aldrei skipuð nein nefnd á vegum hæstv. félmrh. eins og hv. 2. þm. Vestf. ruglaði saman áðan heldur voru þetta einvörðungu fulltrúar flokkanna sem voru fengnir til að yfirfara frv. og reyna að ná samkomulagi um gerð þess í aðalatriðum.

Í byrjun febrúar sl. lögðu þingflokkar Sjálfstfl. og Framsfl. fram skriflegar athugasemdir vegna frumvarpsdraganna um kaupleiguíbúðir sem var í meginatriðum samræmd afstaða þessara fulltrúa flokkanna um frumvarpsgerðina og um helstu atriði sem þyrfti að taka fyrst afstöðu til. Vegna þess sem hér hefur komið fram og einnig í fjölmiðlum tel ég ástæðu til að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, þær

athugasemdir sem þannig voru lagðar fyrir sem umræðugrundvöllur í þeirri vinnunefnd stjórnarflokkanna sem hafði með málið að gera.

Það er það fyrsta að í tengslum við afgreiðslu húsnæðisfrv. ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu þingi var ákveðið að hafin skyldi heildarendurskoðun hins almenna húsnæðislánakerfis og stefnt að því að ljúka henni fyrir upphaf þings næsta haust, þ.e. þetta er um húsnæðisfrv. sem afgreitt var á haustþingi á sl. ári. „Einnig er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kveðið á um endurskoðun, uppbyggingu og fjármögnun félagslega íbúðarkerfisins. Mun sú endurskoðun standa fyrir dyrum og báðir meginþættir hins opinbera húsnæðislánakerfis eru því til endurskoðunar. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að ríkisstjórnin hafi sett sér starfsáætlun fyrir kjörtímabilið í hinum ýmsu málaflokkum."

Um kaupleiguíbúðir segir þar eftirfarandi: „Sett verði sérstök lagaákvæði um kaupleiguíbúðir og fjármögnun þeirra samkvæmt sérstöku samkomulagi sem stjórnarflokkarnir hafa gert."

Hið sérstaka samkomulag er dags. 2. júlí 1987 og undirritað af formönnum stjórnarflokkanna sem ég las upp áðan. Þar eru dregnar upp útlínur þess kaupleiguforms sem samkomulag er um að setja í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

„Þar sem ákveðið hefur verið að taka húsnæðislánakerfið í heild til endurskoðunar á næstunni virðist órökrétt að bæta nú inn í það nýjum veigamiklum þáttum. Eðlilegast er því að fella hugmyndir um kaupleiguíbúðir inn í endurskoðun á heildarlöggjöfinni og finna þeim þar stað í samræmi við væntanlega framtíðarskipan þessara mála. Aðaltillaga þingflokkanna er því sú að mál þetta verði tekið fyrir við heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins þar sem fulltrúar allra stjórnarflokkanna munu væntanlega eiga hlut að máli en ekki embættismenn einvörðungu eins og við samningu þess frv. sem nú liggur fyrir. Kaupleiguforminu verði þá fundinn staður í samræmi við samkomulag formanna flokkanna í endurskoðaðri húsnæðislöggjöf sem komi til afgreiðslu á næsta þingi.

Varatillaga þingflokksins er sú að vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hverjum stjórnarflokkanna endurskoði fyrirliggjandi frv. Þingflokkurinn getur alls ekki fallist á að málið verði lagt fram á Alþingi fyrr en stjórnarflokkarnir hafa náð samkomulagi um frv.

Þingflokkurinn telur rétt að fyrst í stað og þar til einhver reynsla er fengin nái kaupleiguformið einvörðungu til hins félagslega húsnæðiskerfis og skilyrði er að jafnframt verði lánstími skv. 33. gr. b- og c-lið laga nr. 60/1984 sá sami og í verkamannabústöðum, þ.e. 43 ár, og sömu lánakjör.

4. Sett verði skýr ákvæði um að lán til byggingar kaupleiguíbúða verði veitt þeim sveitarfélögum og eða félögum sem þurfa mest á þeim að halda samkvæmt nákvæmri könnun er Húsnæðisstofnun ríkisins lætur framkvæma.

5. Fá fram samanburð á greiðslubyrði kaupleiguíbúða skv. frv. og í verkamannabústöðum skv. núgildandi lögum og leiguíbúðum sveitarfélaga miðað við meðalíbúð og enn fremur í leiguíbúðum skv. 6. lið 33. gr. núgildandi laga með lengingu láns í 43 ár.

6. Þingflokkurinn telur rétt að kannað verði, áður en frv. þetta er lagt fram, viðhorf launþegasamtaka og aðila vinnumarkaðarins í heild, lífeyrissjóðanna og eigenda þeirra sem leggja til mest af fjármagni byggingarsjóðanna."

Þetta voru viðræðupunktar sem við lögðum fram og er nokkuð samhljóða í fyrstu þremur atriðunum því sem fulltrúar Sjálfstfl. lögðu fram, enda vorum við búnir að samræma þessar skoðanir í umræðunum um málið í heild.

Þrátt fyrir þetta tel ég rétt að taka fram hér að það náðist ekki samkomulag um að tengja lagaákvæði um kaupleiguíbúðir heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins á þessu ári né heldur samkomulagi um að fyrst í stað, meðan reynsla er fengin, nái kaupleiguformið einvörðungu til félagslega íbúðarhúsakerfisins. Var því ákveðið í þessum viðræðuhópi að fara yfir almenna kerfið miðað við samkomulag formanna stjórnarflokkanna þar sem ákveðið er að lánafyrirgreiðsla úr Byggingarsjóði ríkisins verði með sömu lánakjörum og almenn lán er þar gilda. Það voru haldnir margir fundir um þessi atriði og allir fulltrúar sem hér voru tilnefndir tóku þátt í því að reyna að lagfæra og breyta ýmsum óljósum atriðum í frv.

Það voru settar ýmsar breytingar fram og á lokafundi viðræðunefndanna var óskað eftir viðbrögðum hæstv. ráðherra við athugasemdum og breytingum á frv. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um samanburð á leigukjörum við verkamannabústaðakerfið og um leigukjör miðað við breytingar á 33. gr. núgildandi laga b- og c-lið úr 30 árum í 43 ár. Það var óskað eftir skilgreiningu á því í frv. hvernig meta skal mestu þörf fyrir slíkar íbúðir og þar með gert ráð fyrir vissri tryggingu fyrir vissan forgang landsbyggðar í þessum málaflokki. Enn fremur hvernig eða hvort þessi lagabreyting skaraðist við önnur lagafyrirmæli í húsnæðiskerfinu. Það var beðið um viðhorf helstu aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða.

Ég þarf ekki að rekja þessa sögu öllu lengur. Hæstv. ráðherra lagði frv. fram á Alþingi án þess að svara formlega þessum tilmælum fulltrúa þingflokka stjórnarflokkanna. Þetta eru að mínu mati vinnubrögð í stjórnarsamstarfi sem eru óverjandi í umdeildum málum, ekki síst þegar búið er að leggja mikla vinnu í að ná samkomulagi. Svona aðgerðir leysa því engin mál á hv. Alþingi heldur setja mál frekar í harðari hnút.

Þingflokkur framsóknarmanna afgreiddi málið þannig við þessar aðstæður að þar sem frv. hafði verið lagt fram án þess að leita formlegs samþykkis þingflokksins séu þm. flokksins ekki skuldbundnir að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Það hefur áður komið fram við þessar umræður að þingflokkur sjálfstæðismanna skrifaði ráðherra bréf, sem hefur

verið útskýrt, um þessi vinnubrögð og þarf ekki að ræða það nánar.

Ég taldi nauðsynlegt að rekja þetta því þannig er staða þessa máls í stórum dráttum. Það er alveg ljóst að frv., ef samþykkt yrði, leysir ekki vanda og boðar heldur ekki nein þáttaskil í húsnæðismálum hér á landi. Þetta eru miklar umræður um miklar umbúðir um lítið mál sem hægt væri að leysa við þessar aðstæður í núgildandi löggjöf með tiltölulega litlum breytingum. Aðalmálið er það, sem hér hefur komið fram hjá fleiri hv. þm., að það vantar meira fjármagn í húsnæðislánakerfið. Frv. leysir á engan hátt þann vanda.

Ég hef síður en svo á móti því að auka valfrelsi í húsnæðislánakerfinu og hef raunar boðað það áður, en meðan ekki er til fjármagn til að leysa félagslega þörf fyrir húsnæði fyrir þá sem ekki hafa nægileg efni til að byggja eða kaupa, hvers vegna þá t.d. að setja af stað kaupleiguform í almenna húsnæðiskerfinu fyrir þá efnameiri í þjóðfélaginu og skapa þeim forgang? Það eru engin ákvæði í almenna kerfinu sem reisa neinar skorður gegn því að hver sem er, hvernig sem aðstæður eru, geti ekki gengið inn í það form og krafist þar húsnæðis.

Ég ætla ekki efnislega að ræða þetta mál við þessa umræðu vegna þess að ég geri ráð fyrir því að félmn. muni taka þetta mál til efnislegrar meðferðar eins og venja er til. En það verður fróðlegt að fá viðbrögð launþega við þessum áformum og þá ekki síður lífeyrissjóða sem eiga að fjármagna lán til framkvæmdaaðila, 15%, með kaupum á skuldabréfum til 25 ára umfram þá kvöð sem 55% skyldan í almenna kerfinu leggur þeim á herðar. Það er ekkert leyndarmál að í dag er ástandið þannig að það er aðeins lítill hluti af lífeyrissjóðunum sem hafa séð ástæðu til að verða við þeim skyldum sem þeir eiga að inna af hendi í sambandi við fjármagn fyrir árin 1989 og 1990.

Það er alveg ljóst að þörf er á byggingu leiguíbúða í landinu þar sem hægt er að leigja út húsnæði með viðráðanlegum leigukjörum. Ég hef því talið og við framsóknarmenn settum það sem skilyrði við þessar umræður að það yrði fallist á það að breyta 33. gr. núgildandi laga, þ.e. b- og c-lið, þannig að lánstíminn verði 43 ár í stað 30. Frv. um þetta atriði átti að vera með í samkomulagi fulltrúa stjórnarflokkanna um þetta mál, en svar kom ekki frá hæstv. ráðherra eða fulltrúa hans við þessu skilyrði okkar í viðræðuhópunum. Frv. um þetta atriði verður því lagt fram sem mun auðvelda sveitarfélögum og samtökum fatlaðra, aldraðra, námsmanna og fleiri samtökum að byggja ódýrar leiguíbúðir. Ég tel rétt við þessar umræður að lýsa því frv. sem er aðeins ein grein, þ.e. að 5. mgr. 58. gr. núgildandi laga orðist svo: Lán samkvæmt b- og c-lið 33. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðist síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán samkvæmt 49. gr. 2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég þarf ekki að eyða orðum á nauðsyn þessa. Það hefur verið krafa sveitarfélaganna og ósk þeirra um nokkurt skeið að þessu ákvæði í lögunum verði breytt þannig að þau gætu nýtt sér þennan lánaflokk í félagslega íbúðakerfinu til að leysa úr leiguíbúðaþörfinni. Hér hefur verið nefndur í umræðunum húsnæðishópurinn „Þak yfir höfuðið", þ.e. Öryrkjabandalagið, Sjálfsbjörg, Landssamband Þroskahjálpar, Samtök aldraðra, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag ísl. sérskólanema, Leigjendasamtökin og Búseti — landssamband húsnæðissamvinnufélaga. Þau hafa sent bréf á Alþingi og til félmrn. þar sem sérstaklega er lögð áhersla á það, eins og stendur hér í 3. lið í því bréfi, að lán til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verði lengd úr 30 árum í 43 ár til samræmis við lánakjör í félagslega kaupleigukerfinu. Þau leggja sérstaka áherslu á þetta ákvæði í lok þeirrar samþykktar og þess bréfs sem þessi samtök sendu félmrh. 4. des. sl. og raunar nokkrum fleiri alþm. einnig.

Miðað við þá breytingu sem hér hefur verið kynnt er ljóst að miðað við að leggja til grundvallar sömu lánakjör og gert er í útreikningum með frv. sem er til umræðu eru leigukjörin, miðað við fjármagnskostnaðinn, ekki lakari, heldur frekar hagstæðari í þessu kerfi en í kaupleigukerfinu. Ef við leggjum til grundvallar íbúð sem er á 4 millj. kr. og fái 85% lán í verkamannabústaðakerfinu og síðan þurfi 15% að fjármagnast með láni úr lífeyrissjóðum með 7% vöxtum er mánaðarleiga reiknuð út miðað við 43 ár með þessari breytingu á fjármagnskostnaðinum 11 795 kr. á mánuði. Ef hins vegar væri farið út í að 15% yrðu fengin með 3,5% vöxtum, eins og gert er ráð fyrir að hluta til í frv., yrði fjármagnsleigan ekki nema 10 045 kr. á mánuði. Þannig er alveg ljóst að hér er um valkost að ræða sem nauðsynlegt er að leiðrétta í núgildandi kerfi en þarf ekki til þess annað en samþykkja eina litla grein í viðbót við núgildandi kerfi.

Mér þykir ástæða til að lokum að nefna að það er mitt álit að það hefði þurft að skoða þetta mál í stærra samhengi við allt félagslega íbúðakerfið í landinu eins og ráð var fyrir gert og raunar númer eitt í stjórnarsáttmála sem ég hef lýst hér fyrr. Það er ekkert sjálfgefið að þetta form, kaupleiguformið eins og hér er stillt upp, sé eitthvað betra en önnur form. T.d. er kaupleiguíbúðafyrirkomulagið mjög umdeilt á Norðurlöndunum og hafa Finnar lagt það niður að nokkru leyti og miklar deilur eru um þetta form í Svíþjóð þar sem aðilar sem nálægt þessum málum koma deila nú um það og segja að ástæðan sé sú að einstaklingar vilji hagnast á íbúðunum. Þeir sem eru hlynntir þessu fyrirkomulagi búast við því að íbúðir muni stíga í verði, en þeir sem vilja hamla gegn þessu telja að það sé óréttlátt að nota opinbert fjármagn á þann hátt eins og þar er farið að verða vandamál í sænskum húsnæðismálum. Við skulum vona að þetta komi ekki inn á okkar borð, en alla

vega er þetta þess eðlis að það þarf a.m.k. að gjalda varhug við ýmsum atriðum í okkar kerfi sem eru erfiðari en hjá þessum milljónaþjóðum. Það er þess vegna fullkomin ástæða til að vanda sig vel þegar verið er að breyta sí og æ húsnæðislánakerfinu.

Frv. þetta sem hér er til umræðu mun að sjálfsögðu fá þinglega meðferð og hafa aldrei verið uppi nein áform um að koma í veg fyrir það með neinum bolabrögðum eða öðru slíku. Síður en svo. Það hefur verið talin ástæða til að fara vel ofan í þetta mál og hefði verið ástæða til þess. Og ég endurtek að það er alveg ófyrirgefanleg aðferð í svona málum að láta ekki fulltrúa þeirra stjórnmálaafla sem eiga að fylgja slíku máli fram miðað við stjórnarsáttmála koma að því að semja frv. sem slíkt á frumstigi. Þetta eru vinnubrögð sem er ekki hægt annað en að mótmæla hér á hv. Alþingi þegar um stjórnarfrv. er að ræða.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara nákvæmlega meira ofan í þessi mál né eltast við ýmsar uppákomur í kringum þetta mál. Ég verð að segja að það kom mér svolítið á óvart að hv. 5. þm. Norðurl. v. skyldi dýfa niður penna og reyna að skrifa grein með sérstöku formi eins og birtist í Morgunblaðinu í dag. Þar gerir hann tilraun til þess að stílfæra mál í líkingu við það sem Þórbergur gerði í ævisögu séra Árna Þórarinssonar og auðvitað mistókst þessum hv. þm., enda varla fær um að feta í fótspor meistara Þórbergs. Dagbók hans er greinilega röng. Niðurstaða þessara hugleiðinga hans eru reyfarakenndar og algjörlega út í hött og ég nenni satt að segja ekki að fara að svara þessari grein á einn eða neinn hátt á annan veg, þar rekur sig hvað á annars horn, því að ég geri frekar ráð fyrir því að hv. þm. hafi verið a.m.k. heldur ofhlaðinn af þeim umræðum og athugasemdum sem komu frá fulltrúum Framsfl. og Sjálfstfl. um meðferð þessa máls heldur en hitt að hann hafi saknað þess að við legðum ekkert þar til mála. Missagnir og hrein ósannindi í fjölmiðlum eins og þarna eru viðhöfð eru ekki svaraverð.

Frv. fær að sjálfsögðu þinglega meðferð. Ég geri ráð fyrir því að félmn., ég mun a.m.k. beita mér fyrir því að hún muni senda þetta frv. ýmsum aðilum, svo sem aðilum vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðum, sveitarfélögum og mörgum fleirum til þess að fá a.m.k. það viðhorf fram sem getur gefið frv. það gildi að það hafi einhverja þýðingu til lausnar á þessum mikilvæga málaflokki, sem við erum öll sammála um sjálfsagt að reyna að leysa úr, sem eru húsnæðismál þjóðarinnar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þessi húsnæðismál okkar eru nú í þeirri úlfakreppu að fram úr þeim málum sér maður ekki í dag. Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni þegar hún fylgdi þessu frv. úr hlaði að fyrir lægju 12 þúsund umsóknir og 70% af þeim væru hér af höfuðborgarsvæðinu. Síðan hefur það verið upplýst að í kringum 26% af þeim umsóknum sem eru af landsbyggðinni séu frá umsækjendum sem ætla að byggja hér á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur því fyrir að af þessum 12 þúsund sé fyrirhugað að byggja 9366 íbúðir á þessu svæði. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur það hvert viðhorf landsbyggðarinnar er til þess hvernig þjóðfélaginu er stjórnað í dag. Það er þetta sem það segir manni. Þetta er harður dómur. Fólk, sem vill ekki fara hingað suður, vill vera úti á landi, leggur ekki í það að byggja þar vegna þess að ef illa fer, þá veit það að það getur ekki losnað við íbúðirnar á kostnaðarverði. Ég held að hæstv. ráðherrar og stjórnarliðið yfirleitt ættu að hugleiða þetta mál í þessu ljósi. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir.

Ég var lengi í félmn. og hef kynnt mér nokkuð það kerfi sem er í Svíþjóð. Ég var að mörgu leyti hrifinn af því þó að um það megi deila hvar mörkin eigi að vera. En frammi fyrir þeim staðreyndum stöndum við nú að eins og nú horfir þá verður ekki búið að leysa úr umsóknum fyrr en líklega á árinu 1991. Og það liggur alls ekkert fyrir hvað lífeyrissjóðirnir sumir hverjir ætla að gera. Þetta er sem sagt algjört strand, algjört gjaldþrot í þessum málum. Þetta frv. út af fyrir sig leysir ekki málið.

Ég var mjög ánægður með það sem hæstv. félmrh. sagði í sambandi við landsbyggðina og þörfina fyrir það að leysa þau mál. Það gerist ekki að mínu mati með þessu frv., því miður. En ég er þakklátur fyrir hug hennar í sambandi við þetta mál. Og ég ætla ekki að kasta steini að henni í sambandi við afstöðu hennar til þessara mála hér undanfarna daga, það geri ég ekki. Ég held að stjórnarliðið ætti að reyna að horfa raunsætt á hvernig þessi mál standa í dag. Á sama tíma sem þetta kemur til umræðu er verið að tala um það að skerða nú fjármagnið til húsnæðismála. Það á að leysa það með því. En svo vil ég segja eitt við hæstv. félmrh.: Sveitarfélögin úti á landi eru þannig í stakk búin mörg hver að þó að þau fegin vildu, þá mundu þau ekki geta notfært sér þessa löggjöf, jafnvel þótt peningar væru fyrir hendi, jafnvel þó það væri hægt að fá lán, hvað þá ef þarf að bíða í fleiri mánuði eða ár eftir því að fjármagnið komi eins og nú horfir.

Ég var fyrir nokkrum dögum að spyrja um það hjá húsnæðismálastjórn hvenær fengist lán fyrir fólk sem er þó í forgangshópnum sem sótti um í apríl á sl. ári. Hvert haldið þið að hafi verið svarið? Í fyrsta lagi á næsta ári. Einhvern tíma á næsta ári í fyrsta lagi.

Fólk, sem var að koma frá námi erlendis, er að reyna að komast yfir íbúð norður á Akureyri. Þetta fólk hefur aldrei átt íbúð áður. Þau vissu ekki um þennan frumskóg sem hér er og sóttu ekki um lán fyrr en rétt eftir að þau komu í október sl. Mér er sagt að það sé borin von að þau fái lán fyrr en eftir rúm tvö ár. Mér er tjáð það. Ætli þau neyðist ekki til að flytja suður? Því hér er þó frekar hægt að fá keypt húsnæði því hér er fjármagnið og hér byggja margir og virðast vaða í peningum.

Ef hæstv. félmrh. vill reyna að leysa þessi mál landsbyggðarinnar, sem ég efast ekkert um að hún

vilji, þá verður bara að breyta þessu þannig að þó að það séu færri umsóknir þaðan, þá verði umsóknafjöldinn miðaður við fólksfjölda á hverjum stað en ekki eftir því hversu margar umsóknir liggja fyrir. Ég sé ekki betur en það verði mjög lítið byggt úti á landsbyggðinni öðruvísi en að einhverju leyti verði horfið frá þessu kerfi, nema peningar komi. En hver trúir því eins og nú er? Ekki ég. Því miður. Staðan er sem sagt sú að fyrir fátækara fólkið er eins og nú horfir ekki hægt að sjá að þetta leysist í náinni framtíð, a.m.k. ekki meðan þessi hæstv. ríkisstjórn situr að völdum.

Nei, því miður, hæstv. félmrh., þetta mundi ekki leysa mál landsbyggðarinnar nema á þeim stöðum þar sem er mikil atvinna, á þéttbýlisstöðum, einstaka stað e.t.v., þar sem þarf að inna það mikið af hendi af fjármagni í þessar íbúðir miðað við það frv. sem hér er.

Af þeim ástæðum sem ég hef hér komið inn á hef ég ekki farið efnislega ofan í þetta frv., af því að ég sé ekki að það leysi þann vanda sem við blasir nema aukið fjármagn komi til. Og ef aukið fjármagn kemur í þetta, þá mundu bara þeir sem eru búnir að sækja um og ekki eru í forgangshópi lenda í þessu kerfi, og þá mundi bara enn lengjast halinn.

Mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðherra fyrst og fremst tvær spurningar eða þrjár. Mér skilst í sambandi við þessar nýju ráðstafanir sem er verið að gera, sem munu líklega standa eitthvað fram á vorið ef ríkisstjórnin situr það lengi, hálfvegis liggja í loftinu að það eigi að hækka vextina af húsnæðisstjórnarlánum. Verða þessir vextir hækkaðir, liggur það fyrir og hvað þá?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja: Hvað eru það margir lífeyrissjóðir sem eru búnir að skrifa undir samninga í sambandi við greiðslur til Húsnæðisstofnunar ríkisins á næstu árum? Ég veit að það er búið í ár.

Í þriðja lagi: Ef nú verða skornar þessar 100 millj., sem mér skilst, er það þá ekki rétt skilið hjá mér að það sé búið að lofa það miklu, mörgum umsóknum á þessu ári að það verði ekki hægt við það að standa? Ég veit að hæstv. félmrh. hefur mótmælt þessu og hún á heiður skilið fyrir það. En hafa hinir hugsað um það, hinir, eins og hv. 17. þm. Reykv. sem talaði mikið um lítið mál, þ.e. þessi olnbogaskot sem eru í flokkunum og milli flokkanna um öll möguleg mál. Og ef ástæður er ekki fyrir hendi, þá er reynt að finna upp ástæður eins og ræða hans áðan bar glöggt merki.

Í síðasta lagi stendur hér í 4. gr. frv., með leyfi forseta: „Með almennum kaupleiguíbúðum er átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja."

Hvernig á að skilja þetta? Hvernig á að skilja þetta „viðurkenndra félagasamtaka"? Hvernig á að skilja þetta með fyrirtækin? Er það þegar eitthvert sterkt fyrirtæki sem hefur peninga — að þó að einstaklingur eigi það þá geti hann farið að byggja þessar íbúðir? Eða við hvað er átt? Því miður skil ég þetta ekki eða þarf að fá útskýringar á þessari málsgrein eins og hún er hér í frv. Ég hef ekki lesið grg., það kann að vera að útskýringar séu þar á því hvernig beri að skilja þetta eins og það er sett í textann, en alla vega finnst mér þetta vera ónákvæmt svo ekki sé meira sagt.

Það lítur út fyrir það að þeir sem komast yfir fjármagn geti haldið áfram að byggja hér upp á það að fólkið komi áfram í stórum stíl utan af landsbyggðinni og með einhverjum ráðum komist yfir — eða fái þá leigðar þessar íbúðir.

Ég held að í umfjöllun um þetta frv. og um húsnæðismálin yfirleitt ætti að ræða út frá þeim sjónarhól sem hæstv. fyrrv. félmrh., 1. þm. Vesturl., benti á áðan. Ég get ekki betur séð en að í raun og veru þurfi ekki ný lög eða lagafyrirmæli. Það sem vantar er vilji og fjármagn. Það er það sem vantar og að því höfum við orðið vitni undanfarna daga.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. félmrh. til hamingju með fram komið frv., ekki aðeins henni einni heldur henni fyrir hönd þess fjölda fólks sem nálægt samningu þessa frv. hefur komið, hinna færustu manna og kvenna úr nánast öllum pólitískum flokkum sem hafa lagt þar gjörva hönd að verki. Ég tel þetta frv. vera mikið framfaraspor í félagslegri sögu okkar Íslendinga og fagna því að það skuli vera hér fram komið.

Áður en ég fer efnislega ofan í frv. sjálft langar mig til að gera nokkrar athugasemdir við það sem hv. ræðumenn á undan mér hafa látið orð falla um, hina og þessa punkta sem orðið hafa á leið okkar í afgreiðslu þessa frv.

Hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson var að vonum ekki ánægður með grein mína í Morgunblaðinu í dag og segir mig ekki jafnast við meistara Þórberg. Ég viðurkenni það mjög fúslega. Ég geri alls ekkert tilkall til þess. Mín grein var miklu fremur þurr lýsing á því sem skeð hafði hér fyrir tíu dögum, en hún var engu að síður, og það hugsa ég að meistara Þórbergi hafi líka verið annt um í sínum skrifum, sönn. Hv. þm. kallaði það ófyrirgefanlega aðferð að fulltrúar stjórnarflokkanna hafi ekki beinlínis komið nálægt samningu þessa frv. Það má vel vera að þetta hafi verið ókostur, eins og hann kallaði það líka, að fulltrúar stjórnarflokkanna fengu ekki að vera með við samninguna. Nú er þetta e.t.v. siður sem ráðherrarnir ættu að temja sér, að kalla til fulltrúa stjórnarflokkanna, hinna samstarfsflokkanna til að vera við samningu frv. Ég skal ekkert segja um það. Hins vegar er þetta mjög hefðbundin aðferð sem við þekkjum vel bæði úr þessu samstarfi og hv. þm. þekkir áreiðanlega frá því að hann var sjálfur ráðherra. Svona hefur þetta viðgengist í gegnum tíðina.

Mér er minnisstætt kvótafrv. sem kom hér fram fyrir jólin og var aldeilis ekki þess eðlis að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu nokkurn skapaðan hlut fengið að fetta fingur út í samningu þess frv. eða þær

breytingar sem á því áttu að vera í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar, þannig að hv. þm. ætti kannski að líta í eigin barm og síns flokks.

Það hefur verið talað um það hversu snemma frv. kom fram. Það var 7. des. sl., fyrir einum þremur mánuðum, þannig að ærinn tíma hefur tekið að skoða þetta frv. Í sambandi við það var sagt að það hafi komið fram á mesta annatíma þingsins og þess vegna hafi ekki verið möguleiki á að líta á það. Það væri fróðlegt að líta á mælendaskrár frá því í desember og kynna sér það hversu oft stjórnarþm. hafa tekið til máls í þeim mánuði, hversu önnum kafnir þeir voru við þingstörf, hvað það var sem hélt þeim frá því að stúdera þetta frv. þannig að gagn væri að. Ég held að menn hafi frekar ráfað hér um sali, verið heldur verklausir meðan stjórnarandstaðan hélt uppi málþófi. Þannig leit það mál út. (Gripið fram í.) Þetta kom úr hörðustu átt.

Hv. þm. las upp athugasemdir Framsfl. sem komu fram í undirbúningshópnum tveimur dögum eftir að sjálfstæðismenn lögðu fram sínar athugasemdir og athugasemdir framsóknarmanna voru alveg nákvæmlega eins. Ef menn hafa borið sig saman um athugasemdir, þá furða ég mig á að ekki skuli hafa verið lagður fram sameiginlegur pappír. En eins og atvik höguðu til býður mér í grun að samráðið hafi verið heldur lítið.

Síðan voru lesnar upp ýmsar athugasemdir sem mér er ekki kunnugt um að hafi nokkurn tímann borið á góma í þessum undirbúningshópi og þess vegna alveg lífsins ómögulegt að taka formlega fyrir. Ýmsar af þessum athugasemdum hins vegar, sem ég var að heyra núna, eru þegar leystar eins og t.d. það að hafa samráð við ýmsa aðila við samningu frv. og vil ég, með leyfi forseta, lesa hér upp úr athugasemdum um þetta lagafrv. þar sem segir:

„Tillögur frv. voru kynntar á samráðsfundum með fjölmörgum aðilum, m.a. húsnæðisnefnd og sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands, fulltrúum frá BSRB og Vinnuveitendasambandi Íslands, forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga og átta almannasamtaka sem starfa að húsnæðismálum.“

Þá kom fram athugasemd um könnun á þörf fyrir þessar íbúðir, en það er held ég rækilega tekið fram hvað eftir annað í frv. að slík könnun skuli fara fram. Þá sagði einnig í athugasemdum hv. þm. að það hafi verið algjört skilyrði framsóknarmanna að breyta lánstímanum á leiguíbúðum skv. b- og c-lið 33. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins úr 31 í 43 ár. Aldrei nokkurn tíma kom það til tals á þessum nótum, heldur hitt að þetta mál skyldi skoðast í sambandi við þetta frv. í nefnd. Umsagnir hinna ýmsu aðila sem hv. þm. taldi upp eiga auðvitað heima í nefnd og eiga að skoðast þar. Ég get hins vegar upplýst, hvað þetta mál snertir, að það er auðvitað alls engin fyrirstaða hjá okkur alþýðuflokksmönnum, hitt þó heldur, þannig að ég á von á að við getum leyst þetta mál farsællega í nefnd þegar frv. kemur þar til umsagnar.

Hv. 17. þm. Reykv. kom upp nokkuð snemma í umræðunni og sagði sig ekki vilja liggja undir grun um að hafa ekki unnið af heilindum í undirbúningsnefndinni. Mér er bæði ljúft og skylt að staðfesta að frá mínum sjónarhóli hefur hv. þm. unnið af fullum heilindum og hef ég aldrei vænt hann um annað. Hitt er svo annað mál, og það kom fram í grein minni í Morgunblaðinu í dag, að greinilegt er að misskilningur hafi orðið út af boðleiðum og atriðum sem auðveldlega má koma í lag en ótrúlegur hávaði hefur verið gerður út af. Og hafi menn haldið að við alþýðuflokksmenn ætluðum að sitja þegjandi undir þeim hávaða sem var magnaður gegn okkur, þá er það misskilningur. Þessi grein var ekki ætluð til annars en að lýsa nákvæmlega því sem skeði.

Í ljósi þessa misskilnings verður að skilja ummæli hv. 17. þm. Reykv. þegar hann segir að óðagot ráðherra hafi verið svo mikið að komið hafi verið fram með frv. áður en þingflokkarnir fengu það til athugunar. Þetta var hluti af þeim misskilningi sem var uppi, við stóðum í þeirri trú að þessi nefnd væri til þess gerð að jafna efnislegan ágreining, en ekki fara ofan í frumvarpstexta og frumvarpstextinn sjálfur stæði því ekki til athugunar. Það að boðleiðir fóru á mis ber að harma, en auðvitað hefði þetta ekki þurft að vera neitt mál eins og hv. þm. sagði. Við hefðum óskað, að þegar þessi misskilningur kom upp, þá hefði þetta mál verið tekið upp við okkur, eins og á að gera í samskiptum milli samstarfsflokka, og málin rædd en ekki vaðið út til fjölmiðla og barðar bumbur.

Það sem tekið var sem dæmi um það sem hefði mátt leiðrétta í texta frv. var í sambandi við gjaldfellingu 15% láns úr 25 árum í 5 ára lánstíma við kaup í almenna hluta kaupleigunnar, að við gjaldfellinguna skuli hinir hagstæðari vextir breytast yfir í markaðsvexti. Á því þótti ekki þörf, og það ætti hv. þm. að þekkja, að taka þetta beinlínis fram í lagatexta vegna þess að það segir í 30. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, með leyfi forseta:

„Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.“ — Þannig að eftir því samkomulagi sem við gerðum í sambandi við þetta atriði hefði þetta mál auðvitað átt að koma fram í reglugerð og ég held að við leysum þetta mál á þeim nótum nema það sé sérstök ósk um að einmitt þetta atriði standi endilega í lagatextanum, þá skulum við auðvitað athuga það. En lögin sem eru og munu gilda um þetta efni kveða á um að ákvæði um vexti skuli koma fram í reglugerð, enda ákveðin af ríkisstjórn Íslands á hverjum tíma.

Ég held að ég sé ekki að elta ólar frekar við það sem hefur komið fram hjá samstarfsfélögum mínum. Ég held að við ættum e.t.v. að temja okkur betri siði í umgengni hver við annan og þá þurfa svona hnökr-

ar ekki að koma upp.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon hafði uppi grunsemdir um að brestir væru í stjórnarsamstarfinu vegna þessa máls og þetta væri e.t.v. merki þess. Ég vil aðeins minna hv. þm. á að þar sem heflað er þar falla einnig spænir og niðurstaðan er oftast hin allra besta smíð, þannig að ég held að okkar annars ágæta samstarf, þó við fljúgumst stundum á, sé ekki verulega í hættu.

Hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson gerði því skóna að Húsnæðisstofnun ríkisins væri e.t.v. skaðabótaskyld vegna þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið núna í sínum efnahagsaðgerðum við mótmæli félmrh. að strika út 100 millj. kr. í fjárveitingum til Húsnæðisstofnunarinnar og að stofnunin hafi þegar ráðstafað öllu þessu fjármagni til lántakenda. Um þetta er það að segja að í fyrsta lagi breyttum við tilhögun lánsloforða Húsnæðisstofnunar í breytingu á lögum nú rétt fyrir jól þannig að lánsloforð eru ekki beinlínis lánsloforð heldur nokkurs konar ávísun á það að viðkomandi eigi rétt á loforði. (**ÓÞÞ:** Það var búið að ráðstafa öllu 1988 þannig að þetta á ekki við, herra þm.) Við skulum nú athuga þetta svolítið betur. (**ÓÞÞ:** Já, það er nauðsynlegt.) Já, ég held það. En vegna þessara 100 millj. sem öllum ræðumönnum hér eða flestum sem talað hafa þótti leitt að skyldi tekið frá Húsnæðisstofnun ríkisins, þá vil ég aðeins segja þetta í öðru lagi, að ef um er að ræða minnkun á framlagi til Húsnæðisstofnunar ríkisins eða stærri gengisfellingu þá er ekki nokkur vafi í mínum huga hvort ég kýs frekar og þykir mér þó vænt um framlög til byggingarsjóða ríkisins. Ekki nokkur vafi. Ég hefði viljað koma í veg fyrir gengisfellingu hvað sem það kostaði, nánast að segja, með stærri tekjutilfærslum á fjárlögum ríkisins, en svo virtist sem hóf væri best í öllu.

Hv. 2. þm. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson kom einnig inn á það að menn sem dvelja á Norðurlöndum komi e.t.v. ekki heim til Íslands vegna húsnæðismálanna. Nú er það einmitt svo með fólk sem býr á Norðurlöndunum að ef það hefur greitt í lífeyrissjóð þar þá er það jafnrétthátt fólki á Íslandi sem greitt hefur í lífeyrissjóði varðandi lánsrétt og aðra slíka hluti þannig að ég held að fyrir flesta þá sem dvelja á Norðurlöndunum eigi þetta ekki við. Því er að minni hyggju þannig farið.

Með þeirri leið í húsnæðismálum sem hér er lagt til að farin verði opnast nýir möguleikar í húsnæðismálum sem tryggja fleiri kosti fyrir fólk til þess að koma sér þaki yfir höfuðið. Auk þess gæfi slíkt fyrirkomulag láglaunafólki og fólki með meðaltekjur möguleika á að eignast sitt eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Ein meginástæða þess hvernig komið er í húsnæðismálum er sú að fólk hefur lítið sem ekkert val haft í húsnæðismálum og er oft knúið nauðugt viljugt til að eignast eigið húsnæði þó það hafi ekki til þess fjárhagslegt bolmagn. Afleiðing þess er sú að mörg heimili í landinu eru að kikna undir oki gífurlegra fjárhagsskuldbindinga. Lítið framboð er á leiguhúsnæði og langt í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Á sl. fimm til sex árum hafa mjög fáar leiguíbúðir verið byggðar á vegum sveitarfélaga og þrátt fyrir ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, um að Byggingarsjóður verkamanna skuli fjármagna a.m.k. ⅓ hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna, hefur hvergi nærri verið staðið við það markmið.

Ljóst er að langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum sem segja má að sé eini möguleikinn í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk og fólk með meðaltekjur. Byggingarsjóður verkamanna lánar nú allt að 85% af byggingarkostnaði staðalíbúðar og er hlutur kaupanda 15%. Í sérstökum tilfellum er heimilt að hækka lánshlutfallið í allt að 90% sé um erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður að ræða. Framlag kaupanda getur því orðið 600 þús. kr. sé miðað við 4 millj. kr. kaupverð íbúðar. Og ef heimildargreinin er nýtt verður framlag kaupanda 400 þús. kr.

Þó að íbúðir í verkamannabústöðum séu með hagstæðustu kjörum sem bjóðast í húsnæðismálum er ljóst að greiðslukjörin eru engu að síður mörgum ofviða. Þeir sem fá lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins þurfa einnig að brúa verulegt bil milli kaupverðs og lána.

Kostir kaupleiguíbúða eru ótvíræðir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- eða leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auðvelt á að vera að gera fólki kleift að flytja með sér áunnin réttindi. Með því móti er fólki auðveldað bæði að stækka og minnka við sig íbúðir, sem og að flytjast milli sveitarfélaga ef það svo kýs.

Þetta er alveg nýr valkostur. Það er grundvallaratriði í þessum valkosti að fólk kaupi um leið og það leigir. Það eykur valfrelsi einstaklingsins. Það gefur einstaklingnum miklu meiri möguleika en talið er upp í lögunum um Húsnæðisstofnunina, þar sem taldir eru upp einir níu möguleikar til lána hjá Byggingarsjóði ríkisins og þrír möguleikar hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þarna er keypt um leið og leigt er. Fólk hefur völina að leigja, leigja áfram, eða eiga kost á því að fá að kaupa seinna. Það hefur kost á því að leigja með hlutdeild eða afnotarétt. Og það hefur valfrelsi. Það hefur frelsi til að velja á milli hinna ýmsu kosta.

Þetta er gæfulegur kostur fyrir láglaunafólkið. Það er ekki nauðsynlegt í þessu kerfi að hafa mikið fjármagn milli handa. Útborgun er engin, heldur mánaðarlegar greiðslur á viðráðanlegum kjörum. Engar fyrirframgreiðslur, eins og tíðkast hér á leigumarkaði, heldur greiðslur mánuð fyrir mánuð. Láglaunafólk hefur eins og aðrir sama val um kaup eða leigu.

Þá er þetta alveg sérstakur kostur fyrir landsbyggðina. Þetta frv. gefur möguleika á að snúa byggðaþróun á landsbyggðinni við. Við sjáum öll af skýrslum hver byggðaþróunin hefur verið, hver byggingarþróunin hefur verið á landsbyggðinni. Hún hefur í sannleika sagt verið eymdarleg. Allt það sem gefur von um að hægt sé að snúa þessari þróun

við ætti að vera tilefni sérstaklega fyrir landsbyggðarmenn til að standa að baki þessu frv.

Það er nauðsynlegt öllum byggðum á landsbyggðinni að halda uppi menningarlífi, að hafa vissan hlut af fagfólki, kennurum, tónlistarkennurum, hjúkrunarkonum, fóstrum, sjúkraþjálfurum, vélstjórum og stýrimönnum. Ég vil minna á fsp. sem kom hér fyrir nokkrum dögum frá varaþingmanni, hv. 4. þm. Suðurl. Ragnari Óskarssyni, til heilbrrh. um það hvort ráðherra hafi uppi einhver áform um að grípa til ráðstafana til að bæta úr skorti á hjúkrunarfræðingum víða um land. Ég þekki það að þetta er mikið vandamál víðs vegar á landsbyggðinni. Og stór hluti af því vandamáli stafar einmitt af því að ekki tekst að finna húsnæði fyrir þetta fólk. Það er hluti af þess kjörum. Að ætla sér að fá þetta fólk til starfa án þess að það hafi í nokkurt hús að venda gerir dæmið óleysanlegt. Þannig að þessi fsp. er ekki án tilefnis.

Aðkomufólk með mikla fagþekkingu, sem nauðsynleg er á þessum stöðum, vill kannski ekki skjóta rótum í hinum ýmsu byggðarlögum, vill þess vegna ekki festa fjármagn í húsnæði. Það á þarna möguleika til að koma inn með leigu en með það í huga, ef það kann við sig, að geta keypt á eftir og þá samkvæmt föstum fjármögnunarreglum, sem gerir því auðvelt að taka þá ákvörðun.

Það þarf einnig að gefa lífeyrissjóðum landsbyggðarinnar tækifæri til að 55% af þeirra ráðstöfunarfé fari til heimabyggðar, þannig að sá hluti gagni þeim einnig í hlutverki þeirra sem framkvæmdaaðila ásamt öðrum félögum eða fyrirtækjum. Sú gagnrýni hefur einmitt komið fram hjá einum aðalforustumanni annars helsta landssambands lífeyrissjóða að það sé veruleg tregða hjá lífeyrissjóðum landsbyggðarinnar að horfa á eftir öllu sínu fjármagni hingað suður á suðvesturhornið, að það sé tregða í þeim lífeyrissjóðum sem hann stendur fyrir að greiða fjármagn til Byggingarsjóðs verkamanna. Ef þessum sjóðum er gefið tækifæri til að fjárfesta á eigin landsvæðum þá held ég að myndin mundi breytast mjög mikið fyrir þá aðila sem taka ákvarðanir um fjárfestingar þessara lífeyrissjóða.

Það þarf ekki að spyrja að því að eftirspurnin eftir þessum íbúðum hefur verið gífurlega mikil. Í könnun, sem gerð var af félmrn. um þörfina fyrir kaupleiguíbúðir, kom fram að hin ýmsu byggðarlög — og eru þá Reykjavík og Akureyri ekki talin með — töldu þörfina vera tæplega 1100 íbúðir sem þau höfðu í hyggju að byggja með þessu formi, þannig að menn skyldu ekki óttast að þörfin sé ekki fyrir hendi. Og menn geta einnig séð að könnun hefur farið fram, en einhver var að biðja um hana hér áðan.

Ég hef þá skoðun, þrátt fyrir að markað fjármagn sé ákveðið til kaupleigu og til Byggingarsjóðs verkamanna og þá væntanlega það sem eftir er til Byggingarsjóðs ríkisins, að eftirspurn eigi að ráða, að þarna megi ríkja eins konar markaðsástand. Þar sem þörfin er mest, þar sem eftirspurnin er mest, þannig ætti að deila út fjármagni til hinna ýmsu forma húsnæðismöguleikanna.

Sveitarfélögin hafa einmitt valfrelsi á hinum ýmsu formum sem þau eiga að taka ákvörðun um sem framkvæmdaaðilar. Vilja þau verkamannabústaðakerfið? Vilja þau kaupleigukerfið? Það eru þau fyrst og fremst sem taka ákvörðun um hvaða form kemur til með að vera ríkjandi í húsnæðiskerfinu. Ég hef þá trú að kaupleigufrv., ef það verður að lögum og þegar það verður að lögum, komi til með að opna nýjan markað og auka valfrelsi bæði einstaklinga og félaga á góðu húsnæðisformi.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætlaði mér nú ekki að taka til máls um þetta dagskrármál. En ráðherrann hefur komið því svo fyrir að mér er ómögulegt annað en segja hér nokkur orð.

Í fyrsta lagi las hæstv. ráðherra í upphafsorðum sínum bréf sem hann segir að mér hafi verið sent. Ég hef að vísu ekki fengið þetta bréf í hendur, en það kunna nú að vera eðlilegar skýringar á því, og ráðherrann gaf mér ljósrit af bréfinu svoleiðis að ég hef það hér fyrir framan mig. Efni bréfsins er að gagnrýna ummæli mín sem ég hafði við blaðamann Morgunblaðsins þann 26. þ.m.

Rómverjar sögðu: De gustibus non disputandum est, þ.e. að það sé erfitt að deila um smekksatriði. Ég lét það í ljósi að mér félli ekki uppsetning á þessu frv. og ég stend alveg við það að ég tel að hún sé ekki heppileg. Þetta er ekki skýr eða skilmerkileg uppsetning. Og það geta menn sannfærst um ef þeir fletta frv. Fjórða grein er t.d. fimm bls. að lengd og átján undirliðir. Það er miklu eðlilegra form og heppilegra að setja þetta upp sem sérstakan kafla, því þetta er sérstakur lagakafli, og láta þar koma fram greinarnar og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Það flýtir að vísu fyrir við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. að greiða atkvæði um fimm síður í einu, en ég held að hitt ætti nú ekki að vera ofverkið okkar. Sama gildir um 8. gr. Hún er upp á rúmar fjórar síður og undirliðir þar eru sautján. Að vísu er hægt að brjóta þetta upp í atkvæðagreiðslu og óska eftir atkvæðagreiðslu um hvern tölulið fyrir sig, og verður kannski gert. En ég hygg að það hefði verið aðgengilegra að setja þetta upp með venjubundnum hætti og taka afstöðu til einstakra greina.

Þar fyrir utan, og er nú kannski ekki ástæða til að kenna ráðuneytisfólki um það, þá er uppsetningin á frv. klúðursleg. Það eru lítil línubil og þetta er ekki fagurt prentverk. (Gripið fram í.) Það var einu sinni smiður á Akureyri sem reisti flugturn fyrir Flugmálastjórn og sendi svo reikning: Eitt stykki flugturn. Þetta virkar svona svipað á mig þegar ég sé svona uppsetningu. Það hefur fleirum en mér þótt þessi uppsetning flókin. Stórgáfaður þm. Kvennalistans, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, kvartaði undan því hér áðan að hún ætti erfitt með að glöggva sig á þessu frv., þannig að ég er ekki einn um það að vera í vandræðum að ráða í þessar rúnir. Ég geri hins

vegar ráð fyrir að Stefán Valgeirsson skilji þetta eins og annað í hvelli. Ráðherrann vildi kenna starfsmanni Alþingis um sem hefði verið ráðunautur sinn við uppsetninguna. En ég blanda mér ekki í það mál.

Mér þótti nú vænt um að starfsfólk ráðuneytisins fór ekki að gera athugasemd við ummæli mín þar sem ég sagði í nefndu blaðaviðtali að Jóhanna Sigurðardóttir væri ákaflega duglegur og samviskusamur ráðherra og allrar virðingar verð að því leyti. Sem betur fór gerðu þau enga athugasemd við þessi ummæli mín og ég er feginn því.

Það er að vísu rétt sem fram kemur í bréfinu að hér er ekki um gjörsamlega fordæmalausa uppsetningu að ræða. Í lögum um breytingu á jarðalögum, nr. 90/1984, þá er 10. gr., sem er um viðurkenningu á nýjum býlum, félagsbúi og jarðaskrá, upp á nærri því tvær síður ásamt með einum átta stafliðum. Þeir eru betur upp settir en hér er í þessu frv., en samt er það nú klúður þó í minna mæli sé.

Þegar Alþingi setur lög þá er eðlilegt að reyna að gera þau sem skilmerkilegast úr garði.

Ég vildi, með leyfi forseta, af því að það er nú verið að vitna til ummæla sem ég viðhafði við blaðamann Morgunblaðsins þann 26. þ.m. fá að lesa í heild það sem eftir mér er haft:

„Páll Pétursson, formaður þingflokks framsóknarmanna, sagði að einstaklega klaufalega hefði tekist til með framgang málsins og félmrh. verið allt of bráður á sér að henda málinu inn í þingið án þess að hafa til þess ákveðnar heimildir frá samstarfsflokkunum.

„Við ákváðum á þingflokksfundi í gær að bregða ekki fæti fyrir frv. og gera ekkert vesen út af þessu. Við hefðum getað heimtað að málið yrði tekið upp að nýju, en gerðum það ekki. Við erum þó með óbundnar hendur um að flytja brtt. sem ég held að þurfi raunar að gera á þessu frv. Ef menn skoða það er lagatextinn ákaflega viðvaningslega gerður, ógreinilegur og undarlegur, t.d. eru sumar greinar upp á margar blaðsíður", sagði Páll."

Síðan lét ég þess getið að Jóhanna Sigurðardóttir væri ákaflega duglegur og samviskusamur ráðherra og væri allrar virðingar verð að því leyti.

„„Hins vegar er hún ekki tillitssöm við samstarfsmenn sína og leggur ekkert á sig til að ná samkomulagi. Hún veit hvað hún vill og vill fá viljann sinn nú eða strax. Og ef hún ætlar sífellt að vaða yfir allt og alla þá auðvitað endar það með því að menn þreytast og hætta að láta eftir svona keipum og segja einhvern tímann stopp.

En hér er um að ræða nokkuð mikið mál. Þetta hefur mjög víðtæk áhrif á húsnæðiskerfið og þarna er opnuð leið sem menn sjá ekki alveg fyrir sér hvert leiðir. Það aukast ekkert peningar í húsnæðiskerfinu. Peningarnir sem í kaupleiguna fara eru teknir úr öðrum lánaflokkum. Við búum við ákaflega fullkomið kerfi í Byggingarsjóði verkamanna og það kerfi býður þá tilsvarandi hnekki ef peningum verður varið í stórum stíl í kaupleiguíbúðir. En kaupleigan var kosningamál hjá Alþfl. og því er kannski ekkert óeðlilegt þó Jóhönnu langi til að láta eitthvað liggja eftir sig í húsnæðismálum", sagði Páll Pétursson." — Hef ég nú lokið þessum lestri.

Ég tel að viðbrögð okkar framsóknarmanna við þessu máli, eða þeirri aðgerð félmrh. að leggja frv. fram með þeim hætti sem hún gerði, hafi verið ákaflega mild og full af tillitssemi við ráðherrann. Við hefðum að sjálfsögðu getað krafist þess að hún afturkallaði frv. Það gerðum við ekki. Við hefðum getað sent henni skriflega ofanígjöf, eins og Sjálfstfl. gerði. Það gerðum við ekki. Hins vegar komumst *við náttúrlega ekki hjá því* að taka það fram að við erum ekkert handjárnaðir, við tökum enga ábyrgð á því að koma þessu frv. óbreyttu í gegn. Það liggur svona í málinu og ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta.

Ég verð að segja að ég varð hissa að sjá grein hv. 5. þm. Norðurl. v. Jóns Sæmundar Sigurjónssonar í Morgunblaðinu í dag. Hún heitir: „Hjá vondu fólki á Snæfellsnesi." Ekki veit ég nú hvernig honum datt í hug að setja þessa fyrirsögn á grein sína. En þessi grein verður heldur ekki til að greiða fyrir þessu máli né heldur sú ræða sem hann flutti hér áðan. Ég held að það sé allt of mikill misskilningur hjá hv. þm. Þó tók nú steininn úr í viðtali sem hv. þm. hafði við Sjónvarpið í fréttatíma í gærkvöldi. Þar var nú bókstaflega eins og hann hefði verið á annarri reikistjörnu. Ég a.m.k. frábið mig því að hann lýsi því í sjónvarpi hvaða framsóknarmenn samþykki eða þingflokkur framsóknarmanna samþykki eða samþykki ekki. Það er okkar framsóknarmanna að greina frá því hvað við höfum samþykkt og ekki samþykkt því að hv. þm. er sannarlega enginn blaðafulltrúi eða „speaker" fyrir okkur. Hann misskilur sýnilega allt of margt til að við getum treyst honum til þess.

Í umræðum í haust um frv. um húsnæðismál lagði ég það á mig að reyna að upplýsa hæstv. félmrh. um hvaða boðleiðir ég teldi að ættu að liggja á milli þingflokka ef um heilt og hnökralaust samstarf ætti að vera að ræða. Því miður hefur hæstv. ráðherra ekki tekið mark á mér og setur sér sínar eigin reglur og því getur hún ekki gengið að vísum stuðningi okkar framsóknarmanna við þetta mál eins og það er fyrir lagt. Við erum ekki skuldbundnir að knýja þetta mál í gegnum þingið óbreytt. Og það vildi ég að hér kæmi fram.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að þær umræður sem hér hafa farið fram í dag um þetta dagskrármál séu að mörgu leyti merkilegar. Þær hafa nú staðið nokkuð lengi, enda er málið ekki lítið, sjálf Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv. sem er til umræðu. Hins vegar verð ég að segja það að margt sem hefur komið fram í umræðunum kemur í rauninni húsnæðismálunum lítið við. Mér datt í hug rétt áður en ég gekk hér í ræðustól að af ekki ósvipuðu tilefni lét fyrrv. alþm. þau orð falla og „síteraði" í latínu eins og hér var á

undan mér gert og talaði um að svona ástand mætti nefna „mala domestica“ eða heimilisböl. Ég ætla í sjálfu sér að leiða hjá mér þær orðahnippingar sem hér hafa farið á milli stjórnarliða. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt þegar þrír stjórnmálaflokkar leggja saman að ágreiningur sé. Að minni hyggju er um að ræða tvenns konar ástæðu fyrir þessari stöðu. Annars vegar er um að ræða pólitíska ágreining um mikið mál og þann pólitíska ágreining verður vitaskuld að leysa hér á hinu háa Alþingi með einhverjum hætti.

Hin ástæðan sem mér sýnist vera fyrir þessum orðahnippingum sem hér hafa orðið er meginvandinn í þessum efnum, en hún er kerfið sjálft og í rauninni fjármagnsskorturinn í húsnæðislánakerfinu. Það er þó ekki hægt að segja að fjármagnsskortur sé í landinu, þannig að ekki væri hægt að gera þessum málum skil af þeim ástæðum. Ástæðurnar eru í kerfinu sjálfu.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. gat þess snemma í ræðu sinni að það hefði komið fram í umræðunum, það hefur raunar farið fram hjá mér, að umsóknir hjá húsnæðismálastjórn um þessar mundir væru um 12 000. Hann gat þess líka að umsóknir um lán til bygginga hér á höfuðborgarsvæðinu væru um 78% af þessum lánum. Þetta segir manni svolítinn hluta af þessu máli.

Ég er með fyrir framan mig ársskýrslu Húsnæðisstofnunar ríkisins frá 1986 og varðandi þennan þátt málsins held ég að væri fróðlegt að líta á örfá atriði þó ekki væri annað en að bera saman tvö ár, t.d. árið 1982 og 1986, með leyfi hæstv. forseta. Ef við *tökum t.d. hlutfallslega skiptingu eftir landshlutum*, varðandi frumlán á þessum árum, er hún þannig að árið 1982 fara 5,7% þessara lána á Vesturland. Árið 1986 eru þau komin niður í 2,8%. Vestfirðir voru með 5,5% í sinn hlut 1982. Árið 1986 eru þeir komnir niður í 1,5%. Norðurl. v. var með 4,2% 1982. Árið 1986 er það hlutfall komið niður í 2,0%. Norðurl. e. var 1982 með 9,0% frumlánanna. 1986 er það hlutfall komið niður í 2,4%. Austurland var 1982 með 6,8%, 1986 er hlutfall Austurlands komið niður í 3,4%. Suðurland var 1982 með mjög álíka hlutfall og íbúahlutfallið er á Suðurlandi 8,7%, en 1986 var hlutfall Suðurlands komið niður í 5,5%. Reykjanes var með 31% 1982. Það hefur meira að segja fallið árið 1986 niður í 23,7%. Reykjavík hins vegar var 1982 með 29,1% frumlánanna en 1986 58,7%. Og höfuðborgarsvæðið, eins og við gjarnan köllum það, bæði Reykjanes og Reykjavík, er samtals með 1986 82,4% þessara hluta lána Húsnæðisstofnunar.

Ef við lítum á fjöldann, t.d. 1986, eru þessi frumlán Byggingarsjóðs ríkisins 1206 yfir allt landið. Lán til eldri íbúða sama ár eru 2530 og svo til verkamannabústaða tæplega 450 lán. Þetta losar 4000 lán 1986 og þá höfum við svona til viðmiðunar þessar 12 000 umsóknir sem hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði hér að umtalsefni áðan. Þetta sýnir kannski í hnotskurn vandann sem við er að glíma.

Það verður ekki séð að frv. sem hér er á dagskrá, stjórnarfrv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. um kaupleiguíbúðir, taki að nokkru marki á þessum vanda sem þarna er um að ræða. Ég get fyrir minn hlut tekið undir meginkjarnann í hugsun eða tilgangi þessa frv. Ég tel að það að koma upp kaupleigukerfi sé af hinu góða og sé í rauninni sjálfsagt að hafa slíkt kerfi í gangi hér á landi. En það er tilgangslaust í rauninni að koma á slíku kerfi á meðan húsnæðislánakerfið sem fyrir er, hinn almenni byggingarsjóður, Byggingarsjóður verkamanna og allt kerfið er í rauninni þannig sett að það getur ekki með nokkru móti komið til móts við þarfir þeirra sem þjónustunnar þurfa að njóta. Ástæðurnar eru sjálfsagt margar. En frumástæðan er lánskjaravísitalan sem hér hefur oft borið á góma. Lögin nr. 13 frá 1969 eru þess eðlis og hafa þau áhrif að þau verka sem hemill fyrst og fremst á landsbyggðaruppbygginguna. Hvers vegna skyldi það nú vera? Auðvitað er það vegna þess að það er helst hér á höfuðborgarsvæðinu sem íbúðarhús hafa haldið verðgildi sínu. Úti á landsbyggðinni hafa þau ekki gert það og það er af þeirri ástæðu m.a. sem lánskjaravísitalan er ekki viðunandi.

Tveir hv. alþm. úr stjórnarliði hafa nú nýverið lagt fram frumvörp hér á hinu háa Alþingi í þessu sambandi. Stjórnarandstaðan hefur einnig lagt fram frumvörp þannig að það er augljóst mál að það er vakandi vilji fyrir því hér í þinginu að á þessu sé tekið. En þó svo að frv. sem er til umræðu væri samþykkt næði það engum tilgangi eins og ætlast er þó til öðruvísi en að fjármagn sé fyrir hendi eins og *komið hefur fram í máli margra manna hér í dag*.

Nú er það svo að fyrr á þessu þingi hafa komið fram frv. um húsnæðismál, lögð fram af ýmsum aðilum. Ég get ekki látið hjá líða að minna á þau frv. sem samflokksmenn mínir, hv. þm. Júlíus Sólnes og Guðmundur Ágústsson í Ed. og Ingi Björn Albertsson og fleiri hér í Nd., hafa lagt fram um húsnæðismál, annars vegar um húsbanka og hins vegar um húsnæðisstofnun. Ég er ekki viss um að menn almennt hér á hinu háa Alþingi hafi hirt um að gera sér grein fyrir kjarnanum í þessum frv. og í því sem þar er lagt til. Ég er þeirrar skoðunar að um sé að ræða leið sem leysir, ef samþykkt verður, þann vanda að meginhluta sem hér er við að etja og ástæðurnar eru í fyrsta lagi þríþættar.

Í tillögum Borgarafl. er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun ríkisins verði breytt í verulegum atriðum og hlutverki hennar breytt þannig að hún hafi einungis með að gera tvo málaflokka. Annars vegar veiti hún lán til íbúðabygginga þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn. Hinn þátturinn sem Húsnæðisstofnun ríkisins á að annast að tillögu Borgarafl. er lán til allra félagslegra íbúða, hvaða nöfnum sem nefnast, hvort heldur er um að ræða byggingarsamvinnufélög eða Byggingarsjóð verkamanna, kaupleiguíbúðir eða hvað annað sem í boði væri. Þessi tvenns konar hlutverk eiga að vera í höndum Húsnæðisstofnunar að tillögu Borgarafl. Gert er ráð

fyrir því að eins og ástæður eru hjá okkur í dag sé þetta verkefni um 40% af markaðnum, 40% þess sem hér er um að ræða. En hvernig á þá að leysa hin 60% sem eftir eru?

Ég hef orðið var við að sá misskilningur er nokkuð útbreiddur að við leggjum til að bankakerfið leysi það mál, hið almenna bankakerfi. Það er ekki rétt. Við leggjum til að til þess að leysa vanda þessara 60% markaðarins verði stofnaður einn banki, húsbanki, rétt eins og gert hefur verið hvarvetna annars staðar á Norðurlöndum. Þessum banka er ætlað að starfa á þeim grundvelli nákvæmlega eins og t.d. er í Danmörku þar sem þeir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa sem þeir hafa einkarétt á að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er þar um að ræða venjuleg verðbréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á fjármagnsmarkaðinum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina, þannig að nægilegt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán húsbankans byggja eingöngu á sölu húsnæðisbréfanna verður að vera jöfnuður milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg á Norðurlöndunum að röð húsnæðisbréfa er sett á markað með reglulegu millibili og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsnæðisbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsóknir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum er þar óþekkt fyrirbrigði. Lánsumsókn er venjulega afgreidd og lánið veitt innan viku frá því að hún barst. Þetta er kjarni málsins. Eins og kerfið er hjá okkur í dag, eins og lagt er í rauninni til að það sé, eins og málin voru afgreidd nú í desember sl., er gert ráð fyrir annars vegar tveggja ára biðtíma og hins vegar hugsanlega 5–6 ára biðtíma. Aðalatriði málsins er það að koma á því jafnvægi að fram hjá þessum biðtíma verði komist.

Ég hef enn ekki komið að þeim kjarna málsins sem ég tel þó mestu skipta, en það er að finna lausn í þessum efnum sem leysir lánskjaravísitöluna af hólmi. Ég ætla þó að það sé merkasta nýmælið sem kemur fram í tillögum Borgarafl. Þar er lagt til að tekið sé upp sams konar lánakerfi, rétt eins og á Norðurlöndunum þar sem nú er mjög farið að tíðka vaxtaaðlögunarlán. Húsnæðislán í því formi ryðja sér þar mjög til rúms. Þau byggja á því að fyrir t.d. 40 ára veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. 5 ára í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með er ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er á ný samið um fasta vexti til næstu 5 ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og síðan koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við 40 ára lánstíma og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað á t.d. 5 ára fresti. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir. Það er kjarni þessa máls. Hér gerir lánskjaravísitalan það að verkum að höfuðstóllinn hækkar út frá allt öðrum forsendum en veðið sem er fyrir láninu. Þess munu dæmi að veðið hefur orðið minna að verðgildi en lánið. Það er kjarni þessa máls. Út úr þessu kerfi verðum við að komast.

Það lánakerfi sem hér er verið að leggja til varðandi kaupleiguíbúðirnar er að minni hyggju ágætis leið. Meinið er hins vegar það að það er ekki hreyft við þessum grunnvanda húsnæðiskerfisins sem hér er í dag. Það er alveg sama hvaða kerfi við reynum að koma upp. Ef við ekki hreyfum við grunnvandanum er ekki árangurs að vænta.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þessar umræður hafa nú staðið í nær fjórar klukkustundir. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að minnst af þeim tíma hefur farið í efnislegar umræður um frv. sem hér er á dagskrá. Kannski ætti ég ekki að harma það svo mjög því að vel má vera að það sé einmitt staðfesting á því að ekki sé svo mikill efnislegur ágreiningur um frv. sem hér liggur fyrir þó að bæði hér í umræðunni og í fjölmiðlum hafi verið reynt að draga upp þá mynd að svo væri.

Ég verð að segja það, herra forseti, að umræður og ræður sumra stjórnarliða áðan komu mér nokkuð á óvart. Það hafa orðið umræður um þetta mál á undanförnum vikum í fjölmiðlum þar sem á ýmsan hátt hefur verið ómaklega að mér vegið í þessu máli. Ég hef þó reynt að forðast að svara þeim árásum sem ég hef orðið fyrir af mínum samstarfsaðilum í ríkisstjórn í þessu máli. Ég hef reynt að halda þannig á málinu að um það gæti orðið samkomulag og að deilur í fjölmiðlum milli aðila þyrftu þar ekki að hafa áhrif á. Ég gerði það einnig í ræðu minni í dag að forðast deilur við stjórnarliða einmitt í sama tilgangi, að stuðla að samkomulagi í þessu máli. En allt kom fyrir ekki. Áfram var haldið af sumum stjórnarliðunum að vega að mér í þessu máli og því frv. sem hér liggur fyrir.

Sú spurning sem kannski stendur eftir er: Hvers vegna? Kannski verður henni ekki svarað í dag. Kannski verður henni svarað seinna. Kannski verður henni aldrei svarað. En ég neita því ekki að undir þeim umræðum sem ég hef setið hér og þeim árásum sem ég hef orðið fyrir í fjölmiðlum vegna þessa máls hefur það hvarflað að mér hvort það sé jafnt og þétt verið að gera mér óbærilegt að starfa í þessari ríkisstjórn. En það mun auðvitað koma í ljós. Ég ætla ekki, þó aðrir hafi séð ástæðu til þess, að gjalda líku líkt og vera með skítkast í þeirra garð eins og þeir hafa verið með í minn. Það lýsir kannski þeim best sem svo láta, miðað við umfjöllun þessa máls, að þeir hafa talið ástæðu til að fara þeim orðum um

þetta frv., vinnubrögð í því sambandi og málsmeðferð. Það lýsir kannski þeim sjálfum best.

Ég vil því einungis, herra forseti, fara út í það í þessum ræðustól að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Þær spurningar komu frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem ég á fremur að venjast málefnalegri umræðu hjá er húsnæðismálin eru á dagskrá en stjórnarliðum. Ég hlýt þó í þessum ræðustól að reyna að gera sjálfri mér og þinginu grein fyrir því hvað eftir stendur í málefnalegum ágreiningi í þessu máli milli stjórnarflokkanna.

Ég fékk bréf frá þingflokki sjálfstæðismanna dags. 24. febr. 1988 sem hv. 17. þm. Reykv. Geir H. Haarde var svo vinsamlegur að lesa upp áðan. Í því koma fram tvö efnisatriði í málinu sem þingflokkur Sjálfstfl. taldi eftir standa að því er varðar það samkomulag sem náðist. Efnisatriðin voru þau að það var gerð athugsemd við það að í j-lið 4. gr. kom ekki fram það sem um var samið, þ.e. að það fimm ára lán sem kaupandi yfirtekur þegar hann kaupir almenna kaupleiguíbúð eigi að bera aðra vexti en eru hjá Byggingarsjóði ríkisins. Á því er auðvitað sú skýring að það er ekki í neinum einstökum lánaflokkum í þessu frv. kveðið á um hverjir vextirnir eru. Það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Það efnisatriði getur ekki hafa staðið út af. Vona ég að hv. þm. Geir H. Haarde og þm. Sjálfstfl. trúi að ég ætlaði ekki að ganga neitt á bak orða minna að því er það varðar eða aðra þætti þessa máls sem ég hef talið að ég hafi staðið fullkomlega við í einu og öllu. En hér var einfaldlega ekki um atriði að ræða sem áttu að vera í lagatexta.

Að því er hitt atriðið varðar, sem tilgreint er í bréfi þingflokks Sjálfstfl., er verið að vitna til þess að í frv. er talað um að framkvæmdaraðilar geti m.a. fjármagnað sinn 15% hlut með sölu skuldabréfa. Það er vissulega rétt að um það má deila hvort þetta atriði eigi að vera í lagatexta, í athugasemdum með frv. eða alls ekki með. Ég geri út af fyrir sig ekki mikið með það. Ég tel þó ekki að þessi tvö atriði, sem ég hef hér tilgreint, hefðu átt að vera tilefni til þess fjaðrafoks sem hefur verið í kringum þessi mál núna á undanförnum dögum þar sem mér hefur verið brigslað um að standa ekki við gerða samninga.

Ég spyr líka reynda þm. sem hér eru inni og sem hafa verið í stjórnarsamstarfi og í ríkisstjórn: Er það yfirleitt svo með öll mál sem stjórnarflokkar og ríkisstjórn afgreiða að um það sé í einu og öllu, eða þurfi að vera áður en málið er lagt fram, upp á punkt og prik, hvert einasta orð, samkomulag? Eru ekki oft einmitt ýmis atriði, sem eru óútkljáð milli samstarfsflokka, sem reynt er þá að leysa þegar málið kemur inn í þing eða í þingnefndum, en ekki að ágreiningur um orðalag sé því til fyrirstöðu að ráðherra fái að leggja mál fram á Alþingi eða að ráðherra fái þá kröfu, eins og fram kemur í bréfi sjálfstæðismanna, að vegna þessa sé frv. breytt og prentað upp?

Ég ítreka það, og það eru margir sem eru því til vitnis, að ég hef staðið við mitt samkomulag í þessu efni. Það náðist samkomulag milli flokkanna sl. þriðjudag. Það var samþykkt í ríkisstjórninni og bókað þar til framlagningar. Þess var óskað að þm. Sjálfstfl. fengju sent eintak af þessu eða fulltrúi flokksins í nefndinni, Geir Haarde. Hann fékk þetta eintak á föstudaginn ásamt framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna. (**GHH:** Það er ekki rétt.) Það var sent hv. þm. Geir Haarde niður í þingið ásamt framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna á föstudeginum. Ég ætlaði mér ekkert að rifja upp þessa sögu, en það hefur auðvitað gefist tilefni til þess vegna þeirra ræðna sem hér hafa verið fluttar í þessu máli.

Að því er varðar ágreining við Framsfl. spyr ég líka: Hvað stendur eftir í ágreiningi á milli mín eða samstarfsflokkanna og Framsfl. sem gefur tilefni til þess að formaður þingflokks Framsfl. lýsir því yfir að allir þm. Framsfl. séu óbundnir af þessu samkomulagi, sem varð, ef ég skildi hann rétt, og áskilur sér allan rétt til breytinga á þessu frv.? Reyndar mátti raunverulega skilja orð hans svo að það væri óvíst að liðsinni Framsfl. væri við því að frv. yrði að lögum á þessu vori.

Ég hef fyrir framan mig athugasemdir þingflokks Framsfl. sem komu í nefndina nokkrum dögum eftir að fulltrúi Sjálfstfl. lagði fram athugasemdir og brtt. þingmanna Sjálfstfl. Þetta eru tvær bls. Fyrsta eina og hálfa bls. er nákvæmlega upp tekið tillögur fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni. (Gripið fram í.) Ég skal ekkert um það segja. Meginkrafa þingflokks framsóknarmanna var að kaupleiguformið mundi eingöngu ná til hins félagslega húsnæðiskerfis. Um það náðist síðan samkomulag að þetta mundi bæði ná til almenna kaupleigukerfisins og félagslegra kaupleiguíbúða. Sá ágreiningur situr varla eftir.

Að því er varðar orð hv. þm. Alexanders Stefánssonar áðan, að framsóknarmenn hefðu sett það sem skilyrði í nefndarstarfinu að lánstími skv. 33. gr. b- og c-liðar laganna kæmi inn í frv., er mér a.m.k. tjáð af fulltrúa Alþfl. í þessari nefnd að hér hafi ekki verið sett fram neitt skilyrði af hálfu framsóknarmanna að því er þennan þátt varðar heldur yrði þetta sérstaklega skoðað í nefndinni þegar frv. kæmi til umfjöllunar þar. Þess vegna kemur mér það á óvart að hv. þm. Alexander Stefánsson ætli að leggja fram sérstakt frv. þar að lútandi, en það er hans mál.

Síðan kom fram hjá framsóknarmönnum að sett verði skýr ákvæði um að lán til byggingar kaupleiguíbúðar verði veitt þeim sveitarfélögum og eða þeim félögum sem þurfa mest á þeim að halda samkvæmt nánari könnun er Húsnæðisstofnun ríkisins lætur framkvæma, fá fram samanburð á greiðslubyrði kaupleiguíbúða og verkamannabústaða. Það fékk hv. þm.

Ég sé ekki að það standi nokkuð eftir af þeim efnislega ágreiningi sem var um þetta mál af hálfu framsóknarmanna. Því spyr ég þeirrar spurningar, eftir að hafa gert grein fyrir málinu á þann hátt sem

ég hef gert grein fyrir: Hvers vegna þarf ég aftur og aftur að hlusta á það hjá mínum samstarfsaðilum að ég hafi ekki staðið við minn hlut og aftur og aftur að hlusta á að mín vinnubrögð séu óvönduð? Út af fyrir sig hef ég fengið nokkuð þykkan skráp í þessu stjórnarsamstarfi og læt ég mér það í sjálfu sér í léttu rúmi liggja svo lengi sem það bitnar ekki á þeim málum sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um í stjórnarsáttmála að nái fram að ganga. En mér er auðvitað sárt um það líka þegar þannig er haldið á *máli að jafnvel samviskusamir starfsmenn í félmrn.* þurfa líka að vera undir það seldir að hafa ekki vandað til verka í þessu sambandi. Það get ég upplýst hér að allt frá því að ég settist í þennan stól í júlímánuði hefur verið unnið í þessu máli af starfsmönnum ráðuneytisins sem hafa lagt í það ómælda vinnu að vinna þetta verkefni vel og vanda þar til allra hluta. *Ég tel að allir sanngjarnir menn*, sem lesa þetta frv., hljóti að vera mér sammála.

Hv. þm. Páll Pétursson kom í ræðustól m.a. til að endurtaka sumt af því sem hann sagði fyrir jólin, enda fannst mér ég upplifa á margan hátt þá umræðu aftur. Hann talaði um ógreinilega framsetningu á þessu frv. Starfsmenn mínir í ráðuneytinu höfðu sett þetta upp á annan veg, í 42 greinum. Það var óskað eftir því að starfsmaður Alþingis, sem allir treysta mjög vel, sem fer yfir frv. þingmanna og allir leita ráða hjá varðandi uppsetningu á málum o.fl., færi yfir þetta og hann lagði til eftir að hafa lesið yfir þessar 42 greinar, sem minn lögfræðingur í ráðuneytinu hafði lagt til að yrði með þeim hætti, að hafa þetta með þeim hætti sem nú liggur á borðum þm.

Herra forseti. Ég ætla að snúa mér að því að svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint frá stjórnarandstöðunni og reyna að svara þeim spurningum eftir bestu samvisku. Ég ætla reyndar að víkja áður, herra forseti, að fsp. eða raunverulega ekki fsp. frá hv. þm. Alexander Stefánssyni heldur fullyrðingum sem fram komu í hans máli.

Hann sagði að það væri verið að hverfa frá kaupleigufyrirkomulagi á Norðurlöndum og deilur stæðu þar um. Því er til að svara að það er ekki fyrir hendi kaupleigufyrirkomulag á Norðurlöndum. Eftir því sem mér er sagt hefur þeim upplýsingum verið komið á framfæri við Alexander áður þó hann kjósi að láta eins og svo sé ekki í þessum ræðustól. Á Norðurlöndunum eru ekki á boðstólum íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi. Hér er raunverulega um nýtt kerfi að ræða. Það eru fyrst og fremst á Norðurlöndum leiguíbúðir sveitarfélaga og íbúðir á vegum húsnæðissamvinnufélaga og það eru búseturéttaríbúðir, sem þar hefur verið deilt um, sem hafa verið settar í sölu á almennum markaði. Þetta er ein staðfestingin á því hvernig reynt er að gera þetta mál tortryggilegt.

Ég vil svara hv. þm. Stefáni Valgeirssyni um það sem hann spurði um. Hann spurði hvort það væri á döfinni vaxtahækkun á húsnæðislánum. Ég get ekki svarað hv. þm. öðruvísi en svo að það er ekki á döfinni svo mér sé kunnugt. Hann spurði hve margir lífeyrissjóðir væru búnir að skrifa undir samning við Húsnæðisstofnun. Eftir því sem ég er upplýst um eru þeir 54 af 76. 33 hafa gert samninga fyrir 1989 og 21 fyrir 1989 og 1990.

Hv. þm. spurði hvort búið væri að ráðstafa fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins fyrir yfirstandandi ár. Ég hygg að svo sé, það sé búið að ráðstafa fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins fyrir yfirstandandi ár.

Að því er varðar spurninguna um félagasamtök, sem hv. þm. vildi fá frekari skýringu á, kemur það *fram á bls. 20 í athugasemdum* við einstakar greinar frv., með leyfi forseta: „Með félagasamtökum er í frv. þessu átt við þau félög sem starfa að húsnæðismálum með því að eiga og sjá um rekstur á húsnæði í þágu félagsmanna sinna. Má hér m.a. nefna félög fatlaðra, öryrkja og aldraða, húsnæðissamvinnufélög og aðra sambærilega aðila. Félmrh. skal staðfesta að *félagasamtökin fullnægi framangreindu* skilyrði. Áður en sú staðfesting á sér stað kannar ráðherra einnig hvort félagasamtök hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að takast á hendur þá ábyrgð sem því fylgir að koma á fót almennum kaupleiguíbúðum. Ráðherra skal setja reglugerð um þau skilyrði sem félagasamtökin eiga að uppfylla, t.d. um stofnun varasjóðs."

Spurt var einnig um fyrirtækin og vænti ég að þetta sé svar við þeirri spurningu í leiðinni. En þar er einnig gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari skilyrði að því er fyrirtækin varðar, þ.e. um fjárhagsstöðu þeirra og ábyrgð fyrirtækjanna. Því má auðvitað líka bæta við að því er varðar fyrirtækin að umsókn þeirra um lán úr Byggingarsjóði ríkisins þarf að fá staðfestingu sveitarfélaganna. Ég vænti þess að ég hafi svarað hv. þm. Stefáni Valgeirssyni þeim spurningum sem hann beindi til mín.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir og reyndar einnig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurðu hvernig færi með biðraðir í kaupleigukerfi. Kristín Einarsdóttir spurði hvort um númeraröð yrði að ræða og hver hefði forgang. Því er til að svara að hér er um nokkuð annað að ræða en er í núgildandi kerfi vegna þess að það er ekki einstaklingurinn sjálfur sem tekur lán og fer í biðröðina, heldur eru það framkvæmdaraðilarnir, þ.e. sveitarfélögin, eftir atvikum fyrirtæki eða félagasamtök, sem taka lánin. Þau bera ábyrgð á að standa í skilum með lánið og það eru þau, eða framkvæmdaraðilarnir, sem úthluta íbúðunum. Þeim ber að auglýsa skilmerkilega þær úthlutunarreglur sem gilda hjá sveitarfélögunum. Síðan fer það auðvitað eftir áhuga sveitarfélaganna og framkvæmdaraðilanna hverju sinni og áhuga fólksins fyrir kaupleiguíbúðum, áhuga stjórnvalda að því er varðar fjármagn í kaupleiguíbúðir, hversu margar kaupleiguíbúðir verða byggðar eða keyptar og hvort um þær myndist einhver biðröð. Ég undirstrika það að hér er um annað kerfi að ræða og aðra leið en er núna í þessu almenna kerfi. Þetta er framkvæmdaraðili sem sækir um og það er hann sem úthlutar íbúðunum, en það eru ekki einstaklingar eins og í almenna kerfinu.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon hafði af því áhyggjur að sveitarfélögin gætu ekki staðið undir sínum hlut sem hér væri ætlað og benti á að sveitarfélögin hefðu átt í erfiðleikum með að standa undir sínu framlagi í verkamannabústaðakerfinu. Hvernig var þá hægt að ætlast til þess, þar sem hér þyrftu þau að leggja fram 15%, að þau hefðu þá meiri áhuga á þessu? Þetta er mjög eðlileg spurning. Því er til að svara að í verkamannabústaðakerfinu, eins og hv. þm. veit, þurfa sveitarfélögin að leggja fram 10% af þeim 85% sem þau fá úr byggingarsjóðunum. Þau leggja þetta fram sem óafturkræf framlög.

Að því er varðar kaupleigufyrirkomulagið á meðan íbúðin er í leigu verður eignamyndun hjá sveitarfélögum. Það verður eignamyndun að því er varðar leiguíbúðirnar. Strax og íbúðin er keypt byrjar viðkomandi með viðbótarframlagi að endurgreiða framlag framkvæmdaraðilans þannig að þegar upp er staðið og íbúðin er seld fær sveitarfélagið þetta til baka aftur en þarna er ekki um óafturkræf framlög að ræða þegar íbúðin fer í sölu.

Hv. þm. spurði einnig um Búseta og búseturéttaríbúðir. Því er til að svara að Búseti eins og margir aðrir hafa komið að þessu máli og það var einmitt tekið tillit til þeirra sjónarmiða eins og ýmissa sveitarfélaga og ábendinga frá þeim í þessu máli. Það má segja að afnotaréttur af íbúð sem er að finna í almenna kerfinu sé einmitt tilkominn vegna ábendinga frá Búsetamönnum á þann veg að nú er í almenna kerfinu, sem ekki var hægt áður, hægt að kaupa sér ákveðinn eignarhlut, þ.e. einstaklingar geta keypt sér eignarhlut að því er varðar 30% af kaupverði, aldraðir og öryrkjar 15%, sem tryggir þeim búseturétt í íbúðunum. Hér er því raunverulega komið verulega til móts við Búsetammenn að því er þetta mál varðar.

Að því er varðar endurskoðun á félagslega kerfinu sem hv. þm. gerði að umtalsefni, þá greindi ég frá því í svari við fsp. fyrir nokkru á hv. Alþingi að í undirbúningi væri endurskoðun á félagslega húsnæðislánakerfinu, en ég taldi nauðsynlegt að ákveðin undirbúningsvinna færi fram áður en nefnd væri sett á laggirnar til að vinna það verk. Hér er auðvitað um mjög yfirgripsmikið verk að ræða, en ég taldi nauðsynlegt að fá fram frekari upplýsingar um stöðu félagslegra íbúða um land allt, bæði að því er varðar fjölda, aldur og stærð íbúða á vegum stjórnar verkamannabústaða, fjölda íbúða í verkamannakerfinu sem er í leigu, upplýsingar varðandi félagslega stöðu íbúðanna, þ.e. fjölskyldustærð, aldur og efnahag viðkomandi. Ég gat þess þá að hér væri um að ræða fyrsta heildaryfirlit um félagslegar íbúðabyggingar á Íslandi sem ég tel að sé mjög gagnlegt og raunar nauðsynlegt í þá vinnu sem fram undan er í endurskoðun á húsnæðislánakerfinu. En hugmyndin er að niðurstöðurnar úr þessari athugun sem er á vegum Húsnæðisstofnunar verði lagðar til grundvallar því starfi sem fram undan er við endurskoðun á húsnæðiskerfinu.

Að því er varðar þau ummæli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur að þetta frv. væri, eins og hún orðaði það, blekking og sýndarmennska vegna þess að í það vantaði fjármagn, þá er það ekki alls kostar rétt vegna þess að í fjárlögum núna er gert ráð fyrir nokkru fjármagni í kaupleiguíbúðir, um 270 millj. kr. Auðvitað skil ég vel áhyggjur hv. þm. sem ræða um það að þarna komi inn viðbótarkostur í húsnæðismálum sem taki þá fjármagn af öðrum kostum sem fyrir hendi eru. En á það ber einnig að líta að við erum um leið að skapa fólki meira val í húsnæðismálum en áður og svo ber einnig á það að líta að þeir sem fara inn í kaupleiguíbúðir þurfa þá væntanlega ekki að fá íbúð í gegnum almenna kerfið sem nú er til staðar eða önnur þau húsnæðisform sem nú eru í boði. Hér er því ekki um neina viðbót að ræða. Fjármagnið sem þarf inn í önnur kerfi minnkar þá að sama skapi.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi gert grein fyrir þeim fsp. sem til mín hefur verið beint í þessari umræðu.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er alveg ótrúleg málafylgja hæstv. félmrh. Mér þykir hæstv. ráðherra vera í meira lagi hörundsár. Hún kemur hér upp kvartandi og kveinandi og hefur þó varla lent í nokkrum andbyr enn þá. Ekki lét hæstv. fyrrv. félmrh. svona þó að sett væri fram einhver gagnrýni á verk hans. Það er hart við það að búa að ekki megi fjalla um verk ráðherrans án þess að ráðherrann umturnist. Hæstv. ráðherra verður bókstaflega að hafa þolinmæði til þess að hlusta á samstarfsmenn sína.

Ef Alþfl. væri í hreinum meiri hluta hér í þinginu ætti hún bara við flokksbræður sína um framgang áhugamála sinna. En eins og sakir standa, og guði sé lof hefur Alþfl. ekki meiri hluta, kemst hæstv. félmrh. ekki hjá því að leita samkomulags um ágreiningsmál. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. ráðherra væri að hóta afsögn þar sem hún var að tala um að henni væri að verða óbærilegt að sitja þarna í ráðuneytinu. Þetta finnst mér að hún ætti að ræða við flokksbræður sína en það eigi ekki erindi við okkur samstarfsmenn. Alþfl. fer með félmrn. meðan á þessu samstarfi stendur að óbreyttum málefnasamningi.

Við framsóknarmenn viljum gjarnan hafa gott samstarf við hæstv. ráðherra um hennar mikilvæga málaflokk. Samstarf viljum við og við höfum lagt okkar af mörkum til þess. Við sýndum henni mikið umburðarlyndi núna um daginn þegar við heimiluðum eftir á framlagningu frv., þ.e. hvorki heimtuðum að hún drægi frv. til baka, úr því að hún var búin að leggja það fram, né heldur sendum henni skriflega ofanígjöf. En hún kemst bara ekki hjá því, hún verður að temja sér þolinmæði og hlusta á viðhorf okkar og bíða með framlagningu frv. sinna í framtíðinni þangað til formleg heimild frá þingflokki framsóknarmanna liggur fyrir. Ef hún ekki gerir það getur hún búist við og má reikna með einhverjum

viðbrögðum af okkar hálfu og þetta er sagt, vona ég, áreitnislaust og í fyllstu vinsemd. Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra fái tækifæri til þess að njóta sín í sínu mikilvæga ráðherraembætti. Ég veit að hún hefur ýmsa burði til þess að gera þar vel og ég veit að hún vill gera vel, en til þess að ná árangri þarf hún að temja sér meira umburðarlyndi og lagni í samstarfi við okkur. (**ÁrnG:** Það þyrftu nú fleiri að gera það, hv. þm.)

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég hélt lengi vel á meðan ég hlustaði á ræðu hæstv. félmrh. að hún mundi haga orðum sínum þannig að ekki yrði ástæða til þess að koma hér upp aftur, en mig langar til þess að gera örfáar athugasemdir.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að frv. þetta barst ekki í hendur þeim sem það átti að gera sl. föstudag þó svo að það hafi kannski verið borið hér í húsið eftir að menn voru farnir héðan. Í öðru lagi, og það er auðvitað aðalatriðið, lá ekki fyrir endanleg og formleg tilkynning, þó að ekki hefði verið nema munnleg tilkynning frá formanni þingflokks, um að þetta frv. gæti farið fram eins og það var úr garði gert.

Síðan kveður við annan tón þegar þessu sleppir í máli hæstv. ráðherra þegar hún spyr: Gerir þetta bara nokkuð til? Er ekki bara algengt að frumvörp séu sett fram án þess að samkomulag sé orðið um þau? Er hún þá raunverulega að viðurkenna það að þetta hafi verið sett fram án samkomulags? (**Félmrh.:** Útúrsnúningur.) En það vill nú svo vel til að í plaggi því sem við sjálfstæðismenn lögðum fram 8. febr. er sérstaklega tekið fram, og það var reyndar lesið hér áðan, að, með leyfi forseta, „þingflokkurinn getur alls ekki fallist á að málið verði lagt fram á Alþingi fyrr en stjórnarflokkarnir hafa náð samkomulagi um frv.“ Það skiptir því engu máli hvað hefur verið gert hér einhvern tíma áður þegar slíkur fyrirvari er gerður.

Ég ítreka síðan bara það að við teljum að þarna séu einkum tvö atriði sem þurfi að athuga sérstaklega í nefndinni og ég tel að þær skýringar sem ráðherrann gaf séu alls ekki fullnægjandi. Við skulum þá bara athuga það í nefndinni hvort við getum náð samkomulagi um það eins og við töldum okkur vera búna að gera, við hv. 5. þm. Norðurl. v., og ég vænti þess, úr því sem komið er, að óðagot og hátterni ráðherrans í þessu máli spilli því ekki alveg og endanlega.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég skildi hæstv. félmrh. þannig, og ég vona að hún leiðrétti mig ef ég hef misskilið það, að það hafi verið búið að senda lánsloforð fyrir því fjármagni sem vitað var að yrði til staðar á þessu ári. M.ö.o. hefur stjórnarliðið skorið það niður um 100 millj. sem á að svíkja fólkið um sem er með þetta í höndum. Svo koma hér menn upp og átelja ráðherra fyrir það að hún sé ekki ánægð með gang mála, en þó ég sé ekki vanur því að taka upp hanskann fyrir hæstv. félmrh. finnst mér þetta undarleg vinnubrögð og ósæmandi allt saman. Þó að hv. þm. Páll Pétursson segi ýmislegt, bæði viljandi og óviljandi, líklega meira óviljandi, réttlætir það sem hann hefur sagt hér ekki slík vinnubrögð, að gera ráðherrann og raunar stjórnarliðið allt ómerkt af því í raun og veru að senda út svona lánsloforð.

Það var rætt um það hér áðan hvort eitthvað óvenjulegt væri við það þó að svona væri staðið að málum eins og hæstv. félmrh. hefur gert og því var beint til þeirra sem eru búnir að vera lengi að það hafi skeð hér áður. Það er rétt sem hv. 17. þm. Reykv. segir að það skiptir í raun og veru ekki máli í þessu sambandi vegna þess að Sjálfstfl. tók það sérstaklega fram að ekki mætti leggja það fram öðruvísi en að búið væri að ná samkomulagi, ef ég hef tekið rétt eftir. Slíkt hefur hins vegar komið fyrir á undanförnum árum oft og tíðum og ég man meira að segja eftir því að við stjfrv. sem kom úr Ed. til Nd. voru gerðar 29 brtt. þannig að stundum eru gerðar meira að segja verulegar efnisbreytingar á frv. í nefnd. Eða til hvers eru þá nefndir ef þær eru ekki til þess? Ég spyr.

Nei, það er eðlilegt að rætt sé um þessi mál, sérstaklega um fjármögnunina. Ég er ekki alveg sammála hæstv. félmrh. um þessar kaupleiguíbúðir, t.d. í Svíþjóð. Ég tel að þær heiti það, tel það. Ég þekki fólk sem hefur verið í þessu kerfi. Það getur vel verið að það sé hægt að þýða það öðruvísi, en eins og ég skil það held ég að það sé. En það skiptir í raun og veru ekki máli. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er meira fjármagn og að það sé staðið við það sem hefur verið lofað. Ég minni bara á í þessu sambandi að ýmsu hefur verið af þessari hæstv. ríkisstjórn lofað, ekki allt svikið, en mest af því. Það er sannleikurinn.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Varðandi orð hv. 17. þm. Reykv. áðan held ég að það sé orðið tilgangslaust að elta ólar við það hvar liggur sök í þessu máli, hver gerði hvað og hvernig atburðarásin var. Við getum talað endalaust um það og endurtekið sömu rökin aftur og aftur. Við skulum halda föstu að hér var um misskilning að ræða og þá er það nærri því eins og einhver sagði hér áðan að það er erfitt að deila um smekk, hvernig þessi misskilningur kom til. Ég hjó eftir því að hv. 1. þm. Norðurl. v. bauð upp á samstarf hér áðan í fullri vinsemd. Við tökum mjög gjarnan á móti útréttri hönd og við skulum þá vinna sameiginlega að því að ýta góðu máli í höfn.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að blanda mér í þessa umræðu, en þar sem orðið hafa langar umræður um undirbúning þessa máls get ég ekki láið hjá líða að segja örfá orð um hann vegna þess að ég sat í þeirri undirbúningsnefnd sem fjallaði um málið. Ég kom að vísu ekki í þá nefnd fyrr en á síðari stigum og þegar ég kom þar til verka stóð um það

deila hvort setja ætti löggjöf um bæði almenna kerfið og félagslega kerfið. Það mál var leyst, m.a. með samþykkt hjá okkar þingflokki um að standa við það formannasamkomulag sem var í stjórnarmynduninni og túlka það þannig að setja löggjöf um bæði kerfin samtímis.

Ég held að það þurfi í sjálfu sér ekki að deila neitt um þessa málsmeðferð og þessar löngu umræður um þetta mál séu að mestu leyti óþarfar. Ég hef ætíð litið svo á, hvort sem um er að ræða stjfrv. eða önnur frv., að best væri að vinna málin í nefnd til þess að bæta þau og frv. tækju breytingum í nefnd. Hins vegar er eigi að síður rétt að ná sem bestu samkomulagi stjórnarliða um mál áður en frv. um það er lagt fram. Það er hin venjulega aðferð.

Í stuttu máli bar málið þannig að að við framsóknarmenn stóðum í þeirri meiningu að frv. yrði ekki lagt fram fyrr en eftir umfjöllun á þingflokksfundum á miðvikudegi og ætluðum að geyma okkur lokaumfjöllun um málið þangað til þann dag, en síðan kemur frv. fram á þriðjudegi. Um það stendur deilan og hefur verið deilt um það hér í dag. En eins og margsinnis hefur komið fram þá gerðum við ekki athugasemd skriflega um það mál og munum að sjálfsögðu vinna að þessu frv. og framgangi þess. Að sjálfsögðu höfum við óbundnar hendur um að gera einhverjar breytingar ef upp kemur í starfi þeirrar nefndar sem um frv. fjallar, eins og venja er um stjfrv., og það er óþarfi að deila þar um.

Ég held svona almennt talað að stjórnarliðar ættu að temja sér það að undirbúa ekki mál í fjölmiðlum eins og hefur verið um þetta mál í allt of ríkum mæli. Þessi undirbúningur í fjölmiðlum hefur staðið allt fram á daginn í dag að blaðagrein birtist um undirbúning þessa máls. Ég vil segja þetta í allri vinsemd. Ég held að það sé rétt fyrir stjórnarliða að spara sér slíkar yfirlýsingar.

Ég á sæti í félmn. og vil leita þar eftir áliti þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi, hlusta á þeirra sjónarmið, og auðvitað stend ég að þessu máli í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið. En það geta orðið breytingar í einhverjum liðum eða einhverjum atriðum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti, sem talaði hér áðan, mælti af miklu mannviti hollar ráðleggingar til hv. stjórnarliða sem ég held að þeim hefði verið viturlegra að fara eftir. Það lá í orðum hæstv. forseta að honum þyki nokkuð á skorta uppeldið í stjórnarsamstarfinu. Er þá náttúrlega nærtækast að spyrja hvort stjórnin ætli sér ekki að bæta úr því með því að senda stuðningsmenn sína á námskeið, einhvers konar námskeið í samskiptatækni, þannig að jafnkostulegar uppákomur og hér hafa orðið í dag þurfi ekki að tefja þingstörfin dögum saman, því hér hafa langar ræður snúist um jafnfurðulega léttvægan hlut og þann hvort nákvæmlega formlega rétt voru borin boð á milli þingflokka stjórnarliðsins eða ekki. Og það merkilega við allan lopann er að hér hefur sáralítið komið fram um það að einhver efnislegur ágreiningur sé á ferðinni, heldur er hér nöldrað fram og til baka um eitthvert form í samskiptum stjórnarliðsins innbyrðis sem ég hélt nú satt best að segja að væri yfirleitt ekki efni til þess að fara með hér í ræðustól. Út af fyrir sig stendur ekki á mér að mælast undan því að hlusta á stjórnarliðið hér þrasa og nöldra um það hvort þetta eða hitt hafi verið nákvæmlega rétt gert. Ef það vill bera slíkt á borð fyrir þingið og þjóðina þá má það svo sem mín vegna. En ég tel að almennt séu þetta hlutir sem menn eigi að leysa fyrir sig. Ef ekki er verið að ræða um einhverja efnislega meðferð á málinu eða efnislegan ágreining, þá er það auðvitað alveg ótrúlegt að það skuli þurfa að kosta hv. stjórnarliða hvern um annan þveran margar ferðir í ræðustólinn að pexa nú um þetta fram og aftur og er kostulegt, alveg kostulegt.

Það má líka spyrja sig að því: Hvað er þetta lið, með leyfi þínu herra forseti, að ég taki nú svo til orða, að hanga saman í ríkisstjórn, ef þetta er allt svona óskaplega leiðinlegt og erfitt og vinnubrögðin svona óvönduð á alla kanta og enda? Hvers vegna í ósköpunum létta menn þessu oki ekki af sjálfum sér með því að hætta þessu? Maður hlýtur að fara að spyrja sem svo. Þetta virðist vera slík kvöl mönnum upp til hópa að búa við að það er ekki hægt að gefa mönnum neitt annað ráð en það að létta þá þessari pínu af sjálfum sér.

Varðandi athugasemdir hæstv. félmrh. við það sem ég spurði um, um áhuga og útkomu sveitarfélaganna eða annarra framkvæmdaaðila í þessu kaupleiguíbúðadæmi, þá ætla ég að segja að það skiptir að sjálfsögðu ekki nokkru máli hvort lántakandinn heitir einstaklingur eða félag. Það kostar engu að síður peninga. Það þarf peninga til að greiða út ef það á að veita einhverjum lán, hvort sem hann heitir Jón Jónsson eða sveitarfélag einhvers staðar á Ströndunum. Og það er spurningin um þá peninga, sem fara í þetta verkefni ef það verður barn í brók, hvaðan þeir koma og hvaða áhrif þeir hafa þá á útlánagetu byggingarsjóðanna að öðru leyti. Er búið að taka frá, er samkomulag um kannski 300 millj. kr. á næsta ári eða 500 millj. kr. eða eitthvað slíkt af því fé sem þegar er í raun og veru búið að ráðstafa að mestu leyti með lánsloforðum? Og hvað á þá að gera? Til hvaða ráðstafana á þá að grípa á móti?

Eins er það með framkvæmdaaðilana, sveitarfélögin væntanlega í flestum tilfellum, þann sem á að leggja fram og sjá fyrir þeim 15%, eða 30% eftir atvikum, sem vantar upp á að lánin dugi fyrir kostnaðarverði. Það bindur vitanlega fé þessa aðila hvort sem um er að ræða óafturkræft framlag eða lán eða eignarhlut sem getur síðar orðið að verðmæti. Það er spurningin um þessa fjárbindingu held ég sem sveitarfélögin munu fyrst og fremst horfa á. Það þarf til peninga sem eru ekki til hjá þessum sveitarfélögum í mjög miklum mæli. Við höfum heyrt hvernig ástandið er hjá hinum ýmsu sveitarfé-

lögum, að slepptum fáeinum ríkum sveitarfélögum hér á þenslusvæðinu, höfum við heyrt það hvernig þeim hefur gengið að koma saman sínum fjárhagsáætlunum undanfarna mánuði eða vikur. Það eru ekki til milljónir á milljónir ofan í þessum sveitarfélögum víða úti um landið sem hér er sérstaklega verið að tala um. Það þarf að afla þeirra með einhverjum hætti. Þessi sveitarfélög eru yfirleitt með alla sína möguleika í botni fyrir. Ég spái því að það muni koma í ljós að þarna sé um þröskuld að ræða sem mörgum sveitarfélögum reynist ókleift að stíga yfir ef ekki verður með einhverjum sértækum ráðstöfunum séð fyrir því að þau kljúfi þennan þröskuld. Og þá skiptir í sjálfu sér ekki máli hvort um er að ræða óafturkræft framlag eða lán eða eignarhlut sem einhvern tímann síðar gæti komið góða.

Ég minni á að í þessu kerfi er líka kaupskylda, kvöð á framkvæmdaaðilanum að lágmarki til fimm ára, ef ég hef lesið þetta rétt, og í mörgum tilfellum mun lengri kvöð, nákvæmlega hliðstæðs eðlis og er í verkamannabústaðakerfinu í dag og er hvað erfiðast fyrir þau sveitarfélög sem hafa á undanförnum árum staðið fyrir mikilli uppbyggingu á því sviði. Að því leytinu til er hér í raun og veru um enga úrlausn, enga breytingu að ræða eftir því sem mér sýnist fyrir sveitarfélögin.

Ég held að hæstv. félmrh. verði að rökstyðja það einhvern veginn miklu betur en hann gerði þegar hann svaraði mér, ef hann á að sannfæra mig um að þessi breyting leiði til þess að sveitarfélög sem hafa verið að kikna undan því að reka félagslega íbúðarkerfið hjá sér undanfarin ár sjái betri tíð og blóm í haga í gegnum þetta kerfi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. 17. þm. Reykv. að hann gagnrýndi afstöðu félmrh. til þeirrar ákvörðunar ríkisins að minnka fjármagn til húsnæðislánakerfisins. Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi að það væri hægt að standa við öll loforð sem gefin hafa verið til húsbyggjenda þrátt fyrir þennan niðurskurð ef af yrði. Ég ræddi um það hér í ræðustól að ég efaði að svo væri. Ég vissi ekki betur en það hefði verið búið að ráðstafa fjármagninu með bindandi loforðum, því sem til væri til ráðstöfunar á árinu 1988. Og ég tók það fram að ég teldi að Húsnæðisstofnun ríkisins gæti orðið skaðabótaskyld ef þau loforð yrðu svikin.

Mér þykir nú rétt að óska eftir því að félmrh. upplýsi það hér hvort hægt verður að standa við öll gefin loforð Húsnæðisstofnunar á árinu 1988 ef þessi skerðing á sér stað. Það hlýtur að vera hagstætt að þingheimur fái sem fyrst svar við þeirri spurningu og ég vil að það komi alveg skýrt fram að ef ekki er hægt að standa við loforðin með því að skerða um 100 milljónir, þá tel ég að sú skerðing sé algjörlega út í hött og geti ekki átt rétt á sér. Ég vil benda á það að þeir eru ekki svo fáir opinberir aðilar sem hafa bundið greiðslur frá ríkinu með samningum núna í upphafi ársins fastar til þess eins að koma í veg fyrir að þær greiðslur yrðu skornar. Ég fæ ekki séð að það séu heilagri plögg en loforð sem opinber stofnun gefur til einstaklinga. Og komi það til að þetta sé á þann veg sem ég tel að þetta sé, þá treysti ég mér ekki til að styðja það ákvæði í bandormi ríkisstjórnarinnar að skera þetta niður um þessa upphæð. En ég óska eindregið eftir að félmrh. upplýsi þetta.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal lofa því að valda ekki hæstv. forseta neinum meiri áhyggjum í sambandi við þessar umræður með þessum fáu orðum sem ég ætla að segja hér í lokin.

Mér finnst ástæða til að endurtaka hér, þar sem hv. þm. voru að tala um það að hér væri ekki um neinn ágreining að ræða og engar efnislegar umræður um þetta mál, að ég held að þeir sem tala þannig hafi ekki hlustað vandlega á þær umræður sem hér fóru fram í dag. Efnislegi ágreiningurinn í þessu máli stendur um tvennt. Annars vegar það að undirbúningur, sem þarf að vera í sambandi við endurskoðun á félagslega kerfinu, hefur ekki farið fram. Og það hafa ekki enn þá komið neins staðar fram, hvorki í þessu frv., skýringum með því né í umræðum, svör við því hvernig þetta skarast við það kerfi sem við búum við í dag. Það hefur heldur ekki komið fram, sem er aðalatriðið, að við teljum að ef á að flýta þessu máli umfram þá endurskoðun sem ætti að vera komin í gang, ef á að flýta því þannig, þá ættum við að taka mið af því ástandi þessara mála sem er þessa stundina. Við höfum ekki nema takmarkað fjármagn. Þess vegna lögðum við áherslu á að það væri alveg nægjanlegt í fyrstu lotu að taka þetta inn í félagslega kerfið, þ.e. að bæta við 33. gr. laganna sérákvæði um sérstakar kaupleiguíbúðir. Ég vil leggja áherslu á að það er hægt að leysa þetta mál á einfaldan hátt meðan beðið er eftir heildarendurskoðun á félagslega kerfinu, án þess að það þurfi að vera fyrirferðarmikill lagabálkur hér sem menn greinir á um grein til greinar.

Ég vil segja það að það hlýtur að vera ljóst öllum hv. þm. að okkur vantar fjármagn í almenna húsnæðiskerfið til að standa við þau loforð sem þegar er búið að senda út. Hvers vegna eigum við þá endilega að fara að setja nýjan þátt inn í almenna kerfið um kaupleiguíbúðir sem hafa enga takmörkun í för með sér um það hvort það er einhver milljónamæringur eða fátæklingur sem getur sótt um eða notið þess? Það eru engar takmarkanir um það. Þetta er almennt kerfi.

Ég hjó eftir því hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að hann var að tala um húsnæði fyrir hjúkrunarfólk, kennara, lækna og fleiri sem þyrfti að leysa fyrir sveitarfélögin á þennan hátt. Ég held að það væri miklu hyggilegra fyrir þá staði víðs vegar um landið sem þannig stendur á að fá viðráðanleg lán í leiguíbúðir, raunverulegar leiguíbúðir og leysa þessi vandamál á þann hátt, eins og mörg sveitarfélög hafa gert og eru að reyna að gera. En það þarf að greiða fyrir því með því að breyta 33. gr. að því er varðar lánstímann sem

færir leiguna niður um nokkrar þúsundir króna pr. mánuð fyrir viðkomandi aðila.

Af því að ég er kominn hingað upp ætla ég að benda á eitt atriði sem ég veit að í þessari stöðu er mjög alvarlegt mál. Og það er að í öllum umræðum um þetta mál hefur einn hlutur gleymst. Ég vitna þar til þess dreifibréfs sem félmrn. sendi um landið til þess að kanna viðhorf sveitarstjórnarmanna. Það var ekki einn einasti stafur í þeirri tilkynningu um það hvaða skuldbindingar viðkomandi aðilar væru að taka að sér. Ekki til. Ég er alveg sannfærður um það að meiri hluti af sveitarstjórnarmönnum um allt Ísland hefur ekki hugmynd um hvaða skyldur og skuldbindingar þeir eiga að taka á sig í sambandi við þetta nýja kerfi. Í almenna kerfinu verða þeir að standa undir 30% fjárútvegun og þeir verða að standa ábyrgir fyrir lánum, byggingu og rekstri. Í félagslega kerfinu verða þeir að koma með 100% fjármögnun og standa ábyrgir fyrir því. Þeir verða að bera ábyrgð á þeim skuldbindingum, þeim lánaskuldbindingum sem kerfið gerir ráð fyrir. Það er einmitt þetta atriði sem ég held að menn þurfi að átta sig á, a.m.k. áður en málið er endanlega afgreitt. Þess vegna mun ég leggja höfuðáherslu á það að fá að senda viðkomandi aðilum þetta frv. til umfjöllunar, öllum sveitarfélögum á landinu til þess að fá skýrt fram viðhorf þeirra til þessa ákvæðis.

Við sem höfum staðið í sveitarstjórnarmálum vitum hvað það hefur gilt fyrir mörg sveitarfélög að standa undir verkamannabústaðakerfinu sem er þó besta kerfi sem Ísland hefur búið við í húsnæðismálum í áratugi. Þess vegna er full ástæða til þess að menn komi með varnaðarorð við meðferð svona máls. Og ég frábið mér það að við séum að tala hér eitthvert hjal, barnahjal hér í þessum ræðustóli í sambandi við þetta mál. Við erum að tala um alvarlegt mál sem hefur áhrif út um allt Ísland hvernig með verður farið hér á hv. Alþingi. Það er fullkomin ástæða til þess að gjalda varhuga við því að taka við hverju sem er.

Ég ætla að láta það vera mín lokaorð að ég þekki vel til húsnæðismála á Norðurlöndum. Ég hef kynnt mér þau sérstaklega. Og ég veit í hvaða ógöngur Norðurlöndin hafa lent, einmitt í sambandi við ýmiss konar svona kerfi. Það er deilt hart í öllum þessum löndum. Kaupleigukerfi hefur verið kippt til baka í Finnlandi og það eru harðar deilur núna á milli valdaaðila í Svíþjóð um kerfið þar.

Ég held að það sé alveg fullkomin ástæða til þess að við hér á Íslandi a.m.k. áttum okkur á því hvað við erum að fara út í áður en við göngum endanlega frá því. Ég tel mig það ábyrgan í þessari stöðu sem þm. að ég vil a.m.k. vita hvað ég endanlega samþykki áður en ég segi já og amen fyrir fram.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki átt við ummæli mín sem ég lét falla um þá sérkennilegu orðræðu sem hér hefur staðið í dag á köflum um málsmeðferðina í þessu sambandi. Umræður um frv. efnislega gegna allt öðru máli og er að sjálfsögðu eðlilegt og nauðsynlegt að menn ræði það út í hörgul.

En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, þó það sé kannski naumur tíminn til stefnu að leggja eina beina spurningu fyrir hæstv. núv. félmrh. og hæstv. fyrrv. félmrh. sem talaði hér áðan af gefnu tilefni. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. fyrrv. félmrh., hv. þm. Alexander Stefánsson, væri í raun andvígur því að þessi breyting gengi fram núna vegna þess að hún tæki peninga frá almenna útlánakerfinu sem væri í fjárþröng. Og þá kemur næsta spurning: Ætlar hv. 1. þm. Vesturl. eða ætlar hann ekki að styðja ákvæði frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem fjalla um skerðingu á framlögum til húsnæðislánakerfisins? Og ætlar hæstv. félmrh. að styðja eða styðja ekki sama ákvæði í sama frv.?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

EFRI DEILD

63. fundur, miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Aðför, 2. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523, n. 633.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þar sem skráður frsm. á nál. hefur fjarvistarleyfi mæli ég fyrir áliti allshn. á þskj. 633, en hér er fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um aðför, frv. sem er komið til þessarar deildar frá Nd. og það var flutt af hv. allshn.

Upphaf þessa máls er að flutt var hér á haustdögum frv. til l. um breytingu á lögum um aðför sem vísað var til allshn. Nd. sem sendi frv. til umsagnar ýmissa aðila, þar á meðal réttarfarsnefndar sem sendi rækilega umsögn. Þar kom fram að sú nefnd taldi ákjósanlega þá breytingu á 33. gr. aðfararlaga að heimila fógeta að boða dómfellda til framkvæmdar aðfarargerðar á starfsstöð sinni, eins og það er orðað, en hins vegar var bent á að á frv. væru annmarkar sem réttarfarsnefnd taldi nauðsynlegt að bæta úr og gerði nefndin raunar tillögu um hvernig breyta skyldi frv. í það horf þannig að það mætti sem best vera.

Allshn. hv. Nd. gerði þessar tillögur réttarfarsnefndar að sínum og flutti nýtt frv. þess efnis á sérstöku þskj. Allshn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Í nál. kemur fram að Guðrún Agnarsdóttir og Eyjólf-

ur Konráð Jónsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins, en hv. þm. Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

64. fundur, miðvikudaginn 2. mars, að loknum 63. fundi.

Aðför, 3. umr.

Frv. allshn. Nd., 231. mál (aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.). — Þskj. 523.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 645).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 2. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 631, n. 643 og 644.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. ræddi frv. ítarlega á fundi sínum í morgun og vil ég þakka nefndarmönnum gott samstarf á þessum fundi. Til viðtals við nefndina komu Tómas Árnason og Bjarni Bragi Jónsson Seðlabanka, Már Elíasson Fiskveiðasjóði, Davíð Gunnarsson Ríkisspítölunum, Gunnlaugur Sigmundsson Þróunarfélagi Íslands, Gunnar Þorsteinsson Verðlagsstofnun, Halldór Jónatansson, Jóhann Már Maríusson og Örn Marinósson Landsvirkjun, Eggert G. Þorsteinsson Tryggingastofnun, Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sigurður Guðmundsson og Hilmar Þórisson Húsnæðisstofnun og Þórður Friðjónsson Þjóðhagsstofnun, en með nefndinni störfuðu Gunnar Hall Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Bolli Bollason fjármálaráðuneyti.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mun minni hl. skila séráliti sem útbýtt verður innan skamms, en meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv.

Fulltrúi Kvennalista, Ingibjörg Daníelsdóttir, sat fund nefndarinnar, en Jóhann Einvarðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt fór staða útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisatvinnuveganna versnandi á síðustu mánuðum sl. árs og fyrstu tvo mánuði þessa árs. Þess vegna var nauðsynlegt í tengslum við nýja kjarasamninga að grípa til víðtækra ráðstafana í ríkisfjármálum og lánsfjármálum og aðgerða til að treysta stöðu útflutningsatvinnuveganna og er það frv. sem hér er flutt í samræmi við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf um efnahagsaðgerðir á Alþingi sl. mánudag.

Ég þarf í rauninni ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Það hefur orðið vart við það í öllum þeim opinberu umræðum sem fram hafa farið síðustu mánuði að jafnt stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar hafa gert sér grein fyrir því að versnandi viðskiptastaða Íslendinga, bæði vegna minnkandi aflabragða og vegna erfiðleika á erlendum mörkuðum vegna gengisþróunarinnar erlendis, hefur valdið því að sá mikli bati sem verið hafði undanfarin missiri hlaut að snúast upp í andhverfu sína þannig að við verðum nú að grípa til aðhaldsaðgerða. Þetta er í rauninni ekkert nýtt hér á landi. Við þekkjum þetta frá sögunni. Þetta eru reglubundnar sveiflur sem við höfum búið við, Íslendingar, og verðum að lifa með og ég met það svo að aðilar vinnumarkaðarins sem stóðu að kjarasamningunum á dögunum hafi metið stöðuna svo að nauðsynlegt yrði nú að grípa til varnaraðgerða til að verja þann kaupmátt sem er hjá hinum lægst launuðu þannig að hann mætti haldast óbreyttur á þessu ári frá því sem var um síðustu áramót og er þar í rauninni ekki um háar tölur að ræða borið saman við það sem við höfum oft séð í kjarasamningum. Það hefur á hinn bóginn nú valdið nokkrum kvíða og áhyggjum að þessi samningur hefur verið felldur í a.m.k. tveim verkalýðsfélögum og einnig er komið í ljós nú þegar að nokkurs óróa kann að gæta á vinnumarkaðnum að öðru leyti. Þetta kemur inn á það, sem hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson sagði í þessum ræðustól í gær, að verkalýðshreyfingin hefur veikst á undanförnum árum þannig að hún er ekki jafnvel í stakk búin og áður að gera heildarkjarasamninga því að auðvitað er það svo, þegar kakan minnkar sem á að skipta, að nýir kjarasamningar hljóta fyrst og fremst að snúast um hvernig launakjörum einstakra starfshópa eða starfsgreina, einstakra stétta skuli háttað fremur en hitt að hægt sé samtímis að hækka laun allra þegar versnar í ári. Við sjáum það líka á þeim mikla viðskiptahalla sem við blasti að þjóðin hafði í heild sinni lifað um efni fram. Það er auðvitað rétt, sem

ýmsir hafa bent á, að verulegur hluti þessa greiðsluhalla stafar af vaxtagreiðslum erlendra lána, tæpir 7 milljarðar ef ég man þá tölu rétt, sem sýnir okkur hversu háskaleg sú stefna er að auka stöðugt við erlendu lánin heldur hljótum við þvert á móti að spyrna við fótum og reyna að haga okkur í samræmi við tekjur þjóðarbúsins og afrakstur þess á hverjum tíma.

Einn liðurinn í frv. er einmitt sá að draga úr erlendum lántökum, annars vegar með því að skerða erlendar lántökuheimildir um 300 millj. kr. og hins vegar með því að tvöfalda lántökugjaldið á þessu ári. En ég legg áherslu á að gert er ráð fyrir því og raunar ákveðið að þetta lántökugjald falli niður um næstu áramót. Hér er þess vegna um tímabundnar ráðstafanir að ræða til að draga úr spennunni á þessu ári og reyna að draga úr þeirri framkvæmdagleði sem hvarvetna lýsir sér í þjóðfélaginu, en ég man það frá mörgum umræðum á Alþingi að varað hefur verið sérstaklega við því að við höfum ekki kunnað okkur hóf í fjárfestingu og á það eins við nú og á öðrum tímum þegar gripið er til aðgerða til að treysta stöðu útflutnings- og samkeppnisatvinnuveganna sem er höfuðatriðið í hverju þjóðfélagi, ég tala nú ekki um þjóðfélagi eins og okkar sem er lítið og viðkvæmt og má segja að við minnstu vindgáru á gjaldeyrismörkuðum erlendis sé hætta á verulegum sveiflum hér heima. Um þetta þarf ekki að fjölyrða.

Ég vil taka það fram vegna ummæla sem féllu hér í gær að eins og frv. liggur fyrir er gert ráð fyrir því og raunar ákveðið að launaskattur verði ekki greiddur af þeim störfum sem tengjast fiskeldisstöðvum. Ég kannaði það sérstaklega við starfsmenn fjmrn. og þeir fullvissuðu sig um að það væri alveg afdráttarlaust í lögunum svo að ekki þarf um það að ræða.

Eins og frv. ber með sér er kostnaðarauki vegna ráðstafana í ríkisfjármálum til að styrkja stöðu útflutnings- og samkeppnisgreinanna um 800 millj. kr. og er þeim mætt með því að afla nýrra tekna, draga úr útgjöldum og eins og fram kemur er hér gert ráð fyrir því að sveitarfélögin taki að sínum hluta þátt í þessum aðgerðum með því að lögfesting frv. um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er slegið á frest. Við vitum það þm. að þessar aðgerðir eru í samræmi við þá kröfu sem fram hefur komið, ekki síst frá útflutningsatvinnuvegunum, að annað sé óeðlilegt en að nokkuð sé dregið úr opinberum framkvæmdum við skilyrði eins og þessi og þegar harðnar á dalnum hjá þeim sem leggja til útflutningstekjurnar sem okkar þjóðfélag byggir á.

Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta frekar. Mér finnst þó rétt og skylt að taka fram í sambandi við það sem hér er sagt um að Fiskveiðasjóður skuli fresta svo sem framast sé unnt lánveitingum til nýsmíða og kaupa á fiskiskipum að ég vænti þess að Fiskveiðasjóður láti sitja fyrir að hægt verði að vinna að nýsmíði fiskiskipa hér á landi ef slíkir samningar komi upp, enda er hér um svo mikið fjármagn að tefla að það getur engum úrslitum ráðið. Hér er verið að tala um umsóknir upp á 2½ milljarð ísl. kr. þannig að ljóst er að nægilegt svigrúm er til að heimila smíðar fiskiskipa hér innan lands ef til þeirra þarf að koma.

Ég dreg enga dul á að fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga lýstu óánægju sinni yfir þessum efnahagsaðgerðum og afhentu nefndinni samþykkt stjórnar þeirra samtaka svohljóðandi, herra forseti:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um skerðingu á lögbundnu framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 260 millj. kr. frá nýsamþykktum fjárlögum, auk árlegrar skerðingar á þessum framlögum allt frá árinu 1984. Áformum um fyrri áfanga í breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er skotið á frest og með því sköpuð óvissa í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur að framangreindar aðgerðir muni hafa mjög neikvæð áhrif á samskipti sveitarfélaganna og ríkisins.“

Svo mörg eru þau orð. Ég dreg enga dul á það og það hefur valdið mér vonbrigðum að frv. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skuli ekki hafa fengið afgreiðslu í Nd. og þýðir ekki um það að sakast úr því sem komið er, en á hinn bóginn vil ég líka minna á að að sumu leyti er mun betur fyrir tekjustofnum sveitarfélaganna séð nú en áður þar sem staðgreiðslukerfi skatta veldur því að tekjuskattshluti sveitarfélaganna er nú verðtryggður gagnstætt því sem áður var sem er auðvitað mikil trygging fyrir sveitarfélögin og mun þegar fram í sækir mjög treysta rekstrargrundvöll sveitarfélaganna. Hitt er svo aftur annað mál að bæði sveitarstjórnarmenn og einnig við alþm. erum mjög fúsir til að nota allt það svigrúm sem við höfum hverju sinni til að stuðla að auknum framkvæmdum hins opinbera. Ég get auðvitað vel skilið að sveitarstjórnarmenn skuli taka því illa að svigrúm sveitarfélaganna til fjárfestingar skuli skert með þessum lögum nú, en þá er á hitt að líta að eftir mikinn þenslutíma eins og verið hefur, þegar raunvextir eru mjög háir í landinu, þegar við erum að berjast við að halda niðri erlendum skuldum, er ekki óeðlilegt að meiri kröfur en ella séu gerðar til þess að þeir menn sem bera ábyrgð á stjórnarstefnunni reyni eftir megni að draga svo úr opinberum framkvæmdum sem nokkur kostur er. Auðvitað eru þær kröfur, sem uppi eru á hverjum stað, allar til hinna nýtustu mála. Auðvitað mundum við vilja, sem meiri hlutann skipum hér á Alþingi, verja miklu meiri fjármunum til nýframkvæmda en hægt er á hverju ári, en ég hygg að allir þeir þm. sem staðið hafa að ríkisstjórn og allir þeir flokkar sem ábyrgð hafa borið á ríkisstjórn eigi það sammerkt að hugurinn hefur stefnt hærra en mögguleikarnir hafa verið og eins er það nú. Og ég ítreka það sem ég áðan sagði: Meðan staða atvinnuveganna er ekki traustari en raun ber vitni er nauðsynlegt að fyllsta aðhalds sé gætt í opinberum framkvæmdum.

Ég veitti því athygli þegar hv. 7. þm. Reykv. talaði hér í gær að hann sló því föstu að sú

gengisstefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt sé nú hrunin með þeim aðgerðum sem hér er verið að fjalla um. Þetta er auðvitað grundvallarmisskilningur. Ég hygg að honum hefði ekki þótt það mikil breyting á gjaldmiðli okkar Íslendinga á þeim tíma sem hann var viðskrh. og bankamálaráðherra þó inn í slíkar efnahagsaðgerðir hefði komið jafnsaklaus tala og 6% og minnist ég þess raunar frá þeim tímum að hann vildi ekki fella sig við að notað væri orð eins og gengisfelling eða gengissig um breytingar á verðmæti gjaldmiðilsins í takt við það sem við erum nú að tala um og fann upp nýyrðið gengisaðlögun. Það orð er að því leyti lýsandi að þær ráðstafanir sem við erum nú að gera fela fyrst og fremst í sér að reyna að aðlaga efnahagskerfið þeim rekstrarskilyrðum sem útflutningsatvinnuvegirnir búa við. Hitt kann að vera rétt hjá hv. þm. að við Íslendingar berum nú ekki gæfu til að gæta þeirrar hófstillingar sem nauðsynleg er þegar aftur harðnar í ári hjá okkur. Það hefur oft komið fyrir. Við höfum lifað það upp aftur og aftur að á víxl hafa gengið kauphækkanir einstakra stétta og gengisfellingar, að þessi gagnkvæmni hafi skrúfað upp verðbólguna og þannig í rauninni skekkt þann grundvöll sem okkar efnahagslíf byggist á. Ég hygg líka að ef við viljum vera sanngjarnir getum við metið það svo með fullum rétti að ef meira jafnvægi eða bara sæmilegt jafnvægi hefði verið í efnahagslífi okkar Íslendinga síðan 1971 væru aðstæður allar aðrar í þjóðfélaginu en nú er. Það er auðvelt að sýna fram á að erlendar skuldir væru minni og það er auðvelt að færa sterkar líkur fyrir því að kaupmáttur allra væri mun meiri en verið hefur. Sannleikurinn er auðvitað sá að þessi óstöðugleiki, sú mikla verðbólga sem við höfum búið við hefur farið logandi eldi um sparifé landsmanna og raunar líka um eigið fé ýmissa fyrirtækja þannig að eiginfjárstaða þeirra er verri en vera skyldi með þeim afleiðingum að þau eru verr undir það búin en ella að standa undir erfiðleikum eða áfalli í rekstri ef upp kemur. Við sjáum líka að sjávarútvegurinn er mjög viðkvæmur einmnitt fyrir þessum ytri skilyrðum. Á stundum hrannast upp verulegar skuldir hjá sjávarútveginum. Það er ekki í fyrsta skipti sem það hefur gerst nú að skuldasöfnun hafi orðið í sjávarútvegsgreinum og á öðrum tímum tekst á undraskömmum tíma að laga rekstrarstöðu þessara fyrirtækja mjög verulega eins og raunar kemur berlega fram í því hversu mikil aukning verður í fjárfestingu útflutningsatvinnugreinanna þegar aftur árar betur.

Ég vil sem sagt leggja áherslu á að með sama hætti og aðilar vinnumarkaðarins vilja með kjarasamningum nú reyna að stuðla að því að hægt sé að verja kaupmátt lægstu launa viljum við fylgja því eftir hér á Alþingi að þetta markmið náist. Það er kjarninn í því sem við erum að gera. Það þýðir ekki að tala um aukinn kaupmátt launa ef atvinnuvegirnir standa ekki undir sér. Það er algerlega út í bláinn. Við vitum það líka af reynslunni að miklar krónutöluhækkanir launa eru af hinu illa eins og ýmsir þeir menn sem nú skipa stjórnarandstöðuna hafa manna gleggst sýnt fram á þegar þeir hafa borið ábyrgðina.

Hitt er aftur auðvelt að segja í þessum ræðustól, að vandalaust sé að bæta kjörin meira en þjóðarbúið stendur undir. Það hefur verið gert áður. Það var gert þegar talað var um samningana í gildi og það var líka sagt þegar slagorðið var Kjarasamningar eru kjarabót. Slagorðið skiptir ekki máli, en þegar þessi umræða var uppi var talað um það að ráðstafanirnar sem gerðar voru í febrúarmánuði 1978 væru af hinu illa. Þá var lofað gulli og grænum skógum. Þó var það sú tilraun sem einna merkust hefur verið til þess einmitt að reyna að rétta hlut þess fólks sem einungis hafði kauptaxtana sjálfa til að lifa af, dagvinnulaunin. En ef kjarasamningarnir fara úr böndunum, ef hver kemur á fætur öðrum, ef launaskriðið nær miklum skriði getum við sagt, er mikið skrið á launaskriðinu, þá þekkjum við það að brátt kemur til mikils óróleika og við vitum að slík þróun bitnar samstundis á þeim sem síst skyldi.

Ég vil í þessu sambandi einnig leggja áherslu á að þessar aðgerðir, sem hér er gert ráð fyrir, eiga að geta stuðlað að því að raunvaxtastig geti lækkað hér á landi eftir því sem á árið líður, auðvitað að því tilskildu að jafnvægið haldist í efnahagsmálunum sem við erum hér að tala um. Við vitum auðvitað að þetta jafnvægi er forsenda þess að vel gangi. Og eitt með öðru sem mun stuðla að því að dragi úr lánsfjárþörfinni eftir því sem á árið líður er það að um næstu áramót er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur verði upp tekinn sem m.a. hefur það í för með sér að söluskattur af fjárfestingu í atvinnurekstri, í húsbyggingum, mannvirkjum atvinnurekstrarins, fellur niður þar sem virðisaukaskatturinn af slíkum framkvæmdum kemur til frádráttar við uppgjör skattsins. Það sýnir okkur að það hlýtur að vera hagkvæmt, og þeim mun hagkvæmara sem á árið líður, fyrir atvinnufyrirtækin að fara sér hægt í slíkum framkvæmdum sem aftur er líklegt til þess að draga úr þenslunni og ætti að valda því að svo létti á lánsfjármarkaðinum að raunvextir eigi að geta lækkað um leið og þeirri stefnu verður fast fram haldið að ríkissjóður verði rekinn án halla.

Vegna þess sem hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson sagði í gær um launaskattinn, þegar hann spurði mig hér út í hliðarherbergi hvort mætti bjóða mér alla skapaða hluti, hvort ég rétti höndina upp með því í desembermánuði sem ég yrði síðan á móti í marsmánuði, þá get ég svarað honum því að ég lét mig hafa það að greiða atkvæði með launaskattinum í desembermánuði og verð að játa að alltaf lifði innan í mér sú von að til þess kynni að koma nú í mars á góu að þessum skatti yrði aflétt af útflutningsatvinnuvegunum þannig að í þetta skipti var mér afskaplega ljúft að snúa snældunni og hlýða þeim boðum sem til mín komu frá hæstv. ríkisstjórn, sem ég vil allt fyrir gera og sem ég veit að leggur sig fram um það að halda svo vel á málefnum þjóðarinnar sem nokkur kostur er.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til að fara

um þetta öllu fleiri orðum. Hv. stjórnarandstæðingar hafa að vísu ekki í mín eyru gert svo glögga grein fyrir þessu frv. eftir að við höfðum farið yfir það í morgun að ég viti með fullnustu hvaða afstöðu þeir hafi til frv. Það kom ekki fram á fundi nefndarinnar hvort þeir væru með frv. eða á móti. Þeir vildu skila séráliti. En ég vil í lengstu lög mega vænta þess að þeir láti betri manninn ráða gerðum sínum nú og vilji standa með okkur hinum að lögfestingu frv. eins þarft og það er fyrir okkur alla Íslendinga.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 644 birtist nál. minni hl. fjh.- og viðskn. en hann skipar auk mín hv. 7. þm. Reykn. Hv. 6. þm. Vesturl. tók þátt í störfum nefndarinnar fyrir hönd Samtaka um kvennalista og er hún sammála nál. minni hl.

Í nál. minni hl. eru rakin þau atriði sem fram komu í nefndinni í morgun, en stjórnarandstaðan óskaði eftir viðtölum við allmarga einstaklinga, fulltrúa samtaka og stofnana, og tel ég ástæðu til að þakka formanni nefndarinnar, hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir það hvað hann brást vel við þessari bón og tryggði að umræður gætu farið fram á fundinum með eðlilegum hætti.

Ég bendi á að í nál. er í fyrsta lagi fjallað um þá umsögn sem fram kom frá Seðlabankanum þar sem því var slegið föstu að raunvextir hafa ekki lækkað þó að nafnvextir hafi lækkað á óverðtryggðum lánum. Ég bendi síðan á það sem fram kemur varðandi Fiskveiðasjóð, að skerðingin á Fiskveiðasjóði muni fyrst og fremst koma niður á fiskvinnslunni í landinu. Það voru fróðlegar tölur sem hann lagði fram í sambandi við þær umsóknir sem nú liggja fyrir um innflutning og nýsmíði fiskiskipa sem nemur um 2,5 milljörðum kr. vegna 42 skipa. Þetta tekur hæstv. fjmrh. örugglega til marks um hina miklu þenslu í þjóðfélaginu, til marks um það að það sé mikil framkvæmdagleði í sjávarútveginum, en staðreyndin er auðvitað sú að við erum hér með gamlan og úreltan fiskiskipaflota og það er ekkert skrýtið þó að það komi 40 umsóknir á ári þegar tekið er tillit til aldurs fiskiskipaflotans hér í landinu.

Í nál. er vitnað til forstjóra Ríkisspítalanna sem var kallaður fyrir vegna niðurskurðar á K-byggingu Landspítalans um 20 millj. kr. Gagnrýndi forstjórinn mjög harðlega þennan niðurskurð, sagði að hann mundi koma illa við ríkisspítalana.

Ein athyglisverðasta heimsóknin var þó framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins sem talaði um „kyrkjandi ríkisvald". Eins og þið munið var það ætlun fyrrv. ríkisstjórnar að Þróunarfélagið yrði uppistaða í nýrri sókn í atvinnulífinu til bættra lífskjara og nýsköpunar, en núna kom forráðamaður Þróunarfélagsins með þau skilaboð frá stjórn Þróunarfélagsins að hún óskaði vinsamlegast eftir því að það yrði tryggt að Þróunarfélagið losnaði úr faðmlögum við ríkisvaldið. Hann sagði: „Öll okkar samskipti við þetta kyrkjandi ríkisvald eru á einn veg."

Þá kom fram í nefndinni að varaverðlagsstjóri sagði að gasolía til fiskiskipanna hefði lækkað hvort eð var núna 1. mars eins og ég reyndar hafði giskað á hér í ræðu í gær.

Það var einnig athyglisvert sem fram kom hjá forráðamönnum Landsvirkjunar. Þeir töldu að þeir væru í raun og veru ágætlega staddir þrátt fyrir þennan niðurskurð. Ég spurði reyndar að því hvort þeir þyldu þá ekki eitthvað aðeins meiri niðurskurð. Þeir svöruðu því nú ekki en það var bersýnilegt að þeir báru sig í rauninni allvel, enda er það stofnun sem hæstv. utanrrh. kallar ríki í ríkinu eins og kunnugt er og fer sínu fram.

Einna ítarlegastar umræður fóru fram í nefndinni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Við fengum á fund nefndarinnar formann Sambands ísl. sveitarfélaga og framkvæmdastjóra sömu samtaka. Þeir mótmæltu ákvæðum frv. harðlega. Þeir töldu að skerðing Jöfnunarsjóðsins frá 1984 væri komin talsvert á annan milljarð kr. Þeir bentu á að framlög Jöfnunarsjóðs næmu allt að 55% af tekjum minnstu sveitarfélaganna þannig að þessi skerðing um 260 millj. kr. væri verulegt högg fyrir einstök sveitarfélög.

Þriðjungur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er bundinn í margvíslegum verkefnum, en afgangurinn fer til sveitarfélaganna eftir höfðatölu.

Þeir töldu að skerðingin væri um það bil 1000 kr. á mann í sveitarfélögunum og það væri sérstaklega alvarlegt að þessi skerðing kæmi nú eftir að sveitarfélögin hefðu gengið frá fjárhagsáætlunum sínum. Þeir sögðu að Jöfnunarsjóðurinn hefði þegar gengið frá greiðslum til sveitarfélaganna miðað við fyrri fjárlagatölur þannig að sjóðurinn yrði nú að lækka þær tölur sem hann greiddi einstökum sveitarfélögum það sem eftir væri ársins. Sem dæmi var nefnt að skerðingin nemur um 15 millj. kr. á Akureyri, en fjárhagsstaða Akureyrar væri á ýmsa lund erfiðari en annarra sveitarfélaga. Þar yrði ekkert eftir til eignabreytinga eftir þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin er að grípa til í þessu frv.

Talið var að velta sveitarfélaganna næmi 12,5–13 milljörðum kr. Þar af væru 20% til eignabreytinga að meðaltali yfir landið eða um 2,6 milljarðar kr. Skerðing Jöfnunarsjóðsins næmi því um 10% niðurskurði af framkvæmdagetu sveitarfélaganna.

Talsmenn sveitarfélaganna lögðu áherslu á að ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú um skerðingu á Jöfnunarsjóðnum væri „rothögg", eins og þeir orðuðu það, á samskipti ríkis og sveitarfélaganna eftir það sem á undan væri gengið.

Það er ekki of mikið sagt að gagnrýni sveitarstjórnarmanna á frv. var harðari en frá nokkrum öðrum aðila sem kom á fund nefndarinnar og er þá langt til jafnað.

Ég vil einnig geta þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að það verði rætt við Samband ísl. sveitarfélaga um að sveitarfélögin skeri niður hjá sér framkvæmdir. Það kom fram í máli forráðamanna sveitarfélaga að sá fundur

væri óþarfur. Í rauninni væri búið að búa svo um hnútana að sveitarfélögin yfirleitt hefðu ekkert til framkvæmda þannig að það væri ástæðulaust að eyða tíma í fundahöld til að skera þær framkvæmdir niður eftir að ríkisstjórnin hefði tekið þessa ákvörðun um skerðingu á fjárhag sveitarfélaganna. Eina sveitarfélagið sem eitthvað ætti eftir í þessu skyni væri Reykjavík og eðlilegast að ríkisvaldið og ríkisstjórnin sneri sér beint að borgarstjóranum í Reykjavík með þetta mál.

Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Þeir skýrðu frá því að niðurskurðurinn á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins kæmi sérstaklega niður á framkvæmdalánum þessa árs sem væri eini lánaflokkurinn sem ekki hefði þegar verið tæmdur og meira en það með lánsloforðum. Þessi lán hafa ekki síst runnið til sveitarfélaganna á undanförnum árum.

Þeir kvörtuðu undan því að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki gengið frá kaupsamningum á skuldabréfum sem skyldi. Þannig væru aðeins 54 sjóðir af 76 búnir að ganga frá skuldabréfakaupum fyrir árið 1989 og aðeins 33 fyrir árið 1990.

Þeir skýrðu frá því að forgangshópar sem sæktu um núna gætu fengið afgreiðslu sinna mála þegar komið væri fram á árið 1990; allt árið 1989 væri upppantað!

Þá kom fram að frv. félmrh., sem samþykkt var með miklum látum hér fyrir áramótin, hefur aukið eftirspurn eftir húsnæðislánum þar sem forgangshópurinn var stækkaður frá því sem áður var, en fækkun umsókna vegna skerðingarákvæða var aftur á móti óveruleg.

Frá 13. mars 1987 til áramóta komu inn um 6000 umsóknir sem fá ekki lán fyrr en á árinu 1989. Gert er ráð fyrir 400–600 umsóknum á mánuði á þessu ári þannig að stofnunin liggi með óafgreiddar umsóknir sem nemi um 12 000 um næstu áramót! 12 000 óafgreiddar umsóknir um næstu áramót ef svo fer fram sem horfir.

Þá var í nefndinni ítarlega rætt um misvísandi upplýsingar sem fram komu frá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun varðandi viðskiptahalla. Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, taldi að það væru tálvonir að gera ráð fyrir minni viðskiptahalla en Þjóðhagsstofnun bendir á. Taldi hann líklegra að viðskiptahallinn yrði enn meiri. Hann minnti einnig á í því sambandi að útflutningsgreinum er þröngur stakkur sniðinn með ákvörðunum stjórnvalda og það gæti skapað vaxandi þrýsting á gengið þegar kæmi fram eftir ári.

Í lok nál. á þskj. 644 er síðan fjallað um einstök efnisatriði frv. og yfirlýsing birtist þar í lokin um afstöðu minni hl. til einstakra greina þess.

Ég taldi ekki ástæðu til þess að fara ítarlegar yfir þetta mál núna, virðulegi forseti, en það er annað sem ég vil hér nefna.

Í umræðum um þetta mál í gær óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu um málið. Því miður sá hún sér ekki fært að verða hér í gær, en er mætt hér nú og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það. Ég á við hana spurningu varðandi bókun þá sem hún að sögn hefur gert í ríkisstjórninni. Er hún með þeirri bókun að mótmæla meðferðinni á húsnæðiskerfinu eða Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða hvort tveggja? Ég vil benda henni á það að það er algjörlega óvenjulegt að þegar ráðherra málaflokks setur sig upp á móti tiltekinni tillögu ríkisstjórnar þá skuli ráðherra úr öðru ráðuneyti, í þessu tilviki fjmrn., flytja tillögu í frumvarpsformi á Alþingi um að ganga yfir vilja fagráðherrans. Með þessu móti er hæstv. fjmrh. í rauninni að segja við hæstv. félmrh. að hún hafi lítið í ríkisstjórninni að gera, a.m.k. á meðan ákvörðun um þessi mál gengur yfir. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um afstöðu hæstv. félmrh. í þessu efni og bendi á að hver ráðherra er stjórnvald á sínu sviði. Hæstv. félmrh. er stjórnvald húsnæðismála. Hæstv. félmrh. er stjórnvald Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það er því jafngildi tillögu um vantraust á viðkomandi stjórnvald eða ráðherra ef annar ráðherra flytur tillögu um allt annað en fagráðherrann vill fallast á.

Hæstv. félmrh. hefur átt í miklum erfiðleikum í núverandi ríkisstjórn. Sl. haust reyndi hún að fá hér flutt frv. í þinginu varðandi breytingar á húsnæðislögum og gekk af því tilefni út úr ríkisstjórn um skeið eða fór í verkfall eins og það var kallað. Síðan hefur hæstv. ráðherra reynt hvað eftir annað að koma hér inn í þingið frv. til laga um kaupleiguíbúðir. Að lokum var það lagt fram hér í þinginu. En þegar umræður fara fram um málið í Nd. í gær kemur það í ljós að stjórnarflokkarnir, samstarfsflokkar hennar, eru á móti frv.

Síðan lýsir hæstv. fjmrh. því yfir fyrstur manna hér á hv. Alþingi að nú sé það ætlunin að taka húsnæðismálin í hendur sérstakrar nefndar vísra manna, en nefndin sé undir forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Hæstv. fjmrh. upplýsir að nefndin eigi að skila af sér innan tíu daga, þ.e. innan níu daga frá og með deginum í dag að telja miðað við yfirlýsinguna í gær.

Síðan gerist það eftir allar þessar greiningar, búið að skipa nefnd til að fara í málaflokkinn með þessum hætti, kaupleigufrv. aftur og aftur búið að valda „krísu“ í ríkisstjórninni, frv. í haust orðið til þess að hæstv. ráðherra hefur neyðst til þess að ganga út úr stjórninni um skeið, ofan á allt þetta eru hér flutt frv. sem samkvæmt fréttum sem við höfum úr fjölmiðlum hæstv. ráðherra er á móti. Þetta er auðvitað hrikaleg meðferð á hæstv. ráðherra og málaflokki hennar og ég votta henni samúð mína í þeim efnum. Það er kannski ekki sérkennilegt að niðurstaðan sé þessi þegar formaður og varaformaður Framsfl., formaður og varaformaður Sjálfstfl. fá að sinna málinu en varaformaður Alþfl. kemst þar hvergi nærri þegar um málið er fjallað á undirbúningsstigi. Þar er kallaður fyrir yfirembættismaður Alþfl., hæstv. viðskrh., fyrrv. þjóðhagsstjóri.

Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. geri þingdeildinni grein fyrir því hvernig hún hyggst bregðast

við þessari framkomu og hvernig sú bókun er sem hún birti ríkisstjórninni í gær.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að verða við ósk hv. 7. þm. Reykv. og svara þeim fsp. sem hann hefur til mín beint.

Svör við þeim fsp. liggja reyndar fyrir. Það hefur komið fram að í ríkisstjórn bókaði ég andstöðu við þrjú atriði í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Í fyrsta lagi skerðingu á framlagi í byggingarsjóðina. Þar taldi ég of langt gengið að skerða framlög í byggingarsjóði ríkisins með þessum hætti. Það er auðvitað öllum ljóst að vandinn í húsnæðismálum er gífurlegur. Kannski kemst ég í mikla nálægð við þann vanda vegna þess að þeir sem koma í viðtöl til félmrh. eru að stærstum hluta til fólk sem býr við mikla neyð í húsnæðismálum. Þess vegna er það auðvitað að mínu viti sem ráðherra húsnæðismála allt of langt gengið að skerða framlög til húsnæðismála sem hér er gert. Reyndar óska ég þess oft að stjórnvöld og þeir sem taka ákvarðanir í þessu efni hefðu betri innsýn í þann gífurlega vanda sem er hjá mörgum heimilum í landinu í húsnæðismálum. Því þó að miklir peningar séu settir í húsnæðislánakerfið þá tel ég að það megi og eigi að móta miklu markvissari stefnu en þar er gert til að fjármagnið nýtist þeim sem á þurfa að halda í húsnæðismálum.

Í annan stað bókaði ég í ríkisstjórn andstöðu við áform um að hætta við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Einnig bókaði ég andstöðu við þá ákvörðun að taka aftur í ríkissjóð 260 millj. af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég tel að það sé óskynsamlegt að taka aftur í ríkissjóð þetta fjármagn og að hætta við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég tel að þetta geti bitnað mjög á mörgum sveitarfélögum í landinu.

Það eru ástæður fyrir því að ég bókaði andstöðu mína við þessi atriði í ríkisstjórninni.

Hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í að hæstv. fjmrh. hefði upplýst að það ætti að taka húsnæðismálin í sérstaka nefnd eins og hann orðaði það. Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að fjmrh. upplýsi slíkt á Alþingi. Það var fyrir nokkru síðan að ég skipaði slíka nefnd sem á að gera tillögur til mín um endurskipulagningu á húsnæðislánakerfinu. Þessi nefnd mun fljótlega skila til mín niðurstöðu sinni um þá valkosti sem hún telur að séu fyrir hendi til að endurskipuleggja húsnæðislánakerfið. Það ber auðvitað að harma að það verk hafi ekki farið fyrr af stað en til þess liggja gildar ástæður vegna þess að það frv., sem lagt var hér fram á haustþingi um breytingar á húsnæðislöggjöfinni, sem átti að skapa svigrúm til að fara yfir í nýtt húsnæðislánakerfi, tók lengri tíma í meðförum þingsins en ég hafði ætlað. En ég tek auðvitað ekki undir það eins og mér fannst liggja í orðum hv. þm. að verið væri á einn eða annan hátt að taka húsnæðismálin úr höndum húsnæðismálaráðherra með þessu móti. Þetta er nefnd sem ég skipaði og þar hafði fjmrh. eða aðrir ráðherrar eða ríkisstjórn engin afskipti af.

Ég tel mig hafa svarað þeim fsp. sem hv. þm. beindi til mín. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni á þeirri framsetningu sem fram kemur í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem fjallað er um húsnæðismálin. Þar er vitnað til þess orðrétt, með leyfi virðulegs forseta, að fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins sem komu á fund nefndarinnar hafi — eins og segir hér í kafla undir yfirskriftinni Óafgreiddar umsóknir 12 000 um næstu áramót — sagt að frv. félmrh. sem samþykkt var fyrir jólin hafi aukið eftirspurn eftir húsnæðislánum þar sem forgangshópurinn var stækkaður frá því sem áður var en fækkun umsókna vegna skerðingarákvæða óverulegs.

Þegar ég sá þetta hér áðan þá hafði ég samband við þann fulltrúa sem á fund nefndarinnar mætti frá Húsnæðisstofnun. Ég hafði samband við annan þeirra og hann sagði að hér væri ekki rétt eftir haft að frv. félmrh. hefði aukið eftirspurn eftir húsnæðislánum. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að samkvæmt ákvæðum frv. verða fleiri í forgangshóp. Hér er því einungis um það að ræða að það er verið að færa á milli hópa. Ég leitaði mér auðvitað upplýsinga um það sem af áliti þm. mátti ráða að fyrir lægju einhverjar upplýsingar um hvaða áhrif frv. hefði nákvæmlega á fækkun umsókna vegna skerðingarákvæða og ég fékk þær upplýsingar að þetta væri í vinnslu núna hjá Húsnæðisstofnun og upplýsingar um það hve margir fari úr víkjandi hóp í forgangshóp vegna ákvæða laganna lægju ekki fyrir, það væri í vinnslu og mundi væntanlega liggja fyrir í næstu viku. Með sama hætti var ég upplýst um það af þessum starfsmanni Húsnæðisstofnunar að enn þá lægi heldur ekki fyrir hvað ákvæði frv. að því er varðar skerðingarákvæðin hefðu áhrif á margar umsóknir til fækkunar. Það mundi einnig liggja fyrir í næstu viku.

Ég taldi nauðsynlegt að draga þetta fram hér vegna þess að ég tel að að því er þetta varðar í áliti minni hl. þá sé þetta villandi fram sett. — [Fundarhlé.]

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég mun nú hefja mál mitt þó það sé fremur fáliðað hér í hv. Ed., en það er engu að síður nauðsynlegt að ég fái tækifæri til að koma á framfæri nokkrum athugasemdum varðandi það lagafrv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum sem við höfum haft til meðferðar í fjh.- og viðskn. í morgun.

Hv. 7. þm. Reykv. hefur í máli sínu gert grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. og hef ég ekki miklu þar við að bæta en þó langar mig til að taka upp nokkur atriði. Ég held að við getum verið sammála um það allir sem sátum fund nefndarinnar í morgun að það hafi verið mjög fróðlegar og upplýsandi umræður sem þar fóru fram. Var einkar fróðlegt að hlusta á og fá álit hinna ýmsu fulltrúa sem voru kallaðir á fund nefndarinnar.

Ég hafði hugsað mér að eiga nokkur orðaskipti hér við hv. 3. þm. Vestf., ég skulda honum nokkur svör við ýmsum athugasemdum sem hann gerði við ýmislegt það sem ég hafði fram að færa varðandi þá kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir, en nú sé ég að hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmason er genginn í salinn og eins og ég sagði þá langar mig til að eiga nokkur orðaskipti við hv. þm. (**KP:** Ekkert sjálfsagðara.) Hv. þm. var að sjálfsögðu, og ég skil það ósköp vel, ekki sérlega ánægður með það að ég skyldi ráðast að kjarasamningunum með þeim hætti sem ég gerði við 1. umr. um þetta frv., en ég taldi í máli mínu að með þessum ráðstöfunum, svo og þeirri gengisfellingu sem er kannski kjarni þeirra, væri verið að taka það aftur af láglaunafólkinu sem það náði með kjarasamningunum sem voru undirskrifaðir í síðustu viku. Ekkert það sem hv. þm. Karvel Pálmason kom með í sínu máli til þess að hrekja þessar staðreyndir, sem ég taldi mig vera að flytja, hefur breytt skoðun minni. Ég er jafnsannfærður um það eftir sem áður að það er laukrétt sem ég sagði að með þessum ráðstöfunum, svo og ýmsum þeim hliðarráðstöfunum sem nú er verið að gera og öllum þeim hækkunum sem dynja yfir núna á hverjum degi, þá er búið að taka allt aftur sem láglaunafólkið fékk í þessum samningum — og meira til er ég nokkuð sannfærður um. Í gær voru tilkynntar hækkanir á öllum landbúnaðarafurðum frá 6 og upp í 9% ef ég man rétt. Ég hef nú ekki haft tækifæri til þess einu sinni að lesa blöðin almennilega þessa undanfarna daga því að svo mikið er um að vera hér hjá okkur á hinu háa Alþingi.

Ég fékk inn um dyrnar í morgun hjá mér gíróseðla frá tryggingafélaginu mínu þar sem mér var gert að greiða af þeim bifreiðatryggingum sem ég er með. Það mun vera orðið mjög algengt að menn hafi einn til tvo bíla í hverri fjölskyldu og jafnvel láglaunafólkið rekur a.m.k. einn bíl. Það er að verða algengast. Og eftir þeim upphæðum sem voru á þessum seðlum sem ég fékk til mín í morgun ásamt með öðru, þá fæ ég nú ekki séð hvernig fólk ætlar að fara að. Þessar litlu kjarabætur sem það fékk eða taldi sig hafa fengið í samningunum, ég held að þær séu roknar út í veður og vind. Enda er mjög fróðlegt að velta fyrir sér t.d. ummælum framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, Þórarins V. Þórarinssonar, en hann hefur látið þau orð falla að þessir samningar hafi í för með sér minni kjararýrnun en aðrir samningar, þannig að um kjararýrnun er augljóslega að ræða. Og með þeim hækkunum á þjónustugjöldum sem eru nú að dynja yfir okkur — og þar gengur nú hið opinbera fram fremst allra, eins og oftast gerist, að hið opinbera gengur ævinlega á undan í því að hækka þjónustugjöld umfram alla aðra — þá er ég ekki í nokkrum vafa um það að það sem ég sagði hér við 1. umr. var ekki ofsagt. Hugsanlega hefði ég átt að taka miklu sterkara til orða þegar ég taldi að það væri búið að taka allt aftur af láglaunafólkinu sem það fékk í þessum samningum. En ég er ekki að ásaka þá fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem stóðu í þessum samningum. Verkalýðshreyfingin á erfitt uppdráttar þessa mánuðina og þessi árin. Ég minni á það að verkalýðshreyfingin hefur nú staðið í þrotlausri baráttu í ein 70 ár við að reyna að bæta hag hinna lægst launuðu og árangurinn lætur enn þá á sér standa.

Það hefur verið mikið rætt um það og búið að fara um það mörgum orðum úr ræðustól á hinu háa Alþingi, svo og annars staðar í þjóðfélaginu, með hvaða hætti við eigum að bæta laun hinna lægst launuðu. En það hefur því miður aldrei tekist í neinum kjarasamningum og allar aðgerðir til þess að bæta hag hinna lægst launuðu enda á einn veg: Þær leiða einfaldlega til þess að aðrir þjóðfélagshópar, aðrir launahópar fá sömu kjarabætur. Allar aðgerðirnar verða til þess að launabætur rjúka upp allan launastigann. Í þessu ljósi ber að skoða gagnmerka tillögu sem hv. 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir mælir fyrir í Sþ. um launabætur. En þar er um að ræða að láglaunafólk fái launabætur ef það getur ekki nýtt allan persónuafsláttinn að fullu til þess að ná skattleysismörkum. Í þeirri till. er reyndar gert ráð fyrir að skattleysismörk verði hækkuð í 55 þús. kr. sem er í samræmi við framfærslukostnað vísitölufjölskyldunnar sem mun vera nú vel yfir 115 þús. kr. á mánuði. Á þeim grundvelli höfum við reiknað út að einstaklingur þurfi a.m.k. 55 þús. kr. til framfærslu. Þetta vildi ég sagt hafa varðandi ummæli hv. þm. um kjaramál og skal ég ekki eyða frekari orðum á kjaramálin.

Mig langar til þess að fara svo nokkrum orðum um það sem kom fram í viðræðum við hina ágætu fulltrúa sem við ræddum við í morgun í hv. fjh.- og viðskn. Er þar fyrst að greina frá viðræðum sem við áttum við fulltrúa Seðlabankans en þar staðfestu þeir — sem reyndar kemur ekkert á óvart og öllum sem hafa viljað kynna sér þau mál ætti að vera orðið ljóst — að það hefur engin raunvaxtalækkun orðið. Nafnvextir hafa verið leiðréttir til jafns við þá raunvexti sem eru t.d. á lánskjaravísitölulánum þannig að þegar hæstv. ráðherrarnir koma svo fram í sjónvarpi til að berja sér á brjóst og segja: Nú hafa vextir lækkað, sjáið bara til hvað við erum snjallir, nú er þetta allt saman farið að virka, þessar efnahagsráðstafanir okkar — þá er þetta ein blekking vegna þess að raunvextir eru eftir sem áður 9,5% af lánskjaravísitölulánum og aðrir vextir, þ.e. nafnvextir á skuldabréfum og ýmiss konar öðrum fjárskuldbindingum, hafa verið leiðréttir til jafns við þessa raunvexti. Eftir sem áður stynur almenningur og atvinnulífið í landinu undan óheyrilega háum raunvöxtum.

Það var einkar fróðlegt að heyra álit forstöðumanns Þróunarfélags Íslands, Gunnlaugs Sigmundssonar, en við áttum við hann mjög fróðlegar og fjörugar umræður um erlendar lántökur. Og í nál. minni hl. er tekin setning sem Gunnlaugur viðhafði í þessum umræðum og mig langar til að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta: „Öll okkar samskipti við þetta kyrkjandi ríkisvald eru á einn veg.“ Gunn-

laugur komst einnig þannig að orði að hann vildi mjög gjarnan losna úr faðmlögum við ríkisvaldið með Þróunarfélagið. En Gunnlaugur var sömu skoðunar og við þm. Borgarafl., að ríkisstjórnin og reyndar stjórnvöld oft á undan misskilja erlendar lántökur og þær hættur sem felast í erlendum lántökum og með hvaða hætti skuli stýrt erlendum lántökum.

Ég er nefnilega alveg sammála forstjóra Þróunarfélagsins, að atvinnulífið á Íslandi á að fá frjálsan aðgang að erlendu lánsfé og það án ríkisábyrgðar. Sá aðilinn sem hins vegar á að takmarka erlendar lántökur, og helst ekki taka nein erlend lán, það er ríkisvaldið sjálft og önnur opinber fyrirtæki. Þróunarfélagið er þrátt fyrir allt hlutafélag þó svo að ríkið eigi þar stærsta hlutinn. Engu að síður ber að líta á Þróunarfélagið sem sjálfstætt hlutafélag og í því tilliti verður að líta á Þróunarfélagið sem hvert annað atvinnufyrirtæki.

Ef atvinnufyrirtækin í landinu fengju tækifæri til þess að taka erlent lánsfé beint án afskipta ríkisvaldsins og án ríkisábyrgðar þá er ekki nokkur vafi á því að vextir mundu stórlækka og atvinnulíf gæti fengið þar nauðsynlega innspýtingu, vítamíngjöf til þess að fara út í eðlilegar fjárfestingar og byggja upp ný atvinnutækifæri. Það er nefnilega mesti misskilningur að allt erlent fjármagn sé af hinu vonda. Ef ekki er til nóg fjármagn í landinu til þess að kosta þá nauðsynlegu uppbyggingu á atvinnulífinu sem við þurfum á að halda þá er ekkert óeðlilegt við það að taka erlent lánsfé. En það er langeðlilegast að gera það beint og millilíðalaust þannig að Jón Jónsson geti samið við erlendan banka um að fá erlent lánsfé án þess að ríkið skipti sér þar nokkuð af. Það er síðan Jón Jónsson sem verður að vera ábyrgur fyrir því að hann geti endurgreitt lánið og að sjálfsögðu erlendi bankinn sem féllst á að lána honum það. Ríkisvaldið þarf ekki að hafa svo miklar áhyggjur af Jóni Jónssyni, hann mun sjá um sig.

Fulltrúar Landsvirkjunar komu á fund okkar og þeir töldu að þeir gætu út af fyrir sig lifað við þennan niðurskurð sem nemur 75 millj. kr. — Hæstv. forseti. Ég tel nú afar óeðlilegt að hér sé enginn ráðherra viðstaddur sem þetta mál varðar, þ.e. hvorki hæstv. fjmrh. né hæstv. viðskrh., og ég veit ekki hvort það er eðlilegt að við höldum þessari umræðu mikið áfram án þess að hafa nokkurn hæstv. ráðherrann til þess að beina til þeirra spurningum. (**Forseti:** Hv. þm. hefur ekki fyrr en nú óskað eftir nærveru þeirra og ég óska eftir að vita hvaða ráðherra hann vill fá.) Ég mundi telja eðlilegt að hæstv. fjmrh. væri hér í salnum þegar við erum að ræða hér um þessar merkilegu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að hann komi hingað.) Ég bið forláts, virðulegur forseti, en ég áleit að hæstv. ráðherrann hlyti að vera á leiðinni hingað. En nú hef ég talað allnokkra stund og sé að hann kemur ekki í salinn, þannig að ég taldi þá að lokum nauðsynlegt að vekja athygli á þessu.

Til þess að tefja ekki umræður í hv. þingdeild skal ég halda hér nokkuð áfram í trausti þess að hæstv. ráðherrann birtist. Ég ætla að fjalla aðeins um ummæli og það sem forráðamenn Landsvirkjunar höfðu að segja við okkur nefndarmenn í morgun. En eins og ég var byrjaður að segja frá áðan töldu þeir að niðurskurðurinn kæmi e.t.v. ekki mjög illa við Landsvirkjun að þessu sinni, þar sem þeir hafa þegar náð nokkrum skuldbreytingum sem gera það að verkum að þeir geta sparað við sig greiðslur sem nema um 30 millj. kr. á ári. Hins vegar vil ég ítreka það sem kemur fram í nál. að forráðamenn Landsvirkjunar telja að allar aðgerðir ríkisvaldsins í þá veru að þrengja möguleika fyrirtækisins til þess að taka ný erlend lán til þess að skuldbreyta eldri óhagstæðari lánum, þær virka að sjálfsögðu íþyngjandi og enda á einn veg: þær hækka raforkuverð til landsmanna. Fyrirtæki eins og Landsvirkjun hlýtur að verða að hafa frjálsan aðgang að því hvenær sem færi gefst að grípa tækifærið og skuldbreyta eldri óhagstæðum lánum ef ný betri lán fást.

Þá kem ég að þeim kafla sem fjallar um viðræðurnar við fulltrúa sveitarfélaganna. En fulltrúar sveitarfélaganna voru mjög harðorðir í garð hæstv. ríkisstjórnarinnar og heyrðust orð eins og svik, svo ekki sé meira sagt. Í máli þeirra kom fram að allar götur frá því að farið var að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þá hefur ríkið „stolið" af sveitarfélögunum um 1 milljarði kr. sem er engin smáupphæð.

Hæstv. forseti. Er nokkuð vitað um ráðherra? (**Forseti:** Ég hef gert ráðstafanir til að fjmrh. komi.) (**SkA:** Það er nú séns að taka upp þögnina.) (**KP:** Sumir eru ragir við það.) Já, ég hafði nú ekki hugsað mér að slá hér nein ný met eða komast í metabók Guinnes. Ég læt meðflokksmanni mínum og samþingmanni mínum það alveg eftir.

Ég sé, hæstv. forseti, að hæstv. viðskrh. er nú að ganga í salinn og reyndar sé ég svona glitta í hæstv. fjmrh. Ég mundi þá kannski vilja taka upp aftur þá umræðu sem ég var reyndar búinn að fjalla nokkuð um, en það er um erlendar lántökur. Ég vildi gjarnan eiga nokkur orðaskipti við hæstv. ráðherrana um hugtakið „erlendar lántökur". Það er nefnilega vaxandi spurning og ýmsir fulltrúar atvinnulífsins í landinu spyrja: Er ekki kominn tími til að breyta algjörlega þeirri stýringu sem verið hefur á erlendum lántökum fram til þessa? Eins og fulltrúi og forstjóri Þróunarfélagsins, Gunnlaugur Sigmundsson, sagði við okkur í morgun, svo ég endurtaki nú það sem ég sagði áðan, þá óskar hann eftir því að losna úr faðmlögum við ríkisvaldið og fá að reka Þróunarfélagið sem hvert annað atvinnufyrirtæki þó svo að ríkið að sjálfsögðu eigi þar... (**Gripið fram í:** Á það ekki félagið?) Ja, við skulum segja að ríkisvaldið á þar stærsta hlutinn en það breytir því ekki að hér er um sjálfstætt hlutafélag að ræða. En ég tek þetta nú bara sem dæmi því að ég á hér almennt við atvinnufyrirtæki sem eru í fjárfestingum til þess að byggja upp og skapa ný atvinnutækifæri. Ég held þeirri skoðun fram sem ég hef heyrt mjög

víða í þjóðfélaginu að slík fyrirtæki eigi að fá frjálsan aðgang að erlendu lánsfé, án ríkisábyrgða og án nokkurra afskipta ríkisins. Þetta hefði tvennt í för með sér. Þetta mundi geta rennt styrkari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og orðið til þess að efla útflutningsgreinarnar. Þetta mundi verða til þess að lækka vexti vegna þess að það er nóg framboð nú á erlendu lánsfé á mun hagstæðari kjörum en þeim okurvöxtum sem hér eru við lýði, á þeim lánskjörum sem eru hér innan lands. Og að lokum, svo ég endurtaki það sem ég sagði áðan: Því þarf ríkisvaldið að hafa áhyggjur af því þó Jón Jónsson taki lán hjá erlendum banka? Væntanlega hlýtur erlendi bankinn að kanna mjög aðstæður Jóns Jónssonar, rannsaka hvort það sé þorandi að lána honum. Ef svo illa fer að Jón Jónsson getur síðan ekki borgað þetta lán, ja, þá er það vandamál erlenda bankans. Ég sé ekki að ríkið þurfi að hafa svona miklar áhyggjur af þessu eins og það hefur haft hingað til. Hins vegar er ég jafnsannfærður um það að þar sem á að takmarka erlendar lántökur það er hjá ríkinu sjálfu. Það á ekki að taka nein erlend lán. Það á að reyna að draga saman útgjöld frekar en að mæta aukinni tekjuþörf með erlendum lántökum. Þar er ég alveg sammála niðurskurði á erlendum lántökum.

Þess vegna erum við síður en svo ánægðir með þær ráðstafanir að setja sérstakt gjald á erlendar lántökur. Og nú er lagt til að tvöfalda þetta gjald sem verður til þess eins að þau fyrirtæki sem eru háð því að taka erlend lán til atvinnuuppbyggingar verða að hleypa því út í verðlagið með einum eða öðrum hætti. Þetta verður einfaldlega til þess að hækka verðlag í landinu. Það er alveg ljóst. En ég hefði viljað heyra álit hæstv. viðskrh. á þessum hugmyndum um að gefa erlendar lántökur að einhverju leyti frjálsar, en á móti ber að sjálfsögðu að draga verulega úr erlendum lántökum ríkisins sjálfs.

Ég var að fjalla um niðurskurðinn á Jöfnunarsjóði, þ.e. framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna. Í þeim viðræðum sem við áttum við fulltrúa sveitarfélaganna á fundi fjh.- og viðskn. í morgun voru fulltrúar sveitarfélaganna hvað harðorðastir í garð þessara ráðstafana og gagnrýndu mjög þennan niðurskurð. Það er mjög athyglisvert sem kemur fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna hvað þessi niðurskurður hefur í för með sér.

Það er talið að heildarvelta sveitarfélaganna á þessu ári verði um 12,5 milljarðar kr. og þar af hafi sveitarfélögin um 20% til eignabreytinga. Hér er því um að ræða 2,6 milljarða kr. sem sveitarfélögin hafa fyrirhugað að verja til eignabreytinga og þetta þýðir 10% skerðingu á þeim lið. Þetta kemur að sjálfsögðu ekkert mjög illa við stóru sveitarfélögin, aðallega þó sveitarfélögin hér á höfuborgarsvæðinu. Það kom fram í máli fulltrúa sveitarfélaganna. En litlu sveitarfélögin úti á landi þola mjög illa þessa skerðingu. Mörg minni sveitarfélaganna hafa um helming tekna sinna gegnum jöfnunarsjóðsframlagið sem þýðir að sjálfsögðu að skerðingin á þeirra möguleikum verður miklu, miklu meiri en t.d. skerðingin á eignabreytingarmöguleikum stóru sveitarfélaganna hér eins og Reykjavíkur, svo maður taki hana nú sem dæmi, enda hafa hæstv. ráðherrarnir fyrst og fremst beint spjótum sínum að Reykjavík þegar þeir hafa óskað eftir því að dregið verði úr framkvæmdum á vegum sveitarfélaganna. Þó kom einnig fram í máli fulltrúanna að Akureyri stendur mjög illa. Þeir segja að þessi niðurskurður komi einkar illa við Akureyri. Fjárhagsástand Akureyrarbæjar hefur undanfarin ár verið með þeim hætti að þeir þola þessa skerðingu verr en öll hin stóru sveitarfélögin. Þeir hafa haft alla sína tekjustofna eins háa og þeim hefur verið framast unnt undanfarin ár og hafa þess vegna engar viðbótartekjur eins og sum stærri sveitarfélaganna hafa getað búið til með því að hækka vissa tekjustofna, en það var rúm til þess hjá mörgum hinum stærri sveitarfélaga.

Þá er annað sem er athyglisvert, og kom fram í máli fulltrúa sveitarfélaganna. Í janúar og febrúar hefur verið greitt til sveitarfélaganna miðað við óskert framlag í Jöfnunarsjóð. Þessi skerðing kemur því enn þá frekar illa við Jöfnunarsjóðinn. Nú þarf að endurskoða greiðslurnar sem eftir eru ársins og það getur orðið með þeim hætti að sum sveitarfélaganna verði raunverulega stopp, þau hafi þar af leiðandi enga frekari fjármuni til eignabreytinga. Þau verði búin að nota upp allt fé til eignabreytinga þessa fyrstu tvo mánuði ársins.

Við þm. Borgarafl. hér í Ed. áskiljum okkur rétt til að greiða atkvæði gegn þessum lið ráðstafananna. Við teljum að þessar ráðstafanir séu mjög ófullkomnar og hvergi líklegar til þess að leysa þau vandamál sem blasa við í íslensku efnahagslífi, enda höfum við ekki haft nándarnærri nógu mikinn tíma til þess að fara ofan í þessi mál og þá hugsanlega að koma með brtt. Og það er trú mín að það muni ekki líða á löngu þar til að koma þurfi með nýjar efnahagsráðstafanir og á nýjan leik keyra í gegn á hinu háa Alþingi frv. til ráðstafana í ríkisfjármálum og efnahagsmálum.

Þá var einkar fróðlegt að eiga orðaskipti við fulltrúa fjmrn. og forstjóra Þjóðhagsstofnunar. En þar var verið að tala um hver yrði viðskiptahallinn á árinu. Þar er nokkur ágreiningur, sem reyndar kom fram í máli hæstv. fjmrh. í umræðunum í gær. Hann telur að viðskiptahallinn verði ekki nema 8,5 milljarðar kr., en Þjóðhagsstofnun telur að hann verði 10,5 milljarðar kr.

Við óskuðum eftir því að fulltrúar ráðuneytisins og forstjóri Þjóðhagsstofnunar gerðu okkur grein fyrir þessum mismun, í hverju hann væri fólginn. Það kom fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að hér væri um það að ræða að þeir teldu að meira mundi draga úr einkaneyslu innan lands en Þjóðhagsstofnun telur að verði, svo og að þeir telja að það verði meiri verðmætaaukning á sjávarafurðum, bæði með framleiðniaukningu hjá ýmsum fyrirtækjum í sjávarútvegi svo og vegna aukinnar markaðssóknar erlendis. Fulltrúi og forstjóri Þjóðhagsstofnunar taldi þetta vera tálvon þó hann kannski kæmist ekki

þannig að orði. En hans skoðun var sú að ef eitthvað þá mundi viðskiptahallinn verða enn þá meiri. Hann vildi ekki nefna neinar tölur en sá grunur læðist að okkur að hefði forstjóri Þjóðhagsstofnunar fengið að segja sannleikann umbúðalaust eins og hann blasir við honum, þá hefðum við séð þarna miklu, miklu hærri tölur um hver viðskiptahallinn verður á árinu 1988.

Hæstv. félmrh. er ekki til staðar í deildinni. Ég ætla nú ekki að gera virðulegum forseta þann óleik að fara að krefjast þess að hæstv. félmrh. verði kallaður hér á fund í deildinni. Það hefur verið mjög erfitt að fá hana hingað. Hún kom hér fyrr í dag og ætli við verðum ekki að láta það vera nóg. Það er búið að fara svo illa með hæstv. félmrh. í hv. Nd. að ég veit ekki hvort við eigum að fara að bæta þar um betur í Ed. (**KP:** Hún stendur nú fyrir sínu.) Það kann vel að vera, hv. þm., en ... (**Forseti:** Skilur forseti það rétt að hv. þm. óski þrátt fyrir allt ekki eftir að gerð sé tilraun til að kalla á félmrh.?) Nei, ég mun ekki gera kröfu til þess.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um það sem kom fram í máli hæstv. félmrh. áður en fundi var frestað til þess að við gætum haldið þingflokksfundina, en þar fjallaði hún um þær upplýsingar sem við fengum hjá fulltrúum Húsnæðisstofnunar sem komu á fund fjh.- og viðskn. í morgun. Við spurðum fulltrúa Húsnæðisstofnunar sérstaklega um það hverju það breytti að forgangshópurinn, sem svo er kallaður, var stækkaður með þeim breytingum á húsnæðislögunum sem voru samþykkt á Alþingi fyrir jólin. En forgangshópurinn er þeir sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Og með þeirri breytingu sem varð fyrir jólin bættust við þeir sem eiga við húsnæðisvandamál að stríða í þeim skilningi að stór fjölskylda búi í litlu húsnæði eða húsnæðisaðstæður séu mjög slæmar. Þetta hefur stækkað forgangshópinn nokkuð og hefur það leitt til þess að umsóknum að sjálfsögðu fjölgar, þ.e. umsóknum frá forgangshópnum. Hins vegar töldu fulltrúar Húsnæðisstofnunar að skerðingarákvæði frv. sem var samþykkt rétt fyrir jólin þar sem þeir sem eiga fleiri en tvær íbúðir eiga að sitja eftir á hakanum og eins þeir sem eiga mjög stóra íbúð skuldlausa. Þeir töldu að hér væri um mjög fámennan hóp að ræða þannig að þetta hefði óveruleg áhrif.

Ég hef reyndar kannað það hjá öðrum sérfræðingum Húsnæðisstofnunar, sem ekki komu til viðtals hjá nefndinni, að í reynd mun þetta verða svo að þetta frv. breytir engu. Því áður var það ævinlega gert að húsnæðismálastjórn tók á öllum þeim vandamálum sem til hennar bárust vegna fólks sem bjó við slæmar húsnæðisaðstæður og reyndi að leysa þau mál sem um forgangshóp væri að ræða. Hinir voru hvort sem var, samkvæmt gömlu lögunum, í forgangshópi og málum annarra var hvort sem var skotið aftur fyrir í biðröðinni þannig að viðmælendur mínir sem ég hef átt orðaskipti við um þessa hluti segja að frv. hafi í raun og veru engu breytt.

Við fengum í leiðinni þær upplýsingar að þessa mánuðina berast um 400–600 umsóknir á mánuði og þannig er komið að því að um næstu áramót liggja fyrir 12 000 umsóknir óafgreiddar í húsnæðislánakerfinu.

Hæstv. félmrh. gat þess að það hefði verið hún sjálf sem hefði skipað endurskoðunarnefndina, hina vísu menn sem hæstv. fjmrh. sagði okkur frá í gær, og er allt gott um það að segja. — Hér sé ég að hæstv. félmrh. gengur í salinn og er það ekki verra en ég hafði ekki sérstaklega óskað eftir því. Það er vel að hún komi hér þrátt fyrir allt til þess að hlýða á mál okkar.

Ég er að fjalla hér um húsnæðismálin og ég vildi einungis segja það að húsnæðislánakerfi sem situr uppi með 12 000 umsóknir óafgreiddar við árslok 1988 er ónýtt eins og við bentum á fyrr í haust þegar við lögðum fram frv. til laga um húsnæðislánastofnanir og svo síðar þegar við gerðum viðamiklar brtt. við frv. hæstv. félmrh. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þá gerðum við grein fyrir alveg nýju kerfi húsnæðislánamála sem er endurskoðað kerfi frá grunni.

Það kann vel að vera að endurskoðunarnefndin gluggi eitthvað í þessar tillögur og geri þær að sínum. Þannig má vera að við komum að einhverju liði og hjálpum hæstv. félmrh. við að leysa húsnæðismálin og skal ekki standa á okkur að hjálpa til við það. Ég tel það ekkert eftir mér að hafa lagt í það ásamt hv. 11. þm. Reykv. Guðmundi Ágústssyni að vinna nýjar tillögur í húsnæðislánamálum sem nefndinni eru þar með frjálsar til afnota að sjálfsögðu.

Ég held ég fari að stytta mál mitt. Ég hef farið í gegnum bæði nál. og nokkur þau atriði sem vöktu athygli mína í meðferð fjh.- og viðskn. á frv. í morgun. Mig langaði svo að lokum að fara nokkrum orðum um stórmerkilegt plagg sem hagfræðideild Seðlabankans, þ.e. þeir fulltrúar Seðlabankans sem komu á fund nefndarinnar í morgun, skildi eftir hjá okkur sem sýnir hvernig staða útflutningsatvinnuveganna hefur verið frá því 1979 fram til dagsins í dag. Þetta plagg gerir ráð fyrir og reiknar vísitölu samkeppnisstöðu sem svo er kölluð en það er mælikvarði á það hversu hagstæð skilyrði eru búin útflutningsatvinnugreinunum.

Árið 1979 var þessi vísitala 100 stig en þá telja fulltrúar Seðlabankans að hafi verið eitt mesta góðæri sem við höfum búið við. Árið 1979 er því talið toppár í þeim skilningi að þá hafi útflutningsatvinnuvegirnir búið við sérlega hagstæð ytri skilyrði. Þessi vísitala fer síðan lækkandi fram til 1984. Þá fer hún enn á ný yfir 100 stig eftir að hafa verið í 91–99 stigum árin þar á undan. Hún kemst síðan hæst í 107,3 stig 1986 en dettur niður í 96,5 stig á árinu 1987. Ef við skoðum þessi tvö ár og reyndar spá fyrir árið 1988 hefur vísitalan verið ársfjórðungslega eins og hér segir: Á fyrsta ársfjórðungi 1986 er hún 105,2 stig, á öðrum ársfjórðungi 1986 er hún 109,7 stig sem er það hæsta sem þessi vísitala kemst í á þessu tímabili. Á árinu 1986, á þriðja ársfjórðungi, er hún 108,2 stig. Síðan lækkar hún á fjórða ársfjórðungi í

106,2 stig. Á fyrsta ársfjórðungi 1987 er hún 105,0 stig. Fram að kosningum 1987 er þessi vísitala enn þá mjög há og skilyrði eru öll mjög hagstæð í íslensku þjóðarbúi. Síðan sígur allt á ógæfuhliðina. Á öðrum ársfjórðungi 1987 dettur hún niður fyrir 100 stig, verður 99,0 stig. Á þriðja ársfjórðungi verður hún 95,2 stig og síðan á fjórða ársfjórðungi 1987 er hún 88,5 stig. Spá fyrir 1988, miðað við óbreytt gengi, er að þessi vísitala samkeppnisstöðu verði 86,3 stig á fyrsta ársfjórðungi, 82,5 stig á öðrum ársfjórðungi og 80,8 stig á þriðja ársfjórðungi og síðan fari hún niður í 80 stig á fjórða ársfjórðungi. Við 6% gengisfellingu breytist þessi spá í að vísitalan verður 88,0 stig á fyrsta ársfjórðungi, 87,1 stig á öðrum ársfjórðungi, 85,1 stig á þriðja ársfjórðungi og 84,3 stig á fjórða ársfjórðungi 1988.

Það er því alveg ljóst að hæstv. ráðherrarnir þurfa enn að takast á við geysileg vandamál sem er að rétta við stöðu útflutningsgreinanna því að það er hrikaleg þróun sem hér kemur fram, að vísitala samkeppnisstöðu skuli komin niður fyrir 90 stig og ætla að haldast þar allt árið 1988 og það virðist ekkert lát vera á því eða útlit fyrir að þetta breytist. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að tengjast þeirri fastgengisstefnu sem ríkisstjórnin hefur gert að hornsteini efnahagsstefnu sinnar þó svo að hæstv. viðskrh. hafi komið inn á það í ræðu sinni í gær að hornsteininn hefði eitthvað verið fluttur til en það væri búið að múra hann fastan aftur. Það er þá ekki verra en svo að það þarf kannski að færa hann til enn á ný og múra hann svo aftur fastan. Þannig er auðvitað hægt að tala um fastgengisstefnu með því að hæstv. ráðherrarnir verði að burðast með þennan hornstein sinn út og suður og múra hann alltaf fastan jafnharðan.

Með þessu er ég ekki að segja að við séum fylgjandi gengisfellingarleiðinni. Það hafa allir farið í gegnum hana og vitað að hún ein og sér leysti engin okkar vandamál. Hins vegar hlýtur að verða að viðurkenna þá staðreynd að þegar allur kostnaður innan lands hækkar upp úr öllu valdi, og það er eins og ég gat um áðan í ræðu minni, þá gengur ríkisvaldið alltaf fremst fyrir vagninum í að hækka þjónustu sína en verð útflutningsafurða okkar stendur nánast í stað miðað við að dollarinn vegur mjög þungt í myntvoginni. Því hlýtur að sjálfsögðu að fara illa og það verður að taka þeim afleiðingum sem þetta hefur í för með sér sem er hinn gífurlegi viðskiptahalli. Hann stafar af því að alls kyns skran, liggur mér við að segja, er núna á útsöluverði vegna þess hve hinir erlendu gjaldmiðlar eru ódýrir svo og að til viðbótar hefur komið veruleg tollalækkun.

Nei, hæstv. ráðherrar. Ég held að mikið verk sé fram undan og þessar efnahagsráðstafanir leysa í raun og veru ekki neitt. Þær eru hálfkák, eins og ég gat um í ræðu minni í gær, sem kannski bjargar einhverju næstu dagana en ég spái því að áður en langt um líður þurfum við að taka miklu stærri og sársaukafyllri spor til þess að koma einhverju lagi á okkar efnahagsmál.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér liggur fyrir er flutt til þess að tryggja stöðu atvinnuveganna sem hafa átt erfitt uppdráttar að undanförnu. Það er flutt til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnufyrirtækja, til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi og annað er því fylgir.

Ég ætla að fara hér í nokkra þætti sem komu mér í hug. Einkum kveikti hv. 7. þm. Reykv. í mér í gær en tónn hans var allfrábrugðinn því sem þm. eru vanir að heyra hér í þingsölum, þeim tón þar sem verkalýðshreyfingin er nídd niður, ögranir eru í annarri hverri setningu, rætni, og einnig talað niður til forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, þeirra sem njóta þess trúnaðar að hafa forustu þar. Hjá hv. þm. Svavari Gestssyni andaði hlýjum tón sem er allt öðruvísi en það sem maður er vanur að heyra hér í þingsölum. Hér standa menn upp sem aldrei hafa komið nálægt félagslegu starfi og þekkja ekki verkalýðshreyfinguna, starf hennar og hugsjónir af eigin raun, ætla henni allt hið versta og ég tala nú ekki um þeim sem gegna þar forustu. Séu gerðir kjarasamningar birtast spekingar, hver á fætur öðrum, til að segja til um það hversu mikla vitleysu menn hafa verið að gera, hvað allt hefði getað verið betra, hvernig mál hefðu öll verið betri ef farið hefði verið að þeirra ráðum. En hvergi voru þessi ráð til þegar menn stóðu í baráttunni, hvergi voru þau fyrir hendi.

Ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði í gær að það er mjög af því vonda að samstaða skuli ekki vera meiri innan verkalýðshreyfingarinnar. Því miður er það svo að samstaðan hefur verið að gliðna á síðustu árum og einstök sambönd eða verkalýðsfélög eða hópar hafa tekið sig út úr til þess að skara eld að sinni köku. Ég er viss um að ef verkalýðshreyfingunni tækist, líkt og henni hefur tekist á Norðurlöndum, að halda samstöðu og koma fram hugsjónum um betra og réttlátara þjóðfélag væri okkar þjóðfélag allt öðruvísi en það er í dag. Þeim sem hvað harðast ráðast á þá kjarasamninga sem hafa verið gerðir er í raun ekkert heilagt. Skiptir ekki máli í raun hvað verkafólk fær út úr samningunum heldur er það lenska að segja: Það hefði verið hægt að fá meira, þetta hefði getað verið betra. Þar liggur pólitískur tilgangur einn að baki, yfirleitt, og annað ekki. Ekki er það stuðningur við verkalýðshreyfinguna heldur miklu fremur stuðningur við þá foringja í Garðastræti sem helst vilja verkalýðshreyfinguna feiga.

Menn tala hér um það að þeir kjarasamningar sem nú eru gerðir skili engu og að búið sé að taka allt til baka aftur og jafnframt er sagt frá stöðu atvinnulífsins og sagt að sú staða sé alveg hörmuleg. Það þurfi að gera miklu meira. Mig langar til að vita hvað menn vilja þá gera mikið meira. Er það meiri gengisfelling sem menn eru að biðja um? Eru menn að biðja um svipað ástand og var hér áður þegar gengisfelling var næstum hvern einasta dag, verðbólga meiri en nokkurs staðar annars staðar í

Evrópu og kjörin rýrnuðu jafnt og þétt? Eru menn að biðja um það að lánskjaravísitalan vaði svo yfir húsbyggjendur að heimilin bresti, þjóðfélagið fari í enn meiri mola en það gerði á sínum tíma þegar lánskjaravísitalan varð hvað verst og verðbólgan ægilegust? Það væri fróðlegt að vita hvernig menn vilja bæta hag atvinnulífsins ef þeir telja að hann sé svo slæmur jafnvel eftir þær aðgerðir sem nú er verið að gera.

Það er svo í kjarasamningum að þeir sem kjörnir eru til þeirra trúnaðarstarfa að gera kjarasamninga þurfa að taka á málum og gera það að lokum upp við sig hverju skal hafna og hvað skal velja. Sú ögurstund kemur alltaf þegar menn sitja við samningaborðið. Það varð samhljóða niðurstaða samninganefndar Verkamannasambandsins að ekki yrði komist lengra. Það greiddi enginn atkvæði á móti kjarasamningunum þrátt fyrir það að pólitískt litróf í hugum þeirra er þar sátu hafi verið afar skrautlegt. Það voru fjórir einstaklingar sem gerðu grein fyrir sínu atkvæði en annað skeði ekki í þeim málum.

Vissulega er það svo að þeir sem standa að kjarasamningum vildu alltaf komast lengra en þessi ögurstund sem ég talaði um kemur alltaf. Vilja menn taka því sem komið er, telja menn sig geta komist lengra eða ekki? Það var mat samninganefndarinnar að lengra yrði ekki komist án verkfalla og það var val samninganefndarinnar að fara þá leið. Það var líka ljóst þegar gengið var til þessara kjarasamninga að gengisfelling yrði nokkur og var tölunni 6% hreyft í okkar hóp.

En hvers vegna var það að samninganefndarmenn ályktuðu ekki harðlega gegn gengisfellingu? Það er vegna þess að mönnum er það ljóst, a.m.k. þeim sem þekkja mun á ýsu og þorski og vita um atvinnulífið í hinum ýmsu byggðum landsins, að hagur fiskvinnslu er afar slæmur. Við höfum horft upp á það að fjölmörg hús hafa verið lokuð að undanförnu og fólkið atvinnulaust. Það hefur aðeins haft atvinnuleysisbæturnar. Ég og félagi minn, Karvel Pálmason, viljum þess vegna samþykkja þessa gengisfellingu til að tryggja atvinnu þessa fólks og ég treysti því að svo verði.

Það má líka geta þess að þeir kjarasamningar sem gerðir voru hafa inni að halda mun fleiri atriði en fólk hefur yfirleitt getið um, kjaraatriði sem ekki eru mæld í prósentum í daglegu tali eða tali hér. Þar hafa náðst fram réttindaatriði sem skipta miklu máli, atriði sem verkalýðshreyfingin hefur verið að berjast fyrir í áraraðir.

Hvernig sem fer með samþykkt þessara samninga held ég því fram að á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hafi menn unnið af fyllstu heilindum fyrir sína umbjóðendur og farið nákvæmlega eins langt og unnt var án verkfalla. Það má vera að þeir sem sitja í þægilegum, hlýjum stólum við stofuhita daginn út og daginn inn kjósi að aðrir fari í verkföll og berjist fyrir sig en þetta var mat þeirra sem að samningunum stóðu að ekki bæri að fara þá leið.

Það er vissulega mikill vandi sem verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir. Það er að tryggja það að þeir kjarasamningar sem gerðir eru haldi. Síðustu kjarasamningar voru þess eðlis að lægstu launin voru hækkuð mest. Þau höfðu aldrei verið hækkuð eins mikið og við trúðum því að þar værum við að stíga skref sem yrði til þess að hækka í raun lægst launaða fólkið til frambúðar.

Því miður verð ég að segja að við urðum fyrir miklum vonbrigðum. Það er bitur reynsla sem við höfum af því að hækka sérstaklega lægstu launin. Sú reynsla markast af því að hinir sem á eftir koma og þeir sem betur eru launaðir klifra upp eftir bakinu á verkafólkinu, þeir krefjast ætíð þess að fá meira. Það talar hver maður um það að lægst launaða fólkið eigi að fá meiri kauphækkun en aðrir. Menn gera það gjarnan en þegar á herðir vill það fara svo að menn mæli það af engri alvöru, hugsi allt annað. Jú, það er rétt að hækka við lægst launaða fólkið svo framarlega sem ég sjálfur fæ hækkunina eða ívið meira. Þetta er vandi og bitur reynsla sem verkalýðshreyfingin hefur þurft að upplifa.

Svo var líka raunin í síðustu kjarasamningum, 1986. Það var varla að menn væru komnir frá samningsborðinu þegar þessar raddir fóru að heyrast. Þó dugðu samningarnir í nokkra mánuði, þar til fyrrv. ríkisstjórn fór að halda öðrum veislu og þessir kjarasamningar enduðu í því að þeir sem áður höfðu verið lægst launaðir, höfðu hækkað verulega upp, voru komnir á lægsta þrep aftur. Því miður er þetta reynsla sem við höfum þurft við að stríða. Ég vænti þess að þeir kjarasamningar sem nú eru gerðir megi nýtast á þann hátt að félagar Verkamannasambandsins geti haft af þeim kjarabætur og það er vissa okkar að svo verður. Ef verðlag fer yfir ákveðið strik eru þeir uppsegjanlegir og þá geta menn byrjað upp á nýtt að semja og gera enn betur. Ég vænti þess að til þess þurfi ekki að koma og er fyllsta ástæða til að ætla að það haldi.

Það væri freistandi að ræða í þessu tilliti, og það tengist þessum málum, um verkalýðshreyfinguna og menn hafa sýknt og heilagt verið að vitna í hana. Auðvitað er það hreyfing þar sem breytinga er þörf. Það er þörf á því að verkalýðshreyfingin breyti skipulagi sínu og aðlagist nútímanum meira en verið hefur. Það er þörf á því að verkalýðshreyfingin sem heild geti staðið saman um það að þeir sem verst eru settir fái mest, að þeir sem betur eru settir bíði þegar illa árar. Um það hefur engin samstaða tekist í verkalýðshreyfingunni og það er mikill vandi hreyfingarinnar. Það er líka mjög nauðsynlegt fyrir verkalýðshreyfinguna að búa svo um hnútana að fleiri komi að, hafi áhrif, geti sagt sína skoðun. Það vekur t.d. spurningar nú þegar við heyrum frá félagsfundum í verkalýðsfélögum um allt land þar sem tekin er afstaða til kjarasamninga um það hvaða vit sé í því að örfáir einstaklingar greiði atkvæði um kjarasamninga sem lúta að öllum félagsmönnum. Er ekki eðlilegt að viðhöfð sé allsherjaratkvæðagreiðsla í slíkum tilvikum? Ég hygg að sú stund sé upp runnin að það sé ástæða til að svo verði, að allir félagsmenn hafi á

nokkrum tíma tækifæri til þess að greiða atkvæði um kjarasamningana. Þessi vandi fámennis á félagsfundum í starfinu er enginn einkavandi verkalýðshreyfingarinnar. Hann er hvarvetna í þjóðfélaginu. Það er líka hjá samvinnuhreyfingunni, í öllum pólitískum flokkum og félögum í landinu. En ég tel og vil árétta það að tími sé kominn til þess að nýjum aðferðum sé beitt við kynningu kjarasamninga og samþykkt þeirra eða það að fella þá.

Það er ástæðulaust að fara meira ofan í þessi mál hvað varðar verkalýðshreyfinguna. Ég ítreka það að mér fannst mjög ný tíðindi sá tónn sem birtist hjá hv. 7. þm. Reykv. í gær þegar hann ræddi um verkalýðshreyfinguna. Yfirleitt tala menn niður til hennar hér í þingsölum. Það var ekki gert af þeim ræðumanni.

Varðandi þær ráðstafanir sem verið er að framkvæma núna ítreka ég að þær eru gerðar með það að sjónarmiði að tryggja rekstur atvinnulífsins, koma í veg fyrir atvinnuleysi og tryggja lífskjörin geti áfram haldist í landinu við það stig sem um er samið í kjarasamningunum. Okkur var það náttúrlega ljóst sem við kjarasamningana vorum að við vorum að hverfa frá tímabili hvar kaupmáttaraukning hafði orðið meiri en nokkru sinni fyrr í langan tíma og þess vegna gerði það mjög erfitt fyrir þar sem séð var og er að staðan í atvinnulífinu verður ekki eins sterk á næstunni og hún var á síðasta ári. Hagur fiskvinnslunnar olli miklu um niðurstöður samninganna og markaði þá braut sem samninganefndarmenn gengu.

Það er sárt að taka afstöðu til þess að skera niður, það er það alltaf, en þegar þarf að taka ákvörðun til að ná saman endum taka menn ákvörðun þó þær geti verið óvinsælar og erfiðar og þess vegna er það og vegna þess tilgangs sem frv. hefur að ég hef lýst mig samþykkan því.

Ingibjörg Daníelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í gær að mér finnst flestar af þeim leiðum sem fyrirhugaðar eru í frv. að settu marki rangar og óréttlátar.

Ég minni sérstaklega aftur á eina þeirra, þ.e. skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eins og fram hefur komið er framlag úr sjóðnum allt að 55% af tekjum hinna smærri sveitarfélaga og mér er ómögulegt að líta á þessa ráðstöfun ríkisstjórnarinnar öðruvísi en sem vilja hennar til þess að leggja hina fátækari hreppa í eyði.

Aðrir tekjustofnar þessara sveitarfélaga eru mjög af skornum skammti, t.d. er yfirleitt um litlar útsvarstekjur að ræða og fasteignagjöld eru í lágmarki. Ýmis sameiginlegur kostnaður er mjög mikill vegna mannfæðar, t.d. varðandi rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva en það er tiltölulega mun dýrara að reka mjög smáar stofnanir þó það sé ekki alltaf viðurkennt af ríkisvaldinu. Má þar nefna að í sambandi við gæslu í grunnskólum er bara greidd viss upphæð á hvert barn. Það sem gengur þá af verða sveitarfélögin að taka á sig.

Það er líka hægt að nefna snjómokstur vega en Vegagerðin greiðir aðeins fáeinar ferðir í sambandi við mokstur á þeim vegum sem ekki teljast til stofnbrauta og það segir sig sjálft ef sveitarfélagið er fátækt er hreinlega ekkert mokað og getur verið ófært dögum saman og jafnvel vikum nema þá fyrir einhver torfærutæki.

Síðan er hægt að nefna smölun afréttarlanda en það er víða orðið mjög erfitt að manna þessar smalamennskur og þar af leiðandi eru þær mjög dýrar. Eftir því sem þrengt er meira að þessum litlu sveitarfélögum verður mannlífið þar daprara og drungalegra og þeir sem sjá sér fært drífa sig á braut.

Uppbygging þjónustu við aldraða er víða mjög brýn en hún er ekki fyrir hendi í flestum hinna smærri sveitarfélaga. Þar er þessi þjónusta þó hvað nauðsynlegust vegna þess að meðalaldur er víða mjög hár því yngra fólkið hefur ekki eftir miklu að slægjast heima fyrir og fer því flest í burtu. Því er ekki hægt nema að litlu leyti að treysta á nágrannana til hjálpar.

Hæstv. forseti. Ég legg ríka áherslu á að farið verði að lögum varðandi tekjur Jöfnunarsjóðs og vara við þeim afleiðingum sem skerðing sem þessi hefur óhjákvæmilega í för með sér.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kom upp í fjh.- og viðskn. í morgun óvissa um það hvernig farið yrði með greiðslur vegna bóta fyrir eyðingu refs og minks sem talið er að á næsta ári muni nema 8 millj. kr. og munu renna til veiðistjóra af fjárlagalið 04-205 og færast síðan sem tilfærsla til sveitarfélaga.

Ég átti viðræður um þetta mál við hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh. og niðurstaðan af því varð sú að þessi greiðsla skuli innt af hendi úr ríkissjóði og koma áhrif þess fram í því að í stað 61 millj. kr. tekjuafgangs í fjármálum ríkissjóðs á yfirstandandi ári eins og fram kemur í grg. frv. lækkar hann í 53 millj. kr. Lánsfjárþörf brúttó hækkar samsvarandi úr 5 milljörðum 114 millj. kr. í 5 milljarða 122 millj. kr. Brtt. er flutt á sérstöku þskj. og hefur henni verið dreift og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða svo að brtt. megi koma fyrir. Ég tek fram að þessi brtt. er flutt í samræmi við þá skoðun sem fram kom í nefndinni eins og ég skildi hana og hygg að ekki sé ágreiningur frá einstökum nefndarmönnum um það.

Ég tek það aðeins fram vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv. um eignabreytingar hjá Akureyri eins og þær líta út samkvæmt fyrri umræðu fjárhagsáætlunar þar að gert er ráð fyrir að á fjárhagsáætlun renni 114 millj. kr. til eignabreytinga, ríkissjóður leggur fram 37 millj. og lán er tekið upp á 107 millj. og þessu fé ráðstafað með þeim hætti að til framkvæmda renna 90 millj. kr., innstæða hjá ríkissjóði vegna staðgreiðslu þar sem greiðsla desemberlauna dregst fram í janúar er 54 millj. kr. og til afborgunar lána 115 millj. kr. Ég tel rétt að þetta komi fram vegna villandi upplýsinga sem gefnar voru í nefndinni í morgun og óbeint komu fram í ræðu hv. 7. þm.

Reykv. sem raunar hefur síðan, eins og ég, fengið fyllri upplýsingar frá bæjarfulltrúum á Akureyri og er þetta ekki stórmál.

Ég vil aðeins segja varðandi þau viðtöl sem nefndin átti við ýmsa fulltrúa opinberra stofnana í morgun að það er rétt, sem fram hefur komið, að þessir áhugasömu embættismenn vilja auðvitað gjarnan gera meira fyrir sínar stofnanir en heimildir Alþingis standa til. Það kom fram við gerð fjárlaganna nú í desembermánuði að hugur þeirra stefndi hærra. Eins tekur þessa embættismenn auðvitað sárt að ekki skuli verða orðið við ýtrustu kröfum þeirra nú en þeir verða að sætta sig við það að við þær aðstæður sem við búum við er óverjandi annað en að draga að nokkru úr útgjöldum ríkissjóðs til þess að mæta þeim kostnaðarauka sem ráðstafanirnar hafa í för með sér og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Við þekkjum þetta öll.

Ég vil svo aðeins taka eftirfarandi fram út af þeim ummælum sem fram hafa komið vegna misvísandi upplýsinga um verðlagsþróun, viðskiptahalla og fleira frá Þjóðhagsstofnun annars vegar og fulltrúum fjmrn. hins vegar. Það er ekkert óeðlilegt þegar reynt er að spá eitt ár fram í tímann þótt sérfræðingarnir séu ekki sammála um einstök atriði. Ef svo væri mundi það einungis sýna það að embættismönnunum væri stýrt stranglega af ríkisstjórninni og mættu ekki segja annað en þeir fengju uppáskrifað þaðan. Auðvitað reyna þessir menn að gefa sem fyllstar upplýsingar hver og einn. Forsendur eru að nokkru mismunandi sem þeir gerðu grein fyrir í nefndinni en ég held að heildarmyndin sé sú sama, að með þessum ráðstöfunum væri í fyrsta lagi stefnt að því að draga úr viðskiptahalla sem þó verður of mikill. Í öðru lagi benda spárnar eindregið til þess að verðlagsþróun síðari hluta ársins verði með þeim hætti að verulega dragi úr verðbólgu sem er auðvitað öllum mikið kappsmál og grundvöllur þess að festa skapist í efnahagslífinu sem aftur er forsendan fyrir því að rekstur atvinnufyrirtækjanna gangi betur sem síðan getur leitt það af sér að kaupmáttur geti vaxið á ný.

Með þetta í huga er það auðvitað rétt, sem hv. 7. þm. Reykn. sagði áðan, að aldrei hefur tekist að bæta kjörin til langframa hér á landi með neinum kjarasamningum sl. 70 ár. En hitt er auðvitað jafnrangt að lífskjör hér á landi hafi ekki batnað á sl. 70 árum. Auðvitað duga kjarasamningar ekki einir til ef menn vilja bæta kjörin. Auðvitað verður sá grundvöllur að vera fyrir hendi að fyrirtækin standi undir útgjöldum þjóðfélagsins, að verðmætasköpunin sé það mikil að hægt sé að reka þetta þjóðfélag. Hitt getum við að sjálfsögðu ekki hugsað okkur að erlendar skuldir vaxi svo að til neyðarástands komi hér á landi.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu en ítreka beiðni mína um að leitað verði heimilda til að brtt. megi fram koma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 647, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Í umræðunni hér í hv. deild í gær þótti hæstv. viðskrh. nauðsynlegt að benda á að hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson hefði gerst málsvari útgerðarauðvaldsins hér í hv. deild (Gripið fram í.) og ég heyri að hv. þm. Halldór Blöndal undirstrikar það að þm. hafi gert það. Frá mínu sjónarmiði ber að fagna því að hv. þm. hafi skilað þessari umræðu á þann veg að hann hafi verið tilbúinn að taka málstað sjávarútvegs á Íslandi og þá fyrst og fremst þeirrar greinar sjávarútvegs sem nú stendur hvað verst, þ.e. fiskvinnslunnar.

Það væri aftur á móti ansi gaman að vita hvernig hæstv. viðskrh. eða hæstv. fjmrh. vill skilgreina þetta útgerðarauðvald á Íslandi í dag, jafnvel þótt við förum svolítið aftur í tímann og litum til þeirra aðila sem fást við það að verka fisk á Íslandi og gera út, hvort ætti endilega að kynna þann hóp manna og þeirra fyrirtækja sem eitthvert sérstakt auðvald.

Það er nú svo að líklegast mun meiri hluti íslenskrar fiskvinnslu vera í hendi félagslegra aðila. Hér í Reykjavík er jafnvel stærsta fyrirtæki á landinu í fiskvinnslu, Grandi hf., þó að hann beri það nafn, að meiri hluta til í eigu Reykjavíkurborgar, hún mun vera með 70% eignarhlutfall, Útgerðarfélag Akureyringa, að meginhluta til í höndum Akureyrarbæjar, Fiskiðjusamlag Húsavíkur, Samvinnufélag útgerðarmanna á Neskaupstað, þó að það heiti núna Síldarvinnslan í Neskaupstað, og svo má áfram telja. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Meginhluti frystihúsa sem eru í samtökum fiskvinnslustöðva Sambandsins er í félagslegri eign. Eigum við nú að kalla þetta endilega útgerðarauðvald? Mundi hæstv. fjmrh. hafa kallað Samvinnufélag útgerðarmanna á Ísafirði, sem var blómlegt fyrirtæki og jafnvel stærsta útgerðarfyrirtæki á Ísafirði um nokkurn tíma og sérstakan tíma, auðvald, eða Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem ég vona að hann vilji kalla samflokksmenn sína, þá sem stóðu fyrir rekstri þessara fyrirtækja fyrrum, útgerðarauðvald? Það held ég að sé af og frá.

En það hefur ýmislegt breyst í þjóðfélaginu. Það hefur kannski einmitt það breyst að flokkarnir hafa tekið mismunandi afstöðu til uppbyggingar atvinnufyrirtækja eins og kemur fram í því þegar hæstv. viðskrh. talar um fiskvinnslu og útgerð á Íslandi sem eitthvert sérstakt auðvald og auðvald sem sé óeðlilegt að hv. þm. Svavar Gestsson taki upp hanskann fyrir. Ég endurtek að þessi atvinnugrein er að stórum hluta til í félagslegri eign. Ég tel að þegar við erum að ræða um lífskjör á Íslandi, verið er að fjalla um nýgerða kjarasamninga og hvernig þeir geti staðist og hvernig launakjör á Íslandi verði í framtíðinni, þá byggist það fyrst og fremst á því hvernig stjórnvöld í landinu standi að því að tryggja þessum

undirstöðuatvinnuvegi okkar rekstursgrundvöll til að skaffa því fólki sem við hann vinnur mannsæmandi laun. Því miður eru þau laun, sem samið hefur verið um í þeim samningum sem nú voru gerðir, ekki á þann veg að við getum lýst því yfir að við teljum þau sæmandi laun fyrir það fólk sem vinnur við þennan atvinnuveg. Því miður ekki. Það er vegna þess að stjórnarherrarnir hafa ekki staðið betur í stykkinu en raun ber vitni við að tryggja þessum undirstöðuatvinnuvegi rekstursgrundvöll. Gæti það verið af því að þessi undirstöðuatvinnuvegur er ekki auðvaldið í landinu? Ég hef því miður grun um að það sé vegna þess. Við höfum fundið fyrir því að málsvarar fjármagnsins, sem flestir halda sig í Sjálfstfl., hafa á undanförnum árum, sumir hverjir, ég ætla að undirstrika að það eru ekki allir, látið hjá líða að halda uppi sókn og vörn fyrir þessa atvinnugrein. Það má vera að það hafi, ef við förum dálítið aftur í tímann, verið tímamót í sambandi við afstöðu Sjálfstfl. til þessara hluta með nýsköpunarstjórninni þegar góði hluti Sjálfstfl. með Sósíalistaflokki og Alþfl. gerði það stóratak í uppbyggingu sjávarútvegsins á Íslandi sem þá var gert og lagði grunninn að félagslegri uppbyggingu þessa atvinnuþáttar.

Ég held því miður að Sjálfstfl. hafi aldrei tekið reglulega vel upp hanskann fyrir sjávarútveginn síðan þetta gerðist, því miður. Það hafa verið fjármagnseigendurnir, fjármagnsbraskararnir sem hafa átt hug flokksins. Það er svo frekar nöturlegt þegar það gerist, jafnvel þó Alþfl. sé í stjórn með Sjálfstfl., að Alþfl. fer að vinna á svipuðum grunni. Hann telur það ekki lengur skyldu sína að tryggja að þessi atvinnurekstur standi sig, tekur ekki tillit til þess að þessi atvinnurekstur er félagslega uppbyggður. Það er undirstaða þess að við lifum sæmilegu lífi í þessu landi og að launakjör séu mannsæmandi að þessum atvinnuvegi séu tryggð almennileg rekstrarkjör. Það hefur því miður ekki gerst og gerist ekki þó að það lagafrv. sem hér er til umræðu verði samþykkt. Það er nokkuð langt frá því. Það mun ekki aðeins vera skoðun okkar alþýðubandalagsmanna heldur er það, miðað við það sem maður les í blöðum og heyrir í öðrum fjölmiðlum, álit flestra þeirra sem við þennan atvinnuveg fást að hér sé að meginhluta til gengið of stutt, of lítið að gert.

Um þetta má halda nokkuð langa ræðu, en ég ætla að geyma mér það, láta það eiga sig nú, en aðeins að fara nokkrum orðum um þá punkta sem í frv. eru taldir aðgerðir til að bæta hag útflutningsgreina.

Fyrstu tveir punktarnir, þ.e. að uppsafnaður söluskattur skuli endurgreiddur og fallið skuli vera frá því að heimta launaskatt af launum í fiskvinnslu, eru þannig að núverandi hæstv. ríkisstjórn taldi nauðsynlegt í sumar og í haust að breyta því að söluskattur yrði endurgreiddur og að fiskvinnslan væri launaskattsfrí, taldi nauðsynlegt, á þeim tíma sem viðurkennt var að fiskvinnslan væri jafnvel komin í mínus í sumar, þegar söluskatturinn var tekinn af, besta lagi stæði á núlli, að breyta stöðu fiskvinnslunnar á þann veg að þetta, sem var frá því í samningunum 1985 í þjóðarsáttinni, yrði fellt niður og sjávarútvegurinn fengi ekki endurgreiðslu söluskattsins. Það er í sjálfu sér nokkuð merkilegt að ríkisstjórnin skuli koma svo eftir nokkra mánuði og segjast vera að lagfæra stöðu fiskvinnslunnar með því aðeins að breyta því sem áður hafði verið frá henni tekið. Það var tekið frá henni við þær aðstæður, miðað við fyrri rekstursgrundvöll fiskvinnslunnar og þá samninga sem gerðir voru 1985 þegar dollaragengi mun hafa verið í rúmum 42 kr., þegar dollarinn var kominn í ágúst í sumar líkast til niður í 38 kr. Þá var talið nauðsynlegt að bæta við þessum þætti.

Og það var ekki nóg með það heldur var á haustþinginu samþykkt að koma með launaskatt, jafna stöðu atvinnugreina í landinu. Það var talið sjálfsagt að sjávarútvegurinn tæki þátt í því að borga launaskatt eins og aðrar atvinnugreinar og það var eitt af því sem ríkisstjórnin taldi réttlætismál. Það réttlætismál fýkur hér og hv. þm. Halldór Blöndal sagðist vera mjög feginn að fá að greiða atkvæði með því að þetta réttlæti væri ekki lengur til staðar.

Þriðji punkturinn er um það að skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og greiðslum vegna lána ríkissjóðs, sem afgreidd voru frá Fiskveiðasjóði 1984, væri breytt í lán til lengri tíma. Áætlaðar skuldbreytingar þær sem hér um ræðir létti greiðslubyrði þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga í málinu um 370 millj. kr. á árinu 1988. Þetta er góðra gjalda vert, en hvers eiga hinir að gjalda og hvers vegna var ekki hugað að þeim sem þurftu að taka skuldbreytingalán á sama tíma hjá sínum viðskiptabönkum, höfðu verið góðir greiðendur ríkissjóðs og opinberra gjalda, reynt að standa sig betur á þeim þætti en öðrum, en stóðu frammi fyrir því að þurfa að fá konverteringarlán til að bæta stöðu sína á öðrum sviðum? Ég tel að til þess að ekki sé verið að mismuna aðilum í fiskvinnslunni hefði hæstv. ríkisstjórn átt að sjá til þess að bankakerfið í landinu væri tilbúið að skuldbreyta lánum sem tekin voru á þessum tíma á nákvæmlega sama hátt og gert er með ríkissjóðslánin. Annars er verið að mismuna og raunverulega verið að mismuna þeim sem stóðu sig vel gagnvart ríkissjóði og sveitarfélögum á tímabilinu fyrir 1984 og 1985, þeim sem reyndu að standa í stykkinu gagnvart opinberum aðilum, frekar en að leysa málin gagnvart öðrum viðskiptamönnum. Þeir fá enga fyrirgreiðslu frá hæstv. ríkisstjórn nú á þessum vettvangi.

Svo er talið upp að það skuli lækka vexti um 0,25% á afurðalánum, dollaralánum. Vitaskuld er allt af því góða sem heitir lækkun á þessum vettvangi en ekki finnst mér neitt sérstaklega stórt skref stigið þarna og hefði mátt vera meira. Það er broslegt þegar ríkisstjórnin fer að hæla sér af því og telur það eitt af aðgerðum til að bæta hag útflutningsatvinnuveganna að nú skuli viðskiptabönkunum gert að vera með svipuð gjöld gagnvart afurðalánum, kostnað við töku afurðalána og var á árinu 1987. Óskap-

lega mikil aðgerð er þetta. Það er naumast. Það er furðulegt að bönkunum skuli líðast við aðstöðu eins og var á síðasta ári, án þess að væri hreyft við hönd eða fót, að hækka gjöld. Það kemur reyndar ríkisstjórninni til góða á þann veg núna að hún getur hælt sér af því að láta þá ekki komast upp með það.

Það má segja að nú komi rúsínan í pylsuendanum í sambandi við bjargráðin í sjávarútveginum. Og sú rúsína er þannig, með leyfi forseta: Seðlabanki mun beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda.

Ja, nú er langt seilst um. Hér er vitaskuld lítið verið að gera annað en að reyna að lengja lífdaga fyrirtækja sem hafa erfiðan rekstrargrundvöll, og þau verða mörg eftir þetta, án þess að nokkuð sé verið að gera. Að lyfta lánum út á afurðir upp fyrir 75% er aðgerð sem ég held að flestir telji algjöra neyðarráðstöfun. Ef ekki er hægt að tryggja fyrirtæki rekstursgrundvöll á annan máta en þann að hækka lán út á afurðalánabirgðir þeirra held ég að sé til lítils unnið. Vitaskuld koma slíkar lánahækkanir í bakið á fyrirtækjunum þegar þau selja sínar afurðir. Það sem skilast heim eftir sölu verður minna, staða fyrirtækisins jafnvond og jafnvel verri eftir en áður.

Það má segja að það sé ekki aðeins eitt sem sé lítils gilt í þeim punktum sem hér eru taldir heldur fleira en eitt og jafnvel fleira en tvennt. Í lokin kemur svo punkturinn um olíuverðslækkun 1. mars. Getur verið að ríkisstjórnin telji sér það til ágætis og telji það veigamikið atriði í því sem verið er að gera hér og gera þarf í sambandi við rekstursafkomu sjávarútvegsins að það sé viðurkennd sú staðreynd að olíuverð hefur lækkað? Vitaskuld hefði þessi lækkun komið hvort sem ríkisstjórnin hefði flutt þetta frv. á hv. Alþingi núna eða ekki. Það var ekki hægt að ganga fram hjá þeirri verðlagsþróun sem átt hefur sér stað að undanförnu í sambandi við lækkun á olíu.

Svona má reyndar áfram telja. En hitt er kannski verst að það er kominn 2. mars. (**EG:** Þriðji á morgun.) Og 3. á morgun. En það hefur verið vitað, eins og hæstv. sjútvrh. sagði í ræðu sinni í gær, að við höfum staðið frammi fyrir því með fiskvinnsluna að vandamál hennar hafa verið til staðar undanfarna mánuði. Þetta hefur blasað við í allt of langan tíma og ríkisstjórnin hefur ekki verið tilbúin að gera eitt eða neitt. Staða vinnslunnar hefur versnað dag frá degi. Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa hagnast á þessu á meðan byrðar sjávarútvegsins hafa verið að þyngjast. Vitaskuld hafa þeir sem höfðu peninga á milli handanna og gátu notfært sér það að leysa út erlendar vörur, nota erlendan gjaldeyri, hagnast á því að það væri þarna bið. Það vissu allir strax í haust að það hlaut að koma til gengisfellingar hvort sem hún væri eins og hér er lagt til eða er orðin eða meiri og menn bjuggu sig undir þetta. En fiskvinnslan þurfti að bera þennan bagga og hefur á undanförnum mánuðum verið að éta upp sína eiginfjárstöðu. Þetta hefur fyrst og fremst bitnað á landsbyggðinni og verið skattur sem landsbyggðin hefur orðið að borga til eyðslunnar á suðvesturhorninu.

Aðeins til viðbótar: Það hefur nokkuð verið talað um að það væru mikil vandræði í fiskvinnslu og sjávarútvegi hvað eiginfjárstaða margra fyrirtækja í þeirri grein væri vond og hefur hún ekki batnað síðustu mánuði. Það hefur jafnan verið látið fylgja að þyrfti að laga þessa eiginfjárstöðu. Hverjir ætli að séu tilbúnir í dag að leggja fjármagn sitt í fiskvinnslu á Íslandi þegar við stöndum frammi fyrir þeirri rekstrarafkomu sem nú er? Þegar verið er að tala um að þetta þurfi að gera er eins og menn ætlist til þess að eigið fjármagn í fyrirtækjunum þurfi ekki að bera vexti, þurfi ekki að skila neinum arði, menn eigi að hafa eiginfjármagnið í fyrirtækjunum aðeins til að geta hlaupið upp á um tíma eins og núna til að éta það upp. Er líklegt meðan hugsunarháttur landsfeðranna er á þann veg að nokkur sé tilbúinn að leggja sína eigin peninga í fyrirtæki eins og fiskvinnslu? Ég get ekki ímyndað mér það. Ég held að menn hljóti að ætlast til þess að eigið fjármagn í fyrirtæki þurfi að skila á lengri tíma, ég er ekki að segja að það þurfi að gerast á hverju ári en á lengri tíma, svipuðum arði, helst betri arði en fæst á innlánsmarkaði lánakerfisins eða bankanna. Hvenær skyldi sú staða hafa verið uppi í íslenskum sjávarútvegi? Það hefur a.m.k. ekki verið á tímabili núverandi ríkisstjórnar og ég held ekki heldur á tímabili þeirrar ríkisstjórnar sem skilaði af sér í hendurnar á þeirri ríkisstjórn sem núna situr.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum sem hafa átt sér stað hérna um ráðstafanir í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að kanna það sérstaklega hvernig ríkisstjórnin hyggst fara með hækkun elli- og örorkulífeyris í framhaldi af þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið. Skv. kjarasamningunum er það þannig að allra lægstu laun eiga að hækka um tiltekna upphæð og þegar launahækkun lægstu launa í desember 1986 átti sér stað var gert ráð fyrir því með reglugerð að elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging hækkuðu um leið eins og lágmarkslaunin hækkuðu, þ.e. um sömu krónutölu. Ég inni hæstv. heilbr.- og trmrh. eftir því hvort ríkisstjórnin muni ekki í framhaldi af þessum samningum gera ráðstafanir til þess að elli- og örorkulífeyrir, lágmarkslaun þeirra sem ekkert hafa annað fyrir sig að leggja, hækki ekki örugglega í samræmi við þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið, þ.e. þá krónutölu sem kveðið er á um í samningunum og ég man ekki alveg í svipinn hver er en mig minnir að það séu liðlega 1525 kr. Þessa fsp. vildi ég leggja fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. og hann hefur verið svo vinsamlegur að koma hér í deildina til að svara því.

Ég vil einnig skýra frá því að á fund nefndarinnar í morgun kom Eggert G. Þorsteinsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og þar spurði ég hann að

því hvernig væri hægt að ná þessum 30 millj. kr. sem ætlunin er að spara á sérfræðikostnaði og lyfjum. Hann sagði að það hefði verið rætt um að breyta greiðslum þeirra sjúklinga sem fara beint til sérfræðinga án milligöngu heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Ég sagði honum á fundinum að það væri örugglega miklu virkari leið að hækka ekki þetta heldur lækka þá greiðslu sem læknar fá ef sjúklingar koma til þeirra án milligöngu heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Það þýðir að áhugi sérfræðinganna á að taka við slíku verður minni en hann er núna, en jafnvel þó hin leiðin væri farin mundi í rauninni mjög lítið breytast fyrir utan hvað hún er óheppileg að því leytinu til að það mundi hækka útgjöld sjúklinganna.

Ég vil síðan víkja að þeim umræðum sem hér fóru fram um stöðu hæstv. félmrh. í ríkisstjórninni. Ég þakka henni fyrir þau svör sem hún gaf við spurningum mínum þar sem hún skýrði frá því að hún hefði látið bóka í ríkisstjórninni mótmæli við skerðingu á Byggingarsjóði ríkisins, þar væri of langt gengið. Hún minnti á að hún væri í mikilli nálægð við vanda húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda því meiri hluti þess fólks sem vitjar félmrh. er fólk sem á við erfiðleika að stríða vegna húsnæðiskostnaðar.

Hæstv. félmrh. mótmælti því einnig í bókun sinni að það er hætt við áform um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ekki get ég sagt fyrir mitt leyti að ég harmi þá niðurstöðu út af fyrir sig.

En í þriðja lagi sagðist hæstv. félmrh. hafa látið bóka að hún væri á móti þeim áformum að skattleggja sveitarfélögin í ríkissjóð eins og gert er í tillögu ríkisstjórnarinnar sem hér liggur fyrir. Hæstv. félmrh. kallaði þetta óskynsamlega aðgerð og sagði að hún mundi bitna á mörgum sveitarfélögum illa. Ég er sammála hæstv. félmrh. í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra sagði að hún hefði ekkert við það að athuga þó fjmrh. tilkynnti fyrir hennar hönd hvað væri verið að gera í húsnæðismálum að því er varðar endurskoðun á þeim málaflokki og undirstrikaði að það væri á engan hátt verið að taka málið, þrátt fyrir þessa nefndarskipun, úr höndum ráðherrans.

Ég tel reyndar að með þeim ákvörðunum sem hæstv. fjmrh. hefur tekið sé hann í raun og veru búinn að taka um það ákvörðun að taka hluta af ákvörðunarvaldi félmrh. úr hennar höndum. Ég segi fyrir mig og vil láta það koma hér strax fram: Ég mun greiða aðkvæði gegn þeirri tillögu um vantraust á félmrh. sem fjmrh. flytur í 8. gr. þess frv. sem hér er á dagskrá. Ég mun greiða atkvæði gegn því. Þó ég sé almennt ekki hlynntur þessari ríkisstjórn né heldur hafi ég ævinlega verið og sé ævinlega ánægður með hæstv. félmrh. mun ég í þessu tilviki, þó óvenjulegt sé frá stjórnarandstæðingi, greiða atkvæði gegn þeirri vantrauststillögu sem formaður Alþfl. flytur á hana í þessari virðulegu deild. Auðvitað er ekki hægt að kalla þetta neitt annað en vantrauststillögu þegar málaflokkurinn er tekinn úr höndum ráðherrans.

Ég tel enga ástæðu til að lengja umræður um þetta mál vegna þess að kjarni málsins er sá að hér er bersýnilega um að ræða mjög óvenjulega sambúðarerfiðleika innan ákveðins stjórnmálaflokks, innan stjórnarflokksins Alþfl. Í sjálfu sér er það ekki mitt hlutverk að fara með neinar söguskýringar í þeim efnum. En það er alveg ljóst að það er býsna sjaldgæft ef ekki alveg einstakt á síðustu árum, a.m.k. þeim árum sem ég þekki til í þinginu, að ráðherra fjármála taki málaflokk af fagráðherra í trássi við þann síðarnefnda. Ég man aldrei eftir því að slíkt hafi gerst. Auðvitað getur hæstv. félmrh., ef hún svo vill, sagt: Nei, þetta verður ekki gert. Ég á eftir að sjá að hæstv. fjmrh. og formaður Alþfl. fari þannig með varaformann sinn að ef hún beitti sér af fullri hörku þyrði hann að beita því valdi sem hann er hér að gera tillögur um.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig lítur hann á málið? Lítur hann ekki þannig á málið að hann sé að taka hér fram fyrir hendurnar á hæstv. félmrh.? Ég held að það sé útilokað annað en að hafa þá skoðun og útilokað annað en hæstv. fjmrh. geri grein fyrir þessu máli og afstöðu sinni í því.

Hæstv. félmrh. gerði athugasemdir við tvær, þrjár setningar sem fram koma í nál. minni hl. en ég taldi mig hafa tekið rétt eftir því sem embættismennirnir sögðu. Það sama á við um aðra fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem standa að þessu áliti minni hl. Það kemur mér gjörsamlega á óvart ef við öll þrjú, hvert í sínu lagi, höfum tekið vitlaust eftir í þessu efni. Ef svo er er ekkert annað en biðjast afsökunar á því. En ég hygg að embættismennirnir hafi hagað orðum sínum þannig að það hafi verið a.m.k. auðvelt að skilja þá með þeim hætti sem við gerum í nál. minni hl.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að þeim almennu umræðum sem hér hafa farið fram um kjarasamninga og efnahagsmál. Ég tók eftir því að menn hafa tekið þannig til orða hér: Verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir því í áratugi að bæta kjör hinn lægst launuðu í landinu og það hefur litlu eða engu breytt. Þetta er mikill misskilningur. Staðreyndin er sú að þó að kaupmáttur lægstu launa sé enn þann dag í dag svívirðilega lágur er það engu að síður þannig að það er fleira kjör sem snýr að láglaunafólkinu en kauptaxtinn. Það er líka hið félagslega umhverfi. Í hinu félagslega umhverfi skipa ríkissjóður og sveitarfélögin stærstan þátt í þágu þessa fólks. Hvað eru almannatryggingarnar, hvað er heilbrigðisþjónustan, hvað er skólakerfið annað en kjör? Við skulum ekki gleyma því að það er margt fleira kjör í þessu landi en bara það kaup eða kauptaxtar sem menn hafa á hverjum tíma.

Ég vil segja í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt: Verkalýðshreyfingin gat ekki gert meira í þessum samningum núna. Þar hafa menn unnið af fyllstu heilindum. Ég dreg það ekkert í efa. Mér hefur aldrei dottið neitt annað í hug. En ég hef sagt: Verkalýðshreyfingin þyrfti að vera samstilltari til að ná meiri árangri. Hið félagslega viðhorf samstöð-

unnar, sem útilokar sérhyggjuna að svo miklu leyti sem það er unnt, þyrfti að vera ráðandi svo að segja í allri verkalýðshreyfingunni. Þetta er vandamál sem bersýnilega birtist ekki aðeins í verkalýðshreyfingunni heldur t.d. líka í samvinnuhreyfingunni og er ég þá ekki að tala um þau tíðindi sem þar hafa birst undanfarna daga sem ég tel nánast vera afbrigðileg sjúkdómseinkenni.

Ég held að það hefði verið fróðlegt ef tekist hefði eftir síðustu kosningar að mynda hér stjórn sem hefði tekið strax á öllum þeim vandamálum sem þá voru fyrirsjáanleg í stað þess að taka aðeins á hluta þessa vanda, örlitlum hluta. Ég tel að gallinn við ríkisstjórnina, fyrir utan það að hún gerir oft vitlausar ráðstafanir og sambúðin er eins og hún er, sé sá að það er eins og það sé engin heilstæð stefna. Það er eins og menn séu ekki að taka utan um hlutina í heild. Það er verið að pjakka í þessu í dag og hinu á morgun. Frá því að þessi stjórn tók við 8. júlí 1987 er hún fjórum sinnum búin að grípa til efnahagsráðstafana. Niðurstaðan í þessum efnum verður auðvitað nákvæmlega jafnósamstæð og stjórnarflokkarnir eru þar sem þetta minnir einna helst á að það séu þrjár ríkisstjórnir hér í landinu í þremur flokkum og jafnvel fleiri í sumum flokkunum. Nú eru að vísu báðir forsætisráðherrarnir fjarverandi á leiðtogafundi NATO, en einhverjir eru þó viðstaddir og ráðherrarnir hafa heiðrað okkur með nærveru sinni hver um annan þveran og er það ánægjulegt.

Hvað þurfti stjórn að gera sem tók við eftir síðustu kosningar? Hún þurfti að mínu mati að taka fyrir alla þessa þætti, verðlagsmálin, vaxtamálin, vanda útflutningsgreinanna og tekjuskiptinguna innan sjávarútvegsins. Hún þurfti að taka á vanda landsbyggðarinnar, m.a. lífskjörunum á landsbyggðinni og rekstrargrundvelli fyrirtækjanna. Hún þurfti auðvitað, eins og gert var, þó það hefði mátt fara öðruvísi í það, að taka á vanda ríkissjóðs og í tengslum við þetta allt síðast en ekki síst þurfti hún að horfa á kaupmátt launa og þróun kaupmáttarins fyrir árin 1987 og 1988. En staðreyndin var hins vegar sú að menn voru að kvotlast með þessa stjórnarmyndun fram eftir öllu sumri, klukkan gekk á menn. (**Gripið fram í:** Kvotlast?) Kvotlast, já. Og niðurstaðan verður sú að að sumu leyti eru menn að verða of seinir og eru eins og alltaf að missa af vagninum, hlaupa aldrei upp í vagninn á réttum stað heldur taka hann á vitlausum stað og lenda svo á *vitlausum stað. Það er engu líkara en þeir ferðist* með þessum hringferðarvögnum sem við höfum í Reykjavík.

Svo koma þessir miklu snillingar, sem eiga auðvitað að þekkja öll þau efnahagsvandamál sem ég hef hér verið að rekja, og ráðast að okkur alþýðubandalagsmönnum fyrir að við séum að verja útgerðarauðvaldið í landinu, eins og hv. þm. Skúli Alexandersson rakti áðan. Ætli auðvaldið sé nefnilega ekki einhvers staðar annars staðar í þessu þjóðfélagi? Ætli það sé ekki til frekar einhvers staðar annars staðar? Það er kannski tímanna tákn að starfsmaður Verslunarráðs Íslands er allt í einu sestur inn á Alþingi á vegum Sjálfstfl. Það segir sína sögu hverjir það eru sem þar eru drifkrafturinn, mótorinn og aflið í dag. Það eru ekki þeir sem eru að tala fyrir þessa gömlu og hallærislegu útflutningsvegi eða landsbyggðina. Það eru aðrir.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sagði að þessi sjónarmið markaðshyggjunnar og frjálshyggjunnar hefðu aðallega búið um sig í Sjálfstfl. og það er mikið til í því. En núna stöndum við hins vegar frammi fyrir þeim nýja veruleika að við höfum á stóli viðskrh. mann sem svo að segja 100% gengur við hliðina á þessu liði vegna þess að hann hefur þessa skoðun og það er hans mál og sitthvað dapurlegt við það. Þegar reglustikusjónarmiðin og frjálshyggjan læsa höndum saman er útkoman rosaleg. Það er það sem við erum að sjá þessa dagana, annars vegar þessi kalda reglustikupólitík þar sem menn halda að þeir geti breytt öllum fjárhag sveitarfélaganna frá einu skrifborði í Reykjavík, einn, tveir, þrír, og svo hins vegar frelsi, frelsi, frelsi, aðallega þó fyrir vextina og verðlagið og það sem í rauninni þrengir að launafólkinu og útflutningsatvinnuvegunum sem eru hengdir á fastan gengissnaga.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði að það væri alveg rangt hjá mér að gengisstefna og festa ríkisstjórnarinnar væri hrunin, algjör vitleysa. Ég verð að hryggja hv. þm. Halldór Blöndal með því að ég satt að segja skil ekki alveg hvernig hann fær þetta út nema hann vilji kalla þetta, sem ríkisstjórnin er að framkvæma núna, gengishrun í áföngum.

Hv. þm. vitnaði til þess að ég hefði á minni tíð sem viðskrh. fellt gengi og það er rétt. Þá voru ástæður hins vegar þær að olíuverð hækkaði á 13 mánuðum um 200% og auðvitað var gengið fellt og auðvitað hlaust af því verðbólga. Og af hverju felldu menn gengið? Til þess m.a. að tryggja stöðu útflutningsatvinnuveganna þannig að það væri hægt að halda áfram að skapa verðmæti í þessu landi. En þá var nú ekki hljóðið það í hv. þm. Halldóri Blöndal og hv. formanni Sjálfstfl. þá, Geir Hallgrímssyni, að þetta væri einhver vandi. Þó að olíuverðið hækkaði um 200% voru það fullkomnir smámunir og sýndi bara aumingjadóm kommúnista og vonsku Rússa að svona skyldi vera komið. Að þessir menn vildu þá í stjórnarandstöðu horfast í augu við veruleikann, sýna sanngirni og tillit var ekki til, enda hef ég lengi haldið því fram að ábyrgðarlausasti flokkur í stjórnarandstöðu fyrr og síðar hér hafi verið, sé og verði Sjálfstfl.

Hv. þm. Halldór Blöndal ræddi það síðan að í rauninni hefði verið svo mikil verðbólga hér frá 1971 að það væri svo að segja allt ónýtt frá þessum tíma. Það hefði ekki orðið sú verðmætasköpun sem hefði getað orðið. Út af fyrir sig er margt til í því. En ég bið menn aðeins að hugsa um það augnablik hvílík verðmætasköpun hefur orðið á Íslandi frá 1971 eftir útfærslu landhelginnar, bæði í eignum einstaklinga, eignum sveitarfélaga, eignum ríkisins og eignum

atvinnufyrirtækja. Ég hygg að ef maður lítur yfir næsta tíma þarna á undan, fyrir 1971, sé sú eignamyndun sem þarna á sér stað og þar með styrking á innviðum þjóðfélagsins, m.a. til að framleiða verðmæti, allt önnur og meiri á þessum síðari tíma. Hitt er hins vegar alveg ljóst, og það skulu verða mín lokaorð í bili, virðulegi forseti, að auðvitað er það grundvallaratriði um leið og við segjum: Við verðum að tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, að halda þannig á efnahagsmálum að okkar meginefnahagsstærðir að því er varðar viðskiptajöfnuð, ríkisfjármál, gengi og verðbólgu sé í lagi. Það er ekki horfandi upp á það fyrir nokkurn stjórnmálamann sem vill láta taka sig alvarlega, sem við viljum örugglega öll, að verðbólga fari úr öllum böndum. Ég þekki af eigin raun hvað það er að reyna að stjórna landinu við þær aðstæður að verðbólga er gersamlega hömlulaus. Það er útilokað. Það er útilokað að ná því. Þess vegna taldi ég að eftir kosningarnar í fyrra hefðu átt að vera möguleikar til að ná tiltölulega mjög víðri, þjóðfélagslegri samstöðu um efnahagsstefnu og atvinnumálastefnu þar sem tekið var á öllum þáttum sem ég nefndi áðan á þeim grundvelli að verðlag væri stöðugt.

Hvað á svo að gera núna? Hv. þm. Karvel Pálmason fór yfir það og sömuleiðis hv. þm. Karl Steinar Guðnason. Það sem þyrfti að gerast núna væri að það skapaðist mjög víðtæk þjóðfélagsleg samstaða um að vinna þjóðina út úr þeim vanda sem nú er við að glíma. Svo skulum við rífast um það einhvern tíma seinna og aftur og aftur af hverju það er. Það tókst tiltölulega víðtæk þjóðfélagsleg samstaða um að skipta árangri góðærisins í janúar 1986. Það var skynsamleg niðurstaða miðað við allar aðstæður. Nú þyrfti hins vegar að halda þannig á spilum að þegar þjóðin stendur frammi fyrir miklum efnahagslegum og pólitískum vanda væri hægt að ná þessari samstöðu. Til hvers? Til þess að verja þá sem helst þurfa á vörn að halda fyrir áföllum sem leiða af samdrætti í þjóðfélaginu, sérstaklega í markaðsþjóðfélagi.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason og hv. þm. Karvel Pálmason lögðu á það áherslu: Kauphækkunin núna má ekki fara upp eftir öllu. Það þarf að tryggja að þessi hækkun sé á sínum stað. Gott og vel. Þá spyr ég þessa ágætu þm.: Hvernig ætla þeir að tryggja það? Hæstv. fjmrh. getur út af fyrir sig sagt nei og aftur nei við opinbera starfsmenn. Vinnuveitendasambandið getur sagt við aðra sem eru að semja við Vinnuveitendasambandið: Við semjum ekki um neitt umfram það sem skrifað er niður í samningum VMSÍ. En við skulum muna að verulegur hluti af launamarkaðnum í landinu er það sem kallað er frjáls. Og þær atvinnugreinar, þ.e. verslunin, sem mest hafa, stoppar enginn í þessum efnum. Þess vegna held ég að það sé ekki hægt að heimta það á sama tíma að það sé haldið stöðugleika að því er varðar lægsta kaupið og um leið að játa því í verki að vaxtafrelsið og verslunarfrelsið fái að njóta sín. Mikill gróði stórfyrirtækjanna, mikill gróði verslunarinnar brýtur niður alla launastefnu sem hefur jöfnuð sem grundvallaratriði. Þess vegna er mitt svar það við því sem þeir flokksbræður nefndu: Það verður aldrei tekið á þessum málum öðruvísi en þeir hafi kjark til að sækja peninga til þeirra sem hafa vaðið hér í peningum á undanförnum árum. Til þess þarf örugglega aðra stjórn en þá sem nú situr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af spurningu síðasta hv. ræðumanns sem spurðist fyrir um hvað ríkisstjórnin hygðist gera í sambandi við almannatryggingabætur eða elli- og örorkulífeyri. Því er til að svara að í athugasemdum fjárlagafrv. fyrir árið í ár er gerð grein fyrir því hvernig lífeyristryggingarnar voru útreiknaðar og hvaða upphæðir það eru sem þar er gert ráð fyrir og hvernig hugsað var að greiða bætur á þessu nýbyrjaða ári. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1988 er miðað við sömu forsendur og í hækkun launaliða frv., þ.e. bætur hækki um 3% 1. jan. 1988, 2% 1. febr. og 2% 1. júlí. Hækkanir þessar eru í samræmi við breytingar á almennum kauptöxtum."

Hér mun vera miðað við kauptaxta opinberra starfsmanna.

Við höfum nú þegar látið koma til framkvæmda tvær af þessum hækkunum eins og hér greinir frá, 1. jan. 3% hækkun og 1. febr. 2% hækkun, þannig að nú þegar hafa bæturnar almennt hækkað um 5% og auk þess má minna á að í tengslum við breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, sem mikið voru hér í umræðu um áramótin í þinginu, fólst m.a. í hliðarráðstöfunum ríkisstjórnarinnar hækkun á almannatryggingabótunum. Þetta fól í sér hækkun umfram þessar prósentutölur, sem ég áður greindi frá, 2% almenna hækkun og 5% hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót, þannig að þessar bætur hækkuðu samtals um 5% almennt 1. jan. og 8% tekjutryggingin og heimilisuppbótin þannig að nú þegar á þessu ári hafa bætur almannatrygginga, elli- og örorkulífeyrir, hækkað verulega. Ég geri ráð fyrir því hins vegar að þetta verði tekið til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi á morgun vegna þess að í 79. gr. almannatryggingalaganna segir svo, með leyfi forseta:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta skv. lögum þessum". Það er vissulega hér verulegt svigrúm til úrbóta ef almennar breytingar verða á kauptöxtum, en ég lít svo á að nú þegar hafi þær hækkanir sem komið hafa til framkvæmda verið á móti þeim hækkunum sem nú hefur verið samið um í almennum kjarasamningum Verkamannasambandsins og vinnuveitenda, en ítreka að þetta mun verða tekið til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi á morgun og þá rætt um það nánar hvernig við skuli bregðast og þá hvaða bætur eru hugsaðar á elli- og örorkulífeyri í framtíðinni og í framhaldi af þessum samningum og öðrum sem við getum átt von á.

Ég vænti þess að þetta hafi svarað fsp. hv. þm. Ég held að það hafi ekki verið annað sem til mín var beint varðandi þessa umræðu.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Örfá orð að gefnu tilefni. Hv. 7. þm. Reykv. er þrátt fyrir ungan aldur fyrrv. formaður Alþb. og fyrrv. heilbr.- og félmrh. Hann sat á sínum tíma í ríkisstjórn þar sem annar hv. þm. og fyrrv. formaður Alþb., Ragnar Arnalds, gegndi starfi fjmrh. Áreitnislaust mun það vera dómur sögunnar að þeim félögum hafi ekki tekist mjög vel til um landsstjórnina á þessum tíma. Það er yfirleitt ekki umdeilt m.a. að ástand í húsnæðismálum hafi undir lok þess stjórnartímabils verið heldur bágborið. Þess er að minnast t.d. að hið svokallaða hlutfall húsnæðislána í hlutfalli við kostnað staðalíbúðar var orðið býsna lágt.

Ekki hvarflar að mér að ætla að óhöndugleg niðurstaða þessara mála, þar á meðal upphaf misgengis lána og launa- og lánskjara sem upphófst á þessu tímabili, hafi verið niðurstaða af einhverjum ásetningi þeirra félaga. Ekki hvarflar að mér annað en að ætla að einhvern tíma hafi hæstv. félmrh. leitað eftir því að fá meira fé til húsnæðismála en honum tókst að fá og vafalaust var það svo í þeirri ríkisstjórn sem hann sat í eins og öðrum að hann hefur búið við þá togstreitu að vilja sem fagráðherra fá meira fé til síns málaflokks en t.d. flokksbróðir hans og fyrrv. formaður Alþb., þáv. fjmrh., taldi sér fært að verða við. Ef það er svo er niðurstaðan sú að hv. þm. hafi hvað eftir annað orðið fyrir vantrausti af hálfu Ragnars Arnalds, flokksbróður síns og fjmrh. Þannig vildi hann leggja málið út.

Nú hygg ég að það færi bærilega á með þeim fóstbræðrum og samstarf þeirra sé bærilegt og í raun og veru hvarflar ekki að mér að leggja það svo út að hv. þm. hafi á þeim árum orðið að sitja undir vantrausti Ragnars Arnalds þótt hv. þm. sem ráðherra hafi ekki tekist að útvega það fé til sinna mála sem honum hefði þótt æskilegt. Mikið meira þarf ekki að segja um þá hundalógík sem birtist í þessum orðum hv. þm.

En til að hnykkja á þessu er rétt að taka fram líka að þótt ég hafi stutta stund setið á stóli fjmrh. er mér kannski hvað efst í huga að í þessu stjórnarsamstarfi eins og fyrr og síðar í íslensku stjórnkerfi er uppi linnulaus togstreita milli annars vegar þess sem fer með starf fjmrh. og hinna sem stýra hinum útgjaldafreku fagráðuneytum, að allir vildu þeir fá meira fé til sinna málaflokka. Að gefnu tilefni er rétt að nefna það hér líka vegna þeirra efnahagsráðstafana sem hér hafa verið til umræðu að hæstv. samgrh. lét líka bóka í ríkisstjórn andstöðu sína við niðurskurð til vegamála. Ef ég færi að rifja upp hér alla þá sögu um hvernig tekist hefur verið á um fjárveitingar til einstakra málaflokka og hvernig það hefur komið í hlut fjmrh. að reyna að halda aftur af öðrum væri sú saga nokkuð löng. Það er eðli íslensks stjórnkerfis eins og það er byggt upp að sú togstreita er viðvarandi þáttur, ekki bara í samsteypustjórnum heldur í því stjórnarmynstri og stjórnsýslukerfi sem við búum við. Þetta á ekkert skylt við vantraust. Þetta á ekkert skylt við það.

Eins mætti þá snúa dæminu við og segja að í samstarfi félmrh. og fjmrh. við gerð fjárlaga var, eins og mönnum er kunnugt af lestri fjárlaga, þannig um hnútana búið að fjárveitingar til húsnæðismála voru stórlega auknar. Ég minni t.d. á að fjárveitingar til Byggingarsjóðs verkamanna voru tvöfaldaðar. Ég minni á það þrátt fyrir allt að fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins voru auknar og ég minni á að í fjárlögum er gert ráð fyrir fjárveitingu til byggingar kaupleiguíbúða í samræmi við samkomulag sem tókst við stjórnarmyndun á milli formanna flokkanna um að það skyldi gert. Þessi útúrsnúningur hv. þm. var þess vegna út í hött og honum ósamboðinn. Ef hann vill halda því fram að þetta feli í sér vantraust á hendi félmrh. er niðurstaðan sú að hann hafi sjálfur mátt þola slíkt vantraust oftsinnis frá sínum flokksbróður, en því trúi ég ekki og legg það ekki út á þann veg.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir þau ummæli hans að ástandið í þjóðfélaginu sé nú þannig að víðtæka þjóðfélagslega samstöðu þurfi til að ná því markmiði, sem við í rauninni öll viljum ná og skýrt kom fram í hans ræðu, að hér væri stöðugleiki í efnahagslífinu, að hér næðist að verja kjör hinna lægst launuðu og okkur tækist svo að komast fram úr þeim stundarörðugleikum sem við stöndum nú frammi fyrir að sá mikli ávinningur sem náðst hefur á síðustu missirum glatist ekki heldur geti orðið okkur viðspyrna til þess ekki aðeins að halda því sem við höfum náð heldur byggja upp til framtíðarinnar því að vitaskuld tek ég undir þau ummæli, sem hann hafði áðan, að það hefði verið dapurlegt á 8. áratugnum og fram eftir þeim 9. að verðbólgan fór oft og tíðum dagvaxandi, að hinir mætustu menn urðu að grípa til gengisfellinga með reglulegu millibili, að ekki réðst neitt við peningamálin, að við söfnuðum erlendum skuldum.

Hitt er hins vegar alger misheyrn hjá hv. þm. að ég hafi sagt að síðan 1971 hafi engin verðmætasköpun orðið í þessu þjóðfélagi. Það sagði ég alls ekki. Það sem ég sagði var að verðbólgan hefði eytt sparifé landsmanna, að á verðbólguáratugnum, ég vil segja að eftir að verðtrygging lána og gengistrygging lána varð almenn regla í útflutningsatvinnuvegunum, brann eigið fé þessara fyrirtækja upp. Ef við förum á hinn bóginn 17 ár aftur í tímann og minnumst þess þegar sú vinstri stjórn var mynduð sem þá sat illu heilli í þrjú ár var þannig umhorfs í atvinnulífinu að Fiskveiðasjóður lánaði óverðtryggðar íslenskar krónur til byggingar fiskiskipa, að öll rekstrarlán útgerðarinnar voru í íslenskum óverðtryggðum krónum, að svo mikill sparnaður var í landinu á þeim tíma að við gátum að verulegu leyti staðið undir þörfum atvinnurekstrarins með inn-

lendu fé. Það sem síðan gerðist á næstu árum, þrátt fyrir opinbera stýringu á vöxtum eða réttara sagt vegna opinberrar stýringar á vöxtum, vegna of mikilla afskipta ríkisvaldsins af peningamálunum, var að sparifé brann upp og hin skuldugustu fyrirtæki, sem höfðu átt undir högg að sækja við stjórnarskiptin 1971, urðu á næstu missirum að forríkum fyrirtækjum sem mörg hver hafa síðan verið burðarásar í sínum sveitarfélögum. Með þessum orðum mínum var ég síður en svo að segja að öll verðmæti hafi gufað upp. Það voru ekki mín ummæli, enda færði hv. þm. glögg rök fyrir því að ef slíkri fullyrðingu hefði verið haldið fram væri hún dæmalaust vitlaus.

Hitt sagði ég, og um það held ég að við séum sammála, ég og hv. 7. þm. Reykv., að í verðbólgunni þegar hún var mest var misskiptingin líka mest í þessu þjóðfélagi. Þá tókst verr en á öðrum tímum að halda hinum almennu lífskjörum hér á landi milli einstakra starfshópa í jafnvægi. Það var alkunn staðreynd, sem allir vissu, að þeir efnameiri, þeir sem höfðu rýmstu fjárhagsgetuna gátu með margvíslegum hætti hagnýtt sér einmitt verðbólguna sem aftur bitnaði með fullum þunga á hinum sem naumust höfðu fjárráðin. Þetta vitum við og um þetta þurfum við ekki að deila.

Hv. þm. vék svo að þessum gömlu trúarbrögðum sínum, sem ég raunar veit að hann á erfitt með að losa sig við, að halda því fram að með því að loka hagkerfinu hér, með því að taka upp skömmtunarstjórn hér á landi í innflutningi, með því að setja hvers kyns hömlur á útflutninginn, með því að stjórna vöxtunum frá degi til dags með opinberum tilskipunum sé hægt að halda einhverju jafnvægi í íslenskum efnahagsmálum og hægt að treysta til frambúðar verðmætaaukningu í þjóðfélaginu. Þetta eru örgustu ósannindi, einhver mestu öfugmæli sem ég hef heyrt á minni lífsfæddri ævi. Þvert á móti sýnir reynslan síðan losað var um höftin að þjóðin kann að nýta sér það nú eins og jafnan áður í sögunni að hafa meira olnbogarými. Ég hygg að enginn vafi sé á því að hin frjálsa markaðsstarfsemi hafi valdið því á örskömmum tíma að ótrúlega miklu meiri verðmætasköpun hefur orðið hér á landi en ella mundi. Hitt er svo algjörlega rétt hjá hv. þm., sem hann lýsti með skáldlegum hætti þegar hann talaði um að hengja gengið upp á snaga, að við erum ekki búnir að koma okkar markmiðum til fulls fram, sjálfstæðismenn. Okkur hefur ekki tekist að skapa hér hið frjálsa opna hagkerfi sem við viljum einmitt skapa. Við þurfum að ná því fram að gjaldeyririnn verði með öllu gefinn frjáls. Það er mikið hagsmunamál, ekki síst fyrir framleiðsluatvinnuvegina og hinar strjálu byggðir. Ég veit að hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson skilur það sem sýndi fram á með glöggum rökum að auðvaldið í vondri merkingu þess orðs eru ekki útgerðarmennirnir, eru ekki þeir sem að sjávarútveginum vinna. Það eru ekki þeir menn sem vilja sölsa undir sig verðbólgugróðann heldur hafa andstyggð á slíku fé. Það eru þeir menn sem Ólafur Thors barðist mest og best fyrir og það eru þeir menn sem Sjálfstfl. hefur helgað sína baráttu frá öndverðu. Það er hin frjálsa útflutningsstarfsemi. Þess vegna er það svo í málflutningi okkar sjálfstæðismanna, sem ýmsum þykir kannski svolítið einhæft, að í okkar ræðum hvar sem við erum staddir leggjum við jafnan ríka áherslu á að nauðsynlegt sé að tryggja með sem víðtækustum hætti að undirstöðuatvinnuvegirnir geti gengið, þ.e. að útflutningsatvinnuvegirnir og samkeppnisgreinarnar hafi sem rúmastar hendur. Við höfum í þeim efnum m.a. lagt áherslu á að umhverfi sem þessi fyrirtæki vinna í hér á landi sé sambærilegt við það sem gerist erlendis. Það er af þessum sökum sem við höfum beitt okkur fyrir margvíslegri lagfæringu á tollalöggjöf, á lögum um söluskatt. Það er af þessum sökum sem við erum nú ákveðin í að ná því fram að löggjöf um virðisaukaskatt verði lögfest um næstu áramót. Það er af þessum sökum sem við höfum verið hörðustu talsmenn þess í þessari stofnun að útflutnings- og samkeppnisgreinarnar fái hinn uppsafnaða söluskatt til baka og við viljum ekki að þeim sé safnað í sjóð heldur ætlumst við til þess að fyrirtækin sjálf fái þessa peninga sem þeim er nauðsynlegt til að rétta þeirra samkeppnisstöðu við gagnvart erlendum aðilum. (**SkA:** Af hverju höfðuð þið hina skoðunina í sumar?) Þetta er kjarni málsins í því sem ég vil segja, en ég þakka og ítreka þakklæti mitt til hv. 7. þm. Reykv. fyrir að hann skuli hér svo eftirminnilega hafa látið þá skoðun koma fram að þeir menn sem nú eru að reyna að efna til illinda í þjóðfélaginu, sem eru að reyna að sprengja upp þá skynsamlegu og hógværu kjarasamninga sem gerðir voru, eru að vinna illt verk. Ég skil vel að hann að sögðum þessum ummælum skuli hafa miklar áhyggjur af því ef þessi launastefna skyldi nú fara úr böndunum og svo skuli fara sem oft áður að þeir sem hærri hafi launin geti sölsað meira undir sig, annaðhvort með samningum eftir á eða með launaskriði og sérsamningum sem við þekkjum dæmi um.

Ég tek undir það með hv. þm. að við urðum fyrir vonbrigðum með það, sjálfstæðismenn, að sá mikli efnahagsbati sem náðst hafði skyldi ekki endast út sl. ár og þá skuli hafa komið upp það mikla þensluástand sem við upplifðum. Nú kann ég ekki að skilgreina þenslu. Ég veit ekki hvort hægt sé að segja að þensla geti þýtt eitthvað á þá lund að tilteknar atvinnugreinar eða starfsgreinar hafi aðstöðu til þess á einhverjum tíma að draga til sín fólk og fjármagn meira en eðlilegt getur talist frá öðrum starfsgreinum, nái til sín meira af þjóðarauðnum en réttmætt getur verið. Þetta átti sér vissulega stað í byggingariðnaðinum. Auðvitað var líka eðlilegt að slíkt ástand skapaðist á því ári sem vinnulaun fólks voru undanþegin opinberum gjöldum í raun þar sem tekjur sl. árs komu aldrei til skattlagningar jafnframt því sem hagur sjávarútvegsins hafði verið mjög góður sem auðvitað þýðir jafnan að miklir peningar fara út í þjóðfélagið. Það þýðir líka velmegun í verslun, í þjónustugreinum og ýtir undir

hvers konar opinbera fjárfestingu. Það má vera og er auðvitað rétt eftir á að við hefðum betur gripið fyrr inn í, en þá kemur að hinu, sem ég hef áður minnt á, að reynsla er fyrir því að til efnahagsráðstafana er illt að grípa nema fólk almennt finni að þær séu nauðsynlegar. Ég veit ekki hvort ég má segja í þessu sambandi að það var nú svo óvænt nú, þegar krafan kom um gengisfellinguna eftir áramótin, að það var eins og sumir stjórnmálamenn töluðu um gengisfellingu eins og hún væri einhver sérstök kjarabót fyrir fólkið í landinu. Það var að heyra á sumum mönnum sem um gengisfellinguna töluðu. Auðvitað er gengisfelling ekki kjarabót fyrir fólkið í landinu í þeim skilningi að hún bæti kjörin í bráð, en hitt er auðvitað rétt, og það vitum við hv. 4. þm. Vesturl. báðir jafn vel, að í lengd getur gengisfelling verið nauðsynleg til að tryggja rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna og þannig til langframa (**SkA:** Það er ekki bara að rétt gengi sé nauðsynlegt.) styðja að sómasamlegum lífskjörum sem réttilega eru ekki einungis þeir peningar sem maður fær úr launaumslaginu heldur líka öll þau réttindi og öll sú trygging sem þjóðfélagið getur gefið þegnunum í víðasta skilningi þess orðs.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum forseta um að halda ekki óeðlilega langa ræðu. Þó að okkur kunni kannski að greina á um hvað er eðlilegt í því efni verður að spyrja að leikslokum og ég er ekki með neinar hótanir uppi, hæstv. forseti.

Fyrst vil ég aðeins víkja að því að ég held að það sé út af fyrir sig ekkert á móti því að það fari fram í þinginu almennar umræður um efnahags- og atvinnumál. Ég held að það sé satt að segja hollt að menn viðri sín sjónarmið rækilega í þeim efnum vegna þess að þar er oft komið inn á grundvallaratriði og endar þá gjarnan með því, þegar þannig háttar til og farið er yfir grundvallaratriðin, að menn kannski skilja hver annan betur þó menn séu ekki alveg hundrað prósent sammála í einstökum atriðum. Þess vegna held ég að það sé af hinu góða að menn taki sér smálotu í að ræða um hin almennu efnahagsmál.

Ég vil aðeins víkja að því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði síðast, fyrst það að það væri nauðsynlegt að verja kjarasamninga. Það getur út af fyrir sig verið nauðsynlegt að verja kjarasamninga. Ég var í þessum kafla ræðu minnar áðan einkum að tala við þá hv. þm. Karvel Pálmason og Karl Steinar Guðnason, sagði sem svo að ef menn vildu verja þá hækkun sem komið hefur fram í samningum VMSÍ og VSÍ sé óhjákvæmilegt að menn þori um leið að taka á afleiðingum markaðsstefnunnar, gróðahyggjunnar, gróðastarfseminni sem hefur verið uppi hér í þessu landi. Ég tel reyndar að þeir samningar sem gerðir hafa verið séu ekki nógu góðir og í þeim efnum getum við því miður ekki aðeins spurt, því það mundi einfalda margt fyrir stjórnendur landsins, um atvinnuvegina. Við hljótum fyrst að spyrja um það fólk sem þarf að lifa af þeim kauptöxtum sem verið er að semja um. Ég hygg að allir þm. geti verið mér sammála um að enginn þeirra mundi treysta sér til að draga svo mikið sem fram líftóruna með 31 500 kr. á mánuði. Að því leytinu til ná þessir samningar ekki máli að mínu mati. Ég tel að lægstu laun hefðu þurft að hækka meira og ég tel að eðlilegt sé að menn velti því fyrir sér hvort það er til pólitískt vald í landinu til að lyfta upp þessum launum.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék síðan aðeins að verðbólgunni og sagði: Á árunum 1970–1980 át verðbólgan upp sparnaðinn í landinu. Það er alveg rétt að hún gerði það. Af hverju var það? Það var vegna þess að verðtrygging fjárskuldbindinga var bönnuð með lögum. Hver bannaði verðtryggingu fjárskuldbindinga? Það var viðreisnarstjórnin með lögum sem voru sett 1966. Viðreisnarstjórnin kom í veg fyrir að unnt væri að verðtryggja fjárskuldbindingar í þessu landi og það tók 13 ár að skapa aðstæður til þess að hægt væri að taka upp verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það var ekki gert fyrr en með lögum nr. 13/1979, sem viss maður ekki allfjarri mér, stendur þarna í gættinni, kom dálítið nálægt að semja og ég svo að samþykkja og neyddist til að samþykkja sumt af því nauðugur. En ekki þetta ákvæði. Það var gott og skynsamlegt ákvæði. Ég held að það sé nauðsynlegt að átta sig á að viðreisnarstjórnin bannaði að menn fengju að verðtryggja fjármuni, verðtryggja lífeyrissjóði. Það var þess vegna sem þessir sjóðir brunnu upp í eldi verðbólgunnar. Þetta var m.ö.o. liður í þeirri stefnu Sjálfstfl. að það mætti ekki vera um að ræða neinar sjálfvirkar viðmiðanir í launum eða efnahagsstærðum yfir höfuð.

Síðan víkur hv. þm. Halldór Blöndal að því að sá sem hér stendur sé haldinn þeim gömlu trúarbrögðum að það eigi að loka öllu og hefta allt. Þá vil ég segja við hv. þm. Halldór Blöndal: Hann er haldinn þeim gömlu trúarbrögðum að ég sé haldinn þessum trúarbrögðum því að Sjálfstfl. lifir m.a. á því að Alþb. sé haldið þessum trúarbrögðum og þess vegna reynir íhaldið að halda þessu við. En þetta er misskilningur, hv. þm.

Auðvitað er staðan þannig í okkar þjóðfélagi að margvíslegar efnahagslegar ákvarðanir verða til á milli einstaklinganna í samfélaginu og er útilokað að skrifa það niður í lögum í smáatriðum hvernig það á að ganga fyrir sig. Hins vegar geta menn tekið ákvarðanir um að veita efnahagskerfinu aðhald, t.d. að koma í veg fyrir auðsuppsöfnun hjá tilteknum þáttum í þjóðlífinu, eins og t.d. versluninni eða hvað það nú er. Þess vegna er það algjör misskilningur að um einhver trúarbrögð sé að ræða í þessum efnum hjá okkur. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að ef hægt væri að losa menn við svoleiðis lagað úr pólitík væri margt betra en það er í dag því ég held nefnilega að menn séu margir býsna mikið haldnir af trúarbrögðum, ritúölum, og séu orthodox úr hófi fram á flestum sviðum. Menn eiga að beita skynsemi í

þessum efnum en ekki ofstæki.

En af því að hv. þm. Halldór Blöndal var að kvarta undan því að það væri mín skoðun að það ætti að skammta og skammta er best að rifja upp hverjir það eru sem eru að skammta, hverjir hafa tekið upp einhverja hörðustu skömmtunarstjórn sem um getur á Íslandi síðan fjárhagsráð leið sem íhaldið stofnaði á sínum tíma, um það leyti sem ég var að fæðast eða upp úr því.

Hvaða skömmtunarstjórn er það sem er hér í gangi? Hér mega menn ekki veiða fiskkvikindi án þess að hafa pappír úr sjútvrn. með stimpli í bak og fyrir. Hér mega menn ekki framleiða landbúnaðarafurðir án þess að vera með pappíra úr landbrn. og stimpil í bak og fyrir. Og ætli það sé ekki skömmtunarstjórn á húsnæðismálunum hjá krötunum núna þar sem menn verða að bíða fram á næsta áratug (**JúlS:** Næstu öld.) eftir því að fá húsnæðislán, jafnvel fram á næstu öld. Ég hygg að það sé leitun á annarri eins skömmtunarstjórn og þeirri sem nú situr í landinu undir forustu Sjálfstfl. Og að heyra svo þann ágæta mann, formann fjh.- og viðskn. deildarinnar, vera að tala um að Sjálfstfl. vilji frjálsa útflutningsstarfsemi. Það vill hann nefnilega ekki. Hann er að því leytinu til dálítið líkur mér, Sjálfstfl. Ég vil ekki þessa frjálshyggjuvitleysu í útflutningnum og Sjálfstfl. hefur tekið viðskrh. á beinið fyrir það trekk í trekk sem betur fer. Þetta er einmitt dæmi um trúarbrögð. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur lært að það gildi í Sjálfstfl. að útflutningsstarfsemin eigi að vera frjáls. (**HBl:** Ég sagði ekki útflutningsstarfsemin.) Frjáls útflutningsstarfsemi, sagði hann aftur og aftur, og að hún eigi að vera frjáls. Þetta er dæmi um trúarbrögð, um ritúal. En svo gerir hann allt annað þegar hann kemur út úr messunni. Þegar búið er að framkvæma skurðgoðadýrkunina í Valhöll gera þeir allt annað. Þá eru þeir auðvitað á móti þessu frjálshyggjurugli í útflutningsversluninni, skárra væri það nú, og þannig séð er Sjálfstfl. nokkuð góður, enda er kostulegt að rifja upp að það þurfti krata í viðskrn. til þess að menn færu að hrófla við ágætu kerfi sem hefur verið í þessum efnum um langt árabil.

Ég ætla síðan að víkja að ræðu hæstv. fjmrh. sem hann flutti bersýnilega til að stytta umræður og auðvelda niðurstöður mála. Hann skýrði frá því að samgrh. hefði líka látið bóka andstöðu sína. Af því að þetta dróst loksins upp úr honum núna er kannski fróðlegt að vita: Voru kannski fleiri ráðherrar sem bókuðu andstöðu sína? Bókuðu þeir allir? Væri kannski hægt að fá bókanirnar eins og þær leggja sig og birta þær sem þskj. út úr þessari makalausu ríkisstjórn? Hæstv. ráðherra lét þess ekki getið.

Hins vegar rifjaði hann upp nokkra sagnfræði sem er sú að þrátt fyrir ungan aldur hefði ég um skeið, sem hér stend, farið með félagsmál og heilbrigðismál og flokksbróðir minn Ragnar Arnalds með fjármál. Mikið rétt. Hann upplýsti jafnframt, þessi hógværi leiðtogi Alþfl., sem er svo skínandi ánægður með sjálfan sig þessa dagana þegar hann er að fara svona með varaformann Alþfl., að það hefði ekki margt tekist vel í þeirri stjórn þar sem við Ragnar höfðum með þennan málaflokk að gera. Margt má um það mál segja. Sumt tókst vel, annað miður.

Það var t.d. nefnt af hæstv. ráðherra að hlutfall húsnæðislána í okkar tíð hafi verið heldur lágt, það er rétt, og við vorum gagnrýnd fyrir það af Alþfl. og Framsfl. og Sjálfstfl. í kosningunum 1983 að þetta væri allt of lágt, þetta væri aumingjadómurinn í okkur og ekkert annað. Sjálfstfl. birti tillögur fyrir kosningarnar 1983 um að það ætti að hækka þetta upp í 80%, Framsfl. sömuleiðis í grænum pésa sem var dreift um allt landið og þar sem stóð: „Framsfl. ætlar að hækka húsnæðislánin í 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar og auka lífshamingjuna í landinu". Hvorugt hefur nú gengið mjög vel, verð ég að segja.

Hæstv. núv. félmrh. las mér auðvitað lesturinn í þeirri stjórn og sömuleiðis hv. þm. Alexander Stefánssyni í síðustu stjórn fyrir að þetta væri alveg ómögulegt kerfi, allt í steik og allt í vitleysu. Staðreyndin er hins vegar sú að lánin voru lág, en menn fengu þau. Menn fengu lánin. Nú er hins vegar komið upp nýtt kerfi í þessum efnum sem er þannig að lánin eru sögð há, en menn fá þau ekki fyrr en á næsta, þar næsta eða jafnvel þar þar næsta kjörtímabili þegar hæstv. félmrh. er farinn úr stólnum fyrir löngu. Ég held að í rauninni sé það húsnæðiskerfi sem Alþfl. núna ber ábyrgð á fyrst og fremst gallað vegna þess að það vekur mönnum tálvonir, dregur upp tálmynd sem er ekki hægt að standa við vegna þess að peningarnir eru ekki til. Ég held að það sé betra í húsnæðismálum eins og öðrum málum fyrir ráðherra að koma hreint til dyra og segja: Ég hef þessa peninga til ráðstöfunar og menn geta fengið þessa peninga innan tiltekins tíma eftir ákveðnum reglum, en vera ekki að vekja upp hjá mönnum falskar vonir um hlutina sem enginn getur staðið við. En það er það sem íhaldið, framsókn og kratarnir hafa verið að gera á undanförnum árum, vekja upp von hjá fólki um að það yrði hægt að leysa húsnæðisvandamálin svo að segja einn, tveir, þrír fyrirhafnarlaust áður en nokkur maður þyrfti að borga. Og vei þeim fyrir þennan blekkingarleik!

Síðan kemur hæstv. fjmrh. með þessa yfirgengilegu hundalógík. — Hundalógík, sagði ég, hann var ekki víttur fyrir það og ég vonandi ekki heldur, þá hundalógík að þar sem ráðherrar innan ríkisstjórnar þurfa oft að semja um mál sín á milli og fagráðherrar nái því ekki fram sem þeir vilja í öllum tilvikum vegna stöðu ríkissjóðs þýði það í hverju tilviki vantraust á viðkomandi fagráðherra þó að menn semji sig að niðurstöðunum. (Gripið fram í.) Það er einmitt það sem ég var ekki að segja, hæstv. ráðherra. Það er athyglisvert með þessa krataráðherra. Þeir skilja ekki hvað er þingræði. En þingræði er þetta: Ríkisstjórn leggur tiltekna tillögu fyrir þingið. Á bak við það hafa átt sér stað pólitískar umræður og samningar á milli flokka og milli ráðherra. Þessi tillaga er pólitísk tillaga ríkisstjórnarinnar í heild.

Það kann vel að vera að einn hafi náð þessu fram, annar tapað hinu, en það er niðurstaðan. Núna er mismunurinn hins vegar sá að það er verið að ganga yfir málaflokk hæstv. ráðherra félagsmála í þessari tillögu, flytja vantraust á hana með 8. gr. þessa frv. Nefnið þið mér eitt einasta dæmi, gluggagægjar Alþfl., nefnið þið mér eitt einasta dæmi um að svona hafi áður verið að málum staðið. Þið getið það ekki. **(HBl:** Frv. Ólafs Jóhannessonar um efnahagsráðstafanir.) Nei, nei. Það var ekki afgreitt fyrr en að undangengnum samningum milli flokka og ráðherra um málið. Það er ekkert dæmi um vinnubrögð af þessu tagi, ekki neitt. Og ætla sér að líkja saman almennri undirbúningsvinnu við fjárlög eða skattalög við það sem hér er á ferðinni sýnir að menn skilja ekki þingræðið, átta sig ekki á því um hvað þingræðið snýst.

Svo leyfði hæstv. fjmrh. sér að tala um að á þessum tíma hefði byrjað misgengi launa og lána. Ja, þvílíkt! Ja, þvílíkt! Hverjir ætli hafi lagt fram frv. í þinginu í formi fskj. í desember 1978 þar sem var kveðið á um að laun mættu ekki hækka nema um ákveðið stig en að lánskjaravísitala ætti að mæla hækkanir á skuldbindingum. Hverjir skyldu hafa lagt það frv. fram? Hverjir skyldu hafa samið það? Jón Baldvin Hannibalsson, páv. þm. eða varaþm. Alþfl. Frv. komst hins vegar aldrei hér inn sem þskj., en það var aftur á móti birt í Alþýðublaðinu og það vill svo vel til að ég á það plagg. Þar er í raun og veru upphafið að misgengisstefnunni þar sem það var ákveðið fyrst að launin skyldu ekki hækka nema um þessar tilteknu prósentur þó að lánskjaravísitala æddi upp úr öllu valdi. Hugmyndafræðingar misgengisins eru kratarnir. Þannig liggur það mál.

Síðan ætluðu þeir að sprengja stjórnina 1978 og 1979 af því að menn vildu ekki kokgleypa þessi ósköp og það tók marga mánuði í stjórninni að snúa þá niður af þessari vitleysu, tókst að vísu um skeið, en endaði svo með því að þeir sprungu á limminu af því að þeir höfðu ekki þrek til að takast á við þann vanda sem fylgdi olíuverðhækkuninni sumarið 1979. Svo koma þessir menn hér og bregða öðrum um hundalógík. Ég held að aðrir ættu að hafa þau orð uppi.

Staðreyndin er sú að málflutningur hæstv. fjmrh., útúrsnúningur hæstv. fjmrh. er gersamlega fráleitur á mínu máli. Hins vegar er þessi útúrsnúningur hans honum ekki ósamboðinn. Hann er honum fullkomlega samboðinn því að þannig hefur málflutningur hæstv. fjmrh. verið í svo að segja öllum málum í þinginu núna á undanförnum mánuðum. Ég hirði ekki um að eiga orðastað við þann hæstv. ráðherra og formann Alþfl. frekar. En ég endurtek það sem ég sagði áðan: Hér liggur fyrir tillaga frá hæstv. fjmrh. um vantraust á hæstv. félmrh. Ég mun greiða atkvæði á móti þeirri vantrauststillögu á hæstv. félmrh. hvað svo sem Alþfl. gerir í þessari deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 647,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 647,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, GHG, HÁ, HBl, JHelg, KP, SalÞ, StG, VS, KSG.

nei: ID, GuðmÁ, JúlS, MF, SkA, SvG.

4 þm. (EgJ, GA, JE, ÞK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Með þessari skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er enn vegið að sveitarfélögunum í landinu. Hér er aftur vegið í sama knérunn. Ég er andvígur þessari aðför að sveitarfélögunum og segi nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þessi tillaga 8. gr., sem verður 9. gr., felur í sér skerðingu á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 398 millj. kr. og raunskerðingu að frádregnum framlögum til sérstakra verkefna um 1000 kr. á hvern íbúa í byggðarlögunum. Hér er komið í bakið á sveitarfélögunum sem hafa verið að ganga frá sínum fjárhagsáætlunum síðustu daga. Þetta skerðir sjálfstæði þeirra og möguleika til að tryggja eðlilega þjónustu við íbúa sína. Jafnframt felst í þessari tillögu tillaga ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. um vantraust á félmrh. í þessu efni. Af þessum tveimur ástæðum, herra forseti, segi ég nei.

9.–21. gr. (verða 10.–22. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

EFRI DEILD

65. fundur, miðvikudaginn 2. mars, að loknum 64. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 3. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 649.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um þá atkvæðagreiðslu sem hér fór fram áðan heldur

minna á að forsenda þessa frv. eru kjarasamningar sem voru gerðir fyrir nokkrum dögum. Þeir eru nú að falla í hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru. Hvað er þá orðið um launastefnuna sem menn þykjast vera að verja með þessu frv. og brambolti öllu?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

63. fundur, miðvikudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Sálfræðingar, 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 578, en frv. þetta er komið úr Ed.

Þetta er einfalt mál. Það er flutt samkvæmt beinum ákvæðum í kjarasamningi sem gerður var milli fjmrh. f.h. ríkissjóðs og Sálfræðingafélags Íslands þann 14. apríl 1987, en þá var gerð svofelld bókun:

„Menntmrn. mun fyrir 1. okt. nk. í samvinnu við samningsaðila vinna að gerð frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1976, um sálfræðinga, er miði að því að þeir geti öðlast sérfræðileyfi. Fái sálfræðingar sérfræðileyfi á samningstímabilinu eru samningsaðilar sammála um að taka upp viðræður um röðun þeirra sálfræðinga er það leyfi hljóta. Skulu viðræður um þá röðun hefjast innan mánaðar frá gildistöku."

Hér lýkur tilvitnun í bókun sem gerð var með kjarasamningi og er þetta frv. flutt til þess að uppfylla þá samningsskyldu.

Meginefni frv. er að opnaður er möguleiki fyrir því að sálfræðingar — en starfsheiti þeirra er lögverndað nú þegar — geti kallað sig sérfræðinga í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar og að kveðið verði á um skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis í reglugerð þar sem m.a. skulu vera ákvæði um sérgreinar þær sem um geti verið að ræða, kröfur um framhaldsnám og starfsþjálfun að loknu embættisprófi, svo og um aðila er fjalla skuli um umsóknir um sérfræðileyfi.

Ég vísa að öðru leyti um aðdraganda þessa máls í grg. með frv. en legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. er þessari umræðu lýkur hér um þetta mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Á 108. löggjafarþingi Íslendinga var flutt till. til þál. um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu. Flm. þessarar till. voru á sínum tíma Friðrik Sophusson, Guðmundur J. Guðmundsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson og Páll Pétursson.

Ég vil, með leyfi forseta, leyfa mér að lesa þáltill. eins og hún var samþykkt, en ekki þann upprunalega texta sem var í tillögunni ef þar skyldi vera einhver munur á, því að hin samþykkta þáltill., sem var samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986, lýsir vilja þingsins í þessum efnum. Vilja menn endalaust halda áfram að hólfa niður forréttindi manna til starfa í landinu og hvaða áhrif hefur það? Með leyfi forseta vil ég lesa þá þáltill. sem samþykkt var:

„Þingsályktun um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkarétt til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda.

Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi."

Ég vil lýsa því yfir að ég tel að Alþingi Íslendinga hafi nú þegar gengið allt of langt í að samþykkja ýmis forréttindi fyrir starfshópa og það sé farið að skaða þetta þjóðfélag. Auðvitað hlýtur menntmrn. á hverjum tíma eða önnur ráðuneyti að geta valið úr þá umsækjendur sem þeir telja hæfasta til að gegna hinum ýmsu störfum og þar með metið þeirra menntun á eðlilegan hátt. En ég efa að það sé verjandi að menn geti í kjarasamningum farið að panta einhverja sérstaka sérfræðiviðurkenningu á sig. Hvar endar þetta? Hversu langt á að ganga? Mér finnst það óvirðing við Alþingi Íslendinga ef sú ríkisstjórn sem nú situr framkvæmir ekki þessa könnun og leggur hana fyrir þingið. Og ég skora á þá ráðherra sem hér eru að taka þetta mál upp í ríkisstjórninni og fara fram á það að sú þáltill., sem samþykkt var 22. apríl 1986 og fjallar um þetta mál sem hér er á dagskrá og mörg önnur hliðstæð, verði framkvæmd.

Ég þarf ekki að hafa um þetta langt mál en ég hygg að þeir sem samþykktu þessa þáltill. á sínum tíma hafi ekki verið í neinum vafa um það að við séum komnir allt of langt í þessum efnum og það er vandséð hvar verður stöðvað. Hver stéttin eftir aðra heimtar múra í kringum sig út á það að þeir séu þeir einu sem hafi vit og þekkingu til að gegna ákveðnum störfum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595.

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa forseta þakkir fyrir að taka þetta mál fyrir og láta ekki líða óþarflega langan tíma á milli þess sem menn flytja fyrri part af sinni ræðu og þar til þeir geta lokið henni.

Nú er það svo að ég var rétt að byrja í minni ræðu á þeim kafla sem fjallaði um það hversu mannvænleg sú æska væri sem við eigum í þessu landi. Ég fullyrti að sú æska væri mannvænlegri en nokkur önnur sem hér hefði verið. Og ég held að við getum verið stoltir af því, Íslendingar, að fylgjast með þeim afrekum sem hún hefur unnið á hinum ýmsu sviðum. Auðvitað skiptir það öllu máli að sú æska, sem er að vaxa upp og tekur við landinu, muni bera gæfu til að stjórna málefnum þess vel.

Ég hygg að það sé rétt að horfa örlítið á það hvaða hættur það eru sem líklegastar eru til að rústa þessa æsku. Það verður ekki skortur á mat eða klæðnaði eða á möguleikum í menntun. Það eina sem getur rústað íslenska æsku er það sama og getur rústað æsku annarra vestrænna þjóða og það er aðgangurinn að eiturlyfjum. Aðgangurinn að eiturefnum hefur þegar höggvið stór skörð í æsku margra annarra þjóða og því miður blasir það við sem staðreynd í dag að áfengisneysla er undanfari þess að menn hefji neyslu eiturlyfja.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál. Ég get ekki stillt mig um að drepa á þann kafla í ræðu Vilmundar Jónssonar, fyrrv. landlæknis, kaflann sem ég held að hafi ráðið úrslitum um það að bjórinn var stöðvaður þegar hann flutti þá ræðu. Sá kafli fjallar um drykkjuskap barna. Með leyfi forseta vil ég lesa hér stuttan kafla úr ræðu Vilmundar og að þessu sinni gríp ég til að lesa það eins og Alþýðublaðið prentar hana 1. mars 1988:

„Samkvæmt skýrslum skólalæknanna í Berlín drekka ⅘ barnanna þar meira og minna. 39% af börnunum þar drekka einn bjór á viku og 11% einn snaps á viku. 33% af börnum drekka bjór daglega og 2–3% snaps á hverjum degi, enda segja skólalæknarnir að drykkjuskapur barna sé þjóðarsiður. Í Gera fór einnig fram rannsókn á skólabörnum, 515 drengjum og 554 stúlkum. Reyndist þar svo að aðeins 4 drengir og 8 stúlkur höfðu aldrei smakkað áfengi. 235 af þessum 515 neyttu víns og 109 bjórs daglega. Af stúlkunum neyttu 257 víns og 130 bjórs á degi hverjum. Í München fór rannsókn fram á 4562 skólabörnum. 13,1% voru í bindindi, 55,3% drukku að staðaldri, 6,4% voru snapsadrykkjumenn og 4,2% reglulegir ofdrykkjumenn. Í Nordhausen var rannsakaður drykkjuskapur barna í fyrsta og fjórða bekk barnaskóla þar. Í 1. bekk skólans voru 49 sjö ára börn, 38 drukku vín, 40% þeirra snaps, og öll drukku þau bjór. Í 4. bekk skólans voru 28 stúlkur. 27 þeirra drukku vín, 24 snaps og allar bjór. Í Schönberg, sem er útborg við Berlín, fór fram rannsókn á drengjaskóla og stúlknaskóla þar. 56,2% af drengjunum drukku bjór að staðaldri og 30% önnur vínföng. Og af stúlkunum drukku 48,7% bjór að staðaldri og 32% önnur vínföng. Rannsókn í menntaskólum í Þýskalandi leiddi það í ljós að meira en 50% af 11–12 ára börnum neyttu áfengis daglega.

Ég vona að þetta nægi til að sýna fram á að það er engin fjarstæða að minnast á drykkjuskap barna í þessu sambandi. Og ég geri ráð fyrir að bindindisþekking sé á svo háu stigi í þessu landi að hv. þingdeildarmönnum sé að minnsta kosti ljóst hvílíkan voða er hér um að ræða þar sem fjöldi kornungra barna neytir áfengis daglega að ekki sé minnst á þau ósköp þegar 4,5% þeirra eru beinir ofdrykkjumenn, eins og í dæminu frá Þýskalandi, og ég ræði því ekki þá hlið málsins frekar."

Nú munu margir spyrja: Tilheyrir þetta ekki allt fortíðinni? Er þetta ekki allt löngu liðin tíð? Ætli það sé ekki rétt að taka hér fyrir nýjustu rannsóknir frá Stóra-Bretlandi á þessu sviði? Í desember 1986 birti breska ríkisstjórnin niðurstöðu rannsókna á drykkju unglinga í Stóra-Bretlandi. Heilbrigðisráðuneytið stóð að rannsókninni en hagstofa skipulagði hana. Könnun þessi fór fram 1983–1984. Niðurstöður hennar eru slíkar að við Íslendingar megum nokkra lærdóma af þeim draga. Hér eru nokkrar tölur: Af 13 ára drengjum höfðu 82% neytt áfengis og 77% stúlknanna á sama aldri. 24%, tæpur fjórðungur drengjanna, hafði drukkið fyrsta sopann yngri en 9 ára. Í þessum aldurshópi drukku 26% drengjanna og 17% stúlknanna fjórum sinnum í viku eða oftar. Og 34% 15 ára drengja og 25% stúlkna á þessum aldri drukku fjórum sinnum í viku eða oftar. Helmingur 15 ára drengja og þriðjungur 15 ára stúlkna drukku meira en 10 skammta áfengis í hverri viku. (Skammta, það samsvarar sjússum.) U.þ.b. 1 af hverjum 15 ára drengjum drakk meira en 25 áfengisskammta á viku. Þá sýnir þessi rannsókn svo og nýleg könnun meðal 18 000 skólabarna að algengt er að börn og unglingar drekki á krám þó að Bretar séu taldir manna löghlýðnastir. Tæpur helmingur þeirra 15 ára drengja sem áfengis neyttu drakk á almennum ölkrám.

Þá er rétt að víkja sér til Danmerkur og taka Politiken, nýjustu fréttir um stöðuna þar. Jú, þar kemur fram í rannsókn sem gerð var á 932 skólabörnum á aldrinum 13–18 ára að 146 nemendur af þessum hóp lýsa því yfir að á hverri helgi drekki þeir 10–47 bjórflöskur, 10–47 bjórflöskur. Ég hygg að það brosmilda lið sem stendur að flutningi þessa frv. og hefur talað hér fyrir þessu máli ætti örlítið að fara að athuga sinn gang.

E.t.v. er mér þetta alvörumál fyrst og fremst vegna þess að megninu af minni ævi hef ég varið til þess að kenna börnum í skólum þessa lands. Það fer

ekkert á milli mála að hver einasti kennari kynnist alvöru þess sem er að gerast úti í þjóðfélaginu, á heimilunum og veit hvílík áhrif drykkjuskapur hefur á möguleika barna til að stunda sitt nám. Þar á ég við drykkjuskap foreldranna. En ef við teljum að við getum ekkert lært af öðrum þjóðum í þessu efni, við viljum ekkert gera til að varðveita það að þessi þjóð er með næsthæsta meðalaldur í heimi og betra heilbrigðiskerfi en nokkurs staðar er til á Norðurlöndunum, þá skulum við víkja að seinasta þætti minnar ræðu.

Hvað kostar það á dag að halda uppi einum sjúklingi á Vogi? Vitið þið það? Daggjöldin ein eru á milli 4000 og 5000 kr. — greidd af íslenska ríkinu. Þá er ekki tekið fram hvað læknarnir kosta. Hefur Danmörk efni á því að taka drykkjumenn og setja þá inn á hæli og borga daggjöld fyrir þá þar með sitt fullkomna sósíalkerfi? Það væri nú vel ef fulltrúar í Norðurlandaráði færu að kynna sér þetta þegar þeir fara út núna og fengju upp hvað Danir héldu að það mundi kosta þá ef þeir tækju upp á þessari kenningu. Þeir hafa ekki efni á því að eigin mati. Þeir treysta sér ekki til þess. Þeir taka þá köldu ákvörðun einfaldlega að þetta útigangslið, sem lendir í þeirri aðstöðu að ráða ekki við sín drykkjuvandamál, verði bara að sigla sinn sjó. Það verði bara að sigla sinn sjó. Og því varpa ég fram til flm.: Eru þeir að leggja til þá skattheimtu á íslenska þjóð sem þarf ef við hleypum bjórnum inn og aukningin sem verður leiðir til þess að mun fleiri munu þurfa að leita sér hælis? Eru þeir að leggja þá skattheimtu á íslenska þjóð? Eða á sú kenning sem kom hér fram í ræðu hjá einum flm. að vandamálið hér á landi væri það að við litum ekki niður á drykkjumenn? Að við litum ekki niður á drykkjumenn. Er það það sem á að leysa vandann að taka ákvörðun um það að líta bara niður á drykkjumenn? Ég er ekki trúaður á að það sé lausnin. Hvað eru menn að leggja til? Það er vitað að það hefur engri þjóð tekist að selja áfengi í sínu landi á því verði að það borgaði kostnaðinn af því að neyta þess. Það hefur engri þjóð tekist þetta. Og það er óframkvæmanlegt vegna þess að það mundi leiða til svo mikils smygls inn í landið. Bandaríkjamenn og Rússar telja að fyrir hverja eina krónu sem þeir hafa fyrir áfengi þurfi ríkið að kosta til fjórum eða fimm.

Í Morgunblaðinu 26. febr. sl. skrifar Ingimar Sigurðsson grein sem hann kallar: „Geðlæknir klórar í bakkann." Ég hef orðið var við það að það fer í taugarnar á mönnum að ég lesi upp úr Morgunblaðinu og ég ætla að lesa bara örlítið brot af því sem hann segir til þess að misbjóða ekki þeim sem hér eru inni, með leyfi forseta:

„Að halda því fram að það sé móðgun við heilbrigða skynsemi að leyfa ekki sölu á bjór á Íslandi er með meiri háttar öfugmælum. Samfélagið er nú einu sinni þannig byggt upp að það verður í ýmsum tilvikum að kveða á um boð eða bönn, t.d. um þætti er lúta að ýmiss konar hegðun sem maðurinn ætti þó að bera skynsemi til þess að sýna." Hvað gerir þessi Ingimar? Vonandi vita allir að hann starfar í heilbrrn. íslenska og hans starf felst í því að stuðla að því að þessi þjóð sé heilbrigð. Taka menn rökum í þessu máli eða taka menn ekki rökum? Eru menn fyrir fram búnir að festa sig á þann hátt að hér komist ekkert vitrænt að? Draumurinn um að hafa af því vinsældir að koma bjórnum í gegn hefur tekið yfir hjá sumum og þeir telja að það sé aðalatriðið.

Ég vil samt enn skora á hv. þm. að kynna sér þessi mál, kynna sér þau, kynna sér rit eins og t.d. það sem dr. Tómas Helgason hefur skrifað um þessi mál. Það gengur ekki upp að við forsmáum hér í þinginu þá menn sem gleggst vita um þessa hluti, tökum ekkert mark á því hvað þetta muni kosta íslenska þjóð bæði í böli og peningum, neitum að horfa á þá staðreynd að sá liður í fjárlögum Íslendinga, sem hefur hækkað ár eftir ár með ævintýralegum hraða, það er kostnaðurinn við heilbrigðismálin, en viljum endilega marka þau spor að brjóta niður þær varnir sem hér hafa verið í áfengismálum, hirðum ekkert um það þó við hrindum mörgum unglingi út á braut glötunar með tiltækinu. E.t.v. launa þeir vel sem eru búnir að fá umboðin fyrir bjórinn.

Unnur Sólrún Bragadóttir:

Herra forseti. Það var aldrei ætlun mín að koma með innlegg í bjórmálið svokallaða en ég tel þó að hjá því verði ekki komist og því örfá orð. Ég er á móti frv. og ætla að rökstyðja það lítillega í þeirri von að það komi málstaðnum að gagni.

Í fyrsta lagi ofbýður mér umstangið vegna málsins á hinu háa Alþingi. Mér finnst þessum mikla tíma illa varið og eins og svo margir aðrir hef ég fengið á tilfinninguna að það sé sannast sagna ekkert þessu máli merkilegra að mati fjölmiðla. Ég tel hinu háa Alþingi skylt að afgreiða þetta mál með hraði á hvorn veginn sem svo niðurstaðan verður.

Það hvarflaði að mér hvort það væri með vilja gert að hafa bjórmálið á dagskrá núna þegar kjaramálin eru í brennidepli, hvort þessi umræða eigi að beina athygli almennings og fjölmiðla frá því sem þar er að gerast. Einhverjir munu hrista höfuðið og segja sem svo: Hvað er hún nú að rugla? Kjaramálin koma hinu háa Alþingi ekkert við, hvað þá bjórnum. Þau er vandamál verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda. En mér er spurn: Eru ekki gengisfellingar inngrip í kjaramál? Eða afnám vísitölubindingar? Hvað með matarskattinn svokallaða? Eða hefur ekki aukin áfengisneysla áhrif á kjör allt of margra? Eru markmið stjórnenda þessa lands ekki æði augljós og stefnumarkandi í kjaramálum þegar allar hækkanir eru frjálsar nema launahækkanir? Og í ljósi yfirstandandi efnahagsaðgerða ætli einhver hlakki ekki til að fá bjórpeninga í ríkiskassann? Ég ætla að tala undir ályktun formannafundar aðildarfélaga Alþýðusambands Austurlands, en þar segir, með leyfi forseta:

„Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa miðað markvisst að því að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Stjórnlaust brask með fjármagn hefur

ofurselt húsbyggjendur ríkisreknum okurlánamarkaði með þeim afleiðingum að raunverulegum öreigum fjölgar með hverri vikunni sem líður.“

Þeir hjá Alþýðusambandi Austurlands sjá sem sagt næg önnur verkefni fyrir hið háa Alþingi en bjórkarp. Ég vil enn fremur minnast á bréf sem mér var að berast frá kvenfélaginu á Breiðdalsvík þar sem hv. þm. eru hvattir til að fella bjórfrv. og beita kröftum sínum og áhrifum til að bæta atvinnuástand, en þar var einmitt verið að segja upp öllu starfsfólki frystihússins. Nei, í stað þess að taka á þeim alvarlegu vandamálum sem blasa við þorra launafólks í dag er ótrúlegum tíma þingsins eytt í að fjalla um leyfi eða ekki leyfi til bjórsölu og það ekki í fyrsta skipti. Þetta er að verða fast aðalstykki í hinu háa Alþingi.

Í annan stað finnst mér ólykt af bjórmálinu. Þar á ég við alla þá fjársterku aðila sem bíða í ofvæni eftir jákvæðu svari frá hinu háa Alþingi og þá miklu fjárhagslegu hagsmuni sem í húfi eru hjá mörgum. Bjór er bara enn ein tegund áfengis sem mér finnst satt að segja nóg af í samfélaginu fyrir. Það eru nú þegar svo margir sem eiga um sárt að binda vegna áfengis og ekki á það bætandi. En þegar gróðinn er annars vegar þá er það hann sem skiptir máli fyrst og síðast en ekki hagsmunir og velferð fólks. Það höfum við margreynt.

Einhverjir munu þá fullyrða að þarna sem annars staðar munum við sameina gróðasjónarmiðið og vilja meiri hluta þjóðarinnar. En ég veit að meiri hluti þjóðarinnar vill einnig svo margt annað brýnna, heilnæmara og jákvæðara og tel ég að hinu háa Alþingi beri fyrst að taka á slíkum málum. Um jafnréttistal og tvískinnung í sambandi við neyslu bjórs hér á landi, þ.e. að sumir geti nú þegar neytt bjórs en aðrir ekki þá vil ég bara segja þetta: Ef misréttið í samfélaginu fer svona fyrir brjóstið á sumum hv. þm. þá ættu þeir frekar að einbeita sér að öðrum mikilvægari jafnréttismálum, t.d. launamisréttinu í landinu, máli sem ótvírætt meiri hluti fólks vill að tekið verði á og mundi gjörbreyta andrúmsloftinu í samfélaginu og lífi fjölda fólks til betri vegar. Á hinn bóginn tel ég að sé bjór bannaður eigi hann að vera það í orðsins fyllstu merkingu. Þó nokkrir meðmælendur bjórs rökstyðja skoðun sína þannig að fólk eigi að geta valið. Hverjum og einum eigi að vera frjálst að kaupa bjór ef hann vilji. En áfengisneysla er ekki einkamál neytandans og við megum ekki gleyma því að eitt helsta hlutverk Alþingis er að setja samfélaginu reglur og verða þm. að treysta sér til þess.

Ég er líka sannfærð um að drykkja mundi færast í yngri aldurshópa, þ.e. að yngri börn mundu drekka bjór en þau sem nú drekka sterk vín. Ég er líka sannfærð um að áfengi yrði mun ríkari þáttur í félagslífi unglinga. Bjórneysla er litin öðrum augum en neysla annarra áfengistegunda og þætti mörgum ekkert tiltökumál þó unglingar sætu yfir bjór í góðum félagsskap eða þó þeir sæjust með bjórdollur á almannafæri.

Ég þekki nokkra sem eru það sem kallað er hófdrykkjumenn en fullyrða að ef bjórinn væri til staðar mundi drykkja þeirra tvímælalaust aukast. Þess vegna segjast þeir vera á móti bjór. Ég þekki einnig fjölda fólks sem er æstir fylgismenn bjórs vegna þess að með bjórnum sjá þeir ný tækifæri til neyslu áfengis sem félli innan siðferðisramma samfélagsins. Þeim þætti gott að fá sér bjór í kaffitímanum, einn þegar heim er komið að erfiðum vinnudegi loknum, eins konar verðlaun, með kvöldmatnum er kjörið að fá sér einn og víst verður sjónvarpskvöldið hugguleg með bjórkollu í hönd. Þá er það nú ekki dónalegt að hafa bjór að bjóða gestum, en þó væri hann líklega albestur í timburmönnunum. Og hver veit nema það kæmi lítið bjórhorn í kaffistofu hins háa Alþingis. Þá þyrfti ekki að stofna til opinberra veisluhalda til þess að komast í veigarnar.

Það má minna á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur nýlega ráðlagt að til þess að minnka heildaráfengisnotkun eigi að beita áfengispólitík Íslendinga, þ.e. að selja áfengi á fáum útsölustöðum, hafa það dýrt og banna bjór. Það væri svo aldeilis kaldhæðni örlaganna ef hið háa Alþingi samþykkti yfir okkur bjórinn á sama tíma og forseti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar boðar stefnu Íslendinga í fyrirbyggjandi aðgerðum í heilbrigðismálum. Í framhaldi af því væri fróðlegt að fá að heyra afstöðu hæstv. heilbrrh., sem ég sakna hér, til bjórfrv.

Að síðustu er það sannað að það er þó skárra að drekka í slurkum en að vera sísuplandi. Áhættan á lifrarsjúkdómum, svo sem lifrarkrabbameini og skorpulifur, er minni.

Í sjálfu sér sætti ég mig við afstöðu þeirra þm. sem eru fylgjandi bjórfrv. og segja að það geri ekkert til þó að áfengisneysla aukist. Þeirra afstaða byggist á rökum. En að fylgja bjórfrv. og halda því fram að bjórinn muni engin áhrif hafa á alkóhólneyslu landsmanna er dómgreindarskortur og má líkja við afneitunartímabil alkóhólista þar sem fyrst er dregin niðurstaða og síðan búin til rök til að undirbyggja hana.

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að tíunda hér þau læknisfræðilegu rök sem mæla gegn aukinni neyslu áfengis eða neyslu þess yfir höfuð en höfða til skynsemi hv. þm. og skora á hið háa Alþingi að fella þetta frv. hið fyrsta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég óska eftir því að athugað sé hvort hæstv. heilbrrh. er hér innan dyra. Ég hef svolítið við hann að tala. (**Forseti:** Það mun verða athugað.)

Ég vil þakka síðasta ræðumanni fyrir hennar innlegg í þetta mál. Ég hef líka vænst þess að það yrðu kannski konurnar hér á þingi sem mundu ráða úrslitum í þessu alvarlega máli. Það er nú svo með karlpeninginn að hann virðist vera værukærari og kærulausari um slík mál en konurnar yfirleitt og mér fannst það mjög athyglisvert hvernig þessi unga

kona, sem er að halda hér sína fyrstu ræðu á Alþingi, talaði og ég get tekið undir allt sem hún sagði.

Það er búið að ræða um þetta frv. Hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði því þau skil að við það er ekkert að bæta. En það er ýmislegt athyglisvert við þetta allt saman. Síðasti ræðumaður talaði um hvort það gæti verið tilviljun að bjórfrv. er nú til umræðu. Þið hafið séð fréttirnar í sjónvarpinu í gær. Eitt af því sem Helga Helgasyni í sjónvarpinu fannst athyglisverðastar fréttir var að bjórfrv. komst ekki til umræðu. Hann sagði ekki frá því að hér á hv. Alþingi hefði það verið upplýst að það ætti að skera niður 100 millj. af því sem var búið að ákveða að Húsnæðisstofnun ríkisins fengi og að það þýddi það að það yrði að svíkja nokkuð marga einstaklinga sem eru búnir að fá lánsloforð. Það var ekki málið. Það var ekki sagt frá því. Það var ekki frétt. Bjórmálið var frétt. Það er eins og þetta sé bara orðið mál málanna hjá sumum mönnum.

Það var hér fyrir nokkrum árum sem kosin var nefnd samkvæmt tillögu sem var borin fram hér á hv. Alþingi og samþykkt sem átti að leiða til þess að það yrði mörkuð áfengismálastefna á Íslandi. Í þessari nefnd voru 16 þjóðkunnir menn og niðurstaða þessarar nefndar varð sú að taka skyldi fastlega undir það að Ísland ætti að fylgja því sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint til aðildarþjóðanna, að minnka áfengisneyslu um fjórðung fyrir aldamót. Þess vegna er nauðsynlegt að huga að því hvaða ráð eru líklegust til þess að stuðla að því að slíkt takist.

Þeir sem fluttu bjórfrv. sem var sett í ruslakörfurnar viðurkenndu í sinni grg. að allar líkur væru fyrir því að bjórinn mundi auka neyslu Íslendinga á áfengum drykkjum. En ég veit ekki betur — hæstv. heilbrrh. er hér mættur — en að Ísland sé aðili að þessari heilbrigðismálastofnun. Það hefur ekki frést um eitt einasta ríki sem ætli að bregðast öfugt við nema þessa bjórmenn hér á hv. Alþingi.

Það væri hægt að lesa upp fréttir frá mjög mörgum ríkjum, t.d. frá Norðurlöndunum, sem ætla sér að banna milliöl, sem ætla sér að hindra það að áfengisútsölum fjölgi og meira að segja hafa sumar þjóðir hækkað aldur þeirra sem mega kaupa áfengi upp í 20–21 ár en hann var 18. Eina landið sem hefur frést um að sé að reyna að gera ráðstafanir fyrir hið gagnstæða eru Íslendingar.

Við erum að státa okkur af því að hér sé mikil og öflug heilbrigðisþjónusta. Ég man ekki betur en að hæstv. heilbrrh. teldi hana vera með því besta í veröldinni. En liggur það ekki á borðinu, er það ekki alveg sama hvar við berum niður um þessi mál, að aukið böl, aukin slys fylgja aukinni áfengisneyslu. Ég held að þessir hv. þm. sem leggja nú til að við förum að auka drykkju — það er það sem þeir gera og viðurkenna sjálfir — ættu að íhuga hvort það er ekki nokkur mótsögn við það sem við erum að reyna, t.d. í umferðinni, að fækka slysum?

Ég hafði samband við lækni fyrir nokkru sem starfar á stóru sjúkrahúsi í Svíþjóð. Hann taldi að 40% af slysum þar væru út af áfengisneyslu og mest út af bjórdrykkju og þó er milliölið ekki lengur selt þar. Ég man ekki betur en að hæstv. heilbrrh. hafi verið spurður að því í einu blaðanna hvort hann sé með bjórnum og hann hafi ef mig ekki misminnir sagt: Ég er eiginlega sjálfur með bjórnum, en ég er líka heilbrrh. Mig langar því til að leggja fyrir hann þá spurningu hvort hann sem heilbrrh. geti mælt með því að við gerum ráðstafanir á Alþingi Íslendinga árið 1988 til að auka drykkju í landinu eins og þeir sem báru fram þetta frv. viðurkenndu í grg. að væri markmið og það væri hætt við því. Þeir gerðu það samt.

Ég er hér með blaðagreinar eftir mæta menn. Ég er með blaðagreinar eftir dr. Tómas Helgason. Ég er með blaðagreinar eftir Grétar Sigurbergsson geðlækni og eftir Jóhannes Bergsveinsson lækni. Og ég er með þessa, ég vil segja merkilegu bók, Skýrslu áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar, sem átti að verða til þess að marka stefnu, ekki að auka drykkju í landinu heldur hvernig ætti að draga úr henni. Ég get ekki betur séð en að átökin um frv. sem hér liggur fyrir séu um þetta í sjálfu sér: Á það að verða stefna Alþingis, á það að verða stefna stjórnvalda að auka drykkju? Á það að vera? Er það það sem er stefnt að og er það það sem menn vilja bera ábyrgð á? Ég skora á þá sem eru í vafa að útvega sér þessar greinar sem ég taldi upp hér áðan. Það er mikill fróðleikur í þessum greinum og hvað sem er um læknana sem skrifuðu — hvað þeir voru margir, 133 — ef menn lesa um reynslu allra þjóða, hvar sem við flettum upp, er reynslan öfug við það sem þessir læknar skrifa undir.

Nú er það alveg rétt að venja er að frv. um sölu áfengis eða sölu bjórs fari í allshn. og það hefur verið hefð. En það er spurning, eins og nú standa mál, hvort meiri hluti allshn. sé ekki orðinn ber að því að hún er vanhæf að fjalla um þetta frv., blátt áfram. Miðað við það sem ég hef hér sagt á undan væri réttara að vísa því til heilbr.- og trn. Þetta er ekki síður heilbrigðismál.

Ég ætla mér ekki að fara að halda hér lengri ræðu. Ég ætla ekki að halda uppi málþófi út af þessu máli. Ég á að vísu margt ósagt, en þetta mál á eftir að fara a.m.k. til 2. umr. og ef það fer í gegnum 2. umr. þá 3. og þá kannski gefst tækifæri til þess að bæta við ef mál standa þannig að manni sýnist nauðsyn að ræða þetta frekar.

Ég vil endurtaka það, ég vil spyrja hæstv. ráðherra heilbrigðismála að því, hvort það sé ekki rétt að Ísland sé aðili að Heilbrigðismálastofnuninni og hvort hann geti bent á nokkra þjóð í veröldinni sem hafi snúist eins í þessu máli og hér liggur fyrir, þ.e. að gera öfugar ráðstafanir við það sem grannþjóðir okkar eru að gera og sem er eðlilegast að við gerum í þessu máli. Það er eins og fólk sem ræðir um þessi mál og stendur að þessum tillöguflutningi sé lokað fyrir öllum rökum.

Ég man eftir því að þegar ég var drengur rak ég

stundum fé til Akureyrar með föður mínum. Mér var sögð saga af því að sumir hverjir sem þótti sopinn góður urðu hálffullir þegar þeir sáu Akureyri og tóku á rás á undan hópunum til að ná sér í áfengi. Ég get ekki séð með þennan tillöguflutning annað en menn séu hálfölóðir eins og hinir gömlu menn sem ég var að segja frá.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Hér liggur rétt einu sinni fyrir til umræðu hið fræga bjórmál sem margir hafa ótrúlega mikinn áhuga á að samþykkt verði og aðrir ekki minni áhuga á að fellt verði. Þetta mál hefur komið í staðinn fyrir ýmis önnur langvinn deilumál, en jafnan hefur það verið svo að á hverju þingi eru eitt eða tvö slík mál þar sem menn skiptast í afstöðu sinni þvert á flokkabönd og er mönnum mikið niðri fyrir.

Nú er það svo að afstaðan til þessa máls fer ekki eftir því hvort menn eru bindindismenn eða ekki. Hún fer ekki eftir því hvort mönnum þykir bjór góður að hafa á borðum sínum eða drekka hann sjálfir eða ekki. Hún fer öllu fremur eftir því hvort menn líta á þetta mál sem heilbrigðismál eða viðskiptamál.

Í mínum huga er þetta mál fyrst og fremst heilbrigðismál og m.a.s. mjög mikilvægt heilbrigðismál þar sem hér er verið að tala um breytingu á þeirri áfengisstefnu sem fylgt hefur verið hér á landi. Þess vegna er það að ég tel það í hæsta máta óviðeigandi að ekki hafi komið fram í þessum ræðustól afstaða hæstv. heilbrmrh. Ég vil leyfa mér að óska eftir því við hæstv. forseta að hann biðji hæstv. heilbrmrh. að vera hér viðstaddan. Ég legg það ekki í vana minn að lýsa eftir ráðherrum við umræður í Alþingi, en ég held að um þetta mál (**Forseti:** Það skal kallað á heilbrmrh.) standi svo á að það sé nauðsynlegt. Ég mun þá gera hlé á ræðu minni þangað til hæstv. heilbrmrh. kemur. (**Forseti:** Það er verið að aðvara hæstv. heilbrmrh. og mun hann áreiðanlega koma eftir skamma stund.) Ég held að það sé rétt að aðvara hæstv. ráðherra vel um að það kunni að vera nauðsynlegt fyrir hann að skipta um skoðun ef hann hefur fylgt frv., en lýsa skoðun sinni gegn frv. ef hann vill það fellt.

Herra forseti. Ég þakka fyrir að gerðar voru ráðstafanir til að finna hæstv. heilbrmrh. því að ég tel að þau sjónarmið sem margir þm. hafa gagnvart þessu máli séu fyrst og fremst heilbrigðislegs eðlis.

Nú er það svo að bæði hæstv. heilbrmrh. og ég, sem var fyrirrennari hans, höfum beitt okkur fyrir því að kynna og afla fylgis við heilbrigðismarkmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þannig að þau séu færð að íslenskum aðstæðum og unnið sé að því að framkvæma þau á þeim tíma sem menn hafa sett sér til þessa verkefnis. Samkomulag hefur orðið meðal margra þjóða um það að vinna að því fyrir aldamótin næstu, sem eru nú skammt undan, að gera verulegar úrbætur til þess að koma í veg fyrir marga sjúkdóma og draga úr sjúkdómum þar sem ekki er unnt að koma í veg fyrir þá.

Ég veit að hæstv. heilbrmrh. hefur af því miklar áhyggjur ekki síður en margir aðrir þm. hve mikill kostnaðurinn í heilbrigðiskerfinu er. Það er m.a. eitt af þeim atriðum sem ég veit að hæstv. ríkisstjórn knýr á hann núna um að draga úr. Ég þekki það og aðrir þeir sem setið hafa í ráðuneytum hve hart er sótt að fagráðuneytum um sparnað í þeim málaflokkum sem þeir stjórna.

Ég geri ráð fyrir því líka að hæstv. heilbrmrh. hafi sannfærst um það eins og margir aðrir heilbrigðismálaráðherrar og margir þm. að mesti sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu felst í því að draga úr sjúkdómum og slysum, ef við tökum aðeins það sjónarmið fyrst, því að mér er ljóst að fjárhagssjónarmið vegur þungt í flutningi þessa máls, m.a. það sjónarmið að bruggun og sala áfengs öls kunni að veita ríkissjóði auknar tekjur, eins og sagði í grg. frv. sem flutt var í haust og er í raun og veru grundvöllur þess frv. sem núna liggur fyrir til umræðu. Við teljum hins vegar mörg að þessi fjáröflun svari ekki kostnaði.

Stundum er það svo að það er talað um of mikinn fjármagnskostnað, um okur sem er þess eðlis að afraksturinn af peningum sem notaðir eru verður minni en kostnaðurinn við að afla þeirra. Ég held að þetta verði niðurstaðan með bruggun og sölu áfengs öls í landinu vegna þess hvernig jarðvegurinn er fyrir, hvernig aðstaðan er fyrir í áfengismálum. Ég held að þetta verði of dýr tilraun, að bæta við áfengisneysluna í landinu. Menn kunna að segja: Það liggur fyrir að ýmsar þjóðir, sem standa sig þokkalega á ýmsan veg, búa við meiri drykkju almennt en Íslendingar. Þar er meiri heildarneysla áfengis. Höfum við þá ekki ráð á því að bæta svolítið við? Og ég spyr hæstv. heilbrmrh.: Telur hann að við höfum ráð á því að bæta við fjölda slysa í umferðinni vegna ölvunaraksturs t.d., fjölda ýmiss konar annarra slysa sem verða í mikilli ölvímu, fjölda þeirra sem eru sjúkir á sál og líkama af völdum áfengisneyslu og auk þess það tjón sem verður af glötuðum vinnustundum og sorg, áhyggjum og ósamkomulagi í fjölskyldum? Ég held að í raun og veru kæri sig enginn um að bæta við þessar aðstæður. Og einkennilegt er það að við skulum hér í gær og í dag, þegar við erum að keppast við að vinna að því að allir keyri nú með ökuljósin kveikt og í bílbeltunum til að forða umferðarslysum, ræða um að samþykkja mál sem ég held að öllum sé ljóst að muni valda meiri ölvunarakstri hér á landi en aðstaðan er sú að umferðarslys eru hér á landi óeðlilega tíð nú þegar. Slysafjöldinn er allt of mikill og ekki aðeins í umferðinni heldur líka á fólki, sérstaklega ungu fólki. Hvað þykir mönnum um þá aðstöðu að vera einn daginn að samþykkja heilbrigðismarkmið eða vinna að því að fá þau samþykkt, sem m.a. fela í sér að þær þjóðir sem aðilar eru að þeim samþykktum dragi úr heildarneyslu áfengis um fjórðung fyrir næstu aldamót, og þá séum við að vinna að því að samþykkja lög sem ljóst er að auki heildarneyslu áfengis? Ef þetta er ekki

það að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir veit ég ekki hvað má kalla þetta. Ég ætla ekki að fara út í að hafa uppi nein stóryrði og lýsingarorð um þetta. Ég þykist vita að flm. gangi gott til svo langt sem þeir hafa hugsað málið. En e.t.v. hafa þeir ekki hugsað það nógu langt. Það held ég að sé meinið.

Menn lýstu því yfir að þeir vildu með samþykkt þessa frv. bæta drykkjusiði Íslendinga. Ég held að árangurinn verði þveröfugur við þann tilgang. Ég held að það sé ljóst af margfaldri reynslu víða um önnur lönd. Ég veit ekki til að við séum svo frábrugðin Vestur-Evrópuþjóðunum t.d. að niðurstaðan væri einhver allt önnur hér á landi. Sú rannsókn, sem fram hefur farið víða um lönd einmitt á áhrifum aukinnar heildarneyslu áfengis og liggur fyrir í skjölum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin m.a. hefur unnið úr, er þess eðlis að hún er algerlega fullnægjandi fyrir mig. Ég skil ekki hverjir spekingar það eru hér á hv. Alþingi sem sjá þessa hluti miklu betur en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og þeir sérfræðingar um mörg lönd sem vinna í hennar þágu. Ég tel það mikinn ábyrgðarhluta að vísa þeim niðurstöðum á bug rétt eins og þær væru hrein vitleysa eða settar fram af einhverri meinfýsni í garð flm. bjórfrv. á Íslandi. Ég held að þarna hafi menn stigið skref sem í fyrsta lagi var óþarft og í öðru lagi getur orðið óheillaskref ef frv. verður samþykkt.

Mér þykir í raun og veru einkennilegt að þetta mál, sem í hæsta máta er heilbrigðismál, skuli ekki hafa verið á neinu stigi þess sent til umsagnar heilbrigðis- og tryggingaefnda þingsins eða hefur hv. allshn. fengið til viðræðu formann áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar, ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn., sem hefur unnið að því að undirbúa markmið ríkisstjórnarinnar í áfengismálum? Og hvernig stendur á því að menn telja nauðsyn bera til að samþykkja þetta frv. núna áður en áfengismálastefna ríkisstjórnarinnar hefur séð dagsins ljós? Þess vegna lýsi ég eftir áfengismálastefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta mál er breyting á þeirri áfengismálastefnu sem fylgt hefur verið, veruleg breyting. Þetta mál þýðir að ef ríkisstjórnin fellst á það vill hún auka heildarneyslu áfengis í landinu.

Annað atriði í áfengismálastefnu ríkisstjórnarinnar, sem ég tel að standi höllum fæti, er að bilið hefur minnkað á milli verðs á sterku áfengi og verðs á léttum vínum þannig að í því hefur falist viss hvatning til neyslu á sterku áfengi. Það atriði er vissulega mikilvægt, en hérna erum við með hlut í höndunum þar sem við þurfum ekki að hætta við neitt sem fyrir er heldur einfaldlega að sleppa því að bæta því við. Vel má vera að þá segi menn sem svo, sem mér virtust vera helstu rök sem menn hefðu í raun og veru fyrir máli sínu þegar þeir töluðu fyrir þessu frv. fyrr í vetur: Hvað þá með ósamræmið sem felst í því að sumir borgarar þjóðfélagsins geta fengið keypt áfengt öl og hinir ekki? Það er einfalt mál, ef menn telja að þetta sé ósamræmi sem afnema beri, að afnema það og þess heldur ef menn telja að sala á áfengu öli, t.d. í Fríhöfninni, sé ekki lögum samkvæm er sjálfsagt að hætta þeirri sölu. Ég geri ráð fyrir að það verði ósköp margir sem mundu sakna þess lítið, jafnvel af þeim mörgu sem kaupa bjórskammtinn þegar þeir koma inn í landið.

Mér er vel ljóst að það er nokkurt vafamál hvort sala bjórs í Fríhöfninni standist lagalega eða ekki. Auðvitað er það svo að fríhafnir og viðskipti þar lúta allt öðrum reglum en viðskiptin í löndunum sjálfum og vel má vera að það renni stoðum undir að þetta sé heimilt. Hins vegar eru aðrir þættir sem mæla gegn því í lögum og í álitsgerð, sem mikið hefur verið vitnað til, hefur verið bent á að þessi ráðstöfun hafi ekki staðist. Þess vegna er í raun og veru miklu einfaldara að afnema hana en að samþykkja þetta frv. Þá væri þetta ósamræmi úr sögunni.

Hvers vegna skyldi maður hafa svo mörg orð um þetta og taka lífinu með ró eins og þessu máli liggi ekki nokkurn skapaðan hlut á? Auðviað liggur því ekki nokkurn skapaðan hlut á og við eigum að fella frv. þegar það kemur til afgreiðslu. En ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að renna niður þeim röksemdum að hér sé um mál að ræða sem tengist einhverri frelsishugsjón. Frelsishugsjón hefur allt annað í för með sér en að leiða aukinn heilsufarsvanda yfir landsmenn. Hversu miklir frjálshyggjumenn sem við erum erum við sammála um að bílar eiga að aka með ljósin, við eigum að hlýða umferðarreglum, við eigum að afstýra slysum. (**Gripið fram í:** Við borgum skatta líka.) Já, og við eigum að borga skatta. Og þessir skattar okkar þurfa að standa undir gríðarlegum sjúkrahúskostnaði vegna þeirra sem hafa beðið heilsutjón af völdum ofneyslu áfengis og þeir þurfa að standa undir örorkustyrkjum til þeirra sem ná sér ekki eftir að hafa orðið fyrir slysum af sömu orsökum. Fjármunir almennings þurfa líka að standa undir tryggingabótum á ýmsum hlutum sem verða fyrir skemmdum vegna athafna sem unnar hafa verið undir áhrifum áfengis. Það vitum við auðvitað öll að bjórinn er lúmskari að þessu leyti en margt annað áfengi. Bjórinn mundi valda meiri hversdagsdrykkju, mundi tíðar en nú er vera gripið til bjórkollunnar. Ég held að ég megi vitna til nýlegra blaða norrænna um að það er ljóst að unglingar drekka langtum meiri bjór en þeir mundu drekka af öðru áfengi ef bjórinn væri ekki jafnaðgengilegur og hann er í löndum þeirra.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa upplifað að sjá afar illa komna unglinga sitja á tröppum við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn. Þau máttu varla mæla og voru afar illa komin. Ég undraðist mjög þegar ég sá slíka sjón. Hvernig stendur á þessu í þessu velferðarríki? Af hverju er þessum börnum ekki bjargað til læknis? Samferðamaður minn sagði mér: Þessir unglingar drekka bjór og reykja hass samtímis. Það er mjög vinsælt í þeim hópi sem þau eru í, þeirra kunningjahópi vafalaust.

En því nefni ég þetta að mér þykir það hljóma afskaplega einkennilega þegar ég heyri sömu mennina og berjast gegn því að auka heildarneyslu áfengis með þjóðinni kveðast vilja leggja allt á sig til þess að

verja æskufólk vímuefnum. Í fyrsta lagi er áfengið vímuefni og hættulegast þeirra vímuefna sem neytt er á okkar menningarsvæði. Það held ég að liggi algerlega ljóst fyrir. Þá hef ég í huga þá neyslu sem er nokkuð almenn og styðst við mælingar á tjóninu sem af neyslunni verður.

Í tvennum rannsóknum, sem aðstoðarlandlæknir hefur staðið fyrir á neyslu unglinga á áfengi og öðrum vímuefnum, hefur komið í ljós að áfengið er þessum unglingum langhættulegast. Ég þykist vita að niðurstöður þessara tveggja rannsókna hafi hæstv. heilbrmrh. fengið eða eigi mjög hægt með að fá þær og ég leyfi mér að óska eftir því að hann sjái til þess að þessum niðurstöðum verði útbýtt hv. alþm. til fróðleiks. Þær voru vissulega birtar í fjölmiðlum á sínum tíma, en nokkuð er umliðið og menn gleyma svo mörgu þegar menn hafa í huga að reyna að koma í gegn bjórfrv.

Menn hafa látið margir hverjir eins og vind um eyrun þjóta að alþm. fengu hver og einn einasti nú í vetur bréf sem var frá öllum læknum sem annast meðferð drykkjusjúkra, bæði á meðferðarstofnunum SÁÁ og í áfengisskor geðdeildar ríkisspítalanna, ekki aðeins yfirmönnum þessara stofnana heldur öllum læknum sem starfa við þessar stofnanir. Það er stundum sagt að læknar séu e.t.v. ekki alltaf nægilega samstiga, en í þessu tilviki var ljóst að þarna er um að ræða menn sem hafa reynslu af margþættum vanda á þessu sviði og þurfa að fást við fólk sem beðið hefur heilsutjón vegna áfengis og þeir luku allir upp einum munni um þetta mál.

Í grein sem Óttar Guðmundsson, yfirlæknir á Vogi, skrifaði í Morgunblaðið 20. febr. gerir hann fyrst grein fyrir skaðsemi áfengis bæði beinni og óbeinni, vitnaði í heilbrigðisskýrslur frá 1982 um það, það er fylgirit heilbrigðisskýrslna nr. 3, og segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi skaðsemi áfengis er vel þekkt í öllum þeim löndum þar sem áfengi er haft um hönd, en viðbrögð stjórnvalda eru um margt mjög mismunandi. Orsakir þess eru margar, en sennilega vega hvað þyngst ýmsir efnahagslegir hagsmunir sem gera allar aðhaldsaðgerðir ákaflega erfiðar. Þannig eru samtök vínbænda í Frakklandi, Ítalíu og Portúgal og ölgerðarmanna í Danmörku, Þýskalandi og Hollandi mjög sterk og bregðast hart við allri umræðu um skaðsemi áfengis eða einhverjar aðhaldsaðgerðir sem nauðsynlegar væru."

M.ö.o.: það er í þessum löndum um að ræða hagsmuni landbúnaðarins. Gera menn sér grein fyrir því að um önnur vímuefni gildir líkt? Í sumum lítt þróuðum löndum er framleiðsla á ýmsum eiturlyfjum, mismunandi hættulegum, landbúnaðarmál. Ég nefni þetta til þess að minna á að viðbrögð stjórnvalda gagnvart þeim málum eru líka mismunandi og meira að segja viðbrögð stjórnvalda í Evrópulöndum.

Ég leyfi mér að vitna aftur til Óttars Guðmundssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestar þjóðir hafa einhverja heildarstefnu mótaða hvað varðar áfengi, en mjög er mismunandi hvernig litið er á eða tekist á við vandann. Sumar virðast vera í afneitun á að áfengi geti verið alvarlegt heilsufarslegt vandamál (Danir) en aðrar taka á mun fastar og reyna að spyrna við fótum á einhvern hátt. Óvíða í heiminum eru rannsóknir á skaðsemi áfengis eins miklar og í Svíþjóð og fáar þjóðir hafa eytt eins miklum fjármunum og orku í alls kyns athuganir og útreikninga á þeim kostnaði sem þjóðarbúið ber vegna áfengisneyslu þegnanna. Víðast reyna þó ríkisstjórnir að koma til móts við þennan kostnað með skattlagningu á áfenga drykki, en það nægir hvergi til. Samkvæmt útreikningum Svía kostar áfengisneyslan sænska skattborgara 50 milljarða sænskra kr. á ári, en það jafngildir 300 milljarða ísl. kr. Þetta er úr riti Gunnars Ågren, Svenska lekarskapets handlingar, úr 95. bindi, 4. hefti 1986.

Þá er reiknað með sjúkrakostnaði og ýmiss konar öðrum útgjöldum vegna heilsugæslu, framleiðslutapi og framleiðsluminnkun vegna fjarveru frá vinnustöðum, svo og er ýmis annar kostnaður talinn til. Það er erfitt að reikna út tölu sem þessa, enda hljóta útreikningarnir alltaf að liggja undir ákveðnu ámæli, en talan, hvort sem hún er heldur lág eða há, segir til um umfang vandans."

Þetta segir Óttar Guðmundsson og hann segir að tekjur vegna áfengissölu í Svíþjóð nemi um 7–8 milljörðum sænskra kr., en hann hafði áður sagt að kostnaðurinn næmi 50 milljörðum. Þarna hefur verið gerð alvarleg tilraun, herra forseti, til að reikna út kostnað sem tengdur er ofneyslu áfengis og við sjáum að það vantar mikið á að endar nái saman. Skaðsemin er hvarvetna talin standa í réttu hlutfalli við heildarneyslu áfengis í landinu. Þess vegna er það sem ég hef áhyggjur af þessu máli. Það er vegna þess að skaðsemin er talin standa í réttu hlutfalli við heildarneyslu áfengis í landinu og það að bæta á markaðinn einni gerð áfengis eykur heildarneysluna.

Ég veit ekki hvort menn muna, sem segir í grein þessa læknis, Óttars Guðmundssonar, að alkóhól er þriðja algengasta dánarorsökin á eftir hjarta- og æðasjúkdómum og krabbameini. Þess vegna telur hann að heildarkostnaður Frakka t.d. vegna áfengisneyslu sé enn meiri hlutfallslega en Svía. En það sem gerir Frökkum erfitt fyrir eru aftur á móti hinir margnefndu landbúnaðarhagsmunir og ákveðin þjóðarafstaða, eins og hluti af hinni frönsku menningu.

Nú er það ekki svo að bjórneysla sé neinn hluti af íslenskri menningu, svo að ekki er þeirri röksemd fyrir að fara, heldur er þetta einungis það að reyna að haga sér eins og aðrar þjóðir sem við höfum séð til eða hafa á boðstólum þá drykki sem þar eru á boðstólum hvort sem þeir auka vandann eða ekki.

Ég veit það, herra forseti, að þegar ég held því fram og margítreka það að ný tegund áfengis auki við þá neyslu sem fyrir er segja menn: Ja, er nokkurs staðar sýnt fram á það? Ég held að það sé nægilegt að segja að hér ræðum við viðbót við það áfengi sem

fyrir er og það er margrannsakað af þeim sérfræðingum, sem í mörgum löndum eru taldir hinir færustu á þeim sviðum, að aukið framboð á áfengi eykur heildarneysluna og aukin heildarneysla eykur skaðann af áfenginu.

Aðeins þetta atriði ætti að sýna að það er rangt að menn drekki bjór í staðinn fyrir sterk vín og auk þess liggja fyrir sérstakar rannsóknir á því í nokkrum löndum, á Norðurlöndum reyndar, að bjórdrykkjan eykur líka neyslu brenndra vína og heildarneyslan eykst. Svo að ég skýri frá því orðrétt eins og Óttar Guðmundsson dr. med. skýrir frá því segir hann og byggir upplýsingar sínar á „Yearbook of Nordic Statistics" frá 1986 „að heildarneysla Færeyinga 1979 eða árið áður en bjór er leyfður í landinu var 5,8 lítrar af hreinum vínanda á hvert mannsbarn sem skiptist þannig að drukknir voru 33 lítrar af bjór, 4,2 lítrar af léttvínum og 6,4 af brenndum vínum á hvern einstakling yfir 15 ára aldri. 1985 aftur á móti er heildarneyslan 6,6 lítrar af áfengi á hvert mannsbarn sem skiptist þannig: 50,6 lítrar af bjór, 4,1 lítrar af víni og 8,8 lítrar af brenndum drykkjum. Þegar þessar tölur eru skoðaðar sést að bjórdrykkjan eykst mjög verulega svo og drykkja brenndra vína og heildarneyslan eykst. Þessu var tekið mið af eftir að bjór var leyfður í landinu.

Hér hefur svo oft verið vikið að reynslu Svía af milliölinu að ég ætla ekki að ræða um það, en þeir telja að breytt áfengispólitík og meiri áróður gegn drykkjuskap, svo og það að menn hafa fremur beint neyslu sinni að léttum vínum, hafi átt stærstan hlut að því að draga lítið eitt úr heildarneyslu áfengis í Svíþjóð."

En í Finnlandi fer fram umræða nú um að snúast gegn vanda af völdum bjórdrykkjunnar og ég held að það væri tilvalið að fulltrúar Alþingis í Norðurlandaráði kynntu sér þessi mál sérstaklega, ekki bara með því að bragða bjórinn sjálf heldur líka með upplýsingasöfnun frá starfssystkinum sínum, og þau miðluðu okkur af þeirri reynslu sinni og upplýsingum þegar þau koma heim af Norðurlandaráðsþingi svo við gætum stuðst við það þegar við tökum endanlega afstöðu til málsins.

Það ætti ekki að þurfa að minna á þá dapurlegu reynslu sem Grænlendingar hafa bæði hvað varðar ofdrykkju á bjór og öðru áfengi.

Ég vil enn víkja að vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Nú skulum við ekki halda að þetta sé einhver samkoma þar sem menn tala hver í kapp við annan í einhverju auglýsingaskyni eða til að búa til einhverjar fallegar ályktanir. Þetta er stofnun sem byggir á mjög viðamiklu starfi margra vísindamanna á fjölmörgum sviðum í öllum aðildarríkjunum.

Árið 1981 komst Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að þeirri niðurstöðu að áfengisdrykkja væri með stærstu heilbrigðisvandamálum sem þjóðirnar ættu við að etja og 1982 var starfi þingsins sérstaklega beint að þessu máli.

Í desember 1986 fengu ríkisstjórn og alþingismenn opið bréf um heilsuvernd og nauðsyn þess að draga úr heildarneyslu áfengis. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilsuvernd sem byggir á hollum lífsvenjum er grundvöllur heilbrigðis og langlífis. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt fram stefnuskrá þar sem bent er á markmið og leiðir til þess að stuðla að heilbrigði fyrir alla árið 2000. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt þessa stefnuskrá. Meðal þeirra markmiða sem stofnunin telur nauðsynlegt að ná er að fyrir þann tíma hafi allar þjóðir minnkað heildaráfengisneyslu sína um a.m.k. fjórðung."

Það er ekki verið að tala um að banna allt áfengi. Það er ekki verið að tala um neitt ofstæki í þessum málum. Það er bara verið að horfa á beinharðar staðreyndir og hvernig getum við snúist við því, hvernig getum við snúist við heilbrigðisvanda, hvernig getum við snúist við vanheilsu, gegn slysum, gegn þeirri sorg og tjóni sem leiðir af ofneyslu áfengis í löndunum. Ég minni á það hér að ofneyslan hélst í hendur við heildarneysluna.

Ég held áfram, herra forseti, með þetta opna bréf: „Ástæða þessa er sú að öll vandamál sem tengjast áfengi vaxa margfalt með aukinni heildarneyslu. Áfengissýkin er aðeins einn þáttur þessara vandamála. Aðrir sjúkdómar fólks á starfsaldri eiga að verulegu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar áfengis. Sama er að segja um slys. Hvort tveggja veldur þjáningu og örorku, auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu og meiri dánarlíkum. Lítill vafi er á að aukin áfengisneysla á sinn þátt í vaxandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu á undanförnum aldarfjórðungi. Í umræðum um ólögleg vímuefni gleymist allt of oft að leggja áherslu á að áfengisnotkun er jafnan samfara notkun þeirra. Áfengisneysla er og í flestum tilvikum undanfari annarrar vímuefnanotkunar. Félagslegar afleiðingar ofnotkunar áfengis eru ekki síður uggvænlegar og aukast einnig margfalt með vaxandi heildarneyslu. Hér má minna á vinnutap og heimilisböl ýmiss konar, svo sem hjónaskilnaði, ofbeldi á heimilum, andlegar og líkamlegar misþyrmingar á maka og börnum. Enn fremur ber að minna á hættuna sem stafar af ölvunarakstri og ýmissi annarri óábyrgri hegðan sem leiðir af því að áfengi slævir dómgreind manna. Annað og oft óviðkomandi fólk getur þannig verið í verulegri hættu. Sérstök ástæða er til þess að minna á að samfara ölvun er tíðni tilviljunarkenndra og óráðgerðra kynmaka mun meiri en ella. Af þessu kunna að hljótast alvarlegir sjúkdómar sem geta verið banvænir.

Með hliðsjón af framansögðu viljum við undirritaðir hér með skora á ráðherra og aðra alþingismenn að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar."

Undir þetta rita Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Ásmundur Brekkan, forseti læknadeildar, Björn Önundarson tryggingayfirlæknir, Gunnlaugur Geirs-

son, prófessor í réttarlæknisfræði, Hrafn Tulinius, prófessor í heilbrigðisfræði, Þórður Harðarson, prófessor í lyflæknisfræði, Ólafur Ólafsson landlæknir, Haukur Þórðarson, formaður Læknafélags Íslands, Gunnar Þór Jónsson, prófessor í slysalækningum, Hjalti Þórarinsson, prófessor í handlæknisfræði, Tómas Helgason, prófessor í geðlæknisfræði, Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði.

Þar lauk þessum lestri, herra forseti, og mig langar að lokum til þess að vitna í yfirlýsingu frá Læknafélagi Íslands. Þessi yfirlýsing var gerð á aðalfundi Læknafélagsins 1987 og er um stuðning við opið bréf til ríkisstjórnar og alþm. um heilsuvernd og nauðsyn á að draga úr heildarneyslu áfengis.

„Í desember 1986 sendu tólf læknar opið bréf til ríkisstjórnar og alþingismanna um ofangreint málefni. Í bréfinu er vísað til stefnuskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilbrigði fyrir alla árið 2000 og sett fram rök fyrir nauðsyn minnkunar heildarneyslu áfengis. Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Reykjavík 21.–22. sept. 1987, lýsir fullum stuðningi við erindi tólfmenninganna og tekur undir áskorun þeirra til ráðherra og alþingismanna að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki hér á landi í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar."

Ég tel, herra forseti, að þegar við höfum í höndum mál sem getur haft veruleg áhrif á þróun alvarlegs þáttar í heilbrigðiskerfi okkar, sem getur haft neikvæð áhrif á þá þróun, sem getur seinkað því að við ráðum við þann vanda sem við er að etja og sem eykur líkur á slysum og sjúkdómum í stað þess að draga úr þeim, sé varla nokkur maður sem af þeim sökum með heilbrigðisrökin í huga gæti fallist á þetta mál. Þá er spurningin: Eru peningahagsmunirnir virkilega svo þungvægir að menn vilji þetta til vinna eða er það að menn vilji hafa völ á því að kaupa sér bjór svo mikilvægt að menn vilji þetta til vinna? Ef rökin eru þau, sem út af fyrir sig má vel færa fram frá heimspekilegu sjónarmiði, að hver og einn einstaklingur beri algjöra ábyrgð á sínu lífi og geti farið með sitt líf eins og honum sýnist, lagt sér til munns það sem honum sýnist eða gert yfirleitt það sem honum sýnist, þá rekur þessi röksemd sig á aðra mikilvæga röksemd, að framkvæmd þess frelsis rekst á rétt annarra sem verða að bera kostnaðinn af tjóni af þessum sökum, beinan eða óbeinan. Þess vegna er það að svo fjölmörg atriði í þjóðfélaginu eru til þess fallin að setja skorður við slíku, m.a. að þjóðfélagsborgurunum er ekki leyft að kaupa áfengi frá því að þeir eru t.d. sjö ára. Varla eru menn talsmenn þess. Mönnum er ekki leyft þó þeir séu fullorðnir að kaupa önnur vímuefni og svo má lengi telja. Alls kyns höft eru á efnum og aðgerðum sem talin eru heilsu manna hættuleg af því að siðferðisrökin, sem hníga að því að samhjálp manna felist í því að stuðla að betri líðan samborgaranna með því að afstýra tjóni eða bæta böl, eru enn mikilvægari. Það höfum við öll fallist á og ég geri ráð fyrir að fáir séu talsmenn þess að gera það ekki.

Ég lýk þessari ræðu minni, herra forseti, á því að segja eins og í þeirri ræðu sem ég hafði áður haldið í umræðum um annað frv. sem hefði leitt til sömu niðurstöðu: Ég vonast til þess að þingið afgreiði þetta mál á þann veg að frv. verði fellt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í umræðum þeim sem hér hafa farið fram að undanförnu um frv. til l. um breytingu á áfengislöggjöfinni hefur verið beint til mín nokkrum spurningum og að sjálfsögðu er mér bæði ljúft og skylt að reyna að svara þeim.

Því miður sé ég að annar hv. þm., sem hér beindi til mín spurningum, er ekki kominn í salinn enn þá, hv. 6. þm. Norðurl. e., en hann er sjálfsagt væntanlegur. Út af fyrir sig dugar það honum kannski að fá inn í þingtíðindin þau svör sem ég kann að flytja honum en ekki að hlýða á þau.

Síðan beindi hv. 3. þm. Reykv. einnig til mín fsp., a.m.k. einni, kannski fleirum, og ég get að sjálfsögðu byrjað á því að nefna það sem fram kom hjá þeim hv. þm. Ég hef e.t.v. ekki náð þessum spurningum niður orðrétt, enda skiptir það ekki máli, heldur efnisatriðum. Ég held að hv. þm. hafi spurt eitthvað á þessa leið: Höfum við ráð á að bæta við fjölda umferðarslysa eða taka á okkur hvers konar aðra skaðsemi eða vá af völdum áfengisneyslu? Að sjálfsögðu er rétt flestallt og sjálfsagt allt sem kom fram í máli þessa hv. þm. um skaðsemi áfengisneyslunnar og þá hættu sem hún hefur í för með sér, umferðarslys og skaðsemi hvers konar, ekki bara á heilsufar heldur einnig félagsleg og á heimilisaðstæður o.fl. o.fl. sem ástæðulaust er að endurtaka eða tíunda. Við höfum að sjálfsögðu ekki ráð á því að bæta við slíkt. Það hlýtur öllum að vera ljóst. Svar mitt við þessari spurningu er því einfalt og sammála því sem fram kom hjá hv. þm.

Spurning frá hv. 6. þm. Norðurl. e., sú fyrsta af þremur sem ég skrifaði hjá mér, var á þá leið hvort Ísland væri ekki aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Það er vissulega rétt. Svarið við því er auðvitað já. Við erum þátttakendur í þeirri starfsemi. Þetta er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Við höfum reynt að miða okkar heilbrigðisstefnu að verulegu leyti við þau markmið sem þar hafa komið fram. T.d. tekur sú íslenska heilbrigðisáætlun sem var lögð fram á síðasta þingi af hæstv. þáv. heilbrmrh. mið af stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem stundum hefur verið kennd við heilbrigði allra árið 2000. Við reynum að setja fram í okkar áætlun svipuð markmið og sú stofnun hefur haft að leiðarljósi.

Í öðru lagi spurði hv. þm. mig hvort mér væri kunnugt um að einhver önnur þjóð hefði brugðist svo við að stefna að aukinni áfengisneyslu. Ég veit það ekki fyrir víst, en mér þykir það heldur ólíklegt.

Ég býst ekki við því að nokkur þjóð hafi stefnt eða stefni að slíku sem einhverju markmiði. Ég held að svona spurningu sé í raun einnig auðveldlega svarað á þann veg þó ég hafi ekki fyrir mér neitt í því. Mér dettur það reyndar alls ekki í hug.

Í þriðja lagi spurði sá ágæti hv. þm. hvort heilbrmrh. gæti mælt með því að drykkja verði aukin í landinu. Það geri ég að sjálfsögðu ekki. Ég mæli miklu fremur með því að dregið verði úr drykkju. Svar mitt við þessari spurningu er því líka ákaflega einfalt. Það hlýtur að vera stefnan. Í því sambandi langar mig til þess að vitna til þessarar íslensku heilbrigðisáætlunar og þeirra markmiða sem þar koma fram. Þar er fjallað á einum stað um skaðleg áhrif áfengis og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi. Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu." Markmiðin sem hér eru sett fram eru svohljóðandi:

„Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar. Almenna neyslu áfengis þarf að minnka. Á næsta hálfum áratug verður lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi. Það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka. Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram verðlag og sterkt áfengi meira en létt. Sett verði áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti, fyrst árið 1990." Þetta eru þau markmið sem eru sett fram í þessari heilbrigðisáætlun.

Nú er það svo að þessi áætlun hefur í sjálfu sér ekki hlotið staðfestingu sem slík. Hún er sett fram í skýrsluformi í fyrra. Hún hefur verið rædd ítarlega nýlega á heilbrigðisþingi og mín hugmynd, eins og ég hef lýst áður, hefur verið að koma henni inn í þingið á ný til umfjöllunar. Ég vænti þess að í megindráttum séu menn sammála þessum markmiðum, en við viðurkennum sjálfsagt líka öll að það er ekki einfalt eða auðvelt að koma þeim í framkvæmd.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði til skýrslu áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar. Þau markmið sem hér eru sett fram eru mjög í samræmi við þau markmið sem þar eru sett fram. Að sjálfsögðu eru þau miklu ítarlegri en hér er gert í örfáum setningum. Þessari áætlun var skilað til fyrrv. ríkisstjórnar þannig að ég hef ekki tekið þessa áætlun sérstaklega upp, en vitnaði til þess í svari við fsp. þar að lútandi hér í hv. þingi fyrir nokkru að ég liti svo á að umfjöllun um stefnu í áfengismálum í tengslum við íslenska heilbrigðisáætlun væri fullnægjandi að þessu leytinu og ekki þess vegna ástæða til að taka þá skýrslu sérstaklega upp hér eða til umræðu. Ég þarf í rauninni ekki að endurtaka þetta.

En í þessari sömu áætlun er einnig talað um skaðsemi tóbaksnotkunar og þar eru markmiðin ekki ólík því sem er varðandi áhrif og markmið varðandi áfengisneysluna. Þar segir t.d., með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðið er að draga úr og síðan útrýma neyslu tóbaks með því að fá fólk til að byrja ekki að reykja og það sem reykir til að hætta. Til þess að ná þessu markmiði verður að auka bæði upplýsingar og áróður og taka til sérstakrar íhugunar tengsl milli reykinga og annarra lífnaðarhátta. Það verður að minnka verulega og helst útiloka að fólk sem ekki reykir þurfi að líða af tóbaksreyk. Verð á tóbaksvörum á að hækka árlega umfram verðhækkanir almennra neysluvara þannig að tóbaksverð sé ávallt langt yfir almennu verðlagi. Það á að útiloka áhrif innflytjenda á það að stýra útsöluverði tóbaksvara."

Mér finnst andinn og tónninn í þessum markmiðum báðum vera nokkuð svipaður. Það er lögð áhersla á það að heilbrigðisyfirvöld upplýsi fólk um skaðsemi tóbaks og áfengis, upplýsi fólk um hvað það getur haft í för með sér að neyta þessa varnings og leggja áherslu á að draga úr neyslunni. Það höfum við gert og ég fullyrði að okkur hefur orðið nokkuð ágengt, t.d. hvað varðar neyslu tóbaks. Það höfum við þó gert án þess að banna einstakar tegundir tóbaks. Við höfum ekki bannað píputóbak eða vindla eða neftóbak og við höfum ekki bannað einstakar tegundir af reyktóbaki. Ég hef ekki heldur orðið var við það í stefnumiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að þannig sé gert ráð fyrir að draga úr tóbaksneyslu eða áfengisneyslu með því að banna einstakar tegundir heldur fyrst og fremst með því að beita hvers konar áróðri gegn neyslunni almennt og varnaðarorðum varðandi þá hættu sem heilsufari og félagslegum aðstæðum fólks stafar af neyslunni.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði reyndar einnig eða hún sagði, ef ég hef náð því rétt niður, að hún lýsti eftir áfengismálastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég hef kannski ekki mikið meira um það að segja en það sem ég hef þegar lesið upp. Auðvitað höfum við á undanförnum árum markað ákveðna stefnu í þessu efni, en það nýjasta sem ríkisstjórn eða stjórnvöld hafa sent frá sér eða sett á blað í því efni er einmitt sú skýrsla sem ég las upp úr og er samin að tilhlutan hæstv. fyrrv. ráðherra.

Þm. lýsti því að vísu yfir líka að hún teldi að með því sem hér væri að gerast væri um að ræða verulega breytingu. Auðvitað er það rétt að það er breyting á áfengislöggjöf, ef af verður, og það er breyting á því hvernig menn þurfa þá að bregðast við, hvernig heilbrigðisyfirvöld þurfa að bregðast við, en það er í raun ekki breyting á þeim markmiðum á einn eða neinn hátt sem hér hafa verið sett fram og sem ég hef lesið. Það er ekki breyting hvað varðar það áhersluatriði, sem ég tel að sé mikilvægast, að heilbrigðisyfirvöld vinni í samvinnu við alla þá aðila sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og að við reynum með þeim ráðum sem tiltæk eru, eins og

með verðstýringu og með hvers konar fræðslustarfi, að draga úr neyslu áfengis og tóbaks eins og þessi markmið kveða á um.

Ég vil líka ítreka að frv. sem hér er til meðferðar hefur ekki verið tekið fyrir af ríkisstjórninni eða verið rætt þar sérstaklega og ríkisstjórnin hefur ekki sett fram sem slík skoðun eða afstöðu til þessa máls. Það hygg ég að eigi líka við um flesta, kannski alla þingflokkana, að þeir hafi ekki tekið málið fyrir eða gert það á þann hátt að það væri tekin flokksleg afstaða til frv. eða málsins í heild.

Mig langar, herra forseti, að lokum að ítreka það, sem ég nefndi áðan varðandi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, að eftir því sem mér er best kunnugt af gögnum hennar er hvergi lagst gegn sölu einstakra áfengistegunda né bjórsölu sérstaklega sem leið að markmiði um heilbrigði allra árið 2000. Það er ekki talað um að banna einstakar tegundir áfengis eða einstakar tegundir tóbaks eins og ég vitnaði reyndar til áðan en er nú kannski óskylt þessu máli. Ég vil líka taka það fram að á dögunum var í heimsókn hjá okkur í tengslum við heilbrigðisþingið aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, dr. Halfdan Mahler, og í viðræðum við hann lét hann í ljós undrun sína á þessum aðstæðum, sem hér ríktu, þessu bjórbanni hér á landi, og að fólk skyldi ekki geta keypt drykk með lágu áfengisinnihaldi og vera skikkað með lagasetningu til að kaupa sterkari og hættulegri áfenga drykki ef það á annað borð ætlaði sér að kaupa áfengi. Þetta sagði hann í samtölum sem ég átti við hann og ég veit að hann lét þessa skoðun sína í ljós við fleiri vegna þess að þetta mál var til umræðu mjög þá eins og eðlilegt má teljast þar sem þetta var til umfjöllunar í þinginu og menn vildu gjarnan heyra afstöðu þessa fulltrúa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á þessu einstaka máli.

Að lokum tel ég að heilbrigðisvandamálin verði ætíð til staðar þegar áfengi er annars vegar. Það er upplýst og vitað og ég vil ekki gera lítið úr því og reyndar undirstrika að ég var mjög sammála þeim þáttum sem fram komu í máli síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., um þann vanda og þá vá sem heilbrigðismálum stafar af áfengisneyslu og einnig það, sem kom fram hjá þeim hv. þm., að ég býst við að þegar mæla á tekjur og útgjöld verði sá reikningur ekki ríkissjóði í hag. Ég hygg ekki. Ég hygg að það sé rétt hjá henni þó ég hafi í sjálfu sér ekki neinar tölur um það fyrir framan mig. Ég óttast því miður eða álít að við munum ekki með því að breyta áfengislöggjöfinni bæta stöðu ríkissjóðs ef á heildina er litið. En ég undirstrika hitt, að ég tel að það sé hlutverk heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda að fræða og upplýsa þjóðina og svo sérstaka áhættu- og markhópa hennar um áhrif og hættur tengd áfengisneyslu, þ.e. sjúkdóma, slys og félagslegt böl sem kann að leiða af áfengisneyslunni, svo og lög og reglur sem um hana gilda og standa að nauðsynlegum stoðaðgerðum og þá auðvitað einnig meðferð, eins og við höfum reyndar gert og gerum í ríkum mæli, vegna misnotkunar á áfengi.

Ég held, herra forseti, að ég láti þetta nægja. Ég vona að ég hafi svarað spurningunum sem til mín var beint og læt þetta nægja um þau viðhorf sem ég álít að heilbrigðisyfirvöld hljóti að verða að hafa að leiðarljósi í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég missti því miður af hluta af ræðu hæstv. heilbrmrh., en einhvern veginn sló það mig þannig að um hana hefði e.t.v. mátt hafa það sem hét á máli teiknimyndasögupersónunnar Charlie Brown „wishywashy". Þegar sumir hlutir voru ekki alveg klárir notaði Charlie Brown þetta orðalag.

Enn erum við farin að ræða bjórinn, herra forseti, og maður er orðinn með vissum hætti leiður á því. Ég er þó ekki leiður á því að ræða málið efnislega. Það sem ég er orðinn býsna leiður á eru sífellt árangurslausari tilraunir til að ræða þetta mál af einhverju viti, til þess að ræða það með rökum. Ég verð að segja að oft hef ég verið óánægður með íslenska fjölmiðla, oft hafa mér fundist þeir bregðast því hlutverki sínu að reyna að miðla almenningi upplýsingum og flytja gagnstæð sjónarmið fram þannig að fólkið í landinu geti í gegnum fjölmiðlana myndað sér hlutlægar skoðanir á málum. Í engu máli sem ég hef fylgst með undanfarið hafa fjölmiðlar brugðist jafnhrapallega skyldu sinni og þessu.

Ég er einnig orðinn á því, með þínu leyfi, herra forseti, alveg hundleiður að standa sífellt frammi fyrir spurningum blaðamanna og fréttamanna á Alþingi sem og annars staðar þar sem manni er skipað að lýsa afstöðu sinni til þessa máls eins og maður væri í einhverju krossaprófi og bara helst með já-i og nei-i. Ég hef mátt hvað eftir annað búa við það að starfsmenn þessara fjölmiðla hafa sett upp á sig snúð ef maður hefur neitað að láta í ljós afstöðu sína með svo einföldum hætti. Ég hef undanfarið í tvígang eða þrígang algerlega neitað að svara spurningum fréttamanna um afstöðu manna í þessu máli vegna þess að ég hafði áður orðið fyrir því að út úr rökum mínum eða rökstuðningi fyrir minni afstöðu var snúið á hinn hrapallegasta máta.

Það er mikill misskilningur að ræða þetta bjórmál eins og þar sé bara um svarta og hvíta hlið að ræða því það gæti vissulega verið svo og er svo með ýmsa hv. þm. að það er ekki gefið hvort þeir greiði atkvæði með eða móti málinu, burt séð frá því hvernig það ber að, hvert inntak þess er. Þannig er því varið með ræðumann. Ég hef aldrei haft heita sannfæringu með eða móti bjórnum eins og það heitir víst. Ég hef í hvert sinn viljað skoða hvernig ætti þá að standa að því að gera þessa breytingu á áfengislöggjöfinni og hef ævinlega sagt: Ef mér sýnist að menn hafi fundið leið til að gera þetta með þeim ráðstöfunum sem tryggi að það leiði ekki til aukinnar áfengisneyslu í landinu styð ég bjórinn að sjálfsögðu vegna þess að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að meina mönnum að láta ofan í sig áfengi af þessum styrkleika öðrum fremur ef því fylgja þá

ekki einhverjir bögglar sem við getum ekki sætt okkur við. Auðvitað er það ekki keppikefli í sjálfu sér að takmarka frelsi manna til að láta ofan í sig fóður eða vökva. Það er hins vegar eitt af því ömurlegasta við allt þetta mál að menn hafa aldrei gert heiðarlega tilraun til að reyna að finna leið til að rýmka áfengislöggjöfina hvað þetta varðar, en gera þá ráðstafanir á móti sem væru trúverðugar og ætla mætti að dygðu til þess að heildarneysla áfengis yxi ekki. Þetta finnst mér það lélegasta, bæði hjá hv. flm. þessa frv. og fyrri frumvarpa. Og ég verð að segja að einnig af hálfu hæstv. heilbrmrh. og heilbrigðisyfirvaldanna hefði verið gaman að fá einhverjar tillögur um það fram í dagsljósið hvað væri hægt að gera að öðru leyti til þá að stýra áfengisneyslunni og reyna að halda utan um hana og missa hér ekki allt á flot.

Það er að vísu þannig að frv. sem við ræðum nú, herra forseti, sem mun vera mál nr. 293, ef ég fer rétt með, er að sínu leyti skárra en hið fyrra, sem kom fyrr fram á þinginu, því að það var óbermi. Hér er um tiltölulega einfaldar og hreinar línur að ræða. Ég tel augljóslega betra að hafa þá meðferð á, sem hér er lögð til, að flokka ölið einfaldlega sem annað áfengi og láta það hlíta sömu reglum og helst að öllu leyti. Það er þó að vísu í athugasemd um 4. gr. atriði sem ég vil spyrja hv. flm. út í. Það segir neðst í athugasemdum um 4. gr.:

„Varðandi dreifingu áfengis er gert ráð fyrir að hún sé á ábyrgð ÁTVR, en jafnframt verði ÁTVR talið heimilt að semja við framleiðendur og flutningafyrirtæki um fyrirkomulag dreifingarinnar til útsölustaða ÁTVR og veitingahúsa.“

Þetta er nokkuð sérkennilegt orðalag þegar verið er að skýra lagagrein, herra forseti, að flm. láta í athugasemd við lagagreinina, ekki í sjálfri lagagreininni, í ljós þá skoðun sína að Áfengis- og tóbaksversluninni verði talið heimilt. Talið heimilt vegna hvers? Af hverju eiga menn í þessu tilviki ekki að hlíta lögunum að öðru leyti og hafa það þannig að Áfengis- og tóbaksverslunin skuli annast þessa dreifingu hvað sem tautar og raular? Ég sé ekki betur en hér sé með mjög sérkennilegum hætti verið að reyna að opna fyrir þá leið að milliliðalaust samband geti verið á milli framleiðenda eða innflytjenda á áfengu öli og neyslustaðanna, t.d. veitingahúsanna, baranna, kránna eða hvað það kemur til með að heita. Ég hefði gjarnan viljað heyra einhvern af hv. flm., t.d. hv. 1. flm. ef um slíkt er að ræða þegar hluti nefndar flytur, skýra þetta aðeins nánar.

Ég treysti mér ekki, herra forseti, til að standa að samþykkt þessa frv. eins og það er hér fram borið. Ég mun greiða atkæði gegn því. Ég ætla að rökstyðja það ofurlítið nánar hvers vegna ég mun gera það þó að hér sé e.t.v. ekki mikið eftir af fjölmiðlamönnum og það þyki yfirleitt ekki fréttnæmt þegar menn reyna að ræða þetta mál af einhverjum rökum, heldur er hitt meira fréttaefni hvort það kemst milli umræðna eða tekið fyrir á fundum eða ekki fundum. Það hafa verið settir á langir pistlar í fjölmiðlum um þá hluti en minna gert að því að reyna að kryfja umræðuna efnislega.

Ég get ekki samþykkt frv. vegna þess að ég held að því muni fylgja aukin áfengisvandamál í landinu og ég tel mig ekki hafa nokkurn rétt til að standa að máli sem sannfæring mín segir mér að svo fari um. Burt séð frá því hversu heitt mig langaði til þess að fá áfengt öl inn í landið tel ég mig skuldbundinn til að vera trúan þeirri sannfæringu minni að ég hafi ekki verið kosinn á Alþingi til að standa að ákvörðunum sem geta leitt til aukinna áfengisvandamála.

Ég tel í öðru lagi að þessu geti ekki annað en fylgt aukin útgjöld í heilbrigðisþjónustunni og reyndar miklu víðar í hinni félagslegu þjónustu. Ég hef verið við það á Alþingi að afgreiða fimm fjárlög og ég hef verið í stjórnarnefnd ríkisspítalanna í fjögur ár þannig að ég þekki mætavel þann slag sem hér stendur á hverju einasta ári um að draga undan nöglum fjárveitingavaldsins, ef svo má að orði komast, þær krónur sem þarf til að reka þetta kerfi svo að ekki sé nú talað um einhverja uppbyggingu eins og í K-byggingu Landspítalans sem á að vera miðstöð sérhæfðustu þjónustu læknavísindanna í landinu. Þar liggja núna fyrir uppi í Ed. og eru til umræðu tillögur um niðurskurð. Halda menn að það lækki útgjöldin ef áfengisneyslan vex nú hér og menn gætu innan tíðar staðið frammi fyrir því að þriðji og fjórði hver sjúklingur á heilbrigðisstofnun væri þar vegna áfengisneyslu eins og tíðkast í okkar grannlöndum? Þetta hlutfall er blessunarlega lágt á Íslandi, enda neyslan minni en víðast hvar annars staðar.

Í þriðja lagi, herra forseti, óttast ég að það, sem er í sjálfu sér kostur við bjór umfram t.d. sterkari drykki, að menn verða ekki jafnskjótt ölvaðir af magni, geti líka verið stærsti ókosturinn og mesta hættan, t.d. gagnvart því andrúmslofti sem ríkir í umgengni við þessa tegund áfengis. Ég óttast að áfengt öl, sérstaklega léttara ölið, geti orðið fyrsta sporið inn á braut vímuefnanna, t.d. fyrir unglingana, geti leitt til þess að aldur áfengisneyslunnar færist niður og þetta verði svo lágur þröskuldur að stíga yfir að mati gæslumannanna, foreldranna og annarra slíkra aðila, að á því verði ekki tekið jafnalvarlega og ef um aðrar tegundir vímugjafa, sterkara áfengi, væri að ræða. Ég held að það sé þannig og yrði þannig hér eins og víða annars staðar að foreldrar sem mundu bregðast næsta ókvæða við ef þeir sæju barn sitt, 14–15 ára gamalt, sturta í sig hálfu viskýglasi mundu ekki kippa sér mjög mikið upp við það þó að sami unglingur drykki eina flösku af millisterku áfengu öli. Nákvæmlega sama áfengismagn er á ferðinni, en viðhorf manna og tilfinningar til þessara hluta eru með þessum hætti. Við skulum horfast í augu við það. Að því leyti held ég að ölið sé varasamt.

Ég hef eina ástæðu enn, sem vegur mjög þungt hjá mér, til að treysta mér ekki til að styðja bjórinn. Hún er að hluta til pólitísks eðlis, ég skal viðurkenna það, það er réttast að gera það hér, þannig að póli-

tískir andstæðingar mínir hér viti að það litar nokkuð afstöðu mína hvað þetta varðar til bjórsins. Ég óttast mjög að hér mundi bætast við enn einn liðurinn sem gerir fólkið að óvirkum neytendum, gerir þjóðfélagið að óvirkara neytendaþjóðfélagi en það þegar er og þykir mér þó nóg um. Hér glotta ýmsir hv. þm. í hliðarsölum, skilja þetta e.t.v. ekki. Ég skal skýra það út nánar.

Ég held að ein varasamasta félagslega breytingin sem hefur verið að eiga sér stað í vestrænum samfélögum á undanförnum árum og áratugum sé sú að fólkið er í vaxandi mæli að verða óvirkt. Við getum horft á það frá ýmsum hliðum. Við getum t.d. bara horft á lækkandi kosningaþátttöku ár frá ári og áratug frá áratug í mörgum vestrænum ríkjum. Hvað er sú staðreynd annað en vísbending um vaxandi óvirkni fólks í þjóðfélaginu? Það skiptir sér orðið minna af umhverfi sínu og hefur uppi minni tilburði til að reyna að hafa áhrif á hvernig umhverfið er og hvernig með það er farið. Það verður sljórra um sinn hag, það verður sljórra um sín réttindi og það rís síður upp til að reyna að hafa áhrif á umhverfi sitt og gera það meira mannbætandi. Bjórinn og aukin neysla hans, meiri dagleg neysla áfengis, þó í litlum mæli sé hverju sinni, er tvímælalaust af hinu vonda í þessum efnum. Ég bið menn að kynna sér, ef þeir hafa þá áhuga á því og nenna því, hvað t.d. þjóðfélagsfræðingar og félagsfræðingar á hinum Norðurlöndunum, Bretlandi og víðar segja um þetta sérstaklega, t.d. mikla áfengisneyslu atvinnulausra sem leggst yfirleitt ofan á þau vandamál sem þeir eiga við að stríða og er gjarnan í formi bjórs vegna þess að það er einu sinni svoleiðis að í honum er meira fóður en í öðru áfengi og þeir sem hafa lítil fjárráð slá oft tvær flugur í einu höggi með því að halda sér undir áhrifum, en fá líka einhverja fyllingu í magann.

Ég held að það sé langbest að ræða þetta eins og það er og kemur hverjum og einum fyrir sjónir. Ég er alveg ófeiminn við að tala minn hug hreinan í þessum efnum og það getur hver farið með eins og honum líkar.

Ég hef til viðbótar pólitískar ástæður fyrir því að ég vil ekki standa að breytingum hvorki í áfengismálum né annars staðar sem gera fólkið óvirkara og sljórra gagnvart umhverfi sínu. Það tel ég að stóraukin neysla bjórs, jafnvel þó að eitthvað dragi úr neyslu annarra áfengistegunda, mundi gera.

Ég nefni eitt enn og læt það duga af því að líklega sannfæri ég ekki marga í kvöld, hvorki til né frá. (**Gripið fram í:** Það er aldrei að vita.) Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum ættum við Íslendingar, sem höfum tvímælalaust notið þess á undanförnum árum og áratugum í minni áfengisneyslu að hér hefur ekki verið áfengt öl, sloppið þar af leiðandi við ýmis vandamál sem því hefði væntanlega fylgt, að leyfa bjórinn? Trúi menn ekki geta menn leitað sér upplýsinga um hvernig öðrum þjóðum hefur reitt af sem á þeim tíma sem við höfum ekki haft áfengt öl hafa innleitt slíkt. Með þeim fyrirvörum sem skylt er að hafa held ég að hljóti að mega skoða það.

Ég nefni frændur okkar Finna. Hvað er til umræðu í Finnlandi í dag? Að banna allan bjór eða a.m.k. að banna milliölið vegna slæmrar reynslu. Hvaða áherslu leggur t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eins og hér hefur oft verið bent á? Jú, að reyna að draga úr vandamálum sem áfengisneyslunni fylgja. Það er orðið að einhverju stærsta heilbrigðismálinu í dag, segja þessar stofnanir. Og frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnun berast nú frændum okkar Dönum ítrekuð skilaboð þess efnis að eitt stærsta félagslegt og heilbrigðislegt vandamál í Danmörku sé áfengisneysla. Ef Danir ætli að verða menn með mönnum verði þeir að taka sér tak í þessum efnum. Bretar ræða hið sama og allir vita þá ofboðslegu stöðu sem næstu nágrannar okkar Grænlendingar eru í með þessi mál. Ég spyr því: Úr því að straumurinn er í þessa áttina erlendis hvers vegna í ósköpunum eigum við þá að stökkva mér liggur við að segja hugsunarlaust út í fenið? Við höfum verið svo lánsöm að hafa tíma til að skoða m.a. reynslu annarra. Í þessu tilfelli finnst mér að við ættum að reyna að gera nú ekki einu sinni það, sem allt of oft hefur gerst, að þegar aðrar þjóðir hafa tekið upp eitthvert fyrirkomulag, haft af því nokkra reynslu, gjarnan séð að hún var slæm og ákveðið að falla frá þessari tilbreytni, þá rjúkum við upp til handa og fóta og tökum þetta fyrirkomulag upp. Þetta hefur gerst í mörgum málum. Á mörgum sviðum þjóðfélagsins höfum við 10–15 árum eftir að einhverjar breytingar urðu í nágrannalöndunum rokið til án þess að skoða þá reynslu sem aðrir höfðu af viðkomandi nýbreytni. Ég gæti tekið ýmislegt sem við höfum flutt inn frá annars því mæta ríki Svíþjóð sem þar hefur verið prufukeyrt og kannski aflagt um það leyti sem við rukum til og fórum að taka það upp. Ég tel enga ástæðu til að standa þannig að með bjórinn. Ég hef ekki nokkra trú á því að það yrði lagt mönnum til lasts þó þeir í ljósi t.d. þróunarinnar allra síðustu ár á alþjóðavettvangi og hér allt í kringum okkur hinkruðu við og segðu sem svo: Eigum við ekki aðeins að hugsa okkar gang? Úr því að svo mikil áhersla er lögð á að draga úr áfengisneyslunni allt í kringum okkur hlýtur þá ekki að vera býsna slæmt mál að menn drekki mikið brennivín og er þá ekki nauðsynlegt fyrir okkur að staldra við og gá að okkur? Ég held það væri hyggilegt.

Ég ætla svo að lokum, herra forseti, vegna þess að ég ætla ekki að fjalla um þetta mál í svarthvítu, ég tel að á þessu sé margar hliðar sem nauðsynlegt sé að ræða um, að fara aðeins yfir hvernig ég gæti stutt bjórinn til að hafa það a.m.k. á hreinu fyrir sjálfan mig og þingtíðindin að það gæti gerst og hefði vel getað gerst ef menn hefðu reynt a.m.k. og helst á sæmilega trúverðugan hátt að gera þessa breytingu í áfengismálunum í samhengi við lífið og tilveruna og aðstæður í landinu. Ég hefði t.d. talið í fyrsta lagi að tilkoma bjórsins ætti að vera hluti af heildarstefnumörkun í áfengismálum, ekki flutt sem einangrað mál heldur liður í þá mjög víðtækum ráðstöfunum og heildarstefnumörkun. Hvað gæti falist í slíku? Ég

ætla að nefna nokkur dæmi.

Í fyrsta lagi: Ef við hefðum tekið um það ákvörðun samhliða því að leyfa bjórinn að lækka styrkleika brenndu drykkjanna úr t.d. 40% í 30% þannig að í hverri brennivínsflösku og vodka-flösku væri fjórðungi minna áfengi á sama verði. Það er merkilegt að það skuli enginn reka upp hlátur því það hafa menn stundum gert þegar ég hef nefnt þennan kost. En staðreyndin er sú, þó það séu kannski ekki margir hér sem vita það, að þetta hefur verið gert og með ágætum árangri sums staðar erlendis. Menn hafa farið þá leið að minnka styrkleika áfengis í mest seldu brenndu drykkjunum, setja minna áfengi og meira vatn í flöskurnar. Niðurstaðan er sú að ef þetta er selt á sama verði dregur stórlega úr áfengisneyslunni vegna þess að menn halda sig áfram við þessa einingu, flösku. Þetta gætu menn gert. Ég hefði sagt sem svo: Aha. Hér er viðleitni á ferðinni til að vinna á móti áhrifunum af tilkomu bjórsins með öðrum ráðstöfunum.

Í öðru lagi hefðu menn getað tekið um það ákvörðun samhliða því að leyfa bjórinn að þrengja reglur um úthlutun vínveitingaleyfa. Ég held að það hafi verið gerð mikil mistök á Íslandi undanfarin ár í því formi að menn slökuðu of mikið á reglum um veitingu vínveitingaleyfa eða öllu heldur að framkvæmdin varð of laus í böndunum hjá mönnum. Við erum ekkert óskaplega löghlýðin þjóð, Íslendingar, og er alveg staðreynd að það þarf að hafa lagaframkvæmd hér í býsna styrkum höndum ef vel á að fara. Þannig er það að sú tenging sem að nafninu til er á milli vínveitingaleyfa og matsölu er ekki í reynd nema algerlega til málamynda. Staðir sem að nafninu til heita matsölustaðir eru fyrst og fremst barir eða krár, jafnvel út á það eitt að geta hitað eldgamlar, þurrar og skorpnar samlokur í örbylgjuofni ofan í fólk ef einhver er svo vitlaus að láta sér detta í hug að biðja um það og fær þá gjarnan með eftirgangsmunum. Þetta er staðreynd. Þarna held ég að menn hafi fallið á prófinu. Við hefðum átt eins og Svíar t.d. að vera mjög ströng í þeim efnum að þessum skilyrðum væri fullnægt, þetta væru alvörumatsölustaðir og þar væri ekki um opinn bar að ræða sem hver og einn gæti gengið inn í af götunni og keypt sér vín. Ég þekki það af eigin raun t.d. þegar ég var einu sinni liðsstjóri fyrir landsliði á erlendri grund einmitt í því téða Svíaríki og menn vildu eftir ákveðið mót fara að hressa sig aðeins. Þá vorum við staddir í þannig hverfum að þarna voru eingöngu matsölustaðir. Þar var ekkert um það að ræða. Menn gátu fengið áfengi ef menn keyptu mat, ella ekki. Við það var staðið. Því var framfylgt. Þannig var haldið á hlutunum þar.

Ég nefni í þriðja lagi, herra forseti, um ráðstafanir sem hefðu getað haft áhrif á afstöðu mína verðstýringarákvarðanir. Ekki flytja þeir ágætu flm. bjórfrv. miklar tillögur um hvernig eigi t.d. að haga verðlagningu á öli eða þá á öðru áfengi í tengslum við þessar breytingar. Þetta skiptir máli.

Ég nefni í fjórða lagi styrkleikaflokkun áfengisins, ölsins t.d. sérstaklega. Ég hefði talið skynsamlegt að reyna að velja einhvern tiltekinn þröngan styrkleikaflokk og hafa ölið á honum. Það hefði haft áhrif að mínu mati ef við hefðum t.d. ákveðið að áfengt öl skyldi vera af styrkleikanum 3,25–3,75, hvorki meira né minna, búið. Frekar létt öl, en samt klárlega áfengi og eingöngu meðhöndlað sem slíkt og selt sem slíkt. (**PP:** Hvað með þá léttara öl?) Já, hv. formaður fjvn. Ég hefði talið það skynsamlegt vegna þess að ég t.d. tel að það eigi þá að lyfta, ef menn leyfa áfengt öl á annað borð, styrkleikanum svo að menn geti ekki þrætt fyrir að um brennivín sé að ræða og hefði ég talið að t.d. neðri mörkin mættu vera eins og 3,25 og efri mörkin 3,5 eða 3,75.

Í Noregi var gerð á því mjög vönduð könnun hvaða árangri mætti ná í sambandi við áfengisneyslu þar í landi ef neðri styrkleikaflokkurinn af tveimur sem þar tíðkast, pilsen, væri færður niður um 0,2%. Niðurstaðan varð satt best að segja lygileg. Það varð niðurstaða þeirra sérfræðinga að það mundi hafa ótrúlega mikil áhrif til góðs í sambandi við áfengisneyslu í Noregi ef þessi þjóðardrykkur þeirra, pilsen, yrði deyfður þó ekki meira en þetta. En það varð að vísu allt vitlaust í Noregi og menn treystu sér ekki fram með þetta. Þar er hins vegar alveg föst flokkun, tveir flokkar, tiltölulega sterkt öl og þessi eini styrkleikaflokkur af frekar léttu milliöli.

Ég nefni í fimmta lagi aldurstakmarkanir. Það hefði alveg komið til greina að mínu mati að beita einhverjum ráðstöfunum í þeim efnum til að reyna að tryggja t.d. að drykkjualdurinn færðist ekki niður með tilkomu ölsins og þá er ég að tala um einhverjar reglur og ráðstafanir sem menn mundu framfylgja, ekki bara setja til málamynda.

Ég nefni í sjötta lagi það fyrirkomulag sem Færeyingar hafa og menn hafa nú gjarnan hlegið að, en ættu að hætta því eins og reyndar flestu öðru sem frændur okkar Færeyingar gera. Þeir gera mjög margt betur en við Íslendingar. Þeir láta menn ekki hafa heimildir til að kaupa brennivín nema þeir hafi borgað skattana sína. Þetta er alveg snilldargóð hugmynd, afar góð og holl þjóðfélagsleg hugmynd. Fyrst leggur þú þitt af mörkum til samfélagsins og síðan máttu fara og kaupa eitthvað af brennivíni fyrir afganginn ef einhver er. En þetta kemur ekki í öfugri röð eins og það gerir því miður mjög oft, sérstaklega þegar þessi mál eru komin úr böndunum.

Ég nefni í sjöunda lagi áróður, hræðslu. Ekki gera þeir ágætu flm. bjórfrv. sérstakar tillögur um slíkt í sinni tillögu. Það hefði haft nokkur áhrif á mína afstöðu ef menn hefðu lagt til að 5 eða 10% gjald á hverja einustu ölflösku rynni í sérstakan sjóð sem yrði ráðstafað til að auka fræðslu og reka áróður gegn óhóflegri neyslu áfengis. Ég er enn að tala um hluti sem yrði þá staðið við, yrðu framkvæmdir en ekki skertir strax á næstu lánsfjárlögum eins og þessi ríkisstjórn mundi örugglega gera ef hún sæti þegar svona ráðstöfun yrði gerð.

Þetta hef ég nefnt, herra forseti, til að sýna

tvennt: rökstyðja það og láta það vera geymt í þingtíðindunum að afstaða mín til bjórsins byggir á rökum og hefði getað breyst ef öðruvísi rök hefðu legið fyrir, en líka til þess að sýna fram á fátækt þessarar umræðu að mörgu leyti, sérstaklega af hálfu þeirra, herra forseti, sem vilja endilega troða þessu öli inn í landið. (**RH:** Þm. hlýddi ekki á mína ræðu. Þar voru rökin.) Það hafa örugglega verið mörg og ítarleg rök í þeirri ræðu og ég skal lesa hana með ánægju eins og ég geri yfirleitt þegar ég les efni eftir hv. frammíkallara.

Ég held að það megi með þessum hætti og raunar mörgu fleiru, sem ég gæti tínt hér til en hirði ekki um, rökstyðja að það væri vel hægt að hugsa sér þessa breytingu, það að taka inn áfengt öl með tiltækum og viðtækum ráðstöfunum þannig að það leiddi ekki til aukinnar neyslu og aukinna áfengisvandamála. En það er næstum að segja engin viðleitni uppi af hálfu þeirra sem gerast talsmenn og stuðningsmenn þessarar breytingar í þá átt. Það er lélegt. Það verð ég að segja, herra forseti, með fullri virðingu fyrir forsetanum og öllum öðrum. Það er lélegt vegna þess að þetta mál er ekki nýtt og flm. hafa væntanlega vitað að til að mynda heilbrigðisstéttirnar í landinu upp til hópa eru mjög andsnúnar þessari breytingu og hafa af því miklar áhyggjur hvað gæti fylgt í kjölfar henni. Ég hefði talið meiri manndómsbrag að því fyrir flm. að reyna þá að vanda sig alveg sérstaklega og vera með ítarlegan og rökstuddan málflutning af því tagi að trúverðugt hefði mátt kallast en ekki einhverjar bjálfalegar setningar í greinargerðum og ég tala nú ekki um ósköpin í fyrra frv. sem eins og ég segi var að öllu leyti vitlausara en þetta. Ég fell ekki fyrir þeim. Það vantar meira til. Ég held að menn verði að vanda sig dálítið ef þeir ætla að koma með rök sem halda eitthvað gagnvart þeim yfirgnæfandi rökum af ýmsu tagi sem benda til þess að breyting af þessu tagi mundi verða til ófarnaðar í áfengismálum fyrir þjóðina.

Herra forseti. Ég er að hugsa um að hafa þetta ekki lengra að sinni og þarf í sjálfu sér ekki miklu við þetta blessað bjórmál að bæta. Ég hef áður rætt það og áður rökstutt mína afstöðu og geri það nú orðið eingöngu af einhverjum sagnfræðilegum þráa til að það komi þá fram í þingtíðindunum vegna þess að ég geri mér grein fyrir því að stór hluti þjóðarinnar, mestallir fjölmiðlarnir og reyndar margir þm. eru orðnir gersamlega skotheldir fyrir rökum í þessu máli.

Ég kemst þó ekki hjá því að svara einu sem oft hefur dunið bæði á mér og fleirum held ég sem sérstaklega erum andvígir bjórnum, það er aldrei sagt um hina sem fylgja honum, að við séum að reyna að hafa vit fyrir þjóðinni með afstöðu okkar í bjórmálinu. Þetta á að vera eitthvert ægilegt skammaryrði um okkur hv. þm. sem leyfum okkur að hafa tiltekna afstöðu í þessu máli og þetta sé óþolandi gerræðislegt að því leytinu til að við séum að reyna að hafa vit fyrir þjóðinni, það sé ljótt að reyna að hafa vit fyrir þjóðinni. Ég spyr menn gjarnan, sérstaklega ef það eru stjórnmálamenn að nafninu til sem segja þetta við mig: Hvað eru menn yfirleitt að gera á Alþingi? Með næstum því hverri einustu ákvörðun sinni hér eru menn að hafa vit fyrir þjóðinni í vissum skilningi þess orðs. Menn eru að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf og störf og umhverfi fólksins í landinu næstum því ævinlega — eða eru menn ekki að hafa vit fyrir þjóðinni þegar þeir t.d. taka ákveðnar ákvarðanir eins og er verið að ræða uppi í Ed. um ráðstafanir á skattfé hennar? Auðvitað. Þetta er furðulegur málflutningur og barnalegur.

Það má líka í öðru lagi spyrja: Á ekki sá hluti sem er andvígur bjórnum úti í þjóðfélaginu rétt á því að hafa hér sína málsvara? Er hægt að gera kröfu um það að þeir séu nákvæmlega í hlutfalli við það sem kemur út úr einhverri skoðanakönnun þennan eða hinn daginn sem sveiflast til um 10, 15 eða 20%? Auðvitað ekki. Ef bjórinn er slíkt úrslitaatriði fyrir kjósendur í landinu að það ræður öllu skipta þeir um þm. og kjósa þm. sem vilja leyfa bjórinn. Ég hef ekki legið á því við mína kjósendur í Norðurlandi eystra að ég sé á móti bjórnum. Ég er líka á móti hernum og ýmsu öðru. Fólkið verður svo að meta hvað er mikilvægast. Það er kannski fólk sem vill fá bjórinn en vill losna við herinn. Hvað á það að gera? Það verður að svara því sjálft. Meðan eru nógu margir þeirrar skoðunar í Norðurlandi eystra að þrátt fyrir afstöðu mína í bjórnum skuli ég sitja á þingi, þá ræður það. Ég hef mína sannfæringu í mínu máli hvað sem öllu röfli um það líður að ég sé að hafa vit fyrir þjóðinni. Svo einfalt er það mál.

Ég legg svo til, herra forseti, að við reynum að fara að koma okkur í gegnum þetta mál og afgreiða það. Það er okkur öllum fyrir bestu að losna við þetta allt saman, ég ætla ekki að hafa nein orð um það, héðan út úr þingsölum með þeim hætti að við afgreiðum málið. Ég er tilbúinn til þess og mun ekki setja á langar ræður um þetta mál frekar en ég hef þegar gert.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. forseti tók það fram í upphafi fundar í dag að hann gerði ráð fyrir því að haldið yrði áfram þingfundum þar til dagskrá yrði tæmd og ekkert ætla ég út af fyrir sig að hafa neitt á móti því og vil ekki vera kenndur við það að tefja umræður, enda þótt ég biðji hann nú fyrir það núna að setja mig á mælendaskrá.

Ég vil aðeins vekja athygli hans á því, sem ég veit að hann vill, að nauðsynlegt er að góð samvinna sé um þingstörfin og nú á þessi hv. deild í vændum með fullri vissu fyrst og fremst að byrja á fundi kl. 10 í fyrramálið í sameinuðu þingi og um eittleytið að því er gert er ráð fyrir verði hafin umræða um mjög mikilsvert ríkisstjórnarfrumvarp og er nú skaði að enginn af oddvitunum sjálfum, sem hér eiga stólana ellefu allt um kring, skuli vera sem fjarlægastir því að ég trúi að þeir hafi áhuga á framgangi þess máls.

En forseti hlýtur að gera ráð fyrir því þess vegna, þar sem mér er tjáð að áhersla sé lögð á að afgreiða málið fyrir helgi, að við eigum fram undan kvöldfundi bæði fimmtudag og föstudag. Það er ekkert of í lagt að ætla e.t.v. að afgreiðsla þess máls nái fram á laugardag. Hann ræður því auðvitað og til er ég að hafa kvöld- og næturfund nú í kvöld, þann fyrsta af þremur eða svo sem þarf að halda fyrirsjáanlega. En ég spyr nú upp á liðkun og góða samvinnu: Gætum við e.t.v., af því sem ég hygg nú að ekki sé mjög langt eftir af umræðu um þetta mál, hugsað okkur að skjóta því inn í milli umræðna um það mál sem nú er þæft í Ed. og við væntanlega fáum til afgreiðslu hið fyrsta? Ég spyr að þessu án þess að ég sé að leggja eitt eða neitt til.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eins og ég tók fram í upphafi fundar var ætlun mín að ljúka umræðu um þetta mál í dag og þau mál sem á dagskrá eru og það leit lengi vel út fyrir, þess vegna hóf ég fund kl. 6, að henni mundi ljúka fyrir kvöldmat. En þar sem nú eru þegar þrír á mælendaskrá er sýnt að henni lýkur ekki fyrir kvöldmat og ég vil af ástæðum sem snerta starfslið þingsins ekki halda starfsliði hér á kvöldmatartíma ef kvöldfundur er. Það er kvöldfundur í Ed. og ég hafði hugsað mér að halda áfram fundi kl. 9, en ég vonast til að umræður þurfi ekki að dragast á langinn í þessum málum við 1. umr. málsins og við getum losað þetta mál frá. Ég held að það sé vegna starfa þingsins allra hluta vegna best að koma þessu máli til nefndar aftur þannig að nefndin geti fengið það til meðferðar. Ég hyggst því freista þess að halda kvöldfund til að þurfa ekki að eyða tíma þingsins í þetta mál á næstu dögum. Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Austurl. segir. Það eru mikilvæg mál fram undan á morgun og föstudaginn sem við þurfum að hafa gott samstarf um að koma fram. Það er ekki mögulegt að halda kvöldfund á föstudag, ég vil taka það fram, vegna þess að hið árlega boð til starfsfólks þingsins er það kvöld.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég verð að biðja hæstv. forseta að athuga þessa ákvörðun enn betur í þeirri von að hún sé ekki alveg endanleg því að það er afar sérkennilegt ef svo mikið liggur á að koma máli sem nefnd flytur til þeirrar sömu nefndar aftur til þess að hún geti athugað það að það þurfi að halda kvöldfund þegar hv. þingdeildarmönnum veitir hreint ekki af að búa sig undir þá miklu umræðu sem vafalaust verður hér á morgun. Þar er um mál að ræða sem þurfa að koma til lokaafgreiðslu mjög fljótlega og afar margir í þessu landi eiga mikið undir því að þar sé vel að verki staðið. Menn eiga á því fullan rétt að þingmenn gangi að því starfi vel vakandi og vel vinnufærir. Ekki efast ég um og hef reyndar séð það að menn hafa unnið, kannski misjafnlega vel, kvöld eftir kvöld og jafnvel fram á nótt hér í þingi, en þá hefur þar verið um mál að ræða sem bráðlegið hefur á að koma í gegnum þingið. Hér er verið að tala um mál sem biðja á nefndina að athuga betur og ég sé ekki betur en hún geti gert það — hún flytur það sjálf — jafnvel þótt þessari umræðu sé ekki lokið. Það eru að vísu nokkur atriði sem þarf hreinlega að upplýsa, a.m.k. að því er varðar mína beiðni um orðið og vafalaust er það svo um fleiri hv. þm. En ég verð að segja að mér þykir gagnrýni vert að halda kvöldfund við 1. umr. máls sem nefnd flytur til að koma því til hennar til baka þegar málið er ekki bundið við ákveðin tímamörk eins og er um þau stóru mál sem verið er að ræða í Ed.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi síðustu orð hv. 3. þm. Reykv. er það rétt að meiri hl. allshn. flytur þetta mál og reikna ég ekki með því að nefndin þurfi ýkja langan tíma í að afgreiða málið. Hins vegar hefur það verið svo að þetta mál hefur tekið mikinn tíma í umræðum í þingsölum þegar það er komið hér til umræðu og sannleikurinn er sá að af tíma höfum við ekki óskaplega mikið. Það er sýnt að þetta mál verður ekki til umræðu í næstu viku vegna þess að þá eru mjög margir þm. fjarri sem hafa beitt sér í þessu máli og talað. Þess vegna einnig er allra hluta vegna best að ljúka 1. umr. um þetta mál. Því er þessi ákvörðun tekin. Hins vegar tel ég víst að þeir þm. sem hafa kvatt sér hljóðs séu með lengra mál en hálftíma, þ.e. hálftíma til þrjú korter. Það væri mögulegt að ljúka umræðunni á þeim tíma, en ég tel það hæpið og vil ekki halda áfram nema það sé víst að henni ljúki.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það hefur komið hver þm. á fætur öðrum í ræðustól og tjáð sig um að þeir muni ekki tefja framgang þessa máls og sumir hafa lýst vilja sínum á að gott samkomulag næðist um að ljúka þessari umræðu. Ég ætla að koma mér í hóp þeirra sem hafa óskað eftir því að þessari umræðu megi verða lokið sem fyrst.

Ég vil benda á að þetta er þriðji fundurinn sem haldinn er um 1. umr. þessa máls. Fjórir fundir fóru í 1. umr. um hið fyrra frv. og það hefur nánast ekkert verið rætt nema um fyrra frv. enn þá. Ég spyr hvort menn geti ekki komið sér saman um að ljúka þessari 1. umr. á tiltölulega skömmum tíma og hvort menn hafi ekki þrek í að gera það núna í kvöld.

Auðvitað fer allshn. ekkert að vinna frekar í þessu máli fyrr en því hefur verið formlega vísað til hennar. Það liggur alveg í augum uppi. Mér sýnist nú að menn fái þá allgóðan tíma til að hugsa sitt mál, hvað þeir vilja segja við 2. umr. málsins. Hún fer sýnilega ekki fram fyrr en eftir hálfa aðra eða tvær vikur, tvær vikur í fyrsta lagi. Ég mælist því eindregið til þess að hv. þingdeild ljúki þessari 1. umr. Ég veit ekki hversu margir eru á mælendaskrá, en ég trúi ekki öðru en því að menn geti komið sér sæmilega saman um að stytta mál sitt við þessa 1. umr. og í sjöunda skiptið sem 1. umr. í raun fer fram í þessari hv. deild um þetta sama mál.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þar sem nú hefur verið upplýst að margir þeir sem þurfa að vinna í sambandi við þetta mál verða erlendis í næstu viku og það verður því ekki til umfjöllunar þá, þeir hinir sömu eru flestir mjög uppteknir við að vinna að hinum stóru málum ríkisstjórnarinnar, sem nú eru til umfjöllunar í Ed. og koma hingað væntanlega á morgun og verða í vinnslu hinn daginn, þá sé ég ekki að hv. allshn. hafi nokkurn einasta tíma til að sinna frv. þessa dagana. Ég veit ekki betur en hv. formaður hennar og fleiri þm. sem um málið fjalla verði erlendis í næstu viku. Því sé ég ekki að það skipti nokkru að ræða málið í kvöld, því að það er ekkert komið á leiðarenda þó að 1. umr. ljúki. Mér finnst þess vegna það eina sem upp úr því hefst vera þetta: gagnvart þjóðinni mun það líta þannig út að hér séu þau jafnþung sitt á hvorri vogarskálinni í vinnu þingsins í kvöld, hin stóru efnahagsmál í Ed. og bjórmálið í Nd. Ég hefði haldið að það væri fremur hyggilegt að sleppa kvöldfundinum. Ég vildi ítreka þetta. En auðvitað hlíti ég úrskurði hæstv. forseta um þetta efni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa í þessu sambandi að það var ætlunin á kvöldfundi að ljúka þessari umræðu og einnig var ætlunin að taka til 2. umr. mál sem kemur frá nefnd og varðar söluskatt í sjávarútvegi og þarf í rauninni að fylgja þeirri efnahagsumræðu sem hér er. Það var ætlunin að gera það á kvöldfundi. Ég var búinn að tilkynna um að það yrði kvöldfundur. Ég mun halda mig við þá tilkynningu og freista þess að ljúka þessari umræðu á þeim fundi. Það er ekki vegna þess að ég sé með neitt offors í þessu máli, enda hef ég ekki tekið það svo að menn hafi sakað mig neitt um það. Menn hafa ekki gert það. En ég tel að það sé affarasælast að ljúka þessari og fundur mun hefjast aftur kl. 9.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með þennan úrskurð forseta og þær umræður sem hafa farið fram hér. Það sýnir þá þungu áherslu sem bjórmenn leggja á að þetta frv. komist fram. Mér sýnist frekar að það sé lögð enn þá meiri áhersla á það en nokkurn tíma það frv. sem er verið að fjalla um í Ed. Ég er mjög ánægður yfir þessari niðurstöðu. Ég bið forseta að setja mig á mælendaskrá.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn. að hann vildi hefja vissa sáttaumleitan og hygg ég að hv. þm. hafi verið ljóst að sú tvöfalda framsöguræða sem flutt var fyrir þessu máli, en fyrir því talaði á sínum tíma hv. 2. þm. Reykn. og hv. 13. þm. Reykv., sem hafði að vísu fyrst og fremst þann háttinn á að lesa upp grein eftir geðlækni, hafi ekki beinlínis flýtt fyrir afgreiðslu málsins eða sá málatilbúnaður sem þar fór fram.

Ég hygg að það væri fyrst og fremst eitt sem mundi mjög ýta á hvort menn sæju einhvern trúverðugleika í því að vísa þessu máli til nefndar til skoðunar og það er hvort hv. 2. þm. Reykn. getur fallist á að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. Ástæður fyrir því að mér sýnist mjög margt benda til þess að það sé eðlilegt að gera það eru fyrst tvær. Önnur er sú að sú nefnd sem skiptist í tvennt og samdi þetta frv., þ.e. meiri hl. hennar sem flutti þetta, er að mínu viti vanhæf til að taka við málinu. Það er álíka vitlaust að láta hana taka við málinu aftur og ef við samþykktum að aðalbókari t.d. hjá Eimskip ætti jafnframt að sjá um endurskoðun á bókhaldinu eða að aðalbókarinn hjá SÍS ætti að sjá um endurskoðun (**SvH:** Á sjálfum sér.) á sjálfum sér. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að hjálpa mér að gera þessa hugsun enn þá skýrari. Ég hygg að það fari ekkert á milli mála að hv. 2. þm. Reykn. sér í hendi sér hversu hlægilegt það væri að standa þannig að. En þegar hv. 13. þm. Reykv. telur að með því að lesa upp grein úr Morgunblaðinu eftir geðlækni sé hún að komast að kjarna málsins hlýtur að vera eðlilegt að málinu sé vísað til heilbr.- og trn.

Nú ætla ég ekki að hafa langt mál um þetta frekar því að mig fýsir mjög að vita hver alvara fylgir því sáttatilboði sem hér var sett fram og hver alvara fylgir því að menn telji að þetta mál fái eðlilega meðferð. En ég vil mótmæla því að hér hafi umræða um þetta mál á nokkurn hátt verið óeðlileg. Ég kvartaði ekki undan því að mæta á kvöldfundi til að ræða þetta mál. Mér sýnist að það sé viðurkenning forseta á stærð málsins, viðurkenning á því að að stærð til er þetta ekki síðra en mörg stjfrv. að mikilvægi sem hér hafa verið lögð fram og vissulega er það viðurkenning á því um hvaða fjármuni menn eru að tefla, m.a. af almannafé, ef til samþykktar þessa frv. kæmi.

Herra forseti. Ég vænti eindregið að hv. 2. þm. Reykn. sjái sér fært að svara þessu því að ég fyrir mína parta er reiðubúinn að stuðla að því að málið fari strax til nefndar verði svarið jákvætt.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæltist til þess áður en fundi var frestað fyrir kvöldmatinn að menn tækju saman höndum um að reyna að koma þessu máli úr 1. umr. og til nefndar og ég var ekki sá fyrsti sem mæltist til þess. Það höfðu margir ræðumenn gert í umræðum í dag. Ég hef þegar lagt til að málið fari til allshn. og held mig að sjálfsögðu við þá tillögu. Ég er alveg reiðubúinn að ræða efnislega það sem hér hefur komið fram, bæði hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, að allshn. sé vanhæf til að fjalla um þetta mál. Það eru skoðanir sem ég get ekki fallist á. Ef það á að vera verðið sem þarf að greiða fyrir að málið komist strax til nefndar er ég ekki tilbúinn til þess að borga það. Satt að segja heyri ég ekki mikið sáttahljóð í hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Ég held að við verðum einfaldlega að

halda áfram efnislegri umræðu um þetta mál. Það eru enn þá nokkrir þm. á mælendaskrá og ég geri ráð fyrir að þeir vilji fá að tala. Við skulum bara halda því áfram.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má vel vera að hv. 2. þm. Reykn. hafi þótt lítið sáttahljóð. Ég ætla ekki að vera dómari í sjálfs mín sök, en trúlega er það þá gagnkvæmt að ég varð ekki var við neitt sáttahljóð í hans málflutningi. Mér fannst ekki örla á því. Ég tel að hér hafi ekki verið um neina peningaupphæð að ræða eða neinn kostnað, hvorki fyrir hv. 2. þm. Reykn. eða aðra, þó að málið færi til heilbr.- og trn. *Ég fæ ekki séð að það hefði kostað hann eina* einustu krónu og fellst þess vegna ekki á þá skoðun að það hafi verið um neinn kostnað að ræða í því sambandi. Þessu vil ég alveg sérstaklega koma á framfæri til að fyrirbyggja misskilning. En ef menn telja að þeir þurfi sérstaklega að lesa yfir eigin handarverk aftur og alvaran sé slík að þeim sé sérstök nauðsyn á að gera það eru þeir fyrst og fremst að friðþægja sjálfa sig fyrir þau vinnubrögð sem þeir telja að séu eðlileg í þessu máli.

Ragnhildur Helgadóttir:

Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans orð hér í dag og svör hans við nokkrum athugasemdum og spurningum mínum. Ég er því alls hugar fegin að heyra hverjar ályktanir hann dregur af þeim gögnum sem fyrir hendi eru og rannsóknum sem fram hafa farið á áhrifum þess að bæta nýrri áfengistegund við þær sem fyrir eru og þar með að auka heildarneyslu áfengis og svo aftur á móti þær afleiðingar sem það hefur í för með sér. Mér er það ljóst af orðum hæstv. ráðherra að hann vill ekki leggja lóð á vogarskálar til þess að auka þessa heildarneyslu með þar af leiðandi aukaskaða.

Ég kvaddi mér einungis hljóðs vegna þess að í máli hæstv. ráðherra kom það fram að því er mér virtist að engar þjóðir, sem ætluðu sér að draga úr heildarneyslu áfengis, ætluðu sér að gera það með því að banna einhverjar tegundir, eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Nú liggur það auðvitað alls ekki fyrir með hvaða hætti einstakar þjóðir ætla að ná þessu marki og það er áreiðanlega mismunandi. Það höfum við þegar séð og við höfum líka séð að sumar þjóðir hafa ýmsan hátt á að takmarka aðgengi, eins og það er orðað, að áfengi með því að auka á ýmiss konar hömlur, annaðhvort með því að fækka þeim tímum dags sem veitingahús hafa áfenga drykki á boðstólum eða tilteknar tegundir o.s.frv. Þetta könnumst við flest við. Þeir sem ætla að panta sér koníak með kaffinu á eftir matnum á sunnudegi í veitingahúsi í Osló fá það svar að sterkir drykkir séu ekki *framreiddir þar á þeim tíma* dags. *Ef þeir ætla á* bar í sömu borg og fá sér kokkteil fyrir mat, kannski á þeim tíma sem aðrar þjóðir teldu að slíkt væri gert, t.d. klukkan hálfsex eða svo, þá fá þeir það svar að það sé nú ekki gert á þeim stöðum á sunnudögum eða á þeim tíma sem nánar er tiltekinn. Þetta veit ég að var a.m.k. á tímabili. Vel kann að vera að tímamörkum hafi verið breytt og tegundum frá því er þetta var. En ég nefni þetta til að sýna að það er ýmiss konar háttur sem menn hafa á því að takmarka drykkju manna án þess þó að um algert bann sé að ræða. Að vísu er það svo að sú umræða sem núna fer fram í Finnlandi um takmörkun á öldrykkju mun ganga út á hugsanlegt bann á svokölluðu milliöli.

En því fjölyrði ég um þetta að ég hef orðið þess vör að nokkrir þm. líkja þeirri afstöðu að vera andvíg því að innleiða bjór hér á landi við það að banna tegund. Þetta er dálítil rökvilla, því að hér er verið að tala um að bæta nýrri tegund við en ekki að banna það sem fyrir er.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra, ef ég skildi hann rétt, að ekki kæmi fram í gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að bjór hefði þau áhrif í för með sér að heildarneyslan ykist. Þetta hygg ég nú að hæstv. ráðherra *eigi eftir* að sjá að *er kannski* á misskilningi byggt. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra hafi ekki verið með öll gögn tiltæk þegar ég bað hann um að svara hér í dag, en það er ljóst að það liggur fyrir í ýmsum gögnum þeirra aðila hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem þessar rannsóknir og þessi mál hafa með höndum að einmitt þetta er staðreyndin. Ég mun nefna nokkur þessara rita þannig að hæstv. ráðherra og þá sérstaklega hv. nefnd geti fengið þau til athugunar, en þetta liggur fyrir á ýmsum stöðum.

Ég vil einnig, áður en ég kem að því atriði að gera nánari grein fyrir þessum staðreyndum sem getið er um í tilteknum ritum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, nefna eitt til viðbótar vegna þess að hæstv. ráðherra vitnaði hér til samtals við dr. Halfdan Mahler, aðalritara þessarar títtnefndu stofnunar, og mér skildist að Mahler hefði undrast að hér væri ekki bjór á boðstólum. Ég hafði einhvern tíma skilið sama mann svo að hann teldi nú ekki ástæðu fyrir okkur að innleiða þessa breytingu en vel má vera að ég hafi misskilið það eða annað hvort okkar. En það liggur algjörlega ljóst fyrir hver ráð þeirrar stofnunar, sem þessi maður stendur fyrir, eru í þessu sambandi. Og fyrst menn nefna tiltekna menn í þessu sambandi þá vil ég leyfa mér að nefna dr. Sartorius, sem er forstöðumaður geðheilbrigðisdeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en það er sú deild sem hefur með alkóhól- og eiturlyfjavanda að gera. Dr. Sartorius segir að það sé algjörlega ljóst að bjór muni þar sem hann hefur ekki verið fyrir bæta við áfengisvandann og því sé ekki ráðlegt að hverfa að þessu ráði.

Þetta er auðvitað ekki einungis persónuleg skoðun manns, heldur niðurstaða í fjölmörgum *ritum eins* og ég nefndi áðan og af því leiðir líka að menn hafa af því verulegar áhyggjur að þar sem neyslan hefur nokkuð staðnað í iðnríkjum vesturálfu, þá sækja menn inn á nýjan markað í þróunarlöndunum. Þetta er nokkuð alvarleg staðreynd.

Fljótt á litið kynnu menn að spyrja: Hversu mikið kemur okkur það við? En vissulega kemur okkur það við í heimi þar sem við stöndum andspænis vaxandi samskiptum norðurs og suðurs og ríki norðurhluta heims leggja sig fram um að styðja suðurhlutann með ýmsum ráðum, bæta þar úr heilsubresti og aðstoða menn til þess að afla sér viðurværis og kenna þeim sitthvað í því sambandi. Þessi markaðssókn auðveldar ekki það starf. Hitt er annað að mér er það mætavel ljóst að þetta er hlutur sem við ráðum ekki við, en hins vegar staðreynd sem er kannski rétt að hafa á bak við eyrað þegar við hugleiðum við hvern vanda er að etja.

Áður en ég vík að fleiri atriðum ætla ég að nefna nokkur þeirra rita Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem ég sagði að ég mundi gera. Í riti stofnunarinnar nr. 89/1985 er m.a. getið um það hvernig neysla allra eykst hlutfallslega með vaxandi heildarneyslu og þar sem heildarneysla vex þar fjölgi stórneytendum meira en svari til aukningar heildarneyslunnar. Þetta er enn eitt atriðið. Heildarneysla áfengis á mann í þjóðfélaginu og skaðsemin breytast í takt. Þetta segir í riti sömu stofnunar nr. 88 og höfundar þess eru frá Royal College of Psychiatrists. Í riti Heilbrigðisstofnunarinnar NH 85 nr. 14 segir að þetta leiði til fleiri sjúkdómstilvika og ótímabærra dauðsfalla og er eitt út af fyrir sig næg ástæða fyrir þá sem heilbrigðismálum sinna til að vinna gegn öllu sem stuðlað getur að aukinni neyslu.

Allir áfengir drykkir eru jafnhættulegir vegna þess að það er vínandamagnið sem skiptir máli en ekki einhverjir aðrir eiginleikar drykksins. Hin almenna trú að bjór sé tiltölulega hættulítill og það séu aðeins þeir sem drekka brennc vín sem verði drykkjusjúkir eða fái skorpulifur á ekki við rök að styðjast. Og það er sama virta fræðistofnunin og áður getur, Royal College of Psychiatrists sem þetta segir í ritum sínum árið 1986.

Enn má geta þess að í löndum þar sem bjór er algengasta áfengistegundin eru flestir drykkjusjúklingar bjórdrykkjumenn.

Nú er það auðvitað alveg ljóst að í fjölmörgum löndum er þessi tegund áfengis hluti af þjóðlífinu ef svo má segja eða hver hefur ekki sannfærst um það sem hefur kannski komið til München og litið þar inn á staði eins og Hofbrauhaus sem er frægur staður í Evrópumenningunni. En engu að síður veldur þetta gífurlegum vanda. Og hvergi þar sem bjór hefur verið bætt við aðrar áfengistegundir hefur hann orðið til þess að draga úr áfengisvanda eða áfengisneyslu. Þetta eitt finnst mér nægileg röksemd til þess að við séum ekki að gera þessa tilraun rétt sisvona að gamni okkar á útmánuðum vegna þess að þetta er vinsælt umfjöllunarefni oft og tíðum fyrir kosningar og meðal fjölmiðla, eins og hér var getið í dag, og kannski vegna þess að þegar menn fjalla um það í þeim tón sem þá tíðkast, þá eru menn eiginlega að taka sér frí frá alvarlegri deilum þar sem menn skiptast í flokka eftir nokkurn veginn ákveðnum línum. Þess vegna er þetta ekki aðeins spurningin um þann sjálfsagða hlut að við látum vera sem allra fjölbreyttast úrval neysluvöru á markaðnum — að fólk rétt ráði því sjálft hvort það notar sjávarsalt eða jurtasalt í matinn sinn eða hvort það gerir sér graut úr hafragrjónum eða hrísgrjónum. Það er allt annar hlutur sem við erum að tala um hér vegna þess að við verðum að bera ábyrgð á afleiðingunum. Og hvað eru menn svo að tala um að geti verið ráð til þess að snúast gegn þessum afleiðingum? Jú, þeir segja: Aukin fræðsla.

Mér verður litið á hv. þm. sem hér situr mér til vinstri handar, hv. þm. Níels Árna Lund, sem gegndi með mikilli prýði og raunsæi því vandasama verkefni sem æskulýðsfulltrúi að fjalla m.a. um fræðslu fyrir ungmenni um skaðsemi áfengis og vímuefna. Ég spyr nú þennan hv. þm.: Hefur hann trú á því að samþykkt þessa frv. mundi valda því að nú yrði allt í einu svo stórkostlega aukin fræðsla um þessi efni að hún mundi valda því að þau yrðu mönnum allt í einu skaðlaus að hafa jafngreiðan aðgang að og vera mundi ef frv. yrði samþykkt? Mér sýnist að ekki hafi gengið svo greiðlega að fá nægilegt fjármagn til þeirra aðila sem lögum samkvæmt hafa með höndum fræðsluhlutverk í þessu skyni að ég leggi á það nokkurn trúnað að allt í einu yrði samþykkt þessa máls til þess að menn tækju svo hraustlega við sér í fræðslustarfseminni að það mundi ekki einungis eyða skaðlegum áhrifum af þessari viðbót við þá neyslu sem fyrir er í landinu, heldur beinlínis draga úr þeim vanda sem fyrir er. Til þess að draga úr þeim vanda sem fyrir er væri miklu einfaldara að afla fjár með öðrum hætti en þeim sem hér er gert ráð fyrir í frv.

Stundum verða menn feimnir þegar talað er um að hér sé um fjáröflunarfrv. að ræða. Það skyldi þó ekki vera ástæða fyrir því að þetta frv. er með svo eindreginni ákvörðun hæstv. forseta rætt hér nú í kvöld einmitt þegar efnahagsmálafrv. ríkisstjórnarinnar er til meðferðar og mál þeim tengd? Það skyldi þó ekki vera að það sé ekki tilviljun að þetta mál sé rætt hér sama daginn og menn eru að tala um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu?

Seinast þegar bjórfrv. var á ferðinni hér í hv. Alþingi, þá óskaði hæstv. þáv. forsrh. eftir því við Þjóðhagsstofnun að hún reiknaði út hver tekjuauki ríkissjóðs gæti orðið af því ef framleiðsla og sala áfengs öls væri leyfð hér á landi. Og Þjóðhagsstofnun sendi útreikninga sína, gerði þessa útreikninga. Það liggur fyrir að Þjóðhagsstofnun á Íslandi hefur gert áætlun um það hvað tekjur ríkissjóðs mundu aukast við bjórsölu, m.ö.o. hve heildarneyslan eykst mikið. Þetta liggur fyrir. Og halda menn að þetta sé breytt núna? Ganga menn út frá einhverjum öðrum forsendum núna? Eru menn allt í einu í alvöru farnir að halda það að heildarneyslan aukist ekki?

Ég var einu sinni þeirrar skoðunar að þetta mál væri ekki það stórmál að það ætti skilið svo langvarandi umfjöllun sem það hefur oft fengið hér í Alþingi. En það sem mér finnst stórmál í því er hve furðumargir virðast skella skollaeyrum við þeim

augljósu heilbrigðisrökum sem fyrir liggja. Og á sama tíma kveðast þeir vilja berjast gegn auknum vímuefnavanda í landinu. Þetta á ekkert skylt við það hvort okkur hverju um sig þykir gott að fá bjór eða ekki, hvort við viljum vínglas eða ekki. Það sem máli skiptir er skylda okkar til þess að taka þær ákvarðanir sem við teljum vera almenningi í landi okkar fyrir bestu. Sumir hafa jafnvel sagt: Ja, væri ekki æskilegra að ungt fólk drykki frekar bjór en sterk vín eins og allt of algengt er? Ég held að hvort tveggja sé óæskilegt, en ég er þeirrar skoðunar eins og margir aðrir að það mundi vissulega auka drykkju unglinga og gera hversdagsdrykkju í þjóðfélaginu meiri. Og svo að ég grípi hér niður í eitt af dönsku blöðunum sem hingað berast, blöð Norðurlanda berast jafnt og þétt í hliðarherbergi í Alþingi, ég leit á eitt þessara blaða frá því sl. laugardag. Þar stendur: „Ungt fólk drekkur dag hvern." Fyrirsögnina má sjálfsagt ekki taka sem alhæfingu. Svo stendur í lauslegri þýðingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagsmálastarfsmenn efast um þýðingu þess að spyrja ungt fólk um hve marga sjússa það drekkur. Sjöundi hver skólanemandi milli 13 og 18 ára í Juelsminde upplýsir að hann drekki milli 10 og 47 sjússa um venjulega helgi. Það er ekki víst að maður fái nákvæma tölu þegar maður spyr um fjölda sjússa, segir Egil Lyne, sem er ráðunautur í vímuefnamálum í Árósaamti. Hann er meðhöfundur rannsóknar frá Randers sem var gefin út 1986. Í henni voru börn og unglingar á staðnum aðeins spurð hvort þau hefðu drukkið öl í síðustu viku. Þriðji hver af þeim sem voru 15–16 ára svaraði játandi. Randers-tölurnar og mikilvægasta niðurstaða þeirra er að það er tilhneiging til „hversdagsneyslu meðal ungs fólks", og það er þetta atriði, hversdagsneyslan, sem ég held að sé mikið lykilatriði í þessu máli, bæði að því er varðar unga og þá sem eldri eru.

Síðan segir í þessari litlu grein:

„Þetta boðar illt og verður að taka af meiri alvöru en þá neyslu, sem fer fram um helgar sem oft fer fram við hátíðleg tækifæri, segir Egil Lyne. Í áfengis- og vímuefnaráðinu segir Johan Petersen fulltrúi: Að verða fullorðinn í dag, það tengist áfengi í ríkara mæli heldur en fyrir 15 árum. Oft taka börnin upp lífsháttu hinna eldri og í dag deyja fleiri ungmenni á milli 25 og 34 ára af skorpulifur en fyrir 10 árum síðan."

Þetta seinasta atriði er auðvitað ekki, þótt dapurlegt sé, meginatriði í sambandi við það frv. sem við höfum hérna með höndum. Þetta er eitt af hinum mörgu hliðaratriðum sem við getum ekki lokað augunum fyrir, að neyslan hefur færst í yngri aldurshópa og að það liggur fyrir eftir rannsóknum af þessu tagi, eins og frá því var sagt deginum áður í Politiken, 26. þ.m., að flest af þessu unga fólki taki bjórinn fram yfir annað. Og það er ekki nýtt fyrirbrigði í Danmörku en þar er, eins og við vitum, áfengisneysla mjög mikið vandamál.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, fyrst og fremst til þess að leggja áherslu á það að í mörgum ritum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar liggur það nákvæmlega fyrir sem hefur verið sagt hér oft í ræðum ýmissa þm. í dag, að þar sem bjór hefur ekki verið almennur og honum er bætt við hina venjulegu áfengisneyslu, þá eykur hann hina almennu neyslu og að hin aukna heildarneysla eykur þann vanda sem við er að etja af völdum áfengis. Menn segja: Við erum fylgjandi þessu máli ef hægt er að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slæmar afleiðingar. Ég vitna til þeirrar reynslu sem við höfum og segi: Besta ráðið til að koma í veg fyrir slæmar afleiðingar er að sleppa því að samþykkja þetta frv.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég held að ég neyðist til þess að víkja örfáum orðum að málsmeðferðinni þótt ég hafi ekki löngun til að dvelja lengi við það atriði, bæði vegna þess að hæstv. forseti og raunar fleiri, sem hafa með stjórn þingsins að gera, sáu ekki ástæðu til þess að verða við þeirri einföldu beiðni að þessari umræðu yrði lokið öðruvísi en að menn þæfðu málið á kvöldfundi sem mér vissulega kom á óvart. En það liggur hver eins og hann hefur lund til. Það er ekki fyrst og fremst ég og mínir líkar sem þurfa á því að halda að ná góðri samvinnu hér á hinu háa þingi heldur þeir sem stjórna því.

Ég verð þess vegna að rifja líka upp í örfáum orðum að ég þóttist hafa vaknað upp við vondan draum fyrir viku á miðvikudegi. Á þriðjudeginum kl. 20 mínútur fyrir 4 gekk ég á fund hæstv. forseta og tjáði honum að ég þyrfti skylduverkum að gegna kl. 4 þann dag, sem og var, skyldur sem ég hefði tekist á herðar í embætti mínu sem menntmrh. Það var gott samkomulag milli okkar að 1. umr. um þetta mál yrði ekki lokið á þeim degi, þriðjudegi. Hann tjáði mér að hann stefndi að því að ljúka henni á miðvikudegi og ég hafði ekkert við það að athuga. Þegar ég svo kem á fætur um morguninn og sé Morgunblaðið, þá mæta mér undrunarefni eigi lítil. Þar les ég það að hart hafi verið deilt um frestun fundar. En þegar ég hafði náð þessu samkomulagi við hæstv. forseta um þessa málsmeðferð, þá tjáði ég formanni þingflokks Sjálfstfl. frá þessu samkomulagi. Hann tók því þunglega en mér datt satt að segja ekki í hug að hann mundi gera svo harkalega tilraun til þess að þetta samkomulag yrði brotið á mér eins og síðar bar raun vitni um. Og fyrir því var það sem ég tel líklegt að ýmsir geri sér grein fyrir sem þekkja mig að skapsmunir mínar gátu alls ekki tekið við þessu þegjandi og hljóðalaust.

Og það var miklu fleira. Vegna þess að hæstv. forsetinn sendi mér þær kveðjur fjarverandi að þm. ættu ekki að vera að ráðstafa sér annað þegar umræður stæðu yfir á hinu háa Alþingi um mál sem þeir létu sig varða eða yfirleitt ekki. Hafði ég þó gert honum grein fyrir mínum ástæðum. En hann klykkti út og ég hef þetta upp á þingtíðindum þannig að hér fer ekkert milli mála, að hann segir svo með hans eigin leyfi: „Hins vegar vil ég ekki láta ásaka mig um

valdníðslu í þessu máli og mun skera svo úr að þessari umræðu verður nú frestað, þó að það sé ekki ástæða til þess.“

Ég veit reyndar ekki hvernig litið er á orð og efndir hjá þeim á lagernum hjá Kaupfélagi Héraðsbúa á Egilsstöðum. En ef þetta er viðhorfið, þá þurfa piltar þaðan að læra lexíu sína upp á nýtt sem hefur rekið upp í forsetastól í Alþingi. Það að halda því fram eftir að hafa gert samkomulag við einn þm. um málsmeðferð að engar ástæður hafi legið til að standa við það, kemur mér meira en lítið á óvart. Og það reyndist svo, sem kannski ýmsa varði ekki, að Morgunblaðið fór rétt og satt með allt í þessu máli. Og því var það að ég varð ókvæða við og kom í þeim ham til fundar á miðvikudag fyrir viku síðan.

Það hefur margt, og að vonum, orðið fallið í þessari umræðu og ég skil vel að bjórmenn, ölverar og ölkyrjur — og sakna ég nú sárlega hv. 13. þm. Reykv. Guðrúnar Helgadóttur, hinnar vösku ölkyrju, en þegar ég hafði viðhaft þau orð yfir hana að hún væri þorstlát valkyrja var gaukað að mér þessu nýyrði, ölkyrja, sem ég verð að skýra svo menn haldi ekki að ég sé að fara með fúkyrði í garð hv. þm., en ölkyrja er myndað eins og valkyrja. Valkyrja er kona orustunnar, sú sem kýs sér val. Ölkyrja er þess vegna kona ölsins, sú sem kýs sér ölið. Og eins og ég segi, hæstv. forseti: Gæti ég nú tekið upp á þeim ósið eins og aðrir að standa hér uppi og segja: Ég á erindi við hv. þm. og ég mæli ekki orð frá vörum fyrr en hún hefur birst hér, frú Guðrún Helgadóttir, hin vaska ölkyrja.

Ég verð að segja það alveg eins og er að mér hreint og beint ofbýður hvernig farið er að framkvæma þingsköp að þessu leyti, að ef ræðumönnum svo dettur í hug að þeir eigi erindi við einhvern ráðherranna t.d., þá geti þeir krafist þess að viðkomandi mæti til fundar hvernig sem á stendur og ef þeim svo sýnist að standa hér þegjandi uppi í stól. Þetta er auðvitað engin hæfa. Það er í hreinum undantekningartilfellum sem þm. eiga einhverja kröfu á því að ráðherra mæti. (**GHH:** Ekki er þitt athæfi skárra núna.) Hvað á hv. 117. þm. Reykv. við? (**GHH:** Sama málþófið.) (**Forseti:** Hv. ræðumaður hefur orðið.) Ég vil nú spyrja hæstv. forseta og sannleikurinn er sá að því víkur nú dálítið ömurlega við fyrir stjórnendur hér í þinginu eins og hæstv. forseta og formann míns þingflokks að þeir sem eru orðnir flytjendur þessa máls skuli nota svona aðstöðu sína til þess að hamast með það áfram gegn venjulegum þinghefðum. En ég vil nú spyrja hann að því hvort hann vilji nú ekki ræða við skrifara sinn um það að við tökum hóflega á þessu öllu saman og reynum að afgreiða málið því að ég hef áður sagt það að það er illt að egna óbilgjarnan og þar á ég við sjálfan mig. Þegar menn svo kjósa þá er hægt að hafa önnur vinnubrögð uppi. En ég skil vel að þeir sem mest beita sér fyrir ölinu séu orðnir óþolinmóðir. Þeir kunna því auðvitað illa og þykir illt að liggja undir ásökunum og þeim rökum sem hægt er að tefla fram í málinu og hafa ekkert sjálfir, hafa orðið að því uppvísir að skrifa undir og upp á vitlausasta málatilbúnað sem nokkurn tímann hefur verið viðhafður á hinu háa Alþingi. Og það er eðlilegt að þeir gerist óþolinmóðir. En starfsmenn forseta sérstakir verða að gá að sér að brjóta ekki mikið af sér í þingsköpum. Ég hafði síður en svo hugsað mér að hafa uppi málþóf, enda er hér ekkert á hættu að þetta mál komist leiðar sinnar og til úrslita í hinu háa *Alþingi*.

Eins og ég segi hef ég ekki orðið sérstaklega undrandi á þeirri málafærslu sem uppi hefur verið höfð, enda fer lítið fyrir henni af hálfu þeirra ölveranna. En ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með ræðu hæstv. heilbrrh., Guðmundar Bjarnasonar, og hann virðir mér það til vorkunnar þó að mér kæmi nú í hug kötturinn og heiti grauturinn. Ég gat ekki heyrt eða séð af hans málflutningi í hvora löppina hann ætlaði að stíga. Auðvitað kemur það í ljós við atkvæðagreiðslu um málið. En það var þá helst að heyra að hann flutti þau skilaboð eftir einhverjum fulltrúa frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni — skildi ég það ekki rétt? — að sá hefði látið uppi undrun sína að hér skyldi ekki vera þessi geðslegi drykkur á boðstólum fyrir gesti og gangandi. (**Heilbr.- og trmrh.:** Það voru nú kannski ekki skilaboð, en það var svona frá samræðum.) Já, ég skil. En það gæti verið fróðlegt og gæti verið mjög mikið til styrktar þeim ölmönnum hér að við fengjum nánari útlistun hans á þessu og frekari rökstuðning því að það gæti kannski orðið til þess að maður skipti um skoðun ef þessi vitmaður í þessum sökum upplýsti hvað á bak við þetta byggi eða biðja stofnunina hans um að upplýsa okkur um þetta.

Ég þarf ekki mörgu við að bæta. Ég er hér með ítarlega grg. sem prófessor Tómas Helgason hefur sent öllum þm. og þeir geta kynnt sér. Ég á satt að segja ekki von á því að það breyti mikið afstöðu manna þótt ég fari að lesa þetta upp. Ég trúi að þeim sem alvara er í hug þeir kynni sér innihald þess, en það er líka svar við ýmsum ótrúlegum firrum sem heilbrigðisstéttir okkar hafa leyft sér að viðhafa í málinu. Og það er meira en lítið alvarlegt og dapurlegt til þess að vita að fá að kynnast slíku frumhlaupi sem það verður að kallast af hálfu lækna þegar þeir fara að skrifa upp á vottorð til handa þeim sem vilja innleiða öl, ekki tugum saman heldur hundruðum saman, eða 133 svo að maður sé nákvæmur.

Vinur okkar mikill, fyrrv. hv. þm. Pétur Sigurðsson átti leið til þess að leita sér lækninga við þessum heljarsjúkdómi sem áfengisnautnin er til Bandaríkjanna eigi alls fyrir löngu. Þar hitti hann fyrir mjög stóran hóp manna auðvitað, því að Bandaríkjamenn eru mjög þjakaðir af þessum sjúkdómi sem er ofdrykkjan. Og þeir eru hlutfallslega miklu meira þjakaðir af honum sem þeir drekka meira en við og alveg sérstaklega af öli. Mikill meiri partur þeirra manna sem þurfa að leita sér lækninga voru eingöngu ölmenn, sumir alveg eingöngu og flestir. Allir áttu þeir það sammerkt að hafa byrjað á öldrykkju. Og þegar þeir lýstu því hvernig þetta hefði tekið þá

þessum heljartökum og alveg sérstaklega þessi þjóðsiður sem er orðinn þar að sitja við útvarp eða horfa á sjónvarp og horfa á kappleiki og drekka eins og þeir kalla það þrjá six-packs, það eru þrisvar sinnum sex flöskur í pakkningum sem þeir hafa, eða einar 18 flöskur. Þeir sem hafa nú vit á prósentum og rúmmáli í þessu geta sjálfir reiknað þetta út. En það er af því að segja að meðalsterkur bjór nálgast það að vera að styrkleika eins og sæmilega blandaður tvöfaldur viskísjúss segja barþjónar mér. Svo hugga menn sig jafnan við það að þeir séu ekki að drekka vín heldur bara öl.

Þetta var nú reynslan sem hann heyrði þarna menn segja frá, eigin sárri reynslu, þar sem ölið var snarasti þátturinn í óförum þessara manna sem þeir voru komnir að leita sér lækninga við. En við vitum að það er því miður ekki nema kannski eins og ⅕ sem fær lækningu af þeim sem leita sér lækninga við þessum grimmilega sjúkdómi sem nú um stundir ásamt auðvitað með fíkniefnunum öðrum ber meiri óhamingju í skauti sér en nokkuð annað sem þjóðir heims eiga við að stríða.

Og ölið hefur haldið innreið sína því að gróðadólgarnir láta ekki sitt eftir liggja. Í þriðja heiminum þar sem ölið hefur náð útbreiðslu er þetta þegar í stað að valda stórkostlegum vanda. Allt eru þetta kaldar staðreyndir og það er von að þeir sem fyrir þessu máli berjast vilji reyna að þrýsta þessu hið fyrsta í gegn til þess að losna undan öllum þessum köldu staðreyndum af því að þeir hafa engin rök gegn þeim, bara eitthvert frjálsræðiskjaftæði, eitthvað tal um það að menn eigi ekki að vera að setja sig á háan hest og hafa vit fyrir öðrum þótt, eins og hér var bent á af hv. 4. þm. Norðurl. e. í dag og fleirum, að hv. þingheimur sé allan daginn sem hann er að störfum hér með einhverjum hætti að hafa vit fyrir þjóð sinni, setja henni lög, reglur og takmarkanir. Öll snýst lagasetningin um með einhverjum hætti takmarkanir á þessu sem menn eru að kalla frelsi manna. Einhverjar skorður erum við ævinlega að reisa. Og þótt ég sé að vísu þeirrar skoðunar að það eigi að setja sem minnstar hömlur á athafnafrelsi manna t.d., þá kemur það ekki því við að ég vil ýmislegt á mig leggja til þess að setja skorður við því að t.d. unglingar eigi óheftan aðgang að því sem þeir fara sér að voða með. Engum af bjórmönnunum hérna dettur í hug að þræta fyrir það, og þeir eru reyndar hættir því með þessum nýja frumvarpsflutningi, að tala um að það sé ekki áfengi á ferðinni þar sem bjórinn er. Engum dettur í hug að þræta fyrir það að það eykur við áfengisneysluna. Engum heilvita manni dettur í hug að þræta fyrir það að neyslan fer niður eftir aldursflokkunum. Þetta dettur engum lengur í hug. Samt sem áður ætla menn í nafni einhvers frjálsræðis að láta sér verða það á að samþykkja þetta yfir okkur.

Menn segja að það skorti áfengisstefnu og mér er sagt að unnið sé að því af hálfu stjórnvalda. Það væri nú kannski ráð að hinkra við eftir því. En það er misskilningur. Við höfum nefnilega haft áfengisstefnu þótt hún hafi ekki bjargað okkur frá óhamingju. Það er að vísu rétt. En það hefur verið snarasti þátturinn í þessari áfengisstefnu, sem hefur haft gífurleg áhrif til góðs, að leyfa ekki almenna sölu á sterku öli.

Menn tala um samræmið og það er rétt að það var mikil óhamingja þegar lög voru brotin og leyft var ferðamönnum að kaupa sterkt öl á Keflavíkurflugvelli. Og við eigum bara að loka fyrir það hið fyrsta. En með allar þessar staðreyndir í huga þá satt að segja snýr málið þannig nú við mér að þótt ég hafi aldrei verið þjóðaratkvæðagreiðslumaður, það hef ég ekki verið, ég tel að það þurfi mikið að liggja við til þess að menn bregði á það ráð, þá hvarflar það samt að mér núna hvort við ættum að leita þangað vegna þess að mér er það hreint og beint óbærileg tilhugsun að hið háa Alþingi láti sér verða annað eins og þetta á. Ég get miklu fremur sætt mig við það að þjóðin sjálf í almennri opinni atkvæðagreiðslu taki ákvörðun og auðvitað verður farið að vilja meiri hlutans. Ég get miklu betur sætt mig við það en að þessari merkilegustu stofnun, ekki Íslands eingöngu, heldur eins og ég segi einni merkustu stofnun sinnar tegundar sem uppi hefur verið fyrr og síðar, löggjafarþing Íslands, að ætla að láta sér nú verða það á að kalla þetta yfir okkur sem ekkert er nema viðbót við óhamingju, erfiðleika, fjárútlát og þó er það ekkert á borð við óhamingjuna sem þetta ber í skauti sér og hefur í för með sér.

Um það þarf ekkert að ræða hver viðhorfin eru, og það reyndar í öllum löndum, til bjórsins — öðruvísi, miklu vægari. Menn eru miklu meðvitundarminni um áhrif þess heldur en venjulegs áfengis. Þetta er svona þótt það eigi engan rétt á sér.

Menn geta haldið áfram að þylja upp reynslu annarra þjóða af þessum málum. Allt kemur í einn stað niður. Það er hægt að segja þetta fyrir. Þetta er eitt af þeim örfáu málum sem alveg er hægt að segja fyrir um til hvers leiðir. Ég hef oft nefnt það áður og þarf ekki að endurtaka það að það sem kom mér til þess sérstaklega að hrökkva við var þessi staðreynd sem allt í einu blasti við mér, að áfengið er nær því í öllu falli undanfari frekari eiturlyfjaneyslu þegar hún tekur við á annað borð. Ærið er auðvitað áfengið sjálft og alkóhólið þegar það hefur náð heljartökum á manninum. En þetta leiðir til þess arna, það segja allar skýrslur, allar rannsóknir, allar staðreyndir sem við blasa. Ég hafði látið þetta afskiptalaust en að því búnu að þetta lá fyrir, þá gat ég hvorki orða né athafna bundist.

Það er auðvitað að menn treysta því, sem samt sem áður ætla að halda áfram að þröngva þessu máli fram, að þeirra verði að engu getið þegar menn fara að taka afleiðingunum. Það verður auðvitað bara Alþingi sem gerði þetta á sínum tíma. Það verður enginn kallaður til ábyrgðar. Það verður engin persóna kölluð til ábyrgðar. Þess verður kannski getið að það hafi verið í tíð hæstv. heilbrrh. Guðmundar Bjarnasonar. Það eru svona einstaka nöfn kannski sem verða nefnd, en ella ekki. Það man

enginn eftir þeim sem harðast beita sér fyrir þessu núna. Þeir verða ekki kallaðir til ábyrgðar, að ég tali nú ekki um ef þeir verða hvort sem er löngu fallnir í prófkjörum. Þessir 133 læknar sem voru lesnir upp verða heldur ekki kallaðir til ábyrgðar. Það skeður ekkert annað en það að óhamingjusömu fólki í þjóðfélaginu fjölgar, að við þurfum að leggja hærri skatta á þjóðina til þess að rísa undir þessu sjúka fólki í stórauknum mæli. Þá opnast nýir markaðir, stærri markaðir fyrir þá sem selja eiturlyfin. Á því er heldur enginn vafi. Það stækkar markaðurinn.

Og auðvitað er peningasjónarmiðið á bak við, peningafósar sem eru á ferðinni. Og það er komið allt ofan í skólakrakka með umboð fyrir þekktar tegundir af bjór sem bruggaður eru í heiminum. Það verður lið í þeim. Það verður hægt að skattleggja þá í prófkjörsslaginn. Það er dýrt að standa í prófkjöri. Ég veit það að í mínum flokki kostar enga smáaura að kaupa sig inn á þing í Reykjavík. Krakkar í skólum eru komnir með umboð fyrir bjórverksmiðjur í heiminum! Nei, þeir verða ekki kallaðir til ábyrgðar sem skrifa upp á þótt hundruðum saman sé, sem treysta því að þjóðinni muni ekki verða fótaskortur í þessum málum þótt bjór bætist við, hafandi þó í sama orðinu, eins og þessi geðlæknir hafði sagt, að það mundi bráðum vera að því komið að allir Íslendingar þyrftu að ganga undir læknishendi vegna þessa sjúkdóms sem alkóhólismi nn er!

Ég skora á hv. þm. að kynna sér síðasta plaggið þar sem færð eru fræðileg rök gegn aukinni áfengisneyslu og bjórfrv. af dr. Tómasi Helgasyni. Þar geta menn ef þeir vilja séð allar staðreyndir málsins í tiltölulega mjög samþjöppuðu formi á tæpum 13 síðum.

Ég hef imprað á því sem sagt hvort í þessu falli við ættum að bregða á það ráð að leita til þjóðarinnar sjálfrar og láta hana kveða upp dóminn. Ég er nefnilega heldur ekkert viss um úr því sem komið er að hún mundi kveða upp þennan dóm yfir sjálfri sér að kalla á meira af þessari óhamingju. Ég er ekkert viss um það. Ég held að það sé margt að breytast í viðhorfum almennings. En þá er að taka því. Ef hún tekur ákvörðun um það sjálf í almennri atkvæðagreiðslu, þá er ekkert um annað að gera en það er þó a.m.k. líðanlegra en það að Alþingi verði þetta á.

Ég get ekki kveðið nógu fast að orði um afstöðu mína til þess arna. Þótt menn hafi á árum áður verið þessarar skoðunar, miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir, þá er þetta með öllu óafsakanlegt eftir að þær staðreyndir og rannsóknir liggja fyrir sem við höfum á borðinu fyrir framan augunum á okkur í dag. Og það dugar ekkert eins og það að hafa það að yfirvarpi að það vanti samræmi í þetta, einhverjir forréttindahópar séu til, þótt sjómenn og flugliðar fái að flytja einhverjar flöskur með sér inn í landið. Ég játa það að vísu að það var mikið óhappaverk þegar fjmrh. krataflokksins leyfði farþegum að kaupa þetta í Keflavík. Það var mikið óhappaverk. En við skulum bara kippa því í liðinn. Þó er þetta algjört smáræði og hefur ekkert að segja upp á heildarneyslu þjóðarinnar, hér um bil ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut og það er aðalmálið. Það er aðalmálið.

Reynsla annarra þjóða, það þýðir víst ekkert lengur að bera hana borð. En þó eru menn hættir að þræta gegn þessu. Þeir eru hættir að segja þetta rangar upplýsingar. Það er í besta falli að það eru í þessum greinum útúrsnúningar og hreinar firrur sem fram er teflt sem eru svo rifnar niður að rótum jafnóðum.

Ég held nú að þótt mönnum liggi mikið á þá sé samt ástæða fyrir hið háa Alþingi að grandgæfa þetta mál sérstaklega og rasa ekki um ráð fram. Ég vil geta þess hér af því að menn tala um málsmeðferðina líka og þingsköp að það er auðvitað fráleitt að þótt mál sé borið fram af nefnd eða mönnum úr nefnd að nefndin sé að einhverju leyti vanhæf að fjalla um það. Það stenst auðvitað ekki, í engu falli. En það væri út af fyrir sig athugandi, sem ég veit að nefndin mun undir eins fallast á, að hún bæði heilbr.- og trn. um álit sitt og þá held ég að við getum nú alveg fallist á að þá kæmi sú nefnd sínum sjónarmiðum að og þá væri þessu að því leyti fullnægt að nefndin mundi þá sérstaklega fjalla um þetta að beiðni allshn. að segja sitt álit. Og ég fer bara beinlínis fram á það að það sé gert til þess að þetta atriði verði mönnunum ekki að ásteytingarsteini því að það gerum við nú reyndar ekki að húrra málum sitt á hvað milli nefnda eftir því hvernig við höldum að standi í bæli einstakra nefndarmanna. Það gerum við ekki í framkvæmd fundarskapa.

En mér dettur í hug það sem Bismarck sagði: Ef þetta mál á að ganga fram, þá er það verra en glæpur. Það er heimska.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mun ekki hafa að þessu sinni mörg orð hér. Ég veit það og ég trúi því að enginn af þeim sem setu eiga á Alþingi vilji gera a.m.k. vitandi vits neitt það sem hefur illt í för með sér, þó að umræður og staðreyndir sem við okkur blasa mörgum sé á þá lund að ef þetta mál nær fram að ganga, þá verði afleiðingarnar dapurlegar.

Ég get ekki fallist á það sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að setja þetta fyrir almenna atkvæðagreiðslu. Ég get ekki fallist á það fyrir mitt leyti. Ég trúi því að þetta mál verði stöðvað í þessari deild. Það auðvitað sýnir sig að það skuli vera kvöld- og næturfundur um þetta mál að þeir sem harðast berjast fyrir þessu máli finna það hér utan veggja þessa húss að það eru fleiri og fleiri að snúast gegn þessu máli. Og það fer ekkert á milli mála, enda er mér tjáð að sú eina umræða sem fer fram um þetta mál sé að menn gera grín að þessum frv. Menn eru yfirleitt andsnúnir því að fá meira áfengi inn í landið.

Ég man ekki betur en að það kæmi fram í umræðum hér á dögunum að áfengisneysla barna og unglinga í Danmörku hefði leitt það af sér að sögn lækna að 15% af þeim sem byrjuðu innan við 16 ára aldur væru með alvarlegar heilaskemmdir. Við vit-

um það að ef bjór verður leyfður, ef sala á bjór verður leyfð í landinu þá verður þetta í mörgum, vonandi ekki öllum kæliskápum, en á flestum eða öllum þeim heimilum sem hafa áfengi um hönd á annað borð. Það þýðir það að börn og unglingar komast í þetta í vaxandi mæli. Nóg er nú samt eins og þetta er í dag. Slysum fjölgar auðvitað, hjónaskilnuðum fjölgar, afleiðingar af neyslu áfengis. Við höfum reynslu af því, eins og aðrir, hvað hún leiðir af sér.

Hv. 4. þm. Austurl. var að tala áðan um köttinn og grautinn. Mér raunar datt annað í hug. Þegar ég kom hér fyrir 20 árum var mér sögð saga af manni sem var þekktur fyrir það að slá alltaf úr og í sem kallað er. Einn orðhagur maður sagðist hafa staðið þennan umrædda mann að því að vera að æfa sig á að fara upp og niður stiga samtímis. Þessi saga rifjaðist upp fyrir mér þegar ég hlustaði á hæstv. heilbrrh. áðan.

Þetta mál er þannig vaxið að réttast væri að fella það, vísa því ekki til nefndar, að það yrði fellt, til þess að menn séu nú ekki að eyða lengri tíma í að ræða þetta mál ef það stendur þannig, sem ég vona og trúi, að meiri hlutinn í þessari deild sé á móti bjórnum. Það væru rétt vinnubrögð og ég vil skjóta því fram til umhugsunar fyrir þá hv. þm. sem hér eru í salnum.

Ég ætla ekki að eyða lengri tíma að sinni en fari þetta til nefndar og komi til 2. umr. hef ég ýmislegt um þetta mál að segja þá.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Fyrir mig sem varaþm. hafandi ekki hlustað á bjórumræður hér á hv. Alþingi fyrr hafa þetta verið ákaflega fróðlegar umræður og margt þar komið fram og gæti ég hiklaust haldið því fram að margir fleiri hefðu mátt hlusta á umræðurnar. Vera má að einhver hafi heyrt þessi rök oft, með og á móti, og þó, eins og umræðan hefur snúist í dag hafa þau aðallega verið gegn bjórnum og margir hefðu því haft þörf á að hlusta. En það var fyrr í dag, í ræðu fyrrv. heilbrrh., hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, að ég fór að hugsa um það að taka til máls í þessari umræðu sem ég ætlaði mér þó alls ekki að gera. Hún nefndi að raunverulega mætti líta á þetta mál tvennum augum, annars vegar sem viðskiptamál og hins vegar sem heilbrigðismál og þá datt mér í hug hvort ég mætti nefna einnig kosningamál einstakra þm., sem láta niðurstöður skoðanakannana ráða afstöðu sinni, því að í fáum málum hafa jafnoft verið gerðar skoðanakannanir og fáum málum virðist vera jafnerfitt að standa gegn og þessu máli.

Nú ætla ég ekki beinlínis að segja af og á um það hver mín afstaða er en ég kemst ekki hjá því að nefna að á sínum tíma, eins og hv. alþm. Ragnhildur Helgadóttir vitnaði til, átti ég þess kost að vera æskulýðsfulltrúi ríkisins nokkurn tíma og m.a. átti ég þar sæti í nefnd á vegum forsrn. sem fjallaði um átak gegn áfengis- og vímuefnum. Seta mín þar og kynni mín af störfum þeirrar nefndar hafði vissulega áhrif á mig. Annars hefði ég verið tilfinningalaus í alla staði, að heyra þau rök sem þar voru lögð á borð fyrir því hvað víndrykkjan er skaðleg á margan máta og hvers konar böl hún hefur leitt yfir þessa þjóð sem og aðrar þjóðir.

Það má líka hugsa um útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála sem okkur óar við. Við vorum að loka fjárlögum. Það vantar alls staðar fjármagn til að fylla upp í þarfir þjóðfélagsins og ekki á það síst við um heilbrigðismálin sem bæði taka til sín verulegt fjármagn eða um 40% þeirra fjármuna sem Alþingi úthlutar og enn virðist vanta þar mikið á til að endar nái saman.

Margir halda því fram að vínneylsa komi ekki öðrum við en þeim sem hana stunda. Það minnti mig á að núna fyrir tveimur eða þremur dögum kom inn um lúguna hjá mér, sem og líklega mörgum öðrum, beiðni um það frá SÁÁ eða Vogi eða einhverjum álíka samtökum, sem eru góðra gjalda verð í alla staði, að fá að taka út mánaðarlega af mínu Visakorti eða Euro-korti ákveðna upphæð til styrktar þessu málefni og ég má segja að í hverri einustu viku er sérstakt happdrætti í einum fjölmiðlinum hérna sem beinlínis er ætlað að styrkja þetta málefni. Ef þetta eru ekki fjármunir þjóðarinnar sem fara í þetta, þá veit ég ekki hverjir fjármunir þjóðarinnar eru.

Ég hef ekki enn heyrt eða sannfærst um nein rök sem telja að bjórinn dragi úr áfengisneyslu, hvorki hér né annars staðar. Mér hefur verið hugsað til þess undanfarna daga að það er ekki langt síðan talað var um mörg sprengjutilfelli á einum ákveðnum stað hér í byggðarlaginu og þó að þar hafi eitt byggðarlag skorið sig úr er þetta víðar þekkt. Þarna eru unglingar nær undantekningarlaust að verki. Mér er líka hugsað til þess að ég hef undanfarin fjögur ár átt sæti í Kvikmyndaeftirliti ríkisins og séð þar margar ofbeldismyndir. Mér er líka hugsað til þess að heyra má fréttir í hverjum fjölmiðlinum á fætur öðrum, nánast af hvaða landshorni sem er, fréttir af ránum, vopnaburði og vopnasöfnum unglinga. Þar kennir ýmissa grasa, hnífa og hvers konar vopna annarra sem okkur sem erum orðnir fullorðnir óar við að séu yfirleitt í heimahúsum. Þá eru skemmdir á eigum o.s.frv. sem hljóta að vekja umhugsun hjá okkur, burt séð frá allri bjórumræðu, hvert við erum að stefna og hvað okkar unglinga vantar og hvað það er sem gerir þetta svona nú á síðustu dögum. Ef það er ekki hlutverk Alþingis að reyna að finna út úr því veit ég ekki hverra hlutverk það er öðrum fremur.

Ég heyrði líka á fundi sem ég var á um daginn að í Bandaríkjunum væri veltan í eiturlyfjunum meiri en veltan í kvikmyndaiðnaðinum og poppbransanum til samans. Í Evrópulöndunum væri velta þessara eiturlyfja í sömu löndum meiri en fjárlög landsins. Þetta hlýtur líka að kalla okkur til umhugsunar. Það er ekki langt síðan, og það var þegar ég var æskulýðsfulltrúi, að ég var á fundi með mönnum, m.a. séra Jóni Bjarman sem var fangaprestur þá, nýkominn frá veru sinni í Danmörku. Þá var hann að nefna það

að við ættum gott að vera ekki enn farin að sjá sorann í þessum málum, hvernig hann gæti verstur orðið. Samt sem áður læðist að mér sá grunur að séum við ekki þegar farin að sjá hann, þá hilli í að hann komi upp á yfirborðið. Það hlýtur að vera skylda okkar allra hugsandi manna og okkar sem erum að hvetja þjóðina til þess að kjósa okkur, velja okkur inn á Alþingi, til þess að ráða sínum málum að hugleiða þessi mál. Við hljótum líka að þurfa að taka afstöðu til þeirra.

Í nefnd þeirri, sem ég gat um fyrr að ég hefði átt sæti í á vegum forsrn. og ráðuneytisstjóri heilbrrn. stýrði, um varnir gegn eiturefnum og vímuefnum hvers konar, var m.a. Þórarinn Tyrfingsson sem er læknir á Vogi. Hann sagði það, ég má fullyrða að ég man það rétt, að hann vissi þá ekki um eitt einasta dæmi þess hjá mönnum sem voru orðnir þrúgaðir af eiturlyfjaneyslu að áfengið hefði ekki verið byrjunarpunktur. Þessi virti læknir sagði að hann vissi ekki um eitt einasta dæmi þar sem menn væru komnir út í eiturlyfjaneyslu og áfengið hefði ekki verið byrjunarpunktur. Vera má að menn þverskallist við öllu svona. Ég tel samt sem áður að það sé þörf fyrir okkur að taka ráðleggingum hvort sem við heitum alþm. eða eitthvað annað.

Hæstv. fyrrv. heilbrmrh. beindi til mín spurningum um fræðslu og álit mitt á henni miðað við þá reynslu sem ég hafði af því að vera æskulýðsfulltrúi ríkisins. Ég heyrði þá oft talað um að þörf væri á fyrirbyggjandi aðgerðum og sífellt var talað um fræðslu og fræðslu og aftur fræðslu. Ég ætla ekki að gera lítið úr fræðslunni, en mér var oft spurn: Hverja á að fræða og hverjir eiga að fræða og um hvað? Og hvenær er fræðslan orðin áróður og hvenær er fræðslan orðin auglýsing? Þetta voru þær spurningar sem ég gat ekki svarað. Ég er alveg viss um að það er ekki sama hver heldur á þegar fræðslan fer fram né heldur hverjir koma til með að meðtaka hana í hvert skipti.

Mér varð líka að hugsa til þess í dag að áður en þetta mál sem nú er á dagskrá var tekið fyrir lá hér frammi frv. um sálfræðinga, um starfsréttindi þeirra. Þarna er ein ákveðin stétt að biðja um að verða sérfræðingar eða hafa leyfi til þess að kalla sig sérfræðinga í einhverri ákveðinni grein. Ég veit að fjölþætt reynsla þm. er mikil og þm. hafa víða komið við í þjóðfélaginu. En samt er það svo að við hljótum að þurfa að taka og hlusta á reynslu annarra manna í mörgum, mörgum málum. Alla vega er það svo um mig að þó ég hafi víða farið um í þjóðlífinu tel ég sjálfsagt og eðlilegt að reyna að hlusta á reynslu þeirra manna sem vita best um ákveðna málaflokka, alla vega vilja meina best. Og mig langar til að vitna hér í grein. Það hefur oft verið vitnað til greinar sem Tómas Helgason skrifaði í Morgunblaðið 1. mars sl. og Tómas Helgason er prófessor í geðlækningum við Háskóla Íslands, okkar æðstu menntastofnun. Hann er forstöðumaður geðdeildar Landspítalans. Mig langar til að lesa upp tvö atriði úr grein þessa manns. Hann segir svo í greininni, með leyfi forseta:

„Það er skylda lækna að beita þekkingu sinni og reynslu til gagns fyrir sjúklinga sína og þjóðfélagið í heild til að koma í veg fyrir sjúkdóma og ótímabæran dauða. Í ljósi þessa ákváðu 16 af 20 prófessorum læknadeildar Háskóla Íslands að vara alþm. og aðra við þeim hættum sem íslensku þjóðinni er búin af frv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi til að heimila framleiðslu og sölu á áfengu öli. Fyrir þessu eru mjög sterk rök sem engir sem láta sig heilsufar þjóðarinnar og forvarnir varða geta gengið fram hjá. Allir læknar við meðferðarstofnanir SÁÁ og við vímuefnaskor geðdeildar Landspítalans hafa tekið í sama streng.“ Ef þetta er ekki ljós sem alþm. eiga að hafa í huga þegar þeir taka ákvörðun um slíkt mál sem þetta veit ég ekki hvað er hægt að gefa okkur að leiðarljósi.

Og Tómas Helgason segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Allar ábendingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hníga að því að ekki skuli leyfa framleiðslu og sölu á áfengu öli hér á landi. Í öllum þróuðum löndum hefur á síðustu árum verið unnið að því að draga úr áfengisneyslu. Aðgerðir sem gætu verkað í gagnstæða átt eins og t.d. mundu fylgja auknu áfengisframboði í formi bjórs mundu gera okkur að viðundri. Það er liðin tíð að upplýst fólk geri grín að því sem gert er til að koma í veg fyrir of mikla áfengisneyslu.“

Það má vel vera að þeir sem standa í þessum ræðustól og eru með varnaðarorð gegn því frv. sem hér er til umræðu eigi ekki bjarta framtíð í prófkjörum eða öðru slíku þegar líða tekur að kosningum. En hafa verður það og mér segir svo hugur um að einhverjir komi til með að meta það að menn vari alla vega við þeim hættum sem færustu menn á sviði þessara mála benda alþm. á og ég skammast mín ekki fyrir það að taka í slíkum tilfellum meira mark á orðum slíkra manna en yfirborðsþekkingu minni sem getur verið að sjálfsögðu haldlítil.

En ég vildi að lokum beina því til formanns hv. allshn., 2. þm. Reykn., að tekið yrði upp í nefndinni að ef tölulegar staðreyndir sýna að tilkoma bjórsins muni auka áfengisneyslu Íslendinga á næstu tveimur til þremur árum, ef þetta frv. verður samþykkt, að tekið yrði inn í frv. sólarlagsákvæði þess efnis að sala bjórs yrði bönnuð frá og með einhverjum tíma, t.d. eftir þrjú ár.

Ég læt þessu lokið, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég færði það í tal við forseta við upphaf efnislegrar umræðu um þetta mál hér í kvöld að ég óskaði eftir því að hæstv. dómsmrh. yrði tilkvaddur og mætti hér. Þetta gerði ég til þess að verða ekki borinn þeim sökum að ég viljandi á elleftu stundu heimtaði hann hingað á fundinn og stæði svo eins og þvara í stólnum þar til hann birtist.

Nú er það svo að ég sé ekki hæstv. dómsmrh. og þykir mér það mikið alvörumál. Ég vil þess vegna gera hlé á máli mínu og óska eftir svari frá forseta

hvers vænta megi. (**Forseti:** Ég lét aðvara hæstv. dómsmrh. og einmitt nú gengur hann í salinn.) Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. er genginn í salinn.

Um áramótin gerðust þau tíðindi að nokkrir Íslendingar urðu fyrir því að skaða sig við meðferð á tívolíbombum. Það hefur ekki komið fram hvort þeir voru drukknir eða ódrukknir þegar þau óhöpp urðu, enda skiptir það e.t.v. ekki höfuðmáli í stöðunni, heldur hitt að dómsmrh. brást við af festu í málinu og óskaði eftir rannsókn. Og það sem meira er, hann tekur ákvörðun um það að láta banna slíkar sprengjur, hvorki meira né minna. Málið er ekki rætt í hinum háu sölum þingsins, hvort það sé skerðing á persónufrelsi að menn megi ekki sprengja tívolíbombur á gamlárskvöld. Það er tekin ákvörðun um það að skerða persónufrelsi manna og banna bomburnar. Það er ekki nóg með að hann ætli að hafa vit fyrir þjóðinni, hann tekur líka ákvörðun um að hafa vit fyrir þinginu.

Ég er ekki að rengja hans ákvörðun eða hans niðurstöðu. Ég er aðeins að undirstrika það með þessum hætti að það er ekkert hik á hæstv. dómsmrh. að taka þessa ákvörðun. Hann lætur rannsaka málið, en hann tekur ákvörðunina. Mig langar til að varpa einni spurningu að dómsmrh. í þessu sambandi. Hvað telur hann að skaðinn sem þeir einstaklingar urðu fyrir og íslensk þjóð vegna tívolíbombanna sé mikill, metinn í peningum? Ég veit að sumt verður aldrei metið í peningum og ég veit að hæstv. dómsmrh. misvirðir það ekki við mig þó að ég spyrji á þennan hátt.

Nú sitja menn á kvöldfundi og margur er hneykslaður yfir því að hér skuli vera menn sem vilji taka um það ákvörðun hvort leyft verði að brugga og selja áfengt öl hér í landinu. Þeir eru sakaðir um að vilja hafa vit fyrir fjöldanum. Það sé nánast hroki og stærilæti sem standi á bak við slíkar ákvarðanir.

Ég óska eftir því að spyrja hæstv. dómsmrh. um fleiri atriði. Það er fyrst til að taka: Hefur honum verið boðið að gera grein fyrir sinni afstöðu hjá allshn.? Þessi málaflokkur heyrir undir hæstv. dómsmrh. Það er vitað að það á eftir að hafa veruleg áhrif á löggæslu í landinu hvernig að þessu verður staðið. Hér hafa ráðherrar staðið breiðir ef menn hafa dirfst að flytja tillögur í þeirra málaflokki og tekið því illa. Eða er svo komið í því stjórnarsamstarfi sem nú er að menn telji að ástæðulaust sé að menn ræðist við innbyrðis, þeir sem standa að ríkisstjórninni?

Það er kunnara en frá þurfi að segja að það hefur oft gerst að fangageymslur lögreglunnar hafa fyllst hér í Reykjavík vegna drykkju sem gripið hefur um sig. Það er óhrakið að það er vitað að frv. sem er á dagskrá mun leiða til meiri drykkju í landinu. Enn spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hefur hæstv. dómsmrh. sett sínum starfsmönnum fyrir að undirbúa áætlun um það hve mikið þurfi að stækka fangageymslur á Íslandi verði frv. að lögum? Ég vona að það verði ekki tekið upp aftur að poka menn ef þeir gerast ölóðir eins og gert var í gamla daga þegar ekki var aðstaða til að geyma þá í fangageymslu.

Ég spyr einnig hæstv. dómsmrh. að því hvort hann telji að frv., ef að lögum verður, auðveldi framkvæmd þeirra umferðarlaga sem tóku gildi 1. mars. Í þeim umferðarlögum er m.a. kveðið á um skyldu manna til að láta vita ef þeir telja að einhver hafi sest undir stýri og sé drukkinn. Menn geta sjálfir lent í skaðabótamáli hafi þeir látið slíkt afskiptalaust. Hefur hæstv. dómsmrh. látið meta það, ef frv. verður að lögum, hvaða áhrif það gæti haft á það hvort menn mundu aka ölvaðir í ríkara mæli en gert er í dag?

Mér er ljóst að sumir telja gjörsamlega ástæðulaust að spyrja að þessum hlutum. Ég held hins vegar að hæstv. dómsmrh., sem er ungur maður og galvaskur og ég ber fyllsta traust til, geri sér grein fyrir því hvílíkt alvörumál um er að tefla þar sem er umferðarmál hjá þessari þjóð og það vandamál sem við glímum við, að draga úr limlestingu og dauðsföllum í umferðinni.

Ég vildi einnig gjarnan að hæstv. dómsmrh. gerði grein fyrir því hver afstaða hans er til frv., hvort hann telur rétt að það sé samþykkt, hvort hann telur að það skipti engu máli hvort það er samþykkt eða það sé látið ógert að samþykkja það eða hvort hann telji að það sé gott innlegg í umferðarmál Íslendinga og bæti starfsaðstöðu lögreglunnar í landinu við að halda hér eðlilegu ástandi. Ég óska jafnframt eftir því að hæstv. dómsmrh. svari því hvort afbrot á Íslandi að hans mati tengist áfengisnotkun í ríkum mæli eða ekki.

Ég geri nú hlé á því að spyrja hæstv. dómsmrh. nema einnar spurningar til og hún er: Hvað telur hann að dagsvistun hjá manni sem hefur orðið fyrir þeirri óhamingju að verða dæmdur til fangelsisvistar kosti í dag? Ég tel mér nefnilega skylt að kynna þingheimi hvað það kostar að hafa sjúklinga á nokkrum stöðum sem hér hafa komið inn í umræðuna og snerta áfengismál. Með leyfi forseta langar mig að lesa upp örfáar tölur:

Heildardaggjald á hvern sjúkling á Vogi er 4178 kr., á Sogni 1952, á Staðarfelli 1993, í Hlaðgerðarkoti 1767, í Víðinesi 1538 og kannski er rétt að gefa upp svo sem eitt sjúkrahús til samanburðar og þar vel ég sjúkrahúsið í Stykkishólmi, 6034 kr.

Það gerðist fyrir stuttu síðan að þm. vissi að hann var að fara utan í opinberum erindagerðum til þess að dvelja erlendis í um vikutíma við störf og vissi að hótelkostnaðurinn á viðkomandi stað var á milli 4 og 5 þús. kr. á dag og honum ofbauð. Honum ofbauð þessi kostnaður. Því geri ég þetta að umræðuefni að mér er ljóst að hann mun styðja það bjórfrv. sem hér er lagt fram og ég varð ekki var við það í umræðum um fjárlög að hann fölnaði neitt við þó að hann vissi hvað þetta kostar, að stunda með mannlegum hætti hjúkrunarstörf fyrir drykkjusjúka í þessu landi, með mannlegum hætti vegna þess að Danmörk eða Bandaríkin telja sig ekki hafa efni á því að borga þennan hótelkostnað fyrir þá einstaklinga sem þurfa að dvelja á hliðstæðum stofnunum.

Nú er mér ljóst að mjög margir sem eiga við áfengisvandamál að stríða dvelja annars staðar en á þessum stöðum og þessi upplestur segir lítið um það. En ég vil bæta því við að laun, eins og t.d. læknanna, eru ekkert inni í þessum kostnaði. Þau eru þar fyrir utan. Svo tala menn fjálglega, sumir hverjir, um að þeir séu ekki stuðningsmenn þess að leggja á háa skatta. Það sé nánast illviljað félagshyggjufólk sem hafi áhuga á slíku. Með samþykkt frv. sem hér liggur fyrir blasir það hins vegar við að annað tveggja gerist, skattar munu stórhækka í landinu eða menn taka ákvörðun um það að hætta að koma mannlega fram við það fólk sem á við áfengissýki að stríða. Það er ekki nema tvennt til. Hvers vegna finnst mér eðlilegt að þetta sé tekið fyrir hér og nú? Vegna þess að það kom fram í ræðu hv. 13. þm. Reykv. að eitt af því sem væri að í áfengisvenjum Íslendinga væri það að menn litu ekki niður á drykkjumenn. Það var lausnin. En hv. 13. þm. Reykv. er vafalaust að sinna miklu þarfari verkefnum en að fylgjast með umræðum um frv. sem er þó skilgetið afkvæmi frv. sem hv. 13. þm. Reykv. stóð að flutningi á. Það má líka bæta því við að meðgöngutíminn var mjög stuttur frá því að það afkvæmi komst í tæri við þá flm. sem ákváðu að fylgja núv. frv.

Ég mun nú óska eftir því, herra forseti, af því að ég tel að það valdi ekki neinum vandræðum að hæstv. heilbrrh. komi í salinn. Það er mjög brýnt að hans málflutningur verði ögn skýrari því að vissulega munu hans orð vega nokkuð þungt hér og ég trúi því ekki að hann hafi yfirgefið húsið. Bæði er honum ljóst að hans skylda sem þm. er að sjálfsögðu að vera hér við (**Forseti:** Hæstv. heilbrrh. er í húsinu og ég lét hann vita.) og einnig hefur hann tekið þátt í þessari umræðu og það virði ég vissulega við hann.

Ég tel að rit dr. Tómasar Helgasonar prófessors, sem sent hefur verið öllum þm., sé þess eðlis að það sé vanvirða við heilbrigða skynsemi ef menn ekki taka afstöðu til þess hvort þar sé rétt skýrt frá eða hvort menn telja að þar sé um rugl að ræða. Það er ekki nema tvennt til. Annaðhvort fer prófessorinn með rétt mál eða þá að í hans gögnum eru rangar upplýsingar og þetta get ég nú illa tekið fyrir nema hæstv. heilbrrh. komi hér í salinn. (**Forseti:** Hæstv. heilbrrh. mun áreiðanlega koma eftir skamma stund.) Já, ég fagna því en vek athygli forseta á því að það er mjög óþægilegt að spyrja hann meðan hann er fjarverandi og mundi trúlega leiða til þess að ég yrði að endurtaka það sem ég segði. En svo að maður orði það eins og sagt var í feluleik í gamla daga er hann trúlega orðinn heitur því að hér hefur gengið í salinn hv. 6. þm. Norðurl. e. og oft hefur verið stutt á milli þeirra félaga.

Ég tel að þá sé rétt, fyrst hæstv. heilbrrh. er genginn í salinn, að vekja athygli hans á samskiptum Halldórs Snorrasonar og Haraldar konungs Sigurðarsonar. Ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. minnist þess að Halldór var sá maður með Haraldi Sigurðarsyni sem minnst brá við voveiflega atburði og tók flestu með ró sem á gekk. Einu tók hann ekki með ró og því tel ég rétt að rifja það upp.

Halldór var stafnbúi Haraldar konungs Sigurðarsonar og stafnbúa bar að láta vita ef hann taldi eitthvað varhugavert við þá siglingu sem konungsskipið sigldi. Og hann kallar til konungs og biður hann að sveigja, ég man nú ekki hvort heldur var til hægri eða vinstri, og reyndar brá stýrimaður þegar við og varð við tilmælum Halldórs því að hann var ekki vanur að gefa út fyrirmæli nema þau ættu rétt á sér. Konungur gaf fyrirmæli um að rétta skipið við á nýjan leik og aftur kallaði Halldór. Og stýrimaður breytti stefnunni, en konungur lét enn leiðrétta til þess upprunalega. Þá strandaði skipið. Og þá varð konungur reiður og taldi það ekki nógu gott hjá sínum stafnbúa að skipið hefði strandað, en hafði þó í engu tekið mark á hans orðum.

Það fer ekki á milli mála að dr. Tómas Helgason er stafnbúi Íslendinga í dag í því sem snýr að geðheilsu og einnig þeim málum sem snerta áfengissýki og viðureignina við hana. E.t.v. vita menn það ekki, en um langt árabil hefur afvötnun á drykkjusjúkum mönnum farið fram á Kleppi, hótelinu við Sundin. Þangað var farið með drykkjusjúka menn í afvötnun og lyfjameðferð til þess að bjarga þeim, gjarnan þegar þeir voru komnir með delerium tremens og voru sjálfum sér og umhverfinu hættulegir.

Nú hefur stafnbúinn gefið út sína viðvörun í bréfi sem hann er búinn að senda öllum þingheimi. Og spurning mín til hæstv. heilbrrh. Guðmundar Bjarnasonar er einföld: Hlíti hann ekki fyrirmælum stafnbúans í málinu, tel ég að hann eigi ekkert undanfæri annað en að reka hann frá störfum. Því að ef svo er komið að menn treysta ekki stafnbúum sínum þá er öll sigling skipsins í stórkostlegri hættu og það vænti ég að hann geri sér ljóst að fordæmið frá siglingu Haralds konungs Sigurðarsonar er óbrigðult dæmi um, enda mat Halldór það svo að eftir að konungur hafði ekki tekið mark á orðum hans, þá óskaði hann eftir að taka við stjórn á öðru skipi og jafnframt að koma til Íslands. Og sagan segir að með brugðnu sverði hafi hann staðið yfir rekkju konungs og krafið hann um málann sem hann átti inni áður en hann hélt til hafs og sigldi heim til Íslands. Hann efaði það ekki að þeirra samskipti, sem áður höfðu verið góð, gátu ekki lengur átt rétt á sér.

Ef hæstv. heilbrrh. telur að það sem Tómas Helgason prófessor segir í þessu riti séu staðlausir stafir, sem ekkert mark sé takandi á, þá hlýtur það að vera skýlaus krafa að hann setji annan yfir þennan málaflokk og taki við. Hitt er svo spurning hvort ráðherra hefði traust þingsins á eftir.

Ég hef varpað hér fram alvarlegum hlutum. Og mér er ljóst að hversu mjög sem ræðumenn hér í kvöld munu halda sig við efni þeirrar umræðu sem hér er á dagskrá, þá munu trúlega flestir fjölmiðlar þjóðarinnar bera það á þá að þeir standi hér bara fyrir málþófi. Það verður það sem fjölmiðlarnir munu bera á þá. En mér er nokk sama. Ég tel að

jafnvel hv. 2. þm. Reykn. sé orðið það ljóst að það var lítið gæfuspor að standa að því að gerast fyrsti flm. þess frv. sem hér er flutt. Og satt best að segja er það nú svo að vegna þeirrar forustu sem honum hefur verið falin hjá sínum þingflokki, sem jafnframt er stærsti stjórnmálaflokkur Íslands og hv. 1. þm. Vestf. hefur orðað svo að sé sterkasta aflið í stjórnmálum Íslands, þá hlaut hann að gera sér grein fyrir því að ákvörðun hans sem formanns þingflokksins að taka þá afstöðu að ganga í fylkingarbrjósti til þessarar orustu væri ákvörðun um það að ganga í skrokk á eigin mönnum, að ganga í skrokk á eigin mönnum og meta lítt friðinn. Auðvitað eigum við sem erum í öðrum stjórnmálaflokkum ekkert upp á hann að klaga í þessu efni. En hinir hljóta að spyrja sjálfan sig: Hvers vegna vildi hann ekki leyfa mönnum í Sjálfstfl. að takast á um þetta mál, flm. og þeim sem voru á móti? Hvers vegna tekur hann þá afstöðu að ganga fram fyrir skjöldu og stefna þannig ákveðið að því að ráðast gegn þeim sem við 1. umr. um upprunalega frv. höfðu lýst hér skoðunum sínum?

Herra forseti. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér lokaorðin í áliti prófessorsins vegna þess að það gerðist hér áðan að þm. sem var í ræðustól, greip í tómt þegar hann leitaði að gögnum í sínum fórum til þess að minnast á útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Þá hef ég lesturinn, með leyfi forseta:

„Lokaorð. Eins og sjá má af framansögðu eru næg fræðileg rök til þess að stjórnvöld leggist gegn öllu sem getur hugsanlega leitt til aukinnar áfengisneyslu. Allar ábendingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hníga að því að ekki skuli leyfa framleiðslu og sölu á áfengu öli hér á landi. Í öllum þróunarlöndum hefur á síðustu árum verið unnið að því að draga úr áfengisneyslu. Aðgerðir, sem gætu verkað í gagnstæða átt, eins og t.d. munu fylgja auknu áfengisframboði í formi bjórs, munu gera okkur að viðundri. Það er liðin tíð að upplýst fólk geri grín að því sem gert er til að koma í veg fyrir of mikla áfengisneyslu. Margir líta hýru auga til þess sparnaðar sem við höfum náð með því að leyfa ekki eina mjög eftirsótta tegund áfengis og halda heildarneyslunni þannig niðri.

Þegar síðast var flutt frv. um breytingu á áfengislögum til þess að leyfa framleiðslu og sölu á áfengu öli gerði Þjóðhagsstofnun áætlun um hve áfengisneyslan mundi aukast mikið ef frv. yrði samþykkt. Áætlun Þjóðhagsstofnunar var eins og sést á myndinni að búast mátti við að áfengisneysla reiknuð í hreinum vínanda ykist um þriðjung frá því sem hún var á árinu 1984. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að þróunin verði önnur en Þjóðhagsstofnun áætlaði. Samkvæmt reynslu annarra og tiltækum heimildum má búast við því að heildarneysla áfengis aukist verulega og að öll vandamál, sem tengd eru áfengisnotkun og ofnotkun, muni aukast a.m.k. í hlutfalli við neysluna ef það frv. sem nú liggur fyrir um breytingu á áfengislögum verður samþykkt."

Það er og fróðlegt fyrir þá ráðherra sem hér eru að hugleiða það að sama stofnunin og sló því föstu að áfengisneyslan mundi aukast um þriðjung sér um efnahagslega ráðgjöf fyrir þessa ríkisstjórn sem m.a. boðar að viðskiptahalli Íslendinga við útlönd verði 10 milljarðar á þessu ári. Og til þess að reyna að draga úr þenslu hefur hæstv. heilbrrh. samþykkt að 20 millj. kr. framlag í K-byggingu skuli skorið niður. Hvað ætli þurfi að skera mikið niður ef kostnaður Íslendinga af áfenginu eykst um þriðjung?

Ég vil gera það að mínum lokaorðum að ég vænti þess að hæstv. ráðherrar sjái sóma sinn í að svara þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar og vænti þess að þeir geri það nú í kvöld þó nokkuð sé áliðið, því að þá gefst mér tími til að hugleiða þeirra svör þar til 2. umr. hefst um þetta mál.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um forustu mína í flutningi þessa frv. vil ég aðeins segja það að hún á ekkert skylt við formennsku mína í þingflokki sjálfstæðismanna. Hún á hins vegar skylt við formennsku mína í allshn. þessarar hv. deildar. Ég skýrði rækilega út þegar ég talaði fyrir þessu frv. í síðustu viku hvers vegna þessi leið var valin sem valin var og þar sem ég legg nú ekki í vana minn að flytja sömu ræðurnar tvisvar, eins og hefur hent nokkuð margan manninn við umræðu um þetta mál, þá ætla ég ekki að gera það. En þetta liggur allt fyrir í þingtíðindum.

Ég hlýt að viðurkenna, herra forseti, að ég varð fyrir vonbrigðum með hversu lágt sumir þm. lögðust í málflutningi sínum við þessa umræðu í sl. viku. En ég verð þó að segja að í dag hafa umræðurnar verið á aðeins hærra plani en þá.

Í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., sem nú er hér á þriðja fundi og enn til 1. umr. — og þó raunverulega á sjöunda fundi, þá gerði ég hlutlausa grein fyrir efni frv. Ég fór yfir allar þær umsagnir er borist höfðu allshn. um hið fyrra frv., sagði frá niðurstöðum þeirra, bæði sem voru með og þeim sem voru á móti. Ég gerði engar athugasemdir við þessar umsagnir þótt vissulega hefði verið efni til þess þar sem í sumum þeirra var hallað réttu máli. Ekki eitt einasta atriði í ræðu minni gaf ástæðu til að draga umræðuna niður í það svað sem hún fór. Ég lét í ljós von um að málefnaleg umræða gæti nú farið fram um þetta viðkvæma deilumál, en sú von brást. Ræða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur gaf heldur ekki tilefni til slíks þótt hún væri nokkuð hvöss á köflum.

Það er sjálfsagt ekki í mínum verkahring að gefa mönnum einkunnir fyrir ræðuhöld hér í þinginu. Ég ætla samt að láta mig hafa það að segja að ræður þeirra hv. þm. Sverris Hermannssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar í síðustu viku voru Alþingi og þeim sjálfum til vanvirðu. En þeir hljóta hins vegar aðdáun hv. þm. Stefáns Valgeirssonar og það hlýtur að vera verðmætt fyrir þá.

Sýnilega þykir t.d. hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni við hæfi að lesa hér upp á Alþingi vikupistil Flosa um

fordrukkna danska manndrápara og telja þann lestur hæfilegt innlegg í bjórumræðuna hér. Honum þykir það líka við hæfi að lýsa þeirri skoðun sinni að Grétar Sigurbergsson geðlæknir ætti að fá frí frá störfum til að meta það hvort hann sé ábyrgðarmaður fyrir því tjóni sem hann kann að valda með orðum sínum. Honum þykir líka við hæfi að eyða tíma þingsins í upplestur á nöfnum 133 sérmenntaðra lækna sem hafa leyft sér að láta í ljós þá skoðun að líklegt sé að áfengisneysla beinist frekar að veikari drykkjum og frá þeim sterkari með tilkomu bjórs. Læknarnir hafa líka bent á það álit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að virkustu ráð til að stjórna heildarneyslu sé markviss verðstýring og takmörkun dreifingar en ekki bann við einstökum tegundum. Við erum ekki með flutningi þessa frv. að leggjast gegn þessari stefnu eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson vildi vera láta. Þessar staðreyndir, sem hinir sérmenntuðu læknar benda á, falla ekki að trúarskoðunum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar varðandi bjórinn og því er þessum læknum nánast hótað. „Þjóðin mun snúa sér að þessum mönnum", segir hv. þm., þ.e. ef eða þegar hrakspár hans sjálfs rætast. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði hins vegar hér í ræðu sinni í kvöld að þessir menn yrðu aldrei dregnir til ábyrgðar þannig að þeir eru ekki alveg í takt þarna félagarnir. Hv. þm. ætti að vita ... (**Gripið fram í:** Hvor?) Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ég er að tala við hann núna. Ég kem síðar að ... (**Gripið fram í:** Þú varst að rugla þeim saman. Ég vildi hafa það á hreinu.) Já, við skulum hafa það alveg á hreinu að ég er að tala við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson. Hann ætti að vita að það er Alþingi eða þeir alþm. sem kunna að mynda meiri hluta með þessu frv. sem bera ábyrgðina. Og þeir eru ekkert að reyna að skjóta sér undan henni. Það er hins vegar auðvelt með því að taka ekki afstöðu eða vera á móti þessu frv. Þegar svo þm. var kominn þar í ræðu sinni að svara framsöguræðu minni, þá hafði hann það eitt að segja að honum hafi þótt hálfgerð olíumalarlykt af henni. Það er reisn yfir þessum málflutningi og það vantar ekki rökfestuna eða drengskapinn. (Gripið fram í.) Hvaða tilgangi þjónar svona málflutningur? Hvaða tilgangi þjónar þetta? Kannski mundi þm. þykja við hæfi í bjórumræðu að ræða eitthvað um andabúskap á tilteknum bæ uppi í Borgarfirði. Það má vel vera. Mér þykir það ekki. (**ÓÞÞ:** Ég er reiðubúinn, nafni minn, og þú hefur hafið umræðuna og þú getur fengið hana.) Sannleikurinn er sá að það er ekki hægt að leggja sig niður við að ræða þetta mál við mann sem hefur uppi svona ræður og ég ætla heldur ekkert að gera það frekar, enda er mér alveg sama hvernig hv. þm. rausar.

Mér er hins vegar ekki alveg sama um flokksbróður minn Sverri Hermannsson sem er nú ekki hérna í salnum. Og gildir svo sem einu, ég kem þessu til hans, sem ég hef við hann að segja. Mér er ekki sama þegar hann verður sér til minnkunar í ræðustól á Alþingi. Hann hefur að vísu núna í kvöld reynt að gera nokkra grein fyrir því hvers vegna hann var svo ósvífinn í tali, en þær skýringar duga mér nú ekki. Ég er ekki að gera neitt mál úr niðrandi nafngiftum sem hann telur sér sæma að láta falla um þingflokksformann sinn. Svo liggur hver sem hann hefur lund til, sagði þm. í ræðu sinni hér í kvöld og ég býst við að hann geri það nú.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur oft átt í vandræðum með að velja hófsamlegt orðalag þegar hann tjáir sig og þannig fór fyrir honum við þessa umræðu og hann bætti lítið úr í kvöld. Sáralítið. Ég sé haft eftir honum í blaðaviðtali að hann kallar þetta íslensku sem aðeins pempíur kveinki sér undan. Ég veit að vísu ekki við hverja hann á, en ég vil að hann viti það að ég er ekki að kveinka mér undan þessu orðbragði þm. Aðeins segi ég að mér þykir það ekki hæfa hér í þingsölum, síst fyrrv. menntmrh. og fyrrv. forseta þessarar deildar. Það hæfir heldur ekki að ásaka mig og forseta deildarinnar um að hafa ætlað okkur að þvinga þetta mál í gegn með valdi. Þetta er hins vegar borið á borð vegna þess að við erum í hópi flm. þessa frv. Hv. þm. Sverrir Hermannsson veit að þetta er rangt. Það ber svo ekki vott um að menn hafi veigamikil rök fram að færa þegar ræðutíma er eytt í að rífa niður grg. með frv. sem alls ekki er hér til umræðu. Allshn. lagði það frv. til hliðar, frv. sem þm. ræddi á fundi í þessari hv. deild þann 5. nóv. sl.

Þá talaði hann eins og honum er einum lagið um gamla Carlsberg, um eggfullan Íslandsmanninn dansandi á eyrnasneplunum, eins og það hét hjá honum, um fordrukkna Dani í einni bendu, hífða upp úr lestunum á Gullfossi við Islandsbrygge í Kaupmannahöfn og um tillidsman Jensen sem drakk mikinn bjór. Þetta ræddi hv. þm. í nóvember og hann ræddi sumt af þessu enn í síðustu viku. Og allt þetta sem hv. þm. sá í Kaupmannahöfn fyrir mörgum, mörgum árum hefur líklega orðið til þess að hann fékk ógeð á bjór og telur það skyldu sína að forða þeim Íslendingum sem ekki hafa nú þegar aðgang að þessum vökva frá þeirri ógæfu að eiga möguleika á að fá hann keyptan með lögmætum hætti.

Í ræðu sinni í síðustu viku var svo hv. þm. með nokkrar nýjungar þótt hann væri enn að ræða hið fyrra frv. Nú talaði hann um gróðasjónarmiðin sem komin væru á stjá. Þau væru megindriffjöðrin í þessum málatilbúnaði. „Gróðadólgarnir" voru þeir reyndar kallaðir í ræðunni í kvöld. Hann er kominn í einhverja keppni við félaga sinn og vin, Matthías Bjarnason, sem kallaði þá „gróðapunga" ef ég man rétt. Ég býst nú við að bjórgerðir yfirleitt séu reknar vegna einhverrar hagnaðarvonar, hvort sem bjórinn er áfengur eða óáfengur. En út af þessum orðum hv. þm. fór ég aðeins að velta því fyrir mér hvers konar útlánapólitík sá bankastjóri mundi stunda sem hefði svona mikla andstyggð á því að viðskiptavinir bankans hans kynnu að græða peninga ef þeir fengju lán hjá honum. Ég verð að viðurkenna að ég komst ekki að niðurstöðu en hef þó ákveðnar grunsemdir.

Ég nenni nú ekki að elta frekar ólar við málflutning þessara hv. þm. Ég segi aðeins það að ég vorkenni þeim sem af einlægni berjast gegn ofnotkun áfengis að eiga svona málsvara hér á hv. Alþingi. Og ég vorkenni þeim sem trúa því að stigið verði mikið ógæfuspor ef þetta frv. verður samþykkt, að talsmenn þeirra sjónarmiða hér á hv. Alþingi skuli vinna með þeim hætti sem þeir hafa gert. Ef þessir hv. þm., Ólafur Þ. Þórðarson og Sverrir Hermannsson, ekki vita það nú þegar, þá get ég sagt þeim að hér á Alþingi finnast bjórandstæðingar sem kunna bara alls ekki við sig lengur í þessum félagsskap.

Herra forseti. Aðrir þeir sem hér hafa talað gegn samþykkt þessa frv. hafa í flestum tilvikum talað málefnalega, flutt rök fyrir sínu máli þótt ég geti ekki á þau fallist. Þannig færði hv. þm. Árni Gunnarsson fram margvíslegar tölur máli sínu til stuðnings og án þess að vera með persónulegan skæting í garð flm. þessa frv. eða hins fyrra. Hann hafði að vísu talið flest þau atriði fram við umræðu um hið fyrra frv. á sl. hausti, en það er hans mál að leggja að nýju áherslu á þessi atriði.

Hann hefur nefnt tölur um áfengisnotkun Íslendinga og ýmissa annarra þjóða og sérstaklega varað við hinni slæmu reynslu sem Svíar höfðu af milliölinu svonefnda. Um þessi atriði langar mig til að fara nokkrum orðum og þá fyrst það að inni í tölum Hagstofunnar um heildarneyslu Íslendinga á vínanda er ekki tekið tillit til nokkurra atriða sem skipta máli.

Í fyrsta lagi áfengi sem selt er í Fríhöfninni. Á síðasta ári munu Íslendingar hafa keypt um 900 þúsund lítra af bjór þar. Ef áætlað er að álíka fjöldi hafi keypt leyfilegan skammt af sterku víni, þá selst þar á ári sem svarar hálfum lítra á hvern íbúa 15 ára og eldri. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði hins vegar í ræðu sinni í kvöld að þetta hefði ekkert að segja um heildarneysluna. Þetta er rangt hjá honum.

Þá er heldur ekki talið það áfengi sem farmenn fá að taka með sér inn í landið, en þar er um talsvert magn að ræða. Ef ég man rétt þá er það talið vera um 150 þúsund lítrar af bjór.

Í þriðja lagi nefni ég áfengi sem smyglað er til landsins. Það virðist nú vera svo eftir því sem maður heyrir í útvarpi að hver sem er geti orðið sér úti um bjórkassa og það hvenær sem er.

Þá nefni ég að síðustu heimabrugg og landaframleiðslu sem er nú nokkuð þekkt fyrirbæri á Íslandi og hefur verið það frá fornu fari. Tómas Helgason, sem hér er nú mjög vitnað til, segir að þetta gæti numið álíka miklu og selt er í Fríhöfninni. Grétar Sigurbergsson geðlæknir telur að ef ofanritað áfengi væri talið með í heildarneyslu Íslendinga, þá væri heildarneysla áfengis hér svipuð og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.

Árið 1986 drukku Íslendingar 15 ára og eldri 8,55 lítra af sterku víni, Norðmenn 3,90, Svíar 6,55, Danir 4,83 og Grænlendingar 4,43. Aðeins Finnar nálguðust okkur í þessu efni. Og tölur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir 1987 virðast benda til að sterku vínin séu að sækja á en neysla léttra vína hafi dregist saman.

Grétar Sigurbergsson geðlæknir bendir á að þegar litið er á verðlista Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins komi í ljós að hver sentílítri af hreinum vínanda er langódýrastur í formi sterkustu vínanna. Þetta hygg ég að sé einsdæmi á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað.

Einkasala og verðstýring eru langáhrifamestu leiðirnar til að halda niðri heildarneyslu. Það á að *skattleggja áfengi í réttu hlutfalli* við styrkleika *eigi* eitthvert vit að vera í áfengisstefnu landsmanna.

Í þessum umræðum hefur mjög verið vitnað til reynslu Svía og þar þykir mér hafa verið ranglega lesið úr tölum, mjög ranglega lesið úr tölum. Og ég ætla aðeins að fara yfir það atriði. Á árunum 1917–1955 var bjórbann og áfengisskömmtun í Svíþjóð. Árið 1955 var bjór seldur í sænsku einkasölunni og skömmtun aflétt. Árið 1965 var leyfð sala á svokölluðu milliöli í matvöruverslunum. Milliöl mun hafa verið 3,6%. Þarna voru engin aldursmörk. Hver sem var gat fengið keypt þetta öl og útsölustöðum fjölgaði úr u.þ.b. 400 í yfir 20 þúsund. Það viðurkenna allir að þetta hafði slæmar afleiðingar svo ekki sé fastar kveðið að orði. Mjög slæmar afleiðingar. Og svo er látið hér í þessum umræðum eins og við séum að panta þetta sama, að við séum að kalla þetta yfir okkur! Þetta er ósæmilegur málflutningur. Það hefur enginn lagt þetta til. Alls enginn. Ég vona að menn hætti að tala hér í þessum umræðum út frá alröngum forsendum.

Árið 1977 var milliölið tekið úr verslununum og þróunin 1977–1987 er jákvæð í Svíþjóð. Bjórneysla hefur aukist, en það hefur dregið stórlega úr neyslu sterkra drykkja og heildarneyslan hefur minnkað. Þetta eru hinar bláköldu staðreyndir. En hér er alltaf verið að tala um eitthvað allt annað og lesa allt aðrar tölur eða skýra þetta með allt öðrum hætti en staðreyndin segir. Bjórneyslan í Svíþjóð er svipuð í lítrum talið og á tímum milliölsins. Það er aðeins sölufyrirkomulagið sem er annað og það er það sölufyrirkomulag sem við erum að leggja hér til. Það er ekkert annað.

Það er einnig vísað mjög í þessum umræðum til reynslu Finna. Þar hefur sterkur bjór alltaf verið leyfður og sala hans verið með svipuðu sniði og hjá Svíum. Árið 1969 fetuðu þeir aftur á móti í fótspor Svía og hófu sölu á millisterku öli í matvöruverslunum. Með því fjölgaði útsölustöðum um 17 500 og það varð auðvitað það sama uppi á teningnum hjá Finnum og Svíum að heildarneyslan jókst við það að salan var leyfð í öllum þessum verslunum. En mismunurinn á Svíum og Finnum er sá að Finnar hafa ekki dregið þetta út úr matvöruverslununum eins og Svíar gerðu.

Ég vil nefna örfá atriði sem komið hafa fram í ræðum manna hér í dag. Hv. þm. Stefán Valgeirsson var að velta því fyrir sér hvort allshn. væri ekki orðin vanhæf til þess að fjalla um þetta mál. Mér finnst nú satt að segja að þetta sé slíkt rugl að það sé alls ekki

svaravert. (**Gripið fram í:** Þá sleppirðu því bara.) Já, eigum við ekki bara að sleppa því? (**Gripið fram í:** Jú.) Ég held að það sé best að sleppa því. Ef menn ætla að halda þessu fram þá þýðir þetta það að ef nefndarmenn, ég tala nú ekki um meiri hl. einhverrar nefndar, er búinn að tjá sig um mál sem síðan er vísað til nefndarinnar, þá eru þeir orðnir vanhæfir til þess. Ég skil bara ekkert í þm. að láta svona út úr sér. Og auðvitað er þetta ekkert svaravert.

En hv. þm. Stefán Valgeirsson lýsti því hér yfir að þetta mál yrði stöðvað hér í deildinni svo að hann þarf vonandi ekki að hafa meiri áhyggjur af þessu. Við sjáum hvað setur. Ég veit ekki hvernig þetta mál fer í deildinni. (**SV:** Ég sagðist vona það.) Nú sagðist hann vona það. Ég hef tekið skakkt eftir og ég bið afsökunar. Ég efast ekkert um að þm. vonar það. (**SV:** Ég ætla að leiðrétta líka töluna um áfengismagn Íslendinga.). Já.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lagði áherslu á að hér væri um heilbrigðismál að ræða en ekki viðskiptamál. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Öll ofneysla áfengis er auðvitað heilbrigðismál. Það er heilbrigðisvandamál. Ég ætla aðeins að taka það fram svo að mér verði ekki lögð þau orð í munn að ég hafi verið að gera þetta að einhverju viðskiptamáli, það hef ég ekki gert og ekki við flm. þessa frv. En ég man eftir því í grg. hins fyrra frv., en ég er ekkert að ræða það mál. Alls ekki neitt. En hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir féll í þessa sömu gryfju nefnilega og sumir aðrir að tala um grg. hins fyrra frv. Sumir tala nú reyndar um þetta sem mannréttindamál. Ég ætla ekkert að gera neitt sérstakt mál úr því.

Við flm. þessa frv. höfum heldur ekki talað um það að þetta frv. sé sérstaklega flutt til þess að bæta drykkjusiði Íslendinga. Við höfum ekkert verið að segja það. Við vonum það að vísu, en við getum ekki fullyrt það og erum ekki að því.

En það sem mér féll hins vegar illa í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur voru vangaveltur hennar um það hvort þetta væri nú nokkur tilviljun að málið væri til meðferðar einmitt hér og nú þegar verið væri að ræða ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í hv. Ed. Ég vil aðeins að hv. þm. og aðrir viti það að ég geng ekki hér erinda ríkisstjórnarinnar við að tala hér fyrir þessu frv. Það geri ég ekki. (**Gripið fram í:** Þú ert grunaður um það.) Já, ég heyri það. Og mér líkar það illa að fá á mig slíkan málflutning ofan á ýmislegt annað.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir spurði hvort allshn. hefði fengið til viðtals formann áfengismálanefndar ríkisins, ég held að nefndin heiti það. Við höfum ekki gert það en það er að sjálfsögðu mögulegt að gera svo þegar nefndin fær málið að nýju til meðferðar ef óskað verður eftir því.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bað um skýringar á því sem segir í umsögn um 4. gr. frv., lokasetninguna þar, sem hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi dreifingu áfengis er gert ráð fyrir að hún sé á ábyrgð ÁTVR en jafnframt verði ÁTVR falið heimilt að semja við framleiðendur og flutningafyrirtæki um fyrirkomulag dreifingarinnar til útsölustaða ÁTVR og veitingahúsa."

Þetta segir einfaldlega það sem segir jú í lögum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak að Áfengisverslunin ein hefur heimild til þess að versla með þær vörur, enginn annar, og það verður engin breyting á því. Hins vegar hefði sjálfsagt mátt orða þetta ákveðnar en það sem liggur í þessum orðum er það, og það höfum við frá forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, að hann telur að heimildin sé í lögunum fyrir ÁTVR að semja beint við flutningafyrirtæki um flutning á þessum varningi, t.d. til veitingastaða eða út á land, í stað þess að ÁTVR þurfi sjálft að koma sér upp flota flutningabíla. Það er eingöngu það sem við er átt. Ef við nánari athugun kemur í ljós að það skortir lagaheimildir, þá er um tvennt að ræða, að afla þeirra áður en þessi lög öðlast gildi 1. mars, ef samþykkt verða hér á þinginu, eða að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins komi upp þeirri aðstöðu sem þarf. Þetta er einfaldlega svona.

Upptalning hv. þm. á þeim skilyrðum sem þyrfti að fullnægja til þess að hann gæti stutt bjórinn var út af fyrir sig fróðleg og sjálfsagt mætti ræða einstök atriði sem hann þar nefndi ef það kynni að verða til þess að breikka samstöðuna um málið. Mér þykir það alveg koma til greina þó að ég geti ekki fallist á allt sem hann þar nefndi. En það má vafalaust ræða.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta mörg fleiri orð. Ég vil þó bæta því við að mér þykir það ekki góður málflutningur að vera að væna okkur, sem flytjum þetta frv. eða styðjum það, um það að við séum á einhverjum sérstökum atkvæðaveiðum — og ég tala nú ekki um eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur ítrekað gert mál úr að menn séu hér að bæta eitthvað hag sinn í væntanlegu prófkjöri, sérstaklega í Reykjavík. Þar þykir mér hann leggjast nokkuð lágt. En þeir sem eru náttúrlega búnir að koma sér fyrir utan þings þurfa auðvitað ekkert að hafa áhyggjur af prófkjörum. Það er alveg ljóst. Ég veit ekki hvort einstakir þm. verða í raun og veru fyrir einhverjum þrýstingi utan frá eða hér innan þings um það hvernig þeir eigi að greiða atkvæði í þessu máli. Ég segi það alveg satt að ég hef verið blessunarlega laus við einhvern þrýsting núna. Það hefur enginn talað við mig, hvorki um að greiða atkvæði með eða móti. Menn vita náttúrlega nokkuð um mína afstöðu. En ég hins vegar man fyrri tíma þegar bjórfrv. hefur verið hér til meðferðar á Alþingi og það hefur verið það nokkrum sinnum frá því ég tók sæti á Alþingi. Þá varð ég fyrir þrýstingi aðeins úr einni átt og það var frá andstæðingum bjórsins. Og sá þrýstingur var býsna leiðinlegur oft og tíðum. Hann var býsna leiðinlegur án þess að ég ætli nú að fara að lýsa því í smáatriðum. En ég hef ekki orðið fyrir öðrum þrýstingi en úr þeirri átt og hef svona verið kannski í fullri vinsemd verið látinn vita að ef ég greiddi atkvæði með bjórnum, þá þyrfti

ég ekki að búast við stuðningi frá tilteknum hópi manna. En ég hef sloppið við þetta núna, sem betur fer, og ég er afskaplega þakklátur fyrir það. (Gripið fram í.) Nei, ég hef ekki gert það og ég mundi satt að segja ekki taka neitt tillit til þessa. Ég hef sagt það hér fyrr í ræðu minni að það er verkefni alþm. að taka um þetta ákvörðun og þeir eiga að hafa þrek til þess að gera það alveg burt séð frá því hvað þeim kann að vera ráðlagt út í frá. Alveg burt séð frá því. Ég sagði það áðan og get ítrekað það að við eigum ekki að skjóta okkur undan þeirri ábyrgð. Þess vegna finnst mér, svo að ég aðeins nefni það svona í framhjáhlaupi, engin ástæða til þess að láta þetta mál fara í þjóðaratkvæði. Ekki nokkur.

Ég lýk máli mínu, herra forseti, með því enn á ný að láta í ljós þá von að hv. alþm. ræði þetta frv. af meiri yfirvegun og rósemi en þeir hafa gert til þessa.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur beint til mín nokkrum spurningum. Mér er bæði ljúft og skylt að reyna að svara þeim, en vegna þess hve þær ber brátt að er ekki víst að ég geti gert þeim viðhlítandi skil því margar þeirra eru býsna vandasamar.

Hann spurði mig fyrst hversu mikill skaðinn hefði verið sem um áramótin varð af sprengjum sem kallaðar eru tívólíbombur og dómsmrh. síðar ákvað að banna. Ég hef ekki svar við því í peningum. Ég spyr þm. á móti: Hvers virði er auga manns? Hvers virði er andlit hálft? Er ekki talað um það stundum að varðveita eitthvað eins og augastein sinn? Og ég vona að þetta gefi honum svarið. Þetta var ákaflega einfalt mál. Þarna urðu þrjú slys sem vel mátti koma í veg fyrir og að fengnu áliti sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar og lögreglunnar varð niðurstaðan sú að þetta væru hættulegir hlutir og fullkomin lagastoð fyrir því að banna þetta, enda hefur ráðuneytið ótvírætt reglugerðarvald í málinu og því alls ekki saman jafnandi við það mál sem hér er rætt í dag, þótt ég vilji engan slíkan samanburð gera að öðru leyti. Hins vegar vil ég alls ekki nota þau orð um það sem þarna var ákveðið sem hv. 2. þm. Vestf. gerði þegar hann kallaði að þetta væri að hafa vit fyrir þinginu. Þar held ég að tungan hafi hlaupið á undan hugsuninni hjá hv. þm.

Í öðru lagi spurði hv. þm. mig hvort þess hefði verið óskað að ég kæmi að máli við hv. allshn. þessarar deildar til að ræða það frv. sem hér liggur fyrir deildinni. Svarið er nei. Þess var ekki óskað af hv. allshn. Ég er ekki viss um að það hefði verið ástæða til þess. Ég heyrði þm. nefna að hann sagði að ráðherrar reiddust því tíðum ef flutt væru mál á þeirra málasviði án samráðs við þá. Ég get sagt það alveg skýrt að ég er ekki einn af þeim ráðherrum því að svo virði ég þingið að þar geti þm. og þingnefndir flutt frv., en auðvitað er það gagnlegt oft málanna vegna, og það er það sem máli skiptir, og kurteisi líka að ræða slík mál við ráðherrann sem fer með framkvæmdarvaldið í þeim málaflokki. Ég get nefnt eitt dæmi um þingmál einmitt af þessu tagi.

Í dag varð að lögum frv. til l. um aðför, breyting á aldargömlum lögum, upphaflega þmfrv. flutt á málasviði dómsmrn. Ég fagnaði hugmyndinni sem fram kom þegar hv. þm. Jón Magnússon gerði grein fyrir því, sá að þar var bent á þarfa hluti, en benti jafnframt á að breyta þyrfti frv. og fella það betur inn í lögin til þess að það þjónaði þeim tilgangi sem því var ætlað að gera. Allshn. þessarar hv. deildar samdi svo sjálf upp úr ábendingum réttarfarsnefndar og ráðuneytisins nýtt frv., flutti það fram. Reyndar var fyrsti flm. þess að sjálfsögðu formaður nefndarinnar, hv. 2. þm. Reykn. sem hér er einnig í hópi flm. Þetta sýnir að ég tel ekkert í þingstörfum, ekkert þinglegt banna það að hafa þann hátt á sem hér hefur verið hafður við flutning frv. En þetta vil ég þó biðja hv. 2. þm. Vestf. og aðra þm. sem hér taka þátt í umræðum að gera ekki að atriði í málinu því ég tel að það komi því ekki við.

En síðan er spurningin þessi í þriðja lagi, sem hv. 2. þm. Vestf. beinir til mín, hvort ég hafi látið skoða í dómsmrn. og áætla hvaða þörf fyrir fangelsisrými mundi fylgja ef þetta frv. yrði að lögum. Ég verð að svara því að sjálfsögðu að slíka könnun hef ég ekki látið gera og treysti mér varla til þess að leggja mat á það sem um er spurt. En ég vildi þó segja það sem vott af svari til hv. 2. þm. Vestf. að ég er nú að láta vinna í dómsmrn. athugun á og yfirlit yfir fangelsismálin í landinu og þörf fyrir aukið fangelsisrými og breytingar á húsakosti fangelsanna. Ég vonast til að geta lagt slíka skýrslu fyrir þingið í vetur eða áður en þessu þingi lýkur.

Hv. 2. þm. Vestf. spurði í fjórða lagi hver væri dagvistunarkostnaður fyrir mann í fangavist um þessar mundir. Ég hef ekki við því nákvæmt svar, en hygg að talan 3000–3500 kr. á dag sé ekki fjarri lagi. Milljón á mann er nýleg tala sem notuð hefur verið í umræðum um þessi mál. Mér heyrðist að tölurnar sem hann nefndi um dagvistunarkostnað á vistheimilum og hælum fyrir áfengissjúka menn væru svona báðum megin við þessa tölu. Þetta er vottur af svari við þeirri spurningu.

Í fimmta lagi spurði þm. hvort ég teldi að afbrot á Íslandi tengdust áfengisnotkun í ríkum mæli. Svarið er ákaflega einfalt: Já. Það er svo og það er flestum vel kunnugt að áfengi og vímuefnanotkun er ákaflega oft förunautur afbrotanna í hvaða röð sem á nú að raða því að þetta fer saman. En saman fer það og það er yfir allan vafa hafið.

Ég vona að þm. færi mér það til betri vegar, að ég hef raðað spurningunum dálítið öðruvísi en þær voru fram bornar, en vík mér svo að því þegar ég segi skilið við fangelsin og afbrotin að svara þeim þætti spurninga hans sem laut að umferðarmálum.

Hann spurði mig fyrst hvort ég teldi að samþykkt þessa frv. um að heimila bruggun og sölu áfengs öls mundi auðvelda framkvæmd þeirra umferðarlaga sem gengu í gildi í gær. Nei, ég á ekki von á því, enda býst ég ekki við að það sé tilgangur frv.

Síðan var spurt í sjöunda lagi, hvort ráðherra hefði látið meta áhrifin af þessu frv. á tíðni þess að

menn ækju undir áhrifum áfengis. Nei, ég hef ekki látið athuga þau áhrif og held að það sé erfitt, en vafalaust má leiða að því getum að útbreidd neysla áfengs öls mundi auka hættuna á ölvunarakstri. Ég tel það nokkurn veginn víst. En það er auðvitað kenning sem prófa þyrfti og mætti skoða.

Í áttunda lagi spurði þm. hvort ég teldi þetta frv. gott innlegg í unmferðaröryggismálin og almennt hvað varðaði löggæsluna í landinu. Mitt svar við því er ákaflega einfalt: Nei, ég tel þetta frv. ekki gott innlegg í þau mál, en kannski er það ekki það sem hér er til umræðu. Ég vil þó alls ekki víkjast undan að svara spurningu sem borin er fram á þennan einfalda hátt.

Og þar með er ég kominn að níundu og samkvæmt minni talningu síðustu spurningunni sem hv. 2. þm. Vestf. *bar hér fyrir mig. Hún var einföld*, þ.e. hver væri afstaða mín til þessa frv. Ég ætla að svara því á þann veg að ég hafi enn ekki gert hug minn upp um það hvort þetta frv., ef að lögum yrði, horfir til þess að bæta áfengislagastöðuna í landinu. Ég er ekki sannfærður um að þetta frv. mundi bæta ástandið en ég vildi þó nefna það að í þessu máli, málinu hvort hér skuli leyfa bruggun og sölu áfengs öls, sú spurning er býsna flókin. Bjórbannið, sem þó er ekki bann, hefur aðallega þrjú meginatriði í sér fólgin:

Í fyrsta lagi er hættan sem fylgir því að leyfa bruggun og sölu áfengs öls hér á landi sú að þetta valdi mikilli aukningu áfengisneyslu. Við heyrðum upplestur hv. 2. þm. Vestf. úr lokaorðum úr grein eftir prófessor Tómas Helgason þar sem hann taldi næg fræðileg rök til að leggjast gegn öllu sem eykur áfengisneyslu og vitnaði þar m.a. til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ég ætla ekki að efast um vönduð vinnubrögð og heiðarlega aðferð Tómasar Helgasonar, en segi það eitt að þessi þáttur málsins: Fylgir þessu aukin hætta á áfengisneyslu í þeim mæli að það réttlæti — og þar með kem ég að öðrum þætti málsins — þá takmörkun á neysluvali, því frelsi og sjálfsákvörðunarrétti fólks til þess að velja neysluvörur hvort sem þær eru hættulegar eða ekki, er þessi hætta nægileg ástæða til þess að leggja þessar hömlur á valfrelsið? Þetta er spurningin sem við stöndum hér frammi fyrir. Og í þriðja lagi er það ómótmælanlegt að í áfengislöggjöf okkar og framkvæmd hennar er mikill tvískinnungur. Tvískinnungur að því leyti að bjór er bannaður, en er það þó ekki. Við bönnum neyslu á veikustu áfengistegundinni, en leyfum hana á þeim sterkari. Þetta er auðvitað ekki endilega það ástand sem menn helst kysu. Þarna gætu verið og þyrftu að vera hreinni línur.

Og ég segi það, eins og ég hef sagt oft áður, að ég er ósammála hv. 2. þm. Reykn., flm. þessa frv., þegar hann segir að það sé að skjóta sér undan ábyrgð að vísa slíku máli til atkvæðis þjóðarinnar. Ég tel það þvert á móti vel koma til greina og e.t.v. vera réttu leiðina í þessu máli að skjóta því undir atkvæði þjóðarinnar, enda er það hefðin í okkar áfengislöggjöf, okkar úrslitaaðferð til þess að ákveða hvort opna skuli áfengisútsölur í sveitarfélögum og reyndar mun bannið á sínum tíma hafa verið þannig á sett og þannig af létt, þannig að það væri í samræmi við okkar sögulegu hefð að vísa slíku máli undir dóm þjóðarinnar. Ég er nú ekki að gera tillögu um það en nefni það samt sem eitt af því sem ég velti fyrir mér þegar ég hugleiði hvernig ég skuli greiða atkvæði í þessu máli. Ég tek það fram að ég ber mikla virðingu fyrir málflutningi þeirra manna sem tala gegn þessu frv. þótt málflutningurinn gæti, eins og hv. 2. þm. Reykn. benti á, verið betri. Það sama gildir reyndar um þá sem mæla með samþykkt þessa frv. Ég tel að þeir hafi kannski ekki alltaf gætt hófs í málflutningi þegar þeir tala fyrir þessu máli.

Þetta er mikilvægt mál. Ég hef því miður ekki getað fylgst með umræðum í því sem skyldi. Það hefur fallið saman við aðrar skyldur mínar hér í þinginu í dag t.d., en það breytir því ekki að ég tel að þingið eigi að taka til þess tíma að kanna þetta mál vandlega og velja í það efnisatriðin áður en ákvörðun er tekin og ég veit að nefndir þingsins munu áfram sinna því verki vel, en segi enn: Ég hef ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvernig mitt atkvæði fellur í málinu, er enn að hugleiða það að þjóðaratkvæði sé líklega rétta svarið.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil aðeins víkja frá þingsköpum með því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svör hér.

Hv. 2. þm. Reykn. hélt því fram að þm. hefðu orðið þinginu til skammar. Í tilefni af því vil ég leyfa *mér að lesa upp 68. gr. þingskapa, með leyfi forseta:*

„Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern mann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert", og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi."

Með þeim orðum sem hv. 2. þm. Reykn. viðhafði áðan vó hann mjög gróflega að forseta þessarar deildar. Hann beinlínis bar það á hann að hann sinnti ekki skyldu sinni því samkvæmt þeim texta sem ég las upp stendur ekki „má" forseti heldur „skal" forseti. Ég harma það að þó að hv. 2. þm. Reykn. telji sig eiga eitt og annað vantalað við þann sem hér stendur og hv. 4. þm. Austurl. skuli hann ekki gá svo að orðum sínum að hann ráðist á forseta á þann hátt sem hann gerði og það er honum til lítils sóma.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er alveg merkileg árátta hjá þessum hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að hann getur aldrei látið vera að snúa út úr fyrir mönnum og mér þykir satt að segja skörin vera farin að færast upp í bekkinn þegar ég er ásakaður um að hafa vegið að

forseta þessarar deildar og það af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Þetta er náttúrlega alveg í samræmi við ruglið sem hefur verið á honum í þessari umræðu allri, alveg í fullkomnu samræmi, þannig að ég á kannski ekkert að vera hissa.

Ég sagði það í ræðu minni áðan að mér þætti sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Sverrir Hermannsson hefðu með málflutningi sínum orðið Alþingi og sjálfum sér til vanvirðu og við það stend ég.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Þessi umræða hefur því miður farið með nokkuð dapurlegum hætti út í persónulegar orðahnippingar. Ég mun ekki skipta mér af því en ég leyfi mér að nefna tvennt, annars vegar það sem hv. 2. þm. Reykn. fór orðum um úr bréfi 133 sérmenntaðra lækna sem reyndar eru ekki sérmenntaðir í þeim fræðum sem sérstaklega fást við þá sem eru sjúkir vegna áfengisneyslu, heldur í ýmsum öðrum greinum. Hv. þm. gat um þá skoðun sem fram var sett í bréfinu og þessir læknar rituðu undir, að þeir teldu að hin virkasta vörn gegn aukinni heildarneyslu áfengis væri stjórnun á verðlagi. Þeir höfðu í bréfi sínu nefnt þetta og þeir vitnuðu m.a. til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en 1. greinin í ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er einmitt um stjórnun á innflutningi og framleiðslu. Þeir létu hjá líða að nefna þá grein. Þetta vildi ég láta koma fram af því að hv. þm. vitnaði til þessara orða sem túlkuðu skoðun læknanna sem staðreynda. Þetta var skoðun þeirra en ekki staðreyndir því að gögn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar segja annað.

Hv. þm. nefndi í ræðu sinni að Grétar Sigurbergsson geðlæknir, sem er eini geðlæknirinn sem hefur skrifað þessu frv. til stuðnings með einhverjum hætti, leiddi að því líkur að með þeim bjór sem keyptur væri í Fríhöfninni og því sem farmenn flyttu og því sem smyglað væri til landsins væri heildarneyslan líklega svipuð og á Norðurlöndum. Ég vil aðeins nefna það sem ég held að mönnum sjáist yfir í þessu sambandi að á hinum Norðurlöndunum er líka heilmiklu áfengi smyglað til landanna þannig að þetta er ekki rétt viðmiðun. Þetta er heldur ekkert aðalatriði í málinu. Það sem er aðalatriði er þetta að það sem mér virtist hv. 2. þm. Reykn. byggja á sem upplýsingum var skoðun þessara umræddu lækna, en það liggja fyrir vísindalegar rannsóknir frá mörgum löndum og niðurstöður þeirra liggja fyrir í alþjóðlegum gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og það er hægt að útvega hv. þm. þessi gögn til úrvinnslu í nefndinni. Ef nefndin vill meðhöndla þetta mál sem heilbrigðismál eða taka mark á því hvaða þýðingu þetta hefði fyrir heilbrigðismál landsmanna, bæði heilsu einstaklinganna sem áfengisins neyta, tjónið sem slys valda, bæði á þeim sjálfum og öðrum, svo og tjón á munum. Þetta liggur fyrir og ég taldi upp þessi gögn og rit, mörg þeirra, hér í kvöld. Meginatriðið er þetta að þau leiða það í ljós að nýtt form áfengis bætist við þá neyslu sem fyrir er og það eykur heildarneysluna og það liggur fyrir margrannsakað að heildarneyslan eykur heildarvandann og fjölda þeirra sem eiga við vandamál vegna ofneyslu að stríða.

Hæstv. dómsmrh. kom og ræddi um þetta mál og ég heyri að hann spyr: Er hættan sem þessu er samfara svo mikil að það sé ekki tilvinnandi að koma á því aukna frelsi sem af samþykkt frv. leiddi? Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að hættan af því að keyra með ljóslausar bifreiðar í dagsbirtu sé meiri ... (**Forseti:** Ég vil minna hv. ræðumann á að þingsköp leyfa aðeins örstutta athugasemd. Ég gef honum kost á að ljúka máli sínu.) Hve löng telst örstutt athugasemd almennt í ræðum? (**Forseti:** Fimm mínútur munu vera nokkuð ríflegur tími.) Já, mig minnti að það væru 10 mínútur, hæstv. forseti. En ég vil aðeins ljúka þessari spurningu og svo skal ég láta þessu máli lokið. Telur hæstv. dómsmrh. að hættan af því að keyra ekki með ljósin á bifreiðum í dagsbirtu sé ekki meiri en svo, að það hefði ekki átt að skylda menn til að keyra með ljós? Þetta er nærtækasta dæmið um það að við settum lög sem takmarka frelsi til þess að verjast slysum í umferðinni. Hér erum við að setja lög sem við getum gengið út frá að muni fjölga slysum í umferðinni.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt vegna þess að ég var ekki viss um að hv. 2. þm. Reykn., formaður allshn., hefði heyrt mál mitt áðan eða lokaorð minnar ræðu. Þau voru á þá vegu hvort nefndin hefði kannað eða hvort hún teldi koma til greina að setja inn í það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu svonefnt sólarlagsákvæði sem mundi kveða skýrt á um það að ef tölulegar staðreyndir sýndu fram á aukna neyslu áfengis hér á landi eftir hugsanlega gildistölu laga um sölu áfengs öls, ef tölulegar staðreyndir sýndu á einhverju tilteknu árabili greinilega aukningu, mundu lög þessi þar með verða afnumin. Ég vildi koma þessu að. (**ÓE:** Ef ég má grípa fram í, þá munum við ræða það.) Þakka þér fyrir.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru bara nokkur orð. Hv. 2. þm. Reykn. svaraði fsp. frá hv. 4. þm. Norðurl. e. varðandi dreifingu áfengis, en í athugasemdum með frv. stendur, með leyfi forseta:

„Varðandi dreifingu áfengis er gert ráð fyrir að hún sé á ábyrgð ÁTVR en jafnframt verði ÁTVR talið heimilt að semja við framleiðendur og flutningafyrirtæki um fyrirkomulag dreifingarinnar.“ Við framleiðendur. Ég veit af reynslu að samið er við flutningafyrirtæki, t.d. um að aka áfengi héðan og norður í land þannig að þetta er viðtekin venja. Það sem menn hljóta að hrökkva við við í þessu sambandi er að talað er um framleiðendur. Eiga framleiðandur að hafa dreifinguna á sínum snærum? Er það virkilega ætlun hv. 2. þm. Reykn.?

Í öðru lagi tók ég þannig eftir þegar hann var að ræða um áfengisneyslu að hann taldi Íslendinga

neyta mest áfengis. (**Gripið fram í:** Alls ekki.) Það er ekki nema bara hluti ef menn taka til hreint alkóhól. Hv. þm. ætti að lesa betur skýrslu Tómasar Helgasonar. Slík umræða er villandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

54. fundur, fimmtudaginn 3. mars, kl. 10 árdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en til rannsóknar kjörbréfs kemur skal lesið eftirfarandi bréf sem borist hefur, dags. 3. mars 1988:

„Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Ellert J. Eiríksson sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Ellert J. Eiríksson hefur tekið sæti á þessu þingi áður og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 2. mars 1988:

„Sighvatur Björgvinsson, 1. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason byggingameistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Björns Gíslasonar. Það þarf að taka til meðferðar og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd geri það nú þegar en á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi, kjörbréf Björns Gíslasonar, 1. varamanns Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. Hann tæki sæti í stað Sighvats Björgvinssonar, 5. þm. Vestf.

Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Björns Gíslasonar samþ. með 33 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Björn Gíslason, 5. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Björn Gíslason hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Jöfnuður í verslun við einstök lönd, ein umr.

Fsp. IBA, 267. mál. — Þskj. 566.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 566 leyfi ég mér að leggja fram fsp. til hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. um jöfnuð í verslun við einstök lönd. Fsp. hljóðar svo:

„Hyggjast ráðherrar gera eitthvað til að jafna þann óhagstæða mun sem er á innflutningi Íslendinga frá allmörgum löndum og útflutningi þeirra þangað?“

Herra forseti. Þegar litið er í Hagtölur mánaðarins, janúar 1988, á bls. 23 undir fyrirsögninni VII, Utanríkisviðskipti, V. kafli, Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum, kemur í ljós að frændur okkar á Norðurlöndum geta tæpast kvartað undan viðskiptum við okkur Íslendinga þar sem þessi tafla leiðir í ljós að mismunur á fob-útflutningi okkar til Norðurlanda og cif-innflutningi þeirra til Íslands er 9,4 milljarðar okkur í óhag. Þannig flytjum við út til Danmerkur fyrir 1 milljarð 597 millj. en þeir selja okkur hins vegar í staðinn vörur að verðmæti 4 milljarðar 448 millj. Mismunur okkur í óhag er m.ö.o. upp á 2 milljarða 851 millj.

Við seljum Finnum fyrir 664 millj. en þeir okkur fyrir 1 milljarð 183 millj. eða mismunur okkur í óhag er upp á 519 millj. Við seljum Svíum fyrir heilar 884 millj. en þeir okkur fyrir aðeins 3 milljarða 910 millj. Mismunur okkur í óhag er upp á 3 milljarða 26 millj. Til Noregs seljum við fyrir 692 millj. en þeir okkur fyrir 3 milljarða 687 millj. eða mismunur

okkur í óhag upp á aðeins 2 milljarða 995 millj.

Eftir að hafa skoðað slíkar tölur okkur Íslendingum svo mjög í óhag finnst mér vel þess virði að athuga hvort ekki megi beita slíkum staðreyndum við samningaborðið. Ég er sannfærður um að það er þess virði að láta á það reyna hvort þessum ágætu frændþjóðum okkur finnist ekki muna um þessi viðskipti. Það verð ég að segja eins og er að á sama tíma og við verðum að gjöra svo vel að henda þúsundum tonna af landbúnaðarframleiðslu okkar, jafnlítil og hún þó er, finnst mér að við eigum að reyna að beita öllum tiltækum ráðum til þess að koma í veg fyrir slíkt, m.a. með því að fara fram á sem mestan jöfnuð í viðskiptum við aðrar þjóðir. Tel ég reyndar að það sé að einhverju leyti gert þegar átt er við blessaða Rússana, en það má gera við fleiri.

Þess vegna legg ég þessa fsp. fyrir bæði þann ráðherrann sem nú fer með málefni utanríkisverslunar og þann ráðherrann sem fer með málefni innflutningsverslunarinnar. Hvað hyggjast ráðherrarnir fyrir í þessum efnum? Má eiga von á því að markaðsmálum verði betur sinnt en hingað til? Verður leitað nýrra markaða? Hvað með fullvinnslu afurða og markaðssetningu? Verður gert átak þar? Verður bryddað upp á einhverjum nýjungum hvað söluaðferðir snertir? Hvernig hyggjast þeir styrkja stöðu útflutningsgreinanna? Á að ráðast enn frekar á innflutningsverslunina? Eitthvað hljóta mennirnir að hafa á prjónunum þegar sett er fram sú fullyrðing að viðskiptahalli á árinu 1988 verði 10 milljarðar í það minnsta.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Það er nokkuð erfitt að ráða af þessari fsp. hvað hv. þm. á við þegar hann spyr um það hvort ráðherra hyggist gera eitthvað til þess að jafna óhagstæðan mun sem er á innflutningi Íslendinga frá allmörgum löndum og útflutningi þeirra þangað. Síðan bætti hann við allmörgum viðbótarspurningum í fsp. sína sem gera málið mun skiljanlegra, þ.e. hann talaði þar um ýmsar almennar aðgerðir í okkar efnahagsmálum.

Ég lít svo á að hann sé ekki að leggja það til að tekin verði upp stýring á innflutningi og útflutningi heldur verði frjáls viðskipti áfram hornsteininn í okkar utanríkisviðskiptastefnu eins og verið hefur um langan tíma. Það má segja að svokallaðir jafnkeypissamningar hafi verið felldir niður smátt og smátt og hinn síðasti var felldur niður við Sovétríkin árið 1975, enda höfðu Austur-Evrópuríkin sett fram óskir þar að lútandi um árabil og þeirra stefna var orðin sú að gera ekki slíka samninga við lönd Vestur-Evrópu.

Það er einnig rétt að benda á það að aðild okkar að EFTA og fríverslunarsamningur okkar við Evrópubandalagið hafa að geyma ákvæði sem gera okkur ókleift að beita innflutningshöftum til að beina viðskiptum til ákveðinna landa. Olíuvörur eru þó þar undantekning því samið var um sérstaka undanþágu vegna þeirra í báðum tilvikum. Það er því stefna þessarar ríkisstjórnar eins og fyrri ríkisstjórna að stefna að því að reyna að halda viðskiptunum í sem mestum jöfnuði á grundvelli almennra aðgerða og það má segja að jöfnuðurinn hafi aukist við hin einstöku lönd. T.d. er rétt að geta þess að innflutningur frá Efnahagsbandalagslöndunum á sl. ári var 52,1% af heildarinnflutningi, útflutningur 57,4%. Að því er EFTA-löndin varðar var innflutningur þaðan 20,7%, en útflutningur aðeins 8,2. Að því er Austur-Evrópu varðar var innflutningur þaðan 5,8% og útflutningur 4,7%. Að því er Bandaríkin varðar var innflutningur þaðan 7,1% og útflutningur 18,3. Að því er önnur lönd varðar var innflutningur þaðan 14,3% og útflutningur 11,4%.

Það má því segja að nokkuð gott jafnvægi ríki í þessum málum ef undan eru skilin annars vegar EFTA-löndin og þá sérstaklega Norðurlöndin og hins vegar Bandaríkin.

Ég held að það sé rétt að beina athyglinni að því að því er varðar Norðurlöndin að þau lönd eru með svipaða efnahagslega uppbyggingu og við og það er ekki mjög margt sem við getum selt þeim til viðbótar nema þá að komi til meiri efnahagssamvinna Norðurlandanna sem er búið að fjalla um á vettvangi Norðurlandaráðs um langan tíma, m.a. að efla þar heimamarkað og gera fjárfestingar í hinum ýmsu löndum frjálslegri, þ.e. að greiða fyrir fjármagnsflutningi og fjárfestingum milli Norðurlandanna. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að það er eitt af því sem gæti orðið til þess að auka jöfnuðinn að nýju. Um það er verið að fjalla á vettvangi Norðurlandaráðs og einnig hefur verið til umfjöllunar í ríkisstjórn frv. til laga um fjárfestingarstefnu.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að það er ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af hinum almenna ójöfnuði, þ.e. viðskiptahalla landsins, nú eins og stendur. Þar er verið að gera ákveðnar ráðstafanir sem birtast m.a. í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem nú er verið að ræða hér á hv. Alþingi. Þar er stigið skref til þess að draga úr viðskiptahalla. Það skref þyrfti að vera stærra, en ég vænti þess að hv. þm., miðað við þær áhyggjur sem hann hefur af þessum málum, muni styðja þá viðleitni ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Líkt og hæstv. sjútvrh. var mér ekki alveg ljóst hvað hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Vesturl., átti við með orðalaginu að jafna þann óhagstæða mun sem er á innflutningi Íslendinga frá allmörgum löndum og útflutningi þeirra hingað. Ef það er rétt skilið hjá mér að spurt sé um það hvort ríkisstjórnin ætli að gera ráðstafanir til þess að jafna halla sem er á viðskiptum við einstök lönd er svarið einfalt og skýrt: nei. Ríkisstjórnin telur ekki að stefna beri að jöfnuði í viðskiptum við einstök lönd eða viðskiptasvæði, heldur skuli stefna að því að selja framleiðsluvörur okkar til þeirra landa þar sem markaðurinn er hagstæðastur og kaupa vörur til

landsins frá þeim löndum sem bjóða hagkvæmust kjör. Fríverslun er og verður, eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh., meginreglan í okkar utanríkisviðskiptum. Hitt er svo auðvitað jafnljóst að þegar um tvíhliða viðskiptasamninga er að ræða sem verulegu máli skipta fyrir þjóðarbúið getur jafnan verið samband milli þess sem út er flutt og hins sem inn er keypt, ekki síst ef sama fyrirtækið eða tengd fyrirtæki stunda þessa milliríkjaverslun. Þetta er í rauninni allt sem segja þarf um jöfnuð í viðskiptum við einstök lönd. Jöfnuður í viðskiptum við útlönd í heild er svo allt annað og meira mál eins og hæstv. sjútvrh. vék hér að og er mikilvægt markmið fyrir stefnuna í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin hefur gripið til margvíslegra aðgerða til þess að ná því markmiði, eins og hæstv. sjútvrh. vitnaði til, og við treystum á stuðning þm. við þær tillögur.

En ein leið að því marki að tryggja til langframa jöfnuð í viðskiptum við önnur lönd er auðvitað að efla markaðssetningu á okkar útflutningi og að því vék fyrirspyrjandi nokkuð í sínu máli og reyndar hæstv. sjútvrh. einnig. Þetta er mikilvægt tæki þegar horft er til framtíðar og þar á einnig að koma til atbeini stjórnvalda og þar hefur stjórnin einmitt hugsað sér að bæta um.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherrunum svör þeirra þó að mér þættu þau heldur mögur. Ég gat ekki fundið neina ákveðna stefnu eða viðleitni í þá átt að bæta þarna úr. Viðskrh. segir einfaldlega, nei, það verður ekki leitast við að jafna þennan mismun. Þetta finnst mér í hæsta máta óeðlilegt. Þó að ég sé talsmaður frjálsrar verslunar hlýtur að mega notfæra sér það þegar um slíkan ójöfnuð í viðskiptum er að ræða eins og hér um ræðir.

Hæstv. sjútvrh.ýjar að því hvort ég sé að kalla á stýringu eða sé á móti frjálsum viðskiptum. Ég er náttúrlega talsmaður frjálsra viðskipta og sem minnstrar stýringar. Þetta er hins vegar hvort tveggja við lýði í dag. Það er bullandi stýring og frjáls viðskipti þekkjast ekki eða getur hann bent mér á það í landbúnaðarafurðunum og í fiskverslun-inni? Þar er sko langt frá því að vera frjáls verslun. Eina ráðstöfunin sem ríkisstjórnin er að gera þessa dagana lendir má segja á innflutningsversluninni. Það er ekki að neinu gagni komið til móts við útflutningsgreinarnar. Þær eru enn þá reknar með tapi. Ég veit ekki hvort það er stefnan að jafna þetta með 190% jöfnunargjaldi yfir línuna. Það er náttúrlega ein leiðin, en hún er afskaplega óæskileg. Það á að auka gjaldtökur á erlend lán. Heimild til vörukaupalána er ekki til staðar. Það er sem sagt neytandinn og innflutningsverslunin sem á að þola þetta allt. Hins vegar má jafna þennan ójöfnuð milli landa með því að líta kannski aðeins nánar á tollamálin. Það má t.d. líta á ytri tollana frá Bandaríkjunum og lækka þá eða fella niður þannig að innflutningnum verði stýrt meira þangað frá þeim óhagstæðu mörkuðum sem við erum núna að versla við vegna þeirrar tollastefnu sem ríkir hér í dag.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki á mér setið að standa upp og segja nokkur orð um þá furðulegu ræðu sem kom frá bæði hæstv. núv. utanrrh. eða „acting" utanrrh. og hæstv. viðskrh. Ég vil heldur tala sem talsmaður frjálsrar verslunar og í framkvæmdastjórn verslunarráðs um áraskeið.

Að bjóða upp á það sem svar við fsp., sem hér liggur fyrir, að þær efnahagsráðstafanir sem nú er verið að gera og allar eru íþyngjandi fyrir fólkið í landinu, mjög svo íþyngjandi, og til háborinnar skammar fyrir ríkisstjórnina, að þurfa að grípa til sömu efnahagsráðstafana á nokkurra mánaða fresti. Efnahagsráðstafanir hafa verið gerðar í þessa veru fjórum sinnum á sjö mánuðum sem ríkisstjórnin hefur setið sem eins konar liður í því að jafna viðskipti við útlönd. Við hvern eruð þið að tala? Hverjum eruð þið að svara og hverju eruð þið að svara? Það er til háborinnar skammar að svona svör komi og það frá fagmönnum, að vísu sem aldrei hafa notað sitt fag til að vera beint í viðskiptum og vita ekkert hvernig þau ganga fyrir sig öðruvísi en á pappírnum.

Og segja að það sé ekki stefnt að því að hallalaus viðskipti séu við einstök lönd er hreinlega rangt. Ef þetta er stefna ríkisstjórnarinnar á ríkisstjórnin að fara frá því hún er fallin. Ríkisstjórnin er fallin. (**HBl:** Þetta er nú misskilningur Albert, mikill misskilningur.)

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins benda á það aftur sem stendur í þessari fsp.: „Hyggjast ráðherrar gera eitthvað til að jafna þann óhagstæða mun sem er á innflutningi Íslendinga frá allmörgum löndum og útflutning þeirra þangað?" Hér er um mjög almenna spurningu að ræða og ef hv. þm., í þessu tilviki hv. fyrirspyrjandi Ingi Björn Albertsson, vill fá ítarlegt svar um einstök mál finnst mér það vera lágmark að ætlast til þess að fsp. séu settar þannig fram að það sé auðvelt að skilja við hvað er átt. Hitt er svo annað mál að það kom ýmislegt fram í upphafsorðum hv. fyrirspyrjanda um hvað það var sem hann raunverulega átti við og hefði e.t.v. verið auðveldara ef það hefði komið fram beint í fsp. eða einhverjar útskýringar komið á henni áður en svarað var.

Auðvitað er það þannig að ef á að jafna útflutning og innflutning verður það að koma við þá sem flytja inn og neytendur í landinu og það verður að vera ívilnandi fyrir útflutninginn. Það verður að styrkja útflutninginn og gera erfiðara fyrir neytendur og innflytjendur að flytja svo mikið inn. Ég skildi hv. þm. Inga Björn Albertsson þannig og hv. þm. Albert Guðmundsson reyndar einnig að þeir teldu að þetta ætti allt að gera með öfugum hætti. Það ætti að greiða fyrir innflutningi og alls ekki að leggja nokkrar byrðar á almenning. (**AG:** Spurningin er skýr.) Ja, mér er ekki nokkur leið að skilja þetta,

hv. þm. Albert Guðmundsson. Það er sjálfsagt vegna þess að ég er svona tregur í þessum málum, enda er það rétt að ég hef ekki stundað innflutning og hef ekki hugsað mér að gera það.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Örstutt athugasemd. Ég vildi benda hv. fyrirspyrjanda á það og einnig hv. 5. þm. Reykv. að fáar þjóðir eiga meira undir því en Íslendingar að jafnkeypisregla í viðskiptum milli einstakra landa gildi ekki sem markmið í alþjóðaviðskiptum. Við erum hér með einhæfan útflutning og eigum allt okkar undir því að það líðist almennt að eitt land selji öðru meira en það kaupir frá því, að frjálsræði ríki í fjölþjóðaviðskiptum. Við flytjum t.d. miklu meira út til Bandaríkjanna en við kaupum þaðan. Við höfum talið okkur hentugra að flytja inn frá Evrópu en flytja út til Bandaríkjanna um langan aldur. Þetta er gott fyrirkomulag og við eigum síst þjóða að verða til þess að óska eftir því að við hverfum aftur til millistríðsáratímabilsins þar sem jafnkeypisreglan var ríkjandi, en það er andinn sem vakir í fsp. þeirri sem hér er rædd og athugasemdum hv. 5. þm. Reykv.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég held að hæstv. viðskrh. sé fullljóst af hverju viðskipti eru við Bandaríkin eins og þau eru í dag. Það er vegna þeirrar tollastefnu sem hér ríkir og það er margbúið að gagnrýna það. Hins vegar vil ég segja að ef spurningarnar eru svona óskaplega óljósar fyrir ráðherrana verður náttúrlega að umorða þær betur. Þetta fer að vísu í gegnum síu Helga Bernódussonar, en ef það þarf að stafa þetta eitthvað sérstaklega fyrir þá til þess að þeir skilji að það er verið að kalla eftir þeirra hugmyndum, hvað þeir ætli að gera í þessu máli, eru þeir í rauninni að krefjast þess hér að menn leggi fram fsp. og gefi þeim hugmyndirnar líka í spurningunni. Þeir eru ekki skarpari en það, blessaðir mennirnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að starfsmenn þingsins gera ekkert sem stuðlar að því að fyrirspurnir séu óljósar.

Útgjöld vísitölufjölskyldu, ein umr.

Fsp. USB, 305. mál. — Þskj. 611.

Fyrirspyrjandi (Unnur Sólrún Bragadóttir):

Herra forseti. Kaup og kjör eru líklega það sem fyrst og síðast brennur á fólki. Það hafa verið farnar ýmsar leiðir til að sanna það fyrir Íslendingum að sé einn maður fátækur og annar ríkur séu þeir að meðaltali efnaðir. Að mati margra virðist almenningur eiga að lifa á útreikningum þeirra, á meðalráðstöfunartekjum, meðalneyslu og meðalsparnaði þó svo það sé ekkert tillit tekið til misskiptingar teknanna eða vinnuálagsins sem að baki þeim býr. Þetta kom berlega í ljós við síðustu kjarasamninga. Þá töldu þessir reiknimeistarar, sem svo mjög höfðu hrósað sér af auknum meðaltekjum landsmanna, það nánast landráð að fara fram á kjarabætur til starfsfólks í grunnframleiðslunni.

Sannleikurinn er að útreikningurinn á hækkuðum meðaltekjum landsmanna sýnir ekkert annað en aukna misskiptingu, að í landinu eru annars vegar þeir sem búa við allsnægtir og hins vegar þeir sem búa við nauðþurftir. Atvinnurekendur reyna allar leiðir til að sannfæra þjóðina um að það sé skilyrði fyrir bættum hag að launin hækki ekki. Við vitum nú þegar að ófaglærðir á Íslandi hafa mun lægri dagvinnutekjur en tíðkast í nágrannalöndum okkar, en það segir okkur ekki alla söguna. Þjóðhagsstofnun hefur reglulega reiknað út hver séu heildarútgjöld vísitölufjölskyldunnar svokölluðu. Þar er gengið út frá ákveðnum þörfum. Ef bera á saman launakjör milli landa er nauðsynlegt að taka inn í samanburðinn hvað sá neyslupakki kostar í viðmiðunarlöndum því það er kaupgetan en ekki krónufjöldinn sem segir til um kjörin.

Og því spyr ég hæstv. viðskrh.: Hver væru útgjöld íslensku vísitölufjölskyldunnar ef hún keypti reiknaðar þarfir sínar í Svíþjóð, í Danmörku, í Englandi og í Vestur-Þýskalandi?

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Því miður er ekki unnt að svara fsp. hv. 2. þm. Austurl. eins og hún er fram borin. Fyrir því eru ýmsar ástæður.

Í fyrsta lagi sú einfaldlega að þetta hefur ekki verið reiknað og ekki tími til þess á þeim tíma sem leið frá því að fsp. var fram borin og þar til þetta munnlega svar er gefið og eins hitt að þótt þessi svör væru fundin og dæmin rétt reiknuð, ef það væri hægt, má ekki draga af þeim niðurstöðum beinar ályktanir um lífskjarasamanburð milli landa. Líklega væri réttara að leita svars við spurningunni: Hver væri kaupmáttur meðaltekna sem aflað er hér á landi eftir skatta ef eyða mætti þeim erlendis t.d. í þeim löndum sem talin eru upp í fsp.? Er kaupmátturinn meiri eða minni en hér á landi og hversu miklu munar? En það verður að segjast eins og er að það eru einnig veruleg vandkvæði á því að svara slíkum spurningum.

Hér kemur ekki til tómlæti eða viljaskortur. Ég vildi einnig gjarnan sjálfur vita svörin, en ég ætla að nefna nokkur atriði sem skýra það hvers vegna erfitt er að fá við slíkum spurningum óyggjandi svör.

Í fyrsta lagi er líklegt að flestir mundu eyða tekjum sínum með öðrum hætti erlendis en hér heima. Erlendis er vöruvalið annað og verðhlutföll önnur. Þetta eitt torveldar samanburð milli landa svo óyggjandi sé.

Í öðru lagi er það enginn hægðarleikur að safna

upplýsingum erlendis um verð á sambærilegri vöru og þjónustu og fæst hér á landi. Þetta er hægt e.t.v., en ekki án tímafrekra og umfangsmikilla og um leið kostnaðarsamra kannana. Út í þær hefur ekki verið lagt nema að mjög takmörkuðu leyti.

Í þriðja lagi og það er kannski mikilvægast er miklum vandkvæðum háð að nota skráð gengi á hverjum tíma til að bera saman verðlag milli landa. Fram hjá þeim erfiðleikum má stíga en eins og ég nefndi áður ekki nema með ærinni fyrirhöfn. Ég get nefnt í þessu sambandi að Sameinuðu þjóðirnar, Efnahags-, samvinnu- og framfarastofnunin í París, OECD, og fleiri alþjóðastofnanir hafa nú um nokkurt skeið unnið að samræmdum mælingum á raunverulegum þjóðartekjum og þjóðarútgjöldum í ýmsum ríkjum. Íslendingar hafa ekki tekið þátt í þessu samstarfi til þessa, en við áformum að taka þátt í næstu lotu í þessum samanburði sem miðast við árið 1990.

Það ætti að vera orðið ljóst af því sem ég hef þegar sagt að ég get ekki svarað fsp. svo sem til er ætlast. Ég skil hins vegar vel áhyggjur fyrirspyrjanda af því að framfærslukostnaður gæti verið hærri hér á landi en í nágrannalöndunum. Ég held að það sé skynsamlegt að reyna að grafast fyrir um af hverju þetta stafar. Fyrir því kunna að vera margar ástæður. Ein er sú og kannski mikilvægust að hér vega óbeinir skattar þyngra en víðast hvar annars staðar. Í öðru lagi: Verslun kann að vera hér kostnaðarsamari en í öðrum löndum, bæði til landsins og í landinu sjálfu. Í þriðja lagi að óhagkvæmni ríki í greinum sem framleiða fyrir innlendan markað. Ég gæti nefnt fleira en læt þetta duga. Skipulegur en þó takmarkaður samanburður á vöruverði hér og í nágrannalöndunum, eins og Verðlagsstofnun hefur áður gert, getur gefið um þetta nokkra vísbendingu og ég mun hér eftir sem hingað til beina því til hennar að hún geri slíkar kannanir reglulega og eins til Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar að þær vandi, og reyndar er það í samræmi við ýmsar þáltill. sem hér hafa verið fluttar og samþykktar á undanförnum árum, þennan lífskjarasamanburð betur en gert hefur verið til þessa.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. ráðherra vil ég minna á þál. um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum sem var samþykkt hér á Alþingi 22. apríl 1986 og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknarstofnanir Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi“ sem var síðasta löggjafarþing.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari könnun? Er einhver vinna í gangi sem marktæk er til þess að hv. Alþingi fái upplýsingar um stöðu þessara mála?

Fyrirspyrjandi (Unnur Sólrún Bragadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra viðleitni hans til svars, sem mér fannst að mörgu ófullnægjandi, og með tilvísun til hv. 13. þm. Reykv., þeirra orða sem hún viðhafði áðan, verð ég satt að segja að lýsa því að mér finnst undarlegt að þetta hafi ekki verið kannað miðað við alla þá útreikninga sem fyrir liggja.

Svörin voru margþættuð eða rökstuðningur þess að það væri ekki hægt að svara þessari spurningu. Eitt svar var á þann veg að svona samanburður ætti hreinlega ekki rétt á sér vegna þess að neysla manna væri mismunandi eftir löndun. Það er rétt þó svo að ég telji að í þessum löndum, sem ég taldi þarna upp til samanburðar, svipi neyslu þessara þjóða mjög til okkar neyslu. Ef það kæmi í ljós eins og mig grunar að þessar reiknuðu þarfir okkar kosti minna í viðkomandi löndum en þær kosta okkur hér sýnir það okkur ótvírætt að við fáum ekki bara færri krónur fyrir vinnu okkar heldur fáum við líka minna fyrir þær krónur sem við fáum. Það gæti kannski leitt okkur til þeirrar spurningar hvort álagning hér væri ekki óeðlilega há.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þennan rökstuðning hæstv. ráðherra en þakka honum fyrir.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Fyrst vegna fsp. hv. 13. þm. Reykv. Það hefur ekki verið samin svo ég viti sérstök skýrsla vegna þessarar þál., en ég held að svarið fáist þá fyrst að við höfum náð því að taka þátt í samstarfinu, sem ég nefndi áðan og nú stendur milli aðildarríkja OECD, á vegum Sameinuðu þjóðanna reyndar einnig, um samræmdar mælingar á raunverulegum þjóðartekjum og útgjöldum ýmissa ríkja sem meiningin er að framkvæma þannig að taka sömu vörusöfn og bera þau saman með verðhlutföllum allra ríkjanna á víxl og komast þannig fram hjá þeim vandkvæðum sem á því eru að nota gengið eitt til að bera saman lífskjörin sem getur verið mjög mismunandi og misvísandi reyndar. Þetta er umfangsmikið verkefni, en ég vona að það leiði til einhverrar niðurstöðu á næstu árum.

Ég vildi svo að lokum segja það eitt að ég get fullvissað hv. 2. þm. Austurl. um að slíkar samanburðarathuganir, sem hún nefndi, eiga fullan rétt á sér. Mínar ábendingar voru eingöngu aðferðarfræðilegar áhyggjur af því að þótt maður hefði svörin segðu þau ekki alla sögu og ég reyndi í örfáum orðum að benda á hvað því ylli. Þetta er því miður þannig að það er erfitt að bera saman epli og appelsínur nema maður hafi verðhlutföll og þau eru þá yfirleitt breytileg milli landa. Þetta er kjarni málsins.

Ég segi það að lokum að auðvitað hefur verið gerður víðtækur lífskjarasamanburður milli Íslands og annarra landa með þeim einfalda hætti að taka

einkaneyslutölur og dreifa þeim á hvert mannsbarn í löndunum sem saman eru borin. Ísland hefur jafnan staðið hátt í slíkum samanburði og verið því nær jafnfætis Norðurlandaþjóðum mjög oft. Þetta sveiflast hins vegar dálítið með genginu og með gengi okkar atvinnulífs, en því fer víðs fjarri að þær tölur bendi til þess að hér búi menn við öll önnur og lakari kjör en gerist með nálægum þjóðum. En eins og ég ítreka: Þetta er ekki neitt endanlegt fullkomið svar. Betra svar kynni að fást úr því alþjóðasamstarfi sem ég vitnaði til.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að sú umræða sem er vakin með þessari fsp. frá hv. 2. þm. Austurl. sé þörf og gagnleg. Þetta er það sem brennur á mjög mörgum, að velta fyrir sér hvernig lífskjör eru hér í samanburði við það sem gerist annars staðar, bæði að því er varðar eyðslu, útgjöld og hins vegar að því er varðar launin.

Ég hygg að það sé rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að þegar einkaneysluútgjöld eru borin saman með þeim hætti að þau eru öll tekin og deilt í þau með fjölda vinnandi manna sé niðurstaðan ekki mjög langt frá því sem gerist í grannlöndum okkar. Mismunurinn liggur hins vegar í því að hér vinnur fólk að jafnaði 20%, fimmtungi lengri vinnutíma en gerist í grannlöndum okkar þannig að það er fráleitt að mæla lífskjör út frá útgjaldahliðinni einni. Það verður að mæla lífskjör eftir því hversu lengi hver maður þarf að selja vinnuafl sitt til að geta lifað og komist af í nútímasamfélagi.

Ég kom hins vegar upp vegna þess að nú vill svo til að sami maðurinn fer með viðskrn. og Hagstofuna. Það hefur ekki verið um nokkurt skeið. Ég tel að það sé að mörgu leyti heppilegt í þessu máli og væri skynsamlegt af hæstv. ráðherra að hann beitti áhrifum sínum til þess að í viðskrn. og á Hagstofunni fari reglulega fram samanburðarathuganir á lífskjörum hér og þar, bæði í kaupi og útgjöldum.

Kosningarréttur Íslendinga erlendis, ein umr.

Fsp. KH, 307. mál. — Þskj. 613.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrir réttu ári héldu námsmannafélög og Íslendingafélög á Norðurlöndunum fundi í Osló, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Gautaborg og buðu fulltrúum allra framboða til alþingiskosninga að kynna þar stefnu sína og fræðast um þau mál sem Íslendingum á erlendri grundu liggja þyngst á hjarta. Þetta var ákaflega fróðleg og skemmtileg ferð og margt sem bar á góma. Eitt af því var kosningarréttur Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Eins og þingheimur veit er kosningarétturinn lögum samkvæmt bundinn við 18 ára aldur, íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hérlendis eða hafa átt það á síðustu fjórum árum talið frá 1. des. næstum fyrir kjördag. Þessi tímamörk munu koma allmisjafnlega niður á löndum okkar erlendis. Ástæður þessa eru m.a. þær að mishart er gengið eftir því að menn tilkynni búsetu eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Milli Norðurlandanna er þetta allt í föstum skorðum meðan fólk kemst upp með meiri losarabrag vegna dvalar í ýmsum öðrum löndum. Með það eru landar okkar á Norðurlöndum heldur óhressir að vonum. Svo er heldur ekki alveg sama hvað menn eru að bardúsa þar ytra því að námsmönnum líðst að dveljast þar lengur en fjögur ár án þess að missa kosningarrétt hér heima og er sú túlkun gjarnan nokkuð frjálsleg og rúm sem reyndar er mjög gott, enda er oft erfitt að gera greinarmun á t.d. skólanámi og námi í verklegum efnum.

Þetta er þá í fyrsta lagi spurning um lengd þess tíma eða þann árafjölda sem menn halda kosningarétti hérlendis þótt þeir flytjist búferlum um skeið eða m.ö.o. hvort tímamörkin eru ekki of þröng í kosningalögunum.

Í öðru lagi eru svo aðstæður manna og möguleikar til að neyta réttar síns því að í mörgum tilvikum er það slík fyrirhöfn að fólk veigrar sér við að leggja hana á sig nema áhuginn sé þeim mun meiri og trúin heitari.

Bæði þessi atriði mætti lagfæra ef vilji er fyrir hendi og ástæður fsp. minnar á þskj. 613 eru einmitt þær að kanna vilja hæstv. dómsmrh. í þessu efni. Fsp. er í þremur liðum og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu margir Íslendingar búsettir erlendis gátu ekki neytt kosningarréttar hér á landi í síðustu kosningum?

2. Hverjar voru ástæður þess?

3. Hefur dómsmrn. áform um að bæta stöðu þessa fólks?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykn. spyr hversu margir Íslendingar búsettir erlendis hafi ekki getað neytt kosningarréttar síns hér á landi í síðustu kosningum, hverjar hafi verið ástæður þess og hvort dómsmrn. hafi áform uppi um að bæta stöðu þessa fólks hvað varðar kosningarréttinn.

Ég ætla að reyna að svara þessu nokkrum orðum. Í fyrsta lagi voru samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni íslenskir ríkisborgarar á þjóðskrá sem áttu lögheimili erlendis vorið 1987 alls 14 100. Af þeim voru 18 ára og eldri 10 500. Ég tek fram að í þessari tölu eru þeir Íslendingar sem flutt hafa frá Íslandi eftir árið 1952 þegar þjóðskráin var stofnsett. Af þeim 10 500 Íslendingum sem búsettir voru erlendis og voru eldri en 18 ára voru 3546 teknir á kjörskrárstofninn, þ.e. þann stofn sem Hagstofan lætur sveitarfélögunum í té. Við þessa tölu bætist svo ótiltekinn fjöldi manna sem bætt var við kjörskrárstofninn og sveitarstjórnirnar töldu sjálfar uppfylla

skilyrði til kosningarréttar. Um þetta hef ég ekki tölu. Það getur t.d. hafa gerst með því að sveitarstjórn taki nöfn inn á kjörskrá áður en hún er lögð fram eða að nöfn séu kærð inn á skrána hvort heldur er hjá sveitarstjórninni eða dómi. Um þetta eru ekki til tölur. Auk þeirra Íslendinga á þjóðskrá sem eru með lögheimili erlendis voru á íbúaskrá um 1000 íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi en taldir með aðsetur erlendis. Af þeim voru um 800 18 ára eða eldri. Þessir Íslendingar komu allir á kjörskrá í því sveitarfélagi sem þeir töldust eiga í lögheimili.

Það er rétt að taka fram og gera það alveg skýrt að samkvæmt stjórnarskrárbreytingunni frá árinu 1984 er það meginreglan að kosningarrétt eiga þeir íslenskir ríkisborgarar sem eiga lögheimili hér á landi. Þetta er ótvírætt meginregla stjórnarskrárinnar eins og hún stendur nú þegar kosningin fer fram. Þar er þó tekið fram að tilteknar undantekningar megi ákveða í kosningalögum og í kosningalögunum sem samþykkt voru í mars 1987 var ákveðið að þeir íslenskir ríkisborgarar hafi kosningarrétt sem hér á landi eiga lögheimili eða hafa átt það á síðustu fjórum árum talið frá 1. des. næstan fyrir kjördag. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er ástæða til að skýra þessi ákvæði laganna betur og setja nánari reglur um framkvæmd þeirra. Að því hyggst ég vinna.

Það liggja ekki fyrir tölur um það, svo að ég komi beint að fsp., hversu margir þeirra Íslendinga erlendis sem voru á kjörskrá neyttu atkvæðisréttar síns í síðustu kosningum. En það er ljóst af þeim tölum sem ég hef hér rakið að þetta er tiltölulega lágt hlutfall af þeim heildarfjölda sem skráður er búsettur erlendis.

Hv. fyrirspyrjandi spyr um ástæðurnar fyrir því að Íslendingar erlendis sem höfðu hér kosningarrétt neyttu hans ekki. Fyrir því eru sjálfsagt ýmsar ástæður, en af þeim ástæðum sem snúa að stjórnvöldum má kannski helst nefna of fáa kjörstaði fyrir utan kjörfundaratkvæðagreiðslur. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir fjölgun kjörstaða fyrir utan kjörfundaratkvæðagreiðslur erlendis. Það er von mín að við endurskoðun kosningalaganna, sem nú er fyrir dyrum, verði fyrirkomulag utankjörfundarkosninga einfaldað þannig að hægt sé að fjölga kjörstöðum enn frekar.

Um það svo hvort rýmka eigi heimildir Íslendinga sem búsettir eru erlendis til að taka þátt í kosningum hér á landi eru að sjálfsögðu nokkuð skiptar skoðanir. Það þykir vafalaust sjálfsagt að fólk sem er til skammrar dvalar erlendis, t.d. við nám, hafi hér kosningarrétt, en þegar menn eru til langframa búsettir og starfandi í öðru ríki þykir mörgum sem réttur þeirra til afskipta af stjórnmálum hérlendis eigi að falla niður þótt þeir haldi ríkisborgararéttindum sínum. Það er annað mál. Ég tel að hér þurfi að finna einhvern meðalveg og það eigi að vera markmið þeirra kosningalaga sem nú þarf að breyta. Ég tel að þetta hafi reyndar verið markmiðið, en eins og venjulega verða menn ekki alveg sáttir um það hvar niðurstaðan lendir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég held að hér sé vakið máls á mjög þýðingarmiklu máli fyrir þúsundir Íslendinga og vil aðeins hv. þingheimi til upplýsingar geta þess að varðandi réttindi manna á Norðurlöndum hafa verið vandamál uppi eins og víða annars staðar og nokkur mismunur á því hvernig menn eru skráðir t.d. sem stunda nám í nágrannalöndum okkar norrænum. Ég vil því upplýsa að á þingi Norðurlandaráðs 1985 var samþykkt tillaga, sem ég hafði flutt ásamt fleiri þm. íslenskum og erlendum, um að reyna að samræma þjóðskrár Norðurlandanna og samræma reglur um annars vegar tímabundna dvöl og hins vegar fasta búsetu.

Síðan hefur það gerst að komið var á laggirnar nefnd til að vinna að þessu og í þeirri nefnd situr af Íslands hálfu Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri. Hann hefur hins vegar upplýst mig um að það hafi nokkuð háð störfum nefndarinnar að Danir hafa ekki sýnt þessu máli mikinn áhuga. — Ég held að það sé þýðingarmikið að hv. þm. viti að þetta starf er í gangi. — T.d. gera Norðmenn mun á tímabundinni búsetu og fastri. Það gera Danir hins vegar ekki svo að námsmenn verða beinlínis að flytja úr landi þegar þeir fara til Danmerkur þó ekki sé nema til náms.

Ég hef gert mitt besta til að reyna að fá leiðréttingu á þessu á norræna vísu og vil biðja hæstv. dómsmrh. að vinna að því við þá kollega sína á Norðurlöndum og ekki síst danska dómsmrh. að hvetja hann til þess að sýna þessu starfi dálitla alvöru. Þar kemur auðvitað til að Danir eru með annan fótinn í Efnahagsbandalaginu, en hinn fótinn ... (**Forseti:** Ég vek athygli á því að þetta er komið langt fram úr örstuttri athugasemd.) Ég held að einhver hafi nú gert hér lengri athugasemdir, en ég skal hætta nú þegar.

Ég vil aðeins minna á þetta og biðja hæstv. ráðherra um að sýna þessu starfi áhuga því ég held að það mundi leysa verulegan hluta þessa vanda.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af þessari fsp. til dómsmrh. um kosningarrétt Íslendinga erlendis benda á að 24. mars sl. var Borgarafl. stofnaður, það er ekki ár liðið enn þá, og tilkynnti þar með nýtt framboð, hæstv. dómsmrh. Þá var utankjörstaðakosning svo að segja afstaðin. Mér bárust margar kvartanir, bæði frá þeim sem eru búsettir erlendis og eru nemendur aðallega og eins frá þeim sem höfðu í millitíðinni farið í ferðalög og kosið áður en þeir fóru til útlanda, en framboðsfrestur var ekki útrunninn. Kosningar höfðu hafist án þess að framboðsfresturinn liði. Ég ætla að benda hæstv. dómsmrh. á að það er mjög stór galli á framkvæmd á kosningum sem við í Borgarafl. gerðum ekki athugasemdir við á sínum

tíma þó svo að hluti af þeim sem höfðu kosið aðra flokka tilkynntu eftir á að þeir hefðu gjarnan viljað taka þátt í kosningunum eins og þær endanlega urðu eftir að framboðsfresti lauk. Þetta er stórt mál.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Í tilefni af svörum hæstv. dómsmrh., þar sem hann sagði að margir felldu sig ekki við að fólk sem væri búsett erlendis um einhvern tíma gæti haft áhrif á stjórnmál hérlendis eða þróun mála, langar mig vegna reynslu minnar að vekja athygli á því að flestir Íslendingar sem fara utan í nám eru fullveðja fólk. Margir hafa mótaðar stjórnmálaskoðanir þegar þeir yfirgefa land sitt, en dvelja kannski lengur en þeir ætluðu. Í mínu tilfelli urðu það 13 ár þó ég hafi ætlað að verða fjögur. Í því landi þar sem ég bjó, í Bretlandi, hafði ég ekki kosningarrétt né aðrir sem svipað var ástatt um. Það hvarflaði ekki að mér eða neinum öðrum sem ég þekkti að fórna ríkisborgararétti mínum íslenskum til að fá kosningarrétt á Bretlandi þannig að um kannski níu ára skeið gat fólk í minni stöðu hvergi kosið. Það varð eins og börn á nýjan leik. Það gat hvergi haft áhrif á það þjóðfélag sem það bjó í með sínum kosningarrétti, með pólitískri þátttöku. Ég vil líka vekja athygli á því að flestir Íslendingar í Bretlandi sem ég þekkti á þessum tíma fengu blöð send að heiman, fylgdust náið með og höfðu samskipti við Íslendinga sem stöðugt komu í heimsókn. Þeir voru þannig fjarvistum um tíma, en flestir hugðu á heimkomu og flestir hafa komið heim þó árin yrðu fleiri en þeir héldu. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fólk geti beitt sér á heimaslóð, jafnvel þó fjarvistir banni um einhvern tíma, og vek athygli á því.

Og það er annað í þessu. Margt af þessu fólki er við nám. Það verður fyrir mikilli örvun meðan það er erlendis og það hefur takmarkað tækifæri til þess einmitt að senda jákvæða strauma til heimalandsins. Einn farvegur fyrir slíkt er að taka þátt í kosningum til að hafa mótandi áhrif á þjóðlífið til að koma nýjum hugmyndum heim meðan það enn dvelst erlendis.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Mér fannst hann vera jákvæður og skilningsríkur og hafa hug á að leiðrétta þetta mál, sem ég tel mjög mikilvægt, vegna þess, eins og fram hefur komið hjá þeim sem tekið hafa þátt í þessum umræðum og sem ég þakka fyrir þeirra innlegg, að réttur fólks til að kjósa er ákaflega mikilvægur réttur og heilagur. Ég fann það á því fólki sem ég hitti í þessari fundarferð, sem ég minntist á áðan, að því er verulega sárt um þennan rétt. Sumir virtust líta á þetta sem ákveðna höfnun héðan að heiman og það er það að vissu marki. Þessi ákvæði, svo og misjafnar reglur og formsatriði eftir löndum valda og viðhalda mismunun sem er auðvitað afleit.

Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að gera tvennt og mér heyrðist í máli hæstv. ráðherra hann vera sammála því. Við eigum að lengja þann tíma sem liðinn má vera frá búsetuskiptum, fjölga árunum, t.d. upp í átta. Ég held að það sé ekkert of langur tími. Og við þurfum að athuga hvernig hægt er að auðvelda fólki að neyta kosningarréttar síns erlendis. Það er auðvitað engin mynd á því að fólk þurfi að ferðast um óravegu til þess að kjósa hjá einhverjum ræðismanni sem hefur opna skrifstofu tvisvar sinnum í mánuði eða eitthvað því um líkt. Það er því mjög mikilvægt og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það eru of fáir kjörstaðir erlendis. Það þarf ekki eingöngu að fjölga þeim heldur hafa þá opna oftar og lengur.

Það er alveg áreiðanlega þörf og ástæða til þess að kanna það með hvaða móti væri hægt að auðvelda fleiri íslenskum ríkisborgurum erlendis að neyta kosningarréttar síns og að mínum dómi er þetta mál sem stjórnarskrárnefnd hlýtur að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar. Það má reyndar undarlegt heita ef aukin tækni getur ekki hjálpað okkur í þessu efni eins og svo mörgu öðru, en þess má geta að sums staðar erlendis er póstþjónustan betur nýtt til þessara hluta en við gerum ráð fyrir í okkar lögum og er kannski ástæða til að íhuga það vandlega.

Það ætti að vera auðvelt að taka á þessum málum í samstarfi við frændur okkar á Norðurlöndum, eins og hv. 13. þm. Reykv. tók fram. Við eigum margvísleg samskipti við þá. Nú er þing Norðurlandaráðs fram undan og ég hvet fulltrúa okkar til að hafa þessi mál í huga í störfum sínum í framtíðinni. En fyrst og fremst er þetta mál í höndum dómsmrn. og stjórnarskrárnefndar og ég skora á þessa aðila að gleyma ekki að fjalla um rétt þeirra íslensku ríkisborgara sem af einhverjum ástæðum dveljast alllengi erlendis.

Staðreyndin er sú að flestir flytja aftur heim til Íslands með dýrmæta reynslu og þekkingu sem nýtist ekki aðeins þeim sjálfum heldur einnig oft landi og þjóð til góðs.

Þess má svo kannski geta til fróðleiks að lokum og upplýsingar að um áramótin 1986–1987 munu 3532 Íslendingar hafa verið búsettir í Svíþjóð og það má vera til marks um hug þeirra til ættarlandsins að aðeins ellefu munu hafa sótt um sænskan ríkisborgararétt á árinu 1986 og á 20 árum, þ.e. 1967–1987, gerðust aðeins 187 Íslendingar sænskir ríkisborgarar þrátt fyrir mikinn straum Íslendinga milli þessara landa vegna náms og starfa.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Auðvitað á það í grundvallaratriðum að vera stefnan að greiða fyrir því að Íslendingar sem eru búsettir erlendis um stundarsakir fái neytt kosningarréttar síns. Um það hygg ég að sé enginn ágreiningur. Hitt er svo það að margt af þessu fólki, sem er inni í þeirri tölu sem hér var nefnd, 10 500, er ég sannfærður um að hefur engan áhuga á að neyta kosningarréttar síns og gerir það ekki þess vegna. Það er svo sem ósköp skiljanlegt að

fólk sem er flutt til langframa en einhverra hluta vegna hefur kosið að hafa lögheimili hér geri það ekki. Menn verða að líta líka á þessar tölur með því hugarfari. En ég held hins vegar að það sé tími til kominn að við tökum reglurnar um utankjörstaðaatkvæðagreiðslu til rækilegrar endurskoðunar og tökum þá m.a. mið af þeim reglum sem Norðurlandaþjóðirnar nota þar sem þetta er allt miklu einfaldara, auðveldara og að ég held fljótvirkara og gerir það að verkum að fleiri geta neytt kosningarréttar síns. Ég held að það sé kannski kjarni málsins.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er aðeins að taka undir með fyrirspyrjanda. Hér er ágætt mál á ferðinni sem þarf úrbóta við. Ég er ekki einn af þeim sem eru mikið erlendis en þó dálítið og ég hef hitt Íslendinga sem eru búsettir erlendis um stundarsakir og tek undir það að þetta mál brennur æðimikið á mörgum. Mönnum finnst þeir ekki njóta fullkominna mannréttinda, þeir sem geta hvergi kosið. Þó að ég hafi ekki víða farið verð ég var við þetta í hvert skipti sem ég hitti Íslendinga á erlendri grund.

Ég vildi láta þetta koma fram og tel þarft að þessu máli sé hreyft á hv. Alþingi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hin mikla þátttaka í athugasemdunum örstuttu sýnir glöggt að hér er hreyft máli sem þm. láta sér annt um. Hvorki fleiri né færri en sex þm. hafa tekið þátt í þessum umræðum og það sýnir vel að það er vakandi áhugi á málinu og það bendir líka á að það þurfi að huga að endurskoðun á þessum framkvæmdaratriðum varðandi kosningalögin og um framkvæmd kosninganna. Ég er þakklátur fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Eins og þm. e.t.v. rekur minni til kom fram í þingbyrjun að á vegum dómsmrn. væri í undirbúningi frv. til laga um breytingu á kosningalögum. Það eru einmitt atriði eins og þau sem hér eru til umræðu í dag sem ég sé ástæðu til að huga að og ég mun að sjálfsögðu hafa samband við þingflokkana á frumstigum þess máls, þ.e. þegar um eitthvað er að tala. Ég er þakklátur fyrir ábendingarnar og fullvissa hv. fyrirspyrjanda um að hún skildi það alveg rétt að minn vilji í þessu máli er jákvæður, að leita þarna leiðréttinga sem sanngjarnar teljast til að koma til móts við það fólk sem erlendis býr en telur sig fullgilda Íslendinga. En auðvitað verða að vera þarna einhver mörk þótt maður hafi samúð með þeim sjónarmiðum, sem fram komu í máli hv. 6. þm. Reykv., að ættjarðarástin gæti enst í 13 ár og kannski lengur. En ég heyrði að hv. 10. þm. Reykn. nefndi bara átta. En ekki ætla ég að fara að þrátta um það.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég fagna þessum umræðum og þakka þeim sem tóku þátt í þeim og allar þær ágætu ábendingar sem hér komu fram. Það var aðeins vegna síðustu orða hæstv. dómsmrh., sem vitanlega voru sögð í léttum dúr, að það er ekki mín skoðun að sjálfsögðu að ættjarðarástin endist aðeins í átta ár þó að ég nefndi þá tölu. Hún var nánast sett fram sem tala sem væri hugsanleg. Það hefur heyrst nefnd þessi tala, átta ár, átta til tíu ár, og ég held að það sé ekkert fráleit viðmiðun. Ég frábið mér því að vera álitin þeirrar skoðunar að ættjarðarástin endist ekki lengur en það.

Umsóknir erlendra manna um landvist, ein umr.

Fsp. USB, 306. mál. — Þskj. 612.

Fyrirspyrjandi (Unnur Sólrún Bragadóttir):

Herra forseti. Ástandið í heiminum er okkur stöðug áminning þess að í fjölmörgum ríkjum eru grundvallarmannréttindi fótum troðin. Milljónir manna búa í útlegð, eru í felum, í fangelsum vegna skoðana sinna. Auk þess líður ekki sá dagur að einhver sé ekki líflátinn fyrir þá sök eina að vera ósammála ríkjandi öflum í heimalandi sínu. Nánast öll lýðræðisríki hafa tekið á sig einhverja ábyrgð gagnvart þessu fólki, fólki sem á yfir höfði sér dauðadóm eða pyndingar einræðisstjórnar síns heimalands fái það ekki einhvers staðar hæli.

Ef frá eru taldir Víetnamar og örfáir Austur-Evrópumenn virðast hér engir leita hælis eða þá þeim er vísað frá. Þegar Íslendingar eiga í erfiðleikum, svo sem landhelgisdeilum, ætlast þeir til að þeir eigi vísan stuðning víða um heim. Á sama hátt tel ég okkur skylt að hjálpa þar sem þess er þörf. Ég legg ekki til að við opnum landamæri okkar upp á gátt fyrir pólitísku flóttafólki, en við gætum þó tekið við nokkrum pólitískum flóttamönnum árlega, ekki aðeins af mannúðarástæðum heldur líka sem stuðning gegn kúgun og misrétti í heiminum. Ég tel tíma til kominn að taka þessa stefnu okkar til endurskoðunar og því spyr ég hæstv. dómsmrh. og vona nú að nógu skýrt sé spurt:

„1. Hvaða reglum beita stjórnvöld varðandi þá menn er hingað koma og leita hælis?

2. Hvaða reglur gilda um skráningu á þeim umsóknum og hve mörgum hefur verið synjað um að koma inn í landið á árunum 1985–1987?

3. Hvert er ríkisfang þeirra manna er komið hafa hingað 1985–1987, hvaðan komu þeir og hve margir voru þeir?

4. Hvað er vitað um afdrif þeirra sem komu til landsins en var meinuð landvist?“

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. beinir til mín fsp. í fjórum þáttum um umsóknir erlendra manna um landvist.

Um 1. liðinn í fsp. vil ég segja að í lögum frá 1965 um eftirlit með útlendingum eru ákvæði um það hvernig bregðast skuli við ef útlendingur leitar hér hælis sem flóttamaður. Sú verklagsregla gildir að útlendingaeftirlitið tekur skýrslu af viðkomandi manni og aflar sér upplýsinga um hann frá útlöndum, ef þess er kostur, í því skyni að sannreyna þær upplýsingar sem hann gefur. Eðli málsins samkvæmt nær þó slík upplýsingasöfnun ekki til heimalands viðkomandi manns, en ef einstaklingurinn hefur komið hingað frá Vestur-Evrópulöndum er spurst fyrir um hann hjá innflytjendaeftirliti landsins sem hann kom síðast frá. Reynslan hefur sýnt að þetta er nauðsynlegt. Um þetta er nokkurt samstarf, sérstaklega milli Norðurlanda.

Við mat á umsóknum sem hingað berast um landvist er farið eftir Genfarsáttmálanum frá 1951 um stöðu flóttamanna sem Ísland gerðist aðili að árið 1955. Í honum er að finna skilgreiningar og leiðbeiningar um það hvernig fara skuli með mál flóttamanna sem hingað koma og um stöðu þeirra og réttindi. Sérhver umsókn er metin sjálfstætt og reynt að kanna aðstæður hvers einstaklings fyrir sig, en í sumum tilfellum er af mannúðarástæðum rétt að veita mönnum hér tímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þótt ákvæði flóttamannasáttmálans eigi ekki við um þeirra stöðu.

Í öðru lagi er það samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum skylda útlendingaeftirlitsins að halda spjaldskrá yfir útlendinga sem dveljast hér á landi. Í þeirri spjaldskrá eru skráðar og flokkaðar umsóknir útlendinga um landvist, hvort sem um er að ræða umsókn um hæli sem flóttamaður eða umsókn um tímabundið dvalarleyfi. Á undanförnum árum hefur umsóknum nokkurra einstaklinga, sem sótt hafa um hæli hér á landi, verið synjað. Í öllum tilfellun hefur verið þar um að ræða menn sem hafa verið staddir í eða nýkomnir frá landi þar sem ekki var talin ástæða til þess að fólk væri að flýja ofsóknir, í langflestum tilfellum eitthvert Vestur-Evrópuríkjanna sem öll eru eins og Ísland aðilar að þessum sama sáttmála, Genfarsáttmálanum. Samkvæmt honum þurfa menn sem leita hælis sem flóttamenn að snúa sér til yfirvalda í fyrsta ríki sem þeir koma til og virðir réttindi flóttamanna. Á árinu 1987 var þannig einum manni, einum útlendingi, Pólverja reyndar, gert að snúa aftur til Noregs þar sem hann átti óafgreidda umsókn um hæli sem pólitískur flóttamaður. Þess skal sérstaklega getið að enginn umsækjandi hefur verið sendur aftur til heimalandsins eða lands þar sem minnsta ástæða væri til að ætla að persónulegt öryggi hans væri í hættu á þeim tíma sem ég þekki til þessara framkvæmda.

Sem svar við 3. liðnum í fsp. vil ég rekja eftirfarandi tölur: Á árinu 1985 var fimm útlendingum veitt hér hæli. Einn var frá Víetnam, einn frá Íran, einn frá Rúmeníu, einn frá Ghana, einn frá Póllandi. Á árinu 1986 var sjö flóttamönnum veitt hér hæli. Einn var frá Afganistan, einn var frá Pakistan, einn frá Eþíópíu, einn frá Víetnam, tveir frá Póllandi og einn frá Íran. Á liðnu ári, árinu 1987, var sjö flóttamönnum veitt hæli. Þar af voru þrír frá Júgóslavíu, einn frá Tanzaníu, einn frá Póllandi og einn frá Íran.

Eins og ég nefndi áðan hefur í sumum tilfellum verið veitt hér landvist fólki sem ekki uppfyllir skilyrðin til að fá landvist sem flóttamenn og eins hefur það komið fyrir að flóttamenn hafa afturkallað umsóknir um viðurkenningu sem slíkir, en sækja í staðinn um dvalar- og atvinnuleyfi á sömu kjörum og aðrir útlendingar sem hér eru við störf. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að verða við beiðni um landvist í sérstökum tilfellum þar sem mannúðarástæður mæla með því og eins getur þetta í sumum tilfellum verið betra fyrir fólkið sem ekki vill brjóta allar brýr að baki sér í sínu upprunalandi og vill e.t.v. ekki vekja athygli á flótta sínum hingað ef um flótta er að ræða.

Það er stundum gert, og þá vík ég að almennri fsp. hv. 2. þm. Austurl. um viðhorf okkar til flóttamanna, að skipta flóttamönnum í tvo hópa og er annar kallaður á því máli sem tíðkast í þessum málum spontant-flóttamenn, þ.e. fólk sem fyrirvaralaust ber að dyrum í móttökulandinu, oftast nær á eigin vegum eða tiltölulega fáir saman. Hinn hópurinn er jafnan kallaður kvótaflóttamenn. Það sem ég hef sagt hér hingað til á einkum við um fyrrnefnda hópinn, þ.e. menn sem koma hingað einn og einn af sjálfsdáðum. Í síðara tilfellinu er um það ræða að ríkisstjórnir í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ákveða að bjóða tilteknum hópi flóttafólks landvist, yfirleitt fólki sem dvelst í flóttamannabúðum og sem ósennilega á afturkvæmt til síns upprunalands eða fólk af þjóðernisminnihluta sem stjórnvöld vinna markvisst að að flæma burt úr ríki sínu. Íslendingar hafa tekið við slíkum hópum frá Ungverjalandi, Víetnam og Póllandi og nýlega samþykkti ríkisstjórnin að taka við 20 flóttamönnum til viðbótar frá Víetnam.

Eins og fram hefur komið í máli mínu þegar hefur engum þeim sem sótt hefur hér um landvist sem flóttamaður verið vísað til síns heimalands eða lands þar sem hann teldi sig ekki öruggan og frávísanir hafa verið hér mjög fátíðar. Við höfum hins vegar ekki orðið fyrir þeirri ásókn flóttamanna sem nágrannalönd okkar, t.d. Norðurlöndin, eiga mörg við að glíma. Þar kemur auðvitað til lega landsins og sjálfsagt fleira. Flóttamannastraumurinn til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs er orðinn þar verulegt vandamál þar sem erfitt reynist að útvega flóttafólkinu húsnæði, vinnu og nauðsynlega fræðslu. Hitt er einnig staðreynd að stór hluti flóttafólksins er ekki flóttafólk í skilningi Genfarsáttmálans heldur fólk í leit að betra lífi en það á völ í sínum heimalöndum. Það er nú reynt að sporna við þessum straumi í flestum þessara ríkja, en allar Norðurlandaþjóðirnar standa hins vegar að þeirri stefnu að veita móttöku fólki sem telst flóttamenn í skilningi Genfarsáttmálans.

Ég hugsa að það sé rétt skoðun að við eigum að

búast við auknum þrýstingi hér um að taka við fleiri kvótaflóttamönnum, en ég tel við getum naumast tekið við fleiri flóttamönnum en geta okkar til þess að laga þá að íslensku samfélagi leyfir. Það þýðir t.d. að við verðum að eiga á að skipa fólki mneð nægilega þekkingu í tungumálum og siðum flóttamannanna til að kenna þeim íslenska tungu, fræða þá um *íslenska siði og veita þeim grundvallarþekkingu um* okkar samfélag. Sé þetta vanrækt koma skjótt upp margvísleg vandamál eins og reynsla nágranna okkar sýnir. En reynsla þeirra og okkar sýnir einnig að þegar vel tekst til eru flóttamenn þjóðfélaginu alls ekki til byrði. Kostnaður við móttöku þeirra er fljótur að skila sér í framlagi þeirra til atvinnulífs ásamt því sem þeir auðga jafnan þjóðfélag móttökulandsins á margvíslegan hátt. En í fámennu landi verðum við auðvitað að beita okkar getu þannig að það sé til heilla fyrir þá sem hingað koma og þá sem hér búa.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki rétt af mér að beina nýrri fsp. til hæstv. ráðherra svo að ég beini orðum mínum þannig að þau dragi athygli hans að sér. Hann gat um mikla ásókn til annarra Norðurlanda og að flóttamenn þangað og útlendingar sem streyma til Norðurlanda hafi skapað þar visst vandamál, vandamál sem þessar þjóðir hafa illa ráðið við og stundum alls ekki. Því vil ég beina þeirri spurningu til ráðherrans án þess að óska eftir svari hér, en aðeins að draga athygli hæstv. ráðherra að staðreyndinni.

Nú er það vitað að margir af þeim flóttamönnum sem komið hafa til hinna Norðurlandanna hafa fengið vegabréf frá viðkomandi löndum og þá sér í lagi hjá Svíum. Það er líka vitað að Svíar hafa bent þeim á að á Íslandi væru atvinnumöguleikar umfram það sem er á hinum Norðurlöndunum þannig að viðkomandi aðilar, hvort sem við viljum eða viljum ekki, koma hingað með fullum rétti án þess að við getum vísað þeim frá vegna þess að þeir hafa fengið vegabréf frá hinum Norðurlöndunum. Ég vildi gjarnan enda, hæstv. forseti, með því að spyrja: Veit ráðherra hvort mikið er um þetta hér?

Fyrirspyrjandi (Unnur Sólrún Bragadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra að mörgu leyti greinargóð svör. Nú veit ég nákvæmlega hverjir hafa fengið hér leyfi, en aftur á móti voru svörin ekki alveg jafnskýr um það sem sneri að þeim sem frá hafði verið vísað. Að vísu tók hæstv. ráðherra fram að í flestum tilvikum hefðu þeir fengið landvist sem sótt höfðu um, en þó jafnvel ekki allir og ég fékk ekki fram hverjir það þá voru.

Ég get vissulega samglaðst þeim sem hafa fengið leyfi til að flytjast hingað til lands, en þó hefur óneitanlega hvarflað að manni hvað það sé einkennilegt að þeir sem hér eru að sækja um leyfi eru jafnframt því að sækja um leyfi að fá að koma hingað til lands að sækja um leyfi til að fá að yfirgefa sitt eigið land á meðan milljónir manna bíða og eiga sér jafnvel hvergi hæli og hafa ekki leyfi til að snúa til síns heimalands og það er kannski að hluta til einmitt af þessu sem fsp. mín er sprottin.

Fiskimjölsverksmiðjur, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 297. mál. — Þskj. 601.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Við Íslendingar höfum yfir að ráða tveimur mikilvægum auðlindum, annars vegar fiskinum í sjónum og hins vegar orkunni í fallvötnunum og iðrum jarðar. Afkoma okkar byggist framar öðru á þessum tveimur auðlindum. Af því tilefni vaknar sú spurning hvort við getum ekki nýtt okkur auðlindir þessar betur og saman á einhvern hátt til enn meiri sköpunar verðmæta fyrir þjóðarbúið.

Með aukinni þekkingu á orkumálum hefur okkur tekist að nýta orku fallvatnanna til raforkuframleiðslu og jarðvarmann til húshitunar og til notkunar í iðnaði. Á sama hátt erum við farin að nýta fiskistofna betur en áður og fiskistofna sem voru vannýttir áður. Spurningin sem hér er varpað fram er því sú hvort ekki megi nota þessa óþrjótandi orkugjafa í fiskvinnslunni í stað annarra sem nú eru notaðir.

Það er ljóst að stærsti kostnaðarþátturinn í fiskimjölsverksmiðjum er olían, en sá útgjaldaliður mun vera u.þ.b. 150 dollarar á hvert framleitt tonn af mjöli eftir því sem mér er tjáð. Fsp. þessi til sjútvrh. gengur út á það hvort ekki megi nota jarðhita í stað olíu til þessarar framleiðslu. Jarðhiti er hér sérstaklega nefndur því tilraun hefur verið gerð af hlutafélagi, er bar heitið Strandir, til að nota jarðhita í stað olíu til framleiðslu fiskimjöls og lýsis. Sá rekstur mun ekki hafa gengið upp og eignir félagsins seldar á uppboði og Fiskveiðasjóður keypti. Fsp. er annars þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hefur verið athuguð hagkvæmni þess að nota jarðhita í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjur hér á landi? Ef svo er, gefa þær niðurstöður tilefni til að hafist verði handa um að breyta núverandi verksmiðjum eða setja nýjar á stofn?

2. Hvað hyggst Fiskveiðasjóður gera við fiskimjölsverksmiðju Stranda hf. sem sjóðurinn keypti á nauðungaruppboði fyrri hluta árs 1987?“

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Undanfarin 15 ár hefur nokkrum sinnum verið gerð úttekt á notkun jarðgufu við fiskimjölsframleiðslu. Þessar athuganir hafa verið gerðar af ýmsum aðilum, t.d. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og nokkrum verkfræðistofum. Niðurstöður hafa allar verið að jarðgufa henti mjög vel til fiskimjölsframleiðslu, en hins

vegar eru fiskimjölsverksmiðjur yfirleitt ekki staðsettar í nánd við jarðgufu.

Það stendur til hjá fiskimjölsverksmiðjunni í Grindavík að hefja notkun jarðgufu innan skamms þegar gufulögn fæst úr Svartsengi. Í því tilfelli er hagkvæmni jarðgufunnar augljós. Verð jarðgufu í Grindavík mun verða um þriðjungur af verði gufu framleiddrar með olíu á núverandi olíuverði. Þar sem olía er um 15% af rekstrarkostnaði fiskimjölsverksmiðju mundi jarðgufan spara um 10% af rekstrarkostnaði hjá þeim fiskimjölsverksmiðjum sem ættu kost á jarðgufu á þessu verði. Það verður þó að hafa í huga að verð á jarðgufu er mjög háð vegalengd sem þarf að flytja hana.

Flestar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi nota eldþurrkara til þurrkunar hjá sér og eru auk þess ekki í nánd við nein háhitasvæði. Þar sem vinnslutími fiskimjölsverksmiðja er mjög stuttur eða um það bil 100 dagar hjá flestum verksmiðjunum eru allar fjárfestingar í orkusparnaði oft mjög hæpnar hjá þeim og erfitt reynist oft að sjá fjárhagslegan grundvöll fyrir slíkum fjárfestingum.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins telur að það sé nánast eingöngu um þrjá staði að ræða, þ.e. þrjár hafnir þar sem jarðgufa liggur nægilega nálægt sjó til þess að það borgi sig að flytja hana. Það eru Grindavík, Straumsvík og Húsavík. Eins og áður kom fram stendur til að fiskimjölsverksmiðjan í Grindavík hefji notkun á jarðgufu og er þess að vænta að sú tilraun muni leiða betur í ljós hvort hér getur verið um hagkvæma ráðstöfun að ræða, en allar athuganir benda til að svo sé.

Í öðru lagi var fiskimjölsverksmiðja Stranda hf. slegin Fiskveiðasjóði sem langstærsta kröfuhafa á nauðungaruppboði á sl. ári. Þá hafði verksmiðjan staðið ónotuð um alllangt skeið. Fiskveiðasjóður hlýtur að sjálfsögðu að reyna að endurheimta sem mest af vanskilaskuldum gagnvart sjóðnum með því að selja eignirnar. Á síðasta ári fóru fram umræður og athuganir á þeim möguleika að staðsetja tilraunaverksmiðju Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á þessum stað í því augnamiði að nýta húsakost, aðstöðu og jarðvarma á staðnum. Fiskveiðasjóður beið átekta eftir niðurstöðum þeirra athugana.

Nú hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins komist að þeirri niðurstöðu að uppbygging tilraunaverksmiðju á þessari lóð væri ekki hagkvæmur kostur fyrir stofnunina. Fiskveiðasjóður mun því leita eftir tilboðum í eignirnar á næstunni. Í því sambandi má geta þess að nokkrir aðilar hafa lýst yfir áhuga sínum á því að nýta aðstöðuna á athafnasvæði Stranda hf. við ýmiss konar þurrkun, t.d. á fóðri, m.a. dýrafóðri. Er þess að vænta að jarðvarminn á svæðinu verði nýttur áfram í framleiðsluiðnaði.

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að hér sé um fullnægjandi svar að ræða.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir góð svör. Það sem kom fram í hans máli er að fyrir 15 árum var fyrst byrjað að athuga hagkvæmni þess að nota jarðhita í stað olíu. Það er fyrst núna sem eitthvað virðist vera að gerast í þessum málum. Ég þykist vita að það sé búið að semja margar skýrslur og allar hafi þær verið á einn veg, en samt hefur ekkert verið gert. Harma ég þetta mjög og bendi á að sá mikli kostnaður sem felst í olíunni hefur leitt til þess að verð til sjómanna fyrir t.d. loðnu hefur verið mjög lágt.

En ég þakka engu að síður ráðherra fyrir þessi góðu svör og vonast svo sannarlega eftir að hafist verði handa um að koma verksmiðju af stað sem notar innlenda orkugjafa til þessarar framleiðslu.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram vegna orða hv. fyrirspyrjanda að sjútvrn. ásamt fleirum hvatti á sínum tíma mjög til þess, með réttu eða röngu, að verksmiðja Stranda hf. yrði reist til þess að gerð yrði marktæk tilraun í þessu skyni. Það fór eins og vitað er og Fiskveiðasjóður varð fyrir nokkru tjóni af þeim sökum. Sú tilraun tókst því miður ekki af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja nánar hér, en nú er sem betur fer í augsýn önnur marktæk tilraun, þ.e. hjá fiskimjölsverksmiðjunni í Grindavík, þannig að með þeim hætti hafa þær athuganir sem hafa verið gerðar á undanförnum árum, sem er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að eru margar, orðið til allnokkurs gagns. Í þessu sambandi er rétt að benda á að gufuöflunin er dýr, en þar sem farið var í gufuöflun af öðrum ástæðum, fyrst og fremst í Svartsengi, mynduðust möguleikar til að nýta þá miklu umframgufu sem þar var til þessara hluta, en hæpið að það hefði verið ráðist í að afla gufu sérstaklega í þessu augnamiði því að það er almennt ekki talið vera rétt í íslenskum sjávarútvegi að ráðast í slík ævintýri eins og oft hefur verið gert á orkusviðinu. En það má e.t.v. segja að íslenskur sjávarútvegur muni njóta nokkuð þeirrar ævintýramennsku sem rekin hefur verið á ákveðnum stöðum á Suðunesjum og hér hefur verið til meðferðar á Alþingi og ríkissjóður orðið fyrir miklu tjóni af.

Einkaleyfi og mynsturvernd, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 298. mál. — Þskj. 602.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Þau einkaleyfislög sem nú eru í gildi hér á landi eru frá árinu 1923 og eru að mörgu leyti úrelt. Víðtækt samstarf og hröð framþróun gerir nauðsynlegt að setja hið fyrsta samræmd lög um einkaleyfi og verndun hugverka svo að við Íslendingar getum tekið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á þessum vettvangi. Er þar sérstaklega átt við rannsókn og skráningu einkaleyfa. Slíkt samstarf ger-

breytir öllum framgangi þessara mála hér á landi og sparar stórfelld aukaútgjöld samkvæmt því úrelta kerfi sem í gildi er í dag.

Eitt af því sem orðið hefur út undan hjá okkur Íslendingum að því er varðar verndun hugverka er mynsturrétturinn. Um hann hefur fjöldi þjóða, m.a. hinar skandinavísku, sett sérstök lög. Þörf á slíkri löggjöf hefur gert vart við sig hér á landi. Hér á landi starfar fjöldi manns að því að hanna hugmyndir að útliti eða skreytingu á vörum. Sú vernd, sem þessir hönnuðir njóta gegn því að aðrir nýti sér sköpunarverk þeirra án heimildar með eftirlíkingum, er hins vegar takmörkum sett að íslenskum rétti.

Við setningu nýrra laga um einkaleyfi er sérstaklega mikilvægt að vanda vel til ákvæða er fjalla um uppfinningar starfsmanna á vinnustöðum svo af verði tekin öll tvímæli um réttarstöðu vinnuveitenda annars vegar og starfsmanna hins vegar. Slík löggjöf er grundvöllur að víðtæku samstarfi hugvitsmanna og framleiðenda og er forsenda fyrir því að við Íslendingar getum orðið samstiga öðrum þjóðum í framþróun og iðnvæðingu. Af þessum rótum er fsp. á þskj. 602 til iðnrh. sett fram um einkaleyfi og mynsturvernd, en fsp. er annars þannig:

„1. Hvenær má vænta þess að fram komi á Alþingi frv. að nýjum lögum um einkaleyfi og mynsturvernd?

2. Eru fyrir hendi þau skilyrði sem þarf til þess að fá aðild að norrænu samstarfi um einkaleyfisrannsóknir? Ef ekki, hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hvenær má búast við því að Íslendingar geti gerst aðilar að þessu samstarfi?"

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda eru núgildandi lög um einkaleyfi 65 ára gömul. Þetta eru lög nr. 12 frá 1923 og hafa litlar breytingar verið á þeim gerðar. Þróun á alþjóðavettvangi í einkaleyfarétti hefur verið mjög hröð á undanförnum áratugum og án þess að lögunum hafi verið breytt í samræmi við þá þróun. Vegna alþjóðlegs eðlis einkaleyfa og einkaleyfaverndar er hins vegar mjög nauðsynlegt fyrir okkur að fylgja slíkri alþjóðlegri þróun. Má benda á ýmsa annmarka á gildandi lögum út frá því sjónarmiði.

Nú er spurt: Hvenær má vænta þess að fram komi á Alþingi frv. að nýjum lögum um einkaleyfi og mynsturvernd? Hinn 18. nóv. sl. fól ég þremur sérfróðum mönnum um einkaleyfi, þeim Gunnari Erni Harðarsyni, Jóni L. Arnalds og Þorgeiri Örlygssyni, að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi, upplýsingasöfnun og fyrstu tillögugerð og í framhaldi af því samningu frv. og reglugerða. Var þess sérstaklega óskað að haft yrði samráð við samtök og stofnanir sem einkum láta sig þessi mál varða. Þess var óskað að 1. áfanga þessa verks yrði skilað 1. febr. 1988. Greinargerð þremenninganna er dags. 29. jan. sl. og niðurstöður þeirrar greinargerðar eru þessar:

1. Samið verði nýtt frv. til einkaleyfalaga er hafi í meginatriðum að leiðarljósi þá stefnu við einkaleyfavernd sem valin var í Danmörku við endurskoðun einkaleyfalöggjafar þar. Lögð verði sérstök áhersla á að rýmka svið laganna og afmarka gildissvið skýrar frá því sem nú er. Settar verði nýjar reglur um verndartíma, auglýsingar og skilyrði fyrir einkaleyfavernd. Einnig verði settar ítarlegar reglur um meðferð og afgreiðslu einkaleyfa eða einkaleyfisumsókna, andmæli og úrskurð ágreiningsefna. Samhliða verði samin drög að reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

2. Jafnhliða samningu nýs einkaleyfafrv. gerist Íslendingar fullgildir aðilar að PCT-samningnum, en PCT er skammstöfun fyrir Patent Cooperation Treaty. Þarf þá að taka afstöðu til þess hvort ákvæði þess samnings verði leidd í íslensk lög í hinum nýju einkaleyfalögum eða hvort það verði gert með sérstökum lögum.

3. Lögunum nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, verði breytt þannig að Stokkhólmsgerð hennar hafi lagagildi hér á landi.

4. Samfara framlagningu frv. til nýrra einkaleyfalaga verði fyrirliggjandi frv. um mynsturvernd lagt fram.

5. Samið verði sérstakt frv. um stofnun sjálfstæðrar skrifstofu er annist einkaleyfa-, vörumerkja- og mynsturskráningar.

6. Samið verði frv. um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna er vinna að uppfinningum í þjónustu annarra, en þetta nefndi hv. fyrirspyrjandi sérstaklega í sinni ræðu áðan.

Á þessar niðurstöður féllst ég og hef falið nefndinni að starfa áfram á þessum grundvelli.

PCT-samningurinn, sem nefndur er, var gerður í Washington 1970 og fjallar um einkaleyfisumsóknir og eiga um 40 ríki aðild að honum. Aðild að þessum samningi auðveldar uppfinningamönnum að sækja um einkaleyfi samtímis í mörgum löndum. Það gerist með innlagningu svokallaðrar alþjóðlegrar umsóknar í heimalandinu. Uppfinningin fer síðan í alþjóðlega rannsókn og fær uppfinningamaðurinn skýrslu af henni, en hún er kölluð á ensku International Research Report. Sænska einkaleyfisstofnunin annast rannsókn PCT-umsókna fyrir Norðurlöndin. Eftir því hvort niðurstaða skýrslunnar er jákvæð eða neikvæð getur uppfinningamaðurinn valið milli þess að óska eftir því að umsóknin taki gildi í þeim aðildarríkjum PCT sem hann telur nauðsynlegt eða að draga umsóknina til baka. Aðild að PCT tekur þannig eingöngu til einkaleyfisumsókna. Veiting einkaleyfis er eftir sem áður í höndum einkaleyfisstofnana í hverju landi.

Með þessu, herra forseti, tel ég að svarað sé einnig 2. lið fsp. Samstarf er á milli einkaleyfastofnana á Norðurlöndum um ýmis málefni varðandi meðferð einkaleyfisumsókna og ýmislegt annað er varðar einkaleyfismál. Hins vegar er ekki á dagskrá sérstaklega norrænt samstarf um einkaleyfisrann-

sóknir. Virðist sem fsp. um slíkt sé á misskilningi byggð. Annars geri ég ráð fyrir að flytja nánari skýrslu um þetta málefni síðar á þessu þingi. Stefnt er að því að frv. til nýrra einkaleyfalaga verði tilbúið í október nk. og verður þá hægt að leggja það fram á haustþinginu.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi greinargóðu svör. Ég átti von á því að fyrir þetta þing yrði lagt frv. til l. um einkaleyfi. Samkvæmt fskj. er fylgdi með stefnuræðu forsrh. var slíkt frv. boðað, en samkvæmt þeim upplýsingum sem við fáum nú kemur nefndin til með að skila af sér í október svo að það getur ekki orðið að það frv. verði lagt fyrir þetta þing.

Hvað varðar mynsturverndina hefur verið samið mjög greinargott frv. og það bíður framlagningar að ég tel. Flestir aðilar eru búnir að samþykkja það, sem þessi mál varða, og vil ég því skora hér á hæstv. iðnrh. að leggja frv. fram, a.m.k. til kynningar.

Það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. að mikill vilji væri hjá honum til að laga þessa hluti og tel ég það vel. Alla vega skildi ég ekki ræðu hans öðruvísi. Á þessu sviði, sviði hugverkaréttar, er mörg brotalömin og þá sérstaklega um samskipti uppfinningamannsins og síðan framleiðandans og líka milli framleiðenda innbyrðis.

Þau lög sem nú eru í gildi þjóna ekki nema að takmörkuðu leyti þeim tilgangi að verja hugvitsmanninn og það sem síður tvo framleiðendur fyrir því að framleiða sömu vöruna samkvæmt sömu uppfinningunni.

Ég vil að lokum þakka þessi svör en skora á hæstv. iðnrh. að flýta þessum málum svo að þeir menn sem vinna á þessu sviði þurfi ekki að bíða öllu lengur eftir því að réttindi þeirra verði varin.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að með stefnuræðu forsrh. var skjal þar sem sagt var frá því að á þessu þingi yrði lagt fram frv. til l. um einkaleyfi, en þegar þetta mál var kannað af þeim mönnum sem til þess voru skipaðir kom í ljós að mikil vinna þarf að fara fram til undirbúnings slíku frv. Þar á meðal hefur verið ákveðið að ráða ungan lögfræðing, sem er í framhaldsnámi og hefur sérstaklega lagt stund á þetta svið, til að skrifa greinargerð. Þar af leiðandi hef ég tekið ákvörðun um að fresta framlagningu frv. um þetta og önnur atriði, sem ég gat um í minni ræðu, þar til næsta haust. Jafnframt, eins og kom fram áður, vonast ég til þess að um svipað leyti verði hægt að skipa málum þannig að skráningarskrifstofa starfi sjálfstætt en verði ekki með sína starfsemi í húsnæði ráðuneytisins, enda eru því húsnæði skorður settar.

Brot á jafnréttislögum, ein umr.

Fsp. KH, 303. mál. — Þskj. 607.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Þetta mál er reyndar ekki alveg nýtt hér í þingsölum. Skömmu eftir að kunnugt var um ráðningu Náttúruverndarráðs í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli beindi ég þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. hvort hann hefði kynnt sér vinnubrögð Náttúruverndarráðs í því efni og hvaða forsendur hefðu verið lagðar til grundvallar við þessa ráðningu og hvort hann væri þeirri afgreiðslu sammála. Ástæður þeirrar fsp. voru þær að okkur kvennalistakonum þótti mjög augljóslega gengið fram hjá umsækjendum með mikla menntun og starfsreynslu og reyndar töldum við ekki ólíklegt þá að umrædd veiting væri brot á lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1985 þar sem sá umsækjandi sem mesta menntun og starfsreynslu hafði miðað við starfslýsingu Náttúruverndarráðs var reyndar kona.

Ég ætla ekki að eyða hér dýrmætum tíma mínum í að rifja upp svar hæstv. menntmrh. Það er skjalfest í Alþingistíðindum, 7. hefti þeirra. Fsp. var svarað 26. nóv. sl.

Þessari afgreiðslu Náttúruverndarráðs var síðan vísað til Jafnréttisráðs sem komst að þeirri niðurstöðu eftir ítarlega athugun að með afgreiðslu sinni hefði Náttúruverndarráð brotið ákvæði 2. tölul. 5. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi niðurstaða fékkst fyrir tæpum mánuði og var birt 8. febr. sl. Okkur, sem fylgdust með þessu máli, þótti einboðið að næsta skref hlyti að vera að beina rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila svo sem kveðið er á um í 16. gr. jafnréttislaganna, en á því varð nokkur bið og eftir að hafa fengið ákveðin svör um það hjá framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs að ráðið hefði ákveðið að gera það ekki taldi ég rétt að kanna viðhorf hæstv. félmrh. þar sem við vorum ekki sammála þessari afgreiðslu og lagði fram þá fsp., sem er á þskj. 607, þ.e. um viðbrögð félmrh. við þessu broti og hvernig það yrði meðhöndlað.

Þá gerðist það raunar að Jafnréttisráð ákvað að framfylgja ákvæðum 16. gr. laganna og hefur nú með bréfi dags. 25. febr., þ.e. daginn eftir að þessi fsp. kom fram, beint þeim tilmælum til Náttúruverndarráðs að það fari að lögum um jafnan rétt kvenna og karla og ráði Sigrúnu Helgadóttur í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli þegar samningur við núverandi þjóðgarðsvörð rennur út um næstu áramót. Við hljótum að fagna þessu skrefi Jafnréttisráðs sem var að öllu leyti sjálfsagt og rökrétt.

En málinu er vitaskuld þar með ekki lokið og er ástæða til að heyra hver viðbrögð félmrh. eru til þess og hvort og þá hvernig hún hyggst sjá til þess að tilmæli Jafnréttisráðs verði virt og ef svo yrði ekki, hvort hún mundi ýta á eftir því að Jafnréttisráð fari

með þetta mál fyrir dómstóla skv. heimildum í 17. gr. laganna.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Með bréfi dags. 19. okt. 1987 fór Sigrún Helgadóttir líffræðingur þess á leit við Jafnréttisráð að ráðið kannaði hvort gengið hefði verið fram hjá henni vegna kynferðis við ráðningu í stöðu þjóðgarðsvarðar í þjóðgarðinum Skaftafelli, en í stöðuna var ráðinn Stefán Benediktsson arkitekt. Í niðurstöðu Jafnréttisráðs segir m.a. að með bréfi Jafnréttisráðs, dags. 30. okt. 1987, 6. jan. og 20. jan. 1988, hafi Náttúruverndarráði verið gefinn kostur á að gera grein fyrir hvað ráðið hafi vali á umsækjendum um stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli. Það sé mat Jafnréttisráðs að af hálfu Náttúruverndarráðs hafi ekki komið fram fullnægjandi skýringar. Jafnréttisráð telji að Sigrún Helgadóttir hafi augljóslega menntun og starfsreynslu sem betur samsvari starfslýsingu Náttúruverndarráðs fyrir umrætt starf. Þegar gögn málsins séu virt verði að telja að með ráðningu Stefáns Benediktssonar arkitekts í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli hafi verið brotið ákvæði 2. tölul. 5. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs mun ráðið ekki hafa í hyggju að fylgja niðurstöðu sinni eftir með málsókn að svo stöddu á meðan ekki liggur fyrir dómsniðurstaða í máli sem Jafnréttisráð höfðaði á hendur menntmrh. út af stöðuveitingu lektors við Háskóla Íslands. Þessi mál séu í raun svipaðs eðlis og dómsniðurstaða í fyrra máli hafi fordæmisgildi varðandi öll þau mál sem varða meint brot á 2. tölul. 5. gr. jafnréttislaga þar sem segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildi það m.a. um ráðningu, setningu eða skipan í starf. Hins vegar hefur Jafnréttisráð með vísan í 16. gr. jafnréttislaga beitt ákveðnum tilmælum til Náttúruverndarráðs sem fyrirspyrjandi gat um áðan og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka.

Það er Jafnréttisráð sem annast framkvæmd jafnréttislaga og það er því í höndum ráðsins að taka ákvörðun um málshöfðun í framhaldi af niðurstöðum í einstökum málum, en eins og áður kom fram í mínu máli hefur Jafnréttisráð kosið að bíða um sinn þar til dómsniðurstaða liggur fyrir í öðru máli sem ráðið höfðaði á hendur menntmrh.

En eftir sem áður stendur þó að viðkomandi, sem brotið hefur verið á samkvæmt úrskurði Jafnréttisráðs, getur sjálfur höfðað mál í þessu umrædda tilfelli og þá á hendur Náttúruverndarráði. Ég sé ástæðu til að geta þess í þessu sambandi að í athugun hefur verið sérstaklega hvernig unnt er að koma í veg fyrir að konum sé mismunað að því er stöðuveitingar varðar og hvaða leiðir hægt sé að fara til að tryggja konum jafnstöðu við stöðuveitingar. Jafnréttislögin sjálf kveða ekki á um að sæki karl og kona um starf í starfsgrein, þar sem karlar eru í meiri hluta og þau standi jafnt að vígi að því er varðar menntun og starfsreynslu eða jafnvel að konan sé hæfari, skuli veita henni starfið. Þau hvetja eingöngu almennt til þess að konur skuli njóta jafnréttis á við karla. Tillögur í þá veru að koma slíku tímabundnu ákvæði í gegnum þingið á sínum tíma voru allar felldar, en þar var um að ræða að veita konum að öðru jöfnu starf í þeim starfsgreinum þar sem karlar eru í meiri hluta að því tilskildu að konan hefði til að bera sömu menntun og starfsreynslu sem til starfans er krafist.

Nú er í undirbúningi hjá Jafnréttisráði og í félmrn. fundur með forráðamönnum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja á vegum hins opinbera þar sem þeim tilmælum verður beint til þeirra að þeir hlutist til um að hvert ráðuneyti, fyrirtæki og stofnun hins opinbera vinni framkvæmdaáætlun um hvernig stuðla megi að jafnrétti karla og kvenna í hverju ráðuneyti, fyrirtæki og stofnun. Er þessi hugmynd fengin frá Noregi, en þar starfa fyrirtæki eftir jafnréttisáætlunum.

Hér er lítið dæmi um þetta verkefni. Hjá norsku póst- og símamálastofnuninni er starfandi sérstök nefnd sem er ætlað að vinna að auknu jafnrétti kynjanna. Í þessum starfshópi sitja fulltrúar frá stjórn stofnunarinnar og starfsmannafélagi ásamt ritara. Í jafnréttisáætlun starfshópsins er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem hópurinn vill vinna að til að koma á auknu jafnrétti á vinnustaðnum, t.d. í stöðuveitingum. Fyrsta skref hópsins var að leggja til að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstörfum á öllum sviðum. Hópurinn setur stofnuninni markmið sem síðan er unnið að. Árlegir fundir umdæma póst- og símamálastofnunarinnar norsku ræða áætlunina og endurskoða reglulega.

Með aðgerðum sem þessum, sem hér hefur verið lýst og nú eru í undirbúningi hér, er hugsanlegt að rétta verulega hlut kvenna frá því sem nú er á jákvæðan hátt og án lagaþvingana. Heimildin er til staðar í 3. gr. jafnréttislaga þar sem heimilaðar eru tímabundnar aðgerðir til hagsbóta konum.

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og ég efast reyndar ekki eitt einasta andartak um réttlætiskennd hennar í þessum efnum þótt ég hefði reyndar kosið að hún gæfi til kynna ákveðnari viðbrögð.

Að mínum dómi er þetta ákaflega einfalt mál. Félmrh. beindi þeim tilmælum til ráðuneyta og ríkisstofnana í upphafi ferils síns sem ráðherra að þess yrði gætt að auka hlut kvenna í stjórnunarstörfum. Náttúruverndarráð fékk öndvegistilefni til þess, en hundsaði þessi tilmæli. Jafnréttisráð hefur komist að þeirri niðurstöðu að afgreiðsla Náttúruverndarráðs var brot á jafnréttislögum. Jafnréttisráð hefur í samræmi við 16. gr. jafnréttislaganna beint ákveðnum tilmælum til viðkomandi um úrbætur og verði þau tilmæli ekki virt er heimilt skv. 17. gr. að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila. Þetta liggur því afar ljóst fyrir.

Kona var svipt rétti sínum til starfs í samræmi við menntun, reynslu og hæfni. Tæplega þriggja ára gömul lög, sem voru afgreidd á nokkuð táknrænan hátt héðan frá Alþingi á kvenréttindadaginn 19. júní 1985 og áttu að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, hafa sannanlega verið brotin. Þess vegna er spurningin ósköp einföld. Hvernig ætla hæstv. ráðherrar og þá fyrst og fremst hæstv. félmrh. sem æðsta yfirvald Jafnréttisráðs og hæstv. menntmrh. sem æðsta yfirvald Náttúruverndarráðs að tryggja framgang þessara laga? Eða áttu þessi lög ekki að vera annað og meira en orð á pappír? Að mínu viti er þetta mál prófsteinn á hvort lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru eitthvað meira en orðin tóm.

Ég er algerlega ósammála þeirri niðurstöðu Jafnréttisráðs að það sé ástæða til að bíða með frekari aðgerðir eftir niðurstöðu í öðru máli. Það er algerlega óaðgengilegt fyrir viðkomandi konu, sem brotið var á, að þurfa að fara í mál upp á eigin spýtur þar sem þá mun hana vanta þann stuðning sem fælist í því að Jafnréttisráð stæði að baki þeirri kæru og ég hygg að það sjái menn, ef þeir líta á þetta mál, að það yrði mjög erfitt fyrir hana.

SAMEINAÐ ÞING

55. fundur, fimmtudaginn 3. mars, að loknum 54. fundi.

Bætt vettvangsþekking þingmanna, fyrri umr.

Þáltill. USB, 316. mál. — Þskj. 628.

Flm. (Unnur Sólrún Bragadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta vettvangsþekkingu þingmanna. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að undirbúa skuli breytingu á starfi þingmanna, annarra en ráðherra, sem feli í sér að þingmönnum verði ár hvert skylt að starfa tvær vikur við almenn framleiðslu- eða þjónustustörf í sínu kjördæmi. Jafnframt skyldunni sé þetta réttur sem þingmanni ber. Þessar starfsvikur falli inn í starf þingmanna á jafneðlilegan hátt og viðvera á þingfundum gerir nú. Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum Alþingis til að undirbúa breytinguna. Nefndin starfi í náinni samvinnu við samtök launafólks og atvinnurekenda. Miðað skal við að nefndin skili áliti fyrir upphaf næsta þings."

Greinargerð: „Menntun og fyrri störf þingmanna eru margs konar og því saman komin marghátttuð reynsla á Alþingi. Það er þó sláandi að fáir þingmenn koma úr almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum, störfum sem stór hluti íslensku þjóðarinnar vinnur. Margir þingmenn hafa einhvern tíma unnið þessi störf en það er þó langt um liðið hjá flestum.

Það hefur margoft komið fram í tali þingmanna hve mikilvægt sé að bakgrunnur þeirra sé sem fjölbreytilegastur og að Alþingi endurspegli það samfélag sem best er það stjórnar. Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að þingmenn afli sér reglulega þekkingar og reynslu á almennum framleiðslu- og þjónustustörfum, þeim störfum sem minnst eru metin og lægst eru launuð. Þeim er nauðsynlegt að vita af eigin raun hvaða kjör hinn almenni launamaður býr við og hvaða erfiði liggur að baki hverrar krónu er þeir ráðstafa. Hálfur mánuður skipti ekki sköpum, en gæfi þingmönnum tækifæri til að komast í nána snertingu við kjör hins almenna launamanns og kynnast viðhorfum hans.

Flm. álítur eðlilegt að þau fyrirtæki sem tækju þingmenn í vinnu greiddu þeim ekki laun, en að föst þingmannslaun breyttust þann tíma og í staðinn kæmu laun samsvarandi þeim er þeir hefðu fengið á viðkomandi vinnustað.

Að sjálfsögðu er líkamlegt atgervi þingmanna ærið mismunandi en eflaust tækist að finna störf sem flestir gætu ráðið við. Þá yrðu þeir þingmenn undanskildir þátttöku í starfsvikunum sem ekki hefðu heilsu til."

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta vettvangsþekkingu þm. Í grg. rökstyð ég lítillega ástæður þessarar till. og tel ástæðulaust að tíunda þau rök hér. Ég ætla mér þó að rökstyðja mál mitt eilítið betur í þeirri von að sem flestir hv. þm. sannfærist um ágæti tillögunnar og veiti henni brautargengi.

Reynslan hefur sýnt að við lítum á tilveruna þaðan sem við erum hverju sinni. Sem dæmi má nefna að þó svo við sjáum hungur víða um heim getum við ekki séð af nema 0,05% af þjóðartekjum okkar til hjálpar. Ef einhver hæstv. ráðherra okkar væri þar staddur fyndist honum trúlega eðlilegt að eyða mun meiru í þennan málaflokk. Sama má segja um afstöðu til landsbyggðarinnar. Hv. þm. geta talað fjálglega um nauðsyn á jafnvægi í byggðum landsins, en búandi í Reykjavík eru það hagsmunir þess svæðis sem oft verða ofan á í raun. Menn taka nefnilega sjaldnast afstöðu með málefnum nema þeir búi við aðstæðurnar sjálfir.

Vel stæðir Íslendingar hampa því mjög að nánast allir landsmenn óháð fjárhag og þjóðfélagsstöðu hafi stundað verkamannavinnu á skólaárum sínum. Margir þeirra fullyrða síðan að þeir þekki þess vegna vel til starfa og kjara verkafólks og nota þessa reynslu sína til að horfa fram hjá misréttinu og réttlæta sig og forréttindi sín.

Þm. er oft boðið að skoða fyrirtæki og alls kyns framleiðslutæki. Það getur vissulega verið spennandi og áhugavert að fara hraðferð með leiðsögumanni meðfram færibandi. En ef hv. þm. stæðu hálfan mánuð á sama stað við færibandið gerðu þeir sér e.t.v. betur grein fyrir óánægju þess sem þar stendur allan ársins hring fyrir um 35 þús. kr. á mánuði. Það var mér þörf lexía er ég vann sl. sumar í

frystihúsi eftir langt hlé og varð hugmyndin þar að sannfæringu minni.

Herra forseti. Setu á Alþingi fylgir mikil ábyrgð. Það var því notalegt að fá hlýlegar viðtökur og ég settist andagtug til að hlýða á umræður á mínum fyrsta þingfundi. Ég varð þó satt að segja eilítið undrandi á þeim umræðum sem þar fóru fram um þær 1000 millj. sem flugstöðin nýja hafði farið fram úr kostnaðaráætlun. Mér skildist á þeim hæstv. ráðherrum sem lögðu orð í belg að vissulega væri þetta leiðinlegt mál, en því miður væri í raun enginn ábyrgur.

Annað er uppi á teningnum með þá verst settu í samfélaginu. Það er höfðað til ábyrgðartilfinningar þeirra og þeir eru látnir axla allar byrðar og afleiðingar lélegrar stjórnunar. En í þessu tilviki var engu líkara en deilan stæði um ómerkilegt óviljarúðubrot, svo lítið virtist mér hún snerta samvisku sumra.

En skyldu hæstv. ráðherrar gera sér grein fyrir erfiði almenns launafólks sem þurfti til að greiða umframkostnaðinn, upphæð sem svarar til 30 þús. mánaðarlauna verkamanns eða 2500 ársverka? Ég held varla. Þá hefðu þeir varla dirfst að láta iðnaðarmannaskara vinna langt fram á nætur vikum saman til að geta státað sig af stöðunni í kosningabaráttunni.

Ég hugsaði því sem svo að ef hv. þm. ynnu fyrir verkamannalaunum hálfan mánuð á ári og vissu að þeir þyrftu að vinna 60 þúsund sinnum það til að vinna fyrir flugstöðvarskekkjunni litu þeir þetta mál e.t.v. alvarlegri augum. Enn fremur veitti ég því athygli að þegar rætt var um þessa gríðarlegu fjárhæð var ekki minnst á hana sem verðbólguhvata í samfélaginu. En eigi almenn laun að hækka þó ekki sé nema um nokkrar krónur á tímann er óðara gripið til verðbólgusöngsins og margháttaðra mótaðgerða. Mér finnst að hv. þm. mættu hugleiða að fyrir þá fjárhæð sem hér um ræðir mætti hækka dagvinnulaun 5000 verkamanna um 50% í heilt ár.

Ég þykist þess fullviss og veit reyndar að viðbrögð hv. þm. við tillögu þessari séu ærið misjöfn. Einhverjir staðnæmast við „kómiska“ hlið málsins og er e.t.v. ekkert athugavert við það, en hv. þm. skulu vita að þessi till. er sett fram í fyllstu alvöru Alþingi til vegsemdar og virðisauka.

Þó svo að nokkrir hv. þm. hafi á árum áður unnið í almennum störfum milli þinga til að drýgja tekjur sínar veit ég að slíkt viðgengst hjá fáum nú. Þó finnast þeir hv. þm. sem sækja í þessi almennu illa launuðu störf einhvern tíma í sumarleyfi sínu og ætla ég að þeir muni glöggt skilja tillögu mína. Mér finnst ég finna fjarlægð þessarar stofnunar frá því sem mikilvægast er að gerast í samfélaginu, finnst vanta jarðsamband við samfélagsgrunninn.

Einhverjir munu eflaust tala um þegnskylduvinnu í þessu sambandi, en því mótmæli ég harðlega. Þetta yrði bara hluti af þingmannsstarfinu eins og hver önnur fundarseta. Þegnskylduvinna er samfélagsleg kvöð óháð því hvað einstaklingurinn starfar við en ekki starfsskylda eins og þetta mundi verða, starfsskylda sem tæki mið af sérstökum eiginleikum þingmannsstarfsins, þ.e. þeim að taka ákvarðanir um hagi fólks því til hagsbóta.

Öllum störfum fylgir einhver kvöð og þessi mundi fylgja þingmennskunni. Ég álít skipta miklu máli að kjörnir fulltrúar fólks kynnist vinnustöðum þeirra lægst launuðu í samfélaginu og að þeir reyni sjálfir hversu mikil vinna liggur að baki hverrar einnar krónu úr ríkiskassanum. Ég tel líka reyndar að þessar starfsvikur kæmu til góða á þann hátt að kjósendur kynntust annarri skemmtilegri hlið á umboðsmönnum sínum en þeir hafa átt að venjast hingað til, hlið sem ég er sannfærð um að mundi auka gagnkvæmt traust.

Þó nokkrir hafa dregið úr mér kjark. Mér hefur m.a. verið bent á að virðing hins háa Alþingis og mín yrði meiri ef þessi tillaga yrði jafnvel dregin til baka. Ég er að sjálfsögðu á öndverðum meiði, eins og ég tel mig hafa rökstutt hér áður, og álít að þeir er svo hugsa hafi jafnvel mestu þörfina á þessum starfsvikum.

Mér hefur verið tjáð að tillögur varaþm. og þá sérstaklega úr stjórnarandstöðu séu settar umræðulaust í nefnd og svæfðar þar svefninum langa, en ég skora á hv. þm. að sýna þá dirfsku og einlægni að taka efnislega afstöðu til tillögunnar. Menn bjóða sig fram og ná kjöri á hv. Alþingi til þess að taka afstöðu til málefna en ekki til að úthýsa þeim. Ég óska þess að tillaga mín hljóti því efnislega meðferð. Ég er sannfærð um að breytingin sem lögð er til mundi bæta störf hins háa Alþingis og þar með stjórnun landsins.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. fyrir flutning þessarar tillögu og fyrir þá góðu ræðu sem hún hélt áðan. Verst þykir mér einungis að svo fáir þm. skyldu vera viðstaddir til að hlusta á hana vegna þess að þetta er mál sem skiptir mjög miklu í starfi okkar allra hér.

Síðan kvennalistakonur komu inn á þing hafa þær ítrekað í máli sínu lagt áherslu á mikilvægi þess að þeir umboðsmenn eða fulltrúar sem hér starfa á vegum annarra séu í náinni snertingu við það þjóðlíf sem bærist á hverjum tíma. Öðruvísi geti þeir ekki orðið verðugir fulltrúar. Og einmitt það að vita hvernig aðrir hafa það og kannski ekki síst að hafa hæfileika til að setja sig í spor annarra, því að aldrei getur maður farið í öll störfin þó að maður mundi reyna, er kannski lykillinn að því að geta í raun verið verðugur fulltrúi.

Þessi leið sem hér er lögð til er sannarlega ein aðferð til að halda fólki í tengslum. Mér finnst þetta bráðsnjöll hugmynd í sjálfu sér þó mér hafi ekki gefist tími til að hugsa hana nánar, en strax og ég heyri hana finnst mér hún ekki bara skemmtileg, mér finnst hún líka snjöll. Við höfum hins vegar haft annan hátt á í Kvennalistanum. Við höfum lagt

mikla áherslu á að skipta með okkur störfum, bæði inni í þeirri hreyfingu sem Kvennalistinn er og einnig út á við í öllum þeim störfum sem fulltrúar Kvennalistans taka að sér. M.a. þess vegna höfum við lagt áherslu á að þingkonur okkar séu ekki nema takmarkaðan tíma inni á Alþingi vegna þess grundvallarsjónarmiðs sem kemur fram hér í þessari tillögu, til þess að geta verið í lifandi tengslum við það líf sem lifað er í landinu á hverjum tíma, til þess að missa ekki jarðsambandið inni í reglum og siðum þessarar stofnunar sem í eðli sínu ber með sér hættuna á því að þeir einangrist sem hér vinna. Verkefnaskerfurinn er mikill, kvaðirnar eru margir. Það er sífelld beiðni um að sinna málum. Og svo gæti farið ef maður gætir sín ekki að maður megi bara hreinlega ekki vera að því að mæta á fundina með hreyfingunni sinni, með fólkinu í landinu af því að maður er alltaf að vinna að verkefnunum, að málunum. Þetta skeður einmitt smám saman, hægt og sígandi, að menn einangrast. Það er það hættulega. Þá gera menn sér ekki grein fyrir því að þeir eru í raun rofnir úr tengslum. Tengslin hafa rofnað.

Ég álít að þessi tillaga verðskuldi umræður. Ég vona að fleiri taki til máls. Mér þykir miður að svo fáir eru hér viðstaddir. Þessi umræða þyrfti ekki bara að eiga sér stað meðal þm. heldur líka meðal þeirra sem kjósa þá. Mér finnst hún allrar góðrar athygli verð, þessi till., og þakka fyrir flutning hennar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu, síðari umr.

Þáltill. VS o.fl., 226. mál. — Þskj. 507, n. 620.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 620 frá atvmn. um till. til þál. um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu:

„Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og kallað til viðræðu fulltrúa frá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela iðnrh. að gera ráðstafanir til úrbóta í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu."

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Eggert Haukdal, Guðmundur H. Garðarsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Geir Gunnarsson.

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram varðandi þetta mál að þarna er sérstaklega átt við Þistilfjörð og Þórshöfn og svæðið þar í kring, þ.e. austan Öxarfjarðarheiðar. Á síðasta ári var lokið við 66 kw. línu frá Laxárvirkjun að Kópaskeri sem var mikilvæg og nauðsynleg framkvæmd og íbúum á því svæði, þ.e. vestan Öxarfjarðarheiðar, mikils virði hvað afhendingaröryggi snertir og full ástæða til að nefna líka það sem vel er gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 620 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 654).

Blýlaust bensín, síðari umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 7. mál. — Þskj. 7, n. 625.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir samhljóða nál. allshn. á þskj. 625 um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi, en nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt svo breytt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er meti hvort taka eigi í notkun blýlaust bensín og hvaða aðgerða sé þörf til að svo geti orðið. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum: Iðntæknistofnun Íslands, Olíufélaginu Skeljungi hf., Hollustuvernd ríkisins og Bílgreinasambandinu.

Það er svo að flestar þjóðir eru að leita lausna á sínum mengunarvandamálum þó við segjum og vitum að við búum í landi þar sem mengun er lítil. Eigi að síður verðum við að halda vöku okkar og hvað varðar mengun af útblæstri bifreiða er víða í þéttbýli um talsverða mengun að ræða. Mengunarvarnir ríkisins hafa t.d. stundað mælingar hér í Reykjavík og að sögn Ólafs Péturssonar fara fram stöðugar mælingar á Miklatorgi. Á árunum 1986–1987 mældist þar að meðaltali 0,5 míkrógrömm í rúmmetra og hæst steig þessi tala í 2 míkrógrömm við ákveðin skilyrði. Þessar tölur eru svipaðar því sem mælist í mörgum stórborgum. Ýmsir staðir hér mundu þó mæla meiri mengun en er á Miklatorgi, svo sem Laugavegur, Hlemmur og fleiri staðir, þrátt fyrir að nú er á boðstólum blýminna bensín en var, en þá hefur bifreiðum á móti fjölgað.

Flestar þjóðir hafa verið og eru að setja í gildi stranga útblástursstaðla. Hér er verið að semja nýja

reglugerð um mengunarvarnir og þar verða vonandi settir staðlar um útblástur bifreiða.

Nefndin tekur undir þann tilgang sem kemur fram í grg. með tillögunni hjá hv. flm. og gerir að sínum, með leyfi forseta, en þar segjast flm. þessarar till. til þál. ekki ætla sér þá dul að fjalla á faglegan hátt um þau vandamál, en vilja samt vekja athygli stjórnvalda á þeim umræðum sem fram fara í öðrum löndum um þessi mál. Með sívaxandi fjölda bensínknúinna farartækja hér á landi er brýnt að þessi mál verði tekin föstum tökum og reglur og aðgerðir samræmdar. Til þess þurfi kunnáttumenn og sérfræðingar að koma stjórnvöldum til aðstoðar.

Enn fremur er mikilvægt að mati nefndarinnar að í þessari skipuðu nefnd eigi sæti fulltrúar hagsmunaaðila, notenda og seljenda svo og kunnáttumenn um umhverfismál. Nefndin ætti að geta skilað áliti í lok þessa árs.

Undir þetta nál. skrifa eftirtaldir: Guðni Ágústsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 625 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 655).

Launabætur, frh. fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 265. mál. — Þskj. 564.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Þetta mál var á dagskrá síðasta fundar Sþ. og flutti þá 1. flm., hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, framsögu um þetta mál. Ég er 2. flm. þessarar till. og vil leyfa mér að svara þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á tillöguna frá Kristínu Halldórsdóttur hv. 10. þm. Reykn.

Ég átti von á að sá flokkur sem hún starfar fyrir, Kvennalistinn, mundi fagna þessari till. á þeim forsendum að kjör hinna lægst launuðu hafa verið fyrir borð borin og sérstaklega við gerð síðustu kjarasamninga, en við fengum ekki þann stuðning sem við bjuggumst við úr þeirri átt og harma ég það mjög.

Í málflutningi hv. þm. kom ýmislegt fram og þá sérstaklega að þessi tillaga feli í sér uppgöf, uppgjöf að því leyti til að við viljum að ríkisvaldið komi inn í og greiði fyrir fólk sem á lágum launum er styrk því til framfæris. Ég er ekki sammála því að þarna sé um uppgjöf að ræða heldur er skylda þjóðfélagsins að styðja við bakið á þeim sem lægst hafa launin og sem geta ekki bjargað sér í þjóðfélaginu. Nákvæmlega sama er með þetta og almannatryggingar og fleira, að það fólk sem nýtur almannatryggingabóta getur ekki séð fyrir sér og þess vegna kemur ríkisvaldið inn í. Í þessu tilviki er ekki um slíkt að ræða heldur að það er vinnandi fólk sem þarna á í hlut, en aðstæðurnar í þjóðfélaginu eru þannig að það getur ekki lifað af þeim launum sem það vinnur fyrir.

Að vísu er ég alveg sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur í því að auðvitað eiga þessar greiðslur að koma frá atvinnurekandanum en ekki ríkinu. En því miður eru aðstæður þannig nú að verkalýðshreyfingunni hefur ekki tekist að koma því þannig fyrir að laun yrðu hækkuð meira en raun ber vitni og tekur tillit til þeirra greina sem verst eru staddar, fiskvinnslunnar í landinu, við sína viðmiðun.

Þá vaknar sú spurning: Hvað á að gera svo að þetta fólk hafi til hnífs og skeiðar? Við svo búið verður ekki unað. Að greiða til baka frá ríkisvaldinu er ein lausn og sú lausn sem liggur beinast við í okkar huga, þm. Borgarafl. Í fyrsta lagi að færa upp skattleysismörk og síðan að borga óráðstafaðan persónufrádrátt til baka. Ég held að þetta kerfi sé mjög hentugt og leiði til þess að þeir sem á lægstu laununum eru fái lifað og verði jafnframt hvati á ríkisvaldið til að þrýsta á um að lægstu tekjur hækki og þrýsti þannig á atvinnureksturinn.

Það sem þessi till. felur í sér er ekki að þetta þurfi að vera til eilífðarnóns, en vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru teljum við þetta vera rétt.

Það kom fram í máli hv. þm. að það hljóti að vera krafa að fólk geti haft ofan í sig af átta stunda vinnudegi. Ég er alveg sammála því að það hlýtur að vera okkar markmið þegar til lengri tíma er litið, en það eru ekki þau teikn á lofti að svo geti verið. Að lögleiða lágmarkslaun tel ég ekki vera þá lausn sem dugar því staðan er þannig, miðað við það sem maður sér og heyrir og finnur, að ýmsar greinar útflutningsatvinnuveganna eru ekki í stakk búnar til að greiða hærri laun en því miður nú á sér stað. Hækkum við launin upp í 40 þús. eða 50 þús., sem æskilegt væri, mundi það kippa stoðunum undan þessum atvinnurekstri. Að sjálfsögðu má gera þá kröfu til ríkisvaldsins að það búi þannig um hnútana að þessum útflutningsatvinnugreinum verði sköpuð rekstrarskilyrði og þær geti borið upp þessar tekjur, en þá þarf að verða stefnubreyting af hálfu ríkisvaldsins.

Það sem ég vildi bæta við er það að núna eru atvinnugreinar mjög missterkar til að bera uppi laun og sumar greinar, bæði í verslun og þjónustu, geta borið miklu hærri laun en aðrar og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir og svo samkeppnisiðnaðurinn. Þarna skapast visst ójafnvægi á milli og væri æskilegt að breyta þessu þannig að peningar séu fluttir milli þessara greina. Mundi ég telja mjög æskilegt að ríkisvaldið tæki frá þessum þáttum, sem betur eru settir og sem grassérað hafa á undanförn-

um árum, og færði yfir til hinna svo að hækka mætti laun. En um það er ekki að ræða hér heldur er það sem þessi till. gegnur út á það að almennt verði skattleysismörk hækkuð og ónýttur persónufrádráttur greiddur til baka.

Ég held að þetta sé, eins og fram kom í máli hv. 1. flm., eina raunhæfa tillagan sem fram hefur komið á þessu þingi til að bæta kjör hinna lægst launuðu og í svipinn sé ég ekki hvernig það ætti að gerast með öðrum hætti.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem talað hafa í þessu máli. Satt best að segja finnst mér það dálítið nöturlegt þegar verið er að tala um jafnþýðingarmikið mál og kjör launafólks í landinu að þá skuli maður tala um það bara fyrir þingtíðindi. Þm. gefa sér mjög fáir tíma til þess að vera viðstaddir, að ég tali nú ekki um ráðherrana. Þeir sjást líklega ekki í þinghúsinu frekar en fyrri daginn.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um það sem hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir sagði um þessa till. okkar síðast þegar hún var til umræðu. Þetta er kannski fyrst og fremst til upplýsingar.

Tillögur um lágmarkslaun eru ekkert nýtilkomnar. Það er ekkert nýtilkomið að hin lágu laun hér á Íslandi eru til vansæmdar. En hitt er annað mál að launamisréttið hefur aldrei verið eins gífurlegt og í seinni tíð. Einu sinni flutti Stefán Jónsson tillögu um lágmarkslaun. Mér hefur alltaf fundist sú tillaga ágæt, sérstaklega á þeim tíma sem hún var flutt, enda var hún svo skynsamleg að hún var eiginlega ekki rædd. Ég veit meira um tillögur um lágmarkslaun. Þar ætla ég bara að fara í minn eigin feril því að ég þekki hann. Ég þori ekki að treysta minni mínu svo að ég sé að nefna margt fólk og gleyma kannski öðru.

Eftir að ég kom að samningum aftur 1976 eftir að hafa ekkert nálægt þeim komið síðan 1950 var mér það alveg ljóst að kjaramál voru komin í þann farveg að þau yrðu ekki leyst í samningum. Ég á kannski eftir að tala betur um þetta í síðari umræðu, en mér var það ljóst.

Ég tók við Sókn 1976 um vorið eða síðla vetrar. Þá boðuðum við til láglaunaráðstefnu með öllum verkalýðsfélögum í Reykjavík. Ég held að það hafi verið eitt félag sem þáði boðið, þ.e. eitt félag í Reykjavík, það var nokkuð af félögum utan af landi. Við ræddum þessi mál mikið og útkoman varð sú að við samþykktum að í næstu kjarasamningum yrði gerð krafa um 100 þús. kr. lágmarkslaun. Þetta var þegar gamla myntin gilti.

Alþýðusambandsþing 1976 var mikið átakaþing. Það gerðust ýmsar uppákomur. Ég var í kjaramálanefnd þingsins. Þar urðu miklar umræður um einmitt þessa tillögu og hún náði samþykkt á Alþýðusambandsþingi, kannski óviljandi, í öllu fuminu sem varð þar út af því hvernig mál æxluðust þar. En hún var samþykkt samt. Hún vakti ekkert mjög mikla hrifningu, en þó varð einn maður til að leggja okkur nærri því óvænt lið. Þar ég við Ólaf heitinn Jóhannesson sem þá var í ríkisstjórn. Hann sagði að sér fyndist tillagan sanngjörn og það væri vel hægt að borga þessi laun.

Síðan eru gerðir samningar sem kallaðir hafa verið „sólstöðusamningarnir". Þessi tillaga náði ekki fram að ganga þar, en hins vegar varð mjög mikil breyting til bóta bæði á launum og kjörum láglaunafólks í þessum samningum. Það sem felldi þá samninga var það sem alltaf vill ske. Þeir þutu upp allan launastigann. Kauphækkunum var velt út í verðlagið, samningum kennt um verðlag og verðbólgu. Í skjóli þess voru svo sett þau lög sem við kölluðum „kaupránslögin" í febrúar 1974. Mér dettur í hug: Ætli að það sé alltaf komið svona aftan að fólki af ríkisvaldinu í febrúar? Ég hugsa það megi taka hann út úr almanakinu.

Við börðumst gegn þessum lögum. Mér er mjög minnisstætt að ég fór norður á Húsavík og sá þar þann mesta snjó sem ég hef nokkurn tíma séð og vona að ég sjái aldrei aftur, var þar veðurteppt í tvo sólarhringa og fór með togara til Akureyrar og var þar veðurteppt í þrjá sólarhringa. Þá vorum við að berjast gegn þessum lögum.

Þetta var kosningaár. Það var kosið um vorið, það var 1978, og kannski urðu þessi mál meira kosningamál en kjaramál. En það er einmitt þá um vorið sem ég fór að ræða það við hóp af fólki sem ég vissi að hafði svipaðar skoðanir í þjóðmálum og ég að það yrði að setja einhverja tryggingu, einhverja afkomutryggingu fyrir það fólk sem alltaf væri troðið undir. Ég sé ekkert athugavert við þetta og ekkert ljótt við þetta. Og mig langar að heyra: Hvað er athugavert við þó að kjör lægst launaða fólksins séu tryggð, að það megi ekki fara neðar en þetta í launum með nokkurn mann án þess að það þurfi endilega að fara upp úr öllu? Ég álít að við, löggjafinn, og þjóðfélagið berum ábyrgð á öllum þegnum þjóðfélagsins. Ef einhverjum mistekst, sem við köllum aðila vinnumarkaðarins, ef þeir svíkjast undan merkjum, eiga ekki hinir að gjalda þess sem illa fara út úr þessu.

Nú hafa verið gerðir kjarasamningar, þ.e. Verkamannasambandið hefur gert kjarasamninga. Verkamannasambandið stóð eitt að þessum kjarasamningum. Aðrir máttu ekki nálægt þeim koma. Mér vitanlega hafa þeir aldrei verið ræddir neitt í miðstjórn ASÍ. Ég á að heita þar enn þá og ég hef ekki heyrt nefnt að þeir væru ræddir þar. Þeir eru gerðir í Garðastrætinu náttúrlega eins og allir vita. Þessir samningar eru í minni vitund þrælpólitískir nauðungarsamningar. Þeir eru felldir núna í hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru.

Það er erfitt að tala við fólk sem er ekki viðstatt, en það verður að hafa það. Ég sagði í fáeinum orðum við hæstv. fjmrh. einhvern tíma í vetur að ef verkalýðshreyfingin reyndi ekki að rétta hlut lægst launaða fólksins núna mætti hún fara að biðja fyrir sér. Hann sagði hérna við mig í gættinni: Hún má fara að biðja fyrir sér. Hann kannski neitar því eins og hann sagði það. Svona handviss var hann um að

hann hefði alla þræðina í sinni hendi. Þessir þræðir hæstv. fjmrh. eru illilega að slitna úr höndunum á honum þegar þessir samningar, sem sagðir eru samdir í Arnarhvoli, eru kolfelldir í verkakvennafélaginu í Hafnarfirði.

Við vitum hvernig fór um samningana í Dagsbrún. Það er ekkert nýtt að upphlaup eru í verkalýðsfélögunum í kringum samninga. Ég hef staðið frammi fyrir mjög erfiðum fundum í Sókn, en það fólk sem hefur haft forustuna er ungt, reitt fólk sem hvorki kann við vinnuna né kjörin. Svo hefur verið. Ég lái því ekki, alls ekki, en það er auðvitað erfitt að standa frammi fyrir svona fundum og finna sjálfur að maður hefur ekki náð þangað sem maður vildi ná. Ég sá eins og þið sjálfsagt það sem birtist á skerminum frá Dagsbrúnarfundinum þegar verkamennirnir gengu út af fundinum. Þetta var fólk úr öllum aldursflokkum. Ég þekkti gamla baráttujaxla, menn sem þekkja erfiða lífsbaráttu og erfiða kjarabaráttu, menn sem aldrei hafa brugðist sínu félagi. Þeir gengu út og þið sáuð hversu sárir þeir voru á svipinn.

Ég segi bara það: Ef löggjafinn og ríkisvaldið ætlar ekkert að taka við sér öfunda ég þá ekki ef þeir ætla að taka við brennandi reiði þessa fólks. Þeir eru engir menn til þess. Þegar verkamenn rísa upp í reglulegri reiði, virkilegri, réttlátri reiði, ráða ekki svona skussar við þá, það er útilokað, eins og þeir sem eru að reyna að stjórna landinu núna. Kannski á þetta eftir að sjást, en ég er friðsemdarmanneskja, þó ég hafi svolítið hátt núna, og ég hef alltaf viljað leysa ágreining áður en hann verður vandamál. Að vísu er ágreiningur um kaupgjaldsmálin núna orðinn ákaflega mikið vandamál. En enn er kannski hægt að leysa það. Þessi leið, sem við leggjum til borgaraflokksmenn, er leið til að leysa þetta.

Það verður að gera eitthvað og gera það strax fyrir það fólk sem e[illegible]úið að troða undir svona rækilega og svona lengi. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt. Mér er alveg sama þó talað sé um einhverja uppgjöf í mér. Það er engin uppgjöf í mér enn þá. Ég er raunsæ manneskja sem reyni að fara þá leið sem ég held að gefist best hverju sinni.

Ég veit að við höfum ekki tíma núna nema fram til kl. 1 og ég held að ég sé búin að segja það sem er nauðsynlegast í bili. Ég á eftir að segja ýmislegt í sambandi við þessa kjarasamninga og fleira þegar efnahagsmálin verða rædd.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hlustaði ekki á sumar þessar ræður. Ég var orðinn svangur, það verður að segja hlutina eins og þeir eru, og veit því ekki hver sagði hvað. En það hljóta allir að skilja að 31 500 kr. á mánuði, miðað við þá dýrtíð sem er í landinu, er ekki bjóðandi neinum. Það er á hreinu. Og þegar blasir við að allar líkur a.m.k. benda til þess að víða sé minnkandi atvinna þannig að það eru minni líkur en hefur verið til þess að fólk geti bætt laun sín með yfirvinnu, hvað er þá til ráða? Er það ekki alveg þrautreynt að með samningum næst þetta ekki vegna þess, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það fer upp allan launastigann og það bara breikkar bilið?

Ef hv. þm. telja sig ekki geta farið þá leið sem þáltill. segir fyrir um verða hinir sömu að benda á aðra færa leið, að mínu mati, vegna þess að þetta er þing og þjóð til vansa. Maður er að heyra að þriggja herbergja íbúð sé á bilinu 27 og upp yfir 30 þús. á mánuði, leigukjörin á henni, og það sé ekki hægt að fá hana fyrir minna. Hvernig á þetta fólk að komast af? En á sama tíma er stór hluti af þjóðinni á mjög góðum launum. Mismunurinn er vaxandi ár frá ári. Og svo eru hv. þm., hverjir sem það hafa verið, en ég heyrði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, 1. flm. þessarar till., að segja: Það er verið að gefast upp. — Ég held að það sé verið að gefast upp ef menn ekki gera eitthvað í málinu. Þá eru menn að gefast upp.

Ég held að það væri ráð, ef það er ekki hægt að fá samstöðu um eitthvað svona, og ég er ekki að segja að þetta sé eina leiðin, alls ekki, að menn tækju sig saman og ræddu málin og reyndu að finna leið út úr þessum ógöngum. Þetta eru ógöngur. Þetta er okkur til skammar. Það er verið að borga sumum yfirvinnu sem er hér um bil eins mikil og þessir samningar hljóða upp á, það vitum við, kannski meira. Og síðan er lágtekjufólkinu boðið upp á þessi laun. Krónutöluna í sjálfu sér þýðir ekkert að horfa á heldur hvað er hægt að fá fyrir þessar krónur.

Ég veit að það er neyð t.d. að setja lög um að lágmarkslaun eigi að vera svona og svona. Það var gert t.d. í Bandaríkjunum og sjálfsagt víðar. En hvað á að gera? Er það leið? Geta menn komið sér saman um það? Ég vil auglýsa eftir því hér og nú að hv. þm. ræði þessa tillögu á þeim nótum að þeir bendi á einhverjar lausnir í málinu og síðan verði rætt hvað er hægt að koma sér saman um í þessu máli.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

64. fundur, fimmtudaginn 3. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, BÍG, EH, FrS, GeirG, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, JBH, JSS, KJóh, KE, EKG, EE, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, VE, BGísl, NL,

SvH, ÞÞ, JK.
SV og SJS greiddu ekki atkvæði.
15 þm. (ÁrnG, FÞ, GGÞ, USB, IBA, JóhS, JónS, KH, MálmS, PP, RA, RH, ÁJ, AðB, AG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er flutt af nefnd eftir að nefnd hefur starfað um viknabil að öðru, sambærilegu og hliðstæðu frv. Ég hefði því talið fullt eins eðlilegt miðað við þingvenjur að gengið hefði verið til efnislegrar afgreiðslu á málinu og mér er ekkert að vanbúnaði og get því með góðri samvisku tekið efnislega afstöðu til þess hvort þetta mál þurfi að taka upp meira af tíma þingsins og hefði verið tilbúinn til að ljúka umfjöllun um það hér og greiði því ekki atkvæði með því að það fari áfram til frekari umfjöllunar í þinginu þar sem ég er andvígur efni þess.

Frv. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JóhS, JBH, JSS, KJóh, KE, EKG, EE, ÓE, ÓÞG, VE, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GeirG, GHH, GB, GuðnÁ, GHelg, HJ, JK.
ÓÞÞ, SV og SJS greiddu ekki atkvæði.
13 þm. (IBA, JónS, KH, MálmS, PP, RA, RH, ÞÞ, AðB, AG, FÞ, GGÞ, USB) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Vegna stöðugra svívirðinga um að verið sé að tefja þetta mál hér í þinginu og jafnframt af þeirri ástæðu að ég á ekki von á því að þeir fjórmenningar hafi tekið stórum sinnaskiptum sé ég ekki ástæðu til að greiða atkvæði með því að málinu sé vísað til nefndar og greiði ekki atkvæði.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536, n. 632.

Frsm. sjútvn. (Kjartan Jóhannsson):
Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 632 varðandi frv. til laga um aðgerðir í sjávarútvegi. Þetta frv. fjallar um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi á liðnu ári, árinu 1987.
Nefndin ræddi frv. og fékk umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda og Félagi Sambandsfiskframleiðenda. Jafnframt barst umsögn eftir að umfjöllun nefndarinnar hafði verið lokið, en efnislegt innihald hennar var þekkt, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og munnlega létu í ljós álit sitt Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda og Samband fiskvinnslustöðvanna.
Umsagnaraðilar mæla allir með samþykkt á 1. gr. frv., en Sjómannasamband og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mótmæla jafnframt sérstöku gjaldi á ísfiski. Kom nefndarmönnum ekki á óvart afstaða þessara aðila allra saman.
Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv.
Undir nál. rita auk undirritaðs Ólafur G. Einarsson, Einar Kr. Guðfinnsson, Kolbrún Jónsdóttir, Guðni Ágústsson, Alexander Stefánsson og Unnur Sólrún Bragadóttir, með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Fulltrúi Alþb. í sjútvn. deildarinnar ritar undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari snýr m.a. að því að alls óvíst sé að þær ráðstafanir sem hér eru til lagðar komi að því gagni sem þyrfti og einnig, og ekki síður e.t.v., að þeim vinnubrögum sem hér eru viðhöfð. Ég tel í raun og veru að það sé varla stætt á öðru en að hafa á fyrirvara og gera grein fyrir honum þar sem að hlutunum er staðið með þeim hætti sem hér ber raun vitni.
Hér er sem sagt á ferðinni draugur einn frá sl. ári sem ég er alveg viss um að hæstv. ríkisstjórn vill gjarnan að gleymist sem fyrst og helst verði sem minnst eftir því munað hvernig fór um stjórn hæstv. ríkisstjórnar á sjávarútvegsmálum síðari hluta ársins 1987 og fyrstu mánuði ársins 1988. Það var sem sé að 10. júlí í sumar greip hæstv. ríkisstjórn til efnahagsráðstafana einu sinni sem endranær. Kannski hafa það verið ráðstafanir nr. 2 í röðinni eða eitthvað svoleiðis. Þær viku að því að hætta nú að endurgreiða sjávarútveginum uppsafnaðan söluskatt því þar væri sú gullöld og gleðitíð að það væri með öllu ástæðulaust og þeir væru vel aflögufærir í sjávarútveginum um nokkur hundruð milljónir í ríkissjóð. Eða a.m.k. væri saklaust að frysta þetta fé hjá þeim.
Þá var gengið á fund forseta Íslands eins og gert er í slíkum tilfellum og forsetanum tjáð að það væri mjög brýnt mál að grípa til ráðstafana í þessu skyni og setja yrði bráðabirgðalög þar um, hvað og varð. Nokkrum mánuðum síðar má svo hæstv. ríkisstjórn flytja hér frv. til að taka til baka þetta frumhlaup sitt og fella í raun úr gildi ákvæði bráðabirgðalaganna þar sem komið hefur í ljós og var reyndar þegar ljóst á haustmánuðum að ráðstafanir þessar, tilefni bráðabirgðalaganna frá 10. júlí 1987 voru hin hrapallegustu mistök og algjörlega úr samræmi við aðstæður í landinu.
Ég tel í sjálfu sér, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu fleiri orð. Rekstrarstaða sjávarútvegsins kemur vafalaust til umræðu hér á eftir í hv. deild þegar tekið verður til við að ræða efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, þær sem nú eru til meðferðar á Alþingi. En þær eru nokkuð aftar í röðinni, eins og mönnum mun vera kunnugt, heldur en þær ráðstafanir sem hér ræðir um, sem voru frá

því í árdaga ríkisstjórnarinnar.

En eins og menn vita hafa með reglubundnu millibili birst ráðstafanir um efnahagsmál síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum, einhvers konar neyðar- og björgunaraðgerðir sem eru að verða nokkuð daglegt brauð og lýkur örugglega ekki með þeim ráðstöfunum sem nú verður tekið til við að ræða hér á eftir. Hefur það m.a. orðið samdóma niðurstaða okkar ræðumanns og virðulegs forseta deildarinnar — hollt fyrir hæstv. fjmrh. að hlusta á þetta — að það sé sérstök áhstæða til þess að hraða meðförum efnahagsráðstafananna gegnum þingið til þess að mynda þá pláss og svigrúm til að taka við þeim næstu. Það er mjög óæskilegt og óheppilegt að okkar mati að ráðstafanirnar skarist og gangi hver út yfir aðra þannig að ég held að það sé mjög nauðsynlegt að koma þessum draug hér frá fyrri mánuðum út úr heiminum sem allra fyrst og einnig því frv. sem næst verður rætt á eftir þessu. Því það er næsta víst og mjög líklegt að ekki líði á löngu þar til að ráðstafanir nr. 27 eða eitthvað svoleiðis koma hér inn í þingið, e.t.v. *næstu daga, næsta björgunaraðgerð.*

Þessa plaggs verður e.t.v. fyrst og fremst minnst, ef þess verður þá nokkuð minnst í þingsögunni, sem heldur snautlegs dæmis um gæfulitla athöfn ríkisstjórnar á fyrstu valdadögum, þegar rokið var til að setja bráðabirgðalög sem nokkrum mánuðum síðar þurfti síðan að afnema með sérstökum aðgerðum af því að þau voru svo vitlaus.

Frsm. sjútvn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég hef í rauninni bara eina athugasemd að gera við þá ræðu sem hér var flutt og hún er sú að ef hv. þm. sá fyrir gengisfall dollarans þá sá hann lengra heldur en allir aðrir í heiminum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

65. fundur, fimmtudaginn 3. mars, að loknum 64. fundi.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 1. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 649.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um *ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum* 1988.

Tilgangurinn með þessu lagafrv. er að bæta starfsaðstöðu fyrirtækja og starfsfólks í sjávarútvegi, fiskiðnaði og útflutningsgreinum. Og jafnframt að hamla gegn skuldasöfnun og viðskiptahalla.

Veigamiklar forsendur þessa máls þegar menn meta áhrif þessara aðgerða eru að fiskverð haldist óbreytt og í annan stað að fylgt verði í þeim kjarasamningum sem nú er unnið að í stórum dráttum þeirri stefnu sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um í nýgerðum kjarasamningum, þ.e. kjarasamningum á Vestfjörðum og samningum Vinnuveitendasambandsins og Verkamannasambandsins.

Þessar aðgerðir eru í meginatriðum þríþættar. Það eru annars vegar sérstakar aðgerðir til þess að bæta hag útflutningsgreinanna og styrkja greiðslugetu þeirra og þar með greiða fyrir kjarasamningum. Í annan stað eru það sérstakar aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Í þriðja lagi er hér um að ræða aðgerðir á sviði peningamála og fela í sér lækkun vaxta og aukið aðhald á fjármagnsmarkaði.

Veigamikill þáttur þessara aðgerða er gengislækkun sem nemur 6% og felur í sér hækkun á verði erlendra gjaldmiðla upp á 6,4% tæplega. Með þeirri aðgerð og öðrum aðgerðum sem þetta frv. felur í sér til að bæta afkomu fiskvinnslunnar sérstaklega má ætla að færðir séu til fjármunir til fiskvinnslu, sjávarútvegs og að nokkru leyti útflutningsgreina sem áætla má á bilinu 3–3,5 milljarðar kr. Þar af eru um 2 milljarðar vegna gengisbreytingarinnar, en um 1250 millj. vegna annarra aðgerða sem fela í sér endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í fiskiðnaði og sjávarútvegi, skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja og að nokkru leyti annarra fyrirtækja í útflutningsiðnaði, endurgreiðsla á launaskatti eða afnám öllu heldur launaskatts frá og með 1. júlí á þessu ári, sem og lækkun tilkostnaðar fyrirtækjanna vegna afurðalána. Alls eru þetta um 1250 millj. kr.

Þar sem þetta mál hefur þegar verið tekið til umræðu í Sþ. er kannski ekki ástæða til að gera því eins ítarleg skil og ella hefði verið nauðsynlegt. Ríkisstjórnin hefur þegar við þær umræður kynnt stefnuyfirlýsingu þar sem gerð er grein fyrir megin-

atriðum málsins. Málið hefur þegar hlotið allítarlega umræðu í Ed.

Það sem einkum er ástæða til að staldra við við þær umræður er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er það spurningin um gengisbreytinguna. Það er ekkert launungarmál að kröfur hafa verið uppi háværar í þessu þjóðfélagi um breytingu á gengi krónunnar. Þær kröfur hófust strax á sl. hausti. Ýmsir aðilar héldu því mjög ákveðið fram að grípa þyrfti til meiri gengisfellingar. Ástæðurnar fyrir því eru auðvitað fyrst og fremst þær að á sl. hausti urðu snögg umskipti til hins verra að því er varðaði afkomu í fiskvinnslu sérstaklega. Það má einkum rekja til eftirfarandi þátta: Í fyrsta lagi fall dollars á sl. hausti. Í annan stað horfur um minnkandi afla í kjölfar mótunar fiskveiðistefnu fyrir árið 1988. Í þriðja lagi ótti við versnandi viðskiptakjör á erlendum mörkuðum. En stærsta ástæðan er vafalaust það misvægi í kostnaðarþróun sem annars vegar varð á Íslandi á sl. ári í samanburði við kostnaðarþróun í helstu viðskiptalöndum.

Auðvitað er það vondur dómur um hagstjórn Íslendinga að menn skuli þurfa að grípa til gengisfellingar til að bæta hag útflutningsgreinanna strax þegar lýkur einhverju mesta hagvaxtarskeiði sem íslenska þjóðin hefur notið á undanförnum árum. Ætla má að þessi hagvöxtur sl. fjögurra ára hafi skilað íslenskum þjóðarbúskap um 50 milljörðum kr. í auknum verðmætum. Vitað er að sérstaklega upp úr 1984, 1985, 1986 átti þetta hagvaxtarskeið uppruna sinn í sjávarútveginum og hagur fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskvinnslu fór batnandi, m.a. vegna stöðugleika í gengi en að öðru leyti vegna hagstæðra ytri skilyrða, vegna aukins afla, vegna hækkandi verðs á erlendum mörkuðum, vegna lækkandi tilkostnaðar, bæði vegna verulegrar lækkunar olíuverðs og lækkunar vaxta á erlendum mörkuðum, og síðan bættust við kjarasamningar sem gerðu stjórnvöldum kleift að nýta sér hagstæð ytri skilyrði til þess að ná niður verðbólgu á þessu tímabili.

Það er ástæða til að spyrja þá sem gagnrýna þessar aðgerðir nú með því að segja að gengislækkunarþörfin hafi verið og sé miklu meiri um rök þeirra fyrir þeim staðhæfingum, einmitt út frá þeirri staðhæfingu hvort meiri háttar gengisfelling hefði verið mjög skammæ aðgerð, hvort menn hafa trú á að hún hefði skilað einhverjum varanlegum bata fyrir þessar útflutningsgreinar. Við erum þar komin í hagsveiflunni að úr þeirri miklu eftirspurnarþenslu sem einkenndi árið 1987 er heldur tekið að draga, þó ekki nægilega mikið. Ef menn hefðu gripið til þess ráðs að fella gengið með miklu stórtækari hætti er ástæða til þess að ætla að ekki hefði reynst unnt að halda fiskverði óbreyttu, en fiskverð er um helmingur af helstu framleiðslukostnaðarliðum í fiskvinnslu, hráefniskostnaður. Það hefði verið borin von að ætla sér að ná kjarasamningum þar sem peningalaunahækkunum hefði verið stillt í hóf. Stórtæk gengisfelling hefði þess vegna þegar í stað hækkað bæði hráefnisverð, launakostnað og kostnað á erlendum aðföngum. Það er ástæða til að ætla að það hefðu ekki liðið margar vikur áður en ástandið væri aftur komið í sama horf. Aðgerð af því tagi hefði þess vegna ekki verið vænleg til frambúðar.

Það er ekkert launungarmál að sá sem hér stendur lagðist mjög sterklega á sveif með þeim sem vildu halda gengislækkuninni sem minnstri. Þar á móti, til þess að draga úr gengislækkunarkröfum, þurfti ríkissjóður að koma til móts við útflutningsgreinarnar til að bæta afkomu þeirra. Það hefði ekki verið unnt að gera ef ríkisstjórnin hefði ekki haft framsýni og pólitískan kjark til að styrkja tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs mjög verulega á liðnu hausti, en segja má að þær aðgerðir hafi skapað forsendur fyrir því að ná samkomulagi um annars vegar aðgerðir til að styrkja afkomu fiskvinnslunnar án meiri háttar gengislækkunar og þá um leið leiðréttingu á kjörum fiskvinnslufólks og annarra þeirra sem ekki hafa notið launaskriðs við veisluborðið mikla.

Til eru þeir sem segja að aðgerðir eins og þær að endurgreiða nú uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi og fiskvinnslu og fella niður launaskatt frá miðju ári sýni að það hafi verið röng stefna hjá stjórnvöldum eða þessari ríkisstjórn þegar hún tók til starfa að beita sér fyrir þessari gjaldtöku. Ekki sannfærist ég af þeim rökum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þegar þessar ákvarðanir voru teknar fyrir mitt sl. ár er það þegar er að ljúka einhverju mesta uppgangstímabili í íslenskum sjávarútvegi sem staðið hafði linnulaust á fjórða ár. Það var ekkert launungarmál að við þær kringumstæður var afkoma í útgerð óvenjugóð og afkoma fiskvinnslunnar hafði verið það einnig á undanförnum árum, auðvitað nokkuð misjafnlega eftir greinum, en engu að síður: þarna hafði verið um að ræða óvenjulega langt tímabil þar sem afkoma í þessum greinum hafði verið býsna góð. Það voru þess vegna forsendur fyrir því að þessar greinar skiluðu gjöldum til samneyslunnar eins og aðrar atvinnugreinar í landinu. Sérstaklega var ástæða til þess vegna þess að vitað var að fjárfestingar höfðu verið miklar í greininni og fjárfestingaráform á næsta ári voru mjög háspennt. T.d. er ástæða til að vekja athygli á því að yfir 80% fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu eru í eigu og rekstri sömu aðila í stórum dráttum og fjárfestingaráform upp á rúmlega 3 milljarða í útgerð benda til þess að afkoma þeirra fyrirtækja sé ekki slæm eða hafi ekki verið slæm.

Þá er þess að geta að séu menn sannfærðir um að stórtækar gengiskollsteypur séu rangar og stefni í hættu öðrum og veigameiri markmiðum, svo sem eins og því meginmarkmiði að ná niður verðbólgu að loknu þessu þensluskeiði, sem er auðvitað stærsta hagsmunamál bæði atvinnulífsins og launþega. Það hefði ekki getað gerst ef fjárhagur ríkissjóðs hefði ekki verið styrktur svo verulega sem raun ber vitni um.

Að því er varðar ríkisfjármálaþátt þessa dæmis má segja í stórum dráttum að aukin ríkisútgjöld sem ákveðin voru af meiri hluta Alþingis eftir að fjár-

lagafrv. og lánsfjárlagafrv. var lagt fram, sá slaki sem í þau mál kom við umfjöllun þingsins er að nokkru leyti tekinn til baka. Þó ekki að öllu leyti.

Til þess að bæta hag útflutningsgreinanna og standa undir þeim útgjöldum sem af því leiðir hefur verið gert ráð fyrir því að ríkisútgjöld verði lækkuð um 300 millj. kr. Veigamestu þættirnir í því eru útgjöld til vegamála, framlög til byggingarsjóðanna og síðan önnur útgjöld sem fela í sér frestun framkvæmda eða hagræðingu tilkostnaðar á sviði heilbrrn. og fjmrn.

Jafnframt er gripið til tekjuöflunar. Sú tekjuöflun er tvíþætt. Annars vegar er hækkaður tekjuskattur á fyrirtæki og hins vegar hækkað gjald á þau fyrirtæki sem stefna í fjárfestingar fjármagnaðar með erlendum lántökum. M.ö.o.: tekjuöflunarþátturinn er lagður á þau fyrirtæki sem ástæða er til að ætla að notið hafi góðærisins og skili hagnaði og þau fyrirtæki sem stefna að miklum fjárfestingum.

Að öðru leyti er það veigamikill þáttur þessara aðgerða að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta áformum sínum um breytinguna á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég legg áherslu á orðið „að fresta" því að ríkisstjórnin er engan veginn fallin frá þeim áformum. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta merka umbótamál hefur mætt verulegri andstöðu, ekki bara af hálfu stjórnarandstöðunnar heldur ýmissa áhrifamanna í liði stjórnarflokkanna. Þannig hafa einstaka þm., t.d. þm. Framsfl., snúist gegn þessu máli og lýst því yfir í heyranda hljóði. Það voru því allar horfur á því að málið væri strandað í meðferð þingsins eða að það kæmist ekki í gegn nema svo limlest að það skipti ekki máli lengur.

Ég skil afskaplega vel að forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga lýsi gremju sinni yfir því vegna þess að þetta mál var frá upphafi undirbúið í nánu samstarfi við þá og fyrir liggur að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafði lýst yfir eindregnum stuðningi við málið, sem og samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Þegar ég segi: Það var undirbúið í nánu samráði við þessa aðila, þá lá það fyrir frá upphafi að ekki einasta yrði aukinn kostnaður sveitarfélaga að fullu bættur vegna þessa 1. áfanga tilfærslunnar heldur varð um það samkomulag að ef þetta mál næði fram að ganga í tveimur áföngum á tveimur árum ætlaði ríkissjóður sér að afnema svokallaða skerðingu á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í tveimur áföngum, að hálfu við gildistöku fyrri áfanga og síðan að fullu á seinni áfanga.

Í umræðu um þetta mál urðu ýmsir til að halda því fram að hér væri gengið mjög á hlut sveitarfélaganna og að sveitarfélögunum væri ekki að fullu bættur kostnaðarauki þeirra hvað þá heldur að það væri verið að styrkja fjárhag þeirra. Þess vegna kveður við heldur undarlegan tón þegar menn standa frammi fyrir því að málið nær ekki fram að ganga eða um það tekst ekki samkomulag. Þá segja hinir sömu aðilar að nú sé mikil vá fyrir dyrum hjá sveitarfélögunum vegna þess að nú njóti þau ekki þeirra stórauknu fjármuna sem áttu að renna til þeirra í gegnum Jöfnunarsjóðinn, einkum sérdeild Jöfnunarsjóðs, sem samsvarar 260 millj. kr. Nú er allt í einu viðurkennt að hér hafi verið um mikla fjármuni að ræða og að mörg sveitarfélög muni verða fyrir verulegum fjármissi við það að málið nær ekki fram að ganga og strandar á Alþingi. Þetta er heldur dapurleg lýsing á rökvísi manna og heilindum í málflutningi því að hvort tveggja getur ekki verið satt.

Að sjálfsögðu er það svo að fjárhagur sveitarfélaganna hefði styrkst mjög verulega ef þetta mál hefði náð fram að ganga, bæði í þessum áfanga og ekki síður þegar seinni áfanginn hefði komið til framkvæmda þar sem veigamiklir stórir og útgjaldafrekir framkvæmdaliðir hefðu færst af sveitarfélögunum yfir til ríkisins. Öllum sem til þekkja eitthvað aftur í tímann er kunnugt um að þetta er mikið umbótamál. Þetta er mál sem forsvarsmenn sveitarfélaga og landsbyggðar hafa látið sig dreyma um og haft uppi óskir um árum og áratugum saman. Það er slæmt til þess að vita að mótmæli, sem einkum og sér í lagi hafa komið frá fámennari sveitahreppum í tveimur kjördæmum, skuli hafa orðið til þess að beygja þm. fyrir skammtímasjónarmiðum af þessu tagi. Það er leiðinlegt til þess að vita að þeir skuli ekki treysta sér að hafa heildarsýn í svo stóru máli og halda sitt strik og reka svo upp ramakvein þegar afleiðingarnar blasa við.

Það er líka rétt að þetta mál var óvenjulega vel undirbúið. Það hafði tekist um það góð samvinna og það hafði verið mjög rækilega kynnt, eins og hæstv. fyrrv. félmrh. Alexander Stefánsson hefur reyndar lagt megináherslu á í sínum málflutningi. Tillögurnar höfðu nefnilega verið sendar í bókarformi hverjum einasta sveitarstjórnarmanni á landinu með löngum fyrirvara og er sjaldgæft í voru landi að mál hafi verið undirbúin jafn vel.

Ég nefndi áðan að með þessum aðgerðum væri fjárhagur fyrirtækja í fiskvinnslu einkum og sér í lagi bættur sem ætla mætti að nemi 3–3½ milljarði kr. Þá koma einnig til ýmsar óbeinar aðgerðir fyrir utan þær sem þegar eru nefndar. Það lýtur einkum að lækkun vaxta eða fyrstu skrefum sem stigin hafa verið í þá átt og jafnframt hækkuðu hlutfalli afurðalána.

Ef menn vilja meta áhrif þessara efnahagsaðgerða á hag útflutningsgreinanna má segja að það dæmi, ef við lítum á það reiknað til loka árs, snúist við að því leyti að það má búast við því að hagur útgerðarinnar versni við þessar aðgerðir og hún verði undir árslok að öðru óbreyttu með nokkrum halla, en afkoma fiskvinnslunnar hins vegar batni mjög verulega.

Það er alkunna að staða flestra sjávarútvegsfyrirtækja var seinustu mánuðina orðin mjög óhagstæð. Frystingin var talin vera rekin með 7–8% halla og söltun og útgerð hefur rétt hangið ofan við núllpunktinn að meðaltali. Með þessum aðgerðum batnar afkoma fiskvinnslunnar mjög verulega. Lauslega áætlað gæti frystingin verið komin upp undir

núllpunkt og söltun að sama skapi í nokkurn hagnað. Hins vegar, eins og áður sagði, mun afkoma útgerðar heldur versna við þetta og má þar reikna með nokkrum halla. Sá halli er fyrst og fremst á bátaútgerð, en rekstur togara yrði væntanlega í járnum.

Í þessum umræðum hafa menn staldað við hinn mikla viðskiptahalla sem við blasir. Það er mat manna að við þessar aðgerðir sé hamlað gegn vaxandi viðskiptahalla þannig að búast megi við því að hann verði um það bil 3 milljörðum lægri en ella hefði orðið. Það sýnir þó ekki meiri árangur en svo að í besta falli mundi haldast í horfinu, að viðskiptahallinn í árslok 1988 yrði um 3,3% af landsframleiðslu eða svipað og á síðasta ári. Þetta er auðvitað mikið álitamál. Um þetta geta verið skiptar skoðanir. Menn meta þetta misjafnlega. Þar þarf að taka tillit til margra matshátta. Einn slíkur þáttur er að sjálfsögðu að hagur fiskvinnslu og útflutningsgreina er bættur með þessum aðgerðum. Þess vegna má ætla að útflutningsverðmæti verði meira en ella hefði orðið.

Í annan stað er stór óvissuþáttur sem eftir er að meta og hann er þessi: Hvernig mun til takast í framkvæmd að ná samkomulagi um að draga úr og fresta fjárfestingum sem áætlað er að fjármagna með erlendu lánsfjármagni á þessu ári? Það er nú eitt helsta sprengirými þenslunnar. Þá er ég sér í lagi að tala um meiri háttar mannvirkjagerð sem er bæði mannaflsfrek og þar sem erlendir kostnaðarþættir eru fyrirferðarmiklir. Þar liggur fyrir að stærstu aðilarnir eru annars vegar Reykjavíkurborg og í einstaka tilfellum önnur sveitarfélög. Þar er einnig um að ræða útgerðina sem hefur uppi áform um innflutning fiskiskipa og meiri háttar endurnýjun á skipum upp á a.m.k. 3 milljarða og reyndar rúmlega það ef allt er talið. Og þar er um að ræða ýmis einstök atvinnufyrirtæki sem hafa á undanförnum mánuðum og missirum spennt bogann býsna hátt að því er þetta varðar.

Þessar aðgerðir hafa þegar að einhverju marki áhrif í þá átt að draga úr þessum fjárfestingaráformum. Tvöföldun hins erlenda lántökugjalds mun væntanlega gera það. Minni fjárframlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóðinn munu væntanlega gera það líka. Það er t.d. komið fram að borgarstjórinn í Reykjavík hefur þegar lýst því yfir að hann muni flytja tillögur um að fjárfestingaráform Reykjavíkurborgar verði endurskoðuð og þau minnkuð um rúmlega 200 millj. kr. þegar af þessari ástæðu.

Þá er á það að líta að að því er varðar fjárfestingaráformin um endurnýjun og viðhald fiskiskipa er ráð fyrir því gert að Fiskveiðasjóður fari vandlega yfir stöðu þeirra mála til að meta hverjir af slíkum samningum eru þegar bindandi og í annan stað að staðfesting á slíkum áformum að því er varðar opinbera lánafyrirgreiðslu miði m.a. mjög að því að tryggja að þarna sé fyrst og fremst um að ræða fyrirtæki sem hafa eiginfjárstöðu af því tagi að þau fái risið undir þessari fjárfestingu.

Það er ástæða til að taka undir með þeim sem segja: Viðskiptahallinn er allt of mikill. Hann er hins vegar að verulegu leyti afleiðing af ákvörðunum sem löngu var búið að taka. Hann er afleiðing fyrst og fremst af því að ekki var gripið til aðhaldsaðgerða í árslok 1986 eða í upphafi árs 1987, þegar það var nauðsynlegt, því að það eru engin efnahagsúrræði góð nema þau sem í tíma eru tekin. Hann er síðan að langstærstum hluta afleiðing af ákvörðunum fyrri ríkisstjórnar vegna þess að vaxtaþátturinn, neikvæður vaxtajöfnuður upp á 6,3 milljarða a.m.k., er meginþátturinn í þessum viðskiptahalla. Það eru ósköp einfaldlega afleiðingar af óvarfærnum og óskynsamlegum framkvæmdum sem fjármagnaðar voru á fyrri tíð með erlendu lánsfjármagni og oft og tíðum framkvæmdir sem lítt eða ekki hafa skilað arði. Af þessum sökum er það hins vegar ekki sanngjörn gagnrýni þegar sagt er: Núv. ríkisstjórn á að gera allt í senn: tryggja bætta afkomu útflutningsgreinanna, verja kaupmátt hinna lægst launuðu og á sama tíma að ná niður á einu ári þessum viðskiptahalla sem efnt hefur verið til á mörgum góðærisárum. Það getur ekki gengið upp. Það krefst lengri tíma. Þessi ríkisstjórn hefur endurreist fjárhag ríkisins. Hún hefur fyrir sitt leyti af hálfu ríkisins lagt fram aðhaldssama lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. Í gegnum fjárlög og lánsfjárlög hefur verið dregið úr fjárfestingaráformum hins opinbera um 15% milli ára á sama tíma og fjárfestingaráform annarra eru í miklum mun hærri tölum, 40% og yfir 60% í einstaka tilvikum. Ríkisvaldið hefur þess vegna að þessu leyti gert sitt í að móta aðhaldssama stefnu, en það tekur langan tíma að vinda ofan af viðskiptahallavandanum vegna þess að hann er að mestum hluta bundinn við vaxtagreiðslur af fyrri lántökum.

Herra forseti. Ég hygg að hér með hafi verið fjallað um stærstu þættina í þeim efnahagsaðgerðum sem hér eru reifaðar. Ég tók eftir því að einn hv. stjórnarandstæðingur komst svo að orði við umræður í Sþ. þegar þessar ráðstafanir voru kynntar að núv. ríkisstjórn væri mikil ráðstafanaríkisstjórn. Það er rétt. Hún hefur gripið til margháttaðra ráðstafana og því verki er ekki lokið. M.ö.o.: hún hefur ekki verið aðgerðarlaus. Hún hefur gert skyldu sína að því er það varðar að snúa miklum halla í ríkisbúskapnum, sem allt stefndi í að gæti orðið varanlegur og jafnvel illviðráðanlegur ef hann hefði haldið áfram, í jöfnuð. Það er grundvallaratriði í þessum aðgerðum að það er hvergi hvikað frá því meginmarkmiði að halda áfram að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum.

Þessi ríkisstjórn hefur tekið allt tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs til endurskoðunar að ⅘ hlutum og rennt þannig traustum stoðum undir ríkisbúskapinn á næstu árum, eins og þegar hefur komið í ljós með því að ríkisstjórnin hefur haft burði til að leggja sitt af mörkum með því að bæta hag útflutningsgreinanna án þess að gengisfellingin stofnaði í tvísýnu eða í hættu því meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að ná

niður verðbólgu.

Það er nú einu sinni svo að það er vandlifað í henni veröld, en það verður að vera eitthvert rökrétt samræmi í gagnrýni á aðgerðir ríkisstjórnar sem ekki er hægt að gagnrýna fyrir aðgerðarleysi. Það er t.d. ekki hægt að segja í sama orðinu: Gengislækkun er of mikil. Það er ekki hægt að segja t.d.: Þetta táknar hrun fastgengisstefnunnar, því það er ekki rétt. Það er ekki hægt að gagnrýna ríkisstjórnina með því að segja: Gengislækkun er of lítil, eða að kvarta yfir því að afkoma útflutningsgreinanna hafi ekki verið bætt nógsamlega eða kvarta yfir því að það hafi dregið úr framkvæmdum og fjárfestingum af hálfu hins opinbera en samt að harma skuldasöfnun og viðskiptahalla.

Hér er gripið til ráðstafana þar sem reynt er að halda gengisfellingunni í algeru lágmarki án þess að stofna í hættu meginmarkmiðinu um hjöðnun verðbólgu. Það var gert sem nauðsynlegt var að gera til að bæta hag útflutningsgreinanna, en það sem skiptir sköpum um hvort sá bati verður varanlegur er spurningin um hjöðnun verðbólgu. Það er hér með dregið úr útgjöldum ríkissjóðs og dregið úr lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs til að skapa fordæmi fyrir aðra aðila í þjóðfélaginu til að gera slíkt hið sama. Það er ekki hægt að gagnrýna það á sama tíma og menn gagnrýna að þensluástandið sé of mikið og fjárfestingaráformin of óábyrg. Hér hefur verið þræddur hinn gullni meðalvegur. Menn hafa reynt að gera það sem gera þurfti til að bæta hag útflutningsgreinanna, verja kaupmátt lægstu launa falli án þess að stofna þýðingarmestu markmiðunum í hættu. Og það er kjarni málsins.

Þessarar ríkisstjórnar bíða mörg önnur stór mál að leysa, umbótaverkefni, en það hefði verið mjög gáleysislegt ef menn hefðu á þessari stundu látið undan ýtrustu kröfum um að efna hér til gengisfellingarkollsteypu og nýrrar óðaverðbólgukollsteypu sem af hefði hlotist. Það hefði ekki verið skynsamleg leið.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Hinn gullni meðalvegur, sagði hæstv. fjmrh. í lok máls síns, hinn gullni meðalvegur hefur verið þræddur af hæstv. ríkisstjórn. Hann kom eðlilega víða við í þessu mikla máli og dvaldi verulegan hluta, fyrri hluta ræðu sinnar við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég mun væntanlega koma að því atriði síðar í ræðu minni, en ég get þó ekki látið hjá líða að minna ráðherrann á, þegar hann talar um að hinn gullni meðalvegur hafi verið þræddur, að í fjárlagafrv. og fjárlögunum eins og þau voru raunar samþykkt var gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi í senn hlut 1485 millj. kr. ef ég man rétt. Nú munu það verða um 1142 millj. En það var engu líkara en hæstv. fjmrh. hefði gleymt því að það eru lög í þessu landi sem gera ráð fyrir að sveitarfélögunum beri hartnær 1700 millj. kr. á þessum vettvangi. Hinn gullni meðalvegur er þræddur á þann veg að 1700 millj. kr. verða að 1142 og þá kemur það ekkert málinu við hvort verkaskiptingaráfanginn náðist í gegn eða ekki. Hinn gullni meðalvegur kemur á þennan veg fram í þessu máli.

Frv. það til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum sem hér er til 1. umr. eftir afgreiðslu hv. Ed. á þskj. 649 er fjórði meginþáttur almennra efnahagsráðstafana hæstv. ríkisstjórnar á 7–8 mánaða starfsferli hennar. Það má þó ekki gleyma því að tvær meginuppistöður hæstv. ríkisstjórnar höfðu farið með stjórn landsins óslitið allt seinasta kjörtímabil og gengu til kosninga vorið 1987, annars vegar undir kjörorðinu „Á réttri leið“ og hins vegar undir kjörorðinu „Eins og klettur í hafi“. Eftir að þriðji samstarfsaðilinn, sem átti sér málsvara í þessum ræðustól fyrir fáeinum mínútum, bættist við í hæstv. ríkisstjórn og tók mestan part við allri efnahagsstjórn landsins, að vísu með misdyggum stuðningi samstarfsaðilanna, sýnist mér að þrátt fyrir þrjár umsvifamiklar tilraunir til markvissrar efnahagsstjórnar og nú þá fjórðu sé árangurinn í samræmi við kjörorðin tvö sameinuð í eitt: Á réttri leið eins og klettur í hafi. Það hefur hvorki gengið né rekið í því meginmarkmiði að koma efnahagsstjórninni í viðunandi horf.

Við skulum í fyrsta lagi líta á verðbólgustigið. Það er á stöðugri uppleið. Menn segja að gegnumsneitt hafi það verið á sl. ári um 25%. Mér er nær að halda að það sé nær 30% um þessar mundir.

Við skulum líta á viðskiptahallann. Hann þótti hrikalegur þegar hann var um 3 milljarðar. Hann fór stöðugt vaxandi á sl. ári. Það lá ekki á borðum þm. fyrr en fyrir örfáum dögum hver hann var. Hann varð röskir 7 milljarðar kr., viðskiptahallinn, árið 1987. Á réttri leið eins og klettur í hafi.

Vinnufriður í landi. Það er ekki hægt að halda því fram að ríkisstjórnin, hvorki fyrrverandi né þessi, hafi ekki fengið vinnufrið til ákvarðanatöku eða að gera sínar ráðstafanir eins og hér hefur margfaldlega fram komið. Það er alls ekki hægt að halda því fram. Það eru margar ástæður sem fyrir þessu liggja, en ríkisstjórnirnar, bæði sú fyrrverandi og þessi, hafa vissulega fengið starfsfrið.

Hin efnahagslegu lögmál létu hins vegar á sér standa sem tekist var á um í hv. Ed. fyrir jólin og raunar um hátíðarnar. Hin efnahagslegu lögmál létu hins vegar á sér standa og m.a.s. hornsteinn efnahagsstefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar, fastgengið, er fyrir bí hvað sem menn segja. Þegar gripið er til gengisfellingar er það breyting á grundvallaratriði efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Og í dag stöndum við frammi fyrir því sem staðreynd að gengisfellingin er 6%.

Í ljósi þessarar staðreyndar skulum við aðeins líta á eitt atriði sem skiptir máli. Í septembermánuði sl. voru langtímalán þessarar þjóðar um 80 milljarðar kr. eða nákvæmlega 79,8 milljarðar og við skulum hafa í huga að fjárlögin seinustu voru um 64–65 milljarðar. Rösklega sú upphæð eru langtímalán þessarar þjóðar, 80 milljarðar.

Hvaða breyting ætli hafi orðið á þessari upphæð í fyrradag þegar gengisfellingin er framkvæmd? 5

milljarðar röskir bætast við vegna gengisfellingarinnar einnar út af fyrir sig. Af þessum 80 milljörðum skulda opinberir aðilar 51,8 milljarða, lánastofnanir 21,6, einkaaðilar einungis 6,3. Og hvernig ætli þessir hlutir séu í hlutfalli við aðrar efnahagsstærðir í okkar þjóðfélagi? Erlend lán voru í árslok 1986 47,1% af vergri landsframleiðslu, 49% af þjóðarframleiðslu, 117% af útflutningstekjunum. Afborgunarhlutfallið var þannig þá að greiðslubyrðin var 18,9% af útflutningstekjunum. Ég býst við að eftir gengisfellinguna, sem núna varð eftir fráhvarfið frá fastgengisstefnunni hvað sem menn segja, sé hlutfallið komið yfir 20%. Þessi er staðan.

Það hefur legið fyrir í langan tíma að undan þessu yrði ekki vikist með hvaða hætti sem menn annars vildu grípa til ráðstafana. Það hefur legið fyrir að útflutningsverslunin, útflutningsatvinnuvegirnir hafa ekki getað starfað með eðlilegum hætti vegna þess hvernig gengisþróunin hefur orðið.

Við skulum líta á eitt atriði. Þegar mál þetta kemur til umfjöllunar í hv. Ed. í gær eða fyrradag koma fulltrúar Seðlabankans, Tómas Árnason og sjálfsagt fleiri menn, til fjh.- og viðskn. þeirrar hv. deildar. Þá kemur fram í svari Tómasar Árnasonar, með leyfi hæstv. forseta, að raunvextir lækki ekki þessa dagana þrátt fyrir breytingar á nafnvöxtum, enda ná þær breytingar einungis til óverðtryggðra lána. En það kom einnig fram í máli seðlabankamanna að raungengi íslensku krónunnar hafði hækkað milli áranna 1987 og 1988 um 8% sem er til marks um þessa þröngu stöðu útflutningsgreinanna. Það var því öllum ljóst að undan þessari aðgerð varð ekki vikist. Það skiptir engu máli hvort menn eru hér stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar. Það er hins vegar meginspurningin hvernig að henni var staðið.

Ég hef oft minnst á það í umræðum af þessu tagi, þó það hafi oftast verið utan þings fram að þessu, að ég man eftir einum aðstæðum í þessu þjóðfélagi þegar veruleg áföll urðu og útflutningsafurðir landsmanna lækkuðu í verðlagi í sviphendingu um 45%. Auðvitað er ekki hægt að komast fram hjá því að gengisþróun dollarans hefur verið að mörgu leyti áfall fyrir þetta þjóðfélag, en það áfall hefur ekki verið neitt viðlíka og varð þegar 45% verðfallið varð. Engu að síður tókst þá með friði að vinna sig út úr aðstæðunum. Hefur það tekist núna eða réttara sagt: vinnur hæstv. ríkisstjórn þannig að málum í dag að það séu líkindi til þess að takist að vinna sig út úr örðugleikum á eðlilegan hátt? Það er mér til efs. Ég mun koma að því máli nokkru síðar í máli mínu.

Þær aðgerðir sem hér er um að ræða í dag eru margþættar. Í fyrsta lagi er gripið til þess að fella gengið, en í annan stað er um að ræða ýmsar aðrar aðgerðir til að bæta hag útflutningsgreinanna. Uppsafnaður söluskattur verður að fullu endurgreiddur fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerð. Þetta er atriði sem lögð var áhersla á í umræðum á hv. Alþingi fyrir jól og lá fyrir að voru aðgerðir sem bráðnauðsynlegt var að vinna að. Það mátti ekki á það hlusta þá. Það var engu líkara en það þyrfti að vinna upp þá spennu sem síðan hefur orðið og láta ákveðin fyrirtæki verða rekin á halla ákveðinn tíma. Þannig hefur það verið í raun. Þessi endurgreiðsla er talin þurfa að verða um 587 millj. kr.

Fyrir töluverða baráttu stjórnarliða í lok sl. árs var knúin í gegnum þingið löggjöf um launaskatt. Nú er hún tekin aftur. Launaskattur í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar er felldur niður en þó ekki að öllu leyti á þessu ári, einungis frá 1. júlí 1988. Þessi aðgerð er gert ráð fyrir að svari um 200 millj. kr.

Skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og greiðslum vegna lána ríkissjóðs, sem afgreidd voru frá Fiskveiðasjóði 1984, verði breytt í lán til lengri tíma. Auðvitað er þetta aðgerð af hinu góða. Áfram verði síðan unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi viðskiptabanka, Byggðastofnunar og annarra lánastofnana. Þannig eru ýmsar af þessum aðgerðum auðvitað út af fyrir sig jákvæðar.

Síðan er í þessu dæmi líka talað um olíuverðslækkun sem var staðreynd út af fyrir sig án alls tillits til þeirra aðstæðna sem hér er um að ræða.

Bætt starfsskilyrði launafólks eru einn af þeim liðum sem hér er um að ræða. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og mun ríkissjóður leggja fram fé á árinu 1988 í því skyni. Það munu vera um 35 millj. kr. Þetta er náttúrlega minni háttar aðgerð, en er ein af þeim sem eiga sjálfsagt að vera mildandi í þessu efni.

Síðan eru aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Þar er fyrst um að ræða ríkisútgjöld sem verði lækkuð og það er óneitanlega athygli vert. A.m.k. tveir hæstv. ráðherrar hafa látið bóka mótmæli í hæstv. ríkisstjórn af þeim ástæðum. Í fréttum hefur komið fram að hæstv. félmrh. hefur látið bóka mótmæli varðandi þá málaflokka sem undir hana heyra. Nákvæmlega sama fréttist í gær, að hæstv. samgrh. hefði látið bóka mótmæli vegna þess niðurskurðar sem tekur til hans málaflokks. Þetta eru sams konar vinnubrögð og gerðust við fjárlagaundirbúning þegar hæstv. landbrh. snerist gegn stefnu ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Hann hafði að mörgu leyti sitt fram og samgladdist ég honum í rauninni yfir því. En það virðist vera orðið afskaplega algengt í vinnubrögðum þessarar ríkisstjórnar að út af fyrir sig er hæstv. ríkisstjórn ekki fjölskipað stjórnvald en hún virðist ekki vera samstillt stjórnvald a.m.k.

Í sambandi við þessar aðgerðir er lagt til að nafnvextir innlánsstofnana lækki almennt 1. mars um 1–4% eða að meðaltali um 2%. Þarna er farið inn á braut, sem þó hefur verið allt að því bannorð að því er mér hefur virst hjá hæstv. ríkisstjórn, að fara á undan með ákvarðanir um vexti, heldur láta efnahagslögmálin ganga fram að eigin vild. Seðlabankinn hefur ákveðið að lækka eigin vexti í viðskiptum við innlánsstofnanir um 2%. Fjmrn. hefur ákveðið

frekari lækkun forvaxta á ríkisvíxlum um 1%. Eðlilegra hefði verið að þarna hefði verið fylgst að þannig að um hefði verið að ræða sama prósentuhlutfall í báðum tilfellum.

Síðan segir í seinasta hluta kaflans um vexti og fjármagnsmarkað að lagt verði fram frv. um starfsemi fjármálastofnana annarra en innlánsstofnana sem m.a. tryggi hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Þetta mun vera í þriðja eða fjórða sinn sem slíkri löggjöf er lofað. Jafnframt verður lagt fram frv. um skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka. Þetta er sem sagt í stórum dráttum það sem hér er verið að leggja til.

Nú gerist það þegar þetta mál kemur til umræðu fyrst í hv. Nd. að ákaflega sérstætt fyrirbrigði á sér stað. Yfirleitt er það svo að ríkisstjórnir hafa sér til ráðuneytis sérfróða menn til að leggja til hinar ýmsu leiðir. Það er hér eins og endranær. En nú gerist það hins vegar í fyrsta sinn að sérfræðinga ríkisstjórnarinnar greinir á í verulegum atriðum og þessi ágreiningur um þessar ráðstafanir nær alveg inn í sjálfa ríkisstjórnina. Það er um svo veigamikið atriði sem spá um hvernig þessar ráðstafanir muni verka.

Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að viðskiptahallinn, eftir að þessar ráðstafanir hafi verið samþykktar á hinu háa Alþingi, verði um 10–12 milljarðar kr. Hins vegar eru sérfræðingar fjmrn. sem gera ráð fyrir að viðskiptahallinn verði einungis 8 milljarðar kr. Munurinn er verulegur, en við skulum hafa í huga að viðskiptahallinn á sl. ári var um 7 milljarðar kr.

Í forsendum Þjóðhagsstofnunar segir þetta: „Þjóðhagsstofnun hefur í ljósi nýgerðs kjarasamnings Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda og ráðstafana ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum í tengslum við hann gert drög að verðlags- og þjóðhagsspá fyrir árið 1988. Helstu niðurstöður þessara spáa eru sýndar í fskj. sem hér eru með."

Það er í fyrsta lagi verðlagsspá. Hún hljóðar svo:

„Miðað við 6% gengislækkun krónunnar 1. mars eru horfur á því að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 15,5% frá upphafi til loka árs verði kjarasamningur Verkamannasambandsins og vinnuveitenda fordæmi annarra kjarasamninga á næstunni. Í þessu felst m.a. að upphafshækkun launa í öðrum samningum, þ.e. samningum iðnverka-, iðnaðar- og verslunarmanna, verði um 5%. Jafnframt er gert ráð fyrir að launaskrið verði óverulegt á árinu." — Þetta er afskaplega athyglisverð setning: „Jafnframt er gert ráð fyrir að launaskrið verði óverulegt á árinu."

„Samkvæmt þessum forsendum verða verðlagshækkanir nokkuð örar næstu mánuði, en er líða tekur á árið dregur mjög úr verðbólgu. Það er vonin. Síðustu þrjá mánuði ársins gæti árshraði verðbólgunnar verið kominn niður í 6,5%. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli ársmeðaltala 1987 og 1988 gæti þá orðið um 25%. Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá upphafi til loka þessa árs gæti orðið tæplega 12½%, en hækkun lánskjaravísitölu 14½%."

En um þjóðhagsspána segir svo í þessu plaggi: „Standist forsendur verðlagsspárinnar hér að ofan verða ráðstöfunartekjur á mann tæplega 21% meiri á þessu ári en í fyrra. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður hins vegar að meðaltali um 3½% minni í ár en í fyrra. Þetta kemur fram í því að einkaneysluútgjöld í heild dragast saman og gæti samdrátturinn numið um 1½% prósenti. Samdráttur þjóðarútgjalda verður hins vegar minni en þetta, fyrst og fremst vegna aukinna samneysluútgjalda, en einnig vegna aukningar í fjármunamyndun. Í spá um fjármunamyndun á þessu ári hefur verið reynt að taka tillit til áhrifa væntanlegra efnahagsráðstafana og samtals gætu þjóðarútgjöld dregist saman um ½%. Á móti áhrifum minnkandi þjóðarútgjalda á innflutning vegur áframhaldandi hækkun á raungengi krónunnar þannig að vöruinnflutningur gæti aukist nokkuð milli áranna 1987 og 1988 eða um 2½%. Á hinn bóginn er reiknað með óbreyttum þjónustuinnflutningi frá síðasta ári. Horfur um útflutning á þessu ári voru raktar áður í tilkynningu frá Þjóðhagsstofnun. Hugsanlegt er að breytt samsetning sjávarvöruframleiðslu vegi á móti þeim samdrætti í afla sem þar var gert ráð fyrir og gæti því útflutningur sjávarvöru haldist óbreyttur eða jafnvel aukist. Dragist hins vegar sjávarvöruútflutningur saman í sama mæli og afli gæti halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári orðið um 10½ milljarður kr. eða sem svarar til tæplega 4½% af landsframleiðslu."

Þetta er forsendan sem hæstv. forsrh. Þorsteinn Pálsson gekk út frá í ræðu sinni í fyrradag í Sþ. Fjmrh. komst að annarri niðurstöðu í hv. Ed. í gær. Hann gekk út frá forsendum sinna sérfræðinga í fjmrn. og niðurstaða hans var: Viðskiptahalli upp á rösklega 8 milljarða kr. Sérfræðingana greinir því á og sjálfa landsfeðurna líka. Hvernig er þá hægt að búast við því að aðrir í þessu þjóðfélagi geti náð saman um álit á því hver hér verður niðurstaðan?

Samkvæmt því sem von Þjóðhagsstofnunar er er gert ráð fyrir að verðbólgan á 1. ársfjórðungi þessa árs verði 18,4%, fari síðan upp í 27,8% eða tæp 30 á næsta ársfjórðungi. Síðan er vonin að þetta fari lækkandi niður í 10,7 og jafnvel 6,4 á seinasta ársfjórðungi. Færi betur og það væri vissulega afskaplega gott ef sú yrði raunin. En hver eru líkindin? Það er það sem máli skiptir fyrir almenning í þessu landi.

Mig langar aðeins, með leyfi hæstv. forseta, til að leiða fram til vitnis tvo aðila eða svo úr atvinnulífinu um hvernig þeir líta á þær ráðstafanir sem hér hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi.

Við skulum fyrst líta á einn aðila úr iðnaðinum. Það er Víglundur Þorsteinsson ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, vitna í hans orð. Hann segir:

„Álit mitt á efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar ræðst af því hvernig þjóðin hegðar sér í framhaldinu. Við verðum fyrst og fremst að hætta þessu þenslubrjálæði", segir formaður Félags ísl. iðnrekenda.

Þessar ráðstafanir bæta þó samkeppnisstöðu útflutningsiðnaðar og samkeppnisiðnaðar svo lengi

sem gengisbreytingin endist. Það kemur hins vegar ekki fram í þessum orðum Víglundar Þorsteinssonar hvar þenslubrjálæðið er. Ætli það sé í kjördæmi hv. 6. þm. Norðurl. e. sem hér situr fyrir framan mig? Ég efast um það. Þenslubrjálæðið er auðvitað fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og búið að vera lengi.

Við skulum líta á hvað útgerðaraðili fyrir austan fjall segir um þessar aðgerðir, Páll Jónsson í Þorlákshöfn, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir: „Mér líst illa á þessar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar því mér sýnist sem fiskvinnslan verði áfram rekin með tapi. Ástandið er þegar orðið það slæmt að það er ekki á bætandi.“ Hann segir áfram: „Mér skilst nú að menn hafi verið ginntir til að semja. Því var lofað að ef kjarasamningar yrðu hóflegir yrði séð til þess að viðeigandi rekstrargrundvöllur næðist fyrir fiskvinnsluna.“ Þannig er viðhorf þessa rekstraraðila í sjávarútvegi.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að það væri ekki hægt að mæla gegn þessum ráðstöfunum með því að segja að gengisfellingin hefði orðið of lítil. Engu að síður verða þessir aðilar sem ég hef hér aðeins vitnað til að taka tillit til hinna beinhörðu staðreynda og reyna að reka sín fyrirtæki. Og trúa mín er sú að stjórnmálamenn þurfi einnig að taka tillit til staðreynda.

Ég gerði hér aðeins að umræðuefni fyrr í máli mínu þann þátt ræðu hæstv. fjmrh. sem tók til verkaskiptingaráforma um flutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð. Það kemur fram í nál. fjh.- og viðskn. Ed. að þeir fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga sem komu á fund þar voru eðlilega óánægðir með niðurstöður þess máls eins og hér hefur orðið. Ég skil það vel. Þeir aðilar voru mjög ákveðnir í því að ná fram þeim áformum sem hæstv. ríkisstjórn hafði lagt til í frv. því sem forsrh. mælti hér fyrir 9. des. sl. Ég verð hins vegar að segja það að ég er ánægður fyrir minn hlut yfir því að verkaskiptingarfrv. náði ekki fram að ganga með þeim hætti sem hér var lagt til. Ástæðan er fyrst og fremst sú að málið var á þann veg undirbúið að það hefði verið sveitarfélögunum að minni hyggju mjög til óhags ef það hefði náð fram að ganga. Það er ekki rétt, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh., að þetta mál hafi verið vel undirbúið. Það er ekki rétt að það hafi verið vel kynnt. Það er rétt sem hann sagði að ákveðnar tillögur frá ákveðinni nefnd höfðu verið sendar öllum sveitarstjórnarmönnum um landið. En það voru bara allt aðrar tillögur en verkaskiptingarfrv. hæstv. ríkisstjórnar gerði ráð fyrir. Það er allt annar handleggur. Þar var lagt á allt annan veg til. Og það kom líka í ljós þegar félmn. þessarar hv. deildar hafði samband við ákveðna sveitarstjórnarmenn og fékk andsvör, að vísu fyrst og fremst úr tveimur kjördæmum, eins og hæstv. fjmrh. sagði réttilega, það var Austurlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi, þ.e. hið forna Skálholtsstifti sem í rauninni tók fyrst við sér. Þá kom það greinilega í ljós að menn höfðu í fyrsta lagi ekki vitneskju um það hvernig frv. hafði verið úr garði gert og í öðru lagi að menn vildu athuga þessa hluti miklu betur.

Þó held ég að ótalið sé aðalatriði þessa máls sem þó hæstv. fjmrh. kom að, kannski óviljandi í máli sínu. Hann minntist á sérdeild Jöfnunarsjóðs. Að minni hyggju er sérdeild Jöfnunarsjóðs í raun fyrsta stigið að þriðja stjórnsýslustiginu. Meinið er hins vegar það að á þann veg sem þarna er lagt til er sérdeildin undir handarjaðri eins ráðuneytisins, en þriðja stjórnsýslustigið er hins vegar eina leiðin til þess að koma vitrænu samhengi í þessi samskiptamál, að minni hyggju, ríkis og sveitarfélaganna. Það er ekki hægt að hugsa sér að flytja ákveðin verkefni til sveitarfélaganna eins og þau eru í stakk búin í dag. Það verður að koma til annar samstarfsgrundvöllur. Og það er aðalatriði þessa máls að málið hefur strandað á þessari staðreynd núna hvort sem landsfeðurnir eða aðrir gera sér grein fyrir þessu atriði eða ekki.

Ég ætla að vona að þegar málið kemur aftur hér til umfjöllunar, e.t.v. síðar á þessu ári og vonandi síðar á þessu ári, þá verði á þann veg staðið að málum að menn reyni að ná saman um meginatriði en ekki að annar aðili, ríkið í þessu tilfelli, taki ákvarðanir og sendi ákvarðanir sínar út. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Nú skulum við aðeins heyra, með leyfi hæstv. forseta, hvernig forsvarsmaður eins stærsta sveitarfélags landsins tekur þeim aðgerðum sem felast í því frv. sem hér er sérstaklega til umræðu, þ.e. borgarstjórinn í Reykjavík. Hann segir um þetta atriði núna, með leyfi hæstv. forseta:

Þessi framsetning efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar hvað sveitarfélögin varðar nær ekki nokkurri átt. Að halda því fram að þær 260 millj. sem ríkið ætlar að spara sér sé tengt verkaskiptingunni eru hrein ósannindi. — Það sem um er að ræða er að ríkið ætlaði áður að leiðrétta skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að nokkru, þ.e. úr rösklega 900 og upp í 1485 millj., og skila að hluta því fé sem ríkið hefur haft af sveitarfélögunum. Nú gerir ríkið það ekki. Það sem felst í þessari ákvörðun er að ríkið sker framkvæmdir sveitarfélaganna niður um 260 millj., en eigin framkvæmdir aðeins um 300 millj. Í framhaldi af þessu er síðan talað um að ræða við sveitarfélögin um sérstakan niðurskurð. Út af fyrir sig get ég alveg fallist á það að það sé ekkert óeðlilegt þó að sveitarfélögin sem slík taki þátt í þeim vanda sem hér er um að ræða ásamt ríkinu. En ég get hins vegar endurtekið það sem ég sagði áðan, það er út frá þeim forsendum fyrst og fremst að ég er afskaplega ánægður yfir því að það náði ekki fram að ganga sú ranga stefna í þessum verkaskiptingaráformum sem hér voru uppi höfð.

Hæstv. forseti. Ég hef í rauninni orðið hér nokkuð orðfleiri í þessari umfjöllun minni en ég ætlaði en ég er innan tíðar kominn að lokum míns máls og vil þó reyna að leggja þyngsta áherslu á það sem ég kem að nú síðast.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það

hefur verið vaxandi spenna í þjóðfélaginu um þessar efnahagsaðgerðir og margt í sambandi við þær. Ég verð að segja það að ég tel að við þær aðstæður sem hér eru nú beri ríkisstjórn að leita allra leiða til að gegna því meginhlutverki sínu að veita forustu. Það hefur að vísu líka komið vel fram að ríkisstjórnin er því miður í ákaflega mörgum tilfellum sjálfri sér sundurþykk. Ég held að það sé leitun á slíkum vitnisburði eins og varð hér, ég held í fyrradag frekar en í gær, að einn hv. ráðherra ríkisstjórnarinnar segir það blákalt í þessum ræðustól um eitt þýðingarmesta málið sem verið er að fjalla um þessa dagana, sem gengur hér fyrir stól í þessum töluðum orðum, að það verði að viðurkenna það að sanngirni í málflutningi á hendur þessum hv. ráðherra sé meiri úr röðum stjórnarandstöðunnar en stjórnarliðanna. Og þetta er ekkert einsdæmi. Þetta er víða í stjórnarliðinu að sundurþykkjan er með ólíkindum. Og hún er ekki fagnaðarefni, alls ekki fagnaðarefni vegna þess að það er þjóðin sem slík sem verður fyrir barðinu á slíkri stöðu.

Þess vegna er það að í jafnviðkvæmu máli og við fjöllum um hér núna, sjálf efnahagsmálin, kjaramálin, þá skiptir það ekkert litlu máli að ríkisstjórninni auðnist að veita forustu. En því miður er því ekki að heilsa. Og ég verð að segja það að mér hnykkti við þegar ég heyrði ræðu hæstv. forsrh. þegar hann kynnti þessar aðgerðir. Mér hnykkti við vegna þess að ég trúði vart mínum eigin eyrum þegar hann lét að því liggja að samningarnir, sem var verið að vinna að og eru enn þá í burðarlið, samningsprósentan sem var verið að vinna að þyrfti endilega að fara upp allan launastigann. Það var verið að vinna að launasamningi með sérstakri áherslu fyrir þá lægst launuðu. En þegar þetta viðhorf kemur m.a.s. fram hjá hæstv. forsrh., sem eðli málsins samkvæmt vill auðvitað vinna að sátt og samlyndi í þessu sambandi í þjóðfélaginu og leggja grunn að samkomulagi, þegar m.a.s. hjá honum er lögð áhersla á það að launaprósentan, sem hafði náðst samkomulag um fyrir þá lægst launuðu, þyrfti endilega að ganga upp úr. Ég var ekki viss um að ég hefði heyrt þetta rétt og þess vegna aflaði ég mér þessa hluta ræðu hæstv. forsrh. fáum mínútum áður en ég fór í ræðustólinn. Hann segir, með leyfi forseta, í þessum hluta ræðu sinnar:

„Ljóst er að einn meginvandinn sem við höfum átt við að etja er vaxandi viðskiptahalli. Við þær aðstæður sem við búum við er um margt erfitt að ráðast til atlögu við þennan vanda. Ekki síst vegna þess að óhjákvæmilegt hefur verið að bæta launakjör þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu og reikna má með að launahækkanir fari upp launastigann að verulegu leyti í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í kjarasamningum."

Það er þetta viðhorf sem er það versta sem við eigum við að glíma í dag. Það er þetta viðhorf að þegar lögð er fram hér á Alþingi eina raunhæfa leiðin, eins og hv. 16. þm. Reykv. gerði hér í morgun ásamt nokkrum öðrum félögum okkar úr Borgarafl., þegar ekki einn einasti ráðherra hæstv. ríkisstjórnar sá ástæðu til að vera í þingsal, örfáar hræður voru við umræðuna, þar sem lögð var til eina raunhæfa leiðin um bætur fyrir þá sem lægst eru settir með aðstoð ríkisvaldsins um hækkun persónuafsláttar í sambandi við skattlagninguna, sem er eina raunhæfa leiðin, þá er þetta viðhorf hins vegar vakandi sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Ef það viðhorf nær fram að ganga þá þarf enginn að búast við því að hér verði 10% verðbólga á miðju sumri og 6% verðbólga í haust. (**Gripið fram í:** Og núll um áramótin.) Þá er það borin von. En ef menn hins vegar hefðu borið gæfu til að hlusta á ræðu hv. 16. þm. Reykv., Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, hlusta á þá ráðgjöf sem þar kemur fram, mælt fram af fullum heilindum, mælt fram sem árangur af áratuga langri heilagri baráttu fyrir rétti hins lægsta í þjóðfélaginu til eðlilegs lífs, þá væri von til þess að hægt væri að ná hér niður verðbólgu. En, því miður, það er forsjá hæstv. forsrh. í dag sem við lútum.

Ég vona að gæfa Alþingis verði á annan veg, með allri virðingu, hæstv. fjmrh.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þeir eru nú ekki mjög margir staddir hér á fundi, hæstv. ráðherrarnir, til að fylgja þessu hjartans máli sínu eftir í gegnum þingið. Það væri reyndar fróðlegt að fá það upplýst hversu margir hæstv. ráðherrar eru í landinu. Hvað er eftir af ríkisstjórninni í landinu? Ég hef t.d. áhuga á því að ræða sérstaklega við hæstv. samgrh., sem ég sé nú ekki hér í salnum, og hæstv. félmrh., sem er hins vegar hér staddur, fyrir utan auðvitað sjálfan talsmanninn, hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því að samgrh. er ekki hér í þinginu staddur og hefur tekið inn varamann.) Er hæstv. samgrh. í landinu og gegnir hann störfum sem samgrh. eða er annar sem gegnir fyrir hann? (**Forseti:** Mér er ekki kunnugt um hvort hann er í landinu eða ekki, en að sjálfsögðu get ég komist yfir vitneskju um það og hver mun gegna hans störfum og mun ég kanna það en vænti þess að það komi ekki í veg fyrir áframhaldandi ræðuhald.) Nei, ég er forseta þakklátur fyrir það en mun ekki gera hlé á máli mínu heldur halda hér áfram, og ekki gera neinar tilraunir til að slá met í þeim efnum að standa hér hljóður.

Hæstv. fjmrh. hafði hér uppi þau orð áðan þegar hann fylgdi málinu úr hlaði að í þessum ráðstöfunum hefði verið þræddur hinn gullni meðalvegur. Það væri nú dálítið fróðlegt að fá útlistun hæstv. ráðherrans á því í hvaða samhengi þetta var hugsað. Hvers konar gullinn meðalvegur? Milli hverra sjónarmiða? Er það milli frjálshyggju og stýringar eða er það milli hægri- og vinstriáherslna? Eða á milli hvers liggur þessi gullni vegur? Á milli hvaða sjónarmiða? (**Dómsmrh.:** Á milli skers og báru.) Á milli skers og báru? Já. Hæstv. dómsmrh. skýtur hér inn orði. Það sé sem sagt siglt á milli skers og báru? Þessi gullni meðalvegur þræði sig þarna á tæpu vaði? (**SV:** En er ekki ísjaki fram undan?) Það er náttúrlega ís fyrir

norðan land, hv. frammíkallandi.

En það var þannig að það skaut því að mér orðhagur stjórnarsinni í hliðarsal meðan hæstv. fjmrh. var að ræða um gullna meðalveginn að meðaltölin væru nú ekki alltaf best og farsælust í þessum efnum. T.d. væri það þannig í sinni sveit að þar hefðu oft staðið deilur um það hvoru megin ár ætti að leggja vegi fram dali. Og hvar lenda menn nú, hæstv. fjmrh. ef menn taka í því efni hinn gullna meðalveg? (**Fjmrh.:** Byggja brú yfir ána.) Þá lenda menn ofan í ánni og sullast fram alla ána með veginn. Það er auðvitað ekki mjög gæfulegt. Og mér liggur við að ætla að hæstv. ríkisstjórn sé í svipuðum ógöngum með þessa meðalvegi sína, þ.e. það er hálfvelgjan, það er, með þínu leyfi forseti, fjandans hálfvelgjan sem einkennir allt sem ríkisstjórnin gerir. Og hún er svona meðalvegur þegar menn þora í hvorugan fótinn að stíga, eru hálfvolgir, þá er auðvitað hægt að kalla það gullinn meðalveg. Það er ágætis skrautyrði en staðreyndin er náttúrlega sú að þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar eru kák, fálm út í loftið. Ríkisstjórnin þorir í hvorugan fótinn að stíga. Hún þorir hvorki að keyra frjálshyggjuna til enda né heldur að hverfa frá henni þannig að þetta er það sem var einu sinni notað um aðra hugsun og talað um, með þínu leyfi aftur, forseti, neyðist ég til að blóta, sósíalisma andskotans. Hér er í raun og veru á ferðinni frjálshyggja andskotans, aftur með þínu leyfi, forseti, þar sem menn þora í raun og veru hvorki að keyra þá þessa línu og láta á það reyna hvort þessi guðdómlegu lögmál markaðarins, og hvað það nú heitir allt saman, leiði að lokum til jafnvægis, komi hér á hóflegum vöxtum, setji á hausinn þau fyrirtæki sem þarf að losna við, en efli önnur o.s.frv. Við höfum heyrt þetta allt saman. En ríkisstjórnin er hálfvolg, druslast þarna einhvers staðar á milli. Sumir innan ríkisstjórnarinnar vilja vaxtafrelsi áfram, keyra bara á það, en aðrir ekki. Og þetta kemur hæstv. fjmrh. hér með og kallar hinn gullna meðalveg. Ja, öllu má nú nafn gefa.

Það var reyndar fleira kúnstugt sem kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og væri ástæða til að fara hér nokkrum orðum um. Hann fylgdi þessu fyrst úr hlaði með þeim orðum að þetta frv. væri sérstaklega flutt til þess og þessar ráðstafanir gerðar til að bæta starfsaðstöðu og starfsskilyrði fyrirtækja og starfsfólks — og starfsfólks. Ég ætla að inna hæstv. fjmrh. eftir því: Hvað er það í þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar sem er sérstaklega gert með starfsfólkið í huga, sem sagt hinn vinnandi mann í þessu landi? Hvað er það hér í þessu plaggi sem á sérstaklega að bæta aðstöðu, lífskjör og skilyrði vinnandi fólks á Íslandi? (**Gripið fram í:** Bætt greiðslugeta.) Já, já. Hún kom alla vega ekki fram í þessum kjarasamningum. Mér datt í hug að það væri kannski hækkun á lyfjum og lækkun á framlagi til K-byggingarinnar og lækkun til byggingarsjóðanna sem væri þetta bjargræði fyrir vinnandi fólk.

Síðan kom hæstv. ráðherra með það að annað meginmarkmið og megintilgangur þessara ráðstafana, númer hvað sem þær eru hjá hæstv. ríkisstjórn, væri að hamla gegn skuldasöfnun og viðskiptahalla. Öllu má nú nafn gefa, segi ég aftur. Ef ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar skila þeim mikla árangri hvað varðar viðskiptahallann, að hann verði 10,5 milljarðar kr. á árinu 1988 ofan í 7 milljarða viðskiptahalla á síðasta ári, þá er það nú harla sérkennileg nafngift að segja að þetta frv. sé mikið bjargræði í þeim efnum.

Síðan auðvitað dásamaði hæstv. ráðherra kjarasamningana, sem mér liggur nú við að kalla kratasamninga og verða kannski í sögunni skírðir það þegar frá líður vegna þeirrar miklu alúðar sem ýmsir alþýðuflokksmenn hafa lagt við að koma þeim á, á Vestfjörðum og víðar, því auðvitað stendur þetta allt og fellur með því að menn virði þessa samninga, standi við þá og fylgi þeim eftir. M.ö.o.: Fólk verður að halda áfram að þræla á því smánarkaupi sem þeir samningar gera ráð fyrir og það má ekki verða launaskrið eða kauphækkanir með neinum öðrum hætti, þá fer þetta allt úr böndunum. Niðurstaðan er sem sagt sú: Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er þannig að það er ekki hægt að borga lífvænleg laun í landinu, þá hrynur hún. Rekstrarskilyrði fyrirtækjanna, sérstaklega í framleiðslugreinunum, eru þannig að þau geta ekki borgað laun, mannsæmandi laun, þá fara þau á hausinn. Þetta segir, held ég, meira en mörg orð um þessa snilldar efnahagsstefnu, þennan gullna meðalveg hæstv. fjmrh.

Þá sagði hæstv. ráðherra annað, sem ég ætla að mótmæla, herra forseti, því að það er þvílíkur þvættingur að það nær ekki nokkurri átt að því sé ómótmælt í þingtíðindunum eða hér á þingi. Hann sagði að í þjóðfélaginu hefðu á sl. hausti orðið mjög snögg umskipti til hins verra í efnahagsmálum Íslendinga. Þetta er bull og hæstv. ráðherra veit það sjálfur. Það kom strax fram þegar hann ætlaði að fara að rökstyðja það í hverju þessi snöggu umskipti hefðu falist.

Hann sagði í fyrsta lagi: Fall dollars. Jú, auðvitað hefur orðið nokkurt fall á dollar, en það er þó ekki meira en það að lengst af hefur það fall verið borið uppi af hækkandi verði á íslenskum framleiðsluvörum, alveg fram á síðustu mánuði þannig að fall dollars í þessu sambandi, sem reyndar er minnkandi að vægi í okkar útflutningskörfu, skiptir engum sköpum í þessu efni. Hæstv. ráðherra gleymir því væntanlega að á móti falli dollarans koma hækkanir ýmissa annarra mynta, svo sem Evrópugjaldmiðla og japansks yens sem eru vaxandi viðskiptasvæði okkar Íslendinga hvað varðar útflutning. Það ætti þá væntanlega að koma okkur til góða á móti, ekki satt? Þannig að þróun alþjóðlegra gjaldmiðla hefur í raun og veru ekki breytt nema sáralitlu fyrir afkomu þjóðarbúskaparins hvað þetta varðar. Það er hins vegar spurningin um gengisskráningu krónunnar gagnvart þessum myntum sem hefur hér áhrif, sérstaklega á útflutningsatvinnuvegina.

Síðan sagði ráðherrann í öðru lagi þegar hann rökstuddi það hvernig þessi snöggu umskipti hefði

borið að, að horfur um minni afla hefðu haft þarna áhrif. Ég spyr hæstv. ráðherra og bið hann að útskýra það fyrir mér: Hvernig geta horfur um minni afla einhvern tíma á næsta ári komið fram í versnandi afkomu fyrirtækja mörgum mánuðum áður en á að fara að veiða þann fisk sem verið er að tala um? Hvernig gátu horfur um minni afla á árinu 1988 leitt til erfiðari rekstrarstöðu fyrirtækjanna upp úr miðju ári 1987? Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að skýra þetta ofurlítið betur.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra: Ótti um versnandi viðskiptakjör. Ég bið aftur um skýringar. Fer allt á hausinn hjá mönnum ef þeir fara að hafa af því áhyggjur að viðskiptakjörin kynnu að versna einhvern tíma í framtíðinni? Hefur það áhrif á niðurstöðutölur í rekstri líðandi stundar eða hvað? Hvað er ráðherrann að tala um?

Síðan talaði hæstv. ráðherra um í fjórða lagi að stærsta ástæðan væri auðvitað misgengi í verðlagsþróun, kostnaðarhækkanir innan lands sem ekki hefði verið mætt, hvorki með hækkandi afurðaverði né þá lægra gengi krónunnar. Þetta er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra.

Það sem fór úrskeiðis og hefur farið úrskeiðis núna í eitt og hálft ár er auðvitað það að ríkisstjórnirnar, sú fyrri sem sat og þessi sem nú situr, misstu algjörlega tök á stjórn efnahagsmálanna. Verðbólgan óð upp innan lands, en á sama tíma var genginu haldið föstu og afurðaverð var hætt að hækka og þá vita allir hvað er að ske — nema ríkisstjórnirnar. Þær áttuðu sig ekki á þessu. Eða hafi þær gert það, þá sögðu þær a.m.k. engum frá því. Þetta er búið að blasa við mjög lengi að það gæti ekki gengið endalaust að kostnaðarhækkanir innan lands væru á bilinu 20–40% á sama tíma og gengið væri fast og engar afurðaverðshækkanir kæmu þarna á móti. Þannig að það þarf í rauninni ekki langar ræður um það.

Ástæðan er sú að ríkisstjórnin gafst upp við að stjórna efnahagsmálunum, seldi sig á vald einhverjum frjálshyggjuhugmyndum um það að þetta ætti allt að vera óskaplega frjálst og þá mundi þetta allt saman lagast af sjálfu sér einhvern tíma í framtíðinni og komast á jafnvægi. Vaxtakostnaðurinn rauk upp úr öllu valdi og hvers kyns verðhækkanir voru óheftar. Þjónustuaðilar framleiðsluatvinnuveganna gátu verðlagt sig eins og þeim sýndist. Bankarnir hækkuðu vexti og hækkuðu sín þjónustugjöld. Opinberar stofnanir hækkuðu sín þjónustugjöld. Rafmagnið var hækkað um 60% á milli ára. Allir fengu það sem þeir vildu nema tveir aðilar, framleiðsluatvinnuvegirnir og fólkið. Aðrir skömmtuðu sér í raun og veru bara eftir sínum lystisemdum. Þannig er kerfi frjálshyggjunnar. (Gripið fram í.) Hefur hæstv. ráðherra ekki farið í bíltúr hérna á höfuðborgarsvæðinu undanfarna mánuði? Hvar býr hæstv. viðskrh.? (**Dómsmrh.:** Er það ekki fólk?) Kringlan er ekki fólk. Flugstöðin er ekki fólk. Seðlabankinn er ekki fólk. Ráðhúsið hans Davíðs verður ekki fólk. Það er steinsteypa, gler, bárujárn, marmari, teppi, húsgögn, mestallt innflutt. (**Dómsmrh.:** Gert af manna höndum.) Ég held að hæstv. viðskrh. ætti að fara varlega út í það að tala um fólkið í þessu sambandi. Ég held að ef eitthvað er sem þessari ríkisstjórn hefur mistekist hrapallegar en annað sé það auðvitað það að skila réttmætum hluta góðærisins til fólksins í landinu. Það hefur alls ekki gerst. Hvers vegna í ósköpunum er kaupmáttur kauptaxta mun lægri nú í mesta góðæri sögunnar en hann var hér á árum áður? Það er vegna stjórnarstefnunnar. Það er vegna þess að stjórnarstefnan er einkum og sér í lagi fjandsamleg tveimur aðilum, framleiðslustarfseminni í landinu og launafólkinu.

Hæstv. fjmrh. sagði svo að það væri auðvitað harður dómur um efnahagsstjórnunina að strax skyldi þurfa að grípa til efnahagsráðstafana þegar hagvaxtartímanum lyki. (**Gripið fram í:** Gengisfellingar.) Eða gengisfellingar, já. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, þ.e. fyrri hluti setningarinnar. Það er mjög harður dómur um efnahagsstjórnun tveggja síðustu ríkisstjórna, þær sífelldu plástursaðgerðir sem nú er verið að grípa til, skottulækningar eða hrossalækningar eða hvað sem á að kalla það. Þær eru hins vegar ekki vegna þess að góðærinu sé lokið, hæstv. fjmrh. Við búum enn við góðæri. Staðreyndin er nefnilega sú að það er ekki rétt að segja að einhverju góðæristímabili í íslensku hagsögunni sé lokið. Það má segja að byrinn hafi minnkað, hæstv. fjmrh., ég mundi orða það svo. Sá blásandi byr sem við höfum búið við í þjóðarbúskapnum hvað ytri aðstæður og öll skilyrði varðar undanfarin ár er auðvitað minni nú en hann hefur verið sl. þrjú, fjögur ár. En það er ekki einu sinni komið logn, hvað þá mótbyr. Staðreyndin er sú að við erum uppi á toppnum, framleiðslan, útflutningsverðmætið. Þetta er allt í toppi. Það hefur ekkert lækkað. Það er að vísu hætt að hækka jafnmikið og það hefur gert undanfarin ár. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra skilur og hlýtur í raun og veru að vita því hann er ekki ótalnaglöggur maður. Það er því auðvitað bull, hæstv. fjmrh., og það gengur ekki upp þegar staðreyndirnar eru skoðaðar að rökstyðja nauðsyn þessara ráðstafana með því að hér sé gengin í garð einhver kreppa. Aflaverðmæti og afli verður á þessu ári næstum því jafnmikill og undanfarin tvö ár sem hafa verið metár. Viðskiptakjör þjóðarinnar eru góð. Þau hafa verið batnandi undanfarin ár og eru ekki að versna sem neinum marktækum mun nemur. Olíuverðið er t.d. að lækka. Ég veit ekki betur en að einhvers staðar í fskj. með þessu frv. sé gert ráð fyrir því einmitt sem lið í þessum ráðstöfunum að olíuverðið lækki um næstu mánaðamót. Er hæstv. ráðherra þá ekki kominn í mótsögn við sjálfan sig þegar hann er að reyna að rökstyðja nauðsyn þessara ráðstafana með einhverju krepputali? Það er auðvitað stjórnarstefnan, óstjórnin og aumingjaskapurinn í stjórnun efnahagsmálanna, sundurlyndi ríkisstjórnarinnar sem m.a. kemur fram í þessu, sem er undirrót þess að hér þarf aftur og aftur að koma með inn í þingið plástursaðgerðir af því tagi sem hér

er verið að grípa til.

Það væri ástæða til, herra forseti, að fara nokkrum orðum um sambúðina í ríkisstjórninni og ástandið á bænum, ef svo má að orði komast, en ég ætla að skjóta því inn í um leið og ég renni yfir einstaka liði frv. til þess að gera nú þessa tölu ekki allt of langa.

Hæstv. ráðherra vék að því í framsögu sinni og það er reyndar vitað og liggur fyrir að þetta frv. er í beinu framhaldi af þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru fyrir nokkrum dögum og hæstv. ráðherra prísaði og lofaði og taldi að yrði farið eftir þeim og þeir yrðu að fordæmi annars staðar þannig að aðrir semdu um svipaðar kauptölur yrði þetta allt í tiltölulega góðu lagi. Þar með gaf í raun og veru formaður Alþfl. á Íslandi, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. núv. fjmrh., mjög merka yfirlýsingu fyrir hönd Alþfl. Hann lýsti ánægju sinni með þessar kauptölur í raun og veru. Það kom ekkert annað fram í máli ráðherrans en að þetta væru hinar æskilegu stærðir við skiptingu þjóðarteknanna á Íslandi að byrjunarlaun verkafólks væru 31 500 kr. á mánuði fyrir 177,33 vinnustundir í mánuði, sbr. kjarasamninga Verkamannasambands Íslands.

Mér fannst þetta merkileg upplifun að heyra jafnaðarmannaforingja fjalla með þessum hætti um þessar nöktu staðreyndir vinnumarkaðarins og kjaranna á Íslandi á árinu 1988. Staðreyndin er auðvitað sú að þetta eru óviðunandi lágar tölur. Þær samræmast ekki ríkidæmi og siðferðisstigi þessarar þjóðar að fullvinnandi fríska fólk skuli ekki bera úr býtum fyrir heils mánaðar störf meira en 31 500 kr. Þessi niðurstaða er einfaldlega ekki ásættanleg fyrir þjóðina, enda er verið að mótmæla henni og brjóta hana á bak aftur í fjölmörgum verkalýðsfélögum þessa dagana sem eru að fella þessa kjarasamninga, þessa kratasamninga. Þetta er einhver sú rislægsta jafnaðarmennska, ef það orð er notað sem mér er heldur illa við í þessu samhengi, sem ég hef nokkurn tíma séð framan í.

Ég held, herra forseti, að ef maður ber t.d. kjör launafólks eftir þessa samninga saman við það sem var eftir samningana í desember 1986 sé ekki nokkur vafi á því að sá hluti launafólksins sem lökust hefur kjörin er miklu verr settur og fyrst og fremst af tvennum ástæðum: Kaupið er lægra. Ef samningarnir í desember 1986 eru teknir og framreiknaðir með framfærsluvísitölu, sem þá var 180,85 stig, til framfærsluvístölunnar í febrúar 1988, sem mun vera 235,35 stig, gera það tæplega 34 500 kr. Það er talsverður munur strax á 31 500 kr. og 34 500 kr. og munar um minna fyrir fólk sem er með svo lág laun. En svo kemur annað til. Síðan þeir samningar voru gerðir í desember 1986 hafa setið tvær vondar ríkisstjórnir og sú sem nú situr gripið til ráðstafana sem eru *tvímælalaust, óumdeilanlega óhagstæðar* þessum hópi þjóðfélagsþegnanna, lægst launaða fólkinu. Matarskatturinn, svo hann sé einn sér nefndur, er auðvitað sérstakur láglaunamannaskattur og það má vel rökstyðja að þær ráðstafanir sem nú er verið að grípa til til að halda atvinnulífinu gangandi í landinu, sérstaklega framleiðsluatvinnuvegunum, séu fjármagnaðar með matarskatti launafólks. Þær útgreiðslur úr ríkissjóði, sem nú á að grípa til, eru auðvitað af sameiginlegu skattfé landsmanna og má því stilla dæminu þannig upp.

Ef ég vík svo, herra forseti, að frv. sjálfu er í 1. gr. fjallað um ríkisútgjöldin og þar eru efst á blaði, ef maður fer í athugasemdir við 1. gr. frv., liðir til hækkunar sem eru endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi, starfsmenntun verkafólks og útgjöld vegna frestunar á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga. Ég vil segja strax um fyrsta liðinn, endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi, að ég tel í raun og veru að það sé sjálfsagt og er því sammála. Ég held að það sé alveg ljóst að við þessar aðstæður hafi hugmynd ríkisstjórnarinnar frá því fyrr á ferlinum um að frysta þennan söluskatt verið fjarstæða. Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli vera búin að ná áttum í þessum efnum og hefði fyrr mátt vera.

Vík ég svo að þeim liðum sem á að skera niður og lækka. Þar eru það framlög til vegamála upp á 125 millj. kr. Þá var það nú, herra forseti, að ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. samgrh., ef hann hefði komið í leitirnar, ofurlítið út í þennan lið. (**Forseti:** Hæstv. samgrh. hefur ekki komið í leitirnar.) (**PP:** Hann er staddur í Noregi í dag.) Já, það verður sennilega að fara í eftirleitir til að finna hæstv. samgrh. Það er þá enn einn ráðherrann, herra forseti, sem er stokkinn úr landi og er von að þeim fækki sem haldast í landinu undir þessari ríkisstjórn.

Ég hafði hugsað mér t.d. að spyrja hæstv. samgrh., af því að hann á sæti í þessari deild og greiðir hér atkvæði þegar greidd eru atkvæði í deildum, hvort hann ætlaði að greiða atkvæði með þessum niðurskurði til vegamála. Ég hafði einfaldlega ætlað mér að spyrja hæstv. samgrh. að þessu. Hann mun hafa verið með stóráform, hæstv. ráðherra, um ýmiss konar framkvæmdir, m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu, í vegamálum og einhvers staðar verður að taka þennan niðurskurð. Það er í mjög mörgum tilfellum búið að ráðstafa fjárveitingum Vegagerðarinnar í formi útboða og umsaminna verka þegar komið er fram á þennan árstíma þannig að ég hygg að það sé ekkert mjög þægilegt fyrir þá sem standa í framkvæmd vegamálanna að fá á sig svona niðurskurð á þessum árstíma. Kannski geta samráðherrar hæstv. samgrh., eins og hæstv. fjmrh. *því ég sé ekki neinn úr sama flokki* og hæstv. samgrh. er, sem gegnir ráðherrastörfum, þeir stólar eru allir tómir, kannski er allur Sjálfstfl. farinn úr ríkisstjórninni, greint frá því hvar þessi niðurskurður í vegamálunum eigi að koma niður.

Svo eru næst á dagskrá, herra forseti, framlög til byggingarsjóða ríkisins, 100 millj. kr. Um það mál hefur verið svo mikið rætt bæði hér og ég tala nú ekki um í Ed. síðustu sólarhringana að ég ætla að spara mér langar ræður um það. Það vita allir að þegar er búið að binda í formi lánsloforða mestallt fé byggingarsjóðanna langt fram í tímann. Það vita allir

um biðlistana. Það vita allir að forgangshópurinn svonefndi má nú búa sig undir að bíða eftir fyrirgreiðslu í tvö ár eða jafnvel meira. Og það er upplýst að um 12 þús. umsóknir muni að líkindum um næstu áramót bíða afgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Sömu mínúturnar og hæstv. félmrh. var að mæla fyrir frv. sínu um kaupleiguíbúðir talaði flokksbróðir hennar, hæstv. fjmrh., fyrir niðurskurði á húsnæðismálunum í Ed. Ég held að nöturlegri skilyrði hafi varla staðið einum ráðherra til boða en hæstv. félmrh. að sinna störfum sínum við þessar aðstæður.

Tekur þó steininn úr þegar komið er svo að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem heyrir líka undir hæstv. félmrh., upp á tæpar 400 millj. kr. Það er von að hæstv. félmrh. hafi uppi um það opinberlegar vangaveltur úr þessum ræðustóli hvort verið sé að gera hæstv. ráðherranum ókleift að starfa í þessari ríkisstjórn.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. muni taka þátt í þessari umræðu og ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Mun hæstv. ráðherra greiða atkvæði með þeim greinum frv. sem fjalla um niðurskurð á framlögum til byggingarsjóða ríkisins og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ef hæstv. ráðherra styður ekki, sem ég hef reyndar ástæðu til að ætla miðað við fréttir úr fjölmiðlum, þennan hluta ráðstafananna, hvaða afleiðingar mun það þá hafa fyrir stjórnarsamstarfið? Úr því að hæstv. forsrh. er einn af þeim sem stokknir eru úr landi held ég að ég verði að leggja þessa spurningu beint fyrir hæstv. ráðherra Alþfl., enda er þeim málið skylt og fara væntanlega með það sjálfir í ríkisstjórninni hvernig þeir skipa sínum ráðherraembættum. Það hlýtur að vera mál sem ástæða er til að ræða á hinu háa Alþingi þegar aðstæður af þessu tagi koma upp og þingið, sem gefur ríkisstjórnum vald á hverjum tíma, hlýtur að eiga heimtingu á því að fá svör frá hæstv. ráðherrum um svona hluti.

Það er svo einn lítill liður eða tveir öllu heldur, herra forseti, sem ég vil sérstaklega mótmæla vegna þess að mér finnast það í raun og veru svo smávægilegir liðir sem þar eru skornir niður og svo ómaklegt hvernig þar er að málunum staðið. Þar á ég við framlög til K-byggingar Landspítalans, sem á nú að skera niður um 20 millj. kr., og framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu um 30 millj. Þetta eru tvær matarholur sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðnæmst við í leit sinni að liðum sem hægt væri að skera niður og er ekki hátt á því risið, það verð ég að segja, miðað við alls konar eyðslu aðra og ýmsar aðrar framkvæmdir, sem ég hefði nú haldið að menn hefðu staðnæmst fyrr við en K-byggingu Landspítalans þar sem á að verða miðstöð sérhæfðrar þjónustu á sviði krabbameinslækninga og rannsóknarstarfsemi á Landspítalanum og þegar er unnið langt á eftir áætlun og við erfiðar aðstæður. 20 millj. breyta ekki miklu í þessu dæmi og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort það komi til greina að fella niður þennan niðurskurð, annaðhvort alveg eða leita þá að einhverjum öðrum póstum í staðinn sem mætti skerða sem þessu nemur.

Hvað varðar framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu geri ég ráð fyrir því að þar eigi einfaldlega að hækka hlut sjúklinganna sem þessu nemur, getur varla verið um annað að ræða, þar sem minni peningum verður þá ráðstafað í þetta verkefni. Þar með er ný tegund af sjúklingaskatti komin inn í gegnum frv.

Í 2. gr. er líka fjallað um hækkanir sem eiga að koma ríkissjóði til góða og þar er gömul tillaga frá ræðumanni sem hann flutti við afgreiðslu skattafrv. um áramótin, brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar um tekjuskatta fyrirtækja, um að hækka þá skattprósentu. Sú till. var þá felld og ríkisstjórnin lagðist alveg eindregið gegn því að hækka skattprósentu fyrirtækjanna. Ég hélt því fram að hún væri óeðlilega lág miðað við álögur á einstaklinga og flutti brtt. um hækkun, að vísu nokkru meiri hækkun en hér er nú gripið til, en ég fagna því að sjálfsögðu engu að síður að hæstv. ríkisstjórn er nú orðin mér að verulegu leyti sammála um það efni og hækkar skattprósentu á tekjuskatti fyrirtækja um 3%.

Það er einnig hækkað lántökugjald á erlendum lánum og á það að skila ríkissjóði 160 millj. kr. Ég er þeirri ráðstöfun sammála. Ég held hún sé skynsamleg og hefði jafnvel átt að velta því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til að ganga lengra í þessa átt. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst tvær. Annars vegar að það er mikil nauðsyn að draga úr ásókn í erlent lánsfé og einnig hitt að það er ekkert síður nauðsynlegt að vega upp þann vaxtamun sem er á innlendu og erlendu lánsfé og er mjög óheppilegur og óæskilegur vegna þess að það getur ekki verið keppikefli hjá neinni þjóð að búa þannig um hnútana að menn sæki sérstaklega í erlent lánsfé, en þannig hefur það verið á Íslandi undanfarin missiri.

Síðan er í II. kafla í frv. fjallað um breytt ákvæði lánsfjárlaga. Þar eru skert framlög til ýmissa aðila. Ég get í raun skilið að menn t.d. við þessar aðstæður gangi að lánsfjárheimildum Landsvirkjunar. Ég held að það sé fullkomlega eðlilegt, ekki síst þegar það var að koma í fjölmiðlum þessa dagana að afkoman væri bærileg og Landsvirkjun hefði grætt 260 millj. á sl. ári og er auk þess að borga niður skuldir sínar svo nemur hundruðum milljóna að raungildi á hverju ári. Þá er fyllilega eðlilegt að minnka lántökuheimildir Landsvirkjunar og mætti ganga lengra í þá átt fyrir mér.

Ef hæstv. utanrrh. hefði verið staddur hér hefði ég rætt pínulítið við hann um óskabarnið hans, Þróunarfélagið, en hann er úti í Brussel, hæstv. ráðherra, og ég verð að geyma mér það til betri tíma að ræða við hæstv. utanrrh. Steingrím Hermannsson um þá útreið sem óskabarnið hans og Framsfl., Þróunarfélagið, fær í þessum tillögum, en lántökuheimildir þess eru enn skornar niður við trog og fer nú að verða næsta lítill tilgangur með því að halda þessu apparati á floti að mínu mati þegar þetta er í raun eingöngu orðið pappírsfyrirtæki með fallegt nafn en enga burði til að sinna sínu verkefni svo nokkru máli skipti.

Í þessum kafla er svo auðvitað Jöfnunarsjóðurinn, herra forseti, sem ég hef þegar vikið að og þarf ekki að fara fleiri orðum um.

Ríkisstjórnin áttar sig á mistökum sínum hvað varðar launaskattinn og er það enn eitt kostulegt dæmið um stefnufestu ríkisstjórnarinnar sem barði í gegnum þingið frv. til l. um launaskatt á fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði. Fyrir réttum tveimur mánuðum barðist ríkisstjórnin um á hæl og hnakka við að pína þennan launaskatt í gegn og lá alveg lífið við að koma þessu á. Rökin voru þau að það yrði að jafna aðstöðu atvinnuveganna og væntanlega einnig að menn væru aflögufærir um þennan launaskatt. Nú er hann tekinn af. Þetta er enn eitt dæmið um algjöran hringlandahátt í ríkisstjórninni hvað þessa hluti varðar svoleiðis að það er með ólíkindum. Ráðstafanir sem eru keyrðar í gegn eru teknar aftur nokkrum mánuðum síðar og mætti nefna mörg fleiri dæmi, m.a. það sem var rætt í þessari hv. deild fyrr í dag og snerti endurgreiðslur á söluskatti til sjávarútvegsins fyrir árið 1987.

Herra forseti. Ég er þá að hugsa um að hafa þessi orð ekki mikið fleiri að sinni. Ég held að þetta sé miklu máttlausara plagg en mann gat óraði fyrir vegna þess að í hæstv. ríkisstjórn hafa verið uppi þau sjónarmið um margra vikna skeið, sbr. hæstv. utanrrh. og frægar ræður hans á ýmsum framsóknarfundum, að það yrði að grípa til mjög harðra efnahagsráðstafana. Hæstv. fjmrh. sagði á Alþingi um áramótin að það væri alveg ljóst að í framhaldi af þeim ráðstöfunum í ríkisfjármálum sem þá voru á dagskrá yrði að grípa til umfangsmikilla efnahagsráðstafana. Svo tóku þeir kollhnís mikinn á Alþýðublaðinu einhvern tíma í lok janúar, ef ég man rétt, og spanderuðu heilli forsíðu undir það að í undirbúningi væru í ráðuneytinu geysimiklar efnahagsráðstafanir. Svo birtist þessi væskill hér.

Já, það er hægt að hafa stór orð um fátæklega hluti, það verð ég að segja. Og af því að þessir ágætu ráðherrar Alþfl. heiðra okkur með nærveru sinni, sem er út af fyrir sig þakkarvert, öll ríkisstjórnardeild Alþfl. mætt á staðinn, ætla ég að ræða örfá orð við þessa hæstv. ráðherra um útreiðina á Alþfl. í þessu sambandi. Hún er alveg hroðaleg. Það kemur í hlut hæstv. fjmrh. að mæla fyrir þessum væskli og *hinir eru stokknir úr landi.* Hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. eru stokknir úr landi og einu sinni enn sitja aumingja kratarnir uppi með skítverkin og hinir forða sér, þvo hendur sínar og sitja í veisluglaumi úti í Brussel. Málið er verra en þetta vegna þess að ráðstafanirnar sjálfar eru svo verstar fyrir Alþfl., leika ráðherra Alþfl. verst, hæstv. félmrh. Enginn fagráðherra verður jafnilla úti og hæstv. félmrh., enda *hefur komið fram að hæstv. ráðherra tekur þessu,* svo ég fái lánað orðalag frá frægum manni, Guðjóni B. Ólafssyni forstjóra Sambandsins, „þunglega", eins og sá ágæti maður sagði þegar hann var spurður að því hvernig þeir sambandsmenn tækju því að fá ekki að kaupa Smárahvammslandið. Þá sagði forstjórinn: „Við tökum því þunglega". Ég vona að það fyrirgefist að ég fái þetta ágæta orð lánað hjá manninum. Ég hygg að hæstv. félmrh. taki þessari útreið þunglega og öll er þessi niðurstaða heldur dapurleg fyrir Alþfl. sem situr uppi með að bera hina pólitísku ábyrgð í raun á málinu vegna þess að hinir eru stokknir í burtu. Eftir nokkra daga verður það alveg eins með þessar ráðstafanir og með matarskattinn. Það man enginn eftir öðrum mönnum heldur en ráðherrum Alþfl. í þessu samhengi. Ég spái því hér, herra forseti, að innan nokkurra vikna muni t.d. framsóknarmenn ýmsir fara um héruð og þvo algjörlega hendur sínar af þessum ráðstöfunum og segja, t.d. hæstv. utanrrh.: Þetta er algjörlega ónóg, þetta dugar ekki, þetta er kák. Hvort sem það verða Vestfirðir, sem hæstv. utanrrh. hefur nú yfirgefið, eða Reykjanes spái ég því að ummæli í þessum dúr gætu komið frá þeim framsóknarmönnum innan tíðar. Þeir vilji sem minnst af þessu vita eftir nokkra daga. Og eftir situr Alþfl. í miðri súpunni, í feninu, í hinum gullna meðalvegi sínum og ráðherrar hans grátt leiknir með sína málaflokka. Þetta er auma útkoman, herra forseti, fyrir þennan flokk og það er ekki hægt annað en að láta sér renna til rifja hvernig þeir láta fara með sig alþýðuflokksmennirnir í stjórninni. En hvað þeir ætla að halda því lengi áfram er svo önnur spurning.

Að lokum þetta, herra forseti: Það er dapurlegt fyrir íslensku þjóðina, sem hefur um nokkurt árabil búið við mikið góðæri, að þurfa að horfa á hvernig málum hennar er nú komið í höndunum á þessum herrum. Það er harla dapurlegt fyrir fólkið í landinu og framleiðslustarfsemina í landinu að allar tölur segja að þjóðin hafi búið við góðæri, hagvöxt, afla, góð viðskiptakjör, lágt olíuverð, eftirspurn eftir framleiðslunni o.s.frv. En góðærið skilar sér ekki nema til hluta þjóðarinnar og ákveðinna landsvæða. Afgangurinn fréttir bara af því í fjölmiðlunum að það hafi verið góðæri eða sé einhvers staðar góðæri. Og menn standa uppi með endurteknar efnahagsráðstafanir, plástursaðgerðir, fum og fálm út í loftið þrátt fyrir þessa miklu verðmætasköpun og góðæri og hagstæð ytri skilyrði. Ég held að íslenska þjóðin eigi ekki skilið svona vondar ríkisstjórnir aftur og aftur. Auðvitað verður blessuð þjóðin að átta sig á því að kjósa ekki þessa menn alltaf stöðugt. En við skulum vona að menn fari nú að sjá í gegnum élin, menn sjái að kletturinn er enginn klettur heldur „pótemkintjöld" eða framhlið. Þetta er eins og í kvikmyndunum eða á leiksviði, að það er enginn vandi að búa til fallega framhlið en ef einhver er svo vitlaus að kíkja aftur fyrir er þetta bara málaður krossviður. Þannig er það með ríkisstjórnina. Það er ekkert fallegt á henni og gott á henni nema þá bara framhliðin.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist. Það er búið að tilkynna að það eigi að ljúka umræðunni í kvöld og nótt og nú á að gera hlé fram til klukkan hálfníu. Við vorum á fundi fram yfir lágnættið

síðustu nótt. Ég er alveg hættur að botna í stjórninni á þinghaldinu og fyrir mitt leyti dettur mér ekki í hug að fara þarna inn eftir undir þessum kringumstæðum og það eru fleiri.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég þarf í rauninni ekki að bæta neitt við það sem ég sagði í upphafi fundar. Við eigum boð inni í Hafrannsóknastofnun sem var búið að fresta um viku. Ég vona að menn sjái sér fært að þiggja það boð vegna þess að það er boðið af góðum hug. Ég mun nú fresta fundi til klukkan hálfníu eins og ég sagði í upphafi fundar. Það er ætlunin að ljúka 1. umr. í kvöld. Það tilkynnti ég líka í upphafi fundar og ég bið þingheim að hafa það í minni: Ég held að það eigi að takast og vona að það taki ekki svo langan tíma að við þurfum að vera hér á næturfundi. En fundur hefst aftur klukkan hálfníu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í fyrsta lagi til þess að halda fiskiflotanum og sjávarútveginum gangandi. Ég hygg að það verði ekki til þess að bjarga á neinn hátt iðnaðinum að öðru leyti en því sem þessi 6% gengisfelling kemur honum að vísu í bili til einhverrar hjálpar. Ég held að það sé alveg ljóst að þó það sé nú verið að brjóta upp fjárlög og lánsfjárlög tveimur mánuðum eftir að gengið var frá þeim á hv. Alþingi muni varla líða langur tími þangað til það þurfi að brjóta þau upp á ný, ekki síst vegna þess að það er alveg sýnilegt að þeir kjarasamingar sem gerðir voru munu ekki fá samþykki þannig að öll kjaramálin eru í óvissu og þar af leiðir að erfitt er að spá í spilin.

Ég ætla mér ekki að fara svo nákvæmlega út í efnisatriði þessa frv. Það hefur verið gert af tveimur ræðumönnum sem hér hafa talað. Þó mun ég fara ofan í örfá atriði. En ég mun reyna að sýna fram á að við þá stöðu sem upp er komin er fastgengisstefnan ekki lengur fyrir hendi, það sjálfskaparvíti þeirrar ríkisstjórnar sem settist í valdastóla 8. júlí sl. Að vísu má kenna þeirri ríkisstjórn sem sat fram yfir kosningarnar um hluta af þessu og mun ég koma að því síðar.

Það hefur verið mikið rætt um það og hæstv. fjmrh. notaði nokkuð stóran hluta af sinni ræðu til að ræða um hlut sveitarfélaganna, þ.e. að hæstv. ríkisstjórn hefur horfið frá því að láta það frv. sem við höfum fjallað um um verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga taka gildi á þessu ári. Hann réttlætir það með því að það sé mikil óánægja og andstaða hjá mörgum þm. við þetta frv. eins og það er að svipta sveitarfélögin stórum hluta af því jöfnunargjaldi sem þeim ber samkvæmt lögum. Ég bendi hæstv. ráðherra á að það eru ⅔ af þessu gjaldi sem er útbýtt eftir höfðatölureglunni og ef ríkisstjórnin mundi vilja sýna einhvern þess vott að jafna aðstöðu sveitarfélaganna var vel hægt að breyta þessu ákvæði. Það verður heldur ekki hægt að réttlæta það að hverfa frá því að borga svona stóran hluta til sveitarfélaganna af lögbundnu gjaldi vegna þess að þetta frv. hafi strandað í þinginu, en það reyndi aldrei á það í þinginu. Það er rétt að það voru margir andvígir því. En hvers vegna voru þeir andvígir því? Hvers vegna, hæstv. ráðherra? Það var vegna þess að það voru ekki jöfn skipti. Það átti ekki að færa frá sveitarfélögunum eins mikið og átti að færa til sveitarfélaganna og sveitarstjórnarmenn um land allt treysta ekki þessari ríkisstjórn. Það er svo einfalt. Það var fyrst og fremst ástæðan. Ef því hefði verið treyst að staðið yrði við það sem um var rætt hygg ég að hefði komið allt annað upp á teninginn. En þannig er þetta því miður, enda var frv. breytt verulega frá því að sú nefnd sem gerði tillögur um þessa skiptingu skilaði því. Það varð til þess að auka þá tortryggni sem ríkir í garð þessarar ríkisstjórnar, enda eru svo mörg atriði, sem hún lofaði þegar hún settist á valdastóla, sem hún hefur ekki efnt og blátt áfram svikið.

Það er nú fátt í salnum og ég ætlaði að spyrja hæstv. heilbrmrh. að einu atriði sem kemur hér fram en er engin skýring á. Að vísu sagði hv. 4. þm. Norðurl. e. að það mundi eiga að hækka hlutdeild sjúklinga í kostnaði við sérfræðiþjónustu og lyfjakostnað frá því sem er, enda liggur það í augum uppi þegar á að taka 30 millj. af þeim lið miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir. Þar sem hæstv. heilbrmrh. er ekki hér beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Er það rétt skilið að það eigi að hækka gjald sjúklinga vegna sérfræðiþjónustu og lyfjakostnaðar frá því sem er til þess að brúa þetta bil, 30 millj.?

Það var sérkennileg umræða sem fór hér fram þegar tilkynning hæstv. ríkisstjórnar var á dagskrá um daginn. Þá lagði ég þá spurningu fyrir hæstv. félmrh. hvort það væri ekki rétt skilið um þær 100 millj., sem eru teknar af því sem ætlað var í Byggingarsjóð ríkisins, að þeim hefði verið lofað, þeim hefði verið ráðstafað. Ég sagði við hæstv. ráðherra að hún leiðrétti mig ef það væri rangur skilningur hjá mér. Að vísu vissi ég þetta. Ég var búinn að ræða við þá sem eru í húsnæðismálastjórn og þeir voru búnir að segja mér að það væri búið að ráðstafa öllu þessu fé. Ég hef einnig hlerað það, þó ég kæri mig ekki um hér og nú að nefna heimildarmann, að það hafi ekki einu sinni verið rætt um það við ráðherrann áður en ákveðið var að skerða þetta framlag um 100 millj. Þetta eru vinnubrögð sem ég veit hvernig eru í flokkunum, en það er langt gengið ef það er ekki einu sinni talað við ráðherrana sem eiga að fjalla um það mál áður en það er ákveðið.

Það verður að koma einhvers staðar niður þegar svona ráðstafanir eru gerðar, það vitum við, en hvernig stendur á því að þessi staða er komin upp? Það stendur þannig á því að ríkisstjórnin gekk á undan, gerði ráðstafanir til að minnka framboð á fjármagni og gerði blátt áfram sjálf ráðstafanir til að hækka vexti. Það gefur auga leið að útflutningsatvinnuvegirnir eiga erfitt að keppa ef þeir þurfa að borga af sínu fjármagni margfalt á við það sem er í samkeppnislöndunum.

Það var í apríl 1985 sem afurðalánin voru færð frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna. Þá var bindiskyldan 28%. Áður hafði því verið haldið fram að bindiskyldan væri eingöngu til að standa undir þessum lánum. Þessi bindiskylda var lækkuð ofan í 18%. Í mars í fyrra, 1987, gaf sú ríkisstjórn sem þá sat að völdum fyrirmæli um að bankarnir ykju bindinguna um 10%, þ.e. í ríkisvíxlum og á reikningi í Seðlabankanum. Ef ég man rétt borgaði á þeim tíma Seðlabankinn 15% vexti af þessu fé til að byrja með. En 18% bindingin færðist niður í 13%, ég man ekki nákvæmlega hvenær, þannig að þá var bindingin orðin aftur 23%. Síðan gerist það að Seðlabankinn borgar enga vexti af þessum 13% heldur verðbætur og viðskipti Seðlabankans við viðskiptabankana eru þau að vaxtamunurinn verður rúmlega 2% meiri þess vegna en annars þyrfti að vera.

Þegar var komið fram í október á sl. ári var almenningi til viðbótar þessu gefinn kostur á að kaupa ríkisvíxla sem náttúrlega þýddi að það var verið að þrengja að bönkunum. Síðan gerist það 21. nóv. að ríkissjóður býður 39,6% ársávöxtun miðað við 90 daga víxla og tíu dögum seinna 41,3%. Þetta varð til þess að útflutningsatvinnuvegirnir og aðrir urðu að borga þessa vexti. Þetta varð blátt áfram til að magna verðbólguna þvert ofan í hagfræðikenningar hagspekinga og reynslu allra manna. Um leið og var farið þannig með útflutningsframleiðsluna kom strax krafa um að fella gengið. Og um leið og krafan kom um að fella gengið, og auðvitað þekkja menn þessa sögu, fóru að vaxa kaup á ýmsum tækjum, bílum og öðru sem hlaut að leiða af sér að gengið var sjálffallið. Sem sagt: sú staða sem upp kom í þjóðfélaginu er verk ríkisstjórnarinnar algerlega hreint.

Það voru miklar umræður á Alþingi út af þessum vöxtum og sumir menn höfðu stór orð. Utanrrh. lýsti því yfir að þetta væri svipað og þegar Róm brann og fleiri lýsingarorð voru notuð. Eftir þessa umræðu, sem fram fór, var loksins farið að þrýsta á banka að lækka vexti. Það er mikið sagt frá því í blöðum að það sé ekki lítil vaxtalækkunin. En hvernig er hún í raun og veru? Er það almenningur, sem hefur verið samið fyrir um kaup og kjör, sem hagnast? Nei. Þó ég geti ekki sagt nákvæmlega um hvernig hlutföllin eru í bönkunum hygg ég að það sé nálægt því að það séu 20% sem eru ekki verðtryggð af heildarútlánum. Almenningur á ekki kost á öðru en verðtryggðum bréfum með 9½% vöxtum. Ef menn eru í vandræðum og verða að skuldbreyta verða menn að borga a.m.k. 11½% og svo á gráa markaðnum langtum meira eftir því sem Seðlabankinn auglýsir í dag.

Hverjir eru vextir sem ríkissjóður býður nú? Þar er ársávöxtun 1. mars 34,36%.

Ég gat áðan um viðskiptin við Seðlabankann. Hann hækkaði, að mig minnir, úr 15%, sem var í mars, upp í 26 í ágúst. 21. febr. borgar hann af reikningum í Seðlabankanum, sem bankastofnanir eiga, 21% og núna 1. mars 19%. Ef viðskiptakjör bankanna við Seðlabankann væru eðlileg væri hægt að lækka vextina um meira en 2%. Ef þessi vaxtavitleysa heldur áfram gengur hvorki né rekur. Ég heyrði ekki betur en forsrh. segði á sínum tíma að það væri reiknað með 15% verðbólgu, en ríkisvíxlarnir eru með 34,36 á þessum degi. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þessar tölur sýna að ráðherrarnir hafa sjálfir ekki trú á að náist niður þessi verðbólga. Þegar verðbólgunni var náð niður í tíð fyrrv. ríkisstjórnar var það m.a. og fyrst og fremst vegna þess að vextirnir voru látnir lækka miðað við spá um verðbólguþróunina eins og menn töldu að hún mundi verða. Nú er langt frá því.

Ég sé ekki betur en stefnan sé lík og hefur verið. Þrátt fyrir reynsluna virðast menn lítið hafa lært. Það er ekkert undarlegt, miðað við vexti, miðað við húsaleigu, miðað við verðlag í landinu, að fólk sætti sig ekki við 31 500 kr. í lágmarkslaun. Það er engin leið fyrir hæstv. ríkisstjórn að komast út úr þessu dæmi nema snúa sér að því að sýna eitthvert réttlæti. Á árinu 1988 sættir fólk sig ekki við að hafa ekki fyrir mat. Sæmileg útkoma hjá fólki hefur byggst á því að það hefur verið hægt að fá yfirvinnu eins og hver hefur viljað, en nú horfir þannig að vegna þess hvernig fyrirtækin standa muni verða minna um atvinnu en hefur verið.

Eins og hv. þm. vita stendur yfir búnaðarþing. Ég talaði við nokkra af þeim hér um kvöldið sem þar sitja. Þeir fóru í ferð hér í bænum og sögðust hafa heyrt að vísu að hér væri mikil þensla, miklar framkvæmdir, en þeir hefðu aldrei látið sér detta í hug að það væri neitt í samanburði við það sem þeir sæju þegar þeir ækju um borgina. Og þeir fóru að hafa orð á því að þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar töluðu um að það væri ein þjóð sem byggi í þessu landi kæmust þeir að annarri niðurstöðu með því að aka um þessa borg.

Það væri hægt að fara frekar ofan í þessi mál, en ég ætla ekki að gera það. Ég ætla aðeins að endurtaka það, af því að hæstv. bankamálaráðherra var að koma inn, að ég sagði áðan að staðan sem upp væri komin, þ.e. að nú væri búið að fella gengið sem var búið að marglofa að gera ekki, væri uppskeran vegna þess hvernig ríkisstjórnin hefur sáð á sínum ferli þó að eitt megi kenna fyrrv. stjórn um, þ.e. aukna bindingu í Seðlabankanum í mars 1987. Ég sagði, hæstv. ráðherra, að af því að vextirnir fóru svona upp, sem er fyrst og fremst vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, hafi samkeppnismöguleikar fyrir útflutningsframleiðsluna brostið og þess vegna hafi gengið verið fallið áður en það var viðurkennt. Af því að svona stóð töluðu sumir hv. þm. og ekki síður ráðherrar um á mannamótum að það yrði að fella gengið. Það orkaði þannig á þjóðina að hún fór að auka sín kaup. Það verkar, eins og hæstv. ráðherra veit, þannig að það er ekki hægt að koma í veg fyrir einhvers konar aðgerðir eins og ríkisstjórnin gerði nú. Því miður er ég hræddur um, ef ekki verða lækkaðir vextir nú eins og var gert í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, þegar vextirnir voru lækkaðir miðað

við spá efnahagsmálanna, hvernig þróunin yrði, að þá mundu verða fáir mánuðir þangað til yrði að rífa upp fjárlög í annað sinn. Ég held því að það sé eðlilegt hvernig staða mála er orðin. Ég veit nokkuð um hvernig staða ýmissa fyrirtækja í sjávarútvegi er og ef vextir verða ekki lækkaðir meira en orðið er verður mikill brestur í mörgum þessum fyrirtækjum.

Að endingu vil ég segja að í þessum fyrirhugðu breytingum er það að leggja skatt á stofnlánasjóðina sem auðvitað þýðir að þeir geta minna gert fyrir sína viðskiptamenn. Það kann að vera að hæstv. ráðherrum og stjórnarþm. finnist staðan vera þannig t.d. í landbúnaði að vextir þar megi hækka frá því sem er. En ég vil alvarlega vara þá við slíkri breytingu og a.m.k. að kynna sér hvernig staðan er áður en slíkt skref er stigið.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að enginn áfellist þessa ríkisstjórn fyrir að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum eða efist um að þörf hafi verið á því, en þegar ráðstafanirnar ganga fyrst og fremst út á að kippa til baka fyrri ráðstöfunum hvarflar að manni að ríkisstjórninni hefði verið hollara að flýta sér hægar og hefði ekki sakað að leggja einstöku sinnum eyrun við þeim athugasemdum sem þm. stjórnarandstöðu gerðu við fyrri ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, svo sem eins og um endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi. Þetta virtist svo sem ágæt ráðstöfun í vor og sumar, en fljótlega sáust teikn á himni. Staða sjávarútvegsins fór hríðversnandi svo að að lokum varð ekki á móti staðið og nú á að endurgreiða söluskattinn að fullu.

Sá dráttur sem varð á því að ríkisstjórnin kyngdi stolti sínu og horfðist í augu við staðreyndir varð ekki til að bæta ástandið. En betra er seint en aldrei.

Sama máli gegnir um niðurfellingu launaskatts í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðarins. Það var margbent á nauðsyn þessarar niðurfellingar í fjárlagaumræðunum fyrir jólin og sama gildir um hækkun tekjuskatts á fyrirtæki og fluttar tillögur þar að lútandi. Þá þóttu þessar tillögur svartagallsraus og hin mesta firra. Hæstv. fjmrh. var mikið niðri fyrir þegar hann þrumaði yfir þingheimi um óábyrga þm. sem ekki áttuðu sig á hinum réttu línum. Nú er af sömu sannfæringu talað um nauðsyn þess að skipta um línu. Það ber svo sem ekki að lasta það þegar menn snúa frá villu síns vegar og ná áttum, en leiðir þó hugann að því hvort ekki væri eðlilegra og affarasælla fyrir alla, þjóðina jafnt sem þm., að samskipti og skoðanaskipti stjórnar og stjórnarandstöðu væru með öðru sniði. Hvers vegna þarf aðskilnaðurinn að vera svona skýr? Því hlusta menn ekki betur hver á annan í stað þess að standa ævinlega gráir fyrir járnum og sjá ekki sannleiksvott eða skynsemisglætu í því sem andstæðingurinn segir?

Bara þetta orð, andstæðingur, segir kannski sína sögu. Það er ekki háttur manna í daglegum samskiptum að líta á viðmælendur sem andstæðinga og reynist oft notadrjúgt að hlusta á viðhorf annarra af fullri sanngirni og vega síðan og meta hvort eitthvað sem sagt var væri nú ekki þess virði að íhuga betur. En því miður virðist það ekki gilda í stjórnmálum. Þar skulu básarnir markaðir svo kyrfilega að hlaðnir eru himinháir veggir sem enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Það er kannski ekki að undra að gamlar stjórnmálakempur skilji ekkert í því að hv. kjósendur finni leið út úr þessum básum því ekki gera þeir það sjálfir.

Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar hefur nú siglt í strand þrátt yfir miklar heitstrengingar. Fastgengisstefna skyldi það vera, einn helsti hornsteinn ríkisstjórnarinnar. Það gildir líkt og um söluskattinn uppsafnaða og launaskattinn. Sjálfsagt varð gengisfellingin ekki umflúin og reyndar eru strax uppi raddir, jafnvel innan stjórnarliðsins, sem segja að 6% nægi ekki og muni verða að grípa til frekari ráðstafana fljótlega. En ríkisstjórnin hefur að vísu tekið upp aftur fastgengisstefnu og stendur sú þá væntanlega þar til gengið verður fellt næst.

Hitt er öllu bágara að ríkisstjórnin hefur strax í hótunum við launafólk. Allar þessar ráðstafanir eru marklausar ef þið haldið ykkur ekki í skefjum, segir hún. Enn er þetta gripið á lofti. Allt sem aflaga fer er launþegum að kenna, fólki sem margt býr við smánarkjör í vellríku þjóðfélagi.

Mörg verkalýðsfélög eru nú að fella þá samninga sem sagðir eru skilyrði þess að efnahagsráðstafanirnar skili árangri. Fólk er unnvörpum að átta sig á því að það verði að taka ráðin af stjórnmálamönnum og verkalýðsforustu. Það ætlar ekki lengur að sitja undir því að vera gert ábyrgt fyrir ólestri og óstjórn. Handahófskenndar tilraunir til að stjórna efnahagslífi eru ekki því að kenna. Launþegar tóku þátt í þjóðarsáttinni og láglaunafólkið var eina fólkið sem herti sultarólina og axlaði ábyrgð, lét meðaltalshallelújasönginn yfir sig ganga. En mörgum finnst nú nóg komið. Góðærið kom og nú er það liðið hjá. Margir nutu góðs af, en svo sannarlega ekki láglaunafólkið. Bruðl og óhóf varð þess valdandi að allt þjóðfélagið var rekið með bullandi tapi, viðskiptahalla, halla á fjárlögum svo minna en ekkert var eftir. Og nú er nánast hægt að segja um góðærið að það hafi riðið yfir eins og einhvers konar plága.

Þegar verið er að þvinga verkafólk til að samþykkja kauplækkun, því að þessir samningar eru það í raun, er haft í hótunum við það. Kaupmátturinn rýrnaði frá síðasta ári, enn dynja yfir stórfelldar hækkanir ofan á matarskattinn illræmda, þjónusta hækkar, búvörur og nú gengisfelling sem auðvitað verður til hækkana á verðlagi og manni býður í grun að ýmislegt eigi enn eftir að koma í ljós sem muni rýra kjör verka- og launafólks enn frekar. Og dúsan sem á svo að stinga upp í fólk til að hótanirnar og þvinganirnar renni ljúflega niður er hvorki meira né minna en að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og leggur fram einar 35 millj. í því skyni. Er þetta það sem átt var við í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem farið er fögrum orðum um að bæta kjör hinna

tekjulægstu ásamt öðrum fögrum orðum um jafnrétti með sérstakri áherslu á launajafnrétti karla og kvenna, styttri og sveigjanlegri vinnutíma, fjölskyldan og velferð hennar í fyrirrúmi o.s.frv. o.s.frv.? Er nú búið að bræða þetta allt niður í einhvers konar námskeiðahald? Menntun er auðvitað af hinu góða, en svona óljósar yfirlýsingar um starfsmenntun koma ekki í stað bættra kjara. Kjararýrnun minnkar ekki við námskeið. Auk þess hafa nú konur bitra reynslu af því að menntun skilar ekki alltaf betri launum, a.m.k. ekki þegar konur eiga í hlut.

En snúum okkur að fleiri þáttum efnahagsaðgerðanna. Vaxtalækkun er auðvitað af hinu góða, minnkar fjármagnskostnað og gerir bæði fyrirtækjum og einstaklingum lífið léttara. En þegar jafnhliða er dregið stórlega úr erlendum lántökuheimildum er hætt við að eftirspurn eftir lánsfé innan lands verði meiri en framboð og slíkt gæti auðvitað skapað mikla spennu á innlenda lánamarkaðnum og hætt við að vextir muni þá spennast upp aftur. Við bætist hækkun lánskjaravísitölu vegna áhrifa gengisfellingar og munu öll lán hækka sem tengjast þeirri vísitölu og það þýðir aukna greiðslubyrði.

Það kom fram í máli þeirra manna sem fjh.- og viðskn. Ed. kallaði á sinn fund að ærið er misjafnt hljóð í mönnum út af þessum ráðstöfunum. Már Elísson segir að skerðing lánsfjárheimilda Fiskveiðasjóðs kæmi fyrst og fremst niður á fiskvinnslunni. Er það ekki vinnslan sem stendur alla jafnan verst af sjávarútvegsgreinunum? Heitir þetta ekki að taka með annarri hendi það sem þú gefur með hinni? Landsvirkjun, þetta ríki í ríkinu, virtist ekki svo ýkja áhyggjufull. Meira til að segja eitthvað eða sýna lítillega tennurnar er sagt loðnum orðum að niðurskurður lánsfjárheimilda Landsvirkjunar gæti valdið hækkun raforkuverðs. En tónninn er þannig að það hvarflar að manni hvort ekki hefði mátt skerða meira hjá Landsvirkjun. En líklega hefði þá verið glefsað. Þeir hafa kjaftinn til þess.

Það sem næst ber fyrir augu er svo niðurskurður á fjárveitingum og þá eru það sjúklingar sem verða fyrir hnífnum, kannski ekki þeim rétta. Þeir gera það ekki endasleppt við K-álmuna. Ekki er fyrr búið að herja út fjármagn til hennar, sem einn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar virðist hafa gert af talsverðu harðfylgi þó hann leggi nú orðalaust blessun sína yfir niðurskurðinn, en því er kippt til baka. E.t.v. ræður þarna framsýni. Sífellt vaxandi skortur á hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki í heilbrigðisstéttum hefur valdið miklum vanda á sjúkrahúsum og ef ekkert verður að gert í launamálum þessara stóru kvennaláglaunastétta mun þessi vandi vaxa en ekki minnka. Því kann það að vera óraunsæi að vilja að þjóðþrifamálum eins og K-álmunni verði flýtt.

En ekki þykir nóg að gert. 30 millj. kr. niðurskurður vegna lyfja og sérfræðiþjónustu er einnig boðaður. Hver á að borga þann mismun? Eru það sjúklingarnir sjálfir? Önnur lausn er a.m.k. ekki nefnd. Illt er að vita. Það er sem sagt 50 millj. kr. niðurskurður sem beint er að sjúku fólki.

Niðurskurður til vegamála er verulegur og það hefur ekki komið fram enn þá hvar á að skera niður svo lítið er hægt að segja um þessi mál á þessu stigi, en varla verður fögnuður mikill á landsbyggðinni.

Sama gildir um Byggingarsjóð ríkisins. Í Húsnæðisstofnun hefur skapast mikið öngþveiti, ekki síst vegna galopinnar húsnæðislöggjafar þar sem öllum var heimilt að fá lán og varð til þess að allir sjóðir tæmdust. Þó leiðréttingar hafi verið gerðar á löggjöfinni eru skerðingarákvæðin afskaplega lin og útiloka fáa þannig að röðin hefur lítið styst. Lánsloforð þarf að uppfylla, margir hafa beðið lengi og úrræði fá, engir aðrir kostir fyrir hendi en að byggja eða kaupa. En enginn venjulegur launamaður getur komið sér upp húsnæði án hjálpar hins opinbera. Þannig er aftur vegið að þeim sem síst skyldi, þeim sem ekki hafa fjárráð til að koma sér þaki yfir höfuðið hjálparlaust. Fyrst eru í nafni jafnréttis og réttlætis skerðingarákvæðin höfð svo lin að nánast allir rúmast í náðarfaðminum og svo er faðmlagið hert og hverjir kremjast? Þeir verst settu. Framkvæmdalánin munu vera eini lánaflokkurinn sem er aflögufær og verður því líklega verst úti og þá er það á landsbyggðinni sem höggin falla þyngst.

En ekki er nóg að gert. Jöfnunarsjóðurinn er stórlega skertur og eru þá fallin um sjálf sig djarfmannleg orð hæstv. fjmrh. frá því fyrir jól. Þá hét það að Jöfnunarsjóður hefði verið styrktur að mun þó ýmsir aðrir vildu þó fremur orða það svo að hann hefði verið skertur minna en oft áður. En svona eru alltaf tvær hliðar á hverju máli.

Reyndar sagði merkur maður að það væri alltaf sú þriðja sem skipti mestu máli, hvað svo sem hann átti við með því. En í svona skrýtinni fullyrðingu skyldu þó aldrei liggja einhvers konar sannindi um að svarthvítt litarskyn sé ekki fullnægjandi og litrófið milli þessara tveggja öfga í litrófinu er óendanlegt og vel þess virði að skoða. En hér er nú ekki rúm fyrir heimspekilegar vangaveltur fremur en fyrri daginn. Hér gilda hin hörðu rök. Og engin rök hníga gegn því að skerðing Jöfnunarsjóðs er veruleg. Það hlýtur að vakna sú spurning hvort ætlunin sé að slá fátækari sveitarfélög rothöggi. Enn er uppgjöri ríkis við sveitarfélög frestað og skert fé til framkvæmda. Það verður ábyggilega óþarfi að taka upp viðræður við mörg sveitarfélög um að draga úr framkvæmdum. Það er sjálfgert. Ætli ríkisstjórnin geti ekki haldið sig við höfuðborgarsvæðið í þeim viðræðum? En þar er líka mikið í húfi. Framkvæmdaglaður borgarstjóri verður ábyggilega erfiður viðureignar og ólíklegt að hann taki þátt í „þensluspillandi" aðgerðum og hætti við að reisa sér verðugan minnisvarða ásamt ýmsum smærri verkefnum. En sem betur fer er nú ekki þenslan þar í dagvistarverkefnum og öðrum viðlíka óþarfa svo að ekki þarf að semja við hann um það.

Það hefur lengi verið lýðum ljóst að hæstv. fjmrh. er lítill vinur bænda og búandliðs og finnst mikið óhagræði að því að fólk skuli búa svona dreift og víst

má ýmislegt þar til sanns vegar færa. En er þetta ekki fullharkalegt? Væri ekkert hægt að skera niður sem ekki flokkast undir félags-, byggða- eða velferðarmál? Því var ekki farið í frekari tekjuöflunarleiðir, svo sem fleiri skattþrep eða stóreignaskatt? Eru feitu kýrnar svo heilagar að þær megi alls ekki snerta? Þurfa þær mögru að taka við öllum höggunum? Hvar er réttlætið nú, eitt helsta einkunnarorð hæstv. fjmrh.? En líklega á maður ekki að vera með orðhengilshátt þegar hann er annars vegar. Honum er margt betur gefið en að vera orðvar og finnst gaman í hita leiksins að finna vel hljómandi orð og orðasambönd sem hann svo stundum ofnotar, eins og „réttlæti“ og „hver á Ísland?“

Mikið var deilt hér bæði fyrir og eftir jólin um verkskiptingarfrv. á Alþingi og þótti mörgum sem ýmislegt væri vanhugsað í því frv. jafnframt því sem það væri illa kynnt, svo illa að margir sveitarstjórnarmenn höfðu aldrei heyrt á það minnst. Nú er bara að vona að þeim hafi ekki gefist tími til að kynna sér það of vel því að nú er búið að fresta því og gert til að styrkja hag ríkissjóðs um 260 millj. kr. svo að ekki þarf að velta vöngum yfir því hver missi þá peninga.

Hæstv. fjmrh. játaðist áðan fúslega undir að vera ráðstöfunarglaður og lofaði frekari ráðstöfunum. Þó það nú væri. Auðvitað á ríkisstjórnin að gera ráðstafanir. En það er bara þessi einkennilega ráðstöfun að endurráðstafa sífellt eigin fyrri ráðstöfunum sem vekur vantraust fólks á nýjum ráðstöfunum. Bæði er það að með þessu háttalagi virðist ríkisstjórnin bíta í eigið skott og þegar það er gert fara menn í hring en ekki áfram og hins vegar bitna flestar ráðstafanirnar á þeim verst settu æ ofan í æ svo að nú þykir mörgum nóg um og eru þessa dagana að sýna það í verki. Það er því ekki ráðlegt nú að hafa í hótunum við launafólk. Nær væri að hafa uppi samráð og skilning.

A.m.k. ætti að segja umbúðalaust hvað verður gert ef fólk verður ekki lamið til hlýðni. Verður þá ábyrgðinni af glaumnum og gleði góðærisins velt einhliða yfir á launafólk? Í plaggi Þjóðhagsstofnunar frá 29. febr. 1988 er ekki dregin upp glæsileg mynd. Þar er því spáð að framfærslukostnaður hækki um 15–16% á árinu, jafnframt gert ráð fyrir að launaskrið verði óverulegt, hækkun byggingarvísitölu verði um 12% og hækkun lánskjaravísitölu um 14%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrnar um 3½% frá fyrra ári og spáð er miklum viðskiptahalla eða a.m.k. 10 millj. Líklegt er að engin þessara talna standist heldur hækki og enginn trúir því nú enn að verðbólgan hjaðni.

Að öllu þessu samanlögðu má gera ráð fyrir að kjör fólksins í landinu versni og vissulega má rýra kjör margra í þessu landi. En hættan er sú að það séu ekki hálaunafólk eða sjálfstæðir atvinnurekendur, verslun eða vel stæð þjónustufyrirtæki sem verið er að hóta núna. Það eru þeir sömu og áður, fólk með meðaltekjur og þaðan af lægri.

Þó nauðsynlegt hafi verið nú að rétta af hag helstu atvinnuvega landsins má vara sig á því að rétta allan halla með því móti að meira halli á heimili landsins. Jafnvægi þar er ekki síður nauðsynlegt fyrir sálarheill og velferð þjóðarinnar en jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu óþarft að taka fram að við framsóknarmenn berum ábyrgð á þeim aðgerðum sem boðaðar eru í frv. sem er til umræðu í hv. deild, þ.e. að til þess að bæta starfsskilyrði útflutningsatvinnuveganna er að sjálfsögðu ljóst að ríkisstjórnin varð að grípa til aðgerða, þótt fyrr hefði verið, segja margir, þar sem við blasti geigvænlegt ástand og stöðvun þessara undirstöðugreina í okkar þjóðfélagi sem skapa þann grundvöll sem allt efnahagslíf þjóðarinnar byggir á. Þessu ætti að sjálfsögðu ekki að þurfa að lýsa hér, enda væntanlega öllum hv. alþm. ljóst.

Mér finnst ástæða til í þessu sambandi að lýsa því yfir hér að það kom greinilega í ljós í sambandi við umræður um vandamál atvinnuveganna á undanförnum vikum og mánuðum hvernig er orðið brenglað viðhorf almennings, og ekki aðeins almennings, eins og við tölum um venjulegt fólk, heldur einnig stjórnvalda og opinberra stofnana, til þessara undirstöðugreina í okkar þjóðfélagi. Það vakti oft furðu mína þegar maður hlustaði á viðtöl í fjölmiðlum og las greinar í blöðum hvernig þessi skoðun er orðin brengluð að mínu mati, að skynsamt fólk skuli ekki lengur átta sig á því á hverju þessi þjóð lifir og hvað það er sem leggur grunn að því velferðarþjóðfélagi sem við erum sjálfsagt öll, þessi blessuð þjóð, sammála um að þurfi að vera hér. Mér finnst nauðsynlegt að rifja þetta upp nú þegar við erum að ræða sérstaklega um aðgerðir sem eiga að gera að verkum að atvinnuvegirnir stöðvist ekki og þjóðin geti haldið áfram að lifa því lífi sem hún þarf miðað við að þær undirstöðugreinar geti starfað áfram.

Ég skal ekkert segja um hvort þessar aðgerðir nægja í þeim tilgangi sem á að nást með þeim, það verður tíminn að leiða í ljós, en að sjálfsögðu hef ég mínar efasemdir þar um.

Það voru aðallega tvö atriði sem urðu til þess að mér fannst nauðsynlegt að taka aðeins þátt í þessum umræðum í hv. deild og raunar var það hæstv. fjmrh. sem gaf mér tilefni til þess. En það eru einkum tvö atriði sem mér finnst ástæða til að koma aðeins inn á. Hið fyrra er skerðing á framlagi til byggingarsjóða ríkisins um 100 millj. kr. Ég ætla ekki að deila um réttmæti þessa við þessar aðstæður, enda orðið að þola og taka þátt í slíkum aðgerðum sem þátttakandi í ríkisstjórn fyrr, en ég vil láta í ljós þá skoðun mína að þessa skerðingu verður að taka af því fjármagni sem áætlað var til byggingar kaupleiguíbúða 1988 skv. lánsfjárlögum, þ.e. um 273 millj. kr. Að öðrum kosti yrði þessi skerðing bein riftun á þegar gerðum samningum Húsnæðisstofnunar ríkisins við fjölda húsbyggjenda sem eiga að fá þessi lán afgreidd á þessu ári. Á þetta bendi ég

sérstaklega við þetta tækifæri og árétta að framkvæmd verði með þessum hætti til að forða óþægindum á þessu sviði sem eru sjálfsagt næg fyrir. Mér finnst ástæða til að undirstrika þetta atriði. Þetta á að vera vel hægt. Hvað sem líður afgreiðslu frv. sem nú er í höndum Alþingis er ljóst að þessi fjárhæð sem þarna er tilgreind í lánsfjárlögum og fjárlögum verður ekki nýtt að fullu á þessu ári og þess vegna er þarna möguleiki á að varast hitt slysið sem er hálfu verra.

Hitt atriðið sem ég vil gera hér að umræðuefni er sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fresta tilflutningi verkefna til sveitarfélaga samkvæmt frv. sem er til meðferðar hér á hv. Alþingi og taka til baka það fjármagn sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er ætlað vegna þessa sem er þó um leið að hluta til leiðrétting á lögformlegu framlagi til Jöfnunarsjóðs. Ég tel, og það er mín persónulega skoðun, vægast sagt að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar sé ekki rökrétt og í raun og veru algjörlega röng.

Ég vil í örfáum orðum leiða rök að því hvers vegna.

Í fyrsta lagi voru ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. búin að tilkynna sveitarfélögum formlega um verkefnatilflutninginn og framlög til Jöfnunarsjóðs í þessu skyni með framlagningu fjárlaga sem þegar hafa verið samþykkt hér á hv. Alþingi og hæstv. fjmrh., og raunar einnig hæstv. félmrh., undirstrikaði þetta rækilega á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga sl. haust og reyndar einnig á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga og þar bættust hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh. í hóp þeirra ráðherra sem staðfestu þessa ákvörðun við fulltrúa sveitarstjórnarmanna. Flestallar sveitarstjórnir hér á landi hafa gengið frá sinni fjárhagsáætlun með þessa vissu um grunntölu Jöfnunarsjóðs 1988. Þrátt fyrir það að ekki var búið að ganga frá frv. sem hér er til meðferðar um verkefnatilflutning hafði það í raun og veru ekki bein áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga ef þau á annað borð gátu treyst þeirri ákvörðun sem fjárlög bera með sér og þeim fullyrðingum sem komið hafa fram í samskiptum við sveitarfélögin frá hæstv. ráðherrum.

Það er mitt mat að ríkisstjórnin komi í bakið á sveitarfélögunum með þessari ákvörðun sem nú hefur verið tekin eða ætlast er til að verði samþykkt hér og verður sjálfsagt samþykkt hér á hv. Alþingi. Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar rýfur í einu vetfangi það nauðsynlega og formlega samstarf og trúnað sem hefur verið byggt upp með góðum árangri milli ríkisstjórna og sveitarfélaga og þar á ég að sjálfsögðu við þann samstarfssamning sem hefur verið í gildi um nokkurt skeið milli ríkisstjórnar annars vegar og Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar sem gerður var að finnskri fyrirmynd og gerir ráð fyrir gagnkvæmum trúnaði og beinum samskiptum um mikilvægustu mál er snerta ríkið annars vegar og sveitarfélögin öll í landinu hins vegar. Ég er ansi hræddur um að það muni taka alllangan tíma að byggja upp á ný trúverðug samskipti við sveitarfélögin. Því hlýt ég að lýsa miklum vonbrigðum með þessa þróun mála sem hér liggur fyrir.

Mér finnst ástæða til þess að minna hæstv. fjmrh. á varnaðarorð mín í umræðum um fjárlögin hér fyrr á þinginu í vetur varðandi einmitt þetta mál þar sem ég lagði áherslu á það að sveitarfélögin yrðu að geta treyst framhaldi þessara mála og framkvæmd í aðalatriðum. Það eru engin rök að vísa til óánægju sveitarstjórnarmanna gagnvart frv. um fyrsta áfanga í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem er hér til meðferðar á hv. Alþingi. Gagnrýni sveitarfélaga var ekki gegn tilflutningi verkefna heldur efasemdir um framhaldið og óánægja með val á verkefnum í fyrsta áfanga og fyrst og fremst um skort á tryggingu fyrir því að tekjustofnar þeirra nægðu fyrir auknum verkefnum. Jafnhliða breytingum á verkefnum, tilflutningi milli ríkis og sveitarfélaga, vilja sveitarfélögin almennt jafnframt fá að vita um þá breytingu sem stjórnvöld vilja gera á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem á að verða fyrst og fremst til að jafna aðstöðu sveitarfélaganna í landinu.

Ég get þess hér að það var búið að ná a.m.k. meirihlutasamkomulagi um afgreiðslu umrædds frv. hér á hv. Alþingi. Mestur tími fór í að sætta ágreining vegna þess að, eins og ég áður sagði, við val á verkefnum valdi ríkisstjórnin verkefnatilflutning sem snertir meira aðra aðila en sveitarfélögin sjálf og þar á ég sérstaklega við íþróttafélögin og samtök þeirra sem hafa verið með um 60–80% af styrkjum úr Íþróttasjóði. Um þetta var orðið samkomulag í meginatriðum svo að hægt var að afgreiða málið í heild. Félmn. Nd. sendi frv. til umsagnar til fjölmargra aðila og samtaka sveitarfélaga til að fá fram skýra afstöðu til þeirra deilna sem urðu um þetta mál hér í hv. deild. Ég get upplýst það hér að flestöll landshlutasamtök sveitarfélaga og fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga lýstu stuðningi við afgreiðslu málsins með breytingum sem fyrirhugaðar voru þó að ýmsar athugasemdir bærust jafnhliða, ekki síst um framhald málsins.

Það var því reiknað með að þetta fyrsta skref yrði stigið þótt breytt væri nokkuð frá fyrstu áformum hæstv. ríkisstjórnar og ég get ekki séð að hægt sé að færa þau rök fram að þessar breytingar eða mótmæli frá vissum aðilum hefðu átt að þurfa að verða til þess að hætt yrði við þetta verkefni því það þýddi einfaldlega aðeins það að uppgjörssjóður hefði þurft að lækka um 35 millj. kr. sem hefði færst aftur til ríkissjóðs. Hitt hefði gengið þá leið sem frv. gerði ráð fyrir í upphafi.

Þess vegna tel ég, og taldi ástæðu til þess að láta það koma hér fram, þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú vera mikið áfall, ekki síst fyrir framhald þessara mála um tilflutning verkefna og aukna sjálfsstjórn sveitarfélaga í landinu og þar með dreifingu valds og ábyrgðar til byggðanna.

Það er einnig alveg ljóst að fjárveitingar til þeirra verkefna sem flytja átti til sveitarfélaga samkvæmt frv. og ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga verða mun lægri en þær hefðu orðið við venjulega afgreiðslu

fjvn. þar sem fjárhæðin er nú bundin fyrir fram. Við tilfærslu verkefna koma að auki uppgjör að ¼ hluta skuldar ríkissjóðs eða viðkomandi sjóða við verkefnin í gegnum uppgjörssjóð.

Fjvn. hækkar ávallt framkvæmdafjárlög við lokaafgreiðslu fjárlaga. Það er fastur liður þó að í mismunandi upphæðum sé er þetta yfirleitt sú venja sem hefur verið inni á hv. Alþingi. Miðað við fjárlög 1987 lækka því flest þessi framlög við þessar aðgerðir verulega. Ég nefni bæði íþróttastarfsemina, eða framlög úr Íþróttasjóði, vatnsveitur, félagsheimili og dagvistunarstofnanir. Það er mín skoðun að ríkisstjórnin hefði átt að leita annarra leiða. T.d. gat vel komið til greina að möguleiki hefði verið á því, þar sem ekki er um stærri fjárhæðir að ræða, að draga úr útgjöldum t.d. allra ráðuneytanna að einhverju leyti og sjálfsagt hefði verið hægt að finna möguleika á því ef vel hefði verið leitað að fá 100 millj. til viðbótar í ýmsum öðrum þáttum en einmitt þessum. En að taka til baka lögbundin framlög Jöfnunarsjóðs sem var búið að ákveða að leiðrétta að hluta miðað við gildandi lög og raska ekki með þessu ákvæðinu um fyrsta skref í verkatilflutningi ríkis og sveitarfélaga, það hefði sannarlega verið ástæða til að skoða það mál betur.

Ég vek einnig athygli á því að þetta kemur verst við minni sveitarfélögin í landinu og þar með landsbyggðina í heild en það hefur alls ekki afgerandi áhrif á framkvæmdagetu stærstu sveitarfélaganna eins og t.d. hér í Reykjavík. Þetta virkar því mjög lítið til að draga úr þenslu og mér finnst það skjóta dálítið skökku við að það var nefnt sem meginrök fyrir þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar að sveitarfélögin yrðu látin taka þátt í niðurskurði eða aðgerðum til þess að minnka þensluna með því að kippa til baka þessum aðgerðum.

Ég ítreka þá skoðun mína að það má ekki lengur dragast að gera raunhæfar aðgerðir til að flytja til verkefni milli ríkis og sveitarfélaga. Slík verkefnatilfærsla verður að byggja á að jafnhliða sé gengið frá breytingum á tekjustofnum sem er algjör forsenda þess að þetta verði framkvæmanlegt og framkvæmt. Það segir reynslan okkur sem höfum unnið að þessum málum eða tilraunum með þessi mál á undanförnum áratugum.

Ég legg höfuðáherslu á að lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði endurskoðuð með það að markmiði að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði efldur og að hlutverk hans verði fyrst og fremst að jafna aðstöðu sveitarfélaga í landinu til að ráða við aukin verkefni og ekki hvað síst til að styrkja stöðu minni sveitarfélaga eins og ráðgert er í þeim tillögum sem kynntar voru úti um allt land á sl. ári. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði þar með raunverulega til að styrkja stöðu landsbyggðar og jafna búsetuskilyrðin í landinu. Þetta er höfuðatriði sem ég undirstrika við þessa umræðu því að mér virðist oft og tíðum að þetta vilji fara út og suður í þeim röksemdaflutningi sem menn hafa í sambandi við þessi mál.

En svo ég vitni í þær tillögur um samstarf og tilflutning verkefna ríkis og sveitarfélaga stendur hér í 1. kafla þessa álits, sem ég veit að hæstv. fjmrh. hefur sjálfsagt lesið vandlega, að fjárhagslegar forsendur þessara tillagna, sem tilgreindar eru í þessari bók eða þessu nál. og eru bæði um hvaða verkefni komi til greina að flytja á milli og eins um fjárhagslegt uppgjör varðandi það, fjárhagslegar forsendur númer eitt, eru að það er algjör forsenda fyrir tillögum þessarar nefndar að jafnhliða tilflutningi þeirra verkefna sem þær gera ráð fyrir fái sveitarfélögin auknar tekjur og/eða útgjöld þeirra verði minni þannig að staða þeirra í heild verði ekki lakari en nú er, einnig að jafna aðstöðu sveitarfélaganna með tilliti til tekjumöguleika og verkefna sem þau sinna. Eðlilegt er að ríkisvaldið bæti sveitarfélögum upp þennan mun og sú jöfnun gangi lengra en núverandi fyrirkomulag felur í sér. Nefndin leggur mikla áherslu á þessi atriði en telur það vera utan síns verksviðs að fjalla verulega um þau enda átti það að koma í framhaldinu. Og til að jafna aðstöðu sveitarfélaganna með tilliti til tekjumöguleika þeirra og útgjalda er nauðsynlegt að endurskoða hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sveitarfélögin verða ávallt misjafnlega í stakk búin fjárhagslega til að standa undir þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir að flytjist til þeirra samkvæmt tillögunum. Þessu verður að mæta með framlögum frá ríkinu sem eðlilegast er að beina í gegnum endurskoðaðan jöfnunarsjóð.

Mér þykir ástæða til þess að koma aðeins inn á það sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. fyrr í dag í sambandi við þetta mál. Þar lagði hann fram nýjan rökstuðning fyrir þessari aðgerð gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða frestun á þessum verkefnatilflutningi sem var einvörðungu á þann veg að þessi ákvörðun hefði verið tekin vegna andstöðu, ekki aðeins sveitarfélaganna í landinu, heldur einnig t.d. í þingflokki Framsfl. Ég vil gjarnan fá tækifæri til að leiðrétta þetta því þetta er algjörlega rangt. Eins og ég lýsti hér áður var búið að fá viðhorf samtaka sveitarfélaga í landinu til frv. og undantekningarlítið vildu þau láta samþykkja frv. og ekki síst með þeim breytingum sem m.a. þingflokkur Framsfl. lagði til, að Íþróttasjóður varðandi íþróttafélögin og félagasamtök yrði tekinn út úr frv. Hann yrði áfram í íþróttalögum eins og þau eru í dag en að því er varðar sveitarfélögin yrði fært yfir á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég get einnig fullvissað hæstv. fjmrh. um það að þingflokkur framsóknarmanna var búinn að samþykkja það í einu hljóði að fylgja þessu frv. fram með þessari breytingu þannig að það er algjörlega rangt að halda því fram við þessar umræður að rökin fyrir þessari tilfærslu, að kippa til baka framlagi til sveitarfélaga upp á 260 millj., séu þessi. Sveitarfélögin í landinu vildu láta samþykkja frv. með þessari lagfæringu og það er hægt að lesa það út úr samþykkt fulltrúa sveitarfélaga og eins í samþykktum frá flestum landshlutasamtökum sveitarfélaga að undanskildum Austfjörðum sem vildu fresta málinu í heild.

Ég held að þess vegna sé ástæðulaust að vera að blanda þessu saman. Það er best að hafa bara sömu túlkun á þessum aðgerðum eins og kom fram við upphaf málsins. Það þurfti að leita ráða til að fá 260 millj. til þess að brúa það bil sem þurfti að brúa í þessu máli og sveitarfélögin yrðu þannig að taka þátt í því með þessari algjöru skerðingu á Jöfnunarsjóði ásamt með ríkissjóði. Það eru hin raunverulegu rök sem eru fyrir þessu máli og það er alveg óþarfi að ætla nú á síðara stigi að fara að blanda öðrum ástæðum inn í þetta mál. Það sem ég hef áhyggjur af er fyrst og fremst það ef þetta verður til þess að rjúfa það samstarf og þau sameiginlegu áform og yfirlýsingar sveitarfélaga og ríkisins áður að taka virkilega saman höndum um það að gera breytingar á í fyrsta lagi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum þar á móti og á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem er meginmál og sjálfsagt eitt af stærri málum til þess að tryggja búsetu og koma í veg fyrir byggðaröskun hér í okkar landi. Það finnst mér áhyggjuefni ef þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar verður til þess.

Þess vegna vil ég enda mitt mál með því að óska eindregið eftir því að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin í heild og ég tala nú ekki um hæstv. forsrh., sem ætti í raun og veru að vera forsvarsmaður þessarar ákvörðunar sem lagði fram frv. um þennan fyrsta þátt í þessum verkefnatilflutningi hér á þessu þingi, geri virkilega heiðarlega tilraun til þess að ná aftur eðlilegu samstarfi við sveitarfélögin í landinu um þessi áform. Það er sjálfsagt, úr því sem komið er, eðlilegasta málsmeðferðin að ríkisstjórnin skipi *milliþinganefnd fulltrúa flokkanna til að vinna* að nýjum tillögum um verkefnaskiptingu og tekjustofna jafnhliða og þar með Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samstarfi við sveitarfélögin í landinu og leggi slíkar samkomulagstillögur fyrir næsta þing.

Ég hef forðast að minnast hér á endalok þess frv. sem liggur enn óafgreitt úti í félmn., en að sjálfsögðu mun félmn. fjalla um það mál núna mjög fljótlega og þá verður niðurstaða um það tilkynnt hér inni á hv. Alþingi.

Vegna þess að í umræðunum í dag kom fram gagnrýni á ríkisstjórnina og stjórnarflokkana í sambandi við vegamálin vil ég segja það sem mína skoðun, og ég held að hún sé nokkuð samhljóða því áliti sem bæði Vegagerðin og hæstv. samgrh. hefur, að þrátt fyrir þessa skerðingu á fjármagni til Vegagerðarinnar sem er boðuð á Vegagerðin inni hjá ríkissjóði umframtekjur af bensíngjaldi, bæði vegna ársins 1986 og 1987. Og að sjálfsögðu hlýtur Vegagerðin að hafa eftir sem áður, þrátt fyrir þessa skerðingu á vegafénu í ár, aðgang að því fjármagni og veitir ekki af miðað við þann öryggisventil í okkar strjálbýla landi sem vegamálin eru og ég ber engar áhyggjur í brjósti um það að neinn í ríkisstjórninni reyni að koma í veg fyrir að það fjármagn verði nýtt fyrir Vegagerðina eins og lög gera ráð fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það má segja að hér á Alþingi Íslendinga ríki nokkuð óvenjulegt ástand. Til umræðu er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum en jafnframt yfirlýst að þessar aðgerðir eru vegna rekstrarstöðu grundvallaratvinnuvega okkar, þeirra sem tilvera þessarar þjóðar og útflutningur okkar til útlanda grundvallast á.

Í fyrsta lagi sýnist mér sem núv. ríkisstjórn taki þessi mál ekki nægilega alvarlega. Mér vitanlega er ekki sú stríðshætta þessa stundina í heiminum að það geti verið brýnna hjá forsrh. að vera staddur úti í Evrópu en að vera hér heima og sinna þeim verkum sem honum ber skylda til. Þegar ég segi þetta undirstrika ég það einnig að mér hefði ekki þótt óeðlilegt þó að ráðherrar Framsfl. væru hér einnig við í kvöld.

Það sæmir ekki að skamma þann ráðherrann, hæstv. fjmrh., sem talar fyrir málinu og heldur uppi málsvörn. Það væri svona álíka og ef prestur færi að skamma viðstadda fyrir lélega kirkjusókn.

Fram kom hjá hæstv. fjmrh. að efnahagsaðgerðir þyrfti að gera í tíma en það gengi illa ef þær væru gerðar of seint og þessar efnahagsaðgerðir eru gerðar of seint. Það er það fyrsta. Efnahagsaðgerðirnar þurftu að koma í nóvember í haust eða október. Það er liðin tíð að nokkur geti leikið þann leik að blekkja þessa þjóð um það hvenær gjaldeyririnn er seldur nálægt sannvirði og hvenær hann er seldur undir sannvirði. Það er búið að skapa óeðlilegt útstreymi á gjaldeyri allan þennan tíma.

Þá langar mig að vekja athygli á örfáum grundvallaratriðum. Aðalatriði hverrar ríkisstjórnar *hlýtur að vera að hafa heildaryfirsýn yfir* það sem hún er að gera og hér hefur þessa heildaryfirsýn því miður skort. Viðskiptahallinn á seinasta ári var 7 milljarðar. Hér tala menn um það að þetta sé fyrsta skrefið og að menn séu að hamla á móti viðskiptahalla við útlönd. Orðalagið að hamla er úr sjómannamáli og þá gjarnan um það að menn eru að róa skipinu aftur á bak og það sýnist mér ekki skila því sem um er að ræða.

Nú er spáin hjá Þjóðhagsstofnun að viðskiptahallinn verði 8–10 milljarðar. Það er svona álíka tala og tekjurnar af öllum saltfiski sem við seldum á seinasta ári. Ég tel að viðskiptahalli við útlönd sé smáþjóð meiri hætta en nokkuð annað og að reka grundvallaratvinnuvegi í þeirri gjaldeyrisöflun sem er frystingin á Bandaríkjamarkað með halla er hrein og klár ævintýramennska, að bjóða braskaralíði höfuðborgarsvæðisins upp á það að lána fjármagn með okurvöxtum en stilla þeim sem hafa sett fjármuni í undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar upp við vegg og ætlast til þess að þeir horfi upp á það að vera þjóðnýttir aftan frá, þ.e. látnir reka fyrirtækin þar til þau verða gjaldþrota. Gamla þjóðnýtingaraðferðin var þó mun heiðarlegri, að taka eignirnar og greiða fyrir þær. Ég er ekki búinn að átta mig á því til fulls hvort um óvitaskap eða vísvitandi stefnu er að ræða í þessum efnum. Í haust buðu hagfræðingar og viðskiptafræðingar þingmönnum á fund á Hótel Sögu

þar sem rædd var staða þessara mála. Þar var m.a. staddur hv. 2. þm. Norðurl. v., sá sem hér situr í salnum í kvöld, og fullyrti þá að gengi íslensku krónunnar væri haldið uppi með handafli og það mátti heyra það á hans málflutningi að hann efaði mjög styrkleika þeirrar handar sem hélt genginu uppi. Efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar boðaði það aftur á móti að þessi stefna hlyti óhjákvæmilega að leiða til þess að veikustu fyrirtæki landsbyggðarinnar færu á höfuðið og afleiðingin yrði visst atvinnuleysi úti á landi. Þetta segi ég hér vegna þess að þetta bendir eindregið til þess að mönnum hafi verið fullkomlega ljóst hvert stefndi og hér væri ekki um óvitaskap að ræða, heldur væri þetta hin blákalda stefna sem fyrir þeim vekti.

Ég sá það í Morgunblaðinu í gær, að ég hygg, að vaxtakjör Landsvirkjunar hafi verið mínus 8% á því fjármagni sem hún hefur á vöxtum væri miðað við vísitölutrygginguna sem er á innlendu fé og árið 1987 lagt til viðmiðunar. Það er nánaast óþolandi að horfa á það ár eftir ár að seðlabankastjóri Íslands, Jóhannes Nordal, sitji annars vegar í stjórn Landsvirkjunar og hagi þannig málum í vaxtakjörum þess fyrirtækis að það býr við allt önnur kjör en aðrir í þessu þjóðfélagi varðandi vaxtagreiðslur. Ef þetta væri hugsað út frá því hvað húsbyggjendur væru að greiða hefðu þeir raunverulega á seinasta ári verið að greiða 11½% í vexti, þ.e. 3½% ofan á þessi 8.

Ég hygg að það sé líka nánast einsdæmi að mönnum detti það í hug að selja orku án þess að hafa þá orkusölu í neinum takt við þróun í heiminum á hverjum tíma. Svo er komið að verðið á raforkunni til upphitunar er orðið það hátt að það borgar sig að kynda með olíu. Það er fyrst og fremst spurning um þjóðhollustu manna hvort þeir kúpla yfir í olíuna, einn, tveir og þrír, vegna þess að alþýðu Íslands blöskrar það að menn láti sér detta það í hug að það eigi að standa þannig að þessari sölu að raforkan sem offramboð er af á Íslandi sé verðlögð svo hátt að það sé hagkvæmara fyrir einstaklingana að nota olíu. Á þessu máli er á engan hátt tekið í þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Ég tel því miður að allur trúverðugleiki að þetta dugi til þess að skapa hér eðlilegt ástand sé ekki til staðar. Ég tel að sú gengisfelling sem framkvæmd er skapi enn væntingar á þann veg að menn telji að gengið verði aftur fellt og ástæðan er sú að menn vita að frystingin verður rekin með tapi.

Þá er rétt að víkja að því hvort einhver teikn séu á lofti um það að fyrirsjáanlegt sé að hækkanir verði á erlendum mörkuðum á fiskafurðum Íslendinga. Mér er ekki kunnugt um að svo sé. Aftur á móti blasa ýmsir hlutir við sem benda til þess að það gæti verið að snúast á verri veginn. Þar vil ég geta þess að sá fiskur sem frystitogararnir íslensku hafa unnið og flutt til Bretlands er nú í verulegum birgðum í Bretlandi vegna þess að framleiðslan hefur verið miklu meiri en salan þar. Séu einhverjir hér inni sem haldi þess vegna að það sé hægt að leggja niður frystihúsin í landinu og taka bara upp frystitogara er það alger blekking. Það væri þá til þess eins að safna fiski upp í óseljanlegum birgðum í Bretlandi.

Ég gat þess hér í upphafi að ég teldi ekki sanngjarnt að ráðast á hæstv. fjmrh. í þessu máli því að hvað sem sagt verður um hans störf blasir það þó við sem staðreynd í þessari ríkisstjórn að hann hefur tekið á sig verulegar óvinsældir til að stuðla að því að ríkissjóður Íslands yrði rekinn hallalaust. Ég tel að það hljóti að vera virðingarvert ef ráðherrar hafa þrek til að haga þann veg störfum að þeir spyrji ekki að því hvort það sé vinsælt heldur hvort það sé nauðsynlegt. En því segi ég þetta hér og nú að mér finnst að heildarstefnan sem kemur fram í frv. sé ekki á þann veg að menn séu reiðubúnir að axla þá ábyrgð að gera það sem nauðsynlegt er. Þeir láti hrekjast í þeim straumum sem eru í mannlífi á Íslandi í dag.

Ég vil bæta þessu við: Það er mín skoðun að í gegnum tíðina hafi oftast nær verið auðveldara að stjórna Íslendingum þegar á móti blés en þegar byr var góður. Þess vegna tel ég að það hafi verið enn þá meiri skyssa að hafa ekki haft vit á að gefa íslenskri þjóð viðvörunarmerkin strax í haust þegar það blasti við að góðærið var búið.

Þá vil ég víkja að einu atriði þessa frv. sem ég hygg að verði til að ræna verulega því trausti sem sveitarfélög hafa á því að semja við ríkisvaldið. Meðan ríkisvaldið leikur þann leik að taka einhliða ákvarðanir um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga blasir við að sveitarstjórnarmenn muni ekki hafa traust á að taka við verkefnum út á tekjur í Jöfnunarsjóðnum. Þarna verða menn að temja sér vissar siðareglur. Auðvitað er valdið þingsins og ríkisstjórnarinnar, en engu að síður hygg ég að hver einasti stjórnmálaflokkur á Íslandi hafi boðað að það ætti að gera sveitarfélögin sjálfstæðari og við gerum þau ekki sjálfstæðari meðan við leikum okkur að því að færa til fjármuni einn daginn inn í Jöfnunarsjóðinn og annan daginn út úr Jöfnunarsjóðnum. Það skapar öryggisleysi og vonlausan grundvöll fyrir sveitarfélögin til að starfa eftir.

Hins vegar blasir við í dag jafnframt að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna á Íslandi er orðin mjög misjöfn. Hún er svo misjöfn að sum sveitarfélögin hafa fjármuni til að ráðast í það sem við getum kallað óskaverkefni sín. Önnur sveitarfélög ráða ekki við brýnustu verkefni sem þeim ber að sinna. Þess vegna hygg ég að undan því verði ekki vikist að setjast niður og skoða í grunn tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að ná þar meira samræmi á milli þeirra verkefna sem ríkið ætlar sveitarfélögunum og þess tekjustofns sem þau hafa.

Ég hef hér, herra forseti, leyft mér að gagnrýna verulega það stjfrv. sem hér liggur fyrir. Það er ekki að ástæðulausu að ég geri það vegna þess að ég treysti mér ekki til að horfa upp á þá stöðu að eigið fé flestra fyrirtækja á Vestfjörðum, sem eru burðarásinn í því mannlífi sem þar er, sé rústað með því móti að sjávarútvegsfyrirtækin hafi ekki eðlilegan rekstrargrundvöll. Ég tel að sú ríkisstjórn sem nú situr þurfi alvarlega að gera sér grein fyrir að það er

mat margra hennar stuðningsmanna að þori hún ekki í upphafi síns kjörtímabils að taka svo fast á málum að trúverðugt sé er ákaflega ólíklegt að þeir hinir sömu stuðningsmenn telji að kjarkurinn fari vaxandi þeim mun nær sem líður kosningum. Þetta segi ég hér og nú vegna þess að þessi ríkisstjórn hefur ærinn meiri hluta á Alþingi og hún getur ekki afsakað sig á nokkurn hátt með því að halda því fram að það sé stjórnarandstöðunni að kenna á einn eða neinn hátt ef mál þróast á annan veg.

Ég tel að það skref sem hér er stigið sé kannski í mörgum atriðum óumflýjanlegt og í rétta átt. En spurningin er sú, ef það er vindur á móti og þú ert að hamla og bátinn hrekur enn: Er þá ekki heildarniðurstaðan sú að hlutirnir séu heldur að þróast á verri veginn? Hefur reynslan verið sú af spám Þjóðhagsstofnunar að það sé algengt að þeir hafi spáð minni viðskiptahalla en raunin hafi orðið á? Þess finnast dæmi að svo hafi verið. En meginreglan er hin.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við enn einu sinni til að tala um efnahagsmál. Við þurfum ekki að rekja það að fyrir jólin og í kringum áramótin var rætt mikið um efnahagsmál. Þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin ætlar að gera nú lá ljóst fyrir að þyrfti að gera þegar sl. haust. Í umræðum utan dagskrár 15. okt. sl. sagði ég m.a.: „Það er ljóst að mikill innflutningur þessa árs mun knýja fram gengisfellingu innan fárra mánaða. Fram hjá þessari staðreynd verður ekki litið."

Það var ljóst þegar sl. haust að fram hjá gengisfellingu yrði ekki komist. Gengisfelling síðasta haust upp á 5% hefði þýtt að þau mál hefðu verið í jafnvægi í dag.

Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur valið sér og kallað fastgengisstefnu er raunverulega tómt rugl. Hún stóðst aldrei og það kemur fram núna að nú er aðeins verið að lappa upp á hlutina því að gengið var löngu fallið. Það kom hér margoft fram í umræðum síðan í haust að svo var.

Í umræðum 22. des. sl. sagði ég m.a.: „Nú horfir illa við því raungengi krónunnar er mjög óhagstætt útflutnings- og samkeppnisgreinunum. Það er mjög alvarlegt að þjarma að þessum greinum og svo gæti farið að framleiðsla útflutnings- og samkeppnisgreinanna skerðist varanlega með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Og hvað gerir hún þá?"

Ég hef aðeins vitnað í tvö dæmi. Það lá opið fyrir öllum að þetta mundi gerast. Það þurfti enga hagspekinga til að sjá það.

Við höfum undanfarin ár orðið að lúta þeim lögmálum að gengi íslensku krónunnar ræðst ekki hér innan lands einvörðungu. Það ræðst líka af utanaðkomandi aðstæðum og það sást strax sl. haust að það var svo. Þegar við skoðum hvernig málin voru sl. haust getum við litið á skjal sem Seðlabanki Íslands hefur látið gera 26. febr. sl. þar sem gerð er úttekt á samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna og breytt til jafnstöðu við árið 1979. Þar kemur í ljós að á haustdögum var þessi staða mínus 4,8% eða um 5%. Vegna þess að þá var ekki gripið til þeirra aðgerða sem þurfti er staðan nú sennilega á milli 17,5% og 13,7%.

Hæstv. efnahagsmálaráðherra er farinn af landi brott og má því ekki vera að því að taka þátt í umræðum um efnahagsmál. Það er sjálfsagt svo að hann þorir ekki að senda hæstv. utanrrh. úr landi til að tala á fundi NATO. Hann er kannski hræddur um að utanrrh. segi eitthvað annað en honum líki. En við höfum fengið að heyra hvað hæstv. fjmrh. hefur um þetta að segja og við getum verið sammála því út af fyrir sig að það sé réttmætt að grípa til ráðstafana í efnahagsmálum, en þessar ráðstafanir munu ekki duga því ef við lítum á töfluna frá Seðlabankanum liggur ljóst fyrir að í sumar eða á haustdögum verður önnur gengisfelling af því að ríkisstjórnin greip ekki í taumana strax sl. haust. Það er því engum um að kenna öðrum en ríkisstjórninni sjálfri. Og ekki er fyrir að fara að efnahagsmálin standi illa vegna þess að það séu ekki hagstæð skilyrði. Við höfum aldrei haft hærra fiskverð, lægra olíuverð og góðan afla. Forsendur fyrir því að það sé hægt að reka góða efnahagsmálastjórn eru fyrst og fremst hjá ríkisstjórninni. Hún hefur brugðist í því eins og öllu öðru.

Einn helsti ráðunautur Sjálfstfl. um efnahagsmál hefur nú tekið sæti á þingi, hv. 2. þm. Norðurl. v. Hann sagði í grein sem raunar var vitnað í hér áðan:

„Ein meginorsök hárra raunvaxta á fjármagnsmarkaði þessa dagana er að genginu er haldið uppi með handafli. Þegar verð á erlendum gjaldmiðlum er orðið svo lágt að það er ekki lengur í takt við efnahagslegar forsendur leiðir slíkt af sér gífurlega aukningu á lánsfjárþörf fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Þessi aukna lánsfjárþörf setur svo þrýsting á allan fjármagnsmarkaðinn og heldur uppi háum vöxtum."

Herra forseti. Þetta sagði hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég held að þetta sé rétt. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er boðað að það eigi að lækka vexti. En hvaða blekking er það? Er verið að lækka vexti? Það er ekki verið að lækka vexti. Það er aðeins verið að halda nafnvöxtum innan ákveðins ramma. Raunvextir eru frjálsir eftir sem áður þannig að ekki er um vaxtabreytingu að ræða. Það er ekki nokkur vafi á að þessi blekking hefur farið ágætlega í sumt fólk í fyrstunni því að það hefur ekki séð í gegnum þetta.

Þá er komið að því að hæstv. ríkisstjórn ætlar að fella niður eða endurgreiða uppsafnaðan söluskatt. Við umræður um fjárlög í þremur umræðum komum við í stjórnarandstöðunni oft inn á þetta og bentum á að fiskvinnslan væri þannig stödd að hún ætti að fá þennan söluskatt endurgreiddan en ekki að það væri farið með það eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Forustumenn ríkisstjórnarinnar þóttust vita betur og aðeins rúmum tveim mánuðum síðar hafa þeir vaknað af sínum svefni. Þeir hafa uppgötvað að þeir voru að gera enn eina vitleysuna fyrir rúmum tveim mánuðum.

Þá er það launaskatturinn sem þeir lögðu á

sjávarútveg og samkeppnisiðnað. Við mótmæltum þessu harðlega og við í Borgarafl. höfum staðið mjög hart gegn öllum þessum skattahækkunum sem eru hinar mestu í sögu þjóðarinnar. Fyrir tveim mánuðum var ekki aldeilis vandi í sjávarútvegi. Hæstv. fjmrh. hélt að sjávarútvegurinn gæti borið þetta. Það var ekki nokkur vandi eftir allt þetta góðæri. En núna kemur hann og játar að hann hafi ekki vitað betur en svo að þetta hafi verið rétt hjá stjórnarandstöðunni. En það var gott að hann skuli geta komið með tillögur um að breyta hlutunum í takt við það sem við í stjórnarandstöðunni sögðum fyrir rúmum tveimur mánuðum og gott til þess að vita að hann skuli þó sjá, þó að það taki tvo mánuði. Það er kannski löng leiðin þarna upp.

En kjarninn í því að þeir ætla að hjálpa sjávarútveginum er þessi. Síðan á að breyta lánum í lengri lán í sjávarútveginum. Þetta lá allt fyrir fyrir rúmum tveimur mánuðum. Það hefði eins vel verið hægt að gera það þá.

Það er svo að þær ráðstafanir sem hér liggja fyrir hefði átt að gera sl. haust eins og ég kom inn á áðan. Það er og slæmt að hér skuli ekki vera formælendur frá Sjálfstfl. Þeir eru sennilega horfnir héðan úr þingsölum yfir höfuð. Þeir forustumenn sem eiga að tala í efnahagsmálum hverfa sem mest á braut, enda mun ekki vera beint þeim að skapi sú stefna sem ríkisstjórnin þeirra er að standa fyrir, enda eru þetta einhverjar þær verstu ráðstafanir sem hafa verið gerðar í efnahagsmálum í heildina frá upphafi þessa áratugs alla vega.

Í þessum ráðstöfunum er gert ráð fyrir því að Seðlabankinn muni tryggja rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu að halda. Ég kom inn á þetta í haust með fsp. til hæstv. landbrh. um þessa hluti í sambandi við afurðalánin. Hæstv. landbrh. sagði þá að þetta væri allt í góðu gengi. En það er nú undirstrikað að svo hefur ekki aldeilis verið. Afurðalánin hafa ekki verið í þeim farvegi sem sagt var. Ég fagna því þó að ríkisstjórnin skuli taka á hlutunum eins og ég benti réttilega á og Seðlabankanum falið að tryggja að bændur fái 75% af verðmætum birgða. Við sjáum að tekið er á þessum vandamálum landbúnaðarins eins og ég talaði um í umræðum um fsp. þessar og ég fagna því mjög.

Þá er ráðstöfun í sambandi við olíuverð. Það er alveg dásamleg ráðstöfun. Þeir tala um að olíuverð eigi að lækka. En skyldi ríkisstjórnin ráða olíuverðinu? Hún hefur ekkert með innkaupsverð á olíu að gera, það ræðst af heimsmarkaðsverði. Og heimsmarkaðsverðið er lækkandi þannig að þetta gæti út af fyrir sig lækkað. En ég er þó efins um að það lækki eins og hér er sagt. Ég efa það.

Í morgun var samþykkt þál., og ríkisstjórnin hefur kannski ekki tekið eftir því, þess efnis að bensín skyldi verða blýlaust. Það þýðir að bensínverð mun ekki lækka eins og hér segir. Það sem stendur hér um lækkun á bensínverði eða olíuverði mun ekki standast hvað bensínið varðar þannig að sú ráðstöfun er markleysa.

Ég hafði gaman af að lesa um að þeir sögðust ætla að beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks. Mikið er það dásamlegt þó ekki sé mikið sagt. Ég veit ekki hvort þeir ætla að styrkja Menningar- og fræðslusamband alþýðu. Það má vel vera að þeir ætli að gera það til þess að verkafólk geti aflað sér starfsmenntunar. Ég held ég verði að taka undir það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði fyrr í kvöld. Þetta kemur sennilega verkafólkinu að litlum notum. Þetta kemur því ábyggilega ekki að miklum notum. Ég hef litla trú á því. Sú litla upphæð sem á að veita í þessu skyni nær ekki langt.

Mörg þau áform sem hér eru eru á þennan hátt. Ég vil taka til umræðu þann þátt að það á að lækka útgjöld til vegamála um 125 millj. kr. Þetta er líka blekking. Það er ekki verið að lækka ríkisútgjöld um 125 millj. Vegasjóður á sitt fé. Það er bundið þar. Það á sennilega að taka 125 millj. af vegafé til að nota til einhvers annars í fjárlögum vegna þess að vegaféð er bundið. Það er verið að blekkja. Ríkissjóður er að draga sér fé.

Og þá erum við komin að þeim þætti þar sem á að lækka framlög í Byggingarsjóð ríkisins. Það hefði þótt eitthvað ef stjórnarandstaðan hefði borið fram þessa tillögu eftir öll þau ósköp sem gengu á fyrir áramótin þegar þær litlu breytingar voru gerðar á húsnæðislögunum og við vorum ásakaðir um að við værum að stoppa allt húsnæðiskerfið með því að bera fram varanlegar tillögur í þessum málum.

Við í Borgarafl. fluttum ítarlegar tillögur, bæði um breytingu á núverandi húsnæðiskerfi, um húsbanka og varanlega lausn á þessum málum, sem hefði getað leyst þá klemmu sem núverandi ríkisstjórn er í og kemur sér ekki úr. Ég vona samt að þeir eigi eftir að flytja okkar tillögur þannig að þeir komi sér út úr þessum húsnæðisvanda. Það hefði verið eitthvað sagt ef við hefðum flutt tillögu um að skerða Byggingarsjóð ríkisins um 100 millj. kr. En það er formaður Alþfl., hæstv. fjmrh., sem flytur þessa tillögu og gegn mótmælum hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur. Og mig skal ekki undra það. Það er svo að þessi tekjulækkunaráform eru eins og dropi í hafið í fjárlögum þannig að ég geri ekki ráð fyrir að ríkið hefði farið á hausinn eða ríkissjóður þó þau hefðu staðið óbreytt.

Þá er það um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á að fresta um ár. Ég sagði í atkvæðagreiðslu þegar þetta var tekið út af dagskrá, þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu, að ég vildi þá að sá lagabálkur væri afgreiddur þá þegar, þrátt fyrir að ég væri á móti honum eins og hann væri. Það var vegna þess að ég vildi að sveitarfélögin stæðu ekki frammi fyrir því, eins og þau standa núna, að vera búin að gera fjárhagsáætlun og standa svo frammi fyrir því að sú áætlun stenst ekki vegna þess að ríkisstjórnin svíkur þau loforð sem hún er búin að gefa. En þá er það að ég mun beita mér fyrir að það verði þó a.m.k. gerð lagfæring á nokkrum liðum sem voru felldir út af því að þetta lagafrv. var ekki

samþykkt. Ég minni á Íþróttasjóð þar sem ekki hefur verið gengið frá þeim skuldum sem þar eru. Ég vonast til að það standi, sem var sagt í Alþingi fyrr þegar þetta var til umræðu, að þær tölur verði samþykktar sem þar voru nefndar, ef ég man 40 millj. Einnig þætti mér ekki óhönduglegt að við stæðum að hækkun til Félagsheimilasjóðs. Þetta er nauðsynlegt tel ég í þessu sambandi og vonast til að menn geti sameinast um það.

Hér hefur einnig verið farið svo að að það á að setja gjald á erlendar lántökur og á að tvöfalda það gjald. Þetta er ágætt út af fyrir sig. En ég held að þetta bjargi engu. Það er svo ef við tökum fyrirtæki sem eru í samkeppni við erlend fyrirtæki, og ég nefni fyrirtæki eins og Flugleiðir, ég nefni fyrirtæki eins og skipafélögin okkar, þau eru í samkeppni við erlend fyrirtæki sem eru með erlent fjármagn, þar sem vextirnir eru ekki meira en þetta lántökugjald, þá erum við að vega að þessum fyrirtækjum. Við erum að vega að þeim með þessu. *Ég ítreka hér að ef við* þurfum að fara í flugvélakaup eða skipakaup til vöruflutninga verðum við að sjá til þess að þau fyrirtæki fái ekki lántökugjald því að það er grundvallaratriði að þau fyrirtæki geti keppt við erlend fyrirtæki á þessum sviðum. Það gera þau ekki með lántökugjaldi. Ég þykist vita að hæstv. ráðherrar hafi lítt hugað að þessu.

Ég kom inn á vextina áðan og ég ítreka að vextir *hafa ekkert lækkað. Það er því alveg út í hött að* leggja þetta svona fram.

Ég vil einnig nota tækifærið til að benda á að hér hefur verið skorið niður framlag til K-byggingar Landspítalans. Þetta er verkefni sem hefur verið til umræðu í sölum þingsins í fjölda ára. Ég held að þessi niðurskurður sé algerlega ótímabær. Þetta eru svo litlir fjármunir að það hefði verið alveg ástæðulaust að ráðast á þessa litlu upphæð. Ég tel að læknarnir á *Landspítalanum eigi eftir að láta heyra í sér* varðandi þetta. Við höfum staðið mjög framarlega undanfarin ár í rannsóknum og lækningu á krabbameini og það er brýnt að þessi bygging komist upp.

Við höfum horft á að viðskiptajöfnuðurinn hefur vaxið dag frá degi út af því ranga gengi sem við höfum haldið uppi. Menn hafa haldið að þeir væru með svo sterkan gjaldmiðil hér að þeir þyrftu ekki að taka tillit til ytri aðstæðna. Bandaríkjamenn héldu lengi vel sumir hverjir að gengi á bandaríkjadollar gæti haldist hátt uppi þrátt fyrir að viðskiptajöfnuðurinn væri óhagstæður. Einn daginn vöknuðu þeir við það að svo gæti ekki gengið lengur og hvað gerðist? Dollarinn féll og féll og féll og þá sköpuðust jákvæðar efnahagslegar forsendur innan lands sem höfðu ekki verið um árabil því að það getur engin þjóð, alveg sama hvort það er smáþjóð eða stórþjóð, haft endalaust óhagstæðan viðskiptajöfnuð. Og mér er spurn: Ætlar Sjálfstfl. að standa að því að hafa óhagstæðan viðskiptajöfnuð öllu lengur?

Ég heyrði í talsmönnum Framsfl. sem lýstu sig ósammála þessu og ég get því tekið undir margt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan og hv. 1. þm. Vesturl. einnig. Ég held að það sé rétt sem þeir sögðu um þessi atriði. Það verður að vera svo að menn skynji hvað fjármál eru. Menn sem hafa aldrei komið nálægt því að vinna við fjármál, sem hafa ekki þurft að standa í því að sjá til þess að fyrirtæki, sem þeir reka, gangi, það sé ekki halli á rekstri þeirra, og hafa ekki þurft að standa í því að passa upp á hverja krónu í því sambandi eiga erfitt með að stjórna fjármálum þjóðar. Það er mikið grundvallaratriði að svo sé.

En hvað segja menn um þessar ráðstafanir t.d. úti *á landi, menn í fiskvinnslunni? Í Vestfirska fréttablaðinu* 25. febr. sl., með leyfi forseta, segir Einar Garðar Hjaltason um afkomu fiskvinnslunnar:

„Stjórnvöld eru að láta útflutningsatvinnuvegunum blæða út. Gengisbreyting er aðeins leiðrétting á efnahagslegri óstjórn. Gengið er löngu fallið. Með því að leiðrétta það ekki eru stjórnvöld að láta útflutningsatvinnuvegunum blæða út."

Þetta var meðal margra orða sem Einar Garðar *Hjaltason sagði í viðtali við blaðið um afkomu fisk*vinnslunnar. Í sama blaði kemur fram að þorskafli er miklu meiri í janúar í ár en í fyrra á Vestfjörðum. Þetta þýðir það, eins og ég sagði áðan, að góðærið er enn þá og þær ráðstafanir sem er verið að gera núna eru vegna óstjórnar ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið rétt á þessum málum og hún hefur staðið sig illa í stjórn efnahagsmála. Hæstv. fjmrh. sagði í framsögu sinni í dag — *hann orðaði það einhvern veginn þannig* — að hæstv. forsrh. hefði skapað m.a. þennan vanda, þ.e. ríkisstjórnin sem var. Það er ekki gott að hæstv. efnahagsmálaráðherra skuli ekki vera hér til að svara því hvort það sé hans verk að efnahagsmálin skuli standa svona því að hæstv. fjmrh. hefur áður ráðist að hæstv. forsrh. og borið hann þeim sökum. Hann sagði að viðskiptahallinn væri afleiðing af stjórnleysi fyrrv. ríkisstjórnar. Ég get vel tekið undir þessi orð hæstv. fjmrh. Það er hluti af málinu.

Hæstv. fjmrh. réðist á nokkur sveitarfélög, sérstaklega Reykjavíkurborg, og lýsti því yfir að borgarstjórn þyrfti að draga úr framkvæmdum og vegna þess að hann hefði skert framlög til Jöfnunarsjóðsins hefði borgarstjórinn í Reykjavík þurft að lýsa því yfir að hann yrði að draga úr framkvæmdum. Ég get ekki tekið undir þessi sjónarmið vegna þess að bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur eiga að mega treysta því að ríkið standi við það sem það hefur lofað.

Viðskiptahallinn mun eiga að minnka um 3 milljarða við þessa aðgerð. En af 8, 10 eða 12 milljörðum eða hvað það er, hér hafa verið nefndar *ýmsar tölur, er það auðvitað ekki nægilegt.* Það verður að ganga þannig frá málum að viðskiptahallinn sé sem minnstur. Þegar við lítum til þess að ríkisstjórnin er að gera ráðstafanir í sjávarútvegi, þ.e. sá leikur hæstv. ríkisstjórnar að leggja á sjávarútveginn launaskatt fyrir áramótin og taka af honum þann söluskatt sem hann átti að fá endurgreiddan og gefa hann til baka núna og ætla að láta menn halda að þeir séu að hjálpa sjávarútvegi, þá er það náttúrlega

blekking. Það er ekkert verið að gera þarna. Það er aðeins verið að gefa til baka það sem þessi atvinnugrein átti rétt á og hefði aldrei átt að taka. Það er ekki verið að játa annað en það að stjórn núverandi ríkisstjórnar á efnahagsmálum er algjörlega út í loftið. Þetta er rugl.

Nú flæða skattar yfir fólkið, bílatryggingarnar hækka langt fram úr því sem eðlilegt er. Það er lækkað verð á bílum og það er fjölgað bílum í landinu sem þýðir að að tiltölu til hefði verðið átt að lækka á tryggingunum. En hvað gerist? Bílatryggingar hækka. Menn eru núna að fá senda inn um lúguna heima hjá sér eignarskatta af íbúðarhúsinu sínu til viðbótar fasteignagjöldunum. Fyrir fólk sem býr í sínu eigin húsi er þetta óskaplega erfitt, sérstaklega fyrir þá sem eru komnir að lokum starfsaldurs. Þeir fá senda inn um lúguna háar upphæðir í eignarskatta af íbúðarhúsinu sínu. Þetta er langt frá því að geta talist eðlilegt. Ég held að sé tími til kominn að flytja brtt. þess efnis að eignarskatt á eigin íbúðarhúsnæði ætti ekki að vera heimiltt að leggja á.

Það er greinilegt að stjórnarflokkana greinir mjög á í efnahagsmálum. Einn vill ganga veginn nógu langt og fella gengið, annar vill fara einhverja millileið í gengisfellingu og sá þriðji vill halda genginu óbreyttu. Hér hefur komið fram í umræðum að þessir þrír flokkar eru langt frá því að vera sammála, enda ekki von til, svo mikið er bilið í málefnauppbyggingu þessara flokka að það ætti ekki að geta gengið að þeir séu saman í ríkisstjórn.

Ég vil benda á að þessar ráðstafanir munu ekki endast, eins og ég sagði áðan, nema til sumars því þá mun ríkisstjórnin verða að grípa til nýrra ráðstafana. Ríkisstjórnin verður að fella gengið að nýju vegna þess að hún gerði það ekki í haust. Ég ítreka að úrlausn mála eins og hér hefur verið gerð er óviðunandi. Núverandi ríkisstjórn er raunverulega alveg máttlaus vegna þess að hún veit ekkert hvað hún vill gera og hver höndin er upp á móti annarri, enda eru þeir helst fjarri þingsölum þegar rætt er um efnahagsmál. Vilja helst fela sig í skúmaskotum.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Örfá atriði í því máli sem hér er til umræðu.

Það var undarlega til orða tekið hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að gera athugasemd við skyldustörf hæstv. forsrh. í útlöndum en segja svo að sér þætti ekki óeðlilegt að ráðherrar Framsfl. sætu þennan fund í hv. deild. Ekki óeðlilegt, ekki eðlilegt. Kynlega til orða tekið en segir sögu um undanskot ábyrgðar í umræðum um viðamikið og flókið mál. Þó hefur hæstv. heilbrmrh. setið þennan fund í allt kvöld. (**ÓÞÞ:** Í hliðarsölum.)

Hv. þm. Alexander Stefánsson talaði um frestun á framkvæmd frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga eins og hann væri saklausa lambið í hjörðinni og víst má til sanns vegar færa. En verkaskiptingarmálið er mál sem búið var að semja um við sveitarstjórnarmenn, rétta aðila sveitarstjórnarmanna, og þegar búið er að semja um mál eiga þau að standa. En það losnaði um strenginn hjá framsóknarmönnum og ákveðnir fulltrúar framsóknarmanna, eins og t.d. hv. 5. þm. Suðurl., voru með ótímabærar og illa ígrundaðar fullyrðingar til að skjóta sér undan ábyrgð. Og fleiri fylgdu í kjölfarið. Það er mergurinn málsins að mínu mati í þeirri niðurstöðu að málið hefur fallið á milli skips og bryggju eins og staðan er.

Ef það er einhverjum að kenna að þessu máli hefur verið frestað er það þeim framsóknarmönnum sem hafa verið að keppast við það út um allar grundir að skjóta sér undan ábyrgð, búa sér til sérstöðu á kostnað samherja sinna í ríkisstjórninni. Það er óeðlilega að verki staðið.

Þetta mál, sem hefur verið fjallað um m.a. í þessari umræðu, er stórmál, er framfaraspor og það er illt að það komist ekki til framkvæmda eins og það er. Hv. þm. Alexander Stefánsson vék að þeirri hugmynd að það væri ástæða til að skipa nú nýjar nefndir til að ná sáttum og áttum í málinu. En slíkt er auðvitað ekki hægt að bjóða sveitarstjórnarmönnum upp á. Það er í þessari stöðu úr því sem komið er kannski hægt að bjóða upp á að fresta framkvæmd málsins til næstu áramóta, en að semja við menn og segja síðan: Því miður, þetta var ekkert að marka, við skulum koma til leiks upp á nýtt, það auðvitað er fyrir neðan virðingu allra sem að þessu máli ættu að standa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég stenst ekki mátið að gera ofurlitlar athugasemdir við þann málflutning, sem hér hefur nokkuð borið á, að ógæfa sveitarfélaganna í landinu, sem er vissulega mikil, sé aðallega tilkomin vegna þess að frv. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga náði ekki fram að ganga fyrir áramótin.

Ég held að það sé alveg ljóst að slíkur pappír breytir ekki miklu um tilvist sveitarfélaganna í landinu þegar þau búa við ríkisvald eins og nú stjórnar því að örlög sveitarfélaganna eru með svo margvíslegum hætti í höndum þeirra sem fara með fjárveitingarvaldið og ákvarða jafnvel möguleika sveitarfélaganna til skattheimtu hvað eigin tekjustofna varðar að það er heldur „billegur" málflutningur að mínu mati að ætla að skjóta sér á bak við að það sé að vísu vont þetta með skerðingu Jöfnunarsjóðsins og mikil ógæfa fyrir sveitarfélögin og illu heilli hafi þau ekki fengið verkaskiptingarfrv. yfir sig.

Ég var í þeim hópi sem varaði einmitt við verkaskiptingarfrv., ekki síst út af því viðhorfi sem sveitarfélögin búa við, út af þeim aðstæðum sem þau búa við undir þessari ríkisstjórn og reyndar þeirri síðustu líka sem hefur alveg miskunnarlaust skorið niður tekjur þeirra, beitt hnefaréttinum á sveitarfélögin, stolið af þeim tekjunum sem lögum samkvæmt eru sveitarfélaganna. Við þær aðstæður og

ríkisstjórn sem sýnir sig aftur og ítrekað í því að beita sveitarfélögin þannig valdi var ekki mjög trúverðugt fyrir sveitarfélögin að ganga að þeim pakka sem átti að bjóða þeim upp á fyrir áramótin. Og kemur það ekki einmitt í ljós hversu mikinn áhuga ríkisstjórnin hefur á velferð sveitarfélaganna þessa dagana? Þegar þessar efnahagsráðstafanir eru til umræðu telur ríkisstjórnin sig greinilega geta réttlætt að skerða lögboðnar tekjur sveitarfélaganna um hartnær 400 millj. kr. eins og ekkert sé. Ég held að það þurfi ekki frekari vitnanna við úr því að blessuð ríkisstjórnin treystir sér til þessa við þær aðstæður að fjölmörg sveitarfélög í landinu eru að reyna að koma saman fjárhagsáætlunum eða hafa verið að því undanfarna daga og það er alveg ljóst að staða þeirra er nú erfiðari en verið hefur um árabil, þegar gróin sveitarfélög, kaupstaðir sem hafa gegnum tíðina getað staðið í talsverðum framkvæmdum til viðbótar því að reka hina hefðbundnu þjónustu, ná nú engan veginn endum saman. T.d. sá kaupstaður sem hefur fóstrað hæstv. heilbrmrh. Það eru nú í raun og veru ekki falleg fósturlaun sem ríkisstjórnin sem hæstv. heilbrmrh. situr nú í geldur Húsavíkurkaupstað með þessum hætti sem er einn af fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni sem nær ekki endum saman, á varla fyrir rekstrinum hvað þá að tala um einhverjar framkvæmdir. Þannig er þetta víða úti um landið. Þegar frá eru dregin nokkur rík sveitarfélög á þenslusvæðinu er það yfirleitt reglan frekar en hitt að sveitarfélögin séu í kröggum og eigi varla fyrir sínum hversdagslega rekstri hvað þá framkvæmdum. Við þær aðstæður treystir ríkisstjórnin sér að taka af þeim tekjur sem nema — ja, ætli það séu ekki 1000 kr. á hvern íbúa í þessum sveitarfélögum. Ég held að sveitarfélögin megi við þessar aðstæður lofa guð fyrir að verkaskiptingarfrv. er strandað út af fyrir sig því þá gilda lögin í landinu að öðru leyti. Þar með gilda lögin um kostnaðarþátttöku ríkisins í ýmsum opinberum framkvæmdum og þá getur ríkisstjórn, sem kemur til valda, vonandi fljótlega, í landinu og hefur skilning á högum og þörfum sveitarfélaganna, reynt að greiða upp vanrækslusyndir þessarar og næstsíðustu ríkisstjórnar, þeirrar sem sat næst á undan þessari.

Það hefði legið öðruvísi við ef búið hefði verið að raska þessari verkaskiptingu, ef frv. eða sá hluti tillagna verkaskiptanefndanna sem átti að fara í gegn núna með frv. sem var til umræðu og liggur enn í hv. félmn. hefði náð fram að ganga. Þar var, eins og mönnum er kunnugt, verkefnunum vísað á Jöfnunarsjóð. Það var Jöfnunarsjóður sveitarfélaga sem átti að taka á sig auknar byrðar í raun eða úr honum átti að koma það fé sem bætti sveitarfélögunum upp auknar byrðar. Þá spyr ég aftur: Er mjög trúverðug, í ljósi þeirrar meðferðar sem Jöfnunarsjóður, þessi lögboðna eign sveitarfélaganna, lögboðni tekjustofn þeirra, fær, sú hugsun hæstv. ríkisstjórnar að vísa þessum verkum öllum þangað? Ég segi nei. Það er ekkert sem bendir til annars en að þessir heiðursmenn, sem fara með fjármálin í hæstv. ríkisstjórn, hefðu haldið áfram að skerða Jöfnunarsjóð eftir geðþótta og í næstu efnahagsráðstöfunum, sem munu koma á færibandi inn í þingið ef þessi ríkisstjórn hangir áfram á horriminni einhverja mánuði, verður auðvitað krukkað í Jöfnunarsjóðinn eftir hendinni. Það var nú ekki á vísan að róa með það fyrir sveitarfélögin að eiga von í einhverjum uppgjörsdeildum eða einhverjum sérdeildum Jöfnunarsjóðsins sem svo er skorin niður við trog að geðþótta hæstv. ráðherra. (**Dómsmrh.:** Hv. þm. styður greinilega frumvarpstillöguna.) Þar gat og getur ekkert bjargað hlutunum nema raunverulegt sjálfstæði sveitarfélaganna hvað tekjustofna varðar sem er virkt í reynd en ekki farið með að geðþótta misviturs ríkisvalds á hverjum tíma. Það er hið versta skipulag. Það verður engin mynd á samskiptum ríkis og sveitarfélaganna í landinu ef sá ósiður verður landlægur að ríkið beiti veikari aðilann í þessum samskiptum, sveitarfélögin, sífellt ofbeldi eins og viðgengist hefur undanfarin ár, af þeirri einföldu ástæðu að það vald, sem ríkið hefur gagnvart sveitarfélögunum, er mjög vandmeðfarið. Þar liggur lagasetningarvaldið og þar liggur fjárveitingavaldið. Þess vegna gengur það auðvitað ekki og það verður aldrei neitt lag og aldrei neitt traust á milli þessara aðila ef menn fara með vald sitt með þeim hætti sem hæstv. ríkisstjórnir hafa gert undanfarin ár. Það er hin mesta hneisa og þar verður að verða breyting á.

Ég ætla líka að ræða vaxtamál við hæstv. ráðherra Alþfl. sem hér eru staddir. Það er nefnilega þannig að þar ber vel í veiði þar sem er hæstv. viðskrh., yfirmaður bankamálanna, og hæstv. fjmrh. Nú bregður svo við að bönkunum er, eins og ég hef skilið það, samkvæmt tilmælum eða ávísun frá Seðlabankanum gert að lækka nafnvexti óverðtryggðra útlána og þá hlýða bankarnir því auðvitað. Þá er allt í einu orðið allt í lagi, bara einn góðan veðurdag upp úr þurru, þarf bara eina helgi til að skipa bönkunum fyrir um vextina. Og það er gert, bara hlýtt. Sömu menn, sem nokkrum dögum og vikum áður töldu hina mestu fjarstæðu að reyna að hafa áhrif á vaxtastigið í landinu með einhverjum miðstýrðum ákvörðunum af því tagi, depla nú ekki auga yfir því. Það kemur í ljós og kann að valda því hversu létt ákveðnir aðilar í hæstv. ríkisstjórn taka þessu að þetta vaxtahringl er hin argasta blekking og hefur engin marktæk áhrif á vextina í landinu vegna þess að raunvextirnir lækka ekki nokkurn skapaðan hlut. Þessar breytingar ná einungis til óverðtryggðra útlána og staðreyndin er sú að þau eru ekki til í bankakerfinu í dag því að ein höfuðástæðan fyrir gífurlegum gróða bankanna á síðari hluta sl. árs var sú að þeir fluttu öll sín útlán svo að segja úr óverðtryggðum yfir í verðtryggð lán. Ég hef skoðað niðurstöðutölur bæði frá bönkum og sparisjóðum sem ráku sjálfa sig með bullandi tapi fyrri hluta ársins, færðu svo lánin til með þessum hætti, héldu áfram að hafa innlánin óverðtryggð og með neikvæðum vöxtum, en færðu öll útlán yfir í verðtryggð lán og hliðstæðar skuldbindingar með háum raun-

vöxtum. Niðurstaðan varð auðvitað ofboðslegur vaxtamunur og þessi svikamylla er enn í gangi. Þetta er argasta blekking, sem hér er verið að halda að mönnum, og það eina sem vert er að skoða þarna eru ákvarðanir sem snerta afurðalánavexti eða vaxtamun í því sambandi. Ætla ég ekki að lasta þá viðleitni sem þar eru uppi.

En það sem er skemmtilegt í þessum efnum, herra forseti, er það að vaxtafrelsispostularnir kyngja því nú allt í einu án þess að verða sjáanlega flökurt af að skipa fyrir um vextina með þessum hætti. Ég vona að ég fari rétt með að þetta séu bein fyrirmæli sem byggja á lögum um Seðlabanka Íslands, þessi ákvörðun um að lækka nafnvexti óverðtryggðra fjárskuldbindinga. En vextirnir eru eftir sem áður allt of háir og þó að nafnvextir lækki pínulítið þegar verðbólgan lækkar á milli mánaða segir það ekki neitt um raunvextina, enda eru þeir enn allt of háir eins og allir vita.

Ég hef lagt fyrir hæstv. viðskrh., herra forseti, fsp. um þjónustugjöld bankanna. Illu heilli er nú ekki komið svar við þeirri fsp., enda er ég ekki að fara fram á og er ekki að segja að svo ætti að vera því það er stutt síðan sú fsp. kom fram, en ég held að það verði mjög fróðlegt þegar svar kemur við þeirri fsp. um þjónustugjöld bankanna undanfarin ár vegna þess að ég hef grun um að þá muni koma í ljós að á síðustu missirum hafi það ekki bara gerst að vaxtamunur í íslenska peningakerfinu og bankakerfinu hafi verið einhver sá hæsti í heimi heldur líka óheyrilegt okur á þjónustugjöldum bankanna sem mér segja fróðir menn að hafi hækkað von úr viti á undanförnum missirum. Bankarnir hafa sjálfdæmi í þeim efnum. Það er hluti af frelsinu margumtalaða. Fræg er hugdetta þeirra núna um áramótin að taka upp sérstakt þjónustu- og afgreiðslugjald eða hvað það nú hét á afurðalán til fyrirtækja. Mér voru sýndir norður í landi á ferð minni þar nú ekki alls fyrir löngu seðlar frá afurðalánadeildum bankanna þar sem búið var að bæta inn þessum nýja lið, þjónustu- og afgreiðslugjaldi, sem bankarnir ákváðu um áramótin að taka sér af öllum afurðalánum til atvinnulífsins, a.m.k. til sjávarútvegsins. Slíkt er vald þeirra og staða í þessum efnum að þeir þurfa ekki að hafa fyrir því að spyrja kóng né prest heldur einfaldlega skrifa þeir þetta á nóturnar, tilkynna fyrirtækjunum að þeir hafi ákveðið að taka af þeim þennan skatt. Svona er þetta allt saman. Svona er blessað frelsið. Það er fyrir suma. Alla vega nóg af því fyrir bankana þegar þeir þurfa að skammta sér hóflegan gróða sem gjarnan má hlaupa á tugum og hundruðum milljóna eftir því sem mönnum þykir fara vel.

Herra forseti. Þetta var um Jöfnunarsjóðinn og vextina. Síðan hafði ég hugsað mér að ræða pínulítið við hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni og þá er skaði að hér skuli ekki vera einhver talsmaður Sjálfstfl. því ég lít svo á að hæstv. heilbrmrh. geti svarað fyrir Framsfl. (**AG:** Ég skal svara fyrir hann.) Nú, tekur hv. þm. Albert Guðmundsson að sér að svara fyrir Sjálfstfl.? Ég efast ekki um að hv. 5. þm. Reykv. hefði ekkert á móti því sjálfur, en einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að t.d. formanni Sjálfstfl. yrði ekki rótt þar sem hann hvílist nú úti í Brussel ef hann vissi að talsmaður Sjálfstfl. í efnahagsmálum á Alþingi héti Albert Guðmundsson. (**VE:** Þetta er misskilningur. Hann svarar fyrir sjálfstæðisstefnuna.) Já, það er þannig. Jæja.

En hvað um það. Ég hefði talið að það hefði nú ekki veitt af að þeir hefðu verið hér þeir hæstv. ráðherrar úr Framsfl. og Sjálfstfl. sem gegna fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. því mér finnst harla kyndugt að standa í þessari umræðu um efnahagsráðstafanir á sama tíma og fréttir færa okkur heim sanninn um að það er verið að fella út um allt land í atkvæðagreiðslum þá kjarasamninga sem eru höfuðröksemdin fyrir þessum ráðstöfunum. Hæstv. fjmrh. talaði algjörlega út frá því að forsenda þessara ráðstafana væri að kjarasamningarnir yrðu virtir eða eftir þeim yrði farið í hvívetna og þeir yrðu að fordæmi fyrir þann hluta vinnumarkaðarins sem á eftir að ganga frá sínum málum. Nú er það einfaldlega að brotna upp. Ég hygg að eins og mál stóðu einhvern tímann á ellefta tímanum hafi sjö af ellefu verkalýðsfélögum í landinu, sem búin voru að greiða atkvæði um þessa samninga, verið búin að fella þá og mörg kolfella þá þannig að þeir fengu fáein, sárafá atkvæði í mörgum félögum. Það voru einn og tveir og þrír menn sem greiddu atkvæði með þessum samningum á býsna fjölmennum fundum hjá ýmsum verkalýðsfélögum. Ef að stóru félögin, sem nú halda fundi í kvöld og eru að telja, væntanlega þessar mínúturnar, niðurstöður í atkvæðagreiðslum um samningana, fella þá einnig, félög eins og Eining á Akureyri, Hlíf í Hafnarfirði, Framsókn og fleiri, held ég að sé orðið alveg ljóst að þessir samningar eru ekki lengur sá grundvöllur sem talað var um og ýtt var úr vör með þegar þessar ráðstafanir voru kynntar hér í þinginu, fyrst af hæstv. forsrh. og síðan af hæstv. fjmrh.

Getur hæstv. forseti kannað hvort einhver sjálfstæðisráðherra sé nálægur, (**ÓÞÞ:** Hv. 1. þm. Suðurl. er hér og er ráðherraígildi þess flokks.) til að mynda hver gegnir fyrir hæstv. forsrh. og hvort sú æruverðuga persóna gæti lagt leið sína í þinghúsið? Mér finnst út af fyrir sig heldur bagalegt að hæstv. oddvitarnir skyldu þurfa að stökkva úr landi með þeim hætti sem raun ber vitni, en þeir eru að gegna ákveðnum erindum eins og allir vita og látum svo gott vera. En það gengur væntanlega þannig fyrir sig að þegar þeir fara úr landi taka aðrir hæstv. ráðherrar við þeirra embættum og gegna fyrir þá. Ég held að þeir ágætu menn ættu að sjá sóma sinn í því að sitja hér undir þessari umræðu ef þeim er annt um framgang frv. Ég ítreka því tilmæli mín til hæstv. forseta um að þetta verði kannað. (**Forseti:** Það munu vera tveir ráðherrar Sjálfstfl. sem eru ekki með varamann fyrir sig, en mér er sagt að iðnrh. sé á leiðinni til umræðunnar og mun hann þá svara fyrir ráðherra hans.)

Já, herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar og geri ráð fyrir því að það sé hæstv. iðnrh. sem gegnir fyrir hæstv. forsrh. Hér hef ég fengið upplýsingar, herra forseti, um að talningu er lokið í kosningu um samningana bæði hjá Einingu á Akureyri og Framsókn í Reykjavík og á báðum stöðum voru samningarnir felldir, kolfelldir á Akureyri og við Eyjafjörð með 348 atkv. gegn 109 og í Reykjavík felldir með 134 atkv. á móti 113. Í verkalýðsfélaginu Þór á Selfossi voru þeir kolfelldir með 70 atkv. gegn 4, en svo virðist sem í Hlíf í Hafnarfirði hafi þeir við endurtekna atkvæðagreiðslu verið samþykktir með einu atkvæði, 33 atkv. gegn 32, og hafa menn sennilega vandað sig við talninguna þar af gefnu tilefni.

Þetta eru upplýsingar, herra forseti, sem ég held að eigi fullt erindi inn í þessa umræðu, að Eining á Akureyri, sem er langstærsta verkalýðsfélag landsbyggðarinnar, hefur nú kolfellt samningana í atkvæðagreiðslu sem meira en 450 manns hafa tekið þátt í, hugsanlega talsvert fleiri því það kemur ekki fram í þessum upplýsingum mínum hvort einhverjir eða margir seðlar hafi verið auðir. Ég held að það sé þá ástæða til þess að við fáum svör um það hjá hæstv. fjmrh. og síðan hæstv. iðnrh., þegar hann kemur, hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst þá fyrir í framhaldi af þessu. Er meiningin að keyra þessar ráðstafanir í gegn og reyna að gera þær að lögum e.t.v. á morgun engu að síður, þrátt fyrir þessa niðurstöðu, þrátt fyrir að samningarnir séu lausir að því er virðist hjá verulegum meiri hluta þeirra félaga sem að nafninu til stóðu á bak við samningagjörðina hjá Verkamannasambandi Íslands? Við vitum að Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband verksmiðjufólks og verslunarmannasamtökin eru í samningum og mér sýnist alveg ljóst að öll þessi mál fari meira og minna á skrið við þessa niðurstöðu. Ég minni á að í kjarasamningi þeim sem undirritaður var af vinnuveitendum og Verkamannasambandinu nú fyrir nokkrum dögum eru fyrirvarar þess efnis að þar komi næsta sjálfkrafa inn allar þær hækkanir sem aðrir aðilar kunna að ná inn í kjarasamningum. Það þýðir að á næstu dögum gætu líka þeir samningar, þó þeir hafi verið samþykktir af einhverjum aðilum, breyst. Ég hygg að hæstv. ríkisstjórn skuldi þinginu svör um að hve miklu leyti þetta breyti þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar þegar þessar efnahagsráðstafanir voru gerðar og hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst þá fyrir í framhaldi af því. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geti svarað þessu að einhverju leyti, herra forseti, en að öðru leyti fer ég fram á að umræðunni ljúki ekki og henni verði frestað þangað til hæstv. iðnrh. er kominn í þinghúsið og geti þá einnig svarað fyrir hönd þess stjórnarflokks sem var fjarstaddur umræðuna þegar ég bar fram mínar spurningar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur vikið nokkuð að vaxtamálum og beint spurningum til mín í því sambandi.

Á undanförnum vikum og mánuðum hafa margir gerst talsmenn þess að vextir væru lækkaðir með valdboði af hálfu ríkisstjórnarinnar, m.a. hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég hef hins vegar haldið því fram að nafnvextir héldust hér háir einkum vegna mikillar óvissu í verðlagsmálum en raunvextirnir héldust hér háir fyrst og fremst vegna jafnvægisleysis á lánamarkaði. Forsenda þess að vextir geti lækkað væru því annars vegar að horfur í verðlagsmálum skýrðust og hins vegar, þótt það sé nátengt, að betra jafnvægi kæmist á milli framboðs og eftirspurnar á fjármagnsmarkaðnum. Nú hefur verulega dregið úr óvissu um þróun verðlags á næstunni með þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið og samþykktir hafa verið í stærstu verkalýðsfélögunum hér um slóðir. Fyrri aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru enda farnar að skila árangri í ört minnkandi verðhækkunum og nú með því að stefnan í kjarasamningum hefur verið mótuð í meginatriðum fyrir þetta ár er ljóst orðið að færi er til þess að ná hjöðnun verðbólgu þegar líða tekur á árið. Ég minni hv. 4. þm. Norðurl. e. á það að þegar framfærsluvísitalan var reiknuð út í byrjun febrúar kom á daginn að hún hafði aðeins hækkað um 0,84% sem svarar til innan við 11% verðbólgu á heilu ári og um 25% verðlagshækkunar síðustu tólf mánuði. Þetta er minnsta hækkun framfærsluvísitölunnar frá því vorið 1986. Vísitala byggingarkostnaðar hefur reyndar lækkað tvo mánuði í röð, fyrst um 0,46% og svo nú um 0,1%, en slíkt hefur ekki gerst hér sl. hálfan annan áratug. Þá hækkar lánskjaravísitalan aðeins um 0,5% frá febrúar til mars og enn verðum við að fara hálft annað eða tvö ár aftur í tímann til að finna dæmi um svo litla hækkun þessarar vísitölu. Allt ber þetta að sama brunni: Þessi þróun er ótvíræð staðfesting á því að fjölþættar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru nú að bera árangur, bæði þær sem stuðluðu að því að ná hér jafnvægi í fjármálum og hinar sem stuðluðu að því að ná hér hjöðnun verðbólgu, m.a. með þeirri róttæku breytingu á aðflutningsgjöldum, vörugjöldum og söluskatti, sem allt ber að skoða í einu lagi, sem ákveðin var um áramótin. Þessum aðgerðum hefur líka verið fylgt eftir með auknu aðhaldi og upplýsingastarfi á sviði verðlagsmála. Við erum nú að uppskera árangurinn af þessu starfi. Þetta er baksviðið fyrir þeirri lækkun vaxta sem hér hefur orðið á síðustu vikum. Það sem hér er að gerast er ákaflega einfalt. Það er að koma í ljós að lögmál hagfræðinnar gilda að sjálfsögðu hér á landi eins og í öðrum löndum þótt sumir hv. þm. þverskallist við að viðurkenna þetta og þykist ekki sjá það.

Í framhaldi af verðlagsþróuninni, sem ég lýsti, hafa nafnvextir innlánsstofnana byrjað að lækka, fyrst 21. febr. og svo aftur í gær eða í fyrradag, og það er reiknað með enn frekari lækkun fram til miðs mars. Samtals hafa nafnvextir óverðtryggðra útlána þegar lækkað um 4–5%. Innlánsvextirnir hafa lækkað nokkru minna eða um 3% að meðaltali þannig að nokkuð hefur dregið úr vaxtamun í bankakerfinu með þessum breytingum. Hér skiptir einnig miklu

máli að Seðlabankinn mun nú beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvextina framvegis sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Þetta er mikilvæg breyting, breyting sem fylgt verður eftir með löggjöf ef þessum tilmælum verður ekki hlýtt. Þetta er allt annað mál en að segja fyrir um dagbrigði í vaxtaákvörðunum. Þetta er kerfisatriði í vaxtakerfinu sem þingið á að segja fyrir um.

En ég vildi svo ljúka þessu með því að nefna að Seðlabankinn hefur auðvitað lækkað sína eigin vexti um 7–10% frá því sem var fyrir 21. febr. og forvextir á ríkisvíxlum hafa lækkað um rúmlega 4% á sama tíma. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. e. að þær vaxtalækkanir, sem hér er um að ræða, hafa lánastofnanirnar sjálfar ákveðið. Þetta er í samræmi við þá stefnu stjórnarinnar að vaxtaákvarðanir skuli fyrst og fremst vera í höndum stofnananna sjálfra og er reyndar mælt fyrir um að svo skuli vera í lögum sem hið háa Alþingi hefur sjálft samþykkt.

Ég vildi leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann heldur því fram að stjórnin hafi lagt það fyrir bankana að lækka nú vextina. Stjórnin hefur alls ekki beitt þeirri lagagrein seðlabankalaganna sem gæti heimilað Seðlabankanum, og ég ítreka það, að fara fram á slíka lækkun, enda hefði hann þá samþykki stjórnarinnar til. Þessum ákvæðum hefur ekki verið beitt. Stjórnin hefur gert það sem er meira um vert. Hún hefur lagt grunn að raunverulegri vaxtalækkun með því að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum og með aðhaldssemi í sínum eigin ráðstöfunum. Nú vill hún hnykkja á þessu með því sem hér er lagt til. Hún mun halda þessu áfram og beita sér fyrir því af alefli að þessu upphafi til þess að ná betri skikk á lánamarkaðinn, betri skikk á vextina, verði haldið áfram.

Það er hins vegar alveg rétt sem bent hefur verið á, m.a. af hv. 4. þm. Norðurl. e., að raunvextir innlánsstofnana hafa enn ekki lækkað eins og nafnvextirnir. Það er mikilvægt að þeir geri það og það er reyndar margt sem bendir til þess að betra jafnvægi sé að komast á fjármagnsmarkaðinn. Þannig hafa raunvextirnir á frjálsasta hluta markaðsins, á bankabréfum og almennum skuldabréfum utan bankanna, byrjað að lækka að undanförnu. Einnig hefur verið mikil og góð sala í spariskírteinunum hjá ríkissjóði það sem af er þessu ári. Allt bendir það nú til að það bjóðist ekki yfirleitt betri ávöxtun á fjármagnsmarkaðinum en það sem ríkið býður þegar búið er að taka tillit til annarra atriða, ekki síst áhættu. Nú fyrst er því von til þess að raunvextir geti almennt byrjað að lækka og þess er að vænta að raunvextirnir af spariskírteinum ríkissjóðs verði lækkaðir eins og hæstv. fjmrh. hefur reyndar skýrt frá og nefnt hér í sinni framsögu. En það væri óskynsamlegt, og ég endurtek, óskynsamlegt, að grípa nú með valdboði inn í ákvörðun raunvaxta á hinum almenna markaði og tefla þannig í tvísýnu þeim árangri sem þegar hefur náðst til þess að efla sparnað og draga úr óhóflegri eftirspurn eftir lánsfé.

Þróunin að undanförnu sýnir að við höfum náð vendipunkti í efnahagsþróuninni. Árangurinn af jafnvægisstefnu stjórnarinnar er að koma í ljós og nú ríður á að fylgja þessum árangri eftir. Þess vegna er það ákaflega mikilvægt, hæstv. forseti, að það frv. sem liggur fyrir hv. Nd. verði samþykkt hið allra fyrsta þannig að þingið leggi sitt af mörkum til að eyða þeirri óvissu í efnahagsmálum sem um of hefur sett sitt mark á framvindu efnahagsmála síðustu mánuði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er tæplega þess virði að tala meira í þessu máli. Dómur þjóðarinnar berst inn svona í áföngum frá hinum ýmsu stöðum þar sem atkvæðagreiðslur eiga sér stað í verkalýðsfélögunum. Þjóðin er að segja sitt álit á þeim efnahagsráðstöfunum sem ráðherrarnir reyna af veikum mætti en mikilli karlmennsku að verja og jafnvel láta skína í að heiður þeirra sem sérfræðinga sé að veði ef við ekki trúum þeim.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er hissa á þeirri blekkingu og því blekkingatali sem hvað eftir annað kemur frá hæstv. dómsmrh., hæstv. viðskrh., hæstv. ráðherra sem er fyrrv. ráðgjafi margra ríkisstjórna sem aldrei gerðu réttar ráðstafanir. Það er engin ástæða til að ætla að hans vinna í ríkisstjórninni verði neitt áreiðanlegri en hún var þegar hann var ráðgjafi ríkisstjórna, m.a. ríkisstjórnar sem ég sat í.

Hann talar um lækkun á alls konar vísitölum og bendir á hinar margþættu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og að þær séu nú að bera árangur. Ja, guð almáttugur. Tollalækkanirnar hafa sín áhrif, en aðrar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru ekki komnar til þegar tollalækkanirnar voru farnar að virka og hæstv. ráðherra er að vitna í tímabil sem er áður en viðbótarráðstafanir voru gerðar þannig að þegar ein ákveðin ráðstöfun er gerð til lækkunar eins og tollalækkunin og ef maður tekur þær einar og bíður ekki eftir öðrum ráðstöfunum er þetta rétt mál sem hæstv. ráðherra fer með en að öðru leyti er það ekki rétt.

Og hvaða ráðstafanir eru svo þetta? Hvaða ráðstafanir eru þetta? Ráðstöfun sem er farin að virka núna, er að hækkun útgjalda ríkisins er úr rúmum 40 milljörðum eins og var 1987 í 65 milljarða fyrir árið 1988, eða um 20 milljarða á milli ára. Ætlar ráðherra að halda áfram að telja þjóðinni trú um að slíkar útgjaldahækkanir hjá ríkinu séu til þess að lækka vísitölur? Til þess svo að stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum um hallalausan ríkissjóð nái fram að ganga þarf að auka innheimtu af fólkinu í landinu um 20 milljarða frá því sem var árið áður til að ná tekjunum frá 43–44 milljörðum upp í 65–66. Ætlar hæstv. ráðherra að halda áfram að segja að sú hagfræði sem gildir fyrir heiminn allan sé þessi, að það lækki vísitöluna að hækka tilkostnað? Ætlar ráðherra að segja að endurgreiðsla á söluskatti sem var

ákveðið að fella niður til undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar lækki vísitöluna? Ætlar ráðherra að segja að 1% launaskattur lækki vísitöluna? Ætlar ráðherra að halda áfram að segja að lánsfjárlög, sem voru óraunhæf þegar þau voru samþykkt hér, hafi lækkað vísitöluna? Allt þetta er verið að taka til baka núna. Nú kemur hæstv. ríkisstjórn og segir: Við skulum greiða til baka söluskattinn til sjávarútvegsins eins og stjórnarandstaðan ráðlagði. Við skulum hætta að taka launaskattinn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar eins og stjórnarandstaðan ráðlagði. Ég held að þið ættuð að ganga lengra eins og stjórnarandstaðan ráðlagði því það er eitt eftir enn þá. Það er matarskatturinn. Ég held að þið ættuð að hætta við að færa ríkissjóðshallann inn í eldhúsin til fólksins.

Nei, kæru vinir í ríkisstjórn. Þið eruð búnir að skapa slíka sundrung í kringum ykkur í öllum málum. Hér var rifist þvers og kruss af stjórnarliðum við gerð fjárlaga. Hér var engin samstaða og ekki voru einu sinni allir ráðherrarnir sammála og ég gat um það að fjárlögin væru þingmannafrv. en ekki ríkisstjórnarfrv. vegna þess að ráðherrarnir voru ekki sammála um að leggja þau fram.

Nú kemur nýtt stjórnarfrv. fram og það kemur í ljós í dag að einn ráðherra til viðbótar við hæstv. félmrh. hefur gert athugasemdir við framlagningu efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, hæstv. samgrh., þannig að þetta frv. er heldur ekki ríkisstjórnarfrv. Þetta getur ekki verið stjfrv. ef ráðherrarnir eru ekki sammála. Þetta er þess vegna þmfrv. og þess vegna sé ég enga ástæðu til þess, þó svo að þetta sé svokallaður bandormur og í verkahring hæstv. forsrh., sem er efnahagsmálaráðherra, að hann leggi það fram en ekki annarra ráðherra. Það er engin samstaða í ríkisstjórninni um að leggja þetta frv. fram í þeirri mynd sem frv. er.

Þið hafið skapað sundrungu í stjórnarliðinu. Þið hafið skapað sundrungu í flokkunum ykkar og þessi sundrung endurspeglast um allt þjóðfélagið og besta dæmið er Dagsbrúnarfundurinn fyrir nokkrum dögum. Hann er spegilmynd af ástandinu sem þið hafið skapað því þar var greitt atkvæði um ykkar verk sem átti að vera smiðshöggið á það meistarastykki sem samningarnir voru og er nú fellt um land allt. Síðustu fréttir sem ég hef er að fimm félög hafi samþykkt, níu hafi fellt samningana. Það er réttara sagt tíu vegna þess að tvær atkvæðagreiðslur fóru fram í Hafnarfirði og ég vil túlka fyrri atkvæðagreiðsluna sem fellur á jöfnu — 32 gegn 32 er niðurstaða, það er fellt á jöfnu. Ég efast um að seinni atkvæðagreiðslan sé lögleg. (**ÓÞÞ:** Það gilda nú sérlög fyrir Hafnarfjörð í þessum efnum.)

Kjarabaráttan hefur harðnað að þeim punkti að síðasta lota, síðasti fundur atvinnurekenda og launþega, stóð yfir í 30 klukkutíma rúmlega. Og hver var niðurstaðan? Hún var 13% hækkun segja sumir þegar allt er tekið til. Formaður Verkamannasambandsins segir að hægt sé að teygja það upp í 20%. Varla hafði blekið komist á samningana úr pennum þeirra sem stóðu í þeim þegar Vinnuveitendasambandið rekur tunguna framan í verkalýðshreyfinguna með því að starfsmaður Vinnuveitendasambandsins lætur hafa eftir sér að þessir nýgerðu samningar hefðu minni kaupmáttarskerðingu í för með sér en aðrir samningar sem hafa verið gerðir. M.ö.o., þeir vissu að þeir voru að gera samninga sem þýddu kaupmáttarskerðingu að óbreyttu. En hvað skeður þá? Þá skeður það að ríkisstjórnin gerir sínar efnahagsráðstafanir, ráðstafanir sem eru þá samkvæmt bókinni, samkvæmt hagfræðinni sem dugar í öllum löndum. Hverjar eru þær?

Númer eitt: 6% gengislækkun. Hafið þið hagfræðingar góðir, hæstv. ráðherrar, reiknað út hvað 6% gengislækkun þýðir? Hafið þið reiknað það út, þó að við reiknum enga tolla inn í? Ef við reiknum bara vörugjald sem er yfirleitt á öllum vörum, ef við reiknum söluskattinn sem er á öllum vörum, ef við reiknum hækkandi fraktina sem er í dollurum reiknuð og ef við reiknum álagninguna sem kemur inn í vöruverðið, þá eruð þið búnir að taka, með þeirri aðgerð einni, samningana til baka, eða niðurstöður kjarasamninganna af fólkinu áður en þeir koma til hækkunar fyrir fólkið. Þessu til viðbótar koma svo hinar ráðstafanirnar, þannig að það er langt umfram það sem fólkið var að semja um sem þið takið til baka. Ég óska ykkur til hamingju, jafnaðarmenn, svokallaðir.

Ég hef látið hafa eftir mér, og ekki að ástæðulausu þegar svona er haldið á málum, að það er köld nótt í stjórnmálum á Íslandi. Það er köld nótt. Það er köld hönd sem leiðir í dag. Ég vil halda því fram á sama hátt og ég hef haldið því fram frá fyrstu ráðstöfunum þessarar ríkisstjórnar að gengið væri fallið. Ráðstafanirnar gerðu allt dýrara í dag en það var í gær og svona hefur það haldið áfram þessa mánuði sem ríkisstjórnin hefur setið. Ég hélt því fram í hvert skipti sem ég tók þátt í umræðum um efnahagsmál að gengið væri fallið. Það er ekki hægt að hafa hækkandi verð á vörunni innan lands en halda krónunni niðri út á við. Þið fóruð rangt að, drengir mínir. Þess vegna segi ég, og ég held því fram með sama rétti og sömu rökum og ég talaði um gengið, að ríkisstjórnin er fallin. Hún er ekki til sem slík. Ríkisstjórnin er ekki til. Það eru hins vegar til menn í ráðherrastólum. Það eru til menn sem eru spenntir í ráðherrastólana og þeir fara ekki svo fljótt úr þeim. Það er allt annað að sitja í forstjórastól eða vera forstjóri. Eitt er að þykjast vera og annað er að vera.

Ég hef talað um ósamkomulag í sambandi við fjárlagagerðina og í sambandi við yfirleitt öll stjórnarfrv., og ekki síst þessar efnahagsráðstafanir. Hvernig var það í utanríkismálunum? Hæstv. núv. utanrrh. kemur með sína stefnu. Hæstv. fyrrv. utanrrh. gerir athugasemd við hana. Þriðji aðili að ríkisstjórn blaðrar eins og óviti erlendis um nýja utanríkisstefnu sem aldrei hefur verið rædd hér á Íslandi og Alþingi hafði ekki hugmynd um. Síðan standa upp hver af öðrum úr öllum stjórnarflokkunum og gera athuga-

semdir þvers og kruss. Engin samstaða um neitt.

Síðan koma húsnæðismálin. Umræðan er í gangi. Þar er talað þvers og kruss, hvergi samstaða. Kaupleigufrv. virðist ekki hafa verið lagt fyrir flokkana, segja tveir flokkar. Ráðherra segir að það sé ekki rétt. Athugasemdir koma fram og til baka. Þetta ósamlyndi milli ráðherra, milli stjórnarþm., hefur speglast í þeim umræðum sem hafa verið um efnahagsmál í kvöld og allan tímann sem þau hafa verið á dagskrá. Það er þessi sundrung sem gerir ykkur ófæra sem ríkisstjórn, sem endurspeglast úti í þjóðfélaginu. Það er vont. Það er mjög vont.

Ég var á fundi fyrir nokkrum dögum. Þar stóð upp einn ágætur maður. Hann gat um það að við ættum svona hvað líður að fara að átta okkur á hinu falda valdi í þjóðfélaginu. Ég vissi og veit hvað hann meinar. Ég giskaði á það og giskaði rétt, en þið verðið að finna það út sjálfir. Hvar liggur þetta falda vald í íslenskum stjórnmálum? Hvar liggur þetta falda vald sem hefur vald yfir peningunum, vald yfir þjóðarframleiðslunni sem kemur í veg fyrir að fólkið í landinu geti lifað af átta stunda vinnutíma fimm daga vinnuviku? Hvað hafið þið verið að gera, jafnaðarmenn, í 70 ár þegar ástandið er þannig í þjóðfélaginu 1988? Ekki þýðir að koma því yfir á herðar síðustu ríkisstjórnar. Það eru allar ríkisstjórnir, bæði þessi og aðrar, jafnsekar.

Einn ágætur þm. benti mér á, og ég vona að ég muni það rétt og þurfi ekki að sækja mín gögn á borðið mitt, að eins og á stendur, þegar talað er um síaukinn viðskiptahalla, er stór hluti af viðskiptahallanum vaxtagreiðslur íslenska ríkisins. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs, sagði þessi ágæti þm. mér í dag, eru 4800 millj. kr., 4 milljarðar og 800 þús. kr. Allur tekjuskattur þjóðarinnar er 4 milljarðar 630 millj. kr. Miðað við að verkamaður hafi 40 þús. kr. á mánuði eru þetta 10 þús. ársverk verkamanna. Hvað er að? Ætlið þið að segja að þetta sé allt fyrrv. fjmrh. að kenna? Er það leiðin út úr vandanum fyrir hæstv. núv. fjmrh.? Það er billeg leið.

Nei, við erum rík þjóð. Það vantar ekki peninga. Þjóðarframleiðslan sýnir það. En hvort hægt er að ná samkomulagi í þessum fámenna hópi sem er u.þ.b. 250 þúsund hræður sem eiga að skipta þjóðarauðnum á milli sín á þann hátt að þeir sem fá mikið í dag haldi áfram að fá mikið, bara að hinir fái nóg til að borða fyrir. Þjóðin þarf að brjóta niður það afl, það falda afl, sem vinnur fyrir sjálft sig en hefur í 70 ár ekki náð árangri fyrir fólkið. Í 70 ár hefur ekkert skeð sem hefur gefið fólkinu nægilegt brauð fyrir átta stunda vinnudag. Við skulum taka okkur saman og skammast okkar fyrir það. Það er kominn tími til. Þá kviknar kannski ábyrgðartilfinning, en ekki fyrr.

Hv. 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hefur eflaust mestu reynsluna af þeim sem hér eru inni í verkalýðsmálum og samningamálum og hún er að reyna, við skulum segja á lokastigi starfsævi sinnar, að miðla okkur af sinni reynslu. Og hún segir: „Mín reynsla er sú að kjarabaráttan vinnst ekki í gegnum kjarasamninga.“ Og hún hefur langa reynslu. „Það verður að vinna þá baráttu í gegnum löggjafann.“

Hæstv. forsrh. tók vel undir þetta og þá tillögu sem hún hefur mælt fyrir hér sem lausn á þessum vanda sem við höfum verið að glíma við og sumir hafa verið í skipulögðum fylkingum að glíma við í 70 ár eða lengur án árangurs. Ef einhver hugur er bak við tal ykkar kemur það í ljós þegar atkvæði verða greidd um þá tillögu sem hér liggur fyrir vegna þess að hún sagði mér líka að hennar gamla félag, Sókn, hefur innan sinna vébanda eitt um 46–48 þús. kr. stöðugildi fyrir matreiðslukonu en ég þekki ekki starfslýsingu hennar að öðru leyti. En þessar konur hafa getað komist hæst í ein 46–48 þús. kr. laun á mánuði. Vitið þið það að samningarnir sem við erum að gera við verkamenn núna gefa þeim lág laun, lægstu laun 31 400 kr. á mánuði fyrir átta stunda vinnudag? Þegar ástandið er orðið þannig að tveir bílar, sem ég hef fyrir mig og mína konu og eru að verða 9 ára gamlir, kosta mig tæplega þingfararkaupið í mánuð í tryggingum eingöngu. Svo sitjið þið hér og segið: Við erum að gera fólkinu gott, þegar þarf tæplega 100 þús. kr., heilt mánaðarkaup þm., til þess að tryggja tvo gamla ameríska bíla. Þið hrópið húrra fyrir því að það skyldu nást kjarasamningar út á efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem gefa fólki von um 31 400 kr. í mánaðarkaup. Erum við að verða vitlaus, eða hvað? Hver lifir af þessu? Verkamaður sem þrælar allan mánuðinn og fær sínar 31 400 kr. samkvæmt taxta sem verið er að biðja þá um að samþykkja. Hann gæti ekki borgað tryggingargjald af öðrum bílnum mínum fyrir árið. Hvað er að ske í þessu þjóðfélagi?

Já, hæstv. fjmrh. talaði um að þessi ríkisstjórn — á enskri tungu mundum við líklega segja „The“ með stórum staf til frambúðar þegar talað er um þessa ríkisstjórn — hefði verið með aðhaldsaðgerðir. Hvaða aðhaldsaðgerðir hefur þessi ríkisstjórn verið með? Hún hefur ekki verið með eina einustu aðhaldsaðgerð. Ég kalla það aðhaldsaðgerð að skera niður kostnað, að draga úr þessu og draga úr hinu. Ég kalla það ekki aðhaldsaðgerð að auka útgjöld ríkissjóðs úr 43 milljörðum í 65 milljarða og fara svo í vasa fólksins og kalla það aðhaldsaðgerð. Það er hægt að segja að það sé aðhaldsaðgerð vegna þess að þið hafið tekið allt sem fólkið var með á milli handanna. Það má segja að það sé aðhaldsaðgerð. Þið eruð hissa á því að viðskiptajöfnuður skuli vera eins og hann er. Ég hélt að hæsta tala sem ég hefði nokkurn tíma heyrt væri 10 milljarðar en þegar hæstv. forsrh. talar hér fyrir efnahagsráðstöfunum talar hann um 14 milljarða og vegna þessara aðhaldsaðgerða verði það ekki nema 10½ milljarður og svo er deilt um hvort það eru 8 eða 10 milljarðar. Mér er sama hvort er. Það er nógu vont hvort sem það eru 8 eða 10 milljarðar sem eftir standa þegar búið er að gera þessar svokölluðu aðhaldsaðgerðir. Það skiptir bara engu máli. Við erum jafnt á hausnum. En aðhaldsaðgerðirnar eru það að taka meiri peninga frá fólkinu. Það er verið að eyða

meiru og taka meira frá fólkinu. Það eru aðhaldsaðgerðirnar. Eru það aðhaldsaðgerðir gagnvart ríkinu að skera svo niður Jöfnunarsjóðinn að nú, eftir að þessi bandormur er samþykktur, eru allar fjárhagsáætlanir sveitarfélaga um land allt úr jafnvægi? Ja, þvílíkar aðhaldsaðgerðir. Þetta eru heimskupör frá a til z. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar eru gegn fólkinu en ekki fyrir fólkið. Þetta er gegn fólkinu. Þá segi ég, hvar liggur hið falda vald? Hvernig í ósköpunum geta menn verið hissa á því, þegar fólkið fær loksins tækifæri til að láta í ljós sitt álit á aðgerðunum, að það hafnar þeim? Það þarf enginn að vera hissa á því. Þakkið þið guði fyrir að það er ekki kosið um þetta leyti.

Nei, ég held að við í stjórnarandstöðunni getum verið ánægð með það að á suman hátt er verið að taka til greina, þó seint sé, ráðleggingar sem við lögðum mikla áherslu á við gerð fjárlaganna. Það var mjög talað um að stjórnarandstaðan væri með málþóf vegna þess að við vorum í góðri meiningu og í góðri trú um að við værum að vinna á heilbrigðan hátt af fullri sanngirni. En það var kallað málþóf þangað til núna að þessir háu herrar koma með efnahagsráðstafanir sem var hægt að líkja við það að þeir kæmu skríðandi til baka til brottfararstaðar. Þeir hefðu betur gert þessar ráðstafanir þegar þeir fengu ráð og þegar þeir höfðu samstöðu um að gera þær.

Virðulegur forseti. Ég endurtek að það er eflaust til lítils að tala hér þó að við gerum það. Annað fólk hefur ekki möguleika á því að koma hingað og segja það sem því í brjósti býr og þess vegna tala ég eins og talað er við mig, eins og fólkið talar sín á milli. Það kemur kannski illa við einhverja, en fólkið hefur ekki aðgang að þessum ræðustól. Fólkið hefur aðgang að atkvæðakössunum í félögunum í dag. Það er eini vettvangurinn þar sem fólkið getur svarað fyrir sig í dag og það er að því.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Í umræðum hér í kvöld kom fram að í nokkrum verkalýðsfélögum hafa atkvæðagreiðslur farið á þann veg að fyrirliggjandi kjarasamningar hafa verið felldir. Í öðrum hafa samningar verið samþykktir. Af því tilefni var spurt hvort ríkisstjórnin hefði breytt afstöðu sinni til frv. sem hér er til umræðu. Af því tilefni tel ég ástæðu til þess að það komi fram að yfir standa samningar á milli Vinnuveitendasambandsins og Landssambands verslunarmanna annars vegar og Vinnuveitendasambandsins og Iðju, félags verksmiðjufólks, hins vegar og þar að auki má gera ráð fyrir því að samningaviðræður hefjist að nýju við þau félög sem hafa fellt fyrirliggjandi kjarasamning. Það er ekki ástæða fyrir ríkisstjórnina að breyta afstöðu sinni til fyrirliggjandi frv., þess stjfrv. sem hér er til umræðu, og ríkisstjórnin mun eftir sem áður mælast til þess við hv. þingdeild að frv. verði samþykkt.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Það var hérna í önnum þingsins fyrir jólin þegar hv. 11. þm. Reykn. ávann sér það til frægðar að komast í heimsmetabók Guinness fyrir að hafa þagað lengst í ræðustól að Eiríkur frá Dagverðargerði, sem hv. þm. er vel kunnur, gat ekki orða bundist en sagði:

> Heimsmet setti hefðarsjóli,
> Hreggviður í þularstóli.
> Borgararnir Baldvin hæða.
> Betri er þögn en óþörf ræða.

Þetta gæti nú verið mottóið í ræðu minni hér í kvöld út af fyrir sig að eftir þessi ræðuhöld, þá hina seinustu sem við hlýddum á og fleiri, sé óþarfi að vera að lengja þessar orðræður mikið. Þó er ástæða til að staldra við nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er ástæða til að þakka stjórnarandstæðingum fyrir stuðning, beinan eða óbeinan, við sumar af þessum tillögum. Það kemur gjarnan fram í því formi að þeir segja: Við lögðum þetta til sjálfir og betra er að þetta skuli vera fram komið nú en ekki. Það er helst að menn staldri við gengislækkun og segi: Hún var of lítil. Það þurfti að fella gengið mun meira. Þetta kom einnig fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Út af fyrir sig virðast þeir vera sammála um það, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Albert Guðmundsson.

Þetta er skoðun út af fyrir sig (**ÓÞÞ:** Skrá það rétt.) og þá þurfa menn að segja hins vegar fullum fetum hvað þeir meina. Það er ekki hægt að segja: Gengislækkunin var of lítil en harma síðan afleiðingar gengisfellinga eins og fram kom í ræðu seinasta ræðumanns. Mikil gengisfelling hefur nefnilega ótvíræð verðbólguáhrif. Hún hækkar verð á innfluttum vörum o.s.frv.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að mikil gengisfelling ein út af fyrir sig hefði orðið skammgóður vermir útflutningsgreinunum vegna þess að allur þeirra tilkostnaður, hráefni, laun og erlend aðföng, hefði hækkað mjög skjótt nema því aðeins að þessu yrði fylgt eftir eins og hæstv. fyrrv. ríkisstjórn gerði í upphafi ferils síns með því að svipta fólk samningsrétti, með því að setja lög sem koma í veg fyrir að verðhækkunarafleiðingar gengislækkunar komi fram í hærri launum. Þeir sem mæla með hærri gengisfellingu sem aðgerð til að bæta hag útflutningsgreina eru þess vegna að segja í reynd: Síðan átti að svipta fólk samningsrétti og setja lög. Og þá er ekki heldur hægt að koma hér upp í ræðustól og segja: Það er verið að fella kjarasamninga, og harma það. Eða eru menn að segja að það hefði átt að stíga þetta skref og svipta fólk samningsrétti?

Það er ljóst af þeim atkvæðagreiðslum sem fram hafa farið hingað til að stærri félögin á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, flest hafa þau gert það, Dagsbrún, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur. (**Gripið fram í:** Smáfélög.) Nei, það eru ekki smáfélög. Það eru stærstu

félögin á svæðinu. Um það er ekkert að segja annað en að samningsrétturinn er virtur og það sem gerist í kjölfar þessa er að það verður sest aftur að samningaborði og það tekur sinn tíma.

Út frá umræðum um gengið þegar menn segja: Gengið var fallið. Sumir hafa sagt hér: Það var fallið í haust. Og síðan bæta menn við: Gengisfellingin er allt of lítil. Fáir hafa spurt: Af hverju? Hvað er það sem rennir stoðum undir þessa gengisfellingarþörf? Hvenær halda menn að það hafi verið grafið undan stöðugleika í gengi? Gerðist það snögglega? Haldi menn því fram að gengið sé ranglega skráð er það vegna þess að kostnaðarhækkanir innan lands hafa orðið miklu meiri en í samkeppnislöndum. Svo einfalt er það. Hvenær gerðist það? Hverjir voru það sem söfnuðu þá efnivið í gengisfellingu?

Annað dæmi: Menn harma viðskiptahallann og segja: Hann er allt of mikill. Það hefur komið fram rækilega í þessum umræðum hvernig hann er saman settur. Hann er að stærstum hluta, eins og einkum kom fram í ræðu hv. seinasta ræðumanns, vaxtakostnaður af áður uppsöfnuðum erlendum skuldum. Hverjir stóðu fyrir þeim? Verða þær greiddar niður? Hvers vegna voru þær ekki greiddar niður í góðærinu 1984–1987? Dettur einhverjum manni í hug að 6½ milljarður í vaxtagreiðslum af áður teknum erlendum lánum verði greiddur niður á einu ári? (**AG:** 6½ milljarður?) 6½ milljarður er neikvæður vaxtajöfnuður. (Gripið fram í.) Nei, nei.

Sama er að segja um annan meginþátt viðskiptahallans, sem er sérstakur innflutningur, tengist aðallega nýsmíði og meiri háttar endurnýjun á skipum. Það er ekki hægt að harma í öðru orðinu aðhaldssemi í lánsfjárlögum og ekki geta menn neitað því að ríkið hefur gengið þar á undan með góðu fordæmi. Það hefur verið dregið stórlega úr erlendum lántökum ríkissjóðs. En því aðeins hefur það einhver áhrif á viðskiptahallann að það verði öðrum að fordæmi. Í því efni skiptir miklu máli að það verði fylgt fast eftir þeirri kröfu að slíkar heimildir til erlendrar lántöku verði því aðeins veittar að í hlut eigi fyrirtæki sem búa við eiginfjárstöðu af því tagi að þau fái undir risið. Niðurstaða þessa máls er ein. Hún er sú: Þeir sem setja fram kröfu og gera það að megingagnrýni á þessar ráðstafanir að það hefði átt að grípa til meiri gengisfellingar eru um leið að segja annað. Þeir eru að segja að því næst hefði átt að fylgja þeirri aðgerð eftir með lagasetningu sem bannaði frjálsa kjarasamninga vegna þess að ella, án slíkrar lagasetningar, hefði slík gengisfelling ekki orðið neinum að gagni.

Að öðru leyti er ástæða til að staldra aðeins við það mál sem varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar verða menn líka nefnilega að vera sjálfum sér samkvæmir. Það er eitt að segja: Við vorum á móti þessu máli og hörmum það ekki þótt það frestist eða nái ekki fram að ganga. Annað er að segja: Við styðjum þetta mál og hörmum það síðan þegar það nær ekki fram að ganga. Þetta mál er þannig tilkomið að það var gert um það samkomulag að framkvæma þessa verkaskiptingu, þessar nýju reglur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, í tveimur áföngum. Forsendurnar fyrir breytingunni voru tvær: Að sveitarfélögin fengju greiddan allan þann kostnað sem í þeirra hlut kom við fyrri áfangann og í annan stað að svokölluð skerðing Jöfnunarsjóðs frá fyrri tíð yrði endurgreidd í tveimur áföngum. Helmingurinn við framkvæmd fyrri áfanga, seinni helmingurinn við framkvæmd seinni áfanga á þar næsta ári. Um þetta var samkomulagið.

Hverjir hafa verið stuðningsmenn þessa frv.? Vissulega stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, vissulega sá sem hér stendur sem gerði þetta að forsendum fjárlagafrv. Hverjir hafa beitt sér gegn því? Vissulega stjórnarandstaðan og síðan hefur það komið á daginn að ýmsir úr liði stjórnarsinna hafa snúist gegn því líka og ekki farið dult með. Hver var það sem krafðist þess að þetta mál yrði tekið aftur til nefndar? Hverjir voru það sem hafa farið fram á síðum dagblaða og snúist gegn málinu? Ekki Samband ísl. sveitarfélaga. Ekki þm. Alþfl.

Við lánsfjárlagaafgreiðslu fyrir jól var lögð fram tillaga um að þar yrði settur fyrirvari um að ef þetta mál næði ekki fram að ganga þýddi það að sjálfsögðu að samkomulagið í heild sinni yrði tekið til baka, ríkið tæki þá á sig kostnaðinn af þessum þáttum, sem sveitarfélögin ella áttu að bera, og um leið líka samkomulagið sem gert var um að eyða svokallaðri skerðingu í tveimur áföngum vegna þess að málið er þá allt til endurskoðunar. Ég segi fyrir mína parta: Ég er ekki fallinn frá áformum um að ná þessu máli fram, en það hefur strandað í þinginu. Það dagaði uppi í nefnd. Það er búið að falla frá svo mörgum þáttum málsins að það var nánast ekkert eftir. Þegar málið var rætt í ríkisstjórn var eftir því leitað: Treysta menn sér til þess að tryggja þessu máli framgang án þess að það verði svo úr lagi fært að ekkert verði eftir? Og svarið var nei. Það er ástæðan fyrir því að þessu máli er slegið á frest.

Þegar þetta mál var gagnrýnt í umræðum fyrir jól vildu menn einskis meta að það væru verulegir fjármunir lagðir fram af hálfu ríkisins til að greiða götu þessa máls. Nú þegar lagður hefur verið steinn í götu málsins hér í þingi og það nær ekki fram að ganga og þar af leiðandi gengur til baka allt í einu rjúka menn upp til handa og fóta og segja: Það er verið að fara illa með sveitarfélögin vegna þess að það eru svo miklir peningar teknir af þeim núna. Það er ekki bæði hægt að eta kökuna sína og geyma hana. Það er ekki hægt að segja: Málið var illa undirbúið. Við viljum breyta því. Við viljum taka til baka tónlistarskóla. Við viljum falla frá ákvæðinu um Íþróttasjóð. Við viljum að ríkið greiði upp allar skuldbindingar fjögur ár fram í tímann með vöxtum og verðbótum að því er varðar Félagsheimilasjóð. Við viljum falla frá tilfærslunni að því er varðar minjasöfn og aðra slíka þætti, skilja ekkert eftir sem máli skiptir.

Ég skil ákaflega vel þegar forsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga harma þessa niðurstöðu málsins. Það geri ég líka. En það er hins vegar lítt

skiljanlegt þegar þeir sem hafa beitt sér gegn málinu rjúka upp til handa og fóta og þykjast nú harma að sveitarfélögin verði fyrir skaða. Það vissu allir menn fyrir fram ef málið næði ekki fram að ganga.

Eftir sem áður stendur að það er rétt að taka til endurskoðunar lög og reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þess að það er sjálfstætt mál og það eru veigamikil rök fyrir því að sá sjóður verði endurskoðaður af því að hann á að taka meira tillit í úthlutunarreglum sínum til mismunandi fjárhags og framkvæmdagetu sveitarfélaga.

Að því er varðar einstök atriði önnur sem hér hefur verið vikið að, þá er það fyrst að segja t.d. um húsnæðismálin að það er ástæða til að leiðrétta það. Þessi lækkun á framlögum til húsnæðismála mun að sjálfsögðu ekki bitna á kaupleiguíbúðum af þeirri einföldu ástæðu að þarna er um að ræða 75 millj. úr Byggingarsjóði ríkisins, 25 millj. úr Byggingarsjóði verkamanna. Til kaupleiguíbúða eru ætlaðar á fjárlögum 273 millj. úr Byggingarsjóði verkamanna.

Annað, að því er varðar K-byggingu, frestun framkvæmda þar, 20 millj. Það eru framlög á fjárlögum upp á 23 milljarða til heilbrigðismála. Til K-byggingar er varið 171,2 millj. kr. Það hafa farið fram þegar útboð í nokkra áfanga upp á annars vegar 80 millj. og hins vegar 30 millj. Að öðru leyti hefur verið sýnt fram á það af hæstv. heilbrmrh. að það er unnt að fresta ákveðnum þáttum sem voru undirbúnir til útboðs en ekki samningsbundnir við þetta verkefni.

Að því er varðar lyfjakostnað er þar m.a. stuðst við tillögur nefndar sem hefur haft það verkefni að gera tillögur um lækkun lyfjakostnaðar. Þessir tveir liðir, lyfjakostnaður og sérfræðiþjónusta, hafa hækkað langt umfram verðlag, verið áberandi í útgjöldum heilbrigðisþjónustunnar á undanförnum árum og hafa hækkað langt umfram aðra útgjaldaliði og er þess vegna eðlilegt að þeir séu teknir til sérstakrar athugunar. Þar ber að skoða t.d. ávísanavenjur lækna og aðra þætti sem tengjast lyfjaneyslu sem er allt of mikil. Ég nefni sem dæmi af handahófi að ef menn skoða fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar kemur á daginn að lyfjakostnaður pr. íbúa á Akureyri er upp á 6300 kr. og þótti tilefni til sérstakrar skoðunar þar í bæ og sú skoðun leiddi til umtalsverðrar lækkunar. Hér er ekki um að ræða neinn sjúklingaskatt. Hér er um að ræða eðlilega aðhaldssemi að útgjöldum sem hafa allt of mikið lotið sjálfvirkni eða nánast sjálfdæmi sérfræðingahópa.

Að því er varðar áhyggjur manna af því hvar lækkun útgjalda vegna vegagerðar muni bera niður hefur því þegar verið yfirlýst af borgarstjóranum í Reykjavík í fjölmiðlum að hann muni leggja til innan borgarstjórnar að draga saman framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar um 230 millj., m.a. vegna þeirrar lækkunar á framlögum úr Jöfnunarsjóði til Reykjavíkurborgar sem hefði samsvarað rúmlega 100 millj. og þar á meðal í áformum þeirra um vegaframkvæmdir. Það er þess vegna fátt sem bendir til þess, þótt vegáætlun hafi ekki verið lögð fram, að þessi samdráttur muni bitna á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Kjarni málsins er sá að gagnrýnin á þessar aðgerðir er mótsagnakennd af því að hún beinist fyrst og fremst að því að segja tvennt sem ekki er samrýmanlegt, að krefjast meiri gengisfellingar en kvarta um leið undan því að menn hafi ekki náð nægilega föstum tökum á verðbólgu, að verðhækkanir muni leiða af gengislækkuninni og viðskiptahallinn sé óviðunandi mikill. Það er a.m.k. rétt. Um það eru allir menn sammála. En leiðin til þess að draga úr viðskiptahallanum er ekki að efna til verðbólgukollsteypu. Það er ekkert hægt að gera í því annað en að „sanera" ríkisfjármálin, að reyna að hafa ríkisbúskapinn í lagi, að byrja að gegna þeim skyldum sínum að greiða til baka eitthvað af þeirri skuldasúpu sem efnt var til í góðærinu á undanförnum árum. Og það greiða það engir aðrir yfirleitt en þegnar þessa lands sem greiða skatta.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tefja þennan fund mjög mikið. Það eru aðeins fá atriði sem ég vil minnast á að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. sem var undarlega beygður maður í sínum svarræðutíma. Ég þekki embætti fjmrh. Það getur verið ákaflega krefjandi og ég harma að hann skuli vera að guggna undan líklega því sem hann þarf að bera utan við embættið, til viðbótar við það sem embættið sjálft leggur honum á herðar.

En til að fá það skráð inn í þingtíðindi og vegna þess að hæstv. fjmrh. á að vita betur vil ég geta þess, hæstv. forseti, að mér hefur verið sagt að sá sem lengst hafi þagað í ræðustól á Alþingi heiti Hannibal Valdimarsson, faðir núv. hæstv. fjmrh., ekki Hreggviður Jónsson eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan. Það vil ég fá skráð inn í bækur þingsins til viðbótar við ummæli hæstv. ráðherra fjármála um hv. þm. Hreggvið Jónsson. En tilefni þess að hv. þm. Hreggviður Jónsson beið þegjandi í ræðustól var einmitt að hæstv. fjmrh. sá sér ekki fært að koma úr sölum Alþfl. upp í þingsali þar sem hann átti að vera.

Hæstv. fjmrh. eignar mér það að ég hafi krafist gengislækkunar eða jafnvel meiri gengislækkunar þegar hún loksins kom. Þetta er rangt. Ég frábið mér að hafa nokkurn tíma krafist gengislækkunar. Hitt er annað mál að ég hef margoft bent á að vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin gerði strax og hún tók við völdum var gengið fellt með aðgerðunum. Það hef ég rökstutt og er reiðubúinn að halda langa ræðu um það ef óskað er eftir. Ég kalla ekki á meiri gengislækkun og hef aldrei gert og frábið mér það. En ég undirstrika að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru rangar og eru rangar og það er að koma í ljós daglega að þær eru rangar. Og ég held því fram að ríkisstjórnin sé fallin.

Ég bendi hæstv. fjmrh. á að skoða frv. til fjárlaga fyrir árið 1986. Það var síðasta frv. til fjárlaga sem ég lagði fram sem fjmrh. Það frv. til fjárlaga er lagt

fram með 122 millj. kr. hagnaði. Það er ekki lengra síðan en það að fjárlögin fyrir 1986, sem ég lagði fram í október 1985, voru með 122 millj. kr. hagnaði. Fjárlög sem voru lögð fram ári seinna, í október 1986, fyrir árið 1987 voru með 1,6 milljarða í mínus. Þetta liggur fyrir og það er ekkert hægara og ég er reiðubúinn að bíða hér í ræðustól ef hæstv. fjmrh. óskar eftir að biðja starfsfólk þingsins um að koma með þau, færa mér þau hér í ræðustól svo ég geti lesið þau upp. En ég reikna ekki með að hann rengi það sem ég segi. Hann gerir það ekki svo ég sé enga ástæðu til þess að fara að lesa upp fjárlögin frá 1985 fyrir 1986.

En af hverju voru fjárlög árið sem ég var rekinn úr fjmrn. með hagnaði þrátt fyrir það að ég tók við fjárlögum sem voru í bullandi halla 1983? 1983 voru síðustu fjárlög hv. þm. Ragnars Arnalds mjög vel undirbúin og undirstaðan öll að mínu mati rétt og gerði mér auðvelt að halda áfram sömu vinnu og hann var með, en forsendan sem Alþingi gaf honum í veganesti, forsenda ríkisstjórnarinnar var röng. Þá var gert ráð fyrir verðbólgustigi sem var um 40% við gerð fjárlaganna, en verðbólgustigið var komið yfir 100% eins og hæstv. núverandi fjmrh. man áreiðanlega og getur fundið út. Verðbólgan komst upp í 130% og ríkisstjórn hæstv. forsrh. sem þá var, Steingríms Hermannssonar, kom þeirri verðbólgu niður í eða undir 30% á skömmum tíma en það var ekki með því að hækka útgjöld um 50% á milli ára og hækka skatta um 20–30 milljarða á milli ára. Það var alveg þveröfugt. Við lækkuðum yfirleitt allan tilkostnað og gátum þannig aukið kaupmátt. Og við gerðum annað sem hæstv. fjmrh. ætti að taka til fyrirmyndar. Við eyddum ekki fyrir fram áætluðum ágóða. Það var erfitt að halda í það sem var umfram áætlun í tekjum, en mér tókst það og það gekk upp í tapið frá árinu áður. Á þessum tveimur árum rúmum sem ég var fjmrh. nægði þessi umframágóði, umframtekjur, til þess að ég gat skilað síðasta frv. til fjárlaga með tekjuafgangi. Það er þetta sem ég vil meina þegar ég segi: Það má ekki vera maður í ráðherraembætti fjármála sem ekki hefur reynslu af því að reka fyrirtæki. Fjmrn. er ekkert annað en fyrirtæki. Þetta er stærsta fyrirtæki landsins. Þetta er það fyrirtæki sem sér um alla tollafgreiðslu, öll samskipti inn og út í peningamálum hvort sem það er við önnur ráðuneyti eða atvinnulífið í landinu. Og það er ekki sama hvernig fyrirtæki eru rekin. Það er langt frá því.

Það var þessi leið sem reyndist mér farsæl í fullu samstarfi og með mikilli aðstoð hæstv. forsrh. sem þá var, Steingríms Hermannssonar. Það var mjög gott samstarf okkar á milli um þessi mál öll. Þá tókst að ná verðbólgunni niður og skila fjárlögum hallalausum. Það er það sem ég hefði viljað sjá núverandi hæstv. fjmrh. vinna að. Ég veit um erfiðleikana. Þeir eru miklir. Það hefði kannski ekki tekist að vinna sig út úr vandanum, en viðurkenna hann og gefast samt upp og leggja meiri skatta á fólkið til að hafa það sem þarf til að eyða því sem hugurinn girnist. Það er ekki leiðin.

En ég ætla að biðja hæstv. fjmrh. um að leiða mig ekki hingað upp aftur til að afbiðja mér duttlunga hans þegar hann telur það henta sér í málflutningi að klína á mig skoðunum eða óskum, sérstaklega ekki þegar það er um álagningu skatta eða gengislækkun vegna þess að það hef ég aldrei nokkurn tímann þolað.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. kom í ræðustól áðan og var með réttu nokkuð gramur yfir því að ég hefði engan ljósan punkt séð á fjarveru hæstv. forsrh. Þetta voru að sjálfsögðu mistök af minni hendi því sá ljósi punktur sem ég hafði ekki fært í tal en má öllum ljós vera er að inn á þingið er kominn galvaskur Vestmanneyingur með sérstöðu á margan hátt. En það var ekki skynsamlegt hjá hv. 1. þm. Suðurl. að hefja umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga því að til þess hefði hann þurft að vera á þingi og fylgjast með því sem var að gerast.

Ég hafði enga fordóma gagnvart þeim hugmyndum, þegar þær lágu fyrir, að fara í þessa verkaskiptingu. Hins vegar veit ég að mörg sveitarfélög veltu fyrir sér hvort það mætti treysta því sem sagt væri að sett yrði af fé í Jöfnunarsjóðinn. En þegar kom í ljós að ef sveitarfélögin ættu að sjá um tónlistarkennsluna ætti að láta þau hafa 50 millj. til þess en ef ríkið ætti að sjá um tónlistarkennsluna yrði að útvega 70 millj. eins og menntmrn. boðaði, þá brá mér dálítið því þarna kom fram að verið var að brjóta mjög gamla kenningu Biblíunnar: Þú skalt ekki hafa tvo mæla í húsi þínu. Gyðingakaupmenn höfðu löngum þá reglu að hafa tvo mæla, annan þegar þeir keyptu varning og hinn þegar þeir seldu og það virtist sem þær leikreglur hefðu verið hafðar þegar menn voru að meta hvort sveitarfélögin ættu að sjá um hlutina eða ef ríkið sæi um þá.

Þá er rétt að vekja í örfáum orðum athygli á því að ég hef aldrei sagt að það væri nauðsynlegt að fella gengið. Ég hef aftur á móti undirstrikað og undirstrika það enn að það þurfi að vera rétt skráð. Ég kalla það ekki rétt skráð gengi sem þarf að halda uppi með handafli. Ef gengið er rangt skráð, t.d. of hátt, eru afleiðingar þess að það verður miklu meiri innflutningur til landsins, minni iðnaðarframleiðsla í landinu og framleiðslusvæðin lenda undir í samkeppni við þjónustusvæðin í landinu. Það verður ekkert jafnvægi í fjármálalífi landsins sem heildar. Og það er það sem við höfum upplifað. Það hefur verið botnlaus þensla á þjónustusvæðunum en kyrrstaða á framleiðslusvæðunum. Til þess að framleiðsluatvinnuvegirnir geti greitt þau laun sem sanngjarnt er verða þau að búa við rétta skráningu á gengi og gengið er því aðeins rétt skráð að hægt sé að reka hraðfrystiiðnaðinn í þessu landi hallalaust því hann er undirstaðan ef menn vilja horfa á þessi mál af sanngirni. Ég vil bæta því við að ef menn ætla sér að viðhalda sjálfstæði þessarar þjóðar verða menn líka að vera menn til að setja stefnuna á að

viðskiptin við útlönd séu hallalaus. Það getur orðið einhver sveifla, en meginstefnan hlýtur að vera sú að viðskiptin verða að vera hallalaus.

Það er hægt að kvarta yfir því að það þurfi að greiða afborganir upp á 6,5 milljarða, en það getur aldrei réttlætt viðskiptahalla upp á 10 og e.t.v. meira. Menn verða líka að vera sjálfum sér samkvæmir hvað þetta snertir. Segjum sem svo að menn taki ákvörðun um að halda skuldunum svipuðum og ætli sér að láta framleiðsluna innan lands vaxa og ná þannig jöfnuði á nokkrum árum. Gott og vel. Það getur verið markmið út af fyrir sig. En hvernig ætla menn þá að réttlæta að halda áfram með glórulausan viðskiptahalla við útlönd? Það verður ekki varið og ég trúi því ekki að þingmenn eða ráðherrar telji að slíkur búskapur sé til fyrirmyndar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði e.t.v. talið fullt eins eðlilegt þar sem ég ætlaði að leggja spurningar fyrir hæstv. iðnrh., núverandi hæstv. forsrh., að ég hefði fengið að ljúka seinni ræðu minni við þessa umræðu með því að endurtaka spurningar mínar við hæstv. ráðherra, en ég get svo sem gert það og látið það heita örstutta athugasemd og vona að það verði þá litið á aðstæður mínar með velvilja þar sem hæstv. iðnrh. var ekki til staðar þegar ég bar upp mínar spurningar.

En hæstv. ráðherra hafði uppi tilburði til að svara þeim og hefur væntanlega fengið það endursagt að ég taldi ástæðu til að inna talsmenn ríkisstjórnarinnar eftir því hvaða áhrif niðurstöður í atkvæðagreiðslum um kjarasamningana vítt og breitt um landið síðustu sólarhringa hefðu á áform ríkisstjórnarinnar og stöðu þessara efnahagsráðstafana. Hæstv. iðnrh. taldi þetta ekki mikið vandamál og gerði frekar lítið úr því að verið væri að fella samningana, talaði um að það væri nú verið að samþykkja þá í stærstu félögunum á höfuðborgarsvæðinu. En staðreyndin er sú að ekki færri en níu eða tíu verkalýðsfélög hafa sl. þrjá sólarhringa fellt kjarasamningana, þar af nokkur mjög stór félög á svæðum sem skipta þjóðarbúskapinn miklu máli. Ég nefni verkalýðsfélögin í Vestmannaeyjum, Einingu á Akureyri, félögin í Grindavík og Sandgerði, félagið á Höfn, Grundarfirði, Eskifirði eða Reyðarfirði, Framsókn hér í Reykjavík o.s.frv. Ég held að það sé ástæða til þess fyrir hæstv. iðnrh. að huga aðeins að ummælum sínum og ég minni á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við efnahagsaðgerðirnar þegar þær voru kynntar. Með leyfi þínu, forseti, stendur á forsíðu þess plaggs, sem er dags. 29. febr.: „Á grundvelli stefnunnar í gengismálum og með þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir mun draga úr verðbólgu á síðari hluta ársins. Forsenda þessa er að þeirri almennu stefnu, sem mörkuð hefur verið í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir, verði fylgt í öðrum samningum.“ Þar er því ekki bara slegið föstu að undirstaða alls þessa sé að þeir kjarasamningar sem þá höfðu verið undirritaðir yrðu samþykktir heldur og að þeir yrðu að fordæmi fyrir alla aðra. Nú sýnist alveg hið gagnstæða vera að gerast. Það er greinilegt að fólkið í landinu unir ekki þessari niðurstöðu upp til hópa. Og halda menn þá að það sé líklegt að það takist á næstu dögum samningar í þessa veru? Auðvitað ekki. Þar sem búið er að fella samninga af þessu tagi hér og þar í landinu er alveg ljóst að það mun ekki teljast ásættanleg niðurstaða fyrir neitt verkalýðsfélag að semja á þeim nótum sem þarna var gert. Það munu engir forsvarsmenn verkalýðsfélaga skrifa undir samninga af þessu tagi úr því sem komið er þegar dómur almennings hefur fallið um samningana með þessum hætti á fjölmörgum stöðum.

Það er allt að gliðna undir hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki bara að hún sé að losna upp innan frá, límið sé allt saman búið, heldur er þessi grundvöllur, sem átti nú að treysta stjórnarsamstarfið á með efnahagsráðstöfunum og hvað eina, allur að molna niður. Ég held að það sé ástæða til að fara að kalla höfðingjana heim frá Brussel og hafa fullmennta ríkisstjórn á næstu sólarhringum. Ég held að þeir geti gert margt þarfara en að vera að þvælast þar úti og skamma Rússa fyrir afvopnunartillögur og ættu að fara að hafa sig heim, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., þannig að það væri hægt að eiga orðastað við alla ríkisstjórnina um þessi mál á næstu dögum.

Ég kvaddi mér samt sérstaklega hljóðs, herra forseti, og langar til að ljúka með því að gera athugasemdir við fráleit ummæli hæstv. fjmrh. varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og verkaskiptafrv. og þá menn sem lögðust gegn samþykkt þess á þinginu og annars staðar fyrr í vetur.

Það er fráleitur málflutningur af hæstv. fjmrh. að ætla í raun að kenna þeim mönnum, sem ekki vildu láta þetta frv. yfir sig ganga, um þann niðurskurð sem ríkisstjórnin er nú að grípa til á Jöfnunarsjóðnum, en það var í raun það sem hæstv. ráðherra var að ýja að áðan. Ég mótmæli slíkum málflutningi. Ég mótmæli honum, hæstv. fjmrh. Það er útúrsnúningur og þvættingur af versta tagi. Það er hæstv. fjmrh. sjálfur sem ber ábyrgð á þeim niðurskurði en ekki aðrir og hann getur ekki skotið sér á bak við það þó að illa gert og óvandað frv., sem byggði á innstæðulausri ávísun á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga fyrir áramótin, næði ekki fram að ganga. Það er lágkúrulegur málflutningur. (**Fjmrh.:** Hvaða innistæðulausa ávísun er hv. þm. að tala um?) Hæstv. fjmrh. þorir náttúrlega ekki að standa ábyrgur fyrir þeim athöfnum sem hann með ráðstöfunum sínum hefur gerst sekur um, miskunnarlausum niðurskurði á lögmætum tekjum sveitarfélaganna og er að reyna að skjóta sér á bak við hluti sem þessa. Það er ekki rishár málflutningur, hæstv. fjmrh. (**Fjmrh.:** Hefur þm. engin rök í máli sínu?) Þingmaðurinn hefur næg rök fyrir máli sínu. (**JBH:** Fleira?) Þau voru m.a. flutt bæði af stjórnarandstæðingum og ýmsum stjórnarsinnum á þingi sem lögðust gegn frv. hæstv. ríkisstjórnar um breytta verkaskiptingu ríkis og

sveitarfélaga, m.a. vegna þess að þar var vísað út í loftið, út í tómarúmið og í raun og veru engar tryggingar settar fyrir því að sveitarfélögin fengju hlut sinn bættan ef sú breyting næði fram að ganga.

Herra forseti. Þetta átti víst að verða örstutt athugasemd og skal ég þá ljúka henni. Ég ætla að geyma miklar umræður um vaxtamál við hæstv. viðskrh., sem við höfum reyndar oft átt áður hér, til betri tíma, en það er rangt að ég hafi nokkurn tímann talað um einhliða valdboð til að kveða niður vextina í þjóðfélaginu. Það veit hæstv. viðskrh. af því að við höfum rætt þau mál ítarlega. Ég hef sagt að á því máli þyrfti að taka með samræmdum aðgerðum á öllum sviðum ríkisfjármála og yfirstjórnar efnahagsmála. En það er að mínu mati næsta kyndugt þegar hæstv. viðskrh. er að sverja af sér að ríkisstjórnin hafi beitt áhrifum sínum til að knýja fram svokallaða lækkun nafnvaxta núna 1. mars. Ég vitna aftur í yfirlýsingu frá ríkisstjórninni sem er dagsett 29. febr. Þar segir á bls. 3 undir fyrirsögninni Vextir og fjármagnsmarkaður: „Nafnvextir innlánsstofnana lækka almennt 1. mars um 1–4%." Hafði ríkisstjórnina dreymt þetta eða hvað? Giskaði hún á að þeir mundu lækka? Hafði hún enga hönd í bagga með þessu? Auðvitað vita allir betur. Ríkisstjórnin var búin að ná því fram, pína bankana til að lækka vexti. Það er hægt ef menn þora því. Þessi aðgerð sýnir það þó lítil sé. Tilburðir hæstv. viðskrh. til að halda höfðinu og standa á vaxtafrelsinu, hinum heilögu lögmálum, voru næsta óburðugir áðan.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hafði reyndar ekki ætlað mér að taka þátt í 1. umr. um þessar ráðstafanir, enda hv. 18. þm. Reykv. búinn að gera það fyrir hönd okkar kvennalistakvenna, en svona fer með góðu áformin og það var reyndar ræða hæstv. fjmrh. sem varð til þess að ég ákvað að taka til máls.

Mér fannst hann tala eins og hann hefði hreint ekki hlustað á eða alla vega ekki nægilega vel málflutning þeirra sem hafa tekið þátt í umræðum um þessar efnahagsráðstafanir og kom reyndar með ýmsar furðulegar og jafnvel froðulegar skýringar á þessum ráðstöfunum og hvernig þeim verður háttað. Hann kvartaði yfir því að gagnrýnendur væru ekki sjálfum sér samkvæmir. Hann talaði t.d. í sambandi við gengislækkunina og orðaði það þannig að gagnrýnendur þessara ráðstafana kvörtuðu yfir því að hún væri ekki nógu mikil.

Ég vil andmæla þessu. Hæstv. ráðherra hefur augljóslega ekki fylgst mjög vel með öllum þessum umræðum. Kvennalistinn hefur sannarlega ekki gagnrýnt að hún væri of lítil, (Gripið fram í.) of lítil já, heldur höfum við einmitt haldið því fram að hún væri of mikil. Alla vega lýsti ég því yfir í ríkissjónvarpinu að hún væri of mikil með tilliti til hinna hófsömu kjarasamninga sem hæstv. ríkisstjórn tiltekur sem forsendur fyrir öllum sínum aðgerðum. Hv. 18. þm. Reykv. orðaði það eitthvað á þá leið að það hefði heyrst m.a. meðal stjórnarliða að þessi gengisfelling hafi ekki verið nægilega mikil. Hún var alls ekki að vísa til þess að við hefðum haldið þessu fram. Ég vil taka þetta fram vegna þess að mér fannst þetta vera rangtúlkun hjá hæstv. fjmrh.

Hann fjallaði um nokkrar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hyggst gera til að skera niður útgjöld og það er þá m.a. í sambandi við breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hæstv. ráðherra fjallaði um á harla einkennilegan hátt. Hann minnti á gagnrýni stjórnarandstæðinga og hafði greinilega ekki fylgst með því á hverju sú gagnrýni var byggð. Hún var byggð á því að þetta mál hefði ekki verið nægilega vel undirbúið. Þó að hæstv. ráðherra telji að Samband ísl. sveitarfélaga sé mjög sammála þessum aðgerðum og eins og átti að framkvæma þær eru það ekki allir sveitarstjórnarmenn í landinu. Það hefur sannarlega komið fram að frv. hafði ekki fengið nægilega góða umfjöllun meðal sveitarstjórnarmanna og það var m.a. á þeim forsendum sem við vorum andvíg því að þessu yrði komið á nú. Okkur þótti ekki tryggilega frá þessum málum gengið og m.a. alls ekki nægilega undir byggt hvernig sveitarfélögin ættu að standa undir þáttum sem þau ættu að taka að sér. (**Fjmrh.:** Styður Kvennalistinn frestun málsins?) Já.

Nú tekur hæstv. ríkisstjórn til baka það fé sem átti að standa undir þessum skiptum án þess að taka að sér allt sem vísað var til sveitarfélaganna. Ég vil minna á dagvistarheimilin. Sá liður var skorinn niður í fjárlögum þannig að það er enginn liður í fjárlögum sem heitir Stofnkostnaður dagvistarheimila. Það hlýtur hæstv. fjmrh. að vita um. (**Dómsmrh.:** Það er tekið inn, 60 millj.) Ekki stendur það í þessu frv. Jæja, þá skulu bara hæstv. ráðherrar koma upp og sannfæra mig um að þetta sé í góðu lagi og að sveitarfélögin fái tekjur frá ríkinu til að standa undir uppbyggingu dagvistarheimila. (**Fjmrh.:** Nei, það er búið að fresta þeim öllum í heild sinni.) Já, það er öllu frestað. En hver á að standa undir byggingu dagvistarheimila? (**Fjmrh.:** Ríkið.) Það stendur ekki í þessum ráðstöfunum, að ég sjái. Það stendur ekki í frv. sem við erum að fjalla um. (**Iðnrh.:** Í grg. um 60 millj.) Herra forseti. Mér finnst dálítið erfitt að standa í samræðum við alla ráðherrana í einu. (**Forseti:** Má ég biðja hæstv. ráðherra að hafa hóf á frammíköllum.) Er ekki ágætt að þeir komi bara og skýri þetta því að það er svo illa fram sett hjá þeim að það er ekki hægt að skilja það í fljótu bragði alla vega.

Það var fjallað hér um vegamálin og skýring hæstv. fjmrh. á því hvernig sá niðurskurður kæmi niður var algerlega út í loftið að mínu mati því það var eins og hann tryði því að þessar 125 millj. kr. yrðu sparaðar allar í Reykjavík og trúi nú hver sem vill.

K-byggingin yrði ekkert mál. Sá niðurskurður sem yrði til K-byggingar kæmi sér ekkert svo afleitlega fyrir þá. Það yrði bara smáfrestun. Ég er ekki viss um að forstjóri Ríkisspítalanna sé alveg

sammála því. Hann kom á fund fjh.- og viðskn. Ed. og er haft eftir honum í nál. minni hl. að byggingin sé þegar orðin þremur árum á eftir áætlun. Hann minnir á þátt hæstv. iðnrh. sem hafi barist fyrir því að fá hækkun á framlögum til K-byggingarinnar upp á 50 millj. kr. Hann hafi náð fram 20 millj. kr. með miklu harðfylgi. Nú sé það allt tekið aftur. En hæstv. iðnrh. útskýrir kannski eða kemur að því hér í umræðum hvernig hann lítur á þau mál.

Þá var lyfjakostnaðurinn. Vissulega veldur áhyggjum hvernig á að vera hægt að spara 30 millj. kr. á þeim lið eins og ekkert sé. Hæstv. ráðherra kynnti lauslegar hugmyndir í því efni og það átti ekki að koma við sjúklinga að neinu leyti. Þetta virtist eiga aðeins að koma fram í því að læknar mundu fækka lyfjaávísunum sínum. Það er þá eins og að það komi ekkert við sjúklinga. Ætli þessar lyfjaávísanir séu þá allar bara út í loftið? Þetta hefur reyndar oft verið til umræðu eða alla vega nefnd starfað að því lengi, vafalaust fleiri en ein, að finna einhver ráð til að skera niður kostnað vegna lyfja og læknismeðferðar. Það hefur ekki gengið betur en svo að þær tillögur hafa ekki litið dagsins ljós, en kannski hafa hæstv. ráðherrar fundið ráð til þess að fá þær tillögur fram og framkvæma. En mjög var erfitt að átta sig á því í máli hæstv. ráðherra hvernig það yrði framkvæmt.

Í sambandi við þær fréttir sem hafa verið að berast utan úr þjóðfélaginu held ég að þeir atburðir sýni að hæstv. ríkisstjórn sé í harla litlu sambandi við fólkið, litlum tengslum við fólkið í landinu og átti sig alls ekki á undiröldunni sem er að velta kænunni þeirra eða hvolfa þjóðarskútunni. Menn tala hér og tala, þ.e. hæstv. ráðherrar, eins og þeir hafi fundið sannleikann og haldi öllum þráðum í hendi sér og höfða til ábyrgðartilfinningar launafólks. Þeir séu aldeilis búnir að gera sitt í ríkisstjórninni og nú velti allt á skynsemi launafólksins. Efnahagslífið er að þeirra dómi nú undir því komið að almennt launafólk láti yfir sig ganga að leiðtogar þeirra semji um smánarupphæðir fyrir fulla vinnu. En hæstv. ráðherrar hafa reiknað skakkt. Fólkið sættir sig ekki við þetta lengur. Því er nóg boðið. Og ábyrgðin er á herðum ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan stóð saman eins og einn maður hér í vetur og reyndar með góðum tilstyrk hv. þm. Karvels Pálmasonar gegn því óhæfuverki að leggja 25% söluskatt á matvæli sem er einhver heimskulegasta aðgerð sem hæstv. ríkisstjórn gat fundið upp á. Ekki bara vegna þess að hún er árás á heimilin í landinu heldur einnig vegna þess að hún var verðbólguhvetjandi og storkun við launafólkið. Þetta sögðum við aftur og aftur og réðum hæstv. ráðherrum heilt, að þetta skyldu þeir ekki gera. Við vöruðum við afleiðingunum. Þið hlustuðuð ekki og tókuð ekki ráðum okkar og viljið enn ekki viðurkenna hversu rangt þetta var. En það sem er siðferðislega rangt getur ekki verið pólitískt rétt, sagði William Gladstone, og þið frömduð pólitískt glapræði með því að leggja þennan matarskatt á.

Það er einmitt vegna þessara röngu aðgerða sem fólk er nú að rísa upp og hafna þeim smánarsamningum sem hæstv. ráðherrar hönnuðu með „prestastéttinni“ í Garðastrætinu. Og þið getið ekki látið eins og það sé ekkert að gerast. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því sem er að gerast núna sem afleiðing af þessum samningum. Það er gífurleg reiði í fólki. Það er réttmæt reiði og hún beinist ekki síst að hæstv. ríkisstjórn sem hefur gleymt að halda sambandi við fólkið í landinu og talar nú af alvörugefinni ábyrgð um hóflega og sanngjarna samninga. En hæstv. ráðherrar hafa annaðhvort gleymt því eða aldrei vitað það eða hafa ekki áhuga á að kynna sér hvernig er að reyna að lifa af slíkum launum sem var verið að semja um.

Ég held að það sé tími til kominn að reyna að stokka upp og gera eitthvað í þessum málum. Ég held að það sé tími til kominn að fulltrúar löggjafans og framkvæmdarvaldsins, fulltrúar verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, reyni að stokka upp þetta kerfi og finna leiðir út úr þeim ógöngum sem við erum komin í. Það er alveg sama hvaða ráðstafanir á ráðstafanir ofan eru gerðar. Þær bjarga ekki lágtekjufólkinu. Og það er auðvitað til algerrar skammar að láta slíka misskiptingu auðsins viðgangast í þessu þjóðfélagi sem er þrátt fyrir allt ríkt. Eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði: Það þarf enginn að vera hissa á því að fólkið skuli vera að láta álit sitt í ljós með því að fella þessa samninga sem eru auðvitað alger smán og eru gerðir í skugga matarskatts. Og það er ekki bara matarskatturinn. Það líður varla svo dagur að lágtekjufólk sé ekki löðrungað með blautri tusku þegar fjölmiðlarnir skýra frá einni fréttinni af annarri um kjör hinna og annarra í þjóðfélaginu, fréttum af ótrúlegu launabili og fréttum af mönnum í trúnaðarstöðum sem rífast eins og krakkar í sandkassa og þveitast landanna á milli til að rakka hver annan niður. Og ótrúlegar launatölur eru dregnar fram í dagsljósið. Það er upplýst um sextánfaldan launamun sem ekki er óalgengur. Það er allt þetta sem safnast saman og veldur þessari gífurlegu óánægju fólks sem er nú að sýna hug sinn í atkvæðagreiðslum.

Mér finnst einhvern veginn eins og hæstv. ráðherrar þurfi að tengja og hefðu kannski átt að tengja áður en þeir hófu síðustu ráðstafanagrautargerð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

66. fundur, föstudaginn 4. mars, kl. 1 miðdegis.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 2. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 649, n. 659 og 660.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988. Nefndin kom saman til fundar í morgun. Hún klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hl. sendi frá sér eftirfarandi nál., með leyfi forseta:

„Nefndin ræddi frv. á fundi í morgun. Eftirfarandi fulltrúar komu til fundar við nefndina: Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Sigurður E. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Kristján Guðmundsson, bæjarstjóri í Kópavogi, Guðmundur Árni Stefánsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, bæjarritari í Hafnarfirði, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, og Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, og Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri VMSÍ, Tómas Árnason seðlabankastjóri og Bjarni Bragi Jónsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri og Hallgrímur Snorrason, formaður yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. Minni hl. skilar sérálíti.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en Níels Árni Lund sat fund nefndarinnar í hans stað. Einnig sat Ingi Björn Albertsson fund nefndarinnar."

Undir þetta rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Einar Kr. Guðfinnsson, Kjartan Jóhannsson og Níels Árni Lund.

Ég vil, herra forseti, til viðbótar þessu láta tvennt koma hér fram. Hið fyrra varðar smávillu sem er í hinum almennu athugasemdum við frv. þetta. Í almennu athugasemdunum við frv. komu fram mistök hvað varðar skiptingu á framlagi til Útflutningsráðs milli fiskvinnslu og útgerðar. Þetta er neðst á bls. 5 og efst á bls. 6 í frv. Hið rétta er að framlagi til Útflutningsráðs skal skipt hlutfallslega milli fiskvinnslu og útgerðar og verður hlutur fiskvinnslu þá 673 millj. kr. af uppsöfnuðum söluskatti, en hlutur útgerðar 234 millj. kr.

Í öðru lagi vildi ég láta koma fram, herra forseti, að í nefndinni var sérstaklega rætt um þau áform, sem fram koma í athugasemdum við frv., að lækka framlag til K-byggingar Landspítalans um 20 millj. kr. Í því sambandi vil ég láta koma fram þann vilja meiri hl. nefndarinnar og að ég hygg nefndarinnar allrar að leitað verði allra leiða til að beina þessum sparnaði inn á aðra þætti í heilbrigðiskerfinu þannig að skerðing framkvæmdafjár til þessarar mikilvægu byggingar verði sem minnst og helst engin.

Það mun hafa verið gert ráð fyrir því að starfsemi í K-byggingunni gæti hafist með haustinu, en 20 millj. kr. skerðing framlags í ár gæti frestað því um a.m.k. þrjá mánuði, að því er kom fram í máli formanns yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni á fundi nefndarinnar í morgun.

Það er vilji meiri hl. nefndarinnar og eflaust allra nefndarmanna að þannig verði staðið að málum að þessari framkvæmd þurfi sem minnst að seinka og óþægindi af völdum hugsanlegra seinkana verði sem minnst. Rétt er að taka fram að ákvæði um þetta atriði er ekki að finna í lagafrv. sjálfu heldur er aðeins um að ræða skýringar í athugasemdum. Þess vegna þótti rétt að láta þennan hug meiri hl. nefndarmanna koma fram hér í framsögu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir orð hv. frsm., 17. þm. Reykv., um K-bygginguna. Það var reyndar sérstök ósk stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. að kannaðir yrðu möguleikar á að falla frá áformum um niðurskurð á fjárframlögum til K-byggingarinnar til að forða því að fallið verði frá þeim áformum að hefja þar starfsemi á komandi hausti. Það er starfsemi ríkisspítalanna ákaflega mikilvægt að þau áform raskist ekki og ég vona að hæstv. heilbrmrh. hafi hlustað með athygli á tilmæli frsm. meiri hl. og undir þau er tekið af minni hl.

Nál. minni hl. á þskj. 660, herra forseti, hefst á þessum orðum, með þínu leyfi: „Frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum var vísað til fjh.- og viðskn. árla sl. nætur." Það mun hafa verið rétt um eittleytið sem 1. umr. lauk hér um málið og því var vísað til nefndar. „Kl. 8.30 hóf nefndin störf. Málið var afgreitt út úr nefndinni kl. 11.40." Síðan er verið að taka málið til umræðu upp úr kl. eitt. Það hefur því unnist mjög skammur tími til að athuga efni frv. milli umræðna og skýrir það að nokkru þá afstöðu minni hl. að sitja hjá við afgreiðslu þess.

Fyrir nefndina komu allmargir fulltrúar eins og frsm. meiri hl. rakti, þar á meðal frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, Húsnæðisstofnun og yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni, en þar sem þeim málum hafa verið gerð sérstaklega skil í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. vísast til þess hér.

Skal nú vikið nokkuð að því sem aðrir, er fyrir nefndina komu, höfðu fram að færa. Nefni ég þá fyrst fulltrúa frá samtökum launafólks, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Verkamannasambandinu. Við fulltrúa þessara samtaka var rætt um stöðuna í kjarasamningum og horfur í þeim efnum og þar kom fram það mat þeirra manna að líklegt sé að mikill meiri hluti þeirra verkalýðsfélaga, sem aðild eiga að kjarasamningi Verkamannasambandsins og atvinnurekenda, muni fella þá samninga. Þegar hefur meiri hluti þeirra

félaga, sem afgreitt hafa samningana, gert það á þann veg. Þeir hafa verið felldir í nær ⅔ þeirra félaga þar sem atkvæðagreiðslur hafa farið fram og eðli málsins samkvæmt er líklegra að þeim félögum fjölgi hlutfallslega en fækki sem fella samningana úr því að sú skriða er þegar komin af stað.

Síðan kom einnig fram í þessum viðræðum að samningar bæði Verkamannasambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem þar gilda, eru þannig úr garði gerðir að í þeim eru samanburðarákvæði við samninga sem aðrir kunna að gera og náist þar fram meiri kjarabætur geta í raun og veru svo til allir kjarasamningar í landinu losnað á næstu vikum. Það er því alveg ljóst að sú niðurstaða, sem nú er að verða í verkalýðsfélögunum víða um landið, gæti leitt til þess að los komist á svo til öll kjaramálin og það hald sem menn ætluðu að væri í þessum samningum er ekki fyrir hendi. Ég held að þetta eigi sérstakt erindi hér inn í umræður, herra forseti, þar sem ljóst er að frv., sem við ræðum nú, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum er sérstaklega rökstutt og grundvallað á niðurstöðu kjarasamninga Verkamannasambandsins og atvinnurekenda og reyndar er það talin forsenda þessara ráðstafana í yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar að þeir kjarasamningar haldi og ekki bara það heldur verði þeir og að fordæmi fyrir aðra sem eru að leita eftir samningum þessa dagana.

Þá kom einnig fram í viðræðum við fulltrúa samtaka launafólks að þeir mótmæltu mjög harðlega þeim hluta þessara ráðstafana sem lýtur að niðurskurði í húsnæðismálum. Forseti Alþýðusambandsins fór aðeins yfir það hvernig vanefndir ríkisvaldsins á sínum hluta samkomulags um ráðstafanir í húsnæðismálum frá árinu 1986 hafa verið. Þar er um að ræða að nú bætast 100 millj. kr. við þann niðurskurð sem fyrir var og var upp á um 500 millj. sem vantaði upp á lágmarksframlag ríkisins inn í húsnæðiskerfið eins og það var talið nauðsynlegt þegar gengið var frá samningum á öndverðu ári 1986 um þau mál. Þessu til viðbótar eru frystar um 500 millj. af því fé sem kemur frá lífeyrissjóðunum í ríkissjóð og verða ekki til ráðstöfunar í húsnæðislánakerfinu á þessu ári. Samanlagt er hér um að ræða á annan milljarð kr. sem ríkisvaldið hefur svikist um að leggja af mörkum að sínu leyti inn í þetta kerfi. Síðan koma talsmenn jafnvel sjálfrar ríkisstjórnarinnar og tala um ófremdarástand í húsnæðismálunum og það vanti fé inn í húsnæðismálin. En hverjum stendur nú næst að bæta úr því, herra forseti, öðrum en hæstv. ríkisstjórn sjálfri sem hefur með ráðstöfunum sínum nú og fyrr samanlagt tekið um 1100 millj. kr. frá húsnæðiskerfinu og minnkað það fé sem þar er til ráðstöfunar sem því nemur? Þessum stórkostlegu vanefndum ríkisvaldsins í húsnæðismálunum er rétt að halda til haga, herra forseti, og það gerðu fulltrúar samtaka launafólks sem áttu, eins og öllum er væntanlega kunnugt, ákveðna aðild að því á sínum tíma að það samkomulag náðist milli lífeyrissjóðanna og ríkisvaldsins um fjármögnun húsnæðislánakerfisins sem það byggir á.

Fyrir nefndina komu einnig bæjarstjórar Hafnarfjarðar og Kópavogs og mótmæltu þeir harðlega skerðingu Jöfnunarsjóðs. Þeir töldu að tekjutap sinna bæjarfélaga yrði um það bil 15 millj. fyrir Hafnarfjörð og 16 millj. fyrir Kópavog og munar um minna hjá bæjarfélögum sem hafa takmarkað fé til framkvæmda. Þeir lýstu einnig, bæjarstjórarnir, sérstökum vonbrigðum sínum með þessa niðurstöðu vegna þess að hún hljóti óhjákvæmilega að hafa mjög slæm áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga og rýra enn það takmarkaða traust sem sveitarfélögin bera til ríkisvaldsins í landinu, a.m.k. þeirra stjórnmálaflokka sem hafa farið með það sl. ár. Þeir töldu þetta sérstaklega slæmt einnig, bæjarstjórarnir, vegna þess að ekkert samráð var haft við sveitarfélögin í landinu um þessar ráðstafanir. Hér er um einhliða skerðingu ríkisstjórnarinnar að ræða án nokkurs minnsta samráðs við sveitarfélögin um þessa niðurstöðu, bæði að falla frá verkaskiptingarfrv. og grípa þá til þessara hörðu niðurskurðaraðgerða í staðinn.

Vegamálastjóri kom fyrir nefndina og hann upplýsti að niðurskurður til vegamála ætti ekki að þurfa að raska áður umsömdum verkefnum á sviði vegagerðar, en mundi að sjálfsögðu ganga á það fé sem að öðru jöfnu hefði verið til nýframkvæmda í vegamálum og ekki hafði verið skipt. Það kemur Vegagerðinni til góða í þessu sambandi að um nokkra vanáætlun á tekjum Vegagerðarinnar hafði verið að ræða þannig að þar er öllu meira til skiptanna en menn höfðu gert ráð fyrir við afgreiðslu vegáætlunar á síðasta ári og jafnframt við afgreiðslu fjárlaga fyrr í vetur og má því segja að Vegagerðin sleppi að þessu leyti fyrir horn, en það er þó rétt að minna á í þessu sambandi að langur vegur er frá því að staðið sé við áform langtímaáætlunar um vegagerð um framlög til vegamálanna sem hlutfall af þjóðartekjum.

Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins, herra forseti. Það er ljóst að forsendur þessara ráðstafana, eins og þeim var lýst af hæstv. ríkisstjórn, eru að hrynja, þær forsendur að kjarasamningar Verkamannasambandsins og atvinnurekenda haldi og verði að almennu fordæmi eru að hrynja þessa dagana og það verður væntanlega orðið ljóst um miðjan dag á mánudag, þegar verkalýðsfélögin, sem aðild eiga að samningunum, þurfa að hafa tekið afstöðu til þeirra, að mikill meiri hluti félagsmanna unir ekki þessari niðurstöðu, telur hana óviðunandi og óásættanlega. Það þýðir væntanlega að eigi að takast hér samningar um kaup og kjör á næstunni verða þær niðurstöður að vera nokkuð aðrar en hér var skrifað upp á. Þar með yrðu forsendur efnahagsráðstafananna væntanlega brostnar, svo ekki sé nú talað um það ef slíkir kjarasamningar takast ekki í landinu fyrr en eftir stórkostleg átök eins og allt eins gæti orðið raunin á.

Út af fyrir sig er ýmislegt í þessum ráðstöfunum til bóta eins og bent hefur verið á. Einkum og sér í lagi þó að ríkisstjórnin er nú að taka til baka margar af

þeim ráðstöfunum sem anað var út í af lítilli fyrirhyggju vægast sagt fyrir nokkrum mánuðum, svo sem eins og að leggja launaskatt á útflutningsatvinnuvegina og frysta uppsafnaðan söluskatt þeirra aðila.

Hitt er jafnljóst, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur misst öll tök á stjórn efnahagsmálanna. Stjórnin er innbyrðis sundurþykk og bæði hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni og einstakir hv. stjórnarþm. eru í beinni andstöðu við ýmislegt í þessum ráðstöfunum. Það eru stórtíðindi í sjálfu sér eða ættu að vera stórtíðindi þegar slíkt ástand er komið upp hjá einni ríkisstjórn að um sérstakar efnahagsráðstafanir, sem eiga að leggja grunn að efnahagsstefnu ríkisstjórnar, er slíkur ágreiningur uppi að bæði stuðningsmenn stjórnarinnar í þingliðinu og jafnvel hæstv. ráðherrar sjálfir eru í beinni andstöðu við einstaka liði þeirra ráðstafana.

Það ríkir því alger óvissa um framhaldið næstu mánuði. Líkja má ríkisstjórninni við hóp manna sem eru í vonlausu jakahlaupi með þessum sífelldu bráðabirgðaráðstöfunum í efnahagsmálum. Stjórnarandstaðan mun ekki taka þátt í því og situr hjá við afgreiðslu þessa máls, en áskilur sér rétt til að greiða atkvæði á móti einstökum tillögum í frv. en styðja aðrar eftir því sem efni standa til.

Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu nál., en undir það skrifa Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir.

Ég vil svo bæta því við, herra forseti, að það væri fjöldamargt í þessum ráðstöfunum sem og í þeim upplýsingum sem fram komu í morgun á fundi fjh.- og viðskn. sem ástæða væri til að fara ofurlítið út í. Ég vil einungis nefna tvennt eða þrennt.

Í fyrsta lagi þær upplýsingar sem komu frá bankastjórum Seðlabankans í morgun um afurðalán og vaxtakjör í því sambandi. Það var næsta fróðlegt að heyra bankastjóra Seðlabankans lýsa því, sem hafa nú stundum verið sérstakir talsmenn frelsisins í peningamálunum sem og á fleiri sviðum, að heyra þessa merku spekinga um efnahagsmál fara yfir hvernig bankarnir hefðu notað frelsi sitt í þessum efnum. Það var tvennt sem þar var til umræðu. Það var vaxtamunur á afurðalánum og gjaldtaka eða þjónustugjöld af þeim hinum sömu lánum. Þetta tvennt skiptir miklu máli fyrir ákveðnar greinar atvinnulífsins, þau kjör sem bjóðast á afurðalánum og auðvitað einnig sá hluti sem bankarnir taka til sín fyrir þjónustu á þessu sviði. Og hvernig stendur þetta, herra forseti? Það stendur þannig að þegar bönkunum var gefið frelsi til að ákvarða þessa hluti með gildistöku seðlabankalaganna 1. nóv. 1986 var vaxtamunur gengistryggðra afurðalána 1,25% eins og hann var þá ákvarðaður. Nú er talið að þessi sami vaxtamunur sé á bilinu 1,5–1,6%. Bankarnir hafa þannig tekið um 0,25–0,35% til sín aukalega frá því að þeir fengu frelsið. Þetta eru tæpar 20 millj. kr. á ársgrundvelli í sérstaka þjónustuþóknun sem bankarnir hafa ákveðið að skammta sér sjálfir í þessum efnum. Það eru þessar aukaálögur sem hæstv. ríkisstjórn og Seðlabanki eru nú að fara fram á að menn falli frá, afnema frelsið með þeim hætti eftir að það hefur komið í ljós að bankarnir nýttu sér það til hins ýtrasta. Og hvað varðar eftirlitsgjöldin eða þjónustu- og afgreiðslugjöldin er sá ferill enn ljótari því að 1. nóv. 1986 var bönkunum heimilt að taka um 0,2% af afurðalánasamningum til sín fyrir þjónustu á þessu sviði, en núverandi gjaldtaka bankanna virðist samsvara um 0,7%. Sem sagt: frelsið notuðu bankarnir til að hækka þjónustugjöldin á sviði afurðalánaviðskiptanna úr 0,2% af þessum stofni upp í 0,7% og tóku til sín með þeim hætti um 50 millj. kr. á ársgrundvelli. Þetta eru, herra forseti, tvö dæmi par exellence um hvernig frelsið er meðhöndlað í þessum efnum uppi á Íslandi, blessun frelsisins í bankamálunum fyrir atvinnulífið og mætti segja fleiri sögur af því fyrir ýmsa aðila.

Ríkisstjórnin er nú aðeins að ná áttum. Það er að rofa til, a.m.k. hjá einstökum mönnum. Það hefur dugað til þess að ríkisstjórnin felur Seðlabankanum að láta þessar hækkanir ganga til baka, enda sjálfsagt mál og þótt fyrr hefði verið. Rétt væri að láta nokkur vandarhögg fylgja með að mínu mati.

Þetta var fróðleg lexía um vaxtakostnaðinn og það væri út af fyrir sig ástæða til þess að ræða meira um vextina, en ég ætla aðeins að ítreka það sem ég vék hér að áðan um húsnæðismálin og framlög ríkisins til þeirra mála. Það er rétt að undirstrika það með því að fara yfir þetta aftur að hér er ekki um fyrsta og eina niðurskurðinn af hálfu ríkisstjórnarinnar til húsnæðismálanna að ræða. Vanefndir ríkisstjórnarinnar hvað það varðar að standa við sinn hluta samkomulagsins frá 1986 um fjármögnun húsnæðiskerfisins nema nú á annan milljarð kr. á ársgrundvelli sem skiptast þannig, hæstv. félmrh., að um 500 millj. vantaði upp á fyrir þennan niðurskurð að ríkið legði sambærilega upphæð í formi framlaga inn í húsnæðislánasjóðina og talað var um 1986. 100 millj. til viðbótar koma í þessum niðurskurði og 500 millj. þar á ofan verða frystar í ríkissjóði af því fé sem lífeyrissjóðirnir ættu ella að leggja húsnæðislánakerfinu til miðað við 55% kaup af þeirra ráðstöfunartekjum. Það er ástæða til fyrir hæstv. félmrh. einnig að hafa þessar staðreyndir í huga þegar hún gerir upp hug sinn í atkvæðagreiðslunni á eftir hvað varðar þá liði í frv. sem snerta húsnæðismálin sérstaklega.

Að lokum vil ég segja frá því að fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja viðhafði nokkuð hörð orð á fundinum um þær brigðir ríkisvaldsins sem væru á orðnar í sambandi við stjórnun efnahags- og gengismála miðað við þær forsendur sem samtök opinberra starfsmanna gengu út frá þegar þau undirrituðu síðustu kjarasamninga. Þá var hornsteininnn sá að í engu yrði hvikað frá fastgengisstefnunni og aðhalds yrði gætt á sviði verðlagsmála að öllu leyti þannig að verðbólgutölur yrðu hér mjög lágar og svo héldist út árið 1988 og jafnvel út árið 1989 eins og sum aðildarfélög opinberra starfsmanna gerðu kjarasamninga um. Þessar forsendur eru í raun og

veru hrundar gersamlega til grunna þannig að ríkisvaldið hefur svikið sinn hluta samkomulagsins við opinbera starfsmenn sem eykur enn á líkurnar á því að sá hluti vinnumarkaðarins fari einnig á flot, losni einnig upp á næstu vikum og mánuðum.

Að öllu þessu samanlögðu, herra forseti, bæði því sem ég hef farið yfir og varðar kjarasamninga í landinu sem og stjórn hæstv. ríkisstjórnar á efnahagsmálunum eða stjórnleysi og óstjórn væri öllu réttara nafn, er ljóst að í þessum efnum ríkir nánast upplausnarástand. Upplausnin er ekki bara innan ríkisstjórnarinnar þar sem öll samloðun, eins og það heitir í eðlisfræðinni, er horfin þannig að óreiðan er vaxandi eins og það heitir á máli kosmólógíunnar. Eitt grundvallarlögmál kosmólógíunnar er að óreiða heimsins sé vaxandi. Þetta er alveg eins í ríkisstjórninni. Hún hefur tekið þetta sér til fyrirmyndar. Óreiðan þar er vaxandi. Það má ganga út frá því sem eðlisfræðilegu lögmáli og félagsfræðilegu einnig. Ríkisstjórnin er sjálf jafnilla á sig komin og raun ber vitni og tök hennar á stjórn efnahagsmálanna eru í fullkomnu samræmi við samkomulagið á stjórnarheimilinu. Þar er greinilega hver höndin upp á móti annarri og hálfvelgjan ræður ríkjum, en menn vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga.

Þetta eru heldur dapurlegar staðreyndir, herra forseti, sem benda ekki til þess að þetta verði í síðasta skipti sem við ræðum á þessu þingi stöðu efnahags- og þjóðmálanna. Ríkisstjórnin kaupir nú líf sitt, ef svo má að orði komast, dag frá degi með skammtímaráðstöfunum sem er með ólíkindum vegna þess að nú situr ríkisstjórn á fyrsta starfsári sínu eða ætti að gera. Ég ætla ekki að segja að það sé þegar gefið að það verði það síðasta, en óneitanlega hvarflar sú hugsun að manni að þetta verði bæði fyrsta og síðasta starfsár þessarar hæstv. ríkisstjórnar miðað við þá dapurlegu niðurstöðu sem hér er að verða í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir eða óráðstafanir, hvað sem við viljum kalla það, hæstv. félmrh.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. minni hl. hefur nú verið fremur hart keyrt í nefndarstörfum og raunverulega ekkert tóm gefist til að gaumgæfa þá pappíra sem gestir okkar hafa fóðrað okkur með né að melta þær upplýsingar og spádóma sem heyrst hafa og heyrðust á nefndarfundi í morgun.

Eitt er þó orðið aldeilis morgunljóst og þurfti reyndar ekki nefndarfund til, nema þá til að skrá orðrétt eftir þjóðhagsstjóra, að engin spá er betri en forsendurnar. Og sakar ekki að bera hagfræðing fyrir því. En það er einmitt það sem segir okkur að þessar ráðstafanir muni ekki leysa þann vanda sem þeim er ætlað.

Það sakar heldur ekki að minna á annað gullkorn sem segir að stjórnviska sé sú list að ráða fram úr einni kreppu með því að stofna til annarrar, en það er einmitt það sem margir sjá út úr þeim ráðstöfunum sem staðfestar eru í frv. þar sem með þeim er verið að reyna að velta vanda sjávarútvegsgreinanna yfir á sveitarfélögin að miklum hluta.

Ég þarf kannski ekki að hafa mörg orð um frv. nú í 2. umr. Viðhorf og afstaða okkar kvennalistakvenna hefur þegar komið fram. Við erum sammála um að aðgerða var þörf til að létta róðurinn í sjávarútveginum. Við erum sammála um að nauðsynlegt sé að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt að fullu í sjávarútvegsgreinunum og samkeppnisgreinum iðnaðarins og við erum að sjálfsögðu sammála því að taka launaskattinn til baka, enda vorum við andvígar því að leggja hann á. Við erum einnig sammála um að fresta breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þótt við vonum sannarlega að með því sé málið ekki drepið. En það var okkar skoðun frá upphafi að til þeirrar aðgerðar þyrfti að vanda betur og gefa sveitarfélögunum lengri aðlögunartíma. Við erum því hlynntar að þessar breytingar verði undirbúnar með hliðsjón af því að þær taki gildi um næstu áramót og þá í góðu samkomulagi við fulltrúa sveitarstjórna um allt land.

Hins vegar sjáum við ekki réttlæti þess að skerða Jöfnunarsjóðinn í tengslum við þessa frestun svo sem gera á. Hann var svo sannarlega skertur fyrir og það er ljóst að með þessu er mörgum sveitarfélögum gert afar erfitt fyrir og það er ekki síst með tilliti til þessa sem við höfum leyft okkur að segja að með þessum aðgerðum öllum sé verið að reyna að velta vanda sjávarútvegsgreinanna yfir á sveitarfélögin. Það verður bersýnilega afar erfitt fyrir sveitarfélögin að bregðast við þessum niðurskurði þar eð þau hafa vafalaust að miklu leyti nú þegar bundið það ráðstöfunarfé sem þau töldu sig hafa til reksturs og framkvæmda á þessu ári. Það er því hætt við að mörg þeirra verði að reyna að leysa sín mál með dýrum lánum og þannig mun sá vandi vinda upp á sig.

Það var vissulega þungt í bæjarstjórum Kópavogs og Hafnarfjarðar sem komu á fund nefndarinnar í morgun. Þeim var þungt í hug til ríkisvaldsins og töluðu mikið um alvarlegan trúnaðarbrest milli ríkis og sveitarfélaga í landinu. Það orð heyrðist aftur og aftur á fundi nefndarinnar í morgun, trúnaðarbrestur. Þeir sögðu svigrúm lítið í bæjarfélögum sínum til að mæta þessari atlögu ríkisvaldsins að tekjustofnum þeirra. En það er ekki eini vandinn sem sveitarfélögin þurfa að kljást við þar eð breytingar á tekjuskattslögunum með upptöku staðgreiðslukerfisins hafa valdið þeim vissum óþægindum og breytt stöðu mála og innkomu tekna. En það er kannski annar handleggur sem ekki verður tekinn fyrir núna.

Það er rétt að taka fram að vitaskuld gafst ekkert ráðrúm til að kanna viðhorf og afstöðu neinna fulltrúa minni sveitarfélaganna, en það er enginn vafi á að þeirra vandi verður ekki minni að vöxtum.

Því miður gaf borgarstjórinn í Reykjavík sér ekki tíma til að koma á fund nefndarinnar þrátt fyrir að óskað væri eftir því. Ekki síst hefðum við kosið að heyra viðhorf hans með tilliti til eindreginna tilmæla um samdrátt í framkvæmdum á vegum sveitarfélaga,

en til þess töldu fyrrgreindir bæjarstjórar, þ.e. í Kópavogi og Hafnarfirði, engin efni í sínum bæjum. Hins vegar má af fréttum ráða að Reykjavíkurborg hafi frekast möguleika á slíkum samdrætti og er þá fyrst að minna á marengs-toppinn á Öskjuhlíðartönkunum að ógleymdu ráðhúsi og vafalaust fleiri framkvæmdum sem gaman hefði verið að ræða nánar við borgarstjóra. En hann mátti ekki vera að því að koma á fund fjh.- og viðskn. í morgun.

Við kvennalistakonur höfðum miklar áhyggjur af niðurskurði til húsnæðismála og óttuðumst að afleiðingar þess niðurskurðar yrðu svikin loforð sem að sjálfsögðu hefðu þá einfaldlega þýtt harmleik fyrir fjölda manns. Fulltrúar Húsnæðisstofnunar, sem komu á okkar fund í morgun, telja að svo verði ekki. Þeir hafi skilið eftir svigrúm sem dygði til að mæta þessum niðurskurði. Hins vegar sögðu þeir að þessi niðurskurður mundi bitna á framkvæmdalánum vegna byggingar íbúða fyrir aldraða og er það hörmuleg niðurstaða þar sem ástandið í þeim málum er ekki svo björgulegt að á þann lið mætti ganga. En í þeim flokki, þ.e. til framkvæmdalána, er ekki búið að binda neitt fastmælum þannig að niðurstaðan af samræðum okkar við fulltrúa Húsnæðisstofnunar er sú að það muni ekki þurfa að svíkja gefin loforð.

Við fengum fleiri gesti, t.d. vegamálastjóra sem við spurðum um áhrif 125 millj. kr. niðurskurðar til vegamála. Því miður hef ég glatað, einhvers staðar er í fórum mínum pappír sem við fegum frá vegamálastjóra um hvernig síðustu tölur líta út í sambandi við vegamálin, en það kom fram að vegna þess að tekjuáætlun hafði verið of tæp, þ.e. að áætlun tekna vegna markaðra tekjustofna hafði verið of tæp, menn höfðu ekki reiknað með jafnmiklum tekjum af bensíngjaldi og fleira, mundi þessi niðurskurður ekki valda því að gengið yrði á gerða samninga né að yrði að skera niður framkvæmdir sem hafa þegar verið ákveðnar á þessu ári, en að sjálfsögðu mundi langtímaáætlun enn raskast.

Hér hefur verið fjallað um K-bygginguna. Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og fulltrúi yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð kom á okkar fund og skýrði þar fyrir okkur hvernig þessi áætlaði niðurskurður mundi koma við þær framkvæmdir sem þar höfðu verið ætlaðar. Menn skyldu hafa í huga að þessi 20 millj. kr. niðurskurður, sem áformaður var, hefur ekkert með byggingarframkvæmdirnar sjálfar að gera og mundi þess vegna ekki þýða neinn samdrátt til að hafa áhrif á þenslu eins og menn vilja gjarnan beita þar eð þessi niðurskurður mundi fyrst og fremst þýða að fresta yrði kaupum á tækjum í húsbúnaði og öðrum búnaði sem nauðsynlegur er til þess að þessi bygging verði tekin í notkun og komi að tilætluðum notum. En að vísu mun þessi niðurskurður einnig hafa önnur áhrif, þ.e. að tefja með óbeinum hætti fyrir frekari lagfæringum og endurbótum á kennsluaðstöðu, rannsóknastarfsemi o.fl., en þarna er mikil þörf á því að bæta alla aðstöðu og starfsfólk orðið ákaflega langþreytt að bíða eftir úrbótum í þessum efnum.

Eins og kom fram í máli frsm. meiri hl. og minni hl. áðan urðu töluverðar umræður um þetta í nefndinni og ég get staðfest að við vorum öll einhuga um að það væri nauðsynlegt að kanna mjög vel hvort ekki mætti mæta þessum niðurskurði á einhvern annan hátt og væri út af fyrir sig hægt að benda á ýmsa liði. Ég held að ráðherrar mættu t.d. líta sér nær og skera niður á eigin bæjum. Það eru ýmis fjárútlát áætluð í sambandi við innréttingar, tölvukaup o.fl. af því tagi, sem eru vissulega allt saman nauðsynlegar aðgerðir, en þetta hlýtur að vera spurning um forgang og ætli við metum ekki flest þegar allt kemur til alls meira að hafa til tæki og húsgögn sem nýtast vegna þjónustu við sjúka en til skrifstofuhalds. En við verðum að vona að tekið verði tillit til vilja sem kom fram í máli þeirra sem töluðu á undan mér.

Ég þarf e.t.v. ekki að segja mikið meira um þetta. Það komu á okkar fund fulltrúar launþegasamtakanna og þeirra orð voru að sjálfsögðu nánast nákvæmlega samhljóða því sem við höfum margsagt héðan úr þessum ræðustól. Launafólki er ofboðið vegna vanefnda ríkisvaldsins og aðgerðir ríkisvaldsins hafa manað upp ónægju fólksins. Það er fyrst og fremst matarskatturinn og e.t.v. ekki síður, eins og ég minntist á í ræðu minni í gær, fréttir og upplýsingar um misgengi í þjóðfélaginu, misgengi á milli hópa fólks og misgengi milli atvinnuvega sem valda hinni gífurlegu óánægju fólks og því sem er að koma fram í atkvæðagreiðslu um þá samninga sem gerðir hafa verið. Það er einmitt þessi niðurstaða sem sýnir að hæstv. ráðherrar hafa misreiknað sig og ekki gætt þess að vera í nægilega miklum tengslum við fólkið í landinu. Það er ástæða til að minna á frumskógalögmálið. Fólkið er að hafna frumskógalögmálinu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að stíga í ræðustól vegna þess sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrími J. Sigfússyni þar sem hann fjallaði um framlög í byggingarsjóðina. Hv. þm. er ekki viðstaddur, en ég vil engu að síður láta koma fram að hv. þm. hélt því fram að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við sinn hlut varðandi framlög í Byggingarsjóð ríkisins vegna nýju húsnæðislaganna. Það er vissulega rétt að verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram að ríkisvaldið hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar í þessu efni, hvorki á þessu né síðasta ári. Verkalýðshreyfingin hefur litið svo á að þær 1000 millj. sem fóru í húsnæðiskerfið þegar nýju lögin voru samþykkt á sínum tíma, 1986, ættu að vera verðtryggðar og miðað við þau framlög sem fram koma á fjárlögum og lánsfjárlögum hafi ríkisvaldið ekki staðið við sínar skuldbindingar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í þessu sambandi tölu á bilinu 1000–1100 millj. kr. og blandaði þar m.a. í svokallaðri frystingu sem fram kemur á fjárlögum yfirstandandi árs að því er varðar hluta af fjármagni frá lífeyrissjóðunum. Ég held að það sé nauðsynlegt að upplýsa hið rétta í þessari stöðu.

Það kemur fram í gögnum sem ég hef frá Húsnæðisstofnun varðandi framlag ríkissjóðs á þessu ári, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í greinargerð sem fylgir með frv. til breytinga á lögum Húsnæðisstofnunar ríkisins, nr. 60/1984, lög nr. 54/1986, kemur fram að framlag ríkissjóðs miðað við gefnar forsendur skuli ekki vera lægra en 1000 millj. kr. á ári. Sé þessi tala framreiknuð yfir á fjárlagaverðlag ársins 1988 með byggingarvísitölu verður hún 1450 millj. kr."

Af þessu má draga þá ályktun að það sé skoðun Húsnæðisstofnunar að miðað við þessar forsendur, sem þarna voru gefnar, ætti framlag ríkissjóðs á þessu ári að vera 1450 millj. kr.

Að því er varðar frystingu á hluta af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna kemur fram í fjárlögum að þar sé um að ræða 500 millj. kr.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í það sem fram kemur í frv. til fjárlaga, greinargerð fyrir árið 1988, að því er þetta varðar, en þar segir: „Þá er miðað við að 150 millj. kr. af því fjármagni verði varið í sama skyni á árinu 1988. Miðað er því við að í árslok 1988 verði 500 millj. kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins. Er þetta m.a. gert vegna þess að veruleg aukning er á ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna og hætta á að vaxandi þenslaýti undir hækkun íbúðaverðs. Ákvörðun þessi getur þó komið til endurskoðunar ef forsendur breytast verulega, t.d. ef ráðstöfunarfé lífeyrissjóða reynist vera undir áætlun eða ef verðlag rýrir framkvæmdamátt."

Um var að ræða að á haustmánuðum á síðasta ári kom fram ný áætlun um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1987. Um var að ræða að áætlað var að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna yrði 825 millj. meira en ráð var fyrir gert á fjárlögum ársins 1987. Sú ákvörðun var tekin með fjárlögum að frysta 500 millj. af þessum 825 millj. fyrir árið 1987 og geyma í sjóði til ársloka 1988. Nú hefur komið í ljós að þetta ráðstöfunarfé, þessar 825 millj., hefur ekki skilað sér í byggingarsjóðina. Það kemur í ljós að í staðinn fyrir að áætlað var að kaupin yrðu 4 milljarðar og 590 millj. kr. hafa kaupin einungis orðið 4 milljarðar 195 millj. kr. Niðurstaðan er því sú að af þeim 825 millj., sem áætlað var að kæmu til viðbótar frá lífeyrissjóðunum á árinu 1987, hafi einungis skilað sér 430 millj. Þeim hefur verið ráðstafað með þeim hætti að 150 millj., eins og er samkvæmt fjárlögum, hefur verið varið í greiðsluerfiðleikalán, sem er samkvæmt því sem ætlað er í fjárlögum, 175 millj. hefur verið ráðstafað í lánsloforð eða samtals 255 millj. kr. Eftir standa því af þeim 430 millj. sem skiluðu sér 105 millj. Ef menn eru að tala um að hér sé fryst fjármagn, geymt fjármagn í sjóði nú um síðustu áramót sem geymast eigi til næstu áramóta vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna árið 1987 er það ekki rétt. Sú frysting er ekki 500 millj. kr. heldur 105 millj. kr. sem eru í sjóði. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu, einkum vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, auk þess sem ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur mjög andmælt því að 500 millj. yrðu frystar hjá Byggingarsjóði ríkisins. Eins hefur verið talið að lífeyrissjóðirnir héldu m.a. verulega að sér höndum að því er varðar skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun fyrir árin 1988 og 1989 vegna frystingar á þessum fjármunum.

Ég held að það sé rétt líka að upplýsa það hér varðandi skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna, og um það hef ég upplýsingar, að fyrir 1989 hafa 54 lífeyrissjóðir samið við Húsnæðisstofnun og fyrir 1990 hafa 33 sjóðir samið. Nokkrir sjóðir hafa enn ekki samið, hvorki fyrir árið 1989 né fyrir árið 1990, og ég vil, með leyfi forseta, fá að lesa úr ræðustól hvaða sjóðir það eru sem hvorki hafa samið fyrir árið 1989 eða fyrir árið 1990. Það eru Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna, Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar, Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands, Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbankans, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga, Lífeyrissjóður bókagerðarmanna, Lífeyrissjóður bænda, Lífeyrissjóður Félags íslenskra hljómlistarmanna, Lífeyrissjóður Félags íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli, Lífeyrissjóður Félags starfsmanna í veitingahúsum, Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar, Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri, Lífeyrissjóður verkafólks Grindavík, Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Norðurlandi vestra og Lífeyrissjóður verkamanna á Hvammstanga — eða samtals um 22 lífeyrissjóðir.

Það er auðvitað ljóst og það hefur komið fram áður og ætti öllum að vera ljóst og líka forráðamönnum þessara lífeyrissjóða að verði ekki samið um skuldabréfakaup við Húsnæðisstofnun fyrir árið 1989 og 1990 mun það koma niður á sjóðfélögum þessara lífeyrissjóða sem ekki munu hafa lánsrétt hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Það var kannað sérstaklega með símtölum við þessa lífeyrissjóði hvort þeir hygðust ekki ganga til skuldabréfakaupa við Húsnæðisstofnun. Í ljós kom að flestir þessara 22 sjóða hygðust gera það. Þó voru það þrír sjóðir sem ekki sögðust mundu ganga til samninga við Húsnæðisstofnun að því er varðar skuldabréfakaup. Ég held að það sé nauðsynlegt líka að upplýsa að um er að ræða Lífeyrissjóð atvinnuflugmanna, sem upplýsir að hann muni ekki ganga til samninga, og Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands. Einnig kom fram að það væri nokkuð óljóst hvort Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík mundi ganga til samninga. Þetta eru þeir þrír sjóðir af 22 sem standa eftir. A.m.k. tveir munu ekki ganga til skuldabréfakaupa og jafnvel sá þriðji, en aðrir af þeim 22 sem eftir standa sögðust mundu ganga frá samningum um skuldabréfakaup á næstunni.

Að því er varðar orð hv. þm. Steingríms J. Sigfús-

sonar get ég auðvitað undir það tekið og tel að framlög ríkissjóðs í byggingarsjóðina þurfi að vera meiri. Ekki bara til að standa við það sem verkalýðshreyfingunni hefur verið lofað, eins og hv. þm. hélt fram, heldur er alveg auðsætt að ef það á að standa við þau loforð sem voru gefin með nýju húsnæðislöggjöfinni þarf ríkisframlagið að vera meira. Meðan við búum við þetta kerfi þarf auðvitað ríkisframlagið að vera meira til þess að biðraðirnar verði ekki með þeim hætti sem þær eru. En auðvitað þurfum við að komast út úr þessu kerfi og ég held að flestir séu um það sammála að það þurfi að gera. Og að því er nú unnið í félmrn. af nefnd sem hefur verið skipuð að kanna hvaða kostir eru fyrir hendi til að endurskipuleggja húsnæðislánakerfið.

Ég tel einnig rétt að upplýsa að því hefur verið haldið fram í umræðum um þetta mál á hv. Alþingi að með því að skerða 100 millj. af ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári væri ekki hægt að standa við gerða samninga. Þessu var m.a. haldið fram í umræðum í gær og kom fram hjá einum stjórnarliða að hann sá ekki að það var hægt að mæta þessu öðruvísi en að taka af framlagi í kaupleiguíbúðir, en það framlag er áætlað úr Byggingarsjóði verkamanna. Þetta kom fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni. Hann taldi að það væri ekki hægt að standa við gerða samninga með 100 millj. kr. skerðingu og því yrði að skerða framlög til kaupleiguíbúða. Staðan að því er þetta varðar og eftir því sem ég hef bestar upplýsingar um er sú að það eru enn 200 millj. óráðstafaðar í Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári. Það skýrist af því að það hafa ekki enn verið afgreiddar beiðnir til framkvæmdaaðila, þ.e. til söluíbúða aldraðra, leiguíbúða fyrir aldraða, dagvistarstofnana og til dvalarheimila. Ástæðan fyrir því að þessu hefur ekki verið ráðstafað var í fyrsta lagi sú að beiðnir höfðu ekki borist frá öllum framkvæmdaaðilum. Því var beðið með að úthluta þessum 200 millj. Í öðru lagi óvissa varðandi skuldabréfakaup og í þriðja lagi óvissa í verðlagsbreytingum. Vegna þess að það fjármagn sem Byggingarsjóður ríkisins hefur ráðstafað er miðað við að verðlagsbreytingar milli ára fari ekki yfir 14,5%. Ef þær gera það er gengið á þessar 200 millj. af því að lánin hækka í takt við lánskjaravísitölu.

Ég hef lýst andstöðu minni við að framlag Byggingarsjóðs ríkisins skuli skert. Ég taldi þegar nóg að gert að skerða framlögin í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna þegar fjárlögin voru afgreidd hér og var um það öllum kunnugt hver mín afstaða var í því efni. Þess vegna tel ég alveg óviðunandi að ganga lengra í þessu efni á byggingarsjóðina. Ég tel, og vísa þá í þær forsendur sem lágu að baki þessari frystingu, sem ég vil, með leyfi forseta, ítreka, en þar stendur að því er varðar þessar áætluðu 500 millj.: „Ákvörðun þessi getur þó komið til endurskoðunar ef forsendur breytast verulega, t.d. ef ráðstöfunarfé lífeyrissjóða reynist vera undir áætlun“ — reynist vera undir áætlun stendur hérna — „eða ef verðlag rýrir framkvæmdamátt.“ Ég hef lýst því hér að þessi frysting er ekki 500 millj. kr. heldur 105 millj. kr. Í ljós hefur komið að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna reyndist undir því sem áætlað var á árinu 1987. Þess vegna tel ég að þær forsendur hafi breyst að því er varðar þessa frystingu og því eigi að aflétta þessari frystingu og að þessar 105 millj., sem nú standa í sjóði um sl. áramót, skili sér inn í Byggingarsjóð ríkisins. Það eigi að aflétta þessari frystingu og að þetta fjármagn eigi að skila sér í byggingarsjóðinn aftur. Það er mín skoðun í þessu efni og með því móti getum við komið í veg fyrir að sú ráðstöfun sem hér er gerð, að taka 100 millj. af Byggingarsjóði ríkisins, komi með einum eða öðrum hætti niður á þeim samningum eða þeim lánsloforðum sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur gert. Þess vegna er það mín skoðun að þetta eigi að endurskoða.

Ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að láta þetta koma fram í þessari umræðu vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hann hélt því fram og reyndar vissi ekki betur og það er skiljanlegt að þarna væru 500 millj. frystar um áramótin sl. í Byggingarsjóði ríkisins. (**SJS:** Ætli þær hefðu verið frystar hefðu þær verið til?)

Það hefur komið fram að ég hef bókað andstöðu í ríkisstjórn við í fyrsta lagi skerðingu á framlagi í byggingarsjóðinn og ég hef lýst þeirri skoðun minni hérna að ég teldi að þar væri of langt gengið og þarf út af fyrir sig ekki að rökstyðja það hér frekar þó að um það mætti hafa fleiri orð. Ég hef líka haldið því fram og bókað andstöðu mína við það í ríkisstjórn að það væri ekki skynsamlegt, eins og nú virðist vera niðurstaðan, að hætta við áform um að fyrsti hluti verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga kæmi til framkvæmda á þessu ári og þá skerðingu sem orðið hefur á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég hélt því fram í Ed. um daginn að þetta væri óskynsamleg ráðstöfun og taldi að það mundi rýra traust sveitarfélaganna til ríkisvaldsins og hefur það reyndar komið fram í ýmsum bókunum frá sveitarfélögunum og m.a. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um þetta mál. Ég tel að þó að ekki hafi allir verið alls kostar ánægðir með frv. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og frá örfáum sveitarfélögum hafi komið andstaða við það mál hafi engu að síður verið skynsamlegra að halda því áfram og var reyndar allan tímann sannfærð um að ef það yrði ekki gert mundi koma enn meiri andstaða frá sveitarfélögunum í þessu máli eins og raunin hefur orðið á.

Ég taldi, eins og fram hefur komið, nauðsynlegt að þessi skoðun mín kæmi fram í ríkisstjórninni og taldi nauðsynlegt að bóka þá afstöðu mína og andstöðu við þessa þrjá þætti að því er varðar þessar efnahagsaðgerðir, en ég mun auðvitað axla þá ábyrgð að öðru leyti sem fylgir þessum efnahagsaðgerðum.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa uppi langt mál hér, en ég get ekki orða bundist vegna meðferðar-

innar á sveitarfélögunum með þessum efnahagsráðstöfunum og meðferðarinnar á lögmætri eign þeirra, Jöfnunarsjóði.

Þegar frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var lagt hér fram í vetur urðu þegar harðar deilur um meðferð þeirra mála er það tók til. Vissulega er það rétt að lengi höfðu forsvarsmenn sveitarfélaga óskað eftir ákveðnari verkaskiptingu og auknu sjálfstæði. Þessu er mjög hamrað á nú af þeim sem ákafastir voru á að koma þessu frv. í gegn og þeir, þar á meðal hæstv. fjmrh., hafa undrast mjög og ekki skilið tregðu sveitarfélaganna nú að taka við þessu hnossi. Þetta hik sveitarfélaganna er mjög auðskilið. Þær tillögur sem frv. er unnið upp úr lágu ekki fyrir fyrr en á síðasta vori. Sveitarstjórum og oddvitum voru að vísu sendar þessar tillögur í snoturri bók, en ég efast um að þeir hafi legið í að kynna sér hana um hábjargræðistímann. Þessari bók fylgdi engin ósk um umsagnir frá ráðuneyti og ég vil enn einu sinni rifja upp að í nefndum þeim sem tillögurnar sömdu sat enginn sem þekkti til eða hafði reynslu af störfum í smáu og eða fátæku sveitarfélagi hvað þá afskekktu. Ég efa að dreifbýlisbúar telji að þessir nefndarmenn hafi verið fulltrúar þeirra. Frv. var ekki sent sveitarstjórnum til kynningar eða umsagnar áður en það var lagt fram. Sveitarstjórnarmönnum um land allt að undanskildum stjórnarmönnum Sambands ísl. sveitarfélaga gafst því enginn kostur að fjalla um það né koma athugasemdum sínum á framfæri. Þess vegna höfðu þeir ærið margt við það að athuga að ógleymdu því að það var enginn tími gefinn til þess sem kalla mætti aðlögun að breyttum háttum. Auk þess blasti við að öll þau verkefni sem sveitarfélögin áttu að taka við að þessu sinni kölluðu á aukin útgjöld þeirra en léttu af ríkinu. Þetta eru nokkrar af ástæðum undanfærslu sveitarfélaganna við að gangast undir þessa breyttu skipan.

En það eru fleiri orsakir. Mörgum orðum hefur verið farið um hve nauðsynlegt sé að efla sjálfstæði og frelsi sveitarfélaganna til að ráða sínum eigin málum og það er vissulega rétt að þess er full þörf. En aðgerðir stjórnvalda benda sannarlega ekki til þess að sú þörf sé höfð að leiðarljósi því um það leyti sem verkaskiptingarfrv. var borið fram á Alþingi í vetur með mörgum fögrum orðum um aukið frelsi og sjálfstæði sveitarfélögunum til handa þá hafði það gerst nokkrum dögum áður að hæstv. félmrh. ákvað útsvarsprósentu þessa árs. 6,7% skyldi hún vera þrátt fyrir hávær mótmæli sveitarstjórnarmanna sem höfðu óskað eftir hærra hlutfalli. Enda er nú komið í ljós að mörg sveitarfélög urðu fyrir verulegu tekjutapi. Þarna var ekki mikið gert með sjálfstæði og ákvörðunarrétt sveitarfélaganna.

Næsti kapítuli er svo Jöfnunarsjóðurinn. Um árabil hefur hann verið skertur svo sem allir vita. Í frv. til fjárlaga fyrir þetta ár stendur að tekjur hans eigi að vera 1655 millj. og allir vita svo hvernig jafnt og þétt hefur verið klipið utan af honum. Nú síðast var höfuðið bitið af skömminni með því að ræna hann 260 millj. Og ég lái sveitarstjórnarmönnum ekki þó að þeir séu tregir til að takast á hendur það sem þeim er ætlað við verkaskiptinguna fyrirhuguðu þegar þeir horfa á hvernig ríkisvaldið leyfir sér að fara með þennan sjóð sem er þeim mörgum algert lífakkeri. Sambúðin hlýtur að verða vandasöm þegar annar aðilinn bæði setur lögin og hefur fjármagnið og hefur því sjálfstæði sveitarfélaganna að mestu leyti í hendi sér. Meðferðin á sveitarfélögunum við þessar fyrirhuguðu efnahagsaðgerðir núna er stjórnvöldum til hneisu og er það að vísu mjög kurteislega til orða tekið. Fjárhagsvanda atvinnuveganna er að hluta velt yfir á þau og staða þeirra var þó ekki góð fyrir. Staða þeirra var yfirleitt þröng og lítið sem ekkert framkvæmdafé til ráðstöfunar og nú verða þau enn að skera niður framkvæmdir allt hvað af tekur.

Í litlu gráu bókinni ríkisstjórnarinnar stendur að „hún [þ.e. hæstv. ríkisstjórn] lítur á það sem meginverkefni sitt að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni“ og maður veit varla hvort maður á að hlæja eða gráta. Ég tók eftir því þegar hæstv. fjmrh. talaði fyrir þessum efnahagsráðstöfunum fyrst í vikunni að þá sagði hann að verkaskiptingin yrði tekin fyrir í heild og þá væntanlega allir þættir hennar og að mér skildist í því augnamiði að koma henni á um n.k. áramót, ef ég hef skilið það rétt. Ég held að það veiti þá ekki af því að fara að berja í þá trúnaðarbresti sem upp eru komnir og huga að því að hafa sveitarstjórnarmenn vítt um land með í ráðum. Málið er einfaldlega orðið þannig að í fyrsta lagi, eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur haft í frammi á þessum vetri í sambandi við Jöfnunarsjóð, treysta sveitarfélögin því ekki lengur að sjóðurinn verði þeim í framtíðinni sú stoð sem hann á að vera skv. lögum þar sem er sýnt að ríkisvaldið getur á hverjum tíma rýrt hann nánast eftir vild. Í öðru lagi hafa öll þessi mál gengið fram á þann veg að það er augljóst að sveitarstjórnir verða ekkert til viðræðu á næstunni um verkaskiptinguna. Þannig hefur hæstv. ríkisstjórn klúðrað þessu mikilsverða máli.

Ég vil gera annan þátt í efnahagsráðstöfununum lítillega að umræðuefni. Útgjöld til vegamála eru skert um 125 millj. Hæstv. fjmrh. hefur að vísu sagt að sú skerðing muni aðallega koma fram í Reykjavík eða það var haft eftir honum í útvarpi í gær eða fyrradag. En hingað til hefur hæstv. fjmrh., með leyfi hæstv. forseta, ekki orðið mikið fyrir því að éta annað eins ofan í sig svo að því verður engan veginn treyst að þessi skerðing kunni ekki að koma til með að bitna á fleirum.

Sveitarstjórnarmenn t.d. á Norðurlandi eystra hafa lagt á það ríka áherslu, og eru vafalaust ekki einir um það, hversu mikilvægar séu endurbætur og uppbygging vega í sveitum þar sem samdráttur er verulegur í heföbundnum búrekstri og landbúnaði. Sveitafólk á auðveldara með að sækja atvinnu til þéttbýlisstaða í nágrenni ef það hefur góða vegi, og fasteignir í sveitum nýtast, þær rýrna ekki eins í verði

ef þær eru í sæmilegu vegasambandi við þéttbýlisstaði og fólk er þá ekki endilega nauðbeygt til að flytja burt, það getur búið áfram í sínu húsnæði. Bætt vegakerfi er á allan hátt einhver arðbærasta framkvæmd í okkar landi og stuðningur við það fólk sem vill búa áfram á landsbyggðinni.

Hæstv. ríkisstjórn er nú að hluta til að glíma við uppsafnaðan vanda vegna óráðsíu frá fyrri árum, árum sem þó voru hagstæðari um ytri skilyrði en dæmi eru um. Ríkisstjórnin sem sat síðasta kjörtímabil spilaði einstaklega klaufalega úr þeim grandspilum sem hún hafði á hendi. Þeir sem græddu í spilunum voru ekki þeir sem fyrst og fremst þurftu á gróðanum að halda.

Þegar hæstv. ríkisstjórn tók við voru vissar vonir bundnar við að sú breytta fjármálastjórn sem hún vildi koma til leiðar yrði almenningi til hagsbóta. Við höfum nú séð hvað hún leiðir yfir okkur og sömuleiðis séð fálmkenndar ráðstafanir hennar til að bæta úr eigin mistökum. En við þurfum ekki að kvarta yfir ytri aðstæðum. Aflaverðmæti þessa árs stefna í að verða svipuð og tvö sl. ár, sem voru metár, og viðskiptakjör virðast ekki verða lakari svo neinu nemi. Olíuverð er að lækka og það er þarflaust að tala um kreppu. En það verður að gera þá kröfu til þeirra sem fara með fjármálin að þeir sýni festu í að framfylgja stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að veita aðhald að verðlagsþróun innan lands og tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum og að þannig sé búið að framleiðsluatvinnuvegunum að þeir geti borgað mannsæmandi laun.

Unnur Sólrún Bragadóttir:

Herra forseti. Ég fæ satt að segja ekki skilið það sem hæstv. ríkisstjórn kallar efnahagsaðgerðir. Aðgerðir fyrir hverja? Mér er spurn. Ég fæ ekki séð á nokkurn hátt hvernig þær auka hagsæld almennings í landinu. Þvert á móti sýnist mér að þær muni þýða verulegan samdrátt hjá launafólki, enda leysir þessi hæstv. ríkisstjórn ekki vanda launafólks heldur, eins og venjulega, er vandinn leystur á kostnað þess.

Í stórum dráttum þýða þessar aðgerðir minnkandi kaupmátt og samdrátt á félagslega sviðinu sem við vitum á hverjum bitnar verst. Það er ráðist harkalega á sveitarfélögin einu sinni enn eins og síðasti ræðumaður, hv. 7. þm. Norðurl. e., benti á og þakka ég hennar orð.

Þær aðgerðir sem hæstv. fjmrh. ætlar að standa fyrir ganga svo sannarlega þvert á stefnu flokks hans í kosningum. Sem landsbyggðarmanneskju varð mér satt að segja hálfflökurt þegar hæstv. fjmrh. gerði aðgerðir gegn sveitarfélögum að hálfgerðu gamanmáli og spurði hvort menn hefðu ekki verið á móti breytingunum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en nú skiptu þær allt í einu sköpum. (**AG:** Ég óska eftir því að einhver úr stjórnarliðinu sé viðstaddur þegar merk ræða er flutt. Þetta er dónaskapur við stjórnarandstöðuna.) (**SvH:** Á hann við ráðherra, þingmaðurinn?) (**AG:** Ráðherra jafnt sem þingmenn. Náttúrlega aðallega ráðherrana.) (**Forseti:** Að sjálfsögðu hafa menn þingskyldur, en ef ræðumaður hefur ekki óskað sérstaklega eftir mönnum í salinn eru ekki gerðar ráðstafanir.) (**AG:** Það eru sömu þingskyldur fyrir alla.) (**Forseti:** Það eru sömu þingskyldur fyrir alla. Mér er það fullkomlega ljóst og það eiga allir þm. að vita, bæði þm. stjórnar og stjórnarandstöðu. Meira hef ég ekki um það að segja eins og er.) Ég held þá áfram, herra forseti, þar sem frá var horfið.

Í fjárlögum var sveitarfélögum gert að yfirtaka meiri verkefni en ríkissjóður létti af þeim á móti og það var þar sem stjórnarandstaðan mótmælti. Nú er hæstv. fjmrh. hættur við að taka á sig verkefni, en sveitarfélögin eiga að sitja uppi með verkefni ríkisins. Er þetta virkilega maðurinn sem endasentist milli landshorna fyrir kosningar boðandi bættan hag landsbyggðarinnar? Er valdið, með fullri virðingu herra forseti, þessum manni allt en æran ekkert? Ég vil í þessu sambandi minnast á bókaða afstöðu hæstv. félmrh. og finnst að þar ætti hæstv. fjmrh. að taka hana sér til fyrirmyndar.

Alþingi mætti gæta sín á að vega ekki alltaf í þann knérunn. Þrátt fyrir metaflaár hjá útgerðinni er víða á landsbyggðinni nánast ekkert framkvæmt nema á vegum viðkomandi sveitarfélags því auknar gjaldeyristekjur skila sér ekki þar sem þeirra var aflað heldur í verslunar- og skemmtihöllum á suðvesturhorninu. Í stað þess að ráðast á Jöfnunarsjóð og biðja borgina að framkvæma minna ætti að taka úthlutunarreglur sjóðsins til gagngerrar endurskoðunar. Jöfnuðurinn næst ekki með því að öll sveitarfélög fái úr sjóðnum jafnmargar krónur á íbúa heldur með því að veita litlu eða engu til þeirra sem mikið hafa en styðja hraustlega við þau sveitarfélög sem standa ekki undir félagslegum kröfum í nútímasamfélagi. Hafi Reykjavíkurborg efni á að byggja stásshús út í Tjörnina og veitingahús á vatnsgeymum er fjármunum Jöfnunarsjóðs betur varið til að bæta stöðu þeirra sveitarfélaga sem engu hafa úr að spila.

Ef sveitarfélög úti á landi yrðu tilneydd til að draga úr sínum litlu framkvæmdum yrðu iðnaðarmenn víða atvinnulausir því að framkvæmdir sveitarfélaganna eru víða einu framkvæmdirnar í gangi. Flóttinn til höfuðborgarinnar yrði enn víðtækari og þetta hefði svo í för með sér enn erfiðari aðstöðu fyrir hinn almenna launamann sem ekki gæti fengið nauðsynlega þjónustu ef þörf krefði.

Þá eru það aðgerðir sem eiga að koma sjávarútveginum til góða. Í fyrsta lagi gengisfelling sem ætlast er til að allir fái bætta nema launafólk. Það er sem sagt launafólk sem á að standa undir helstu bragarbótinni eins og alltaf. En bjargar 6% gengisfelling einhverju fyrir sjávarútveginn? Munu ekki þau frystihús, sem nú þegar hafa lokað eða eru að því komin, gera það þrátt fyrir aðgerðirnar? Ég er hrædd um það.

Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar er fyrir löngu gengin sér til húðar og er að verða búin að gera út af við mörg útflutningsfyrirtæki ásamt vaxtastefnunni. Samkvæmt þessari fastgengisstefnu er gengið og

launin fryst. Útflytjendur fá alltaf sama verð fyrir afurðir sínar, en verð á vörum og þjónustu fer sí-hækkandi innan lands. Lág laun í útflutningsiðnaðinum eiga svo að bæta honum upp minnkandi kaupmátt þess gjaldeyris sem hann aflar. Það sem hefur aftur á móti gerst er að kaupgeta þeirra sem lifa af innlendri álagningu vex hraðar, en kaupgeta launafólks og útflytjenda minnkar.

Eyðsla á erlendum gjaldeyri hefur aldrei farið meira fram úr því sem aflað er en einmitt nú. Þetta er einkar athyglisvert í ljósi þess að gjaldeyrisöflun okkar jókst meira en nokkurn hafði órað fyrir. Þessar auknu tekjur skiluðu sér því miður hvorki til launafólks né sjávarútvegsins heldur runnu þær beint í hendur innflytjenda og alls kyns braskara á höfuðborgarsvæðinu, til þeirra sem seldu almenningi í landinu dýrustu vörur og þjónustu með hæstu álagningu sem þekkist í heimi. Það er mun arðbærara að flytja inn klósettpappír en að framleiða verðmætar útflutningsafurðir. En það hlýtur þó að koma að því að hæstv. stjórnendur þessa lands verði, með fyllstu virðingu herra forseti, að éta ofan í sig allan þennan klósettpappír og hyggja frekar að hollari næringu fyrir velferðarmaga þjóðarbúsins. Það væri gaman að vita hverjar tekjur sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar hefðu orðið í íslenskum krónum frá 1983 á núgildandi verðlagi ef gengið hefði verið fljótandi með verðlaginu í stað þess að halda því föstu óháð innlendri verðbólgu. Mig grunar að þar sé um stórar tölur að ræða.

Hvað þá með skuldbreytingarnar? Þær eru svo sem viðurkennd bráðabirgðaaðgerð, en breyta í sjálfu sér ósköp litlu. Greiðslubyrðin minnkar í bili, en gerir sjávarútveginn enn háðari skuldareigendum sínum en áður. Það fer að verða vafamál hverjir stjórna fiskiðnaðinum í landinu, hvort það eru svokallaðir eigendur eða bankar og aðrar lánastofnanir.

Aðgerðirnar varðandi hækkun gjalds á erlendar lántökur þýða e.t.v. ekki svo miklar breytingar fyrir sjávarútveginn, en þó finnst mér að það ætti hreinlega að banna erlendar lántökur nema fyrir framleiðslufyrirtækin í landinu. Það á ekki að veita leyfi til erlendrar lántöku fyrir fyrirtæki sem nota það fjármagn eingöngu til að auka neysluna, t.d. til að geta selt alls konar neysluvarning með afborgunum. Erlend lán ætti eingöngu að veita til að auka framleiðslu í iðnaði sem gæti borgað mannsæmandi laun.

Varðandi olíuverðslækkunina finnst mér satt að segja tími til kominn. Hvernig í ósköpunum stendur á því að hér hefur viðgengist allt að 80% hærra olíuverð en í nágrannalöndum okkar? Einhverjir græða á því aðrir en sjávarútvegurinn.

Lækkun nafnvaxta þýðir ekkert, breytir engu heldur er bara eðlileg afleiðing örr minnkandi verðbólgu. Auðvitað átti að lækka raunvexti því að það eru þeir sem ákvarða vaxtaokrið. Það er hin raunverulega þóknun fyrir afnotin af peningunum.

Aukning sparifjár landsmanna þýðir að stór hluti þjóðarinnar skuldar örlitlum minni hluta stöðugt meira því að hver spöruð króna er lánuð út. Að fagna aukningu þess í bankakerfinu og okurlánabúlum er að fagna aukinni skuldsetningu almennings. Háir raunvextir koma fáum til gagns en knésetja stóran hluta launafólks.

Nei, herra forseti. Ég er eiginlega orðlaus yfir að þetta skuli kallast efnahagsaðgerðir. Ég hefði getað viðurkennt þá nafnbót ef um hefði verið að ræða t.d. skattlagningu vaxtatekna, skattlagningu á stóreignir þannig að ríkið hefði tekið á móti kostnaði en þyrfti ekki að hleypa vöxtum upp í landinu með gegndarlausum lántökum, jöfnun raforkukostnaðar í landinu, að gengið yrði látið fylgja verðbólgu innan lands, að laun væru verðtryggð og að nægilegu fjármagni yrði haldið innan landsfjórðunga þannig að landsbyggðin gæti hafið sókn til bættra lífskjara.

En þar sem ekkert af þessu er að finna í svokölluðum efnahagsráðstöfunum get ég ekki fallist á þessa nafnbót. Mér finnst þetta plagg í sjálfu sér hvorki fugl né fiskur. Það leysir varla nokkurt þeirra vandamála sem hæstv. ríkisstjórn hafði hugsað sér og er líklega ekki einu sinni, með leyfi herra forseta, redding fyrir horn eins og það heitir á lélegu máli. Því verður þó ekki neitað að aðstaða margra versnar komi þetta til framkvæmda. Og hvet ég hæstv. ríkisstjórn að sýna ábyrgð gagnvart fólkinu í landinu, ábyrgð sem hún er stöðugt að hrópa á, og stinga þessu plaggi undir stól. Slíkt væri virðingarvert. Þau vandamál sem við er að etja krefjast að ég held róttækari og öðruvísi aðgerða en þessara.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir þann knappa tíma sem við höfum ætla ég að minnast aðeins á nokkur atriði í því frv. sem er til umræðu.

Það er látið að því liggja að sú mikla skerðing á Jöfnunarsjóðnum sem nú er gert ráð fyrir sé vegna þess að ákveðið er að fresta gildistöku frv. sem nú er til umfjöllunar í félmn. deildarinnar um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er auðvitað ekki rétt. Ef framlag til Jöfnunarsjóðs væri óskert, þ.e. 5% af aðflutningsgjöldum og 8% af 20% söluskatti, væru tekjur Jöfnunarsjóðs 1655 millj. skv. fjárlagafrv. Skv. lánsfjárlögum átti að skerða fé til sjóðsins og átti það að vera 1540 millj. kr., 100 millj. kr. áttu að fara til uppgjörs við sveitarfélögin vegna þeirra framkvæmda sem ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að taka þátt í. 100 millj. áttu síðan að fara til þeirra verkefna sem sveitarfélögin áttu að taka yfir frá ríkinu og ríkissjóður hyggst nú samkvæmt því sem stendur í fylgiskjölum með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum verja 130 millj. kr. til þeirra verkefna sem áður var gert ráð fyrir að verja 200 millj. kr. til. Auk þessa seilist ríkisstjórnin enn frekar í fé Jöfnunarsjóðsins. Þannig er gert ráð fyrir aðeins 1142 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á þessu ári. Þetta kemur mjög illa við sveitarfélögin, sérstaklega þau minni, og kemur sér verst úti á landsbyggðinni. Ég geri t.d. ráð fyrir að það breyti litlu um fjárfestingar

og framkvæmdir Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvort framlög Jöfnunarsjóðsins eru meiri eða minni. En fyrir önnur sveitarfélög skiptir þessi skerðing verulegu máli.

Ég vil upplýsa það, herra forseti, að fjöldi sveitarstjórna og flest landshlutasamtök hafa sent félmn. Nd. álit á frv. um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði við umræðurnar í gærkvöld að flestir sem sendu umsagnir um frv. vildu að það yrði samþykkt með ákveðnum óverulegum breytingum. Ég túlka umsagnirnar ekki á sama hátt. Landshlutasamtök sveitarfélaganna hafa öll átalið skerðinguna til Jöfnunarsjóðsins og sum beinlínis mælt gegn samþykkt breyttrar verkaskiptingar nú þar sem óvissa ríkir um uppgjör og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Einnig átelur meiri hluti þeirra sem láta álit í ljós að nú séu aðeins flutt verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Ef ég man rétt hafa t.d. öll sveitarfélög á Austurlandi mælt gegn samþykkt frv. og þar af leiðandi líka Samtök sveitarfélaga á Austurlandi og einhver fleiri sveitarfélög, sem hafa sent umsagnir, hafa beinlínis mælt gegn samþykkt frv. Öll hafa verið með miklar efasemdir, sérstaklega varðandi fjármálalegt uppgjör. Í ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga frá 22. jan. 1988 stendur, með leyfi forseta, þegar verið er að fjalla um frv. til laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga:

„Jafnframt gerir stjórnin þá kröfu að samhliða verði tryggðar nýjar tekjur til að mæta þessum verkefnum. Stjórnin ítrekar þá kröfu sveitarfélaganna, sem margoft hefur verið sett fram, að skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs verði afnumin og þaki létt af tekjum sjóðsins."

Þarna eru ýmsar efasemdir á lofti og ekki rétt að það séu mjög fáir sem séu á móti samþykkt þessa frv. því að það eru flestallir sem efast um að sveitarfélögin hafi bolmagn til að taka við þeim verkefnum sem þarna var um að ræða.

Ég vil taka fram til að hressa upp á minni hv. 1. þm. Vesturl., fyrrv. félmrh., og í tilefni orða hans í gær að Jöfnunarsjóðurinn var skertur verulega allt síðasta kjörtímabil. Á síðasta ári fyrrv. ríkisstjórnar var hann skertur hlutfallslega nákvæmlega jafnmikið og hann er skertur núna.

Ég undirstrika að ég hef aldrei verið ósátt við að einfalda skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og að breyta þeirri skiptingu sem nú er á þar á milli, einfalda hana og gera hana skýrari. En ég var á móti því að það frv. sem við vorum að ræða um hér fyrr í vetur yrði samþykkt óbreytt og vildi fresta því að tekið yrði á þessum málum fyrr en tekið yrði á því öllu í einu og að fjármálaleg samskipti væru líka ljós.

Herra forseti. Það hefur komið fram við þessa umræðu að fulltrúar frá Húsnæðisstofnun ríkisins telja að ekki þurfi að svíkja fólk um lán sem hafa nú þegar fengið lánsloforð. Í samtali sem Morgunblaðið hafði við Rannveigu Guðmundsdóttur, formann húsnæðismálastjórnar, segir, með leyfi forseta:

„Rannveig sagði í samtali við Morgunblaðið að þau lán sem koma til greiðslu á þessu ári séu öll greidd út samkvæmt lánveitingum, svokölluðum lánsloforðum, á síðasta ári eða fyrr. Þess vegna væri þessi skerðing nú á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins óskiljanleg. Hún hlýtur að bitna á lántakendum. „Við erum ekki að fjalla um peninga sem er ráðstafað nú heldur útborgun peninga sem var ráðstafað 1987 og við vitum ekki hvort við þurfum í árslok að stöðva greiðslur sem búið var að lofa", sagði Rannveig í viðtali við Morgunblaðið miðvikudaginn 2. mars sl. Það er því ánægjulegt ef ekki þarf til þess að koma að svíkja fólk um lán sem því hefur verið lofað. Mér finnst hins vegar slæmt ef ganga þarf á það fé sem ætlað er til framkvæmdalána vegna byggingar húsnæðis fyrir aldraða eða það fé sem ætlað er til greiðsluerfiðleikalána.

Hæstv. félmrh. upplýsti áðan að 200 millj. kr. væri óráðstafað hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Hæstv. ráðherrann upplýsti einnig að gert væri ráð fyrir 14,5% hækkun á verðlagi milli ára. Ég held að það verði því varla mikið eftir af þessum 200 millj. í árslok því varla trúir félmrh. því að verðbreytingar á milli áranna 1987 og 1988 verði ekki meiri en 14,5%. Það er því ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þessum niðurskurði til Húsnæðisstofnunar.

Ég hafði, herra forseti, hugsað mér að spyrja heilbrmrh. nokkurra, aðallega tveggja, spurninga. Er hann í húsinu? (**Forseti:** Hæstv. heilbrmrh. er ekki kominn í húsið, en hann er væntanlegur innan tíðar.) Ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. heilbrmrh. að því hvort hann hefði hugsað út í hvernig hann ætlar að mæta 30 millj. kr. niðurskurði vegna lyfjakostnaðar. Ég hafði einnig hugsað mér að spyrja hann að því hvernig hann ætlaði að fá þær 20 millj. sem meiri hl. félmn. mælti með að færi í K-bygginguna því ég heyrði ekki betur en að frsm. meiri hluta nefndarinnar hefði sagt áðan að þessar 20 millj., sem þeir mæltu með að færu til K-byggingarinnar, ætti að taka annars staðar úr heilbrigðiskerfinu. Ég geri mér ekki ljóst hvernig heilbrmrh. hefur hugsað sér að reyna að ná í þessar milljónir. Þess vegna hefði ég svo gjarnan viljað fá að heyra í honum hér. En ég ætla nú ekki að tefja umræðurnar ef hann er ekki í húsinu. (**SvH:** Hinir ráðherrarnir geta skilað spurningunum til mannsins, allir hinir.) Já, ég geri ráð fyrir því. Allir hinir ráðherrarnir, sem eru hér, allir hinir sem sitja hérna fyrir framan mig, það er nú frekar lítið um þá, geta komið þessu til skila.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð við þessa umræðu, herra forseti. Aðrar þingkonur Kvennalistans hafa gert grein fyrir afstöðu Kvennalistans til frv. að öðru leyti.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki hafa efnislegar umræður uppi, en ég vil segja við hv. 12. þm. Reykv. að við eigum eftir að hittast í félmn. Nd. og þá ræðum

við sjálfsagt nánar um þær umsagnir sem borist hafa. En það sem kom mér til að koma aðeins upp er það að hæstv. félmrh. tíundaði nokkuð samskipti lífeyrissjóðanna við húsnæðiskerfið og las upp nöfn þeirra lífeyrissjóða sem ættu eftir að gera samninga við Húsnæðisstofnun. Einnig tíundaði hæstv. ráðherra nöfn á þremur lífeyrissjóðum sem ekki hygðust kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun. En það sem kemur mér til að gera athugasemd við þetta, af því að þetta fer inn í þingskjöl, er að það kemur í ljós samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra að það eru aðeins 54 sjóðir sem hafa samið vegna 1989 og aðeins 33 sjóðir fyrir 1990. Miðað við að 22 sjóðir væru þarna í vanskilum eða hefðu ekki enn þá gert samninga vantar þarna allnokkuð á að allir sjóðir hafi verið tilnefndir, þeir sem ekki hafa staðið við samninga, miðað við að við vitum að lífeyrissjóðirnir eru 80–90 sem eru samningsskyldir um þessi mál. Þess vegna hefði ég talið æskilegt að fyrst farið er að tíunda hvaða sjóðir ekki hafa staðið við kaup væri allur lífeyrissjóðahópurinn nefndur sem ekki hefur staðið við skuldbindingar sínar en ekki aðeins lítill hluti af þeim eins og hér hefur verið gert. Þetta er viðkvæmt mál að sjálfsögðu svo það er ekki víst að það hafi æskileg áhrif að það sé aðeins tíundaður hluti af þeim sem ekki hafa staðið við samninga. Fyrst farið er að gera það á annað borð hefði þurft að fullnægja því að öllu leyti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, EE, ÓE, PP, JK.

nei: SJS, AG.

SV, ÞÞ, AðB, USB, HJ, IBA, JóhS, KH, MálmS greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (RA, BÍG, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, KE, ÓÞÞ, ÓÞG) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þar sem 1. gr. frv. fjallar um heimildir fjmrh. til að gera ákveðnar ráðstafanir, er tengjast ríkisútgjöldum og eru annars vegar til hækkunar vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi og fleiri liða en hins vegar til lækkunar, og þar undir eru liðir eins og framlög til byggingarsjóða ríkisins og framlög til K-byggingar ríkisspítalanna og framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðikostnaðar og þar er á ferðinni niðurskurður á liðum, sem ég er algerlega andvígur, segi ég nei.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef í ríkisstjórn látið bóka andstöðu mína við skerðingu á framlögum til byggingarsjóðanna. Með vísan til þess undirstrika ég þá afstöðu mína og greiði ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 22:2 atkv.

3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

4.–7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSS, KJóh, EKG, EE, ÓE, PP, VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JK.

KH, MálmS, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, USB, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (KE, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, BÍG, GeirG, GB, GGÞ, GHelg) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, EE, ÓE, PP, VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JóhS, JK.

KH, MálmS, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, USB, HJ, IBA greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (KE, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, BÍG, GeirG, GB, GGÞ, GHelg) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðnÁ, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, EE, ÓE, PP, VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, FÞ, FrS, GHH, JK.

nei: KH, MálmS, SV, SJS, ÞÞ, AðB.

USB, HJ, IBA, JóhS, AG, EH greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (GB, GGÞ, GHelg, KE, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, BÍG, GeirG) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. 9. gr. frv. lýtur að stórfelldri skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs. Þannig eru lögbundnir tekjustofnar sveitarfélaga gerðir upptækir með einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar og látnir renna í ríkissjóð. Hér er á ferðinni það sem heitir á góðri og gildri íslensku þjófnaður. Ríkið notar aðstöðu sína. (Gripið fram í.) Ja, gripdeildir þá. Ef hv. þm. líður betur undir því orðalagi skulum við kalla það gripdeildir þar sem lögmætar tekjur sveitarfélaganna eru gerðar upptækar með einhliða ofbeldisákvörðun ríkisstjórnarinnar og teknar í ríkissjóð. Þetta framferði er sennilega verst af mörgu heldur slæmu í þessum ráðstöfunum og ég segi því nei með miklum þunga.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég held að þeir sem bera fram þessa skerðingartillögu átti sig ekki á því að nú er verið að koma aftan að hverju einasta sveitarfélagi og rugla fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna, eins og komið hefur fram í umræðum, og það gengur ekki. Sveitarfélögin þau lifa þetta ekki af þó eitt og eitt sveitarfélag geri það. Og Reykjavík er ekki eitt af þeim sveitarfélögum sem þola þessa skerðingu þó svo að margir ræðumenn hafi haldið því fram hér. Ég stend með félmrh. í þessum klofningi í ríkisstjórninni og greiði ekki atkvæði.

10.–12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 26:1 atkv.
14.–20. gr. samþ. með 24:1 atkv.
21.–22. gr. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKG, EE, ÓE, PP, VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, AS, ÁrnG, EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, JK.

MálmS, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, USB, HJ, IBA, KH greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (ÓÞÞ, ÓÞG, RA, BÍG, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, KE) fjarstaddir.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

67. fundur, föstudaginn 4. mars, að loknum 66. fundi.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988, 3. umr.

Stjfrv., 317. mál. — Þskj. 649.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það hillir nú undir að þetta frv. verði að lögum, frv. um sérstakar efnahagsráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt hér fram og leggur mikla áherslu á að fá afgreitt.

Það hafa ýmsir merkir atburðir gerst við meðferð þessa máls í þinginu fremur óvenjulegir. Þannig hefur það gerst að ágreiningur hefur orðið opinber í ríkisstjórninni með skýrari hætti en oftast áður og er þó af nógu að taka í þeim efnum á stuttri ævi þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Hér hefur einn hæstv. ráðherra ekki treyst sér til að fylgja fram í atkvæðagreiðslum á þinginu efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í tveimur veigamiklum atriðum. Stjfrv. sem slíkt nýtur því ekki einu sinni stuðnings allrar ríkisstjórnarinnar. Einnig hefur brostið á flótti í liði hv. stjórnarþm. þar sem hv. 3. þm. Suðurl. Eggert Haukdal treystir sér ekki til að standa með félögum sínum að meðferðinni á sveitarfélögum. Ber að virða það við hv. þm. og kom hann nú sem oftar á óvart með kjarki sínum sem áður hefur skeð í atkvæðagreiðslum á þingi.

Að öðru leyti þarf ekki að hafa um þetta mörg orð, herra forseti. Þau hafa flest þegar komið fram. Forsendur þessa frv. eru brostnar. Ríkisstjórnin blés í lúðra þegar undirritaðir höfðu verið kjarasamningar fyrir nokkrum dögum og hafði þá skyndilega upp-götvað efnahagsstefnu á einni helgi, dottið það snjallræði í hug að fella allt í einu gengið og grípa til fleiri plástursaðgerða. En þetta var að nokkru leyti þjófstart hjá hæstv. ríkisstjórn og eftir á að hyggja hefði hún eflaust orðað yfirlýsingu sína dags. 29. febr. öðruvísi ef hún hefði gert sér grein fyrir því að fólkið í verkalýðsfélögunum mundi blása af þá niðurstöðu sem þá var nýlega undirrituð.

Þannig eru ummælin í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar, sem eru fjögurra daga gömul, þegar úrelt orðin og efnahagsráðstafanirnar sem slíkar því dagaðar uppi. Það er fjarað undan þeim. Þær forsendur sem þær áttu að byggja á eru ekki lengur fyrir hendi. Málin eru því í algerri óvissu vegna þess að ríkisstjórnin er þar með búin að týna efnahagsstefnunni sinni aftur og verður nú að hefja leit að henni. Ríkisstjórninni hefur orðið það á að týna fleiru en Steina. Allar þessar aðgerðir bera með sér að þær eru fálm. Ríkisstjórnin er að taka til baka aðgerðir sem eru varla komnar til framkvæmda. Skattheimtur og álögur á atvinnuvegina, sem voru að taka gildi núna fyrir nokkrum vikum, er ríkisstjórnin núna að afnema því það hefur komið í ljós svo að segja um leið og þær voru settar að þær voru hin herfilegustu mistök, voru ekki í samræmi við aðstæður.

Svo að síðustu, herra forseti, ætla ég endurtaka það sem ég hef sagt áður í þessari umræðu, ég vil endurtaka það sem ofurlítinn þakklætisvott til hæstv. ráðherra Alþfl. sem hafa öðrum ráðherrum fremur verið samviskusamir og rækt vel þingskyldu sína og setið hér undir umræðunni: Þessi niðurstaða er sérstakur rassskellur fyrir Alþfl. hvernig sem á það er litið. Kjarasamningarnir sem verið er að fella hringinn í kringum landið voru sérstakt óskabarn og dekurbarn alþýðuflokksmanna, sbr. Vestfjarðasamningana og víðar. Það er hæstv. fjmrh. og formaður Alþfl., þ.e. hann er hæstv. sem fjmrh., ekki sem formaður Alþfl., sem er talsmaður ráðstafananna hér á þingi og ber sem slíkur á þeim þyngsta pólitíska ábyrgð í ríkisstjórninni, enda eru aðrir flokkar víðs fjarri þegar þessi mál eru rædd. Þeir eru því fegnastir að láta lítið fara fyrir sér. Þess verður varla langt að bíða að þeir þykist hvergi hafa nærri komið, a.m.k. ekki Framsfl. sem er öðrum flokkum betur þjálfaður í handarþvotti í allri sögu íslenskra stjórnmála. (**SvH:** Hreinlæti er fyrir miklu.) Auðvitað er hreinlæti gott, en það getur nú gengið út í öfgar, hv. þm. Ég tel að handarþvottur Framsfl. sé hreinlæti sem sé gengið algerlega út í öfgar.

Að síðustu er það svo sú dapurlega niðurstaða að efni ráðstafananna, sem á að fara að lögleiða e.t.v. eftir nokkur andartök, herra forseti, er sömuleiðis langverst fyrir Alþfl. Það er hæstv. félmrh. sem fær svo hraklega útreið í þessu frv., málaflokkar hæstv. ráðherra eru svo grátt leiknir að ráðherrann treystir sér ekki til að styðja frv. í veigamiklum atriðum. Þetta er því fyrir Alþfl. eftir 100 fundina og hina glæstu inngöngu í ríkisstjórn svo dapurleg niðurstaða þegar á fyrsta ári stjórnarþátttöku flokksins að

grátgjarnir menn gætu átt það til að fella tár yfir þessari útkomu. Ræðumaður ætlar þó að harka af sér og gera það ekki, en það verð ég að segja að samúð mín með hæstv. félmrh. við þessar kringumstæður er býsna mikil.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, EE, ÓE, PP, VE, RH, BGísl, NL, SvH, ÁJ, ÁrnG, JK.

nei: USB, AG.

GeirG, HJ, IBA, KH, MálmS, SV, SJS greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GB, GGÞ, GHelg, KE, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, ÞÞ, AðB, AS, BÍG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef bókað í ríkisstjórninni andstöðu við þrjá þætti þessara efnahagsaðgerða um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988. Það er í fyrsta lagi skerðing á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, það er í öðru lagi skerðing á framlögum til byggingarsjóðanna, það er í þriðja lagi að frestað verði áformum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég hef með hjásetu minni við atkvæðagreiðslur um þessar greinar undirstrikað þá andstöðu mína. Ég styð efnahagsaðgerðirnar að öðru leyti og segi já.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Samkvæmt stjórnarskránni á hver þm. að fara eftir sinni sannfæringu, hann er ekki bundinn af öðru. Hæstv. félmrh. hefur sýnt þann kjark fram yfir aðra í stjórnarliðinu að fara eftir sinni sannfæringu. Þessar efnahagsráðstafanir, sem er verið að gera, eru þannig að það er óvíst að marsmánuður muni líða án þess að það þurfi að taka aftur upp fjárlög. Þannig er ráðleysið, úrræðaleysið og ósamkomulagið í þessari ríkisstjórn. Ég greiði ekki atkvæði.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Enda þótt fyrirsögn þessa frv. sé gölluð og hefði frekar átt að vera frv. til laga um Jóhönnuraunir segi ég já.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin klofin ber fram frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Ríkisstjórn jafnaðarmanna, sem ber fram frv. til l. í efnahagsmálum, sem eftir 70 ára þrotlausa kjarabaráttu undir þeirra forustu getur enn ekki tryggt verkamanni meira en 31 400 kr. í lágmarkslaun í mánuði, á að skammast sín í burtu. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 667).

Efnisskrá.

Aðför (231. mál, aðfarargerð á skrifstofu fógeta o.fl.) 5272, 5273.
Aðgerðir í sjávarútvegi (243. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 5433, 5435.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 5323, 5432.
Blýlaust bensín (7. mál) 5426.
Brot á jafnréttislögum (303. mál) 5418.
Bætt vettvangsþekking þingmanna (316. mál) 5421.
Drengskaparheit unnið 5086, 5392.
Einkaleyfi og mynsturvernd (298. mál) 5414.
Fiskimjölsverksmiðjur (297. mál) 5412.
Húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga (264. mál) 5099.
Húsnæðisstofnun ríkisins (301. mál, kaupleiguíbúðir) 5209.
Jöfnuður í verslun við einstök lönd (267. mál) 5392.
Kosningarréttur Íslendinga erlendis (307. mál) 5401.
Launabætur (265. mál) 5104, 5427.
Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði (107. mál) 5093.
Opinber ferðamálastefna (108. mál) 5087.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1988 (317. mál) 5129, 5273, 5320, 5436, 5515, 5539.
Sálfræðingar (278. mál, sérfræðileyfi) 5127, 5321.
Tilkynning frá ríkisstjórninni 5109.
Tvöföldun Reykjanesbrautar (287. mál) 5087.
Um þingsköp 5127 (framvinda þingfundar).
Umsóknir erlendra manna um landvist (306. mál) 5408.
Úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu (226. mál) 5425.
Útgjöld vísitölufjölskyldu (305. mál) 5397.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 5085, 5391.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5085, 5086, 5391, 5392, 5397.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 5127, 5128, 5129, 5195, 5197.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 5353, 5354, 5355, 5463.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 5109.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 5178, 5385, 5394, 5397, 5398, 5400, 5402, 5407, 5408, 5493.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 5209, 5258, 5283, 5419, 5524, 5537, 5541.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 5120, 5129, 5197, 5311, 5436, 5502.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 5191, 5310, 5340.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 5160, 5415, 5417, 5501.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 5321.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 5187, 5393, 5396, 5412, 5414.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 5115.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 5104, 5429.
Albert Guðmundsson 5091, 5098, 5102, 5396, 5404, 5411, 5496, 5506, 5538, 5542.
Alexander Stefánsson 5095, 5237, 5270, 5472, 5536.
Árni Johnsen 5487.
Eggert Haukdal 5093, 5094, 5096.
Eiður Guðnason 5095, 5127, 5128, 5129, 5272, 5406.
Friðjón Þórðarson 5087, 5090, 5097.
Geir H. Haarde 5220, 5265, 5515.
Guðmundur Ágústsson 5195, 5412, 5413, 5414, 5417, 5427.
Guðni Ágústsson 5098, 5426.
Guðrún Agnarsdóttir 5405, 5424.
Guðrún Helgadóttir 5095, 5102, 5399, 5404.
Halldór Blöndal 5273, 5298, 5312.
Hreggviður Jónsson 5481.
Ingi Björn Albertsson 5392, 5395, 5397.
Ingibjörg Daníelsdóttir 5184, 5297.
Jón Kristjánsson 5266, 5407.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 5246, 5266, 5391.
Júlíus Sólnes 5116, 5164, 5284, 5320.
Karl Steinar Guðnason 5294.
Karvel Pálmason 5173.
Kjartan Jóhannsson 5433, 5435.
Kristín Einarsdóttir 5225, 5534.
Kristín Halldórsdóttir 5088, 5099, 5103, 5106, 5123, 5401, 5405, 5407, 5418, 5420, 5511, 5521.
Málmfríður Sigurðardóttir 5528.
Níels Árni Lund 5369, 5390.
Ólafur G. Einarsson 5086, 5354, 5356, 5378, 5388.
Ólafur Þ. Þórðarson 5235, 5269, 5321, 5323, 5355, 5357, 5372, 5388, 5433, 5478, 5508.
Óli Þ. Guðbjartsson 5254, 5443.
Páll Pétursson 5094, 5095, 5096, 5252, 5264.
Ragnhildur Helgadóttir 5331, 5353, 5355, 5357, 5389.
Skúli Alexandersson 5300.
Stefán Valgeirsson 5125, 5243, 5265, 5328, 5355, 5368, 5390, 5431, 5462, 5463, 5542.
Steingrímur J. Sigfússon 5229, 5267, 5271, 5344, 5433, 5434, 5452, 5488, 5509, 5516, 5537, 5538, 5539.
Svavar Gestsson 5113, 5128, 5129, 5144, 5195, 5200, 5279, 5304, 5315, 5320, 5401.
Sverrir Hermannsson 5352, 5362, 5542.
Unnur Sólrún Bragadóttir 5326, 5397, 5400, 5408, 5411, 5421, 5531.
Valgerður Sverrisdóttir 5087, 5425.
Þórhildur Þorleifsdóttir 5467.

SAMEINAÐ ÞING

56. fundur, mánudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þorist hefur svohljóðandi bréf, dags. 4. mars 1988:

„Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna anna 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Jón Bragi Bjarnason prófessor, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir svohljóðandi bréf:

„Vegna anna getur undirritaður ekki tekið sæti 4. þm. Reykv. í forföllum hans.

Virðingarfyllst,
Lára V. Júlíusdóttir."

Með því að Jón Bragi Bjarnason hefur áður tekið sæti á þessu þingi er hann þegar boðinn velkominn til starfa á ný á Alþingi.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 4. mars 1988:

„Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Borgarafl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafur Gränz trésmiður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Ólafs Gränz.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 4. mars 1988:

„Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Sveinn Gunnar Hálfdánarson innheimtustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Sveins Gunnars Hálfdánarsonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 4. mars 1988:

„Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhannes Geir Sigurgeirsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 7. mars 1988:

„Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna veikinda 1. varamanns og sérstakra anna 2. varamanns taki 3. varamaður Samtaka jafnréttis og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhann A. Jónsson framkvæmdastjóri, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir símskeyti frá 1. varamanni.

„Vegna veikinda get ég ekki tekið sæti Stefáns Valgeirssonar, 6. þm. Norðurl. e.

Pétur Þórarinsson."

Annað símskeyti fylgir frá 2. varamanni, svohljóðandi:

„Vegna anna get ég ekki tekið sæti Stefáns Valgeirssonar, 6. þm. Norðurl. e.

Auður Eiríksdóttir,
Heiðargarði."

Bréfinu fylgir svo kjörbréf Jóhanns A. Jónssonar.

Þau fjögur kjörbréf, sem borist hafa, þurfa athugunar við og er þess farið á leit við hv. kjörbréfanefnd að hún taki bréfin nú þegar til meðferðar. Á meðan

verður fundinum frestað í 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hafa borist fjögur erindi: Í fyrsta lagi kjörbréf 1. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, sem tæki sæti 1. þm. Norðurl. e., Guðmundar Bjarnasonar, í öðru lagi kjörbréf 1. varamanns Borgarafl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafs Gränz, sem tæki sæti 6. þm. Suðurl., Óla Þ. Guðbjartssonar, í þriðja lagi kjörbréf 1. varamanns Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Sveins Gunnars Hálfdánarsonar, sem tæki sæti 3. þm. Vesturl., Eiðs Guðnasonar, og í fjórða lagi kjörbréf 3. varamanns Samtaka jafnréttis og félagshyggju í Norðurlandskjördæmi eystra, Jóhanns A. Jónssonar, sem tæki sæti 6. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar.

Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þessi kjörbréf og leggur til að þau verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Kjörbréf Ólafs Gränz samþ. með 39 shlj. atkv.

Kjörbréf Sveins Gunnars Hálfdánarsonar samþ. með 39 shlj. atkv.

Kjörbréf Jóhanns A. Jónssonar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 1. þm. Norðurl. e., Ólafur Gränz, 6. þm. Suðurl., Sveinn Gunnar Hálfdánarson, 3. þm. Vesturl., og Jóhann A. Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ólafur Gränz, Sveinn Gunnar Hálfdánarson og Jóhann A. Jónsson hafa allir undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þeir allir boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

Launabætur, frh. fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 265. mál. — Þskj. 564.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að þakka hv. 16. þm. Reykv. og meðflm. hennar fyrir það að leggja fram till. um launabætur sem leiðir óhjákvæmilega hugann að stöðu launamála í landinu núna sem er satt að segja ákaflega sérkennileg og óvenjuleg. Staðan er þannig, eins og kunnugt er, að eftir að gerðir hafa verið kjarasamningar, sem Verkamannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna gerðu fyrir nokkru, hafa þeir samningar nú verið lagðir fyrir í flestum aðildarfélögum Verkamannasambands Íslands og niðurstaðan er sú að samningarnir eru felldir í yfirgnæfandi meiri hluta félaganna og í þeim félögum þar sem samningarnir hafa verið samþykktir hefur oft verið um verulega andstöðu að ræða, jafnvel mjög knappan meiri hluta.

Þessi niðurstaða leiðir auðvitað hugann að launamálunum almennt, ekki síst með tilliti til þess að strax og samningarnir höfðu verið undirritaðir lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem fylgdu þessum kjarasamningum og var litið á sem eina meginforsendu þeirra kjarasamninga sem höfðu verið gerðir.

Þetta frv. fékk mjög hraða meðferð hér á hv. Alþingi. Enginn tími gafst til þess að senda það til umsagnar. Fjölmargir aðilar komu að vísu til viðræðna við þær þingnefndir sem um málin fjölluðu, en ljóst var að það var fljótaskrift á þessu af hálfu hv. Alþingis. Það liggur nú fyrir að mikill fjöldi fólks, samtaka og stofnana í landinu hefur lýst hreinni andstöðu við þær aðgerðir í ríkisfjármálum sem gripið hefur verið til og nefni ég þar fyrst og síðast Samband ísl. sveitarfélaga.

Þegar litið er á þá kjarasamninga sem nú hafa verið gerðir, þá hefur það verið flutt fram sem rök í málinu að samningarnir hafi sérstaklega verið gerðir til þess að tryggja og treysta stöðu láglaunafólksins í landinu. Þetta er rangt. Þessir samningar gerðu ekki ráð fyrir sérstakri hækkun handa þeim sem eru á allra lægstu kauptöxtunum. Í raun og veru er það þannig, og það er viðurkennt af samningsaðilum báðum, að kaupmáttur launa milli áranna 1987 og 1988 mun lækka um 3% þó að kaupmáttur innan ársins 1988 haldist svipaður og hann er núna við upphaf kjarasamninganna, en þá hafði kaupmáttur kauptaxta fallið um 10% eða svo frá því í nóvember sl. Og samkvæmt útreikningum sem ég hef undir höndum mun kaupmáttur allra lægsta kauptaxtans lækka um 8–10% frá nóvember 1987 til nóvember 1988. Á sama tíma er það auðvitað ljóst að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur munu ekki aukast á þessu ári á sama hátt og á síðasta ári, en skerðing þjóðartekna er þó miklu minni og í rauninni hverfandi og þar er ekki að finna rök fyrir því að lækka kaupið í landinu eins og byggt var á í forsendum ráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar hefur í kjarasamningum oft verið gerð tilraun til þess að lyfta launum láglaunafólks. Það

var t.d. gert í desember 1986 með býsna myndarlegum hætti þegar lægsta kaupið, lægsti kauptaxtinn hækkaði úr u.þ.b. 19 500 kr. á mánuði í u.þ.b. 26 500 kr. á mánuði eða um 36% þegar mest var. Þá var því haldið fram að það gæti orðið veruleg hætta á því að þessi mikla hækkun yrði fljótlega að engu vegna þess að allir, og einnig þeir sem hæst höfðu kaupið, mundu hirða hlutfallslega jafnmikið í sinn hlut og láglaunafólkið hafði gert. Og það kom á daginn að þeir allra tekjuhæstu hirtu í sinn hlut hlutfallslega jafnháa prósentu og láglaunafólkið hafði gert, en oft og tíðum margfalda þá upphæð jafnvel í hækkun sem láglaunafólkið hafði í laun á mánuði.

Í DV í dag eru birtar upplýsingar um hæstu laun forstjóra hér á landi. Þar er talað um að einn forstjóri hjá stórfyrirtæki nokkru hér ekki langt undan sé með í tekjur á mánuði um 470 þús. kr. og að annar forstjóri, láglaunaforstjóri sérstakur, sé með 370 þús. kr. og enn annar með 350 þús. kr. á mánuði. Þetta segir okkur það, herra forseti, að launamunurinn, lífskjarabilið er að verða meira hér í landinu en þolandi er. Auðvitað er það þannig með þetta fámenna þjóðfélag sem við búum hér í að það byggist auðvitað ekki síst á því að þar gildi tiltekin samstaða og eindrægni um ákveðna hluti. Það er í raun og veru forsenda þess að íslenska þjóðin geti verið til að um sé að ræða jöfnuð í lífskjörum eins og mögulegt er á sem flestum sviðum.

Nú hefur það hins vegar gerst að meðan verið er að ganga frá samningum, og að vísu að fella þá víða, um 31 500 kr. á mánuði, eru að birtast tölur um það að menn séu með hér í laun 478 þús. kr. á mánuði, meira en tífalt hærra kaup en lægst launaða fólkið fær. Og þetta er óþolandi. Þetta er með öllu óþolandi og fullkomlega eðlilegt að þessi mál séu til umræðu hér á hv. Alþingi, m.a. á grundvelli þeirrar tillögu sem hér er til umræðu á þskj. 564. Hvernig ætli standi á því að það gerist að launahækkun, sem á að lenda hjá láglaunafólkinu, veður upp úr öllu valdi, einnig til þeirra sem eru hæstir? Hvað er það sem veldur því? Stundum er sagt að það sé stjórnvöldum að kenna og vafalaust er mikið til í því, bæði beint og óbeint. Óbeint einkum þannig að við búum nú í launum og verðlagi og vöxtum við það sem kallað er frjálst hagkerfi þannig að launamarkaðurinn ákveður að þeir sem hafa dýrustu sérþekkinguna, þeir sem hafa sterkasta aðstöðuna hafa möguleika til að selja sitt vinnuafl á miklu hærra verði en aðrir. Ég hef sagt það hér áður í þinginu og geri það enn að því aðeins geta menn tryggt launajöfnun og stuðlað að launajöfnun í landinu að menn hafi til þess pólitískan kjark að taka á markaðsaðstæðunum með beinum hætti þannig að þeir sem eru með allra mestu umsvifin og allra mestu tekjurnar verði látnir borga í ríkissjóð, jöfnunarsjóð landsmanna, til þess að standa undir félagslegum tilfærslum af margvíslegum toga hvort sem þær birtast t.d. í launabótum eða félagslegri þjónustu af einhverju tagi. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt núna einmitt um þessar mundir að við gerum okkur ljóst að því aðeins er unnt að ráða við launajöfnunarstefnu í reynd að menn þori að taka á markaðshagkerfinu og afleiðingum þess.

Ég held að það sé einnig nauðsynlegt í sambandi við þessa till. og umræðu sem nú fer fram um kjaramál að undirstrika það að það er bersýnilegt að það fólk sem nú er að fella kjarasamninga í hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru er tilbúið til þess að taka á, að berjast fyrir betra kaupi. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að draga þá ályktun af niðurstöðu kjarasamninganna að menn séu tilbúnir til þess að berjast fyrir betra kaupi. Það skiptir miklu máli vegna þess að rökin fyrir kjarasamningunum sem gerðir voru um daginn voru ekki síst þau að menn væru ekki reiðubúnir til þess í verkalýðsfélögunum að hreyfa sig, að leggja neitt á sig ef til verkfallsátaka kynni að koma til þess að knýja fram launabreytingar.

Ég tel, herra forseti, að það mál sem hér er hreyft sé af hinu góða, að hreyfa launamálum hér á hv. Alþingi. Ég hef ekki séð útreikninga á því nákvæmlega hvað þessi tillaga þýðir fyrir ríkissjóð. Ég mundi vilja sjá slíkan útreikning og ég mundi í framhaldi af honum vilja taka afstöðu til þess hvort endilega er rétt að verja þeim fjármunum sem það mundi kosta akkúrat í launabætur en ekki einhverjar aðrar félagslegar jöfnunarráðstafanir.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er enn til umræðu sú till. fimm hv. þm. Borgarafl. um að hækka persónuafslátt og taka jafnframt upp það sem þeir kalla launabætur. Þessi tillaga hefur nú þegar verið rædd á tveimur fundum, að vísu aðeins skamman tíma á hvorum fundi, og er nú hér til umræðu í þriðja sinn. Ekki harma ég það þótt við tökum okkur góðan tíma og marga fundi í að ræða tillögu sem varðar á svo beinan hátt afkomu fólks og mætti kannski minna á allan þann óratíma sem hefur farið í umræðu um bjórinn síafturgengna. Það mál er ýmist talið réttlætismál eða heilbrigðismál, en hið sama má segja um launamál landsmanna. Þau eru svo sannarlega réttlætismál, en þau geta ekkert síður verið heilbrigðismál því það kemur að sjálfsögðu niður á heilsufari ef fólk hefur ekki efni á því að búa vel að sér og sínum hvað varðar húsnæði, fatnað, mataræði og alla hollustuhætti.

Ég tók til máls um þessa tillögu næst á eftir hv. fyrsta flm. og lýsti afstöðu okkar kvennalistakvenna til þessarar tillögu og hvernig við vildum frekar taka á þessu máli. Við erum ekki sama sinnis og hv. flm. að ríkið eigi að greiða laun fyrir atvinnurekendur, heldur sjáum við ekki aðra leið færa en að lögfesta lágmarkslaun fyrir fulla dagvinnu sem miðist við framfærslu einstaklings. En þeir sem kaupa vinnuna eiga að greiða fyrir hana. Það er að okkar mati siðferðislega rangt að kaupa fulla vinnu fólks slíku lágmarksverði að það dugi ekki einu sinni til framfærslu einstaklings. Ef ríkið gripi inn í með greiðslum í

formi launabóta, þá óttumst við meira en lítið að það mundi festa slíkt ástand í sessi og koma í veg fyrir að atvinnurekendur bættu ráð sitt.

Nú má vera að slík lögbinding lágmarkslauna kæmi illa við einhver fyrirtæki. Sú röksemd hefur oft heyrst gegn hugmyndinni um lögfestingu lágmarkslauna. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort slíkur atvinnurekstur á þá yfirleitt rétt á sér. Í mörgum tilfellum er svo áreiðanlega ekki. Í öðrum kunna að gilda þjóðhagsleg sjónarmið og byggðasjónarmið og þá ber að taka á slíkum tilvikum sérstaklega. Það er auðvitað alltaf vandasamt en ekki hægt að víkja sér undan því. Ég held að það hljóti hver einasti maður með sæmilega opin augu að sjá það og viðurkenna að það er nóg af peningum í þessu þjóðfélagi. Margir lifa hér góðu lífi og hafa fyllilega nóg fyrir sig og sína og meðaltölin líta nógu vel út. Það er misskiptingin sem er meinið. Við verðum að finna leið til þess að jafna launin í landinu. Það er verkefni sem þarf að vinnast og til þess þarf samvinnu allra aðila: ríkisvaldsins, samtaka launafólks og vinnuveitenda. Það er til marks um vanþroska að þessum aðilum skuli ekki hafa tekist betur að skipta tekjum milli manna og ástandið fer versnandi. Launabilið eykst sífellt og það er kannski fyrst og fremst orsök þeirrar miklu reiði sem knýr launafólk um allt land núna til þess að fella nýgerða kjarasamninga. Því ofbýður gjörsamlega hvernig ákveðnir einstaklingar misnota aðstöðu sína til þess að keyra upp eigin laun og taka til sín tekjur fram hjá skatti meðan tekjur starfsfólks sömu fyrirtækja ná ekki framfærslumörkum nema unnið sé tvöfalt og þrefalt. Við neitum að trúa því að það sé lágtekjufólkið sem hristir stoðir efnahagslífsins. Þar eru önnur öfl að verki. En svona hefur þetta gengið, því miður, og menn hafa ekki reynst þess umkomnir að taka af gagni á launabilinu og skattlausu umframtekjunum. Kannski eigum við bara svona langt í land enn þá með hugarfar og siðferði.

Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni um þetta mál, þá erum við kvennalistakonur hjartanlega sammála hv. flm. þessarar till. um að þetta ástand er ófært og óviðunandi og það verður að leiðrétta. Við erum hins vegar ekki sáttar við þá leið sem hér er lögð til og teljum hana raunar illfæra þó ekki væri nema vegna þess að það gæti orðið þrautin þyngri að senda þessar launabætur aðeins í þá vasa sem á þurfa að halda. Eða eru menn búnir að gleyma hvernig til tókst með láglaunabæturnar fyrir nokkrum árum? Sakna ég nú hv. 4. þm. Norðurl. v. sem hefði getað skýrt okkur frá því hvernig það gekk til og einnig sakna ég þess að hv. síðasti ræðumaður skyldi ekki fjalla um það og minna okkur á hvernig gekk með þau mál.

Þá voru sjálfstæðir atvinnurekendur og alls konar framtalsslyngir kappar að fá tékka frá ríkinu og allt var það mál heldur til athlægis. En fyrst og fremst er það siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu og það er siðferðileg skylda hvers vinnuveitanda að greiða vinnu síns starfsfólks fullu verði. Það er skoðun okkar kvennalistakvenna. Þess vegna getum við ekki stutt þessa till. sem hér er til umræðu þótt við tökum heils hugar undir markmið hennar.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þessa till. sem hér liggur fyrir. Það er ljóst að um langt árabil hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til þess að tryggja kjör láglaunafólksins hér á landi og spurning er hvort þessi till. er öðrum betri. Ég hygg að þessi till., þó vel sé mótuð og af góðum huga lögð fram, nái ekki frekar en aðrar hugmyndir sem komið hafa fram hér á þingi um að ríkið grípi í taumana í þessum málum öðruvísi en það sé gert í gegnum hið félagslega kerfi.

En aðalerindi mitt hingað var nú raunar að taka að hluta til undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hér áðan um stöðuna í þessum launamálum. Ég vil reifa það mál frá örlítið annarri hlið en hann gerði.

Ég hygg að það sem við höfum verið að horfa upp á undanfarna daga, þ.e. verkalýðsfélögin, sem hafa verið að hafna samningum Verkamannasambandsins, geri það af margvíslegum ástæðum og ekki eingöngu af þeirri ástæðu að starfsaldurshækkanir séu ekki nægar. Ég hygg að þetta mál eigi sér miklu víðtækari skýringu. Skýringin felst fyrst og fremst í því að framkoma hins frjálsa peningamarkaðar er orðin með slíkum ólíkindum að það er tvímælalaus ögrun við allt fólk sem vinnur í undirstöðuatvinnugreinum hér á landi. Það er ekki möguleiki að venjulegt starfsfólk í fiskiðnaði á Íslandi geti þolað það til lengdar að sjá í fyrsta lagi hvernig fjármagnið sogast frá atvinnugreininni, frá landsbyggðinni, frá þorpum og bæjum á landsbyggðinni inn á þennan peningamarkað hér í Reykjavík þar sem menn geta notað þetta fjármagn til stórfelldrar ávöxtunar til þess að auka á hina efnalegu stéttaskiptingu í þjóðfélaginu sem m.a. kemur fram í þeim dæmum sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hér um launamuninn í þjóðfélaginu þar sem forsvarsmenn fyrirtækja leika sér að því að vera með 300–400 þús. kr. laun á mánuði. Ég hygg nefnilega að í höfnun þessara samninga felist eins konar uppreisn gegn því kerfi sem við búum við um þessar mundir, því peningakerfi sem við búum við. Og þetta á eftir að verða miklu alvarlegra mál en við gerum okkur grein fyrir um þessar mundir. Miklu alvarlegra mál.

Ég held, herra forseti, að það fólk sem skapar þjóðarauðinn sé orðið löngu uppgefið á því að sjá á eftir því fjármagni sem það skapar í þjóðfélaginu renna inn í þennan glórulausa peningamarkað höfuðborgarsvæðisins þar sem menn, sem aldrei hafa difið hendinni í kalt vatn, geta leikið sér að því að ávaxta þessa fjármuni þannig að efni þeirra fara út fyrir öll skynsamleg mörk. Í 250 þúsund manna þjóðfélagi getur þetta ekki gengið. Það hlýtur öllum að vera ljóst. Jafnvel Morgunblaðið er farið að hafa áhyggjur af þessu.

Ég er búinn, herra forseti, líklega í tvö ár að vara

við þróun peningamála hér á landi, bæði vaxtaþróuninni og þeirri þróun sem hefur átt sér stað á hinum svokallaða gráa verðbréfamarkaði, kaupleigufyrirtækjum sem nú eru farin að kaupa atvinnutæki af mönnum og leigja þeim aftur. Svo langt er þetta mál gengið.

Ég hygg að hið háa Alþingi verði að fara að gera sér nokkra grein fyrir því að þetta land er að sporðreisast og það mun hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér, hvort sem menn verja nýfrjálshyggjuna eða gera það ekki. Þetta er komið á svo alvarlegt stig að víða blasir við hrun í atvinnugreinum á landsbyggðinni á sama tíma og peningamagn í umferð hér á höfuðborgarsvæðinu er svo mikið að menn hafa ekki greint annað eins um áratuga skeið.

Ég hygg, herra forseti, að í þessu felist að hluta til sá mikli vandi sem verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir í því að reyna að tryggja láglaunafólkinu sómasamleg laun. Það er í því að atvinnureksturinn í undirstöðuatvinnugreinunum getur ekki og honum helst ekki á fjármagninu til þess að greiða skárri laun. Landsbyggðinni yfirleitt helst ekki á sínu fjármagni. Það sogast inn á peningamarkaðinn hér í Reykjavík vegna þess að það hlýtur að vera gífurleg freisting fyrir hvern þann mann sem hefur yfir einhverjum fjármunum að ráða og hefur ekki marga valkosti úti á landsbyggðinni að ávaxta þetta fjármagn að koma með það inn á verðbréfamarkaðinn hér til stórfelldrar ávöxtunar, miklu meiri en hann á nokkurn kost á á landsbyggðinni sjálfri. Í grundvallaratriðum hygg ég að vandi okkar sem þjóðar felist í þessari misskiptingu fjármagnsins. Og þetta verða menn bara að fara að viðurkenna. Að öðrum kosti stöndum við frammi fyrir því að hin vinnandi stétt í landinu lætur ekki bjóða sér þetta mikið lengur. Það er alveg gjörsamlega útilokað. Fólkið sem býr til fjármunina lætur ekki bjóða sér það ár eftir ár að peningarnir renni hingað í sukkið og ruglið á höfuðborgarsvæðinu, þensluna, fjármagnsmarkaðinn og þá dellu sem yfirleitt ríkir á því sviði. Þannig að ef menn eru í alvöru að hugleiða hvernig eigi að jafna kjörin, þá verða menn að ráðast gegn þessu kerfi með oddi og egg. Þeir eiga engan annan kost. Inn í þetta blandast svo síðan hinn gífurlegi fjármagnskostnaður sem atvinnureksturinn á landsbyggðinni og annars staðar verður að kljást við. Hér er það svo að bæði verslun og þjónusta getur komið þessum fjármagnskostnaði út í verðlagið, en það gera ekki atvinnugreinarnar úti á landi. Það er engin leið.

Þetta þrýstir líka á kröfuna um gengisfellingu. Við þekkjum það mjög vel. Og þrýst er á þær kröfur að ríkisvaldið komi til bjargar þar sem atvinnureksturinn er að kollsigla sig.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En ég vil bara í umræðunni um kjaramálin, um launamálin að menn geri sér grein fyrir því að fjármagnsmarkaðurinn á Íslandi er farinn að ögra hinu almenna launafólki um of og það svo að það hlýtur að taka til sinna ráða.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég man hvernig hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson skýrgreindi nýfrjálshyggjuna fyrir kosningarnar fyrir norðan og nú er komið í ljós að hann hefur mætt henni hér inni á Alþingi. Skýrgreining hv. þm. á nýfrjálshyggjunni er holdi klædd og hefur líkamnast í núv. viðskrh. Og ég minni á það að við hvert það orð sem þessi hv. þm. segir um vaxtastefnuna og peningamálin, þá hittir hann málflutning hæstv. viðskrh. fyrir og vegna þess að hv. þm. eru löngu orðnir leiðir á endurtekningunum héðan úr þessum stól skal ég ekki hafa uppi rökstuðning hæstv. viðskrh. um þessi efni, en vísa þessum hv. þm. og öðrum þingheimi á þingtíðindi til þess að þeir geti þar lesið og gengið úr skugga um það hvernig nýfrjálshyggjan lítur út og hvað frá henni kemur hér í sölum Alþingis.

Herra forseti. Þessi tillaga sem hér liggur fyrir er fyrir margra hluta sakir athyglisverð, ekki aðeins hvernig hún er hugsuð heldur líka hitt hver hafa orðið viðbrögð hv. þm. við henni. Það er auðvitað eðlilegt að þm. sem aðrir hafi áhyggjur af því hvernig kjörum hinna lægst launuðu verði komið þegar við verðum vitni að því að þeir kjarasamningar sem gerðir voru eru nú felldir víðs vegar um landið. Ég hef sömu áhyggjur af því og hv. 7. þm. Reykv. að það muni e.t.v. leiða til þess að til mikillar ókyrrðar komi á vinnumarkaðnum. Hann talaði um það að fólk vilji nú berjast fyrir launum sínum. Auðvitað vilja menn berjast fyrir sínum launum, en erfiðleikarnir í sambandi við það að rétta hlut hinna lægst launuðu eru vitaskuld þeir, og ekki síst þegar afrakstur þjóðarbúsins minnkar, að einn getur ekki rétt hlut sinn nema ganga á hlut annarra. Afrakstur þjóðarbúsins er nú minnkandi í þessu landi. Það þýðir auðvitað á mæltu máli að ef við ætlum að bæta hlut hinna lægst launuðu verðum við að gera það á kostnað annarra þegna þjóðfélagsins, og mér finnst rétt að gera það nú undir þessum kringumstæðum, nema við stefnum að hinu, að auka erlendar skuldir landsmanna. En þær eru þegar orðnar svo miklar að sá kostur gengur illa að stefna vísvitandi að því að auka viðskiptahallann meir en við sjáum fram á að hann hlýtur að verða nú í lok þessa árs.

Ég man eftir því fyrir um 20 árum síðan að páv. formaður Einingar á Akureyri, Björn Jónsson, ásamt Hannibal Valdimarssyni, sem þá var formaður Alþýðusambands Íslands, flutti um það tillögu hér á Alþingi að á því yrði gerð úttekt hvernig hægt yrði að koma því til leiðar að hinir lægst launuðu gætu lifað sómasamlegu lífi af sínum dagvinnutekjum. Ég man að sá forsrh. sem þá sat tók þessari tillögu mjög vel. Síðan var skipuð nefnd til þess að reyna að benda á leiðir að þessu marki og við munum síðan hvernig árangurinn hefur orðið. Á stundum hefur sú stefna verið uppi hér í þjóðfélaginu að hlutur hinna lægst launuðu hefur heldur batnað. Hlutdeild þeirra í þjóðarauðnum hefur

vaxið borið saman við aðra þegna þjóðfélagsins. Á öðrum stundum hefur svo borið við að hlutur þeirra stétta sem betra hafa það hefur vaxið á kostnað hinna lægst launuðu.

Við munum eftir mörgum umræðum um þetta í þjóðfélaginu. Við munum eftir því hvernig ýmsir stjórnmálamenn hafa í dag haldið fram launum hinna lægst launuðu en komið svo hingað árið eftir til þess að tala jafnháum rómi fyrir því að nauðsynlegt sé að auka hlut þeirra sem betri hafa launin. Það fer eftir því hvernig um þá er búið hverju sinni. Það fer eftir því hvaða trumbur viðkomandi stjórnmálamenn telja að rétt sé að slá hverju sinni. Þetta þekkjum við allt hér úr þingsölunum. Og við sem höfum staðið nálægt kjarasamningum í hinum almennu verkalýðsfélögum, eins og ég hef gert bæði meðal verslunarmanna, verkamanna og kennara, við vitum það líka hversu viðkvæmt það er fyrir einstaka starfshópa að finna það að ýmis réttindi og ýmis ávinningur, sem þetta fólk hefur náð fram vegna hás starfsaldurs eða ýmiss annars, þessi ávinningur verður minni vegna þess að við erum að hugsa um hina sem enn neðar eru í tröppunni. Það er þessi eilífi samanburður milli einstakra stétta sem gerir þetta svo erfitt sem fyrir hv. flm. vakir, að lyfta nú kjörum þeirra sem lægst launaðir eru.

Ég er alveg sammála því sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan að ekki aðeins launamismunurinn í landinu heldur kjaramismunurinn í landinu — þegar við lítum á kjör einstakra starfshópa, einstakra einstaklinga í heild — ég er alveg sammála honum um að sá launamismunur er orðinn óþolandi. Hann er í raun meiri en við getum sætt okkur við í þessu litla landi, við þessi litla þjóð hér norður á hjara. Auðvitað er þessi launamismunur of mikill. En hvers vegna er hann of mikill? Hann er svo mikill vegna þess að skilningur manna hvers á annars högum er nú minni en áður. Hann er svo mikill vegna þess að einstökum stéttum hefur haldist uppi að búa í kringum sig varnarmúr þannig að aðrir komist ekki að. Hann er svo mikill vegna þess að við höfum nú ótal, ótal stéttarfélög í þessu landi og jafnmarga menn á launum fyrir þessi stéttarfélög og fyrir þessa starfshópa. Stéttarfélögin eru mörg og hver og einn þessara manna vinnur ekki fyrir sínum launum nema honum takist að ná einhverju frá öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Það er m.ö.o. komin upp stétt manna hér á landi sem hefur það eitt að vinna og iðja að skara eld að þeim hópi sem hann sjálfur vinnur fyrir, burt séð frá öðrum hagsmunum í þjóðfélaginu, hvort við tölum um heildarhagsmuni landsins alls eða hagsmuni annarra stétta. Það er þessi togstreita sem er af allt, allt öðrum toga heldur en sú gamla verkalýðsbarátta og nú er að spilla fyrir þeim árangri að okkur takist að hafa sómasamlegan launamismun í landinu.

Herra forseti. Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að segja að viðbrögðin við tillögunni, þau viðbrögð að hér hafa staðið upp á þessari stuttu stundu sem þessi fundur hefur staðið fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka og við þurftum ekki lengi að hlýða á mál þeirra, hvers einstaks og allra í senn til að finna og skilja hvað allir þessir ágætu hv. alþm. gerðu sér grein fyrir vandanum. En hitt voru þeir ekki reiðubúnir til að segja, í hverju lausnin væri fólgin, enda er það nú svo, að ef hún væri auðfundin, þá væri gæðunum ekki eins misskipt og nú er.

Að síðustu vil ég aðeins segja, herra forseti, að ég tel að það sé brýnast sé nú við þessar aðstæður, þegar afrakstur þjóðarbúsins er að minnka, þegar við erum að verja þau lífskjör sem við höfum í landinu, þá er brýnast fyrir alla og ekki síst fyrir þá sem lægst hafa launin að okkur takist að halda verðbólgunni í einhverjum skefjum. Ef okkur tekst ekki að halda verðbólgunni í skefjum, ef hún á að rjúka upp á nýjan leik, á hverjum bitnar það þá? Er einhver hér inni sem heldur að meiri verðbólga bitni meir á einhverjum en þeim sem lægst hafa launin? Er einhver hér inni sem heldur að verkamaðurinn, að verkakonan sem hefur einungis lægsta og minnsta kaupmáttinn þoli best verðbólguna? Auðvitað ekki. Auðvitað vitum við öll að verðbólgan er ekki aðeins versti óvinur okkar og okkar efnahags í heild. Hún er um leið sá sem leikur þá verst sem verst eru settir.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég tek mjög undir það að tillaga sú sem hér er nú til umræðu er af hinu góða. Það er oft nauðsynlegt, og kannski oftar en gert hefur verið, að ræða ýmsa þætti launamála hér á Alþingi. Þetta er auðvitað einn anginn af launastefnunni sem hér er til umræðu. Þetta er ekkert nýtt í mínum huga að slíkt skuli koma fram. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og hef verið að mörgu leyti sammála hv. fyrsta flm. að þessari tillögu innan vébanda verkalýðshreyfingarinnar, að það væri kannski komin á það full reynsla að hreyfingunni sem slíkri tækist ekki að rétta hlut þeirra verst settu í gegnum kjarasamninga. Þar þyrfti kannski stóri bróðir til að koma, en þar þarf þá að búa um hnúta þannig að það haldi til þess að það leiði ekki til annarra og verri hluta.

Ég hef því allt gott um þessa tillögu að segja, þó svo að ég sé ekki alveg fullkomlega um það fær núna að segja hvort þetta sé akkúrat það sem þarf að gera. Það kunna að vera til fleiri leiðir sem vísa að sama marki og þær þarf þá að skoða.

Eðlilega hafa komið inn í þessa umræðu hin almennu kjaramál og það sem verið hefur að gerast á vinnumarkaðnum að undanförnu og það er ósköp eðlilegur hlutur. Fyrir um viku síðan var gengið frá samningum með Verkamannasambandinu og Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og það er óhætt að segja að þeir samningar hafa ekki fengið góðan byr í stéttarfélögunum vítt og breitt um landið. Við því er ekkert að segja. Það er bara hinn sjálfsagði hlutur sem gerist oft á tíðum. Meira að segja hafa forsvarsmenn Verkamannasambandsins verið nokkuð gagnrýndir fyrir það að standa að undirskrift slíkra samninga.

Ég sem einn slíkur tel að það sé rangt mat þegar menn tala á þann veg. Mér var alveg ljóst og er búið að vera það nokkurn tíma að það var mikill órói, mikil ólga og óánægja á meðal hins almenna launafólks. Og það er ekki bara vegna samninganna sem slíkra sem óánægjan er þó að hún sé vissulega mikil vegna þeirra. Það eru fleiri þættir sem þarna koma inn í. Það eru miklu fleiri þættir. Menn muna hvernig staðið var við síðustu samninga, jólaföstusamningana frá 1986, þar sem þáverandi stjórnvöld sviku ásamt vinnuveitendum og skildu þá verst settu eina eftir með lægsta kaupið. Launaskriðið fór til allra annarra en þeirra sem minnst höfðu.

Og núna er að koma yfir fólk almenn hækkun. Ætli menn finni ekki fyrir hækkuninni í gegnum tryggingarnar á bílunum? Ætli a.m.k. landsbyggðin finni ekki fyrir hækkuninni á orkuverðinu þar sem kostar upp í 30 þús. á mánuði að kynda einbýlishús á hinum köldu svæðum? Það kostar öll lágmarkslaunin, bara sá þáttur heimilishaldsins, að kynda upp íbúðarhúsið og rafmagnið í það. Ætli menn finni ekki fyrir þessu? Því segi ég að því er þessa samninga varðar: Ég tel að það hafi verið skynsamlegt af forustu Verkamannasambandsins að láta málið ganga til félaganna, láta þau taka af skarið. Og eins og ég hef alltaf haldið fram þá sannar það sig að það eru ekki forustumennirnir sem ráða ferðinni í hinum einstöku félögum. Það er fólkið sjálft. Og það var vissulega kominn tími til þess að láta fólkið sjálft segja til um það hvað það vildi gera í þessum efnum.

Ég tek mjög undir það að sú þróun sem hefur átt sér stað, annars vegar hér á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar úti á landsbyggðinni að því er varðar fjármagnið, slíkt gengur ekki til lengdar. Það gengur ekki til lengdar að grundvallaratvinnuvegirnir og það fólk sem við þá vinnur skaffi allt fjármagnið öðrum til eyðslu og á öðrum svæðum. Það er það sem er að gerast. Hér á þessu svæði eru peningar á uppboði. Hér fá menn bullandi fjármagn á uppboði og geta fyrir það greitt vegna þess þensluástands sem er á þessu svæði í landinu. Allt öðru máli gegnir úti á landsbyggðinni. Þar eru rótgróin framleiðslufyrirtæki að leggja upp laupana vegna þess að fjármagnshreyfingunum hefur verið stýrt á þann veg að þeim hefur verið haldið til hliðar, þessum fyrirtækjum, en þjónustugeiranum nánast verið skapaðar allar aðstæður til þess að græða. Þarna eiga auðvitað stjórnvöld stóra sök á og ég sagði það við umræður í hv. Ed. í síðustu viku að yrðu þeir kjarasamningar, sem Verkamannasambandið stóð að, gildandi sem fyrirmynd mundi það fyrst og fremst brotna á ríkisstjórninni sjálfri, hvernig hún kynni að standa að málum í framhaldinu. Ef hún guggnar á því sem þar á að gera þarf heldur ekki að búast við því að verkalýðsfélög, einstaklingar innan þeirra eða forustumenn hafi trú á því lengur að hægt sé að standa að þríhliða launakjarasamningi með stjórnvöld innan dyra ef þau bresta einu sinni enn. Það er því mikil ábyrgð sem lögð er á hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum. Og enn eru að bætast við verkefni. Ég hygg að nú sé að blásast upp óánægja hjá sjómönnum varðandi fiskverðið. Enn bætist í þann bagga sem var nógu þungur og raunar miklu þyngri fyrir að því er varðar launastefnu í landinu. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir menn, hvaða pólitíska skoðun sem menn hafa, að fara að huga að því sem er að gerast í reynd í þessum efnum.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, aðeins örfá orð til viðbótar. Það væri vissulega ástæða til þess að ræða launamálin sérstaklega í löngum umræðum, ekki síst í ljósi þess sem nú er að gerast og verður væntanlega að gerast í áframhaldi á næstunni. En það er auðvitað númer eitt að þeir sem með þessi mál fara, þeir sem koma til með að ráða ferðinni og þar eru stjórnvöld ekki hvað síst, skynji sinn vitjunartíma, taki á málum á þann veg að leiðrétta þá gífurlegu mismunun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, annars vegar milli launafólksins vítt og breitt á landsbyggðinni og á milli fyrirtækjanna þar og hins vegar hér á þessum þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Hér hafa menn malað peninga á kostnað grundvallaratvinnuveganna úti á landsbyggðinni. Og fólk segir: Hingað og ekki lengra. Það var kannski kominn tími til og þess vegna var það út af fyrir sig ánægjulegt að fólkið í félögunum skyldi koma til þess sjálft að segja sína skoðun.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu sem hér fer fram en sé mig tilknúinn til þess vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns.

Þessi till. sem er til umræðu er í sjálfu sér góð og gagnleg og ég held að umræður um hana hafi verið ákaflega gagnlegar og nauðsynlegt sé fyrir Alþingi Íslendinga að fjalla um þessi mál og glöggva sig á þeim. Það er hins vegar slæmt þegar menn í hita leiksins fara með tölur sem gefa það til kynna að ástandið sé mun verra en það raunverulega er. Hv. síðasti ræðumaður sagði að það kostaði láglaunafólkið úti á landsbyggðinni 30 000 kr. að kynda einbýlishús.

Mér er kunnugt um það að vandi þess fólks sem býr á þeim svæðum þar sem raforkuhúshitun er til staðar er mjög mikill. En ég held að það sé nauðsynlegt í þessum umræðum að hið sanna komi fram og hið sanna er að verð á húshitunarrafmagni er nú lægra en það var öll árin síðustu, að undanskildu því síðasta, allt þar til 1980, sé miðað við verðlag og það er sama við hvaða vísitölu er miðað, hvort sem það er launavísitala, lánskjaravísitala eða byggingarvísitala. Niðurstaðan er ætíð sú sama að verð í dag er lægra en það var þá. Sannleikurinn er hins vegar sá að olía hefur lækkað og olíuverð er nú aðeins þriðjungur af því sem það var fyrir tveimur árum síðan og það er þessi viðmiðun sem fólk horfir á. Þegar verkalýðsleiðtogar og hv. alþm. ræða þessi mál er það afar slæmt fyrir það sem þeir eru að reyna að koma til skila ef þeir geta ekki haldið sig við það sem er satt og rétt í þessum málum því það gæti gefið til kynna að annað í þeirra málaflutningi

væri jafn vel grundað og þetta.

Í þáltill. sem hv. þm. Alþb. hafa flutt koma fram í fskj. *upplýsingar um þessi mál og þar segir* að meðalhitunarkostnaður á 150 m^2 íbúð í einbýlishúsi sem ég hygg að sé kannski hús sem láglaunafólk og þeir sem jafnvel hafa hærri laun búa í úti á landsbyggðinni, sé notuð raforka, sé 5 þús. kr. á mánuði og þá allt árið 60 þús. kr. og þetta verð er miðað við verð dagsins í dag. Ef hins vegar hv. síðasti ræðumaður hefur haft rétt fyrir sér er hann að tala um 360 þús. kr. eða 30 þús. á mánuði í 12 mánuði og það er alvarlegt. (Gripið fram í.) Ég segi það, hv. þm., að það er alvarlegt þegar verkalýðsleiðtogi kemur hér í ræðustól og fer mað jafnviðkvæmt mál og hér er á ferðinni með þeim hætti sem hann gerir og ég bið hv. þm. í fyllstu hreinskilni og einlægni að haga sínum málflutningi þannig að hið rétta komi í ljós því ég veit að hv. þm. er alvara í huga þegar hann er að nefna slök kjör launafólks og hann hefur verið einn þeirra manna sem hvað harðast hafa gengið fram í því að jafna og bæta kjör þjóðarinnar og þar með landsbyggðarinnar gagnvart öðrum svæðum. En menn mega ekki fara of geyst og keyra út af veginum þótt mikið liggi á. (Gripið fram í.)

Að lokum þetta, hv. þm.: Ég vona að við getum verið sammála um það og það veit ég að við erum að það er rétt sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að það er verðbólgan sem skiptir máli. Það er ákaflega erfitt fyrir okkur sem berum ábyrgð á stjórn þessa lands að þurfa að draga niður lífskjörin þegar verr gengur. Það hefur aldrei tekist í þessu þjóðfélagi að gera slíkt nema með bullandi verðbólgu. Það er á ábyrgð okkar allra, bæði stjórnvalda, verkalýðsforustunnar og atvinnurekenda í þessu landi að sjá til þess núna — og ég segi þetta núna vegna þess að við lifum núna mjög erfiða tíma þegar samningar hafa fallið, samningar sem hv. þm. stóð að — að þá verðum við að átta okkur á því hvora leiðina við viljum fara. Viljum við draga saman lífskjörin sem við stöndum frammi fyrir með þeirri aðferð sem hv. þm. og síðasti ræðumaður reyndi að gera í samningum sem hann stóð fyrir, að koma í veg fyrir verðbólguna og gera þetta af skynsemi eða ætlumst við til þess að verðbólgan komi nú enn á ný til skjalanna, eins og var fyrir nokkrum árum síðan, og við notum hana og fáum liðsinni hennar til að skerða launin í landinu? Við vitum það, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að verðbólgan gerir mannamun því hún ræðst fyrst og fremst á kjör þeirra sem eru verst settir. Hún byrjar þar. Þess vegna, hv. þm. og síðasti ræðumaður, skulum við vera sammála um þetta. Við skulum beita okkur þar í sameiningu, bæði hér á þingi, í ríkisstjórn og í forustu verkalýðshreyfingarinnar en við skulum ekki haga málflutningi okkar þannig að við gætum haldið, þegar þeir hlusta sem þekkja til málsins, að afgangurinn af ræðunni væri kannski jafnvitlaus og það sem fram kom hjá hv. þm. um þetta atriði sem ég sé mig tilknúinn að leiðrétta.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það fer að verða nokkuð algengt hér á hv. Alþingi að þegar rætt er um stöðu láglaunafólks eða þegar rætt er um mismun landsbyggðar og þéttbýlissvæðisins hér á Reykjanesi setji menn upp heilagsandasvip og bendi á að ef einhverjar breytingar eigi sér stað á þessum vettvangi blasi við þetta voðalega ástand sem við höfum búið við á undanförnum árum og síðustu mánuðum, þ.e. verðbólga. Ef eitthvað á að gera og eitthvað á að laga til, hvort sem verið er að ræða um það út frá þeirri till. sem hér liggur fyrir að greiða skuli launabætur eða jafnvel er verið að ræða um það hvernig standi á því að verið er að fella samninga þá sem nú hafa verið gerðir. Þegar menn eru að velta vöngum yfir því hvernig eigi að bæta kjör þessa fólks sem hefur verið að fella samningana er byrjað að tala um verðbólgu.

Það hefur ekki verið mikið um það talað af stjórnvöldum á undanförnum mánuðum að þessi verðbólga hefur verið að skerða kjör þessa fólks og þetta fólk sem núna er að leita eftir rétti sínum er aðeins að leita eftir því að fá jafnaða stöðu.

Þegar er verið að ræða þessa hluti og bera saman, tala um launamismun og annað eftir því, er eins og mér finnist það að oft á tíðum sé ekki farið mjög djúpt ofan í hlutina. Það er talað um það að það standist ekki að ákveðinn hluti þjóðfélagsþegnanna þurfi að njóta þessara launakjara en menn átta sig ekki á því hver sá grundvöllur raunverulega er sem þarna er verið að byggja á. Að mínu mati er hann sá að atvinnuvegunum í þjóðfélaginu hefur verið mismunað og hefur verið mismunað meira núna á síðustu missirum, á stjórnartíma núverandi ríkisstjórnar og þeirrar ríkisstjórnar sem áður sat, en áður hefur verið, enda er svo komið í landinu að launamismunur er meiri en nokkru sinni fyrr. Og hvernig er verið að mismuna atvinnuvegum í landinu? Það er verið að mismuna þeim á þann hátt að undirstöðuatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, er varla gert fært að starfa með ýmsum aðgerðum opinberra aðila, m.a. með því að hamla ekki gegn þeirri verðbólguþróun sem verið hefur hér í landinu á undanförnum árum og með stjórnaraðgerðum með því að standa að þeirri þenslupólitík sem rekin hefur verið undanfarna mánuði. Það er ekki nóg með það að hlutirnir eigi sér stað í verðlagsþróun heldur er það beint, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. var að benda hér á áðan, með þeirri vaxtapólitík sem rekin er. Ég tek samt undir það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að það er dálítið annar tónn í ræðu þess alþýðuflokksmanns en hæstv. viðskrh. þegar hann er að ræða þessi mál. Þau fara nokkurn veginn inn á þann vettvang sem hv. 3. þm. Norðurl. e. er að gagnrýna.

Við höfum horft upp á það að undanförnu að sjávarútvegurinn í landinu, sérstaklega þó fiskvinnslan, hefur verið rekinn með miklum halla. Hvað er að gerast þá? Það er að gerast að þessi fyrirtæki hafa ekki möguleika til þess að greiða því

fólki sem hjá þeim vinnur mannsæmandi laun. Það er alveg sama þó að sagt sé, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði áðan, að þeir sem kaupa vinnuna eigi að greiða fyrir hana. Það bara gengur ekki upp við þær aðstæður þegar atvinnuvegurinn sem þarf að borga launin hefur ekki möguleika til þess.

Í dag er þetta á þann veg að sjávarútvegurinn, fiskvinnslan, hefur verið að éta upp sinn höfuðstól meira og minna. Á þeim tíma þegar hér eru auglýstar gullbækur, kjörbækur, trompbækur og hvað annað er það að gerast í fjármagninu sem liggur inni í fiskvinnslunni á Íslandi að þetta er að étast upp. Þetta er að brenna. Það hafa verið haldnar margar hjartfólgnar ræður á hv. Alþingi og víðar um það að sparifé landsmanna hafi verið að brenna og brenna á þessum tíma. Það er ekki mikið talað um það í dag að fjármagn fiskvinnslu og útgerðar og annarra undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar sé á báli um þessar mundir og hafi verið það í allt of langan tíma. Þær aðgerðir sem gerðar voru núna fyrir skömmu og samþykktar voru hér á hv. Alþingi ganga allt of skammt. Þær hafa ekki lagað til fyrir þennan undirstöðuatvinnuveg eins og þarf. Ég er alveg sannfærður um það að það fólk sem hefur verið að fella samningana vítt og breitt um landið á undanförnum dögum er fyrst og fremst að mótmæla þessari stöðu. Það veit að þegar það er að mótmæla þessari stöðu er það að mótmæla því kaupi sem þessi atvinnurekstur getur borgað þessu fólki.

Flokksbróðir 3. þm. Norðurl. e., hæstv. viðskrh., nefndi það hér uppi í Ed. að við alþýðubandalagsmenn gerðumst nú allmiklir málsvarar útgerðarauðvaldsins á Íslandi og þótti nokkuð merkilegt. Það er nú svo að tveir ráðherrar Alþfl. eru hálfgerð fósturbörn eins útgerðarauðvalds. Á meðan þeir voru að alast upp á Ísafirði og kratarnir höfðu þar forustu var eitt aðalatvinnufyrirtækið á Ísafirði Samvinnufélag útgerðarmanna. Það getur verið að það sé kannski þannig víðar um landið að meginhluti íslenskrar útgerðar og íslenskrar fiskvinnslu sé á vettvangi félagslegs reksturs. Ég benti á það í Ed. að það er nú svo að stærsta frystihús á Íslandi, Grandi hf., þó að hann heiti hlutafélag, er að meiri hluta til í eigu Reykjavíkurborgar, félagslegrar stofnunar. Svona má telja hringinn í kringum landið. Meginhluti frystihúsa sem er í viðskiptum hjá Sambandinu, samtökum sjávarafurðadeildar Sambandsins, er félagslega uppbyggð fyrirtæki. Eins er með Útgerðarfélag Akureyringa, Síldarvinnslan á Neskaupstað og fleiri og fleiri. Getur það verið að sú pólitík sem rekin hefur verið undanfarandi missiri, undir forustu Framsfl. og Sjálfstfl. og nú með tilstilli Alþfl., hafi ekki mikinn áhuga fyrir að standa að baki þessa atvinnurekstrar í landinu, þessa undirstöðuatvinnurekstrar, vegna þess að að stórum hluta til er þetta félagsleg uppbygging og þar sem hún er ekki félagsleg uppbygging er hún „sósíaliseruð“ á þann veg að það er ætlast til þess að þessi atvinnurekstur haldi áfram rekstri hvað sem tautar og raular og hann leggur það á sig og gerir það á tímum eins og núna með þeim afleiðingum að innan stutts tíma, ef áfram heldur sem horfir, stendur þessi atvinnurekstur meira og minna á þann veg að honum verður ekki haldið áfram, hvorki með þeim láglaunum sem hann býður í dag né á annan hátt. Þarna verður að eiga sér stað breyting til þess að við getum vonast til þess að launakjör á Íslandi breytist.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það er stundum sagt að ekkert sé nýtt undir sólinni og líklega á það mjög vel við þessa till. sem hér liggur fyrir. Það eru sennilega u.þ.b. 15 ár síðan mjög svipuð hugmynd og hér um ræðir var mikið til umræðu, m.a. hygg ég að þessar umræður hafi lagt leið sína inn á hið háa Alþing án þess að niðurstaða hafi fengist. Þá hét þetta reyndar ekki hugmynd um launabætur heldur hugmynd um neikvæðan tekjuskatt og fól einmitt nákvæmlega þetta í sér, að greiða til baka að hluta tekjuskatt til þess fólks sem ekki þurfti að greiða tekjuskatt miðað við þann skattstiga sem í gildi var í landinu.

Ég held að þessi till. sem hér um ræðir sé góðra gjalda verð þó svo það sé fráleitt að hægt sé að taka efnislega afstöðu til hennar eins og hún er hér lögð fram. Það er svo margt sem þarf að skýra betur áður en tillagan verður tekin til efnislegrar meðferðar og efnislegrar ákvörðunar að það er nauðsynlegt að varpa skýrara ljósi á marga þætti hennar fyrr.

Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir hver áhrif þessi tillaga hefði t.d. á niðurstöðu ríkissjóðs. Það liggur ekki íyrir hvaða hópar það eru í landinu sem nytu ef þessi tillaga yrði samþykkt. Og það liggur ekki fyrir á hvern hátt afla megi ríkissjóði nýrra tekna ef þessi tillaga yrði samþykkt og ef það er á annað borð ætlunin að afla ríkissjóði nýrra tekna en ekki skera þá niður útgjaldaþætti á móti. Allt þetta þarf auðvitað að liggja miklu betur fyrir áður en Alþingi getur tekið efnislega afstöðu til þessarar tillögu. Engu að síður tel ég að hér sé um að ræða tilraun af hálfu hv. flm. til að brjótast út úr þeirri hefðbundnu erfiðu umræðu sem átt hefur sér stað um launamálin upp á síðkastið og að sumu leyti hefur sett svip sinn á þessa umræðu sem hér hefur farið fram.

Mér finnst einhvern veginn að í þessari umræðu sem nú hefur átt sér stað séu menn að draga upp mynd sem ég hygg að menn sjái ekki þegar komið er út fyrir veggi Alþingis. Það er nefnilega stundum sagt að alþm. hætti til að múra sig inni í fílabeinsturni og skynja ekki það sem er að gerast fyrir utan. Og ég held að sú svart/hvíta mynd sem dregin hefur verið upp af launamálunum í landinu, sú mynd að annars vegar sé hinn fjölmenni lýður sem nánast lifi við örbirgð og hins vegar hinir örfáu forstjórar á milljón króna launanum, milljón-króna-mennirnir eins og það var nefnt í einhverju blaðinu um daginn, þessi mynd komi ekki alveg heim og saman við raunveruleikann í kringum okkar. Hún kemur alla vega ekki heim og saman við þær fréttir sem bárust í dagblöðunum nú um helgina að það hafi aldrei verið hvorki fyrr né síðar meiri ásókn í utanlandsferðir en

einmitt nú. Hún kemur varla heim og saman við þann mikla fjölda sem í viku hverri sækir hinn ört vaxandi veitingahúsamarkað hér í Reykjavík. Og hún kemur ekki heim og saman við allan þann mikla innflutning sem sett hefur svip sinn á þjóð okkar upp á síðkastið. Myndin er nefnilega ekki svart/hvít. Hún er í ýmsum öðrum litum og það er kjarni málsins að lífskjör á Íslandi eru almennt góð. Það er hins vegar sorglegt til þess að vita að það er fámennur hópur fólks sem býr við allt of lök kjör og það hlýtur að vera m.a. hlutverk löggjafans, fyrst það er ekki hægt á annan hátt, að reyna að koma þessu fólki til bjargar. En við eigum ekki að gera okkur að þeim viðundrum að tala hér þannig að þessi hópur sé þorri Íslendinga því svo er alls ekki.

Í þeim kjarasamningum sem nú hafa verið til umfjöllunar í verkalýðsfélögum vítt og breitt um landið var gerð tilraun til þess að lyfta upp kjörum þeirra sem lakar hafa verið settir í landinu og starfað hafa á töxtum Verkamannasambands Íslands. Hér á ég einkanlega við fiskvinnslufólkið, en að hagsmunum þess var sérstaklega hugað í þessum kjarasamningum. Það er rangt þegar því er haldið fram eins og hér hefur verið gert af einhverjum í þessari umræðu að ekki hafi verið neitt tillit tekið til þessa hóps. Það var gert með mjög afgerandi hætti.

Ég vil minna á það merka samkomulag sem undirritað var vestur á Vestfjörðum fyrir nokkrum vikum síðan og hefur að mínu mati gjörbreytt stöðu fiskverkunarfólksins á því svæði. Möguleikar fólksins til þess að hafa betri tekjur hafa stórlega vaxið og ég vil upplýsa það hér að nú um stundir er taxti þessa fólks u.þ.b. 180–190 kr. á tímann og fer það eftir því hvort þetta fólk hefur fengið starfsaldurshækkanir, námskeiðsálag eða fastráðningarálag. Til viðbótar þessu nemur núna meðaltalsbónus á greidda vinnustund um 120–140 kr. á tímann. Fer það nokkuð eftir frystihúsum og hversu langt menn eru komnir í að þjálfa sig að starfa undir hinu nýja kerfi. Þetta þýðir um 12 þús. kr. fyrir utan orlof á viku og tæpar 50 þús. kr. á mánuði.

Nú skyldi enginn halda það að einhver sé ofsæll af þessum launum. En þetta samt sem áður sýnir okkur það og undirstrikar að þetta nýja kerfi sem þarna var fundið upp hefur verulega bætt laun fiskverkunarfólksins í landinu og það þýðir ekkert að tala þannig hérna við þetta fólk að þetta kerfi sem þarna var fundið upp hafi ekki komið að neinu leyti til móts við þarfir þessa fólks. Ég vil líka minna á það að hér var um það að ræða að fólkið sjálft hafði forustu um það að vinna að gjörbreytingu á kjarakerfi fiskvinnslunnar. Á síðasta hausti lögðu atvinnurekendur og launþegar ómælda vinnu í það á sínum eigin vettvangi að gjörbylta launakerfi fiskvinnslufólksins til þess að hægt væri að bæta kjör þess. Að mínu mati sýnir reynslan það sem af er að vel hefur tekist til. Það munu örugglega koma fram margs konar agnúar í hverju frystihúsi fyrir sig, en fyrir því er séð að nefnd launþega og fulltrúa frá fyrirtækjunum mun vinna að því að sníða þessa agnúa af. Reynslan það sem af er er góð og það er almenn ánægja ríkjandi með þetta kerfi.

Það er ekki í fyrsta skipti nú að reynt er að hífa upp laun hinna lægst launuðu. Hv. 7. þm. Reykv. nefndi hér áðan tilraunina sem var gerð af góðum hug í desember 1986. Þar var líka lögð fram mikil vinna í það að reyna að búa til kerfi sem tryggði laun hinna lægst launuðu. Sorgarsagan að baki því er hins vegar sú að þeir sem betur máttu sín notuðu tækifærið þá sem endranær til þess að klifra upp bak þessa fólks og heimta betri hlut fyrir sig. Þegar við hér og nú erum að ræða málefni láglaunafólksins, þá dugar auðvitað ekki að tala hér almennum orðum. Menn verða einfaldlega að hafa þann kjark sem til þarf að horfast í augu við það við hvaða hópa er verið að eiga.

Í kjarakönnun þeirri sem kjararannsóknarnefnd gerði fyrir nokkrum árum var reynt að skilgreina þessa hópa þannig að sú vinna er til. Nú þarf hins vegar með beinum hætti að koma til móts við þetta fólk. Ég fullyrði að það var reynt á vissan hátt í þessum kjarasamningum en ljóst auðvitað að betur má ef duga skal.

Sá vandi sem við er að glíma núna í okkar þjóðfélagi er eins og margoft hefur komið hér fram vandi misgengis milli atvinnugreina, milli þeirra atvinnugreina sem nánast geta skammtað sér tekjur og skammtað þar með sínu fólki laun og hinna sem verða að lúta almennum efnahagslegum lögmálum. Vandinn er ekki sá að innan fiskvinnslunnar sé ekki fullur vilji til þess að fólkið sem þar starfi hafi bærileg laun. Vandinn er hins vegar sá að fiskvinnslunni er sniðinn þröngur efnahagslegur stakkur og í hann verður hún að klæðast.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það að þessi till. til þál. á þskj. 564 sem er til umræðu hún er ekki ný eða nýtt kerfi. Hún er um það að hækka persónuafslátt við álagningu tekjuskatts úr tæpum 15 þús. kr. upp í rúmar 19 þús. kr. og síðan að jafnframt verði teknar upp launabætur þannig að ónýttur persónuafsláttur verði greiddur út úr ríkissjóði til launþega. Ég hugsa að það sé hægt að fá allar upplýsingar um kerfið eins og það liggur fyrir, hvað hverjar þúsund kr. þýði þannig að þess vegna er ekki formgalli á tillögunni. Það er mikið langt frá því.

Ég vil líka benda hv. þm. á það að það eru ekki bara Reykvíkingar sem stunda veitingahúsin í Reykjavík. Það eru ekki bara Reykvíkingar sem fara til útlanda í ferðalög. Það kemur alls staðar að af landinu þannig að við skulum hætta að tala eins og það sé Reykvíkingum einum að kenna að boginn er spenntur til hins ýtrasta. Og að þorri Íslendinga falli ekki undir þessar láglaunabætur. Við skulum vera guði þakklát fyrir það, en við skulum gera það sem þarf að gera til þess að hjálpa þeim sem þurfa á þeim ráðstöfunum að halda sem við erum hér að leggja til.

Að sjálfsögðu er það rétt að verðbólga gerir mikið og illt. En hv. 2. þm. Norðurl. e. talar um að við megum passa okkur að hækka ekki laun við þá lægst launuðu, við verðum að halda verðbólgunni í skefjum, á sama tíma og ríkisstjórnin sem hann styður kemur með hækkanir og hann hefur greitt atkvæði með öllum þeim hækkunum sem hún hefur komið fram með. Fjárlögin hækka um meira en 50%, úr 42–43 milljörðum í 65 milljarða. Við erum að lækka gengið um 6%. Hvað haldið þið að það þýði þegar útreikningurinn í tolli kemur á vöruna? Við skulum segja að varan taki engan toll, hún tekur 17,5% vörugjald, 25% söluskatt, og ég vil nú frekar segja 10 en ríkisstjórnin sagði 50% álagningu í heildsölu. Haldið þið að það sé ekki verðbólguhvetjandi? Og svo á að vara þjóðina við að verkakonur og verkamenn megi ekki fá hærri lágmarkslaun en 31 400 kr. sem að sjálfsögðu fólkið svarar nú eins og áður með atkvæðagreiðslu í félögunum, eins og kom fram hjá einum af helstu forustumönnum þjóðarinnar í verkalýðsmálum hér úr þessum ræðustól rétt áðan. Það eru ekki þeir, forustumennirnir, sem taka ákvarðanir. Það er fólkið sjálft. Og fólkið er að svara þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem leyfir sér að koma með gengislækkun, aukið álag á erlendan gjaldeyri, aukið álag á nýbyggingar og hitt og þetta meira, allt til hækkunar, allt verðbólguhvetjandi, nokkrum klukkutímum eftir að samningar eru undirritaðir. Leitið ekki til verkakvenna og verkamanna um verðbólguaukningu. Kostnaðaraukningin er öll hjá ríkisstjórninni sjálfri.

Ég fagna því ef hv. þm. Karvel Pálmason hefur aðrar leiðir sem vísa veginn að sama marki og ég fagna því ef Kvennalistinn er með aðrar leiðir. Ég er reiðubúinn til að styðja allar þær aðrar leiðir sem eru betri en þessi sem byggð er á langri reynslu hv. 16. þm. Reykv. Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur af samningaviðræðum. Við vitum það, og ég hef áður sagt það hér, að samningar verkalýðshreyfingarinnar sl. 70 ár, frá því að þeir voru skipulagðir, hafa ekki borið þann árangur að verkamaður geti lifað af 8 stunda vinnudegi og 5 daga vinnuviku. Og þegar einn af þeim sem setið hafa við samningaborðið við hlið annarra verkalýðsforustumanna kemur inn á Alþingi og miðlar okkur af reynslu sinni, þá getum við ekki kastað því út um gluggann. Við verðum að hlusta á það og við verðum að samþykkja það eða koma með eitthvað betra í staðinn.

Ég er reiðubúinn til þess að samþykkja hvað sem er betra. En á meðan Kvennalistinn kemur ekki með eitthvað annað betra þá reikna ég með að Kvennalistinn samþykki þessa tillögu. Hún er þá það besta sem völ er á í augnablikinu fyrir verkamanninn, fyrir láglaunafólkið. En Kvennalistinn segi ekki: Við köstum þessu og reynslu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur út um gluggann af því að við ætlum að koma einhvern tíma seinna með eitthvað annað sem lögbindur kaup. Það er ekki komið fram.

Hér hafa talað fulltrúar frá Alþfl., Sjálfstfl., Alþb., Borgarafl. og allir verið jákvæðir. Allir talað um að eitthvað þurfi að gera sem allra fyrst, og Kvennalistinn líka, sem allra fyrst til að hækka láglaunafólk. En ég hef ekki heyrt neina rödd frá Framsfl. og ég auglýsi eftir henni. (**KP:** Hún kemur ekki strax.) Ég auglýsi eftir henni. Ég ætla ekki að blanda þessum umræðum inn í nýfrjálshyggjutal á milli Alþfl. og Sjálfstfl. Mig langar að nota orðatiltæki sem þekkt er í Reykjavík því að þeir eru svo líkir núna þessir flokkar að það væri réttast að ég notaði það, en það er of dónalegt til þess að fara með það í ræðustól hér. En það er sama hvor flokkurinn er í augnablikinu.

Ég vil aðeins í lokin segja að það er margt rétt af því sem hæstv. iðnrh. sagði hér og ég tek undir hans orð, en það er nú einu sinni svo að það er íslenska þjóðin og með Alþingi í broddi fylkingar sem hefur beitt sér fyrir því að byggja raforkuver og það er íslenska þjóðin sem á fyrst og fremst að njóta þeirra gæða sem raforkuverin bjóða upp á. Við vitum það að með miklum tilkostnaði á þjóðina alla höfum við meira rafmagn í augnablikinu en við notum sjálf. Og ég sé enga ástæðu til þess að fólkið úti á landi fái ekki notið þeirrar umframorku í lægri upphitunartöxtum en það hefur í dag. Þetta er spursmál um að við skiljum málflutning hver annars. Þetta er spursmál um það hvort embættismenn, sem vilja gegna stöðum sínum vel, vilja reka sín fyrirtæki og stofnanir vel, fá að gera það á þann hátt sem þeir vilja eða hvort þeir fá að gera það á þann hátt sem við viljum hér sem tökum ákvörðun. Og þá er það ákvörðun okkar um að orkuverin verði rekin með meira tapi en þau eru rekin með eða ekki. Ég er alveg reiðubúinn til þess að standa að því, og ég veit að Borgarafl. er það, standa að því að raforkuverð úti á landi verði lækkað.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Hún var hálfhjáróma, ræða síðasta hv. ræðumanns, eins og fótatak úr fjarska heildsalans. Hér er fjallað um mál sem brennur á í þjóðfélaginu og er ástæða til að ræða um. Það er margt sem hægt er að velta upp í þessu sambandi. Það er hægt að ræða um umsamin laun og útborguð laun. Því miður hefur þessi mismunur sem þarna er á í mörgum tilvikum í ýmsum stéttum og greinum valdið misskilningi og skapað tortryggni. Umsamin laun og útborguð laun. Grunnlaunin umsömdu og síðan yfirvinnan, bónusinn, yfirgreiðslan og annað sem hækkar launin.

Það er auðvitað tæknilegur galli á þessari tillögu því að hún afgreiðir bara annan endann, vekur upp hugmyndina, og það má ræða hana út frá því. Það er mikill munur á launagreiðslum milli stétta, milli kynja, milli landshluta og það er launamisréttið í landinu sem við eigum að ræða um í almennri umræðu hér. Það er mikill munur á yfirborgun launa eftir landshlutum, eftir greinum og fyrst og fremst er þó munur á greinum karla og kvenna í okkar þjóðfélagi og það er alvarlegast.

Það er oft talað um ákveðin dæmi í þessari

umræðu. Það er talað um að iðnaðarmaður hafi fengið svo og svo mikið greitt í sambandi við ákveðið verkefni, ákveðna framkvæmd, t.d. Kringluna ágætu. Það finnst mér óraunhæft þegar menn taka heildina fyrir í þessum efnum. Það leiðir af sjálfu sér að í margslungnu verkefni getur allt farið úr böndum og það er fjarri því til fyrirmyndar. En það er nær að taka atriði sem eru meira alhliða og gefa raunhæfari mynd af ástandinu almennt. Enda reikna ég ekki með að hv. síðasti ræðumaður sé mjög að deila á uppbyggingu Kringlunnar í Reykjavík í sínum málflutningi.

Það hefur enginn hér í hv. Sþ. verið að tala um það að Reykvíkingar væru sökudólgurinn í þessu efni, ekki nema að það kom fram í máli síðasta ræðumanns. Þó að mest hreyfing sé á fjármagni í Reykjavík og hér sé mest spenna, þá er ekki verið að tala um að Reykvíkingar séu neinn sökudólgur í þeim efnum, a.m.k. hefur það ekki komið fram í umræðunni. Það ber t.d. vott um streymi í gegnum Reykjavík að nokkur hundruð þúsund farþegar fara um Reykjavíkurflugvöll á ári. Og það eru ekki Reykvíkingar sem eru meiri hluti í þeim farþegastraumi.

Það er nú svo að þó að atvinnuuppbyggingin sé mest á Stór-Reykjavíkursvæðinu og þó að hún sé að mörgu leyti hagkvæm vegna þess að þar er minnst áhætta að byggja upp þar sem veltan er mest, þá mætti kannski ræða einnig um þann þátt og benda atvinnurekendum almennt á það að með stórbatnandi vegakerfi og bættum samgöngum hafa fjarlægðir í landinu minnkað og þær hafa skapað aðstæður sem valda því að það á ekki síður að vera spennandi fyrir atvinnuuppbygginguna í landinu að teygja hana út á landsbyggðina í hin ýmsu pláss. Það munar ekki svo ýkjamiklu orðið hvort Seltirningur vinnur í Hafnarfirði eða Reykvíkingur í Hveragerði. Fjarlægðirnar eru búnar að vera með þeim samgöngum sem við búum við. Og að mínu mati eigum við að fjalla um þessa þætti á þeim nótum að skapa jafnan grundvöll fyrir alla landsins þegna í launum og réttlæti til launa.

Það er kannski minni fjárhagsleg áhætta að byggja upp atvinnurekstur í Reykjavík, en á móti kemur stöðugra vinnuafl úti á landi og atriði sem sjaldan er fjallað um: persónulegra mannlíf og umhverfi sem fólk þar býr við. Þannig eru kostir og gallar við alla hluti. Það á auðvitað að vera markmið okkar allra, og er það væntanlega, að stuðla markvisst að því að búa til ásættanlegar aðstæður í þjóðfélaginu, eyða tortryggni sem er vissulega til staðar. Og í fjölskylduþjóðfélagi eins og við búum í er auðvitað óþolandi að búa við það launamisrétti sem viðgengst.

Fyrir stuttu var haldin á Selfossi ráðstefna á vegum sjálfstæðismanna sem fjallaði um launamisréttið í landinu. Þar ræddu forustumenn verkalýðshreyfingarinnar um þessi mál. Þar ræddu verkamenn um þessi mál og komu beint úr sinni vinnu. Þar var verkamaður sem kom frá Þorlákshöfn beint úr beitningu, þar var ljósmóðir sem kom beint á fundinn frá því að taka á móti barni, þar var fólk sem var að ræða um hlutina án nokkurra millilliða og fjallaði um launamisréttið í landinu. Launamisréttið í landinu á sem betur fer ekki við meiri hluta landsmanna en of stóran hóp og þess vegna er ástæða til að ræða það hispurslaust.

Það er engin spurning að leiðtogar verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og aðrir sem standa í samningamálum eyða ómældum tíma í það að reyna að finna flöt á öllum hlutum sem geta komið til góða í sanngjörnum samningum. Gróft reiknað má kannski segja að annar endinn á þessari tillögu sem hér er til umræðu kosti 700–800 millj. kr. en þá þarf að gera ráð fyrir hinum endanum líka.

Það er ástæða til að brýna flm. til þess að hugsa til enda það sem þeir leggja fram en varpa ekki fram slíkum hlutum eins ómarkvisst og raun ber vitni.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það var ekki mín ætlan að taka hér aftur til máls, en ástæðan er ræða hæstv. iðnrh. hér áðan. Það er einkennilegt með hæstv. iðnrh. að í hvert skipti sem orkumál ber á góma hér á hv. Alþingi, þá fer hann alltaf í baklás. Við ræddum um orkumál hér fyrir um mánuði síðan einmitt í Sþ. og þá upplýsti ég hæstv. iðnrh. um að það kostaði á bilinu 10–20 þús. á mánuði að kynda upp hús vestur á fjörðum. Þá sagði hæstv. iðnrh.: Þar hljóta menn að vera með gluggalaus hús, kynda bara upp veröldina.

Ég hef nýjustu upplýsingar um það og hef það m.a.s. frá stjórnarformanni Orkubús Vestfjarða og ég hefði viljað beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann slægi nú á símann til flokksbróður síns, stjórnarformannsins í Orkubúi Vestfjarða, og fengi um það upplýsingar hvað það kostaði hann að kynda sitt íbúðarhús yfir janúarmánuð. Það voru 30 þúsund. Og ég sagði: Það kostar lágmarkslaun að kynda íbúðarhús. Ekki að meðaltali, en það kostaði það í þessu tilviki, öll lágmarkslaun hjá láglaunafólki. Þetta eru staðreyndir sem menn hljóta að verða að taka tillit til. Ef menn gera það ekki þá eru menn að leika sér að þeim eldi sem þegar er farinn að brenna í þá átt hér á Reykjavíkursvæðið. Hann stefnir hingað sá eldur sem menn eru nú að skara að ef þeir ætla að taka svona á þessum meginþáttum þessara mála sem fólk býr við. Þá teyma menn eldinn enn frekar á þetta svæði og þá mun hann brenna hér ef þeir höfuðpaurar í stjórnmennskunni ætla ekki að hlusta á varnaðarorð þeirra sem við vandamálin eru að glíma hverju sinni.

Ég held að hæstv. ráðherra og ekki bara hæstv. iðnrh. heldur og aðrir forustumenn í stjórnmálum, ríkisstjórn ættu að kynna sér hvernig þessi mál brenna á íbúum úti á landsbyggðinni, t.d. á Vestfjörðum. Ég held að menn ættu að fara að kynna sér það ef þeir eru ekki betur upplýstir en mér heyrist hæstv. iðnrh. vera í þessum efnum og ætti hann þó að þekkja betur til, maður sem hefur verið þar í

vinnu hluta úr sumrum nokkur undangengin ár. Hann hefur ábyggilega heyrt þetta. En hér loka menn bæði augum og eyrum og neita að horfast í augu við staðreyndir.

Það kemur að því fyrr en seinna að stjórnvöld verða að fara að svara þessum spurningum, sinna þessu fólki sem hefur setið eftir. Þetta er auðvitað kjaramál líka. Þetta er ekki síst kjaramál sem hér er um að ræða. Það skipta mig engu máli tölur upp úr bókum. Meginmáli skiptir hvað menn þurfa að tína upp úr buddunni til að borga fyrir þjónustuna. Það verða í þessu tilviki 30 þús. kr. upp úr buddunni hjá stjórnarformanninum. Auðvitað man hann eftir slíku. Það er buddan sem segir til sín hvað sem öllum tölum líður.

Aðeins til viðbótar þessu. Ég sagði áðan að hugrenningar mínar og hv. 1. flm. þessarar þáltill. hefðu legið nokk saman lengi. Ég er nefnilega orðinn þeirrar skoðunar að félagshyggjan, samstaðan og samhjálpin innan verkalýðshreyfingarinnar, allt þetta sé á undanhaldi. Það fjölgar alltaf í þeim hópum sem skara eld að eigin köku. Menn hafa minnkað að hugsa um þann sem verkalýðshreyfingin er í raun og veru stofnuð til þess fyrst og fremst að hugsa um, þann sem má sín minnst. Sú hugsun hefur farið dvínandi að mér finnst og ég sé engin merki þess, því miður, að þar sé að breytast neitt til hins betra. Og það er þessa félagshyggju sem vantar, þessa samstöðu um að styðja við bakið á lítilmagnanum sem á því þarf að halda og mest er um vert að styðja við bakið á. Komi sá stuðningur ekki frá verkalýðshreyfingunni, þá getur hann vart komið annars staðar frá en frá löggjafanum. Þetta er ósköp einfalt mál í mínum huga.

Að síðustu. Ég er ekki sammála hv. 1. þm. Vestf. um að það sé örlítill hópur sem býr við léleg laun á Íslandi. Ég hygg, hv. þm. Einar Kristinn, að hann sé æðistór sá hópur sem býr við léleg laun í landinu. Ég tala nú ekki um að launamisréttið hefur gífurlega aukist á undanförnum árum. Það er meira launamisrétti nú en við höfum búið við lengi og það eykst enn. Og það er ástæða til þess að gefa því gaum undir þessum kringumstæðum að það fer vaxandi. Þeim fjölgar sem eru á lélegu launum. Þetta hélt ég að hv. 1. þm. Vestf. ætti um að vita glögglega úr sinni heimabyggð. Þar á þetta ekki síst við, og á því landsvæði öllu. Og svo er víðar.

Guðni Ágústsson:

Herra forseti. Þegar hv. 5. þm. Reykv. auglýsti eftir framsóknarmanni í þessar umræður hafði ég þá þegar sett mig á mælendaskrá. Hér hafa menn talað sig heita í þessum umræðum, nokkurs konar forskot á eldhúsdagsumræður, en menn hafa lítið rætt þáltill. sjálfa og hvort hún sé einhver lausn. Um það skal ég ekki segja á þessari stundu en ég hygg að Alþingi verði að orða og skoða allar þær leiðir sem stöðva það misrétti sem við hefur gengist í landinu um langt skeið. Ég vil á þessu stigi ekki útiloka þessa leið að með lögbindingu verði með einhverjum hætti tryggt að láglaunafólkið verði ekki skilið eftir. Ég vil þó taka undir með hv. 1. þm. Vestf. að sem betur fer sjáum við þess merki alls staðar að íslenska þjóðin er rík og að fjöldinn á Íslandi hefur það gott og hefur haft það gott um langt skeið. En eigi að síður eru margir sem við þurfum að hyggja að.

Við búum við mikinn launamismun. Við búum við launamismun á þessu þingi. Ég hygg að sumir þm. hafi komið ár sinni afskaplega misjafnlega fyrir borð. Fjöldi þeirra mun vera með meðallaun þjóðfélagsins. En þeir eru margir hér eða alla vega nokkrir sem hafa tvöföld laun venjulegs ráðherra. Tvöföld laun venjulegs ráðherra fyrir bitlinga og störf úti í þjóðfélaginu.

Við skulum átta okkur á þeirri staðreynd að það er víða launamismunur og því miður er það sem er að gerast þessa dagana þegar kjarasamningar eru felldir vítt og breitt um land, þá mun það vera landsbyggðin sem er að rísa. Ég er í engum vafa um það. Og hvers vegna rís hún? Hún rís af ýmsum ástæðum. Hún rís og er tilbúin til verkfalla vegna þess að þar hefur fólk þetta 20–40% lægri laun en viðgengst hér. Hún rís líka af hinu sem hér hefur verið nefnt, orkuverðinu. Hún gerir það líka af einni ástæðu enn og það er vöruverðið.

Ég er hér með í höndunum nýlega úttekt sem Tíminn kannaði nú um helgina og þar kemur margt merkilegt í ljós. Með leyfi forseta segir þar:

Fjölskylda sem kemst af með 25 þús. kr. á mánuði til matarinnkaupa í Kjötmiðstöðinni í Garðabæ eða Kostakaupum í Hafnarfirði gæti þurft að borga 30 700 kr. á mánuði eða 368 þús. kr. á ári fyrir jafnmikið af sömu vörum ef hún flytti austur á land. — Hún þyrfti að borga 68 400 kr. meira fyrir matvöruna ef hún byggi austur á Egilsstöðum. Við þurfum ekki að fara svo langt. Við þurfum ekki að fara nema hér yfir litla heiði eða vestur fyrir Hvalfjörð til þess að ná einnig sömu stöðu eða svipaðri. Og það sem er sorglegast í því sem kemur í ljós í þessari úttekt er að þetta fólk verður enn fremur fyrir bragðið að borga á ári hverju af þessari matarkörfu sinni 13 700 kr. meira en fólkið af þessu svæði í ríkissjóð í söluskatt af þessum matvælum. Þetta er það sem við verðum að átta okkur á.

Hér hafa menn talað sig heita, en þeir hafa ekki komið með úrræði. Hver eru úrræðin? Hvaða leiðir á þessi þjóð í dag til þess að verja sig? Hvernig eigum við að verja framleiðsluatvinnuvegi þessa þjóðfélags og samkeppnisatvinnuvegi? Í mínu litla byggðarlagi er nú á stuttum tíma á Hvolsvelli einum búið að leggja niður 100 störf í framleiðslugreinum. Hvers vegna? Vegna þess að gengið er skráð með þessum hætti. Vegna þess að innflutningurinn er slíkur sem raun ber vitni. Vegna þess að útlendingarnir beita kjafti og klóm til þess að koma vöru sinni hér á markað. Hvers vegna er ekki hægt að borga sams konar laun í fiskvinnslunni úti á landbyggðinni eins og hér í þjónustugeiranum? Er það ekki sama sagan? Það er gengisskráningin. Menn hafa gleymt því að gengið er eitt mesta hagstjórnartæki sem lítið

ríki á í dag. Kannski eina hagstjórnartækið til þess að stöðva það að það verði raunar útlendingar sem vinni öll störf fyrir þetta þjóðfélag. Á þessu verða menn að átta sig. Og menn verða líka að átta sig á því að landsbyggðinni heldur áfram að blæða ef stjórnvöld hafa ekki þann kjark að taka á þessum vandamálum, ef þau hafa ekki þann kjark að skrá gengi íslensku krónunnar í þágu framleiðslu- og samkeppnisgreinanna á Íslandi.

Ég er sannfærður um það að einn liðurinn í því sem er að gerast í kringum kjarasamningana er í sambandi við hálaunamennina. Við skulum átta okkur á því, ágætu alþm., að með því staðgreiðslukerfi skatta sem nú hefur verið tekið upp, þar sem *ein prósenta gengur jafnt yfir, hefur það gerst* að Alþingi Íslendinga hefur bætt til muna kjör hálaunamannanna. Ég hygg að þess vegna sé tvennt sem þarf nú að gera. Það er þetta sem ég hef minnst á. Við verðum ekki aðeins að hugsa um það að hækka lægstu launin, og kannski með löggjöf, við verðum líka að binda það fast með löggjöf að menn séu ekki hér á 400, 500 og 600 þús. kr. launum, jafnvel hjá ríkinu sjálfu, hjá sveitarfélögunum, hjá einkageiranum. Við verðum að binda það að þeir fái aldrei hærri laun en forseti lýðveldisins eða forsrh. sjálfur. Hvers vegna gerist það í þessu þjóðfélagi að menn komast upp með það, jafnvel hjá ríkinu, að hafa tvöföld laun forsrh.? Er þetta ekki stjórnleysi? Er þetta ekki siðlaust í sjálfu sér að alls konar menn úti um bæ skuli vera komnir á tvöföld laun forsrh. landsins?

Ég vil hafa það mín lokaorð í þessari umræðu að ég tel þáltill. góðra gjalda verða og vonandi verður hún, miðað við þær undirtektir og þær umræður sem hún hefur vakið hér á hv. Alþingi, til þess að menn vilji í alvöru gera fleira en tala, að menn vilji setjast *niður og finna lausnir á því* prúgandi vandamáli sem nú gerir það að verkum að fátækasta fólkið rís upp, að fólkið á landsbyggðinni veit að ef það lætur ekki svipurnar ríða á þessari stundu munu byggðirnar hrynja. Þess vegna falla ekki af hvörmum mínum tár á þessari stundu en ég segi það við ríkisstjórn þessa lands: Ég vænti þess að hún hafi ekki þann hátt á sem því miður hefur einkennt hana í vetur að sitja í hægum stóli og bíða þess að hlutirnir gerist af sjálfu sér, að hún gangi til verksins og leiti lausna á því vandamáli sem nú hefur kallað alþýðu þessa lands til að rísa upp og gera uppreisn gegn þeirri tekjuskiptingu sem á sér stað í þessu þjóðfélagi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Nú er stundin komin til þess að mynda nýja ríkisstjórn. Nú skulum við koma henni frá, þeirri sem enn þá situr, og mynda ríkisstjórn á grundvelli þeirra stefnuyfirlýsinga sem hafa verið fluttar fyrir alla stjórnmálaflokkana hér í dag. Nú skulum við láta ráðherrana vita sem eru flestir úti í löndum, senda þeim skeyti, að þeir verði óbreyttir þegar þeir koma hingað til landsins aftur vegna þess að það hafi verið mynduð ný ríkisstjórn, jafnréttis, félagshyggju og samvinnu, ríkisstjórn sem taki undir með þeim sem eru að gera uppreisn gegn ranglætinu allt í kringum landið þessa dagana. Ég hlýt að draga þessa ályktun, eða hvað, herra forseti? Það hlýtur að vera að á bak við hinar stóru yfirlýsingar sé alvara. Menn segja: Menn eru að gera uppreisn áður en lífskjörin hrynja á landsbyggðinni. Það hlýtur að vera að á bak við þau orð sé alvara og menn ætli að gera meira en að tala. Ég trúi ekki öðru. Ég trúi því ekki að menn ætli að taka þannig á hlutunum að niðurstaðan verði sú að í rauninni sé það allt markleysa sem þeir hafa verið að lýsa yfir úr þessum virðulega ræðustól í dag.

Það er verið að skora á ríkisstjórnina að taka á þessum *málum. Fyrir alla muni, við skulum ekki* vera að skora á hana að taka á einu eða neinu. Það er best að hún fari. Á hverju hefur hún verið að taka? Hv. 5. þm. Suðurl. rakti það áðan. Hún hefur verið að hækka útgjöld til lífsviðurværis á landsbyggðinni aukalega með matarskattinum eins og hv. þm. minnti á. Hverjir greiddu atkvæði, mín kæru, með þessum matarskatti? Ekki hv. þm. Karvel Pálmason (**KP:** Nei.) en stjórnarliðið allt eins og það lagði sig. Það studdi þetta. Ætla menn svo í krafti lélegrar fjölmiðlunar hér í þessu landi, veikrar fjölmiðlunar, að láta sér detta það í hug að þeir komist upp með að segja allt annað í dag en þeir gerðu í gær? Það gengur auðvitað ekki. Það verður auðvitað að rífa ofan af þennan tvískinnung og ég er sannfærður um að á bak við yfirlýsingar, þau orð sem hafa fallið í þessari umræðu er jákvæður vilji. Þess vegna er ekkert annað að gera en að henda þessari ríkisstjórn sem enn þá situr, skipta um stjórn og mynda aðra.

Hv. þm. Guðni Ágústsson kvartaði líka yfir ástandinu á landsbyggðinni að öðru leyti, t.d. í sambandi við atvinnuvegina, og hv. 1. þm. Vestf. gerði það líka. Hvað er að gerast þar? Hvað hafa vextir hækkað mikið í fiskvinnslunni? Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir, m.a. frá Sambandsfrystihúsunum, hækkuðu vextir frá árslokum 1986 til ársloka 1987 um 70% í raunverulegum útgjöldum Sambandsfrystihúsanna í landinu. Síðan hafa þessir hv. þm. stjórnarliðsins sem betur fer verið að taka ýmislegt aftur af því sem þeir gerðu fyrir jólin og það er fínt, eins og með uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi og launaskatt á sjávarútveginn. Þeir hafa verið að taka það aftur núna. En kannski er umræðan í dag til marks um það að þeir séu tilbúnir til þess að halda áfram og taka fleira aftur af vitleysunni sem hefur gengið yfir í vetur.

Ég kvaddi *mér hins vegar hljóðs hér, herra* forseti, fyrst og fremst til þess að vekja athygli á því að það er merkilegt að þegar kemur að umræðu um láglaunafólk og kjör þess er vakinn upp einn alveg sérstakur draugur sem er alltaf notaður til þess að reyna að hræða þetta fólk. Það er verðbólgudraugurinn. Það er sagt: Ef þið hækkið kaupið úr 31 500 upp í 36 500 eða hvað það er er komin verðbólga og hún étur kaupið ykkar og auðvitað hefur það aftur

og aftur gerst af þessum flokkum sem hafa ráðið hér á Alþingi á undanförnum árum að þeir hafa notað verðbólguna til að halda kaupinu niðri. En hvað sögðu þeir þegar vextirnir voru að skrúfast upp? Hvað sögðu þeir þá? Var haldið mikið af ræðum hér um það að verðbólgan færi upp? Hvað sögðu þessir menn og þessir flokkar þegar var verið að byggja Flugstöðina fyrir milljarða kr., 800 millj. kr. fram yfir kostnaðaráætlun? Var þá sagt: Þetta veldur þenslu og veldur verðbólgu og má ekki gerast? Nei, það varð að byggja flugstöð. Hvað sögðu þeir þegar „kringlurnar" risu upp um allt? Sögðu þeir: Þetta gengur ekki. Það verður að stöðva þessi útgjöld. Það þarf að draga úr þenslu. Þetta veldur verðbólgu. Hvað sögðu þeir? Hvað gerðu þeir? Ekki neitt. Hvað gerðu þeir þegar gefin var yfirlýsing um það og tekin um það ákvörðun að fiskverð ætti að vera frjálst og allir lofuðu það og prísuðu svo að segja allt í kringum landið? Menn töldu það gott en bentu menn á það að það þýddi verðbólgu? Bentu menn á það að fiskverð hefur hækkað núna frá því að fiskverð var gefið frjálst um 10–12% að raunvirði? Og svo er rætt um þessi lágu laun og vondu lífskjör sem eru til, m.a. eru viðskiptamenn Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar 5000 talsins. Þetta er líka fólk. En það er ekki bara verðbólgan sem er notuð heldur er líka gripið til þess að birta fyrirsagnir og fréttir um ásóknina í sólarlandaferðirnar og troðfulla veitingastaði. Og ég man eftir því þegar hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason hafði í undirbúningi tillögur um tilteknar breytingar á greiðslum fyrir lyf og læknisþjónustu. Þá vitnaði hann til þess að það væru bara troðfullir veitingastaðirnir hér í Reykjavík alveg kvöld eftir kvöld og þetta sýndi það nú að það væri til nóg af peningum í landinu.

Menn skulu ekki, hvorki með verðbólguhótuninni né heldur þessu, reyna að komast undan þeim kjarna málsins sem liggur fyrir og hann er sá að það eru þúsundir og aftur þúsundir manna í þessu landi sem búa við lífskjör sem eru siðlaus og sem eru til skammar og menn skulu heldur ekki koma hér upp í þennan ræðustól aftur og aftur og flytja í rauninni árásarræður á það sem þeir eru og hafa sjálfir verið að gera.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni, hárrétt, það er akkúrat uppreisn sem verið er að gera í landinu þessa dagana. Það er uppreisn gegn frjálshyggjunni og afleiðingum hennar. Það er uppreisn gegn ranglætinu og það er uppreisn gegn vaxandi mismunun í lífskjörum í þessu landi. Og það er launafólk og það er landsbyggð sem er að rísa upp. Það sem þarf auðvitað að gerast núna er það að þessir aðilar, hið almenna launafólk í landinu annars vegar og landsbyggðin hins vegar, taki höndum saman um nýja stjórnarstefnu sem losar okkur við þessa óværu, þessi ósköp sem er þannig að stjórnarþingmennirnir þora ekki annað, þora ekki annað en að stökkva hér upp í stólinn hver á fætur öðrum og hrópa þessa stefnu niður sem þeir bera ábyrgð á.

Varðandi þessa till. sem liggur fyrir, herra forseti, hef ég þegar sagt um hana nokkur orð en segi til viðbótar þetta út af orðum hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur: Ég er ekkert búinn að gleyma þessum láglaunabótum og ég tel í rauninni enga ástæðu til þess að gleyma þeim. Ég tel þvert á móti að það sé nauðsynlegt að muna eftir þeim. Og af hverju? Það er vegna þess að þær voru mistök svo að segja frá upphafi til enda. Af mistökum á að læra. Mistök vegna þess að þarna var ónýtt skattakerfi notað sem grundvöllur til að dreifa út peningum með góðum hug til tekjujöfnunar í landinu. Og það er auðvitað gallinn við grunninn undir till. eins og hún liggur fyrir, þeirri sem hér er til meðferðar. Það er vissulega ljóst, herra forseti.

Ég er að ljúka máli mínu, en ég ætla samt að segja aðeins eina setningu út af þessu sem heyrist stundum úr þessum ræðustól: Verkalýðshreyfingin getur í raun og veru ekki lagað kaupið, löggjafinn verður að koma til. Verkalýðshreyfingin getur auðvitað lagað kaupið ef menn snúa bökum saman og brjóta niður sérhyggjuna og vinna saman. Þá getur verkalýðshreyfingin þetta auðvitað. Auðvitað er það þannig að menn mega helst ekki segja það í verkalýðshreyfingunni að hún geti þetta ekki og löggjafinn verði að koma til. Hver er löggjafinn? Hann er þingið og það er auðvitað staðreynd að hin borgaralegu öfl, hægri öflin í þessu landi, hafa mjög oft haft undirtökin hér. Verkalýðshreyfingin hefur hins vegar með baráttu sinni stundum getað lyft launum í trássi við óhagstæðan pólitískan meiri hluta og uppskriftin að góðum kjörum, skárri kjörum, jöfnuði og betri kjarasamningum er auðvitað að saman fari sterkt pólitískt félagshyggjuafl í þessu landi og verkalýðshreyfing sem berst, verkalýðshreyfing sem gerir uppreisn gegn ranglætinu.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið dálítið fjörugar umræður um þessa þáltill. og ekki að ástæðulausu. Það er svo að það játa það allir sem hafa tekið til máls að eitthvað þurfi að gera en það er því verra að hér standa menn og segja: Ekki þetta, við viljum eitthvað annað. Hv. 10. þm. Reykn. sagði: Við kvennalistakonur viljum ekki þetta, bara eitthvað annað. Og fleiri og fleiri hafa tekið á þennan hátt á málunum. Þegar kemur að því að sameinast um að laga þessi mál vilja menn kannski ekki standa að því að gera það í raun. Málið er dregið fram og til baka í allar áttir og það er e.t.v. það sem menn vilja.

Það sem hins vegar fékk mig til að standa hér upp voru orð hv. 1. þm. Suðurl. Sá ágæti þm. hélt ræðu sem var erfitt að skilja. Ég veit eiginlega ekki um hvað hún fjallaði og þó datt mér í hug að hann flutti lagafrv. um daginn um að bannað yrði að að tína steina og ég hugsaði með mér: Hann er e.t.v. hræddur um það að hann týni Steina. Það er kannski þannig að hann er farinn að finna smjörþefinn af því að launafólkið í landinu styður ekki Steina. (**Gripið fram í:** Það getur ekki borðað þá heldur.) Það þýðir ekki fyrir ríkisstjórnina að gefa fólkinu Steina í stað

brauðs. Það vill það ekki. Þess vegna er það að þeir þm. stjórnarinnar sem hafa tekið til máls hafa staðið hér og borið á okkur, fyrir jól, að við héldum uppi málþófi út af því að við börðumst gegn þessum skattaálögum, matarskattinum, og mörgum öðrum sköttum sem þeir eru þegar byrjaðir að draga í land. Þeir eru farnir að sjá að það sem stjórnarandstaðan sagði þá var rétt. Þeir eru farnir að draga í land og nú heitir það ekki málþóf, nú heitir það efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Það er ekki gott til þess að vita að menn skuli koma hér upp og ljá því máls að þeir séu sammála megininntaki þessarar till. en í hinu orðinu greiða þeir atkvæði með allt öðrum hætti eins og stjórnarþingmenn hafa gert. Við verðum að gera okkur það ljóst að það var rétt sem hv. 7. þm. Reykv. sagði að vegna lélegrar fjölmiðlunar og þá einkum ríkisfjölmiðlanna hafi menn komist upp með þetta. Hér hafa menn talað allt öðruvísi en atkvæði þeirra hefur sýnt. Við munum það fyrir jólin að þegar menn voru búnir að tala sig í hita og sögðust vera á móti þessu öllu saman greiddu þeir bara atkvæði með því. Þannig að það er allt annað í raun að standa á sínu eða gera slíkt.

Það eru ekki nein undur þó að fólkið í landinu sé að fella samninga þegar fyrst og fremst er komið svo að það eru lagðir skattar á lægstlaunaða fólkið án þess nokkrar úrbætur séu gerðar. Það er ekki svo að skattar, eins og matarskatturinn, bitni á þeim sem eru hálaunaðir vegna þess að það er miklu, miklu minni hluti sem þeir þurfa af sínum tekjum til að greiða hann. Það eru auðvitað þeir sem hafa lægst launin. Við skulum ekki gleyma því að við höfum séð tölur yfir laun sem eru allt að 12 sinnum hærri en lágmarkslaun verkamanns eru. Það eru menn sem taka á einu ári laun sem verkamaður tekur á 12 árum og fólk lætur ekki bjóða sér það. Í svo litlu þjóðfélagi og fámennu er það alveg ótækt að slíkt geti gerst. Við erum m.a. með tillögu um að leiðrétta þetta í formi skatta þannig að þeir lægst launuðu fái þá meira útborgað í raun en þeir sem eru með hærri laun. Það er mikilvægt að það verði þá einhver mismunur í skattaþrepum eins og voru tillögur hér um fyrir áramótin. En það var ekki tekið til greina og ég held að við verðum að líta á það að það verður ekki gert með samningum að koma í veg fyrir það að þessi launamismunur verði áfram, en með skattalögum er hægt að gera það á þann hátt að það sé stigsmunur í skattgreiðslum eftir tekjum.

En varðandi þessa till., sem hér liggur fyrir, sem allir hafa í raun tekið vel undir að undanskildum einhverjum sem ég ætla ekki að nefna hér nú, þá er ljóst að ef menn meina það sem þeir segja þá á auðvitað að fara eftir þessari till. Menn eiga að samþykkja hana.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem var hér til umræðu fyrir skömmu tók ekki mið af þessu og þær aðgerðir sem þar eru boðaðar munu reynast haldlitlar þegar fram í sækir því að þær voru litlar og of seint fram komnar. Það er ekki undarlegt þó menn verði reiðir þegar þeir fá orkureikninga á við þá sem hér hefur verið upplýst eða bílatryggingar eða vexti af lánum eða skatta sem ríkisstjórnin hefur lagt á. Og ef menn halda að það sé hægt að hóta fólki með verðbólgu sem er að megni til núna sköpuð af núv. ríkisstjórn vegna stefnu hennar í efnahagsmálum, þá er það misskilningur að fólkið láti bjóða sér það til lengdar. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það að segja: Verðbólgan étur ykkur ef þið hreyfið ykkur. Það er ekki hægt þegar ríkisstjórnin er búin að leggja á 50% meiri skatta en árið á undan.

Og svo ætla þeir að fara að halda hér fram að það verði að gera þetta vegna þess að lífskjörin séu að dragast saman! Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess. Það hefur ekkert komið fram enn þá sem bendir til þess að lífskjörin séu að dragast saman. Við búum enn þá við meiri og betri aflabrögð en nokkru sinni hefur verið áður, lægra olíuverð og hátt verð á mörkuðum erlendis á okkar afurðum. Þvert á móti er betri lífsafkoma núna þessa mánuði en hefur verið. Menn geta ekki boðið fólki upp á það að halda því fram að það sé farið að þrengja að að þessu leyti. Það er alveg ljóst að þetta er blekking og menn verða að standa frammi fyrir því að fólkið lætur ekki bjóða sér það að það sé hægt að taka af því launin og lækka þau út á stöðu sem ekki er til staðar.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hér hafa farið fram afar athyglisverðar umræður um launamál og í bland höfum við heyrt fjallað nokkuð um efnahagsmál í ljósi nýjustu ráðstafana ríkisstjórnarinnar. Þegar á það heila er litið þá hefur flest það sem hér hefur verið sagt verið mjög málefnalegt og gagnlegt í raun fyrir alla að hlýða á ýmsar þær ræður sem hér hafa verið fluttar. Það er kannski ein undantekning þó, en það heyrðist hér hjáróma rödd hv. 1. þm. Suðurl. í þessum umræðum og varð ræða hans lítt skiljanleg. Eitthvað var talað um að það hefði heyrst ómur af fótataki úr fjarska heildsalans. Ég ætla að láta öðrum eftir að túlka við hvað sé átt með þessu hugtaki. Ég skil það ekki sjálfur.

Þá var helst á hv. þm. að heyra að hér hefðu allir mjög há laun og það væru Reykvíkingar, fólk sem byggi hér á höfuðborgarsvæðinu sem færi í utanlandsferðir og hefði það hér eins og laun þeirra væru eitthvað í líkingu við launakjör ýmissa háttsettra embættismanna hjá Sambandinu sem mikið hafa verið til umræðu á undanförnum dögum. En ég vil minna hv. þm. á það að hér á höfuðborgarsvæðinu er líka að finna stærstu lágtekjuhópa þjóðfélagsins og það er ekki síst að við beinum orðum okkar til þeirra. Með þessari tillögu okkar viljum við koma til móts við þarfir lágtekjuhópanna sem hér eru ekkert síður en að við viljum taka á vandamálum lágtekjufólks um allt land.

Launajöfnuður hefur alltaf verið með minna móti á Íslandi. Sérstaklega á árunum eftir stríð gátum við verið stoltir yfir því að mismunur á launum sem hér voru við lýði í landinu var fremur lítill í samanburði

við það sem gerðist meðal nágrannaþjóða okkar. Því miður hefur mjög sigið á ógæfuhliðina undanfarin ár þannig að nú á allra síðustu árum og missirum verður vart við gífurlegan launamismun sem ekki hvað síst hefur komið fram í dagsljósið vegna afar einkennilegrar umræðu sem hefur farið fram um launakjör háttsettra embættismanna Sambandsins eins og öllum er kunnugt.

Ég held að við eigum að taka okkur tak og reyna að snúa dæminu við, komast aftur til fyrra ástands eins og var hér fyrir 10, 15, 20 árum. Þá var mismunur á launum ekki svo ýkja mikill meðal launþega á Íslandi. Við skárum okkur úr í þessu tilliti í samanburði við önnur nágrannalönd okkar og gátum verið stoltir yfir þessu. Annað mál er svo að þjóðartekjur Íslendinga eru mjög háar, þjóðartekjur á Íslandi eru með þeim allra hæstu sem fyrirfinnast í heiminum í dag. Þess vegna kemur margt einkennilegt í ljós þegar við berum saman launatekjur fyrir dagvinnu eins og þær þekkjast á Íslandi við sambærilegar tekjur í nágrannalöndum okkar. Þá kemur í ljós að launatekjur fyrir dagvinnulaun ein sér í nágrannalöndum okkar eru miklum, miklum mun hærri en sambærilegar tekjur á Íslandi þrátt fyrir það að þjóðartekjur í þessum löndum, reiknaðar út á hvert mannsbarn, séu mjög sambærilegar eða jafnvel lægri. Það er eitthvað meira en lítið að í íslensku efnahagslífi að svona skuli vera. Íslenskt efnahagslíf hefur lagað sig að lágum launum og kemst ekki upp úr þeim farvegi, á sama hátt og efnahagslífið í nágrannalöndunum hefur lagað sig að miklu hærri dagvinnulaunum. Þar virðast málin ganga bærilega þó að vissu leyti sé við ýmis vandamál að glíma í efnahagslífinu eins og annars staðar. Ég er hins vegar sannfærður um það að efnahagslíf Íslendinga gæti mætavel aðlagast mun hærri dagvinnulaunum en gerist meðal þjóðarinnar í dag. Hins vegar gengur mjög illa að fá fram nokkrar breytingar. Eins og hér hefur komið fram áður í umræðunum þá hefur þrátt fyrir 70 ára þrotlausa baráttu verkalýðshreyfingarinnar hvorki gengið eða rekið að fá lægstu launin hækkuð þannig að þau séu í nokkru samræmi við það sem framfærslukostnaður einstaklinga og fjölskyldna er í landinu.

Það að setja lágmarkslaun eða öllu heldur lögbinda lágmarkslaun, eins og þm. Kvennalistans hafa haldið hér fram bæði í þessum umræðum og reyndar oft áður á Alþingi, er í mínum huga ekki lausn, einfaldlega vegna þess að þá gerist nákvæmlega það sama og alltaf hefur gerst í öllum kjarasamningum á Íslandi að þó það sé einlægur ásetningur þeirra sem stýra kjaramálum að gera nú betur fyrir lágtekjufólkið og láta það njóta góðs af þeim kjarasamningum sem verið er að gera, þá skulu slíkar kjarabætur *ævinlega halda upp allan launastigann*. Þegar liðnir eru nokkrir mánuðir frá því að slíkir kjarasamningar hafa verið gerðir, þá er allt við hið sama, lágtekjufólkið situr eftir með verri laun en áður og þeir sem hafa miklu hærri tekjur hafa fengið jafngóðar og hlutfallslega betri launabætur. Það að lögbinda lágmarkslaun breytir hér engu um. Það gerist nákvæmlega það sama að þegar liðinn er nokkur tími frá því að slík lágmarkslaun hafa verið lögbundin, þá er svipuð hækkun komin upp allan launastigann. Verðbólgan í landinu stillir sig þá inn á lögbundin lægstu lágmarkslaun og allt situr við hið sama: þeir sem hafa þessi lögboðnu lágmarkslaun eru jafnilla settir og þeir voru fyrir.

Þessi till., sem hv. 16. þm. Reykv. er fyrsti flm. að, till. um launabætur og að hækka persónuafslátt til að skattleysismörk launþega fari upp í 55 þús. kr., er eina raunhæfa tillagan sem ég hef séð í langan tíma til að reyna að leysa þetta vandamál að það sé hægt að lagfæra laun lágtekjuhópanna án þess að það skili sér upp allan launastigann. Hér er einfaldlega verið að *tala* um, eins og reyndar kom fram í máli hv. 1. þm. Vestf., neikvæðan tekjuskatt. Það hefur oft verið talað um að það sé hugsanlega leið að grípa til þess að greiða út neikvæðan tekjuskatt. Hér er þetta gert á mjög skýran og einfaldan hátt sem allir ættu að geta skilið. Það að það sé óæskilegt að grípa til þess að greiða út neikvæðan tekjuskatt eða eins og hér er rætt um, að greiða launþegum þann hluta persónuafsláttar sem þeir hafa ekki getað nýtt sér, sé ekki góð lausn, þ.e. að ríkið eigi ekki að grípa á þann hátt inn í launakjör launþega, er að mínu viti rangt vegna þess að þeir launþegar sem ekki hafa getað nýtt persónuafsláttinn að fullu eiga eftir sem áður fullan rétt á því að fá þennan persónuafslátt alveg eins og hinir sem hafa hærri launin geta nýtt persónuafslátt sinn að fullu. Þeir sem ekki geta nýtt persónuafsláttinn vegna þess að þeir hafa það lág laun fyrir, þeir eiga að sjálfsögðu heimtingu á því og allan rétt á því að fá persónuafsláttinn að fullu reiknaðan sér til tekna alveg eins og þeir sem hafa hærri launin geta nýtt sér persónuafsláttinn.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég vil aðeins þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um þessa till. til þál. Það er auðheyrt að sá áhugi sem hefur verið meðal þm. á því að ræða um launakjör og þau vandamál sem eru nú í þjóðfélaginu varðandi launakjör hinna lægst launuðu styður okkur í þeirri trú að við þm. Borgarafl. séum að gera hér rétt.

Að lokum vil ég síðan taka undir með hv. 11. þm. Reykn. sem var hér í ræðustóli á undan mér, þar sem hann bendir réttilega á að enn er mikið góðæri á Íslandi. Mikill sjávarafli er fyrir hendi, það fæst gott verð fyrir hann á öllum útflutningsmörkuðum og olíuverð fer nú lækkandi. Þetta góðæri er hins vegar sú máttlausa ríkisstjórn sem nú situr við völd að eyðileggja með því að hún ratar ekki á rétta leið í efnahagsmálunum. Ríkisstjórnin reynir hins vegar að telja almenningi trú um að svo sé ekki með því að láta birta þjóðhagsspár sem mála hlutina mjög dökkum litum. Virðist sem þetta eigi að réttlæta það fyrir launafólki að það verði enn á ný að axla byrðarnar og sætta sig við dagvinnulaun langt undir framfærslukostnaði. Þetta fólk á hins vegar mjög litla sök á hinum gífurlega viðskiptahalla sem nú

hrjáir þjóðarbúskapinn og væri nær að hæstv. ríkisstjórn færi að beina spjótum sínum að því vandamáli en léti okkur eftir að koma með raunhæfar tillögur og lausnir á vanda láglaunafólksins.

Annars má líka taka undir með hv. 7. þm. Reykv. þegar maður lítur hér yfir þingsalinn. Hæstv. ríkisstjórnin er nánast flúin af hólmi og væri þá e.t.v. einfaldast að mynda nýja ríkisstjórn með þeim þm. sem eftir eru.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég hef mikla samúð með þeim málstað sem kemur fram í þessari till. og ég hefði gjarnan viljað rétta tillögumönnum höndina og reyna að finna leið til að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Það er raunar athyglisvert að þessi till. skuli vera flutt af einum okkar reyndasta verkalýðsforingja sem fyrsta flm., 16. þm. Reykv.

Það kemur í rauninni fram hjá henni eftir hennar starf að hún treystir því ekki að verkalýðshreyfingin geti náð því að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Það kemur fram í grg. að þrátt fyrir, eins og hér er sagt, 70 ára þrotlaust starf verkalýðshreyfingarinnar þá hefur þetta í reynd ekki tekist. Við höfum horft upp á það að þær tilraunir sem gerðar hafa verið hafa haft hörmulegar afleiðingar nákvæmlega eins og flm. hafa lýst hér að láglaunabætur eða hækkanir á launum til þeirra lægst launuðu hafa gengið upp úr kerfinu, valdið verðbólgu sem hefur brennt upp launabætur þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

En mér er spurn: Tala menn ekki dálítið út og suður í þessari umræðu? Eru menn ekki dálítið að rugla saman hérna tveimur meginatriðum, annars vegar því að bæta kjör þeirra lægst launuðu og hins vegar því að reyna að koma höggi á ríkisstjórnina? Ég held nefnilega að verkalýðshreyfingin, sem hér er talað um að barist hafi þrotlaust í 70 ár, sé ekki heppilegt samheiti í þessu sambandi. Verkalýðshreyfingin eða launþegasamtökin samanstanda af ákaflega mörgum hópum. Og ég er ansi hræddur um það ef grannt er skoðað að það að launahækkanirnar hafa gengið upp úr eigi ekki alfarið að skrifast á reikning ríkisstjórnarinnar hverju sinni. Það skyldi nú ekki vera að verkalýðshreyfingin sjálf eigi ansi stóran þátt í því?

Mig minnir að ég hafi heyrt oftar en einu sinni umræður í þá átt að þegar búið var að hækka þá lægst launuðu hafi næsti hópur fyrir ofan komið og sagt: Ég hef miklu meiri menntun en þetta fólk. Ég á að fá meiri launahækkun en það. Ég hef alltaf haft þetta miklu meiri laun en það. Ég hef mánuði lengra námskeið en þessir. Þess vegna á ég að fá þetta miklu meiri laun en þeir. Þannig hefur þetta gengið upp úr öllu kerfinu og þar hefur ekki verið við ríkisstjórnina að sakast. Þar hefur verið við verkalýðshreyfinguna sjálfa að sakast. Ég held að sá meginkjarni sem menn mega ekki missa sjónar af í þessari umræðu allri saman sé sá kjarni sem kemur einmitt fram í flutningi þessarar till. hjá einum af okkar reyndustu verkalýðsforingjum og grg. sjálfri: að kjarasamningar duga ekki til að breyta launahlutföllum á Íslandi. Reynslan hefur margsýnt það. Kjarasamningar eru nefnilega eitt íhaldssamasta fyrirbrigði sem til er á landinu. Þeir viðhalda í reynd launamun. Það hefur margsýnt sig að hvað sem stjórnvöld hafa reynt og viljað gera hverju sinni þá hafa þau ekki ráðið við þessa þróun. Þess vegna hygg ég að það sé einföldun að segja að þrátt fyrir þrotlausa baráttu verkalýðshreyfingarinnar í 70 ár hafi þessi launahækkun gengið upp úr. Að hluta fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar, launþegahreyfingarinnar hafa þessar bætur til þeirra lægst launuðu gengið upp úr. Og þannig mun það vafalaust verða. Eðli mannsins mun ekki breytast svo skjótt.

Þess vegna er ég sammála því sem fram kemur, og það er í rauninni raunalegt að það skuli koma fram jafnvel hjá okkar verkalýðsforingjum, ég er sammála því að það er ekki unnt að bæta kjör þeirra lægst launuðu með kjarasamningum. Þar er ekki fyrst og fremst við ríkisstjórn landsins að sakast. Þar er við aðra aðila að sakast, við aðila innan launþegahreyfingarinnar sjálfrar vegna þess að verkalýðshreyfingin samanstendur af mörgum óskyldum og ólíkum öflum. Og þrátt fyrir vilja ríkistjórnarinnar hefur ekki tekist að bæta kjör þeirra lægst launuðu.

Ég er þeirrar skoðunar að kjör þeirra lægst launuðu verði ekki bætt nema fyrir tilstilli ríkisins, ríkisvaldsins eins og reyndar er miðað að með þessari till. þó að ég hafi ákveðnar efasemdir um till. sjálfa. Það verður vafalaust að gera annaðhvort í gegnum tekjuöflunarkerfið eða tryggingakerfið á einhvern hátt. Hér er reynt að fóta sig á ákveðinni leið með flutningi þessarar till. og það er mjög góðra gjalda vert. Hins vegar er þetta mál mjög vandasamt. Það er mjög vandasamt.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Svavar Gestsson sagði einmitt hér í ræðustól — og ekki dettur mér í hug að væna hann um það að hann vilji ekki frekar en nokkur annar hér inni reyna að bæta kjör þeirra lægst launuðu — hann sagði að sér væru minnisstæð þau mistök sem gerð voru þegar láglaunabæturnar voru settar á. Mistök, sagði hann. Og því miður voru það mistök. Vegna hvers? sagði þm. Vegna þess að grunnurinn sem gengið var út frá var ónýtt skattakerfi. Skattakerfið hjá okkur hefur ekki reynst heppilegur mælikvarði til þess að fara þessa leið. Því miður.

Á Íslandi er það svo að skattyfirvöld hafa í mörgum tilvikum enga möguleika á að vita hvaða tekjur viðkomandi framteljandi hefur nema samkvæmt upplýsingum frá honum sjálfum. (Gripið fram í.) Ég held því miður að ég verði að svara fyrsta flm. á þann veg að það er vandi. Það er mikill vandi. Öll þjóðfélög í kringum okkur hafa barist við það að koma á skattakerfi þar sem ekki væri unnt að svíkja undan skatti. Engum hefur tekist það. Ég held að það verði seint fundið það kerfi sem hugvitssamir menn komast ekki fram hjá á einhvern hátt.

Ég verð að segja það að ég skil þessa till. þannig að ef hún væri samþykkt þá mundu mínir skattar lækka um nánast 5000 kr. á mánuði og hv. þm. Alberts Guðmundssonar líka. Ég efast um að það sé meiningin með tillöguflutningnum. Ef persónuafslátturinn hækkar í þeim mæli sem hér er gert ráð fyrir, þá sýnist mér að það verði almenn skattalækkun upp úr og hún komi ekki fyrst og fremst fram sem bætur til þeirra sem minnst hafa.

Þess vegna held ég að þessa till. þurfi að skoða betur. Það er líka ljóst að þeir erfiðleikar sem menn standa nú frammi fyrir í kjarasamningum eiga að hluta rót sína að rekja einmitt til þess máls sem hér er til umræðu. Ég vil segja það beint út úr mínum huga að hér er fjallað um réttlætismál og ég vil taka þessari tillögu með opnum huga. Ég held þó að hún þyrfti verulegrar breytingar við og talsverðrar athugunar ef hún ætti að koma að gagni.

Ellert J. Eiríksson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka þátt í þessari umræðu um launamisrétti í landinu og með leyfi flm., hv. 16. þm. Reykv., vil ég fjalla aðeins um þetta eins og aðrir hér í dag í aðeins víðara samhengi en nákvæmlega þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég vil byrja á því að taka undir með flm. og þar þekki ég til af eigin reynslu eftir margra áratuga reynslu í kjarasamningum, þó ekki á sama vettvangi og flm. heldur fyrir opinbera starfsmenn, að hinir lægst launuðu í þessu þjóðfélagi munu seint fá kjarabætur í gegnum kjarasamninga. Við getum spurt okkur að því hver á að vera sú upphæð sem einstaklingur í íslensku þjóðfélagi þarf til að framfleyta sér á átta stunda vinnudegi. Eru það 30 þús., 40 þús., 50 þús. eða eins og hv. flm. leggur til, 55 þús. kr.? Því hér er þessi till. með útreikningi. Ég geri ráð fyrir því að séu skattleysismörk miðuð við 55 þús. kr. hljóti það þá að vera það sem viðkomandi telur að séu viðunandi laun fyrir átta stunda vinnudag til að framfleyta einni manneskju eða einum einstaklingi á Íslandi. Við skulum vera sátt með það. Þetta sé hin rétta viðmiðun.

En þá kemur hinn þáttur þessa máls og hann er sá og það þekkja allir að grunnlaun, hver svo sem þau eru, í þessu landi eru reiknitölur fyrir alla aðra en þann lægst launaða. Ofan á 31 400 kr., sem nýbúið er að semja um á sumum stöðum og fella á öðrum stöðum, eru reiknaðar uppbætur, það er reiknaður bónus. Það reikna iðnaðarmenn, það reikna verkfræðingar og tannlæknar, það reikna allir og miða sig við þessi lágmarkslaun í landinu. Því miður er þetta staðreynd og svona hefur þetta verið þannig að það er ekki víst að þjóðfélagið þoli hærri lágmarkslaun sem reiknitölu þó að það séu algjörlega óviðunandi lífskjör sem af þeim launum hljótast.

Sem dæmi um hvernig þetta mál snýr við launþeganum, þá hringdi í mig í morgun kona sem ég er nýbúinn að semja fyrir sem atvinnurekandi, fyrir hana og stallsystur hennar. Hún er yfirsímavörður og síðan hefur hún náttúrlega að sjálfsögðu símaverði. Þeir fengu 9% kauphækkun því þeir voru lægra launaðir en hún en hún fékk 6% kauphækkun. Hún var yfir sig vond yfir þessari svívirðu að við skyldum láta okkur detta það í hug að bilið milli hennar og lægra settu stúlknanna skyldi minnka. Hún fékk hjá okkur kauplækkun. Samkvæmt sinni kenningu fékk hún kauplækkun. Og ég sagði: Varstu ekki að fá uppbót sem nemur 15 þús. kr. fyrir þetta tímabil sem við vorum að semja um? Hún sagði: Jú, en þær fengu 30 þús. Og ég sagði: Finnst þér það ósanngjarnt? Þú ert verulega hærra launuð. Já, mér finnst það. Ég vil hafa sama bil. Þetta var ekki atvinnurekandi. Þetta voru starfsmenn verulega neðarlega í launataxtanum. Þetta eru viðhorf sem eru að speglast hér í þjóðfélaginu. Mér finnst ýmsir stjórnarandstöðuþm. hafa stytt sér leið þegar þeir hafa verið að skýra hér hvers vegna verið sé að fella kjarasamningana úti um land. Þeir virðast ekki hafa lesið það sem verkafólk er að segja að sé grunnástæðan.

Starfsfólk í fiskiðnaði segir: Eigum við eftir þriggja, fimm eða sjö ára starf að byrja á sömu launum og 16 ára strákur sem er að fara að vinna í byggingariðnaði? Þetta er staðan sem blasir við þeim. Þeir eru ekki að bera sig saman við SÍS-forstjóra sem hafa 1,1 eða 1,5 millj. kr. í mánaðarlaun. Þeir minnast bara ekki á hann. Hann er ekki innan þeirrar seilingar, innan þeirra marka sem þeir eru að bera sig saman við. Þeir eru að bera sig saman við jafningja, þá sem eru við hliðina á þeim. Og þeim finnst að þeirra hlutur hafi verið verulega skertur í samanburði við þá. Síðan eru þeir kannski ekki sáttir með þau laun sem þeir fá til að lifa af. En megintónninn hjá þeim sem eru að fella þessa kjarasamninga er að það sé minna til handa kvenfólki í fiskiðnaði út úr þessum samningum heldur en iðnaðarmönnum eða einhverjum öðrum stéttum. Ég er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar og dreg ekkert af mér við það. Og það geta menn fundið hér. Það er verið að stytta sér leið að halda það að allt sem aflaga fer í þessu þjóðfélagi sé ríkisstjórninni að kenna og allt það sem er að gerast þegar menn eru að fella kjarasamninga tengist því eingöngu og einu. Sjálfsagt hefur það áhrif þegar við leggjum á matarskatt. Ég efast ekkert um það. Og það hefur áhrif þegar gengið er fellt um 6%.

Þá kemur að því hvaða áhrif það hefur að fella gengið um 6%. Hv. ritari hér, Guðni Ágústsson, lýsir því yfir að það sé verið að loka í sínu kjördæmi vinnustöðum þar sem 100 manns vinna. Ég veitti því athygli sem frá var greint þegar hæstv. utanrrh. Steingrímur Hermannsson fór til Kína. Veittu menn því athygli hvað þar kom fram? Kínverskir ráðamenn státuðu sig af því að þeir væru með til sölu verkamenn fyrir 1 dollar á dag í 10 klukkustundir að vinna í Kína ef þú vildir þiggja það. Konur fyrir 50 sent, 10 stunda vinnu. Og hvað er búið að gera? Það er búið að flytja lopa frá Íslandi til Kína til að láta konur í Kína prjóna fyrir 50 sent, tæpar 20 kr., á dag lopapeysur, flytja þær til Íslands og selja þær sem

íslenska vöru. Mér er til efs og ég skil ekki hvernig við eigum að geta keppt við 50 sent á dag suður í Kína. Það er ekki hægt.

Ég heyrði talað um verð á blokk frá Kanada, fyrsta flokks þorskblokk — af því að við vorum að koma hér fyrir nokkrum dögum frá stofnuninni sem eyðir fiski, Hafrannsóknastofnun — að þorskur, sem var veiddur við Nýfundnaland og búið er að pakka niður í 5 punda pakkningu, þ.e. 2,5 kg af beinlausum, roðflettum fiski eru seld í Bandaríkjunum á 2 dollara og 20 sent. Hvað eru það margar krónur íslenskar? Það er hundraðkall. Fyrir 2,5 kg af beinlausum þorski! Hvaða maður, fyrirtæki á Íslandi vill vinna fyrir svo lág laun sem þarf til þess að framleiða það og hafa hagnað af? Hver gerir það í raun veru? Þannig að það er margt í þessu.

Eins og hv. 1. þm. Vestf. gat um eru því miður ýmsir í okkar þjóðfélagi bæði eftirlaunaþegar og ellilífeyrisþegar sem eru kannski á þessum allra lægsta taxta og það er hópur fólks. Okkur ber skylda til að rétta þeim hjálparhönd. Ég tek fullkomlega undir það. Okkur ber skylda til þess. En ég sé ekki í dag nákvæmlega hvernig það er gert.

Og af því að klukkan er farin að ganga sex og ég lofaði að hætta kl. 5 vil ég ljúka þessu með því að segja að ég þakka flm. fyrir að koma með þetta mál hér inn á þing af því að það hlýtur að þróast í meðferðinni og okkur ber skylda til að finna leið til að bæta kjör þeirra sem eru lægst launaðir í þjóðfélaginu án þess að það fari upp allan launaskalann og geri fjölda starfsgreina á Íslandi, ekki síst úti á landi, ósamkeppnishæfa á erlendum markaði.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

57. fundur, þriðjudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur þetta bréf, dags. 7. mars 1988:

„Eggert Haukdal, 3. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á þingi taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Arndís Jónsdóttir kennari, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Arndísar Jónsdóttur. Þess er farið á leit að hv. kjörbréfanefnd taki kjörbréf þetta nú þegar til meðferðar og á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar Kr. Guðfinnsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir og athugað kjörbréf 2. varamanns Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Arndísar Jónsdóttur kennara, og mælir með að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Arndísar Jónsdóttur samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Arndís Jónsdóttir, 3. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Arndís Jónsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

EFRI DEILD

66. fundur, þriðjudaginn 8. mars, að loknum fundi í Sþ.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um aðgerðir í sjávarútvegi sem er staðfesting á brbl. sem sett voru á sl. sumri. Þá var gert ráð fyrir því að ekki yrði greiddur út hluti af endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti heldur yrði hann geymdur í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Með tilliti til þeirra breyttu aðstæðna sem orðið hafa síðan þessi ákvörðun var tekin þykir einsýnt að nauðsynlegt sé að greiða þennan söluskatt út eins fljótt og verða má. Hér er um að ræða 136,5 millj. kr. sem lagt er til að greiðist í sama hlutfalli og verið hafði á árinu 1987 þegar þessar greiðslur fóru fram.

Þar sem verulegar umræður hafa orðið um þetta

mál að því er varðar annað mál sem nýlega var hér til afgreiðslu, þá vænti ég þess að hv. sjútvn. sjái sér fært að afgreiða málið hið allra fyrsta þannig að fjármunir þessir geti komið til greiðslu nú á næstu dögum.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem segja má að menn hafi búist við að yrði fjallað um nokkuð fyrr. Það hefur legið dálítið án þess að það væri tekið til afgreiðslu. Það má kannski segja að aðalatriði frv. sé það að verið er að samþykkja brbl. sem gefin voru út í sumar en þó með ansi miklum breytingum og þeim breytingum helst að fallið er frá aðalatriði brbl., þ.e. því að uppsafnaður söluskattur skuli endurgreiddur til fiskvinnslunnar, en ég hefði einmitt haldið að sá hluti málsins hefði þurft að vera kominn fyrr til afgreiðslu hér á hv. Alþingi til þess að fyrirheit um þessa endurgreiðslu yrðu efnd fyrr. Vera má að þegar sé farið að endurgreiða þetta og væri fróðlegt að heyra hvað ráðherra segir um það. Það má vera að svo sé. En eins og staðan er í fiskvinnslunni nú hefði ekki veitt af því að það væri gert.

Ég held að það sé ekki úr vegi að lofa hv. þm. að heyra rökin fyrir brbl. til að minna menn á hvað þeir voru þá framsýnir og sáu vel fyrir hvernig hlutirnir mundu ganga fyrir sig og hversu einföld þau ráð voru sem áttu að duga til þess að draga úr þenslu og verðbólgu eins og þar segir. Með leyfi forseta ætla ég þá að lesa upp það sem forseti Íslands gjörir kunnugt með brbl.:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Sjútvrh. hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að grípa nú þegar til efnahagsráðstafana til þess að hemja verðbólgu og treysta jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Þar á meðal séu ráðstafanir í sjávarútvegi til að draga úr þenslu og jafna aðstöðu milli greina innan sjávarútvegsins. Hafa þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa tekið inn í stjórnarsáttmála sinn ákvæði þar að lútandi."

Ég held að það sé ástæðulaust að hafa fleiri orð um þetta annað en það að mikið voru þeir ráðherrar og sú ríkisstjórn framsýn sem gerði þessa hluti sem upphafsverk sín og töldu það að þessir hlutir væru nauðsynlegir kannski fyrst og fremst til þess að hemja verðbólgu og draga úr þenslu.

Þetta mál kemur til umfjöllunar í sjútvn. þar sem ég á sæti og við lítum sjálfsagt á þetta og fjöllum um það í nefndinni. Og varla mun á okkur nefndarmönnum standa að flýta málinu hér í gegnum deildina.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða aðgerð sem tvímælalaust er nauðsyn að framkvæma eins og sakir standa. Hins vegar er mikil spurning um það hvort hér sé nóg að gert og ég dreg það í raun í efa. Það má einnig velta því fyrir sér hvers vegna sá vandi sem nú steðjar að í sjávarútvegi var svo vandséður fyrir fram eins og hv. síðasti ræðumaður benti á.

Á sl. vori virtist allt benda til þess, allar þær upplýsingar sem fyrir lágu, að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi væri vænleg matarhola þar sem finna mætti fé fyrir ríkissjóð og ég minnist þess að um það var rætt í stjórnarmyndunarviðræðum í vor. Nú er hins vegar allt annað upp á teningnum og það sýnir okkur kannski hversu sveiflukenndur aðalatvinnuvegur okkar er og líka hversu vandséð þróun hans getur verið fyrir fram nema þá að einhverjum stærðum hafi hreinlega verið haldið leyndum í efnahagsdæminu í vor.

Síðan er annað í þessu máli. Það er dálítið vafasamt þegar verið er að leggja launaskatt á atvinnugrein sem greinilega þarf síðan að styrkja með hinni hendinni. Það er tekið með annarri og stutt með hinni. Það einhvern veginn gengur ekki alveg upp í mínum huga. En ég hlýt samt að fallast á það að þetta er aðgerð sem þarf að framkvæma eins og nú stendur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

68. fundur, þriðjudaginn 8. mars, að loknum fundi í Sþ.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. VE og MB, 299. mál (skipting lána milli kjördæma o.fl.). — Þskj. 603.

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Herra forseti. Meginefni þessa frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem ég mæli hér fyrir, er að útlán í helstu lánaflokkum í Byggingarsjóði ríkisins skiptist í sama hlutfalli milli kjördæma og greitt er í lífeyrissjóði. Ég tel að þessi breyting sé nauðsynleg í ljósi þeirra miklu fjármagnsflutninga frá landsbyggðinni sem orðið hafa í skjóli húsnæðislánakerfisins. Enn fremur eru í frv. ákvæði um að Byggingarsjóð ríkisins megi varðveita í öðrum lánastofnunum en Seðlabanka Íslands, að fyrirtækið geti sótt um almenn húsnæðislán til byggingar leiguíbúða fyrir starfsfólk sitt, að auðvelda byggingu almennra leiguíbúða fyrir aldraða og að heimila að breyta kjörum á óhagstæðum eldri húsnæðislánum til samræmis við núverandi kjör.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á húsnæðislánakerfið frá íbúum landsbyggðarinnar. Þessi gagnrýni hefur fyrst og fremst beinst að hinum mikla tilflutningi á fjármagni frá landsbyggðinni sem orðið hefur í

gegnum þetta kerfi. Staðreyndin er sú að til Reykjavíkur fóru 48,2% af úthlutuðu fjármagni úr Byggingarsjóði ríkisins á þeim tíma sem úthlutað var á árunum 1986 og 1987, en til kjördæmanna utan Reykjavíkur og Reykjaness fóru 26,5% af úthlutuðu fjármagni. Þessi hlutföll verður að bera saman við hversu stór hluti af greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði verður til í Reykjavík annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar. Reikna má með að 37,2% af þeim fjárhæðum sem greiddar eru til lífeyrissjóða komi frá Reykjavík en 38,4% komi frá kjördæmunum utan Reykjavíkur og Reykjaness. Þannig hefur mun stærra hlutfall af úthlutunum Byggingarsjóðs ríkisins farið til Reykjavíkur en svarar til greiðslna í lífeyrissjóði og mun minna farið til landsbyggðarinnar en svarar til framlags hennar til þeirra sjóða. Reiknað í krónum er þessi mismunur um 1 milljarður sem Reykjavík hefur fengið meira í úthlutanir en samsvarar greiðslum í lífeyrissjóði. Reykjanes stendur á sléttu og önnur kjördæmi hafa því lagt höfuðborginni þessa peninga til.

Fjármagnsflutningurinn frá einstökum kjördæmum er þannig að frá Vesturlandi hafa farið 125 millj. kr., frá Vestfjörðum hafa farið 132 millj. kr., frá Norðurlandi v. hafa farið 177 millj. kr., frá Norðurl. e. hafa farið 237 millj. kr., frá Austurlandi hafa farið 180 millj. kr. og frá Suðurlandi 204 millj. kr.

Þessi tilflutningur á fjármagni, sem er vissulega mjög alvarlegur, var alls ekki með ásetningi gerður þegar lögin um Húsnæðisstofnun voru samþykkt í kjölfar febrúarsamninganna 1986. Mér er fullkunnugt um þau mál þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd er samdi lagafrv. í kjölfar febrúarsamninganna. Þá bjuggust menn við því að útlán mundu skiptast nokkuð eðlilega milli kjördæma og ekki væri þörf á því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja einhverja tiltekna réttláta skiptingu. Hins vegar hefur það komið í ljós eftir að nýja lánakerfið var farið í gang að þessar vonir hafa því miður gjörsamlega brugðist. Þess vegna verður að gera ráðstafanir í hátt við þær sem hér er lagt til. Það eina sem farið er fram á er að íbúar landsbyggðarinnar fái sjálfir að nýta það fjármagn sem þeir skapa með framlögum sínum í lífeyrissjóði. Ef enginn Byggingarsjóður ríkisins væri til og þessi mál alfarið í höndum lífeyrissjóðanna sjálfra, eins og mörgum þykir skynsamlegast, væri þetta vandamál ekki til staðar. Þá væri landsbyggðin ekki að missa neitt frá sér. En við sitjum uppi með þetta kerfi og það hefur möguleika til þess að vera til nokkurrar frambúðar ef rétt er á málum haldið.

Nokkuð hefur verið talað um að skipting útlána milli kjördæma eins og lagt er til í frv. gagnist ekki því að fólk vilji ekki byggja á landsbyggðinni. Þetta er einfaldlega ekki rétt. Margt fólk vill byggja á landsbyggðinni og samkvæmt úttekt, sem gerð var á áformum rúmlega 5000 umsækjenda hjá Byggingarsjóði, voru rúmlega 1600 þeirra af landsbyggðinni og af þeim ætluðu um 80% að byggja eða kaupa á landsbyggðinni.

Með þessu frv. er ekki verið að leggja til neina átthagafjötra á fólk heldur er verið að leggja til að fólk á landsbyggðinni fái að nota sína eigin peninga sjálft. Þetta er fólk sem að meginhluta trúir á framtíðina í sinni heimabyggð og er tilbúið til að fjárfesta þar í íbúðarhúsnæði.

Ég ætla ekki að rökstyðja þetta mál með því að það vinni gegn þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé í sjálfu sér engum ofsjónum yfir því að Reykvíkingum gangi vel. Mestu máli skiptir að uppgangurinn hér í höfuðborginni sem annars staðar hvíli á traustum grunni og hann gerir það ekki meðan húsnæðislánakerfið virkar sem tæki til að flytja peninga frá landsbyggðinni. Slíkt fær einfaldlega ekki staðist. Það er réttlætismál að sjá til þess að það fólk sem skapar fjármagnið fái að njóta ávaxtanna af því.

Önnur gagnrýni sem fram hefur komið á húsnæðislánakerfið og reyndar á margt annað í peningalegum ráðstöfunum opinberra aðila er sú tilhneiging að varðveita sem flesta sjóði í Seðlabanka Íslands. Þetta er að ýmsu leyti óheppilegt og ætti að gefa meiri gaum að því að ávaxta fé í almennum lánastofnunum. Þetta á e.t.v. ekki síst við um Byggingarsjóð ríkisins þar sem reiknað er með því að 500 millj. kr. verði í sjóði þar um næstu áramót. Ekki er óeðlilegt að þetta fé sé varðveitt sem næst þeim stöðum þar sem þess er aflað. Þess vegna er lagt til að Byggingarsjóð megi ávaxta í fleiri peningastofnunum en Seðlabanka Íslands.

Fyrirtæki á landsbyggðinni standa oft frammi fyrir því að þurfa að ráða til sín nýtt starfsfólk sem þarf að flytja á viðkomandi stað. Þrátt fyrir alla umræðuna um að fólk sé að flytja frá landsbyggðinni er staðreyndin hins vegar oft sú að húsnæðisskortur er víða tilfinnanlegt vandamál, sérstaklega skortur á leiguhúsnæði. Þess vegna hafa mörg fyrirtæki á landsbyggðinni fjárfest í íbúðarhúsnæði sem þau leigja starfsfólki yfirleitt um skemmri tíma meðan fólk er að koma sér fyrir. Ástæða er til þess að auðvelda fyrirtækjum að komast yfir íbúðir í þessu skyni.

Hæstv. félmrh. hefur nú lagt fram frv. um kaupleigu sem rætt var hér um daginn. Kaupleiguíbúðir munu vissulega gagnast ýmsum fyrirtækjum en ég tel að það sé ekki nóg. Kaupleiguformið kallar á visst kerfi og getur orðið þungt í vöfum nema fólk búi í kaupleiguíbúðunum um lengri tíma. Það er oft sem fyrirtæki þurfa að ráða fólk með stuttum fyrirvara og geta því ekki farið í gegnum allan þann umsóknarferil sem fylgir kaupleiguíbúðunum. Kaupleiguíbúðir henta líklega fyrst og fremst fólki sem þegar er komið á viðkomandi staði og hefur tekið ákvörðun um að setjast þar að um nokkurra ára skeið. Þær henta hins vegar ekki jafn vel því fólki sem ræður sig fyrst í nokkra mánuði. Þess vegna er nauðsynlegt að fyrirtæki geti byggt leiguíbúðir með almennum húsnæðislánum og leigt starfsfólki sínu um skemmri tíma þar sem sveigjanleiki er mikill í samningum og öllu fyrirkomulagi. Flest fólk sem flytur út á land á nýja staði þarf ekki slíkt leiguhús-

næði nema í sex mánuði til tvö ár. Þá er það búið að ákveða hvort það vill ílengjast á viðkomandi stað og búið að komast yfir eigið húsnæði ef það ætlar sér að vera til frambúðar.

Þá eru í þessu frv. tvö tiltektarmál sem ég tel rétt að tekið sé á. Hið fyrra er að þeir sem byggja almennar leiguíbúðir fyrir aldraða eigi kost á hámarksláni. Ég reikna ekki með því að margir byggi slíkar íbúðir, en ef svo skyldi vera þykir mér rétt að þessi heimild sé til staðar. Seinna tiltektarmálið er að þeir sem hafa tekið lán á óhagstæðari kjörum en nú gilda eigi rétt á því að fá kjörunum breytt til samræmis við nýju kjörin. Hér hef ég fyrst og fremst þá í huga sem á sínum tíma tóku að hluta verðtryggð lán þar sem ⅔ lánsins voru verðtryggð með 9,5% raunvöxtum en hinn hlutinn var óverðtryggður. Nú hefur komið á daginn að þessi lánskjör hafa reynst þyngri en þau kjör sem boðin eru nú, þar sem eru 3,5% vextir ofan á fulla verðtryggingu. Því þykir mér rétt að komið sé til móts við þetta fólk.

Hæstv. félmrh. hefur boðað nefndarskipan til þess að endurskoða húsnæðislöggjöfina í heild sinni. Þetta frv. sem hér er flutt er að sjálfsögðu innlegg í það starf, en ég tel samt sem áður rétt að hreyfa hér þeim atriðum sem í frv. eru þar sem nauðsynlegt er að þau fái sérstaka athygli hv. þm. Það er slíkt hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar að stöðva fjármagnsflutningana að það verður að taka sérstaklega á því máli. Nefnd félmrh. hefur enn ekki hafið störf og mér sýnist á öllu að árangurs af starfi hennar sér fyrst að vænta næsta haust og breytinganna á lögunum fyrst um næstu áramót. Ég vil því biðja hv. þm. að íhuga vel hvort ekki sé þörf skjótari viðbragða við þeim vanda sem við er að glíma og hvort ekki sé rétt að breyta lögunum með þeim hætti sem hér er lagt til meðan nefndin er að vinna upp sínar tillögur um frambúðarlausn.

Nú nýlega hefur aftur hafist úthlutun lánsloforða hjá Húsnæðisstofnun. Þessi loforð eru í öðru formi en áður. Ekki er tilgreindur sá tími sem lánið kemur til útborgunar, heldur er sagt að umsækjandi verði látinn vita þegar um ár er í lánið. Ég tel að það þurfi því að bregðast skjótt við í þessum málum vegna þess að það má ekki gerast að annar milljarður kr. til viðbótar flytjist frá landsbyggðinni með því fé sem nú er verið að úthluta.

Herra forseti. Byggðamál og byggðastefna hafa mjög verið í brennidepli á undanförnum árum. Stjórnvöld hafa gert ýmsar aðgerðir til þess að rétta af hag landsbyggðarinnar og byggja upp atvinnulíf þar, en í þessum aðgerðum hefur iðulega ekki verið gætt að því að atvinnulífið á landsbyggðinni og hinar dreifðu byggðir hefðu skilyrði til þess að standa á eigin fótum. Þar kemur margt til, svo sem gengismál, innstreymi af erlendu lánsfé og fleiri þættir sem hægt væri að hafa um langt mál en eiga ekki beint heima í umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir.

Með hinu nýja húsnæðislánakerfi hefur hins vegar gerst slys sem þarf að bregðast við. Þetta slys er í því fólgið að lánin hafa runnið í mun ríkari mæli til Reykjavíkur en svarar til greiðslna í lífeyrissjóði í því kjördæmi og munar þar um 1 milljarði kr. Ekkert er hægt að gera við þá peninga sem búið er nú þegar að lofa einstaklingum úr Byggingarsjóði ríkisins. En það er ákaflega mikilvægt hagsmunamál fyrir landsbyggðina og hreint réttlætismál að slysið endurtaki sig ekki með því fé sem nú er verið að úthluta. Því er nauðsynlegt að bregðast skjótt við og afstýra næsta slysi. Í því skyni er þetta frv. flutt. Ég vona að hv. þm. séu sammála mér um nauðsyn málsins og hversu brýnt það er.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir er að mínu mati þarflegt innlegg í umræðu um húsnæðismálin einmitt nú þegar boðað hefur verið af hæstv. félmrh. að endurskoða skuli húsnæðislöggjöfina frá grunni, ef ég hef skilið málflutning hæstv. ráðherra rétt í umræðum hér um þessi mál á yfirstandandi þingi.

Ég tel að sú hugsun, sem kemur fram í frv. sem meginatriði þess, að greiða fyrir byggingu leiguíbúða úti á landi og tryggja að fjármagn flytjist ekki með þeim hætti sem reyndin hefur orðið undanfarin ár frá landsbyggðinni til byggingar íbúðarhúsnæðis hér á Reykjavíkursvæðinu sé fyllilega réttmæt.

Við alþýðubandalagsmenn höfum haft áhyggjur af þessari þróun og vakið athygli á henni með ýmsum hætti, m.a. með þátttöku í starfi milliþinganefndar um húsnæðismál sem skilaði áliti 1986 að mig minnir þar sem sérstök áhersla var lögð á, í framhaldi af setningu laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins á fyrri hluta árs 1986, að félagslega íbúðarkerfið yrði styrkt, reglur mótaðar um það. Sá hefur raunar lengi verið vilji okkar alþýðubandalagsmanna að þar yrði tekið á með öðrum hætti en reyndin hefur á orðið. Ég fagna því að af hálfu stjórnarliða og hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og Matthíasar Bjarnasonar, sem eru flm. þessa máls, skuli koma fram stuðningur við þessi sjónarmið og þeir skuli lýsa vilja sínum með þeim hætti sem fram kemur í frv. til þess að taka á þeim gífurlega miklu fjármagnsflutningum sem nú eiga sér stað í gegnum húsnæðislánakerfið frá landsbyggðinni til Reykjavíkursvæðisins. Þetta kemur fram með býsna ljósum hætti í fskj. í grg. frv. og sem hv. fyrsti flm. gerði skýra grein fyrir í máli sínu áðan.

Ég fékk upplýsingar frá hæstv. félmrh. nú ekki alls fyrir löngu varðandi skiptingu umsókna um húsnæðislán eftir kjördæmum. Það barst sem skriflegt svar á þskj. 555 í fyrri hluta febrúarmánaðar sl. Þar blasir við sú þróun og sú mynd, sem einnig er vakin athygli á í þessu frv., að nálægt ¾ af umsóknum um húsnæðislán eiga upptök sín eða stefna til ráðstöfunar viðkomandi fjármagns hér á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi. Þetta er auðvitað langt umfram hlutfall í íbúatölu viðkomandi svæða. Ég hygg að íbúahlutfallið sé eitthvað nálægt 60% í þessum kjördæmum tveimur

án þess að hafa tekið það saman sérstaklega, þannig að menn sjá á því hvers konar tilfærsla er hér á ferðinni og hv. frummælandi, fyrsti flm. þessa máls, nefndi tölur í því sambandi um hversu háar fjárhæðir þarna væri að ræða.

Ég tek eindregið undir það að húsnæðismálin eru mjög gildur þáttur í sambandi við byggðaþróun í landinu þó að vissulega komi þar margir fleiri þættir til, efnahagsstefna ríkisstjórnar á hverjum tíma, og mætti margt um það segja, en ég ætla ekki að fara út í það hér hvernig á þeim málum hefur verið haldið.

Það er staðreynd að skortur á leiguhúsnæði stendur vexti öflugra framleiðslustaða víða um landið fyrir þrifum. Víðast hvar á sjávarútvegsstöðum í landinu er verulegur skortur á leiguhúsnæði og þetta veldur því m.a. að fólk, sem vill reyna fyrir sér á þessum stöðum með atvinnu og hugsanlega búsetu í huga, annaðhvort kemst ekki í húsnæði eða fær inni í algjörlega óviðunandi húsnæði með litlu öryggi um að fá haldið því. Slíkar viðtökur fyrir t.d. fólk sem er búsett hér á Reykjavíkursvæðinu og vill leita út á landið eru auðvitað ekki til þess fallnar að laða fólk til að taka bólfestu á þessum stöðum. Sama gildir einnig um ungt fólk sem er uppvaxandi á viðkomandi stöðum og fólk sem færir sig til milli byggðarlaga á landsbyggðinni. Það ætti að eiga innangengt í leiguhúsnæði á viðkomandi stað á meðan það er að kanna þar aðstæður með tilliti til hugsanlegrar fjárfestingar á eigin vegum.

Ég tel að þau nýmæli sem koma fram í frv. um heimild til þess að veita einstaklingum og fyrirtækjum heimild til byggingar leiguíbúða og aðgang að fjármagni séu mjög athyglisverðar. Ég hef ekki kannað þetta mál í hólf og gólf, þannig að ég sé að taka neina endanlega afstöðu til einstakra atriða, en tek mjög undir það að þessi mál þarf að skoða vandlega í sambandi við endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni sem boðað er að fari fram nú alveg á næstunni.

Það er óskandi að það starf taki ekki mjög langan tíma. Það er geysilega brýnt að þarna verði mótaðar nýjar reglur í ljósi dýrkeyptrar reynslu sem við höfum fengið eftir endurskoðun húsnæðislaganna 1986. Allt það sem gert hefur verið frá þeim tíma er tiltölulega lítils virði í sambandi við þá öfugþróun sem snýr að byggingu íbúðarhúsnæðis úti á landi.

Það hefur ekki komið fram með skýrum hætti hvernig hæstv. félmrh. ætlar að standa að þessari endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, og þar sem ráðherrann er ekki viðstaddur er ekki hægt að inna hann eftir því sérstaklega. Fram hefur hins vegar komið að vinnuhópur hafi verið settur á laggirnar til þess að vinna að því verki eða undirbúa það. Þetta hlýtur að koma fram innan mjög skamms og væri auðvitað æskilegt að stjórnarandstaða ekki síður en stjórnarliðar fengju vitneskju um það með hvaða hætti hugmyndin væri að standa að endurskoðun í þessum mjög þýðingarmikla málaflokki.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram í máli 1. flm., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að grípa þurfi til aðgerða til þess að sporna við því að fé lífeyrissjóðanna úti á landsbyggðinni sé notað fyrst og fremst til að byggja á höfuðborgarsvæðinu. En ég held að það gæti e.t.v. orðið dálítið erfitt í sumum tilvikum að framkvæma það sem hér er gert ráð fyrir, að fé lífeyrissjóðanna fari ekki úr héraði, vegna þess að margir lífeyrissjóðir eru bundnir við allt landið. Þetta er þó sjálfsagt bara tæknilegt atriði og væri örugglega hægt að finna út úr því hversu mikið fé íbúar hvers svæðis greiða í lífeyrissjóð.

Ég bendi á það að sveitarfélög úti á landi hafa fyrst og fremst talað um að það vanti leiguíbúðir. Margir sveitarstjórnarmenn hafa bent á að víða úti á landi standi það atvinnuástandi fyrir þrifum og það komi líka í veg fyrir að fólk flytji til svæðanna. Það er því ekki víst að nægilegt sé, eins og lagt er til í frv. sem er til umræðu, eingöngu að binda fé þar vegna þess að mörg sveitarfélög úti á landi eiga mjög erfitt með að leggja fram það fé sem þarf á móti Byggingarsjóði ríkisins til að byggja leiguíbúðir. Ég get bent t.d. á það að í Byggingarsjóði verkamanna þurfa sveitarstjórnir að leggja fram 15% til þess að byggja leiguíbúðir. Í almenna kerfinu er það mjög erfitt því að það er mikið, mikið hærra hlutfall þar, þannig að það væri spurning hvort ekki þyrfti að grípa til enn frekari aðgerða til þess að auðvelda sveitarfélögunum að byggja leiguíbúðir.

Það er kannski sérstaklega núna þegar búið er að skerða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem þetta getur enn frekar orðið vandamál því að ég held að það geti reynst mörgum sveitarfélögum erfitt að byggja eitthvað núna þegar búið er að kreppa svo að eins og gert hefur verið. Ég tek því undir það sem hér hefur komið fram og ég vil gjarnan skoða þessa leið sem bent er á þó að fleiri leiðir þurfi að koma til ef á að sporna við hinni miklu fjármagnsfærslu frá landsbyggðinni yfir til höfuðborgarsvæðisins.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er örugglega eitt hið þarfasta innlegg í þær miklu umræður sem fram hafa farið um húsnæðismálin sem komið hefur fram á síðustu mánuðum og missirum.

Upp á síðkastið eða allt frá því að núverandi húsnæðiskerfi var sett á laggirnar hefur sú umræða orðið æ fyrirferðarmeiri að meginókostur þess kerfis væri sá að það flytti verulegt fjármagn frá hinum dreifðu byggðum og til höfuðborgarsvæðisins.

Í upphafi þegar þessu kerfi var komið á laggirnar var hugsunin ósköp einföld. Hún var sú að nota það ört vaxandi fjármagn sem streymdi inn í lífeyrissjóðina til að sinna þörfum sem bersýnilega höfðu komið í ljós mánuðina og árin á undan, þ.e. að nota þessa digru sjóði, lífeyrissjóðina, til þess að létta undir með því fólki sem var að eignast íbúðarhúsnæði. Með því móti var hægt að stórefla Byggingarsjóð

ríkisins og þrátt fyrir það að nú séu langir biðlistar og þrátt fyrir miklar umræður um vandræði húsbyggjenda er það engu að síður staðreynd að útlán Byggingarsjóðsins eru nú miklu hærri en þekktist fyrir aðeins örfáum árum.

Byggingarsjóðurinn hefur þannig raunverulega orðið mjög til þess að styðja þá sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið, enda þótt þannig hafi tiltekist að mjög margir þurfa að bíða mjög lengi eftir að fá eðlilega lánafyrirgreiðslu. Það er aftur á móti önnur saga. Það er síðan annað vandamál sem þarf að taka á alveg sérstaklega. Það sem hins vegar þetta kerfi hefur ekki getað hamlað gegn er alvarleg fjármagnstilfærsla frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Í mjög fróðlegri grg. sem fylgir frv. kemur einfaldlega í ljós að um er að ræða neikvæða fjármagnstilflutninga frá öllum kjördæmum nema Reykjavík og Reykjanesi. Á Reykjanesi er þetta nokkurn veginn í jafnvægi, annars staðar er þetta misjafnlega mikið, en samanlagt eru hin kjördæmin með neikvæðan tilflutning fjármagns upp á u.þ.b. 1 milljarð kr.

Það er auðvitað ljóst að við svo búið má ekki standa. Hér er um að ræða vandamál sem þarf að grípa á með alveg sérstökum hætti. Að mínu mati er þetta ekki endilega skylt þeirri viðamiklu endurskoðun sem nú á sér stað á sjálfu húsnæðiskerfinu. Að mínu mati er hér um að ræða bráðnauðsynlega lagfæringu sem við eigum að grípa til ef við finnum til þess aðferðir, m.a. aðferðir eins og þá sem hér er um að ræða.

Upp á síðkastið hafa farið fram mjög miklar umræður um byggðamál. Þessar umræður hafa eins og gengur og gerist farið svona út og suður, oft á tíðum. Eitt er það þó sem sker sig úr og það er það að grundvallaratriði byggðamálaumræðunnar snúist m.a. um það hvort ekki eigi að stefna að því að byggðirnar fái að njóta síns eigin aflafjár, að styrkirnir eigi ekki endilega að koma að sunnan, heldur hitt að byggðirnar fái að njóta þess sem þær afla. Á mjög fróðlegri ráðstefnu, sem haldin var austur á Selfossi á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og Byggðastofnunar, talaði maður að nafni Leif Grahm sem er norrænn sérfræðingur á þessu sviði. Hann lagði einmitt höfuðáherslu á að svar okkar áratugar við íbúaflótta úr hinum dreifðu byggðum, væri einmitt þetta, að hverfa frá hinni gömlu styrkjastefnu sem ekkert hefði dugað þegar verulega hefði bjátað á og að hinni, að treysta það að byggðirnar gætu notið síns eigin aflafjár. Að mínu mati er frv. sem hér er til umræðu einmitt liður í þeirri viðleitni, liður í viðleitninni til þess að hverfa frá styrkjapólitíkinni og að því að styrkja byggðirnar innan frá ef þannig mætti að orði komast.

Hér er ekki verið að tala um það að taka fjármagn af einhverjum hópi einstaklinga í þjóðfélaginu og færa til einhvers annars. Hér er einfaldlega verið að tala um það að landsbyggðarbúar eigi ekki síður rétt á aðgangi að sínu eigin fé en hinir í landinu.

Hér er um að ræða grundvallaratriði byggðastefnunnar. Þetta er líka sérstakt frv. að því leytinu að það horfir ekki beint til kostnaðar fyrir ríkissjóð. Fyrir hv. Alþingi liggur ótölulegur fjöldi tillagna þar sem einmitt horfir til kostnaðar fyrir ríkissjóð en ekki er gerð tilraun til þess að mæta með skynsamlegum tillögum þeim aukna kostnaði. Hér er einfaldlega um að ræða tillögu um skipulagsbreytingu á húsnæðiskerfinu þar sem fram fer ákveðin uppstokkun, ný forgangsröðun, svo ég noti nú orðalag sem sumum stjórnmálahreyfingum innan dyra er tamt á tungu, sem miðar að því að landsbyggðarfólkið fái ekki síður aðgang að sínu eigin aflafé.

Ég vil minna á það að í þeim miklu umræðum sem fóru fram nú á dögunum um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar var sá tónn ekki síst áberandi að nú þyrfti að gera eitthvað til þess að rétta hlut landsbyggðarinnar. Sérstaklega var af fjölmörgum minnt á þessar fjármagnstilfærslur sem eiga sér nú stað frá dreifbýli til þéttbýlis.

Með þessu frv. gefst þeim þm., sem ekki síst koma úr röðum stjórnarandstöðunnar, kærkomið tækifæri til þess að láta verkin tala, hrinda því í framkvæmd sem þeir töluðu svo fjálglega um. Ég trúi ekki, með skírskotun til þessara umræðna, öðru en að þessi hugmynd geti fengið brautargengi hér á hinu háa Alþingi.

Ég ítreka það að að mínu mati er hér um að ræða mál sem í sjálfu sér þarf ekki að koma til afgreiðslu með þeirri miklu endurskoðun sem nú er verið að fara af stað með á húsnæðiskerfinu sjálfu. Hér er um að ræða tiltektarmál í sjálfu sér, mál sem unnt er að hrinda í framkvæmd vegna þess að til þess þarf ekki sérstaklega að afla fjár, vegna þess m.a. að um það ætti að ríkja sæmilegur pólitískur friður ef marka skal umræður undanfarinna daga, mál sem er þess eðlis að það hlýtur að vera örvandi fyrir landsbyggðina í landinu. Ef þessum hugmyndum yrði hrint í framkvæmd með samþykkt frv. gæti það oft riðið baggamuninn fyrir fólk þegar það er að ákveða hvort það kýs sér búsetu úti á landi eða hér á höfuðborgarsvæðinu. Frv. er því í anda heilbrigðrar byggðastefnu og í anda þess sem rætt hefur verið á undanförnum mánuðum og missirum.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég tek undir megintilganginn með þessu frv. og tel að sjálfsögðu að það sem þar er lagt til sé þess eðlis að ástæða sé til að skoða það vandlega og reyna að átta sig á því hvort það er framkvæmanlegt. Ég tel að ástæða sé til þess að Alþingi vinni að því og það mun verða gert í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar, að skoða það vandlega.

Mig langar aðeins til að rifja það upp út af því sem hér hefur komið fram að núgildandi húsnæðislánakerfi, miðað við lögin sem sett voru 1986, var miðað við það samkomulag sem náðist við aðila vinnumarkaðarins. Ég held að einnig þurfi að rifja það upp að hér var um byltingu að ræða í sambandi við húsnæðismálin að því er það varðar að fjármagn til

húsnæðismála var stóraukið. Fjármagn lífeyrissjóðanna var tengt húsnæðismálunum. Lánin voru stórhækkuð. Þetta var að sjálfsögðu meginbreyting frá því sem áður var þar sem allir kvörtuðu undan of lágum lánum.

Hins vegar var alltaf gert ráð fyrir að þessi lög fengju að sýna sig um nokkurt skeið. Þeir sem sömdu frv., þar á meðal hv. 1. flm. þessa frv., lögðu áherslu á að þessi lög fengju að þróast í þrjú til fimm ár áður en farið væri að gera á þeim veigamiklar breytingar. Öllum var hins vegar ljóst að í þessum lögum er ýmislegt sem ljóst var að þyrfti að breyta innan ákveðins tíma.

Hins vegar var aldrei gert ráð fyrir þeim möguleika að upp kæmi sá dagur að því sem var tilgangur laganna, þ.e. að allir landsmenn ættu sama rétt til þess að njóta þess mikla fjármagns sem kæmi frá lífeyrissjóðum, yrði misskipt að því leyti, sem hér hefur komið fram, að fjármagnið frá lífeyrissjóðunum mundi streyma hingað til Reykjavíkur í meira mæli en það sem yrði nýtt til þess að byggja húsnæði úti á landsbyggðinni. Þetta er atriði sem menn sáu ekki fyrir og hefur víða valdið erfiðleikum. En ég held að rétt sé að átta sig á því að það er ekki allt vegna þess að menn hafi ekki viljað byggja eða nýta þetta fjármagn á viðkomandi stöðum, heldur hefur atvinnuþróunin og ástand atvinnumála á síðustu árum orðið til þess að þarna hafa orðið straumhvörf sem menn sáu ekki fyrir en eru orsök þess að fólk vill ekki fjárfesta á ákveðnum stöðum á landinu. Þarna þarf að sjálfsögðu fleira að koma til. Gera þarf aðgerðir sem snúa þessari þróun við með því að atvinnureksturinn sem er undirstaða þessara byggða rétti þannig við að fólk vilji fjárfesta á þessum stöðum.

Ég tel að þetta mál sé að sjálfsögðu eitt af stóru málunum. Hins vegar vil ég koma því að að forráðamenn í Húsnæðisstofnun hafa haldið því fram að þessi mismunur á innstreymi fjármagns lífeyrissjóðanna frá landsbyggðinni, miðað við það sem fer aftur út úr stofnuninni, sé ekki eins mikið og hér kemur fram. Þess vegna er ástæða til að láta fara fram ítarlega könnun á þeim tölum sem hafa verið nefndar og vita hvað er raunverulegt í þeim og hvað ekki. Að sjálfsögðu þarf að fá svar við því áður en ákvörðun er tekin til aðgerða.

Meginefni þessara hugmynda, sem koma fram í 1. og 2. gr. frv., get ég vel tekið undir og tel ástæðu til að við áttum okkur á því hvort þetta er ekki framkvæmanlegt.

Að því er varðar leiguíbúðir, það sem kemur fram í 6. gr., held ég að rétt sé að menn átti sig á því einnig um leið að það sem gerir það að verkum að leiguíbúðakerfið skilar sér ekki, að ekki er byggt eftir því, er fyrst og fremst skortur á fjármagni. Þessi skortur er mestur í almenna kerfinu. Leiguíbúðir hafa þar verið út undan og ég bendi á að í 15. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir að lána til byggingar leiguíbúða á frjálsum markaði miðað við að viðkomandi aðilum er heimilt að selja skuldabréf og reyna að greiða fyrir því á annan veg. Þessu hefur verið lítið sinnt vegna þess að menn hafa ekki talið sér fært að fjárfesta í leiguíbúðum, a.m.k. á þeim stöðum þar sem er ekki mikil þensla.

Ég tel að það sé alveg ljóst að eitt stærsta vandamálið í okkar húsnæðismálum sé að það er skortur á leiguíbúðum og þá meina ég leiguíbúðir sem er hægt að leigja út á hóflegu verði þannig að það sé leiga sem venjulegt fólk ræður við. Ég er í engum vafa um að þessar háu upphæðir, sem nefndar eru, sem fólk þarf að greiða í leigu hér á þéttbýlissvæðinu ná ekki nokkurri átt í opnu þjóðfélagi, að láta það viðgangast og reyna ekki að sporna við því með því að koma með annað form inn á markaðinn sem gerir að verkum að leiga verður viðráðanleg. Það eru möguleikar í núgildandi lögum með lítilli breytingu, þ.e. miðað við 33. gr. laga um verkamannabústaði, b- og c-lið, sem þegar hefur verið sótt talsvert í, en þar er mismunur á lánakjörum miðað við verkamannakerfið, sem þarf að leiðrétta, og það liggur einmitt hér frv. um þetta atriði, sem er ósköp einföld aðgerð, meðan verið er að endurskoða heildarkerfið sem hv. flm. nefndi áðan og ég legg áherslu á að það væri ástæða til að Alþingi geri vissar lagfæringar á kerfinu sem hafa það í för með sér í fyrsta lagi að koma í veg fyrir óeðlilegan tilflutning á fjármagni utan af landsbyggðinni, þannig að allir eigi jafnan rétt á aðgangi að því fjármagni sem þar verður til, og eins get ég heils hugar tekið undir og það er í raun og veru í gildandi lögum tilgangurinn að ávaxta fjármagnið út um landið og færa afgreiðslu út einmitt frá stofnuninni sjálfri. Þetta er í gildandi lögum, en Húsnæðisstofnun hefur aldrei fengist til að framkvæma það eins og stefnt var að. Þetta er atriði sem mér finnst vera mikilvægt.

Einnig þriðja atriðið, sem mér finnst ástæða til að undirstrika, að það er hægt að gera lagfæringar á a.m.k. félagslega kerfinu þannig að hægt væri með því að auka byggingu leiguíbúða fyrir láglaunafólkið í landinu og leiguíbúðir sem sannarlega hafa fyrir fram í för með sér að það er hægt að bjóða húsnæði á leigu með viðráðanlegum kjörum ekki síst fyrir það fólk í þjóðfélaginu sem hefur minnstu tekjurnar.

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls og tekið undir þetta mál með mér. Ég held að þetta sé mikið þarfamál. Ástæðan fyrir því að það þyrfti helst að skoða þessi mál fljótt er sú að þessa dagana er verið að úthluta úr Byggingarsjóði ríkisins eftir að sjóðnum hafði verið lokað. Og eftir að einu sinni er búið að úthluta er ákaflega erfitt að taka úthlutanirnar til baka. Þess vegna er svo brýnt að hefjast handa við það að stokka þetta allt saman upp. Ef ekkert er að gert t.d. í upphafi næsta árs gæti það þýtt að það væri búið að ráðstafa öllum peningum Byggingarsjóðs ríkisins kannski fram á árið 1990 eða jafnvel 1991 og þá er dálítið seint af stað farið. Þetta er meginatriðið.

Varðandi þá tæknilegu örðugleika sem felast í því að meta skiptingu á milli kjördæma, hverju hvert kjördæmi ætti í raun og veru rétt á miðað við það sem það hefur lagt til í lífeyrissjóðina, þá sýnist mér vera langskynsamlegast að miða við launagreiðslur eftir kjördæmum. Sumir lífeyrissjóðir sem starfa eru landssjóðir og aðrir starfa á kjördæmagrundvelli eða yfir stærri svæði og sumir eru mjög staðbundnir. En ég held að besta leiðin til að finna út hvað greitt er úr hverju kjördæmi í lífeyrissjóði sé einfaldlega að miða við heildarlaunagreiðslur og skiptingu þeirra í þessu sambandi.

Ég er sannfærður um að ef á að bæta úr þeirri þörf sem er fyrir leiguhúsnæði úti á landsbyggðinni mundu menn ná mestum árangri með því að gefa fyrirtækjum kost á að taka almenn húsnæðismálastjórnarlán. Í þeim tilfellum þar sem fyrirtæki leigja starfsfólki sínu íbúðirnar, fólki sem er að flytjast að, er í flestum tilfellum um mjög lága leigu að ræða, í raun og veru niðurgreidda leigu eða jafnvel hlunnindi. Ég held að þetta gerist af sjálfu sér og muni laga mikið til í húsnæðismálunum úti á landi ef þetta verður að veruleika.

Herra forseti. Ég vil síðan endurtaka þakkir mínar fyrir þær undirtektir sem þetta hefur fengið og ég vona að hv. nefnd bretti upp ermarnar og afgreiði þetta mál sem fyrst.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Lyfjafræðslunefnd, 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 321. mál. — Þskj. 637.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lyfjafræðslunefnd. Það er markmið þessara laga að skipuleggja og vinna að lyfjafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun og ofnotkun lyfja veldur. Það er miðað við í þessum lögum að skipa þriggja manna nefnd, lyfjafræðslunefnd, til fjögurra ára í senn og að nefndin sé skipuð mönnum með þekkingu á ofnotkun lyfja. Það er lagt til að ráðherra skipi nefndarformann og að varamenn séu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk þessarar nefndar, lyfjafræðslunefndar, á að vera að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til að sporna við ofnotkun og misnotkun lyfja, reka áróður fyrir bættri heilsu landsmanna með því að sporna gegn ofnotkun og misnotkun. Það er ætlast til þess að lyfjafræðslunefnd vinni í nánu samstarfi við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins, að nefndin veiti alhliða leiðbeiningar varðandi lyf, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna. Það er ætlast til þess að nefndin dreifi upplýsingum um skaðsemi misnotkunar og ofnotkunar lyfja og það er ætlast til þess að lyfjafræðslunefnd hafi markaðan tekjustofn sem verði 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% gjald af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu. En þarna er nokkur munur á. Það er auðvelt að ganga að innfluttum lyfjum í tollafgreiðslum, en það er talsvert af lyfjaefnum sem er erfitt að marka til ákveðinnar lyfjaframleiðslu og því er miðað við að innlenda framleiðslan búi við aðra prósentutölu í þessum tekjustofni.

Það hefur sýnt sig síðan lög um tóbaksvarnir voru sett að tóbaksvarnanefnd hefur í skjóli ákveðins tekjustofns skilað miklum árangri, mesta árangri sem mældur hefur verið í heiminum í minnkandi notkun tóbaks. Það er jafnljóst að misnotkun lyfja og ofnotkun er ekki aðeins heilsuspillandi fyrir þjóðina heldur einnig dýr póstur í hinum félagslega þætti á landinu öllu og því mikil ástæða og rík til þess að reyna að sporna við í þessum efnum.

Lyfjaneysla Íslendinga hefur verið til umræðu síðustu missiri og ekki síst vegna þess að fram hefur komið að Íslendingar neyti töluvert meira af sýklalyfjum en nágrannaþjóðirnar. Það nægir í þessu tilviki að benda á skýrslu norrænu lyfjanefndarinnar um notkun sýklalyfja á Norðurlöndum á árunum 1975–1983, en þar kemur fram að Íslendingar nota mun meira af þessum lyfjum en aðrar Norðurlandaþjóðir.

Það hefur hins vegar dregið verulega úr notkun róandi lyfja á undanförnum árum og er neyslan hér svipuð því sem gerist í nágrannalöndunum. Þarna hefur verið gripið til ráða af hálfu opinberra stjórnvalda og það hefur náð árangri, en það kostaði líka verulega peninga og það er nú svo í öllum þessum málum að það þarf peninga til að reka áróðurinn og kveikja áhuga fyrir því að bæta úr í þessum efnum.

Skýringar á óhóflegri neyslu sýklalyfja hlýtur að vera að leita í þekkingarleysi jafnt leikra sem lærðra því ekki verður því trúað að lyfjum sé af ásettu ráði ávísað öðruvísi hér á landi en í nágrannalöndunum. Það er því fyllilega tímabært að reynt verði með fyrirbyggjandi aðgerðum að stemma stigu við þessari neyslu sem hlýtur að flokkast undir ofneyslu.

Rétt er að benda á að kostnaður samfélagsins vegna þessarar neyslu er gífurlegur og hér ætti að vera hægt að spara verulegar fjárhæðir sé fyrirbyggjandi starfi í formi fræðslu og upplýsinga komið á fót. Mjög lítið hefur farið fyrir slíku starfi til þessa og engu sérstöku fé hefur verið varið til lyfjafræðslu.

Frv. þetta byggir á þeirri hugmynd að hægt sé að minnka verulega skaðleg áhrif lyfjaneyslu með fyrirbyggjandi aðgerðum séu þær markvissar og skipulegar. Til að ná því markmiði er nauðsynlegt að fela fræðslu- og upplýsingastarfið tilteknum aðila, lyfjafræðslunefnd, sem hafi til starfans ákveðnar fjárupphæðir sem séu það háar að fræðslan verði nógu öflug

til að koma að gagni. Þetta samrýmist þeim hugmyndum, sem fram hafa komið í íslenskri heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á síðasta þingi, að leggja beri áherslu fyrst og fremst á fyrirbyggjandi starf í heilbrigðisþjónustunni.

Lyfjaframleiðslan í heiminum er í dag einn harðskeyttasti viðskiptamarkaður sem um getur. Það er í tvennu sem hörðust er samkeppnin í sölu á vörum. Það er í lyfjum og það er í vopnum. Það hefur verið rætt um hina háu álagningu hérlendis. Á hinu háa Alþingi hefur það verið rætt. Það er ljóst að lyf eru mjög dýr á Íslandi og það er engin samræming í innflutningi, nýtingu, verði eða öðru og ómældir fjármunir sem fara þannig forgörðum vegna þess frelsis sem ríkir í þeim efnum og að sumu leyti einokunar því það má segja að í heiminum öllum séu það átta stór lyfjafyrirtæki sem hafi einokun á lyfjaframleiðslu og þar skipta menn með sér verkum þannig að sjaldnast skarast hagsmunir eða rekast á í framleiðslu lyfjanna.

Það er m.a. af þessum ástæðum að Íslendingar búa við of hátt lyfjaverð, að mínu mati, og er með ólíkindum hvað embætti landlæknis hefur lítið að segja í þessum efnum því það má segja að nær 100% af upplýsingum og ráðleggingum um lyfjanotkun komi frá þeim sem selja lyfin og dreifa þeim, apótekurum og heildsölum. Þarna ætti auðvitað að vera hlekkur sem gæti stýrt eðlilegum áróðri, eðlilegri upplýsingu og ætti að vera til staðar bæði fyrir almenning og ekki síður fyrir lækna því það hefur einnig verið augljóst vandamál í okkar landi að útgáfa lyfjaávísana er með ólíkindum mikil, svo að nemur 1–2 millj. á einu ári hjá þjóð sem telur fjórðung milljónar.

Það er því að mínu mati mjög æskilegt að koma á stofn lyfjafræðslunefnd. Ofnotkun lyfja og misnotkun kostar mikla fjármuni, ómælda fjármuni í heilsugæslukerfi landsins, þar sem verulegur hluti sjúkrarúma og annarrar þjónustu heilsugæslunnar er bundinn vegna ofnotkunar og misnotkunar lyfja. Á hinn bóginn er þarna líka um dýran póst að ræða gagnvart þjónustu félagsmálastofnana í byggðum landsins og á hinn bóginn er um ómældan kostnað að ræða vegna hinna óeiginlegu áhrifa sem ekki kannski verða mæld í grömmum eða einingum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til nefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Áfengisfræðsla, 1. umr.

Frv. ÁJ, 322. mál. — Þskj. 638.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áfengisfræðslu. Markmið þessara laga er að byggja upp skipulega áfengisvarnafræðslu til að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur.

Þessi lagagrein miðar að því að heilbr.- og trmrh. skipi þriggja manna nefnd til fjögurra ára, skipi formann og að í nefndinni eigi sæti menn sérfróðir um vandamál sem stafa af áfengisneyslu. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Það er ætlast til þess að hlutverk áfengisfræðslunefndar sé fyrst og fremst:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til að spyrna við misnotkun áfengis.
2. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi áfengisfræðslu, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna.
3. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi af misnotkun áfengis.
4. Að vinna í nánu samstarfi við áfengisvarnaráð og aðra þá sem starfa á þessum vettvangi.

Það er lagt til að nefndinni sé markaður tekjustofn sem sé 2 prómill af bruttósölu áfengis og þá til áfengisvarnafræðslunnar.

Það er eins og flestum er kunnugt svo í okkar landi að áfengisneysla hefur aukist verulega á síðustu árum. Að sama skapi hafa skaðleg áhrif neyslunnar aukist, enda hefur lítið verið gert til að sporna við skaðlegum áhrifum með forvarnastarfi þar sem lítið fé hefur verið veitt til slíkrar starfsemi. Nánast öll viðleitni samfélagsins til hjálpar hefur miðast við að veita áfengissjúklingum meðferð og ýmiss konar aðstoð eftir á.

Er mál sérfróðra aðila að allvel sé að þessum þáttum staðið í dag og ber að fagna því. Miklu minna hefur verið gert í því að reyna að sporna við því að menn ánetjist áfengi, fyrst og fremst vegna þess að skilning hefur skort á því að til þess þurfi fjármuni. Einnig hefur töluvert skort á að áfengisvarnafræðslan væri nægjanlega skipuleg og markviss. Kemur það ugglaust af sömu ástæðu, skorti á fjármunum til að sinna því verki. Nægir þar að nefna áfengisvarnafræðslu í skólum sem varla hefur staðið undir nafni þrátt fyrir ýmiss konar opinberar reglur þar að lútandi. Er því kominn tími til að áherslum verði breytt og að meira verði lagt upp úr forvarnastarfi en gert hefur verið, m.a. til að ná fram þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vinnur að og mælt er fyrir um í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi og verður væntanlega lögð fram á nýjan leik innan tíðar.

Það eru engin ný sannindi að misnotkun áfengis er eitt mesta þjóðfélagsböl sem Íslendingar búa við. Gildir það bæði um áfengi sem sjúkdómsvald og ekki síður um áfengi sem félagslegt vandamál. Allt of lítið hefur verið reynt til að sporna við misnotkun áfengis. Miklu frekar er reynt að bæta orðinn skaða.

Betra er heilt en gróið og er því fyllsta ástæða til að ryðja nýjar brautir í áfengisvarnafræðslu sem því aðeins er mögulegt að til starfsins verði varið verulegum fjárhæðum.

Á árinu 1984 var selt áfengi fyrir u.þ.b. 1,5 milljarða kr., á árinu 1985 var selt áfengi fyrir liðlega 2 milljarða kr. og á árinu 1986 fyrir tæplega 3 milljarða kr. Það er því miklum fjármunum varið til áfengiskaupa á Íslandi og á hinn bóginn er gífurlegur kostnaður sem ríkisvaldið og þjóðfélagið stendur straum af vegna misnotkunar áfengis, ekki aðeins í löggæslu heldur fyrst og fremst í heilsugæslu. Líklega eru u.þ.b. 400–500 sjúkrarúm á landinu meira og minna bundin vegna misnotkunar áfengis. Ef menn vilja velta fyrir sér mannafla sem á að sinna þessari þjónustu má benda á að í Borgarspítalanum eru u.þ.b. 200 sjúkrarúm, en þar eru nær 2000 starfsmenn. Miðað við 400 rúm, 400–500, eru það nokkur þúsund starfsmenn í heilsugæslunni sem þurfa að sinna sjúklingum vegna ofnotkunar áfengis.

Það er starfandi í landinu áfengisvarnaráð sem hefur markaðan tekjustofn, þ.e. bundinn fjárveitingu á ári hverju. Það eru u.þ.b. 4 millj. sem voru veittar á síðustu fjárlögum til áfengisvarnaráðs og það gerir lítið meira en að borga laun þeim starfsmönnum sem vinna fyrir áfengisvarnaráð. Áfengisvarnaráð hefur ekkert svigrúm til þess að sinna áróðri, fræðslu eða öðrum þáttum sem reiknað er með að áfengisfræðslunefnd geri. Það er miðað við að heilbrmrh. geti tengt starf áfengisfræðslu við starf áfengisvarnaráðs, enda er það eðlilegt.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á að á Íslandi er í rauninni engin stefna í áfengismálum og er það með ólíkindum miðað við hvað miklir fjármunir fara til áfengiskaupa og kostnaðar vegna ofnotkunar og misnotkunar áfengis.

Það er ákvæði til bráðabirgða sem fylgir þessu frv. til laga þar sem lagt er til að ríkisstjórnin láti vinna sérstakt frv. til laga um varnir gegn vímuefnum í stað þess að fela ákvæði um áfengisvarnir í lögum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis eins og gert er í dag. Það er að margra mati óeðlilegt að þessir liðir séu hafðir undir lögunum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis því þarna er fyrst og fremst um heilbrigðisþátt að ræða. Samkvæmt þessu er lögð til sama skipan og varðandi tóbaksvarnir.

Það er fyllsta ástæða til að taka fleiri þætti en áfengi inn í þessa afgreiðslu þar sem áfengi er aðeins einn hluti þeirra vímuefna sem notuð eru, að vísu sá langalgengasti. En flestir aðilar virðast sammála um að beita þurfi sömu aðferðum við varnarstarfið og er því óraunhæft að taka aðeins á einum þætti.

Það er rétt að undirstrika að mikið verk hefur þegar verið unnið á þessum vettvangi og ekki síst á vegum stjórnskipaðrar nefndar um áfengismál sem skilaði tillögum fyrir rúmu ári, en nú er kominn tími til þess að ríkisstjórnin taki afstöðu til tillagnanna og marki stefnu í þessum málum í heild.

Að lokinni umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til heilbr.- og trn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er ástæða til að segja örfá orð um þetta frv. Hér er að sjálfsögðu hreyft miklu stórmáli er varðar áfengisfræðslu. Markmið frv. er að vinna að setningu laga sem byggi upp skipulega áfengisfræðslu til að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur. Þetta mál veldur að sjálfsögðu öllum hugsandi mönnum hugarangri og þykir ekki skila nógu miklum árangri.

Það er að vísu svo að það er haldið uppi áfengisvörnum í landinu, en þær eru e.t.v. ekki nógu markvissar. Hv. flm. minntist á áfengisvarnaráð. Síst má gleyma þeim aðilum sem í því vinna af brennandi hugsjón og bestu getu. En þrátt fyrir það sem gert er eykst áfengisneyslan ár frá ári og er það að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni. Það er talið að þarna þurfi meira forvarnastarf að koma til greina. Hins vegar sé starfi sem lýtur að eftirmeðferð mála nokkuð vel á veg komið hér á landi.

Það verður aldrei lögð of mikil áhersla á að allt fyrirbyggjandi starf í þessum efnum er nauðsynlegt því að betra er heilt en vel gróið. Þess vegna er fyllsta ástæða til að kanna og reyna að ryðja nýjar brautir í áfengisvarnafræðslu.

Í ákvæði til bráðabirgða er raunar vikið að því að það sé ekki ástæða til þess eins og nú er að fela ákvæði um áfengisvarnir í lögum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis. Þannig er komist að orði í grg. um ákvæði til bráðabirgða Ég tel að þetta sé kannski ekki aðalatriði málsins. Það er meginatriði málsins að lagaákvæðin séu skýr og ákveðin og að þeim sé framfylgt. Að vísu hygg ég að það hafi reynst vel að taka saman og setja sérstök lög um tóbaksvarnir og þau hafi gefið góða raun. Við megum auðvitað ekki gleyma því að við þessi vandamál er alltaf verið að glíma. M.a. er talað um stjórnskipaða nefnd um áfengismál sem unnið hefur á vegum ríkisins og að sjálfsögðu hefur hún unnið gott starf.

En ég vil þó ekki gera of mikið úr því atriði að sérstök lög þurfi í þessum efnum heldur þarf miklu frekar að samræma hugmyndir þannig að það sé hægt að beina kröftum í eina átt og taka þar til skoðunar varnir gegn vímuefnum í heild því að vissulega er full þörf á því.

En hvað sem gert verður í þessum efnum vonum við að þetta frv. verði til nýrrar hvatningar til átaka á þessu sviði. En hvað sem tekst að gera er það þó tvímælalaust meginatriðið að sett verði góð löggjöf og þó enn frekar að vel sé fylgt fram ákvæðum gildandi laga á hverri tíð.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að lýsa stuðningi mínum við það frv. til laga sem hér er flutt á þskj. 638 og hefði staðið upp og lýst stuðningi mínum við frv. það sem var flutt á undan á þskj. 637 hefði það staðið eitt og sjálfstætt. Þessi tvö frv., annað hefur verið rætt og afgreitt til nefndar og hitt er nú rætt,

eru bæði frv. sem ég styð af heilum hug og þakka flm. fyrir að hafa flutt þetta á Alþingi, m.a. til að draga athygli á þörfinni fyrir, eins og þar segir, fyrirbyggjandi starfsemi í báðum þessum tilfellum. Þrátt fyrir það mikla og góða starf sem unnið er í þessum málaflokkum í þjóðfélaginu eru nýjar tillögur alltaf jafntímabærar. Þessar tvær tillögur geta ekkert gert annað en gott þjóðfélaginu í heild ef þær ná fram að ganga á þann hátt sem flm. hefur hugsað þær.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. jákvæðar undirtektir í máli þessu. Ég vek athygli á því að því miður hefur reyndin orðið sú í okkar landi að neytendur sem nota áfengi verða sífellt yngri. Fyrir tíu árum var kannski lágmarkið 14 ára aldur. Þetta er komið niður í 10–11 ára aldur í dag og sýnir aðeins að áfengisvandamálið er mjög vaxandi í okkar þjóðfélagi.

Það má segja að lykillinn að aukinni vímuefnanotkun annarra efna en þeirra hefðbundnu, sem við köllum, áfengis og tóbaks, sé að menn hafi fallið í þá freistni að hefja notkun tóbaks eða áfengis. Í skýrslum um vímuefnanotendur á Íslandi má segja að það séu algerar undantekningar, og það sama á við um önnur lönd, ef þeir sem fara út í eiturlyf hafa ekki byrjað sína óheillabraut á því að nota áfengi. Þetta undirstrikar einnig þörf þess að setja á stofn starfsemi til varnar í þessum efnum.

Við bæjardyrnar í þjóðfélaginu stendur bjórinn. Það er jafnframt reynsla allra þjóða í Vestur-Evrópu að þar sem bjór komi til verði aukning á notkun áfengis, verði aukið vandamál af áfengi. Þeim mun meiri ástæða er til að vera á verði og byggja upp starf til heilla í þessum efnum.

Það er stundum vitnað til þess — ég hef orðið var við það í umræðum um bjórinn — að með frelsi í bjór á Íslandi, með framleiðslu bjórs á Íslandi og sölu mundi minnka sú ofnotkun lyfja sem við vitum að er staðreynd í okkar þjóðfélagi. En í því Norðurlandanna þar sem mest frelsi er í sölu áfengra drykkja og þar með bjór er jafnframt langmest lyfjanotkun. Menn slá því gjarnan fram að það þurfi ekki róandi töflu á kvöldin til að sofna. Það sé gott að fá sér bjórglas. Það sé svo róandi. En í því landi þar sem frelsið er mest í notkun áfengra drykkja, Danmörku, er, ég undirstrika það, jafnframt langmest notkun og ofnotkun lyfja, róandi lyfja sérstaklega. Þetta eru hlutir sem við ættum að læra af og skipuleggja okkar starf út frá því.

Það hefur aðeins í umræðunni verið minnst á hvort ástæða væri til sjálfstæðrar lagasetningar til að koma slíku starfi á. Það er ástæða til þess á einum grunni vegna þess að þetta byggist fyrst og fremst á því að marka tekjustofn til þessa starfs. Það er ekki svigrúm á jafnsterkan hátt að marka tekjustofn nema með því að setja það inn í lagagreinar. Tvö prómill tekna af sölu áfengra drykkja eru ekki hátt hlutfall, en það eru peningar á þessu ári upp á líklega 7–8 millj. og það eru peningar sem ættu að geta nýst. Það er hvorki hámark eða lágmark að mínu mati, en það eru upphæðir sem er í rauninni ekki hægt að hafa lægri ef það á að vera hægt að ætlast til þess að ná árangri með því að nota bestu áróðurstækni sem völ er á í baráttu gegn áfengi og auglýsingum öllum þar að lútandi. Úti í hinum stóra heimi er harðasta sölutækni og nýjasta sem völ er á hverju sinni notuð. Til þess að berjast gegn misnotkun áfengis þurfum við jafnframt að vera tilbúin að kaupa vinnu fagmanna sem geta skilað árangri og þokað okkur fram á leið í þessum efnum en ekki aftur á bak eins og reyndin hefur verið undanfarin ár.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, 1. umr.

Frv. ÁJ, 323. mál (viðbótargjald). — Þskj. 639.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli nú fyrir þriðja máli af fjórum sem eru á dagskrá hv. deildar í dag og virðist hafa verið þörf á að koma hér með allnokkur mál, enda hafði einn gamansamur vinur minn á orði þegar hann heyrði að ég hefði komið með sex mál inn á hv. Alþingi sem varamaður að honum hefði komið í hug kvæði Þorsteins Erlingssonar um Jörund hundadagakonung þar sem segir: „Þú komst þegar Fróni reið allra mest á.“ (**Gripið fram í:** Þetta var góð samlíking.) Já, en ég vík nú að málinu í fullri alvöru.

Það frv. sem ég mæli fyrir til laga er um breyt. á l. nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð. Það er miðað við það í lagasetningu þessari að landbrh. sé heimilt að ákveða samkvæmt tillögu búgreinasambands að innheimta gjald af afurðum viðkomandi búgreinar til þess að standa straum af starfsemi sem búgreinasamböndum er nauðsynlegt að reka. Það er miðað við að búgreinasamband, sem hefur heimild til að njóta þessa, hafi viðurkenningu samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða sé aðili að Stéttarsambandi bænda og það er lagt til að innheimta verði heimil á allt að 1% gjaldi af afurðunum hjá viðkomandi búgrein.

Á síðustu árum hefur fjölbreytni aukist í félagsmálum og starfi bænda þar eð nýjar búgreinar hafa fest rætur og um þær hefur verið stofnaður félagsskapur; í kjölfar þessa hefur einnig verið stofnaður félagsskapur um hinar hefðbundnu búgreinar hverja um sig. Með lögum frá 1985, búvörulögunum, fengu

þessar nýju greinar viðurkenningu löggjafans þar sem þeim var ætluð bein aðild að Stéttarsambandi bænda, en það hefur hins vegar háð starfsemi í þessum greinum að þær hafa ekki fastan tekjustofn til starfsemi sinnar. Það er út í hött að ætla búgreinafélögunum hlutverk, en engan fjárhagsgrundvöll. Nefna má Félag hrossabænda sem dæmi. Þeir þurfa nú að leigja flugvélar til þess að flytja út reiðhross, en hafa engan tryggan fjárhagslegan grundvöll að baki þessum áhættusama útflutningi og þó getur þessi útflutningur velt 60–80 millj. kr. á ári. Annað dæmi um misrétti í garð þeirra sem þessa búgrein stunda er að 25% söluskattur var settur á hrossakjöt og er það eina kjöttegundin á markaðnum sem fékk þann skatt á sig af fullum þunga og er það auðvitað með öllu óviðunandi miðað við stöðu annarra búgreina.

Það er því fyrst og fremst markmið þessara laga að skapa grundvöll og tekjur til reksturs á búgreinasamböndunum sem eru að ryðja sér braut í okkar samfélagi.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40/1982 skulu árlegar tekjur búnaðarmálasjóðs skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar. Tekið er fram að Búnaðarfélag Íslands skipti á milli búnaðarsambanda því fé er fellur í hlut þeirra með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum vörum og leigu. Sá rammi, sem lögin setja um til hvaða verkefna hin tilgreindu samtök verja þeim hluta tekna af gjaldinu sem kemur í þeirra hluta, er mjög rúmur.

Skilyrðið um að gjaldinu sé varið til verkefna „er þau hafa með höndum“ verður ekki skilið svo þröngt að það heimili ekki Stéttarsambandi bænda að láta gjaldið eða hluta þess renna til búgreinasambanda sem önnuðust verkefni sem annars kæmu í hlut Stéttarsambands bænda. Stéttarsamband bænda getur því að óbreyttum lögum ráðstafað hluta tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi til búgreinasambanda sem starfsfé. — Og þetta er leið.

Það er lagt til að heimilað verði með lögum að innheimta allt að 1% gjald til viðbótar núverandi búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ýmist er 0,25% eða 0,50% eftir framleiðslugreinum. Þó viðurkenna beri þörf búgreinasambandanna fyrir tekjur til að standa straum af kostnaði við starfsemi sína er full ástæða til þess að leiða hugann að því hversu hátt hlutfall af verði búvöru skuli innheimt sem gjald til félagsmála bænda. Menn keppast um að ræða leiðir til að draga úr framleiðslukostnaði búvara en búnaðarmálasjóðsgjaldið kemur beint til frádráttar á hlut bóndans í afurðaverðinu en verð vörunnar má ekki hækka vegna gjaldsins. — Þetta eru meginlínurnar. — Með tilkomu búgreinasambandanna ætti að öllu eðlilegu að vera hægt að draga úr verkefnum Stéttarsambandsins. Það má því spyrja hvort ekki væri hugsanlegt að taka innheimtu búnaðarmálasjóðsgjaldsins í heild til endurskoðunar og huga svo að breyttri skiptingu gjaldsins og e.t.v. heimild til að hækka það. Hugsanlegt væri að fara þá leið í lögum að hafa heimild fyrir ráðherra til að ákveða um gjaldið mishátt eftir búgreinum að fengnum tillögum bændasamtakanna.

Varðandi starfsfé búgreinasambandanna er einnig rétt að vekja athygli á 3. mgr. 25. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en þar er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilað að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af svokölluðu framleiðsluráðsgjaldi renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögunum vegna búgreinarinnar. Umrætt gjald má að hámarki vera 0,25% af heildsöluverði búvara, þ.e. greiðist af kaupanda vörunnar.

Ef velt er upp hvaða búgreinasambönd eigi að njóta gjaldsins má nefna að í lögunum er nauðsynlegt að ákvarða þau skilyrði sem búgreinasamband verður að uppfylla til að það geti fengið slíkt gjald innheimt. Í þessu efni koma einkum þrjár leiðir til greina:

Að hafa í lögunum sjálfstæð efnisleg skilyrði sem búgreinasamband þarf að uppfylla til að falla undir ákvæði laganna.

Að leggja til grundvallar skilyrði og/eða viðurkenningu samkvæmt öðrum lagaákvæðum eða af þriðja aðila.

Að hafa í lögunum engin önnur skilyrði en ráðherra ákveði hvað sé búgreinasamband í þessu sambandi og veiti því þessa heimild.

Almennt er ekki hægt að mæla með því að síðasta leiðin sé farin því að þar væri framsal löggjafarvaldsins komið út á hálan ís meðal annars með tilliti til hagsmuna gjaldendanna. En það eru reyndar ýmis atriði tengd hagsmunum gjaldendanna sem þarf að gæta að þegar ákvæði um slíka gjaldheimtu eru sett í lög. Eru það atriði eins og réttur gjaldenda til inngöngu í það félag sem gjaldsins nýtur og til þátttöku í ákvörðunum á vettvangi þeirra. Þá er óhjákvæmilegt að gera þá kröfu að aðild framleiðenda í viðkomandi grein að félaginu sé almenn og reyndar hefur þess nokkuð gætt í hliðstæðum tilvikum að slík innheimta væri bundin við félög þar sem um skylduaðild er að ræða. Viss lágmarksskilyrði verður því að setja fyrir því að búgreinasambönd geti notið slíkrar innheimtu.

Með setningu laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara var landbúnaðarráðherra veitt heimild sbr. 2. mgr. 4. gr., að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, til að viðurkenna einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir samkvæmt lögunum. Slík viðurkenning er þó ekki í öllum tilvikum lagaskilyrði fyrir aðild búgreinasambands að ákvörðunum samkvæmt lögunum. Í greinargerð með 2. gr. þess frumvarps sem síðar urðu lög nr. 46/1985 segir m.a. um viðurkenningu búgreinasambandanna, með leyfi forseta:

„Gengið er út frá því að aðeins verði viðurkennd

ein samtök búvöruframleiðenda í hverri framleiðslugrein og verði það landssamtök, sem allir framleiðendur í viðkomandi grein eiga sama rétt til þátttöku í. Samtökin þurfa að hafa innan sinna vébanda a.m.k. fullan helming framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda hafi þeir samsvarandi hlutdeild í framleiðslu hennar."

Aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur samþykkt reglur um aðild búgreinasambanda að Stéttarsambandinu og segir þar að forsendur slíkrar aðildar séu:

1. Að búgreinasambandið sé landssamtök opið öllum framleiðendum í viðkomandi búgrein og með jafnan félagsrétt.
2. Að stjórn Stéttarsambands bænda samþykki samþykktir viðkomandi búgreinasambands.
3. Að aðeins eitt búgreinasamband sé viðurkennt í hverri framleiðslugrein.
4. Að hvert búgreinasamband kjósi á aðalfundi sínum fulltrúa á aðalfund Stéttarsambands bænda.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að um tvenns konar viðurkenningar á búgreinasamböndum getur orðið að ræða. Almenna reglan verður sennilega sú að þessi sambönd eigi aðild að Stéttarsambandinu, einhver þeirra fái einnig viðurkenningu ráðherra og í einstaka tilvikum kunna sambönd að vera utan Stéttarsambandsins og afla sér viðurkenningar ráðherra. Til stuðnings þessu má benda á þau réttaráhrif sem viðurkenning ráðherra skv. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 46/1985 hefur fyrir samböndin og Stéttarsambandið. Greinilegast er þetta þegar samtök sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda eiga í hlut. Verði þessi samtök viðurkennd af ráðherra taka þau við umboði Stéttarsambandsins til samningagerðar um heildarframleiðslumagn búvara, sbr. a-lið 30. gr. Það er því alls ekki víst að öll búgreinasamböndin kæri sig um að fá viðurkenningu ráðherra eða það verði talin heppileg skipan mála. En eins og búvörulögin standa í dag, þá er ætlast til þess að búgreinasamböndin skili hlutverki en hafa ekki trygga möguleika á því að skapa sér tekjustofn og það er grundvallaratriðið með setningu þessara laga.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

67. fundur, miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 2. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536, n. 681.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. sjútvn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Hæstv. forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. á einum fundi og fékk til sín Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra sem gerði grein fyrir einstökum atriðum málsins. Mælir nefndin með samþykkt frv., en einn nefndarmanna, Skúli Alexandersson, ritaði undir með fyrirvara.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Eins og frsm. nefndarinnar, hv. varaformaður nefndarinnar, skýrði hér frá kom sjútvn. deildarinnar saman og fjallaði um mál þetta. Menn voru sammála um það að flýta fyrir því og samþykkja það. Hins vegar gerðust á þessum fundi svolítið sérstakir hlutir, í fyrsta lagi það að menn voru ekki alveg klárir á því hvaða embættum þeir þjónuðu þar í nefndinni í upphafi fundar og í öðru lagi og þá kannski enn merkilegra að einn nefndarmanna, hv. 2. þm. Norðurl. e., mætti nokkuð seint á fundinn, en þegar hann kom þá upplýsti hann það hvað hafði tafið hann, en fundurinn var haldinn í beinu framhaldi af deildarfundi hér í deildinni. En hann upplýsti okkur um það að hann hefði farið og lesið Ólaf Jóhannesson til þess að sannfæra sig um það að þessi meðferð brbl. sem hér væri höfð frammi væri ekkert einsdæmi og væri ósköp eðlileg, þ.e. að brbl. séu lögð fram til staðfestingar með allmiklum breytingum.

Jafnvel þó að „síterað" sé í Ólaf Jóhannesson tel ég vafasamt að það sé algengt að brbl. séu lögð fram á þann máta sem hér er gert, þ.e. að aðalatriði laganna sé fellt burtu og lagagreinar settar inn í sem breyta aðalatriði laganna.

Forsenda þess að ég get stutt þetta frv. er fyrst og fremst sú að þessum lögum hefur verið breytt og minn fyrirvari og okkar alþýðubandalagsmanna er fyrst og fremst sá að við viljum láta það koma fram að þau brbl. sem sett voru, voru í beinni andstöðu við okkar skoðanir. Og við litum svo á, sem og sannast með þessu frv. sem hér er, að þessar aðgerðir, sem gerðar voru í sumar, væru gerðar í hinu mesta fljótræði.

Ég sem sagt styð framgöngu frv. þó að vissar athugasemdir hafi legið frammi og liggi frammi í sambandi við skatt á ísfiski. Sjómenn hafa mótmælt

samþykkt þessara laga og enn eru sjómenn að mótmæla núna verðlagningu á fiski og ýmsir hlutir eru að gerast í sjávarútvegsmálum sem benda til þess að þar sé ekki allt með felldu sem reyndar margir vissu.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að ég var að velta fyrir mér beinu orðalagi stjórnarskrárinnar þess efnis að brbl. skuli leggja fyrir Alþingi á næsta þingi eftir að þau eru sett og gekk úr skugga um það í riti Ólafs Jóhannessonar að fyrir þessu væri löng þingvenja. Styðst hún auðvitað við þá hugsun, sem er eðlileg, að með því að brbl. eru lögð fram með þessum hætti, þá fær Alþingi brbl. til efnislegrar meðferðar og getur þá breytt brbl. til fyrra horfs ef Alþingi telur það rétt. Aðalatriðið er hitt að brbl. eru lögð fyrir Alþingi svo að það geti efnislega tekið þau til meðferðar og koma þau þannig fyrir þingið nú. Ég tel að þessi aðferð sé fullnægjandi vegna þess að með þessum hætti reynir á það hver sé vilji löggjafans varðandi það efni sem við erum að tala um.

Hitt vekur líka athygli að hv. þm. dró ekki í efa, eða það kom a.m.k. ekki fram í hans máli, að nauðsyn hefði borið til að setja brbl. á síðasta sumri út frá þeim sjónarmiðum sem löggjafi brbl. taldi rétt, sem sýnir að hann út frá þeim forsendum efast ekki um að tilefni hafi verið til útgáfu brbl., eins og hann talaði hér áðan. Við hinu er ekkert að segja þó að stjórnarandstaðan sé efnislega ósammála stjórnarathöfnum þeirrar ríkisstjórnar sem hún ekki styður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

68. fundur, miðvikudaginn 9. mars, að loknum 67. fundi.

Aðgerðir í sjávarútvegi, 3. umr.

Stjfrv., 243. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 536.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 685).

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vildi tilkynna að farið hefur verið fram á það að fá að taka fyrir mál utan dagskrár, hafa utandagskrárumræðu. Í nýjum þingsköpum segir ekkert til um það hvernig með það skuli fara í deildum, reyndar ekki gert ráð fyrir því að það sé tíðkað í einhverjum mæli. Hins vegar vil ég geta þess að lítið hefur verið um verkefni í þessari hv. deild og því hef ég fallist á það að þessi utandagskrárumræða megi fara fram og vænti ég þess að hún verði í góðu hófi. Það er hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson sem hefur farið fram á það að ræða um bifreiðatryggingar og hæstv. forsrh., Friðrik Sophusson sem gegnir þeim störfum nú, hefur fallist á að vera til svara.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hæstv. forseti hefur orðið við ósk minni um að ræða hér í hv. deild utan dagskrár um iðgjaldahækkanir bifreiðatrygginga. Staðgengill forsrh., hæstv. iðnrh., hefur jafnframt samþykkt að vera hér í deildinni og upplýsa vissa þætti þessa máls.

Á sama tíma og félagar í verkalýðsfélögunum voru að fjalla um og flest hver að fella nýgerða kjarasamninga Vinnuveitendasambandsins og Verkamannasambandsins voru bifreiðaeigendur og þá um leið flestir landsmenn að fá upplýsingar um stórhækkun bifreiðatrygginga. Tryggingaeftirlitið hefur fallist á að hækkanaþörf fyrir ábyrgðartryggingar ökutækja sé um 60%. Auk þess bætist nú við sérstök hækkun vegna ökumannstryggingar þannig að iðgjöldin munu hækka um nærri 100%.

Reyndar er það svo að margir fullyrða að um mun meiri hækkun sé að ræða. Hinar ótrúlegustu tölur heyrast um það manna á milli. Mér var t.d. sagt frá því í morgun að Trabant-eigandi hefði fengið tilkynningu um það að hann ætti að greiða 51 þús. kr. Sá bíll var fjögurra ára gamall. Í einum fjölmiðlinum var í gær sagt frá því að eigandi Chevrolet Nova af árgerð 1974 þyrfti að greiða 35 þús. kr. í iðgjöld af sínum bíl. Í þessum tilfellum er tryggingariðgjaldið orðið hærra en verð bílanna. Tryggingariðgjaldið verður með þessum hækkunum einnig óeðlilega stórt hlutfall af verði nýrra bíla.

Ég ætlaði ekki að fjalla um stöðu þessa máls út frá réttmæti þessara miklu hækkana gagnvart tryggingafélögunum þótt um það leiti margar spurningar á hugann. Um þann vettvang þyrfti að fjalla að hæstv. trmrh. viðstöddum. Það sem ég hef áhuga fyrir að fá að heyra frá hæstv. forsrh. eða hæstv. iðnrh. sem nú

gegnir störfum forsrh. er hvernig þessar miklu hækkanir komi heim og saman við áhuga ríkisstjórnarinnar á að bæta stöðu hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, svo og hvernig þessar hækkanir samræmast margyfirlýstum áhuga ráðherrans og ríkisstjórnarinnar á að vinna gegn verðbólgu. Bíllinn er almenningseign og hann er ekki síður nauðsynlegur fyrir láglaunafólk en aðra þjóðfélagsþegna. 30–40 þús. kr. tryggingariðgjald af bíl auk 5 þús. kr. sérskatts eru heil mánaðarlaun miðað við nýgerða kjarasamninga sem ríkisstjórnin hefur talið sérstaklega réttláta og ábyrga.

Félag ísl. bifreiðaeigenda telur að rekstur venjulegs fjölskyldubíls muni í ár eftir þessar hækkanir kosta um 244 þús. kr. Miðað við lágmarkslaun í landinu sjáum við hve verðlagsþróunin er orðin skökk og óheilbrigð hjá okkur. Það getur ekki samræmst að biðja um að kaupgjald hækki ekki, lækki frekar, miðað við verðlagsþróun og horfa orðalaust á að þessi neysluþáttur hjá almenningi hækki að ⅘ hlutum umfram verðlag. Nú má vera að þessi hækkun bílatrygginga komi ekki út sem mikil hækkun í heildarverðlagsþróun. Sé svo sýnir það aðeins vafasaman útreikningsgrunn. Hitt er ljóst að almenningur mun mótmæla svona hækkunum, m.a. með því að fella kjarasamninga og krefjast launabóta á móti kostnaðarauka sem þessum.

Á þeim samningafundum sem nú eru fram undan um laun og kjör félaga í Verkamannasambandinu og fleiri mun án efa verða spurt hvers vegna þessi hækkun hafi átt sér stað og þá um leið hvort ríkisstjórnin muni ekki grípa inn í þótt seint sé og hlutast til um að þessi hækkun verði að stórum hluta dregin til baka. Ég legg því þessar spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

1. Hver eru áhrif iðgjaldahækkunar bifreiðatrygginga á verðlag?
2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til ráðstafana til að stuðla að ódýrari bifreiðatryggingum?

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur utan dagskrár spurt tveggja spurninga. Sú fyrri er: Hver eru áhrif iðgjaldahækkunar bifreiðatrygginga á verðlag? Sú síðari er: Hyggst ríkisstjórnin grípa til ráðstafana til að stuðla að ódýrari bifreiðatryggingum?

Ég hef leitað upplýsinga hjá nokkrum aðilum, Hagstofu Íslands, hjá heilbr.- og trmrn. og loks hjá dómsmrn., en þessi mál tengjast verksviðum þessara ráðuneyta.

Áður en ég geri tilraun til að svara þessum spurningum vil ég þó taka eitt mjög skýrt fram, en mér fannst á máli hv. fyrirspyrjanda nokkurs misskilnings gæta varðandi fsp. Ég las það enn fremur í dagblaði í gær að þar er verið að vega og meta bifreiðatryggingar sem hlutfall af bílverði og þá sérstaklega tekið fram að eigendur gamalla bíla, Trabant-bíla og Chevrolet Nova, ef ég man rétt, þyrftu að greiða óvenjulega hátt iðgjald af bifreiðatryggingum. Hér þarf ég að taka eitt mjög skýrt fram og það er að bifreiðatryggingar eru ekki hugsaðar sem tryggingar eigenda til þess að greiða eða bæta tjón á eigin bifreið. Slíkar tryggingar eru að sjálfsögðu til, en þær eru fyrir utan hinar hefðbundnu tryggingar, en það eru svokallaðar kaskótryggingar þar sem menn geta tryggt sig fyrir því tjóni sem þeir verða sjálfir fyrir eða þeirra eigin bifreiðar.

Bifreiðatryggingaiðgjaldinu er fyrst og fremst ætlað að fara til sameiginlegs sjóðs sem þarf að standa síðan undir þeim skaða sem bifreið viðkomandi aðila veldur. Á undanförnum árum hefur þessi upphæð sem tryggingin nær til orðið talsvert hærri en áður og ástæðurnar eru augljósar. Bifreiðar hafa á undanförnum árum valdið skaða sem er langt umfram það sem einstaklingar geta staðið undir og til eru dæmi þess að tryggingarupphæðin hefur ekki nægt og þá standa aðrar eignir bifreiðareigandans fyrir þeim skaða sem tryggingarupphæðin nær ekki til.

Ég tek þetta fram strax í upphafi því að það er misskilningur þegar menn halda að hægt sé að hafa iðgjöldin í tengslum við það hvað hver bifreið kostar. Það skiptir auðvitað engu máli hvort það er Trabant eða Chevrolet Nova. Eini munurinn er sá að Trabant-bíllinn mundi vera heldur ólíklegri til þess að valda tjóni því að hann er gerður úr öðru efni en Chevrolet Nova-bíllinn, en málið snýst um það hve miklum skaða, hve miklu tjóni, viðkomandi bifreið veldur. Þetta þarf að taka fram hér strax í upphafi því að ég hef orðið var við það í umræðum um þessi mál að það er talsverður misskilningur á ferðinni varðandi bifreiðatryggingar.

Samkvæmt gildandi verklagsreglum um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar eru áhrif hækkunar á iðgjöldum bílatrygginga tekin inn í vísitöluna við útreikning hennar í maímánuði ár hvert. Að hluta er þetta frá þeim tíma að vísitalan var reiknuð á þriggja mánaða fresti, en að öðrum þræði er hér haft í huga að oft hefur orðið dráttur á ákvörðun iðgjalda auk þess sem nauðsynlegt er að kauplagsnefnd gefist nokkur tími til mats á ákvörðuninni sé um meiri háttar breytingar að ræða. Að þessu leyti verður sami háttur hafður á útreikningi tryggingariðgjalda og áður. Er þá haft í huga að eðlilegt sé að fylgt sé gildandi verklagsreglum meðan núverandi grunnur vísitölunnar frá 1984 er í gildi, en auk þess felst í nýteknum ákvörðunum um iðgjöld svo mikil breyting að ætla má að hún hafi talsverð áhrif á greiðslur bifreiðaeigenda. Hér er einkum um tvennt að ræða, þ.e. að hve miklu leyti bifreiðaeigendur muni nýta möguleika á sjálfsábyrgð og í hve miklum mæli greiðslum verður dreift yfir tímann í stað þess að þær séu inntar af hendi í einu lagi eins og algengast hefur verið.

Hagstofunni hafa nýlega borist upplýsingar frá Tryggingaeftirlitinu um sundurliðun á hlutfallslegri hækkun iðgjalda frá 1. mars sl. Í framhaldi af því mun Hagstofan afla frekari upplýsinga frá tryggingafélögunum síðar í þessum mánuði um nýtingu sjálfs-

ábyrgðar og dreifingu greiðslna. Að þessu loknu mun kauplagsnefnd fjalla um málið og taka ákvörðun um með hvaða hætti tryggingaiðgjöldin verða tekin inn í vísitöluna.

Á þessu stigi málsins er því ekki ljóst hvaða vísitöluáhrif iðgjaldahækkunin hefur. Enn síður er unnt að greina frá áhrifunum á vísitöluna eins og þau verða metin í nýjum grunni hennar þar sem vinnu við gerð hans er ekki lokið. Að öðru leyti má þó nefna að ljóst er að hækkun á iðgjöldum bílatrygginga nú stafar að hluta af því að upp hafa verið teknar nýjar tryggingar og eldri tryggingum breytt. Í þessu felast því bæði verðbreytingar og magnbreytingar. Vísitölunni er ætlað að mæla verðbreytingar og er því nauðsynlegt að magn og gæðabreytingar, sem aukið verðmæti stendur á móti, séu greindar frá. Þetta er hins vegar ekki alltaf mögulegt auk þess sem forðast ber að taka þurfi huglægar ákvarðanir um niðurstöðu einstakra liða. Til viðbótar er æskilegt að vísitalan ráðist af niðurstöðum beinna verðmælinga fremur en sérstöku mati sem gæti verið umdeilanlegt og varpað rýrð á gildi hennar.

Sem fyrr segir á kauplagsnefnd eftir að fjalla um þetta mál og engu verður því slegið föstu um niðurstöður. Í þessu sambandi má þó geta þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem Hagstofan hefur aflað sér, stafa 14% af 98% heildarhækkun iðgjalda af aukningu trygginga vegna nýrra umferðarlaga. Til viðmiðunar má enn fremur nefna að heildarhækkun ábyrgðartryggingar um 98% svarar til nær 0,8 prósentustiga í vísitölu framfærslukostnaðar og er þá framrúðutrygging og slysatrygging ökumanns og eigenda innifalin og miðað við að sjálfsábyrgð falli niður. Sé hins vegar tekið tillit til nýrra trygginga af völdum umferðarlaganna verða áhrifin á vísitöluna 0,25% minni. Loks má nefna að kaskótrygging hækkar um 28% sem svarar til innan við 0,1% í vísitölu. Eins og áður sagði er ekki unnt að svara því enn til hvaða hlutfalls af væntanlegum nýjum grunni vísitölunnar þessi iðgjöld muni svara.

Að lokum skal ítrekað að þessum tölum er einungis ætlað að gefa upplýsingar um breytingar iðgjaldsfjárhæðanna í hlutfalli við grunnvísitöluna. Það er hins vegar kauplagsnefndar að meta með hvaða hætti sú útgjaldaaukning sem í þessu felst verður reiknuð í vísitölu framfærslukostnaðar sem ætlað er að meta verðbreytingar í útgjöldum heimila en ekki útgjaldabreytingarnar sjálfar.

Þetta var svar við fyrri fsp. og það byggist að sjálfsögðu fyrst og fremst á upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Varðandi síðari spurninguna um það hvað hæstv. ríkisstjórn hyggist gera vil ég segja þetta:

Það er ekki mögulegt án beinnar lagaheimildar fyrir ríkisstjórnina að grípa til aðgerða til að lækka verð á tryggingum. Um þetta hafa gengið bréfaskriftir og fyrir liggja lögfræðileg álit frá árinu 1983 sem ég hygg að sumir hv. þm. muni eftir en það gerðist þegar breytingar voru gerðar á verðlagslöggjöfinni og verðlag var gefið frjálst. Þá kom fram í áliti lögfróðra manna að það væru ákvæði í vátryggingarlögunum sem snerta Tryggingaeftirlit ríkisins sem giltu, enda er Tryggingaeftirlitið sett á stofn af hálfu yfirvalda til þess að fylgjast með vátryggingarverði og fara vandlega ofan í alla útreikninga vátryggingarfélaga. Þess vegna er ljóst að ef þau lagaákvæði eiga að víkja þurfa önnur skýrari og nýrri að koma í staðinn.

Í öðru lagi vil ég segja frá því að heilbr.- og trmrh. mun á næstunni setja á laggirnar vinnuhóp til þess að kanna hvernig koma megi á aukinni hagræðingu í rekstri tryggingafélaga hér á landi. Það sem ég hygg þó að sé mikilvægast er að draga úr tjónum sem verða í umferðinni vegna bifreiða.

Samkvæmt niðurstöðum Tryggingaeftirlitsins, sem farið hefur í gegnum hugmyndir og tillögur tryggingafélaganna, námu tjónabætur á sl. ári samtals 1 milljarði 150 millj. kr. Þetta er að sjálfsögðu ekki nákvæm tala. Þetta er sú tala sem notuð er til viðmiðunar þegar verð er ákveðið á iðgjöldum, en nákvæmt verð kemur ekki fram fyrr en nokkrum árum síðar. Þetta er þó ekki langt frá því. Nákvæmar upphæðir koma ekki fram fyrr en nokkrum árum síðar, en talið er að sú upphæð muni ekki falla langt frá þessari. Rekstrarkostnaður 1987 var 280 millj., fjármunatekjur sem dragast frá 45 millj., þannig að tjónakostnaðurinn var 1385 millj. kr. Framreiknað, miðað við verðlagsþróun sem Hagstofa Íslands gefur upp, þegar tekið er tillit til hækkunar á milli ára, er áætlað að tjónakostnaður 1988 gæti numið 1670 millj. kr. Ef iðgjöld stæðu óbreytt mundu þau gefa tryggingafélögunum í iðgjaldatekjur 1040 millj. kr. og þá sést að hækkunarþörfin er yfir 60% ef iðgjöld eiga að mæta tjónum á yfirstandandi árum. Þessu til viðbótar eins og ég hef skýrt frá áður, herra forseti, koma breytt umferðarlög og þarf ég ekki að endurtaka áhrif þeirra.

Hér er að sjálfsögðu um gífurlegar upphæðir að ræða. Ég er ekki eldsnöggur í reikningi en mér sýnist þetta vera nokkur þúsund bílverð sem liggja í beinum tjónum, en þess ber þó að geta að það er ekki einungis eignatjón sem bætt er, heldur og líkamstjón, og það tjón er að sjálfsögðu miklum mun meira en þegar um eignatjón er að ræða, hvort sem það er á bifreiðum eða öðrum eignum.

Það er, eins og ég segi, þess vegna aðalforsendan fyrir því að hægt sé að lækka tryggingaiðgjöld hér á landi að tjónum fækki. Setning nýrra umferðarlaga sem tóku gildi 1. þ.m. er veigamikill þáttur í því að skapa grundvöll fyrir bættri umferðarmenningu og þar með færri slysum og tjónum í umferðinni. Meðal þeirra nýmæla sem kveðið er á um í nýjum umferðarlögum er að skylt sé að hafa ökuljós ávallt logandi þegar ekið er. Það getur stuðlað að því að ökumenn verði frekar á verði í umferðinni og gæti sín betur. Þá er lögð aukin áhersla á notkun bílbelta, en ljóst er að slíkt dregur verulega úr tjóni eins og bent hefur verið á og niðurstöður alls staðar sýna að svo sé. Aukinn áróður fyrir bættri umferð og ýmiss konar fræðsla fyrir ökumenn og aðra vegfarendur geta haft

áhrif til betri umferðarmenningar og fækkunar slysa og tjóna.

Til að stuðla að betri umferð í tilefni nýrra umferðarlaga var ákveðið á sl. ári að efna til sérstaks þjóðarátaks í umferðaröryggi í samræmi við ályktun Alþingis frá 18. mars 1987. Samþykkt var sérstök fjárveiting sem var að fjárhæð liðlega 5 millj. kr. og síðan skipuð sérstök nefnd til undirbúnings þessu átaki. Í þeirri nefnd eiga sæti hv. þm. Eiður Guðnason, Hreinn Bergsveinsson og Óli H. Þórðarson.

Þá vil ég enn fremur geta þess að sú tollalækkun sem gerð hefur verið á bílum, varahlutum og hjólbörðum hlýtur að stuðla að lægri tryggingaiðgjöldum því að verð bílsins lækkar og viðgerð hans eftir tjón verður ódýrari. Ódýrari hjólbarðar eiga að gera bíleigendum auðveldara að hafa góða hjólbarða á bílum sínum og gera þá þannig öruggari í umferðinni.

Þá vil ég geta þess að Umferðarráð hefur ýmislegt á prjónunum. M.a. vil ég benda á að Umferðarráð ásamt bifreiðatryggingafélögunum efndu til átaks gegn slysum og óhöppum í umferðinni undir kjörorðinu „Fararheill 1987". Árangur þess starfs, sem var viðbót við verkefni Umferðarráðs, var nokkur, en hvarf að nokkru leyti í skuggann af ýmsum aðstæðum í þjóðlífinu. Helst má þar nefna gífurlegan innflutning bifreiða, gott veður sem leiddi til meiri umferðar og þensluástand í þjóðfélaginu sem ávallt leiðir til aukningar á umferð. Þá hafa ýmsar ástæður orðið þess valdandi að fólk kaupir í auknum mæli litla bíla sem ekki hafa reynst traustbyggðir.

Málefni ökukennslunnar hafa verið mikið til umræðu að undanförnu. Ráðstefna var haldin um þetta efni í nóv. sl. og fyrir tilstuðlan Umferðarráðs hefur fengist vilyrði fyrir landsvæði til æfinga í Kapellubrauni við Straumsvík. Þar er í ráði að gera hálku- og malarvegabrautir sem fólk geti notað til akstursæfinga. M.a. væri þá hægt að nota hálkubrautina allan ársins hring alveg óháð veðurfari. Slíkt æfingasvæði kostar að sjálfsögðu nokkurt fé, en það skilar sér fljótt aftur þegar og ef hægt verður að koma í veg fyrir örkumlaslys sem auðvitað eru langsamlega dýrasti útgjaldaþáttur bifreiðatrygginganna, að greiða bætur vegna slíkra slysa á mönnum.

Gerð umferðarmannvirkja hefur að sjálfsögðu umtalsverð áhrif varðandi öryggi vegfarenda. Það er ljóst að talsvert vantar á það hér á landi að við séum búnir að gera þær breytingar á umferðarmannvirkjum sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir það tjón sem af því getur hlotist að umferðarmannvirki séu ekki þannig útbúin að þau séu nægilega örugg.

Fleiri atriði mætti telja, en ég vil aðeins geta þess að hér í höfuðborginni einni saman var talið að í gær hefðu orðið 100 árekstrar. Ef við göngum út frá því að 200 bílar hafi lent í þessum árekstrum og að meðaltjónið sé 60 þús. kr. á bíl er það ljóst að þetta gáleysi ökumanna í gær hér í höfuðborginni hefur valdið 12 millj. kr. tjóni og þá er ekki gert ráð fyrir að neinn hafi slasast í þessum árekstrum. Það eru einmitt dæmi af þessu tagi sem kannski sýna þetta best, og á það vil ég leggja áherslu í lokin, að það er ekki á færi ríkisstjórnarinnar einnar né heldur Alþingis að bæta hér úr. Það verða fleiri til að koma, allir, einnig launamenn sem hv. fyrirspyrjandi hafði miklar áhyggjur af. Það verður að koma til sameiginlegt átak allra ef draga á úr þeim kostnaði sem hlýst af tjónum í umferðinni.

Ég vil aðeins nota tækifærið til að hvetja til þess að menn fylgist vel með því framtaki sem nú á sér stað á vegum ríkisstjórnar og Alþingis og er ætlað að skila sér í bættri umferðarmenningu, minni tjónatíðni og þar af leiðandi í lægri bifreiðatryggingum.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég sem aðrir landsmenn hef haft af því miklar áhyggjur hversu bifreiðatryggingar eru orðnar dýrar. Ég fékk áfall eins og fleiri þegar gjaldseðlar bifreiðatryggingafélagsins míns komu inn um póstlúguna um daginn og ég sá hvað mér var gert að greiða af þeim bílum sem eru í eign fjölskyldunnar. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig standi á því að bifreiðatryggingar á Íslandi skuli þurfa að vera svona dýrar.

Ég átti heima um nokkurt árabil í Danmörku og borgaði þar að sjálfsögðu tryggingu af þeim bíl sem ég átti og rak þar og ég minnist þess að það var ekki nema lítill hluti af þeim kostnaði vegna bifreiðatrygginga sem ég þarf aftur að greiða hér á Íslandi. Ég gerði það þess vegna að gamni mínu rétt áður en þessar umræður hófust að ég hringdi til Kaupmannahafnar í mitt gamla tryggingafélag og fékk upplýsingar um það hvað trygging kostar á meðalstórum bíl annars vegar úti á landi í Danmörku og svo á Kaupmannahafnarsvæðinu, bara til samanburðar. Það er fróðlegt að bera þessar tölur saman. Ef ökumaður er að kaupa sér sína fyrstu tryggingu og hefur enga reynslu sem ökumaður þarf hann að borga 17 þús. kr. á ári fyrir bifreiðatryggingu á meðalstórum bíl búi hann í sveit í Danmörku. Eftir sjö ár, ef hann hefur haft venjulegan ökumannsferil, þ.e. hann hefur ekki valdið neinum stórslysum, þeir eru ekki með bónuskerfi eins og við þekkjum, er tryggingin komin niður í 5 þús. kr. á ári fyrir meðalstóran bíl eigi ökumaður heima úti í sveit. Ef ökumaður býr í Kaupmannahöfn greiðir hann í fyrsta sinn sem hann tekur bifreiðartryggingu 21 þús. kr. á ári, ábyrgðartryggingu fyrir bíl sinn, meðalstóran bíl. Eftir sjö ár, ef hann hefur haft venjulegan feril sem ökumaður, hefur ekki orðið valdur að stórslysum, en þó er gert ráð fyrir að hann hafi lent í einhverjum árekstrum á þeim ferli sínum, kostar tryggingin hans 6 þús. kr. á ári. (**RA:** Íslenskar?) 6 þús. kr. íslenskar, já. Þetta eru allt íslenskar krónur. Þetta er ekki nema lítið brot af þeim gjöldum sem okkur er gert að greiða á Íslandi fyrir bílatryggingar. Það er því ekki nema von að þessi umræða sé hafin hér og menn spyrji: Hvernig stendur á því að bifreiðatryggingar skuli vera svona dýrar á Íslandi?

Ég held að það sé rétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra hér áðan. Hann fer með svo mörg ráðuneyti, hæstv. ráðherrann, að ég veit ekki hvað ég á að kalla hann, hvort hann vill heita hæstv. forsrh. eða hæstv. iðnrh., en látum það liggja á milli hluta. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að það þarf að leita skýringa á þessum háu iðgjöldum og það þurfa allir að taka höndum saman um að reyna að komast til botns í þessu vandamáli og reyna að koma því á að bifreiðatryggingar verði aftur viðráðanlegar fyrir almenning.

Hæstv. ráðherra kom inn á að eðlilegt væri að bifreiðatryggingar færu lækkandi vegna þess að með tollabreytingunum sem urðu núna um áramótin lækkuðu varahlutir í verði. Ég hélt þess vegna að við mundum sjá bifreiðatryggingaiðgjöldin lækka þegar þau bárust núna inn um póstlúguna eins og ég sagði fyrir nokkrum dögum. En það er nú öðru nær. Þessar gífurlegu hækkanir sem hafa orðið á bifreiðatryggingaiðgjöldum hafa vakið furðu allra landsmanna. Þá má einnig benda á það að bílverð hefur lækkað verulega á undanförnum árum þannig að kostnaður vegna tjóna, á bifreiðunum sjálfum a.m.k., hlýtur að hafa lækkað mikið.

Það er alveg rétt að meiri hluti kostnaðarins sem bifreiðatryggingafélögin verða fyrir er væntanlega vegna örorku og meiðsla á farþegum og ökumönnum og annarra sem lenda í bifreiðaslysum. Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að varpa þeirri spurningu fram hvort eitthvað sé að í þessu tryggingakerfi. Hvað veldur að bifreiðatryggingar skuli vera svona dýrar? Ef hægt er að reka bifreiðatryggingar með miklu, miklu minni kostnaði í nágrannalöndum okkar hljótum við að spyrja: Hvað veldur? Erum við svona miklu lakari ökumenn en nágrannar okkar og frændur í Skandinavíu? Eru það veðurskilyrði sem gera það að verkum að við keyrum oftar á? Nú tel ég að veturnir bæði í Osló og Kaupmannahöfn séu síst hagstæðari ökumönnum en veturnir hér í Reykjavík a.m.k. Vissulega voru margir árekstrar í umferðinni í gær. Þeir voru allir smávægilegir. Ég var einn þeirra sem stóðu í ströngu við að komast frá Seltjarnarnesi í Hafnarfjörð. Það tók mig tvo klukkutíma og ég horfði upp á eina fimm eða sex árekstra á leiðinni. Þeir voru til allrar guðs lukku allir smávægilegir.

Síðan vaknar spurningin: Hvað hafa nýju umferðarlögin kostað í hækkun iðgjalda fyrir bifreiðatryggingar? Mér er tjáð að sú ábyrgð sem nú er látin vera með bifreiðatryggingunni hafi verið stóraukin og einhver fræddi mig á því að þegar var verið að reikna út hver upphæðin gæti orðið sem bifreiðatryggingin, þ.e. ábyrgðartrygging ökutækja tæki til, þá hefði verið lagt til grundvallar eitthvað í þá veru að hugsanlega gæti ökumaður orðið þess valdandi að hópferðabifreið full af amerískum auðkýfingum keyrði út af og þeir létust allir og ábyrgðartrygging bifreiðarinnar yrði síðan að greiða slysatryggingu allra þessara amerísku auðkýfinga sem hefðu misst lífið í slysinu. Ef eitthvað slíkt hefur verið lagt til grundvallar er kannski kominn tími til að endurskoða bifreiðatryggingar frá grunni og ég held jafnvel að burtséð frá þessu eigi að gera það.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Á síðasta kjörtímabili voru í tengslum við kjarasamninga gerðar sérstakar aðgerðir til að auðvelda launafólki bílakaup. Þessar aðgerðir voru illa undirbúnar sem kom í ljós þegar hin mikla umferð, sem varð árangur þeirra, fór að reyna á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins og víðar. Ein af afleiðingum aukinna bílakaupa er t.d. Þeir valda tjóni og vitanlega þarf að tryggja þeim sem slasast réttlátar bætur. Ég minnist þess hins vegar að þegar kvartað var við hæstv. þáv. fjmrh. á síðasta kjörtímabili, ég man ekki nákvæmlega hvaða ár það var, yfir því að iðgjöld bifreiðatrygginga hefðu hækkað. Þá skrifaði tryggingastærðfræðingur, Þórir Bergsson heitinn, grein í Morgunblaðið þar sem hann hneykslaðist á skilningsleysi þeirra alþm. sem höfðu tjáð sig í þeirri umræðu. Hann sagði að þeir skildu einmitt ekki að það væri nauðsynlegt að hækka iðgjöldin til þess að þeir sem slösuðust fengju nægilega háar bætur. En þá er mér spurn: Hér eru afar mörg tryggingafélög í þessu landi. Maður verður mjög lítið var við samkeppni þeirra á milli um viðskiptavini því að þau bjóða öll meira og minna sömu tegund af tryggingu, bifreiðatryggingu, gegn mjög svipuðu ef ekki sama iðgjaldi. Þá er spurning mín: Hvers vegna er svona lítil samkeppni milli allra þessara tryggingafélaga? Og önnur spurning er sú: Eru þessi tryggingafélög almennt ekki það vel stæð, fá þau ekki iðgjöld fyrir aðrar tegundir trygginga en bifreiðatryggingar til að geta boðið viðskiptavinum sínum upp á betra? Hvers vegna er ekki meiri samkeppni á milli þeirra? Auðvitað viljum við öll að þeir sem slasast og eiga rétt á bótum fái eðlilegar og réttlátar bætur. Það er nauðsyn. En hvers vegna geta þessi mörgu tryggingafélög ekki boðið viðskiptavinum sínum betur? Þetta er spurning mín til hæstv. ráðherra.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur svarað þeim spurningum sem til hans var beint í upphafi og skal ég ekki endurtaka það. En þar sem hæstv. trmrh. er fjarverandi og ég gegni störfum fyrir hann vildi ég aðeins undirstrika það sem hæstv. iðnrh. sagði, að trmrh. hefur áhuga á því að reyna að gera úttekt á þessum málum til þess að vita hvernig þar sé hægt við að bregðast og leiða til betri vegar. Annars hefur þegar komið skýrt fram í þessum umræðum að ástæðan fyrir háu iðgjaldi er að sjálfsögðu mikil slysatíðni og síðan, eins og hv. síðasti ræðumaður lagði áherslu á, þörf þeirra sem fyrir tjóni verða að fá þetta tjón sitt bætt. Þess vegna þarf að hækka iðgjöldin þegar tjónin verða mikil og það mun hafa komið fram í uppgjöri tryggingafélaga að á sl. ári vantaði töluvert á að tryggingariðgjöldin hrykkju fyrir þeim útgjöldum sem félögin urðu fyrir.

Að sjálfsögðu er gott að tryggingafélög séu það sterk að þau geti tekið slíkar sveiflur á sig, en það getur náttúrlega ekki gengið ár eftir ár því að þá verða þau ekki lengi sterk ef tjónin verða til lengdar meiri en tekjurnar og til lengdar er ekki heldur hægt að láta eina tryggingagrein taka á sig tjón annarra. Því að yfirleitt er það svo alls staðar, að það er þrýst á að iðgjöldin séu í samræmi við kostnað í hverri tryggingargrein.

Hér hafa verið nefndar tölur um tryggingarupphæðir og það vildi þannig til að ég var með minn tryggingarseðil í höndunum og þá sé ég það að ábyrgðartrygging sú sem ég þarf að greiða er rúmar 10 þús. kr., 10 300 kr., fyrir utan söluskatt. Það var ábyrgðartryggingin. Síðan bætist við framrúðutryggingin og hin nýja ökumannstrygging sem er nú upp tekin samkvæmt nýju umferðarlögunum. Að sjálfsögðu ákvað Alþingi að taka hana upp vegna þess að talin var þörf á því að ökumenn fengju þarna aukna tryggingarvernd. Þar er því um nýja þjónustu fyrir neytendur að ræða en ekki beinlínis ný útgjöld nema þeim tjónum sem þar er um að ræða er jafnað út á heildina með þessari tryggingu eins og öðrum tryggingum.

Ég legg sem sagt fyrst og fremst áherslu á það sem fyrri ræðumenn hafa gert að það er mjög mikilvægt að allir sameinist um að reyna að draga úr þessum tíðu og miklu tjónum og síðan, eins og hæstv. trmrh. hefur í huga, verði reynt að athuga hvaða aðrar leiðir eru færar til þess að draga úr þessum mikla útgjaldalið.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er margt sem kemur upp í hugann í þessari umræðu sem hér fer fram utan dagskrár um tryggingarnar og ég ætla að leyfa mér að nefna nokkra þætti sem mér finnst óhjákvæmilegt að íhuga.

Það er þá í fyrsta lagi hlutur almenningssamgangna. Fyrir fáeinum missirum samþykktum við hér á Alþingi samhljóða till. til þál. um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Því miður hygg ég að athafnir á grundvelli þeirrar samþykktar hafi ekki verið miklar, og ég held að óhjákvæmilegt sé að gera sér grein fyrir því að vaxandi einkabílismi eykur hættuna á því að iðgjöld verði að hækka vegna aukinnar slysatíðni. Það að stuðla að bættum almenningssamgöngum er þess vegna liður í því að draga úr kostnaði við umferðina og sérstaklega tjón í umferðinni.

Í öðru lagi vil ég benda á það í þessu sambandi, herra forseti, að það munu vera starfandi hér um átta bílatryggingafélög og það er alveg ljóst eftir upplýsingum sem ég hef fengið m.a. frá Tryggingaeftirlitinu og frá tryggingafélögunum að rekstrarkostnaður þessara félaga er mjög misjafn og sem hlutfall af heildargjöldum fer hann vaxandi í öfugu hlutfalli við stærð félaganna. Minnsta félagið er með langmestan rekstrarkostnað.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá samstarfsnefnd bifreiðatryggingafélaganna er gert ráð fyrir því að heildarrekstrarkostnaður tryggingafélaganna á þessu ári í þessari grein tryggginganna verði 457 millj. kr. Heildarrekstrarkostnaðurinn á móti tjónabótum sem eru áætlaðar alls upp á 1103 millj. kr. miðað við gömlu umferðarlögin.

Síðan gerist það með samþykkt Alþingis að um verður að ræða talsverðar nýjar skyldur sem þarna verður að taka tillit til, þannig að heildariðgjaldaþörfin reynist ekki vera 1600–1700 millj. kr. eins og hæstv. iðnrh. gat hér réttilega um áðan, heldur er um að ræða, þegar allt er talið, að meðtöldum breytingum vegna nýrra umferðarlaga, upphæð í kringum 2000 millj. kr., þar af sem sagt 457 millj. kr. vegna rekstrarkostnaðar tryggingafélaganna við þessa grein. Og það er auðvitað alveg rétt sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan að það er ekki hægt, og reyndar er það bannað í tryggingalögum, að flytja hagnað úr einni tryggingagrein yfir til annarrar af eðlilegum ástæðum sem ekki þarf að rekja.

Þriðji þátturinn sem ég vek athygli á er sá að á undanförnum árum hafa tryggingafélögin verið að taka inn í iðgjöldin hjá sér stórhækkaðar örorku- og dánarbætur á grundvelli hæstaréttardóms sem kveðinn var upp 1984 um þessi efni og breytti í raun og veru mjög verulega kostnaðarsamsetningu tryggingafélaganna frá því sem áður hafði verið.

Fjórði þátturinn sem ég vil vekja hér athygli á, herra forseti, í framhaldi af ræðu hv. 7. þm. Reykn., er sá þáttur að þegar hann ber saman tryggingaiðgjöld á milli Íslands og annarra landa er nauðsynlegt að hafa það í huga að hér er lagður söluskattur á endanlegu iðgjaldatöluna, 25% eða svo. Þessum málum er auðvitað öðruvísi háttað t.d. í Danmörku. Hér er í raun um að ræða tvísköttun að þessu leyti því að bæði er söluskattur tekinn af kostnaði við viðgerðir og lagfæringar á bílum og líka af hinu endanlega tryggingariðgjaldi, þannig að í tryggingariðgjöldunum er í raun og veru uppsafnaður söluskattur svo að ég nefni hugtak sem þm. þekkja úr öðru samhengi undanfarinna daga.

Það er alveg ljóst að sú hækkun sem nú hefur orðið hjá tryggingafélögunum er mjög tilfinnanleg. Hún er mjög tilfinnanleg og mjög alvarleg og það er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að gera allt sem hægt er til þess að ná þessum kostnaði niður. Í þeim efnum bendi ég fyrst og fremst á það að stuðlað verði að betra samstarfi tryggingafélaganna og sameiningu að því er varðar tiltekinn hluta þessa þáttar í okkar þjóðarbúskap, ef svo mætti að orði kveða. Ég held að það eigi líka að taka það til athugunar hvort ekki á að taka hluta af þessum mikla kostnaði inn í verði á bensíni. Það er alveg ljóst að þeim mun meira sem menn aka, þeim mun meiri hætta er á því að tjón verði og þegar um er að ræða mjög lítinn akstur er hættan þar af leiðandi minni. Ég bendi á að við seljum hér á ári um 160 millj. lítra af bensíni og mér finnst hugsanlegt að taka þannig á þessum málum að hluti af þeim kostnaði sem hér er um að ræða, sem er óhjákvæmilegur í okkar þjóðfélagi sem byggir á

bílum að svo miklu leyti, hluti af þessum kostnaði verði tekinn inn í bensínverðinu.

Þessa fimm þætti, herra forseti, þ.e. í fyrsta lagi almenningssamgöngur, í öðru lagi tryggingafélögin og rekstrarkostnað þeirra, í þriðja lagi örorku- og dánarbæturnar og breytingu á þeim, í fjórða lagi söluskattinn og í fimmta lagi spurninguna um það að taka eitthvað af þessu inn í bensínverðinu, þetta vildi ég nefna hér í þessari umræðu, sem er þörf og óhjákvæmileg á þingi einmitt við þær aðstæður sem nú eru þegar fólk er að fá þessar ofboðslegu kröfur frá tryggingafélögunum vegna bílatrygginganna.

Jóhann Einvarðsson:

Herra forseti. Það eru nokkur orð sem ég vildi bæta í þessa umræðu um tryggingarnar. Ég held að þetta sé mál sem er mjög tímabært að við ræðum hér á þingi einmitt núna við þessar aðstæður. Hækkunin hefur verið gífurleg á milli ára. Samt sem áður er það nú einu sinni svo að það hlýtur að vera einn af þeim betri viðskiptaháttum sem menn geta stundað að að reka tryggingafélag vegna þess að strax árið eftir, þá er útkoma síðasta árs metin og tekjur næsta árs á eftir eiga að borga það upp. Og ekki er trú tryggingafélaganna mikil á þessu þjóðarátaki sem við erum að gera núna með nýjum umferðarlögum, með sérstökum nefndaskipunum og tilkostnaði af ríkisins hálfu, með tollalækkunum bæði á bílum og varahlutum, ef þau taka ekkert tillit til þess við útreikning iðgjaldsins í ár.

Hitt er hins vegar ljóst að bæði tryggingarþoli og reyndar tryggingartakinn verða að vera vissir um það að tryggingarnar bæti þau tjón sem við munum valda úti í umferðinni. Ég get vel tekið undir það sjónarmið sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að það komi til greina að taka þetta inn í orkuna, inn í bensínverðið. Það er augljóst mál að stærðfræðilega gætum við sem keyrum meira orðið meiri tjónvaldar en hinir. Ég er hins vegar gjörsamlega andvígur því sjónarmiði sem hefur verið ríkjandi að skipta landinu niður í svæði. Ég held að það sé úrelt sjónarmið. Og það kemur m.a. í ljós þegar hæstv. landbrh. segir frá iðgjaldinu sínu. Hann á að borga rétt 10 þús. kr. þegar ég á að borga 26 þús. kr. En ég er næstum því viss um það að 70–80% af hans akstri fer fram hér í þéttbýlinu. (**Gripið fram í:** Hann er með fullan bónus.) Ja, ég er ekki viss um að það sé eingöngu það. Það vill nú svo vel til að ég er hér með minn tryggingarseðil af tilviljun kannski, en þar eru upplýsingar sem ég veit ekki hvort allir hafa gert sér grein fyrir hvernig eru.

Vátryggingarupphæðirnar eru orðnar mjög háar og vegna slysa geta tjónin farið upp í 250 millj. kr. Það er ekki lítil upphæð. Vegna munatjóna upp í 50 millj. kr. og við ökumenn erum tryggðir fyrir 10 millj. kr. þannig að eitt tjón gæti tæknilega séð orðið 310 millj. kr. sem yrði að bæta. Iðgjaldið af þessari tryggingu, af ábyrgðartryggingu af mínum bíl, er 36 586 kr. og ég er með 55% bónus sem gefur 20 þús. kr. afslátt. Síðan bætist við ökumannstryggingin upp á 3200 kr., framrúðutrygging upp á 1405 kr., en síðan kemur að lokum söluskattur upp á 5300 kr. Samtals ber mér að greiða núna 26 336 kr.

Ég er ekki alveg viss um það að þetta séu nú eðlilegir útreikningar, t.d. með framrúðutrygginguna. Það hlýtur að minnka verulega hættan á framrúðutjónum eftir að varanlegt slitlag er komið meira og minna á allt landið. Það hlýtur að minnka verulega mikið, en tryggingin virðist hækka alveg í sama hlutfalli og annað.

Og það eru nokkur atriði sem ég hefði viljað minnast á í þessu sambandi. Það er ekki langt síðan hér fóru fram umtalsverðar umræður í Alþingi, utan dagskrár reyndar líka, um samráð ákveðinna stétta um verðlagningu og það þótti hin mesta ósvinna. Ég held að það hafi verið eggjabændur, ef ég man rétt, sem höfðu samráð um verð á framleiðsluvöru sinni. Það hefur enginn talað um þetta samráð núna hjá tryggingafélögunum. Þá er þetta allt í lagi. Það er alveg rétt sem kom fram hjá einum ræðumanni hér áðan. Hvað hafa tryggingafélögin í raun gert í samkeppni sín á milli? Hvað hafa þau gert til þess að draga úr slysum? Þau hafa auglýst örlítið, en ég vil fullyrða það að tryggingafélögin hafa ekki verið sá þátttakandi í umferðarmálum sem vert væri. Maður sér það þegar maður kemur erlendis að það er miklu meiri alls konar áróður hafður í frammi fyrir hinn almenna borgara frá tryggingafélögunum sjálfum heldur en gert er hér á landi. Og ég verð að segja það eins og er að það slær mann illilega að í landi þar sem manni finnst flestar vörur vera mjög dýrar eins og í Danmörku, ef maður ber saman verðlag á fatnaði, ýmsum lúxusvarningi og kannski jafnvel neysluvarningi, þá erum við með alveg sambærilegt verð á ýmsum hlutum, en svo skuli tryggingar bifreiða vera í þetta miklu ósamræmi. Það vekur undrun manns.

Að lokum mundi ég vilja beina þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að gerð yrði veruleg úttekt á þessum málum og reynt að kanna það hvort ekki er hægt að koma þessum málum betur fyrir en þau virðast vera í dag því a.m.k. svo lengi sem ég man aftur í tímann hefði svona umræða verið eðlileg árlega, óhugnanlega mikil hækkun á tryggingum á hverjum tíma. Og eins og ég segi þá eru rökin alltaf þessi: Tjónin á síðasta ári voru svo mikil að núna þurfum við að hækka. En það virðist aldrei neitt bætast, hvorki í rekstri né í umferðarmenningu þjóðarinnar.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Þetta hafa verið gagnlegar umræður og það er ástæða til að þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir að vekja máls á þeim. Það er ekki óeðlilegt að ný umferðarlög ásamt almenningssamgöngum hér á höfuðborgarsvæðinu og umferðaröryggi tengist þessari umræðu, svo nátengt sem það má vera, eins og komið hefur fram, þeim bifreiðatjónum sem aukist hafa svo gífurlega að undanförnu.

Það hafa orðið miklar breytingar hér á höfuðborg-

arsvæðinu á undanförnum áratug eða við getum sagt sl. 15 árum. Nú búa 134 þúsund manns á þessu svæði. Íbúum hefur fjölgað um 30%. Á sama tíma hefur bílaeign landsmanna aukist um 200%. Það þótti gott hér áður fyrr ef fjölskylda gat eignast eina bifreið, en nú er hún orðin ómissandi þáttur í daglegu lífi hvers manns og dugar helst ekki annað en bíll fyrir hvern fjölskyldumeðlim sem náð hefur 17 ára aldri. Nú lætur nærri að það sé bíll á hverja tvo landsmenn. Og um marga vegarkafla hér á þessu svæði fara þetta 30 og upp í 50 þús. bifreiðar á dag, og þá er ég að tala um höfuðborgarsvæðið eða nágrenni Reykjavíkur. Það gefur auga leið að þessi aukna bílaeign kallar á bættar og greiðari samgöngur því að aukin umferð leiðir fljótt til vandræða nema stöðugt sé verið að lagfæra og endurbæta skipulag og umferðarmannvirki. En það er einnig ástæða til að leggja áherslu á aukið umferðaröyggi.

Hv. 7. þm. Reykv. minntist á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og þá þál. sem var samþykkt hér fyrir nokkrum árum síðan og taldi að ekki hefði mikið verið gert í framhaldi af því máli. Að vísu var unnin fyrrihlutaskýrsla af nefnd sem sett var í það mál, en ég tek undir það að ekki virðist hafa komið mikið út úr því máli enn þá, svo þýðingarmikið sem það er. Og ég vil taka undir það með hv. 7. þm. Reykv. að til þess að draga úr notkun einkabifreiða, og þá er maður fyrst og fremst að tala um þéttbýlið, er það auðvitað meginatriði að þar séu greiðar og góðar almenningssamgöngur. Og þá þarf að ræða það í sambandi við allt höfuðborgarsvæðið. Það þarf að líta á það sem eina heild þar sem atvinnustarfsemi og ýmiss konar þjónusta er dreifð um byggðirnar.

En þó að þáttur greiðra og góðra samgangna sé mikilvægur þá er ekki síður mikilvægur sá þáttur sem snýr að þeim sem ferðast í umferðinni, eins og hér hefur komið fram m.a. hjá hæstv. ráðherra, það er umferðaröryggið og það sem snýr að ökumönnum og öðrum vegfarendum. Það er sem sagt ekki nóg að hafa gott vegakerfi, umferðarljós, hraðahindranir, gangbrautir og svo lög og reglur ef ekki er farið eftir þeim.

Hér var minnst á ný umferðarlög og ný viðhorf og það eru einmitt ýmis nýmæli í þessum lögum sem geta skipt sköpum ef menn fara eftir þessum nýju lögum. Við erum að sjá árangurinn af því þessa dagana því að alltaf fækkar þeim sem þrjóskast við að nota öryggisbelti og/eða hjálm. Ég trúi því að ökumenn séu að gera sér betur og betur grein fyrir því hvað þessi atriði skipta miklu máli.

Ég þarf nú ekki að minnast á það hér í þessari hv. deild að það eru fimm ár síðan ég hóf baráttu fyrir notkun öryggisbelta með frumvarpsflutningi hér ásamt fleiri hv. þingdeildarmönnum sem þá áttu hér sæti. Við fluttum hér frv. um þetta mál á nokkrum þingum sem alltaf endaði með þyrnirósarsvefni í hv. Nd. þar til þessi ákvæði voru góðu heilli tekin upp í nýjum umferðarlögum. Staðreyndin er sú að í Svíþjóð, þar sem öryggisbelti hafa verið lögleidd og í gildi árum saman, þar hafa verið gerðar rannsóknir sem sanna að slysum hefur fækkað um 13% eingöngu með tilkomu notkunar öryggisbelta allan sólarhringinn allan ársins hring. Þetta vildi ég nú aðeins rifja upp af því að hér er verið að ræða um umferðaröryggið.

Ég vil einnig taka undir þýðingu þess sem hæstv. ráðherra minnti á. Það var um þál. sem ég flutti hér á síðasta þingi og var samþykkt, ég flutti hana ásamt 10 öðrum þm. úr öllum flokkum sem þá áttu sæti á Alþingi, um þjóðarátak í umferðaröryggi, en það er einmitt þessi þjóðarátaksnefnd sem hefur verið að vinna að kynningu á umferðarlögunum. Fram undan er mikil fræðslu- og áróðursherferð varðandi umferðarmálin til þess að endurhæfa alla ökumenn í umferðinni. En tilgangurinn með þessu þjóðarátaki er einmitt að gjörbreyta hegðun Íslendinga í umferðinni, jafnt ökumanna sem gangandi vegfarenda, þannig að tillitssemi við aðra vegfarendur og kunnátta sem greiði fyrir umferð og auki umferðaröryggi verði sjálfsagður þáttur í daglegri hegðun. Með þessu móti má nánast útrýma þeim umferðarslysum sem stafa af vankunnáttu, þjálfunarleysi og tillitsleysi við aðra vegfarendur.

Eins og ég sagði hér í upphafi þá er eðlilegt að þetta mál komi hér inn á Alþingi varðandi þessa mikla hækkun bifreiðatrygginga og áhyggjur manna af þeim, ekki síst með tilliti til þess, eins og ég nefndi áðan, að bíllinn er orðinn ómissandi þáttur í daglegu lífi hvers manns.

En hér var minnst á sjálfsábyrgðina. Ég er ansi hrædd um að þessi sjálfsábyrgð sem boðið er upp á vegi ekki mjög þungt varðandi lækkun iðgjalda þannig að menn sjái sér ekki mikinn hag í því að taka á sig þessa sjálfsábyrgð. Hún þyrfti að vega miklu þyngra varðandi lækkun iðgjalda til þess að hún kæmi að einhverju gagni.

Hv. 8. þm. Reykn. minntist á tryggingafélögin og það kom fram í hans máli að hann teldi að tryggingafélögin gerðu lítið til þess að draga úr slysum. Ég verð að minna á það að tryggingafélögin hafa nú einmitt gert heilmikið átak, það átak sem var gert á sl. ári, „Fararheill '87", sem var tilraun til þess að draga úr slysum. Þá vil ég einnig nefna það og mér finnst eðlilegt að það komi hér fram að tryggingafélögin munu einmitt leggja af mörkum fjármagn til þess þjóðarátaks sem nú stendur yfir. Það er góð samvinna við tryggingafélögin, þau eiga sinn fulltrúa í þessari nefnd og þess er að vænta að þau leggi fram fjármagn í þess skyni, svo það er rétt að hafa það sem sannara reynist og láta það koma fram.

En það sem mig langar að lokum að nefna varðandi þessi háu iðgöld er að það mætti nú gera mönnum léttbærara að greiða þessi iðgjöld með því að hafa gjalddagana fleiri. Mér finnst í raun og veru furðu sæta að tryggingafélögin skyldu ekki taka það upp um leið og þau hækkuðu iðgjöldin svona gífurlega eins og raun ber vitni að hafa gjalddagana a.m.k. fjóra á ári og jafnvel hefðu þeir mátt vera á tveggja mánaða fresti. Því að við verðum að hafa það í huga að hér er verið að innheimta fyrir fram

iðgjöld en ekki eftir á. Þess vegna fyndist mér ekki óeðlilegt að það hefði verið strax gert ráð fyrir því að innheimta ekki nema hluta af iðgjöldunum í hvert sinn. Ég veit að það er sjálfsagt hægt að komast að samkomulagi við tryggingafélögin um að skipta greiðslunum niður, en ég hefði talið að það hefði verið eðlilegt að útbúa seðlana þannig að menn væru ekki að greiða nema fyrir tvo til þrjá mánuði í senn.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu eins og fleiri hafa gert hér. Ég held að það hafi vantað svolítið í þessa umræðu að við gerðum okkur grein fyrir því um hvers konar tryggingu er að ræða. Hérna er um lögboðna tryggingu að ræða en ekki frjálsa eins og er um flestar aðrar og það er Alþingi sem setur tryggingafélögunum þau boð að þau skuli hafa þessa tryggingu og einnig hvernig tryggingaskilmálar eiga að vera. Þetta atriði gerir það að verkum að tryggingafélögin eiga um mjög fátt að velja varðandi það að hafa sérkenni fram yfir önnur tryggingafélög þannig að samkeppni á þessu sviði, um lögboðnar tryggingar, getur ekki verið mikil.

Það sem hér hefur aðallega verið sagt, fyrir utan síðasta ræðumann, er það að sökinni hefur verið komið svolítið á tryggingafélögin. En ég held að sökina megi frekar leiða til ríkisvaldsins að því leyti til að af tryggingu sem hækkar núna úr 20 þús. kr. í 40 þús. kr., nemur hækkun söluskatts af þessari upphæð um 2500 kr. Þarna er um töluverða fjárhæð að ræða. Og af þessum 40 þús. kr. eru 10 þús. kr. sem greiðast til ríkisins.

Við vorum að heyra það í fréttunum í morgun í sambandi við öryggismál, sem hér hefur mikið verið rætt um, að með síðustu aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur framlag til vegamála verið lækkað. Hefur það bitnað verulega á Reykjavíkurborg og hefur borgin núna ákveðið að draga úr framkvæmdum upp á 125 millj. kr. Þetta er töluvert há upphæð. Ég held að við þurfum að átta okkur betur á því hvað við getum gert á þessu sviði fyrir sveitarfélögin til þess að umferðaræðar geti verið eðlilegar.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. Ed.-þm. fyrir ágætar umræður um þessi mál sem auðvitað hljóta að koma hér til umræðu nú þegar það liggur fyrir að mikil hækkunarþörf reynist vera hjá tryggingafélögunum vegna hækkunar á iðgjöldum bifreiðatrygginga.

Ég vil fyrst segja frá því, vegna þess að það virtist ekki hafa komið nægilega vel til skila í mínu máli í upphafi, að sú hækkun sem verður vegna nýju umferðarlaganna eða þeirra breytinga sem gerðar voru á umferðarlögunum, sú hækkun mun koma fram í vísitöluhækkun sem 17% af þessari heildarhækkun iðgjalda samkvæmt því sem Hagstofan segir og eftir þeim upplýsingum sem hún hefur þegar aflað sér.

Í öðru lagi vil ég taka undir það að auðvitað er orðið tímabært að bæta samgöngur hér á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst vegna þess að fjölgun bifreiða hefur orðið mun meiri en gert var ráð fyrir fyrir fáeinum árum þegar áætlanir voru gerðar. Það er gert ráð fyrir því að Reykjavíkurborg dragi úr fjárframlagi til þessara mála, en þá ber þess að geta að ástæðan er sú fyrst og fremst að skuldir ríkisins hafa hlaðist upp vegna þess að ríkið hefur ekki endurgreitt Reykjavíkurborg þá fjárhæð sem borgin á kröfu á að fá. Hins vegar er eftir að skipta þeirri upphæð sem nú rennur til vegamála á yfirstandandi ári og ég veit að hæstv. samgrh. hefur í hyggju að beita sér fyrir því að nokkur hluti fari til almannasamgangna hér á höfuðborgarsvæðinu, en auðvitað er þar fyrst og fremst um skuldagreiðslur að ræða.

Varðandi óhagræði af fjölda bílatryggingafélaga vil ég aðeins minna á að ekki fyrir mörgum árum lagði eitt af félögunum niður starfsemi sína með því að sameinast öðru félagi og ég vil taka það fram að í útreikningum Tryggingaeftirlitsins er gert ráð fyrir því að enginn rekstrarafgangur verði hjá bifreiðatryggingafélögunum á árinu 1988. Það er lagt til grundvallar hækkuninni og kemur fram í bréfi, sem ég hef fengið frá Tryggingaeftirlitinu, dags. 8. mars, þ.e. í gær, að í útreikningum Tryggingaeftirlitsins er ekki gert ráð fyrir rekstrarafgangi hjá bifreiðatryggingafélögunum á árinu 1988.

Hér var minnst á svokallaðan uppsafnaðan söluskatt. Því miður hef ég ekki á takteinum upplýsingar um þetta atriði. Mér er þó kunnugt um að í mörgum tilvikum munu tryggingafélög hafa bætt bifreiðaeigendum tjón og bifreiðaeigendur síðan látið lagfæra bifreiðar sínar á verkstæðum og ugglaust í mörgum tilvikum þannig sloppið við að greiða söluskatt. Það er alkunna hér á landi að ýmsir gera við bifreiðar, og stunda reyndar margs konar starfsemi, án þess að greiða þau gjöld sem þeim ber.

Ef virðisaukaskattur verður tekinn upp, þá a.m.k. er það spurning, ef litið er á greiðslur til tryggingafélaganna sem innheimtan söluskatt og tryggingafélögin síðan sjá um að bifreiðar séu lagfærðar og gert við þær, hvort ekki kemur þá til frádráttar sú upphæð sem þær greiða þannig í söluskatt. Um það get ég ekki sagt, en mér þykir líklegt að svo verði því það er eðli virðisaukaskattsins að koma í veg fyrir uppsöfnunaráhrif. Þar er aðeins um nettóskattheimtu að ræða.

Loks vegna þess sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. um bensínverð, þá er auðvitað hægt að hugsa sér það að hækka bensínverðið og láta einhvern hluta þess koma fram í lækkun á iðgjöldum. Þó vil ég segja það að við verðum að hafa í huga að í bensínverðinu er þegar skattur sem gengur til vegagerðar, mannvirkjagerðar í vegamálum og auðvitað ber að líta á talsverðan þátt þess kostnaðar sem þar kemur fram sem umferðarmannvirki til þess að veita meira öryggi í umferðinni.

Það er jafnframt rétt sem hefur komið fram í umræðunum að tryggingafjárhæðin, þ.e. sú fjárhæð

sem á að greiða tjón með, hefur stórkostlega hækkað á undanförnum árum. Ástæðan er m.a. hæstaréttardómur sem hér var vitnað til í umræðunum, en þess voru dæmi að menn misstu allar eignir sínar vegna þess að tryggingafjárhæðin var ekki nægilega há. Menn átta sig ekki á því að ef tryggingafjárhæðin nægir ekki, þá ber viðkomandi aðili ábyrgð með öllum eignum sínum. Og það voru til dæmi þess að menn, sem ollu tjóni og tryggingafjárhæðin dugði ekki, þeir misstu allar eigur sínar til þess að standa skil á tjónagreiðslum til viðkomandi aðila, en í slíkum tilvikum var auðvitað um líkamstjón að ræða.

Hér hefur nokkuð verið gagnrýnt að samráð sé haft meðal tryggingafélaganna og samkeppni sé lítil sem engin. Hv. þm. Guðmundur Ágústsson hefur skýrt út eðli tryggingana og sagt frá því skýrt og skorinort að það er auðvitað Alþingi og framkvæmdarvaldið sem gefur út lög og reglur um þetta atriði. Samt sem áður er um samkeppni að ræða, en sú samkeppni birtist m.a. í bónus og afsláttarfyrirkomulagi alls konar. Og af því að hæstv. landbrh. upplýsti þingheim um það hve mikið hann greiddi í tryggingar, þá held ég að það sé rétt að það komi fram að hann nýtur þess að hafa 55% bónus, (**JE:** Ég líka.) sem auðvitað þýðir ekkert annað en það að hæstv. landbrh. hlýtur að hafa keyrt mjög varlega og ekki valdið tjóni árum og jafnvel áratugum saman. Og það upplýsist hér, þannig að ég fari nú ekki í mannamun, að annar hv. þm. sem hefur þennan seðil í vasa sínum, hv. þm. Jóhann Einvarðsson, nýtur þess líka að hafa fengið afslátt vegna þess að hann hefur ekki valdið tjóni. (**JE:** En ráðherrann á lögheimili úti á landi, þess vegna borgar hann minna.) Ég veit ekki hvað hv. þm. kallar úti á landi, en sumir hér í Reykjavík kalla Keflavík úti á landi.

Ég vil enn fremur geta þess, sem hefur reyndar komið fram bæði hjá hæstv. landbrh. og eins kom fram í mínu máli í upphafi, að af hálfu heilbr.- og trmrh. stendur til að fram fari könnun á því hvernig hagræða megi í rekstri tryggingafélaganna og við bindum auðvitað vonir við það starf.

Ég hef hér, herra forseti, fyrst og fremst talað um þetta mál eftir upplýsingum sem ég hef fengið frá öðrum aðilum, enda heyra þessi mál undir tvö ráðuneyti fyrst og fremst, annars vegar heilbr.- og trmrn. og hins vegar dómsmrn. auk Hagstofunnar.

Að allra síðustu er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Salome Þorkelsdóttur að það var hún sem var fyrsti flm. að tillögu um þjóðarátak í umferðarmálum og það framtak ber að þakka. Við hljótum öll að vonast til þess að ef við í sameiningu tökum á með þeim aðilum sem þar fara með mál, þá hljótum við að geta lækkað verulega þá tjónaupphæð sem því miður virðist koma fram hér á landi vegna þess að um fjölda árekstra og eignatjóns er að ræða af völdum bifreiða.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum, iðnrh. og landbrh., sem hér er sem staðgengill heilbrrh., fyrir þátttöku þeirra hér í umræðunni og ég vil einnig þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæði hans, fyrir það að hafa leyft þessa umræðu. Ég tel að þessi umræða hafi verið þörf. Hér hefur ýmislegt komið fram og á ýmsa hluti verið bent sem gott var að fá til umfjöllunar og koma hreyfingu á.

Hitt stendur þó eftir, það sem ég lagði fyrst og fremst höfuðáherslu á, að hér hefur átt sér stað sérstök verðlagsþróun á einu sérstöku sviði sem er ekki í neinu samræmi við stefnu ríkisstjórnar né aðra þá þætti í þjóðfélaginu sem verið er að tala um að þurfi að halda í við, síst af öllu nú þegar verið er að ræða um að það þurfi að halda kaupgjaldi innan ákveðinna marka, að þessi eini þáttur skuli hækka um u.þ.b. 100% eins og hér hefur verið viðurkennt. Ýmsir aðrir þættir í þessu máli hafa hér komið til umfjöllunar og ég ætla ekki fara að ræða það þó ég telji ýmislegt hafa komið fram sem kemur kannski ekki alveg heim og saman við mína skoðun.

Ég endurtek þakkir mínar til ráðherra og deildarþm. fyrir þátttöku í þessum umræðum og þakka forseta.

NEÐRI DEILD

69. fundur, miðvikudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Öryggismálanefnd sjómanna, 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 324. mál. — Þskj. 640.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um öryggismálanefnd sjómanna. Meðflutningsmenn eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Geir H. Haarde og Guðrún Helgadóttir.

Markmið þessara laga um skipan öryggismálanefndar sjómanna er að draga úr slysum á sjó með bættu öryggi og aðbúnaði sjómanna.

Það er miðað við að samgrh. skipi þriggja manna nefnd til fjögurra ára, einn fulltrúa frá samtökum sjómanna, einn frá samtökum útgerðarmanna og formann nefndarinnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Hlutverk öryggismálanefndar sjómanna á að vera að beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna með fræðslu og upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys á sjómönnum við störf og aðgerðir til að bæta aðbúnað sjómanna til dvalar og vinnu á skipum. Það er ætlast til að öryggismálanefnd sjómanna verði stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um öryggismál sjómanna, að nefndin veiti aðstoð og leiðbeiningar um öryggismál sjómanna og fylgist með og nýti reynslu og þekkingu

annarra þjóða á sviði öryggismála sjómanna.

Grundvöllurinn fyrir starfi slíkrar nefndar er tekjustofn og við það er miðað að tekjur öryggismálanefndar sjómanna byggist á því að tekið verði gjald af vátryggingariðgjöldum íslenskra skipa og slysatryggingum íslenskra sjómanna á íslenskum skipum. Það er miðað við að þetta gjald verði 0,8% af iðgjöldum skipa og slysatrygginga sjómanna. Á árinu 1986 námu þessar greiðslur rúmlega 800 millj. kr., og miðað við 0,8% hefðu gjöld til starfs nefndarinnar af þeim greiðslum numið liðlega 6 millj. kr.

Öryggismálanefnd sjómanna er nafn sem ekki er ókunnugt á hv. Alþingi. Matthías Bjarnason, fyrrv. samgrh., skipaði veturinn 1984 nefnd í kjölfar Helliseyjarslyssins austur af Vestmannaeyjum. Nefndinni var falið að fjalla alhliða um átak í öryggismálum sjómanna. Nefndina skipuðu níu alþingismenn. Hún starfaði til haustsins 1986 og skilaði tugum tillagna eftir samstarf við má segja alla aðila innan sjávarútvegs í landinu og björgunarmála. Margar þessara tillagna hafa verið framkvæmdar og aðrar eru í vinnslu.

Hluta þess starfstíma sem þingmannanefndin starfaði, sem gekk undir nafninu öryggismálanefnd sjómanna, hafði hún peningum úr að spila, peningum sem komu til við uppstokkun sjóðakerfisins og það sýndi sig að þessir peningar skiptu mjög miklu máli í því átaki og þeim áróðri sem var rekinn þá fyrir átaki í öryggismálum sjómanna. Þeir skiptu sköpum um það að hægt var að fylgja málum eftir og skilningur og áhugi á öryggismálum sjómanna jókst, bæði til sjós og lands. Tvímælalaust. Íslenskir sjómenn búa við hæsta slysatíðni sjómanna allra nágrannalanda Íslendinga og er slysatíðni óhemjuhá. Það er ljóst að það mun taka mörg ár að auka skilning sjómanna sjálfra á mikilvægi þess að vera vel á verði í öllu er lýtur að öryggi sjófarenda og efla virka þátttöku þeirra. Jafnframt hlýtur það eins að taka langan tíma að auka þennan skilning landmegin.

Áróðursherferð þingmannanefndarinnar undir forustu Péturs Sigurðssonar, fyrrv. alþm., sannaði að það er hægt að gera stóra hluti í þessum efnum ef fjármagn er tryggt til verkefnisins. Hér er ætlast til fyrirbyggjandi aðgerða, áróðurs á opinberum vettvangi sem beint sé til þeirra sem á brennur. Um er að ræða vettvang þar sem stutt getur verið á milli lífs og dauða og mikilvægt að alls sé gætt sem unnt er í öryggismálum sjómanna. Þess vegna getur markaður tekjustofn ráðið úrslitum um árangur. En að mati flm. er jafnframt mjög eðlilegt að taka á í þessum efnum með tilliti til tíðni slysa á sjó og með tilliti til þess að nær 80% af gjaldeyristekjum Íslendinga koma frá sjávarútvegi.

Sá tollur sem hafið tekur í harðri baráttu sjómanna við Ægi konung er ótrúlega mikill og nær daglega eiga sér stað slys um borð í bátaflotanum þar sem menn slasast það mikið að þeir eru frá vinnu í tvær vikur eða meira. Þetta eru ekki slys sem eru í fréttum daglega þó ýmislegt fari inn í fréttirnar af minna tilefni. Þetta eru slys sem verða um borð í stærsta atvinnutæki Íslendinga, bátaflotanum, og kosta mikla peninga og mikil forföll vinnandi manna. Auk þess ferst fjöldi sjómanna ár hvert í hafi. Það er því til mikils að vinna og ekki óeðlilegt að tryggingum skipastóls landsmanna sé beitt í þessu efni, að af þeim sé tekið gjald til þessa viðfangsefnis því að aukinn áróður og fræðsla í öryggismálum sjómanna ætti að draga úr slysum og mannsköðum á sjó.

Öryggismál sjómanna eru viðamikill málaflokkur sem lýtur bæði að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir slys á sjó og aðgerðum til að bæta gerð og búnað skipa. Þar undir fellur m.a. hönnun og smíði skipa, búnaður þeirra, stöðugleiki og fjarskipti, þjálfun og menntun sjómanna og skipulag leitar og björgunar.

Það er ákveðin verkaskipting í landinu í dag í þessum efnum. Siglingamálastofnun sinnir ákveðnum þáttum, stýrimannaskólar sinna ákveðnum þáttum, Slysavarnafélag Íslands og björgunarsveitir sinna ákveðnum þáttum, Landhelgisgæsla Íslands sinnir ákveðnum þáttum. Þannig er vissulega til staðar nokkurt skipulag. En það er enginn aðili sem hefur fjármagn til að sinna áróðri sem nauðsynlegur er í nútímaþjóðfélagi til þess að árangur náist ef menn vilja í alvöru taka á í þessum málum.

Ein af fjölmörgum tillögum sem öryggismálanefnd sjómanna, þingmannanefndin, setti fram fyrir tveimur árum, haustið 1986, var um slysavarnaskóla og björgunarskóla og eldvarnaskóla. Slysavarnafélag Íslands hefur sinnt ákveðinni fræðslu, námskeiðahaldi í öryggismálum sjómanna sem Slysavarnafélagið kallaði Slysavarnaskóla og verið þar má segja verktaki fyrir íslenska ríkið því fjármagn til skólans hefur farið í gegnum samgrn. Þannig hefur hann verið byggður upp á endurbótum, með því að nýta hið gamla varðskip Þór sem nú gengur undir nafninu Sæbjörg, og jafnframt að nýta húsakost Slysavarnafélags Íslands í vesturhöfninni.

Þetta er eitt af mörgum málum sem öryggismálanefnd sjómanna mundi koma til liðs við að einhverju leyti með áróðri og kynningu á starfi og vettvangi slíks skóla. Hér í hv. Alþingi var í gær kynnt þáltill. frá þm. Borgarafl. um björgunar- og sjóslysaskóla, ágætis till., en það mál sem þar er fjallað um er þegar í vinnslu og er gott að það er komið á skrið. Undanfarin ár hefur starfað fræðslunefnd öryggismála sjómanna sem hefur unnið að þessu starfi, uppbyggingu slysavarnaskóla, og fyrir nokkru skipaði samgrh. nefnd til þess að setja reglur og gera tillögur um fyrirkomulag slysavarnaskóla sjómanna. Þar er jafnframt reiknað með einum stórum þætti sem vert er að nefna. Það er einnig reiknað með aðstöðu til kennslu í eldvörnum sem því miður er ekki til staðar í landinu í dag en er nauðsynlegt í framtíðarskipan þessara mála.

Eldvarnir eru einn mikilvægasti þátturinn í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn slysum á sjó og landi. Og

það er gott dæmi um þátt í slíkum skóla sem mundi nýtast bæði landmönnum og sjómönnum. Það eru u.þ.b. 1000 atvinnufyrirtæki íslensk á siglingu í kringum landið og þar er eldhætta einn alvarlegasti þátturinn sem upp getur komið og því ástæða til að tvinna þarna saman og hafa slíkt á einum stað. Ber að þakka það frumkvæði sem Slysavarnafélag Íslands hefur haft í þessum efnum til að skipuleggja fyrir landið í heild.

Um leið og varðskipið gamla, Sæbjörg nú, er notað til þess að hýsa slíkt starf sem ég hef rætt hér um, þá er þar líka ákveðið verndarstarf með því að varðveita hið gamla skip sem er eitt íslenskra varðskipa eftir í landinu sem tók þátt í öllum þorskastríðunum.

Þess er því að vænta að sú nefnd sem þegar hefur hafið störf skili innan tíðar tillögum um slysavarnaskóla fyrir Íslendinga í heild. Þar skiptir miklu máli að menn vinni saman, að ekki sé att saman aðilum sem eru að vinna að björgunarstörfum hér og þar um landið heldur að menn vinni á einu bretti því hér er um slíkt stórmál að ræða að það má ekki slíta það í sundur og skipta upp, hvorki eftir stöðum né aðilum sem vinna að björgunarstörfum.

Það hefur margt verið gert vel í slysavörnum á sjó, í öryggismálum sjómanna. Sett hafa verið lög og reglur sem gera auknar kröfur til gerðar og búnaðar skipa en ekki síður til útgerðarmanna og áhafna skipanna. Lögum og reglum þarf hins vegar að fylgja eftir. Aukinn öryggisbúnaður skipa og fræðsla sjómönnum til handa hefur skapað forsendu fyrir auknu öryggi þeirra sem síðan ætti að leiða til fækkunar slysa á sjó. Sjómenn sjálfir hafa sýnt þessum málum aukinn áhuga. Þrátt fyrir þetta hefur sjóslysum ekki fækkað og er mikilvægt að leitað sé allra leiða til að fækka slysum til sjós.

Það er í rauninni eðlilegur þáttur í öllum tryggingagreiðslum að hluti af tryggingargjaldi fari til fyrirbyggjandi aðgerða. Og það er eðlilegast í þessu sambandi að slíkt sé á einni hendi, nefndar sem í eru fulltrúar þeirra sem á brennur auk opinberra fulltrúa og að þarna sé unnið markvisst yfir landið í heild því þannig er einungis hægt að ná árangri svo um munar.

Það hafa verið haldnar ráðstefnur um öryggismál sjómanna á undanförnum árum, 1985 og 1987. Þær voru vel sóttar ekki síst af sjómönnum sjálfum og gagnlegar tillögur komu fram, atriði sem væntanlega verða framkvæmd innan tíðar. En allt kostar þetta baráttu og það má ekki gleyma því að það kostar peninga að kynna og reka áróður fyrir því sem á að bæta og breyta. Þessi till. gerir ráð fyrir því að úr því sé leyst með þeim lögum sem hér eru á borði og ættu að vera mjög til hagsbóta fyrir öll öryggismál sjómanna í landinu.

Að lokinni þessari umræðu óska ég að frv. verði vísað til nefndar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að halda hér langa ræðu um það frv. sem hér er lagt fram af hv. þm. Árna Johnsen o.fl. á þskj. 640, ekki vegna þess að ég hafi undirbúið langa ræðu og merka, heldur vegna þess að málið er það gott og í fullu samræmi við annað hliðstætt mál sem flm. gat um, sem er flutt af þm. Borgarafl. og hefur verið dreift hér. Mér finnst eiginlega vanta umræður um málið. Þess vegna kveð ég mér hljóðs að mér finnst vanta umræður um málið. Málið er þess eðlis. Öryggi sjómanna á hafinu og aðgerðir til að draga úr slysum á sjó, og á landi þá kannski líka, aðgerðir til að bæta öryggi og aðbúnað sjómanna eru þess eðlis að ég hélt að það yrðu meiri umræður og kannski umræður frá þeim sem þekkja meira til þessara mála af eigin reynslu en ég geri, þó að allir Íslendingar viti hvað það þýðir að kunna réttu handbrögðin og réttu viðbrögðin þegar slys eða óhamingju ber að höndum. En úr því að umræðurnar eru ekki meiri en þetta að enginn hefur kvatt sér hljóðs, þá vil ég lýsa stuðningi mínum við þetta mál og vona að sams konar stuðningur komi frá þm. almennt við það mál sem hv. þm. Ólafur Gränz mun flytja í líkum dúr þegar það kemst á dagskrá.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til að rugla saman þeim tveimur málum sem hér hefur verið vikið að, annars vegar slysavarnaskóla og hins vegar öryggismálanefnd sjómanna sem ætlað er að sé áróðursnefnd er vinni með hinum ýmsu aðilum sem að öðru leyti starfa að björgunar- og öryggismálum í landinu. En af því að varpað er fram þeirri spurningu hvers vegna ekki séu umræður um þetta mál, þá held ég að það sé einfaldlega vegna þess að þetta er borðleggjandi mjög jákvætt og gott mál sem menn hljóta að vera sammála um. Þetta er ekki flókið mál. Þetta er eitt af þeim málum sem þarfnast ekki í sjálfu sér mikillar umræðu. Þarna er spurning um að afgreiða mál og koma því í gagnið. Og ég held að það sé fyrst og fremst skýringin á því að ekki teygist úr umræðum eins og oft vill verða. Hér er um að ræða mál sem allir geta verið sammála um.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr.

60/1984, með síðari breytingum. Þetta er 329. mál þingsins og er á þskj. 653. Meðflm. er hv. 3. þm. Austurl.

Þegar breyting var gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 54/1986, í framhaldi af samningum við aðila vinnumarkaðarins sem gjörbreyttu hinu almenna húsnæðislánakerfi, þar sem lán hækkuðu úr 29% í allt að 70% af byggingarkostnaði eða kaupverði húsa og fjármagn lífeyrissjóða allt að 55% af ráðstöfunarfé þeirra gerði þessa breytingu að veruleika. Gert var ráð fyrir því af þeim sem sömdu þau lög að þrjú til fimm ár þyrfti til þess að ná jöfnuði um eðlilega eftirspurn í sambandi við húsnæðislánakerfið. Ýmislegt varð til þess að eftirspurn eftir þessum hækkunum lána varð langt fram yfir þær áætlanir sem voru lagðar til grundvallar við þessar kerfisbreytingar sem hafa að sjálfsögðu orsakað langa bið eftir lánum en engin breyting hefur orðið á hækkun lánanna í almenna kerfinu við afgreiðslu þeirra.

En það sem var annað atriði í þessu samkomulagi á sínum tíma og við þessa lagabreytingu var að gert var ráð fyrir því að endurskoða félagslega kerfið. Fyrrv. ríkisstjórn lauk ekki við það verkefni, en mikil gagnaöflun fór fram á vegum milliþinganefnda 1986, sem þingflokkarnir skipuðu, sem voru skipaðar samkvæmt tilnefningu þeirra, og þessi gagnaöflun er að sjálfsögðu mikilvægt innlegg í þessi mál.

Í starfssamningi núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á endurskoðun á uppbyggingu og fjármögnun félagslega íbúðakerfisins. Sú endurskoðun er afar mikilvæg, en tekur að sjálfsögðu og eðlilega alllangan tíma.

Það er flestum ljóst að mikill og vaxandi skortur er á leiguíbúðum á húsnæðismarkaðnum hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli. Þess vegna verður að veita auknu fjármagni til lausnar á þessu vandamáli svo hægt verði að byggja leiguhúsnæði sem hægt er að leigja út á hóflegu verði sem fólk ræður við að greiða. En skortur á leiguíbúðum sprengir upp verðlag á leigu sem ekki er verjandi að láta þannig viðgangast í þessu þjóðfélagi.

Í IV. kafla laga nr. 60/1984 er skilgreint hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna um félagslegar íbúðarbyggingar. Þar stendur í 33. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörfum láglaunafólks. Félagslegar íbúðir teljast samkvæmt lögum þessum:

a. Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.“ — En lán til þessara íbúða eru til 43 ára með 1% vöxtum.

„b. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.“ — Þessi lán eru í núgildandi lögum til 31 árs með 1% vöxtum.

„c. Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.“ — Þessi lán eru sömuleiðis til 31 árs, en þessi lán skv. b- og c- liðum eru miðuð við 85% lán.

Ég þarf ekki að lýsa hér gildi a-liðar um íbúðir í verkamannabústöðum. Þetta byggingarform stendur á traustum grunni eldri laga og hefur skilað mikilvægum árangri í húsnæðismálum láglaunafólks í landinu í áratugi. Bygging leiguíbúða á vegum sveitarfélaga skv. b-lið, til útleigu á hóflegum kjörum, er mikilvæg aðgerð í hverju sveitarfélagi og getur um leið jafnað sveiflur og komið í veg fyrir alvarlega röskun í atvinnulífi og þjónustu vegna skorts á húsnæði. Þess vegna þarf að vera aðgangur að hagkvæmum lánum svo leiga sé viðráðanleg. Eins er með c-liðinn. Ég tel að þarna hafi náðst með lögunum 1984 mjög mikilvæg breyting þar sem gert er mögulegt að lána til aðila sem vilja leysa húsnæðisvanda öryrkja, námsmanna og aldraðra og það nær jafnt til sveitarfélaga, ríkisstofnana eða félagasamtaka sem bera hag þessa fólks fyrir brjósi.

Hins vegar hefur ekki einvörðungu skortur á fjármagni í Byggingarsjóði verkamanna hamlað byggingum samkvæmt þessum lögum, heldur ekki síður að sveitarfélög og samtök öryrkja, námsmanna og aldraðra telja að lánstími í gildandi lögum sé of skammur og hafa samtök sveitarfélaga og samtök þessara aðila lagt ítrekað þunga áherslu á að þetta verði lagfært með breytingum á núgildandi lögum. Raunar hafa samtök launþega, þ.e. Alþýðusamband Íslands, lagt áherslu á þetta einnig. Í þessu tilfelli er hægt að vitna í samtök sem kalla sig Húsnæðishóp — þak yfir höfuðið, þar sem þátttakendur eru Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp, Samtök aldraðra, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtökin og Búseti landssamband húsnæðissamvinnufélaga. Í bréfi og samþykktum sem þessi samtök hafa nýlega gert leggja þau mikla áherslu á að lán til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verði lengd úr 30 árum í 43 ár til samræmis við lánskjör í félagslega kaupleigukerfinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins hafa lán samkvæmt þessum stafliðum sem ég hef nefnt, b- og c-lið, á árabilinu 1986–1987 og það sem af er þessu ári, verið veitt til 412 íbúða. Þar af til nýrra stúdentagarða í 160 íbúðir. En það er ljóst að hér er um valkost að ræða sem getur haft jákvæð áhrif til þess að leysa vandamál og ekki síst vandamál þess fólks sem að þessum samtökum stendur.

Það er hægt að framkvæma hratt lausn á þessu sviði skv. 33. gr. laganna ef fjármagn fæst. Eins og fram hefur komið þá er þörfin mjög mikil og bið eftir endurskoðun félagslega kerfisins í heild er of löng til að leysa þetta mál, að mínu mati. Þess vegna

er þetta frv. flutt nú í trausti þess að það verði samþykkt og Húsnæðisstofnun geti þannig lagt til fjármagn til að auka lánveitingu til byggingar leiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna til þessara aðila skv. b- og c-lið og þannig leyst úr miklum húsnæðisvanda, ekki síst í mörgum sveitarfélögum úti á landi. Þess vegna er þessi einfalda lagabreyting mikilvæg.

Með frv. fylgja fylgiskjal I og II sem er útreikningur á fjármagnsleigu miðað við 4 millj. kr. söluverð eða verð á íbúð. Þarna eru sett upp dæmi í sambandi við lán með 1% vöxtum til 43ja ára og svo lán fyrir 15% sem er þá miðað við 7% vexti í öðru dæminu sem mundi þýða að leigugjald af þessu fjármagni mundi nema um 11 800 kr. á mánuði, en í síðara dæminu ef lánafyrirgreiðsla væri á sama hátt fyrir 15% eins og er úr Byggingarsjóði ríkisins, þ.e. 3,5% vextir, þá yrði leigugjald af fjármagninu 10 þús. kr. á mánuði.

Mismunurinn á þessu frv. sem hér er lagt til, þ.e. að lengja lánin úr 31 ári í 43 ár, hann er nálægt því að vera 48 þús. kr. á ári sem leigan mundi lækka miðað við núgildandi lög. Þetta hefur að sjálfsögðu talsvert mikla þýðingu í sambandi við það sem ég áður sagði. Bæði sveitarfélögin í heild og samtök þessara aðila sem ég lýsti hér hafa lýst áhyggjum yfir því að fá ekki þennan möguleika, þ.e. sömu kjör og í byggingu verkamannabústaða og þannig gert kleift að byggja leiguíbúðir og leigja þær út með viðunandi hætti þannig að lágtekjufólk í landinu, sem við hljótum fyrst og fremst að vilja verja, geti átt kost á viðunandi húsnæði með kjörum sem það ræður við.

Þess vegna leggjum við flm. áherslu á að þetta frv. fái framgang hér á Alþingi og ég efast ekkert um það að menn eru sammála um gildi þess.

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að vera að flytja hér langa ræðu um þessi mál. Þetta er eitt af þeim atriðum í húsnæðislöggjöfinni sem er þörf á að lagfæra og var gert ráð fyrir að yrði lagfært í endurskoðun á félagslega kerfinu. En eins og ég sagði áður þá mun það dragast. En þetta er þáttur sem gæti orðið til þess að leysa viss vandamál ef að lögum yrði á þessu þingi.

Ég vil í lok þessarar umræðu gera tillögu um það að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

58. fundur, fimmtudaginn 10. mars, kl. 10 árdegis.

Könnun á búrekstraraðstöðu, ein umr.

Fsp. HG og MF, 262. mál. — Þskj. 561.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 561 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um könnun á búrekstraraðstöðu. Fsp. er einnig borin fram af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og er svohljóðandi:

„1. Hvernig miðar þeirri úttekt á búrekstraraðstöðu á öllum jörðum á landinu sem sérstök bókun var gerð um með samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda 20. mars 1987?

2. Hverjir vinna að þessari könnun og til hvaða þátta tekur hún aðallega?

3. Hvað er mikið óunnið í þessari úttekt og hvenær er gert ráð fyrir að henni ljúki?“

Þetta er fsp. Á 109. löggjafarþingi 1986 lagði ég fram till. til þál. um könnun á búrekstraraðstöðu. Þar var gert ráð fyrir því að á fyrri hluta árs 1987 yrði framkvæmd samræmd könnun á búrekstraraðstöðu einstakra jarða og byggðarlaga um land allt. Markmiðið með slíkri búrekstrarkönnun verði að safna upplýsingum um framleiðsluaðstöðu á einstökum jörðum, svo og um áform ábúenda og hugmyndir sveitafólks varðandi nýsköpun í atvinnulífi og breytingar á búháttum í dreifbýli í náinni framtíð. Fleira kom fram í þessari þáltill. og grg. með henni.

Till. þessi fékk mjög j´kvæðar undirtektir á búnaðarþingi 1987 sem mælti eindregið með að hún yrði samþykkt. Samt fékk hún ekki afgreiðslu hér á þinginu í fyrra. Þegar ég hugðist endurflytja þessa till. í haust var mér ljóst að gerð hafði verið sérstök bókun með samningi landbrh. og Stéttarsambands bænda um magn mjólkur og sauðfjárafurða verðlagsárið 1988/89 til 1991/92. Bókunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðilar beita sér fyrir því að sá umþóttunartími sem landbúnaðurinn fær með samningi þessum til búháttabreytinga og hagræðingar í framleiðslu og vinnslu mjólkur og kindakjöts nýtist sem best og í því skyni verði m.a. lokið sem fyrst úttekt á búrekstraraðstöðu á öllum jörðum á landinu og áætlun um endurskipulagningu vinnslu- og dreifingarstöðva. Samningsaðilar munu beita sér fyrir samræmingu á störfum þeirra aðila sem haft geta áhrif á framgang þessara mála.“

Þegar mér var ljóst að þessi bókun hafði verið gerð, þá ákvað ég að endurflytja ekki tillögu mína þar sem hér er hún tekin upp með vissum hætti. Ég tel að hér sé mjög þýðingarmikið mál á ferðinni, í rauninni gerð nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, sem er verkefni sem hefði þurft að liggja fyrir fyrir löngu

síðan, fyrir mörgum árum. En aldrei er of seint á þessu tekið og ég vænti svars hæstv. ráðherra við fsp. minni.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Á þskj. 561 er fsp. um könnun á búrekstraraðstöðu. Hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Austurl., las hér upp bókun sem gerð var samhliða búvörusamningi landbrh. og Stéttarsambands bænda, dags. 20. mars 1987. Samkvæmt henni er það framkvæmdanefnd búvörusamninga sem fer með það mál eins og önnur sem framkvæmd samningsins varðar. En í þessari nefnd eru tveir fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, einn frá landbrn. og einn frá fjmrn.

Að ósk framkvæmdanefndarinnar tók Jón Viðar Jónmundsson, ráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands, saman greinargerð um framkvæmd þessa samningsatriðis, en hann hefur veitt verkum þessum forstöðu frá upphafi. Eftirfarandi upplýsingar eru m.a. fengnar úr greinargerð hans.

Á vegum Ræktunarfélags Norðurlands var unnin búrekstrarkönnun á árinu 1986. Úrvinnslu vegna þessa verkefnis var lokið snemma á árinu 1987. Bent skal á að mikið af þeim upplýsingum sem þar voru notaðar eru þegar tiltækar í ýmsum upplýsingaskrám á vegum Framleiðsluráðs og Búnaðarfélags Íslands. Á þessu svæði voru 1407 bújarðir sem könnunin náði til. Heildarkostnaður á vegum Ræktunarfélagsins vegna þessa verks mun hafa orðið um 670 þús. kr. Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitti styrk til verksins auk fleiri aðila.

Búnaðarsamband Vestfjarða hefur látið vinna hliðstæða könnun, einnig með nokkrum tilstyrk Framleiðnisjóðs. Það verk var unnið haustið 1986 og vorið 1987. Bújarðir á því svæði sem könnunin náði til töldust vera 229.

Búnaðarsamband Austurlands kaus aðra leið, en það fól Byggðastofnun að gera úttekt á búrekstraraðstöðu og yfirlit yfir atvinnu- og búsetumöguleika í þremur ystu hreppum á Héraði. Verk þetta vann Kristján Magnússon á Vopnafirði og gaf Byggðastofnun út skýrslu um niðurstöður hans í september sl.

Á það skal bent að sumir þættir þessara kannana hafa verið unnir á ódýran hátt þannig að óvíst er hvort aðrir aðilar muni framkvæma hliðstætt verk með jafnhagkvæmum hætti. Traust staðþekking starfsmanna áðurnefndra búnaðarsambanda hefur átt mestan þátt í þessu. Það er af fleiri ástæðum mikilvægt að heimamenn hafi forustu í könnun sem þessari. Af hálfu landbrn. hefur því verið lögð áhersla á að svo væri. Hefur ráðuneytið hvatt önnur búnaðarsambönd til þess að ljúka búrekstrarkönnun á sínum starfssvæðum með þeim hætti sem gert hefur verið á Norðurlandi og Vestfjörðum og mun veita stuðning til þess. En bæði er það, eins og fram kemur í þessari grein frá Jóni Viðari Jónmundssyni, að það er ákaflega erfitt fyrir aðra en þá sem eru nokkuð staðbundnir í sveitunum að vinna þetta og einnig er það miklu dýrara þar sem þá nýttist ekki sú staðbundna þekking þannig að samvinna við búnaðarsambönd á viðkomandi svæði er bráðnauðsynleg. Við þau hefur verið haft samband þar sem þetta verk hefur ekki þegar verið unnið og vonast er til þess að með samvinnu við þau verði hægt að ljúka þessu verki.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans við fsp. minni. Þar kom ekki margt nýtt fram umfram það sem ég hafði í rauninni frétt um gang þessara mála og fyrir lá þegar bókunin var gerð í samningi hæstv. ráðherra og Stéttarsambands bænda sl. vetur eða sl. vor þannig að mér sýnist af hans svari að það sé ekki skilvirk vinna í gangi til þess að hraða þessu verki með samræmdum hætti yfir landið allt.

Mér var fullkunnugt um frumkvæði Ræktunarsambands Norðurlands í þessu máli sem gaf út fjölrit á sínum vegum 1987 með þeirri könnun sem fram hafði farið á Norðurlandi. Könnunin á Vestfjörðum liggur einnig fyrir, væntanlega nokkuð samræmd eða með svipuðum hætti og unnið var á Norðurlandi.

Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að eðlilegt er að búnaðarsambönd og heimaaðilar komi að þessu verki til þess að það verði unnið sem hagkvæmast og staðarþekking verði nýtt, en ég tel jafnnauðsynlegt að fyllsta samræmis verði gætt í upplýsingaöflun og eðlilegt að landbrn. eða framkvæmdanefnd búvörusamninga hafi frumkvæði um það að svo sé gert. Hér er um starf að ræða sem þyrfti að liggja fyrir nú þegar og mér sýnist að það séu vettlingatök á þessu máli af hálfu þeirra aðila sem ættu um það að fjalla. Upplýsingar af þessu tagi gætu nýst og ættu að nýtast við þá endurskipulagningu búskapar í landinu sem nauðsynleg er. Vísir að þeirri endurskipulagningu kom fram í reglugerð frá hæstv. landbrh. varðandi sauðfjárræktina þó að það væri mjög veikur vísir. Þessu starfi þyrfti sem sagt að hraða þannig að það lægi fyrir.

Það fór fram fyrir nokkrum árum upplýsingaöflun á vegum búnaðarsambanda og fleiri aðila, í kringum 1980, en gallinn var sá að úr þessu verki var aldrei unnið þannig að það liggur ekki fyrir aðgengilegt eins og þyrfti að vera þannig að það nýtist við þá bráðnauðsynlegu endurskipulagningu landbúnaðarframleiðslunnar, m.a. með tilliti til landgæða og hugsanlegrar uppbyggingar nýrra greina í búrekstrinum og það er mjög miður.

Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að taka með skilvirkari hætti á þessu máli, beita sér fyrir því af hálfu síns ráðuneytis, vissulega í samvinnu við þá aðila sem þarna er eðlilegt að komi að verki eins og ég hef nefnt.

Jarðakaup, ein umr.

Fsp. ID og MálmS, 334. mál. — Þskj. 663.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Daníelsdóttir):

Herra forseti. Í fjárlögum fyrir árið 1988 eru ætlaðar 15 millj. kr. í Jarðasjóð. Þar er um nokkra hækkun að ræða frá árinu 1987, en þó er þetta mjög lág tala og ekki hægt að kaupa margar jarðir fyrir þessa upphæð. Því ber ég fram þær spurningar sem er á þskj. 663.

Í vissum tilfellum tel ég jákvætt að ríkissjóður verji nokkurri upphæð til jarðakaupa. Ég nefni hér tvær ástæður. Önnur er sú að fólk sem býr á mjög rýrum jörðum þar sem ekki er um nein hlunnindi að ræða, svo sem veiði eða sérstaka náttúrufegurð, hefur eins og hinir stærri bændur orðið fyrir skerðingu varðandi fullvirðisrétt, þannig að hann er sums staðar orðinn það lítill að ekki er hægt fyrir venjulega fjölskyldu að lifa af búinu. Því stendur þetta fólk í raun uppi eignalaust því jarðir þess eru illseljanlegar. Því er það mikilvægt fyrir ábúendur þessara jarða að ríkissjóður kaupi þær þannig að þeir eigi möguleika á að koma undir sig fótum á öðrum stöðum.

Hin ástæðan er sú að oft skapast erfiðleikar þar sem eigendur að jörðum eru orðnir margir vegna erfða. Ef einn erfinginn hefur hug á að nýta jörðina á einn eða annan hátt verður hann að leita leyfis hjá mörgum ættingjum og er það ekki alltaf auðsótt mál.

Ég álít að landnýting yrði betri ef ríkissjóður keypti jarðirnar ef þess er óskað þegar ábúendur bregða búi. Þá getur sá sem vill nýta jörðina sótt um það til ríkisvaldsins.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur mælt hér fyrir fsp. um jarðakaup og Jarðasjóð ríkisins. Hann skal starfrækja við jarðadeild landbrn. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti að jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að búseta á jörðum og nýting lands verði í sem mestu samræmi við hagsmuni viðkomandi sveitarfélags.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur Jarðasjóður verið efldur nú á fjárlögum þessa árs þar sem lagðar eru til hans 16 millj. kr. en á fjárlögum 1987 voru það aðeins 4 millj. kr. Á árunum 1984–1987 að báðum árum meðtöldum hafa fimm jarðir verið keyptar af Jarðasjóði og er skipting milli áranna þannig að á árinu 1984–1985 voru engar jarðir keyptar, 1986 ein jörð og 1987 fjórar jarðir. Þar af voru tvær í Fjallahreppi.

Þriðja spurningin er: Hversu margar jarðir er áætlað að kaupa á þessu ári? Að sjálfsögðu er grundvöllur að jarðakaupum Jarðasjóðs umsókn þar að lútandi frá viðkomandi jarðareigendum. Engin slík umsókn liggur fyrir óafgreidd hjá Jarðasjóði á þessu ári. Þar af leiðandi hefur ekki verið gerð nein áætlun um jarðakaup nú í upphafi árs enda er það að sjálfsögðu ekki hlutverk Jarðasjóðs að eignast jarðir, heldur, eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að leysa úr vanda þar sem um slíkan er að ræða.

En að sjálfsögðu liggja á Jarðasjóði kvaðir um greiðslur vegna kaupa á fyrri árum og einnig annarrar starfsemi sjóðsins sem lögin kveða á um og hann hefur verið notaður til á síðustu árum og einnig verður gert og þegar hefur verið gert á þessu ári. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt að leysa úr vanda einstakra jarðeigenda sem ekki geta losnað við jarðir sínar á annan hátt. En í lögum um Jarðasjóð eru heimildir til að kaupa jarðir sem svo er ástatt um, eins og greinir á eftirfarandi hátt, ef sveitarstjórn hefur hafnað forkaupsrétti:

1. Jarðir sem ekki seljast með eðlilegum hætti, en eigandi þeirra verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jarðir sem hafa óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jarðir sem ekki njóta framlaga og lána sem veitt eru til umbóta á lögbýlum.
4. Jarðir sem eru afskekktar og liggja illa við samgöngum.
5. Jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sitji seljendur jarðarinnar áfram.
6. Jarðir sem hreppsnefndir hafa hafnað forkaupsrétti á, en jarðanefnd viðkomandi sýslu mælir með að Jarðasjóður kaupi.
7. Jarðir sem hlunnindi eða önnur sérstök verðmæti fylgja eða eru þýðingarmiklar fyrir sveitarfélög til að koma betra skipulagi á byggð.
8. Jarðir sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Daníelsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svarið og gleðst yfir þeirri aukningu sem orðið hefur á síðustu árum á kaupum Jarðasjóðs.

En ég endurtek að í sumum tilfellum auðveldar það nýtingu jarða að þær séu í eigu ríkissjóðs og einnig er nauðsynlegt að leysa úr málum þeirra bænda sem ekki hafa tök á að lifa á jörðum sínum vegna þeirra mistaka er urðu þegar fullvirðisrétti var úthlutað. En þó ber að taka tillit til margra þátta þegar ákveðið er hvaða jarðir skal kaupa, svo sem hvort ábúendur eiga möguleika á að stunda vinnu í nágrenninu. Það er nauðsynlegt að marka heildarstefnu með tilliti til byggðaþróunar í landinu og er þetta einn liður sem taka þarf tillit til þannig að jarðir séu ekki keyptar af handahófi, svo byggð grisjist ekki til baga. Við stöndum frammi fyrir gagngerri endurskipulagningu í þessari undirstöðuatvinnugrein og því er mikilvægt að huga að hverju skrefi sem stigið er.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Þá er lokið þessari dagskrá nema fyrsta dagskrárliðnum, rannsókn kjörbréfs. Það er ekki hægt að ljúka þessum lið á þessum fundi vegna þess að því verður ekki komið við að kjörbréfanefnd komi nú þegar á fund. Þess vegna verður þessi dagskrárliður tekinn upp á næsta fundi sem settur verður hér á eftir. En áður en við slítum þessum fundi, þá skal hér greint frá bréfi sem borist hefur, dags. 7. mars 1988:

„Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Borgarafl. í Reykjaneskjördæmi, Kolbrún Jónsdóttir skrifstofumaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Kolbrún Jónsdóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

SAMEINAÐ ÞING

59. fundur, fimmtudaginn 10. mars, að loknum 58. fundi.

Launabætur, frh. fyrri umr.

Þáltill. AðB o.fl., 265. mál. — Þskj. 564.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að fagna því að umræður hafa orðið svo miklar og að mörgu leyti málefnalegar um þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Að mínu mati býður tillagan upp á efnislegar miklar umræður og þó að bagalegt sé að sumu leyti að þær hafi slitnað í sundur, þá verður auðvitað að búa við það.

Það sem fram kom í umræðum um þessa till. sl. mánudag var fjölmargt og ýmsu mætti bæta þar við. Það kom fram í máli ýmissa, þar á meðal hv. 7. þm. Reykv., að hann fann að því í sömu andránni og við vorum að ræða um viðfangsefni þessarar þáltill. að það var vakin athygli á þeirri hættu sem láglaunafólki í landinu væri af því búin ef hér riði yfir óðaverðbólga. Þetta var lagt út af ýmsum á þann veg að það væri verið að hræða fólk með verðbólgudraugnum. Þetta er auðvitað víðs fjarri.

Sannleikurinn er sá, eins og margoft kom fram í þessari umræðu, að það er ekkert jafnhættulegt kjörum lægst launaða fólksins og einmitt það ef hér skellur á bylgja óðaverðbólgunnar. Hættan sem nú vofir yfir er einmitt sú að þær launabætur, sem um hefur verið samið og ýmist samþykktar eða felldar í verkalýðsfélögunum, verði notaðar af öðrum og sterkari samningshópum til þess að semja sig upp launastigann, hækka enn laun þeirra sem betur mega sín með tilheyrandi verðbólguáhrifum. Það er enginn að tala um það að þessir hóflegu og skynsamlegu kjarasamningar, sem nú hafa verið undirritaðir, feli í sjálfu sér í sér verðbólguhættu. Það er enginn að bera það á borð. En það sem við höfum verið að vara við í þessari umræðu er það að menn enn og aftur noti nú tækifærið til þess að klifra upp bakið á þeim sem lægri launin hafa, maki sinn krók með viðeigandi verðbólguáhrifum. Það er nákvæmlega þetta sem menn eiga við og ekkert annað. Allt tal um annað er hreinasti útúrsnúningur og ég óttast útúrsnúningur af ásettu ráði.

Það var líka talað um það í þessum umræðum að það væri ánægjulegt til þess að vita að hér hefði myndast nýr meiri hluti. Nýr meiri hluti þm. félagshyggju og samvinnu — og ég man ekki hvaða orð voru notuð — vegna þess að hér kom fram í umræðum greinilegur vilji manna í öllum stjórnmálaflokkum til að taka á því vandamáli sem vissulega er fyrir hendi sem eru lágu launin í landinu. Því miður er þetta mál ekki alveg svona einfalt. Auðvitað er ekki um það pólitískur ágreiningur í landinu að það eigi að lyfta upp kjörum þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. En um leiðirnar er pólitískur ágreiningur. Og það er veigamikill pólitískur ágreiningur sem m.a. lýsir sér í því að hér liggur fyrir tillaga frá þm. Borgarafl., um launabætur, sem almennt hefur fengið þokkalegar viðtökur, um það að hækka persónuafslátt og greiða út ónýttan persónuafslátt. Og hins vegar liggur fyrir tillaga, sem væntanlega verður rædd síðar og ég tel ekki ástæðu til að fara efnislegum orðum um hér, frá Kvennalistanum um lágmarkslaun, tillaga sem að mínu mati er þó ekki jafnvænleg leið og hér er bent á til að ná þessum markmiðum sem í sjálfu sér er enginn ágreiningur um. Það er þess vegna alveg út í hött að tala um það að hér hafi tekist pólitískt samkomulag þm. úr öllum stjórnmálaflokkum. Því miður er það ekki svo. Það er ágreiningur um leiðirnar og um það snúast stjórnmálin. Stjórnmálin snúast yfirleitt ekki um ágreining um markmið heldur miklu frekar ágreining um leiðir.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að orðlengja þessa umræðu mikið frekar. Hér hafa farið fram á margan hátt gagnlegar umræður, umræður sem hafa beint kastljósinu að máli sem ég hygg að vilji þm. standi til að leysa þó að menn greini á um leiðirnar. Það er því miður auðveldara um að tala en í að komast varðandi lausnina á þessu máli. En ég hygg að framlagning þessarar þáltill. geti verið gagnleg að því leytinu að um þetta mál skapast umræður. Ég benti á í umræðunum fyrr, og tel ekki ástæðu til að ítreka það, að áður en hægt er að taka efnislega af-

stöðu til þessarar þáltill. þurfi að svara ýmsum mjög veigamiklum spurningum sem lúta að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, sem lúta að því hvort þessi tillaga nái til þeirra starfshópa sem raunverulega er ætlunin að ná til. Og þriðja atriðið, sem ég hygg að sé nú ekki veigaminnst, þá sýnist mér þessi tillaga vera svo grundvallandi að hún komi til með að hafa áhrif á sjálft almannatryggingakerfið í landinu. Þegar þessi mál öll hafa verið skoðuð ofan í kjölinn þá er að mínu mati hægt að taka afstöðu með henni eða á móti. Fyrr en þetta allt saman liggur fyrir getum við ekki annað en tekið málinu í sjálfu sér efnislega vel, en óskað þess að það verði skoðað betur og skoðað sem fyrst.

Flm. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég gleðst yfir því hversu almenn þátttaka hefur verið í þessari umræðu og hvað umræður hafa verið málefnalegar. Ég held að það sé í raun og veru öllum ljóst sem hafa tekið hér til máls að við verðum að taka á þessu máli. Okkur sem erum hér er málið mjög viðkomandi og ég held að æ fleiri geri sér grein fyrir því að okkur ber að taka á því.

Ég er nú eiginlega búin með minn ræðutíma og hef ekki tíma til að fara út í mörg atriði, en ég vona að ekki verði látið sitja við það að við afgreiðum málið hér til nefndar, heldur haldi alþm. áfram að fylgja málinu eftir og hugsa um það og að við bregðumst ekki trausti okkar kjósenda með því að læta málið niður falla. Það er og var sérstaklega nú fyrir kosningarnar mjög algengt að verðandi alþm. fóru á vinnustaðafundi og töluðu mjög mikið um lágu launin, að þau þyrfti að bæta, og ég vona að hugur hafi fylgt máli hjá alþm. yfirleitt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Hávaðamengun, fyrri umr.

Þáltill. RA o.fl., 185. mál. — Þskj. 208.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hávaðamengun. Flm. þessarar till. auk mín eru hv. þm. Júlíus Sólnes, Kristín Halldórsdóttir, Guðni Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason og Hjörleifur Guttormsson. Tillgr. er einföld og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frv. til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.“

Eins og heyra má lætur þessi tillaga ekki mikið yfir sér og er vafalaust óþarfi að hafa uppi mikinn hávaða henni til stuðnings, en engu að síður er þetta brýn tillaga. Ég held að hv. þm. hljóti að vera ljóst að með aukinni notkun véla og tækja í nútímaþjóðfélagi fer hljóðmengun mjög vaxandi ár frá ári. Hávaði veldur fólki verulegum óþægindum. Þegar hann er kominn yfir 60 desibel er hann talinn truflandi, þreytandi yfir 80 og hættulegur heyrn þegar komið er yfir 100.

Dæmi um hljóðmengun og hávaða eru að sjálfsögðu óteljandi og mætti halda um það mál gríðarlega langa ræðu. Við þekkjum dísilknúnar vinnuvélar, púströrslaus mótorhjól og flautandi bíla. En hér er ekki bara átt við hávaða frá ökutækjum, flugvélum eða atvinnurekstri. Staðreyndin er sú að ýmiss konar hljóðmengun, t.d. í formi tónlistar og talaðs orðs úr hátölurum á almannafæri, bæði úr útvarpi og segulböndum, hefur mjög færst í vöxt á seinni árum. Flm. telja nauðsynlegt að spyrna við fótum og reyna að draga úr hávaðahljóðmengun sem lítil nauðsyn kallar á. Eðlilegt er að velta því fyrir sér hvort ekki séu þegar í lögum og reglugerðum væg ákvæði sem banna háreysti og hávaða og vissulega er staðreyndin sú að ýmis ákvæði fjalla um þessi mál, en þau eru þó flest ófullnægjandi og það er skoðun flm. að þörf sé á undirbúningi heildarlöggjafar um þessi mál. Þess vegna er tillagan flutt.

Ég held að ekki sé ofmælt að víðar en hér á landi hafi menn verið að vakna upp við vondan draum og farið að velta því fyrir sér hvað hægt væri að gera til að sporna gegn vaxandi hávaða. Ég t.d. sá bara fyrir nokkrum dögum fyrirsögn í Morgunblaðinu sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Frakkland. Lagt upp í herferð á hendur hávaða. Franska umhverfismálaráðuneytið ætlar í dag að hleypa af stokkunum mikilli herferð á hendur hávaðanum“ o.s.frv.

Það er enginn vafi á því að víða gera menn sér ljóst að hér þarf að stinga við fótum og nokkru eftir að ég fór að hugleiða þessi mál, sem var á sl. sumri, varð ég var við að fólk í höfuðborginni hafði tekið sig til og undirbúið stofnun samtaka sem ætlað var að vinna gegn hávaða og hljóðmengun og þessi samtök hafa þegar verið stofnuð. Í grein um þessi samtök kemur fram að hlutverk þeirra verður m.a. að vinna gegn öllum ónauðsynlegum hávaða í umferð manna, svo sem í sambýlishúsum, á skrifstofum, á vinnustöðum, á sundstöðum, í verslunum, á götum og torgum, í almenningsvögnum, á tjaldstæðum og annars staðar þar sem menn leita til að njóta náttúrunnar og útivistar. Til að ná þessum tilgangi er fyrirhugað að vekja athygli í ræðu og riti á ónauðsynlegum hávaða og hvetja til að dregið verði úr honum þar sem því verður við komið. Leita skal til einstakra aðila sem hafa það á valdi sínu að draga úr eða útiloka hávaða og síðast en ekki síst að koma því til leiðar að settar verði skynsamlegar og nútímalegar reglur um hljóðmengun.

Ég get líka látið þess getið að lokum að þessi mál bar nokkuð á góma á seinasta náttúruverndarþingi og þar var gerð ályktun um þessi mál. Ályktunin var

svohljóðandi, með leyfi forseta:

„6. náttúruverndarþing 1987 skorar á stjórnvöld og Alþingi að undirbúa og setja hið fyrsta heildarlög og reglur til varnar gegn hávaðamengun.“

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa tillögu, en ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti gerir ráð fyrir að það hafi engir farið út úr salnum meðan á atkvæðagreiðslu stóð. (**Gripið fram í:** *Því miður.*) *Því miður, segja menn. En það er í* raun ámælisvert að þm. fari út úr þingsal meðan á atkvæðagreiðslu stendur. Það er ekki mikið í þingsköpum um skyldur þm., en í þingsköpum er tekið fram að það er skylda þm. að mæta á fundum og taka þátt í atkvæðagreiðslu. Þetta hefði ekki þurft að segja við hv. þm. sem eru viðstaddir, en þeir hefðu betur mátt heyra það sem viku úr fundarsal.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 9. mars 1988:

„Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Anna Ólafsdóttir Björnsson sagnfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Með því að það þarf að taka þetta kjörbréf til meðferðar er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd komi þegar til fundar og taki kjörbréfið fyrir. Á meðan verður þessum fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi. Það er kjörbréf 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem taki sæti 10. þm. Reykn. Kristínar Halldórsdóttur. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Önnu Ólafsdóttur Björnsson samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 10. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Anna Ólafsdóttir Björnsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Mat á heimilisstörfum, fyrri umr.

Þáltill. AG o.fl., 289. mál. — Þskj. 591.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að flytja ásamt öðrum þm. Borgarafl. till. til þál. á þskj. 591 um mat á heimilisstörfum, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á forsrh. að fela Þjóðhagsstofnun að gera úttekt á verðmætagildi heimilisstarfa í þjóðfélaginu í heild og meta gildi þeirra með tilliti til þjóðartekna eins og þær eru reiknaðar í dag.“

Í grg. með þessari tillögu segir:

„Hið opinbera hefur um langan tíma litið fram hjá efnahagsgildi heimilanna fyrir þjóðfélagið og þeir sem þessi störf stunda njóta ekki jafnstöðu hjá hinu opinbera á við þá þegna sem stunda störf á hinum almenna vinnumarkaði. Fram til þessa hafa þessi störf aðallega verið unnin af konum og hefur vanmatið því aðallega beinst að þeim sem heild. Ætla má af þeim sökum að litið sé á konur sem ódýrt og óæðra vinnuafl, en þar gæti ein skýringin verið á því hve konur eiga almennt erfitt uppdráttar á vinnumarkaðnum þrátt fyrir jafnréttislögin og yfirleitt stunda þær lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu.

Seint verður hægt að meta til fjár ástvinasamband á heimilum og heimilismenningu sem stuðlar að kærleika, andlegri velsæld og þroska manna og skilar sér í betra mannlífi og betra þjóðfélagi. Sú aðferð, sem notuð er við útreikninga þjóðarfram-

leiðslunnar, gerir ekki ráð fyrir þeirri vinnu sem innt er af hendi á heimilunum.

Þjóðarframleiðslan mælir hagsæld þjóðarinnar á mælikvarða markaðsbúskaparins fyrst og fremst. Þannig er undanskilinn nær öll vinna sem framkvæmd er án þess að gjald komi fyrir og vega heimilisstörf þar þyngst á metunum. Þessi óverðlagða vinna liggur utan garðs í þjóðhagsreikningunum, þótt mönnum sé ljóst að þessar athafnir skipti miklu þegar meta skal hagsæld fólksins í landinu.

Gerð þjóðhagsreikninga hefur þann tilgang að meta árangur efnahagsstarfseminnar í landinu bæði fyrir liðna tíð og önnur lönd, en samkvæmt skilgreiningunni við þessa útreikninga er þáttur ólaunaðrar vinnu ekki talinn með efnahagsstarfseminni þó að mikilvægi þessara athafna sé óumdeilt meðal flestra hagfræðinga Vesturlanda.

Í nútímaþjóðfélagi, þar sem margt er metið til fjár og allt miðast við að þjóna þörfum markaðarins, er ekki nema eðlilegt að hin óverðlögðu heimilisstörf njóti lítillar virðingar. Spyrja má hvort þeir sem stunda heimilisstörf þurfi að mynda „þrýstihóp" til þess að ná fram jafnstöðu gagnvart hinu opinbera á við útivinnandi þegna þjóðfélagsins. Það hlýtur að vera krafa jafnréttisþjóðfélagsins að hið opinbera sé ekki að mismuna þegnum sínum fjárhagslega eftir því hvort þeir kjósa að sinna störfum á heimilinu eða utan þess."

Hæstv. forseti. Ég vil láta þess getið að þessi þáltill. er flutt að ósk og eftir undirbúning hv. varaþm. Borgarafl., frú Ragnheiðar Ólafsdóttur, í samstarfi við konur sem eru ekki allar flokksbundnar í Borgarafl. né heldur í pólitískum flokkum, en þær hafa sameiginlega séð um undirbúning að tillögunni.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umr. og til hv. félmn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur tökum undir nauðsyn þess að flytja þetta mál og að það fái framgang og styðjum till.

Á síðari árum hafa umræður aukist um heimavinnandi fólk og athygli verið vakin á kjörum þess og réttarstöðu eða við skulum heldur segja skorti þess á réttindum. Heimavinnandi fólk er fyrst og fremst konur, húsmæður. Ég vil rekja í stuttu máli hvaða málefni varðandi heimavinnandi fólk hafi verið til umfjöllunar á Alþingi.

Árið 1983 sést orðið „húsmóðir" fyrst í fyrirsögn á þingskjali, að mér er tjáð, á þáltill. frá hv. þm. Páli Péturssyni um að ríkisstjórnin láti semja lög um lífeyrisrétti fyrir húsmæður sem ekki eigi aðild að lífeyrissjóði. Sama ár flytja þm. Alþfl. þáltill. um rétt heimavinnandi fólks til lífeyris og um gagnkvæman makalífeyri.

Árið 1984 flytja þingkonur Kvennalistans þáltill. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu og þm. og konur frá öllum flokkum frv. til l. um lífeyrisréttindi húsmæðra og Páll Pétursson endurflytur till. sína um lífeyrisréttindi húsmæðra. Þingkonur Alþfl. flytja þáltill. um að metið sé þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Árið 1985 endurflytja þingkonur Kvennalistans till. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu og endurflutt er till. Alþfl. um réttarstöðu heimavinnandi og þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa sé metið og Jóhanna Sigurðardóttir flytur þá þáltill. um að þeim sem eingöngu sinna heimilisstörfum séu tryggð lífeyrisréttindi. Tveir þm. Sjálfstfl. flytja þáltill. um að kannað sé hvernig unnt sé að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Árið 1986 flytja þrír þm. Alþfl. í þriðja sinn þáltill. um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks og enn í þriðja sinn þáltill. um réttarstöðu heimavinnandi fólks og mat á þjóðhagslegu gildi heimilisstarfa. Þingkonur Kvennalistans flytja þáltill. um endurmat á störfum kvenna og þingkonur Kvennalistans flytja einnig frv. til laga um lífeyrisréttindi handa heimavinnandi húsmæðrum.

Árið 1987 kemur fram þáltill. frá þm. Sjálfstfl. um undirbúning lífeyrisréttinda handa þeim er sinna heimilis- og umönnunarstörfum og þingkonur Kvennalistans endurfluttu fyrr í vetur frv. um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra.

Af þessari upptalningu má sjá að þm. hefur fundist ýmsu ábótavant um hag þessa þjóðfélagshóps, enda kemur það glögglega fram í grg. með þessum þingmálum og lestur á umræðum um þau er einkar fróðlegur. Það er sannarlega eftirtektarvert að kynna sér viðhorf þm. til þeirra. Örlög flestra þessara mála, sem ég taldi upp, hafa orðið allt frá því að daga uppi í nefndum eða þá að nefndir hafa skilað áliti sem síðan er ekkert gert með.

Árið 1986 var samþykkt á Alþingi þáltill. frá Kvennalista um mat á heimilis- og umönnunarstörfum til starfsreynslu. Félmrh. skipaði Gerði Steinþórsdóttur til að gera úttekt á stöðu þeirra mála og gera tillögur um hvernig meta skuli. Skýrsla um þetta starf var lögð fram á Alþingi haustið 1986 og er fróðleg um margt. Niðurstaða hennar sýnir að í kjarasamningum allmargra bæjar- og sveitarfélaga er tekið tillit til starfsreynslu við húsmóðurstörf, en það skilar svo litlum kjarabótum til kvennanna að segja má að það sé fremur viðurkenning á að meta beri þessi störf en að nokkuð raunhæft komi út úr málinu.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa lítinn þátt úr þessari umræddu skýrslu. Þar stendur m.a.:

„Starfsmannafélagið Sókn ruddi brautina varðandi mat á heimilisstörfum úti á vinnumarkaðnum. Þar eru núna þau ákvæði að meta skuli heimilisstörf til starfsaldurs allt að sex árum og miða við lífaldur, enda teljist ekki starfsaldur vegna launaðra starfa á sama tíma. Þessi hliðstæðu störf eru: störf í eldhúsi, saumaskapur, almenn störf á sjúkrahúsum, þvottahússtörf, ræsting, heimilishjálp, ráðskonustörf á barnaheimili, barnagæsla, hjúkrun aldraðra, geðsjúkra, vangefinna, lamaðra og fatlaðra. Enn fremur eru hér starfsmenn með húsmæðrapróf og viður-

kennd námskeið í heimilishjálp, barnagæslu og hjúkrun."

Af þessari upptalningu má sjá hvaða störf eru talin ófaglærð heimilis- og umönnunarstörf á vinnumarkaði. En upptalningin sýnir einnig, sem er athyglisvert, að eingöngu eru metnir einstakir verklegir þættir í núgildandi samningum. Þetta mat er í engu samræmi við það sjónarmið, sem kom fram í umræðu á Alþingi, að heimilisstörf væru margþætt og flókin, svo vitnað sé til þáv. heilbrmrh. Ragnhildar Helgadóttur. Í núgildandi mati á heimilisstörfum er horft fram hjá þeirri staðreynd að heimilið sé sérstök rekstrareining og megi líkja því við lítið fyrirtæki. Það þarfnast stjórnunar og skipulagningar og það er ekki að ófyrirsynju að Húsmæðrabókin hefst á kafla um heimilishagfræði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir drap á þessa þætti, mat og vanmat í umræðunum á Alþingi er hún minntist á þau störf sem á yfirborðinu væru svipuð heimilisstörfum, eins og matargerð, ræsting, þvottur og innkaup. Hún segir þar m.a.: „Í heimilisstörfum felst m.a. margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðnum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð á fjármunum, en það eru þeir þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðnum."

Heilbrmrh. þáv. Ragnhildur Helgadóttir tók í sama streng og sagði að heimilisstörf krefðust hæfni í stjórnun, skipulagningu og meðferð fjármuna. Allt væru þetta atriði sem hefðu mjög mikla þýðingu víða á vettvangi þjóðfélagsins. Þessi störf yrðu ekki unnin svo vel væri án hæfni, þekkingar og þjálfunar.

Af þessu má ljóst vera að reynsla af rekstri heimilis og umönnunarstörfum er vanmetin, einnig þegar um svokölluð hliðstæð störf er að ræða. Og þá vaknar spurningin: *Hvers vegna eru heimilisstörf* vanmetin? Ef við lítum til liðinna alda sjáum við að innan veggja heimilanna voru unnin öll þau störf sem lutu að því að fæða, klæða, fræða og annast þá sem þar áttu heima. Öll matvæli voru unnin þar frá grunni, sömuleiðis allur fatnaður, allt frá því að vera ull eða húð. Hjúkrun, uppeldi og fræðsla fór þar fram meiri eða minni eftir atvikum og þessi störf voru unnin af konum: húsfreyjum og vinnukonum.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þætti vinnukvenna við þessi störf, en allir sem eitthvað hafa grúskað í atvinnusögu okkar geta séð að þeirra kjör voru sultarkjör. Þessi störf voru yfirleitt talin fremur lítilmótleg. „Eldabuska" var ekkert virðingarheiti. Og á seinni tímum vildu konur helst ekki láta kalla sig vinnukonur vegna lítilsvirðingarinnar sem í nafninu eða stöðuheitinu fólst.

Þessi störf sem ég nefndi áðan, fatagerð, matvæla- og mjólkuriðnaður, hjúkrun, umönnun aldraðra og fatlaðra og fræðsla, hvar eru þau nú? Að hluta til eru þau á heimilunum enn eftir því sem einni konu, húsmóðurinni, er fært að sinna þeim, en að miklu leyti eru þau komin út af heimilunum inn á kjötiðnaðarstöðvar, mjólkursamlög, fatagerðir, sjúkrahús og stofnanir, skóla og dagheimili. Enn vinna konur þessi störf og enn loðir lítilsvirðingin á heimilisstörfunum við þau. Því eru þau enn í dag láglaunastörf og einnig þau störf sem seinna hafa komið til og orðið að hefðbundnum kvennastörfum.

Þegar þáltill. Alþfl. um réttarstöðu heimavinnandi fólks og mat á þjóðhagslegu gildi heimilisstarfa var lögð fram í þriðja sinn hafði félmn. Sþ. fengið umsagnir um málið frá ýmsum aðilum sem voru birtar með till. og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa lítið eitt af þeim. Það er umsögn frá Þjóðhagsstofnun þar sem segir:

„Eins og kunnugt er miðast gerð þjóðhagsreikninga fyrst og fremst við markaðsbúskap. Næstum öll vinna, sem af hendi er leyst án þess að gjald komi fyrir, er því undanskilin í verðmæti þjóðarframleiðslunnar eins og hún er venjulega skilgreind. Vinna við heimilisstörf vegur hér auðvitað þyngst, en einnig þarf að gæta að ýmsum störfum utan við vinnumarkaðinn. Hér á landi hafa ekki verið gerðar tölulegar athuganir á mikilvægi heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa, en eftir ýmsum erlendum athugunum að dæma kynni verðgildi slíkra starfa að liggja á bilinu fjórðungur til helmingur af þjóðarframleiðslu eins og hún er venjulega metin."

Ég ætla ekki að lesa meira af þessari skýrslu þó það væri þess vert, en þegar litið er til umsagnar Þjóðhagsstofnunar um hugsanlegt hlutfall heimilisstarfa og annarra ólaunaðra starfa í þjóðarframleiðslu má sjá að þarna er um stórkostleg verðmæti að ræða og þar telur Þjóðhagsstofnun að heimilisstörf vegi þyngst.

Við kvennalistakonur teljum að brýn nauðsyn sé að þessi till., sem hér er til umræðu, nái fram að ganga og brýn nauðsyn sé að fram í dagsljósið komi óyggjandi og skjalfest staðfesting á mikilvægi heimilisstarfa fyrir þjóðarbúið og þjóðfélagið í heild. Að slíkri undirstöðu fenginni kynni að mega færa til betri vegar kjör þeirra kvenna sem að þeim störfum vinna svo og kjör og laun þeirra kvenna sem vinna hliðstæð störf og störf sem fyrrum voru heimilisstörf en eru nú unnin víðs vegar utan heimila. Flest þeirra starfa eru enn unnin af konum og flest þeirra eru láglaunastörf.

Ég vil þó fyrst og fremst undirstrika að slík staðfesting kynni að verða til þess að augu manna opnist fyrir því að í raun verða þessi störf aldrei metin til fjár, slíkt er mikilvægi þeirra, og að það beri að sýna þeim virðingu samkvæmt því. Oft er talað um að sjálfstæði kvenna og jafnrétti byggi á fjárhagslegum grunni og ég er því sammála. Ég er samt ekki að krefjast þess að ríkið greiði konum kaup fyrir að sinna heimilisstörfum, en ég vil fara fram á að það sé skoðað í fullri alvöru hvernig hægt er að taka á þessu máli þannig að það verði heimavinnandi konum til hagsbóta. Ekki aðeins því fjárhagslega heldur þannig að þær hafi sömu réttindalegu stöðu og annað fólk. Þær eiga ekki að þurfa að lifa við það böl að með launalausum störfum sínum finnist þeim þær vera þurfalingar á eigin heimilum.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti.

Löngum var ég læknir minn,
lögfræðingur, prestur,
smiður, kóngur, kennarinn,
kerra, plógur, hestur.

Þessi vísa hans Stephans G. datt mér í hug þegar hv. síðasti ræðumaður var að lesa upp hvað við hefðum samið um í raun og veru þarna í Sókn, hve víðtækt starfssviðið væri. Annars þakka ég henni fyrir hennar ágætu ræðu og hennar innlegg í umræðuna. Ég man eftir að hafa fengið skömm í hattinn fyrir að vera að troða þessu inn í kjarasamninga. Þetta ætti þar í raun og veru ekkert heima. En sannleikurinn var að þetta virtist hvergi eiga heima. Þetta var hvergi tekið til greina og var sjálfsagt að reyna að ýta þessu eitthvað á stað. En í raun og veru væru það kannski almennu kvenfélögin, Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið, Bandalag kvenna og öll þessi sambönd, sem ættu að fylgja þessu betur eftir og hafa kannski gert. Ég hef ekki fylgst svo náið með því. Alla vega held ég að fólk ætti að hugleiða betur hvaða störf eru unnin inni á heimilunum. Ég hugsa að þið vitið það öll, sem hér eruð inni, t.d. þegar þið ferðist um sveitir landsins og byggðir og sjáið þau verk sem húsmæður á heimilunum leggja fram. Hvergi nokkurs staðar hef ég séð fallegri borð en t.d. í sveitum landsins þar sem konur eru að taka á móti gestum, kannski jafnvel þjóðhöfðingjum. Ég hef hvergi séð fallegri borð. Og þetta fer ekkert versnandi. Ég hef séð ungar konur gera þetta eins og þær sem eldri eru.

Allir vita hver hjúkrunarstörf hafa verið unnin á heimilum. Allir vita það líka hver kennslustörf hafa verið unnin á heimilum. Heimilin eru að vísu að breytast, en ég held að breytingin sé ekki svo gömul að ég held að við mættum hugsa meira um þetta og taka það meira til greina. Ég ætla ekki að láta banka í bjölluna, ég held að ég mundi missa þráðinn við það, og hef þetta ekki lengra í bili.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Aðeins örstutt innlegg til að taka undir þýðingu þess máls sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. 5. þm. Reykv. og Borgarafl. flytur, þ.e. till. til þál. um mat á heimilisstörfum.

Ég vildi sérstaklega þakka hv. 7. þm. Norðurl. e. fyrir hennar ítarlegu umfjöllun um þessi mál þó kannski í löngu máli hafi verið. En það er svo að stundum eru langar ræður mikils virði, að hafa tíma til að fara yfir yfirgripsmikil og þýðingarmikil mál. Stundum mættu þær vera styttri. En ég verð að segja að þrátt fyrir að hv. þm. hafi farið fram yfir sinn tíma var ekkert ofsagt í hennar máli.

Ég vildi taka undir þýðingu þess sem hér hefur verið sagt. Ég held að við getum öll verið sammála um að sú umræða sem orðið hefur um mat á heimilisstörfum, málefni fjölskyldunnar á undanförnum árum stafar af þeirri breytingu, af þeim breyttu þjóðfélagsháttum sem hafa orðið á síðustu áratugum í íslensku þjóðfélagi og það vandamál sem hefur skapast við það, eins og hér kom fram, að framleiðslustörfin, það má segja verksmiðjuframleiðsla hafi færst út af heimilunum. Vöggustofan er farin út af heimilinu, dagheimilið, leikskólinn, jafnvel grunnskólinn og umönnun aldraðra. Allt eru þetta störf sem voru unnin og sinnt á heimilunum áður fyrr eins og við öll þekkjum. En þau eru komin á aðra staði nú. Nú verða aðrir að taka að sér þessi störf þar sem húsmæðurnar eru óðum að fara út af heimilunum einnig. En það er nú einu sinni svo að það eru samt sem áður húsmæður og verða alltaf til í þessu þjóðfélagi. Það er einmitt það sem verið er að fjalla um og að meta þeirra störf og einnig að skapa þeim sem vilja vera heima möguleika til þess í þessu breytta þjóðfélagi.

En þrátt fyrir að mörgu sé ábótavant í þessum efnum og það opinbera hafi enn ekki komið nægjanlega til móts við þessa hagsmuni heimavinnandi húsmæðra hefur samt eitthvað færst í betri átt. Eins og kom fram hjá hv. 16. þm. Reykv. er áreiðanlegt að hún hefur verið talsmaður þess á þeim vettvangi sem hún hefur starfað, í kjarasamningum fyrir Sóknarkonur, að störf séu metin á þeim vettvangi.

Það hefur oft hvarflað að mér, þegar verið er að ræða um kjarasamninga einmitt, hvað það er merkilegt að það er eins og fjölskyldan eigi þar fáa talsmenn. Þó hljóta nú þetta allt að vera fjölskyldumenn, hvort sem um er að ræða karla eða konur. Þar hefur maður í huga að það virðist ekki vera lögð þung áhersla á þýðingu þess að kjarasamningar taki mið af högum fjölskyldunnar, þessum breyttu högum fjölskyldunnar. Þar get ég nefnt eitt lítið dæmi eins og sveigjanlegan vinnutíma.

En það var kannski útúrdúr. Ég vildi fyrst og fremst taka undir þetta og minna jafnframt á að ríkisstjórnin hefur væntanlega skilning á þessum málum þar sem forsrh. skipaði strax í upphafi nefnd einmitt til að fjalla um þessi mál, málefni fjölskyldunnar. Sú nefnd er að störfum og væntanlega eigum við eftir að heyra af hennar hugmyndum og tillögum til hagsbóta fyrir fjölskyldurnar í landinu og þá um leið húsmæðurnar.

Ég minni einnig á að hagur húsmæðra varðandi fæðingarorlof var bættur í nýjum lögum um fæðingarorlof þar sem það var stórlega hækkað miðað við það sem áður var.

En ég vil að lokum taka undir það að starf húsmóðurinnar hefur alla tíð kannski verið vanmetið. Hún er þessi þögli meirihlutahópur í þjóðfélaginu sem hefur lítið gert af því að hlaupa á torg og kvarta og kveina. En við vitum að húsmóðirin er framkvæmdastjóri, svo fjölbreytt eru hennar störf.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þm. sem tekið hafa til máls um þessa till. hv. þm. Borgarafl., en þó að nefnd sé starfandi á vegum hæstv. forsrh. hefur hún ekki beint það verkefni, sem till. gerir ráð fyrir að

verði unnið, í sínum verkahring. Þetta gæti orðið til viðbótar við störf þeirrar nefndar. Ég held að till. eigi alveg jafnt erindi þrátt fyrir nefndina. (**Salþ:** Það voru ekki mín orð.) Ég er bara að bæta við hugsun sem kom frá hv. 6. þm. Reykn., en ég tek undir það með henni að það eru ekki langar eða stuttar ræður sem skipta máli. Hv. 7. þm. Norðurl. e. flutti langa yfirlitsræðu um hvað gert hafi verið í tillöguflutningi í þessum málaflokki. Það er ekki það sem skiptir máli heldur hvað er sagt. Ég verð að harma það sem kemur svo oft fram hjá kvennalistakonum og kannski konum almennt. Hún sagði: Það loðir enn við lítilsvirðing á heimilisstörfunum. Hvar kemur það fram? Það er eins og verið sé að tala til karlmanna. Ég vil mótmæla því. Karlmenn kunna vel að meta störf ömmunnar, móðurinnar, systurinnar, kærustunnar og eiginkonunnar. Ég sný þessu heim til föðurhúsanna. Það hlýtur þá að vera frá öðrum konum, konum sem ekki ætla sér að vinna heima, að þær sýni hinum konunum lítilsvirðingu. (**Þþ:** Hvaða kona vinnur ekki heima?) Það eru margar konur sem ekki vinna heima eins og það er kallað. Við skulum bara láta það koma fram. Ég er orðinn dauðþreyttur á að liggja undir því að til karlmanna sé almennt talað eins og þeir meti ekki störf heimavinnandi kvenna. Þetta er rangt. Við skulum hætta að tala í þeim tón til hvers annars. Tillagan er flutt í fullri alvöru, hv. 7. þm. Norðurl. e., og við munum reyna að fylgja henni eftir eftir bestu getu.

En ég vil láta það koma fram að ég sem karlmaður, og ég hugsa allir þeir karlmenn sem ég þekki til, hef aldrei vanmetið störf heimavinnandi kvenna. Það er langt frá því.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd vegna þess að ég gleymdi því áðan, en ég ætlaði að benda á að ég gæti trúað því að hver einasta kona sem situr á Alþingi sé jafnframt húsmóðir. Þetta er vegna orða síðasta hv. ræðumanns.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þori varla að tala meira, ég syndgaði svo upp á náðina áðan, en ég vil segja hv. 5. þm. Reykv. að ég tók tillögu hans í fyllstu alvöru og veit að hún er borin fram í fyllstu alvöru.

Honum fannst ég vera að hnjóða í karlmenn áðan. Ég var ekki að því, alla vega ekki af ráðnum hug. En við skulum ekki gleyma að það sem kallað er hefðbundin kvennastörf er allt framlenging eða útfærsla á heimilisstörfum og við sjáum öll að konur eru láglaunahópur í þjóðfélaginu hvar sem þær starfa og launin endurspegla að þessi störf eru vanmetin og lítils virt. Ég sný ekki aftur með það, hv. 5. þm. Reykv.

Ellert J. Eiríksson:

Herra forseti. Ég kem upp vegna síðustu orða síðasta ræðumanns, hv. 7. þm. Norðurl. e., og fell þá í sömu gryfju og hv. flm., 5. þm. Reykv., því að hér segir kona að allar konur á Íslandi séu láglaunahópur og öll þeirra störf séu láglaunastörf. (**MálmS:** Hefðbundin kvennastörf.) Hefðbundin störf. Hér er verið að segja frá því að allar konur séu í þessum störfum. Eru ekki þingkonur jafnréttháar og launaháar og við sem erum karlkyns hér inni? Hvað eru margar konur hér inni? Hvert er hlutfallið? 40% konur og 60% karlmenn. Við sitjum öll vonandi við sama borð í launum og teljumst varla láglaunahópur.

Mörg störf í þessu þjóðfélagi, sem konur vinna, eru ágætlega launuð í hlutfalli (**MálmS:** Við hvað?) við önnur störf. Eins og hér kom fram, með leyfi forseta, vorum við að tala um hvort menn lifðu af 31 400 kr. eða hvort ætti að hækka persónuafslátt og hafa hann útborganlegan. Við getum deilt um það endalaust hvað einstaklingur á Íslandi þarf til að framfleyta sér. En ef við tölum um laun stétta eða kynja hljótum við að miða við þá sem eru sambærilegir, ekki krónurnar, heldur hvort hlutfall kvennastétta er miklu lakara almennt en karlastétta. Það er rétt að mörg störf og margar stéttir kvenna eru slakari, en þær eru líka margar þokkalegar og góðar. Ég tek undir með hv. 5. þm. Reykv. að konur eru konum verstar og því miður leggið þið rangt mat á þetta og okkur líka. Ég er aðeins að kveikja í ykkur.

En ég vil taka undir þáltill. sem hér hefur verið lögð fram af hv. þm. Borgarafl. og þá með tilvísan til þess sem hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði: Það er búið að flytja hér fjöldann allan af þáltill. til þess að meta störf heimavinnandi fólks, heimilisstörf og annað. Ef þessi viðbótartillaga bætir þar um er ég stuðningsmaður hennar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg furðulegt að heyra endurtekið aftur og aftur að konur séu konum verstar og konur þurfi ekki að kvarta því að konur séu ágætlega staddar. Af hverju halda menn að það sé verið að boða verkföll út um allt land? Af hverju halda menn að manneskja eins og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir flytji hér tillögu um launabætur? Og talandi um að það séu ekki allar konur láglaunahópar. Það er kannski hægt að finna undantekningar eins og okkur sem sitjum á þingi þó að margir reyndar telji þm. láglaunahópa af því að slík er nú orðin viðmiðun í þessu þjóðfélagi að mörgum finnst þm. láglaunahópur. En til þess að hnykkja á því að það séu sömu laun fyrir sambærileg störf og svo sé það bara matið á störfunum sem ráði, þá er það ekki rétt vegna þess að innan hverrar einustu starfsgreinar er launamunur og hann vex eftir því sem ofar dregur í virðingarstiganum. Hann vex svo mikið að þegar komið er í svokölluð stjórnunar- og sérfræðistörf er launamunur karla og kvenna orðinn 93% ef ég man rétt, 87 eða 93, nú förlast mér hvor talan það var, enda skiptir það ekki öllu máli. Við getum þá sagt að það sé um 90%. Þetta eru tölulegar staðreyndir sem menn geta ekki horft fram hjá. Það er

ekki hægt endalaust að segja að konur fái borgað samkvæmt þeim störfum sem þær vinna, það séu störfin sem ekki eru sambærileg. Alveg eins og hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan er einmitt spurning um hvernig þau eru metin. Öll störf sem eru bein framlenging af heimilisstörfum eru vanmetin. Og ef það er ekki virðingarleysi við störf kvenna veit ég ekki hvað virðingarleysi er.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins endurtaka að hv. 7. þm. Norðurl. e. sagði að það loddi lítilsvirðing við á heimilisstörfum. Ég mótmæli þessu vegna þess að ég er alinn upp af konu sem hefur hugsað vel um sitt heimili, mitt heimili. Ég vil ekkert liggja undir svona tali og þið eigið að hætta þessu.

Hvað varðar það að allar konur sem sitja á Alþingi séu húsmæður skal ég taka undir það og eflaust er það rétt, þó ég efist um það. Ég veit það ekki. En ég vil þá bara bæta við: Er einhver karlmaður hérna sem ekki er heimilisfaðir? Og hver er munurinn? Þetta er fjölskylda sem við erum að tala um og þar er enginn munur og svona á ekki að tala. Ef það er talað um konur sem láglaunafólk hlýtur karlmaðurinn, sem nú á að samþykkja lág laun fyrir, 31 400 kr. með nýjum samningum, heimilisfyrirvinnan, að vera láglaunamaður líka. Það eru ekki bara konur um land allt sem eru að samþykkja verkföll, karlmennirnir líka. Hættið að tala um konur hér og karla þar. Við erum eitt, fólkið í landinu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu, en orð hafa fallið á þá leið að ég sá ástæðu til að kveðja mér hljóðs.

Ég vil taka fram að sú till., sem hér var mælt fyrir og hér er til umræðu, um mat á heimilisstörfum, er góðra gjalda verð og aldrei of mikið að því gert að draga fram staðreyndir eins og kostur er um gildi þessara starfa. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt, jafnt fyrir konur sem karla hér á Alþingi og í þjóðfélaginu almennt, að átta sig á þeirri hraklegu stöðu sem konur í landinu almennt búa við hvort sem þær vinna á heimilum eða úti á vinnumarkaði. Mér þótti í máli hv. 1. flm. þessarar till. gæta dálítils hroka í þessum efnum, ég held ég verði að orða það þannig, þar sem hann var að tala um að þetta væri allt í lagi hjá karlpeningnum, bæði á Alþingi og annars staðar. Þar væri ekkert vanmat á heimilisstörfum og blessuðum mæðrum okkar og formæðrum. En ég held að málin stæðu kannski svolítið öðruvísi í þjóðfélaginu ef þarna væri innistæða fyrir þeim yfirlýsingum sem fram komu hjá hv. formanni Borgarafl. Þá held ég að menn þyrftu ekki að horfa á tölulegar upplýsingar um launamun kynjanna í landinu, sem liggja fyrir, og um það vanmat sem er á framlagi kvenna jafnt á vinnumarkaði sem inni á heimilum í samanburði við karla.

Af hverju heldur hv. formaður Borgarafl. að Kvennalistinn t.d. safni til sín fylgi í landinu? Vegna þess að sú fylking er að mæla fyrir réttarbótum konum til handa og það fær hljómgrunn vegna þess að misréttið er jafnmikið og raun ber vitni. (**AG:** Veit hv. þm. að ég er búinn að tala mig dauðan. Hann er að slá undir belti samkvæmt því.) Nú, ég hafði nú ekki áttað mig á því, en ég treysti því að hv. þm. Albert Guðmundsson geti komið að þessu máli í öðru samhengi. (**Forseti:** Það er rétt sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Hann getur ekki talað oftar í þessari umræðu.) Já, já. Ég skal ekki bera fram ádeilur á hv. 1. flm. Ég er í rauninni aðeins að vekja athygli á því sem liggur að baki orða hans og reyndar fannst mér ósköp svipaður tónn uppi hjá hv. 1. þm. Reykn. sem talaði áðan.

Ég vil aðeins láta það koma fram að ég get ekki deilt þessum viðhorfum. Ég tel að menn þyrftu í rauninni að átta sig hér á Alþingi á alvöru þessa máls, allir sem vilja færa mál til betra horfs í þessu þjóðfélagi út frá sjónarmiðum jöfnuðar, og það mundi margt lagast í þjóðfélaginu ef við það væri staðið í reynd. Þá mundi margt lagast í þessu samfélagi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðtrygging, fyrri umr.

Þáltill. AG o.fl., 304. mál. — Þskj. 610.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að flytja till. til þál. á þskj. 610 um verðtryggingu o.fl. og geri það fyrir hönd þm. Borgarafl. og hljóðar tillagan þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema lánskjaravísitöluna eða endurskoða nú þegar grundvöll verðtryggingar lána og verðbóta á laun í þjóðfélaginu þannig að breytingar, sem kunna að verða, mælist eftir sömu aðferðum og fylgjast að.“

Í grg. segir: „Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar síðsumars 1983 var hækkun launa, sem þá átti að koma til framkvæmda, skert verulega með bráðabirgðalögum. Í kjarasamningum, sem fylgdu í kjölfarið, var óheimilt að binda laun við vísitölu sem hafði þær afleiðingar að kaupmáttur launatekna rýrnaði verulega árið 1984. Á sama tíma var vísitala lánskjara látin halda sér þannig að misvægi myndaðist á milli hækkana á launum og þeim verðtryggðu fjárskuldbindingum sem launafólk hafði stofnað til. Þetta misgengi kom hart niður á íbúðakaupendum svo og öðrum sem höfðu tekið verðtryggð lán fyrir þessar efnahagsaðgerðir. Í mörgum tilvikum hefur fólk enn ekki náð að rétta við hag sinn vegna þessara harkalegu aðgerða og margir misst íbúðir sínar á nauðungaruppboðum. Þetta misgengi hefur enn ekki fengist leið-

rétt. Kemur þetta glögglega fram í eftirfarandi töflu sem sýnir þróun verðlags, þ.e. byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitölu eða kauptaxtavísitölu og launavísitölu á Íslandi frá því að lánskjaravísitalan var lögleidd og tekin upp í júlí 1979" og ég vitna til þeirra töflu sem er á þskj.

„Á þeim átta árum, sem eru liðin síðan lánskjaravísitalan var tekin í notkun, hefur hún rúmlega átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. Á sama tíma hefur verðgildi bandaríkjadollars ellefufaldast og dönsku krónunnar nífaldast." Þetta er lagt fram áður en genginu var breytt nýlega. Ég held áfram lestrinum:

„Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki, enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki miklu hagstæðari. Jafnvel meðan laun voru vísitölubundin tókst ekki að halda jafnvægi þannig að hækkun launa héldist í hendur við hækkun lánskjara. Launafólk getur því vart búist við að verða nokkru sinni ofan á í baráttunni við lánskjaravísitöluna. Það gekk ekki í mesta góðæri sem landsmenn hafa búið við. Varla gengur það betur þegar aftur harðnar í ári.

Nú eru ýmsar blikur á lofti þrátt fyrir mikla bjartsýni núverandi stjórnarflokka á því að hinar umfangsmiklu breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs samfara svokallaðri einföldun á skattkerfinu eigi eftir að skila þeim árangri að lækka vexti og verðbólgu. Allt bendir raunar til þess að verðbólga sé að fara á fullt skrið aftur og misgengi lánskjara og launa muni enn versna.

Sú víxlhækkun launa og verðlags, sem stafar af vísitölubindingu, er af flestum talin óæskileg. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess að almenningur beri áfram þær byrðar sem fylgja verðtryggðum fjárskuldbindingum en óverðtryggðum launum. Verðtrygging sumra þátta efnahagskerfisins, en annarra ekki, skapar ójafnvægi sem er óeðlilegt og hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga, fyrirtæki og atvinnulífið í heild.

Af framansögðu er ljóst að kominn er tími til fyrir stjórnvöld að taka afstöðu til þess hvort meginþættir efnahagskerfisins, svo sem laun og lánskjör, skuli bundnir við sömu vísitölu eða lánskjaravísitala verði afnumin. Er ekki heppilegra að nota vísitölur í þeim tilgangi einum að sýna hvert sé ástand hinna ýmsu þátta í efnahagskerfinu, en þær hafi ekki að öðru leyti nein bein áhrif til hækkunar eða lækkunar launa og lánskjara.

Verði lánskjaravísitala lögð niður, sem að mati flm. er æskilegri niðurstaða, er nauðsynlegt að fara aðrar leiðir til þess að tryggja bæði hagsmuni sparifjáreigenda, lánveitenda og lántakenda. Í greinargerð með frumvarpi til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, sem þingmenn Borgaraflokksins lögðu fram í efri deild Alþingis síðastliðið haust, eru settar fram nokkrar nýjar hugmyndir í þessu sambandi."

Ég hef lokið lestri greinargerðarinnar.

Það er ekki í fyrsta skipti sem ég hef rætt um nauðsyn þess að leggja niður lánskjaravísitölu. Skömmu eftir að launavísitalan var felld niður ræddi ég það í þingflokki Sjálfstfl., sem ég tilheyrði þá, og nokkrum sinnum í ríkisstjórn, sem ég sat í á þeim tíma sem fjmrh., og fékk góðar undirtektir sérstaklega tveggja ráðherra, sem þá voru samráðherrar mínir, hæstv. félmrh., sem þá var, Alexanders Stefánssonar, og hæstv. landbrh. Jóns Helgasonar. En því miður komst ekki hugmyndin í gegn.

En ég tel að það sé alveg útilokað, það er alveg sama hvort það á við um verðlag eða um lánskjaravísitölu eins og við höfum unnið hana upp, þ.e. við höfum tekið launavísitölu úr sambandi á sama tíma sem aðrar vísitölur eru í gangi, það er alveg útilokað og gildir sama lögmál um þá verðstöðvun eins og aðra verðstöðvun: hún springur ef hún stendur of lengi. Og þessi lánskjaravísitala er búin að sprengja greiðslugetu fólksins í landinu.

Ég er með í veskinu plagg, sem ég hef áður vitnað í nokkuð oft úr þessum ræðustól, sem sýnir 80 þús. kr. lán sem einstaklingur tók og hafði borgað af reglulega og alltaf staðið í skilum í fimm ár. 1985 var niðurstöðutalan: Skuld mannsins sem fékk 80 þús. kr. lánaðar 1980 var rúm 539 þús. kr. Og þetta gengur ekki.

Ég hef margoft endurtekið úr þessum ræðustól að það gengur ekki að orkan sem er í manninum, orkan sem hann á eftir að breyta í krónur, sé minna virði en krónan sem hann fær að láni frá þeim sem hafa áður breytt sinni orku í krónur og aura. Það verður að vera sama gengi á því sem í manninum býr og því sem maðurinn þarf að standa skil á. Öðruvísi gengur þjóðfélagsdæmið ekki upp. Og ég verð að segja alveg eins og er og endurtek, þetta er allt hið sama og kom frá mér áður úr þessum ræðustól, að meðan við ekki breytum þessu fyrirkomulagi, þessu misgengi verðmætanna, annars vegar í krónunni sem á eftir að skapa með orku mannsins og krónunni sem er til fyrir, þá erum við að tæla unga fólkið út í húsnæðislánakerfið, út í að taka lán til að byggja upp framtíðina. Við erum að tæla það á fölskum forsendum vegna þess að um leið og það verður við þeirri beiðni okkar að gerast sjálfstæðir íbúðarhúsaeigendur erum við að tæla það inn í svikanet hins opinbera sem viðkomandi kemst aldrei út úr vegna þess að hann vinnur ekki fyrir skuldunum. Þegar við erum nú að horfa upp á nýja kjarasamninga þar sem lágmarkslaun eru 31 400 kr., að vísu voru þeir felldir víðast hvar um landið, sjáið þið að sá sem er fyrirvinna heimilis og jafnframt að greiða af lánum, af íbúðarhúsalánum því að leigumarkaðurinn er svo til ekki til á Íslandi og ekki í þeim mæli og ekki á þann hátt sem erlendis er, við skulum ekkert vera að bera leigumarkað saman við það sem leigumarkaður er annars staðar, og flestir verða þess vegna að eignast eigin þak yfir höfuð og á Íslandi býr enginn í tjaldi,

það er ekki hægt, þá erum við að svíkjast að unga fólkinu sem er að koma sér upp heimili. Þessi tillaga er eins konar lausn úr álögum fyrir það fólk sem stendur ekki undir þeim lánum sem það hefur tekið.

Hv. þm. Eggert Haukdal flutti mál sem er í líkum dúr, en frv. sem hann flytur er að því leytinu öðruvísi en þetta mál að hann talar um vaxtabreytingu, sem *er óþarfi vegna þess að ríkisstjórnin og Seðlabanki* hafa heimild til að breyta vöxtum fram og til baka, og í öðru lagi gerir hann ráð fyrir niðurfellingu á lánskjaravísitölu af nýjum lánum, en lætur hin gömlu eiga sig. Það er mikill munur þar á.

En sem sagt: Við fulltrúar hv. þm. Borgarafl. leggjum fram till. sem ég mæli fyrir og ég legg til að að lokinni fyrri umr. verði tillögunni vísað til síðari umr. Ég bið um ráð hæstv. forseta, bið hann um að leiðrétta mig ef það er rangt hjá mér að meta það svo að þessi till. eigi að fara til fjh.- og viðskn. (**Forseti:** Hún er ekki til í Sþ. En allshn.) Ég áttaði mig ekki á því. Eg þakka hæstv. forseta og geri tillögu um að þáltill. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Fyrir rúmum þremur árum lögðu þm. Kvennalistans fram till. á þingi um að breyta verðtryggingu lána. Í þeirri till. var gert ráð fyrir að miða vísitöluna við kauptaxta. Meginhugsunin á bak við það var sú að launafólki væri mikið öryggi í því að geta reiknað með að þurfa að vinna jafnmargar vinnustundir fyrir greiðslu láns og virði þess var í vinnustundum þegar lánið var tekið. Hefði þessi leið verið valin 1983 er alveg víst að gjaldþrotin hefðu ekki orðið svo mörg sem raun ber vitni.

Sl. haust beindi hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fsp. til hæstv. viðskrh. um hvort einhver áform væru um að endurskoða samsetningu lánskjaravísitölu eða taka upp aðra viðmiðun við verðtryggingu. Er því alveg ljóst, herra forseti, að kvennalistakonur hafa lengi talið þörf á endurskoðun viðmiðunarverðtryggingar. Það er í hæsta máta óeðlilegt að sala á vinnuframlagi sé á föstu verði á meðan allar fjárskuldbindingar eru verðtryggðar. Það er því ánægjulegt að nú eru fleiri og fleiri að vakna upp og telja að nú þurfi að taka á þessum málum. Ég tek því undir það, sem kemur fram í þessari till., að endurskoða þurfi grundvöll verðtryggingar lána og verðbóta.

En það eru ekki eingöngu þm. stjórnarandstöðunnar sem hafa lagt fram till. á þinginu varðandi þessi mál. Fyrr í vetur ræddum við einmitt frv., sem hv. 5. þm. Reykv. minntist á, sem tengdist þessum málum. Það var frv. sem hv. þm. Eggert Haukdal lagði fram. Á dagskrá þessa fundar er líka þáltill. sem er mjög svipuð þeirri sem við erum nú að ræða. Vonandi verður fljótt tekið á þessum málum og *þeim vísað til betri vegar.*

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Við þm. Borgarafl. flytjum þessa þáltill. um að afnema lánskjaravísitölu eða endurskoða grundvöll verðtryggðra lána og verðbóta á laun í þjóðfélaginu þannig að breytingar sem kunna að verða mælist með sömu aðferðum og fylgist að.

Ég held að ég muni það rétt að fyrir fimm árum eða sex skrifaði ég bréf til launþegasamtakanna, sem ég var í, BSRB, og óskaði eftir því að þau tækju þetta mál til meðferðar. Það mun ekki hafa verið gert. Alla vega hef ég lítið heyrt af því máli síðan. Ég held að að hluta til sé það þessum heildarsamtökum til vansa að þau skuli ekki hafa staðið svo vel að sínum málum að hafa passað upp á að lán skyldu ekki vaxa margfalt hraðar en laun.

Þá kem ég að því máli að lífeyrissjóðir landsins eru með fé sinna umbjóðenda. Og hvað gera þeir? Jú, þeir lána eigendum peninga úr þessum sjóði. Á sama tíma sem þeir hafa ekki passað upp á að launin héldust í hendur við þessa vísitölu krefjast þeir til baka miklu hærri fjárhæða af eigendunum. Það getur ekki gengið að launþegasamtökin, þessi stóru launþegasamtök, bæði BSRB og Alþýðusamband Íslands, passi ekki betur upp á þetta og séu í rauninni að ganga á hlut sinna félagsmanna með t.d. lífeyrissjóðslánum.

En þetta kemur víða við. Það hefur farið svo að stór hluti af þeim vanda sem nú blasir við, þ.e. þeim húsnæðisvanda sem er, er einmitt vegna misræmis í vísitölu. Það hefur hvergi getað gengið að það væri hægt að hafa tvenns konar verðlag í landinu, annað á lánum og hitt á launum.

Sú tillaga sem hér er er eitt af stærstu málunum hvað varðar hagsmuni fólksins í landinu því að það er alveg ljóst að þessi stefna gengur ekki lengur. Í skjóli þessa kerfis hafa sprottið upp mjög sterkir fjármagnsmarkaðir, sem svo hafa verið nefndir, og þar hafa menn margfaldað fé sitt á sama tíma og fólk, sem hefur verið að ávaxta í húsnæði, fær minna og minna fyrir sína fjármuni. Sú stefna er alröng. Það verður að haldast í hendur að það sé nokkurn veginn jafnvægi á milli þessara hluta. Það gengur ekki að annars vegar sé verið að taka alltaf fleiri og fleiri krónur af þeim sem fá lánað og hins vegar geti það verið óheft á fjármálamörkuðunum þannig að menn geti fengið mismuninn sem hagnað til baka. Og það sem verst er, eins og ég kom inn á, er það að hin stóru, öflugu félög launþega skuli ekki hafa sett þetta á oddinn í sinni kjarabaráttu og passað upp á þessa hluti.

Ég ræddi þetta, ef ég man rétt, fyrir jólin við einn af forustumönnum eins af stærstu launþegasamtökunum og hann skaut sér undan þessu og benti á lögfræðinga. Það er ekki svo að forustumenn launþegahreyfingarinnar í landinu geti skotið sér undan þessu máli því að þetta varðar nánast hvern einasta mann í landinu. Og verði ekki gerð leiðrétting á þessum vísitölumálum blasir við eignaupptaka og tilfærsla á eignum frá fólki, sem vinnur hörðum höndum við að koma sér sérstaklega upp eigin húsnæði, til annarra manna sem hafa getað fjárfest í verðbréfum með afföllum og braski á kostnað þessa fólks. Ég þykist vita að menn, sem líta með nokkurn veginn sæmi-

legri réttsýni á þetta mál, muni játa að það gengur ekki að misgengið var þegar orðið um ⅓ 1986 á þessum vísitölum. Maður sem fékk lán upp á 100 þús. 1979 ætti að borga nærri 1500 þús., en hefði á móti í launum um 1 millj. Það hefur orðið mikið misgengið á þessum árum.

Ég tel að við verðum að breyta þessu og lagfæra því að þetta hefur valdið mestum vanda hér undanfarið og margar fjölskyldur hafa brotnað út af þessu. Ég vonast til að menn sjái sinn sóma í því að laga þetta.

Vilhjálmur Egilsson:

Ég vek athygli á nokkrum þáttum í sambandi við till. sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi er rétt að rifja upp að þegar lánskjaravísitalan var tekin upp á sínum tíma stóðu menn frammi fyrir því hvort væri betra að hafa kerfi þar sem lán væru verðtryggð með lágum nafnvöxtum í verðbólguþjóðfélagi eða að hafa kerfi þar sem vaxtaprósentan var upp á einhverja tugi prósenta, 50–60%. Ef við skoðum hlutina eins og þeir eru í dag erum við annars vegar með nafnvexti upp á 30–40% eða verðtryggð lán með kannski 9% vöxtum eins og er í bönkunum. Niðurstaðan af því varð sú að það væri þrátt fyrir allt betra að hafa einhverja verðtryggingu og lægri nafnvexti en háa nafnvexti. En það gekk ekki annað en að hafa nafnvextina svo háa til þess að þeir væru yfir verðbólguprósentunni.

Hins vegar er spurning um hvaða grunn á að miða við ef verðtryggingin er í gangi á annað borð, hvort eigi að miða við laun eða annað. Ég tel að það sé í mörgum tilfellum verra að nota laun í grundvellinum en ekki. Ástæðan er kannski fyrst og fremst sú að það er spurning við hvaða laun á að miða. Á að miða við þau laun sem raunverulega eru greidd alveg eins og í dag er miðað við verð sem er raunverulegt á mörkuðum? Það er verðupptaka í framfærsluvísitölu, það er verðupptaka í byggingarvísitölu og þá þyrfti væntanlega að vera einhver launaupptaka á vegum Hagstofunnar í launavísitölu. En þá stöndum við frammi fyrir því að slík vísitala mundi á lengri tíma hækka meira en t.d. framfærsluvísitala eða lánskjaravísitala eða byggingarvísitala *vegna þess að þrátt fyrir allt, ef maður lítur á t.d. tíu* ára tímabil eða eitthvað slíkt, eru þó kjörin alltaf að batna og slík vísitala mundi þá hækka meira en önnur.

Ef miða ætti við kauptaxta eða lágmarkslaun eða eitthvað slíkt held ég að það yrði fyrst gaman að lifa fyrir þá sem störfuðu í Garðastrætinu vegna þess að það yrði alveg afleitt fyrir verkalýðshreyfingu að standa í samningum upp á það að öll lán í þjóðfélaginu ættu að hækka í takt við þá samninga sem verið er að gera á hverjum tíma. Við getum ímyndað okkur hvernig Guðmundur J. og Ásmundur færu að ef þeir væru að leggja til að laun hækkuðu um 10% og á sama tíma ættu öll lán í þjóðfélaginu að hækka um 10%. Sama er ef ætti að taka einhverja viðmiðun við lágmarkslaun eða eitthvað slíkt. Hvað hefði fólk sagt í fyrra, þegar var verið að hækka lægstu laun í þjóðfélaginu um 30% eða rúmlega það, ef á sama tíma hefðu kannski öll lán hækkað líka um 30%? Svo maður tali ekki um þegar menn standa frammi fyrir rugltillögum eins og að hafa lögbundin lágmarkslaun og hækka þau á einu bretti um kannski 70–80%. Vilja menn að lán hækki líka um 70–80% á sama tíma?

Það eru á þessu margar hliðar og ég held að þessi till. hafi ekki verið hugsuð til enda, en þegar upp er staðið og menn fara að hugsa þessi mál held ég að niðurstaðan sé sú þrátt fyrir allt að það sé betra að miða við lánskjaravísitöluna eins og hún er í dag þannig að hún byggist á framfærslukostnaði og byggingarvísitölu í stað þess að taka launin inn í. Ég held að það yrði ekki til bóta.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls og tekið undir þessa till. Ég held að flestum hafi skilist þörfin fyrir breytingar. En ég vil að lokum segja við síðasta ræðumann, hv. 2. þm. Norðurl. v., að í upphafi, eins og hann orðaði það, lánskjaravísitölu eða verðtryggingar og nafnvaxta var vísitala á launum. Hún var afnumin. Við erum að tala um misgengi á krónunni annars vegar hjá þeim sem eiga fé og hinum sem eru að vinna fyrir fé og þurfa að standa undir skuldbindingum vegna lána, jafnvel lána sem þeir hafa verið blekktir til að taka hjá opinbera kerfinu. Við getum ekki borið það saman. Í dag hefur launavísitala verið afnumin, en lánskjaravísitala ekki. Þar er munurinn á því sem var í upphafi og því sem er í dag. Við erum að reyna að jafna það aftur því verðstöðvun, hver sem hún er og hvar sem er, getur ekki verið endanleg ráðstöfun. Hún hlýtur alltaf að vera mjög tímabundin.

Mér fannst það vera hártoganir að gefa í skyn að það yrði einhver sérstök hátíð í Garðastrætinu ef jafnað yrði á milli verðgildi krónunnar í vasa þess sem á mikið af þeim og krónunnar í vasa launþegans. Ég verð að segja að síðan ég var tengdur Vinnuveitendasambandinu, óbeint þó, í gegnum verslunarráðið, en þar var ég í framkvæmdastjórn, hafa hlutirnir breyst mikið ef ekki er sú trú ríkjandi enn þá að okkar *fjármagnsmarkaður geti einhvern tíma* orðið sambærilegur við það sem er annars staðar. Satt að segja veit ég ekki, það getur verið að það sé til, það er alla vega ekki til í þeim löndum sem ég hef búið í, lánskjaravísitala sem slík. Það eru til vextir að sjálfsögðu. Það er til verð á peningum. En ekki vísitölutryggt eins og hér er. Ég hef reynt að útskýra fyrir mönnum sem hafa heimsótt mig hér í viðskiptaerindum hvað þetta er, hvernig verðmyndunin á framleiðsluvörum þeirra er hér á landi. Þeir geta ekki skilið það. Þeir geta ekki skilið að verðtrygging sé meiri í prósentum talið en verðgildið í vörunni sjálfri hingað kominni. Ég vona að Vinnuveitendasambandið hafi þá tilefni til að gleðjast yfir einhverju mjög fljótlega.

Vilhjálmur Egilsson:

Herra forseti. Ég kem aðeins hér upp til að árétta að það virðist vera viss misskilningur hér á ferðinni. Málið er einfaldlega það að laun hækka með öðru móti en með vísitölu og þó að verðbótavísitala launa hafi verið tekin úr sambandi hækka laun þrátt fyrir það með samningum um flatar prósentuhækkanir, með sérstökum samningum við einstaka hópa og síðan ekki síst með hinu margfræga launaskriði. Menn geta síðan deilt um hvaða laun þeir vilja miða við og í raun og veru, ef ætti að taka þetta inn í vísitöluna, mundi væntanlega verða miðað við laun eins og þau eru greidd í þjóðfélaginu og eins og þau hækka með launaskriði og öllu. Ef svo er ekki þyrfti að miða við einhverja kauptaxta. Það sem ég var að benda á er að ef verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir því að þurfa samtímis að semja um að launataxtar orki á lán hlýtur það að hafa áhrif á hvaða kröfur hún gerir því að sumt fólk er í þeirri stöðu að það er betra fyrir það að fá þá minni launahækkanir og minni hækkanir á lánin. Þetta er einfaldlega það sem ég var að benda á.

Flm. (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að leiðrétta misskilning sem er á milli hv. síðasta ræðumanns og mín. Í till. Borgarafl. er ekkert um launahækkanir. Hér er ekki um launamál að ræða heldur eingöngu um að verðgildi krónunnar, sem er í vasa fjármagnseiganda, og krónunnar, sem maðurinn verður að vinna inn með orku sinni, sé það sama. Við erum ekki að tala um launataxta. Við erum að tala um verðgildi krónunnar, eftir því hvar hún er og hver fer með hana.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 2. þm. Norðurl. v. hafi eitthvað misskilið þetta. Í gær var til umræðu í Ed. utan dagskrár hækkun á bifreiðatryggingum. Sú hækkun þýðir að húsnæðislán í landinu hækka um hálfan milljarð. Hv. þm. var að blanda saman slíku þegar hann var að tala um þessa till. Það er staðreynd hins vegar að kaupgjaldsvísitala, sem hlýtur að vera alveg jafnrétt gerð eins og lánskjaravísitala, hefur ekki haldið sama verðgildi og lánskjaravístalan. Það er búið að reikna það út. (VE: Þetta er ekki rétt.) Það hefur verið reiknað út að lánskjaravísitalan 1986 er 1448 stig og þá er kaupgjaldsvísitalan 968 stig. Það hefur verið reiknað út af þeim háu herrum sem stjórna nú Hagstofu, Seðlabanka og öðrum stofnunum og ég ætla ekki að vefengja þá útreikninga. Það fer enginn að efast um að launataxtar valdi því að lánskjaravísitalan hækki. En málið snýst ekkert um það. Málið snýst um það að lánin sem fólk tekur séu greidd með samsvarandi verðgildi krónunnar og í launum. Það hefur ekki verið gert. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að þetta misgengi er ein aðalástæðan fyrir því að menn eru svo illa staddir í húsnæðislánamálum. Ég hef ekki heyrt áður bornar brigður á að Hagstofan, Seðlabankinn og allar þessar stofnanir hafi reiknað þessar vísitölur rangt út, má þó vel vera að það megi gera það, en samkvæmt því og mönnum ber saman um það hefur lánskjaravísitalan farið langt fram úr því sem almennt hefur gerst á launamarkaðnum þannig að menn hafa ekki haldið í í kaupi á við lánin. Ég gæti út af fyrir sig fært sönnur á þetta hvenær sem er.

Ég ætla bara að ítreka að misgengi á launum og lánskjörum er óviðunandi og hlýtur að verða að taka á því máli sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling Ríkisútvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 288. mál. — Þskj. 590.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 590 flytjum við þm. Alþb. till. til þál. um eflingu Ríkisútvarpsins. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd er hafi það hlutverk að gera tillögur til næsta þings um eflingu Ríkisútvarpsins.

Nefndin skal í starfi sínu leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hver hafa áhrif nýju útvarpslaganna orðið á starfsemi Ríkisútvarpsins?
2. Hvernig hafa tekjur og útgjöld Ríkisútvarpsins þróast á undanförnum árum?
3. Er rétt að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun með verulegu sjálfstæði um eigin fjárhag og rekstur?
4. Hvernig nýtist það fé sem Ríkisútvarpið hefur til dagskrárgerðar?
5. Hve miklu hefur sjónvarpið varið til kaupa á fullbúnu innlendu dagskrárefni frá öðrum framleiðendum?

Nefndin skal jafnframt gera tillögur að áætlun um framtíð Ríkisútvarpsins að því er varðar starfsaðstöðu, svæðisútvörp, dreifikerfi og þátt Ríkisútvarpsins í menningarþróun þjóðarinnar. Þá skal nefndin gera tillögur um tekjustofna handa Ríkisútvarpinu sem skapa því forsendur til þess að sú áætlun um eflingu Ríkisútvarpsins, sem nefndin gerir tillögur um, verði framkvæmd. Í áliti sínu skal nefndin gera grein fyrir þeim skyldum sem Ríkisútvarpið á að gegna í menningarlegum efnum m.a. öryggisskyldur útvarpsins við alla landsmenn.

Nefndin skal ræða við starfsfólk Ríkisútvarpsins og útvarpsráð og hún á rétt á öllum fáanlegum upplýsingum um Ríkisútvarpið.

Nefndin skal skila af sér svo snemma að unnt verði að hafa hliðsjón af áliti hennar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989.

Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur af Alþingi. Nefnd-

inni verði heimilað að ráða sér starfsmann til þess að sinna gagnaöflun og samantekt á skýrslu hennar."

Þessi till., herra forseti, er flutt í framhaldi af miklum umræðum sem orðið hafa á hv. Alþingi nú um nokkurt skeið um stöðu Ríkisútvarpsins. Þessar umræður hafa auðvitað fyrst og fremst átt rætur að rekja til róttækra lagabreytinga varðandi heimild til rekstrar og eignarhalds ljósvakamiðla, lagabreytinga sem voru samþykktar hér fyrir fáeinum árum.

Ef ég fer aðeins yfir efni till. tel ég að hún snerti í raun og veru ákveðna grundvallarþætti í okkar þjóðlífi. Í fyrsta lagi menningarmál vegna þess að Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og okkur er þar af leiðandi skylt að sjá til þess að rekstur þeirrar stofnunar geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Í öðru lagi snertir þessi till. öryggismál vegna þess að rekstur Ríkisútvarpsins og dreifikerfi þess er þáttur í öryggi þjóðarinnar, félagslegu öryggi, hvernig svo sem það er skoðað. Í þriðja lagi snertir till. um eflingu Ríkisútvarpsins byggðamál vegna þess að Ríkisútvarpið er sú stofnun íslensk sem nær eða á að ná því að komast til allra byggðarlaga í landinu. Á það skortir nú þegar talsvert eins og sakir standa. Það er alveg ljóst að nýju útvarpslögin þau hafa haft það í för með sér að Ríkisútvarpið er nú vanbúnara en áður til að sinna þessum þremur meginþáttum, þ.e. menningarkröfunni, öryggiskröfunni og byggðakröfunni.

Í 1. mgr. till. er gert ráð fyrir að þingið kjósi níu manna nefnd til að sinna þessu verki. Af hverju er það gert? Jú, það er gert vegna þess að við teljum að Ríkisútvarpið þurfi á því að halda að allir þingflokkar geti átt aðild að nefnd sem um málið fjallar þannig að öll sjónarmið, sem hér eru í þinginu, fái að koma fram þegar fjallað er um Ríkisútvarpið sérstaklega.

Við teljum einnig nauðsynlegt að taka þetta mál af ríkisstjórninni, af menntmrh. að hluta til og í hendur Alþingis. Ástæðan er sú að menntmrh. hefur lýst því yfir að hann telji að það eigi að grípa til ráðstafana sem veikja Ríkisútvarpið, þ.e. ráðstafana eins og þeirra að selja Rás 2. Það hefur einnig komið fram að það er einhver embættismannanefnd að skoða þau mál sem snerta rekstur Ríkisútvarpsins og ég segi fyrir mig, ég treysti henni ekki. Ég treysti henni ekki til þess að leysa þessi mál, til að taka á þeim með eðlilegum hætti, og þess vegna tel ég að Alþingi eigi þarna að koma til.

Í till. er síðan vikið að nokkrum spurningum varðandi Ríkisútvarpið og það er fyrst: Hver hafa áhrif nýju útvarpslaganna orðið á starfsemi Ríkisútvarpsins? Um það má margt segja, en það er einlægast að fletta upp í fskj., sem fylgja þessari till., þar sem það kemur fram að Ríkisútvarpið hefur tapað auglýsingatekjum 1985–1987 sem nema 260 millj. kr. Tekjur Ríkisútvarpsins hafa minnkað á einu ári frá því sem var á árinu 1985 um þá fjárhæð. Það segir sig alveg sjálft að með ákvörðunum sem teknar eru á árunum 1984–1985, að hleypa öðrum aðilum inn í þessa starfsemi, er verið að svipta Ríkisútvarpið stórfelldum tekjum sem nema, eins og kemur fram í fskj. III sem ég birti þarna með okkar till., 260 millj. kr. á ári í auglýsingatekjur. Þetta er mjög alvarlegt þegar þess er gætt að Ríkisútvarpið þarf ekki aðeins að tryggja að þau markmið náist sem því eru almennt sett heldur verður líka núna að standa af sér harðnandi samkeppni við sjónvarp einkaaðila sem virðist hafa verulega fjármuni handa á milli og það virðist ljóst að Ríkisútvarpið eigi mjög erfitt með að veita Stöð 2, einkasjónvarpinu, þá samkeppni sem nauðsynleg er.

Í tölul. 2 er nánar komið inn á þetta atriði í þessari till. okkar alþýðubandalagsmanna og í tölul. 3 spyrjum við þessarar spurningar og leggjum fyrir nefndina: Er rétt að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun með verulegu sjálfstæði um eigin fjármál og rekstur? Mitt svar við þessari spurningu er skýrt. Það er afdráttarlaust já. Það á að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun með verulegu sjálfstæði um fjárhag og rekstur. Inn á þetta atriði kom hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson þegar útvarpslögin voru til meðferðar hér á Alþingi á sínum tíma. Flutti hann margvísleg skilmerkileg rök fyrir því að það væri rétt að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun, m.a. það sem lýtur að starfsmönnum stofnunarinnar, en um það sagði hann í ræðu 25. febr. 1985, með leyfi forseta:

„Hef ég þá sérstaklega í huga kaup og kjör þessara starfsmanna og samkeppnisstöðu Ríkisútvarpsins gagnvart öðrum stöðvum og skyldum rekstri."

Ég held að hér sé í raun og veru komið að kjarna málsins. Ríkisútvarpið er að missa bæði tæknimenn og dagskrárgerðarmenn í stórum stíl yfir til einkarekstrarins vegna þess að Ríkisútvarpið er bundið á þann klafa sem launamálastefna stjórnvalda eða fjmrn. er á hverjum tíma. Til þess að Ríkisútvarpið verði samkeppnisfært um almennilegt starfsfólk þarf það þess vegna að hafa svigrúm, frelsi til að keppa við launaskriðið sem á sér stað á einkamarkaðnum og mætti reyndar nefna það að þetta á við um fleiri þætti en Ríkisútvarpið, en hér er það Ríkisútvarpið sem við erum að ræða um.

Í fjórða lagi spyrjum við spurninga og í fimmta lagi varðandi hvernig fé Ríkisútvarpsins nýtist til dagskrárgerðar og hve miklu sjónvarpið hefur varið til kaupa á fullbúnu innlendu efni frá öðrum framleiðendum. Það vakti athygli mína, sem horfi á sjónvarp sjálfsagt ekki meira en hver annar en örugglega svona eins og gengur og gerist, að það fer mjög í vöxt að alls konar fyrirtæki úti í bæ, einkafyrirtæki sem fara með kvikmyndagerð af ýmsum toga, dagskrárgerð eru ráðin til að framleiða þætti fyrir Sjónvarpið, þætti sem eru í rauninni mjög einfaldir og ætti að vera auðvelt fyrir Ríkisútvarpið að framleiða, og mér er tjáð að það komi fyrir að á sama tíma og verið er að framleiða þessa þætti úti í bæ gerist það að starfsmenn Sjónvarpsins sjálfs séu ákaflega verklitlir í stofnuninni sjálfri, bíði þar jafnvel tímunum saman eftir verkefnum meðan

fyrirtæki úti í bæ, kvikmyndarfyrirtæki, eru látin annast þessi verkefni. Ég verð að segja það fyrir mig að ég hef grun um að þarna sé ekki eins vel farið með peninga og vera þyrfti. Hér er ekki eingöngu spurningin um að auka tekjur Ríkisútvarpsins, sem er mjög mikilvægt vegna þess að það hefur tapað tekjum upp á mörg hundruð millj. kr., heldur er þetta líka spurningin um að fara vel með það fé sem Ríkisútvarpinu er þegar trúað fyrir.

Ég vek athygli þingheims á greinargerð um fjárhag Ríkisútvarpsins 1985–1987 og horfur 1988 frá Herði Vilhjálmssyni þar sem hann fer ítarlega yfir þróun þessara mála á undanförnum árum og undirstrikar tekjutap Ríkisútvarpsins af auglýsingum, verulegt tekjutap, en segir síðan að þetta tekjutap hafi í för með sér ekki einasta stöðnun í dagskrárgerð, veikari samkeppnisstöðu þegar hún hefði þurft að verða sterkari, heldur líka það að Ríkisútvarpið getur ekki sinnt nauðsynlegum framkvæmdum við dreifikerfi eins og t.d. byggingu langbylgjustöðvar sem er gríðarlega mikilvægt öryggisatriði og forsenda þess að Ríkisútvarpið nái til allra landsmanna. Okkur kann að finnast það skrýtið, sem sitjum hér í Reykjavík og erum að skarka í útvarpstækjunum okkar í bílnum hjá okkur með fjórar, fimm og sex stöðvar og guð veit hvað og eigum erfitt með að átta okkur á öllu þessu stöðvaflæði, að það eru til staðir á landinu þar sem er mjög erfitt að ná Ríkisútvarpinu, að ná þó ekki væri nema gömlu „Gufunni“ sem sumum hér finnst hversdagsleg en þykir gott að ná til á einstaka afskekktum stað á landinu. Það er auðvitað jafnréttis- og byggðamál að tryggja að þessi útvarpsstöð allra landsmanna nái til allra landsmanna, en hitt er ekki síður mikilvægt að muna eftir í þessu sambandi að öryggið varðandi rekstur stofnunarinnar verður ekki tryggt nema með langbylgjustöð.

Það er einnig athyglisvert, herra forseti, að á sama tíma og gerð er krafa um stóraukna samkeppni Ríkisútvarpsins við aðra aðila lækkar fjárframlag Ríkisútvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps, til fréttastofanna sem eru þó oft og tíðum hjartað í þessum stofnunum. Það er athyglisvert og mig satt að segja rak í rogastans þegar ég sá það í töflum frá Herði Vilhjálmssyni, sem birtar eru með þessari þáltill., að um er að ræða lækkun á framlögum til fréttastofu hljóðvarpsins 1987–1988 um 15½ millj. kr., þ.e. úr 59 millj. í 43½ millj. kr. Það hlýtur að vera okkur mjög alvarlegt umhugsunarefni að niðurskurðurinn kemur niður á fréttadeildinni sem augljóslega er sá aðili sem úrslitum getur ráðið um hvernig þessi mikilvæga stofnun landsmanna allra, Ríkisútvarpið, stendur sig í samkeppni við aðra ljósvakamiðla.

Ég gæti tínt margt fleira til, herra forseti, varðandi þessa till. en tilgangur hennar er að koma málinu á dagskrá þannig að þingið geti um þetta fjallað, bæði í umræðum og í nefnd.

Ég vil að lokum leggja áherslu á eftirfarandi þætti: Ég hef rakið efni tillögunnar sjálfrar. Ég hef bent á að það sé óeðlilegt að stjórnarliðið fari eitt með endurskoðun á útvarpslögunum eins og nú er í gangi. Stjórnarliðið er eitt að þessu og þó bara hluti stjórnarliðsins. Mér skilst að kratarnir fái ekki að vera með og er oft bættur skaðinn þó að þeim sé sleppt, en þó er það þannig að þar í hópi er einn og einn maður sem hefur sérstakan áhuga á Ríkisútvarpinu og hefur oft talað máli þess myndarlega í þinginu.

Ég nefndi hugmyndir um söluna á Rás 2 sem eru ekkert annað en hugmyndir um að veikja Ríkisútvarpið. Þar sameinast Borgarafl. og Sjálfstfl. í því að selja Rás 2. Segja má að það sé sameiningartákn þeirra og það er ánægjulegt að eitthvað slíkt skuli enn þá vera til. Út af fyrir sig er það þeirra mál og kemur mér ekki við, en það er fróðlegt.

Ég hef hérna farið nokkuð yfir fylgiskjöl málsins og niðurstaða mín er þessi:

Það er ljóst að Ríkisútvarpið stendur núna frammi fyrir samdrætti í rekstri og veikari samnings- og samkeppnisstöðu en áður. Í öðru lagi er ljóst að ekki verður um að ræða framkvæmdir við langbylgjustöðvar sem eru þó mikilvægur úrslitaþáttur í því að treysta öryggi Ríkisútvarpsins og að það nái til allra landsmanna. Í þriðja lagi verður ekki farið út í þær almennu endurbætur á dreifingarkerfi Ríkisútvarpsins sem óhjákvæmilegar eru. Í fjórða lagi er ljóst af þessari stöðnunar- og afturhaldsstefnu að það verður ekki um að ræða betri dagskrá. Það er m.a. verið að skera niður fréttadeildina. Í fimmta lagi tel ég að sú fjárhagsáætlun sem liggur fyrir fyrir árið 1988 sé óraunsæ því að það er gert ráð fyrir 10% raunaukningu á auglýsingum þegar allir vita að það er samdráttur á auglýsingamarkaðnum í þjóðfélaginu og samkeppnin harðnandi um það litla sem eftir er.

Niðurstaða mín verður þá sú að spyrja þessarar spurningar: Er það stefna ríkisstjórnarinnar að drepa Ríkisútvarpið? Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að drepa Ríkisútvarpið? Er það þannig að Sjálfstfl. t.d. telji að það sé nauðsynlegt að veikja Ríkisútvarpið og stöðu þess? Ég get ekki skilið tillöguna um söluna á Rás 2 öðruvísi. Hver er stefna hinna flokkanna? Hver er stefna Framsfl. í þessu efni? Hann hefur ekki mikið talað. Hann hefur látið menntmrh. um að lýsa því yfir að það eigi að veikja Ríkisútvarpið. Hefur Framsfl. kannski þá stefnu eða hefur hann einhverja aðra? Og hefur Alþfl. einhverja stefnu í þessu máli? Það þýðir ekki að spyrja um það í þessum sal. Flokkurinn er sennilega mestallur úti í Osló. En það væri fróðlegt að vita hver afstaða stjórnarflokkanna er í þessu máli því að hér er komið að máli sem snertir grundvallarþætti í okkar þjóðfélagi, menningarþróun, öryggismál og byggðamál, allt í senn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu mikilsvert mál, mikilsvert fyrir alla landsmenn. Í bráðum 60 ár hefur Ríkisútvarpið verið eitt traustasta skjól tungu okkar og menningar í þeim boðaföllum og byltingum,

menningarlegum og tæknilegum, sem yfir heiminn hafa gengið á þeim tíma. Ríkisútvarpið hóf starf sitt við ótraustan fjárhag og allar götur síðan hefur stofnunin glímt við auknar og vaxandi kröfur um þjónustu annars vegar og naumar fjárveitingar hins vegar. Í því efni er skemmst að minnast þess fyrr í vetur þegar tekjustofnar þess voru verulega skertir. Við þær umræður mótmæltu kvennalistakonur því harðlega að hagur Ríkisútvarpsins væri þrengdur á nokkurn hátt. Við minntum á þær skyldur sem Ríkisútvarpinu eru lögum samkvæmt lagðar á herðar umfram aðra fjölmiðla og við minntum á tekjutap þess af auglýsingum við tilkomu nýju stöðvanna þegar Ríkisútvarpið verður jafnframt að standa í harðri samkeppni við þær.

Allt hefur þetta verið rakið hér áður. Efling Ríkisútvarpsins er brýnt hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Möguleikar þess til fræðslu, kennslu og til fjarnáms hafa aldrei verið nýttir að neinu marki þó svo að nú sé að birtast vísir að slíku, lítill og veikburða enn, en vonir standa þó til að hann þróist og eflist. En það gerist hins vegar ekki nema fjárhagsgrundvöllurinn sé traustur.

Þá má ekki gleyma því að Ríkisútvarpið hefur ekki sjálfdæmi um hverju verði það selur sína þjónustu. Það hafa hins vegar samkeppnisaðilar þess. Og ég minntist á það áður að Ríkisútvarpinu væru lagðar skyldur á herðar. Því er ætlað að standa vörð um íslenska tungu og menningu. Það er sá eini fjölmiðill sem í einni svipan getur náð til allra landsmanna ef voða ber að höndum. Í lögum um almannavarnir er gert ráð fyrir að almannavarnir sendi út hættumerki þegar vá steðjar að. Hverjum er ætlað að bera landsmönnum þau boð öðrum en útvarpinu? Útvarpið er því ekki einungis menningarstofnun. Það er einnig öryggistæki, eins og hv. flm. minnti á áðan, og á undanförnum áratugum hefur það verið og er enn einn traustasti þátturinn í því að við Íslendingar erum menningarleg heild. Með því að efla hag þess svo sem unnt er eflum við einnig þann þátt sem okkur er öllum svo óendanlega mikilsverður, lítilli þjóð í strjálbýlu landi.

Undanfarið hafa risið upp svæðisútvarpsstöðvar á landsbyggðinni, útibú frá Ríkisútvarpinu. Þessar stöðvar gegna mikilsverðu hlutverki, hver á sínum stað, um upplýsingar, fréttir og menningarlegt efni. Og Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu byggðastefnuhlutverki í gegnum þessar stöðvar, en þó fyrst og fremst stofnunin sjálf sem nær til allrar þjóðarinnar og hefur oftlega tekist að sameina hana, bæði á sorgar- og gleðistundum. Í ljósi þess sem ég hef þegar sagt og hv. flm. rakið svo vel hlýtur öllum að vera brennandi áhugamál að efla þessa stofnun. Því lýsi ég stuðningi Kvennalistans við þá þáltill. sem hér er til umræðu og vona að hún fái skjótan og góðan framgang.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá till. sem hér er til umræðu. Það er af hinu góða að ræða ítarlega stöðu og stefnu Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið er, eins og hér hefur verið bent á réttilega, eitt af aðalankerum íslenskrar menningar í dag og hefur staðið sig vel í þeim efnum á þessari öld í allri þátttöku sinni.

Ríkisútvarpið er farvegur fyrir menningarstrauma, fyrir umræðuna í landinu, fyrir skoðanir fólks og aðra þætti sem tilheyra menningarlífi sjálfstæðrar þjóðar. Það er hægt að segja í stuttu máli um Ríkisútvarpið að það sameini Íslendinga vegna þess að það er sameign og nóg er nú samt sem sundrar okkar þjóð þó ekki séu settar sprungur í þá stofnun sem sinnir sameiginlegum þáttum, bæði menningarlegum, öryggislegum og atvinnulegum.

Það er eðlilegt að samkeppni sé til staðar og aukin samkeppni kallar á nýja farvegi. Allt er breytingum undirorpið og í ljósi þess er mjög æskilegt að fram fari sú umræða sem þessi þáltill. um eflingu Ríkisútvarpsins gerir ráð fyrir.

Það má segja um Ríkisútvarpið að það sé á sinn hátt ein af höfuðmenningarmiðstöðvum okkar þjóðar, eins og hv. flm. frv. benti á. Við viljum ekki veikja Háskóla Íslands. Við viljum ekki veikja stofnanir eins og Þjóðminjasafn og aðra mikilvæga þætti í okkar þjóðfélagi. Það hefur verið mjög mikilvægt að mínu mati að styrkja Ríkisútvarpið þannig að það geti sinnt virðulegu og menningarlegu nútímalegu hlutverki í okkar þjóðfélagi.

Það má kannski segja að hlutverkið sé tvíþætt. Það er annars vegar að sinna menningarstarfinu, grunnmenningarstarfi, fréttastarfi og öðru slíku, að bera boð á milli, að opna leiðir til þess að menn geti fylgst með því sem á sér stað í okkar þjóðfélagi. Á hinn bóginn er það, eins og hér hefur verið bent á af hv. síðasta ræðumanni, öryggisþáttur sem við getum þurft að grípa til hvenær sem er í mesta eldfjallalandi jarðar, í landi sem býr við hörð náttúruskilyrði og þar sem menn þurfa að vera viðbúnir að grípa til ráða gegn ýmsum þáttum í náttúrufari. Að því leyti er staða Ríkisútvarpsins einnig sérstaða.

Ég undirstrika að ég er hlynntur þessari tillögu og tel hana mjög tímabæra.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Í fáum orðum vildi ég lýsa því yfir að ég held að sú till. sem hér er fram borin sé af hinu góða og styð hana. Það er ljóst að Ríkisútvarpið, eins og hér hefur reyndar komið fram, er einn af hornsteinum okkar íslensku menningar og sá miðill sem flestir ef ekki allir treysta best í þeim mikla heimi fjölmiðlunar hér á landi og telja Ríkisútvarpið hlutlausast af þeim fjölmiðlum og ekki vanþörf á að einhver sé slíku marki brenndur.

Það sem aðallega fékk mig þó hingað í ræðustól var það sem hv. flm. þessarar till. var að benda á, samkeppnisaðstaða Ríkissjónvarpsins t.d. hvað varðar auglýsingar. Þá mundi ég eftir því að sl. föstudag ætlaði ég að birta eina skjáauglýsingu um fund sem átti að halda í vikunni á eftir, á mánudagskvöld. Ég hringdi um hádegi á föstudag og bað um

skjáauglýsingu í ríkissjónvarpinu. Það var ekki hægt fyrr en á mánudagskvöld þar sem þurfti að senda þessa litlu skjáauglýsingu í hvers konar vinnslu í önnur hús. Þar með var búið að loka fyrir móttöku á slíkum auglýsingum strax um hádegi á föstudag alveg fram á mánudagskvöld. Ég gerði það að gamni mínu að ég hringdi í Stöð 2. Þá var strax hægt að taka slíka auglýsingu á föstudagskvöldið svo og að sjálfsögðu alla helgina og mánudagskvöld.

Þetta dæmi vakti mig enn frekar til umhugsunar um hvernig að okkar fjölmiðli er búið og hver hans samkeppnisaðstaða er og möguleikar hans til að standa í stykkinu sínu í þeirri miklu og óbilgjörnu samkeppni sem á sér stað á auglýsingamarkaðnum.

Ég hef líka þá trú að Ríkisútvarpið standi á miklum tímamótum. Uppi er nú mikið fjölmiðlafár hér á landi og mér sýnist að vart komi annað til greina en að þeim fjölmiðlum sem nú eru við lýði komi til með að fækka á næstu árum. Næsta ár mun kannski skera úr um hverjir lifa og hverjir deyja á þessum markaði þar sem þeir byggja að mestu leyti sína afkomu á auglýsingum, ef ekki öllu leyti sumir hverjir. Því er það mikils vert að treysta stöðu Ríkisútvarpsins, þess miðils sem landsmenn eiga allir og eins og ég sagði áðan er einn af hornsteinum okkar menningar.

Hvað varðar stefnu Framsfl. í þessum málum hefur margoft komið fram að Framsfl. hefur staðið vörð og mun standa vörð um Ríkisútvarpið og vill líka efla það á allan máta. Það hefur aldrei annað komið fram af hálfu Framsfl. Þm. Framsfl. hafa oftar en einu sinni flutt till. á hv. Alþingi um eflingu Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins, m.a. sem fól í sér það, má ég fullyrða, ég vona að mitt minni bresti ekki, að gera sérstakt átak í því að útvarpið næði betur út á miðin til sjómanna. Þannig mætti lengja telja. Hv. þm. þurfa ekki að efast um vilja Framsfl. til góðra hluta í garð Ríkisútvarpsins. Samt sem áður *held ég að sú till. sem hér er lögð fram um eflingu* Ríkisútvarpsins sé af hinu góða og ég efast ekki um að starf þeirrar nefndar sem gerð er tillaga um að verði sett á fót verði þess valdandi að staða okkar ágæta fjölmiðils verði bætt enn frekar.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja fáein orð í belg í umræðu um þá till. til þál. sem hér liggur fyrir.

Ég hygg að þetta sé góð og þörf till. Ég held að það sé eðlilegt, æskilegt og nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga taki málefni Ríkisútvarpsins nokkuð reglulega til umræðu. Það kann að vera að það sé hlutverk útvarpsráðs að fjalla um eitthvað af þeim atriðum sem hér er varpað fram, en ekki vil ég draga úr því að kosin sé sérstök nefnd sem um þessi mál fjalli og ekki get ég séð annað en að það geti orðið til góðs og orðið til eflingar Ríkisútvarpinu.

Ég held að það blandist engum hér inni hugur um nauðsyn þess að Ríkisútvarpið sé öflugt. Hlutverk Ríkisútvarpsins er auðvitað mjög margþætt í okkar þjóðfélagi. En ég held að það blandist heldur engum hugur um að einmitt á þessum breytilegu umsvifatímum í fjölmiðlun í landinu hafa Íslendingar ýmislegt gert til að reyna að standa vörð um Ríkisútvarpið og efla það. Ríkisútvarpið hefur nýlega hafið starfsemi í nýjum og glæsilegum húsakynnum þar sem starfsaðstaða er væntanlega öll verulega bætt og með allt öðrum hætti en áður hefur verið. Ég hygg að það sýni nokkuð hug þjóðarinnar og þeirra sem með völd fara til þessa fyrirtækis. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins hafa og hækkað talsvert þó að ég heyri á mörgum að þeim þykir Ríkisútvarpið hafa úr litlu að spila.

Hitt er líka rétt að samhliða þessu, sem ég vil alls ekki gera lítið úr, stórbættri aðstöðu Ríkisútvarpsins, hefur samkeppni stórlega aukist um fjölmiðlun. Nýjar útvarpsstöðvar hafa hafið starfsemi sína. Ég hygg að það sé af hinu góða, alveg tvímælalaust af hinu góða bæði fyrir Ríkisútvarpið og þjóðina sem heild. Ég hygg að með því hafi nýir straumar komið inn í þessa starfsemi og örvað menn til frekari átaka. Á því held ég að sé enginn vafi. En e.t.v. stöndum við á talsverðum tímamótum ef við leyfum okkur horfa þó ekki væri nema örstutt fram til framtíðarinnar. Það er enginn vafi á því að heimurinn er að dragast mikið saman, fjarskiptahnettir hafa meiri og sterkari áhrif í fjölmiðlaheiminum, nánast með hverjum deginum. Á næstu mánuðum og árum mun hellast yfir íslensku þjóðina flóð af upplýsingum og áhrifum nánast alls staðar að úr heiminum. Það er enginn vafi á að þá þurfa Íslendingar að takast á við að varðveita tungu sína og menningu frammi fyrir þeim feiknalegu áhrifum þegar heimurinn dregst saman og allar þessar upplýsingar með aukinni tækni eiga greiðari aðgang á fjölmörgum tungumálum, alls konar áhrif víðtæk og mikil munu berast hér inn. Ég hygg að það verði eldskírn íslenskrar tungu og menningar að fást við þau tímamót sem við þá stöndum frammi fyrir.

Þá skiptir meginmáli að vel sé á haldið og það er mín skoðun að eitthvert sterkasta baráttutæki íslensku þjóðarinnar einmitt fyrir sinni menningu og tungu þegar að þeim tímum kemur sé Ríkisútvarpið, sterkt Ríkisútvarp sem rekið er með það fyrir augum að efla tungu og menningu þjóðarinnar sem eitt af sínum aðalhlutverkum, auk sinna almennu upplýsinga- og fréttasjónarmiða. Þess vegna held ég að það sé einmitt ekki hvað síst með tilliti til þess tíma, sem við horfum fram til, mjög nauðsynlegt og þarft að menn taki starfsemi Ríkisútvarpsins til skoðunar, á hvern hátt megi búa Ríkisútvarpið undir þau átök og undir það starf sem fram undan er. Þess vegna held ég að umræðan um Ríkisútvarpið sé nauðsynleg, ég held að hún sé af hinu góða og ég held að þessi till. sé nokkuð góð.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sem ein af flm. þeirrar þáltill. sem er hér til umræðu vil ég þakka fyrir ágætar undirtektir sem hún hefur fengið hjá þeim sem talað hafa við umræðuna á eftir hv. 1. flm. Svavari Gestssyni.

Við skulum vona að sá hugur sem kemur fram í máli þm. úr mörgum þingflokkum leiði til þess að till. fái afgreiðslu og verði samþykkt efnislega í svipuðu formi og hér er lagt til á þessu þingi þannig að sú nefnd sem till. gerir ráð fyrir geti starfað og skilað áliti eins og fram kemur í till.

Málefni Ríkisútvarpsins hafa nokkuð verið til umræðu á þessu þingi og sérstaklega í tengslum við fjárlagagerð fyrir 1988 og enn frekar í sambandi við frv. til lánsfjárlaga sem hér var lögfest í janúarmánuði. Þá ræddi ég málefni Ríkisútvarpsins allítarlega og flutti till. við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga um að fella niður skerðingu sem þar var lögð til og síðan lögfest á framlögum til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Það er annað árið í röð með yfirstandandi ári, sem þessi lögboðnu framlög til Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins eru felld niður og að því stóð fyrrverandi ríkisstjórn og síðan núverandi hæstv. ríkisstjórn að ganga þannig gegn útvarpslögum sem margir svardagar voru hafðir uppi um þegar þau voru til umræðu á Alþingi, sú breyting sem lögfest var 1985, að mætti ekki verða til að veikja Ríkisútvarpið.

Ég met mikils góðan hug hv. þm. sem töluðu og lýstu fylgi við þessa till., þar á meðal hv. talsmanna Framsfl., hv. 10. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykn., og ég efast ekkert um að þar fylgir góður hugur máli, en ég hlýt í því sambandi að benda á verkin, hvernig þau birtast okkur við afgreiðslu mála á Alþingi. Þar hefur Framsfl. eins og aðrir stjórnarflokkar staðið fyrir þeirri hörmulegu skerðingu á framlögum til Ríkisútvarpsins sem lögboðin eru í útvarpslögum en skert hafa verið í tvígang með lánsfjárlögum. Það eru verkin sem eru mælikvarði á innistæður fyrir orðum og við skulum vona að þessi till. verði til þess að vekja menn til vitundar um að okkur ber að slá skjaldborg um Ríkisútvarpið sem sameinandi miðil sem er í senn menningartæki og sameiningartákn í landinu. Þar hefur þróunin engan veginn verið með þeim hætti sem við væntum þegar breyting var gerð á útvarpslögunum 1985.

Hv. 1. flm. þessarar till. vakti athygli á því að talsmaður Sjálfstfl., hæstv. menntmrh., hefur boðað það sem sína stefnu að selja Rás 2 frá Ríkisútvarpinu. Þar blasir sannarlega við önnur mynd heldur en heyra má í máli sumra ágætra þm. Sjálfstfl. eins og kom fram í máli Árna Johnsens áðan þar sem hann lýsti fylgi við þessa till. Ég tel að það geti ekki samræmst markmiðum um eflingu Ríkisútvarpsins að selja þetta dreifikerfi, Rás 2, til annarra aðila, til samkeppnisaðilanna og eiga væntanlega eftir að falla mörg orð hér á Alþingi áður en það verði að veruleika.

Ég vil minna á það í sambandi við þetta mál að þegar breytt var útvarpslögunum 1985 vorum við að lögleiða svæðisbundnar einkastöðvar, svæðisbundnar útvarpsstöðvar út frá hugmyndinni um „nærradio“ eins og það er kallað á skandinavísku málunum, svæðisbundið útvarp, en þróunin hefur síðan orðið verulega á annan veg. Nú eru þessar stöðvar sumar hverjar, sem hafa hafið starfsemi á grundvelli þessara laga, að teygja sendingar sínar um allt land og taka á sig mynd landsútvarps, sjónvarps og hljóðvarps. Þetta er í rauninni allt önnur þróun en menn létu að liggja að til stæði þegar útvarpslögunum var breytt og ný lög samþykkt 1985.

Þar var sú braut rudd fyrir þessa aðila af meiri hluta hér á Alþingi sem hefur orðið afdrifarík fyrir Ríkisútvarpið á þeim árum sem síðan eru liðin þegar samþykkt var og lögleitt að þessum svæðisbundnu einkastöðvum skyldi heimilað að afla sér tekna með auglýsingum, með viðskiptaauglýsingum. Það hafa verið höggvin stór skörð í tekjumöguleika Ríkisútvarpsins vegna þessarar samkeppni því auðvitað er þetta ekki ótæmandi markaður, auglýsingamarkaðurinn, og tekjur Ríkisútvarpsins t.d. á síðasta ári munu hafa dregist saman, auglýsingatekjur, um nálega 30%. Sjá menn af því að sú áætlun um 10% aukningu rauntekna Ríkisútvarpsins af auglýsingum á yfirstandandi ári er ekki líkleg til þess að standast.

Alþb. greiddi götu fyrir breytingu á útvarpslögunum sem svæðisbundnum stöðvum út frá hugmyndunum um nærútvarp eða svæðisbundið útvarp, byggðaútvarp, sem breikkaði lýðræðislega þátttöku fólks í umræðu í landinu og gerði mönnum kleift, félagasamtökum og öðrum, að koma sjónarmiðum sínum betur á framfæri en kostur er í gegnum einn ríkisfjölmiðil. En við vorum eindregið á móti því að heimila tekjuöflun með viðskiptaauglýsingum fyrir þessar stöðvar.

Ég held, herra forseti, og skal fara að stytta mál mitt, að sú reynsla sem við höfum fengið á þessu tímabili staðfesti það, sem margir töldu, að ekki væri allt fengið með því að fjölga fjölmiðlunum, að gildi fjölmiðlunarinnar og sá boðskapur sem bærist hlustendum ykist ekki í hlutfalli við fjölgun stöðvanna. Menn hafa aðeins tvö augu og tvö eyru, hver einstaklingur, og menn geta ekki hlustað eða horft á nema einn fjölmiðil í senn svo vel sé a.m.k. Ég hygg að það megi segja um þessa þróun svipað og verðlaunarithöfundurinn Thor Vilhjálmsson mælti þegar hann flutti sína ræðu á þingi Norðurlandaráðs við móttöku bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og skulu það vera mín lokaorð að vitna aðeins til hans orða sem að vísu varða bókina en geta einnig gilt um aðra fjölmiðla eða aðra miðlun efnis.

Hann segir m.a. í sinni ræðu, Thor Vilhjálmsson: „Við heyrum kveinstafi hvaðanæva frá borg til borgar, landi til lands um að bókin sé að fara til fjandans. Með hverri kynslóð sem sökkvi í gleymskunnar djúp fækki lesendum óðum. Ég treysti því að bókin standist. Lögmál hennar eru allt önnur en annarra miðla og áhrifin magnast að sama skapi sem stuðlað er að því að almenningur sé óvirkur og mataður, sljóvgaður og svæfður með vaxandi lágkúru þar sem svonefnd skemmtun felst í því að taka ráðin af viðtakendum með afmagnandi rausi og góli og tölvustýrðum skarkala og öllu þessu ræður kaupheigð og óvirðing við mannssálina, mannfyrir-

litning, þessi fordjarfandi fégræðgi og niðurlægjandi lýðskrum."

Þetta eru orð Thors Vilhjálmssonar. Ég held að við ættum að hugsa til Ríkisútvarpsins og þess hlutverks sem við viljum að það geti staðið undir í menningarlífi í þessu landi um leið og við fögnum þeim verðlaunum sem Íslendingar hafa fengið á vettvangi Norðurlandaráðs og þeim orðum sem skáldið lét falla þar um bókina.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Till. sem hér er til umræðu er þess eðlis að ég hef ekki trú á því að nokkur þm. geti staðið á móti henni. Ég hef ekki trú á því að neinn hafi út á það að setja að Ríkisútvarpið okkar verði eflt og vil taka undir það.

Það sem fær mig til að koma hérna upp er í fyrsta lagi það sem ég hef þegar sagt og hins vegar það sem hv. 1. flm. kom inn á í sambandi við sölu á Rás 2, en við skulum geyma það augnablik.

Ég vil taka undir það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði, að auðvitað er búið að gera ýmislegt fyrir Ríkisútvarpið, það er komið í nýtt og glæsilegt hús, það hefur fengið stórhækkun á afnotagjöldum, en það dugar náttúrlega skammt að skaffa afmarkaðar tekjur og nýjar og stórar og fínar byggingar ef ekki er fé til rekstrarins. Þannig að auðvitað þarf að taka þarna á. Með þetta í huga barðist Borgarafl. gegn þeirri skerðingu sem var við afgreiðslu síðustu lánsfjárlaga á lögbundnum fjárframlögum til Ríkisútvarpsins.

En varðandi söluna á Rás 2 þá fór sú umræða í gang eftir fsp. sem ég var með til hæstv. menntmrh. um það hvort hann hygðist beita sér fyrir sölu á Rás 2 eða að starfsemi hennar yrði hætt. Þarna er náttúrlega töluverður munur á. Svar ráðherrans var það að hann hygðist beita sér fyrir því að þeirri skyldu yrði létt af Ríkisútvarpinu að vera með tvær rásir. Það er allt annað en það að hann hafi sagt að hann ætlaði að beita sér fyrir sölunni á henni. En hann vildi losa þarna um.

Ég tel hins vegar að Ríkisútvarpið geti vel verið með tvær rásir. En mitt sjónarmið er það að Ríkisútvarpið eigi ekki að vera í samkeppni við einkaaðila í afþreyingarútvarpsefni, músík og öðru slíku. Það er það mál sem ég er að tala um. Hins vegar getur Ríkisútvarpið notað enn og áfram dreifikerfi Rásar 2 en þá á menningar- og upplýsingasviðinu. Má t.d. benda á að það mætti nota það sem skólaútvarp eða eitthvað slíkt. En aðalmálið er það að Ríkisútvarpið á ekki að standa í samkeppni við einkaaðila um afþreyingarefni.

Um það sem hv. 1. flm. sagði og gerir gjarnan ef einhver segir eitthvað hér uppi þá gerir hann það gjarnan að flokksmáli viðkomandi aðila. Það er einfaldlega ekki rétt hvað varðar Borgarafl. Það er ekki flokksleg afstaða innan Borgarafl. varðandi sölu á Rás 2. Þetta er mín persónulega skoðun og ber að túlka hana sem síka. Reyndar reikna ég með að sama sé uppi á teningnum hjá Sjálfstfl.

Að öðru leyti, herra forseti, tek ég undir það að efla Ríkisútvarpið sem menningar- og upplýsingastofnun fyrir þjóðina, að þeir gegni sínum skyldum þar, en ekki á sviði afþreyingarútvarps.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. En ég vek athygli á því að það er svo tiltölulega rólegt í þingsölum um þessar mundir að það er hægt að fara að ræða menningarmál, m.a. að efla Ríkisútvarpið.

Ég er kannski ekki besti maðurinn til að taka undir þessa till. því að ég er einn af þessum vondu mönnum í fjvn. sem fella flestar till. sem horfa í þá átt að styrkja fjárhag Ríkisútvarpsins, að mér skilst af upphafi grg. Einnig hafa einhverjir af hv. flm., sem eru að mér sýnist svona nokkurn veginn tilheyrandi einni og sömu hjörð, látið að því liggja að stuðnings við þessa till. væri varla að vænta úr röðum sjálfstæðismanna. **(Gripið fram í:** Jú, jú.) Jæja, það gleður mig að það er nú ekki tekið undir þetta. Að sjálfsögðu vona ég að flestir ef ekki allir alþm. vilji efla Ríkisútvarpið. En það er eins og gerist og gengur að við gerð og samþykkt fjárlaga er í mörg horn að líta og þess vegna verður oft að fella tillögur sem eru góðar og gildar og gaman væri að styðja.

Þessi orð læt ég falla til þess að sýna fram á, segja og fullyrða að þessi till. nýtur áreiðanlega mikils stuðnings, m.a. í röðum sjálfstæðismanna. E.t.v. geta menn velt því fyrir sér hvort nauðsynlegast af öllu sé að skipa nefnd og hvernig hún eigi að starfa, en í meginatriðum er lýst eindregnum stuðningi við þá till. að efla Ríkisútvarpið og veita því þá viðurkenningu fyrir unnin störf sem það á skilið.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið enda eru aðrir hv. þm. úr mínum flokki búnir að taka til máls við umræðuna og lýsa fylgi við þá till. sem hér er til umræðu, enda hef ég ekki trú á öðru en allir þm. okkar flokks vilji taka undir hana. Hins vegar kom það fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl. áðan að það sé ekki nóg að hafa góð orð ef verkin sýni annað. Ég vil taka það fram að auðvitað höfum við þm. Framsfl. staðið að þeirri afgreiðslu varðandi mál Ríkisútvarpsins sem er í lánsfjárlögum og við fjárlagagerð og við stöndum við það. Útvarpið þarf að sjálfsögðu að taka þátt í því eins og aðrar stofnanir þegar aðhalds á að gæta. Það breytir ekki hinu að við viljum framgang þess sem mestan, enda hefur að mörgu leyti verið myndarlega að málum staðið við framkvæmdir við útvarpið á undanförnum árum. Það sýnir það glæsilega hús sem það er í og glæsilega aðstaða sem þar er komin og sú aðstaða sem útvarpið hefur verið að byggja upp á Norðurlandi þar sem mjög myndarlega er að staðið. Einnig hef ég skoðað aðstöðu þess á Austurlandi nú nýverið. Þar er ágætlega af stað farið og þessa starfsemi þarf að efla og hún mælist vel fyrir.

En það sem kom mér til að taka þátt í þessum umræðum var að það var minnst á Rás 2 og þær umræður sem hafa verið um þessa rás undanfarnar vikur. Ég eiginlega botna ekkert í þessum umræðum um Rás 2 og hvaða vandamál hún er í rekstri Ríkisútvarpsins. Ég held að rekstur Rásar 2 sé mjög nauðsynlegur þáttur í rekstri Ríkisútvarpsins og það sé aðkallandi verkefni að koma henni til allra landsmanna þannig að allir eigi kost á því að hlusta á þessa rás. Það er mjög brýnt og aðkallandi verkefni. Ég held að Rás 2 sé Ríkisútvarpinu mjög til styrktar. Það getur vel verið að það efni sem þar er flutt sé ekki allt mjög merkilegt. Ég skal ekki um það dæma. Ég hlusta ekki á Rás 2 frá morgni til kvölds. En rekstur Rásar 2 er mjög nauðsynlegur þáttur í því að Ríkisútvarpið geti haft nægilega fjölbreytni og staðist þá samkeppni sem það er í við einkaaðila. Ég er alls ekki sammála hv. 5. þm. Vesturl. Ríkisútvarpið verður auðvitað að standa í samkeppni við þá einkaaðila sem reka útvarp. Ef það á ekki að gera það og Ríkisútvarpið á samt sem áður að halda sínum skyldum þá verðum við að vera menn til að ákveða því tekjustofna sem nægja til þess. Ef Ríkisútvarpið á að keppa á markaðnum þá verður það auðvitað að standa í samkeppni og reyna að ná til sem flestra. Ég er ekki þar með að segja að Ríkisútvarpið eigi aðeins að hafa afþreyingarefni en það er nauðsynlegt að hafa það að einhverju marki ef takast á að ná til sem flestra og ef það á að keppa um auglýsingar.

Ég mun ekki styðja það ef til kemur að það komi tillögur um það hér inni á Alþingi að Rás 2 verði seld frá Ríkisútvarpinu. Ég hef reyndar ekki trú á því að þær till. komi fram. Ég endurtek það að ég skil ekki þær umræður sem eru um Rás 2 og hvaða vandamál Rás 2 sé í rekstri Ríkisútvarpsins. Nema það að þeir aðilar sem reka aðrar útvarpsstöðvar vildu gjarnan losna við þennan keppinaut. Og það er náttúrlega vandamál fyrir þá. En fyrir þjóðina held ég að Rás 2 sé ekkert vandamál.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það eru tvö atriði í umræðunni sem ég vil lítillega geta um. Mér finnst út í hött að tala um að selja Rás 2. Rás 2 er hagræðingaratriði innan Ríkisútvarpsins og að vísu markað nú samkvæmt lögum að heita Rás 2. Það er ekkert sem mælir á móti því að Ríkisútvarpið sé með fimm rásir þess vegna ef hægt er að koma því fyrir innan Ríkisútvarpsins sem stofnunar. Þetta hlýtur að vera spurning um það að stilla upp rekstri og dagskrárgerð með ákveðnum hætti og þar eru allir möguleikar opnir. Það er hins vegar óþarfi að byggja margar yfirbyggingar innan einnar stofnunar án þess að ég sé að segja að það sé á Rás 2. En þess þarf að gæta í allri skipulagningu útvarpsins.

Auðvitað verður útvarpið að vera alhliða útvarp. Það er ekki hægt að marka það eingöngu við skýrslugerð eða þurran málflutning. Það er talað um menningarefni sem kannski Ríkisútvarpið umfram aðrar slíkar stöðvar á landinu lætur vinna bæði í máli og í myndum og það kostar hluti sem borga sig ekki peningalega. Það er ekki fjárhagslegur ávinningur af því einu sér að láta vinna ákveðin verkefni sem t.d. Ríkissjónvarpið lætur gera. En það er mikið atriði í menningarstarfi og menningarskráningu á Íslandi, fræðslu og upplýsingum. Það er á þessum þætti sem styrkur Ríkisútvarpsins og mikilvægi er að mínu mati.

Í öðru lagi vildi ég víkja lítillega að einu atriði sem heyrir beinlínis undir Ríkisútvarpið. Það er þjónusta við sjómenn landsins. Það eru á milli eitt og tvö þúsund skip sem eru daglega á sjó við landið, stór og smá, þar af tæplega þúsund skip sem eru með yfirleitt fimm til tíu sjómenn um borð. Og þessi hópur Íslendinga, fimm til tíu þúsund sjómenn, sem eru daglega á sjó við landið, þeir eiga fulla heimtingu á eðlilegri þjónustu í þessum efnum eins og aðrir landsmenn. En hún er ekki til staðar í dag. Þeir ná að vísu útvarpinu í flestum tilvikum. En bátar, sem dóla við veiðar nokkra km frá landinu, víða við landið, þeir ná ekki sjónvarpi. Og það er eitt af þeim hlutverkum sem Ríkisútvarpið sjónvarp á að standa fyrir — og er ekki beinlínis fjallað um í þessari till. sem hér er til umræðu, enda ekki ástæða til að tína til þannig þætti kannski — en það er eitt af þeim málum sem Ríkisútvarpið á að stuðla að og standa fyrir að sé í lagi, að þeir sjómenn, sem eru á þessum eitt til tvö þúsund atvinnutækjum í kringum landið, njóti sömu þjónustu og landmenn sjálfir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar lögin um Ríkisútvarpið, þau sem nú eru í gildi, voru samþykkt hér á Alþingi átti ég sæti í menntmn. þingsins. Í þeirri nefnd var tekist á um ýmsa hluti. Eitt af því sem tekist var á um var umfang Ríkisútvarpsins. Þær raddir hafa heyrst hér á Alþingi í vetur að rétt væri að draga úr þeim umsvifum. Ég tel það byggt á mikilli skammsýni og nánast fráleitt að gera því skóna að menntmrh. sá er nú situr hafi þingfylgi til þess að breyta þeim lögum á þann veg að það skaði Ríkisútvarpið. Ég á ekki von á því að hæstv. menntmrh. hafi þingfylgi til slíkra hluta.

Ég verð að segja það að sú þróun sem orðið hefur í þessum efnum er á margan hátt eins og fyrir var séð. Mjög hefur fjölgað frjálsum útvarpsstöðvum í hljóðvarpi og ekkert nema gott um það að segja. (**HG:** Hverjar eru ófrjálsar?) Ef við snúum dæminu við: Er eitthvað rangt í þeirri fullyrðingu að hinar séu frjálsar? Ég sé að það kemur hik á hv. þm. og hann gerir sér grein fyrir því að fullyrðingin stenst og þess vegna ástæðulaust að taka upp útskýringar á fullyrðingum sem hann leitar eftir og ég læt hann einan um. Það blasir þess vegna við að sú þróun hefur gengið fyrir sig. Mér er ljóst að sumir líta svo stórt á sig í þeim stöðvum að þeir telja alveg sjálfgefið að þeir eigi að taka við þessu og það eigi að leggja niður Ríkisútvarpið. Það verður að vera þeirra eigið álit. Til þess hafa þeir ekki stuðning

íslensku þjóðarinnar.

Hins vegar blasir það við að sú þróun sem var fyrir séð gagnvart sjónvarpinu er ekki að öllu leyti komin fram. Það er tvennt sem þar á eftir að gerast til viðbótar við það sem hefur gerst. Annars vegar er það að það á eftir að færast mjög í vöxt að almenningur í þessu landi stefni að því að vera sjálfs sín dagskrárgerðarmenn, þ.e. menn eigi einfaldlega myndbandstæki og taki myndbönd á leigu hjá bókasöfnum á Íslandi. Því það verður hinn eðlilegi farvegur að öll almenningsbókasöfn á Íslandi leigi út myndbönd á eðlilegu verði og menn verði sínir eigin dagskrárstjórar. Þetta er eitt af því sem á eftir að gerast. En hitt sem blasir við að mun gerast á þeim vettvangi er að erlendar sjónvarpsstöðvar í gegnum gervihnetti munu flæða yfir landið. Og það getur enginn stöðvað það að svo verði. Þetta er einfaldlega tækni sem er að ryðja sér til rúms og það þýðir ekki að byggja neinn kínverskan múr utan um sig. Við verðum einfaldlega að hafa vit á því sem þjóð að standa saman að því að verja okkar menningu. Og það gerum við með því að efla Ríkisútvarpið.

Ég taldi á sínum tíma að það væri eðlilegt að ef menn gætu boðið upp á lokaðar rásir, eins og gert var með Stöð 2, þá væri sanngjarnt að Ríkisútvarpið sæti eitt að auglýsingum. Um þetta var samið í menntmn. á sínum tíma. Þáverandi formaður, Halldór Blöndal, studdi það og þannig fór það hér inn í deild, en þá risu menn upp og fluttar voru brtt. sem röskuðu því og auglýsingar voru leyfðar á Stöð 2. Það var aldrei deilt um það að það væri sanngjarnt að útvarpsstöðvar sem allir gætu hlustað á á hverjum tíma hefðu auglýsingar, þannig að það mátti standa þannig að verki að reka sjónvarpsstöð sem allir sæju og hafa auglýsingar í henni.

Hins vegar gleymist það oft að það er mikill mismunur á rekstrargrundvelli fyrir sjónvarp eftir því hvaða svæði landsins það á að þjóna. Það er tiltölulega auðvelt að setja upp sjónvarp sem nær til þéttbýlisins hér, en það fylgir því verulegur kostnaður að koma því um land allt og þess vegna ekki óeðlilegt að Ríkisútvarpið sjónvarp hefði þar vissan forgang. Og enn stöndum við þannig að við eigum eftir að gera mjög stóra hluti í dreifingu sjónvarpsins. Við eigum eftir að koma sjónvarpinu út á miðin eins og hér kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl.

Ég held þess vegna að sú þáltill. sem hér liggur fyrir sé á margan hátt þörf, en ég vil engu að síður lýsa því yfir að ég er ekki spenntur fyrir að velta því hér upp hvort Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfseignarstofnun eða hvort hún eigi að vera eign ríkisins. Mín skoðun er sú að hún eigi að vera eign ríkisins. Það má líta á íslenska ríkið sem félag, félag allra Íslendinga, og Ríkisútvarpið er einfaldlega eign þessa félags, þ.e. þjóðarinnar allrar. Og hvers vegna mætti þetta stærsta félag á Íslandi ekki eiga sitt útvarp og reka það? Hvers vegna þarf alltaf að rétta einhverjum litlum hópum aðstöðuna? Þessu er ekki slegið fram hér. Þessu er aðeins velt upp sem hugsanlegum möguleika og ég vildi að mín afstaða í þessu máli kæmi skýrt fram.

Ég vil bæta því við hér í lokin að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum þegar ég sá hvernig menningarsjóður útvarpsstöðva hafði verið notaður og verð að segja eins og er að með því máli þarf að fylgjast grannt, að þar eigi sér ekki stað nein misnotkun.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu ræður sem hér hafa verið fluttar. Það hafa komið hér tíu þm. og í raun og veru tekið undir till., þm. úr öllum flokkum sem eiga fulltrúa á hv. Alþingi nema einum. Ég tel ástæðu til að þakka þann stuðning sem fram hefur komið í orðum þessara manna. Ég dreg það ekkert í efa að á bak við þau orð er vilji til athafna eða ég hef enga ástæðu til að ætla annað og vil helst trúa því að það sé þannig að menn vilji taka á þessu. Ég man auðvitað eftir því sem gerðist hér við afgreiðslu lánsfjárlaga þegar þm. stjórnarliðsins ákváðu að skerða tiltekna tekjustofna Ríkisútvarpsins. Það getur hins vegar vel verið að þessi umræða hér í dag sé til marks um það að þetta vilji menn aldrei aftur gera og því vil ég trúa og ég fagna því að menn skuli gefa jafneindregnar yfirlýsingar um stuðning við þessa till. og hér hefur komið fram.

Ég vil taka undir margt af því sem hér hefur komið fram, m.a. það sem hv. 1. þm. Suðurl. nefndi í sambandi við sjómennina. Það lýtur að þjónustu langbylgjunetsins. Ég vil einnig víkja að því sem hv. 5. þm. Vesturl. nefndi og segja að ég tel að Ríkisútvarpið þurfi að taka þátt í samkeppninni um afþreyingarefnið líka, til þess að tryggja sér m.a. aðgang að auglýsingamarkaðnum. Það sjá það allir að ef Ríkisútvarpið færi út úr samkeppninni um afþreyingarefni, þá þýðir það það að Ríkisútvarpið missir auglýsingamarkað og ég held að það væri frá þeim bæjardyrum séð óeðlilegt. Líka frá þeim bæjardyrum að það á að mínu mati ekki að láta einkaaðila í þessu þjóðfélagi um það eina að annast rekstur starfsemi sem hefur jafnmikil áhrif á ungt fólk og útvarpsstöðvar hafa.

Ég vil aðeins víkja að því sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði. Spurningin er kannski ekki eingöngu um góðan vilja, heldur er spurningin um það hvað menn láta hafa forgang. Er það þannig þegar kemur að atkvæðagreiðslu um málefni Ríkisútvarpsins við afgreiðslu fjárlaga að Ríkisútvarpið eigi nægilega marga vini á Alþingi til þess að þeir láti Ríkisútvarpið hafa forgang fram yfir eitthvað annað? Því auðvitað er það takmarkað sem við höfum til skiptanna þegar við erum að afgreiða fjárlög á hverjum tíma.

Það var stundum sagt hér áður að það væri erfitt að fá þm. til að samþykkja fjárframlög til fjallvega, vega yfir heiðar, vegna þess að við þá vegi búi engir kjósendur, þeir vegir eigi engin atkvæði. Aftur á móti þegar komið er niður í byggð, þá eru auðvitað bæirnir þar við vegina á stangli, enn þá a.m.k. Og menn eru tilbúnir til að taka á þeim hlutum en

fjallvegirnir, svo mikilvægir sem þeir eru, eiga fáa vini. Mér finnst stundum að líkja megi Ríkisútvarpinu við þessi fyrirbæri í okkar framkvæmdum. Þetta er samtengjandi þáttur í öllu okkar menningarlífi sem okkur verður öllum að þykja vænt um og við verðum öll að láta hafa forgang þegar við erum að taka ákvarðanir um fjárveitingar á vegum ríksins.

Varðandi sjálfseignarstofnun þá tek ég það fram að ég spyr að þessu í þessari till. og ég segi fyrir mig, ég tel að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfseignarstofnun ríkisins. Það á að vera alfarið eign ríkisins. Það kemur ekkert annað til greina í mínum huga. Það sem ég er að hugleiða í þessu efni er það að Ríkisútvarpið hafi sjálfstæði, t.d. í samkeppni um starfsfólk og aðra starfsaðstöðu, sérstaklega á þeim tímum þegar Ríkisútvarpið á við vissa erfiðleika og aðlögunarerfiðleika að etja eins og nú er um að ræða. Mér hefur aldrei komið til hugar að það eigi að hleypa neinum öðrum aðilum til eignarhalds á Ríkisútvarpinu. Ég mundi alfarið verða á móti því. En Ríkisútvarpið á að vera sjálfstæð ríkisstofnun. Við notum þarna orðið sjálfseignarstofnun, kannski væri eitthvert annað orð heppilegra, um það geri ég engan ágreining. Ég vil að tvennt fari saman: annars vegar sjálfstæði og hins vegar ríkiseign á þessari mikilvægu stofnun.

Að öðru leyti finnst mér við eigum að velta því fyrir okkur að hve miklu leyti Ríkisútvarpið á að geta haft sjálfstæði um sína tekjustofna. Það þarf líka að velta því fyrir sér hvort afnotagjöldin eru í raun og veru enn þá heppilegasti grundvöllurinn í þessum efnum eins og þau eru. Ég held að það eigi að vera afnotagjöld en það megi velta því fyrir sér hvort ekki á að leggja afnotagjöld á fyrirtæki líka. Nú eru afnotagjöld bundin við einstaklinga, en fyrirtæki greiða ekki afnotagjöld til Ríkisútvarpsins nema í mjög takmörkuðum mæli. Mér fyndist koma til greina að þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs væri nefskattur eða fyrirtækjaskattur sem legðist á hvert einasta fyrirtæki í landinu sem allir vita að eru hvort eð er með mörg útvörp og sjónvörp o.s.frv. Þetta vil ég leggja hér inn í þessa umræðu vegna þess að ég held að það gæti orðið til þess að styrkja Ríkisútvarpið.

Það er líka mikilvægt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti á hér áðan að það var um það samstaða hér á sínum tíma að Sjónvarpið ætti að sitja eitt að auglýsingum, þ.e. ríkissjónvarpið. Síðan var því breytt hér í þinginu. Ég leyfi mér að hafa þá ágiskun uppi að ef þessi tillaga um auglýsingar í sjónvarpsstöðvum hefði ekki verið samþykkt á sínum tíma, þá væri Ríkisútvarpið 300–400 millj. kr. ríkara á ári en raun ber vitni í dag.

Ég vil svo að lokum segja það að mér leiðist þetta tal um það að þessar stöðvar, Stöð 2 og bylgjurnar og stjörnurnar, þetta sé eitthvað frjálsara en Ríkisútvarpið. Auðvitað er Ríkisútvarpið frjáls stofnun sem lýtur auðvitað lögmálum lýðræðis í þessu þjóðfélagi með ákveðnum hætti sem við höfum sett reglur um. Þess vegna er ákaflega vitlaust, að mínu mati fyrir minn smekk og mínar lífsskoðanir, að tala um þessar stöðvar sem eru í eigu fjármagnsins sem eitthvað frjálsari en hinar sem eiga að lúta lögmálum lýðræðis í þessu landi.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að árétta það við hv. 1. þm. Suðurl. að sala á dreifikerfi Rásar 2 kemur í mínum huga eingöngu til greina ef það er stefna Ríkisútvarpsins að vera eingöngu með afþreyingar- og tónlistarútvarp. Ef þeir hins vegar taka upp þá skynsamlegu stefnu að fara inn á menningarsviðið með þessa rás eða það dreifikerfi, inn í skólaútvarp t.d., eins og ég nefndi hérna áðan, þá er í mínum huga þessi umræða um söluna á dreifikerfinu óþörf.

Ég vil spyrja menn: Hvernig mundu þeir bregðast við ef Sjónvarpið færi út í það að taka inn sams konar stöð og Stöð 2 er í dag? Er þetta ekki svona ámóta dæmi og við erum að tala um hér? Eigum við að setja upp aðra afþreyingarsjónvarpsstöð?

Ég vil mótmæla alfarið þeirri hugmynd sem hv. 1. flm. kom með hér að taka afnotagjald af fyrirtækjum. Ég veit ekki betur en að eigendur fyrirtækja greiði þegar afnotagjöld. Vill hann að einstakir aðilar í þjóðfélaginu greiði tvö afnotagjöld? Ég sé engin rök fyrir þessu. Hins vegar tel ég að það megi taka upp umræður um það hvort afnotagjöld eigi ekki að vera innifalin í skattkerfinu. Af hverju er verið að leggja þessi afnotagjöld beint á? Ég tel að við séum skattpíndir nóg og það sé rúm inni í skattkerfinu fyrir afnotagjöldin.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kom inn á það að allir geti hlustað á öll útvörp. Auðvitað er það rétt. En það er bara ein stöð sem við þurfum að borga afnotagjöld af og þar er náttúrlega misræmi gagnvart hinum frjálsu stöðvum. Auðvitað eru þær miklu frjálsari en Ríkisútvarpið. Á því er enginn vafi.

Varðandi það að ef svo færi að Rás 2 yrði seld eða færi í hendur einkaaðila, þá talaði flm. um það að Ríkisútvarpið yrði af miklum tekjum vegna auglýsingataps. Það er ósköp einfalt hreinlega að skattleggja þá á móti þær auglýsingatekjur sem færast yfir til frjálsu stöðvanna þannig að Ríkisútvarpið þarf ekkert að verða af þessum tekjum þó að Rás 2 yrði færð til.

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ef ég ætti að velja á milli frelsis lýðræðisins og frelsis fjármagnsins, þá tæki ég frekar frelsi lýðræðisins vegna þess að ég tel að ófrelsi fjármagnsins sé í rauninni það versta og háskalegasta og við þekkjum það ákaflega vel í þessu landi um þessar mundir. Sérstaklega hygg ég að það sé mjög ljóst á alþýðuheimilunum sem eru að basla við að borga matarskattinn að það er ekki mjög mikið frelsi sem þær fjölskyldur búa við.

En ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir að hefja þessa umræðu því að hún er þörf. Við skulum taka á þessu lotu við tækifæri, frelsi fjármagnsins eða frelsi fólksins, en þar eru pólarnir í íslenskri pólitík líka.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er svolítið skrýtin fullyrðing sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hvernig ætlar hann að aðskilja frelsi fólksins frá frelsi fjármagns? Þar sem fólk er ekki frjálst og fær ekki að nota það fjármagn sem það ræður yfir, þar ríkir ekki frelsi. Þar sem fjármagnið er ekki frjálst og fólkið er líka heft ríkir heldur ekki frelsi. Það verður að fara saman frelsi beggja til þess að hægt sé að njóta bæði frelsisins og fjármagnsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun lánskjaravísitölu, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 296. mál. — Þskj. 599.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 599 um endurskoðun lánskjaravísitölu. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar."

Svo sem allir vita og raunar hefur oft verið rætt, þá er sú lánskjaravísitala sem við höfum valið og búum við eingöngu kostnaðartengd. Hún tekur á engan hátt mið af launaþróun eða gengisþróun í þjóðfélaginu. Lánskjaravísitalan er samsett að ⅔ hlutum úr framfærsluvísitölu og ⅓ úr byggingarvísitölu og það er eðli beggja þessara vísitalna að þær mæla kostnað, fyrst og fremst kostnað.

Þá komum við að einni meginspurningu sem menn hljóta að verða að gera upp við sig þegar íhugað er hversu viðamikið hlutverk lánskjaravísitölunnar er í íslensku þjóðfélagi og það er: Hvert er hlutverk lánskjaravísitölunnar? Er það hlutverk lánskjaravísitölunnar að mæla tekjur af fjármagni? Eða er það hlutverk lánskjaravísitölu að mæla verðbreytingar eigna, þ.e. að meta verðbreytingar af fjármagni á sama hátt og verðbreytingar eða í svipuðum mæli og verðbreytingar annarra eigna? Eða er það í þriðja lagi hlutverk lánskjaravísitölu að mæla lánskjör? Í fjórða lagi: Er það hugsanlegt að það sé hlutverk lánskjaravísitölu að mæla verðbreytingar? Hvað er það sem við höfum ætlað lánskjaravísitölunni að mæla? Ég held að það megi velta því lengi fyrir sér og nú þegar við höfum notað þessa lánskjaravísitölu í ein sjö til átta ár þá er ástæða til þess að líta yfir farinn veg og kanna hversu þessi lánskjaravísitala hefur þróast, hvaða áhrif hún hefur haft í þjóðfélaginu og hvernig hún hefur þróast miðað við ýmsar aðrar stærðir í efnahagslífi Íslendinga.

Ef menn vilja miða við það að tekjur af sparifé eða tekjur af fjármagni almennt eigi að mælast út frá lánskjaravísitölu og lánskjaravísitalan sé hinn raunverulegi viðmiðunargrunnur fyrir raunvexti, þá er ég þeirrar skoðunar að grunnur lánskjaravísitölunnar sé rangur sem kostnaðargrunnur. Ef hann er fyrst og fremst hugsaður sem tekjugrunnur fyrir fjármagn þá ætti hann að taka viðmiðun af annarri tekjuþróun í þjóðfélaginu. Það er óeðlilegt á sama tíma og menn segja ekki unnt að verðtryggja laun eða binda aðrar efnahagsstærðir við kostnaðareiningar í þjóðfélaginu að binda eina stærð sem væru tekjur af fjármagni eingöngu við kostnaðarþróun. Ég hygg að það sé á allan hátt óeðlilegt að setja tekjur af fjármagni á þann hátt skör ofar en þær tekjur sem unnið er fyrir og aflað með hörðum höndum.

Ef menn telja að hér sé um tekjuviðmiðun að ræða fyrir sparifé þá verða menn að breyta þessum grunni þannig að hann taki mið af tekjuþróun. Ef menn vilja að lánskjaravísitala mæli þróun eigna í þjóðfélaginu þannig að hún meti breytingar eigna eða verðmætabreytingar á fjármunum á sama hátt og verðmætabreyting verður á eignum í þjóðfélaginu, þá þurfa menn líka að taka inn nýjar stærðir í þennan grunn, sem eingöngu mælir kostnaðarbreytingar á sama tíma og aðrar eignir í þjóðfélaginu eða mat þeirra er að mestu leyti háð ýmsum markaðslögmálum. Þá er óeðlilegt að mæla eðlilegar verðbreytingar á fjármagni og sparifé á sama hátt eingöngu út frá kostnaði og gera þar greinarmun á eignum í fé eða fjármagni og öðrum eignum á hinn veginn.

Sé lánskjaravísitölu ætlað að mæla lánskjör og hún sé vísitala á lánskjör, þá hygg ég að það orki mjög tvímælis að hún sé byggð upp þannig að hún taki eingöngu mið af kostnaði, en á engan hátt af gengi. Og þegar horft er til tekjuþróunar og gengis virðist mér sem einmitt þetta tvennt hafa kallað fram misgengi í þjóðfélaginu. Lánskjör sem byggð eru upp, ef menn eru að tala um lánskjör á þennan hátt, út frá kostnaðarbreytingum ganga mjög á skjön eða misganga við önnur lánskjör í kringum okkur. Og það er ljóst að ef gengisviðmiðun kemur ekki inn í lánskjaravísitölu þá mun lánskjaravísitala sem mælir lánskjör á þann hátt sem þessi gerir valda miklu misgengi fyrir útflutningsatvinnuvegina vegna þess að lánskjör og fjármagnskostnaður verður miklu hærri, í þeirri þróun sem verið hefur hér að undanförnu, hér innan lands en erlendis sem veldur aftur því að fjármagnskostnaður útflutningsatvinnuveganna hjá okkur verður miklu meiri en samkeppnisaðila í öðrum þjóðfélögum.

Ef í fjórða lagi menn vilja að eingöngu sé um að ræða verðbreytingar og að lánskjaravísitölu sé ætlað að mæla verðbreytingar er ég kominn að þeirri niðurstöðu að slík viðmiðun sé órökréttust af öllum þeim sem ég hef áður nefnt og tek þá enn fram að verðtrygging fjármagns óháð allri annarri þróun og allri annarri verðþróun í þjóðfélaginu er mjög óeðlileg. Óeðlilegt er á allan hátt að mínu viti að verð-

tryggja á þennan hátt einn þátt í þjóðfélaginu þegar menn treysta sér ekki til að verðtryggja aðra.

Vilji menn mæla verðbólgu verður það auðvitað endalaust spurning á hvern hátt menn vilja mæla hana. Ég tel þess vegna að nú þegar við höfum notast við þessa lánskjaravísitölu í 7–8 ár sé mikil ástæða til að við skoðum á hvern hátt hún hefur skilað sínu hlutverki. Hefur hún náð því sem við ætluðumst til af henni? Er hún óeðlilega upp byggð? Hvernig hefur hún þróast miðað við þróun annarra efnahagsstærða í þjóðfélaginu? Reyndar hygg ég, miðað við þá þróun sem verið hefur í okkar efnahagslífi, að óeðlilegt sé að verðbinda eina stærð á þann hátt sem hér er gert. Ég hygg að það dragi úr sveigjanleika í okkar efnahagslífi og ég vil sérstaklega taka það fram að ég tel mjög hæpið í íslensku þjóðfélagi, ef ekki alveg fráleitt, að binda skammtímafjárskuldbindingar við lánskjaravísitölu eins og hér er gert, lánskjaravísitölu sem byggð er upp eingöngu af kostnaðarliðum, vegna þess að okkar þjóðfélag er svo sveiflukennt og hinar ýmsu stærðir sveiflast á mjög mismunandi vegu og á tiltölulega stuttum tíma getur misgengi milli stærða í efnahagslífinu orðið slíkt að verulegur skaði eða verulegt tjón getur hlotist af þegar ein stærð eins og fjármagn eða fé er bundið á þennan hátt við ákveðnar stærðir eins og kostnaðarbreytingar. Þetta höfum við séð varðandi misgengishópana þegar litið er til húsnæðiskaupa og þegar misgengi varð milli launa og fjármagns þar sem sumir urðu fyrir gífurlegu tjóni. Ég hygg að við sjáum þetta líka í misgengi gengis og lánskjara sem er að verða núna.

Það má hins vegar segja að líklegt sé að á löngum tíma jafnist þessar sveiflur út þannig að binding á þennan hátt á langtímaskuldbindingum sé síður hættuleg en skammtímaskuldbinding. Sveiflujöfnun kemur fram til lengri tíma en á skömmum tíma getur verið um verulegar hættur að ræða. Grunnurinn er mjög viðkvæmur fyrir skammtímasveiflum og felur í sér margar, margar hættur.

Ég ítreka síðan að lokum þetta: Það er í fyrsta lagi mín skoðun að mjög óeðlilegt sé að verðtryggja eða binda fé sem eina stærð í þjóðfélaginu við kostnaðarbreytingar. Ég vil síðan segja það að ég held að menn þurfi að meta hlutverk lánskjaravísitölunnar upp á nýtt í ljósi þess tíma sem hún hefur gilt, hvað það er sem við ætlumst til af henni, og skoða hvernig hún hefur nýst. Ég hygg að það sé mikill vandi að finna eðlilegan og sannfærandi grunn fyrir lánskjaravísitölu ef það yfir höfuð er hægt. Vísitölubinding þekkist í öðrum löndum. Mér er ekki kunnugt um hvort hún er eingöngu miðuð við kostnað og það þyrfti að skoða sérstaklega er á hvern hátt vísitölubinding fjármagns eða fjárskuldbindinga fer fram í öðrum löndum og hver reynsla er af henni þar. (Gripið fram í.) Í löndum í kringum okkur? Ég hef ekki nöfnin á hraðbergi en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið þá þekkist þessi trygging í nokkrum löndum og mun að einhverju leyti vera kostnaðarbundin en það mun verða eitt af hlutverkum þeirrar nefndar sem ég legg til að skipuð verði einmitt að skoða það.

Ég held þess vegna og ítreka það að það sé mikil nauðsyn og margir sem eiga mikið undir því að þessi grunnur sé skoðaður og legg til, herra forseti, að þessari till. verði að loknum umræðum vísað til allshn.

Vilhjálmur Egilsson:

Herra forseti. Þessar umræður eru kannski að einhverju leyti framhald af þeim umræðum sem urðu áðan um till. þeirra borgaraflokksmanna en e.t.v. væri ástæða til þess að rifja upp út af þessu hvaða hlutverki peningar gegna í þjóðfélaginu.

Hlutverk peninga er þrenns konar. Í fyrsta lagi þurfa þeir að vera reikningseining vegna þess að við reiknum allt í peningum. Í öðru lagi eru peningar gjaldmiðill vegna þess að við notum peningana til þess að borga og í þriðja lagi eru peningar síðan tæki sem við notum til þess að geyma verðmæti frá einum tíma til annars, þ.e. við vinnum og spörum og notum síðan afraksturinn, það sem við spörum, og setjum það í peninga og geymum til þess að eyða því einhvern tíma seinna. Þegar verðbólga er geta peningar ekki gegnt þessu þriðja hlutverki sínu, þ.e. að geyma verðmæti, og þess vegna hafa menn fundið upp þetta tæki, verðtrygginguna, til þess annaðhvort að líta á það sem nýjan gjaldmiðil eða þá að það sé til þess að stoppa í þetta gat, að peningarnir geti gegnt sínu hlutverki.

Ég held að sá mælikvarði sem við notum, lánskjaravísitalan, eða þess vegna einhver önnur vísitala, sé fyrst og fremst hitamælir. Hún mælir m.ö.o. verðbólguna og er eitthvert tæki sem við notum til þess að finna hitann, finna verðbólguna, og að hjálpa peningunum til þess að verða þetta tæki til þess að geyma verðmæti. Þeir vextir sem eru á fjármagnsmarkaðinum fara af sjálfu sér eftir því hvaða hitamælir er notaður. Ef enginn hitamælir er, ef engar vísitölur eru erum við bara með þess háu nafnvexti eins og í dag, nú ef vísitalan er ónýt fara vextirnir að sjálfsögðu eftir því.

Annað sem komið hefur fram í þessum umræðum er sá misskilningur að verðtrygging launa sé eitthvað sem ekki sé leyft. Það er leyft í dag að verðtryggja laun. Það eru engin lög á móti verðtryggingu á launum en verðtrygging launa er hins vegar samningsatriði og það hefur verið niðurstaða aðila að kjarasamningum, allra, að ekki ætti að verðtryggja laun með sama hætti og gert var áður. Hér áður fyrr eða á mestu verðbólgutímunum var samið um tiltölulega lágar grunnkaupshækkanir og launin voru verðtryggð. Í dag er búið að snúa þessu við. Nú er samið um tiltölulega miklar hækkanir, en síðan er verðtryggingin hins vegar minni. Í öllum þessum tengingum á milli vísitölunnar og launanna þarf að taka tillit til þess.

Það sem mér finnst hins vegar að ætti að gera og koma inn í þessa umræðu er það að hér á Íslandi er í raun og veru bannað að gera samninga, fjárskuld-

bindingar, nema þá annaðhvort í íslenskum krónum eða í verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu. Ég held að það væri best fyrir þjóðfélagið ef gengi krónunnar væri frjálst og samhliða mætti þá semja um allt í erlendri mynt eða hvaða mynt sem menn vildu og þá að semja mætti um laun eða fjárskuldbindingar eða hvað sem er annað í dollurum, mörkum eða hverju sem er. Þá held ég að viðhorf manna mundu breytast gagnvart krónunni og þá mundi hún verða í eðlilegri samkeppni um það hvað fólk vildi nota og ég held að það mundi styrkja krónuna þegar upp er staðið.

Að síðustu vil ég ræða aðeins þessar sveiflur á launum og verðlaginu. Síðan lánskjaravísitalan var tekin upp er í raun og veru aðeins eitt tímabil þar sem launin hafa hækkað minna en vísitalan og það er frá miðju ári 1982 til miðs árs 1983, þ.e. þegar þjóðin var að taka á sig annars vegar efnahagsáfall þar sem ytri aðstæður versnuðu og hins vegar efnahagsáfall af völdum stjórnarfarsins. Þetta kostaði það að launin hækkuðu um kannski 10–15% meðan vísitölurnar ruku upp úr öllu valdi þannig að kaupmáttur lækkaði um 30% en það var aðeins á þessu árs tímabili. Síðan þá, frá miðju ári 1983, hafa laun, sama á hvaða mælikvarða þau eru mæld, hækkað meira en vísitölurnar. Þeir sem hafa tekið lán eftir mitt ár 1983 hafa því með þessum endurgreiðslum borgað minni og minni hluta af sínum launum til baka af verðtryggðum lánum. Þetta er staðreynd. Kaupmáttur hefur farið samfellt hækkandi síðan á miðju ári 1983. Vandamálið kom hins vegar upp fyrir þá sem tóku lán fyrir þennan tíma, þ.e. fyrir mitt ár 1982, og hafa verið að borga af þessum lánum síðan. Ef við hins vegar tökum kaupmáttinn eins og hann er í dag er hann hærri en hann hefur nokkru sinni verið. Með því að miða lánskjaravísitöluna við laun mundi launafólk vera að tapa miðað við þessar endurgreiðslur.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er svo erfitt, afskaplega erfitt, að telja fólki trú um, fólki sem alltaf hefur getað staðið í skilum þangað til áhrif sérfræðinganna í peningamálum fóru virkilega að hafa áhrif, að kaupmáttur launa sé meiri nú borið saman við lánskjaravísitölu eða lánakjör en nokkurn tíma áður. Fyrirtæki sem ganga vel, hafa sæmilega álagningu, ráða ekki við álagninguna sem er á peningunum vegna þess að álagningin á vöruna er lægri en álagningin á peningana og þess vegna eru fyrirtæki að loka um land allt og þess vegna er það sem Lögbirtingablaðið er skrá yfir fólk í vanskilum, fólk sem er ekki vanskilafólk. Það er alveg rétt að ef fyrirlestur um peninga sem slíka er haldinn væri ágætt að byrja hann með því að tala um að peningar eru reiknieining. Það er líka ágætt að tala um peninga sem gjaldmiðil. Þetta er allt rétt. Það er líka rétt að tala um peninga sem möguleika á að geyma verðmæti, og það er akkúrat það sem við höfum verið að tala um, að þessi verðmæti sem búið er að breyta í peninga verði ekki betur geymd af mannanna völdum með vísitölu, hún er af mannanna völdum, að þau verði ekki betur geymd þannig en verðmætin sem eru í mannskepnunni sjálfri sem við eigum eftir að breyta í þessi veraldlegu verðmæti. Það er það sem guð gaf okkur til þess að lifa af. Það eru möguleikarnir sem í okkur búa til þess að breyta orkunni og öðru sem hann gaf okkur í þau verðmæti sem við þurfum að lifa af. Það þýðir ekkert að koma hér upp og segja að þessi verðmæti hafi haldist hönd í hönd. Það er einfaldlega ekki rétt hvaða teoríu sem við viljum nota. Fólkið svarar fyrir sig sjálft. Það ræður ekki við þessar hækkanir sem hafa komið til viðbótar við það sem áður var. Það ræður ekki við að borga 22 milljörðum meira í skatta 1988 en 1987 án þess að fá hækkun launa. Það gerir það ekki. Það borgar enginn 25% meira fyrir matvöruna án þess að fá hærra kaup. Við getum talað fram og til baka um málið, byrjað þessar umræður aftur og aftur og aftur, en staðreyndirnar tala miklu skýrara máli en teoríurnar sem ekki ganga upp. Það er alveg ljóst.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði það að umræðuefni að kannski væri lánskjaravísitalan ekki hvað síst hitamælir. Ég held að við þurfum hitamæli. Ég held að við þurfum að hafa mæli á verðbólguna í landinu. Ég held að það sé engin spurning, og við getum haft hann. En lánskjaravísitalan er í rauninni miklu, miklu meira. Hún er gífurlegur áhrifavaldur. Hv. þm. sagði líka: Það er auðvitað frjálst að semja um verðtryggingu launa, en niðurstaðan hefur orðið sú að ekki ætti að verðtryggja laun. Þá geta menn velt fyrir sér af hverju. Ef menn, og kannski hefur eitthvað af því sem ég var að reyna að segja ekki verið nægilega skýrt og það farið þess vegna að hluta fram hjá hv. þm., ætla sér að nota lánskjaravísitöluna til þess að vera grunnur fyrir raunvexti, þ.e. að raunvextir séu það stig sem lagt er ofan á lánskjaravísitöluna, þurfa menn að gera sér grein fyrir því hver grunnurinn er. Er grunnurinn verðbólgugrunnur eða er hann mat á almennri eignaþróun í landinu? Og auðvitað hljóta menn að horfa á það: Er eðlilegt að verðbinda sparifé á annan hátt en aðrar eignir í þjóðfélaginu, að aðili sem kaupir fasteign geti hæglega lent í því að þó að hann borgi talsvert mikið niður af láninu skuldi hann verulega mikið fé eftir að hann hefur selt fasteignina eða að misgengi verði á þann hátt sem orðið hefur á launum og lánskjörum sem hv. þm. reyndar skýrði mjög vel á hvaða tímabili hafði skeð en varð samt sumum mjög erfitt mál?

Ég held þess vegna að það sé ekki endilega mjög langt á milli okkar í þessu. Ég held að við þurfum hitamælinn, en spurningin er kannski út frá hverju við mælum raunvexti. Hvaða hlutverk er það sem við ætlum þessari lánskjaravísitölu og hvernig hefur hún gegnt því hlutverki miðað við þróun annarra stærða í þjóðfélaginu? Ég er þeirrar skoðunar að það sé svo margt sem á henni hangir og henni tengist

sem hefur svo gífurleg áhrif á líf hins almenna manns í þjóðfélaginu að það sé eðlilegt og nauðsynlegt á þessari stundu að við skoðum það hvernig hún hafi gegnt sínu hlutverki og hvort hún sé æskilegur mælikvarði. Sjálfur er ég alveg sannfærður um að hún er stórhættuleg á skammtímafjárskuldbindingum, alveg stórhættuleg. Ég held að það sé nægilega mikið happdrættisþjóðfélag sem við lifum í þó að við aukum ekki á það á þennan hátt. Þess vegna er ég sannfærður um að það væri okkur mikið til góðs að þessi mál væru tekin til endurskoðunar nú á þessari stundu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónusta og ráðgjöf sérskóla, fyrri umr.

Þáltill. ID o.fl., 328. mál. — Þskj. 650.

Flm. (Ingibjörg Daníelsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 650. Meðflytjendur mínir eru þingkonur Kvennalistans, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að auka og bæta þjónustu og ráðgjöf sérskólanna við fatlaða nemendur í grunnskólum, kennara þeirra og foreldra um allt land."

Það er misjafnt hvaða mælikvarði er notaður á það hvort þjóð er menningarþjóð eða ekki. Stundum er miðað við hvort notað er mikið eða lítið af sápu eða hvort þjóðin á marga eða fáa bíla, jafnvel hvort fólk vinnur langan eða skamman vinnudag.

Ein leiðin til að meta þetta atriði er að líta á hvernig tekið er á málefnum hinna veikbyggðari og þeirra sem skapa ekki veraldleg verðmæti, eins og t.d. aldraðir og fatlaðir.

Ef við notuðum síðustu mælistikuna á okkur Íslendinga fengjum við meðalmennskustimpil á menningarstöðu okkar. Við getum sagt að ýmislegt gott er gert varðandi málefni þeirra sem minna mega sín en það er líka heilmargt sem gæti verið í betra horfi.

Það sem mál mitt snýst hér um er skólaganga fatlaðra barna, en sum þeirra þurfa að sækja skóla sem þeim hentar um mjög langan veg. Flest rök hníga að því að miklar breytingar, sem verða skyndilega á högum barna, séu þeim óhollar. Okkur Íslendingum ber að sjá til þess að börn okkar fái að alast upp í sínu eðlilega umhverfi. Þess vegna verðum við að gera skólum landsins kleift að sinna þeim nemendum sem ekki falla að öllu leyti inn í það munstur sem við höfum búið okkur til. Vissulega höfum við gert stórátak í þessum efnum en þó er enn langt í land. Í grunnskólalögunum frá 1974, 42. gr., segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms."

Í lögum um málefni fatlaðra frá 1983, 1. gr., segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna."

Þarna er fallegur lagabókstafur en framkvæmdinni er ábótavant. Í flestum sérskólum eru nú börn sem gætu verið í almennum skólum ef þjónusta við þá væri aukin.

Nú er gert ráð fyrir að skólarnir geti sótt sérfræðiþjónustu á fræðsluskrifstofurnar. Vissulega er það nauðsynlegt og í mörgum smærri tilfellum dugar það. Ef um alvarlegri tilvik er að ræða er brýnt fyrir kennara að hitta aðra kennara og fagfólk sem er að vinna með svipaða einstaklinga, þannig að þeir einangrist ekki faglega, heldur fái að kynnast kennslugögnum og starfsaðferðum sem reynast best að mati þeirra sem mestar forsendur hafa til að meta hvað gagnlegast er.

Þess vegna ætti einn þátturinn í aukinni og bættri þjónustu við fatlaða einstaklinga og aðstandendur þeirra að vera sá að koma á fót starfsemi við sérskólana í landinu þar sem boðið væri upp á námskeið, þ.e. tímabundna dvöl, fyrir viðkomandi aðila. Einnig þarf að bjóða þar upp á faglega ráðgjöf fyrir þá kennara sem annast fötluð börn úti í grunnskólunum. Nauðsynlegt er að sú ráðgjöf fari fram að hluta til úti í hinum almenna skóla. Að sjálfsögðu þurfa sérkennslufulltrúi og aðrir sérfræðingar fræðsluumdæmisins að vera með í ráðum.

Í sumum af sérskólum landsins eru eða hafa verið starfandi ráðgjafar sem sinna fólki utan skólans en það hefur verið ætlaður of lítill tími í það til þess að sinna öllu landinu. Einnig þurfa þau fræðsluumdæmi sem fá ráðgjafann á vettvang að greiða ferðir hans, þannig að dreifbýlis- og þéttbýlisbúar sitja ekki við sama borð hvað varðar þessa þjónustu.

Starfsemi í svipuðum dúr og ég hef lýst hér að framan er nú við Heyrnleysingjaskólann. Til að varpa skýrara ljósi á mál mitt vitna ég í Fréttabréf ráðgjafarþjónustu Heyrnleysingjaskólans frá því í október 1987 þar sem fjallað er um námskeið fyrir heyrnarskert börn í grunnskólum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Á þessu skólaári hyggjumst við brydda upp á nokkurri nýbreytni til að bæta þjónustuna við þessa nemendur. Við ætlum að bjóða upp á námskeið hér við Heyrnleysingjaskólann þar sem börn með þessa fötlun koma saman, 3–4 í senn, og dvelja hjá okkur í tvær vikur. Við munum leggja áherslu á að kanna hvar þau standa námslega, einkum þó hvernig mál þeirra, málskilningur og hæfni til að tjá sig er miðað við aldur og stig fötlunar. Þeim býðst kennsla í tónstofu skólans, í þjálfun á heyrn, heyrnarminni og

hljóðfalli, undirstöðuatriði fyrir betra og réttara tal. Tæknimaður skólans og Heyrnar- og talmeinastöðvar munu verða okkur innan handar við að stilla heyrnartæki barnanna og annan hjálparbúnað.

Þetta verða helstu áhersluatriði námskeiðanna. Þá er enn ótalinn einn mikilvægasti þátturinn sem næst við fyrirkomulag sem þetta, sá félagslegi. Börn með þessa fötlun fá tækifæri til að kynnast, ræða sín mál og benda okkur á leiðir til að mæta sem best þörfum þeirra. Það skapast eðlileg tengsl milli þeirra innbyrðis og milli þeirra og Heyrnleysingjaskólans. Á undanförnum árum höfum við tekið á móti nokkrum börnum, einu og einu í senn, og þær heimsóknir hafa reynst mjög jákvæðar, verið mikill stuðningur við barnið og kennara þess úti í almenna skólanum.

Aðeins er um þrjú námskeið að ræða á þessu skólaári en við gerum okkur vonir um að geta aukið þessa þjónustu á næstu árum þannig að í framtíðinni tengist öll heyrnardauf börn ráðgjafarþjónustunni reglubundið á skyldunámsstiginu. Hversu oft börnin koma getur verið einstaklingsbundið og reynslan mun hafa áhrif á mótun og framvindu þessara mála.

Börn utan af landi eiga þess kost að búa í heimavist meðan á dvöl stendur. Foreldri eða kennari geta fylgt barninu að hluta til eða alveg ef þau deila herbergi."

Vitanlega hentar þetta fyrirkomulag ekki óbreytt fyrir annars konar fötlun, en það er hægt að nota hugmyndina og laga hana síðan að þeim hópi sem þjóna á hverju sinni. Leggja ber ríka áherslu á að „kerfið" sé sveigjanlegt og komi til móts við einstaklinginn.

Heyrnleysingjaskólinn fær aðeins ⅔ hluta úr kennarastöðu til að sinna þessum þætti skólastarfsins. Ef tíminn sem ætlaður er í þennan starfa er skorinn við nögl er öruggt að hann nýtist ekki nógu vel. Óheyrilega margir bíða eftir að komast á námskeið, ferðir ráðgjafanna á vettvang verða mjög strjálar og ráðin sem þeir gefa því að einhverju leyti úr takt við umhverfi og aðstæður þó svo að ráðgjafar fræðsluskrifstofunnar séu í fullri samvinnu við þá sem koma frá sérskólunum. Einnig er öruggt að illa gengur að fá fólk í starfið því það er eins og að stoppa í sokk þar sem ilin er úr ef menn fá aðeins að vita af verkefnunum en hafa aldrei tíma til að koma þeim á einhvern rekspöl.

Starfsemi sem þessi kostar endurskipulagningu í sérskólunum þar sem meiri hluti starfsfólks þarf að vera tilbúinn til þess að sinna kennurum úr öðrum skólum sem eru að vinna með börn með svipaða fötlun.

Nú má eflaust leiða rök að því að þjónusta sem þessi sé dýr, en það má miklu frekar leiða rök að hinu gagnstæða. Það er dýrt að byggja og reka sérskóla og það er vissulega líka dýrt að annast fólk sem ekki getur séð um sig sjálft. Það eru meiri líkur á að fatlaður einstaklingur, sem elst upp við venjulegar aðstæður, læri á alla þá þræði sem mynda vef hins daglega lífs og verði því betur sjálfbjarga en sá sem slitinn er úr tengslum við fólk sitt og umhverfi um lengri eða skemmri tíma.

Eins og við vitum öll býr fólk nú við mjög mikið misrétti hvað varðar skólagöngu fatlaðra barna eftir því hvar það er búsett á landinu. Þeir sem búa í höfuðborginni og nágrenni hennar geta farið í sérskóla en búið heima ef aðstæður heima fyrir leyfa. Einnig geta börn á Akureyri og þar um kring sótt Hvammshlíðarskóla en hann er þjálfunarskóli fyrir þroskahefta.

Í rauninni er um fjóra kosti að ræða fyrir fötluð börn af landsbyggðinni. Þau geta flutt „suður" ásamt fjölskyldu sinni. Í flestum tilfellum veldur það fjölskyldunni bæði efnahagslegum og félagslegum erfiðleikum.

Annar kosturinn er að senda börnin á fósturheimili eða vista þau á annan hátt nálægt þeim skóla sem hentar. Það ætti að vera óþarft að minna á það sálarstríð sem foreldrar og börn eiga í þegar slíkur aðskilnaður á sér stað. Það sama gildir um fötluð börn og heilbrigð að stórvægilegar breytingar, sem verða á félagslegum högum þeirra, eru þeim óhollar. Í reglugerð frá 1977 um sérkennslu segir í 22. gr., með leyfi forseta:

„Enn fremur greiðir ríkissjóður fargjöld nemenda heiman og heim þrisvar á ári, svo og fargjöld vegna einnar ferðar beggja foreldra árlega, báðar leiðir, samkvæmt reikningum og úrskurði fræðslustjóra sé nemandi vistaður utan síns skólahverfis af ástæðum sem þessi reglugerð tekur til. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að greiða fargjöld foreldra oftar en að framan getur sé það talið af sérfræðingum nauðsynlegt vegna velferðar barnsins."

Með öðrum orðum er verið að segja að foreldrar og börn eigi að hittast fjórum sinnum á ári.

Þriðji kosturinn er sá að hafa barnið heima og foreldrarnir reyni að sinna því eins og mögulegt er.

Síðasti kosturinn er að barnið fái kennslu í sínum heimaskóla. Það hefur færst í vöxt núna síðustu árin. T.d. eru nú 12 börn í Öskjuhlíðarskóla sem ekki eru úr Reykjavík eða af Reykjanesi. Veturinn 1982–1983 voru þar 25 börn af sama svæði. Þessi breyting er m.a. vegna þess að fleiri fjölskyldur flytja nú á höfuðborgarsvæðið ef börn þeirra þurfa að sækja skóla þangað.

Önnur ástæða fyrir þessum minnkandi fjölda barna utan af landi í Öskjuhlíðarskóla er sú að þeim er frekar sinnt í grunnskólum sinnar heimabyggðar. Hið síðarnefnda er vissulega gleðileg þróun og sýnir þá viðhorfsbreytingu sem orðið hefur á síðustu árum. Vegna þessara breytinga á viðhorfum verður að auka og bæta þjónustu við hina almennu grunnskóla þannig að í raun sé mögulegt að sinna þar fötluðum einstaklingum. Núna er sú þjónusta sem þessi börn fá mikið til komin undir dugnaði og ýtni foreldra þeirra og kennara ásamt velvilja þess fólks sem vinnur við sérskólana.

Þó ég hafi hér lagt áherslu á mál landsbyggðarinnar í þessu sambandi tek ég fram að nauðsynlegt er að

skoða þessi mál öll í einni heild, hvort sem um er að ræða börn á grunnskólaaldri eða hálffullorðið fólk, einstakling í litlum sveitaskóla eða hópinn í sérskólanum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að fara fram á að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neyðarsími, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 302. mál. — Þskj. 606.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 606, 302. máli Sþ., um neyðarsíma. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni Gunnarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson og Steingrímur J. Sigfússon, eða þm. frá öllum flokkum. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna með hvaða hætti er unnt að koma upp neyðarsímum með jöfnu millibili á erfiðum fjallvegum og heiðum til að tryggja betur öryggi vegfarenda. Jafnframt verði athugað hvað slíkar framkvæmdir mundu kosta.

Ráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um könnun þessa eigi síðar en 1. des. 1988."

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu oft fólk hefur lent í ógöngum í alls kyns veðrum uppi á fjallvegum, heiðum og öðrum erfiðum leiðum. Hefur margur oft yfirgefið ökutæki sitt þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir um slíkt og farið að leita sér aðstoðar, farið að leita að sæluhúsinu, björgunarskýlinu eða bóndabæ. Því miður hafa slíkar ferðir allt of oft endað með hörmungum og þurfum við ekki að líta langt aftur í tímann til að finna nærtækt dæmi um slíkt. Ég fullyrði að ef neyðarsímum verður komið upp á okkar hættulegustu og erfiðustu vegum muni þeir á mjög skömmum tíma sanna gildi sitt og bjarga mannslífum.

Ég þekki af eigin raun hvað það er að vera fastur uppi á fjallvegi með fullan bíl af litlum börnum og frúna í brjáluðum skafrenningi og ófærð. Ég hef reynt það að fara á lakkskónum að leita að sæluhúsi og það er lærdómsrík reynsla sem enginn á þó að sækjast eftir. Ég sá mörg sæluhús þarna uppi á fjallinu en ekkert þeirra reyndist það rétta, heldur einungis missýnir í hlíðum fjallsins. Það vildi mér og þeim sem labbaði þarna með mér til happs að eftir um það bil klukkutíma göngu mættum við jeppa sem þá var á leiðinni niður fjallið í öfuga átt. Aðspurður sagði bílstjóri jeppans að sæluhúsið væri langt frá því að vera í göngufæri og það væri óðs manns æði að ætla sér áfram. Því varð það að ráði að við fórum upp í jeppann og hann keyrði okkur til baka að okkar bifreiðum. Þar skildi hann okkur eftir en braust síðan sjálfur yfir fjallið og hringdi þaðan eftir aðstoð. Ég fullyrði að ef við hefðum ekki mætt þessum jeppa væri vafasamt að ég væri hér í ræðustóli í dag.

Ég er hins vegar þess fullviss að ef neyðarsímar hefðu verið á þessari leið hefðum við leitað þeirra og þannig getað látið vita af okkur, ekki stefnt lífi okkar í hættu með fífldjarfri göngu í brjáluðum skafrenningi og hríð.

En hvar eiga þessir símar að vera staðsettir? Ég tel að þeir eigi að vera staðsettir u.þ.b. tvo metra frá snjóstiku þannig að menn geti alltaf fylgt snjóstikum í leit sinni að símanum. Sú snjóstika sem síminn er við verður að vera stærri og rammgerðari en venjulegar stikur þar sem engin hætta má vera á því að stikan láti undan veðri eða jafnvel hnjaski frá bifreið. Persónulega tel ég að bilið milli símanna megi ekki vera lengra en 3 km þannig að lengsta möguleg ganga í leit að símanum yrði þá tæplega 3 km. Æskilegra tel ég þó að þessi vegalengd verði styttri, eða eins og segir í grg. með tillögunni, á bilinu 2–2½ km. Algert skilyrði er að símarnir séu eingöngu tengdir næstu lögreglustöð eða öryggisstöð ef ekki er um lögreglustöð að ræða. Það kemur í veg fyrir misnotkun og aðra freistingu. Þá er einnig nauðsynlegt að hver sími sé vel merktur. Þannig má í fyrsta lagi hugsa sér að hver sími sé númeraður og í öðru lagi auðkenndur með lit. Þessar auðkenningar væru síðan til staðar á hinum enda línunnar hjá lögreglunni eða hvar sem síminn væri tengdur þannig að þegar sá sem í nauðum er staddur gefur upp annaðhvort númer á síma eða lit viti lögreglan nákvæmlega hvar á veginum hann er staddur. Þetta tel ég afar mikilvægt atriði, en auðvitað væri best ef hægt væri að nýta sér nútímatækni þannig að um leið og tól er tekið upp á öryggissíma fari í gang neyðarkerfi sem kallar á ákveðin viðbrögð jafnhliða því að á korti yfir veginn kæmi blikkandi ljós þar sem viðkomandi sími er staðsettur.

Ég vil einnig benda á það að æskilegt væri að ökumenn vissu áður en þeir leggja í vafasama ökuferð á hættulegum vegum hvort viðkomandi vegur er útbúinn með neyðarsíma eða ekki. Það mætti gera með því einfaldlega að bæta mynd af síma á umferðarskilti, þau skilti sem segja til um áttir og vegalengdir, t.d. þegar komið væri að vegamótum áður en farið er yfir Kerlingarskarð. Þar er að sjálfsögðu skilti sem segir til um að þetta sé leiðin til Stykkishólms og hversu langt það er. Þarna yrði þá bætt við mynd af síma.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þessir símar gætu orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum en neita þó að trúa því að svo verði. Ef yfirvöld sjá til þess að það sé kynnt rækilega hversu nauðsynleg öryggistæki þessir símar eru og að með því að skemma slík tæki geti menn verið að stofna mannslífi í hættu. Þá er einnig nauðsynlegt að við því yrðu

þung viðurlög að skemma slík tæki.

Nú segja e.t.v. einhverjir að farsímar leysi þetta mál. Því er ég hins vegar ósammála, einfaldlega vegna þess að farsímar duga yfirleitt ekki við slíkar aðstæður sem hér um ræðir. Þar fyrir utan eru farsímar mjög dýrir í dag og þó að verð þeirra eigi vafalaust eftir að lækka mun það ekki verða svo að það teljist jafnsjálfsagður hlutur í bíl og t.d. útvarp. Ekki er heldur hægt að skylda fólk til að kaupa slíka síma. Hér er því um öryggismál þegnanna að ræða sem ríkisvaldið á að beita sér fyrir. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér ætti uppsetning neyðarsíma ekki að verða kostnaðarsöm. Það mun þó vera mismunandi eftir því hvort upp þarf að setja sérstök möstur eða leggja línur o.s.frv. En þó að það þurfi á ég ekki von á því að kostnaðurinn verði mikill, en það kemur væntanlega í ljós síðar.

Herra forseti. Þeir sem hafa ferðast mikið erlendis hafa vafalaust tekið eftir slíkum neyðarsímum víða við hraðbrautir, inni í göngum, á stórum brúm o.s.frv. og það þarf ekki að taka það fram að þeir eru ekki þar til skrauts.

Ég vil í lokin segja það að slíkir símar eru ekki einungis öryggistæki yfir vetrarmánuðina þó að sá tími ársins sé hvað mikilvægastur hvað það snertir, heldur ekki síður á öðrum árstímum og þarf varla að útskýrar það nánar.

Herra forseti. Að lokinni umræðu mælist ég til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsskip, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 325. mál. — Þskj. 641.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um veiðieftirlitsskip. Meðflutningsmenn eru hv. þm. Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar rekstur sérstaks veiðieftirlitsskips og kaupa eða leigja togara í því skyni eða láta Hafþór sinna því verkefni sem er hið brýnasta í sjávarútvegi Íslendinga í dag vegna smáfiskadráps. Hraðskreitt fiskveiðieftirlitsskip taki til starfa á árinu 1988.“

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins starfa 14 menn við veiðieftirlit. Tveir þeirra eru við störf á skrifstofu, taka á móti skýrslum, svara fyrirspurnum útgerðarmanna um kvóta, reyna að koma upp um kvótasvindl, fylgjast með síldveiðum og fleira. Þriðji eftirlitsmaðurinn starfar fyrir loðnunefnd. Ellefu eftirlitsmenn skiptast á að fara út með togurunum og fara í hinar ýmsu verstöðvar úti um land. Á togurunum er reynt að vera með ekki færri en þrjá menn í senn og fer þá einn austur, annar norður og sá þriðji á Vestfirði.

Til þess er ætlast að lengdarmælingar séu gerðar á þorski minnst tvisvar á dag og oftar ef þurfa þykir. Stærðarmörkin eru að ekki sé meira en 25% af 200 þorska úrtaki undir 55 cm að lengd. Þetta er nokkuð breytilegt á milli ára. Á síðasta ári var viðmiðunin 30% undir 55 cm.

Í verstöðvum eiga eftirlitsmenn að fylgjast með smáfiski, vigtun fisks, samsetningu á afla dragnótabáta, fjölda neta í sjó og öðru af svipuðum toga, en sumt af þessu er óframkvæmanlegt.

Fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar ákveða lokanir eftir tillögum eftirlitsmanna. Níu fiskifræðingar skipta þessu starfi á milli sín og er hver á vakt tíu daga í senn, svo að nýr maður þarf að setja sig inn í málin á tíu daga fresti. Þetta er eitt af því veika í þessu fyrirkomulagi því að það geta liðið kannski 9–10 mánuðir þar til fiskifræðingur kemur aftur um borð í skip til þess að taka ákvarðanir og þannig er þetta mjög laust í reipunum. Enginn einn aðili hefur það að aðalstarfi að stjórna eftirlitinu.

Upplýsingaöflun hefur versnað til muna eftir að ríkismatsmenn voru lagðir af og veiðieftirlitsmenn sjútvrn. hafa lítinn sem engan tíma til þess að bera saman bækur, miðla upplýsingum hver til annars og gefa góð ráð til aukins árangurs.

Eftirlitsmaður sem fer á veiðar með togara er algjörlega háður ákvörðunum skipstjóra sem einn ræður ferðinni. Skipstjórinn getur, ef hann vill, breytt ákvörðun sinni, hætt við að veiða þorsk og farið á karfaveiðar austur í Rósagarð eða suður á Reykjaneshrygg. Þetta er algjörlega háð vilja skipstjóra og ekkert tillit er tekið til veiðieftirlitsmanns.

Ákvörðun um skyndilokun í viku er tekin eftir því hve mörg prósent eru undir 55 cm, hve mörg skip eru á slóðinni og aflamagni. Ef t.d. fiskur undir 55 cm er undir 40% af 200 þorska úrtaki er talið þrisvar til að fullvissa sig um að fiskur á viðkomandi slóð sé of smár. Ef prósentan er hærri þykir ráðlegt að mæla með lokun fyrr. Alltaf er haft samband við fiskifræðing og honum sagðar niðurstöður og hann á að ákveða lokun svæðis. Það er auðvitað ekki hægt að ætlast til þess að veiðieftirlitsmaður geti í einu og öllu ráðið hvert veiðiskip siglir, hvenær er togað eða hvar, en það er jafnljóst að það rekst á við tilgang veiðieftirlitsins að menn geti ekki haft áhrif í þeim efnum og það sýnir einnig veika stöðu veiðieftirlitsins. Ef veiðieftirlitsmaðurinn ætti að ráða ferð skipsins í þessu sambandi er verið að taka þar óeðlilegt vald í hendur opinberra aðila af þeim sem eiga skipið og vinna á því.

Ýmsir annmarkar eru á þessari aðferð sem veiðieftirlitið byggir á og helst er það að hlutir gerast ekki nógu fljótt og markvisst og vík ég að fjórum dæmum þar að lútandi:

Ef menn byrja að veiða mikið á veiðislóð, hvar sem er á fiskimiðum við landið, flýgur fiskisagan um

öll mið og flotinn siglir á fullri ferð, allur á þennan stað, tugir skipa. Það er algengt að toga hvert tog allt að fjórum klukkutímum ef góður botn er, festur sjást á plotternum og á tækjum má sjá hvort varpan er ekki eins og hún á að vera.

Ef togari með eftirlitsmann togar hvert hal í fjóra tíma líða 13 tímar þangað til gögn eru tilbúin til að láta fiskifræðinginn vita. Það getur því verið mikið magn af smáfiski sem kannski 50 skip eru búin að afla þegar til lokunar kemur.

Svipað þessu sem ég er að lýsa gerðist á Austfjarðamiðum sl. vetur. Ganga af fjögurra ára fiski byrjaði að veiðast í Seyðisfjarðardýpi og gekk suður. Eftirlitsmenn lokuðu einu svæðinu á fætur öðru eftir því sem þeir höfðu upplýsingar. Veiðin færðist sífellt sunnar, alveg suður á Fót. Lokanirnar komu ekki að tilætluðu gagni. En skip sem hefði getað farið út fyrir svæðið hefði komið þarna að góðum notum og stöðvað þessa þróun.

Annað dæmi: Skipstjóri með eftirlitsmann um borð hefur tilhneigingu, eftir að hafa aflað upplýsinga um afla og horfur, til að sneiða hjá því að fara þar sem meira er um smáfisk. Það er líka eðlileg afstaða hjá skipstjóranum að losna við að tapa dögum, kosta fjármagni til í siglingu, beinlínis til þess að verða rekinn burt af því svæði sem hann fer á.

Dæmi: Togari siglir út Eyjafjörð. Skipstjóri þarf að taka ákvörðun um að fara austur eða vestur er hann kemur út úr firðinum. Togarar á Sléttugrunni láta vita að þorskur sé smár og standist vart mælingu. Hann tekur ákvörðun um að halda vestur í von um að vera í friði. Þeir á Sléttugrunninu halda óáreittir áfram að veiða þann smáa.

Enn annað dæmi: Frétt berst af því að nokkrir togarar séu að fá góðan afla á Rifsbanka. Togarar á Austfjarðamiðum eru að fá lítinn afla. Þeir hífa upp og setja stefnuna norður fyrir Langanes. Stímið er 8–10 tímar. Þá læðir einn skipstjóri því út úr sér á Rifsbankanum að þetta standist varla mælingu. Togarinn með mælingamanninn breytir stefnu út á Brettingsstað. Best að reyna þar. Til hvers er að sigla flotanum bara til þess að loka og þurfa að sigla til baka?

Þetta eru allt raunhæf dæmi sem ég nefni. Þau hafa átt sér stað og stund.

Algengast er að þorskur á togaraslóðum fari stækkandi eftir dýpi. Hann er smæstur uppi á grunnunum en stækkar eftir því sem dýpkar niður í kantana. Nefna má sem dæmi um mælingu þorsks í vetur á Langanesgrunni. Á 115 faðma dýpi voru 30% undir mörkum, 18% á 130 föðmum, 8% á 150 föðmum og 3% á 170 föðmum.

Þetta vita menn reyndar af reynslunni en fá ekki tækifæri til að komast og mæla þar sem þörfin er þó að mælingamenn viti af skipum. Sum svæði, t.d. Digranesflak, Glettingsflak og út af Húnaflóa, mættu vera lokuð langtímum saman. Það sýnir reynslan.

Það er augljóst að meiri árangur í veiðieftirliti fengist með því að hafa sérstakt skip til að fylgjast með smáfiski og er tilvinnandi að reyna það þá jafnvel fyrst um tíma og taka eftir það ákvörðun um framhaldið.

Þetta þyrfti að vera ganggott skip, líkt og Hafþór sem er í eigu ríkisins en er leigt til rækjuveiða á Vestfjörðum, með veiðarfæri, tæki og búnað eins og aðrir togarar. Skipið héldi sig á togaraslóðum, tæki prufuhöl, þó aldrei lengri en 90 mínútur í senn, og lokaði svæðum ef niðurstöður mælinga sýndu að fiskur væri of smár, allt að viku í senn. Farið væri og lokuðu svæðin skoðuð og opnuð fyrr ef sú væri raunin að betur horfði með stærð fisks.

Þegar tími gæfist til frá því að fylgjast með smáfiskinum kannaði skipið önnur svæði, t.d. grálúðumið og djúpkanta, og miðlaði upplýsingum til flotans.

Til að fá upp í kostnað yrði veiddur fiskur seldur á mörkuðum eða settur í gáma, t.d. 1000 tonna afli á 50–70 millj., sem væri kannski ekki óraunhæft. Gæta yrði þess að ekki hlæðust á skipið stjórar og skrifstofulið í landi. Með hagkvæmni ætti að vera hægt að gera þessa útgerð þannig að ekki væri aðeins það að hún borgaði sig heldur mundi hún gjörbreyta allri stöðu í veiði og veiðieftirliti sem er eitt hið brýnasta í dag eins og fyrr hefur komið fram.

Það vita allir sem vilja vita að smáfiskadrápið sem stundað er við landið er geigvænlegt, en það er opinbert leyndarmál að á margan hátt er spilað á það kvótakerfi sem nú er við lýði. Þar er smáfiskadrápið verst. Sumar togaraáhafnir eru svo forhertar að þær hafa aldrei séð smáfisk á togaramiðunum þótt áhöfn á skipi sem veiddi á sömu miðum skilaði nær 200 tonnum af undirmálsfiski á land. Munurinn var hins vegar sá að sú áhöfn mátti eiga óskiptan smáfiskinn. Hún sá hann. Sama er að segja um frystitogarana þar sem stórherða þarf eftirlit með veiðum. Sérstakt veiðieftirlitsskip, sem er óháð stjórn annarra en veiðieftirlitsmanna og fiskifræðinga, er spor í rétta átt, mjög tímabært spor, því hvaða gagn er að veiðieftirliti þar sem veiðimaðurinn sjálfur, undir miklu álagi útgerðar og samkeppni, ræður stund, stað og dýpi þegar mæla skal fiskinn.

Sem dæmi um hrikalegt seiðadráp á miðum landsins má nefna hið yfirgengilega seiðadráp í rækjutrollinu við Eldey sl. haust. Því var ekki hætt fyrr en sumum rækjuskipstjórum ofbauð, en þarna var um ýsuseiði að ræða. Einnig væri vert að kynna sér hvernig þeir á dönsku togurunum við Grænland útbúa rækjutrollin þannig að smárækjan sleppur í gegn. Hérlendis er vitað um rækjuveiðiskip, og þau sum stór, sem smækka riðilinn þannig að ekki einu sinni marfló slyppi í gegn, enda eru engar reglur til um möskvastærð rækjutrolla og það segir sína sögu.

Það er ljóst að það er vilji fiskifræðinga og Hafrannsóknar að auka hlutdeild margra árganga í ársveiðinni. Það gengur ekki upp nema með því að draga úr sókninni og þá er það helst sóknin í smáfiskinn sem þarf að draga úr, að stýra, í þeim

efnum. Þá kemur eðlilegt hlutfall af mörgum árgöngum í hverja ársveiði, þannig að áhættan yrði minni og óvissan ekki eins hrikaleg og hún er í þessari stöðu í dag.

Eins og ég sagði áðan er veiðieftirlitið mjög veikt, og áhrif sérfræðinga, veiðieftirlitsmanna og fiskifræðinga eru lítil. Það er svo mikið tilviljunum háð hvar eftirlitið á sér stað að það veiðieftirlit sem við erum með í landinu í dag er meira og minna sýndarmennska. Þegar meðalstærð fisks í einum togaraafla er niður í 0,8–1,4 kg er eitthvað mikið að þar sem meðalþyngdin var til skamms tíma kannski 4, 7, og upp í 10 kg í afla. Að vísu er mikill munur á Suðurlandsmiðum og Norðurlandsmiðum sem eðlilegt er því að ungviðið er meira á norðurmiðunum. Það er hins vegar eitthvað mikið að þegar svo er mokað sem raun ber vitni og er þó ekki allt sagt því að margt á sér stað í þessum efnum, því miður, sem ekki hefur verið hægt að leggja á borðið eða sanna, en öll þau dæmi sem ég nefni eru byggð á staðreyndum þar sem menn hafa reynt það sem um er getið.

Það er mjög brýnt einnig í þessu sambandi að koma á daglegum samskiptum eftirlitsmanna sem eru á vakt hverju sinni, að þeir geti borið saman bækur, en það er engin stýring á því. Menn eru ræstir út, hverfa út á haf þennan tíma sem þeir eiga að vera og út úr því koma ekki nein markviss vinnubrögð í veiðieftirliti.

Það leiðir af sjálfu sér að með strangara eftirliti í þessari hörðu veiðimennsku mundi það vera mjög til góðs og það mundi jafnframt stuðla að því að byggja upp fiskveiðistofnana við landið og það mundi jafnframt stuðla að því að draga úr misræmi sem er í kvótareglum og er mjög spilað á, bæði innan ákveðinna bátastærða og milli landsvæða. Það eru því margir brestir í þessu kerfi sem nú er og aukið veiðieftirlit ætti að geta brúað þarna ákveðið bil. Fyrst og fremst er það bráðnauðsynlegt, lífsspursmál, fyrir fiskveiðarnar í framtíðinni til þess að hamla gegn smáfiskadrápinu.

Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til atvmn.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég hef alltaf viljað trúa á það góða í manninum og þrátt fyrir það að þessi till. til þál. sé að mínu mati bæði flaustursleg og illa ígrunduð og nái ekki tilgangi sínum á neinn hátt leyfi ég mér samt sem áður að halda því fram að að baki hafi búið væn hugsun sem hafi komið fram raunar í málflutningi hv. 1. flm. um það að tilgangur þessarar ályktunar sé að draga úr smáfiskveiðum við landið sem vissulega mættu vera minni oft á tíðum.

Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að svo mikið megi að þessari till. finna, bæði sjálfum efnisatriðunum sem fram koma í tillgr. og eins í sjálfri grg., að það sé gjörsamlega ómögulegt að ljá þessari till. stuðning á nokkurn hátt og skal ég nú rekja þetta í nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er þetta náttúrlega tillaga þar sem ekki er gerð nokkur minnsta tilraun til þess að gera grein fyrir fjármögnuninni. Hér er talað um það að kaupa togara. Togarar eru að seljast í dag á verði sem er á bilinu 130–250 millj. kr. eftir því hvort hugmyndin er að kaupa gamalt skip eða nýlegra skip. Það hefði því kannski ekki verið til of mikils ætlast að fram kæmi, vegna þess að hér er verið að fara fram á einhverja smáaura, í tillögunni hugmynd um það hvernig ætti að standa að fjármögnuninni. Nú þykist ég vita að því verði svarað að það sé nú ekki hugmyndin að kaupa eitthvert skip með kvóta og það er sjónarmið út af fyrir sig. Ef það er svarið sem mér hefur verið gefið til kynna utan þings, að láta þetta skip veiða utan kvóta einhver hundruð tonna eða jafnvel þaðan af meira, og væntanlega þaðan af meira, sem ekki kæmu inn í þær almennu takmarkanir sem nú ríkja á fiskveiðum Íslendinga, þá er það mjög umdeilanlegt.

Engu að síður, þrátt fyrir að keyptur yrði kvótalaus togari, þá yrði verð slíks skips örugglega upp á tugi milljóna. A.m.k. er mér ekki kunnugt um það að skip, sem gæti svarað þeim kröfum sem gerðar eru til þess í þessari tillögu, gæti kostað minna en nokkra tugi millj. kr. Ég hygg því að þessi tillaga sem hér um ræðir sé ekki beint í samræmi við þær fjárveitingar sem Hafrannsóknastofnun hefur fengið frá fjárveitingavaldinu upp á síðkastið.

Ef sá kostur væri hins vegar tekinn í staðinn að leigja skip í stað þess að kaupa það, þá gilda í þeim viðskiptum mjög fastmótaðar reglur. Þær reglur gera ráð fyrir því að leigutaki greiði sem svari 24% af brúttóaflaverðmæti skipsins. Vegna þess að hér væri um að ræða mjög sérstæðar veiðar svo ekki væri nú meira sagt, veiðar á smáfiski, þá býst ég við að sá sem leigði slíkt skip mundi gera kröfu til þess að fá í sinn hlut ekki minni pening en ef hann leigði skipið á eðlilegum, almennum markaði. Við skulum gefa okkur það að skipið fiskaði fyrir ca. 100 milljónir á ári sem er ekkert sérstaklega mikið og ekkert sérstaklega lítið. Þetta þýddi að það yrði að reiða fram úr ríkissjóði 24–25 millj. á ári, en fyrir því er nú reyndar séð í þessari ágætu grg. Ég taldi þegar ég leit betur á hana í dag að hér hefðu hreinlega orðið pennaglöp hjá hv. þm. vegna þess að ég get ekki betur séð en að áætlanir hans séu reistar á, ja, ekki vil ég nú segja brauðfótum, heldur séu einhvers staðar uppi í skýjunum, algjörlega uppi í skýjunum.

Það er talað um að selja megi fisk sem veiddist á þessum skipum á erlendum eða innlendum mörkuðum eftir að þessi fiskur hafi þá verið fluttur út í gámum.

Í þriðja lagi er þeirri hugmynd varpað fram að leigja til þess skipið Hafþór RE, sem ég vil vekja athygli á, eins og raunar kom fram í máli hv. 1. flm., að er nú þegar bundinn á langtímaleigusamningi vestur á Ísafirði, þannig að það yrði þá í fyrsta lagi að rifta þeim samningi og mér er nú ekki kunnugt um að það séu ákvæði í þeim leigusamningi sem heimila slíka riftun nema þá með löngum fyrirvara. Ég get því ekki betur séð en að allt þetta sem lagt er

til, leiga eða kaup á skipi eða yfirtaka skipsins sem er í eigu Hafrannsóknastofnunar, enginn þessara kosta sé mjög líklegur til að ganga upp við þær aðstæður sem við búum við í dag.

Þá er talað um og fullyrt, bókstaflega fullyrt að hér sé um að ræða, með leyfi forseta, „það verkefni sem er hið brýnasta í sjávarútvegi Íslendinga í dag". Ég vil leyfa mér að draga þetta í efa og hygg að það geti enginn með sanni sagt að eitt verkefni í sjávarútvegi sé endilega það brýnasta. Um þetta hlýtur að vera mikill ágreiningur.

Síðan kemur grg. sem er að vissu leyti ákaflega fróðleg, fyrri hluti grg. og ég vil þakka flm. fyrir það að draga saman þarna þennan fróðleik sem er vissulega gagnlegur, en síðan kemur afskaplega skemmtilegur partur í þessari grg. sem eru frásagnir af því sem maður getur ekki annað en ályktað að séu frásagnir af því hvernig skipstjórar stundi það að komast hjá því að veiðieftirlitsmenn geti lokað svæðum. Það eru þessar fjórar smásögur í smásagnasafninu sem hér má líta á bls. 2 í grg. þessarar tillögu. (**Gripið fram í:** Þetta eru húmoristar.) Þetta eru mjög góðir rithöfundar og húmoristar.

En hver er reynslan sem við höfum haft af þessu kerfi sem hefur verið við lýði upp á síðkastið? Reynslan er auðvitað bæði góð og hún er mikil og hún sýnir okkur það að þetta kerfi, sem verið hefur við lýði upp á síðkastið, hefur verið mjög áhrifaríkt. Það þarf ekki annað en taka saman tölur um fjölda skyndilokana á svæðum úti fyrir landinu sem sýna mönnum það að þetta kerfi hefur verið afskaplega áhrifaríkt og komið í veg fyrir veiðar á stórum svæðum sem hafa verið full af smáfiski. Og það hefur verið þannig oft og tíðum að langtímum saman, vikum saman, hafa stór svæði úti fyrir landinu verið lokuð togveiðum einfaldlega vegna þess að veiðieftirlitsmennirnir hafa getað komið því til leiðar að þessum miðum hefur verið lokað. Mér finnst því að þessi tónn í grg., í smásagnasafninu, sé afskaplega villandi og lítið í samræmi við veruleikann.

Ég held, herra forseti, að það væri óráð að samþykkja þessa till. Ég er hins vegar sammála því hjá hv. flm. að það þarf að stemma stigu við smáfiskadrápi eins og annarri rányrkju á Íslandsmiðum, hvort sem hún birtist þá í einhverri annarri mynd eða í alvarlegu smáfiskadrápi. Ég held hins vegar að sú leið sem hér er lögð til sé ófær. Hún sé, eins og ég sagði, illa ígrunduð og ég hvet hv. þm. til þess að kanna aðra kosti fremur.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég varð þess var að síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Vestf., hafði allt á hornum sér varðandi þessa tillögu. Ég geri það ekki. Ég hefði að vísu viljað hafa orðalag hennar með svolítið öðrum hætti en hér er, en nálgun mín á þessu viðfangsefni er greinilega út frá allt öðrum grundvallarsjónarmiðum en hv. 1. þm. Vestf. Hann sagði efnislega að það kerfi sem við værum með væri mjög gott. Ég er ekki sammála því. Ef það er mjög gott hvernig má þá vera að svo mikið berst af smáfiski á land? Ég tel að það eitt sanni að rangt sé að halda því fram að það kerfi sem við búum við sé gott. Sannleikurinn er sá að við veiðum fiskinn allt of smáan. Það er allt of mikið veitt af smáfiski. Hluti af því viðfangsefni að snúa þeirri þróun við er auðvitað að fylgjast með því hvað er að gerast á miðunum.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það eftirlitskerfi sem við erum með sé alls ekki nógu gott og þess vegna tel ég að flutningur þessarar till. sé mjög af hinu góða, nefnilega að þessi till. gefi þá tilefni til þess að menn taki þetta eftirlitskerfi til gagngerrar endurskoðunar. Ég held að menn geti vissulega deilt um það hvernig að skuli fara. En mín skoðun er sú að til þess að það eftirlitskerfi sem við erum með sé raunhæft og skilvirkt eins og sagt er, þá eigi hluti af því að vera í því fólginn að nota sérstök eftirlitsskip sem geti farið þangað sem þörf er á hverju sinni til þess að annast eftirlitið og fylgjast með veiðunum og veiða sjálft. Og það er grundvallarhugsunin í þessari till., hvort heldur fyrirkomulagið verður eitt eða annað, hvort heldur skip verður af ákveðinni stærð eða ekki, hvort það verður keypt á árinu 1988, fyrir hvaða peninga það verður keypt eða hvort það verður leigt eða af hvaða stærð það verður.

Mín skoðun er sú að þessa hluti þurfi að skoða vandlega og með hliðsjón af því ætti að endurskoða þá tillögu sem hér er til umræðu og gera hana að hvatningu og áskorun um það að eftirlitskerfið verði tekið til sérstakrar skoðunar og þá einkum með tilliti til þess að sérstök eftirlitsskip verði fengin til þess að fylgjast með veiðunum og þá nota ég orðið skip í fleirtölu en ekki bara eintölu eins og flm.

Það er ekkert langt síðan að við vorum að agnúast út í smáfiskadráp Breta og Þjóðverja og þóttumst góðir að reka þá af höndum okkar til þess að smáfiskadrápinu linnti. Þá höfðu Íslendingar uppi miklar heitingar um það hversu vel þeir mundu nú standa sig við að stjórna veiðunum þegar þeir stæðu einir að þeim. Landhelgisgæslan hafði ákveðið hlutverk til þess að líta eftir hinum erlendu fiskiskipum. Hún hefur ekki hlutverk í þá veru eins og hún er rekin núna til þess að líta eftir íslenskum fiskiskipum og það er af þessum sökum sem við þurfum að taka þetta kerfi allt til gagngerrar endurskoðunar. Við höfum nefnilega ekki staðið okkur í samræmi við heitingar okkar. Við höfum ekki staðið okkur í samræmi við það sem við hétum sjálfum okkur þegar við færðum út landhelgina.

Ég held að hverju einasta mannsbarni sé ljóst að það sé skynsamlegt að veiða fiskinn frekar stærri en smærri og ég held að hverju einasta mannsbarni sé ljóst að við veiðum fiskinn allt of smáan eins og stendur og við spillum fyrir okkur með því og við gerum okkur veiðarnar dýrari en þær þyrftu að vera og þess vegna lélegri afkomu í útgerðinni. Við þurfum að leita allra ráða til þess að snúa þeirri þróun við, ekki bara til að vernda smáfiskinn heldur til að bæta hag útgerðarinnar og landsins alls.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Hér hafa verið snaggaralegar umræður á bæði borð með sitt hvort sjónarmiðið og ég þakka það. En ég vil víkja nokkrum orðum að þessu máli áfram.

Hv. 1. þm. Vestf. Einar Guðfinnsson taldi líklegt að væn hugsun lægi á bak við þessa tillögu. Væn hugsun er teygjanleg. Það sem liggur á bak við þessa tillögu er rökrétt hugsun og það er það sem skiptir máli í sjávarútvegi að menn hafi þrek til þess að standa fyrir rökréttri hugsun, ekki á tilfinningagrunni heldur á staðreyndum. Það er staðreynd að smáfiskadráp á Íslandsmiðum er óheyrilega mikið og allt of mikið og það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, hv. þm.

Hann hafði á orði að þessi till. væri illa ígrunduð og rakti síðan nokkur atriði. Þau ætla ég að hrekja til baka. Hv. þm. getur skammast eins og honum sýnist í þessu máli, en rökin eru okkar megin sem flytjum þetta mál. Þær voru léttvægar skrýtlur þm. að reyna að hnekkja smásögunum sem byggjast á bláköldum staðreyndum. Bláköldum staðreyndum frá mönnum sem gerst þekkja. Það er engin skáldmennska, það er enginn rithöfundastíll, það eru staðreyndir settar fram í skiljanlegt form sem ég heyri að hv. þm. hefur skilið þó hann kunni ekki við að kyngja því átakalaust.

Auðvitað kostar tugi milljóna að kaupa slíkt skip sem eftirlitsskip á að vera. Að vísu má reikna með því að slíkt skip geti skilað fjármagni upp í fjármagnskostnað að hluta. En veiðieftirlit er eins og annað eftirlit, er eins og önnur gæsla í landinu. Hún borgar sig ekki í beinhörðum peningum, en hún borgar sig þegar á heildina er litið og því má ekki rugla saman. Þarna er annars vegar um að ræða veiðimennsku og hins vegar löggæslu. Hvort tvegga hlýtur að kosta sitt. Annað kann að gefa beina peninga, en hitt ekki.

Af hverju ætti veiðieftirlitsskip ekki að geta skilað ákveðnum hluta af kostnaði með þeim afla sem skipið óhjákvæmilega hlyti að fá í starfi sínu? Af hverju ekki? Af hverju ekki að koma því í lóg í stað þess að gera eins og t.d. vitað er að sumir togarar gera? Þeir henda smáfiskinum. Það er líka vitað að sumir frystitogararnir henda hluta aflans sem ekki hentar þeim í vinnsluna hverju sinni. Þeir eru ekki háðir neinu eftirliti. Það eru undantekningar ef veiðieftirlitsmenn fara þar um borð. Það á að tala um hlutina eins og þeir eru, blákalt og ákveðið. Auðvitað kemur það illa við einhverja. Það er ekki verið að dæma alla þrátt fyrir það. Það er verið að benda á undantekningarnar og sem betur fer eru þær vonandi ekki of margar miðað við heildina. En hver einasta er samt of mikið.

Það var eins og hv. þm. væri þeirrar skoðunar að veiðieftirlitsskip ætti eingöngu að veiða smáfisk. Ég skil nú ekki slíkt sjónarmið. Menn ráða sem betur fer ekki alveg í hvaða fiskstærð þeir setja þegar þeir kasta vörpunni í sjóinn.

Það var rætt um það hvort rifta ætti samningi við Hafþór. Auðvitað á að rifta samningi við Hafþór ef það hefur verið gerður samningur á röngum forsendum. Af hverju ætti ríkissjóður, Hafrannsóknastofnun að eiga skip til þess að leigja einstaklingum til veiða? Eitt skip. Ef það er ekki þörf fyrir skipið þá á að selja það. En það er þörf fyrir skipið og þýðir ekkert að binda sig við það þó að hv. þm. komi af því landsvæði þar sem þessi togari er í nýtingu. Það er sjálfsagt mál að rifta samningi, ganga til nýrra samninga. Það getur tekið einhvern tíma. Það er líka jafnljóst að þó að sérstakt veiðieftirlitsskip komi til starfa við landið þá þarf jafnframt, a.m.k. um sinn, að hafa eftirlitsmenn í ýmsum skipum. Það er ekki verið að loka dyrum á það. Það er verið að opna þetta mál af því að það er brýn þörf. Og allir sem vilja vita og vilja horfast í augu við þessa hluti eru sammála um það. Það er ófremdarástand. Það kann að vera einhver ágreiningur um leiðina en markmiðið á að vera það sama.

Smásögurnar um það hvernig menn færast undan því að fara með veiðieftirlitsmenn á svæði sem eru líkleg til að hafa smáfisk, auðvitað eru þær sannar. Auðvitað segir það sig sjálft að skipstjóri á togara sem fær eftirlitsmann um borð velur ekki í fyrsta lagi það svæði þar sem hann á kannski von á smáfiski, ekkert endilega. Það getur verið miklu stærri fiskur, en hann velur ekki það svæði sem er líklegast til að verða til þess að hann verði rekinn í burt, eyði dýrmætum tíma, dýrmætu tæki í eintóman kostnað. Það þýðir ekkert að vera að slétta yfir svona hluti og kalla það árás á menn. Ef ríkissjóður ætti skipið þá getur eftirlitsmaðurinn farið þangað sem hann vill. En auðvitað er réttur skipsins og skipshafnar og eigenda þess meiri en veiðieftirlitsmannsins og á að vera það nema ríkið greiði þá fyrir það og það gerir ríkið ekki. Þessu er ástæðulaust að rugla saman.

Ef það eftirlitskerfi sem hefur verið í veiðieftirlitinu er árangursríkt, eins og hv. þm. sagði og benti á að með ólíkindum væri hversu oft væru lokuð ýmis svæði, hver er þá þörfin ef eftirlitsmenn gætu sjálfir ráðið ferðinni í þessum efnum? Ef happa- og glappaaðferðin réði ekki? Hver væri þá þörfin? Veiðieftirlitsmenn eru að öllu jöfnu reyndir menn, margir reyndir togaraskipstjórar og sjómenn og þeir vita sínu viti. Þegar maður talar við þessa menn þá koma í ljós hlutir, atvik og staðreyndir sem undirstrika þörfina á að stórefla veiðieftirlit við landið. Menn mega einfaldlega ekki í þessu máli festast í þeirri gildru að horfa til eins landsvæðis frekar en annars. Það er ósköp einfalt fyrir mig sem þm. Sunnlendinga að segja að þetta óheyrilega smáfiskadráp valdi því að minni fiskur en ella komi á Suðurlandsmið því að það er rétt. Þetta mál verður hins vegar að hugsa miklu lengra. Menn mega ekki loka augunum og telja að verið sé að ráðast á eitt landsvæði fremur enn annað. Þetta er heildarmál sem verður að taka á. Það er ekki verið að fjalla um þetta mál vegna þess að mesta smáfiskadrápið er eðlilega við bæjar-

þröskuld Vestfjarða. Þar er mest af smáfiskinum. Það er ekki verið að skamma Vestfirðinga fyrir það. Ekki réðu þeir þeim þætti lífríkisins þó að þeir ráði ýmsu. (**EKG:** Þeir ráða ekki nógu.) Sumum þykir nú nóg um, hv. þm. Og ég er alveg sammála því sem kom fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Það er stórbrýnt að auka og endurskoða eftirlitið. Það er ekki meginmál að mínu mati hvernig þessi till. er orðuð heldur að málefnið nái fram og þessi skrípaleikur hætti.

Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um nauðsyn þess að endurskoða þetta kerfi og leiðir það nú í rauninni af sjálfu sér ef til á að koma sjálfstætt veiðieftirlitsskip sem er tilbúið. En nær væri að selja þau skip sem ekki er þörf fyrir að nota og eru í eigu ríkisins eða er til eitthvað sem heitir skipaútgerð ríkisins í fiskveiðiskipum?

Nei, þessar dylgjur voru ekki vænar og þær voru ekki rökréttar því að það er ástæða til þess að fjalla um þessi mál án þess að vera með nokkurt pjatt. Smáfiskadrápið er of mikið, veiðieftirlitið er of slakt og úr því þarf að bæta.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég verð að játa það að ég skildi ekki síðustu orð hv. síðasta ræðumanns um „pjatt" í þessum efnum. Málflutningur minn byggðist á því að ræða mjög efnislega um sjálfa tillgr., sjálfa till. til þál., og ég tók hana lið fyrir lið. Ég lít ekki þannig á og verð að lýsa mig algjörlega andvígan síðasta ræðumanni um það að þetta sé einhver „pjatttillaga". Ég held þvert á móti að hér sé um að ræða efnislega tillögu (**Gripið fram í:** Pjattmálflutningur hjá hv. þm.) og það hafi gefið tilefni til efnislegrar umfjöllunar. Þess vegna fjallaði ég efnislega um þessa þáltill. og fagna því að hv. síðasti ræðumaður dró í land þegar hann sagði að það sé ekki meginmál hvernig greinin sé orðuð.

Ég leit þannig á að till. til þál. væri meginmálið, væri aðalmálið sem hér er verið að reka. Ef till. hefði verið almennt orðuð á svipuðum nótum og hv. þm. Kjartan Jóhannsson nefndi og mér fannst hv. 1. þm. Suðurl. líka vera farinn að taka undir hefði ég vissulega getað samsinnt henni.

Mér er það ekki trúaratriði að halda fast í núverandi fyrirkomulag við veiðieftirlit. Það má vel vera að til séu áhrifaríkari og betri leiðir sem jafnframt eru raunhæfari. Þá er að skoða þær og framkvæma eftir atvikum ef það er mögulegt. Hins vegar harmaði ég það að þessi till. skyldi koma fram með þeim hætti, eins og hún var efnislega sett fram, og hefði, ef eftir því hefði verið leitað, gjarnan viljað leggja á ráðin um aðra hugsun, aðrar hugmyndir. Ég verð að játa það að ég hafði ekki lesið grg. gaumgæfilega fyrr en nú undir umræðunum.

Hv. þm. spurði hvort veiðieftirlitsskip ætti fyrst og fremst að veiða tóman smáfisk. Ef það er meginverkefni skipsins að vera á smáfiskslóðinni til að koma í veg fyrir smáfiskadrápið fer einhvern veginn ekki hjá því að smáfiskurinn hlýtur að verða uppistaðan í aflanum.

Ég vil í þessu sambandi, af því að menn eru að ræða hér um aðrar leiðir, vekja athygli á því að á síðasta sumri fóru fram merkar tilraunir með nýtt veiðarfæri sem Guðni Þorsteinsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, hafði hannað. Markmiðið var það að reyna að draga úr hlut smáfisks í afla. Eftir blaðafregnum að dæma bindur Guðni Þorsteinsson verulegar vonir við þetta veiðarfæri. Vissulega væri ástæða til þess að styrkja þetta framtak frekar og auðvitað gæti það verið liður í því að draga úr smáfiskadrápinu.

Ég endurtek það síðan að ég tel að þessar tillögur, sem hér eru fram settar, séu ekki raunhæfar. Ég hef ekkert á móti því að taka það kerfi sem nú ríkir við veiðieftirlitið til endurskoðunar. Ég tel þær hugmyndir sem hér er bent á ekki raunhæfar. Ég hefði líka talið þýðingarmikið í þessu sambandi að samvinna við sjómenn væri sem best. Mér finnst einhvern veginn að tónninn í grg. sé ekki þesslegur að hann hvetji til þess.

Ég minni á það að fyrir nokkrum árum fóru fram afskaplega leiðinlegar umræður um nákvæmlega þetta efni á síðum dagblaða og í fjölmiðlum. Togarasjómenn töldu að sér vegið og sínum hagsmunum. Ég geri mér grein fyrir því að þeir sem upphafinu ollu þar gerðu sér ekki ljóst út í hvað þeir voru að fara og höfðu örugglega ekki í huga alla íslensku sjómannastéttina. Engu að síður voru þetta viðbrögð sjómannanna og ég hefði talið að þetta hefði átt að nálgast í grg. af mun meiri nærfærni. Ég fullyrði það að langstærstur hluti íslensku sjómannanna er ákaflega þjóðhollur hópur manna sem vilja ganga um fiskimiðin af skynsemi.

Það má vel vera að í einhverjum tilvikum séu til menn sem ekki virða þetta sjónarmið og sjálfsagt eru þeir til, en það er ekki hægt að láta þann tón vera áberandi að þetta eigi við um sjómenn almennt því ég er þess fullviss að svo er alls ekki, nema síður sé.

Kjarni málsins er auðvitað sá að við þurfum að hafa þannig veiðieftirlitskerfi að það sé virkt. Ég bendi á að það kerfi sem við höfum búið við upp á síðkastið hefur orðið æ virkara. Það hefur orðið æ betra. Þessi fjöldi skyndilokana sem ég nefndi bendir auðvitað til þess að þetta kerfi skili verulegum árangri. Það er ekki nokkur vafi á því. Það er heldur ekki hagur sjómanna sjálfra að leita eftir þessum fiski sem bæði er verðminni og kostar miklu meiri vinnu. Varðandi það hvort komið sé með þennan afla að landi eða ekki bendi ég á það að í kvótalögunum fram til síðustu áramóta var ákvæði þess efnis að þessi afli væri fyrir utan kvóta, þannig að það var engin ástæða fyrir menn að henda honum í sjóinn þess vegna. Nú er að vísu aðeins þrengra kerfi en samt gert ráð fyrir því að mig minnir að ⅔ hlutar þess afla sem telst undirmálsfiskur séu utan kvóta.

Herra forseti. Ég tel, og er sammála þeim sem hér hafa talað, að þessi mál þurfi ekkert að ræða á

tilfinningagrunni. Þau hljóta hins vegar að kalla á ákveðin viðbrögð. Tillgr. er þannig fram sett að hún gat ekki annað en kallað á ákveðin viðbrögð. Við skulum ekkert horfa fram hjá því að það ríkir í þessum efnum ágreiningur milli landshluta. Ég fyrirverð mig ekkert fyrir það að vera í forsvari fyrir ákveðin sjónarmið í þessu sambandi og tel mig ekki þurfa að biðjast neinnar afsökunar á því.

Ég tel að tillgr., eins og hún er orðuð hér, sé ekki líkleg til þess að ná árangri vegna þess að ég tel — og ég endurtek það — að hún sé óraunsæ. Ég er hins vegar reiðubúinn að skoða þetta kerfi í sjálfu sér og kanna hvort ef menn geta fundið aðrar leiðir vænlegri og líklegri til að ná árangri.

Björn Gíslason:

Herra forseti. Það sem fær mig til að standa hér upp er að styðja hv. 1. þm. Vestf. í þeirri gagnrýni sem hann hefur haft hér uppi um þessa ályktunartillögu. Ég held satt að segja að það sem fyrir tillögumönnum vaki sé komið til af góðu einu því að við hljótum öll að vera sammála um það að við þurfum að hefta þetta smáfiskadráp sem hefur viðgengist.

Ég held hins vegar að till. leysi ekki það verkefni, eitt veiðiskip sem á að fylgjast með á öllu þessu stóra hafsvæði sem um er að ræða. Menn hafa orðið varir við það að lokunum er beitt bæði fyrir vestan, fyrir austan og fyrir norðan, allt á sama tíma, og ég get ekki séð hvernig eitt skip á að leysa það.

Við urðum margs vísari t.d. þegar þm. fóru inn á Hafrannsóknastofnun. Þeir eiga þrjú skip. Þeir sögðu okkur þar að þau væru bundin þó nokkuð stóran hluta úr árinu. Ef hægt er að auka fjármagn til þessarar starfsemi hlýtur að vera hægt að nýta þessi skip betur, m.a. til þessara eftirlitsstarfa. Þá minni ég á það að Landhelgisgæslan hefur ekkert hlutverk eins og nú er. Þeirra skip eru meira og minna verkefnalaus líka. Því ekki að efla þá starfsemi sem við höfum á þessu sviði? Við getum nýtt okkar fjármuni betur þannig, með því að styrkja það kerfi sem við höfum. Við höfum kerfi veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum. Við gætum hugsanlega sett upp kerfi þar sem Hafrannsóknastofnun kæmi inn í með sínum skipum og nýtt þau betur. Eins gæti Landhelgisgæslan komið þarna inn í. Þá værum við komnir með miklu víðfeðmara kerfi sem mundi ná þessum tilgangi, held ég, betur en þessi till. reiknar með með einu skipi.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég hef ekki haft neina ástæðu til þess að draga í land í þessum umræðum. Heldur er vansagt en ofsagt.

Það hefur verið vikið að því að æskilegt hefði verið að hafa aðra hugsun í till. Það er endalaust hægt að finna flöt á því en till. byggist ekki á hugmyndum, hún byggist á staðreyndum og það þarf þá að hugsa til annarra staðreynda. Markmiðið er hins vegar það sama og niðurstaðan sú sama.

Það er hagsmunamál allra sjómanna landsins að skynsamlega sé staðið að fiskveiðum við Ísland. Það á ekki að vera tjaldað til einnar nætur í þeim efnum. Því þykist ég tala fyrir munn sjómanna almennt í landinu þegar ég legg á það áherslu að skynsamlega og markvisst þurfi að standa að fiskveiðum við landið og veiðieftirliti. Þar eiga allir jafnan hlut og vandamál sem upp kunna að koma þarf að taka til meðferðar og þau þarf að leysa.

Ég er sammála hv. þm. Einari Kr. Guðfinnssyni að þorri íslenskra sjómanna vill ganga vel um íslensku fiskimiðin, en undantekningar eru þó margar og aðeins ein er of mikið. Það er geipileg samkeppni í þessum stóra flota togara sem fiskar við landið og menn eru þar reknir umsvifalaust ef þeir skila ekki ákveðnu aflamagni á land og enginn gerir athugasemd við það þótt allt verði vitlaust og tryllt ef einum embættismanni er vikið úr starfi, opinberum embættismanni. Þarna er mikill munur á og allt önnur viðmiðun en þetta er engu að síður staðreynd eins og annað sem ég hef bent á.

Það kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, Björns Gíslasonar, að veiðieftirlitið þyrfti að verða virkt. Það er jafnljóst að þó að sérstakt eftirlitsskip kæmi eins og hér er fjallað um þarf, eins og ég gat um í máli mínu, áfram að hafa veiðieftirlitsmenn í flotanum í heild og mun ríkari samvinnu þar á milli.

Herra forseti. Ég get lokið máli mínu með því að hvetja til þess að till. verði rædd í fyllstu alvöru og að gengið verði til þess að endurskoða veiðieftirlitið með því að auka það eins og till. gefur tilefni til og að almenn og markviss skipulagning eigi sér stað í veiðieftirliti við Ísland.

Karl Steinar Guðnason:

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að þakka hv. 1. flm. fyrir að vekja máls á veiðieftirlitinu, hversu ómarkvisst það er og umdeilanlegt. Það kemur fram í umræðum að það er deilt mjög um þessi mál og það er ekki aðeins gert hér, það er gert um allt land. Um einn hóp veit ég sem er alveg sammála þessu og það eru veiðieftirlitsmennirnir sjálfir. Þeir telja upp til hópa að starf þeirra sé mjög ómarkvisst. Þeir hafa ýmsar hugmyndir uppi um úrbætur í þessum efnum. Ég veit að sú hugmynd sem hv. flm. reifar hér er ein þeirra og ég lít svo á að till. sé upphafið að frekari skoðun á þessum málum, endurskoðun, og það þarf vissulega að gera á breiðum grundvelli. Það má vissulega finna að ýmsu í tillöguflutningi manna en ég hygg að aðalatriðið skipti mestu máli og það er hugsunin sem er á bak við till. Þessi till. á eftir að fara í nefnd og þar verður væntanlega tekið á henni á þann hátt að úrbætur verði fram kallaðar. En hér hefur verið ýtt úr vör og bera flm. og meðflutningsmönnum þakkir fyrir það. Ég er einn þeirra sem telja að veiðieftirlitinu sé mjög ábótavant og að nauðsynlegt sé að skoða málin og gera úrbætur. Þó að þær séu kostnaðarsamar held ég að þær skili árangri því að svo mikið er í húfi.

□□□

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Steinataka í náttúru Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 326. mál. — Þskj. 642.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar.

Meðflutningsmenn eru hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir og Kristín Halldórsdóttir. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif steinatöku á náttúru Íslands. Hert verði eftirlit til varnar náttúruskemmdum með steinatínslu og tollgæslu falið að fylgjast með útflutningi á íslenskum steinum."

Það bendir allt til þess að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu og vitað er að erlendir ferðamenn og íslenskir aðilar flytja út íslenska steina í stórum stíl og selja á erlendum markaði. Í erlendum ritum steinasafnara hefur það aukist undanfarin ár að birt eru kort og greinar frá Íslandi um forvitnilegustu steinatínslusvæði og er þar víða um að ræða svæði sem eru með sjaldgæfum steintegundum og í sumum tilvikum svæði þar sem bannað er að tína steina. Engin sérstök könnun hefur farið fram á vegum íslenskra vísindamanna. Dr. Sveinn Jakobsson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, telur fulla ástæðu til að kanna skipulega áhrif steinatöku á náttúru Íslands og er Náttúrufræðistofnun Íslands reiðubúin að taka það verkefni að sér. Samkvæmt kostnaðaráætlun má reikna með að það kosti 200–300 þús. kr. að gera þá könnun sem þarf til þess að marka stefnu í þessu máli.

Ísland hefur um langan aldur verið vel kynnt vegna fallegra holufyllinga, þ.e. steintegunda sem myndast hafa í holrými bergs við jarðhitaummyndun. Algengustu holufyllingarnar eru kvarssteinar, silfurberg og geislasteinar. Hér á landi eru þekkt 12 afbrigði kvars, 2 afbrigði kalsíts, en geislasteinar skiptast í 20 tegundir. Auk þess eru fágætari tegundir holufyllinga, en þær skipta mörgum tugum.

Holufyllingar er einkum að finna í bergmyndunum frá tertíertíma. Þessi svæði eru mikilvægust: Austurland, svæðið frá Hornafirði í Borgarfjörð eystri; Suðvesturland, svæðið frá Esju í Norðurárdal í Borgarfirði; Austur-Barðastrandarsýsla, svæðið frá Kollafirði í Gufufjörð; og Eyjafjarðarsýsla, svæðið frá Svalbarðsströnd í Siglufjörð. Síðan eru margir einstakir staðir utan þessara svæða sem of langt mál yrði að telja upp hér.

Bergmyndanir eru víðast hvar viðkvæmar fyrir steinatínslu. Þetta stafar af því að endurnýjun er mjög hæg. Það dæmi skal tekið að sé venjuleg fjallsskriða hreinsuð af holufyllingum má ætla að nokkrir áratugir líði áður en allt er komið í samt horf á ný.

Ásókn í þessar holufyllingar hefur aukist til muna, einkum undanfarinn áratug. Fyrir þessu eru eftirfarandi ástæður helstar: Áhugi almennings á steinafræði hefur vaxið mjög hér á landi, samfara auknum ferðalögum innan lands. Áhugi útlendinga á íslenskri steinafræði hefur aukist, m.a. vegna greina sem birst hafa í erlendum tímaritum um íslenska steinafræði.

Ástæða er til að ætla að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu, einkum í Berufirði, Eskifirði, Breiðdal, Hvalfirði og á Hjallahálsi (sem er á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar). Auk þess hefur öll umgengni á þessum stöðum versnað. Yfirleitt er útlendingum kennt hér um, en telja má öruggt að áhrif þeirra séu orðum aukin þó þau séu slæm. Stór hópur Íslendinga fæst nú við steinasöfnun. Þannig eru nú 75 íslenskir steinasafnarar á skrá hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en ætla má að þeir fari í söfnunarferðir reglubundið. Hitt ber á að líta að söfnun útlendinga er alvarlegri að því leyti að sýnishornin hverfa úr landi. Auk þess hefur það sýnt sig í umgengni á hinum ýmsu steinasvæðum að útlendingar ganga harðar að náttúru landsins en íslenskir steinasafnarar sem margir hverjir og allflestir bera mjög mikla virðingu fyrir náttúrunni þó svo þeir gangi í sjóði hennar.

Það hefur lítið verið gert af því að rannsaka steinatöku á hinum ýmsu svæðum og því nauðsynlegt að kanna allt landið í þessu tilliti, sérstaklega þar sem slík könnun kostar ekki mikla peninga. Það þarf að athuga gaumgæfilega hvort friða eigi ákveðin svæði fyrir steinatínslu. Steintegundir eru mjög mismunandi að stærð. Sama tegundin er í sumum tilvikum aðeins brot úr millimetra í þvermál, í öðrum tilvikum tugir sentimetra á lengd og því ekki gerlegt að friða ákveðnar tegundir. En ástæða er til að huga að þýðingu fræðslustarfs í samstarfi við Náttúruverndarráð og einnig hvort auka eigi eftirlit með farangri útlendinga, einkum á Seyðisfirði. Benda má á að það er tiltölulega auðvelt mál að framkvæma að stefna að því að þegar ráðnir eru sumarmenn til tollgæslu á skipaleiðir til landsins, farþegaleiðir, þá sé þar t.d. jarðfræðinemi ráðinn til starfa sem geti haft eftirlit með þessum þætti mála.

Það eru allmörg dæmi um það að útlendingar komi til landsins með erlend steinarit þar sem prentuð eru kort yfir forvitnilegustu steinasvæði á landinu. Þess eru dæmi að útlendingar komi í stórum fjallabílum, aki beint frá borði til fjalla, fylli sína bíla af íslenskum náttúruverðmætum í formi steina og haldi síðan beint til skips, tali vart við nokkurn mann á okkar landi. En það er ekki það versta. Það versta er að missa þessa steina þar sem þeir eru sjaldgæfir, þar sem þeir eru fágætir og ástæða til þess að vernda þá, að missa þá úr landi.

Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnargarðar sunnan Markarfljótsbrúarinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 340. mál. — Þskj. 670.

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um áætlun um varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar. Meðflm. eru hv. þm. Egill Jónsson, Halldór Blöndal, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að fela Vegagerðinni að gera áætlun um byggingu varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar.

Áætlunin liggi fyrir áður en endanlega verður lokið við hönnun brúarinnar, brúarstæði og fjármögnun og áður en framkvæmdir hefjast árið 1990. Áætlunin miði að stöðvun landbrots neðan Markarfljótsbrúar og flóðahættu vestur og austur með strandlengjunni."

Það er staður á landinu sem heitir Hrafntinnusker, 100 km frá sjó. Þar á upptök sín fljót sem einfaldlega ber nafnið Fljótið. Þar er lygnt og rólegt vatn, sem rennur til sjávar, við þetta fyrirferðarmikla og fallega náttúrufyrirbæri og háu bungu sem heitir Hrafntinnusker, sem er í 1128 metra hæð yfir sjó og telst til Torfajökulssvæðis. Frá rótum þess rennur Fljótið sem svo er nefnt þarna, meinleysislegt og lygnt, en síðan bætast í það heil ósköp af ám eftir að ferð þess er hafin hina löngu leið til sjávar.

Fyrst eru það kvíslarnar í Reykjadölum, svo koma Blautakvísl, Laufalækur, Hagafellskvísl, Ljósá, Hvítmaga, Torfakvísl, Bratthálskvísl, Bláfjallakvísl, Kaldaklofskvísl, Innri-Emstruá, Þverá, Fremri-Emstruá, Ljósá, Þröngá, Gilsá, Krossá, Steinholtsá og Jökulsá. Þá heitir fljótið einu nafni Markarfljót og er löngu hætt að vera meinleysislegt þegar svo er komið sögu. Það hefur grafið sér djúpan farveg. Grjótmylsna sem það ber með sér sagar og sagar aldirnar út í gegn og bakkarnir eru orðnir allt upp í 200 metra háir þar sem það hefur ekki getað fært sig til hliðar. Markarfljót malar niður bakkana sandborna og hleður undir sig, hækkar sig sjálft uns það lónar upp á þá og finnur sér nýjar leiðir. Þess á milli tekur það til við að bera með sér fram það sem rutt hefur verið niður og þá myndast mjög háir bakkar. Þá hefur kannski orðið til rás einhvers staðar úti á aurnum þar sem það unir sér í einhvern tíma. Þannig hefur það fært sig til og frá svo skiptir km síðan farið var að hafa áhrif á rennsli þess síðustu 40–50 árin. Lengst af urðu menn að lúta valdi Markarfljóts, en á síðari áratugum með aukinni tækni og framþróun hefur Markarfljót að hluta orðið að lúta valdi mannlegrar tækni.

Það hafa orðið stórfelldar landskemmdir á undanförnum árum á ræktuðu landi sunnan Markarfljótsbrúar, en á nær hálfrar aldar tímabili hefur landbrot við neðanvert Markarfljót átt sér stað á þúsundum hektara, en landbrotið er mest á 8 km löngu ræktuðu landi og þar hefur fljótið rutt sér allt að tveggja kílómetra leið til vesturs inn í hið ræktaða land. Verulegt landbrot hefur einnig orðið austan fljótsins. Eins og landið er nú óvarið vestan fljótsins er mikil flóðahætta vestur með strandlengjunni allt vestur á Krosssand og þar með er byggð í Austur-Landeyjum og vatnsveituhús og Vatnsveita Vestmannaeyja á ströndinni í verulegri hættu. Sveitarstjórnir á svæðinu hafa hvatt til þess að ráðist verði í gerð varnargarða vegna landbrotsins og fyrrgreindrar hættu.

Það segir sig sjálft og hefur reyndar sýnt sig fyrir skömmu hve mikið er í húfi að Vatnsveita Vestmannaeyja hafi styrka stöðu á þeirri leið sem hún er á á fastalandinu því það er dýrt spaug stöðvist hin umfangsmikla vinnsla sem á sér stað í stærstu verstöð landsins, Vestmannaeyjum.

Vegagerð ríkisins hefur undirstrikað að smíði nýrrar brúar yfir Markarfljót og bygging nýs vegarstæðis að brúnni sé með arðsömustu framkvæmdum í vegagerð á Suðurlandi. Áætlað er að framkvæmdir við brúna hefjist árið 1990, en allt mælir með því að þeim framkvæmdum verði flýtt svo sem auðið er. Gamla brúin er farin að gefa sig og um hana er eina leiðin yfir Markarfljót. Framkvæmdir við varnargarða á svæðinu ofan og neðan brúar eru tengdar brúarframkvæmdinni sjálfri og kalla á framkvæmdir vegna flóðahættu, leiðin með suðurströndinni styttist allnokkuð með nýju brúnni, um 6 km, og ekki er unnt að ljúka lagningu varanlegs slitlags frá Landeyjum og undir Eyjafjöll fyrr en með smíði brúarinnar.

Fordæmi eru fyrir því í framkvæmdum Vegagerðar ríkisins að í stærri verkefnum á sviði brúarsmíði annist Vegagerðin einnig gerð nauðsynlegra varnargarða. Vegagerðin hefur þegar undirbúið gerð varnargarða ofan Markarfljótsbrúarinnar og unnið að því að styrkja þá miklu garða sem þar eru því nauðsyn er á því. Þess vegna er eðlilegt að Vegagerðin sjái jafnframt um áætlanagerð neðan brúar þótt hluti áætlunar hljóti að verða unninn í samvinnu við Landgræðslu ríkisins sem lög gera ráð fyrir að sjái um varnargarða og fyrirhleðslur. Mikilvægt er að bygging varnargarða neðan Markarfljótsbrúar verði ákveðin samhliða brúarsmíðinni eða í nánum tengslum við hana til þess að nýta vélakost og flýta brýnu verki.

Markarfljót er tíunda vatnsmesta fljót landsins með um 60 rúmmetra rennsli á sekúndu. Á einum sólarhring skilar fljótið um 5 millj. tonna af vatni til sjávar og á einum sólarhring ber fljótið fram um 6000 tonn af sandi eða um 250 tonn á klukkustund að sögn dr. Hreins Haraldssonar sem hefur skrifað doktorsritgerð um Markarfljót. Þarna er á ferð mikið magn af vatni og sandi og því rík ástæða til þess að bregða við með viðráðanlegum aðgerðum áður en yfirvofandi hætta verður að vandamáli.

Það er ástæða til að hvetja til markvissra taka á þessu máli, að láta gera þá áætlun sem hér er lagt til

strax. Ákveðin gögn liggja fyrir og það er ekki stórmál að láta gera þessa áætlun. En það er eðlilegt að hún sé gerð áður en lagt er í brúarframkvæmdina yfir Markarfljót sem er á næstu grösum, yfir þennan mikilvæga hlekk í hringveginum og eðlilegt að Vegagerðin stýri því eins og hún hefur þegar gert ákveðnar vinnutillögur um breytingu garða fyrir ofan nýju brúna með tilliti til brúarstæðis og rennslis um Markarfljót.

Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðgerðir í sjávarútvegi (243. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 5584, 5608, 5609.
Áfengisfræðsla (322. mál) 5600.
Búnaðarmálasjóður (323. mál, viðbótargjald) 5604.
Drengskaparheit unnið 5547, 5584, 5646.
Efling Ríkisútvarpsins (288. mál) 5664.
Endurskoðun lánskjaravísitölu (296. mál) 5683.
Hávaðamengun (185. mál) 5643.
Húsnæðisstofnun ríkisins (299. mál, skipting lána milli kjördæma o.fl.) 5586.
Húsnæðisstofnun ríkisins (329. mál, lán til leiguíbúða) 5632.
Jarðakaup (334. mál) 5639.
Könnun á búrekstraraðstöðu (262. mál) 5636.
Launabætur (265. mál) 5547, 5641.
Lyfjafræðslunefnd (321. mál) 5597.
Mat á heimilisstörfum (289. mál) 5646.
Neyðarsími (302. mál) 5693.
Steinataka í náttúru Íslands (326. mál) 5709.
Umræður utan dagskrár 5610 (iðgjaldahækkanir bifreiðatrygginga).
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 5545, 5583, 5641, 5645.
Varnargarðar sunnan Markarfljótsbrúarinnar (340. mál) 5711.
Veiðieftirlitsskip (325. mál) 5695.
Verðtrygging (304. mál) 5656.
Þjónusta og ráðgjöf sérskóla (328. mál) 5689.
Öryggismálanefnd sjómanna (324. mál) 5628.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5545, 5547, 5583, 5584, 5641, 5645, 5646.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 5610.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 5558, 5611, 5625.
Landbrh. Jón Helgason 5618, 5637, 5639.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 5584.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 5643, 5651.
Albert Guðmundsson 5564, 5602, 5631, 5646, 5652, 5655, 5656, 5662, 5663, 5683, 5687.
Alexander Stefánsson 5594, 5632.
Árni Gunnarsson 5552.
Árni Johnsen 5566, 5597, 5600, 5603, 5604, 5628, 5632, 5669, 5677, 5695, 5703, 5707, 5709, 5711.
Björn Gíslason 5708.
Einar Kr. Guðfinnsson 5562, 5584, 5592, 5641, 5699, 5705.
Ellert J. Eiríksson 5581, 5653.
Friðjón Þórðarson 5602, 5676.
Guðmundur Ágústsson 5625.
Guðmundur H. Garðarsson 5608.
Guðmundur G. Þórarinsson 5579, 5671, 5683, 5688.
Guðni Ágústsson 5569.
Guðrún Agnarsdóttir 5585, 5618.
Halldór Blöndal 5554, 5609.
Hjörleifur Guttormsson 5590, 5636, 5638, 5655, 5672.
Hreggviður Jónsson 5574, 5659, 5663.
Ingibjörg Daníelsdóttir 5639, 5640, 5689.
Ingi Björn Albertsson 5675, 5682, 5693.
Jóhann Einvarðsson 5621.
Jón Kristjánsson 5676.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 5547, 5645.
Júlíus Sólnes 5576, 5616.
Karl Steinar Guðnason 5608.
Karvel Pálmason 5556, 5568.
Kjartan Jóhannsson 5701.
Kristín Einarsdóttir 5592, 5659.
Kristín Halldórsdóttir 5550.
Málmfríður Sigurðardóttir 5647, 5653, 5668.
Níels Árni Lund 5670.
Ólafur Þ. Þórðarson 5678.
Ragnar Arnalds 5643.
Salome Þorkelsdóttir 5622, 5651, 5653.
Skúli Alexandersson 5560, 5585, 5608, 5610, 5627.
Svavar Gestsson 5547, 5571, 5619, 5664, 5680, 5682.
Vilhjálmur Egilsson 5586, 5596, 5661, 5663, 5686.
Þórhildur Þorleifsdóttir 5654.

SAMEINAÐ ÞING

60. fundur, mánudaginn 14. mars,
kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannókn kjörbréfa.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 11. mars 1988:

„Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. mars 1988:

„Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Guðrún Halldórsdóttir forstöðumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Guðrúnar Halldórsdóttur.

Þá hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 10. mars 1988:

„Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna þingsetu 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Elín Jóhannsdóttir, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Elínar Jóhannsdóttur.

Með því að hér hafa borist tvö kjörbréf sem þarf að leggja fyrir hv. kjörbréfanefnd er hv. kjörbréfanefnd beðin að koma nú þegar saman og taka kjörbréf þessi fyrir. Á meðan verður fundi frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Kolbrún Jónsdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Elínar Jóhannsdóttur, 2. varamanns Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, en vegna fjarveru Jóhanns Einvarðssonar, hv. 8. þm. Reykn., er óskað eftir að Elín Jóhannsdóttir taki sæti hans á Alþingi.

Enn fremur hefur nefndin haft til athugunar kjörbréf Guðrúnar Halldórsdóttur, 1. varamanns Samtaka um kvennalista í Reykjavík, en vegna fjarveru Kristínar Einarsdóttur, hv. 12. þm. Reykv., er óskað eftir að Guðrún Halldórsdóttir taki sæti hennar á Alþingi.

Kjörbréfanefnd leggur til að þessi kjörbréf verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðrúnar Halldórsdóttur samþ. með 40 shlj. atkv.

Kjörbréf Elínar Jóhannsdóttur samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Elín Jóhannsdóttir, 8. þm. Reykn. undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Elín Jóhannsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni. Eru hún og Guðrún Halldórsdóttir boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Efling Ríkisútvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG o.fl., 288. mál. — Þskj. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til félmn. með 45 shlj. atkv.

Mat á heimilisstörfum, frh. fyrri umr.

Þáltill. AG o.fl., 289. mál. — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til félmn. með 45 shlj. atkv.

Endurskoðun lánskjaravísitölu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 296. mál. — Þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 48 shlj. atkv.

Neyðarsími, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 302. mál. — Þskj. 606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og til allshn. með 46 shlj. atkv.

Verðtrygging, frh. fyrri umr.

Þáltill. AG o.fl., 304. mál. — Þskj. 610.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsskip, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 325. mál. — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til atvmn. með 42 shlj. atkv.

Steinataka í náttúru Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 326. mál. — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Þjónusta og ráðgjöf sérskóla, frh. fyrri umr.

Þáltill. ID o.fl., 328. mál. — Þskj. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til félmn. með 42 shlj. atkv.

Varnargarðar sunnan Markarfljótsbrúarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 340. mál. — Þskj. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 47 shlj. atkv.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 331. mál. — Þskj. 658.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, ber Alþingi að setja nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns. Svo er kveðið á í 15. gr. laganna að reglur þessar skuli settar með ályktun í sameinuðu Alþingi að loknum tveim umræðum.

Það heyrir til forsetum Alþingis að vinna að framkvæmd þessa lagaákvæðis. Forsetar fólu Gauki Jörundssyni, nýkjörnum umboðsmanni Alþingis, að semja drög að reglum þessum. Málið var til ítarlegrar meðferðar hjá forsetum og samráð haft við formenn þingflokkanna. Við þessa málsmeðferð voru gerðar nokkrar breytingar þar til drögin að reglugerðinni lágu endanlega fyrir í því formi sem hér er gerð till. um til þál.

Flm. þessarar till. til þál. eru, auk forseta Sþ., Karl Steinar Guðnason, forseti Ed., Jón Kristjánsson, forseti Nd., og þingflokksformennirnir Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Steingrímur J. Sigfússon og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Skal ég nú gera grein fyrir þeim reglum um störf og starfshætti umboðsmanns sem hér er gerð tillaga um.

Reglum þessum er ætlað að marka nánar starfssvið umboðsmanns og setja nákvæmari reglur um starfshætti hans en beinlínis segir í lögum nr. 13/1987. Að sjálfsögðu verður það að vera innan þess ramma sem lögin hafa ákveðið. Vík ég nú að einstökum greinum reglugerðarinnar sem hér er gerð tillaga um.

Í 1. gr. reglugerðarinnar er áréttað hvert sé hlutverk umboðsmanns Alþingis og skýrt hvaða aðilar njóti verndar samkvæmt lögum og reglum um umboðsmann. Skal sú vernd ná til allra einstaklinga sem stjórnvöld hafa afskipti af, svo og til hvers konar samtaka þeirra.

Bæði 2. og 3. gr. reglugerðarinnar afmarka starfssvið umboðsmanns. Í samræmi við grundvallarreglur laganna um umboðsmann er starfssvið umboðsmanns bundið við stjórnsýslu. Af því leiðir að umboðsmaður fjallar ekki um störf Alþingis eða dómstóla. Eru nánari reglur um það settar í 3. gr.

Í 3. gr. er einnig tekið fram í samræmi við ákvæði laganna að starfssvið umboðsmanns taki ekki til stjórnsýslu sveitarfélaga nema um sé að ræða ákvarðanir sem skotið verði til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Er þess vegna ljóst að afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarfélaga eru takmörk sett.

Í 4. gr. reglugerðarinnar er að finna meginreglur um það hver geti verið aðdragandi þess að umboðsmaður taki mál til meðferðar. Er það annars vegar á grundvelli kvörtunar frá aðila sem telur rétti sínum hallað eða hins vegar að eigin frumkvæði umboðsmanns. Í 5. gr. er síðan rakið hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt til að umboðsmaður taki kvörtun til meðferðar.

Í 6. gr. reglugerðarinnar er gerð grein fyrir því hvaða heimildir umboðsmaður hafi til að krefja stjórnvöld um nauðsynlegar skýringar vegna mála sem hann fjallar um og frekara ákvæði um gagnaöflun umboðsmanns eru síðan ákvæði í 7. gr.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að umboðsmaður athugi þegar í upphafi eftir að kvörtun hefur borist honum hvort fullnægt sé skilyrðum laga fyrir því að hann taki mál til athugunar. Leiði þessi frumathugun umboðsmanns í ljós að svo sé ekki tilkynnir hann þeim, sem kvörtun hefur lagt fram, þá niðurstöðu sína og er málsmeðferð þar með lokið af hálfu umboðsmanns.

Ef umboðsmaður telur hins vegar rétt að taka mál til meðferðar eru nánari ákvæði um málsmeðferð og málsúrslit í 9. og 10. gr. reglugerðarinnar. Fjallar 9. gr. um málsmeðferðina og er hún í megindráttum á þá leið að málsaðilum, þ.e. þeim sem kvörtun hefur borið fram og viðkomandi stjórnvaldi, skuli gefinn kostur á að skýra sjónarmið sín og leggja fram nauðsynleg gögn. Í 10. gr. er síðan gerð grein fyrir því með hvaða hætti umboðsmaður geti lokið máli sem hann hefur tekið til meðferðar.

Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um heimild umboðsmanns til þess að gera athugasemdir út af ágöllum sem hann verður var við að séu á lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða starfsháttum í stjórnsýslu.

Þá er í 12. gr. reglugerðarinnar ítrekuð sú regla laganna um umboðsmann Alþingis að hann skuli gefa Alþingi árlega skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og að skýrsluna skuli prenta og gefa út opinberlega fyrir 1. sept. ár hvert. Tekið er hins vegar sérstaklega fram að skýrslunni skuli skilað til Alþingis fyrir 1. mars ár hvert. Gefst Alþingi þá kostur á að fjalla um skýrsluna áður en hún er gefin út.

Ákvæði um starfsmenn umboðsmanns er að finna í 13. gr. reglugerðarinnar. Engin ákvæði eru um það í lögunum um umboðsmann hvernig með skuli fara ef umboðsmaður víkur sæti í ákveðnu máli. Er nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns og er það að finna í 14. gr. reglugerðarinnar. Þar er lagt til að forsetar Alþingis skipi mann til að fara með mál þegar svo stendur á.

Regla laganna um þagnarskyldu umboðsmanns og starfsmanna hans er ítrekuð í 15. gr. reglugerðarinnar.

Gert er ráð fyrir að reglur þessarar þáltill. um störf og starfshætti umboðsmanns öðlist þegar gildi er Alþingi hefur samþykkt þær.

Hæstv. forseti. Umboðsmaður Alþingis hefur miklu hlutverki að gegna. Honum ber að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga. Og Alþingi skapar einstaklingum tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti. Umboðsmaður Alþingis tekur við kvörtunum á hendur stjórnvöldum og stjórnsýslumönnum frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaður rannsakar þessar kvartanir og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Þannig á umboðsmaður að geta orðið borgurunum til trausts og halds gegn mistökum eða vanrækslu frá hendi stjórnvalda. Með þessum hætti er stuðlað að auknu réttaröryggi borgaranna, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og virkari.

Reglugerð sú, sem hér er gerð till. um til þál., er við það miðuð að umboðsmaður megi sem best gegna því mikilvæga hlutverki sem lögin nr. 13 frá 1987, um umboðsmann Alþingis, gera ráð fyrir.

Það var mikill og sögulegur viðburður þegar Alþingi ákvað að setja á stofn embætti umboðsmanns. Með því er komið á sérstöku eftirliti löggjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu sem er á sinn hátt hliðstætt því eftirliti sem Alþingi tók sér með því

að taka Ríkisendurskoðunina til sín frá fjmrh. Á síðasta ári kom Ríkisendurskoðunin til Alþingis. Á þessu ári kemur umboðsmaður Alþingis til. Það er vissulega skammt stórra tíðinda á milli. Staða Alþingis hefur verið stórefld og hlutverk þess aukið til þess að það megi hafa eftirlit og fylgja eftir því að fyrirmælum þess og lögum sé fylgt.

Afar mikilvægt er að sem víðtækust samstaða sé um slík mál er varða svo mjög stöðu og hlutverk Alþingis. Sú hefur líka raunin verið. Við undirbúning þeirrar reglugerðar sem hér er gerð tillaga um hefur þetta mjög verið haft í huga. Forsetar Alþingis hafa leitað eftir sem víðtækastri samstöðu þingflokkanna um þetta mikilvæga mál. Það er afar áríðandi að um hið nýja embætti umboðsmanns megi ríkja friður og eining svo að skapa megi embættinu þegar í upphafi það traust almennings sem er svo mikilvægt til þess að gefa því það áhrifavald sem er forsenda þess að markmiðum þess verði náð til hjálpar þeim sem eru aðstoðar þurfi og ekki síst þeim sem eru minni máttar í samfélagi okkar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að till. þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir síðustu orð flm. þeirrar þáltill., sem er til umræðu á þskj. 658, um að áríðandi sé að það sé samstaða um embætti umboðsmanns Alþingis og að umboðsmaður Alþingis verði sá aðili að þeir sem telja sig vera misrétti beitta í þjóðfélaginu og þá sérstaklega af opinberum aðilum, af kerfinu sjálfu, hafi greiðan aðgang að einhverjum ákveðnum aðila eins og t.d. hér er lagt til, umboðsmanni Alþingis. En ég verð því miður að gera þá athugasemd við það frv. sem hér er lagt fram og jafnvel þau lög sem samþykkt hafa verið og verður ekki breytt við þessar umræður, enda eru þau ekki á dagskrá, að hér er verið að stofna til miklu meira embættis en að gæta hagsmuna einstaklinganna sem telja sig verða fyrir einhverju misrétti í þjóðfélaginu. Hér er verið að stofna til embættis sem er valdastofnun og að mínu mati, eftir því sem ég les þessa till., minna til þess að gegna því hlutverki sem á að leiða málið í gegnum Alþingi, þ.e. hafa hagsmuni einstaklingsins að leiðarljósi. Þetta er valdastofnun sem er orðin eins konar eftirlitsaðili með stjórnkerfinu í heild. Mér kemur í hug að Sjálfstfl. hefur lifað á því ár eftir ár að kalla: Kerfið burt! og Báknið burt! og guð má vita hvað ekki. Það er eins og búið sé að breyta því í: Báknið kjurrt og meira bákn!

Það er hægt að koma á umboðsmanni Alþingis sem á að gegna þjónustuhlutverki við einstaklinga í vanda. Það er hægt að koma honum fyrir í kerfinu án þess að skapa utan um hann bákn. Nú er Alþingi að verða eins konar valdastofnun umfram það sem hefur verið. Það hefur verið löggjafarstofnun eingöngu. Ríkisendurskoðun er komin undir Alþingi. Hluti af því framkvæmdarvaldi sem áður var er kominn undir Alþingi beint og þar er Alþingi búið að fá eftirlitsaðila með starfsemi framkvæmdarvaldsins. Það er ekki nokkur vandi að hafa þar einn starfsmann í viðbót sem eins konar umferðarlögregluþjón í kerfinu er beinir þeim einstaklingum sem eru í vanda inn á réttar brautar til þess að þeir geti náð rétti sínum.

Ég vil aðeins benda á að ég gerði þessar athugasemdir tímanlega við hæstv. forseta Sþ., því að hann talaði við mig sem forseti þingsins, á sínum tíma þegar hann ræddi við mig sem formann Borgarafl. um þessi mál og ekkert af því sem ég hafði þar að segja eða athugasemdir sem ég hafði fram að færa var tekið til greina. Það var bara spurt: Viljið þið vera með eða viljið þið ekki vera með? Ég sagðist ekki vilja vera með vegna þess að hér er allt annað mál á framkvæmdastigi og í undirbúningi en upphaflega var hugsað.

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki haft aðstöðu til að skoða þessa till. í smáatriðum, en hér hafa margir góðir menn um vélað og ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til að ætla annað en menn hafi haldið sig við þann anda laganna sem ákveðinn var þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma. En það eru tvö atriði efnislega sem ég vil koma á framfæri athugasemdum við ef það mætti verða til þess að hv. allshn. tæki þau til skoðunar.

Það er þá fyrst að í 5. gr. er gert ráð fyrir að kvörtun við umboðsmann verði að berast innan árs frá því að lokaákvörðun var tekin í viðkomandi máli. Ég tel að þetta sé of stuttur tími og hérna ættu að vera rýmri tímamörk ef umboðsmaðurinn á að geta tekið á málum því að oft er það svo að það er þó nokkur tími liðinn og oft meira en ár áður en fólk telur sig knúið til þess að leita réttar síns samkvæmt þeim lögum sem hér eru uppi.

Önnur athugasemd sem ég vil gera, hæstv. forseti, er við síðustu mgr. 6. gr., en þar stendur: „Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál, er leynt skulu fara, nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.“

Það er mín skoðun að það sé algerlega óeðlilegt að það sé ráðherra sem úrskurðar í máli af þessu tagi. Ef á að þrengja valdsvið umboðsmanns að þessu leyti ætti það að vera dómstóla, annarra dómstóla, en ekki ráðherra og ekki framkvæmdarvaldsins. Ég tel þess vegna orðalagið á síðustu mgr. 6. gr. að því er varðar upplýsingar um öryggi ríkisins og utanríkismál óheppilegt eins og það er hér og beinlínis varasamt að takmarka vald umboðsmanns með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil að lokum taka undir það með hv. 4. þm. Vestf. að það eru mikilvægar umbætur sem verið er að gera hér varðandi störf Alþingis, bæði með því að flyta Ríkisendurskoðun undir þingið og sömuleiðis lögin um umboðsmann og framkvæmd þeirra. Ég tel það mjög jákvætt. Ég tel að næsta skref ætti að vera

að setja reglur um aukið starf og aukna möguleika þingnefnda til að hafa eftirlit með opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum með einokunaraðstöðu þannig að eftirlitsvald þingnefnda verði treyst með svipuðum hætti og gert hefur verið í Bandaríkjunum *nú mjög lengi og hefur gefist vel.* Það opnar þingið og þá möguleika sem lýðræðið getur veitt almenningi til að fylgjast með hlutunum.

Ég tel þess vegna að hér hafi tvö þýðingarmikil skref verið stigin. En næsta skref mætti gjarnan vera að það yrðu sett lög um eftirlitshlutverk, eftirlitsskyldur og eftirlitsrétt, þingnefnda með opinberum fyrirtækjum og stórum einokunarfyrirtækjum.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim tveim hv. þm. sem hafa tekið til máls um þessa þáltill. Það kom stuðningur frá báðum við það grundvallarsjónarmið sem liggur að baki embættisins um umboðsmann Alþingis, liggur að baki till. þeirri sem hér er verið að ræða og að baki laganna um umboðsmann Alþingis.

Hins vegar kom fram viss misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv. *Hann taldi að hér væri verið að setja á* stofn með embætti umboðsmanns Alþingis, eins og hann orðaði það, „valdastofnun". En þetta er mikill misskilningur. Lögin um umboðsmann og þessi reglugerð eru við þá grundvallarhugsun miðuð, sem við báðir hv. þm. erum sammála um, að þarna eigi að vera aðili sem komi til aðstoðar og hjálpar þeim sem telja við sig misgert og einkum þeim sem eru minni máttar í þjóðfélaginu.

Í lögunum um umboðsmann Alþingis er beinlínis tekið fram í hverju þessi aðstoð umboðsmannsins er fólgin. Hún er fólgin í því að benda á, leggja til um málsmeðferð. Þessi embættismaður Alþingis hefur ekki vald til að fyrirskipa eitt eða neitt. Það er einmitt með tilliti til þessa sem ég lagði áherslu á mikilvægi þess að skapa þegar í upphafi traust og tiltrú á störfum umboðsmanns. Það er nauðsynlegt *til að hann geti haft þau áhrif sem þarf* til þess að færa mál til betri vegar.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um bákn í þessu sambandi. Ég held að það sé alger misskilningur. Það er ekki meiningin að stofna neitt bákn til þess að auka báknið í þjóðfélaginu. Það er ætlunin að stofna embætti til að aðstoða fólk gegn því að kerfið *sem fyrir er geti misgert við það. Það er ekkert* kveðið á í lögunum um hvað eigi að vera mikið starfslið hjá umboðsmanni. Það er ekkert heldur kveðið á um það í þessari reglugerð. Það er augljóst að það ber að leitast við að hafa það í lágmarki, þó þannig að þetta embætti geti gegnt því mikilvæga hlutverki sem því er ætlað. Og það er alger misskilningur á eðli málsins, *sem kemur fram hjá hv. 5. þm.* Reykv., þegar hann, eins og mér skildist að hann meinti, sagði að það mætti bæta við manni, ef ég skildi hann rétt, hjá Ríkisendurskoðun til að sinna þessum störfum. Það er misskilningur á eðli þessara mála, bæði eðli embættis umboðsmanns Alþingis og eðli og hlutverki Ríkisendurskoðunar.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að hann hefði tjáð mér snemma hvað hann hefði að athuga við embætti umboðsmanns Alþingis eins og það er hugsað. Ég minnist þess að um það leyti sem átti að fara fram kosning á umboðsmanni Alþingis tjáði hv. þm. mér *eitthvað á þessa leið.* Það næsta sem við töluðum um þetta var fyrir nokkrum dögum. Ég var þá búinn að afhenda þessa þáltill. á skrifstofu þingsins og hún var komin í prentsmiðju. Þá var gert ráð fyrir að einn flm. yrði formaður þingflokks Borgarafl. Hv. 5. þm. Reykv. óskaði þá eftir við mig að það yrði ekki fulltrúi frá Borgarafl. meðflm. að þessari þáltill.

Ég *vil* nú að gefnu tilefni taka sérstaklega fram að það átti ekki síður við Borgarafl. en aðra þingflokka, sem ég áður sagði, að forsetar leituðust við að hafa sem best samráð við þingflokkana. Þessi þáltill. var send öllum þm. og öllum þm. Borgarafl. að sjálfsögðu eins og þm. annarra flokka. Forsetar höfðu sérstakan fund með formönnum þingflokkanna. Þar voru allir formenn þingflokkanna og líka formaður þingflokks Borgarafl. Á þessum fundi voru málin ítarlega rædd og gerðar nokkrar *breytingar á till. sem fyrir lá.* Og bæði ég og aðrir, sem þarna voru, töldu að það væri enginn ágreiningur milli þingflokkanna á þessum fundi eða formanna þingflokkanna sem fundinn sóttu. Mér þykir rétt að taka þetta fram til þess að enginn standi í þeirri meiningu að það hafi ekki verið haft samráð við Borgarafl. sem aðra þingflokka um þetta mál.

Hv. 7. þm. Reykv. *vék að tveim atriðum í till.* þessari. Annað var um tímatakmörk, sem sett eru fram í 5. gr. till., um að innan árs þyrfti kvörtun að vera komið til umboðsmanns til þess að hann væri skyldur að taka við henni. Þessi tímamörk eru í lögunum sjálfum. Við forsetar og formenn þingflokka ræddum þetta sérstaklega og það kom þar fram við meðferð þessa máls, enda augljóst, að umboðsmanni er ekki bannað að taka nein mál þó að farið sé út fyrir þessi tímatakmörk. Hann mundi meta það hverju sinni.

Þá vék hv. 7. þm. Reykv. að 6. gr. tillagna þeirra sem hér liggja frammi með tilliti til þess að það er gert ráð fyrir að þegar um er að ræða upplýsingar er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál, er leynt skuli fara, sé ekki hægt að krefjast upplýsinga nema með leyfi þess ráðherra sem í hlut á. Það er ekkert óeðlilegt að hv. þm. skyldi víkja sérstaklega að þessu. Þegar var verið að vinna till. sem hér liggja fyrir var þetta sérstaklega rætt og það kom hvergi athugasemd við þá niðurstöðu, sem hér er, að það mundi ekki vera stætt á öðru en að ráðherra kæmi við sögu undir þessum kringumstæðum.

Ég skal ekki ræða þetta frekar, en mér þykir rétt í *þessu sambandi að láta þess getið að till. sem hér* liggur fyrir er og verður að vera innan ramma þeirra laga sem gilda um umboðsmann Alþingis. Þegar lögin voru sett um umboðsmann Alþingis voru þau líka mjög vandlega undirbúin. Og það var sérstakt tillit tekið til þeirrar löggjafar sem mest reynsla er af í þessu efni hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Og

ég hygg að ég megi segja að bæði lögin og sú reglugerð, sem við hér ræðum, eru mjög sniðin eftir þeirri reynslu sem hefur fengist í þessum efnum, ekki síst með frændum okkar Dönum.

Það er auðvitað ekkert sjálfgert að við eigum að fara eftir því sem gerist annars staðar, en það eru — ég fullyrði það — full efnisrök fyrir því að hafa gert það í þessu tilfelli sem hér um ræðir.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til þeirra þm., sem hér hafa talað. Þó nokkur ágreiningur sé milli mín og hv. 5. þm. Reykv. erum við allir sammála um grundvallaratriði þessa máls og þýðingu þess að Alþingi geri ráðstafanir til þess að koma til varnar þeim einstaklingum, borgurum þessa lands, sem telja sig misrétti beitta og til varnar einkum þeim sem eru minni máttar í okkar samfélagi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég ítreka einu sinni enn að það er enginn ágreiningur á milli mín og flm. um að umboðsmaður Alþingis sé eimitt fyrst og fremst til að koma þeim minni máttar til varnar og aðstoða þá sem eru í vanda við kerfið og þurfa að ná sínum rétti. Við skulum ekki vera að nota það til að koma einhverju öðru í gegnum Alþingi. Við skulum ekki blekkja hver annan.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um eftirlitshlutverk þingnefnda og skyldur þeirra og þá sérstaklega gagnvart stóru einokunarfyrirtækjunum. Það mál er ekki á dagskrá. Það er allt annað og stærra mál að breyta hlutverki og tilgangi þingnefnda og verksviði þingnefnda. Ég held að það sé farið að rugla ansi mikið málið á dagskrá, sem er umboðsmaður Alþingis og ekkert annað.

Hv. 4. þm. Vestf., ég er svo óvanur að kalla hann hv. þm. að ég bið um leyfi forseta til að halda áfram að kalla hann hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, og þetta er mál sameinaðs Alþingis, segir að það sé misskilningur að hér sé verið að setja á stofn bákn. En af hverju er hæstv. forseti vor að tala svona? Ég er sammála 1. gr., en 2. gr. hefst með þessum orðum: „Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga“ o.s.frv. Haldið þið að einhver einn maður eða jafnvel nokkrir menn hafi eftirlit með bæði stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á nokkurn hátt ef það á að vera eitthvert gagn að þessu? Ætlið þið að segja mér að það sé hægt að gera það með einum manni með símastúlku? Það segir sig sjálft að hér er verið að setja á stofn það bákn sem ég gat um.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forseti segir, að það er ekkert tekið fram um hve margt starfsfólk umboðsmaður Alþingis skal hafa í þjónustu sinni. Hann er eiginlega einráður um það þó svo hann verði að hafa samráð við Alþingi, forseta Alþingis, og þurfi að leita samþykkis forseta Alþingis um fjöldann og eins um launakjör starfsfólks. En launakjör umboðsmanns eru ákveðin topplaun í þjóðfélaginu sem eru sambærileg að öllu leyti við hæstaréttardómara. Það er því verið að staðsetja umboðsmann sem yfirvald á topplaunum að sjálfsögðu, sem er ekkert athugavert við, og við skulum ekkert vera að blekkja okkur með hvað er hér á ferðinni.

Þó við séum hér að ræða reglur um starfsemi umboðsmanns eða embættis umboðsmanns Alþingis eru þær reglur aldrei lögunum yfirsterkari. Lögin hljóta alltaf að vera það sem blífur, það sem gildir.

Umboðsmaður getur farið fram á alls konar óskir við dómara og við kerfið í heild og kerfinu ber skylda til þess, hvar sem menn eru staðsettir í störfum fyrir það opinbera, að opna sig og gefa allar upplýsingar til þessa manns. Þetta er algert yfirvald. Slík vinna verður ekki unnin af einum eða tveimur mönnum. Þetta verður það bákn sem ég er búinn að vara við.

Tilgangurinn í upphafi, og bæði ég og fleiri menn finna að það þarf einhvern varnaraðila fyrir lítilmagnann í þjóðfélaginu, sem telur sig vera misrétti beittan, var aldrei að gera úr þessu bákn. En tillagan hér er einmitt um það.

Hann er m.a.s. eftirlitsmaður með störfum Alþingis á vissan hátt. Í 11. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir eru á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.“

Þetta er ekkert smáhlutverk. Við 63 þm., rúmlega 60 þm., erum eftirlitsmenn með því sem fer í gegnum Alþingi, höfum eftirlit með því að meinbugir séu ekki á hlutunum. Og hér er starfsfólk sem vinnur að því líka að koma í veg fyrir meinbugi á lögum. Það virðist ekki vera nóg ef traustið á okkur öllum, sem vinnum að þessu kjörnir eða ókjörnir, er ekki meira en svo að hér skal eftirlitsmaður Alþingis vera til viðbótar með sitt starfslið. Ég reikna með að hann verði með starfslið.

Í 14. gr. segir — ég er með lögin en ekki væntanlegar reglur — með leyfi forseta:

„Umboðsmaður ræður sjálfur starfsfólk síns embættis. Um fjölda þess og launakjör skal farið eftir reglum sem Alþingi setur skv. 15. gr.“

En reglurnar geta tæplega orðið lögunum yfirsterkari.

Hæstv. forseti. Ég skal stytta mál mitt og ekki fara út í fleiri punkta þó að ég hafi af nógu að taka. Ég mun bíða með það þangað til málið kemur aftur úr nefnd. En ég vil ekki gera að umræðuefni það sem okkur fór á milli um fyrirkomulagið á valinu á umboðsmanninum sjálfum þó hv. 4. þm. Vestf. hafi minnst á það og gefið mér tilefni til þess. Ég hafði líka við það að athuga. En það er orðinn hlutur og ég geri enga athugasemd við kjör úr því sem komið er. Mér þótti nóg að gera þá athugasemd sem ég hafði við þá vinnu að gera í prívatsamtali við forsetann og mun ekki taka það upp. En samráð við þingflokk Borgarafl. var haft að sjálfsögðu í gegnum formann flokksins því forseti óskaði eftir samtali við formann flokksins um þessi mál og þar gerði ég ákveðnar athugasemdir sem ekki voru teknar til greina.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég undirstrika nokkur atriði, sem komu reyndar fram í máli hæstv. forseta Sþ., að í þessum undirbúningi öllum saman var þess gætt að þessi reglugerð væri í anda laganna um umboðsmann Alþingis. Það var haft alveg sérstaklega í huga þegar þessi drög voru gerð og þegar farið var yfir þau og allur undirbúningur miðaðist við að reglugerðin væri framhald af anda laganna.

Hv. 5. þm. Reykv. óttast að hér verði um mikið bákn að ræða. Þau sjónarmið eiga að sjálfsögðu alveg rétt á sér og ég leyni því ekkert að auðvitað verður þarna um starfslið að ræða, ekki síst vegna þess að það kemur í ljós að það er útlit á því að verkefni umboðsmanns Alþingis verði allmikil. Það er þegar spurt mikið um hvenær umboðsmaður taki til starfa.

Hins vegar er í 3. gr. skýrt tekið fram hvaða svið það eru sem starfssvið umboðsmanns nær ekki til. Á því eru verulegar takmarkanir eins og fram kemur í 3. gr. Þar er tekið fram í 6. lið að starfssvið umboðsmanns nái ekki til stjórnsýslu sveitarfélaga nema ákvarðana sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Þessar ákvarðanir varða oft og tíðum mál einstaklinga sem telja að kerfið, sem við köllum, hafi brotið á sér og því má vísa til umboðsmanns. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

Í öðru lagi var þess gætt og þau sjónarmið munu verða höfð að leiðarljósi við undirbúning þessa máls að umboðsmaðurinn sé óháður framkvæmdarvaldinu og hann sé tengdur Alþingi og sem nánast. Það felur m.a. í sér að hann hafi ekki aðsetur í Stjórnarráðinu heldur sé óháður því á allan hátt, enda á hann að reka mál gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, en ég vona, þrátt fyrir þann ágreining, sem hefur komið hér fram og ég vona að sé ekki djúpstæður, að það verði góður friður um embætti umboðsmanns Alþingis og að það komi að gagni við að leiðrétta stöðu þeirra sem illa eru leiknir í samfélaginu því að það hefur komið fram hjá öllum hv. ræðumönnum að sé grundvallaratriði í þessu sambandi.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg varðandi þá reglugerð sem hér er til umræðu. Ég hef kynnt mér hvernig staðan er í Danmörku, en þar hefur mest reynsla verið á því fyrirbrigði sem heitir umboðsmaður þings. Allt frá árinu 1971 hefur verið starfrækt embætti umboðsmanns þjóðþingsins. Fyrst var þetta mjög smátt, en síðan hefur þetta vaxið og núna, eftir því sem mér skilst, telur embættið 20–30 manna starfslið.

Þær reglur sem hér eru til umræðu taka mjög mið af þeim reglum sem í gildi eru nú í Danmörku miðað við starfsfólk og þau verkefni sem sett eru á umboðsmann Alþingis eru nokkurn veginn þau sömu og eru í Danmörku. Það er ekki þar með sagt að það sé óæskilegt að hafa svona mörg verkefni á hans herðum. Ég tel þvert á móti nauðsynlegt að til sé í landinu aðili sem geti fylgst með stjórnvöldum, bæði fyrir einstaklinga og síðan og ekki síst fyrir Alþingi.

Eins og málum er háttað nú er eina eftirlitið sem Alþingi hefur með framkvæmdarvaldinu í formi fsp. einu sinni í viku og tel ég það mjög lítil áhrif sem Alþingi hefur á stjórnvöld eða á ráðherra sem fara með æðsta vald í málefnum viðkomandi stjórnvalda. Ég tel því að leggja verði mikla áherslu á þann þátt í þessum reglum, en það má ekki hafa það svo mikið að það geti hamlað um of stjórnsýslunni sem því miður hefur eitthvað borið á í Danmörku. Það hefur ekki gert hana eins skilvirka og ætla hefði mátt. En að sjálfsögðu verða þarna að gilda sanngirnissjónarmið eins og í flestu öðru.

Það sem ég vildi líka taka á er það takmarkaða verksvið sem umboðsmanni Alþingis er ætlað að hafa. Ég mundi telja að eins og málum er háttað hér mætti umboðsmaðurinn fara ofan í, a.m.k. að hluta til, aðgerðir bæjarfógeta og sýslumanna og þá með í huga nauðungaruppboð og aðrar aðgerðir sem þar eru framkvæmdar. Þetta eru athafnir sem eru á mörkum dómsathafna og stjórnsýsluathafna og eru kannski þær athafnir sem mest varða fólk í dag. En þessi lög gera ráð fyrir að umboðsmaður Alþingis nái ekki til þessara athafna.

Ég held að við þm. Borgarafl. séum allir sammála um nauðsyn þeirrar reglugerðar sem hér liggur fyrir og í sjálfu sér er ekki deilt um það sem slíkt né hve mikil réttarbót er að hafa umboðsmann. En það sem við höfum verið að gagnrýna er að ekki er í þessum starfsreglum kveðið nákvæmlega á um hve stór stofnun umboðsmaður Alþingis á að vera. Í tillögunum kemur ekkert fram um það. Það eina sem fram kemur er að Alþingi ákveði í fjárlögum ár hvert hve verja eigi miklum peningum til þessa embættis. Ég held að bæði forsetar og formenn þingflokka þurfi að athuga þennan þátt betur og líka hvernig starfsemi umboðsmanns megi vera betri.

Ég held að þær umræður sem hér hafa farið fram séu af hinu góða. Þó svo að þessar umræður hafi verið til að veikja kannski að einverju leyti stoðir þessa embættis, sem á að vera mjög traust og skapa tiltrú meðal almennings, held ég að alþm. verði þegar lög eru sett að athuga alla þætti málsins til þess að ekki komi upp síðar einhver álitaefni sem betur hefði verið leyst úr þegar reglurnarnar voru samþykktar.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sú reglugerð sem hér liggur fyrir eða drög að reglugerð hefur verið undirbúin af forsetum og umboðsmanni Alþingis. Þar hefur þess verið gætt að allir þeir, sem hugsanlega gátu haft um þetta að segja, gætu komið nálægt því, haldið fundi með formönnum þingflokka, sem væntanlega hafa þá flutt málið yfir til sinna þingflokka, og niðurstöð-

ur eru þær sem hér birtast. Þess vegna koma þær athugasemdir, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur komið með hér, alveg í bakið á okkur og reyndar hygg ég að það sé farið með fleiri en mig á þann veg að ég skil ekki alveg hver er kjarni þeirra athugasemda sem fram eru bornar.

Það er sjálfsagt svo alltaf að ekkert er fullkomið sem gert er, en þess var freistað að ganga þannig frá málum að þm. gætu verið sammála um þessa reglugerð. Þessari reglugerð má breyta að fenginni reynslu. Reglugerðin er sniðin með það í huga hvernig þessum málum er komið annars staðar og laðað að íslenskum aðstæðum.

Það kom vissulega til greina að kveða á um hversu margir ættu að starfa við þessa stofnun og binda það í reglugerð, en það var horfið frá því vegna þess að við sjáum ekki fyrir okkur hvert umfang embættisins verður. En það eru fjárveitingar Alþingis sem segja til um hversu stór og viðamikil þessi stofnun verður þannig að á öllum tímum er hægt að koma að því máli hversu stór þessi stofnun verður.

Ég hygg að það sé almennur vilji fyrir því að embætti umboðsmanns Alþingis njóti mikillar virðingar og trausts og ekki hvað síst hjá þeim sem þangað þurfa að leita. Ég tel að reynslan verði að segja okkur til um hversu umsvifamikið embættið eigi að vera, en ástæðulaust sé að deila um það nú þegar verið er að halda úr vör því hægt er í ljósi reynslunnar að breyta ef mönnum sýnist svo.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vona að þessi umræða í dag verði ekki á neinn hátt til þess að veikja tiltrú okkar á hinu nýja embætti umboðsmanns Alþingis eða þá samstöðu sem þarf að vera.

Ég vil aðeins taka það fram að ég tel að það sé algerlega að tilefnislausu sagt, sem hv. 5. þm. Reykv. hefur haldið hér fram, að hér væri verið að stefna í eitthvert bákn. Ég vil taka það fram að við undirbúning þessarar reglugerðar var alveg sérstaklega athyglinni beint að þessu atriði vegna þess að það segir í 14. gr. laganna um umboðsmann að Alþingi skuli í þessari reglugerð kveða á um starfsmenn. Í fyrstu drögum að reglugerðinni voru ákvæði um hve margir starfsmenn skyldu verða og annað slíkt. Við sem undirbjuggum málið töldum að það væri ekki rétt að gera slíkt því að það væri sjálfsagt að hafa starfsfólkið í lágmarki, enda hefði Alþingi alltaf í hendi sér með sínu fjárveitingavaldi að fylgjast með því á hverju ári hvað þetta embætti yrði mikið umfangs.

Það kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að það gæti verið að verksvið umboðsmanns væri of takmarkað. Ef rétt væri að verksviðið ætti að vera meira mundu umsvif embættisins vera þeim mun meiri. Þetta er allt álitamál. Við hljótum að bíða og láta sjá um alla endanlega dóma í þessu efni þar til við sjáum hvernig verkin tala.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram, bæði hjá hv. 9. þm. Reykn. og eins hjá frummælanda, hæstv. forseta Sþ., að þeir vonist til þess að umræðurnar, sem hér fara fram, veiki ekki traust og virðingu þess embættismanns sem um er að ræða, umboðsmanns Alþingis. Ég vona að það sé ekki ætlun þeirra að það séu til einhver mál þess eðlis að ef umræður fara fram á Alþingi um málið veiki það traust á einhverjum ákveðnum embættismönnum. Ég mótmæli því.

Hitt er annað mál að hv. 11. þm. Reykv. gat þess að það mætti vera meira vald á ákveðnum sviðum, sem umboðsmaður Alþingis hefur ekki samkvæmt þessum reglum eða lögum, aðallega reglunum sem á að fara að setja, á réttum stað fyrir einstaklinginn sem er í vanda hverju sinni við kerfið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Björgunar- og slysavarnaskóli Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÓlG o.fl., 339. mál. — Þskj. 669.

Flm. (Ólafur Gränz):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands. Stofnkostnaður og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.“

Það var 26. mars árið 1920 að fyrsta björgunar- og gæsluskip Íslendinga, vélskipið Þór, kom til landsins frá Danmörku. Þaðan höfðu Vestmanneyingar keypt skipið en áður hafði skipið verið hafrannsóknaskip og borið nafnið Thor.

Á þeim tíma, sem vélskipið Þór var keypt, ríkti mikill einhugur í þessari stóru verstöð um kaup á góðu björgunar- og gæsluskipi sem væri til taks ef slys bæri að höndum eða aðstoðar væri þörf á hafi úti. Miklar fórnir höfðu verið færðar og hafa verið færðar síðan í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Björgunarskipið Þór þjónaði sjómönnum við Vestmannaeyjar um nokkurt skeið, en var síðan selt íslenska ríkinu og afhent 1. júlí 1926 og má segja að það sé stofndagur Landhelgisgæslu Íslands.

Með tilkomu skólaskipsins Sæbjargar, sem núverandi formaður Borgarafl., þáverandi fjmrh., afhenti Slysavarnafélagi Íslands fyrir 1000 kr., var stigið enn eitt gæfu- og framfarasporið í björgunar- og slysavarnamálum Íslendinga. Nú, eftir tveggja ára rekstur skipsins, liggja fyrir staðreyndir sem sýna svo að

ekki verður um villst að miklum slysum og skipsköðum hefur verið bægt frá, framar öllu vegna þess að sjómenn höfðu hlotið þjálfun og menntun í slysavarnaskólanum í Sæbjörgu. Mikilvægi þess að menn kunni til verka á örlagastundu verður aldrei metið til fulls því að ekkert er dýrmætara en mannslíf.

Skólaskipið Sæbjörg annar nú hvergi nærri þeirri þörf sem fyrir er. Með tilkomu veglegs björgunar- og slysavarnaskóla mundi skipið nýtast áfram fullkomlega, en væntanlega breytist rekstrarfyrirkomulag skipsins.

Nú er greinilegra en nokkru sinni fyrr hve mikilvægt er að sinna þessum þætti slysavarna- og björgunarmála og eru þá einkum hafðir í huga sjómenn á fiskiskipum og farskipum auk fjölmargra annarra eins og slökkviliðsmanna, björgunar- og hjálparsveitarmanna o.fl. Í nágrannalöndum okkar eru reknir fjölmargir slíkir skólar með mjög góðum árangri.

Það er mikilvægt að sem bestri fræðslu verði komið á í slysavarna- og björgunarmálum þannig að aðstaða sé til að kenna það nýjasta og haldbesta sem völ er á hverju sinni. Miklu máli skiptir að slíkur skóli sé settur á stofn í útvegsplássi. Vestmannaeyjar eru ákjósanlegur staður fyrir slíkan björgunar- og slysavarnaskóla, m.a. vegna þess að þar er fyrir lifandi starf sjómanna að þessum málum. Einnig er þar starfandi Stýrimannaskóli og námsbraut fyrir vélgæslumenn. Í slíkum skóla er þörf á gistirými, heimavist o.fl. fyrir nemendur sem sækja skólann frá öðrum landshlutum.

Greinargerð þessari fylgir skeyti til fjmrh. frá skipshöfnum 90 skipa og báta, hugsanlega um 1000 manns. Í skeytinu leggja þessir sjómenn áherslu á mikilvægi fjárveitinga í slysavarnaskóla sjómanna þannig að hann geti orðið öflugur liðsstyrkur í von um færri slys og manntjón vegna þekkingarleysis. Í skeytinu ljúka sjómennirnir einnig lofsorði á þjónustu starfsmanna Sæbjargar.

Í Noregi eru nokkrir slysavarnaskólar starfandi og þjóna þeir sjómönnum á fiskiskipum, kaupskipum o.fl. Einn þessara skóla, líklega af þeirri stærð sem gæti hentað okkur, er Statens Skole for Sikkerhetsopplæring í Sund á Hörðalandi. Skólinn rúmar samtímis um 60 nemendur. Hann er að flatarmáli um 1700 m^2 að öllu meðtöldu. Starfsmenn eru átta kennarar (leiðbeinendur) auk skólastjóra, skrifstofumanns og tveggja manna sem annast viðhald, umsjón og þrif. Skipulag skólans er þannig að reynt er að veita þjálfun og kennslu á sem flestum sviðum sem að gagni mega koma og reynt er m.a. að líkja sem best eftir aðstæðum um borð í skipum og bátum.

Þar sem fjölmargir skólar eru starfræktir hjá nágrannaþjóðunum er nærtækt að nýta sér reynslu þeirra við uppbyggingu skóla og forðast þannig stór útgjöld og hugsanleg mistök. Þannig er einnig hægt að átta sig betur á umfangi, kostnaði og forgangsverkefnum.

Í þáltill. þeirri sem hér er flutt er lýst framtíðarhlutverki Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands sem þó væri hægt að laga að breyttum aðstæðum hverju sinni en hann gæti orðið ómetanlegt framlag í björgunum og slysavörnum Íslendinga.

Með því að stofna skólann í Vestmannaeyjum er stigið skref til jafnvægis í byggðamálum og er það í fullu samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Það er von okkar flm. að þetta mál fái sem besta afgreiðslu og við megum hugsanlega sjá skólann taka til starfa áður en árið 1990 sér dagsins ljós.

Mér er ljúft að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að leggja þessu máli lið í von um færri slys og færri skaða í framtíðinni. Með stofnun veglegs slysavarna- og björgunarskóla Íslands er komin aðstaða fyrir landsmenn alla til þjálfunar og kennslu sem fullvíst má telja að verði til þess að fækka vinnuslysum og sköðum allverulega. Sú ágæta reynsla, sem orðið hefur af námskeiðahaldi og þjálfun um borð í Sæbjörgu hjá Slysavarnafélagi Íslands og víðar, er hvatning til áframhaldandi aðgerða á sömu braut.

Við hljótum öll að finna til ábyrgðar þegar jafnmikilvægt mál og þetta er í brennidepli. Aðgerðir sem sporna eiga við hækkandi slysatíðni eru þó ekki nýjar af nálinni. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur unnið gott starf og mikilvægt. Nefndin starfaði á tímabilinu frá 23. febr. 1971 til júlí 1986, en hætti þá störfum og þetta starfssvið breyttist með nýjum siglingalögum.

Í greinargóðum skýrslum sjóslysanefndarinnar fyrir þetta starfstímabil má lesa m.a. að u.þ.b. 5263 slys hafa orðið á sjómönnum eða um 330 slys á ári að meðaltali á þessu tímabili. Dauðaslys á sjómönnum á sama tímabili eru um 230 eða um 14 dauðsföll á ári að meðaltali og samsvarar það rúmlega einni skipshöfn á fiskibát árlega.

Allt sem ávinnst í slysavarna- og björgunarmálum er fagnaðarefni og spor í átt að sameiginlegu takmarki landsmanna allra, þ.e. færri slys og færri sorgarhús. Kaup á stærri þyrlu, en um það hefur verið lögð fram þáltill. af Inga Birni Albertssyni, hv. 5. þm. Vesturl., er grein af sama meiði, þ.e. þyrla sem getur tekið áhöfn skips óskipta. Það er mál sem menn eru vonandi sammála um. Eins er endurnýjun og viðbætur búnaðar björgunarsveita og hjálparsveita landsmanna mál sem ber að styðja og sýna skilning, enda hefur sýnt sig að landsmenn taka vel undir slík mál þegar leitað er til þeirra.

Það er mér fagnaðarefni að öryggismál hafa verið til umræðu á Alþingi, en gagnvart sjómönnum mun sú stefna verða mörkuð að ekki verði ráðið í skiprúm nema menn hafi hlotið lágmarksfræðslu í öryggismálum.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að þáltill. sú, sem borin er hér fram af þm. Borgarafl., er flutt til að vekja athygli á mikilvægi slysavarna- og björgunarskóla í þeirri von að framkvæmd geti hafist sem allra fyrst.

Hæstv. forseti. Ég legg til að till. þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft stóru máli og vissulega er þörf á að ræða um slysavarnaskóla fyrir Ísland. Ég tel að markmið þessarar þáltill. sé í alla staði mjög gott.

Um það má aftur á móti deila í þeirri stöðu sem við erum í hvort svona skóli á að vera staðbundinn eða hvort hann á að vera farskóli. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er að sá fjöldi sem þarf að stunda nám í svona skóla er svo mikill að það er að mínu viti vænlegri kostur að færa kennarana til en nemendurna. Þarna kemur það inn í að eftir að Slysavarnafélag Íslands fékk varðskipið Þór til umráða skapaðist sá möguleiki að halda því úti til siglinga frá einum stað til annars og starfrækja þar námskeið í slysavörnum. Mér er aftur á móti ljóst að þau námskeið þyrftu að standa lengur, það þyrfti að gefa sér meiri tíma á hverjum stað. Það þarf að halda þessu starfi áfram. Það er hafið en það þarf að efla þetta mjög mikið.

Hvort það þyrfti einnig að starfrækja á einum stað skóla, sem hefði það markmið sem hér er sett fram og e.t.v. mundi þá fremur taka til viss hluta af sjómönnum og þá t.d. yfirmanna, ætla ég ekki að leggja dóm á á þessari stundu en alls ekki heldur að gagnrýna að hugsanlegt sé að slíkan skóla þurfum við að starfrækja.

Ég vil því segja fyrir mig að ég fagna þessari þáltill. og tel að hér sé hreyft mjög merku máli.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Öll umræða um öryggismál sjómanna er af hinu góða því þar brennur á og er ástæða til úrbóta mjög rík. Það sem er sérstætt við till. þm. Borgarafl., sem er hér til umræðu, er að það sem óskað er eftir er þegar komið verulega af stað og má segja að það starf hafi hafist fyrir nokkrum árum. Öryggismálanefnd sjómanna, skipuð þm., sem starfaði á árunum 1984–1986 skilaði allmörgum tillögum og vann mjög víðtækt starf til að hnykkja á í öryggismálum sjómanna. Í nefndinni áttu m.a. sæti þrír hv. þm. sem hér sitja inni, Guðrún Agnarsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson og Karvel Pálmason. Meðal tillagnanna sem þessi nefnd skilaði var hvatning til þess að stofnsetja slysavarna- og björgunarskóla. Um það leyti var hafinn undirbúningur að átaki í fræðslu fyrir starfandi sjómenn og hefur það bæði verið unnið fyrir fjárframlag frá hinu háa Alþingi og peninga sem til féllu vegna uppstokkunar í sjóðakerfi sjávarútvegsins.

Slysavarnafélag Íslands varð eins konar verktaki til að framkvæma þessa fræðslu fyrir sjómenn úti um allt land, skyndifræðslu má segja, sem miðast við 3–4 daga námskeið, fer svolítið eftir fiskiskipum og farskipum. Fræðslunefnd öryggismála sjómanna skipuð af samgrh. hefur haft umsjón með þessum námskeiðum, hefur m.a. farið í sérstaka ferð til Noregs til að kynna sér björgunar- og slysavarnaskóla og eldvarnaskóla sem þar eru staðsettir. Það er inni í því verksviði sem Slysavarnafélagið hefur nú tekið að sér og sett á oddinn að vera forgöngumaður um stofnun fullkomins slysavarnaskóla í landinu þar sem númer eitt er miðað við þjálfun og fræðslu sjómanna og númer tvö landmanna sem þurfa að læra á eldvarnatæki og önnur öryggistæki sem fara vaxandi í fyrirtækjum vítt um land. Þannig er búið að leggja línuna í því starfi sem hér er óskað eftir og ég fyrir mitt leyti tel hvorki skynsamlegt né á nokkurn hátt æskilegt að grípa fram fyrir hendurnar á Slysavarnafélagi Íslands í því brautryðjendastarfi sem það hefur lagt af mörkum í þessum málum.

Það er mikilvægt að ríkisvaldið standi við bakið á þeirri hugmynd sem þegar er verið að vinna. Sérstök nefnd skipuð af samgrh. er starfandi við að undirbúa tillögur og reglur fyrir slysavarnaskóla, nákvæmlega það sama og hér er fjallað um nema að auki er í undirbúningi þeirrar nefndar lögð markviss áhersla á að sinna einnig eldvarnaþættinum sem er stórmál í þessu sambandi og kostar allfjárfreka aðstöðu. Að mínu mati væri þetta verkefni því í góðum höndum ef það yrði áfram unnið innan vébanda Slysavarnafélagsins og á þess vinnusvæði.

Það hefur verið lögð áhersla á það í fræðslunámskeiðunum að fara út um landið, hafa 25–30 manna námskeið í hinum ýmsu sjávarplássum landsins. Sæbjörg hefur í einu tilviki farið eina hringferð og komið við á fáum stöðum, en á hinn bóginn hefur sá háttur verið hafður á að kennarar og gögn hafa verið send á viðkomandi staði sem er auðvitað miklu æskilegra og eðlilegra fyrir staðarmenn víða um land. Höfuðstöðvarnar eru hins vegar hér í Reykjavík og fara vel í höndum Slysavarnafélagsmanna, en hitt er síðan framkvæmdaatriði hvernig á að ná slíkri fræðslu út um alla landsbyggðina og menn hafa þreifað sig áfram í þeim efnum.

Það er miðað við á þessum fræðslunámskeiðum að ná til þeirra 5–6 þús. sjómanna sem eru starfandi og nú þegar hafa liðlega 2000 sjómenn sótt þessi fræðslunámskeið, þriggja til fjögurra daga námskeið, og haft mikið gagn af þeim. Þarna kemur einnig inn í að það er í auknum mæli verið að reyna að leggja áherslu á þennan þátt innan stýrimannaskólanna og vélskólanna og þetta er því í góðum farvegi. Ég hvet til þess að þessu starfi verði haldið markvisst áfram. Þessi tillaga er að þessu leyti á seinni skipunum en hún er jákvæð og að því leyti hægt að taka undir hana en aðalatriðið er að unnið sé fast og ákveðið áfram að því starfi sem er þegar hafið.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. flm. og meðflm. hans fyrir að hafa vakið máls á þessu brýna viðfangsefni með flutningi þáltill. sem hér er til umræðu. Það er rétt sem fram hefur komið, þetta er aldrei nógu mikið rætt og heldur ekki nógu vel framkvæmt þó að

margt gott hafi verið gert.

Eins og fram kom í máli þeirra sem áður hafa talað fjallaði öryggismálanefnd sjómanna einmitt um þetta atriði og þó að ég sé sammála öllum markmiðum sem hér eru lögð fannst mér það koma glöggt fram í umfjöllun nefndarinnar eftir umræður við marga aðila að heppilegast væri, a.m.k. í náinni framtíð, að hafa þetta farskóla fremur en staðbundinn skóla. Það væri mun tryggara að fræðslan næði þannig til sem flestra. Hins vegar er það alveg rétt að námskeiðin mættu vera lengri. Þau eru auðvitað ný af nálinni eins og þau hafa verið rekin og þau mættu gjarnan vera lengur á hverjum stað, en ég er alveg sannfærð um það að enn sem komið er er heppilegra að hafa þetta sem farskóla. Það gæti vel verið að seinna mætti vera einhvers konar móðurskóli eða staðbundinn skóli sem síðan sendi farkennslu víða um landið út frá sér.

Hins vegar langar mig einnig að ítreka, því að það er tekið til í grg. þáltill. að það sé starfandi stýrimannaskóli og námsbraut fyrir vélgæslumenn í Vestmannaeyjum, að auðvitað ættu allir skólar sjómanna, hvar sem þeir eru, að leggja mikla áherslu á öryggis- og björgunarmál og einmitt ekki síst eldvarnir eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns.

Ég tek undir efni tillögunnar að öðru leyti og þakka flm. fyrir að vekja máls á henni.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari till., tek undir það sem aðrir ræðumenn hafa sagt í þessari umræðu að það er mjög gott að þessi umræða sé færð hér inn á hv. Alþingi. Það er líka ósköp eðlilegt að menn séu ekki allir sáttir við það hvernig á að byggja svona fræðslustarf upp, hvort æskilegt sé að einn öflugur björgunar- og slysavarnaskóli sé byggður upp einhvers staðar á landinu eða hann verði fyrst og fremst byggður upp sem farandskóli eins og verið hefur á undanförnum missirum.

Mín tilfinning er sú að þessi tillaga geri ekki ráð fyrir því að þetta verkefni verði tekið af Slysavarnafélagi Íslands og tel ég það alveg sjálfsagðan hlut að það verði svo áfram sem verið hefur.

Mér finnst að þó að gott sé að slysavarnaumræða beinist fyrst og fremst að sjónum sé hún meira og minna einangruð við það verkefni. Það er reyndar svo að þau eru allt of mörg slysin á sjónum og hvað sem hægt væri að gera til þess að draga úr þeim er allt af því góða. En sá kennsluháttur sem hafður hefur verið að undanförnu, og það felst jafnvel í till., að fyrst og fremst sé verið að ná til starfandi sjómanna, er að mínu mati ekki nógu góður. Ekki er nógu mikið að gert og kannski er að mörgu leyti heldur seint til gripið að fara að þjálfa menn þegar þeir eru komnir til starfa á þessum vettvangi. Það æskilega er, tel ég, að þessi fræðsla, almenn slysavarnafræðsla, verði tekin upp sem skyldunámsgrein í öllum grunnskólum landsins og að grunnkennsla á þessum vettvangi eigi sér stað þar, í 8. og 9. bekk grunnskóla.

Við vitum það að íslenskir sjómenn, sú stétt eins og ýmsar aðrar vinnandi stéttir á Íslandi, eru ekki bundnir við þetta starf til langs tíma. Margir eru þeir sem vinna við íslenskan sjávarútveg, á íslenskum fiskiskipaflota, sem eru þar í tvö, þrjú ár eða svo í einhverju millibilsástandi. Stundum eru þetta námsmenn, stundum er þetta fólk sem er að auka tekjur sínar frá öðrum störfum. Þetta fólk er oft og tíðum þannig að það notfærir sér ekki þá kennslu sem er hagað á þann máta sem tíðkast hefur að undanförnu og yrði í sérstökum slysavarnaskólum.

Mín hugmynd er sem sagt sú, eins og ýmislegt fleira sem væri nauðsynlegt að tengja inn í grunnskólana, að við þyrftum að byggja upp braut í grunnskólunum þar sem þessi vettvangur væri tekinn fyrir og þá vitaskuld fyrst og fremst það sem snertir okkur flest í sambandi við sjóinn og, eins og hér hefur verið nefnt, eldvarnir og annað það sem tengist almennum slysavörnum.

Það er svo náttúrlega jafnsjálfsagt að í þeim skólum sem kenna sjómannafræði, hvort sem það eru vélstjóra- eða siglingafræði, séu þessi mál kennd og enginn sé útskrifaður úr slíkum skólum nema hafa fullkomna fræðslu á þessum vettvangi. Það kannski snertir ekki þessa umræðu, en aðeins þó. Ég tel þess vegna að sá háttur sem tekinn hefur verið upp í fræðslu íslenskra sjómanna undanfarandi missiri, að menn hafa getað fengið ákveðin réttindi með skyndikennslu, stuttum námskeiðum og slíku, sé ekki heppileg þróun í sambandi við þessa hluti nema fræðsla í slysavörnum sé skilyrðislaust tengd því námi, hvort sem er verið að tala um að gefa mönnum réttindi sem eru svokölluð 30 tonna réttindi eða hvað annað stig sem er þar fyrir ofan með stuttum námskeiðum.

Ég fagna till. sem ég vona að komi til fullrar afgreiðslu og mun styðja hana.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim umræðum sem hafa orðið um þessa till. um að setja á stofn björgunar- og slysavarnaskóla Íslands. Það er ekki nokkur vafi á því að menn hafa á undanförnum árum gert sér betur grein fyrir að fræðsla og kennsla í þessum efnum er mjög nauðsynleg. Þar kemur til há slysatíðni, sérstaklega til sjós. Gefnar hafa verið út skýrslur og ráðstefnur haldnar sem benda á að þar hefur verið mjög há slysatíðni. Það er hins vegar alltaf álitamál hvernig á að skipa slíkum málum. Hér hefur verið rætt um hvort þetta eigi að vera farskóli eða staðbundinn skóli. Ég held að það hljóti að stefna í það að þessi skóli, eins og allir aðrir skólar, sé staðbundinn og hægt sé þá að fara með minni námskeið, eins og núna er gert, um landið. Það fer ekki á milli mála að það dettur engum í hug að hægt sé að færa ákveðna hluti á milli landshluta í sambandi við skólahald og það væri þá miklu frekar að hægt væri að gera slíkt ef björgunar- og slysavarnaskóli væri í hverjum landsfjórðungi í sambandi við

Stýrimanna- og Vélskólann.

Ég tel líka að þessi umræða hafi verið mjög jákvæð og ég fagna henni. Það er ekki nokkur vafi að svo jákvæð umræða mun leiða af sér að slíkur skóli verði settur á fót. Það hefur að vísu komið upp smámisskilningur í umræðum. Ég veit ekki hvort það stafar af því að menn hafi kannski ekki lesið till. Hv. 1. þm. Suðurl. hélt að við ætluðum að fara að draga þetta úr höndum Slysavarnafélagsins sem er mesti misskilningur. Á það er hvergi minnst, enda er það ekki í okkar verkahring að gera það. Við styðjum einhuga Slysavarnafélagið og ég sem meðlimur í Slysavarnafélaginu í fjölda ára styð það líka.

Varðandi hitt að í okkar grg. vanti umfjöllun um eldvarnir, þá er minnst á það að þessi skóli gæti líka raunverulega þjónað fleirum, eins og t.d. slökkviliðsmönnum, björgunar- og hjálparsveitamönnum. Auðvitað felst það í því ef maður ætlar að fara að þjálfa slökkviliðsmenn að það þarf að fjalla um brunavarnir. Það vita allir að slökkviliðsmenn fjalla um brunavarnir og björgunar- og hjálparsveitamenn fjalla um ýmsa aðra þætti sem of langt mál yrði upp að telja hér.

Ég bendi mönnum á í sambandi við till. að þar er ágætur úrdráttur um ráðstefnu um öryggismál sjómanna sem var haldin 18. sept. 1987. Þar eru mjög fróðleg erindi um þessi mál og þar kemur mjög glögglega fram að menn leggja áherslu á fræðsluþáttinn og ég held að þetta sé alveg í samræmi við það. Það hefur hins vegar vantað að það sé einhver móðurskóli eins og við höfum flutt till. um sem sjái um þessa hluti. Ég vil hvetja menn til þess að standa vel að þessu og miðað við þær undirtektir sem þetta fær hér þykist ég vita að björgunar- og slysavarnaskóli verði settur á laggirnar í náinni framtíð.

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Það er í fyrsta lagi að aðeins um 20–30% sjómanna, þ.e. yfirmenn, njóta fræðslu í skólum stýrimanna og vélstjóra á sviði slysavarna. Allir aðrir sjómenn hafa ekki aðgang að slíkri fræðslu og Slysavarnaskóli Slysavarnafélags Íslands hefur leyst þarna úr brýnni þörf.

Nefnd sú sem ráðherra hefur falið að marka stefnu og gera tillögur um slysavarnaskóla, sem er það sama og björgunar- og slysavarnaskóli, eins og till. fjallar um, mun taka sérstakt tillit til eldvarna en það er einmitt eldvarnaþátturinn í slíkum skóla sem hlýtur að gera þann skóla staðbundinn. Eldvarnaþátturinn, þær aðstæður sem þurfa að vera, kostar tugi milljóna. Þær eldvarnaæfingar sem hafa átt sér stað um borð í Sæbjörgu eru í rauninni aðeins sýnishorn af því sem þarf að vera í alvöru eldvarnafræðslu. Það er einmitt sá þáttur sem hlýtur að valda því að slíkur aðalskóli verði staðbundinn.

Það er enginn misskilningur sem á sér stað af minni hálfu í skilningi og túlkun á þessari tillögu sem er ágæt og jákvæð, en það er auðvitað á skjön við verkefni Slysavarnafélagsins þegar komnar eru tillögur um aðra staðsetningu en Slysavarnafélagið sjálft gerir ráð fyrir.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram að öll umræða, eins og hefur átt sér stað í dag, hlýtur að vera af hinu góða. Till. eins og hér er flutt, þó málið sé í höndum nefnda til vinnslu, hlýtur líka að vera af hinu góða. Við könnumst við það hér á hv. Alþingi að m.a.s. þarf oft að ýta við málum sem búið er að samþykkja fyrir löngu síðan, en ekkert er í gert. Ég er ekki að meina að það eigi við í þessu tilviki, en umræðan sem slík hlýtur að vera jákvæð.

Ég tek mjög undir það, sem hér hefur komið fram og vitnað var í áðan, að sú nefnd sem skipuð var á sínum tíma skilaði mjög merkilegu starfi, margþættum og mikilvægum tillögum sem margar hverjar eru komnar til framkvæmda, en sumar vantar á. Ég man ekki betur, verð þá leiðréttur ef rangt er með farið, en að það hafi verið ríkjandi sjónarmið innan þeirrar nefndar að við værum að tala um, ef svo má orða það, hreyfanlegan skóla. Það er kannski klaufalega orðað. Farskóla, ef menn heldur vilja hafa það svo, segir hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir. En það var í mínum huga og er enn miklu skynsamlegra ef það á að ná til allra þeirra aðila sem við viljum og þurfum að ná til með fræðslu í þessum efnum.

Einhver hv. þm. sagði hér áðan: Við byggjum ekki upp stóran skóla nema á einum stað. Er ekki verið að byggja upp háskóla á öðrum stað nú heldur en hérna á stóra staðnum? Er nokkuð öðruvísi að þjóna með fræðslu, og það mikilli fræðslu, ekkert stuttum námskeiðum endilega, þau geta verið lengri og fer eftir þróuninni hvernig hún verður á tímanum, það er hægt að þjóna með slíkum námskeiðum út um allt land, námskeiðum sem koma til með að skila nákvæmlega sama og það gerði hér í Reykjavík, þó að skólinn væri, að öðru leyti en því að það kostaði minna. Það kostaði minna en mundi skila sér betur til þeirra sem eiga að njóta þess.

Það er auðvitað staðreynd sem a.m.k. landsbyggðarfólk kannast við að það er ekki alltaf hægt að fá einstaklinga til að setjast á skólabekk langtímum saman fjarri sínum heimilum. Það á ekkert síður við um sjómenn heldur en annað fólk, og kannski á það frekar við um þá. Þess vegna er það nauðsynlegt að mínu viti að haga þeim aðgerðum, sem ég tel að þegar séu hafnar að því er þetta varðar að hluta til, í samræmi við það að við getum flutt kennsluna til fólksins, við getum flutt fræðsluna til fólksins út á staðina. Með þeim hætti held ég að við þjónum málinu best. Kannski verður þessi tillaga og umræðan um hana til þess að ýta enn frekar á að betur verði gert en þegar er búið, þó ekki sé verið að vanþakka það nema síður sé, því ég hygg að það hafi ekki verið jafnmikið gert um nokkuð langan tíma eins og gert hefur verið á undangengnum fjórum til fimm árum að því er varðar öryggismál sjómanna og það skal síður en svo vanþakkað. En auðvitað má betur ef duga skal í þeim efnum. Því að við þurfum

að vera miklu framar að því er þetta varðar.

Ég fagna því umræðunni um þessa till. þó að ég telji að málið sé komið á þann rekspöl að það eigi ekki að víkja þar af leið. Það á heldur að ýta undir það sem þegar er byrjað á og það getur umræðan um þessa till. og hún sjálf gert.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hér gæti misskilnings í umræðu og ég vil leiðrétta hann. Hv. 1. þm. Suðurl. nefndi sem eflaust er rétt að það hafa verið starfandi miklar og margar nefndir að öryggismálum sjómanna. Mörg námskeið hafa verið haldin hingað og þangað. Búið er að leggja einhverja línu, sem ég hef ekki heyrt talað um á Alþingi, í öryggismálum sjómanna. Hv. þm. telur að aðeins 20–30% af yfirmönnum sjómannastéttarinnar fái einhverja tilsögn eða fræðslu í öryggismálum og það sé óþarfi að flytja till. sem þessa þar sem nefnd sé starfandi á vegum ráðherra sem muni gera tillögur um eldvarnakennslu. (**ÁJ:** Þetta er útúrsnúningur, hv. þm.) Ég bið afsökunar ef þetta er útúrsnúningur, ég er bara að telja upp það sem ég skrifaði niður eftir hv. þm. (**ÁJ:** Það á að skrifa niður í samhengi.) Ja, ég er nú að taka punktana úr máli hv. þm.

Ég vil benda hv. þm. á það að till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands. Stofnkostnaður og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði."

Ég átti þátt í því að koma Sæbjörgu í hendurnar á Slysavarnafélaginu. Og þá var um það talað að Slysavarnafélagið gæti rekið Sæbjörgu án framlags úr ríkissjóði. En reksturinn var ekki hafinn þegar þeir fóru fram á aðstoð úr ríkissjóði til þess að reka skipið, á meðan ég var enn þá fjmrh. (**ÁJ:** Til að koma því í stand.) Nei, það var ekki til að koma því í stand vegna þess að þeir unnu það mikið í sjálfboðavinnu, sem var þeim til mikils sóma, þeir fóru ekki fram á það heldur blasti við að reksturinn yrði erfiður. Við sem flytjum þessa till. erum ekki að koma neitt inn á starfssvið Slysavarnafélagsins eða minnka það. Það gæti einmitt þvert á móti orðið til að auka það og gera það öruggara með því að ríkissjóði væri falið að standa undir kostnaði af þessari kennslu eða þessum skóla.

Ég vil minna á það að eitt af þeim stóru átökum sem hafa verið gerð í slysavörnum á Íslandi var þegar sundkennsla var innleidd sem skyldufag í öllum skólum. Það er eitt af því stóra sem gert hefur verið í slysavörnum. Við erum eyland og höfum mikil samskipti við sjóinn og vötn. Og eitt af því sem okkur er til hvað mests sóma er árangurinn af þeim öryggisþætti í okkar daglega lífi.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að öryggisnefnd sjómanna, sem hefur fjallað um þessi mál og mörg önnur öryggismál, hefur unnið gríðarlega mikið og gott starf. Og það má segja að þetta sé til að undirstrika að nú þarf að gera eitthvað varanlegt, að ríkisstjórninni er falið að koma af stað björgunar- og slysavarnaskóla. Við orðum það þannig vegna þess að það þarf að bjarga mönnum bæði á sjó og landi og þá ekki sjaldan úr eldsvoðum líka. Og þá er mikið atriði að menn kunni réttu handbrögðin og kunni að bregðast rétt við. Það er málið. Við erum að hrinda hugmynd í framkvæmd ef hægt er.

En um fyrirkomulag kennslunnar, hvort það verður farandskóli eða farskóli eins og menn orða það eða hvernig fyrirkomulagið á kennslunni verður og hvað verður kennt, það er ekki í okkar till. Við ætlumst til þess að ríkisstjórnin sjái um að í þessum björgunar- og slysavarnaskóla sem hún á að koma á laggirnar þá verði það starf þar innanborðs sem þjóðfélagið þarf á að halda. Við erum ekki að tefja tímann hér með því að ætla að skipuleggja skólahaldið á sama tíma og við erum að gera till. um að skólinn verði stofnsettur.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, fyrir mína hönd sem meðflm. þakka þær góðu undirtektir sem þessi till. hefur hlotið, en að sjálfsögðu gerir frummælandi það betur í sínum lokaorðum.

Flm. (Ólafur Gränz):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær góðu og jákvæðu undirtektir sem þessi till. hefur fengið hér. Ég vil aðeins koma inn á það að gagnvart því að hafa þetta sem farskóla, þ.e. skóla sem fer um landið, þá er það ekki gerlegt því að mikill hluti af svona skóla eru stór mannvirki.

Þegar þessi till. var í vinnslu var haft gott samráð við aðila innan Slysavarnafélags Íslands. Við berum mikla virðingu fyrir því starfi sem þar er unnið. Við metum mikils það starf sem unnið hefur verið af áhöfn Sæbjargar. Ég hef verið þar um borð og átt gott samtal og fengið góðar ráðleggingar hjá mönnum sem þar hafa starfað. En hvað varðar eldvarnafræðslu þá er hún, eins og ég sagði áður, auðvitað stór hluti af svona skóla.

Ég vil þá bara að lokum þakka þessar undirtektir og vona að málið fái farsælan framgang.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hálendisvegir, fyrri umr.

Þáltill. JGS o.fl., 358. mál. — Þskj. 690.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um hálendisvegi og möguleg áhrif þeirra á byggðaþróun.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna saman og láta vinna úr tæknilegum og náttúrufræðilegum upplýsingum sem nú liggja fyrir hjá ýmsum

stofnunum og mundu nýtast við áætlanagerð um vegaframkvæmdir á hálendinu.

Einnig fari fram könnun á áhrifum slíkrar vegagerðar á þróun byggðar í landinu með sérstöku tilliti til bættra samgangna milli Suður-, Norður- og Austurlands, svo og á nýtingu náttúruauðæfa hálendisins og ferðamál."

Alltaf annað slagið hafa komið upp umræður um varanlega vegagerð á hálendinu. Oftar en hitt hefur sú umræða einkennst af fordómum og hindurvitnum og því að tæknilegar og náttúrufarslegar upplýsingar um vegagerð á hálendinu hafa ekki legið fyrir.

Nú hefur sú breyting orðið á að fyrir liggja miklar upplýsingar um náttúrufar hálendisins með tilliti til mannvirkjagerðar þar. Þessar upplýsingar er að finna hjá ýmsum opinberum og hálfopinberum stofnunum. Þar má nefna Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðina. Auk þess búa ýmis áhugamannasamtök, svo sem Ferðafélag Íslands, hjálparsveitir og samtök snjósleðamanna, yfir mikilli þekkingu sem hægt væri að nota í þessu skyni. Það er mjög brýnt að þessum upplýsingum verði öllum safnað saman með tilliti til þess hvernig þær nýtast til undirbúnings fyrir vegagerð á hálendinu. Einnig er að mínu mati mjög brýnt að allar framkvæmdir á hálendinu verði samræmdar þannig að það sem verið er að gera t.d. í tengslum við línulagnir og virkjanir nýtist sem grunnur að því sem síðar kann að koma, svo sem varanleg vegagerð. Ég tel einnig að slík vinna gæti verið hluti af landskipulagi sem óhjákvæmilega hlýtur að koma fyrr eða seinna. Þegar ég tala um landskipulag þá á ég við það að lögð verði í það skipuleg vinna að kortleggja landið út frá náttúrufarslegum sjónarmiðum, út frá landgæðum og út frá slíkri vinnu verði framtíðarskipulag landsins byggt. Og ég varpa hér fram þeirri hugmynd hvort að slíku landskipulagi ætti ekki að starfa í samvinnu við og við hliðina á Byggðastofnun og hvort það ætti ekki að heyra undir forsrn.

Það sem hér er lagt til að kannað verði er í fyrsta lagi varanlegur vegur yfir Sprengisand, sem mundi tengja Suðurland og Norðausturland, og í öðru lagi vegur norðan Vatnajökuls austur á Fljótsdalshérað. Færa má sterk rök að því að slík vegagerð sé alls ekki fjarlægur möguleiki þannig að fyrst um sinn yrði um að ræða varanlegan veg með 7–8 mánaða opnunartíma á ári. Benda má á að nú þegar hefur í tengslum við virkjunarframkvæmdir verið lagður vegur upp á miðjan Sprengisand. Það sem nú vantar er tenging niður í byggðir Norðurlands, 80 km að Tjörnum í Eyjafirði og 115 km að Mýri í Bárðardal.

Það liggja ekki fyrir nákvæmar kostnaðartölur um það hvað slíkar framkvæmdir mundu kosta, en lauslega áætlað, byggt á fyrri athugunum Vegagerðarinnar, mundi það kosta um 750 millj. kr. á núgildandi verðlagi að byggja þennan veg upp og leggja bundnu slitlagi.

Tenging við Austurland af Sprengisandsvegi yrði seinni tíma verkefni. Tímasetning þess verks færi sennilega eftir því hvenær ráðist yrði í Austurlandsvirkjanir.

Hins vegar hefur það komið í ljós þegar ég hef farið að kanna þessi mál betur að e.t.v. er það minna mál en margur hefur ætlað að tengja hálendisveginn þangað austur. Það er a.m.k. ljóst að Austfirðingar og Austurlandsbúar hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga.

Þegar rætt er um hálendisvegi verður að taka það fram að það er tvíþætt verkefni. Annars vegar að byggja upp og koma upp varanlegum vegi með sumarnotkun í huga, þ.e. 6–8 mánaða tíma. Hvort raunhæft er að tala þarna um heilsársveg er seinni tíma verkefni og mundi væntanlega ráðast af þeirri þörf sem þessi vegur mundi sýna fram á.

Ég vil benda á það hér að því hefur allt of lítið verið sinnt hérlendis að kanna á hvern hátt á að haga vetrarumferð yfir fjallvegi þannig að sem minnst hætta stafi af. Ég bendi á það að erlendis er ýmsum aðferðum beitt svo sem að loka vegum tímabundið vegna slæms veðurs, fara fram á tilkynningarskyldu og, mál sem hér var til umræðu í síðustu viku á þingi, að hafa neyðarsíma við vegina. Menn hafa rætt um slæm veður, menn hafa rætt um mikil snjóalög í þessu sambandi. Það er hægt að fara fljótt yfir sögu. Miðhálendið er snjólétt og það liggja fyrir upplýsingar um veðurfar á þessum svæðum.

Þá komum við að hugsanlegum áhrifum hálendisvega á byggðaþróun í landinu, en þau eru margþætt. Þar vil ég fyrst benda á að flestar meiri háttar umbætur í vegamálum síðustu áratugi hafa miðast við að bæta samgöngur viðkomandi landshluta við höfuðborgarsvæðið. Vissulega hefur slíkt verið til hagsbóta fyrir landsbyggðina, en í flestum tilfellum hefur hagur Reykjavíkur og nágrennis orðið enn meiri, þ.e. staða höfuðborgarinnar sem miðstöðvar allra samgangna í landinu hefur styrkst.

Sú tillaga sem hér er borin fram gerir ráð fyrir því að kanna vegalagningu þvert yfir hálendið og á þann hátt að brjóta samgöngumunstur landsins upp. Það má færa að því sterk rök að ef þetta er framkvæmanlegt þá séu fáar framkvæmdir í samgöngumálum sem gætu verið eins virkar til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins sem þessi.

Það er oft hægt að leika sér með tölur. Ég ætla ekki að fara með margar tölur hér, en ég get nefnt sem dæmi að vegalengdin Reykjavík–Egilsstaðir mundi styttast um 250 km eftir slíku vegakerfi, Selfoss–Akureyri um 190 km og vegalengdin frá uppsveitum Suðurlands og virkjunarsvæðunum þar til Akureyrar mundi styttast um nálægt 300 km.

Ég sagði áðan að ég teldi að slík framkvæmd gæti haft mikil áhrif í byggðalegu tilliti. Ég ætla að rökstyðja það örlítið betur. Nútímaþjóðfélag gerir kröfur um hátt þjónustustig. Hátt þjónustustig næst best þar sem margt fólk býr á til þess að gera litlum bletti, þ.e. menn gera þá kröfu til þess að byggðin sé þétt. Þetta er hægt að gera á tvennan hátt, annars vegar með því að flytja til fólk, eins og mér finnst að allt of mikið hafi verið uppi hér í okkar þjóðfélagi,

hins vegar að færa byggðirnar saman með bættum samgöngum og að því miðar þessi tillaga.

Slíkur vegur sem hér um ræðir mundi einnig tengja saman þau svæði landsins sem frá náttúrunnar hendi hafa mesta þróunarmöguleika til þess að mynda jafnvægi andspænis höfuðborgarsvæðinu. Áður en lagt væri í slíkar framkvæmdir og hluti af rannsóknum sem þessi tillaga beinist að er sú að leggja endanlegt arðsemismat á slíka framkvæmd. Til þess að gera það þarf að beita öðrum aðferðum en gert hefur verið hingað til í flestum tilfellum við vegagerð hérlendis. Það verður að leggja vinnu í að meta áhrif hennar á samvinnu fyrirtækja á viðkomandi svæðum, stækkun markaðssvæða, ávinning í ferðamálum o.s.frv. Ég get nefnt hér örfá dæmi.

Í gegnum starf mitt að félags- og atvinnumálum er mér mjög kunnugt um þörf mjólkurvinnslunnar í landinu á bættum samgöngum. Þar stöndum við frammi fyrir því nú á komandi sumri að þurfa að flytja 2–3 millj. lítra af mjólk eða undanrennu af norðansvæðinu til þurrkunar fyrir sunnan í Flóanum. Samgöngubætur sem þessar mundu auðvelda þetta verulega. Ég gæti nefnt dæmi af mér persónulega. Ég hef átt í viðskiptum við byggingarfyrirtæki á Selfossi núna í vetur og hefði orðið báðum aðilum til mikilla hagsbóta að hafa bættar samgöngur á milli þessara landshluta. Þetta er einmitt það sem málið snýst um, ef það er raunhæft, að við erum að gera landshluta, sem fram að þessu hafa nánast ekki haft nokkrar samgöngur, að næstu nágrönnum.

Fyrsti ávinningur slíkrar vegagerðar sem hér um ræðir yrði án efa í ferðamálum þar sem góður vegur um hálendið mundi tengja saman fjölförnustu ferðamannasvæði landsins og opna nýjar hringleiðir um landið. Það er ekki nokkur vafi á því að slíkt yki aðdráttarafl landsins fyrir útlendinga og ferðalög Íslendinga innan lands og mundi á þann hátt bæði afla gjaldeyris og spara gjaldeyri. Ég held að þetta væri mjög mikilvægt, ekki síst fyrir Norðausturland þar sem eru margir af þeim stöðum sem ferðamenn sækjast mest eftir að skoða. Við Norðlendingar, íbúar Norðausturlands, værum þarna komnir í aðstöðu til að að geta tekið á móti erlendum ferðamönnum til lengri dvalar og gætum innan eðlilegs ferðaradíusar sýnt þeim mjög marga merkustu staði landsins, þar með talið þá sem liggja ofarlega á Suðurlandi.

Ég ætla einnig að benda á það að þessi þáltill. fellur að starfsáætlun núv. ríkisstjórnar, þar sem segir í kafla um byggðastefnu og samgöngumál, með leyfi forseta: „Átak verði gert í samgöngumálum og fyrirliggjandi áætlanir á sviði samgangna samræmdar í þeim tilgangi að bæta tengsl milli byggðarlaga og stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða.“

Það er einn flötur enn á þessu máli sem mér finnst gaman að velta svolítið upp. Hann er sá að við erum þarna að ræða um samgönguleiðir sem voru aðalsamgönguleiðir í árdögum byggðar á Íslandi, þ.e. menn voru hagsýnir í þá daga og fundu það strax að stystu leiðir á milli áfangastaða lágu um hálendið. Þær samgöngur lögðust hins vegar af mikið til af náttúrufarslegum ástæðum, þ.e. uppblástur og gróðureyðing á hálendinu gerði það erfiðara yfirferðar miðað við þá tækni sem þá var uppi. Í dag eru aðstæður aðrar og vissulega að mínu mati ástæða til að kanna þetta mál til hlítar.

Það þykir kannski einhverjum það kokhreysti af þm. að flytja þetta mál hér. Ég hrökk svolítið við þegar hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson líkti máli sem hann var að fjalla um hér í þingræðu í síðustu viku við það að menn væru að berjast fyrir framgangi hálendisvega, því að hann sagði að það væri mál sem þm. hefðu forðast að taka upp á arma sína vegna þess að við þá byggju engir kjósendur. En ég tek þá áhættu í trausti þess að þetta sé mikið hagsmuna- og framfaramál fyrir kjósendur þeirra byggðarlaga sem næst þessum samgöngubótum liggja.

Ég vil einnig benda á það að þessi mál hafa nokkuð verið til umræðu nú á þessum vetri. Dr. Trausti Valsson skipulagsfræðingur hefur haldið þeim nokkuð á lofti og sett fram rökstuddar hugmyndir um hálendisvegakerfi og áhrif þeirra á byggðaþróun. Einnig má nefna það að Verkfræðingafélag Íslands hefur ákveðið að gangast fyrir ráðstefnu um tæknilega úttekt á þessum málum, þ.e. hálendisumferð, nú á vori komandi.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. En ég geri það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til atvmn. Sþ.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Umræða um byggðamál hefur verið uppi nú um allmörg ár, ekki síst í sambandi við þá stórfelldu byggðaröskun sem orðið hefur á síðustu áratugum og þann kipp sem varð til hins verra fyrir landsbyggðina síðustu tvö árin. Aldrei hefur fólksstraumurinn af landsbyggðinni verið eins stríður og ekki sér fram á að neitt lát verði á því í náinni framtíð. Byggðamál og byggðaþróun er oft til umræðu en þar við situr. Það ber lítið á því að menn hafi hug á að marka einhverja stefnu í þeim málum sem þó er meira en tímabært. Hvernig ætlum við að nýta landið? Hvernig er skynsamlegast að byggð þróist í landinu? Hvaða lífi ætlum við að lifa hér í byggðum landsins yfirleitt? Og hvað þarf að gera til að áfram megi þróast á landsbyggðinni menningarlegt mannlíf? Slíkar spurningar hljóta að vakna þegar við horfum á það nú að í sumum sveitum horfir til auðnar. Byggðin þolir ekki frekari gisnun. Og landbúnaðurinn er varla kominn á lappirnar enn eftir kollhnísinn.

Við sjávarsíðuna fellir fólk kjarasamningana og aðbúnaðurinn að framleiðsluatvinnuvegunum til sjávar og sveita er á þann veg að þeim er ekki fært að greiða fólki þau laun sem þarf til lífsviðurværis. Með þessar staðreyndir í huga hljótum við að spyrja: Hver verður framtíð landsbyggðarinnar? Reyndar ættum við frekar að spyrja okkur sjálf: Hvernig viljum við að hún verði? Svör við þeirri spurningu

eru brýn. Það verður að hefjast handa við að móta alhliða byggðaþróunarstefnu og snúa til baka því sjálfvirka færibandi sem stöðugt flytur fjármuni og fólk af landsbyggðinni til suðvesturhornsins. Sú tilfærsla er komin yfir hættumörk.

Þáltill. sem hér liggur fyrir bendir á möguleika til hagsbóta fyrir landsbyggðina. Ég fer ekki nánar út í rökstuðning fyrir því. Það hefur hv. flm. þegar gert með ágætum. En ég vil benda hv. þm. á bók Trausta Valssonar skipulagsfræðings sem heitir „Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands". Þar gerir höfundur grein fyrir byggðaforsendum hér á landi, kemur á framfæri hugmyndum að drögum að skipulagi landsins alls og leggur fram tillögur að vegaáætlun um hálendið svo að drepið sé á nokkra þætti. Höfundur kemur þar inn á það, sem oft hefur verið rætt hér, að bætt og aukið vegakerfi sé einhver arðbærasta framkvæmd á margvíslegasta máta eins og rakið er í grg. með till. Þannig stækki atvinnu- og þjónustusvæði. Tenging byggðarlaga og ýmiss konar ávinningur í ferðamálum kemur líka til.

Herra forseti. Þessi till. lýtur að könnun á áhrifum vegagerðar á hálendinu á þróun byggðar í landinu. Ég held að í ljósi þess sem ég vék að um byggðamál fyrr í máli mínu getum við verið sammála um að slík könnun sé ekki einungis æskileg heldur nauðsynleg og hún sé gerð sem fyrst. Ég er ekki í vafa um að þessi könnun leiðir í ljós hagkvæmni vegalagningar um hálendið, ekki síst með tilliti til væntanlegra raflínulagna milli Norður- og Suðurlands, svo og styttingar á flutningaleiðum milli landshluta, og þá má ekki gleyma því að með góðu vegakerfi gefast aukin tækifæri í sambandi við ferðamannaþjónustu. Okkur öllum verður auðveldara að kynnast landi okkar frá sjónarhólum sem nú eru ekki í alfaraleið.

Við kvennalistakonur styðjum þessa till. og væntum þess að hún fái skjótan framgang.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er mælt fyrir er ofur eðlilegt mál. Ég tel að það sé fyllilega ástæða til þess að unnið sé úr tæknilegum og náttúrufræðilegum upplýsingum sem nú liggja fyrir hjá ýmsum stofnunum og mundu nýtast við áætlanagerð um vegaframkvæmdir á hálendinu. Það er ekki nema sjálfsagt að slíkum gögnum sé ekki aðeins haldið til haga heldur sé leitast við að samræma þær aðgerðir sem ráðist er í hverju sinni og tengst geta hugsanlega vegagerð sem nýttist til frambúðar og yrðu þegar tímar líða mikilvægar samgönguæðar milli landshluta. Ég get að þessu leyti tekið alveg undir með hv. flm. þessa máls að þetta er mjög eðlilegt viðfangsefni og góðra gjalda vert.

Ég vil hins vegar benda hv. 1. flm. þessa máls á, um leið og ég óska honum til hamingju með það sem ég hygg að sé fyrsta ræða hans hér á Alþingi, að það hefur ekki verið skammtað það rúmt til vegamála í þessu landi á undanförnum árum að ástæða sé til þess að ætla að við séum aflögufærir til að fara að leggja verulegt fjármagn til vegagerðar af því tagi sem hér er um að ræða alveg á næstunni. Þannig tel ég að hér sé um framtíðarmál að ræða sem fyrst og fremst verði á dagskrá ef ráðist er í vegagerð vegna annarrar mannvirkjagerðar eins og línulagna eða virkjana, vegagerð sem gæti nýst inn í það samhengi sem tillaga þessi fjallar um.

Ég bendi á að þó að það séu ekki stjarnfræðilegar tölur sem hér eru á ferðinni, síst í hugum þeirra sem hafa staðið að mannvirkjum í landinu, eins og flugstöð þar sem umframkostnaðurinn hleypur á milljörðum og eru mannvirkin þó varla vindheld, þannig að það vex mönnum nú kannski ekki í augum. En þegar kemur að vegagerð og verkefnum eins og þeim að tengja saman þéttbýlisstaði innan landshluta, þá er nú ekki rúmt skammtað. Það þekkjum við vel Vestfirðingar og Austfirðingar hvernig málum er háttað í sambandi við tengsl á milli þéttbýlisstaðanna í okkar landshlutum. Auðvitað er það víðar á landinu þar sem menn að vetrarlagi komast ekki með eðlilegum hætti á milli staða jafnvel mánuðum saman. Það væri auðvitað mjög einkennilegt ef Alþingi færi að ráðstafa fjármagni til vega yfir hálendið sem ekki geta þjónað nema fyrst og fremst sumarumferð, ég á þá við verulegar upphæðir, á meðan ekki hefur verið rutt úr vegi þeim hindrunum sem eru á vegi fólks, þúsunda manna í landshlutunum milli byggðarlaga.

Það ætti út af fyrir sig ekki að sitja á mér að taka undir það hins vegar að greiða mönnum götu með eðlilegum hætti um hálendi landsins. Ég hef átt þar margar góðar stundir, margar unaðsstundir, en það má njóta gæða hálendisins, t.d. til ferðamennsku, án þess að hlemmivegir fylgi. Hins vegar er það mjög mikilvægt viðfangsefni að beina umferð um hálendið í ákveðna farvegi og laga þannig til hálendisslóðir, t.d. aðalfjallvegina, sem stundum eru svo kallaðir, Kjalveg og Sprengisandsleið og fleiri slíkar slóðir inn á ferðamannastaði, að þær séu sæmilega færar að sumarlagi og komið verði í veg fyrir jafnhliða óþarfan og mjög spillandi akstur utan slóða. Það er mjög stórt mál sem þarf að taka á fyrr en seinna, því að falleg svæði á hálendinu eru í stórfelldri hættu af náttúruspjöllum vegna aksturs utan slóða um holt og hæðir. Má vera að ég taki eitthvað á því máli með tillöguflutningi áður en þessu þingi lýkur.

Ég vil, herra forseti, af því að tími minn er mjög takmarkaður og margt mætti um þetta mál segja, benda á að það liggja fyrir — og sjálfsagt er það eitt af því sem hv. flm. hafa í huga — skýrslur t.d. raflínunefndar, framvinduskýrsla yfir tímabilið okt. 1977 til des. 1983, gefin út í nóv. 1985, um raflínustæði á hálendinu og hugmyndir þar að lútandi, m.a. um svokallaða Sprengisandslínu niður í Bárðardal eða niður í Eyjafjörð og hugsanlega línulögn milli Akureyrar og Fljótsdals og jafnvel milli Hrauneyjarfoss og Austurlands, þ.e. tengt hugmyndinni um Fljótsdalsvirkjun. Það er sjálfsagt að farið sé ofan í þetta með tilliti til vegabóta ef og þegar í svona línur er ráðist.

Í sambandi við veginn til Austurlands, frá Suður-

landi til Austurlands, vil ég nefna það hér að þessar hugmyndir um raflínu milli t.d. Hrauneyjarfoss og Austurlands gera ekki ráð fyrir því að farinn sé Vatnajökulsvegur hinn forni. Hv. flm. vita eflaust hvar talið er að menn hafi þá farið, þ.e. svokallaða Gæsavatnaleið, sem svo er kölluð nú til dags, leiðina þétt við Vatnajökul norðan Tungnafellsjökuls eða um Vonarskarð og norðan Vatnajökuls um Urðarháls og þaðan yfir upptakakvíslar Jökulsár á Fjöllum. Það er sem sagt ekki meiningin samkvæmt þessum hugmyndum að fara með raflínu þá leið, heldur að farið yrði með hana innst úr Bárðardal, austur yfir Ódáðahraun nánast þvert austur í Fljótsdal. Þannig að sú stytting á vegalengd sem fæst samkvæmt tillögunni með mælingu í loftlínu kemur ekki fram samkvæmt þeirri hugmynd sem þarna liggur fyrir.

Þó að það sé alveg rétt að á svæðinu norðan Vatnajökuls sé úrkomulítið, hvað minnst úrkoma á þessu landi, þá efast ég um að það verði greitt að vetrarlagi að fara þar um, fara með veg sem ætti að vera fær allt árið yfir Urðarháls og svæðið suður af Trölladyngju, svæði þar sem fannir leysir fyrst þegar kemur fram í júlímánuð, að vísu á ruðningsslóð án nokkurrar teljandi vegagerðar, en þar eru ýmsar torfærur á leiðinni. Sandstormar, sem geta á skömmum tíma sandblásið bílana, eru tíðir á upptakasvæði Jökulsár á Fjöllum, eins og menn þekkja væntanlega sem þarna hafa farið um, verstu sandstormar sem gerast á Íslandi. Þannig að ég held að vegagerð yfir það svæði verði seint mjög trygg eða árennileg til að komast þar um nema með hvíldum og bíða lags ef þannig viðrar.

Það liggja líka fyrir veðurathuganir, herra forseti, t.d. frá Sandbúðum og Nýjabæ í skýrslu frá mars 1984. Án þess að kafa djúpt í þau fræði, þá leyfi ég mér að vekja athygli hv. flm. og hv. þm. á því sem segir um Sandbúðir, fáeinar línur um veðurathuganir í janúar 1977, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Sökum þess hve hvassviðrasamt reyndist vera í Sandbúðum má gera ráð fyrir tíðum skafrenningi yfir vetrarmánuðina og geta komið langir kaflar sem óveður hamlar útiveru fólks eins og t.d. á tímabilinu 16.–26. jan. 1977.“ — Og hér liggja fyrir prósentuútreikningar um hvenær ferðaveður var talið ófært yfir vetrarmánuði: Nær 40% í janúarmánuði, yfir 20% í marsmánuði, svo dæmi séu tekin.

En ég ætla ekki að snúa út úr fyrir hv. flm. og alls ekki að letja menn í sambandi við þetta mál, að halda saman upplýsingum og gæta þess að nýta fjármagn sem varið yrði til vegabóta á hálendinu. Það er skynsamlegt og sjálfsagt verkefni. Auðvitað koma þeir tímar að það verður farið á góðum vegum á milli landshluta, á milli Suður- og Norðurlands og vegur austur. Og vegna ferðamanna er alveg réttlætanlegt nú á næstunni að verja nokkrum upphæðum til eðlilegrar og nauðsynlegrar lagfæringar á aðalfjallvegunum, t.d. Kjalvegi og Sprengisandsleið og fleiri vegum, til að greiða götu manna að sumarlagi inn á eftirsótt svæði til náttúruskoðunar.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

69. fundur, þriðjudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 695.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það frv. sem ég hér mæli fyrir um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins er um að breyta ávöxtun á skyldusparnaði. Allt frá því að lög um skyldusparnað voru fyrst sett árið 1957 hefur tilgangur skyldusparnaðar annars vegar verið að tryggja það að ungt fólk legði fyrir fé af launum sínum sem mundi síðan nýtast því þegar það keypti sína fyrstu íbúð og hins vegar að tryggja Byggingarsjóði ríkisins greiðan aðgang að fjármagni sem nota ætti til útlána.

Fram til ársins 1970 var skyldusparnaðarprósenta 6% en þá var skyldusparnaður hækkaður í 15% og hefur það hlutfall haldist óbreytt síðan. Þó skyldusparnaður nemi verulegum fjárhæðum í heildina og sé nú tæpir 2 milljarðar hefur hlutdeild skyldusparnaðar í húsnæðiskerfinu staðið að mestu óbreytt í fjölda ára, þ.e. útstreymi úr sjóðnum hefur verið nokkuð svipað og innstreymi. Þannig hefur skyldusparnaður ekki haft þá þýðingu fyrir húsnæðiskerfið að tryggja Byggingarsjóði ríkisins greiðan aðgang að fjármagni í þeim mæli sem ætla mætti. Skipting útborgana og innborgana skyldusparnaðar vegna ársins 1986 á verðlagi þessa árs var sem hér segir:

Samtals bárust greiðslur til veðdeildar Landsbankans vegna skyldusparnaðar að fjárhæð 760 millj. kr. Á móti greiddi Byggingarsjóður ríkisins í skyldusparnað 737 millj. kr., þar af vegna aldurs 125 millj. kr., vegna íbúðakaupa 229 millj. kr., vegna skóla 200 millj. kr., vegna hjúskapar 31 millj. og vegna fjárhagsörðugleika og ómegðar 125 millj. kr. Vegna aldurs og íbúðakaupa voru greiddar samtals rúmar 400 millj. kr. eða um 55% skyldusparnaðar.

Tölur vegna ársins 1987 liggja ekki fyrir en samkvæmt færslulista í janúar hefur verið greiddur út vegna skyldusparnaðar rúmlega milljarður á sl. ári.

Í upphafi var reynt að miða við að ávöxtun á skyldusparnaði væri ávallt sú besta sem völ var á, en samkvæmt núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru vextir þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr Byggingarsjóði ríkisins að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka

Íslands. Auk þess voru ákvæði í skattalögum um að skyldusparnaður væri frádráttarbær til skatts. Þetta varð til þess að í mörgum tilvikum var hér um fýsilegan ávöxtunarkost að ræða, einkum hjá þeim ungmennum sem höfðu miklar tekjur.

Um sl. áramót féll niður heimild til að draga skyldusparnað frá skatti. Sú breyting ásamt þeirri staðreynd að nú bjóðast fólki mun hærri vextir af sparifé sínu á almennum lánsfjármarkaði heldur en hér um ræðir veldur því að nauðsynlegt er að endurskoða ákvæði húsnæðislaganna um skyldusparnað.

Nú í haust fól ég starfshópi starfsmanna Húsnæðisstofnunar, veðdeildar Landsbankans og félmrn. að skoða ákveðin atriði varðandi skyldusparnað, þar á meðal ávöxtun skyldusparnaðar í ljósi nýrra skattalaga. Hópurinn skilaði skýrslu til mín um tillögur sínar og í framhaldi af því skipaði ég nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna sem ætlað var að gera tillögur um breytingar á VII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í nefndinni áttu sæti Georg Tryggvason lögfræðingur, Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur, Sigurbjörn Magnússon framkvæmdastjóri og Lára V. Júlíusdóttir, aðstoðarmaður félmrh., sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar.

Nefndin varð sammála um að leggja til að nú þegar verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta ávöxtun á skyldusparnaði og jafnframt að tryggt verði að sama ávöxtun haldist áfram eftir að 26 ára aldri er náð en það er nýmæli. Nefndin lagði til að markmið þeirrar lagabreytingar yrðu að ávöxtun hækki eftir því sem skyldusparnaður liggur lengur óhreyfður inni á reikningi og við ákvörðun vaxta verði höfð hliðsjón af ávöxtun í ríkisbönkum og við það miðað að hún sé ekki lakari en ríkissjóður býður á hverjum tíma. Þessum markmiðum hefur verið leitast við að framfylgja við samningu frv. Jafnframt var haft samráð við starfsmenn Seðlabanka og Húsnæðisstofnunar.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur einnig fjallað um frv. og er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á 71. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að í 2. mgr. greinarinnar verði ríkisstjórn falið að ákveða vexti og skyldusparnað að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Þetta er sami háttur og á er hafður um ákvörðun vaxta af lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 3. mgr. 30. gr. laganna um Húsnæðisstofnun. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um vexti sé tekin fyrir eitt ár í senn og er það gert svo að vextir á skyldusparnaði séu í sem bestu samræmi við vexti á almennum peningamarkaði. Enn fremur er gert ráð fyrir að við ákvörðun vaxta verði höfð hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Með þessari breytingu mun Byggingarsjóður ríkisins þurfa að greiða hærri vexti fyrir skyldusparnað en hingað til.

Á móti viðbótarkostnaði Byggingarsjóðs vegna hækkaðra vaxta er á það að líta að kostnaður ríkissjóðs vegna fyrri skattfríðinda fellur niður. Samkvæmt upplýsingum vararíkisskattstjóra nam frádráttur vegna skyldusparnaðar árið 1986 samtals 465 millj. kr. Erfitt er að leggja mat á það hvað það þýðir í raunverulegum tekjum fyrir ríkissjóð, en samkvæmt upplýsingum starfsmanna fjmrn. var talið að tekjutap ríkissjóðs 1987 vegna skattafrádráttar skyldusparnaðar hafi verið 80–90 millj. kr. Vextir af skyldusparnaði 1987 námu um 65 millj. kr. Vaxtaprósentan var 3,5%. Frv. gerir ráð fyrir verulega bættri ávöxtun. Ef gert er ráð fyrir tvöföldun á þeim vöxtum og vextir á skyldusparnaði yrðu 7% í stað 3,5, þýðir það viðbótarkostnað um 65 millj. kr. Til hliðsjónar má geta þess að meðalvextir á sex mánaða verðtryggðum bankareikningi eru í dag 4%. Ef þessi viðmiðun væri notuð, sem vel mætti hugsa sér, og vextir tvöfaldaðir yrði ávöxtun 8% umfram verðtryggingu, en samkvæmt frv. er það eins og áður sagði ríkisstjórn Íslands sem tekur ákvörðun um þessa vexti að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabanka Íslands, en síðar munu sett nánari ákvæði um það í reglugerð.

Nefna má einnig að á spariskírteinum ríkissjóðs til tveggja til þriggja ára er ávöxtun 8,5% auk verðtryggingar. Gera má ráð fyrir að verði vextir hækkaðir um helming frá því sem nú er fái skyldusparendur til baka það fé sem frá þeim var tekið með skattkerfisbreytingunni og fé skili sér til þeirra sem spara en ekki einungis til þeirra sem gátu áður notið skattfríðinda skyldusparnaðar vegna hárra tekna.

Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að innstæða á skyldusparnaðarreikningi sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur skuli bera sömu ávöxtun, en það er nýmæli eins og áður sagði. Hingað til hafa ávöxtunarkjör skyldusparnaðar breyst við 26 ára aldur og sparnaður borið almenna sparisjóðsvexti eftir það. Þetta hefur leitt til þess að sparendur hafa leyst skyldusparnað sinn út eins fljótt og hægt hefur verið eftir að 26 ára aldri er náð. Þessi breyting á lögunum á að stuðla að því að fólk telji sér hag í því að ávaxta fé sitt áfram á skyldusparnaðarreikningi og þannig sé hægt að styrkja stöðu Byggingarsjóðs ríkisins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur fyrir sætir í sjálfu sér ekki neinum tíðindum. Frv. gengur einfaldlega út á það að samræma vexti skyldusparnaðar almennum vöxtum sem tíðkanlegir eru í landinu um þessar mundir og að koma í veg fyrir að skyldusparendur tapi stórfé á skattkerfisbreytingunni um áramótin. Það er tillaga sem sagt um að skila aftur því sem skyldusparendur hefðu tapað vegna skattkerfisbreytinginnar, að skila því aftur í formi vaxta. Í sjálfu sér er ekkert nema gott um þá hugsun að segja sem á bak við frv. er og b-liður frv. um að innstæða

beri sömu ávöxtun eftir 26 ára aldur sparanda er auðvitað sjálfsagður.

Ég vil hins vegar varðandi þetta frv. benda á að þarna er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn geri tillögur um vexti af þessum innlánum. Ég er ekki viss um að húsnæðismálastjórn sé heppilegasti aðilinn í þeim efnum vegna þess að hún hefur augljósa hagsmuni af því að vextir séu sem lægstir af skyldusparnaði. Það er augljóst að eftir því sem vextir eru lægri af skyldusparnaði, eftir því hefur húsnæðismálastjórn meira fé til ráðstöfunar og öfugt. Þess vegna hefði ég talið að þarna væri eðlilegt að setja inn ákveðið viðmið, vextir af skyldusparnaði verði ákveðnir eins og vextir eru á skuldabréfum ríkissjóðs á hverjum tíma, eins og þeir verða til, þ.e. vextir á spariskírteinum ríkissjóðs. Ég held að það sé mikið eðlilegra heldur en að húsnæðismálastjórn og Seðlabanki og síðan ríkisstjórn séu að versla um þessa vexti með tilliti til annarra efnahagsstærða sem þeir eru að fjalla um. Ég treysti núv. ríkisstjórn ekki í þessum efnum og tel enga ástæðu til að votta henni sérstakt traust með því að ætla henni ásamt meiri hluta stjórnarflokkanna í Húsnæðisstofnun að ákveða vexti á skyldusparnaði. *Ég treysti þeim ekki til þess og tel enga ástæðu til að* treysta þeim sérstaklega í þessum húsnæðismálum, svo óhönduglega hefur farið um þau núna að undanförnu eins og reyndar stundum áður. Ég mundi þess vegna vilja breyta þessum lið sem varðar vaxtaákvörðunina í þá veru að hún verði ákveðið miðuð við vexti af spariskírteinum ríkissjóðs eða hliðstæðum lánaformum á hverjum tíma. Seðlabankanum, Húsnæðisstofnun og ríkisstjórninni sjálfri verði þar með kippt út úr myndinni.

Í grg. með frv. er gert ráð fyrir því að tekjutap ríkisins hafi numið 80–90 millj. kr. vegna skattfrjáls skyldusparnaðar, byggt á þeirri forsendu að frádráttur vegna skyldusparnaðar nam 465 millj. kr. árið 1986. Það er talið að tekjutap ríkisins á árinu 1987 af þessum ástæðum hafi verið 80–90 millj. kr. Ég dreg þessa tölu í efa. Ég dreg það í efa að skyldusparendur hafi almennt haft það miklar tekjur að þeir hefðu greitt skatta sem nema 25% af sparnaðarupphæðinni eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held að tekjutap ríkissjóðs sem þarna er um að ræða hafi ekki verið svona mikið og þar með sé tekjuávinningur ríkissjóðs af skyldusparendum í raun og veru rangmetinn eins og þetta er hér sett upp.

Ég vek einnig athygli á því, herra forseti, að í frv. er sagt: „Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma.“ Vextir hjá ríkisbönkunum á sex mánaða verðtryggðum bankareikningum eru núna 3,9%. Vextir sem ríkissjóður býður um þessar mundir eru um tvisvar sinnum hærri, 8–9,5%. Og væru bæði þessi viðmið sett inn í lög þá hlyti maður að spyrja: Er það meðaltal viðmiðana sem er tekið eða hvað? Ef það er ætlunin að taka sama viðmið í þessu efni og ríkissjóður býður á hverjum tíma að því er varðar spariskírteini, þá náttúrlga er eðlilegra að sleppa ríkisbönkunum út úr þessu viðmiði. Ég tel frv. þess vegna að þessu leyti gallað og það þurfi nánari athugunar við.

En ég kvaddi mér nú ekki sérstaklega hljóðs, herra forseti, út af þessu frv., ég á kost á því að fjalla um það í hv. félmn., heldur af hinu að fyrir rúmri viku fór hér fram talsverð umræða um húsnæðismál. Þá kom það fram að ríkisstjórnin ætlar að skera niður framlög til húsnæðismála á þessu ári um 100 millj. kr. Hæstv. félmrh. sat það af sér þó að sú ákvörðun væri auðvitað *bersýnilegt vantraust á hana* af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hún sat það af sér og situr enn á þeim stóli.

Í þeim umræðum kom það fram að hæstv. félmrh. hefði skipað nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á húsnæðiskerfinu, hvorki meira né minna, eins og það leggur sig. Og að sögn formanns Alþfl. og fjmrh. landsins, sem tilkynnti þessa nefndarskipun hér á þessum stóli, átti nefndin að skila áliti eftir tíu daga. Ég hygg að þeir dagar séu liðnir eða rétt að verða liðnir. Þess vegna vil ég biðja hæstv. félmrh. að greina hér frá því í hverju nál. er fólgið. Getur stjórnarandstaðan fengið aðgang að þessu nál.? *Hefur verið fjallað um það í stjórnarflokkunum?* Hverjar eru undirtektir stjórnarflokkanna?

Mér finnst það satt að segja mjög sérkennilegt að á sama tíma og hæstv. félmrh. er með heildarendurskoðun í gangi á þessum lögum, á sama tíma og það stendur til að taka þessi mál öll hér fyrir, þá koma hér þrjú frv., raunar fjögur, frá ríkisstjórninni um húsnæðismál á mjög stuttum tíma, sem er svo að segja hvert í sína áttina. Það er frv. til laga um kaupleigu, það er frv. til laga um skyldusparnaðinn, það er frv. sem var gengið frá og varð hér að lögum um áramótin í sambandi við breytingu á forgangsflokkum við lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins. Og síðan er það fjórða frv. sem gerði ráð fyrir því að skera niður framlög í Byggingarsjóð ríkisins og verkamanna um 100 millj. kr. Þetta rekur sig auðvitað hvað á annars horn. Það er alveg augljóst mál að það er ekkert rökrænt samhengi þarna á milli. Í einu frv. er verið að auka réttarbætur og bæta stöðu húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda, *eins og í kaupleigufrv., en í hinu tilvikinu er verið* að flytja frv. sem veikja stöðu húsbyggjenda í heild, sérstaklega þó frv. sem var samþykkt hér um daginn með hjásetu félmrh., frv. sem gerði ráð fyrir 100 millj. kr. niðurskurði í Húsnæðisstofnun ríkisins. Þannig að þetta myndar ekki rökrænt samhengi.

Þess vegna er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. úr því að tækifæri gafst til í sambandi við þetta litla frv.: Hvað líður heildarendurskoðun húsnæðislaganna sem var lofað hér af þessum stóli fyrir viku til tíu dögum? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra sæi sér fært að svara því og ef niðurstaðan liggur fyrir, sem hlýtur að vera eftir yfirlýsingu formanns Alþfl., þá óska ég eftir því fyrir hönd Alþb. að fá aðgang að þeirri skýrslu sem nefndin hefur hugsanlega sent frá sér.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Fyrir stuttu var í þessari hv. deild til umræðu frv. sem við þm. Borgarafl. í Ed. lögðum fram um skyldusparnað ungs fólks. Var þar um að ræða einn hluta þeirra tillagna sem Borgarafl. hefur unnið að um húsnæðismál. Annars vegar um húsnæðislánastofnanir eða húsbanka og hins vegar um endurskoðun á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en það var flutt í kjölfar frv. hæstv. ráðherra frá því í október, nóvember á síðasta ári.

Samkvæmt því frv. sem við lögðum fram um skyldusparnað ungs fólks gerðum við ráð fyrir því að sparendur ættu um tvær leiðir að velja til ávöxtunar sparifjárins, annars vegar að hafa fé inni á reikningi Húsnæðisstofnunar með hæstu lögleyfðu vöxtum og hins vegar að fjárfesta í eignarhluta fasteigna sem Húsnæðisstofnun réðist í að byggja fyrir hönd sparandans. Um þessar tillögur sköpuðust töluverðar umræður hér í hv. deild og voru þm. almennt sammála um að það fólk sem með lögum er skyldugt til þess að spara eigi að fá eins hagstæð kjör ef ekki betri en gerist almennt í þjóðfélaginu. Það frv. sem hér er til umræðu stefnir að sama marki, en því miður er það ómarkvisst og má túlka á fleiri en einn veg, sérstaklega að því er varðar ávöxtun þess fjár sem leggja á inn til Húsnæðisstofnunar.

Í mínum huga væri betra, eins og fram kemur raunar hjá hv. 7. þm. Reykv., að mæla um það skýrt í lögunum hvaða vextir skuli vera af þessu fé en ekki eins og kemur fram í frv. að ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fengnum tillögum Húsnæðisstofnunar og umsögn Seðlabankans. Þarna er verið að skapa bákn í kringum þessa ákvörðun. Eðlilegra hefði verið að það yrði bara ákveðið í lögunum að vextir af þessu fé skyldu ákveðnir miðað við einhverjar forsendur og síðan breytast eftir því sem forsendurnar breytast. Að ákveða þetta fyrir eitt ár er einnig mjög óeðlilegt þar sem vextir geta breyst mjög mikið á einu ári.

Til rökstuðnings þessu má benda á að þarna er um að ræða lögbundinn sparnað og þegar með þeim hætti er verið að leggja álögur á ákveðinn hóp manna er það mjög eðlilegt að ríkisvaldið bjóði á móti ávöxtunarkjör sem eru ekki lakari en það sem gengur og gerist í þjóðfélaginu. Ég tel að þetta verði að koma skýrt fram og út frá þessari forsendu göngum við, þm. Borgarafl., í því frv. sem við lögðum fram og var til umræðu að mig minnir um miðjan febrúar.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að sú breyting sem varð á skattalögum núna um áramótin hafi verið til tekjutaps fyrir sparendur. Dreg ég það mjög í efa samt, þó svo að það sé nú ekki til rökstuðnings þessum kröfum sem hér eru né lagt fram hér, þar sem munurinn á innstreymi og útstreymi er samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar mjög lítill og samkvæmt fyrri skattalögum er ekki hægt að draga frá lögbundinn skyldusparnað hjá þeim sem tóku hann síðan út á sama ári eða þá voru í þeim hópi manna sem átti þess kost að taka hann út.

Ég hélt því fram við umræðu þess frv. sem nefnt var hér áðan, sem við þm. Borgarafl. lögðum fram, að það þurfi að gera róttækar breytingar varðandi þennan lið fjárheimtu Húsnæðisstofnunar á grundvelli þeirra talna sem liggja fyrir um þær tekjur sem Húsnæðisstofnun hefur af þessu fé. Það voru aðeins 85 millj. á síðasta ári sem fengust inn með þessum hætti og þess vegna vaknar sú spurning hvort þetta fyrirbrigði, sparnaður hjá ungu fólki, sé ekki úrelt tæki til sparnaðar. Það er ljóst að þegar þetta var sett á var miklu fleira ungt fólk úti á vinnumarkaðinum en nú er. Nú er meiri hluti ungs fólks á aldrinum 18–25 ára í skólum og viðurkennt hjá öllum að ekki er hægt að ætlast til þess að fólk sem er í skólum spari. Síðan er spurning um þann tilgang sem þetta á að þjóna fyrir þetta unga fólk og í mínum huga er eini hvatinn til þess að fólk hafi peninga þarna inni að það fái fullkomna ávöxtun eða það geti séð að þetta geti komið því til góða síðar meir. Þá má ekki byggja það þannig upp að þarna sé um lélega vexti að ræða heldur verður að sýna fram á að þarna séu einir bestu vextir sem fáist í þjóðfélaginu. Ég tel að mjög áríðandi sé að löggjöfin verði þannig og það komi skýrt fram í lögum að svo skuli vera. Ég held hins vegar að lögin, eins og þau eru hér upp sett, þjóni ekki þessu markmiði. Þarna er verið að flækja einfaldan hlut um of, að það skuli vera ríkisstjórnin sem taki þessa ákvörðun en ekki að þetta skuli vera lögbundið eins og ég mundi telja eðlilegt.

Það má líta á Húsnæðisstofnun í þessari merkingu eins og hér kemur fram sem innlánsstofnun og almennt talið í þjóðfélaginu að innlánsstofnanir eigi að þjóna þeim sem leggur inn peninga hjá þeim, en þarna erum við komnir eiginlega í andstöðu við það. Þarna erum við að hugsa, með þessari lagasetningu, frekar um þann aðila sem nýtur góðs af þessu fé eða þann sem ráðstafar fénu. Það er ekki tekið mið af hagsmunum sparandans sem slíks.

Ég minntist á það í máli mínu áðan að mér fyndist líka mjög eðlilegt að þessir vextir væru breytilegir en ekki tekin ákvörðun um þá einu sinni á ári. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvaða rök séu fyrir því að taka ákvörðun aðeins einu sinni á ári í staðinn fyrir að hafa þetta bara eins og almennt gerist í þjóðfélaginu að vextir breytist eftir því hver verðbólgan er í hvert og eitt skipti. Ég sé ekki hvaða rök eru frekar fyrir því þarna að hafa vexti fasta heldur en annars staðar.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. félmrh. skuli leggja fram þetta frv. en bendi samt á að það hefði verið nægilegt að gera ýmsar breytingar á okkar frv. og hafa það sem umræðugrundvöll. Ég held að í þessu frv. sé ekki stigið spor í nógu rétta átt þótt vissulega sé það í áttina að það fé sem liggur inni hjá Byggingarsjóði eða Húsnæðisstofnun fái a.m.k. sæmileg kjör.

Ég vonast eftir því að frv., eins og það frv. sem við lögðum fram, þm. Borgarafl., fái umræðu í hv.

félmn. þar sem þessi mál verði rædd og niðurstaðan verði a.m.k. sú að þetta fólk fái þá ávöxtun sem við þm. viljum að það fái.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Skyldusparnaður ungs fólks á aldrinum 16–25 ára, er ekki hefur formlega undanþágu skv. 74. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, er skylt að leggja til hliðar 15% af tekjum sínum. Atvinnurekendum er falið að halda eftir af tekjum þessa fólks og skila til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég held að í mörgum tilfellum sé þessu ábótavant, atvinnurekendur skili seint, það sé ekki nógu gott eftirlit haft með þessum skilum atvinnurekenda og þar með tapast vextir og verðbætur og unga fólkið fær ekki það sem því ber. Þetta unga fólk hefur ekki miklar tekjur og reynir því allt til þess að komast undan því að tekinn sé skyldusparnaður af því. Ef yfirlit væru send út frá Byggingarstofnun ríkisins mánaðarlega og greiddir væru hæstu vextir á hverjum tíma ásamt verðtryggingu sæi þetta unga fólk einhvern árangur af sínum sparnaði. Eins og þetta er í dag eru send út yfirlit yfir skyldusparnað einu sinni eða tvisvar á ári. Mikil ásókn er í að fá skyldusparnað greiddan út hjá þeim hópum sem hafa rétt til þess, einkum námsmönnum. Það hefur lítinn tilgang að safna sparifé hjá Byggingarsjóði ríkisins eins og skyldusparnaður ungs fólks hefur verið. Námsmenn sækja yfirleitt sinn skyldusparnað eftir ár hvert.

Lagt hefur verið fram frv. til laga um breyt. á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, á þskj. 581. Flm. eru þm. Borgarafl. Júlíus Sólnes og Guðmundur Ágústsson. Ef helmingur þess fjár sem rann til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar árið 1987, 560 millj. kr., hefði verið notaður til þess að byggja hentugar leigu- eða eignaríbúðir fyrir ungt fólk hefði mátt byggja og ráðstafa allt að 150–170 íbúðum.

Árin 1982–1987 hefði mátt byggja tæplega 1000 íbúðir fyrir ungt fólk með þessum hætti. Stórt skref hefði verið stigið til þess að leysa húsnæðisvanda ungs fólks með þessu. Við verðum að viðurkenna að lögin um skyldusparnað hafa ekki náð tilgangi sínum og tel ég ákaflega hæpið að eftir 26 ára aldur hafi fólk áhuga á að ávaxta fé sitt áfram hjá Byggingarsjóði ríkisins þegar allt er gert í dag, jafnvel sparimerkjagiftingar, til þess að ná út skyldusparnaðinum. Þess vegna verður að bæta ávöxtun skyldusparnaðar frá því sem er í dag og greiða þessu fólki hæstu vexti á hverjum tíma ásamt verðtryggingu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns, þar sem hún kom inn á að töluvert vantaði upp á að eftirlit með skilum á skyldusparnaði frá atvinnurekendum væri eins og skyldi, var vissulega ástæða til þess að hafa af því áhyggjur. Þau voru ekki sem skyldi, en ég tel að þarna hafi verið verulega úr bætt og samkvæmt upplýsingum sem ég hef frá veðdeildinni er þetta nú í miklu betra horfi. Í fyrsta lagi er það vegna þess að sl. haust fékk veðdeildin ýmis gögn sem ekki voru áður fyrir hendi, t.d. frá ríkisskattstjóraembættinu sem veitti upplýsingar um launagreiðslur atvinnurekenda. Með tilkomu staðgreiðslukerfis skatta verður líka um betri skil að ræða og enn fremur er nú farið að nota fullkomnara tölvukerfi til að fylgjast með þessu. Ég vænti þess því að það sem hv. þm. benti á sé í betra horfi en áður var. Það var vissulega ástæða til þess að benda á þetta en ég vænti þess að þetta hafi lagast.

Varðandi ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar þar sem hann benti á það sem fram kemur í grg., hver frádráttur af skyldusparnaði var á árinu 1986 og hverju tekjutap ríkissjóðs vegna þessa liðar hafi numið á sl. ári, er þetta mat fengið frá ríkisskattstjóraembættinu. Ég hef ekki skoðað það sérstaklega sem slíkt, en ég vænti þess að þetta sé rétt sem fram kemur.

Hv. þm. Svavar Gestsson og einnig hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson bentu á það að ekki væri um fasta viðmiðun að ræða í frv. að því er varðar ávöxtunarkjörin og mér fannst þeir gagnrýna það að það væri ríkisstjórnin sem ætti að ákveða vexti að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Það voru vissulega ýmsar leiðir kannaðar í þessu efni, en þetta varð niðurstaðan, bæði eftir umfjöllun málsins í þeirri nefnd sem hafði það til skoðunar og eins eftir umfjöllun málsins í húsnæðismálastjórn. Þetta er sami háttur og hafður er á að því er varðar ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins og fram kemur í húsnæðislöggjöfinni. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að vantreysta húsnæðismálastjórn í þessu efni, en ríkisstjórnin á að fá tillögu frá henni um þetta. Í húsnæðismálastjórn eru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og fulltrúar stjórnmálaflokkanna eiga þar líka sæti þannig að ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að vantreysta þeim í þessu efni.

Að því er varðar spurninguna um það hvort eðlilegra hefði verið að hafa þarna neglda niður í frv. nákvæma viðmiðun, þá var það vissulega álitamál sem líka var til umfjöllunar í nefndinni, en þetta var niðurstaðan. Það var talið að með þessum hætti fengist betra svigrúm til þess að breyta ávöxtunarkjörum ef aðstæður breyttust og auðveldara væri að gera slíkt með reglugerðarbreytingu en að þurfa að leggja það fyrir þingið í hvert skipti ef aðstæður breyttust. Það var ástæðan til þess að þetta var niðurstaðan eins og hún var lögð fyrir þingið. Í sjálfu sér er mér ekkert fast í hendi í því efni hvor leiðin er farin. Ég tel þó skynsamlegra að hafa þennan háttinn á, en nefndin, sem fær þetta mál til umfjöllunar, mun sjálfsagt vega og meta báða þessa kosti sem vissulega eru þarna fyrir hendi.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurðist einnig fyrir um störf nefndar sem ég hef skipað til þess að skoða hvaða valkostir eru fyrir hendi við endurskipulagningu á húsnæðiskerfinu. Þessi nefnd hefur starfað um nokkurra vikna skeið, frá því í byrjun febrúar ef

ég man nákvæmlega rétt, og hún mun skila af sér innan viku að mér er tjáð. Ég held að allir séu orðnir sammála um það að nauðsynlegt sé að endurskipuleggja húsnæðislánakerfið og því mun verða flýtt eftir föngum. Þar geta vissulega komið upp ýmsir valkostir sem þarf að skoða í þessu efni og líka hvernig tengingin verður við núverandi kerfi ef fara á yfir í nýtt kerfi. Þar koma því vissulega mörg vandamál upp, en ég taldi nauðsynlegt að hafa þessa vinnu með þeim hætti sem ég hef gert, að þessi nefnd fengi það verkefni að leggja til valkosti í þessu efni, vinna útreikninga sem þurfa að liggja til grundvallar og síðan þurfa að sjálfsögðu aðilar vinnumarkaðarins að koma að þessu verkefni. Skýrsla þessarar nefndar mun væntanlega liggja fyrir innan viku tíma. Þá verður væntanlega strax farið í það að fá aðila vinnumarkaðarins í nefnd til þess að fjalla frekar um þetta mál og ég stefni að því að leggja fram frv. varðandi endurskipulagningu á húsnæðiskerfinu á næsta þingi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem fram komu. Samkvæmt þeim er það ætlun hennar að skýrsla um húsnæðiskerfið verði tilbúin innan viku. Í dag er þriðjudagurinn 15. mars og við gerum þá ráð fyrir að sjá þessa skýrslu um endurskoðun strax eftir helgina. Hæstv. ráðherra skýrði einnig frá því að hún mundi leita til aðila vinnumarkaðarins með þetta plagg. Ég tel að það sé auðvitað sjálfsagður hlutur að það verði ekki einasta aðilar vinnumarkaðarins sem þarna komi við sögu, heldur líka stjórnarandstaðan á Alþingi og vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún hafi nokkuð á móti því að stjórnarandstöðuflokkarnir fái aðgang að þessari skýrslu strax og hún liggur fyrir. Hér er um að ræða mál sem eðlilegt er að allir flokkar komi að. Ég bendi á það að á síðasta kjörtímabili áttum við um það mjög gott samstarf, þm. Alþb., Alþfl. og Samtaka um kvennalista, að knýja á um skipun milliþinganefndar í húsnæðismálum. Sú nefnd gekk ekki frá málum með þeim hætti sem við hefðum talið æskilegt eins og kunnugt er. M.a. tók hún ekki á félagslega húsnæðiskerfinu sem er þó það brýnasta að mínu mati. Við vorum þá sammála um það öll, fulltrúar þessara þriggja flokka, að rétt væri að stjórnarandstaðan væri aðili að málinu. Það er því í samræmi við það þegar ég inni hæstv. ráðherra eftir því hvort stjórnarandstaðan fái ekki að koma að þessu máli með þeim hætti sem eðlilegan verður að telja.

Um frv. að öðru leyti og svör hæstv. ráðherra ætla ég engu við að bæta, aðeins að segja það að auðvitað fær félmn. málið til meðferðar og gerir hún þá kannski einhverjar breytingar á því. Við ráðum auðvitað engu um það sem erum þar úr stjórnarandstöðunni. Stjórnarliðið kemur sér sjálfsagt saman um hlutina þar eins og kemur rétt aðeins fyrir hjá þeim.

Ég tek fram að lokum, herra forseti, að ég tel að staðan í húsnæðismálunum sé svo alvarleg, biðlistarnir svo hrikalegir, óvissan svo erfið fyrir fólkið, að það sé ekki hægt að ljúka þessu þingi án þess að tekið verði á þessum húsnæðismálum í heild. Ég tel þess vegna að það sé of seint að taka á þessu máli í haust, það eigi að gera það strax á þessu þingi og afgreiða lög um nýtt og brúklegt húsnæðislánakerfi og þó sérstaklega félagslega íbúðabyggingakerfið, á þessu þingi. Ef tillaga liggur fyrir frá nefnd um endurskoðun húsnæðislánakerfisins nú eftir nokkra daga ætti okkur ekki að vera neitt að vanbúnaði að setja niður í vetur lög um nýtt húsnæðislánakerfi. Þess vegna lýsi ég því yfir, jafnframt því sem ég fer fram á að fá aðgang að þessum skýrslum, að það er mín skoðun að það hljóti að vera algjörlega fráleitt, miðað við það alvarlega ástand sem er á þúsundum heimila í húsnæðismálum, að þessu þingi verði slitið án þess að á þessum málum verði tekið. Frv. af því tagi sem hér er til meðferðar og snertir einn þátt þessara mála, skyldusparnaðinn, annað frv. hinn daginn, hitt frv. þriðja daginn, breytir í rauninni svo sáralitlu. Þetta er stórfelldur alvarlegur vandi og þetta þing hefur ekkert betra við sinn tíma að gera en að ganga frá endurskoðun á þessum málum í heild, herra forseti.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. 7. þm. Reykv. að ég held að það sem er mest aðkallandi í þjóðfélaginu núna fyrir hinn almenna borgara sé nýtt húsnæðislánakerfi. Það kerfi sem við búum nú við er algerlega hrunið og þær lækningar sem hafa verið gerðar á því eru eins og að stoppa í lítið gat á margslitnum sokki. Það er ábyrgðarhluti að búa við svona kerfi og gera ekki neitt að segja má. Við þm. Borgarafl. höfum lagt fram mjög veigamiklar og, að ég tel, góðar tillögur í húsnæðismálum. Annars vegar, eins og kom fram í fyrri ræðu minni, um húsnæðislánastofnanir eða húsbanka og hins vegar um breytingar á núverandi kerfi er segja má að endurskoði allt húsnæðislánakerfið. Hugsunin var sú að endurskoðunin hafi í för með sér að ungt fólk og þeir sem eiga við félagsleg vandamál að stríða að einhverju leyti og láglaunafólk fái lán frá húsnæðismálastofnun en þeir sem betur eru settir taki lán í gegnum húsbanka. Ég held að þetta kerfi, sem við höfum svo margoft lýst, sé eina lausnin sem sjáanleg er í dag, enda er það tekið upp að fyrirmynd nágrannaþjóðanna og hefur gefist mjög vel, bæði í Danmörku, Svíþjóð og svo Vestur-Þýskalandi, þar sem þetta er upphaflega upprunnið, frá tíð Péturs mikla.

Mig langar að einu leyti að spyrja hæstv. félmrh. út í frv. sem hér liggur frammi sem ég gleymdi því miður að minnast á áðan, þ.e. um reglugerð sem á að setja um skyldusparnað, hvað felast eigi í þeirri reglugerð og hvort þar eigi aðeins að tala um vaxtaprósentuna sem á að vera á þessum lánum eða hvort eigi að fara eitthvað nánar út í hluti. Ég skildi ekki almennilega hvað átti að setja í reglugerð þegar ég

renndi yfir þessa lagagrein.

Ég ítreka það hins vegar, sem ég sagði áðan og fram hefur komið í máli hv. 7. þm. Reykv., að ég held að tíma okkar þm. væri mjög vel varið lægi hér fyrir frv. frá ríkisstjórninni eða þá það frv. sem ég talaði um áðan, frá Borgarafl., og við mundum bara taka okkur saman, samstillt átak frá öllum flokkum, og búa til nýtt húsnæðislánakerfi. Ég veit að hæstv. félmrh. hefur mikinn áhuga á að endurskipuleggja þetta kerfi, en því miður bólar mjög lítið á því að heilsteyptar tillögur hafi verið lagðar fyrir enda þótt hún hafi á undanförnum árum talað mikið um að breyta þurfi þessu kerfi.

Ég þakka að lokum hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem við þm. Borgarafl. fengum við þeim ábendingum sem við ræddum um. Ég vonast eftir því að þetta mál sem hér er aðallega til umræðu verði samþykkt fyrir hlé.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir það, sem fram kom hjá tveimur hv. síðustu ræðumönnum, að vandinn í húsnæðismálum er mjög mikill og það er, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, „ábyrgðarhluti að gera ekki neitt“ en ég get samt ekki tekið undir það að ég hafi ekkert verið að aðhafast í húsnæðismálunum frá því ég kom í stól félmrh. Það hefur verið unnið mjög mikið að þessu máli í félmrn. á undanförnum mánuðum og kannski hefur ekkert mál í ráðuneytinu fengið eins mikla umfjöllun og ekki verið lögð eins mikil vinna og tími í neitt mál eins og þetta, húsnæðismálin.

Það frv. sem var lagt fram á haustdögunum tók vissulega miklu lengri tíma en efni stóðu til hér í þinginu og í raun tafði það að hægt væri að hefja þá heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu og endurskipulagningu sem ég ætlaði að fara út í miklu fyrr en raun varð á, en á því eru þær skýringar sem ég hér nefndi.

Hv. þm. Svavar Gestsson veit það mætavel að svo umfangsmikið verkefni eins og heildarendurskipulagning á húsnæðislánakerfinu og á svo til nýrri löggjöf um húsnæðismál, frá því 1986, er bæði umfangsmikil, erfið, flókin og viðkvæm. Það eru margir aðilar sem þurfa að koma að þessum málum og það eru margir aðilar sem ná þarf samkomulagi við að því er varðar endurskipulagninguna á húsnæðislöggjöfinni. Ég bendi líka hv. þm. á það að það er alveg ljóst, og það vita hv. þm., að fjármagninu fyrir árið 1988 hefur þegar verið ráðstafað. En auðvitað er betra því fyrr sem við getum farið út í endurskipulagningu og nýtt húsnæðislánakerfi. Ég held þó engu að síður að frv. sem var samþykkt hér fyrir jólin hafi verið nauðsynlegt. Það skapar okkur nauðsynlegt svigrúm til þess að fara fyrr út í nýtt húsnæðislánakerfi vegna þess að ella er ljóst að við hefðum bundið fjármagn húsnæðislánakerfisins kannski þrjú ár fram í tímann á mjög stuttum tíma, en þó það frv. hafi ekki verið stórt sem lagt var fram á haustdögunum gerir það þó það að verkum að við getum farið fyrr út í nýtt húsnæðislánakerfi.

Að því er varðar þá vinnu sem nú er í gangi er náttúrlega ljóst að þessi nefnd hefur ekki starfað mjög lengi og hún hefur mikið verk með höndum sem er undirbúningur að þessu verki og ekki óeðlilegt þó að hún hafi tekið sér þarna fimm eða sex vikur í þetta verkefni. Þegar sú skýrsla liggur fyrir er auðvitað sjálfsagt að stjórnarandstaðan fái hana í hendur eins og stjórnarflokkarnir og aðilar vinnumarkaðarins og kynni sér efni hennar. Eftir því sem ég hef séð í fyrstu drögum að þessu kemur þarna ýmislegt fróðlegt fram sem mun gagnast mjög við þá vinnu sem nú fer í gang í þessu efni. En ég er ekki svo bjartsýn að ætla að það geti náðst það samkomulag við þá aðila sem þarf að ná samkomulagi við í þessu efni til þess að það fái framgang þann stutta tíma sem eftir lifir af þessu þingi. Skýrslan, þegar hún liggur fyrir, mun verða send stjórnarandstöðunni jafnt sem stjórnarflokkunum.

Að því er varðar spurningu hv. síðasta ræðumanns kemur fram í frvgr. að það eigi að setja nánari ákvæði um vaxtakjörin í reglugerð. Það sem við erátt er auðvitað það að þarna er ekki um fasta viðmiðun að ræða eins og hér var bent á, þannig að sú viðmiðun sem verður notuð á hverjum tíma, sem gæti þá breyst, yrði sett í reglugerðina. Það komu fram hugmyndir t.d. um það að ávöxtun gæti hækkað eftir því sem skyldusparnaður lægi lengur óhreyfður inni á reikningi. Það gæti verið ein hugmynd t.d. sem kæmi til skoðunar og yrði þá sett í reglugerð. Það var óhjákvæmilegt að hafa reglugerðarákvæði miðað við það að gengið var frá frv. með þeim hætti sem hér er gert.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hún gaf áðan um að allir flokkar í þinginu fái aðgang að niðurstöðum þeirrar nefndar sem hún skipaði fyrir fáeinum vikum og er undir forustu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég tel að það sé mikilvægt að stjórnarandstöðuflokkarnir fái aðild að þessu máli, allir flokkar hér í þinginu. Ég held að það sé kannski ekki síst nauðsynlegt vegna þess að við höfum náttúrlega orðið vör við að stjórnarsamstarfið hefur verið hæstv. félmrh. mjög erfitt og mótdrægt. Tafir á málum hennar hér í þinginu hafa ekki stafað af því að stjórnarandstaðan hafi lagst gegn málum. Ég minni á að frv. sem fór hér í gegn í haust um Húsnæðisstofnun ríkisins fór í gegnum þessa deild á einum degi eða tveimur. Stjórnarandstöðuflokkar hafa ekki tafið fyrir málum eins og kaupleigufrv. Það er bersýnilega mjög erfið sambúð í ríkisstjórninni að því er varðar þessi húsnæðismál. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að hæstv. félmrh. vinnur vel og hún leggur sig alla fram. En það gerir auðvitað enga stoð nema í kringum hana sé sterkur pólitískur vilji til þess að koma málum fram. Manni hefur sýnst að þann vilja skorti tilfinnanlega í báðum samstarfsflokkum hæstv. ráðherra og sömuleiðis reyndar í Alþfl. eins

og fram kom þegar framlag til Byggingarsjóðs ríkisins var skorið niður um 100 milljónir um daginn.

Ég sem sagt tek það fram að ég tel að það sé ánægjulegt að stjórnarandstaðan og flokkarnir hér í þinginu fái aðgang að þessari skýrslu. Ég endurtek það hins vegar að engin ástæða er til að ljúka þessu þingi hér í vetur án þess að taka á húsnæðismálunum í heild. Hæstv. ráðherra tók það fram að stuttur tími væri eftir af þessu þingi. Ég vil segja við hæstv. ráðherra og hæstv. forseta að það liggur ekkert fyrir um það hvort stuttur eða langur tími er eftir af þessu þingi og við skulum bara hafa hann langan ef það er nauðsynlegt til þess að taka á húsnæðismálunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.

Á árinu 1986 samþykkti Alþingi ný sveitarstjórnarlög nr. 8/1986. Í þessum lögum er að finna mörg nýmæli, þar á meðal ákvæði 2. mgr. 10. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í kaupstöðum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar bæjarráð. Sama gildir í hreppum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt og svo er kveðið á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Nefnist þá sveitarfélagið bær."

Félmrn. hefur þegar staðfest fimm samþykktir sveitarfélaga sem nefnast bæir á grundvelli ofangreinds ákvæðis. Vegna þessa orðalags í lögunum þar sem sagt er „nefnist þá sveitarfélagið bær" hafa komið fram efasemdir og óvissa ríkt hjá ofannefndum sveitarfélögum, þ.e. bæjum, hvaða réttindi og skyldur fylgja í kjölfar breytinga á heiti sveitarfélagsins og þá fyrst og fremst gagnvart sérlögum.

Þó að réttarstaða allra sveitarfélaga, hreppa, bæja og kaupstaða sé með fáeinum undantekningum hin sama samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum er í ýmsum sérlögum gerður greinarmunur á hreppum annars vegar og kaupstöðum hins vegar. Því hefur sú spurning risið hvort slík ákvæði gildi um hina nýju bæi eða ekki.

Tilgangur nýmælisins í 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 var að sérstök löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga yrði þar með óþörf, eins og segir í athugasemdum með því frv., en ekki sá að réttarstaða þeirra sveitarfélaga sem fengið hafa eða fá munu bæjarréttindi skv. 2. mgr. 10. gr. yrði önnur og síðri en þeirra kaupstaða sem slík réttindi öðluðust fyrir gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Þar sem þessi tilgangur kemur ekki fram á ótvíræðan hátt í sjálfum lagatextanum þykir nauðsynlegt að leggja fram þetta frv. til að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Samkvæmt frv. skal sveitarstjórn ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags hvort það skuli nefnast bær eða kaupstaður. Þessi tvö heiti eru því hér með lögð að jöfnu.

Félmrn. hafa borist óskir frá bæjarstjórnum ýmissa kaupstaða um að mega nota meira orðið bær í stað kaupstaður í heiti sveitarfélagsins. Má þar nefna Akureyri, Ólafsfjörð, Vestmannaeyjar. Frá bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur borist formlegt erindi þess efnis að ráðuneytið beiti sér fyrir breytingu á 1. gr. laga nr. 83/1975, um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi á þann veg að heiti sveitarfélagsins verði framvegis Garðabær en ekki Garðakaupstaður eins og ákvæði síðast greindra laga mæla fyrir um. Að athuguðu máli hefur ráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu að með því að leggja til breytingu á 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga, þá opnist leið fyrir allar sveitarstjórnir sem uppfylla skilyrði ákvæðisins um lágmarksfjölda að ákveða sjálfar í samþykktum stjórnar sveitarfélagsins hvort orðið þær nota um heiti sveitarfélagsins, þ.e. kaupstaður eða bær. Réttarstaða allra kaupstaða og bæja mundi því ótvírætt með þessari lagabreytingu verða sú sama og gildir það jafnt um þá kaupstaði sem slík réttindi fengu með sérstökum lögum og urðu þá bæir og um þá sem slíka nafngift hafa fengið á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 318. mál (tryggingaráð). — Þskj. 634.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 634 höfum við þm. Alþb. hér í deildinni lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar. Lagt er til að 5. gr. laganna orðist svo:

„Tryggingaráð skipa sjö menn. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingis-

kosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna einn fulltrúa í ráðið sameiginlega og Öldrunarráð Íslands einn fulltrúa. Samtökin tilnefna varamenn á sama hátt.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs."

Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Frv. svipaðs efnis var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Flm. var Helgi Seljan. Frv. þetta gerði ráð fyrir tveimur viðbótarfulltrúum í tryggingaráði frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands og skyldu þeir jafngildir þeim fimm fulltrúum sem Alþingi kýs í tryggingaráð.

Efri deild afgreiddi frv. frá sér á þann veg að fulltrúar þessara samtaka skyldu eiga aðild að tryggingaráði sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétti. En í neðri deild var málið aðeins afgreitt til nefndar sem aldrei skilaði áliti.

Nú er sú breyting gerð frá upphaflegu frv. að Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið tilnefni sameiginlega einn fulltrúa og Öldrunarráð Íslands annan.

Með tilliti til vaxandi og náins samstarfs milli Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins, sem m.a. felst í samstarfshópi þeirra og sameiginlegri félagslegri framkvæmdaáætlun, þykir rétt að gera nú ráð fyrir einum fulltrúa í tryggingaráð frá þessum samtökum og að þau tilnefni hann sameiginlega. Til að koma svo til móts við, að mörgu leyti réttláta, gagnrýni á frv. í fyrra, þar sem ekki var gert ráð fyrir fulltrúa aldraðra í ráðinu, þykir rétt að Öldrunarráð Íslands tilnefni fulltrúa sem eins konar samnefnara fyrir aldraða.

Að öðru leyti vísast til grg. með frv. frá í fyrra þar sem segir:

„Hér er gerð sú tillaga um skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Flm. hefur einnig hugleitt þann möguleika að fulltrúi aldraðra yrði í ráðinu einnig, en vandséð er hvaða aðili gæti tilnefnt fulltrúa þeirra í ráðið. Sé það unnt er um sjálfsagðan hlut að ræða sem ber að athuga í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Tryggingastofnun ríkisins er viðamikil og á hennar vegum fer fram víðfeðm og um leið vandasöm starfsemi. Gleggst sést þetta af frv. til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar nemi nálægt 10 milljörðum kr., eða u.þ.b. 25% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar upp á um 5,7 milljarða kr. og sjúkratryggingar nema tæpum 3,9 milljörðum kr.

Hér er um málaflokk að ræða sem vissulega þarf og á að fá mikið fjármagn til skipta. Elli- og örorkulífeyrir er nú hvergi nærri því sem vera þyrfti til þess að allir fái þar unandi hlut. Sama er að segja um sjúkradagpeninga og svo mætti lengi telja.

Á borð þessarar stofnunar koma fjöldamörg verkefni til umfjöllunar og úrskurðar og oft mjög vandmeðfarin. Flm. fullyrðir að embættismenn þessarar stofnunar leggi sig mjög í líma við að leysa úr málum og veita sem sanngjarnasta úrlausn. Gagnrýni á ýmislegt, sem þar mætti enn betur fara, á eflaust vissan rétt á sér, enda undarlegt ef svo væri ekki með hliðsjón af þeim fjölmörgu vafaatriðum sem þar er kveðinn upp úrskurður um.

Æðsta ráð þessarar stofnunar er tryggingaráð sem m.a. setur reglur um fjölmargt á grundvelli laganna um almannatryggingar. Þangað er ýmsu því vísað sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á, auk þess sem tryggingaráð fer með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur æðsta vald við helstu ákvarðanir.

Hér er ekki lögð til breyting á kjöri fimm fulltrúa í tryggingaráð á Alþingi og allra síst er hér verið að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu fulltrúa sem þar sitja og hafa setið eða þeim vantreyst til góðra verka. Hins vegar eru flest vandasömustu úrlausnarefnin, álitaefnin, á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Flm. telur það því bæði eðlilegt og sanngjarnt að þessi samtök eða fulltrúar þeirra setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnu fulltrúum sem fyrir eru.

Eflaust mun því haldið fram að hér komi þeir aðilar að málum sem eiga of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína til að geta tekið hlutlausar ákvarðanir. Hitt vegur þó þyngra að mati flm. að hér munu koma að verki nákunnugir aðilar, fólk sem veit hvar skórinn helst kreppir og sem einnig getur eytt óþarfa misskilningi og tortryggni milli einstaklinga og hópa annars vegar og stofnunarinnar hins vegar.

Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, sem úthlutar talsverðu fjármagni og kveður upp erfiða og vandasama úrskurði oft á tíðum, eiga fulltrúar þessara samtaka verðugan og réttmætan sess og ekki hefur heyrst um neina hagsmunaárekstra þar, miklu frekar telur flm. að þetta fyrirkomulag á skipun stjórnarnefndar hafi til heilla orðið og mælir þar af nokkurri reynslu.

Flm. telur einsýnt að á það verði látið reyna á Alþingi hver vilji þess er varðandi tryggingaráð, ekki síst með tilliti til farsællar reynslu af starfi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem fulltrúar fatlaðra ráða svo mjög um mótun alla sem og ákvarðanatöku.

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórn. Á þessum mikilvæga og víðfeðma vettvangi eru ekki síðri ástæður fyrir því að fulltrúar þessara þýðingarmiklu og öflugu samtaka komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendur samtakanna. Því er frv. þetta flutt."

Við þessa ítarlegu grg. Helga Seljans við frv. það

reynslu í mörgum þeim málefnum sem þangað koma til umfjöllunar. Þannig væri hægt að taka til hverja einustu nefnd á Alþingi. Við gætum auðvitað með því að kynna okkur mál öðlast ákveðna þekkingu, en reynsluna öðlumst við ekki nema sem beinir þátttakendur.

Það getur reynst þeim erfitt sem alla tíð hefur lifað við góð efni og getað látið eftir sér allt sem hugurinn girnist að reyna að setja sig í spor þess fátæka jafnvel þó viljinn sé fyrir hendi. En þó hlýtur að vera enn erfiðara að setja sig í spor þeirra sem búa við örorku eða skerta starfsgetu af öðrum ástæðum. Það verðum við þó að gera því að það erum við hér á hv. Alþingi og þeir fulltrúar sem við skipum sem höfum lífskjör þessa fólks í höndum okkar og þar höfum við ekki alltaf staðið okkur sem skyldi. Eða er nokkur hér sem getur af sannfæringu sagt að ákvörðun um grunnlífeyri þessa fólks, sem í dag er um 8500 kr., sé réttlát og að tekið hafi verið mið af aðstæðum sem þjóðfélagið býr þessum þegnum sínum? Eða sýnist einhverjum að við höfum munað eftir þessu fólki þegar þetta hús sem við vinnum í var tekið, endurbætt og lagað? Það kann einhver að hugsa að það hefði nú engu breytt um það hvers konar endurbætur voru gerðar á Alþingishúsinu hvort Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp eða Öldrunarráð Íslands ættu fulltrúa í tryggingaráði. Það er rétt, en ég er aðeins að benda á að mikið vantar á að við munum eftir þessum hópum í daglegu starfi okkar og að ef fulltrúar þessara hópa ættu sæti hér hefði e.t.v. orðið að taka tillit til þeirra og þeirra vilja.

Með samþykkt þessa frv., sem við þm. Alþb. í þessari deild höfum leyft okkur að flytja, gefst okkur færi á að tryggja að hluti þeirra ákvarðana, sem teknar verða í framtíðinni og varða þennan hóp þjóðfélagsþegna, sem hér er lagt til að eignist sína fulltrúa í tryggingaráði, verði byggðar á meiri réttsýni en verið hefur, teknar í samráði og fullri samvinnu við þá sem hlut eiga að máli.

Helgi Seljan lauk grg. sinni fyrir ári síðan með orðum sem ég kýs að endurtaka hér og enda þessa tölu mína með:

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórnun. Á þessum mikilvæga vettvangi eru ekki síður ástæður fyrir því að fulltrúi þessara samtaka, svo og samtaka aldraðra, komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendur samtakanna. Því er frv. þetta nú endurflutt.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

70. fundur, þriðjudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil rifja það upp að 11. nóv. sl. kvaddi ég mér hljóðs um þingsköp til að vekja athygli á stöðu mála þá í þinginu með tilliti til mála hæstv. ríkisstjórnar sem boðuð höfðu verið í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þá var staðan sú að fram voru komin ellefu stjfrv. af boðuðum 104. Nú er 15. mars og hver skyldi staðan vera varðandi þann lista sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh., þann málalista upp á 104 þingmál frá ríkisstjórninni? Það væri kannski æskilegt að hafa getraun um þetta efni hér í hv. þingdeild, en ég ætla ekki að freista þess, herra forseti, heldur að upplýsa það sem ég fékk í hendur frá skrifstofu þingsins í morgun að nú 15. mars eru fram komin 49 stjfrv. af 104 sem boðuð voru í þingbyrjun. Líklega mun eitt hafa bæst við hér á þingfundinum, frv. til vegalaga, ef ég hef heyrt rétt þannig að að því meðtöldu eru stjfrv. orðin 50 talsins en ná því ekki að vera helmingur af boðuðum frv. ríkisstjórnarinnar.

Hvað skyldi vera mikið eftir af þingtíma Alþingis? Ég spyr hæstv. forseta og vænti þess að hann upplýsi okkur um það hér á eftir hvað forusta þingsins ætlar í þeim efnum, hvort hún ætlar að halda hér þingi áfram fram á sumar og þá hversu langt fram á sumar. Til páskahlés þingsins eru aðeins um tíu dagar. Það eru um tíu dagar þangað til að þingið fer í páskahlé að því er upplýst hefur verið, frá byrjun dymbilviku og ákveðið að það verði 14 dagar eða tvær vikur. Og af því sjá menn hvað við blasir að þeim tíma liðnum ef ríkisstjórnin ætlar sér að keyra hér inn í þingið og gegnum þingið ekki aðeins þau mál sem hér liggja óafgreidd, en þau eru 23 talsins, það eru 23 stjfrv. sem liggja óafgreidd hér í þinginu. Og það gæti verið að það nægði ekki vorið og kannski ekki sumarið ef fram heldur sem horfir í sambandi við vinnubrögð hjá ríkisstjórninni í þessum efnum. Hitt kann að vera að hæstv. ríkisstjórn hafi fallið frá því að flytja mörg af þeim málum sem boðuð voru í haust og væri bættur baginn vafalaust varðandi mörg þeirra.

Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að fyrir þinghlé í janúarmánuði, um miðjan janúar voru fram komin 38 stjfrv., en eftir þinghlé, eftir að þing kom saman í byrjun febrúar hvað skyldu mörg frv. hafa komið frá ríkisstjórninni á þessum tíma? Þau eru 11 talsins, 11 talsins á 6 vikum. (**SvH:** Hvað segir það?) Já, hv. þm. Sverrir Hermannsson getur vafalaust reiknað úr hvað það er á viku hverri og hver afköstin eru á stjórnarheimilinu að þessu leyti. 26 stjfrv. hafa orðið að lögum en 23 eru hér enn til meðferðar í þinginu, þar af 21 í fyrri deild þingsins.

Hér virðast vera, herra forseti, að endurtaka sig

sem hann flutti á síðasta þingi væri í sjálfu sér ekki miklu við að bæta ef ekki kæmi til sú breyting sem nú er gerð frá upphaflega frv. Þar er um að ræða að í stað þess að þeir tveir viðbótarfulltrúar í tryggingaráð sem frv. frá því í fyrra gerði ráð fyrir að yrðu frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp, þá er nú gert ráð fyrir að þessir fulltrúar verði tilnefndir þannig að annar komi frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp sameiginlega og hinn komi frá Öldrunarráði Íslands.

Á síðasta ári hefur orðið mikið og vaxandi samstarf milli Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins. Samstarf þetta hefur m.a. í för með sér að samtök þessi hafa skipað með sér sameiginlegan starfshóp og standa sameiginlega að félagslegri framkvæmdaáætlun. Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið tilnefna sameiginlega í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra og þau standa einnig saman að tilnefningu í svæðisstjórnir um málefni fatlaðra. Óhætt er að fullyrða að hvor tveggja samtökin munu nú telja það fullnægjandi að tilnefna sameiginlega fulltrúa í tryggingaráð ef af samþykkt þessa frv. verður.

Þá er í því frv. sem hér er til umræðu lagt til að Öldrunarráð Íslands tilnefni fulltrúa í tryggingaráð. Þegar upphaflega frv. var hér til umræðu fyrir rúmu ári síðan kom fram sú gagnrýni sem vissulega var að mörgu leyti réttlát að ekki væri gert ráð fyrir fulltrúa aldraðra í ráðið. Væri þó engu minni ástæða til að fulltrúi þessa hóps ætti sæti í tryggingaráði en þau samtök sem frv. gerði ráð fyrir. Í grg. frá Helga Seljan kom fram að hann hafði hugleitt þann möguleika en taldi vandséð hvaða aðili það væri sem gæti tilnefnt fulltrúa aldraðra. Og það reyndist raunar alls ekki auðvelt. Vissulega er hér á landi starfandi alls konar félagsskapur aldraðra, svo sem eins og félög eldri borgara, félög ellilífeyrisþega og samtök aldraðra. Þessi félög mynda þó engin heildarsamtök fyrir allt landið og vantar mikið á að þau sinni eða nái til allra hópa aldraðra. T.d. eru engin samtök starfandi sem ná til allra þeirra sem dvelja á vistheimilum fyrir aldraða eða öðrum stofnunum. Þar er ekki um nein þau samtök að ræða sem taka á þeim vandamálum sem upp kunna að koma og er það út af fyrir sig verkefni sem þarf að taka á og leysa því ekki er síður nauðsynlegt að þessi hópur aldraðra eigi sér samtök eða fulltrúa sem gæta hagsmuna þeirra. Það reyndist sem sagt alls ekki auðvelt að finna einhvern þann félagsskap sem væri eins konar samnefnari fyrir aldraða. Niðurstaða okkar flm. varð sú að í dag væri það helst fulltrúaráð Öldrunarfélags Íslands sem gæti verið þessi samnefnari.

Með þessum breytingum sem gerðar hafa verið á frv. Helga Seljans frá því í fyrra teljum við að komið hafi verið til móts við þær að mörgu leyti réttlátu gagnrýnisraddir sem þá komu fram í umræðu um málið. En það kom líka fram önnur gagnrýni sem ekki var eins vel rökstudd, en hefur þó að öllum líkindum átt sinn þátt í því að þegar frv. hafði verið afgreitt héðan úr hv. Ed. með ákveðnum breytingum og Nd. afhent málið til nefndar, fór það svo að nefndin skilaði því aldrei frá sér. E.t.v. hefur ástæðan verið sú að þeim hv. þm. sem í nefndinni áttu sæti hefur verið sagt að heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar stæði yfir og að rétt væri að láta frv. bíða þar til þeirri endurskoðun lyki. Mér dettur það svona í hug vegna þess að annað mál sem Alþb. hefur flutt og þýðir breytingar á þessum sömu lögum er nú í biðstöðu af þeim ástæðum.

Hvað sem líður allri heildarendurskoðun laga um almannatryggingar getur verið nauðsynlegt að taka afmarkaða þætti laganna út, ræða um þá hér á hv. Alþingi og afgreiða. Lög um almannatryggingar eru viðamikil og það hlýtur að vera tafsamt verk að endurskoða þau svo vel fari. Og ekki er víst að þau atriði laganna sem brýnar úrbætur þarf við geti beðið þess að þeirri endurskoðun ljúki. Afgreiðslu hv. Alþingis á þeim afmörkuðu þáttum getur nefnd eða þeir sem að endurskoðun laganna vinna tekið beint inn og ætti það að flýta verkinu frekar en að seinka. Það er því eða var engin ástæða til að stöðva málið í nefnd af þeirri ástæðu og hafa þær gagnrýnisraddir sem ég minntist á áðan líklega haft meira að segja.

Það eru þær raddir sem sögðu að þarna kæmu að málum aðilar sem ættu of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína til þess að geta tekið hlutlausar ákvarðanir.

Æðsta stjórn Tryggingastofnunar ríkisins er tryggingaráð og það er rétt að það eru oft og tíðum vandasömustu málefnin sem tryggingaráð fær til úrlausnar, þau mál sem snerta beint eða óbeint þá aðila sem í frv. er lagt til að eignist aðild að ráðinu. Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra þarf líka að kveða upp erfiða og vandasama úrskurði í málum sem snerta þessa aðila eða umbjóðendur þeirra beint. Í þessari nefnd á fulltrúi frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp verðugan sess og ekki hefur heyrst að það hafi valdið neinum hagsmunaárekstrum. Þvert á móti hefur það gefist vel að þessir aðilar, sem virkilega þekkja af eigin raun þau málefni sem verið er að fjalla um hverju sinni, eru þar ráðamenn með fullri ábyrgð á allri ákvarðanatöku. Árekstrar eru þá minni, verkefnin auðleystari og niðurstaðan réttlátari. Með þessum orðum er ekki á nokkurn hátt verið að vantreysta þeim fulltrúum sem nú sitja í tryggingaráði og kosnir eru til þeirra starfa af Alþingi, en aðeins verið að benda á að samvinna þeirra fulltrúa og svo þeirra, sem þau málefni sem tryggingaráð fjallar um snerta beint, hlýtur að skila okkur betri og réttlátari ákvarðanatöku. Reyndar hefur mér virst að yfirleitt sé sú regla í heiðri höfð hér á hv. Alþingi að velja menn í nefndir með tilliti til reynslu og þekkingar í ákveðnum málaflokkum. Þannig má finna bændur í landbúnaðarnefndum, en auðvitað ekki eingöngu því að fleiri sjónarmið þurfa að koma fram í landbúnaðarmálum en þeirra einna.

Það er styrkur hv. nefndarmönnum í heilbr.- og trn. að hafa í sínum hópi lækni með þekkingu og

vinnubrögð sem tíðkuð voru á fyrri hluta þessa þings þar sem málin komu fram sem ríkisstjórnin sýndi á fyrri hluta þingsins, á aðventunni, síðustu þrjár vikurnar fyrir jól. Og ef heldur fram sem horfir þá megum við trúlaga vænta þess að hér komi vorglaðningurinn að páskahléi loknu, ein 50 stjfrv. ef ríkisstjórnin heldur sig við það sem hún boðaði sl. haust. Það sér auðvitað hver maður að hér eru á ferðinni vinnubrögð sem eru þinginu alls ekki sæmandi og hæstv. ríkisstjórn náttúrlega ekki til vegsemdar.

Ég man ekki betur en það hafi verið áréttað af forustu þingsins að svona vinnubrögð væru ekki til fyrirmyndar og það yrði reynt að bæta úr þessu, en það virðist hafa komið fyrir lítið og ég vænti þess að við fáum hér að heyra frá eina hæstv. ráðherranum sem viðstaddur er, hæstv. iðnrh. Það er nú heldur skárra en þegar við ræddum þessi mál 11. nóv. því þá var enginn ráðherra viðstaddur. Nú er þó einn ráðherra hér í hv. þingdeild. (**ÓÞÞ:** Valdamikill.) Og sagt er að hann sé valdamikill ráðherra. Já, ég hygg að hæstv. ráðherra hafi mátt gegna fyrir aðra sem fjarverandi voru ekki alls fyrir löngu og ekki er það lakara ef ráðherrann á mikið undir sér í ríkisstjórninni.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, hvernig staðan er hjá einstökum ráðherrum miðað við þá lista sem fyrir lágu þegar hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína. Þar er staðan þannig að hæstv. fjmrh. hefur lagt fram 14 frv. af 18 boðuðum, hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram 11 frv. af 20 boðuðum, hæstv. félmrh. hefur lagt fram 4 frv. af 7 boðuðum, hæstv. menntmrh. hefur lagt fram 4 frv. af 13 sem hann boðaði að leggja hér fram í þinginu. Og þá er það hæstv. viðskrh., hann hefur lagt fram 3 frv. af 10, hæstv. sjútvrh. 3 af 5 sem boðuð voru, hæstv. heilbrrh. 3 af 10, utanrrh. það eina frv. sem hann boðaði að hann mundi flytja, enda hefur sá ráðherra ekki mikið verið í þingsölum í vetur svo það var eðlilegt að hann setti sér ekki hátt mark í flutningi mála hér inni í þinginu, og hæstv. iðnrh. sem hér er viðstaddur hefur flutt eftir þessari skrá, ef ég hef tekið rétt upp úr henni, 1 frv. á þessu þingi af 5 sem hann boðaði að leggja hér fyrir þingið. Og ekki er allt talið, herra. forseti, því hæstv. landbrh. hefur lagt fyrir þingið 2 frv. af 8 sem hann boðaði og hæstv. samgrh. 2 af 3 og tel ég þá með það frv. sem mun frá honum komið og barst hér inn í þingið í dag.

Herra forseti. Mér finnst fyllsta ástæða til að þessi mál séu rædd hér. Líka í ljósi þess að síðustu vikur hefur ekki verið nýttur reglubundinn tími þingdeilda nema stöku sinnum. Hér hafa það verið varaþingmenn öðrum fremur sem hafa séð fyrir verkefnum inni í þinginu núna síðustu daga og vikur, en frá ríkisstjórninni kemur ekki nokkur skapaður hlutur og málin hennar 23 talsins óafgreidd í þinginu hvíla inni í nefndum í fyrri deild, flest hver. Og á fundi þessarar hv. deildar í dag er eitt frv. til umræðu, flutt af varaþingmanni sem hér situr, en þeir eru margir sem komið hafa hér inn í þingið og skapar það vissulega tilbreytingu og oft hressandi andblæ hér í þingsölum.

Ég vænti þess að þessi mál verði hér rædd og skýrð af talsmanni ríkisstjórnarinnar sem hér er á fundi, hæstv. iðnrh., og að hæstv. forseti greini okkur frá því hvaða augum forusta þingsins lítur á þessa stöðu mála. Ég hef ekki samanburð við fyrri ár en ég hygg þó að hér standi alveg óvenjulega illa á varðandi þingmál frá hæstv. ríkisstjórn og hefur það þó oft á fyrri þingum ekki verið til fyrirmyndar. Ég orðlengi þetta ekki, herra forseti, en taldi ástæðu til að taka þetta mál hér upp undir umræðu um þingsköp.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en hæstv. iðnrh. tekur til máls um þingsköp þá vil ég geta um það sem að forustu þingsins snýr í þessum efnum. Ég tek undir það að auðvitað er það æskilegast að geta nýtt tíma þingsins sem allra best og þó nýttur hafi verið allur tími þessarar deildar að undanförnu að undanteknum síðasta fundi, sem var held ég fyrsti fundurinn í vetur sem stóð ekki tilskilinn tíma, þá er það vissulega rétt að stjórnarfrv. hafa ekki verið hér til umræðu núna eina þrjá síðustu fundi. Þau meðul sem við forsetar þingsins höfum í höndunum til þess að hafa áhrif á þessi mál eru einungis þau að ræða við ráðherra í ríkisstjórn, ræða við formenn þingflokka og ræða við formenn nefnda um að sjá þinginu fyrir störfum að störf gangi hér fyrir sig með eðlilegum hætti. Ef stjórnarfrv. koma seint fram þá er auðvitað tekin áhætta með því að þau hljóti ekki afgreiðslu. Auðvitað taka hæstv. ráðherrar áhættu með því eftir því sem þetta dregst lengur og eftir því sem umfjöllun í þingflokkum dregst lengur um frv. sem fram eiga að koma. Ég endurtek að þau meðul sem við þingforsetar höfum í þessu efni þau eru notuð. En að sjálfsögðu getum við ekki skipað fyrir, hvorki þingmönnum, ráðherrum eða nefndarformönnum í þessu efni. Við getum aðeins haldið með þeim fundi og sett fram okkar skoðanir í þessum málum og það er vissulega gert.

Þeirri spurningu var beint til mín hvað væri eftir af starfstíma Alþingis. Það er aðeins rúmlega vika eftir fram að páskahléi og páskahléið er ákveðið tvær vikur, páskavikan og ein vika þar á eftir. Um það hefur verið rætt að að fyrsti dagurinn eftir páskahlé sé síðasti dagurinn samkvæmt þingsköpum til að leggja fram ný þingmál. Þinglok hafa ekki verið ákveðin enn og ég get ekki sagt um það á þessari stundu hvenær þingi lýkur í vor. Sá dagur hefur ekki verið ákveðinn enn þá. En þing kemur saman 11. apríl að loknu páskahléi. Væntanlega verður nóg að gera við tímann í apríl og maí og ég vil geta þess að æskilegt er og nauðsynlegt að þingmál komi hér fram og til umræðu sem allra fyrst, þau sem eiga að afgreiðast á þessu þingi. Ég tel mig hafa svarað því sem til mín var beint í þessu efni.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Í máli hæstv. forseta hafa komið

fram þær skýringar sem hann hefur gefið vegna fsp. sem til hans var beint. Ég vil að öðru leyti þakka hv. 2. þm. Austf. fyrir þann áhuga sem hann sýnir á framlagningu stjfrv. Það er góðra gjalda vert að minna okkur á það að það á eftir flytja eða leggja fram nokkur af þeim frv. sem ætlunin var að flytja og leggja fram á Alþingi samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þegar stefnuræða forsrh. var flutt hér á Alþingi fyrr á þessu þingi.

Sum af þeim frv. sem þar eru nefnd eru nú þegar til skoðunar í þingflokkum stjórnarflokkanna, en það er jafnframt ljóst að önnur sem hafa verið í vinnslu hjá nefndum, ráðuneytum og öðrum þeim sem undirbúa stjfrv., koma ekki til með að vera lögð fram á þessu þingi enda hefur það í nokkrum tilvikum verið upplýst. Þar á meðal vil ég minna á að í fsp. sem til mín var beint af hálfu hv. 11. þm. Reykv. kom fram að nokkur þeirra frv. sem ætlunin var að flytja á vegum iðnrn. verða ekki lögð fram á þessu þingi, en það eru frv. um einkaleyfi, vörumerkingar og mynsturvernd. Þau frv. geta ekki komið til kasta hv. Alþingis fyrr en næsta haust og gaf ég vonandi nægilega góða skýringar á því þegar það mál var til umræðu hér á hv. Alþingi.

Mér finnst einnig ástæða til að hæstv. forsetar beiti sér fyrir því að mál verði tekin fyrir í nefndum, bæði stjórnarfrv. og önnur frv. sem ætlunin er að afgreiða í vetur.

Ég minni á að það er stundum seinagangur í nefndum. Ég er ekki einn þeirra sem telja að dugnaður þingmanna og ráðherra fari eftir því hve mörg mál þeir flytja og tel stundum að það sé of mikið gert að því að flytja mál og setja allt í lög. Ég held að það sé meiri dyggð og betri að reyna að koma í veg fyrir að setja sumt í lög sem hv. alþm. og ríkisstjórnir reyna að gera á hverjum tíma og það geti jafnvel verið mikil dyggð að koma í veg fyrir að ýmislegt af því sem reynt hefur verið að setja í lög komist í lög heldur geti menn ráðstafað sínu lífi án þess að það sé lögbundið hvernig ferð þeirra er í gegnum lífið.

Ég vil hins vegar nefna að tafir hafa orðið á málum, einkum og sér í lagi í nefndum, vegna þess að það hefur gengið erfiðlega að fá nál. og get ég nefnt dæmi af þessu eina frv. sem ég hef flutt á þessu þingi. Í hv. Ed. var málið tekið út í byrjun desember úr nefnd, meiri hl. skilaði sínu nál. vel fyrir jól en minni hl. gerði það ekki fyrr en í febrúar þannig að ekki var hægt að taka málið til umræðu fyrr en í lok febrúar. Það sýnir sig þannig að stundum er ekki hægt að kenna hæstv. ríkisstjórn um að hægagangur sé á málum í meðferð Alþingis.

Ég vil hins vegar vegna orða hv. 2. þm. Austurl. segja að ég tel eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn endurskoði þann lista sem lá fyrir í haust. Sá listi var einungis áætlun um hvaða mál yrðu lögð fram á hv. Alþingi. Ég mun beita mér fyrir því að sá listi verði endurskoðaður og formönnum þingflokka og hæstv. forsetum verði afhentur sá listi þannig að þeir sem bera ábyrgð á störfum þingsins geti betur áttað sig á hvernig hægt verði að haga störfum þingsins það sem eftir er.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þetta er einkennileg umræða um þingsköp sem ég ætla nú ekki að blanda mér mikið í. Maður skyldi ætla að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði áhuga á, úr því sem hann brýtur upp á þessu máli, að fá greinileg svör við því sem honum leikur hugur á að fá upplýst um stjórn þingsins og afgreiðslu mála. En það er ekki þannig til þessarar umræðu stofnað að svo sé að sjá, því ella hlyti hann að hafa vakið máls á þessu í Sþ. þar sem aðalverkstjóri þingsins er, forseti sameinaðs þings, og gert ráðstafanir til þess að þeir sem að öðru leyti stjórna aðallega verklaginu, ráðherrar, og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh., væru til staðar að sitja fyrir svörum. Þess vegna er það að þetta er auðvitað ekkert nema af því að það eru kannski svo fá mál á dagskrá núna og hv. þm. er málþola að hann verður að hrinda frá sér öndinni með einhverjum hætti. En svo er þess að geta, og gæti nú hv. 2. þm. Austurl. flett upp í gömlum blöðum sem hann á áreiðanlega vandlega skrásett allt saman hjá sér, hvernig það hefur yfirleitt verið á liðnum árum um afgreiðslu boðaðra mála hjá hæstv. fyrrverandi ríkisstjórnum. Mála sannast er að nákvæmar er ekki unnið að þeim sökum en svo að menn vilji hafa allan vara á og tilkynna gjarnan meira en minna af málum sem gera megi ráð fyrir að komi fyrir hið háa Alþingi. Og það er af hinu góða að minni hyggju. Ég minnist þess að þannig var það þá tíð sem ég þekkti best til þessara mála að mjög mörg og miklu fleiri mál voru tilkynnt eða það var, svo maður geti orðað það, aðvörun til Alþingis um að menn mættu gera ráð fyrir flutningi þingmála eins og þar var tekið fram, en fjarri því að sæju þau öll dagsins ljós. Þannig var þetta svo lengi sem ég man eftir. Og hv. þm. gæti sérstaklega upplýst okkur kannski um hvernig það var á hverju ári í þeim ríkisstjórnum, sem hann hafði best kynni af, um þessa skilagrein, ef menn vilja sérstaklega fara að ræða þessi atriði sem eru ekki í sjálfu sér merkileg og ættu, eins og ég segi, að ræðast með öðrum hætti þá, ef mönnum er fullkomin alvara um að fá skýra grein gerða fyrir því hvernig vinnubrögðum skuli háttað og lok starfa á þessu þingi kynnu að verða.

Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli, en kynni svo til að bera, hæstv. forseti, að ég hefði áhuga á að fá rækilegt yfirlit um stöðu mála, en það verður ekki gert með þessum hætti, sem er sýndarmennskan einber, að skipuleggja ekki umræðuna með öðrum hætti og eins og ég gat um í upphafi orða minna.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir hans framlag hér og skýringar af sinni hálfu varðandi það sem ég vakti máls á og einnig hæstv. iðnrh. Ég tók eftir að hæstv. iðnrh. hét því að taka mál þetta upp í ríkisstjórn og ganga þar eftir því að tekið verði

saman yfirlit um þau mál sem raunverulega má vænta frá hæstv. ríkisstjórn inn í þingið, það sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að freista að fá tekið hér á dagskrá.

Varðandi málflutning hv. 4. þm. Austurl., sem talaði hér áðan, hef ég ekki mikið að segja. Ég sé ekki að það geti verið óeðlilegt að neinu leyti að taka mál af þessu tagi upp í þingdeild og þó ég hefði kosið að taka mál þetta upp í Sþ. að viðstöddum hæstv. forsrh. vek ég athygli á því að hæstv. ráðherra er ekki með þingskyldu þessa dagana heldur situr inni fyrir hann varamaður eins og fyrir ýmsa fleiri hv. þm. Hæstv. iðnrh. er varaformaður Sjálfstfl. og staðgengill forsrh. þegar hann er fjarverandi og gegnir ekki sínum embættisskyldum, þannig að mér finnst hv. þm. gera helst til lítið úr varaformanni Sjálfstfl. sem hefur þó fyrir því að vera mættur á þingfundi og taka þátt í þessari umræðu af sinni hálfu.

Ég bendi á það, sem hæstv. forseti gerði raunar í sínu máli, að í þingsköpunum frá 1985 voru tekin upp ákvæði, sem áttu að koma í veg fyrir að mál kæmu að jafnaði mjög seint fram hér á þingi, þar sem er 18. gr. þingskapa sem kveður á um að mál skuli komin fram ekki síðar en sex mánuðum eftir að þing er sett, sem er þá 10. apríl eða 11. apríl, fyrsti dagurinn að loknu páskaleyfi þingsins. Ég held að það geti skapast hér allerfitt ástand fyrir starfslið þingsins a.m.k. miðað við þá stöðu, sem hér hefur verið vakin athygli á, ef þá rignir inn þingmálum á allra síðasta degi, miðað við þann eindaga sem þarna er settur, nema hæstv. ríkisstjórn ætli að freista þess að fá undanþágur frá þessu, svo sem þingsköp heimila, þar sem helming þm. þarf til þess, meiri hluta þm., að fá tekin mál á dagskrá að þessum fresti liðnum.

Hæstv. menntmrh. kom aðeins inn í þingsal en er nú fjarri. (**Iðnrh.:** Nei, nei, hann heyrir.) Hann heyrir og e.t.v. tekur hann þátt í þessari umræðu. Ég vakti athygli á því að frá hæstv. menntmrh. eru fram komin fjögur frv. af þrettán sem hann boðaði á sl. hausti. Hæstv. iðnrh. gaf skýringar af sinni hálfu varðandi hversu fá mál hann hefði flutt og reyndar voru þau ekki mörg sem hann boðaði en gaf skýringar á því og e.t.v. heyrum við frá hæstv. menntmrh. hvernig staðan er varðandi hans málaflokk, en hann verður að meta það hvort hann upplýsir þingið um það í tengslum við þessa umræðu eða með öðrum hætti.

En ég þakka þann vilja sem fram hefur komið hjá hæstv. iðnrh. að ganga eftir því í ríkisstjórn að farið verði yfir stöðuna að þessu leyti þannig að við þm. verðum fljótlega nokkurs vísari um áform hæstv. ríkisstjórnar.

Þjóðfundur um nýja stjórnarskrá, 1. umr.

Frv. JBB, 341. mál. — Þskj. 671.

Flm. (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Mér er það mikill heiður að í fyrsta skipti sem ég tek til máls á hinu háa Alþingi skuli ég fá að tala um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég mæli hér fyrir frv. um þjóðfund um nýja stjórnarskrá.

Síðast var þjóðfundur um stjórnarskrá fyrir Ísland haldinn árið 1851 og var þeim fundi slitið án þess að viðunandi niðurstaða fengist eins og alkunna er. Þessu mótmælti Jón Sigurðsson forseti einarðlega og aðrir þjóðkjörnir fulltrúar, eins og þingheimur er minntur á daglega með því stóra málverki sem hangir hér í forsal Alþingishússins. Þannig mistókst okkur á miðri síðustu öld að ná fram hugmyndum okkar um stjórnarskrá fyrir Ísland og enn hefur ekki verið gengið í það verk af fullri einurð og á þann hátt sem sæmir þessari frelsiselskandi þjóð.

Að vísu hafa nefndir á vegum Alþingis unnið í rúmlega 40 ár að endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim tilgangi að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Svo virðist sem Alþingi telji sig þar í hlutverki konungs sem á sínum tíma færði þjóðinni stjórnarskrá sem rómuð er í ljóðum. Í slíkri afstöðu felst lítilsvirðing á hugmyndum nútímafólks um uppruna valds og um hlutverk þjóðkjörinna þinga í nútímanum.

Það er auðvitað ekki hlutverk Alþingis að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá eins og útlendur einvaldskonungur forðum þó svo að núverandi stjórnarskrá mæli svo fyrir. Það er þjóðin sjálf sem á að velja sér stjórnarskrá. Með henni ákveður hún hvers konar stjórnarfar hún vill hafa og hvaða grundvallarreglur eigi að gilda í samfélaginu. Á sama hátt og það er hlutverk Alþingis að setja þegnunum reglur er það hlutverk þegnanna að setja Alþingi reglur. Þetta gerir þjóðin með því að kjósa til sérstaks stjórnlagaþings, hér nefnt þjóðfundur, sem hefur einungis það hlutverk að semja stjórnarskrá sem síðan yrði lögð fyrir dóm kjósenda með beinum hætti í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Stjórnarskrá kallast lög sem geyma meginákvæði um stjórnskipan ríkis og réttindi og skyldur þegnanna. Í lýðræðisríkjum gilda sérstakar reglur um setningu þeirra sem miða að því að betur sé til vandað en almennra laga og að góð eining sé um þau meðal þegnanna, enda er stjórnarskrá ætlað varanlegt gildi.

Efni flestra stjórnarskráa lýtur einkum að tvennu: stjórnskipulagi ríkisins og afstöðu einstaklinga til samfélagsins.

Stjórnarskrár í nútímaskilningi eiga rætur að rekja til miðalda. Þar var almennt litið svo á að lögin sameinuðu landsfólkið í félagsskap af ýmsu tagi: gildi, þorp og önnur sveitarfélög, bæi og svo samfélög sem náðu yfir víðáttumikil svæði og lutu konungi. Hin síðastnefndu eru einna helst sambærileg við ríki nútímans.

Þegar nálgaðist hámiðaldir tók það viðhorf að

ryðja sér til rúms að konungur gæti sett lög að eigin vilja og án samráðs við landsfólkið. Til grundvallar lá sú hugmynd, sem rekja má til Rómarréttar, að konungur væri alvaldur og óbundinn af lögum. Þessari skoðun óx ásmegin þegar á leið uns hún náði mjög almennri viðurkenningu á 17. og 18. öld þegar einveldisskipan komst á víða í Evrópu.

En andstæðingar einveldisins leituðust við að tryggja forn lýðréttindi með því að skrá þau í einn bálk. Enn fremur voru festar á bók þær grundvallarreglur sem þjóðfélagið skyldi almennt lúta. Hér var farið inn á þá braut að bókfesta samfellt regluverk þar sem kveðið væri á um réttarstöðu landsfólksins og stjórnskipan samfélagsins. Með þessu var hafinn nýr áfangi í stjórnskipunarsögunni.

Í stjórnmála- og trúarbragðaátökum í Englandi á fyrri hluta 17. aldar tóku minnihlutahópar sig upp og hófu landnám í Norður-Ameríku, e.t.v. af svipuðum ástæðum og við sem byggjum þetta land fluttum út til Íslands átta öldum áður. Landnemarnir fluttu með sér fornar frelsishugmyndir sem þeir töldu best tryggðar í samfelldum stjórnlögum eins og Englendingar höfðu reynt. Íbúar hinna einstöku nýlenduríkja settu sér slík lög, stjórnarskrár, þar sem kveðið var á um meginatriði stjórnskipunarinnar og ákvæði sett til að tryggja réttindi þegnanna, einkum gegn alræði löggjafans.

Réttindi manna voru þó stundum bókfest í sérstökum réttindaskrám og er sú frægust sem Virginíumenn samþykktu 12. júní 1776. Var hún m.a. fyrirmynd mannréttindayfirlýsingar Frakka 1789. Stjórnarskrár einstakra nýlenduríkja og þá ekki síst stjórnarskrá Bandaríkjamanna 1789 urðu síðan fyrirmynd stjórnarskrár Frakka 1791, en eftir henni voru sniðnar flestar stjórnarskrár Evrópu á 19. öld. Þannig skiluðu Bandaríkjamenn Evrópu hinum forna arfi.

Það má geta þess hér til fróðleiks og gamans að sá sem stóð mest í þessu starfi að stjórnarskrá Virginíu var Thomas Jefferson sem ritaði uppkastið að sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna nokkrum dögum síðar, en hann varð sendiherra Bandaríkjanna í Frakklandi eftir Benjamín Franklín og ráðlagði þegnum þess lands um stjórnskipunarmál þó hann hafi ekki skipt sér beinlínis af málum þar. En hann stofnaði síðan Virginíuháskóla upp úr 1819.

Stjórnarskrá um hin sérstöku málefni Íslands frá 5. janúar 1874 var sniðin eftir grundvallarlögum Dana frá 5. júní 1849. Helsta fyrirmynd þeirra var stjórnarskrá Belgíu frá 1831 sem átti rót að rekja til frönsku stjórnarskrárinnar 1791. Þannig á hún rætur í andófi gegn einveldinu á 18. og 19. öld og setur það svipmót á hana. Það var raunar einvaldskonungur sem gaf Íslendingum hana „af frjálsu fullveldi“ án þess að Íslendingar ættu neitt atkvæði um.

Þessari stjórnarskrá var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 16/1903 þegar komið var á heimastjórn, embætti innlends ráðherra stofnað og stjórnarráðið flutt frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Aftur var stjórnarskránni breytt með stjórnskipunarlögum nr. 12/1915, en aðalatriði þeirra breytinga var rýmkun kosningarréttar, m.a. það að konur fengu kosningarrétt.

Með sambandslögunum frá 1. des. 1918 varð sú breyting á réttarstöðu Íslands að setja varð nýja stjórnarskrá. Henni — stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9/1920 — var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 22/1934 og nr. 78/1942 sem hvor tveggja lutu að lagfæringu á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi. Enn var gerð á henni breyting með stjórnskipunarlögum nr. 97/1942 þar sem heimilað var að gera þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddi af sambandsslitum við Dani og stofnun lýðveldis með sérstökum hætti. Var lýðveldisstjórnarskráin sett á grundvelli þessara laga.

Við lýðveldisstofnunina 17. júní 1944 var samþykkt ný stjórnarskrá nr. 33/1944. Ekki voru aðrar breytingar gerðar á stjórnarskrá konungsríkisins en þær sem beint leiddi af stofnun lýðveldisins.

Stjórnarskránni nr. 33/1944 hefur svo verið breytt þrisvar: með stjórnskipunarlögum nr. 51/1959, þegar nýskipan var gerð á kjördæmum landsins, þeirri sem enn stendur, stjórnskipunarlögum nr. 9/1968, er kosningaaldur var lækkaður í tuttugu ár og fimm ára búseta felld niður sem skilyrði fyrir kosningarrétti, og stjórnskipunarlögum nr. 65/1984 um fjölgun þingmanna, lækkun kosningaaldurs og kjörgengi.

Þegar breytingar hafa verið gerðar á íslensku stjórnarskránni hefur umræðan snúist mest um einstök atriði, einkum kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Oftast hefur kveðið mest að alþingismönnum og öðrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna sem eiga þar beinna hagsmuna að gæta umfram aðra menn. Þessi umræða virðist öll hafa byrjað á skökkum stað og verið miðuð við rangar forsendur. Svo virðist að nær hefði verið að spyrja um grundvallaratriðin sjálf: Hver er eðlileg skipan íslenskra stjórnlaga? Við hvað þarf hún að miðast? Hvaða atriði skipta þar mestu máli? Vart er ofmælt þótt sagt sé að grundvallarumræða um skipan íslenskrar stjórnarskrár hafi raunar aldrei farið fram.

Hvernig er stjórnarskrá íslenska lýðveldisins til komin? Að meginstofni stafar hún frá þeim tíma þegar Ísland var í ríkjasambandi við Danmörku og Danakonungur fór hér með völd þjóðhöfðingja eins og áður gat. Danakonungar höfðu þá um aldir ákveðið stjórnskipan Íslands sem og Danmerkur sjálfrar. Einveldi konungs lauk í Danmörku árið 1849. Hins vegar lauk einveldi konungs á Íslandi raunverulega ekki fyrr en 1874. Þegar Íslendingar höfnuðu uppkasti Dana að stjórnarskipan fyrir hönd Íslands á þjóðfundinum 1851 framlengdist einveldi konungs hér á landi.

Það var því Danakonungur sem setti Íslandi stjórnarskrá 1874. Við tókum við henni úr konungs hendi. Eins og nærri má geta er sú stjórnarskrá alls ekki samin út frá íslenskum sjónarmiðum og hagsmunum fyrst og fremst, þótt þar væri tekið nokkurt tillit til ýmissa þeirra atriða sem deilum höfðu valdið með Íslendingum og Dönum fram að þeim tíma um

stöðu Íslands í danska ríkinu. Þessi stjórnarskrá var fyrst og fremst samin út frá dönskum hagsmunum með það fyrir augum að tryggja áframhaldandi samband landanna um ófyrirsjáanlega framtíð. Og grundvallaratriði hennar fjallaði um stöðu konungs sem erfðaþjóðhöfðingja á Íslandi.

Svo fór sem alkunna er að sambandi Íslands og Danmerkur var að fullu slitið 1944 þótt þau sambandsslit yrðu með talsvert öðrum hætti en búist hafði verið við. Aðstæður voru þá þannig að lítill tími gafst til þess að hefja grundvallarumræður um gerð og innihald íslenskrar stjórnarskrár sem tæki mið af óskum og þörfum þjóðarinnar sjálfrar og miðuð væri við gjörbreyttar aðstæður, m.a. stöðu íslensks þjóðhöfðingja er forseti kom í stað konungs.

Auðvitað voru breytingar gerðar á íslensku stjórnarskránni, en þær voru aðeins hugsaðar til bráðabirgða þar til betra tóm gæfist til að undirbúa nýja stjórnarskrá frá grunni. Fæstum hefur þá til hugar komið að þessi umbreytta bráðabirgðastjórnarskrá mundi gilda jafnlengi og raun ber vitni.

Þetta ber að harma. Við hljótum að geta ætlað okkur tíma til þess að setjast niður til grundvallarumræðna um íslenska stjórnarskrá út frá því sjónarmiði hvern veg íslensk þjóð best hyggur sér fært að skipa meginatriðum stjórnskipunar sinnar. Og mér finnst vafalaust að fyrri reynsla hafi kennt okkur að atriði eins og kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan séu betur komin í almennum lögum en stjórnarskránni nema aðeins í aðalatriðum svo að við neyðumst ekki til þess á tiltölulega fárra ára fresti að endurskoða og breyta stjórnarskránni.

Stjórnarskrá lýðræðisríkis er ekkert einnar nætur tjald. Henni er ætlað að lýsa veigamiklum þáttum í hugarfari, lífsskoðunum og markmiðum þjóðar, hver hún telur meginréttindi sín og skyldur, hvernig hún telur sig best mega búa í sátt og samlyndi og með hvaða hætti samstjórn sé best borgið. M.ö.o. vitnar hún um það á hvern veg þjóð vill lifa lífi sínu sem þjóð.

Rökstuðnings fyrir breytingum á stjórnarskránni má helst leita í tvennu: Annars vegar í almennum rökum þess efnis að aðstæður séu nú allt aðrar en þegar stjórnarskráin var sett og hún hæfi okkur því ekki í heild við núverandi aðstæður, en hins vegar í afmarkaðri rökum þess efnis að við búum nú við sérstök vandamál og úrlausnarefni sem stjórnarskráin nái ekki til.

Þetta hvort tveggja á við um báða höfuðþætti stjórnarskrárinnar, þ.e. stjórnskipulag ríkisins og afstöðu einstaklinga til samfélagsins.

Eins og áður var getið er það eina mikilsverða breytingin á stjórnarskrá okkar allt frá upphafi að 1944 var þjóðkjörinn forseti settur í stað erfðakonungs. Þótt þessi grundvallarbreyting á stjórnarskránni hafi verið svona einföld í sniðum og svo farsæl sem raun ber vitni er það einkum hún sem ræður því að stjórnarskráin er nú í heild úrelt. Stjórnarskráin 1874 afmarkaði valdstofnanir okkar gagnvart stöðugu veldi konungs og miðaði að því að skapa jafnvægi milli þessara valdþátta. Þegar konungur er tekinn burt og í stað hans settur valdalaus forseti, sem aðeins situr skamman tíma, er þessu jafnvægi raskað og þar sem því valdi sem konungur hafði um langan aldur er ekki fundinn staður eða forsvar hefur það dreifst án skipulags, umhugsunar eða ábyrgðar. Í þessu er að finna rótina að því, sem menn hafa oft kvartað um hjá okkur, að framkvæmdarvaldið sé of veikt.

Hvarf konungsvaldsins hefur valdið því að þingið, sem upphaflega átti að veita framkvæmdum aðhald, hefur í raun yfirtekið framkvæmdahlutverkið, svo illa sem það er til þess fallið að allri gerð. Þegar sá formlegi aðskilnaður valdþáttanna þriggja, sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni 1944, styðst ekki lengur við raunverulegar aðstæður er borin von að ákvæðin virki eins og til er ætlast. Þegar enginn einn sterkur aðili er í forsvari, eins og hlýtur að vera með nýsjálfstæðum ríkjum, er nánast óhjákvæmilegt að hin fjölmenna löggjafarsamkoma hrifsi til sín framkvæmdarvaldið sem áður var sjálfstætt.

Löggjafanum hefur reynst framkvæmd og valdið sem henni fylgir svo heillandi að hann er nánast með öllu horfinn frá störfum að þeim efnum sem hann á í eðli sínu að gegna og honum eru falin í stjórnarskránni. Ákaflega lítið fer fyrir almennum löggjafarstörfum þingsins. Það fjallar nánast einvörðungu um framkvæmdir og rekstur ríkisins og gleymist þá oft að sérhver nýmæli í framkvæmd, hvort heldur er í umfangi eða aðferðum, eru íþyngjandi fyrir borgarana.

Eftirlits- og aðhaldshlutverk þingsins eru þannig líka horfin og enginn hefur tekið við þeim. Þetta hefur gerst þannig að framkvæmdarvaldið eða öllu heldur framkvæmdin og nauðsyn hennar hafa yfirtekið löggjafarsamkunduna svo að segja má að okkur skorti nú aðhaldssaman löggjafa fremur en sterkt framkvæmdarvald.

Þó er það líka á sinn hátt rétt að framkvæmdarvaldið er veikt og þá einmitt af því að það er svo mjög í höndum löggjafans. Það gefur auga leið að 63 manna samkoma væri illa fallin til framkvæmdastjórnar, jafnvel þótt menn væru til hennar valdir með sérstöku tilliti til kunnáttu. Þegar menn eru valdir til samkundunnar vegna þess að þeir njóta ótiltekinnar lýðhylli er lítil von til þess að þeir kunni sérstaklega til framkvæmda en mikil hætta á því að þeir noti framkvæmdir og vald sitt yfir þeim til að auka lýðhylli sína.

Herra forseti. Af þessum ástæðum og öðrum virðist auðsýnt að grundvallarbreytinga er þörf á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Skilgreina þarf frá grunni umfang og aðgreiningu valdþáttanna þriggja, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, þar sem skýrt er kveðið á um það gagnkvæma eftirlit og aðhald sem þeir eiga að hafa hver með öðrum. Í þessu fælist væntanlega einnig endurskoðun á hlutverki forseta lýðveldisins.

Ýmsa aðra þætti stjórnskipunar og afstöðu þegnanna til samfélags og ríkis er brýnt að fjalla um á

þjóðfundi og kveða á um í nýrri stjórnarskrá. Læt ég hér nægja að nefna nokkra brýnustu og augljósustu þættina, svo sem starfshætti Alþingis og deildaskiptingu þess, jafnræði þegnanna og almenn mannréttindi, hagsmunaárekstra, þjóðaratkvæðagreiðslur og síðast en ekki síst breytingar eða viðbætur við stjórnarskrána sjálfa og frumkvæði þar um.

Herra forseti. Okkur ber að endurskoða frá grunni þá bráðabirgðastjórnarskrá sem við nú búum við. Það er hvort tveggja í senn skuld okkar við fortíðina og skylda okkar við ókomna framtíð. En fyrst og síðast er skylt að þjóðin öll fái að taka þátt í því starfi með því að kjósa til sérstaks stjórnlagaþings og með því að greiða atkvæði um stjórnarskrártillögur slíks þings með beinum hætti í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka yður að leyfa mér að mæla fyrir þessu frv. til l. hér í dag. Einnig vil ég þakka Guðmundi Einarssyni fyrrv. alþm. veitta aðstoð við undirbúning þessa frv., en hann var 1. flm. er frv. sama eðlis var áður flutt á tveimur þingum. Þá vil ég og geta þess að við undirbúning þessa máls hef ég að mestu stuðst við greinaflokk þann sem fylgir þessu frv. sem fylgiskjal og birtist í DV fyrri hluta ársins 1983 undir heitinu Um stjórnskipun og stjórnarskrá. Greinarnar voru birtar undir höfundarheitinu Lýður, en að skrifunum stóðu Halldór Guðjónsson, Jónas Gíslason, Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Sigurður Líndal og Þórður Kristinsson.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu merkasta máli, þjóðfundi til að gera lýðveldi okkar nýja stjórnarskrá. Stjórnarskrá sú sem við höfum var okkur fengin 1874 sem „frelsisskrá úr föðurhendi" eins þá var sagt. Við lýðveldisstofnunina 1944 sögðu þáverandi alþm. stjórnarskrána úrelta, hana yrði að endurskoða, sem skiljanlegt er þar sem að stofni til eru stjórnarskrárlögin frá 1840.

Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár hefur af og til verið starfandi á vegum Alþingis síðan 1944. Ekki hefur afrakstur allra þessara nefnda verið mikill því að þegar að er gáð hefur aðeins ein þeirra skilað skýrslu um starfið, stjórnarskrárnefnd Gunnars Thoroddsens.

Þegar sú skýrsla er skoðuð sést að nokkrar nýjar greinar hafa bæst við, greinar sem fjalla um aukin mannréttindi, og er það vel, en hins vegar er engu bætt við um valddreifingu eða ábyrgð valdhafa og stjórnmálaflokka þrátt fyrir að það eru þær greinar sem flestar Vestur-Evrópuþjóðir hafa sett inn í sínar stjórnarskrár eftir síðari heimsstyrjöld til að styrkja lýðræðið.

Þessu aðgerðaleysi hér er illt að una því það er löngu tímabært að hefja markvissa endurskoðun stjórnarskrárinnar minnug þess að stjórnarskrá er grunnlög hverrar þjóðar og jafnframt reglur um það hvernig alþm., ráðherrar, forseti og aðrir æðstu embættismenn þjóðarinnar eiga að starfa og minnug þess að það er ekki eðlilegt að þeir einir og sjálfir setji sér þessar starfsreglur. Þess vegna þarf þjóðfundur að koma til.

Hvað varðar það frv. sem hér liggur fyrir eru ákvæði þess skýr. Í 1. mgr. 2. gr. stendur: „Þjóðfundur skal skipaður 60 fulltrúum kosnum með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna sem kosningarrétt hafa." Það er spurning hvort þessir fulltrúar eru ekki óþarflega margir, að þeir ynnu betur ef þeir væru færri.

Í 3. mgr. sömu greinar stendur: „Forsrh. skal setja nánari reglur um kosningar til þjóðfundar, m.a. um fresti til framlagningar kjörskráa, framboð og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar." Það er að margra áliti mikið atriði að stjórnmálamenn og þm. komi sem minnst við sögu hér og því væri athugandi að einhver óháður aðili hefði þetta verk með höndum. Það mætti hugsa sér að það væri kannski umboðsmaður Alþingis, sá nýi embættismaður. Að öðru leyti sé ég ekki agnúa á þessu máli eins og það liggur fyrir.

Herra forseti. Í fskj. með frv. eru gagnmerk skrif um stjórnskipun og stjórnarskrá rituð af fræðimönnum. Ein af niðurstöðum þeirra skrifa er sú að stjórnmálamenn hafi hingað til verið raunveruleg hindrun í vegi nauðsynlegrar endurskoðunar og breytingar á stjórnarskrá. Því vil ég spyrja hv. flm. hvernig hann hyggist koma í veg fyrir að þjóðfundarfulltrúarnir 60 eða hvað þeir nú verða margir verði allir alþm. eða stjórnmálamenn. Þar vil ég vitna í niðurlagsgrein fskj. með frv., með leyfi hæstv. forseta, en þar stendur:

„Stjórnarskráruppkastið 1983 sýnir svo glögglega sem frekast má vera að starfandi stjórnmálamenn leysa ekki þann stjórnskipunarvanda sem heitastur brennur á þjóðinni og ástæðan er augljós: Þeir eru sjálfir mesta vandamálið sakir þess hve rígbundnir þeir eru ríkjandi stjórnarháttum."

Flm. (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., fyrir hennar orð um þetta frv. og ég skal reyna að svara þeim spurningum sem hún beindi til mín.

Við samningu þessa frv. eru auðvitað mörg atriði sem orka tvímælis og þarf að meta vandlega hvernig um skal fjalla og halda á, þar á meðal fjölda fulltrúa á þjóðfundi, hvernig þeir eru kjörnir og hvernig starfið á fundinum á að fara fram.

Við samningu frv. vildi ég að mínar eigin skoðanir um þessa þætti væru ekki yfirgnæfandi heldur að fram væri haldið þróun frá núverandi ástandi, að ekki kæmu fram mínar skoðanir um hvernig hlutirnir ættu að vera, hvernig tilvonandi stjórnarskrá myndi e.t.v. mæla fyrir um þessa hluti, heldur að halda áfram frá núverandi stöðu. Ég er sammála síðasta ræðumanni að líklega væri heppilegt að

fulltrúarnir væru færri, e.t.v. 20 eða 30, og ég hef hugsað sem svo, að ef allshn. sýndist myndi hún gera brtt. þar um. Nú er komið starf umboðsmanns Alþingis og eins og síðasti ræðumaður lagði til væri einmitt viðeigandi að umboðsmaður færi þarna með vald sem forsrh. er falið í tillögunum.

Um hvort alþm. ættu að sitja þjóðfund er erfitt að dæma, en aftur vildi ég ekki taka afstöðu til þess með þeim hætti að útiloka alþm., ráðherra eða hæstaréttardómara, sem sé æðstu handhafa valdastofnananna þriggja, og legg því frv. fram þannig að allir þegnar landsins hafi jafnan rétt til kjörs til þjóðfundar og sýnist að mörgu leyti eðlilegt að halda þannig áfram frá núverandi stöðu í því efni.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla að koma aðeins inn í þessa umræðu. Ég þakka flm., hv. 4. þm. Reykv., fyrir að flytja þetta mál á þingi. Ég held að þetta sé mjög þörf umræða hér.

Hins vegar vil ég leyfa mér að lýsa yfir vonbrigðum mínum varðandi fundarsetu þm. þegar þetta mikla mál er hér tekið til umræðu, þ.e. grundvöllurinn að stjórnskipulagi okkar sem við öll sömul störfum eftir, að þá skuli sitja hér tæplega tíu þm. og þar erum við í miklum meiri hluta varamenn sem sitjum inni á þingi núna. En þetta segir kannski mikla sögu.

Ég vil fara aðeins til baka. Þetta mál gerði ég töluvert að umræðuefni fyrir síðustu kosningar í minni kosningabaráttu, þ.e. hlutverk og störf alþm. og það samhengi sem er á milli þeirra starfa og annarra þátta okkar stjórnskipunar. Mér hefur oft og tíðum fundist það koma fram í störfum þingmanna að það sé langur vegur frá því að allir þingmenn íslenska lýðveldisins geri sér grein fyrir því í raun hver er staða þeirra og hlutverk samkvæmt stjórnarskránni. Þó svo að stjórnarskráin sé að mörgu leyti gölluð og að stofni til mjög gömul, eins og hér hefur komið fram áður, kveður hún þó skýrt á um hvert sé grundvallarhlutverk þingmannanna. En grundvallarhlutverk þeirra er og hlýtur að vera löggjafarstarf. Mér hefur á stundum þótt skorta mikið á að í okkar þjóðfélagi séu nægilega skörp skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Það væri öllum aðilum til hagsbóta að þessi skil yrðu skerpt. Ég vil þó taka fram að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að halda okkur við þingræðið, en skerpa á skilunum eins og ég sagði áðan.

Mér finnst það tímanna tákn líka að þá daga sem ég hef setið hér á þingi býst ég við að það séu næstum því teljandi á fingrum beggja handa þær mínútur sem ráðherrar hafa setið í stólum sínum á Alþingi meðan þingfundir hafa farið fram. Fyrir þessu er eflaust þær ástæður að ráðherrar eru mjög störfum hlaðnir, en þetta er atriði sem ég held að ætti að taka til endurskoðunar.

Ég tek ekki efnislega afstöðu til þess í einstökum atriðum nema kannski þess sem hv. 7. þm. Norðurl. e. minntist á áðan varðandi fjölda fulltrúa á þingfundinn. Ég get tekið undir það, að ég held að stjórnskipunarþing yrði skilvirkara með færri fulltrúum en fleiri. Ég er reyndar þeirrar skoðunar líka að Alþingi væri mun skilvirkara í sínu hlutverki sem löggjafarsamkoma með færri fulltrúum en fleiri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

EFRI DEILD

70. fundur, miðvikudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 692.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á umferðarlögum sem tóku gildi 1. mars sl. Í frv. eru fimm efnisgreinar. Í þeirri fyrstu er leiðrétt villa sem komst inn í frv. til núgildandi laga á árinu 1986 og var því miður lögfest. Það er hér með leiðrétt.

Í 2. gr. er að finna mikilvæga breytingu þó að setningin sem þar er prentuð láti ekki mikið yfir sér, en með því að fella niður 2. mgr. 64. gr. laganna er unnt að hætta að miða skráningarnúmer ökutækja við lögheimili eigenda og eins fellur þá líka niður skyldan til þess að breyta skráningarnúmerinu ef ökutækið er selt í annað lögsagnarumdæmi eða þegar eigandinn flyst búferlum í annað lögsagnarumdæmi. Kerfi eins og við búum við hér á landi held ég að sé nánast einsdæmi því víðast hvar í öðrum ríkjum er sú tilhögun að sama skráningarnúmer fylgir ökutæki frá nýskráningu til afskráningar. Skráningarnúmer ökutækja sýna hins vegar sums staðar í hvaða fylki eða stórborg bíll hefur upphaflega verið tekinn á skrá.

Breytingin sem hér er gerð tillaga um hefur í för með sér að skráningarmerki bifreiðanna verða í samræmi við svokallað fast númerakerfi á ökutækjum og getur dómsmrh. sett um það nánari ákvæði í reglugerð ef frv. verður að lögum. Fastnúmerakerfi af þessu tagi hefur reyndar um nokkurra ára skeið verið til hjá Bifreiðaeftirlitinu og það er skráð í skráningarvottorð ökutækja. Þetta fastnúmerakerfi byggist á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum og það kerfi skráningar rúmar alls um 575 þúsund númer. Hafa skráningarmerki fyrir þetta nýja kerfi verið hönnuð og er mynd af þeim birt með grg. frv., en á þessum merkjum er einnig reitur fyrir skoðunarmerki ökutækja og reitur þar sem setja mætti í

einkenni heimabyggðar ökumanns eða hið alþjóðlega skráningarmerki fyrir Ísland ef menn kjósa að hafa slíkt auðkenni.

Í tillögunum felst hins vegar ekki að sú krafa yrði gerð að ný skráningarmerki yrðu sett á þau ökutæki sem þegar eru í notkun. Núverandi skráningarmerki þeirra gætu fylgt þeim til afskráningar nema eigandinn óski þess að taka upp hið nýja merki. Það hefur komið til tals að hafa áfram möguleika á eða gefa kost á því sem kalla mætti hégómanúmer eða því sem enskumælandi menn kalla vanity-numbers. Það fyrirbæri þekkja menn vel hér á landi en samkvæmt talningu minni er hættan á slíkum númerum heldur minni hér í efri deild en í hinni neðri. Ég vona að það reynist rétt talið. Sums staðar er slíkt leyfilegt, þ.e. að taka upp svona merki sem mönnum finnst hafa að geyma fallega tölu, gegn háu gjaldi. Það gæti komið til greina hér á landi síðar, en enn um sinn er mín tillaga sú að við höldum okkur við það kerfi að menn sæti því hvenær í röðinni þeir koma í skráninguna og fái þá úthlutað tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum sem fylgja svo bílnum frá vöggu til grafar. Aðalatriðið er auðvitað það að sú almenna regla verði tekin upp að sama skráningarskilti fylgi jafnan ökutæki.

Með grg. frv. fylgir álitsgerð nefndar sem ég skipaði sl. haust til þess að fjalla um skoðun og skráningu ökutækja. Þar kemur fram áætlun um sparnað af því að taka upp þetta nýja fyrirkomulag og er hann talinn nema a.m.k. 100 millj. kr. á ári og er þá ekki allt talið. Ég tel að við höfum engin efni á að leggja slíkar byrðar á allan almenning til þess að tiltölulega fáir menn geti haldið sínum góðu númerum.

Í 3. gr. frv. er ákvæði þess efnis, og það er að mínum dómi mikilvægasta ákvæðið í þessu frv., að fela megi hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit og taki hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins að þessu leyti. Ég vil um þetta efni vísa til nál. sem ég reyndar vitnaði til áðan og fylgiskjalanna sem því fylgja, en þetta er allt prentað með grg. frv. Þar kemur fram að vinnubrögð við skoðun ökutækja hafa í stórum dráttum haldist óbreytt í 60 ár og að nauðsynlegt sé að taka þar upp nýtt verklag og bætta tækni. Í því skyni þarf m.a. að koma á fót sérstakri skoðunaraðstöðu með sérhæfðum búnaði og yrði þar stuðst við reynslu nágrannaþjóða okkar og hefur helst verið litið til tveggja ríkja, Sviþjóðar og Vestur-Þýskalands. Í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar er hér lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag með aðild ríkissjóðs, tryggingarfélaga, fyrirtækja og samtaka er tengjast bifreiðaeign og bifreiðaþjónustu. Síðan yrði samið við þetta félag um að það taki við bifreiðaskoðun, bifreiðaskráningu og fleiri þjónustuþáttum um ákveðið bil ára. Nefndin leggur til að í fyrstu verði samið við félagið um 12 ára tímabil eða fram til ársins 2000. Innan nefndarinnar var það ítarlega rætt hvort efla ætti Bifreiðaeftirlit ríkisins til þess að byggja þær fullkomnu skoðunarstöðvar sem hún telur þörf á og það varð einróma niðurstaða að fremur bæri að stofna sérstakt hlutafélag um þetta verkefni þar sem þannig gæfist kostur á að virkja frumkvæði, afla stjórnunarþekkingar og fjármagns frá þeim aðilum sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta varðandi ástand ökutækja landsmanna auk þess sem hlutafélagsformið veiti rekstrinum aðhald. Þá hefði hlutafélagið ýmsa möguleika til að afla sér tekna af öðrum verkefnum sem Bifreiðaeftirlit ríkisins gæti eðli málsins samkvæmt ekki gert. Má í því sambandi nefna reynslu fyrirtækjanna Svensk bilprovning aktiebolag í Svíþjóð og vestur-þýska fyrirtækisins TÜV sem auk almennrar bifreiðaskoðunar hafa ýmis önnur járn í eldinum sem lúta að bifreiðaskoðun og eftirliti með ökutækjum.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að hlutafé hins nýja félags yrði 80 millj. kr. og ríkissjóður eigi rúmlega meiri hluta þess eða um 41 millj. kr. Um þetta voru þó skiptar skoðanir í nefndinni og vildu sumir nefndarmanna að ríkissjóður ætti ekki meiri hluta í félaginu. Ég legg hins vegar til að ríkissjóður eigi meiri hluta en tel þó að helmingseign eða jafnvel minnihlutaeign með einhverjum litlum mun af hálfu ríkisins kæmi líka til greina. Hér er kjarni málsins að virkja áhuga, þekkingu, frumkvæði og ábyrgð aðila eins og þeirra sem hafa staðið að þessari athugun, en þar hafa unnið saman fulltrúar frá Félagi bifvélavirkja, frá Bílgreinasambandinu, frá bifreiðatryggingafélögunum, frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda auk manna sem starfa við bifreiðaþjónustu á öðrum sviðum, m.a. bílaleigu. Ég hef ástæðu til þess að ætla að þessir aðilar sem ég nefndi, tryggingafélög, samtök fyrirtækja sem tengjast bifreiðaeign landsmanna, muni fús til að taka þátt í hlutafélaginu í samræmi við þau drög að félagssamþykktum sem fylgja frv.

Með tillögum nefndarinnar er lagt til, eins og ég sagði áðan, að tekið verði upp gjörbreytt verklag við skoðun ökutækja þar sem beitt verði fullkominni tækni. Árangur þess mun skila sér í auknu umferðaröryggi og bættu viðhaldi ökutækja.

Á sl. hausti kynnti ég fjvn. Alþingis þessi áform sem þá voru á frumstigi og eins voru þeim gerð nokkur skil í fjárlagafrv. og við meðferð þess. Ef þetta frv. verður að lögum þarf að endurskipuleggja eftirlit með ökutækjum á vegum úti og er nú lagt til að það verði falið löggæslumönnum. Þá þyrfti líka að breyta fyrirkomulagi á ökuprófum og kennslu til meiraprófs. Er því lagt til að sérstök nefnd verði sett á fót til að fjalla um þetta mál og tengsl þessarar þjónustu og þessara þátta umferðarmála við skólakerfið og löggæsluna.

Þá kem ég að 4. gr. Þar er í a-lið leiðrétt villa en að öðru leyti felur greinin í sér nánari ákvæði hvað varðar stöðu sveitarfélags sem annast álagningu og innheimtu gjalda vegna stöðvunarbrota samkvæmt hinum nýju umferðarlögum. Er þá m.a. lagt til að heimilt verði að ákveða aukaálag á gjald ef mikill dráttur verður á greiðslu þess og reyndar innheimta

það með sérstökum aðgerðum.

Í 5. gr. er loks lagt til að fela megi sveitarstjórn að öllu leyti eða að hluta að framkvæma ákvæði sem varða brottflutning ökutækja. Er talið eðlilegt að sá sem annast álagningu gjalda vegna stöðvunarbrota geti einnig beitt heimildum til þess að flytja ökutækin brott af vettvangi sem standa þannig að þau hafa brotið í bága við reglur um stöðvun og lagningu ökutækja. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að nýta sér heimild nýju umferðarlaganna til að taka að sér eftirlit með stöðvunarbrotum innan borgarmarkanna og í viðræðum embættismanna um þetta fyrirkomulag hefur komið í ljós þörf á því að breyta ákvæðum umferðarlaganna í þessa átt. Ég tel það mjög heppilegt fyrirkomulag að sveitarfélögin, sem hafa mestan veg og vanda af umferðinni innan marka bæjanna, beri sem allra mest ábyrgð á þessum málum og það er tilgangurinn með þessum lagaákvæðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. að þessu sinni, en vísa til grg. og fskj. með henni. Ég tel að hér sé um mjög þarfar breytingar að ræða og legg áherslu á að þær verði samþykktar sem lög á þessu þingi.

Ég legg svo til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

EFRI DEILD

71. fundur, miðvikudaginn 16. mars, að loknum 70. fundi.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 235, n. 710, brtt. 711.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta mál á fimm fundum. Til viðtals við nefndina komu dr. Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, og Jónatan Þórmundsson prófessor, Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, og Haraldur Bessason sem er forstöðumaður Háskólans á Akureyri.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Háskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kennaraháskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Akureyrarbæ og Fjórðungssambandi Norðlendinga auk bréfs Haraldar Bessasonar þar sem hann svarar athugasemdum sem fram komu við frv. að beiðni menntmn. Umsagnirnar og bréf Haralds eru prentuð sem fskj. með þessu nál. svo að hv. þingdeildarmönnum gefist svigrúm til þess að líta yfir þau álitamál sem þar var vakin athygli á og þeir geti kynnt sér þær tillögur sem þar hafa verið gerðar.

Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða mjög um tildrög þess að Háskólinn á Akureyri varð til. Ástæðan er auðvitað sú að það hefur mjög háð byggðum þar norður við Eyjafjörð og raunar á Norðurlandi að engin skólastofnun skuli hafa verið á Akureyri sem tekur við af framhaldsskólastiginu. Það var að vísu þannig komið að fyrir nokkrum árum var stofnuð undirbúningsdeild Tækniskólans og ég hygg að deildir úr Tækniskólanum hafi verið á Akureyri, en á hinn bóginn var greinilegt að ýmsir sem þar bjuggu áttu þess ekki kost að afla sér nauðsynlegrar og praktískrar menntunar nema flytja búferlum til Reykjavíkur um sinn og það var auðvitað greinilegt að það gat ekki langur tími liðið án þess að háskólamálið yrði tekið upp af fullri alvöru af Norðlendingum og borið fram til sigurs.

Því hefur verið haldið fram af ýmsum að stefna Háskólans á Akureyri sé ekki nægilega skýrt mörkuð í því lagafrv. sem hér liggur fyrir. Vil ég það eitt um það segja að Aþena stökk að vísu alvopnuð úr höfði Seifs, en ég held að margir hafi ekki leikið það eftir henni, enda var hún guða ættar og ekki gædd þeim ófullkomleika mannsins sem við verðum svo oft vör við sem erum í þessum þingsölum, sérstaklega stjórnarandstaðan, og þjóðin almennt þegar hún ræðir um verk stjórnmálamanna.

Ég held að nauðsynlegt sé að líta aftur til sögunnar þegar við veltum fyrir okkur hversu ítarleg lagafrumvörp eigi að vera um nýjar stofnanir og hvernig eigi að standa að stefnumörkun nýrrar skólastofnunar. Ég skil vel Norðlendinga þegar þeir vísa til þess að e.t.v. er sá háskóli, sem Jón helgi stofnaði á sínum tíma á Hólum, eini háskólinn hér á landi sem með fullri reisn hefur staðið undir því virðingarheiti að geta kallað sig universitas og borið sig saman við háskóla hvarvetna í heiminum, enda var hann helgur maður og góð fyrirmynd okkur Norðlendingum öðrum að öllum metnaði þó svo að við flestir hverjir séum eftirbátar hans, ekki síst að því sem lýtur að skólamálum og þeim krafti sem fylgir orðum heilagra manna.

Frv., sem hér liggur fyrir, er sem sagt mótað af því að þessi stofnun hefur ekki verið til. Það er verið að leggja grunn að nýrri stofnun. Til samanburðar vitna ég t.d. til þeirra laga sem sett voru á sínum tíma um Tækniskóla Íslands, á árinu 1963. Enn fremur vísa ég til hinna nýju laga sem sett hafa verið um þann skóla og eru raunar fyrirmynd þess sem hér stendur. Það er m.a. eftirtektarvert þegar við tölum um Háskólann á Akureyri að ýmsir hafa fundið að því að háskólanefndin skuli skipuð mönnum sem ekki eru starfsmenn skólans eins og gert er ráð fyrir hér í 4. gr. frv. Samkvæmt ábendingu Jónatans Þór-

mundssonar, sem ég er mjög þakklátur fyrir að skyldi hafa gefið sér tíma til að tala við þingnefndina, en eins og við vitum hafa prófessorar við lagadeild Háskólans fyrir allmörgum árum gert okkur þm. aðvart um það að ekki þýði að senda þeirri deild frv. til umsagnar, heldur beri að ræða sérstaklega við einstaka prófessora, en mér þykir vænt um að prófessorinn skuli einmitt í þessu máli hafa sýnt áhuga sinn með því að mæta á fundi nefndarinnar, flytur nefndin brtt. þess efnis að sú skipan háskólanefndar, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., falli inn í bráðabirgðaákvæði en í stað þess skuli háskólanefndin skipuð með öðrum hætti eins og fram kemur í 2. brtt. eða þannig að rektor sé formaður nefndarinnar, í öðru lagi eigi forstöðumenn deilda háskólans sæti í nefndinni, einn fulltrúi lausráðinna kennara, tveir fulltrúar nemenda, en skrifstofustjóri eigi sæti á fundum nefndarinnar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Til samanburðar við Tækniskóla Íslands, sem að hluta til er háskóli, vil ég aðeins geta þess að þar er gert ráð fyrir að menntmrn. fari með yfirstjórn skólans, skipi rektor og kennara, svo og skólanefnd. Í 2. gr. laga um tækniskóla, en í hinum eldri lögum var út frá því gengið og það kemur raunar fram í 10. gr., önnur skólanefnd, segir svo:

„Við skólann starfar fimm manna skólanefnd, skipuð af menntmrn. til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar."

Þarna sjáum við að í Tækniskólanum er talið skynsamlegt að leita með þessum hætti út fyrir skólaveggina til þess að breikka þann bakgrunn sem skólanefndin hafi og hef ég ekki heyrt annað á rektor Tækniskólans en að hann sé ánægður með þann hátt sem þar er á hafður. En í brtt. er sem sagt gert ráð fyrir því að háskólanefndin verði einvörðungu skipuð því fólki sem starfar innan veggja skólans frá og með 31. maí 1990. Það er m.ö.o. gert ráð fyrir því að eftir rúm tvö ár taki hin nýja skipan háskólanefndarinnar við, en þá eru þrjú skólaár liðin síðan háskólinn tók fyrst til starfa og þá hefur einnig sjávarútvegsbrautin starfað í eitt ár og rekstrardeild, sem hér er talað um, mótast frekar en nú er, hvað svo sem um matvælabraut verður að ræða, en það ákvarðast að sjálfsögðu af fjárlögum og af ríkisstjórn og skólayfirvöldum á hverjum tíma.

Ég vek athygli á því að breytt orðalag er í 1. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að niður falli orðin „með sérstöku tilliti til atvinnuvega þjóðarinnar" en í staðinn verði skotið inn orðunum „í atvinnulífinu" einni málsgrein síðar þannig að hún hljóði svo: Hann skal veita nemendum sínum menntun er gerir þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífinu og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Ég vil aðeins undirstrika að það er auðvitað matsatriði hvernig skilgreina skuli hlutverk menntastofnunar á borð við Háskólann á Akureyri. Við getum lesið okkur til í lögum um það hvernig slík skilgreining er varðandi aðrar menntastofnanir og það er auðvelt að sjá það þegar fram í sækir að það er fyrst og fremst komið undir innra starfi skólans, hvernig að honum er búið og hverjir við hann starfa, hversu góðan hljómgrunn skólinn fær, bæði í umhverfinu og hjá þeim sem í honum eru, hvort hann rís að lokum undir nafni. Ef vel tekst til er hann fljótur að útvíkka hlutverk sitt þannig að hann gerir meira en að rísa undir þröngum skilgreiningum á borð við þessa í bókstaflegri merkingu orðanna.

Ekki þarf að taka fram að þegar talað er um vísindalega fræðslustofnun felast auðvitað rannsóknir í orðinu „vísindalegur". Ég man ekki eftir að ég hafi heyrt talað um vísindamann öðruvísi en að rannsóknir séu snar þáttur í hans störfum og eins hlýtur að vera þegar þetta sama lýsingarorð er notað um stofnun og þá sem í henni vinna.

Hér í 4. brtt. er kveðið skýrt á um það að endurskoðun laganna skuli fara fram áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og til frekari áréttingar er kveðið sérstaklega á um það að niðurstöður skuli lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991. Ástæðan er vitaskuld sú að skólaárið byrjar að haustinu og eðlilegt er, ef um lagabreytingar eða breytta skipan skólans væri að tefla, að hún taki þá gildi frá og með næsta skólaári þannig að Alþingi hafi veturinn 1991–1992 til þess að taka afstöðu til nýs lagafrv. ef fram kemur eða þeirrar niðurstöðu sem endurskoðunarnefndin í heild kemur með.

Ég vil að lokum aðeins segja það að það hefur sýnt sig víða erlendis að þar sem menntastofnanir á borð við Háskólann á Akureyri hafa verið stofnaðar úti í hinum strjálu byggðum eða ekki í helsta þéttbýlinu eru þær mikil lyftistöng fyrir umhverfið í margvíslegum skilningi, bæði metnaðarlega og líka í praktískum skilningi, ef ég má nota það orð, ekki aðeins vegna þess að með háskólanum flytjast auðvitað í bæinn háskólamenntaðir menn með sína reynslu og sína þekkingu, ekki aðeins vegna þeirrar glaðværðar og bjartsýni sem ávallt fylgir stúdentalífinu, heldur líka vegna hins að bein tengsl munu áreiðanlega skapast fljótt milli atvinnulífsins og háskólans. Ég hygg að enginn vefengi að einmitt við Eyjafjörðinn sé fjölbreytni í sjávarútvegi mjög mikil og af þeim sökum sé Akureyri ákjósanlegur staður til þess að verða miðstöð fræðslu í sjávarútvegsfræðum hér á landi.

Sumir hafa lagt þá spurningu mjög fyrir hvort hugmyndin sé að Háskólinn á Akureyri verði universitas. Við sem vorum í háskólanefndinni höfðum flestir hverjir ekki aðaláhyggjurnar af því hvort þessi stofnun yrði universitas eða ekki, a.m.k. ekki á allra næstu árum, heldur veltum við hinu fyrir okkur, með hvaða hætti væri hægt að efna til kennslu á háskólastigi sem kæmi umsvifalaust að notum og yrði gagnleg, ekki aðeins þeim einstaklingum sem á

Akureyri búa heldur líka fyrir atvinnuvegina í heild og byggðarlagið.

Þá var auðvitað álitamál hvar helst skyldi bera niður. Ástæðan fyrir því að hjúkrunarfræðin var valin var einfaldlega sú að læknar við fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri höfðu þungar áhyggjur af að hjúkrunarfræðingaskortur væri farinn að segja alvarlega til sín og voru raunar þeirrar skoðunar að eina leiðin til þess að reyna að sporna gegn því að hann væri viðvarandi væri að efna til slíkrar menntunar við Háskólann á Akureyri. Var sýnt fram á það með úttekt sem gerð var á þeim kennslukröftum sem bjuggu á Akureyri eða í næsta nágrenni að í flestum greinum voru þá þegar á staðnum hæfir kennarar til þess að kenna við slíka braut.

Ég vil sérstaklega taka fram að sjúkrahúsið á Akureyri hefur veitt háskólamálinu ómetanlegan stuðning, ekki síst með því að leggja til húsnæði undir hjúkrunarbrautina, ekki síst með því að leggja fagbókasafn sitt til þannig að það komi að fullum notum þeim sem á hjúkrunarbrautinni eru og með því að skipuleggja svo innkaup sín á fræðibókum og tímaritum að vel geti nýst einmitt við þetta nám, heldur einnig með því að læknar við sjúkrahúsið, ekki síst Gauti Arnþórsson, hafa í samráði við einstaka kennara við Háskóla Íslands unnið mikið starf við skipulagningu hjúkrunarbrautarinnar þar. Nefni ég Jóhann Axelsson sérstaklega sem dæmi í því.

Ég held að menn séu sammála um að vel sé að hjúkrunarbrautinni staðið í öllum greinum og ég held að þeir nemendur sem þar stunda nám hafi náð góðum árangri og að þetta samstarf milli sjúkrahússins og háskólans lofi góðu, ekki aðeins með því að breikka grunn sjúkrahússins, vera enn nýr þáttur í því merkilega innra starfi sem það hefur unnið, heldur gefi brautin einnig fjölmörgu fólki öðru tækifæri til þess að fara í þetta háskólanám þannig að það geti stundað það frá heimilum sínum í sínu umhverfi og það komi þannig að gagni fyrir landið í heild. Ég held að þetta sé mat þeirra sem hafa kynnt sér það mál.

Varðandi iðnrekstrarbrautina er það að segja að það hefur háð mönnum við Eyjafjörð sem í atvinnulífinu eru og starfa og ekki hyggja á langt háskólanám, sex eða átta ára háskólanám, að þar hefur skort kennslu í hagnýtum fræðum sem koma bæði inn á rekstrarhlið og tæknilega eða framfærsluhlið fyrirtækja. Var iðnrekstrarbrautin af þeim sökum valin og var það með sérstökum ráðum gert því að Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, hafði greint háskólanefndinni frá því að mjög mikil þörf væri einmitt á þessari kennslu á Akureyri sem hér í Reykjavík. Það er að vísu rétt að í sumum greinum má segja að sú kennsla kallist ekki akademísk, en í öðrum greinum gerir hún það og er það heldur ekki kjarni málsins, heldur hitt að bæði í Tækniskóla Íslands og í Háskólanum á Akureyri er nú verið að vinna að því að byggja ofan á iðnrekstrarbrautirnar þannig að framhaldsnámið á öðrum staðnum verði meira tæknilegs eðlis en aftur rekstrarlegs á hinum. Þarna hefur því tekist góð og mikil samvinna og það er einmitt á grundvelli þess náms sem þarna er sem hugað er að því að byggja upp nám í rekstrarfræðum við Háskólann á Akureyri á næstu árum.

Ég þakka meðnefndarmönnum mínum samstarfið í nefndinni og þolinmæði kannski á stundum og lýsi sérstakri ánægju minni yfir því að allir nefndarmenn eru sammála um nauðsyn þessa máls eins og fram kemur í undirskriftum þeirra undir nál. Þó tveir þeirra séu að vísu með fyrirvara, þau Danfríður Skarphéðinsdóttir og Guðmundur Ágústsson, svo og Svavar Gestsson sem sat fundi nefndarinnar. Hann var samþykkur nál. efnislega en þó með fyrirvara sem hann mun væntanlega gera grein fyrir.

Upp kom í nefndinni spurning um það hvort orðið ítarlegur skuli skrifað með ypsilon eða einföldu í-i, en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér á skrifstofunni, þá er siður hér hinu háa Alþingi að skrifa þetta orð með einföldu í-i.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka samnefndarmönnum mínum samstarfið að þessu máli. Eins og fram kom í máli hv. frsm. rituðu allir nefndarmenn undir þetta nál., en þó tveir með fyrirvara og þar sem ég er önnur þeirra, þá ætla ég að gera aðeins stuttlega grein fyrir því hvers vegna ég hef fyrirvara þar á.

Það eru tvær ástæður sem liggja að baki þess fyrirvara sem ég setti við undirskrift mína og ég tel rétt að gera grein fyrir hér í umræðunum um þetta mál um Háskólann á Akureyri. Í fyrsta lagi tel ég að enn vanti mikið á að við getum státað okkur af heilsteyptri menntastefnu hér á landi og þá ekki síst á því skólastigi sem hér um ræðir. Íslenska skólakerfið hefur tekið miklum breytingum á undanförnum tveimur áratugum og fengið að þróast fremur frjálslega. Á ég þá aðallega við framhaldsskólastigið sem segja má að sé að hluta til undirbúningur undir æðra nám, hvort sem er á háskólastigi eða í starfsgreinum af ýmsu tagi.

Síbreytilegar aðstæður og auknar menntunarkröfur í æ flóknara þjóðfélagi kalla á stöðuga endurnýjun og endurmat á menntastefnu þjóðarinnar. Segja má að á framhaldsskólastiginu sjálfu hafi þessu kalli að nokkru leyti verið sinnt með fjölgun námsbrauta og valmöguleika nemenda, sem nú koma inn í framhaldsskólann með mjög mismunandi undirbúning. Hins vegar hefur nokkuð skort á að nemendur hafi að loknu framhaldsskólanámi haft um fjölbreytilegt nám að velja þrátt fyrir þá staðreynd að vinnumarkaðurinn og þjóðfélagið sem slíkt geri síauknar kröfur um sérhæfingu og starfsmenntun, ekki síst á sviði tækni og verklegrar þjálfunar. Ég tel því löngu orðið tímabært að huga að námsbrautum fyrir nemendur sem ekki hafa áhuga á eða hæfir ekki að stunda „akademískt“ nám.

Eins og svo oft áður í sögunni tökum við seint við okkur, en þá af svo miklu kappi að upp spretta háskólar og þeir frekar þrír en einn á tveimur árum. Reyndar hafa tveir þessara nýju háskóla sérhæft sig í tölvu- og viðskiptagreinum. Þessi þróun sýnir svo sannarlega þá þörf sem er fyrir sérmenntun af ýmsu tagi að framhaldsskólastiginu loknu. Það er hins vegar mikið umhugsunarefni hvers konar menntastofnanir hæfa okkur, smáþjóð með 250 þús. íbúa, á þessu skólastigi.

Þar kem ég að hinni ástæðunni fyrir því að ég undirrita nál. um Háskólann á Akureyri með fyrirvara. Í frv. liggur að mínu áliti ekki alveg ljóst fyrir um hvers konar menntastofnun hér er að ræða, heföbundinn háskóla með vísindalegum rannsóknum og skyldum eða svokallaðan faghåskóla. En væntanlega mun starfið og þær námsbrautir sem upp verða settar á næstu árum leiða í ljós hvert meginhlutverk stofnunarinnar verður.

Í frv. er gert ráð fyrir endurskoðun laganna á næstu þremur árum og tel ég það alveg nauðsynlegt. En á þeim tíma sem til stefnu er verður væntanlega og vonandi ekki aðeins einblínt á þessa stofnun sem slíka. Það verður að móta heildarlöggjöf um háskólastigið og gera samræmdar kröfur um inntökuskilyrði á sama hátt og um önnur skólastig, en eins og hv. þm. vita sjálfsagt munum við væntanlega fjalla um frv. til laga um framhaldsskóla í þessari hv. deild nú á næstunni.

Það hefur reyndar dregist úr hömlu að setja rammalöggjöf um það skólastig, en við stöndum nú frammi fyrir því og gera menn sér væntanlega vonir um að það nái fram að ganga í einhverri mynd. En um leið og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að á næstu árum fari fram heildarskoðun á því skólastigi sem hér um ræðir, þá vil ég líka þakka þá viðleitni hans sem fram kemur í ráðstefnuhaldi nú í vetur vegna skýrslu OECD um grunnskólann og framhaldsskólann. En ég tel að það sé löngu tímabært að taka upp sams konar umræðu um það skólastig sem við tekur eftir framhaldsskólann. En það er eitt annað sem líka þarf að taka mjög föstum tökum og það er að tengja þessi skólastig okkar saman því það er okkur oft þrándur í götu hversu lítil fagleg samskipti eru milli þeirra sem starfa á hinum mismunandi skólastigum.

Í þeirri heildarskoðun sem ég hef nefnt er nauðsynlegt að taka tillit til mjög margra þátta. Í því sambandi vil ég sérstaklega minna á einn þátt og það eru þeir miklu möguleikar sem ný tækni gefur okkur til þess að þjóna öllu landinu en ekki aðeins afmörkuðum svæðum. Vil ég minna á frv. til laga um fjarnám ríkisins sem lagt var fram af hv. varaþingkonu Kvennalistans á 108. löggjafarþingi. Þó það fjallaði ekki sérstaklega um háskólastigið, þá gilda þar sömu grundvallarmarkmiðin, en í 3. gr. þess lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Markmið laganna er að bæta og jafna aðstöðu fólks til náms óháð búsetu, aldri, efnahag og ferligetu.“ — Nú hefur reyndar verið byrjað með tilraunafjarkennslu, en það þarf að gera miklu meira af því að styrkja og móta þá starfsemi.

Herra forseti. Við Íslendingar verðum að láta af þeim bráðabirgða- og skyndihugsunarhætti sem um of hefur einkennt menntastefnu okkar í gegnum tíðina. Á þessari stundu hlýtur það að vera ósk mín að Háskólinn á Akureyri megi dafna og blómstra norðan heiða og það er von mín að hann muni aldrei þurfa að búa við húsnæðisskort, tækjaskort, bókaskort og kennaraskort sem hefur staðið allt of mörgum menntastofnunum okkar fyrir þrifum.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Eins og fyrri ræðumaður, hv. þm. Danfríður Skarphéðinsdóttir, geri ég fyrirvara við það nál. sem hér liggur fyrir um háskóla á Akureyri. Fyrirvari minn beinist í fyrsta lagi að nafni skólans eða þeirri menntastofnun sem lögin eiga að taka til. Ég tel að ekkert samræmi sé á milli efnis frv. og þeirrar merkingar sem nauðsynlegt er að lögð verði í nafnið háskóla. Nafnið háskóli í íslenskri tungu hefur fengið á sig þann blæ að þar sé á ferð vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun og komi í stað orðsins universitas á latínu. Fari þar fram bæði rannsóknir og fræðsla af hálfu nemenda og kennara. Ég held að þetta frv. sem hér liggur frammi uppfylli ekki þessi skilyrði um vísindalega fræðslu og vísindalega rannsóknarstofnun.

En þrátt fyrir þennan annmarka, sem ég tel að sé á frv., vil ég ekki standa í vegi fyrir því að þessi umræða verði hér. Hugsanlegt hefði verið að skila minnihlutaáliti og krefjast þess að málinu yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar, en þar sem nauðsyn kallar á að lög fyrir þessa menntastofnun verði sett, þá taldi ég rétt að skrifa undir álitið með fyrirvara.

Það skal tekið skýrt fram að ég er ekki á móti þessari stofnun sem slíkri á Akureyri. Þessi stofnun á fyllilega rétt á sér. Hins vegar tel ég mjög varhugavert, eins og fram kom áðan, að telja þetta háskóla í þeirri merkingu sem við viljum leggja í það hugtak.

Eins og fram kemur í nál. voru flestir þeir aðilar sem leitað var umsagna hjá á móti frv. Það var aðallega byggt á því sem ég sagði hér áðan. Vil ég leyfa mér hér að vísa til umsagnar Háskóla Íslands og lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, hvað þar kemur fram, en þar segir:

„Stofnun nýs háskóla á Íslandi er athyglisverð, m.a. vegna þess að þá er á nýjan leik tekin afstaða til þess, eða ætti að taka afstöðu til þess, hvað háskóli er. Hugtakið háskóli hefur um langt skeið í íslensku máli fyrst og fremst vísað til Háskóla Íslands sem stofnunar og þess starfs sem þar fer fram. Samkvæmt síðari alda hefð og viðurkenndri framkvæmd í samskiptum við erlendar menntastofnanir samsvarar háskólaheitið hugtakinu „universitas“ í ýmsum afbrigðum þess á öðrum tungumálum. Í hugtaki þessu felst ákveðinn efniskjarni, sem telst og hefur frá fornu fari talist aðall hverrar þeirrar stofnunar sem vill standa undir nafni.

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, er kjarninn í háskólahugtakinu orðaður í stuttu máli svo: „Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu."

Bæði kennsluþættinum og rannsóknaþættinum er sinnt í Háskóla Íslands. Er það raunar sterk sannfæring margra, ef ekki flestra, að „vísindalegri" fræðslu verði ekki sinnt, svo að vel fari, nema saman fari rannsóknir og fræðsla. Það er einmitt sérkenni háskólastarfs að flétta þetta tvennt saman, fræðslu og rannsóknir.

Til þess er ætlast að háskóli sýni frumkvæði og hafi forystu um rannsóknir. Forsenda þess er sú að stundaðar séu grundvallarrannsóknir til að afla nýrrar þekkingar, en hagnýtar rannsóknir eru einnig mikilvægar sem þáttur í þjónustuhlutverki háskólans við ýmsar starfsgreinar þjóðfélagsins.

Annað meginatriði háskólahugtaksins er fjölbreytni í rannsóknum og námsframboði. Háskólar eru stofnanir, sem reyna að spanna mikinn hluta þeirrar vísindalegu sérfræði, sem þjóðfélagið þarf á að halda hverju sinni, en takmarka sig ekki við einstakar sérgreinar eða starfshópa. Þess vegna á starfsmenntun betur heima í sérskólum en almennum háskólum eins og Háskóla Íslands.

Þriðja grundvallareinkenni háskóla er ákveðin sjálfstjórn og starfsmannalýðræði er byggist á gömlum alþjóðlegum hefðum. Ríkisháskólar njóta almennt mun meira sjálfstæðis um innri málefni sín en tíðkast um aðrar ríkisstofnanir. Þetta birtist með ýmsum hætti í lögum um Háskóla Íslands og framkvæmd þeirra."

Síðan segir:

„Í frv. því sem hér er beiðst umsagnar um, varðandi fyrirhugaðan háskóla á Akureyri kemur fram greinilegur tvískinnungur milli háskóla í hinni hefðbundnu merkingu, sem lýst var hér að framan, og sérskóla (starfsmenntunarskóla) á háskólastigi í hinni formlegu merkingu laga nr. 55/1974. Skal þetta nú nánar skýrt."

Ég nenni nú ekki að lesa það en efnislega segir þar að þróunin sé sú að ýmsir minni háttar sérskólar komist á háskólastig. Þarna sé um mjög stutt nám að ræða en ekki þessi akademíski háskóli sem við teljum að Háskóli Íslands sé. Þar er minnst á að þessir minni háttar skólar á háskólastigi, sem á erlendum tungumálum hafa verið kallaðir Community College, Fachhochschule og Högskola, séu annað en latneska heitið universitas feli í sér og eigi að gera þarna vissan greinarmun á. Og það er einmitt það sem ég vil gera fyrirvara um í minni ræðu.

Ef telja ætti Háskólann á Akureyri háskóla, þá mundi ég vilja beina þeim tilmælum til hæstv. menntmrh. hvort ekki megi þá breyta t.d. nafni Háskóla Íslands í t.d. Lærða skóla eða fræðisetur, en í Færeyjum t.d. heitir æðsta menntastofnun Fræðisetur Færeyja. Ég held að það verði að gera þarna skýran greinarmun á milli þessara tveggja háskólastofnana, Háskólans á Akureyri og svo Háskóla Íslands, þannig að þessu sé ekki ruglað saman.

Að öðru leyti vil ég taka undir það, sem fram kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. e., að ég tel að nauðsyn sé á þessari stofnun á Akureyri, en ekki í þeirri mynd og ekki með því heiti sem hér er rætt um.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mun greiða atkvæði með þessu frv. með þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Ég dreg ekkert af mér við það. Ég tek hins vegar undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram, m.a. hjá hv. þm. Danfríði Skarphéðinsdóttur, varðandi stefnu fyrir skólamál á háskólastigi og vil reyndar hér að viðstöddum menntmrh. auglýsa eftir því sem ég vil kalla íslenska skólastefnu, sem tekur bæði til grunnskólans, framhaldsskólans og háskólanámsins. Við erum með á dagskrá síðar á þessum fundi eða næstu fundum frv. til laga til breyting á grunnskólalögunum. Hér liggja fyrir í þinginu tvö frv. um samræmdan framhaldsskóla og hér erum við að fjalla um frv. til l. um Háskólann á Akureyri og það er alveg bersýnilegt að samræmingar er þörf að því er skólakerfið varðar, bæði grunnskóla, framhaldsskóla og nám á háskólastigi og þetta frv. minnir á það atriði.

Á undanförnum árum hefur verið ákveðin stöðnun í þessum efnum þegar menntamálaráðherrar Sjálfstfl. höfnuðu því að gera ætti tilraun til að setja lög um samræmdan framhaldsskóla. Ragnhildur Helgadóttir, hæstv. fyrrv. menntmrh., hafði þá stefnu að það ætti ekki að setja sérstök lög um samræmdan framhaldsskóla. Núverandi menntmrh. hefur hins vegar lagt hér fram á Alþingi frv. um samræmdan framhaldsskóla sem er til meðferðar í Nd. og við höfum aðeins komið að hér í þessari deild á sameiginlegum fundum menntmn. beggja deilda. Það mál kemur vonandi hér til umræðu með einhverjum hætti.

En hér er sem sagt verið að fjalla um frv. til laga um Háskólann á Akureyri og það mál vekur upp margar spurningar. Fyrsta spurningin er þessi: Á þetta að vera það sem kallað er háskóli með vísindalegum rannsóknarskyldum eða á hér að vera um eins konar tæknilega háskóladeild að ræða? Svar við þeirri spurningu hefur í raun og veru ekki birst, enda hygg ég að veruleikinn verði að svara því að lokum, þ.e. sú reynsla sem fæst af starfsemi Háskólans á Akureyri.

Í frv. og brtt. menntmn. er því slegið föstu að Háskólinn á Akureyri eigi að vera vísindaleg fræðslustofnun. Hins vegar er ljóst að samkvæmt frv. er rannsóknarskylda, sem liggur á starfsmönnum skólans, önnur en á starfsmönnum Háskóla Íslands, enda segir í síðari mgr. 1. gr. að skólinn skuli veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífinu. Þannig er undirstrikað ákveðið einkenni á

þessum skóla sem er það að sinna menntun fólks til þess að það geti gegnt ýmsum störfum í atvinnulífinu. En um leið er í þessari 1. gr., og ég vil leggja á það áherslu, tekið þannig á málum, líka með því að flytja efnisatriði 4. gr. inn í ákvæði til bráðabirgða, þá er tekið þannig á málum að þetta eigi í raun og veru líka að vera skóli landsins alls, landsmanna allra, en hann sé ekki og eigi ekki að vera endilega takmarkaður að því er varðar aðgang nemenda eða neitt annað við það svæði þar sem skólinn er settur niður. Mér finnst ákaflega þýðingarmikið að það *skuli vera skýrt að þetta eigi að vera skóli sem* þjóðin á, sem þjóðin stýrir í gegnum sína menn, sitt Alþingi, sína menntamálaráðherra og síðan sína embættismenn við skólann á hverjum tíma.

Auðvitað hljóta menn að velta því fyrir sér í tengslum við þetta mál hvort það hefði verið eðlilegra að háskólalöggjöfin hefði verið endurskoðuð í heild og að sett hefðu verið ný lög um Háskóla Íslands sem hefði hugsanlega verið með deildir á ýmsum stöðum til að sinna tilteknum verkefnum frekar en um væri að ræða nokkra mismunandi háskóla í landinu.

Í 11. gr. þessa frv. er, ef ég man rétt, ákvæði um það hverjir eiga að geta gengið í Háskólann á Akureyri. Þar er talað um að þeir nemendur sem koma frá skólum sem útskrifa stúdenta geti gengið inn í Háskólann á Akureyri. En einnig virðist í 11. gr. vera opnað fyrir það að nemendur, sem ljúka öðrum fullnaðarprófum frá svokölluðum stúdentaskólum, t.d. verslunarprófi Verslunarskóla Íslands eða öðrum hliðstæðum prófum sem eru fullnaðarpróf *í þeim skilningi, gætu einnig hugsanlega gengið* inn í skóla af þessu tagi. Ég hnaut um þetta orðalag í frv. en fletti svo upp í háskólalögunum og tók eftir því að þetta er svo að segja alveg nákvæmlega eins orðað. Það leiðir hins vegar huga minn að því, og vil ég nefna það hér að viðstöddum hæstv. menntmrh., hvort ekki er óhjákvæmilegt að það verði til samræmdar reglur um inngönguskilyrði í háskólanám hér á landi eða nám á háskólastigi hvar sem það er stundað og í hvaða skólum sem það er stundað. Ég held að þessar reglur þurfi að vera samræmdar og minn fyrirvari við þetta frv. lýtur að því fyrst og fremst að ég hefði heldur viljað sjá heildarlöggjöf um nám á háskólastigi hér á landi og a.m.k. samræmingu að því er varðar aðgang að skólanum og að því er varðar starfsemi skólanna og skyldur kennara þeirra að öðru leyti, t.d. að *rannsóknar*verkefnum og fleiru.

Fyrirvari minn lýtur að þessu, en eins og ég sagði áðan mun ég greiða atkvæði með þessu frv. Ákvörðun um þennan skóla hefur í raun og veru verið tekin fyrir löngu. Það er tekin um það ákvörðun hér á Alþingi að setja inn fjárlagalið í þessu skyni, ef ég man rétt, fyrir nokkrum árum og það er tekin um það ákvörðun að ráða forstöðumann að þessari stofnun, það er tekin um það ákvörðun að hefja þessa starfsemi án þess að áður hafi verið sett lög til þess að vera grundvöllur starfseminnar. Það má segja að það sé nokkuð sérkennilega í hlutina farið en alla vega er ljóst að frammi fyrir þessum veruleika stendur Alþingi og það er ekkert annað að gera en að taka á því og taka ákvarðanir í samræmi við það.

Ég tel að þær brtt. sem birtast á þskj. 711 frá menntmn. séu til bóta. Ég hefði talið að það mætti vel hugsa sér að ákvæðið sem var í 4. gr. en verður nú ákvæði til bráðabirgða hefði verið alveg fellt niður þannig að háskólanefnd skv. 4. gr. hefði svo að segja strax tekið til starfa. Hér er hins vegar farin *sú leið að fyrri útgáfan er gerð* að ákvæði til bráðabirgða og gildir til loka skólaárs 1990 þar sem þá er reiknað með því að nýja háskólanefndin taki til starfa skv. 4. gr. og starfi síðasta árið áður en endurskoðun laganna á að vera lokið en niðurstöður hennar á að leggja fyrir Alþingi fyrir árslok 1991 eins og það er orðað hér í brtt.

Varðandi einstök atriði að öðru leyti, herra forseti, vil ég aðeins segja það að ég hefði að mörgu leyti talið eðlilegt að fella niður 2. mgr. 6. gr. þar sem segir: Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar. Ég hefði talið í sjálfu sér eðlilegast að rektor skólans hefði ráðið þetta starfslið eins og annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur skólans en ég satt að segja fann ekki að það væri verulegur hljómgrunnur fyrir því að fella þetta út og geri þess vegna ekki annað en að nefna þetta mál hér til þess að halda mínum viðhorfum til haga.

Þegar menn lesa svo umsagnir þær sem komið hafa við frv. þá er náttúrlega rangt að þær séu *fullkomlega á móti málinu*. Það er ekki rétt. Það er sums staðar um það að ræða að tekið er jákvætt í málið. T.d. er í grg. Háskóla Íslands ekki út af fyrir sig lagst gegn frv. en það er bent á ýmsa annmarka þess, annmarka sem m.a. voru tíundaðir í ræðu hv. 6. þm. Vesturl. hér áðan. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessar umsagnir allar fylgi nál. til þess að þingið og þjóðin megi kynna sér hvað þessir aðilar höfðu um málið að segja á undirbúningsstigi ef það mætti verða til þess að hafa áhrif á þá stefnu og það starf sem fram fer í Háskólanum á Akureyri þegar hann tekur til starfa samkvæmt nýjum lögum.

Að öðru leyti vil ég nota þetta tækifæri til að óska þessari stofnun velfarnaðar og vona að hún verði góður og gildur þáttur í okkar skólakerfi en í framhaldi af þessari umræðu hefði ég viljað sjá það *gerast að við ættum hér ítarlega umræðu um íslenska* skólastefnu þar sem við tækjum fyrir alla þætti hennar en ekki aðeins einn í einu eða einn stað í einu.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. menntmn. Ed. Alþingis fyrir afgreiðslu á þessu máli. Hún hefur greinilega tekið þetta mál föstum tökum, leitað umsagna víða og afgreitt málið með því að leggja til að frv. verði samþykkt með ákveðnum brtt. Ég tek það strax fram að ég er samþykkur þeim

brtt. Mér finnst þær allar til bóta. Sú hugmynd var ávallt í mínum huga a.m.k. að stjórn skólans mundi breytast eftir því sem hann þróaðist, þannig að það kæmi til athugunar í sambandi við þá endurskoðun sem fram á að fara á þessum lögum. Menntmn. telur hins vegar eðlilegra að það gerist fyrr og að framtíðarstjórnskipun skólans verði strax sett inn í þessi lög en að sú stjórnskipan sem er til bráðabirgða renni sitt skeið innan ákveðins tíma. Hugmyndin var sú að tengja stjórn skólans heimamönnum í upphafi meðan verið væri að hrinda þessari stofnun af stokkunum. Það kemur m.a. til af því að ýmsir norðan heiða, t.d. á Akureyri, hafa unnið mjög ötullega að stofnun þessa skóla. Bæjarstjórn Akureyrar hét því t.d. að a.m.k. fyrst um sinn mundi hún sjá skólanum fyrir húsnæði og það hefur verið gert. Því var í mínum huga þetta fyrirkomulag fyrst og fremst til þess að tengja heimamenn við stjórn skólans meðan hann væri að fara af stað. En ég er sammála þeirri brtt. sem nefndin hefur gert um þetta og reyndar önnur atriði eins og ég gat hér um áðan.

Það komu fram nokkur atriði í þessari umræðu sem mér finnst vert að gera nokkuð nánar að umtalsefni hér. Í fyrsta lagi hefur það komið fram að mönnum finnst vanta heildstæða stefnu — síðasti ræðumaður, hv. 7. þm. Reykv., talaði um íslenska skólastefnu — eða a.m.k. vantaði heildstæða stefnu um háskólastigið. Nú er það svo að háskólastigið hefur verið að þróast nokkuð ört hér á landi á síðustu árum. Í lögum sem eru í gildi um skólakerfið skiptum við okkar skólakerfi í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Lengi vel var Háskóli Íslands eini skólinn á háskólastigi en þeim skólum, sem sinna kennslu eftir stúdentspróf eða á háskólastigi samkvæmt skilgreiningu laganna, hefur fjölgað nokkuð ört á undanförnum árum. Við erum með Tækniskóla Íslands sem er að hluta á háskólastigi og að hluta á framhaldsskólastigi. Við erum með þrjá listaskóla t.d., Myndlista- og handíðaskólann, Tónlistarskólann í Reykjavík og Leiklistarskólann sem samkvæmt þessari skilgreiningu eru á háskólastigi. Verslunarskóli Íslands hefur tekið upp nám á háskólastigi. Búnaðarskólarnir á Hólum og á Hvanneyri eru báðir a.m.k. að hluta til á háskólastigi. Við erum með Þroskaþjálfaskóla sem er á háskólastigi. Samvinnuskólinn hyggst taka upp nám á háskólastigi. Þannig að þróun í þessum efnum hefur verið mjög ör upp á síðkastið.

Ég er alveg sammála því að þarna þurfi að koma á meira samræmi og setja þurfi heildarlöggjöf um háskólastigið, í mínum huga fyrst og fremst rammalöggjöf, síðan geti verið í gildi lög um hvern skóla fyrir sig eins og er, en að það sé sett löggjöf sem kveði á um viss grundvallaratriði eins og inngönguskilyrði í háskóla, hvaða próf háskólar eigi að veita eða skólar á háskólastigi og þar fram eftir götum.

Ég setti á laggirnar nú í vetur svokallaða samstarfsnefnd um háskólastigið en í henni eiga sæti fulltrúar frá öllum þessum skólum sem ég taldi upp, þ.e. öllum þeim skólum sem nú eru með kennslu á háskólastigi, og formaður þeirrar nefndar er rektor Háskóla Íslands. Þetta var fyrst og fremst hugsað sem samstarfs- og samráðsvettvangur þessara skóla, en þó fékk nefndin alveg ákveðið verkefni, sem átti að vera upphafsverkefni hennar, og það er að semja heildarlöggjöf um háskólastigið, þ.e. rammalöggjöf um háskólastigið. Ég hef ekki sett nein tímamörk í þeim efnum en ég veit að nefndin hefur byrjað þau störf og ég vonast til þess að slíkt frv. gæti legið hér fyrir á næsta Alþingi.

Menn hafa allmikið rætt um hvers konar skóli hér sé á ferðinni. Eins og fram kemur í umsögnum finnst sumum að nokkurs tvískinnungs gæti í því. Er hér um að ræða háskóla í þeirri merkingu að það eigi bæði að vera vísindaleg kennslustofnun og vísindaleg rannsóknarstofnun eða erum við fyrst og fremst að tala um eins konar starfsmenntaskóla á háskólastigi? Ég skal alveg viðurkenna að það er með nokkrum vilja gert að frv. er sett fram á þennan hátt. Ég sé í mínum huga þennan skóla þróast á þann veg eftir því sem tímar líða að hann verði rannsóknarstofnun í ákveðnum greinum. Ég tel það ekki heppilegt að hann verði rannsóknarstofnun í þeim sömu greinum og Háskóli Íslands sinnir, ég held einfaldlega að okkar litla þjóð geti ekki dreift okkar rannsóknarkröftum á þann veg, heldur fyndist mér æskilegt að Háskólinn á Akureyri annaðist rannsóknarstarfsemi í greinum sem ekki eru rannsakaðar annars staðar og þá nefni ég t.d. sérstaklega sjávarútvegsfræði sem fyrirhugað er að þessi skóli taki upp.

En ég held engu að síður að mörkin á milli þessa, hvort um er að ræða vísindalega rannsóknarstofnun og vísindalega kennslustofnun, þ.e. það sem menn vilja kalla universitas, og annarra skólategunda séu ekki alveg eins glögg og menn vilja vera láta eins og fram kemur í þeim umsögnum sem hér koma fram. Svíar t.d. eru með sína stóru háskóla, þ.e. universitas, í Lundi, Uppsölum og Stokkhólmi ef ég man rétt. Hins vegar eru þeir með skóla sem þeir kalla ekki háskóla eða universitas sem er Tekniska högskolan í Stokkhólmi sem er tvímælalaust háskóli eða universitas af hæstu gráðu, þar sem fer fram mjög rík vísindastarfsemi. Sá skóli er í miklu áliti sem vísindastofnun þó þeir kalli hann ekki því nafni. Mér finnst í þessu sambandi afar athyglisvert að lesa hugleiðingar eða umsögn Haraldar Bessasonar, forstöðumanns Háskólans á Akureyri, einmitt um þetta atriði sem kemur fram í því sem hann ritaði menntmn. Ed. Mér finnst það dálítið freistandi að lesa það hér upp af því að mér finnst það falla mjög vel inn í þær umræður sem hér hafa farið fram. Vil ég aðeins grípa á upphafi þess plaggs, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Álitsgerðir þær um frv. til laga um Háskólann á Akureyri sem borist hafa efri deild Alþingis eru gagnlegar, einkum þegar haft er í huga að frv. það sem hér er um að ræða hlýtur að fá á sig breytta og nokkuð fyllri mynd innan þriggja ára.

Álitsgerð Bandalags háskólamanna gerir að vísu engar rökstuddar athugasemdir við lagafrv. Þó er

þar að finna nokkra andstöðu við stofnunarheitið háskóli á þeim forsendum að Háskóli Íslands sé eina stofnunin hér á landi sem verðskuldi hið hefðbundna latneska heiti universitas. Verður ekki annað af álitsgerðinni ráðið en að háskóli sé bein þýðing á universitas. Þess ber þó að gæta að hér á Íslandi hefur aldrei verið til nein menntastofnun sem nefna mætti á latínu universitas, nema ef vera skyldi skóli sá sem Jón biskup Ögmundarson stofnaði á Hólum í Hjaltadal á fyrsta áratug 12. aldar. Heimildir um þá stofnun eru þó fremur ótraustar.

Í álitsgerð Bandalags háskólamanna er látið að því liggja að Háskóli Íslands veiti almenna akademíska menntun fremur en sérmenntun. Þetta er vitaskuld ekki alls kostar rétt þar sem Háskóli Íslands hefur frá upphafi verið að verulegu leyti safn sérskóla (deilda) og mjög ótítt að stúdentar stundi nám í fleiri en einum slíkum skóla (deild) samtímis. Í öðrum álitsgerðum gætir ámóta misskilnings.

Þá hillir undir þau sjónarmið í álitsgerð Bandalags háskólamanna að skarpan greinarmun ber að gera á milli akademískrar menntunar annars vegar og verklegra mennta (verkmenntunar) hins vegar. Hér er því til að svara að háskólanám er ávallt með þeim hætti að höfuðáhersla er lögð á að þjálfa stúdenta í vísindalegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum. Skiptir engu máli hvort um er að ræða greiningu bókmenntatexta eða athuganir á sjávarútvegi.

Sé þetta haft í huga verður markalínan milli akademískra fræða og verkmenntunar ekki einungis óglögg heldur hverfur hún með öllu. Ber jafnan að gjalda varhug við þeirri tvískiptingu háskólafræða sem í ofangreindum álitsgerðum er talin óyggjandi. Ónákvæm orðanotkun leiðir gjarnan til óskýrrar hugsunar og ekki fjarri lagi að dæmi þess sé að finna í álitsgerð Bandalags háskólamanna sem og í öðrum þeim álitsgerðum um frv. til l. um Háskólann á Akureyri sem menntmn. Ed. Alþingis hefur borist. Er þó síður en svo verið að varpa rýrð á það fólk sem hér hefur að unnið.

Nauðsynlegt er að fólk geri sér fulla grein fyrir því að íslenskir atvinnuvegir eru óaðskiljanlegir íslenskri menningu og að íslensk tunga á sér djúpar rætur við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Að þessu leyti dugir ekki að ætla að íslensk viðhorf til æðri menntastofnana þjóðarinnar séu þau hin sömu og tíðkast í háþróuðum iðnríkjum Evrópu og Norður-Ameríku þar sem segja má að ávallt hafi staðið skilveggur milli atvinnuvega og andlegrar menningar. Er ensk tunga e.t.v. gleggsta dæmið um þetta og má rétt nefna að enskir togarasjómenn og iðnverkamenn eiga langt í land með að öðlast þann þegnrétt í heimalandi sínu sem tungan ein veitir.

Um Íslendinga gegnir öðru máli, enda ber þeim að fara með allri gát meðal þeirra staðhæfinga að háskólafræðsla um íslenska atvinnuvegi eða rannsóknir á þeim séu í eðli sínu óakademísk verkmennt. Er hér komið að þeim kjarna sem því miður er látinn óræddur í öllum álitsgerðum.

Þess gerist ekki þörf að þýða eitthvert erlent heiti sem henti æðri menntastofnun á Akureyri betur heldur en orðið háskóli. Höfuðmáli skiptir að við Háskólann á Akureyri má nú þegar greina mótun ákveðinnar stefnu, en skólinn mun leitast við að fara nýjar leiðir og nema ný lönd. Hann mun hvergi slaka á kröfum né heldur una þeim dómi að innan veggja hans sé stunduð einhvers konar óakademísk iðja. Afstöðu hans til Háskóla Íslands þarf ekki að skilgreina nánar á þessu stigi málsins. Hins vegar ber háskólanum að leita þess í hvívetna á sviði kennslu og vísinda að efla skynsamleg tengsl við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, bæði innlendar og erlendar.

Deilur um stofnanaheiti eru í eðli sínu ófrjóar. Hins vegar skipta störf og stefna þeirra stofnana sem um er rætt höfuðmáli. Þau atriði er ekki unnt að *binda í lagagreinar. Ljóst er engu síður að* stjórnendur Háskólans á Akureyri hafa þegar gert stefnu skólans nægilega skýra til þess að þjóðin megi skilja að ekki er á ferðinni nein eftirlíking á Háskóla Íslands."

Þetta voru orð Haraldar Bessasonar og mér finnst þau raunar svara mjög vel þeirri gagnrýni að hér sé ekki nægilega skýrt að kveðið að þessu leyti og að tvískinnungs gæti í þessu frv. Geri ég mér þó fulla grein fyrir því að ákvæði um þessi efni þurfa að verða fyllri og ákveðnari í tímans rás, en mér finnst hreinlega ekki tímabært að gera það að svo stöddu. Haraldur Bessason er þekktur háskólamaður, sem dvalið hefur langdvölum við háskóla erlendis, og mér finnst í þessari umsögn hans koma mjög fram þær ákveðnu breytingar sem eru að gerast á viðhorfum manna til háskóla víða um lönd.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vonast til þess að ég hafi svarað því sem til mín hefur verið *beint í þessari umræðu og ítreka þakklæti mitt til* menntmn. Ed.

Frsm. menntmn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins vegna þeirra hugleiðinga sem hv. 7. þm. Reykv. var með áðan um hvort rétt hefði verið að Háskóli Íslands ræki háskóladeildir út um landsbyggðina, eins og ég skildi orð hans, segja að þetta mál var ítarlega rætt í háskólanefndinni, en það kom alveg skýrt fram að ekki stóð hugur Háskóla Íslands til þess að reka háskóladeild á Akureyri né heldur höfðu Norðlendingar sérstaka löngun til að biðja Háskóla Íslands um það.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég nefndi þetta í spurnarformi. Menn hefðu velt því fyrir sér, sagði ég, hvort ekki hefði verið eðlilegra að hér hefði orðið til Háskóli Íslands með deildum sem fjölluðu um ýmis afmörkuð verkefni. Það er því rangt eftir mér haft að ég hafi verið með tillögugerð í þeim efnum. Ég taldi ástæðu til að nefna þetta vegna þess að þetta er vissulega mikið umhugsunarefni og ég hygg að það muni koma upp þeim mun oftar sem menn velta því meira

fyrir sér hvort ekki hefði verið skynsamlegra að reyna að setja um þessar mundir einmitt lög um samræmingu háskólastigsins.

Ég kvaddi mér ekki hljóðs út af þessum orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrst og fremst heldur út af því að mér fannst það satt að segja nokkuð athyglisvert og sérkennilegt að hæstv. menntmrh. skyldi lesa eina umsögn af öllum þeim umsögnum sem bárust, gera hana að sinni og lýsa því þar með yfir að hún væri það marktækasta af öllum þeim gildu plöggum sem hérna liggja fyrir. Ég tel að allir hafi nokkuð til síns máls varðandi þessi efni. Ég tel að greinargerð Háskóla Íslands sé mjög athyglisverð og vönduð. Ég tel t.d. að það yfirlit sem kemur frá Jóni Torfa Jónassyni sé mjög fróðlegt, þar sem gerðar eru athugasemdir við hverja einustu grein frv., og væri eðlilegt að bæði menntmrn. og þm. kynntu sér þá grg. í einstökum atriðum.

Ég kvaddi mér hljóðs út af þessum orðum menntmrh. og vil segja að ég tel að það sé nauðsynlegt að það verði skýrt að hér er engin umsögn annarri rétthærri að mínu mati. Ég tel að það eigi að skoða þetta mál í heild og viðurkenna að það eru mörg álitamál þegar lagt er af stað, en vonandi verður það ekki til þess að spilla á neinn hátt fyrir því mikilvæga starfi sem við öll viljum af heilum hug að eigi sér stað í Háskólanum á Akureyri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 711,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 711,2 (ný 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 711,3 (ný 6. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
7.–13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 711,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 711,5 (nýtt ákv. til brb. c) samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, VS, EgJ, SGH, SP, HBl, ElJ, KP, KSG.

SkA, SvG, DS, GuðmÁ, GA, KolbJ, MF greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (ÞK, GHG, HÁ, JHelg, SalÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér fannst eðlilegt að það yrði kannað í atkvæðagreiðslu einu sinni eða svo við meðferð málsins hversu mikinn liðsstyrk stjórnarliðið hefur í deildinni þegar verið er að afgreiða þetta mikilvæga mál. Það kom í ljós að stjórnarliðið er í minni hluta, var með sjö menn af 21, og er það mikið afrek í sjálfu sér að það skuli koma fram með þessum hætti áhugi stjórnarliðsins á því að afgreiða lög um Háskólann á Akureyri. Ég tel ástæðu til að leyfa stjórnarliðinu einu áfram að glíma við þetta sérstaka ákvæði og greiði því ekki atkvæði, herra forseti.

Brtt. 711,5 (nýtt ákv. til brb. a–b og d–f) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

72. fundur, miðvikudaginn 16. mars, að loknum 71. fundi.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 716.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

71. fundur, miðvikudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Sala notaðra bifreiða, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 338. mál. — Þskj. 668.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 668 um sölu notaðra bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Kristín Halldórsdóttir og Stefán Valgeirsson.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur alloft orðið nokkur umræða um nauðsyn þess að setja löggjöf um starfsemi þeirra sem stunda verslun og umboðssölu með notaðar bifreiðar. Hefur umræðan oftar en ekki einkennst af neikvæðum viðhorfum í garð þeirra er þessa starfsemi stunda, oftast óverðskuldað. Því þykir full ástæða til að setja löggjöf um þessa starfsemi sem gæti orðið bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta. Að vísu voru sett lög um sölu notaðra lausafjármuna, lög nr. 61 1979, en ákvæði þeirra um sölu notaðra bifreiða eru afar ófullkomin svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Frv. þessu er ætlað að bæta hér úr, auk þess sem ætla má að löggjöf um þessi efni sé bæði bifreiða-

sölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta og geti dregið úr ágreiningi og deilum og létt af bílasölum óréttmætri gagnrýni vegna starfa þeirra.

Herra forseti. Ég leyfi mér að fara í gegnum greinar frv. hverja og eina og les jafnframt athugasemdir við þær jafnharðan.

1. gr. hljóðar svo: „Hver sá, sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki, skal hafa til þess sérstakt leyfi dómsmrn. Leyfi skal veitt til fimm ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41 1968, um verslunaratvinnu, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Leyfishafi skal leggja fram tryggingu sem dómsmrn. metur gilda, að fjárhæð 1,5 millj. kr., til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð tryggingar skal taka mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmrh. setur með reglugerð.

Leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skulu standast próf í samningarétti og skjalagerð eftir nánari reglum sem dómsmrh. setur með reglugerð. Undanþegnir slíku prófi eru þó héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn.

Öðrum en þeim sem fengið hafa leyfi samkvæmt grein þessari er óheimilt að reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki."

Skýringar við 1. gr. eru eftirfarandi: „Í greininni er mælt fyrir um það hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að mega reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Í lögunum sjálfum er hugtakið bifreið ekki skilgreint, en stuðst er við þá skilgreiningu sem fram kemur í umferðarlögum, nr. 50/1987. Um skráningarskyld ökutæki að öðru leyti vísast til reglna sem dómsmrh. setur skv. 64. gr. sömu laga.

Í 1. mgr. eru sett sömu skilyrði og í lögum nr. 61 1979, um sölu notaðra lausafjármuna, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði í höndum dómsmrh. í stað lögreglustjóra eins og mælt er fyrir í lögum nr. 61/1979. Þykir þetta eðlilegri skipan, enda er dómsmrh. ætlað að setja ýmsar reglur um bifreiðar samkvæmt lögum nr. 50/1987.

Í 2. mgr. kemur fram það nýmæli að bifreiðasala er gert að leggja fram tryggingu, sem dómsmrh. metur gilda, til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Ýmis tilvik getur borið að höndum sem kunna að leiða til bótaábyrgðar bifreiðasala eftir almennum reglum. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að bifreiðasali hafi ávallt nokkurt svigrúm til að greiða slíkar bætur, auk þess sem ákvæðið er nokkur trygging fyrir viðskiptamann sem kann að eiga rétt til bóta. Lagt er til í 2. mgr. að fjárhæð tryggingar taki mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmrh. setur með reglugerð.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skuli standast próf í grundvallaratriðum samningaréttar og skjalagerð. Þykir eðlilegt að gera þessar kröfur til þessara aðila, enda eru þessi atriði snar þáttur í starfi þeirra og nauðsynlegt að þeir hafi nokkra grunnþekkingu á þessu sviði.

Í 4. mgr. er loks ótvírætt tekið fram að einungis þeim sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi skv. 1. gr. sé heimilt að stunda þá starfsemi sem lögin taka til."

Í 2. gr. frv. segir: „Afturkalla má leyfi skv. 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41 1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta viðskiptahætti eða ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að mega reka starfsemina."

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

„3. gr. Dómsmrn. skal láta útbúa almenn stöðluð afsalseyðublöð og sölukvittanir sem beri sömu númer og bifreiðasala er skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Skulu eyðublöð þessi þannig gerð að þau gegni einnig hlutverki sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Seljandi bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi þess. Bifreiðasala er óheimilt að annast sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis nema ótvírætt sé að seljandi sé skráður eigandi þess eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé hann annar en seljandi og að fyrir liggi veðbókarvottorð yfir ökutækið."

Um þessa grein segir í athugasemdum: „Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að dómsmrn. láti útbúa almenn stöðluð afsalaeyðublöð og sölukvittanir sem bifreiðasala sé skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki. Er að þessu leyti höfð nokkur hliðsjón af 4. gr. laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að rétt og örugglega sé frá samningum þessum gengið og ekki séu í afsölum ólögmæt eða ósanngjörn ákvæði. Samræmd tölumerking afsala og sölukvittana er mikilvæg frá skattalegu sjónarmiði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því nýmæli í 1. mgr. að afsalseyðublöð séu einnig sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins, en nánari útfærsla þess er lögð í hendur dómsmrn. Slíkt fyrirkomulag yrði vafalaust til hagræðingar fyrir alla þá er gögn þessi varða.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1979 að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um önnur skráningarskyld ökutæki. Auk þess er því bætt hér við að sé eignarhald á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki ekki ótvírætt eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé bifreiðasala óheimilt að annast sölu ökutækis. Er með þessu stefnt að auknu öryggi í þessum viðskiptum. Sömu forsendur liggja að baki því ákvæði 2. mgr. að bifreiðasala sé óheimilt að annast sölu nema fyrir liggi veðbókarvottorð."

II. kafli er um réttindi og skyldur bifreiðasala.

4. gr. laganna yrði svo: „Bifreiðasali skal í hví-

vetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Telji bifreiðasali vafa leika á um greiðslugetu kaupanda skal hann gera seljanda um það viðvart."

Um þessa grein er það að segja að í henni felast almenn ákvæði um skyldur bifreiðasala gagnvart viðskiptamönnum sínum. Áréttað er að bifreiðasali er í þjónustu beggja aðila, seljanda og kaupenda, og ber að gæta hagsmuna þeirra beggja við samningsgerð eins og kostur er. Þó má ætla að vegna reynslu sinnar sé bifreiðasala e.t.v. kunnugt um að kaupandi hafi litla sem enga raunhæfa möguleika á að standa við skyldur sínar samkvæmt tilboði og er þá eðlilegt að bifreiðasali geri seljanda um það viðvart. Áhættan hvílir eftir sem áður á seljanda taki hann tilboði eigi að síður.

5. gr. laganna yrði svo: „Bifreiðasali skal afla upplýsinga sem staðfestar skulu skriflega af seljanda um ástand, akstur og ástand bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skal bifreiðasali varðveita í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis."

Þetta segir í athugasemdum um 5. gr.: „Í 5. gr. er sú skylda lögð á bifreiðasala að afla þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupa á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki. Ákvæðinu er hvorki ætlað að leysa seljanda undan ábyrgð vegna þeirra upplýsinga sem hann veitir né er því ætlað að slaka á hinni svokölluðu „rannsóknarskyldu" sem hvílir á kaupanda skv. 47. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Hins vegar er ákvæðinu ætlað að skerpa skyldu bifreiðasala til að miðla þeim upplýsingum sem hann veit um eða hefur aflað í starfi sínu sem bifreiðasali. Varðveisluskylda bifreiðasala á gögnum í eitt ár er í tengslum við ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ákvæði um skriflega staðfestingu seljanda á þeim upplýsingum, sem hann veitir, tryggir sönnun málsatvika ef til ágreinings kemur vegna viðskipta með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki."

6. gr. hljóðar svo: „Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá afsölum og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal nafn þess bifreiðasala, sem gengur frá samningi, koma fram á afsali. Þá skal bifreiðasali jafnframt annast um að *Bifreiðaeftirliti ríkisins berist sölutilkynning vegna* hverrar bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis sem selt er á hans vegum.

Nú annast bifreiðasali eða annar aðili viðskipti með bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki fyrir hönd kaupanda eða seljanda og skal sá aðili þá hafa skriflegt dagsett umboð er heimili slíka milligöngu."

Um þessa grein segir í athugasemdum: „Í 1. mgr. er leitast við að tryggja endanlegan frágang skjala vegna bifreiðaviðskipta. Ákvæðinu er m.a. ætlað að sporna við hinum svokölluðu „opnu afsölum" sem lengi hafa tíðkast og oft leitt til vandræða, ekki síst vegna opinberrar skráningar bifreiða og réttaráhrifa hennar. Þá þykir eðlilegt að fram komi á afsali hvaða bifreiðasali annaðist samningsgerð. Sérstaklega skal bent á það ákvæði greinarinnar að bifreiðasali skuli annast um að sölutilkynning berist Bifreiðaeftirliti ríkisins. Nú hvílir þessi skylda á seljanda bifreiðar samkvæmt reglugerð um Bifreiðaeftirlit ríkisins. Misbrestur hefur því miður orðið á að seljendur sinni þessari skyldu sinni og þykir því tryggilegast að bifreiðasali annist þetta atriði. Hins vegar þurfa kaupendur eftir sem áður að framvísa sölutilkynningu er þeir umskrá bifreið á sitt nafn."

7. gr. orðast svo: „Nú hyggst bifreiðasali, bifreiðasalan sjálf eða starfsmenn hennar selja eigin bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki í rekstri sínum eða kaupa bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki sem þessum aðilum hefur verið falið að annast sölu á og skal þá viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í afsali. Sama gildir um maka bifreiðasala og náin skyldmenni hans."

Um þetta segir í athugasemdum: „Ákvæði 7. gr. er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun bifreiðasala eða starfsmanna hans á aðstöðu sinni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa."

8. gr. orðast svo: „Þóknun bifreiðasala vegna aðstoðar við sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal ekki fara fram yfir 2% af söluverði ökutækisins en rétt er bifreiðasala að áskilja sér aukalega útlagðan auglýsingakostnað, enda hafi auglýsing verið birt sérstaklega að beiðni seljanda. Sé önnur bifreið eða skráningarskylt ökutæki notað sem greiðsla í viðskiptunum skal seljandi þess ökutækis greiða 1% þóknun vegna sölu þess."

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

III. kafli er um viðurlög.

9. gr. orðast svo: „Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum. Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð að hætti opinberra mála."

10. gr. orðast svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 61/1979 sem fjalla sérstaklega um bifreiðar eða samrýmast ekki ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

Þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til er heimilt án leyfis dómsmrn. að reka starfsemi sína til 31. des. 1988."

Um 10. gr. er þetta að segja: „Samkvæmt 2. mgr. er þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til veittur nokkur aðlögunartími vegna breyttrar löggjafar á þessu sviði. Eðlileg sanngirnissjónarmið mæla með þessu ákvæði."

Herra forseti. Í dagblaðinu Tímanum birtist í gær grein um frv. þetta undir fyrirsögninni: Bílasalar vilja betri útfærslu. Þar kemur fram að Félag bifreiðasala fagnar fram komnu frv., en þeir benda jafnframt á ýmislegt í því er betur mætti fara að

þeirra mati og vil ég gera stuttlega grein fyrir athugasemdum þeirra og minni skoðun á þeim.

Í fyrsta lagi sakna þeir að ekki sé kveðið á um löggildingu starfsstéttarinnar. Við þeirri athugasemd er lítið að segja annað en það að ég er ekki neinn sérstakur stuðningsmaður löggildingar hinna ýmsu starfa hinna ýmsu stétta þó ég dragi enga dul á að það á fyllilega rétt á sér undir sérstökum kringumstæðum. Í þessu máli er ég ekki sannfærður og eftirlæt því öðrum að standa fyrir slíku.

Í öðru lagi gerði viðmælandi Tímans, sem er fyrrv. formaður Félags bifreiðasala, athugasemdir við sölutilkynningar sem frv. gerir ráð fyrir. Taldi hann að hér hefðu flm. ekki fylgst með tímanum. Nú væru allir að verða tölvuvæddir og komnir í beint samband við Bifreiðaeftirlitið. Þá gerði hann einnig athugasemd við það að ekki væri gert ráð fyrir tölvueyðublöðum sem nýtast við tölvuafgreiðslu. Við þessu er það að segja að í frv. til laga efast ég um það að rétt sé að tiltaka sérstaklega tegund og gerð eyðublaða. Hins vegar hljótum við ávallt að reikna með að hið opinbera sé í takt við tímann hverju sinni.

Í þriðja lagi eru gerðar athugasemdir við það að bílasalar skuli þurfa að afla upplýsinga um akstur, árgerð og ástand bifreiða sem síðar skuli staðfestar skriflega af seljanda. Þarna er um mjög einfalt mál að ræða og ætti Félagi bifreiðasala ekki að verða skotaskuld úr því að hanna sérstakt eyðublað til útfyllingar þar sem öll helstu atriði varðandi viðkomandi bifreið koma fram. Þarna bera þeir fyrir sig að Bifreiðaeftirlit ríkisins sé ekki tilbúið að útbúa sérstök skráningarskírteini um tjónabíla, flóðabíla o.s.frv. Þetta á ekkert skylt við það sem hér um ræðir þar sem ekki er hægt að ætlast til þess að Bifreiðaeftirlit ríkisins skrái sögu hvers bíls. Það á hins vegar að geta um slíkt ef slíkar upplýsingar eru til staðar við fyrstu skráningu bíls hvort sem hann er fluttur inn nýr eða notaður, en eftir það er ekki hægt að ætlast til þess að það skrái sögu bílsins. Munnleg lýsing á ástandi bifreiða hefur orðið mörgum manninum dýrkeypt að taka trúanlega og því er það mjög mikilvægt að slíkar upplýsingar liggi fyrir hjá viðkomandi bílasala í eitt ár frá sölu, staðfestar skriflega af seljanda.

Í fjórða lagi finnst viðmælanda Tímans fráleitt að ætlast til þess að ættartengsla, ef einhver eru við bílasalann, skuli sérstaklega getið á afsali. Ég skal viðurkenna að mér fannst sjálfum þetta koma spánskt fyrir sjónir, en eftir að minn aðstoðarmaður, sem er bílasali með margra ára reynslu og virtur sem slíkur, og eftir að Félag ísl. bifreiðaeigenda gerðu báðir kröfur um að þetta atriði yrði sett inn í frumvarpsdrögin á þeim rökum að einmitt þarna færi ýmislegt óhreint fram féllst ég á það. Hitt er svo annað mál að þar þarf auðvitað að skilgreina nánar hvað átt er við með nánu skyldmenni, hvað nær það langt eftir ættartrénu og hve langt út í ætt maka. Það mætti hugsa sér að spyrjast fyrir um það hjá viðkomandi deild innan Háskóla Íslands, en ég eftirlæt það öðrum að skilgreina.

Í fimmta lagi mótmæla bifreiðasalar alveg sérstaklega því ákvæði er gerir ráð fyrir að af sölulaunum af svokölluðum skiptibifreiðum, þ.e. bifreiðum sem notaðar eru sem greiðsla upp í aðra, skuli þeir aðeins mega taka hálf sölulaun eða 1%. Ég vil geta þess í þessu sambandi að margir hefðu viljað að um engin sölulaun væri að ræða fyrir skiptibifreið. Það finnst mér hins vegar ekki sanngjarnt vegna þess að oft liggur töluverð vinna að baki slíkum viðskiptum þó sennilega sé hún oftar í minna lagi. Því varð það niðurstaðan að 1% sölulaun skyldu heimiluð fyrir skiptibifreið.

Að lokum kvartaði Félag bifreiðasala yfir því að ekkert samráð skyldi hafa verið haft við þá við undirbúning þessa frv. Ég get alveg tekið undir það sjónarmið, en vil þó segja það flm. til varnar að ég hafði mikið samráð við einn virtasta bílasala landsins. Þar að auki hafði einn af meðflm. mínum einnig samband við stóra bílasölu og sýndi henni frv. og bar undir. Síðast en ekki síst var Félag ísl. bifreiðaeigenda haft með í ráðum strax á fyrstu stigum vinnslunnar. Og til að klára þetta atriði, þá verðum við að sjálfsögðu við óskum Félags bifreiðasala og sjáum til þess að þeir verði boðaðir til umsagnar til viðkomandi nefndar þar sem þeir geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri og hugsanlega komið fram einhverjum breytingum sem allir aðilar geta þá væntanlega sætt sig við.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar eins og hagsmunaaðilar sjálfir að það sé af hinu góða að setja löggjöf um þessa starfsemi. Það þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Það þarf ekki að nefna til sérstök dæmi málinu til stuðnings einfaldlega vegna þess að ég tel að hér sé á ferðinni svo sjálfsagt mál að þess eigi ekki að þurfa frekar en ég hef þegar gert í ræðu minni. Vænti ég þess að fleiri hv. þingdeildarmenn séu á sömu skoðun. Þó eflaust megi eitthvað setja út á það held ég að hér sé lagt fyrir þingið nokkuð vel unnið frv. að meginstofni til.

Herra forseti. Ég leyfi mér að fara fram á að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 351. mál. — Þskj. 682.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. um lögbindingu lágmarkslauna sem er að finna á þskj. 682.

Flm. eru ásamt mér Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að ekki megi greiða lægri laun fyrir 40 klst. dagvinnu á viku en nemur 50 þús. kr. og skuli sú tala breytast í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu.

Lægstu grunnlaun fyrir 40 stunda vinnuviku eru nú um það bil 29 000–31 500 kr. eftir því hvort er miðað við þá kjarasamninga sem verið hafa í gildi undanfarið eða nýgerða samninga aðila vinnumarkaðarins sem reyndar er nú verið að fella unnvörpum. Gildir einu hvor talan er tekin til viðmiðunar. Þessi laun duga ekki til framfærslu. Vera má að fáir vinni eftir þessum töxtum í raun, en þó klifrað sé upp eftir umsömdum launastiga breytist myndin ekki ýkja mikið. Á almennum taxta verða launin hæst 34 200 kr. eftir tólf ára starf hjá sama fyrirtæki. Viðbætur koma svo með löngum vinnudegi, álagi ýmiss konar, vaktavinnu og öðrum þeim ráðum sem fólk hefur til þess að sjá sér farborða. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu sem telur hjón og 1,66 börn er hins vegar í byrjun febrúar 1988 115 400 kr. og hefur sú tala hækkað nokkuð um síðustu mánaðamót.

Hvað sem líður yfirborgunum af margvíslegu tagi liggur ljóst fyrir að fjölmargir launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafa innan við 50 þús. kr. á mánuði í grunnlaun og geta því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldu viðkomandi, er þess vegna eina leið margra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína. Í landi þar sem nauðsynjavörur eru dýrar og félagsleg aðstaða að mörgu leyti bágborin, sérstaklega hvað varðar gæslu, umönnun og uppeldi barna, húsnæði dýrt og fáir kostir er ógnvekjandi að dagvinnulaun skuli vera eins lág og raun ber vitni. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi.

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar 29. des. 1988 hefur kaupmáttur tekna rýrnað um rúm 3% frá síðasta ári. Framfærsluvísitalan hækkaði um 25% á síðasta ári og spáð 15,5% hækkun hennar á þessu ári. Verðhækkanir sem verða í kjölfar gengisfellingarinnar, hækkun þjónustu ýmiss konar og stórfelld hækkun iðgjaldatrygginga bifreiða renna stoðum undir nauðsyn þess að hækka allverulega lægstu laun. Þessar hækkanir auk matarskattsins vega þyngra hjá þeim launalægstu en þeim sem betur eru staddir. Daglega berast fréttir af hækkunum og virðist ekkert lát á.

Að öllu þessu sögðu er ljóst að 50 þús. kr. er engin ofrausn, einungis raunsætt mat á aðstæðum. Viðmiðunin er framfærsla einstaklings. Samtök um kvennalista hafa farið þess á leit við Hagstofu Íslands að reikna út framfærslu einstaklings svipað og nú er gert um framfærslu vísitölufjölskyldu sem eins og áður sagði miðast nú við stærðina 3,66 en minnkar í nýjum útreikningi sem væntanlegur er 1. maí. Þótt Hagstofan hafi sagt að það sé erfiðleikum bundið að reikna út framfærslu einstaklings er það verkefni nú í vinnslu hjá henni, en niðurstaðan ekki væntanleg fyrr en eftir nokkrar vikur. Í ljósi yfirstandandi kjarasamninga þótti okkur ekki stætt á að bíða eftir þeim útreikningum og leggjum við því þetta frv. fram nú.

Hagstofan hefur auk þess bent á að könnun hennar sé fyrst og fremst neyslukönnun og segi því lítið um raunverulega þörf. Þessu hljótum við að vísa á bug því að neysla er endurspeglun á efnahagslegum aðstæðum fólks og fátt sem réttlætir að auðugt þjóðfélag dæmi stóra hópa fólks til að stilla eyðslu sinni í hóf að því marki að það geti ekki veitt sér neitt umfram nauðþurftir.

Árið 1987 hafði hver fjögurra manna fjölskylda að meðaltali 2,2 millj. kr. til einkaneyslu og sýnir þetta meðaltal glöggt hve misskipting auðs og tekna er mikil nú þegar verið er að reyna að fá fólk til að samþykkja árslaun sem nema 400–500 þús. kr. fyrir dagvinnu.

Þetta er í þriðja sinn sem kvennalistakonur leggja fram frv. þessa efnis og að við teljum ekki að ástæðulausu.

Launamál hafa verið mikið til umræðu á hinu háa Alþingi og er það vel. Ástandið er slíkt að ekki er vanþörf á að kjör fólks séu hér oft og ítarlega tekin til meðferðar. Menn greinir ekki á um að þörf sé úrbóta, launabil og launamisrétti sé slíkt að ekki verði við unað. Eitthvað verði að gera. En hvað? Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar að leiðrétting á kjörum hinna tekjulægstu sé eitt af meginverkefnum ríkisstjórnarinnar og ýmis orð um það í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun stjórnarinnar. Hitt er aftur óljósara með hverjum hætti það skuli gert.

Í stjórnarmyndunarviðræðum sl. vor voru þessi mál í brennipunkti því við kvennalistakonur gerðum það að skilyrði fyrir stjórnarþátttöku að tekið yrði á tekjuskiptingunni af fyllstu alvöru, vildum gerðir í stað orða. Um niðurstöður þeirra viðræðna þarf ekki að fjölyrða. Þær þekkja allir. En því er þetta frv. flutt einu sinni enn að okkur virðist einmitt orð en ekki gerðir ráða ferðinni nú sem áður og á það við um fleiri en ríkisstjórnina.

Aðilar vinnumarkaðarins virðast hafa gefist upp á því að finna leiðir til að minnka launbil og lyfta þeim neðstu verulega þrátt fyrir yfirlýsingar um að það eigi að vera forgangsverkefni. Og gamla tuggan „lengra komumst við ekki að sinni“ er nú tuggin sem endranær.

Það er alþekkt að þegar ekki tekst að leysa hnúta verður að höggva á þá. Þetta frv. er tilraun til þess, tilraun til að knýja á um nýjar leiðir þegar þær gömlu reynast ófærar.

Hér var lögð fram á dögunum tillaga um launabætur. Flm. hennar, hv. 16. þm. Reykv. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, lýsti því yfir þá og talar sjálfsagt af biturri reynslu að hún teldi ekki aðrar leiðir færar.

Okkur kvennalistakonum þykir þetta fullmikið uppgjafarhljóð. Því á hið opinbera að koma til hjálpar með þessum hætti? Eigum við að ákveða í eitt skipti fyrir öll að atvinnuvegirnir vilji ekki eða geti ekki staðið undir því að greiða fólki bærileg dagvinnulaun? Þarf fullfrískt vinnandi fólk að kyngja því að vinna þess sé ekki meira virði en svo að það þurfi að koma til opinberir styrkir? Það hefur ekki verið fullreynt að knýja fram hækkun grunnlauna, ef ekki með góðu, þá með illu, þ.e. valdboði. Lögbinding hækkunar grunnlauna mundi knýja atvinnurekendur til að draga úr yfirbyggingu og milliliðakostnaði og hvetja til sparnaðar, hagræðingar og endurskipulagningar. Þeir yrðu að halda niðri launum þeirra hærri til að mæta kostnaði af grunnkaupshækkunum, launajöfnun í verki.

Um kostnað, ef þetta frv. næði fram að ganga, er erfitt að fullyrða. Óyggjandi upplýsingar liggja ekki á lausu um raunveruleg kjör fólks og hverjar tekjur eru í raun og veru. En líkur benda til að það séu um 3–5% af launafúlgunni allri sem þetta mundi kosta. Það ber að hafa það í huga að ef fólk fengi hærri laun, þ.e. hærri grunnlaun fyrir dagvinnu, er líklegt að drægi úr ásókn í eftirvinnu og álag ýmiss konar og því ekki víst að raunveruleg útgjaldahækkun atvinnuvega yrði eins mikil og ætla mætti við fyrstu athugun. Fólk reynir að bæta sér upp lág dagvinnulaun með ýmsum hætti, löngum vinnudegi, miklu álagi, bónus og ýmsum öðrum þáttum eða hverjar þær leiðir eru sem hver og einn finnur sér til bjargar. Yfirborganir af ýmsu tagi eru einnig alþekktar þó þær séu e.t.v. ekki algengasta leiðin til að bæta hag þeirra tekjulægstu.

Það var haft eftir einum fulltrúa atvinnurekenda í fjölmiðlum í gær að launþegar hefðu alið með sér vonir sem ekki væru raunsæjar, látið sig dreyma, sagði hann. Eru það nú glæstir draumar að láta sig dreyma um að geta séð sér farborða? Er það óraunsæi að fara fram á það? Er hitt ekki miklu fremur í ætt við drauma að ætla sér endalaust að kaupa vinnuafl svo ódýrt sem raun ber vitni? Jaðrar það ekki við óraunsæi? Auk þess veifaði hann verðbólguhótunarsvipunni gömlu. Ekki er þeirri svipu sveiflað þegar verið er að tala um yfirborganir, undir borðið borganir, bílastyrki, óunna yfirvinnu, símastyrki, forstjóralaun, risnu og þess háttar sem koma í hlut þeirra sem efstir eru í launastiganum, að ég tali ekki um þá sem þurfa enga umsamda stiga. Nei, enn og aftur er það láglaunafólkið sem ber ábyrgðina á allri óáran, þeir sem launaskriðið fór yfir eins og skriða sem þeir grófust undir.

Er nú víst að það að gera fólki kleift að lifa af dagvinnu sé mesta ógnunin? Ef þeim hækkunum sem leiddi af lögbindingu lágmarkslauna yrði hleypt óheft upp stigann er ljóst að verðbólga þyti af stað og það er einmitt mergurinn málsins. Það verður að koma í veg fyrir að svo verði. Einmitt í þeim tilgangi flytjum við kvennalistakonur einnig þáltill., sem tengist þessu frv., þar sem kveðið er á um samstarfshóp fulltrúa þingflokka og aðila vinnumarkaðar sem falið er að finna leiðir til að tryggja jákvæðan árangur lágmarkslaunabindingar. Okkur er fullljóst að það verður að gerast í fullu samráði við alla. Það verður að koma til hugarfarsbreyting. Það verður að nást samkomulag innan verkalýðshreyfingarinnar um hvar á að stoppa. Minnkandi krónutöluhækkun upp að einhverju ákveðnu marki og ekkert þar fyrir ofan.

Höfða verður til allra, bæði samtaka og einstaklinga, um að axla þá siðferðilegu ábyrgð að leggja sitt af mörkum til að jafna þann launamun og það misrétti sem nú viðgengst. Hver og einn verður að líta í eigin barm og spyrja: Hef ég nóg eða gæti ég e.t.v. komist af með minna? Það er ljóst að stækki sú hin fræga og margétna þjóðarkaka ekki verður að skera sneiðarnar með nýjum hætti. Allar kannanir, tölur og staðreyndir sanna fyrst og fremst að það eru konur sem mundu njóta góðs af lögbindingu lágmarkslauna, en vert er að taka fram að við kvennalistakonur sjáum ekki ofsjónum yfir þeim körlum sem einnig nytu góðs af. Hafi þeir deilt kjörum með konum þurfa þeir sannarlega leiðréttingu líka.

Konum hefur reynst mjög örðugt að ná rétti sínum. Þær hafa reynt ýmsar leiðir, en mála sannast er að hefðbundnar leiðir hafa ekki reynst þeim sem skyldi sem er e.t.v. skiljanlegt í ljósi þess að það er einmitt hefðin sem stendur þeim oft fyrir þrifum. Mat á hefðbundnum kvennagreinum er birtingarmynd hefða. Hráefnisvinnsla, uppeldis-, umönnunar- og þjónustustörf, sem eru þau störf sem konur fylla, eru framhald af þeim störfum sem þær áður unnu ólaunuð inni á heimilum. Því virðist erfitt að ná fram þeirri hugarfarsbreytingu að nú skuli þau launuð og það sambærilega við hefðbundin karlastörf.

Konur eru fyrirvinnur ekki síður en karlar og líklega oftar en þeir eina fyrirvinna heimilis. Þær leggja mikið af mörkum til að halda gangverki þjóðfélagsins í gangi. Meira að segja kom í ljós að hagvöxtur undanfarinna ára tengdist að miklu leyti aukinni atvinnuþátttöku kvenna þó þær nytu þess ekki í verki. Því geri ég hefðina hér að umræðuefni, virðulegi forseti, að oftar en ekki hafa konur og aðrir hópar sem eiga undir högg að sækja þurft að brjóta af sér hefðir til að ná árangri í baráttu fyrir betra lífi, þurft að leita óhefðbundinna leiða. Löggjafinn sem staðið hefur að ágætis löggjöf um jafnrétti á öllum sviðum, líka hvað varðar laun, verður því að grípa inn í þegar lög ná ekki tilætluðum árangri og leita óhefðbundinna og e.t.v. tímabundinna leiða.

Konur eru nú öðrum fremur að sýna í verki að þær ætla ekki að taka niðurstöðum kjarasamninga. Þær eru að leita nýrra leiða og þær munu ekki hætta þeirri leit einfaldlega vegna þess að þær hafa ekki efni á að hætta henni eða leggja niður laupana. Heilbrigð skynsemi segir þeim að þær eigi að geta borið meira úr býtum og réttlætiskennd þeirra bannar þeim að sæta sífelldu vanmati. Þeim er e.t.v. í auknum mæli að skiljast að vanmat á vinnu þeirra

er um leið og kannski öllu fremur vanmat á þeim sjálfum.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að minna einu sinni enn á að við kvennalistakonur höfum marglýst okkur reiðubúnar til að ræða allar leiðir til að ná settu marki og marglýst eftir hugmyndum. Þær hafa að okkar mati ekki komið fram. Frv. er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. En þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Því er hér lagt til að Alþingi hækki einhliða lægstu launin í landinu og tryggi þau sjálfsögðu mannréttindi hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Virðulegi forseti, ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Kvennalistans hafa endurflutt frv. um lágmarkslaun af ofur skiljanlegum ástæðum. Mikil óánægja ríkir víða í þjóðfélaginu um það hversu lægstu laun eru lág og hversu lítið miðar, ef hægt er að komast svo að orði að miði á annað borð, í því efni að skapa lágmarksframfærslu af afrakstri eðlilegrar vinnu. Frv. Kvennalistans er afar einfalt, svo ekki sé meira sagt, ein grein og gerir ráð fyrir því að sett verði lög um 50 þús. kr. mánaðarlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku og síðan breytist þessi tala með framfærsluvísitölu.

Það er skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að þó það væri vissulega æskilegt að svona einföld till. gæti leyst þennan vanda þá sé svo ekki því miður og eigi að taka á þessu vandamáli þá verði að gera það í samhengi við aðra hluti, fyrst og fremst launabilið og launamuninn eins og hann er. Við höfum því lagt fram till. til þál. um mörkun nýrrar launastefnu, launajöfnun og lágmarkslaun sem var dreift hér á borð þm. rétt áðan og er á þskj. 705. Það er sem sagt okkar afstaða að þessi einhliða lagasetning án nokkurra ráðstafana nái ekki tilgangi sínum nema reynt sé að tryggja að samtímis verði launin jöfnuð í landinu og þess gætt að þær hækkanir sem slík lagasetning mundi a.m.k. tímabundið leiða til á lægstu launum, fari ekki upp allan launastigann og hverfi í verðlagshækkunum á tiltölulega stuttum tíma.

Ég hygg, herra forseti, að hv. þm. Kvennalistans hafi gert sér grein fyrir þessum annmörkum. Hér kom till., sem einnig var dreift í dag, frá hv. þm. Kvennalistans og er á þskj. 708 um að skipaður verði sérstakur starfshópur til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Og með leyfi, herra forseti, langar mig til að lesa tillgr. í þessari þáltill. Kvennalistans því hún tengist óhjákvæmilega því máli sem hér er til umræðu, en þar segir:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa samstarfshóp til að finna leiðir til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Um þær leiðir verður að vera fullt samráð svo að lögbinding lágmarkslauna nái tilætluðum árangri og verði raunverulega til að bæta kjör þeirra lægst launuðu og draga úr launamun og launamisrétti."

Ég er hv. þm. Kvennalistans alveg hjartanlega sammála um þetta og ég hygg að þær hafi með þessum tillöguflutningi í raun svarað því sjálfar að einhliða aðgerð af því tagi sem frv. á þskj. 682 gerir ráð fyrir og hér er til umræðu gengur allt of skammt og nær ekki tilgangi sínum. Ég fagna því að þm. Kvennalistans hafa gert sér grein fyrir þessu og brugðist við því fyrir sitt leyti með þessum viðbótartillöguflutningi sem er í raun einhvers konar fylgifiskur frv. þó það sé í formi þáltill. og lagt fram í Sþ.

Ef maður vildi vera naglalegur við hv. þm. Kvennalistans mætti auðvitað spyrja af hverju þetta var ekki fært inn í sjálft frv. og frv. gert þannig úr garði að til viðbótar lagasetningu um lágmarkslaun kæmu hliðarráðstafanir sem þar kæmu fram, en ég hygg í raun og veru að viljinn skipti hér öllu máli og það er greinilega skoðun hv. þm. Kvennalistans að það þurfi að leita leiða til þess að tryggja árangur af slíkri aðgerð og um það er ég þeim alveg sammála.

Það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvort tímasetning þessa frv.-flutnings hv. þm. Kvennalistans sé heppileg, á sama tíma og kjarasamningar standa yfir að flytja þá hér frv. um lögfestingu 50 þús. kr. á mánuði. A.m.k. er það mín skoðun og mér er ekkert að vanbúnaði að lýsa því yfir að ég hefði átt erfitt með að standa að því að lögfesta slíka hluti á meðan kjarasamningar stæðu yfir í þjóðfélaginu, en þeir standa einmitt yfir þessa dagana. Að því leyti til a.m.k. tel ég fyrir mitt leyti ástæðu til að fagna því að þetta frv. er eingöngu hér til 1. umr. Ég hefði talið lakara ef það hefði verið þannig statt að það hefði verið til síðustu umræðu í seinni deild og þar af leiðandi komið til endanlegrar afgreiðslu á þessum sólarhringum.

Í till. þeirri sem við þm. Alþb. höfum lagt fram og fjallar um þetta efni ásamt með fleiru gerum við ráð fyrir því að atburðarás, ef til lagasetningar um lágmarkslaun kæmi, yrði sú að fyrst yrði látið á það reyna hver yrði niðurstaða í almennum kjarasamningum. Ef hún yrði ekki viðunandi, ekki ásættanleg fyrir samfélagið, þá yrði gripið til tímabundinna ráðstafana, tímabundinnar lagasetningar um lágmarkslaun sem síðan yrðu óþörf jafnskjótt og kjarasamningar færu upp fyrir þau mörk sem lágmarkslaunin væru.

Ég held að það sé engin deila um það, herra forseti, að það sé æskilegast að þessir hlutir séu leystir í kjarasamningum ef þess er kostur og þess vegna eigi að líta á allar aðgerðir af því tagi að lögbinda lágmarkslaun sem tímabundnar aðgerðir og það eigi að undirstrika það að svo sé. Það finnst mér viss galli á þeirri framsetningu sem er á frv. hv. þm. Kvennalistans að þar er ekki tekið sérstaklega á þeim þætti.

Till. okkar þm. Alþb. gerir fyrst og fremst ráð fyrir því að ráðist verði á launamuninn í landinu. Ég hygg að þeim mun meir sem menn skoða þessi mál þeim mun ljósara verði það fyrir mönnum að það er í raun launamunurinn og vaxandi misrétti í þeim efnum sem er undirrót vandans. Ástæðan fyrir því að jafnilla gengur og raun ber vitni að hækka hér lægstu laun er sú að launabilið er sífellt að breikka og sú viðmiðun sem lægstu launin eru í þeim efnum, óviðunandi lág að sjálfsögðu, verður auðvitað enn hroðalegri þegar hún er skoðuð í því ljósi hver hæstu launin í landinu eru orðin og um það hafa komið fram athyglisverðar upplýsingar undanfarin ár.

Við gerum því ráð fyrir því að ný launastefna, sem mörkuð yrði, byggði á þeim grundvelli að launamunur í landinu yrði aldrei meiri en fjórfaldur og að launamunur á einstökum vinnustöðum yrði aldrei meiri en þrefaldur. Og við viljum ganga lengra í þessum efnum í jöfnunarátt og setja það sem framtíðarmarkmið að launamunur í landinu verði hvergi meiri en tvöfaldur. Það kann ýmsum að þykja þetta býsna róttæk stefna en að mínu mati er lítið gagn að því að vera að hugsa fram í tímann nema menn hafi kjark til þess að hugsa jákvæðar og róttækar hugsanir og vilji ganga langt í réttlætisátt og jafnaðarátt og það viljum við gera. Þess vegna skilgreinum við markmið okkar með nýrri launastefnu og stefnu um launajöfnuð á þennan hátt.

Við gerum einnig ráð fyrir því að farin yrði önnur leið en hv. þm. Kvennalistans gera í sínu frv. til að finna hver væru eðlileg eða óhjákvæmileg lægstu laun í landinu. Þar er sett fram 50 þús. kr. tala. Við gerum þess í stað ráð fyrir því að reynt yrði að skapa samstöðu um að finna ákveðinn lágmarkslaunagrundvöll, skilgreina lágmarkslaunavísitölu sem tæki mið af því hver væru nauðsynleg útgjöld venjulegs launafólks til heimilisreksturs og þessi lágmarkslaunavísitala yrði reiknuð út fjórum sinnum á ári. Tækist síðan ekki með kjarasamningum að ná lægstu launum upp fyrir þann þröskuld sem lágmarkslaunavísitalan mælir á hverjum tíma, þá kæmi til lagasetningar um lágmarkslaun. Síðan mundi þessi lágmarkslaunavísitala verða að viðmiðun fyrir yfirvinnu, elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu og þær stærðir aðrar sem taka mið af lægri kauptöxtum í dag. Það má velja sér margar fallegar tölur í þessum efnum og það má stinga upp á því að lágmarkslaun eigi að vera skattfrelsismörkin, 42 þús. kr., 49 þús. kr. eins og þau væru samkvæmt brtt. Alþb. Það má líka stinga upp á því að lágmarkslaun í dagvinnu ættu að vera framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar, 115 þús. kr. á mánuði. En ég hygg að það væri farsælast í þessum efnum ef menn næðu samstöðu og samkomulagi um ákveðna lágmarkslaunavísitölu, ákveðna lágmarkslaunaviðmiðun, sem tæki mið af framfærslukostnaði í samfélaginu og sú tala breyttist þá í samræmi við þann framfærslukostnað. Það væri að mínu mati miklu rökréttari aðferð heldur en sú að velja sér í upphafi einhverja tölu og verðtryggja hana síðan.

Ég bendi á að engin sérstök vísindaleg rök liggja að baki þeirri niðurstöðu sem á endanum varð um skattfrelsismörk eða ég bið þá hv. þm. sem vita betur að sýna mér fram á þau. Ég sat í fjh.- og viðskn. og varð ekki var við að þar væri reynt að rökstyðja þessa niðurstöðu, 42 þús. kr. mánaðartekjur sem skattfrelsismörk, með neinum sérstökum vísindalegum eða félagslegum rökum. Sú tala hefði þess vegna alveg eins getað orðið 40 þús. eða 45 þús. Þar var nánast hending ein sem réði ferðinni.

Við gerum svo ráð fyrir því að hluti af okkar nýju launastefnu verði að gera sérstakar ráðstafanir, lögbundnar ef með þarf, til að tryggja jöfnuð í launum milli karla og kvenna. Það er enginn vafi á því að stór hluti af óréttlætinu og launamuninum í þjóðfélaginu er óþolandi launamunur milli kynjanna fyrir sambærileg störf. Í okkar till., bæði grg. og fskj., eru birtar ítarlegar upplýsingar um það hvernig þessi launamunur birtist í ýmsum myndum, bæði hvað varðar beinar launagreiðslur, ýmiss konar aðstöðu, fríðindi o.s.frv. Það þarf því að okkar mati um leið og tekið er á lágmarkslaununum og launajöfnuninni að vera með sérstakar ráðstafanir hvað þetta varðar.

Það þarf einnig, ef slík ný launastefna á að ná tilgangi sínum, að gera stórátak í þeim efnum að ná inn í launataxtana ýmiss konar yfirborgunum og umframgreiðslum sem nú vaða uppi úti um allt launakerfið og gera það að verkum að það er mjög erfitt að greina hvað eru laun og hvað eru aðrir hlutir. Það sem þarf að verða í þessum efnum er að launataxtarnir endurspegli raunveruleg laun í landinu. Það er dálítið merkilegt að þegar þetta sérstaka efni er til umræðu þá hafa menn tilhneigingu til að ræða þetta sem einhliða og sérstakt vandamál launamanna. En það er mín skoðun að hér sé í raun ekki síður viðfangsefni sem atvinnurekendur ættu að hafa áhuga á. Ég held að það sé einfaldlega allra hagur, beggja samningsaðilanna á vinnumarkaðnum, að launataxtarnir endurspegli raunveruleg laun. Því að það eru tvær hliðar á þessum peningi eins og öðrum. Og ég held að það sé auðvelt að sýna fram á að þetta dæmi getur ekki síður snúið að þeim sem eru að kaupa vinnuaflið heldur en hinum sem eru að selja það. Þetta er eitt af því sem hefur farið hvað mest úr böndunum á undanförnum árum með ýmsum og að hluta til eflaust ófyrirséðum afleiðingum.

Í síðasta lagi gerum við ráð fyrir því að hluti af hinni nýju launastefnu yrði að skipa ákveðnum félagslegum verkefnum í forgangsröð svo sem styttingu vinnutímans og úrbótum í dagvistarmálum og húsnæðismálum. Þar eru á ferðinni hlutir sem hafa ekki fylgt eftir þörfum samfélagsins. Svo dagvistarmálin séu tekin sem dæmi þá er það í raun með ólíkindum hversu lítið hefur miðað í þeim efnum samfara ört vaxandi atvinnuþátttöku í landinu — sem er tæknimál yfir það að báðir foreldrar í venjulegum fjölskyldum vinni úti — og kallar að sjálfsögðu á sérstakt átak í þessu efni. Það hefur

ekki farið eftir og í fskj. með okkar till. eru upplýsingar um það hvernig atvinnuþátttakan hefur vaxið á undanförnum árum og áratugum. Atvinnuþátttaka hér er að verða, ef ekki nú þegar, a.m.k. að verða einhver sú mesta í heimi. Þrátt fyrir það er ástandið í dagvistarmálunum jafnlélegt og raun ber vitni. Þess vegna á það heima undir þessu hugtaki, ný launastefna, að gera stórátak í þessum efnum. Það er enginn vafi á því að forsvarsmenn launafólks mundu meta það sem jákvæðan þátt af átaki á þessu sviði.

Við gerum svo að lokum ráð fyrir því í okkar till. að kosin yrði þingmannanefnd til að vinna að þessu verkefni í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Það er sambærileg aðferð og þm. Kvennalistans gera ráð fyrir í sinni þáltill. sem ég hef hér lítillega vikið að.

Herra forseti. Ég gæti haft um þetta mörg orð fleiri, en sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu. Þessar þáltill. báðar koma væntanlega á dagskrá innan tíðar í sameinuðu þingi og bíður þá þess tíma að ræða þær sérstaklega.

Ég held ég ljúki þessu með því að ítreka það og undirstrika, sem ég byrjaði á, að þrátt fyrir að ástæðan fyrir því að hv. þm. Kvennalistans flytja frv. til laga um lágmarkslaun sé öllum ljós og skiljanleg, óánægja með lægstu launin í landinu, þá sé veruleikinn því miður ekki svo einfaldur að einföld aðgerð af þessu tagi dugi ein sér til að leysa vandann. Það er mönnum ljóst, a.m.k. ræðumanni og hv. þm. Kvennalistans sem hafa flutt viðbótarþingmál til að fylgja eftir þessu frv. og bæta upp það sem því er áfátt um.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum öldum var uppi heimspekingur sem dundaði alla sína ævi við að smíða mikið kenningakerfi um heiminn. Svo var það einhvern tímann á fundi eða ráðstefnu eins og það mundi líklegast vera kallað nú til dags að honum var bent á að þetta kenningakerfi stangaðist dálítið illilega á við veruleikann í kringum hann. Þá á þessi heimspekingur að hafa sagt þessa frægu setningu: „Aumingja veruleikinn".

Mér hefur stundum dottið í hug undir umræðum um hugmyndina um lágmarkslaun þessi saga af heimspekingnum og dettur hún í hug enn í dag því að þrátt fyrir að í fjölmiðlaumræðum, umræðum á Alþingi og víðar um nákvæmlega þetta hafi verið bent á að sú göfuga hugsun sem er að baki hugsuninni um lágmarkslaun og framkvæmd hennar stangist dálítið á við veruleikann hefur komið fram að þetta frv. til laga hefur verið flutt í þrígang.

Ég held að það sé einmitt megingalli frv. að það er í senn fjarri því að nálgast þann veruleika sem í kringum okkur er og eins hitt að það er allt of einfalt í sniðum til þess að nokkur leið sé að ímynda sér að það geti verið lausn á því mikla, margslungna og flókna vandamáli sem við er að eiga í launamálum Íslendinga.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að í þeim kjarasamningum sem gerðir eru er verið að semja um lágmarkslaun. Það er verið að semja um lágmarkslaun. Það er ekkert í sjálfu sér sem bannar greiðslur umfram þau laun. Menn hafa talað hins vegar sem svo að hér sé ekki verið að semja um lágmarkslaun heldur einhver hámarkslaun, en þetta er þýðingarmikið atriði.

Þá er í þessu frv. algerlega horft fram hjá ýmsum tæknilegum göllum og annmörkum á því að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Við hvað eiga t.d. lágmarkslaunin að miðast? Er verið að tala um lágmarkslaun miðað við 40 tíma vinnuviku? Er verið að tala um lágmarkslaun án bónusgreiðslna, án vaktavinnuálags, án akkorðsgreiðslna eða án premíugreiðslna, svo dæmi séu tekin? Þetta kemur ekki fram. Þetta er þó mjög þýðingarmikið þegar við höfum í huga hversu stór hluti tekna fólks einmitt þessir þættir eru. Raunar er það þannig að í nýgerðum kjarasamningum hefur sérstaklega verið beint augunum að þessum þáttum launakerfisins og um það samið víða upp á nýtt algerlega, í góðu samkomulagi verkafólks og vinnuveitenda.

Það sem við, sem höfum andmælt þessari hugmynd um lágmarkslaun, höfum bent á einkanlega í þessu sambandi er hver áhrif þetta gæti haft á verðlag í landinu og hver áhrif þetta gæti haft á launastigann í heild sinni. Það er útúrsnúningur, eins og hv. 18. þm. Reykv. var að ýja að, að það væri sífellt verið að veifa hér einhverri verðbólgusvipu þó á það væri minnst að tillaga af þessu tagi gæti haft í för með sér verðbólguáhrif. Óttinn sem menn hafa af þessu er einfaldlega sá að það takist ekki að ná því göfuga markmiði að halda hækkun lágmarkslaunanna við lægstu launin. Það sem menn óttast er að þessi hækkun æði upp launastigann með meðfylgjandi verðbólguáhrifum.

Það hefur ekki komið fram, hvorki í máli hv. 18. þm. Reykv. eða mér vitanlega annarra þeirra sem hafa talað fyrir þessari hugmynd, hvernig eigi að tryggja að koma megi í veg fyrir einmitt þessi „spíraláhrif" þessarar aðgerðar.

Það er að vísu boðað hér með nýrri þáltill., sem ekki er fylgiplagg þessa frv., að setja eigi á laggirnar einhverja nefnd til að vinna á því vandamáli, rétt eins og þetta vandamál sé hv. flm. fyrst nú orðið kunnugt þó öllum sé þetta ljóst fyrir löngu. En um raunverulegar lausnir er ekki að ræða hjá hv. flm. og koma hvorki fram í grg. né í langri og ítarlegri framsöguræðu hv. 1. flm. frv. Sannleikurinn er sá að sú reynsla, sem hefur fengist af því að breyta mjög róttækt launakerfinu í landinu við þær aðstæður sem við búum við á Íslandi í dag, er sú, því miður, að þetta hefur haft þau áhrif að aðrir launahópar hafa tekið til við að miða sig við þessar hækkanir og ekki linnt látunum fyrr en þær hafa gengið upp stigann.

Það hefur oft verið nefnt dæmið frá árinu 1986 þegar verkalýðshreyfingin í góðu samstarfi við atvinnurekendur reyndi að hækka laun hinna lægst launuðu. Blekið hafði varla þornað á pappírunum þegar hóparnir sem næstir komu fóru að miða sig við

þetta og sögðu: Ja, þetta gengur ekki. Við sættum okkur ekki við að vera komnir með laun sem ekki eru svo og svo miklu hærri en lægstu launin í kringum okkur.

Þá vaknar spurningin: Hvernig á að koma í veg fyrir þetta? Hversu langt á lögbindingin að ná? Hversu mikinn hluta launastigans á að lögbinda ef hugmyndir hv. þm. Kvennalistans ná fram að ganga? Um það hefur heldur ekkert svar fengist. Er það t.d. meining hv. flm. að launakerfið í landinu yrði allt lögbundið? Hvað þá með hugmyndina um frjálsan samningsrétt?

Að vísu hef ég heyrt tillögumenn tala sem svo að þetta sé aukaatriði, að frjálsi samningsrétturinn hvað þetta snertir sé aukaatriði, annað vegi þar þyngra. En er þá verið að segja í raun og veru að lögbinding alls launastigans, afnám samningsréttarins, sé eitthvert aukaatriði? Ég held að það væri ákaflega fróðlegt fyrir okkur að fá skýr svör við svona áleitnum spurningum, svör sem mér vitanlega hafa ekki birst með neinum skýrum eða skilmerkilegum hætti.

Það kom og fram í framsöguræðu hv. 1. flm. að það væri hugmyndin að baki þessu að þau laun sem væru ofar lágmarkslaununum ættu að njóta minnkandi krónutöluhækkunar upp að einhverju marki, svo ég vitni í ræðuna, og síðan ekkert. Mér finnst það einfaldlega ekki ásættanlegt að leggja fram frv. til laga um lágmarkslaun og ræða síðan svo almennt um þetta mál. Mér finnst þetta mál vera miklu stærra og viðurhlutameira en svo að við getum afgreitt það með einhverju almennu orðalagi, „upp að einhverju marki". Hvar er þetta mark? Er það 60 þús., er að 80 þús., 100 þús. eða kannski milljón? Hvar á að nema staðar? Það væri fróðlegt að fá við því svar. Hvaða launahópar væru þar næstir sem ekki mundu njóta þessarar hækkunar? Ég held að fyrir okkur sem höfum áhuga á að vinna að raunverulegum kjarabótum láglaunafólks væri ákaflega fróðlegt að vita hversu langt þessar krónutöluhækkanir ættu að ná.

Varðandi þá hugmynd að lögbinda laun, lögbinda kjarasamninga, lögbinda niðurstöðurnar held ég að það sé alveg fráleitt, eins og mér hefur fundist áberandi í málflutningi hv. flm. þessarar till., að gera lítið úr áhrifum þessa á hinn frjálsa samningsrétt. Í ákaflega frægri skýrslu, sem var sett fram af tveimur valinkunnum hagfræðingum og birtist í því ágæta blaði Þjóðviljanum 2. júní 1987, er vikið að þessu með svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Frjáls samningsréttur er einn af hornsteinum vestrænna lýðræðisþjóðfélaga. Nái löggjafinn ekki samstöðu með þeim, sem fara með samningsrétt, um breytingar á launahlutföllum er auðvitað hugsanlegt að hann beiti til þess því valdi sem hann hefur þótt slíkt kynni að skoðast sem íhlutun í grundvallarrétt. Ákaflega er erfitt að sjá fyrir um hvar slík lögbinding gæti endað og nánast útilokað að sjá um að slíkum lögum yrði fylgt eftir.

Nokkur dæmi má taka í þessu sambandi. Hvað ef faglærðir sætta sig ekki við launahlutföll milli sín og ófaglærðra? Hvað ef skólagengið fólk vill fá viðeigandi umbun fyrir sína skólagöngu? Hvað ef mismunandi starfshópar telja að störf með mismunandi ábyrgð eigi ekki að vera borguð jafnt? Hvað ef einhver hópur vill semja um bónus, premíu eða afkastahvetjandi launakerfi þrátt fyrir að slíkt væri bannað með lögum? Fram hjá þessu er engan veginn einfalt að komast. Lögbinding lágmarkslauna getur kallað á víðtæka takmörkun á samningsrétti ef hún er ekki niðurstaða af samningum, en útilokað verður að telja að slík takmörkun geti í raun og veru verið á dagskrá."

Hér er að mínu mati velt upp þýðingarmiklum spurningum, spurningum sem ekki þýðir að afgreiða með einhverjum losaralegum hætti eins og tilhneiging hefur verið til og reyna að drepa þessu sjónarmiði á dreif. Það er einfaldlega ekki hægt að líkt og sópa yfir rök sem hníga að sjálfum grundvallaratriðum hins frjálsa samningsréttar.

Herra forseti. Það mætti hafa mörg orð um þessa tillögu. Það mætti velta fyrir sér öðru. Hver er reynslan í þeim löndum þar sem lágmarkslaunahugmyndinni hefur verið hrint í framkvæmd? Nú er það svo að það eru nokkur lönd sem hafa búið við kerfi lögbundinna lágmarkslauna undanfarin ár. Reynslan er sú að á síðustu árum og áratugum hefur alls staðar sama þróun orðið. Hlutfall lágmarkslauna af meðallaunum í t.d. iðnaði eða öðrum starfsgreinum hefur lækkað. M.ö.o.: það sem hefur gerst er að vinnumarkaðurinn og löggjafinn hafa meðvitað og ómeðvitað smám saman ýtt út áhrifunum af lágmarkslaununum. T.d. í Bandaríkjunum, þar sem hlutfall lágmarkslauna af tekjum í iðnaði var ca. 40% fyrir 20 árum, er það komið núna ofan í fjórðung, m.ö.o. hætt að skipta nokkru máli. Þó er það nokkuð sérstakt í Bandaríkjunum að því leytinu að þar starfa ekki verkalýðsfélög jafnalmennt og þau gera í Vestur-Evrópu. Í Hollandi er þetta hlutfall hæst. Er þó miklu lægra nú en það var þegar þessum lögum var fyrst komið á fyrir einum og hálfum áratug eða svo. Reynslan frá Hollandi er líka ákaflega athyglisverð og a.m.k. með þeim hætti að við getum ekki litið fram hjá henni. Reynslan frá Hollandi er nefnilega sú að lágmarkslaunin virðast hafa leitt til atvinnuleysis meðal þeirra hópa sem bjuggu við lágmarkslaun fyrrum. Vísbendingin um þetta er ákaflega sterk. Ég læt mér ekki detta í hug að það sé meining hv. flm. að stuðla að atvinnuleysi, svo fráleit hugsun sem það nú er, en ég bendi á að það getur ekki verið að við lítum fram hjá svona veigamikilli reynslu þegar við erum að taka afstöðu til grundvallarmáls eins og frv. til laga um lágmarkslaun er.

Í sjálfu sér efast enginn um að að baki frv. býr hugsun um að bæta kjör þeirra sem lægri hafa launin. Því miður held ég að bæði tæknilegir og aðrir annmarkar, sem eru á þessari leið, séu svo margir að hún sé hvorki eftirsóknarverð né raunverulega fram-

kvæmanleg. Ég hygg að það séu aðrar leiðir vænlegri og bendi í því sambandi m.a. á merka tillögu sem hv. 16. þm. Reykv. mælti fyrir fyrir nokkrum dögum á hinu háa Alþingi.

Ég hygg að það sé við blasandi að raunveruleiki launakerfanna er býsna mikið flóknari en gert er ráð fyrir í því frv. sem hér liggur fyrir og því er hryggileg staðreynd að það mun ekki verða til þess að leysa þann vanda sem því er ætlað að leysa.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Herra forseti. Mál það sem hér er til umræðu, lögbinding 50 þús. kr. lágmarkslauna, er eina færa leiðin á þessari stundu úr stöðu sem við getum ekki við unað. Enn einu sinni hefur mistekist að rétta hlut hinna lægst launuðu í frjálsum kjarasamningum þrátt fyrir góðan vilja þeirra er stóðu í samningaviðræðum og létu ekki sitt eftir liggja. Vissulega er það íhugunarefni hvers vegna í ósköpunum svona fór. Við gætum áreiðanlega eytt miklum tíma og þreki í að reyna að skýra og skilgreina, en það lifir enginn á skýringum og skilgreiningum. Það verður að bregðast við og það strax.

Frv. sem hér er lagt fram er leið sem við kvennalistakonur bjóðum til að bregðast við ástandi sem er óþolandi. Ónothæfir samningar eru felldir víða um land. Enn einn mánuður í óvissu við óbærileg kjör fer í hönd hjá þeim sem eru að reyna að lifa á launum langt undir framfærslumörkum. Við verðum að grípa til aðgerða strax. Nógu oft höfum við beðið, vonað, trúað á góðan vilja, en til einskis. Við erum orðnar þreyttar á að bíða. Því er frv. Kvennalistans eina færa leiðin nú.

Síðan verðum við að grípa til aðgerða til að leysa þær hliðarverkanir sem óhjákvæmilega fylgja svo frumlegri, róttækri, en þarfri aðgerð. Ég er þess fullviss að ef frv. nær fram að ganga verður loksins hægt að fara að snúa sér að því að leysa þau vandamál sem spáð er að fylgi einhliða launahækkunum.

Helstu mótrök andstæðinga málflutnings okkar kvennalistakvenna eru að hækkanirnar muni hlaupa út í verðbólguna, aðgerðir þessar aðeins virka skamma hríð og síðan muni sækja í sama farið.

Í þáltill. Kvennalistans, sem lögð var fram í dag, er bent á að þetta sé fyrst og fremst afleiðing mikillar misskiptingar launa. Ef við þorum og viljum takast á við verðugt verkefni sem er að leiðrétta þetta misræmi er ég sannfærð um að við getum það.

Um það að hér sé verið að ganga á samningsréttinn segi ég aðeins: Mikið vildi ég að umhyggjan fyrir samningsréttinum, rétti þess að ákveða kaup og kjör í kjarasamningum, væri söm þegar verið er að skerða samninga sem náðst hafa með þrotlausri vinnu. Fitl við vísitölu og alls konar aðgerðir stjórnvalda hafa því miður oft valdið því að launafólk hefur ekki fengið umsamdar hækkanir. Hvar er þá virðingin fyrir samningsréttinum?

Þá er það stóra spurningin: Höfum við efni á að tryggja öllum lágmarkslaun sem nægja til framfærslu? Ég veit það eitt að við höfum ekki efni á að kalla okkur sjálfstæða þjóð ef við þykjumst ekki hafa efni á því að tryggja efnahagslegt sjálfstæði allra. Og ég spyr: Höfum við yfirleitt efni á að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi hér á landi? Áreiðanlega ekki. En við gerum það samt. Við metum frelsi okkar sem þjóðar það mikils að við leysum þau mál sem þarf til þess að við getum verið frjáls þjóð.

En hvað með frelsi hvers og eins einstaklings? Jú, við tryggjum frelsi sumra, ekki allra. Að bera úr býtum kringum 30 þús. kr. á mánuði fyrir fulla vinnu er ekki að tryggja frelsi. Það er líkara prælahaldi. Kannski má ég ekki nefna það orð í eyru ykkar sem hér hlustið, frjálsra Íslendinga, en ég geri það samt. Ég geri það vegna þess að það er staðreynd að við höfum hneppt hluta þjóðarinnar í prældóm og við megum ekki blína á hversu stór sá hluti er. Við bara megum ekki gera þetta.

Ég ræði þetta vegna þess að ég vil ekki eiga aðild að þessu og ég er þakklát fyrir að fá að taka þátt í að reyna að bæta þarna um.

Nokkuð hefur verið talað um að ýmis fyrirtæki hafi ekki efni á að greiða 50 þús. kr. lágmarkslaun. Ég bendi á móti á það að það eru ekki eingöng illa stödd fyrirtæki sem greiða samkvæmt núgildandi lágmarkstöxtum, heldur einnig fyrirtæki sem skila góðum hagnaði, jafnvel milljarðafyrirtæki. Ég held að við verðum að leita annarra leiða til að hjálpa illa settum fyrirtækjum en að leyfa þeim að greiða laun sem ekki duga til framfærslu. Auk þess hefur margoft verið bent á að láglaunafólk neyðist til að vinna óhóflega langan vinnudag, þ.e. það sem á heiman gengt. Hver eru afköstin eftir þennan langa vinnudag? Væri ekki þjóðhagslega hagkvæmt að nýta vinnustundirnar betur en hafa þær færri? Ein leiðin og sú besta er að gera fólki kleift að lifa á launum 8 stunda vinnudags, 40 stunda vinnuviku.

Ég trúi því ekki að nokkur vinni óendanlega langa vinnuviku að gamni sínu einu. Þetta er óþolandi ástand sem við búum við. Við verðum að opna hug okkar því án skapandi hugsunar komumst við aldrei neitt áfram. Úrtölumenn hafa hamast á því svo nálgast vísvitandi innrætingu að telja okkur trú um að launabil sé fast, því verði ekki haggað, sérhver hækkun hlaupi upp allan launastigann.

Stigar eru af ýmsum gerðum, einnig launastigar. Sumir eru einfaldir rimlastigar, brattir en færanlegir, og þeim má meira að segja halla. Það eru yfirleitt bráðabirgðastigar, ætlaðir til að nota við frumstæðar aðstæður. Hvar stæðum við ef við hefðum aldrei endurbætt góðar hugmyndir? En við höfum sem betur fer gert það. Þess vegna eru til fleiri gerðir stiga. Er ekki kominn tími til að lagfæra launastigann? Flestir nothæfir stigar, byggðir úr varanlegum efnum, eru þannig að hlutfallið milli hæðar og lengdar er ekki meira en svo að þeir eru greiðfærir. Með meiri halla, þægilegri stiga, er rúm fyrir miklu fleiri en í bröttu stigunum án þess að þeir sem hæst klífa séu órahátt fyrir ofan þá sem í neðstu þrepunum standa. Í neðsta þrepi launastigans er nú fólk,

aðallega konur, með 30 þús. kr. mánaðarlaun. Við skulum horfast í augu við það. Efst, órahátt, í efsta þrepinu, er fólk sem er með mörg hundruð þús. kr. laun. Mér þykir þessi stigi ansi brattur. Auk þess vita allir að það er langþægilegast að ganga stiga sem eru ekki of brattir. Menn lýjast síður að klifra upp slíka stiga en erfiða upp bratta eða jafnvel ókleifa stiga.

Við þurfum að laga launastigann að skynseminni. Við þurfum að koma neðsta þrepinu upp fyrir yfirborð jarðar. Hvers vegna að vera að grafa stiga í jörð? Líf á smánartöxtum er nefnilega ekkert annað en líf undir yfirborði jarðar. Og ekki nóg með það. Einhverjum þætti víst undarlegt ef farið væri að hengja í fólk alls kyns lóð þegar það leggur af stað upp stigann og stígur í neðstu tröppuna, lóð sem jafnvel eru svo þung að í rauninni væri viðkomandi ekki ætlað að komast nema í fyrstu, eina eða jafnvel tvær, tröppurnar. Þannig ætlumst við þó til að fólk í neðstu þrepum launastigans leggi upp. Lóðin sem ég er að tala um eru óhófleg vinna, álag og erfiðleikar.

Mér hefur orðið tíðrætt um launastigann vegna þess að ég held að í honum sé lausnin falin. Við kvennalistakonur höfum nefnilega alltaf bent á að með meiri jöfnuði má tryggja öllum mannsæmandi kjör. Ég endurtek enn og aftur: Launastiginn er of brattur.

Við stöndum frammi fyrir einfaldri ákvörðun. Við megum ekki einu sinni enn festast í tali um tæknilegar útfærslur. Við verðum að þora að taka af skarið. Við höfum þrautreynt að aðrar leiðir hafa enn ekki reynst færar. Þær hafa verið reyndar, margar, en enn stöndum við frammi fyrir þessari staðreynd, smánarstaðreynd, að við bjóðum ekki upp á mannsæmandi laun.

Það ætti ekki að þurfa að segja þessari þjóð enn einu sinni að vilji er allt sem þarf. Við getum tekið ákvörðun, hafnað staðnaðri hugsun, tekið á vandanum og í kjölfarið myndum við skapa nýja hugsun. Ég trúi því að hægt sé að breyta til. Meðan það er staðreynd að ætlast er til að fólk, a.m.k. konur, lifi á launum sem ekki duga til framfærslu verðum við að takast á við staðreyndir, ekki hugmyndir. Við getum ekki vikist undan því. Við getum ekki setið hjá. Við megum ekki festast í ónothæfum viðmiðunum. Við megum ekki leggja stein í götu framfara. Þegar önnur ráð bregðast, verður Alþingi að vera fært um að grípa í taumana og gæta hagsmuna þeirra sem enn og aftur hefur verið brotið á.

Nú er kominn tími til að skapa. Við skulum smíða nýjan launastiga.

Árni Johnsen:

Herra forseti. Hugmyndin um hærri lágmarkslaun er góð, mjög góð, en hugmyndin um þá aðferð, sem hér er fjallað um, er óraunhæf, því miður. Hún er óraunhæf vegna þess að það er ekki hugsað til enda. Á þeirri leið að hækka lægstu laun í landinu eru margir þröskuldar sem margir hafa barist við, margir talsmenn launafólks, margir talsmenn almennra framfara í landinu, og það þýðir ekki að koma eins og töfralæknir og segja: hókus, pókus, hér kemur það. Því miður er tillaga kvennalistakvenna á þann hátt lögð fram.

Það hefur komið fram í máli hv. flm. að fullt samráð þurfi að vera um hækkun lágmarkslauna. Þar með er borin von að það gangi að hrinda hækkun lágmarkslauna fram með einhliða aðgerð í lagasetningu. Það er með ólíkindum að stillt sé upp dæmi á þennan hátt.

Ég þurfti einu sinni í flugvél sem bilaði og varð að lenda óvænt við erfiðar aðstæður í fámennu sjávarplássi hér á landi. Með í vélinni var maður sem hafði ekki verið mikið úti á landsbyggðinni. Þegar við vorum lent og komin út úr vélinni og hann horfði yfir þessa litlu, vinalegu byggð sagði hann: „Og hér býr líka fólk."

Málið snýst nefnilega um það að við erum að fjalla um fólk í þessu landi. Við erum að fjalla um stöðu hóps fólks sem býr við of lág laun. Mér finnst til skammar að kvennalistakonur skuli bjóða upp á það sem viðmiðun að lágmarkslaun skuli aðeins vera 50 þús. kr. Hvaða framtíðarsýn hafa kvennalistakonur að bjóða upp á það skitirí að lágmarkslaun séu 50 þús. kr.? Menn skyldu hugsa hærra því að við erum að hugsa og vinna fram í framtíðina. Svona hókus pókus uppstillingar eru ekki málum til framdráttar.

Þetta er tyggigúmmítillaga því hún býður upp á vitlausa uppsetningu, fullt samráð en einhliða aðgerð. Hvað varð þá af samráðinu sem byggist á frjálsum samningsrétti í landinu? Hvers lags rök eru þetta? Þorri Íslendinga býr sem betur fer við góð kjör miðað við allar nágrannaþjóðir okkar, hvað þá aðrar sem verr eru staddar í heiminum. Það vandamál sem við erum fyrst og fremst að tala um á við það fólk sem býr við hina svokölluðu strípuðu taxta. Grunnlaunin þar sem engin von er í yfirvinnu, aukavinnuyfirborgun, bónus eða öðrum þáttum sem hækka útborguð laun miðað við þau laun sem eru grunnlaun á blaði.

Fiskiðnaðarfólk landsins, konurnar fimm þúsund, búa að hluta til í dag við þrælaaðstöðu í vinnu. Þær ná að hækka sín laun upp fyrir 31 þús. en þær búa við aðstöðu og vinnuálag sem er ekki sæmandi í okkar landi. Menn eiga að kalla hlutina því sem þeir eru og það er á þessum sviðum sem við eigum að berjast án þess að vera að bjóða upp á einhver yfirboð og gyllitillögur, sýndarmennsku. Það er mál flestra manna í þessu landi að lágmarkslaun séu of lág, en samt taka menn ekki af skarið og samt vitum við að við verðum að berjast til þess að ná samkomulagi, ekki einhliða aðgerðum. Þær ganga ekki upp. Vald hinna ýmsu aðila á vinnumarkaði er það mikið að stjórnvöld ráða ekki við slíkt, ekki einu sinni hið háa Alþingi.

Launamisréttið í landinu er óheyrilega mikið og það er alveg rétt sem sagt hefur verið hér og síðasti hv. ræðumaður vék að. Launamisréttið frá 31 þús. og upp í 100 þús. stenst ekki. Auðvitað erum við

sammála um meginkjarnann í þessu efni. Auðvitað viljum við öll vinna að því að rétta þennan hlut, en það gengur ekki að segja: Ég veit ekki hvað það kostar. Það gengur ekki að segja: Við skulum ákveða það og framkvæma, svo skulum við seinna sópa undan teppinu og gá hve vandinn var mikill og hvað hann kostaði. Það eru ekki skynsamleg vinnubrögð og það eru ekki vinnubrögð sem hægt er að bjóða upp á þegar rætt er um slíkt alvörumál sem launamisréttið í landinu er.

Verðbólgusvipan er raunverulegur þáttur í okkar þjóðfélagi og við ættum að hafa lært af langri reynslu að við verðum að taka mark á þeirri svipu. Hvort hún er misnotuð eða ekki í kringum kjarasamninga getur verið álitamál. Verðbólgusvipan er hins vegar ein sú ástæða sem veldur því að menn verða að hugsa til enda og geta ekki notað hókus pókus aðferðina. Það er dónaskapur við það fólk í landinu sem býr við lægst launin. Grundvallaratriðið er að standa saman um það að berjast fyrir skilningi í þá átt að menn séu tilbúnir til þess að vinna að einu marki með samráði og samkomulagi um það að minnka launabilið, launamisréttið sem er í landinu, blákaldur veruleiki í hópi þess fólks sem býr við strípuðu taxtana fyrst og fremst. Vilji er ekki allt sem þarf í þessu efni með einhliða aðgerð. Sameiginlegur vilji er allt sem þarf og hann hefur ekki verið til staðar og hann verður ekki búinn til með einhliða aðgerð eða lagasetningu á Alþingi.

Það hefur stundum borið við þegar menn gagnrýna málsmeðferð hinna góðu hugmynda, því að vissulega er þetta góð hugmynd, að þeir sem hafa mælt fyrir þeim fýla grön. Ef einhver veit ekki hvað það þýðir að fýla grön er það ólundarsvipur. En góðu málin kosta yfirleitt peninga og þess vegna er óþarfi að hafa slíka hluti í flimtingum. A.m.k. er það ekki sú aðferð sem ég þekki til hjá því fólki sem vinnur við grunnvinnuna í landinu, fiskiðnaðinn. Það er nefnilega töluvert langt bil á milli sjávarplássanna og þjónustustaðanna sem búa við allt aðrar aðstæður. Og það er ekki aðeins þessi launamunur á milli kynja sem er of mikill, launamunur á milli karla og kvenna. Það er líka launamunur á milli landshluta og það er ekki síður alvarlegt mál þegar við erum að horfa til þess að það er mikilvægt fyrir uppbyggingu landsins að menn búi við jafnan rétt, jafna aðstöðu. Það er mismunandi orkuverð í okkar landi. Það er hagkvæmara og ódýrara að setja upp fyrirtæki þar sem orkuverðið er lægra en þar sem það er hærra. Það segir sig sjálft. Um leið mismunar það landsmönnum í mörgu tilviki.

Það má endurtaka það og undirstrika að hugmyndin um hækkun lágmarkslauna er góð og ég er sannfærður um það að allir eiga þá ósk að hún megi verða að veruleika. En vandamálið er að setja fram hugmynd sem er framkvæmanleg. Ef maður setur fram eitthvað sem er draumsýn þá á maður að hafa það með reisn en ekki með 50 þús. kr. viðmiðun sem auðvitað engin venjuleg fjölskylda í landinu í dag getur lifað af, hvorki í Reykjavík né annars staðar á landinu, ef við erum að tala um þá almennu viðmiðun sem fólk vill miða við í lífi sínu og starfi, ef við tökum hinn almenna kostnað í fjárfestingu húsnæðis, fæði, klæði og öðru sem nauðsynlegt er í daglegu lífi. Því miður er ekki hægt að standa við bakið á þessari leið vegna þess að hún er ekki nema spor. Hún er ekki nema annar fóturinn á lofti.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Suðurl. sagði áðan að þessi leið sem við værum að leggja út á væri fyrsta spor eða rétt að lyfta fæti. Það hefjast allar leiðir með fyrsta skrefinu. Allar ferðir hefjast þannig og það er einmitt það sem við erum að gera. Við ætlum að taka fyrsta skrefið. Okkur hefur aldrei dottið það í hug að 50 þús. kr. væri eitthvað sem væri hægt að gleðjast sérstaklega yfir. 50 þús. kr. eru algjört lágmark. Það vitum við vel. Og við viljum líka miða það við framfærsluvísitölu 1. mars 1988. Það þýðir ekki að við ætlum að hafa þessar 50 þús. kr. til eilífðar. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Suðurl. Hann talaði um að þetta væri draumur og það er auðvitað hárrétt.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði um ört vaxandi atvinnuþátttöku okkar Íslendinga og á þar við bæði karla og kvenna náttúrlega. Ört vaxandi atvinnuþátttaka okkar Íslendinga í dag er aðallega fólgin í lengri og lengri og lengri vinnudegi. Og þetta er eitt af því sem við viljum kveða niður. Það er auðvitað hægt að finna ýmsar leiðir og marga vankanta á því sem við vorum að segja. Hv. 1. þm. Vestf. talaði um aumingja veruleikann. Já, aumingja veruleikinn. Þessi aumingja veruleiki sem við lifum í, það er það sem við eigum við að berjast. Það er nú einmitt það. Og það er einmitt þess vegna sem við erum að leggja þetta frv. fram. Þó svo að hann sem vinnuveitandi einblíni á athafnahvetjandi launakerfi, premíur og akkorð sem hann nefndi, þá vitum við það að með slíkum kerfum náum við aldrei nema skammt. Við náum því að útjaska fólk svoleiðis að á miðjum aldri er það óhæft til vinnu. Þetta vitum við vel. Þetta er nefnilega ekki leiðin. Því miður. Það getur vel verið að sumir á unga aldri haldi þetta, en svo er ekki. Það vitum við öll þegar hárin fara að grána.

Að lokum langar mig rétt að minnast á hinn frjálsa samningsrétt sem búið er að hampa hér mjög mikið í dag. Frjáls samningsréttur er auðvitað réttur manna til að skipta því fé sem til er. Tillaga okkar gengur út á það að ákveða hvernig minnsta kakan eigi að vera, ekki hvernig eigi að skipta hinu. Í því felst frjáls samningsréttur. Það vita allir að þegar gengið er til samninga og þegar eyða á einhverju fé, þá er aðeins viss upphæð til og það er algjört lágmark fyrir íslenska þjóð að þeir sem lægstu launin hafa geti lifað af þeim fyrir dagvinnu. Það er algjört lágmark. Þetta verðum við að horfast í augu við og í dag er það lágmark að fá 50 þús. kr. Síðan er auðvelt verk að skipta hinu. Það er víst ekki svo mikið sem eftir er.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í umræðu um þetta frv., en vil taka nokkur atriði sem þar komu fram til frekari umræðu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði um að aðalvandinn væri að minnka launabilið. Nú er ég í sjálfu sér sammála hv. þm. að launabilið er vissulega vandamál, bæði vegna þess að það sogar fé of mikið í aðra áttina þannig að minna verði til skiptanna fyrir þá sem rétt sinn þurfa að sækja, og eins vegna þess að það ýtir undir bæði misrétti og óhagstæðan samanburð sem auðvitað ýfir fólk, jafnvel þá sem má með nokkrum rökum halda fram að hafi nóg til framfærslu, það ýfir þeirra tilfinningar líka þannig að þeir vilja sækja meira. Þannig að launabilið hefur marga annmarka.

En vandinn er tvíþættur. Það er ekki bara launabilið. Það leysir nefnilega ekki vanda þeirra sem neðst eru staddir því að þeim kemur ekki til góða að launabil minnki nema það sé markvisst notað til þess að hækka lægstu launin. Miklu nærtækari vandi hvers og eins er auðvitað tekjur sem hann fær hverju sinni og hvernig honum tekst að lifa af þeim en ekki það hvað aðrir hafa. En auðvitað er minnkun launamunar annað af höfuðmarkmiðum þessa frv., þ.e. annars vegar að lyfta lægstu launum og hins vegar að sú aðgerð verði til þess að draga úr launamun.

Hv. þm. tók svo til orða að hér væri um einhverja tölu að ræða. Þetta er nú nokkuð ómaklega orðað vegna þess að það má með mörgum rökum fullyrða að þessi tala liggi einhvers staðar nærri framfærslu einstaklings sem er sú viðmiðun sem við höfum lagt til grundvallar þessari tölu. Hann talaði sjálfur um skattleysismörk sem eru núna u.þ.b. 42 þús. og verða um 49 þús. þegar kemur að lokum þessa árs. Það eru ein rök t.d. Í þáltill. alþýðubandalagsmanna, sem liggur nú á borðum þm., eru sambærilegar tölur lagðar fram, þ.e. 45–55 þús. Við þykjumst nú hafa aðeins leitt hugann að því hvað fólk þurfi sér til framfærslu, getum þar miðað bæði við eigin reynslu og annarra, það sem við sjáum í kringum okkur, og eins framfærsluvísitölu þá sem liggur fyrir sem tekur mið af vísitölufjölskyldunni. Hún mun núna vera tæpar 120 þús. kr. og er til framfærslu 3,66 einstaklinga. Það er alltaf einkennilegt að taka svona til orða um einstaklinga, að þeir greinist í hluta.

Það vita allir að það má með nokkrum rökum halda því fram að dýrara sé að framfleyta sér sem einstaklingur en þar sem um sameiginlegan búrekstur er að ræða. Þar sem það er þekkt staðreynd í dag að á flestum heimilum eru tvær fyrirvinnur, a.m.k. öllum heimilum sem þurfa á því að halda, ættu tvenn 50 þús. kr. laun að duga nokkurn veginn ásamt þeim barnabótum sem til féllu. Þar með væri búið að ná þessu lágmarki. En það ber auðvitað að ítreka það að þetta er einungis lágmark og er ekki til þess að staldra við sem tölur sem megi ekki hreyfa sig frá.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi einnig um að atvinnurekendur ættu einnig að hafa áhuga á að leysa þennan vanda. Þessu erum við hjartanlega sammála og höfum þess vegna lagt fram tillögu þess efnis að þeir verði hafðir með í ráðum á þann hátt að þeir síðan geti ekki vikist undan ábyrgð, þ.e. ef eitthvert svona frv. næði fram að ganga eða viðlíka tillögur yrðu aðilar vinnumarkaðarins að setjast niður og ræða um afleiðingar þess og hvernig mætti koma í veg fyrir að það hlypi upp launastiga og yrðu þá að standa ábyrgir fyrir þeim ákvörðunum og yrðu að hafa þann styrk að þeir stæðu í móti ósanngjörnum kröfum annarra til þess að halda launabilinu óbreyttu.

Áður en ég hverf alveg frá hv. 4. þm. Norðurl. e. get ég ekki látið hjá líða að geta þess, vegna þess að hann gerði þáltill. sem liggur hér á borðum þm., þáltill. fram komna frá Alþb., að umræðuefni, kannski öllu meira að umræðuefni en frv. sem hér er til umræðu, að ég vona að sú þáltill. eigi eftir að koma betur til umræðu auðvitað en get þó ekki stillt mig um að minnast á að vissulega höfum við kvennalistakonur oft hugleitt þessa aðferð, þ.e. að binda lágmarkslaun á einhvern hátt hámarkslaunum á þann hátt að það verði til þess að minnka það bil og viðhalda hlutföllunum. Við höfum aftur á móti séð þann annmarka á slíku kerfi að það eru einmitt hæstu launin sem erfiðast er að fá vitneskju um, erfiðast er að ná utan um. Þau eru bæði ljós og leynd, þ.e. það hvað menn fá þá í beinhörð laun er oft og iðulega víðs fjarri þeim launum sem þeir raunverulega hafa. Hvernig á að komast að því er mér ekki ljóst, en vissulega er margt, að mér sýndist við fyrstu yfirsýn, athyglisvert í þessari till. og munum við auðvitað ræða hana af fyllstu sanngirni þegar þar að kemur.

Hv. 1. þm. Vestf. fann sig knúinn hér um daginn þegar þáltill. hv. 16. þm. Reykv. var til umræðu, þ.e. um launabætur, til að fara hér í stólinn þar sem hann upphóf fyrst tölur um skemmtanafíkn og ferðalög Íslendinga sem hann taldi til marks um það að hér hefði fólk nóg milli handanna. Náttúrlega hafa bæði hann og aðrir bent á það að vissulega eru margir sem hafa nóg að bíta og brenna og vel það og eru það engar fréttir fyrir okkur kvennalistakonur. En í framhaldi af því fór hann svo að tala um mikinn árangur sem hefði náðst í samningum á Vestfjörðum. Þegar hann svo loks opinberaði okkur hver árangurinn í raun væri, hvað þessi nýi hlutaskiptabónus í raun gerði þegar upp úr umslaginu væri tekið, honum tókst að gera aðdragandann að þeirri uppljóstrun svo spennandi að maður bjóst við miklum fregnum og stórum af launum. En þegar þar kom í máli hans reyndist það vera 50 þús. kr. eða eins og hann sagði sjálfur um það bil 12 þús. kr. á viku, það vill segja, sagði hann, rétt um 50 þús. kr. á mánuði. Það var nú öll dorran. Þarna erum við komin að þeirri tölu sem við viljum að fólk fái fyrir unna dagvinnu og þar sem hann lýsti ítrekað eftir því um hvað væri verið að tala og hvað væri verið að

lögbinda og hvar ætti að stoppa væri mér skapi næst að benda honum bara á að lesa en ætla samt ekki að telja eftir mér að gera það fyrir hann. 1. gr. hljóðar svo:

„Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 50 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. mars 1988. Þessi lágmarkslaun breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.“ Þar með vona ég að ljóst sé hvað er verið að biðja um að sé bundið og fyrir hvað. Við erum ekki með inni í þessari tölu yfirvinnu, næturvinnu, vaktavinnu eða bónus, hvort sem hann kann að vera hlutaskiptabónus eða af hverju tagi sem hann er. Þetta eru grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku.

Það má vel vera að þetta sé einföld lausn. Á móti má hins vegar segja að vandinn sé líka einfaldur, þ.e. einfaldleiki hans er líka ljós. Komum við þá að veruleikanum sem hv. 1. þm. Vestf. gerði að umræðuefni hér áðan. Þetta var vissulega spaklega mælt með aumingja veruleikann og það er einmitt þessi aumingja veruleiki sem fólk er að takast á við og sem verið er að reyna að leysa að litlu marki með þessu frv. um lágmarkslaun.

Honum varð einnig tíðrætt um samningsréttinn, þessi helgustu mannréttindi vestrænna lýðræðisþjóðfélaga, ef ég man rétt, grundvallarréttindi hins lýðræðislega þjóðfélags. Við erum ekki að draga úr þeim rétti að neinu marki nema einungis með þeim hætti að takmarka þann rétt, þ.e. þegar kemur til hversu langt má seilast niður með samningsrétti. Það er ekkert sem í frv. eða grg. eða þáltill. sem er meðfylgjandi semýjar að því að skerða samningsrétt fólks að öðru leyti. Það er ekkert sem skerðir rétt fólks til þess að semja um hærri laun en þarna er kveðið á um. (**Gripið fram í:** Og aukið launabil?) Semja um aukið launabil? Þetta frv. kemur náttúrlega ekki í veg fyrir að samið verði um aukið launabil, nei. Það er ekki markmið þessa frv. Markmið þessa frv. er að tryggja rétt fólks til lágmarkslauna. Það tekur ekki á því hvernig hagast svo til í samningum. En auðvitað gerum við okkur grein fyrir því og við höfum margbent á það, og værum þakklátar ef okkur væri ekki aftur og aftur bent á að við hefðum ekki bent á það, að hlaupi þessi launahækkun óheft upp launastigann leiðir það auðvitað af sér víxlverkun verðlags og launa og verðbólgu. Þess vegna höfum við ítrekað talað um að á því máli verði að grípa. Við gerum okkur alveg ljóst að á því máli er ekki hægt að grípa með lögbindingu nema skerða allverulega og alvarlega rétt til samninga. Þess vegna er eina leiðin sem við komum auga á að það gerist í fullu samráði allra þeirra sem að samningum standa. Við gerum okkur líka ljóst að það er ekkert einfalt mál. En meðan menn ekki geta bent á aðrar leiðir notum við þessa leið og höfðum til siðferðiskenndar fólks, þ.e. að hver einasti sæmilega þenkjandi Íslendingur sjái ekki ofsjónum yfir því að þeir sem verst staddir eru í þessu þjóðfélagi fái skikkanlegar úrbætur sinna mála. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á að nú er fundartími deildarinnar liðinn. Þar sem fleiri eru á mælendaskrá er sýnt að umræðunni þarf að fresta. En ég mun gefa henni tækifæri til að velja um hvort hún lýkur máli sínu eða frestar því til framhaldsumræðunnar.) Ég held að ég kjósi, herra forseti, að fresta því þar til málið verður aftur tekið til umræðu því að enn er margt ósagt.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

61. fundur, fimmtudaginn 17. mars, kl. 10 árdegis.

Þjónusta sjóða og fjármálastofnana, ein umr.

Fsp. PJ, 277. mál. — Þskj. 577.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Opinber þjónusta verður sífellt viðameiri í okkar þjóðfélagi. Þjónustugreinar taka til sín vaxandi hluta af vinnuafli þjóðarinnar. Þrátt fyrir þetta hefur ekki tekist að miðla opinberri þjónustu til fólksins í landinu á þann hátt að hægt sé að tala um að nokkrum jöfnuði hafi verið náð. Þetta er þó misjafnt eftir einstökum þjónustugreinum. Nokkrar af hinum viðameiri stofnunum ríkisins, sem sinna bæði fjárfestingu og þjónustu, hafa starfrækt útibú úti um landsbyggðina og hefur það skipulag yfirleitt gefist vel. Þetta eru stofnanir eins og Póstur og sími, Vegagerð ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins. Enn fremur hefur Tryggingastofnun ríkisins frá öndverðu haft afgreiðslu sinna mála hjá bæjarfógetum og sýslumönnum. Aðrar opinberar fjármálastofnanir og sjóði, að undanskildum bönkunum, er hins vegar ekki að finna nema á einum stað, þ.e. í Reykjavík. Þannig er því varið um fjárfestingalánasjóði atvinnuveganna, Húsnæðisstofnun og þar með Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð ísl. námsmanna og einnig Byggðastofnun og Byggðasjóð.

Fólk sem býr austur á Vopnafirði, vestur á fjörðum eða hvar sem er annars staðar á landinu og þarf t.d. að fá afgreitt húsnæðislán eða námslán fyrir ungmenni sem er í námi erlendis nær ekki þessari þjónustu nema á Laugavegi 77 í Reykjavík. Sömu sögu er að verulegu leyti að segja um fjárfestingalánasjóði atvinnuveganna og Byggðasjóð nema hægt sé að hafa einhvern fyrir sig í Reykjavík til að sinna slíkum erindum.

Þetta er auðvitað fornaldarfyrirkomulag í okkar nútímaþjóðfélagi. Umræður um þessi mál hafa tæplega verið eins miklar og ætla mætti því auðvelt er að halda því fram að opinberum sjóðum og fjármálastofnunum sé skylt að veita landsmönnum sem jafn-

asta þjónustu. Oftast hafa slíkar umræður staðnæmst við stofnun útibúa eða jafnvel tilfærslu einstakra stofnana eða sjóða út á landsbyggðina. Ég hef ekki trú á að mikið verði úr slíkum framkvæmdum, a.m.k. ekki fyrir alla þá sjóði og fjármálastofnanir sem ég hef nefnt í máli mínu. Sú leið er vafalaust of dýr og sýnt er að útibúin eða afgreiðslurnar gætu aldrei orðið nægilega mörg til að veita almenna þjónustu.

Á hinn bóginn virðist einfaldast að semja við viðskiptabanka og sparisjóði um að taka að sér afgreiðslu og þjónustu fyrir þessa sjóði og fjármálastofnanir. Þá vinnst tvennt: þjónustan er komin eins nærri fólkinu og mögulegt er og ætla má að þetta verði ekki gert með ódýrari hætti.

Ég hafði hugsað mér að flytja um þetta mál í upphafi þings, en mér til ánægju voru þessi mál að hluta til tekin upp í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar sl. sumar. Þar segir m.a. um banka- og lánamál að stefnt verði að því að viðskiptabankar og útibú þeirra annist afgreiðslu fjárfestingalánasjóða sem geti m.a. tekið til ávöxtunar fé lífeyrissjóða af landsbyggðinni og um húsnæðismál segir að samið verði um að afgreiðsla húsnæðislána geti farið fram í lánastofnunum.

Þótt ég hafi hugsað þessi mál nokkuð víðtækar en fram kemur í þessum tveimur tilvitnunum ... **(Forseti:** Það skal vakin athygli hv. ræðumanns á því að nú er farið óhæfilega langt fram yfir tíma.) Ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. **(Forseti:** Já, það þarf að ljúka strax.) ... ekki síst varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna hefur mér þó þótt tímabært að leggja fram þá fsp. til hæstv. forsrh. sem hér birtist á þskj. 577, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær má vænta þess að komin verði til framkvæmda þau stefnuatriði, sem vikið er að í starfslýsingu ríkisstjórnarinnar, að viðskiptabankar og sparisjóðir annist afgreiðslu og þjónustu fyrir sjóði og fjármálastofnanir í eigu hins opinbera?“

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt, sem fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda, að miklu skiptir að fjármálaþjónusta, þjónusta peningastofnana, sé sem aðgengilegust fyrir landsmenn alla og þróist með svipuðum hætti hvar sem er á landinu.

Í fsp. er vikið að ákvæðum í sáttmála núv. ríkisstjórnar. Það var tekin um það ákvörðun að ráðuneytin hvert fyrir sig mundu vinna að framgangi þessarar stefnuyfirlýsingar hvert á sínu sviði. Auk fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna eru það einkum Húsnæðisstofnun ríkisins, Byggðastofnun og Lánasjóður ísl. námsmanna sem koma til skoðunar í þessu falli.

Samkvæmt upplýsingum frá félmrn. var skipaður vinnuhópur á vegum félmrn. til að gera tillögur um þá kosti sem fyrir hendi eru um framtíðarskipan almenna húsnæðislánakerfisins. Hlutverk vinnuhópsins er að leggja mat á stöðu hins almenna húsnæðiskerfis og valkostum í endurskipulagningu þess, m.a. með því að flytja hluta af verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins til bankakerfisins. Ráð var fyrir því gert að tillögur þessa hóps lægju fyrir í þessum mánuði. Núverandi tilhögun er sú að veðdeild Landsbanka Íslands sér um afgreiðslu lána og innheimtu þeirra, en greiðslurnar má inna af hendi í öllum bönkum og sparisjóðum.

Að því er varðar Byggðastofnun hefur orðið veruleg breyting á samskiptum Byggðastofnunar við lánastofnanir á síðasta ári. Þegar stofnunin hóf útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, sem lífeyrissjóðir, aðallega lífeyrissjóðir á landsbyggðinni, hafa keypt, var farið að nota þessar stofnanir til að geyma reiðufé Byggðastofnunar og Byggðastofnun hefur þannig haft mjög gott samstarf við viðskiptabanka og sparisjóði á landsbyggðinni. Það er á hinn bóginn mat Byggðastofnunar að það sé verulegum erfiðleikum háð að fela bankastofnunum alla þjónustu stofnunarinnar, einkum að því er lýtur að útgáfu skuldabréfa, þar sem veðsetningar geta verið flóknar og vandasamar. Þannig hefur Byggðastofnun litið á þetta mál, en að verulegu leyti reynt að færa aukið fjármagn út í lánastofnanir landsbyggðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá menntmrn. eru hugmyndir um að flytja afgreiðslu og innheimtu námslána að einhverju eða öllu leyti til banka og annarra lánastofnana. Þessar hugmyndir hafa komið upp í viðræðum menntmrh. og formanns stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna um breytingar á þjónustu sjóðsins. Menntmrh. hefur lýst yfir áhuga sínum á málinu og óskað eftir því að það verði kannað frekar. Formaður stjórnar lánasjóðsins hefur unnið að athugunum á málinu og hyggst leita eftir umboði stjórnar til að hefja viðræður við banka og aðrar lánastofnanir um möguleika á slíkum tilflutningi verkefna frá lánasjóðnum.

Fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson fól tveimur mönnum að gera athugun á því með hvaða hætti bankastofnanir gætu tekið aukinn þátt í afgreiðslu námslána. Helstu niðurstöður þeirra voru að að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gætu bankastofnanir komið í verulega auknum mæli að þessum verkefnum. Þessar athuganir verða lagðar til grundvallar því verki sem nú er að hefjast og miðar að því að færa þessa þjónustu í auknum mæli út til banka. Á þann veg er þessum málum nú komið að því er varðar þessar þrjár stofnanir.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hæstv. forsrh. þakkir fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið og svör hans. Ég tel afar mikilvægt að að þessu verði unnið áfram á þeim grundvelli sem hann hefur hér lýst og tel að það megi vænta þess að eitthvað af þessu a.m.k. komist til framkvæmda þegar um næstu áramót. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh.

Fjarkennsla, ein umr.

Fsp. RA, 290. mál. — Þskj. 592.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. menntmrh. sem svo er orðuð:

„1. Hvað líður undirbúningi þess að skipulagt verði nám sem fólk geti stundað heima og í hjáverkum með aðstoð sjónvarps og myndbanda, síma- og tölvutækni?

2. Mun ráðherra gera tillögu um fjárveitingar í þessu skyni við undirbúning næstu fjárlaga?"

Eins og margir hv. þm. hafa tekið eftir hefur verið gerð grein fyrir því í fjölmiðlum að ætlunin sé að koma hér upp fræðsluútvarpi. Ég álít að þar sé um stórmerkilega starfsemi að ræða og með ólíkindum hve lengi hefur dregist að starfsemi af því tagi væri skipulögð hjá Ríkisútvarpinu. En það er löng saga þar að baki eins og margir þekkja.

Spurning mín lýtur eiginlega frekar að framhaldinu. Spurningin lýtur að því hvort ekki verði um samstarf við Háskóla Íslands að ræða í tengslum við þessa starfsemi, hver verði hlutdeild Háskólans, hvort ekki verði um að ræða kerfisbundið nám og þá um leið námsframboð sem geti nýtt sér myndbandatækni.

Ég álít að það sem þegar hefur gerst í þessum málum sé ekki óeðlileg byrjun, en ég legg á það þunga áherslu að við ætlumst til þess með breyttri tækni að á þessu sviði gerist eitthvað annað og stærra en að sett verði upp fræðsluútvarp í nýjum búningi.

Ég minni á þáltill. sem ég hef tvívegis flutt á Alþingi um fjarkennslu á vegum Háskóla Íslands. Því miður var sú till. mín ekki samþykkt hér í þinginu. Hins vegar skipaði þáv. hæstv. ráðherra nefnd til að gera tillögur um þessi mál og skipulagningu þeirra á komandi árum. Ég tel brýnt að nefndin og ráðherrann geri grein fyrir hvað áformað er á þessu sviði.

Fsp. mín er í raun réttri eins konar ósk um að okkur berist fyrstu fréttir af framhaldsáformum þessarar nefndar og menntmrn. sem yfirstjórnanda hennar.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður undirbúningi þess að skipulagt verði nám sem fólk geti stundað heima og í hjáverkum með aðstoð sjónvarps og myndbanda, síma- og tölvutækni?"

Svar: Í kaflanum um menningar- og menntamál í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er vikið að þessu efni með eftirfarandi orðum:

„Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu, símenntun og endurmenntun. Í því skyni verði ný tækni hagnýtt í samræmdu átaki skólayfirvalda, Ríkisútvarps, Námsgagnastofnunar og samtaka vinnumarkaðarins. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins verði nýtt til fjarkennslu."

Fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson skipaði 20. febr. 1986 nefnd til að kanna hvort hagkvæmt væri að hefja fjarkennslu hér á landi og ef svo væri með hvaða hætti. Nefndin skilaði áliti sínu í febrúar 1987 og var því dreift á Alþingi. Hún lagði m.a. til að skipuð yrði framkvæmdanefnd til að koma á skipulegri fjarkennslu hér á landi. Framkvæmdanefnd um fjarkennslu var síðan skipuð 19. júní 1987 og er formaður hennar Jón Torfi Jónasson dósent. Verkefni nefndarinnar eru samkvæmt erindisbréfi:

Að efna til fjarkennslu í samráði við ráðuneyti, skóla og aðrar fræðslustofnanir eftir því sem fjárráð leyfa,

að veita þeim aðilum, sem áhuga hafa á fjarkennslu, ráðgjöf þar að lútandi og stuðla að framgangi málsins,

að tryggja sem besta nýtingu tæknibúnaðar og sérfræði sem þegar er til í landinu og vinna að öflun nýrrar aðstöðu,

að hafa forgöngu um samstarf milli þeirra stofnana sem vilja nýta fjarkennslu eftir því sem ástæða þykir til,

að stuðla að námskeiðahaldi um tæknileg atriði varðandi fjarkennslu,

að gera árlegar tillögur um fjárframlög til starfsnefndarinnar.

Í samræmi við erindisbréfið markaði framkvæmdanefndin sér í upphafi þá stefnu að standa ekki sjálf fyrir kennslu heldur fela öðrum framkvæmd þeirrar fjarkennslu sem ráðist yrði í fyrir hennar tilstuðlan sem og að skapa þeim aðilum sem stunda vilja fjarkennslu aðgang að fjölmiðla- og dreifitækni til fjarkennslunnar.

Þann 1. febr. sl. réði nefndin dr. Sigrúnu Stefánsdóttur fjölmiðlafræðing sem framkvæmdastjóra. Er hún að hluta starfsmaður nefndarinnar og að hluta starfsmaður Ríkisútvarpsins vegna þess samstarfs sem tekist hefur milli þessara aðila um fjarkennslu í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi.

Laugardaginn 19. mars nk. verður kynningardagskrá um fjarkennslu í Ríkisútvarpinu/sjónvarpi og hefjast þá jafnframt fyrstu kennsluútsendingarnar og er áætlað að þær standi út maímánuð. Unnið er að undirbúningi útsendinga í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi. Ég hef jafnframt beint þeim tilmælum til nefndarinnar að kannaðir verði möguleikar á samstarfi um fjarkennslu við aðrar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar.

Rétt er að það komi skýrt fram að sú fjarkennsla í sjónvarpi sem hefst í þessum mánuði er tilraunastarfsemi þar sem reynt verður að hafa sem mesta breidd í efnisvali, en vonir standa til að hægt verði að koma ákveðnum þáttum fjarkennslunnar í fast form með haustinu. Hafin er undirbúningsvinna fyrir skipulega kennslu í íslensku, stærðfræði og fleiri greinum fyrir fjarkennslu næsta vetur. En einn þáttur í þeirri fjarkennslu sem reynd verður nú í upphafi er kynningarefni fyrir nemendur og foreldra vegna undirbúnings grunnskólaprófa í vor.

Að auki hefur framkvæmdanefnd um fjarkennslu til athugunar fjölda tillagna um stutt námskeið og raðir kennsluþátta á ýmsum sviðum. Að sjálfsögðu á að nota nýjustu tækni til fjarkennslu mismunandi, en gróflega má flokka fyrirhugaða fræðslu á eftirfarandi hátt:

1. Kennsla í tilteknum námsþáttum á ýmsum stigum skólakerfisins til áfanga- eða lokaprófa eftir atvikum.
2. Almennir kynningarþættir, en einnig mjög sérhæft efni, einkum tengt atvinnulífinu.
3. Almennir fræðsluþættir án skilgreindra markhópa.

Kostnaður, undirbúningsvinna og notkun tæknibúnaðar verður mjög mismunandi eftir markmiði kennslunnar í hverju tilviki. Þau atriði sem fyrirspyrjandi nefnir, svo sem sjónvarp, myndbönd, síma- og tölvutækni, eru öll mjög mikilvæg og verða að nýtast sem best, en þau eru þó aðeins ein hlið málsins. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að bækur og annað prentað efni sem og mannleg samskipti í formi funda eða námskeiða geta ráðið úrslitum um hvernig til tekst með skipulega fjarkennslu. Skipulag og framkvæmd fjarkennslu krefst vandaðs undirbúnings og þungamiðja starfsins mun ekki sjást í fjölmiðlum. Kennsla tiltekinna námsþátta innan skólakerfisins mun væntanlega vega þungt þegar fram í sækir og skipta miklu fyrir þá hópa sem ekki hafa aðgang að hefðbundinni kennslu. Fjarkennsla fyrir fólk í hjáverkum og heimahúsum mun krefjast mikillar vinnu og aga eins og allt annað alvörunám.

Spurt er í öðru lagi: „Mun ráðherra gera tillögu um fjárveitingar í þessu skyni við undirbúning næstu fjárlaga?“

Svar: Já, það hef ég í hyggju en ákvörðun hefur ekki verið tekin um ákveðnar upphæðir í því sambandi. Í erindisbréfi framkvæmdanefndar um fjarkennslu segir m.a., eins og ég nefndi áðan, að það skuli gera árlega tillögur um fjárframlög til starfa nefndarinnar. Á fjárlögum þessa árs eru 6 millj. 335 þús. kr. í þessu skyni og er það á sérstökum fjárlagalið Háskóla Íslands. Gerð mun tillaga um fjárveitingu fyrir árið 1989 í samræmi við væntanlegar tillögur framkvæmdanefndarinnar. Framkvæmdanefndin reynir nú að leggja af mörkum tæknilega aðstoð við gerð myndefnis og standa straum af framleiðsluhliðinni á meðan viðkomandi stofnun kostar gerð handrita að kennsluefni og greiðir laun þeirra er fram koma í þáttunum. Nefndin mun greiða um 40 þús. kr. fyrir hverja útsenda klukkustund í Ríkisútvarpi, sjónvarpi en ekkert til útsendinga í hljóðvarpi, en þar þarf að greiða alla undirbúningstæknivinnu. Þar sem hefðir í sambandi við fjárveitingar hafa enn ekki skapast er vert að hugleiða vandlega hvernig haga skuli þessum málum í framtíðinni.

Ég tel ekki vænlegt að framkvæmdanefnd um fjarkennslu sjái um greiðslur til Ríkisútvarpsins og þeirra aðila sem koma vilja efni á framfæri. Eðlilegast virðist að nefndin hafi fjármagn til samhæfingar og aðstoðar við að koma nýjungum af stað en að Ríkisútvarpið fjármagni sjálft sína hlið málsins og að þær stofnanir eða samtök sem vilja koma efni á framfæri kosti vinnu við það sjálf og fái til þess fjárveitingar eftir atvikum.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég tel að fræðsluútvarpið sem nú er í undirbúningi sé prýðileg byrjun og ekkert nema gott um það að segja sem þar er verið að skipuleggja og undirbúa. En ég vek á því athygli enn frekar að það að nota fyrst og fremst sjónvarp í þessu skyni það er kannski ekki alveg í takt við tímann. Það er vissulega verulega miklu þunglamalegra en t.d. að nota myndbandatækni og tölvutækni, fyrst og fremst vegna þess að með tilkomu myndbandatækninnar er hægt að sveigja tímann til, þá eru menn ekki bundnir við útsendingartíma sjónvarps, og eins hitt að óskir manna eru svo mismunandi og þarfir, en sjónvarpið sendir einungis út eina kennsludagskrá hverju sinni. Það sem menn hafa auðvitað verið með í huga er að nýta sér nýjustu tækni með allt, allt öðrum og fjölbreyttari hætti en hægt er að gera með einföldum sjónvarpsútsendingum.

Ég þarf ekki að segja hæstv. menntmrh. það sem hann vafalaust veit að í Háskóla Íslands er mikill áhugi á þessu máli og ég tel að brýna nauðsyn beri til að sá áhugi sé virkjaður og að reynt sé að skipuleggja nám af þessu tagi á kerfisbundinn hátt, þannig líka að hlutdeild Háskólans njóti sín til fulls. Sem sagt ósköp einfaldlega er þörf á því að taka þetta mál fastari tökum.

Tjón Norræna fjárfestingarbankans af gjaldþroti Kongsbergs Våpenfabrikk, ein umr.

Fsp. GHelg, 291. mál. — Þskj. 593.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Norræni fjárfestingarbankinn hefur reynst farsæl stofnun og mikilvægur árangur norrænnar samvinnu. Hagur bankans hefur eflst með árunum og Norðurlandaþjóðir sem aðrar þjóðir notið góðs af því. Það kom því mjög á óvart þegar ljóst varð að bankinn hafði orðið að afskrifa 6 millj. þýskra marka, eða öllu heldur svokallaðs SDR gjaldmiðils, vegna gjaldþrots Kongsbergs Våpenfabrikk í Noregi á síðasta ári, en verksmiðjan hafði tekið umrætt lán vegna framleiðslu á hlutum í bifreiðir fyrir Volvo. Er þetta fyrsta tap í sögu bankans.

Verksmiðjan er hlutafélag þar sem norska ríkið er eigandi meiri hluta hlutabréfa. Norska þingið kaus að gera hlutafélagið gjaldþrota en stofnaði sam-

stundis nýtt með framlagi að upphæð 900 millj. norskra kr.

Í stofnskrá bankans frá 1976 eru ströng ákvæði um að ekki megi veita lán án þess að krafist sé ríkistrygginga eða annarra tilsvarandi trygginga. Í þessu tilviki virðist það ekki hafa verið gert og þess vegna hef ég leyft mér, herra forseti, að bera fram fsp. til ráðherra norrænna samstarfsmála annars vegar og hæstv. viðskrh. hins vegar, um tjón Norræna fjárfestingarbankans af gjaldþroti Kongsbergs Våpenfabrikk í Noregi. Þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Samþykktu fulltrúar Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans að ekki skyldi krefjast ríkisábyrgðar á láni til Kongsbergs Våpenfabrikk í Noregi sem nú er gjaldþrota?

2. Hve mörg lán hafa verið afgreidd í stjórn bankans án ríkisábyrgðar eða hliðstæðra trygginga og í hvaða tilvikum?

3. Hvers vegna hafa ráðherrarnir ekki séð ástæðu til að skýra Alþingi frá því tjóni sem bankinn hefur nú orðið fyrir við þetta gjaldþrot?“

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Fsp. þessari er beint til tveggja ráðherra, ráðherra norrænna samstarfsmála og viðskrh., en þannig háttar til að hæstv. núv. viðskrh. hefur verið annar tveggja stjórnarmanna Íslands í stjórn bankans frá því að hann var stofnaður 1976, þar til hann tók sæti í ríkisstjórn Íslands á miðju þessu ári, og hyggst hann svara fsp. spyrjanda. Ég leyfi mér því að vísa jafnframt til þess er fram kemur í hans svari.

Bankaráð Norræna fjárfestingarbankans, þar með taldir fulltrúar Íslands í stjórn bankans, hafa samþykkt tvö lán til Kongsbergs Våpenfabrikk A/S, hið fyrra á árinu 1977 og hið síðara á árinu 1984. Lánin gengu til þeirra greina fyrirtækisins sem framleiðir bifreiðavarahluti, einkum fyrir sænskar bifreiðaverksmiðjur. Rétt er að taka það skýrt fram, þar sem fyrirspyrjandi spyrst fyrir um ríkisábyrgð, að í samþykktum bankans er ekki kveðið sérstaklega á um ríkisábyrgðir en lán skulu veitt gegn fullnægjandi tryggingum og metur bankaráð bankans hverju sinni hvað teljast vera fullnægjandi tryggingar.

Þannig hagar málum að fyrirtækið er hlutafélag sem er að öllu leyti í eigu norska ríkisins. Með hliðsjón af stöðu fyrirtækisins, niðurstöðum ársreikninga þess og eigenda var ekki talið skorta á að fullnægjandi tryggingar væru fyrir láninu.

Mál þetta var rætt á Norðurlandaráðsþingi í Osló í sl. viku þar sem fjmrh. Noregs kvað ekki venjulegt að veita ríkisábyrgð fyrir þeim lánum sem fyrirtæki í ríkiseign öfluðu sér. Því er hins vegar ekki að leyna að sú afstaða norska ríkisins að það telji sig ekki ábyrgt fyrir endurgreiðslu þessara lána hefur komið mönnum á óvart og þótt mjög gagnrýnisvert.

Í ársskýrslu bankans fyrir árið 1987 kemur fram að bankaráð Norræna fjárfestingarbankans hefur ákveðið að afskrifa upphæð sem nemur 6 millj. sérstakra yfirdráttarréttinda (SDR), eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda, á reikningi þessa árs vegna áætlaðs taps af lánveitingu þessari sem hér er um rætt. Þrátt fyrir þetta tjón er hagnaður af rekstri bankans fyrir árið 1987 um 34 millj. sérstök yfirdráttarréttindi (SDR), og þá ber að undirstrika að hér er um að ræða fyrsta tap bankans frá stofnun hans 1976.

Um 2. lið fsp. vísa ég alfarið til svars hæstv. viðskrh.

Varðandi 3. lið fsp. er rétt að taka fram að ársskýrsla bankans 1987 var lögð fyrir 36. þing Norðurlandaráðs í sl. viku eins og venjan hefur verið, að leggja skýrslu bankans fyrir Norðurlandaþing, og urðu þar nokkrar umræður um viðskipti bankans við Kongsbergs Våpenfabrikk. En Norðurlandaráð er vettvangur málefna bankans.

Ég vil geta þess hér og það kom fram þegar skýrsla hæstv. utanrrh. var hér til umræðu að gert er ráð fyrir að fram verði lögð skýrsla af hálfu samstarfsráðherra og þingmannanefndar í Norðurlandaráði, þannig að málefni Norðurlandaráðs verða þá til umræðu. Þá má og geta þess að það eru auk stjórnenda bankans af hálfu Íslands tilnefndir tveir endurskoðendur við bankann, annar tilnefndur af hálfu ríkisstjórnar Íslands, hinn tilnefndur af hálfu þeirra þm. sem kjörnir hafa verið af Alþingi til setu í Norðurlandaráði.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um spurningarnar þrjár sem hv. fyrirspyrjandi hefur beint til okkar sameiginlega, mín og ráðherra norræns samstarfs hér á landi, Matthíasar Á. Mathiesens.

Í samþykktum Norræna fjárfestingarbankans er ákveðið að lánin skuli veita gegn fullnægjandi tryggingum. Það er hvergi minnst sérstaklega á ríkisábyrgðir í þessum samþykktum. Bankaráð Norræna fjárfestingarbankans metur hverju sinni hvað teljist vera fullnægjandi trygging fyrir láni. Íslensku fulltrúarnir í stjórn bankans og aðrir bankaráðsmenn samþykktu tvö lán til Kongsbergs Våpenfabrikk, annað árið 1977 og hitt árið 1984. Þessi lán runnu til þess að fjármagna þá deild fyrirtækisins sem framleiðir hluta í bíla, einkum fyrir sænska bílaframleiðendur. Sú starfsemi er sjálfstæð innan fyrirtækisins.

Með hliðsjón af stöðu fyrirtækisins, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh., og með tilliti til þess að ríkið norska á öll hlutabréfin í félaginu þá taldi bankaráðið að fullnægjandi tryggingar væru fyrir lánum þótt þær hefðu ekki sérstakt form. Á þessum árum tók þetta fyrirtæki lán á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum án formlegra ríkisábyrgða.

Sú afstaða norska ríkisins að telja sig ekki bera ábyrgð á greiðsluskuldbindingum félagsins gagnvart erlendum lánardrottnum hefur komið nokkuð á óvart, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh., og hefur reyndar sætt gagnrýni á hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Ég vil taka það fram að fyrirtækið hefur enn ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta

og nú er unnið að því að ná samkomulagi við lánardrottnana um endurgreiðslu á hluta af útistandandi láni. Skilanefnd sérstök sem með þetta mál fer hefur boðið bankanum að endurgreiða 35% af kröfunni, en bankinn hefur þegar í sínum ársreikningi fyrir árið 1987 afskrifað 70% af henni. Þannig verður tapið í mesta lagi nokkru minna en þegar hefur verið ætlað fyrir.

Til þess að svara spurningunni um það hversu mörg lán hafi verið afgreidd í stjórn bankans án ríkisábyrgðar eða hliðstæðrar tryggingar þá tel ég heppilegast að svara þeirri spurningu með því að greina frá því hvernig útistandandi lánsfé bankans skiptist. En það skiptist þannig að 26% eru með ríkisábyrgð, 20% eru með tryggingum frá ríkisstofnunum eða sveitarfélögum, 20% með tryggingum frá hlutafélögum sem eru að meira en 50% í eigu ríkis eða sveitarfélaga, 3% með bankatryggingum og 31% eru lán til stórfyrirtækja ýmist með fasteignaveði eða án sérstakra trygginga, en þó oft, eins og reyndar í dæminu Kongsbergs Våpenfabrikk, með svokölluðu neikvæðu veðsetningarákvæði, þ.e. fyrirtækið lofar að veita engum betri tryggingar en bankanum. Þetta er algeng tryggingaraðferð þegar stór fyrirtæki eiga í hlut.

Varðandi það hvers vegna ekki hefur verið skýrt hér á Alþingi frá því tjóni sem bankinn kynni að verða fyrir vegna þessa gjaldþrots eða greiðsluerfiðleika sem Kongsbergs Våpenfabrikk hefur lent í, þá hefur þegar komið fram frá fyrri svaranda að það liggur ekki nákvæmlega fyrir hvert tjón bankans verður, hins vegar er ljóst að það hafa verið afskrifaðar 6 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR). Ég vil minna á að þrátt fyrir þessa afskrift er hagnaður af rekstri bankans árið 1987 34 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR). Þetta er fyrsta tap á útláni sem bankinn verður fyrir frá árinu 1976. Ég bendi líka á að banki af þessu tagi gæti ekki sinnt sínu hlutverki sem fjárfestingarbanki fyrir norrænan iðnað ef hann krefðist ríkisábyrgðar á sérhverju láni, enda er hluti af hagnaði bankans árlega lagður til hliðar til að mæta hugsanlegum töpum.

Ég minni líka á það að ársskýrsla bankans var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Osló í síðustu viku og þar fóru fram skoðanaskipti um lánveitingar hans, m.a. milli hv. fyrirspyrjanda og mín. Hvorki eftirlitsnefnd bankans né Norðurlandaráð hefur gagnrýnt þessi lán, hvorki nú né þegar þau voru veitt.

Það getur ekki talist ástæða til þess að gefa hér á þingi sérstaka skýrslu um hverja skuld sem tapast kynni en að sjálfsögðu er greint frá slíkum málum í ársskýrslu bankans sem er öllum aðgengileg.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu þakka svör hæstv. ráðherra. Það er alveg rétt að það er hvergi í samningum um bankann tekið fram að ríkisábyrgða skuli vera krafist. Það er þó jafnan gert þegar um er að ræða lán til Færeyinga, Grænlendinga, Íslendinga og annarra þeirra sem lán fá hjá bankanum.

Tap bankans kom ekki til vegna taps á þeim bifreiðahlutum sem um var að ræða, heldur vegna taps á eldflaugum sem ekki komust á markað. Sannleikurinn er sá að þetta lán hefði aldrei verið veitt nema nýtt hlutafélag hefði verið stofnað þar sem enn er nú ekki talið að vopnaverksmiðjur séu sameiginlegir hagsmunir Norðurlandaþjóða. En til þess að verkefni geti talist norrænt verkefni verða a.m.k. tvö norræn ríki að hafa þar hagsmuna að gæta.

Vopnaframleiðsla og vopnasala Norðmanna og Svía er blettur á samstarfi Norðurlandaþjóða sem hvað eftir annað hefur sett þá norrænu hugmyndafræði sem Norðurlandaráð byggir tilveru sína á í tortryggilega stöðu þegar upp hefur komist um sölu vopna til þjóða sem í ófriði áttu eða í átökum eiga. Ef við ætlum að vinna af heilum hug í samstarfi við norrænar þjóðir, og þá beini ég sérstaklega máli mínu til hæstv. samstarfsráðherra, þá eigum við að gera það með reisn og halda til haga okkar eigin hugmyndum um mannsæmandi þjóðfélög.

Ég get fallist á svör hæstv. dómsmrh. Auðvitað hafa Norðmenn ekki reynst í þessu leiða máli eins og norrænni þjóð sæmir og stjórn bankans e.t.v. ekki láandi þó að það kæmi á óvart. Hér er um enga fjárhagslega hagsmuni okkar Íslendinga að ræða. Og það er hárrétt að bankinn á ekki í neinum sérstökum erfiðleikum þó að hér sé um verulegt tap að ræða. Ég vil því í lok þessarar umræðu biðja báða hæstv. ráðherra að láta sér þessar ófarir að kenningu verða, hvor á sínum vettvangi, og upplýsingar um stöðu norrænna stofnana þurfa einnig að berast til hins háa Alþingis. Í norrænni samvinnu eiga engin leyndarmál heima. Þar eigum við að vinna heilt og heiðarlega og ég hef þegar lýst þessum sjónarmiðum mínum á þingi Norðurlandaráðs. Eftir situr að Norðmenn hafa brugðist hér illilega og norska Stórþingið. Það mega þeir gjarnan heyra og vita að við vitum það, en ég taldi nauðsynlegt að gera þetta mál að umræðuefni hér vegna þess að norræn samvinna og stofnanir Norðurlandaþjóða eru ekki einkamál okkar sem í Norðurlandaráði sitjum. Svo þakka ég hæstv. ráðherrum svörin.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Það er þrennt sem ég vil nefna vegna síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Í fyrsta lagi hefur alls ekki verið krafist ríkisábyrgða af öllum þeim mörgu lánum sem Norræni fjárfestingarbankinn hefur veitt til íslenskra aðila í samstarfi við norræn fyrirtæki. Það er einfaldlega ekki rétt.

Í öðru lagi hefur Norræni fjárfestingarbankinn ekki veitt nein lán til vopnaframleiðslu, enda, eins og kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv., eru engir norrænir hagsmunir í slíkri framleiðslu. Þetta er eindregin afstaða í stjórn bankans. Sumir hafa reyndar bent á að það væri álíka náið samband á milli þessarar framleiðslu, sem fjármögnuð var með láni frá Norræna fjárfestingarbankanum og er aðal-

lega að búa til stuðara á Volvobíla, eins og á milli friðarverðlauna Nóbels og sprengiefnanna sem fyrirtæki með því nafni framleiðir. Þannig er nú það. Það er ákaflega erfitt að gera tengingar af því tagi sem hv. 13. þm. Reykv. gerði með rökum þegar um fjölþætta starfsemi er að ræða. Ég tek hins vegar undir það með henni að það eiga engin leyndarmál að vera í norrænni samvinnu og það á að gera skýrt og skilmerkilega grein fyrir öllum þeim málum. Það er líka gert.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. ráðherra viðskiptamála. Hér er tvímælalaust um fyrirtæki að ræða sem framleiðir vopn í Noregi sem hefur fengið lán án ríkisábyrgða bara út á það að það er ríkisfyrirtæki og síðar kemur í ljós að ríkið telur sig ekki vera ábyrgt fyrir láninu, svo það er algert skeytingarleysi af hálfu bankaráðsins úr því að það er bankaráðið sem veitir lánið, en ráðherra kemur svo hingað upp og ætlar að bera það á borð fyrir Alþingi Íslendinga að lán til vopnaframleiðslu séu notuð í þessu tilfelli til þess að framleiða stuðara á Volvobíla. Þetta er fráleit og lágkúruleg skýring. Það er langtum betra að segja bara: Okkur urðu á mistök og það er tilfellið og við sem Íslendingar höfum ekki nokkur efni á því að taka þátt í slíkum banka sem Norræni fjárfestingarbankinn er ef um verulegan taprekstur verður að ræða. Í þessu tilfelli er tap á einu láni, en væri tap á bankanum í heild höfum við engin efni á því að taka þátt í þeirri starfsemi svo að ég býð, eins og hv. 13. þm. Reykv., okkar fulltrúum að fara varlega þarna á þessum alþjóðamarkaði í peningamálum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég er hér með útskrift úr því nál. sem sú nefnd skilaði sem fór ofan í reikninga og stöðu verksmiðjunnar, og hafi það verið vafamál áður hvort hér væri um lán til vopnaverksmiðju að ræða eða ekki ríkir um það enginn efi í framtíðinni því að hér segir í útskrift frá nefnd norska Stórþingsins — nú ætla ég ekki að leggja það á hv. þingheim að lesa hana á norsku, en þar stendur í lauslegri þýðingu, og ég er fús til að gefa nál. í ljósriti, að nefndin sé sammála um að það rétta fyrir Kongsbergs Våpenfabrikk í dag sé að einbeita sér að þeirri starfsemi sem heyrir til framleiðslu og sölu á vörum fyrir „forsvarsmarketet", þ.e. á vörum sem notaðar séu til varnar- og öryggismála, bæði í Noregi og á alþjóðlegum vettvangi. Ég held því að það fari ekki á milli mála að hér er um vopnaverksmiðju að ræða. Svo hefur auðvitað alltaf verið og þess vegna var þetta hlutafélag búið til varðandi bílavarahlutina. Lán hefði auðvitað aldrei fengist ef verksmiðjan hefði ekki reynt að kasta yfir sig þeim huliðshjúp sem hún reyndi að gera. Ég vil þá mælast til þess að hún fái ekki frekari lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum.

Stjórn Ísraelsmanna á herteknum svæðum, ein umr.

Fsp. SvG og SJS, 292. mál. — Þskj. 594.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Að undanförnu hafa okkur borist fréttir af framferði Ísraelsmanna í Palestínu og á herteknu svæðunum, hrikalegar fréttir, um mannréttindabrot, um ofbeldi gagnvart einstaklingum, morð á gömlu fólki og jafnvel börnum. Þessar fregnir hljóta að hafa ýtt við okkur eins og reyndar öllum öðrum á Vesturlöndum sem hafa fjallað um þessi mál núna að undanförnu, þar sem gerðar hafa verið samþykktir í hverju þjóðþinginu á fætur öðru þar sem framferði Ísraelsmanna er gagnrýnt mjög harðlega.

Ég tel að óhjákvæmilegt sé af þessu tilefni að þessi mál komi til meðferðar á Alþingi Íslendinga og það gerist hér eins og á mörgum öðrum þingum að það birtist skýlaus afstaða stjórnvalda. Það er mín skoðun að hún ætti að birtast í þrennu.

Í fyrsta lagi hlýtur hvaða ríkisstjórn sem er sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum og tekur eitthvert mark á stofnsamþykktum þeirra að fordæma hernám Ísraelsmanna og mannréttindabrotin og ofbeldið að undanförnu.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt við þessar aðstæður að krefjast alþjóðlegrar ráðstefnu um málin undir forustu Sameinuðu þjóðanna og með aðild PLO.

Í þriðja lagi er eðlilegt og sjálfsagt að gera þá kröfu við þessar aðstæður að Ísraelsmenn verði brott af hernumdu svæðunum hið allra fyrsta.

Í tilefni af þessu hef ég leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh. þessara spurninga:

„1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til framferðis Ísraelsstjórnar á herteknu svæðunum?

2. Hefur ríkisstjórnin mótmælt eða lýst áhyggjum sínum af síðustu atburðum í Palestínu?"

Á undanförnum þingum Sameinuðu þjóðanna hefur aftur og aftur verið fjallað um þessi mál og m.a. hafa verið lagðar þar fram tillögur sem hafa fordæmt framferði Ísraelsmanna og hernám þeirra á þessum svæðum. Þar hafa verið gerðar kröfur um sjálfsögð almenn mannréttindi fyrir Palestínumenn sem þeir eiga auðvitað að hafa og eiga rétt á eins og aðrir. Við meðferð þessara mála og afgreiðslu á þingi Sameinuðu þjóðanna hefur íslenska ríkisstjórnin eins og reyndar flestar ríkisstjórnir Norðurlandanna setið hjá. Ég tel að Ísraelsmenn hafi þarna notið víðtækrar samúðar í heiminum öllum á grundvelli þeirra atburða sem áttu sér stað í síðustu heimsstyrjöldinni og aðdraganda hennar. Í skjóli þessarar samúðar hafa þeir í seinni tíð gengið fram með offorsi sem er óverjandi með öllu. Norður-

löndin þurfa nú að móta sér eindregna stefnu í þessu efni og það er ástæða til þess að fagna því hér að formaður danska jafnaðarmannaflokksins gaf um það hvassar yfirlýsingar á síðasta þingi Norðurlandaráðs að á þessum málum yrði að taka.

Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að svara þessari fsp. þannig að afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar liggi fyrir og verði algerlega afdráttarlaus í þessum efnum.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur fjallað um mannréttindabrot Ísraelsmanna á herteknu svæðunum og þá atburði sem þar hafa gerst upp á síðkastið og er sammála þeirri yfirlýsingu sem ég gaf í umræðu um skýrslu mína hér á Alþingi 25. febr. sl. þar sem ég fordæmdi þessi verk og raunar hef ég varla nógu hörð orð til að lýsa andúð minni og ríkisstjórnarinnar á því sem þarna fer fram. Ég tel því að afstaða okkar Íslendinga hafi komið fram, en ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að vissulega þarf að undirstrika hana sem best. Ég hef því jafnframt óskað eftir því formlega, og gerði það skömmu eftir umræðuna sem hér var á Alþingi, að málið yrði tekið fyrir á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda sem haldin verður í Tromsö í næstu viku og ég hef fengið staðfest að svo mun verða gert.

Ég tel ákaflega mikilvægt að Norðurlöndin móti sína afstöðu sameiginlega og ég tel mikinn styrk í því að við getum sameinast um harðorða yfirlýsingu í þessu sambandi og að því stefni ég.

Ég tek undir það með hv. þm. að stefna beri að því að ráðstefna um vandamálin á þessu svæði verði haldin hið fyrsta og PLO á að sjálfsögðu að eiga aðild að þeirri ráðstefnu. Hún er raunar til lítils ef svo yrði ekki. Sömuleiðis tel ég sjálfsagt að PLO fái sjálfstæði á herteknu svæðunum. Það kann að þurfa að gerast í einhverjum áföngum, en það á tvímælalaust að vera markmiðið. Ég ætla ekki að fjalla um fyrri afstöðu til þessara mála. Hún hefur komið fram á þingi Sameinuðu þjóðanna með stuðningi okkar Íslendinga við tilverurétt Ísraels. Ég tel að við höfum gengið dyggilega fram í því og það eru að sjálfsögðu þjóðum sem stutt hafa Ísrael sem sjálfstætt ríki á þessu svæði mjög mikil vonbrigði hvernig ástandið er þar nú.

Herra forseti. Um þetta mætti að sjálfsögðu hafa mörg fleiri orð, en ég vona að afstaða ríkisstjórnarinnar komi glöggt fram í því sem ég hef sagt og ég vona að frá fundi utanríkisráðherra Norðurlanda komi sameiginleg hörð afstaða í þessum málum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Lítil aukaspurning til hæstv. utanrrh. og helst hefði ég kosið að hæstv. samstarfsráðherra, samgrh., hefði verið viðstaddur líka: Getum við þingfulltrúar í Norðurlandaráði verið örugg um að í þeim átökum sem nú eiga sér stað á vesturbakkanum séu ekki notuð vopn sem framleidd eru á Norðurlöndum fyrir lán frá Norræna fjárfestingarbankanum?

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og sérstaklega þá yfirlýsingu sem hann gaf hér um að PLO hljóti að eiga aðild að alþjóðlegri ráðstefnu til lausnar á vandamálunum í Palestínu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að sú yfirlýsing liggi fyrir.

Ég fagna því einnig að ákveðið hefur verið að taka þetta mál fyrir á utanríkisráðherrafundi Norðurlanda. Ég verð hins vegar að segja það að ég tel að auðvitað sé ekki sjálfgefið að samstarf þar leiði til niðurstöðu sem er skapleg í þessu efni. Staðreyndin er sú að það má engan tíma missa. Það er fólk að farast þarna á hverjum einasta degi þessa daga. Menn þurfa ekki annað en að lesa fréttir blaðanna í dag þar sem sagt er frá hryðjuverkum, þar sem sagt er t.d. frá því að Ísraelsstjórn bannaði í gær að flytja allt eldsneyti inn á herteknu svæðin. Önnur frétt í blöðunum í dag greinir frá því að búið er að loka öllu símasambandi þessara svæða við útlönd með þeim rökstuðningi af hálfu Ísraelsstjórnar að með þeim hætti geti Palestínumenn ekki náð til yfirstjórnar PLO. Það er á hverjum einasta degi sem þarna berast fregnir af ofbeldi, hryðjuverkum og mannréttindabrotum og það má í rauninni engan tíma missa því að þarna eru mannslíf í húfi svo að segja á hverjum einasta degi. Ég tel að mjög mikilvægt sé að ríkisstjórn Íslands beiti sér í þessu máli vegna þess að Ísland hefur haft góð samskipti við Ísrael á undanförnum árum og áratugum, vegna þess að Ísland hefur alltaf beitt sér eðlilega fyrir því að reyna sem best er kostur á að tryggja tilverurétt Ísraelsríkis sem er auðvitað undirstaðan í þessari pólitík allri og vegna þessara vinsamlegu samskipta á Ísland — og líka af því að það er smáríki — að geta beitt sér einarðlegar í þessu máli en jafnvel í mörgum öðrum þáttum utanríkismála, af meiri myndarskap. Þarna á Ísland að hafa frumkvæði. Þarna á utanrrh. Íslands að hafa frumkvæði. Í rauninni má engan tíma missa. Það þarf þegar í stað að hefjast handa og beita sér fyrir því að þessum mannréttindabrotum og hryðjuverkum linni helst strax.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að sé sögulega horft á viðurkenningu Ísraelsríkis meðal þjóða heimsins hefur Ísland átt stóran þátt í því að þetta ríki fékk almenna viðurkenningu. Þess vegna er það harmsefni að sitja nú í dag frammi fyrir þeirri staðreynd að verstu níðingsverk okkar tíma eru unnin á þessum stað, níðingsverk sem minna helst á það að þeir sem að þeim standi hefðu hlotið sérstaka þjálfun hjá nasistum við að skipuleggja hvernig ætti að fara að hlutunum. Ég undirstrika það að ég tel að Ísland verði að hafa forustu um það að mótmæla þessum atburðum sem þar eiga sér stað.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Því miður treysti ég mér ekki til að

svara spurningu hv. 13. þm. Reykv. svo að afgerandi sé, en mér virðist vopnin finna sér leið þangað sem átökin eru svo að þetta má vel vera rétt sem fólst í orðum eða spurningu hv. þm.

Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er vissulega ástæða til þess að við Íslendingar látum okkar afstöðu koma mjög skýrt í ljós og höfum forustu eins og við getum. Ég sagði áðan að ég óskaði eftir því fyrir einum tveimur vikum að þetta mál yrði tekið upp á fundi utanrrh. Þá var það a.m.k. ekki komið á dagskrá og ég held að ég geti sagt að við höfum haft þar vissa forustu um að málið verði þar tekið upp. Ég hef einnig ástæðu til að ætla að sú umræða sem varð um þetta hér á Alþingi 25. febr. hafi komist til skila. Hún kom fram í fjölmiðlum og ég hef heyrt það að eftir því hafi eitthvað verið tekið. En ég tek ábendingu hv. þm. vissulega alvarlega og við skulum athuga á hvern máta við getum fylgt þessu máli eftir.

Sjávarútvegsskóli, ein umr.

Fsp. RÓsk, 309. mál. — Þskj. 615.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Á þskj. 615 hefur Ragnar Óskarsson, varaþm. Alþb. á Suðurlandi, lagt fram fsp. til hæstv. menntmrh. um það hvort hann hafi í hyggju að setja á stofn sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

Fyrir nokkrum mánuðum lauk vinnu starfshóps sem skipaður var af hæstv. menntmrh. og sjútvrh. til þess að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla sem starfaði á framhaldsskólastigi. Í ályktun starfshópsins kemur m.a. fram að æskilegt sé að sameina að einhverju leyti þá þrjá skóla sem nú eru starfandi á þessu sviði, þ.e. Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann og Fiskvinnsluskólann. Taldi starfshópurinn að sameining þessara skóla þýddi sterkari stofnun sem betur gæti tekið á þeim verkefnum sem þessir skólar hafa í dag.

Ef af stofnun sjávarútvegsskóla yrði, skóla sem sæi um þá kennslu sem nú fer fram í þeim skólum sem ég nefndi áðan, væri vart hægt að hugsa sér betri staðsetningu fyrir slíkan skóla en Vestmannaeyjar þar sem nemendur skólans ættu greiðan aðgang að öllum greinum sjávarútvegsins, en í Vestmannaeyjum er langstærsta verstöð landsins. Í dag er starfandi þar stýrimannaskóli og braut fyrir vélskólanám við framhaldsskólann. Formlegur fiskvinnsluskóli er þar ekki en áreiðanlega eru fáir Eyjamenn sem ekki hafa starfað við fiskvinnslu. Það er því ekki nema von að Ragnari Óskarssyni hafi verið þetta mál ofarlega í huga þegar hann tók sæti mitt hér á Alþingi fyrir stuttu, en Ragnar er jafnframt forseti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum.

Bæjarstjórnin hefur átt viðtöl við hæstv. menntmrh. um stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum og sent ráðuneytinu ályktanir bæjarstjórnar þar um. Í haust var svo flutt hér á hv. Alþingi þáltill. um sama mál, en hún er enn óafgreidd og bæjarstjórnin hefur engin viðbrögð fengið við sinni málaleitan. Því er þessari spurningu komið hér á framfæri:

„Hefur menntmrh. í hyggju að setja á stofn sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum?“

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Það er spurt um hvort menntmrh. hafi í hyggju að setja á stofn sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

Svar: Menntmrh. hefur ekki tekið ákvörðun um stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er kveðið á um að stofnaður verði sjávarútvegsskóli þar sem sameinuð verði kennsla í sjávarútvegsfræðum. Þar er vitnað til þess starfs sem unnið hefur verið á vegum menntmrn. og sjútvrn. um athugun á stofnun sjávarútvegsskóla þar sem sameinuð verði starfssvið Vélskólans í Reykjavík, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði. Það mál er nú í athugun á vegum ráðuneytanna beggja.

Um nám í sjávarútvegsfræðum að öðru leyti hafa skoðanir manna nokkuð verið að breytast á undanförnum missirum. Í stað þess að setja á fót sjávarútvegsskóla svokallaða víðs vegar um landið hefur hugsun manna frekar beinst að því að koma á fót brautum í greinum sem tengjast sjávarútvegi við ýmsa skóla sem fyrir eru víða um landið. Eitt af því sem sérstaklega kemur til greina í þeim efnum er að koma upp fiskvinnslubraut í Vestmannaeyjum við skóla sem þar eru fyrir hendi, t.d. við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum eða framhaldsskólann. Það mál er nú til athugunar í menntmrn. og ég vonast til þess að niðurstöður þeirrar athugunar liggi fyrir um mitt þetta ár, svo að ekki sé nú lofað meiru en unnt er að standa við.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Það að menntunarmál innan sjávarútvegsins séu í sem bestu lagi er þjóðinni allri mikilvægt og það er þess vegna ánægjulegt að þau mál skuli nú vera í skoðun, en það þyrfti að flýta ákvarðanatöku þar um. Staðsetning sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum er ekki eingöngu mikið hagsmunamál fyrir Vestmanneyinga sjálfa, heldur mikilvægur þáttur í byggðastefnu.

Hreindýr, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 320. mál. — Þskj. 636.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. um hreindýr. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hve mörg hreindýr er talið að hafi fallið úr hor það sem af er vetri?

2. Hvaða ráðstafanir hefur ráðherra gert til að útvega fóður svo að ekki falli fleiri dýr?

3. Hefur ráðherra markað sér stefnu í þessu máli er tryggi að atburðir sem þessir eigi sér ekki stað í framtíðinni?"

Með tilvísun til laga nr. 21 frá 1957, um dýravernd, er þetta flutt og einnig með tilvísun til laga nr. 28 frá 1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þær greinar sem skipta máli í þessu sambandi. Í lögum um dýravernd frá 1957 stendur svo í 1. gr.: „Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu." Og í 6. gr.: „Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr eru helsjúk eða lemstur banvæn."

Í lögunum frá 1940, í 2. gr., segir svo: „Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með að lögum þessum sé hlýtt og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði." Og svo segir hér í 3. gr.: „Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála."

Það fer ekki á milli mála að menntmrn. ber alla ábyrgð á hjarðbúskap þeim sem stundaður er austur á fjörðum. Ég er ekki stuðningsmaður þess að dýrin verði felld. En mér er óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að standa að þessum búskap með eðlilegum hætti. Það hlýtur m.a. að vera eðlilegt að fella gömul dýr að haustlagi en láta þau ekki falla úr hor og jafnframt að tryggja það að dýrin falli ekki úr hor þegar áfreði kemur í veg fyrir að þau nái í fóður sér til matar.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur borið fram þrjár fsp. Sú fyrsta er svohljóðandi: „Hve mörg hreindýr er talið að hafi fallið úr hor það sem af er vetri?"

Svar: Samkvæmt upplýsingum héraðsdýralæknisins á Egilsstöðum er áætluð tala 30–40 dýr. Á síðustu þremur vikum hafa ekki borist fregnir af föllnum dýrum. Aðalástæðuna telur hann vera þá að undanfarin ár hafi verið mild og hafi því veikbyggð og gömul dýr lifað af, en nú þegar harðindi komu hafi þau ekki þolað það árferði. Slíkt hlýtur alltaf að gerast í einhverjum mæli þegar um villt dýr er að ræða. Náttúran sjálf grisjar hjörðina.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða ráðstafanir hefur ráðherra gert til að útvega fóður svo að ekki falli fleiri dýr?"

Svar: Engar ráðstafanir hafa verið gerðar og ekki er ástæða til þess að mati dýralæknis. Engin jarðbönn hafa verið nema í Borgarfirði eystra. Þá er á það að benda að mjög erfitt er að útvega fóður sem hentar hreindýrum, a.m.k. með stuttum fyrirvara. Þá er þess að geta að fjárveiting til hreindýraeftirlits er af mjög skornum skammti. Á síðasta ári var 75 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni en engin fjárveiting er á þessu ári.

Í þriðja lagi: „Hefur ráðherra markað sér stefnu í þessu máli er tryggi að atburðir sem þessir eigi sér ekki stað í framtíðinni?"

Svar: Með vísun til svars við fyrstu spurningu mun útilokað að koma algjörlega í veg fyrir að nokkur dýr falli í hörðu árferði. Dýrin eru hins vegar trúlega of mörg á öllu svæðinu frá Vopnafirði og suður á Mýrar í Austur-Skaftafellssýslu og þyrfti að fækka þeim að mun á sumarveiðitímanum. Um margra ára skeið hefur eftirlitsmönnum hreindýra engan veginn tekist að fella þann fjölda dýra sem ráðuneytið hefur heimilað að felld væru. Virkt hreindýraeftirlit kostar verulega fjármuni. Hjá því verður ekki komist.

Að lokum er þess að geta að lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim hafa verið í endurskoðun. Nefnd sem ráðuneytið skipaði til þess skilaði ráðuneytinu drögum að frv. til laga um hreindýr og hreindýraveiðar síðari hluta árs 1986 og voru þau drög síðan send ýmsum aðilum til umsagnar og kynningar. Er það mál nú í frekari vinnslu hjá ráðuneytinu. Ég hafði í hyggju að leggja fram frv. á þessu þingi en óvíst er að það takist.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það hefur verið upplýst að fallið hafi milli 30 og 40 dýr sem vitað er um. Ég undirstrika það að hér er ekki um villt dýr að ræða. Ef þetta eru villt dýr eru alveg eins lömb, sem fæðast undan kindum sem gengið hafa úti, villt dýr eða afkomendur slíkra kinda. Þessi dýr voru flutt inn til landsins af tömdum stofni og seinast þegar menn voru fengnir til að fylgjast með þeirra hátterni var það niðurstaða lappanna að þau hegðuðu sér í öllu eins og tamin dýr fremur en villt. Þess vegna þýðir ekki að skorast undan þeirri ábyrgð að hér er um hjarðbúskap að ræða, rekinn með dálítið sérstæðum hætti.

Það er sagt að hvergi hafi verið jarðbönn nema í Borgarfirði eystra. Blaðafréttir að austan bera það þó á annan veg. T.d. var tekinn kálfur í Eiðaskógi, svo að dæmi sé nefnt úr blöðum, sem var að falla úr hor og það var engum vandkvæðum bundið að fóðra hann þannig að hann þrifist eðlilega. Það þarf ekkert sérstakt fóður. Það er hægt að gefa þessum dýrum hey. Það vita það allir og það er það sem hefur gerst þegar þau hafa leitað heim á bæi. En að reka búskapinn með þeim hætti sem verið hefur er náttúrlega ráðuneytinu til skammar og beinlínis hlægilegt þegar á sama tíma er verið að fara út í eyjar eins og á Breiðafirði og drepa þar fé og finna það

helst út að ærnar séu í þremur reifum. Það er mikill tvískinnungsháttur í þessum vopnaburði og ég sé ekki að menntmrn. geti með nokkru móti varið það ef það tekur ekki á þessu máli. Ég er hræddur um að það mundi heyrast hljóð úr horni ef Skagfirðingar væru að horfella stóð með þessum hætti sem hér er og ég man ekki betur en að það yrði allt hálfvitlaust af því að hjá Eggert bónda Haukdal lá dautt hross dálítinn tíma ofan jarðar. Svo virðist hins vegar sem hæstv. menntmrh. telji það sanngjarnt að dreifa hræjunum um Austfirði og hirða lítt um hvort þau eru grafin eða ekki.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi fsp. sem hér er til umræðu ber vott um ótrúlega fáfræði á þeim dýrastofni sem hér er um að ræða, hreindýrunum, (**ÓÞÞ:** Skordýrafræðingurinn ...) og var svo sem ekki við öðru að búast þegar spyr þm. úr landshluta sem fjærst er þeim slóðum sem hreindýr halda sig á á Íslandi.

Menntmrn. hefur ekki sinnt þessu sérstaka verkefni af neinni prýði á undanförnum árum, það verður ekki sagt, og auðvitað er það furðuleg tímaskekkja eins og með margt annað sem snertir stjórnun umhverfismála í landinu að hreindýr skuli heyra undir menntmrn.

Ég vil aðeins segja um efni þessa máls að það er auðvitað ofur eðlilegt að það falli úr hreindýrastofninum á ári hverju tugir og hundruð dýra og er það aðeins liður í eðlilegri aðlögun náttúrunnar varðandi þennan villta dýrastofn sem hér er um að ræða. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann sér ekki að flytja hér frv. til laga varðandi hreindýramálefni sem er búið að liggja í skúffum menntmrn. um skeið? Og ætlar hann ekki að beita sér fyrir því að ráðinn verði sérfróður aðili til að fylgjast með hreindýrastofninum að vetrarlagi og stunda rannsóknir á honum á þeim árstíma, en þar skortir okkur vitneskju? Það hefur mikið verið rannsakað varðandi sumarhaga og sumarbeit hreindýra.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ræða hv. 2. þm. Austurl. gæfi tilefni til að flytja hér langt mál. Ef hann telur að vegalengdir á milli Vestfjarða og Austfjarða séu svo miklar að af þeirri ástæðu sé ekki hægt að tala af þekkingu um þessi mál vænti ég þess að hann hætti að ræða utanríkismál hér á þinginu.

Ég vil undirstrika að sú kenning er gömul að það þyki gott að menn og skepnur falli úr hor. En miðað við venjuleg dýraverndarsjónarmið sem almennt hafa verið virt og Þorsteinn Erlingsson hóf að boða öðrum mönnum fremur í þessu landi finnst mér það skoplegt þegar menn halda því fram að það sé sjálfsagður hlutur að ekki eigi að fella gömul dýr, það eigi bara að leyfa þeim að veslast upp og drepast og dreifa hræjunum um Austfirði.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar stórfróðlegu umræður (**ÓÞÞ:** Það er gott.) að marki, en ég fagna því að við skulum hafa eignast mann sem hefur vit á þessum málum og hefur úrskurðað að hreindýrastofninn, meira en 200 ára gamall þótt einhver dýr hafi verið tamin þegar þau voru flutt inn, sé enn þá búsmali eins og hann vill álíta.

Ég fékk í hendur frumvarpsdrög á sínum tíma og rækilegt álit, held ég, á árinu 1986, velti þessu máli fyrir mér, en fékk ekki fangs á því. Ég vil aðeins benda félaga mínum af Austurlandi, hv. 2. þm. Austurl., á að þessi grein hefur verið, eins og margar aðrar, svelt mjög af fjárveitingavaldinu. Hér um bil ekkert hefur verið til ráðstöfunar til þess að stunda þær nauðsynlegu rannsóknir sem þarf að framkvæma á dýrastofninum. Það er ekki kæruleysi sem veldur að menn hafa ekki hugað betur að þessum málum.

En auðvitað, svona að lokum, er ekkert vit í því sem fram hefur komið hjá hv. 2. þm. Vestf.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins svara þeirri fsp. sem hv. 2. þm Austurl. beindi til mín. Ég reyndar svaraði henni í lok míns máls áðan varðandi frv. sem verið hefur í undirbúningi um hreindýraveiðar. Það mál var sent til umsagnar og athugunar ýmissa aðila á árinu 1987. Það komu fram ýmsar mjög veigamiklar athugasemdir við það frv. og var ljóst að þar voru á ferðinni afar viðkvæm og flókin eignarréttarmál. Þess vegna óskaði ég þess að Gaukur Jörundsson tæki það mál að sér og lyki því starfi þannig að frv. gæti legið tilbúið í byrjun þessa árs, þ.e. í lok janúar. Hans hagir breyttust eins og öllum er kunnugt. Hann réð sig í nýtt starf sem Alþingi veit best um, þannig að skipta varð um mann á miðri leið. Sá maður er nú tekinn til starfa, en það hefur valdið því að málið tefst þannig að ég efast um að unnt verði að leggja þetta mál fyrir þetta þing, en vonast til að hægt verði að gera það fljótlega þegar þing kemur saman að hausti.

Grásleppuveiðar, ein umr.

Fsp. VS, 327. mál. — Þskj. 646.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. á þskj. 646, um grásleppuveiðar. Grásleppuveiðar hafa verið drjúgur þáttur í atvinnulífi víðs vegar um land og þess vegna leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi fsp. í tveimur liðum:

„1. Hvernig verður grásleppuveiðum hagað vorið 1988?

2. Hvert er útlit með sölu grásleppuhrogna á þessu ári?“

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Að því er varðar fyrri liðinn vil ég taka fram eftirfarandi:

Grásleppuveiðum verður hagað með svipuðum hætti og undanfarin ár Ráðuneytið hefur gert lítils háttar breytingar á reglugerð um veiðarnar og má segja að þær séu með þessum breytingum færðar í sama horf og fyrir árið 1986. Breytingarnar felast einkum í þessum þáttum:

1. Veiðarnar eru nú aftur leyfisbundnar. Er leyfisbindingin einkum ákveðin til þess að fá nákvæmari skýrslu um veiðarnar og til að tryggja greiðslur í greiðslumiðlunarkerfið.

2. Veiðitímabilin eru ákveðin að mestu eins og fyrir 1986 og er veiðitíminn því í raun þrengdur frá síðustu tveimur árum.

3. Ákveðinn er hámarksnetafjöldi á bát og felast einnig í því takmarkanir á veiðunum.

Í þessu sambandi má geta þess að Landssamband smábátaeigenda hefur í fréttabréfi sínu beint þeim tilmælum til grásleppuveiðimanna að þeir hefji ekki veiðar á komandi vertíð fyrr en þeir hafa tryggt sér sölu á þeim hrognum sem þeir koma til með að afla.

Varðandi annan liðinn vil ég taka þetta fram: Þegar grásleppuvertíð á sl. ári hófst voru birgðir grásleppuhrogna í heiminum nær engar. Þetta hafði þau áhrif að mikil eftirspurn varð eftir grásleppuhrognum og fór verð á þeim allt upp í 1400 þýsk mörk fyrir hverja tunnu, en lágmarksviðmiðunarverð var 1200 þýsk mörk. Árið 1987 markaði nokkur tímamót því þá opnaðist aukinn markaður fyrir grásleppuhrogn hér innan lands, en áður hefur meiri hluti hrognanna verið fluttur beint út. Það ár keyptu verksmiðjurnar á milli 15 og 16 000 tunnur, en 1986 4–5000 tunnur. Í dag er birgðastaða innan lands um 9000 tunnur þannig að ekki er ástæða að ætla að verksmiðjurnar kaupi mikið af hrognum á komandi vertíð. Um áramótin hafði Sölustofnun lagmetis tekist að selja 2500 tunnur af niðurlögðum hrognum og er það 10% aukning milli ára. Fyrir örfáum árum voru Íslendingar með meiri hluta markaðarins eða allt að 80%, en undanfarin tvö ár hefur hlutdeild okkar minnkað og er komin niður í 40%.

Heildarveiði 1987 var um 56 500 tunnur eða rúmum 23 000 tunnum meiri en 1986. Hún skiptist þannig: Ísland 23 000 tunnur en 9100 tunnur 1986, Kanada 26 000 en 17 000 tunnur 1986, Noregur 4500 tunnur, svipað og 1986, Grænland, Danmörk og Færeyjar u.þ.b. 3000 tunnur en 3500 tunnur 1986.

Árleg heimsmarkaðsþörf á grásleppuhrognum er um 40 000 tunnur. Hér má bæta við að Kanadamenn hafa aukið veiðar sínar jafnt og þétt sl. þrjú ár eða úr tæpum 9000 tunnum 1984 í 26 000 á sl. ári. Bendir ekkert til að veiðar þeirra fari minnkandi í ár. Birgðastaðan í landinu við upphaf þessarar vertíðar mun vera 9–10 000 tunnur og eru þær hjá niðurlagningarverksmiðjunum víða um land.

Á fundi fulltrúa grásleppuveiðimanna og kaupenda 9. febr. sl. var lágmarksviðmiðunarverð ákveðið 1100 þýsk mörk á tunnu. Kaupendur og umboðsmenn telja raunhæft að hægt verði að tryggja sölu á u.þ.b. 12 000 tunna veiði á næstu vertíð miðað við ofangreint verð, en verði veiðin meiri mun það óhjákvæmilega hafa áhrif á markaðinn.

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin þó þau væru ekki sérstaklega ánægjuleg, en ég veit að það er ekki honum að kenna. En það sem ég var fyrst og fremst að leita eftir með þessari fsp. var ekki endilega hvernig grásleppan yrði veidd eins og kom fram innskot um frá einum hv. þm. heldur hverjar markaðshorfur væru. Samkvæmt svörum hæstv. ráðherra eru þær ekki allt of bjartar þar sem innanlandsmarkaðurinn virðist ekki munu taka við miklu á þessu ári miðað við birgðastöðu og útlit á erlendum mörkuðum er á þann veg að það er ekkert sem bendir til þess að Kanadamenn muni draga saman veiðar og offramleiðsla er á heimsmarkaði. En ég tel mig hafa fengið svör frá hæstv. ráðherra sem eru fullnægjandi.

Stofngerðarannsóknir á þorski, ein umr.

Fsp. JAJ, 352. mál. — Þskj. 683.

Fyrirspyrjandi (Jóhann A. Jónsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um stofngerðarannsóknir á íslenska þorskstofninum. Fyrirspurnin hljóðar svo: „Eru í gangi eða áformaðar stofngerðarannsóknir á íslenska þorskstofninum er gætu gefið til kynna hvort um einhverja staðbundna stofna sé að ræða hér við land?“

Hér er um það að ræða hvort hugsanlegt sé að við landið séu staðbundnir þorskstofnar sem hafi önnur erfðafræðileg og útlitsatriði en heildarstofninn. Dæmi um slíkt finnast m.a. í Kanada og Noregi.

Fyrir norðan land gengur fiskur árvisst á sömu staðina til að hrygna. Almennt hafa fiskifræðingar talið að klak þetta takist misjafnlega og hafi lítið gildi fyrir heildarstofninn. Hins vegar heyrist meðal fiskifræðinga og frá sjómönnum, er lengi hafa veitt á þessum svæðum, að hér sé um að ræða staðbundna fiskistofna sem hafi aðlagað sig náttúrlegum aðstæðum og þá beri að nýta sem slíka eigi að fá af þeim hámarksafrakstur ef jafnframt eigi að tryggja viðgang þeirra byggða sem á þessum stofnum byggja.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa víða verið stundaðar rannsóknir sem beinast að því að kanna hvort fiskstofnar kunna að deilast í meira eða minna staðbundnar einingar, þ.e. hrygningarstofna.

Við þessar rannsóknir hefur bæði verið beitt aðferðum sem byggjast á útlitseinkennum svo og erfðafræðilegum aðferðum. Þessar rannsóknir þóttu lofa góðu á sínum tíma, sérstaklega þær sem byggðu á innri erfðaeinkennum. Fyrir alllöngu er ljóst orðið að þær aðferðir sem hingað til hafa verið reyndar skiluðu ekki þeim árangri sem vænst hafði verið og er þeim ekki beitt lengur.

Á Líffræðistofnun Háskóla Íslands er nú verið að kanna nýjar erfðafræðilegar aðferðir sem þykja lofa góðu og hefur Hafrannsóknastofnunin haft milligöngu um öflun þorsksýna frá ýmsum stöðum við landið í þessu skyni. Þessar rannsóknir eru á tilraunastigi og lítið um þær að segja enn sem komið er.

Það er alkunna að þorskur hrygnir víðar við Ísland en á aðalhrygningarsvæðunum við suður- og vesturströndina. Þá hafa merkingar sýnt að eftir hrygninguna heldur þorskurinn í ætisleit út á landgrunnið norðvestan-, norðan- og austanlands hvar sem hann annars hefur hrygnt.

Þau almennu sannindi eru vitanlega í góðu gildi að afla eigi sem mestrar og bestrar vitneskju um lífríki íslenskra fiskimiða. Svokallaðar stofngerðarannsóknir á þorski eru þar engin undantekning. Þær gætu, svo dæmi sé tekið, hugsanlega stuðlað að því að upplýsa betur hvernig háttað er þorskgöngum milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar ef þær á annað borð eiga sér stað í seinna tilviki. Á hinn bóginn verður ekki séð hvernig stjórna mætti veiðum staðbundið hér við landið þó í ljós kæmi að þorskstofninn skiptist í margar einingar sem ættu hver sitt heimkynni sem þær leituðu til til að hrygna. Eina leiðin væri væntanlega sú að takmarka veiðar yfir hrygningartímann sjálfan. Á öðrum árstímum er stofninn meira eða minna blandaður annars staðar á landgrunninu eins og áður segir eða í útköntum þess og eðli málsins samkvæmt veiddur þar upp til hópa án tillits til uppruna síns.

Í ljósi þess sem að ofan greinir mun Hafrannsóknastofnunin halda áfram samvinnu við Líffræðistofnun Háskólans sem kannar nú nýjar erfðafræðilegar aðferðir eins og áður er sagt. Niðurstöður úr þeirri könnun þurfa að liggja fyrir áður en unnt er að ákveða hvort ástæða sé til að Hafrannsóknastofnunin hefji viðtækari stofngerðarannsóknir á þorski eða öðrum fisktegundum.

Fyrirspyrjandi (Jóhann A. Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það svar sem hann hefur gefið og vil jafnframt hvetja ráðherrann til að láta nú þegar fara fram rannsóknir sem gætu innan ákveðins tíma gefið okkur ákveðnar vísbendingar um hvað hér er á ferðinni vegna þess að þeir staðir úti um land sem byggja á sjávarútvegi eiga margt undir því komið. Ef það kæmi í ljós að þeir byggðu afkomu sína í dag á staðbundnum fiskistofnum eiga þeir margt undir því komið að þeir verði rétt nýttir. Það er ekki sama hvaða veiðarfæri verður notað til að grisja stofninn rétt ef þetta kæmi í ljós.

Ég ítreka aftur að ég hvet ráðherra til að hraða mjög þessari skoðun og fela Hafrannsóknastofnuninni nú þegar að gera það sem hægt er til að flýta því.

Kolbeinsey, ein umr.

Fsp. StG, 332. mál. — Þskj. 661.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 661 til hæstv. samgrh. um Kolbeinsey, en fsp. er í þremur liðum:

„1. Hverjar voru helstu niðurstöður úr rannsóknarferð sem farin var til Kolbeinseyjar í ágústmánuði 1985 skv. þál. frá Alþingi 20. apríl 1982?

2. Eru á döfinni einhverjar framkvæmdir á Kolbeinsey m.a. til að auka öryggi sjófarenda, svo sem með uppsetningu siglingamerkja og búnaðar til veðurathugana?

3. Hverjar voru helstu niðurstöður úr rannsóknarferð til Kolbeinseyjar sl. sumar undir stjórn Hafrannsóknastofnunar, BBC-útvarpsstöðvarinnar og hafrannsóknastofnunar í Bandaríkjunum þar sem hitasvæði í næsta nágrenni eyjarinnar voru rannsökuð?"

Árið 1982 samþykkti Alþingi eins og fyrr segir þáltill. sem ég flutti þá og var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey. Athuganir fari einnig fram á því hvort og á hvern hátt megi sem best tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa."

Árið 1985 bar ég fram fsp. um hvað liði framkvæmd samþykktarinnar frá árinu 1982 og nú er ég kominn hér enn og aftur og nú spyr ég hæstv. ráðherra og ég kalla hér eftir svari og ég kalla kannski enn frekar eftir framkvæmdum.

Það er nokkuð um liðið síðan þessi tillaga var á dagskrá og þess vegna langar mig í örfáum atriðum að stikla á því stærsta sem sagði í grg. En megintilgangur þessarar þáltill. var að auka öryggi sjófarenda jafnframt því sem verið var að athuga hvort koma megi í veg fyrir að eyjan hverfi í sæ.

Á Kolbeinsey sannast að dropinn holar steininn. Heljaröfl hafs og hafíss hafa í áranna rás haft betur í fangbrögðum sínum við þennan útvörð í norðrinu. Ef svo heldur fram sem horfir hverfur þessi klettaeyja og skerið eitt verður eftir ef ekki verður brugðið við og reynt að koma í veg fyrir óbætanlegt tjón.

Elstu mælingar frá Kolbeinsey sem ég hef undir höndum eru frá árinu 1580 og sýna okkur að eyjan mun þá hafa verið 753 metrar frá norðri til suðurs,

113 metrar frá austri til vesturs og um 113 metrar á hæð. Nýjustu mælingar frá 1986 sýna okkur hins vegar að eyjan frá norðri til suðurs er um 39–40 metrar og svipað frá austri til vesturs og um 5 metrar á hæð. (**Forseti:** Hv. þm. skal bent á að hann hefur farið óhæfilega fram úr leyfilegum ræðutíma.) Já, en ég vona að forseti virði það að hér er verið að hreyfa mjög mikilsverðu og merku máli sem ég vænti að þm. láti ekki fram hjá sér fara því það er ekki bara hér verið að fjalla um að koma upp öryggisbúnaði fyrir sjófarendur heldur erum við hér að berjast fyrir auknum rétti okkar á hafinu því að Kolbeinsey gefur okkur þar mikinn rétt sem mér finnst ábyrgðarhluti að horfa upp á að við missum frá okkur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Að gefnu tilefni skal það tekið fram, eins og augljóst er raunar, að öll mál standa jöfn gagnvart framkvæmd þingskapa.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Eins og vikið er að í fsp. var samþykkt á Alþingi hinn 20. apríl 1982 ályktun þar sem ríkisstjórninni var falið að sjá svo um að sjómerki yrðu sett á Kolbeinsey og athuganir færu fram á því hvort og hvernig tryggja mætti að „eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa", eins og þar segir. Vegna þessa gerði Vitamálastofnun Íslands út leiðangur til Kolbeinseyjar í ágúst 1985. Gerðar voru jarðfræðilegar athuganir og mælingar, bergsýni voru tekin og eyjan ljósmynduð. Teiknuð voru kort af eyjunni á grundvelli þessara mælinga og loftmyndum frá Landmælingum Íslands teknum árið 1958 og 1985. Næstu mánuði var unnið að heimildakönnun og gerð jarðfræðilýsingar. Áfangaskýrsla er hafði að geyma upplýsingar um leiðangurinn og mat á öllum tiltækum heimildum um Kolbeinsey var síðan gefin út af Vitamálastofnuninni í september 1986.

Helstu niðurstöður eru þær að um fjöru mældist eyjan 40 metrar frá vestnorðvestri til austsuðausturs og 40 metrar frá norðnorðaustri til suðsuðvesturs og mesta hæð um 5 metrar. Til samanburðar má geta þess að út frá mælingum sem gerðar voru árið 1933 má lesa að eyjan hafi verið um 48 metrar frá vestsuðvestri til austnorðausturs og 71 metri frá norðnorðvestri til suðsuðausturs og um 8 metrar á hæð.

Út frá þessum mælingum og öðrum tiltækum hefur verið reiknað út að eyjan verði að mestu horfin um miðja næstu öld. Í áðurnefndri skýrslu eru leidd rök að því að líklega séu lárétt skil á fárra metra dýpi undir eyjunni og þessi skil séu veikleiki sem valdi því að smám saman grafist undan eyjunni, blokkir losni og hverfi í sjóinn. Sé þessi tilgáta rétt er ekki nægjanlegt til að hefta niðurbrot eyjunnar að styrkja yfirborð hennar með steinsteypu. Varnirnar yrðu að ná niður í gegnum veika lagið. Dýptarmælingar og borun mundu leiða í ljós hvort þessi ályktun er rétt.

Vitamálastofnun hefur lagt til að sem fyrst verði komið upp sjómerki í Kolbeinsey, steinsteyptum píramída með innfelldum radarspeglum. Slík sjómerki hafa verið sett upp á skerjum fyrir Suðausturlandi. Stofnunin telur einnig að rannsóknir varðandi heftingu niðurbrots verði að halda áfram því ekki sé unnt að gera raunhæfar tillögur um úrbætur á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Leggur hún til að næsta skrefið sé dýptarmæling umhverfis eyjuna og að samhliða uppsetningu sjómerkis verði borað svo að kanna megi jarðlögin undir eyjunni.

Varðandi lið 2 er það að segja að ekki eru áform um að koma fyrir búnaði til veðurathugana í Kolbeinsey, enda yrði að líkindum erfitt að þjónusta slíka stöð því oft þarf að bíða langtímum saman eftir lagi til landtöku í eyjunni.

Kostnaður við þær rannsóknir sem nú þegar hafa verið framkvæmdar hefur verið greiddur af rekstrarfé Vitastofnunar Íslands. Áætlað hefur verið að til að koma upp sjómerki, ljúka dýptarmælingum og borun þurfi um 3 millj. kr. Óskir um fjárveitingu í þessu skyni voru í fjárlagatillögum Vitastofnunar fyrir árið 1988, en þær náðu ekki fram að ganga. Þær verða að sjálfsögðu endurteknar við fjárlög næsta árs og málið þá betur undirbúið til þess að fáist það fjármagn sem talið er að þurfi til að sinna þessu verkefni.

Sem svar við lið nr. 3: Í júní 1983 var í samvinnu Hafrannsóknastofnunar við BBC Natural History Unit og Woodshole Oceanographic Institution farið í leiðangur á Bjarna Sæmundssyni á stað sem er um 3 sjómílur suðsuðvestur af Kolbeinsey. Leiðangurinn var farinn til að rannsaka jarðhitasvæði á hafsbotni með í fyrsta lagi ljósmyndun, í öðru lagi sjónvarpsmyndun og í þriðja lagi öflun sýna af botni og í jarðsjó. Í öllum þessum atriðum tókst að ná markmiðum leiðangursins. Unnið er að úrvinnslu þessa efniviðar og mun henni ljúka síðar á þessu ári. Verður þá lýst jarðfræðilegum einkennum svæðisins, stærð þess og efnafræði jarðsjávarins.

Ljóst er nú þegar að jarðhitasvæði er efst á um 100 metra hárri hæð sem mynduð er við eldsumbrot og enn fremur að jarðhitinn er virkastur í eða við gíga og kemur þar upp gas og sjóðandi jarðsjór. Þess er að vænta að niðurstöður rannsókna varpi ljósi á eðli jarðhita á Kolbeinseyjarhrygg og verði jafnframt innlegg í þá umræðu sem nú fer fram um hafsbotninn, fræðilega þýðingu hans og hagnýt jarðefni tengd honum.

Eftir því sem efni mun gefast til mun ég beita mér fyrir því að haldið verði áfram þeim rannsóknum sem hér hefur verið vikið að og vænti þess að við fjárlagagerð fyrir næsta ár komi fram hugmyndir um fjárframlög til þeirra verkefna sem þá verða talin brýnust í þessu máli.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það fer mjög vel á því að það komi í hlut hv. þm. Framsfl. að hafa áhyggjur af þessum kletti úr hafinu sem rís þarna norðan við landið og er

tekið að molna allverulega úr. Kunna það að vera viss hugrenningatengsl sem valda því að þetta mál er hv. þm. jafnkært og raun ber vitni.

Ég lýsi þeirri skoðun minni að það sé mjög brýnt að grípa til aðgerða á Kolbeinsey og vil út af fyrir sig þakka hv. fyrirspyrjanda að taka það mál upp endurtekið á Alþingi. Ég held hins vegar að menn séu á talsverðum villigötum þegar menn láta sér detta það í hug að steypa einhverja kápu utan um eyjuna. Það eina sem mér kemur til hugar að gæti staðist tímans tönn er að reisa þyrlupall eða öflugan steinsteyptan pall á sterkum súlum sem gengju nægilega langt ofan í trausta undirstöðu eyjarinnar til þess að fá staðist þó að molni úr yfirborði hennar og hún jafnvel sem slík hverfi undir sjávarborð. Slíkur öflugur pallur gæti síðan hýst vita- og radarsvara og væri þá sá útvörður í norðri sem við þurfum vissulega að eiga á þessum stað, m.a. til að tryggja okkar landhelgishagsmuni á þessum slóðum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir upplýsingar sem hann gaf hér. Mér er ljóst og hefur alla tíð verið að það getur verið álitamál og trúlega kannski erfitt að bjarga þessari klettaey. Mér er það ljóst og ég hef aldrei farið fram á að eyjan yrði steypt upp, en það sem ég hef farið fram á er að athugun verði gerð á slíku og það held ég að okkur beri skylda til að láta gera. Svo verða hinir hæfustu vísindamenn hins vegar að kveða upp úr með hvort það er hægt eða ekki. Þess vegna fer ég ekki að svara á annars stuttum tíma skætingi hv. þm. úr nágrannabyggð minni austan Tröllaskaga og formanns þingflokks Alþb. Það ætla ég þó að segja að undirstöður Kolbeinseyjar eru traustari en undirstöður hans flokks. Það er óhætt að fullyrða.

En fyrir mér vakir fyrst og fremst að við aukum og treystum rétt okkar á hafinu. Þessi eyja gefur okkur mikinn rétt á hafinu og ef við getum ekki bjargað eyjunni sjálfri eigum við strax að koma þar upp mannvirkjum til þess að við getum sýnt þeim þjóðum, sem ekki hafa viljað viðurkenna Kolbeinsey sem grunnlínupunkt, að við séum þar með mannvirki sem við önnumst og lítum eftir. Þess vegna fagna ég því að menn skuli ætla sér að setja þar upp sjómerki, en hins vegar kemur mér mjög á óvart ef menn halda að það sé eitthvað úti í fjarskanum að setja upp veðurathugunarstöð í Kolbeinsey og þangað þurfi menn að fara nokkurn veginn daglega eða kannski oft á dag til að lesa af mælum. Slíkt er ekkert inni í myndinni og það er enginn að tala um slíkt. Við erum komin með búnað í dag sem t.d. Landsvirkjun notar uppi á öræfum. Við erum að tala um tækni sem sendir merkjasendingar til höfuðstöðvanna í landi og menn síðan lesa úr og gefa miklar upplýsingar. Þetta styrkir okkur enn í stöðunni til að bjarga þessari eyju.

En það er áhugi víðar en á Alþingi fyrir þessu. Svíar komu hér á sínum tíma. Fréttamenn frá Dagens nyheter flugu út í Kolbeinsey og heiðruðu okkur með því að láta okkur hafa forsíðu þess blaðs og eina opnu þegar þeir voru að fjalla um Kolbeinsey og hvað við værum að gera til að reyna að bjarga þessum grunnlínupunkti. Það voru hér eins og ég sagði áðan vísindamenn frá Bandaríkjunum og einnig frá bresku útvarpsstöðinni BBC. Næsta sumar eru Þjóðverjar að senda eitt af sínum stóru rannsóknarskipum til Íslands til frekari rannsóknar í Kolbeinsey. Ég hvet hæstv. ráðherra til að sjá til þess að íslenskir vísindamenn fái það fjármagn sem þeir þurfa til að geta verið virkir þátttakendur í þeirri rannsóknarferð.

Skólabifreiðar, ein umr.

Fsp. ID og MálmS, 335. mál. — Þskj. 664.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Víða út um land er akstur barna til og frá skóla yfirleitt í höndum íbúa sveitanna. Er það mjög af hinu góða svo framarlega sem lágmarkskröfum varðandi aðbúnað og öryggi er fullnægt. Bifreiðaskoðun fer víða fram seinni hluta vetrar þannig að ýmislegt getur verið úr lagi gengið að hausti þegar skólaakstur hefst, t.d. varðandi hjólbarða og annan öryggisbúnað. Þó svo að þau atriði er varða öryggi farþeganna séu í lagi getur ýmsu verið ábótavant varðandi aðbúnað, t.d. miðstöð léleg og sæti óþægileg. Einnig eru þrengsli oft mikil ef ekki er ætlað sérstakt pláss fyrir farangur. M.a. af þessum ástæðum leyfi ég mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvaða reglur gildi um eftirlit með þeim bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs. Á ég þá að sjálfsögðu einnig við bifreiðar frá sérleyfishöfum og öðrum þeim sem ekki teljast til íbúa sveitanna.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjendur spyrja hvaða reglur gildi um eftirlit með þeim bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs. Því er til að svara að þessar bifreiðir sæta venjulegum eftirlitsreglum. Það er ekki sérstakt eftirlit með þeim og ekki með þeim bílum sem flytja skólabörn. Þessir bílar eru ekki skráðir sérstaklega og það hafa ekki verið uppi um það tillögur að skoða þá bíla á annan hátt en almennt er gert.

Í reglugerð um búnað og gerð ökutækja eru ákvæði um fólksflutningabíla sem ætlaðir eru til að flytja fleiri en 16 farþega. Þetta eru hinar almennu reglur sem gilt hafa um skólabíla. En í einstökum tilfellum hefur Bifreiðaeftirlitið veitt unganþágu frá þessum reglum til þess að mæta aðstæðum í strjálbýli og hefur þá verið miðað við sérstakar verklagsreglur um leyfilegan fjölda barna í hverjum bíl og er þá miðað við sætapláss, gerð sætanna, bil milli sæta, upphitun í farþegarými og fleiri atriði sem auðvelt er

að afla upplýsinga um hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Að þessum skilyrðum uppfylltum, sem m.a. kveða á um hversu mörg börn megi vera í hverjum bekk af ákveðinni lengd og breidd, hefur verið heimilað að flytja fleiri börn í bílunum en ef þeir flyttu fullorðið fólk. Þau skilyrði eru þá sett að komið sé með slíka bíla í sérstaka skoðun og undanþágan hefur verið skrifleg og tímabundin. Eftirliti með þessum reglum er síðan haldið uppi af almennu vegaeftirliti sem einkum er í höndum löggæslumanna. En ég fullvissa fyrirspyrjendur um að ég mun huga að því hvernig þessu eftirliti er háttað og hvort ástæða er til að breyta þessum reglum.

Fyrirspyrjandi (Málmfríður Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hans svar. Það fór eins og mig varði að það væru ekki neinar sérstakar reglugerðir um þetta þó að svo séu einhverjar undantekningar í sambandi við það. Ég eiginlega undrast að það skuli ekki vera sérstakar altækar reglugerðir varðandi búnað ökutækja sem eru notuð til skólaaksturs þar sem segja má að þau séu með sérstaklega dýrmætan farm. En aðstæður bjóða oft upp á að notaðar séu frekar bifreiðar af lakara taginu en til annars konar fólksflutnings og það eru dæmi um slíkt. Ég vonast til þess að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því að settar séu sérstakar reglur varðandi skólabifreiðar sem verði framfylgt af bifreiðaeftirlitsmönnum, a.m.k. á hverju hausti.

Ný löggjöf um háskóla, ein umr.

Fsp. JBB, 342. mál. — Þskj. 672.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Sem sérstakur stuðningsmaður og aðdáandi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar hef ég kynnt mér stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun hennar gaumgæfilega, enda er það hlutverk Alþingis og alþm. að veita ríkisstjórninni hæfilegt aðhald. Í þessari starfsáætlun stendur m.a., með leyfi forseta:

„Fjárhagslegt sjálfstæði skóla verður aukið. Undirbúin verður ný löggjöf um skólastigin þrjú, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, og þar á meðal um háskóla á Akureyri."

Nú er það svo að starfsmenn Háskóla Íslands hafa mér vitanlega ekki séð neina sérstaka þörf á breytingum á lögum um Háskóla Íslands. Það er ekki alllangt síðan viðamikil endurskoðun fór fram á lögum um Háskóla Íslands og ég tel að það starf hafi tekist vel. Þó eru ýmsar breytingar sem menn hafa í huga að hrinda í framkvæmd, svo sem að stefna að því að kenna til MS-gráðu í raungreinum. Nám í sjávarútvegsfræðum hefur einnig komið mjög til umræðu í tengslum við Háskólann og hafa tillögur á hinu háa Alþingi verið fluttar þar um og efling rannsókna hefur verið sérstakt áhugamál Háskóla Íslands og starfsmanna hans. Og það ber að viðurkenna að á síðustu fjárlögum var Rannsóknasjóður Háskóla Íslands efldur verulega og er það til bóta.

Það er einnig talað um fjarkennslu og eins og réttilega var nefnt hér áðan er mikill áhugi á fjarkennslu í Háskóla Íslands og með þeim hætti að þjóna allri landsbyggðinni. Þess vegna leyfi ég mér að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.:

„Hver er tilgangurinn með endurskoðun laga um háskóla, sem boðuð er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, og hvernig miðar því verki?"

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. spyr: „Hver er tilgangurinn með nýrri löggjöf um háskóla, sem boðuð er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, og hvernig miðar því verki?"

Engin samræmd löggjöf er nú um kennslu á háskólastigi hér á landi, en með háskólastigi er átt við skóla eða skóladeildir sem gera stúdentspróf eða sambærilega menntun að skilyrði fyrir inntöku nemenda. Við eigum lög um Háskóla Íslands, um Kennaraháskólann og síðan lög um einstaka skóla sem bjóða upp á kennslu á háskólastigi í einhverjum mæli.

Í ljósi þess að á þessu skólastigi hefur framvindan verið ör hér og erlendis á undanförnum árum þykir nauðsynlegt að setja lagareglur sem skilgreina og samræma háskólanám, t.d. að samræma þær kröfur sem gerðar eru til nemenda sem taka ákveðnar prófgráður sem hafa alþjóðlegt gildi.

Á sínum tíma var Háskóli Íslands eini skólinn sem bauð upp á háskólakennslu hér á landi, en nú eru breyttir tímar sem kunnugt er. Við höfum nú Kennaraháskóla og Háskóla á Akureyri og reyndar er frv. um þann skóla nú að koma til umræðu í hv. Nd. og hefur verið afgreitt í Ed. Kennsla á háskólastigi fer einnig fram í Tækniskólanum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Samvinnuskólanum, kennaradeildum Tónlistarskólans og Myndlista- og handíðaskólans og Tölvuháskóla Verslunarskólans.

Í október á síðasta ári beitti ég mér fyrir því að setja á laggirnar samstarfsnefnd háskólastigsins og eiga sæti í henni forráðamenn skólastofnana þar sem fram fer nám á háskólastigi. Formaður nefndarinnar er Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor. Hlutverk nefndarinnar er að vera vettvangur fyrir umræður um málefni sem varða sameiginlega skóla á háskólastigi, að beita sér fyrir úrlausn sameiginlegra viðfangsefna og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál á verksviði nefndarinnar.

Sem fyrsta verkefni var nefndinni falið að semja drög að frv. til laga um háskólastigið. Nefndin hefur haldið tvo fundi og hvað lagasmíðina varðar hefur hún verið að afla sér gagna erlendis frá um sambærilega löggjöf. Ekki er ljóst hvenær því starfi lýkur, en væntanlega verður frv. til laga um háskóla lagt fram á næsta Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör hans um löggjöf um kennslu á háskólastigi, en ég vil leyfa mér að benda á og vara þingið við að ganga of hratt um í þessu máli. Hér er stórmál á ferðinni. Það er tvennt ólíkt, nám á háskólastigi og kennsla á háskólastigi, eða háskóli og kennsla í háskóla, og menn verða að gera sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni.

Ef menn hafa hugsað sér að setja upp eitthvert gagnfræðanám á Akureyri í einstökum greinum er það hið besta mál. Og menn tala um margs konar skóla út um allar jarðir og eru e.t.v. að byrja að reka einhvers konar refabúastefnu í háskólamálum. Ég vil leyfa mér að vara því því að svo verði gert.

Í Morgunblaðinu í morgun er stórfyrirsögn um rannsóknastofnun í sjávarútvegsfræðum. Þar stendur eftirfarandi um háskóla á Akureyri, haft eftir hæstv. menntmrh. „að hann teldi að skólinn ætti eftir að þróast í rannsóknastofnun í nokkrum greinum sem ekki væru rannsakaðar annars staðar í landinu, svo sem sjávarútvegsfræðum". Það vill svo til að ég var á fundi í morgun með forstjórum rannsóknastofnana atvinnuveganna og þá rak í rogastans við að heyra þetta. Það hefur ekki verið rætt um að Háskóli á Akureyri ætti að þróast í slíka rannsóknastofnun og það er greinilegt að miklu meiri umræða á eftir að fara fram áður en þetta mál verður til lykta leitt. Þetta er stórmál og við skulum vara okkur í afgreiðslu þess.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fsp. því að ég tel löngu tímabært að opna og efla umræðuna um nám á því skólastigi sem við tekur að framhaldsskólastiginu loknu. En í umræðunni sem fram hefur farið að undanförnu og þá sérstaklega í hv. menntmn. Ed. hefur þráfaldlega komið fram nauðsyn þess að nám á svokölluðum æðri skólastigum verði skilgreint og skipulagt og komið verði á sérstökum námsbrautum fyrir þá nemendur sem ekki hafa hug á háskólanámi í hefðbundnum skilningi þess orðs. Ég ætla að skora á hæstv. menntmrh., eins og ég reyndar gerði í gær, að taka á málefnum háskólastigsins eða þessa æðra skólastigs, eins og hann hefur reyndar getið um að í bígerð sé, þannig að Alþingi þurfi ekki að vera að afgreiða lög um stofnanir sem fyrir löngu hafa verið settar á stofn.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var greinilegt að hv. fyrirspyrjanda var mikið niðri fyrir og er raunar næsta furðulegt að maður sem talar í þessum anda um það merka starf sem nú er verið að vinna við Háskólann á Akureyri skuli vera kennari við Háskóla Íslands. Það eykur sannarlega ekki hróður þeirrar stofnunar, sem hann vinnur við, og ef þessi maður vill kenna sig við það að vera akademískur í hugsunarhætti og þykist hafa allar þær dyggðir sem slíka menn mega prýða yrði hann maður að meiri ef hann kæmi aftur upp í stólinn og bæðist afsökunar á þeim ummælum sínum að líkja háskólastarfinu á Akureyri við refabú og annað álíka smekklegt. Má raunar segja þegar maður horfir á hv. þm. að hann minni kannski fremur á mink en ref, en a.m.k. er ég þess fullviss að loðdýrakyns er hann þegar hann mælir þau orð sem hann sagði í stólnum áðan.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég harma að sá sem mælti áðan, hv. 2. þm. Norðurl. e., skuli taka svona í málið þegar ég vara við að rasa þannig um ráð fram að keyra í gegn stofnun á háskóla, Háskólinn á Akureyri heitir hann, án þess að þingið viti hvað er að gerast. Þetta minnir á það offors þegar Krafla var sett á laggirnar, að sérstakir áhugamenn um slíka hluti keyrðu málin í gegn áður en fullkannað var hver þörfin væri fyrir slíka stofnun.

Ég ber fulla virðingu fyrir því fólki sem starfar við Háskólann á Akureyri núna, ef ég mætti nefna stofnunina því nafni, og ég veit að því fólki gengur gott eitt til. Þess vegna vona ég að því gangi vel í þess starfi. En við skulum ekki rugla saman háskóla og öðrum fræðslustofnunum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur beðið um orðið, en það er ekki hægt að veita honum orðið. Hann hefur þegar gert eina athugasemd og það er viðtekin regla að það er ekki hægt að gera meira. Forseti skilur að menn vilji gjarnan alltaf geta bætt við hvaða umræðu sem er. En það er svo í hverju máli, að einhvern tíma verður hverjum leik að hætta.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Málefni Háskólans á Akureyri koma væntanlega til umræðu í Nd. í næstu viku þannig að óþarfi er að lengja umræður um þann skóla hér, en ég vil hins vegar ekki láta því ómótmælt að það mál sé keyrt í gegn með einhverju offorsi og án undirbúnings. Sannleikurinn er sá að málefni Háskólans á Akureyri hafa verið í undirbúningi síðan 1982 og það hjá hinum færustu mönnum. Fleiri en ein nefnd hefur komið að málinu. Rektor Háskóla Íslands hefur mjög verið hafður með í ráðum, átti sjálfur sæti í þeirri nefnd sem undirbjó þann skóla og fjallaði um það lagafrv. sem hér liggur einnig fyrir. Þetta mál hefur því fengið vandaðan undirbúning. Það hefur fengið mjög ítarlegan undirbúning. Þó að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að af einhverjum einkennilegum ástæðum séu vissir aðilar við Háskóla Íslands mjög andvígir því að setja þennan háskóla upp tel ég það rétt að setja upp háskóla á Akureyri í þeirri mynd sem verið er að fjalla um. Ég tel það stórkostlegt byggðamál að skóli af þessu tagi skuli vera settur á laggirnar á Norðurlandi eystra, á Akureyri, og tel að hvorki Alþingi né aðrir, sem að því máli hafa staðið, þurfi á nokkurn hátt að fyrirverða sig fyrir að háskólinn skuli nú vera settur á stofn á Akureyri.

Vísindastefna, ein umr.

Fsp. JBB, 343. mál. — Þskj. 673.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Auglýst er eftir vísindastefnu. Mér vitanlega hefur þessi ríkisstjórn ekki markað heildstæða vísindastefnu né nokkur fyrri ríkisstjórn Íslands.

Að vísu eru til núna lög um Vísindaráð og Vísindasjóð. Það eru einnig til lög um Rannsóknaráð og Rannsóknasjóð. Stofnun Rannsóknasjóðs fyrir fjórum árum var merkilegur áfangi í vísindastarfsemi á Íslandi og ber vissulega að fagna. Sjóðurinn hafði þá 50 millj. kr. til úthlutunar, en nú hefur hann 70 millj. og hefur því rýrnað nokkuð að raungildi, því miður. Þessi lög um Vísindaráð og Rannsóknaráð mynda þann ramma sem vísindastarfsemin í landinu á að vinna innan.

Hins vegar skortir töluvert á það eldsneyti sem starfsemin á að ganga fyrir. Það vantar þá liti sem við viljum mála með það málverk sem í þessum ramma á að vera. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh.: „Hver er vísindastefna ríkisstjórnarinnar og hvenær ætlar hún að ná svipuðum markmiðum og nágrannalöndin um framlög til rannsókna sem hlutfall af þjóðartekjum?“

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. spyr: „Hver er vísindastefna ríkisstjórnarinnar og hvenær ætlar hún að ná svipuðum markmiðum og nágrannalöndin um framlög til rannsókna sem hlutfall af þjóðartekjum?“

Því er til að svara að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Lagður verði traustur grunnur að samfélagi framtíðarinnar með því að efla íslenska menningu, menntun, rannsóknir og vísindi.“

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Verkefnastyrkjum til vísindarannsókna verði fjölgað, einkum á sviði nýtæknigreina.“

Í kafla um sjávarútvegsmál segir: „Rannsókna- og þróunarstarf í sjávarútvegi, þar á meðal á sviði fiskeldis í sjó og við sjó, verður aukið.“ Einnig er á öðrum stað rætt um að auka rannsóknir í landbúnaði.

Ég hygg að í þessum fyrirheitum felist það sem nefna má vísindastefna ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir mikilvægi vísinda og rannsókna fyrir framþróun atvinnulífsins og menningar- og menntalíf okkar almennt og vill reyna að stuðla að eflingu þeirra.

Um þýðingu rannsókna í þágu atvinnuveganna þarf ekki að deila. Án þeirra verða engar framfarir heldur stöðnun og kyrrstaða. Ef við Íslendingar ætlum okkur að verða samkeppnisfærir á erlendum mörkuðum með afurðir okkar og búa okkur áfram nútímalegt þjóðfélag verðum við að sinna rannsóknum og þróunarstarfsemi af fullri alvöru og einurð. Skammsýni í þessum efnum kæmi okkur í koll síðar.

Á síðasta ári voru sett ný lög um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Sú lagasetning markar þáttaskil á sviði rannsóknar- og þróunarstarfsemi hér á landi. Með þessum nýju lögum er komið á samræmdri heildarskipan vísinda- og rannsóknamála hér á landi svipaðri þeirri sem þekkist í nágrannalöndum okkar. Ég hef þá trú að þetta stuðli ekki aðeins að því brýna verkefni að samræma stefnumótun í rannsóknum heldur verði lögin rannsókna- og vísindamönnum okkar örvun í starfi og leið til grósku í rannsóknum og þróunarvinnu og framfara á sviði vísinda og tækni. Þá geng ég að því vísu að þessi starfsemi búi við viðunandi fjárhagsleg skilyrði. Það er vitaskuld til lítils að setja mikla lagabálka um skipulag rannsókna ef ekkert fé fæst til þeirra.

Á fjárlögum þessa árs er því miður ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til rannsókna í þágu atvinnuveganna eða vísindarannsókna almennt sem æskilegt væri. Aðstæður í efnahagsmálum og ríkisfjármálum setja okkur þröngar skorður. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að rannsóknastofnanir atvinnuveganna verði í auknum mæli reknar fyrir sértekjur sínar, þjónustugreiðslur frá atvinnulífinu. Full ástæða er enn fremur til að hafa í huga að á fjárlögum er um að ræða verulega hækkun á fjárveitingum til Rannsóknasjóðs Háskólans. Hann hefur nú til ráðstöfunar 25 millj. kr. en hafði 12 millj. á síðasta ári. Beint framlag ríkisins til Vísindasjóðs og Vísindaráðs nemur rúmum 15 millj. kr. en áður voru tekjur Vísindasjóðs nær eingöngu af arðsjóði Seðlabankans. Framlög ríkisins til Rannsóknasjóðs á fjárlögum 1988 eru 70 millj. kr. og er hækkun á milli ára minni en hækkun verðbólgu. Þá má nefna framlög til sérgreindra verkefna eins og rannsókna við Mývatn og þátttöku í sérstöku verkefni á vegum EUREKA, þ.e. fiskiskips næsta áratugarins.

Á síðasta ári sat ég fund ráðherra sem fara með vísindamálefni í OECD-ríkjunum. Þar var mikil áhersla lögð á að efla yrði þekkingu og skilning almennings á vísindum og rannsóknum. Þetta er að sjálfsögðu verkefni skólanna að verulegu leyti, en það skiptir líka máli með hvaða hætti umræður um þessi efni eru í fjölmiðlum og annars staðar á opinberum vettvangi. Því miður held ég að nokkuð skorti á það hér á landi að rannsóknir og þróunarstarf njóti ríkulegs skilnings alls almennings. Það er vafalaust ein ástæðan, kannski höfuðástæðan fyrir því að stjórnmálamenn og fjárveitingavald hafa ekki það aðhald í þessum efnum sem æskilegt væri.

Um það hefur ekki verið mörkuð nein stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar hvenær framlög til rannsókna sem hlutfall af þjóðartekjum verði svipuð

hér á landi og í nágrannalöndum. Allur samanburður af þessu tagi er líka erfiðleikum bundinn. Full ástæða er þó til að athuga þetta mál og mun ég beita mér fyrir að það verði gert. Ég tel mjög tímabært að móta heildstæða vísindastefnu hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans góðu svör við þessari spurningu og þann mikla áhuga sem hann, ráðuneyti hans og ríkisstjórn sýna á rannsóknarmálum. Ég vil líka fagna því að hann skuli vilja beita sér fyrir frekari athugun á markmiðum þeim sem felast í spurningunni: hvenær við megum vænta þess að ná svipuðu hlutfalli í framlögum til rannsókna og þróunar sem hlutfall af þjóðartekjum og í nágrannalöndunum.

Margt hefur gerst sem til bóta er á undanförnum árum og í tíð núverandi ríkisstjórnar og menntmrh., einkum í sambandi við framlög til Rannsóknasjóðs Háskólans, sem hann hér nefndi, og ber að fagna því og ég veit að Háskóli Íslands fagnar því mjög. Hins vegar stefnum við ekki nógu markvisst að því að ná þessum ofangreindu markmiðum. Ég hef sett fram þá skoðun að við ættum að setja okkur eitthvert markmið eins og 1½% af þjóðartekjum á einhverju árabili, til t.d. 1995. Hér er ég með tiltölulega nýlega töflu, línurit sem sýnir framlög okkar og nálægra þjóða til rannsóknarmála, og línan neðst lýsir Íslandi. Í morgun dró framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins þessa línu áfram og hún beygir því miður niður á við. Þetta þurfum við að athuga gaumgæfilega. En ég fagna áformum menntmrh.

Stofnun smáfyrirtækja, ein umr.

Fsp. JBB, 344. mál. — Þskj. 674.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Sem svar við fsp. sérstaks áhugamanns um velferð hæstv. ríkisstjórnar vil ég fyrst nefna framlag ríkisins til Rannsóknasjóðs sem settur var á laggirnar árið 1985. Framlag ríkissjóðs í hann er 70 millj. kr. í ár eins og fram hefur komið í umræðum fyrr í dag. Rannsóknasjóður hefur sett upp forgangs- og matsreglur sem hafðar eru til hliðsjónar við úthlutun. Sérstök áhersla er nú lögð á verkefni á sviðum efnistækni, fiskeldis, upplýsinga- og tölvutækni, líf- og lífefnatækni, nýtingar orku til nýrrar eða bættrar framleiðslu, matvælatækni, framleiðni- og gæðaaukandi tækni. Mat á verkefnum, sem sótt er um styrk til, er byggt á í fyrsta lagi líklegri gagnsemi verkefnis, í öðru lagi gildi fyrir eflingu tækniþekkingar eða þróunar atvinnugreina, í þriðja lagi möguleikum á hagnýtingu á niðurstöðum hér á landi, í fjórða lagi hæfni rannsóknarmanna sem eru umsækjendur og í fimmta lagi líkindum á árangri.

Árið 1987 voru einstaklingar og fyrirtæki styrkþegar eða þátttakendur með öðrum í 30 styrkjum af 42 með 57% fjármagnsins, en hrein stofnunarverkefni eru 12 með 43% fjármagnsins. Af heildarkostnaði þessara verkefna leggur Rannsóknasjóður fram 53% fjárins, en mótframlag annarra er 47%. Þetta þýðir að 127 millj. hafa gengið til þessara verkefna á árinu 1987.

Rannsóknasjóður hefur þannig verulega komið til móts við þörf fyrir fé til rannsóknar- og þróunarverkefna í nýjum tæknigreinum og leitt til nánari samvinnu stofnana og einkaaðila um þróunarverkefni á nýjum tæknisviðum. Með þessum hætti hefur rannsóknasjóðurinn ýtt undir stofnun smáfyrirtækja í þessum greinum.

Vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs hefur lánað til þróunarverkefna. Eitt af þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt er vöruþróunarátak Iðntæknistofnunar. Ríkið hefur lagt fram fé til þessa verkefnis og vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs hefur lagt fram nokkurt fé á móti.

Hjá Iðntæknistofnun hefur verið unnið mikið rannsóknar- og þróunarstarf. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt hefur Iðntæknistofnun undanfarin þrjú ár verið þátttakandi í umfangsmiklu líftækniverkefni ásamt þremur öðrum stofnunum. Ákveðið hefur verið að stofna hlutafélag á grundvelli niðurstaðna þessa verkefnis og hefur verið leitað til atvinnulífsins um þátttöku í hlutafélaginu. Þróunarverkefnið er nú komið á það stig að unnt er að setja af stað rekstur byggðan á þeim hugmyndum og verkefnum sem þar hefur verið unnið að á sl. þremur árum. Skv. lögum stofnunarinnar er henni heimilt að gerast hluthafi í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum að fengnu samþykki stjórnar og iðnrh. Ég hef fyrir mitt leyti samþykkt að Iðntæknistofnun Íslands kaupi hlutafé fyrir allt að 800 þús. kr. í þessu fyrirtæki.

Enda þótt mikilvægt sé að ný fyrirtæki verði til, m.a. í þeim greinum sem fyrirspyrjandi nefnir og nefnd eru í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, er margt sem bendir til þess að þar sé ekki síður vænlegt til árangurs að örva nýsköpun í starfandi fyrirtækjum. Í því sambandi vil ég nefna hugsanlega þátttöku íslenskra fyrirtækja við endurnýjun ratsjárkerfis Atlantshafsbandalagsins hér á landi. Verkið er boðið út í öllum aðildarlöndum Atlantshafsbandalagsins og í byrjun ársins 1989 er áætlað að búið verði að semja við eitthvert erlent stórfyrirtæki um að vera aðalverktaki. Íslenskir aðilar eiga því að þessu leyti sömu möguleika á að vinna að verkinu eins og aðrir, en vegna þess hve verkið er stórt og sérhæft er ekki um það að ræða að íslensk fyrirtæki komi til greina sem aðalverktakar. Hins vegar eru margir verktakar þess eðlis að þeir henta vel íslenskum fyrirtækjum í rafeindaiðnaði. Þátttaka íslenskra fyrirtækja verður því án efa til þess að stórefla færni og þekkingu á rafeinda- og tölvusviði og getur þannig orðið mikil

lyftistöng fyrir slíka starfsemi í landinu.

Þróunarfélagið hf. hefur með starfi sínu liðkað til við stofnun og starfsemi fyrirtækja m.a. í hátæknigreinum. Nefna má að eftir fjárhagslega endurskipulagningu Marels hf. keypti Þróunarfélagið 40% af hlutafé, en það voru 20 millj. kr. Enn fremur hefur félagið lánað einum aðila vegna útflutnings á hugviti 2 millj. kr. Til líftækniiðnaðar hefur Þróunarfélagið lánað 23 millj. kr. og nú er félagið með í athugun þátttöku í tveimur verkefnum í þessum greinum.

Með breyttum lögum um Iðnþróunarsjóð frá árinu 1986 hafa opnast möguleikar til að útvíkka verksvið sjóðsins. Fyrirtæki í þessum greinum, sem um ræðir í fsp., eiga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum aðgang að lánsfé frá sjóðnum.

Ný tækni í iðnaði er heiti á samstarfsverkefni Iðnþróunarsjóðs og Iðntæknistofnunar Íslands. Markmið þessa verkefnis er að stuðla að aukinni framleiðni í hefðbundnum iðnaði með notkun nýrrar tækni og að aðstoða fyrirtæki við að auka sjálfvirkni í íslensku atvinnulífi sem á að leiða til aukinnar framleiðni. Hagsmunaaðilar verkefnisins eru rafeindaiðnaðarfyrirtæki og fyrirtæki í framleiðsluiðnaði.

Iðnþróunarsjóður hefur ákveðið að verja 10 millj. kr. á næstu tveimur árum til áframhaldandi aðgerða á þessu sviði. Mun sjóðurinn veita fyrirtækjum styrk er nemur 50% af áætluðum kostnaði við kerfisgreiningu, kerfislýsingar og gerð útboðsgagna, samanburð og mat tilboða, verkeftirlit með uppsetningu, innkeyrslu og þjálfun. Auk þessa má nefna lánastarfsemi Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs.

Ætla má, herra forseti, að aðgerðir ríkisins og framlög, sem hér hefur verið greint frá, stuðli ásamt öðru að stofnun og starfsemi smáfyrirtækja á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni sem byggist á hugviti og markaðsþekkingu fyrirtækja á sviði nýrrar tækni, t.d. líf- og rafeindatækni, og hagnýtingar slíkrar tækni í hefðbundnum atvinnugreinum svo sem boðað er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti viðhafði helst til mikinn flýti hér þegar þetta mál var tekið til umræðu. Hv. fyrirspyrjanda var ekki gefinn kostur á að gera grein fyrir fsp. Fsp. var greinileg í þskj. og hæstv. ráðherra hefur þegar svarað. Forseti biður hv. fyrirspyrjanda afsökunar á þessu.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég óttast að ég sé orðinn hálfgerð þingplága. Þegar ég bar fram þessar fsp. gerði ég mér ekki grein fyrir því að þær kæmu fimm saman allar á sama degi og vissulega afsaka ég þessi smávægilegu mistök.

Ég þakka hæstv. iðnrh. hans skýru svör um þetta mál og fagna því sem gert hefur verið í þessum efnum. Nú er það svo að fyrir tilstilli öflugs stuðnings og aukins við rannsóknastarfsemi í landinu á undanförnum missirum, einkum verkefnabundinnar rannsóknarstarfsemi, sem er afar mikilvæg og ber að leggja áherslu á, hafa framfarir á þessu sviði og vonir manna aukist mikið. Nú stöndum við frammi fyrir því að nokkur fjöldi fyrirtækja á þessum nýtæknisviðum verða stofnuð og standa vonir til þess að ríkið komi til móts við þá viðleitni með ýmsum hætti. Ég fagna því að ráðherra hefur þetta mál svo mjög til athugunar og hefur mikinn áhuga á því. Það er hins vegar sorgleg staðreynd í þessu að framlag til Rannsóknasjóðs hefur heldur minnkað, eins og ég benti á áðan, og þyrftum við að gera betur í því sérstaka efni. Einnig þurfum við að setja okkur þau markmið sem ég talaði um áðan. Þá hefur verið bent á að framlög til þeirrar stofnunar, sem hvað mest stundar þá starfsemi að efla rekstur smáfyrirtækja og aðstoða við stofnun þeirra, Iðntæknistofnunar, hafa heldur rýrnað milli ára, þ.e. um 20%. Þetta er minnkun í hlutfalli heildarfjármagns til rannsóknar- og þróunarstarfsemi úr 9,2% á árinu 1985 í 7% á árinu 1988. Vissulega getur það verið í lagi að hlutfallið minnki eitthvað ef heildarmagnið eykst verulega, en nú er því ekki fyrir að fara.

Ég vil benda á þessi atriði og vonast til þess að þau verði tekin til meðferðar.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda hans ræðu. Hér áttu sér stað mistök en skipta ekki máli því ég held að við séum sammála, ég og hv. fyrirspyrjandi, um þessi mál. Ég vil beina því til hans sem sérstaks áhugamanns um velferð þessarar ríkisstjórnar hvort hann vilji ekki vera svo góður að flytja þetta mál við hæstv. fjmrh., það mun ekki standa á mér að styðja aukna fjármuni til Rannsóknasjóðsins og ég veit að hv. þm. ber hag þess sjóðs fyrir brjósti.

Í öðru lagi vil ég þakka hv. þm. það að minnast á Iðntæknistofnun Íslands. Í því sambandi vil ég geta þess að ég hef skipað nefnd þriggja þm., þeirra Ólafs G. Einarssonar, Páls Péturssonar og Sighvats Björgvinssonar, og beðið þá um að fara ofan í saumana á fjárhagsstöðu Iðntæknistofnunar og gera tillögur um það hvernig því verði best komið til leiðar að gera þá stofnun sjálfstæða. Ég vil enn fremur minna á að núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ýmislegt gert til þess að létta undir með fyrirtækjum, t.d. með tollalögum, með því að stefna að því að virðisaukaskattur verði tekinn upp og með því að jafna aðstöðu á milli einstakra atvinnugreina. Allt þetta ætti að liðka til fyrir stofnun smáfyrirtækja. Þá er mikilvægt að auka eigið fé í fyrirtækjum og auðvelda fólki að leggja sparifé sitt í atvinnurekstur, en leið til þess er að koma á hlutabréfamarkaði en jafnframt verður að samræma skattlagningu sparifjár og hætta að gera greinarmun á því hvort sparnaður er í formi hlutafjár eða sem inneign í banka eða spariskírteini.

Eitt mesta hagsmunamál alls atvinnurekstrar, hvort sem um er að ræða ný eða gömul fyrirtæki og

hvort sem þau starfa að líftækni eða trésmíði, er stöðugt verðlag. Það hefur verið helsta verkefni margra ríkisstjórna að ná tökum á verðbólgunni. Enda þótt þar hafi náðst mikill árangur er verðbólga enn mun meiri hér á landi en í nágrannalöndum okkar og ég hygg að það sé eitt mesta kappsmál allra þeirra sem vilja liðka til fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, smárra sem stórra, að koma í veg fyrir það að verðbólgudraugurinn fái að valsa um hér á landi óhindraður.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, geta þess að það virðist vanta í kerfið hjá okkur það sem kalla mætti fjármuni til þess að brúa það bil sem verður á milli annars vegar vísinda- og rannsóknarstarfsins og hins vegar að koma hugmyndum og verkefnum á markað. Þar vantar greinilega sjóð eða opinberan stuðning. Vil ég nefna þetta sérstaklega hér sem verkefni sem takast þarf á við á næstunni því til eru dæmi þess að mál hafi verið skoðuð og þau þróuð en síðan þegar kemur að því að setja framleiðsluna á markað þá skortir fjármuni til að hægt sé að standa straum af kostnaði við það.

Allt þetta þarf auðvitað að skoðast og ég veit að hæstv. ríkisstjórn og allir aðrir þeir sem hafa áhuga á þessum málum hljóta að taka höndum saman um það að hrinda þessu verkefni sem og öðrum, sem hér hafa verið nefnd, í framkvæmd.

Fulbright-stofnunin, ein umr.

Fsp. JBB, 345. mál. — Þskj. 675.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil í máli mínu núna beina sjónum Alþingis að Fulbright-stofnuninni, Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna sem starfað hefur hér á Íslandi í u.þ.b. þrjátíu ár að ég hygg.

Þessi stofnun hefur stuðlað að skiptum vísindamanna og stuðlað að því að styrkja nemendur til framhaldsnáms í bandarískum háskólum. Á næsta skólaári hygg ég að stofnunin ætli að styrkja níu eða tíu nemendur frá Íslandi til háskólanáms í Bandaríkjunum með, ef ég man rétt, um 100 þús. kr. framlagi til hvers nemanda, en þetta framlag er tvöfaldað til þrefaldað að verðmæti í Bandaríkjunum vegna þess að þar koma framlög þeirra skóla sem nemendurnir stunda nám við. Nú er svo komið fyrir þessari stofnun að starfsemi hennar er í hættu vegna þess að framlag okkar er fremur lítið, þó að það hafi að vísu hækkað, ég hygg að það sé á fjárlögum fyrir þetta fjárlagaár um 200 þús. ísl. kr. Ég held að ég fari rétt með að þetta sé 5% eða þar um bil á móti framlagi Bandaríkjamanna. Margar svipaðar stofnanir starfa í nágrannalöndunum í Vestur-Evrópu og þar hygg ég að framlag þeirra ríkja á móti framlagi Bandaríkjanna til þessarar starfsemi sé miklu meira, í sumum tilfellum helmingur eða jafnvel meira.

Ég óttast það að þessi starfsemi sé í hættu, það eru ýmsar vísbendingar um það, og þess vegna ber ég fram þessa spurningu til hæstv. menntmrh.:

Hver eru hlutfallsleg framlög Íslendinga og Bandaríkjamanna til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna, Fulbright-stofnunarinnar, og hvernig er hlutfallslegt framlag Íslendinga borið saman við framlög annarra landa til sams konar samstarfs, þ.e. Fulbright-stofnana þeirra landa?

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Spurt er: „Hvernig skiptast framlög Íslendinga og Bandaríkjamanna til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna, Fulbright-stofnunarinnar, hlutfallslega?“

Því er til að svara að áætlað framlag Bandaríkjanna fyrir árið 1988 er 5 millj. 365 þús. kr. eða 145 þús. dollarar. Framlag Íslands fyrir árið 1988 er 230 þús. kr. eða 6216 dollarar. Áætlaður heildarkostnaður Fulbright-stofnunarinnar er 6 199 700 kr. og telst því framlag Bandaríkjanna vera 91% af heildarkostnaði en framlag Íslands 4% af heildarkostnaði. Aðrar tekjur Fulbright-stofnunarinnar eru vextir af bankareikningum og yfirfærðar tekjur frá síðasta ári er samtals nema 5% af heildarkostnaði.

Í öðru lagi er spurt: „Hvert er hlutfallslegt framlag Íslendinga borið saman við framlög annarra landa til sams konar samstarfs?“

Svar: Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið aflaði sér frá Fulbright-stofnuninni um samanburð á framlögum nokkurra Evrópuþjóða til Fulbright-stofnana á árunum 1984 og 1985 sést eftirfarandi:

Á árinu 1984 var framlag Danmerkur 16% af heildarkostnaði, Noregs 19%, Svíþjóðar 35%, Bretlands 29% og Frakklands 20%. Á þessu sama ári var framlag Íslands 1% af heildarkostnaði. Á árinu 1985 var framlag Danmerkur 14% af heildarkostnaði, Noregs 20%, Svíþjóðar 36%, Bretlands 28% og Frakklands 20%. Framlag Íslands á árinu 1985 var 1% af heildarkostnaði Fulbright-stofnunarinnar þetta ár.

Því miður liggja ekki fyrir nýrri upplýsingar um þetta efni. Á þessu ári hefur hlutfallstalan hækkað verulega eins og fram kom í svari við fyrstu fsp. en ég tel að gera þurfi betur í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra mjög greinargóð svör við þessari spurningu. Það er sem ég óttaðist að framlag okkar er mjög lágt og það hefur líka gerst á þessu síðasta ári að í viðleitni sinni til að rétta fjárlagahallann hefur Bandaríkjastjórn að ég hygg minnkað sitt framlag, þannig að starfsemi stofnunarinnar er í hættu. Þetta veit ég. Hættan er sú að þessi stofnun verði lögð niður og þessir peningar færðir á einhvern annan vettvang þar sem stúdentar munu ekki njóta góðs af og stóraukið álag mun færast á Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég vil því hvetja ríkisstjórnina til að gefa þessu litla máli örlítinn gaum og auka okkar framlag sem er ekki hátt í krónutölu. Það tekur ekki mikið að þrefalda, fjórfalda þetta framlag, þannig að við séum þó sambærilegir við nágranna okkar hér aðeins austan við álana.

Endurskoðun kosningalaga, ein umr.

Fsp. JBB, 346. mál. — Þskj. 676.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég sagði það fyrr í dag að ég væri einlægur fylgjandi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar og sannur aðdáandi forsrh., Þorsteins Pálssonar sjálfs, og hefði unnið með honum. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram þessa fsp. En áður en ég geri það langar mig til að vitna í þá ræðu sem ég flutti hér fyrir nokkrum dögum um stjórnarskrána, en þar sagði ég eftirfarandi:

„Herra forseti. Af þessum ástæðum og öðrum virðist auðsýnt að grundvallarbreytinga er þörf á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Skilgreina þarf frá grunni umfang og aðgreiningu valdþáttanna þriggja, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, þar sem skýrt er kveðið á um það gagnkvæma eftirlit og aðhald sem þeir eiga að hafa hver með öðrum. Í þessu fælist væntanlega einnig endurskoðun á hlutverki forseta lýðveldisins.

Ýmsa aðra þætti stjórnskipunar og afstöðu þegnanna til samfélags og ríkis er brýnt að fjalla um á þjóðfundi og kveða á um í nýrri stjórnarskrá. Læt ég hér nægja að nefna nokkra brýnustu og augljósustu þættina, svo sem starfshætti Alþingis og deildaskiptingu þess, jafnræði þegnanna og almenn mannréttindi, hagsmunaárekstra, þjóðaratkvæðagreiðslur og síðast en ekki síst breytingar eða viðbætur við stjórnarskrána sjálfa og frumkvæði þar um."

Ég nefni þetta vegna þess að í þessum orðum felast grundvallarþættir lýðræðisins, þ.e. jafnræði þegnanna sem kemur m.a. fram í jöfnu vægi þeirra í atkvæðagreiðslum til löggjafarvaldsins. Af þeim ástæðum spyr ég því að um það er fjallað í stefnuskrá og starfslýsingu ríkisstjórnarinnar:

„Að hvaða markmiðum stefnir ríkisstjórnin með endurskoðun kosningalaga sem boðuð er í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun hennar og hvernig miðar því starfi?"

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er ákvæði um það í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að kosningalög skuli endurskoða. Það er ekki tekið fram í yfirlýsingunni með hvaða hætti það skuli gert. Sú venja hefur skapast að á Alþingi hefur verið leitast við að ná sem víðtækustu samkomlagi um endurskoðun á stjórnarskrá og kosningalögum þegar þau mál hafa verið til meðferðar þó að fullt samkomulag hafi ekki í öllum tilvikum tekist. Þó var það svo að þau kosningalög sem nú gilda voru samþykkt með samkomulagi þeirra flokka sem þá sátu á Alþingi.

Mín skoðun er sú að þessi kosningalög séu um margt gölluð. Álitaefni er við þessar aðstæður hvort breyta eigi kosningalögum eða leggja mikla vinnu í að breyta kosningalögunum miðað við núgildandi stjórnarskrárákvæði. Einkanlega er þetta álitaefni í ljósi þess að stjórnarskrárnefnd hefur setið að störfum og fjallar m.a. um breytingar á kjördæmaskipan. Það þótti því rétt að óska eftir því við stjórnarskrárnefnd að hún hraðaði sérstaklega tillögugerð sinni að því er varðar þau ákvæði stjórnarskrárinnar er lúta að kjördæmaskipan og fyrirkomulagi kosninga til Alþingis. Á þeim grundvelli yrði síðan hægt að hefja vinnu að nýjum kosningalögum.

Ég tel að þessi málsmeðferð sé sú skynsamlegasta í þeirri stöðu sem við nú erum í. Og fyrir því skrifaði ég 4. sept. 1987 stjórnarskrárnefnd svohljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að kosningalög verði endurskoðuð. Nauðsynlegt er að tengja tillögugerð um þau stjórnarskrárákvæði er lúta að kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi saman við væntanlega endurskoðun á kosningalögum. Með hliðsjón af framangreindu er þess hér með óskað að stjórnarskrárnefnd taki þessi stjórnarskráratriði til sérstakrar meðferðar. Mikilvægt er að verkinu verði hraðað svo sem kostur er, þannig að í framhaldi af því yrði unnt að hefja endurskoðun kosningalaga."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá formanni stjórnarskrárnefndar hefur nefndin tekið þetta bréf og stefnir að því að afgreiða málið í samræmi við þessa ósk.

Ég get svo tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að það á að vera grundvallaratriði varðandi stjórnarskrárákvæði um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga og kosningalög að staða kjósenda sé sem jöfnust og þeir hafi sem jafnasta aðstöðu til þess að hafa áhrif á löggjafarmálefni.

Fyrirspyrjandi (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans góðu og greiðu svör við þessari spurningu. Ég vil minna á það líka að frá lýðveldisstofnun hafa stjórnarskrárbreytingar nær eingöngu fjallað um breytingar á kjördæmaskipan og ég tel að þessi reynsla okkar hafi kennt okkur að atriði eins og kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan séu betur komin í almennum lögum en stjórnarskránni nema aðeins í aðalatriðum, m.a. þá þessum jafnræðisatriðum sem ég nefndi, svo við neyðumst ekki til þess á tiltölulega fárra ára fresti að endurskoða og breyta stjórnarskránni.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, ein umr.

Fsp. HBl, 350. mál. — Þskj. 680.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Lög um skipan prestakalla og prófastsdæma eru síðan 1970. Ég hygg að þá þegar hafi verið í þeim ýmis ákvæði sem orkuðu tvímælis með hliðsjón af þeim öru breytingum sem þá voru að gerast í byggðamálum hér á landi, en eins og við vitum hafa síðustu 16 ár verið með mjög öðrum hætti en menn þóttust sjá fyrir á þeim tíma og nú er svo komið, ef maður lítur á einstök prestaköll, að í hinu minnsta þeirra, sem ég hygg að sé norður á Ströndum, Árnesprestakall, eru rúmlega 150 eða 160 manns, en í stærsta prestakallinu eru nær 10 þús. manns hér uppi í Árbæjarhverfi. Það er að vísu svo í þessum lögum að gert er ráð fyrir að sem næst 5 þús. manns séu í prestakalli þannig að fyrir dyrum liggur að skipta því prestakalli, en eigi að síður er ljóst, ef maður lítur yfir þessi lög og virðir fyrir sér hvernig skipan prestakalla og prófastsdæma er nú, að ástæða er til að leggja aðrar áherslur á kristnistarfið og prestsstarfið, sérstaklega með hliðsjón af því að hægt sé að efla æskulýðsstarf, starf fyrir aldraða og á sjúkrahúsum á þeim stöðum sem fjölmennastir eru.

Ég þarf ekki að fjölyrða um hvaða þýðingu kristin kirkja hefur fyrir okkar þjóðfélag, menningu okkar og siðferði og veit að hv. þingdeildarmenn eru mér sammála um að kirkjuskipanin verður á hverjum tíma að vera í samræmi við þarfir þjóðfélagsins og sniðin eftir byggðinni eins og hún er á hverjum tíma. Af þessum sökum legg ég fram þá fsp. hvað líði endurskoðun laga um prestaköll og prófastsdæmi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. spyr hvað líði endurskoðun laga um skipan prestakalla og prófastsdæma í landinu. Því er til að svara að með bréfi 1. okt. 1985 skipaði þáv. kirkjumálaráðherra, Jón Helgason, sex manna nefnd til þess að endurskoða skipan prestakalla og prófastsdæma. Þessi nefnd hefur starfað síðan og haldið allmarga fundi, auk þess sem hún hefur ferðast um prófastsdæmin, átt fundi með prestum og fulltrúum safnaða og safnað ýmsum gögnum. Starfi þessarar nefndar er ekki lokið, en að því mun stefnt að ljúka því nú fyrir vorið. Það er augljóst, og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að skipan prestakalla þarf að fylgja þróun byggðarinnar í landinu. Prestaköllin eiga að miðast við fólk fremur en landsvæði þótt auðvitað þurfi að taka tillit til samgangna, hefða og fleiri atriða sem þarna skipta máli.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á bæði fámennasta og fjölmennasta prestakallið. Í því sambandi get ég bætt við upplýsingum um að í fimm prestaköllum er íbúafjöldinn núna innan við 200 manns, í 24 prestaköllum er hann innan við 500 íbúa. Aftur á móti eru fleiri en 4000 íbúar í 27 prestaköllum. Íbúafjöldi að baki hvers sóknarprests í Reykjavíkurprófastsdæmi er nú að meðaltali um 5100, en um 1400 utan Reykjavíkurprófastsdæmis. Í fimm prestaköllum eru núna tvær prestsstöður, en það þykir ekki hafa gefið góða raun og kirkjuþing vill breyta þeirri skipan þannig að einungis verði um einmenningsprestaköll að ræða, ef það orð mætti nota.

Það er hlutverk nefndarinnar sem fyrrv. kirkjumálaráðherra skipaði að koma með tillögur sem lagi prestakallaskipunina að breytingum í byggð landsins og jafni eftir því sem unnt er vinnuálag prestanna. En nefndin þarf líka að taka til athugunar og ég hef beðið hana að koma með tillögur varðandi svonefnda sérþjónustu presta, sem hv. fyrirspyrjandi reyndar nefndi einnig, þ.e. presta sem þjóna sérstökum hópum manna óbundið kirkjusóknarskipan.

Hvað varðar prófastsdæmin er það sama að segja. Þeim var fækkað árið 1970 úr 21 í 15. Ég á ekki von á því að grundvallarbreyting verði gerð á prófastsdæmunum að sinni.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra hans svar. Það er ljóst að þetta mál er í góðum gangi og þess að vænta að frv. verði lagt fyrir næsta þing sem er hið 111. í röðinni.

Starfsmenn Þjóðkirkju Íslands, ein umr.

Fsp. HBl, 349. mál. — Þskj. 679.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér hef ég flutt fsp. til hæstv. dómsmrh. varðandi frv. til l. um starfsmenn Þjóðkirkju Íslands. Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi fyrir tveim árum, um miðjan aprílmánuð, og var ekki vísað til nefndar fyrr en í sömu vikunni og þing var rofið og þess vegna kom ekki til þess að málið fengi neina athugun í nefndinni og ég hygg að ég fari rétt með það að það hafi heldur ekki verið sent til umsagnar neinum aðilum, að engar upplýsingar liggja fyrir um það hér í þinginu hvaða undirtektir það frv. fékk. Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt var þar gert ráð fyrir mjög veigamiklum breytingum í sumum atriðum og voru skoðanir manna skiptar um réttmæti allra þeirra, en á hinn bóginn hygg ég að nauðsynlegt sé að skýr löggjöf sé sett um starfsmenn Þjóðkirkjunnar og jafnframt að hreinsað sé til í Lagasafninu þannig að úr gildi falli ýmis úrelt og skrýtileg ákvæði sem heyra forneskjunni til.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess nú að ræða einstök atriði þess frv., svo stuttur tími sem mér er ætlaður í þessum stól, en vil sem sagt beina

því til hæstv. dómsmrh. eða spyrja hann um það hvort þess sé að vænta að frv. verði nú endurflutt til kynningar, til upprifjunar eða hvort hann hafi aðra ætlan í þeim efnum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. spyr hvort ég hafi í hyggju að endurflytja frv. til l. um starfsmenn Þjóðkirkjunnar eða hvað dvelji framlagningu þessa frv.

Því er til að svara að fyrst vil ég skilgreina störfin áður en farið er að fjalla um starfsmennina eða m.ö.o.: ég vil fyrst fá í hendur tillögur þeirrar nefndar sem fjallar um prestakallaskipanina áður en farið verður að fjalla um starfsmannafrv. Þetta tel ég að þarfnist ekki mikillar frekari útskýringar.

Ég leyfi mér að minna á að frv. sem lagt var fram á Alþingi vorið 1986 var sérstakt að því leyti að í grg. frv. var sérstaklega tekið fram að ríkisstjórnin gæti ekki fallist á það óbreytt, en það væri lagt fram til kynningar á Alþingi vegna tilmæla kirkjuráðs. Mér virðast ýmis álitamál vera í frv. og vil taka góðan tíma til að kanna það rækilega áður en ég tek ákvörðun um hvort það verður lagt fyrir Alþingi að nýju og þá í hvaða mynd. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það er fullkomin ástæða til þess að huga að því að fella úr gildi ýmis úrelt ákvæði á sviði kirkjuréttarins og ég hef beðið kirkjulaganefnd að huga að því sem hv. fyrirspyrjandi kallaði hreingerningu í kirkjulögum.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er fullkomlega sammála hæstv. kirkjumálaráðherra um það að þessi tvö mál eigi að fylgjast að um prestaköll og prófastsdæmi og um starfsmenn Þjóðkirkju Íslands, enda eru fsp. fluttar samtímis til að upplýsa málið í heild. Ég er þess vegna sammála þeirri málsmeðferð sem hæstv. ráðherra hyggst hafa á þessu máli og vænti þess að niðurstöður liggi einnig fyrir um þennan þátt málsins á næsta Alþingi, hvort sem það verður til afgreiðslu þá eða til kynningar í þjóðfélaginu, þannig að menn geti gefið sér tíma til þess að gera sér grein fyrir hvernig skipan kirkjumálanna verði best fyrir komið.

Innflutningur á gleráli, ein umr.

Fsp. ÓlG, 357. mál. — Þskj. 689.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Gränz):

Herra forseti. Ég legg fram á þskj. 689 fsp. til hæstv. landbrh. um innflutning á gleráli.

„Eru í undirbúningi hugsanlegar breytingar á lögum um lax- og silungsveiði er heimila landbrh. að leyfa innflutning á lifandi gleráli til eldis hér á landi?"

Mér er kunnugt um að þeir aðilar sem hyggja á ræktun gleráls hafa lagt í mikinn og fjárfrekan undirbúning. Þær niðurstöður sem þeir hafa undir höndum úr könnunum sem hafa verið gerðar benda ekki til þess að um neina sérstaka smithættu sé að ræða og annað er að heimsmarkaðsverð á gleráli er mjög hagstætt og gott í dag. Ég vildi biðja hæstv. landbrh. að svara þessu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Það hafa nokkrir aðilar sýnt áhuga á að fá að flytja inn glerál sem er undirstaða þess að hægt sé að ala hér ál þar sem erfitt er að veiða glerálinn hérlendis í því magni sem nauðsynlegt er til slíkrar starfsemi.

Fyrir tveimur árum var undirbúið frv. sem gerði kleift að veita slík leyfi eftir að fisksjúkdómanefnd hefði fjallað um það og lagðist ekki gegn því ef ákveðnum skilyrðum yrði fullnægt. Þá fékkst ekki stuðningur beggja þáverandi stjórnarflokka til að flytja slíkt frv. og því frestaðist það.

Ég hef aftur á þessum vetri lagt slíkt frv. fyrir stjórnarflokkana og það virðist enn ekki munu verða stuðningur til þess að leggja frv. fram sem stjfrv., en ég hef leitað til landbn. Ed. um að hún flytti málið til þess að það kæmist til meðferðar í Alþingi og vonast ég til þess að sá háttur verði á hafður fljótlega.

Það er samt sem áður rétt að undirstrika að í sambandi við fisksjúkdóma er mjög mikilvægt að hafa fullan vara á þar sem sjúkdómar eru mesti vágesturinn í fiskeldi þar sem það hefur verið reynt og kostar mikla fjármuni og fyrirhöfn að berjast við þá. Því verður að sjálfsögðu að gæta þarna fullrar varúðar.

Það er hins vegar áhugi fyrir því að gera svona tilraun í Vestmannaeyjum. Sá staður hentaði mjög vel til þeirra hluta þar sem þá yrði verið í svo mikilli fjarlægð frá öllum veiðiám að ekki ætti af þeim sökum að stafa hætta af sýkingu. E.t.v. gæti það í framtíðinni orðið áfangastaður fyrir innflutning til annarra meðan gengið væri úr skugga um að ekki fylgdi slíkum innflutningi sýkingarhætta ef niðurstaðan yrði svo jákvæð að fleiri vildu leggja út á þá braut, sem vissulega er mikilvægt, að reyna að auka sem mest fjölbreytni í þessari atvinnugrein eins og öðru atvinnulífi landsmanna.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Gränz):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir góð og skýr svör og ég tek undir með honum að auðvitað er aldrei of varlega farið gagnvart smithættu og það er mesti vágesturinn í öllu fiskeldi hvaða nafni sem það nefnist. Eins er mér fullkunnugt um að aðstæður í Vestmannaeyjum eru sérlega góðar fyrir fiskeldi. Það hefur sýnt sig að laxinn hefur vaxið þar u.þ.b. helmingi hraðar en víðast annars staðar. Ég vona að þetta mál verði áfram á döfinni og fái farsælan endi því hér er um mikilvægt mál að ræða.

SAMEINAÐ ÞING

62. fundur, fimmtudaginn 17. mars, að loknum 61. fundi.

Björgunar- og slysavarnaskóli Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓlG o.fl., 339. mál. — Þskj. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Hálendisvegir, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS o.fl., 358. mál. — Þskj. 690.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ætli það sé ekki rétt í upphafi, vegna þess að umræða um þessa till. fór fram á hv. Alþingi á síðasta eða næstsíðasta fundi Sþ., að lesa tillgr., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna saman og láta vinna úr tæknilegum og náttúrufræðilegum upplýsingum sem nú liggja fyrir hjá ýmsum stofnunum og mundu nýtast við áætlanagerð um vegaframkvæmdir á hálendinu.

Einnig fari fram könnun á áhrifum slíkrar vegagerðar á þróun byggðar í landinu með sérstöku tilliti til bættra samgangna milli Suður-, Norður- og Austurlands, svo og á nýtingu náttúruauðæfa hálendisins og ferðamál.“

Í grg. segir að það hafi alltaf komið upp annað veifið umræður um varanlega vegagerð á hálendinu, en sú umræða hafi einkennst af fordómum og því að tæknilegar og náttúrufarslegar upplýsingar hafi ekki verið til staðar til þess að byggja á, eins og þar stendur. Ég er ekki viss um að fordómarnir hafi upp á síðkastið komið í veg fyrir að þessir hlutir hafi verið kannaðir, en hitt hefur sjálfsagt frekar verið í hugum manna að það væri ekki tímabært að planleggja vegagerð um hálendið á sama tíma og stórir hlutar byggðar væru óvegaðir.

Ég vil ekki segja að tillgr. sjálf sé ótímabær á hv. Alþingi, en ég tel að málflutningur flm. eða reyndar beggja flm. sem hér hafa talað sé að vissu leyti ótímabær. Ég tel alveg fráleitt að lagt sé til að það eigi að brjóta upp núverandi samgöngumunstur eins og það er á landinu og að þessi tillögugerð sé vettvangur til þess og þaðan af síður að það séu nokkur rök fyrir því að það sé verið að færa byggðir saman á Íslandi með því að byggja vegi beint yfir hálendið milli aðalþéttbýlisstaða landsins.

Ég held að þetta sé hvort tveggja á annan veg en flm. raunverulega meina með tillögunni. Ég held að það sé verið að slíta byggðir í sundur með því að tengja eins og nú stendur með vegakerfi á landinu samgöngur milli Austurlands eða hvað þá Akureyrar og Reykjavíkur yfir hálendið og það sé ekki búið að byggja almennilegan veg yfir svæði eins og Öxnadalsheiði, hvað þá að byggja upp sæmilegt akvegakerfi um byggðir eins og Borgarfjörð, um Snæfellsnes, um Vestfirði, vissar byggðir alls ekki í neinu vegasambandi við akvegakerfi landsins eins og byggð norður á Ströndum, Árneshreppur, og svo mætti lengi telja.

Ég get því tekið undir að það sé eðlilegt að skoða þetta mál, en að tengja það því að það eigi að brjóta upp samgöngumunstrið eins og það er tel ég alveg fráleitt. Ég held að ein styrkasta stoð byggðar á Íslandi sé hvernig núverandi samgöngumunstur er eftir að okkur tókst að loka hringveginum kringum landið þegar vegurinn um Skeiðarársand var byggður. En við vitum jafnframt að það vegakerfi og það samgöngumunstur sem við höfum er ekki enn nálægt því nógu vel upp byggt og það er því miður þó nokkuð langt í land að svo verði ef áfram heldur með fjárveitingar til framkvæmda í vegamálum eins og hefur verið á undanförnum árum.

Þeir færa það einnig sem rök að það sé æskilegt að stutt sé á milli aðalferðamannasvæða landsins, það séu rök að stutt sé á milli Mývatns og Þingvalla eða að haft sé sem styst á milli Mývatns og Þingvalla, Mývatns og Geysis o.s.frv. Það á kannski ekki að sýna útlendingum annan hluta af okkar ástkæra landi en þessa tvo eða þrjá sérstöku staði. Þetta er fráleit röksemdafærsla í máli eins og þessu og þegar það er byggt á því að þetta sé byggðamál, en hv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir sagði að þetta væri tengt byggðastefnu eins heils stjórnmálaflokks á Alþingi.

Sú stefna er að mínu mati nokkuð skrýtin og ég hef ekki nokkra trú á að hv. 6. þm. Vesturl. geti staðið að því sem byggðastefnu fyrir Vesturland, Norðvesturland og Vestfirði að það sé æskilegt að tengja aðalþéttbýlissvæði landsins saman á þann hátt sem lagt hefur verið til í málflutningi flm. og ég hef verið að benda á.

En það á að skoða málið. Ég get vitaskuld ekki lagst gegn því og það væri í sjálfu sér eðlilegt, en að við horfum á það sem eitthvert jafnrétti í byggð landsins að slík samgöngubót væri gerð tel ég af og frá.

Ég tel aftur á móti að það sé nauðsynlegt að gera nokkrar endurbætur á hálendisvegunum og þar vil ég ekki eingöngu nefna Sprengisand. Þar koma vitaskuld til aðrir vegir, Kjölur, Fjallabaksleiðir, Kaldidalur o.fl. Þar er nauðsynlegt að gera tiltölulega smávægilegar viðgerðir, brúa verstu vatnsföllin þar og auðvelda sem flestum að fara þessa leið yfir sumarmánuðina. Það er að mínu mati það verkefni sem við þurfum að vinna að í sambandi við þessa hluti á næstu árum. Og við eigum að leggja til hliðar þá hugmynd að við ætlum að fara að byggja eitthvert

nýtt samgöngumunstur upp frá því sem nú er með því að leggja beinan veg milli þéttbýlisstaða á Íslandi.

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er áreiðanlega hollt fyrir okkur hv. þm. að taka til umræðu hugmyndir í samgöngumálum sem nálgast þessi mál frá annarri hlið en venjulegt er. Svo er um það mál sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur flutt á Alþingi sem 1. flm. og ég hef skrifað upp á með honum ásamt fleiri hv. þm.

Hv. 4. þm. Vesturl. las hér á undan tillgr. og ég heyrði ekki betur en honum væri nokkuð niðri fyrir vegna þessa máls. Ég er einn af þeim, þó að ég sé flm., sem tel þetta vera framtíðarmál. Ég tel ekki að hv. þm. þurfi að taka það svo að þetta sé framkvæmd sem á að gera á næsta vegáætlunartímabili. Það eru til miklar upplýsingar nú þegar um hálendi Íslands, mælingar og kortagerð og veðurfarsrannsóknir. Þessar upplýsingar hafa tengst virkjunarrannsóknum. Eins og fram hefur komið fjallar tillagan um að safna þessum upplýsingum saman þannig að þær nýtist til þeirra framkvæmda sem í náinni eða lengri framtíð verður ráðist í í vegagerð á hálendi Íslands.

Ég undirstrika að hér er um framtíðarmál að ræða. Hvað Austurland varðar, eins og kemur fram í grg., er þessi kostur ekki í sjónmáli nema miklar breytingar verði í sambandi við framkvæmdir á hálendinu og virkjanaframkvæmdir sem hafa kallað á vegagerð á þessum slóðum.

Ég minni á það og vil láta það koma fram í þessari umræðu, og reyndar kom það fram hjá hv. 2. þm. Austurl. þegar hann talaði í umræðunni fyrr, að á Austurlandi erum við með fangið fullt af verkefnum og vel það við að tengja þéttbýlisstaði innan landshlutans með heils árs samgöngum á nútímavísu. Það verður vissulega forgangsverkefni í vegamálum hjá okkur í þeim landshluta enn um sinn. Mér vitanlega eru Austfirðingar sammála um þá stefnu. Það er a.m.k. ekki ágreiningur meðal þm. Austurlands um hana. Við erum ekki komnir lengra en það enn þá að við höfum ekki getað tengt öll byggðarlög á Austurlandi með vetrarsamgöngum og enn höfum við ekki vetrarsamgöngur við Norðurland yfir veginn um Möðrudalsöræfi. Það segir sína sögu um hvar við erum staddir í þessum efnum og ég tel ástæðu til þess að það komi fram í þessari umræðu.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að hugmyndir séu ræddar til lengri framtíðar. Það er hollt að brjóta upp vanabundna hugsun, hvort sem það er í vegamálum eða öðrum málum. Þess vegna á þessi tillaga fullan rétt á sér og það er með þeim rökum sem ég hef gerst meðflm. hennar þó að ég, eins og ég segi og hef sagt áður, búist ekki við skjótum framkvæmdum í þessu efni hvað Austurland varðar.

Ég get ekki stillt mig um, úr því að ég er kominn í ræðustól og farinn að taka þátt í umræðum um vegamál, að minna á þá framtíðarsýn sem við Austfirðingar höfum í samgöngumálum. Við höfum þá framtíðarsýn að tengja okkar landshluta og tengja byggðarlögin í okkar landshluta með sem öruggustum heilsársvegum. Við höfum þá framtíðarsýn að jarðgangagerð komi sterklega inn í þá umræðu, en jarðgangagerð er nú að hefjast á ný á almennum vegum á Norðurlandi eftir alllangt hlé og við vonum að þar verði framhald á. Það kemur ekki í veg fyrir að við vonum að veganetið verði sem þéttast, umferðin verði sem greiðust á milli landshluta og hálendisvegir komi í framtíðinni inn í þá umræðu. Við vonumst til þess að við getum nýtt okkar orkulindir þannig að í náinni eða lengri framtíð getum við nýtt þá miklu vatnsorku sem við eigum á Austurlandi. Því fylgir vegagerð hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég endurtek að þessi tillaga nálgast vegamálin frá annarri hlið en við erum vanir. Það er hollt að velta fyrir sér áhrifum slíkrar vegalagningar á byggðaþróun í landinu. Þess vegna er hér hreyft merku máli og vegna þess hef ég gerst meðflm. að þessari tillögu.

Sveinn G. Hálfdánarson:

Hæstv. forseti. Þáltill. sú sem hér liggur fyrir um hálendisvegi og möguleg áhrif þeirra á byggðaþróun sýnist mér reyndar sem slík ekki vera tilefni margra orða. Vissulega má vel skilja áhuga einstakra þm. fyrir skemmtilegum sumarvegi um óbyggðir okkar fagra lands og vissulega gæti hann orðið til hagsbóta fyrir tiltekið landsvæði þann tíma ársins sem hægt væri að halda honum opnum.

Vegalagning sú, sem hér er raunverulega lagt til að hefja undirbúningsvinnu við, er að mínu mati vart sjáanlegt verkefni á þessari öld, svo mörg eru óleyst verkefnin á hringveginum og enn fremur í tengingu ýmissa nágrannaþéttbýlisstaða vítt og breitt um landið. Með þessum orðum mínum er ég að vara við að dreifa kröftum og fjármagni meira en nú er varðandi vegamál. Við þurfum alltaf að raða málum í forgangsröð. Ég leyfi mér að minna á nokkur stór verkefni sem fram undan eru.

Það er í fyrsta lagi að ljúka lagningu bundins slitlags á hringveginn. Það eru göng um Ólafsfjarðarmúla. Það er tenging Norðfjarðar og Eskifjarðar sem vonandi verður með jarðgöngum. Það er tenging Flateyrar–Suðureyrar–Ísafjarðar sem vonandi verður enn fremur með jarðgöngum. Og ég minni á ónýtt, ég meina ekki vannýtt heldur handónýtt, vegakerfi víða á landinu, á Mýrum t.d., á Snæfellsnesi og víðar. Ég minni líka á svipað ástand vega á Vestfjörðum. Síðast en ekki síst vil ég minna á stórt verkefni sem stytta mun leiðina milli Reykjavíkur og Akureyrar um 45 km. Þar á ég við nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð sem ég tel fullvíst að Alþingi muni setja ofarlega á verkefnalista sinn.

Í grg. með till. þeirri sem hér liggur fyrir er auðvitað ekki gert ráð fyrir slíkri styttingu. Þar er t.d. gert ráð fyrir að ef af þessum hálendisvegi yrði mundi vegurinn styttast milli Reykjavíkur og Akureyrar um 70 km, en ætti eftir að úrbætur kæmust á í

Hvalfirði og um Grunnafjörð ekki að vera nema 25 km. Ég vil því benda á að það er rétt að taka þær tölur með varúð.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Ég tel sjálfsagt að safna saman upplýsingum um þetta mál, eins og segir í fyrri hluta tillögunnar, en ég vara við að leggja út í kostnaðarsamar kannanir sem síðan verða úreltar þegar röðin kemur að framkvæmd, kannski eftir 10 eða 15 ár eða svo.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég byrja á að fagna þessari till. því að það er tími til kominn að ræða vegagerð á hálendinu hér þó mér sýnist á tillögugerð að menn geri sér ekki ljóst hvað hún er komin langt. Ég verð að lýsa undrun minni á sumum þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar vegna þess að ég held að þm. hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað er búið að byggja mikið vegakerfi á hálendinu. Hér er t.d. ekki minnst á að það er búið að leggja mikinn veg langleiðina upp á Kjöl norðan megin frá Blöndu og það er raunverulega ekki löng leið frá Gullfossi upp Kjalveg yfir Bláfellsháls og norður að hinum nýja vegi. Þannig hafa verið gerð mikil vegamannvirki uppi á hálendinu og miklu betri en sjást víðast hvar í byggð. Á Sprengisandi allt upp að Nýjadal hafa verið byggðir miklu betri vegir en eru í öllum byggðum þessa lands. Þar hafa verið gerð vegamannvirki sem jaðra við landspjöll því að það hafa verið lagðir vegir upp að Eyvindarveri og fleiri stöðum sem deila má um hvort valdi ekki verulegum landspjöllum. Þetta hefur allt verið gert án nokkurs samráðs við Alþingi. Landsvirkjun hefur lagt þessa vegi og hvorki spurt kóng né prest um lagningu þeirra hér á Alþingi. Ég held að það sé einmitt tímabært að menn ræði þessa vegagerð.

Það er svo að þegar maður keyrir um hálendið undrast maður þessa miklu vegi þegar litið er svo til byggðs bóls víðast þar sem vegirnir eru mjög takmarkaðir. Ég tel að menn verði að líta á þessa vegi og væri full ástæða til að alþm. kynntu sér betur þá vegagerð sem Landsvirkjun hefur staðið fyrir sem er alveg stórkostleg því að hún er miklu betri en hringvegurinn víða. Ég hef undrast þessa vegagerð löngum. Það hafa vaxið tröllauknir vegir á hálendinu sem enginn veit af og hefur aldrei verið hreyft neinu orði um það á Alþingi að þessir vegir hafi verið lagðir. Ég bendi á að þessir vegir eru langleiðina að tengja Suður- og Norðurland. Ég minntist á Kjalveg, sem á ekki langt í að það sé hægt að tengja hann niður að Gullfossi, og eins er Sprengisandsleiðin. Það er ekki langt í land að þessir vegir verði tengdir við Norðurland, bæði í Skagafjörð og Eyjafjörð, án þess að Alþingi fjalli nokkuð um það. Það mun ekki koma til umræðu á Alþingi, geri ég ráð fyrir, hvort þessir vegir verða lagðir eða ekki því að þeir eru komnir langleiðina og Landsvirkjun ætlar greinilega að halda vegagerð þessari áfram. Væri fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. iðnrh. um þessa vegagerð sem væri full ástæða til að ræða hér frekar.

En við getum tekið undir það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði áðan um að það væri mikið af vegum í byggð sem lægi á að klára. Ég bendi á t.d. að það þarf að tengja hringveginn þannig að lagningu hans með bundnu slitlagi ljúki. Það er mjög mikilvægt mál fyrir byggðir landsins þó að sé ekki nema það og einnig tenging í helstu þéttbýlisstaðina.

En ég held að vegagerð á hálendinu muni verða kláruð án þess að við verðum spurðir að því á Alþingi því að Landsvirkjun er langleiðina komin með að leggja suma af þessum vegum. Ef menn vita það ekki er eins gott að þeir kynni sér það núna því að það eru tröllauknir og glæsilegir vegir uppi á miðhálendi sem ég hef ekki séð annars staðar á landinu meiri eða betri.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. rétt áðan tel ég rétt að taka fram, og það hefur reyndar komið fram í máli hans eins og margra annarra, að hér er aðeins verið að ræða hugmynd um að kanna mál. Ég lít svo á að orð og hugmyndir verði til alls fyrst. Ég veit ekki betur en við séum að leggja hér eitt og annað til sem ekki gerist alveg á þessari stundu. Ég vil í því sambandi t.d. minna á till. til þál., sem flutt var fyrr á þessu þingi, um lagningu jarðganga á ýmsum stöðum á landinu. Auðvitað er það eitt af þeim málum sem ekki verða framkvæmd á allra næstu árum. En ég lít á það sem eitt af meginhlutverkum okkar að sjá fram í tímann, líta lengra fram á við og kanna hvaða möguleika við höfum. Og þó svo holurnar á vegum Vesturlands og víða annars staðar séu margar hverjar æðidjúpar verðum við að reyna að sjá upp úr þeim. Ég lít ekki svo á að með till. þessari sé verið að leggja til að dregið verði úr fjárveitingum til þeirra áætlana um vegalagnir sem þegar hafa verið gerðar. Hér er aðeins verið að leggja til að nýir möguleikar verði kannaðir án nokkurra skuldbindinga um framhaldið.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem þetta mál hefur vakið hérna því að hún var tímabær. Hins vegar finnast mér ummæli sumra þm. festa í sessi þá skoðun ýmissa, sem ég hef ekki viljað taka undir, að hv. þm., a.m.k. þeir sem setið hafa hér um lengri tíma, séu orðnir ófærir um að hugsa í lengri tímabilum en kjörtímabilum og hrökkvi illilega við þegar fram kemur till. sem miðar að því að marka veginn til lengri tíma litið. Þetta leiðir líka hugann að því að skilningur Íslendinga á langtímaskipulagi er afskaplega lítill og við erum sí og æ að súpa seyðið af því að það er alltaf verið að framkvæma án þess að mótuð sé nokkur langtímastefna.

Annað sjónarmið, þá varðandi almenn sjónarmið sem hér hafa komið fram, sem ég tel mjög hættulegt, er að hér hafa þm. tekið til máls og lýst yfir þeirri skoðun sinni að númer eitt, tvö og þrjú í

samgöngubótum á Íslandi sé að styrkja höfuðborgina, styrkja Reykjavíkursvæðið í sessi sem skurðpunkt og miðpunkt allra samgangna. Það vita allir sem eitthvað hugsa að þar sem skurðpunktur samgangnanna er sest fólkið að. Þetta getum við séð með því að skoða söguna og fara langt aftur.

Ég ætla að nefna eitt atriði í því. Hvers vegna halda menn að í árdögum Íslandsbyggðar hafi Alþingi verið valinn staður á Þingvöllum? Vegna þess að það var á þeim tíma skurðpunktur samgangna á Íslandi. Frá þeim stað var styst til flestra byggða.

Hugmyndin sem liggur að grunni þessarar till., þ.e. að kanna áhrif hennar á byggðamunstur, er einmitt sú að brjóta upp þetta hefðbundna samgöngumunstur sem miðast allt að því að styrkja einn punkt á landinu. Ég vil þó taka skýrt fram að ég ber fulla virðingu fyrir minni höfuðborg og að þar geti þróast eðlileg byggð og eðlilegt mannlíf.

Ég ætla að koma aðeins að efnislegu atriði til viðbótar því sem hér hefur komið fram. Hv. 2. þm. Austurl. er því miður ekki hér, en hann hóf umræðuna á eftir minni framsögu á fyrri fundi. Það kom ýmislegt fram sem væri hægt að hafa langt mál um, en ég geri það ekki af því að hann er ekki hérna. En ég ætla að nefna þó nokkur atriði.

Eins og honum er lagið veifaði hann þykkum skýrslum máli sínu til stuðnings og m.a. veðurfarsathugunum á hálendinu. Hann vitnaði í skýrslu Veðurstofunnar sem sagði að á tiltekinni veðurathugunarstöð hefði verið ófært veður svo og svo langan tíma eitt tiltekið ár. Þetta er ósköp einfalt. Ég get vitnað í sömu skýrslu frá sömu veðurathugunarstöð, en annað ár. Það voru þrír mánuðir skráðir í skýrsluna og ófært veður einn dag. Þetta eru ekki rök, enda fjallar tillagan ekki um þetta. Till. fjallar um að safna þessum upplýsingum saman og vinna úr þeim. Ég get líka bent hv. þm. á að þá sömu tíma sem hann segir að hafi verið ófært veður þarna uppi eru allar líkur á því að það hafi verið einnig ófært veður allt að því jafnlangan tíma á ýmsum þeim fjallvegum sem liggja á milli byggðarlaga. Þetta eru því engin rök.

Ég átti langt samtal í gærkvöld við Magnús Hallgrímsson verkfræðing sem er einn af okkar mönnum sem best þekkja til uppi á hálendinu. Hann sagði að gagnvart hálendinu væri landlæg hálendishræðsla. Hann benti á að þegar verið var að leggja og mæla fyrir línunni frá Hrauneyjafossvirkjun að Hvalfirði, sem liggur í sveig inn á hálendið, hafi verið miklir fordómar. En reynslan, sagði hann, hefði sýnt að ef eitthvað væri stæði þessi lína sig betur en línan frá aðalvirkjunarsvæðinu frá uppsveitum Suðurlands hingað til suðvesturhornsins, einfaldlega vegna þess, sagði hann, að það eru iðulega miklu betri veður þarna uppi, þau ná oft og tíðum ekki þarna upp þau illviðri sem geisa að landinu.

Aðeins varðandi náttúruverndarsjónarmið. Allir aðilar sem ég hef rætt við eru nánast sammála um að bættar vegasamgöngur um hálendið séu til bóta varðandi náttúruverndarsjónarmið, að beina umferðinni eftir meginvegum.

En aðalatriði málsins er þetta: Við erum að leggja til að þessi mál verði skoðuð til lengri tíma litið. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan að þetta væri ekkert að koma strax. Það væri í fyrsta lagi eftir 10–15 ár að við gætum hugsað til þess að góður vegur kæmi yfir hálendið. Það er eiginlega bjartara en mínar björtustu vonir. Vissulega er rétt að það er ekki verið að tala um að hrófla nokkuð við þeim framkvæmdum sem nú eru á vegáætlun. Það sem við erum að leggja til er að þegar að því kemur að við förum að ákveða ný, stór skref í samgöngubótum okkar, samgöngumálum, liggi fyrir tæknilegar upplýsingar um þennan kost. Ég held líka að tíminn vinni þessu máli framgang og ég er næstum því viss um að þegar þar að kæmi fengist hljómgrunnur fyrir því að fjármagna það á sérstakan hátt, t.d. eins og gert var með opnun Skeiðarársands.

Þegar kemur að Skeiðarársandi var ein af röksemdum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að þarna uppi væri stórkostleg hætta af sandroki. Það er rétt. Á vissum svæðum uppi á hálendinu er sú hætta til staðar. En eftir því sem ég hef kannað það frá fyrri umræðu hef ég fengið þær upplýsingar að sú hætta sé þó ekki eins mikil og sandrokshætta á Mýrdalssandi sem liggur þó á hringveginum margumtalaða.

Þetta mál tengist líka alvöruopnun hringvegarins vegna þess að menn mega og eiga að vita það hér að hringvegurinn umhverfis landið er ekki opinn nema hluta úr árinu. Möðrudalsöræfi, sem tengja Norðurland og Austurland, eru lokuð mestallan veturinn. Þessi till. miðar að því og segir beinlínis í textanum að hún eigi að vinna að því að kanna á hvern hátt sé hægt að tengja þessa leið, þ.e. samgöngur á milli Norður- og Austurlands sem eru afskaplega lélegar í dag.

Um þetta er hægt að hafa langt mál og varðandi forgangsröð verkefna, en auðvitað verður það Alþingi sem eftir sem áður mun ákveða forgangsröð verkefna í vegaframkvæmdum.

Hv. þm. Skúli Alexandersson gerði ferðamálin nokkuð að umtalsefni. Ég held að það þurfi ekkert að óttast að vinsælir ferðamannastaðir á Vesturlandi verði út undan. Þeir eru einfaldlega og verða eftir sem áður innan eðlilegs ferðaradíusar frá suðvesturhorninu. Ég er ekki svo bjartsýnn að halda að það verði ekki áfram miðpunktur þjóðlífs á Íslandi á komandi árum. Það sem við leggjum höfuðáherslu á er að þessi framkvæmd gæti styrkt Norðausturland geysilega mikið í ferðamálum. Hún gæti gerbylt aðstæðum okkar til þess.

Hér var á dagskrá í dag fsp. um flugvelli á Akureyri og Egilsstöðum, ef ég man rétt. Það minnir mig á umræður um varaflugvöll á Norðurlandi eða Austurlandi sem væntanlega kemur einhvern tíma og skapar okkur Norðlendingum þá aðstæður til þess að taka á móti ferðamönnum beint þangað í leiguflugi eða áætlunarflugi og þjónusta þá þaðan á alveg nákvæmlega sama hátt og suðvest-

lendingar hafa gert fram að þessu. Ég trúi því alls ekki að hv. þm. Skúli Alexandersson geti ekki unnt okkur Austfirðingum þess að sitja við sama borð hvað þetta snertir. Ég hef rætt þetta mál við forustumenn ferðamála á Norðausturlandi og þeir eru mjög áhugasamir og hafa sagt mér að ég geti leitað til þeirra varðandi allan þann stuðning sem ég telji þurfa til þess að þetta mál fái framgang.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta á þessu stigi, en ég er tilbúinn til að taka þátt í umræðu áfram ef hún býður upp á það.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég get ekki fallist á að hér sé á ferðinni nein sérstök framúrstefnuþingsályktunartillaga. Ef ég man rétt ljóðagerð Steins Steinars getur hann um að á Alþingi Íslendinga hafi verið uppi tillaga um að leggja akvegi meðfram reiðvegum Íslands. Mér sýnist að við séum ekki komnir neitt í nágrenni við að vera búnir að framkvæma þær hugmyndir.

Mér finnst að hér hafi menn verið of trekktir í umræðunni og viljað strax setja þetta upp á þann veg að hér væru menn að takast á um forgangsröðun verkefna. Það held ég að sé mikill misskilningur. Ég held líka að það sé verulegur misskilningur sem liggur í því þegar menn halda að hugmynd sem þessi muni skaða einhver svæði hvað það snertir að þau fái góða vegi. Mér sýnist að það þurfi að skoða þetta þó nokkuð út frá því sjónarhorni að það eru tvö svæði á Íslandi sem tvímælalaust hefðu gífurlegt hagræði af þessum vegi, það er Suðurland og það er Norðausturland, að því viðbættu að það er búið að leggja megnið af veginum. Ég get þess vegna ekki tekið undir að hér sé um eitthvað að ræða sem er í það mikilli fjarlægð að það sé óeðlilegt að það sé tekið hér til umræðu. Mér sýnist mjög skynsamlegt að safna þessum upplýsingum saman, meta það þegar þær liggja fyrir hvaða möguleikar eru á ferðinni, en ég vil taka skýrt fram að með þeim orðum er ég ekki á nokkurn hátt að leggja til að hróflað verði við þeim langtímamarkmiðum sem við höfum sett okkur í vegamálum hvað forgangsröðun snertir.

Ég held aftur á móti að ef við teljum að það sé óeðlilegt að allir valkostir liggi fyrir séum við að taka ákvörðun sem ekki er skynsamleg. Ég sé ekki á hvaða forsendum við ættum að hafna því að þessi valkostur lægi fyrir til skoðunar eins og svo margir aðrir þegar við þurfum að taka nýjar ákvarðanir varðandi forgangsröðun verkefna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en vil þó láta koma fram af minni hálfu að ég hef ekkert á móti því þó að þetta mál, eins og flest önnur, sé skoðað af skynsamlegu viti. Það er mín vegna fullkomlega eðlilegt að menn hafi áhuga á að safna saman þeim upplýsingum sem til eru eða kunna að vera til um þessa hluti og vélta þeim fyrir sér. Mér er hins vegar ekkert að vanbúnaði að lýsa því þó yfir að ég tel að hér geti ekki verið um forgangsverkefni næstu ára, né heldur næstu áratuga, að ræða í íslenskum vegamálum. Í mínum huga eru þar tvö mjög stór verkefni áfram efst á baugi sem eru auðvitað að koma viðunandi vegasambandi á hringinn í kringum landið og tengja allar byggðir sem nokkur kostur er vegakerfi landsmanna. Þetta tvennt felur það í sér að það verður að halda áfram af fullum krafti með hringveginn og helstu tengingar úr frá honum við byggðarlög, þar með talin jarðgangagerð í stórum stíl á Mið-Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Og miklu fyrr vil ég sjá Vestfirðina tengjast með þeim hætti, Austfirðina og Mið-Norðurland, en ég vil sjá malbikaðan veg yfir Sprengisand. Það eru alveg hreinar línur og það þarf enga könnun fyrir þennan ræðumann til þess að kveða upp úr um það.

Ég held að það sé líka rétt að gera skýran greinarmun á því hvort menn eru að tala um endurbætur á núverandi Sprengisandsleið og Kjalvegi og e.t.v. einhverjum tengingum út frá þeim vegum til að gera þá að brúklegum og vel færum sumarvegum eða hvort menn eru að tala um ævintýramennsku af því tagi að leggja heilsársveg yfir miðhálendið. Ég held að menn eigi að gera þar skýran greinarmun á. Þær slóðir sem nú liggja yfir miðhálendið þarf að laga og bæta og að mínu mati á á næstu tveim til þrem árum að gera Sprengisandsveg vel fólksbílafæran, það er nánast smávægilegt sem á vantar til að svo sé, brúa nokkrar jökulkvíslar og bera pínulítið ofan í veginn og þá er það komið, kostar ekki mikla fjármuni. En það að leggja heilsársveg yfir Sprengisand og að tengja Sprengisandsleiðina niður í byggðarlögin norðan lands, niður yfir hálendisbrúnina er ekkert smámál. Það er hættulegt að einblína á kílómetratölur í þeim efnum. Hvað sem líður öllum skýrslum um veðurfar á þessum slóðum benda allar vísbendingar til þess að það sé ekki Sprengisandurinn sjálfur sem hér sé erfiðastur viðureignar, ekki miðhálendið sjálft sem reyndar er tiltölulega veðursæll staður í vissu tilliti vegna þess að þar er úrkomuskuggi. Það eru hálendisbrúnirnar bæði norðan lands og sunnan sem eru erfiðastar viðfangs og ætti 1. flm. till. að vita það manna best, úr Eyjafirði sem liggur nærri þeim stað sem er líklega mesta veðravíti landsins sem er innsti hluti Tröllaskagahálendisins, hálendisbrúnin inn af Eyjafirði.

Í mínum huga er sem sagt allt í lagi að kanna þessa hluti og ég tel gagnlegt að gera það m.a. með það í huga að koma á góðum sumarsamgöngum yfir miðhálendið, betri en nú eru, reyna að beina allri umferð þar inn á vel merkta og brúklega vegi, en forgangsverkefnin liggja annars staðar. Það yrði dýrt fyrir landsmenn að halda uppi tvöföldu vegakerfi í þeim skilningi milli landshluta, öðru yfir hálendið sem væri brúklegt yfir sumarmánuðina, e.t.v. vor og haust, og hinu sem þyrfti þá að nota eftir sem áður yfir harðasta vetrartímann. Það fær

mig enginn maður til þess að trúa því að það yrði unnt að leggja heilsársveg sem gagnaðist Norðurlandi og Austurlandi hvað varðar samgöngur til Reykjavíkur yfir miðhálendið. Ég held að þó þar væri kominn fokdýr malbikaður vegur mundu samgöngurnar eftir sem áður fara með ströndinni yfir harðasta vetrartímann.

Ég minni á tvær till. til þál. um samgöngumál sem liggja fyrir þinginu, herra forseti, og ég tel rétt að minna á í þessu sambandi. Hin fyrri er till. til þál. um að þegar í stað verði lögð fram hér á þinginu og samþykkt langtímaáætlun um jarðgangagerð sem hv. 2. þm. Austurl. flytur ásamt ræðumanni. Hin seinni er till. um samræmingu allra áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar.

Ég tel í raun og veru að þessi till. sem hér er flutt gæti rúmast sem ein málsgrein í þeirri till. Hún felur það líka í sér að miðhálendið og samgöngur þar verði skoðaðar í samræmi við heildarskipulag samgöngumálaanna í landinu. Það sem mest vantar á í þessum efnum er ekki það að velta fyrir sér framkvæmdum á Sprengisandi á næstu árum. Það sem mest vantar í skipulagi samgöngumálanna á Íslandi er heildstæð stefnumörkun sem tekur til samgangna á landi, í lofti og á sjó og tengir saman meiri háttar fjárfestingaráætlanir á öllum þessum sviðum. Þar liggjum við Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum og erum oft og tíðum að kosta til ómældum fjárhæðum vegna þess að það er engin heildaryfirsýn yfir það hvernig eigi að haga uppbyggingu samgöngumálanna sem slíkra. Það mætti spara ómældar fjárhæðir í hafnir, í flugvelli og í vegi ef þessir hlutir væru allir skoðaðir í samhengi, einnig meiri háttar áform um mannvirkjagerð, svo sem virkjanir á hálendinu sem að sjálfsögðu þurfa að koma hér til skoðunar.

Virðulegi hæstv. forseti. Ég vona að menn hafi ekki tekið orð mín sem svo að ég hafi eitthvað sérstaklega mikið á móti þessari till. Það hef ég ekki í sjálfu sér, svo fremi sem hér sé um könnun og upplýsingasöfnun að ræða sem er ætíð góðra gjalda verð, en ég vara menn hins vegar við því að bollaleggja mikið um stórfelldar framkvæmdir og meiri háttar tilkostnað í vegagerð uppi á hálendinu á meðan jafngeysileg verkefni eru eftir óunnin í byggð, að koma á varanlegum vegasamgöngum í byggð í landinu.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki taka langan tíma, aðeins að leiðrétta það sem hér var haldið fram um að það væru ákveðnir þm. sem kæmu því ekki fyrir í huga sínum að hugsa lengur en í kjörtímabilum. Mér fannst einhvern veginn að því væri beint til mín. Ekki vil ég taka undir það en ég get ekki almennilega áttað mig á því hvernig hv. frsm. hugsar og hvernig hann túlkaði mína afstöðu í þessu máli á þann hátt að ég væri að einhverju leyti að leggjast gegn tillögugreinunum vegna þess að ég tók það fram alveg sérstaklega í upphafi að ég gæti vel fallist á tillgr. og liti svo á að þær væru að vissu leyti tímabærar þó að ég hafi kannski skipt um skoðun núna eftir að hafa hlustað á seinni ræðu hans.

Aftur á móti var málflutningurinn sem fylgdi á eftir, þar sem það var boðað að að þessari till. samþykktri skyldi brjóta upp hið hefðbundna samgöngukerfi sem við búum við fyrst og fremst, það sem ég var að mótmæla. Mér finnst endilega að hv. ræðumaður hafi verið að halda svipuðum skoðunum fram og ég gerði hér, þ.e. að við ætluðum ekki að styrkja sérstaklega þennan samgönguskurðpunkt sem liggur hér um suðvesturhornið. Það erum við fyrst og fremst að gera með því að brjóta upp það samgöngumunstur sem við búum við núna. Menn verða að gera sér grein fyrir því hvað mundi gerast ef fullkominn vegur yrði byggður yfir hálendið áður en búið er að byggja upp almennilegt samgöngunet eftir hringveginum og út frá honum, að meginþungi samgangnanna milli Austur- og Norðurlands mundi vitaskuld liggja yfir þetta hálendi og jafnvel meginhluti Austfjarðasamgangna. Hann færi að verða næstum því óþarfur vegurinn okkar um Skeiðarársand eftir það.

Í öðru lagi vil ég á engan veg jafna þessari till. eða þeim hugmyndum sem hafa komið fram hjá ræðumönnum í tengslum við hana við það þó að verið sé að ræða um að gera jarðgöng á milli byggða hvort sem það er á Austfjörðum, Vestfjörðum eða Norðurlandi eða göng undir Hvalfjörð. Það er alls staðar verið að stytta og efla hringveginn og verið að tryggja það samgöngukerfi, sem við búum við, betur í sessi.

Og að lokum þetta: Málflutningur flm. var á þann veg að þetta væri verkefni sem skyldi gengið í sem fyrst. En svo þegar flm. segir að honum hafi fundist hv. 3. þm. Vesturl. vera heldur bjartsýnn að tala um að þetta yrði ekki gert á næsta áratug fer ég nú að verða á þeirri skoðun að tillgr., umræðan og allt saman sé langt á undan tímanum, alls ekki tímabær hér á hv. Alþingi.

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Hæstv. forseti. Ja, það fór aldrei öðruvísi en svo að hv. þm. Skúli Alexandersson staðfesti í sínum lokaorðum það sem ég sagði í mínum upphafsorðum að mér fyndist stundum að þm. hugsuðu ekki í lengri tíma en sem næmi einu eða tveim kjörtímabilum ef það er ekki tímabært að leggja grunninn að framkvæmdum sem væru kannski í eðlilegri forgangsröð eftir 10–15 ár.

Ég ætla ekki að fara mikið í þetta efnislega. En ég vil út af fyrir sig þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir góðan stuðning við minn málstað. Því að þetta er tvíþætt eins og við sögðum. Við viljum að þessum rannsóknum verði öllum safnað saman og athugað hvernig þær nýtast fyrir hálendisvegagerð. Það sem væri fyrsta framkvæmdaskrefið og sem ég teldi eðlilegt að yrði gert innan mjög skamms tíma er akkúrat það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon sagði, að gera góðan sumarveg yfir

Sprengisand, og það er ekkert mjög mikil framkvæmd eins og hann reyndar staðfesti í sínu máli.

En bara örfá orð um ævintýramennsku og önnur stór orð sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon er nokkuð gjarn á að hafa við. Hann talaði um hálendisbrúnina að sunnan. Það er uppbyggður vegur upp á miðjan Sprengisand og ég talaði við mann í gær sem um síðustu helgi ók þangað upp eftir í einni striklotu án þess að þar væri snjókorn á vegi. Ég gæti haldið langa ræðu um það sem þarf til að gera slíkan veg sams konar veg og eru byggðir norðan lands.

Að lokum þakka ég fyrir þessa umræðu hérna og ég óska þess að þetta mál fái eðlilega umfjöllun í nefnd.

Sverrir Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér virðist sem þessi till. sé tiltölulega saklaus, að menn hefji söfnun upplýsinga um vegalagningu á hálendinu og svo hvaða áhrif tenging með nýjum hætti hefði á byggðarlögin. En í mínum huga leikur enginn vafi á hver röðun verkefnanna hlýtur að vera. Það er auðvitað að leggja áherslu á hringveginn, þar með talinn hringvegur um Vestfirði, og síðan tenginguna, uppbyggingu veganna innan héraðanna, óhemjulegt verkefni sem bíður okkar. Okkur hefur að vísu skilað vel fram á veg í þessum sökum undanfarið en verkefnin sem bíða eru eins og ég segi ótrúlega mikil að vöxtum og kostnaðarsöm, og ef einhver ástæða er til að ætla eða menn leggja þann skilning í þessa till. að það sé verið að raða þessu verkefni í einhvers konar forgangsröð eru engin önnur ráð en að fella hana.

Albert Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en síðustu orð hv. 4. þm. Austurl. gætu orðið til þess að þeir sem væru á báðum áttum mundu kannski taka hann alvarlega og fella þessa till. Ég verð að segja að þetta er góð till. Hún er tímabær þó að framkvæmdin sé langt fram undan. Við eigum að vinna með þessum fyrirvara í stórum verkefnum.

Ég lýsi stuðningi við þessa till. Hún truflar ekki neitt af því sem hv. þm. Austf. Jónas Pétursson kom með á sínum tíma þegar hann gerði till. um hringveginn og hringvegurinn er orðinn að veruleika og var þá talinn af sumum eins fjarlægur draumur og þessi till. virðist í dag. Ég óska hv. 1. flm. til hamingju með þessa till. og lýsi stuðningi við hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn skólaskylda, fyrri umr.

Þáltill. ArnJ, 354. mál. — Þskj. 686.

Flm. (Arndís Jónsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt hér fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að jafna skólaskyldu þannig að árið 1990 verði allir grunnskólar í landinu níu mánaða skólar. Enn fremur að ríkisstjórnin undirbúi breytingar á grunnskólalögum sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ná þessu markmiði."

Stöðugt gerum við auknar kröfur til skólanna í landinu. Þeir skipta miklu máli fyrir allar framfarir í nútímaþjóðfélagi. Þetta á ekki síst við um grunnskólann þar sem lagður er grundvöllur að öllu menntastarfi komandi kynslóðar. Það varðar einmitt miklu bæði fyrir einstaklinga og samfélag að vel takist til í starfi skólanna.

Já, kröfurnar aukast og alltaf eru menn að koma auga á ný málefni sem skólarnir þyrftu að sinna. Á athyglisverðum ráðstefnum sem haldnar hafa verið undanfarið hef ég heyrt að í skólunum þurfi að stórauka umhverfisfræðslu, náms- og starfsfræðslu, jafnréttisfræðslu, og flestum er ljóst hvers heilbrigðisyfirvöld vænta af skólakerfinu í sambandi við fíkniefni og ógnvekjandi sjúkdóma. Raunar hvarflar það að kennara þegar hann heyrir um þetta rætt hvort ekki þurfi að bæta við skólatímann yfirleitt til þess að anna þessu.

Ég er þess fullviss að öllu lengur verður ekki undan því vikist að starfstími skólanna í landinu verði fullir níu mánuðir. Meiri hluti grunnskólanemenda býr við níu mánaða skóla, eða 75,79% samkvæmt upplýsingum menntmrn. Hin 24,21% búa við skemmri skólagöngu. Frá sjö mánuðum upp í átta og hálfan mánuð. Þeir skólar sem starfa skemur en níu mánuði á ári eru allir utan höfuðborgarsvæðisins.

Þetta fyrirkomulag styðst við 41. gr. grunnskólalaganna þar sem segir að reglulegur starfstími grunnskóla skuli vera 7–9 mánuðir og að taka skuli sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Í skýrslu Efnahags- og þróunarstofnunar sem unnin var á vegum menntmrn. og út kom 1987 segir um þetta, með leyfi forseta:

„Skóladagurinn í mörgum sveitaskólum er fremur stuttur og þar að auki víða kennt í aðeins átta mánuði á ári og sums staðar jafnvel aðeins í sjö mánuði. Til sveita stafar langt sumarfrí af þörfinni fyrir vinnuafl barna og unglinga á sumrin. Þessi þörf fer nú þverrandi og er því erfitt að koma auga á hvað réttlætir styttra skólaár í dreifbýli. Styttra skólaár getur ekki leitt til annars en að breikka það bil sem er á milli skóla í sveitum og bæjum." Og áfram:

„Það er erfitt að réttlæta þann mikla mismun sem er á milli landshluta hvað snertir skilyrði til menntunar og mismunur þessi hlýtur að vera dreifbýlinu í óhag."

Þarna er talað um mismun og ég tel að í þessu sé fólkinu á landsbyggðinni raunverulega mismunað.

Við verðum því miður að viðurkenna að í könnunum sem gerðar hafa verið á námsárangri nemenda virðist vera fylgni milli árangurs og skólatíma þó að þar komi auðvitað fleira til greina. Hvernig á líka annað að vera þegar við höfum samræmd grunnskólapróf skv. 58. gr. grunnskólalaganna en ósamræmi í skólastarfinu?

Við höfum lengi talað um skólaskyldu, en það orð er stundum misskilið. Skólaskylda felur ekki bara í sér kvöð, heldur felur hún einnig í sér mikilvæg réttindi einstaklinga til náms og þroska. Það er einmitt þess vegna sem gera þarf öllum jafnt undir höfði í þessu tilliti. Oft heyrast þau rök fyrir styttri skólagöngu til sveita að börnin þurfi að vera við störf um sauðburðinn og í réttunum og jafnvel í sláturtíðinni. Svipað hefur jafnvel heyrst um fiskvinnslu í sjávarplássum. Ekki hef ég rekist á neinar athuganir sem hafa verið gerðar á gildi þessara fullyrðinga, enda er ekki víst að margir vildu viðurkenna að undirstöðuatvinnuvegir okkar séu að nokkru háðir vinnuframlagi grunnskólanema um afkomu sína.

Stundum er fullyrt að lengd skólaársins sé ekki neinn mælikvarði á árangur. Auðvitað er það ekki einhlítur mælikvarði. Viðhorf bæði kennara og nemenda til menntunarinnar skiptir þar miklu máli. Hins vegar er alveg ljóst að ekki fer saman jákvætt viðhorf til menntunar og áhugaleysi um skólastarf. Þegar hér er komið sögu dettur einhverjum eflaust í hug að ég viti ekki mikið um lífið til sveita. Ég mundi þá svara því til að mér er fullljóst að lífið til sveita og í minni sjávarplássum er háð ýmsum sveiflum og óvæntum atvikum, sem erfitt er að bregðast við. Ég álít líka að það sé alveg rétt í slíkum tilfellum að sýna sveigjanleika í skólahaldinu og jafnvel breyta skólatímanum í staðinn fyrir að stytta hann. Til þess eru ýmsir möguleikar og grunnskólalögin gera ráð fyrir því að hluta skólans megi halda á sumrin.

Það er ekki sjálfgefið að allir hafi jákvætt viðhorf til menntunar og skólastarfs, en það er hægt að vekja flesta upp af kæruleysi um þessi efni. Ýmsum finnst eflaust að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða, en sjálf lít ég svo á að hér sé bæði um byggðamál og jafnréttismál að ræða. Þegar fólk hugsar til búsetu í byggðarlagi eru kostir þess og gallar vegnir og metnir. Eitt af því sem þá er spurt um er ástandið í skólamálum byggðarlagsins. Góðir skólar sem eru samkeppnisfærir við það sem best gerist í landinu gera byggðarlag byggilegra. Jafnréttismál er þetta líka eins og ég fyrr kom að. Hér er um að ræða skref í átt til þess að ná því markmiði sem ríkisstjórnin setti sér í stjórnarsáttmálanum um jafna aðstöðu allra til menntunar. Við sem búum úti á landi viljum ekki láta líta á okkur sem neitt öðruvísi fólk og við vitum að mikilvægur þáttur í því að varðveita einingu svo lítillar þjóðar er að allir finni sig sitja við sama borð. Því óttast ég ekki að efni þessarar tillögu verði illa tekið. Kostnaður við að gera alla skóla að níu mánaða skólum er minni en margan grunar. Í kennaralaunum munar engu nema þá á yfirvinnulið. Helsti kostnaðarauki felst í skólaakstri og í þeim þáttum í rekstri skólahúsnæðis sem eru breytilegir eftir því hvort skólinn er starfræktur eða ekki. Óhætt er að fullyrða að kennarar munu yfirleitt ekki leggja stein í götu slíkra breytinga.

Kennurum er hvatning í því að finna að störf þeirra séu metin og vonir bundnar við góðan árangur skólastarfsins. Þeir munu líka í flestum tilfellum ekki hafa haft áhrif á lengd skólaársins þar sem það er ekki í þeirra höndum að ákveða slíkt.

Hæstv. forseti. Ég hef lítillega reifað þetta einfalda mál sem ég tel samt vera nokkurt réttlætismál og metnaðarmál margra. Ætla ég ekki að fjölyrða frekar um það að sinni, en legg það hér fram til málefnalegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta mál er sannarlega bæði byggðamál og jafnréttismál og ég vil þakka hv. 2. þm. Suðurl. Arndísi Jónsdóttur fyrir að bera það fram. Það varðar þann aðstöðumun sem er milli þéttbýlis og dreifbýlis og fer sívaxandi, er reyndar óþolandi fyrir dreifbýlisbúa og jafnframt hættulegur fyrir þróun byggðar og atvinnu í landinu. Þessi almenni aðstöðumunur birtist í ýmsum myndum og á sér margar rætur.

Sá félagslegi ójöfnuður sem lýsir sér í því að börnin í landinu hafa misjafna aðstöðu til náms eftir búsetu er auðvitað óverjandi. Nútíminn og framtíðin gera æ meiri kröfur til manna eins og réttilega kom fram í máli hv. flm., bæði um fjölbreytta og sérhæfða menntun. Það er því hvorki boðlegt börnum þessa lands að draga þau í dilka hvað varðar undirbúning undir lífið, né heldur hefur þjóðin efni á því.

Þegar er farið að bera á miklum fólksflutningum til þéttbýliskjarna eins og Reykjavíkur. Ein af orsökum þessa, eins og kom líka fram í máli hv. flm., er einmitt almennur aðstöðumunur í menntunarmálum og hann er margháttaður. Í þessari þáltill. er einmitt tekið á einum þætti þessa vanda, þ.e. að tryggt sé að öll börn eigi kost á jafnlangri kennslu og þá skulum við auðvitað líka vona að hún sé jafngóð.

Ég tek undir efni þáltill. og lýsi yfir stuðningi við það. Hins vegar, eins og ég hef áður sagt, er þessi vandi eða aðstöðumunur margháttaður. Annar þáttur hans er t.d. misjafn aðgangur að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum sem hefur verið takmarkaður og mun minni víða í dreifbýli en t.d. í þéttbýli. Um það efni flutti ég ásamt þm. allra flokka þáltill. strax á fyrsta þingi síðasta kjörtímabils og svo aftur árið eftir, en þá var hún samþykkt lítillega breytt og var reyndar gerð fsp. af hv. 2. þm. Vestf. snemma á þessu kjörtímabili um það hvernig því máli liði. Könnun hefur verið í gangi meðal fræðsluskrifstofa og fræðslustjóra víðs vegar um landið á því hversu mikil þörfin væri og hver afstaða þeirra væri til þessa máls, en svör hafa því miður borist treglega frá a.m.k. sumum. Hefur því verið

sett nefnd í málið til þess að reyna að kanna það hvernig hagkvæmast er að auðvelda skólum á landsbyggðinni aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt yrði að allir nemendur hvar sem þeir búa á landinu gætu hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

Síðan hefur reyndar einnig, að frumkvæði þm. Kvennalistans, verið flutt þáltill. til þess að tryggja ungum börnum dreifbýlisins veru í skólaseljum eða útibúum frá aðalskóla þar sem vegalengdir frá skóla mundu ella gera dvöl í heimavist nauðsynlega. Og síðan liggur frammi á þinginu breyting á lögum um grunnskóla þar sem lagt er til að gerðar verði breytingar á skólaskyldu og kemur það aðeins inn á það mál sem hér er til umræðu því að þar er lagt til að sex ára börn verði gerð skólaskyld á árinu 1989–1990, en það getur auðvitað orðið vandasamt víða í dreifbýli. Við gerum okkur grein fyrir því og ekki síst þess vegna þótti okkur nauðsynlegt að gefa aðlögunartíma til að búa sig undir það að sex ára börn verði gerð skólaskyld auk þess sem það eru undanþáguákvæði í grunnskólalögunum sem leyfa undanþágu frá skólaskyldu við sérstakar aðstæður. Hins vegar er það engin jafnréttislausn fyrir börn í dreifbýli að þau sæki ekki skóla eins og önnur börn í landinu þó að aðstæður geti verið erfiðar.

Hv. flm. vék einmitt að því hvernig aðstæður geta verið breytilegar víða í dreifbýli eftir því hvort um sjávarþorp er að ræða eða landbúnaðarhéruð og eru börnin einmitt þá oft látin hlaupa undir bagga á álagstímum, hvort sem það er sauðburður eða fiskburður sem gengur á land. Ég tek undir það með henni að það verður að sýna fyrst og fremst sveigjanleika til að aðlaga skólahald þeim aðstæðum sem eru á hverjum stað á hverjum tíma, en það má ekki vera á kostnað þess náms sem börnunum er boðið upp á, hvorki lengdar þess eða gæða. Það verður fyrst og fremst að huga að jafnréttislausnum eins og hér er borið fram í till. Í skólahverfum í dreifbýli þar sem um samgönguerfiðleika er að ræða má líka e.t.v. leita annarra lausna og í skýrslu forskólanefndar menntmrn. sem gefin var út í des. 1981 komu einmitt fram hugmyndir sem taka á þeim vanda og þá einkum til að leysa vanda yngri barnanna. Það má t.d. hafa skóladagana lengri en færri, lengja daglegan skólatíma. Það mætti nefna ýmis vor- og haustnámskeið. Hv. flm. minntist á skólagöngu að sumri til, bréfaskóla eða ekki síst fjarkennslu sem lítið hefur verið nýtt enn þá. Það eru margir möguleikar sem koma þarna til greina, en mikilvægt er þó að öll börn sitji við sama borð hvað menntun varðar án tillits til búsetu.

Hvað varðar frammígrip hv. 5. þm. Reykv. vona ég að hann fái tækifæri til þess að tjá sig um þetta mál hér á eftir og þá að gagnrýna (**AG:** Þau mál sem eru á dagskrá, en ekki tillögur sem einhvern tíma voru fluttar) málflutning annarra sem honum finnst eitthvað athugavert við. Ég hef þegar lýst stuðningi við þetta mál við hv. flm. og reifað ýmsa þætti málsins auk annarra sem málið snerta.

Ragnhildur Helgadóttir:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess sérstaklega að fagna framkomu till. Ég tel það mjög mikils virði að kona sem hefur annast kennslu einmitt utan hins mesta þéttbýlis flytji till. sem þessa. Það er alveg ljóst að nútíminn kallar á það að jafnrétti í menntunarmálum sé sérstaklega sinnt og það jafnrétti á ekki einungis við um framhaldsskóla á ýmsu stigi eða háskóla, heldur fyrst og fremst varðar þetta atriði, grunnskólastigið og grunnfræðsluna, fræðsluna í grundvallargreinunum sem allt hitt byggist á. Við þekkjum það mörg sem sitjum á Alþingi að okkur þykir stundum sem tími yngstu barnanna sé e.t.v. ekki nægilega vel nýttur og síðan fáum við fregnir af því að þegar börnin koma í framhaldsskóla þykja þau ekki nægilega vel að sér í grundvallargreinum. Þetta er því miður staðreynd og nægir að vitna til nýlegra athugana á þekkingu nemenda í grundvallarfögum eins og íslensku og stærðfræði. Ég hygg að það sé algjörlega ljóst að einmitt skólatíminn sé nýttur eins og grunnskólalög segja til um, þar sem gert er ráð fyrir að grunnskólinn sé 7–9 mánaða skóli, þessi möguleiki sé nýttur til hins ýtrasta. Það var hér áður á tíð að kennarastarfið var ekki talið heils árs starf og ekki launað sem slíkt. En einmitt það atriði rennir stoðum undir till. sem hér er flutt og sú gerð að breyta launafyrirkomulagi á þennan veg byggist á nákvæmlega sömu röksemdinni og liggur til grundvallar fyrir till.

Börnin úti um landið hafa ekkert síður þörf fyrir fræðslu og skólavist en börnin í þéttbýli og þess vegna tel ég það mjög af hinu góða að á Alþingi kemur fram tillaga sem ég vona að fái almennt fylgi um að breyta starfseminni í þetta horf þar sem það hefur ekki nú þegar gerst. Ég er ansi hrædd um að það séu leifar af fortíðaratvinnufyrirkomulagi á Íslandi að menn telja það sjálfsagt að börn víða úti um land fái mun skemmri skólatíma á ári hverju en önnur börn. Þessu þurfum við að breyta og ég vona svo sannarlega að allur sá kvennahópur sem hér er á Alþingi nú hafi áhrif í þá átt að þessu verði breytt.

Flm. (Arndís Jónsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. sem hafa stutt mál mitt hér innilega. Ég get vel tekið undir það að skólatíminn þarf að vera betur nýttur en hefur verið fram að þessu. Hins vegar tek ég ekki undir það að við förum e.t.v. að stuðla að vinnuþrælkun barna og unglinga. Það er aftur annar hlutur sem er í ákaflega fáum tilfellum nú til dags, og um það er ég fullviss og get einnig fullvissað aðra um, að börn og unglingar eru beðin um að vinna önnur störf þegar úr skólanum er komið. Þar á ég við hinn hefðbundna búskap.

Í sambandi við það sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir ræddi um hér áðan er afskaplega gott að heyra og einnig hitt að fá þennan góða skilning og stuðning við þetta mál. Ég vil í sambandi við sex ára börnin náttúrlega fagna því að skólatími þeirra verði lengdur og það vonandi sem fyrst.

Svona til fróðleiks um Suðurlandsumdæmi þá eru þar 34 grunnskólar og ég vil að það komi fram að þar eru aðeins tveir grunnskólar níu mánaða skólar. Það er allt of lág tala. Flestir starfa átta og hálfan mánuð og svo hinir átta mánuði. Þetta er léleg útkoma að mínu mati.

Ég held að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta. Ég vona að þessi þáltill. fái góða umfjöllun og frekari afgreiðslu í nefnd og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun, fyrri umr.

Þáltill. JAJ o.fl., 364. mál. — Þskj. 696.

Flm. (Jóhann A. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun. Till. þessi er á þskj. 696. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Björn Gíslason, Málmfríður Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd sjö manna er kanni mismunandi starfsskilyrði atvinnugreina og þróunarforsendur byggða með sérstöku tilliti til stjórnarstefnunnar í gengis- og peningamálum.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis svo fljótt sem auðið er og geri í henni tillögur til úrbóta."

Tilefni þessarar þáltill. er sú staða sem útflutningsgreinar landsmanna hafa staðið frammi fyrir vegna fastgengisstefnu ríkisstjórnarinnar án þess að innlendu verðlagi sé jafnframt stýrt. Tekjur útflutningsgreinanna hækkuðu um 4% árið 1987 á föstu verðlagi. En á sama tíma hækkuðu vextir hér á landi yfir 100%. Ég er ekki viss um það að allir sem tóku ákvörðun um þær vaxtahækkanir hafi gert sér grein fyrir afleiðingum þeirra úti í þjóðfélaginu hvort sem við tölum um einstaklinga eða atvinnufyrirtæki. Nú er mér sagt að viðskiptabankarnir skili um 700 millj. kr. í rekstrarafgang. Einhverjir borguðu þá peninga.

Af tekjum fiskvinnslunnar námu vextir árið 1987 7%. En til samanburðar þá námu vextir af fiskvinnslu í Bretlandi, sem við keppum við og verðum að vera samkeppnisfærir við vegna útflutnings á fiski, 1,3% af tekjum. Útflutningsframleiðsla landsmanna er talin hafa aukist um 5% að magni árið 1987, en 4% á föstu verðlagi. Á sama tíma jókst innflutningur landsmanna um 20,5% á föstu verðlagi til samanburðar um 5,5% árið 1986.

Á þessu ári stefnir í 10–15 milljarða óhagstæðan viðskiptajöfnuð eftir því hvaðan upplýsingarnar koma. Þetta þýðir að við eyðum 10–15 milljörðum meira en við öflum með okkar útflutningstekjum. Þannig getur þjóðfélagið ekki gengið. A.m.k. dettur engum í hug að reka heimili upp á þennan máta til lengdar. Það er aðeins verið að velta vandanum yfir á þá kynslóð sem taka skal við. Í dagblaðinu Degi 10. mars sl. er viðtal við efnahagsráðgjafa ríkisstjórnarinnar, Ólaf Ísleifsson, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin hefur í tvígang ráðist gegn viðskiptahallanum. Vilji menn ganga enn lengra en gert hefur verið þá eru þeir kostir helstir að hækka beina skatta, aðgerðir til að knýja vexti frekar upp og gengisfelling."

Þetta eru ráðin til að draga úr viðskiptahallanum. Því miður þá skil ég þetta svo að stjórnvöld hafi gefist upp og sætt sig við eyðslu upp á 10–15 milljarða umfram það sem aflast í gjaldeyristekjur.

Mér er spurn: Hvers vegna á ekki að beita hér framboðs- og eftirspurnarverðmyndun líkt og gert er á fjármagnsmarkaðnum? Hvað verður um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar ef svo heldur fram sem horfir? Þessi stefna, að stýra tekjugrundvelli útflutningsgreinanna en hafa frjálsræði á sem flestum sviðum í verðmyndun innan lands, leiðir ekki til neins annars en skipbrots útflutningsatvinnugreinanna með ákveðnu millibili og skapar óstöðugleika í efnahagslífinu. Er það ekki í rauninni ótrúlegt hvernig sjónarmið útflutningsgreinanna verða algerlega undir við stjórnun í gengis- og peningamálum þegar haft er í huga mikilvægi þeirra fyrir rekstur og viðgang þess velferðarþjóðfélags sem skapast hefur í landinu?

Launamunur í landinu hefur sennilega aldrei verið meiri en nú og stafar það ekki síst af mismunandi tekjuforsendum atvinnugreinanna. Í umræðum hér á Alþingi síðustu dagana hefur mikið verið rætt um að lögbinda lágmarkslaun. Að mínu mati leysir það ekki þann vanda sem við er að etja. Í dag er launamunur mikill á milli landshluta, fyrst og fremst eftir því hvaða atvinnustarfsemi fer þar fram. Það þarf nefnilega að breyta þessu kerfi sem við búum við. Sú óréttláta skömmtunarstefna gagnvart launafólki sem felst í síðustu efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar gengur ekki öllu lengur. Misréttið eykst hvarvetna í þjóðfélaginu og nú endurspeglast óánægja fólks m.a. í þeirri útreið sem nýgerðir kjarasamningar Verkamannasambandsins og vinnuveitenda fengu, ekki síst á landsbyggðinni. Vart er fyrr búið að skammta en búið er að taka kjarabæturnar aftur af þeim aðilum sem sjálfdæmi hafa um verðmyndun og eru ekki háðir skömmtunarkerfi stjórnvalda.

Nú virðist stefna í sama farið aftur, þ.e. að innan skamms þurfi að koma til nýjar efnahagsaðgerðir. Launabilið heldur þá áfram að aukast og enn þrengir að útflutningsatvinnuvegunum. Þetta gerist þrátt fyrir stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar um að bæta kjör hinna lægst

launuðu og stuðla að betra jafnvægi í þróun byggða. Nefnd sú er tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði þarf að leita svara við þeirri spurningu hvernig megi tryggja með varanlegum hætti afkomu útflutningsgreinanna og þeirra sem þar starfa þannig að ekki sé þörf á síendurteknum efnahagsaðgerðum til að tryggja framhald þessarar atvinnustarfsemi.

Aðeins virðast tvær leiðir koma til greina út úr þeirri stöðu sem útflutningsstarfsemin býr nú við. Hin fyrri er að samfara fastgengisstefnu sé einnig stýrt öðrum helstu kostnaðarþáttum í rekstri útflutningsfyrirtækjanna. En hin síðari að láta frelsið ná alla leið og þar með einnig að láta framboð og eftirspurn ráða verði á þeim gjaldeyri sem útflutningsgreinarnar skapa.

Stöðu frjálshyggjunnar í þjóðfélaginu nú má líkja við mann í sjálfheldu sem ekki gerði sér grein fyrir að legði hann af stað yrði hann að komast alla leið. Honum er óljúft að snúa til baka, hins vegar getur hann ekki verið endalaust í þessari sjálfheldu og þarf því að taka ákvörðun ef hann á annað borð á nokkurn kost annan en að fá hjálp.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa mál mitt öllu lengra þar sem þeim er til þekkja á vandinn að vera ljós og þeim þm. er á hlýða fer ört fækkandi. Ég legg áherslu á að brýnt er að nefndin vinni störf sín fljótt og vel og að fram komi hnitmiðuð og glögg skýrsla um nýskipan þessara mála.

Hæstv. forseti. Ég legg til að till. verði vísað til hv. atvmn. að loknum þessum hluta umræðunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Valfrelsi til verðtryggingar, fyrri umr.

Þáltill. JBB og GHH, 374. mál. — Þskj. 706.

Flm. (Jón Bragi Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um valfrelsi til verðtryggingar í tilefni af þeirri miklu umræðu um lánskjaravísitölu og verðtryggingu sem hér hefur farið fram á hinu háa Alþingi.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta þegar fara fram endurskoðun á VII. kafla laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, með það fyrir augum að koma á hliðstæðu valfrelsi um viðmiðun verðtryggingarinnar og þegar gildir um ákvörðun vaxta, svo og að nema úr gildi úrelt ákvæði en sameina önnur vaxtalögunum þyki það henta;

2. að endurskoða með hliðstæðum hætti þau lagaákvæði sem enn gilda um vexti fjárfestingarlánasjóða skv. 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975 til samræmis við lagaákvæði um vexti viðskiptabanka og sparisjóða.“

Um þetta vil ég segja að verðtrygging, sem tekur fullt tillit til verðbólgu, veldur endurmati peningalegs fjármagns í sparifé og útlánum og tryggir varðveislu raunvirðis þess þrátt fyrir verðbólguþróun. Afborganir koma þannig inn aftur með réttu raunvirði og gera kleift að skila sparifé með sama hætti. Áhrif þessa endurmats til raunverulegrar ábyrgðar lántakenda og skilvirkni lánakerfisins eru fræðilega óyggjandi, enda jafngilda þau skilyrðum stöðugs verðlags.

Segja má að með verðtryggingu hér á landi hafi tekist að forða peningakerfinu frá algjöru hruni. Peningalegur sparnaður, sem dróst verulega saman á áttunda áratugnum, er nú vaxandi á ný. — Þetta sýni ég hér í töflu, sem fylgir á bls. 3 í þessu þskj., þar sem glöggt má sjá hvernig heildarinnlán féllu sem hlutfall af landsframleiðslu úr u.þ.b. 35–40% á sjöunda áratugnum niður í tæp 20%, eða 19,13% árið 1978. Síðan verðtrygging var upp tekin samkvæmt þessum lögum, sem nefnast „Ólafslög“, hefur heildarinnlánamyndun orðið nærri því 30% eða 29,99% eins og hér sýnir. — Hlutfall erlendra lána af lánanotkun hagkerfisins í heild er lækkandi. Geta innlendra lánastofnana til að veita lán hefur aukist. Telja verður ótímabært að fella úr gildi heimildir til verðtryggingar á meðan ekki hefur tekist að draga meira úr verðbólgu. Hins vegar er æskilegt að taka verðtryggingarkafla „Ólafslaga“ (nr. 13/1979) til endurskoðunar, bæði vegna þess að staðsetning ákvæðanna í lagabálki um ýmis fjarskyld mál, sem að ýmsu leyti eru fallin úr gildi, er óæskileg, og einnig vegna hins að bjóðandi tónn eða orðun laganna á ekki lengur við heldur er verðtrygging orðin valfrjáls kostur í samhengi hins almenna vaxtafrelsis. Verðtrygging væri þá heimil þar sem ekkert bannaði hana. Væntanlega þætti þó öruggara að viðhalda fáum, einföldum meginreglum. Mættu þau lagaákvæði þá helst bætast við vaxtalögin. Verðtrygging miðast nú í flestum tilfellum við lánskjaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla. Getur það hentað vel í lánsviðskiptum fyrirtækja en afkoma þeirra tekur einkum mið af almennu verðlagi. Hins vegar er líklegt að önnur vísitala, með meira vægi á almenn launakjör heldur en lánskjaravísitalan í dag, hentaði betur í lánsviðskiptum einstaklinga. Kanna bæri í þeirri endurskoðun sem boðuð er í þessari þáltill. hvernig slíkum vísitölum bæri saman til lengri og skemmri tíma.

Er það aðalatriði þeirrar till. sem hér er fram borin að slíkt mat og slík endurskoðun færi fram. Höfum við nú 8–9 ára reynslu af þessu kerfi og gætum notað þær vísitölur sem til eru og þá reynslu sem þegar er fyrir hendi til að meta mismunandi kerfi, þar með kerfi með meira vægi á launakjör.

Um lánskjör fjárfestingarlánasjóða gildir 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o.fl. Er 11. gr. hið eina sem í gildi stendur af þessum lögum, en heiti þeirra felur ekki í sér neina tilvísun til ákvörðunar lánskjara.

Upphaflegt tilefni lagasetningar þessarar var einkum það að almennri verðtryggingu fjármagns hafði enn ekki verið komið á enda þótt mikið af aðfengnu fé sjóðanna væri verðtryggt eða gengistryggt. Eigið fé sjóðanna rýrnaði því stórum og allt að gjaldþrotamörkum. Sýndu stjórnir sumra þeirra lítinn vilja til þess að bæta úr því ástandi svo að nauðsyn þótti til bera að hið almenna stjórnvald hlutaðist til um málin.

Viðhorfin eru nú gjörbreytt í flestu tilliti. Almennt vaxtafrelsi ríkir á lánamarkaðnum og hafa nánustu samkeppnisaðilar fjárfestingarlánasjóðanna fullt færi á sveigjanlegri aðlögun að markaðsaðstæðum.

Af þessum breyttu viðhorfum hlýtur að verða dregin sú ályktun að það sé óhjákvæmilegt skilyrði viðgangs og vaxtar fjárfestingarlánasjóðanna að þeir njóti jafnræðis við aðra aðila á fjármagnsmarkaði með sveigjanlega aðlögun útlánsvaxta sinna að markaðsskilyrðum.

Stefna þessi styðst jafnframt við þá yfirlýstu meginstefnu ríkisstjórnarinnar að hinar einstöku einingar, jafnt í opinbera geiranum sem einkageiranum, starfi á eigin ábyrgð í sem ríkustum mæli.

Æskilegast er að sjálfsögðu að ákvæði nýrra laga taki við af þeim sem felld yrðu úr gildi. Verði hins vegar einhver verulegur dráttur þar á má spyrja hvort nokkur skaði sé skeður þótt lagaákvæðin frá 1975 um lánskjör sjóðanna séu felld úr gildi. Mundi þá væntanlega leiða af sjálfu sér að sjóðstjórnir réðu lánskjörum til lykta.

Ég vil þó ítreka það að tilgangur þessarar till. er fyrst og fremst að fá fram þetta endurmat og þessa könnun á lánskjaravísitölunni eins og hún er í dag og verður, hún er nákvæmlega skilgreind, og í langtímasamningum, miðað við ýmsar aðrar hugsanlegar vísitölur með það fyrir augum að geta boðið upp á annars konar verðtryggingu þar sem misvægi það sem kom fram árið 1983 mundi ekki leggjast jafnþungt á lántakendur, einkum einstaklinga í húsbyggingum, eins og þá varð.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til allshn.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég hef nú hlustað á hv. 1. flm. flytja framsögu, mæla fyrir þremur málum í dag. Það sem ég var að hugsa fyrr í dag þegar hann flutti sín mál og það hvarflaði aftur að mér núna var að mér finnst eins og tilkoma hans hér í Alþingi, þó varamaður sé, hafi auðgað þingliðið verulega. Mér finnst þau mál sem hann hefur flutt vera málefnalega sterk og góð. Ég hef ekki kynnt mér það mál sem hér er mælt fyrir á þskj. 706, en fyrirsögnin segir að þar sé um valfrelsi til verðtryggingar að ræða eins og sést af skýringum sem fylgja. Mig minnir að prófessor Ólafur Jóhannesson hafi á sínum tíma flutt eitthvað líkt, þ.e. um valfrelsi verðtrygginga þó að það sé með öðrum rökum. Hann talaði þá um að hægt væri að velja á milli ákveðinna vaxta innan lands og þess að leggja fyrir eða tryggja sína fjármuni í erlendum reikningum.

Ég tel að þessi till. sé á margan hátt merk og harma það að svona fáir þm. skuli vera viðstaddir. Ég hefði ætlast til þess að miklar umræður yrðu um till. sem þessa. Það kæmi mér ekki á óvart að þessi till. reyndist við athugun betri en sú sem ég flutti um niðurfellingu á lánskjaravísitölu, kannski auðveldari í framkvæmd líka og auðveldara að ná samkomulagi um aðgerðir þannig að menn þyrftu ekki að standa frammi fyrir því að taka afstöðu annaðhvort með eða á móti heldur að ræða um lausn á málinu.

Ég hefði gjarnan viljað sjá svolitla orðalagsbreytingu á upphafi þessarar till., en þar segir, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina“. Ég hefði viljað sjá: Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni. En þetta er ábending til þeirrar nefndar sem hv. 1. flm. beinir till. til.

En vil endurtaka það alveg sérstaklega að mér finnst Alþingi hafa vaxið við tilkomu þessa hv. flm. þó til stutts tíma sé hér á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (318. mál, tryggingaráð) 5764.
Björgunar- og slysavarnaskóli Íslands (339. mál) 5732, 5879.
Drengskaparheit unnið 5718.
Efling Ríkisútvarpsins (288. mál) 5718.
Endurskoðun kosningalaga (346. mál) 5873.
Endurskoðun lánskjaravísitölu (296. mál) 5719.
Fjarkennsla (290. mál) 5835.
Fulbright-stofnunin (345. mál) 5871.
Grásleppuveiðar (327. mál) 5852.
Hálendisvegir (358. mál) 5742, 5879.
Háskólinn á Akureyri (202. mál) 5787, 5804.
Hreindýr (320. mál) 5849.
Húsnæðisstofnun ríkisins (363. mál, vextir á skyldusparnaði) 5750.
Innflutningur á gleráli (357. mál) 5877.
Jöfn skólaskylda (354. mál) 5891.
Kolbeinsey (332. mál) 5856.
Lágmarkslaun (351. mál) 5810.
Mat á heimilisstörfum (289. mál) 5719.
Neyðarsími (302. mál) 5719.
Ný löggjöf um háskóla (342. mál) 5861.
Sala notaðra bifreiða (338. mál) 5804.
Sjávarútvegsskóli (309. mál) 5847.
Skipan prestakalla og prófastsdæma (350. mál) 5875.
Skólabifreiðar (335. mál) 5860.
Starfsmenn Þjóðkirkju Íslands (349. mál) 5876.
Starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun (364. mál) 5897.
Steinataka í náttúru Íslands (326. mál) 5720.
Stjórn Ísraelsmanna á herteknum svæðum (292. mál) 5844.
Stofngerðarannsóknir á þorski (352. mál) 5854.
Stofnun smáfyrirtækja (344. mál) 5867.
Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis (331. mál) 5720.
Sveitarstjórnarlög (365. mál, kaupstaðir og bæir) 5763.
Tjón Norræna fjárfestingarbankans af gjaldþroti Kongsbergs Våpenfabrikk (291. mál) 5838.
Um þingsköp 5770 (framlagning stjfrv.).
Umferðarlög (360. mál, skoðun og skráning ökutækja) 5784.
Valfrelsi til verðtryggingar (374. mál) 5899.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 5717.
Varnargarðar sunnan Markarfljótsbrúarinnar (340. mál) 5720.
Veiðieftirlitsskip (325. mál) 5719.
Verðtrygging (304. mál) 5719.
Vísindastefna (343. mál) 5865.
Þjóðfundur um nýja stjórnarskrá (341. mál) 5776.
Þjónusta og ráðgjöf sérskóla (328. mál) 5720.
Þjónusta sjóða og fjármálastofnana (277. mál) 5832.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 5717, 5718, 5857, 5864, 5869.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 5772.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 5833, 5873.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 5784, 5840, 5842, 5860, 5875, 5877.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 5750, 5757, 5761, 5763.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 5772, 5867, 5870.
Landbrh. Jón Helgason 5878.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 5798, 5835, 5848, 5849, 5852, 5862, 5864, 5865, 5872.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 5837, 5857.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 5853, 5854.
Utanrrh. Steingrímur Hermannsson 5845, 5846.
Albert Guðmundsson 5723, 5727, 5732, 5741, 5891, 5902.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 5823.
Arndís Jónsdóttir 5892, 5896.
Árni Johnsen 5735, 5739, 5825.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 5792, 5863, 5884.
Einar Kr. Guðfinnsson 5819.
Guðmundur Ágústsson 5729, 5755, 5760, 5794.
Guðrún Agnarsdóttir 5736, 5894.
Guðrún J. Halldórsdóttir 5828.
Guðrún Helgadóttir 5838, 5841, 5843, 5845.
Halldór Blöndal 5787, 5802, 5863, 5875, 5876, 5877.
Hjörleifur Guttormsson 5747, 5770, 5774, 5851.
Hreggviður Jónsson 5738, 5883.
Ingi Björn Albertsson 5806.
Jóhann A. Jónsson 5854, 5855, 5897.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 5742, 5783, 5884, 5890.
Jón Bragi Bjarnason 5776, 5782, 5861, 5863, 5864, 5865, 5867, 5869, 5871, 5872, 5873, 5874, 5899.
Jón Kristjánsson 5729, 5881.
Karl Steinar Guðnason 5730.
Karvel Pálmason 5740.
Kolbrún Jónsdóttir 5718, 5757.
Margrét Frímannsdóttir 5764, 5847, 5848.
Málmfríður Sigurðardóttir 5746, 5781, 5860, 5861.
Ólafur Gränz 5732, 5742, 5877, 5878.
Ólafur Þ. Þórðarson 5735, 5846, 5849, 5850, 5851, 5887.
Pálmi Jónsson 5832, 5834.
Ragnar Arnalds 5835, 5838.
Ragnhildur Helgadóttir 5896.
Skúli Alexandersson 5737, 5879, 5889.
Steingrímur J. Sigfússon 5815, 5858, 5887.
Stefán Guðmundsson 5856, 5859.
Svavar Gestsson 5724, 5752, 5759, 5762, 5796, 5802, 5803, 5844, 5846.
Sveinn G. Hálfdánarson 5882.
Sverrir Hermannsson 5774, 5851, 5891.
Valgerður Sverrisdóttir 5852, 5854.
Þorv. Garðar Kristjánsson 5720, 5725, 5731.
Þórhildur Þorleifsdóttir 5810, 5829.

SAMEINAÐ ÞING

63. fundur, mánudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Hálendisvegir, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS o.fl., 358. mál. — Þskj. 690.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Jöfn skólaskylda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ArnJ, 354. mál. — Þskj. 686.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun, frh. fyrri umr.

Þáltill. JAJ o.fl., 364. mál. — Þskj. 696.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til atvmn. með 41 shlj. atvmn.

Valfrelsi til verðtryggingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBB og GHH, 374. mál. — Þskj. 706.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Nýting á kartöflum, síðari umr.

Þáltill. GuðnÁ o.fl., 83. mál. — Þskj. 86, n. 652.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 652 frá atvmn. um nýtingu á kartöflum.

Nefndin hefur rætt till. á fundum sínum og sent hana til umsagnar til Landssambands kartöflubænda, Iðntæknistofnunar, Neytendasamtakanna og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þau svör sem bárust voru öll jákvæð hvað snertir till. sjálfa, en um leiðir til nýtingar komu fram mismunandi sjónarmið. Nefndin mælir með því að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Till. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hægt sé að nýta þær miklu kartöflubirgðir sem til eru í landinu.“

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson og Guðmundur H. Garðarson.

Undir nál. skrifa Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Eggert Haukdal, Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að hafa nokkur orð til viðbótar um þetta nál. og þetta mikilvæga mál.

Í svari Neytendasamtakanna kemur m.a. fram að kartöfluneysla sé óeðlilega lítil miðað við önnur lönd og ráðleggingar í manneldismálum. Ástæður fyrir því að neysla hefur dregist saman hér á landi geta legið í ýmsu að áliti Neytendasamtakanna, svo sem takmörkuðum og breytilegum gæðum, einhliða framboði og háu verði.

Um þetta vil ég segja það að gæðin hafa verið misjöfn, því er ekki að neita, og þá ekkert endilega betri kartöflur sem keyptar hafa verið erlendis frá eins og menn muna. Það er mjög mikils virði að kartöflur séu metnar áður en þær fara á markað og má geta þess að Norðmenn hafa ákveðið flokkunargjald sem greitt er til bænda til að tryggja að engar kartöflur fari á markað án þess að hafa farið í gegnum ákveðið nálarauga dreifingarstöðva.

Um það að verðið sé hátt er rétt að það komi fram að það skipulagsleysi sem verið hefur að undanförnu í sölumálum á kartöflum hefur leitt af sér að munur á skilaverði til bóndans og útsöluverði úr verslunum hefur stóraukist. Í svari Rannsóknastofnunar landbúnaðarins kemur fram að sé tekið mið af næringargildi kartaflna og fóðurfræðilegu gildi sé ljóst að hægt væri að nýta alla þá umframframleiðslu á kartöflum sem fyrir er í landinu handa búfé. Spurningin er að sjálfsögðu um verð.

Þá er rétt að fram komi að á fæðudeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur lengi verið unnið að mælingum á næringargildi í íslenskum kartöflum og niðurstöðurnar verða notaðar í fyrstu íslensku næringarefnatöflurnar sem gefnar verða út næsta haust. RALA leggur til að samið verði kynningarrit fyrir matvælaframleiðendur, veitingahús, skóla og almenning um næringargildi og hollustu kartaflna þar sem lögð verði áhersla á hollar framleiðslu- og matreiðsluaðferðir.

Um kartöflur til iðnaðar væri hægt að segja ýmislegt eftir atburði síðustu vikna. Ég vil þó aðeins segja að innlenda framleiðslan hefur batnað mikið og það er vissulega ánægjulegt.

Kartöflur til útflutnings. Þau mál eru í athugun og hefur einkum verið athugað um Noreg í því sambandi.

Ég vil að síðustu, hæstv. forseti, segja að markaðurinn hér innan lands er talinn vera um 8000 tonn, en framleiðslan sl. haust var u.þ.b. helmingi meiri.

Nú hef ég ekki nýjar tölur um birgðastöðu í dag þar sem fyrir utan sölu mun hafa verið eitthvað um rýrnun, en það er a.m.k. öllum ljóst að umframframleiðsla er veruleg.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 652 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 728).

Rannsóknarnefnd til að kanna hvort starfsmenn lögreglunnar virði friðhelgi einkalífsins, fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 330. mál. — Þskj. 657.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Það kemur mér nokkuð á óvart að eiga að tala fyrir þessu máli núna þar sem vitað mun hafa verið að hæstv. dómsmrh. væri ekki í landinu. Ég vil því fara fram á það að fá þessu máli frestað. Ég sé satt að segja enga ástæðu til að tala um svo alvarlegt mál, sem varðar stjórnarskrá lýðveldisins, lög um meðferð opinberra mála og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, ef ráðherra getur ekki verið viðstaddur umræðuna. Þó ég sé vissulega tilbúin með mína tölu vil ég fara fram á að þessu máli verði frestað. Ég undrast satt að segja að það skyldi sett á dagskrá að ráðherra fjarstöddum.

Ég vil taka fram að ef forseti fer fram á að ég haldi þá ræðu sem ég hef hér undirbúið mun ég að sjálfsögðu verða við því. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann óski þess.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það verður að sjálfsögðu orðið við ósk hv. 13. þm. Reykv. Forseti bendir aðstoðarmanni sínum, hv. fyrri varaforseta Sþ., á að einfaldast hefði verið að tala við forseta um þetta og hefði ekki þurft slík formlegheit. En forseta var ekki kunnugt um annað en það væri hægt að ræða þetta mál á þessum fundi því það eru alltaf gerðar sérstakar ráðstafanir til að kanna það fyrir fram áður en mál er tekið á dagskrá. En þetta hlýtur að hafa brugðist eitthvað í þetta skipti.

Umræðu frestað.

Haf- og fiskirannsóknir, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 355. mál. — Þskj. 687.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir. Till. er á þskj. 687 og flm. með mér eru eftirtaldir hv. þm. úr öðrum þingflokkum: Kristín Einarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson og Stefán Guðmundsson. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um auknar fjárveitingar á næstu fimm árum til haf- og fiskirannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Áætlun þessi taki mið af langtímaáætlun stofnunarinnar, ekki síst þörfinni á stórauknum umhverfisrannsóknum og að því er varðar vistkerfi íslenska hafsvæðisins svo og eldi sjávarlífvera.

Áætlun þessi verði lögð fyrir Alþingi í byrjun þings haustið 1988."

Hér fór fram fyrr á þinginu talsverð umræða sem tengist þessu máli og var það í tengslum við frv. til l. um stjórn fiskveiða þegar það var til meðferðar í hv. þingdeildum í desembermánuði og í janúarbyrjun. Þar bar málefni Hafrannsóknastofnunar og þörfina á rannsóknum nokkuð á góma. Einstaka hv. þm. drógu þá í efa forsendur Hafrannsóknastofnunar til að segja fyrir um æskilegan hámarksafla á þeim tegundum sem veiddar eru hér við land.

Ég vék að stöðu þessara mála í nál. með því frv. sem ég nefndi, frv. til l. um stjórn fiskveiða árin 1988–1990, og sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Eitt mikilvægasta atriði í skilvirkri fiskveiðistjórnun á að vera að efla hafrannsóknir og gera viðkomandi stofnunum og vísindamönnum kleift að sinna aðkallandi verkefnum. Árlega er varið til haf- og fiskirannsókna hérlendis aðeins sem svarar ½% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Þetta er miklu lægra hlutfall en meðal nágrannaþjóða sem þó eiga langtum minna undir sjávarútvegi en Íslendingar.

Brýn þörf er á grundvallarrannsóknum á vistkerfi íslenskra hafsvæða til þess m.a. að leiða í ljós flókin tengsl milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna svo og breytingar í neðstu hlekkjum fæðukeðjunnar."

Og einnig sagði í þessu nál.: „Efla þarf til muna rannsóknir er varða hagkvæma fiskveiðistefnu og samhengi allra þeirra þátta er hana snerta. Þannig þarf að tengja saman tæknilegar, hagrænar, félagslegar og fiskifræðilegar rannsóknir."

Eftir að frv. þetta um stjórn fiskveiða var lögfest hefur Hafrannsóknastofnun gert verulegt átak til að kynna Alþingi, einstökum þingflokkum og þm. í heild starfsemi sína og vísindalegar forsendur fyrir forsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi afrakstursgetu nytjastofna svo og margt fleira sem tengist þeim málum. Stofnunin hafði sérstaka kynningar-

fundi fyrir þm. úr einstökum þingflokkum og efndi svo til kynningarfundar fyrir alla hv. þm. þann 3. mars sl. og notuðu sér margir það boð. Þar voru flutt fræðileg erindi um helstu viðfangsefni Hafrannsóknastofnunar. Það vakti athygli að þar var ekki hafður uppi neinn sérstakur barlómur í sambandi við fjármál stofnunarinnar, en öllum sem fylgt var á þessum fundi og kynnt hafa sér málefni Hafrannsóknastofnunar hlýtur að vera ljós eða ljósari eftir en áður þörfin á að efla til muna haf- og fiskirannsóknir hér við land. Markmiðið með þeirri þáltill. sem hér er flutt af þm. úr öllum þingflokkum er að svo geti orðið.

Tillagan gerir ráð fyrir tvennu: Að ríkisstjórnin láti gera áætlun um auknar fjárveitingar á næstu fimm árum til haf- og fiskirannsókna og leggi þá áætlun fyrir Alþingi í byrjun næsta þings. Í öðru lagi að áætlun þessi taki mið af fyrirliggjandi langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunar sem birt er í heild sem fskj. með þáltill., en að þessari áætlun átti einnig hlut Rannsóknaráð ríkisins.

Í langtímaáætluninni er gerð ítarleg grein fyrir starfsmarkmiðum Hafrannsóknastofnunar, starfsháttum hennar og aðstöðu og þörfinni fyrir aukinn mannafla, húsnæði og endurbættan skipakost. Gerð er grein fyrir verkefnavali stofnunarinnar og forgangsröðun um ráðningu starfsmanna og bætta aðstöðu stofnuninni til handa.

Á bls. 19 í þáltill., fskj. með henni, er að finna töflu þar sem sýndur er starfsmannafjöldi annars vegar eins og hann var á árinu 1987 og hins vegar eins og gert er ráð fyrir að hann verði samkvæmt langtímaáætluninni árið 1992. Í þessu yfirliti kemur fram að fjölga þurfi starfsmönnum á þessu tímabili að lágmarki um 33, þ.e. sérfræðingum og rannsóknamönnum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir fjölgun manna á rannsóknarskipum stofnunarinnar.

Þau svið þar sem einkum er gert ráð fyrir vexti og auknum umsvifum eru vistfræðirannsóknir og eldi sjávardýra. Um vistfræðirannsóknina segir m.a. í áætlun stofnunarinnar á bls. 14 í fskj., með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar gerðar hafa verið áætlanir um afrakstur nytjastofna hefur hingað til aðallega verið byggt á beinum eða óbeinum mælingum á stofnstærð, upplýsingum um nýliðun og meðalvaxtarferlum viðkomandi tegunda. Með vaxandi þekkingu hefur komið sífellt betur í ljós hversu náin og flókin tengsl eru milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna á hverjum tíma annars vegar og breytinga á svifdýra- og plöntusamfélögum hafsins, svo og ástandi sjávar hins vegar. Enda þótt mikið verk hafi þegar verið unnið varðandi einstaka þætti vistkerfisins er mikilvægt að hefja sem fyrst samhliða rannsóknir á ofangreindum þáttum með það fyrir augum að tengja betur en nú er hægt upplýsingar um neðstu hlekki fæðukeðjunnar, ólífræna umhverfisþætti og fiskifræðileg gögn. Hér er raunar um að ræða nánari útfærslu á líkani af vistkerfum íslenskra hafsvæða og afrakstursgetu þeirra sem þegar er hafin vinna við og greint er frá í fyrri málsgrein. Þetta mun einkum kalla á mjög aukna starfsemi á sviðum plöntu- og dýrasvifsrannsókna."

Og um eldi sjávardýra er fjallað á bls. 13 í sama fskj. m.a. þar sem vikið er að rannsóknum varðandi hvali á hafsvæðunum umhverfis Ísland, en unnið er að þeim athugunum samkvæmt sérstakri rannsóknaráætlun svo sem kunnugt er. En þarna er einnig vikið að rannsóknum á selum og ég leyfi mér að vitna til þess sem segir um það í þessu fskj.:

„Rannsóknum á selum er lítið sem ekki sinnt á Hafrannsóknastofnun sem stendur. Má segja að selarannsóknir séu nær alfarið í höndum hringormanefndar sem sett var á laggirnar fyrir nokkrum árum og er fjármögnuð af ýmsum fyrirtækjum sjávarútvegsins. Þessar rannsóknir ætti hins vegar að stunda á vegum Hafrannsóknastofnunar, enda óheppilegt að íslenskir hagsmunaaðilar séu beinlínis í forsvari fyrir rannsóknum í svo alþjóðlega pólitísku máli."

Áhersla er einnig lögð á það í langtímaáætluninni að efla rannsóknir á eldi sjávardýra og um það segir, með leyfi forseta:

„Það er athyglisvert að þrátt fyrir hina miklu fjárfestingu í fiskeldi að undanförnu hefur sáralítið af opinberu fjármagni verið veitt til rannsókna á þessu sviði hingað til. Gert er ráð fyrir að þátttaka Hafrannsóknastofnunar í rannsóknum og tilraunastarfsemi við eldi sjávardýra fari vaxandi því verkefni eru ærin. Má þar bæði nefna eigin tilraunastarfsemi ýmiss konar, sem möguleg verður með tilkomu þeirrar aðstöðu sem verið er að koma upp við Grindavík og að framan greinir, og samstarf og ráðgjöf við einkaaðila í eldismálum hvers konar. Eins og stendur er stofnunin þó lítils megnug og skilyrði þess að breyting verði til batnaðar eru fyrst og fremst aukið fjármagn og mannafli."

Þetta var tilvitnun um rannsóknarþörf varðandi eldi sjávardýra. Í því sambandi vil ég minna á að þingmenn hafa á undanförnum þingum flutt þáltill. varðandi rannsóknir sem tengjast eldi sjávardýra. Minni ég á þá tillögu sem fyrst var á ferðinni um þetta efni á þinginu 1983–1984, sem ég var flm. að ásamt fleiri þm. Alþb., um mótun rannsóknarstefnu varðandi eldi sjávardýra og nauðsynlega aðstöðu þar að lútandi.

Ég gat þess að þessi langtímaáætlun er unnin í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins sem fjallaði um hana og lagði fyrir sitt leyti blessun yfir hana, þó að hún sé gerð á ábyrgð Hafrannsóknastofnunar. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því sem segir í lok þessarar áætlunar varðandi fjármögnun. Það er að finna á bls. 17–18 í þessu þskj., með leyfi virðulegs forseta. Þar er að finna skýringarmyndir sem sýna mjög glöggt fjármögnun, fjárframlög á árunum 1977–1987 eða á tíu ára tímabili og einnig yfirlit um hvert hlutfall þessi fjármögnun til Hafrannsóknastofnunar er af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Um þetta segir í áætluninni:

„Eins og sýnt er á fyrstu mynd hafa fjárframlög til

haf- og fiskirannsókna ekki aukist að raungildi seinustu tíu árin. Á föstu verðlagi ársins 1986 hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða á hinn bóginn meira en tvöfaldast á ofangreindu tímabili. Eins og sjá má hefur hlutfallið lækkað mikið á tímabilinu eða úr um 0,9%, ef miðað er við meðaltal áranna 1971–1977, í um 0,5% síðustu tvö árin. Að miðað sé við að verja ákveðnu hlutfalli af útflutningstekjum atvinnuvegarins er í sjálfu sér ekki keppikefli. Hins vegar er alveg ljóst að á seinustu árum hefur þjóðfélagið ekki varið fé til haf- og fiskirannsókna í neinu samræmi við stórauknar tekjur af sjávarfangi, þrátt fyrir það að á sama tíma hafi verið gerðar sívaxandi kröfur til rannsókna og ráðgjafar varðandi nýtingu sífellt fleiri dýrastofna. Við svo búið má ekki standa því að eins og þegar hefur komið fram má næsta lítið út af bera til þess að Hafrannsóknastofnunin valdi ekki lengur grundvallarhlutverkum sínum hvað þá meiru. Það er raunar fyrst og fremst bættri úrvinnslutækni og miklu vinnuframlagi starfsmanna að þakka að tekist hefur að halda nokkurn veginn í horfinu enn þá.

Til þess að rannsóknastarsemin geti þróast með eðlilegum hætti og uppfyllt þær kröfur sem til hennar verður að gera og þjóðfélagið setur þarf aukið fjármagn. Í samræmi við þær starfsáætlanir sem að framan greinir og með hliðsjón af brýnni nauðsyn þess að skipakostur Hafrannsóknastofnunar verði endurnýjaður á næstu 5–10 árum er fyrirsjáanlegt að auka þarf árlegt fjármagn til haf- og fiskirannsókna um a.m.k. 50% frá því sem nú er. Verði það ekki gert mun starfseminni sniðinn of þröngur stakkur þegar til lengri tíma er litið til þess að vænta megi viðunandi úrlausnar þeirra verkefna sem Hafrannsóknastofunin glímir við."

Í niðurlagi þessa þáttar um fjármögnun vegna þessarar áætlunar segir, með leyfi forseta: „Hingað til hafa íslenskar haf- og fiskirannsóknir svo til alfarið verið fjármagnaðar með ríkisframlögum. Á síðari árum hefur orðið mikil umræða um vaxandi þátt atvinnufyrirtækja í fjármögnun hvers konar rannsóknastarfsemi og er það vel. Ef frá eru taldar rannsóknir og ráðgjöf varðandi eldismál, þróun veiðarfæra og tæknibúnaðar, mannvirkjagerð og hugsanlega leit að nýjum fiskimiðum er á hinn bóginn erfitt að koma auga á fyrirtæki sem væru líklegir viðskiptavinir Hafrannsóknastofnunar. Starfsemi stofnunarinnar er og verður fyrst og fremst miðuð við þarfir sjávarútvegsins í heild. Það er þess vegna nauðsynlegt að samtök hans styðji rannsóknastarfsemina með beinum fjárframlögum. Sennilega yrði þetta best gert með því að sjávarútvegurinn stofnaði öflugan sjóð sem samtök hans stjórnuðu. Með því móti gæti þau stutt eða kostað að meira eða minna leyti þau verkefni hafrannsókna sem sjávarútvegurinn teldi nauðsynleg og áhugaverð. Að öðru leyti er líklegt að fjárveitingar samkvæmt fjárlögum verði í náinni framtíð helstu tekjustofnar Hafrannsóknastofnunar."

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þessari till. og nauðsyninni á að það verði gerð áætlun um fjármögnun varðandi haf- og fiskirannsóknir hér. Gert er ráð fyrir því að slík áætlun verði gerð til næstu fimm ára. Auðvitað mætti hugsa sér lengra áætlunartímabil, en ég tel að þetta sé verðugt verkefni og verðugt markmið, ekki síst vegna þess að fyrir liggur skilmerkileg langtímaáætlun unnin af færustu aðilum á þessu sviði.

Ég tel að þingið þurfi að bregðast við eftir að Hafrannsóknastofnun hefur með svo myndarlegum hætti rétt fram höndina til þess að kynna alþm. starfsemi sína. Okkur ætti raunar öllum að vera ljóst hvílíkt undirstöðumál hér er á ferðinni. Það má ekki við svo búið standa að grundvallarrannsóknir á þessu sviði séu í svelti. Því vænti ég þess að undirtektir verði góðar við þessa till., eins og reyndar hefur komið fram með meðflutningi þm. úr öllum þingflokkum, og að það verði hægt að hefjast handa á grundvelli þál. um þetta mál áður en þingi lýkur eða í síðasta lagi eftir þinglausnir þannig að við fáum um þetta tillögur á komandi þingi.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að umræðu lokinni vísað til hv. atvmn.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir sem við nokkrir þm. höfum staðið að að flytja. Segja má að það sé ekki nokkur vafi á að rannsóknir á hafsvæðum og fiskirannsóknir eru eitt af mikilvægustu verkefnum sem við þurfum að sinna og í umræðum um lög um stjórn fiskveiða kom æ oftar upp að í mörgum tilfellum voru e.t.v. ekki nægilegar upplýsingar fyrir hendi þar sem þær rannsóknir sem hefðu þurft að gerast höfðu ekki verið gerðar.

Ég held að þessi þáltill., sem fjallar um að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlanir um auknar fjárveitingar á næstu fimm árum, hljóti að fá jákvæðar undirtektir. Við gerum okkur grein fyrir að sjávarútvegur er langmikilvægasta atvinnugreinin hér og þess vegna mikilvægt að það sé sinnt þörfum á rannsóknum á þessari mikilvægu atvinnugrein.

Við höfum marga og góða vísindamenn og við áttum þess kost, alþm., að vera á fundi þar sem þeir ágætu menn frá Hafrannsóknastofnun skýrðu frá starfi stofnunarinnar, sem var mjög fróðlegt. Ég held að það liggi fyrir að það verði að leggja áherslu á auknar rannsóknir á þessu sviði og minni á að við fluttum fyrr í vetur þáltill., ég og hv. 7. þm. Reykn., um klak sjávarfiska sem er einn af þeim þáttum sem þyrfti að rannsaka og athuga betur. Þá er ekki vanþörf á að athuga ýmsa þætti, svo sem strauma hér, nánar og tengingu á milli lífríkisins í því sambandi. Sérstaklega tel ég að við þurfum að athuga mengun sjávar, hvernig hún t.d. berst með straumnum, og þá ekki síður að hér hafa verið settar á stofn mjög stórar ferskvatnseldisstöðvar sem þýða geysilega mikla mengun sjávar. Mengunin frá þessum stöðvum berst til sjávar á þeim svæðum þar sem eru miklar klakstöðvar þorskstofns og fleiri fiska. Það er mjög nauðsynlegt að rannsaka hvort þetta

getur haft áhrif á klak í framtíðinni. Ýmsa slíka þætti er mjög nauðsynlegt að skoða, en það er því miður svo að þessu hefur ekki verið sinnt nægilega og er því þessi þáltill. lögð fram. Ég held að einmitt í okkar umræðu, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. varðandi hvali, seli og fiska, sé mjög mikilvægt að rannsaka hvaða áhrif þeir hafi á lífríkið og á fiskistofnana.

Þá heyrðum við, þegar við vorum á fundinum í Hafrannsóknastofnun, einmitt um jafnvægið á milli loðnustofnsins og þorskstofnsins, sem er ein aðaluppistaðan í ætinu, og er mjög mikilvægt að við vitum hvað við eigum að gera á þessum sviðum þannig að við ofveiðum ekki einn stofninn og það komi niður á öðrum stofni þannig að hann hafi ekki nægilegt fæði.

Ýmsar rannsóknir þurfum við greinilega að gera og ég held að þessi till. hljóti að verða skoðuð mjög vandlega og menn verði að átta sig á því að þessi mikilvægasta atvinnugrein okkar verður að fá nægilegt fjármagn til þess að þær rannsóknir fari fram sem geta þó sagt okkur hvernig við eigum að stýra fiskveiðunum í framtíðinni, hjálpað okkur til þess.

En eins og ég sagði hér áður þá vantaði verulega á það í þær umræður sem hér fóru fram um frv. til laga um stjórn fiskveiða að fyrir lægju nægilegar upplýsingar á ýmsum sviðum. Ég tel að við getum ekki stjórnað okkar fiskveiðum með góðu móti nema við höfum fyrirliggjandi ýmsar rannsóknir og niðurstöður í því. Ég bendi t.d. á að það er mjög mikið álitamál hvað togarar gera við botngróður og lífríki botnsins og það er spurning hvort það muni hafa einhverjar afleiðingar til framtíðar, hvort það þarf að friða einhver svæði sérstaklega í því tilliti, og þannig mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu sérstaklega, en vonast til að þetta mál fái framgang og menn leggist á eitt um það að gera rannsóknir á þessu sviði miklar í framtíðinni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þá till. til þál. sem hér hefur verið borin fram, en eins og kom fram í grg. hv. 1. flm., Hjörleifs Guttormssonar, hefur raungildi fjárframlaga til Hafrannsóknastofnunar ekki aukist sl. tíu ár þrátt fyrir auknar skyldur stofnunarinnar um þjónustu og rannsóknir.

Haf- og fiskirannsóknir gegna mikilvægu hlutverki í þjóðarbúskap okkar og er Hafrannsóknastofnun ætlað að gefa ráðleggingar sem leiða til hámarksafraksturs auðlinda hafsins í framtíðinni.

Í till. þeirri sem hér um ræðir er gert ráð fyrir að gera Hafrannsóknastofnun kleift að sinna betur því hlutverki sem henni er ætlað. Ég tel það jákvætt og nauðsynlegt skref að stórauka umhverfisrannsóknir og tvinna þær saman við fiskirannsóknirnar því það er vitað að ástand nytjastofna á miðunum í kringum landið ræðst að miklu leyti af þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á hverjum tíma. Því meira sem við vitum um tengsl þessara þátta þeim mun betur og skynsamlegar getum við nýtt þessa dýrmætustu auðlind okkar.

Nú eru bundnar miklar vonir við eldi sjávardýra. En ein meginforsenda þess að vel til takist eru einmitt auknar rannsóknir á þeim líffræðilegu og umhverfisbundnu þáttum sem áhrif kunna að hafa.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að till. sem þessi skuli vera borin hér fram á hv. Alþingi af þm. úr öllum flokkum. Maður mætti halda og hlýtur að trúa því að hún eigi auðvelda leið hér í gegnum hv. Alþingi og að till. verði samþykkt og við fáum áætlun um sérstaka fjármögnun til Hafrannsóknastofnunar á næsta hausti.

Það er nú svo að þessi stofnun, Hafrannsóknastofnun, er ábyggilega sú mikilsverðasta sem við eigum til ráðleggingar í sambandi við efnahagsmál þjóðarinnar. Samt hefur verið þannig að henni hugað á undanförnum tíu árum að fjárframlög til stofnunarinnar hafa ekki aukist, heldur standa í stað. Ef við berum þessa mikilsverðu stofnun saman við, ja, segjum þær stofnanir í þjóðfélaginu sem huga fyrst og fremst að fjárhagsstærðum þjóðfélagsins, þá er það nokkuð öðruvísi. Þar er ekki um eina stofnun að ræða, ekki eingöngu Þjóðhagsstofnun, heldur eru svipaðar stofnanir í gangi á vegum Hagstofunnar og á vegum Seðlabankans, og ég held að það skorti ekki mjög mikið peninga til þessara ráðleggingastofnana á sama tíma og haldið er í við fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar. En Hafrannsóknastofnun hefur verið á þessu tíu ára tímabili sú stofnun sem hefur gefið stjórnvöldum ráðleggingar um það hvernig skyldi sótt í fiskistofnana okkar, undirstöðu þess að á Íslandi er búvænlegt.

Við höfum trúað því að þessi stofnun hefði möguleika til að gefa okkur nokkuð sannar upplýsingar um það hvernig staðan væri í sambandi við fiskistofnana og sóknin í fiskistofnana hefur verið byggð á því. Og sem betur fer hafa spár Hafrannsóknastofnunar á undanförnum árum verið nokkuð nær sanni en margar spár hinna stofnananna sem ég nefndi, sérstaklega Þjóðhagsstofnunar, og við höfum að miklu leyti getað farið eftir því sem Hafrannsóknastofnun hefur sagt til um.

En það hafa ýmsir verið efins um það, þrátt fyrir það að svo vel hafi tekist til á undanförnum árum sem raun ber vitni um, að þannig væri um hnútana búið að þessar spár dygðu til frambúðar og að stór hluti spádóma Hafrannsóknastofnunar væri því miður byggður á vafasömum forsendum. Vafasömum forsendum vegna þess að stofnunin hefur ekki haft fjármagn til að stunda þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að gera sínar áætlanir og spár það vel úr garði að þær gætu verið trúverðugar. Og því miður eru nú þeir dagar að líða sem eru að benda okkur á að það hefur ekki staðist, og því miður standast ekki spár Hafrannsóknastofnunar nema að takmörkuðu leyti.

Þær upplýsingar liggja fyrir núna í sambandi við þorskstofninn að afli hefur gengið saman um rúmlega 10% miðað við síðasta ár. Þrátt fyrir það voru verkföll í gangi og dró það mjög úr sókn í þorskstofninn mánuðina janúar og febrúar á sl. ári. Og það sem blasir við í sambandi við sókn í þorskstofninn í marsmánuði, það sem af honum er liðið, er það að á stórum hluta hinna heföbundnu vertíðarsvæða er algjör ördeyða. Það lítur sem sagt því miður þannig út að sú spá Hafrannsóknastofnunar, sem fiskveiðistefnan sem var ákveðin í haust var byggð á, standist ekki. Allar götur um Vestfjarðamið, um Breiðafjarðarmið og a.m.k. hér suður undir Reykjanes hafa netabátar nú í marsmánuði lagt net sín og dregið þau næstum fisklaus upp aftur. Vertíðarbátar t.d. við Breiðafjörð, sem máttu búast við því að á sl. viku, og hefur verið vani undanfarinna ára, að þeir mundu afla 100 tonn, stundum 200 tonn og stundum á þriðja hundrað tonn, þeir eru að koma eftir vikuna með fimm tonna afla. Fimm tonna afla hvert stórskipið á fætur öðru. Slíkar fréttir eru uggvænlegar og benda ekki til annars en þess að Hafrannsóknastofnunin hafi á undanförnum árum verið svelt að fjármagni, hún hafi ekki getað bent á það hvernig við skyldum haga veiðisókn okkar í þennan undirstöðufiskstofn.

Við verðum samt að vona að öll nótt sé ekki úti enn í sambandi við vertíðina í ár. Enn er eftir páskatímabilið okkar, hin heföbundna páskahrota. Og við eigum von á því að fá eitthvað í þeirri viku sem nú er að byrja fram að páskafríi og svo eftir að páskafríinu lýkur. En staðreyndin er sú að þó að svo yrði, þó að á vertíðarsvæðið gengi einhver fiskur, þá er það ekki til að bjarga því sem liðið er. Þessi tími sem liðinn er er búinn að sanna það að sú áætlun sem okkur var fengin í hendur þegar verið var að ákveða fiskveiðistefnuna í haust mun ekki standast. Þetta er uggvænlegir hlutir fyrir þá sem hafa treyst á það að málefnin væru þannig í hendur þm. færð að það væri nokkurn veginn hægt að byggja á því. En svo er ekki. Ég veit að þessi till. er mikið, mikið meira en tímabær.

Hafrannsóknastofnun hefði fyrir löngu þurft að fá mun meira fjármagn en hún hefur fengið. Það hefði ekki átt að ske að ár eftir ár lægju hafrannsóknaskipin meginhluta ársins bundin við bryggjur vegna þess að það hefur ekki verið hægt að nýta þessi góðu skip til þess að kanna fiskimiðin og hafsvæðin umhverfis Ísland betur en gert hefur verið vegna fjárskorts.

Og ef spurt er: Hvaðan áttu peningar að koma til þeirra hluta? þá veit ég að við heföum fengið það margborgað, margborgað fyrir þau verkefni sem þessi skip heföu unnið og þeirra starfslið. Við heföum fengið það margborgað í því að vita betur hvernig ástandið í fiskistofnunum umhverfis landið væri. Og við heföum ekki þurft að standa frammi fyrir þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir núna, og meginhluti vertíðarsvæðisins er búinn að búa við, að það hefur ekki verið fisk að fá af hinum heföbundnu vertíðarmiðum.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil undir lok þessarar umræðu þakka hv. ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls, hv. 11. þm. Reykn. Hreggviði Jónssyni, hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur og hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssyni, fyrir ágætar undirtektir við þetta mál. En hv. 11. þm. Reykn. er raunar meðflutningsmaður að þessari till. ásamt fimm öðrum þm.

Ég held að það hafi verið alveg réttur tónn í þeirri ræðu sem hér var síðast flutt, eins og raunar í öðrum ræðum um þetta mál, að við eigum ekki að líta á þetta sem útgjöld, það fjármagn sem við veitum til undirstöðurannsókna á íslenskum hafsvæðum. Það mun örugglega skila sér, bæði með því að betur takist til um fiskveiðistjórnun en ella og einnig með því að við getum vænst miklu betri nýtingar á lífríkinu í hafinu við Ísland sem er þrátt fyrir allt undirstaðan undir mannlífi hér og menningarsamfélagi í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 38 shlj. atkv.

Jafnréttisráðgjafar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 356. mál. — Þskj. 688.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um jafnréttisráðgjafa, en hún er á þskj. 688. Með mér standa að þessari till. eftirtaldir hv. þm.: Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Till. er svohljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða á vegum félmrn. þrjá jafnréttisráðgjafa til þriggja ára sem hafi það verkefni að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

Laun ráðgjafanna og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði."

Þetta er tillögutextinn, en í grg. er þörfin á þeim aðgerðum sem í till. felast rökstudd. Meðal fyrirhugaðra verkefna þeirra jafnréttisráðgjafa sem till. gerir ráð fyrir er að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum og eru tiltekin eftirtalin:

Í fyrsta lagi: Söfnun upplýsinga um hindranir í vegi jafnréttis og aukinna áhrifa kvenna á vinnumarkaði. — Þar er um fjölmörg atriði að ræða sem of langt væri upp að telja hér í framsögu og hins vegar vantar bæði upplýsingar um slíkar hindranir

og aðstoð við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja að ryðja þeim úr vegi.

Í öðru lagi: Aðstoð við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana við að móta og fylgja eftir áætlunum um jafnréttisaðgerðir. — Þarna er gert ráð fyrir því að mótaðar verði í stofnunum og fyrirtækjum áætlanir um aðgerðir til þess að jafna stöðu kynjanna. Það yrði eitt af hlutverkum jafnréttisráðgjafa samkvæmt hugmyndum flm. að hjálpa til við að móta slíkar aðgerðir og fylgja þeim eftir. Ég minni í þessu sambandi á hugmyndir, sem Jafnréttisráð hefur nýlega viðrað og eru til athugunar að ég hygg hjá hæstv. félmrh. þessa dagana, um að ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkisins móti sérstaklega á sínum vegum jafnréttisáætlanir eða áætlanir um aðgerðir til þess að leiðrétta stöðu kvenna í ráðuneytum og opinberum stofnunum sem undir þau heyra. Slík stefna hefur verið tekin upp á Norðurlöndum, bæði í Noregi og Danmörku að mér er kunnugt og unnið samkvæmt slíkum áætlunum í þeim löndum og sjálfsagt víðar.

Í þriðja lagi: Upplýsinga- og skipulagsstörf þar sem m.a. verði miðlað reynslu milli fyrirtækja og stofnana um aðgerðir í jafnréttismálum svo og aflað vitneskju erlendis frá. — Fræðsla í þessum efnum og upplýsingar eru vissulega mikils virði eins og á öllum sviðum þar sem menn vilja ná árangri og þarna þarf að vinna skipulega og markvisst.

Í fjórða lagi: Stuðningur við mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miða að því að bæta stöðu kvenna. — Þarna eru sérstaklega hafðar í huga séraðgerðir til þess að flýta fyrir að jafnstaða náist með kynjunum á grundvelli 3. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, laga nr. 65/1985. Í því sambandi minni ég á að fyrir þinginu liggur á þskj. 694 till. til þál. um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna, flutt af fjórum hv. þm., og hefur ekki enn þá verið mælt fyrir þeirri till. hér. Ég fagna framkomu hennar og bendi á að eitt af verkefnum jafnréttisráðgjafa yrði einmitt að aðstoða við að móta slíkar séraðgerðir á grundvelli 3. gr. laga um jafna stöðu kynjanna. En allt of lítið hefur fram að þessu verið gert að því að nýta þær lagaheimildir sem felast í 3. gr. nefndra laga.

Í fimmta lagi: Fræðslu- og útgáfustarfsemi um jafnréttismál og vinnumarkaðinn. — Það er margt sem hefur verið dregið fram í dagsljósið í könnunum að undanförnu og kemur reyndar reglubundið fram, m.a. í upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd, hvernig staðan er í þessum málum, hversu gífurlega hallar á konur í samfélaginu í sambandi við launamálin. Það skiptir miklu að slíkum upplýsingum sé haldið til haga og þær séu aðgengilegar með skipulegum hætti til þess að auðvelda starf að jafnstöðumálum eða jafnréttismálum hvort heldur við kjósum að kalla það.

Í sjötta lagi er nefnd í grg. samvinna og tengsl við starfsmannafélög, verkalýðsfélög, atvinnurekendur, ráðuneyti og ríkisstofnanir, svo og sveitarfélög, um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Hér eru taldir margir aðilar og auðvitað verður að velja úr og raða verkefnum í forgangsröð, en sjálfsagt er að jafnréttisráðgjafar hafi sem best samband við svokallaða aðila vinnumarkaðarins sem og opinbera aðila, ráðuneyti, stofnanir, ríkisstofnanir og sveitarfélög.

Í sjöunda lagi er nefnd hvatning til stærri fyrirtækja og stofnana um að koma upp jafnréttisráðgjöf á eigin vegum. Það hefur verið gert erlendis í nokkrum stærri fyrirtækjum, að mér er kunnugt, á Norðurlöndum m.a., að þau hafa ráðið á sínum vegum sérstaka ráðgjafa til þess að ýta á eftir endurbótum varðandi stöðu kvenna í fyrirtækjunum. Þess verður að vænta að stórfyrirtæki hérlendis og sem flest fyrirtæki leggi nokkuð af mörkum sjálf með því að ráða til sín í störf eða hluta úr starfi aðila til þess að bæta stöðu fyrirtækjanna að þessu leyti. Ég held að sá tími muni fyrr en síðar renna upp að mönnum verði það ljóst, einnig þeim sem stjórna fyrirtækjum, að það er til hagsbóta að veita konum þar jafnan rétt á við karla og fá fleiri konur í áhrifastöður í fyrirtækjunum og atvinnulífinu en gerst hefur til þessa.

Ég er ekki að segja að það séu kannski mjög mörg teikn á lofti sýnileg, en ég hygg að í gerjun í samfélaginu séu þó viðhorf sem eigi eftir að ýta undir slíkar breytingar. Það vona ég a.m.k.

Eins og ekki ætti að þurfa að fjölyrða um hér á vettvangi Alþingis eru konur þrátt fyrir lagaákvæði mun verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins og það skortir mikið á markviss viðbrögð stjórnvalda til úrbóta. Það nægir að minna á að konur eru í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og meðallaun þeirra hafa farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla. Fáar konur eru í áhrifastöðum í atvinnulífinu og hlutur þeirra er langtum minni en karla í stjórnmálalífi og í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Þetta var leitt í ljós með skilmerkilegri könnun Jafnréttisráðs sem var birt sem fskj. með frv. til laga um breyt. á lögum nr. 65/1985 sem ég flutti ásamt hv. 13. þm. Reykv. fyrr á þessu þingi en það frv. gerði einmitt ráð fyrir því að settur yrði á svokallaður kvóti varðandi skipan í nefndir, stjórnir og ráð til þess að bæta hlut kvenna með ákveðnum hætti og ákveðnari hætti en lög gera ráð fyrir enn sem komið er. Það mál er til meðferðar hér í þinginu og ég vona að það fái undirtektir og stuðning, því að á því er fyllsta þörf.

Staða kvenna annars staðar á Norðurlöndum en á Íslandi er mun skárri en hér að þessu leyti og kemur þar vafalaust margt til, ekki síst betri félagslegar aðstæður og þróað velferðarkerfi.

Ég gæti vísað í talsvert löngu máli, virðulegur forseti, til reynslunnar á hinum Norðurlöndunum og þeirrar vinnu sem þar er í gangi um þessi efni. Ég verð hins vegar að stikla þar á stóru. Ég er með hér í fórum mínum í þessum ræðustól nokkra bæklinga um þessi efni sem sýna vel hvernig að þessum málum er staðið í grannlöndunum. Hér er t.d.

bæklingur frá Noregi, frá norska jafnréttisráðinu, sem heitir „Likestilling í arbejdslivet?“ og gæti heitið á íslensku: Hvernig á að ná jafnstöðu kynja á vinnumarkaði? Efni hans er framhald af erindi sem norska jafnréttisráðið, Likestillingsraadet, sendi til forstöðu- og trúnaðarmanna í 1500 fyrirtækjum sem aðild eiga að norska vinnumálasambandinu. Í þessari bók er að finna tillögur um aðgerðir og aðferðir í jafnréttisstarfi. Samsvarandi erindi var sent forstöðu- og trúnaðarmönnum í samtökum verslunareigenda, þ.e. til fyrirtækja sem hafa yfir 20 manns í vinnu. Í þessu hefti eru dæmi um aðgerðir og áætlanir, sérsamninga, staðbundna samninga og dæmi um launaákvarðanir til þess að bæta stöðu kvenna. Dæmin eru frá ýmsum fyrirtækjum, opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum. Þetta sýnishornasafn gefur góða mynd af því hvernig unnið er að jafnréttismálum í fyrirtækjum af ólíkri gerð í Noregi, hvaða mál eru tekin til meðferðar, hvaða aðgerðir er ráðist í og einnig um stofnanir og stjórnvaldsaðgerðir til þess að fylgja málum eftir og meta árangur af vinnu til að ná fram jafnstöðu kynjanna.

Ég er einnig með handa á milli framkvæmdaáætlun á vettvangi sveitarfélaga í Noregi, gefna út 1987 að ég hygg, og þar er m.a. að finna erindi sem samband norskra sveitarfélaga sendi út til sinna meðlima, þ.e. áætlun um aðgerðir til að ná fram jafnstöðu kynjanna, samþykkta af stjórn sambands sveitarfélaga í Noregi. Varðandi þetta segir m.a. í þessu erindi: Lögin — þ.e. lögin um jafna stöðu karla og kvenna, norsku lögin — kveða á um að hið opinbera beri ábyrgðina á að breyta aðstæðum þannig að raunveruleg jafnstaða náist. Þetta felur í sér að öll opinber stjórnvöld eiga að leggja mikla áherslu á að vinna að jafnréttismálum hvert á sínu sviði.

Um ábyrgð á framkvæmd segir þar: Ábyrgðin á að tryggð sé jafnstaða kynjanna sem frekast má verða hvílir á ráðandi pólitískum stofnunum í einstökum sveitarfélögum og fylkjum. Aðilar leggja til að vinna að tillögum um ákveðnar áætlanir og framkvæmd á því sem í gangi er sé á hendi stjórnunarnefnda, á norskunni „administrasjonsutvalg“. Aðilar ganga út frá því — Virðulegur forseti, er ég að renna út á tíma? Það kemur mér á óvart. — að stjórnunarnefndin móti áætlun um vinnu að jafnrétti á vinnustaðnum. — Ég skal stytta mál mitt. — Áætlanirnar skulu fela í sér yfirlit eða kortlagningu eins og það er kallað á norskunni um stöðuskiptingu milli kvenna og karla, greiningu á aðstæðum og tillögur um aðgerðir.

Síðan er fjallað í þessu erindi til sveitarfélaga í Noregi um markmið í jafnréttisstarfinu og væri fróðlegt að hafa það hér yfir en ég skal ekki ganga óhóflega á tímann. Ég kannski vík að þessum atriðum frekar ef fleiri taka til máls um þetta efni. Ég hefði kosið að geta komið á framfæri frekari upplýsingum um þetta, m.a. geta um framkvæmdaáætlunina norsku, fjárveitingar til einstakra aðgerða í jafnréttisbaráttunni þar eða kvenfrelsisbaráttunni, svo og í Svíþjóð, en ég hef ekki tíma til þess að taka á því sérstaklega.

Að lokum, virðulegur forseti: Gert er ráð fyrir að á umræddu þriggja ára tímabili sem jafnréttisráðgjafar störfuðu beri ríkissjóður kostnað af starfi þeirra. Ef litið er til reynslu af kostnaði við störf iðnráðgjafa í landshlutunum undanfarin ár má reikna með að heildarkostnaður vegna eins jafnréttisráðgjafa nemi 3–3,5 millj. kr. á verðlagi yfirstandandi árs eða samtals um 10 millj. kr. á ári vegna þriggja ráðgjafa. Eðlilegt má telja að félmrh. leiti umsagnar Jafnréttisráðs um umsækjendur um stöður jafnréttisráðgjafa ef till. verður samþykkt áður en í þær stöður er ráðið og að konur hafi forgang sem ráðgjafar á þessu sviði.

Ég tel rétt, og við flm., að árangur af starfi slíkrar ráðgjafar verði metinn að fenginni tveggja ára reynslu og að því búnu verði mótuð stefna um áframhaldandi tilhögun slíkrar ráðgjafarstarfsemi.

Ég vil leggja til, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu verði þessari till. vísað til hv. félmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur styðjum þá till. til þál. sem hér hefur verið mælt fyrir vegna þess að við teljum að eins og staða mála er enn þann dag í dag, þrátt fyrir umræður liðinna ára og mikla baráttu kvenna fyrir bættum hag sínum, hvort sem er á vinnumarkaði eða inni á heimilunum, sé komið að þeim punkti að við skyldum láta einskis ófreistað til þess að ná fram þeim sjálfsögðu réttindum sem konur ættu að hafa á vinnumarkaðinum til jafns við karla og er reyndar í anda jafnréttislaganna.

Hæstv. félmrh. hefur lýst góðum vilja sínum í þessum efnum og gert skipulag um þær stofnanir sem tilheyra ríkinu og gefið ráðamönnum þar fyrirmæli um að bæta stöðu kvenna hvað stöðuveitingar snertir. Þetta er góðra gjalda vert en hrædd er ég um að við séum öll, bæði karlar og konur, oft á tíðum samdauna því kerfi sem við höfum búið við í gegnum tíðina og það sé því jafnvel nauðsynlegt að grípa til slíkra ráða að hafa sérstaka ráðgjafa sem fylgjast með og veita upplýsingar og ráðgjöf.

Þetta er ein leið sem hægt er að velja til þess að koma á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum en vonandi er hún, eins og svo margar aðrar, aðeins tímabundin og því fagna ég því að þessi till. hefur hér verið fram borin en eins og fram kemur er hv. 12. þm. Reykv. Kristín Einarsdóttir meðflm. að till. og við kvennalistakonur styðjum hana.

Alexander Stefánsson:

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig er ég ekkert að finna að því að svona till. sé lögð fram en það sem ég tel ástæðu til að taka hér til máls í sambandi við þessa umræðu er það að við erum með jafnréttislög í landinu, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 65/1985, þar sem skilmerkilega er tekið fram hvernig að þessum málum skuli standa og

einnig er ítarlega tekið fram í þeim lögum orðum um það verksvið sem um er að ræða, jafnframt tekið fram í V. kafla þeirra laga hvernig á að framkvæma þessi lög og til þess er skipað Jafnréttisráð sem á að annast framkvæmd laganna.

Mér finnst ástæða til, vegna þess að hér er að sjálfsögðu um mikilvægt mál að ræða sem er mikið til umræðu í þjóðfélaginu og sjálfsagt verða menn að viðurkenna það að það þokast til réttrar áttar þó að hægar gangi en margir vildu óska, að vekja athygli á því að Jafnréttisráð er ekkert smáfyrirtæki í þessum málum, miðað við gildandi lög, og ég tel ástæðu til að rifja það upp við þessa umræðu að samkvæmt 15. gr. gildandi laga er verkefni Jafnréttisráðs skilgreint:

„1. Sjá um að ákvæðum 2.–12. gr. laga þessara sé framfylgt, þ.e. meginkjarna laganna.

2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félmrh. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.“ Ein slík áætlun hefur verið lögð fyrir Alþingi, á síðasta ári.

„3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.

4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.

5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m.a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.

6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.

7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðun stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

8. Að taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.

9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga“ í landinu.

Það væri að sjálfsögðu hægt að ræða þetta hlutverk miklu ítarlegar en ég skal ekki tefja hér umræður og fara nánar út í þetta. Eins og allir hv. alþm. vita er Jafnréttisráð skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til þriggja ára í senn og þeir eru skipaðir þannig að einn er skipaður af Hæstarétti sem er formaður ráðsins, einn skipaður af félmrh. og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands. Síðan er starfandi framkvæmdastjóri o.s.frv.

Það sem mér finnst vera erfiðast í sambandi við það mál sem hér er flutt er að það má vel vera að Jafnréttisráð, sem er þó búið að starfa þetta lengi og ætti að vera búið að fara í gegnum nokkurs konar hreinsunareld, hefur e.t.v. ekki yfir nógu miklu fjármagni að ráða til sinnar starfsemi. Það er kannski kjarni málsins. Hins vegar þegar ég lít á till. sem hér er flutt koma upp í hugann þær tillögur sem voru til meðferðar við afgreiðslu fjárlaga og það var ekki um það að ræða að tillögur frá Jafnréttisráði bæru með sér að ráðið vildi stofna til þeirra útgjalda sem hér er talað um. Ráðið sem sagt hefur það traust á lögunum og sjálfu sér í sambandi við meðferð þessara mála að það gerði ekki sérstakar tillögur í þessa veru. Það sem mér finnst vera rökrétt í þessum málum er það að allt er varðar jafnréttismál og varðar þau lög sem í gildi eru, á að koma frá ráðinu sjálfu. Það er nokkurs konar æðsti aðili í þessum málum til að framfylgja þessu sjálfsagða markmiði sem ég vænti að a.m.k. flestir þm. séu sammála um, að koma á jafnrétti á þessu sviði hér á landi sem allra fyrst og á öllum sviðum. Spurningin sem hlýtur að vefjast fyrir manni er hvort gildandi lög, eins og þau eru sett upp með góðu samkomulagi í þjóðfélaginu, nái virkilega ekki þessum tilgangi, hvort menn þurfi á því að halda að vera með sífellt nýjar og nýjar hugmyndir til þess að reyna að fá fram það sem allir eru sammála um.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. Ég tel að þetta mál eigi að vera í höndum Jafnréttisráðs og það hafi til þess alla möguleika að fylgja því fram og gera um það tillögur.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið um þessa þáltill., þann stuðning sem kom fram í máli hv. 6. þm. Vesturl. Danfríðar Skarphéðinsdóttur og þær ábendingar sem fram komu frá hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni, fyrrv. félmrh. Ég sé samt ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við það sem fram kom í hans máli, því að það var svona viss gagnrýni á þennan tillöguflutning sem þar kom fram. Hv. þm. Alexander Stefánsson lýsti því viðhorfi að eðlilegast væri að tillögur nánast um allt sem snertir jafnréttismál í landinu og leiðréttingu á stöðu kynjanna eigi upptök sín og uppruna hjá Jafnréttisráði og komi fram þaðan. Ég er auðvitað hv. þm. algerlega ósammála um það efni að Jafnréttisráð sem slíkt eigi að bera einhverja allsherjarábyrgð á því sem gerist í jafnréttismálum í landinu eða sem reynt er að þoka fram til að leiðrétta stöðu mála. Það væri skrýtið, hv. þm., ef við teldum að með því að hafa komið fótum undir einhverja stofnun í þjóðfélaginu eins og Jafnréttisráð væri þar með ástæðulaust að hreyfa málum eða fylgjast með framgangi mála á hv. Alþingi. Fyrr má nú vera forsjárhyggjan.

Þetta segi ég ekki vegna þess að ég telji ekki Jafnréttisráð allra góðra gjalda vert og ágæta stofnun sjálfsagt, margt af því sem frá henni kemur, en ég vek athygli á því að ráðinu er skammtaður afskap-

lega þröngur stakkur varðandi fjármagn allt frá því að það var sett á laggirnar. Þar er starfandi 1½ kraftur fastráðinn, 1½ stöðugildi sem ráðið hefur yfir að ráða. Það var nú ekki meiri stórhugurinn hér á hv. Alþingi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 að tillaga frá mér um það að bæta ½ stöðugildi við var felld hér í þinginu. Það er því kannski ekki von að það gæti mjög mikils sóknarþunga eða bjartsýni hjá Jafnréttisráði þegar undirtektir þingsins eru ekki betri en þetta. Og hvernig í ósköpunum halda menn að það sé mögulegt fyrir framkvæmdastjóra og hálfan starfsmann í Jafnréttisráði að vinna að málum eins og þörf væri á til þess að ráðið gæti staðið undir þeim verkefnum sem því eru falin og hv. þm. Alexander Stefánsson las upp í sínu máli úr lögunum frá 1985 um jafna stöðu karla og kvenna? Það er auðvitað alveg útilokað.

Ég tek hins vegar undir það og get vel hugsað mér það, enda er það tekið fram í grg., að það þarf að tryggja sem best tengsl þessara jafnréttisráðgjafa, sem till. gerir ráð fyrir, við Jafnréttisráð. Það er beinlínis tekið fram efst á bls. 2 í grg. með þessari tillögu að slík tengsl séu tryggð og við aðrar aðgerðir sem stjórnvöld stefna að til að ná fram jafnri stöðu kynjanna þannig að þar fer ekkert á milli mála. Þar er einnig gerð grein fyrir því sjónarmiði að það sé eðlilegt að slíkir ráðgjafar skipti með sér landinu svæðisbundið og séu í sem nánustum tengslum við það umhverfi sem þeir vinna í, þ.e. að tveir af þremur séu búsettir á landsbyggðinni en sem best tengsl séu tryggð þeirra á milli. Auðvitað eru þrír ráðgjafar á þessu sviði of lítið, en ég lagði ekki í að hreyfa tillögu um meira að þessu sinni og teldi jákvætt ef hv. Alþingi tæki undir hana og samþykkti hana og gerði þeim þannig mögulegt að fá hér reynslu á þriggja ára tímabili af starfi slíkra ráðgjafa.

Þá vil ég taka það fram og taka undir með hv. 6. þm. Vesturl. að þau eru býsna mörg verkefnin sem bíða á þessu sviði og það gerist ekkert með kyrrstöðu eða að eitthvert ráð, hversu ágætt sem það er, eigi að sýsla við málin lögum samkvæmt. Hér blasir misréttið við, öfugþróun á fjölmörgum sviðum og nánast öllum sem snertir stöðu kvenna í þessu þjóðfélagi. Eigum við þá bara að sitja hér á Alþingi og vísa í einhver lög og fyrirmæli og stofnanir sem eru fjársveltar? Nei, ég segi nei. Það gengur ekki. Og ef einhver hugur er í mönnum og ekki bara að menn láti orðin nægja, þá verða menn að taka undir í þessum efnum og styðja alla jákvæða viðleitni, ég tala nú ekki um þegar hún byggir á góðri reynslu af hliðstæðu starfi á hinum Norðurlöndunum, eins og ég hef rakið í máli mínu.

Ég var að vitna til þess hvernig samband sveitarfélaga í Noregi er að vinna að þessum málum. Ég hef kannski eina mínútu, virðulegur forseti, til þess að benda á það sem ég sleppti í framsögu minni varðandi markmiðið í jafnréttisstarfinu eins og það er orðað í erindi þeirra frá 1985 til sinna umbjóðenda:

„Aðilar eru sammála um að markmiðið í þessum þætti jafnréttisstarfsins skuli vera jafnari og réttlátari skipting á störfum milli kvenna og karla. Til skamms tíma ber að ráða fleiri konur í allar stöður í sveitarfélögunum þar sem konur eru í minni hluta", að ráða konur í allar stöður í sveitarfélögunum, þar sem konur eru í minni hluta. „Þetta varðar ekki síst þörfina á að ráða fleiri konur í áhrifastöður og hærra launaðar stöður. Þessu má ná fram með starfsmannaskipulagi, eftirmenntun og framhaldsmenntun og öðrum aðgerðum. Konum er veittur forgangur til starfa þegar hæfni til starfa er að öðru leyti jöfn", þ.e. norskir sveitarstjórnarmenn eru með tillögu um það að konum verði veittur forgangur til starfa þegar hæfni til starfa er að öðru leyti jöfn, hafi þar forgang sem sagt. Þar segir í lokin:

„Aðilar hafa ekki á móti því að sveitarstjórnir ákveði að setja það sem markmið að innan ákveðins tíma verði tiltekið prósentuhlutfall áhrifastarfa skipað konum."

Þetta segir stjórn sambands sveitarfélaga í Noregi og það væri betur að samband sveitarfélaga hér á Íslandi hefði sett sér einhver slík markmið. Ég vildi gjarnan sjá það. Hv. 1. þm. Vesturl., sem hefur verið gildur á vettvangi sveitarstjórnanna, gæti kannski ýtt við þeim ásamt fleirum að taka á í þessum efnum. En þarna hallar svo á í sambandi við stöðu kynjanna að það er hreinlega hróplegt. Og þetta blasir auðvitað alls staðar við þar sem verið er að ráða í störf og stöður, að yfirleitt eru það karlarnir sem hafa þar forgang þó að konurnar séu með kannski betra vegarnesti í reynd. Ef við meinum eitthvað með lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna og 3. gr. þeirra laga, um að veita konum tímabundinn forgang, verður eitthvað að gera í þessum efnum, þá verður að sýna það í verki en ekki skrifa undir skipunarbréf eins og altítt er uppi í ráðuneytum t.d. þar sem karlarnir eru látnir hafa forgang þvert á það sem eðlilegt getur talist.

En ég vil ekki gleyma því sem vel er gert í þessum efnum. Vísir að því er sameiginlegt lítið dreifibréf sem Jafnréttisráð og Vinnumálasamband Íslands hafa staðið að, örlítið dreifibréf þar sem menn lýsa yfir vissum vilja eða vekja athygli á lélegri stöðu kvenna á vinnumarkaði og lýsa sig reiðubúna til að taka á þessum málum. Þetta er vísir og það þarf að fylgja þessum málum eftir. Það þarf að fylgja þessum málum eftir hvarvetna í samfélaginu. Þetta er spurning um stefnu. Þetta er spurningin um heildarstefnu, þetta er líka spurningin um efnahagsstefnu og þetta er spurningin um forgang mála.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það var ekki meining mín að standa í orðahnippingum um þetta mál. Ég taldi eðlilegt að vekja athygli á lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem öll þessi mál, sem hv. 2. þm. Austurl. er að tala um, eru einmitt í þessum lögum og eru einmitt hlutverk ráðsins. Það var það sem ég vildi vekja athygli á. Ég vildi einnig vekja athygli á því að ráðið á samkvæmt lögum að

gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun um framkvæmd laganna, um framkvæmd þess að ná fram því sem hv. 2. þm. Austurl. hefur verið að ræða í báðum sínum ræðum hér í dag. Það er einmitt þetta sem ég tel að þurfi að vekja athygli á og ég hef ekki orðið var við annað en Jafnréttisráð hafi fyllsta skilning og áhuga á því að koma þessum málum á réttan veg. Þarna eru fulltrúar vinnumarkaðarins og þarna eru fulltrúar ýmissa kvenréttindafélaga og fleiri í þessu ráði sem hafa jákvæðan skilning á þessum málum. Ég vil bara vekja athygli á því að ég tel að Jafnréttisráð vinni að þessum málum eftir eðlilegum leiðum. Það vantar ekki stefnuna. Það vantar e.t.v. að hraða framkvæmdinni meira en hv. þm. vilja. En ég held að þetta stefni samt örugglega í rétta átt og ég lýsi fyllsta trausti á Jafnréttisráð.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég man ekki hvort ég sem frummælandi hef rétt til að tala þrisvar (**Forseti:** Nei, það er ekki svo.) en mér nægir örstutt athugasemd. Það er vegna orða hv. 1. þm. Vesturl.

Hver var að gagnrýna Jafnréttisráð? Ég hef ekki heyrt það. En það er verið að gagnrýna aðgerðarleysi stjórnvalda og stefnu meiri hlutans á Alþingi í sambandi við fjárveitingar. Hv. þm. Alexander Stefánsson mælti sem ráðherra á fyrra þingi fyrir fjögurra ára áætlun, sem kveðið er á um einmitt í nefndum lögum nr. 65 frá 1985, og það var ekki burðug áætlun, því miður. En verra var þó að það sem kveðið var á um í henni, margt af því, hefur ekki fengið neinar undirtektir hjá stjórnvöldum, hjá þeirri ríkisstjórn sem hv. 1. þm. Vesturl. styður. Dæmi: Dagvistarstofnanir í landinu. Jú, það átti að dusta rykið af gömlum áætlunum samkvæmt þessari fjögurra ára áætlun um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna. En hver er niðurstaðan? Strikað yfir öll framlög af ríkisins hálfu til dagvistarstofnana. Og þannig mætti lengur telja. Það er von að menn komi hér og segi: Þetta er allt á pappírnum og við skulum láta þar við sitja.

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessa umræðu. Því miður missti ég af mestum hluta hennar, en ég er einn af flm. þessarar þáltill. og þótt merkilegt kunni að virðast varaformaður Jafnréttisráðs þannig að ég gæti lagt eitthvað til málanna.

Ég skrifaði á þessa till. vegna þess að ég hygg að það þurfi að hnykkja á verulega í þeirri jafnréttisbaráttu sem nú á sér stað. Mín skoðun hefur lengi verið sú að því fyrr sem karlmenn skilja nauðsyn þess að konur öðlist jafnrétti á borð við þá, því fyrr má ætla að það þjóðfélag sem við búum í fari ögn að skána.

Það sem hefur verið að gerast á vegum stjórnvalda í jafnréttismálum er að verið er að undirbúa miklar tillögur í félmrn. um framkvæmd 3. gr. jafnréttislaganna, um jafnrétti karla og kvenna til starfa hjá hinu opinbera, en staðreyndin er sú að það er skoðun flestra, sem um þessi mál fjalla, að ríkið hafi í raun og veru gengið lengra til móts við kröfuna um jafnrétti en aðrir aðilar í þjóðfélaginu og þá m.a. hinn almenni vinnumarkaður. Ráðuneytin eru núna og munu á næstunni móta tillögur um hvernig komið verður til móts við 3. gr. jafnréttislaganna um jafnan rétt karla og kvenna til starfa hjá ríkinu og til launa hjá ríkinu og ég vænti þess að það mál fái einhver úrslit áður en mjög langt um líður.

Ég vil bara segja að stuðningur minn við þessa till. byggist í grundvallaratriðum á því að ég tel að það þurfi miklu betur að gera í jafnréttismálum en gert hefur verið og við þurfum að ýta á eftir því að jafnréttislögunum verði framfylgt á miklu víðari vettvangi en innan dyra hins háa Alþingis í þeirri umræðu sem þar fer fram. Þetta er sá málaflokkur sem brennur nú einna heitast á okkur um þessar mundir og við þurfum að aðgæta vandlega á hvaða leið og ferðalagi við erum í þessum jafnréttismálum.

Ég vildi láta þetta koma fram, virðulegi forseti, vegna þess að það er verið að vinna talsvert mikið verk, bæði á vegum Jafnréttisráðs og félmrn., til þess að auka og efla jafnrétti karla og kvenna til launa og starfa innan ríkisgeirans og ég vænti þess að þessi barátta nái út fyrir ramma ríkisins og þá inn í hinn almenna geira vinnumarkaðarins sem hefur á stundum tekið heldur þunglega og treglega í þær tillögur sem fram hafa komið. Þetta vildi ég láta koma fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til félmn. með 38 shlj. atkv.

Menningarsjóður félagsheimila, fyrri umr.

Þáltill. JK og GGÞ, 361. mál. — Þskj. 693.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila sem ég flyt ásamt hv. 10. þm. Reykv. Guðmundi G. Þórarinssyni. Tillgr. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að efla beri Menningarsjóð félagsheimila og felur menntmrh. að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um sjóðinn. Endurskoðunin skal fela það í sér að sjóðurinn geti stuðlað að auknu menningarstarfi á landsbyggðinni og auðveldað þeim menningarstofnunum sem eiga að þjóna landinu öllu að gegna því hlutverki sínu. Miðað skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi 1. jan. 1989."

Ég mun gera stutta grein fyrir því af hvaða hvötum þessi tillaga er flutt, en nokkur atriði um það efni koma fram í grg. með till. þar sem segir m.a.:

„Núgildandi lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila er að finna í lögum nr. 107 frá 28. okt. 1970, um félagsheimili. Þar er gert ráð fyrir að í Félagsheimilasjóð renni skemmtanaskattur svo sem segir í lögum um skemmtanaskatt, en 10% af tekjum sjóðsins skuli varið til Menningarsjóðs félagsheimila sem hafi það hlutverk að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til þess að styrkja menningarstarfsemi utan félagsheimila „ef sérstaklega stendur á" eins og það er orðað í lögunum."

Eins og hv. þm. muna var afgreiðslu frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frestað um sinn á hv. Alþingi, en það eru enn uppi áform um að bygging og rekstur félagsheimila færist yfir á sveitarfélögin. Frv. um verkaskiptinguna gerði ráð fyrir að Menningarsjóður félagsheimila héldi tekjustofnum sínum óháð þeim breytingum. Í ljósi þessa er augljóst að það er ástæða til þess nú að endurskoða hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila, efla hann og skapa honum víðara verksvið. Spurningin er hvort ástæða er til að tengja starfsemi sjóðsins svo náið starfsemi félagsheimila sem í upphafi var gert ráð fyrir vegna þess hve menningarstarfsemi fer í miklum mæli fram utan félagsheimila í húsum sem hafa risið á síðustu árum, myndarlegum húsum eins og kirkjum, skólum og öðrum stöðum þar sem þessi aðstaða er fyrir hendi.

Það er sérstök ástæða til að kanna með hverjum hætti sjóðurinn geti stutt menningarstarfsemi á landsbyggðinni og stuðlað að því að tengja starfsemi ýmissa stofnana í höfuðborginni betur landsbyggðinni. Má í þessu sambandi t.d. nefna Listasafn Íslands sem nú hefur fengið mjög glæsilega starfsaðstöðu ásamt öðrum söfnum í höfuðborginni, leikhúsum og öðrum menningarstofnunum. Við bendum sérstaklega á í þessu sambandi að Sinfóníuhljómveit Íslands hefur síðari árin leitast við að flytja tónlist út um landsbyggðina og mælist sú starfsemi mjög vel fyrir.

Efling Menningarsjóðsins gæti létt undir með þessum stofnunum í starfsemi þeirra og þá er ekki síður nauðsynlegt að sjóðurinn haldi áfram því starfi sem innt hefur verið af hendi og komið að miklu gagni því atvinnu- og áhugafólki sem sinnt hefur menningarmálum og því hlutverki að auka menningarstarfsemi, einkum á landsbyggðinni. Þar er þörfin mjög brýn fyrir þessa starfsemi og ég fullyrði að mikill áhugi er fyrir hendi.

Það er óhætt að fullyrða að Menningarsjóður félagsheimila hefur verið mikill hvati fyrir þessa starfsemi og einkum starfsemi áhugalisthópa eins og kóra, leikfélaga, tónlistarfélaga og fleiri þeirra aðila sem starfa að menningarmálum. Sérstaklega áberandi þáttur í starfsemi sjóðsins hefur verið stuðningur um myndlistarsýningar víða úti um landsbyggðina.

Þessi till. er, eins og fram hefur komið, um menningarmál og þótt efnishyggja setji nú mjög sitt mark á samfélagið er ekki sanngjarnt að segja annað en að í þessum málum sé allmikil gróska um þessar mundir. Það er jafnréttismál að þjóðin geti öll notið þessarar grósku og notið þess sem okkar listamenn og menningarfrömuðir hafa upp á að bjóða. Reyndar er þessi þáttur mikilvægur í því að skapa fjölbreytt og innihaldsríkt mannlíf um land allt. Ég þekki það að úti um landsbyggðina hefur fólk lagt mikið á sig af einskærum áhuga í söng, í leiklist og fleiri menningarefnum. Þetta starf þarf að efla og kemur þar margt til. Þar kemur til þörfin fyrir félagsskap annarra manna, þörfin fyrir að skapa eitthvað, vera veitandi en ekki þiggjandi í menningarefnum.

Hér í höfuðborginni eru flestar þær stofnanir sem hafa list og menningarefni að atvinnu. Hér eru atvinnuleikhúsin, hér eru aðalstöðvar myndlistarinnar, en ótrúleg gróska er á því sviði. Hér er nýrisið hið glæsilega hús Listasafns Íslands sem veitir nýja möguleika í starfi þeirrar stofnunar. Hér er sönglíf og tónlistarlíf atvinnumanna með ótrúlega miklum blóma. Þessari starfsemi þarf að miðla til allra landsmanna og það er trúa mín að áhugamenn og atvinnumenn hafi mikið að bjóða í þessum efnum hver með sínum hætti. Áhugamennirnir bjóða upp á leikgleðina, sönggleðina og hinn smitandi áhuga og sköpunargleði sem rekur menn áfram í menningarefnum. Atvinnumennirnir bjóða upp á fagmennskuna og fágunina í þessum efnum sem verður hinum hvatning til dáða.

Hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila þarf að vera að veita þessum straumum saman, efla listflutning og samskipti á menningarsviðinu, en til þess þarf að efla sjóðinn fjárhagslega, færa út starfssvið hans til þess m.a. að stórefla listflutning frá atvinnumönnum hér syðra út um landsbyggðina og örva áhugamenn úti á landi og hér í höfuðborginni til að miðla verkum sínum til sem flestra.

Þegar litið er yfir styrki sjóðsins á undanförnum árum kemur í ljós að hann hefur komið ótrúlega víða við, af litlum efnum þó. Sjóðurinn hefur eins og kunnugt er búið við skerðingar sem hafa haldist í hendur við skerðingar sem hafa verið settar á Félagsheimilasjóð í lánsfjárlögum. Það er nauðsynlegt að sjóðurinn fái sitt framlag af skemmtanaskattinum sem mundi efla tekjur sjóðsins mjög verulega og allt umfram þær tekjur mundi verða mikil vítamínsprauta fyrir list- og menningarstarfsemi í landinu. Hér mætti géra mikið með tiltölulega litlum fjárútlátum miðað við margt annað.

Till. er einföld í sniðum. Ég treysti starfsmönnum menntmrn. mætavel til að gera tillögur um eflingu sjóðsins og víðtækari starfsemi og ég tel að það sé vel við hæfi að Alþingi feli þeim að gera það og sýni málinu stuðning með þeim hætti. Sérstaklega ber að athuga, eins og ég hef áður sagt, hvort sjóðurinn geti ekki í ríkari mæli gert landsbyggðarfólki kleift að njóta listar atvinnumanna með því að stuðla að flutningi listar þeirra um landið. Því miður hefur það starf ekki verið nægilega öflugt á síðustu árum og má

þar nefna leikhúsin sem dæmi.

Hins vegar kostar þetta fjármuni. Aukin starfsemi á þessu sviði má ekki rýra þann mikilvæga þátt í starfsemi sjóðsins að örva listflutning atvinnumanna. Það ætti að vera nægur tími til að undirbyggja tillögur um fjárhagslega eflingu sjóðsins og aukin verkefni hans fyrir næsta þing þannig að endurskipulagning í þessu efni gæti legið fyrir um næstu áramót.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Austurl., fyrri flm. þessarar till., sagði að till. þessi léti lítið yfir sér. Það er að sönnu rétt. Ég hygg þó að hér sé í rauninni hreyft stærra máli og meira en kannski virðist við fyrstu sýn. Þetta mál er, eins og kom fram í máli flm., í rauninni nokkuð tengt máli sem dagaði uppi fyrr á þessu þingi, verkaskiptingarmálinu svonefnda, og ég get ekki látið hjá líða að minna á að ef það hefði orðið að lögum eins og þar var ráð fyrir gert hefði orðið að minni hyggju töluvert slys í þessu efni.

Þó að Menningarsjóður félagsheimila hafi verið tiltölulega máttlaus stofnun um langt árabil hefur verið reynt að sinna þar merku verkefni víða um land eins og kom fram í máli flm. Mín skoðun er sú að þetta málefni þurfi að stórefla, ekki einvörðungu af umhyggju fyrir landsbyggðarfólki. Við skulum ekki gleyma því að á æ fleiri sviðum í þessu landi er fólk að fá bæði menntunaraðstöðu og þekkingu á þeim sviðum sem hér er um að ræða, en sárvantar tækifæri til að nota þessa þekkingu sína. Lítum t.d. til leikhúsanna. Ég býst við því að það sé óvíða í atvinnumálum hér á landi eins og hjá leikurum þar sem lærðir leikarar hafa ekki nálægt því verkefni við hæfi.

Ég get ekki látið hjá líða að láta þá skoðun mína koma fram, sem hefur komið hér fram áður, að ég tel fráleitt að ætlast til þess að bygging félagsheimila verði einungis verkefni sveitarfélaga í framtíðinni. Þar er um að ræða svo mikið mál að ríkissjóður getur ekki látið þar sinn hlut eftir liggja. En í till. sem hér er til umræðu, sem eins og flm. sagði lætur lítið yfir sér, er hreyft stórmáli sem ég vil leggja a.m.k. þá áherslu á sem ég get til þess að afgreidd verði á þessu þingi þannig að við nk. áramót verði komin til framkvæmda löggjöf sem er burðugri í þessum efnum en er í dag.

Og ég endurtek: Það er ekki af umhyggju fyrir landsbyggðarfólkinu, ekki síður af umhyggju fyrir þeim sem að þessum málum þurfa og vilja vinna.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila er samkvæmt lögum það að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum og einnig er heimild fyrir hendi að styrkja menningarstarfsemi utan þeirra ef sérstaklega stendur á, eins og það er orðað.

Félagsheimilin úti um land eru hvert á sínum stað mikilvæg sameiningarmiðstöð byggðarlagsins. Sá staður þar sem fólk kemur saman til félagsstarfa, til að eiga sameiginlegar stundir við tónlist, leiklist og skemmtanir, við menningarstarfsemi. Hvernig svo er búið að menningarstarfsemi á landi okkar yfirleitt er sérkapítuli, en hér vil ég minna á þá menningarstarfsemi sem fram fer í félagsheimilum vítt um land þar sem fólkið í byggðarlögunum mætir á söngæfingar, leikæfingar og til fjölbreyttrar félagslegrar starfsemi sem er í rauninni undirstaða menningarlegs lífs. Þetta fólk sest ekki á hverju kvöldi við sjónvarpið og lætur það mata sig á meira og minna óþjóðlegu og lítt menningarlegu efni. Þetta fólk ver hvíldartíma sínum til að veita umhverfi sínu aukið gildi, meira innihald en það sem fæst með brauðstritinu einu saman. Þó að brauðstritið kunni að veita mönnum sæmilega lífsafkomu þarfnast menn fleira en þess eins að hafa nóg að bíta og brenna. Menn þarfnast menningar, lista, fagurra hluta og sköpunar og eigin þátttöku í þessum greinum og tækifæra til að njóta þeirra. Hvers vegna flyst fólk úr byggðum þar sem afkoma þess er góð og ekkert virðist skorta í efnalegu tilliti? Er ekki ein orsök þess vanmat á gildi félags- og menningarlífs og þar af leiðandi skortur á tækifærum til að njóta menningar og lista?

Það eru fleiri félagslegir þættir sem fléttast inn í þetta og það verður ekki rætt hér, en þessi þáttur, sem ég drap á, er mikilvægur og má ekki gleymast. Ég fullyrði að víða má sjá í ýmsu beint samband milli festu fólks í byggðum og tækifæranna sem bjóðast til þess að njóta menningar og lista.

Öflug byggðastefna byggist á fleiru en atvinnumöguleikum og efnahag. Hún er ekki síður fólgin í því að búa vel að menntunar- og menningarmálum. Nú um stundir, þegar helst þarf að meta allt til fjár, er ekki úr vegi að benda á að það er beinlínis arðbært að leggja fé í félagsstarfsemi og listir og hlúa að þeim og stuðla þannig að andlegri vellíðan fólks. Ánægðir, starfsglaðir og vakandi íbúar eru mesti auður hvers byggðarlags því í þeim er fólgin uppspretta framfara og vaxandi velmegunar. Væri Menningarsjóður félagsheimila efldur og honum skapað víðara verksvið en nú er, eins og rætt er um í grg., er það tvímælalaust til eflingar landsbyggðarinnar og kæmi til styrktar því atvinnu- og áhugafólki sem starfar að menningarmálum um hinar dreifðu byggðir landsins.

Hv. flm. hefur gert góða grein fyrir tilgangi þessa þingmáls og ég kom hér í stól til að lýsa yfir stuðningi Kvennalistans við till. og ég fagna því að hún skuli hafa verið borin fram.

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól í annað sinn til að þakka góðar undirtektir við þennan tillöguflutning hjá hv. 6. þm. Suðurl. og hv. 7. þm. Norðurl. e.

Hv. 6. þm. Suðurl. gat þess í sinni ræðu að hann styddi þetta mál ekki eingöngu af umhyggju fyrir landsbyggðarfólki. Ég vil láta það koma fram, hafi það ekki komið fram í framsöguræðu minni nógu glöggt, að ég tel að hér sé um mál allrar þjóðarinnar að ræða og hér eigi öll þjóðin nokkuð undir því að listflutningur og menningarstarfsemi geti verið sem blómlegust. Ég hef kannski nefnt landsbyggðina nokkuð oft í minni ræðu, en það var eingöngu vegna þess að ég þekki þar best til og hef starfað sjálfur að þessum málum þar þó að nú sé kannski orðið æðilangt síðan að það var og allt of langt. Gildi þessa starfs er mikið fyrir alla þjóðfélagsþegna og mætti tala langt mál um það, sem ég ætla að láta undir höfuð leggjast að sinni, hve það eru margir sem eru óvirkir neytendur en skapa aldrei neitt sjálfir. Ég held að ástandið í þeim efnum sé að versna mjög með mjög auknu framboði af fjölmiðlunarefni alls konar frá sjónvarps- og útvarpsstöðvum og auknu framboði af alls konar afþreyingarefni. Ég held að með því að efla þessa starfsemi getum við veitt mikilvægt andóf í þessum efnum. Og það andóf á við alla þjóðina því mér er nær að halda að ástandið sé kannski eitthvað betra úti á landsbyggðinni í þessum efnum þó að vissulega sé það ekki nógu gott heldur.

Menningarstarfsemi er margs konar. Þarna er um mjög vítt svið að ræða. Ég kom inn á nokkur atriði áðan í minni fyrri ræðu, en það má nefna stofnun eins og Þjóðminjasafn Íslands sem við sóttum heim nýverið. Þar er um mennningarstarfsemi að ræða, varðveislu menningarverðmæta. Það er ekkert fráleitt að þessi stofnun þyrfti að færa starfsemi sína eitthvað út um landsbyggðina t.d. með sýningum, fræðsluefni eða einhverri slíkri starfsemi svo að eitthvað sé nefnt. Þarna er um mjög vítt svið að ræða og er mikil ástæða til að endurskoða markmiðin í þessum efnum.

Ég vil geta þess að lokum að það hafa víða um landsbyggðina verið skipulagðar svokallaðar menningarvikur eða menningarvökur og sums staðar hafa þær tekist vel, sums staðar illa og sums staðar nokkuð vel eftir atvikum. Það sem á skortir þarna er að styðja þessa starfsemi fjárhagslega, en þessi starfsemi hefur mikið gildi og örvar menningarstarfsemi alls staðar.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar, ég endurtek þakkir mínar til þeirra þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og tekið vel undir þennan tillöguflutning.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Samvinna Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 368. mál. — Þskj. 700.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Friðjón Þórðarson og Óli Þ. Guðbjartsson. Þessir hv. alþm. eru ásamt mér allir meðlimir í Vestnorræna þingmannaráðinu og till. er flutt af Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins að láta kanna hvernig unnt sé að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði athugað hvernig þjóðirnar, með auknu samstarfi og bættum samgöngum sín í milli, geti styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið innbyrðis viðskipti.

Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok, en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins."

Málið á sér þann aðdraganda að á fundum Vestnorræna þingmannaráðsins, bæði í Færeyjum sl. haust og einnig áður á fundum á Selfossi árið 1986 og í Nuuk í Grænlandi 1985, hefur viðskipti þjóðanna og samstarf því tengt borið á góma, nú síðast með þeim hætti að fluttar voru tvær tillögur, önnur af fulltrúum Íslendinga í ráðinu og hin af færeyskum þm., sem snerta þetta efni. Áhugi granna okkar í austri og vestri er mikill á því að þessar þjóðir auki samstarf sitt á þessum sviðum og hefur það reyndar farið mjög vaxandi, sérstaklega viðskiptin, en minna verið um skipulegt átak til að auka samstarf, skilning og vitneskju opinberra aðila í löndunum um það hvernig best verði að þessu staðið.

Þess ber að geta að þrátt fyrir mismunandi þjóðréttarlega stöðu þessara þjóða eru bæði Grænlendingar og Færeyingar utan Evrópubandalagsins og eiga þar með í viðskiptalegu tilliti að mörgu leyti fremur samleið með okkur en móðurlandinu Danmörku. Það er því fyllilega eðlilegt að hugleiða möguleikann á aukinni samstöðu þessara þriggja þjóða í Norðaustur-Atlantshafi í alþjóðlegum samskiptum, a.m.k. á þessu sviði.

Ég hygg að það sé óþarft að fara mörgum orðum um nauðsyn þess og gildi að samstarf okkar sé sem best á þessum sviðum. Ég nefni aðeins að viðskipti hafa farið ört vaxandi og hef ég um það upplýsingar til að mynda fyrir þrjú sl. ár. Er e.t.v. fróðlegt fyrir hv. þm. að heyra þær tölur hvernig útflutningur t.d. frá Íslandi til Færeyja og Grænlands hefur farið hraðvaxandi sl. ár. Útflutningur frá Íslandi til Færeyja var á árunum 1985–1987 í millj. kr. á verðlagi hvers árs 282 millj. árið 1985, 248 millj. árið 1986 og 333 millj. árið 1987. Útflutningur frá Íslandi til

Grænlands var 14 millj. árið 1985, 44 millj. árið 1986 og 123 millj. árið 1987, og virðist ljóst af þeim mánuðum yfirstandandi árs sem liðnir eru að þar sé um áframhaldandi vöxt að ræða. Innflutningur okkar frá þessum löndum hefur einnig vaxið nokkuð, einkum frá Færeyjum til Íslands og er þannig ljóst að um gagnkvæmt vaxandi samskipti er að ræða á þessu sviði.

Hvað varðar viðskiptakjörin er staða mála í stuttu máli sagt þannig að í gildi er formlegur samningur milli Íslands og Danmerkur um viðskipti milli Íslands og Grænlands og er hann í megindráttum á þá leið að EFTA-kjör skuli gilda í gagnkvæmum viðskiptum milli þessara þjóða þó að ekki sé fyrir að fara slíkri aðild af hálfu Grænlendinga eða Danmerkur. Milli Íslands og Færeyja hefur hins vegar gilt um alllanga hríð óformlegt samkomulag sem er á svipaða lund. Það má því segja að þessi mál séu hvað framkvæmdina varðar í sæmilegu horfi en rétt er að vekja athygli á því aftur að hér er í raun og veru eingöngu um óformlegt samkomulag að ræða hvað snertir viðskipti Íslendinga og Færeyinga. Þetta þýðir, eins og hv. alþm. er eflaust kunnugt, tollfrelsi á mjög mörgum vöruflokkum en þeir vöruflokkar sem falla utan samningsákvæða EFTA eru þá undanskildir og sömuleiðis þeir vöruflokkar þar sem ekki er um samkeppnisvörur eða samkeppnisiðnað að ræða.

Það er síðan fjöldamargt annað en það sem varðar tollamálin beint sem ástæða væri til að fara yfir í þessu sambandi og ræða, en ég ætla ekki að fjölyrða um það að svo stöddu. Ég held að öllum sé það ljóst að þær breytingar sem orðið hafa bæði með vaxandi samskiptum við þessa granna okkar, næstu granna okkar í austri og vestri, svo og breytt staða Grænlendinga í þjóðréttarlegu tilliti eftir að þeir gengu út úr Efnahagsbandalaginu og taka nú með hverju ári sem líður í vaxandi mæli forræði í eigin hendur hvað varðar sín mál, kalli á það að við skoðum þessa stöðu og endurmetum hana.

Það eru einnig að verða miklar breytingar á samgöngum á milli Íslands, Grænlands og Færeyja sem gera það að verkum að viðskipti milli landanna búa nú við betri og batnandi skilyrði en áður var. Einkum og sér í lagi á þetta við um vöruflutninga milli Íslands og Grænlands, en til skamms tíma þurfti öll þungavara að fara um eina uppskipunar- eða útskipunarborg í Danmörku áður en beinar siglingar komust á milli Íslands og Grænlands. Þær eru nú fyrir hendi og þess er að vænta að siglingatíðnin aukist á næstunni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að þessi till. okkar mæti skilningi. Málið fékk þá afgreiðslu á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Þórshöfn í Færeyjum sl. haust að tillaga flutt af fulltrúum Íslands í ráðinu var samþykkt, en tillögu fluttri af færeyskum þm. var vísað áfram til frekari umfjöllunar í ráðinu og málinu í heild, þannig að það er ljóst að það kemur til umfjöllunar á fundi ráðsins næsta sumar eða næsta haust á Grænlandi. Við fulltrúar Íslands í ráðinu leggjum á það mikla áherslu að þeim upplýsingum sem til þarf hafi þá verið safnað og a.m.k. bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir um úttekt á þessum málum sem við gætum haft í farteskinu á þann fund. Það er því von mín að þessi till. mæti skilningi og brugðist verði fljótt við þannig að þeir mánuðir sem til stefnu eru verði notaðir til að vinna málinu framgang hér heima fyrir og afla þeirra upplýsinga sem til þarf.

Að loknum þessum hluta umræðunnar, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. utanrmn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta. Till. þessi er flutt af þeim alþm. sem valdir hafa verið í Vestnorræna þingmannaráðið. Þessir sexmenningar hafa nú nýlega komið saman og skipt með sér verkum.

Í tillögunni er rætt um að auka samstarf og samvinnu þessara þriggja eyþjóða. Auðvitað á þetta samstarf sér langa sögu á liðnum árum og öldum og nú í seinni tíð á sviði norrænnar samvinnu og Norðurlandaráðs. Ef rifjaðir eru upp einhverjir þættir þá má minnast á till. til þál. sem flutt var á 103. löggjafarþingi árið 1981. Þar var 1. flm., hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson, á ferð ásamt nokkrum öðrum og fjallaði sú tillaga um að auka samstarf þjóðanna. Samþykkt var þál. þess efnis á Alþingi 19. maí 1981, þar sem hvatt var til aukinnar samvinnu um sameiginleg hagsmunamál þessara eylanda. Það fór svo að sendinefndir þm. frá Lögþingi Færeyinga, Landsþingi Grænlendinga og Alþingi Íslendinga stofnuðu raunverulega þessi samtök á fundi í Nuuk í Grænlandi dagana 23.–24. sept. 1985. Síðan hefur þetta samstarf farið fram með eðlilegum hætti.

Það er full ástæða til að efla þetta samstarf. Þessir nágrannar hafa vilja til þess að vinna saman og geta unnið saman meira en þeir hafa gert svo að ég sé ekki ástæðu til annars en mæla með því að þessi mál verði athuguð nánar, þetta samstarf aukið og eflt og þessi tillaga samþykkt.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta. Eins og fram hefur komið í máli beggja þeirra hv. þm. sem hér hafa talað fyrir þessu máli er till. flutt af öllum fulltrúum Íslands í Vestnorræna þingmannaráðinu. Hún er í rauninni mjög samhljóða því sem samþykkt var í Þórshöfn í Færeyjum í haust.

Nú er það svo að þessi samtök, þingmannaráðið, eru náttúrlega eingöngu ráðgefandi. Það eru þjóðþingin ein sem geta tekið raunverulegar ákvarðanir í þessu efni og hér er einmitt verið að leggja til eina slíka af okkar hálfu.

Till. er í rauninni tvíþætt. Hún er annars vegar um það að styrkja stöðu útflutningsstarfsemi þessara þjóða og hins vegar um að auka innbyrðis viðskipti. Það kom fram í máli bæði frsm. og þess sem seinast talaði að samskipti hafa verið allveruleg á undanförnum árum. Mér dettur í hug í því sambandi að minna á samstarf Færeyinga og Íslendinga í fisksölumálum. Þau hafa verið nokkur líklega síðan um 1970. En þau hafa verið á þá lund að fámennari aðilinn hefur í rauninni falið hinum fjölmennari verkefnið. Það er ákveðinn samningur sem hefur verið í gildi á milli Coldwater, fyrirtækis Íslendinga í Vesturheimi, og Fisksölu Færeyinga, á þann veg að Coldwater hefur selt allar afurðir Færeyinga sem fluttar hafa verið vestur um haf fyrir þá. Arðsins af þessari starfsemi höfum við hins vegar notið. Ég veit ekki betur en þessi samvinna hafi verið ágæt, en hún hefur að vísu verið nokkuð á takmörkuðu sviði.

Álíka samvinna hefur ekki verið með Grænlendingum enn sem komið er. Það er vitaskuld vegna þess að danska Grænlandsverslunin hefur verið nánast einráð fram undir þetta. En þar er nú að verða breyting á svo að e.t.v. er þarna að verða flötur til samvinnu frekar en verið hefur. Ég býst þó við því að þessi samvinna Færeyinga og Íslendinga í fisksölumálum hefði mátt færast víðar. Það er t.d. athyglisvert að þegar við byrjum með svipaða sölu í Bretlandi, þá eru Færeyingar búnir að hasla sér þar völl á undan okkur. Þar var þó ekki um að ræða sams konar samvinnu. Ekki af því að Færeyingar vildu það ekki. Þeir vildu frekar að því er mér er tjáð að Íslendingar hefðu svipaða samvinnu og í Vesturheimi, en fulltrúar Íslendinga munu ekki hafa haft á því sérstakan áhuga þannig að verksmiðjur okkar og Færeyinga standa nú nánast hlið við hlið, eru í ágætri samvinnu en þó fyrst og fremst samkeppni.

Nú erum við að hasla okkur völl suður í Frakklandi þessar vikurnar eða þessa mánuði. Það er nýbúið að opna skrifstofu suður í Boulogne. Þar erum við einir á ferð þannig að þetta sýnir í sjálfu sér að það er meira en tímabært að ræða þessa hluti svipað og hér er lagt til. Það fer ekkert á milli mála að eyþjóðirnar þrjár í Norður-Atlantshafi eiga samleið. Þær byggja nánast á sömu grundvallaratvinnugrein og þær eiga vissulega samleið í harðnandi samkeppni á stóru markaðssvæðunum þremur: í Vesturheimi, í Evrópu og í Japan.

En það er seinni hluti þessarar till. sem mig langaði aðeins til þess að fara nokkrum orðum um sérstaklega, um aukin innbyrðis viðskipti. Þar held ég að við Íslendingar eigum ekki minni möguleika og í rauninni kannski allar þjóðirnar ekki minni möguleika að hafa arð af þeim. Þar er þessa mánuðina að gerast dálítið merkilegur hlutur að ég tel í samvinnu Grænlendinga og Íslendinga og það er dálítið athygli vert að fylgjast með því hvernig sú breyting verður þegar um hlutina er að losna hjá Grænlendingum.

Hér á landi starfar tiltölulega ungt fyrirtæki sem heitir Icecon, sem er samsteypufyrirtæki SH, SÍS og SÍF. Þetta fyrirtæki er nú að vinna fyrir Grænlendinga, flytur héðan út tækniþjónustu á því sviði þar sem við erum sterkastir. Þeir hanna nú og selja nánast fiskiðnaðarfyrirtæki fullbúin til Grænlands. Þarna er um að ræða eitt dæmi þar sem þjóðirnar þrjár eiga vafalaust mikla samleið. Og mér kæmi ekki á óvart þó að sá undirstöðuatvinnuvegur okkar Íslendinga, sem nú stendur höllustum fæti varðandi sölumöguleika á afurðum sínum, og þar á ég við landbúnaðinn, hefði ekki litla möguleika í þessari samvinnu í náinni framtíð ef af verður.

Í lokin langar mig að minna á eitt atriði. Færeyingar eru langt á undan okkur að einu leyti á tæknisviði. Það er að jarðgangagerð. Þar hafa þeir tekið forustu. Og þeir hafa gert það á þann veg að þeir hafa einbeitt sér að jarðgangagerðinni. Þeir hafa að vísu verulegt fjármagn frá Danmörku, en tækniþekkingarinnar hafa þeir aflað sér sjálfir þannig að þeir eru með hana í eigin höndum. Mér kæmi heldur ekki á óvart að við gætum ýmislegt til þeirra sótt á því sviði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til utanrmn. með 37 shlj. atkv.

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 379. mál. — Þskj. 718.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um réttindi og skyldur á vinnumarkaði sem er 379. mál Sþ. á þskj. 718. Flytjendur auk mín eru hv. þingkonur Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að gera sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaðinum réttindi sín og skyldur. Í því skyni skipi ráðherra sjö manna nefnd er kanni:

1. Hvernig best megi tryggja að allir er ráðast til starfa á almennum vinnumarkaði þekki réttindi sín og skyldur, þar með talin launakjör, lífeyrisréttindi, reglur um hvíldartíma, orlofsgreiðslur og uppsagnarákvæði. Nefndin kanni hvort lögbinding starfssamninga milli einstaklinga og atvinnurekenda sé æskileg leið til að tryggja að enginn sé ráðinn í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur. Nefndin kanni enn fremur hvernig fræðsla um þessi mál yrði best felld inn í skólakerfið.

2. Hvernig best megi tryggja að einstaklingar er fá laun sín greidd sem verktakar eða eftir uppmælingu njóti eigi lakari kjara en launþegar í hliðstæð-

um störfum. Tekið sé tillit til heildarlauna, vinnutíma, álags í starfi, lífeyrisréttinda og orlofs. Leitað verði upplýsinga um hve margir séu utan stéttarfélaga á vinnumarkaðinum.

Nefndin skili niðurstöðum eigi síðar en í júní 1989."

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Mikill meiri hluti vinnufærs fólks stundar nú vinnu á almennum vinnumarkaði. Það ætti að vera réttur sérhvers manns í þessum stóra hópi að geta framfleytt sér af vinnu sem byggist á hóflegu vinnuframlagi.

Íslensk vinnulöggjöf er að stofni til frá fjórða áratug þessarar aldar og miðast um margt við aðstæður þess tíma. Algengast var þá að menn stunduðu almenna launavinnu og fengju greitt fast tímakaup eða fast mánaðarkaup. Þetta er að breytast. Sífellt fleiri eru ráðnir samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar í störf sem áður voru unnin á föstu tíma- eða mánaðarkaupi. Fjöldi fólks telur sig bera meira úr býtum á þennan hátt, útborguð laun eru hærri. En er það svo? Um það er ekki vitað. Fleiri krónur í budduna þurfa ekki að merkja betri kjör. Margir, sem vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar, njóta hvorki orlofs né eru venjuleg launatengd gjöld greidd af kaupi þeirra. Atvinnuöryggi þeirra er lítið því að þeir eiga hvorki rétt á að fá veikindadaga greidda né uppsagnarfrest. Vinnuveitendur þessa fólks greiða ekki að sínum hluta í lífeyrissjóð og brögð munu vera að því að ákvæðisvinnufólk og einstaklingar sem vinna sem verktakar greiði ekki í lífeyrissjóð þótt í lögum nr. 55/1980 standi skýrum stöfum í 2. gr., með leyfi forseta:

„Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu."

Vinnutíma og álag innan þessa hóps þarf að kanna sérstaklega. Nefnd sú sem hér er lagt til að verði skipuð þyrfti að láta gera samanburðarkönnun á ákvæðisvinnu, tímavinnu og störfum einstaklinga sem fá greitt sem verktakar. Könnunin þarf að taka til meðalvinnutíma og vinnutekna og álags starfanna. Mat á álagi hefur áður verið kannað í einstökum stéttum og má benda á ýmsar kannanir Vinnueftirlits ríkisins, könnun er gerð var að frumkvæði ASÍ, Landssambands iðnverkafólks og VMSÍ árið 1982, „Fiskvinnsla. Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks", er gefin var út árið 1984, og skýrslu sömu aðila er gerð var sama ár, „Fata- og vefjariðnaður. Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks" sem út kom í febrúar árið 1985.

Víðtækar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðinum og ástæða til að ætla að þessar breytingar geti orðið enn meiri. Með upplýsingabyltingu og tölvuvæðingu er áætlað að vinna geti færst meira inn á heimilin á nýjan leik þar sem hver situr við sinn skjá og vinnur að tilteknum verkefnum. Ekki er ljóst hvernig slík vinna yrði metin og því er fyllilega tímabært að hafa þessa framtíðarsýn einnig í huga. Einnig hafa ýmsar hugmyndir um breytt fyrirkomulag á stéttarfélögum verið til umræðu. Þar má einkum nefna stofnun vinnustaðafélaga.

Til að mæta þessum breyttu aðstæðum og vera búin undir frekari breytingar er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróuninni og bregðast við henni á raunhæfan hátt. Í fyrsta lagi með því að gera sér grein fyrir hvað breytingar á vinnumarkaðinum hafa í för með sér fyrir starfsfólk í ýmsum starfsgreinum. Í öðru lagi með því að stórefla vitund og þekkingu fólks á vinnumarkaðinum á réttindum sínum og skyldum. Það ættu að vera lágmarksmannréttindi allra að fá einhverja fræðslu um vinnumarkaðinn á meðan á skyldunámi stendur. Líklegt er að þessi fræðsla ætti heima í efstu bekkjum grunnskólans og henni þyrfti síðan að fylgja eftir í framhaldsskólum. Einnig ættu að vera sjálfsögð mannréttindi að enginn gæti ráðist í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur frá fyrsta degi. Þetta mætti gera með því að binda í lög að engan mætti ráða í vinnu eða í einstök verkefni án þess að við hann væri gerður bindandi starfssamningur. Mikilvægt er að vinna að þessum málum í góðri samvinnu við stærstu launþegasamtök landsins. Starfssamningur mundi ekki aðeins verða til hagsbóta fyrir þá er vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar heldur einnig fyrir almenna launþega. Ef allir sem selja vinnu sína á vinnumarkaðinum fengju frá upphafi yfirlit yfir laun sín, réttindi og skyldur yrði auðveldara fyrir hvern og einn að fá yfirsýn yfir kjör sín. Miðlun upplýsinga um kaup og kjör á vinnumarkaði yrði markvissari ef slíkir samningar væru fyrir hendi.

Á þessu máli er fyllilega tímabært að taka en án upplýsinga er erfitt að gera sér grein fyrir sífellt flóknari vinnumarkaði.

Þessi upphafsorð mín hér í dag eru jafnframt grg. þáltill. minnar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði er ég flyt ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans.

Við stöndum nú frammi fyrir því að verið er að gera samninga í gríð og erg út um allt þjóðfélagið. Oft vill gleymast að utan við þá samninga starfar hópur fólks sem varla er hægt að kalla annað en launafólk, en þiggur laun eftir einhverjum öðrum útreikningum en samningum launþega og vinnuveitenda, eða ætti ég frekar að segja vinnusala og vinnuþega. Þar er ég ekki að tala um fólkið sem er á fullri ferð upp á við með launaskriðinu, yfirborgunum og öllum þeim greiðslum sem keyra upp meðaltöl þau sem láglaunafólk fær aldrei greitt eftir en þykja sanna að Íslendingar hafi það að meðaltali afskaplega gott. Nei, ég er að tala um alla hina sem standa utan samninga og ég tel utan siðferðilegra laga og réttar á vinnumarkaðinum. Allt frá þeim sem una glaðir við ágæta samninga á einstaklingsgrunni til þeirra sem talað er um sem gráan eða

svartan láglaunamarkað hér á landi.

Þáltill. sú er ég mæli hér fyrir er hugsuð sem fyrsta skrefið í áttina að því að gera sér grein fyrir kjörum þeirra sem starfa sjálfstætt, hvernig að þeim er búið og um hve stóran hluta vinnumarkaðarins er hér að ræða. Jafnframt eru hugmyndir um aukna fræðslu um vinnumarkaðinn og starfssamning við ráðningu í nýja vinnu hugsaðir sem leið til að gera öllum á almennum vinnumarkaði kleift að fylgjast grannt með kjörum sínum og vega og meta hvort þeim er betur borgið innan eða utan stéttarfélaga. Án upplýsinga er útilokað að þekkja rétt sinn og skyldur.

En lítum fyrst á einstaklinga sem vinna sem verktakar eða í einhvers konar ákvæðisvinnu, yfirleitt utan stéttarfélaga. Þá kemur fyrst í ljós að hér er um að ræða fólk sem er ráðið á alls konar kjörum í ýmis störf á vinnumarkaðnum. Ég hef takmarkað mig við þá sem þiggja laun sem einstaklingar án þess að hafa stofnað fyrirtæki eða fengið aðra með sér í vinnu. Þar er oft um mun flóknara dæmi að ræða en ég geri ráð fyrir að sú nefnd sem ég legg til að verði skipuð hafi tíma til að kanna að svo stöddu. Tímamörkin, sem ég tel eðlilegt að nefndinni séu sett, byggjast á þeirri skoðun að fljótlega þurfi að gera sér grein fyrir hversu umfangsmikið mál er hér um að ræða.

Þótt við takmörkum okkur á þennan hátt er hér um mislitan hóp að ræða og kjörin innan hans eru ákaflega breytileg. Ýmsir hafa náð góðum samningum og bætt kjör sín með því að vinna verkefni gegn ákveðinni borgun í stað þess að vera í launavinnu sem byggist á tímakaupi. Einstaklingar sem vinna sem verktakar geta dregið útlagðan kostnað frá kaupi sínu og fólk í ákvæðisvinnu hefur oft náð ágætum samningum einnig.

Hinu er ekki að neita að þegar dæmið er reiknað til enda er hátt kaup þessa fólks ekki alltaf svo mikið hærra en það gæti fengið fyrir tímamælda vinnu. Hér á ég að sjálfsögðu við þá staðreynd sem ég nefni í grg. þessarar þáltill. að fólk verður sjálft að greiða í lífeyrissjóð, það nýtur ekki orlofs, uppsagnarfrests, réttinda í veikindafríi eða annarra réttinda sem smátt og smátt hafa fengist með baráttu stéttarfélaga fyrir bættum hag félaga sinna. Þess vegna er það umhugsunarefni hvort sá hópur fer stækkandi sem vinnur utan þess kerfis sem stéttarfélög taka til. Mig grunar að svo sé. En hvort hægt verður að safna marktækum upplýsingum um það atriði verður að koma í ljós með skipulagðri könnun á því máli.

En þótt ýmsir hafi náð góðum samningum með því að semja um kjör sín utan ramma samninga stéttarfélaganna er ekki svo um alla. Mig grunar að könnun sú sem hér er um rætt leiði í ljós að stór hópur sé nú á vinnumarkaðnum í störfum sem áður fyrr þótti sjálfsagt að ráða í samkvæmt samningum stéttarfélaga. Þetta fólk vinnur á alls konar launum góðum og slæmum. Unglingarnir sem vinna í sjoppunum, framhaldsskólanemarnir á veitingahúsunum, „pokadýrin“ í stórmörkuðunum. Í öllum þessum hópum viðgangast alls komar launagreiðslur, jafnaðarlaun og útreikningar sem vinnusalar hafa litla möguleika á að meta. Stundum er farið eftir samningum, í öðrum tilvikum virðist svo ekki vera.

Ég tel nauðsynlegt að nefnd þessi verði skipuð a.m.k. að hluta fólki sem er í nánum tengslum við launþegafélög og þekkir vinnumarkaðinn glöggt. Umræður um breytingar á vinnumarkaðinum eru mjög lifandi um þessar mundir og ýmsum spurningum hefur verið velt upp sem sumar hverjar varða þetta mál, aðrar ekki. Ef spurningin um kjör þessa hóps er brýn núna grunar mig að hún verði enn brýnni í framtíðinni. Margt bendir til að fram undan séu stórfelldar breytingar á launakerfum og stéttarfélögum. Það yrði mikil afturför ef þessar breytingar yrðu til þess að réttindi, sem áratugi hefur tekið að fá viðurkennd og færð inn í samninga, hyrfu nú með breyttum aðstæðum og afstöðu til stéttarfélaga. Nýjar kynslóðir, sem oft þekkja ekki til kjarabaráttu liðinna áratuga, skynja e.t.v. ekki hve dýru verði sum þessi réttindi hafa verið keypt.

Hér þarf að vinna brautryðjendastarf. Ég tel að verði þessi nefnd sett á laggirnar verði það stórt skref í mannréttindaátt, því er ekki rétturinn til að þekkja stöðu sína og geta metið hana sjálfsögð mannréttindi, mannréttindi sem varla eru allra eins og málum er háttað?

Ég legg til að málinu verði að umræðu lokinni vísað til hv. félmn.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Sú till. sem hér liggur fyrir er athyglisverð að því leyti að hún gæti átt þátt í því að fólk gerði sér grein fyrir þeirri þjóðfélagslegu ábyrgð sem felst í því að vera starfandi á vinnumarkaðnum. Ég hygg að það sé mikil nauðsyn á því að koma fræðslu til þeirra sem eru á vinnumarkaðnum. Verkalýðsfélögin hafa unnið gífurlega mikið starf í þeim efnum og gera daglega. Ég veit að hvert og eitt einasta verkalýðsfélag sendir sínum félögum hvers konar upplýsingar um rétt sinn og skyldur og freistar þess á allan hátt að koma þessum málum til skila. Mér er ljóst að þrátt fyrir það er starfið ekki nóg. Alltaf eru það einhverjir sem þessar upplýsingar komast ekki til.

Ég sé ekki ástæðu til að sú nefnd sem hér yrði kjörin yrði skipuð t.d. þm. eða einhverjum sem stæðu fyrir utan vinnumarkaðinn eða aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að slíka nefnd ættu að skipa fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni, frá atvinnurekendum og síðan skólakerfinu. Skólakerfið hefur verið mjög andstætt verkalýðshreyfingunni í þessum efnum. Oft hefur verið eftir því leitað af verkalýðshreyfingunni að koma þessu efni til skila innan skólanna, en það hefur ekki fengist leyfi til þess. Skólakerfið hefur verið neikvætt og þess vegna hefur ekkert orðið úr þessu.

Framsögumaður ræddi um nýtt ráðningarform sem virðist vera að vinna sér nokkurn sess í mikilli andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Það er á þann veg að einstaklingar séu ráðnir sem verktakar til

ýmissa starfa. Þetta er leið ýmissa til að komast hjá því að greiða hin ýmsu gjöld og hefur þetta ráðningarform haft margt illt í för með sér fyrir einstaklingana. Ég veit um dæmi þess að þeir sem hafa ráðið sig á þessum kjörum hafa slasast og komist síðan að því að þeir eru ekki slysatryggðir. Þeim er ætlað að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum. Það vill dragast eða það gerist ekki og svo eiga þessir einstaklingar ókleift með að fá lán frá Húsnæðisstofnun vegna þess. Mætti nefna ýmsar aðrar kvaðir sem fylgja verktökum.

Ég tel fráleitt að þetta ráðningarform sé leyft nema ákveðin skilyrði séu fyrir hendi þannig að launatengd gjöld, sem skapa réttindi, þurfi ekki að víkja. Það er freistandi fyrir einstaklinginn að fara þessa leið vegna þess að það gefur hærri tekjur í augnablikinu, en getur farið illa með menn þegar frá líður. Ég vek athygli á því að verkalýðshreyfingin hefur mjög mælt á móti þessu ráðningarformi og við teljum það fráleitt.

Það er mjög jákvætt ef unnt er að koma þessari fræðslu inn í skólakerfið. Þar er mikið starf að vinna. Hins vegar vil ég benda á það að nokkur framför hefur átt sér stað í þessum efnum. Minni ég á þá samninga er lúta að fiskverkafólki, svokallaða fastráðningarsamninga sem fylgja námskeiðum sem fiskverkafólk á nú kost á. Þeir samningar sem eru gerðir jafnframt þessum námskeiðum eru ítarlegir og kveða á um réttindi og skyldur einstaklinganna í störfum. Það er líka ástæða til að geta þess að á námskeiðum fiskverkafólks er sérstakur þáttur námskeið um starfskjör og aðbúnað, þannig að mjög hefur þetta færst á betri veg. Ég vek einnig athygli á því að í þeim kjarasamningum sem verið er að gera núna og voru gerðir fyrir nokkru er ákvæði um starfsmenntunarsjóð sem lýtur að því að fræða fólk um störfin og einnig um starfskjör þess og réttindi önnur. Þannig að nokkur nýmæli hafa átt sér stað í þessum efnum.

Ég hjó eftir því áðan hjá framsögumanni að hún talaði um fólk sem stæði utan við samningana. Ég spyr: Hvaða fólk er það aðrir en svokallaðir verktakar eða fólk sem er platað út í verktöku? Ég veit ekki hvaða fólk það er. Er það fólk sem sniðgengur verkalýðsfélög eða fólk sem vill ekki vera í verkalýðsfélögum? Ég tel að þessar upplýsingar liggi allar á lausu ef menn leita eftir þeim. Ég geri mér grein fyrir því að það eru ekki allir sem þekkja það hvernig á að leita að sínum rétti. En það eru líka til einstaklingar sem ekki vilja neitt hafa með samtök eða verkalýðshreyfingu að gera. Ég hef nú ekki mikla samúð með slíku fólki, en það þýðir ekki að það eigi ekki að njóta réttar síns þrátt fyrir það.

Varðandi það atriði að kanna hve margir á vinnumarkaðnum eru utan stéttarfélaga, þá tel ég að það sé mjög einfalt að fá þær upplýsingar með því að hringja í helstu stéttarsamtökin. Það liggur alveg ljóst fyrir og ef menn vita hversu margir eru á vinnumarkaðnum, þannig að þá þarf ekki sérstakt nefndarstarf í þeim efnum. Og varðandi kjör almennt í landinu þá er nú kjararannsóknarnefnd til sem ætti að geta sinnt því hlutverki og gerir það. Vissulega mætti það gerast betur og ég vona að það takist að koma málum til þess vegar að kjararannsóknarnefnd fái upplýsingar frá öllum aðilum, en svo er ekki í dag. Það mætti auka þá starfsemi en það þarf þá að leggja verulegt fé í hana.

Ég tel að hugsunin á bak við þessa till. sé jákvæð og vísa þó til þess að það er ekki eins og við stöndum frammi fyrir því að engin fræðsla sé fyrir hendi. Það er gífurlega mikið fræðslustarf unnið á þessum vettvangi, en það eru ætíð margir sem ekki meðtaka þá fræðslu. Líka er það að þeir sem koma nýir inn á vinnumarkaðinn eiga oft erfitt með að átta sig á því hvar eigi að leita upplýsinganna ef þeir eru á einangruðum vinnustöðum, en ég tel að á flestum vinnustöðum þar sem einhver alvöruatvinnustarfsemi er séu verkalýðsfélögin til staðar til að sinna þessari skyldu.

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Herra forseti. Ég fagna því að hugmyndin á bak við þessa þáltill. hefur fengið jákvæðar undirtektir og ég fagna því einnig að heyra um að fræðslustarf skuli vera nokkurt. Ég vissi reyndar af því en það sem e.t.v. er veikasti hlekkurinn í þeirri keðju er skólakerfið.

Ég kem nú hér aðallega upp vegna fsp. um hvaða fólk þetta sé sem stendur utan stéttarfélaganna. Ein af ástæðunum fyrir því að ég tel að gera verði sérstakt átak til að kanna þessi mál er sú að svo virðist vera sem nokkur hópur hirði ekki um að ganga í stéttarfélög og kærir sig e.t.v. ekki um það. Ég hef fulla samúð með þessu fólki því að ég held einfaldlega að það sé ekki upplýst og þó það sé vegna þess að það leiti ekki eftir þessum upplýsingum tel ég að full ástæða sé til þess að þetta fólk kynnist þeim rétti og þeim skyldum sem það býr við á vinnumarkaði og að hvaða leyti það e.t.v. ekki nýtur þessa.

Annað var það ekki sem mig langaði að gera athugasemdir við.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er út af fyrir sig alltaf ánægjulegt að fólk hefur áhuga á því að koma fræðslu á framfæri. Ég er þeirrar skoðunar að að því er þessa tillögu varðar sé æðimikið af þeirri fræðslu sem hún kynni að fjalla um þegar komið á framfæri.

Það er gífurlega mikil fræðslustarfsemi innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar sem hefur verið haldið uppi af miklum krafti undangengin ár, m.a. í gegnum Menningar- og fræðslusamband alþýðu og í gegnum einstök stéttarfélög. Ég er ekki að tala gegn tillögunni og ekki er nú kannski pólitískt rétt á þessum tíma að andmæla hv. kvennalistakonum mikið og ég er heldur ekki að því, en ég er alltaf mjög efins um ágæti útkomu nefndarskipana. Þær geta út af fyrir sig verið góðar og geta gegnt

hlutverki, en þá þarf það að vera algjörlega afmarkað og auðvitað þarf eitthvert fjármagn til slíkra hluta. Þetta kostar eitthvað og þá spyrjum við hinir þessir varfærnu: Hvar á að taka peningana? Hvaðan eiga þeir að koma? Á þetta finnst mér vanta því að ef menn ætla að sinna því verkefni sem er verið að tala um, sem ég út af fyrir sig er ekki að gagnrýna neitt sérstaklega, er þetta æðimikið verk og kemur til með að kosta fjármuni.

Ég hjó eftir því hjá hv. frsm. — ég held að hún hafi orðað það svo að hún héldi að það væri talsverður hópur af fólki sem ekki hirti um að ganga í stéttarfélag eða ekki hirti um að leita réttar síns á vinnumarkaði. Hvað á að gera við slíkt fólk sem ekki vill hirða um sinn rétt þó það viti um hann? Enga þvingun þurfum við að setja á slíkt fólk, er það? Verður það ekki með einhverjum hætti að ákvarða þetta sjálft, gera það upp við sig hvort það vill nýta sér þann rétt sem búið er að skapa því í gegnum verkalýðshreyfinguna og stéttarfélögin? Ég er alveg handviss um að það er mikið af upplýsingum sem liggja fyrir en fólk vill ekki nýta sér. Það nýtir sér ekki þau tækifæri sem það hefur til þess að afla þekkingar eða upplýsinga um sinn rétt eða sína stöðu. Ef þessi tillaga, framkvæmd, gæti orðið til þess að fá hina hirðulausu um sinn rétt til þess að átta sig á ganginum og vera betur með væri hún af því góða. Ég er hins vegar ekki viss um að það gerist með þeim hætti. Þessi fræðsla er fyrir hendi að verulegu leyti fyrir þá sem hennar vilja njóta og ég er ekki viss um að nefndarskipun af þessu tagi mundi koma meiru til skila. Verði nefndin hins vegar sett á laggirnar spyr ég: Hvar á að fá peningana til að fjármagna?

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Herra forseti. Svo sem sjá má á þessari þáltill. er henni fyrst og fremst beint til fólks utan heföbundinna stéttarfélaga og eins og hv. 9. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Vestf. bentu á eru margar þessar upplýsingar tiltækar en gallinn er sá að þeim hefur ekki verið miðlað og sú er ástæða þessarar þáltill.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 34 shlj. atkv.

EFRI DEILD

73. fundur, þriðjudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. GA og DS, 315. mál (skólaskylda, samfelldur skóladagur o.fl.). — Þskj. 624.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum, sem er á þskj. 624. Það er 315. mál þingsins og meðflm. minn að þessu frv. er Danfríður Skarphéðinsdóttir, þingkona Kvennalistans.

Það er löngu orðin brýn þörf að samræma betur vinnudag barna og foreldra hér á landi og það er samdóma álit flestra sem þetta mál varðar að vinnudag barna í skóla þurfi að gera samfelldan. Það þarf að lengja kennslutíma yngstu árganganna og öll börn verða að hafa tækifæri til að geta matast í skólanum sínum. Enn fremur er nauðsynlegt að börn eigi þess kost að dveljast í skólanum utan kennslustundanna og njóta þar umsjár kennara eða annarra sem hafa uppeldisfræðimenntun. Grunnskólar þurfa að verða einsetnir heilsdagsskólar þar sem vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld. Nauðsynlegt er einnig að fækka nemendum í hverjum bekk þannig að nám og kennsla komi að sem bestum notum. Það er einkum mikilvægt í yngstu bekkjunum. Einnig þarf að gæta þess að skólarnir verði ekki of stórir né heldur of fjölmennir.

Í þessu frv. er lagt til að lögbundin verði fræðsluskylda 6 ára barna á skólaárinu 1988–1989, en skólaskylda 6 ára barna verði lögbundin á skólaárinu 1989–1990. Enn fremur að kennslutími yngri árganganna verði lengdur í áföngum sem miði að einsetnum heilsdagsskóla fyrir öll börn þar sem nemendur eiga einnig kost á viðveru utan kennslustunda í þroskandi umhverfi og umsjá fullorðinna. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til hvíldar, einkum fyrir yngri börn og aðstöðu fyrir öll börn til að matast. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur í yngstu bekkjunum verði að meðaltali 14 en 18 að meðaltali í öðrum bekkjum.

Síðan eru sérstakar breytingar gerðar sem ákvarða stærð skólahúsnæðisins og þá er miðað við að fjöldi nemenda í grunnskólum verði ekki meiri en 400 í mesta lagi. Jafnframt er einnig ákvæði sem miðar að því að auðvelda aðgang nemenda að skólabókasöfnum.

Frv. er lagt fram til að gera nauðsynlegar breytingar á grunnskólalögunum í þágu barna, foreldra og kennara. Breyting á samfélagsháttum á síðustu áratugum hefur leitt til þess að breyttar og vaxandi kröfur eru nú gerðar til kennara og skóla. Til þess að þeir geti svarað þessum kröfum og veitt þá þjónustu sem börn og foreldrar þurfa verður að breyta lögunum og jafnframt, og ekki síður, að verja nægilegu fé til nauðsynlegra umbóta.

Undanfarin ár hafa umtalsverðar breytingar orðið á kennslu yngri barna — og þá á ég við börn á aldrinum 5–6 ára og fram að 12 ára aldri — í mörgum löndum Evrópu. Breytingarnar hafa aðal-

lega falist í því að færa starf skólanna nær raunverulegum þörfum barna og fjölskyldna þeirra eins og þær birtast okkur í nútímaþjóðfélagi, á hverjum stað auðvitað, og því varða þær bæði starfið sjálft og einnig starfstíma skólanna ásamt ýmsum öðrum þáttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fjalla um og endurmeta markmið, stefnur og vandamál við kennslu þessara aldurshópa í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þetta hefur verið meginverkefni menningarmálanefndar Evrópuráðsins frá árinu 1983 en þá var hafist handa við „Verkefni nr. 8" sem fjallar um nýbreytnistarf í grunnskólum í Vestur-Evrópu (Project Nr. 8, Innovation in Primary Education in Western Europe.). Íslendingar hafa átt aðild að þessu verkefni og er Sigríður Jónsdóttir námsstjóri fulltrúi okkar, en hún hefur unnið í starfshópi sem fjallar um tilraunastarf nokkurra skóla í Evrópu sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt vegna nýbreytni í starfi.

Víðast hvar er megináherslan lögð á að lengja skólatíma yngstu barnanna og bjóða þeim jafnframt upp á dagvist fyrir eða eftir hinn eiginlega skólatíma. Þannig hefur áherslan hvarvetna verið að koma á og þróa heilsdagsskóla þar sem nemendur geta dvalist frá morgni og fram eftir degi við nám og leik í þroskandi og öruggu umhverfi með öðrum börnum og í umsjá fullorðinna. Mikil áhersla er lögð á að öll börn fái að þroskast með sínum eðlilega hraða bæði til líkama og sálar. Því er víðast reynt að hafa skóla yngri barnanna fámenna, allt frá skólum með um eða innan við 100 nemendur, t.d. í svonefndum grenndarskólum í Svíþjóð, til skóla með um 300–400 nemendur víða annars staðar. Jafnframt er reynt að hafa bekki ekki of fjölmenna þannig að hægt sé að veita einstaklingsbundna kennslu. Og ég get nefnt sem dæmi að í Bretlandi hefur farið fram mikil umræða um stærð skóla, því að á vissu árabili voru einmitt byggðir fremur stórir skólar sem tóku frá 1000 og upp í 1500 börn og reynslan hefur sýnt að það er afar erfitt fyrir nemendur að þrífast í þessum skólum og mjög erfitt fyrir kennara að beita sér bæði við kennslu og eins í félagsstarfi með börnum í þessum stóru skólum.

Víða er reynt með ýmsum ráðum að koma á heimilislegum blæ í skólunum, t.d. með því að blanda saman árgöngum þar sem þau eldri „fóstra" þau yngri, og gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi búnað og umhverfi til að fegra og gera heimilislegra. Séð er fyrir líkamlegum jafnt sem andlegum þörfum nemenda meðan þau dveljast í skólanum eftir því sem framast er unnt, líkt og á góðum heimilum. Þannig hafa mörg samfélög brugðist við breytingum sem orðið hafa á högum barna í nútímaþjóðfélagi með því að bæta þjónustu við þau.

Helstu breytingar, sem orðið hafa á högum barna í öllum löndum Evrópu, eru fyrst og fremst stóraukin atvinnuþátttaka beggja foreldra utan heimilis.

Almenn atvinnuþátttaka kvenna hérlendis hefur aukist mjög á sl. 20 árum svo að nánast má líkja við félagslega byltingu. Árið 1960 stunduðu um 20% giftra kvenna einhverja vinnu utan heimilis en árið 1985 var sú hlutdeild komin upp í 83,1%.

Fjölskyldugerðin hefur einnig breyst á þessum tíma. Stórfjölskyldan er löngu horfin og kjarnafjölskyldur eru jafnvel minni en áður því að fæðingum fer fækkandi. Fleiri eru í óvígðri sambúð, hjónaskilnuðum hefur fjölgað um helming á sl. 25 árum, úr u.þ.b. 5 í 10 á hver 1000 hjón á hverju ári. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi, en þar eru einstæðar mæður í meiri hluta. Þessi síðastnefndi hópur stendur einna verst í þjóðfélaginu og er talið að stór hluti hans búi við afkomu sem er undir fátæktarmörkum. Þessar heimildir hef ég frá ráðstefnu sem haldin var á vegum félagsmálastjóra árið 1986 og einnig af samræðum við félagsmálastjóra í Reykjavík og nágrannasveitarfélögum. Og það er ekki síst lök staða einstæðra mæðra vegna þeirra lágu launa sem konur almennt fá, en þær eru ekki nema hálfdrættingar á við karla í launum þrátt fyrir langan vinnudag og sýnir það hver skýrslan á fætur annarri.

Félagsleg staða einstæðra foreldra er því mjög erfið hér á landi og það bitnar fyrst og fremst á börnunum.

Fjölskyldan og heimilið voru áður sterkar félagslegar einingar, eða a.m.k. sterkari félagslegar einingar heldur en nú er. Þær mynduðu stoð og athvarf fyrir nokkuð stóran hóp einstaklinga og þar fór uppeldi barna að verulegu leyti fram. Ætla má að fjölskyldutengslin hafi að ýmsu leyti verið sterkari þá en nú og tengt traustum böndum hina ólíku aldurshópa. Nú þarf fámenn kjarnafjölskyldan að sinna hlutverkum sem margir sinntu áður.

Langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiðir til fjarvista foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra en vaxandi fjöldi heimila þarfnast vinnuframlags tveggja til framfærslu.

Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri.

Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að um 40% 7–12 ára barna eru meira eða minna ein heima á daginn. Aðstaða einstæðra foreldra til að sinna börnum sínum er til muna erfiðari en annarra, eins og gefur að skilja. Fram kemur t.d. í skýrslu landlæknis, „Mannvernd", sem lögð var fram hér á sal til kynningar fyrir þm. og ég mundi ráðleggja þeim þm. sem ekki hafa þegar séð þessa skýrslu að fá sér hana og glugga í hana vegna þess að í henni eru mjög gagnlegar upplýsingar sem vekja miklar áhyggjur jafnframt. Í þessari skýrslu, „Mannvernd", frá því í desember 1987 kemur fram að um fjórðungur barna einstæðra foreldra 7 ára og yngri og um 64% 7–12 ára gangi sjálfala á daginn.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna og hafa mörg orð verið um það höfð á undanförnum mánuðum og árum. Einkum hafa menn áhyggjur af því að mikil sjónvarps- og myndbandanotkun geri börn að óvirkum þiggjend-

um og margir óttast ekki síður neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem þannig berst að ómótuðum barnshugum. Þá hef ég fyrst og fremst í huga það mikla ofbeldi sem birtist á beinan eða óbeinan hátt bæði í kvikmyndum og eins bara í fréttum frá daglegu lífi víða að úr heiminum.

Mikið af myndefni því, sem börn horfa á, er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa þannig móðurmál sitt. Tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd. Kennarar hafa jafnframt veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanemenda í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfræði og stafsetningu. Ég þarf e.t.v. ekki að brýna þetta fyrir hæstv. menntmrh. vegna þess hve miklar áhyggjur forveri hans í starfi hafði einmitt af þverrandi íslenskukunnáttu og hve mikið hann talaði um það að vernda þyrfti íslenska tungu, en þá varðar miklu að grípa einmitt á rótum vandans.

Sú streita, sem leiðir af miklu vinnuálagi og ófullnægjandi tilfinningatengslum, hefur lítið verið rannsökuð hérlendis en í þeim rannsóknum, sem þó hafa verið gerðar, hefur hún fundist jafnt hjá börnum sem fullorðnum.

Segja má að mörg heimili séu vanbúin til að gegna hefðbundnu uppeldishlutverki vegna breyttra félagslegra aðstæðna og foreldrar hafa þegar gert eindregnar kröfur til samfélagsins um að það taki í ríkara mæli þátt í uppeldi barna. Langt er frá að það hafi brugðist við sem skyldi og er nú mikill skortur víða um land á samastað fyrir börn þar sem þau geta unað við nám, leik og hvíld í öruggu, uppeldislega jákvæðu umhverfi.

Lykillinn að því að stuðla að velferð fjölskyldunnar er að sjálfsögðu að minnka vinnuálag á foreldrum og gera þeim kleift að lifa af dagvinnulaunum sínum. Jafnframt þarf að finna viðunandi lausnir á húsnæðisvandanum sem er mikill streituvaldur og hvati að auknu vinnuálagi foreldra. Slíkar ráðstafanir einar sér mundu gefa fjölskyldum mun meiri tíma til samvista en þær hafa nú og e.t.v. einmitt sjálfkrafa leysa þannig mikið af þeim félagslega vanda sem blasir við mörgum fjölskyldum.

Á hinn bóginn eru síauknar kröfur gerðar í nútímaþjóðfélagi um menntun og þekkingu og ætla má að þær verði síst minni í framtíðinni.

Ég vil einmitt minna hæstv. ráðherra á ráðherrafund Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem haldinn var í París í október sl. og hann sótti. Þar kom einmitt glöggt fram að framfarir í vísindum og tækni — en margir hyggja að undirstaða framfara og hagvaxtar í þjóðlöndum framtíðarinnar felist einmitt í framförum í vísindumn og tækni — undirstöður þeirra eru einmitt menntun og þekking. Menn virðast samt ekki almennt gera sér nægilega vel grein fyrir því að gott menntakerfi er algjört skilyrði fyrir afkomu okkar í framtíðinni. Það er reyndar grundvöllurinn fyrir uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er þó smám saman að renna upp fyrir æ fleirum að hægt er að virkja fleira en fallvötn. Ein besta fjárfesting okkar, bæði til skemmri og lengri tíma, er í góðri almennri menntun allra landsmanna, bæði bókmennt og verkmennt.

Kínverskur spekingur sagði fyrir nærri 2500 árum: Ef þú hugsar eitt ár fram í tímann sáir þú korni. Ef þú hugsar 10 ár fram í tímann gróðursetur þú tré. Ef þú hugsar 100 ár fram í tímann, þá menntarðu fólkið. Og til þess að Íslendingar geti orðið gjaldgengir á vinnumarkaði framtíðarinnar og menningar- og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt, þá verðum við að standa vörð um menntakerfið og bæta það með öllum ráðum. Ef við uggum ekki að okkur gætum við sem þjóð hæglega lent í fátæktargildru í samkeppni við aðrar þjóðir um markaði og hugmyndir.

Það hefur oft verið minnst á efnahagsundrið Japan og orsakir þess. Margir telja eina af veigamiklum undirstöðum þess vera þá áherslu og alúð sem lögð hefur verið við menntun barna í Japan. M.a. hafa Bandaríkjamenn undrast það hve vel japönsk börn standa sig við úrlausnir ýmissa prófa og betur en bandarísk börn. E.t.v. er of mikil áhersla lögð á það við japönsk börn að þau standi sig því okkur hafa borist alla vega fréttir úr blöðum um það að þessi hvatning og það álag og þær væntingar sem foreldrar gera til barna sinna verði mörgum börnum um megn þannig að sum þeirra jafnvel fremji sjálfsmorð af ótta við að standa sig ekki eins og foreldrarnir búast við. Þannig að of mikið má af öllu gera. En samt er trúlegt að efnahagsundrið byrji í raun í grunnskóla og jafnvel kannski fyrr, þ.e. með því að leggja megináherslu á það að þroska og mennta fólk til að takast á við framtíð sem við sjáum ekki fyrir og getum tæpast spáð í.

Þjóð sem á jafnfáar auðlindir og Íslendingar hlýtur að þurfa að veðja á hugvit sitt — ekki síður og jafnvel meira en aðrir. Það hlýtur því að skipta meginmáli fyrir okkur að fjárfesta í menntun og við hljótum að taka alvarlega þá gagnrýni sem við sjálf höfum haft uppi og staðfest hefur verið og nánar skilgreind af Efnahags- og framfarastofnuninni um menntastefnu á Íslandi, en þar er bent á margt sem betur mætti fara og annað sem þarfnast tafarlausra úrbóta ef við ætlum ekki að missa af lestinni. Ég vil þó taka það fram að menntmrh. og ráðuneytið hafa sannarlega brugðist við þessu með því að halda ágæta ráðstefnu um þessa skýrslu nú nýlega og reyndar aðra um grunnskóla um síðustu helgi og fleiri ráðstefnur eru í vændum. Ég skora á hæstv. ráðherra að fylgja þessu máli fast og skörulega eftir þannig að ekki verði látið sitja við orðin tóm, heldur muni einmitt þessar ráðstefnur leiða til framkvæmda.

Flestir eru sammála um að sú ráðstöfun hafi verið rétt að hefja kennslu fyrir 6 ára börn í grunnskólum og flestir eru einnig sammála um að kennslutíma þeirra þurfi að lengja. Óþrjótandi forvitni og nám-

fýsi ungra barna er þörf sem verður að svara og það getur skipt sköpum fyrir barn hvort, hvernig og hvenær slíkri þörf er svalað eða henni sinnt.

Í frv. leggjum við til í 1. gr. að breyting verði gerð á 1. mgr. 1. gr. grunnskólalaganna og hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6 til 16 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr."

Hér er í raun verið að leggja til að lögleidd verði bæði fræðsluskylda og skólaskylda 6 ára barna. Það er gert ráð fyrir því að fræðsluskylda verði lögbundin strax og lög þessi taka gildi, þ.e. á skólaárinu 1988–1989 en skólaskylda hins vegar ekki fyrr en á skólaárinu 1989–1990 eins og segir í bráðabirgðaákvæði.

Okkur þykir nauðsynlegt að gefa aðlögunartíma fyrir skóla og þá einkum skóla í dreifbýli til að búa sig undir það að 6 ára börnin verði skólaskyld.

En auk áskilins aðlögunartíma eru síðan jafnframt undanþáguákvæði í 5., 7. og 8. gr. grunnskólalaganna sem nota má þegar aðstæður leyfa ekki að 6 ára börn sæki skóla eins og ákvæði um skólaskyldu bjóða.

Í grunnskólalögunum er heimildarákvæði í 74. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans."

Þessa heimild hafa flest sveitarfélög nýtt sér nú þegar og hefur skólasókn 6 ára gamalla barna verið allt að 95% eða meiri allt frá því að reglulegt forskólahald hófst 1970 og er nú orðin um 98%.

Að vísu segja þessar tölur þó ekki alla söguna því kennslutími er afar misjafn, allt frá nokkrum dögum í senn á hverju ári upp í samfellda kennslu í 34 vikur á ári. Er það einkum í dreifbýli sem erfitt hefur verið að veita samfellda kennslu fyrir 6 ára börnin.

Því er í þessu frv. lagt til að fræðsluskylda verði bundin strax fyrir 6 ára börnin og verði þá áfangi á leið til skólaskyldu þeirra.

Árið 1907 voru í fyrsta sinn sett almenn fræðslulög hérlendis sem kváðu á um skólaskyldu barna frá 10 ára til 14 ára aldurs. Var heimilunum ætluð önnur fræðsla barnanna og þau áttu að koma nokkurn veginn læs og skrifandi í skólann.

Heimild var þó í þessum lögum til þess að færa skólaskyldu niður í 7 ára aldur en hún var almennt ekki notuð.

Í fræðslulögum 1926 var svo prófskylda færð niður í 8 ára aldur og myndaði það aukna þörf fyrir kennslu yngri barna sem varð til þess að börn voru send fyrr í skóla en áður.

Á árinu 1936 voru síðan sett ný fræðslulög þar sem skólaskylda var færð niður í 7 ára aldur um allt land.

Um áratuga skeið voru þó reknir smábarnaskólar eða tímakennsla fyrir fjölda barna allt frá 5 ára aldri þar til þau hófu nám í barnaskólum. Allt frá árunum upp úr 1950 var þó alvarlega farið að huga að því að taka upp kennslu 6 ára barna í skólunum og vorið 1964 voru fyrst haldin tveggja vikna vornámskeið við alla skóla Reykjavíkur og sóttu þau yfir 90% allra barna sem urðu skólaskyld á því ári. Þessum námskeiðum var haldið áfram allt til 1970 þegar almenn forskólakennsla 6 ára barna hófst í Reykjavík.

Heimildarákvæði til kennslu 5 og 6 ára barna hafði þó verið í lögum allt frá 1946. Þrýstingur foreldra og forráðamanna 6 ára barna var sívaxandi á árunum fyrir 1970 áður en forskólakennsla hófst og lýsti sér með fjölgun umsókna um innritun 6 ára barna í 7 ára bekk og aukinni aðsókn að tímakennslu og smábarnaskólum. Og við skulum hugleiða það sem ég var að vísa til áðan að þetta var einmitt á þeim áratug sem hið mikla flæði kvenna út á vinnumarkaðinn var að hefjast og var reyndar þegar í fullum gangi. Og með því myndast auðvitað aukin þörf fyrir yngri börnin.

Síðan forskólakennslan hófst hefur verið mikil umræða bæði meðal foreldra og kennara um lengingu þess tíma sem yngri börn sækja skólann og nauðsyn þess að skólarnir sinni bæði aukinni kennslu- og umönnunarskyldu, einkum gagnvart yngri börnunum. Jafnframt hafa starfshópar og nefndir sinnt frekari athugun á kennslu, námsskrám, gerð náms- og kennslugagna og mörgum öðrum þáttum forskólans og tengingu hans við grunnskólann.

Í nóv. 1979 — og ég vil undirstrika það að það hefur verið mikil vinna í gangi einmitt á vegum skólayfirvalda að undirbúa frekari kennslu 6 ára barna þó að framkvæmdirnar hafi kannski að mati sumra gengið dálítið hægt — en í nóv. 1979 var skipuð nefnd á vegum menntmrn. „til að gera úttekt á vandamálum forskólans, marka stefnu og gera tillögur um aðgerðir á næstu árum". Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í desember 1981 (skýrsla Forskólanefndar menntmrn., desember 1981) og lagði nefndin m.a. til að lögfest verði fræðsluskylda 6 ára barna, en hún taldi rétt að stefna ákveðið að því að taka upp skólaskyldu þessa aldurshóps. Einnig taldi nefndin að fella bæri niður almennt heimildarákvæði til handa sveitarfélögunum að starfrækja forskóla fyrir 5 ára börn.

Síðan var skipaður starfshópur um forskóla haustið 1982 samkvæmt tillögum frá forskólanefnd, sem lagði til í mars 1984 og í ágúst 1986 með bréfi til ráðuneytisins að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Þetta var gert eftir samráð og samstarf við alla fræðslustjóra í landinu sem voru sammála um að gera 6 ára börnin skólaskyld.

Nefndin taldi, og ég vitna með leyfi forseta, „mjög brýnt að viðurkenna þennan aldurshóp sem

fyrsta námsár skólans með full réttindi bæði hvað varðar námsgögn og aðra þjónustu sem veitt er í skólum. Slík viðurkenning er m.a. forsenda þess að unnt sé að vinna að heildstæðu, samfelldu námi frá skólabyrjun. Ef taka á mið af þörfum í nútímaþjóðfélagi ber að sjálfsögðu að stefna að heilsdagsskóla fyrir öll börn."

Á síðasta þingi var lagt fram frv. til laga um grunnskóla sem var 354. mál þess þings. Þar var lagt til að fræðsluskylda verði fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Hins vegar var engin breyting gerð á skólaskyldunni því henni var ætlað að vera eins og áður frá 7–15 ára aldurs.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um menntastefnu á Íslandi, sem gefin var út á íslensku í ágúst 1987, eru ekki gerðar beinar tillögur um breytingar á skólaskyldunni, en þó gerðar athugasemdir við það hve losaralegt skipulag ríki hérlendis í málefnum forskólans og umönnun barna sem enn eru ekki skólaskyld. — Og ég held áfram að rekja forsendur fyrir því að færa skólaskylduna niður til 6 ára aldurshópsins. — Í heildarstefnu Kennarasambands Íslands í skólamálum, sem kölluð er skólastefna og var gefin út í júní 1987, er lögð áhersla á fræðsluskyldu fyrir 6 ára börnin en það er reyndar ekki mælt með því að 5 ára börn séu tekin í grunnskólann. Benda má á að í nágrannalöndum okkar er þessu varið á ýmsan hátt. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um það, en tókst þó ekki að fá upplýsingar nema úr helstu nágrannalöndum okkar. En til að nefna dæmi, þá er í Svíþjóð fræðsluskylda fyrir 6 ára börn en skólaskylda ekki fyrr en seinna og í Bretlandi hefst bæði fræðsluskylda og skólaskylda við 5 ára aldur sem er trúlega með því yngsta sem gerist.

Rétt þykir að hið opinbera marki skýra stefnu varðandi þátttöku í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna. Slík stefnumörkun auðveldar bæði uppbyggingu dagvistarheimila og skóla og einnig menntun fóstra og kennara.

Ekki er tímabært að taka 5 ára börnin inn í grunnskólann meðan aðbúnaði 6 ára barna og reyndar annarra aldurshópa er enn svo ábótavant sem raun ber vitni. Menntun grunnskólakennara hefur ekki verið miðuð við að kenna 5 ára börnum en menntun fóstra miðar hins vegar að því að sinna þessum aldurshópi, enda fær hann nú mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum.

Það þykir því ekki réttlætanlegt að bjóða 5 ára börnum lakari aðbúnað og þjónustu en þeim býðst nú þegar á dagvistarheimilum. Er þá höfð í huga tímalengd dvalar á hverjum degi, fjöldi barna í umsjá hvers fullorðins og mikil útivinna foreldra sem þurfa á öruggri gæslu barna að halda.

Enn fremur má búast við því að mikil eftirspurn yrði á þéttbýlissvæðum eftir skólarými fyrir 5 ára börn, meiri en í dreifbýli. Slíkt gæti aukið enn frekar á þann aðstöðumun sem þegar er of mikill milli þéttbýlis og dreifbýlis og var einmitt ræddur hér á síðasta fundi í Sþ. þegar hv. 3. þm. Suðurl. flutti þáltill. um jafna skólaskyldu, sem hún taldi bæði jafnréttis- og byggðamál sem er auðvitað alveg rétt.

Flestum nágrannalöndum okkar hefur tekist að samræma vinnudag barna og foreldra að verulegu leyti. Á Norðurlöndunum, í flestum öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum fara börn til skóla á morgnana kl. 8 eða 9 og dveljast þar til kl. 2 eða 4 síðdegis. Það er venja að börnin geta matast í skólanum annaðhvort með því að kaupa þar heita máltíð, brauð eða annað létt fæði eða neyta þar nestis að heiman. Stundum gefst yngri börnum þess kostur að fara heim í hádeginu í fylgd fullorðinna til að borða ef aðstæður leyfa. Algengt er að skólinn beri ábyrgð á börnunum meðan þau dveljast þar og er nemendum ekki ætlað að fara út af lóð skólans meðan á skólatíma stendur. Þessu banni er yfirleitt framfylgt og það virt. Yngri börnin eru gjarnan eitthvað skemur í skólanum en þau eldri og er vinnudegi þeirra jafnan lokið er heim kemur en þau eldri þurfa fremur að sinna einhverju heimanámi.

Og ég vil geta þess að ég hef einmitt persónulega reynslu af slíku því að ég á þrjú börn sem ólust upp í Englandi og gengu öll þar í grunnskóla. Þar var eins og áður var sagt skólaskylda við 5 ára aldur og byrjuðu börnin á því missiri sem þau urðu 5 ára þannig að sum byrjuðu fjögurra ára. Þar var auðvitað námið miðað við hæfi svo ungra barna þannig að það var ekki ætlast til þess að það yrði hefðbundið nám við lestur og skrift þar sem börnin sátu kyrr allan tímamn, heldur var mikið auðvitað kennt í gegnum leik og hugsað fyrir afþreyingu og hvíld svo ungra barna. Ég varð ekki vör við það þó börnin væru í skólanum frá 9 til 3 að þau kæmu þreytt eða úrill heim úr skólanum, að þetta væri þeim í raun ofviða. Námið var sniðið það vel að þörfum þeirra. Auðvitað hlýtur að vera einhver munur á skólunum. Þetta var ríkisskóli og var rekinn að hætti opins skóla og ég varð ekki vör við annað en þau nytu bæði mjög góðrar kennslu og einnig umönnunar að öðru leyti, þannig að ég mundi mæla með þessu fyrirkomulagi að fenginni þessari reynslu og tel það ekki vera venjulegum börnum ofviða.

Þessi háttur hefur verið hafður á um margra ára eða áratuga skeið meðal nágrannaþjóða okkar óháð því hvort fjarvistir beggja foreldra frá heimili, eins og hér er oft raunin, eða aðrar félagslegar aðstæður kreðust þess. Það er því verulegt umhugsunarefni hvers vegna þetta fyrirkomulag hefur ekki verið tekið upp hérlendis, einkum þegar litið er til þeirra félagslegu aðstæðna sem ég hef nú þegar lýst og varða hag barna.

Í 2. gr. frv. leggjum við til að breyting verði gerð á 2. mgr. 23. gr. laganna, sem orðist svo:

„Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntmrn. ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi

fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað. Stærð skólahúsnæðis grunnskóla fyrir nemendur í 1.–10. bekk skal miða við að fjöldi nemenda í skólanum fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur."

Okkur fannst ástæða til að taka skýrt fram í lögunum um gerð eða breytingar skólamannvirkja hver æskileg stærð skólahúsnæðisins eigi að vera.

Og eins og fram hefur reyndar komið í máli mínu, þá eru kennarar og skólamenn almennt þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna og það á ekki síst við um skóla fyrir yngri börnin. Smærri skólar hafa reynst bæði nemendum og kennurum manneskjulegri og betri vinnustaðir. Það er auðveldara að skapa þar heimilislegar aðstæður og það má mæta ýmsum tæknilegum ókostum smærri skóla með aukinni samvinnu og samstarfi skóla og kennslumiðstöðvar og skóla innbyrðis. Auðvitað gæti fylgt því meiri kostnaður þegar hver lítill skóli þarf á svipuðum náms- og kennslugögnum að halda sem gætu kannski samnýst betur í stærri skóla. En þá væri auðvelt að fá lánað á milli. Svo má heldur ekki gleyma því að reyndin virðist vera sú að tæki af ýmsu tagi vantar nú í flesta stærri skólana og er ekki nóg af þeim fyrir þann fjölda nemenda sem þar sækir nám.

Í þessari áætlun er miðað við svokallaðan tveggja hliðstæðna skóla, þ.e. þar sem tvær bekkjardeildir eru í hverjum árgangi. Það er kallað tveggja hliðstæðna skóli. Lagt er til grundvallar að meðaltal nemenda í bekkjardeild sem frv. gerir ráð fyrir eða 14 börn í 1. og 2. bekk og 18 börn í 3.–10. bekk. Í slíkum skóla yrðu því 344 börn.

Í 3. gr. frv. er lögð til breyting á 1. mgr. 25. gr. laganna, sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, aðstöðu til að neyta málsverðar og njóta hvíldar, snyrtiherbergjum, skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði."

Okkur þótti rétt einnig að taka mjög skýrt fram í meginskilgreiningu á skólahúsnæðinu að þar eigi nemendur að geta neytt málsverðar og hvíldar, að á því væri enginn vafi. Það er reyndar tiltekið síðar í þessari lagagrein, 25. gr., en einungis þar sem talað er um breytingar á skólahúsnæði eða byggingu nýs skólahúsnæðis. Okkur fannst hins vegar rétt að koma þessu fyrir þarna þannig að á því léki enginn vafi.

Einnig fannst okkur nauðsynlegt að kæmi fram að það þyrfti aðstöðu til hvíldar og þá vorum við fyrst og fremst með yngstu börnin í huga þar sem kennslutími þeirra verður lengdur skv. þessu frv. Það er auðvitað ekki alls staðar nauðsynlegt að hafa sérstakt húsnæði sem eingöngu er notað til að neyta nestis eða málsverða eða til hvíldar. Það má auðvitað víða gjarnan nota sali sem einnig þjóna öðrum tilgangi. En það þarf vitanlega að skipuleggja starfið og gera ráð fyrir því jafnframt að hægt sé að matast eða hvílast, eftir aðstæðum.

Síðan er það 4. gr. Þar leggjum við til breytingar á 1.–4. mgr. 34. gr. sem orðist svo, með leyfi forseta: „Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskólum og öðrum grunnskólum, sem starfrækja mötuneyti, samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar og annað starfsfólk við framreiðslu eða umsjá skólamáltíða eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við skóla með nemendum færri en 30 og starfsfólk með uppeldisfræðimenntun til að annast nemendur í grunnskólum fyrir eða eftir eiginlegan skólatíma, svo og starfsfólk til aðstoðar í mötuneytum."

Það er líklegt að skólar velji að bjóða nemendum ýmist upp á heitar máltíðir, léttar, kaldar máltíðir eða þá að nemendur neyti nestis að heiman í skólanum. Og til að geta aðeins eigin reynslu og þess sem tíðkaðist í þeim skóla sem börnin mín gengu í í Englandi var það venjan að þar var hægt að kaupa heita máltíð í skólanum í hádeginu. Þangað voru fluttar úr móðureldhúsi í hverfinu heitar máltíðir í alla skólana í hverfinu og börnin gátu keypt þar heita máltíð, en ákveða þurfti það fyrir fram með nokkrum fyrirvara. Síðan gátu þau skipt um og komið með nesti að heiman. Reyndin varð sú að þau urðu leið á heitu máltíðunum og vildu gjarnan skipta yfir í nestið. Síðan urðu þau leið á nestinu eftir nokkra mánuði og vildu skipta yfir í heitar máltíðir. Nú kann vel að vera að önnur reynsla fengist hér, en ég held að rétt sé að gera ráð fyrir að það geti verið sveigjanleiki til þess að miða við þarfir sem flestra.

Það er einnig nauðsynlegt að kveða skýrt á um ráðningar og stöðu þess starfsfólks sem ætlað er að sjá um mötuneyti og framleiðslu eða umsjón skólamáltíða og jafnframt þarf einnig að kveða skýrt á um ráðningar þeirra sem sinna börnunum utan kennslustunda. Því eru þessar breytingar gerðar.

Síðan er það 5. gr. frv. sem er breytingar á 44. gr. laganna sem varðar lengd kennslutíma og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:"

a. Í 1. bekk (6 ára) 1200 mínútur = 30 stundir.

b. Í 2. bekk fyrir sjö ára börnin sama kennslumagn.

Liðir c og d fyrir 3. og 4. bekk, 8 og 9 ára börnin, 1280 mínútur eða 32 stundir.

Liðir e og f fyrir 5. og 6. bekk, 10 og 11 ára börnin, 1400 mínútur eða 35 stundir.

Liður g, 7. bekkur, 12 ára börnin, 1440 mínútur eða 36 stundir.

Engin breyting hefur í þessu frv. verið gerð á grunnskólalögunum hvað varðar kennslu 13, 14 og 15 ára, en í þeim er ætlaður kennslutími sem svarar 1440–1480 mínútum eða 36–37 stundum. Reynslan er þó reyndar önnur samkvæmt reglugerð, að ég hygg, að kennslutíminn er styttri en ákvæðin í lögunum segja til um. Og áfram held ég.

„Í 1.–6. bekk er skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund og með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Nemendur skulu eiga þess kost að dveljast í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá kl. 8–9 að morgni, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis.“

Eins og áður kom fram í máli mínu þá teljum við afar brýnt og nauðsynlegt reyndar að samræma betur vinnudag barna og foreldra og þykir einnig rétt námsins vegna að lengja kennslutíma yngri barnanna, þ.e. fram að 13 ára aldri og þá 12 ára börnin meðtalin. Jafnframt er einnig mikilvægt að börnin eigi kost á því að dveljast í skólanum utan kennslustunda og þá í þroskandi og öruggu umhverfi því ég legg áherslu á að þarna er ekki um geymslu að ræða, þarna er í raun um að ræða uppeldislega jákvætt umhverfi og umsjá fólks með uppeldisfræðilega menntun. Misjafnt getur verið hve lengi börn dveljast í skólanum á hverjum degi. Það fer eftir þörfum hverrar fjölskyldu og þarf auðvitað að vera sveigjanlegt. Það er hins vegar nauðsynlegt að það sé ævinlega ljóst og í samráði, bæði við börn, foreldra og kennara, hve lengi hverju barni er ætlað að dveljast í skólanum utan kennslustunda, þannig að börnin geti ekki valsað til og frá og geti verið í raun án vitundar foreldra sinna annars staðar en í skólanum ef þeim er ætlað, sérstaklega yngri börnunum, að vera þar.

Lenging kennslutímans er af ásettu ráði ráðgerð í áföngum til að leyfa aðlögun að þeim breyttu kröfum sem slíkt hefur í för með sér. Er þeim áföngum nánar lýst í bráðabirgðaákvæðinu. Það kann að vera að ýmsum þyki of hratt í sakirnar farið og þurfi kannski að hægja eitthvað á ferðinni, en við vildum ekki lægja metnað okkar fyrir hönd barna, svo lengi hafa þau beðið, og þess vegna settum við þetta fram á þann hátt sem við gerum.

Sú lenging sem hér er ráðgerð krefst þess í raun að skólarnir verði einsetnir heilsdagsskólar og víða þarf að bæta við einhverju kennslurými til þess að svo geti orðið, jafnframt að öll börn eigi kost á því að matast í skólanum.

Við gerum ráð fyrir styttri kennslutíma fyrir yngri börnin en þau eldri en í kennslutíma eru að sjálfsögðu meðtaldar allar kennslugreinar, þar á meðal list- og verkmennt og líkamsrækt. Einnig má reikna með því að lengri kennslutími dragi mjög úr nauðsyn þess að börn stundi heimanám, einkum yngri börnin, þannig að þegar þau komi heim úr skóla sé vinnudegi þeirra lokið og þá eigi þau í raun og veru frí.

Þegar þetta frv. verður að lögum, sem við vonum að verði á þessu þingi, má gera ráð fyrir því að dagleg skóladvöl grunnskólanemanda verði a.m.k. 6 klst. á dag, þegar lögin takar fyllilega gildi, að meðtöldum eðlilegum stundahléum og matarhléum. Okkur þykir rétt að taka það fram að ákvarðanir um breytingar á kennslutíma séu teknar af skólastjóra í fullu samráði við kennara skólans þannig að um raunverulega valddreifingu sé að ræða.

Við miðum sem sagt að því að lengja í áföngum kennslutíma barna frá 6–12 ára þannig að skólarnir verði að lokum að einsetnum heilsdagsskóla. Við ætlum 6 og 7 ára börnum að vera samtals 20 klst. í skóla á viku, 8 og 9 ára börnum 21 klst. og 20 mín., 10 og 11 ára börnum 23 klst. og 20 mín. og 12 ára börnunum 24 klst. Þetta er í raun á bilinu frá rúmlega 6 klst. samtals upp í 7 klst. á dag þegar gert er ráð fyrir stundahléum og matarhléum og, eins og ég áður sagði, við gerum ráð fyrir því að allar kennslugreinarnar verði kenndar á þessum tíma.

Hvað varðar gæsluna í skólunum utan kennslustundanna, sem okkur þykir mjög nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir, ætlumst við til þess að börnin geti þar unnið, leikið sér eða hvílt sig, allt eftir þörfum, og, eins og áður kom fram, að í lögunum sé gert ráð fyrir starfsfólki til að annast þetta starf.

Fjöldi grunnskólakennara og forsvarsmanna barna sem við flm. frv. ræddum við vegna þessa frv. lagði þunga áherslu á mikilvægi þess að fækka nemendum í einstökum bekkjardeildum grunnskólans. Sumir töldu það jafnvel brýnustu einstaka aðgerð til úrbóta í málefnum skólans. Þá verð ég að taka fram að þetta voru þó einkum kennarar á þéttbýlissvæðum fremur en í dreifbýli því þar er annar vandi sem kennarar og börn hafa við að glíma. Það má kannski einmitt í þessu sambandi vísa til nýlegrar könnunar sem gerð var meðal grunnskólakennara af

Þórólfi Þórlindssyni prófessor á vegum menntmrn. Í henni kom fram að 23,75% aðspurðra töldu að nemendur ættu að vera færri en 15 í hverri bekkjardeild. 37,33% töldu að nemendur ættu að vera 15–17 og 28,14% töldu að nemendur ættu að vera 18–20. Það eru því samtals 89,22% grunnskólakennara sem telja að fækka þurfi í bekkjardeildum frá því sem nú er. En vel að merkja, svör í þessari könnun bárust frá óvenjulega mörgum grunnskólakennurum eða 83,9% aðspurðra.

Flestir þeirra sem við ræddum við töldu að við núverandi aðstæður væri ekki unnt að sinna sem skyldi öllum nemendum í fjölmennum bekkjardeildum með 20–28 nemendum í blönduðum bekkjum. Reyndin væri sú að kennslan miðaðist fyrst og fremst við getu meðalnemenda en þeir sem þyrftu sérstaka aðstoð kennarans yrðu einfaldlega út undan. Þetta kom einmitt mjög ljóst fram á grunnskólaráðstefnunni nú um helgina eins og hæstv. menntmrh. man eflaust eftir. Það var sérstaklega rætt um þetta í erindi sem þar var flutt. Viðtalsmenn okkar töldu einnig að ekki væri hægt fyrir einn kennara að veita einstaklingsbundna aðstoð í fjölmennum bekkjardeildum. Þeir sem þannig njóta ekki kennslu í samræmi við námshæfileika sína og verða út undan geta misst bæði áhuga og tök á náminu og yfirgefið skólann með skerta sjálfsímynd. Slíkt er í fyllsta ósamræmi við markmið og anda grunnskólalaganna og stríðir gegn betri vitund kennara.

Það er því tvímælalaust bæði nemendum og kennurum í hag að fækkað sé í bekkjardeildum. Brýnast er þetta í yngstu bekkjum skólans þegar börn eru að hefja skólanám. Bæði forskólanefnd og starfshópur um forskóla lögðu til lengingu á kennslu 6 ára barna. Nefndin allt að 20 kennslustundir á viku og starfshópurinn 20 kennslustundir á viku að lágmarki. Það var aðeins áherslumunur á tillögum þeirra. Jafnframt lögðu báðir vinnuhóparnir til að hámarksfjöldi nemenda í bekk verði 16–18 miðað við einn kennara, enn fremur að börn eigi kost á dvöl í skólanum utan kennslutíma frá kl. 8–9 á morgnana, í hádeginu og frá 16-17 síðdegis.

Við höfum í 6. gr. frv. lagt til breytingar á 1. mgr. 46. gr. grunnskólalaganna í samræmi við það sem ég hef þegar minnst á og með leyfi forseta langar mig að lesa upp greinina:

„Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í 1. og 2. bekk, þ.e. 6 og 7 ára barna, hvers grunnskóla fari ekki yfir 14 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 16. Á sama hátt skal við það miðað að meðaltal nemenda í 3.–10. bekk fari ekki yfir 18 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 20.“

Síðan, vegna breytingar á skólaskyldunni, höfum við í 7. gr. lagt til að 74. gr. laganna, XII. kaflinn, falli einfaldlega brott. Það verði þó reyndar ekki fyrr en skólaskylda 6 ára barna verði lögbundin að þessi heimild eða heimildarákvæði falli niður en það er heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að starfrækja forskóla fyrir 5 og 6 ára börn. Síðasta málsgrein greinarinnar flyst þá reyndar yfir á 75. gr. Þessi ákvörðun er í samræmi við þá stefnu sem hér er mörkuð varðandi þátttöku hins opinbera í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna og ég hef áður rökstutt. Ég vil bara endurtaka það að 5 ára börn eiga nú völ á mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum. Þess vegna þykir okkur rétt að vanda fremur til aðbúnaðar þeirra aldurshópa sem þegar eru í grunnskóla en að auka við nýjum árgangi og bjóða honum upp á lakari kost en hann á völ á.

Í 8. gr. leggjum við til breytingar á 75. gr. laganna, svohljóðandi:

„a. Orðin „eða forskóla, sbr. 74. mgr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. Á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra og að uppfylltum skilyrðum sem menntmrn. setur um starfsáætlun, menntun kennara og annan aðbúnað barnanna.“

Þessar breytingar gerum við fyrst og fremst til samræmingar vegna þess að ætlað er að fella úr 74. gr. og til að tryggja áframhaldandi rekstur gróinnar og vel látinnar stofnunar eins og skóla Ísaks Jónssonar sem við teljum enga ástæðu til þess að hrófla við og hefur löngu sannað tilverurétt sinn.

Í 9. gr. leggjum við til breytingar á 5. mgr. 76. gr. laganna sem orðist svo:

„Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr. nema hvað verja má einni stund á viku á hverja 20 nemendur í 1.–10. bekk grunnskóla til reglubundins náms á skólasafni undir leiðsögn kennara.“

Þessi grein er fyrst og fremst gerð til þess að tryggja nemendum aðgang að skólasafni og lagt er til að allir nemendur grunnskólans eigi tilskilinn rétt til reglubundins náms á skólasafni. Áður var það miðað við 3.–9. bekk. Enn fremur fellum við niður að slíkt þurfi að vera bóknám, heldur geti nemendur og kennarar ákvarðað það sjálfir hvernig slíkt nám fer fram. Það eru miklu eðlilegri vinnuhættir.

10. gr. er einungis til að ákvarða gildistöku laganna. Síðan kemur ákvæði til bráðabirgða sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1989–1990 og sömuleiðis ákvæði 7. gr. um niðurfellingu almennrar heimildar um rekstur forskóla. Fram að þeim tíma verður upphaf skólaskyldu við 7 ára aldur.

Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1990–1991. Fram að þeim tíma gilda“ ákvæði sem sett eru fyrir skólaárið 1988–1989 og einnig fyrir skólaárið 1989–1990 sem ég hirði ekki um að lesa

upp hér en vísa hv. þdm. á.

Einsetning í grunnskólum er eitt af frumskilyrðum fyrir því að samfelldur heilsdagsskóli komist á í raun og veru.

Á árunum 1983–1985 starfaði vinnuhópur undir forustu hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur og var hann skipaður af hæstv. þáv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur, en ég átti sæti í þeim vinnuhópi ásamt fleirum. Aðalviðfangsefni hópsins var að athuga tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta mætti þau tengsl. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu um störf sín og gerði tillögur í tveimur liðum í lok skýrslu sinnar og höfum við flm. sett þær tillögur í viðauka við frv.

Í könnunum sem nefndin gerði meðal skólastjóra og foreldra í grunnskólum í Reykjavík og Reykjanesi kom fram skýr ósk um að komið verði á samfelldum skóladegi sem fyrst, en samfelldur skóladagur var skilgreindur í þessari skýrslu sem samfelld viðvera miklu fremur en samræmdur vinnudagur barna og foreldra. Efst á lista skólastjóra og foreldra yfir þau atriði sem talin voru stuðla að því að koma á samfelldum skóladegi var einsetning skóla. 97% skólastjóra og 90% foreldra töldu þetta meginatriði og til þess að sýna hvernig ástandið er varðandi samfelldan skóladag með þeirri skilgreiningu sem ég hef þegar tiltekið vil ég vitna til viðauka við frv. sem er fsp. hv. þm. Unnar Stefánsdóttur sem kom hér sem varaþm. og spurði um eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag?

2. Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag?“

Síðan fylgir einnig með þessari fsp. svar hæstv. menntmrh. og vísa ég þm. á að kynna sér það.

En öllum þessum ráðstöfunum og einsetningunni fylgir vitanlega aukinn kostnaður, a.m.k. til að byrja með og það er nauðsynlegt að reyna að gera sér eins glögga grein fyrir honum og unnt er þó að hann geti vitanlega aldrei orðið hindrun í framkvæmd jafnmikils grundvallaratriðis eins og þessi breyting á skólamálum er. Hins ber þó að gæta að þarna er fyrst og fremst um byrjunarkostnað að ræða og bættur aðbúnaður barna í skólum er góð fjárfesting ef til framtíðar er litið. Það mun skila sér í betri menntun og betri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra sem byggja landið.

Jón Torfi Jónasson, dósent í félagsvísindadeild Háskólans, hefur undanfarið unnið að því að kanna og áætla þann kostnað sem yrði því samfara að koma á einsetningu í grunnskólum. Þetta hefur verið hluti af vinnu hans sem framkvæmd var fyrir tilstuðlan skólamálahóps framtíðarspárnefndar forsrh. Greinargerð, sem er hluti af þessum niðurstöðum hans, er reyndar birt sem viðauki við frv. með leyfi höfundarins og ég vísa hv. þingdeildarmönnum á þann viðauka til frekari upplýsinga.

Hins vegar gerði Jón Torfi afar grófa áætlun fyrir okkur og sundurliðaði þann kostnað sem þetta frv. gæti haft í för með sér og þar gekk hann út frá svipuðum forsendum og koma fram í þeim viðauka sem ég vísaði til áðan. Það ber þó að undirstrika að þessa áætlun má ekki túlka of nákvæmlega og það er ekki síst vegna þess að margir kostnaðarliðir sem hljóta að fylgja í þessu dæmi eru óvissir og byggjast á viðmiðunum eða forsendum sem eru álitamál eða mikið matsatriði. Aðrir þættir hafa ekki verið teknir með í þessa áætlun þar sem ekki er hægt að meta þá að svo stöddu en hins vegar er áætlunin að öllum líkindum fremur rúmlega og jafnvel talsvert rúmlega reiknuð en naumlega, en hún gefur vissulega nokkra vísbendingu um þá kostnaðarliði sem óumflýjanlegir eru vegna þeirra breytinga á grunnskólanum sem hér eru lagðar til og hljóta að koma í náinni framtíð og í raun hefði átt að gera fyrir löngu. Kannski venur hún okkur einmitt á það að hugsa um þarfir barna og þarfir grunnskólans í réttum stærðargráðum hvað kostnað varðar. Til þeirra megum við auðvitað aldrei spara. Það er afskaplega margt sem fullorðið fólk í þessu þjóðfélagi, og þá tala ég líka ekki síst um ráðamenn þjóðarinnar, getur sparað við sig annað en að leggja grundvöll að framtíðarmöguleikum barnanna sem byggja þetta land.

Ég vil síðan vitna í þessa greinargerð Jóns Torfa Jónassonar sem hann gerði fyrir okkur. Ég held að það sé afar mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir því hvað þetta muni kosta.

Rekstrarkostnaður grunnskóla 1988 er áætlaður um 3,2 milljarðar kr.

Vikulegur kennslustundafjöldi 6–15 ára er samkvæmt reglugerð 288 stundir, og þá er miðað við að allar stærðir séu jafnar, þ.e. árgangsstærðir, bekkjarstærðir o.fl. Alls kyns tilfallandi kostnaður er ekki dreginn frá því hann kemur á viðbótartímann líka, a.m.k. að einhverju leyti. Kostnaður á hverja stund mun þá vera um 11 millj. kr. Það er auðvitað mjög erfitt að áætla þetta því að það er ýmislegt í þessu annað en það sem við kemur beinni kennslu. Hér er allur kostnaður ríkisins reiknaður með þannig að væntanlega eru þessar tölur alveg í efri mörkum. Í viðauka 1 er talið að viðbótarstund kosti 0,2 millj. kr. og af ásettu ráði notum við þennan hátt á kostnaðaráætluninni. Við segjum 0,2 millj. kr. en ekki 200 þús. kr. því að ég held að við hljótum að þurfa að reikna þennan kostnað í milljónum kr. Það mundi gera 6,8 millj. kr. fyrir árið í stað 11 millj. kr. En þar er fyrst og fremst miðað við launakostnað við kennsluna og upphæðin því líklega í lægri mörkum. Hér er einnig miðað við að ástandið sé eins að öðru leyti en hvað varðar breyttan stundafjölda. Þá má búast við eftirfarandi aukningu í rekstrarkostnaði ríkisins (í milljónum króna):

Árið 1988–1989 er ráðgerð 25 stunda aukning og það mundi þá vera 11 millj. sinnum 25 sem eru 275 millj.

Árið 1989–1990 verður ráðgerð 14 stunda aukning sem gerir 154 millj.

Árið 1990–1991 er ráðgerð 11 stunda aukning sem gerir 121 millj.

Hér er látið sem allar stundir séu jafndýrar þó að það sé reyndar ekki.

Heildaraukning í rekstrarkostnaði, þegar lögin hafa komið til framkvæmda, verður því um 550 millj. kr. vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Eins og áður sagði er rekstrarkostnaður ríkisins vegna grunnskóla áætlaður um 3,2 milljarðar kr. en yrði nær 3,8 milljörðum kr. eftir að einsetningu er komið á. Kostnaður vegna gæslu og matar er þó ekki talinn með því að það er ekki vitað hvernig staðið yrði að því. Það er áhugavert að í raun er einsetningin ekki svo fjarskalega dýr.

Í frv. er gert ráð fyrir fækkun nemenda í bekkjum miðað við það sem nú er. Ef meðalstærð bekkjanna er nú nálægt 22 — og kannski er þessi tala í raun og veru of lág, en hún er byggð á meðalfjölda nemenda í bekk í þeim skólum sem upplýsingar fengust um af hálfu Jóns Torfa — en ætlað er að hún verði 18 og 14 hjá 6 og 7 ára börnum, fjölgar bekkjunum um 22% samkvæmt þessu. Ef öll kennsla miðast áfram við bekkjareiningar krefst sú breyting ein sér væntanlega um 22% viðbótar í rekstrarkostnaði. Þar á móti kemur að vísu einhver fækkun í árgöngum. Hér verður miðað við tæplega 20% aukningu í rekstrarkostnaði sem vex þá úr 3,8 milljörðum kr. í 4,5 milljarða kr. Viðbót vegna fækkunar í bekkjum er því um 0,7 milljarðar kr. En gæslukostnaður vegna veru barna utan skólatíma er ekki reiknaður hér, enda mjög óljóst hve mikið mun reyna á slíkt fyrirkomulag eða hver bæri þann kostnað og það mundi þá teljast til þeirra óvissuþátta sem ég talaði um áðan.

Launakostnaður vegna mataraðstöðu er töluverður. Miðað við að ein manneskja á fjögurra tíma vakt annist um 100 manns yrði kostnaðurinn fyrir grunnskólann 112 millj. kr. og ef aukningunni er skipt á þrjú ár eins og hér er gert ráð fyrir yrðu það um 37 millj. kr. á ári. Þó má kannski gera ráð fyrir einhverri niðurgreiðslu matar og það er ekki reiknaður stofnkostnaður vegna matartíma í skólum, en hann ræðst auðvitað algerlega af því fyrirkomulagi sem notað verður og að hve miklu leyti foreldrar eða aðrir standa að þeim kostnaði.

Síðan er það stofnkostnaður vegna kennsluaðstöðu og þá er fyrst og fremst um að ræða skort á skólastofum. Í viðaukanum áætlar Jón Torfi að um 450 stofur vanti svo að allar bekkjardeildir hafi aðstöðu samtímis. Samkvæmt því þarf að bæta við um 150 stofum á ári næstu þrjú árin svo að þessu marki verði náð. Sérstakur kostnaður vegna þessa ræðst af þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir um byggingu skólahúsnæðis. Ef giskað er á að nálægt 100 stofur verði tilbúnar á hverju ári samkvæmt þeim framkvæmdahraða sem nú er vantar enn 50 stofur á ári. Á árinu 1987 kostaði hver stofa nálægt 4 millj. kr. Sú tala framreiknuð til 1988 er nálægt 5,5 millj. kr. 50 stofur á ári kosta því nálægt 275 millj. kr. á ári.

Það er erfiðara að reikna stofnkostnað vegna fækkunar í bekkjardeildum, en hann fæst með því að telja þær stofur sem til eru, bæta við 450 og reikna 22% eins og ég minntist á áðan til þess að fá fjölda stofanna. Ef til eru 1400 stofur og bætt við 450 vegna einsetningarinnar verða þetta um 407 stofur. Síðan er margfaldað með 5,5 millj. til þess að fá stofnkostnaðinn og þá verða þetta um 2,2 milljarðar kr. til viðbótar. Þá mundi sem sé viðbótarkostnaður vegna einsetningarinnar verða hvað varðar rekstur 662 millj. og stofnkostnaður 875, en vegna fækkunar í bekkjum 700 og stofnkostnaðurinn 2200 millj.

Það eru auðvitað margar ástæður sem reka okkur til þess að reyna að bæta úr skólamálum barna og jafnt foreldrar sem kennarar hafa haft miklar áhyggjur af því hvernig búið er að börnum. Ég tek bara sem nýlegt dæmi bréf sem dags. er 13. febr. frá Foreldrafélagi Seljaskóla. Þar fer félagið þess á leit við þm. Reykjavíkur að þeir beiti sér fyrir því að hafinn verði undirbúningur að byggingu húss númer fimm við Seljaskóla og Foreldrafélagið vill jafnframt vekja athygli á því ófremdarástandi sem ríkir í húsnæðismálum skólans hvað varðar kennslu-, matar- og félagsaðstöðu nemenda, einnig gæslu yngstu nemenda skólans og „líður öll félagsstarfsemi í skólanum fyrir þetta aðstöðuleysi," segir í bréfinu. Síðan fylgir bréfinu undirskriftasöfnun rúmlega 900 aðstandenda og kennara skólans og bara til að nefna nokkur dæmi af þeim sem ég hef hér talið, um þennan fjölmennasta grunnskóla landsins, langar mig að taka til nokkur atriði sem minnst er á hér í bréfinu sem fylgir. Það er spurt: Veist þú að í Seljaskóla eru 1435 nemendur? Seljaskóli er hannaður fyrir um 750 nemendur. Seljaskóli er fjölmennasti grunnskóli landsins. Í Seljaskóla er besta skáksveit grunnskóla Norðurlanda. Við Seljaskóla er skólalóðin ófrágengin. Þrátt fyrir lélega aðstöðu unnu 12 ára börn úr Seljaskóla til gullverðlauna í borðtennis hjá íþrótta- og tómstundaráði. Það kemur jafnframt fram að Seljaskóli og Ölduselsskóli samnýta íþróttahúsið og að þrátt fyrir stærsta skólaíþróttahús borgarinnar er ekki hægt að framfylgja grunnskólalögum um íþróttakennslu.

Í Seljaskóla er ekkert innanhússkallkerfi og þar er stundaskrá að vísu samfelld að mestu leyti þrátt fyrir gífurleg þrengsli. Þar er engin tónmenntakennsla. Þar eru 57 bekkjardeildir sem nota 25 almennar kennslustofur, bóknámsstofur. Í Seljaskóla eru aðeins til 10 myndvarpar, þ.e. um það bil einn á hverjar þrjár kennslustofur og í Seljaskóla eru aðeins til 10 segulbönd til tungumálakennslu.

Smíðakennsla fer fram í geymsluhúsnæði í kjallara skólans og í bókasafni skólans er ekki til ein bók á hvern nemanda skólans. Samkvæmt grunnskólalögunum skulu vera um 10 bækur á hvern nemanda. Óbyggt er hús númer fimm, sem er erindi þessa bréfs, sem hýsa á samkomusal og félagsaðstöðu ásamt kennslustofum ef óskir skólastjóra ná fram að ganga. Í Seljaskóla hafa 13 stofur verið búnar til á göngum, salernum, kjallarageymslum og lóð skólans. Nemendaráðsherbergi unglingadeildar eru heilir fjórir fermetrar.

Í lok þessa bréfs stendur: „Foreldrar og forráðamenn nemenda Seljaskóla eiga skilyrðislaust rétt á betri aðbúnaði börnum sínum til handa. Þetta er líka þitt mál."

Þetta gefur örlitla mynd af því hvernig ástatt er í einum stærsta grunnskóla landsins. Skólastjóri annars skóla á Reykjavíkursvæðinu, Áslaug M. Friðriksdóttir, skólastjóri Ölduselsskóla, skrifaði grein í Morgunblaðið laugardaginn 20. febr. sl. sem hét: „Einsetinn skóli — samfelldur skólatími". Hún lýkur máli sínu í greininni á þennan hátt með leyfi forseta:

„Ég vil leggja áherslu á samfelldan og lengdan skóladag fyrir yngstu nemendurna, t.d. frá 9–14 ára, þar sem alls konar hreyfileikir, tónmennt, leikræn tjáning, heimilisfræði og handmennt skipa stóran sess auk annarra skyldunámsgreina. Þá tel ég að nemendur eigi að fá mat í skólanum.

Með þessu móti hygg ég að komið væri til móts við foreldra og skólinn fengi tíma og tækifæri til þess að kenna nemendum skipulögð vinnubrögð og leggja góðan grunn að móðurmálinu, lestri og góðri framsögn. Við megum ekki gleyma því að í nágrannalöndum okkar í Evrópu og í Bandaríkjunum þykir þessi daglegi skólatími eðlilegur og sjálfsagður.

Samfelldur og lengdur skóladagur kostar talsvert fé, en það er á valdi stjórnmálamanna og þar með okkar að koma honum á. Spurningin er: Hvort á manneskjan eða dauðir hlutir að fá meira rúm í tilverunni?"

Áslaug Friðriksdóttir átti einmitt sæti í þeim vinnuhópi sem ég áðan nefndi sem starfaði undir forustu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur.

Annað hef ég ekki minnst á sem er ekki síður mikilsvert og það eru slys á börnum og mataræði þeirra sem líka eru mikilvægir þættir þegar við hyggjum að almennum aðbúnaði barna og nauðsyn þess að sinna þeim, bæði í skóla og utan, heima og heiman.

Það skortir mikið á að nógu vel sé almennt hugað að frumþörfum vaxandi barna, eins og t.d. næringarþörf, og er undir hælinn lagt hvernig börnin bera sig að því að sinna henni í fjarveru foreldra, en almennt er engin aðstaða til þess í skólunum.

Mikið áhyggjuefni er einnig tíð slys á börnum. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heiminum. Hins vegar er börnum hérlendis búin meiri slysahætta en börnum í nágrannalöndum okkar, bæði í umferðinni og reyndar líka í heimahúsum. Ástæða er til að ætla að skortur á umsjá fullorðinna og sundurslitin stundaskrá valdi þar mestu. Vinnudagur foreldra og barna hérlendis er ekki samræmdur. Stundaskrá og kennslutímar grunnskólabarna eru allt of oft ósamfelld og útheimta margar ferðir þeirra á degi hverjum til og frá skóla og börn hafa yfirleitt hvorki tök á því að fá mat í skólanum né hafa þau almennt aðstöðu til að matast þar.

Það er reyndar ótrúlegt skeytingarleysi um tíma og virðingarleysi gagnvart velferð barna að bjóða þeim upp á þann vinnudag í skóla sem við höfum látið viðgangast, fullorðna fólkið í samfélaginu. Við mundum tæplega bjóða fullorðnu fólki upp á slíkt, enda njóta flestir fullorðnir þess að hafa mötuneyti eða aðstöðu til að neyta nestis á vinnustað og finnst það sjálfsagt. Reyndar er það alveg dæmalaust metnaðarleysi foreldra að hafa látið þetta viðgangast svo lengi og ekki myndað virkari þrýstihóp á framkvæmdaraðila í þjóðfélaginu til að knýja á um bætta stöðu barna í skólunum.

Í skýrslu landlæknis um barna- og unglingaslys á Íslandi frá því í september 1985 má finna eftirfarandi upplýsingar. Í könnun Bjarna Torfasonar læknis sem gerð var 1979 kom í ljós að slys á gangandi vegfarendum voru algengust meðal barna og unglinga og var hámarkið í 5–9 ára aldurshópnum. Í athugun Guðrúnar R. Briem á umferðarslysum á gangandi vegfarendum í Reykjavík 1981–1982 kom í ljós að 50% slysa á gangandi börnum 14 ára og yngri verða vegna þess að þau hlaupa skyndilega út á akbraut í veg fyrir ökutæki og meðalaldur þeirra var 8 ár. Á aldrinum 5–12 ára urðu 80% slysa eftir kl. 12.40 og 55% eftir kl. 14.20. Því var sú ályktun dregin að slys á leiðinni í skólann væru ekki algeng, enn fremur að börn slasast fremur eftir skólatímann þegar þau eru að leik. Tæp 80% slysa á börnum verða á akbraut en 12% á gangbraut. Nær 60% barnanna slasast alvarlega og barn sem slasast, og það er einmitt afar athyglisvert, er yfirleitt eitt á ferð eða með öðrum börnum. Það er ekki í fylgd eða umsjá fullorðinna.

Í könnun Bjarna Torfasonar kom fram að langflestir sem slösuðust á reiðhjólum voru á aldrinum 5–14 ára, en afleiðingar reiðhjólaslysa meðal barna eru meðal annars tíð höfuðslys og 65% allra höfuðslysa í umferðinni eru einmitt á börnum 14 ára og yngri.

Slys á börnum verða helst, eins og ég áður sagði, þegar þau eru eftirlitslaus án umsjónar fullorðinna en reyndar liggja ekki nánari upplýsingar fyrir í þessum könnunum um aðstæður þeirra barna sem verða fyrir slysum. Það er auðvitað brýnt að efla rannsóknir á umferðarslysum til að greina áhættuþætti og renna þannig stoðum undir markvissa fræðslu. Hins vegar vitum við nú þegar nóg til að hafa ríka ástæðu til að bæta öryggi barna okkar og samræmdur vinnudagur barna og foreldra hlýtur einmitt að vera mikilvægur liður í því.

Hvað varðar mataræði barna hafa allt of fáar neyslukannanir verið framkvæmdar hérlendis. Það má hins vegar draga nokkurn lærdóm af þeim sem þegar hafa verið gerðar. Í neyslukönnun sem fór fram á árunum 1977–1978 meðal 10–14 ára skólabarna í Reykjavík á vegum manneldisráðs fengust eftirfarandi upplýsingar:

Heildarneysla fisks og brauðmetis hafði minnkað um 30% frá árinu 1938, og hugsið ykkur, engar neyslukannanir voru gerðar frá árinu 1938 til 1977 og þær hafa reyndar örfáar verið gerðar síðan. Ég vek athygli hæstv. menntmrh. á þessu og legg til að

hann spjalli um það við samráðherra sinn, hæstv. heilbrmrh., og hvetji hann til þess að veita fjárveitingu til manneldisráðs þannig að við vitum betur hvernig næringarástand okkar er.

Sykurneyslan hafði aukist gífurlega, sérstaklega vegna neyslu sælgætis, sætabrauðs og gosdrykkja. Grænmetis-, ávaxta- og mjólkurneysla hafði að vísu aukist einnig og eftirtektarvert var að nær fjórðungur daglegrar neyslu þessara aldurshópa kom frá söluskálum eða sjoppum. Trúlega hefur þetta eitthvað aukist síðan.

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurborgar lét gera svipaða athugun 1973, en hún sýndi m.a. að 17,2% nemenda neyttu ekki morgunverðar áður en þau fóru í skólann og 35,7% höfðu ekki með sér nesti. Engar nýjar kannanir hafa verið gerðar í þessum efnum sem við vitum um en margir telja að þetta ástand fari enn versnandi í grunnskólum, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, og sé þá lakast í elstu bekkjum grunnskólanna og sumum framhaldsskólanna. Eitt vitum við þó: að íslensk börn hafa tvisvar sinnum fleiri skemmdar og viðgerðar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum. Við vitum ekki um neina erfðafræðilega þætti sem ættu að valda því að Íslendingar hafi lélegri tennur en aðrir Norðurlandabúar og við verjum álíka stórum hluta opinberra útgjalda til tannlæknaþjónustu og aðrir og erum fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa. Tíðar tannskemmdir eru þó taldar stafa fyrst og fremst af lélegri tannhirðu og ekki síður af hinni miklu sykur- og sælgætisneyslu Íslendinga en nærri lætur að við neytum um 53 kg af sykri á ári og börnin og unglingarnir hafa ansi drjúgan skerf á sinni könnu miðað við líkamsþyngd. Síðan voru ráðleggingar frá manneldisráði þar sem talið var að vænlegt væri að reka meiri áróður fyrir heilnæmum neysluvörum. Það var einnig lögð áhersla á það að mötuneytum verði komið upp í heimangönguskólum og einnig að krafa verði um að sjoppur eða söluskálar selji einnig sæmilegar fæðutegundir fyrir börn og unglinga, brauð, grænmeti, ávexti og mjólk.

Ef við lítum aðeins á þá könnun sem gerð var meðal skólastjóra í þeim vinnuhópi sem ég minntist á áðan, um tengsl fjölskyldu og skóla, kom glögglega fram að mikill meiri hluti taldi að skólanesti eða máltíðir í skóla væru eftirsóknarverðir þættir í grunnskólum og foreldrar voru á sömu skoðun. Það var stór hluti foreldra sem taldi einnig að þessir tveir þættir skiptu miklu máli. Nemendur voru á sama máli þegar þeir voru spurðir því að um 81% þeirra vildu geta fengið mat í skólanum, 83% vildu eiga þess kost að geta keypt nesti í skólanum og 54% vildu líka geta farið heim til sín í hádeginu þannig að það fór ekkert á milli mála að nemendur vildu gjarnan borða mat í hádeginu og lái þeim hver sem vill.

Í skýrslu frá vinnuhópnum segir einmitt um skólanesti og skólamáltíðir, með leyfi forseta:

„Enda þótt fæstir mæli því mót að skólamáltíðir eða afgreiðsla nestis í skólum auki líkur á samfelldum skóladegi virðast vera skiptar skoðanir um hvernig best verði staðið að framkvæmdum. Rökstyðja má þörf fyrir líkamlega næringu í skólum með fleiru en samfelldum skóladegi. Neyslukannanir sýna m.a. að skólanemendur skortir viss nauðsynleg næringarefni. Ákveðin stýring á mataræði í skólum gæti tryggt holla og rétt samsetta fæðu."

Enn fremur segir:

„Varla er hægt að segja að íslensk börn og unglingar líði af hungri, en augljóst er að nemendur sem t.d. vegna útivinnu foreldra verða að sjá um matseld upp á eigin spýtur eru að ýmsu leyti betur settir ef þeir eiga aðgang að næringu í skólunum. Þá má nefna þau rök að á vinnustöðum gildir almennt sú regla að starfsfólk eigi aðgang að mat og aðstöðu til að matast. Skóli er vinnustaður nemenda og séu þeim ætluð sömu réttindi að þessu leyti og fullorðnum eiga þeir kröfu á sambærilegri aðstöðu til að matast.

Óskir um að skólar sinni þessum málum eru mjög ákveðnar, bæði frá foreldrum og skólamönnum. Skoðanir eru hins vegar skiptar um fyrirkomulag, t.d. hvort eigi að sjá nemendum fyrir heitum máltíðum eða nestispökkum. Heitar máltíðir gera kröfu um sérstaka aðstöðu og starfsfólk. Fengist hefur mikilvæg reynsla af tilraun með nestispakka í skólum Reykjavíkur. Af þeirri tilraun má ráða að nemendur hafi ekki nýtt sér möguleikana á nestispakka í eins ríkum mæli og upphaflega var vænst. Má e.t.v. skýra þetta þannig að pakkarnir hafi fyrst og fremst verið notaðir sem morgunverður í venjulegum nestistímum en ekki sem hádegisverður" og þá vitna ég til þeirrar könnunar sem ég nefndi áðan, að börn sem ekki borða morgunverð áður en þau fara í skólann eru auðvitað orðin svöng og nýta sinn hádegisbita sem morgunverð.

Áfram segir í skýrslu þessa vinnuhóps: „Af sömu ástæðu varð fyrirkomulagið líklega ekki til þess að auka samfelldni eins og vonir stóðu til. Enn fremur er ljóst að lipur afgreiðsla á skólanesti eða máltíðum krefst skipulags, vinnu og umsjónar sem kennarar eru ekki reiðubúnir að skilgreina sem hluta af starfi sínu nema sérstaklega sé umbunað fyrir þá vinnu. Við leituðum til Odds Helgasonar, forstjóra Mjólkursamsölunnar, vegna umræðunnar um nestismálin í skólunum og gaf hann eftirfarandi upplýsingar, með leyfi forseta:

„Í rekstri leikskóla og dagheimila er gert ráð fyrir að börn séu nestuð að heiman. Þar er því engin kæligeymsla fyrir nestið. Afleiðingin varð sú að börnin fengust ekki til að hafa mjólk að heiman því að hún var orðin volg og ólystug á matmálstímanum og því höfðu þau með sér sæta drykki.

Á síðustu tveimur árum hafa mjólkursamlög um allt land því boðið öllum leikskólum og dagheimilum kælikistur að láni. Þær eru komnar í notkun á langflestum stöðum og 90–100% barnanna neyta nú mjólkur þar. Það er ákaflega mikilvægt að börn á þeim aldri venjist ekki af mjólkurneyslu og þeim

sama sið þurfa þau að halda þegar þau ganga síðan upp í grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðasta ári var tekin upp niðurgreiðsla á skólamjólk til grunnskólanema, 3 kr. á ¼ lítra nýmjólkur og hefur haldist óbreytt síðan. Þátttaka hefur verið dræm víðast hvar en góð í einstaka skólum. Meðaltal er 10–15%.

Mjólkursamsalan gerði tilraun með kaldar skólamáltíðir fyrir fjórum árum. Sú tilraun gekk ekki. Nú eru einungis samlokur seldar í nokkra skóla. E.t.v. hefur nestið ekki fallið í smekk nemenda, en önnur meginástæða er að í skólakerfinu er ekki gert ráð fyrir slíku og starfið lendir að mestu á skólastjórum sem aukið vinnuálag. Tengja þyrfti líka nám í heilsufræðum við fyrirkomulag og val á skólanesti."

Í raun hljóta allir að vera sammála um að það sé sjálfsagt réttlætismál barna að þeim sé tryggður samfelldur vinnudagur, holl og góð næring og öryggi gagnvart slysum. Ef ég man rétt var það á stefnuskrá allra flokka og samtaka fyrir síðustu alþingiskosningar að komið yrði á samfelldum skóladegi og margir tilgreindu einnig nauðsyn þess að börn geti matast í skólum. Og nú vil ég biðja þá fulltrúa flokkanna sem hér sitja — að vísu er enginn fulltrúi Framsfl. sem ég held að heyri í mér, en mér þætti vænt um að þeir ítrekuðu eða leiðréttu þessa staðhæfingu mína. Ég vil að auki geta þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir einmitt, með leyfi forseta:

„Kannað verður hvernig grunnskólinn geti betur rækt umönnunar- og uppeldishlutverk við hlið fræðslustarfs." Þar segir einnig: „Unnið verður að því að koma á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum fyrir börn á grunnskólaaldri."

Af þessari stefnuyfirlýsingu stjórnvalda er greinilegt að bæði kennarar, foreldrar og börn geta vænst samvinnu í þessum efnum og hlutverk okkar er að sjálfsögðu að sjá til þess að staðið verði við gefin loforð. Ég skora á fulltrúa flokkanna að lýsa afstöðu sinni til þessara atriða almennt auk þess sem mér þætti vænt um fyrir hönd okkar flm. að þeir lýstu afstöðu sinni til þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Við teljum að skref sé stigið í rétta átt með þeim breytingum á grunnskólalögunum sem hér eru lagðar til. Að sjálfsögðu hefði mátt gera ýmsar fleiri breytingar, en hér hefur aðeins verið tekið á því sem brýnast þótti.

Þetta frv. var reyndar unnið þannig að samráð var haft fyrst og fremst við konur innan Kvennalistans sem höfðu mikla reynslu af skólamálum og ber þá sérstaklega að geta Elínar G. Ólafsdóttur kennara sem hefur um langt skeið unnið að skipulagi mála barna á forskólaaldri og verið mjög virk í mótunarstarfi í skólamálum, einnig Guðnýjar Guðbjörnsdóttur lektors sem hefur einkum staðið að uppeldisfræðilegum rannsóknum á högum skólabarna. Það voru fjölmargar aðrar konur sem komu til við vinnu þessa og þegar drög höfðu verið samin að frv. sendum við þau víða út um landsbyggðina til að fá athugasemdir við efni frv.

Það kom glögglega í ljós að víða í dreifbýlinu var vandinn allt annar. Þar var fyrst um að ræða vanda sem er fólginn í því að mjög ör skipti eru á kennurum. Þessi öru mannaskipti leiða til þess að það verður rótleysi á nemendum. Þar er einnig mikið um réttindalausa kennara. Ég minnist þess að á grunnskólaráðstefnu sem haldin var um helgina var vitnað í könnun sem fræðslustjóri af Vestfjörðum hafði gert og rúm 70% nemenda, minnir mig, í einhverjum ákveðnum bekk grunnskólans á Vestfjörðum höfðu aldrei haft sama kennara í grunnskóla. Ég man ekki alveg hvaða bekkur, þetta var einn af eldri bekkjunum í grunnskólanum og þetta er auðvitað mjög alvarlegt mál. Samgönguerfiðleikar voru líka algengir í dreifbýlinu og vandamálin úti á landi eru oft önnur en þau sem ríkja í þéttbýlinu. Hitt voru þó allir sammála um sem stóðu að vinnslu frv. að í því væri tekið á meginatriðum sem erfitt væri að bíða með og hefði reyndar fyrir löngu átt að hrinda í framkvæmd. Okkur þykir líka rétt að grunnskólalögin séu endurskoðuð reglulega og leggjum reyndar til að slík endurskoðun fari fram að fimm árum liðnum.

Við teljum sem sé að ekki verði lengur beðið eftir því að koma betri skipan á málefni grunnskólans. Til þess þarf auðvitað átak stjórnvalda og samvinnu allra þeirra sem telja sig ábyrga fyrir farsælli framtíð barna. Og það hljótum við öll að telja okkur hér á þessu þingi. Kjörorð þessa átaks gætu reyndar verið: Öll börn eru á ábyrgð okkar allra.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og vonast til þess að þessu máli verði vísað til hv. menntmn. deildarinnar og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Frv., sem hér er flutt á þskj. 624 og hv. 6. þm. Reykv. hefur mælt fyrir, hefur þann megintilgang að því er fram kemur í grg. að samræma betur vinnudag barna og foreldra hérlendis og að gera vinnudag barna í skóla samfelldan, lengja kennslutíma yngstu árganganna og að öll börn verði að hafa tækifæri til að matast í skólunum.

Ég hygg, eins og fram kom í niðurlagsorðum hv. þm., að þau markmið sem stefnt er að með frv. séu á þann veg að allir geti undir þau ritað og flestir stjórnmálaflokkar, a.m.k. get ég mælt fyrir minn flokk, Sjálfstfl. hefur haft á sinni stefnuskrá umbætur í skólamálum í þessu veru. Reyndar er það svo að ýmislegt hefur þokast í þessa átt og enginn vafi er á því að ef tekið er mið af nemendum og hvað þeim er fyrir bestu eru þessar hugmyndir það sem stefna ber að í skólahaldi. Frv. miðar að betri líðan og betri vinnuaðstöðu nemenda og kennara og auknu hagræði fyrir foreldra og ég hygg að það séu stefnumið sem allir geti tekið undir.

Til að ná þessu fram þarf hins vegar verulega mikið fé eins og fram hefur komið í ræðu hv. þm. Öll þessi atriði sem frv. fjallar um leiða til aukins kostnaðar við grunnskólahald og jafnvel þótt fé væri

fyrir hendi má ætla að það taki langan tíma að koma ýmsum breytingunum fram. Ég nefni t.d. skólamáltíðir í öllum skólum, hámarksfjölda nemenda í hverjum skóla, að hann verði 300–400, og að skólar verði einsetnir því að það þarf að byggja ný skólahús í þessu sambandi og þarf að breyta flestum þeim skólahúsum sem fyrir eru.

Fleira kemur og til, færri nemendur í bekk samhliða einsetningu skóla leiðir óhjákvæmilega til þess að fleiri kennara þarf til að halda uppi eðlilegri kennslu. Það hefur verið erfitt undanfarin ár að útvega kennara og fá kennara með tilskilda menntun og réttindi til að halda uppi skólastarfi við núverandi aðstæður. Einsetning og fækkun í bekkjum gæti hugsanlega orðið til þess að laða fleiri kennara að starfinu, en líklega þarf fleira til að koma svo að hægt verði að manna einsetna skóla þar sem 14–20 nemendur væru í hverjum bekk með hæfu fólki.

Þá er þess og að geta að í frv. er gert ráð fyrir að starfsfólk með uppeldisfræðilega menntun annist nemendur fyrir og eftir eiginlegan skólatíma. Með uppeldisfræðilegri menntun er væntanlega átt við fóstrur eða kennara, enda ekki öðrum til að dreifa hér á landi, og við búum nú við skort á kennurum, við búum við skort á fóstrum, og hefur reynst erfitt að manna barnaheimili og leikskóla þannig að jafnvel þó við hefðum fjármagnið til þess að byggja þetta allt á tiltölulega stuttum tíma er ekki þar með sagt að björninn sé unninn í þessum efnum.

Helstu breytingarnar sem þetta frv. felur í sér eru þessar — ég held að það sé hægt að flokka þær í eina átta þætti:

1. Að skólaskylda verði lengd í tíu ár. 2. Að skólamáltíðir verði í öllum skólum. 3. Samfelldur skóladagur verði í öllum skólum. 4. Gæsla og umönnun verði veitt fyrir og eftir skólatíma. 5. Hámarksfjöldi nemenda í hverjum skóla verði 300–400. 6. Skóladagur lengist hjá 6–12 ára nemendum. 7. Að fækkað verði í bekkjardeildum. 8. Að skólar verði einsetnir.

Eins og ég sagði í upphafi: Ég held að þetta séu leiðir að markmiði sem við getum stefnt að, en ég ætla að gera hvert þessara atriða að umtalsefni hér og þá jafnframt að gera grein fyrir því sem unnið hefur verið í viðkomandi málum að undanförnu og hvernig staðan er og þá jafnframt hér á eftir gera nokkra grein fyrir því hver stefna ráðuneytisins er í þessum málum.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því í frv. að fræðsluskyldu fyrir sex ára börn verði komið á haustið 1988 og skólaskyldu frá hausti 1989. Skólasókn sex ára barna er nú þegar orðin um 98%, kennslutími er hins vegar afar mismunandi eftir stöðum, allt frá nokkrum dögum á ári á ýmsum stöðum úti um land upp í samfellda kennslu allt skólaárið. Kemur þetta reyndar fram á bls. 6 í grg. með frv.

Það er enn fremur rétt að nefna hér annað atriði sem snertir kennslu sex ára barna en það eru námsgögnin. Þar sem sex ára börn eru ekki skólaskyld eiga þau ekki rétt á að fá úthlutað námsgögnum á kostnað ríkisins. Í ljósi þess að 98% sex ára barna sækja skóla og vinnubrögð í sex ára bekk og sjö ára bekk eru vart sambærileg er hér um tvíþætta mismunun að ræða, þ.e. bæði varðandi kennslutíma og námsgögn. Það eru nokkuð skiptar skoðanir um fræðsluskyldu og skólaskyldu, þ.e. á hvorn þáttinn eigi að leggja meiri áherslu, en þó held ég að sú umræða hafi þó meira snúist um hvenær skólaskyldu eigi að ljúka, þ.e. elsti árgangur grunnskólans. Ég hygg að flestir séu á einu máli um að það sé tímabært að sex ára börn séu skólaskyld og það er eindregin skoðun mín að að því beri að stefna og að því er reyndar unnið í ráðuneytinu að svo verði. Ég held að fræðsluskylda sex ára barna mundi ein sér geta jafnað þann aðstöðumun sem fram kemur í kennslutíma og námsgögnum, en ég held að stefna beri að skólaskyldu í þessum efnum.

Annar þátturinn í frv. eru skólamáltíðir í öllum skólum. Það er enginn vafi á að skólamáltíðir og lenging skóladags haldast í hendur. Því lengri sem skóladagur er því meiri þörf er á máltíðum í skólanum. Í frv. kemur fram að það megi reikna með 112 millj. kr. launakostnaði vegna skólamáltíða, enda verði þá matur að einhverju leyti fyrir fram tilbúinn. Þá er ekki reiknað með stofnkostnaði né heldur matarkostnaði.

Ég vil í þessu sambandi benda á það nál. sem fram kemur hjá þeirri nefnd sem Ragnhildur Helgadóttir þáverandi hæstv. menntmrh. skipaði og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir veitti forstöðu, en nefndin bendir á í áliti sínu að ríkið standi undir launakostnaði við umsjón nestispakka í skólum en foreldrar og eða sveitarfélögin eigi að standa straum af öðrum kostnaði. Það kom einnig fram í könnun nefndarinnar að það er ekki einhugur meðal foreldra um skólamáltíðir. T.d. var í dreifbýli talið æskilegt að nemendur kæmu heim í hádegi, enda verður vafalaust í þeim efnum eins og öðrum nokkuð að sníða sér stakk eftir aðstæðum. Ég held það sé óskynsamlegt fyrir okkur að setja mjög stífar og strangar reglur í grunnskólafrv. Ég held við verðum að hafa okkar reglur um skólahald nokkuð sveigjanlegar því að aðstæður eru mismunandi á hverjum stað.

Þriðji þátturinn í frv. fjallar um samfelldan skóladag í öllum skólum. Það virðist svo sem töluvert hafi áunnist í þessu máli í Reykjavík. Það hefur starfað nefnd undir forustu Bessíar Jóhannsdóttur um samfelldan skóladag. Hefur sú nefnd einkum beint sjónum sínum að Reykjavík. Það sem á vantar strandar helst á því að húsnæði til kennslu í list- og verkgreinum skortir. Reykjavíkurnefndin lét athuga sérstaklega stöðuna í grunnskólum borgarinnar skólaárið 1986–1987. Þar kemur m.a. fram að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Aukaferðum milli heimilis og skóla fjölgar eftir því sem ofar kemur í grunnskólann. Í heild njóta rúmlega 70% grunn-

skólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin í tæp 83%. Hætt er við að á ýmsum stöðum úti á landi sé ástandið ekki eins gott. Það hefur færst mjög í rétta átt hér í Reykjavík. En auðvitað ber að stefna að því að samfelldur skóladagur verði í öllum skólum og að því er unnið í menntmrn.

Í fjórða lagi er fjallað um að gæsla og umönnun verði veitt fyrir og eftir skólatíma. Skólarnir eru í vaxandi mæli að taka upp gæslu eða umönnun fyrir yngstu nemendurna. Þörfin er augljós fyrir einstæða foreldra og fjölskyldur þar sem báðir foreldrar vinna fulla vinnu utan heimilis og það fer stöðugt vaxandi. Kostnaður er nú greiddur af foreldrum. Það sem helst hamlar að hægt sé að koma þessu fyrirkomulagi á eru þrengsli í skólum og óhentugt húsnæði og skortur á fólki til að annast nemendur. Lítið sem ekkert er hins vegar gert fyrir nemendur sem þurfa að búa við svokölluð göt í kennsluskrá eða stundaskrá, en ýmislegt má þó gera til þess að koma þar til móts við nemendur t.d. með öflugum skólasöfnum og í auknum mæli samfelldri viðveru kennara. Það má einnig hugsa sér að ráða fólk að skólunum sem starfi með börnunum þann tíma sem þau eru í skólum utan raunverulegra kennslustunda.

Í fimmta lagi er fjallað um að hámarksfjöldi nemenda í hverjum skóla verði 300–400. Ég hygg að það sé almennt viðurkennt meðal skólamanna að æskileg skólastærð sé 300–500 nemendur. Ég held hins vegar að það eigi að forðast að lögbinda mjög stífar eða strangar reglur í þessu efni, m.a. vegna þess hversu aðstæður eru mismunandi. Það er enginn vafi á því að þó að hinir minni skólar séu æskilegir hafa stærri skólar ýmsa hagkvæmni á móti, t.d. möguleika á samnýtingu og stofnkostnaður er lægri. Auk þess má ekki gleyma því að það kann að vera mjög erfitt í framkvæmd að hafa reglu af þessu tagi vegna mismunandi stærðar byggðarlaga og reyndar mismunandi barnafjölda í skólahverfum. Við þekkjum það t.d. hér í Reykjavík hversu sveiflurnar eru ótrúlega miklar á fjölda barna á milli skólahverfa. Það koma venjulegast mjög miklir toppar í hverfum þegar þau eru ung, þegar ungt fólk er að byggja sér hús eða flytjast inn í hverfin. Síðan kemst jafnvægi á þetta á nokkrum árum. En þessar sveiflur halda samt áfram nokkuð þannig að þetta getur verið erfitt í framkvæmd. Ég held hins vegar að það eigi að stefna að því að miða stærð skóla við — ja, ég mundi festa töluna við 400–600 nemendur eða færri. Ég tel að sú tala sem nefnd er í frv. sé kannski í það lægsta. En auðvitað er það atriði sem betur má ræða.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að skóladagur lengist hjá 6–12 ára nemendum. Frv. gerir ráð fyrir verulegri lengingu á skólaveru 6–12 ára nemenda. Ef við miðum við hvernig þetta er miðað við hámark samkvæmt gildandi lögum annars vegar og svo vikustundir samkvæmt gildandi viðmiðunarskrá kemur í ljós að sex ára aldur mundi hafa 30 vikustundir skv. frv. Það er ekkert hámark samkvæmt gildandi lögum af því að sex ára börn eru ekki skólaskyld. Sjö ára börn: 30 vikustundir skv. frv., 22 að hámarki samkvæmt gildandi lögum og 22 samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá. Átta ára aldurinn: 32 vikustundir skv. frv., eru 24 nú að hámarki skv. gildandi lögum en 22 skv. gildandi viðmiðunarskrá. Níu ára börn mundu frá 32 stundir skv. þessu frv., hafa 27 skv. gildandi lögum en 26 skv. gildandi viðmiðunarskrá. Tíu ára: 35 vikustundir skv. frv., 32 að hámarki skv. gildandi lögum og 29 skv. gildandi viðmiðunarskrá. Ellefu ára: 35 skv. frv., 34 í hámark skv. gildandi lögum, 32 skv. gildandi viðmiðunarskrá. Tólf ára börn: 36 skv. frv., 35 skv. gildandi lögum en 34 skv. gildandi viðmiðunarskrá.

Aukningin frá núgildandi viðmiðunarstundaskrá er í allt 35 vikustundir og 26 stunda aukning frá því sem gildandi grunnskólalög tilgreina sem hámark. Lauslega áætlað þýðir 35 stunda aukning tæplega hálfan milljarð í launakostnað. Einnig hlýtur aukinn stofnkostnaður að fylgja svo mikilli aukningu á viðveru nemenda, enda kallar hún á einsetningu. Frv. gerir ráð fyrir mestri aukningu í neðstu bekkjunum, þ.e. átta vikustundum í sjö ára bekk og tíu vikustundum í átta ára bekk, en að frátöldum sex ára börnum tel ég að það sé langbrýnast að lengja skólaveru sjö og átta ára barna.

Í þessu sambandi kemur einnig til álita, og mér finnst að það þurfi að kanna verulega, ef eða þegar — við skulum orða það frekar þannig — skóladagur lengist hjá 6–12 ára nemendum, hvort ekki sé unnt að nýta hinn aukna tíma í skólunum og reyndar þann tíma sem börn eru í skólum nú betur en gert er. Við útskrifum stúdenta allmiklu eldri en nágrannaþjóðir okkar og ýmsir telja að ástæðan sé sú að tíminn í grunnskólunum sé ekki nægilega vel nýttur, að námið í framhaldsskólunum mætti einnig nýta betur, en einkum hafa menn beint sjónum sínum að því hvort unnt sé að nýta betur tímann í grunnskólum þannig að börnin gætu fyrr lokið sínu grunnnámi eða sínu framhaldsskólanámi. Um þetta skal ég ekki fullyrða. Ég geri mér grein fyrir því að það eru mörg atriði sem koma inn í þessa mynd. En þetta er atriði sem mér finnst að þurfi að athuga mjög rækilega í tengslum við lengingu skóladagsins.

Sjöundi þátturinn í frv. er að fækkað verði í bekkjardeildum. Fækkun nemenda í bekk hefur lengi verið baráttumál kennara. Því fjölmennari bekkir því meira verður vinnuálag á kennara og streita og agavandamál eru algengari. Það er erfitt að sinna nemendum einstaklingsbundið í fjölmennum bekkjardeildum. Ég tel að fækkun nemenda í bekk sé brýnna áherslumál en fækkun nemenda í hverjum skóla og ég tel að það sé enginn vafi á því að þegar verið er að meta stefnumið eins og þessi hljóti menn að þurfa að velja og hafna og setja sér tímamörk, hvað eigi að hafa forgang. Í því efni tel ég að það sé mikilvægara að fækka nemendum í bekkjum en að fækka nemendum í hverjum skóla fyrir sig.

Áttundi liðurinn fjallar um einsetningu skóla. Eins og ég gat um áðan er einsetning háð ýmsum öðrum veigamiklum þáttum. Einsetning skóla krefst aukins húsrýmis, hún krefst fleiri kennara, krefst lengri skólaveru og krefst skólamáltíða. Sennilega er húsnæðið þyngst á metunum. Þar sem einsetning er enn ekki komin á er ástæðan yfirleitt skortur á húsnæði. Það er fullur hugur á því, bæði hjá menntmrn. og fræðsluyfirvöldum í hinum einstöku sveitarfélögum út um allt land, að einsetja í skólana, en ástæðan er skortur á húsnæði þar sem ekki hefur verið unnt að koma einsetningu í framkvæmd.

Í grg. með frv. er áætlað að vanti um 450 kennslustofur til að einsetningu verði komið við. Kostnaður við hverja meðalstofu er í grg. áætlaður um 5,5 millj. Ég reikna með að það sé mjög nærri lagi miðað við þær tölur sem byggingadeild menntmrn. hefur. En miðað við þessar tölur kosta 450 stofur ca. 2,5 milljarða kr. Í grg. er reiknað með 50 stofa aukningu á ári frá því sem nú er í þrjú ár eða 275 millj. kr. viðbót á ári við núverandi byggingarkostnað.

Það er vert að vekja athygli á því í þessu sambandi að það húsnæði sem mest er sótt á nú að byggja við skóla úti um allt land og reyndar í Reykjavík líka er ekki kennslustofur heldur íþróttahúsnæði, sérkennsluaðstaða ýmiss konar og stjórnunarhúsnæði. Við höfum lengi búið við að skólar okkar eru byggðir í áföngum og venjan hefur þá verið sú að byrja á hinum almennu skólastofum, láta annað sitja á hakanum. Þess vegna virðast þau verkefni sem mestur þunginn ætlar að hvíla á í framtíðinni vera einmitt þetta sérkennsluhúsnæði þannig að það má búast við að að miklu leyti, ég skal ekki meta það nákvæmlega, verði sá kostnaður sem felst í viðbót á stofum viðbótarkostnaður við það sem byggt er fyrir í dag, en í fjárlögum á þessu ári eru ætlaðar, ef ég man rétt, 330 millj. kr. til byggingar grunnskóla og annað eins kemur á móti frá sveitarfélögunum.

Það er síðan atriði út af fyrir sig, ef við erum að ræða um átak af þessu tagi sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að auðvitað þarf nána samvinnu við sveitarfélög um það mál því sveitarfélögin greiða helming af kostnaði við byggingar grunnskóla og taka verulegan þátt í reksturskostnaði eins og kunnugt er. Að vísu eru uppi hugmyndir um að breyta þeim hlutföllum en reglur um það hafa ekki séð dagsins ljós.

Það er því alveg ljóst að það er verulegur kostnaðarauki sem fylgir þessu frv. Í grg. er talið að reksturskostnaður muni aukast um 1362 millj., þ.e. 1 milljarð 362 þús. kr., og stofnkostnað þurfi upp á 3 milljarða 375 þús. kr. Þetta er allmikið fé, en ég hygg engu að síður að að þessu beri að stefna. Mér hefur þótt á það skorta eftir að ég kom í menntmrn. að það vantaði löggjöf um áætlun um skólabyggingar. Við höfum grunnskólalög sem kveða á um ýmsar skyldur sem á skólunum hvíla. Hins vegar hefur í öllum greinum ekki enn tekist að uppfylla þær skyldur sem á skólunum hvíla, m.a. vegna húsnæðisskorts. En mér finnast satt að segja vera dálítið tilviljunarkennd vinnubrögð í því hvar fjármagnið lendir í skólabyggingum. Það er togast á milli kjördæma eins og við þekkjum í fjvn. um hvar þetta fjármagn skuli lenda.

Það hefur tíðkast um nokkurt skeið og í tiltölulega fá ár að gera sérstaka fjármögnunarsamninga milli ríkisins og sveitarfélaganna. Þeir samningar hafa verið gerðir af hálfu ríkisins af fjmrn. og menntmrn. annars vegar, en sveitarfélögin eru svo aðilar að þessum samningum hins vegar. Enginn vafi er á því að þetta er mjög gott fyrirkomulag fyrir sveitarfélögin. Þau vita þá hvar þau standa. Þetta eru skuldbindandi samningar um ákveðið fjármagn á ákveðnu árabili. Hins vegar eru þessir samningar ekki mjög margir. Það sem verra er er að fjvn. er ekkert mjög ánægð yfir þessum samningum, því að hún telur að með því séu þessi tvö ráðuneyti að taka fram fyrir hendur á fjárveitingarvaldi Alþingis. Þess vegna hefur fjvn. látið að því liggja að hún muni ekki virða öllu fleiri samninga en nú hafa verið gerðir nema eitthvert annað fyrirkomulag verði tekið upp á þeim málum. Það er líka tilviljunum háð finnst mér hvaða sveitarfélög hafa náð að gera þessa samninga. Það virðist fara eftir hverjir eru duglegir að þrýsta á. Ég tel því alveg nauðsynlegt að það sé sett löggjöf um skólabyggingaáætlanir, löggjöf af svipuðu tagi og við höfum varðandi hafnarframkvæmdir eða vegaframkvæmdir. Í þeirri löggjöf þarf auðvitað að marka sér stefnu, hvaða kröfur við ætlum að gera til skólanna, hvað ætlum við að byggja og í hvaða tilgangi, og síðan að reyna að átta okkur á því á hve löngu árabili við ætlum að gera það og hvernig það eigi þá að skiptast á árin og að slík áætlun sé þá lögð fyrir Alþingi á hverju ári eða annað hvert ár eins og hafnaáætlun eða vegáætlun þannig að Alþingi geti á hverjum tíma gefist kostur á að endurskoða hana því að auðvitað er endanlegt ákvörðunarvald um byggingarmagn og staðsetningu einstakra bygginga hjá Alþingi og því fer fjarri, þó að menntmrn. og fjmrn. hafi unnið að því að gera fjármögnunarsamninga, að við viljum ætla okkur að svipta fjvn. eða Alþingi því valdi sem það hefur og á auðvitað að hafa. Þess vegna er slík löggjöf nú í undirbúningi í menntmrn. og ég vonast vissulega til þess að geta lagt slíka löggjöf fyrir Alþingi næsta haust.

Í viðauka með grg. frv. á bls. 23 er birt svar frá menntmrh. við fsp. sem Unnur Stefánsdóttir bar fram og hv. 6. þm. Reykv. vitnaði til. Þar er svarað þeirri fsp. hvað séu margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag og hvenær þess sé að vænta að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag. Ég vil leyfa mér að vitna í þetta svar því að það ber vott um hver stefna menntmrn. er í þessum málum. Svarið við fyrri spurningunni er fyrst og fremst til upplýsinga um staðreyndir sem ég ætla ekki að fjalla um, en seinni spurningin er um hvenær þess sé að vænta að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Seinni spurningunni er ógjörningur að svara beint. Ef tryggja á samfellda viðveru fyrir alla nemendur grunnskóla þarf fjárfrekar aðgerðir. Þá þyrfti t.d. að koma upp íþróttaaðstöðu og mötuneyti við hvern skóla, fjölga starfsliði vegna gæslu o.fl. Samfelldri viðveru verður því varla komið á í einu vetfangi í öllum skólum landsins.

Ætla má að skemmri tíma taki að koma á samfelldum vinnutíma og í reynd hefur mjög þokast í þá átt á síðustu árum. Það sem líklega ræður úrslitum er stöðugleiki í kennaraliði og almenn aðstaða í skólum, svo sem skólasöfn.

Samfelld viðvera kennara í skólum er þó líklega mikilvægasta forsendan fyrir bæði samfelldri viðveru nemenda og samfelldum vinnutíma. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að skapa slíkar forsendur og jafnframt haft hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1986 sem hér fara á eftir:

1. Stefnt verði að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum með því að:

1.1. Bæta skipulag og stundaskrárgerð.

Aukin tölvueign skóla gerir kleift að hagnýta þá tækni við stundaskrárgerð.

Við skipulag skólastarfsins verður nemandinn, tími hans og vinna að vera í brennidepli.

Þegar kennarar skipta vinnu sinni milli skóla verða þeir skólar sem í hlut eiga að hafa samráð um skiptinguna.

Fastur viðverutími kennara í skólum eykur líkur á samfelldni hjá nemendum.

1.2. Taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar.

Miða stærð skóla eða stærð skipulagseininga innan skóla við 400–600 nemendur eða færri.

Hafa skóla einsetna eða því sem næst.

Gera ráð fyrir vinnuaðstöðu nemenda og kennara utan fastra kennslustunda.

Gera ráð fyrir aðstöðu til að afgreiða og neyta skólanestis eða aðstöðu til að framreiða og neyta skólamáltíða.

Stuðla þarf að frekari þróun í hönnun færanlegs skólahúsnæðis.

Hraða uppbyggingu aðstöðu fyrir list- og verkgreinar.

1.3. Efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda.

Tryggja verður hverjum skóla lágmarksbókakost.

Auka þarf fjölbreytni gagna á skólasöfnum og gera þau að eins konar miðstöð skólastarfsins.

Koma þarf upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

1.4. Gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma.

Ráða þarf sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárreiður vegna nestispakka.

Sjái nemendur og kennarar um skólanesti eða skólamáltíðir verður að umbuna þeim fyrir vinnu sína.

Til að auka líkur á að skólanesti eða máltíðir verði almennt notaðar og þar með auknar líkur á samfelldni þarf að stilla verði í hóf.

Skólamatur verður að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur og falla að síbreytilegum smekk nemenda.

1.5. Skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt.

Athuga þarf möguleika á að haga skipulagi starfsins þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tíma.

Fella verður kennslu í list- og verkgreinum inn í aðra kennslu þannig að bæði viðvera og verkefni myndi eðlilega heild.

Losa þarf um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan eykur samfelldni."

Þetta voru tillögur nefndarinnar sem menntmrn. hefur tekið upp sem sínar tillögur og leitast við að framkvæma eftir því sem tök eru á og eftir því sem ráðuneytið hefur fengið fjármagn til.

Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að með þessu frv. er hreyft máli sem ég held að í rauninni sé ekki neinn ágreiningur um. Þetta er hins vegar mál sem kostar verulega fjármuni og að því ber að vinna að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd með skipulegum hætti. Ég dreg hins vegar í efa að það sé rétt að fella svona nákvæmar og ítarlegar reglur inn í grunnskólalög eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég er þeirrar skoðunar að grunnskólalögin séu of ítarleg, þau séu of ósveigjanleg á stundum og geri ekki nægilega ráð fyrir mismunandi aðstæðum á mismunandi stöðum á landinu. Ég hefði talið æskilegra að grunnskólalögin væru meiri rammalöggjöf sem síðan væri fyllt út í með framkvæmdinni. Grunnskólalögin eru í endurskoðun í menntmrn. Það var reyndar lagt fram á síðasta þingi til kynningar frv. um ný grunnskólalög. Það frv. hlaut allmikla gagnrýni frá ýmsum þeim sem það fengu til umsagnar á sl. sumri. Það er nú verið að vinna að því í menntmrn., sérstakur starfsmaður var til þess fenginn, að fara yfir þessar umsagnir og gera tillögur að nýjum grunnskólalögum. Vonast ég til þess að þær gætu séð dagsins ljós á næsta vetri. En ég dreg í efa, eins og ég sagði, að það sé rétt að hafa þau lög jafnítarleg og núgildandi lög eru og það frv. sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir. Mér finnst hins vegar eðlilegt að þetta frv. og það sem í því felst komi til athugunar í sambandi við þá endurskoðun laganna sem nú stendur yfir. Öll þau atriði sem í þessu frv. eru eru á stefnuskrá ráðuneytisins og munu að sjálfsögðu verða framkvæmd eftir því sem fjármagn fæst til.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli og eðlilegt að þingdeildin taki sér góðan tíma í að ræða það. Þetta er mál sem snertir alla íbúa landsins, konur jafnt sem karla, þ.e. alla foreldra og börnin ekki síst. Ég tók eftir því að hv. flm. orðaði það þannig að konur innan Kvennalistans hefðu undirbúið málið og ég efast ekki um að svo sé. Ég sé að málið er vel undirbúið. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að í máli af þessu tagi, sem snertir alla foreldra og öll börn, komi karlar einnig við sögu. Ég tel að

þeir eigi rétt á því ekki síður en aðrir.

Ég vil aðeins víkja að þeim almennu þjóðfélagslegu breytingum, sem hafa verið að ganga hér yfir á undanförnum árum og áratugum, sem gera það óhjákvæmilegt að þessi mál komi til sérstakrar umræðu hér á þinginu. Það sem langmestu skiptir í þeim efnum er það sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi, þ.e. stóraukin útivinna beggja foreldra. Þar höfum við fyrir framan okkur tölur frá undanförnum 25 árum sem sýna nánast byltingu í þessum efnum frá því sem var. Á árinu 1960 voru 33% allra kvenna á vinnufærum aldri á vinnumarkaði, en árið 1985 er þessi tala komin upp í u.þ.b. 80%. Ef við berum þessar tölur saman við það sem er í öðrum löndum sjáum við að hlutfallið á Íslandi er svipað og t.d. á Norðurlöndunum og í Sovétríkjunum, en ívið hærra en t.d. í Bretlandi, Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum. Þessi staðreynd leggur okkur á herðar númer eitt að búa þannig að börnunum okkar að þau geti notið menntunar og skjóls í samfélaginu þrátt fyrir þessa þjóðfélagslegu breytingu.

Annað atriðið, sem ég vil nefna, sem hefur einkum gengið yfir hér á allra síðustu árum, síðustu missirum, er fjölmiðlaþjóðfélagið og sú óhjákvæmilega nauðsyn að búa börn undir að taka á móti þessu yfirþyrmandi þjóðfélagi fjölmiðlunarinnar með gagnrýnum hætti en þó opnum huga og að fjölmiðlanotkun verði ekki til þess að draga úr almennu menningar- og menntastigi þjóðarinnar.

Þriðja atriðið, sem ég vil nefna hér, sem er algjörlega sérstakt fyrir Ísland, er þessi gífurlega langi vinnutími. Ég hygg að það sé ekki finnanlegt nokkurt land í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, þ.e. á okkar menningarsvæði ef við getum tekið svo til orða, þar sem vinnutími beggja foreldra er jafnhrikalega langur og raun ber vitni um hér á landi. Um þetta liggja einnig fyrir ákaflega fróðlegar tölur þar sem kemur fram að vinnutíminn hér á landi er yfirleitt að jafnaði um fjórðungi lengri en hjá sambærilegum hópum erlendis, þ.e. þar sem hann er erlendis kannski 35–40 tímar er hann hér á landi 50–55 klst., vikulegur vinnutími. Ég hef stundum tekið þannig til orða að þessi hrikalegi vinnutími sé eitt alvarlegasta þjóðfélagsvandamál Íslendinga í dag og hafi verið um langt skeið. Það snertir umönnun barna, það snertir heilbrigðismál, það snertir fjölskyldulífið og fleiri þætti með mjög afgerandi hætti. Ég hygg að ef eitthvert eitt atriði er hægt að nefna þar sem væri í senn hægt að hafa áhrif á félagslega gerð samfélagsins, heilsufar, menntun og menningu er það vinnutíminn. Ég hygg að það væru í rauninni fá mál mikilvægari til þess að ná sæmilega utan um þessa þætti en að setja sér markmið til skamms tíma um að taka hér niður vinnutímann þannig að hann verði úti á hinum almenna vinnumarkaði ekki lengri en gerist í því sem hefur verið kallað siðuð nútíma-þjóðfélög.

Fjórði þátturinn sem er afbrigðilegur fyrir Ísland miðað við önnur ríki á svipuðu menningarstigi, og þá er ég að tala kannski fyrst og fremst um Norðurlöndin og Vestur-Þýskaland, er hin mikla félagslega óvissa sem foreldrar og börn búa við hér á landi, m.a. vegna mikilla sviptinga í efnahagsmálum á undanförnum árum. Þessi félagslega óvissa birtist í gífurlegum húsnæðiskostnaði sem leggur farg á foreldrana og síðan á börnin. Þessi félagslega óvissa birtist t.d. í því að dagvistarmál eru vanþróaðri hér en í grannlöndum okkar. Þetta birtist t.d. í umferðarstefnunni. Og þessi félagslega óvissa hefur komið þannig út að hundruð heimila að ég segi ekki þúsundir heimila hafa á undanförnum árum orðið að berjast við afleiðingar kauplækkunar og vaxtaokurs. Þessi staðreynd hefur komið mjög harkalega niður á börnunum og við höfum ekki hugmynd um, hversu langar talnaromsur sem við kunnum að lesa upp hér í þinginu, höfum ekki hugmynd um það, við höfum engar upplýsingar um hvaða afleiðingar þessi félagslega og efnahagslega óvissa á Íslandi hefur haft fyrir börn þegar upp er staðið.

Síðasti þátturinn, sem ég ætla svo að nefna hér, er það sem ég vil kalla vaxandi hagvaxtarveiki þar sem menn mæla lífshamingjuna í hagvexti og vörum sem vöruþjóðfélagið hefur upp á að bjóða burt séð frá því hvaða afleiðingar það að öðru leyti hefur fyrir velferð, þróun og þroska samfélagsins og sérstaklega barnanna. Þessir þættir eru meðal þeirra sem gera óhjákvæmilegt að við ræðum þessi mál ítarlega hér á hv. Alþingi og þess vegna er fagnaðarefni að þetta mál er lagt hér fyrir og mun ég svo ræða efnisatriði þess hér nánar á eftir.

Það er reyndar ekki nýtt að mál af þessu tagi séu hér til meðferðar. Á þinginu nú í vetur liggja fyrir mjög þýðingarmikil mál sem snerta hagsmuni barna í þessu þjóðfélagi. Ég minni á frv. Guðrúnar Helgadóttur um umboðsmann barna, ég minni á till. okkar Hjörleifs Guttormssonar um kennaramenntun og ég minni á framhaldsskólafrv. sem liggur hér í hv. Nd. til meðferðar, framhaldsskólafrv. bæði frá okkur þm. Alþb. og svo frá hæstv. ríkisstjórn. Ég vil einnig minna á að þessi mál hafa komið til meðferðar hér í þinginu í vetur í öðru samhengi þar sem tekin er um það ákvörðun af núverandi hæstv. ríkisstjórn, stjórnarflokkunum, að fella niður framlög til þess að byggja upp dagvistarstofnanir í þessu landi sem er auðvitað ákaflega alvarlegt og skref langt aftur á bak.

Hæstv. menntmrh. fór hér yfir efnisatriði frv. sem hér liggur fyrir og komst einhvern veginn þannig að orði að í rauninni væru allir sammála um þau markmið sem sett eru upp í frv., þau væru góð og gild út af fyrir sig, en þetta kostaði mikið fé og vandinn væri að tryggja fjármunina í þessu efni. Í því sambandi hljótum við að velta því fyrir okkur, úr því að það er þannig að allir flokkar eru sammála um málið: Af hverju hefur þá ekki verið náð í féð til að tryggja framkvæmd samkvæmt þessum markmiðum sem allir segjast vera sammála um? Ég verð að segja það sem mína skoðun að það er að verða dálítið leiðigjarnt í þessari almennu pólitísku umræðu þegar menn koma upp í henni, þessari umræðu, með

frómar óskir, göfug stefnumið í fjölmörgum málum eins og menntamálum, byggðamálum og heilbrigðismálum, og segja: Við erum öll sammála um þetta en það vantar peninga. Það er einmitt kjarni þessa máls að menn átti sig á því að við getum mjög auðveldlega skrifað niður langa óskalista í öllum málaflokkum. En það er hins vegar ágreiningur um það í okkar hópi hér á hv. Alþingi hvernig á að sækja peningana til að framkvæma þessa málaflokka. Það er auðvitað grundvallarágreiningur uppi í þinginu í þeim efnum: Annars vegar eru hægri viðhorf, sem halda því fram að það eigi að skattleggja sem minnst, samneyslan eigi að vera sem minnst, sem þýðir að lokum minni félagslega þjónustu, hvort sem það er í skólamálum eða heilbrigðismálum. Og svo eru hins vegar önnur viðhorf sem við köllum gjarnan vinstri viðhorf þar sem menn leggja áherslu á aukna samneyslu og eru tilbúnir til þess að taka skatta í því skyni að standa undir aukinni félagslegri þjónustu. Það er einu sinni hlutverk stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að raða verkefnum niður í forgangsröð, segja: Hvað er það sem við viljum fyrst gera, t.d. í grunnskólamálum?

Hér hafa hv. þm. Kvennalistans lagt fram tillögur um átta atriði sem kosta að sögn hæstv. menntmrh. — mér fannst það nú aðeins of lág tala miðað við það sem ég las úr grg., en hæstv. ráðherra sagði að þessi atriði kostuðu eitthvað um 1,3 milljarða kr. Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla í landinu á þessu ári er 3,2 milljarðar kr. Það er m.ö.o. verið að leggja til að hækka þetta um 33% eða svo.

Það er ekkert of gott fyrir börnin. Það er alveg á hreinu. Það er ekkert of gott fyrir börnin. En þá skulum við líka taka um það ákvörðun að skera niður annan kostnað eða að skattleggja í þjóðfélaginu fyrir þessum stefnumiðum.

Ég held að það sé hlutverk stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að sýna fram á ekki bara hvað þeir hugsanlega vilja af frómum óskum heldur hvernig á að ná í fjármunina til að tryggja það að þessar frómu óskir verði að veruleika. Í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram held ég að eðlilegt sé að gera kröfu til þess að þingið raði upp forgangsverkefnum í menntamálum, í skólamálum þar sem málefnin eru tekin lið fyrir lið og sagt: Við viljum framkvæma í þessari röð, og flokkarnir geri grein fyrir því í hvaða röð þeir vilja ganga á verkin og jafnframt hvernig þeir vilja afla fjármuna í því skyni. Ég held þess vegna að það sé rétt sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan að það þarf að verða til hér í þinginu tillaga að skólamálaáætlun. Ég hygg reyndar að hún eigi ekki að vera aðeins um framkvæmdir og fjárfestingu í skólum heldur eigi hún að vera um nýjungar og breytingar í því skólakerfi sem við þegar höfum.

Ég þekki það af dálítilli reynslu hvað það er sem hæstv. menntmrh. var að tala um áðan þegar hann sagði að fjárfesting í skólamannvirkjum væri afar tilviljunarkennd. Þar væri togstreita látin ráða en fagleg sjónarmið iðulega borin ofurliði. Það voru ekki orð hæstv. ráðherra en ég skildi hann svo og ég þekki þetta af dálítilli reynslu. Það er í raun og veru mjög erfitt miðað við stjórnkerfið eins og það er í dag á Íslandi að tryggja það að fagleg sjónarmið, t.d. menntmrn. fái að njóta sín eftir að málið er komið hingað í þingið. Ég held þess vegna að það sé mjög góð hugmynd og skynsamleg sem kemur fram frá hæstv. menntmrh. að það verði reynt að setja hér upp skólastefnu sem lögð er fram í formi þáltill. hér fyrir þingið þannig að fólk geti áttað sig á því í hvaða röð á að ganga í verkin, þannig að það sé ekki allt sagt í einu, rétt eins og hlutirnir geti gerst á augnabliki, þó að þeir kosti fleiri, fleiri, fleiri milljarða kr. En það gengur ekki þannig. Hlutirnir taka tíma og við eigum að segja þjóðinni eins og er í þeim efnum og ekki gera tilraun til að láta fólk halda að það geti allt gerst á einni nóttu og það kosti ekki neitt. Þannig er það ekki.

Ég held líka að það sé umhugsunarvert sem mér kom í hug þegar ég las þetta frv. Kvennalistans hvort grunnskólalög eiga að vera eins nákvæm og frv. gefur til kynna, þar sem er í raun og veru farið ofan í saumana svo að segja í smæstu atriðum. Ég skil alveg hvað fyrir hv. þm. vakir. Það er auðvitað sú góða hugsun að tryggja það að börnin fái þessa lágmarksþjónustu sem þarna er verið að tala um. En það er álitamál hversu langt á að ganga í lagatexta í þessu efni og ég er ekki alveg viss um að það eigi að ganga eins langt í þeim efnum og hér er gerð tillaga um.

Við höfum líka reynslu fyrir því að jafnvel þó að við kveðum á um hlutina tiltölulega skýrt í grunnskólalögunum, þá hefur gengið misjafnlega að framkvæma þá, m.a. vegna þess að fjárveitingar hefur skort. Frægasta dæmið er auðvitað mál Sturlu Kristjánssonar hér á síðasta þingi, þar sem maður var rekinn úr embætti fræðslustjóra norður í landi fyrir það að framkvæma grunnskólalögin. Þannig tryggir lagabókstafurinn einn út af fyrir sig ekki nægilega vel það sem við viljum í þessu efni. Þess vegna er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort þarna sé ekki hægt að hafa eitthvert annað form þar sem saman vinna góður lagabókstafur og skynsamleg áætlanagerð um forgangsverkefni í skólamálum sem Alþingi tekur ákvörðun um á hverjum tíma.

Að því er varðar einstakar greinar frv., virðulegi forseti, þá vil ég segja það að fyrir okkar leyti getum við mjög vel tekið undir mörg efnisatriði sem fram koma í frv. Þar nefni ég 1. gr. alveg sérstaklega. Það er knýjandi nauðsyn á að koma skólaskyldu á fyrir yngstu börnin þó það væri ekki nema til þess að koma í veg fyrir þá tvöföldu mismunun sem birtist þeim í samanburði við þau kjör sem 7 ára börnin njóta þegar þau koma inn í skólana.

Varðandi 2. gr. vil ég taka það fram að það er út af fyrir sig mjög gagnlegt að setja á blað hugmyndir um það að hafa hámarksfjölda í skóla, en auðvitað er það ekkert algilt í þessum efnum. Og jafnvel þó að skóli sé minni þá er það ekki trygging fyrir því að hann sé betri. M.a. er það ljóst að stærri skólar geta, ef þeim er rétt stjórnað og þeir hafa eðlilega

fjármuni til rekstrar, tryggt nemendum meiri fjölbreytileika í náms- og leikjaframboði en hinir minni skólar geta gert. Ég held hins vegar að þarna sé sjálfsagt að setja almennar takmörkunarreglur. Við vitum hvernig þetta gerist í nýju hverfunum. Í Seljaskólanum eru t.d. 1400–1500 nemendur. Og við sem höfum verið að kenna hér í skólum á undanförnum árum eða áratugum þekkjum það af reynslu að við sérstakar aðstæður koma börn hundruðum saman inn í skólana vegna þess að það eru teknar ákvarðanir um að byggja hér og byggja þar. Viðkomandi skóli er svo að segja varnarlaus, ef ég má svo til orða taka í því efni, og oft skapar það mikla erfiðleika og rugling og veldur því að þjónustan við börnin, ef ég má orða það svo, verður satt að segja léleg. Þau börn og unglingar, sem helstu þyrftu á þjónustu og stuðningi að halda, verða út undan. Mörg sorgleg dæmi um þetta þekkjum við örugglega öll sjálf. Ég held þess vegna að hér sé hreyft gagnlegu og skynsamlegu máli í þessu frv.

Varðandi 3. gr. frv. þá hefur það komið fram að haustið 1983 lögðum við þm. Alþb. fram hér í þinginu tillögu um samfelldan skóladag og skólamáltíðir. Sú till. var samþykkt og menntmrn. hefur sinnt þessum málum með nefndarskipan, m.a. undir forustu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur eins og hér hefur verið rakið. Hér hygg ég að sé komið að mjög stóru máli. Ég held að þetta sé þannig mál sem snertir samfelldan skóladag og skólamáltíðir að það eigi ekki að láta menntmrn. eða fjármálayfirvöld og *fjárveitingavaldið í landinu komast upp með að* framkvæma það ekki að hér verði samfelldur skóladagur og skólamáltíðir í öllum skólum.

Þetta ásamt greininni um 6 ára börnin tel ég að sé verkefni sem hægt er að hrinda í framkvæmd strax. Það á ekki að draga það neitt og það þýðir ekkert fyrir hæstv. menntmrh. eða neinn annan að koma hingað og segja: Þetta er svo dýrt. Þetta kostar auðvitað vissa fjármuni, en það eru ekki svo miklar upphæðir sem hér er um að ræða að það sé ekki hreinlega hægt að slá því föstu: Hér ákveðum við að framkvæma þær tillögur sem Alþingi hefur fyrir löngu fallist á að því er varðar 3. gr. og sjálfsagt er að fallast á að því er varðar 1. gr. Og við skulum hafa það í huga þegar gengið verður frá fjárlögum fyrir árið 1989 að þá verði það tryggt að fjármunir náist í þessu efni.

Að því er varðar 4. gr. þá kemur maður að spurningunni um það hversu nákvæm lög eigi að vera. En það er eitt efnisatriði sem ég tel að þurfi að skoða sérstaklega og það er það sem segir í síðustu mgr.:

„Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við skóla með nemendum færri en 30 og starfsfólk með uppeldisfræðimenntun til að annast nemendur í grunnskólum."

Ég held að það þyrfti aðeins að átta sig betur á því, án þess að þörf sé á að setja það inn í lagatextann, hvaða fólk hér yrði um að ræða. Fólk með uppeldisfræðimenntun, það gengur nógu illa eins og við þekkjum að fá fólk með kennarapróf til þess að kenna. Við þyrftum að átta okkur aðeins betur á því hvað flm. eiga við með þessari síðustu málsgrein. En málið er mikilvægt, að skólinn sé ekki aðeins skólastofa heldur geti líka verið athvarf. Og það er mjög jákvætt í þessu frv. í heild, grg. og framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv., að það er lögð áhersla á það að tryggja betur en nú er gert það sem ég vil kalla gæsluhlutverk skólans. Ég tel það vera mjög þýðingarmikið atriði.

5. gr. kveður á um lengingu daglegs vinnutíma nemenda. Þar er um að ræða mjög verulega lengingu, t.d. að því er varðar 6 ára börnin, þá eru þau mest 17 eða 18 tíma á viku hér á höfuðborgarsvæðinu eins og það er núna, en mundu fara í 30 stundir alls samkvæmt þessu frv. Það er lenging um 66%. Og tíminn hjá 7 ára börnunum ætti að lengjast úr 22 stundum í 1200 mínútur eða um 36%. Hér er auðvitað um gríðarlega mikla breytingu að ræða. Þessar tillögur er örugglega allar mjög auðvelt að rökstyðja frá bæði almennu og sjálfsagt líka kennslufræðilegu sjónarmiði. Ég held að hins vegar þurfum við að átta okkur á því í sambandi við þetta efni hvort það er endilega nauðsynlegt að vera með þetta svona nákvæmt í lögum. Ég er ekki alveg viss um það. Ég er reiðubúinn til þess að fallast á rök á hvorn veginn sem er ef ég heyri þau gild, en mér finnst þetta vera dálítið nákvæmt miðað við það sem maður er vanur í lagatexta.

Að því er varðar þessa grein í sambandi við lengingu *skólatímans, þá er náttúrlega ljóst að hún* kostar talsvert fé og það þýðir m.a. fleiri kennara ásamt fleiri greinum hér. Það þýðir miklu fleiri kennara en nú eru til í landinu. Ég segi til. Mér er tjáð að kennarar séu núna um 3200. Þar af eru 600 leiðbeinendur og rúmlega ⅓ af launum kennara er fyrir yfirtíð. Kennaraskortur í landinu er því þegar í kringum 1000 kennarar. Þannig að samhliða áætlun um þessa eflingu grunnskólans, sem ég var hér að tala um áðan, yrði auðvitað að koma áætlun um eflingu kennaramenntunarinnar í landinu og það hvernig hún getur tryggt það að sú þjónusta verði veitt börnunum sem grunnskólalögin að öðru leyti gerðu ráð fyrir.

6. gr. frv. fjallar um *fækkun í bekkjum*. Út af fyrir sig er það líka athyglisvert mál. Það hefur komið fram að kennarasamtökin og kennararnir telja að núverandi ástand í þeim efnum sé óbærilegt, en það flokkast væntanlega ekki undir helgispjöll að geta þess að það hafa verið gerðar mjög viðamiklar rannsóknir á fylgni á milli stærðar bekkja og námsárangurs.

Ég hef undir höndum upplýsingar um bandaríska rannsókn frá háskólanum í Colorado sem var birt 1979, þar sem keyrðar voru saman 80 mjög stórar rannsóknir frá 70 ára tímabili um bekkjarstærðir í mörgum löndum. Þetta voru 700 mismunandi bekkjarstærðir, 900 þús. nemendur sem þessi keyrsla náði til. Og það kom í ljós í þessari könnun þegar allir nemendur voru teknir saman að það eitt

út af fyrir sig, ef ekkert annað gerðist, að fækka í bekkjum fer ekki að ráða úrslitum fyrr en búið er að fækka mjög verulega, þ.e. niður fyrir 15. Ef menn eru að tala um fækkun úr 30 niður í 20, þá er breytingin hverfandi lítil samkvæmt þessari könnun.

Ég held að þetta sé umhugsunarefni. Hverju skiptir bekkjarstærðin? Hverju skiptir gerð námsefnisins og námsgögnin? Hverju skiptir viðverutíminn í skólanum í heild? Og síðast en ekki síst: Hverju skiptir menntun kennarans og líðan hans í skólanum, m.a. launakjör og önnur vinnuaðstaða?

Og ég held að það væri mjög nauðsynlegt ef við erum að tala um það sem við erum að ræða hér, að taka upp grunnskólalögin, skoða þau í heild, þá eigum við að athuga hvað allir þessir þættir gera hver fyrir sig um leið og við ákveðum í hvaða röð við göngum í að bæta skólastarfið í þágu barnanna og þjóðarinnar allrar.

Ég held að í rauninni sé það þannig að það sem skipti einna mestu máli séu kennararnir og innstilling þeirra og menntun. Sá kraftur sem er í hverjum kennara til þess að annast börnin í bekknum. Það er auðvitað alveg ljóst að það er útilokað fyrir kennara að sinna sem skyldi bekkjardeild með 30–40 börnum. Við sem höfum fengist eitthvað pínulítið við kennslu þekkjum hvað það er erfitt. Sérstaklega að sinna þeim sem víkja eitthvað aðeins frá meðaltalinu.

Ég vil þess vegna segja það í þessu sambandi, virðulegi forseti, að við ættum kannski að átta okkur á vissum atriðum um leið og við sláum þessu föstu: Við skulum koma hér á skólaskyldu fyrir 6 ára börn. Við skulum koma hér á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum. Það er engin afsökun fyrir okkur að gera þetta ekki. Peningaupphæðirnar sem til þess þarf eru ekki svo stórar að það sé ekki viðráðanlegt. Og þá er ég ekki að tala um í einhverri blámóðu fjarskans heldur strax á næsta eða í síðasta lagi næstnæsta fjárlagaári. — En jafnframt þessu eigum við að skoða skólaþróunina í heild og ég vil nefna nokkur atriði í þeim efnum sem mér finnst nauðsynlegt að hafa í huga.

Það fyrsta sem ég nefni er að efla fræðsluskrifstofurnar allt í kringum landið þannig að þær geti fært þróunarstarfið í skólamálum inn í skólana. Ég held að sumarnámskeiðin við Kennaraháskóla Íslands séu út af fyrir sig góðra gjalda verð, en ég held að sú tilraun sem hefur verið gerð, að vera samtímis með nám í Kennaraháskólanum og kennslu úti í skólunum, að vera með sama fólkið í þessu, það eru 100–150 manns eða svo, ég held að sú tilraun hafi gefið miklu meiri árangur en þessi námskeið, sem eru góðra gjalda verð en eru dálítið aðskilin frá hinu raunverulega lífi inni í skólunum sjálfum. Ég nefni sem sagt markvisst skólaþróunarstarf númer eitt inn í þessa umræðu. Jafnframt það að komið verði á skólaþróunarsjóði skv. 64. gr. grunnskólalaganna, sem hefur aldrei verið komið á, til þess að vinna markvisst í þessu efni. Og væri ekki skynsamlegt að byrja á því, að því er varðar fækkun í bekkjardeildum og lengingu skólatíma, að taka út t.d. 5–10 skóla í tvö ár og meta árangurinn að þeim tíma loknum? Þessi tilraun færi fram undir stjórn Rannsóknastofnunar uppeldismála þar sem hlutirnir væru metnir og menn reyndu að loknum þessum tilraunatíma eða rannsóknatíma að átta sig á því hvar best væri að byrja.

Ég held að við höfum vanrækt stórkostlega þróunarstarf í skólamálum eins og reyndar á fleiri sviðum. Ég hygg reyndar að við séum að dragast stórkostlega aftur úr öðrum þjóðum í skólamálum. Og ég er sannfærður um að það er ekki síst vegna þess að okkur hættir allt of mikið til að líta á hlutina „statískt", sem fasta, óumbreytanlega, í stað þess að ýta undir þróunarstarf og líf í skólakerfinu sjálfu og þeim þáttum þjóðfélagsins sem einkum snerta skólakerfið.

Ég hef nefnt þetta með 6 ára börnin og skólamáltíðirnar sem forgangsverkefni og legg síðan áherslu á það að hreyfiaflið er ekki síst kennarinn og kjör hans og vinnuaðstaða.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara hér yfir kostnaðinn við þessar tillögur. Það hefur verið gert mjög skilmerkilega af hv. flm. Ég tók svo eftir að stofnkostnaðurinn við þetta væri 3200 millj. kr. ef allt yrði framkvæmt. Ég tók svo eftir í ræðu hæstv. menntmrh. að framlögin í ár væru um 350 millj. kr. Er þetta ekki svona u.þ.b. 9 ára framlög eins og þau hafa verið til skólanna á undanförnum árum? Þetta segi ég ekki til að undirstrika það að þetta séu óraunhæfar tillögur, heldur til að undirstrika það að framlögin til skólamála, m.a. stofnkostnaðar á undanförnum árum, hafa verið allt of lág. Þau hafa hrunið svo að segja núna og það er að koma okkur í koll. Það birtist okkur m.a. með þeim hætti að skólastarfið er að staðna.

Ég held, herra forseti, að þessi umræða, sem hér hefur verið hafin, sé jákvæð og gagnleg. Það er gott að taka hér stund í að ræða þessi mál, um grunnskólann. Ég vil gera það að mínum lokaorðum að ég vildi gjarnan sjá hér tillögu að áætlun til nokkurra ára um þróun skólastarfs á Íslandi. Ég vil gjarnan að þar séu allir þættir teknir saman, þ.e. grunnskólinn, framhaldsskólinn og háskólinn og við áttum okkur á því hvernig við getum í fyrsta lagi tryggt að þessar stofnanir skili menntuðu fólki út í þjóðfélagið og í annan stað tryggt að það geti hjálpað okkur til að skapa hér betra þjóðfélag.

Hins vegar er örugglega ágreiningur um það í okkar hópi hvað er gott þjóðfélag og hvað er vont. Ég er t.d. ekki viss um það að japanska þjóðfélagið sem framleiðir fólk sé gott þjóðfélag. Ég er ekki viss um það fyrir mitt leyti. Ég hygg að við þurfum aðra mælikvarða, herra forseti.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. flm. fyrir þetta frv. um breytingu á grunnskólalögunum. Sú hugmynd sem þar liggur að baki um samfelldan og einsetinn skóla allt frá 6 ára aldri hefur verið

áhugamál margra, ekki síst sjálfstæðismanna. Konur í Sjálfstfl. hafa barist ötullega fyrir þessu máli bæði í landsstjórn og í sveitarstjórnum. Þær hafa og verið mjög ötular í borgarstjórn og vakið þar athygli á ýmsum þeim efnisatriðum sem þetta frv. tekur einmitt á með þeim árangri að nú njóta rúmlega 70% grunnskólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin upp í tæp 83%. Auk þess má bæta því við að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Þessar upplýsingar koma raunar fram í viðauka II með þessu frv. sem svar frá hæstv. menntmrh. við fsp. um samfelldan skóladag.

Sjálfstæðismenn hafa margoft ályktað um þetta stefnumál sitt, nú síðast á 27. landsfundi Sjálfstfl. 1987, en þar segir m.a. í kafla um skóla- og fræðslumál, með leyfi virðulegs forseta:

„Upphaf skólaskyldu ætti að miða við 6 ára aldur. Skóladagur er nú samfelldur í allmörgum skólum fyrir atbeina Sjálfstfl. og ber að vinna að því að svo verði í skólum um land allt. Áfram verði haldið á þeirri braut sem mótuð hefur verið í samstarfi foreldra og skóla."

Og í kafla um jafnréttis- og fjölskyldumál segir enn fremur, með leyfi virðulegs forseta:

„Landsfundur Sjálfstfl. fagnar því starfi sem unnið hefur verið á undanförnum árum undir forustu sjálfstæðismanna að efla tengsl heimila og skóla og koma á samfelldum skóladegi. Áfram þarf að halda á þeirri braut og bæta starfsaðstöðu nemenda og kennara, vinna að því að nemendur geti neytt máltíða í skólum og auka umferðaröryggi barna. Áhrif foreldra á stjórn skóla þarf að tryggja."

Það er mér því mikið ánægjuefni að þm. Kvennalistans skuli vera okkur sjálfstæðismönnum sammála í þessu þjóðþrifamáli. Raunar átti hv. flm. þessa frv., Guðrún Agnarsdóttir, svo sem hún tók fram áðan, sæti í vinnuhópi eða nefnd undir forustu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur sem var skipuð þann 12. júlí 1983 af þáv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur. Nefnd þessi vann einmitt að því að gera tillögur um það hvernig best væri að koma á samfelldum skóladegi og efla tengsl heimila og skóla. Nál. þetta var útgefið af menntmrn. í október 1984. Óhætt er að segja að mörgum af þessum till. er nú þegar fylgt eftir í skólastarfi eða þær eru að komast í framkvæmd, sérstaklega þó hvað varðar þá hlið sem snýr að tengslum heimila og skóla. Mér var raunar tjáð af formanni þessarar nefndar að nefndarmeðlimir hefðu verið sammála um það að tillögur þessar til úrbóta í skólastarfinu væru framkvæmdaratriði sem ekki þyrfti að kveða á um í lögum.

Tillögur þessarar nefndar um samfelldan skóladag eru á bls. 28 og 29 í umræddri skýrslu og á bls. 24 og 25 í grg. með þessu frv. Hæstv. menntmrh. las þessi atriði upp hér áðan þannig að ég mun ekki endurtaka þau, en ég bendi á að mér virðist að hv. flm. hafi einmitt haft þessar tillögur í huga þegar þær sömdu þetta frv. og er ekkert nema gott eitt um það að segja.

Þessar tillögur hafa verið stefnumótandi fyrir skólauppbyggingu í landinu. Sem dæmi um slíkar byggingar má nefna Grandaskóla og Foldaskóla. Sá síðarnefndi átti raunar að vera einsetinn en Reykjavíkurborg fékk þegar til kom ekki fjármagn til þess frá ríkinu.

Í upphafi grg. segir að grunnskólar þurfi að vera einsetnir heilsdagsskólar þar sem vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld þar sem brýn þörf sé á því að samræma betur vinnudag barna og foreldra hérlendis. Undir þetta get ég heils hugar tekið. En þá komum við að peningahliðinni. Það er ljóst að stórkostlegt fjármagn þarf til þess að gera alla grunnskóla bæði samfellda og einsetna og er jafnvel talað um nokkra milljarða í því sambandi bara hér í Reykjavík. Það þarf að byggja nýtt skólahúsnæði, sérgreinastofur, koma upp íþróttaaðstöðu og mötuneyti við hvern skóla, fjölga starfsliði vegna gæslu o.fl. svo sem tíundað hefur verið hér áður. Það er alveg ljóst að slíkt fé verður ekki töfrað fram á svipstundu og ekki trúi ég því að hin hagsýna húsmóðir vilji taka erlent lán í því skyni. Ég er þó á þeirri skoðun að þetta vandamál verði að leysa þótt það taki nokkurn tíma og er raunar sannfærð um að að því verði unnið, sbr. stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, en þar segir m.a. á bls. 20, með leyfi virðulegs forseta:

„Fram mun fara athugun á fyrirkomulagi sérkennslu. Kannað verður hvernig grunnskólinn geti betur rækt umönnunar- og uppeldishlutverk við hlið fræðslustarfs.

Unnið verður að því að koma á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum fyrir börn á grunnskólaaldri."

Ég hef áður lýst því yfir að ég er sammála þeim hugmyndum sem frv. það sem hér er til umfjöllunar grundvallast á. Það eru þó viss efnisatriði sem gætu orðið erfið í framkvæmd, sbr. t.d. 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi virðulegs forseta: „Stærð skólahúsnæðis grunnskóla fyrir nemendur í 1.–10. bekk skal miða við að fjöldi nemenda í skólanum fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur." Hér virðist gert ráð fyrir því að grunnskólanum verði skipt í tvennt með hámarksfjölda nemenda.

Ég held að einmitt þetta atriði geti orðið erfitt og afar kostnaðarsamt í framkvæmd þótt kennarar og skólamenn séu almennt þeirrar skoðunar að heppilegast sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna eins og segir í grg. með þessari grein frv. Þetta atriði er þó vafalaust nokkuð misjafnt eftir hverfum og byggðarlögum. Það er hins vegar spurning hvort slíkt ákvæði eigi að lögfesta eins og reyndar hæstv. menntmrh. benti á hér áðan.

Í 4. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir því að starfsfólk með uppeldisfræðimenntun verði fengið til að annast nemendur í grunnskólum fyrir eða eftir eiginlegan skólatíma. Það er ekkert nánar skilgreint í grg.

hvers konar menntun er hér átt við. Ef lögfesta á slíkt ráðningarskilyrði þá þarf nánari útskýringar við eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan. Sú hugmynd hefur komið fram að t.d. Sóknarkonur gætu með fræðslu eða námskeiðum áunnið sér rétt sem nokkurs konar fóstrutæknar og finnst mér að slíkt mætti skoða.

Loks er í 7. gr. frv. gert ráð fyrir því að 74. gr. núgildandi grunnskólalaga falli brott, en hún fjallar um heimild sveitarfélaga til að setja á stofn við grunnskólann og undir sömu stjórn forskóla fyrir fimm og sex ára börn. Um þetta atriði segir í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„Fimm ára börn eiga nú völ á mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum og þykir rétt að vanda fremur til aðbúnaðar þeirra aldurshópa sem þegar eru í grunnskóla en að auka við nýjum árgangi og bjóða honum upp á lakari kost en hann á völ á."

Um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir, ekki síst hjá foreldrum, svo að það er spurning hvort afnema eigi með öllu slíkt heimildarákvæði hvað varðar fimm ára börn. Sú þróun gæti þó átt sér stað að fóstrur komi inn í kennaramenntunina eða nám þeirra verði flutt inn í Kennaraháskólann.

Fleiri athugasemdir mætti gera við þetta frv. þótt ég láti það vera að sinni.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hv. flm. fyrir þetta frv. sem ég tel mjög jákvætt í grundvallaratriðum og fyrir þær umræður sem þetta frv. hefur skapað hér í þingdeildinni. Ég vil aðeins benda á að þetta sama mál hefur verið til athugunar hjá þeirri fjölskyldunefnd sem hæstv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, skipaði sl. sumar undir forustu Ingu Jónu Þórðardóttur. Mér er tjáð að nefndin muni skila af sér ítarlegum tillögum í apríl nk. bæði um samfelldan skóladag og dagvistarmál og verða þær tillögur vafalaust mjög athyglisverðar.

Von mín er sú að sem flestir muni vinna að því að koma á þeim úrbótum í skólamálum okkar sem nauðsynlegar eru vegna breyttra þjóðfélagsþátta, ekki síst barnanna vegna. Og þar sem hæstv. menntmrh. er hér staddur þá vil ég beina þeim vinsamlegu tilmælum til hans, og treysti honum reyndar fyllilega til þess, að standa vörð um þetta mikilvæga mál.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Hér hafa farið nokkuð góðar umræður fram um frv. Kvennalistans til breytinga á grunnskólalögunum. Ég tel þær af hinu góða. Get ég tekið undir þau sjónarmið sem þar koma fram, en tel samt ekki ástæðu nú til þess að úttala mig um hvert og eitt þeirra. Frv. á eftir að fara til menntmn. þar sem ég sit. Þar fer eflaust fram betri umræða og bíð ég með mínar athugasemdir þangað til að því kemur.

Ég sagði að ég gæti tekið undir þau átta sjónarmið sem koma fram í þessu frv. og ég tel að þau hafi verið og eigi að vera ráðamönnum að leiðarljósi í skólamálum. Hins vegar skal ég upplýsa það að ég er ekki mjög hrifinn af því að lögbinda þessi atriði en þau eiga að vera markmið stjórnvalda. Ég tel þessi atriði markmið en ekki bein lagaatriði þó að með setningu þessara atriða í lögum þá verði það til þess að knýja á um að farið verði eftir þessu. En ég tel sem sagt að mörg þessara atriða sé ekki rétt að hafa í lagatexta.

Það var ekki margt sem ég vildi hér sagt hafa, en taldi samt nauðsynlegt að fulltrúi frá Borgarafl. kæmi hér upp og gerði grein fyrir sinni afstöðu og síns flokks. Hún er sem sagt sú að þetta eru þau markmið sem við höfum lagt fram í okkar stefnuskrá og ég fagna því að þetta kemur hér til umræðu.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri góðu umræðu sem hér fer fram því að ég tel að það sé okkur mjög þarft og nauðsynlegt að ræða menntamálin sem oftast vegna þess að ég tel að það skorti enn þá töluvert á að við höldum hér uppi góðri menntastefnu. Það er nauðsynlegt að ræða þau mál hvort sem um er að ræða einstaka þætti eða þá menntamálin sem heild.

En ég fagna reyndar líka þeirri hugmynd sem hæstv. menntmrh. varpaði hér fram áðan um að gera einhvers konar áætlun um skólabyggingar vegna þess að ég er honum hjartanlega sammála í því að vinnubrögð virðast oft vera tilviljunarkennd. Það rísa upp skólahús og þá gjarnan núna seinni árin íþróttahús, að því er virðist tilviljunarkennt. Sums staðar eru húsin upp risin en enn liggur ekki fyrir samningur um gerð þeirra og fjárveitingar vantar á meðan samið er um önnur hús sem alls ekki er byrjað að byggja. Það leiðir til óþarfrar baráttu á milli kjördæma og því fagna ég því, eins og ég sagði áðan, að hann hefur uppi hugmyndir um að ráða bót á þessu.

Ég ætla ekki að fara út í eintök efnisatriði frv. sem hér er til umræðu. Það hefur fyrri flm., hv. 6. þm. Reykv., gert á þann hátt að ég sé ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þau. En efni þessa frv. er eitt atriði af mörgum varðandi skólamál og menntastefnu sem við kvennalistakonur vildum sjá tekið á af myndarskap.

Við höfum á þessu þingi lagt fram nokkrar tillögur og borið fram fyrirspurnir varðandi skólamálin. Þar má t.d. nefna till. sem við fluttum nýlega um aukna ráðgjöf og þjónustu við nemendur með sérþarfir, foreldra þeirra og kennara. En það er ljóst að nemendur sem þurfa á sérkennslu að halda þurfa að vera í stöðugri þjálfun og þá er mikilvægt að draga ekki bara nemandann og kennarann inn í heldur einnig foreldrana.

Við bárum einnig fram fsp. í upphafi þessa þings um kennararáðningar við skóla landsins og það kom reyndar í ljós sem okkur grunaði að þar er hlutfall leiðbeinenda allt of hátt, sérstaklega á landsbyggðinni. Það gengur ekki eins vel að fá kennara þangað og hér á höfuðborgarsvæðinu og það vekur aftur upp spurninguna um jafnrétti barnanna til náms.

Þá höfum við einnig nýlega lagt fram fsp. varðandi skólaakstur en mjög mörg börn á grunnskólaaldri eyða allmörgum klukkustundum í viku hverri í skólabílum sem okkur er kunnugt um að eru misjafnir að gæðum. Það kom reyndar fram í svari hæstv. dómsmrh. að það eru veittar undanþágur til að setja fleiri börn í þessa bíla en leyfilegt er. Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort nokkuð sé nógu gott fyrir börnin og ég held að við ættum að huga mjög vel að því. Þetta frv. er nú einmitt flutt í þeim tilgangi að bæta stöðu barnanna sem oft vilja gleymast í þjóðfélagi þar sem hraðinn, flýtirinn og vinnuálagið stjórna mönnum frá einni klukkustund til annarrar.

Hæstv. menntmrh. varð í máli sínu tíðrætt um skort. Hann talaði að sjálfsögðu um skort á fjármagni til að framkvæma þær breytingar sem frv. okkar gerir ráð fyrir. En honum varð líka tíðrætt um skort á starfsfólki, hvort sem um var að ræða fólk til að annast mötuneyti, gæslu nemenda eða kennslu. Og hverjar skyldu nú ástæður skortsins vera? Hvers vegna óttast hann svo mjög að ekki fáist fólk til starfa? Svarið er einfalt og blasir við okkur daglega. Störf þeirra sem umönnunar- og uppeldisstörf stunda eru stórlega vanmetin þegar að því kemur að greiða laun fyrir þau, enda eru þau að stærstum hluta til störf sem áður voru unnin ókeypis inni á heimilum landsins af húsmæðrunum.

Það er mikið íhugunarefni hvernig við ætlum að komast út úr þessum hugsunarhætti, svo tekið sé dæmi um kennarana eingöngu, en það hlýtur að vera hæstv. menntmrh. sem og okkur þm. öllum mikið áhyggjuefni á þessari stundu hvernig kjarabarátta þeirra þróast á næstu dögum og vikum. Kennarar hafa á undanförnum árum starfað í ýmsum nefndum, bæði innan eigin raða og jafnvel í samstarfi við menntmrn. m.a. með það fyrir augum að bæta kjör sín. Skýrslur hafa verið gefnar út og óvefengjanlegar niðurstöður lagðar fyrir. Og svo gerðist það sl. vor að út kom skýrsla erlendra sérfræðinga um skólastarfið á Íslandi. Í öllum skýrslum og niðurstöðum sem birtar hafa verið ber allt að sama brunni. Laun og kjör kennara eru hreinlega talin standa skólastarfinu fyrir þrifum. Þetta hefur hver menntmrh. af öðrum tekið undir en samt gerist ekkert.

Af þessu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh. um hans skoðun á kjörum kennara og hvort í rauninni sé svo mikið tengslaleysi milli menntmrn. og fjmrn. að engu verði um þokað. Ef við ætlum að geta talist sjálfstæð þjóð er ein af frumforsendunum sú að við getum haldið uppi öflugri menntastefnu og þar með virku skólastarfi, en í hversdagsleika skólastarfsins hefur kennarinn þýðingarmiklu hlutverki að gegna og til hans eru gerðar sífauknar kröfur eftir því sem daglega lífið gerist flóknara.

Það hefur oft verið minnst á langan vinnudag foreldra í þessari umræðu. Það eru ill örlög barna okkar að fá ekki að njóta nægra samvista við foreldra sína og vera þar að auki í kennslu hjá kennurum sem líka vinna allt of langan vinnudag, en eins og fram kom í máli hv. 7. þm. Reykv., þá er ⅓ hluti af launakostnaði menntmrn. fyrir yfirvinnu kennara.

Það er ýmislegt fleira sem þarf að taka til gagngerrar endurskoðunar og athuga með tilliti til forgangsverkefna, forgangshraða. Vil ég þar t.d. minnast á till. þingkvenna Kvennalistans um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum sem samþykkt var á síðasta þingi. Það var tímabær og nauðsynleg till., en því miður hefur sú starfsemi verið svelt fjárhagslega eins og svo allt of margt annað.

Ég minntist á það áðan að okkur hefði orðið tíðrætt um skortinn. Það sem okkur skortir fyrst og fremst að mínu mati er sú heildarsýn sem þarf til að móta heildstæða menntastefnu þar sem verkefni eru sett í forgangsröð. Allir hljóta að vera sammála um nauðsyn þess að setja viðurværi og umönnun yngstu barnanna í forgang því lengi býr að fyrstu gerð. Eftir því sem mér hefur heyrst á hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, þá taka þeir mjög undir efni þessa frv. þannig að við gerum okkur svo sannarlega vonir um að þetta verði eitt af þeim verkefnum sem sett verða í ótvíræðan forgang.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Það er e.t.v. ekki ástæða fyrir mig að hafa langt mál, en ég get þó ekki látið hjá líða að þakka flm. þessa frv. fyrir að hafa lagt það fram, hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur og hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur. Það er búið að fjalla um einstök atriði frv. og sé ég ekki ástæðu til að fara neitt ítarlega út í það. Ég vildi fyrst og fremst taka undir grundvallarviðhorf sem endurspeglast í þessu frv. Mér finnst hv. 6. þm. Reykv. hafi í hnotskurn í sinni ítarlegu framsöguræðu gert grein fyrir þeim upplýsingum, viðhorfum og störfum, tveggja ára vinnu þess vinnuhóps sem hér hefur nokkrum sinnum verið getið um að hafi verið skipaður af hæstv. þáv. menntmrh. Ragnhildi Helgadóttur. Enda er ýmislegt sem kemur fram í fskj. þessa frv. tekið upp úr þeirri skýrslu og þarf ég því ekki að hafa frekari orð um það. Ég vil aðeins geta þess hér að það var sérstaklega ánægjulegt að starfa í þessum vinnuhópi vegna þess að ég man ekki eftir því að það hafi nokkurn tímann komið fram ágreiningur um einstök atriði. Það var alltaf sameiginleg niðurstaða um þær tillögur eða þau viðhorf sem fram komu hjá hópnum og endurspeglast í þeim tveimur skýrslum sem gefnar voru út, annars vegar um þéttbýlið og hins vegar skýrsla um dreifbýlið. En eins og kom réttilega fram í máli hv. frsm., þá eru viðhorfin mjög ólík til skólamála, eins og svo margs annars þegar annars vegar er um að ræða dreifbýlið og hins vegar þéttbýlið.

Það eru þýðingarmikil atriði sem fjallað er sérstaklega um í þessu frv. og það er samfelld viðvera nemenda og kennara í skólunum. En eitt af vanda-

málunum sem oft endurspegluðust í viðræðum vinnuhópsins við ýmsa aðila var einmitt þetta vandamál innan kennarastéttarinnar líka, hvernig þeirra starfstíma og þeirra kjörum er háttað. Jafnvel eru þess dæmi að kennarar kenna á fleiri en einum vinnustað og eru á hlaupum á milli skóla sem kemur þá óneitanlega niður á stundaskrá og þar með niður á börnum. Þetta er eitt atriði sem vissulega er mikil þörf á að bæta úr.

Það er talað um nauðsyn þess að hafa athvarf fyrir nemendur utan kennslustunda. Þetta er líka ein af þeim ábendingum sem vinnuhópurinn lagði til. Það er að vísu í frv. talað um að það þurfi að vera sérmenntað starfsfólk sem eigi að ráða til þeirrar gæslu. Ég er ekki alveg viss um að það þurfi að leggja áherslu á það. Ég held að ef slíkt athvarf er í skóla, þá mætti nýta með ýmsum hætti aðra starfskrafta, ef nota má svo leiðinlegt orð sem starfskraftur er, þ.e. það þurfi ekki endilega að vera sérmenntað fólk í uppeldisfræðum heldur mætti þarna jafnvel hugsa sér foreldra eða jafnvel afa og ömmur. Ég held að það sé ekki svo mikið atriði að þar sé um sérfræðimenntað fólk í uppeldisstörfum að ræða.

Í þessu atriði var lögð áhersla á bókasöfnin, að þau gætu komið að miklu gagni einmitt varðandi viðveru nemendanna í skólanum utan kennslustunda.

Þá er eitt af þeim mikilvægu atriðum sem líka er fjallað um í frv. aðstaða fyrir nemendur til að neyta nestis eða matar í skólanum. Það var eitt af þeim atriðum sem vinnuhópurinn lagði mikla áherslu á að skipti miklu máli. Ef koma ætti upp aðstöðu, þ.e. með fullkomnum eldhúsum og öðru slíku í skólum, þá mundi það kosta mikið fjármagn. Við gerum okkur grein fyrir því. En það er eins með þetta, eins og reyndar þegar hefur verið gert og er verið að gera, að ég held að það sé hægt að leysa á ódýrari hátt og finna leiðir til þess. Ég held að þetta sé að þróast í rétta átt. Það er víðast hvar farið að gera tilraunir með nestismál skólabarna á ýmsan hátt. Sums staðar í skólum hafa verið ráðnir starfsmenn sem taka að sér t.d. að elda súpu og smyrja brauð. Það þekkist í skólum og víða hafa verið reyndir nestispakkarnir sem, eins og hér hefur reyndar komið fram fyrr, hafa viljað detta út vegna þess að krakkarnir verða leiðir á þessum nestispökkum. Mjólkursamsalan, sem hér var einnig minnst á og við höfðum náið samráð við í okkar vinnu, gerði tilraunir með nestispakka og það var einmitt á síðasta kjörtímabili sem umrædd niðurgreiðsla á mjólk hófst til skólabarna til þess að koma til móts við þau og reyna að auka mjólkurneysluna í stað sykurdrykkjanna.

Það er staðreynd að aðrar þjóðir, t.d. Norðurlandaþjóðirnar, hafa reynt að bregðast við þessum vanda með skólamáltíðum. Við erum að byrja að bregðast við því. Það er þýðingarmikið atriði að börnin fái þessa hollu næringu. Það hafa rannsóknir sýnt sem gerðar hafa verið á skólabörnum, t.d. í Svíþjóð. Þær sönnuðu það að börn sem fengu ekki rétta og holla næringu í skólanum voru miklu verr í stakk búin til að sinna sínu námi en hin sem höfðu rétta og holla næringu á meðan á skólatíma stóð.

Mér þótti rétt að hnykkja aðeins á þessum atriðum. Ég fagna þeirri jákvæðu og ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um þessi mál vegna þessa frv.

Það kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. og reyndar hv. 6. þm. Vesturl. einnig að það skipti miklu máli hvernig kjörum kennara væri háttað til þess að hægt væri að manna skólana og ég vil svo sannarlega taka undir það. Ég vil minna á að það hefur verið sýndur í verki skilningur á þýðingu þessa með þeim bættu launakjörum kennara sem urðu í kjarasamningum — ég man ekki hvort það var á síðasta ári en alla vega á síðasta kjörtímabili — sem var umtalsvert þó að alltaf megi sjálfsagt gera betur. En það er meginatriði að vinnutíma kennara sé þannig háttað að þeir séu til staðar, að þeir hafi þessa samfelldu viðveru eins og nemendurnir og það sé hægt að nýta þeirra vinnu á skólatíma, jafnvel þó að þeir séu ekki endilega inni í kennslustundum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem m.a. komu fram í umræðum innan vinnuhópsins sem ég vitnaði til.

Ég vil sem sagt taka undir það að menntun og líðan kennarans í skólanum skiptir auðvitað miklu máli, en ég vil jafnframt minna á það að það skiptir meginmáli hvernig barninu líður í skólanum. Við megum ekki gleyma því að skólinn er til fyrir barnið en ekki öfugt. En það er eins og það vilji nú stundum gleymast. Og varðandi vinnustaðamáltíðir og nestismál skólabarna, þá vitum við það að í öllum kjarasamningum er verið að semja um niðurgreiddan mat til fólks í alls konar stofnunum og vinnustöðum en það þykir kannski ekki eins sjálfsagt þegar komið er að börnunum og það mættum við hugleiða líka.

Ég vil aðeins að lokum láta þess getið að það kemur mér á óvart að í þessu frv. er ekki tekið sérstaklega á þeim þætti sem varðar aukið samstarf heimila og skóla, um dagleg störf skólans. Þá á ég við í raun og veru þá róttækustu tillögu sem fram kom hjá vinnuhópnum og þá einu sem sérstaklega var getið um að þyrfti lagabreytingu til að koma í framkvæmd — og það var um að stofna sérstök skólaráð. En vinnuhópurinn mælti eindregið með því að við hvern grunnskóla skuli starfa skólaráð sem sé stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir, félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi hans. Í þessu skólaráði var gert ráð fyrir að foreldrar ættu sinn fulltrúa og þannig var það hugsað að koma mætti á nánara samstarfi milli foreldra og skóla svo að foreldrar ættu kost á því í gegnum sinn fulltrúa að fylgjast betur með hvernig háttað væri hinu daglega starfi skólans. Ég vil taka fram að það er ekki gert ráð fyrir að slíkt skólaráð sitji fundi á hverjum degi heldur komi saman kannski að vori, hausti og einu sinni um miðjan vetur eða slíkt.

Ég flutti um þetta frv. í beinu framhaldi af þessum tillögum vinnuhópsins. Það frv. náði ekki fram að ganga en ég hafði gert ráð fyrir því að vera búin að leggja það fram nú, endurflytja það, en af sérstökum ástæðum, sem ég hirði nú ekki um að fara að tíunda hér, þá gat ekki orðið af því. En ég vil láta þess getið að ég mun endurflytja þetta frv. mitt og vænti þess að það fái stuðning sem flestra og þá ekki síst hv. þm. Kvennalistans sem áður hafa lýst stuðningi við það mál.

Sveinn G. Hálfdánarson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. flm. þessa frv. fyrir gott innlegg í skólaumræðuna sem mér sýnist vera stór þáttur á þessu þingi eins og oft vill verða. Ég vil lýsa því yfir að mér sýnast meginmarkmið þessara brtt. sem hér liggja fyrir vera samhljóða stefnumiðum Alþfl. og þeirri framtíðarsýn sem við jafnaðarmenn sjáum og óskum að fram komi í skólamálum. Hins vegar bendi ég á það að ekki hefur enn tekist að framfylgja núgildandi lögum um grunnskóla. Tel ég að það sé ekki síst vegna takmarkaðrar fjárhagslegrar getu okkar Íslendinga.

Hv. flm. setja sér það markmið að koma þessum breytingum á á næstu tveimur árum. Ég held að það hafi komið fram hér hjá hæstv. menntmrh. að framlag til skólabygginga væri 350 millj. kr. á þessu ári, en mér sýnist að ef við ætluðum að framfylgja þessum tillögum þeirra kvennalistakvenna þyrfti það framlag að tífaldast.

Eins og ég sagði áðan tel ég að þarna sé hreyft þörfu máli og það sé sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi taki sér tíma að ræða þessi mál. Við þurfum að búa okkur til heildarstefnu í skólamálum sem ég tel að hafi alla tíð vantað. Við höfum verið að taka á ákveðnum þáttum fræðslumálanna alla tíð en aldrei mótað okkur heilsteypta stefnu.

Ég fagna orðum hæstv. menntmrh. hér áðan þess efnis að hann stefndi að því að leggja fram áætlun um skólabyggingar. Það tel ég þarfa áætlun ef fram kæmi og mundi fagna henni mjög.

Ég vildi sem sagt aðeins lýsa því hér yfir að ég tel þessar tillögur þeirra kvennalistakvenna í hæsta máta vel þess virði að ræða þær og ég vona svo sannarlega að við eigum eftir að lifa það að sjá þær koma til framkvæmda. En ég get ekki ímyndað mér að það verði á allra næstu árum.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að sú framtíðarsýn sem kemur fram í þessu frv. er í anda okkar jafnaðarmanna. Reyndar eru alls ekki miklar deilur um það hvernig málum skuli skipað í skólamálum. Stjórnmálaflokkar þeir sem hér starfa eru flestir einhuga um að hverju skuli stefnt. Það sem menn deila um er hvernig skuli gera hlutina og hvaða fjármagn skuli til þeirra ætlað.

Ég get ekki að því gert að það hvarflar að mér að hér sé fyrst og fremst um yfirboð að ræða. Það er reyndar látið að því liggja að þetta séu hugmyndir sem ákveðinn vinnuhópur hafi að meginstofni til mótað og ekki ætla ég að blanda mér í þær deilur eða tilgátur. Hins vegar eru þetta í sjálfu sér atriði sem menn geta verið sammála um.

Vissulega vildum við öll stefna miklu lengra í þá átt að auka fræðslu og bæta aðbúnað barna í þjóðfélaginu. En það eru ekki allir sammála um það hvernig skuli byggja upp velferðarkerfið. Þeir hinir sömu sem gera miklar kröfur í þessum efnum veina svo af vandlætingu yfir skattlagningu, öskra og veina yfir skattlagningu og neita að standa að því að afla fjár til að byggja upp velferðarkerfið, vitandi það að hér á Íslandi eru skattar lægri en víðast í Evrópulöndum. Ef framkvæma á þær hugmyndir sem hér eru reifaðar þá er verið að tala um ekki minna en 3 milljarða í stofnkostnað, sennilega 3,5 og í rekstrarkostnað 1,5 milljarða á ári. Á sama tíma liggur það fyrir að í ár er aðeins varið 350 millj. kr. í skólabyggingar. Það er ekki af því að menn vilji ekki gera betur. Það er af því að fjármunir eru af skornum skammti.

Vita menn hvaða fjármagni er varið til þess að byggja sjúkrahús og heilsugæslu yfir allt landið? Það eru litlar 170 millj. kr. Á sama tíma þarf gamalt fólk og aðrir sem eru veikburða að búa við hinar verstu aðstæður.

Vita menn það líka að grunnskólalögin, sem nú eru í gildi, hefur ekki enn nærri því tekist að framkvæma? Gera menn sér grein fyrir því að mikið vantar á að námsbækur svari kröfum tímans? Ég var fyrir nokkru að hlýða syni mínum yfir í landafræði og það minnti mig óþyrmilega á það að sú landafræðibók sem er kennd núna er sama landafræðibókin og ég var að kenna þegar ég var í því starfi og orðin algerlega úrelt. Á sama tíma og slíkar kennslubækur eru notaðar, þar sem beinlínis er rangt farið með staðreyndir, m.a. varðandi næstu nágrannalönd okkar, kostar ríkið hundruð farseðla til þess að ástunda norræna samvinnu. Ég verð að játa það að mér finnst ástæða til að byrja á því að bæta úr á þessu sviði og veita fjármagni í það.

Vita menn við hvílíkt óhagræði fatlaðir búa í þjóðfélaginu? Mikið fötluð börn í Keflavík verður að flytja daglega til Reykjavíkur til þess að þau geti notið fræðslu. Þessi börn verða að hafast við í bifreiðum í tvo tíma á dag auk þess langa tíma sem þau eru í skólanum. Það er ekki til fé til að byggja skóla fyrir þetta fræðslustarf. Til byggingar sem ætluð er til þessara þarfa var varið rúmri 1 millj. kr. frá ríkinu í ár.

Svona er þetta alls staðar þar sem við berum niður. Það skortir fjármuni til að byggja upp það velferðarkerfi sem menn vilja koma á — flestir. En menn eru ekki sammála um það hvort og hvar þá skuli taka. Við teljum það jafnaðarmenn að það þurfi að tryggja að til séu fjármunir til þess að framkvæma hlutina. Og mér sýnist að verði það frv. sem hér liggur fyrir samþykkt þá verði það fyrst um sinn aðeins óskalisti ef ekki er tryggt fjármagn til að

framkvæma það. A.m.k. á meðan þau lög sem þegar eru í gildi eru ekki framkvæmd til fullnustu. Og að samþykkja lög sem kalla á fjárveitingar án þess að tryggja fjármuni til þess, það finnst mér rangt. Því skora ég á þá sem eru mjög áfram um að koma málinu fram að gera jafnframt grein fyrir því hvar skuli taka þá peninga sem þarf til að framkvæma þau lög. Ég tel það alveg nauðsynlegt í þessari umræðu. Þetta frv. er, eins og ég hef getið um áður, um sjálfsagða hluti en þó eru þeir ekki sjálfsagðir á meðan ekki er til fé til þess að framkvæma þá.

Ég get allt gott um þetta frv. sagt að öðru leyti en því að mér sýnist að grundvöllinn skorti. Ég minni á það aftur að við upplifum það hér í þinginu hvað eftir annað að þeir sömu sem harðast berjast gegn skattheimtu eru jafnframt harðastir í að koma með tillögur sem kosta fé. Þarna verður að breyta til. Það þarf reyndar víða. Það er rétt sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan að það þarf nýtt gildismat í þessu máli. Við þurfum að ganga miklu lengra til þess að byggja upp það velferðarkerfi sem flestir vilja koma á, en við göngum ekki þá göngu nema þm. samþykki að veita meiri fjármuni til framkvæmdar þeirra laga sem þeir samþykkja.

Flm. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka öllum þeim sem hér hafa tekið til máls fyrir jákvæða, málefnalega og góða umræðu. Ég verð að segja það að þetta hefur verið mjög ánægjulegur dagur í þessari ágætu þingdeild. Það hefur sérstaklega verið ánægjulegt hve þm. eru almennt sammála efni þessa frv. og a.m.k. taka vel undir þau grundvallarviðhorf og sjónarmið sem þar koma fram. Það hefur jafnframt verið mjög ánægjulegt hve mjög í raun skólamálin skipta menn almennt máli. Mér finnst vera fyrst og fremst um að ræða hvernig á að finna sameiginlegan farveg fyrir þær framkvæmdir í þessum málum sem eru knýjandi og nauðsynlegar og allir virðast vera sammála um að þurfi að verða sem fyrst. Þá er kannski fyrst og fremst spurning um það hvaða mál við ákveðum að setja í forgang.

Ég mun hafa þann háttinn á að fara yfir athugasemdir þeirra sem hafa tekið til máls í umræðunni og svara, ef mér þykir þess þörf, ýmsum þeim athugasemdum sem komu fram eða ræða að öðru leyti þau sjónarmið sem komu fram í máli manna. Ég vil sérstaklega fagna því hversu jákvæður hæstv. menntmrh. var í sínu máli. Mætti ég spyrja hæstv. forseta: Er menntmrh. önnum kafinn í Nd. sem stendur? (**Forseti:** Það er verið að ræða um Háskólann á Akureyri að mér var tjáð og hann þurfti þess vegna að fara frá.) Já, ég hafði reyndar vitneskju um það áðan. En ég vona að hann geti komið síðar eða a.m.k. kynnt sér það sem ég hafði fram að færa varðandi það sem hann sagði.

Hann minntist á það í upphafi máls síns eftir að hann hafði lýst yfir stuðningi við meginefni frv. að það væri erfitt að fá fólk til starfa t.d. í skólunum og þá er jú auðvitað það sem við blasir og kom fram í máli bæði hv. 7. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Vesturl. og reyndar líka í máli hv. 6. þm. Reykn. að um það er að ræða að tryggja bæði fóstrum og kennurum betri laun þannig að þetta fólk leiti eftir þeim störfum sem því standa til boða við uppeldisstörf.

Hæstv. ráðherra minntist á kostnaðarskiptingu milli foreldra annars vegar og ríkisins hins vegar í málefnum sem varða máltíðir í skóla. Hann minntist líka á það að öðru máli gegnir um dreifbýli og þéttbýli og lagði áherslu á nauðsyn þess að sýna sveigjanleika en ekki stífni eða að hafa ósveigjanlegt skipulag. Ég tek að sjálfsögðu undir það. Það er afar mikilvægt að skólinn sé lagaður að aðstæðum á hverjum stað svo best megi fara, en hins vegar verður ætíð að gæta lágmarksstaðla.

Hann minntist reyndar á það, og fleiri gerðu það í máli sínu, sem varðar sérstaklega gæslu og umönnun þeirra barna sem mundu dvelja í skóla utan kennslustunda og víst er að mikil þörf er fyrir það. Það kom fram bæði í máli hans og annarra, t.d. í máli hv. 6. þm. Reykn., að e.t.v. gæti ófaglært fólk annast þetta umsjónarhlutverk. Aðrir spurðu í þessu sambandi hverjir þeir væru sem hefðu uppeldisfræðilega menntun og gætu gegnt þessum starfa sem tiltekinn er í frv. Þegar átt er við uppeldisfræðilega menntun er fyrst og fremst verið að hugsa um fóstrur og kennara. En vegna þess hve þörfin er brýn fyrir gæslu, sérstaklega yngri barnanna, í skólum víða hafa sum sveitarfélög tekið þetta upp. Þau hafa satt að segja reynt að klófesta það starfsfólk sem mögulegt var að fá til þessa starfa og í tveimur tilfellum veit ég að reynslan hefur sýnt að ófaglært fólk hefur hreinlega gefist upp á þessu. Því finnst það of erfitt, jafnvel þó að það hafi reynslu af umgengni við börn, og auðvitað hlýtur það að vera einstaklingsbundið, en ég veit um tilvik í tveimur skólum þar sem þetta hefur einmitt verið gert og ófaglærða fólkið hefur gefist upp vegna þess að börnin voru of mörg, því fannst þau of erfið, og ég held að skipti á starfsfólki hafi verið talsvert tíð, ekki vegna þess að það væri ekki sæmilega vel launað, heldur fannst því hreinlega verkefnið of erfitt viðureignar.

Nú kann vel að vera að þetta reynist misjafnlega vel og kann að reynast vel sums staðar, en þó held ég að við verðum að gæta þess mjög vel að slík gæsla verði ekki að geymslu fyrst og fremst, heldur verði börnunum tryggt þroskandi og uppeldislega jákvætt umhverfi. Ég held að mjög æskilegt væri að þetta hlutverk gæti verið í höndum fóstra eða kennara sem hefðu uppeldisfræðilega menntun. Ég vil ekki nefna þessi dæmi sérstaklega vegna þess að ég veit að skýrslu verður skilað um þau og ég tel eðlilegt að hún komi beint frá þeim aðilum sem hafa annast þetta fremur en að ég fari að geta þess hér.

Það kom fram í máli nokkurra þeirra sem hér töluðu að varast skyldi að lögbinda skólastærðina. Það væri ýmislegt sem væri jákvætt við stærri skóla. T.d. væri kostur á samnýtingu. Það var líka minnst á sveiflur í barnafjölda. Svo var reyndar talað um í sambandi við þessar athugasemdir að varasamt væri

að binda svo nákvæmlega í lögum ýmis framkvæmdaatriði. Það var ekki getið um það hvort það ætti að vera í reglugerðum eða hvort þar ættu að vera einhver almenn sjónarmið.

Hins vegar tel ég að reynslan hafi sýnt, erlendis frá sérstaklega og líka það sem við höfum séð hér á landi, að ókostir stærri skólanna eru meiri. Það kann að vera, eins og kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv., að ef skólarnir væru nægilega vel fjármagnaðir gæti það tekist. Ég veit hins vegar ekki til þess að reynsla erlendis frá hafi sýnt í raun og veru að einhvers staðar kæmi fram að stórir skólar væru þrátt fyrir allt ákjósanlegri. Það kann að vera spurning um nákvæma tölu, hvort það væru 300, 400, 500 eða 600. Það kann að vera spurning um nákvæma tölu, en við verðum, held ég, að setja okkur eitthvert hámark og tryggja það að skólarnir fari ekki yfir ákveðið hámark. Við þurfum kannski einnig að muna eftir því að fæðingum fer fækkandi hérlendis. Þeim hefur farið allverulega fækkandi í nágrannalöndum okkar, þannig að fólksfjölgun hefur jafnvel staðið í stað meðal sumra Norðurlandaþjóða og við sjáum fram á það líka ef við lítum á mannfjöldaspár. Ég bendi hv. þingdeildarmönnum á bókina „Gróandi þjóðlíf" sem er afrakstur framtíðarspárnefndarinnar, nokkurra hópa sem störfuðu innan hennar. Í þeim bæklingi eða bók kemur fram mannfjöldaspá fyrir Ísland fram til ársins 2010 og því er spáð að fólki fari fækkandi. Við hljótum að þurfa að taka eitthvert mið af því og ég held að það geti aldrei orðið að kostirnir við stóru skólana komi til með að réttlæta þá ókosti sem þeir hafa í för með sér.

Síðan ræddi hæstv. ráðherra um það hvort ekki væri unnt að nýta betur þann tíma sem börn verja í skólum hérlendis og þá einkum í því augnamiði að reyna að stytta nám þegar á heildina væri litið og hann horfði þá allt fram til loka framhaldsskólanáms og minntist á það hversu mun seinna við verðum stúdentar hérlendis en í nágrannalöndunum. Það má örugglega nýta tímann betur, bæði í skólunum og víða annars staðar. Það má e.t.v. einnig stytta námið, en ég vil þó vara við því að skerða og stytta námið á kostnað haldgóðrar almennrar breiðrar menntunar. Ég held að það sé afar mikilvægt í okkar samfélagi að við höfum breiðan, almennan þekkingargrundvöll sem við síðan byggjum okkar sérhæfingu og sérmenntun á og ég mundi vara við því að sérmennta börn of snemma.

Síðan ræddi hæstv. ráðherra mjög athyglisvert mál sem er hugmyndir hans um skólamálaáætlun. Ég tek heils hugar undir þær hugmyndir og finnst þær afar jákvæðar. Ég held að það væri mjög nauðsynlegt fyrir okkur af því að það er áberandi a.m.k. í þessari umræðu hve hún fer friðsamlega fram og málefnalega og ég er alveg viss um það, eins og þeir fulltrúar þingflokkanna sem eru á þingi hafa lýst yfir, að þetta eru meira og minna mál sem eru á stefnuskrá flestra flokka og samtaka sem hér eru á þingi og við hljótum að geta einmitt náð einhverri einingu um það hvernig við mundum vilja standa að skólamálaáætlun jafnvel þó okkur greini eitthvað á um leiðir til fjármögnunar. Þess vegna styð ég eindregið þessar hugmyndir ráðherra og vonast til þess að við sjáum þær líta dagsins ljós sem fyrst.

Hann minntist einnig á áætlun um skólabyggingar og það er sannarlega þarft líka vegna þess að þróun í þeim málum hefur verið eins og víða í öðrum málaflokkum tilviljanakennd og talsvert komin undir því hvort menn hafa beitt sér sterklega fyrir sitt kjördæmi eða sinn stað fremur en að það hafi ráðið hvar þörfin væri brýnust svo að ég styð það eindregið.

Hann minntist á það, eins og margir aðrir, að þetta væri kostnaðarsamt og vissulega kostar þetta nokkurt fé, einkum í byrjun, en ég legg megináherslu á það aftur eins og ég gerði í framsögu minni: Hvenær kemur röðin að börnunum? Hve lengi á okkur að líðast að spara við börnin? Við sýnumst hafa efni á því að ganga í gegnum hvert fjárglæfraævintýrið á fætur öðru í þessu þjóðfélagi, að velja okkur til framkvæmda og í forgangsröðun ýmis mál sem hvergi gagnast börnum í raun og veru og þá er ekki horft í hundruð milljóna né heldur milljarða. Ég get ekki fundið neinar forsendur sem réttlæta það að spara við börnin, alls ekki.

Ég þarf ekki að minnast á það sem við höfum verið að ræða hér inni á þinginu undanfarið. Þessi kostnaður sem talað er um hérna jafngildir einni flugstöð. Vissulega þurfti að bæta starfsaðstöðu fólks og vissulega er ánægjulegt að geta haft snyrtileg og falleg hús í heimreiðinni. En þá komum við aftur að spurningunni um forgangsröðunina og hvað við veljum, konurnar og karlarnir, foreldrarnir í þessu þjóðfélagi fyrir börnin okkar. Það er meginatriði og afskaplega einfalt mál í raun og veru.

Hæstv. ráðherra minntist á það að hann vildi fremur, og reyndar tóku aðrir undir það mál, sjá rammalöggjöf um skólamálin og þá um grunnskólann sem fyllt væri út í með framkvæmdum. Hann minntist einnig á að frv. um grunnskóla sem lagt var fram í þinglok 1987 hefði verið gagnrýnt talsvert af þeim sem fengu það til umsagnar og hann minntist á það að lögin væru í endurskoðun en mig langaði til að spyrja hann beint hver það væri sem sinnti þeirri endurskoðun. Hæstv. ráðherra er ekki hér svo að ég verð að beina þeirri spurningu til hans á eftir.

Hins vegar, eins og kom reyndar fram í máli hv. 7. þm. Reykv. þegar hann gagnrýndi einnig svo nákvæmar tilgreiningar á framkvæmdaratriðum í frv., eins og hér er til lagt, að það væri skynsamlegra að hafa þetta víðara, minntist hann á það í sínu máli að hann teldi að ástæðan fyrir því hlyti að vera sú að við vildum tryggja lágmarksstaðla og það er alveg hárrétt tilgetið. Ætlun okkar með því að setja þetta svo nákvæmlega hér er fyrst og fremst sú að tryggja börnum lágmarksstaðla í menntun. Og ég vil vekja athygli hv. þm. á því að frv. sem hér liggur frammi er í raun í öllum meginatriðum sniðið eftir þeim grunnskólalögum sem nú gilda. Það er í raun ekki mikið

nákvæmara en þau lög sem þegar gilda, heldur er það fyrst og fremst nánar útfært hvað varðar breytingar. En það er ekkert nákvæmara útfært í raun og veru. Þá er líka spurning um það hvort núgildandi lög séu of nákvæm, hvort sú löggjöf er í raun og veru of nákvæm.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi rétt að karlar ættu líka að koma við sögu við gerð svo mikilvægs máls eins og hér um ræðir. Þeir væru líka foreldrar. En konur innan Kvennalistans stóðu fyrst og fremst að undirbúningi málsins, enda eru það fyrst og fremst konur sem eru virkar innan Kvennalistans þó að þar séu einnig karlar á félagaskrá. Þess vegna var þetta eðlilega unnið af konum. Ég tek samt fegins hugar undir þau sjónarmið að auðvitað hljóta karlar og þurfa karlar að koma að því líka að móta skólastarf og stefnu fyrir sín börn í skólum, en ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þetta tækifæri hafa karlar haft afskaplega lengi og það hefur ekkert verið frá þeim tekið. Rétt þykir þó að konur fái aðeins að koma þar að sem hefur orðið í seinni tíð og ég vil benda honum jafnframt á að konur eru að stærstum hluta grunnskólakennarar í skólum okkar og jafnframt mæður og mér finnst mjög eðlilegt að þær hafi sitt til málanna að leggja. Það er auðvitað ekkert gegn körlum og auðvitað þarf það að vera í samvinnu við karla, feður barnanna. Það er ekki að ástæðulausu að þessi mál brenna á konum vegna þess að umsjá barna kemur mjög mikið í hlut kvenna, einkum yngri barnanna. Þannig hefur það verið bæði á heimilunum og eins að sinna þeim eða skipuleggja nám þeirra og störf utan heimilis og sjá til þess að koma þeim á milli staða, milli skóla og heimilis o.s.frv. Það er því ekki nema eðlilegt að konur telji þetta skipta sig máli og vilji skipta sér af því.

Ég ætla aðeins að minnast á athugasemdir sem komu fram í máli hv. 7. þm. Reykv. við greinar frv. sem hann studdi flestar. Ég hafði áður minnst á nauðsyn þess að tryggja það að skólarnir verði ekki of stórir hvar sem við ákveðum síðan að draga markalínuna. Við höfum sett hana við 400. Það kann að vera að það sé í lagi að hafa skólana aðeins fjölmennari, en ég get ekki fallist á það í raun, ég veit a.m.k. engar niðurstöður eða kannanir þar sem hefur verið sýnt fram á það, að stórir skólar séu heppilegri vinnustaðir fyrir börn og kennara en smærri skólarnir. Það var mjög athyglisvert sem hv. þm. sagði um þessa bandarísku könnun, en hún var á engan hátt skilgreind. Það var reyndar í sambandi við fjölda nemenda í bekk en ekki stærð skóla. En ef hann vissi um einhverja slíka, þá þætti mér það mjög áhugavert.

Ég skildi ekki alveg hvað hv. þm. átti við þegar hann var að tala um 3. gr. og samfelldan skóladag. Ég hélt e.t.v. að hann hefði ruglað því saman en kannski misskildi ég hann. Það var fyrst og fremst talað í 3. gr. um aðstöðu til að neyta málsverðar, en það skiptir heldur ekki meginmáli.

Hann spurði um 4. gr., sérstaklega um síðustu mgr. sem varðar þá sem hafa uppeldisfræðimenntun og ég hef þegar tekið það til og það kom reyndar strax fram í máli hæstv. ráðherra að skilgreiningin á því er í raun fóstrur og kennarar. Ástæðan fyrir því að við tökum þetta sérstaklega til í 4. gr. er einmitt sú að þegar var verið að gera tilraunir með nestismálin strandaði það á því að það var engum ætlað að sjá um það. Þetta átti eiginlega að vera bara starf kennaranna svona aukalega í þeirra eigin hádegismatartíma og það gekk auðvitað ekki upp. Þess vegna þótti okkur rík ástæða til þess að það væri skilgreint nákvæmlega hver ætti að gera það og hvar það fólk ætti að tilheyra.

Hv. þm. minntist einnig á stöðu kennarans í skólanum og það gerði hv. 6. þm. Vesturl. líka og það kom einnig fram í máli hv. 6. þm. Reykv. hversu mikilvægt væri að vel væri búið að kennurum í skólunum. Ég tek heils hugar undir það. Það er engin spurning í mínum huga. Hins vegar ákvað ég að fara ekki út í þá sálma þegar ég mælti fyrir þessu frv., heldur binda mig einungis við þær breytingar sem hér eru lagðar til, en auðvitað byggjast þær á því að skólinn sé góður vinnustaður og til hans fáist fólk sem leggi metnað sinn í að starfa þar og undirstaða þess er auðvitað að laun og kjör þeirra sem þar vinna séu viðunandi og ég vísa til þess sem hv. 6. þm. Vesturl. sagði í þeim efnum.

Ég tek líka undir það sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv. að efla þurfi fræðsluskrifstofurnar út um landið. Það er auðvitað mjög mikilvægt atriði.

Hv. 8. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir tók einnig jákvætt undir efnisatriði þessa máls og lýsti yfir vilja síns flokks í þessum efnum sem var greinilega jákvæður og ótvíræður, bæði í gegnum samþykktir ýmsar og annað sem hún minntist á. Hún minntist á stærð skólahúsnæðis. Hún talaði um að skóla yrði skipt í tvennt. Það var í raun ekki hugmyndin, heldur er spurningin um það sem er tilgreint í sambandi við skólastærðina að það geta verið skólar, og eru reyndar núna, sem eru misstórir og hafa mismargar bekkjardeildir innan sinna veggja. Sumir hafa ekki enn þá yngstu deildirnar. En það er e.t.v. eitthvað sem kynni að breytast í framtíðinni og þess vegna var einmitt talað um þessar tvær gerðir af skóla sem eru til núna, þar sem gert er ráð fyrir yngri deildunum eða þá þeim er sleppt. Ég hlakka til að sjá þær niðurstöður sem verða úr þeirri fjölskyldunefnd sem hæstv. forsrh. skipaði því að þær koma til með að varða bæði þetta mál og önnur mjög mikilvæg mál sem varða fjölskyldur í landinu. Og það er sannarlega gott að sú nefnd muni vinna svo hratt.

Síðan langar mig aðeins að minnast á athugasemdir sem hv. 6. þm. Reykn. kom fram með og þakka ég henni jákvæðar undirtektir við efni frv. Hún taldi reyndar að e.t.v. væri sérfræðimenntað fólk ekki nauðsynlegt til gæslu og umönnunar, en ég hafði minnst á það áður. Ég hygg að reynslan sýni að það sé miklu heppilegra, bæði vegna starfsfólksins og líka vegna barnanna. hvað varðar mataraðstöðu í skólunum kemur auðvitað ýmislegt þar til greina.

Ég ítreka t.d. að það er náttúrlega ekki spurning um að stofna til mikils kostnaðar í hverjum skóla með því að innrétta og byggja eldhús þó að þess þurfi auðvitað í tengslum við heimilisfræðikennslu, en það væri leikur einn að flytja mat á milli skóla. Með nútímatækni er hægt að gera það mjög auðveldlega og hreinlega þannig að maturinn sé lostætur þegar hann berst þeim sem hans neyta. Eða þá þá valkosti sem hún minntist á.

Ég tek undir það með henni að það er auðvitað ekki réttlátt að það er niðurgreiddur matur til ýmissa fullorðinna manna og kvenna, til ýmissa starfsstétta, en við höfum ekki hirt um það, fullorðna fólkið, að sjá til þess að börnin hafi sæmilega mataraðstöðu, hvað þá að sjá til þess að hún væri studd eða greidd að einhverju leyti. Ástæðan fyrir því að ekki var minnst á skólaráðið er fyrst og fremst sú að þetta var frv. sem hv. þm. var sjálfur með í flutningi og þótti því ekki rétt að vera að taka það hér inn í þetta mál því það var fyrst og fremst mál sem hún bar fram og satt að segja bjuggumst við við að hún mundi huga að endurflutningi á því máli og þess vegna var þess ekki getið, ekki af neinum öðrum ástæðum. Vissulega er það alveg rétt að á þessar hugmyndir allar var minnst meira og minna í þeim vinnuhópi sem starfaði undir forustu hv. 6. þm. Reykn. Salome Þorkelsdóttur. Það var kannski svolítið önnur nálgun á ýmsu, en eins og hefur komið fram í máli allra hér er fólk meira og minna sammála um þessi atriði. Þetta eru fyrst og fremst atriði sem varða alla fjölskylduna og búið er að ræða mikið um, en það var tekið mið af grunnskólalögunum þegar þessar breytingar voru gerðar og svo auðvitað af þeim tillögum sem komu fram í vinnuhópnum þó að þetta hafi verið útfært kannski á svolítið annan hátt en var gert þar.

Tveir þm. Alþfl. komu hér upp og tóku til máls, hv. 3. þm. Vesturl. Sveinn Hálfdánarson og hv. 9. þm. Reykn. Karl Steinar Guðnason. Þeir töldu báðir vandkvæði á því að þessu yrði framfylgt vegna þess að fé skorti. Ég held að það hafi verið nokkur misskilningur í máli hv. 3. þm. Vesturl. þegar hann taldi að við vildum framkvæma þetta allt á tveimur árum. Það er ekki rétt. Við höfðum hugsað okkur að þetta yrði alla vega fram til ársins 1991 og, eins og ég sagði áðan, þá vildum við ekki lægja metnað okkar í þessum efnum vegna þess hve þessi mál hafa dregist og ákváðum því að hafa þennan hraða á, en vissulega má ræða það hvort það eigi að gera þetta á lengri tíma. Hins vegar er í raun ekki um svo mikla fjármuni að ræða. Stofnkostnaður er nokkur en rekstrarkostnaðurinn er í raun og veru ekki mikill þegar hugsað er til þess hversu gríðarlega vænleg fjárfesting þetta er. Við megum ekki gleyma því.

Hér var verið að tala um annað gildismat og það er enginn vafi í mínum huga að ef okkur finnst þetta of dýrt þurfum við talsvert mikið að huga að því að breyta gildismati okkar því að fram hjá þessu getum við ekki gengið öðruvísi en að bíða tjón af, þjóðin í landinu.

Hv. 9. þm. Reykn. Karli Steinari Guðnasyni fannst vera nokkur mótsögn í því að þeir sem legðu fram mál sem kostuðu eitthvert fé eins og þetta, ég held hann hafi sagt, öskruðu síðan og veinuðu ef ætti að skattleggja til þess að tryggja fé til velferðarmála, til velferðarkerfisins. Þá vil ég aðeins segja að Kvennalistinn t.d. hefur ekki verið mjög feiminn við skattlagningu. Hins vegar hefur okkur þótt það skipta meginmáli hverjir eru skattlagðir og hvernig, hvaðan fé er fengið til samneyslunnar. Það er alveg rétt hjá hv. þm., við mótmæltum, eins og aðrir í stjórnarandstöðu, kröftuglega því að lagður yrði matarskattur á fjölskyldurnar í landinu og það var fyrst og fremst vegna þess að okkur fannst það koma mjög óréttlátlega niður, einkum á þeim sem lægstar hafa tekjur eða framfærslu og ég tala nú ekki um barnmörgum fjölskyldum. Og ég held að hv. þm. kannist við röksemdafærsluna síðan um jólaleytið svo að ég þarf ekki að fara ítarlega út í það hér núna. Hins vegar vorum við reiðubúnar, og hann man kannski eftir því líka, að taka skatta frá ýmsum öðrum aðilum í þjóðfélaginu einmitt til þess að fjármagna samneysluna og velferðarkerfið. Ég held því að hann geti ekki vænt okkur um það að við séum feimnar að leggja á skatta þar sem við höldum að menn þoli að greiða þá. Auðvitað er engin skynsemi í því að skera svo langt inn að beini að þeim sé ekki lífs von sem eru skattlagðir, hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar. Það er hins vegar sjálfsagt að skattleggja þá sem vel eru stöndugir og geta borið það.

Það er verið að tala um hvaðan eigi að taka þetta fé. Ég vísa aftur til forgangsröðunar. Það er spurning um það einmitt hvar maður setur peningana og hv. þm. var sjálfur að tala um hundruð farseðla til að kosta norræna samvinnu á sama tíma og lélegar námsbækur væru fyrir börnin til þess að fá eitthvað að vita um Norðurlöndin. Auðvitað er það spurning um hvað maður fjármagnar, hvað fer mikið í opinbera risnu, hvað fer mikið í það sem mætti e.t.v. bíða og jafnvel flokka undir munað eða þarfleysu og hvað fer til nauðsynjamála og það er spurning um það hvernig maður skilgreinir nauðsynjamál. Það er enginn vafi í okkar huga að þetta er brýnt nauðsynjamál. Við hefðum hins vegar kosið að láta flugstöðina bíða og við hefðum kosið að gera minna t.d. til að auðvelda yfirbyggingu í verslun sem orðið hefur á undanförnum árum og ýmissi þjónustu sem við teljum ekki brýna og nauðsynlega eins og þetta mál. Þarna er spurning um forgangsröðun.

Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það eru margir í þessu þjóðfélagi sem búa við vanda sem þarf að bæta, en við hljótum auðvitað að velja okkur forgangsröðina og eins og hefur ríkt mikil eining um þetta mál hér í deildinni í dag hljótum við friðsamlega að geta fundið okkur sameiginlega átakspunkta til þess að tryggja að þessi atriði komist til framkvæmda því, eins og ég sagði áður, það verður ekki beðið eftir því mjög lengi án þess að framtíð barnanna okkar bíði verulegt tjón af, því að hvað

sem um okkur verður er það þeirra hlutskipti að lifa í þessu landi í samvinnu og samkeppni við aðrar þjóðir og við hljótum öll að óska þess að þau ekki bara spjari sig heldur lifi þau af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

72. fundur, þriðjudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558, n. 709.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um það frv. sem hér er á dagskrá. Nefndinni er sönn ánægja að lýsa samhljóða stuðningi við málið og leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sjóðir og stofnanir, 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 104, n. 713, brtt. 714.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti allshn. á frv. til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Nál. er á þskj. 713.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum sem hún flytur á þskj. 714.

Ég vil aðeins rifja upp að þetta frv. er flutt vegna þess að það hefur þótt skorta samræmda löggjöf um þetta efni, en reikningslegt eftirlit hefur þó verið viðhaft af opinberri hálfu, þ.e. Ríkisendurskoðunar.

Þessu frv. er ætlað að taka á þeim vanda sem fylgir því að ekki er samræmd löggjöf fyrir hendi þegar við stofnun sjóðs eða á síðari stigum ef þarf.

Brtt. sem nefndin flytur eru tvær eins og ég sagði. Í fyrsta lagi við 2. gr. þar sem lagt er til að í stað „50 000 kr.“ komi: 300 000 kr., þ.e. „að stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 300 000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við vísitölu í janúarmánuði“. Það er því lögð til þarna breyting á lágmarksupphæðinni.

Síðari brtt. er við 4. gr., lok 1. málsgr., þar sem aðeins er breytt orðalagi en ekki efnisatriðum máls. Málsliðurinn mundi þá orðast svo: „Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmrh. hefur skipað málum á annan veg.“

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en ítreka að nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 714,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 714,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Iðnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62, n. 721, 727 og 730.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er á þá lund að iðnrh. sé heimilt að veita undanþágu frá sérstökum skilyrðum um meirihlutaeign Íslendinga í iðnfyrirtækjum. Það skilyrði er svo orðað:

„Iðnrh. er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á.“

Þetta frv. hefur verið afgreitt frá Ed. eins og það var fram lagt af hálfu ráðherra. Iðnn. Nd. hefur athugað frv. Hún fékk á sinn fund Halldór Kristjánsson frá iðnrn. til upplýsingagjafar. Nefndin klofnaði í afstöðu til frv. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt. Páll Pétursson og Guðrún J. Halldórsdóttir skila sérálitum.

Undir nál. meiri hl. skrifa, auk þess sem hér stendur, Geir H. Haarde, Sverrir Hermannsson og Albert Guðmundsson.

Frsm. 1. minni hl. iðnn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. varð nefndin ekki einhuga um afgreiðslu þessa máls og því skila ég sérálíti.

Með samþykkt þessa frv. er Alþingi að afsala sér valdi, sem það hefur nú, í hendur iðnrh. Ég tel að það sé óskynsamlegt. Það sé réttara að það sé ákvörðun Alþingis hverju sinni hvort útlendingum

er heimilað að eiga meiri hluta í fyrirtækjum á Íslandi fremur en að láta það verða geðþóttaákvörðun iðnrh.

Við umfjöllun í nefndinni kom og fram að ástæðan fyrir flutningi frv. er sú að erlend efnaiðnaðarfyrirtæki hafa áhuga á að setja hér upp efnaiðnað með þátttöku íslensks fyrirtækis. Ekki fékkst upplýst nákvæmlega um hvers konar efnaiðnað væri að ræða. Undirritaður telur að eðlileg aðferð væri að leggja fram frv. um það samstarfsverkefni sem kann að vera góðra gjalda vert þó ég viti það ekki á þessari stundu. En ég treysti mér ekki til að standa að því valdaafsali Alþingis sem hér er um að ræða og því legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Herra forseti. „Í litlu þjóðfélagi eru fyrirtæki smá og bera svipmót þess samfélags sem þau eru sprottin upp úr. Heill og gengi þeirra er samofið þjóðarhag þó að ágóði þeirra sé höfuðmarkmið. Um erlend fyrirtæki gegnir öðru máli. Mörg þeirra tengjast líka fjölþjóðahringum og um þá gilda enn harðari reglur og lögmál. Þeir teygja arma til ótal landa og hafa eigin ágóða að einasta leiðarljósi. Heill einnar smáþjóðar skiptir þau harla litlu. Íslendingar hafa margra alda reynslu af erlendum fyrirtækjum sem náð hafa fótfestu í lengri eða skemmri tíma hér á landi og hana yfirleitt mjög slæma. Við höfum dregið lærdóm af þessari reynslu bæði fyrr og síðar.

Árið 1857 lagði Danakonungur fyrir Alþingi beiðni Frakka um leyfi til að koma á fót fiskiðnaðarfyrirtæki í Dýrafirði. Um það mál hafði Jón Sigurðsson forseti þau orð að sér hefði fundist rétt að tilmælunum hefði strax verið svarað með kurteislegri neitun, og þingheimur hafnaði algerlega beiðni Frakka og undirstrikaði viðhorf sitt um það að herða þyrfti á lögum og eftirliti gagnvart erlendri ásókn í aðstöðu og auðlindir hér á landi. Frv. sem iðnrh. lagði fram var samþykkt sem lög árið 1978 og gengu þau í sömu átt og voru sett að yfirsýn flestra helstu forustumanna í íslensku atvinnulífi. Ekki verður séð að nú gildi önnur lögmál.

Frv. það, sem hér um ræðir, gefur iðnrh. skýlausan og nær ótakmarkaðan rétt til að veita erlendum fyrirtækjum heimild til að eiga meiri hluta í íslenskum fyrirtækjum og raunar opnar það leið til þess að erlend fyrirtæki reki hér starfsemi án þess að Íslendingar eigi þar nokkra aðild að. Þetta telur undirrituð stórvarhugavert og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Geir Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þessu áliti."

Undir þetta skrifar Guðrún J. Halldórsdóttir.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Alþb. á ekki fulltrúa í hv. iðnn. Nd. og ég vil því aðeins gera grein fyrir skoðunum okkar alþýðubandalagsmanna á því frv. sem hér er verið að ræða.

Þetta frv. er eins og kunnugt er flutt til þess að veita iðnrh. heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi.

Ég er mjög sammála því sem komið hefur fram í nál. minni hl. í hv. nefnd og í Ed. hefur hv. þm. Svavar Gestsson gert ítarlega grein fyrir afstöðu Alþb. varðandi þetta frv.

Hér er nefnilega ekki um neitt smámál að ræða. Rök iðnrh., sem hann flutti sem aðalrök fyrir flutningi frv., voru þau að hér væri verið að hverfa aftur til fyrri laga, en það má benda hv. þm. á að þegar iðnaðarlögunum var breytt árið 1978 var fellt niður ákvæði um að ráðherra væri heimilt að opna fyrir meirihlutaeign útlendinga í fyrirtækjum. Þá var, eins og alkunna er, hæstv. fyrrv. ráðherra Gunnar Thoroddsen framsögumaður málsins.

Það má einnig benda á að þá voru menn þeirrar skoðunar að heldur bæri að þrengja þessi ákvæði en hitt og gekk þar vasklega fram Halldór Ásgrímsson, hæstv. núv. ráðherra, og benti á að það væri tryggara að til þess væri gerð krafa að viðkomandi menn hefðu verið búsettir hér um ákveðinn tíma sem eignuðust meirihlutaaðild að íslenskum fyrirtækjum.

Hér er þess vegna verið að opna fyrir heimildir sem okkur stendur ógn af og ekki síst má benda á að í þeirri miklu umræðu sem nú á sér stað um stöðu Íslendinga og íslensks efnahagslífs gagnvart EFTA og Efnahagsbandalaginu held ég að ekki sé tímabært að gera þessa breytingu nú fyrr en þau mál hafa skýrst. Ég bendi á að nú liggur fyrir þinginu nýframkomin till. til þál. um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu og er flm. hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Ég held að menn ættu að kynna sér það mál nokkuð áður en rokið er í að samþykkja þá breytingu sem hér liggur fyrir.

Við alþýðubandalagsmenn munum ekki greiða þessu frv. atkvæði okkar, og vörum sterklega við því að það verði samþykkt, teljum það ekki tímabært og litla ástæðu liggja til að samþykkja það hér og nú. Það er alveg ljóst að hér er verið að greiða fyrir einu ákveðnu máli. Þannig á aldrei að setja lög heldur á að gera það eftir vandlega yfirvegun og eftir vandlega skoðun málsins.

Vitanlega væri nær að taka þessi mál öll fyrir á miklu víðari og breiðari grundvelli og vissulega hefði verið eðlilegra að allir flokkar hefðu átt aðild að endurskoðun laga um þennan þýðingarmikla þátt efnahagsmála í stað þess að koma með svo sakleysislegt en þó svo alvarlegt mál eitt og sér.

Ég vil þess vegna lýsa því yfir að við munum greiða atkvæði gegn frv.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, hér er ekki stórt frv. í sniðum. Það er aðeins, með leyfi forseta, að við 2. málsgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi: „Iðnrh. er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á."

Þetta er náttúrlega framhald af öðru sem hefur verið að gerast í þessu þjóðfélagi þar sem frjálshyggjan veður uppi. (**Iðnrh.:** Jæja.) (**ÓÞÞ:** Veður hún ekki uppi?) Ég sagði „þar sem". Þetta er bara í framhaldi af því sem við höfum horft á. Ég skil ekki þá menn sem standa að svona máli, ekki síst eins og mál standa nú. Iðnrh., hver sem hann er, gæti gefið heimildir án samráðs a.m.k. við þing og jafnvel við ríkisstjórn ef maður tæki þetta eins og orðanna hljóðan er í þessu frv.

Við vitum að það eru uppi raddir í þessu þjóðfélagi um að það þurfi að athuga að við verðum aðilar að Efnahagsbandalaginu. Það eru ýmsir sem eru þeirrar skoðunar að það sé ekkert athugavert við það þó erlent fjármagn flæði hér inn og nái tangarhaldi í íslenskum atvinnurekstri. Ég held að það sé alveg lágmark þegar um svona mál er að ræða að þau fari fyrir Alþingi hverju sinni en ekki að einn maður, hvað góður sem hann er, geti afgreitt málið án þess að um það sé fjallað. Jafnvel þó menn væru þeirrar skoðunar að það eigi að losa eitthvað um vantar þarna öryggisventil. Ekki síst þar sem umræðan er komin á það stig sem er í þessu þjóðfélagi.

Ég er raunar hissa á að t.d. hæstv. iðnrh. skuli blátt áfram vilja hafa þetta vald og fá á sig þrýsting frá ýmsum sem gæti verið óþægilegur fyrir hann eða hvern sem er í þessu sæti.

Ég held að hv. þm. þurfi vel að huga að þessu máli áður en þeir samþykkja það. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan, að það þarf að hugsa þetta mál í samhengi við svo margt annað sem við stöndum nú frammi fyrir. Ég vil t.d. ekki trúa því að hv. þm. Framsfl. séu það heillum horfnir að þeir, nokkur þeirra, standi að svona máli. Þá er a.m.k. illa fyrir þeim komið. Og það er umhugsunarvert að þetta skuli vera flutt sem stjfrv. Það hefur orðið alger stefnubreyting hjá t.d. Framsfl. ef þetta frv. hefur farið í gegnum þingflokkinn. En kannski er hætt alveg að bera svona mál undir þingflokkana, flokksræðið sé orðið svo yfirþyrmandi. Það væri eftir öðru.

Nei, ég held að þetta mál, þó það líti kannski sakleysislega út fyrir mörgum, sé í sjálfu sér með stærri málum sem við fjöllum um hér á hinu háa Alþingi. Og ég vil enn og aftur vara þm. við að axla þá ábyrgð að samþykkja slíkt frv.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála að hv. 1. þm. Norðurl. v. stendur ekki einn að því áliti innan Framsfl. að þetta sé ekki skynsamlegt frv.

Hér eru í þinginu teknar ákvarðanir um smæstu mál. Það má ekki selja 100 fermetra lands í eigu ríkisins án þess að það fari fyrir þingið. En mönnum sýnist aftur á móti að í þessu tilfelli sé allt í lagi að afgreiða lagafrv. með þeim fyrirvara: „þegar sérstaklega stendur á". Og ég verð að segja eins og er að þeim mun meir sem ég hugsa um merkingu þessara góðu orða „þegar sérstaklega stendur á", þeim mun torskildara verður mér hvaða takmörkun það yfir höfuð felur í sér. Það er kannski rétt í stöðunni núna að horfa á það dálítið breitt: hver er staða íslensks iðnaðar og hver er staða efnahagsmála?

Við stöndum frammi fyrir því að það er gífurlegur viðskiptahalli við útlönd sem segir okkur í reynd að við eyðum meiru en við öflum. Það segir okkur jafnframt að íslensk iðnaðarvara er að hopa fyrir innfluttri vöru á markaðnum. Þegar slíkt er að gerast hljóta mjög mörg iðnaðarfyrirtæki Íslands að vera í þröngri fjárhagsstöðu. Það hlýtur jafnframt að koma til álita hjá þessum sömu iðnaðarfyrirtækjum hvort það sé ekki betra að reyna að fá einhvern erlendan aðila til að leggja fé í þetta fyrirtæki, sem sá aðili undir mörgum kringumstæðum mundi eiga kost á að taka að láni í sínu heimalandi á eðlilegum vaxtakjörum, vegna þess að þar sé eðlilegt ástand í fjármálaheiminum í staðinn fyrir að íslenska iðnaðarfyrirtækið situr frammi fyrir því að þurfa að fara hér út á okurlánamarkaðinn. Hvað haldið þið að freistingin sé stór undir slíkum kringumstæðum að reyna þá leið að selja heldur og koma útlendum aðilum inn? Ef það er nokkurn tímann sem það er ekki skynsamlegt að setja heildarlöggjöf sem felur ekkert annað í sér en það að iðnrh. má gera það sem honum sýnist er það náttúrlega einmitt ekki á slíkum tímum sem það er skynsamlegt. Og mér er óskiljanlegt hvers vegna hæstv. iðnrh. leggur ekki fram lagafrv. um þau mál sem hann vill koma í gegn. Hér hafa menn lagt fram furðulegustu bandorma. Furðulegustu bandorma. Og það er þá illa sorfið að starfsliði iðnrn. ef ráðherra getur ekki komið fram slíkum frv. Forseti Sþ. var að lýsa því yfir að það væri heimilt að leggja fram frv. allt páskaleyfið. Og þó þing kæmi ekki saman fyrr en 11. apríl yrði litið svo á að frv. væru komin nægilega snemma fram. Þetta segir manni í reynd aðeins eitt, hvers vegna iðnrh. velur ekki þessa leið. Hann telur út af fyrir sig að hann sé með eitthvað af málum sem þingið mundi samþykkja. En hann er jafnsannfærður um að hann er með hugmyndir í pokahorninu sem hann kemur ekki í gegnum Alþingi Íslendinga. Þess vegna mætir hann hér til að þrýsta á að hann fái þessa heimild í eitt skipti fyrir öll og svo megi þingið bara eiga sig í þessu máli.

Ég vil vekja athygli manna á því að eitt af Norðurlöndunum, Danmörk, er í Efnahagsbandalagi Evrópu og það líður varla svo vikan að fyrirtæki í því landi séu ekki yfirtekin af erlendum aðilum. Það líður varla svo vikan. Og það eru engin smáfyrirtæki. Það eru lykilfyrirtæki á mörgum sviðum. Þeir eru búnir að tapa yfirráðum yfir stærstu skipasmíðastöð Danmerkur, þeir eru búnir að tapa yfirráðum yfir mjög stórum stórmörkuðum í „kóngsins Kaupmannahöfn" og fleiri og fleiri fyrirtæki eru að komast í eigu útlendinga. Og hverjir hafa risið upp núna loksins á elleftu stundu? Það eru alls konar stjórnendur launþegasjóða úti í Danmörku sem allt í einu átta sig á því að þeir atvinnurekendur sem þeir þurfa að semja við í framtíðinni verða ekki Danir.

Mér er ekki ljóst hvers vegna menn, á því herrans ári 1988, virðast ætla að gefast upp við það verkefni að standa að iðnaðaruppbyggingu í landinu á þann veg að það séu íslenskir menn sem þar stjórni og ráði. Auðvitað er það rétt að undir einstaka kringumstæðum getur það verið svo að við þurfum að taka um það ákvörðun hvort fyrirtæki verði ekki starfrækt hér á landi eða hvort Íslendingar eigi minni hluta. Þau eru til slík tilfellin. Á slík rök bæri að sjálfsögðu að hlusta. Auðvitað mundum við frekar velja það undir þeim kringumstæðum að fyrirtæki risi hér á landi og starfsemin yrði hér heldur en að það væri 100% víst að ella yrði fyrirtækið ekki til á Íslandi heldur yrði það starfrækt erlendis. En hvers vegna þessa aðferð, að reyna að veiða á gruggugu? Hvers vegna hafa menn ekki kjark til þess að leggja þau mál fyrir Alþingi Íslendinga sem þeir telja að séu þess eðlis að það sé rétt að taka á þeim þannig að menn séu að taka ákvarðanir um málefni en ekki hitt hvort það eigi að stórauka völd einhvers ráðherra í landinu?

Og fyrirvarinn er „ef sérstaklega stendur á." Það er þá aldeilis eitthvað til að fóta sig á undan brekkunni. Ég er ekki búinn að sjá að hæstv. núv. iðnrh. hefði mikla handfestu þegar þeir kæmu til hans þrýstihóparnir sem væru kannski í þeirri stöðu að þeir sæju fram á það að annaðhvort væri það innlendur okurmarkaður sem yfirtæki hjá þeim eða þá að þeir yrðu að láta útlendinga taka við, vegna þess einfaldlega að heildarstjórn efnahagsmálanna er ekki í lagi í landinu. Heildarstjórn efnahagsmálanna er ekki í lagi. Ég sé að hæstv. forsrh. skrifar mikið og það er ekki Arafat sem stendur honum fyrir hugskotssjónum þessa stundina, og það er kannski vel, nema það sé orðið þannig ástandið að hann hafi hugann mest við það. En sannleikurinn er sá, og það vita það allir, að heildarstjórn efnahagsmálanna er ekki í lagi. Þess vegna er það alveg kolvitlaust að ætla nú að fara að slaka á og opna allar gáttir í þessum efnum. Menn geta haldið því fram sér til skemmtunar, eins og stundum er gert af frjálshyggjuliðinu, að það sé ekkert um annað að gera en að hreinsa það lið út úr íslensku atvinnulífi sem hafi tekið hæpnar ákvarðanir og það eigi að láta það allt fara á hausinn alveg án tillits til þess hvort heildarefnahagsstjórnin er í lagi eða ekki. En ég er nú orðinn dálítið hræddur um það að svo gæti farið að það hryndi meira úr hjörðinni en almenn ánægja mundi ríkja með hjá Sjálfstfl. Það gæti farið svo að það hryndi nú úr hjörðinni meira. Þess vegna skora ég á hæstv. iðnrh. að gera þær kröfur í þessari ríkisstjórn að það sé eðlilegur rekstrargrundvöllur fyrir iðnað í landinu en leggja ekki á flótta á harða hlaupum út eftir erlendu hlutafé til að borga tap vegna óstjórnar efnahagsmála á Íslandi undir forustu Sjálfstfl.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Kjartan Jóhannsson):
Herra forseti. Menn nota furðusterk orð yfir það að lagaákvæði verði nú fært í lög þannig að það verði eins og það var fram til 1978 eða á árunum fyrir 1978. Mér skilst að heill og hamingja þjóðarinnar sé í veði, útlendingar muni vaða hér yfir allt og það verði helst að jafna til einhvers sem Danakonungur sagði 1857 til þess að menn finni áttir í þessu máli.

Ég bara spyr: Var hér allt að fara á kaf í útlenskum atvinnurekstri á árunum fyrir 1978? Voru hér stofnuð fyrirtæki út um allar trissur með útlendri meirihlutaeign? Ég bara spyr: Hvar eru þessi fyrirtæki, hvar eru þessir ógnvænlegu atburðir sem menn eru að lýsa hér mjög fjálglega? Þetta gerðist ekki. Að því leytinu er hér ekki um neina endurvakningu á neinum gömlum draug að ræða, alls ekki. Menn hafa treyst sér til þess, Íslendingar, áður að iðnrh. færi með það vald sem hér um ræðir og ég hef ekki heyrt nokkurn mann vantreysta núv. iðnrh. í þessum efnum, enda hefur hann gert ítarlega grein fyrir þessu máli. Og ég sé ekki hvers vegna menn ættu að gera það, fyrir þá sem óttast svo mjög.

En er það ekki svo að menn standa hér upp, einkum og sér í lagi þegar fer að nálgast kosningar og tala fjálglega um að við þurfum að hafa iðnþróun, við eigum að tileinka okkur hátækni, við eigum að verða í fararbroddi, en svo gerist bara ósköp lítið. Skýringin skyldi þó ekki vera sú að þó Íslendingar telji sig og séu sjálfsagt mjög gáfuð þjóð séu til aðrir aðilar líka í útlöndum sem hafa ýmislegt, vita ýmislegt sem nýtist þeim vel í iðnþróun, í tækniþróun, í hátækni og öðrum slíkum greinum. Það skyldi þó ekki vera að sumar þessar þjóðir í útlöndum, sem eru miklu stærri en við, hafi meira að segja uppgötvað að með samstarfi sín í milli komist þær lengra en ella. Það skyldi þó ekki vera.

Ég held að ef við ætlum okkur að tileinka okkur það nýjasta og vera í fararbroddi, eins og menn tala um, verðum við líka að vera tilbúin að nálgast þá þekkingu sem þarf til þess. Það er það sem um er að ræða í þessu tilviki og það þýðir að menn taka upp samvinnu við erlenda aðila.

Í nál. Páls Pétursonar er sagt að ekki hafi fengist upplýst nákvæmlega um hvers konar efnaiðnað væri að ræða. Það fékkst þó upplýst í bréfi frá ráðuneytinu að hér væri um lyfjaframleiðslu að ræða. Ég get þessa svo það fari ekkert á milli mála. Þetta er ekki málningarframleiðsla, þetta er ekki olíuhreinsunarstöð eða neitt af því taginu. Þetta er lyfjaframleiðsla.

Guðrún Helgadóttir, hv. þm., sagði að hér væri verið að greiða fyrir ákveðnu máli og það er vissulega rétt. En í mínum huga er málið í sjálfu sér tilefni til þess að sú heimild sé veitt sem hér er gert ráð fyrir þannig að menn hafi möguleikann til þess að grípa þau tækifæri sem á að grípa og þarf að grípa þegar þannig stendur á, þegar þannig stendur á og skynsamlegt er. Og sannleikurinn er vitaskuld sá að ef hvert einstakt tilvik af þessu tagi ætti að leggjast fyrir þingið gætum við sjálfsagt tapað af einhverjum ágætum tækifærum sem hv. þm. Ólafur Þórðarson talaði þó um, að stundum þyrftu menn einmitt að gera þetta. Ég er ekki sannfærður um að stjórnend-

ur fyrirtækja séu tilbúnir til þess að bíða í sex eða níu mánuði eftir lagaafgreiðslu. Stundum er það svo í viðskiptalífinu að menn verða að vera reiðubúnir til að taka ákvarðanir. *Og stundum er það svo í pólitíkinni* að menn verða að vera tilbúnir til þess að treysta ráðherrum fyrir ákveðnu valdi. Það er það sem verið er að gera núna.

Mér finnst á því sem komið hefur fram hér hjá ýmsum þeim sem hafa talað gegn þessu lagafrv. að gæti hræðsluáróðurs. Það er verið að reyna að hræða þingheim. Já, Íslendinga skulum við segja. Það er eiginlega verið að segja að Íslendingar geti ekki staðið sig gagnvart útlendingum. Mér finnst það niðurlægjandi um okkar ágætu þjóð. Ég ætla Íslendingum ekkert að verða að ösku eða gjalti þó þeir taki upp samvinnu við útlendinga um iðnrekstur — iðnrekstur, ég spyr nú ekki að, sem byggist á tækniþróun sem hér um ræðir. Og ég held reyndar að í því tilviki sem hér er til umfjöllunar og vitnað er til sjái menn að hér sé um skynsamlegar aðgerðir að ræða.

Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þetta sé ekkert smámál. Ég er henni sammála um það vegna þess að ég held að við megum ekki loka okkur af og vera eins hrædd við útlendinga og við höfum verið og við eigum að treysta sjálfum okkur til að standa í lappirnar í samvinnu við útlendinga.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að mál það sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum nr. 42 frá 18. maí 1978, hefur hlotið afgreiðslu í Ed. og þar var formaður þingflokks Borgarafl. *með meiri hl. á nál. Í þessari hv. deild er* ég sem formaður flokksins og þm. Borgarafl. á nál. meiri hl. þessarar hv. deildar í iðnn. En ég vil líka taka það fram að þrátt fyrir það er þetta ekki flokksmál eða flokkssamþykkt og hver þm. Borgarafl. greiðir atkvæði eftir bestu samvisku eins og vant er í þessu máli sem öðru.

En ég skrifaði undir þetta nál. vegna þess að ég tel alveg fráleitt að við skulum gefa í skyn að á einhverjum tíma veljum við menn í ráðherrastöðu sem ekki eru hæfir eða ekki traustsins verðir sem handhafar framkvæmdarvaldsins. Ég vil ekki gera nokkrum manni, hvorki í fortíð eða framtíð, það upp að hann sem ráðherra með traust meiri hluta Alþingis að baki geri það vísvitandi að hygla útlendingum umfram hagsmuni íslensku þjóðarinnar eða íslenskra fyrirtækja ef hann þarf að taka ákvarðanir um mál eins og það hvort hagsmunum Íslendinga sé betur borgið með eignaraðild útlendinga að meiri hluta eða minni hluta í samstarfi. *Og ég hef af* reynslu minni fullt traust á núv. iðnrh. í málum sem þessum, enda væri það kannski úr hörðustu átt ef ég ekki segði þetta vegna þess að sem iðnrh. á sínum tíma sóttist ég eftir sams konar áhrifum eða valdi og hér er um getið.

Ég ætla ekki að gera frv. að frekara umræðuefni. Ég mæli að sjálfsögðu með því að það verði samþykkt og sé ekki ástæðu til þess að gera það að frekara umræðuefni. Ég tók til máls við 1. umr. og *sagði þá það sem ég hef að segja um þetta mál.* Þó var það athyglisvert að í nál. Ed. á þskj. 439 kemur fram eins konar hótun, sem ég las þá upp og ætla ekki að lesa upp aftur, frá erlendum aðilum um að ef ekki fáist heimild sem þessi muni viðkomandi fyrirtæki fara til útlanda með þá framleiðslu á innlendum hráefnum. Það fer illa í mig slíkt tal.

En það er annað sem ég get ekki annað en dregið athyglina að. Nú standa þeir í hári út af Arafat, eins og kom hér fram hjá hv. 2. þm. Vestf., utanrrh. og forsrh. Þeir eru sem sagt ósammála um utanríkismál. Utanríkismálin eru einhver viðkvæmasti málaflokkur sem við höfum í okkar stjórnsýslu af ástæðum sem allir þekkja. Við getum rifist eins og við viljum um innanríkismál, en utanríkismál íslensku þjóðarinnar eru ákaflega viðkvæm og viðkvæm á alheims vísu. Þar er ríkisstjórnin klofin á þessari stundu. En það er eins í öllum málum. Það er alveg sama hvort það eru fjárlögin, húsnæðislögin eða önnur lög eða utanríkismálin eins og við tölum um núna. Þau hafa verið ágreiningsefni áður. Það kemur fram að ríkisstjórnin er ekki sammála um neitt.

Hér liggur fyrir stjfrv. sem ég sem forustumaður flokks á Alþingi er reiðubúinn til að styðja þrátt fyrir stjórnarandstöðu. Þá kemur í ljós að stjórnarflokkarnir eru andvígir stjórnarfrumvarpi enn þá einu sinni. Þetta er orðið svo furðulegt að maður getur ekki skilið hvernig ríkisstjórnin lifir frá degi til dags. Hér hafa þm. talað fyrir hönd Kvennalistans og lýst sig andstæða þessu frv. Hér hafa þm. frá Alþb. talað og lýst sig andstæða frv. Og hér hafa þm. frá stjórnarliðinu, Framsfl., lýst sig andstæða frv. Það er því alveg ljóst að þrátt fyrir minn stuðning úr stjórnarandstöðunni er ekki meiri hluti með þessu stjfrv. (**ÓÞÞ:** Ætlar þú þá að bjarga ríkisstjórninni með því að styðja þetta?) Ég get ekki bjargað ríkisstjórninni. Ég lýsti því að ég styð frv., en þm. Borgarafl. hafa að sjálfsögðu eigin ákvarðanir að taka hver um sig. Framsfl. er trúr þeirri stefnu sem hann hafði þegar ég var í ríkisstjórn og fór fram á þetta sama vald. Þá neitaði Framsfl. að styðja þá hugmynd og ég fékk hana heldur ekki í gegn í eigin flokki sem þá var Sjálfstfl. Nú flytur Sjálfstfl. þessa sömu till. Sjálfstfl. hefur þá tekið ákvörðun um að treysta betur núv. iðnrh. en þeim iðnrh. sem hann hafði þá. En Framsfl. er enn þá á móti þessari hugmynd. Sem sagt: það er Sjálfstfl. einn plús aumingja ég sem styður þetta stjfrv. (**Gripið fram í:** Hvað með Alþfl.?) Ja, það er alveg rétt, já. Það er Alþfl. til, alveg rétt. Alþfl. er eins og Borgarafl. enn þá til og það eru sem sagt Alþfl., Sjálfstfl. og ég sem erum öruggir stuðningsmenn þessa frv. Þó er það ekkert vitað vegna þess að ég hef ekki heyrt annan alþýðuflokksmann tala en hv. 4. þm. Reykn. sem hefur bara talað sem þm. en ekki fyrir hönd flokksins síns.

En hvað er að ske? Hvað er að ske þegar stjfrv. er svona augljóslega í minni hluta? Og hv. 4. þm. Reykn., fyrrv. formaður Alþfl. og einn af virtustu þm. hans, segir í ræðu úr þessum stól fyrir nokkrum mínútum að þm. tali út og suður vegna þess að kosningar séu að nálgast. Þetta voru upplýsingar sem eru nýjar fyrir mig. Ég vildi gjarnan heyra meira um þetta atriði frá hv. stjórnarliði og ég tala nú ekki um ef það væri hægt að fá hæstv. forsrh. til að hafna þessum ummælum eða að staðfesta þau. Þingheimur þarf að fá að vita ef kosningar eru svona nálægt. Og ég vil þá spyrja aftur úr því að ég er farinn að spyrja hæstv. forsrh.: Hvað skeður ef þetta stjfrv. fellur? Skeður eitthvað eða skeður bara ekkert eins og vant er?

En ég vil sem sagt benda á að hér er um stjfrv. að ræða og þeir sem hafa tekið til máls hafa talað fyrir þann meiri hluta sem þarf til að fella frv. og þá er spennandi að sjá hvað er fram undan. Er það boðskapur Alþfl. að kosningar séu að nálgast eða er það bara eins og vant er frá degi til dags „business as usual"?

Frsm. 2. minni hl. iðnn. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég er svo sein í vöfum að ég var ekki komin fyrr en nál. það sem ég hafði samið var lesið upp af kollega mínum, Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Ég vildi bæta nokkrum orðum við það sem í þessu nál. stendur og nokkrum orðum við það sem fram hefur komið hér í umræðunni.

Þegar Íslendingar hlutu frelsi sitt árið 1944 var styrjöld í veröldinni. Við urðum ríkari og ríkari og við vorum að lokum þessarar styrjaldar ansi auðug þjóð. Síðan hefur saxast á auð íslensku þjóðarinnar stanslaust og við höfum gripið til þess að fá fleiri og lengri og stærri lán. Ég held að sýnt geti verið að nú sé lánþanið erlendis að verða komið í hámark og hvað er þá fram undan, hvað getum við þá gert ef við viljum ekki grípa á efnahagsvandanum heldur ætlum að halda áfram á sömu háskabraut? Jú, það eina sem við getum gert er að veita erlendu fjármagni inn í landið.

Hv. 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson ræddi um að við þyrðum ekki í samstarf við aðrar þjóðir. Það er alrangt hjá honum. Við viljum bara ekki gefa erlendum aðilum tögl og hagldir í íslensku efnahagslífi. Þar liggur höfuðmismunurinn og það veit Kjartan Jóhannsson held ég alveg örugglega.

Það kom fram í fyrri umræðum um mál þetta að í heildarendurskoðun væru nú lög og reglur sem gilda um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Sú endurskoðun er þörf og brýn þar eð reglurnar eru mismunandi eftir atvinnugreinum. En ef við í slíkri endurskoðun ljáum máls á því að erlendir aðilar geti haft tögl og hagldir í íslenskum atvinnurekstri erum við að leggja enn eina helluna í þá stétt sem liggur frá frelsi til helsis og við höfum verið svo iðin við að leggja á undanförnum árum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram.

Það er alveg ljóst að hér er fyrst og fremst verið að þvinga samþykkt þessa frv. fram vegna fyrirtækisins Lýsis hf. sem stendur frammi fyrir því að hafa átt í viðræðum við fulltrúa erlends fyrirtækis um samstarfsverkefni varðandi framleiðslu lyfja. Það getur vel verið rétt hjá hv. 4. þm. Reykv. að þarna sé um gott og gilt verkefni að ræða, en þá má spyrja: Hvers vegna var þá ekki það afmarkaða mál lagt fyrir þingið og fengin samþykkt fyrir því án þess að farið væri að rjúka til að breyta allri löggjöfinni, iðnaðarlögunum sjálfum?

Ég vil minna á að ég veit ekki betur en nú sitji að störfum nefnd sem ríkisstjórnin skipaði til að vinna að löggjöf um aðild erlendra manna að íslenskri fjárfestingu. Að vísu, ef ég man rétt, átti stjórnarandstaðan engan fulltrúa að þessari nefnd. Ég hlýt því að spyrja hæstv. iðnrh. og bið hann nú að hlýða á mál mitt af alúð og virðingu, ég bið hæstv. ráðherra að svara þeirri spurningu minni: Hvers vegna var ekki beðið eftir skýrslu frá þeirri nefnd sem nú situr við að athuga hugsanlega löggjöf um aðild erlendra manna að íslenskri fjárfestingu eða eru þetta skilaboð frá þeirri nefnd sem stjórnarandstaðan á engan fulltrúa í ef ég man rétt? Er það skoðun þeirrar nefndar að það eigi að opna þetta eins og hér er lagt til?

Ég minni hv. 4. þm. Reykn. á að Íslendingar hafa mjög merka lyfjalöggjöf og eru þar mjög til fyrirmyndar öðrum þjóðum. Hér auglýsa menn ekki lyf og braska ekki með þau, a.m.k. ekki opinberlega, eins og aðra vöru sem er gert mjög miskunnarlaust í öðrum löndum. Ég mundi vilja vita áður en þetta samstarf Lýsis hf. og einhverrar lyfjaverksmiðju hefst að hvaða lögum yrði farið um meðferð þeirrar vöru sem þar kynni að verða framleidd. Ég held að allt þess háttar þurfi að athuga mjög vel.

Það kom mér líka mjög á óvart að heyra hv. 4. þm. Reykn. rugla saman að mínu viti annars vegar tæknilegum samskiptum um þekkingu og faglega kunnáttu og hins vegar beinni fjárhagslegri aðild. Þetta tvennt er auðvitað alls ekki eitt og það sama. Og ég held að það sé enginn hræðsluáróður, eins og mig minnir hann kalla það, að óttast um hvað verður um þann vísi að iðnaði sem við höfum ef við hleypum erlendu fjármagni inn í hann og iðnrh. verju sinni, frjálslyndum stundum í fjármálum svo að ekki sé meira sagt, sé fengið í hendur að stjórna því einum og sjálfum hverju er hleypt hér inn.

Maður kynni að spyrja: Er ekki verslunin næst? Það kynni nú að vera að kaupmenn landsins væru orðnir þreyttir á því að þurfa að fara til okurlánara til þess að þurfa að leysa út vörur á hafnarbakkanum hér og borga af því að sjálfsögðu himinháa vexti. Þægilegra kynni að vera að fá erlend stórfyrirtæki með vöruna beint heim í verslun.

Ég held að það sé enginn hræðsluáróður þó að hv. þm. séu sumir hverjir mjög uggandi um þá að manni

sýnist óhindruðu heimild sem hér er lögð til. Ég reyndi að kynna mér allrækilega nál. sem hv. 5. þm. Reykv. og hans menn standa nú að. Ég vil hins vegar skjóta því að honum að hann hefur heldur betur skipt um skoðun vegna þess að þegar iðnaðarlögunum var breytt 1978, í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem við bæði studdum þá, setti hann sig ekki á móti því að það ákvæði sem hér er lagt til að komi inn yrði fellt niður. (Gripið fram í.) Ja, þögn er sama og samþykki, stendur einhvers staðar, og alla vega mótmælti hv. þm. ekki þá. Honum var þetta ekki meira mál en svo að hann sá ekki ástæðu til að greiða mótatkvæði.

Í nál. því sem þeir hafa undirritað í báðum deildum, borgaraflokksmenn, eru ákaflega óljós atriði sem þeir leggja báðir áherslu á og ég hreinlega skil ekki og því síður treysti. Hér er t.d. sagt, með leyfi forseta:

„Nefndin áréttar það sem fram kemur í grg. með frv. að orðalagið „enda standi sérstaklega á“ skuli skýra þröngt og gildi fyrst og fremst um samstarfsfélög innlendra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.“

Þetta er ég nú hrædd um að megi teygja á 20 vegina. Í fyrsta lagi getur það verið skilgreiningaratriði hvað er nýsköpun og því meira skilgreiningaratriði er hvenær stendur sérstaklega á. Ég held að lögspekingar þjóðarinnar fyrr og seinna yrðu í meiri háttar vandræðum að komast að niðurstöðu um þetta.

Síðan segir í annarri athugasemd þeirra, með leyfi forseta: „Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja. Varðandi samning um stóriðju er gert ráð fyrir að sérstök lagasetning þurfi að koma til auk lánsfjárheimilda.“

Gott og vel. En hver á að skilgreina hvað eru smærri eða meðalstór fyrirtæki?

Síðan segir í fjórðu athugasemd þeirra meirihlutamanna í hv. iðnn.: „Jafnframt verði tryggt“ — og þetta er meira að segja skáletrað — „að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.“

Er það gulltryggt að erlendu fjármagni yrði ekki veitt í meiri hluta t.d. inn í nýsköpun í fiskiðnaði? Ég treysti því ekki og lái mér hver sem vill. Meðan ég á sæti hér á hinu háa Alþingi geri ég þá kröfu að ég fái að fylgjast með og hafa áhrif á hvaða erlendu fjármagni, hvaðan, hvenær og til hvers er hleypt inn í íslenskt efnahagslíf á þennan hátt.

Ég vil svo að lokum ítreka spurningu mína til hæstv. iðnrh.: Hvað er nefndin sem ríkisstjórnin skipaði að gera sem átti að huga að aðild erlendra manna að íslenskri fjárfestingu, hvað hefur hún verið að gera? Hvað er langt í að hún skili skýrslu? Hefur hún e.t.v. skilað henni? Það kann vel að vera að það hafi farið fram hjá mér. Er þetta frv. flutt, þessi þáttur þess verkefnis sem þeirri nefnd var falið nú fluttur til samþykktar með leyfi nefndarinnar? Ég bið hæstv. ráðherra að rifja upp hvort sú nefnd sitji enn að störfum sem stjórnarandstöðunni var raunar ekki hleypt að.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umræðu í Ed. og verið afgreitt úr þeirri hv. deild. Það var talsvert rætt við 1. umr. í hv. Nd. og þess vegna óþarfi að skýra ítarlega frá efnisinnihaldinu sem reyndar er ekki mjög flókið, kemst fyrir í fáum setningum en hefur að sjálfsögðu talsverða þýðingu, enda er lögð áhersla á að málið nái fram.

Það skal tekið fram að þetta er stjfrv. og það kom að sjálfsögðu þess vegna á óvart að tveir þm. ríkisstjórnarinnar skyldu snúast gegn frv. þegar við 1. umr., en það kemur ekki á óvart að þeir skuli ekki hafa skipt um skoðun á milli umræðna. En ég lít svo á að aðrir hv. þm. Framsfl. hljóti að styðja þetta frv., enda kom fram í umræðum í Ed. að hæstv. sjútvrh. skýrði frá því að hann og flokkurinn væru stuðningsaðilar þessa frv. (**ÓÞÞ:** Hann og flokkurinn?) Já, a.m.k. meginþorri flokksins. Ég held að flestir hv. þm. átti sig á því að a.m.k. annar þeirra sem hefur snúist gegn frv., annar þeirra hv. þm. Framsfl., hefur stundum, a.m.k. í einstaka tilvikum, ekki stutt stjfrv. og ekki verið í frásögur færandi satt að segja.

Varðandi þetta ákvæði hefur það komið skýrt fram að það var í lögum um margra áratuga skeið. Það hefur jafnframt komið fram í umræðunum að annars staðar á Norðurlöndum hafa ríkisstjórnir verið að beita sér fyrir því að frekara fjármagnsflæði megi eiga sér stað á milli landa, ekki síst í formi áhættufjár eins og hér er verið að leggja til að geti gerst. Það skal jafnframt tekið fram að það er íslensk lögsaga yfir þeim fyrirtækjum sem starfa hér á landi. Hér er einungis verið að tala um eignaraðild. Eftir sem áður gilda aðrar lagareglur, þar á meðal lagareglur um það hverjir eigi að sitja í stjórn slíkra fyrirtækja, en um það eru skýrar reglur í íslenskum lögum. Öll önnur atriði, svo sem eins og þau sem varða skattamál, mengunarmál, vinnueftirlit og þess háttar, eru auðvitað samkvæmt íslenskum lögum, enda yrðu fyrirtæki, sem yrðu stofnuð á grundvelli þeirrar heimildar sem hér er verið að ræða, háð íslenskri lögsögu í öllum greinum.

Varðandi fsp. Guðrúnar Helgadóttur, hv. 13. þm. Reykv., veit ég að hæstv. forsrh. getur svarað því hvernig það nefndarstarf stendur.

Ég vil aðeins, herra forseti, leyfa mér að þakka nefndinni fyrir að hafa unnið sitt starf tiltölulega hratt og vel og enn fremur vil ég þakka formanni Borgarafl., hv. þm. Albert Guðmundssyni, fyrir stuðning hans og væntanlega Borgarafl. við frv. og vonast til þess að það geti orðið að lögum sem allra fyrst.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að undirstrika viss atriði til að leiðrétta misskilning. Í mjög prúðmannlegu máli hv. 4. þm. Reykn. kom fram að

menn þyrftu að fela ráðherrum völd og þora að fela ráðherrum völd. Hann taldi að það gæti þýtt sex mánaða bið á ákvörðunartöku um aðild ef sá háttur væri ekki á hafður að þingið afsalaði sér þessu valdi. Ég vek athygli á því að það er ekki nýtt að Íslendingar gefi út brbl., en séu gefin út brbl. þarf ríkisstjórn Íslands sem heild að samþykkja og hún þarf að sjálfsögðu að leita til sinna þingflokka. Ég sé ekkert sem kæmi í veg fyrir að slíkt væri gert yfir sumartímann þættu mönnum miklir hagsmunir vera í húfi. En ég undirstrika enn og aftur að þetta er spurning um valdaskiptingu á milli þings og ráðherra.

Hér hafa verið sagðir merkilegir hlutir af hv. 5. þm. Reykv., svo stórir að mig setur nánast hljóðan. Hann segir okkur það hér úr ræðustól á Alþingi að hann beri það traust til hvers einasta manns sem fari í iðnaðarráðherrastól að hann muni ekki misnota þetta vald. En hvað sat hann uppi með sem iðnrh. varðandi mat sinna stuðningsmanna, sjálfstæðismanna? Þeir veittu honum ekki heimildina, segir hann. (**AG:** Ég hef meira traust á þeim.) Ég vil segja það aftur á móti hér og nú að verði farið yfir fylkinguna sem trúlega muni sitja í ráðherrastóli iðnrh. held ég að meðaltalsreglan muni ekki skila meiri né betri Íslendingum en þeim sem var í stólnum og fékk ekki heimildina. Þess vegna er alveg fráleitt að ég hér og nú fari að breyta þeirri skoðun minni að ég telji að þetta vald þá hafi átt að vera þingsins, ekki vegna vantrausts á þeim manni sem þá sat heldur vegna þeirrar skoðunar minnar að það sé eðlilegt að löggjafarsamkoma þjóðarinnar taki ákvarðanir í stórum málum því að lítil fyrirtæki geta gjarnan orðið mjög stór seinna meir, því skyldu menn gera sér grein fyrir. En mér þykir það undarlegt ef svo skaplitlir eru þm. Borgarafl. að þeir minnist ekki þessara hluta.

Það hefur ekki komið fram hvort hæstv. núv. iðnrh. var einn af þeim sem þá töldu ekki rétt að veita heimildina. (**Gripið fram í:** Það var hann.) Það hefur ekki komið fram. Telur hann að þetta eigi kannski að fara inn og út úr lögum eftir því hverjir *eru í stólnum hverju sinni? Væri það ekki hámark* vitleysunnar ef við stæðum þannig að lagasetningu? Auðvitað nær slíkt ekki nokkurri átt.

Ég undirstrika að ég tel að það muni vera meginregla að hinir mætustu menn sitji í ráðherrastóli. En ég vil ekki hér og nú gefa jafnmikla og stóra yfirlýsingu og hv. 5. þm. Reykv. gerði. Mitt mat á mönnum er það að þeim geti skjátlast og þeir séu misjafnir eins og þeir eru margir. Og sé farið yfir ráðherra lýðræðisríkja getum við því miður ekki sagt að það sé dómur sögunnar að þar hafi ávallt verið það mannval að hægt sé að setja slíkan gæðastimpil á þá. Með þessu, og það vil ég að komi hér skýrt fram, vil ég engri rýrð varpa á þann mann sem nú situr sem hæstv. iðnrh. Ég vil engri rýrð varpa á hann, að það sé vegna þess að hann sé í þeim stól sem ég taki þessa ákvörðun og stend að þessu eins og ég geri. Ég hafði sömu skoðun seinast þegar þetta var rætt í þingflokki Framsfl. og ég hef nú. Ég tel að það sé nóg rými á Alþingi Íslendinga fyrir svona mál. Það er ekki verið að eyða tíma þingsins almennt til að ræða atvinnumál. Það mætti kannski gera ögn meira af því að ræða atvinnumál í sölum þingsins.

En að lokum þetta: Mér finnst að menn eigi ekki að vera að því þegar þessi mál eru rædd hér að reyna að stilla því þannig upp að við sem viljum að þingið hafi þetta vald séum einhverjir sérstakir hatursmenn útlendinga eða teljum að allt samstarf við útlendinga sé af hinu illa. Það hefur ekki verið sagt mér vitanlega af neinum þeirra manna sem eru andsnúnir þessu. Þetta er fyrst og fremst ákvörðun um hvort við viljum að það sé fjölgað lagatextum á þann hátt að ráðherrum sé heimilt ef sérstaklega standi á nánast að hafa alræðisvald á vissum sviðum. Ég skil ekki nauðsynina. Hins vegar er mér ljóst að þetta gæti orðið ný aðferð til að taka lánsfé í mjög stórum mæli inn í landið. Það er hægt hjá Íslendingum að stofna dótturfyrirtæki erlendis líka. Það er hægt að láta slík dótturfyrirtæki fá meiri hluta í fyrirtækjum uppi á Íslandi og flytja þannig fjármagn á milli til að komast fram hjá því gífurlega svelti sem fyrirtæki á Íslandi eru í með fjármagn, m.a. vegna verðbólgunnar í landinu.

En það er allt annað mál að það þurfi að taka á heildarvanda iðnaðarins í landinu, í efnahagsmálum og að við stöndum saman að því að efla íslenskan iðnað en að gefast nú upp og ætla að fara að blanda saman, eins og ég óttast að verði, annars vegar nýjum möguleikum í atvinnuuppbyggingu og hins vegar að vegna erfiðrar eiginfjárstöðu verði menn hálfþíndir til að láta af hendi íslensk fyrirtæki til erlendra aðila.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Efnislega er hér um að ræða að færa aftur í lög ákvæði sem í gildi voru á sínum tíma um heimildir erlendra aðila til fjárfestingar. Hér er um að ræða mjög takmarkað mál sem ég tel vera eðlilegt að nái fram að ganga. Þetta er stjfrv. eins og fram hefur komið og engu breytir um það þó að *tveir af hv. þm. Framsfl. hafi ekki verið reiðubúnir* að ganga með forustu síns eigin flokks í þessu máli.

En varðandi fsp. hv. 13. þm. Reykv. um það starf sem fram hefur farið um tillögugerð varðandi samræmdar reglur um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, þá var í samræmi við stjórnarsáttmálann skipuð sérstök nefnd til að vinna að tillögugerð í þessu efni og hún hefur lokið störfum og lagt fram frv. um þetta efni sem byggir á samræmdum reglum, þó með þeim takmörkunum sem ríkisstjórnin ákvað að því er varðar auðlindir landsins sem eðlilegt er að erlendir aðilar geti ekki fjárfest í.

Frv. hefur verið lagt fram í ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt það og það er nú til meðferðar hjá flokkum ríkisstjórnarinnar og verður að lokinni þeirri umfjöllun væntanlega lagt fram á Alþingi ef samstaða tekst um það milli stjórnarflokkanna. Ég tel eðlilegt að það fari fram

ítarleg umræða um þessi efni. Hún hefur ekki verið mikil og í sjálfu sér engin ástæða til að keyra fram lagabreytingar um þetta efni með einhverjum sérstökum hraða. Við þurfum að ræða þessi efni ítarlega og í heild sinni og þess vegna sé ég út af fyrir sig ekki ástæðu til að leggja á það áherslu að þetta þing samþykki heildarlöggjöf um þetta efni þó að brýnt sé og æskilegt að sú umræða hefjist. En m.a. vegna þessa tel ég eðlilegt að það mál sem hér er til umfjöllunar og lýtur að mjög takmörkuðum þætti, er efnislega samhljóða ákvæði sem áður var í lögum og reynslan sýnir að var nú býsna meinlaust fyrir íslenskt atvinnulíf, þá tel ég eðlilegt að það verði afgreitt á þessu þingi.

Frsm. 1. minni hl. iðnn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að við séum að endurtaka ræður okkar frá því í 1. umr., en ég kemst þó ekki hjá því að koma upp í ræðustólinn aftur til að bera til baka missagnir eða rangar ályktanir sem mér þóttu koma fram í máli hv. 5. þm. Reykv., fyrrv. iðnrh. og formanns Borgarafl., Alberts Guðmundssonar.

Afstaða mín mótast ekki af því að ég beri ekki fyllsta traust til núv. iðnrh. Ég bar líka fyllsta traust til hæstv. fyrrv. iðnrh. Alberts Guðmundssonar. Ég studdi þá báða og ber ábyrgð á þeim sem stuðningsmaður ríkisstjórnar. Það er útúrsnúningur að telja að þarna sé um eitthvert vantraust að ræða. Ég er hins vegar ekki alveg viss um að ég komi til með að styðja alla iðnaðarráðherra sem koma til með að vera í framtíðinni eða vilji taka ábyrgð á þeim eða þeirra gerðum.

Mér finnst að Alþingi geti sem hægast sett lög í hvert sinn sem henta þykir að útlendingar eigi meiri hluta í fyrirtækjum á Íslandi. Ekki teljum við eftir okkur að setja lög um sölu jarðeigna ríkisins. Það má ekki selja part úr jörð öðruvísi en það þurfi að samþykkja sérstök lög um það hér á Alþingi. Ég tel að það sé nokkur trygging fyrir vönduðum undirbúningi ef í hvert sinn eru sett sérlög þegar svona tilvik koma til.

Það er fjarri lagi líka hjá hv. 4. þm. Reykn. Kjartani Jóhannssyni þar sem hann er að gera mér upp ótta við útlendinga. Hér er um að ræða eðlilega fyrirhyggju. Ég vil ekki að löggjafarvaldið framselji vald að þessu leyti til framkvæmdarvaldsins þar sem ég tel heppilegra að þetta vald sé hjá Alþingi.

Það liggur ljóst fyrir að það var ágreiningur og er um þetta mál innan þingflokks framsóknarmanna. Við samþykktum að iðnrh. fengi að leggja þetta mál fram sem stjfrv., en einstakir þm. flokksins hefðu óbundnar hendur í málinu. Það þarf ekki að koma iðnrh. eða öðrum þm. né heldur hv. fyrrv. iðnrh., 5. þm. Reykv., nokkurn skapaðan hlut á óvart.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þegar 1. umr. fór hér fram kom það greinilega fram í mínu máli hvers vegna ég væri á móti frv. Ég taldi að það að slík mál færu fyrir Alþingi væri trygging fyrir því að þau fengju verulega umfjöllun hverju sinni. Hvernig skyldi nú standa á því að það má t.d. ekki selja nokkra fasteign, fjmrh. má ekki selja nokkra fasteign öðruvísi en setja það í 6. gr. fjárlaga? Hvernig skyldi standa á því að yfirleitt, þó það séu undantekningar að vísu, má ekki selja jörð öðruvísi en það fari fyrir Alþingi, nema um óðalsrétt sé að ræða eða að maður sem er búinn að sitja svo og svo lengi á jörðinni hafi öðlast rétt til þess að kaupa? En svo er talið alveg sjálfsagt að ráðherra, í þessu tilfelli hæstv. iðnrh., geti án umfjöllunar Alþingis leyft útlendingum að eiga meiri hluta í fyrirtæki sem hér er reist. Er eitthvert samræmi í þessu?

Hv. 4. þm. Reykn. sagði: Ja, þetta er ekkert mál. Það er verið að færa í sama far og var fyrir 1978. Hvernig skyldi nú standa á því að það var sett ákvæði inn í iðnaðarlögin 1978? Var það alveg ástæðulaust? Var það gert af einhverju rangli? Var það slys? Veit ekki hv. 4. þm. Reykn. að það voru orðnir breyttir tímar frá því áður var og þeir hafa breyst enn? Þau rök sem voru fyrir þessu ákvæði fyrir langa löngu eru allt önnur í dag. Við sjáum bara og heyrum áhuga sumra í Efnahagsbandalaginu á að fá allar þjóðir þar inn og ekki síst Íslendinga. Þetta gæti verið aðferð til þess að ná tangarhaldi á íslenskum atvinnurekstri, að komast hér inn með fjármagn og ná hér vissum tökum í þjóðfélaginu.

Það er náttúrlega algjörlega út í hött sem hv. 4. þm. Reykn. sagði að það væri eitthvað háskalegt við það að menn gætu bara þurft að bíða allt upp í 9 mánuði til þess að fá afgreiðslu og það gæti riðið baggamuninn. Ég hélt að jafnvanur þm. og hv. 4. þm. Reykn. er vissi hvernig gangurinn er í þessum málum. Auðvitað mundi iðnrh. fara með þetta fyrir þingflokka stjórnarflokkanna ef um slíkt væri að ræða og tryggja það að hægt væri að skrifa undir slíka samninga með fyrirvara sem hann gæti sagt að væri 100%. Það væri líka hægt að gefa út bráðabirgðalög með því að fara líka með það fyrir þingflokkana. Annað eins hefur nú verið gert. Og þessi rök, það er bara ekki hægt að hlusta á svona ekki af reyndum hv. þingmanni. Þetta er ekki hindrun.

En það er verið að opna fyrir að það þurfi bara ekkert að fjalla um þetta í íslensku þjóðfélagi, það sé bara iðnrh. sem geti gengið frá hlutunum. Það er það sem verið er að togast á um.

Í sambandi við þetta lyfjafyrirtæki þá er það alveg merkilegt að það skuli vera notað hér sem einhver svipa á þingið, að þeir muni fara í fýlu og hætta við ef þetta sé ekki opnað. Dettur nokkrum hv. þm. í hug að segja frá svona? Þetta er svo fráleitt. Eða ætla menn að taka á móti svona hótunum ef það er virkilega rétt? Ég trúi þessu ekki. Enda skiptir þetta engu máli ef það eru á annað borð rök fyrir því að taka þá inn og eðlileg umfjöllun færi fram um málið hér á hv. Alþingi og við værum sammála um það, eða a.m.k. meiri hlutinn, að gera það. Að það mundi skipta sköpum. Ég veit ekki hvað er komið

yfir þessa hv. þm.

Hv. þm. talar um að við séum eitthvað hræddir við útlendinga. Smáþjóð verður að umgangast útlent fjármagn með varúð. Mér er alveg sama hvort menn kalla það ótta eða ekki. Það er a.m.k. skynsemi að gera það.

Nei, ég skil eiginlega ekki þennan málflutning sem er hér hafður uppi í þessu máli. Það kemur berlega fram að hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa engin rök fyrir málinu. Þeir segja: „Þetta er stjfrv." Hæstv. iðnrh. segir: „Það var samþykkt í Ed." Og hæstv. iðnrh. segir líka: „Sjútvrh. sagði í Ed. að hann og flokkurinn styddu frv." Hafi hæstv. sjútvrh. sagt þetta þá segir hann náttúrlega rangt til vegna þess að það hefur komið hérna berlega fram að flokkurinn sem slíkur styður það ekki, kannski meiri hlutinn, það veit ég ekkert um. Ef þetta er rétt haft eftir þá er það rangt hjá hæstv. ráðherra.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að hér væri um að ræða traust eða ekki traust. Ég harðneita þessu. Það er ekkert um að ræða traust eða ekki traust. En það er óvarlegt að láta einn mann, burt séð hver hann er, hafa slíkt vald í hendur. Og eins og ég sagði hér áðan þá er ég hissa á að nokkur ráðherra, nokkur maður skuli vilja fá slíkt vald í hendur.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að það væru skrýtnar uppákomur á milli stjórnarflokkanna og væri nú síðasta málið Arafatsmálið. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Þetta er merkilegt. Óbreyttir þm. standa eiginlega frammi fyrir því að ríkisstjórnarflokkarnir séu ekki sammála um neitt annað en að vera ósammála. (Gripið fram í.) Um það eru þeir þó sammála og það er auðvitað ekkert lítið.

En það merkilegasta sem kom fram í þessum umræðum var það sem hv. 4. þm. Reykn. sagði. Hann sagði eitthvað á þá leið að menn færu að tala út og suður þegar færi að nálgast kosningar. Þetta eru alveg ný tíðindi fyrir mér. Það er nú ekki ár síðan kosið var. Þetta eru í sjálfu sér upplýsingar um það að nú séu menn í stjórnarflokkunum orðnir hræddir um að það sé að styttast í kosningar. (**Gripið fram í:** Sumir.) Þrátt fyrir það að þeir séu sammála um að vera ósammála. Þetta eru mikil tíðindi að það sé upplýst að nú fari fram umræður um að það hljóti að styttast í kosningar. Og þó fer hæstv. fjmrh. um landið þvert og endilangt og spyr menn: „Brennur Róm?" Já, já, hann ætlar líklega að fá slökkvilið fyrir norðan og austan og jafnvel vestan, því að allir sem hafa sjón sjá að Róm brennur í þeim skilningi sem það hefur verið notað.

Ég held að það séu engin efnisleg rök fyrir því að samþykkja þetta frv. Ef þau eru til þá hafa þau ekki komið fram í þessum umræðum, ekki í umræðunum við 1. umr., nema síðar væri. Og ef það er álit stjórnarliða að nú sé stutt í kosningar þá held ég að það ætti a.m.k. að bíða eftir því að nýr meiri hluti fjalli um þetta mál.

Frsm. meiri hl. iðnn. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég held að það sé nú oftúlkun á orðum mínum hér áðan að ég hafi verið að boða kosningar þegar ég tók svo til orða að menn töluðu oft fjálglega fyrir kosningar um iðnþróun og hátækni og því um líkt en gleymdu því svo þegar frá liði kosningum. Ég get ekki séð að þessi orð þýði það sem hér hefur verið út af þeim lagt. Hins vegar hef ég ekki hugmynd um hvort það verður kosið fyrr eða síðar. Hvort einhverjir geta gefið yfirlýsingar um það veit ég ekki og ætla ekki að blanda mér í.

Að öðru leyti fáein orð út af orðum hv. síðasta ræðumanns, Stefáns Valgeirssonar 6. þm. Norðurl. e. Varðandi áhuga Evrópubandalagsins þá skulum við ekki ofgera það að þeir standi bara og bíði eftir því eða sækist eftir því að fá okkur upp í til sín. Ég held að staðan sé alls ekki sú. Eftir því sem ég veit næst þá mundu þeir ekki einu sinni taka við Noregi eins og á stendur hjá þeim eins og stendur.

Hins vegar um jarðarpartinn. Já, ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gilda alveg sérstök ákvæði um íslenskar auðlindir. Og ég tel landareign til íslenskra auðæfa og að þar eigi skilyrðin að vera þrengst. (**Gripið fram í:** En húsin hérna í bænum, hérna á þessu landi?) Já, það er nú minna mál með húsin, en að því er jarðarpartinn varðar, sem hv. þm. vitnaði í, þá flokka ég hann með auðlindum.

En hv. þm. sagði að tímarnir hefðu verið öðruvísi 1978 heldur 1977 eða 1976, að því er mér skildist, og þeir væru öðruvísi núna. Auðvitað eru tímarnir alltaf að breytast. En ég hefði hins vegar haldið að ef hann hefði rök fram að færa í þessu máli þá hefði hann af þingreynslu sinni getað miðlað okkur upplýsingum um það hvaða straumur af erlendum aðilum sóttist hér eftir því að setja fyrirtæki á fót og hvers konar mannraunir það voru hjá páv. iðnrh. að veita viðnám gegn notkun þeirrar heimildar sem þá var í gildi og nú er meiningin að leiða í lög. Þá hefði hann haft eitthvað um þetta mál að segja, en því svaraði hann ekki aukateknu orði og því held ég að mál mitt hér áðan um það efni standi óhaggað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 2. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, n. 715 og 724.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. allshn. á frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82 1969, með síðari breytingum.

Meirihlutaálitið er á þskj. 715. Undir það álit rita hinir sömu og voru flm. frv. nema hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem var ekki á þingi þegar allshn. afgreiddi málið. En varamaður hans, Björn Gíslason, ritar undir nál. auk mín og hv. þm. Jóns

Kristjánssonar og Guðna Ágústssonar.

Minni hl., hv. þm. Friðjón Þórðarson, Geir Gunnarsson og Ólafur Gränz, hafa skilað sérstöku áliti.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál. Þá fór ég yfir allar þær umsagnir sem borist höfðu um hið fyrra frv. um sama efni og áttu þær umsagnir jafnt við um þetta frv. Engar brtt. voru ræddar í nefndinni, enda ekki lagðar fram.

Herra forseti. Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Frsm. minni hl. allshn. (Friðjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hl. allshn. Þetta mál er raunar ekki nýtt af nálinni. Því hefur iðulega verið hreyft í ýmsum myndum á undanfarandi þingum, en yfirleitt hefur það átt heldur erfitt uppdráttar. Allir hv. alþm. vita að snemma á þessu þingi var flutt frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969. Það var 42. mál þingsins. Flm. voru hv. þm. Jón Magnússon og fleiri. Um það urðu nokkar umræður. Því var vísað til nefndar en af einhverjum ástæðum þótti henta að hafa hestaskipti úti í miðri á og leggja þessu frv. við stjóra. En þá var flutt annað frv. sem er 293. mál þingsins. Og það er nál. um það mál sem nú er fjallað um.

Eins og ég sagði þá mæli ég fyrir hönd minni hl. allshn. því að nefndin varð ekki einhuga um þetta mál. Það var rætt á nokkrum fundum. Margar umsagnir bárust um málið og ýmsir komu á fund nefndarinnar. En minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Það er raunar ekkert nýtt að það sé ágreiningur milli manna um það hvernig eigi að skipa þessum málum. Þar sýnist sitt hverjum. Allir eru þó væntanlega sammála um það að æskilegt sé að heildarneysla áfengis meðal einstaklinga og þjóða sé sem allra minnst. Með hliðsjón af biturri reynslu margra annarra þjóða og öðrum sterkum rökum sem fyrir liggja teljum við í minni hl. að innflutningur, bruggun og sala á sterku öli hérlendis muni auka heildarneyslu áfengis í landinu. Að sama skapi færi auðvitað vaxandi sá mikli vandi sem tengist áfengisneyslu bæði af félagslegum rótum runninn og einnig tengjast margir sjúkdómar áfengisneyslu á einn eða annan hátt, þar með talin drykkjusýki.

Við viljum sérstaklega benda á það álit sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint til aðildarþjóðanna, að þær setji sér það mark að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. Það eru ýmsir sem gagnrýna störf Sameinuðu þjóðanna og telja að þær hafi ekki náð miklum árangri, en það er þó hafið yfir allan vafa að ýmsar af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna hafa unnið mjög gott starf, þar á meðal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin.

Þeir sem undirrita þetta nál. á þskj. 724 og leggja til að frv. verði fellt eru auk mín hv. þm. Geir Gunnarsson og Ólafur Gränz.

Um þetta mál hafa borist fjölmargar umsagnir eins og geta má nærri. Ég ætla að leyfa mér að nefna þær nokkrum orðum. Fyrst ætla ég að víkja að þeim sem við höfum birt með þessu nál. sem fskj.

Ég fer raunar ekki um þau fskj. mörgum orðum. Hver og einn hv. alþm. getur kynnt sér það sem þar stendur. En ég nefni þau þó lítillega.

Á fskj. I er grein, sem dr. Tómas Helgason birti í Morgunblaðinu 11. mars sl. og nefnist: „Ekki bjór." Þar bendir hann á það með sterkum rökum að öll fræðileg rök bendi til þess að sá skaði sem áfengi veldur vaxi með aukinni heildarneyslu. Ég þarf ekki að fara mjög miklu nánar út í þetta fskj., en aukafyrirsagnir tala sínu máli. Þar er talað um: 1. Heildarneysla eykst með bjór. 2. Meiri heildarneysla — meiri skaði. 3. Meiri heildarneysla — fleiri drykkjusjúkir. Og eftir að hann hefur fært mjög sterk rök að máli sínu, þá eru lokaorðin þau að vegna þess skaða sem aukin áfengisneysla valdi heilbrigði þjóðarinnar beri að hafna bjórfrv., enda gangi það í berhögg við íslenska heilbrigðisstefnu.

Þá er næst á fskj. II bréf frá Geðlæknafélagi Íslands til allshn. Þar talar félagið um að vísa beri frv. frá vegna þess að framleiðsla og sala áfengs öls hér á landi muni leiða til aukinnar áfengisneyslu og aukins tjóns á heilsufari þjóðarinnar.

Á fskj. III, sem prentað er með frv., er svo bréf Þorkels Jóhannessonar, prófessors í lyfjafræði, til allshn. frá 2. þessa mánaðar. Þar færir hann í sjö töluliðum sterk rök að því að þetta frv. beri að fella.

Þá nefni ég fskj. IV sem er umsögn frá Landssambandi lögreglumanna. Stjórn landssambandsins telur margt benda til að heildarneysla áfengis muni aukast a.m.k. til að byrja með ef leyfð verði sala áfengs öls. Þá sé líklegt að áfengisneysla unglinga verði almennari og hætta sé á að hún færist neðar í aldursstigann. Einnig megi búast við því að sala á áfengu öli muni auka áfengisneyslu á vinnustöðum, en slíkt auki hættu á vinnuslysum og dragi úr afköstum. Verði þetta frv. samþykkt megi reikna með verulega auknum verkefnum lögreglunnar, m.a. vegna ölvunaraksturs, og við því þurfi að bregðast með eflingu eftirlits og löggæslu. Þetta bréf frá Landssambandi lögreglumanna er raunar nokkru lengra. Það er mjög hógvært og satt að segja mætti bæta miklu við þetta bréf og það gæti ég gert af langri reynslu af þessum málum, en læt það bíða að sinni.

Þá er fskj. V. Þar er talað um áfengismálaumræðu á villigötum. Bjórfrumvarpið er tímaskekkja, stendur þar. Þetta er áskorun lækna sem vinna að meðferð áfengissjúklinga. Þar er m.a. tekið fram að þeir læknar sem þessa áskorun undirrita, sem allir vinna að meðferð áfengissjúklinga, skori á alþm. að vísa frá frv. um breytingu á áfengislögum sem fram er komið til þess að leyfa bruggun og sölu áfengs öls hér á landi. Þeir benda á að ein meginskýringin á því að heildarneysla áfengis á Íslandi er minni en annars staðar sé sú að hér hafi ekki verið leyfð framleiðsla og sala á áfengu öli. Undir þetta rita átta læknar.

Þá er það fskj. VI. Það er grein sem birtist í DV 23. febr. sl. Þar er á ferð Árni Einarsson, ritari samvinnunefndar bindindismanna. Greinin nefnist „Ölórar, áhrif bjórs á heildarneyslu áfengis“ og er þar m.a. sýnt súlurit varðandi þróun þessara mála.

Ég vík þá að nokkrum umsögnum öðrum sem borist hafa. Hér er m.a. bréf frá Verkamannasambandi Íslands. Þar segir í ályktun að 13. þing VMSÍ lýsi yfir fyllsta stuðningi sínum við öll félagasamtök sem vinni gegn notkun vímuefna. Jafnframt skorar þingið á alþm. að samþykkja þjóðaratkvæðagreiðslu um fram komið bjórfrv. Slík tillaga hefur ekki komið fram á Alþingi um þetta mál sem nú er rætt, en ég ætla að segja það sem mína persónulegu skoðun að ég er mótfallinn því að þetta mál verði lagt undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel rétt og skylt að við alþm. skerum úr því sjálfir.

Þá er hér bréf frá Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið. Þar er í upphafi vikið að því að Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið, SÁÁ, sé hópur 8000 einstaklinga sem hafi sameinast undir einu merki til þess að berjast á raunhæfan hátt við áfengisvandamálið, en innan þessara samtaka rúmist bindindismenn, hófdrykkjumenn og drykkjusjúklingar. Þess vegna geti stjórn SÁÁ ekki tekið afstöðu fyrir hönd alls þessa fólks með eða á móti fram komnu frv. þess efnis að leyfð verði bruggun og sala bjórs á Íslandi, en að fenginni reynslu SÁÁ tekur framkvæmdastjórn fram eftirfarandi atriði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„1. Þó að líklegt sé að dragi úr neyslu sterkra drykkja með tilkomu bjórs bendir allt til þess að heildarneysla hreins vínanda muni aukast hér á landi eins og reynslan hefur sýnt annars staðar.

2. Aukin neysla vínanda hefur ætíð leitt til aukinnar tíðni drykkjusýki.

3. Líklegt er að drykkjuvenjur drykkjusjúkra muni að einhverju leyti breytast þannig að vart verði við aukna sídrykkju. Sídrykkja leiðir til verra líkamlegs ástands þessa hóps og er sérstaklega vert að benda á lifrarsjúkdóma.

4. Verði bruggun og sala bjórs leyfð hér á landi er það skoðun framkvæmdastjórnar SÁÁ að jafnframt verði að gera stórátak í fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum gagnvart almenningi, sérstaklega unglingum.“

Ég vík þessu næst að umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands. Þar er tekið fram að Stjórn Kvenfélagasambands Íslands telji að ekki beri að rýmka ákvæði núgildandi áfengislaga.

Þá er það Íþróttasamband Íslands (ÍSÍ). Í bréfi frá ÍSÍ er tekið fram að það hafi frá upphafi barist gegn áfengisneyslu og komi það fram í margendurteknum samþykktum íþróttaþinga ÍSÍ, svo og annarra funda er tekið hafa afstöðu til áfengismála. Þessi afstaða ÍSÍ sé alveg óbreytt.

Þá er hér bréf frá Alþýðusambandi Íslands. Af hálfu miðstjórnar ASÍ hefur ekki verið tekin sérstök afstaða til frv., segir í bréfinu, en miðstjórn minnir á svofellda samþykkt 34. þings ASÍ frá 1980, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„34. þing ASÍ bendir á niðurstöður Heilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO), þar sem fram kemur að þau vandamál er stafa af áfengisneyslu séu í beinu samhengi við heildarneyslu þess. Heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna telur helstu ráðin til úrbóta á þessu sviði vera að halda verðlagi á áfengi háu og fækka dreifingarstöðum áfengis.

34. þing ASÍ lýsir yfir fullum samstarfsvilja við þá aðila sem berjast gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu og aðstoða þá einstaklinga, sem háðir eru þessari neyslu.“

Ég var áður búinn að víkja nokkrum orðum að umsögn frá Landssambandi lögreglumanna.

Þá kemur hér næst Læknafélag Íslands. Það svarar þessu í nokkuð löngu máli þar sem m.a. kemur fram að öll vandamál sem tengjast áfengi vaxi margfalt með aukinni heildarneyslu og skorað er á ráðherra og aðra alþm. að gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr framboði áfengis og eftirspurn eftir því þannig að heildarnotkun þess minnki í samræmi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það er einnig nefnt að í IV. kafla, 3, í íslensku heilbrigðisáætluninni sé bent á það sem staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu séu mikil hér á landi enda þótt heildarnotkun áfengis sé minni en í flestum öðrum löndum. Loks er minnt á það að í markmiði heilbrigðisáætlunarinnar segi svo m.a. að almenna neyslu áfengis þurfi að minnka að því marki að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar.

Þá er hér ítarleg umsögn frá áfengisvarnaráði. Í því bréfi er m.a. vikið að því, sem ég raunar hef rætt um áður, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. Þess vegna sé nauðsynlegt að huga að því hvaða ráð séu líklegust til að stuðla að því að slíkt takist. Á það er bent í þessari umsögn, sem er rétt að fara nokkrum orðum um, að það var á Alþingi 7. maí 1981 að samþykkt var samhljóða þál. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. 1. flm. var hv. núv. 3. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson. Ríkisstjórnin samþykkti síðan 30. des. 1982 að skipuð yrði nefnd á hennar vegum og skyldi hún vinna að undirbúningi tillagna í samræmi við þál. Með bréfi 19. maí 1983 skipaði heilbr.- og trmrh. nefndina. Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri var formaður hennar og auk þess áttu 16 menn sæti í henni, m.a. fulltrúar allra þingflokka. Þessi nefnd vann ágætt starf. Hún skipti sér í starfshópa eins og tíðkast nú á tímum. Þeir könnuðu ítarlega og samviskusamlega mismunandi þætti áfengismála og mun nefndin hafa skilað samhljóða áliti til heilbr.- og trmrh. 6. jan. 1987.

Þessar tillögur um áfengismálastefnu sem unnið var að samkvæmt þál. Alþingis hafa enn ekki verið ræddar. Hins vegar er í þessu frv. einn þáttur

áfengismála slitinn úr samhengi við aðrar aðgerðir og látið svo heita í grg. að það sé gert til að samræma áfengislöggjöfina. En að mínu mati hefði mátt huga að þessu nál. einmitt í sambandi við þessa breytingu sem nokkrir hv. alþm. hyggjast gera á löggjöf um áfengismál.

Í þessari löngu og ítarlegu umsögn er svo minnt á það að í vor hafi hæstv. heilbr.- og trmrh. lagt fram á Alþingi skýrslu sem nefnist „Íslensk heilbrigðisáætlun" og er vafalaust ýmsum kunn. Í þessari áætlun er talað um að gera markvissa áætlun um samdrátt í notkun áfengis.

Þá eru nokkrir liðir í þessari umsögn þar sem fjallað er um viðhorf nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum. Þar segir m.a. að Jacob Söderman, landshöfðingi í Nýlandléni í Finnlandi — en þar er m.a. höfuðborgin Helsinki — leggi nú til að farið verði að dæmi Svía þar í landi og milliöl bannað. Ég get ekki stillt mig um að geta þess að Jacob Söderman ætti að vera ýmsum íslenskum alþm. að góðu kunnur. Hann var um tíma ef ég man rétt samstarfsráðherra af Finnlands hálfu um norræn málefni og hefur m.a. heimsótt Ísland nokkrum sinnum og er hinn mætasti maður.

Þá er rétt að geta þess að norska Stórþingið virðist ekki ætla að láta tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta sem vind um eyru þjóta því að það hefur nú þegar gripið til ýmissa aðgerða til að stemma stigu við fjölgun áfengisdreifingarstaða.

Þá má nefna í þessu sambandi, þó að þangað sé lengra að leita fanga, að Bandaríkjamenn og Sovétmenn stefna í sömu átt, hafa m.a. hækkað lögaldur til áfengiskaupa í 21 ár, en hann hafði áður verið lækkaður í 18 ár víðast hvar í ríkjum þeirra.

Þessu næst er það umsögn frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagsmálaráð telur að ekki þurfi að deila um þá staðreynd að verði bjórinn opinberlega leyfður til neyslu hér á landi, þá muni það hafa í för með sér heildaraukningu á áfengismagni sem Íslendingar drekka ár hvert. Hins vegar er alls óvíst hvort neysla sterks áfengis muni minnka eða aukast vegna bjórneyslunnar."

Þetta er síðan rökstutt í alllöngu máli, sem ég ætla ekki að fara yfir. En þó segja þeir hér í lokin að það sé mjög vafasamt að þeirra dómi að innleiða bjórinn hér á landi án þess að á undan fari mikið fræðslu- og áróðursátak þannig að Íslendingar séu vel upplýstir um hætturnar sem fylgja bjór sem og öðru áfengi.

Þá er hér umsögn frá Æskulýðsráði ríkisins sem hnígur mjög í sömu átt og aðrar umsagnir sem ég hef fjallað hér um. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Æskulýðsráð ríkisins telur að ekki þurfi að deila um þá staðreynd að verði bjórinn opinberlega leyfður til neyslu hér á landi, þá muni það hafa í för með sér heildaraukningu á áfengismagni sem Íslendingar drekka ár hvert. Hins vegar er alls óvíst hvort neysla sterks áfengis muni minnka eða aukast vegna bjórneyslunnar."

Og hér á öðrum stað segja þeir: „Brýnt er að stórauka nú þegar víðtæka og markvissa fræðslu um skaðsemi áfengra drykkja og áróður gegn notkun áfengis." Og loks taka þeir fram að algengasti byrjunaraldur þeirra sem neyta áfengis á Íslandi í dag sé talinn vera um 14–15 ára og segja svo: „Brýnt er að hið opinbera marki ótvíræða stefnu í verðstjórnun á áfengum drykkjum. Verði t.d. meiri hluti fyrir bjórfrv. og bjórinn seldur sem ódýrt áfengi er nánast víst að neysla barna og unglinga á heimilum muni stóraukast og færast enn neðar í aldursstigann." Grunur minn er sá að þessi neysla sé nú þegar komin a.m.k. nokkru neðar í aldursstigann og sjá menn þá hvílík vá er fyrir dyrum.

Þá er umsögn frá Geðlæknafélagi Íslands, en það er eitt af þeim skjölum sem prentað er með nál. og fjalla ég ekki um það frekar.

Þá er hér erindi frá Stórstúku Íslands. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 7. maí 1981 samþykkti Alþingi þingsályktun um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum sem fyrst og fremst fæli í sér minnkun vímuefnavandans. Öllum dómbærum mönnum, læknum, lögreglu og æskulýðsleiðtogum ber saman um að bruggun og sala áfengs öls hér á landi, eins og gert er ráð fyrir í frv., muni hafa í för með sér allverulega aukningu á áfengisneyslu þjóðarinnar. Einkum mundi áfengis- og vímuefnaneysla unglinga aukast.

Í trausti þess að Alþingi vilji enn sem fyrr standa við samþykkt sína frá 7. maí 1981 leggjum við til að frv. verði fellt."

Þá er hér hið ítarlega bréf frá rannsóknarstofu í lyfjafræði, undirritað af Þorkeli Jóhannessyni, dr. med. prófessor. Ég fjalla ekki um það nánar þar sem það er prentað sem fskj. með nál.

Rétt áður en ég fór hér upp í stólinn frétti ég að Alþingi hefði borist bréf frá mörgum læknum sem vinna við heilsugæslustöðvar úti um land. Það mun líklega vera komið hér fram á lestrarsal, en ég hef ekki séð það. Gott væri að fá að líta á það, a.m.k. áður en ég lýk ræðu minni.

Þá ætla ég að nefna þrjár umsagnir, aðeins þrjár umsagnir, sem hníga í nokkuð aðra átt en þær eindregnu umsagnir sem ég hef fjallað um nú. Það er þá fyrst Ferðamálaráð Íslands. Það samþykkir að mæla með frv. Nú hef ég heyrt því fleygt að vísu að ýmsir erlendir ferðamenn saknì þess að fá ekki áfengan bjór hér á landi, en á hinn bóginn hef ég líka heyrt um fjölmarga erlenda ferðamenn sem láta sig þetta litlu varða og una ágætlega hag sínum hér á landi þó þeir hafi ekki erlent, sterkt öl til að drekka.

Þá er hér umsögn frá Sambandi veitinga- og gistihúsa. Umsögn þess hnígur í þá átt að rétt sé að samþykkja frv.

Loks er hér þriðja umsögnin í þessa veru frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar segir í bréfi:

„Vinnuveitendasambandið gerir ekki athugasemdir við efni frv.", þ.e. að sala og bruggun áfengs öls verði leyfð.

Það eru aðeins þessar þrjár umsagnir sem mér eru kunnar sem hníga í aðra átt en hinn sterki straumur þeirra umsagna sem ég hef nú farið um nokkrum orðum.

Auk þessara umsagna hefur verið skrifaður fjöldi blaðagreina á undanförnum mánuðum og vikum þar sem fjallað hefur verið um þetta mál.

Áður en lengra er haldið vil ég geta þess að mér barst einmitt nú í hendur umsögn sú frá læknum sem ég nefndi að hefði verið að berast Alþingi. Þetta er örstutt. Ég leyfi mér að lesa það upp, þ.e. textann, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir læknar lýsa sig mótfallna sölu sterks öls á Íslandi og óttast afleiðingarnar verði núgildandi banni aflétt. Rök benda til þess að sterkur bjór muni auka á áfengisvanda þjóðarinnar sem er ærinn fyrir. Hér með er þeim tilmælum beint til hv. alþm. að þeir geri ekki slíka tilraun í áfengismálum mögulega.“ Ég ætla ekki að leggja út í það að lesa öll þessi nöfn upp, en við sjáum að þau þekja á fjórðu blaðsíðu. (**Gripið fram í:** Ólafur Þórðarson gerir það sjálfsagt.) Ja, ég læt það hjá líða að þessu sinni.

Já, ég ætla þá aðeins að nefna aðrar heimildir sem okkur hafa verið handbærar á síðustu vikum í þessu máli. Það er þá fyrst að nefna innlegg frá landlækni þar sem hann greinir m.a. frá fundi sem haldinn var með geðlækni, Hans Olaf Feker, frá Osló. Það fellur alveg í sama farveg og það sem ég hef áður vikið að, sem sé að nýjar tegundir áfengis auki heildarneysluna. Heildarneysla áfengis ræður mestu um heilsufarslegt tjón af áfengisneyslu. Tilraunir í nágrannalöndum til þess að draga úr neyslu sterkra áfengistegunda með því að beina áfengisneyslunni að veikari tegundum hafa að öllu jöfnu mistekist og þannig mætti áfram telja.

Hér er bréf til alþm. Það er frá samtökunum Átak gegn áfengi og þar er einmitt minnt á stefnuskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um það að þjóðir minnki áfengisneyslu sína um a.m.k. fjórðung fyrir næstu aldamót. Þá hef ég hér handbæra langa og ítarlega grein, sem raunar hefur birst í blöðum, frá Tómasi Helgasyni prófessor, dr. med. Það yrði of langt mál að mínu áliti að fara að lesa þetta allt upp. En ég gríp aðeins ofan í það á einum eða tveimur stöðum. Við vitum að dr. Tómas er nú sá maður sem einna mest og best hefur bent á skaða þann sem þessar lagabreytingar geta valdið. Og hann hefur hvað eftir annað skrifað um þessi mál og varað við afleiðingum þess.

Það er t.d. tekið fram hér að öll vandamál sem tengjast áfengisneyslu vaxi með aukinni heildarneyslu einstaklinga og þjóða, sum í beinu hlutfalli, önnur enn meir. Þetta eigi bæði við félagsleg vandamál og hvers kyns sjúkdóma sem tengjast áfengisneyslu, þar með talda drykkjusýki.

Ég ætla að lesa upp nokkrar setningar, með leyfi hæstv. forseta. Hér segir svo m.a.: „Allir áfengir drykkir eru jafnhættulegir vegna þess að það er vínandamagnið sem skiptir máli en ekki einhverjir aðrir eiginleikar drykksins. Hin almenna trú að bjór sé tiltölulega hættulítill og að það séu aðeins þeir sem drekka brennd vín sem verði drykkjusjúkir eða fái skorpulifur á ekki við rök að styðjast. Í löndum þar sem bjór er algengasta áfengistegundin eru flestir drykkjusjúklingar bjórdrykkjumenn.“

Ég vil sérstaklega benda hv. alþm. á að kynna sér vel þessa ítarlegu grg. um fræðileg rök gegn aukinni áfengisneyslu og bjórfrumvarpi.

Þá ætla ég að leyfa mér að geta um grein sem birtist í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. mars sl. og skrifuð er af frú Margréti Þorvaldsdóttur. Þar er minnst á ræðu sem rektor magnificus, háskólarektor, hélt nýlega. Við sem eitt sinn nutum þeirra réttinda og þeirra gæða að stunda nám við Háskóla Íslands höfum kannski gott af því að hlusta einstöku sinnum á þegar alma mater kveður sér hljóðs eða sendir frá sér aðvörunarorð.

Þessi grein eftir frú Margréti Þorvaldsdóttur er athyglisverð að ýmsu leyti og ég mundi hvetja félaga mína hér á þingi til þess að renna augum yfir hana. Ég gríp niður í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Í ræðu sem prófessor Sigmundur Guðbjarnason, rektor Háskóla Íslands, hélt við afhendingu prófskírteina til kandídata í síðustu viku minntist hann m.a. á ábyrgð þegnanna og afstöðu þeirra til þjóðfélagsmála eins og t.d. heilbrigðismála, öryggis- og umferðarmála og dægurmála eins og bjórmálsins, en þessi mál eru í raun samhangandi. Hann ræddi um nýafstaðið heilbrigðisþing þar sem tekin var fyrir íslenska heilbrigðisáætlunin, en henni er ætlað að marka stefnu í aðgerðum til að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys í þjóðfélaginu.“

Síðar segir:

„Hann sagði enn fremur: Bjórinn virðist saklausasta áfengið en hann er það ekki í raun. Bjórinn gerir menn sljóa og syfjaða, hann slævir vitund manna og viðbragðsflýti og veldur aukinni slysahættu þó ekki komi til ölvunar. Munur á bjór og víni eða sterkum drykkjum er m.a. sá að við drykkju á víni eða sterkara áfengi, þá gera menn sér ljósa hættuna. Þeir taka síður áhættu og aka sjaldan sjálfir. Bjórinn blekkir og gefur falska öryggiskennd, menn telja sér trú um að þeir séu jafnsnjallir ökumenn eða jafnvel snjallari eftir bjórdrykkju. Slíkar blekkingar hafa valdið mörgum heilsutjóni og eignatjóni.“

Það er margt fleira í þessari góðu grein sem vert væri að lesa upp og raunar margt í þessari athyglisverðu ræðu háskólarektors sem hann sá ástæðu til að gefa þeim í veganesti sem hann var að útskrifa um þetta leyti, en ég læt hjá líða að lesa meira upp að sinni.

Það eru auðvitað uppi alls konar vangaveltur meðal manna um það hvað gerist ef sterkur bjór kynni að verða lögleyfður hér á landi. Menn segja sem svo: Hann verður örugglega undir lás og slá, þ.e. hann verður aðeins meðhöndlaður eins og áfengi í einkasölunni o.s.frv. og má vel vera að svo verði. Reynsla annarra landa bendir hins vegar til

þess að það muni a.m.k. verða fast sótt að fá bjórinn seldan í almennum verslunum þegar tímar líða.

Ég klippti úr að gamni mínu, einhvern tíma í þessum mánuði, grein eftir Halldór Kristjánsson sem heitir Umhverfis bjórinn og mun hafa birst í Tímanum 17. mars sl. Þar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta, örstutt:

„Til fróðleiks má svo minna á að í Noregi stendur nú yfir bjórstríð sem sótt er af ærinni hörku. Í sjö þúsund matvöruverslunum er nú reynt að safna undirskriftum að þeirri ósk að ölið megi selja í almennum verslunum. Matvörukaupmenn mynda samtök sem heita eitthvað líkt og „daglig varehandel forbund" og þeir vilja fá að selja ölið af þjónustugleði við neytendur. Aðrir vilja að áfengt öl verði aðeins selt í verslunum einkasölunnar."

Það má svo í rauninni halda endalaust áfram að vitna í heimildir af þessu tagi. En tíminn líður og óðar en varir verður maður að láta máli sínu lokið. Ég ætla að síðustu að minnast á grein sem er orðin nokkuð gömul. Það mun hafa verið árið 1932 að Vilmundur Jónsson, páv. landlæknir og alþm., flutti ræðu sem sagt er að hafi leitt til þess að frv. um ölgerð og sölumeðferð öls var ekki tekið aftur á dagskrá á þeirri tíð. Ég ætla ekki að lesa þessa ræðu alla upp þó að hún hafi birst í Alþýðublaðinu 1. mars sl. En það væri kannski ekki úr vegi að lesa niðurlag hennar, örstutt, með leyfi hæstv. forseta, og taka þá að sjálfsögðu fram að tímarnir eru auðvitað breyttir á þeim árum sem síðan hafa liðið. Þar segir svo:

„Og við munum allir hvernig farið hefur við hverja tilslökun sem gerð hefur verið. Við munum hve mjög ástandið versnaði með læknabrennivíninu og að síðan leyfður var innflutningur á hinum hollu Spánarvínum hefur öllu enn stórum hrakað í þessum efnum. Ég verð því að segja að þegar verið er að brigsla um blindni í áfengismálum getur það ekki átt við aðra en þá sem eru svo blindir á þá reynslu sem við höfum fengið með öllum tilslökunum að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn."

Ég sagði að það mætti vitna í fjölda heimilda, nýrra og gamalla, um þetta efni, fjölda umsagna sem flestar hníga í þá átt sem við höfum ákveðið að stefna í, minni hl. hv. allshn., þ.e. að við leggjum til að frv. verði fellt.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Áður en tekið er til við umræðu um þetta mál vildi ég geta þess að ég hef hug á því að umræðu um þá dagskrá sem við erum með í höndunum fyrir daginn í dag geti lokið, 2. umr. um þetta mál og 1. umr. um Háskóla á Akureyri, fyrir kvöldmat svo að við getum komist hjá kvöldfundi. (**AG:** Var forseti að tilkynna utandagskrárumræðu?) Nei, ég var að kynna það að ég hef hug á að reyna að ljúka þeirri dagskrá sem við erum með í höndunum, 2. umr. um þetta mál og 1. umr. um Háskóla á Akureyri, fyrir kvöldmat. Það er nokkuð rúmur tími fram að kvöldmat og ég vonast til að við getum lokið þessu á þeim tíma. Það stendur yfir umræða um framhaldsskóla í Ed. sem menntmrh. er líka bundinn við. En ef þess þarf munum við ljúka þessum málum á kvöldfundi. Ég vona að til þess þurfi ekki að koma því að það er ekki löng mælendaskrá þó að maður geti aldrei spáð um það fyrir fram.

Geir Gunnarsson:

Herra forseti. Um það mál, sem hér er til umræðu, bjórmálið svokallaða, hefur nú þegar á báða bóga verið sagt allt sem segja þarf og ríflega það. Frekari ræðuhöld þjóna í raun engum tilgangi fremur en löng ræðuhöld gera yfirleitt. En vegna þess að ég á sæti á allshn. og hef skrifað undir álit minni hl. nefndarinnar, sem er andvígur samþykkt frv., tel ég þó rétt að gera grein fyrir þeirri afstöðu minni með nokkrum orðum.

Allshn. hefur fengið í hendur mikinn sæg umsagna um þetta mál, hvort leyfa skuli bruggun og sölu áfengs öls á Íslandi, auk þess sem dagblöð hafa verið undirlögð. Ég hef reynt að kynna mér þessi gögn sem best, og niðurstaða mín er sú að með sölu áfengs öls til viðbótar sölu á því áfengi sem nú þegar er á boðstólum sé tekin sú áhætta að heildarneysla áfengis aukist.

Mér þykja þær rannsóknir og athuganir, sem fyrir liggja frá öðrum löndum, benda eindregið til þess að líkurnar á að svo fari hér á Íslandi séu yfirgnæfandi. Ég tel einnig að þau gögn, sem fyrir liggja, bendi jafnframt til þess að sú viðbótarneysla gæti komið fram í aukinni hversdagsdrykkju, jafnvel vinnustaðadrykkju í einhverjum mæli.

Ég er ekki heldur í vafa um að áfengur bjór til viðbótar við það áfengi, sem nú er á boðstólum, mun auk annarrar hættu sem honum fylgir verða skeinuhættur og lævís peningaþjófur hjá mörgum þeim heimilum sem síst mega við því.

Síðast en ekki síst tel ég verulega hættu á því að sala á áfengu öli geti stuðlað að aukinni áfengisneyslu unglinga og að hún geti jafnvel hafist fyrr hjá einstaklingum en nú á sér stað.

Það má vel vera að ekkert verði fullyrt með vissu í þessum efnum fremur en svo oft þegar þarf að taka mikilvægar ákvarðanir, en hættuboðarnir eru augljósir og svo alvarlegir að menn hljóta að spyrja: Hví að taka þessa áhættu? Er hún þess virði? Eftir hverju er verið að slægjast sem réttlætir það að tefla svo í tvísýnu?

Ýmsir mæna nú hingað í von um að samþykkt frv. geti orðið þeim að féþúfu. Eru það hagsmunir þeirra sem við ættum að gæta? Höfum við einhverjar skyldur við þá? Þessir aðilar, framleiðendur, sölumenn og umboðsaðilar, væru þeir einu sem hefðu allt sitt á þurru ef bjórfrumvarpið yrði samþykkt og ættu ávinninginn vísan. Allt annað, sem svo miklu skiptir, er áhættunni undirorpið. Og vilja hv. alþingismenn með opin augu og vitandi vits taka þá áhættu?

Ég vil það ekki, og ég beini orðum mínum til þeirra hv. alþingismanna, ef einhverjir eru, sem

hafa ekki enn gert upp hug sinn að þeir geri sér áhættuna og persónulega ábyrgð sína ljósa. Hér verða engin spor stigin til baka. Áhættan og ábyrgð hvers og eins alþingismanns, sem úrslitum getur ráðið í þessu efni, er enn meiri en ella þess vegna.

Það er mála sannast að í því neysluþjóðfélagi, sem við höfum verið að byggja upp, hefur velferð barna og unglinga ekki beinlínis setið í fyrirrúmi. Alþingi og ríkisvald hefur heldur lítið frumkvæði haft í þá veru að rækta það umhverfi sem gæti orðið til þess að létta foreldrum það mikilsverða hlutverk að veita æsku þjóðarinnar jákvætt og þroskandi uppeldi.

Mótun þess umhverfis, sem að unglingum snýr, hefur í þeim mun ríkara mæli verið í höndum þeirra einkaaðila sem hafa gert sér það að lifibrauði að gera út á peningana í vösum æskulýðsins, og það hefur ekki þurft að hafa áhyggjur af rekstrargrundvelli þeirrar útgerðar. Það væri nöturlegt í meira lagi ef helsta og jafnvel eina framtak Alþingis í þessu efni væri að beita sér nú fyrir því að auka fjölbreytni og framboð á vímuefnum með því að samþykkja sölu á áfengum bjór í landinu.

Þegar verið er að taka ákvörðun í því efni hér á hv. Alþingi þá legg ég áherslu á það að með samþykkt þessa frv. væru hv. alþm. óumdeilanlega að tefla í tvísýnu velferð fjölmargra þeirra ungmenna sem eru að alast upp og munu alast upp í landinu á komandi árum. Höfum við leyfi til að taka nokkra minnstu áhættu gagnvart lífstíðarvelferð þeirra?

Þeim áróðri er mjög haldið á lofti til framdráttar því frv. sem hér er til umræðu að bjór sé meinlaus vegna þess að áfengisinnihald hans er minna en annars áfengis. Reynsla annarra þjóða hefur þó sannarlega sýnt fram á þá raunverulegu hættu sem ekki hvað síst unglingum stafar af áfengu öli þótt það hafi ekki áfengisstyrkleika léttra vína eða brenndra.

Það gerðist á dögunum norður í Haganesvík að bjarndýr gekk þar á land. Landsmenn hafa síðan deilt um réttmæti þeirra viðbragða heimamanna að fella dýrið tafarlaust. Þeir sem eru fjærst vettvangi, hér fyrir sunnan hafa margir hverjir talið þau viðbrögð ástæðulaus. Þetta dýr, sem er að vísu af kyni mannskæðra villidýra, hafi ekki verið fullvaxið. Hætta stafi einungis af fullvöxnum dýrum og ástæðulaust að óttast um börn og unglinga á þessum slóðum þótt slíkt bjarndýr tæki upp á því að spígspora meðal þeirra. Þetta geta menn sagt, sennilega af bærilegri sannfæringu, hér suður í Reykjavík með öll sín börn órafjarri og í tryggri gæslu á dagvistarheimilum eða með öðrum hætti. En setjum okkur í spor þeirra foreldra sem áttu þá að taka áhættuna, foreldra sem áttu sín eigin börn á þessum slóðum þar sem bjarndýrið hélt sig. Að vísu ekki fullvaxið dýr. Mundi nokkurt eitt einasta okkar, sem eigum sæti á hv. Alþingi, hafa í þeim sporum tekið nokkra minnstu áhættu og gert þá tilraun að kanna hvort bjarndýrið gældi fremur við börnin en gleypti þau? Ég held ekki. Ég held að við hefðum, eins og fólkið í Haganesvík, orðið okkur úti um byssu og firrt börnin okkar allri áhættu, sannfærð um að tilraunin með að hafa bjarndýrið, þótt ekki væri það fullvaxta, innan um börnin, væri ekki áhættunnar virði. Líf og velferð barnanna leyfði ekki slíkt áhættuspil.

Eigum við þá fremur að standa að því í þessum sal og á þessari stundu að taka áhættuna af því að sleppa nýjum vímugjafa út á meðal unglinga í trausti þess að þessi áfengistegund, bjórinn, sé vægari en ómengað brennivín og geti þess vegna ekki gert neitt mein, vitandi þó um reynsluna og afleiðingarnar víða annars staðar?

Íbúar norður í Haganesvík vildu ekki leggja börn sín í nokkra minnstu áhættu og báru nóga umhyggju fyrir sínu ungviði til þess að þeir felldu björninn þótt ekki væri hann fullvaxinn. Hið sama ber okkur alþm. að gera við bjórfrv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Rétt er það sem fram kom í máli hv. 5. þm. Reykn. að um þetta mál hefur verið sagt svo mikið, bæði með og móti, að e.t.v. er þar að bera í bakkafullan læk og sérstaklega eftir hina ágætu ræðu sem þm. sjálfur var rétt í þessu að ljúka við.

Ég stend einungis upp til þess að ítreka það enn á ný hve mjög ég treysti á það að hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu þegar þeir hafa skoðað málið vandlega að á þetta tæpa vað beri okkur ekki að tefla. Hér séum við að taka áhættu sem við rísum ekki undir. Að þessu hafa verið færð mörg rök, sýnt fram á athuganir í mörgum löndum í þessu sambandi og þá fyrst og fremst það að eitt form áfengis til viðbótar auki heildarneysluna.

Þannig er mál með vexti að ég minnist þess óneitanlega að hér kom fram í máli nokkurra hv. þm. við 1. umr. þessa frv. að menn höfðu það á orði að ekki hefði það komið fram í ritum hinnar merku stofnunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að heildarneysla áfengis væri líkleg til að aukast við samþykkt frv. sem þessa og enn fremur kom það fram og var birt sem fyrirsögn yfir frásögn af máli hæstv. heilbrrh. að Heilbrigðismálastofnunin mælti ekki með banni á einni tegund eða annarri af áfengi. Mig langar til þess að fara fáeinum orðum um þessi tvö atriði og byrja á því síðarnefnda.

Það er auðvitað rétt að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ekki gert það að innleiða nýtt bann. Hins vegar er það algjörlega ljóst og ég hef kannað það sérstaklega núna á þeim tíma sem liðinn er á milli hvort sá skilningur er ekki áreiðanlega réttur að Heilbrigðismálastofnunin hefur aldrei mælt með því að bæta nýrri tegund við og það er það sem við erum að fjalla um hér. Við erum að tala um hvort við eigum að auka vandann eða ekki.

Hitt atriðið, þar sem því er haldið fram að í ritum þessarar stofnunar komi það hvergi fram að ný tegund til viðbótar auki heildarneysluna og þar með þann vanda sem af ofneyslu áfengis leiðir, þá er því til að svara — ég hafði ekki handbær þá nöfnin á

þeim ritum sem um var að ræða, en þau hef ég nú og það eru þrjú grundvallarrit í þessu sambandi sem dr. Grant, sá sem stjórnar áfengismáladeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, hefur greint frá og þau eru þessi. Ég bið leyfis hæstv. forseta að lesa heitin eins og þau eru þannig að menn geti útvegað sér þessi rit ef þeim sýnist svo:

Í fyrsta lagi rit eftir Walsh og Grant sem heitir Public Health Implications of Alcohol Production and Trade (WHO Offset Publication nr. 88). Þetta var það fyrsta. Annað ritið er eftir Moser og heitir Alcohol Policies in National Health and Development Planning og er útgáfa sömu stofnunar nr. 89. Í þriðja lagi rit stýrt af Grant: Alcohol Policies sem er Regional Publication eða svæðisútgáfa fyrir Evrópu nr. 18. Yfirlit er svo til um þetta sem er eftir Farell og heitir Review of National Policy Measure to Prevent Alcohol Related Problems. Það hefur ekki verið prentað enn þá, en er í undirbúningi útgáfu, en liggur sem sagt fyrir hjá stofnuninni og er unnt að fá það.

Enn fremur vil ég greina frá því að ég hef hér í höndum rit sem margir hv. alþm. hafa útvegað sér, sem er um Evrópustefnumörkun í þessum málum og var rit stofnunarinnar nr. 18.

Í öllum þessum ritum sem lágu m.a. til grundvallar til stefnumörkunar í framhaldi af fundum stofnunarinnar 1982 og 1983 er það grundvallarþáttur að það verði að stefna að því að draga úr heildarneyslu áfengis og að nýtt form áfengis auki við heildarneysluna. Ég hygg að það þurfi ekki að rekja frekari gögn um það efni. Það höfum við þegar gert. Þetta var einungis til þess að skýra frá þeim heimildum sem hér var lauslega vitnað í fyrr í umræðunni og til þess að skýra frá því að það hefur verið sérstaklega kannað að það var rangt sem haldið var fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefði hvergi í ritum sínum bent á það að ný tegund áfengis yki heildarneysluna. Þetta er þvert á móti. Það er einmitt eitt af því sem liggur til grundvallar stefnumörkun í áfengismálum og þá stefnumörkun sem, eins og oft hefur verið bent á, miðast við að draga úr heildarneyslu áfengis vegna þess að það er augljóst samhengi í öllum þeim löndum þar sem það hefur verið rannsakað milli neyslumagnsins í heild og vandans sem af áfengi leiðir. Þetta kom mjög skýrt fram í máli hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar og mun ég ekki fjalla frekar um það atriði.

Hér hafa hv. þm. rætt um það m.a. að 132 læknar hefðu í vetur verið því fremur hlynntir að frv. þetta væri samþykkt. En ef við skoðum textann í þeirra bréfi þá sjáum við að í raun og veru er hvergi í því bréfi mælt með því að frv. sé samþykkt. Þeir ganga ekki lengra en að segja að þeir efist um að samþykkt frv. hefði mjög háskaleg áhrif á áfengisvanda Íslendinga eða mundi hafa mjög háskaleg áhrif á drykkjuvenjur Íslendinga. En þeir sem hafa fengist mest við áfengissjúklinga eru á gagnstæðri skoðun, svo og hinir 138 læknar sem afhentu hæstv. forseta Alþingis yfirlýsingu nú í dag skömmu fyrir upphaf þingfunda. Þeir vara Alþingi alvarlega við að samþykkja þetta frv. vegna þeirra afleiðinga sem það kann að hafa. Ég vil vekja athygli á því að þegar litið er yfir þessar undirskriftir, sem liggja hér inni í lestrarsal, þá kemur í ljós að í þessum hópi eru læknar frá flestum ef ekki öllum heilsugæslustöðvum landsins. Þessir læknar eru víðs vegar að af landinu og ég vek athygli á því að heilsugæslustöðvarnar fást við vandann þegar hann kemur til. Sjúklingarnir koma þar oft og tíðum fyrst inn og síðan sendir heilsugæslulæknirinn viðkomandi til sérfræðinga eða til meðferðar á stofnun ef á þarf að halda, þannig að hér er um að ræða menn sem mjög gjörla vita um hvað hér er við að fást. Og ef menn eru á annað borð að vísa til viðhorfa þeirra sem vinna við þessi mál þá tel ég að við getum ekki látið þessa aðvörun eins og vind um eyru þjóta.

Ég vil víkja að einu enn, herra forseti, og það er að menn hafa það gjarnan svona eins og varnagla að ef nú frv. þetta skyldi allt að einu vera samþykkt, þá sé nauðsynlegt að setja á laggirnar um leið afar öfluga fræðslu um skaðsemi áfengis. Ég spyr hv. alþm.: Hefur sú fræðsla sem þeir hafa átt kost á á sinni ævi, hvort sem hún er löng eða nokkuð stutt enn þá, hefur hún haft þau áhrif á þá að þeir vilji varast það að auka þennan vanda eða ekki? Ef menn á annað borð hafa slíka trú á fræðslunni um skaðsemi áfengis, sem ég geri að vísu ekki lítið úr, þá vonast ég til þess að sú fræðsla, sem við höfum öll átt kost á í mörg ár, verði ekki yfirsterkari áhuganum á að gera þessa tilraun og að við reynum að leggja metnað okkar í það að halda þó þeirri stöðu að hér er minni heildarneysla áfengis en víða í löndum þar sem m.a. áfengur bjór er líka leyfður. Hér erum við ekki að banna tegund sem fyrir er, við erum að tala um að innleiða nýtt, að bæta við neysluna sem fyrir er.

Ég leyfi mér að vona það einlæglega að hv. alþm. undanþiggi þetta mál ekki þeim rökum sem augljós eru og snerta heilsufar landsmanna og muni eftir því að ef við ætlum að vinna að því að draga úr heildarkostnaði í heilbrigðiskerfinu, þá hljótum við að standa gegn ráðstöfunum sem augljóslega verða til þess að auka hann.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og ég leyfi mér að vona að hv. alþm., sem fyrir skömmu síðan virtust vera of margir þeirrar skoðunar að gera bæri þessa tilraun sem einungis tveir af umsagnaraðilum mæla raunverulega með, ég vonast til þess að þeir hafi nýtt tímann til þess að skoða hug sinn og standi að því að fella frv.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er nú trúlega að bera í bakkafullan lækinn að kveðja sér hljóðs við umræðu þessa máls svo langar tölur sem hér hafa verið settar á við umfjöllun þess í vetur með ítarlegum rökum með og á móti. Eftir þær umræður sé ég þó ekki að nein rök hafi afsannað það að verði sala á áfengum bjór leyfð þá muni heildarneysla áfengis aukast. Ég held að

fáir treysti sér til að neita því. Söguleg rök mæla öll á móti því að áfengistegundum sé fjölgað hér.

Í nokkrar aldir hefur innflutningur og neysla víns verið hluti af lífi Íslendinga, einkum þá karlmanna hér áður fyrr, en jafnlengi hefur ofdrykkja verið fylgifiskur vínsins. Og það má minnast þess að þegar Alþingi var lagt niður á Þingvöllum rétt fyrir aldamótin 1800, þá var það m.a. vegna þess að það var orðið óstarfhæft vegna drykkjuskapar og óláta. Innflutningur víns náði hámarki um miðja síðustu öld, en þá tók bindindishreyfingin að láta á sér bera og ýmiss konar þjóðfélagsbreytingar gengu í garð. Bindindishreyfingin óx og dafnaði og þær fjöldahreyfingar aðrar, sem slitu barnsskónum upp úr aldamótunum, eins og ungmennafélagshreyfingin, verkalýðshreyfingin og kvenréttindahreyfingin, svo að ekki sé talað um hana, settu bindindismál á oddinn. Og það voru einmitt bindindismálin sem gerðu konum í Bandaríkjunum og Evrópu kleift að koma út úr húsum sínum og taka til máls á fundum og ruddu þær þannig braut baráttu kvenna fyrir mannréttindum. Hér á landi beittu konur sér mjög gegn drykkjuskap, stofnuðu félög, reistu hæli og stóðu stundum fyrir utan veitingahúsin hér í bænum, eða borginni nú, til að telja menn af því að fara inn. Konur í þá daga vildu bægja frá böli og bæta hag þeirra fjölmörgu kvenna sem lifðu við fátækt, eymd og ofbeldi vegna drykkjuskapar eiginmannsins. Og í ljósi þess hvern þátt bindindismálin eiga í frelsisbaráttu kvenna finnst mér skjóta skökku við ef kvenréttindakonur nútímans snúa við blaðinu og stuðla að aukinni drykkju vitandi um áfengisvandann í þjóðfélaginu.

En þau rök sem vega þó mun þyngra en sagan eru það ástand sem blasir við okkur í áfengis- og fíkniefnamálum. Kannanir sýna að börn og unglingar byrja yngri að drekka nú og fíkniefnaneysla fer vaxandi. Æ fleiri rúm á heilbrigðisstofnunum eru upptekin af fólki sem á við áfengisvanda að stríða. Samkvæmt upplýsingum lækna fer aldur þeirra sem koma til meðferðar sífellt lækkandi og þjóðfélagið ber gífurlegan kostnað af þeirri drykkju sem fer fram, ekki aðeins hvað snertir heilbrigðiskerfið heldur einnig í vinnutapi og alls kyns tjóni, sjáanlegu og ósýnilegu. Ofdrykkja er þjóðfélagsvandamál sem ber að sporna gegn með öllum tiltækum ráðum.

Hjá hinum Norðurlandaþjóðunum er drykkja mun meiri en hér á landi og þar munar mest um bjórinn. Samkvæmt markaðslögmálum ættu aukið framboð og fleiri tegundir að þýða aukna neyslu og er því ekki ólíklegt að eftir nokkur ár yrði drykkja hér með svipuðum hætti og hjá frændum okkar verði sala bjórs og bruggun leyfð.

Ég vil minna á að í skýrslu frá danska heilbrigðisráðuneytinu kemur fram að 80% allra vinnuslysa þar í landi séu rakin til öldrykkju, þess að menn séu ekki allsgáðir á vinnustað og slíkt er varla eftirsóknarvert ástand.

Við getum spurt að því hvers vegna mönnum sé svo mikið kappsmál að knýja þetta mál fram gegn þeim rökum sem fram hafa komið frá læknasamtökum, æskulýðssamtökum og fjölmörgum samtökum sem láta sig varða heilbrigðismál og félagsleg mál. Ég rek þau mótmæli ekki frekar hér, það hefur margoft verið gert í vetur og núna síðast áðan, en það ber einnig að minna á þá kenningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem ég trúi varla að menn vefengi, að meira framboð og betra aðgengi að vímuefnum skapi meiri neyslu og alvarlegri afleiðingar. Og þá spyrjum við: Hvað liggur að baki því ofurkappi sem lagt er á framgang þessa máls? Vafalaust eru ýmsar orsakir fyrir því. Ýmsir tala af hneykslun um þann tvískinnung sem viðgangist þar sem sumir hafi aðgang að áfengum bjór hér og aðrir ekki. Því beri að losa um og gera öllum frjálsan aðgang að þessari guðaveig, gera öllum jafnt undir höfði. Frá mínum bæjardyrum séð væri aalveg eins hægt að taka fyrir tvískinnunginn með þeim hætti að leyfa ekki þær undanþágur sem viðgangast í meðförum bjórsins og þá yrði í leiðinni tekið fyrir þá háðung að tekjur af bjórsölu séu beinlínis reiknaðar inn í laun farmanna.

Það er fleira í farvatninu. Einhverjum er brátt, einhverjir hagsmunir eru í veði, arðsvon, hagnaðarvon einhverra aðila, þrýst er á afgreiðslu þessa máls. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Ætla þeir að samþykkja þetta frv. til hagnaðar fyrir einhverja einstaklinga en fyrirsjáanlegs ómælds tjóns fyrir samfélagið og þvert á íslenska heilbrigðisstefnu?

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að bæta nokkrum orðum við það sem aðrir andmælendur frv. hafa sagt, einkum og sér í lagi vegna þess að ég hef um nokkuð langt árabil unnið með ungu fólki. Ég þekki ósköp vel viðhorf ungs fólks til bjórs. Það lítur ekki á bjór sem alvarlegan hlut. Það lítur á bjór sem eitthvað sem allt í lagi er að dreypa á og drekka.

Þetta er endurspeglun á viðhorfum heimilanna. Þau hafa fengið þetta viðhorf að heiman og þetta er það viðhorf sem er í þjóðfélaginu. Þar af leiðandi mun bjórinn, ef inn verður leiddur, auka mjög drykkjuskap í landinu. Það er ekki nokkrum efa undirorpið að yngra fólk mun byrja að neyta áfengis á þennan hátt. Mér er í huga að það unga fólk, sem leiðist út í vímuefnaneyslu, byrjar allt á því að fá sér sopa af áfengi. Það getur líka byrjað á því að fá sér sopa af bjór og þá er fyrsta skrefið á leiðinni út í vímuefnin komið.

Mér finnst að við getum ekki, íslenskir þm., stuðlað að því að auka vímuefnaneyslu hér á landi. Eiturefnin fylgja í kjölfar bjórsins alveg hreint eins og í kjölfar brennivínsins og okkur ber að minnast þess.

Ég veit ekki hve margir hér inni eða margir sem á mál mitt hlýða hafa setið eða staðið fyrir framan bekk á morgni lífsins og horft á þetta æskufólk, hraust og þróttmikið, vitandi það að hugsanlega sé a.m.k. einn í þessum hóp sem verði áfengissýki að bráð. Þetta segir statistikkin. Ef við, með því að

innleiða bjórinn, völdum því að 1,2–1,5 eða 2 í þessum sama æskuglaða hópi verða áfengisneyslu og jafnvel sterkri vímuefnaneyslu að bráð er illa farið fyrir Alþingi Íslendinga.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er að vísu rétt að búið er að segja flest það sem segja þarf í þessum umræðum enda mun ég ekki nú hafa langt mál þar um. Ég vil þó vekja athygli á nokkrum atriðum væntanlega í lok þeirrar umræðu sem um þetta mál er. Það kemur í ljós að fjöldi drykkjusjúkra er í réttu hlutfalli við neysluna. Eftir því sem neyslan er meiri, eftir því er prósentutalan hærri. Í nál. minni hl. kemur t.d. fram að Bandaríkjamenn drekka 8,3 lítra á íbúa og drykkjusýkin er þar 6,5–8%. Í Svíþjóð er neyslan 5,6, drykkjusýkin þar er 3,1%. En hér á landi er talið að heildarneyslan sé 10,2% en þar eru drykkjusjúkir taldir vera 1,8. Þó að þessi tala sé ekki hærri en ég nefndi finnst okkur vera nóg af drykkjusjúkum í landinu og meira en það. Ég held að við getum verið sammála um það að það er í flestum fjölskyldum sem upp hafa komið slík vandamál með þeim afleiðingum að það er þyngra en tárum taki.

Í skýrslu sem ég hef undir höndum eru nokkurs konar punktar úr skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um áfengisvandamál. Hún var lögð fram á 62. fundi stjórnar WHO 1979. Liðirnir eru 14, þetta er örstutt í sjálfu sér. Þeir eru á þessa leið, með leyfi forseta:

1. Óhætt er að fullyrða að þörf er baráttu gegn áfengisvandanum.

2. Þó að drykkjusýki sé alvarlegt vandamál, sem gefa ber gaum, er hún aðeins lítið brot af þeim vanda sem áfengisneysla veldur.

3. Tengsl áfengis og afbrota, einkum ofbeldisglæpa, eru augljós.

4. Fjárhagslegt tjón af völdum áfengisneyslu mun vera gífurlegt í mörgum löndum, í Bandaríkjunum t.d. 25 milljarðar dala.

5. Áfengisvandamál fara vaxandi víða um heim, ekki síst í þróunarlöndum.

6. Raunverð áfengis hefur farið lækkandi í flestum löndum á sama tíma sem tekjur manna hafa aukist.

7. Á árunum 1960–1972 jókst vínframleiðsla í heiminum um 20%, brennivínsframleiðslan um 60%, ölgerð um 80%, áfengisneysla jókst um 30–500%. Alþjóðleg fyrirtæki sem beita háþróaðri tækni við framleiðsluna hafa staðið fyrir þessari aukningu.

8. Áfengisneysla er víða tákn um frama og velgengni og áfengi er auðfengið deyfandi efni.

9. Afleiðingar áfengisdrykkju bitna þunglega á heilbrigðisþjónustunni. Fórnarlömb ölvunar í umferð, áfloga og drukkinna manna hrannast inn á slysadeildir og skurðstofur. Lifrarsjúklingar liggja í sjúkrarúmunum og vaka þarf yfir sjúklingum með áfengisæði. Þetta veldur auknu álagi á stofnanir sem hafa allt of mikið á sinni könnu.

10. Til lítils væri ef ekkert væri hægt að gera nema lýsa því sem nú er vitað um áfengisvandann. Benda þarf á nauðsyn varna og hjálparstarfs.

11. Ljós tengsl eru milli heildarneyslu áfengis og tjóns af völdum neyslunnar. Þessi staðreynd gengur þvert á þá venjubundnu skoðun að drykkjusýki sé eiginleiki ákveðinna einstaklinga en ekki vandamál sem tengt sé því hversu mikið sé drukkið. Þessi tengsl benda á að með því að draga úr áfengisneyslu megi minnka tjónið sem hún veldur verulega.

12. Meðal tiltækra ráða til að draga úr áfengisneyslu eða a.m.k. að koma í veg fyrir aukningu hennar má nefna:

a. Hækkun áfengisverðs svo að það fylgi a.m.k. verðbólgu og auknum tekjum.

b. Kvótakerfi á framleiðslu.

c. Innflutningseftirlit.

d. Fækkun sölu- og veitingastaða.

Í löndum þar sem ekki er auðvelt að komast yfir áfengi og lífsviðhorf andstætt drykkjuskap getur algert áfengisbann verið hagkvæmt.

13. Fræðslu er þörf til þess að skýra fyrir fólki nauðsyn áfengismálastefnu sem beinist að því að draga úr áfengisböli með forvarnaaðgerðum.

14. Fráleitt er að telja möguleikana á að minnka áfengistjón skýjaborgir einar. Það sem skortir er pólitískur vilji til að fara þær leiðir sem stuðla að minni drykkju.

Þetta er yfirlýsing sem 62 fulltrúar þjóða leggja fram.

Það er dálítið athyglisvert ef Alþingi Íslendinga verður eina þjóðin sem stígur skref í öfuga átt við tilmæli heilbrigðisstofnunarinnar um það að gera ráðstafanir til að draga úr áfengisneyslu fyrir árið 2000. Þetta hlýtur að vekja umhugsun um hvernig mál standa hér. Það má segja að það hafi verið annað mál hér sem ég vil kalla hálfgerða plágu. Það má segja að þetta sé annað málið sem við fjöllum um sem gæti hlotist af mikið böl fyrir íslenska þjóð í framtíðinni ef frv. verður að lögum á þessu þingi.

Það sem kom fram hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur áðan, að hér hefði forseta Sþ. verið afhent skjal undirritað af 138 læknum sem eru heilsugæslulæknar og fyrst og fremst læknar sem þekkja þessi vandamál, hlýtur að vera verulegt innlegg í þetta mál. Ég vil ekki trúa þeirri könnun sem DV stóð að og birti þar sem fram kom að það mundi vera ⅓ af þingmönnum sem væru andstæðir þessu frv., það væru um eða yfir 40 sem væru því meðmæltir. Ég trúi því ekki að ógæfa okkar þjóðar sé það mikil að frv. verði samþykkt.

Ég læt máli mínu lokið að sinni.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki þörf fyrir efnislega umræðu um þetta mál frekar. Svo mæta ræðu flutti hv. 5. þm. Reykn. þegar hann talaði fyrir sínu nál. að ég hygg að leit verði að því í þingsögunni að mikið rökfastari flutningur hafi átt sér stað á nál. sem minni hl. flytur og það er kannski ekkert skrýtið að

það skuli vera hv. 5. þm. Reykn. sem reynir að hafa vit fyrir samþingsmönnum sínum frá Reykjanesi. Það hefur áður komið í hans hlut og skyldi engan undra þó að svo væri enn.

Ég tel aftur á móti að það verði kannski ekki undan því vikist að segja hér örfá orð vegna þess að hv. 2. þm. Reykn. virtist hafa tapað mjög áttum og valdi á skapi sínu þegar hann talaði fyrir þessu máli við 1. umr. Ég skil ekki þegar hann telur óeðlilegt, ef bréf berst Alþingi Íslendinga og er með höfundum, að nöfn höfundanna komi fram og lítur á að þeim sé svívirðing gerð með því að þeirra sé getið og það sé tryggt að þeir komi fram á spjöldum sögunnar. Ég leit svo á að ef hinir 133 læknar, sem töldu þetta mál þess eðlis að þeir vildu skipta sér af því, ættu að verða geymdir í þingsögunni sem flytjendur þessa bréfs væri það ekki hægt á annan hátt en að nöfn þeirra kæmu fram. Ég vona að hv. 2. þm. Reykn. sé ekki enn þeirrar skoðunar að þeim hafi verið svívirðing gjörð með þessu tiltæki eða að þingtíma hafi verið illa varið með því að tryggja það að nöfn þeirra yrðu á spjöldum sögunnar.

Annað atriði virtist hafa farið mjög í taugarnar á hv. þm. og hann kvartar undan skorti á drengskap. Ég lýsti því yfir að mér fyndist olíumalarlykt af þessu máli og ég útskýrði jafnframt hvað það var sem ég átti við þannig að hann mátti mjög vel skilja hvað það var. En sumir eru þannig að það þarf að segja þeim hlutina tvisvar, jafnvel þrisvar eða fjórum sinnum, áður en skilningurinn kemur og sumir eru þannig að þó það sé sagt við þá svo oft skilja þeir ekkert. Ég vil samt gera örlitla tilraun til þess að undirstrika hvað ég átti við.

Ég tel að fyrirtækið Olíumöl hafi verið stofnað í góðri trú, en ég er jafnsannfærður um það að hv. 2. þm. Reykn. gerir sér grein fyrir að þar áttu sér stað stórkostleg mistök og öll þau plön og góðu áform fóru á annan veg en ætlað var. Atvikin höguðu því svo að ég var við jarðarför þessa fyrirtækis. Ég vildi undirstrika það að mér sýndist sem bjartsýni flm., þeirra fjögurra sem tóku sig til og fluttu þetta frv. frá nefnd, eins og þeir segja sjálfir, og góð áform muni enda á svipaðan hátt. Þetta var sú merking sem ég taldi að væri rétt að kæmi hér fram og yrði undirstrikuð því það getur verið að þar sannist enn hinar gömlu ljóðlínur „Annar eins maður og Oliver Lodge fer ekki með neina lygi", að það sannist enn að mönnum geti skjátlast jafnvel þótt veröldin hafi hampað þeim upp í þá stöðu að vera þingflokksformenn Sjálfstfl. Þetta var það sem ég vildi undirstrika, að þeim gæti skjátlast, og það var það sem ég var að koma hér á framfæri og ég vænti þess að hv. 2. þm. Reykn. gerði sér grein fyrir á sínum tíma. Svo var ekki.

Hann taldi rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því að ég hefði lent í því sem framleiðandi á andakjöti að það hefði verið með sýklum. (**ÓE:** Nei, ég meinti ...) Og við skulum ekkert skorast undan því að ræða það örlítið, sérstaklega af því að hv. 2. þm. Reykn. er kominn hér í salinn og sennilega vel móttækilegur fyrir upplýsingar þar um.

Það er nú svo með þessa blessaða sýkla að þeir eru svo smáir að þeir sjást ekki með berum augum og hvorki gerði ég það vísvitandi né af ráðnum hug til að klekkja á íslensku samfélagi að búa við það að örfáir einstaklingar í þjóðfélaginu fullyrtu að það væri baneitrað, þetta kjöt sem þarna væri verið að framleiða. Enginn veiktist, enginn fór á sjúkrahús og enginn dó mér vitanlega. Sjálfur át ég mikið af þessu kjöti og sé ekki betur en ég hafi þrifist vel, en það er kannski rétt að geta þess að það virtist koma fram mjög skjótt að einn aðili hafði sérstakan áhuga á þessu máli, einn aðili á Íslandi. Það var Morgunblaðið, og allur þess málflutningur gekk út á tvennt, annars vegar að vinna jafnrækilega að því og hugsanlegt var að ég hefði sem mestan fjárhagslegan skaða af tiltækinu. Það tókst þeim eiginlega mjög vel því að þá framleiðslu sem ég var með á gæsum á þessum tíma gerðu þeir að óseljanlegri vöru og ég verð náttúrlega að óska þeim sérstaklega til hamingju með þann vopnaburð og þeim skutulsveini blaðsins, hv. 2. þm. Reykn., með það að vissulega var hægt að fagna sigri hvað það snerti. Ég held aftur á móti að þetta hafi e.t.v. fyrst og fremst verið gert vegna þess að undirritaður var starfandi alþm. fyrir annan stjórnmálaflokk. Og þetta er kannski rétt að komi hér fram fyrst hv. 2. þm. Reykn. er að berja sér svo mjög undan skorti á drengskap.

Hins vegar fannst mér, þegar þessir atburðir gerðust nú seinast og Búðardalur kom inn í þessa mynd, að þá hafi það komið skýrast fram hvað þessi vopnaburður er í sjálfum sér fráleitur og hlýtur að eiga lítinn rétt á sér. Það væri nefnilega fróðlegt að reikna það út hvað Búðardalur skaðaðist mikið á umræðunni um salmónelluna og hvers vegna, á þeirri stundu, menn höfðu vit á því að draga framleiðandann ekki fram í dagsljósið, hvers vegna menn höfðu vit á því þá. Það er nefnilega vissulega hægt að segja sem svo að sú framför hefði átt sér stað, jafnvel hægt að tala um framför hjá Morgunblaðinu líka, að þeim var ágætlega ljóst að framleiðandinn sem þá varð fyrir þessu óláni var í sjálfu sér alsaklaus af því, trúlegast hafði þetta borist með fóðri þó að það sé erfitt að átta sig á því, og menn gerðu sér grein fyrir því að nú væri rétt að vera ekki að djöflast á honum. Aftur á móti töldu menn sanngjarnt að ráðast á þorp vestur í Dalasýslu með slíku offorsi að ég ætla að fullyrða það hér og nú að þar varð skaðinn af tiltækinu gífurlegur fyrir alla þjónustustarfsemi á staðnum. Og kannski er það nú svo að einhverjir á því svæði hafi mátt þola verulegan fjárhagslegan skaða vegna þessa tiltækis.

Ég ætla, herra forseti, aðeins að bæta örfáum atriðum við. Ég vil láta það koma fram mjög skýrt að þó að hv. flm. þessa frv. legði á það áherslu að því væri vísað til allshn. aftur til umfjöllunar vekur það enga undrun hjá mér að nefndin flytur enga brtt. við eigið frv. Þeim hefur sem sagt farist eins og sagt er að eitt sinn hafi átt sér stað og menn töluðu nú um í gamni reyndar að drottinn hafi litið yfir verk

sitt og séð að það var harla gott. En engu að síður kemur hér fram og vil ég þó ekki rengja það að þeir hafi talið sig þurfa að skoða frv. á nokkrum fundum. Það verður náttúrlega að virða við mennina hafi þeir lagt slíka vinnu í málið. Samt sem áður er þetta niðurstaðan. Þeir leggja til að eigið frv. eftir nákvæmlega eigin athugun verði samþykkt í deildinni og það kemur mér ekki á óvart.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 716.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um háskóla á Akureyri. Frv. þetta er upphaflega á þskj. 235, en hefur þegar fengið afgreiðslu í Ed. og kemur þaðan breytt á þskj. 716.

Í upphaflegri greinargerð með frv. er ítarleg frásögn um undirbúning málsins. Þar kemur fram að nefndir hafa starfað til undirbúnings háskólakennslu á Akureyri allar götur frá 1982, en í fjárlögum fyrir árið 1987 var veitt fé til að hefja starfrækslu háskóla á Akureyri og að fenginni fjárveitingu var snemma á árinu 1987 auglýst eftir forstöðumanni og tveimur námsbrautarstjórum.

Með auglýsingu 18. júní 1987 tilkynnti menntmrn. að ákveðið hefði verið að háskóli á Akureyri hæfi störf haustið 1987 og væri miðað við að á námsárinu 1987–1988 yrði kennsla á tveimur námsbrautum, þ.e. námsbraut í hjúkrunarfræði og námsbraut í iðnrekstrarfræði. Um kennslu, nám og próf á þessum námsbrautum skyldi fara eftir sömu reglum og giltu um hliðstæðar námsbrautir í Háskóla Íslands og Tækniskóla Íslands.

Forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri hafði þá verið ráðinn Haraldur Bessason prófessor sem starfað hefur í Winnipeg að undanförnu, námsbrautarstjóri á hjúkrunarfræðibraut Margrét Tómasdóttir MS, námsbrautarstjóri á iðnrekstrarfræðibraut dr. Stefán G. Jónsson og skrifstofustjóri Bárður Halldórsson menntaskólakennari. Ráðningarnar voru til eins árs, þ.e. til 1. júlí 1988. Jafnframt skipaði ráðuneytið hinn 15. júní 1987 nefnd til að semja frv. til laga um háskóla á Akureyri. Formaður var skipaður Haraldur Bessason forstöðumaður en aðrir nefndarmenn Bárður Halldórsson skrifstofustjóri, Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur og Halldór Blöndal alþm.

Starfsemi Háskóla á Akureyri hófst síðan formlega með setningarathöfn í Akureyrarkirkju 5. sept. 1987. Hinn 7. sept. var kennsla hafin á þeim tveimur námsbrautum sem að framan greinir, þ.e. hjúkrunarfræðibraut og iðnrekstrarbraut. Skráðir nemendur í hjúkrunarfræði voru 13 en í iðnrekstrarfræði 35. Kennsla, önnur en sú sem námsbrautarstjórarnir sinna, er í höndum stundakennara. Húsnæðisaðstaða er í hluta af húsi því sem Iðnskóli Akureyrar hafði áður til umráða og síðan Verkmenntaskólinn á Akureyri. Kennsla fer einnig fram í Íþróttahöllinni.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur látið námsbraut í hjúkrunarfræðum í té fullkomna kennsluaðstöðu og fullbúinn lestrarsal fyrir alla nemendur námsbrautar í hjúkrunarfræðum. Sjúkrahúsið hefur gengið til samvinnu við Háskólann á Akureyri um bókasafn sjúkrahússins, fagbókasafnið og að Háskólinn og sjúkrahúsið ráði bókavörð í sameiningu til viðbótar þeim sem var, en sjúkrahúsið kaupir einnig inn bækur og tímarit sem á vantar til þess að bókasafnið teljist hið ágætasta fagbókasafn í hjúkrunarfræðum. Háskólinn hefur notið sérstakrar velvildar og mikils örlætis hjá Fjórðungssjúkrahúsinu og hafa forstöðumenn sjúkrahússins sýnt þessu máli mikinn áhuga.

Auk reglulegrar kennslu á námsbrautum er jafnframt hafið fyrirlestrahald á vegum skólans sem ætlað er almenningi. Nefndir hafa starfað að athugun og undirbúningi kennslu á fleiri námsbrautum í viðskipta- og markaðsfræðum og í matvælafræðum og hefur nefndin sem hefur haft til athugunar kennslu á sviði matvælafræði skilað áliti og nýlega hefur verið skipuð nefnd til undirbúnings náms í sjávarútvegsfræðum.

Í sambandi við frv. hefur orðið nokkuð almenn umræða um háskólamál. Ég hef orðið þess var að ýmsir sem tengjast Háskóla Íslands eða bera hag hans fyrir brjósti gagnrýna að á sama tíma og skólann vantar fjármagn til margvíslegra nota sé stofnaður nýr háskóli á landsbyggðinni. Spurt er: Ef við höfum ekki efni á því að gera myndarlega við Háskóla Íslands, höfum við þá efni á því að setja annan háskóla á stofn? Um þetta efni mætti hafa mörg orð. Ég held að þessi gagnrýni byggi á skammsýni og minni á sögulegar hliðstæður. Aðfinnslur í þessa veru komu fram þegar Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður og Menntaskólinn í Reykjavík fékk ekki allar þær fjárveitingar sem hann taldi sig þurfa. Nú efast enginn lengur um gildi Menntaskólans á Akureyri, hvorki sem menntastofnunar né fyrir byggðaþróunina í landinu. Framvindan á undanförnum árum, hér og erlendis, er sú að upp rísa ýmiss konar sérskólar á háskólastigi samhliða hinum gömlu almennu háskólum, listaskólar, tækniskólar og skólar sem miða starf sitt mjög við þarfir atvinnulífsins. Auk Háskóla Íslands, Kennaraháskólans og Háskólans á Akureyri fer þegar fram nokkur kennsla á háskólastigi í Tækniskólanum, Bændaskólanum á Hvanneyri, Samvinnuskólanum, Tónlistarskólanum í Reykjavík og Myndlista- og handíðaskólanum og nú hefur Verslunarskólinn stofnað tölvuskóla á háskólastigi.

Þessi þróun er að minni hyggju eðlileg og ég mun beita mér fyrir því að hún komist í skynsamlegan farveg á næstu árum. Liður í því er undirbúningur

rammalöggjafar um háskólastigið sem nú er hafinn í menntmrn. í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar og stofnun samstarfsnefndar háskólastigsins sem hefur tekið til starfa.

Það heyrist fundið að því að hinir nýju sérgreindu háskólar sinni vísindalegum rannsóknum á miklu takmarkaðri hátt en hinir almennu háskólar eða jafnvel alls ekkert. Þessi gagnrýni byggist held ég að hluta til á misskilningi á hlutverki hinna nýju skóla.

Sú stefna sem ég tel eðlilegt að marka er að Háskóli Íslands verði höfuðsetur rannsókna og vísinda í landinu. Þar fari fram meginþungi hinna vísindalegu rannsókna á háskólastigi. Öðrum skólum á þessu skólastigi þarf að gera kleift að hafa rannsóknarstörf innan sinna vébanda að einhverju marki en þau verða miklum mun takmarkaðri en í Háskóla Íslands. Í þessari stefnumörkun felst ekkert vanmat á öðrum skólum, þeir eru ekkert síður mikilvægar og góðar menntastofnanir vegna þessarar skipunar, heldur er hér um að ræða skynsamlega hagræðingu og verkaskiptingu.

Frv. er útbúið með þetta sjónarmið í huga. Það hefur fengið nokkra gagnrýni fyrir það að í því sé fólginn nokkur tvískinnungur, þ.e. að ekki sé gert alveg upp í frv. hvort Háskólinn á Akureyri eigi að vera vísindaleg rannsóknastofnun eða ekki. Því er til að svara að auðvitað stekkur skóli af þessu tagi ekki fullskapaður úr höfði Seifs eins og Pallas Aþena á sínum tíma. Þarna hlýtur að verða þróun og auðvitað sker reynslan úr um það hvert verður starf Háskólans á Akureyri í þessu efni. Einmitt þess vegna er ráð fyrir því gert að lögin verði endurskoðuð að þremur árum liðnum. Ég tel hins vegar að innan Háskólans á Akureyri hljóti að fara fram rannsóknastarfsemi að vissu marki.

Í þessu efni vil ég einnig vitna í umsögn Haraldar Bessasonar sem hann veitti menntmn. Ed., en þar svarar hann ýmsum atriðum sem fram komu í umsögnum ýmissa aðila sem menntmn. Ed. leitaði til og er umsögn hans, þ.e. svar hans, birt sem fylgiskjal VIII með nál. á þskj. 710. Þar fjallar hann um það hvort í raun séu eins skörp skil milli akademískrar menntunar annars vegar og verklegra mennta á háskólastigi hins vegar og telur að þau skil séu ekki eins skörp og sumir vilji vera láta.

Þetta frv. fékk ítarlega meðferð í Ed. og eins og ég gat um voru allmargir aðilar sem veittu umsagnir sínar um frv. Á því voru gerðar nokkrar breytingar í Ed., breytingar, sem ég er sammála, en þær voru einkum á stjórnunarkerfi háskólans, þ.e. fellt var inn í lögin það frambúðarskipulag sem gert er ráð fyrir að verði á stjórnun skólans. Það fyrirkomulag sem var í upphaflega frv. er gert að ákvæði til bráðabirgða, en í mínum huga átti það ákvæði einmitt að koma til sérstakrar endurskoðunar að þremur árum liðnum. Ég er hins vegar fyllilega sammála því að þessi háttur sé hafður á sem Ed. gerði að sinni till. og breytti frv. að þessu leyti.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umræðu lýkur verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. um háskóla á Akureyri skuli vera komið inn í þessa deild. Ég hef reynt að fylgjast með þeirri gagnrýni sem fram hefur komið í sambandi við þá ákvörðun að stofna háskóla á Akureyri. Mig undrar það að slík rök skuli koma fram, t.d. um það að á meðan ekki sé hægt að láta fjármagn til háskólans hér sé ekki ástæða til þess að byggja háskóla annars staðar. Það gefur auðvitað auga leið að það er minni þörf að byggja hér eftir því sem stærri skóli rís á Akureyri. Spurningin er ekki um það, auðvitað þarf að byggja yfir þessa nemendur, spurningin er um það hvort á að gera það hér eða fyrir norðan.

Ég held að háskóli á Akureyri hljóti að styrkja byggðir Eyjafjarðar og það sé líklegt að á þessu fjölmennasta svæði fyrir utan suðvesturhornið fái nemendur af öllu þessu svæði meiri möguleika til þess að stunda háskólanám en þeir hafa nú.

Það er eitt sem ég harma að vísu, að í frv. felst ekki að að því sé stefnt nú þegar að þetta verði, ja, hvað á að segja, háskóli sem hefur rannsóknaskyldu beinlínis, en ég fagna orðum hæstv. menntmrh. að svo hljóti þó að verða og því ákvæði sem er í frv. um að lögin skuli endurskoða innan ákveðins tíma, þó að ég vilji að vísu benda á það að þótt slík ákvæði hafi verið í lögum hefur þeim ekki ævinlega verið framfylgt. En það getur verið dálítið á valdi þeirra sem munu eiga sæti á hæstv. Alþingi að þremur árum liðnum, t.d. þm. Norðlendinga, að ýta við því að við það verði staðið.

M.ö.o. fagna ég mjög frv. Þetta er margra ára baráttumál ýmissa Norðlendinga og ég vona að séð verði til þess að Háskólinn á Akureyri verði raunverulegur háskóli með fullum réttindum þegar fram líða stundir.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál sem hér er á dagskrá, Háskólinn á Akureyri, er að vísu mál sem ég hef ekki mjög fylgst með, en engu að síður vildi ég láta álit mitt í ljós á frv. vegna þess að ég tel að þetta sé mál sem er ákaflega sérstætt, en jafnframt ákaflega þýðingarmikið. Ég hef nokkuð orðið var við gagnrýni á málið eins og raunar kom fram í orðum hæstv. menntmrh. En ég vildi lýsa minni skoðun í örfáum orðum.

Í fyrsta lagi lýsi ég fylgi mínu við frv. og ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. menntmrh., sem hann lagði áherslu á, að áfram yrði þungamiðja íslenskra rannsókna í Háskóla Íslands. Það er raunar sjálfsagður hlutur. Það sem ég tel hins vegar merkast við þetta mál er að það er, að mínu mati, nánast eini jákvæði votturinn í langan tíma í íslenskum stjórnmálum þar sem íslensk stjórnvöld reyna af miklum myndarskap að reisa rönd við þeirri öfugþróun í byggðaþróun sem hér hefur orðið um langa hríð. Ég skal fúslega viðurkenna að þarna þurfti nokkurn

stórhug til. En ef einhvern tíma á að takast að spyrna fæti við þýðir ekkert minna en að taka svo til hendi eins og fyrrv. hæstv. menntmrh. gerði í þessu efni.

Háskóli Íslands hefur auðvitað um langan aldur verið, ekki kannski fjársveltur, en þar hefur löngum vantað fé. En við skulum líka líta á ýmsar aðstæður sem þar hafa verið. Ef við lítum t.d. á lagadeild Háskóla Íslands mun það mála sannast að þar munu stundum vera á milli eitt og tvö hundruð nemendur í sama tímanum hjá einum og sama prófessor. Það gefur auga leið hvernig vinnuaðstæður eru þegar slíkt á sér stað. Það má sjálfsagt velta því fyrir sér að útibúshugmyndin hefði líka komið þarna til greina og e.t.v. hefði það verið heppileg lausn til þess að ná þeim markmiðum sem ég er að leggja áherslu á. Engu að síður er þessi ákvörðun tekin, að stofna sérstakan háskóla, og það sýnist mér vera gert af enn meiri stórhug og þess vegna fagna ég því sérstaklega.

Þetta mun, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði næst á undan mér, styrkja byggðir Eyjafjarðar. Ég vil hnykkja hér aðeins frekar á og lýsa skoðun minni: Þetta mun styrkja alla landsbyggð á Íslandi ef það tekst eins og hugur manna stendur til. Hér er um að ræða gleðilegan viðnáms- og viðreisnarhug fyrir hönd landsbyggðarinnar allrar sem ég tel fyllilega ástæðu til að fagna.

Það er dýrt að halda úti skóla. Það er þeim mun dýrara sem ofar kemur í skólastigann. Erlendis er þróunin nánast hvarvetna sú að menn víla ekki fyrir sér að hreyfa á milli dýra kennslukrafta, jafnvel á milli fylkja og nánast á milli landa, t.d. fylkja í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Það er þar daglegt brauð margra manna með sérhæfða þekkingu að fara langar vegalengdir á milli háskóla. Ekki væri það nein goðgá hér á landi heldur, hjá fátækri þjóð. En við skulum ekki gleyma því aðalatriði að við erum tiltölulega fátæk þjóð í fremur stóru landi miðað við mannfjölda og við búum við þennan sérstaka vanda að byggðaþróunin hefur verið óhagstæð um langan tíma. Hér er vottur þess að verið er að snúa henni til réttrar áttar. Þess vegna fagna ég frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

64. fundur, miðvikudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sveinn Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri og alþingismaður, andaðist á Landakotsspítala í fyrradag, mánudaginn 21. mars, 75 ára að aldri.

Sveinn Guðmundsson var fæddur á Eyrarbakka 27. ágúst 1912. Foreldrar hans voru Guðmundur bóksali þar og bókhaldari Guðmundsson, bónda á Minna-Hofi á Rangárvöllum Péturssonar, og síðari kona hans Snjólaug Jakobína Sveinsdóttir, bónda í Bjarnastaðahlíð í Skagafirði Guðmundssonar. Hann lauk prófi í rennismíði í Reykjavík árið 1933. Eftir það fór hann til náms í vélfræði og lauk prófi í Tekniska Institutet í Stokkhólmi 1936. Að því loknu var hann vélfræðingur við Vélsmiðjuna Héðin í Reykjavík til 1943, en síðan forstjóri Héðins og meðeigandi. Jafnframt var hann forstjóri tveggja annarra hlutafélaga, Stálsmiðjunnar og Járnsteypunnar.

Hann var í undirbúningsnefnd að stofnun Iðnaðarbankans 1951 og í bankaráði hans 1951–1968. Í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands var hann 1956–1962, var formaður Sýningarsamtaka atvinnuveganna frá stofnun þess hlutafélags 1957–1966.

Í Rannsóknaráði ríkisins átti hann sæti 1965–1971 og á árinu 1970 var hann skipaður í nefnd til að semja frv. til laga um Sementsverksmiðju ríkisins. Auk þessa var hann árum saman í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands, Félags íslenskra iðnrekenda og Verslunarráðs.

Í alþingiskosningunum 1956 var hann kjörinn varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík og sat fyrsta sinn á Alþingi vorið 1958. Í alþingiskosningunum 1963 var hann aftur kjörinn varaþingmaður í Reykjavík og tók sæti þrisvar á tveim fyrstu þingum kjörtímabilsins. Vorið 1965 hlaut hann fast sæti á Alþingi við þingmennskuafsal aðalmanns og sat á þingi til vors 1971, var landskjörinn alþingismaður frá 1967. Alls sat hann á níu þingum.

Sveinn Guðmundsson átti sér langan og farsælan starfsferil. Hann kom ungur til starfa í vel reknu fyrirtæki og tók við stjórn þess að nokkrum árum liðnum. Undir stjórn hans og samstarfsmanna hans efldist það síðan og þróaðist í stórfyrirtæki. Ásamt störfum um áratugi innan eigin iðnrekstrar og verslunar vann Sveinn Guðmundsson mikið starf að félagsmálum. Hann var félagslyndur og ráðhollur, starfsamur og starfhæfur og hlaut að taka að sér stjórnarstörf í ýmsum félögum og stofnunum. Á Alþingi sem annars staðar sinnti hann öðru fremur málefnum iðnaðar. Með eðlislægri prúðmennsku og festu gekk hann að ævistarfi sínu og gat sér hvarvetna gott orð, var drengskaparmaður og lagði þarft og gott til mála.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að minnast Sveins Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

EFRI DEILD

74. fundur, miðvikudaginn 23. mars, að loknum fundi í Sþ.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. GA og DS, 315. mál (skólaskylda, samfelldur skóladagur o.fl.). — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 735.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem er á þskj. 735.

Í 1. gr. frv. eru talin upp nöfn níu manna sem sótt hafa um íslenskan ríkisborgararétt og að mati dómsmrn. uppfylla þau skilyrði sem Alþingi hefur venjulega sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar og gilt hafa undanfarin ár.

Þá liggja fyrir í ráðuneytinu nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt sem ekki uppfylla öll skilyrði sem sett hafa verið fyrir veitingu ríkisborgararéttar og verða þær umsóknir sendar allshn. þessarar hv. deildar til frekari athugunar.

Ég vil geta þess hér að á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Osló, bar Dorte Bennedsen, þingmaður í Danmörku, fram fyrirspurn til íslensku ríkisstjórnarinnar um það hvers vegna Ísland hefði enn ekki gerst aðili að samkomulagi hinna Norðurlandaríkjanna um ríkisborgararétt frá árinu 1969, sem breytt var með samkomulagi milli þessara fjögurra ríkja árið 1977, en samkomulagið fjallar um gagnkvæman rétt Norðurlandabúa til að öðlast ríkisborgararétt í búsetulandi, þar á meðal um styttingu fresta til þess að öðlast slíkan rétt en um þetta er nú fjallað í 9. gr. b. í núgildandi lögum um ríkisborgararétt, nr. 100 frá árinu 1952, eins og þeim var breytt með lögum frá Alþingi árið 1982.

Tilefni fyrirspurnar Dorte Bennedsen mun ekki síst hafa verið það að hún hafði orðið þess áskynja að íslenskir borgarar, sem vildu öðlast danskt ríkisfang, nutu ekki sömu réttinda í þessu efni og aðrir Norðurlandabúar. Ég svaraði þessari fyrirspurn á Norðurlandaráðsþingi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og skýrði m.a. frá því að Ísland hefði ekki tekið þátt í gerð þessa samkomulags um gagnkvæman ríkisborgararétt sem gert var af Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð árið 1969 né heldur tekið þátt í að gera þær breytingar sem á því voru samþykktar árið 1977. Ég benti hins vegar á að þær reglur sem fylgt hefur verið varðandi veitingu íslensks ríkisborgararéttar til útlendinga hafa að forminu til verið strangari á Íslandi en í öðrum ríkjum Norðurlanda en í reynd hafa Norðurlandabúar fengið ríkisborgararétt á Íslandi samkvæmt sérstökum vinnureglum sem nefndir þingsins hafa sett sér, reyndar eftir helmingi skemmri búsetu á Íslandi en fólk sem upprunnið er annars staðar.

Við breytingu á lögunum um ríkisborgararétt, sem tóku gildi árið 1982, var reyndar bætt við ákvæði sem heimilaði að gerast aðili að samkomulaginu frá 1969 með breytingunni frá 1977. Af einhverjum ástæðum hefur ekki orðið úr framkvæmdum í þessu efni en með lagabreytingunni fékk ríkisstjórnin heimild til þess að semja um aðild að samkomulaginu en af henni hefur ekki orðið. Á þingi Norðurlandaráðs á dögunum skýrði ég frá því að ríkisstjórnin hefði nú ákveðið að vinna að því að Ísland gerðist aðili að samkomulaginu og hefur þegar verið hafinn undirbúningur að því.

Þá er rétt að geta þess einnig að á vegum Evrópuráðsins er nú hafin endurskoðun á samningi Evrópuríkjanna frá árinu 1963 varðandi tvöfaldan ríkisborgararétt, einkum með tilliti til þess hvernig beri að haga ríkisborgararétti maka þegar makar eru hvor af sínu þjóðerni. Er talið æskilegt að maki af öðru þjóðerni geti sem fyrst öðlast ríkisfang þess ríkis sem hjónin búa í ef það er upprunaríki maka hans. Ákvæði, sem víða eru í lögum, um að makinn missi sinn fyrri ríkisborgararétt við það að fá nýjan, eru oft talin standa í vegi fyrir því að sótt sé um ríkisborgararétt í því ríki sem hinn erlendi maki hefur tekið sér búfestu í.

Þetta mál er nú til athugunar, eins og ég nefndi áðan, á vettvangi Evrópuráðsins og verður senn reynt að komast að niðurstöðu um það hvernig best sé að haga ríkisborgararéttindum fyrir hjón sem eru sitt af hvoru þjóðerninu.

Með þessum orðum, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, 1. umr.

Frv. GuðmÁ og KolbJ, 382. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 722.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á þskj. 722 er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um

ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Flm. þessa frv. eru þm. Borgarafl. í Ed., sá sem þessi orð talar og hv. 7. þm. Reykn. Kolbrún Jónsdóttir.

Frv. þetta felur í sér grundvallarbreytingu á löggjöfinni um fóstureyðingar frá því sem nú er og byggir á því að rétturinn til lífsins sé mannréttindi sem þjóðfélagi ber að vernda. Þetta grunnstef kemur fram í formála grg. með frv., að grundvöllur mannlegs lífs sé rétturinn til að fá að lifa og að kviknað líf í móðurkviði geti ekki verið háð eignarrétti.

Í umræðunum um fóstureyðingar hafa verið tvö sjónarmið ríkjandi sem skapað hafa hina andstæðu póla. Annars vegar er það sjónarmiðið að fóstureyðingar eigi að vera frjálsar á þeirri forsendu að konunni beri að hafa rétt til að ráða yfir sínum eigin líkama. Hins vegar er sú skoðun að fóstureyðingar eigi að vera bannaðar með öllu á þeirri forsendu að réttur hins kviknaða lífs sé sá að fá að fæðast og taka þátt í lífinu.

Íslensk löggjöf hefur byggst á því að virða rétt hins ófædda, eins og ég mun koma síðar að, en þróun hefur verið í þá átt á undanförnum árum hér og erlendis að síðargreinda sjónarmiðið virðist hafa náð undirtökunum.

Frv. þetta er því flutt til að breyta þróuninni í átt til þess sem við teljum grunnréttindi í mannlegu lífi. Án viðurkenningar lífsréttarins eru öll önnur mannréttindi sem varin eru af stjórnarskrá til lítils.

Þetta frv. er ekki miskunnarlaust eins og svo oft hefur heyrst þegar talað er um að þrengja fóstureyðingarlöggjöfina og er því síður stefnt gegn konunni og rétti hennar til frelsis. Þvert á móti er ráð fyrir því gert í frv. að forvarnarstarf verði aukið til muna og aðstoð veitt þeim mæðrum sem eiga að búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Þá er gert ráð fyrir því að lögum um Tryggingastofnun ríkisins verði breytt í þá veru að henni verði unnt að aðstoða mæður með fjárframlögum og annarri aðstoð. Í undirbúningi er slíkt frv. og verður að skoðast í samræmi við frv. þetta. Á ég von á því að það verði lagt fram hér innan tíðar. Jafnframt er í frv. gert ráð fyrir því að starfrækt verði sérstök deild við landlæknisembættið er hafi það að aðalstarfi ásamt útbreiðslumálum að aðstoða konur í vanda.

Er það skoðun flm. að þjóðfélagið eigi ekki að viðurkenna eyðingu mannlegs lífs á þeirri forsendu að það geti ekki ráðið við félagsleg vandamál sem upp kunna að koma og það er skoðun flm. að kona skuli ekki sett í það erfiða hlutverk að þurfa að ákveða að barni sem hún ber undir belti skuli eytt vegna félagslegra vandamála sem hún á við að stríða.

Það er misskilningur að fóstureyðing sé einkamál konunnar. Það er ekki síður mál þjóðfélagsins á grundvelli mats á þeim verðmætum sem til eru og felast í mannréttindum. Fóstrið hefur orðið undir í þessu verðmætamati, enda hefur á þess vegum enginn formælandi verið til til að tala um lífið í móðurkviði.

Er fóstur líf sem þjóðfélagnuð ber að verja eða er það aðskotahlutur sem á sér engan rétt? Um það snýst deilan. Svarið samkvæmt núgildandi fóstureyðingarlöggjöf er það að fyrir 12. viku meðgöngu telst fóstrið aðskotahlutur en eftir þann tíma líf sem má helst ekki eyða nema brýnar ástæður mæli með því. Þarna er um tvískinnungshátt að ræða. Læknavísindin hafa svarað spurningunni með því að hafa í sínum eiðstaf að læknum beri að virða líf frá getnaði. Undir það tekur kirkjan og segir í nýlegri ályktun:

„Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi.

Löggjöf, sem í raun geri hið ófædda líf réttlaust, brýtur gegn því grundvallarsjónarmiði kirkjudómsins að hver einstaklingur eigi rétt til lífs, allt frá upphafi og þangað til dauðinn ber að dyrum með eðlilegum og óviðráðanlegum hætti."

Síðan segir í ályktun kirkjuþings:

„Vill kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum [nr. 25 frá 22. maí 1975] í þá veru að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd."

Með þessu frv. er einmitt verið að taka undir álit kirkjuþings og eiðstaf lækna og að læknum verði gert kleift að starfa í samræmi við þau grundvallarviðhorf sem þeir hafa gengist undir að virða við störf sín.

Þó svo að frv. þetta sé byggt á friðhelgi mannlegs lífs þá er í frv. gert ráð fyrir að fóstureyðingar verði heimilaðar ef tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Þau ákvæði eru látin halda sér svo til óbreytt frá gildandi lögum sem mæla fyrir um fóstureyðingar af læknisfræðilegum ástæðum og ákvæðið sem heimilar fóstureyðingu sem afleiðingu refsiverðs verknaðar. Hins vegar er dregið verulega úr þætti félagslegra ástæðna og fóstureyðing því aðeins leyfð á þeirri forsendu að sú þungaða sé 16 ára eða yngri. Að því leytinu til er frv. þetta rýmra en það frv. sem hv. 4. þm. Vestf. hefur lagt hér fram undanfarin ár. Það sem gerir þetta frv. frábrugðið frv. nefnds þm. er að hér er byggt á því sem grunnforsendu og tiltekið í lagatexta að lífið sé friðheilagt og það þurfi að koma til sérstök sjónarmið svo því lífi sé eytt.

Að því var vikið hér áðan að íslensk löggjöf hefur byggst á því að virða rétt hins ófædda. Á árinu 1935 var fyrst fært í löggjöf að slaka á þeirri kröfu er lög nr. 38/1935 voru sett um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar. Fyrir þann tíma var þung refsing lögð við að deyða fóstur. Samkvæmt hegningarlögum frá 25. júní 1869, sem giltu allt til ársins 1940, varðaði það hegningarvinnu allt að 8 árum ef „ólétt-ur kvenmaður af ásettu ráði eyðir burði sínum".

Með lögunum 1935 var heimilt að eyða fóstri en

þær heimildir voru innan mjög þröngra marka og einungis á læknisfræðilegum forsendum. Var í þeim lögum litið svo á að fóstureyðing væri neyðarúrræði og skilgreind í samræmi við það, sbr. 5. mgr. 3. gr. laganna, en þar segir:

„Það er fóstureyðing, ef burður er líflátinn í móðurkviði áður en konan hefur gengið með hann fullar 28 vikur eða fósturláti komið til leiðar, nema einkenni þess hafi áður komið í ljós, að konunni sé að leysast höfn og augljóst sé að fósturlát verði ekki stöðvað."

Með lögum nr. 16 frá 13. jan. 1938, um „að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt", var fóstureyðing heimiluð ef þargreind skilyrði væru fyrir hendi. Annars vegar var fóstureyðing samkvæmt þeim lögum heimiluð ef gild rök lágu til þess að burður viðkomandi væri í mikilli hættu af kynfylgjum, alvarlegum vanskapnaði, hættulegum sjúkdómi, andlegum eða líkamlegum fávitahætti eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hennar væri í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda — eins og segir í ákvæðinu — verði þá ekki úr bætt á annan hátt. Hins vegar var fóstureyðing heimil ef kona hafði orðið þunguð við nauðgun. Í hinu síðargreinda tilviki var sett það skilyrði að konan hefði kært og sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi.

Er hegningarlögunum var breytt með lögum nr. 19 frá 12. febr. 1940 var kaflinn um manndráp mjög einfaldaður, sérstaklega ákvæðin um fósturdráp. Fyrri hugsun var látin halda sér, að fóstrið væri líf sem ekki mætti deyða. Samkvæmt 216. gr. hegningarlaganna varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef kvenmaður deyðir fóstur sitt. Þessi lög eru enn í gildi og eru þau grunnviðhorf í íslenskri löggjöf þrátt fyrir heimildir sem eru í núgildandi löggjöf um fóstureyðingar.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 var gerð veruleg breyting á fóstureyðingarlöggjöfinni. Var þá í fyrsta skipti tekið fram í lagatextanum að eyða mætti fóstri á grundvelli félagslegra ástæðna. Undanfari þessarar lagasetningar var frv. sem þáverandi heilbr.- og trmrh. lagði fram á Alþingi árið 1973. Í því frv. var lagt til að fóstureyðing yrði heimiluð að ósk konu væri hún búsett hérlendis eða hún ætti íslenskt ríkisfang væri aðgerðin framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn slíkri aðgerð. Var þar lagt til að frjálsar fóstureyðingar yrðu lögleiddar hér á landi. Frv. þetta olli miklum deilum jafnt innan þings sem utan. Ákveðið var því að draga frv. til baka og skipa nefnd til að undirbúa nýtt frv. er tæki tillit til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið við frv. Niðurstaða þeirrar nefndar var að hafna bæri frjálsum fóstureyðingum en þess í stað að heimila fóstureyðingar á félagslegum grunni „þegar ætla má að tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Við mat á því hvað telja skyldi „óbærilegt" lagði nefndin til að hafðar skyldu í huga eftirtaldar ástæður: a) að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt liðið frá síðasta barnsburði, b) konan búi við bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo og c) að konan geti ekki vegna ásku eða þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt. Bætt var við d-lið, aðrar ástæður, „séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar ástæður".

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar á Alþingi og eru nú lög nr. 25 frá 22. maí 1975.

Með lögunum 1975 var áréttuð nauðsyn þess að koma á fót öflugu forvarnarstarfi um kynfræðslu og ráðgjöf. Sú skipan hafði verið í lögunum frá 1935 en hafði þróast úr því að vera í höndum heimilislækna, eins og lögin gerðu ráð fyrir, yfir í það að vera sérstakar deildir á sjúkrastofnunum. Með lögunum nr. 25/1975 var gerð sú breyting, fyrir utan það að félagsráðgjafarþjónusta í sjúkrastofnunum og heilsugæslustofnunum var viðurkennd með lögum, að landlæknisembættið átti að hafa yfirumsjón með starfi þessara ráðgjafarþjónustustöðva. Þá var tekin upp sú stefna með lögunum að kynfræðsla skyldi tekin upp í skólum en veruleg brotalöm hafði verið á þeirri fræðslu. Áttu fræðsluyfirvöld að skipuleggja þessa fræðslu um kynlíf og siðferði þess í samráði við yfirskólalækni.

Með lögum nr. 25/1975 var að því stefnt að samfara rýmkun fóstureyðingarlöggjafarinnar skyldi gert átak í því að auka kynfræðslu til að minnka líkurnar á fóstureyðingu og að hún væri notuð sem getnaðarvörn.

Hver er svo reynslan af þessum lögum? Frá gildistöku laga nr. 25/1975 hefur fóstureyðingum fjölgað mikið frá því sem var í tíð eldri laga, einkum og sér í lagi hin síðustu ár. Upplýsingar þessar koma fram í heilbrigðisskýrslum, fylgiriti 1985, nr. 2, um fóstureyðingar á tímabilinu 1976–1983, sem gefið er út af landlæknisembættinu. Í þeirri skýrslu eru tekin saman á skipulagðan hátt áhrif lagabreytingarinnar 1975 og reynt að varpa ljósi með töflum og skýringarmyndum á fjölda fóstureyðinga, ástæður og helstu auðkenni þeirra kvenna er fara í slíka aðgerð.

Hér eru ekki tök á að fara ítarlega út í þessa könnun en hjá því verður ekki komist, vegna þeirra breytinga sem frv. þetta boðar, að gera grein fyrir helstu niðurstöðum til að varpa ljósi á hið raunverulega vandamál fóstureyðandans. Til viðbótar þessari könnun er byggt á bráðabirgðaskýrslum fyrir árin 1984 og 1985 og til þess vísað ef breytingar hafa orðið frá könnuninni í verulegum atriðum.

Samkvæmt töflu sem er birt í grg. hafa fóstureyðingar aukist mjög verulega frá árinu 1976 er lögin nr. 25/1975 tóku gildi. Samkvæmt þessari töflu voru fóstureyðingar árið 1971 142; 1974 224; 1978 455; 1980 523; 1982 613; 1984 745; 1985 705; og samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1986 voru þær 684.

Þessar tölur segja ekki allan sannleikann þó þær séu hryllilegar. Það er kannski meira atriði að líta á

næstu töflu við hliðina, en það er hve margar þunganir enda með fóstureyðingu. En í þeirri töflu er tekið á því hversu margar fóstureyðingar eru á hverja 100 lifandi fædda. Árið 1971 var þetta 3,3; 1975 6,3, 1976 við gildistöku laganna, fyrsta ár gildistökunnar var þetta 8,6; 1979 12,4; 1981 13,7; 1982 14,1; 1983 15,8; 1984 18,1; 1985 18,3; og 1986 17,6. Samkvæmt þessum tölum hefur fóstureyðingum farið stigfjölgandi miðað við fjölda þungana. Þessar tölur samsvara því að núna síðustu ár hafi af hverjum 100 þungunum verið framkvæmdar 18 fóstureyðingar. Þetta eru nokkuð ískyggilegar tölur og hefur eflaust ekki verið það sem var í huga þeirra manna sem samþykktu lögin frá 1975.

Hámark tíðni fóstureyðinga er samkvæmt þessu árið 1984, er þær voru 745, en á því ári voru fæðingar 4113. En árið 1985 voru, eins og ég áður sagði, 705 fóstureyðingar, en það ár hafði dregið úr fæðingum. Það ár voru 3856 fæðingar og hafði því fóstureyðingum miðað við fjölda fæðinga fjölgað frá árinu áður. Þótt tölurnar, sem talað er um hafi lækkað um 40, segi aðra sögu þá má skýra það með því að fæðingar eru færri.

Ástæður þess að konur fara í fóstureyðingu koma fram í þessari skýrslu. Samkvæmt lögum nr. 25/1975 er heimilt að framkvæma fóstureyðingu á læknisfræðilegum grunni, félagslegum grunni og sem afleiðingu af refsiverðum verknaði. Eigi er getið í könnuninni að beiðni hafi verið reist á hinni síðastgreindu ástæðu. Samkvæmt heilbrigðisskýrslum hefur hlutfall læknisfræðilegra ástæðna lækkað úr því að vera 22,8% árið 1976 (fyrsta ár gildistökunnar) í það að vera 7% árið 1985. Að sama skapi hefur hlutfall félagslegra ástæðna aukist úr 63,1% árið 1976 í 87,7% árið 1985 en hvort tveggja eða ótilgreindar ástæður eru 19% árið 1976 en 5,1% árið 1985.

Þegar hlutur félagslegra ástæðna er skoðaður kemur í ljós að fóstureyðingar á grundvelli d-liðar 1. tölul. 9. gr. fóstureyðingarlaganna, þ.e. vegna „annarra sambærilegra félagslegra ástæðna", eru langalgengastar. Árið 1981 var sá liður nefndur í 73% tilvika en 79,4% árið 1985. Þar sem þessi liður er veigamesta ástæða fóstureyðingar hér á landi er vert að athuga hann nánar. Samkvæmt könnuninni hafa eftirtaldar ástæður verið gefnar upp:

að samband við barnsföður sé ótryggt eða ekkert,
að kona sé í námi eða hyggist fara í nám,
aðstæður almennt erfiðar, fjárhagur þröngur,
viðkomandi treysti sér ekki til að eiga fleiri börn,
getnaðarvarnir hafi brugðist,
sambúðarvandamál,
heilsuleysi,
stutt liðið frá síðasta barnsburði.

Séu þessar ástæður skoðaðar má ætla að upphafsákvæði 1. tölul. 9. gr., þar sem talað er um að tilkoma barns verði konunni „óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna", hafi verið túlkað nokkuð frjálslega og varla í samræmi við tilætlun löggjafans á sínum tíma.

Kem ég þá að synjunum um fóstureyðingar, en samkvæmt skýrslunni er aðeins farið í þá hluti. Í könnuninni er ekki beint yfirlit um synjanir um fóstureyðingar hér á landi. Hins vegar er vitnað til athugunar sem gerð var á Kvennadeild Landspítalans í Reykjavík þar sem þrjár af hverjum fjórum fóstureyðingum eru framkvæmdar hér á landi. Í heilbrigðisskýrslum segir á bls. 110:

„Fjöldi þeirra, sem synjað var um fóstureyðingu, var á bilinu 3–18 á ári en samtals 75 árin 1976–1983. Virðist synjunum fara heldur fækkandi því að á fyrra helmingi tímabilsins var að meðaltali 12 konum synjað um fóstureyðingu eða sem svarar 3,3% framkvæmdra aðgerða, en hins vegar 7 konum að meðaltali á ári á síðari hluta þessa tímabils eða 1,6% aðgerða. Ástæður synjana eru í flestum tilvikum lengd meðgöngu, þ.e. konurnar eru gengnar með meira en 12 vikur og forsendur umsóknar hafa verið af félagslegum toga. Á árinu 1983 voru synjanir 3 hjá Kvennadeild Landspítalans."

Hér að framan hefur verið lýst þeirri breytingu sem verið hefur á tíðni fóstureyðinga, synjana um slíka aðgerð og á hvaða ástæðum umsóknir hafa verið reistar. Þá niðurstöðu má draga af þessum þremur þáttum að takmörkun á heimild til fóstureyðinga er harla lítil í framkvæmd þótt lesa megi úr lögum nr. 25/1975 að gera þurfi verulegar kröfur til þess að fóstureyðing sé heimil. Önnur niðurstaða verður ekki dregin af þeim tölum sem liggja fyrir.

Fóstureyðingar eru þrátt fyrir þessar tölur færri hér á landi en í flestum öðrum löndum, hvað sem veldur. Nærtækast væri að kenna löggjöfinni þar um en fyrrgreindar tölur afsanna þá staðhæfingu.

Kem ég þá að því sem telja má auðkenni þeirra kvenna sem gangast undir fóstureyðingu. Í þessari framsögu er ekki unnt að líta fram hjá þeim staðreyndum sem liggja fyrir um félagslega stöðu þeirra kvenna er hafa farið í fóstureyðingu. Líta verður á einkenni þessara kvenna með það að markmiði annars vegar að athuga hvort hægt er með fræðslu og ráðgjöf að koma í veg fyrir þunganir hjá þeim og hins vegar hvernig þjóðfélagið getur með ráðstöfunum aðstoðað þennan hóp kvenna framar öðrum við barneignir og uppeldi barna. Þá er vert að athuga hvort ástæða er til þess að heimila fóstureyðingu með tilliti til sérstakra hagsmuna.

Samkvæmt áðurnefndri könnun á vegum landlæknisembættisins hefur aldur haft veruleg áhrif á ákvörðun um fóstureyðingu. Frá árinu 1976 hefur meðalaldur kvennanna lækkað frá því að vera 28,7 ár árið 1976 í 25,8 ár árið 1981. Aðalauðkennið er þó að eldri konum hefur fækkað en þeim yngri fjölgað. Á aldursbilinu frá tvítugu til þrítugs eru fóstureyðingar flestar en hefur fjölgað á undanförnum árum í aldursbilinu 15–19 ára og þá sérstaklega meðal 18 ára stúlkna. Fóstureyðingum meðal 16 ára stúlkna og þaðan af yngri hefur fjölgað hægt og voru 47 árið 1981 af 525 fóstureyðingum það ár.

Hjúskaparstaða hefur breyst mikið meðal kvenna sem fara í fóstureyðingu. Árið 1976 voru 45% kvennanna giftar, 39% ógiftar og 14% giftar áður

(fráskildar eða ekkjur). Þróunin síðan hefur verið í þá átt að hlutur ógiftra kvenna fer vaxandi en hlutur giftra og þeirra sem áður hafa verið giftar hefur minnkað. Árið 1985 voru 26,8% kvenna, sem fóru í fóstureyðingu, giftar en 64,5% ógiftar og af þeim voru 10,4% í sambúð.

Starf hefur töluvert að segja varðandi ákvörðun um fóstureyðingu. Sérstaklega eru margar kvennanna starfandi í þjónustugreinum eða eru nemendur. Húsmæðrum hefur hins vegar fækkað verulega frá því sem var árið 1976. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1985 eru nemar 26,5% þeirra sem fara í fóstureyðingu, en konur í þjónustugreinum 29,8%. Sé miðað við lögheimili þeirra kvenna, sem fara í fóstureyðingu, eru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna í Reykjavík en fæstar í sýslum. Samkvæmt upplýsingum fyrir árið 1985 voru 42% þeirra kvenna, sem fóru í fóstureyðingu, barnlausar, 23,3% áttu eitt barn fyrir en 16% tvö börn. 8% kvennanna áttu 4 börn eða fleiri.

Athyglisvert er hvað í vöxt hefur farið á undanförnum árum að konur fari í aðra eða þriðju fóstureyðinguna. Meðaltal áranna 1976–1981 var 10–12% en hefur stigið á undanförnum árum og var 16,7% árið 1985 og á bilinu 18–19% árið 1986 samkvæmt bráðabirgðatölum frá landlæknisembættinu. Læknisfræðilegar ástæður eru hlutfallslega oftar tilgreindar hjá konum með fyrri fóstureyðingar en hinum samkvæmt könnuninni. Lengd meðgöngu hjá þeim konum, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, var í 92% tilvika innan 12 vikna og þar af helmingur innan 9 vikna. Hefur á undanförnum árum lítil breyting orðið þarna á.

Þær upplýsingar, sem koma fram í könnuninni um notkun getnaðarvarna, eru þær að hjá tveim þriðju þeirra kvenna, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, voru getnaðarvarnir ekki viðhafðar er þær urðu þungaðar, en um 30 % tilgreindu notkun getnaðarvarna af ýmsum toga. Í könnuninni kemur fram að tiltölulega minnst eru getnaðarvarnir notaðar hjá yngstu og elstu konunum en mest hjá konum á milli tvítugs og þrítugs.

Tveir hópar kvenna hafa í umræðu um fóstureyðingar oftast verið nefndir, en það eru ungar stúlkur og einstæðar mæður. Í þessari könnun kemur fram að hlutur þeirra er ekki eins mikill og látið er í veðri vaka þó að vissulega sé hann mikill. Árin 1976–1981 var framkvæmd samtals 651 fóstureyðing hjá stúlkum undir 20 ára aldri en það svarar til 22% allra fóstureyðinga umrætt tímabil. Þess ber hins vegar að geta að tíðni fóstureyðinga hjá eldri stúlkum í þessum aldurshópi, 18–19 ára, er meiri en þeirra sem yngri eru, sbr. töflu sem birt er á bls. 8 í grg.

Einstæðar mæður eru vissulega stór hópur. Af 2955 fóstureyðingum, sem framkvæmdar voru árin 1975–1981, áttu einstæðar mæður hlut að máli í 628 tilvika eða 21,1%. Ef litið er á einstök ár tímabilsins má sjá að fjöldi einstæðra mæðra hefur verið á bilinu 86–130 á ári en hlutur þeirra af heildarfjölda fóstureyðinga hefur farið minnkandi, sbr. töflu sem einnig er birt á bls. 8, en þar kemur fram að árið 1976 voru þetta 23,4% en 1981 18,9%. Nýrri tölur liggja ekki fyrir.

Það vekur hins vegar eftirtekt að hlutfall félagslegra ástæðna hjá einstæðum mæðrum er á bilinu 92–94% og heimildin til fóstureyðingar mjög oft byggð á d-lið 1. tölul. 9. gr. laga nr. 25/1975, um aðrar ótilgreindar ástæður. Athyglisvert er einnig að mun algengara er að einstæðar mæður fari í annað skipti fram á fóstureyðingu. Af þeim 312 konum sem fengu fóstureyðingu í annað skipti á tímabilinu 1976–1981 var í 117 tilvikum um að ræða einstæðar mæður.

Af þessum upplýsingum verður sú mynd dregin að það eru helst ungar, ógiftar og barnlausar eða barnfáar konur sem skipa hóp þeirra kvenna sem gangast undir fóstureyðingu. — Þetta er tekið upp úr Heilbrigðisskýrslum, bls. 132. — Við þetta má bæta að konurnar starfa aðallega við þjónustustörf eða eru nemar. Getnaðarvarnir hafa ekki verið notaðar og félagslegar aðstæður eru helsta ástæða fyrir fóstureyðingu og þá sérstaklega d-liður 1. tölul. 9. gr.

Kem ég þá að því hvernig háttað hefur verið fræðslu og ráðgjöf. Í þann kafla vil ég ekki fara mjög ítarlega, en mun reyna að gera honum einhver skil.

Í lögum nr. 25/1975 er mikil áhersla lögð á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Þar er í fyrsta kafla kveðið skýrt á um að veita skuli aðstoð eftir því sem við á og sem hér segir:

1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðslu og ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og fæðingu.

Þá er ákvæði um að ráðgjafarþjónustuna eigi að veita á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og megi hún vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu. Þá er í lögunum kveðið á um að fræðsluyfirvöld skuli veita fræðslu um kynlíf og siðferði kynlífs á skyldunámsstigi í skólum landsins.

Landlækni er falið samkvæmt lögunum að hafa yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafarþjónustunnar.

Í þessari framsögu verður ekki kveðinn upp dómur yfir núverandi framkvæmd né fullyrt hvort farið hafi verið eftir lögunum. Víða munu þó brotalöm vera á og má um það kenna ónógum fjárveitingum frá ríkisvaldinu. Sérstaklega á þetta við um forvarnarstarf og kynningu á getnaðarvörnum og öðrum fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

Ég hef hér rakið þau atriði sem eru grundvöllur þess að við teljum að breyta þurfi fóstureyðingarlöggjöfinni og hvernig framkvæmdin hefur verið og

hver þróun þessara mála hefur verið. Kem ég nú að þeim forsendum sem við viljum byggja á í þessu frv.

Reynslan hefur leitt það í ljós að fóstureyðingum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum eins og tölur landlæknisembættisins sýna. Sú fjölgun verður ekki skýrð á þann hátt að félagslegar aðstæður hafi versnað til muna á síðustu árum því að hagtölur sýna að lífskjör hafa batnað verulega frá því að lögin frá 1975 voru sett.

Skýringarinnar verður heldur ekki leitað í minni þekkingu fólks á kynlífi. Þó að þessir þættir hafi sín áhrif eru þeir ekki ástæðan fyrir fóstureyðingunum. Skýringarinnar verður að leita á öðrum stöðum og þá helst í breyttu viðhorfi fólks gagnvart fóstureyðingum og skorti á upplýsingum um fóstrið, þroskaskeið þess og að fóstur er mannlegt líf. Viðhorf fólks til fóstureyðinga endurspeglast í frelsisbaráttu kvenna og því að fóstrið sé eign konunnar og að henni sé frjálst að ráðstafa líkama sínum að vild. Hefur sá þáttur, ásamt auknu frjálsræði í kynferðismálum, haft meiri áhrif á skipan fóstureyðingarlöggjafarinnar en flest annað.

Það er viðurkennt að á mörgum heimilum eru efnisleg gæði af skornum skammti. Gagnvart þeim fjölskyldum ber þjóðfélagið ríka ábyrgð því að það er smánarblettur á þjóðfélagi með einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi að þurfa að viðurkenna að fólk búi við örbirgð. Félagsleg vandamál ber þjóðfélaginu að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Tilgangur þessa frv. er ekki að leysa úr félagslegum vandamálum sem eru í þjóðfélaginu heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf sé friðheilagt, og að verja börn — á hvaða stigi lífsins sem þau eru — fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllum öðrum, réttinn til þess að fá að lifa og taka þátt í lífinu án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra. Frv. byggir á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað, og að það líf sé aðeins eign barnsins eða fóstursins. Litið er þannig á að barnið í móðurlífi sé frá getnaði lifandi einstaklingur, ólíkur öllum öðrum sem fyrr og síðar munu dveljast hér og líta dagsins ljós.

Litið er því þannig á að barnið í móðurlífi sé ekki hluti af öðrum líkama. Það er sjálfstæður einstaklingur en háður líkama móðurinnar meðan á fósturástandinu stendur. Þótt barnið sé tímabundið háð líkama móðurinnar á sú staðreynd ekki að þýða að móðurinni sé frjálst að ráðstafa þessu lífi. Þvert á móti er henni falið að varðveita það fyrir utanaðkomandi öflum á þroskastigi þess.

Kjarninn í frv. er sá að konunni er frjálst að haga sér eins og samviska hennar býður meðan sú háttsemi skaðar ekki mannréttindi annarra.

Samfélagið á að sjá til þess að allt mannlegt líf sé viðurkennt og að sú ákvörðun að eyða því sé ekki mat konunnar einnar. Frv. þetta er einmitt af þessari rót runnið, þ.e. að konan þurfi ekki að standa andspænis þessu vali og að barninu megi veitast öruggt skjól í móðurlífi til að þroskast og dafna.

Það blandast engum hugur um það að flestar ótímabærar þunganir megi rekja til óvarkárni eða „slysa", eins og margur vill kalla það, þegar tekin er áhætta af samförum án þess að getnaðarvarnir séu notaðar. Slíkum „slysum" má fækka með fræðslu og upplýsingum, en það verður þó ekki til þess að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir að óbreyttum lögum. Reynslan hefur sýnt að fræðslan ein dugir skammt.

Það er gamall sannleikur að eftir því sem afleiðingarnar eru smávægilegri er meiri áhætta tekin. Því miður má rekja margar ótímabærar þunganir til þess að tekin er áhætta af samförum í þeirri von að ekki verði barn úr, en fari samt svo er sú leið opin að fara í fóstureyðingu. Slíkur hugsunarháttur er óábyrgur og ætti ekki að líðast. Fólk verður að horfast í augu við þá staðreynd að það getur ekki leikið sér að fjöreggi annarra með þessum hætti. Það verður að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og alvöru fóstureyðingar, þ.e. að með henni sest það í dómarasæti og kveður upp þann úrskurð að þetta kviknaða líf skuli deytt. Fræðsla kemur að verulegu gagni þegar fóstureyðingar eru takmarkaðar og það er einmitt það áhersluatriði sem frv. mælir fyrir um með því að skipuleggja virka kynfræðslu.

Auðvitað geta komið upp tilvik þar sem þjóðfélagið getur réttlætt að brugðið sé frá þeim meginmarkmiðum sem rakin hafa verið og frv. byggist á. Hins vegar er það spurning hve langt eigi að ganga í þeim efnum og hvaða sjónarmið eigi að viðurkenna þegar skorið er úr um slíkt. Í frv. er lagt til að fóstureyðingar verði heimilaðar í fjórum tilvikum:

Í fyrsta lagi ef líf og heilsa móður er í hættu með áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Í réttarvitund okkar, ef velja á milli barnsins og móðurinnar, er barn á fósturstigi álitið réttlægra. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem heilsu móður kann að vera hætta búin af meðgöngu og fæðingu.

Í öðru lagi er veitt heimild til fóstureyðingar ef sterkar líkur eru á að barn fæðist vanskapað. Þessi heimild er umdeilanleg út frá sjónarmiðum um friðhelgi mannlegs lífs, þ.e. að setjast í dómarasæti og úrskurða eitt líf verðminna en annað. Þessi heimild er samt látin halda sér, en meiri kröfur eru gerðar en áður til sönnunar fyrir því sem heimildin er byggð á.

Í þriðja lagi er heimiluð fóstureyðing ef móðir er ung að árum. Þessa heimild má gagnrýna út frá sömu forsendu og aðrar heimildir laganna til fóstureyðinga, en það þykir rétt að hafa þessa heimild fyrir hendi að því tilskildu að foreldrar standi með stúlkunni að umsókn um fóstureyðingu og að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki til skaða.

Í fjórða lagi er fóstureyðing heimil sé hún afleiðing af refsiverðum verknaði. Það þykir rétt út frá hagsmunum konunnar og þjóðfélagsins að viðhalda þessari heimild.

Kem ég þá að einstökum greinum þessa frv. og hvað felst í þeim breytingum sem við viljum gera. Þær breytingar sem við erum hér að boða eru í

þremur köflum og eru breytingar við núgildandi lög.

Í I. kaflanum er talað um markmið og orðskýringar, en 1. gr. verður þá svohljóðandi:

„Markmið laga þessara er að varðveita líf, sem kviknað hefur í móðurkviði, og koma í veg fyrir ótímabæra þungun með því að fræða fólk um kynlíf og getnaðarvarnir á skipulagðan hátt. Einnig að tryggja verðandi foreldrum læknisfræðilega og félagslega ráðgjöf meðan á meðgöngu stendur og eftir fæðingu.

Þá er markmið laga þessara að skilgreina hugtökin fóstureyðing og ófrjósemisaðgerð og mæla fyrir um hvenær þær eru heimilaðar."

Og síðan segir varðandi orðskýringarnar:

„Samkvæmt lögum þessum merkir fóstureyðing læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði, en ófrjósemisaðgerð þegar sáðgöngum karla og eggjaleiðurum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir að karl eða kona auki kyn sitt."

Í athugasemdum við I. kafla frv. segir:

„Til að undirstrika tilganginn með lagasetningunni er valinn sá kostur að taka saman í I. kafla laganna þau grundvallaratriði sem ná á með lagasetningunni. Sett er á oddinn friðhelgi mannlegs lífs og að það líf sem einu sinni hefur kviknað megi ekki deyða nema fyrir liggi það veigamikil rök að þjóðfélagið sjái sig knúið til vegna annarra hagsmuna að binda enda á þetta líf. Rík áhersla er á það lögð að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og að þjóðfélagið eigi ekki að viðurkenna fóstureyðingu sem getnaðarvörn.

Sú skipan er tekin upp í 2. gr. frv. að skilgreina hugtökin fóstureyðing og ófrjósemisaðgerð til að leggja áherslu á í upphafi laganna hvað felst í þeim hugtökum sem koma fyrir í lögunum. Sú breyting er gerð á hugtaksskilgreiningu fóstureyðingar að gengið er út frá því að líf hafi kviknað við getnað en ekki er miðað við ákveðið þroskastig eins og nú er gert í lögum. Er þessi skýring hugtaksins í samræmi við markmið laganna og hvernig hugtakið fóstureyðing var skilgreint samkvæmt lögum nr. 38/1935. Hugtakið ófrjósemisaðgerð er skilgreint á sama hátt og fram kemur í lögum nr. 25/1975 að því undanskildu að í stað orðsins „eggjavegur" er sett eggjaleiðari. Mun það vera í betra samræmi við orðanotkun nú."

II. kafli frv. er um ráðgjöf og fræðslu. Er hann að meginstofni til byggður upp á því sem í gildi er í dag að því viðbættu, eins og ég kem að hér á eftir, að gert er ráð fyrir því að innan landlæknisembættisins verði sett á stofn deild er sér um í fyrsta lagi fræðslu á sviði kynlífs, útgáfu bæklinga o.fl., og hins vegar að þar verði sett á stofn miðstöð fyrir konur sem ákveða að ganga með fóstur og ala önn fyrir barninu. En í aths. við II. kafla segir:

„Í frv. er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði til muna aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár, aðallega í skólakerfinu. Þá verði tekin upp sú skipan við landlæknisembættið að sérstök deild hafi yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Verði aðalverkefni þeirrar deildar útgáfa fræðslugagna og félagsleg aðstoð við foreldra. Eigi er gert ráð fyrir að sú skipan sem verið hefur á sjúkrahúsum og í heilsugæslustöðvum minnki, heldur taki þær stofnanir að sér aukið hlutverk í þessum málum og tengist meira skólakerfinu en hingað til.

Ein aðalbreytingin sem komið er á með frv. þessu er að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í grunnskólum landsins þar sem tekin verði upp kennsla í fósturfræðum og veittar ráðleggingar um kynlíf og þroska fósturs."

Í III. kafla þessara laga er talað um fóstureyðingar og á hvaða grunni reisa má slíka beiðni. Í athugasemdum segir um þann kafla:

„Gengið er út frá þeirri skipan að fóstureyðingar séu óæskilegar og að til slíkra óyndisúrræða skuli ekki grípa ef fyrir hendi eru aðrir kostir til varnar fóstrinu. Í upphafsgrein þessa kafla laganna er sá skilningur áréttaður að fóstur er líf sem ekki má binda enda á. Ef vafi leikur á því hvort fóstureyðing má fara fram þá skuli frekar hafna henni en leyfa. Í 8. gr. frv. er tæmandi upptalning á þeim aðstæðum sem geta leitt til eyðingar fósturs. Þar er ekki gerður greinarmunur, eins og í núgildandi lögum, á því hvort ástæðan er félagsleg eða læknisfræðileg heldur byggt á því að þjóðfélagið viðurkenni aðeins þessar ástæður sem nógu brýnar til að heimila að binda megi enda á þetta kviknaða líf.

Í 9. gr. eru sett tímamörk um það hvenær fóstureyðing skuli fara fram. Í stað 12 vikna samkvæmt núgildandi lögum er nú mælt fyrir að fóstureyðing skuli hafa farið fram áður en 10 vikur eru liðnar af meðgöngu.

Í 10. gr. er gerð sú krafa að álit annaðhvort læknis og félagsráðgjafa eða tveggja lækna liggi fyrir um nauðsyn fóstureyðingarinnar. Hið fyrrgreinda á við ef telja má ástæður fyrir beiðninni um fóstureyðingu byggða á ungum aldri móðurinnar eða sem afleiðingu af refsiverðri háttsemi.

Í 11. gr. er á það lögð rík áhersla að konan sé frædd um aðgerðina, hættuna á ófrjósemi og einnig bent á þá félagslegu þjónustu sem henni stendur til boða ef hún ákveður að eignast barnið."

Á þetta við í þeim tilvikum þar sem heimildir eru fyrir hendi.

Kem ég þá að einstökum greinum þessa frv. og skýringar með þeim. Eins og ég talaði um hér áðan, þá er í 1. gr. talað um markmið laganna, í 2. gr. eru orðskýringar, í 3.–6. gr. er talað um ráðgjöf og fræðslu og síðan er í 7.–11. gr. talað um fóstureyðingar og önnur atriði sem tengjast þeim.

Í 1. gr. kemur fram stefnuyfirlýsing og það skilgreint í lagatextanum hvert sé markmið laganna. Þetta er talið nauðsynlegt svo að ekki fari á milli mála hvaða tilgangi lögin eigi svo breytt að þjóna og hverja þau eigi fyrst og fremst að vernda. Hið mannlega líf er samkvæmt lögum þessum frá getnaði til grafar. Þetta er og í samræmi við eiðstaf lækna þar sem segir m.a.: „Ég heiti því að virða mannslíf öllu

framar, allt frá getnaði þess." Lögð er áhersla á það í 1. gr. að vandamál, sem kunni að skapast vegna þungunar, eigi að leysa með öðrum hætti en fóstureyðingu. Það líf eins og annað mannlegt líf á að vera friðheilagt. Litið er sérstaklega til fyrirbyggjandi starfs með ráðgjöf og fræðslu og þess að aukin verði félagsleg þjónusta við þá foreldra sem átt hafa barn.

Í 2. gr. eru orðskýringar, en í athugasemdum segir um þá grein:

„Það þykir hentugra með tilliti til þeirrar skipunar laganna, að mæla fyrir um markmið þeirra í 1. gr., að skýra út í næstu grein hvað felist í þeim grunnhugtökum sem rætt er um í lögum þessum. Þá þykir það horfa til skýrleika þar sem skilgreining hugtakanna er breytt frá því sem var í fyrri löggjöf.

Fóstureyðing er samkvæmt lögum nr. 25/1975 [núgildandi lögum] „læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska" en samkvæmt frv. þessu „læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði". Í þessari breytingu felst viðurkenning á því að líf hafi kviknað við getnað og ekki tekið með í skýringu hugtaksins þroskastig fóstursins. Er þessi skilgreining hugtaksins í samræmi við aðrar greinar laga þessara og heiti þeirra, „Um friðhelgi mannlegs lífs". Skilgreining hugtaksins ófrjósemisaðgerð er óbreytt frá lögum nr. 25/1975 fyrir utan það að í stað orðsins „eggjavegur" kemur eggjaleiðari."

Í 3. gr. frv. er talað um ráðgjöf og fræðslu, aðallega ráðgjöf, en í athugasemdum segir um þá grein:

„Þar sem dregið er verulega úr heimildum til fóstureyðinga ber brýna nauðsyn til að upplýsa fólk um kynlíf og veita því ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir þungun. Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsa fólk um lög þessi og á hvaða meginsjónarmiðum þau eru byggð.

Lagt er því til í 3. gr. að starfrækt verði á vegum landlæknisembættisins sérstök deild er hafi það eitt verkefni að sjá um kynfræðslumál í landinu. Hefði þessi deild yfirumsjón með fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði og starfaði í nánum tengslum við ráðgjafarþjónustur og fræðsluyfirvöld úti um allt land. Aðalstarfsemi deildarinnar er þó ætlað að vera að annast útgáfu á fræðslugögnum til notkunar í skólum og fyrir almenning og einnig að vera ráðgefandi fyrir mæður eða foreldra eftir barnsburð. Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi í nánum tengslum við sveitarfélög og Tryggingastofnun og aðstoði fólk sjálft eða með stuðningi þessara aðila við að ala önn fyrir því og barninu. Meðal annars starfsfólks skal læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi starfa við þessa deild. Að jafnaði skal læknir eða ljósmóðir vera forstöðumaður deildarinnar.

Um nánara skipulag og starfsemi skal setja ákvæði í reglugerð. Taki sú reglugerð einnig til starfsemi ráðgjafarþjónustustöðva og hvernig starfi skuli skipt þar á milli.

Um sams konar tilhögun er mælt fyrir í núgildandi lögum en því miður hefur starfsemi þeirrar deildar aldrei náð að vera eins virk og ætlast var til með lögunum."

Í 4. gr. frv. er talað um ráðgjafarþjónustustöðvar eins og þær eru nú og ekki er ætlunin með þessum lögum að breyta þar um. Hins vegar eru teknar saman í þessu frv. nokkrar greinar, 2.–6. gr. núgildandi laga, en í athugasemdum segir um þessa 4. gr.:

„Samkvæmt 2.–6. gr. laga nr. 25/1975 er mælt fyrir um að á hverju sjúkrahúsi og heilsugæslustöð skuli starfrækt ráðgjafarþjónusta er veiti fræðslu og ráðgjöf varðandi getnaðarvarnir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og fleira er tengist kynlífi og barneignum. Ekki er ætlunin að breyta þeirri skipan mála enda hefur hún reynst vel í flesta staði. Í 1. mgr. 4. gr. [þessa frv.] er mælt fyrir um starfrækslu slíkra ráðgjafarstöðva og hvaða þjónustu þær skuli hafa með höndum og er samsvarandi 2. gr. laga nr. 25/1975 [núgildandi laga]. Bætt er þó inn í 4. lið að konunni skuli veitt ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem henni stendur til boða við meðgöngu og fæðingu.

2. mgr. greinarinnar er sama efnis og 3. gr. núgildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er að stofni til sama efnis og 4. gr. núgildandi laga en í stað hjúkrunarfólks og kennara er mælt fyrir um að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfi við ráðgjafarstöðvarnar. Ástæða þessa er að þær stéttir hafa í meira mæli en flestar aðrar hjúkrunarstéttir haft með höndum kynfræðslumál og ráðgjöf á sviði kynlífs."

5. gr. er efnislega samhljóða 6. gr. núgildandi laga, en þar er mælt fyrir um hvaða þjónustu skuli veita á þessum ráðgjafarstöðvum.

Sú breyting er gerð á 7. gr. núgildandi laga, sem er 6. gr. þessa frv., er varðar skipan kynfræðslumála að gert er ráð fyrir því að sú deild, sem verður starfrækt hjá landlæknisembættinu og mælt er fyrir um í 3. gr. frv., sjái um skipulagningu náms og þau kennslugögn sem lögð verða til grundvallar í kennslu, í stað skólayfirlæknis eins og nú er háttað. Er það til samræmis við það hlutverk sem fræðsludeildinni er ætlað að þjóna með lögum þessum, að koma á samræmdri fræðslu og vera til ráðuneytis um kynfræðslumál. Þá er gert ráð fyrir því að kynfræðslan verði skyldunámsgrein í skólum á grunnstigi og kennslunni verði háttað þannig að hún nái til fleiri þátta en kynlífsins eingöngu.

Gert er ráð fyrir því að starfsfólk ráðgjafarstöðvanna og fræðslunefndir heimsæki skóla landsins og geri grein fyrir starfsemi sinni.

7. gr. er áréttíng á hugtaksskilgreiningu 2. gr. Þar segir að kviknað líf í móðurkviði sé friðheilagt og að þau tilgreindu ákvæði laganna, sem heimila eyðingu fósturs, séu undantekningar og beri að túlka þröngt.

Í 8. gr. er talað um fóstureyðingar og á hvaða grunni þessi lög vilja heimila slíka aðgerð. Í aths. segir varðandi þá grein:

„Samkvæmt þessari grein eru tæmandi upp taldar

þær ástæður sem heimilað geta fóstureyðingu.

Samkvæmt 1. tölul. má fóstureyðing fara fram ef lífi eða heilsu móður er hætta búin af áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Er ekki ætlunin að breyta þessu heimildarákvæði frá því sem nú er og hefur verið frá árinu 1935.

Sú breyting er gerð á 2. tölul. frá því sem áður var í löggjöfinni að nú eru gerðar strangari kröfur en áður til þess að leitt sé í ljós að barn fæðist vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi. Það þykir ekki rétt að heimila fóstureyðingu á þessari forsendu frekar en öðrum. Hins vegar eru oft líkindi fyrir því að börn, sem annaðhvort hafa skaddast verulega eða eru haldin alvarlegum sjúkdómum, komi ekki til með að lifa. Þykir því rétt með tilliti til móður og barns að þessi heimild verði í lögum eins og áður.

Það hefur þótt réttlætismál að heimila fóstureyðingu ef hin þungaða er ung að árum og er því þeirri leið haldið opinni í lögum [þ.e. í þessu frv.]. Þau skilyrði eru þó sett að foreldrar eða lögráðamaður samþykki aðgerðina og að það liggi fyrir að heilsu stúlkunnar verði ekki hætta búin af aðgerðinni."

4. tölul. er um fóstureyðingu sem afleiðingu af refsiverðum verknaði og ég held að það sé alveg skýrt að slík heimild þarf að vera í lögum.

Í 9. gr. frv., sem er i-liður, er sú breyting gerð að í frv. er miðað við að fóstureyðing skuli helst fara fram fyrir 10. viku meðgöngu í stað 12. viku eins og mælt er fyrir um í 10. gr. núgildandi laga.

Ástæða þess að tímatakmörkin eru þrengd frá því sem nú gildir má rekja til þess að 10 vikna gamalt fóstur hefur fengið fullkomið mannsútlit. Hjartað er farið að slá, æða- og öndunarkerfi þróað, skynfæri og útlimir mótaðir og beinkjarnar, tær og fingur hafa myndast.

Að öðru leyti er ákvæði þetta óbreytt frá því sem verið hefur.

Í 10. gr., sem er j-liður frv., er gerð mjög lítil breyting. Þar segir í aths.:

„Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga fyrir utan að ekki er gerður sami munur á félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Flokka má þó tvo fyrsttöldu töluliði 8. gr. undir læknisfræðilegar ástæður en hina síðartöldu undir félagslegar ástæður."

11. gr. skýrir sig sjálf.

Varðandi aðrar greinar er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur breytingar til samræmis við fyrri greinar frv.

Það sem fram kemur í 4. gr. hins vegar er að heiti laganna verður breytt og áhersla lögð á friðhelgi mannlegs lífs og ráðgjöf til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Heiti laganna mundi þá vera þannig: „Lög um friðhelgi mannlegs lífs, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og ráðstafanir til að draga úr ótímabærum þungunum með fræðslu og ráðgjöf."

Ég hef nú farið nokkuð ítarlega yfir þetta frv. og þær forsendur sem það er byggt á. Í fskj. eru annars vegar ályktun kirkjuþings, sem ég las hér í upphafi, og hins vegar er fskj. um fóstureyðingar og ýmis auðkenni kvenna sem hafa farið í þessa aðgerð. Ég tel ekki ástæðu til að fara öllu frekar ofan í þetta, en vonast eftir því að hér skapist góðar og málefnalegar umræður.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð þegar við 1. umr. um þetta mál. Ég hafði nú ekki ætlað mér að flytja langa og ítarlega ræðu um málið að þessu sinni. Ég segi það að gefnu tilefni að þessu sinni, svo oft hef ég rætt það hér á Alþingi. En ég kem hingað upp fyrst og fremst til þess að fagna þessu frv. og ég er samþykkur tilgangi þessa frv., anda þessa frv. Ég er samþykkur því að takmarka fóstureyðingar.

Ég hef lengi talið að einmitt þetta mál, að takmarka fóstureyðingar, sé eitt af hinum stóru viðfangsefnum í okkar þjóðfélagi. Það er vegna þess ástands sem ríkir í þessum efnum. Það er vegna þeirrar breytingar sem hefur orðið í þessum efnum frá því að lögin um fóstureyðingar voru sett 1975 og fram til þessa dags. Það hefur verið mín skoðun að fátt, ef það eru nokkur mál sem eru þýðingarmeiri en einmitt þessi mál sem hér er fjallað um.

Ég hef viljað gera breytingar á núgildandi löggjöf um fóstureyðingar. Ég bar fram brtt. við frv. að þessari löggjöf á þingi 1975, þegar lögin voru sett, í þá átt að takmarka réttinn til fóstureyðinga. Og ég hef á fimm öðrum þingum borið fram frumvörp um takmörkun á fóstureyðingum, stundum einn, en í síðari skiptin oftar með öðrum hv. þm., bæði hv. 5. þm. Austurl. og hv. 6. þm. Reykn., svo að ég nefni þessa tvo þm. sem eiga sæti hér enn með mér í þessari deild. En það hefur aldrei fengist afgreiðsla á þessum frumvörpum. Það hafa verið mér og meðflm. mínum og fjöldamörgum öðrum mikil vonbrigði. En ég hef alltaf talið að það yrði að halda áfram allri viðleitni til þess að takmarka fóstureyðingar og þess vegna fagna ég af heilum hug því frv. sem hér er til umræðu.

Meginástæðan fyrir því ófremdarástandi sem er í þessum efnum í dag er það ákvæði, sem tekið var upp í lög með lögunum 1975, að heimila fóstureyðingu ekki einungis af læknisfræðilegum ástæðum sem áður var heimilt, heldur og af félagslegum ástæðum. Og meginástæðan fyrir þeirri gífurlegu fjölgun sem hefur orðið á fóstureyðingum frá 1975 er þetta ákvæði, sú heimild í lögum að eyða megi fóstri af félagslegum ástæðum. Þetta eru staðreyndir. Með tilliti til þessa hefur efni þeirra frv. sem ég hef staðið að um breytingar á lögunum frá 1975 verið fólgið í einu fyrst og fremst, því að afnema heimildina um félagslegar ástæður fyrir fóstureyðingum.

Ég hef talið að það ætti ekki undir neinum kringumstæðum að heimila að lífi sé fórnað af félagsleg-

um ástæðum. Félagsleg vandamál eru mörg. En félagsleg vandamál á að leysa með félagslegum aðgerðum. Það er flótti frá vandamálunum og blekking ef menn halda að hægt sé að leysa félagslegan vanda með því að fórna mannslífi. Þess vegna hef ég jafnframt frv. sem ég hef staðið að um að banna fóstureyðingar af félagslegum ástæðum jafnan flutt önnur frv., frv. til breytinga á almannatryggingalögum, frv. um það að aðstoða mæður, einstæðar mæður, aðstoða foreldra sem eiga í fjárhagslegum vanda við að sjá barni sínu farborða.

Þessi frv. hafa heldur ekki náð fram að ganga. En það verður þó að segja að ég ætla að þau hafi haft nokkur áhrif vegna þess að sú aðstoð sem gert var ráð fyrir í frv. þeim sem ég stóð að um þetta efni hefir komið til framkvæmda að meira eða minna leyti eftir öðrum leiðum.

Það hafa sumir sagt: Jú, við erum á móti fóstureyðingum, en það má ekki banna þær fyrr en búið er að ganga svo frá okkar félagslegu löggjöf að enginn vandi sé óleystur. Ég hef margoft haldið því fram að þetta væru rök sem ekki gætu staðist. Í fyrsta lagi væri það svo að rétturinn til lífsins væri grundvallarmannréttindi sem ekki mætti fórna af neinum ástæðum og í öðru lagi að þjóðfélag okkar yrði seint svo fullkomið að ekki mætti betur fara á í ýmsum efnum.

Ég sagði áðan að ég ætlaði að vera mjög stuttorður. Ég stend raunar upp ekki til þess að fara að endurtaka þau rök sem ég hef svo margoft flutt í þessu máli hér á hv. Alþingi, heldur til þess að fagna framkomu frv. Þessi fáu orð sem ég hef sagt hafa verið sett fram til þess að undirstrika það hvers vegna ég fagna frv. En þó verð ég að segja það að ég hef fyrirvara um fylgi mitt við einstakar greinar frv. Sérstaklega hef ég fyrirvara við það ákvæði frv. að heimila fóstureyðingu undir vissum kringumstæðum af félagslegum ástæðum. Þetta frv. er að þessu leyti ekki hliðstætt eða í samræmi við þau frumvörp sem ég hef áður flutt um þetta efni. Ég hef talið rétt að það ætti ekki undir neinum kringumstæðum að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Hér í þessu frv. er farin einhvers konar millileið. En ég hef verið þeirrar skoðunar að það yrði að fara með allar félagslegar ástæður, hverju nafni sem nefndust, eins í þessu efni og banna að þær geti heimilað fóstureyðingar.

Þrátt fyrir þetta tel ég feng að frv. Ég fagna því að það er komið hér til umræðu og ég vænti þess að það geti fengið góða og vandaða meðferð í heilbr.- og trn. sem ég geri ráð fyrir að taki málið til meðferðar ef það mætti verða kostur þess að út úr þessu kæmi frv. sem yrði samþykkt sem lög frá Alþingi og fæli í sér einhverja takmörkun á heimild til fóstureyðinga.

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér liggur fyrir fjallar um afskaplega viðkvæmt mál, þ.e. fóstureyðingar, og þær tölur um fjölda þeirra sem fram koma í grg. eru aldeilis uggvænlegar og er því e.t.v. aðgerða þörf.

Mig langar til þess að rifja hér aðeins upp sögulegan aðdraganda að setningu núgildandi laga nr. 25/1975. Um það er einnig fjallað á bls. 4 í grg. með þessu frv.

Hinn 5. mars 1970 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Eggert Þorsteinsson nefnd til endurskoðunar laga um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir. Í nóv. 1971 lagði Bjarni Guðnason fram á Alþingi till. til þál. um fóstureyðingar sem fjallaði m.a. um réttindi konunnar til sjálfsákvörðunar og um nauðsyn þess að löggjöf um fóstureyðingar á þeim tíma hnigi meir í frjálsræðisátt en þá var. Nefndin fékk tillöguna til umsagnar og skýrði hún frá starfi sínu og jákvæðri afstöðu. Nefndin taldi mjög mikilvægt að kanna hvernig núgildandi löggjöf, þ.e. frá 1935, hefði reynst í framkvæmd.

Þegar nefndin hóf störf var því ákveðið að framkvæma eftirrannsókn á fæðingardeild Landspítalans með því að hafa viðtöl við konur sem framkallað hafði verið fósturlát hjá á vissu árabili. Var sú rannsókn framkvæmd á árunum 1971–1972. Nefndin styðst mjög mikið við þessa rannsókn ásamt fleiri gögnum, þar með talinni ítarlegri athugun á erlendri löggjöf á þessu sviði og reynslu annarra þjóða, bæði frá læknisfræðilegu og félagslegu sjónarmiði. Í þessu sambandi má geta þess að Ísland var fyrsta landið í heiminum þar sem innleitt var hugtakið „medical social indication“ því að strax árið 1935 segir í löggjöfinni að við mat á hver hætta sé búin heilsu móður skuli tekið tillit til margra og þéttra fæðinga, erfiðra heimilisaðstæðna, ómegðar á heimili, fjárhagsörðugleika eða heilsuleysis og veikinda annarra í fjölskyldunni. Hin Norðurlöndin sigldu svo í kjölfarið með svipuðu ákvæði.

Fyrir setningu þessara laga voru ekki til nein lagaákvæði sem heimiluðu læknum fóstureyðingar jafnvel þótt líf eða heilsu konunnar væri hætta búin af barnsburði. Þótt engin sérákvæði væri að finna í lögum var það samt sem áður almennt viðurkennt að læknum væri heimilt og skylt að framkvæma þessa aðgerð í lífsnauðsyn mæðranna. Var þar stuðst við kenninguna um svokallaðan neyðarrétt. Það yrði of viðamikið að gera hér grein fyrir öllum þeim sjónarmiðum sem nefndin styðst við, en segja má að tillögur hennar hafi mótast af því grundvallarsjónarmiði að brýn nauðsyn sé í fyrsta lagi að gefa öllum kost á ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir og ábyrgð foreldrahlutverks, í öðru lagi að veita öllum fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra, í þriðja lagi að veita aðstoð þeim sem íhuga fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð og í fjórða lagi að auka félagslega aðstoð í sambandi við þungun og barnsburð. Enn fremur leggur nefndin höfuðáherslu á nauðsyn þess að fyrirbyggja ótímabæra þungun sem leiðir til þess að farið sé fram á fóstureyðingu. Það er því ljóst að það hefur verið vandað til þessarar löggjafar og raunar sýnist mér að efnislega sé hér um sömu atriði að ræða og í því frv. er hér liggur fyrir, sérstaklega varðandi ráðgjöf og fræðslu.

En hv. flm. verða að hafa það í huga að kona

leitar í langflestum tilvikum eftir fóstureyðingu vegna þess að hún er nauðbeygð til. Þó er hægt með hliðsjón af þeim tölum sem hér liggja fyrir að láta sér detta það í hug að kæruleysi um notkun getnaðarvarna hafi einhver áhrif á fjölda fóstureyðinga og er það miður. Ég get því verið sammála hv. flm. um það að fóstureyðing megi ekki koma í stað getnaðarvarna og að aukinnar fræðslu er þörf. Spurning er hins vegar hvort þörf sé þessarar lagabreytingar.

Það er einkum tvennt að mínu mati sem taka þyrfti til athugunar í núgildandi löggjöf. Í fyrsta lagi er það 1. liður 9. gr. laga nr. 25/1975, um félagslegar ástæður, en þessi grein hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra aðstæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

a. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.

b. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.

c. Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.

d. Annarra ástæðna séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður."

Það er einkum þessi d-liður, þetta heimildarákvæði, sem hefur vakið nokkrar deilur. Þetta ákvæði er ekkert nánar skilgreint og gefur því tilefni til rúmrar túlkunar. Það er því spurning hvort það mætti ekki skilgreina nánar. Það má raunar hugsa sér að það sé vafasamt að löggjafinn hafi ætlað svo frjálslega túlkun sem stundum virðist raunin á.

Í öðru lagi, um núgildandi löggjöf, er það 28. gr. um þá áfrýjunarnefnd sem sker úr um ágreining ef fóstureyðingu hefur verið synjað. Þar segir í 3. mgr.:

„Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast."

Ég tek þetta ákvæði hér með vegna þess að ég tel ástæðu til þess þrátt fyrir það að þetta frv. mun ekki breyta þessu ákvæði. Þetta ákvæði hefur ekki komist til framkvæmda. Vafalaust hefur aldrei verið ætlað fé til þess. Þessi aðstaða er t.d. ekki fyrir hendi og það er enginn vafi um það í mínum huga að þessi nefnd gæti sinnt starfi sínu mun betur ef aðstaða væri fyrir hendi og starfað í nánum tengslum við landlæknisembættið sem er þá svipað því sem farið er fram á í þessu frv. sem hér liggur fyrir um hlutverk landlæknis í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að hafa langt mál að sinni um þetta frv. í sjálfu sér, en það eru þó ýmsar spurningar sem vakna, sérstaklega þegar grg. er lesin, og langar mig þá einkum til þess að benda á bls. 6. Þar er fyrirsögn að kafla sem er þannig: „Auðkenni þeirra kvenna er gangast undir fóstureyðingu." Þessi fyrirsögn finnst mér ekki vel orðuð og ég mælist til þess að hv. flm. breyti henni á þann hátt að ekki særi tilfinningar þeirra kvenna sem nauðbeygðar eru til að leita eftir fóstureyðingu þannig að þær verði ekki dregnar í dilka af neyð sinni með einhverju auðkenna- eða einkennatali.

Það er enn fremur á bls. 9. Þar kemur fram neðarlega tilgangur frv., að hann sé ekki að leysa úr félagslegum vandamálum, heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf sé friðheilagt og að verja börn á hvaða stigi lífsins sem þau eru. En þar segir orðrétt, með leyfi virðulegs forseta:

„Frv. byggist á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað — og að það líf sé aðeins eign barnsins eða fóstursins. Litið er þannig á að barnið í móðurlífi sé frá getnaði lifandi einstaklingur, ólíkur öllum öðrum sem fyrr og síðar munu dveljast hér og líta dagsins ljós."

Þetta atriði að líf hafi kviknað við getnað getur e.t.v. valdið nokkrum erfiðleikum, sérstaklega lagalega séð. Það er hægt að hugsa sér að það gæti skapast e.t.v. erfðaréttur frá föður. Samkvæmt skilgreiningu erfðaréttar verður barn að fæðast lifandi. Síðan er spurningin um glasabörnin. Hvenær hefst líf þeirra? Síðan er líka talað um eignarrétt barnsins og að barnið eigi sig sjálft. Þá má velta fyrir sér þessu: Ef enginn á barnið, hvað gerist þá? Fellur niður framfærsluskylda foreldra o.s.frv.? Þetta eru atriði sem ég vildi benda á.

Það er líka ofarlega á bls. 10 í 1. mgr.: „Kjarninn í frv. er sá að konunni er frjálst að haga sér eins og samviska hennar býður meðan sú háttsemi skaðar ekki mannréttindi annarra." Ég verð að viðurkenna það að ég er ekki alveg sátt við þessa setningu. Mér finnst t.d. vanta alla umræðu um karlmanninn eða föðurinn í þessari grg. Ber hann enga ábyrgð? Hvað með hans samvisku? Er það einungis samviska konunnar sem á að ráða? Í þessu sambandi vildi ég minna á það að samkvæmt núgildandi lögum, nánar tilgreint 4. tölul. 13. gr., á maðurinn að taka þátt í umsókn konunnar um fóstureyðingu nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Fleiri atriði mætti e.t.v. nefna hér, en ég mun sleppa því að sinni, enda einungis um 1. umr. að ræða.

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun hv. flm. að leggja dóm á núverandi framkvæmd né fullyrða hvort farið hafi verið eftir lögunum, sbr. bls. 9 í grg. Það ætla ég heldur ekki að gera hér og nú. Ég ætla að það frv. sem hér liggur fyrir feli í sér það miklar breytingar frá núgildandi löggjöf að það þurfi meiri umræðu við og nánari skoðun. Ef þetta frv. verður hins vegar til þess að vekja upp umræður og hafi þau áhrif að fóstureyðingum fækkar er það vel. Það má rökstyðja á margan hátt og við verðum öll að taka höndum saman í þessu efni. Það er samfélagsleg skylda okkar.

Kolbrún Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég tek hér til máls sem meðflm. Guðmundar Ágústssonar að frv. á þskj. 722 til laga um breyt. á lögum nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir og um fóstur-

eyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Við búum í velferðarþjóðfélagi sem raun ber vitni. Hvers vegna fögnum við ekki hverju nýju lífi, bjóðum það velkomið og búum því stað með sæmd? Engin þjóð verður fátæk af því að leyfa börnum sínum að lifa. Ekkert barn sem fær að lifa þarf að vera óvelkomið. Hendurnar eru margar sem vilja umvefja það, hlúa að því og búa því verðugan stað. Þegar maðurinn hættir að virða helgi mannlegs lífs eykst spillingin í margvíslegri mynd með þeim afleiðingum sem því fylgja.

Nútímalífsgæðamat okkar lokar dyrunum á börn, það er ekki til rúm fyrir þau. Við konur eigum að standa vörð um okkar eigin líkama, að þungun eigi sér ekki stað ef þess er ekki óskað. Ef barn verður til er það siðferðisleg skylda okkar, skylda konunnar og samfélagsins alls að standa vörð um það líf. Menn eru svo uppteknir við lærdóm og lífstíðarsköpun að kjarninn gleymist. Börn gera engan fátækan, börn eru fjárfesting hins allra besta. Nú liggja fyrir í Heilbrigðisskýrslum 1985 frá landlæknisembættinu gögn sem segja að 9 af hverjum 10 fóstureyðingum á Íslandi séu af félagslegum ástæðum einum saman og vil ég leyfa mér að fullyrða að flestar ef ekki allar ástæður mætti laga ef nægileg samstaða væri fyrir hendi og meiri virðing borin fyrir helgi mannlegs lífs. Við megum ekki nota fóstureyðingar sem getnaðarvörn. Vitað er að 75% þeirra kvenna sem fara í fóstureyðingu nota alls engar getnaðarvarnir. Það þarf að fræða konur um hættuna er fylgir fóstureyðingum því að margar konur verða ófrjóar eftir slíka aðgerð. Það þarf að auka ráðgjöf og fræðslu um notkun getnaðarvarna, varðandi kynlíf og barneignir, einnig félagslega aðstoð við foreldra meðan á meðgöngu stendur og eftir barnsburð. Auðvitað geta komið upp tilvik þar sem þjóðfélagið getur réttlætt að brugðið sé frá þeim meginmarkmiðum sem frv. byggist á. Hins vegar er það spurning hve langt eigi að ganga í þeim efnum og hvaða sjónarmið eigi að viðurkenna. Skorið er úr um slíkt í frv. Lagt er til að fóstureyðingar verði heimilaðar í fjórum tilvikum.

1. Ef líf og heilsa móður er í hættu af áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Ef velja á á milli barnsins og móðurinnar er barn á fósturstigi álitið réttlægra. Sama gildir í þeim tilvikun þar sem heilsu móður kann að vera hætta búin af meðgöngu og fæðingu.

2. Veitt er heimild til fóstureyðinga ef sterkar líkur eru á að barn fæðist vanskapað. Þessi heimild er umdeilanleg út frá sjónarmiðum um friðhelgi mannlegs lífs, þ.e. að setjast í dómarasæti og úrskurða eitt líf verðminna en annað. Þessi heimild er samt látin halda sér, en meiri kröfur eru gerðar en áður til sönnunar fyrir því sem heimildin er byggð á.

3. Heimiluð er fóstureyðing ef móðir er ung að árum. Þessa heimild má gagnrýna út frá sömu forsendu og aðrar heimildir laganna til fóstureyðinga, en það þykir rétt að hafa þessa heimild fyrir hendi að því tilskildu að foreldrar standi með stúlkunni að umsókn um fóstureyðingu, og að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki að skaða.

4. Fóstureyðing er heimil sé hún afleiðing af refsiverðum verknaði. Það þykir rétt út frá hagsmunum konunnar og þjóðfélagsins að viðhalda þessari heimild. Skal þá fóstureyðing framkvæmd eins fljótt og auðið er, aldrei eftir 16. viku meðgöngutímans nema fyrir hendi séu ótvíræðar heilsufarsástæður.

Að síðustu vil ég segja það að börn eru það dýrmætasta sem við eigum. Án barna er ekkert líf, án morgundagsins engin framtíð.

Umræðu frestað.

NEÐRI DEILD

73. fundur, miðvikudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 716.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til menntmn. með 34 shlj. atkv.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sjóðir og stofnanir, 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 733.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er óánægður með frestun á afgreiðslu þeirra mála sem eru samkvæmt dagskrá nr. 1 og nr. 3 og mótmæli þeirri frestun. Ég var sjálfur búinn að ráðstafa mér annað á þeim tíma sem nú er ákveðið að hafa atkvæðagreiðslu um þessi mál og reikna þar af leiðandi tæplega með að breyta því „prógrammi" mínu fyrir daginn í dag. Ég óska eftir skýringu á þessari frestun og vona að hún sé sterkari þeim rökum sem ég hef til þess að vera fjarverandi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Skýringin á þessari frestun er sú að það hafa komið ýmsir þingmenn til mín sem hafa óskað eftir því að vera við þessar atkvæðagreiðslur og þeir hafa fjarvistir sem við höfum ætíð tekið gildar hér. Þær fjarvistir eru m.a. jarðarför og að menn hafa þurft að leita til læknis á ákveðnum tíma. Þetta hefur ætíð verið tekið gilt hér og reynt að hliðra til í þessum efnum. Það hefur verið gert nú. Á það við um bæði þau mál sem þarna eru til umræðu. Vegna þess að atkvæðagreiðslunum var frestað fram yfir þingfundi vildi ég ekki gera það án þess að hafa samráð. Ég bar þetta þess vegna upp á fundi með formönnum þingflokka kl. 1 og vegna þess var hlé gert á fundum áðan. Þetta eru skýringar þær sem ég hef.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Á ákaflega líkum rökum og forseti gaf fyrir þessari frestun óska ég eftir að atkvæðagreiðslu verði frestað þangað til eftir páska.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég verð að taka undir andmæli hv. þm. Alberts Guðmundssonar við frestun á þessari atkvæðagreiðslu. Þegar umræðu lauk hér í gær um það mál sem er núna 3. dagskrármálið var fastlega ráð gert fyrir því að atkvæðagreiðslan færi fram í upphafi þingfundar hér í dag. Ég vil auk þess benda á að miðvikudagur er reglulegur þingflokkafundadagur og þó einhverjir menn hafi lögmætar afsakanir fyrir því að koma ekki til þingfundar í byrjun fundar eru aðrir sem kunna að hafa lögmætar afsakanir fyrir því að geta ekki verið hér eftir kl. 5 í dag. Þetta gildir t.d. um þann þingmann sem hér er einfaldlega vegna þess að hann hefur boðað opinn almennan fund norður á Akureyri í kvöld og þarf að ná í flugvél. Ég andmæli því mjög ákveðið að þessari atkvæðagreiðslu skuli vera frestað á þennan hátt.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það virðist vera kominn nokkur titringur í „bjórmenn" hér í þinginu. Það var ekki tilkynnt um að neinn bæði um fjarvist í upphafi fundar ef ég hef tekið rétt eftir og miðað við ummæli forseta áðan er fróðlegt að vita hvort einhverjir hafa beðið um að vera ekki á þessum fundi eins og þingmenn eiga að gera eða hvort hæstv. forseti hefur gleymt að tilkynna það.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa í þessu sambandi um þau atvik sem hér er um að ræða að viðkomandi ætla að mæta til þessa fundar þegar þeim er það mögulegt og hafa ekki beðið um fjarvist þess vegna formlega eins og venjan er. En ég vil geta þess (**SV:** Sem sagt koma á fund.) að hér er um tvö frv. að ræða, annað um iðnaðarlög en hitt um áfengismál, þannig að það er vegna beggja þessara mála sem þessar beiðnir hafa komið fram. (**AG:** Ég óskaði eftir frestun þangað til eftir páska. Hvenær fæ ég svarið?) Það verður ekki orðið við því. Það er auglýst að þessari atkvæðagreiðslu eigi að ljúka í dag og það verður reynt að finna möguleika til að ljúka henni á þessum degi.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér sýnist að menn séu að stefna að ástæðulausu í styrjöld. Það hefur mjög oft gerst að það hefur náðst samkomulag hér í deildinni um að menn séu úti til skiptis og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það verði leitað eftir slíku samkomulagi. Ef þetta er spurningin um að einhverjir þingmenn greiði ekki atkvæði á móti þeim sem eru við jarðarför eða eitthvað slíkt skil ég ekki annað en að það sé hægt að ná slíku samkomulagi og sé hægt að hafa þessa atkvæðagreiðslu núna og þannig sé hægt að komast hjá frekari átökum um þetta.

Mér finnst að forseti hljóti að geta leyst þetta mál með því að gera örlítið hlé og ræða við þingflokksformenn. Og sé erfitt að fá menn til að sitja hjá við atkvæðagreiðslu er ég reiðubúinn að taka þátt í slíku persónulega til að leysa það að menn standi hér í miklum deilum út af hlutum sem þessum sem ég tel algerlega ástæðulaust og þinginu ekki til sæmdar.

En ég mælist eindregið til þess við forseta að hann virði jafnt fjarvistir manna hvort sem þeir af persónulegum ástæðum geta ekki mætt hér kl. 2 eða kl. 5. Mér sýnist að þeir sem hér hafa talað hafi haft ærnar ástæður og ég ætla að það sé auðvelt að leysa þetta mál í friði ef menn hafa áhuga á því.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Hv. 2. þm. Vestf. hefur lög að mæla. Ég hygg að það væri affarasælast að gera örstutt hlé á þessum fundi og ræða þetta mál og kanna til þrautar hvort ekki er hægt að koma þessari atkvæðagreiðslu við áður en fundi lýkur í deildinni. Ég vildi þá, þegar næsti þingmaður sem hefur kvatt sér hljóðs um þingsköp hefur talað, gera örstutt hlé á fundinum og fá þá þingflokksformenn til viðræðu um það hvort við getum þá ekki komið þessari atkvæðagreiðslu við áður en fundinum lýkur og samið á þann hátt sem stungið hefur verið upp á.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég bið afsökunar á því að þurfa að kalla úr sæti mínu eftir svari þegar ég legg fyrir hæstv. forseta spurningu sem snertir það mál sem nú er komið upp hér. En ég vil gjarnan fá að vita: Hver er sá þingmaður sem fær frest á atkvæðagreiðslu án þess að hafa farið fram á fjarvistarleyfi þegar öðrum þingmönnum er neitað um frest? Hver er sá þingmaður? Mér er neitað um frest. Eru þingmenn ekki jafnréttháir? Hver er þá sá þingmaður sem er rétthærri en aðrir? Hvernig stendur á því að forseti leyfir sér að gera þingmönnum mishátt undir höfði? Þessu vil ég mótmæla. Þingmenn hafa allir sama rétt. Einhver þingmaður sem ekki hefur fengið fjarvist hefur fengið frestun á atkvæðagreiðslu í málum. Aðrir þingmenn sem ekki geta verið viðstaddir á þeim tíma sem forseti hefur ákveðið, líklega þá í samráði við þann þingmann sem er nú fjarverandi, verða þá að vera án þess að neyta réttar síns í atkvæðagreiðslu. Þetta er furðuleg afgreiðsla og ég mótmæli þessu sem rangri fundarstjórn.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil leiðrétta það sem hv. 5. þm. Reykv. segir. Honum hefur ekki verið neitað um að athuga hans ástæður. Ég sagði aðeins að ég mundi leita leiða til að hafa atkvæðagreiðslu um þetta mál á þessum degi, en ég hef ekki neitað hv. þm. um að athuga þær ástæður, eins og fram hefur komið, sem voru fyrir beiðni hans. Ég mun nú gefa fundarhlé til að leita samkomulags í þessu máli þannig að allir geti verið við þessar atkvæðagreiðslur sem þess óska. Það hefur ávallt verið gert hér og allir þingmenn eru jafnréttháir í því efni. Ég leiðrétti að það hefur aldrei verið ætlunin að gera þingmönnum mishátt undir höfði. Hins vegar hef ég haldið við þá ákvörðun að atkvæðagreiðsla fari hér fram samkvæmt dagskrá á þessum degi. En ég hélt satt að segja og stóð í þeirri meiningu að samráð hefði verið við þingflokka um málið (**AG:** Stefán Valgeirsson var ekki boðaður á fundinn.) og þess vegna hef ég ákveðið þetta nú.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Þetta er orðið ákaflega einkennilegt mál. Forseti kemur sér hjá því að skýra frá því hverjir það voru sem óskuðu eftir því að fresta þessari atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan er svo boðuð á þeim tíma sem eiga að hefjast fundir í þingflokkum, kl. 5. Það hlýtur þá að vera samkomulag um að hafa ekki þingflokkafundi í dag því að það er vitað að í þessum tveimur málum verða mörg nafnaköll, þ.e. ef það kemur oft fyrir að þarf að greiða atkvæði á annað borð í þessum málum. Tíminn sem valinn er, aðferðin sem notuð er — ja, ég verð að segja að ég held að það sé einsdæmi. Ég man ekki eftir svona uppákomu fyrr. En ég vil fyrst og fremst vekja athygli á þessum vinnubrögðum þannig að það sé alveg ljóst að hér eru bolabrögð í frammi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég mótmæli því að hér séu nein bolabrögð í frammi. Það er þegar búið að ákveða að gefa fundarhlé til að ná samkomulagi í þessum málum sem allir geta við unað. Ásakanir um bolabrögð í þessu eru tilhæfulausar og í ljósi þess sem hér hefur farið fram á fundinum á undan geta allir hv. þm. verið til vitnis um það. Ég vísa því á bug að hér sé um bolabrögð að ræða og mun nú gefa hlé og freista þess að komast að samkomulagi í þessu máli sem allir geta vel við unað. Fundi er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Það hefur orðið að samkomulagi að atkvæðagreiðslur í þeim tveimur málum sem um ræðir fari fram kl. hálffjögur og það hefur tekist samkomulag um að þær geti farið fram þannig að vilji manna komi í ljós og þingdeildarinnar í þeim málum sem um ræðir. Atkvæðagreiðsla í 1. og 3. dagskrármálinu fer fram kl. hálffjögur. Vil ég biðja hv. þingdeildarmenn að festa sér það í minni.

Fjáröflun til Skáksambands Íslands, 1. umr.

Frv. GGÞ o.fl., 359. mál. — Þskj. 691.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 691 um sérstaka fjáröflun til Skáksambands Íslands. Flm. að þessu frv. ásamt mér eru hv. þm. Albert Guðmundsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Frv. þetta kveður á um að greiðslukortafyrirtæki skuli greiða sérstakt gjald og gjaldinu skuli verja óskiptu til Skáksambands Íslands. Hér er um að ræða 20 kr. af hverju greiðslukorti sem korthafi skal inna af hendi og skal skila gjaldinu mánaðarlega til ríkisféhirðis sem síðan skilar því mánaðarlega til Skáksambands Íslands.

Undanþegnir þessu gjaldi eru þeir sem ekki hafa greitt útskriftargjald, en það eru þeir sem nota greiðslukort sitt lítið eða ekki og eru með upphæð á útskrift hverju sinni undir ákveðinni tölu, að ég hygg um 1500 kr.

Gert er ráð fyrir að þetta gjald eða þessar tvær 10 kr. fylgi framfærsluvísitölu og á gjaldinu verði breyting einu sinni á ári í janúar ár hvert og þá í fyrsta skipti árið 1989.

Svo sem menn geta leitt getum að er þetta frv. flutt til að afla fjár og hlúa að skáklífi í landinu, en það hefur verið mikil gróska að undanförnu í skáklífi Íslendinga. Skáksamband Íslands er hins vegar mjög vanbúið fjárhagslega til að rækta þann gróður sem er í landinu. Verkefni eru mörg fram undan hjá skákhreyfingunni, en fé afar lítið.

Menn kunna að velta því fyrir sér: hvers vegna skák? Hvers vegna velja menn þessa leið til að afla

fjár til skákhreyfingarinnar? Og í framhaldi af því hafa margir spurt: Hvernig stendur á því að fullorðnir menn hafa varið allri ævi sinni til að færa trémenn af hvítum reitum á svarta? Hvaða munur er í rauninni á lúdó og skák? Er hann þá nokkur? Hvaða undraafl er það sem skáklistinni fylgir og seiðir menn yfir höf og lönd til að þreyta keppni við aðra? Sannleikurinn er sá að lærðir menn hafa ritað langar ritgerðir um hvort telja skuli skákina list, íþrótt eða vísindi. Skákin er samsett af ótrúlegum andstæðum og miklum fjölbreytileika. Sem dæmi um það má nefna að skákin er svo gömul að uppruna hennar þekkir í raun enginn eða veit. Eigi að síður nær enginn langt í skák án þess að fylgjast stöðugt með nýjungum og þeir sem langt vilja ná þurfa að búa yfir eða hafa í fórum sínum bókasafn yfir skák sem tekur fram fræðiritum að magni til í flestum háskólagreinum. Þó skáklistin sé í sjálfu sér takmörkuð við 64 reiti á einu borði er hún algerlega takmarkalaus í flækjum sínum. Þó skáklistin sé bundin af ströngum reglum sem engin leið er að breyta út frá eru máttarviðir þeirra listaverka sem orðið hafa til við skákborðið fyrst og fremst hugarflug og ímyndun. Skáklistin hefur skapað meistara sem munu lifa í verkum sínum meðan heimur byggist, vil ég segja, meistara ekki síður en bókmenntir, málaralist, höggmyndalist og aðrar listgreinar. Og það undarlega við skákgáfuna er það að hún getur komið fram þar sem stundum eru aðrir litlir hæfileikar, sbr. ýmsar frægar sögur. Hún getur jafnvel skinið í andlegri eyðimörk eins og gullæð í gráu bergi.

Margbreytileikinn við skákborðið hefur best verið skýrður með hinni gömlu sögu um uppruna skáklistarinnar, sem flestir þekkja, þegar vitringurinn Sishabel Dahire gekk fyrir konung Indlands, Sirham, og færði honum skáklistina að gjöf. Konungur varð mjög glaður við og bað spekinginn að kjósa sér laun. Eins og flestir vita kaus hann sér eitt hveitikorn fyrir fyrsta reitinn, tvö fyrir þann næsta, fjögur fyrir hinn þriðja, síðan átta, síðan sextán o.s.frv. Sagan segir að konungi hafi hlegið hjarta í brjósti við að hljóta slíka gjöf við svo vægu gjaldi. Og hann lét senda verkamenn sína eftir hveitipokum en fljótlega varð ljóst þegar talið var að ekki var nægt hveiti í öllu landinu til þess að uppfylla gjöf spekingsins. Síðar skeði það, og sýnir best dæmi um fjölbreytileika skáklistarinnar, að prófessor George Gamow lét reikna það út og í bók sinni, One, two, three, Infinity, birti hann niðurstöðurnar um hve mikið hveiti væri hér um að ræða. Niðurstaðan varð sú að miðað við hveitiframleiðslu jarðarinnar 1965 hefði þurft alla hveitiframleiðslu jarðarinnar í 2000 ár til að uppfylla þessa ósk spekingsins. Þetta dæmi sýnir okkur fjölbreytileika skáklistarinnar og hversu mjög hún sker sig frá flestum íþróttum eða leikjum sem menn þreyta.

Ísland á sér orðið merkilega sögu þegar rætt er um skák. Það má segja að alveg aftur úr forneskju þá slái glampa frá afrekum Íslendinga á sögu skáklistarinnar í þessu landi. Um aldamótin er rituð hér bók, Chess in Iceland, prentuð í Flórens og gefin út, um sögu skáklistarinnar aftur í tímann. Um aldamótin er gefið hér út á Íslandi tímarit um skák, Í uppnámi, sem líka er prentað í Flórens og þykir að gæðum til eitthvert merkilegasta skáktímarit sem út hefur verið gefið líklega í heiminum á þeim tíma.

Íslendingar eru kunnir um allan heim vil ég segja af afrekum sínum við skákborðið. Íslenskir skákmeistarar standa skákmeisturum flestra annarra þjóða, ef ekki allra, á sporði. Skákhreyfingin á Íslandi er mjög öflug. Íslendingar eru kunnir af skákmótum sínum sem þeir hafa haldið hér, alþjóðlegum, og Íslendingar hafa m.a.s. átt forseta alþjóðaskákhreyfingar. Fræðikenningar eru m.a.s. uppi um það að aðalsöguhetjan í Manntafli, smásögu Stefans Zweigs, sé Íslendingur, að aðalsöguhetjan í þessari mestu perlu smásagnagerðar veraldarinnar sé Íslendingur.

Blaðaútgáfa hefur verið víðtæk og öflug um skák á Íslandi og bækur gefnar út ótrúlega margar á íslenskri tungu miðað við fámenna þjóð og tiltölulega lítinn markað. Árangurinn er sá af þessu að styrkur Íslendinga í skák er ótrúlega mikill. Íslendingar eiga sex stórmeistara í dag. Ef mesta skákþjóð veraldarinnar ætti að tiltölu við höfðafjölda að eiga svipað marga stórmeistara í skák þyrftu Sovétríkin að eiga rúmlega 6000 stórmeistara.

Í dag er staðan sú að Íslendingar eiga Norðurlandameistara í skák, þeir eiga heimsmeistara unglinga innan 16 ára og heimsmeistara innan 12 ára. Þeir eiga heimsmeistarana í yngri flokkunum. Íslendingar eiga Evrópumeistara í skák innan 16 ára. Íslendingar hlutu 5. sæti á Ólympíumótinu í skák, hinu síðasta sem haldið var af liðlega hundrað þjóðum. Íslenskir framhaldsskólanemendur hafa hvað eftir annað sigrað á mótum framhaldsskóla á Norðurlöndunum og vakið mikla athygli. Nú nýlega hafa Íslendingar fylgst með því að þrír af kunnustu skákmönnum Sovétríkjanna hafa teflt hér í tveimur skákmótum og í hvorugu þeirra tekist að sigra. Íslendingar hafa unnið bæði mótin.

Ekki þarf að minnast sérstaklega á árangur Íslendinga núna í heimsmeistarakeppninni sem fer fram, sigur Jóhanns Hjartarsonar yfir hinum sovéska skákmeistara Viktor Kortsnoj. Lengra aftur í tímann lýsir af afrekum Friðriks Ólafssonar sem um tíma var einn af allra sterkustu skákmeisturum veraldarinnar. Þannig mætti lengi telja. Grunnurinn fyrir skákhreyfinguna er því orðinn sterkur.

Til þess að mikið og öflugt tré vaxi upp þarf réttur jarðvegur að vera til staðar. Jarðvegurinn til þess að hér verði enn þá öflugra skáklíf, að þeir ungu menn sem nú eru að vinna heimsmeistaratitil í sínum aldursflokkum haldi áfram að standa í fremstu röð. Þessi jarðvegur er til staðar. En verkefnin eru mörg fram undan. Hér er í rauninni ævintýri að gerast á sviði skáklistarinnar. Og til þess að okkur verði eitthvað úr því ævintýri þarf Alþingi Íslendinga að koma til.

Aðstaða Skáksambands Íslands gagnvart þeim

miklu verkefnum sem þarf að ráðast í er veik. Fjölmargir einstaklingar vinna gífurlega mikið sjálfboðaliðsstarf og fjármagn til þess að senda þessa efnilegu ungu skákmenn og okkar fremstu meistara utan til keppni og halda uppi því starfi sem þarf að halda uppi er ekki til staðar. Skáksamband Íslands hefur til umráða rúma 1 millj. kr. sem er einfaldlega allt of lítið til þess að það geti staðið undir því verkefni sem við hljótum öll að ætlast til að það annist.

Þess vegna hafa flm. þessa frv. valið þá leið að leggja hér fram sérstaklega tillögu um fjáröflun til Skáksambands Íslands. Hér er um að ræða fjáröflun sem snertir tæpast nokkurn mann, tveir 10 kr. peningar á mánuði eru lítil fjárhæð. Það er tæplega að menn beygi sig orðið niður til að taka upp 10 kr. *pening þó þeir gangi fram hjá honum á götunni.* Fyrir þá sem greiða þurfa vegur þetta ekki neitt. Þá munar ekki um þessa upphæð. En fyrir skákhreyfinguna á Íslandi mun þetta valda algerum þáttaskilum og gera keift að reisa af þeim grunni sem er í landinu mikil og máttug tré.

Þessi fjáröflun varð fyrir valinu, 20 kr. á hvert greiðslukort, vegna þess að hún er afar einföld. Innheimtukerfið er til staðar og þar er mánaðarlega greitt. Það þarf enga sérstaka innheimtu. Innheimtan kostar heldur ekki neitt. Korthafana munar ekkert um það sem hér er um að ræða. Einnig eru undanskildir þeir sem ekki eru með viðskipti á sínu korti eða eru með lítil viðskipti.

Það kann að vera og ég hef heyrt þær raddir að sumir segja: Hvers vegna að gera greiðslukort að féþúfu í þessu sambandi? Fyrir suma hefur þetta jafnvel verið allt að því heilagt mál. Hví skyldum við leggja skatt á greiðslukortin, neyða menn til að borga af þeim? Því er til að svara að auðvitað eru menn í þessu landi og allir einstaklingar neyddir til að greiða skatta. Skattar eru mjög mismunandi og koma mjög mismunandi niður. Vilji menn afla fjár þá verða menn að velja gjaldstofn. Hér er ekki sérstaklega verið að mismuna notendum greiðslukorta umfram aðra neytendur í þessu landi. Ef litið er á *óbeina skattheimtu hér er hún mjög mismunandi* eftir því hvað það er sem menn kaupa og hvað menn nota. Það eru t.a.m. mismunandi tollar og aðflutningsgjöld á mismunandi vörum, mismunandi vörugjald á mismunandi vörum eftir því hvað það er sem menn nota eða neyta. Mismunurinn er því til staðar hvort eð er. Það er skattur og tollur á hljómplötum o.s.frv., mismunandi skattur eftir því hvað menn kaupa, hvort menn kaupa sjónvarpstæki eða matvöru eða hvað um er að ræða.

Ég segi þess vegna: Ég blæs á þá menn og röksemdir þeirra manna sem telja að ekki megi leggja skatt á greiðslukort í þeim mæli sem hér er um að ræða. Ég hygg að það séu fáir stjórnmálamenn sem ekki hafa orðið og hlotið að standa að ýmiss konar skattheimtu, leggja skatta á einstæðar mæður, jafnvel að leggja skatta á öryrkja, jafnvel að leggja skatta upp í 25% söluskatt á matvörur, nauðsynjavörur. Ég tek þá ekki alvarlega sem telja að hér sé komið að heilögu máli og ekki megi leggja lítið eitt gjald á greiðslukort.

Stjórnmál eru þannig að þau eru ævinlega val. Ef menn ekki ætla að koðna niður í vöflum verða þeir að velja sér leið. Í þessu tilfelli er leiðin einföld. Aðrar leiðir kynnu að hafa komið til greina. Þessi liggur vel við. Hún mun ekki koma þungt niður eða illa við neinn.

Það kann vel að vera að frjáls framlög til Skáksambandsins geti hjálpað. Á þeim er hins vegar ekki mikið að byggja og allra síst til langframa. Fjárveitingar eða styrkur frá fjvn. eru með þeim hætti að á því er ekki að byggja. Þar er litlu fé deilt í allt of marga staði og úr því verður ekkert. Það þekki ég vel af starfi mínu í ýmsum hreyfingum, ekki síst í *skákhreyfingunni, að þar er ekkert sem um munar.*

Ég segi þess vegna: Þetta gjald á greiðslukortin ætti að vera þeim kærkomið sem greiðslukort hafa. Þá munar ekkert um þessa fjárhæð, en hún er öflugur stuðningur við skákhreyfinguna og skiptir sköpum. Ég segi einnig: Þetta gjald á greiðslukort er ekki mismunun miðað við aðra skattheimtu í landinu nema síður sé. Ég blæs á þau rök sem fram koma varðandi það.

Ég segi einnig: Þetta er ekki fordæmi. Íþróttahreyfingin og Ungmennafélag Íslands hafa sérstakar tekjur af lottói. Þar er um viðkvæmt mál að ræða. E.t.v. hefði skákhreyfingin átt að vera með þar í upphafi. Ég hygg að það sé ekki ráðlegt að hreyfa við þeirri tekjuöflun og reyna að þrýsta þar fleirum inn. Skákin er nátengd menningu Íslands. Skákin á sér langa hefð hér. Í skákinni er sérstök gróska í dag. Það væri mikil blinda að reyna ekki fyrir Íslendinga að gera þjóðinni eins mikið úr því ævintýri og unnt er. Þess vegna treysti ég því að Alþingi Íslendinga muni taka þessu frv. vel og okkur takist að gera það að lögum fyrir þinglok.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég get tekið undir hvert einasta orð síðasta ræðumanns um það merka starf sem unnið er á vegum Skáksambands Íslands og um hin glæstu afrek íslenskra skákmanna víða um heim. Ég get líka tekið undir það að fjárframlög til Skáksambands Íslands hafa verið skammarlega lág og það þarf úr að bæta. Ég get hins vegar ekki fallist á þá aðferð til tekjuöflunar sem lögð er til í þessu frv. Ég tel að það standist ekki að leggja sérstakan skatt á hina nýju greiðsluaðferð sem felst í því að menn greiði fyrir vörur og þjónustu með svokölluðum greiðslukortum. Ég tel að það standist ekki frekar en að leggja t.d. sérstakan skatt á ávísanir eða tékka, víxla eða aðra slíka pappíra. Ég tel þess vegna að sú leið sem valin er í frv. sé ótæk og get þess vegna ekki stutt frv. eins ovegar gjarnan stuðla að því með flm. að úr fjárhagserfiðleikum Skáksambandsins verði bætt með einhverjum hætti sem samkomulag gæti orðið um. Þar er nærtækast að líta til fjvn. og fjárveitingavalds Alþingis almennt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Vegalög, 1. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702.

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til laga um breytingu á vegalögum á þskj. 702. Efni þess frv. er að heimilt verði á sýsluvegaáætlun að veita fé til vega að loðdýrahúsum og fiskiræktarstöðvum ef sýslunefnd svo kýs.

Það er í e-lið 19. gr. vegalaganna heimild fyrir sýslunefndir að veita fé til vegagerðar um afrétti til að koma búpeningi með hægu móti í afrétt eða dreifa um afrétt. Hér er ekki um skyldu að ræða. Hér er einungis lagt til að opnuð verði heimild til þess að sýsluvegasjóðir eða sýslunefndir geti varið fé til vega að loðdýrahúsum og fiskiræktarstöðvum ef þær hafa til þess fjármuni og vilja.

Þetta frv. er flutt að beiðni sýslunefndarmanna fyrir norðan. Hér er ekki um neina skyldu að ræða og ég hygg að sýslunefndir eigi að fá að hafa þessa heimild ef þær kjósa og hafa peninga til að veita til þess arna.

Nú fara sýslunefndir bráðum að heyra fortíðinni til, en sums staðar eru til fjármunir í sýsluvegasjóðum sem þær gjarnan vilja ráðstafa. Það kom einnig til greina að festa þetta við 2. gr. vegalaganna og gera að skyldu að taka þetta í sýsluvegatölu. Það var horfið frá því ráði vegna þess að þá hefði skapast viðhaldsskylda líka á þessa vegi.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu litla frv. vísað til hv. samgn. deildarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til samgn. með 27 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis vegna þess hve tímasetning atkvæðagreiðslu í dag hefur verið á reiki. Fyrst komu hv. þm. á boðuðum þingfundartíma og hugðust taka þátt í atkvæðagreiðslu samkvæmt boðaðri dagskrá. Síðan voru haldnir þingflokksfundir og það boð látið út ganga að atkvæðagreiðsla yrði látin verða kl. 5 og síðar eftir þó nokkrar umræður í deildinni tilkynnti hæstv. forseti úr forsetastóli að atkvæðagreiðslan yrði nú samt kl. 3.30. Því er það að ég spyr hvort hæstv. forseti hafi gert ráðstafanir til að láta þá hv. þm. vita sem gengið kunna að hafa úr húsinu eftir að boðað var til atkvæðagreiðslu kl. 5 og þeir missi því af þessari umræddu og mjög mikilvægu atkvæðagreiðslu og komi hingað kl. 5 þegar allt kann að verða afstaðið eftir þessar vandlegu athuganir þingheims.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég upplýsa hv. 3. þm. Reykv. um að það hafa verið gerðar ráðstafanir og mun verða gengið eftir því áður en atkvæðagreiðslan byrjar hvort örugglega eru nú ekki allir sem vita um hana. Fundi er nú frestað til kl. 3.30. — [Fundarhlé.]

Iðnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62, n. 721, 727 og 730.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HJ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MB, EE, ÓE, ÓÞG, PJ, RH, SvH, ÞP, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, JK.

nei: GHelg, HG, GJH, AÓB, MálmS, ÓÞÞ, PP, RA, SV, SJS, ÞÞ, GeirG.

IBA greiddi ekki atkvæði.

3 þm. (SighB, NL, AðB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 2. umr.

Frv. meiri hl allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, n. 715 og 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, IBA, JóhS, JBH, JSS, KJóh, MB, EE, ÓE, PJ, RA, ÞP, JK.

nei: ÁrnG, FÞ, GeirG, HJ, JónS, GJH, MálmS, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RH, SV, SJS, SvH, ÞÞ, AG, AS.

4 þm. (AÓB, SighB, NL, AðB) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að halda uppi öflugu fræðslu- og forvarnastarfi um hvers konar heilsusamlegt líferni sem dregið getur úr sjúkdómum og slysum. Það eiga yfirvöld m.a. að gera með því að efla ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu með markvissu upplýsinga- og fræðslustarfi. Ég tel markvisst forvarnastarf ekki felast í því að banna einstakar neysluvörur sem þó kunna að vera minna skaðlegar en aðrar sem neysla er leyfð á. Í slíkri afstöðu finnst mér felast tvískinnungur. Ég mun leggja þunga áherslu á aukið fræðslu- og upplýsingastarf um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis og tóbaks á heilsufar fólks og styðjast í því sambandi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og íslenskrar heilbrigðisáætlunar. Ég tel frv. það sem hér er til meðferðar ekki brjóta í bága við þá stefnu og segi því já.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Sú er óbifanleg skoðun mín að gott og heilbrigt þjóðfélag eigi að byggjast á því að sérhver heilbrigður einstaklingur beri ábyrgð á eigin lífi, að hann verði að axla þá ábyrgð að velja og hafna. Þann bikar hvorki vil ég né tel rétt að taka frá öðru fólki. Enn síður get ég tekið þátt í því að einungis forréttindahópar eigi aðgang að lífsgæðum sem allur þorri manna á engan aðgang að. Vinni hv. alþm. að því að byggja hollt og heilbrigt samfélag af alvöru og í einlægni svo að þetta land verði góður verustaður treysti ég landsmönnum til að fara með áfengt öl af meira viti en þeir fara með sterkara áfengi nú. Það væri verðugra verkefni hv. alþm. að vinna að þessu samfélagi en að taka af landsmönnum ábyrgð á eigin lífi með boðum og bönnum. Ég segi já.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé ekki stórt mál á ferðinni og síst af öllu í hlutfalli við þá athygli sem fjölmiðlar hafa haft á þessu efni. Ég hef ekki trú á boðum og bönnum í sambandi við vímugjafa og ég tel að þar verði hver einstaklingur að bera ábyrgð á eigin gerðum. Ég tel að öflugt forvarnastarf í áfengismálum sé mikils virði og þar þurfi að taka á með öðrum hætti en gert hefur verið til þessa. Ég tel einnig að breyta þurfi áfengislöggjöfinni í landinu þannig að landsmenn eigi sem jafnastan aðgang að þeim vörum sem hún hefur að bjóða, en núverandi aðstæður eru óhæfar í þeim efnum. Þrátt fyrir þessa annmarka og með vísun til þess sem ég hef sagt segi ég já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Lífsskoðun mín hefur verið og er að bætt mannlíf verði ekki eflt með aukinni vímu. Sú ógæfa að leyfa bjór mun verða þjóðinni dýr áður en lýkur. Ég segi nei.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Fyrir því er söguleg og lagaleg hefð í þessu landi að taka mikilvægar ákvarðanir í áfengismálum með almennri atkvæðagreiðslu í sveitarfélögum eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að þá aðferð ætti að hafa í bjórmálinu og segi því nei.

Ellert J. Eiríksson:

Herra forseti. Ég tel að landsmenn eigi að gera út um mál sem þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu, en ljóst er að mjög takmarkaður áhugi er fyrir þeirri málsmeðferð meðal þings og þjóðar. Einnig er ljóst að ekki er vilji til að breyta núverandi fyrirkomulagi og misrétti um kaup á áfengu öli. Með þá skoðun að leiðarljósi að allir eigi að verða jafnir fyrir lögunum segi ég já.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Samþykkt þessa lagafrv. mun að minni hyggju auka á óreglu og vanda, einkum ungs fólks, auka kostnað við heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu og trúlega fjölga umferðarslysum. Samþykkt þess stuðlar því ekki að auknu frelsi og almannaheill heldur þveröfugt. Því segi ég nei.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Í ljósi í fyrsta lagi vísindalegra athugana margra landa sem hafa leitt í ljós að ný gerð áfengis til viðbótar öðrum eykur heildarneyslu áfengis og aukinni heildarneyslu fylgir aukið heilsutjón og annar vandi af völdum ofneyslu, í öðru lagi að af 15 bókuðum umsögnum til allshn. mæltu aðeins tvær með frv., í þriðja lagi í ljósi aðvarana frá 138 læknum, þar á meðal áfengismeðferðarlæknum og heilsugæslulæknum, sem bárust Alþingi í gær, og í fimmta og síðasta lagi í ljósi íslenskrar heilbrigðisáætlunar og þess markmiðs Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að draga úr áfengisvanda með því að minnka heildarneyslu segi ég nei.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna skorað á allar aðildarþjóðir að gera ráðstafanir til að draga úr neyslu áfengra drykkja um 25% fyrir nk. aldamót. Fréttir hafa borist af jákvæðum viðbrögðum margra þjóða við þessari beiðni og þegar komið fram fréttir um margs konar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, sem vonir standa til að muni leiða til minnkandi eða minni neyslu áfengis. Ekki hefur heyrst af neinni þjóð, a.m.k. ekki enn sem komið er, sem hefur brugðist öndvert við þessum tilmælum heilbrigðismálastofnunarinnar nema þjóðþing Íslendinga virðist ætla nú að samþykkja lög um aukna

áfengisneyslu og ég vil benda á að fyrri flm. frv. viðurkenndu í umræðum hér á Alþingi að það mundi leiða til aukinnar neyslu áfengis. Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þar sem það er sannfæring mín að vel athuguðu máli að tilkoma áfengs öls án nokkurs viðbúnaðar eða hliðarráðstafana eins og hér eru tillögur um muni leiða til aukinnar áfengisneyslu og aukinna vandamála því samfara, stóraukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu, heilsutjóns og félagslegs tjóns treysti ég mér ekki til að standa að slíkri breytingu með þeim hætti sem hér er lagt til. Með sérstakri tilvísun til áherslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á að draga úr áfengisneyslu tel ég það að leyfa áfengt öl með þeim hætti sem hér er lagt til, án nokkurra viðbragða eða ráðstafana því samfara, tímaskekkju og hlýt því að segja nei.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. heilbrmrh. gerði grein fyrir atkvæði sínu hér fyrir nokkrum mínútum. Það kom fram í máli hans að hann taldi áfengt öl minna skaðlegt en aðra vímugjafa. Hann viðurkenndi þar með skaðsemi eða hugsanlega skaðsemi áfengs öls, en sagði þó já. Með sömu rökum og komu fram hjá hæstv. heilbrmrh., þá segi ég nei.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Áfengisvandamál í landi okkar fer því miður sívaxandi. Engin heildarstefna hefur verið mörkuð í áfengismálum hér á landi. Forvarnastarf er lítið sem ekkert. Samþykkt þessa frv. um bjór mun því stórauka vandann. Þess vegna segi ég stórt nei.

2.–6. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RA, SJS, ÞP, AG, ÁrnG, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, IBA, JóhS, JBH, JSS, KJóh, MB, EE, ÓE, JK.

nei: RH, SV, GJH.

SvH, ÞÞ, AS, FÞ, GeirG, JónS, MálmS, ÓÞG, PP greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (SighB, NL, AðB, HJ, AÓB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

SAMEINAÐ ÞING

65. fundur, fimmtudaginn 24. mars, kl. 10 árdegis.

Skortur á hjúkrunarfræðingum, ein umr.

Fsp. RÓsk, 310. mál. — Þskj. 616.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Á þskj. 616 hefur Ragnar Óskarsson, varaþm. Alþb. á Suðurl., lagt fram fsp. til heilbrrh. um það hvort heilbrrh. hafi einhver áform um að grípa til ráðstafana til að bæta úr skorti á hjúkrunarfræðingum víða um land. En varamaður minn skildi ekki bara eftir þessa fsp. handa mér. Ég fékk líka í arf þá grg. með fsp. sem ég les nú, með leyfi forseta:

Nú um nokkurn tíma hefur borið á því að erfitt er að fá hjúkrunarfræðinga til starfa við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Slíkt ástand er alvarlegt, enda ein grundvallarforsenda þess að halda megi uppi góðu heilbrigðiskerfi að jafnan sé tryggt að innan þess sé nægilegur starfskraftur til að sinna öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Sveitarstjórnir víða um land hafa af því verulegar áhyggjur hve erfitt er að fá menntað hjúkrunarfólk til starfa, enda getur slíkt ástand raskað högum sveitarfélaga verulega og m.a. átt þátt í ákvörðunum fólks um búsetu. Verst er ástandið úti á landsbyggðinni. Þar standa sveitarstjórnarmenn nánast ráðþrota. Sumar sveitarstjórnir hafa reynt að fá til sín menntað hjúkrunarfólk með því að bjóða laun og fríðindi umfram kjarasamninga. Í því sambandi má nefna launaflokkahækkanir, staðaruppbætur, frían hita og rafmagn, gæslu barna og ferðakostnað.

Með þessum ráðstöfunum eru sveitarstjórnir annars vegar að freista þess að tryggja íbúum sveitarfélaganna þá heilbrigðisþjónustu sem nauðsynleg er, en hins vegar að taka á sig kostnað sem ríkissjóði ber í raun að greiða. Þessi kostnaður er ýmsum sveitarfélögum þungbær, ekki síst ef tekið er tillit til þess að víða eru sjúkrahús rekin með halla sem aftur bitnar þegar upp er staðið að meira eða minna leyti á sveitarfélögunum. Því er eðlilegt að þeirri spurningu sé beint til hæstv. heilbrrh. hvort ríkisstjórnin hafi uppi einhver áform um að gripið verði til ráðstafana til þess að bæta úr skorti á hjúkrunarfræðingum víða um land.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda hefur skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa verið töluvert til umræðu á síðustu árum og ýmsar ástæður lagðar þar til grundvallar. Hefur aðallega verið um kennt annars vegar að laun hjúkrunarfræðinga væru það lág að þeir kysu fremur að fara í önnur störf og hins vegar að breytt menntunarfyrirkomulag hafi leitt til þess að færri hjúkrunarfræðingar útskrifast nú en áður.

Ein af ástæðunum sem sjaldan er rætt um er að stöðuheimildum hjúkrunarfræðinga í heilbrigðisþjónustunni hefur fjölgað mjög verulega á sl. árum. Er það m.a. vegna aukinnar þarfar á hjúkrun í sjúkrahúsum, vegna fjölgunar sjúkra- og hjúkrunardeilda og einnig hefur stöðum hjúkrunarfræðinga í heilsugæslustöðvum verið fjölgað allverulega. Heimahjúkrun, sem fer vaxandi, er þar einnig

drjúgur þáttur. Könnun sem heilbrrn. gerði á sl. ári sýndi að stöðugildi hjúkrunarfræðinga í landinu öllu eru rúmlega 1410 og tæplega 200 hjúkrunarfræðinga vantaði þá í þessar stöður. Á sama tíma voru stöðugildi sjúkraliða rúmlega 1070 og vantaði í þær stöður 250 sjúkraliða.

Reynslan hefur sýnt að allvel hefur gengið að fá hjúkrunarfræðinga til starfa í heilsugæslustöðvar. Heimild er fyrir rösklega 130 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og eru þær stöður að mestu setnar. Á vegum hjúkrunarfélaganna hafa verið gerðar kannanir til þess að finna ástæður fyrir skorti á hjúkrunarfræðingum og hafa eftirfarandi ástæður komið þar fram:

Í fyrsta lagi hafa laun verið talin of lág.

Í öðru lagi er óreglulegur vinnutími hjúkrunarfræðinga í sjúkrastofnunum.

Í þriðja lagi samræmist vaktavinna illa heimilisstörfum.

Í fjórða lagi er vinnuálag mikið.

Í fimmta lagi má nefna þann vanda að koma börnum í barnagæslu.

Þá virðist mér einnig ljóst að sú breyting að flytja allt hjúkrunarnám á háskólastig hafi orðið til þess að færri hjúkrunarfræðingar útskrifast árlega en áður var. Þeirri þróun verður að reyna að breyta og kem ég nánar að því hér á eftir.

Ekki verður fjölyrt um laun hjúkrunarfræðinga hér. Um það hefur heilbrrn. lítið að segja því um launakjör er samið milli fjmrn. og viðkomandi stéttarfélaga. Sjúkrastofnanir komast ekki hjá óreglulegum vinnutíma, en vaktavinna býður upp á sveigjanlegan vinnutíma og fyrir hann er greitt vaktaálag. Hins vegar er ljóst að heilsugæslustöðvum hefur gengið betur að fá hjúkrunarfræðinga til starfa vegna dagvinnu, e.t.v. vegna þess að það samræmist betur heimilisstörfum. Á vegum sjúkrastofnana hefur verið komið upp barnaheimilum og dagheimilum, en reynslan sýnir að þar verður að gera betur svo að gagni komi.

Hvað menntunarmálin varðar er svipað að segja og launamálin. Þau heyra í raun ekki undir heilbrrn. heldur menntmrn. en nauðsynlegt er að milli þessara ráðuneyta allra sé gott samstarf.

Þá er einn þáttur enn sem rétt er að benda á. Í heilbrigðisstéttum flestöllum að frátöldum læknum hafa verið og eru enn mest konur. Undanfarin ár hefur umræða um hefðbundin kvennastörf ekki verið til þess að hvetja ungar konur til að mennta sig til þessara starfa. Jafnframt hefur framboð á nýjum störfum og trúlega auðveldari aukist. Færri nemendur fóru í hjúkrunarnám og sjúkraliðanám síðastliðin ár en þörf var á, en á því virðist vera breyting nú, enda eru atvinnumöguleikar fyrir þessar stéttir miklir og góðir. Eitt það mikilvægasta er því að reyna að breyta umræðunni og umfjölluninni um þessi störf, draga úr hinum neikvæða tóni og skapa jákvæða ímynd af störfum hjúkrunarfræðinga og reyndar allra heilbrigðisstétta.

Á vegum ráðuneytisins er starfandi samstarfshópur um hjúkrunarmál. Í honum eru deildarstjóri í heilbrrn. og deildarstjóri hjá landlæknisembættinu, formenn hjúkrunarfélaganna, hjúkrunarforstjórar stærstu sjúkrahúsanna í Reykjavík og dósent í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Þessi hópur lagði fram tillögur til úrbóta á skorti á hjúkrunarfræðingum vorið 1985 og hafa sumar þær tillögur náð fram að ganga. Aðrar eru í athugun. Þessi hópur er nú að vinna að hugmyndum um hvernig hvetja megi ungt fólk til hjúkrunarstarfa og á ég þar við bæði störf hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, hvernig kynna megi nám og störf fyrir því unga fólki sem stendur nú frammi fyrir því að velja sér ævistarf. Þessi kynning verður trúlega þannig að gefinn verður út smábæklingur, myndskreyttur og sendur í framhaldsskólana nú í vor. Þá er einnig uppi humgynd um að gera myndband um nám og störf hjúkrunarfræðinga og að lokum verður haldin ráðstefna um hjúkrunarmál þar sem verður áframhaldandi kynning á námi og starfi.

Í ráðuneytinu hefur einnig verið rætt um hvort ákveðin störf, sem hjúkrunarfræðingar leysa af hendi í dag sem sérmenntaðir hjúkrunarfræðingar, sé hægt að leysa af öðru sérmenntuðu starfsfólki sem ekki þarf grunnmenntun hjúkrunarfræðinga. Í þessu sambandi má nefna tæknimenntað starfslið við gjörgæslu, svæfingar og skurðstofuvinnu.

Þá hef ég í heilbrrn. haft í athugun breytingar á gildandi lögum um sjúkraliða sem auka mundi starfssvið þeirra. Mér þykir líklegt að þeir sjúkraliðar sem réttindi hafa en ekki vinna í heilbrigðisþjónustunni mundu fremur koma til starfa að breyttum lögum í þessa átt. Einnig er nauðsynlegt að gefa sjúkraliðum kost á meira viðbótarnámi en verið hefur og er það mál einnig í athugun, en þar þarf líka að koma til samstarf við bæði menntmrn. og fjmrn.

Það er ýmislegt fleira sem vinna þarf að í þessum málum og mun ég reyna að fylgja því eftir. Hins vegar verður að hafa það í huga að ekki verður komist hjá því að loka sjúkradeildum eitthvað áfram að sumrinu eða draga úr vinnu hjúkrunarstéttanna. Það er augljóst að ekki er hægt að reka sjúkrastofnanir eins þann tíma er gefa þarf starfsfólki allt að 6 vikna sumarleyfi eins og að vetrinum. Það er enginn sérmenntaður hópur eða varasjóður sem grípa má til í 3–4 mánuði á vorin og senda síðan heim á haustin er sumarleyfum lýkur. En við getum ekki lokað okkar stofnunum alveg vegna sumarleyfa eins og margar aðrar stofnanir, t.d. skólarnir, og sums staðar er það jafnvel svo að þjónustuþörfin vex yfir sumarmánuðina, hvað hjúkrunarstofnanir varðar.

Ekki mun þetta sem ég hef hér upp talið leysa vandamálin í einni svipan, en sýnir þó að yfirvöld reyna að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á þróun mála.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svör hans og efast reyndar ekkert um vilja hans til góðra verka. En það er eins og Ragnar Óskarsson getur

um í grg. sinni verulegt vandamál hjá sveitarfélögunum að fá til starfa menntað hjúkrunarfólk og það eru lág laun innan heilbrigðisstéttarinnar, sem að stærstum hluta valda þessu ástandi. Sveitarfélögin hafa tekið á þessu með því að bjóða launauppbætur í ýmsu formi, en nú undanfarið hafa aðgerðir þessarar ríkisstjórnar valdið því að fjárhagur sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins, sem var bágborinn fyrir, hefur enn versnað. Þau munu því ekki hafa bolmagn til þess að mæta slíkum kostnaði. Ríkisstjórnin verður því að taka á þessu og bæta úr ástandinu, m.a. með því að fara að borga starfsfólki sínu innan heilbrigðisstéttarinnar mannsæmandi laun.

Fæðingarorlof, ein umr.

Fsp. RH, 378. mál. — Þskj. 717.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbrrh. á þskj. 717:

„Hvernig er háttað framkvæmd þeirra ákvæða í lögum um almannatryggingar sem fjalla um rétt barnshafandi konu til fæðingarorlofs, allt að 60 dögum til viðbótar hinu lögbundna fjögurra mánaða orlofi, þegar hún þarf að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- eða öryggisástæðum, sbr. 7. mgr. 16. gr. og k-lið 26. gr. almannatryggingalaga?"

Þessi fsp. er borin fram vegna þess að mér virðist vera nokkuð óljóst hver túlkun hefur verið í framkvæmd þessa ákvæðis, þ.e. þegar svo stendur á að ekki er um tiltekna sjúkdóma að ræða sem samkvæmt verklagsreglum Tryggingastofnunar hafa verið taldir meðgöngusjúkdómar sérstaklega eða sjúkdómar sem tengjast meðgöngu, þá er eiginlega spurningin sú: Hvernig er litið á það ástand þegar sjúkdómur eða tilhneiging til sjúkdóms býr með konunni og það ástand versnar vegna meðgöngunnar?

Ég tel óþarft að hafa frekari greinargerð fyrir þessari fsp. Hún er í raun og veru sáraeinföld. Ég tel að það sé nauðsynlegt að skilningur hæstv. ráðherra liggi fyrir á þessu ákvæði þannig að konum sé ljóst hvers réttar þær njóta, en sá réttur hefur eins og kunnugt er verið verulega aukinn frá því sem áður var með lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi og komu til framkvæmda nú um áramótin.

Ég hafði vænst þess að á dagskrá þessa fundar gæti orðið önnur fsp. um framkvæmd fæðingarorlofs, en ég skil það að vegna þeirrar venju sem ríkir hér í þingi um þann tíma sem líða þarf áður en fsp. er svarað frá því að hún var lögð fram, þá gat það ekki orðið og verður það þá væntanlega fljótt eftir páska. Sú fsp. varðaði aftur á móti reglur um töku skatts af greiðslum í fæðingarorlofi. En það bíður betri tíma.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hann gefur sér tíma til að svara þessari fsp.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er hvernig sé háttað framkvæmd þeirra ákvæða í lögum um almannatryggingar sem fjalla um rétt barnshafandi konu til fæðingarorlofs allt að 60 dögum til viðbótar hinu lögbundna fjögurra mánaða orlofi, er hún þarf að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- eða öryggisástæðum.

Skv. 7. mgr. 16. gr. og k-lið 26. gr. almannatryggingalaga á barnshafandi kona, sem þarf af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns, rétt á fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

Ákvæði þessa efnis kom fyrst inn í almannatryggingalög árið 1980 og hefur verið efnislega óbreytt í öllum meginatriðum síðan að öðru leyti en því að breytingar þær sem gerðar voru á reglum um fæðingarorlof með lögum nr. 59/1987 lengdu þann tíma sem kona gat notið fæðingarorlofs af þessum ástæðum úr 30 dögum í 60 daga.

Í grg. með frv. þeim um almannatryggingar þar sem fyrrgreindar breytingar voru lagðar til er ekki að finna neinar haldbærar skýringar á túlkun ákvæðanna. Athugun á framkvæmd þessa ákvæðis er tvíþætt. Annars vegar: Hvernig hefur verið staðið að því læknisfræðilega mati sem ákvæðið gerir ráð fyrir að sé í höndum tryggingayfirlæknis? Hins vegar: Hvernig er staðið að útborgun þessara viðbótarmánaða?

Ef fyrst er litið á læknisfræðilegt mat tryggingayfirlæknisins, þá kemur í ljós að viðmiðunarreglur hans eru tvenns konar:, að staðreynt sé af lækni að um sjúkdóm sé að ræða sem valdi óvinnufærni í meira en mánuð fyrir fæðingu barns og að viðkomandi sjúkdómur sé einkennandi fyrir meðgöngu eða tengist meðgöngu á annan hátt. Tryggingayfirlæknir hefur tekið saman verklagsreglur þar sem taldar eru upp 13 sjúkdómsgreiningar sem hann telur falla undir ákvæðið. Tryggingayfirlæknir hefur í mati sínu bundið heimild til lengingar því að sjúkdómur sá sem veldur óvinnufærni sé tengdur eða orsakaður af þunguninni. Óvinnufærni í lok meðgöngu af öðrum ástæðum telur tryggingayfirlæknir að eigi að bæta með tímabundinni örorku eða sjúkradagpeningum. Viðmiðunarreglur þessar leiða til þess að kona, sem verður óvinnufær í lok meðgöngutímans af heilsufarsástæðum, sem ekki tengjast meðgöngunni, t.d. vegna sjúkdóms sem hún hafði fyrir meðgöngu eða vegna slyss, á ekki rétt á lengingu fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði. Hún gæti hins vegar átt rétt á tímabundinni örorku eða sjúkradagpeningum.

Það hefur hins vegar risið upp ágreiningur um þessa túlkun tryggingayfirlæknis á ákvæðinu og telja

ýmsir hana of þrönga auk þess sem hún styðjist ekki við lög því í ákvæðinu sé ekki að finna neina takmörkun á því hvers konar óvinnufærni af heilsufarsástæðum lengingin eigi að ná til. Þennan ágreining þarf að jafna og ég veit að tryggingaráð er með málið til athugunar. Mun heilbrrn. að sjálfsögðu fylgjast náið með framvindu málsins og ég mun beita mér fyrir því að um þetta fáist niðurstaða hið allra fyrsta.

Þá er að líta á framkvæmd lengingar fæðingarorlofs vegna óvinnufærni af heilsufars- eða öryggisástæðum. Nýverið hefur komið í ljós að kona, sem fær læknisvottorð um óvinnufærni af heilsufars- eða öryggisástæðum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og er talin uppfylla skilyrði ákvæðisins, eins og tryggingayfirlæknir túlkar þau að öðru leyti, fær ekki þennan viðbótarmánuð og nú raunar tvo fyrr en eftir að barnið hefur fæðst. Konan, sem þannig háttar um, hefur hingað til fengið fæðingarorlof í 4 mánuði eftir fæðinguna og eftir 1. jan. 1988 í 5 mánuði. Þessi framkvæmd byggist á því að tryggingayfirlæknir hefur talið að ekki sé unnt að leggja endanlegt mat á óvinnufærnina fyrr en barnið er fætt. Voru fyrirmæli þess efnis gefin út til sjúkrasamlaga 28. sept. 1982 og hefur þeim ekki verið breytt síðan.

Það var nú nýverið sem athygli heilbrrn. var vakin á þessari framkvæmd útborgunar og hefur málið því verið í athugun í ráðuneytinu. Ég tel þessa framkvæmd óeðlilega. Ef tryggingayfirlæknir metur að ástæður óvinnufærni heyri undir lengingarákvæði það sem hér er til umræðu, þá tel ég að konan eigi að fá fæðingarorlofið greitt frá þeim tíma, þ.e. að þessi viðbótarmánuður eigi að koma fyrir fæðingu barnsins en ekki eftir á. Öll önnur framkvæmd leiði til þess að tilgangur lagaákvæðisins, sem hlýtur að vera sá að bæta konunni tekjumissi, nær ekki fram. Ég hef óskað eftir því við formann tryggingaráðs að framkvæmd þessa ákvæðis verði endurskoðuð.

Herra forseti. Aðeins að lokum út af lokaorðum hv. fyrirspyrjanda um aðra fsp. um fæðingarorlof, þá var það svo að ég spurði eftir því hér á skrifstofu þingsins í gær hvort þær væru ekki báðar hér til afgreiðslu en var sagt að þær væru ekki á dagskrá svo að ég hafði ekki frekari áhyggjur af málinu, en var að öðru leyti tilbúinn til að svara þeirri fsp. líka.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans sem svöruðu spurningunni alveg beint en greindu hins vegar ekki frá skoðun ráðherra á þessari framkvæmd. Ég vil láta í ljós þá skoðun að ég tel að þetta ákvæði eigi við þegar konan verður að leggja niður vinnu af heilsufars- og öryggisástæðum vegna þess að hún er barnshafandi, þó svo að orsökin sé önnur en sú sem greinir í þessum 13 liðum sem nú er farið eftir, því að hvað er það annað en veikindi sem tengjast meðgöngunni, t.d. ef einhver króniskur sjúkdómur hefur búið með konunni en hún er alveg vinnufær alla jafnan, en þegar langt er liðið á meðgöngu getur hún ekki, vegna þess að þessi sjúkdómur býr með henni, haldið áfram vinnu. Ég tel það alveg einsýnt að þetta ákvæði eigi að ná yfir slíkt tilfelli. Og einmitt þess vegna er ljóst að orðalag það sem er í reglunni er svona til þess að það geti náð m.a. yfir slík tilvik.

Um hitt atriðið sem hæstv. ráðherra nefndi og greiðsluna eftir á, þá er það enn þá alvarlegra nú, eftir að til sögunnar komu reglur um staðgreiðslu skatta, heldur en áður var því að ég hef orðið þess áskynja að þegar Tryggingastofnuninni þykir það vera hagkvæmara eða þægilegra í framkvæmd að inna greiðslurnar af hendi allar í einu í staðinn fyrir mánaðarlega, þá er tekin staðgreiðsla af því, ⅓ er tekinn af því og færður til ríkisins, en ef greitt hefði verið mánaðarlega hefðu greiðslurnar lent innan skattleysismarka. Þetta er náttúrlega mikið óréttlæti og ég efast um að þetta sé heimilt eftir lögum. Og þetta kemur hvergi fram í upplýsingabæklingi Tryggingastofnunar sem liggur frammi á þeim stöðum þar sem mæðraskoðun fer fram og annars staðar þar sem upplýsingar eru látnar í té barnshafandi konum.

Ég tel þetta vera mjög brýnt mál sem krefjist úrbóta því að konur ganga í grandaleysi út frá því að þær fái þessar greiðslur óskertar, en af einhverjum framkvæmdaatriðum hjá Tryggingastofnuninni er þessu breytt og tekin af sú greiðsla sem þær eiga ekki að inna af hendi lögum samkvæmt og þeim sagt að þær geti fengið þetta endurgreitt einhvern tíma á næsta ári, en ég tel það ekki hlutverk fæðandi kvenna að lána ríkinu ⅓ af fæðingarorlofi í eitt ár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er aðeins örstutt út af því sem fram kom hjá fyrirspyrjanda um þetta ágreiningsmál sem nú hefur risið upp innan Tryggingastofnunarinnar um hvernig meta skuli veikindi konu á meðgöngutíma og um skoðun eða afstöðu ráðherra til málsins. Ég greindi frá því áðan að hér er um deilumál að ræða sem er til meðferðar í stofnuninni. Ég hef rætt við fulltrúa málsaðila, þ.e. fulltrúa þessara kvenna, lækna af barnadeildinni, ég hef rætt við tryggingayfirlækni og ég hef rætt við fulltrúa tryggingaráðs svo að málið er í vinnslu en það er, ef það má orða það svo, á viðkvæmu stigi og því tel ég rétt að við fáum aðeins lengri tíma til þess að reyna að ná saman um þetta mál. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég mun beita mér fyrir því að fyrr en síðar náist í því máli niðurstaða.

Og aðeins út af hinu ákvæðinu um útborgunina. Þegar greiðslum er safnað saman er ég algjörlega sammála fyrirspyrjanda um það að þetta er ótækt mál og hefur einmitt sérstakar afleiðingar núna í sambandi við nýtt skattakerfi og um það mun einmitt hin fsp. sem rætt var um áðan fjalla að einhverju leyti, svo að ég læt það bíða að ræða nánar um það þangað til sú fsp. kemur hér á dagskrá.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að láta í ljós mjög eindregna ósk um það við hæstv. ráðherra að hann sjái til þess að þar sem skattgreiðsla hefur verið oftekin af þessum konum — það hljóta að vera fá tilfelli, það er ekki svo langt liðið á árið — þá sé það endurgreitt nú þegar en ekki látið bíða í hálft annað ár.

SAMEINAÐ ÞING

66. fundur, fimmtudaginn 24. mars, að loknum 65. fundi.

Rannsóknarnefnd til að kanna hvort starfsmenn lögreglunnar virði friðhelgi einkalífsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 330. mál. — Þskj. 657.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft nér ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og Níelsi Árna Lund að bera fram till. til þál. um að skipuð verði rannsóknarnefnd til að kanna hvort hugsanlegt sé að starfsmenn lögreglunnar virði ekki 66. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins og hljóðar tillagan svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að rannsaka hvort ásakanir um að lögreglan í Reykjavík hafi brotið gegn 66. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi einkalífsins, eigi við rök að styðjast. Í nefndinni skulu eiga sæti einn þm. frá hverjum þeirra stjórnmálaflokka er fulltrúa eiga á Alþingi en dómsmrh. skal skipa sjöunda manninn og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kanna hvort þess séu dæmi að persónunjósnir séu stundaðar, sími hleraður, póstur rannsakaður eða á annan hátt sé gengið á rétt einstaklinga til persónulegrar friðhelgi án þess að dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild liggi fyrir. Nefndinni er heimilt að kalla fyrir embættismenn og aðra þá er hún telur geta varpað ljósi á málið.

Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar fyrir lok septembermánaðar 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Tilefni þessa tillöguflutnings var það að tímaritið Þjóðlíf, 2. tbl. 4. árgangs, birti nýlega viðtal við mann sem heldur því fram að hann hafi orðið fyrir persónunjósnum lögreglu, sími sinn hafi verið hleraður og póstur skoðaður án þess að dómsúrskurður lægi fyrir eða nokkur lögleg ástæða lægi til grundvallar þessara aðgerða. Í ritinu eru svo viðtöl við lögreglustjórann í Reykjavík og þrjá samstarfsmenn hans sem ekki ber saman um hvort fullyrðingar mannsins eigi við rök að styðjast. Lögreglustjórinn játar því hvorki né neitar að fylgst hafi verið með þessum umræddu einstaklingi vegna skoðana hans á umdeildu pólitísku máli, þ.e. hvalveiðum Íslendinga, en starfsmenn hans þykjast ekkert um það vita.

Nú hefur það mál skýrst að nokkru. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur ritað mér bréf sem ég tel skyldu mína að lesa hér svo að enginn vafi leiki á hver staða þessa máls er. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Háttvirtu flutningsmenn. Alvarlegur misskilningur kemur fram í grg. fyrir þáltill. Sþ. nr. 657, þar sem minnst er á svör mín við þeirri spurningu í tímaritinu Þjóðlíf, 2. tbl. 4. árgangs, hvort fylgst hafi verið með ferðum ákveðinna borgara í janúar sl. Viðtalið er unnið beint úr samtali Hrafns Jökulssonar blaðamanns við mig eins og textinn ber greinilega með sér, en inngangur er alfarið blaðamanns, þar með talin notkun orðsins „njósnir“. Hvergi í samtali okkar er minnst á símahlerun eða skoðun pósts, heldur er spurt hvort fylgst hafi verið með ferðum ákveðinna einstaklinga. Vil ég leyfa mér að endurtaka spurningar og svör úr viðtalinu er að þessu lúta.

Spyrjandi: Kannast þú við að það hafi verið fylgst með ferðum ákveðinna borgara fyrir og í kringum þessa ráðstefnu?

Svar: Ég vil nú ekki fara út í slík atriði. Eigum við ekki að segja að ég væri þá farinn að skýra of mikið frá því öryggi sem á að vera í kringum erlenda gesti og svona ráðstefnur.

Spyrjandi: Þú vilt sem sé ekki vísa því á bug að það hafi verið gert af þessu tilefni?

Svar: Ég vil hvorki játa því né neita.

Og enn síðar í viðtalinu:

Spyrjandi: Þú vilt ekki neita því að lögreglan hafi fylgst með ferðum hans.

Svar: Ég vil hvorki játa því né neita.

Það er því ofsagt í grg. með þáltill. þar sem segir að „enn alvarlegra verður að teljast að lögreglustjórinn í Reykjavík vill aðspurður „hvorki játa því né neita“ að verið geti að þessar ásakanir eigi við rök að styðjast“, þ.e. að tiltekinn einstaklingur hafi, eins og segir í grg., orðið fyrir persónunjósnum lögreglu, sími hans hafi verið hleraður og póstur skoðaður án þess að dómsúrskurður hafi verið felldur eða heimild veitt.

Ég hef rætt þennan skilning minn á viðtalinu við Hrafn Jökulsson blaðamann og er hann mér sammála. Viðtalið við tímaritið Þjóðlíf var fyrsta viðtal fjölmiðils við mig um þetta tiltekna mál. Þegar þetta sama viðtal kom síðan til umfjöllunar hjá fjölmiðlum, þá svaraði ég því játandi að fylgst hefði verið með tilteknum einstaklingi, en neitaði því að sími hans hefði verið hleraður af lögreglu eða póstur hans opnaður. Síðast kom þetta fram bæði í yfirlýsingu dags. 9. mars sem ég sendi öllum dagblöðum höfuðborgarinnar og í viðtali við mig í Ríkisútvarpinu á Rás 2 þann 10. mars sl.

Þar sem ég veit af kynnum mínum af ykkur flm.,

að þið viljið hafa það sem sannara reynist, þá sendi ég ykkur þetta tilskrif."

Með þessu bréfi fylgir síðan yfirlýsing frá lögreglustjóranum og ég ætla ekki að taka tíma í að lesa hana alla, en hann segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögreglunni í Reykjavík var falið að gæta öryggis ráðstefnunnar og gesta", þ.e. ráðstefnunnar um nýtingu sjávarspendýra.

Síðan segir síðar í þessari yfirlýsingu:

„Landsmönnum eru kunn Sea Shepherd samtökin svo mjög sem þau hafa komið við sögu hér á landi. Af fyrri reynslu og vegna frétta þess efnis að samtökin hygðust láta sig varða áðurnefnt fundahald, þá ákvað ég að láta fylgjast með einum kunnasta samstarfsaðila þessara samtaka hér á landi, Magnúsi Skarphéðinssyni, um nokkurra daga skeið. Ég tel að eftirlit þetta hafi hvergi farið út fyrir lögleg mörk og vísa algjörlega á bug fullyrðingum um að lögreglan í Reykjavík hafi hlerað síma Magnúsar eða opnað póstinn hans. Slíkt verður ekki framkvæmt nema að gengnum dómsúrskurði og í þessu tilviki voru engin efni til þess að fara fram á slíkt."

Þetta segir í yfirlýsingu lögreglustjórans í Reykjavík.

Um það skal ekkert fullyrt hér hvort símahlerun eða póstskoðun hefur verið beitt í þessu tilviki. Hitt er ljóst að lögreglan hefur fylgst með einstaklingi dögum saman án þess að nokkur ástæða eða lagaheimild, því síður lögmætur dómsúrskurður lægi fyrir. Hér er um að ræða mál sem hið háa Alþingi getur ekki látið afskiptalaust og því er hér farið fram á rannsókn á því hvernig lögreglan beitir slíkum aðferðum og hvenær. Það hefur jafnframt komið fram að fyrir kemur að símahleranir eru viðhafðar og póstur skoðaður samkvæmt úrskurði þó að því sé neitað í ofangreindu tilviki. Slíkar aðgerðir eru svo alvarlegt mál að þær mega heldur ekki vera háðar tilviljunum eða fordómum af neinu tagi og um það ber hinu háa Alþingi að standa vörð.

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, lög um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, og mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna kveða á um þessi atriði svo að ekki verður um villst. Í 66. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild."

Þá segir einnig í 72. gr., með leyfi forseta:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, segir svo í 47. gr., með leyfi forseta:

„Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota."

Í því máli sem hér hefur verið minnst á er hvorki um mikilsvert sakamál né öryggi ríkisins að tefla og því er vandséð hvaða ástæðu lögregluyfirvöld sáu til að fylgjast með ákveðnum einstaklingi daga og nætur þó að hér stæði yfir ein af fjölmörgum ráðstefnum um viðkvæm pólitísk mál. Þá gæti einnig verið áhugavert að vita hvort fleiri einstaklingum var fylgt eftir vegna umræddrar ráðstefnu því að allmargir Íslendingar eru ósammála stjórnvöldum í því máli sem fjallað var um.

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar hafa staðfest, segir svo í 1. gr., með leyfi forseta:

„Hver maður er borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum. Menn eru gæddir vitsmunum og samvisku og ber þeim að breyta bróðurlega hverjum við annan."

Síðan eru rakin réttindi manna, sem tími minn leyfir mér því miður ekki að lesa þó að þingheimur hefði eflaust gott af því, en ég ætla að fara yfir í 10. gr.:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi og skal hann þá njóta fulls jafnréttis við aðra menn um réttláta, opinbera rannsókn fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli."

„Hvern þann mann", segir í 11. gr., með leyfi forseta, „sem borinn er sökum fyrir refsivert athæfi, skal telja saklausan uns sök hans er sönnuð lögfullri sönnun fyrir opinberum dómstóli, enda hafi tryggilega verið búið um vörn sakbornings."

Hið háa Alþingi setur landi okkar lög, virðulegi forseti. Framkvæmdarvald og dómsvald byggir á þeim lögum. Það er á ábyrgð hins háa Alþingis að það sé tryggt.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að till. mín verði send hv. allshn. til afgreiðslu, en ég legg á það mikla áherslu ekki einungis vegna þessa eina máls heldur fjölmargra annarra því ekki skal dregin dul á að í mig hafa hringt fjölmargir einstaklingar sem hafa sagt mér sögur af viðskiptum sínum við lögregluyfirvöld sem eru engu lýðræðisríki til sóma.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um stuðning minn við þá þáltill. sem hér er til umræðu og skýra nokkuð mín sjónarmið þar. Það hafa að vísu þegar komið fram mikilsverðar upplýsingar frá lögreglustjóranum í Reykjavík sem innlegg inn í þessa umræðu, sem hv. 1. flm. Guðrún Helgadóttir las hér upp fyrir þingheim, og skýrir það þetta mál að verulegu leyti. Ég vil hins vegar segja að það er alvarlegt mál þegar það kemur fram í opinberum fjölmiðlum að einstaklingar ásaka lögreglu Íslands um að njósna um sig á hinn versta máta með grófum persónunjósnum, svo sem að póstur sé rannsakaður eða gengið er á annan hátt á rétt hans með símahlerunum og öðru slíku, og er náttúrlega ekki verjandi ef svo er gert nema í sérstökum tilvikum eins og komið hefur fram og að þá þarf að leita

dómsúrskurðar. Ég verð þó að segja í þessu sérstaka máli að það er mjög einstakt má segja. Það hefur þegar komið fram að lögreglan hafnar því alfarið að póstur hafi verið rannsakaður eða sími hleraður eða á annan hátt hafi hún brotið lög. Hins vegar viðurkennir lögreglan að hún hafi fylgst með tilteknum manni ákveðinn tíma þegar hér stóð yfir athygli verður fundur á margan máta. Ég minni á í þessu sambandi að einum degi fyrr var einn, að margra mati, yfirlýstur hermdarverkamaður, Paul Watson, stöðvaður á Keflavíkurflugvelli og vísað úr landi vegna þessa fundar. Við erum ekki vanir hermdarverkum, Íslendingar, og við viljum þau ekki nærri okkur og það er vitað mál einnig að sá einstaklingur sem hér sakar lögregluna um grófar persónunjósnir er yfirlýstur aðili að þeim samtökum sem hér um ræðir þannig að það þarf í sjálfu sér ekki að undrast það þó að lögreglan hafi fylgst náið með þeim manni.

Hitt er aftur annað mál og ég vil leggja á það skýra áherslu að ég get engan veginn fallist á það að lögreglan sem og aðrir geti haft leyfi til þess að kanna með nánum hætti líf einstaklinga hér á landi og get ég því fallist á að þessi till. nái fram að ganga og skrifað upp á sem slíkur að ég vil fá það fram í eitt skipti fyrir öll hvort um sé að ræða að lögreglan geri slíkt. Það er ekki gott ef hver og einn fer að halda því fram í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi að lögreglan opni póst hans, pakka eða sími sé hleraður hjá honum og því taldi ég fulla ástæðu til þess að þáltill. væri flutt þannig að í ljós komi hvort þær ásakanir eigi við rök að styðjast, sem ég í sjálfu sér efa að eigi sér stað í þessu tilviki, sbr. bréf lögreglustjóra sem hér hefur verið lesið upp, og kveða þá niður í eitt skipti fyrir öll slíkan áburð. Í því felst í raun og veru stuðningur minn við þessa þáltill.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hið háa Alþingi um að íslenska lögreglan stundar ekki persónunjósnir né hlerar síma manna né rannsakar póst þeirra án þess að dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild liggi fyrir. Ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilis og einkalífs eru virt, enda eru þau einn af hornsteinum lýðræðis í þessu landi.

Flm. þessarar þáltill. gefa sem tilefni til flutnings hennar mál sem hér varð að umtalsefni í lok janúar sl. Það er rétt að fylgst var með ferðum eins manns. Hið sérstaka tilefni til þess var að í blaðafrétt hafði þessi maður lýst því yfir að sérfræðingar frá Sea Shepherd samtökunum, sérfræðingar í aðgerðum eins og kallað var, væru hér á landi og að hann hefði haft samband við þá. Síðan skemmdarverk voru unnin á hvalveiðiskipunum í Reykjavíkurhöfn og í hvalveiðistöðinni í Hvalfirði hefur lögreglan verið sérstaklega á verði gagnvart hugsanlegum frekari skemmdarverkum sem þessi samtök kynnu að standa fyrir. Þetta er hið sérstaka tilefni til þess að fylgst var með ferðum þessa manns.

Tímaritið Þjóðlíf setti síðan upp viðtal við lögreglustjóra á þann hátt að efni þess mátti skilja á annan veg en tilefni var til. Lögreglustjóri hefur reyndar í bréfi til flm. þessarar þáltill. skýrt málið og leiðrétt misskilning sem hann telur að hafi gætt í grg. með till. Ég þakka 1. flm. till. fyrir að hafa gert þinginu grein fyrir þessu bréfi í framsögu sinni.

Eins og ég sagði áðan fylgdist lögreglan með mannaferðum við hús þessa manns, sem flutningsmenn vitna til í grg., í nokkra daga en hleraði hvorki síma hans né opnaði póst, enda þarf til slíkra aðgerða dómsúrskurð sem ekki var efni til í þessu máli. Aðgerðir lögreglunnar í þessu tilfelli voru eðlilegar, en til þess að þingið geti endanlega gengið úr skugga um það að starfsaðferðir lögreglunnar séu í fyllsta samræmi við lög og stjórnarskrá lýðveldisins má gjarnan samþykkja þá till. sem hér er gerð.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir undirtektir hans.

Hér er þetta einstaka mál ekki aðalatriðið og ég skal engan dóm á það leggja hvort þeim aðferðum hafi verið beitt sem umræddur maður í þessu ákveðna tilviki heldur fram. Það er heldur ekki aðalatriðið. Við höfum orðið óþyrmilega vör við það á undanförnum vikum að starfshættir lögreglunnar þarfnist aðhalds og nægir að minna á að menn hafa beðið tjón á heilsu sinni af viðskiptum við lögreglu, sem er auðvitað tilvik sem ekki má eiga sér stað, og við því hefur verið brugðist á réttan hátt að því að ég tel. Mönnum ber hins vegar engan veginn saman um að það sé alveg rétt að þeim aðferðum sé ekki beitt sem hér hefur verið minnst á án þess að dómsúrskurður lægi fyrir. Þetta þarf einfaldlega að rannsaka. Hvarvetna í samfélögum sem kenna sig við lýðræðislegt stjórnarfar er það ákvæði í stjórnarskránni sem tryggir friðhelgi einkalífsins eitt af grundvallaratriðum mannréttinda og frelsis einstaklingsins til að lifa lífi sínu án íhlutunar yfirvalda. Í lýðræðisríkjum eiga menn að hafa óskorað frelsi til orða og athafna svo fremi sem það brýtur ekki í bága við landslög. Andhverfa lýðræðisríkisins er lögregluríkið þar sem stjórnvöld og lögregla hirða hvergi um mannhelgi eða frelsi til orðs og æðis heldur beita valdi sínu í eigin þágu án minnsta tillits til mannréttinda. Enginn Íslendingur velkist í vafa um hvort stjórnarfarið hann kýs fremur og öll viljum við standa vörð um þá þjóðfélagsgerð, sem við höfum kosið okkur, sem við köllum þjóðfélag lýðræðis og þingræðis.

Það er grundvallaratriði í sérhverju lýðræðisríki að landsmenn eigi góð samskipti við lögreglu, virði störf hennar og líti á þau sem mikilvægan þátt í samstarfi beggja aðila við að halda uppi lögum og reglu í landinu. En því aðeins getur lögreglan búist við trausti manna að innan hennar starfi vel menntaður hópur manna sem ævinlega hefur það að leiðarljósi að allir menn eigi afdráttarlausan rétt til friðhelgi svo lengi sem þeir gerast ekki brotlegir við landslög. Það hlýtur að vera okkur öllum í hag,

lögreglunni og landsmönnum öllum, að úr því sé skorið svo að ekki verði um villst að lögreglan virði stjórnarskrá landsins til hins ýtrasta og standi vörð um mannréttindi okkar og friðhelgi einkalífs. Því að verði brestur í trúnaði lögreglu og annarra landsmanna getur komið til örðugleika sem illt kann að reynast að lagfæra. Ekki síst kynni fólki að reynast erfitt að innræta börnum sínum þá virðingu fyrir lögreglunni sem eðlileg er og nauðsynleg í hverju siðmenntuðu samfélagi þar sem menn vilja lifa saman í sem bestri sátt og samlyndi.

Lögreglustjóra er ég þakklát fyrir að hafa skrifað mér það bréf og okkur flm. sem ég hef hér lesið og var sjálfsagt að gera það af því að ég er ekki með þessari till. að ráðast að honum sem slíkum eða embætti hans. Ég held hins vegar að það geti enginn annar en Alþingi verið aðhaldsaðili fyrir lögregluna í landinu og undirstöðuatriði að þar sé unnið með þeim hætti. Enn þá sýnist mér þó þrátt fyrir bréf lögreglustjóra og yfirlýsingu hans ýmislegt óljóst í þessu máli sem ég á illt með að sætta mig við. Ég skal ekki draga dul á að ég hef spurst fyrir um meinta póstskoðun og þar ber embættismönnum tveggja embætta ekki saman. Menn kannast við það á póststofu að póstur sé skoðaður. Ég veit ekkert um þetta og vil engan dóm á það leggja, en ég held að það hljóti að vera skylda okkar hér að sjá um að þeim grundvallarmannréttindum, sem allt samfélag okkar byggist á, sé veitt aðhald og þau tryggð. Ef við ekki gerum það veit ég ekki til hvers við erum hér.

Ég er því þakklát hæstv. dómsmrh. fyrir að taka undir það að eðlilegt sé að rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar. Til þess er óneitanlega nokkur ástæða, ekki bara þetta eina mál heldur hafa og verið umræður í dagblöðum undanfarið þar sem menn segja ófagrar sögur af viðskiptum sínum við lögreglu. Slíkt má auðvitað ekki eiga sér stað.

Ég hef margsinnis bent á að nokkuð kunni að skorta á um menntun þeirra sem til lögreglu ráðast. Ég held að allar þjóðir kannist við að það er tilhneiging til að í þau störf leiti e.t.v. menn sem hafa of gaman af valdi. Öll vitum við að til skamms tíma, sem betur fer hefur það breyst, voru menn næstum valdir til lögreglumannastarfa eftir líkamsstærð og burðum. Ég held að þar þyrfti allt annað að leggja til grundvallar. Þetta er mikilsverð stétt og ber að búa vel að henni í alla staði, velja til hennar hæfa menn sem hafa skilning á mannlegu samfélagi, er vel til samborgara sinna og líta fremur á sig sem aðstoðarmenn borgaranna en sem refsiaðila. Þetta er mjög mikilvægt. E.t.v. hefur Alþingi ekki skilgreint þessi störf nógu vel, en það er þá kominn tími til þess að það sé gert. Þess vegna taldi ég þegar ég las þessa tímaritsgrein, án þess að vita raunar nokkurn skapaðan hlut þá um þetta mál eða af hverju það var upp komið, að komið væri nægilegt tilefni til að farið verði ofan í það í fullri vinsemd og í fullu og góðu samstarfi við lögregluyfirvöld og dómsvaldið í landinu hvernig starfshættir séu hafðir í frammi innan lögreglu og hvort ekki sé fylgt ýtrustu kröfum um lýðræði og rétt borgaranna í þeim störfum. Ég held að það sé langt frá því óeðlilegt að slík nefnd setjist niður og skili Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar fyrir þingbyrjun 1988. Ég held að það mundi eyða misskilningi, það mundi vera öllum í hag, landsmönnum, lögreglunni sjálfri, dómsvaldinu í landinu og hinu háa Alþingi að slík vinna yrði unnin nú á komandi sumri. Ég treysti því að hv. alþm. skilji að þessi till. er ekki fram komin vegna þess tilefnis sem olli því að þessi maður varð fyrir fylgd lögreglunnar. Það er þessu máli með öllu óviðkomandi. Ég hefði borið þessa till. fram af hvaða öðru tilefni sem er. Ég vil koma í veg fyrir það í eitt skipti fyrir öll að menn rugli því saman sem ég var satt best að segja hrædd um þegar mér varð ljóst að það var inni í dæminu. En hér er ekki verið að tala um það heldur miklu, miklu þýðingarmeiri atriði en svo. Það er nú einu sinni svo að hér er skoðanafrelsi í landinu og þó að menn séu ósammála um einhver málefni verður að tryggja að menn njóti fyllstu mannréttinda. Ég vil því fara fram á það við hv. allshn. að hún sinni þessu máli í fullri alvöru og sýni því skilning til hvers þessi till. var flutt.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð að lokum þessarar umræðu. Það er vissulega rétt að lögreglan þarf eins og öll stjórnvöld reyndar aðhald frá vakandi almenningsáliti. Þetta er vissulega rétt. En það er líka þörf fyrir aðgát í þessum efnum, aðgát hvað það varðar að ekki sé vegið ómaklega að lögreglunni sem vinnur sín störf í almannaþágu, oft við erfið skilyrði. Það er rétt, eins og kemur fram í grg. þessarar þáltill., að það má ekki verða trúnaðarbrestur milli lögreglunnar og annarra landsmanna og þeir sem vilja veita lögreglunni aðhald eru líka ábyrgir fyrir því að varðveita það fjöregg lýðræðisins í landinu sem er trúnaðarsamband milli löggæslu og almennings. Þetta vildi ég minna flm. þessarar till. á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dagvistarmál fatlaðra barna, fyrri umr.

Þáltill. ElJ o.fl., 380. mál. — Þskj. 719.

Flm. (Elín Jóhannsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. á þskj. 719 sem ég flyt ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, Ragnhildi Helgadóttur, Ólafi Þórðarsyni og Karli Steinari Guðnasyni. Till. er um dagvistarmál fatlaðra barna og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrræða og úrbóta er þörf í þeim mála-

flokki. Sérstaklega skal að því hugað hver eigi að bera ábyrgð á og kosta uppbyggingu þjónustunnar og rekstur hennar. Jafnframt skal leita leiða til að tengja sérdeildir dagvistarstofnana svo sem framast er unnt við almennar deildir þeirra sem og stuðla að því að fötluð börn geti flust af sérdeildum yfir á almennar deildir."

Lög um aðstoð við þroskahefta 1979 og síðan lög um málefni fatlaðra 1983 ollu straumhvörfum í lífi fatlaðra á Íslandi. Horfið var frá einangrunarstefnu sem ríkt hafði í málefnum fatlaðra og tekin upp ný stefna, aðlögunarstefna, sem hafði að markmiði að gera fötluðum kleift að taka þátt í þjóðlífinu á öllum sviðum þess. Það skyldi m.a. gert með skipulagðri og markvissri uppbyggingu á þjónustu miðað við fötlun. Börn skyldu ekki lengur vistuð á sólarhringsstofnunum heldur njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda að alast upp hjá foreldrum og systkinum en jafnframt séð fyrir nægilegri þjónustu af hálfu hins opinbera og þeim tryggður með lögum aðgangur að dagvistarheimilum barna. Foreldrar hafa tekið fullan þátt í þessum breytingum og nú heyrir undantekningum til að fötluð börn séu vistuð á sólarhringsstofnunum.

Verr hefur gengið hvað þjónustuna af hálfu hins opinbera varðar. Þegar leita skal úrlausna vísar hver á annan. Samkvæmt 7. gr. laga um málefni fatlaðra er fötluðum börnum tryggður lagalegur réttur til að njóta dagvistar á almennum dagvistarheimilum barna á deildum tengdum þeim. Þessi réttur er fötluðum börnum afar mikilvægur aðallega vegna þess að á dagvistarheimilum fá fötluð og ófötluð börn að kynnast og blandast í leik og starfi í viðurkenndu barnaumhverfi. Jafnframt er fötluðum börnum veitt sérhæfð meðferð sem þau þarfnast vegna fötlunar.

Með skilvirkri tilkynningarskyldu ungbarnaeftirlits, heilsugæslulækna og með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hefur þeim börnum fjölgað sem beðið er um meðferðarþjónustu fyrir á dagvistarstofnunum. Jafnframt færast aldursmörkin æ neðar, enda er talið mikilvægt að hefja meðferðarvinnu með fötluð börn sem allra fyrst, helst frá eins árs aldri.

Áætlað er að rúmlega 10% barna úr hverjum aldurshópi þurfi á aðstoð að halda einhvern tímann á uppvaxtarárunum vegna einhvers konar hömlunar. Þar af er áætlað að rúmlega þriðjungur þessa hóps þurfi á greiningarvinnu að halda í greiningarstöð vegna fötlunar sinnar eða u.þ.b. 140 börn í hverjum árgangi.

Verulegur biðlisti hefur myndast á undanförnum árum eftir þjónustu greiningarstöðvarinnar. Ætla má að um 50–60 ný börn séu á biðlista á hverjum tíma. Einnig er álíka stór hópur sem bíður eftir að komast að vegna endurmats, þ.e. þegar taka þarf afstöðu til skólagöngu og námsgetu þeirra barna sem áður hafa verið greind. Þessi biðlisti kemur fram í löngum biðtíma, allt frá nokkrum mánuðum fyrir forgangshópa upp í 1½ ár fyrir þau sem ekki njóta forgangs.

Þó að vandamál greiningarstöðvarinnar skapist mikið af því að stöðin er of lítil miðað við þörfina eru vandamál meiri vegna skorts á viðunandi vistar- og meðferðarúrræðum fyrir skjólstæðinga hennar að lokinni greiningu og ráðgjöf til foreldra. Þetta hefur leitt til þess að greiningarstöðin hefur orðið að axla meiri ábyrgð við meðferð og þjálfun. Þarna hefur verið unnið óeigingjarnt starf af hálfu starfsfólksins og er ánægjulegt til þess að vita að fram undan eru bjartari tímar hvað húsnæðismálin snertir því eins og kunnugt er mun greiningarstöðin flytjast í nýtt og rýmra húsnæði á þessu ári í Kópavogi. En það leysir ekki dagvistarmálin. Dagvistarheimili barna á Íslandi eru flest byggð fyrir ófötluð börn og er í starfsemi þeirra lögð meiri áhersla á þarfir ófatlaðra. Illa hefur gengið að fá viðkomandi aðila til að viðurkenna lagalegan rétt til dagvistarþjónustu fyrir fötluð börn og er hann í raun óvirkur ef ekki er tekið mið af þörfum fatlaðra barna þar.

Taka þarf tillit til: 1. Aðgengis fatlaðra við hönnun húsnæðis og lóða dagvistarheimila. 2. Rýmis sem býður upp á aðstöðu til einstaklingsþjálfunar og hópþjálfunar. 3. Þarfar fyrir þjálfunargögn og hjálpargögn. 4. Sérhæfðrar þekkingar, svo sem þroskaþjálfun, talkennslu og sjúkraþjálfun.

Dagvist fyrir fötluð börn verður að vera til reiðu fyrr en nú er. Síðast en ekki síst verður þjónustan að vera til reiðu þegar þörfin krefur þannig að einstaklingurinn og fjölskylda hans þurfi ekki að búa við óvissu og eyða dýrmætum kröftum sínum í að leita eftir þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð í velferðarþjóðfélagi okkar.

Það að eiga fatlað barn leiðir óhjákvæmilega til aukinna umönnunarþarfa umfram það sem gerist og gengur með hin svokölluðu eðlilegu börn. Það er ekki ósanngjarnt að reikna með að umönnunin sé tvöföld á við það sem eðlilegt má teljast. Álagið á fjölskylduna og fjölskyldulífið er mikið þó ekki bætist við óvissa og langur biðtími eftir sjálfsagðri þjónustu sem mælt er með eftir greiningu.

Foreldrar standa oft og tíðum frammi fyrir hverju áfallinu á fætur öðru. Fyrst þegar fötlunin er staðfest og svo þegar þarf að leita úrbóta til hagsbóta fyrir barnið. Samkvæmt upplýsingum fengnum hjá svæðisstjórn Reykjaness eru 60 fötluð börn á forskólaaldri á skrá hjá stjórninni. Af þessum hóp fá aðeins 33 börn einhvers konar þjónustu innan dagvistarkerfisins, sum fjóra tíma á dag en 27 börn fá enga dagvistarþjónustu.

Eins og kunnugt er búa fjölskyldur fatlaðra barna við mikið misrétti eftir búsetu. Sum sveitarfélög veita góða þjónustu þegar önnur láta þessi mál afskiptalaus. Það kostar mikil átök og sálarstríð fyrir fólk að taka sig upp og flytjast milli staða af þessum ástæðum einum saman. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að það kostar ríkið miklar fjárhæðir að veita ekki fullnægjandi þjónustu á þessu sviði.

Í lögum um málefni fatlaðra, 10. gr., segir, með leyfi forseta: „Fatlað barn á aldrinum 0–18 ára, sem

dvelur í heimahúsi eða nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórna, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið."

Fjárveitingar vegna þessarar greinar í fjárlögum ársins 1988 eru tæpar 77 millj. kr. Á sama tíma er fjárveiting vegna þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra rúmlega 66 millj. kr. í það heila tekið. Ef þeim börnum sem hér er um rætt verður veitt viðunandi þjónusta drægi sjálfkrafa verulega úr fjárþörf vegna þessarar umræddu lagagreinar. Hér er einnig rétt að benda á að þetta er þjóðhagslega hagkvæmt þar sem báðir foreldrar hins fatlaða barns gætu unnið úti ef dagvistarþjónustan væri fyrir hendi. Með því að bæta þjónustuna vinnst því mjög margt.

Fram undan er breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga þannig að í dagvistarmálum stöndum við á tímamótum. Stofnkostnaður við byggingu dagvistarheimila hefur til þessa skipst á milli ríkis og sveitarfélaga, en samkvæmt nýja frv. er sveitarfélögum alfarið ætlað að sjá um þennan kostnað. Ég óttast mjög að með þessu fyrirkomulagi muni ástandið ekki lagast. Auk þess vil ég benda á að í I. kafla frv. sem á að breyta lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, er gert ráð fyrir breytingum sem lúta að því að ríkið greiði að fullu stofnkostnað við sérdeildir fyrir fötluð börn á dagvistarstofnunum á meðan stofnkostnaður vegna rýmis fyrir fötluð börn á almennum deildum dagvistarstofnana skal greiðast af sveitarfélögunum.

Ljóst er að þarna er ákveðinni hættu boðið heim. Reynslan hefur sýnt að fjármagn til þeirra hluta sem sveitarfélögunum er ætlað að hafa með höndum er sjaldnast of mikið. Hætta er þar af leiðandi á að hugmyndin um verkaskiptingunaýti undir að byggðar verði eingöngu sérdeildir fyrir fatlaða sem er mjög í andstöðu við anda og meginhugmyndir laga um málefni fatlaðra. Einnig vil ég benda á að í 2. gr. umrædds frv. er ýtt enn þá frekar undir þessar tilhneigingar. Í þessari grein er gert ráð fyrir að greitt skuli sama vistgjald fyrir fötluð börn og ófötluð börn sem er allra góðra gjalda vert. Fram hjá hinu verður tæpast horft að vistun fatlaðra barna kostar meira en vistun ófatlaðra barna og því lendir sá aukni kostnaður á viðkomandi sveitarfélagi. Ekki hvað síst þar sem þessar breytingar eru fyrirhugaðar fer ég fram á að könnuninni verði flýtt sem frekast er unnt og leitað úrræða og úrbóta í þessum málaflokki, annars er hætt við að vandinn haldi áfram að hlaðast upp.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að fara fram á að till. verði vísað til síðari umr. og félmn.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu máli og ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi Kvennalistans við þessa þáltill. En meira þarf en að rannsaka. Úrræðin þurfa að koma. Nú þegar höfum við orðið áþreifanlega orðið vör við í störfum okkar margar hverjar hvernig rangar greiningar og engar greiningar hafa valdið óbærilegum sársauka fyrir bæði foreldra og börn. Þess vegna er ekki nóg að gera könnun, það þarf virkilega mikið að leggja af mörkum til þess að bætur komi. Það eru einkum og sér í lagi smá sveitarfélög sem geta staðið höllum fæti og þeir sem þar þurfa að leita hjálpar. Það er langt að leita norðan af Hólmavík til Reykjavíkur til að fá greiningu og kannski dregst það á langinn af því að menn hafa ekki peninga til að fara þessa ferð. Það eru afskaplega margar matarholurnar sem þarf að greiða peninga í ef maður á fatlað barn.

Ég fullyrði af þó nokkuð langri reynslu sem kennari að blöndun í bekki og blöndun á barnaheimilum getur verið miklu meiri en verið hefur og mörgum dettur í hug. Ég hef ýmsa reynslu af því hversu hinn fatlaði getur veitt mikið hinum ófötluðu, hversu við sem erum ófötluð auðgumst af samvistunum við þann sem reynsluna hefur af fötluninni. Og það er ekki eingöngu verið að hjálpa þeim fatlaða með því að auka möguleika hans á að vera á almennu dagvistunarheimili eða í almennum skólum. Það er ekki síður verið að auðga reynsluheim þeirra sem samvistanna njóta. Ég tek það sérstaklega fram.

En ég hef mörgum sinnum rekist á að fólk hefði, ef það hefði fengið rétta greiningu og rétta meðferð í upphafi, getað gengið aðra braut en það gekk, fengið meiri menntun og orðið nýtari þjóðfélagsþegnar. Ég hef of oft rekist á þetta til þess að fagna ekki þessari fram komnu tillögu.

En eins og ég sagði er ekki síður mikilvægt og eiginlega skrefið sem á að koma á eftir könnuninni, skrefið að gera virkilega eitthvert átak í þessum málum. Við höfum gert ýmislegt gott, en meira þarf ef duga skal.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég fagna till. sem hv. þm. Elín Jóhannsdóttir átti frumkvæði að að flytja. Ég er reyndar meðflm. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Ég tel að umgengni samfélagsins við fötluð börn sé blettur á velferðinni. Ég tel að sú könnun sem rætt er um að hér fari fram sé mjög nauðsynleg til að Alþingi, sveitarstjórnir og ríkisstjórn geri sér grein fyrir því hversu vandamálið er stórt. Það er nú svo komið að foreldrar sem eiga fötluð börn búa við afar erfiðar aðstæður. Það er erfitt að eiga fatlað barn, en það er öllu erfiðara að upplifa að þegar þessir fötluðu einstaklingar leita eftir dagvistarplássi eða foreldrar þeirra fá þeir svör líkt og hér sé um holdsveika einstaklinga að ræða. Þeim er ýtt til hliðar og sett á biðlista. Það munu vera aðeins um tíu pláss fyrir fötluð börn til dagvistunar á Reykjavíkursvæðinu, ekki meira.

Ég tel að það sé samfélagsleg skylda okkar alþm. að sjá til þess að hér verði breyting á, veruleg breyting. Ég vek hins vegar athygli á því að viðhorf

núverandi ríkisstjórnar til málefna fatlaðra er mun jákvæðara en verið hefur áður, sem birtist í því að fjárveitingar til þeirra mála eru mun meiri en áður, mun meiri, og þó er það svo að ekki sér högg á vatni.

Ég skora á hv. alþm. að samþykkja þessa till., sem stefnir að úrbótum fyrir okkar smæstu bræður, og vænti þess að sú könnun sem farið er fram á hérna verði unnin sérstaklega í félmrn. Þar eru efni til þess að vinna þessa könnun þrátt fyrir að ég viti að hér er um markamál að ræða hvað varðar valdsvið menntmrn. og félmrn. En málefni fatlaðra falla að mestu leyti undir félmrn. og tel ég eðlilegt að þar verði þessi könnun látin fara fram.

En að gera könnun er ekki nóg. Það þarf að stíga næstu skref, þau skref sem verða til hjálpar þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra til að fá jafnrétti í þjóðfélaginu, til að koma í veg fyrir að þeim sé ýtt til hliðar, til að koma á þeirri sjálfsögðu þjónustu sem þessir einstaklingar eiga lagalegan rétt til.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég óska hv. 1. flm. þessa máls til hamingju með till. og hennar málflutning er hún mælti fyrir henni og lýsi yfir stuðningi við þetta mál og hefði þó mátt fastar að kveða í till. jafnvel um aðgerðir. En það er mjög gagnlegt að þessu máli sé hreyft á þinginu og við skulum vona að flutningur þessarar tillögu, sem eingöngu er hér fram borin af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, verði til þess að undirtektir við till. og aðgerðir í framhaldi af henni sjái dagsins ljós fyrr en seinna. Það eru eingöngu stjórnarliðar sem eru flm. og mér er ekki kunnugt um að leitað hafi verið til míns þingflokks varðandi stuðning við þetta mál. Ég er út af fyrir sig ekkert að finna að því sérstaklega. Afstaða Alþb. til dagvistarmála og til málefna fatlaðra er vel kunn og nægir að vísa til verka flokksins í ríkisstjórn varðandi málefni fatlaðra og viðleitni af okkar hálfu til að draga úr árlegri skerðingu á lögboðnum framlögum til málefna fatlaðra, en sem kunnugt er hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra verið skertur nú um árabil og er enn skertur þrátt fyrir þau orð sem hér voru látin falla af hv. síðasta ræðumanni að eitthvað væri þar mildari höndum um farið í þessari skerðingu en undanfarin ár. En við hljótum að minna á það þegar till. eru hér uppi frá hv. stjórnarliðum um aðgerðir af þessu tagi hvernig verkin þeirra tala hér við afgreiðslu mála, við afgreiðslu fjárlaga ár frá ári.

En ég vænti þess að sú nefnd sem fær þessa till. til meðferðar athugi möguleika á að kveða enn fastar að orði um aðgerðir í framhaldi af þeim athugunum sem hér er lagt til að gerðar verði varðandi könnunina á þörfum fatlaðra barna og ég tel það alveg rétt, sem hv. flm. fjallaði um í sínu máli, að það ber að gjalda varhug við að greina fötluð börn frá umönnun annarra barna eins og frekast er kostur, gjalda varhug við öllu sem lýtur að því að greina þar með óeðlilegum hætti á milli. Þar á hið sama að gilda og í skólakerfinu í framhaldi af uppeldi á dagvistarstofnunum. Ég ítreka stuðning minn við það góða mál sem hér er flutt.

Flm. (Elín Jóhannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður og góðu undirtektir sem mál mitt hefur fengið. Með því að fara fram á þessa könnun tel ég að finna megi leiðir til úrbóta í þessum málaflokki. Ég vil endurtaka óskir mínar um að málið fái góða meðferð og velvild á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun á orkuverði, fyrri umr.

Þáltill. AS o.fl., 371. mál. — Þskj. 703.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði, 371. máli á þskj. 703, sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Kristjánssyni, Guðna Ágústssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Stefáni Guðmundssyni, þ.e. þingmönnum úr sex kjördæmum landsins. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu.

Sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 verði gert ráð fyrir fjármagni til slíkra aðgerða."

Ég vil, með leyfi forseta, einnig lesa úr grg. sem fylgir þessari þáltill., en þar segir:

„Þegar hin mikla hækkun varð á olíu á heimsmarkaði sem orsakaði alvarlega röskun á efnahagskerfi heimsins hafði hún þau áhrif hér að við blasti alvarleg efnahagskreppa þar sem innflutt olía var einn aðalorkugjafi hér á landi.

Við þessu var brugðist með því að ráðast í stórframkvæmdir í virkjun innlendra orkugjafa, reist raforkuver og hitaveitur og tekin til þess erlend lán í stórum stíl.

Jafnframt gerðu stjórnvöld ráðstafanir til að hvetja fólk til að leggja af olíuupphitun og þeir landsmenn, sem ekki voru svo lánsamir að fá hitaveitu, notuðu raforku í stað olíu." — Jafnhliða þessu var gert skipulagt átak til orkusparnaðaraðgerða í einangrun húsa t.d. með því að bæta hitanýtingu sem skilaði mjög góðum árangri.

„Þjóðin var samstiga í þessum aðgerðum og á örskömmum tíma má segja að öll híbýli manna á Íslandi væru annaðhvort tengd hitaveitu eða raforku. Niðurgreiðslum á olíu til upphitunar var hætt. Stjórnvöld lofuðu jöfnun á orkuverði, var miðað við að orkuverð yrði sambærilegt um land allt. Það var sjálfsögð skylda stjórnvalda þar sem þjóðin hafði

sinnt kalli um að nýta innlenda orku í stað innfluttrar sem tók stærstan hluta af gjaldeyristekjum landsins. Ekki þarf að rekja þessa sögu frekar í þessari stuttu greinargerð.

Áform stjórnvalda um að jafna orkuverð í landinu hafa því miður ekki tekist. Mikilvægar hitaveitur hafa lent í miklum þrengingum vegna erfiðra erlendra lána, verðið því ekki lækkað eins og áætlað var. Miklu alvarlegra er þó að verð á raforku til upphitunar hækkar jafnt og þétt og jafnhliða er dregið úr niðurgreiðslum.

Landsvirkjun ræður heildsöluverði raforku og Rafmagnsveitur ríkisins eru reknar með auknum halla.

Verð á raforku til húshitunar hefur hækkað frá 1. janúar 1987 til loka febrúar 1988 um allt að 50%. Það sem er alvarlegast í þessum samanburði er að sé miðað við heimsmarkaðsverð á gasolíu í dag er 80% dýrara að hita upp atvinnuhúsnæði með rafmagni og 35% dýrara að hita upp íbúðarhúsnæði — þrátt fyrir niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsa — heldur en með innfluttri gasolíu. Þetta háa orkuverð hjá rafveitum og sumum hitaveitum bitnar nær eingöngu á íbúum landsbyggðarinnar; eru þar mýmörg dæmi um upphitunarkostnað sem er tvöfalt til fjórfalt hærri en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Orkukostnaður í atvinnurekstri út um land er orðinn fyrirferðarmesti liðurinn í rekstri fyrirtækja, ekki síst í fiskvinnslu og orkufrekum iðnaði.

Ekki er hægt að ætlast til að fólk almennt taki á ný upp kyndingu með olíu þar sem öll slík kerfi hafa verið fjarlægð og eingöngu miðað við útbúnað fyrir raforku og/eða hitaveitu. Slíkar breytingar mundu kosta stórfé og hafa í för með sér ýmis vandamál.

Við þessum vanda verður að bregðast með áþreifanlegum aðgerðum. Það má ekki dragast, annars verða afleiðingar þessa alvarlegri en menn sjá nú fyrir. Hluti þjóðarinnar, sem er þolendur þessa háa orkuverðs, getur ekki lengur við þetta búið, afleiðingarnar verða stórfelldur tilflutningur fólks frá landsbyggðinni sem getur haft í för með sér stærri efnahagsvanda fyrir þjóðarbúið í heild en nú blasir við.

Þessi þáltill. er flutt sem tilraun til þess að fá Alþingi til að láta í ljósi ákveðna viljayfirlýsingu um að láta leysa þetta mál á þessu ári og yrði hún staðfest með afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár."

Þannig hljóðar grg. með þáltill.

En herra forseti. Hvers vegna erum við framsóknarmenn, þar með taldir þingmenn stjórnarliðsins á hv. Alþingi, að flytja slíka þáltill.? Er ekki greið leið að fá ríkisstjórnina til að gera ráðstafanir til jöfnunar orkuverðs? Svarið er ósköp einfalt: Við teljum að ástand þessara mála hafi breyst til hins verra síðustu mánuði umfram það sem menn almennt gera sér grein fyrir, t.d. við afgreiðslu fjárlaga þegar ríkisstjórnin lagði að okkur stuðningsmönnum sínum að fallast á tillögur ríkisstjórnarinnar um lægri niðurgreiðslur á raforku til húshitunar. Síðan kemur á daginn að staða RARIKs og Orkubús Vestfjarða er mjög alvarleg og síðasta hækkun á orðuverði eftir áramót breytti þessari stöðu algjörlega langt umfram það sem hægt var að reikna með.

Við landsbyggðarþingmenn stöndum ... (**Iðnrh.:** Hvað hækkun eftir áramót?) Það var hækkun um áramót, hæstv. ráðherra. (**Iðnrh.:** Hvenær eru áramót hjá hv. þm.?) Ég þarf ekki að svara þessu. Hæstv. ráðherra getur komið upp á eftir og gert grein fyrir sínu máli. Við landsbyggðarþingmenn stöndum þá frammi fyrir staðreyndum um vaxandi mismun á orkuverði sem okkar fólk verður að greiða. Samþykktir sveitarstjórna, samtaka og bréf frá einstaklingum sýna svo ekki verður hrakið að við þetta ástand er ekki hægt að búa. Jafnframt þessu hefur borið á því hér á hv. Alþingi og raunar í fjölmiðlum að stofnanir orkumála og hæstv. iðnrh. draga í efa að þessi mismunur sé svo mikill og til þessa hefur ekki orðið vart sýnilegra viðbragða stjórnvalda um skjótvirkar aðgerðir í þessu máli. Þess vegna teljum við flm. þessarar þáltill. ekki fært annað en að koma með þetta viðkvæma mál inn á Alþingi og reyna að fá fram viljayfirlýsingu til hæstv. ríkisstjórnar um aðgerðir sem síðan verði staðfestar í fjárlögum 1989.

Stutt er í þinglok. Þess vegna er mikilvægt fyrir framgang málsins í heild að flýta afgreiðslu þess og styrkur fyrir hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. ef Alþingi vill gera hér á breytingar, leiðrétta það augljósa misrétti sem fólk víðs vegar um landið verður að búa við.

Ég tel nauðsynlegt að taka nokkur dæmi um kvartanir landsbyggðarfólks um þetta stóra mál. Fyrir utan bréf frá einstaklingum vil ég nefna samþykktir fjölmargra sveitarstjórna, frá bæjarstjórn Ólafsvíkur, bæjarstjórn Stykkishólms. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í t.d. bréf frá bæjarstjórn Stykkishólms, sem var gerð 3. mars sl., en þar stendur: „Bæjarstjórn Stykkishólms skorar á stjórnvöld að gera ráðstafanir til að lækka orkuverð. Orkukostnaður er mjög mikill hluti útgjalda hjá fyrirtækjum og heimilum. Raforka er nær eingöngu notuð til hitunar í Stykkishólmi. Hækkun raforkuverðs kemur því hart niður á notendum."

Ég vitna einnig í greinar frá fjölmörgum aðilum í hverri viku sem birtast m.a. í Morgunblaðinu. Ég vitna til borgarafundar á Neskaupstað þar sem skorað er á stjórnvöld um að jafna orkuverð í landinu. Ég vitna til greinar í Morgunblaðinu 8. mars sl. eftir Jóhannes Benediktsson, framkvæmdastjóra í Búðardal, sem er einn af framámönnum í Sjálfstfl. á Vesturlandi, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú í janúar var gerð könnun á orkukostnaði nokkurra aðila hér í Dalasýslu. Könnunin gekk út á það að bera saman húshitunarkostnað þeirra sem farið hafa eftir hvatningu stjórnvalda um að nota innlenda orkugjafa, í þessu tilviki raforku í stað olíu."

Síðan fylgir tafla um þessa úttekt sem er gerð á fjölmörgum atvinnufyrirtækjum í Dalasýslu og fjöl-

mörgum húsum í Búðardal og í sýslunni. Þessi samanburður er gerður af rafveitustjóranum í Búðardal og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þessi könnun byggi á staðreyndum, enda eru forsendurnar gefnar í þessum töflum. En niðurstaða könnunarinnar er sú að rafmagn er 78,6% dýrara en gasolía til hitunar á atvinnuhúsnæði í Dalasýslu, en 34,3% dýrara til hitunar á íbúðarhúsnæði þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði.

Ég vil bæta því við að sú alvarlega staðreynd birtist nú þessa dagana að það er tilkynnt opinberlega að verð á raforku frá Landsvirkjun eigi að hækka núna 1. maí nk. og Reykjavíkurborg hefur þegar ákveðið að hækka verð á raforku í Reykjavík.

Herra forseti. Það mætti margt fleira taka til sem sýnir hversu alvarlegt mál er hér á ferð og eitt af stærri málum er varðar alvarlega byggðaröskun í landinu. Og hvað er þá til ráða? Nefndar hafa verið ýmsar hugmyndir svo sem orkuskattur á öll orkufyrirtæki í landinu, jafnvel tekjuskattur. Ég tel slíkar aðgerðir vafasamar og sé ekki hvernig þær gætu skilað lægra orkuverði.

En til að mæta þeim vanda sem blasir við í dag og verður að leiðrétta fljótt tel ég auknar niðurgreiðslur eina leiðina sem hægt er að grípa til til að jafna neikvæðan mismun á verði olíu og raforku. Ég tel að taka verði til endurskoðunar stöðu Landsvirkjunar og RARIKs. Væri t.d. ekki eðlilegt að heildsöluverð á raforku til upphitunar væri miðað við svokallað jaðarverð sem væri miðað við langan tíma og ætti að geta stórlækkað verðið til upphitunar strax, þ.e. ákvörðunarverð Landsvirkjunar? Kemur ekki til greina að Landsvirkjun verði látin endurskoða öll sín lánamál með það markmið að leitað verði eftir langtímalánum sem minnkar þörf á háu orkuverði? Afskriftartími virkjana hlýtur að vera langur. Í umræðum um nýtt álver eða stóriðju býður Landsvirkjun orkuverð sem miðast við allt að 40 ára greiðslutímabil, en almenna orkuverðið er miðað við svo til daglega kassastöðu fyrirtækisins þar sem greiðslubyrði lána virðist miðuð við tíu ár. Kemur ekki til greina að tímabært sé að setja ný lög um Landsvirkjun þar sem staða RARIKs sé tekin með í þá mynd?

En aðalatriðið er að tekið sé á þessum málum. Landsvirkjun á ekki að vera ríki í ríkinu. Landsvirkjun er stórkostlegt tæki allra landsmanna til að hafa yfirumsjón og framkvæmd uppbyggingar orkuvera landsins og um leið að sjá um orkuþörf allra landsmanna á sambærilegu verði hvar sem þeir búa í landinu.

Hæstv. iðnrh. ritar grein í Morgunblaðið 19. þ.m. þar sem hann m.a. sendir okkur flm. þessarar þáltill. kveðjur, ber okkur á brýn furðulega sýndarmennsku. Jafnframt telur hann rangar tölur og rangan samanburð áberandi í allri umræðu um orkuverð. Ég tel mig hafa komið inn á röksemdir sem afsanna þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra. Ég vil hins vegar lýsa ánægju minni og okkar flm. yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. í sömu grein að von sé á tillögum um jöfnun orkuverðs. Það eru meiri tíðindi en við gátum vænst. Jafnframt segir hæstv. iðnrh. að skipuð hafi verið til að gera slíkar tillögur þriggja manna nefnd skipuð fulltrúum frá fjmrn., iðnrn. og Framsfl. og eru fulltrúar tilgreindir í nefndina.

Það hlýtur að vera ánægjuefni fyrir okkur baráttufólk í þingflokki Framsfl. í þessu máli að sérstaklega skuli tilnefndur fulltrúi okkar flokks í þriggja manna embættismannanefnd ráðuneytis til að finna lausnir á þessu vandamáli. Hins vegar hlýt ég að upplýsa að umrædd nefndarskipun hefur ekki komið á borð okkar þingflokks á þeim tíma sem þetta var til umræðu og engin vitneskja var þar um, enda þótt þær staðreyndir rýri ekki ánægju okkar með þessa málaskipan hæstv. ríkisstjórnar og iðnrh. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér kom umrædd embættismannanefnd til fyrsta fundar 17. mars sl. Ég ber fyllsta traust til þess fólks sem skipar umrædda nefnd og raunar einnig til hæstv. iðnrh. og vona heils hugar að frá henni komi árangursríkar tillögur, en það rýrir ekki gildi þess að Alþingi fjalli um þáltill. á þskj. 703.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki hafa lengra mál um þetta að sinni, en ég vil mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Í tilefni af tillöguflutningi nokkurra hv. þm. Framsfl. tel ég ástæðu til að segja nokkur orð við fyrri umr. þessa máls. Það er reyndar ekki í fyrsta skiptið sem þessi mál hafa verið til umræðu á hv. Alþingi, bæði vegna fsp. sem fram hafa komið og eins vegna tillöguflutnings sem er af sama toga og var frá nokkrum hv. þm. Alþb. Þar var hv. þm. Þórður Skúlason fremstur í flokki.

Mig langar fyrst til að geta þess að í núverandi raforkukerfi er veruleg jöfnun á raforkuverði sem gerist fyrst og fremst vegna þess að Landsvirkjun, sem selur raforkudreifingarfyrirtækjunum orku, hefur ákveðna sölupunkta og sama verð er frá öllum sölupunktum Landsvirkjunar og er ekkert tekið tillit til mismunandi flutningskostnaðar þegar það verð er ákveðið. Þetta þýðir að rafmagn sem selt er við Mjólká kostar það sama og rafmagn sem selt er á sölupunktum á Suðurlandi jafnvel þótt að ljóst sé að langmestur hluti rafmagnsins eigi rætur að rekja til virkjana á Suðurlandi. Í þessu felst auðvitað veruleg jöfnun á raforkuverði.

Í öðru lagi vil ég nefna að það er ekki söluskattur af rafmagni sem er til upphitunar né heldur á hitaveitukostnaði né heldur á olíu og ég vík síðar að því. Hins vegar er söluskattur á allri almennri notkun rafmagnsins og ég geri ráð fyrir að ríkissjóður hafi fengið á sl. ári hvorki meira né minna en yfir 700 millj. kr. eingöngu vegna söluskatts á almenna notkun rafmagns. Það sem kannski er alvarlegt við þetta er að það er ekki fólkið sem kyndir upp íbúðarhúsnæðið sem er að fara yfir í olíunotkunina.

Það eru fyrst og fremst fyrirtækin sem geta framleitt rafmagn með dísilvélum til að hita upp verulega stórt húsnæði sem hafa verið að hverfa yfir til notkunar olíu. Og þá er munurinn sá að íslenska ríkið — og ég bið hv. alþm. að taka vel eftir — tekur söluskatt af rafmagninu en ekki af gasolíunni. Hér er um mikilvæga mismunun að ræða á innfluttri og innlendri orku.

Í þriðja lagi vil ég nefna í þessari umræðu, þegar því er nánast haldið fram að ekkert hafi verið gert í þessum málum og það hafi ekki verið jafnað verð, að þegar verðjöfnunargjaldið var tekið úr sambandi á sínum tíma tók ríkið yfir verulegar skuldir af raforkugeiranum, svo miklar að hæstv. fjmrh. kom í ræðustól á Alþingi og sagði: Ef neytendur orkunnar í landinu ættu að borga allan kostnaðinn mætti lækka alla tekjuskatta einstaklinga um 20%, um fimmtung. Og hann nefndi tölur í þessu sambandi, sem voru hátt í 9 milljarða, sem skattgreiðendur, hvar sem þeir búa, hvort sem þeir búa á hitaveitusvæðum eða annars staðar, hafa tekið að sér að greiða fyrir orkuneytendur. Það er stórkostleg jöfnun á orkuverði sem fer fram með þessum hætti. Við skulum hins vegar viðurkenna að mikill hluti þessa kostnaðar var tilkominn vegna ýmissa mistaka og óheppni sem við urðum fyrir í okkar orkubúskap á sínum tíma.

Alþýðublaðið gekk svo langt að segja að orkuverðið í landinu væri falsað. Það væri allt of lágt. Þannig eru tvær hliðar á þessu máli þegar menn ræða það.

Það sem þó skiptir öllu máli er að menn viðurkenni ákveðnar staðreyndir og mér þykir leitt til þess að vita þegar menn koma hér í ræðustól, jafnvel í hverri umræðunni á fætur annarri um þessi mál, og halda fram tómri vitleysu. Ef við lítum á húshitunarkostnaðinn með raforku og berum saman þann kostnað við árin á undan og setjum þetta á fast verðlag — mér er alveg sama hvort miðað er við lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, launavísitölu eða framfærsluvísitölu — kemur í ljós að í ár verður húshitunarkostnaður með raforku hærri en í fyrra, hærri en í hittiðfyrra, svipaður og árið þar áður, kannski aðeins hærri, en mun lægri en flest árin þar á undan. Þetta kemur rækilega fram og er undirstrikað í fskj. með till. hv. þm. Alþb. sem þeir fluttu fyrr á þessu þingi og mæltu fyrir og talsverðar umræður urðu um. Þetta eru staðreyndir málsins.

Það sem hins vegar hefur gerst og menn virðast ekki einu sinni vilja tala um, ekki einu sinni hv. síðasti ræðumaður, er að olía, innflutti orkugjafinn hefur lækkað um 65% frá árinu 1983. Á þeim árum sem við vorum að segja við fólk: Nú skulum við hverfa yfir til innlendu orkugjafanna, nú skulum við nota það sem er íslenskt í þessum efnum, þá hefur olían lækkað niður í það sem hún var þegar hún var lægst á 7. og 6. áratugnum. Það eru engar líkur til þess að hún hækki fyrr en eftir miðjan næsta áratug að því er spámenn segja í þessum efnum. Þetta er sú samkeppnisstaða sem við erum í í dag. Þar að auki, eins og ég hef sagt áður, gerist það að íslenska ríkið skattleggur ekki þessa orku. Það gera nágrannar okkar, Danir, til að jafna út sveiflurnar og til að gera ekki mun á orkugjöfunum. En almennir notendur íslenskrar orku verða að sætta sig við að borga söluskatt.

Tökum dæmi af því að ég veit að hv. síðasti ræðumaður er úr sjávarplássi: Skip sem leggst að í Ólafsvík og fær rafmagn af hafnarbakkanum þarf að borga það háu verði. Það borgar sig fyrir skipsmenn að keyra ljósavélar á togurunum og bátunum og framleiða þannig rafmagn með gasolíu vegna þess að verðið er lágt, en líka vegna þess að rafmagnið sem kemur úr landi er skattlagt, en gasolían sem útgerðin notar og sem hefur lækkað stórkostlega er skattlaus. Ég bendi mönnum á slíkar staðreyndir nú þegar samanburðurinn fer af stað í þessum efnum.

Frá 1983 hefur það gerst að gasolíulítrinn hefur lækkað um 65%. Frá 1983 hefur orkukostnaðurinn fenginn frá rafmagni til upphitunar á húsum lækkað um 13%. En Hitaveita Reykjavíkur, hvað skyldi hún hafa breytt sínum töxtum? Hún hefur hækkað á sama tíma um 50% eða um það bil. Mest vegna þess að á árunum þar á undan hafði verið haldið niðri gjaldskrám í Reykjavík þar sem vísitölufjölskyldan bjó með þeim hætti að fyrirtækið, sem átti að geta verið mesta gróðafyrirtæki í landinu, Hitaveita Reykjavíkur, var rekin með dynjandi halla og safnaði skuldum. Sem betur fer hefur verið horfið frá slíkri flónsku í verðlagningu á gæðunum í Reykjavík.

Það sem er kannski stærsta vandamálið í þessum efnum eru þær skuldir sem hafa safnast upp hjá annars vegar Rafmagnsveitum ríkisins og hins vegar hjá Orkubúi Vestfjarða. Það er gert ráð fyrir að í lok þessa árs verði þessar skuldir 1600 millj. kr. og ég hef fengið ágætan verkfræðing, hv. alþm. Kjartan Jóhannsson, sem var í verðjöfnunargjaldsnefndinni á sínum tíma, til að meta hvort staðið hafi verið við það fyrirheit þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af að fyrirtækin, sem dreifa orkunni, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins, stæðu jafnsett eftir þá breytingu og áður. Niðurstaða hv. þm. Kjartans Jóhannssonar er að svo sé ekki og ríkið þurfi að taka á sig meiri byrðar.

Það sem hins vegar skiptir máli er að átta sig á að þessi skuldahali er ekki kominn út í verðlagið og mér ber skylda til þess ef ekki fæst lausn á þessum málum á næstunni að hækka verð á raforku frá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins um ca. 12%. Þess vegna er brýnt að farið sé í þetta mál og það sé tekið á því eins og hjá mönnum. (**KP:** Á hverju strandar?) Það skal hv. þm. spyrjast fyrir um í sínum eigin þingflokki. (**KP:** Ég er að spyrja hæstv. ráðherra.) Það er ekki allt sem strandar á Arafat, en Ararat er í sumum þingflokkum öðrum fremur en í mínum. (**KP:** Ha?) Ja, flokkar sem kenna sig við A ættu að geta áttað sig á því.

Það sem ég hins vegar ætti að segja strax er þetta: Það er 30. des. sl. sem ég skrifa fjmrh. og bið hann um að við gætum átt viðræður um þessi mál og reynt

að leysa. Það gekk heldur hægt framan af, en viðræður hófust og ég fagnaði því að sjálfsögðu 1. mars sl. að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í ræðu í hv. Ed. vegna efnahagsráðstafana að ekki mætti bíða með að leysa þessi mál. Síðan var ákveðið að fulltrúi Framsfl. kæmi inn í þetta starf og áður en ég sá þá till. sem hér er til umræðu var mér tilkynnt að Hermann Sveinbjörnsson, aðstoðarmaður sjútvrh., mundi taka þátt í þessum nefndarstörfum. Það var áður en þessi tillaga kom fram. Þessi tillaga, sem hér er verið að ræða, kom fram án þess að ég hefði hugmynd um að það ætti að ræðast hér. Ég vil einungis segja að það hefði verið kurteisi af hv. 1. flm. a.m.k. að segja viðkomandi ráðherra frá því að von væri á slíkri tillögu. Ég vil taka sem dæmi að einn af flm., hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, ræddi við mig um hvernig ætti að standa að öðru máli, viðkvæmu máli á norðausturhorni landsins. Það eru sumir sem kunna mannasiði og aðrir ekki.

Hæstv. forseti. Ég er rétt að byrja mína ræðu. Ég var bara búinn að gleyma því að það var ekki ótakmarkaður ræðutími í þessu máli. Ég kemst líklega ekki miklu lengra, en verð þá að óska eftir því að fá að tala síðar og klára mína ræðu því að það er langt frá því að ég hafi komið þeim atriðum að sem ég tel nauðsynlegt að þurfi að komast að í þessari umræðu. Ég vil þó, ef ég reyni ekki of mikið á þolinmæði forseta, fá að segja örfá orð í lokin.

Það er í fyrsta lagi að hv. síðasti ræðumaður sagði að raforka hefði hækkað eitthvað frá áramótum. Síðasta hækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins var 1. des. áður en fjárlög voru afgreidd. Ég veit ekki betur en hv. síðasti ræðumaður sé í fjvn. og hafi haft fulla vitneskju um á hvaða forsendum sú hækkun var byggð. Hún byggðist á grundvelli fjárlaganna og átti að duga út þetta ár ef ekki kæmu til hækkanir frá Landsvirkjun eða þá að úrskeiðis færi sú verðbólga sem spáð var í fjárlagafrv. sem þm. þekkir betur en flestir aðrir.

Auðvitað er það styrkur fyrir hæstv. iðnrh., eins og hann sagði, ef menn stæðu við bakið á honum í ýmsum málum, eins og hann þykist vera að gera í þessu máli, og mætti hann gjarnan skila því til framsóknarmanna sem voru að greiða atkvæði gegn stjfrv. ráðherrans í gær.

Vegna tilvitnunar frá Búðardal skal það aðeins sagt að ég hef þegar svarað viðkomandi aðila því sem kom fram í hans bréfi og leiðrétt missagnirnar. Þetta er rangur útreikningur. Það er vegna þess að það er ekki tekið tillit til allra kostnaðarliða sem varða gasolíuna og hvernig á að hita upp hús með gasolíu. Þetta liggur fyrir og Orkustofnun hefur þegar farið í þá reikninga. Því hefur verið svarað á viðkomandi stað. Það er ljóst að munurinn er ekki 80% heldur, þegar búið er að taka tillit til niðurgreiðslnanna, er hann innan við 20%.

Hæstv. forseti. Ég mun taka þátt í þessum umræðum síðar, geri hlé í þessari ræðu minni, en óska eftir því að fá að taka til máls síðar í umræðunni.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. var að áminna þm. um að segja frá staðreyndum og það kann að vera að hann hafi út af fyrir sig skýrt frá vissum staðreyndum. En mér finnst hann hafi hlaupið yfir þær staðreyndir sem skipta meginmáli í þessu efni. Staðreyndirnar eru þær t.d. að ef miðað er við hvað er í framfærsluvísitölunni er sú upphæð sem kostar að hita upp hús af vissri stærð í Reykjavík um 30% lægri en sú tala er í vísitölunni, en 80% hærri en þessi viðmiðunartala ef kynt er með raforku. Þó segir þetta ekki nema hluta af þessari sögu og það er vegna þess að það er verið að taka hús af vissri stærð. T.d. fyrir hús í strjálbýli, sem er fyrir atvinnurekstur, er upphæðin yfirleitt verulega hærri og er það skýring á þeim tölum sem koma víða utan af landsbyggðinni um meiri hitunarkostnað. Við höfum heyrt talað um 17 þús. kr. á mánuði. Það komu tölur frá ábyrgum aðilum á Þingeyri þar sem var talað um að það kostaði 7–14 þús. að kynda íbúðarhúsin þar á mánuði eftir stærð þeirra og ásigkomulagi.

Er þetta það sem flokkarnir lofuðu fyrir fjórum árum, að reyna að jafna aðstöðuna í landinu? Er þetta það? Og finnst ekki hv. þm. að það sé dálítið undarleg stjórn að það skuli ekki verða notuð 10% af þeirri raforku sem til er í landinu? Það er 10% meiri framleiðsla en notað er á sama tíma sem fólk er að velta því fyrir sér að breyta aftur yfir í olíu. Hvaða vit er í þessari stjórn? Hvaða vit er í þeirri stjórn að Landsvirkjun skuli hafa greiðsluáætlun sína þannig að það sé búið að borga þessar skuldir um aldamót allar, en níðast svona á fólki sem býr við þá aðstöðu að vera á köldum svæðum? Það er ekki nóg með að það sé lægra kaup víða úti um land heldur er hitunarkostnaður hærri. Ég hef séð tölur sem eru fjórfaldar á við það sem ég þarf að borga fyrir svipaða íbúð hér. Hvers vegna er þetta? Þetta er líka fyrir hitamun. Það er kaldara fyrir norðan og vestan yfirleitt en hér. Það er margt sem kemur til greina.

Hæstv. orkumálaráðherra verður að segja allan sannleikann, ekki bara sumt af honum þegar hann kemur hér í ræðustól og fer að ræða um þessi mál. (**Iðnrh.:** Hvað kostar það á Húsavík?) Það kostar minnst á Húsavík. Það er alveg rétt. En hvað kostar það hér? 68 aura kwst. En hvað kostar það á Vestfjörðum? Er það ekki 2,40? Og svo er hæstv. ráðherra að tala um 12% hækkun. En honum dettur ekki í hug að taka á málinu eins og maður, bara eins og maður og neyða Landsvirkjun til að breyta þessu greiðslufyrirkomulagi. Það dettur ekki þessari ríkisstjórn í hug. Það þýðir ekkert fyrir hvorki ráðherrann né aðra að koma upp í ræðustól og reyna að afsaka þetta ástand. Það eru ýmis úrræði til. Það er bara að reyna að taka á þeim. Það þarf vilja. Það er ekki nóg að koma og segja: Það er ekkert hægt.

Tíma mínum er víst lokið, virðulegi forseti, sem ég má tala hér. Ég er ekki kominn nema með þriðjunginn af því sem ég hefði viljað segja. En að lokum vil

ég segja: Það er alveg tilgangslaust í sjálfu sér að flytja þáltill. um þetta mál. Staðreyndirnar liggja fyrir. Ég hef t.d. upplýsingar um hvernig þetta er á Norðurlandi, Vestfjörðum og víðar. Það er bara að taka á þessum málum. Það er það sem þarf. Ég vona að það komist í verk að koma þessu máli öðruvísi fyrir á Alþingi en með þessum hætti.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt að þurfa að skipta ræðu minni með þessum hætti, en orð síðasta ræðumanns hafa gefið tilefni til að segja nokkur orð til viðbótar.

Það ber mjög mikið á því í umræðum um þetta mál að menn vísi hverjir á aðra og segi: Af hverju getur ekki Landsvirkjun breytt sínum taxta og selt t.d. orkuna á lægra verði til húshitunar en til annarrar notkunar? Það er ofur skiljanlegt að menn líti á málið með þessum hætti. Við eigum að gera okkur grein fyrir því að húshitunarorkunotkun er orðin yfirgnæfandi, er orðin verulegur hluti af allri orkusölu í landinu og ef menn ætlast til þess að Landsvirkjun lækki verð á sumri framleiðslu sinni hlýtur það að þýða annað tveggja: annaðhvort að fyrirtækið eigi ekki að greiða niður sínar skuldir eins hratt og þeir hafa ætlað að gera eða að aðrir notendur eigi að greiða meira. Ef aðrir notendur eiga að greiða meira eru það þeir notendur sem nú borga söluskatt á orkuna, þar á meðal fyrirtæki sem þurfa að hita upp sitt húsnæði. Eins og hv. 1. flm. till. veit þegar hann kemur með sinn samanburð er um að ræða söluskatt og enga niðurgreiðslu og þannig er hægt að fá samanburðartölur heldur hærri. Vilja menn hækka þetta? Vilja menn auka á það óréttlæti af því að þeir eru að leiðrétta eitthvað annað? Ég held að enginn svari því játandi.

Þá segja menn: En getur ekki Landsvirkjun þá dregið úr sínum endurgreiðslum á afborgunum? Og ég bið hv. síðasta ræðumann þá um að hlusta því að hann nefndi þetta. Því hefur verið haldið fram í umræðum um þessi mál, þar á meðal af hæstv. utanrrh., að Landsvirkjun ætli að vera búin að greiða upp öll sín lán um næstu aldamót. Þetta er rangt. Það liggur fyrir að Landsvirkjun mun reyna að greiða 1/20 af skuldunum á hverju ári sem þýðir að 70% af skuldunum verður enn þá á Landsvirkjun um næstu aldamót þegar Blanda er talin með, 70% af þeim skuldum. Fyrirtækið skuldar nú vegna Blöndu því að það er byrjað á þeim framkvæmdum. Menn búa ekki til virkjun á einum degi. Og hvað þýðir ef hægt verður á þessu, ef borga verður minna eða afla nýrra lána? Það þýðir aukinn viðskiptahalla. Eru menn að biðja um það? Og hvað þýðir aukinn viðskiptahalli vegna þess að fyrirtækið á að skulda meira í framtíðinni en það gerir? Það þýðir hærra raforkuverð í framtíðinni. Ætla hv. þm. sem eru að biðja um þetta að láta börnin sín og afkomendur borga fyrir þann hita sem þeir hafa nýtt nú? Er það svo? Ég efast um að þeir svari játandi ef þeir væru spurðir þeirrar spurningar. (**SV:** Ég skal svara þér seinna.) Hv. þm. Stefán Valgeirsson ætlar að svara mér seinna. Því er komið hér á framfæri.

Nei, það sem ég vil segja er þetta: Ríkisstjórnin hefur haft þetta mál til meðferðar. Það eru þrír menn, einn frá iðnrn., annar frá fjmrn. og sá þriðji frá Framsfl., skulum við orða það, að gera tillögur í þessu máli. Það var gert áður en sú tillaga kom fram sem hér er til umræðu. Þessi till. kemur fram þrátt fyrir að flm. hennar hafi vitað það frá 1. des. hvert raforkuverðið er, borið fulla ábyrgð á stjórnarstefnunni og öllum aðgerðunum, hafi fellt tillögur sem komu fram á þingi við afgreiðslu fjárlaga um hækkun niðurgreiðslna. Þess vegna, hv. þm. Alexander Stefánsson, er þessi tillaga sýndarmennska og ekkert annað, tilraun til þess að þvo hendur Framsfl. af því sem Framsfl. ber ábyrgð á rétt eins og ég og aðrir þingmenn sem styðja hæstv. ríkisstjórn. Það var engu leynt og rafmagnið hefur ekkert hækkað frá áramótum. Hækkunin var 1. des. og það veit hv. þm. Alexander Stefánsson mætavel um.

Það sem skiptir máli er ekki að halda uppi umræðum í þingi eða biðja um tillögur um næstu áramót. Það liggur á að leysa þetta mál og ég bið hv. þm. ríkisstjórnarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, bæði í Framsfl. og Alþfl., að hjálpa til við lausn þessa máls og að lausnin verði á þann veg að hún verði ásættanleg. Það borgar sig ekki að halda fram staðlausum stöfum í þessu máli. Það gerir engum gagn. Það gerir það einungis að verkum að menn fá ranghugmyndir um þessi mál rétt eins og þegar bæjarstjórinn í Ólafsvík, þar sem hv. þm. Alexander Stefánsson á heima, heldur því fram að það sé sjöfaldur munur á RARIK-svæðunum og Reykjavík í hitunarkostnaði þegar vitað mál er að hann er innan við þrefaldur, sannað og viðurkennt af öllum aðilum sem nenna að setja sig ofan í þessi mál. (**SV:** Eftir því hvað er við miðað.) Það skiptir náttúrlega máli hvort miðað er við mismunandi stærðir af húsum eða menn hafi mismunandi heitt inni hjá sér, ég veit það, en þegar notaðar eru sömu gefnar forsendur af báðum aðilum.

Ég bið menn þess vegna um að sýna okkur a.m.k. það umburðarlyndi að fá að koma fram með lausn á þessu máli og harma að stjórnarþingmenn skuli koma hér fram með tillögur án þess að tala við þá aðila sem eðlilegast hefði verið að tala við, ekki síst þegar við höfðum nýskipað í nefnd til að ganga frá þessum málum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að gera athugasemdir við fundarstjórn. Ég bað um orðið í upphafi þessarar umræðu um leið og opnað var fyrir það. Mér er tjáð að ég sé þriðji eða fjórði á mælendaskránni eða fimmti, ég veit það ekki. Ég óska eftir að það verði upplýst með hvaða hætti slíkt gerist hér í umræðum að menn eru teknir inn á mælendaskrá áður en opnað er fyrir umræðu að því er virðist. En þetta er kannski ekki aðalatriðið ef tími er hér til að ræða málin. Aðalatriðið er það hvernig hæstv. ráðherra

kemur inn í þessa umræðu, en honum er hleypt inn í þessa umræðu. Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við að hæstv. ráðherra komi á eftir frsm. þessa máls þó að hann tali í 20 mínútur eða 25 mínútur þegar þingsköp gera ráð fyrir 8 mínútum. Það er ágætt að hæstv. ráðherra tjái sig og við hljótum að fá sama ræðutíma í þessum umræðum, þingmenn, og hæstv. ráðherra. Ég óska eftir að það verði upplýst hversu lengi ráðherrann talaði hér.

Síðan kemur upp hv. þm. Ég veit ekki hvernig hann var tekinn inn á mælendaskrá á undan mér í þessu máli, en það er ekki aðalatriði. En síðan kemur hæstv. ráðherra inn í umræðuna. Ég hef ekki orðið var við svona tilhögun mála hér. Mér finnst þetta vera gagnrýnisvert varðandi fundarstjórn og einnig að hæstv. ráðherra skuli vilja haga sínum málflutningi og innkomu í þetta mál með þessum hætti. Mér er það alveg óskiljanlegt. Það er vonandi það að hæstv. ráðherra ætli að vera í þinginu meðan umræðan fer fram, en hann hefur þegar notað rétt sinn til ræðutíma og vel það. Hvernig ætlar ráðherrann að bregðast við fyrirspurnum þingmanna og athugasemdum varðandi þetta mál, því sem kann að verða beint til hans síðar í þessari umræðu, eftir að hann er búinn að tala sig hér dauðan?

Ég óska eftir að forsetar þingsins beri sig saman um þessi efni og ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð í sambandi við þetta og óska eftir því að það verði einnig upplýst hvernig raðað er hér á mælendaskrána.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. skal eftirfarandi upplýst: Mælendaskrá eins og hún liggur fyrir og eins og hún hefur síðan verið rekin lá fyrir þegar ég tók við fundarstjórn fyrir tæpum klukkutíma svo að mér er ókunnugt um hvernig raðað var á mælendaskrá. Eina breytingin sem orðið hefur síðan sú mælendaskrá var lögð á borð mitt er sú að hæstv. iðnrh. óskaði eftir að fá að koma inn í umræðuna aftur. Ég hef talið að ráðherrar þeirra málaflokka sem til umræðu eru eigi að hafa nokkur forréttindi. Það er raunar rétt hjá hv. 2. þm. Austurl. að ráðherra skal ekki hafa lengri tíma en þingmenn í umræðu sem þessari, einungis frsm. skal hafa lengri tíma. Forseti játar því að hafa verið e.t.v. helst til liðlegur um ræðutíma hæstv. ráðherra og skal taka þeirri gagnrýni. En sú venja hefur skapast að ég tel að ráðherra gengi fyrir, hafi forgang umfram þingmenn til að svara fyrir sín mál.

Ég vona að hv. 2. þm. Austurl. sætti sig við þessar skýringar.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja að mér hafa orðið á mistök. Ég mundi ekki eftir takmörkun á ræðutíma hérna um þáltill. þannig að ég hafði ekki hagað mínum ræðuflutningi með tilliti til þess, náði þess vegna ekki að koma til skila þeim efnisatriðum sem ég taldi að hollt væri að hafa við umræðuna og mun hafa farið yfir tímann og er þakklátur fyrir að hæstv. forseti sá í gegnum fingur sér með það. En ég tek það auðvitað algerlega á mig að hafa hagað mér óþinglega með þessum hætti.

Vegna þess að ég hafi talað mig dauðan í umræðunni vonast ég til þess að síðar í þessari umræðu, þá undir lokin, gefist mér kostur á að gera það sem kallað er örstutt athugasemd, sem stundum hefur verið lengri en örstutt þegar menn hafa fengið að koma með slíka athugasemd, og svara þá þeim beinum spurningum sem til mín verður beint.

Að öðru leyti hef ég ekki í hyggju að taka frekar þátt í þessum umræðum einfaldlega vegna þess að ég tel að þessi mál verði til umræðu síðar á þessu þingi þegar fyrir liggja þær aðgerðir sem þarf að grípa til.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra vera farinn að túlka nokkuð frítt þingsköpin. Hann ætlar sér undir örstuttri athugasemd við lok umræðna að afgreiða fyrirspurnir sem væntanlegar séu til hans. Það er ekki aðeins að hæstv. ráðherra fari meira en tvöfalt yfir ræðutíma sinn heldur ætlar hann sér að flytja ræðu undir liðnum um örstuttar athugasemdir.

Ég ætla mér ekki að fara að stjórna þingfundum, en ég vek athygli á þeirri stefnu sem hér er verið að taka og ég tel að það sé aldeilis óeðlilegt að hæstv. ráðherra sé hleypt öðru sinni, og það er gagnrýni á fundarstjórn, inn í umræðuna meðan einn ræðumaður kemur inn á milli. Ég held að það séu alveg undantekningar að þannig sé haldið á málum og ég skil ekkert í hæstv. ráðherra að taka sér það vald, ef hann telur sig hafa þann rétt, taka sér þann rétt að haga málflutningi sínum með þeim hætti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna orða hv. 2. þm. Austurl. vil ég leyfa mér að lesa úr 28. gr. þingskapa, en þar stendur:

„Við fyrri umræðu hefur flm. allt að 15 mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að 8 mínútur. Hver ræðumaður má tala tvisvar."

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að þingmönnum gefist kostur á að tjá sig hér til jafns við fulltrúa framkvæmdarvaldsins í þessum umræðum og hef nú mína ræðu.

Ég vek athygli á því að í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstjórnar er tekið svo til orða undir liðnum „Byggðastefna og samgöngumál" í lokin, með leyfi virðulegs forseta: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir ráðstöfunum til þess að bæta rekstur orkuveitna á landsbyggðinni til þess að draga úr húshitunarkostnaði þar sem hann er hæstur." — Þetta er tilvitnun í stjórnarsáttmálann.

Ég held að það sé hollt að hafa það í huga þegar þessi mál eru rædd hvað ríkisstjórnin hefur ætlað sér í þessum efnum og bera það saman við efndirnar

fram til þessa.

En hér er til umræðu, virðulegur forseti, þáltill. frá nokkrum þingmönnum Framsfl. um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði. Ég get ekki tekið það illa upp út af fyrir sig að þingmenn hreyfi þessu máli þar sem um er að ræða eitt sárasta misrétti í þessu landi, þessi gífurlegi munur, sem menn þekkja af reikningum sínum sem þurfa að standa undir þeim kostnaði þar sem hann er hvað hæstur, og þessi mismunun er bæði á almennum taxta raforku, um 36% milli Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðar hins vegar víðast hvar og varðandi húshitun er þessi munur miðað við sambærileg húsakynni hátt í það þrefaldur eða milli tvöfaldur og þrefaldur munur, en í reynd er hann auðvitað mun meiri vegna þess bæði að húsakynni og híbýli manna eru með nokkuð öðrum hætti víða úti um landið en algengt er hér á Reykjavíkursvæðinu þar sem sambýli og fjölbýli er mjög algengt og orkukostnaður er mun minni í slíku húsnæði og einnig eru landsvæði norðar á landinu með lægri meðalhita víðast hvar en hér í Reykjavík sem leiðir til hærri húshitunarkostnaðar. Vissulega er það svo að það eru reikningarnir, það er sá kostnaður sem menn þurfa að standa undir sem reynir á hverju sinni og dreg ég þó ekkert úr þörfinni á að búa þannig að húsakynnum að orkunotkunin sé eðlileg og hófleg, þ.e. með orkusparnaðaraðgerðum sem svo eru kallaðar.

Ég vil þá víkja aðeins að bakgrunni þessarar till. og ég get ekki annað en tekið undir það þegar hæstv. ráðherra gagnrýnir flm. fyrir hvernig þeir koma með þetta mál inn á Alþingi. Það má nefna það ýmsum nöfnum, jafnvel ekki fallegum nöfnum þegar þingmenn stjórnarflokka eru nýbúnir að fella hér eða svo til nýbúið að fella hér tillögur á Alþingi sem fluttar eru í eðlilegu samhengi við þetta mál, þ.e. við undirbúning fjárlaga. Þegar þeir eru búnir að standa að því sem einn maður með öðrum stjórnarliðum að fella slíkar tillögur koma sömu þingmenn nokkrum vikum seinna og flytja tillögu sem ekki er hægt að kalla annað en aumustu sýndarmennsku, auðvitað tilkomið vegna þess að það er búið að banka svo í bakið á þessum hv. þm. eftir áramótin, eftir að þeir felldu tillögur okkar alþýðubandalagsmanna við fjárlagagerðina.

Það dugir skamt, hv. 1. þm. Vesturl., að vísa til þess að það hafi dunið yfir hækkanir á húshitunarkostnaði í landinu eftir að fjárlög eru afgreidd. Síðustu hækkanir á húshitunarkostnaði voru 1. des. á svæði Rafmagnsveitna ríkisins og ég hygg einnig hjá Orkubúi Vestfjarða, lágu fyrir við fjárlagagerðina, voru skilmerkilega tíundaðar hér í umræðum, hvað þar var á ferðinni, alveg fram í atkvæðagreiðslu sem var bæði við 2. og 3. umr. fjárlaga.

Ég hlýt einnig að vekja athygli á að í þessari tillögu þeirra hv. sex framsóknarmanna er í rauninni ekki að finna nokkur einustu markmið. Þetta er slíkur texti að maður hefur ekki séð það öllu óburðugra. Það er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu. En það er ekkert sagt að hverju eigi að stefna í þeim efnum, hvers eðlis þær aðgerðir eigi að vera, og það er ekki gengið lengra en svo að hugsa til þess að það komi fram tillögur um þessi efni í tengslum við fjárlagaafgreiðslu fyrir næsta ár. Það er allur stórhugurinn sem er á ferðinni í þessari tillögu.

Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á þessum vinnubrögðum því að ég þekki þetta ofurvel frá þingmönnum Framsfl., sumum hv. þm. sem enn sitja hér á Alþingi, frá fyrri árum, hvernig þessir menn stóðu að verki þegar ég gegndi starfi iðnaðar- og orkuráðherra á árunum 1978–1983, með hléi þó, og hvernig menn gengu fram á Alþingi og í fjölmiðlum, þingmenn Framsfl., með sýndarmennskuna einbera eftir m.a. að hafa staðið að frávísun á tillögum um orkuskatt og aðrar aðgerðir til jöfnunar innan ríkisstjórnar. Það væri hægt að hafa uppi ýmis orð um það.

Ég hlýt líka að minna á að afgreiðslan á málefnum Rafmagnsveitna ríkisins, sem hæstv. iðnrh. hefur minnt á hvernig stendur núna, lá fyrir við fjárlagagerð. Hvar voru tillögur þm. Framsfl. um aðra afgreiðslu mála hjá Rafmagnsveitum ríkisins við fjárlagagerðina en annarra stjórnarliða? 400 millj. kr. halli og dreginn upp skuldahali mun meiri og mun meiri vandi hjá þessum fyrirtækjum sem auðvitað mun bitna á viðskiptavinum þeirra ef ekki verður við brugðist af stjórnvöldum og staðið við gefin fyrirheit um yfirtöku skulda sem gefin voru á útmánuðum 1986 og raunar einnig þegar Hitaveita Suðurnesja yfirtók flutningslínur til Suðurnesja og þar sem um vanefndir er að ræða í sambandi við afgreiðslu þess máls hjá stjórnvöldum á þeim tíma.

Vissulega hefur, virðulegur forseti, blasað við lengi þörfin á jöfnun orkukostnaðar í landinu og ég hef hér ekki ráðrúm til þess að fara að rekja viðleitnina í þeim efnum og hvernig mál hafa þróast þar að lútandi. En ég minni á það að hér fyrir þinginu liggur till. frá okkur þm. Alþb. um stefnumörkun í raforkumálum, flutt af hv. þm. Þórði Skúlasyni og öðrum þm. Alþb., þar sem vísað er til nauðsynjarinnar á því að athuga hið fyrsta hvernig unnt sé að skipuleggja öflun og dreifingu raforku þannig að allir landsmenn búi við sem jafnast orkuverð. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir þá nefnd stjórnarliða sem nú starfa á vegum hæstv. iðnrh. að fara ofan í saumana á þessu efni, hvort ekki sé tímabært að létta flutningskerfinu í landshlutunum af Rafmagnsveitum ríkisins, því sem veldur þeim mestum tilkostnaði að standa undir, aðalflutningslínunum til þéttbýlisstaðanna og út um sveitir, og hið sama gildir auðvitað um Orkubú Vestfjarða, því ég held að þetta mál verði ekki leyst með neinum viðunandi hætti nema slík endurskipulagning fari fram. Jöfnun á heildsöluverði raforku frá Landsvirkjun sem lögboðið var með breytingu á lögum um Landsvirkjun veturinn 1982–1983 var vissulega mikilvægt spor. Og yfirtaka ríkisins á byggðalínunum var auðvitað þýðingarmikið í þessu

samhengi þannig að margt hefur verið gert í þessum efnum, en við erum enn fjarri því sjálfsagða markmiði að landsmenn búi nokkurn veginn við sama grunnverð á orku, hvort sem þeir kynda með hitaveitum eða rafmagni. Hver sem orkugjafinn þarna er á það að vera markmiðið. Þetta eru undirstöðuþarfir og ef menn ætla sér eitthvað með orðum um að tryggja byggð í þessu landi verður að afnema þá grófu mismunun sem landsmenn þar búa við.

Þá er það hæstv. iðnrh. Nú vildi ég gjarnan að hann heyrði mál mitt því að ég ætla að beina til hans fsp. Hæstv. iðnrh. vék að ýmsu í sínu máli og ég þakka honum fyrir það. Þar á meðal fjallaði hann um hugsanlegar leiðir, ef ég skildi ráðherrann rétt, til þess að bregðast við þeim vanda sem hans ráðuneyti og hann sjálfur er að glíma við. Hann vék í sínu máli ... (**Forseti:** Ég verð að minna hv. 2. þm. Austurl. á að hann er kominn langt fram yfir þær 8 mínútur sem honum standa til boða.) Hvað er ræðumaður kominn langt fram yfir 8 mínútur? (**Forseti:** Ræðumaður er kominn nákvæmlega 4 mínútur fram yfir leyfilegan ræðutíma.) Hvað talaði hæstv. iðnrh. mikið fram yfir, með leyfi forseta? (**Forseti:** Ég held að það sé nú ekki atriði í þessu, en ég vil biðja hv. ræðumann að reyna að ljúka máli sínu sem allra fyrst.) Ég er að tala hér um jöfnun á orkuverði í landinu, tillögu þar að lútandi. Er ekki ástæða til þess að menn standi hér nokkuð jöfnum fæti í umræðum varðandi ræðutíma?

Hæstv. ráðherra vék að því að skattlagning á orkugjafa í landinu væri með mismunandi hætti. Við skattlegðum ekki innflutta orku, en skattlegðum hins vegar innlenda orkugjafa. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi í huga og sé reiðubúinn til þess að taka upp orkuskatt til jöfnunar á orkukostnaði í landinu, orkuskatt sem leggist á alla orkugjafa í þessu landi, hitaveitur, þar á meðal jarðvarmann, innflutta orku til landsins og þá einnig raforku, til þess að safna í sjóð til að jafna svo að um muni orkukostnaðinn í þessu landi. Tillaga um þessi efni var undirbúin í minni tíð í iðnrn. og borin fram við þáv. hæstv. ríkisstjórn, en um hana tókst ekki samstaða. Ég tel hins vegar að þar sé að finna leið sem sé eðlilegt að athuga einmitt núna þegar menn eru að fjalla um þessi efni.

Ég vil líka nefna það sem ég kom að áðan í sambandi við endurskipulagningu raforkukerfisins. Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til þess að athuga um yfirtöku, að hvetja til samninga, t.d. við Landsvirkjun, og það er hún sem hlýtur að koma þar að máli, um yfirtöku á flutningskerfi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til þess að létta á kostnaði þeirra og til þess að samfélagið taki á þeim vanda með því að endurskipuleggja þannig raforkukerfið? Þetta eru þær spurningar sem ég vildi leggja sérstaklega fyrir hæstv. ráðherra. Ef hann hefur aðrar lausnir fram að færa og tillögur um þessi efni er vonandi að þær komi hér fram áður en þessari umræðu lýkur.

Hér skal ég, virðulegur forseti, láta lokið máli mínu. Það má vera að ég biðji um hið sama og hæstv. ráðherra að fá að koma hér aftur inn í þessa umræðu því að ég hefði sitthvað fleira um þetta að segja.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að það er ekkert sem mælir á móti því að hv. þm. taki til máls tvisvar í þessari umræðu. Forseti vill hins vegar benda á að það hefur verið siðvenja hér á hinu háa Alþingi að núv. ráðherra hafi nokkurn forgang umfram fyrrv. ráðherra.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að forseti skeri ekki niður umræðu mér til handa í ljósi þess sem á undan hefur gengið þannig að menn standi hér jöfnum fótum áfram. Ég skal þó reyna, virðulegur forseti, að fara ekki mjög fram yfir tímann sem ætlaður er.

Þessi tillaga, ég tek undir það bæði með hæstv. ráðherra og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, er einhver mesta sýndarmennskutillaga sem fram hefur komið á Alþingi, a.m.k. þann tíma sem ég hef þar setið. Sýndarmennska í ljósi þess að þessir sömu aðilar sem þarna eiga hlut að máli, nokkrir hverjir, þar með fyrrv. hæstv. ráðherra úr Framsfl. sat í ríkisstjórn í fjögur ár og lét okkur, landsfólk, búa við sama hlut og nú er að gerast og stendur að afgreiðslu fjárlaga á þann veg sem gert var á sl. hausti og hér var rifjað upp. Það er auðvitað enginn vandi að vera stjórnaraðili og haga sér með þessum hætti. Þetta hefði hverjum og einum stjórnarþm. þótt gott að flytja sem sitt mál hér inni á Alþingi, en það eru ekki nema sumir sem leyfa sér slíka siði og þá er helst að finna í Framsfl. að því er virðist.

En þessi tillaga segir meira. Þessi tillaga segir í raun og veru það að ekkert megi gera fyrr en á næsta ári í þessum efnum. Hún í raun og veru lokar fyrir það að neitt verði gert nú sem er auðvitað full þörf á að gera strax og þar tek ég undir með hæstv. ráðherra. Þetta þarf að gera strax en ekki bíða eftir því að þessum sex hv. þm. Framsfl. þóknist að hugsa um það á næsta ári. (**Gripið fram í:** Rétt.) Þetta er auðvitað hefting á því að hægt sé að gera neitt núna. Þetta er tillaga í öfuga átt. Hún er andstæð hagsmunum landsbyggðarfólks sem býr við hæst orkuverð. Hún vill hefta stjórnvöld í því að gera hlutina strax eins og verður að gera. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur.) Þetta er enginn misskilningur. Þetta er orðrétt, hv. þm. Þarftu að lesa tillgr.? Það þarf auðvitað ekki. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. sem flytja málið hafi kynnt sér það.

Hæstv. iðnrh. lét í það skína að það stæði á ráðherrum Alþfl. að því er varðaði þetta mál. Sé það réttur skilningur hjá mér vil ég leiðrétta hæstv. iðnrh. Það var hæstv. fjmrh. sem lagði til skipan þessarar umræddu þriggja manna nefndar, en iðnrn. eða fulltrúar þess hafa verið hálfgerðir dragbítar í þeim efnum. (Gripið fram í.) Þetta hefur þm. eftir

nokkuð öruggum heimildum. (**Iðnrh.:** Kannski frá hæstv. fjmrh.?) Ég tel enga ástæðu til þess að gera grein fyrir því á þessu stigi máls, en það er trúlega hægt að kynna sér það frekar.

Hæstv. ráðherra sagðist hafa skrifað bréf til hæstv. fjmrh. 30. des. Um hvað var það bréf? Það var ekki í tengslum við þetta. Var það ekki í tengslum við uppgjör að því er varðaði Orkubúið og Rafmagnsveitur ríkisins? Það lá ljóst fyrir að það skortir um 500 millj. á að því er varðar Orkubúið, sem ríkið skuldar vegna afnáms verðjöfnunargjaldsins, og líklega 700 eða 800 millj. eða meira sem það skuldar Rafmagnsveitum ríkisins vegna sömu niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi þannig að hér er um hundruð milljóna að ræða sem ríkissjóður skuldar en var búinn að lofa greiðslu á þegar verðjöfnunargjaldið var afnumið á sínum tíma. Bæði þessi fyrirtæki áttu að standa jafnfætis eftir sem áður.

Ég hygg að það geti enginn haldið uppi deilum hér á Alþingi um misrétti í þessum efnum. Það er öllum ljóst að misréttið er gífurlegt sem hér er um að ræða, svo mikið að hæstv. ríkisstjórn kemst ekkert undan því að taka á málinu strax. Mér er auðvitað ljóst að *þetta verður ekki gert í einu vetfangi.* Þessi aðstöðumunur verður ekki jafnaður á einu bretti, en það verður að stíga verulegt skref í þá átt að hér verði jöfnuður á. Annað gengur ekki því að haldi þessi þróun áfram leiðir hún til þess að landsbyggðarfólkinu, sem nú býr þar, fjölgar hér á suðvesturhorninu örar en nokkru sinni áður. Reykjavíkursvæðið hefur heldur ekki efni á því að láta slíka þróun eiga sér stað. Það er því nauðsyn á að bæta hér úr strax.

Hv. þm. Alexander Stefánsson vitnaði til dyggðanna hjá sumum þm. Framsfl. að því er varðaði landsbyggðina. Ég man ekki betur en að formaður Framsfl., núv. hæstv. utanrrh., hafi skilað hér nál. og yfirlýsingu 1983 þess eðlis að *menn skyldu beita* sér fyrir jöfnun á aðstöðu með búsetu í huga um landsbyggðina í kjölfar breytinganna á kosningalögunum. Hvað hefur gerst í þeim efnum af hálfu Framsfl.? Hafa þeir verið hinir ötulu forustumenn til þess að létta byrðarnar á landsbyggðarfólki það tímabil sem liðið er síðan? Og af því að hv. þm. minntist á Landsvirkjun, hver á sæti af hálfu Framsfl. í stjórn Landsvirkjunar? Hvaða þm. skyldi það vera? Það er formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson. Maður skyldi ætla að sá ráðamikli maður hefði aðstöðu til þess að taka málin upp þar og beita sér fyrir breytingum að því er þetta varðaði. Allt *þetta mál af hálfu þeirra* þm. Framsfl. sem hér eiga hlut að máli er sýndarmennskan helber og sýnir fram á það að hér er verið að gera tilraun til þess að hefta stjórnvöld í að gera neitt í þessu máli núna strax. Það á ekki að gerast fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég held ég geti tekið undir flest það sem fram kemur í þessari till., bæði tillgr. sjálfa og grg. Hitt er svo annað mál að maður er nokkuð hissa á því að það skuli vera sex stjórnarþm. sem flytja þessa till., yfirlýsingu um það að starf núv. ríkisstjórnar og starf fyrrv. ríkisstjórnar hefur ekki gengið upp í þessum málum, yfirlýsingu um það að þeirri ríkisstjórn sem þessir menn fylgja og þeirri ríkisstjórn sem þeir studdu og hv. 1. flm. þessarar till. var ráðherra í tókst ekki að laga þessa stöðu sem verið hefur á undanförnum árum. Þetta er því miður ekki alveg nýtt. Og ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni að önnur eins sýndartillaga frá stuðningsmönnum eins stjórnarflokksins og fyrrv. stjórnarflokks og þessi tillaga er hefur varla sést hér á Alþingi. Margar eru þær framsóknartillögurnar sem hafa komið fram hér á hv. Alþingi á svipaðan máta og þessi, en ég held að engin komist í hálfkvisti við þessa.

Inni í grg. eru ýmsir hlutir sem flm. benda á að þurfi að leiðrétta og flestir eru þeir á þann veg að það á að fara að leiðrétta það sem ríkisstjórn eða fyrrv. ríkisstjórn hefur verið að gera. Ég nefni t.d. þann þátt að dregið hefur verið úr niðurgreiðslum. Hverjir skyldu hafa staðið að því? Hverjir skyldu hafa staðið að því að fella niður verðjöfnunargjald og draga úr því? Var það ekki Framsfl. í fyrrv. ríkisstjórn? Og svo koma þessir menn og býsnast yfir því að þessir hlutir skuli vera á þennan veg sem þeir eru. (**Gripið fram í:** Með heilagri vandlætingu.) Með heilagri vandlætingu, rétt. Og við megum alveg búast við því, þm. Vesturlands, að þegar farið verður að ræða um hlutina fyrir vestan og í kjördæminu verði vandlætingin enn þá meiri en hún er hér á hv. Alþingi, að það verði sagt að framsóknarmenn, baráttuhópur, eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan, baráttufólk í flokki framsóknar, hefðu beitt sér fyrir hér á Alþingi að breyta nú þessari stöðu sem ríkisstjórnin hefur leitt yfir landsbyggðina. *Mikið skal til mikils vinna til að fá einhvern pappír* til þess að mikla sig af.

Það kom fram hér í ræðu hv. síðasta ræðumanns að inni í lykilstofnun í sambandi við raforkuverð, Landsvirkjun, situr hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl. (**EG:** Formaður Alþb. situr þar líka.) Alveg rétt. Ég ætla einmitt að fara að bjóða hv. þm. Alexander Stefánssyni að beita sér fyrir því að þessir tveir þm. tækju nú upp samstarf inni í Landsvirkjun um það að stefnu Landsvirkjunar yrði breytt á þann veg sem hv. þm. var að benda á að þyrfti að gera. Ætli það sé nokkurt vit að Landsvirkjun stefni að því núna að borga niður meginhluta *sinna skulda fyrir aldamót, á næstu 10–12 árum?* Og ætli það sé nokkurt vit, á meðan þannig stendur á að orkuverð er á þann veg sem hér hefur verið lýst, að þessi stofnun sé að borga tugmilljónir í tekjuafgang til eigenda sem hefur nú verið gert á þessu ári og á því síðasta?

Við skulum gera bandalag og leita eftir því að þessir höfðingjar geri bandalag í stjórn Landsvirkjunar og komi *þar ákveðnum leiðréttingum til skila,* m.a. út frá því að þegar Landsvirkjun er að semja um sölu á orku er hún að tala um að semja um það

til 40 ára. Ætli væri ekki meira vit að lán Landsvirkjunar væru greidd niður á 40 árum en á 10 árum?

Það er svo líka nokkuð sérstakt að framsóknarþm. skuli tala um það að verið sé að íþyngja atvinnuvegunum í landinu með háu orkuverði. Og þó að kannski sé svolítið mikið sagt í grg., að orkukostnaðurinn sé orðinn fyrirferðarmesti liðurinn í rekstri fyrirtækja, er það rétt að orkukostnaðurinn er mjög íþyngjandi liður og aukinn liður. En ætli hefði ekki verið rétt að flokksmenn flutningsmanna, hæstv. ráðherrar sjávarútvegs og landbúnaðar, hefðu á undanförnum árum, undanförnum mánuðum, beitt sér fyrir leiðréttingu á þessu sviði, svo og ýmsum öðrum sviðum sem eru að kollkeyra þessa tvo undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Þó að illa sé nú farið víða í iðnaðinum er það náttúrlega ekki í neinum samjöfnuði við þá stöðu sem málin eru í hjá hinum hæstv. ráðherrunum sem ég nefndi áðan. Það virðist a.m.k. heldur vera að rofa til í sambandi við útflutningsgreinar iðnaðarins, en því miður er það frekar á hinn veginn hjá hinum atvinnugreinunum.

Vitaskuld tek ég undir þær áskoranir sem hafa komið vítt og breitt um landið og eru að benda á hvað mismunur orkukostnaðarins er mikill og hefur farið vaxandi. En því miður verður að taka undir það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan að nokkur sök þessa er sú eða það hvetur til þess að olíuverðið hefur verið að lækka og mismunurinn er enn þá meiri en hefur verið áður. En á undanförnum árum var orkukostnaðarmunurinn á landsbyggðinni og hér í Reykjavík mjög mikill. Ég hef því miður ekki neinar tölur til að bera fram. En umræðan var á svolítið sérstökum vettvangi tvö, þrjú sl. ár. Hún var fyrst og fremst á þeim vettvangi að verið var að reyna að bjarga og verið að ræða um önnur orkusölufyrirtæki, þ.e. hitaveiturnar út um landið, á Akranesi, Akureyri, Vestmannaeyjum og víðar. Þar voru stærstu vandamálin og þar var mestur mismunurinn. Upphitunarkostnaður hjá þessum hitaveitum var orðinn meiri en af raforku. Og það var verið að bera saman hitakostnað raforku og hitaveitnanna þessara.

Í hita þessarar umræðu gleymdist það, því miður, að mismunurinn á milli suðvesturhornsins og landsbyggðarinnar var eftir sem áður mikill. En sú staða sem er komin upp núna vekur þá umræðu sem hér er og hún er þörf. Hún er þörf á þann veg að það er ekki hægt að bíða til næstu áramóta og til ársins 1989, heldur þarf að leysa þessi mál strax. Þess vegna tek ég undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan og hv. 2. þm. Austurl. reyndar líka að þessi tillaga er ekki um það að fara að leysa þennan vanda. Hún er um það að fresta aðgerðum til næsta árs. Frá þeirri stefnu þarf að hverfa og ég held að framsóknarmennirnir sem flytja þessa tillögu hafi heldur mikið verið að flýta sér þegar þeir voru að semja hana til að koma henni til umræðu inn á hv. Alþingi ef þeir hafa ekki tekið eftir þessum grunnpunkti sem er í tillögunni að lagt er til að það verði ekki farið að leysa þessi mál fyrr en á næsta ári og það verði fjárlög ársins 1989 sem eigi að fá fjármagn til þess að jafna stöðuna.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja hve orkuverð er mismunandi hér á landi. Einnig er öllum að verða það ljóst hvernig mismunurinn kemur fram, nú þegar neyðaróp berast frá landsbyggðinni vegna þessa og margir taka svo djúpt í árinni að telja að kostnaður vegna húshitunar sé veigamikill þáttur í fólksflóttanum til suðvesturhornsins og þeirri búseturöskun sem af honum hlýst.

Ég vil lýsa stuðningi Kvennalistans við efni þessarar tillögu og stuðningi okkar við hvert það mál sem hér kemur fram sem kann að verða til úrbóta á því misrétti sem fólk býr við í þessum efnum. Jafnframt vil ég lýsa þeirri skoðun að hér sé þó ekki nóg að gert. Það þarf að endurskoða skipulag raforkumála í landinu frá grunni og það er sannarlega athugunarvert hvort ekki mætti breyta verkaskiptingu á milli Rafmagnsveitnanna og Landsvirkjunar, t.d. að Landsvirkjun tæki að sér lagningu og viðhald háspennulína eða þá að lögum verði breytt og í hlut stjórnvalda komi að ákvarða gjaldskrá Landsvirkjunar.

Ýmsir menn sem kunnugir eru raforkumálum og raforkusölu fullyrða að heildsöluverð raforku frá Landsvirkjun sé allt að 50% hærra en það sem kalla mætti eðlilegt verð. Skýring á þessu er trúlega sú yfirlýsta stefna forráðamanna Landsvirkjunar að fyrirtækið verði skuldlaust um aldamót auk þess sem eigendum eru ætlaðar arðgreiðslur. Og ég spyr: Er nokkurt réttlæti í því að Landsvirkjun miði gjaldskrá sína alfarið við afkomu fyrirtækisins án þess að taka nokkurt tillit til hagsmuna almennings, hvað þá framleiðslufyrirtækja?

Landsbyggðin til sjávar og sveita stendur nú höllum fæti, fremur nú en oft áður, og lækkun orkuverðs er eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar nú um stundir svo sem hv. flm. rakti í framsögu og fram hefur komið í máli fleiri manna. Því vil ég lýsa stuðningi við þessa tillögu en ég lýsi jafnframt eftir afdráttarlausari framtíðaraðgerðum um lausn á þeim hnút sem raforkumál okkar eru komin í.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þáltill. og sýna náttúrlega ljóslega að mönnum er ljóst að hér er um alvörumál að ræða. Það hefur einnig verið staðfest hér að þörf sé umræðu um slík mál.

Ég vil í byrjun taka fram að auðvitað er ekki um neina sýndartillögu að ræða. Þetta mál er búið að vera eitt heitasta umræðuefni í þingflokki framsóknarmanna frá því að þing kom saman sl. haust og við höfum að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra efnahagsaðgerða sem núv. ríkisstjórn þurfti að gera í sambandi við fjárlög. Hins vegar má viðurkenna það að auðvitað hefði verið ástæða til að gera uppreisn í þessu

máli við afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar völdum við þann kostinn að gera það ekki, en óskuðum eftir því að ríkisstjórnin sýndi í verki að hún væri með ákveðnar aðgerðir til framhaldsaðgerða í þessu máli sem ekki hafa komið fram.

Ég vil frábiðja mér þeim ásökunum sem hér hafa komið fram um það að hér sé um sýndarmennsku og óeðlileg vinnubrögð að ræða. Það er náttúrlega frjálst hverjum þm. hvort sem það er einn eða fleiri að koma inn í þingið með áherslupunkta í sambandi við þessi mál og þegar ekki er sterkar kveðið á en það að flytja það í þáltill. væri það skrýtið ef það frelsi ætti ekki að vera til staðar.

Ég vil einnig geta þess í sambandi við það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan varðandi þá nefnd sem hann hefur skipað að þessi nefndarskipun kom aldrei inn á borð til þingflokks framsóknarmanna og þingflokkurinn hafði ekki hugmynd um það að í þriggja manna embættisnefnd ætti að skipa sérstakan fulltrúa frá þingflokknum eða Framsfl. með hinum embættismönnunum í nefndina þannig að út af fyrir sig er óþarfi að vera að blanda því saman. Hins vegar höfum við ekki á neinn hátt á móti því að það sé túlkað þannig af hæstv. iðnrh. eða ríkisstjórninni að þetta sé fulltrúi Framsfl. Það er alveg sjálfsagður hlutur því að þessi mæti maður sem þarna er einn af embættismönnunum í þessari nefnd er að sjálfsögðu mikilhæfur á þessu sviði og við treystum honum fullkomlega. En það er óþarfi að vera að blanda því saman við þessa framlagningu þáltill. því að það er hægt að fá staðfestingu á því í bókun þingflokksins.

Í sambandi við málið almennt er náttúrlega númer eitt og tvö í þessu máli að hægt sé að finna grundvöll til þess að standa saman um aðgerðir sem koma að gagni. Og af því að hér hefur komið fram í umræðunum að þessi till. til pál. loki fyrir aðgerðir vil ég undirstrika að það sem við viljum segja í þessari stuttu tillgr. er einvörðungu það að við viljum að það sem gert er núna sé gert strax, en eigi að síður sé gert ráð fyrir því í undirbúningi fjárlaga að taka tillit til þeirra útgjalda sem ríkið þarf þar að leggja fram. Ég tók fram í minni framsöguræðu að við skiptum þessu í þrennt í raun og veru.

Í fyrsta lagi aðgerðir strax til að mæta þeim vanda sem blasir við í dag og verður ekki gert nema með auknum niðurgreiðslum. Þar á ég við að jafna hið almenna raforkuverð til húshitunar.

Í öðru lagi að finna út möguleika gegnum Landsvirkjun, að setja jaðarverð á orkuverðið, heildsöluverðið til upphitunar, miðað við 40 ára tíma í staðinn fyrir 10 ára tíma sem núverandi orkuverð frá Landsvirkjun er aðallega miðað við. Það yrði atriði sem kæmi strax inn í umræðurnar um þetta mál. Það er hægt að gera það með ákvörðun í Landsvirkjun.

Í þriðja lagi, sem er náttúrlega stóra málið, hvaða ráðstafanir er hægt að gera til þess að jafna þennan aðstöðumun í landinu í sambandi við orkuverðið sem allir flokkar hafa lýst fylgi sínu við að gera. Þarna blandast inn í það sem ég lagði áherslu á í framsöguræðu, að ég tel að endurskoða þurfi lögin um Landsvirkjun. Jafnvel þó það væru formaður Alþb. og formaður þingflokks framsóknarmanna í stjórn Landsvirkjunar, þá ráða þeir ekki stefnunni í þessari virðulegu stofnun sem er Landsvirkjun. Það virðist svo að mínu mati, eftir þeim upplýsingum og miðað við þau gögn sem fram hafa komið, að þessi ágæta stofnun hlýði ekki einu sinni ríkisstjórn í aðalatriðum. Ég hef þá skoðun að það sé lykilatriði að þetta mál sé skoðað frá grunni hvort ekki sé eðlilegt að taka lögin um Landsvirkjun til endurskoðunar og taka þar inn í málefni Rafmagnsveitna ríkisins sem greinilega ráða ekki lengur við þetta verkefni sitt að halda niðri raforkuverði í landinu. Það er alveg útilokað miðað við þann rekstur og þar inn í kemur einnig Orkubú Vestfjarða. Ég held því að þetta mál þurfi að skoða frá grunni og auðvitað er það aðalmálið í þessu.

En ég endurtek: Ég tel að miðað við þær aðstæður sem núna blasa við og ekki síst að fram undan er í ráðagerð hækkun 1. maí frá Landsvirkjun, hún er boðuð, sé útilokað annað en að gera ráðstafanir strax til að jafna þennan mun. Hins vegar vil ég segja við hv. þm. sem hér hafa verið að tala um að það sé verið að loka fyrir aðgerðir með þáltill.: Þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin þarf að gera milli fjárlaga verður að tryggja í fjárlögum næsta árs. Það vita allir menn sem nálægt þeim málum hafa komið þannig að við skulum ekki vera að deila um þetta atriði.

Aðalatriðið er það að koma fram með þetta mál og fá um það umræður og reyna að finna sameiginlega lausn og ég get sagt það við hæstv. iðnrh. að ég er algjörlega tilbúinn og við, allur þessi hópur og meira til í okkar flokki, að styðja við hverja þá hugmynd sem hægt er að koma auga á að sé hægt að framkvæma í þessum málum. Við skulum taka höndum saman um lausnir í málinu.

Ég vil aðeins segja það í sambandi við olíuna að auðvitað er það rétt að olían hefur lækkað sem betur fer og það hefur verið talið að stöðugleiki sé á olíuverði í dag og hefur verið um langt skeið og er spáð í næstu framtíð. En í verðlagningu á upphitun með raforku hefur verið tekið mið af olíuverðinu í heiminum og það verður að sjálfsögðu gert áfram. Þessir útreikningar sem voru gerðir á rafveitunni í Búðardal standast alveg þetta próf. Ég vil leiðrétta hæstv. iðnrh. sem sagði hér áðan að tilvitnunin í íbúðaverðið, verðmiðunin á olíu og rafmagni í Dalasýslu miðað við íbúðarhúsnæði er 34,6% en ekki 80% eins og ráðherra sagði. (**Iðnrh.:** Það er líka rangt.) Við skulum segja að það sé hægt að miða við aðrar tölur. En það skiptir ekki öllu í þessu máli, það er ákveðið fyrir fram. (**Iðnrh.:** Það skiptir máli hvað er rétt og hvað er rangt.) Það er nákvæmlega útskýrt hvað viðkomandi rafveita leggur til grundvallar. (Gripið fram í.) Það má deila um það hvort þær forsendur eru réttar, en dæmið er rétt. Mismunurinn er viðurkenndur í öllum þessum tilfellum og ég ætla ekki að tefja umræðurnar um það við að lesa

þessar útskýringar, þær eru opinbert plagg. Ég hef hérna í höndunum upplýsingar um 130 m^2 hús þar sem greitt er 16 024 kr. fyrir upphitun í 61 dag, núna eftir áramótin í raforkuhitun. Sams konar hús hér í Reykjavík, nákvæmlega sama stærð, borgar 4318 kr. fyrir 61 dag. Þetta er það sem snýr að fólkinu, hæstv. iðnrh., og við skulum ekki gera lítið úr því. Við skulum segja að það geti verið mismunandi forsendur, og allt í lagi með það, og það sé þess vegna ekki rétt að draga alveg línurnar um það að þetta sé nákvæmlega svona í öllum samanburði. En svona eru dæmin sem við fáum sem fólkið er með í höndunum. Það er hins vegar ekki aðalatriðið, heldur það að snúast til varnar og fá fram leiðréttingar í þessu máli. Og við skulum alveg sleppa öllum umræðum um það hvað menn hafa gert áður eða eru að gera á ýmsum sviðum. Við sem tökum þátt í ríkisstjórnum, samstjórn fleiri flokka, við verðum að gera ýmislegt til samkomulags sem þm. eru ekki sáttir við, gera tilraun til breytinga en flestallir a.m.k. sætta sig við það í stjórnarsamstarfi að samþykkja þá niðurstöðu sem fengin er.

En ég vil bara segja það að lokum að ég treysti því þó að ég hafi efasemdir um það að þessi þriggja manna embættismannanefnd ráði við það verkefni þannig að við getum vænst þess að niðurstaða komi um aðgerðir sem séu fullnægjandi núna næstu vikur — það tel ég vera útilokað að geti verið til staðar. En alla vega fagna ég því að þessi nefnd er að hefja störf og ég vonast til þess að niðurstöður verði a.m.k. þannig að við fyrsta áfanga komi jöfnun á því augljósa misrétti sem núna er komið við síðustu hækkun og næstu hækkun á verði í raforkugeiranum og framhaldið verði síðan á þeim nótum sem við erum að tala um. Ég skal fyllilega taka þátt í því að endurskoða lögin um Landsvirkjun og reyna að koma því til leiðar að a.m.k. verði þessu stórvirka fyrirtæki okkar og öfluga, sem það á að vera, breytt á þann veg að það taki fullt tillit til þess mismunar í orkukostnaði sem er í landinu og við getum a.m.k. notað Landsvirkjun til þess að gera breytingar á þessu misvægi. En það má vel vera að dæmið sé stærra og það þurfi að gera breytingar til þess að auka tekjur ríkisins til að standa fyrir þessu. Við verðum þá að mæta því. En það verða að koma róttækar tillögur í þessu máli og ég endurtek, og það skulu vera mín síðustu orð, að þetta verður ekki leyst til frambúðar nema með því að endurskoða orkukerfið í heild. Það kemur að því sem a.m.k. hefur verið stefna okkar flokks að það verði eitt orkuöflunar- og orkudreifingarfyrirtæki í landinu sem selji raforkuna til allra þarfa á sama verði hvar sem er á landinu. Það er framtíðin og það verður ekki unað við annað í þessu litla þjóðfélagi okkar. Við verðum að ná þeirri stefnu fram.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það fer auðvitað ekki á milli mála að sú staða sem er í orkumálum okkar veldur mikilli umræðu í þjóðfélaginu. Ekki síst mismunandi verð á orku eftir byggðarlögum, eftir landshlutum og eftir orkugjöfum. Sú staðreynd blasir við að raforka í almennri útsölu, hvort sem er hjá Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum orkufyrirtækjum, hún hefur þó lækkað að raunvirði frá 1983. Á hinn bóginn hefur það gerst, eins og fram hefur komið í umræðunni, að innfluttur orkugjafi, þ.e. olía, hefur lækkað miklu meira, eða eins og iðnrh. sagði hér áðan: allt að 65%. Þetta veldur því að mismunur á milli orkugjafa er orðinn miklu meiri en áður var og það veldur óánægju og sárindum þrátt fyrir það að raforka hafi lækkað í verði að raungildi.

Sú till. sem hér liggur fyrir felur það eitt í sér að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði, einkum til húshitunar, og að við afgreiðslu næstu fjárlaga verði tekið frá fé til þeirra hluta. Það er því í ósamræmi við þessa tillgr. sem hv. 1. flm. segir hér í sinni síðustu ræðu að hann og þeir flm. vilji aðgerðir strax í fyrsta lagi, í öðru lagi breytingu á verðlagningu Landsvirkjunar og í þriðja lagi jöfnun á aðstöðu og orkuverði. Till. fjallar í rauninni ekkert um neinar aðgerðir strax í þessum efnum en eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. þá hefur hann unnið að því innan ríkisstjórnarinnar að ná þeim aðgerðum fram. Og ég tel mikla þörf á því að við þm. stjórnarliðsins stöndum á bak við hæstv. iðnrh. í því að koma því fram og ná því fram sem hann er þar með tillögur um. Ég ætla ekki að ræða þær tillögur hér að öðru leyti.

Ég vil aðeins segja um það skipulag sem hér hefur verið talað um að það er vitaskuld í raun eitt orkuöflunarfyrirtæki í landinu. Það hefur að heita má alla orkuöflun á sínum höndum. Það er Landsvirkjun. Og það þarf ekki skipulagsbreytingu til þess. Það er einnig rétt að láta það koma fram að heildsöluverð á raforku hefur vaxið meira en smásöluverðið þannig að í útgjöldum Rafmagnsveitna ríkisins er nú heildsöluverðið 65% af öllum útgjöldum. Allur rekstur, fjármagnskostnaður, laun og rekstrarkostnaður er aðeins 35%. Fyrir nokkrum árum var heildsöluverðið 55–57% í heildarútgjöldum fyrirtækisins. Þetta er auðvitað sumpart vegna þess að fjármagnskostnaður hefur minnkað við það að ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af lánum sem á Rafmagnsveitunum hvíldu.

Ég held að það sé einnig rétt að staðfesta það — og það ættum við hv. þm. Alexander Stefánsson að staðfesta — að við afgreiðslu fjárlaga voru fram komnar þær hækkanir sem síðast urðu á raforku. Þær urðu 1. des. Og það er rétt að staðfesta það að fjárlögin vörðandi B-hluta stofnunar RARIK voru afgreidd á þessum forsendum. Og niðurgreiðslufé til raforku var líka afgreitt á þessum forsendum. Það komu engar tillögur um það frá fulltrúum Framsfl. innan fjvn. að breyta þessu. Og ekki heldur frá þeim sem hér talar vegna þess að við höfðum staðið að þessu við undirbúning fjárlagafrv. Ég vil einnig láta það koma fram hér að það var gert ráð fyrir því að þessi hækkun á raforku dygði út allt næsta ár svo

fremi að ekki yrði hækkun á heildsöluverðinu og að ekki yrði röskun á þeim forsendum sem fjárlögin byggja á. En það verður auðvitað ekki komist hjá því að frekari hækkanir verði í smásölu ef heildsöluverðið hækkar að nýju.

Þessum aðstæðum þarf auðvitað að mæta með því að draga úr þeim mestu sárindum sem nú eru í þessum efnum sem auðvitað stafa fyrst og fremst af því hve mismunur á milli verðs á orkugjöfunum er orðinn mikill.

Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem upp hafa komið í þessum umræðum um þennan tillöguflutning, en aðeins ítreka það að till. fjallar í raun og veru aðeins um aðgerðir sem gætu tekið gildi á næsta ári. Árið 1989. Ég tel að við þurfum að standa að þessum málum á þann hátt að gripið verði til aðgerða sem draga úr þessum mismun og draga úr þeim miklu sárindum sem eru hjá notendum orku í landinu fyrr — helst sem allra, allra fyrst. Að því er vissulega unnið.

Ég skal ekki í þessari umræðu ræða frekar um skipulagsmál. En ég veit að þingheimur hefur fylgst með því að iðnrh. hefur skipað nefnd til þess að skoða skipulagsmál raforkuiðnaðarins í landinu, bæði heildsölu og smásölu. Sú nefnd er að starfi. Ég skal ekkert segja hvað út úr því kemur en ég held að menn geri stundum of mikið af því að kenna skipulagsmálum um verð á þessari neysluvöru. Við eigum við vissa erfiðleika að etja í dreifingu raforku um okkar strjálbýla og að ýmsu leyti erfiða en góða land og það breytist ekki hvaða skipulag sem við notum. Við höfum vissulega gert þær breytingar að færa verulegan hluta, þ.e. alla orkuöflunina og byggðalínurnar yfir til Landsvirkjunar og þar með gera Landsvirkjun að miklu stórveldi í þessum málum. Ég dreg í efa að það sé hyggilegt að auka við það veldi. Ég dreg það í efa þó að sumir tali hér kannski á öðrum nótum í sama mund sem þeir gagnrýna Landsvirkjun fyrir of háa álagningu á heildsöluverðið. Ég tek ekkert undir það. En ég dreg í efa að það sé til bóta að breyta skipulaginu á þann hátt að bæta við hlutverk þessa stórveldis.

Það hlýtur alltaf að verða svo þar sem stofnaðar hafa verið hitaveitur — við mjög mismunandi aðstæður — að sumar þeirra geta skilað notendum orkunnar lágu verði. Þar sem aðstæður eru erfiðar er orkan auðvitað mun dýrari. Það hefur töluvert verið gert til þess að jafna þennan mun með verulegum framlögum ríkisins, m.a. í yfirtöku lána sem hvílt hafa á hinum erfiðari hitaveitum sem hafa búið við vondan fjárhag og erfiða aðstöðu.

Ég skal ekkert kveða upp úr um það hér hvað á að ganga langt í því að jafna þetta til fulls, en væri það gert mundi það væntanlega fela það í sér að við stefndum út í þá ófæru að menn teldu sér fært að ráðast í hitaveituframkvæmdir í rauninni hvað sem þær kostuðu. Við megum gæta okkar á því að ana ekki út í slíkt fen. Við höfum vissulega gert mikið í því að bæta stöðu þeirra sem verst eru settir í þessum efnum þó ég telji að það megi að sjálfsögðu athuga það hvort unnt sé að gera meira í því að jafna þar á milli.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég tel meira virði að leitast við að taka saman höndum um það að grípa nú strax til aðgerða í þessum efnum heldur en að afgreiða hér till. um það sem gert kynni að verða við afgreiðslu næstu fjárlaga og gert kynni að verða á næsta ári.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hefur nú staðið allmikil og mjög skiljanleg umræða um raforkuverð í landinu. Það er að vonum að menn ræði það óviðunandi ástand sem er og ég tel að fyrst og fremst liggi í því misrétti, þeim mismun sem er á kostnaði til að mynda í húshitun annars vegar á þeim landsvæðum sem ódýrustu hitaveiturnar eru og hins vegar þar sem menn búa við dýrustu hitaveiturnar eða kynda með mjög dýru rafmagni. Það hefur að mínu mati fyrst og fremst fræðilegt gildi í þessu sambandi að þrátta um raunverð raforkunnar til lengri tíma litið. Hvort það hefur farið eitthvað upp eða eitthvað niður skiptir í mínum huga ekki höfuðmáli. Það sem veldur fyrst og fremst óánægju og er að kalla fram hörð viðbrögð víða í landinu núna er þessi mikli mismunur. Eins og ævinlega þegar um mikið misrétti og mikinn mismun í lífskjörum er að ræða á einu sviði eða öðru í litlu samfélagi, þá verður slíkt til ófarnaðar. Hvort raforkuverðið eða „absolútt" gildi raforkuverðsins hefur hreyfst upp eða niður skiptir í raun og veru minna máli.

Ég hygg að menn muni búa við áframhaldandi óánægju og áframhaldandi vandamál þangað til menn ráðast í það verkefni sérstaklega að jafna út þennan mismun. Því er svo auðvitað við að bæta að ef allt væri með felldu í landinu þá ættum við að geta boðið fólki hvar sem er upp á tiltölulega hóflegt verð fyrir orku því að Ísland á mikið af ódýrri orku. Og það er mikil ógæfa ef þessi þjóð heldur þannig til langframa á sínum málum að geta ekki nýtt sér í formi ódýrs orkuverðs þá miklu og auðbeislanlegu orku sem við eigum.

Ég ætla ekki að fara hér út í umræður um það hvort till. hv. þm. Framsfl. sem hér er á dagskrá sé sýndarmennskuplagg eða ekki. Það á varla heima ef menn vilja reyna að ræða efnislega um það mál sem hér er til umræðu og fjalla um það með einhverjum rökum. Menn geta gamnað sér við það einhvers staðar annars staðar að spekúlera í því hvort svona tillöguflutningur sé undirstrikun á áhrifaleysi þessara þm. innan stjórnarliðsins eða einhverju öðru, en ég vil gjarnan taka viljann fyrir verkið og trúa því að þeir séu í einlægni að leita leiða til að bæta hér úr misréttinu.

Í því sambandi vil ég hins vegar segja við hv. flm. að mér finnst skjóta ofurlítið skökku við að vísa þessu verkefni til þeirrar sömu ríkisstjórnar sem auðvitað er hér sökudólgurinn að vissu marki. Ég hefði talið það eðlilegra og í raun og veru rökréttara í framhaldi af ræðum hv. 1. flm., 1. þm. Vesturl. hér

áðan, að þessir ágætu framsóknarmenn og ágætu þm. hefðu einfaldlega staðið upp hver um annan þveran og lýst yfir stuðningi við tillögu alþýðubandalagsmanna um að setja niður nefnd í þinginu til að endurskoða skipulag raforkumála í landinu. Hv. 1. flm. margendurtók að þar lægju ákveðnar meinsemdir sem þyrfti að bæta úr. Um það höfum við þm. Alþb. flutt tillögu og ég held að það væri rökréttara að þingið tæki á þessum málum þannig að setja niður nefnd sem færi í að skoða þessa hluti, en ekki vísa því verkefni til ríkisstjórnar, á hverja tillöguflutningur af þessu tagi er auðvitað gagnrýni. Það er mótsögn í sjálfu sér og best að ræða hlutina eins og þeir koma fyrir, að það er m.a. lök frammistaða hæstv. núv. ríkisstjórnar og þeirrar sem sat næst á undan henni í þessum málum sem kallar á aðgerðir af þessu tagi.

Málið er í mínum huga mjög einfalt. Það sem þarf að gera er tvennt. Í fyrsta lagi þarf að auka niðurgreiðslur og koma til hjálpar verst settu hitaveitunum strax. Í öðru lagi að skoða málið í heild sinni, skipulag orkumálanna, með varanlega úrlausn í huga. Það er fyrst og fremst þetta tvennt sem menn eiga að horfa á. Það eru tafarlausar aðgerðir sem verða að koma til á meðan menn eru að skoða möguleikana á varanlegri lausn í þessum efnum. Það stendur ekki á þm. Alþb. að standa að flutningi þó það kunni að kosta fjáraukalög, eða hvað annað sem það mun kalla á, að grípa þegar í stað á þessu þingi til aðgerða, afla tekna og verja þeim til þessara verkefna. Ég treysti mér til að lýsa því hér yfir fyrir hönd þingflokksins því það hefur verið rætt þar.

Hvað skipulagshliðina varðar þá væri fróðlegt að ræða hana nokkuð. Í mínum huga er þar einnig um mjög einfalda hluti að ræða sem á ekki að standa lengi í mönnum eða vefjast lengi fyrir mönnum að gera upp hug sinn til. Þær breytingar hafa verið að eiga sér stað á undanförnum árum að einu fyrirtæki, Landsvirkjun hf., hefur smátt og smátt verið falin nánast öll raforkuframleiðsla í landinu, ákveðinn hluti dreifingarinnar. Síðan eru milliliðir eins og Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveita Reykjavíkur og ýmsir smærri dreifingaraðilar sem kaupa rafmagnið, orkuna af Landsvirkjun og dreifa henni út til kaupenda.

Og hvað Rafmagnsveitur ríkisins varðar þá held ég að það megi orða þetta ósköp einfaldlega þannig að lappirnar hafa verið sagaðar undan fyrirtækinu svona ein og ein eða rifnar undan því, en allar byrðarnar setið eftir á herðum fyrirtækisins. Smátt og smátt — með því að kippa undan Rafmagnsveitunum möguleikanum á því að framleiða ódýra orku til að selja síðan öðrum og í öðru lagi að reyta af Rafmagnsveitunum hagkvæmustu orkusölusvæðin — eru mjólkurkýrnar eða lappirnar teknar undan fyrirtækinu en byrðarnar skildar eftir. Þetta er ósköp einfalt mál og þarf að mínu áliti ekki að þrasa þar um. Hefðu Rafmagnsveitum ríkisins verið skildar eftir einhverjar hagkvæmar vatnsaflsvirkjanir eða virkjanir sem í fyllingu tímans hefðu getað orðið uppspretta tekna, hefði það komið á móti, staðið á móti þeim miklu útgjöldum sem orkudreifing á óhagkvæmu sölusvæði hlýtur að vera eðli málsins samkvæmt.

Þetta þarf að stokka upp. Í tillögu okkar þm. Alþb. er bent á mögulegar leiðir í því sambandi, annars vegar breytta verkaskiptingu þessara aðila eða samruna eða samstarf fyrirtækjanna í enn þá meira mæli eigi þetta fyrirtæki, Landsvirkjun hf., að nálgast það að standa undir nafni, sem það hefur í raun aldrei gert, vegna þess að í fyrsta lagi er það ekki nema hluti landsmanna sem á það og í öðru lagi þá sinnir það ekki nema takmörkuðum verkefnum. En spurningin er kannski um það: Eigum við að láta þetta fyrirtæki, Landsvirkjun hf., standa undir nafni og vera eiginlega landsvirkjun allra landsmanna sem aflar og dreifir raforku um allt land? Að mínu mati kemur það ekki til greina nema að breyta eignarhlutföllum í því fyrirtæki. Annaðhvort þannig að öll sveitarfélög landsins komi þar inn eða hlutur ríkisins vaxi í fyrirtækinu í samræmi við aukið landshlutverk þess.

Tíma mínum er víst lokið og læt ég þá máli mínu að sjálfsögðu einnig lokið innan tíðar. En að lokum vil ég segja að það horfir í mikið óefni með afkomu Rafmagnsveitnanna. Þar var rekstrartapið 300 millj. kr. á sl. ári og stefnir í allt að hálfum milljarði á þessu ári. Og mönnum er það væntanlega ljóst að við svo búið má ekki lengi standa.

Á sama tíma er Landsvirkjun að afskrifa skuldir sínar hraðar en eiginlega nokkurt annað fyrirtæki í landinu. Þannig að þar er auðvitað svigrúm til að breyta til. Þarna verður að koma á jafnvægi í afkomu annars vegar Rafmagnsveitnanna og hins vegar Landsvirkjunar. Það er ekkert því til fyrirstöðu að á næstu 10–15 árum sé hægt að stórlækka raforkuverð hér í landinu ef guð og góðir menn forða okkur frá þeirri ógæfu að asnast út í nýjar stóriðjuframkvæmdir sem munu kosta óheyrilega fjárfestingu og hærra orkuverð til innlendra notenda, eins og slík gönuhlaup hafa yfirleitt gert. Lendum við ekki út í því feni þá eru allar forsendur fyrir því með endurskipulagningu þessara mála að unnt sé að jafna og stórlækka orkuverðið í landinu á næstu árum.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Á ég ekki að segja eins og aðrir hv. þm.: Hér er hreyft mjög merkilegu máli. Það er kannski þeim mun merkilegra vegna þess að við könnumst vel við þetta mál, að stefnt sé að því að allir landsmenn búi við sem jafnast raforkuverð.

Við munum eftir því þm. Vesturl. þegar við tókum höndum saman á síðasta kjörtímabili og unnum að því að bæta hag Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar þegar raforkuverðið þar var orðið óbærilegt. Og við náðum þar töluverðum árangri, jafnvel án margra þáttill.

Það má benda á að í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar frá 8. júlí 1987 segir að ríkisstjórnin muni

beita sér fyrir ráðstöfunum til þess að bæta rekstur orkuveitna á landsbyggðinni til að draga úr húshitunarkostnaði þar sem hann er hæstur.

Nú situr að völdum ríkisstjórn sem við styðjum — jú, líklega allir þeir framsóknarmenn sem eru flm. að þessari þáltill. — þannig að við höfum á vísan að róa og getum talað við okkar menn í ríkisstjórn hvenær og hvar sem okkur sýnist.

Það vantar ekki að þm. Vesturl. sem og öðrum hv. þm. berist mörg bréf um þetta efni, að það eigi að jafna orkuverðið. Það er hægt að vitna í fjöldamörg bréf og samþykktir, m.a. þá sem hv. 1. flm., 1. þm. Vesturl., vitnaði í hér áðan úr Stykkishólmi frá 3. þ.m. Það er hægt að vitna í skýrslur og skrár frá rafveitustjórunum m.a. bæði í Búðardal og Stykkishólmi, Jónasi og Ásgeiri. Og á þessu þingi hafa ýmsar till. verið fluttar, einmitt sem stefna í þessa sömu átt, m.a. till. á þskj. 553 til þál. um stefnumörkun í raforkumálum. Eitt meginatriðið í þeirri till. er það að allir landsmenn búi við sem jafnast raforkuverð. Það má nefna fyrirspurnir á þessu þingi frá hv. 3. þm. Vesturl., fsp. til iðnrh. um raforkuframleiðslu, og fsp. til iðnrh. um raforkuverð, á þskj. 528 og 529.

Það eru margir sem hugleiða þessi mál og segja álit sitt á þeim. M.a. er í Tímanum frá 27. febr. sl. grein eftir hæstv. utanrrh. sem ber yfirskriftina „Landsvirkjun, ríki í ríkinu." Svona mætti lengi telja. En á hinn bóginn höfum við svo grein hæstv. iðnrh. frá því á laugardaginn var þar sem hann lýsir því yfir að unnið sé að þessum málum og líkur á að þar verði tillögur settar fram mjög bráðlega til úrbóta.

Þess vegna er það mín niðurstaða nú á þessum degi að það sé kannski ekki þörf á fleiri áróðurstillögum í þessu efni. Þær hafa oft takmarkað gildi, sérstaklega þegar einlit flokkshjörð skipar hóp flm. En með hliðsjón af því sem nú hefur verið nefnt tel ég að við þm. Vesturl. allir sem einn — og raunar allir hv. alþm. sem orðaðir eru á einhvern hátt við byggðir landsins allar til sjávar og sveita — við ættum nú, og ekki síst við sem styðjum núv. hæstv. ríkisstjórn, að taka höndum saman í fullri alvöru og vinna að því með sterkum rökum og fullum þunga að orkuverð um allt land verði jafnað sem allra mest.

Orkuverð er orðið svo gildur þáttur í búreikningum hverrar fjölskyldu og fyrirtækja að þar má ekki mikið ósamræmi eiga sér stað. Lífsskilyrði fólks eiga að vera sem allra jöfnust hvar sem það á heima hér á landi. Við ættum að geta treyst því að við verðum bænheyrðir af okkar eigin ríkisstjórn. Og ég treysti hæstv. iðnrh. vel til þess að láta til sín taka í þessum málum.

Jón Sæmundur Sigurjónsson:

Herra forseti. Það er alveg greinilegt á öllum málatilbúnaði sem hafður hefur verið í þessu máli, þ.e. jöfnun raforkuverðs í landinu og þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til, að sú till. sem hér liggur frammi er helber sýndartillaga. Það er ekki nokkrum blöðum um að fletta hvað það snertir. Sú skýring hefur verið gefin að flm. hafi ekki verið ljóst hvaða starf á sér stað innan ríkisstjórnarinnar. Mér þykir það heldur furðulegt að framsóknarmönnum skuli ekki finnast þetta mál það mikilvægt að þeir hreyfi því innan síns þingflokks hvað sé verið að gera í þessum málum innan ríkisstjórnarinnar. Þannig að mér kemur þetta heldur furðulega fyrir sjónir.

En ekkert er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Ég fagna að því leyti flutningi þessarar till. að hún gefur enn og einu sinni tækifæri til að þrýsta á um þetta mál. Þar er slíkt réttlætismál á ferðinni að það er ekki nema gott að ráðherrar okkar finni þann þunga sem liggur að baki þessa máls, finni þann þunga sérstaklega sem landsbyggðarþingmenn verða fyrir og finna fyrir hjá kjósendum sínum, að þeir verði varir við hvað hér er á ferðinni. Og það liggur á að á þessum málum finnist lausn.

Ég hef fengið frá fulltrúum af landsbyggðinni, frá Hofsósi, reikninga frá RARIK sem sendir hafa verið til viðkomandi í janúar sl., upphæðir upp á tæplega 29 000 kr. fyrir 73 daga. Þ.e. menn hafa þurft að greiða í orkukostnað upphæðir sem svara um 12 000 kr. á mánuði. Þetta eru auðvitað verulegar upphæðir fyrir fólk sem hefur ekki annan starfa en þann að vinna að fiski í frystihúsinu á staðnum og bera heim til sín eitthvað um 50 000 kr. á mánuði. Þetta fólk þarf að greiða um ⅕ sinna tekna í orkukostnað. Það er þetta vandamál sem við búum við og sem við verðum að leysa.

Nú má segja að forsendur geti verið mismunandi. Íbúðir geti verið mismunandi og þess vegna sé orkukostnaður auðvitað mismunandi. Það hefur verið sett upp skrá frá RARIK, og send til býsna margra hér á þinginu, yfir hitunarkostnað við staðalíbúðir. Þar kemur fram að það kosti eitthvað um 58 000 kr. á ári að hita staðalíbúð á upphitunarsvæði RARIK og það er miðað við olíukostnað upp á 46 000 kr. á ári. Nú er hitaveita á Sauðárkróki rétt við Hofsós ákaflega ódýr. Þar er hitunarkostnaður á staðalíbúð talinn eitthvað í kringum 22 000 kr. á ári, þ.e. sá mismunur, sem iðnrh. taldi upp hér áðan að væri eitthvað í kringum þrefaldur, hann staðfestist í þessum skýrslum. Auðvitað er þessi mismunur svo mikill að við sjáum hvað mikið réttlætismál er hér á ferðinni og ekki eftir neinu að bíða, eins og mér virðist á till. framsóknarmanna að þeir vilji gera, bíða fram á næsta ár.

Það hefur verið talað um að vandinn hafi aukist vegna þess að olíuverðið hafi lækkað og mismunurinn hafi þess vegna orðið svo mikill. Þá sjáum við hversu óheppilegt það er að við höfum einn einokunaraðila hér í landinu sem selur orku og skiptir sér ekki að nokkru leyti af þeim markaðslögmálum sem manni virðist gilda á öllum öðrum sviðum í landinu, þ.e. þegar markaðurinn segir til um að orkuverð fari lækkandi skiptir þessi einokunaraðili sér ekki nokkurn skapaðan hlut af því hvað markaðurinn er að

gera í kringum hann. Ég held að sú nefnd sem núna er tekin til starfa innan ríkisstjórnarinnar verði að huga að því að því sé fylgt eftir, þegar markaðurinn bendir til að orkuverð fari lækkandi, að einokunaraðilinn taki tillit til þess.

Á sama tíma og olíuverð hefur farið lækkandi hefur orkuverð frá RARIK á ársgrundvelli hækkað fyrir Hofsósbúa um rúmlega 50% og það meðan framfærsluvísitalan hefur ekki hækkað á sama tímabili nema um 22% og olía til húshitunar um 24,6%. Þetta er einnig vandinn í hnotskurn.

Að öðru leyti fagna ég framtaki ríkisstjórnarinnar undir forustu iðnrn. og vona að sú nefnd sem er þar að störfum nái árangri, nái árangri á þessu ári þannig að þeir íbúar landsins sem búa við allt of hátt orkuverð fái úrbót sinna mála.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér skilst að þessi till., sem hér liggur frammi til þál., hafi komið róti á suma stjórnarsinna hér í salnum og jafnvel værukærir ráðherrar hafi vaknað. (**SJS:** Það er bara einn ráðherra . . .) Ætlar hv. 4. þm. Norðurl. e. að halda því fram að hinir hafi ekki sofið á verðinum í þessu máli? Það er vel að hann hefur tekið undir það álit mitt að hinir sváfu líka.

Hér var verðjöfnunargjald á raforku. Hér voru í gildi lög um söluskattsviðauka sem átti að fara til að jafna upphitunarkostnað í landinu. Verðjöfnunargjaldið var lagt niður. (**SkA:** Hverjir samþykktu það? Hver gerði það?) Aftur verður að beina spurningum til þm. í salnum. Hv. 4. þm. Vesturl. spyr: Hverjir gerðu það? Einn af þeim sem stóðu að þeirri samþykkt er sá sem hér stendur. Og þess vegna er hann kominn hér upp í ræðustólinn nú og væri ráð að hlusta. Upplýsingarnar, sem þá komu úr iðnrn. um afleiðingarnar af þessu tiltæki, voru alrangar. Alrangar. Alþingi Íslendinga var stórkostlega blekkt um afleiðingarnar af þessu tiltæki. En hvað var þá gert við ákvæðið um söluskattinn? Jú, það var hirt. Það var hirt. (Gripið fram í.) Það var ákveðinn hluti af söluskattinum sem átti að fara í það að greiða niður orkukostnaðinn. (**Gripið fram í:** Orkujöfnunargjald.) Orkujöfnunargjald, en hluti af söluskattinum engu að síður. Svo standa menn hér upp og tala um að það sé sýndarmennska að þessum tillöguflutningi og ritarar tolla ekki einu sinni í stólnum. Mér blöskrar, gjörsamlega blöskrar. Þeir mega skjálfa sem vilja. En er mönnum ekki ljóst að það kostar stjórnarslit ef þetta mál verður afgreitt eins og það hefur verið? Það skal kosta að Framsfl. klofni eða stjórnarslit verði stefnan sú sama!

Ég ætla ekki að liggja hér undir því að þessi till. sé sýndartillaga. Þeir sem telja að verkhraðinn eigi að vera snigilsins, mega hafa þá skoðun. Starfsmenn iðnrn. hafa fengið nægan tíma til að meta það hvað þeir voru að gera með því að leggja niður verðjöfnunargjaldið. Og þaðan verður tillaga að koma. Mér er aftur á móti ljóst að ég greiddi atkvæði með fjárlögum eins og þau voru samþykkt. Það er mín ábyrgð. Þess vegna þýðir ekki hjá mér að koma upp í dag og hrópa: Við eigum að breyta fjárlögunum. En ég vil fá stefnu í málið. Í fyrsta lagi er búið að blekkja íslenska þjóð með því að segja við hana: Þið eigið að nota innlendan orkugjafa. Og það hefur haft þær afleiðingar að út um land allt er búið að fleygja olíukyndingartækjum. Í annan stað blasir það við að ríkisstjórnin virðist ekki hafa á því nokkurn áhuga í framkvæmd að tryggja það að sambærilegt orkuverð sé í landinu. Sú stefna hefur ekki komið fram. Svo kvarta menn yfir því að það sé verið að rugga undir þeim ráðherrastólunum! Við hverju geta menn búist?

Ég er ekki búinn að sjá það að hæstv. ráðherrar Reykjavíkur héldu sig mikið hér á götum úti ef það hefðu verið framkvæmdar álíka hækkanir handa alþýðu manna hér á stór-höfuðborgarsvæðinu. Ætli þeir færu ekki með veggjum? (**Iðnrh.:** Það eru miklu hærri hækkanir hér.) Kemur eins og kattarmjálm utan úr salnum: „Miklu hærri hækkanir hér." En hver er grunnurinn? Það vita allir hvað verið er að tala um. Það vita allir.

Það gengur ekki að standa að þessum orkusölumálum eins og gert hefur verið. Ef það er yfirlýst að Landsvirkjun ætli sér ekki að selja raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis í landinu nema á þessum kjörum þá er ekki um annað að ræða en að hætta að nota raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Þá er ekki um annað að ræða því að valkosturinn er miklu dýrari en olíukynding, miklu dýrari en kolakynding og það hefur enginn efni á því úti á landi að búa við þann mismun sem á sér stað í dag.

Ég hygg að þegar menn leyfa sér að halda því fram að hér sé um sýndartillögu að ræða þá þurfi þeir vissulega að búa sig undir það að þeir fái örlítið á trýnið. Væri það ekki sýndartillaga ef við stæðum hér upp og heimtuðum greiðslur úr ríkissjóði í allt öðrum hlutföllum en fjárlögin greina til um, nýbúnir að samþykkja fjárlögin? Væri það ekki sýndarmennska? Það væri sýndarmennska. Það sýndi nú lítil heilindi í stöðunni. En kannski erum við að upplifa svipaða hluti og á dögum viðreisnar þegar ráðherragengið héðan af suðvesturhorninu hafði ekki skyggni nema upp að Esjunni og út að Straumsvík. Kannski erum við að upplifa svipaða stöðu.

Ef menn þola ekki að það sé rætt um þessi mál á þeim nótunum að við viljum aðgerðir en ekkert mjálm utan úr salnum að það eigi að fara að gera eitthvað í málinu, að það sé verið að vinna í málinu — það er þá verkhraði. Hvað skyldu þeir borga á tímann fyrir svona vinnubrögð? Ætli þeir séu ekki greiddir yfirvinnutímarnir án þess að vera unnir hjá því liði sem telur að það þurfi ekki að skila þessu af sér? (Forseti hringir.) Hæstv. forseti hefur barið í bjölluna og ég ætla ekki að reyna á hans þolinmæði. Ég veit fullvel að hæstv. iðnrh. reynir nægilega mikið á hans þolinmæði hvað orkuverðið varðar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þetta var vissulega ekki neitt mjálm, kattarmjálm mælt í desibel sem gekk hér fram úr ræðustólnum áðan. Og það var kannski ósköp eðlilegt þegar þar standa menn sem felldu tillögur við fjárlagagerð hér í desember sl. þegar allar þær hækkanir og ókjör blöstu við í þessum efnum sem menn eru hér að ræða. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson — sem ég efa ekkert að skilur þann vanda sem hér er við að fást, þekkir hann frá umbjóðendum sínum í Vestfjarðakjördæmi — hann stimplar orð manna, ég hygg einnig sinna samstarfsmanna í stuðningsliði ríkisstjórnar, sem mjálm. En ég vil láta menn dæma um hvaða einkunn þessi texti á skilið sem hann er hér flm. að ásamt hv. 1. þm. Vesturl., með því að lesa hann, með leyfi forseta, till. sem hér er til umræðu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu.

Sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 verði gert ráð fyrir fjármagni til slíkra aðgerða."

Þetta er tillögutextinn. Væri nokkuð fjarstætt að láta sér detta í hug orðið „mjálm" í sambandi við flutning af þessu tagi nú skömmu eftir að búið er að fella tillögur hér á Alþingi um raunhæfar aðgerðir í þessum efnum til þess að draga sárasta broddinn úr þeim hækkunum sem um er að ræða? Við hljótum að vænta þess hér — stjórnarandstæðingar sem höfum borið slíkar tillögur fram nú ár eftir ár og tillögur um endurskoðun stefnunnar, skipulags í orkumálum o.fl. — við hljótum að vænta þess nú þegar stjórnarliðar eru komnir í hár saman að vega hver annan, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hæstv. iðnrh. og margir fleiri og ætla að sannfæra menn um það hvor sé meiri maður, við hljótum að vænta þess að þm. stjórnarliðsins taki undir hvatningarorð stjórnarandstöðu um aðgerðir nú þegar. Það er jú hægt að bæta um mistökin við fjárlagagerð með ofur einföldum hætti. Fjárlög hafa verið tekin upp nú nýverið fyrir forgöngu ríkisstjórnar og það er hægt að gera í þessu máli og menn geta varla beðið veturinn á enda, þær vikur sem eftir eru, eftir því að slíkar aðgerðir nái fram að ganga. Menn hljóta að sameinast um að tryggja það að slíkar aðgerðir nái fram að ganga því að ef marka má orð manna og frýjunarorð hvers í annars garð þá ætti að vera vilji til þess arna hér á hv. Alþingi.

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins minna á það að þessi mál voru rædd á nýafstöðnum ársfundi Orkustofnunar sem nokkrir alþm. sátu. Þar fjallaði orkumálastjóri m.a. um þessi efni, var með ábendingar sem ég tel ástæðu til að koma hér á framfæri mönnum til íhugunar, ég er ekki að leggja mat á hans hugmyndir, en leyfi mér að vitna hér í hans ræðu þar sem hann segir:

„Orkufyrirtækin þurfa að hugsa sinn gang ef þau ætla ekki að verðleggja sig út af húshitunarmarkaðinum. Fyrir hitaveitur kæmi þar einkum til álita að hækka verulega fastagjald en lækka orkugjald samsvarandi þannig að orkugjaldið verði samkeppnisfært við olíuna. Margir eiga enn nothæfar olíukyntar miðstöðvar í húsum sínum en mundu líklega fæstir vilja aftengjast hitaveitunum til að losna við fastagjaldið. Þessi gjaldskrárbygging með tiltölulega háu fastagjaldi en lægra orkugjaldi er líka í samræmi við framsetningu kostnaðarins hjá hitaveitum.

Fyrir rafhitunarmarkaðinn", segir orkumálastjóri, „er það ekki eins ljóst hvað er til ráða. Ein hugsanleg ráðstöfun er sú að hvetja alla rafhitanotendur, sem eiga nothæfar olíumiðstöðvar, til að setja þær í gott stand, koma fyrir í þeim hitöldum og gefa þeim kost á ótryggðu rafmagni á lágu verði á hitöldin. Þegar nóg er til af rafmagni í landinu eins og nú fengju þeir rafmagnið það ódýrt að það ryður burt olíunni. Í annan tíma þegar minna er um rafmagn væri olía notuð og rafmagnið gæti þá farið til verðmætari nota. Stýringin á notkuninni færi þannig fram í gegnum rafmagnsverðið sem væri breytilegt eftir stöðunni í raforkumálum hverju sinni. Þetta hefur þann kost að skapa sveigjanleika á rafhitunarmarkaðinum sem er mikilvægt þegar óvissa ríkir um þróun olíuverðs og búast má við miklum sveiflum. Jafnframt mundi þetta stækka markaðinn fyrir ótryggt rafmagn hér á landi en á því er mikil nauðsyn eins og oft hefur verið rætt um vegna vatnsrennslissveiflna milli ára og til að brúa bil milli virkjana. Fyrir notendur með beina rafhitun kemur þessi leið ekki að haldi. Gagnvart þeim virðist helst koma til álita svipuð leið og minnst var á fyrir hitaveiturnar, þ.e. hærra fastagjald með svo lágu orkuverði að það keppi auðveldlega við olíuna."

Þetta var tilvitnun í ræðu Jakobs Björnssonar. Ég minni einnig á það að á þessum fundi talaði stjórnarformaður Orkustofnunar, Jónas Elíasson, sem ég hygg að sé nokkuð tengdur hæstv. iðnrh. í pólitíkinni, og hann ræddi sérstaklega um að það þyrfti að finna leiðir til að nýta þá miklu umframorku sem er í kerfinu til þess að bjóða raforku til sölu til húshitunar til beinnar rafhitunar á viðunandi kjörum. Og hann ræddi einnig um möguleikana á samtengingu rafhitunar olíustöðva við núverandi aðstæður eða við svipaðar aðstæður og nú eru varðandi verð á olíu. Þetta taldi ég ástæðu til að nefna hér til viðbótar við það sem ég kom að í mínu máli hér fyrr við umræðuna.

Ég vil svo að endingu aðeins hvetja mjög eindregið til þess að menn hér á Alþingi sameinist um aðgerðir nú þegar á yfirstandandi þingi til þess að bæta úr því gífurlega misrétti sem hér blasir við og er mjög ríkur þáttur í þeirri upplausn í byggð landsins sem blasir við, þeirri gífurlegu og réttmætu óánægju sem er hjá fólki víða um landið vegna misréttis í undirstöðuþáttum sem varða lífsafkomu hverrar einustu fjölskyldu, hvers einasta manns.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt af því hve mikil nauðsyn það getur verið að útskýra hlutina vel

fyrir sumum mönnum svo þeir skilji. Vissulega eru það í sjálfu sér alltaf mistök ræðumanna þegar þeim verður það á að haga svo máli sínu að sumum mönnum sé fyrirmunað að átta sig á því hvað verið er að tala um. Í þessu tilfelli blasir það við að það er gífurleg offramleiðsla á raforku í landinu. Það er útlit fyrir enn þá meiri offramleiðslu á raforku í landinu og ef hv. 2. þm. Austurl. hefði verið samfellt iðnrh. og fengið þá fjármuni sem hann hefði viljað fá til virkjana, þá hefðum við sennilega verið búnir að virkja það sem við hefðum þurft fyrir árið 2050, en söluþátturinn algjörlega eftir. Því þá var stefnan sú að það ætti að virkja og virkja og virkja og virkja en alls ekki selja.

Núna blasir það aftur á móti við að þegar offramleiðsla er — og við skulum taka einföld dæmi, svo menn misskilji ekki enn einu sinni hlutina — t.d. á kartöflum, þegar offramleiðsla er á kartöflum, þá snarfellur verðið. Það snarfellur jafnt á Austfjörðum sem annars staðar. Hér er spurningin um það hvort Landsvirkjun ætlar að verðleggja sig út af markaðnum. Það er spurningin. Það er ekki verið að gera það fyrir þá sem eru að hita upp með raforku að kaupa raforkuna. Það er mikill misskilningur. Þeir eiga miklu ódýrari kosta völ. Ef Landsvirkjun ætlar að verðleggja sig út af markaðnum og ef það er stefna hæstv. iðnrh., þá tel ég að ef ríkissjóður leggur fram fjármuni þá eigi ekki að nota peningana í niðurgreiðslur á raforku. Þá eigi að nota peningana í það að koma upp kyndingartækjum á Íslandi sem skila fólki miklu ódýrari orku til upphitunar. Látum verðfallið eiga sér stað. Látum það sitja uppi með sína offramleiðslu og látum það streyma til sjávar. Ég ætla ekki að gerast björgunarmaður í þeirri stöðu fyrir þessa herra. Þess vegna þurfum við stefnu.

Ég geri ráð fyrir því miðað við hvað veðrið er yndislegt í dag að það fari nú senn að minnka upphitunarkostnaðurinn svona yfir hásumarið líka. (Gripið fram í.) Þeir láta þá loka ef í hart fer. Það getur vel verið að það eigi þá að taka upp það kerfi að menn sitji uppi með svo há stofngjöld og það verði bara allt heila draslið hirt. Ég veit það ekki. En við þessu verða að fást svör. Ætlar Landsvirkjun að verðleggja sig endanlega út af húshitunarmarkaðinum eða ætlar hún að lækka sína taxta til upphitunar húsnæðis? Við þessu verðum við að fá svör.

Þegar hv. 2. þm. Austurl. talar um það, vissulega með réttu, að við felldum till. við fjárlögin fyrir honum, till. sem hefði þýtt það að fjármagni hefði verið varið í niðurgreiðslur, þá segi ég það hiklaust hér og nú varðandi mig að ég trúði því ekki að það gæti gerst að iðnrh. ætlaði sér ekki að hafa áhrif á það að Landsvirkjun mundi þurfa að verðleggja sitt rafmagn í einhverjum takt við þá orku sem verið er að selja í landinu og hægt er að nota til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Ég er sannfærður um það að t.d. fyrir venjuleg sjávarþorp á köldum svæðum er billegasta leiðin í dag til að hita upp í þorpunum að reisa þar eina kolakyndistöð og kynda upp með kolum. Það er langódýrasta leiðin. Mengun sáralítil. Aftur á móti ef menn hérna eru þeirrar skoðunar að draumurinn um það að Landsvirkjun eigi að verða skuldlaus um næstu aldamót — eins og stjórnarformaður hennar hefur tvívegis með árs millibili boðað að væri stefnan og telji að það eigi að fara í það að borga stórfé úr ríkissjóði til þess að tryggja að þetta gerist — þá er það út af fyrir sig sjónarmið líka. Þá er það sjónarmið líka. En ég spyr: Hvers vegna? Er það til að hækka arðgreiðslurnar til Reykjavíkurborgar, Akureyrar og ríkisins?

Það er hægt að halda því fram að þetta sé einokunarfyrirtæki út af fyrir sig og það er það að vissu marki. Menn hafa tekið hluti hér eignarnámi. Menn hafa tekið hluti hér eignarnámi í þessu landi. Vilja menn að það verði farið í það að taka Landsvirkjun eignarnámi? (**HBl:** Hver ætlar að borga?) Hver ætlar að borga? Auðvitað verður hv. 2. þm. Norðurl. e. látinn borga eins og aðrir, verði það gert. (**HBl:** Verður þá ekki útkoman núll?) Ég held að það sé ástæðulaust annað en að hafa hann með í hópnum þeirra sem borga. Nei, það er hægt að skella slíku fram að það sé eitthvað óvíst með það hverjir verða látnir borga. Auðvitað verður íslenska þjóðin látin borga, þar á meðal þeir sem verið væri að taka eignirnar af undir þessum kringumstæðum sem skattgreiðendur til ríkisins.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi talað svo skýrt að hv. 2. þm. Austurl. hafi skilið merkingu þessarar ræðu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er kannski óþarfi að ræða mikið meira um þessa till., en ég vil þó endurtaka það sem ég sagði áðan hér úr þessum ræðustól að ef ekki eiga að vera einhver önnur viðbrögð skjótari, þá er enginn vafi á því að það minnka ekki flutningarnir, fólksflutningarnir frá Vestfjörðum eða annars staðar, hér suður. Og ef farið verður eftir þeirri stefnu, sem hæstv. iðnrh. kunngjörði Alþingi áðan, að honum bæri að hækka verðið um 12%, þá mundi hitunarkostnaðurinn, ef ég man réttar tölur, verða 2,69 kr. á Vestfjörðum, þ.e. tveimur krónum meira en hér í Reykjavík. Hjá RARIK mundi þetta losa 2 kr.

Halda hv. þm. að þetta gangi? Hafa ekki allir orðið varir við þá uppreisn sem er að verða um allt land út af því misrétti sem fólk býr við? Nei, hæstv. iðnrh., þetta gengur ekki. Þetta bara gengur ekki. Hvar verða hin raunverulegu verðmæti aðallega til? Halda menn að það sé fyrst og fremst hér? Halda menn það? Ætli það verði ekki þröngt fyrir dyrum ýmissa hér í höfuðborginni ef Vestfirðingar, Norðlendingar og Austlendingar flytja í stórum stíl hingað? Það eru auðvitað nógir peningar hér enn þá til að byggja, jafnvel stórhýsi í Tjörninni eða uppi á hitaveitutönkunum. Þar skortir ekki fé. En fyrir hvað skortir ekki fé? Það er vegna þess að það helst of lítið af því fjármagni sem landsbyggðin leggur þjóðfélaginu til, það helst of lítið eftir. Ofan á þetta bætist að það á að íþyngja og er enn íþyngt á þann

hátt sem hér hefur komið fram. Það vill svo vel til að ég er búinn að fá upplýsingar um hvernig þessi mál eru í raun og veru. Þau eru svona.

Hvaða vit er í því að t.d. Vestfirðingar mundu geta lækkað hitunarkostnaðinn um 1,30 með því að fara aftur í olíuna, miðað við þessa 12% hækkun? Olíukostnaðurinn er 1,34 — reiknað út af mönnum sem þýðir ekkert fyrir sérfræðinga hér í Reykjavík að segja að þeir viti betur. (**Iðnrh.:** Hann er heldur hærri.) Það þýðir ekkert fyrir þá. Það þýðir ekkert að skjóta sér á bak við einhverja skólagöngu. Þetta er svona. Því miður verð ég að segja það að þessi tillaga er að því leyti til þörf að hér hefur verið umræða um þessi mál sem er nauðsynleg. Hún verður kannski til þess að mál koma hér inn með öðrum hætti, en hún leysir engan vanda annan vegna þess að þetta verður hrunið ef á að bíða út árið. Það er málið.

Muna ekki hv. þm. eftir tillögu sem var samþykkt — ég man ekki hvort það var í hittiðfyrra — um það að fjmrh. kæmi fram með lausn í lífeyrismálum heimavinnandi húsmæðra og það lægi fyrir 1. júní eða júlí á sl. ári? Hafið þið orðið vör við þessar tillögur? Ég bara kem með þetta sem eitt dæmi af mörgum sem væri hægt að tína hér upp.

Ég ætla að láta þetta nægja. En það er alveg á hreinu að ef það verður ekki einhver hreyfing á þessu nú allra næstu vikur, þá fá þm. að heyra í landsbyggðarmönnum með margföldum áherslum miðað við það sem hefur verið fram að þessu. Því þó að það sé reiknað út hér svona og svona — ég er t.d. með íbúð norður í Hörgárdal sem er jafnstór þeirri íbúð sem ég bý í hér í Reykjavík, og það er með veðursælli stöðum á Norðurlandi þar sem ég bý, en þar er meira en þrisvar sinnum meiri kostnaður af rafhituninni en það sem ég borga hér. Meira en þrefaldur. Og það er bara það sem hæstv. ráðherra náttúrlega skilur ekki að það er kaldara fyrir norðan. Það er það. Og það munar meiru heldur en margir reikna með. En hvað er það þá sums staðar annars staðar? Enda bara sjáið þið tölurnar. Það er talað um jafnvel upp í 17 þús. kr. hitunarkostnað á mánuði og þeir fullyrða að það sé frá 7 þús. og upp í 14 þús. á Þingeyri. Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég skal lofa því að eyða ekki hér löngum tíma í þessa umræðu. Hún hefur verið allítarleg og þá um leið allnokkuð sérstæð. Það verð ég nú að segja. En ég kem hér fyrst og fremst upp vegna þess að ég er einn af flm. þessarar till. og ég kem hér til þess að mótmæla því sem hér hefur komið fram hjá fleiri en einum og fleiri en tveimur sem hér hafa talað að þessi tillaga sé sýndarmennskutillaga. Ég vil mótmæla því mjög eindregið. Mig undrar það í sjálfu sér þegar við tölum um slíkt mál eins og þetta hvernig menn tala í þessu máli út og suður. Ég held að menn hefðu getað sparað sér hér margar og stórar fullyrðingar og eins og nafni minn, hv. þm. Stefán Valgeirsson, sagði hér rétt áðan við ráðherra að menn skildu ekki að það væri aðeins kaldara fyrir norðan en sunnan. Ég held að menn viti nú þetta allt saman. En það mál sem hér er til umræðu er ekkert auðleyst mál og það skulum við viðurkenna. Það er ekkert auðleyst mál.

Megintilgangur okkar með því að flytja þessa till. er auðvitað að ná árangri og vekja hér upp umræðu þannig að menn verði þess áskynja að það er þungi í mönnum og menn vilja fá úrlausn í þessum málum. Ég get sagt það hér að við erum ekki bara að flytja þessa till., við munum einnig krefjast þess að það verði gerðar aðgerðir í þessum málum. (**HG:** Hvenær?) Hvenær? Ég persónulega, og ég held ég tali fyrir alla flm. þessarar till., við viljum að það verði gert strax. En það er enginn hókus pókus til í þessu nú frekar en þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var ráðherra.

Ég vil spyrja, vegna þess að ég reikna með því að hæstv. iðnrh. eigi eftir að tala hér, það kom hér fram ... (**Forseti:** Það skal vakin athygli á því að iðnrh. hefur þegar talað tvisvar og það er ekki leyfilegt að tala nema tvisvar nema gera þá örstutta athugasemd.) Já, ég hef séð það á svip hæstv. ráðherra að hann muni ætla að gera örstutta athugasemd, hæstv. forseti. Það er auðvelt að lesa það úr svip ráðherrans. Það kom fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssonar hér áðan að það væri nefnd að starfa í þessum málum. Mig langaði aðeins til að fá vitneskju um það hjá ráðherra hvaða nefnd það er sem hér er verið að tala um.

Auðvitað brennur það á mönnum að það skuli gerast á einu ári að orkuverð til húshitunar skuli hækka um 51%. Það þarf enginn að vera hissa á því þó að mönnum svíði undan slíku. Það þarf enginn að vera hissa á því. Ég vil brýna menn á því, og eins og ég segi er það megintilgangur okkar að fara fram á aðgerðir og fá umræðu um þetta mál. Það er ljóst af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að það er meira en áríðandi að heildarendurskoðun á þessum málum fari öll fram, bæði á þætti Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Það er mjög brýnt að ráðherra beiti sér fyrir því að slík vinna fari þegar í stað fram.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér var sagt áðan að það er vissulega ánægjulegt að fá slíkt mál til umræðu svo mjög sem það brennur á æðimörgum. Hitt sný ég ekki til baka með, sem ég hélt hér fram í morgun, að þetta er sýndarmennskutillaga af versta tagi að því er það varðar að þeir sem að henni standa samþykktu allt annað fyrir nokkrum vikum síðan. Ef þessi till. væri samþykkt — nú spyr ég reyndari hv. þm. en ég er — ef Alþingi samþykkti þessa tillgr. eins og hún liggur fyrir, hvað þýddi það? Það þýddi í raun og veru viljayfirlýsingu þingsins um að ekkert yrði gert fyrr en á næsta ári. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Það er ekki rangt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa tillgr. eins og hún liggur fyrir þó að búið sé að því einu sinni:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu.

Sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1989 verði gert ráð fyrir fjármagni til slíkra aðgerða."

Þetta er tillgr. Og hvað þýðir það ef Alþingi samþykkir svona ályktun? Það er viljayfirlýsing þingsins um að ekkert yrði gert í þessu að því er varðar peninga fyrr en á næsta ári. Þessu getur auðvitað enginn mótmælt. Ég bara skírskota til hæstv. forseta hvort þetta er ekki réttur skilningur á samþykkt á slíkri till. (**ÓÞÞ:** Við bíðum eftir svari.) Ég skírskota til hæstv. forseta. (**ÓÞÞ:** Við bíðum svarsins.) Ég veit að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerir það.

Út af því sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði áðan þá undirstrikaði hann þetta. Hann sagði nánast orðrétt: Það væri sýndarmennska ef ég væri að fara fram á það núna að rifta þeim fjárlögum sem ég gekk frá fyrir nokkrum vikum. Hann orðaði þetta svona. Hann er sammála mér í þeim efnum að það verður ekkert gert á þessu ári að því er varðar greiðslu frá ríkissjóði í þetta efni. Þannig að það er nú ekki í fyrsta skipti sem við hv. þm. Ólafur Þórðarson erum sammála í þessum efnum. Það er ekki nýtt. (**HG:** Værirðu til með að kljúfa ríkisstjórnina líka?) Væri ég til með? Ég er nú ekki vanur að gefa yfirlýsingar fyrir fram. Ég ígrunda nú málin vel áður en ég geri slíkt.

Að því er varðar Landsvirkjunartalið sem mikið hefur komið fram hjá hv. þm. Framsfl. og snýr að þessu máli, þá er ástæða til að spyrjast fyrir um það: Hvaða afstöðu hefur fulltrúi Framsfl. — sem situr í stjórn Landsvirkjunar, sem er formaður þingflokks framsóknarmanna — hvaða afstöðu hefur hann til þessara mála að því er varðar Landsvirkjun, breytingar frá því sem nú er til hins, að Landsvirkjun verði samkeppnisfær við aðra orkugjafa? Hafa menn einhverja vitneskju um inntak þeirra tillagna sem formaður þingflokks Framsfl. hefur í þessum efnum innan Landsvirkjunarstjórnar? Ef svo er þá lýsi ég eftir slíkum af hálfu hv. framsóknarþm. eða annarra ef þeir vita betur. Ef ekki hefur komið upp vilji innan þingflokks Framsfl., og þá formannsins í þessa veru, þá er þetta enn frekara sýndarmennskutal en ég átti von á frá þessum hv. þm. Og hef ég þó ekki reynt hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að því fyrr að vera slíkan sýndarmennskutillögumann eins og mér sýnist hér vera á ferðinni, að því er þetta varðar.

Við viljum aðgerðir, sagði hv. þm. Ólafur Þórðarson. Hvaða aðgerðir felur þessi tillgr. í sér? Ekki neitt. Ekki orð. Ekkert annað en það að ríkisstjórnin, sem þeir treysta til einskis, leggi fram tillögu fyrir næsta ár. Það er sú stefna sem þeir eru að biðja um með þessari till., að ríkisstjórnin, sem þeir vantreysta trekk í trekk, geri tillögur fyrir næsta ár. Það er það sem þeir eru að biðja um. Ja, þvílíkt og annað eins af stjórnarsinnum að vera!

Við viljum stefnu í málinu, sagði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Og enn spyr ég: Hver er stefnan í þessari tillögu? Hvar liggur hún? (**ÓÞÞ:** Jöfnuður.) Jöfnuður? Í hvaða veru? Í hvaða veru, hv. þm.? Það er ekki stafkrókur um það með hvaða hætti það á að gerast. Ekki stafkrókur. Hér má auðvitað segja, þessi till. er orðrétt uppfærð á það sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði. Þetta er auðvitað verkhraði snigilsins, þessi tillaga, þ.e. að geyma málið, að geyma málið til næsta árs. Það er verkhraði snigilsins og það er það sem þessir hv. þm., sex framsóknarmenn að tölu, leggja til að gert verði.

Nei, þetta er miklu meira alvörumál og brennur miklu heitar á en að menn geti leikið sér að því með þessum hætti. Hér eiga menn að sameinast — hvar í flokki sem menn standa eða hvaðan sem þeir eru. Þessu ástandi verður ekki unað öllu lengur. Og því veit ég að hæstv. iðnrh. kynntist vestur á fjörðum fyrir skömmu síðan að þar brennur heitt á mönnum hvernig þessi mál standa. Að því leytinu til er það út af fyrir sig gott að fá umræðu um málið og hv. þm. Ólafur Þórðarson má þakka okkur fyrir það að hafa orðið til þess að halda umræðunni gangandi þangað til hv. þm. mætti til þess að taka þátt í málinu. Það eigum við skilið að fá heiður fyrir sem höfum staðið í þessu hér í dag að ræða málið.

Að öðru leyti skal ég ekki segja öllu fleira um þetta mál. En ég hvet eindregið til þess og ég hvet hæstv. iðnrh. til þess sérstaklega að láta nú hendur standa fram úr ermum og gera eitthvað í þessu máli. Það er fullyrt að það sé nefnd starfandi, þó að hv. þm. Alexander Stefánsson hafi ekki haft vitneskju um það hér í morgun að slík nefnd væri komin af stað og það með tilveru þm. úr Framsfl. Ég veit ekki hvort hv. þm. Ólafur Þórðarson veit til þess, en slík nefnd er komin af stað í vinnu að því er ráðherra upplýsir og ég vænti þess að menn fari að gera eitthvað í þessum efnum þó ekkert væri annað en að menn stigju það skref að niðurgreiðslurnar yrðu sama hlutfall og þær voru áður, þó menn mundu ekkert gera annað. Það sýndi þó lit á því að menn vildu eitthvað gera til þess að leiðrétta þetta sem hér er verið um að ræða þó ekkert væri annað gert á þessu stigi málsins — en ekki nota verkhraða snigilsins, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, geyma allt fram á næsta ár.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir það að athugasemdin þarf ekki að vera örstutt. En það er fyrst til að taka að hv. 3. þm. Vestf. vissi vissulega að það er hægt að vinna hraðar í málinu, en það byggist á því að landsbyggðin eigi velviljaðan fjmrh. Þannig er nú ekki ástandið í dag. (**Gripið fram í:** Það er nú hægt að skipta um.) Ef ekki fæst lækkun á verðinu frá Landsvirkjun, þá verður annaðhvort að fara í það að nota annan orkugjafa og auðvelda fólki að komast yfir slík kyndingartæki sem þarf til þess að gera þá breytingu eða þá taka Landsvirkjun eignarnámi. Og þyki hv. 3. þm. Vestf. of hægt unnið í málinu, þá vil ég vekja athygli hans á því að hann var

kosinn á þing fyrir Vestfirði á undan mér og er þó ekki kominn lengra.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á þær ræður sem hafa verið fluttar og verða prentaðar því að þar koma fram svör við ýmsum þeim spurningum sem hann hefur komið fram með í dag.

Í öðru lagi vil ég segja frá því að ríkisstjórnin ætlar sér að taka á þessu máli sem allra fyrst. Það er nefnd að störfum, það er fulltrúi iðnrn., fjmrn. og fulltrúi Framsfl. sérstaklega tilnefndur áður en þessi till. kom fram hér á hv. Alþingi. Mín skoðun er sú að ríkinu beri að aflétta skuldum af Orkubúi Vestfjarða og RARIK og skattgreiðendur þannig að taka þær yfir og efna þannig loforð sem gefið var þegar verðjöfnunargjaldið var niður lagt og koma þannig í veg fyrir að hækka þurfi orkuna nú um 12%. Þá þarf að auka niðurgreiðslur að mínu viti nú í ár. Og ég minni á að það er ekki nóg eingöngu að hugsa um rafhitun í þessu sambandi því að sumar hitaveitur selja sína orku á sama verði og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða.

Í þriðja lagi þegar um virðisaukaskattinn verður að ræða á næsta ári sem væntanlega verður þá tekinn upp, þá gefst tækifæri til þess að líta frekar á þetta mál, enda mun virðisaukaskattur verða lagður á alla orkugjafa, bæði innflutta og innlenda.

Endurskipulagning fer nú fram. Það hafa verið gerðar athuganir á endurskipulagningu á orkukerfinu. Það starf tekur sjálfsagt einhvern tíma. Ég er hræddur um að ekki eigi að stækka Landsvirkjun meira og færa henni fleiri verkefni en hún hefur í dag, hún er þegar orðin það stór í kerfinu, frekar eigi að færa valdið heim.

Þá vil ég aðeins, herra forseti, segja frá því að það er minni munur nú á orkuverði á suðvesturhorninu og á RARIK-svæðunum en hefur verið oftast áður. Munurinn sem kemur fram á einstökum mánuðum er vegna þess að það er meðalverð í Reykjavík en það er sumarverð og vetrarverð úti á landi.

Loks vil ég, herra forseti, þakka hv. 1. flm. þessarar till. og jafnframt Karvel Pálmasyni og fleiri þingmönnum sem hér hafa talað fyrir að lýsa yfir stuðningi við það sem ég hef beitt mér fyrir að gert verði í þessu máli.

Flm. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil enn á ný þakka fyrir þá umræðu sem hér er búin að standa nokkuð lengi um mál sem brennur að sjálfsögðu, eins og hér hefur komið fram, á stórum hluta landsbyggðarfólks og er raunar eitt af stærstu byggðamálunum í dag, það er enginn vafi á því. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég lýsi fyllsta trausti til iðnrh. og á væntanlegar aðgerðir ríkisstjórnar í þessu máli, enda hefðum við hagað tillöguflutningnum öðruvísi ef svo væri ekki.

En hitt er annað mál að það var í stöðunni brýn nauðsyn á að skerpa línur í þessu máli. Eins og ég sagði í fyrri ræðu er þetta eitt af heitari málum í okkar þingflokki og við munum ekki una því að það verði ekki gerðar ráðstafanir sem stefna í þá átt, sem hér hefur verið til umræðu, að jafna þann mikla mismun landsbyggðarinnar sem við blasir í dag með auknum þunga eins og hér hefur komið fram að við ætlum að ná fram.

Það er hreinn útúrsnúningur, eins og hér hefur komið fram, að lesa út úr tillögunni að við séum að koma í veg fyrir tafarlausar aðgerðir. Við ætlumst til tafarlausra aðgerða, en við erum svo raunsæir að við vitum að hvað sem ríkisstjórnin kann að gera núna milli fjárlagagerðar verður að staðfestast í næstu fjárlagagerð fyrir árið 1989, það er alveg ljóst, hvað sem verður gert. En það kemur ekki í veg fyrir að við ætlumst til að ráðstafanir séu gerðar núna strax.

Ég vil endurtaka að þó að umræður hafi verið um með hvaða hætti þessi þriggja manna embættismannanefnd hafi verið skipuð er það ekki aðalmálið. Hins vegar er dálítið merkilegt að sá þriðji í þessari nefnd er fulltrúi Framsfl. þegar hitt eru fulltrúar ráðuneytanna. Einhver valdamaður í Framsfl. á að hafa tilnefnt þennan mann eða samþykkt hann. En það var ekki borið undir þingflokk og kom aldrei þaðan. En við berum fyllsta traust til aðilans fyrir því og ég vænti þess að starf nefndarinnar verði jákvætt. Þessi útskýring hæstv. ráðherra á þriðja fulltrúa í þessari nefnd sannar ljóslega þann þunga sem við framsóknarmenn leggjum á viðunandi lausn þessa máls.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð í restina. Það er ólíkt hv. 2. þm. Vestf. að vera með slíkt yfirklór eins og hann var með áðan í sinni lokaræðu. Hún segir auðvitað ekkert um það, þessi till., hversu lengi menn hafa notið trausts til að vera á Alþingi. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það segir ekkert um það. Ég gæti alveg sagt á móti, en ætla ekki að gera það neitt að sérstöku máli: Hvor okkar ætli hafi haft meiri áhrif að því er varðar ríkisstjórnir undangengin ár til þess að lagfæra málið, ég eða hv. þm. Ólafur Þórðarson? Það er ekkert nýtt mál. Þetta hefur verið viðloðandi æðilengi þó að ég viðurkenni að það hafi versnað, það er rétt.

En hinu vek ég athygli á að þeir eru ósammála um túlkun tillgr. sjálfrar, flm., hv. þm. Alexander Stefánsson og hv. þm. Ólafur Þórðarson. Annar segir: Við viljum aðgerðir strax sem till. segir að sé ekki. Hinn segir: Við viljum geyma það til næsta árs, fjárlögin þá, af því að við viljum vera ábyrgir gagnvart fjárlögunum í ár. Þetta er meginefni þessa máls. Menn eru ósammála. Sýndarmennskan hefur gengið svo langt að þeir ganga hver í sína áttina til að yfirstíga hver annan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Launajöfnun og ný launastefna, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 373. mál. — Þskj. 705.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um launajöfnun, lágmarkslaun og nýja launastefnu. Þetta er 373. mál Sþ. á þskj. 705. Flm. ásamt mér eru aðrir hv. þm. Alþb.

Í upphafi tillgr. er markmiðum tillögunnar lýst, en það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að skapa víðtæka þjóðfélagslega samstöðu um nýja launastefnu er miði að því að draga úr hinum óhóflega launamun sem ríkir í landinu og tryggi að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum framfærslukostnaði."

Síðan er rakið hver skuli vera meginatriði hinnar nýju launastefnu og er það svohljóðandi:

„1. Launamunur í landinu taki mið af því að hæstu laun nemi á næstu árum ekki hærri upphæð en nemur fjórföldum lágmarkslaunum og á hverjum vinnustað verði lægstu laun aldrei lægri en ⅓ af hæstu launum sem þar eru greidd. Stefnt verði að enn frekari launajöfnuði þannig að launamunur verði í framtíðinni aldrei meiri en tvöfaldur.

2. Reiknuð verði út sérstök lágmarkslaunavísitala sem miðist við nauðsynleg útgjöld venjulegs launafólks til heimilisreksturs. Þessi nýja lágmarkslaunavísitala verði reiknuð út fjórum sinnum á ári. Takist ekki með kjarasamningum að tryggja að lægstu laun séu í samræmi við þann framfærslukostnað, sem hin nýja lágmarkslaunavísitala mælir, verði sett lög um lágmarkslaun fyrir dagvinnu sem tryggi nauðsynlegar framfærslutekjur. Kauptaxtar samkvæmt þeim launum verði viðmiðun fyrir yfirvinnu og annað það sem áður tók mið af lægri töxtum, svo og fyrir ellii- og örorkulífeyri og tekjutryggingu. Slík lög um lágmarkslaun gildi þar til niðurstöður almennra kjarasamninga gera þau óþörf."

Og enn fremur segir að „þar til útreikningur á nýrri lágmarkslaunavísitölu hefur farið fram", sbr. ofanskráð, „verði, ef til lagasetningar kemur, tekið mið af 45 000–55 000 kr. dagvinnutekjum á mánuði.

3. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir, lögbundnar ef með þarf, til þess að stuðla að fullum jöfnuði í launum karla og kvenna.

4. Unnið verði að því að fella yfirborganir og aðrar umframgreiðslur inn í launataxta þannig að umsamdir launataxtar endurspegli hin raunverulegu laun.

5. Jafnframt verði í tengslum við hina nýju launastefnu eftirfarandi atriði gerð að forgangsverkefnum:

a. Stytting vinnutímans.

b. Úrbætur í dagvistarmálum og húsnæðismálum.

c. Aukið öryggi og bættur aðbúnaður á vinnustað.

d. Aðstaða til starfsmenntunar.

Alþingi samþykkir að kjósa þingmannanefnd sem í samráði við aðila vinnumarkaðarins hafi forgöngu um að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga um þessi mál. Nefndin vinni einnig að því að skapa samstöðu um nýja launastefnu á grundvelli ofangreindra stefnuatriða.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum — hvort sem þær eru í formi tilmæla, tillagna eða frumvarpa — til Alþingis, aðila vinnumarkaðarins, ríkisins eða sveitarfélaga" allt eftir því hvernig efni málsins liggur.

Síðan er gert ráð fyrir því að nefndin hraði störfum sínum eins og kostur er þannig að ný launastefna geti komið til framkvæmda hið fyrsta og með venjulegum hætti að nefndin ráði sér starfsfólk og kjósi sér formann og starfi alfarið á ábyrgð Alþingis og að kostnaður við störf nefndarinnar skuli greiðast úr ríkissjóði.

Í upphafi grg., herra forseti, segir m.a. svo um tilefni tillöguflutningsins:

„Tillaga þessi er flutt í ljósi vaxandi misréttis, misskiptingar og ranglætis í launamálum í landinu. Á sama tíma og verðmætasköpun er meiri, þjóðartekjur eru hærri en nokkru sinni fyrr og laun þeirra hæstlaunuðu nema 15–20-földum lágmarkslaunum þarf margföld dagvinnulaun verkamanns til að framfleyta meðalfjölskyldu."

Þetta eru óhrekjanlegar staðreyndir sem ekki verður á móti mælt og segja í raun og veru allt sem segja þarf um þann hrikalega launamun sem viðgengst í landinu.

Það er ljóst að þrátt fyrir undangengið góðæri hefur sá hluti launamanna sem er lakast settur ekki fært hótinu nær því takmarki að geta lifað mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum. Þvert á móti er líklegt að lægstu laun nú fyrir dagvinnu í almennri verkamannavinnu samkvæmt kauptaxta, innan við 30 þús. kr. eða rífar 30 þús. kr. allt eftir því hvernig samningar standa hjá hinum einstöku félögum, þessi laun séu fjær því nú en oft áður að duga venjulegri fjölskyldu til lífsviðurværis. Þau eru fjær því m.a. vegna þess að brýnustu útgjöld heimilanna, svo sem maturinn, hafa verið að hækka í verði hlutfallslega og kjör þeirra sem minnstu hafa úr að spila því lakari sem því nemur.

Ég held, herra forseti, að það séu staðreyndir sem ekki sé í sjálfu sér deilt um að launamunur hefur farið vaxandi í landinu á undanförnum árum, að aðstaða þeirra sem lakast eru settir og hafa ekki annað en dagvinnu á strípuðum kauptöxtum sér til framfæris er nú hlutfallslega verri en hún hefur oft áður verið í þjóðfélaginu, þ.e. að tekið sé mið af því hversu verðmætasköpunin er mikil, hversu ríkidæmið í landinu er mikið og þeim lífskjörum sem aðrar stéttir og aðrir hópar búa við. Þetta er m.ö.o. þannig að misrétti hefur farið vaxandi. Þeir hópar sem hafa til þess aðstöðu knýja fram miklar kauphækkanir í formi nánast sérsamninga þar sem hver starfsmaður jafnvel semur sérstaklega við sinn vinnuveitanda um

ýmiss konar hlunnindi og ýmiss konar launauppbætur sem koma ofan á hin umsömdu laun. Að sama skapi eru þeir illa settir sem enga möguleika hafa á því að ná auknum tekjum með slíkum hætti og verða að láta sér duga taxtakaupið eitt.

Það mætti í sjálfu sér tengja þessa þróun stjórnarstefnunni á undanförnum árum og er næsta létt verk að gera, en hvorki tími né efni til að fara ítarlega út í þá hlið málsins hér, þ.e. orsakirnar. Þær eru auðvitað margþættar, en eitt af því sem þarna hefur haft áhrif eru ákveðnar hugmyndir í stjórn landsins sem tvær síðustu ríkisstjórnir, hæstv. núv. og fyrrv., hafa beitt sér fyrir. Það sem er öllu brýnna að ræða eru einfaldlega staðreyndirnar eins og þær liggja fyrir og hvað eigi að gera til úrbóta. Þær staðreyndir tengjast auðvitað lífskjörum þessa hóps sérstaklega. Þar minni ég aftur á ýmsar ráðstafanir stjórnvalda á undanförnum árum sem hafa óumdeilanlega verið þyngri í skauti þeim hluta launamanna sem lægst hefur launin. Það liggja fyrir upplýsingar um hvernig matarskatturinn til að mynda hækkar þann lið heimilisútgjaldanna í landinu hjá venjulegri fjölskyldu og það gefur auga leið að hlutfallslega þeim mun þyngri verður sá útgjaldaauki eftir því sem ráðstöfunartekjur heimilanna eru minni.

Launamunurinn birtist í ýmsum myndum. Hann birtist líka í launamun kynjanna. Á því máli viljum við flm. þessarar þáltill. að verði sérstaklega tekið. Þar liggja fyrir óyggjandi upplýsingar, sem reyndar eru birtar bæði í grg. með tillögunni eða fskj., um þann launamun og hvernig hann birtist með ýmsum hætti. Þar er bæði um að ræða launamun milli starfsstétta sem eru verulega kyngreindar þar sem hlutföll kynjanna eru áberandi mismunandi og einnig launamun innan starfsstétta, innan vinnustöðva, jafnvel svo að sambærileg störf eru greinilega ekki jafnhátt metin þegar verið er að greiða annars vegar körlum og hins vegar konum. Slíkt er með öllu ólíðandi, enda reyndar lögbrot og verður að grípa til róttækra ráðstafana til að útrýma slíku misrétti.

Hér er að vísu rétt að hafa fyrirvara á þegar skoðaðar eru brúttótölur um launamun kynjanna, sbr. til að mynda niðurstöður á úttektum kjararannsóknarnefndar, að þar koma þá til mismunandi langur vinnutími á bak við heildartekjur sem rétt er að hafa í huga og má segja að að sínu leyti sé þar um félagslegt misrétti að ræða ekki síður en launalegt sem veldur því að vinnutíminn er greinilega mismunandi eftir kynjum.

Í grg. eru, eins og ég áður sagði, rakin nokkur dæmi um það hvernig þessi launamunur birtist, eins og til að mynda að árið 1986 höfðu 30–39 ára karlar við afgreiðslustörf rúmlega 63% hærri mánaðartekjur með álögum en konur á sama aldri. Á þeim aldri ná bæði kynin hæstu tekjum afgreiðslufólks. Og svo mætti áfram telja.

Í athugasemdum við einstaka liði tillögunnar sem eru aftan við greinargerðina er farið yfir hvernig þau markmið sem sett eru til að mynda um launajöfnun mundu koma út og mun ég aðeins fara yfir það.

Við setjum það sem fyrstu markmið að launamunur í landinu verði hvergi meiri en fjórfaldur sem er einfalt markmið í sjálfu sér og ætti ekki að vefjast fyrir neinum að skilja. Við gætum tekið það dæmi, sem er býsna nærtækt, að lögfest yrði eða samið yrði um lágmarkslaun upp á 50 þús. kr. sem mundi þá segja að enginn skyldi hafa hærri laun en 200 þús. Við viljum ganga lengra í launajöfnun innan vinnustaða til þess að í nærumhverfi manna verði ekki jafnáberandi launamunur og viðgengst þó að öðru leyti í þjóðfélaginu og setjum það fram sem æskilegt markmið að launamunur á tilteknum vinnustað verði aldrei meiri en þrefaldur og í því samhengi að lægstu laun skuli aldrei vera lægri en þriðjungur af þeim launum sem hæst eru greidd á sama vinnustað. Það þekkjast dæmin um það til að mynda að forstjórar ýmissa stórra fyrirtækja hafi býsna myndarleg laun og eru nærtæk. Við getum sett það fram sem dæmi að samið yrði um 165 þús. kr. mánaðartekjur til tiltekins yfirmanns eða starfsmanns í stóru fyrirtæki eða á stórum vinnustað. Það mundi þýða að óheimilt yrði að greiða neinum starfsmanni á sama vinnustað lægri vinnulaun en 55 þús. kr. á mánuði eða þriðjung af þeirri upphæð. Þannig gætu tekjur þeirra sem mest fá greitt orðið til þess að hækka laun þeirra sem lægst fá.

Sá kostur, herra forseti, að lögbinda lágmarkslaun hefur nokkuð mikið verið til umræðu undanfarna mánuði og er umdeilt atriði. Það er ekki um það neinn ágreiningur af hálfu flm. þessarar tillögu að það sé æskilegast að til slíks þurfi ekki að koma og að ásættanleg niðurstaða náist hvað þetta varðar í frjálsum kjarasamningum. Ég held hins vegar að stjórnvöld geti ekki af neinum heilagleika horft fram hjá því að það er í sjálfu sér hlutur sem snertir lífskjör fólksins í landinu rétt eins og fjöldamargt annað sem við á hinu háa Alþingi erum dag frá degi að fjalla um, hvað menn fá greitt í laun. Og sé sú niðurstaða sem næst í samningum ekki ásættanleg að mati löggjafans og neðan við þau mörk, sem ríkidæmi þjóðarinnar og siðferðisafstaða býður upp á, geti löggjafinn að sjálfsögðu beitt áhrifum sínum í þessu efni eins og öðrum. Ég geri ekki mikinn mun á því í sjálfu sér hvort um er að ræða ráðstafanir sem hafa áhrif á lífskjör elli- og örorkulífeyrisþega, lífskjör námsmanna og fjöldamargra annarra hópa í þjóðfélaginu eða hvort löggjafinn með beinum hætti beitir áhrifum sínum til að hafa áhrif á lægstu laun. Það er að vísu nöturleg niðurstaða, virðulegi forseti, fyrir okkur uppi á Íslandi á árinu 1988, í lokin á einhverju lengsta samfellda góðærisskeiði síðari áratuga, að þurfa að vera að ræða í fullri alvöru um inngrip af hálfu löggjafans í launagreiðslur með þessum hætti. Það er mjög nöturleg niðurstaða, herra forseti, en hún er engu að síður staðreynd. Það er engu að síður staðreynd að launamunurinn í landinu er óheyrilegur og hefur farið vaxandi og að lægstu launin eru ekki ásættanleg. Við getum að mínu mati ekki horft upp á það takmark fjarlægjast að menn geti lifað mannsæmandi lífi af dagvinnu-

launum og við hljótum að taka þau mál til umræðu og umfjöllunar hér á Alþingi rétt eins og svo fjöldamörg önnur mál sem snerta lífskjör og umhverfi fólksins í landinu.

Herra forseti. Ræðutíma mínum, svo furðulegt sem það nú er, mun víst vera lokið ef marka má þennan bjölluhljóm og ég hef þá þessi orð ekki fleiri að sinni, en áskil mér þá rétt til þess að bæta einhverju við síðar í umræðunni ef mér þykir með þurfa.

Að loknum þessum hluta umræðunnar, virðulegi forseti, er víst venjan að gera tillögur um hvernig málum skuli vísað til nefndar. Nú skal ræðumaður viðurkenna að hann er ekki alveg viss um hvort það er einhlítt að slíkt mál skuli fara til félmn. eða allshn. en aðalatriðið mun þó vera að málum sé skipað saman til nefnda eftir því sem efni þeirra býður upp á. Ég legg því til að till. verði vísað til hv. félmn. en áskil mér rétt til að breyta þeirri tillögu ef mér skyldi snúast hugur.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er mjög gott mál á ferðinni sem verður auðvitað ekki leyst með þáltill. einni saman. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. flm. að launamunur í landinu fer það vaxandi að slík viðbrögð sem þessi hljóta að verða. Spurningin er: Með hvaða hætti á að reyna að þvinga fram breytingar á því ástandi sem er í landinu að þessu leyti? Það er alveg sama með þetta mál eins og það sem við ræddum hér fyrir stundu og urðu miklar umræður um. Ef fulltrúar launafólksins og landsbyggðarinnar ná saman er hægt að breyta þessum málum til betri vegar. Maður hrekkur við að sjá framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins koma fram í sjónvarpi eða útvarpi dag eftir dag og segja: Það eru engir möguleikar til þess að borga hærra kaup. Atvinnuvegirnir standa svona og svona. Þessum mönnum dettur ekki í hug að hægt sé að stokka upp og skipta kökunni með öðrum hætti. Það hvarflar ekki að þeim, það er ekki möguleiki.

Ég vil ekkert fullyrða um það hver launamunurinn er. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi áðan, ef ég hef tekið rétt eftir, 15–20%. (**SJS:** Fimmtán- til tuttugufaldur.) Já. Ég held að þetta sé kannski ekki svona glannalegt, en e.t.v. allt upp undir fimmtánfalt, jafnvel það veit ég um.

Svo er aftur spurningin, hver á launamunurinn að verða? Það er annað mál. Við getum hugsað t.d. til læknanna sem eru komnir á fertugsaldur þegar þeir eru búnir að ljúka sínu námi. Þeirra starfsaldur er ekki mjög langur í raun og veru. Spurningin er hvort það á að verða þrisvar, fjórum sinnum eða fimm sinnum. Það er dálítið annað að það sé fimmtánfalt eða fimmfalt. Það er nokkur munur og þetta þurfa menn að kanna. Það er ekkert sjálfgefið í þessu.

En þegar það er orðið þannig að sumir hafa yfir hálfa millj. í laun á mánuði, og það er upp gefið, og ekki er hægt að borga öðrum meira en eitthvað um 30–40 þús. sjáum við náttúrlega að þetta gengur bara ekki. Það er alveg útilokað mál. En við skulum gera okkur grein fyrir því að ef fulltrúar þessa fólks, sem geta ef þeir hafa vilja og skilning, taka höndum saman er hægt að breyta þessu sem ýmsu öðru. Það bara skortir, því miður. Fólk er rígbundið í þessum flokkum og fer eftir forustunni að verulegu leyti. Flokksræðið er þannig í landinu, en sem betur fer er þetta að gliðna. Það er þó eitt sem misréttið verður til að breyta og það er það að uppstokkun verður í öllum þessum flokkum því fólk þolir þetta ekki. Við sjáum hvað er að gerast t.d. úti á landsbyggðinni og jafnvel hjá hinum fátækari hér.

En misréttið er svo yfirgengilegt á mörgum sviðum. Það er ekki nóg að hafa 50 þús. kr. í laun ef það er þrisvar, fjórum sinnum dýrara að hita upp húsin svo að dæmi sé tekið. Það er settur söluskattur á flutninga út á land. Það er ekki nóg að við borgum af hverri einingu sama krónufjölda að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði, heldur þarf að setja einnig söluskatt á þennan flutningskostnað. M.ö.o., misréttið kemur fram í alls konar myndum og menn virðast ekki hafa kjark, ekkert þrek, til þess að hrista af sér fjötrana og takast á við þetta misrétti.

Ég þakka þeim sem fluttu þessa till. Hún er til þess að ræða um málið en hryggilegt er hve fáir eru hér til þess að taka þátt í umræðum um svona mál.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það varð niðurstaða þingflokks Alþb. að nauðsynlegt væri að leggja fram á þinginu till. til þál. um stefnumótun í launamálum sem snertir launajöfnun, lágmarkslaun og nýja launastefnu. Hv. 4. þm. Norðurl. e., formaður þingflokks okkar, hefur gert grein fyrir þessari tillögu í sinni framsöguræðu hér áðan og hef ég engu þar við að bæta út af fyrir sig. Ég ætla aðeins að minna á nokkur aðalatriðin.

Ég vek þá fyrst athygli á því að fyrir þinginu liggja núna mörg mál sem snerta laun og launatekjur, fjöldi mála frá mörgum flokkum. Ég hygg að leita þurfi mjög langt aftur í tímann, þingsöguna, til að finna jafnmargar tillögur og jafnítarlegar umræður um launamál og þær sem fram hafa farið á þessu þingi. Og af hverju skyldi það nú vera, virðulegi forseti, að umræður um launamál eru skarpari á þessu þingi heldur en stundum áður?

Ég hygg reyndar að ástæðurnar liggi í augum uppi þegar við lítum aðeins í kringum okkar, horfum fyrst og fremst á þá staðreynd að mismunun í lífskjörum öllum er hrikalegri núna en sést hefur mjög lengi í þessu landi. Það er ákaflega alvarlegur hlutur fyrir þessa litlu þjóð ef það er þannig að menn fara að upplifa hér stórkostlega mismunun í lífskjörum. Það verður til að sundra þjóðinni, veikja hennar samstöðugetu og átakamöguleika á öllum sviðum. En forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á Íslandi er sú að það sé tiltölulega mikill jöfnuður og í rauninni er krafan í litlu þjóðfélagi um jöfnuð mikið sterkari og jafnvel brýnni en í hinum stærri þjóðfélögum. Þess vegna er það að mismun-

unin er meginástæðan fyrir því að um þessi mál hefur verið fjallað jafnítarlega á yfirstandandi þingi og raun ber vitni um og það er alveg ljóst að það verður fjallað um þessi mál áfram, fyrst og fremst vegna þess að það er alveg augljóst að það mun ekki núna alveg á næstunni takast að rétta við hlut láglaunafólks með þeim hætti sem réttlætiskenndin segir okkur að sé óhjákvæmilegt.

Ég held að við þurfum líka að átta okkur á því að önnur ástæða fyrir þessum miklu umræðum um launamál er sú að það hafa átt sér stað stórfelldar breytingar á efnahagskerfinu á undanförnum árum. Vextir hafa verið gefnir frjálsir eins og það er kallað. Við búum hér við einhverja hæstu raunvexti sem til eru í þessu landi. Verðlag hefur verið gefið frjálst og það er alveg augljóst mál að sums staðar eru til peningar, stórfelldir fjármunir í þessu þjóðfélagi, meðan þá skortir sárlega annars staðar. Hvaðan skyldu þeir peningar vera teknir sem hafa verið notaðir til þess að auka verslunarhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu um 55 þús. fermetra á einu ári og hver skyldi borga þessa peninga? Auðvitað er alveg ljóst að frelsið í vöxtum, frelsið í verðlagi, hefur orðið til þess að það hefur orðið *minna til skiptanna annars* staðar, minna í hina félagslegu þjónustu, minna í samneysluna, minna í kaupið. Það er auðvitað alveg hrikalegt að horfa upp á það að jafnaðarmannaflokkur svokallaður skuli ganga inn í ríkisstjórn við þessar aðstæður án þess að gera kröfur um að hagsmunir gróðans séu skorðaðir af og það sé tekið fé af þessum gróðaöflum eða gróðapungum eins og þeir hafa stundum verið kallaðir hér úr þessum ræðustól. Það er þess vegna alveg hárrétt sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér áðan. Það þarf að þvinga fram breytingar á þessu kerfi. Og það verður að gera með lýðræðislegum ákvörðunum þingsins. Það verður að gerast með því að þau stjórnmálaöfl sem þora að ganga á hólm við markaðinn, markaðshyggjuna, nái saman hér á þessu þingi og menn hætti að vinna í þágu peningaaflanna þar sem Sjálfstfl. er hin pólitíska kjölfesta.

Það er kostulegt þessa daga, virðulegi forseti, að horfa á sjónvarpsfréttir dag eftir dag þar sem forstjóri Vinnuveitendasambands Íslands kemur í sjónvarp og segir: Það er ekki hægt að borga hærra kaup.

Kjarni málsins er í rauninni ekki sá, heldur hinn, það er ekki hægt að lifa af þessu kaupi sem verið er að borga. Það er ekki hægt að lifa af þessu kaupi og þessi tillöguflutningur okkar m.a. hér í þinginu er til marks um það að við höfnum þessum málflutningi fyrir hönd þess fólks sem verið er að dæma til hinna svívirðilega lágu lífskjara sem byggjast á hinum lágu og lélegu kauptöxtum.

Þess vegna er það auðvitað stórkostlegt umhugsunarefni við ríkjandi aðstæður að það skuli gerast aftur og aftur í umræðum á hv. Alþingi að það er sagt sem svo: Samtök launafólks geta ekki lyft þessu, þau geta ekki bætt kaupið og kjörin. Reyndir verkalýðsleiðtogar koma hér, eins og hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir hefur gert, og segja: Verkalýðshreyfingin nær ekki lengra. Og stundum botna menn hennar setningar með því að segja: Verkalýðshreyfingin getur þetta ekki.

Ég hygg, virðulegi forseti, að þetta sé ekki rétt sett upp með þessum hætti. Ég er sannfærður um það að samtök launafólks geta þetta ásamt pólitískum öflum ef menn hafa rænu á því að taka höndum saman sem saman eiga í þessu landi. Ég hygg að forsenda þess sé sú að menn láti réttlætiskenndina bera sig áfram og neiti að þola þann svíðingsháttt sem birtist í hinum lágu kauptöxtum og lélegu lífskjörum *sem við þekkjum um þessar mundir í einu auðugasta* þjóðfélagi veraldar. Það er engin ástæða til þess, virðulegi forseti, að þola þetta ástand.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. till. fyrir það að hún er fram komin. Það stendur okkur kvennalistakonum að sjálfsögðu nærri að þakka flutning hennar þar sem hún hnígur mjög í sömu átt og við höfum ítrekað lagt til í nokkur ár og nú síðast með framkomnu frv. sem hnígur mjög í sömu átt.

Það hlýtur líka að gleðja okkur í ljósi þess að í vor, þegar við stóðum í stjórnarmyndunarviðræðum og lögðum fram sem skilyrði fyrir stjórnarþátttöku að gripið yrði á þessum málum með þeim hætti að á þeim fyndist lausn og þá með lögbindingu lágmarkslauna ef ekki fyndust betri leiðir, mælti enginn þeim aðferðum bót — ég undirstrika: enginn. En nú er svo komið að æ fleiri virðast sammála um það að einhverja slíka leið verði að finna, sá árangur hafi ekki náðst í frjálsum samningum, eins og það er kallað, að við verði unað og verði því að grípa til annarra ráða og þá að löggjafinn verði að grípa inn í ef ekki finnast aðrar leiðir.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta hér vegna þess að ég tel mig þegar hafa rætt þessi sömu mál úr þessum ræðustóli en undirstrika einungis vilja okkar *til að vinna með öðrum þeim sem stefna að sama* marki. Og þó að eitthvað kunni að bera í milli í aðferðum eða hugmyndum um það hvernig þessu marki verði best náð að láta það ekki standa í vegi fyrir að fólk nái þá sameiginlega settu markmiði, fari ekki að hnjóta um smáatriði eða útfærslur eða bítast um — ég vil ekki segja smáatriði — svona útfærsluleiðir, heldur sameini kraftana og finni það sem sameinar frekar en það sem sundrar.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég verð að vísu að segja það að ég hefði gjarnan kosið að fleiri hefðu gefið sér tíma til þess a.m.k. að sitja hér og hlýða á umræður um þessi mál og gaman hefði verið að sjá eins og einn hæstv. ráðherra úr ríkisstjórninni en ég er nú *satt best að segja orðinn yfirleitt úrkula vonar um að* þeir hafi tíma til þess eða virði Alþingi Íslendinga þó þess, sem þeim ber lögum samkvæmt að gera, að

sitja hér á þingfundum. Það mætti oft halda að það væri ekki einn hæstv. ráðherra sem væri í útlöndum heldur væru þeir það allir dögum og jafnvel vikum saman þegar skoðuð er viðvera þeirra hér á þinginu. En hér gapa auðvitað á móti manni tómir stólar flesta daga.

Ég vil lítillega bæta við þá umræðu sem hér hefur farið fram og gjarnan byrja á því sem hér var endað á að ræða um af tveimur hv. ræðumönnum a.m.k., en það eru möguleikar verkalýðshreyfingarinnar til þess að ná fram launajöfnun og lyfta kjörum hinna lakast settu í kjarasamningum. Og til þess að halda því til haga er það mín skoðun að á síðari árum hafi einkum einu sinni verið gerð mjög merk tilraun í þá veru við gerð kjarasamninganna í des. 1986 þegar lágmarkslaun voru hækkuð úr eitthvað ríflega 19 000 kr. upp í 26 500 kr. á einu bretti. Það var aðgerð sem sérstaklega átti að bæta hag þeirra lakast settu og það var vilji samningsaðila þá, a.m.k. í orði kveðnu, að þeirri hækkun yrði ekki fylgt eftir með hækkun upp allan launastigann. M.ö.o., það átti að reyna að minnka launamuninn með þeirri aðgerð.

Hver var niðurstaðan? Niðurstaðan er auðvitað öllum þeim sem til þekkja mikil vonbrigði. Hún var einfaldlega sú að meira og minna stjórnlaust fór sú kauphækkun á lægstu launum út yfir allan launastigann og út í verðlagið þannig að vissulega gera menn sér grein fyrir því að hér er ekki um einfaldan hlut að ræða. Því er það að okkar tillaga gerir ráð fyrir því að reynt sé að taka á málinu í heild sinni, byrja á því að marka stefnu og ná samstöðu um það að launamunurinn verði að vera innan einhverra hóflegra marka og síðan að raða mönnum upp innan þess ramma sem þannig yrði settur. Og ég held að nánast eina leiðin til þess að ná tökum á þessu vandamáli sé að nálgast það þannig.

Vissulega er það svo rétt, og mætti gjarnan hafa meiri tíma til að ræða þá hluti, að skipting þjóðarverðmætanna er hér líka undir og spurningin um það hvað mikið af þjóðarverðmætunum fer í launagreiðslur og hvað mikið fer í annað. Hún má ekki gleymast þegar verið er að ræða kjaramál í landinu. En það vill æði oft brenna við nú upp á síðkastið að jafnvel báðir aðilar í kjarasamningum gangi út frá þeirri staðreynd að einungis tiltekinn hluti þjóðarkökunnar sé til skiptanna í launagreiðslur og það sé búið að taka frá svo og svo mikið í fjármagnskostnað, svo og svo mikið í fjárfestingu og svo og svo mikið í aðra hluti áður en kemur að því að greiða mönnum laun. Og það er nöturleg staðreynd að undirstöðuatvinnuvegur landsmanna, sjávarútvegurinn, og þar einkum fiskvinnslan, sú sem skapar í raun og veru mestöll verðmætin sem þessi þjóð lifir á, er gjarnan notuð sem sönnun fyrir því að ekki sé hægt að greiða hærri laun á Íslandi en kannski 30 000 kr. Það er sagt: Staða fiskvinnslunnar er svo bág að hún þolir ekki hærri launagreiðslur en þetta. Og það er mjög nöturlegt, hæstv. forseti, vegna þess að þetta á auðvitað ekki að vera þannig og er ekki þannig þegar farið er ofan í saumana á því. Á sama tíma og fjármagnskostnaður fiskvinnslunnar hefur nærri tvöfaldast á tíma síðast gildandi kjarasamninga er það sjaldan nefnt að atvinnugreinin hafi orðið fyrir útgjöldum þess vegna en það er rekið upp ramakvein ef á að reyna að hækka launin við starfsfólk í fiskvinnslu.

Það hefði verið, að mínu mati, hæstv. forseti, gaman ef við hefðum fengið að heyra í þeim hv. þm. sem jafnframt eru trúnaðarmenn í verkalýðshreyfingunni. Þannig vekur nokkra furðu mína að hv. þm. eins og Karl Steinar Guðnason og Karvel Pálmason sjá ekki ástæðu til þess jafnvel að vera viðstaddir inni í þingsalnum þegar þetta er rætt, hvað þá að taka þátt í umræðum. Er það e.t.v. eitthvað vandræðalegt eða erfitt mál fyrir þá að taka þátt í þessum umræðum hér um launamuninn og lágmarkslaunin í landinu? Svo á ekki að vera. Þessi tillaga er af hálfu flm. fyrst og fremst hugsuð sem stuðningur við kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar og jákvætt innlegg í þá umræðu og þá baráttu sem þar stendur yfir en ekki öfugt. Ég vil sérstaklega undirstrika það hér.

Að lokum, hæstv. forseti: Ég held að menn eigi að gera sér grein fyrir því hvað hefur verið að gerast í þessum efnum í íslenska þjóðfélaginu á undanförnum árum. Menn verða að horfa framan í það og það eiga allir að svara þessari spurningu, líka sjálfstæðismenn, líka atvinnurekendur: Er íslenska samfélagið að þróast í þá átt sem við viljum? Er það farsælt fyrir okkur sem þjóð að launamunur í landinu fari vaxandi, að verkalýðshreyfingin sé meira og minna að losna sundur í frumeiningar sínar og að atvinnurekendur þar með þurfi ekki lengur að gera einn eða tvo eða nokkra kjarasamninga á hverju ári, heldur e.t.v. 120 000 kjarasamninga, jafnmarga og vinnandi menn eru í landinu? Er það framtíðarþjóðfélag sem atvinnurekendur, ekkert síður en trúnaðarmenn í verkalýðshreyfingunni, vilja? Ég held að svarið hljóti að vera nei. Það er sameiginlegt skipbrot allra í þessum efnum ef sú upplausn heldur áfram sem hefur verið að halda hér innreið sína á undanförnum árum. Það verður þegar frá líður ekki síður tjón vinnuveitendanna, atvinnurekendanna og atvinnulífsins en launamanna. Það er sameiginleg ógæfa allra ef svo fer. Það er mín sannfæring. En fyrst og síðast er það ógæfuþróun fyrir íslenska samfélagið. Það er stundum sagt og það er vinsælt að segja við útlendinga, mér skilst enn þá, leiðsögumenn eru jafnvel menntaðir í því að segja við útlendinga: Hér á Íslandi er stéttlaust þjóðfélag. Hér á Íslandi er enginn launamunur. Hér eru þeir jafn vel settir ráðherrann og sjómaðurinn, ráðherrann og fiskvinnslukonan. Það er enginn stéttamunur til í landinu.

Þetta hefur kannski aldrei verið rétt, og auðvitað ekki, kannski verið nær því hér en víða annars staðar en það er löngu úrelt að mennta íslenska leiðsögumenn í því að segja við útlendinga: Á Íslandi er stéttlaust þjóðfélag. Og það hefur færst mun fjær því að vera við hæfi núna á síðustu missirum en áður

var. Hér er nefnilega að vaxa upp illilega stéttskipt þjóðfélag, hér er að verða til lágtekjustétt í landinu, sem situr tiltölulega föst í því hlutskipti ef svo heldur fram sem horfir, á sama tíma og auðvitað er að myndast til mótvægis auðstétt sem hefur yfrin fjárráð, og nóg eru dæmin um það, og svo væntanlega einhverjir sem eru þar á milli. Þetta er ógæfuþróun, um það ættu allir að geta verið sammála. Ég skora á þá trúnaðarmenn úr verkalýðshreyfingunni sem eru viðstaddir umræðuna að tjá sig um það. Er það e.t.v. leið að fara með þessi mál hér inn í gegnum löggjafarvaldið til stuðnings baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir mannsæmandi launum? Er ekki hinn kaldi veruleiki sá að það verða allir að leggja saman, allir að leggjast á árar, til þess að tryggja þeim sem lakast eru settir mannsæmandi laun og að ná eitthvað utan um launamuninn og þá óheillaþróun sem þar hefur verið að eiga sér stað?

Virðulegi hæstv. forseti. Ég hef víst lokið ræðutíma mínum og þakka að öðru leyti þá umræðu sem hér er þegar orðin en vænti þess að hún verði auðvitað meiri.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Ég stend ekki upp sem trúnaðarmaður í verkalýðshreyfingunni en hins vegar er hérna hreyft máli sem flesta varðar og ég tel rétt að þm. á vegum Borgarafl. tjái sig um þessi mál.

Við lögðum fram till. ekki alls fyrir löngu um það að ríkisvaldið kæmi inn í og greiddi lágtekjufólki til baka af ríkistekjum ákveðinn hluta svo að það gæti lifað sómasamlega. Það er mín skoðun að Alþingi eigi ekki að skipta sér af kjarasamningum. Hins vegar finnst mér að ríkisvaldið eigi að koma inn í til jöfnunar á kjörum fólks. Ég tel því óæskilegt að Alþingi semji um eða ákveði lágmarkslaun og hef lýst þeirri skoðun minni áður úr þessum stóli í þeirri umræðu sem skapaðist á sínum tíma er till. okkar borgaraflokksmanna var rædd.

Hins vegar tel ég að Alþingi megi marka stefnu í málefnum launafólks og þá hvernig ríkisvaldið geti komið inn í til að jafna kjör fólks með þá greiðslum en að skipta sér af kjarasamningum tel ég, sama hvort það er í formi lágmarkslauna eða á annan hátt, af hinu óæskilega. Það mætti í þessu sambandi, og þar sem gert er ráð fyrir því í till. að laun megi ekki vera meira en þreföld eða fjórföld lágmarkslaun, benda á það að Alþingi ætti nú fyrst að athuga þann gang sem er hér á Alþingi. Ég býst við því að þeir sem lægst eru launaðir hér hafi í tekjur um 31 000–35 000 en ráðherrar hafi yfir 200 000. Þarna er um áttfaldan eða nífaldan mun að ræða. Svo áður en við förum að ákveða eitthvað fyrir aðra held ég að best sé að við tökum okkar mál í gegn fyrst.

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það, eins og allir þm., að lágmarkslaun í landinu eru allt of lág og eru til háborinnar skammar í þessu þjóðfélagi og að sjálfsögðu erum við fúsir að leita leiða til að koma þeim í mannsæmandi horf.

En það sem rekur mig hér upp í pontu er þessi fyrsti liður þar sem talað er um að laun megi ekki vera meiri en fjórföld, þreföld og niður í tvöföld eða að lágmarkslaun séu sem sagt helmingur af hæstu launum. Ég sé ekki annað en að þessi till. í heild sé veruleg árás á einkaframtakið í landinu. Það er verið að búa til þjóðfélag lognmollunnar. Það er verið að drepa einkaframtakið nánast. Hér má enginn standa upp úr. Hér má enginn hagnast. Það er ekkert annað sem er verið að segja þarna. Hvað er með verslun og hvað er með lögfræðinga og hvað er með endurskoðendur? Hvað eiga þeir að gera við umframtekjurnar? Kemur það fram hér? Ég held að það ætti frekar að fara inn á tekjuöflunina. Hvernig er tekið á hjónum t.d. þar sem fyrirvinnan er ein? Það kemur ekkert fram hér. Síðan koma hér upp kvennalistakonur, eða ein kvennalistakona sem notar þennan stað, þennan vinnustað virtasta vinnustað þjóðarinnar, og nota hann sem æfingabúðir. Hér skipta þær inn og út lon og don. Þetta er bara tvískinnungsháttur og ekkert annað.

Ég sakna þess að sjá hérna í till. hvernig á að taka á þeim umframhagnaði sem skapast í einkageiranum við svona tillögur. Hvað á að gera við hann, hv. 1. flm.? (**SJS:** Fyrirgefðu, viltu endurtaka spurninguna?) Hvað á að gera við þann hagnað sem skapast í einkageiranum við það að negla niður launin? Það skapast óneitanlega meiri hagnaður þegar þú þarft að borga minni laun. (**SJS:** Það má hækka botninn.) Það er nú þannig að það er ekki láglaunafólk í öllum stéttum. Það eru til heilar stéttir þar sem er fólk sem er yfir þessum launum og ef þú ætlar að draga þau niður þá hlýtur að skapast hagnaður í fyrirtækinu. Er það ekki rétt ályktað? Hvað á að gera við hann?

Þessi till. er rugl.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs hér í tilefni af orðum hv. þm. Þórhildar Þorleifsdóttur en af því að ég kem hér næstur í ræðustól á eftir hv. 5. þm. Vesturl. get ég ekki látið hjá líða að gera svona örfáar athugasemdir við hans ræðu og þá fyrst það að hann heldur því fram að við samþykkt svona tillögu þá myndist stórfelldur hagnaður í fyrirtækjum og hann spyr: Hvað á að gera við þann hagnað? Nú hygg ég að ef lægstu launin yrðu hækkuð eins og hér er gert ráð fyrir mundi nú ekki verða mikill hagnaður út af fyrir sig af því einu að lækka um leið hæstu launin. En þar sem það yrði gert ætla ég að svara hv. þm. því hvernig á að leysa þann gífurlega vanda. Það er með skattlagningu á þessi fyrirtæki, til samneyslunnar og hinnar félagslegu þjónustu, til heilbrigðismála, menntamála og vegamála, jafnvel á Vesturlandi og víðar. Þannig yrði það nú leyst. Ég hef því alveg hverfandi áhyggjur af þessu máli, hv. þm. Hvernig á svo að ná þessu markmiði? „Sósíalisminn er það einfalda sem er flókið í framkvæmd“, sagði Bertolt Brecht. Og þetta tekur auðvitað allt tíma. Hér erum við að setja fram markmið sem við

gerum okkur alveg grein fyrir að menn ná ekki á einni nóttu en þetta eru þau markmið sem við viljum setja okkur. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að laun eigi í grófum dráttum að vera jöfn, það er mín skoðun. Ég sé engin rök fyrir því að við sem erum fædd öll eins í upphafi eigum að vera með mismunandi laun fyrir að vera til þó við vinnum eitthvað aðeins mismunandi vinnu. Þannig að ég vil ganga mjög langt í launajöfnun, mjög langt, og þetta eru þau markmið sem við setjum okkur þarna í þessu plaggi.

Varðandi það sem hv. þm. Guðmundur Ágústsson sagði svo um það að lög ætti ekki að setja til þess að hafa afskipti af launamarkaðinum, gott og vel. Það getur út af fyrir sig verið sjónarmið, sérstaklega vegna þess að það hefur yfirleitt verið hér hægri meiri hluti á Alþingi sem hefur notað þessi lög til að keyra niður kaup og kjör í landinu. Hins vegar hefur það aftur og aftur gerst að pólitískur meiri hluti á Alþingi hefur verið notaður til hins gagnstæða, þ.e. að lyfta hinum lægstu launum í landinu. Dæmi: Lög um tekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjur þessa fólks voru tvöfaldaðar með lögum 1971. Lög um vísitölubindingu launa sem hér hafa aftur og aftur verið í gildi eru vissulega lög um lágmarkslaun. Lög um kjaramál frá 1. sept. 1978 þar sem voru teknar ákvarðanir um að lyfta kaupinu og kaupmætti launa m.a. með því að fella niður söluskatt af matvörum sem nú hefur verið lagður á aftur. Aftur og aftur getum við fundið dæmi um það að lagasetning hefur verið notuð til þess að lyfta fólki í launum, þ.e. þeim tekjum fólks sem það hefur til að lifa af. Þess vegna er ekkert nýtt í þessu efni út af fyrir sig. Þó að hér hafi á seinni árum komið tillögur í þessa veru má segja að þær séu aðeins staðfesting á þeim veruleika sem menn hafa horft á í kringum sig.

En ég vil sérstaklega, virðulegi forseti, taka hér undir þau orð sem hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagði í lok sinnar ræðu áðan. Það sem skiptir máli er það að hér hafa komið fram í þinginu fjöldamargar tillögur varðandi launa- og kjaramál. Það kann að vera að okkur greini á um einstök minni háttar útfærsluatriði. Hitt er ljóst, í mínum huga, að í þessum tillöguflutningi er skýr pólitískur samnefnari. Á grundvelli þess eigum við síðan að þróa umræðuna áfram þannig að okkur takist að sameina hreyfingu til heildarátaka og þeir starfi saman sem saman eiga.

Ingi Björn Albertsson:

Það er akkúrat, virðulegi forseti, eins og síðasti ræðumaður sagði, pólitískur samnefnari. Hér er verið að skapa þjóðfélag flatneskjunnar. Hér má enginn rísa upp úr. Hann talar um að hagnaðinn eigi að skattleggja. Auðvitað verður hann ekkert skattlagður vegna þess að þetta dregur úr hvata manna til þess að mynda hagnað. Af hverju eiga menn að vera að mynda hagnað eingöngu til þess að láta skattleggja hann? Þeir bara vinna upp að þessum mörkum og hætta síðan. Og launamismuninn, hvernig ætlarðu að túlka hann? Fer það eftir fjölskyldustærð? Ég þarf að fæða átta munna. Sumir þurfa að fæða þrjá. Hvernig kemur það inn í launamismuninn? Getur hv. þm. svarað því eða er það í „kommapólisíunni“ hvað hún má vera stór fjölskyldan? (**SvG:** Barnabætur, lífskjarajöfnun.) Barnabætur! Það er ölmusukerfi sem þið eruð að boða. Þið viljið fá allt til ykkar og hreyta svo af borðum ykkar. (Gripið fram í.) Við erum tilbúnir til að leita leiða til að hækka lægstu laun, já, en það á ekki að draga úr hinu frjálsa framtaki, einkaframtakinu. Einstaklingurinn á að fá að njóta sín.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Mér finnst rétt að ég komi hérna upp vegna þess sem ég sagði hér áðan og því miður hefur verið rangtúlkað af hv. 7. þm. Reykv. Ég vil gera skýran greinarmun á tvennu, annars vegar kjarasamningum og hins vegar aðgerðum ríkisvaldsins, þar á meðal Alþingis, til þess að rétta kjör hinna lægst launuðu og annarra þjóðfélagsþegna.

Það kom alveg skýrt fram í mínu máli að ég vildi ekki að ríkisvaldið skipti sér af kjarasamningum sem slíkum. Hins vegar kom það líka skýrt fram í mínu máli að ég vildi að ríkisvaldið kæmi inn í og rétti kjör þeirra sem undir eru í þjóðfélaginu. Það var alveg ljóst og allt tal í aðra átt er rangt. Ég benti líka á þá till. sem við þm. Borgarafl. lögðum fram um það að til þess að hífa upp lægstu laun, þá vildum við að ríkisvaldið greiddi í formi ónýtts persónufrádráttar til lágtekjufólks og kæmi þannig inn í til þess að það fólk hefði þó a.m.k. eitthvað til hnífs og skeiðar.

Ég fagna þessari till. engu að síður, þó að það mæli margt á móti því að hún verði samþykkt, sérstaklega því, eins og fram hefur komið hér í máli margra, að þessum málum skuli vera hreyft og það núna þegar kjarasamningar standa yfir og lýsa hver sé vilji þm. til þessara mála. Ég held að núna í framhaldi þurfum við, a.m.k. stjórnarandstöðuþm., að taka okkur saman um raunhæfar tillögur í þá átt að bæta kjör þessa fólks og koma jafnvel með sameiginlegar tillögur í þá átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga, fyrri umr.

Þáltill. SkA og SvG, 367. mál. — Þskj. 699.

Flm. (Skúli Alexandersson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 7. þm. Reykv. Svavari Gestssyni að flytja á þskj. 699 till. til þál. um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við

bifreiðatryggingar hér á landi þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar.

Í því skyni skal m.a. taka eftirfarandi til athugunar:

1. Samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú átta tryggingafyrirtæki með bílatryggingar.
2. Afnám tvísköttunar vegna bifreiðatrygginga en nú fara 40 kr. af hverjum 100 iðgjaldakrónum í ríkissjóð.
3. Aukna umferðarfræðslu.
4. Markvissa eflingu almenningssamgangna, einkum á þéttbýlissvæðum.
5. Tryggingaflokka og hvort um getur verið að ræða tvöfalda eða margfalda tryggingu á sama tjóninu.
6. Kostnað tryggingafélaganna við viðgerðarþjónustu á bifreiðum.
7. Sameiginlega innheimtu á tekjum til þess að standa undir tjónakostnaði við bifreiðatryggingar þannig að tryggingaiðgjöld tengist að einhverju leyti akstri eða eldsneytisnotkun."

Umræða um iðgjöld bifreiðatrygginga, um þá miklu hækkun sem orðið hefur á þeim iðgjöldum, fór fram utan dagskrár í hv. Ed. 9. mars sl. Í framhaldi af þeirri umræðu, svo og þeirri miklu umræðu sem hefur átt sér stað í fjölmiðlum og meðal almennings um þetta málefni töldum við rétt að freista þess að gera þá umræðu markvissari með þessum tillöguflutningi.

Hér leggjum við til í fyrsta lagi að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa ráðstafanir til að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar. Stjórnvöld hafa löngum nefnt að æskilegt væri að verðlagsþróun hér á landi tæki mið af þróuninni í grannlöndunum. Það er því eðlilegt að á þessum vettvangi verði reynt að halda þeirri viðmiðun.

Þá bendum við á sjö atriði sem taka beri til athugunar þegar athugaðar verða leiðir til að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar. Þar er í fyrsta lagi bent á samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú átta tryggingafyrirtæki með bílatryggingar. Hér ríkir hin frjálsa samkeppni. Hér er ekki nefnd offjárfesting, sem þó trúlega er, hvað þá óeðlilega mikill reksturskostnaður svo margra tryggingarfélaga á svo takmörkuðum markaði.

Í öðru lagi viljum við láta athuga afnám tvísköttunar vegna bifreiðatrygginga en nú fara 40 kr. af hverjum 100 iðgjaldakrónum í ríkissjóð.

Talið er að um 30% af tjónagreiðslum fari til þess að greiða fyrir líkamstjón sem verður í umferðinni, en um 70% til þess að greiða fyrir munatjón. Tryggingafélögin greiða 25% söluskatt af allri þjónustu verkstæðanna.

Þegar tryggingafélögin áætla iðgjöld sín ber þeim að gera ráð fyrir því að þau standi undir þeim tjónum sem þau taka að sér að tryggja. Þegar tryggingafélagið snýr sér að viðskiptamönnum leggur það síðan 25% ofan á þau iðgjöld til þess að greiða aftur í ríkissjóð. Þegar lagður er saman sá söluskattur sem tryggingafélögin greiða vegna munatjóns og sá söluskattur sem þau innheimta af viðskiptamönnum sínum kemur í ljós að 40% af hverri iðgjaldakrónu sem viðskiptamaður tryggingarinnar greiðir renna í ríkissjóð.

Talið er að bifreiðaeigendur greiði með þessum hætti um 800 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári og má gjarnan geta þess í leiðinni að ekkert af þessum peningum fer í vegaframkvæmdir því að undangengin ár hefur ekki farið króna úr ríkissjóði í vegina.

Um þessa skattlagningu fórust Þóri Bergssyni tryggingafræðingi orð á þessa leið í opnu bréfi til alþm. fyrir tveimur árum, með leyfi forseta:

„Hafa löggjafar þjóðarinnar nokkurn tíma velt því fyrir sér á hvað er verið að leggja skatt þegar krafist er söluskatts á tryggingariðgjöld? Það er beinn skattur á eignatjón, tekjutap og þjáningar. Auk þess er slík skattlagning í flestum tilvikum tvísköttun. Söluskattur er lagður á slysa- og sjúkratryggingar aðrar en samnings- og lögbundnar launþegatryggingar. Hér er verið að skattleggja afleiðingar slysa og sjúkdóma. Söluskattur á ábyrgðartryggingagjöld er að hálfu leyti skattur á þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum og vinnutekjutap. Er þetta siðferðislega réttlætanlegt? Það er eins hægt að leggja söluskatt á þjónustu sjúkrahúsa, atvinnuleysi eða þá sekta menn beint fyrir að fá lungnabólgu.

Hinn hluti tryggingabóta, ábyrgðartrygginga og reyndar allra eignatrygginga er vegna skemmda á munum, veraldlegum verðmætum. Söluskattur á slíkar tryggingar er skattur á fjárhagslegt tap sem reyndar er tvískattað því bæði nýjar eignir, varahlutir og viðgerðir sem kaupa þarf til þess að bæta tjónið bera fullan söluskatt svo til undantekningarlaust."

Þetta voru orð Þóris Bergssonar tryggingafræðings.

Um þennan þátt þarf varla að hafa fleiri orð til að vekja athygli hv. alþm. á hlutdeild skattheimtu í iðgjöldum bifreiðatrygginga og þætti stjórnvalda nú í því að spenna upp verðlag í landinu.

Þriðja ábending okkar er að athuga aukna umferðarfræðslu. Um þennan þátt segir Þórir Bergsson í áðurnefndu bréfi:

„Tryggingar eru sennilega eina selda þjónustan þar sem verð, þ.e. iðgjöldin, er að stærstum hluta ákveðið af kaupendum þjónustunnar, tryggingartökunum. Því færri tjón sem verða, því minni sem þau eru, því lægri verða iðgjöldin. Áhrif áróðursins árið 1983 sýnir þetta glöggt hvað varðar bílatryggingar. Tryggingafélögin geta að sjálfsögðu lagt stærri skerf til forvarnaraðgerða. Löggjafinn getur það líka."

Nú hafa nýverið verið tekin í gildi ný umferðarlög. Í tengslum við þau hefur umferðarfræðsla verið aukin og haldið er uppi áróðri fyrir bættum umferð-

arháttum. Því ber að fagna. En 14% af iðgjaldahækkuninni nú er hækkun vegna nýrra umferðarlaga. Skyldi leggjast söluskattur á þá hækkun? Gæti verið að ríkið væri að auka skatttekjur sínar af iðgjöldum bifreiðatrygginga með nýjum umferðarlögum?

Bílar eru veigamikill þáttur þjóðlífsins á Íslandi. Vafalaust mætti draga úr kostnaði við bifreiðatjón með því að bæta umferðarfræðslu og með því að bæta umferðarmannvirki. Annar veigamikill þáttur málsins er efling almenningssamgangna, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. En við nefnum einmitt í fjórða lið ábendinga okkar að athuga skuli eflingu almenningssamgangna, einkum á þéttbýlissvæðum.

Í fimmta lagi leggjum við til að athugað verði hvort um getur verið að ræða tvöfalda eða margfalda tryggingu á sama tjóninu. Slíkt getur engan veginn verið eðlilegt og þarf að leiðréttast.

Sjötti liður er um kostnað tryggingafélaga við viðgerðaþjónustu á bifreiðum. Á sl. ári hækkuðu bílar í verði um 19%, varahlutir um 14% og útseld vinna á verkstæðum um 40–50% að mati Tryggingaeftirlitsins. Ekki hafa samskipti tryggingafélaganna við bílaverkstæði verið könnuð sérstaklega, en nauðsynlegt er að kanna hvort þar sé allrar hagkvæmni gætt. Verður að draga í efa að svo sé.

Sjöunda ábending okkar er að taka til athugunar sameiginlega innheimtu á tekjum til þess að standa undir tjónkostnaði við bifreiðatryggingar þannig að tryggingaiðgjöld tengist að einhverju leyti akstri eða eldsneytisnotkun. Það hefur vakið athygli þeirra þm. sem ræða um þetta mál og almennings að ekki er nægileg samkeppni milli tryggingafélaganna. Þessi samkeppni hefur aðeins átt sér stað að ákveðnu marki og þá umfram þær kvaðir sem lögbundnar eru. Auk þess verður að draga í efa að lausn á vanda bifreiðatrygginganna sé fólgin í því að auka herkostnað tryggingafélaganna. Þau félög, sem nú tryggja bíla, eru átta talsins, eins og áður er nefnt. Miklu vænlegra virðist því að stuðla að sameiningu eða a.m.k. samstarfi tryggingafélaganna. Margvísleg rök má færa fyrir því að unnt væri að spara verulegar fjárhæðir með því að hafa allar bílatryggingar á einum stað. Og í raun eru sömu rök fyrir einu bílatryggingafélagi og fyrir einu bifreiðaeftirliti sem starfar eftir tilteknum lögbundnum reglum.

Í Noregi hefur sá háttur verið lengi á tryggingaiðgjöldum að þau eru greidd eftir eknum kílómetrum, þ.e. því meiri akstur því hærri iðgjöld. Á bak við þessa viðmiðun eru eðlileg rök. Í umræðum utan dagskrár í efri deild fyrir nokkru var því hreyft að hluti af kostnaði tryggingafélaganna yrði innheimtur í bensínverði.

Á árinu 1986 hækkuðu tryggingaiðgjöld fjórum sinnum í Noregi um samtals 47% í 9% verðbólgu. Á síðasta ári hækkuðu tryggingaiðgjöldin um 30% í 8% verðbólgu. Hér er um að ræða stórfelldar raunhækkanir langt umfram verðlag.

Ef borin eru saman tryggingaiðgjöld í Noregi og á Íslandi fyrir sambærilega bíla verður niðurstaðan þessi um þrjár bílategundir, allt ábyrgðartryggingar:

Á Honda Civic er tryggingaverðið í Noregi 18 904 kr., en á Íslandi 28 272. Golf 1.6 18 904 kr. í Noregi, en 28 272 kr. á Íslandi. Volvo 740 19 965 kr. í Noregi, en 38 570 kr. á Íslandi.

Eins og sést af þessum tölum, sem miðast í Noregi við bíl sem er ekið 12 þús. km, eru iðgjöldin miklu hærri hér en þar. Hluti af skýringunni liggur í mismunandi skattlagningu, hluti í umferðarómenningu hér og lélegum umferðarmannvirkjum sem ekki ráða við allan þann bílaflota sem hellist hér yfir þjóðina. Hluti skýringarinnar liggur í minni einingum m.a. á verkstæðum og hliðstæðri þjónustu — og í litlum tryggingafélögum.

Við flm. teljum óhjákvæmilegt að fundin verði skýring á þessum mikla mismun og gerð grein fyrir niðurstöðunni opinberlega.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og allshn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég get efnislega tekið undir það sem sagt er í megingrein þessarar till. með þeim flm., hv. þm. Skúla Alexanderssyni og Svavari Gestssyni, en langar að gera nokkrar almennar athugasemdir við málið.

Það má sjálfsagt rétt vera að með því að sameina tryggingafélögin eða fækka þeim megi spara eitthvert fé, en það gildir nú á svo óendanlega mörgum sviðum um alla hluti hér að við kæmumst af með kannski eitt fyrirtæki þar sem mörg eru, en það er einfaldlega afleiðing þess þjóðfélagskerfis sem við búum við að hér er félagafrelsi þannig að ekki er endilega alltaf kannski ýtrustu hagkvæmni gætt. Ég hef efasemdir um að það mundi spara mjög verulega þó að þessi félög væru eitthvað færri.

Ég minni á það að fyrir allmörgum árum, ætli þau séu ekki orðin rúmlega 20, þá upphófst umræða eins og hér hefur verið undanfarnar vikur þegar enn ein kollsteypan varð í hækkun tryggingaiðgjalda. Þessi umræða leiddi til þess fyrir forgöngu Félags ísl. bifreiðaeigenda að stofnað var nýtt tryggingafélag til að rjúfa nú þessa einokun, sem talað var um hjá tryggingafélögunum, og lækka iðgjöldin. Jú, þetta tryggingafélag var stofnað, Hagtrygging hét það á sínum tíma. Ég held ég muni það rétt að fyrstu tvö árin hafi þetta tryggingafélag verið með lítið eitt lægri iðgjöld en önnur tryggingafélög. Svo var nú sá draumurinn búinn. Það samlagaðist býsna vel, þetta félag bifreiðaeigendanna, þeirri verðstefnu sem önnur tryggingafélög ráku og nú er svo komið að þetta tryggingafélag er orðin deild eða skrifstofukompa hjá öðru stóru tryggingafélagi sem er Sjóvátryggingafélag Íslands, þannig að félagið er ekki lengur til sem slíkt.

En ég tek undir það að það þarf að skoða þessi mál. Þar er ýmislegt sem þarf að athuga. Ég bendi t.d. á það að ég sé ekki betur en að ökumenn bifreiða séu tvítryggðir núna, þ.e. með hinni nýju

slysatryggingu ökumanns sem tók gildi með nýjum umferðarlögum og þeirri tryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins sem menn borguðu í upphafi árs þegar bifreiðagjöld voru greidd. Þetta er auðvitað út í hött.

Þegar rætt er um ný umferðarlög og kostnað tryggjenda vegna þeirra finnst mér að það verði að koma skýrt fram hvers vegna kostnaðurinn hækkar. Hann hækkar fyrst og fremst vegna slysatryggingar ökumanns sem hækkar upp í 250 millj. kr. úr einhverri sáralágri upphæð sem áður var og var ekki í takt við veruleikann og hann hækkar vegna þess að bætur fyrir munatjón hækka mjög verulega eða upp í allt að 60 millj. kr. Það hækkar vegna þess að sjálfsábyrgð fellur niður. Að vísu hefur því verið breytt þannig að menn geta samið um sjálfsábyrgð við tryggingarfélögin. Það eru þessi atriði í nýju umferðarlögunum sem valda hækkunum, þ.e. stórlega auknar tryggingar og hækkaðar fjárhæðir til samræmis við veruleikann. Mér finnst að þetta þurfi að koma mjög skýrt fram.

En það er auðvitað önnur meginástæða fyrir því hversu bifreiðatryggingar hafa hækkað gífurlega mikið núna og sú ástæða er einfaldlega það hversu slæmir ökumenn við erum og á hvaða stigi umferðarmenning hér er, ómenning ætti kannski miklu frekar að segja. Við þekkjum það sem ökum hér um að það líður varla sá dagur að maður aki ekki fram á einhvers konar umferðaróhapp eða verði vitni að því að umferðarlög eru þverbrotin, svívirðilega, með háskalegum og hættulegum akstri. Ég held að þarna sé meginskýringarinnar að leita á því hversu tryggingaiðgjöldin hafa hækkað og um það þurfa menn ekkert að velkjast í vafa. Ég held að hér þurfi að gera verulega stórt átak.

Á haustdögum skipaði dómsmrh. nefnd, í samræmi við ályktun Alþingis sem samþykkt var hér í fyrra, um þjóðarátak til umferðaröryggis. Þessi nefnd hefur starfað í nokkra mánuði. Hún hefur beitt sér fyrir sérstakri kynningu á nýjum umferðarlögum. Hún er með ýmislegt annað á döfinni. Til þessa verks voru veittar um 5 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs. Bifreiðatryggingafélögin ákváðu strax að leggja jafnmikið fé til þessarar starfsemi og kemur úr ríkissjóði. En þetta eru í rauninni hlægilega lágar upphæðir og fyrir þetta verður sáralítið gert. Ég nefni það til hliðsjónar að ef einn einstaklingur slasast alvarlega í umferðarslysi, þarf að vera á gjörgæslu í tvo, þrjá mánuði, síðan á sjúkrahúsi og síðan í endurhæfingu, lætur nærri að kostnaðurinn við það sé um 5 millj. kr. A.m.k. munar ekki miklu þar. Og það er sú upphæð sem ríkið hefur ákveðið að verja til þessara hluta á einu ári. Þetta segir auðvitað ekki neitt. Það dugar heldur ekkert í þessum efnum. Ef menn ætla að ná einhverjum árangri dugar ekki að vera að hugsa um eitt ár og gera eitthvert átak í eitt ár. Það er gjörsamlega út í hött. Hér þarf að hugsa til miklu lengri tíma og það þarf að stórefla fræðslu og menntun og í rauninni kannski að kenna mönnum að aka upp á nýtt og innræta mönnum annað hugarfar gagnvart umferðinni en það sem nú virðist efst á baugi hjá flestum okkar í umferðinni.

Ég nefni það sem dæmi að á vegum danska dómsmálaráðuneytisins starfar nú nefnd um umferðaröryggismál. Hún hefur sett sér markmið, þ.e. að fækka slysum og umferðaróhöppum þar í landi um helming á 12 árum. Það gerist ekkert hér á einni nóttu. En við þurfum að vanda vel undirbúning þessara mála. Við þurfum að horfa langt fram í tímann. Við þurfum að byrja snemma að kenna verðandi vegfarendum og verðandi ökumönnum hvernig þeir eigi að bera sig að í umferðinni. Það er gert að hluta til, ágætlega, með skóla fyrir unga vegfarendur sem hefur gefið góða raun, en þegar honum sleppir við 6 eða 7 ára aldur tekur nánast ekkert við fyrr en menn fara til ökukennara til þess að öðlast ökuréttindi. Þarna á milli er ekkert og það er alveg áreiðanlegt að það er pottur brotinn í því hvernig staðið er að þessari kennslu.

Ég skal ekki, virðulegi forseti, lengja þessa umræðu frekar. Hv. frsm. minntist á það að í Noregi væru tryggingaiðgjöld miðuð við það hversu mikið menn ækju. Ég er nokkuð viss um að það er ekki rétt stefna vegna þess að það er ekki sjálfgefið samband milli tjónatíðni og þess hve mikið menn aka. Ég hygg að margir þeirra sem mest aka séu þeir sem sjaldnast lenda í umferðaróhöppum. Ég held að það sé hreint ekkert samband þarna á milli og held þess vegna að þetta sé ekki skynsamleg regla. En sjálfsagt mætti leita einhverra annarra leiða til að hafa þessi gjöld breytileg. Ég held að þar eigi fyrst og fremst að horfa á tjónatíðnina. Þeir sem valda mörgum tjónum eiga að borga há iðgjöld. Það er hinn einfaldi kjarni þessa máls. En ég tek undir það sem felst í þessari till., ekki endilega kannski nákvæmlega með því orðalagi sem hér er, að þessi mál verði skoðuð. Og ég hygg að við þá skoðun muni ýmislegt fróðlegt koma í ljós.

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er um margt hin ágætasta þó að ég dragi nú að vísu sumt í efa. Ég held ekki að það sé alfarið öruggt að bót sé að því að slá saman tryggingafélögum. Ég er ekki viss um að það verði endilega mikill hagnaður af því. Ég t.d. tryggi minn bíl hjá tryggingafélagi sem slegið var saman við annað og ég hef ekki orðið vör við að ég hafi grætt neitt sérstaklega á því. En kannski hef ég tapað minna, ég þori ekki að fullyrða um það.

Því meiri akstur, því meiri iðgjöld sagði hann að væru í Noregi. Ég er ekki heldur alveg viss um — ég er sammála síðasta ræðumanni um það — að það sé rétt aðferð til þess að ákveða iðgjöldin vegna þess að þeir sem aka mikið eru oftast þeir sem eru fimastir í akstrinum. Því er það ekki sjálfgefið að þeir eigi að borga meira en aðrir.

Þeir sem valda mörgum tjónum eiga að greiða hæstu iðgjöldin, sagði hv. síðasti ræðumaður. Það er afskaplega erfitt að ákveða hverjir valda flestum

tjónum. Það er nefnilega þannig í umferðinni hér á Íslandi og sjálfsagt víðar að óramargir valda tjónum með ógætilegum akstri sínum, með því að leggja bílum á stöðum þannig að ekki er hægt að sjá fram hjá bílunum og það eru sérlega margir sem valda tjónum án þess að koma nokkurn tímann nærri nokkrum tjónaskýrslum. Það er ekki hægt að koma höndum yfir slíkt fólk. Það er hins vegar hættulegasta fólkið í umferðinni. Það fólk þyrfti að fá það sem hefur verið rætt mjög um, þ.e. fræðslu og hugarfarsbreytingu, innrætingu nýs hugarfars í umferðinni. Mér finnst einna merkast, sem komið hefur fram í þessu máli, einmitt það að við þurfum að efla mjög umferðarfræðsluna. Mér finnst að við eigum að nota hið nýja fjarfræðsluvarp, eða hvað það heitir nú, til þess að koma á umferðarfræðslu fyrir allan almenning í þessu landi og stórefla þekkingu, bæði þeirra sem aka og þeirra sem eru gangandi, á því hvernig á að hegða sér í umferðinni. Ég get ekki látið hjá líða að benda á að ein af ástæðunum fyrir því að sífellt fjölgar bæði umferðarbrotum og umferðarslysum er hreinlega sú að á síðustu árum hefur verið ausið inn í landið bifreiðum þannig að bifreiðarnar eru orðnar í rauninni allt of, allt of margar fyrir vegina.

Enn eitt er það sem ég held að valdi því að iðgjöld trygginga eru mjög há og það er það að viðgerðarkostnaður á bílum er óheyrilega hár á Íslandi. Það væri eðlilegt viðfangsefni þeirrar nefndar sem hér er lagt til að sé sett á stofn að athuga það hvort viðgerðarkostnaður sé ekki óeðlilega hár hér. Varahlutakostnaðurinn er, að ég held, óeðlilega hár og viðgerðarkostnaðurinn þar af leiðandi líka. Þetta ætti að vera með í þessari þáltill. og nefndin sem hugsanlega verður sett á laggirnar ætti að taka það til athugunar.

Að öðru leyti hef ég ekki annað en allt hið besta um þessa þáltill. að segja og held að hún sé þörf fyrir þjóðarátak til þess að bæta umferðarmenningu okkar. Hún er sennilega mikið, mikið brýnni heldur en bjórfrumvarpið sem var samþykkt hér í gær.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir hönd okkar flm. till. fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram bæði hjá hv. 12. þm. Reykv. sem hér talaði síðast og hjá hv. 3. þm. Vesturl. sem hefur iðulega haft með þessi umferðarmál að gera með ýmsum hætti, ekki síst núna á undanförnum vikum.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur að nauðsynlegt er að taka sérstaklega á viðgerðarkostnaði tryggingafélaganna. Það er reyndar í 6. lið till. gert ráð fyrir að það verði kannað sérstaklega og ég hygg að tryggingafélögin verði stundum að sæta svo að segja afarkostum í þessu efni. Mér er kunnugt um að nokkur tryggingafélög hafa núna nýlega tekið sig saman um miðstöð sem metur skemmdir og síðan er gengið frá samningum um viðgerðir eftir sérstökum reglum þannig að það er kannski vísir að tilraunum til að halda utan um þetta betur en gert hefur verið.

Ég er einnig fullkomlega sammála þeirri athugasemd hennar að bílaflotinn er auðvitað orðinn svo hrikalega stór að við höfum ekki umferðarmannvirki til þess að standa undir þessum bílaflota og verðum að íhuga það mjög vandlega hvort ekki er orðið nauðsynlegt að verja fé, meira en gert hefur verið, í umferðarmannvirki, ekki síður á þéttbýlissvæðinu en annars staðar, til þess að verja okkur fyrir þeirri vá sem umferðarslysin geta orðið með vaxandi bílaflota.

Ein ábendingin sem fram kemur hér í þessu plaggi er sú hvort rétt sé að taka hluta af þessum kostnaði, þessum samfélagslega kostnaði sem leiðir af því að við erum hérna með marga bíla, inn í bensínverðið. Það er þannig í Svíþjóð og Noregi að iðgjöld eru áætluð eftir akstri. Og mér er kunnugt um það að hjá einu tryggingafélaginu hefur þetta mál verið rætt sérstaklega, að taka þetta inn eftir akstri, og þar leist öllum umboðsmönnum þess tryggingafélags heldur illa á þá hugmynd vegna þess að menn hefðu lag á því að koma mælunum í bílunum sínum þannig fyrir að mjög erfitt væri að „kontrólera" það og þess vegna duttum við niður á þessa hugmynd með bensínverðið, hvort það er hugsanlegur hlutur. Þá er þess að geta að jafnvel þó við tækjum krónu af hverjum bensínlítra er það ekki mjög mikið inn í þessa súpu því að við seljum um 160 millj. lítra af bensíni á ári en velta tryggingastarfseminnar eða bílatryggingganna er um 2000 milljónir á ári. Við sjáum því að það þyrfti býsna mikið að koma til í bensíni ef það ætti að leysa iðgjöldin af hólmi, enda kemur það að mínu mati ekki til greina. Rökin fyrir því að taka þetta inn í bensínið — að taka hluta inn í bensínið, ekki allt — eru aðallega þau að þetta er samfélagslegur kostnaður sem er ákveðinn að verulegu leyti með lögum. Þess vegna getur í raun og veru ekki verið um að ræða það sem kallað er frjáls samkeppni á milli tryggingafélaganna nema að takmörkuðu leyti og þá um það sem er umfram það sem ákveðið er í lögum á hverjum tíma. Þess vegna finnst mér að þetta mætti gjarnan skoða með bensínverðið.

Hér er bent á þennan möguleika með samruna tryggingafélaganna og það er orðað þannig að það eigi að taka til athugunar „samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú átta tryggingafyrirtæki með bílatryggingar". Bent er á þetta sem möguleika. Við bendum ekki á þetta vegna þess að við séum sannfærðir um það, flm. till., að þetta muni leiða til lægri iðgjalda. Við teljum hins vegar rétt að athuga þetta, hvort þau eru ekki óþarflega mörg og hvort ekki fer óþarflega mikið í rekstrarkostnað þess vegna.

Rökin fyrir samruna tryggingafélaga eru líka hin sömu og að því er varðar það að taka iðgjöldin að hluta inn í bensínið. Hér er um að ræða lögbundna og algjörlega óhjákvæmilega starfsemi. Við erum hér með t.d. starfandi miðstýrt bifreiðaeftirlit á vegum ríkisins sem að vísu eru tillögur um núna uppi

í Ed. að breyta þannig að bifreiðaeftirlitið verði í raun og veru lagt niður í því formi sem það hefur verið, því verði breytt nokkuð, en það verði eftir sem áður starfrækt á grundvelli tiltekinna laga og miðstýrt vegna þess að þarna er um að ræða öryggisatriði sem þjóðin öll vill hafa á sínum stað. Þess vegna finnst mér koma til greina að velta því fyrir sér, herra forseti — það er ekki tillaga mín heldur vil ég að menn velti því fyrir sér — hvort ekki eru í rauninni jafnmikil rök fyrir því að vera með bifreiðaeftirlit á einum stað, eftir ákveðnum reglum, og svo því að vera jafnvel með bifreiðatryggingar á einum stað.

Ég hef satt að segja enga sannfæringu fyrir því að samkeppni leysi þennan vanda frekar en annan, þ.e. hún lækki iðgjöldin. Ef hún gerir það, nú, þá skulum við nota hana. En ég hef grun um að það mætti spara nokkra aura með auknu samstarfi félaganna. Hér er bent á þetta sem athugunarefni en ekki neina staðfasta sannfæringu okkar flm. um það að þetta muni leysa vandann út af fyrir sig. Að öðru leyti endurtek ég þakkir mínar til þeirra þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, fyrri umr.

Þáltill. KJóh, 384. mál. — Þskj. 726.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að ákvörðun Evrópubandalagsins um innri markað 1992 er afdrifarík, ekki bara fyrir lönd Evrópubandalagsins heldur reyndar öll Evrópulönd. Þess vegna hefur ákvörðunin kallað á viðbrögð landa í Evrópu sem eru utan Evrópubandalagsins. Í framhaldi af Lúxemborgaryfirlýsingunni og ákvörðunum Evrópubandalagsins um innri markað hefur t.d. EFTA skipt um hlutverk. Hið nýja hlutverk varðar fyrst og fremst samskipti og samninga við Evrópubandalagið. Á þessu nýja verkefni held ég að sé óhætt sé að segja að EFTA hafi tekið með myndarskap. Einstakar EFTA-þjóðir hafa þar á ofan, eins og t.d. Svíþjóð, Noregur og Sviss, jafnframt látið vinna ítarlegar skýrslur um þróun Evrópubandalagsins, viðhorf sín og stefnumörkun í því sambandi.

Þeirri till. sem hér er flutt er m.a. ætlað að tryggja að sams konar úttekt verði gerð af hálfu Íslands. Það verkefni sem við stöndum frammi fyrir varðandi þróun mála í Evrópu er margþætt en ég vil drepa á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi verðum við að kynna okkur vel ákvarðanir Evrópubandalagsins og fylgjast vel með því sem þar er að gerast þannig að þekking okkar á málunum sé ótvíræð og traust. Á þetta legg ég áherslu af því að á það hefur skort og í umræðum um þessi mál kemur oft fram mikill misskilningur á eðli Evrópubandalagsins og þeirra ákvarðana sem þar eru á ferðinni. Þeirri þáltill. sem hér er flutt er ætlað að treysta kunnáttu okkar einmitt á þessu sviði þannig að misskilningi verði sem mest eytt.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að almenn umræða og á traustum grunni fari fram á Íslandi um málið til þess að tryggja upplýsta og lýðræðislega umfjöllun. Það er líka markmið þeirrar till. sem hér er flutt að leggja grunninn að þessu atriði.

Í þriðja lagi tel ég að í umfjölluninni allri eigi að ganga út frá því að aðild okkar sé ekki á dagskrá en að ætlun okkar sé að aðlaga íslenskt efnahagslíf að þeim breytingum sem fram undan eru.

Í framhaldi af þessu vil ég benda á að innri markaður Evrópubandalagsins felur mjög margt í sér og án þess að tíunda það þá vil ég benda á að við megum ekki skoða þá þróun sem fram undan er í Evrópu eingöngu með tilliti til útflutnings á núverandi afurðum okkar. Það er of þröngt sjónarhorn. En því miður gætir þess allt of mikið að málin séu eingöngu rædd og skoðuð út frá þessu þrönga sjónarhorni. Þróunin er svo fjölbreytt að það er hættulegt að skoða málin einungis með tilliti til þess. Málið varðar nefnilega efnahagslífið allt, það varðar hagstjórn og hagstjórnartæki, það varðar tækniframfarir og það varðar vísindastarfsemi og það varðar þróun atvinnulífsins í heild sinni og þar á ofan vitaskuld varðar það eiginlega sambúð þjóðanna.

Í grg. með þáltill. er bent á fjóra meginþætti sem ég tel að eigi að marka starf okkar að því er þessi mál varðar á komandi missirum.

Í fyrsta lagi að kappkostað verði að fylgjast vel með þeim ákvörðunum sem fram undan eru í Evrópubandalaginu og koma jafnharðan sjónarmiðum Íslands á framfæri. Því verður að halda áfram viðræðum við bandalagið um samskipti og samstarf þar sem sérstaða Íslands, sem vissulega er mikil, verði kynnt sérstaklega jafnframt því sem leitað verði eftir samstarfi á völdum sviðum.

Í öðru lagi að aðild Íslands að EFTA verði nýtt til hins ýtrasta til þess að tryggja hagsmuni Íslands í samningaumleitunum og viðræðum milli EFTA og EB um afnám viðskiptahindrana. Ísland þarf að hvetja til þess að EFTA verði eflt og stutt til þess að sinna þessum verkefnum.

Í þriðja lagi verði aukið samstarf ráðuneyta til þess að tryggja örugga miðlun upplýsinga og samræmi í ákvörðunum varðandi Evrópumálin. Jafnframt verði komið á reglulegu samráði við samtök atvinnulífsins um þessi málefni.

Í fjórða lagi verði gerð sérstök athugun á því hvernig íslensk hagstjórn verði löguð að hinum nýju aðstæðum og færð til betra samræmis við það sem gerist í helstu samskipta- og viðskiptalöndum Íslendinga með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Ég tel, herra forseti, að þessi till. tali fyrir sig sjálf.

En áður en ég rek efnisgreinina get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því að hvert sem horft er sést nú sú þróun að það eflist samstarf milli þjóða. Það er það sem er að gerast innan Evrópubandalagsins vegna þess að áform þess um sameiginlegan innri markað felur í sér að aðildarlöndin ætla í sinn hóp að opna hagkerfi sín til fullnustu hvert fyrir öðru.

Það sama er að gerast allt í kringum okkur. Það er m.a.s. svo að Sovétríkin vilja auka samskipti yfir landamæri sín. Sovétríkin eru að opnast og það sama gildir um Kína. Þetta er auðvitað ekki tilviljun. Ég held að þetta sé svar við kröfum tímans. Það er krafan um hagvöxt og framþróun sem knýr á um aukin samskipti og opnari hagkerfi. Það er opnun hagkerfanna sem vísar veginn til hagvaxtar. En að hinu leytinu eykur opnun hagkerfanna þörfina fyrir samvinnu þjóða í milli. Markmiðin um stöðugleika í verðlagi, gengismálum, atvinnustarfsemi og hagvexti knýja þess vegna á um síaukna samvinnu og samstarf þjóðanna. Þetta tel ég að unnt sé að sjá allt í kringum okkur.

Spurningin snýr að okkur Íslendingum með því móti að hve miklu leyti við getum aðlagað okkur þessari þróun og að hve miklu leyti við viljum vera þátttakendur í henni. Mín skoðun er sú að við þurfum að nálgast þetta mál með opnum augum og vissulega höfum við ekki áhuga á að einangrast og þolum það ekki.

Till. fjallar um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu og tillgr. er þannig:

„Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd sjö alþingismanna eftir tilnefningu þingflokka til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir árslok 1988."

Það er skoðun mín að Alþingi þurfi að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir þessi mál og nauðsynlegt sé að þm. verði virkir þátttakendur í mati á aðstæðum og stefnumörkun. Með því að koma á fót sérstakri þingmannanefnd, eins og hér er gerð tillaga um, er ætlunin að tryggja að svo megi verða og að þm. gerist virkir þátttakendur í stefnumörkununum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að till. verði vísað til utanrmn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þessi till. sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hér leggur fram er hin merkasta og hefði verið full ástæða til að ætlast til þess þegar till. af þessu tagi er tekin fyrir að þá séu salir hér betur skipaðir eða þéttar skipaðir — vel skipaðir eru þeir auðvitað — þéttar skipaðir en þeir eru í dag. Það er dálítið umhugsunarefni fyrir okkur þm. sem erum hér að taka þátt í umræðum um þessar þáltill., sem eru auðvitað allar góðra gjalda verðar og ástæða til að ræða, dálítið umhugsunarefni að það skuli ekki vera hægt á dögum eins og þessum löngu fimmtudögum sem hér eru nú tíðkaðir samkvæmt nýjum vinnureglum þingsins, á dögum eins og þessum löngu fimmtudögum skuli í raun og veru vera mjög erfitt að fá umræðu um mál af þessu tagi, jafnvel þó að þau séu eins stór og þýðingarmikil og þetta mál er.

Ég vil hins vegar ekki láta hjá líða að láta mína afstöðu koma í ljós í þessu efni, um leið og ég þakka hv. þm. Kjartani Jóhannssyni fyrir það að hreyfa málinu, og segja að ég tel till. þarfa. Ég vil gera við hana þrjár athugasemdir.

Það er í fyrsta lagi að lagt er til að Alþingi feli ráðherra að skipa sjö manna nefnd eftir tilnefningu þingflokka. Ég tel að það sé æskilegt og nauðsynlegt að allir þingflokkar eigi aðild að nefnd af þessu tagi og það þurfi að koma málum þannig fyrir á einhvern hátt, hvort sem það er með því að nefndin sé sjö manna eða jafnvel aðeins fjölmennari ef þörf krefur, því ég held að það sé svo stórt mál hér á ferðinni að það sé rétt hjá hv. flm. að það sé nauðsynlegt að allir þingflokkar geti komið hér við sögu. En eins og kunnugt er þá er það þannig með skipan þingsins eins og nú er að stjórnarflokkarnir geta ef þeir neyta afls síns haft fimm menn í sjö manna nefndum og stjórnarandstöðuflokkar þá tvo. Og ég vil a.m.k. segja það fyrir hönd míns þingflokks og okkar að við viljum gjarnan eiga aðild að þessu máli, gjarnan taka þátt í þeirri vinnu sem hér er lagt til að fram fari. Við teljum það skyldu okkar og viljum gjarnan leggja þar hönd á plóginn.

Önnur athugasemd sem ég vil gera við till. er við seinni mgr. þar sem segir: „... og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru." — Ég hygg að ég hefði orðað þetta öðruvísi ef ég hefði skrifað þennan texta, orðað hann einhvern veginn þannig að það ætti að meta þær leiðir sem álitlegastar eru til að undirbúa íslenskt efnahagslíf undir þær breytingar sem fram undan eru. M.ö.o.: Ég mundi ekki treysta mér til þess á þessu stigi að slá því föstu að við hljótum að laga íslenskt efnahagslíf að þessum breytingum. Það kann að verða niðurstaðan að svo verði. Ég hefði sem sé kosið hlutlausara orðalag þarna.

Í þriðja lagi þá segir hv. þm. í till. sinni: „Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins." — Ég hygg að hann eigi hér við sömu aðila eða svipaða og eiga t.d. aðild að ráðgjafarnefnd EFTA þar sem eru fulltrúar bæði launafólks og atvinnurekenda. Stundum er orðið atvinnulíf skilið þannig að þar séu bara þeir sem eiga framleiðslutækin, þ.e. atvinnurekendurnir. Ég er viss um að hv. þm. skilur orðalagið ekki þannig en ég hefði ekkert á móti því að það yrði skýrara þegar það kemur frá

hv. utanrmn. sem ég vona sannarlega að afgreiði þetta mál núna fyrir þinglokin þannig að þessi nefnd verði til og þetta verði ekki ein af þeim fjölmörgu þáltill. sem lagðar eru hér fram án þess að fá afgreiðslu. Ég held að það sé mjög brýnt að þessi till. fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem hér ekki í ræðustól til þess að halda langa ræðu í þessu máli eða lengja umræður en ég vildi ekki láta hjá líða að taka undir þessa till. Ég tel hana mjög tímabæra og hér gott mál á ferðinni sem nauðsyn ber til að fái meðferð á hv. Alþingi og ég mun styðja það fyrir mína parta að hún verði afgreidd á þessu þingi og legg ég það lóð sem ég má á vogarskálarnar til þess.

Það er nú þannig að í málefnum Evrópubandalagsins hafa orðið miklar breytingar, ekki síst hvað afstöðu Íslands varðar til þessa bandalags. Við höfum mikla viðskiptahagsmuni hjá Evrópubandalaginu eins og kunnugt er og þarf ekki að rekja ástæðurnar fyrir því, þær eru mönnum kunnar. Þar hafa komið fleiri aðildarþjóðir inn sem eru okkar mestu viðskiptaþjóðir. Það hefur ríkt bærileg pólitísk samstaða um það hér í landi, afstöðuna til Evrópubandalagsins. Menn eru sammála um annmarkana á því og það sem kemur í veg fyrir að við getum gerst aðilar að þessu bandalagi. En þrátt fyrir að menn séu sammála um það er nauðsynlegt að móta afstöðu gagnvart þeim miklu breytingum sem þar væntanlega verða á næstu árum og að Alþingi Íslendinga fylgist eins grannt og unnt er með þeirri þróun sem þar er að verða.

Ég sé í rauninni ekki ástæðu til að lengja mál mitt mikið frekar í þessu efni. Ég tel að sú skipun nefndar, sem hér er lögð til, til að kanna þessi mál sérstaklega og skila áliti til Alþingis í þessu mikilvæga máli, sé farsæl leið til að halda þeirri þjóðarsamstöðu sem nauðsynleg er gagnvart þeim miklu breytingum sem þarna eiga sér stað hjá okkar næstu nágrannaþjóðum.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ég vonast til að þessi till. fái þinglega meðferð og verði afgreidd hér fyrir þinglok og mun styðja það eins og ég má.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Ég þakka þann stuðning sem hefur hér komið fram við þessa þáltill. Ég þykist þess reyndar fullviss að ef fjölmennara hefði verið hér þá væri hann enn víðtækari, en hann er ágætur svo langt sem hann nær.

En vegna tveggja atriða sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni þá var ætlan mín að sjö manna nefnd dygði til þess að allir þingflokkar ættu þar fulltrúa. Ef það þykir of þröngt þá er ég sammála því að það verði fjölgað í nefndinni. Auðvitað kemur til álita að Alþingi sjálft kjósi en ég taldi það fyrirkomulag allt eins heppilegt að það væri skipað í nefndina eftir tilnefningu þingflokka eins og þarna er gert ráð fyrir.

Í annan stað: Samtök atvinnulífsins þýða í mínum huga bæði fulltrúar vinnuveitenda og vinnuseljenda, fulltrúar verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, þannig að ég hef þann skilning á því sem er sami skilningur og hv. þm. Svavar Gestsson vildi leggja í það orð og ég vona að það dugi sem útskýring á textanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kveðjur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir páska þá er öllum hv. alþm. óskað gleðilegra páska.

Efnisskrá.

Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 6022, 6082.
Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála (260. mál) 6003, 6072.
Dagvistarmál fatlaðra barna (380. mál) 6100.
Fjáröflun til Skáksambands Íslands (359. mál) 6076.
Fóstureyðingar (382. mál, heimildir, tímamörk o.fl.) 6051.
Fæðingarorlof (378. mál) 6089.
Grunnskóli (315. mál, skólaskylda, samfelldur skóladagur o.fl.) 5943, 6049.
Haf- og fiskirannsóknir (355. mál) 5908.
Hálendisvegir (358. mál) 5905.
Háskólinn á Akureyri (202. mál) 6043, 6072.
Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga (367. mál) 6162.
Iðnaðarlög (60. mál, hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum) 6004, 6082.
Jafnréttisráðgjafar (356. mál) 5916.
Jöfn skólaskylda (354. mál) 5905.
Jöfnun á orkuverði (371. mál) 6106.
Kveðjur 6976.
Launajöfnun og ný launastefna (373. mál) 6149.
Menningarsjóður félagsheimila (361. mál) 5926.
Minnst látins fyrrverandi alþingismanns 6047.
Nýting á kartöflum (83. mál) 5905.
Rannsóknarnefnd til að kanna hvort starfsmenn lögreglunnar virði friðhelgi einkalífsins (330. mál) 5907, 6093.
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (379. mál) 5936.
Samvinna Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála (368. mál) 5932.
Sjóðir og stofnanir (100. mál) 6003, 6072.
Skortur á hjúkrunarfræðingum (310. mál) 6085.
Starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun (364. mál) 5905.
Stefna Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu (384. mál) 6171.
Um þingsköp 6073, 6081 (frv. til áfengislaga).
Valfrelsi til verðtryggingar (374. mál) 5905.
Vegalög (370. mál, sýsluvegir) 6081.
Veiting ríkisborgararéttar (389. mál.) 6049.

Mælendaskrá.

Forseti Þorv. Garðar Kristjánsson 5907, 6047, 6176.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 6117, 6118, 6122.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 6031, 6073, 6074, 6075, 6076, 6082.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 6018.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 6049, 6084, 6097, 6100.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 6083, 6086, 6090, 6092.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 6016, 6110, 6115, 6117, 6147.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 5968, 6043.
Albert Guðmundsson 6011, 6073, 6075, 6085.
Alexander Stefánsson 5920, 5924, 6085, 6106, 6126, 6147.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 5936, 5942, 5943, 6005.
Árni Gunnarsson 5925, 6073.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 5913, 5920, 5988.
Eiður Guðnason 6166.
Elín Jóhannsdóttir 6100, 6106.
Ellert J. Eiríksson 6084.
Friðjón Þórðarson 5934, 6023, 6134.
Geir Gunnarsson 6032.
Geir H. Haarde 6003, 6080.
Guðmundur Ágústsson 5987, 6051, 6159, 6162.
Guðmundur G. Þórarinsson 6076.
Guðrún Agnarsdóttir 5944, 5995.
Guðrún J. Halldórsdóttir 6013, 6038, 6103, 6168.
Guðrún Helgadóttir 5907, 6005, 6014, 6083, 6093, 6098.
Hjörleifur Guttormsson 5908, 5916, 5922, 5925, 6083, 6105, 6116, 6118, 6139.
Hreggviður Jónsson 5912, 6084.
Ingi Björn Albertsson 6159, 6161.
Jón Kristjánsson 5926, 5930, 6175.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 6135.
Karl Steinar Guðnason 5940, 5993, 6104.
Karvel Pálmason 5942, 6122, 6144, 6148.
Kjartan Jóhannsson 6004, 6009, 6021, 6171, 6176.
Kolbrún Jónsdóttir 6070.
Margrét Frímannsdóttir 6086, 6088.
Málmfríður Sigurðardóttir 5929, 6036, 6126.
Níels Árni Lund 6096.
Ólafur G. Einarsson 6003, 6022.
Ólafur Þ. Þórðarson 6007, 6016, 6040, 6074, 6137, 6140, 6146.
Óli Þ. Guðbjartsson 5929, 5934, 6046, 6084.
Páll Pétursson 6004, 6019, 6081.
Pálmi Jónsson 6129.
Ragnhildur Helgadóttir 6034, 6081, 6084, 6089, 6091, 6093.
Salome Þorkelsdóttir 5990.
Skúli Alexandersson 5914, 6123, 6162.
Sólveig Pétursdóttir 5984, 6067.
Stefán Guðmundsson 6143.
Stefán Valgeirsson 6006, 6019, 6039, 6046, 6073, 6075, 6084, 6114, 6142, 6153.
Steingrímur J. Sigfússon 5932, 6085, 6132, 6149, 6156.
Svavar Gestsson 5976, 6154, 6160, 6169, 6173.
Sveinn G. Hálfdánarson 5993.
Valgerður Sverrisdóttir 5905.
Þorv. Garðar Kristjánsson 6066.
Þórhildur Þorleifsdóttir 6156.

SAMEINAÐ ÞING

67. fundur, mánudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 11. apríl 1988:

„Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Rannveig Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Rannveigar Guðmundsdóttur. Það kjörbréf þarf athugunar við og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd komi til fundar og taki kjörbréf þetta til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað um fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Jón Sæmundur Sigurjónsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur borist eitt erindi. Það er kjörbréf 1. varamanns Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Rannveigar Guðmundsdóttur, sem taki sæti Kjartans Jóhannssonar, 4. þm. Reykn. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þetta kjörbréf og leggur til að það verði samþykkt.

Þetta mun vera 37. varamaður sem tekur sæti á Alþingi á þessu þingi og um leið 100 þm. sem tekur sæti á 110. þingi Íslendinga.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Í tilefni af þeim upplýsingum sem hv. 5. þm. Norðurl. v. gaf þingheimi, þá skal það upplýst að forsetar Alþingis hafa átt fundi með formönnum þingflokka og hvatt sérstaklega til þess að það verði gætt hófs í því að kveðja varamenn til þingsetu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Rannveigar Guðmundsdóttur samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með því að Rannveig Guðmundsdóttir hefur ekki áður átt sæti á Alþingi vinnur hún nú drengskaparheit að stjórnarskránni.

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Rannveig Guðmundsdóttir hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Rannsóknarnefnd til að kanna hvort starfsmenn lögreglunnar virði friðhelgi einkalífsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 330. mál. — Þskj. 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga, frh. fyrri umr.

Þáltill. SkA og SvG, 367. mál. — Þskj. 699.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Jöfnun á orkuverði, frh. fyrri umr.

Þáltill. AS o.fl., 371. mál. — Þskj. 703.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Launajöfnun og ný launastefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 373. mál. — Þskj. 705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Dagvistarmál fatlaðra barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. ElJ, 380. mál. — Þskj. 719.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 44 shlj. atkv.

Stefna Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, frh. fyrri umr.

Þáltill. KJóh, 384. mál. — Þskj. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til utanrmn. með 42 shlj. atkv.

Tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 362. mál. — Þskj. 694.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Flm. till. eru ásamt mér hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson og Ingibjörg Daníelsdóttir. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. í samráði við Jafnréttisráð að móta og leggja fyrir Alþingi tillögur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna þannig að koma megi sem fyrst á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla."

Þriðja grein laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, hefur að geyma eitt umdeildasta ákvæði í lögunum, en þar segir: „Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum."

Með breytingu á lögunum árið 1985 er viðurkennt að ekki er nóg að ganga út frá ríkjandi ástandi heldur þurfi beinlínis að bæta stöðu þeirra sem verr eru settir. Ástæðan fyrir því að þetta ákvæði var svo umdeilt hefur eflaust verið sú að í krafti þess er hægt að beita óhefðbundnum aðgerðum til að rétta hlut kvenna. Sannleikurinn er nefnilega sá að þeir sem búa við forréttindi eru ófúsir að rýma til fyrir öðrum. 3. gr. laganna var svo samþykkt að lokum hér á Alþingi og er löngu orðið tímabært að nota þetta ákvæði laganna. Enn sem komið er hefur ekki verið gripið til neinna „sérstakra tímabundinna aðgerða" til að bæta stöðu kvenna. Því er fyllilega tímabært að mótaðar verði tillögur um slíkar aðgerðir, ekki síst í ljósi þess hve seint og illa miðar að koma á jafnstöðu kynjanna eftir þeim leiðum sem hingað til hafa verið farnar.

Í hverju geta svo slíkar aðgerðir verið fólgnar? Það fyrsta sem kemur í hugann er sá mikli munur sem er á launum kvenna og karla. Það er ekki einungis þannig að laun fyrir hefðbundin kvennastörf eru miklu lægri en laun fyrir hefðbundin karlastörf heldur eru laun kvenna sem vinna við hlið karla við sömu störf einnig lægri. Þannig virðist það ekki vera mat á störfunum sem þarna ræður heldur af hvaða kyni þeir eru sem vinna störfin.

Það vekur einnig athygli að því meiri menntunar sem krafist er til starfanna því meiri launamunur er á milli kynjanna. Komið hafa fram hugmyndir um að hækka laun kvennastétta sérstaklega. Hækkun lægstu launa þannig að þau dugi til framfærslu, t.d. með lögbindingu, mundi hækka laun stærstu kvennastéttanna verulega. Athugun á því hvað aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum geta gefið hugmyndir um leiðir.

Tímabundinn forgangur kvenna við stöðuveitingar á vegum hins opinbera og aukinn hlutur kvenna í nefndum og ráðum hjá opinberum aðilum er eitt af því sem reynt hefur verið víða erlendis til að bæta stöðu kvenna. Hér á landi hefur lítið verið gert með beinum hætti varðandi slíkan tímabundinn forgang. Þann 22. júlí 1987 sendi hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins bréf þar sem því er beint til þeirra að gera átak í því að ná settum markmiðum í jafnréttismálum. Jafnréttisráð hefur einnig beitt sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir móti sér stefnu eða áætlun um það hvernig auka megi hlut kvenna í stjórnunarstöðum hjá ríkinu og hvernig vinna megi að jafnrétti kynjanna á þessum stöðum. Þetta eru allt óbeinar aðgerðir og beinast aðallega að ráðuneytum og opinberum stofnunum. Ekki þarf síður að vinna að bættri stöðu kvenna á öðrum vinnustöðum.

Aðgerðir í þágu kvenna sem byggja á svipuðum

lagagreinum og 3. gr. jafnréttislaganna eru af ýmsu tagi í öðrum löndum. Á Norðurlöndum hafa mest verið notaðir kvótar, t.d. í Svíþjóð og Noregi, og eru oftast þannig að ákveðið hlutfall þurfi að vera af hvoru kyni á viðkomandi stöðum. Opinberir aðilar í Svíþjóð hafa í sumum tilvikum bundið stuðning við fyrirtæki við að sérstakar aðgerðir verði gerðar til að bæta stöðu kvenna í fyrirtækjunum. Í Bandaríkjunum hafa allt frá sjöunda áratugnum verið í gildi ýmis lög sem opna leiðir til jákvæðra aðgerða. Mörg fyrirtæki eru skyldug til að gera framkvæmdaáætlanir, t.d. öll sem hafa fengið verktakasamning af vissri stærðargráðu við ríkið. Í Bandaríkjunum er hægt að höfða mál gegn atvinnurekendum vegna brota á jafnstöðulögunum. Einna frægust málaferli af þessu tagi voru þegar stórblaðið New York Times var dæmt árið 1978 fyrir kynjamisrétti. Blaðið var dæmt til að leggja fram framkvæmdaáætlun sem var viðurkennd af dómstólum og hrinda áætluninni í framkvæmd líka. Áætlunin miðaði að því að 30% allra blaðamanna- og ritstjórnarstaða yrðu skipaðar konum og 25% yfirmannastaða. Ekki hefur heyrst að dregið hafi úr gæðum blaðsins við þessar aðgerðir.

Ráðgjöf, námskeið og fjárstuðningur við konur vegna endurmenntunar og atvinnuþátttöku er einnig leið sem t.d. Norðurlandaþjóðirnar hafa farið.

Vel getur komið til greina að stofna opinberan sjóð til að standa undir kostnaði og styrkjum við séraðgerðir til að jafna stöðu kvenna jafnframt því sem veitt yrði til þess fé á fjárlögum hverju sinni. Eðlilegt verður að telja að haft sé samráð við aðila vinnumarkaðarins þegar þessar tillögur eru mótaðar þar sem þær koma sérstaklega við þá samninga milli þeirra.

Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök hafa einnig gripið til aðgerða til að bæta stöðu kvenna innan sinna vébanda. Má þar nefna Alþjóðavinnumálasambandið og Sameinuðu þjóðirnar. Liður í undirbúningi að mótun tillagna um séraðgerðir til að bæta stöðu kvenna hérlendis er að afla vitneskju um aðgerðir annars staðar og reynsluna af þeim.

Rétt er að minna á aðild Íslands að alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var af Alþingi 13. júní 1985 og staðfestur af ríkisstjórninni 18. júní 1985. Í 4. gr. hans er m.a. kveðið á um „... sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist ...“ Ísland hefur tekið á sig marghátttaðar skuldbindingar með aðild sinni að þessum samningi.

Ég vil einnig minna á að á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1986 var Ísland meðflytjandi að tillögu þar sem ríki eru hvött til að fullgilda alþjóðasamninginn. Í tillögunni er einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að aðildarríkin standi stranglega við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Við getum ekki verið þekkt fyrir annað en að taka á þessum málum. Með flutningi þessarar þáltill. er ýtt á eftir að svo verði.

Ég er samt ekki svo bjartsýn að halda að eitthvað eitt dugi til að koma á kvenfrelsi. Ef vilji er fyrir hendi getur sú leið, sem ákvæði 3. gr. felur í sér, gefið vissa möguleika á að bæta stöðu kvenna með raunhæfum aðgerðum.

Að lokinni umræðu legg ég til að till. verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Till. sú sem hér er til umfjöllunar felur í sér að lagðar verði fyrir Alþingi tillögur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna þannig að koma megi sem fyrst á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna. Í þessu sambandi er vísað í 3. gr. jafnréttislaganna. 3. gr. jafnréttislaganna kveður á um svokallaða jákvæða mismunun, þ.e. að það teljist ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna að því er varðar sérstakar tímabundnar aðgerðir til þess að jafna stöðu kvenna.

Þetta frv. um breytingu á jafnréttislögunum og þetta ákvæði sem kom fram 1985 og þá var nýmæli var samþykkt að ég held af öllum flokkum á þinginu. Ég taldi rétt að upplýsa við þessa umræðu að þegar er verið að vinna að efni þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu og því sem hún lýtur að en á undanförnum vikum hefur félmrn. í samráði við Jafnréttisráð verið að vinna að hugmyndum og tillögum um hvernig að beita megi 3. gr. jafnréttislaganna. Tillögurnar liggja enn ekki fyrir en ég vænti þess að þær liggi fyrir fljótlega.

Ég vil einnig upplýsa að í undirbúningi er núna fundur sem haldinn verður í þessum mánuði á vegum Jafnréttisráðs og félmrn. Það er fundur með forráðamönnum allra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja á vegum hins opinbera. Þar verður þeim tilmælum beint til þeirra að þeir hlutist til um að hvert ráðuneyti, fyrirtæki og stofnun hins opinbera vinni framkvæmdaáætlun um hvernig stuðla megi að jafnrétti karla og kvenna í hverju ráðuneyti, fyrirtæki og stofnun.

Ég vænti þess að á þeim fundi megi ná þeirri niðurstöðu að það verði hægt að byrja að hrinda í framkvæmd slíkum áætlunum. Við höfum fyrirmyndina að þessu frá Noregi þar sem slíkar jafnréttisáætlanir hafa gefist mjög vel.

Í þeirri till. sem hér er til umfjöllunar er vikið að ýmsum aðgerðum, sem huga mætti að í sambandi við sérstakar tímabundnar aðgerðir til þess að bæta stöðu kvenna, og eru margar hverjar athyglisverðar. Ég nefndi það að ýmsar hugmyndir hafa komið til skoðunar hjá Jafnréttisráði og félmrn. í þessu sambandi. Einnig hefur nefnd á vegum félmrn. unnið að verkefni sem felur í sér að leggja fram tillögur um það hvernig vinna mætti að endurmati á störfum kvenna. Nefndinni var einnig ætlað að kanna sérstaklega hlunnindagreiðslur hjá hinu opinbera, en það er kveðið á um það í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að jafna eigi hlunnindagreiðslur sem greiddar eru hjá hinu opinbera, og í þriðja lagi þá hefur þessari nefnd verið falið að leita leiða til að tryggja jafnstöðu karla og kvenna við ráðningar og

stöðuveitingar á vegum hins opinbera.

Það er athyglisvert að í niðurstöðum þessarar nefndar kemur fram að launamunur kynja í dagvinnu innan raða BSRB er um 5–7% og hjá BHMR um 17%. Nefndin telur að þennan launamun sé að verulegu leyti hægt að skýra með öðrum þáttum en að kynferði skipti þar máli en það sem hefur vakið mesta athygli í athugun nefndarinnar er tvöföld yfirvinna karla á við konur hjá hinu opinbera. Hjá almennum félagsmönnum í BSRB fá karlar 68,2% ofan á dagvinnu sína vegna yfirvinnu en konur 34,9%.

Annað sem einnig er athyglisvert er að konur fá einungis greitt fyrir bílaafnot um 10% af heildargreiðslum ríkisins til starfsmanna vegna aksturs. Í því sambandi er kannski vert að vekja athygli á því að á árinu 1984, að mig minnir, kom fram hér á Alþingi að konur fengju einungis 5% af þeim greiðslum sem rynnu til starfsmanna vegna bílaafnota þannig að hér hefur orðið um nokkra aukningu að ræða því að þessi könnun, sem ég vitna hér til, er frá sl. ári og leiðir í ljós að konur fái 10% af heildargreiðslum ríkisins til starfsmanna vegna aksturs.

Ég taldi rétt að upplýsa þetta hér við þessa umræðu og einnig það, þar sem þessi till. felur í sér að móta tillögur að því er varðar sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna, að slík vinna hefur þegar verið sett í gang og Jafnréttisráð og félmrn. vinna nú í sameiningu að því að móta slíkar tillögur.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir efni þeirrar þáltill. sem hér er flutt og mælt hefur verið fyrir af hv. 12. þm. Reykv. Mér sýnist hér vera á ferðinni hið þarfasta mál því að það hefur dregist allt of lengi í framhaldi af setningu laga um jafnrétti karla og kvenna 1985 að þess sæjust merki af hálfu framkvæmdarvaldsins að hagnýta þau ákvæði sem felast í 3. gr. laganna sérstaklega um sérstakar tímabundnar ráðstafanir til þess að leiðrétta þann mismun sem við blasir og mikið er rætt um og tekið undir í orði af flestum að sé til staðar.

Ég heyrði það hjá hæstv. félmrh. hér áðan að það væri verið að vinna að þessum málum í hennar ráðuneyti og á vegum Jafnréttisráðs. Vissulega er það góðra gjalda vert ef þau mál eru þar á hreyfingu. Mér fannst kannski skorta á hjá hæstv. ráðherra að hún fagnaði framkomu þessarar tillögu sem stuðningi við þá vinnu sem þar væri í gangi því að eitt er það að framkvæmdarvaldið sinni málum af þessu tagi, sem er auðvitað eðlilegt, og annað að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu stuðning til þess að taka á málum þegar tillögur liggja fyrir. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðherra greiði fyrir því að Alþingi lýsi vilja sínum með samþykkt þessarar tillögu og noti slíka samþykkt sem viðspyrnu þegar hæstv. ráðherra kemur fram með sínar tillögur sem gert er ráð fyrir að hæstv. félmrh. kynni Alþingi. Í ýmsum greinum þarf vafalaust að leita fjárveitinga til þess að leiðrétta þann mismun sem hér er vakin athygli á og tengist auðvitað í mjög mörgum tilvikum fjárhagslegum og efnahagslegum aðstæðum sem eru konum óhagstæðar.

Ég vil, herra forseti, nefna að fyrir þinginu liggja tillögur sem tengjast þessum málum, bæði frv. til l. um breyt. á l. um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, 12. gr. laganna um að hafa skuli sem jafnasta tölu fulltrúa beggja kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka og er þar miðað við að settur verði svokallaður kvóti þannig að ekki verði færri en 40% af hvoru kyni í slíkum nefndum, stjórnum og ráðum á vegum hins opinbera. Þetta tengist því sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir vék hér að sem dæmi um aðgerðir sem víða hefur verið gripið til erlendis til þess að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna, að setja kvóta. Og mér er kunnugt um það og við lesum um það í erlendum blöðum mjög oft um þessar mundir að umræða fer fram innan bæði stjórnmálaflokka og á opinberum vettvangi um það að setja slíka kvóta. Ég hef vænst þess að þingið taki á þessari tillögu en hún er nú í hv. félmn. Nd. þingsins. Ekki alls fyrir löngu mælti ég fyrir tillögu, sem flutt er af þremur hv. þm. auk mín, um jafnréttisráðgjafa. Þar er í grg. beinlínis vikið að því að starfsemi jafnréttisráðgjafa geti m.a. verið stuðningur við mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miði að því að bæta stöðu kvenna, þ.e. sérstakra tímabundinna aðgerða sem 3. gr. laganna frá 1985 kveður á um.

Ég held, herra forseti, að það sé tími til þess kominn að Alþingi láti það koma fram með samþykktum og framkvæmdarvaldið síðan í verki að það sé hugur að baki þegar menn tala um augljósan mismun milli kynjanna. Til þess er löggjafarsamkoman að auðvelda það að leiðrétta þau mál. Hingað til hefur skort mjög mikið á að það komi í ljós að hugur fylgi þarna máli. Ég nefni í þessu sambandi framkvæmdaáætlun fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar, sem rædd var hér á síðasta þingi um þessi efni, sem var afskaplega veiklulegt plagg svo ekki sé meira sagt. Ég hef hins vegar tekið eftir því að hæstv. núv. félmrh. hefur hug á því að taka þar betur á en stefna var mótuð um hjá fyrrv. hæstv. ríkisstjórn, en þó finnst mér að hæstv. ráðherra mætti taka betur á í þessum efnum og fagna þeim stuðningi sem fram kemur hér á þinginu til þess að leiðrétta þessi mál.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, rifja það upp að Alþb. ályktaði á síðasta landsfundi sínum sérstaklega um þessi efni í ályktun um jafnréttismál og ég leyfi mér að vitna til samþykktar sem þar var gerð svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðubandalagið telur nauðsynlegt skref til að ná jafnrétti að beitt verði sérstökum tímabundnum aðgerðum í þágu kvenna til þess að ná þessum markmiðum, m.a. með eftirfarandi aðgerðum: Laun

í hefðbundnum kvennastörfum hækki meira en í öðrum starfsgreinum; ráðist verði gegn launamisrétti í formi yfirborgana og annarra fríðinda; konur njóti, uns fullu jafnrétti er náð, forgangs þegar þær sækja um hefðbundin karlastörf, enda sé um hæfa umsækjendur að ræða; markvissu átaki til að auðvelda konum hvers konar eftirmenntun."

Þetta er kafli úr samþykkt síðasta landsfundar Alþb. í nóv. 1987 um jafnréttismál.

Auk þess er sjálfsagt að rifja það upp, herra forseti, af tilefni þessa tillöguflutnings að fyrrv. hæstv. félmrh., sá þriðji litið til baka, hv. þm. Svavar Gestsson undirbjó einmitt breytingar á lögunum um jafnrétti karla og kvenna með nefnd sem hann skipaði. Hann fylgdi því máli eftir, sem ekki var lokið í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, með frv. til l. um þessi efni sem lá hér fyrir hv. Alþingi jafnframt stjfrv. um þessi mál. Munurinn á þessum tveimur frv. var alveg sérstaklega sá að í frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson flutti — reyndar með ýmsum öðrum ágætum þm., þar á meðal núv. hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur — var einmitt þetta ákvæði inni um þessar sérstöku tímabundnu aðgerðir. Og þessi tillöguflutningur hafði þau áhrif að ríkisstjórnin, eða réttara sagt þingið náði saman um þessi mál. Ég hygg að hæstv. núv. iðnrh. hafi lagt þar nokkuð til mála í sínum búðum, ég vil ekki segja herbúðum, í sínum búðum að málið fékk þá umfjöllun að samstaða varð að lokum um afgreiðslu þess.

Þannig vona ég að verði einnig um þá till. sem hér er mælt fyrir því að hún tengist þessu, þ.e. að athafnir fylgi orðum, að aðgerðir fylgi orðum sem Alþingi hefur samþykkt.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. að þessari tillögu og tel hana mjög þarfa og gagnlega. Ég vantreysti ekki hæstv. félmrh. að vilja gera vel í þessum málum. Við höfum unnið mikið saman í þeim í gegnum árin og ekki verið mikið um ágreining okkar á milli. En ég er hrædd um að hún eigi eftir að reka sig þar á ýmsa veggi eða þeir sem ætla að fara að umbreyta einhverju þarna og mig langar svona til fróðleiks, ef sú nefnd sem ætlar nú að fara að vinna í þessu vill taka til greina það sem fólk segir, að benda á að það virðist vera gegnumgangandi regla að konur mega ekki nálægt fjármálum koma, ekki neinu sem tengist fjármálum. Sem dæmi get ég sagt ykkur það að Atvinnuleysistryggingasjóður, sem stofnað er til af aðilum vinnumarkaðarins, er stofnaður árið 1956. Ég er fyrsta konan sem hefur setið þar í stjórn, núna á þessu herrans ári. Það var líka á þessu ári sem fyrsta konan tók sæti í SAL, Sambandi almennu lífeyrissjóðanna. Ég held að þetta sé ekki af því að konur hafi ekki verið tilbúnar til að taka að þessi störf. Það hefur bara verið alveg sjálfsagt að líta fram hjá þeim.

Ég held að það sé ómögulegt að finna nokkrar sannanir fyrir því að konur geti ekki farið með fjármál alveg á við karla. Ég er viss um þvert á móti að væri það af sanngirni og hlutlaust rannsakað, þá kæmi það þveröfuga í ljós. Ég held að konur séu fullt svo samviskusamar hvað fjármálin snertir. Ég er hins vegar á því og er sama sinnis og hv. 2. þm. Austurl. að það þarf að taka upp nýjar leiðir í jafnréttismálum. Ein af þeim leiðum er sú leið, sem felst í þeirri tillögu sem hann er 1. flm. að og ég meðflm., að skipa ráðgjafarnefnd sem yrði þá ætlað það verkefni að vera mikið meira inni á vinnustöðunum, fá fólk sjálft til að hugsa um hvað þetta er vitlaust fyrir okkur öll að haga málum svona. Ég er sannfærð um að þar sem karlar og konur vinna vel saman, þar er betur unnið en þar sem annað kynið kynni að vera eingöngu — svo framarlega sem þar er alls jafnréttis gætt.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið, en ég hvet mjög til þess að þessi þáltill. verði samþykkt og að hún fari þá til athugunar hjá þessari nefnd og það sem kemur fram í henni og svo ýmislegt sem hér kann að verða sagt verði rætt þar og athugað.

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka stuðning þeirra þm. sem hér hafa tekið til máls. Ég lít á orð hæstv. félmrh. sem stuðning þó að það hafi kannski ekki komið fram með beinum hætti. En það er ánægjulegt að unnið er að tillögum, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, í ráðuneytunum þó að ekkert hafi komið fram um þær tillögur sem félmrn. og Jafnréttisráð eru að vinna að nema það sem birtist í blaðagrein í Morgunblaðinu laugardaginn 26. mars þar sem formaður Jafnréttisráðs, Ásdís J. Rafnar, segir frá þeim tillögum sem Jafnréttisráð hefur unnið að. En það er mjög gott ef fleira er á leiðinni.

Ég veit að t.d. í Noregi hefur verið gripið til ýmissa aðgerða og ég bendi á að mismunandi leiðir hafa verið farnar í hinum ýmsu löndum. Ég bendi á að í Bandaríkjunum er ýmislegt athyglisvert á ferðinni varðandi þessi mál og ég tel mikilvægt að kynna sér hvað reynt hefur verið og hvernig tekist hefur til og meta síðan til hvaða aðgerða við getum gripið. Við getum ekki verið að grípa til einhverra aðgerða sem öðrum hafa reynst illa. Við verðum að reyna að meta hvað okkur kemur best þó að það sé kannski aldrei hægt að heimfæra reynslu annarra beint upp á okkur.

Það sem 3. gr. gerir ráð fyrir er ein leið sem hægt er að fara. Það eru líka aðrar leiðir sem hægt er að fara í þessum málum. Þetta er alls ekki það eina sem hægt er að gera. Eins og hér hefur komið fram liggur fyrir þinginu tillaga um jafnréttisráðgjafa og fleiri tillögur sem hníga í sömu átt. Við þurfum nefnilega að leita allra leiða til að ná kvenfrelsi og Kvennalistinn er ein af þeim leiðum sem ég tel raunhæfa. Það mun sjást á afstöðu þingsins til þeirra mála sem ég hef hér nefnt og þessarar þáltill. hvort raunverulegur hugur fylgir máli um að leiðrétta þá mismunun sem við blasir á milli kynjanna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Forvarnir gegn of háum blóðþrýstingi, fyrri umr.

Þáltill. ÓlG o.fl., 369. mál. — Þskj. 701.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um forvarnir gegn of háum blóðþrýstingi sem Ólafur Granz, varaþm. Borgarafl. á Suðurlandi, flutti á þskj. 701 ásamt öðrum hv. þm. Borgarafl., þeim Albert Guðmundssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Inga Birni Albertssyni, Guðmundi Ágústssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur og Hreggviði Jónssyni. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að stórauknu forvarnarstarfi gegn of háum blóðþrýstingi. Í þessum tilgangi skal ráðherrann m.a. beita sér fyrir setningu laga og reglugerðar um rekstur sérbúinna eftirlitsbifreiða þar sem færu fram blóðþrýstingsmælingar og annað forvarnarstarf. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Í grg. sem tillögunni fylgir er frekar gerð grein fyrir bakgrunni og ástæðum þessa tillöguflutnings. Þar er m.a. minnt á að fyrir nokkrum árum hafi allmiklar umræður farið fram hér á landi um of háan blóðþrýsting, heilsutjón og dauðsföll af hans völdum. Þá var hvatt til aukins forvarnarstarfs, en sú umræða skilaði ekki nægilega miklum árangri. Dauðsföllum af völdum þessa sjúkdóms fjölgar stöðugt og aldur þeirra sem hann leggur að velli færist sífellt neðar.

Þrátt fyrir lofsvert forvarnar- og eftirlitsstarf ýmissa stofnana og félagasamtaka nær starfsemi þeirra því miður ekki nægilega vel til landsmanna og er það í samræmi við reynslu annarra þjóða. Háþrýstingur er dulinn sjúkdómur sem í flestum tilfellum gerir ekki vart við sig fyrr en um seinan og menn fara ekki reglulega til þess að láta athuga blóðþrýstinginn.

Í nokkrum nágrannalöndum okkar hefur verið brugðið á það ráð að starfrækja sérstakar eftirlitsbifreiðar sem fara víða, m.a. um strjálbýl svæði til þess að annast almennt forvarnar- og eftirlitsstarf. Reynslan af þessum bifreiðum er ótvírætt mjög góð og því er lagt til að við Íslendingar komum á slíkri þjónustu hér.

Úr bifreiðum þessum má dreifa hvers konar upplýsingum um hollustu og forvarnir. Þær þurfa að vera útbúnar nægilegum rannsóknartækjum til þess að mæla blóðþrýsting og athuga önnur sjúkdómseinkenni eða taka sýni eftir því sem henta þykir.

Ekki er lagt til að komið verði á fót sérstakri stofnun til þess að annast þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar, en þess í stað er gert ráð fyrir að heimastöðvar þessara bifreiða verði nokkrar stærstu heilsugæslustöðvarnar.

Ákjósanlegt væri að koma á virku samstarfi og reglulegum samskiptum milli eftirlitsbifreiða og fjölmennra íverustaða, svo sem skóla og vinnustaða þar sem trúnaðarmenn hefðu milligöngu. Blóðþrýstingsmælingar eru tiltölulega auðveldar í framkvæmd og kalla hvorki á mikinn né dýran tækjabúnað. Þess vegna þyrfti að koma á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn svo að þeir gætu annast slíkar mælingar og létt þannig undir með eftirlitsþjónustunni.

Tillagan um þessa þjónustu er hugsuð sem endurskipulagning og að hluta viðbót við núverandi eftirlitsstarf með of háum blóðþrýstingi. Með tillögunni er á engan hátt verið að áfellast núverandi eftirlit, heldur einungis verið að efla það með sem minnstum tilkostnaði.

Tillaga þessi er til áréttingar ákvæði tölul. 5.12 í 19. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þar sem segir að á heilsugæslustöðvum skuli m.a. stunda hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit, og í anda laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og frumvarps til laga um breytingu á þeim á þskj. 518 sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn. sameinaðs Alþingis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 33 shlj. atkv.

Lögbinding lágmarkslauna, fyrri umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 376. mál. — Þskj. 708.

Flm. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Herra forseti. Ekki veit ég hvort það er samkvæmt einhverjum hefðum eða venjum sem ég ekki þekki, en það vekur athygli mína að þessi tillaga er aftur og aftur kynnt sem till. til þál. um lögbindingu lágmarkslauna. Það er ekki rétt. Þetta er tillaga um samstarfshóp til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Við flytjum hins vegar frv. um lögbindingu lágmarkslauna. Ég vona að þetta sé misskilningur sem hægt er að leiðrétta í plöggum. (**Forseti:** Það er sjálfsagt að leiðrétta allan misskilning sem kann að vera, en þetta orðalag í dagskránni er sett fram af starfsmönnum Alþingis að venju og forseti hefur gengið út frá því að það væri rétt. En þetta verður athugað.)

Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samstarfshóp til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna.

Flm. ásamt mér eru aðrir hv. þm. Kvennalistans: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Hall-

dórsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. að skipa samstarfshóp til að finna leiðir til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Um þær leiðir verður að vera fullt samráð svo að lögbinding lágmarkslauna nái tilætluðum árangri og verði raunverulega til að bæta kjör þeirra lægst launuðu og draga úr launamun og launamisrétti.

Samstarfshópurinn skal skipaður fulltrúum allra þingflokka og helstu samtaka vinnumarkaðarins.

Samstarfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1. júní 1988."

Í grg. segir, með leyfi forseta, að þáltill. þessi sé flutt til að fylgja eftir frv. um lögbindingu lágmarkslauna.

Það er tvennt sem aðallega hefur verið fundið lögbindingu lágmarkslauna til foráttu. Annars vegar að hún skerði frjálsan samningsrétt og hins vegar að ekki yrði hægt að stemma stigu við að sú hækkun, sem yrði í kjölfar lögbindingar lágmarkslauna, hlypi óheft upp launastigann með tilheyrandi afleiðingum, víxlverkandi hækkun launa og verðlags og óðaverðbólgu sem mundi koma harðast niður á þeim sem áttu að fá kjör sín bætt. Þar með hefði verið betur heima setið en af stað farið.

Um fyrra atriðið, skerðingu frjáls samningsréttar, er óþarft að fjölyrða hér. Einungis skal ítrekað að samningsréttur skerðist aðeins að því marki að ekki má semja um laun undir lögbundnum lágmarkslaunum. Við hið seinna, þ.e. að lögbinding lágmarkslauna verði verðbólguhvetjandi, er rétt að staldra.

Ítrekað höfum við kvennalistakonur bent á að árangur lögbindingar lágmarkslauna sé einmitt undir því kominn að slíkt gerist ekki. Þess vegna leggjum við áherslu á víðtækt samráð allra aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd lögbindingar lágmarkslauna. Allir virðast sammála um að launabilið sé of stórt og launamisrétti of mikið. Allir virðast sammála um nauðsyn þess að draga úr misskiptingu auðs og tekna. Það er almennt viðurkennt að þau grunnlaun, sem þeim lægst launuðu eru skömmtuð fyrir dagvinnu, dugi engan veginn til framfærslu og óhóflega langur vinnudagur sé því hlutskipti of margra. Nægir í þessu sambandi að vísa til stefnuyfirlýsingar og starfsáætlunar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar en þar er ítrekað talað um nauðsyn þess að bæta kjör hinna tekjulægstu, stytta vinnutíma, taka tillit til þarfa fjölskyldunnar og um að gera þurfi átak til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Svipuð orð hafa aðilar vinnumarkaðarins ítrekað látið falla um markmið og stefnu í launamálum.

Það er því eðlilegt að þegar þessi yfirlýstu markmið bæði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins nást ekki í samningum sé leitað ráða til að ná þeim með öðrum hætti. Jafnframt er það skylda fyrrnefndra aðila að gefa ekki upp á bátinn fyrri áform um leiðréttingu á misrétti og misskiptingu. Raunhæf leið til þess er veruleg hækkun grunnlauna fyrir 40 klst. dagvinnu og að tryggja jafnframt jákvæð áhrif með samræmdum aðgerðum og samkomulagi allra aðila.

Það er siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Það er því siðferðileg skylda sem hvílir á Alþingi að sjá til þess að svo megi verða, með hverri þeirri aðferð sem dugir, lögbindingu lágmarkslauna ef ekki vill betur til.

Það virðist ekki of oft endurtekið sökum margvíslegra orða sem falla þegar lögbinding lágmarkslauna er til umræðu að með því að leggja fram frv. um slíka leið höfum við kvennalistakonur aldrei sagt að aðrar leiðir væru ekki til eða að þær mætti ekki fara. Við höfum jafnvel talað um að lögbinding lágmarkslauna sé neyðarlausn. Og finnist aðrar leiðir sem tryggi sama árangur munum við fagna því. Höfum enda oftsinnis beint því til allra sem léð hafa því eyra að það dygði ekki bara að setja sér markmið heldur yrði að vinna ötullega að því að ná þeim.

En við hlustum ekki lengur á svör sem fela í sér staðfestingu á ástandi: „Þetta hefur alltaf verið svona og verður svona um ókomna framtíð." Ef það er bjargföst trú þeirra sem peninga og völd hafa að tekjuskiptingin sé náttúrulögmál, hvað eru þeir þá að gefa yfirlýsingar eins og þær sem ég vitnaði hér til áðan? Því setja þeir sér fölsk markmið? Er það einungis gert til þess að slá ryki í augu fólks eða hver er tilgangurinn? Ef lausnirnar berast ekki fyrirhafnarlaust upp í fangið á manni þá leitar maður að þeim.

Okkar till. er að allir aðilar vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum þingflokka setjist niður, allir með sama markmið í huga, þ.e. að launþegar landsins geti allir haft bærilega framfærslu af launum sem þeir fá fyrir 40 stunda dagvinnu. Þetta eða svipað hafa allir, sem lagt er til að kallaðir verði til samstarfs, sagt að væri það sem bæri að keppa að: stytta vinnutíma, létta óbærilegu vinnuálagi af fólki — vegna þess sjálfs, vegna barna þeirra, vegna fjölskyldna þeirra — og ég vildi bæta við, vegna efnahagslífsins og atvinnuveganna. Óþreytt fólk vinnur betur en þreytt og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að kreista út úr fólki, hver og einn hefur takmarkað þrek og hagar sinni vinnu samkvæmt því.

En því miður lítur út fyrir að menn hafi sest upp í hringekju. Það er þeyst hring eftir hring með jöfnu millibili með nokkurn veginn sama árangri og sömu niðurstöðu. Tekjuskiptingin helst óbreytt. Eilíf endurtekning átaka á vinnumarkaði, yfirvofandi verkföll, sem ýmist koma til framkvæmda eða ekki eftir atvikum, eru engum til framdráttar en skapa óvissuástand og valda tekjutapi, bæði hjá einstaklingum, atvinnurekendum og því opinbera. Eftir standa vonbrigði launþega sem ná ekki að rétta sinn hlut og fá eðlilegan skerf af þjóðarauðnum.

Við þetta er ekki lengur hægt að una. Gamlar

hefðbundnar leiðir duga ekki, troðnar slóðir orðnar svo djúpar að ekki sést upp úr þeim. Og þar að auki eru traðirnar svo þröngar að þar geta menn ekki gengið hlið við hlið heldur verður að ganga í röð. Og ekki þarf að fjölyrða um hvernig raðað er niður, hverjir ganga fremst og hverjir aftast og hvaða störf teljist verðmeiri en önnur. Konur upp til hópa hafa t.d. þurft að sæta því of lengi að þeirra störf væru metin til lægri launa en karlmanna en það verður ljósara með hverjum degi sem líður að þær ætla ekki að una því mikið lengur, una því að eiga alltaf að bíða. Þær, ásamt auðvitað hluta vinnandi karlmanna, máttu bíða mögru árin, og það er nú sök sér, en þegar líka á að bíða þau góðu, jafnvel horfa á þau líða hjá og sitja enn óbættur hjá garði, þá keyrir fyrst um þverbak.

Við kvennalistakonur álítum að samstarf, samvinna og samábyrgð séu þau orð sem hafa á í huga þegar leitað er lausna til að rjúfa þennan Mesópótamíuvítahring, finna sameiginlegar leiðir til breyttrar tekjuskiptingar, sameiginlegar leiðir til að tryggja jákvæðan árangur og sameiginlegar leiðir til að koma í veg fyrir að hver og ein tilraun til að hækka laun þeirra tekjulægstu snúist upp í andhverfu sína og verði e.t.v. til að rýra kjör þeirra.

Ég vil ítreka að það hvort lögbinding lágmarkslauna sé eina nýja slóðin sem hægt er að feta skal ég ekki fullyrða og finnist aðrar að sama áfanga göngum við með. En það dregur ekki úr nauðsyn þess að skipa samstarfshóp eins og þann sem hér er lagt til. Hóp sem með augu og eyru galopin hlustar eftir vilja fólks og þiggur þess ráð en leggur ekki á ráðin fyrir luktum dyrum og mætir svo með lausnir, kannski lausnir sem enginn kærði sig um eða er ánægður með — og er hugsanlega ein af orsökum þess að illa gengur að leysa þann hnút sem þessi mál virðast komin í, þ.e. menn hlusta ekki hver á annan heldur takast á og af því leiðir einangrun. Einangrun sem er fylgifiskur þess að fólki er skipt upp í stríðandi öfl þar sem takmarkið er oft að sigra en ekki að ná samningum. Einangrun sem stafar af miðstýringu í stað valddreifingar, valdið þegið frá fólkinu en það fær svo valdboð til baka.

Ég held að enginn maður treysti sér til að halda því fram opinberlega að kjör margra hér á landi séu ekki undir velsæmismörkum. Menn kunna að reyna að koma sér hjá því að svara séu þeir spurðir, fara að tala um eitthvað annað eða lýsa því að það séu nú svo margar leiðir til þess að bæta launin, bónusar, yfirvinna o.s.frv. En væru þeir krafðir svara á þann hátt að ekki yrði undan vikist mundi held ég enginn treysta sér til að halda því fram að tekjuskiptingin hér á landi sé réttlát, treysta sér til að mótmæla því að aðstæður barna og kvenna og margra annarra séu með öllu óviðunandi.

En Íslendingar eru vel upplýst þjóð og vegna nálægðar og smæðar eru hér betri forsendur en víða annars staðar til þess að skapa skilning manna í millum, skilning á aðstæðum fólks og kjörum og vilja til að leita lausna. Því eru líkur á að hér gæti náðst samstaða um aðgerðir og samstaða um að fylgja þeim eftir. Það er a.m.k., álítum við, tilraunarinnar virði og það er markmið þessarar till.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að leggja til að till. verði vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Sjónvarpssendingar um gervihnetti, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 381. mál. — Þskj. 720.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 720 um beinar sjónvarpssendingar um gervihnetti. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að fella brott síðasta málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, þannig að kynning og endursögn þular þurfi ekki að fylgja efni sem dreift er viðstöðulaust um gervihnött og sýnir atburði sem gerast í sömu andrá."

Í 6. gr. reglugerðar nr. 70 11. febr. 1986, um útvarp samkvæmt tímaþundnum leyfum, segir svo:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli."

Í tillögu þessari er lagt til að niður falli síðasti málsliður 2. mgr. sem hljóðar svo: „Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular."

Hér er aðeins farið fram á að það sé ekki skilyrði að endursögn þular eða kynning fari fram þegar um beinar útsendingar erlendis frá er að ræða. Engu að síður verði það enn í höndum útsendingar- eða móttökuaðila hvort hann kýs að vera með kynningu eða endursögn á meðan á útsendingu stendur og þá í hve miklum mæli.

Það kannast flestir við hversu mikils útsending getur misst þegar þulir — misgóðir — eru að tala ofan í beinar útsendingar. Nægir að minnast á Evrópusöngvakeppni sjónvarpsstöðva og ensku knattspyrnuna í þessu sambandi.

Einnig má minna á að fjöldi Íslendinga tekur við sjónvarpsefni með eigin móttökudiski beint í gegnum gervihnött þar sem allt efni er að sjálfsögðu ótextað og án endursagnar þular.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég að till. þessi verði send til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, fyrri umr.

Þáltill. IBA, 387. mál. — Þskj. 732.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 732 um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum, en till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að skipa nú þegar nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili fullmótuðum tillögum eigi síðar en 1. okt. 1988."

Herra forseti. Hinn 14. jan. sl. lagði ég fram fsp. á þskj. 489 um innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Fsp. var í þremur liðum og vil ég, með leyfi forseta, fá að rifja hana upp og lítillega þau svör er hæstv. ráðherrar gáfu.

Í fyrsta lagi var spurt hvort farið hefði fram könnun á því hvort stundaður sé innflutningur á fatnaði og öðrum varningi með fölsuðum upprunaskírteinum. Þessu svaraði hæstv. fjmrh. á þá leið að slík könnun væri liður í almennu tollaeftirliti. Þá gat hann þess einnig að um síðustu áramót hefði hafist tölvuvinnsla tollskjala þar sem kerfisbundið væri haldið saman athugasemdum er fram kæmu vegna tollskýrslugerðar. Þessari tölvuvæðingu yrði lokið fyrir árið 1990 um land allt og þar með yrðu slíkar upplýsingar tölvuvæddar, tölvutækar og auðfengnar. Þetta er í mínum huga ekki nægilegt til að kanna umfang innflutnings á fölsuðum upprunaskírteinum þar sem ég tel að flestar af þeim upplýsingum sem ráðherra vitnaði til séu miklu fremur upprunaskírteini sem hafa verið ranglega útfyllt fyrir klaufaskap eða vanþekkingu en að hin raunverulegu fölsuðu plögg hafi tollstjóraembættið litla möguleika á að finna með þeim aðferðum sem virðast notaðar í dag.

Í öðru lagi var spurt hvað slík könnun hefði leitt í ljós. Svar hæstv. fjmrh. var orðrétt svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Engar endanlegar tölur eru enn til eða hafa verið teknar saman enn um umfang slíks innflutnings, en að sögn yfirmanns vöruskoðunardeildar embættis tollstjórans í Reykjavík mun töluvert bera á því að fölsuðum upprunaskírteinum sé framvísað við tollafgreiðslu á vörum, einkum þegar um fatnað er að ræða. Af þeim sökum er fatnaður m.a. talinn til þeirra viðkvæmu vörusendinga sem taldar eru þurfa sérstakrar skoðunar við og óheimilt að tollafgreiða svokallaðri DHL-hraðafgreiðslu."

Hér kemur margt athyglisvert fram hjá ráðherra. T.d. það að engar tölur eru til né hafa verið teknar saman um umfang slíks innflutnings. Samt fullyrðir yfirmaður vöruskoðunardeildar tollstjórans í Reykjavík að töluvert beri á framvísun falsaðra upprunaskírteina, sérstaklega þegar um innflutning á fatnaði er að ræða og þar af leiðandi þurfi slíkur innflutningur sérstakrar skoðunar við og fær ekki DHL-hraðafgreiðslu í tolli. Yfirmönnunum er greinilega fullljóst að slíkur innflutningur á sér stað í verulegum mæli. Því verður að bregðast við.

Þá má spyrja: Hvernig eiga tollverðir að komast að því hvort vara er á fölsuðum upprunaskírteinum eða ekki? Það er nánast vonlaust. Því verður að leita leiða til að sporna gegn slíkum innflutningi. Fataiðnaður á Íslandi er við það að líða undir lok, m.a. vegna síaukinnar samkeppni við innflutningsverslunina sem lítið er hægt að gera við ef hún er á heiðarlegum grunni. Það er hins vegar skylda okkar að halda henni þar. Og ef við vitum af óheiðarlegum viðskiptaháttum eigum við að grípa inn í og reyna með öllum tiltækum ráðum að stöðva slíkt.

Hæstv. viðsk.- og dómsmrh. hafði litlu við svör hæstv. fjmrh. að bæta, sagði aðeins að þessi mál væru undir smásjá hjá tollyfirvöldum og þar af leiðandi mundi þetta fljótlega komast í gott lag. Enginn rökstuðningur fylgdi því hvernig hæstv. ráðherra fann það út að þetta kæmist fljótlega í gott lag. Hann taldi þó ástæðu til að geta þess sérstaklega að hér væri um refsivert athæfi að ræða og því hlýtur maður að spyrja: Hvað hefur ráðherrann gert gagnvart þeim sem staðnir hafa verið að slíkum innflutningi? Hvaða refsingu hafa þeir fengið? Hve margar ákærur hafa verið gefnar út, hve margir dómar?

Herra forseti. Til að komast fyrir slíkan innflutning þarf að koma upp öflugu eftirlitskerfi og beita þá þungum refsingum sem staðnir eru að verki. Eftirlit verður að hefjast í því landi sem varan er keypt frá og má þá vel hugsa sér að sendiráðin okkar í viðkomandi landi sjái um slíkt í nánum tengslum við tollayfirvöld hérlendis. Það má ekki láta lögbrot viðgangast án þess að nokkuð sé að gert. Það er viðurkennt af ráðherrum, það er viðurkennt af tollayfirvöldum, það er viðurkennt af innflytjendum, það er viðurkennt af formanni Félags ísl. iðnrekenda að þessi fölsun á sér stað. Þess vegna verðum við að bregðast við og því flyt ég þessa tillögu.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég eftir að tillagan verði send hv. allshn. til umfjöllunar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 388. mál. — Þskj. 734.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem ég hef leyft mér að flytja um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga ásamt öðrum þm. Borgarafl., Albert Guðmundssyni, Inga Birni Albertssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Guðmundi Ágústssyni, Hreggviði Jónssyni og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd, skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi, til þess að undirbúa frumvörp til laga um breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Undirbúningsvinna þessi verði unnin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og enn fremur fulltrúa frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hug manna til verkefnaflutnings frá ríki til stærri eininga en einstakra sveitarfélaga."

Í örstuttri grg. með tillögunni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem kunnugt er hefur verið ákveðið að fresta afgreiðslu frv. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu þingi.

Allmargar sveitarstjórnir hafa sent þingmönnum ályktanir sínar af þessu tilefni og víðast kemur þar fram veruleg óánægja með skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Af því má ætla að margir telji óeðlilegt að nota Jöfnunarsjóðinn þannig sem eins konar skiptimynt í þessu efni.

Hvað sem um það er má augljóst vera að frekari undirbúnings er þörf ef takast á að þoka máli þessu til betri vegar á næsta þingi. Víðtæk samstaða um nær allt þjóðfélagið virðist þar raunar algjör forsenda. Í þeim tilgangi er tillaga þessi til þingsályktunar flutt."

Við þetta er í sjálfu sér, hæstv. forseti, litlu að bæta. Öllum hv. alþm. er vafalaust vel í minni það frv. til laga sem hæstv. forsrh. mælti fyrir í hv. Nd. Alþingis þann 9. des. sl., um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og ekki síður hver örlög þess frv. urðu og ástæður þeirra örlaga. Hvaða skoðun sem menn annars hafa á þeim tillögum sem þar voru uppi hafðar og raunar öðrum þeim tillögum í þessu efni sem m.a. voru grundvöllurinn að nefndu verkaskiptingarfrv. og átti rót sína að rekja til tveggja nefnda sem störfuðu á vegum félmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga til vors 1987.

Þó að mjög margt athyglisvert hafi komið fram í niðurstöðum og tillögum frá þessu nefndastarfi fannst mér gegna sérstakri furðu að hvergi skyldi örla á vilja til að flytja verkefni frá ríki til stærri eininga, svæða ellegar umdæma en einstakra sveitarfélaga, svo mörg og misstór sem þau annars eru hér á landi, og það því fremur að þróun í þá átt hefur raunar átt sér stað hægt og bítandi án þess að löggjafinn hafi þar haft nokkra forustu. Aðstæður og þörf, stundum knýjandi þörf héraðsmanna, hafa knúið þá áfram. Ég nefni sem dæmi:

Undanfarin ár hefur samstarf sveitarfélaga, t.d. um byggingu og rekstur framhaldsskóla ellegar byggingu og rekstur heilsugæslustöðva, farið mjög vaxandi. Samstarfsumdæmi ellegar samlög af þessu tagi þurfa auðvitað alls ekki að fara saman, hvað þá við önnur umdæmi, svo sem dóms- ellegar skattaumdæmi, hvort sem er til álagningar eða innheimtu. Vitaskuld er hér um margt flókið mál til umræðu þar sem hagsmunir ríkis og sveitarfélaga eru saman fléttaðir. Það er því í raun eðlilegt að drjúgan tíma taki að laða fram lausnir sem menn geta sæmilega við unað. Leiðin til þess var sýnilega ekki að láta duga fremur einsýnt álit áðurgreindra nefnda þar sem viðtekin sjónarmið sem öðrum fremur ríkja hér við Faxaflóann voru látin nægja.

Forsenda þess að áfram miði til undirbúnings skynsamlegri lagabreytingu í þessu efni er að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarandstaða beri gæfu til heiðarlegs samstarfs þar sem allir leggjast á eitt um að ná samkomulagi um þær meginleiðir er þorri manna fellir sig við.

Sjaldan hefur landsbyggðin átt jafnríka kröfu á því og nú að hið háa Alþingi og einkum meiri hluti þess brjóti odd af oflæti sínu og gangi til heiðarlegs samstarfs um það þjóðþrifamál sem hér er í litlu nefnt. Sá er tilgangurinn með þessum flutningi till. til þál. Hæstv. forseti, ég vænti þess að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. félmn. Sþ.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

EFRI DEILD

75. fundur, þriðjudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um

brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála sem er prentað á þskj. 558. Frv. hefur verið afgreitt frá Nd.

Þetta frv. er flutt til þess að afnema úrelt ákvæði um verslunarstaði og stuðla með því að nauðsynlegri hreinsun í lagasafninu. Það hlýtur að teljast gallað fyrirkomulag að viðhalda að formi til sem gildandi lögum ákvæðum sem enga þýðingu hafa lengur, ýmist sökum þess að þeim hefur fyrir löngu endanlega verið framfylgt samkvæmt orðanna hljóðan eða samfélagshættir hafa breyst á þann veg að ekki samrýmist lengur skoðunum og réttlætiskennd almennings að framfylgja þeim. Það er vissulega óæskilegt að gefa út í lagasafninu bæði úrelt lög og lög sem eru í fullu gildi og getur í mörgum tilfellum valdið réttaróvissu, en úr þeirri óvissu getur enginn dregið nema sjálft Alþingi.

Löggilding á verslunarstöðum og verslunarlóðum var á sínum tíma merkilegur þáttur í framfarasókn þjóðarinnar. Með henni var reynt að setja niður verslun og stofna til þéttbýlis á stöðum sem þóttu vel til þess henta frá náttúrunnar hendi og þar sem nægileg byggð var í nágrenninu til þess að verslunin gæti þrifist. En fyrir utan þessa löggiltu verslunarstaði var verslunin forboðin. Hugmyndin var sú að þar með væri skapaður grundvöllur fyrir tilveru verslunarstaðanna sem einnig mundu draga til sín ýmiss konar handverksmenn sem gætu veitt byggðinni margvíslega þjónustu. Þetta gekk nú reyndar eftir og hinir löggiltu verslunarstaðir urðu í mörgum tilfellum upphafið að blómlegum þéttbýlisstöðum og nýsköpun í atvinnulífi hér á landi. Þetta er nokkuð rakið í athugasemdum við þetta frv.

En nú háttar svo til í landinu að verslunin er alls ekki lengur bundin við löggilta verslunarstaði eina og verslunarlóðirnar, enda þótt enn séu í lagasafninu ákvæði sem t.d., svo að ég taki bara eitt dæmi, banna alla verslun austan við Rauðarárstíg hér í borg. Þetta eru lög í landinu og engin leið að túlka þau öðruvísi.

Um afmörkun lands fyrir verslunarþjónustu er nú fjallað í aðalskipulagi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði skipulagslaga sem einnig hafa að geyma eignarnámsheimildir til þess að tryggja sveitarfélögum land undir byggðina.

Lögbinding verslunarlóða kaupstaða og löggilding verslunarstaða er, eins og ég sagði í upphafi, merkilegur þáttur í sögu þjóðarinnar, en upptalningin á þessum gömlu lagaákvæðum á ekkert erindi inn í lagasafnið og ætti nú fremur heima í sagnfræðiritum en í næsta lagasafni. Þess vegna flyt ég þessa tillögu um að nema þau úr gildi. Til samræmis við niðurfellingu á lögum um löggilta verslunarstaði er með frv. lagt til að numin verði úr gildi ákvæði verslunaratvinnulaga sem binda tiltekin réttaráhrif við hina löggiltu verslunarstaði.

Ég hef með fáum orðum lýst efni I., II. og III. kafla þessa frv. Í IV. kafla frv. er svo tillaga um að felld verði niður ákvæði um sérstakan fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu sem sett voru árið 1925 og reynir ekki mikið á í dag. Þá er þarna líka tillaga um að fella niður sérstakar heimildir vegna viðskiptasamninga við Breta sem veittar voru með lögum frá Alþingi árið 1933 og enn eru prentuð á lögbókina þótt ekki hafi þau raunveruleg áhrif.

Í frv. felst að niður féllu 118 lög og reyndar tíu lagagreinar að auki. Mundi þetta stytta næsta lagasafn verulega án þess að nokkur réttaróvissa skapist. Þvert á móti væri réttaróvissu eytt og prentsvertan spöruð.

Frv. hefur fengið ítarlega umfjöllun í allshn. Nd. og Nd. samþykkti það í þeirri gerð sem það var lagt fyrir þingið, enda hafði frv. á leið sinni til þingsins fengið umsögn Lagastofnunar Háskóla Íslands sem gerði við það nokkrar ábendingar sem tillit hafði verið tekið til. Það er von mín að þetta frv. nái að ganga fram á þessu þingi, en tilefni að samningu þess er það sem þegar hefur fram komið, þ.e. áformin um að gefa út að nýju lagasafnið á þessu ári. Í mörgum öðrum málaflokkum utan við viðskiptamálin er þörf á lagahreinsun. Er nú unnið að undirbúningi tillagna þess efnis í öðrum ráðuneytum þótt ekki séu líkur til að slíkar tillögur komi fram á þessu þingi aðrar en þessi um 118 lög og tíu lagagreinar eins og fyrr var nefnt sem samanlagt eru 177,2 dálksentimetrar eða ámóta og meðalmannshæð.

Hæstv. forseti. Ég geri að tillögu minni að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég held að hér sé hið ágætasta mál á ferð, en hafði hugsað mér að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í hvað líður framkvæmd þál. sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1984 um lagahreinsun og samræmingu gildandi laga. Á þinginu 1983 var flutt þáltill. af Árna Gunnarssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Stefáni Benediktssyni, Davíð Aðalsteinssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur um það að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að sinna þessari lagahreinsun. Þessi þáltill. var samþykkt og það var ákveðið að kjósa nefnd níu manna til ráðuneytis um framkvæmd þessa verkefnis. Ég mun ekki lesa ítarlega upp þessa þál., sem er í þrem liðum og nokkuð ítarleg um það hvernig að þessu skyldi standa, en meginefnið er sem sé að undirbúa hreinsun úreltra ákvæða úr núgildandi lögum og gera tillögur um niðurfellingu lagabálka sem engum tilgangi þjóna lengur.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvað starfi nefndarinnar liði.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv., að vorið 1985 kaus Alþingi sér til ráðuneytis sérstaka nefnd til þess að leggja á ráð um framkvæmd þáltill. sem samþykkt hafði verið árið 1984 eins og hv. þm. lýsti. Verkefni nefndarinnar var að vera þinginu til ráðuneytis um lagahreinsun og samræmingu laga. Árangur af þessu nefndarstarfi

hefur enn ekki orðið svo mér sé kunnugt, en e.t.v. tekur nú nefndin við sér þegar komin er fram ný tillaga um slíka lagahreinsun. Ég ætla að nefndin hafi ekki starfað mikið en hef ekki af því skýrslur, enda er þetta nefnd sem þingið hefur kosið sér til ráðuneytis.

Ég tel heppilegast, og lýsi þeirri skoðun minni í verki með því að leggja fram þetta frv., að hvert ráðuneyti kanni sjálft og standi fyrir tillöguflutningi um brottfall laga á sínu sviði, og leggi þær fyrir þingið. Þannig vinnst verkið best því að lagasafnið á ekki að vera einhvers konar safnþró fyrir lögin heldur á þingið að hugsa fyrir því að fella brott úrelt og úr sér gengin lög, ekki bara að bæta alltaf við nýjum. Auðvitað þarf löggjafinn að leggja sjálfstætt mat á hverja tillögu sem þannig kemur fram því að það er löggjafarstarf líka að nema lög úr gildi.

Ég vona að þetta frv., sem ég held að sé þörf nýjung í löggjafarstarfinu, verði upphaf að vorhreingerningu í lagasafninu á vegum allra ráðuneytanna. Vorhreingerning er vinsælt hugtak hjá kvennalistakonum svo ég vænti liðsinnis þeirra í þessu þarfa hreingerningarstarfi.

Ég veit af því að það er unnið að sams konar tillögum á vegum annarra ráðuneyta. Hefur verið gerð um það ríkisstjórnarsamþykkt að hver ráðherra ynni að því hjá sér að undirbúa slíkar tillögur, en það er að sjálfsögðu eðlilegast að þeir geri hver um sig grein fyrir því hvað þeir hafi hafst að á þessu sviði. Ég vona að þetta skýri nokkuð málið eins og ég lít á það og um nefndarstarfið sem um var spurt hef ég ekki annað að segja en fram kom hér áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sjóðir og stofnanir, 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 733.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Lagafrv. sem hv. deild hefur hér fengið til meðferðar fjallar um svokallaða opinbera sjóði. Þetta frv. hefur þegar verið afgreitt frá Nd. Nd. gerði á frv. tvær breytingar frá því sem það var fyrst fram lagt. Í fyrsta lagi var hækkað lágmark stofnfjár opinberra sjóða úr 50 000 kr. í upphaflegri tillögu í 300 000 kr. Í öðru lagi var gerð lítils háttar málfarslagfæring á niðurlagi 1. mgr. 4. gr. Ég tek það skýrt fram að ég er algerlega samþykkur hækkun lágmarks stofnfjár sjóðanna úr 50 000 kr. í 300 000.

Þetta frv. er nýsmíði í löggjöfinni, en það hefur lengi þótt skorta samræmda löggjöf um þetta efni. Það hefur tíðkast hér á landi eins og víða um lönd um langan aldur að staðfesta skipulagsskrár opinberra sjóða og stofnana og hefur vald þjóðhöfðingjans í þessu efni verið eins konar framlenging á valdi einvaldskónganna fyrr á öldum. Það hafa myndast í sögunnar rás verklagsreglur um það hvaða skilyrðum skipulagsskrár slíkra fyrirtækja þurfi að fullnægja til þess að öðlast staðfestingu, en þær reglur, reglurnar um gerð skipulagsskránna, styðjast ekki við lög. Alþingi setti árið 1964 lög um reikningslegt eftirlit með fjármunameðferð þeirra sem hafa umráð slíkra sjóða á hendi og er það góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Hins vegar hafa orðið miklar breytingar í þjóðlífinu og verðmæti í sjóðunum hefur raskast á ýmsan hátt þannig að margir þeirra þjóna nú engum tilgangi og ákvæði skipulagsskránna um ávöxtun fjárins standast ekki nokkurt mál.

Þessu hefur þó ekki verið hægt að breyta vegna þess að lagaheimildir skortir til að breyta starfsgrundvelli sjóðanna til samræmis við breyttar aðstæður. Þeir eru sjálfstæðar sjálfseignarstofnanir og lúta ekki lögum. Fé þeirra hefur í mörgum tilfellum rýrnað svo í hlutfalli við verðlag að þeir eru þess augljóslega vanmegnugir að valda verkefnum samkvæmt stofnskránum.

Reglurnar sem tillögur eru gerðar um í þessu frv. hafa þann tilgang að gefa færi á því að taka með raunsæjum og skipulegum hætti á þessu viðfangsefni þannig að unnt verði bæði við stofnun slíkra sjóða og á síðari stigum að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að þeir þjóni sínum tilgangi.

Ríkisendurskoðunin hefur farið með reikningseftirlit fyrir þessa sjóði og eru starfsmenn hennar, þessarar þingstofnunar, þess mjög hvetjandi að í lög verði sett ákvæði um málefni sjóðanna. Þetta frv. er samið í samráði við Ríkisendurskoðun.

Það má segja að í þessu frv. séu ekki jafnítarlegar reglur um vörslu og starfsemi sjóðanna og víða tíðkast með öðrum þjóðum, en að nokkru leyti eru fyrirmyndir fengnar úr nágrannalöndunum við þessa tillögugerð. En ég bendi á að hér er um fyrstu lög sinnar tegundar að ræða og þau mætti taka til endurskoðunar eftir því sem reynsla fæst af framkvæmd þeirra.

Það er heldur ekki talið rétt að reyna að byggja upp umfangsmeira eftirlit með sjóðunum en hægt er að ráða við með óbreyttu starfsliði í viðkomandi stjórnsýslustofnunum. Þess má geta að víða um lönd hafa verið settar á stofn sérstakar stofnanir eða eftirlitsskrifstofur sem hafa það verkefni að fylgjast með svona sjóðum sem hafa fengið opinbera staðfestingu.

Þetta frv. leiðir líka hugann að því að hér skortir í raun og veru almenna löggjöf um starf sjálfseignarstofnana og félaga sem ekki eru til þess stofnuð að annast atvinnurekstur en hafa engu að síður með höndum oft og einatt umsvifamikinn rekstur og starfsemi. Næsta skref í lagasetningu á þessu sviði er að minni hyggju að semja lagafrv. um stofnanir og

félög sem þannig starfa.

Ég vona að frv. fái skjóta meðferð í deildinni og verði afgreitt sem lög frá þessu þingi. Ég minni á að það var lagt fram á fyrra þingi án þess að hljóta afgreiðslu og reyndar víða aðkallandi að fá skýrar reglur um hvernig fara skuli með sjóðina sem hér er um að tefla. Ég legg því til að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 736.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands á þskj. 736.

Frv. þetta er samið af nefnd sem þáv. menntmrh., Sverrir Hermannsson, skipaði þann 25. mars 1987 til að endurskoða lög nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands. Nefndarmenn voru Ólafur H. Jóhannsson skólastjóri, formaður, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, Stella Guðmundsdóttir skólastjóri og Þórólfur Þórlindsson prófessor, en ritari nefndarinnar var Sigurjón Mýrdal, kennslu- og æfingastjóri.

Nefndin ákvað að haga störfum sínum á þann veg að leita með formlegum hætti eftir sjónarmiðum þeirra stofnana og samtaka er tengjast kennaramenntun og ritaði hún því eftirfarandi aðilum bréf: Bandalagi kennarafélaga, Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni, Kennaraháskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Í framhaldi af því bréfi boðaði nefndin fulltrúa áður talinna stofnana og samtaka til funda þar sem rædd voru sjónarmið þeirra og afstaða til fjölmargra atriða er varða kennaramenntun, núverandi skipan hennar og æskilegar breytingar. Nefndin hélt einnig fundi með skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, deildarstjóra og starfsmönnum skólaþróunardeildar menntmrn., forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála og samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Kennaraháskólans. Fjölmargar gagnlegar ábendingar, sem nefndin hefur tekið tillit til, komu fram á fundum þessum.

Nefndinni bárust samþykktir og gögn frá skólastjórn Kennaraháskólans, auk þess bréf frá stjórn Bandalags kennarafélaga, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans og forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála. Auk þess aflaði nefndin sér gagna um kennaramenntun bæði hérlendis og erlendis.

Nefndin skilaði drögum að frv. þann 21. júlí 1987, en lagði jafnframt til að þessi frumvarpsdrög yrðu send þeim aðilum sem getið var um hér að framan, að þessir aðilar fengju drögin til umsagnar. Auk þess bárust umsagnir frá sambandi iðnfræðslustjóra og frá fræðslustjóra.

Nefndinni var síðan falið að fara yfir þessar ábendingar, þessar umsagnir og breyta frv. með tilliti til þess. Er frv. eins og það liggur nú hér fyrir árangur þeirrar vinnu.

Lög um Kennaraháskóla Íslands voru samþykkt á Alþingi í apríl 1971, en í þeim lögum segir að þau skuli endurskoða eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Nokkur frv. hafa verið lögð fram um Kennaraháskóla Íslands á Alþingi, en ekki náð afgreiðslu, eins og nánar er getið um í grg. með frv.

Lögunum um Kennaraháskóla Íslands hefur hins vegar tvisvar sinnum verið breytt lítils háttar. Með lögum nr. 7/1981 var í 4. gr. um inntöku nemenda bætt við ákvæði er heimilar að í reglugerð sé kveðið á um árlega skráningu nemenda. Einnig er tiltekið að ákvæði um heilbrigðisskilyrði megi setja í reglugerð. Ákvæðum 7. gr. núgildandi laga var einnig breytt þannig að kennaranám þeirra er velja list- og verkgreinar varð sambærilegt við annað kennaranám í Kennaraháskólanum. Vægi list- og verkgreina er þó tvöfalt á við bóklegar greinar. Með lögum nr. 37/1987 var ákvæði 2. liðar 15. gr., um kjör forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála, breytt lítils háttar.

Í frv. því sem hér liggur fyrir eru gerðar tillögur um nokkrar veigamiklar breytingar á starfssviði Kennaraháskólans og stjórn hans. Meginbreytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Skýrar er tilgreint hlutverk Kennaraháskóla Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frv. er kveðið á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar stofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

2. Kennaraháskólinn öðlast heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði til æðri prófgráðu, en B.Ed.- eða BA-gráðu.

3. Aukin áhersla er lögð á endurmenntun kennara.

4. Almennt kennaranám er lengt úr þremur árum í fjögur ár. Tekið er upp námseiningakerfi og kveðið á um meginþætti kennaranáms á grundvelli þess.

5. Kennaraháskólanum er formlega heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara.

6. Stjórnkerfi stofnunarinnar er endurskoðað með tilliti til nýrra starfssviða. Skýrari ákvæði eru um framkvæmdastjórn einstakra starfsþátta.

7. Hlutverk Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar er skýrt. Ákvæði um Rannsóknastofnun uppeldismála í 14. og 15. gr. gildandi

laga eru felld niður. Í þeirra stað er lagt til að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem verði þá sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og skólamála. Það frv. er sérstakt frv. sem líta má á sem fylgifrv. með þessu frv.

Ég mun nú aðeins gera nokkru nánari grein fyrir helstu nýmælum sem felast í þessu frv.

Með frv. þessu er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði kennaramenntunar og rannsókna. Gert er ráð fyrir að skólinn annist menntun kennara í öllum greinum á grunnskólastigi og honum er veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hlotið hafa menntun í kennslugrein annars staðar.

Frv. gerir ráð fyrir því að menntun kennara og önnur uppeldismenntun verði áfram við fleiri stofnanir. Því ber að styrkja samstarf Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir á sviði kennslu og uppeldis, koma á skipulegum tengslum stofnana og samræma starfsmenntun þeirra.

Í reglugerð fyrir Kennaraháskólann verði kveðið á um samstarf þessara stofnana, sbr. 1. gr. 8. tölul. frv. Með skipulegu samstarfi væri unnt að koma á skynsamlegri verkaskiptingu og samnýtingu á aðstöðu og mannafla. Gert er ráð fyrir að menntun grunnskólakennara í einstökum greinum geti eftir sem áður farið fram í sérskólum og þangað geti nemendur Kennaraháskólans sótt nám á tilteknum kjörsviðum. Einnig geti grunnskólakennarar sótt þangað viðbótarmenntun í einstökum greinum. Framhaldsmenntun í uppeldis- og kennslufræðum til æðri prófgráðu ásamt rannsóknastörfum sem slíku námi tilheyra og endurmenntun starfandi kennara eru meginforsendur eðlilegrar þróunar Kennaraháskólans sem fullgildrar háskólastofnunar og miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frv. er rennt stoðum undir slíka uppbyggingu.

Í öðru lagi er eitt af mikilvægustu nýmælum frv. ákvæði um framhaldsmenntun og viðbótarmenntun. Í frv. er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast framhaldsmenntun einkum á sviði uppeldis- og kennslufræða er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Framhaldsnám leiðir af sér aukinn faglegan styrk kennarastéttar og nauðsynlega sérhæfingu á ýmsum sviðum uppeldis- og skólastarfs. Framhaldsnám eflir verulega rannsóknastarf og er í raun ein meginforsenda þess að menntastofnun geti starfað sem vísindaleg rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans.

Í frv. þessu er gerður greinarmunur á hugtökunum „framhaldsmenntun“ og „viðbótarmenntun“. Framhaldsmenntun á við nám er leiðir til æðri prófgráðu, viðbótarmenntun á við nám sem bætt er við almennt kennaranám eða sambærilega menntun án þess það leiði til æðri prófgráðu.

Þriðja meginatriðið sem felur í sér nýmæli er endurmenntun kennara. Í frv. er lögð aukin áhersla á hlut Kennaraháskólans í endurmenntun kennara og því er sérstakur kafli, V. kafli frv., um endurmenntun.

Með hraðfara þjóðfélagsbreytingum, nýjungum á sviði upplýsingatækni og fjölmiðlunar og nýrri þekkingu á vettvangi uppeldisfræða vex mikilvægi endurmenntunar meðal kennara og annarra stétta er annast uppeldi og kennslu. Ný tækni og aukin þekking, sem m.a. birtist í gagnanetum, upplýsingabönkum og fjarkennslu, veitir marga kosti í þessu efni. Hæfni kennarastéttarinnar og fagleg ábyrgð er mjög háð því að vel sé að henni búið, ekki síst á sviði endurmenntunar. Hún þarf jafnan að eiga þess kost að auka við þekkingu sína og færni með greiðum aðgangi að nýjungum á sviði menntamála og skólastarfs.

Fjórða meginnýmæli frv. er lenging kennaranáms. Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að almennt kennaranám verði lengt og taki fjögur ár. Jafnframt verði tekið upp námseiningakerfi þar sem ein eining jafngildir námsvinnu einnar viku. Námseiningar í almennu kennaranámi verði því 120.

Mörg rök hníga að því að æskilegt sé að lengja grunnnámið. Undirstöðuþekking verðandi grunnskólakennara er treyst til muna og þar með lagður vandaðri grunnur að starfi þeirra, endurmenntun og framhaldsnámi. Svigrúm gefst fyrir ný áhersluatriði, svo sem á sviði upplýsingatækni. Unnt er að koma við nokkurri sérhæfingu kennaraefna, bæði með tilliti til aldurs nemenda og tiltekinna námsgreina eða greinasviða. Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi grunnskólans verða aukin verulega, m.a. með væntanlegri kandídatsönn, og með því móti treyst tengslin milli fræðilegs náms og starfs á vettvangi.

Námstími kennaraefna á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi verður hinn sami. Þar með er kennaranámið jafngilt að umfangi fyrir bæði skólastig. Fyrir því eru þær forsendur að kennsla ungra nemenda er ekki síður vandasamt starf en kennsla þeirra sem eldri eru. Uppeldisleg ábyrgð vegur þar þungt ekki síður en þekking í kennslugreinum. Einnig er þessi skipan líkleg til að stuðla að heildstæðni kennarastéttar hvað varðar ábyrgð í starfi, þjóðfélagsstöðu, kjör og kosti á frama í námi og starfi.

Gert er ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði við þetta frv. að lenging námsins komi til innan sex ára, gæti orðið fyrr, og er það gert til þess að Kennaraháskólanum gefist nægilegt ráðrúm til að aðlaga sig þessari lengingu námsins.

Fimmta nýmælið er um menntun framhaldsskólakennara. Í frv. er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara framhaldsskólastigs. Með bréfi dags. 15. jan. 1981 fól menntmrn. Kennaraháskólanum að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun fyrir kennara á framhaldsskóla-

stigi í list- og verkgreinum. Áður hafði Kennaraháskólinn veitt framhaldsskólakennurum slíka menntun á námskeiðum.

Uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara fer nú fram við fimm stofnanir, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Auk þess hefur Hússtjórnarkennaraskólinn heimild til að mennta hússtjórnarkennara fyrir framhaldsskóla.

Auka þarf tengsl Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir til að bæta samskipan kennslugreina og uppeldisgreina í kennaramenntun, sérstaklega fyrir framhaldsskólakennara. Huga þarf að verkaskiptingu milli skólastofnana, þannig að nemendur geti sótt kennslu í ýsmum kennslugreinum í aðrar menntastofnanir en uppeldis- og kennslufræði til Kennaraháskólans.

Sjötta nýmælið er um stjórnkerfi Kennaraháskólans. Sú stofnun sem reist var með lögum nr. 38 1971, um Kennaraháskóla, var tiltölulega einföld. Stofnunin var starfsmenntastofnun og sinnti einkum grunnmenntun kennara. Form stjórnkerfis er í samræmi við þetta. Kennarar skiptast í skorir eftir kennslugreinum og skorirnar eru kjarni stjórnkerfisins. Skólaráð er skipað skorarstjórum, rektor, fulltrúum nemenda og stundakennara. Skólaráð fer með framkvæmdarvald en ákvörðunarvald er falið skólastjórn sem í sitja allir fastráðnir kennarar skólans auk fulltrúa nemenda og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans.

Ný starfssvið Kennaraháskólans á seinni árum og aukin verkefni tengd þeim hafa leitt til þess að brýnt er að endurskoða formgerð og stjórn stofnunarinnar. Sérstaklega þarf að huga að deildaskiptingu Kennaraháskólans. Tryggja þarf aðild starfsmanna og nemenda að ákvörðunartöku og stjórnun og greiðan aðgang allra starfseininga að stjórnkerfi stofnunarinnar. Skýra þarf verksvið og verkefni skólaráðs í sífellt flóknari stofnun og skilgreina faglega og fjármálalega ábyrgð.

Í frv. er lagt til að skólaráð fari með ákvörðunarvald í málefnum skólans og faglega ábyrgð. Rektor verður eftir sem áður yfirmaður stjórnsýslu skólans en framkvæmdastjórar annast í umboði hans eftirlit með daglegri starfsemi á hinum ýmsu sviðum.

Gert er ráð fyrir að starfsmannafundir fjalli um mikilvægar breytingar á starfsháttum og koma að því leyti í stað skólastjórnar samkvæmt gildandi lögum sem gert er ráð fyrir að verði lögð niður.

Tillaga er gerð um breytingar á framkvæmd rektorskjörs, kosningarréttur er rýmkaður og svigrúm veitt til að velja rektor, hvort sem er innan stofnunar eða utan hennar.

Sjöunda nýmælið í frv. er um íslenskar uppeldisrannsóknir. Öflug og markviss rannsóknastarfsemi, ekki síst á íslenskum uppeldisskilyrðum, íslenskum uppeldisheföum og þróun og gerð menntakerfisins er tvímælalaust nauðsynleg á tímum hraðra þjóðfélagsbreytinga. Vönduð fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og jafnframt ein af meginforsendum fyrir hnitmiðaðri starfsmenntun kennara. Í frv. er leitast við að styrkja stöðu Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar með því að veita heimild til þess að stofnuð verði innan hans rannsóknastofnun þar sem kennarar skólans gætu fullnægt rannsóknaskyldu sinni.

Rannsóknastofnun uppeldismála á formlega tilvist sína í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 þótt um sé að ræða stofnun sem er samstarfsvettvangur þriggja aðila með sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn.

Hér að framan hefur verið vikið að mikilvægi íslenskra rannsókna á sviði mennta- og skólamála. Samstarf stofnana er að rannsóknum vinna er mikilvægt og nauðsynlegt. Lagt er til að sett verði sérstök löggjöf um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem stofnunin verði efld sem sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og menntamála.

Ég hef nú rakið þær meginnýjungar sem fólgnar eru í þessu frv. en mun nú rekja nokkuð efni einstakra kafla þess.

Fyrsti kaflinn er um hlutverk Kennaraháskóla Íslands. Í 1. gr. er kveðið á um hlutverk Kennaraháskólans. Hlutverki skólans er skipt í sjö meginsvið sem merkt eru með tölul. 1–7.

Í 1. tölul. er kveðið á um að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð kennaramenntunar og vísindaleg rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Í þessu ákvæði felst að saman skuli fara í starfi skólans rannsóknir og fræðsla, en rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræða hafa verið vanræktar fram til þessa hér á landi. Með stofnun framhaldsmenntunar við skólann ykist verulega svigrúm hans til rannsókna.

2. tölul. er sambærilegur við 2. lið 1. gr. gildandi laga um almennt kennaranám. Um nánari skýringar vísast til grg. með IV. kafla, um kennaranám.

Ákvæði 3. tölul. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að Kennaraháskólinn öðlist heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara á framhaldsskólastigi í samvinnu við þær stofnanir er annast menntun þeirra í einstökum greinum eða greinasviðum. Skólanum hefur þegar verið falið verkefni á þessu sviði sbr. 5. lið í inngangi hér að framan og skýringar sem vitnað er til varðandi 15. gr.

Ákvæði 4. tölul. er sambærilegt við 5. lið í 1. gr. gildandi kafla.

Ákvæði 5. tölul. er nýmæli. Hér er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum að efna til framhaldsmenntunar og viðbótarmenntunar, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði. Um nánari skýringar er vísað til þess sem ég sagði áðan um mikilvægustu nýmæli og einnig er vísað til sérstakra skýringa við 22. og 24. gr.

Ákvæði 6. tölul. er sambærilegt við 3. lið 1. gr.

gildandi laga. Þar er kveðið á um þau meginsjónarmið mennta- og mannskilnings er móta skuli starfshætti skólans.

Ákvæði 7. tölul. eru að hluta til efnislega sambærileg við ákvæði 4. liðar 1. gr. gildandi laga. Við bætist ákvæði um að skólinn skuli á grundvelli rannsóknastarfsemi sinnar stuðla að þróun og umbótum í skólakerfinu.

Í 8. tölul. er lagt til að í reglugerð verði sett ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennaramenntunar. Sams konar ákvæði verði sett um samstarf við sambærilegar menntastofnanir, svo sem Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Í öðrum kafla frv. er fjallað um stjórn Kennaraháskólans og er þar um að ræða 2.–7. gr.

2. gr. kveður á um hverjum falin er æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Lagt er til að stjórn skólans sé einfölduð, þannig að í stað skólastjórnar og skólaráðs starfi nú aðeins skólaráð. Í skólaráð eru kjörnir fulltrúar starfsmanna og nemenda skólans og eiga fastráðnir kennarar þar flesta fulltrúa. Jafnframt er lagt til að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar að skýrt sé greint milli kjörinna fulltrúa í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans. Að öðru leyti er í greininni kveðið skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

3. gr. fjallar um kjör rektors. Í gildandi lögum er kjörgengi rektors bundið við fastráðna kennara skólans. Í frv. er lagt til að ákvæðið sé rýmkað þannig að kjörgengur sé hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu prófessors. Þessi skipan eykur svigrúm stofnunarinnar til að velja til forustu hina hæfustu menn sem völ er á og jafnframt hleypa nýju blóði í starfsemina. Svipuð ákvæði um val forustumanns er að finna víða við háskóla erlendis. Ákvæði um framkvæmd rektorskjörs eru í frv. og er það í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Í 4. gr. er fjallað um skipan skólaráðs. Eru hér þau frávik frá gildandi lögum að fulltrúum er fjölgað nokkuð í því skyni að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Þá er gert ráð fyrir því að fastráðnir kennarar kjósi fulltrúa úr sínum hóp í stað þess að nú sitja skólastjórar í skólaráði. Þessi breyting er m.a. afleiðing af því að ákvæði 7. gr. gildandi laga um skiptingu námsgreina í skorir eru felld brott.

Í 6. gr. eru ákvæði um starfsmannafundi sem er nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð er myndast kann við afnám skólastjórnar. Tilhögun þessi er sveigjanlegri en ætti að koma að svipuðu gagni. Gert er ráð fyrir að veigamiklar breytingar í starfi stofnunarinnar séu ræddar á starfsmannafundum áður en til afgreiðslu í skólaráði kemur.

Í 7. gr. eru nýmæli. Í 7. gr. í gildandi lögum er námsgreinum í almennu kennaranámi skipt í skorir sem mynda stjórnunareiningar innan skólans og skorarstjórar mynda kjarna skólaráðs. Eins og fram kemur í grg. með 2. gr. er í frv. ákvæði um að val á fulltrúum fastráðinna kennara til setu í skólaráði fari fram með öðrum hætti. Með auknum umsvifum Kennaraháskólans, m.a. á sviði endurmenntunar og framhaldsmenntunar, hentar skoraskiptingin ekki sem grunnur að stjórnkerfi skólans. Skilgreina þarf deildaskiptingu stofnunarinnar og tengja hana nýrri stjórnskipan. Því er hér lagt til að um skiptingu skólans í starfseiningar, deildir, sé kveðið á í reglugerð eða reglum sem skólinn setur fyrir afmörkuð starfssvið. Það skal áréttað að eftir sem áður bera kennarar faglega ábyrgð á inntaki og framkvæmd kennslu hver í sinni grein.

Þriðji kafli fjallar um nemendur, þ.e. 8.–12. gr.

Í 1. tölul. 8. gr. er fjallað um inntökuskilyrði í almennt kennaranám. Aðalskilyrði er, eins og í gildandi lögum, stúdentspróf, en skólaráð hefur heimild til að víkja frá því og taka tillit til annarra prófa, náms og starfsreynslu, er meta skal hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands, og þarf ekki lengur að leita samþykkis menntmrn. til slíkra frávika. Þegar nefnd er starfsreynsla er hér sérstaklega haft í huga að þeir sem fengist hafa við störf tengd uppeldi og félagsmálum geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

Eðlilegt er að setja lágmarkskröfur um kunnáttu í íslensku. Menningararfleifð þjóðar er bundin móðurmáli órjúfandi böndum. Það er í verkahring skólans að fleyta áfram íslenskri menningararfleifð, en sá flutningur er framar öllu öðru fólginn í ræktun tungunnar.

Í 2. tölul. þessarar greinar er gert ráð fyrir að sett skuli í reglugerð sérstök ákvæði um inntökuskilyrði fyrir þá sem einungis sækja til Kennaraháskólans nám í uppeldis- og kennslufræði.

10. gr. er nýmæli. Er greinin að nokkru leyti sniðin eftir 24. og 25. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf hér að kveða á um viðurlög ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnaðarsjónarmiðum og ekki síst því að þeir er veljast í kennslu barna og ungmenna séu vel þroskaðir siðferðislega. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brottrekstur til úrskurðar menntmrh. Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka og leita skal álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin.

Í 11. gr. er nýmæli í 1. mgr. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Lagt er til að í reglugerð sé heimilt að setja ákvæði um tímamörk náms.

Ákvæði um nemendaráð sem er í 12. gr. er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Afdráttarlaus ákvæði um að nemendaráð skuli starfa innan skólans og eiga aðild að stjórn hans lýsa því sjónar-

miði að virk þátttaka nemenda, bæði þeirra sem stunda almennt kennaranám, kennsluréttindanám og þeirra er stunda viðbótar- og framhaldsnám, að stefnumótun innan skólans og daglegri framkvæmd sé starfi hans mjög til framdráttar.

IV. kafli fjallar síðan um kennaranám, en þar er um að ræða 13.–16. gr.

Í 13. gr. er lagt til að almennt kennaranám, sem lýkur með B.Ed.-prófi og miðast við almenn kennsluréttindi í grunnskólum, sé aukið nokkuð og lengt í fjögurra ára nám, u.þ.b. 30 vikur á ári. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi með 8½–9½ mánaða kennslu á ári.

Sú breyting er hér einnig gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu og námið því 120 einingar alls. Í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir u.þ.b. sex vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til að auðvelda skipulag náms og námsmat og er í samræmi við einingamat sem nú er víða notað í skólakerfinu, m.a. í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvelda gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenningu námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Um 14. gr. er það að segja að skipting kennaranámsins í þrjá meginþætti og ákvæði um námseiningar fela bæði í sér meiri sveigjanleika í skipulagningu kennslunnar og í vali kennaraefna á námsefni en gildandi lög.

Einstakar námsgreinar eru ekki lögbundnar heldur gert ráð fyrir að þær séu ákvarðaðar í reglugerð og námsskrá sem stofnunin setur sér með formlegum hætti.

Gert er ráð fyrir að allir sem B.Ed.-prófi ljúka hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er kennaraefnum gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu vali námsgreina eða að kennslu einstakra námsgreina.

Meginþættir námsins verða í fyrsta lagi uppeldisgreinar, 30 einingar. Afar mikilvægt er að kennaraefni öðlist heildstæða þekkingu í uppeldisgreinum sem verði kjölfesta í starfsmenntun þeirra. Í umfjöllun um þessar greinar skal tekið mið af þróun íslensks samfélags. Á skólanum hvílir sú skylda að flytja fram íslenska tungu og menningu. Ber að leggja áherslu á þennan þátt í almennu kennaranámi.

Nauðsynlegt er að kennaraefni fái tóm til sjálfstæðrar námsvinnu jafnframt því sem þau öðlast heildstæða mynd af eðli og þroska einstaklingsins í félagslegu, menningarlegu og sögulegu ljósi.

Annar meginþátturinn er kennarafræði, 45 einingar. Hér er átt við þá starfsþekkingu og vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að hafa á valdi sínu til að stunda kennslu sem fagmenn. Inntak kennarafræðanna gæti skipst sem hér segir:

Í fyrsta lagi eðli og inntak námsgreina grunnskólans ásamt kennslufræði, allt að 30 einingar. Hér er átt við innsýn og skilning kennara á þeim viðfangsefnum sem nemendur í grunnskólum þurfa að fást við og hvernig þau samrýmast þroska þeirra, þekkingu, færni og áhuga.

Í öðru lagi æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum, allt að 20 einingar. Hér er átt við þjálfun á einstökum kennslufræðilegum starfsleikniþáttum og þátttöku í skólastarfi, æfingakennslu o.fl., undir leiðsögn æfingakennara. Þessi þáttur þarf að taka bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Áheyrn í skólum og æfingakennsla spannar nú þrettán vikur í almennu kennaranámi. Hér er gert ráð fyrir verulegri aukningu, m.a. sérstakri kandídatsönn þar sem kennaraefni verja löngum samfelldum tíma til kennslu og annarra starfa í skólum undir leiðsögn og umsjón reyndra kennara.

Þriðji meginþáttur námsins yrði kjörsvið, 45 einingar. Gert er ráð fyrir að valgreinar í grunnnámi til B.Ed.-prófs greinist í svonefnd kjörsvið. Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið, 45 einingar. Á kjörsviðum skal leitast við að, í fyrsta lagi, veita undirstöðu í fræðigrein, í öðru lagi veita þekkingu og leikni í tiltekinni námsgrein grunnskóla, í þriðja lagi veita þekkingu og leikni í þeim þáttum greinarinnar sem fengist er við í grunnskóla samkvæmt námsskrá.

Með þessari tilhögun er sveigjanleiki náms í valgreinum aukinn. Kjörsvið er sett saman úr aðalgrein og aukagrein ýmist einni eða tveimur. Aðalgrein telur 30 einingar hið minnsta, 40 einingar hið mesta, list- og verkgreinar. Aukagrein getur talið mest 15 einingar, minnst 5 einingar.

Eðlilegt er að allar meginnámsgreinar grunnskólans séu valgreinar í almennu kennaranámi. Mikilvægt er að list- og verkgreinar, íþróttir og líkamsrækt skipi þar sama sess og bóklegar greinar.

Mikilvægt er að gefa kennaraefnum kost á nokkurri sérhæfingu í námi sínu og skapa þannig möguleika til dýpkunar og athugana á sérsviðum kennaramenntunar sem starfsskipting skóla krefst. Slík sérhæfing í námi skerðir þó ekki hin almennu kennsluréttindi í grunnskólum.

Varðandi 15. gr. er það að segja að nýmæli er að Kennaraháskólanum sé í lögum heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á framhaldsskólastigi. Engin heildarskipan gildir í landinu um menntun framhaldsskólakennara. Hluti þeirrar menntunar fer nú fram á framhaldsskólastigi og hluti á háskólastigi. Háskóli Íslands veitir kennsluréttindi í þeim bóklegum greinum sem hann kennir til prófgráðu. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Íþróttakennaraskóli Íslands og Hússtjórnarkennaraskóli Íslands hafa rétt til að mennta sérgreinakennara, hver á sínu sérsviði, til starfa í grunnskólum og framhaldsskólum.

Að höfðu samráði við stjórnendur Kennaraháskólans og Háskóla Íslands fól menntmrh. Kennaraháskólanum, með bréfi dags. 15. jan. 1981, að skipuleggja og annast kennslufræðimenntun fyrir kennara í list- og verkgreinum á framhaldsskólastigi.

Slíkt nám er nú skipulagt sem tveggja ára hlutanám. Kennarar sem útskrifast hafa með þessi kennsluréttindi starfa m.a. við fjölbrautaskóla, iðnskóla, sjómannaskóla og við menntun hjúkrunarstétta.

Brýnt er að rennt sé lagastoðum undir ofannefnd verkefni og auk þess ættu lögin að skapa grundvöll að fjölbreytilegum og sveigjanlegum samskiptum milli Kennaraháskólans og annarra stofnana þar sem kennaramenntun eða hlutar kennaramenntunar fara fram.

Þetta ákvæði gengur ekki á rétt þeirra menntastofnana sem nú mennta sérgreinakennara. Þvert á móti er gert ráð fyrir að þær starfi áfram eftir því sem aðstæður krefjast. Einnig getur ákvæði þetta komið í veg fyrir tvíverknað og stuðlað að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í kennaramenntun.

Eins og að er vikið í athugasemd um 1. gr. í grg. er augljós nauðsyn á nánu samstarfi Kennaraháskóla Íslands við aðrar menntastofnanir kennara og annarra uppeldisstétta. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipulagsgrundvöllur slíkrar samvinnu verði treystur með ákvæðum í reglugerð. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrirmæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

V. kafli frv. fjallar um endurmenntun, þ.e. 17.–21. gr. Þessi kafli er nýmæli. Í 5. tölul. 1. gr. gildandi laga er ákvæði um að eitt af hlutverkum Kennaraháskólans sé að annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 4. tölul. 1. gr. þessa frv. Í inngangskafla grg. um helstu nýmæli eru færð rök fyrir brýnni nauðsyn á öflugri starfsemi á þessu sviði.

Í 17. gr. er kveðið á um megintilgang endurmenntunar og er greinin efnislega sambærileg 5. tölul. 1. gr. gildandi laga. Verksvið er tvíþætt, að kynna kennurum markverðar nýjungar á sviði skóla- og uppeldismála og veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning við að móta starfshætti í samræmi við meginmarkmið og staðbundnar aðstæður.

Í 18. gr. er lagt til að tilteknum embættismanni, endurmenntunarstjóra, sé falin, í umboði rektors, umsjón með þessari starfsemi eins og verið hefur undanfarin ár, enda í samræmi við 72. og 73. gr. í gildandi reglugerð um Kennaraháskólann. Endurmenntunarstjóri vinnur, í samráði við rektor og kennslustjóra, að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd.

Í 19. gr. er lagt til að skipuð sé sérstök nefnd rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun kennara. Nefndinni er ætlað að tryggja samráð skólaráðs og samtaka kennara og menntmrn., þar með taldir fræðslustjórar, um stefnumörkun og framkvæmd.

Varðandi 20. gr. er það að segja að nauðsynlegt hefur reynst að skipta endurmenntun á svið eða aðrar starfsheildir, svo sem námskeið, fræðslufundi, bréfaskóla, erindaflokka, leiðsögn við nýliða, fjarkennslu o.fl. Hér er lagt til að rektor, í samráði við endurmenntunarnefnd, sé heimilt að ráða umsjónarmenn með slíkum tilteknum verkefnum.

Í 21. gr. er gert ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um stefnumörkun, skipulag og framkvæmd endurmenntunar. Verði þar kveðið á um samráð og samstarf allra þeirra stofnana sem annast menntun kennara samkvæmt ákvæði 8. tölul. 1. gr. frv.

VI. kaflinn, þ.e. 22.–24. gr., fjallar um framhaldsmenntun og þessi kafli er nýmæli.

Í 22. gr. er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum, að fengnu samþykki menntmrh., að stofna til framhaldsnáms er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu, svo sem meistaraprófsgráðu.

Brýnt er að kennarar og aðrar uppeldisstéttir eigi kost á framhaldsmenntun hér á landi. Fram til þessa hafa uppeldisstéttir þurft að sækja alla formlega framhaldsmenntun til annarra þjóða og munu þess fá dæmi meðal þeirra menningarþjóða sem Íslendingar bera sig oftast saman við.

Framhaldsmenntun til æðri menntagráðu mundi treysta Kennaraháskólann í sessi sem starfsmenntastofnun og opna nýja möguleika til öflugrar rannsóknastarfsemi.

Í 24. gr. er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum til að bjóða viðbótarmenntun á tilteknum sviðum er lýkur með sérstakri staðfestingu. Viðbótarnám gæti jafnframt verið hluti framhaldsnáms á sama sviði. Nám af þessu tagi er t.d. tveggja ára nám í sérkennslufræðum sem starfrækt hafa verið við skólann frá haustinu 1985 og nám fyrir stjórnendur skólans sem menntmrh., með bréfi dags. 28. jan. 1987, fól Kennaraháskólanum að koma á fót í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var í þessu skyni.

VII. kafli fjallar um rannsóknir og er hann nýmæli. Í þessum kafla er fjallað um rannsóknir á vegum Kennaraháskólans í samræmi við ákvæði 1. gr. frv. um hlutverk skólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar.

Varðandi 25. gr. er það að segja að störf prófessora, dósenta og lektora skiptast á kennslu, stjórnun og rannsóknastörf. Um hlutfall rannsókna af heildarstarfi segir í reglugerð og kjarasamningum.

Lagt er til að skólaráði verði heimilt, að fengnu samþykki menntmrh., að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan skólans. Mikilvægt er að Kennaraháskólinn hafi sjálfstæði um að skipa þessum málum á þann veg að treystur sé skipulagslegur grundvöllur rannsókna, áætlunargerð og yfirsýn. Þó sé þess gætt að hvort tveggja fari saman, heildarskipan með virkri stjórn og vísindafrelsi starfsmanna.

Í 26. gr. er heimilað að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun á sviði uppeldis- og kennslufræða samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntmrh.

Eins og fram kom hér áðan er gert ráð fyrir að sett

verði löggjöf um rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem sjálfstæða stofnun sem jafnframt er samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á þessu sviði.

Í VIII. kafla er fjallað um námsmat og er raunverulega ekki mikið um þann kafla að segja. Hann skýrir sig að mestu sjálfur.

Í IX. kafla er fjallað um starfslið, þ.e. 31.–34. gr.

Varðandi 31. gr. er það að segja að í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósenta. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frv. og í þess stað gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntmrh. að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósenta eða lektora tímabundið.

Í 32. gr. er það nýmæli að skólaráð ráði aðjúnkta í stað menntmrh. áður.

Gert er ráð fyrir að skipuð sé dómnefnd til að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu lektors með sama hætti og ákvæði eru um í gildandi lögum varðandi umsóknir um prófessors- og dósentsstöður. Nýmæli er heimild til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, en hliðstætt ákvæði er í lögum um Háskóla Íslands.

Varðandi 34. gr. er rétt að taka fram að með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum 23. gr. gildandi laga um orlof við Kennaraháskólann, er meginhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

1. Orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans en ekki kennurum hans einum.
2. Skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna.
3. Réttur til orlofs er ekki háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frv. er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfsliðs skólans.

X. kafli fjallar um æfingaskóla. Þar er um að ræða 35.–42. gr.

Í 35. gr. er kveðið á um starfrækslu sérstaks hverfisskóla í Reykjavík sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands og er greinin í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Nafn skólans er í frv. þessu stytt úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands í Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla. Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal skýrt tekið fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn að draga skuli úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frv. og grg. sem frv. fylgir.

Í 36. gr. er fjallað um þrjú meginhlutverk Æfingaskólans. Þau fléttast að sjálfsögðu saman í starfsháttum skólans, en hér verður gerð grein fyrir hverju verkefni sérstaklega.

1. Í greininni segir að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans og vitna ég að öðru leyti til greinargerðar með þessari grein til nánari skýringa á því.

2. Ákvæði greinarinnar um þróunarstofnun vísar til verkefna skólans á sviði tilrauna og nýbreytnistarfa við nám og kennslu og stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt frá setningu þeirra.

Tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki, og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi, tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þrengri merkingu heldur því að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi. Þá er þess að geta sem ekki er minnst um vert, en það eru tengsl kennara og nemenda Kennaraháskólans og greiður aðgangur þeirra til að reyna og fylgjast með lifandi skólastarfi í Æfingaskólanum.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði samkvæmt framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru.

3. Síðan haustið 1968 hefur Æfingaskólinn starfað sem almennur barnaskóli og síðan grunnskóli fyrir tiltekið hverfi í Reykjavík. Vegna verkefna Æfingaskólans á sviði æfingakennslu og þróunarstarfa er æskilegt að starfsgrundvöllur hans sé sem minnst frábrugðinn grundvelli annarra sambærilegra grunnskóla.

Í 37. gr. er fjallað um skólastjórn Æfingaskólans. Þar er gert ráð fyrir breytingum á skólastjórninni. Skipan sú, sem verið hefur samkvæmt gildandi lögum, að allir fastráðnir kennarar skólans auk skólastjóra, rektors Kennaraháskólans og fræðslustjórans í Reykjavík eigi sæti í stjórn skólans hefur reynst þung í vöfum, gerir ákvarðanatöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólastjórn, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t.d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum starfsmannafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans. Eðlilegt er að foreldrar eða forráðamenn nemenda eigi fulltrúa í skólastjórninni sem fylgist með starfsáætlun og hafi áhrif á starfsemina.

Ákvæði um tímabundna ráðningu skólastjóra er nýmæli. Telja verður æskilegt að Æfingaskólinn sem þróunarstofnun búi við sveigjanleika og möguleika til endurnýjunar í forustu.

Um 39. gr. er það að segja að greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því sem áður var að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar verksvið, kennsluskyldu og launakjör. Þessi starfskjaramunur og sú tvískipting kennaraliðs skólans sem af honum leiðir orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu þeirra verkefna sem kennurum ber að sinna. Hér er auk kennslu átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaraefni og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum.

40. gr. fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum, 13. gr., er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti að æfingastjóra skal ráða úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurráða hann nema einu sinni án lotuskila. Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfsliði skólans.

42. gr. er nýmæli og eykur svigrúm Kennaraháskólans og Æfingaskólans til að eiga formlegt samstarf við skóla víðs vegar um landið um æfingakennslu, tilraunir og þróunarstarf.

Aukin verkefni sem Kennaraháskólanum er heimilað að sinna, einkum á sviði framhaldsmenntunar og menntunar framhaldsskólakennara, leiða til þess að hann þarf að eiga greiðan aðgang að fleiri skólum en Æfingaskólanum. Sérstaklega er mikilvægt að geta stofnað til formlegra tengsla við tiltekna skóla á framhaldsskólastigi.

Rannsóknir og þróunarverkefni einstakra starfsmanna Kennaraháskólans og þróun kennaramenntunarinnar krefst oft náins samstarfs við skóla og starfsfólk þeirra. Kennaraháskólinn menntar kennara fyrir landið allt og er mikilvægt að hann hafi svigrúm til að eiga formlegt samstarf við skóla af ýmsum gerðum sem víðast á landinu, viðhalda þeim tengslum og endurnýja í samræmi við eðli viðfangsefna.

XI. kafli og lokakafli frv. fjallar um gildistöku og reglugerð og síðan er ákvæði til bráðabirgða um gildistöku 13. og 14. gr. sem ég hef getið hér um áður, en það ákvæði er um það að 13. og 14. gr., þ.e. þær greinar sem fjalla um lengingu námsins, taki ekki til þeirra nemenda sem skrásettir voru til náms í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara og jafnframt ákvæði um að þessar greinar skuli koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laganna samkvæmt nánari ákvörðun menntmrh. Það er m.ö.o. hámark sex ár en gæti orðið fyrr ef Kennaraháskólanum veitist nægilegt svigrúm, þar á meðal fjármagn, til þess að vera við því búinn að taka á sig þá auknu byrði sem í því felst að lengja námið um eitt ár.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum gert grein fyrir þessu frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar. Ég tek það fram að auðvitað stendur nefndinni til boða og ég mun sjá til þess að hún fái sendar þær umsagnir sem bárust frá þeim mörgu samtökum og stofnunum sem gáfu umsagnir sínar um þetta frv. á sl. sumri.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju minni með það að frv. um Kennaraháskóla Íslands skuli vera komið fram og vona að það verði að lögum á þessu þingi.

Félagslegar aðstæður hafa breyst verulega á undanförnum árum í þessu landi og þess vegna hefur verið mjög nauðsynlegt að þróa og efla starfsmenntun kennara. Þær tafir sem orðið hafa á því að endurskoðun á lögunum um Kennaraháskóla Íslands hafi átt sér stað hafa því staðið eðlilegum vexti skólans fyrir þrifum auk þess sem gildandi lög eru á ýmsan hátt orðin úrelt. Með nýrri löggjöf yrði lagður grunnur að öflugri símenntun og framhaldsmenntun fyrir starfandi kennara auk rannsókna á þessum vettvangi.

Markviss símenntun er ákaflega nauðsynleg og er óskandi að með aukinni tækni í fjölmiðlun verði hægt að gera þá menntun auðveldari í okkar dreifbýla landi. Með samþykkt frv. verður Kennaraháskólinn betur í stakk búinn til að gegna í raun hlutverki sem miðstöð kennaramenntunar fyrir landið allt. Skólastarf í dreifbýli hefur fram til þessa að verulegu leyti byggst á réttindalausum kennurum sem í dag kallast leiðbeinendur. Ég álít að þegar kennarastarfsheitið var lögverndað hafi ekki verið hugað nægilega vel að því að gera þeim kennurum, réttindalausum, sem haldið hafa uppi skólastarfi á landsbyggðinni víða, oft í fjölda ára eða áratugi, kleift að afla sér réttinda á viðunandi hátt. Við megum ekki lítilsvirða það fólk sem hefur komið til bjargar þar sem ekki hafa fengist réttindakennarar. Auðvitað hefur þetta fólk reynst misvel rétt eins og hámenntað fólk á þessu sviði, en flest af því vill afla sér réttinda. Ég vil því leggja miklu áherslu á að það nám sem fram fer fyrir leiðbeinendur á vegum Kennaraháskólans, miðstöðvar kennaramenntunar í landinu, verði lagað að breyttum tímum og nýjum möguleikum, t.d. með fjarkennslu. Einnig gæti komið til greina að kennslan færi fram að einhverju leyti við þá framhaldsskóla og menntastofnanir sem eru til staðar á landsbyggðinni.

Þar sem ég sit í menntmn. þessarar hv. deildar get ég fjallað frekar um frv. þar, en ég vildi að þetta kæmi fram hér við 1. umr. Ég vil að síðustu ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég fagna framkomu frv. og vona að það verði að lögum á þessu þingi.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því að nú skuli loks komið fram frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands. Þau lög sem í gildi eru og hafa gilt frá árinu 1971 eru farin að hefta starfsemi þessarar mikilvægu menntastofnunar okkar. Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið stórstígar breytingar á skólakerfinu samhliða þeim öru breytingum sem þjóðfélag okkar hefur tekið. Því hefði verið sérstök ástæða til að taka sérstaklega á málefnum stofnunar sem Kennaraháskóla Íslands. Kennarar eiga æ stærri þátt í uppeldi og menntun barnanna sem erfa munu landið og eiga að vera fær um að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra í stöðugt flóknara samfélagi. Það ber reyndar vott um hægagang í stjórnkerfi okkar og e.t.v. nokkurt tómlæti gagnvart menntun kennara og málefnum þeirra að lögin skyldu ekki endurskoðuð að tveimur árum liðnum eins og kveðið var á um og að frv. til nýrra laga sem lá fyrir Alþingi 1976 og aftur 1977 skyldi ekki hljóta afgreiðslu. En það er þó alvarlegast af öllu, í ljósi þeirra breytinga sem ég nefndi áðan og hafa gerst með ógnarhraða, að nú fyrst 10 árum síðar skuli þetta mál tekið upp aftur.

Ég tel margt jákvætt við það frv. sem við höfum hér til umfjöllunar, enda kom fram í máli hæstv. menntmrh., og reyndar í athugasemdum með frv. líka, að samráð hefur verið haft við marga skólamenn. Af þeim jákvæðu þáttum vil ég nefna sérstaklega að nú er bundinn endir á óvissu þá sem ríkt hefur um framtíð Kennaraháskólans og hann er staðfestur sem miðstöð kennaramenntunar í landinu sem gerir rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála. Þá tel ég einnig vera til bóta að lengja nám kennara um eitt ár. Það stóra svið sem þeim er ætlað að spanna með því að annast kennslu barna á aldrinum 6–16 ára krefst mikillar þekkingar, þjálfunar og yfirsýnar sem trúlegt er að illa rúmist í aðeins þriggja ára námi. Það er mikilvægt við þær aðstæður sem við búum við að auk þeirra sérsviða sem kennaranemar velja sér verði þeir einnig vel í stakk búnir til að kenna á öðrum aldursstigum, ekki síst þeir sem kenna við fámennustu skólana úti á landsbyggðinni.

Við þessa 1. umr. um málið ætla ég mér ekki að fara út í einstakar greinar frv. Til þess gefst mér tækifæri í hv. menntmn. þessarar deildar þar sem ég á sæti. Þó vildi ég gera að sérstöku umræðuefni hér og nú V. og VI. kafla frv. sem fjalla um endurmenntun og framhaldsmenntun kennara.

Á sl. árum hafa verið miklar umræður um skólamál og er það vel. Tilefni umræðnanna hafa þó ekki alltaf verið jákvæð. Það sem hæst hefur borið eru kjaradeilur sem kennarar hafa átt í, svo og ýmsar skýrslur og athuganir sem gerðar hafa verið og leitt í ljós ýmsar miður góðar niðurstöður um stöðu menntamála í landinu. Ég tel að samhliða því að efla almenna menntun kennara í Kennaraháskóla Íslands sé endurmenntun og menntun kennara samhliða starfi eitt það mikilvægasta sem við getum gert til að efla skólakerfið og bæta. Ég vil aðeins leggja áherslu á nauðsyn þess að kennurum verði í raun gert kleift að sækja sér þá menntun sem í boði verður.

Í skýrslu OECD-nefndarinnar um menntun kennara segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef gert er ráð fyrir að engin meiri háttar þensla í skólakerfinu sé í sjónmáli, þá má búast við að þeir sem nú stunda kennslu muni mynda meiri hluta þeirrar stéttar í náinni framtíð. Eiga stjórnvöld ekki að leggja miklu meiri áherslu en nú er gert á endurmenntun kennara ef haft er í huga að þjóðfélagið er í stöðugri mótun og gerir síbreytilegar kröfur til menntunar? Með endurmenntun mætti bæta það sem úrskeiðis fer eða hefur farið í menntun kennara. Námskeiðin á sumrin eru oft of stutt og of stopul. En hefur menntmrn. hugleitt aðra möguleika til þess að koma á skipulegri endurmenntun, svo sem gagnsemi þess að stofna kennaramiðstöðvar?“

Ég vil taka undir þessi orð sérfræðinganna sem skýrsluna unnu og vona að með því að setja lög um endur- og framhaldsmenntun komi fleira til og þá ekki síst fjárveitingar til að standa undir þessum mikilvæga þætti starfsins.

Á ráðstefnu sem haldin var að frumkvæði menntmrn. í janúar sl., en þar var fjallað um niðurstöður OECD-nefndarinnar, var einnig töluvert fjallað um endurmenntun og framhaldsmenntun kennara. Í máli sínu á ráðstefnunni tók endurmenntunarstjóri Kennaraháskólans, Rósa Björk Þorbjarnardóttir, til nokkur atriði sem hún taldi mikilvægust til úrbóta varðandi endur- og framhaldsmenntun kennara. Taldi hún þar fyrst og fremst vanta nægt fjármagn til endurmenntunar, fleiri starfsmenn, aukin tengsl endurmenntunar, rannsókna á skólastarfi og grunnmenntunar kennara og tek ég heils hugar undir þær athugasemdir hennar.

Varðandi VI. kaflann vil ég einnig taka fram að ég tel mjög gott að bjóða upp á framhaldsmenntun og viðbótarmenntun fyrir kennara, en vildi leyfa mér að beina einni spurningu til hæstv. menntmrh. varðandi mat á viðbótarnáminu. Í 24. gr. segir, með leyfi forseta: „Nám þetta má meta sem hluta framhaldsmenntunar eftir B.Ed.-prófgráðu að fullnægðum vissum skilyrðum.“

Ég tel það mjög góðra gjalda vert að opna möguleika fyrir kennara, en mér er ekki alveg ljóst hvað átt er við með setningunni „að fullnægðum vissum skilyrðum“, hver þau skilyrði eru. Í grg. kemur heldur ekkert fram um það og vil ég því biðja hæstv. ráðherra um nánari útskýringu á þessu atriði.

En ég vil leggja áherslu á að frv. ber með sér yfirbragð þess að þar hafa fagmenn farið um höndum. Get ég verið mjög sátt við flest það sem þar stendur, en ég vil leggja áherslu á að samhliða því er auðvitað nauðsynlegt að gera áætlun um uppbyggingu Kennaraháskólans á næstu árum, áætlun sem hægt verður að standa við þannig að hann standi undir því mikilvæga hlutverki sem honum er ætlað.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins til að lýsa ánægju okkar alþýðubandalagsmanna með það frv. sem hér er til umræðu. Það er vissulega löngu tímabært að taka til endurskoðunar framtíðarskipan kennaramenntunar hér á landi. Alþb. hefur á undanförnum þingum og reyndar nú sl. haust lagt fram till. til þál. um kennaramenntun. Sú till. er að því leytinu betri en frv. ríkisstjórnarinnar að þar er lagt til að sett verði heildarlöggjöf um kennaramenntun á Íslandi, en engin slík löggjöf er til í dag. Þannig er allmörgum stofnunum ætlað að sinna menntun kennara fyrir grunn- og framhaldsskólastig og hefur þar hver stofnun sín sérstöku lög til þess að fara eftir. Í tillögum Alþb. er hins vegar gert ráð fyrir að heildarskipan kennaramenntunar hér á landi verði tekin til endurskoðunar og lög sett þar um. Í þessu frv. er hins vegar aðeins tekið á einum þætti kennaranámsins og vissulega ekki léttvægum, Kennaraháskóla Íslands.

En eins og ég sagði áðan fagna alþýðubandalagsmenn þessu frv. og þeim nýmælum sem það hefur í för með sér. Með því er bundinn endi á óvissu um framtíð Kennaraháskólans og hvern sess hann skipar. Allt frv. ber vott um vönduð vinnubrögð, enda unnið í samráði við þá sem við menntunarmál starfa frá degi til dags. Þær greinar frv. sem hafa jákvæðustu breytingarnar í för með sér eru þær sem gera ráð fyrir að grunnmenntun kennara verði treyst og að lagður verði grundvöllur að öflugri framhalds- og símenntun starfandi kennara sem er ekki síður mikilvægur þáttur.

Frv. stuðlar einnig að því að Kennaraháskólinn verði efldur sem miðstöð þjónustu- og þróunarstarfsemi í mennta- og skólamálum. Ekkert er eins mikilvægt í okkar þjóðfélagi og að hlúa vel að menntastofnunum okkar. Skólar og dagvistunarstofnanir gegna æ mikilvægara og stærra hlutverki í uppeldi barna. Það er því ekki lítið atriði að þeir sem veljast til vinnu við þessar stofnanir hafi hlotið góðan undirbúning undir starfið og að kennarastarfið njóti þeirrar virðingar stjórnvalda sem því ber. Frv. ríkisstjórnarinnar um Kennaraháskóla Íslands er spor í rétta átt.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil eins og þeir sem hér hafa talað á undan mér fagna þessu frv. sem ég tel í flesta staði til mikilla bóta. Ég vil taka undir það sem komið hefur fram hjá öðrum þingmönnum um þau atriði sem sérstaklega ber að fagna í frv., en ég vil samt ekki úttala mig um einstakar greinar frv. Mér sýnist þó á því sem fram hefur komið hjá hæstv. menntmrh. og í grg. með frv. að hér sé á ferð frv. sem fullnægi þeim kröfum sem gera verður til Kennaraháskóla Íslands, þessarar merku menntastofnunar.

Mér gefst tími til að fara nánar í einstakar greinar þar sem ég sit í menntmn. og vona að þar eigi sér stað umræður um frv. og okkur gefist tækifæri til við 2. umr. að fara nánar út í einstaka liði.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem frv. hefur fengið í 1. umr. og stend fyrst og fremst upp til að svara einni spurningu sem til mín var beint, en hún lýtur að 24. gr. frv. Hv. 6. þm. Vesturl. spurði hvað átt væri við með orðunum „að fullnægðum vissum skilyrðum“ þar sem segir: „nám þetta má meta sem hluta framhaldsmenntunar B.Ed.-gráðu að fullnægðum vissum skilyrðum.“

Það er nú svo að þessi skilyrði eru ekki fullmótuð, enda reynir fyrst og fremst á það þegar reglugerð verður samin, en til frekari skýringar vil ég árétta að það er gerður greinarmunur í frv. á framhaldsmenntun og viðbótarmenntun. Framhaldsmenntun er sú menntun sem leiðir til ákveðinnar æðri prófgráðu en viðbótarmenntun er nám sem bætt er við almennt kennaranám eða sambærilega menntun án þess að það þurfi að leiða til æðri prófgráðu. En síðan er opnuð þarna heimild til þess að þetta viðbótarnám geti leitt til æðri prófgráðu, þ.e. menn geti tekið viðbótarnám sem hluta framhaldsmenntunar eftir að B.Ed.-gráðu lýkur. Þau skilyrði sem þarna þarf að setja eru t.d. innan hvaða tímamarka menn geta skipt þessu námi, hvað þetta má taka langan tíma, hvernig slík hlutaskipting námsins á að verða. Það eru slík atriði sem ég tel að þurfi að kveða nánar á um í reglugerð því að ég held að það sé ljóst að um þetta þarf að setja ákveðnar kröfur og ákveðnar reglur, t.d. skiptingu í áfanga og annað þess háttar þegar viðbótarnámið er metið sem hluti af æðri prófgráðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 737.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem er á þskj. 737. Frv. þetta fylgir frv. því um Kennaraháskóla Íslands sem hér var til umræðu áðan. Þess er ekki getið í grg., en rétt er að taka fram að það var sama nefndin sem samdi þetta frv. og frv. um Kennaraháskóla Íslands.

Frv. þetta er byggt á þeim grunni að það beri

brýna nauðsyn til að efla rannsóknir á sviði uppeldis- og skólastarfs hér á landi. Vönduð rannsóknarvinna og fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og bættri starfsmenntun kennara. Rannsóknum á íslensku menntakerfi má skipta í þrjá meginhluta eftir því hvaða tilgangi þær þjóna.

Í fyrsta lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til að tryggja að tekið sé mið af íslenskri menningu og þjóðfélagsaðstæðum á hverjum tíma. Mikilvægt er að draga fram sérkenni íslenskrar menningar og íslensks þjóðfélags og tengja þau skólastarfi á kerfisbundinn hátt. Eins er nauðsynlegt að byggja á þeirri reynslu sem kennarar og skólamenn hafa aflað sér í starfi við íslenskar aðstæður. Þá er varhugavert að flytja inn erlendar skólastefnur meira og minna hráar án þess að rannsakað sé hversu vel þær henta hér á landi. Öflugar rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála eru því afar mikilvæg forsenda fyrir ábyrgri skólastefnu og gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis.

Í öðru lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til þess að hægt sé að meta árangur af skólastarfi. Það á ekki síst við mat á nýjungum og ýmiss konar þróunarstarfi.

Í þriðja lagi má nefna að mikilvægt er fyrir daglegan rekstur og stjórnun að halda til haga, vinna úr og setja fram upplýsingar um skólastarf á skipulegan og kerfisbundinn hátt. Slík rannsóknarvinna er einnig nauðsynleg forsenda fyrir farsælli stefnumótun í skólamálum.

Rannsóknir á íslensku skólakerfi hafa verið af skornum skammti. Einstakir fræðimenn, einkum við Kennaraháskólann og Háskóla Íslands, og enn fremur einstakir starfsmenn menntmrn. hafa unnið að afmörkuðum rannsóknum. Mikilvægt er að samræma þessa rannsóknarstarfsemi, skapa samstarfsvettvang fyrir virka umræðu. Þá er og mikilvægt að koma á fót miðstöð sem veitir bæði ráðgjöf og aðstöðu fyrir rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála jafnframt því sem slík miðstöð sæi um að þjálfa rannsóknarfólk og halda námskeið um nýjungar í rannsóknaraðferðum, meðferð og úrvinnslu gagna. Þróunin hefur einmitt verið í þá átt í nágrannalöndum okkar að efla miðlægar rannsóknarstofnanir á sviði uppeldismála og sameina þannig krafta rannsóknarmanna sem fást við slík verkefni.

Íslensk kennarasamtök og áhugamenn um skóla- og uppeldismál hafa um áratuga skeið lagt mikla áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna. Barátta þessara aðila fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra skólamála bar nokkurn árangur er Rannsóknastofnun uppeldismála var komið á með ákvæðum í lögum nr. 38 1971, um Kennaraháskóla Íslands. Stofnunin tók þó ekki formlega til starfa fyrr en á árinu 1983 er stjórn var skipuð og ráðinn forstöðumaður. Á undanförnum árum hefur stofnuninni smám saman vaxið ásmegin þótt verulega skorti á um fé og mannafla til að unnt sé að sinna því veigamikla hlutverki sem henni er ætlað. Ljóst virðist að Rannsóknastofnun uppeldismála þarf að hafa á að skipa tveimur starfsmönnum hið minnsta auk forstjóra og ritara í hálfu starfi. Æskilegt væri að annar þeirra hefði sérþekkingu á sviði tölfræði og aðferðafræði en hinn á sviði skóla- og uppeldismála.

Skv. ákvæðum gildandi laga er Rannsóknastofnun uppeldismála samstarfsvettvangur þriggja aðila, Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntmrn. Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórnarnefnd. Skv. ákvæðum þessa frv. er Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gerð að sjálfstæðri stofnun. Sú skipan er eðlilegri en að tengja hana lögum einnar af þeim stofnunum sem að henni standa. Þess vegna er þetta frv. sett fram til þess að reyna að styrkja Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem sjálfstæða stofnun á sínu sviði.

Ég tel að öðru leyti ekki ástæðu til að rekja efni lagafrv. Einstakar greinar skýra sig nokkuð sjálfar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þá athugasemd, sem fram kemur við lagafrv. þetta, að brýna nauðsyn beri til að efla rannsóknir á sviði uppeldis- og skólastarfs. Það er ekki síður þörf á rannsóknum í fræðslumálum en á öðrum sviðum í nútímaþjóðfélagi og verður seint hægt að meta þátt rannsókna á sviði menntamála í baráttunni fyrir því að gera kennarastéttina færari um að takast á við þau verkefni sem henni eru ætluð á hverjum tíma. Það má hins vegar auðvitað alltaf spyrja hvort þörf sé á mikilli yfirbyggingu utan um slíka stofnun, hvort hún starfi betur sem sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórnarnefnd innan Kennaraháskólans eða sem sjálfstæð stofnun eins og hér er lagt til og spurning jafnvel hvort verksvið hennar skarist við þá rannsóknarstofnun sem heimilt er að koma á laggirnar innan Kennaraháskólans skv. 26. gr. frv. um Kennaraháskólann. En ef það fyrirkomulag sem hér er lagt til tryggir hins vegar á einhvern hátt að fé fáist til að sinna rannsóknum á sviði uppeldis- og kennslumála, þá horfir málið auðvitað öðruvísi við. En það vekur óneitanlega athygli að í athugasemdum um frv. þar sem fjallað er um núverandi skipulag segir m.a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur stofnuninni smám saman vaxið ásmegin þótt verulega skorti á um fé og mannafla til þess að sinna því veigamikla hlutverki sem henni er ætlað. Ljóst virðist að Rannsóknastofnun uppeldismála þarf að hafa á að skipa tveimur starfsmönnum hið minnsta auk forstjóra og ritara í hálfu starfi. Æskilegast væri að annar þeirra hefði sérþekkingu á sviði tölfræði og aðferðafræði, en hinn á sviði skóla- og uppeldismála."

Mér er spurn hvort orðið hafi sú grundvallarbreyting á stefnu hæstvirtrar ríkisstjórnar í menntamálum að þau verði í raun sett í forgang. Að

öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að gera hinar einstöku greinar frv. að umræðuefni nú þar sem mér gefst væntanlega tækifæri til að taka þátt í umfjöllun um málið í menntmn. þessarar hv. deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var fulltrúum frá félmrn., fjmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Aðalmarkmið frv. er að flytja ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvara til sveitarfélaganna sjálfra, en samkvæmt núgildandi lagaákvæðum er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu ákveðið í reglugerð sem félmrh. setur. Til að ná þessu markmiði þarf að breyta 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og er frv. um það efni flutt samhliða þessu frv. Þær breytingar sem felast í 1. gr. frv. eru einkum eftirfarandi:

1. Afskiptum félmrh. af ákvörðun innheimtuprósentu útsvara er hætt.

2. Álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á komandi ári er ákveðið fyrir 1. des. árið á undan, en áður var þetta hlutfall ekki ákveðið fyrr en við gerð fjárhagsáætlunar.

3. Gert er ráð fyrir að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélaga verði sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið, en áður var ekki reiknað með að þessi hlutföll væru endilega þau sömu.

4. Lagt er til að ekki þurfi samþykki félmrh. fyrir sérstakri hækkun útsvara eins og lögin gera nú ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist strax gildi, en í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að við álagningu og innheimtu útsvara á tekjur manna til ársloka 1988 skuli gilda ákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Samkvæmt núgildandi tekjustofnalögum og staðgreiðslulögum er innheimtuprósenta útsvara sú sama í öllum sveitarfélögum og skil til sveitarfélaga úr staðgreiðslukerfinu alls staðar sama hlutfall. Komið hefur fram mikil óánægja sveitarfélaganna með þetta fyrirkomulag. Þau benda á mismunandi tekjuþörf sveitarfélaganna. Þótt endanlegt álagningarhlutfall útsvara sé nú í höndum sveitarfélaganna innan þeirra marka sem tekjustofnalögin setja benda sveitarfélögin réttilega á að miklar líkur eru á að innheimtuhlutfallið, sem félmrh. ákveður, verði í raun í flestum tilvikum endanlegt álagningarhlutfall vegna þess að sveitarfélögin muni ekki treysta sér til að koma með viðbótarálagningu útsvars eftir á þó að þau hafi fyrir það fulla þörf.

Með frv. þessu er lögð til sú veigamikla breyting að hver sveitarstjórn ákveður fyrir fram hvaða álagningarhlutfall útsvara hún ætlar að nota og skil til sveitarfélagsins úr staðgreiðslukerfinu verði við það miðuð.

Mikil áhersla er lögð á að viðhalda einföldun staðgreiðslukerfisins með því að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni yfir allt landið.

Í frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hæstv. fjmrh. mun væntanlega mæla hér fyrir á eftir, kemur nánar fram hvernig lagt er til að samræma þessi tvö sjónarmið, þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu fyrir allt landið og að sveitarfélögin fái það í sinn hlut sem sveitarstjórnin sjálf ákveður.

Í stuttu máli sagt er lagt til að þetta verði leyst með vissri jöfnun innan staðgreiðslukerfisins þannig að þegar fjmrh. ákveður innheimtuhlutfall útsvara í staðgreiðslu verði miðað við vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarstjórnanna og þá miðað við útsvarsálagningu fyrra árs, en skilin til sveitarstjórnanna verða strax í samræmi við ákvörðun sveitarfélaganna um álagningu útsvara.

Ég tel rétt að það komi hér fram að nú er verið að undirbúa heildarendurskoðun laganna um tekjustofna sveitarfélaga og er stefnt að því að frv. um það efni verður lagt fram á þingi næsta haust. Ekki þótti þó rétt að bíða með þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv., enda er nauðsynlegt að afgreiða þær núna fyrir þinglokin ef þær eiga að geta komið til framkvæmda næsta haust þegar ákveða þarf innheimtuhlutfall útsvara á næsta ári. Ýmsar ástæður eru fyrir því að nú er talið eðlilegt að endurskoða tekjustofnalögin í heild, en sú endurskoðun er nú að fara í gang. Stefnt er að því að virðisaukaskattur leysi söluskattinn af hólmi þannig að finna þarf nýja viðmiðun í sambandi við tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt tel ég nauðsynlegt að verja auknum hluta af tekjum sjóðsins til jöfnunar á milli sveitarfélaganna.

Vegna staðgreiðslukerfisins er nauðsynlegt að yfirfara innheimtuákvæði tekjustofnalaganna og samræma þau staðgreiðslukerfinu. Inn í þá mynd koma m.a. gjaldheimturnar sem stefnt er að því að koma upp. Einnig liggja fyrir ýmsar fyrri hugmyndir Sambands ísl. sveitarfélaga um breytingar á tekjustofnalögunum sem koma munu til skoðunar og snerta m.a. álagningu fasteignaskatta og aðstöðugjalda.

Mér þótti rétt að greina í stuttu máli frá fyrirhugaðri endurskoðun tekjustofnalaganna. Varðandi

það frv. sem ég mæli hér fyrir vil ég undirstrika að þær breytingar sem þar eru lagðar til hafa veruleg áhrif fyrir sveitarfélögin. Útsvörin eru gildasti tekjustofn sveitarfélaganna. Á árinu 1987 voru tekjur sveitarfélaganna af útsvörum, aðstöðugjöldum og fasteignaskatti samtals rúmir 11 milljarðar. Þar af voru tekjur af útsvörum rúmir 7 milljarðar kr., en það eru tæp 65% af þessum tekjum. Af þessu má glöggt sjá hversu þýðingarmikið það er fyrir sveitarfélögin að fá í sínar hendur það ákvörðunarvald sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Rétt er að það komi fram að fyrir liggur eindreginn stuðningur Sambands ísl. sveitarfélaga við það frv. sem hér er mælt fyrir. Vil ég í lokin, með leyfi forseta, vitna í bréf Sambands ísl. sveitarfélaga þar að lútandi, sem sent var þingflokkunum 15. mars sl., en þar segir, með leyfi forseta:

„Óskað er stuðnings þingflokks yðar við frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og frv. til laga um breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Breytingarnar eru á 26. gr. tekjustofnalaga og 9. og 32. gr. staðgreiðslulaga. Þessar breytingar eru að ósk sveitarstjórna sem hafa lagt á það áherslu að hafa sjálfræði um ákvörðun innheimtuhlutfalls útsvara. Tekist hefur með þessum breytingum að koma til móts við óskir sveitarstjórnarmanna og jafnframt halda í einföldun staðgreiðsluinnheimtu."

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Með framlagningu þessa frv. nú í lok þingsins er verið að staðfesta það, sem reyndar kom fram í ræðu hæstv. félmrh., að við þurfum ekki að búast við því að ný tekjustofnalög taki gildi á *þessu ári eða fyrir næstu áramót. Það er verið að* leggja hér fram smáhluta af hugsanlegum tekjustofnalögum, hugsanlegum breytingum á tekjustofnalögum, og þar með verið að staðfesta, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að við þurfum ekki að búast við því að ný tekjustofnalög sjái dagsins ljós fyrr en á næsta ári.

Ákvæði þessa frv. eru, eins og ráðherra nefndi líka, um það að losna við afskipti hæstv. ráðherra af ákvörðunum um útsvarsálagningu. Þetta er sem sagt eitt af frelsisfrumvörpunum sem núverandi ríkisstjórn hefur jafnan á reiðum höndum og er tilbúin að flytja í ýmsri mynd. (Gripið fram í.) Þetta er víxlun á frelsi. Það getur verið.

Ég held að þau ákvæði að fella niður vald ráðherra yfir því hver útsvarsprósenta skuli vera þurfi ekki endilega að vera af hinu góða. Ég tel mjög vafasamt að það sé æskilegt að ríkasta sveitarfélag landsins hafi möguleika á að lækka útsvarsprósentu sína niður fyrir það sem almennt gerist í landinu á þann veg og með þeim afleiðingum að samanburðurinn við ríkasta sveitarfélagið, sem við vitum hvert er, Reykjavík, verður óhagstæður fyrir meginhluta landsbyggðarinnar. Það er ekki verið að samþykkja þetta frelsi til þess að eitthvert fátækt sveitarfélag geti hækkað sitt álagningargjald. Það er alveg fráleitt að eitthvert fátækt sveitarfélag leysi sín fjárhagsvandamál með því að leggja einhverja sérskatta á sína íbúa. Þetta fátæka sveitarfélag yrði undir flestum kringumstæðum eitthvert landsbyggðarsveitarfélag sem er þannig á vegi statt með íbúa sína að þeir borga miklu hærri gjöld til sameiginlegra þátta en hér er t.d. á þessu svæði. Þetta frelsi er ekki að kalla á jafnrétti. Það er að kalla á að það geti orðið mismunun í skattlagningu í landinu. Ég held að það sé af hinu verra. Fyrir utan það að jafnvel þó að eitthvert sveitarfélag legði í þann illa séða hlut að hækka álagningarprósentuna, hafa hana fyrir ofan meðaltalið í landinu, þá gefur það auga leið að innheimta af gjaldendunum getur aldrei orðið á þann veg að hún innheimtist á gjaldárinu heldur verður að innheimta þetta eftir á.

Þó að sveitarstjórnirnar margar séu til ýmiss vísar og leggi ýmislegt á sig til að bjarga fjárhagsstöðu sveitarfélaganna efast ég um að þær leggi út í að *leggja aukagjöld á gjaldendur sína, gjöld sem verða* innheimt árið eftir. Mér finnst mjög ótrúlegt að nokkur leggi í það. Það verður leitað eftir því af sveitarfélögunum úti um landið að vera með sem næst meðaltölum.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að Samband ísl. sveitarfélaga hefði lagt mjög að ráðherra að koma þessu frelsi á. Ég efast svo sem ekkert um að sú ágæta stofnun hafi beðið um það, enda finna flestir landsbyggðarmenn a.m.k. oft fyrir því að þessi ágæta stofnun, Samband ísl. sveitarfélaga, er fyrst og fremst stofnun sveitarfélaganna á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, kannski fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðinu.

Ég sé ekki ástæðu í sjálfu sér til að orðlengja *frekar um þetta og ég mun ekki beita mér gegn frv.* og sé ekki ástæðu til þess, þegar að því kemur að greiða atkvæði um það, að greiða atkvæði á móti því. En mér finnst alveg fráleitt að greiða atkvæði með því og mun lofa þessu frelsi að fara fram hjá mér og afbiðja mér að öllu leyti þennan þátt í sveitarstjórnarmálum. Ég held að það sé mjög langt frá því að verið sé að bæta stöðu sveitarfélaga á einhvern veg.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en komið í ræðustól eftir ræðu hv. 4. þm. Vesturl. sem kom mér satt að segja á óvart vegna þess að ég veit ekki betur en að hann sé a.m.k. fyrrverandi sveitarstjórnarmaður. Ekki það? (**SkA:** Jú.) Jú, það var nefnilega það og kannski núverandi. Mér sýnist þetta frv. einmitt vera að uppfylla kröfur og óskir sveitarstjórnarmanna um land allt, þ.e. að færa valdið frá skrifborðsráðunum í Reykjavík, í höfuðborginni, og út á landsbyggðina, heim í héruð. Þess vegna kemur mér mjög á óvart að þessi afstaða skuli koma fram hjá hv. 4. þm. Vesturl.

Hann minntist á að þeir sem hefðu haft afskipti af þessu frv. hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga væru talsmenn þéttbýlisins, en ég sé ekki betur en að þar hafi einmitt verið einn fulltrúi sem ætti a.m.k. að hafa góða þekkingu á málefnum dreifbýlisins sem fyrrverandi sveitarstjóri utan af landi, ef ég man rétt, Húnbogi Þorsteinsson. Ég man ekki betur en að hann hafi verið sveitarstjóri í Borgarnesi á sínum tíma. (Gripið fram í.) Já. Ég get ekki séð annað en að sjónarmið beggja aðila hljóti að hafa komið fram við samningu frv. og ég fagna því að loksins skuli eitt ofurlítið skref verða tekið í þá átt að færa þetta vald heim í hérað undan valdi ráðherra héðan úr höfuðborginni.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeim valddreifingarhugmyndum sem koma fram í frv. og tek undir með hv. síðasta ræðumanni, 6. þm. Reykn., að þarna er verið að flytja valdið heim í hérað og er það að óskum sveitarfélaganna að því er ég best veit.

Ég skil hins vegar mjög vel áhyggjur hv. 4. þm. Vesturl. um afkomu hinna smærri sveitarfélaga sem munu eiga í miklum erfiðleikum með að rísa undir sínum útgjöldum og þyrftu þá e.t.v. að leggja mun hærri skatta á sína þegna en önnur sveitarfélög. Þetta vita menn ef þeir vilja. Þetta er áhyggjuefni mjög margra á þessu þingi og kom ljóst fram í umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í Nd. á sl. ári. Og ég lýsi áhyggjum vegna þessa efnis. Þennan vanda hlýtur að þurfa að leysa á einhvern hátt þannig að smærri sveitarfélögin geti séð sér farborða án þess að blóðmjólka þegna sína.

En ég tek undir valddreifingarhugmyndirnar og sjónarmiðin sem ríkja í frv. og lýsi stuðningi við þær hugmyndir frv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að þakka það traust í minn garð sem kom fram í orðum hv. 4. þm. Vesturl. Það kom fram í hans orðum að hann teldi það ekki endilega af hinu góða að taka þetta vald af félmrh. og af þessu má skilja að hann telur að málið sé í góðum höndum þegar ákvörðunarvaldið er í þessu efni í höndum félmrh. Ég er hins vegar hrædd um að sveitarstjórnirnar séu ekki alveg sammála hv. þm. vegna þess að sveitarstjórnarmenn lögðu ofurkapp á að fá þetta vald til sín aftur. Það kom fram á fundi hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga sl. haust að þau lögðu mikla áherslu á að þarna yrði breyting á.

Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þingdeildarmönnum að sú ákvörðun, sem var tekin á þessu ári að því er varðar innheimtuhlutfall á útsvari, var nokkuð gagnrýnd af sveitarstjórnarmönnum. Þó að þessi ákvörðun um innheimtuhlutfallið 6,7% hafi í raun þýtt fyrir sveitarfélögin hækkun að raungildi um 750 millj. kom það engu að síður fram hjá forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga að þessi ákvörðun mundi stefna fjárhag sveitarfélaganna í voða. Aftur á móti taldi til að mynda hæstv. fjmrh. að ég hefði verið helst til rausnarleg við sveitarfélögin. Ég held því að öll rök mæli með því að sveitarfélögin hafi þetta vald og taki þessa ákvörðun sjálf eins og hér er lagt til og ég held að þessi breyting muni tvímælalaust auka sjálfsforræði sveitarfélaga eins og stjórnarflokkarnir, og stjórnarandstaðan vissulega líka, stefna að.

Frv. var til umfjöllunar á nýlegum fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem það var rætt eða drögin að frv., sem þá lágu fyrir, og ég veit ekki betur en að þeir fulltrúar sem sátu þann fund hafi verið sammála efni frv. og ekki hafi komið fram þar nein tillaga um aðra tilhögun þessara mála. Ég veit að þetta mál er nokkuð flókið viðfangs og það voru ýmsar leiðir skoðaðar í þessu efni, en þetta var sú leið sem menn urðu sammála um að farin yrði.

Kosturinn í þessu er vissulega sá að sveitarfélögin fá strax til sín skil á útsvarinu sem þau leggja á. Það er kosturinn í þessari tillögu sem hér er lögð fram og síðan kemur þessi jöfnun til eftir á, árið á eftir, þannig að þeir sem hafa greitt of mikið fá greitt til baka, en með sama hætti og uppgjör fer fram á öðrum þáttum staðgreiðslukerfisins verður það staðgreiðslukerfið sem mundi þá leggja á eftir á, staðgreiðslukerfið sjálft, ef því væri að skipta að um væri að ræða hjá einhverjum sveitarfélögum hærri útsvarsálagningu en innheimtuhlutfallið sem er ákveðið hverju sinni.

Herra forseti. Ég vænti þess að frv. nái fram að ganga og ég þakka þær undirtektir að öðru leyti sem það hefur fengið við þessa umræðu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég skil ekki þá valddreifingu sem frv. hefur í för með sér. Mér finnst að hlutirnir séu frekar á hinn veginn, að þetta sé frv. til þess að mismuna þegnunum, bjóði upp á það að mismuna þegnunum. Hver er ábyrgur fyrir því að það sé ekki gert annar en löggjafarsamkoma þjóðarinnar? Og hvaða aðili er hugsanlegur til þess að sjá um þennan þátt, að hann verði ekki á þann veg að þegnunum sé mismunað, annar en félmrh.? Það er engin stofnun eðlilegri og sjálfsagðari til þeirra hluta. Það er verið að mismuna þegnum ef boðið er upp á að önnur útsvarsprósenta sé í Reykjavík en á Seltjarnarnesi. (Gripið fram í.) Þó svo hafi ekki verið er boðið upp á það með þessu. (**Gripið fram í:** Það hefur alltaf verið.) Ja, það er ekki betra, ekki bætir það. Við erum nú alltaf að leita að því að laga þetta þjóðfélag, við erum frekar að leita að því en á hinn veginn, að við séum að reyna að koma óréttlætinu frekar fyrir. En með þessu frelsisfrv. er verið að bjóða upp á óréttlæti. Ég vona reyndar að það verði ekki mikið um það vegna þess að það er nærri því útilokað að fara inn á það að hækka útsvarsprósentuna, eins og ég sagði áðan, vegna þess að ekkert sveitarfélag mun leggja í það gagnvart þegnum sínum að innheimt verði af þeim árið eftir sú hækkun sem ákveðin yrði. Hitt er rétt að fyrir sveitarfélagið kæmi

þessi hækkun strax til skila eins og ráðherra benti á og það er kostur, en þrátt fyrir það að boðið sé upp á það hef ég ekki trú á að sveitarfélögin treystu sér til að hækka útsvarsprósentu sína eitthvað upp fyrir meðaltalsálagningu í landinu. Mér finnst það nærri því alveg fráleitt. Hin hættan er sem sagt fyrir hendi, að ríku sveitarfélögin bjóði þegnum sínum lægra útsvar og að þessir gjaldendur fái árið eftir endurgreiðslu af sínum gjöldum á meðan kannski hinir, ef einhver legði í það að hækka, væru krafðir um aukagreiðslu.

Ég held að sá leikur sem hér er verið að bjóða upp á sé mjög neikvæður, ranglátur. Hann er náttúrlega fyrst og fremst ranglátur gagnvart sveitarfélögum vítt og breitt um land sem nú berjast í bökkum vegna þess að þau eru að missa sína tekjustofna meira og minna inn á höfuðborgarsvæði sem við gætum átt von á að mundi lækka sína útsvarsprósentu. Meira og meira af þjónustu, aðstöðugjaldsskyldri þjónustu, er að færast hingað til Reykjavíkur. Það er sagt að núna séu um 70% af versluninni komin hingað og svo gott sem öll heildsöluverslun. Meginhluti allra stórra fyrirtækja, skipafélög, flugfélög og annað, er saman kominn hér í Reykjavík og á þetta eru lögð aðstöðugjöld sem mynda óeðlilegan tekjustofn fyrir þetta sveitarfélag. Og það á að bjóða þessu sveitarfélagi upp á það að geta storkað allri heilu landsbyggðinni með því að það geti lækkað sína útsvarsprósentu og sagt við sína gjaldendur: Ja, þið fáið bara endurgreiðslu hér í Reykjavík, í hinni góðu borg Davíðs. Þið fáið endurgreiðslu á meðan þeir vestur á Hellissandi verða að bæta við útsvarið sitt vegna þess að tekjur þeirra af öðrum tekjustofnum hafa minnkað. Ja, mikil er valddreifingin og mikið er frelsið.

Karvel Pálmason:

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram af sumum að ég væri oft á skjön við hæstv. ráðherra Alþfl. Nú vill svo til að ég er sammála hæstv. félmrh. í þessu máli. Ég tel að hér sé verið, þó í litlum mæli sé, að stíga skref til þess að auka hlutdeild sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna. Ég er á þeirri skoðun að sveitarstjórnarmenn heima á sínum vettvangi eigi að vera ábyrgir fyrir þessum hlutum. Það er nóg sem er ráðmennskast hér með við skrifborð í ráðuneytum í Reykjavík þó að eitthvað af því sé sent til baka og því ráðstafað á réttum vettvangi eins og hér er um að ræða. Enda fór það svo að hv. þm. Skúli Alexandersson ætlar ekki að vera á móti þessu. Það er kannski ástæða til þess að spyrja: Talar hv. þm. í nafni Alþb.? Hver er stefna Alþb. í þessu? (Gripið fram í.) Ég spyr þá sem vilja svara. Hv. þm. Skúli Alexandersson talaði, að mér fannst, eins og þetta væri hans prívatskoðun á málinu og er ekkert við því að segja. Hver er hins vegar stefna Alþb. sem flokks í þessu máli? Eftir alla þá umræðu sem orðið hefur um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, hver er þá afstaða þess flokks þegar fyrsta skrefið er stigið, þó að það sé að vísu lítið?

Ég get að sönnu tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni og hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur að vissulega þarf að huga þarna að okkar smæstu bræðrum í þessum tilfellum, litlu sveitarfélögunum. (**Gripið fram í:** Og systrum.) Systrum? (**Gripið fram í:** Systkinum.) Já. Það er meiri viðkvæmnin sem er hjá sumum hvað varðar orðalag. (Gripið fram í.) Ekki lasta ég það að menn vilji breiða sig yfir meira en ég lagði hér upp með. Ég get vel tekið undir það. En í flestum tilvikum ef ekki öllum hef ég nú litið á þetta allt saman, hvort sem er um karlmenn eða kvenmenn að ræða í sama sveitarfélaginu. Ég hef viljað ganga svo langt að það gildi sama um hvort kynið sem er þó að sumir vilji sérstaklega kyngreina í sinni túlkun.

En vissulega þarf að huga að þessum aðilum. Þarna getur þurft að gera bragarbót á varðandi smæstu sveitarfélögin sem mörg hver hafa barist í bökkum og kunna að gera það. En ég held líka að það séu til lítil sveitarfélög sem hafa borið sig vel.

Að lokum fagna ég því að menn ætla þó að fara að gera eitthvað í stað þess bara að tala. Og það er kannski rétt að taka það fram að það er þá af kvenkyni sem ráðgert er að gera eitthvað, ef menn vilja tala þannig, og ég tel það alveg ástæðulaust, eftir alla þá umræðu sem orðið hefur um þessi mál, að þegar menn loksins ætla að lyfta fingri skuli einhver rödd heyrast sem er a.m.k. í vafa. En ég bíð eftir að heyra hver afstaða Alþb. til þessa mikla máls, sem verður auðvitað þó að þetta skref sé stutt, verður, hvort það er samþykkt því að byrja með að stíga þetta skref og hvert framhaldið eigi þá að vera.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara þeirri fyrirspurn sem kom fram varðandi Alþb. en tel þó rétt að skýra afstöðu mína og flokks míns, Borgaraflokksins, til frv. Ég tel að þetta sé spor í rétta átt og langar því til að fagna frv. og mun, þegar þetta mál verður tekið fyrir í nefnd, mælast til þess að alla vega sú meginhugsun sem þar kemur fram, um sjálfsvald sveitarfélaga til að ákveða innheimtuprósentu sína, verði samþykkt.

Ég hef litla ástæðu til að ætla að þetta hafi í för með sér mismunun eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. um það að Reykjavík eða stærri sveitarfélögin komi til með að ráskast með innheimtuhlutfallið þannig að minni sveitarfélögin verði undir. Ég held einmitt að það hafi gerst á undanförnum árum að í Reykjavík hafi innheimtuhlutfall útsvars verið miklu hærra en a.m.k. í sumum öðrum sveitarfélögum.

Það er annað sem ég vildi taka fyrir og ræða lítillega. Það er að þegar öll þessi frumvörp um staðgreiðslu komu fram og önnur frumvörp sem fylgdu í kjölfarið var mikið talað um einfaldleikann, skilvirknina og réttlætið. Mér finnst þetta frv. um endurgreiðslu og ofgreiðslu og hvers konar greiðslur sem þarna er verið að tala um ekki vera í anda einfaldleikans heldur hitt frekar að þarna er enn og

aftur verið að setja reglur sem torvelda framkvæmd og auka skriffinnskuna.

Að lokum fagna ég því að hv. þm. Karvel Pálmason er kominn í sátt við Alþfl. aftur (**KP:** Hver segir það?) og ég vonast eftir því að Vestfirðir komi nú á landakortið aftur og tengist meginlandinu. (**KP:** Það þurfa fyrst aðrir að komast í sátt við stjórnina.) Við skulum bíða og sjá hvað gerist í þeim efnum. En ég vil sem sagt að lokum fagna framkomu frv. og vonast eftir að það hljóti góða meðhöndlun í nefnd.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þurfti af persónulegum ástæðum að bregða mér frá í dag og tók eftir því þegar ég kom hér í salinn að hv. þm. Karvel Pálmason hafði saknað vinar í stað (**KP:** Að sjálfsögðu.) og gerði allt sem hann gat til þess að knýja mig hér upp í stólinn, lét öllum illum látum áðan út af þessu stóra máli sem hér er á dagskrá. Til að kynna sér afstöðu Alþb. í þessu máli og jafnréttismálum landsbyggðarinnar vek ég athygli hans á þremur nýjum þingmálum sem dreift hefur verið hér í dag um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, jöfnun símakostnaðar, um aðstöðugjald, um fasteignagjöld og um jöfnun á útgjöldum sveitarfélaganna yfirleitt. Að því er varðar afstöðu flokksins þegar að þessu máli kemur sem hér er á dagskrá bendi ég honum á að kynna sér rækilega það nál. sem kemur frá hv. félmn., en þar á ég sæti og mun þá gera uppskátt um hinn óttalega leyndardóm sem hv. þm. innti eftir áðan.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég verð að segja það að ég varð svolítið hissa þegar ég hlustaði á ræðu hv. 4. þm. Vesturl. sem því miður er ekki hér í salnum nú. Hans málflutningur kom mér satt að segja mjög á óvart. Mér fannst ég skilja hann rétt að hann hafði hvað þyngstar áhyggjur af því, hvað þetta mál varðaði, að útsvar hér í Reykjavíkurborg yrði hugsanlega eitthvað lægra en það er í dag. Hann sagði þetta beint og ég á bágt með að trúa því að hann hafi verið að túlka þarna skoðanir Alþb. nú. (**Gripið fram í:** Við verðum að bíða.) Við verðum að bíða og sjá nál. og ég er viss um að hv. þm. Reykv. er á annarri skoðun í þessu máli eða ég þykist þekkja hann það að hann muni hafa aðra skoðun á þessu máli en að hafa áhyggjur af því að útsvarið fyrir þegnana hér í Reykjavík verði hugsanlega of lágt.

Hins vegar verð ég að segja það að ég treysti sveitarstjórnarmönnum fullkomlega til þess að fara með þessi mál og ég treysti sveitarstjórnarmönnum meira að segja miklu betur til þess að fara með þetta mál heldur en ráðherra, ekki bara þessum ráðherra heldur yfirleitt ráðherrum. Þetta vald á að vera í höndum sveitarstjórnarmanna. (**SvG:** Hvað með ráðherra Framsfl.?) Hann er ekkert undanþeginn í því. (Gripið fram í.) Nei. Ég treysti sveitarstjórnarmönnum til þess að fara með þessi mál. Þeir eru til þess kjörnir og þeir eiga að fara með þessi mál.

Um mismun á milli Reykjavíkur og landsbyggðar, það er svo aftur annað mál og ég held að við leysum það ekki með þessu máli. Við skulum heldur taka á því á annan hátt og leysa það þannig. En ég stend hér upp fyrst og fremst til þess að skýra frá því að ég er því fyllilega sammála að þetta vald sé hjá sveitarstjórnarmönnum. Þar á það að vera.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þetta mál á sér þann aðdraganda að þann 8. febr. skipaði hæstv. félmrh. starfshóp til að gera tillögu um breytingu á 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin átti að fela í sér að ákvörðun og ábyrgð á innheimtuhlutfalli útsvara yrði í höndum sveitarstjórnarmanna sjálfra. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúi fjmrn., auk fulltrúa frá félmrn.

Í áliti þessa starfshóps kom fram að hægt væri að ná þessu markmiði eftir ýmsum leiðum. Hins vegar var það ljóst að af hálfu skattkerfisins var lögð mikil áhersla á að halda reglum um staðgreiðslu skatta sem einföldustum og þar á meðal að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu yrði hið sama fyrir allt landið.

Í tillögum starfshópsins er reynt að samræma áðurnefnt markmið, þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu fyrir allt landið og að sveitarfélögin fengju það í sinn hlut sem þau sjálf ákveða innan ramma laganna. Af þessum sökum gengu tillögur starfshópsins í þá átt að þegar fjmrh. ákveður samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, hvernig skiptingu á bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga skuli hagað verði miðað við hundraðshluta þann sem viðkomandi sveitarfélag hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í viðkomandi sveitarfélagi.

Starfshópurinn samdi frv. til laga um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga þar sem gerðar eru tillögur um breytingar á 26. gr. staðgreiðslulaganna til þess að ná framangreindu markmiði. Hæstv. félmrh. hefur þegar mælt fyrir því frv. og vísa ég til þess sem fram kom í máli hennar.

Starfshópurinn taldi að til samræmis þyrfti að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Frv. sem er til umræðu er byggt á þeim hugmyndum. Frv. gerir ráð fyrir því að ákvörðun

um innheimtuhlutfall útsvars verði byggð á ákvörðunum sveitarfélaga um það hvaða útsvarsprósentu þau ætla í reynd að nota á viðkomandi staðgreiðsluári. Innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu verður þannig vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarfélaga á landinu. Samkvæmt þessu er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu hið sama á öllu landinu. Hins vegar munu skil á bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga verða miðuð við þann hundraðshluta sem sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélögunum.

Spurningum hefur verið varpað hér fram um það hvaða áhrif þetta muni hafa í framkvæmd, hvort þetta muni þýða að minni sveitarfélög með meiri tekjuþörf muni í reynd ákveða hærri útsvarsálagningu eða hvort reyndin verði sú að þau reyni að samræma sjónarmið sín um álagninguna fyrir fram. Fari svo að sum sveitarfélög, þó einkum hin minni, *ákveði hærri útsvarsálagningu þýðir það það fyrir* gjaldendur þeirra sveitarfélaga að þeir koma til með að þurfa að greiða viðbótarútsvar í eftiráálagningu staðgreiðslukerfisins. Menn geta haft misjafnt mat á því hvernig sveitarfélögin leysa þennan vanda. Vandinn er þó raunverulega í því fólginn að bæði ríki og sveitarfélög hafa þarna sama tekjustofn og þetta mál leysir þann vanda ekki. En að svo miklu leyti sem menn hafa áhyggjur af ólíkri stöðu sveitarfélaga eða þeim mikla aðstöðumun sem orðinn er annars vegar á höfuðborginni og hins vegar minni sveitarfélögum vítt og breitt um landið verður það ekki leyst með því að víkja frá grundvallarreglunni um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Það mál varðar þá fyrst og fremst nýskipan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og gæti falið í sér þá hugmynd að sérstaða höfuðborgarinnar yrði viðurkennd með þeim hætti að hún ætti ekki hlutdeild í þeim sjóði og hann væri notaður sem eiginlegt jöfnunartæki, m.a. til þess að vega upp *þann mun sem í reynd er á höfuðborginni og öðrum* sveitarfélögum, þar sem höfuðborgin ber ægishjálm yfir þau sveitarfélög öll svo sem ljóst má vera af fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á þessum vetri sem hefur til ráðstöfunar til eignamyndunar eða fjárfestingar, ein sér sem sveitarfélag, því sem næst jafnháa upphæð og ríkið ver til allra verklegra framkvæmda, þar með taldar millifærslur ríkisins til sveitarfélaga, og allra framlaga til byggingarlánasjóða húsnæðislánakerfisins.

Herra forseti. Þetta er vissulega skattamál og ætti þess vegna að vísa því að lokinni þessari umræðu til hv. fjh.- og viðskn. En þar sem þetta er í raun og veru sama málið og hæstv. félmrh. mælti fyrir áðan tel ég þrátt fyrir allt eðlilegt vegna inntaks málsins að það fái umfjöllun í sömu nefnd og frv. um tekjustofna sveitarfélaga og legg því til að málinu verði vísað til hv. félmn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það mál sem er á dagskrá er fylgimál hins fyrra og er í sjálfu sér ekki margt um það að segja. Það kann að orka tvímælis að vísa þessu til félmn. en ég geri enga athugasemd við það út af fyrir sig. Ég hefði þó talið að það hefði verið full ástæða til þess að skoða aðeins í hv. fjh.- og viðskn., eða þeirri nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar, framkvæmd staðgreiðslunnar yfirleitt, og sérstaklega að kannað verði að hve miklu leyti það hefur gerst að teknir hafi verið staðgreiðsluskattar af greiðslum til fólks sem er með mjög lágar tekjur eða jafnvel engar aðrar en þær sem það er að fá frá ríkinu og fær síðan ekki leiðréttingu sinna mála fyrr en á síðari hluta ársins 1989.

Dæmi: Fyrir nokkru rausnaðist Alþingi til þess að veita nokkrum einstaklingum listamannalaun. Í þeim hópi er einstaklingur og einstaklingar sem eru með mjög lágar tekjur og hafa ekki greitt skatta á undanförnum árum af þeim ástæðum, hafa í raun inni ekki haft neitt annað í þessu tilviki en listamannalaun fyrir sig að leggja, örlítil ritlaun. Þegar *listamannalaunin eru greidd þessum einstaklingi*, þessum rithöfundi, núna eftir áramótin eru tekin af þeim, þessari rausn, 35% samkvæmt lögum. Það er hins vegar alveg ljóst að þessi einstaklingur hefur aldrei borgað skatta af sínum listamannalaunum en fær þetta ekki leiðrétt fyrr en á síðari hluta ársins 1989. Þetta er of langt gengið í að framkvæma bókstafinn, herra forseti.

Annað dæmi: Fyrir nokkrum árum setti heilbr.- og trmrn. reglugerð þess efnis að öryrkjar, sem hafa fengið bifreið til afnota með sérstökum kjörum, fái svokallaðan bensínstyrk sem greiddur er eftir ákveðnum reglum með hliðsjón af bensínverði eins og það er á hverjum tíma. Þegar þessi styrkur kemur til útborgunar núna, eftir áramótin, eins og áður hefur verið eru dregin af honum 35%. Öryrkinn fær ekki leiðréttingu sinna mála fyrr en síðari hluta ársins 1989. Þetta er, herra forseti, of langt gengið í að elta uppi lagabókstafinn.

Við eigum ekki að gera okkur leik að því að gera staðgreiðslukerfið óvinsælt með bókstafsþrælkun af þessu tagi og þess vegna vil ég sem nefndarmaður í félmn. eða fjh.- og viðskn., hvorri sem fær málið til *meðferðar, áskilja mér rétt til þess að óska eftir* upplýsingum um slíkar greiðslur og að tryggt verði að fólk sitji a.m.k. ekki við lakari hlut en það hefði gert að óbreyttu. Það er nú hógvær krafa á þessum tímum, hvort sem um er að ræða listamann sem hefur lítil laun önnur eða t.d. fatlaðan í því tilviki sem ég nefndi síðar. Ég gæti reyndar, herra forseti, nefnt mörg fleiri dæmi af þessu tagi og þau eru slæm.

Varðandi svo það atriði sem hæstv. fjmrh. skaut hér inn á milli setninga hjá sér svo lítið bar á, að Reykjavík fái ekki neitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þannig verði aðstöðumunur sveitarfélaganna í landinu jafnaður, vil ég benda á að ríkisstjórnin skerðir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á þessu ári um 47% samkvæmt útreikningum sem liggja fyrir í fylgiskjali með frv. sem Alþb. hefur lagt fyrir þingið í dag. Þessi skerðing upp á 900–1000 millj. kr. gæti nægt til að jafna þær tekjur sem sveitarfélögin úti á landi hafa á íbúa, jafna upp það bil sem er þar á móti

því sem er hér á þéttbýlissvæðinu. Þetta held ég að væri mikið nær að taka til athugunar en að kasta fram sprengjum af því tagi sem hæstv. fjmrh. gerði áðan.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til þess að taka undir þær athugasemdir sem komu fram í máli hv. 7. þm. Reykv. um að könnuð verði framkvæmd staðgreiðslunnar yfirleitt, hvaða áhrif hún hefur, sérstaklega á þá aðila sem t.d. njóta ýmissa tryggingabóta því að ég er ansi hrædd um að framkvæmdin hafi einmitt komið mjög illa niður varðandi þá aðila. Ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir af hvaða ástæðu það er en það virðist vera svo að hér hefur orðið kerfisbreyting sem er svo þung í vöfum að fólk fær ekki leiðréttingu sinna mála nema seint og um síðir eins og hv. 7. þm. Reykv. nefndi.

Ég get nefnt hér eitt dæmi. Ellilífeyrisþegi, sem hefur nýlega fengið þann rétt, var að fá afgreiðslu sinna mála, grunnlífeyri fyrir þrjá mánuði, en hann er að öðru leyti ársmaður sem kallað er í sambandi við staðgreiðslukerfið, þ.e. hann er reiknaður eftir á vegna þess að hann er með félagsbú eða rekstur. Þessi ellilífeyrisþegi hafði gert grein fyrir ástæðunum fyrir því að hann óskaði eftir að vera ársmaður vegna þess að tekjurnar eru það lágar að hann ber yfirleitt ekki skatta. Hann fær rúmar 26 þús. kr. greiddar frá tryggingunum fyrir þessa þrjá mánuði og af þeim eru teknar rúmar 9 þús. kr. í staðgreiðslu skatta, þ.e. hann fær útborgaðar fyrir þrjá mánuði rúmar 16 þús. kr. í ellilífeyri. Þarna er náttúrlega fyrst og fremst kerfið að verki.

Annað dæmi veit ég um ellilífeyrisþega sem á undanförnum árum hefur ekki greitt neina skatta. Nú eru allt í einu teknar af honum í skatta 5 þús. kr. á mánuði og hann skilur það ekki sjálfur vegna þess að aðstæður hans eða tekjur hafa ekkert breyst. Hann skilur þess vegna ekki hvað hefur gerst. Þess vegna vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. að það er mjög brýnt fyrir hæstv. fjmrh. að láta fara ofan í þessi mál og athuga hvernig framkvæmdin er og hvort ekki er hægt að laga svona, ég vil nú leyfa mér að segja vitleysur eða mistök í framkvæmd þessara mála.

Svo langar mig aðeins í leiðinni að nefna það varðandi aðstöðumuninn hér á höfuðborgarsvæðinu eins og kom fram varðandi umræðurnar um fyrra frv. sem rætt var áðan, um tekjustofna sveitarfélaga, að ég er sammála því að það er ýmislegt þar sem þarf að athuga nánar vegna þeirrar stöðu sem ýmis byggðarlög eða sveitarfélög úti á landi eru í. Og það þarf að gerast með öðrum hætti heldur með frv. því sem hér var áðan til afgreiðslu, þ.e. frv. um tekjustofna sveitarfélaga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

74. fundur, þriðjudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Við mig hafði samband fyrir páska mætur sjálfstæðismaður úr Reykjaneskjördæmi sem hafði þar fyrr á árum gegnt trúnaðarstörfum í sveitarstjórnum og löngum setið á þeirra kjördæmissamkomum. Erindið var að biðja mig að sjá til þess að nöfn þeirra 138 lækna sem lýsa sig mótfallna sölu sterks öls á Íslandi komist í þingtíðindin. Þetta er og gert út frá jafnréttissjónarmiði. Mér sýnist að það verði ýmis heimaverkefni hjá hv. 1. flm. þessa frv. í hans kjördæmi fyrir næstu kosningar en ætla nú ekki að blanda því saman við þetta, en með leyfi forseta tel ég einsýnt að ég verði við þessu því auðvitað er eðlilegt að það komi fram að á Íslandi var stór hópur lækna svo viti borinn að hann snerist gegn þessu frv. Ég vil því, með leyfi forseta, lesa hér upp álit sem borist hefur og er undirritað af Guðmundi Sigurðssyni heilsugæslulækni, Seltjarnarnesi. Bréfið er til forseta sameinaðs Alþingis, Þorv. Garðars Kristjánssonar.

„Meðfylgjandi eru undirskriftalistar 138 lækna sem lýsa sig mótfallna sölu sterks öls á Íslandi og beina þeim tilmælum til hv. alþm. að þeir geri ekki slíka tilraun í áfengismálum mögulega. Undirritaðir læknar lýsa sig mótfallna sölu sterks öls á Íslandi og óttast afleiðingar verði núgildandi banni aflétt. Rök benda til þess að sterkur bjór muni auka á áfengisvanda þjóðarinnar sem er ærinn fyrir. Hér með er þeim tilmælum beint til hv. alþm. að þeir geri ekki slíka tilraun í áfengismálum mögulega.“

Kannski er rétt að geta þess að um 40% af útgjöldum Íslendinga, ríkisútgjöldum, fara til heil-

brigðismála.

Þá hef ég lesturinn á þessum nöfnum, með leyfi forseta:

Alma Anna Þórarinsson, Landspítala. Andrés Magnússon, Landspítala. Anna Björg Halldórsdóttir, Landspítala. Anton Pétur Þorsteinsson, Landspítala. Arnar Hauksson, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Arnbjörn Ólafsson, Heilsugæslustöð Suðurnesja. Auðbergur Jónsson, Eskifirði. Auðólfur Gunnarsson, Landspítala. Ásmundur Brekkan, Landspítala. Ásmundur Magnússon, Heilsugæslustöð Miðbæjar, Baldur Baldursson, Heilsugæslustöð Hólmavíkur. Bergný Marvinsdóttir, Landspítala. Bergþóra Sigurðardóttir, Heilsugæslustöð Ísafjarðar. Bjarni Jónasson, Heilsugæslustöð Garðabæjar. Björn Þ. Þórðarson, Vesturbæjarapóteki. Björn Önundarson, Tryggingastofnun ríkisins. Bolli Bjarnason, Heilsugæslustöð Borgarness. Bragi Stefánsson, Heilsugæslustöð Dalvíkur. Brjánn Á. Bjarnason, Landspítala. Bryndís Benediktsdóttir, Heilsugæslustöð Garðabæjar. Brynjólfur Hauksson, sjúkrastöðinni Fitjum. Brynjólfur Ingvarsson, Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar. Davíð Gíslason, Vífilsstöðum. Eggert Brekkan, Sjúkrahúsi Neskaupstaðar. Einar Jónmundsson, Landspítala. Esra S. Pétursson, Domus Medica. Friðrik Vagn Guðjónsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Friðrik Sveinsson, Reykjalundi. Gauti Arnþórsson, Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar. Geir Guðmundsson, Heilsugæslustöð Ísafjarðar. Gísli Ingvarsson, Heilsugæslustöð Grundarfjarðar. Gísli Á. Þorsteinsson, Landspítala. Grétar Guðmundsson, Landspítala. Guðbrandur Kjartansson, Vífilsstöðum. Guðfinnur P. Sigurfinnsson, Heilsugæslustöð Seltjarnarness. Guðjón Jóhannesson, Landspítala. Guðmundur Ö. Einarsson, Landspítala. Guðmundur Georgsson, Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Guðm. S. Jónsson, Landspítala. Guðmundur T. Magnússon, Landspítala. Guðmundur Rúnarsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Guðmundur Sigurðsson, Heilsugæslustöð Seltjarnarness. Guðmundur Karl Snæbjörnsson, Landspítala. Guðmundur H. Þórðarson, Heilsugæslu Hafnarfjarðar. Guðmundur Þorgeirsson, Landspítala. Guðrún Jónsdóttir, Borgarspítala. Guðrún Kristjánsdóttir, Heilsugæslustöðinni Djúpavogi. Guðsteinn Þengilsson, Sunnuhlíð. Gunnar Guðmundsson, Landspítala. Gunnar Rafn Jónsson, Heilsugæslustöðinni Húsavík. Gunnar Þór Jónsson, Borgarspítala. Gunnsteinn Stefánsson, Heilsugæslustöðinni Egilsstöðum. Gylfi Haraldsson, Laugarási, Biskupstungum. H. Linnet, Landspítala. Halla Þorbjörnsdóttir, Landspítala. Halldór Hansen, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Halldór Jónsson, Heilsugæslunni Álftamýri. Hallgrímur Magnússon, Landspítala. Hannes Blöndal, Rannsóknarstofu Háskólans í líffærafræði. Haukur Heiðar Ingólfsson, Heilsugæslu Hafnarfjarðar. Haukur Þórðarson, Reykjalundi. Heimir Bjarnason, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Helgi Guðbergsson, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Helgi Hauksson, Heilsugæslunni Þorlákshöfn. Helgi Kristbjarnarson, Landspítala. Helgi Valdimarsson, Landspítala. Hilmar Jóhannsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Hjálmar Freysteinsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Hjalti Þórarinsson, Landspítala. Hjördís Jónsdóttir, Reykjalundi. Hjörtur Þ. Hauksson, Heilsugæslustöð Ólafsfjarðar. Hrafn Tulinius, Rannsóknarstofu Háskólans í heilbrigðisfræði. Hörður Þorleifsson, Landakotsspítala. Inga Björnsdóttir, Heilsugæslustöð Akureyrar. Ingvar Þóroddsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Jakob Jónasson, Landspítala. Jóhann Heiðar Jóhannsson, Landspítala. Jóhann Tómasson, Heilsugæslustöðinni Mosfellsbæ. Jóhannes Bergsveinsson, Landspítala. Jón Guðgeirsson, Vífilsstöðum. Jón Gunnlaugsson, Seltjarnarnesi. Jón G. Stefánsson, Landspítala. Kristín E. Jónsdóttir, Landspítala. Kristrún R. Benediktsdóttir, Landspítala. Lárus Helgason, Landspítala. Ludvig Guðmundsson, Heilsugæslustöð Seltjarnarness. Magnús Ásmundsson, Sjúkrahúsi Norðfjarðar. Magnús B. Einarsson, Reykjalundi. Magnús Jóhannsson, Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði. Magnús Ólafsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Magnús Karl Pétursson, Landspítala. Magnús Skúlason, Landspítala. Magnús Þorsteinsson, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Margrét Guðnadóttir, Landspítala. Marinó P. Hafstein, Landspítala. Marta Lárusdóttir, Landspítala. Nikulás Sigfússon, Rannsóknarstöð Hjartaverndar. Oddur Bjarnason, Landspítala. Ól. Bjarnason, Landspítala. Ólafur Bjarnason, Landspítala. Ólafur Grímsson, Landspítala. Ólafur Hergill Oddsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Ólafur Ólafsson, landlæknir. Ólafur Stefánsson, Heilsugæslustöðinni Egilsstöðum. Ólafur Þór Ævarsson, Landspítala. Ómar Örn Jónasson, Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar. Óttar Guðmundsson, Sjúkrastöðinni Vogi. Páll Sigurðsson, heilbrigðisráðuneytinu. Pálmi Frímannsson, Heilsugæslustöðinni Stykkishólmi. Pálmi Hallgrímsson, Krabbameinsfélagi Íslands. Pétur Hauksson, Reykjalundi. Pétur Pétursson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Pétur Skarphéðinsson, Heilsugæslustöðinni Laugarási, Biskupstungum. Ragnhildur Ingibergsdóttir, Kópavogshæli. Reynir Valdimarsson, Heilsugæslustöð Akureyrar. Sigmundur Sigfússon, Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar. Sigurður Gunnarsson, Heilsugæslustöðinni Þórshöfn. Skúli Johnsen, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Stefán Haraldsson, Landspítala. Stefán B. Matthíasson, Heilsugæslustöð Seltjarnarness. Stefán Þórarinsson, Heilsugæslustöðinni Egilsstöðum. Svanur Sveinsson, Domus Medica. Sveinn Rúnar Hauksson, Domus Medica. Sverrir Bjarnason, Landspítala. Sverrir Jónsson, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Tómas Helgason, Landspítala. Úrsúla L. Schaaber, Landspítala. Viðar Toreid Kárason, Landspítala. Víkingur Arnórsson, Landspítala. Ýr Logadóttir, Landspítala. Þór Halldórsson, Landspítala. Þórarinn Gíslason, Landspítala. Þórarinn Hannesson, Landspítala. Þórarinn Tyrfingsson, Sjúkra-

stöðinni Vogi. Þórður Harðarson, Landspítala. Þorkell Jóhannesson, Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði. Þorsteinn Blöndal, Landspítala, Þorsteinn Sv. Stefánsson, Landspítala.

Þá er lokið þessum lestri, með leyfi forseta.

Nú þætti mér mjög vænt um ef forseti kallaði til heilbrmrh. Ástæðan er sú að hann var svo hikandi í afstöðu sinni þegar hér voru greidd atkvæði að til þess að verja það fyrir sjálfs sín samvisku hvernig hann greiddi atkvæði þurfti hann nauðsynlega að gera grein fyrir atkvæði sínu. Mér þykir því mjög brýnt að hann verði til kallaður í salinn og hægt að ræða við hann á breiðari grunni um undirbyggingu þeirrar röksemdafærslu sem hann hér viðhafði.

Það liggur nefnilega fyrir að heilbrigðisstétt vors lands hefur skipst í tvær fylkingar í þessu máli. Önnur fylkingin er hlynnt því að þetta frv. verði samþykkt. Hin fylkingin, hinn þögli meiri hluti sem ekkert gerði í undirskriftasöfnun fyrr en þeir sem vildu bjórinn í gegn voru búnir að láta í sér heyra, hefur nú sent frá sér sitt álit og biðst undan þessari tilraunastarfsemi. Ég tel að í ljósi þessa sé mjög brýnt að eiga hér orðastað við hæstv. heilbrmrh. og vona að hann sé í húsinu og að þessi umræða geti haldið áfram. (**Forseti:** Ég get upplýst að hæstv. heilbrmrh. er í húsinu og ég hef látið hann vita þessar óskir, en ég hef haft þá reglu að láta ráðherra vita að þeirra sé óskað þó að þeir séu ekki flm. máls eða ábyrgðarmenn að öðru leyti. En ég hef komið orðum til hans.) Já.

Ég vil helst ekki þurfa að slá nein Íslandsmet í því að þegja í ræðustólnum, en mun hinkra við ef forseti hefur ekki einhverja þá tillögu fram að færa um að fresta um stund þessari umræðu þar til ráðherra er mættur. (**Forseti:** Mér hafa borist fréttir af heilbrmrh. Hann var kallaður í örstutt viðtal hér fram á gang og kemur innan örskammrar stundar hingað. Ég vænti þess að umræðan þurfi ekki að tefjast vegna þess, en hann er væntanlegur innan tíðar.) Það er eins og það sé hjónasvipur þessa stundina með Borgarafl. og Kvennalistanum. Ég veit ekki hvort það er pláss fyrir fleiri. (**Forseti:** Ég ítreka að hæstv. heilbrmrh. er væntanlegur í salinn, en jafnframt vil ég taka fram að honum ber ekki skylda til þess sem ráðherra að sitja við þessa umræðu þannig að það er ekki hægt að stöðva umræðuna þó að hann komi ekki. Hins vegar hefur hann sagt að hann muni koma eftir augnablik og ég mun enn hinkra. En ég vænti þess að það muni ekki þurfa að stöðva þessa umræðu. — Nú er heilbrmrh. genginn í salinn og vænti ég þess að umræðan geti þá gengið greiðlega fyrir sig.) Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hæstv. heilbrmrh. er genginn í salinn.

Ég gat um það áðan í minni ræðu að heilbrigðisstétt Íslands hefði skipst í tvær fylkingar með og móti því máli sem hér er til afgreiðslu, en þó sýnist mér sem stærri hópur og sá skynsamari fylgi því að standa gegn þessu frv. Hæstv. heilbrmrh. ráðstafar um 40% af fjárlögum Íslands. Ég beini þeirri spurningu til hans hvort hann telji að frv. geri að verkum að hann þurfi stærri hlut af fjárlögum ríkisins til síns kerfis eftir en áður eða hvort hann telji e.t.v. að þetta verði til að lækka meðalaldur Íslendinga og þannig hljótist óbeinn sparnaður af tiltækinu. Ég vil nefnilega undirstrika að við erum í dag með næsthæsta meðalaldur í heimi og sá heilbrmrh. sem tekur ákvörðun um það, að vísu með því að gera grein fyrir atkvæði sínu, að hleypa bjórnum inn í landið hlýtur að gera sér grein fyrir því að hans ábyrgð er stór. Hún er svo stór að hann getur ekki komið til Alþingis Íslendinga og sagt: Nú þarf ég meiri peninga vegna þess að þetta vandamál hefur vaxið. Hann einfaldlega getur það ekki. Það hlýtur að felast fjárhagsleg ábyrgð í því sem verið er að gera. Það er talið að þau sjúkrarúm sem áfengissjúklingar nota í dag kosti um 4 milljarða á ári án þess að farið sé út í hvað læknarnir sjálfir kosta sem vinna að þessu vegna áfengismála.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. heilbrmrh. hafi verið með þessa hluti alla nokkuð á hreinu. Hæstv. dómsmrh. var nefnilega miklu klókari í sinni afstöðu hér í þinginu. Hann greiddi atkvæði á móti og getur þess vegna strax næsta haust komið og sagt: Nú þarf ég að fá peninga í fangelsisbyggingar á Íslandi. Nú þarf ég að fá peninga í fleiri stöðugildi fyrir lögregluþjóna þar sem þeir hafa ekki verið áður. Það er ekki mér að kenna þó að þetta hafi vaxið og þörfin hafi aukist. Það var Alþingi Íslendinga sem tók þessa ákvörðun.

Hæstv. heilbrmrh. hlýtur að gera sér grein fyrir því að hann tók með þessari afstöðu sinni ótvírætt ákvörðun gegn meirihlutavilja læknastéttarinnar í landinu og það er stór ákvörðun. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi ekki gert sér grein fyrir því hve margir Íslendingar, sem bundu við hann stórar vonir í þessu starfi sem hann er í, hafi orðið hikandi. Maðurinn sem boðaði að við ættum að auka okkar drykkju á vatni hefur nú gerst talsmaður þess að við eigum að efla bjórdrykkju í landinu. Og það þýðir ekkert að skorast undan ábyrgðinni. Ákvörðunin er tekin við nafnakall hér í þinginu. En hann hlýtur aftur á móti að verða að svara því hér og nú hvaða afleiðingar hann telur að þetta hafi á fjárlagaþörf til heilbrigðismála á Íslandi á næstu árum. Við því á þingið heimtingu á svari.

Það er nefnilega dálítil kaldhæðni að 1. flm. þessa frv. hefur löngum talað hér í þingsölum á þann hátt að hann sé maður hófsemdar í skattamálum. Þar á ég við hv. 2. þm. Reykn. En ef íslenska þjóðin á að halda áfram að greiða þá fjármuni sem hún hefur greitt á undanförnum árum til að vinna gegn áfengisböli í þessu landi, greiðslur sem jafnvel Danir hafa ekki treyst sér til að inna af hendi, þar fá menn ekki ókeypis sjúkravist á áfengisstofnunum, þá kostar þetta aukna skattheimtu á þjóðina. Það fer ekkert á milli mála. Og það væri stór ákvörðun ef menn nú á tímum mannúðar tækju þveröfuga stefnu og segðu: Nú borgum við ekki neitt lengur fyrir þá sem eru á þessum drykkjumannahælum eða afvötnunarstofn-

unum. — Ég væri ekki talsmaður þess að taka upp þá stefnu að hætta þeim stuðningi.

Ég tel aftur á móti að þeir sem hafa að yfirveguðu ráði, eins og ég veit að hæstv. ráðherra hefur gert í þessu máli, hann hefur hugsað sinn gang, ég ber ekki á hann neinn flaustурshátt í þeim efnum, ég tel að þeir verði að standa þinginu skil á breiðum grunni hvers er að vænta því að það þýðir ekkert að koma hér og segja að einhver aðstoðarforstjóri hjá Heilbrigðismálastofnuninni hafi verið hissa á því að hafa ekki rekist á bjór á Íslandi. Það er yfirlýst stefna Heilbrigðismálastofnunarinnar að vinna að því að minnka áfengisneyslu í heiminum. Og það dettur engum óvitlausum Íslendingi í hug að halda *því fram að þetta verði ekki til að auka neysluna.* Meira að segja flm. tillögunnar, sem hér var borin upp og samþykkt, afskrifuðu fyrra frv. á þeirri forsendu að þeir töldu að grg. væri út í hött miðað *við það sem texti frv. boðaði.*

Ég vænti þess að hæstv. heilbrmrh. komi sér ekki undan því að svara þessum spurningum. Ég vænti þess að hann geri grein fyrir því hvort hann telji að þetta þýði að aukna fjármuni þurfi til heilbrigðismála á Íslandi eða ekki.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég verð rétt að segja það, herra forseti, að ef ég væri í sæti hans, sem ég að vísu einu sinni var, þá mundi ég gerast allórólegur vegna þess hvernig á er að líta um framgang þingmála og starfshætti í hv. deild þegar við komum hér saman á nýjan leik eftir páskahlé. Hér er ekki meira að gera en svo, virðist vera, að enginn ráðherra má vera að því að mæta og þeim þóknast svo að láta menn standa hér þegjandi tímum saman til að bíða eftir sér meðan verið er að sinna öðrum störfum mikilvægari. Hvernig ætlar nú herra forsetinn að þetta muni *lenda á þeim lokaspretti sem ég hef talið mér trú um* að væri nú tekinn vegna þingstarfa?

Þess er enn að geta að 1. flm. þess máls sem hér er til umræðu kom að máli við mig og kvaðst ætla sér að taka til máls um þá tillögu sem ég flyt hér ásamt þremur öðrum þingmönnum, en hann kvaðst þurfa að bregða sér af bæ þannig að hans væri ekki að vænta að sinni. Það er þá alveg útilokað annað en ég hljóti að fara fram á að málinu sé frestað þar til hann megi nema mál mitt þar sem hann á og hlýtur að verða að fá að heyra röksemdir mínar áður en hann dæmir tillögu sem greinargerðarlaust er flutt hér eins og aðrar brtt. eru fluttar. Ég ætla þó að taka það fram að ef þetta verður talin einhver tilraun til þess að tefja þetta mál af minni hálfu kæri ég mig ekki um neinn frest á því. Ég er búinn að fá nóg af þessu tali flm., ölveranna og ölkyrjanna í þingi, um það að hér sé einhver með . . . (**Forseti:** Ég vil verða við tilmælum hv. ræðumanns og tel sjálfsagt að verða við því.) Má ég aðeins, herra forseti, áður en þessu verður frestað, mæla örfá orð í framhaldi af því sem hv. 2. þm. Vestf. mælti áðan. (**Forseti:** Ég verð við því.) Af því sem ég er ekkert viss um að hæstv. heilbrmrh. verði mættur hér framvegis í deildinni ætla ég að grípa tækifærið. En ég hef enga nennu til þess að eiga orðastað við hann. Hann er ekki öfundsverður af því hlutskipti sem hann hefur valið sér í þessu dapurlega máli. En ég þarf ekkert heldur á því að halda að mæla neitt til hans vegna þess að óðar en líður munu aðrir taka það að sér. Óðar en líður mun umræðan um þetta mál hefjast fyrir alvöru. Þetta er aðeins smánasasjón sem menn fá hér og nú við flutning þessa máls og samþykki ef svo ber til. Þegar menn líta á afleiðingarnar af því, þá fyrst er að taka á honum stóra sínum. Þá fyrst verður hann festur upp í orðavali sem hæfir, hæstv. heilbrmrh. Guðmundur Bjarnason, þegar afleiðingarnar blasa við sem hvarvetna hafa fært okkur heim sanninn um á öðrum lendum hverjar verða. Svo er það.

Því er það að ég ætla ekki að orðfæra neitt hér um *þá makalausu greinargerð sem hæstv. heilbrmrh.* flutti hér við afgreiðslu málsins. En eitt hlýtur þó að vaka fyrir hæstv. ráðherra. Ekkert slíkt getur hann gert nema sannfæring hans fylgi um leið að hann sé að bæta heilsuástand í landinu. Það er alveg útilokað að sá maður sem falin er hæsta yfirstjórn heilsugæslu í landinu geri nokkurn þann hlut hér á hinu háa Alþingi sem sannfæring hans stendur ekki til að muni bæta ástandið hjá þjóðinni, heilsufar þjóðarinnar, í hvaða efni sem er. Þess vegna á ég helst von á því að eftir að ég hef flutt till. um það að hækka sem mest verð á bjór til að draga úr neyslu hans og sölu komi till. frá hæstv. heilbrmrh. um að gefa ölið til þess að allir geti gengið nógu rösklega í að ná heilsu sinni og til þess líka að menn hverfi frá brennivíninu, sem þetta á að vera aðalráðið að bægja mönnum frá, að hafa öl til sölu svo menn hætti að drekka sterku drykkina, enda þótt allar sannanir af öðrum löndum færi okkur heim sanninn um að *þessu er þveröfugt varið,* að þetta er aðeins hrein viðbót við áfengisneysluna. Ég á helst von á því.

En, herra forseti. Ég þigg boð forsetans, þó með því skilyrði, sem ég hef þó ekki efni á að setja herra *forsetanum að sjálfsögðu,* að það yrði aldrei fyrr eða síðar talið eitthvert málþóf eða töf þó að svo beri til að ég telji 1. flm. frv. nauðsyn til bera að heyra mínar röksemdir fyrir mínum málflutningi og tillögugerð sem hann sjálfur hefur tjáð mér að hann vilji taka til máls um þegar hann verður mættur í deildinni, því að ég trúi að hann hafi fengið leyfi herra forsetans til að hverfa af vettvangi, og fresta ég nú ræðu minni um hríð.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það er rétt að 1. flm. þessa máls fékk leyfi forseta til að hverfa af vettvangi um hríð. Ég mun fresta umræðu og verða við þeim tilmælum og af minni hálfu munu engin ummæli fylgja þar um töf, enda hef ég aldrei haft slík ummæli. Þau eru ekki frá mér komin ef þau ummæli hafa verið úti í þjóðfélaginu. En mér finnst sjálfsagt að verða við þessu og mun ekki hafa frekari orð þar um.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég var að vísu kallaður í símann rétt eftir að þingfundur var settur, en þann tíma sem ég hef setið þennan fund hefur það ekki komið fram að 1. flm. bjórfrv. svokallaða hafi fjarvistarleyfi. Nú spyr ég forseta: Hefur hann fjarvistarleyfi eða ekki? Ef hann hefur ekki fjarvistarleyfi sé ég enga ástæðu til þess að fresta umræðum um málið, umræðum sem eru komnar í gang, bara sækja þingmanninn. Honum ber skylda til að stunda þingfundi þegar þeir eru haldnir nema hann hafi sérstakt leyfi til að vera fjarverandi.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Í þessu sambandi vil ég taka fram að það er algengt að þingmenn komi til forseta og biðji um að fá að skjótast, ef brýnar ástæður eru, aðeins af vettvangi. Þetta er algengt og hv. 1. flm. þessa máls bað ekki um formlegt fjarvistarleyfi heldur er hann væntanlegur hingað aftur. En af óviðráðanlegum orsökum þurfti hann að bregða sér aðeins af vettvangi, af ástæðum sem ég hef tekið gildar. Hann er væntanlegur hingað til fundar og það þótti ekki ástæða til að biðja um fjarvistarleyfi fyrir fundarhöld í dag því að hann kemur innan tíðar. Þess vegna verð ég við tilmælum að fresta umræðum þannig að hann geti hlýtt á málflutning hv. 4. þm. Austurl. um þá brtt. sem hann hefur flutt. Ég vona að þessar skýringar nægi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka forseta fyrir þær skýringar sem hann hefur gefið. Þær eru fullnægjandi. 1. flm. bjórfrv. hefur samkvæmt ummælum forseta tímabundið fjarvistarleyfi.

Umræðu frestað.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum. Skv. frv. yrði ríkisstjórninni heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68 í 125,8 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans 1. júlí 1944.

Svo sem kunnugt er gerðist Ísland stofnaðili að Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington í árslok árið 1945. Síðar gerðist Ísland einnig aðili að tveimur systurstofnunum Alþjóðabankans, Alþjóðalánastofnuninni 1956 og Alþjóðaframfarastofnuninni 1961. Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans hafa hin síðari ár fyrst og fremst veitt þróunarlöndum aðstoð og fyrirgreiðslu í formi lána.

Í upphafi beitti Alþjóðabankinn sér einnig af miklum krafti fyrir endurreisn efnahagslífs í ýmsum aðildarlöndum í kjölfar heimsófriðarins. Reyndar nutu Íslendingar á sínum tíma góðs af þeirri uppbyggingarstarfsemi bankans, m.a. með lánum til virkjana, til Áburðarverksmiðjunnar, til hitaveituframkvæmda í Reykjavík og nú síðast við hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn og Grindavík eftir Vestmannaeyjagosið. Íslendingar hafa ekki lengur rétt eða möguleika á lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðabankanum, eru nú af alkunnum ástæðum fyrst og fremst veitendur, eða ættu að vera á þróunaraðstoð, en geta hins vegar áfram notið góðs af lánum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er nátengdur bankanum.

Lán Alþjóðabankans til þróunarlandanna eru nú mjög mikil og þótt lánveitingar bankans hafi vaxið ört á undanförnum árum hefur þó þörf þróunarlandanna fyrir aðstoð vaxið enn örar, m.a. til fjárfestingar, fyrst og fremst til að koma þjóðum þriðja heimsins úr fátækt og skuldabasli. Það hefur því öðru hverju þurft að hækka hlutafé aðildarríkjanna í bankanum til að tryggja heilbrigðan fjárhagsgrundvöll hans og auka möguleika hans til að taka lánsfé á hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði og auka á þann hátt möguleika hans til að veita frekari lán og aðra fjármagnsfyrirgreiðslu til þróunarlanda.

Íslendingar hafa tekið þátt í hækkun á hlutafé í bankanum, síðast með lögum frá árinu 1982, en á grundvelli þeirra laga var hlutafé Íslands í bankanum rúmlega þrefaldað. Með því frv. sem ég mæli hér fyrir er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að um það bil að tvöfalda hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, úr 68 í 125,8 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi á grundvelli tveggja samþykkta bankans. Aðeins lítill hluti af þessari fjárhæð er innborgunarfé sem greiðist á nokkrum árum eða m.ö.o. er innborgunarféð 90 millj. kr. sem greiðast skulu á sex árum, árunum 1988–1993, og er þá miðað við gengisskráningu í marsbyrjun. Ábyrgðarfé Íslands yrði hins vegar 2666 millj. kr. Sáralitlar líkur eru þó á því taldar að á þessa ábyrgð Íslands á fjárskuldbindingum Alþjóðabankans reyni, enda hefur það aldrei gerst síðan Ísland varð aðili að bankanum fyrir tæpum 43 árum.

Greiðsla innborgunarfjárins skiptist þannig að á þessu ári 1988 skal greiða 11 millj. kr., síðan 22 millj. á árinu 1989 og loks 14 millj. kr. á ári tímabilið 1990–1993 og verður að sjálfsögðu gert ráð fyrir því í fjárlagatillögum næsta árs ef þetta frv. nær fram að ganga.

Það má geta þess að Norðurlöndin hafa sameiginlega átt einn fulltrúa í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans og er skipt um þennan fulltrúa á 2–3 ára fresti. Nokkrir Íslendingar hafa gegnt þessu starfi að vera fulltrúar Norðurlandanna í stjórn bankans. Hinn 1. ágúst nk. tekur Jónas Haralz, bankastjóri

Landsbanka Íslands, við þessu starfi sem fulltrúi Norðurlandanna og verður hans starfstímabil í Washington þrjú ár.

Ég tel að starfsemi Alþjóðabankans og þátttaka Íslands í henni sé einmitt dæmi um þá aðferð sem fámennt ríki en vel megandi á að hafa til þess að taka þátt í þróunaraðstoð í heiminum einfaldlega vegna þess að með þeirri aðferð komumst við hjá því að eyða allt of miklu af hinu takmarkaða þróunaraðstoðarfé í stjórn og skipulag heima fyrir eins og við vill brenna þegar um litlar fjárveitingar er að ræða.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég legg áherslu á að frv. fái skjóta og góða meðferð þannig að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir þingslit, enda er nauðsynlegt til þess að Alþjóðabankinn geti haldið áfram sinni starfsemi ótruflaðri að sem allra flest aðildarríkin geri fullnægjandi skil og skuldbindingar gagnvart aukningu hlutafjár í honum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég skil vel áhuga og þörf fyrir þátttöku í Alþjóðabankanum og skil líka að það getur verið þörf á því öðru hverju að auka hlutafé sitt í erlendum stofnunum eða í hlutafélögum almennt, hvort sem þau eru innlend eða erlend. En ég álít að til þess að það sé vit í að fjárfesta í hlutafé, sem maður náttúrlega gerir ekki og síst af öllu fyrir annarra fé, þurfi að vera öruggt og tryggt að það hlutafé gefi meira af sér en peningarnir kosta sem notaðir eru til hlutafjáraukningarinnar.

Hér er verið að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum um enga smáupphæð. Það er um það bil verið að tvöfalda hlutafjáreign Íslands, eða úr 68 millj. í 125,8 millj. bandaríkjadala og það er miðað við gullgengi dalsins eins og það var 1. júlí 1944, en síðan er mikið vatn runnið til sjávar.

En það er annað sem ég vildi gjarnan fá fram hjá hæstv. ráðherra: Fyrir hvaða peninga erum við að auka hlutafé? Nú hefur það verið stefna ríkisstjórnarinnar að minnka eins mikið og mögulegt er erlendar lántökur og innan lands eru ekki til peningar til að fjárfesta í nauðsynlegustu hlutum. Verðmætin í peningum eru einfaldlega ekki til. Þess vegna höfum við þurft að taka í stórauknum mæli frá einu ári til annars meira og meira erlent lán. Til að seðja lánsfjármarkaðinn eins og hann er í dag án þess þó að seðja hann eða fullnægja þörfinni, þá eru risin upp ný fjárfestingarfélög sem hafa tekið að láni eða flutt inn erlent fé svo að milljörðum skiptir. Þetta er til viðbótar við það sem opinberar stofnanir og bankakerfið hefur þurft að nota. Þess vegna vil ég spyrja: Hvaðan fáum við lánsfé til að tvöfalda hlutafjáreign okkar í Alþjóðabankanum? Ég verð að segja alveg eins og er að ef það er bara til að halda einhverju hlutfalli í eign Alþjóðabankans, sem gefur okkur rétt á þeim mun hærri upphæð að láni frá bankanum sjálfum eða öðrum alþjóðastofnunum, sem er sama og segja við lánveitanda okkar að við eigum meira og séum ríkari en við erum raunverulega og slá út á þann „goodwill" sem felst í því að hafa aðgang að lánsfé, þá er þetta röng ráðstöfun og ekki gert í neinum öðrum tilgangi en að halda andliti út á við til þess að það komi síður í ljós hvað við erum skuldug, hvað við erum háð öðrum en þurfum samt á þessum „goodwill" að halda til að geta haldið hlutum gangandi hér heima fyrir á þann hátt sem orðið er, sem er langt umfram það sem eðlilegt er. Það kemur fram í stefnu ríkisstjórnarinnar að takmarka skal sem allra mest erlendar lántökur. Hér er verið að opna leið til að halda því áfram.

Ég held að eins hagfróður maður og hæstv. bankamálaráðherra er geti ekki annað en óttast afleiðingarnar af því að verða að leggja fram — ég hef enga trú á því að hann sé upphafsmaður að þessu — tillögu sem þessa því að hún er stórhættuleg efnahag þjóðarinnar.

Ég vil því vara við þessari tillögu. Ég gerði það þegar ég var fjmrh. og verð að segja að ég var þá píndur til að taka þátt í hlutafjáraukningu hjá Alþjóðabankanum gegn mínum vilja, sem var þó mikið minni þátttaka en upphaflega var gerð tillaga um, en nú er verið að tvöldalda okkar hlutfjáreign í Alþjóðabankanum. Ég vil því spyrja um leið og ég vara við þessari tillögu: Fyrir hvaða peninga, hvar fáum við að láni þá upphæð sem við þurfum að fjárfesta í Alþjóðabankanum, þó svo það dreifist yfir nokkur ár, því erlendar skuldir okkar eru langt umfram það sem við höfum efni á að standa í skilum með öðruvísi en að taka meira og meira lán fyrir hærri og hærri vexti vegna þess að Ísland er að verða verri og verri lántakandi á alþjóðamarkaði? Það vitum við og er ekkert leyndarmál.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. 5. þm. Reykv. af því að viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun séu alvarlegar meinsemdir í íslensku efnahagslífi. Það er svo sannarlega rétt. En ég leyfi mér að mótmæla því að sú tillaga sem hér er flutt sé stórhættuleg fjárhag þjóðarinnar eins og mig minnir að hann kæmist að orði. Hún er það ekki.

Tillagan sem ég flyt er til vitnis um það að Íslendingar vilja vera nýtir þegnar í samfélagi þjóðanna, leggja lið þeim þjóðum sem nú berjast við skuldabyrði langt, langt umfram það sem við eigum við að glíma, við lífskjör sem eru við mörk lífs og dauða. Þetta er bakgrunnur þessarar tillögu. Og þótt við vildum geta miðlað af meiri auði, þótt við vildum geta miðlað af sterkari greiðslustöðu en við gerum nú, hljótum við samt að taka þessar skyldur á okkur.

Ég bendi á að viðbótarríkisútgjöld eða lánsfjárútvegun vegna þessa máls er, eins og ég rakti, í reiðufé einungis 11 millj. íslenskra kr. á þessu ári, 22 millj. á því næsta, 14 millj. á hverju ári árin 1990–1993. Þetta er það sem við þurfum að reiða fram. En við þurfum líka eins og aðrar iðnaðarþjóðir, auðugar

þjóðir, að setja okkar þjóðarábyrgð á bak við starfsemi bankans í miklu hærri fjárhæðum. Til þess að gera það þurfum við ekki nein lán. Auðvitað er miklu betra, og það er eðlilegt sjónarmið, að þau lönd sem hafa í senn háar tekjur og sterka greiðslustöðu taki að öðru jöfnu meiri þátt í þeirri jöfnun lífskjara í veröldinni sem felst í starfsemi Alþjóðabankans. Ég held að það sé ekki réttur skilningur, og reyndar er hann alrangur, að við séum af þessu að leggja fram fé til þess eins að halda okkar hlutfalli í félagsskapnum til að tryggja okkar eigin lántökumöguleika. Það á ekki við í Alþjóðabankanum. Við þurfum ekki þar að halda þessu hlutfalli þótt ég telji það reyndar vera heiðursmál. Ég átti nú frekar von á því að hv. 5. þm. Reykv. vildi taka þátt í að verja heiður þjóðarinnar hvað þetta varðar.

Og um arð af þessu fé er rétt að spyrja. Arðurinn er í því fólginn að féð sé látið seytla um engin hjá fátækum þjóðum, oft í orðsins fyllstu merkingu, því eitt það allra besta sem Alþjóðabankinn gerir er að stuðla að áveitum til að auka gróðurmagn jarðarinnar í hinum fátæku og oft þurrlendu ríkjum þriðja heimsins. Þetta er viðfangsefnið og þetta er það sem við erum hér að ræða og ég skora á hv. þingdeild að styðja þetta mál.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég átti ekki von á því að rökin fyrir þessu frv. hæstv. viðskrh. væru högg eins langt undir belti og hann kom með vegna þess að hér ruglar hann tveimur málum saman í von um að hv. þm. hafi ekki hugmynd um hvað hann er að tala. Annars vegar ruglar hann saman þeim þætti Alþjóðabankans sem er aðstoð við þróunarlönd og hins vegar þeim þætti sem er lán til iðnþróaðra ríkja sem eru þó í vandræðum. Ég verð að segja alveg eins og er að bróðurparturinn af þeim útlánum sem Alþjóðabankinn hefur stundað er til Suður-Ameríkuríkja eins og Brasilíu, Argentínu og fleiri þjóða sem hreinlega segja: Við borgum bara ekki meira. Við höfum ekki efni á því. En þessir peningar hafa ekki að því marki sem hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn gengið til þróunarríkjanna.

Ég get tekið undir það og ég hugsa að allir þingmenn geti tekið undir það að það væri æskilegra að Ísland gæti náð því prósentustigi sem okkur er ætlað af okkar þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þróunarríkin, en að nota það sem rök fyrir því að auka hlutafé okkar í Alþjóðabankanum er ekki góður málflutningur. Það er mjög lélegur málflutningur. Og það væri gaman ef þessari umræðu yrði ekki lokið heldur fengjust upplýsingar um hvað Alþjóðabankinn á útistandandi hjá öðrum þjóðum en þeim vanþróuðu, en þeim þjóðum sem við verðum beinlínis að hjálpa af þeirri manngæsku sem kom fram í tali hæstv. ráðherra. Þar skal ég vera fyrsti þátttakandi við hlið hæstv. ráðherra að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. En ég er ekki til í að taka erlend lán, því að peninga eigum við ekki til, til að fjárfesta í auknu hlutafé í neinni stofnun, hvort sem það er Alþjóðabankinn eða önnur alþjóðastofnun, til að lána svo aftur í iðnþróunarríkin sem ekki ætla sér að borga til baka vegna þess að þau skulda orðið svo mikið að þau ráða ekki við að endurgreiða. Það þarf þá annaðhvort að fella niður vexti eða að fella niður hluta af stofnláni, upphaflegu láni til viðbótar, til þess að viðkomandi aðili borgi eitthvað til baka. Ég vitna í þau háþróuðu lönd sem eru í stríði bæði innbyrðis og við aðra, eins og Argentínu, Brasilíu og fleiri slík, því að hluti af þeim kostnaði hefur farið í herkostnað, bæði út á við og inn á við. Ég tel að það sé ekki að verja heiður þjóðarinnar hér að taka þátt í slíkum kostnaði með aukinni hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Ég tel alveg þveröfugt að ef við viljum fara út í þá sálma að fá sundurliðað útlán Alþjóðabankans og sjá hvert þeir peningar hafa farið sem Alþjóðabankinn hefur haft til ráðstöfunar, þá geti komið í ljós, og það er mín trúa, að það sé fremur til að verja heiður okkar lands að taka ekki þátt í þeim útlánum eða að taka ekki þátt í að gera þau útlán möguleg.

En ég endurtek að ég skal hvenær sem er taka þátt í því að jafna kjör í þróunarlöndunum. Það er allt annað mál og rök ráðherrans eiga ekki heima í þessum umræðum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Mig langar til að fara fram á það við hv. þingdeildina að þessari umræðu verði lokið, en ég vil mjög gjarnan verða við þeim tilmælum hv. 5. þm. Reykv. að í þingnefndinni verði komið á framfæri upplýsingum um það hvernig útlán Alþjóðabankans hafa skipst. Ég fullvissa hv. 5. þm. Reykv. um það að meginhluti þess lánsfjár sem á síðari árum hefur verið varið úr bankanum hefur einmitt farið til lágtekjulanda. Í seinni tíð hefur bankinn í meira og meira mæli valið sér það að beina sínu fé þannig innan þessara fátæku landa að úr sárustu fátækt sé dregið. Mörg hinna fjölmennu fátæku þróunarríkja eru ákaflega lagskipt lönd. Innan þeirra er að finna sára fátækt en líka mikinn auð. Viðleitni bankans hefur á seinni árum beinst mjög að því að bæta lífskjör þeirra sem eiga við allra bágust kjör að búa, ekki síst með því að efla hlut kvenna í þróunarstarfi því að það er eitt það allra mikilvægasta fyrir þessi lönd til þess að þau komist á legg að skilningur sé á því að konur fái notið sín og beina fé til þess. Börn þessara fátæku þjóða njóti þeirra góðu verka. Þá er það ekki síður mikilvægt að hlífa umhverfinu í þessum löndum. Menn hafa gert sér það ljóst í vaxandi mæli að það er ekki nóg að ana áfram í iðnþróun. Það þarf að hafa hug á því lifandi umhverfi sem maðurinn lifir og hrærist í, og á allt sitt undir á endanum. Þetta eru stefnumið Alþjóðabankans og það er þess vegna sem ég ítreka áskorun mína til hv. þingdeildar að samþykkja nú þetta frv. Upplýsingar um skiptingu lánsfjárins verða lagðar fram í þingnefndinni eins og eðlilegt er.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Athugasemd mín skal vera stutt. Ég gerði tillögu um það munnlega að þessari umræðu yrði ekki lokið til þess að ákveðnar upplýsingar, sem eru mjög áríðandi, kæmu hér fyrir hv. þm. þannig að þeir væru þá betur undir það búnir að taka ákvörðun í þessu máli því að málið út af fyrir sig er stærra en það sýnist á pappírunum. Það er meira en bara að Ísland sé að auka hlutafjáreign sína og búið. Það er annað sem liggur bak við að sjálfsögðu.

En ég get dregið þessa tillögu mína til baka. Rökin fyrir því eru svo sterk sem komu fram hjá hæstv. ráðherra. Hér er um að ræða mjög sterka kvennapólitíska stefnu ríkisstjórnarinnar. Á þeim forsendum finnst mér sjálfsagt að tefja ekki málið með því að fresta þessum umræðum og fá þá allar þær upplýsingar sem ég bað um í nefndinni. En þá er komin fram ein ný stefna, algerlega ný leið í kvennapólitík ríkisstjórnarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark ónýtts persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Þetta er einfalt mál í sniðum. Í 1. gr. er kveðið svo á um að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur, sem nýtist til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988, ekki vera hærri en 38 021 kr. Þetta þýðir á mannamáli að þeir sem nýta alla þessa upphæð til greiðslu eignarskatts borga ekki eignarskatt af hreinni eign allt að 6 millj. kr. hjá einstaklingi og tvöfaldri þeirri upphæð hjá hjónum. Í þessu felst á mæltu máli að einkum og sér í lagi sá hópur skattgreiðenda sem á skuldlitla eign en er tekjulágur, sem oft á við um ýmsa hópa eldri samborgara okkar, mun, ef þetta frv. verður að lögum, njóta við það bættra kjara.

Þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á sl. ári var í 42. gr. laganna gert ráð fyrir því að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefði sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Þetta var nýmæli í íslenskri löggjöf, en þessi háttur hefur tíðkast nokkuð með grannþjóðum vorum. Frv. sem hér er til umræðu fjallar um breytingu á lögum um gildistöku um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í 2. mgr. laganna er ákveðið að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts á árinu 1988. Þetta ákvæði var sett til samræmis við þær reglur sem gilda í staðgreiðslu, en samkvæmt þeim mundi persónuafsláttur ekki ganga til greiðslu eignarskatts. Þegar fyrirframgreiðsla á árinu 1988 var ákveðin í byrjun þessa árs kom í ljós að ýmsir aðilar fengu fyrirframálagningu vegna eignarskatts sem ekki höfðu greitt eignarskatt áður, m.a. ellilífeyrisþegar. Þar með var ákveðið að taka þetta ákvæði til athugunar. Ástæðan fyrir þessu er sú að hjá þeim sem hafa verið undir skattleysismörkum hefur persónuafsláttur gengið til greiðslu á eignarskatti á árum áður.

Í þessu frv. er m.ö.o. lagt til að hluti af ónýttum persónuafslætti skuli nýtast til greiðslu eignarskatts á árinu 1988 og þá miðað við þessa fjárhæð að hámarki 38 021 kr. sem hefur í för með sér skattfrelsismörk eignarskatts af hreinni eign allt að 6 millj. kr. hjá einstaklingi. Þessi breyting hefur það hins vegar ekki í för með sér að slíkt hið sama gildi á næsta ári og verður því að taka það mál til sérstakrar athugunar áður en kemur til álagningar á árinu 1989.

Herra forseti. Ég held að um þetta mál sé ekki mikið meira að segja að svo stöddu. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, 1. umr.

Stjfrv., 442. mál (niðurfelling ríkisframlags til nýræslu og nýræktar). — Þskj. 792.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á jarðræktarlögum á þskj. 792.

Til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 ákvað Alþingi að nokkur hluti af jarðræktarframlögum vegna framkvæmda á árinu 1987 yrði ekki greiddur fyrr en á árinu 1989. Til þess að mæta því er ljóst að draga þarf eitthvað úr skuldbindingum um aðrar greiðslur á því ári vegna væntanlegra framkvæmda á árinu 1988.

Á undanförnum áratugum hefur túnrækt margfaldast og á hverju ári verið bætt þar við, síðast á árinu 1987 nær 950 hekturum. Á síðustu árum hefur búfé sem fóðrað er á heyjum farið fækkandi og víða í sveitum eru tún sem ekki voru slegin á síðasta ári. Miðað við þær aðstæður er meiri þörf á stuðningi við aðrar framkvæmdir í landbúnaði enda þótt verið geti

að einhverjir bændur sjái sér hag í ræktun þó þeir séu ekki hvattir til þess sérstaklega með jarðræktarframlögum. Af þessum sökum hefur verið valin sú leið að leggja til í þessu frv. að framræsla á nýju landi og nýrækt túna verði ekki styrkt á árinu 1988 þannig að eingöngu verður veittur stuðningur við viðhald skurða og endurræktun gamalla túna en að sjálfsögðu er mikilvægt að halda ræktuðu landi í sem bestu ástandi. Á síðasta ári námu framlög vegna ræktunar nýrra túna 19,7 millj. kr.

Jafnframt þessari breytingu verða gerðar ráðstafanir til þess að úttekt annarra framkvæmda fari fram fyrr en að undanförnu þannig að við gerð næstu fjárlaga liggi ljósar fyrir hvað hefur verið unnið af þeim framkvæmdum sem bændur hafa nú sótt um.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Þegar þetta mál var kynnt í þingflokki Sjálfstfl. lýsti ég andstöðu við það. Þetta vil ég láta koma fram við 1. umr. málsins. Þrátt fyrir að heyfengur hafi verið mikill undanfarandi ár eins og segir í grg. eru ástæður misjafnar á býlum og ekki er víst að góð tíð verði stöðugt áfram. Þá er og þess að geta að í þeim erfiðleikum sem nú eru á landsbyggðinni er þetta frv. ekki lausnarorðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Skógrækt, 1. umr.

Stjfrv., 443. mál (heildarlög). — Þskj. 793.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skógvernd og skógrækt á þskj. 793. Þessu frv. er ætlað að koma í stað gildandi laga um skógrækt nr. 3/1955, með síðari breytingum, en með lögum nr. 22/1966 var settur viðauki við þau lög sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar og með lögum nr. 76/1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið frv. er að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög auk breytinga á gildandi löggjöf sem aðkallandi er því langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa aðstæður breyst á margan hátt síðan. Með hverju ári sem líður fjölgar þeim blettum sem eru eins og frímerki á landinu þar sem bjartsýni, þrautseigja og dugnaður frumherja og áhugamanna í skógrækt eru að bera árangur. Að sjálfsögðu hefur starf þeirra ekki gengið áfallalaust en af reynslunni hafa menn lært hvernig betur má að verki standa og reynslan hefur kennt að með því að velja þær trjátegundir sem henta best aðstæðum á hverjum stað hérlendis má ná ótrúlega góðum árangri í skógrækt sem ekki getur aðeins orðið til ánægju og prýði heldur einnig til ýmissa nytja því að hér er loftslag ekki svo ólíkt því sem sums staðar er þar sem skógarvöxtur er allgóður. Af þessum sökum fer áhugi vaxandi fyrir aukinni skógrækt. Margir bændur hafa áhuga á að hefja ræktun nytjaskóga á jörðum sínum og nota starfsorku sína til þess þegar þeim fækkar sem geta stundað hinar hefðbundnu búgreinar þó að bíða þurfi einhverja áratugi eftir að arður fáist af þeim framkvæmdum. En ljóst er að einstaklingar geta ekki ráðist í slíkt án mikils stuðnings eins og gert er ráð fyrir með ákvæðum frv.

Þá er nauðsynlegt að auka rannsókna- og tilraunastarfsemi til þess að geta leiðbeint um það hvernig best er að standa að verki bæði um val á tegundum og plöntun þeirra. Á því sviði hefur Skógrækt ríkisins unnið markvisst á síðustu árum eftir því sem fjárhagur hefur leyft og að því verður að sjálfsögðu að halda áfram að vinna, bæði til þess að auka hagkvæmni í vinnubrögðum og tryggja sem mest öryggi um árangur. En slíkra rannsókna og leiðbeininga sem byggðar eru á niðurstöðum þeirra njóta að sjálfsögðu líka allir aðrir sem að skógrækt vinna og nauðsynlegt er að örva áhuga sem flestra og greiða fyrir því að sem flestir leggi þar hönd á plóginn.

Skógræktarfélagi Reykjavíkur hafa nú nýlega verið leigðar tvær jarðir austur í Mýrdal til skógræktar þar sem forráðamenn félagsins telja skilyrði mjög ákjósanleg, bæði vegna þess að skilyrði séu góð til skógræktar og einnig sé landslagið mjög heppilegt til útivistar þannig að þeir sem þangað vilja leggja leið sína geti sem fyrst notið árangurs af skógræktarstarfinu. Þá hefur Landgræðsla ríkisins að minni ósk bent á svæði sem gætu hentað vel fyrir einstaklinga sem vilja rækta sína skógarreiti. Þannig er að sjálfsögðu nauðsynlegt að við nýtum okkur það að eiga mikið landrými með mikilli fjölbreytni sem fullnægir þörfum okkar á öllum sviðum ef rétt er á málum haldið.

Eins og áður sagði eru í frv. allmörg nýmæli og breytingar frá fyrri lögum. Í 2. gr. er skýrð merking orðanna skóglendi, skógarjörð, nytjaskógur, skjólbelti, skógarlundur og löggirðing.

Í 4. gr. er kveðið á um samvinnu rannsókna á sviði skógræktarmála við aðrar rannsóknarstofnanir í þágu atvinnuveganna en slík samvinna er þegar í gangi.

Tímabundin skipun skógræktarstjóra, lengst til sex ára í senn, er nýmæli í 5. gr. frv. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn er hafi háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Þeim er ætlað að hafa með höndum rannsóknaverkefni, áætlanagerð, eftirlit með meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og eignaumsýslu fyrir Skógrækt ríkisins. Horfið er frá notkun starfsheitisins skógarvörður.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri geti einn veitt undanþágu frá banni við því að búfé sé beitt á friðað skóglendi, í stað skógræktarstjóra og skógarvarða eins og 14. gr. núgildandi skógræktarlaga er orðuð.

Í 4. mgr. 7. gr. frv. er að finna nýmæli sem ætlað er að stemma stigu við því mikla tjóni sem hreindýr valda á ungskógi í skógræktargirðingum á Austurlandi. Nýleg dæmi frá því í vetur hafa sýnt að þörf er á slíku ákvæði. Það var ekki í því frv. sem lagt var fyrir Alþingi fyrir tveimur árum síðan um þetta sama efni en náði þá ekki fram að ganga og hefur síðan verið endurskoðað nokkuð.

2. mgr. 8. gr. hefur að geyma nýmæli er skyldar eiganda eða notanda gripahúss, sem stendur í skóglendi eða við jaðra þess, til að girða í hæfilegri fjárlægð frá húsum þannig að búpeningur komist ekki í skóglendi á tímabilinu 1. nóv. til 1. júní.

Í 9. gr. er að finna tvö nýmæli. Annars vegar er skylda eiganda eða notanda lands til að taka að hálfu á móti Skógrækt ríkisins þátt í kostnaði við uppsetningu girðinga líkt og kveðið er á um í girðingalögum þegar friðun skóglendis fyrir beit er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra og hins vegar er ákvæði 2. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri leggi fyrir Alþingi fimm ára áætlun um friðunaraðgerðir.

Í 10. gr. frv. er nýmæli sem felur í sér fortakslausa skyldu eiganda eða notanda skóglendis til að takmarka notkun þannig að landið rýrni ekki að stærð né gæðum. Jafnframt felur greinin í sér bann við að leggja eld í skóglendi og að brenna sinu svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist í það.

Þá felur greinin í sér skyldu til að hlífa nýgræðingi trjágróðurs.

Í 11. gr. frv. er kveðið á um bann við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins og er bann þetta til muna fortakslausara en sambærilegt ákvæði gildandi laga. Jafnframt hefur greinin að geyma nýmæli um skyldu til að rækta skóg í stað þess sem höggvinn er.

Í 12. gr. frv. er nýmæli sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir sem starfa samkvæmt lögum nr. 17/1965 um landgræðslu geti haft frumkvæði að sérfræðilegu mati á ástandi og meðferð skóglendis. Jafnframt er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri geti leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu um ástand og meðferð skóglendis.

Í 14. gr. er nýmæli sem gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins um friðunaraðgerðir þegar svo háttar að saman fer landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

Í V. kafla frv. er fjallað um ræktun nytjaskóga. Svarar efni kaflans til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984, um breyt. á lögum nr. 3/1955, um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kafla um ræktun nytjaskóga á bújörðum bætt við lög nr. 3/1955. Þá er það nýmæli í frv. þessu að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga er ekki einungis bundið við bújarðir heldur getur það, ef skilyrðum kaflans er fullnægt, einnig nýst öðrum jörðum, jafnframt því sem lagt er til að framlag hækki úr 80 í 90% stofnkostnaðar.

Þá er í 2. mgr. 16. gr. gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað fyrir utan kostnað við girðingar þegar margir landeigendur koma sér saman um að rækta skóg eftir samþykktri áætlun og því fylgir friðun á landi í stórum stíl. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem styrks njóta endurgreiði Skógrækt ríkisins hluta af verðmæti afurða þegar þær falla til og skal það fjármagn sem þannig fæst renna í sérstakan endurnýjunarsjóð viðkomandi skóglendis sem Skógrækt ríkisins varðveitir.

Þá er það enn fremur nýmæli í frv. að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga greiðist á hvern hektara lands hverju sinni, en í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því fyrirkomulagi. Það atriði er til þess fallið að einfalda stórlega framkvæmd laganna.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru nýmæli frá því sem var í eldra frv.

Í 26. gr. frv. felst það nýmæli að lagt er bann við sölu skógarjarða án vitundar Skógræktar ríkisins. Er Skógrækt ríkisins áskilinn forkaupsréttur á skógarjörðum að frágengnum þeim aðilum sem forkaupsrétt eiga samkvæmt jarðalögum nr. 65/1976.

Í 27. gr. er nýmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

Að lokum skal hér nefnt það nýmæli sem felst í 30. gr. frv. og ekki var í eldri lögum að þar er kveðið á um að nánari framkvæmd laganna skuli ákveðin með reglugerð sem við þau yrði gefin út.

Herra forseti. Ég hef farið stuttlega yfir helstu breytingar sem felast í frv. frá gildandi lögum og að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég ætla hér við 1. umr. þessa máls aðeins að mæla nokkur orð vegna þess að frá því að frv. þetta birtist hér í þingsölum í gær hefur ekki verið tími til að grandskoða það af minni hálfu og sjálfsagt ekki annarra hv. þm. Þau eru mörg málin sem berast inn í sali Alþingis þessa daga, þar á meðal og ekki síst frá hæstv. ríkisstjórn eftir að fleiri mánaða hlé hefur verið á flutningi mála hér inn í þingsali af hálfu ríkisstjórnarinnar, með mjög fáum undantekningum, og eru það vissulega ekki vinnubrögð sem eru til eftirbreytni.

Þetta frv. til laga um skógvernd og skógrækt er, eins og hæstv. landbrh. rakti hér í framsögu sinni, nokkuð breytt frá frv. sem lá fyrir þinginu í fyrra og raunar í hittiðfyrra. En það eru ekki, finnst mér, góð vinnubrögð að frv. skuli ekki hafa komið fram fyrr á þinginu vegna þess að ég geri ráð fyrir að það sé hugur hæstv. landbrh. að fá málið afgreitt á þessu þingi svo oft hefur verið gerð atrenna að því að endurskoða skógræktarlögin á undanförnum árum.

Fyrst kom fram frv. þann 17. mars 1986, síðla á því þingi. Það frv. var endurflutt 28. okt. 1986, þ.e. snemma á síðasta þingi, en nú kemur málið fram 12.

apríl í þriðja sinn og þá í breyttu formi. Ég ætla að vænta að það verði þrátt fyrir allt mögulegt að fara yfir þetta mál hér með eðlilegum hætti í þinginu þannig að það megi hljóta hér afgreiðslu. Ég tel að hér sé mjög brýnt mál á ferðinni og þarft mál í rauninni þó að vafalaust megi þar enn um bæta frá því sem fyrir liggur í þessu stjfrv.

Mér sýnist að þau ákvæði sem aukið hefur verið inn í frv. frá því sem var hér á síðasta þingi séu flest hver til bóta, þau styrki málið og stöðu skógræktar í landinu, þannig að ég vil lýsa því sem almennu viðhorfi, án þess að það taki endilega til allra þátta þessa frv., að þær breytingar sem orðið hafa frá því sem var í frv. á síðasta þingi horfi fremur til bóta.

Þegar mál þetta var rætt hér haustið 1986, þ.e. það frv. sem þá lá fyrir um skógvernd og skógrækt, gerði ég allnokkrar athugasemdir við það. Ég ætla ekki að endurtaka þær hér. Ég lýsti m.a. nokkrum efasemdum um að þau ákvæði sem er að finna í 7. gr. séu auðveld viðfangs í sambandi við glímuna við búfé og að halda búfé frá skógræktarsvæðum eða skóglendi, og er þar þó um mjög þýðingarmikil mál að ræða vissulega. Ég lýsti því þá einnig að mér fyndist það orka tvímælis að vera með sérstakan kafla í þessum lögum um Skógræktarfélag Íslands sem eru frjáls félagasamtök, en hafa vissulega notið ríkisstuðnings frá upphafi sem eðlilegt er og mætti hann gjarnan vera meiri. En mér finnst það orka nokkuð tvímælis að vera með sérstök lagafyrirmæli varðandi þann félagsskap og að tengja það þessu frv. um skógvernd og skógrækt. Það væri þá frekar að það væru sérstök lög sem giltu um stuðning við Skógræktarfélag Íslands og þar með við frjálsa starfsemi á þessu sviði. En ekki ætla ég að hafa á móti því að það sé stuðningur við þá starfsemi í lögum svo ágætt starf sem unnið hefur verið og unnið er á vegum skógræktarfélaga víða um land.

Ég held að fyrir utan endurbætur á löggjöf skipti mestu að hið opinbera, ríkisvaldið, sýni stuðning í verki við skógræktarstarfsemi í landinu með öflugum fjárveitingum til skynsamlegra verka á þessu sviði. Þar hefur verið allt of naumt skammtað, bæði til Skógræktar ríkisins en einnig til rannsóknarstarfa á vegum Skógræktar ríkisins. Eitt af því sem fyrir liggur í þessu frv. varðar rannsóknir sem tengjast skógrækt og er það út af fyrir sig vel að slíkt ákvæði skuli sett í lög ekki ósvipað og gildir um stuðning við rannsóknarstarfsemi í þágu annarra atvinnugreina. En þessu þarf að fylgja eftir með fjárveitingum. Að mínu mati skortir verulega á að unnið hafi verið úr þeirri reynslu sem fyrir liggur af 80, bráðum 90 ára starfsemi skógræktar í þessu landi. Það er verið að endurtaka mistök, bæði á vegum Skógræktar ríkisins og ekki síður á vegum frjálsra félagasamtaka, sem mætti komast hjá ef menn legðu í það vinnu að safna saman upplýsingum og niðurstöðum af þeim tilraunum sem kalla má að fram hafi farið víða um land í sambandi við plöntun og ræktun aðfluttra tegunda. Ég hef oft nefnt þetta við forráðamenn Skógræktar ríkisins og átalið það t.d. að ráðgjafarstarfsemi við þá viðskiptavini stofnunarinnar sem kaupa af henni trjáplöntur sé ófullnægjandi vegna þess að það er langt frá því að vaxtarskilyrði fyrir einstakar tegundir séu hin sömu um land allt. Þau eru mjög misjöfn og reynsla um það liggur fyrir víða og það er slæmt ef menn eru að kaupa köttinn í sekknum í þessum efnum og setja niður trjáplöntur, einkum ætlaðar til yndisauka, sem litlar líkur eru á að þrífist í sumum byggðarlögum. Þannig þarf að vanda tegundaval. Þetta má segja að snerti rannsóknarstarfsemi og ráðleggingastarfsemi á vegum Skógræktar ríkisins sem fylgja þyrfti eftir með miklu ákveðnari hætti en tekist hefur til þessa.

Það skiptir miklu líka að tekið sé stórt og myndarlega á í þessum efnum þannig að hægt sé að taka upp ræktunarstarfsemi með nytjar í huga á stórum samfelldum landsvæðum. Bæði er það líklegt til þess að vera hagkvæmara og skila meiri arði í framtíðinni og auk þess dregur það úr kostnaði við girðingar og glímuna og árekstrana við búfjárrækt sem vissulega veldur allverulegum tilkostnaði hérlendis í sambandi við skógræktarstarf.

Í þessu sambandi vil ég vísa til þáltill. sem liggur fyrir Sþ. um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði þar sem 1. flm. er hv. 3. þm. Austurl. ásamt mér og hv. 5. þm. Austurl. sem stöndum að þessari þáltill. Fljótsdalshérað er eitt af þeim svæðum á landinu sem eru sérstaklega vel fallin til skógræktar, efri hluti Fljótsdalshéraðs með hækkandi meðalhita eftir því sem lengra dregur inn til landsins eins og árangur í skógrækt á Hallormsstað um bráðum 90 ára skeið ber ljósan vott um. Slík úrvalssvæði er vissulega að finna víðar og viðleitni hefur verið til þess að kortleggja þau eða gefa vísbendingar um hvar þau svæði sé að finna og vissulega viðleitni til þess einnig að undirbúa átak á slíkum svæðum. Ég tel að það sé afar þýðingarmikið að menn standi þar að með myndarlegri hætti en tekist hefur til þessa og tel að dæmið um Fljótsdalshérað ofan Egilsstaða alveg sérstaklega sé þar eitt af þeim sem borðleggjandi mega teljast. Það vill svo til að t.d. á því svæði er sauðfjárræktin minnkandi þáttur í búskap og horfur raunar á að hún geti lagst af þar á stóru svæði og þá skiptir auðvitað miklu að bændur, sem þar eru, geti áttað sig á hvaða möguleikar eru til skógræktar sem nýbúgreinar og gildir það vafalaust um önnur svæði þó ég þekki þar minna til.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri við 1. umr. málsins, en lýsi þeirri von minni að frv. þetta megi verða að lögum helst á þessu þingi ef hægt er að vinna það með eðlilegum hætti, en alla vega að það dragist ekki lengi úr þessu eftir þær atrennur sem gerðar hafa verið á undanförnum árum að endurskoða lög um skógvernd og skógrækt í landinu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að fagna því að þetta frv. er komið fram. Það er langt síðan lög um skógrækt voru sett hér og margt hefur breyst síðan og þetta frv. virðist vera miklu fyllra og

samræmdara en þau lög sem í gildi eru um skógrækt.

Allt frá aldamótum eða frá stofnun ungmennafélaganna hefur áhugi á skógrækt hér á landi farið vaxandi. Framan af var almenningur að vísu ekki mjög trúaður á að slík ræktun ætti sér framtíð. En engum blandast hugur um það nú að bjartsýni aldamótakynslóðarinnar í þeim efnum var ekki tómir loftkastalar. Friðun skóga og skógarleifa hefur borið góðan árangur og ræktuninni fleygir fram, einkum nú á seinni áratugum. Við höfum átt þess betri kost í seinni tíð að kynnast því hvernig aðrar þjóðir haga sínum ræktunarmálum og við eignumst æ fleira dugmikið, menntað og sérhæft fólk í ræktun skóga, fólk sem nýtir sér nýjar rannsóknir og nýja og vaxandi þekkingu í þeim efnum.

Skógræktarmenn hafa unnið þetta lagafrv. að mestu og er því við að búast að í því birtist sú skipan sem þeir telja besta á málunum til að tilganginum sem lýst er í 1. gr. verði náð, en þar segir að tilgangur þessara laga sé að stuðla að því að skóglendi verði verndað, aukið og bætt og að nýir skógar verði ræktaðir þar sem það er talið hagkvæmt og að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs. Og þar vil ég leggja áherslu á að fræðsluþættinum sé fylgt eftir.

Í 4. gr. er skilgreint hlutverk Skógræktar ríkisins. Segir þar að Skógrækt ríkisins skuli annast rannsóknir á sviði skógræktar og hafa samvinnu um þær við aðrar rannsóknarstofnanir eftir því sem um er samið og lög ákveða. Varðandi þessa mgr. vil ég minna á hina stórfelldu lækkun á fjárframlögum til rannsóknastöðva landbúnaðarins á fjárlögum þessa árs frá því sem áður hefur verið. Á nokkrum þessara stöðva fara fram mikilvægar rannsóknir á trjátegundum og þoli þeirra og aðlögun að íslenskum aðstæðum. Eigi markmið þessara laga að ná fram að ganga á hagkvæman hátt verður seint lögð of mikil áhersla á vandaðar og markvissar rannsóknir sem undirstöðu framkvæmdanna. Og til þess að þessar rannsóknir fari fram og séu viðhlítandi, þá þarf að sjá fyrir fjármagni til tilraunastöðvanna en ekki afskrifa starfsemi þeirra sem marklaust fálm eins og gert var í frv. til fjárlaga á sl. hausti þó að vísu væri gerð tilraun seinna til að bæta úr því.

Í 14. gr. er kveðið á um samstarf Landgræðslu ríkisins og Skógræktarinnar. Þetta er nýmæli og mjög mikils vert að þessar stofnanir taki höndum saman til að græða þau sár sem landið ber en vinni ekki hvor í sínu horni og jafnvel gefi hvor annarri hornauga.

Þá er nýr kafli um ræktun nytjaskóga sem horfir mjög til þess betra fyrir þá bændur sem hyggjast snúa sér að skógrækt og þarf ekki að tíunda hver nauðsyn er á nýjum búgreinum fyrir bændur nú. Það er mikilvægt ákvæði þar um nytjaskóga og skógræktaráætlanir þannig að slíkar áætlanir verða að liggja fyrir ef fjárframlög eiga að fást. Þetta hindrar það að fé sé fleygt hingað og þangað e.t.v. án þess að það skili verulegu gagni. Þetta tel ég mjög mikilvægt.

Ég tel að flest í þessu frv. sé til bóta þó að mér hafi ekki gefist tími til að gaumgæfa það þar sem það kom fyrst fram í gær. Það er ekki mikill tími til að setja sig vel inn í mál á svo stuttum tíma og hefði verið ástæða til að þetta hefði komið fyrr fram þannig að það hefði getað fengið betri umfjöllun. En ég held að flest í þessu frv. sé til bóta frá fyrri lögum og sé til eflingar skógrækt í landinu þó að eflaust megi bæta um betur enn. En ég minni líka á að góð meining enga gerir stoð ef ekki er fylgt eftir með fjármagni sem nægir til framkvæmda. Við verðum að græða sár landsins. Skógar eru yndisgjafi, þeir veita skjól, þeir bæta loftslag og öll ræktunarstörf eru mannbætandi, ekki síst ræktun skóga.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir þeirra við þetta frv. og get tekið undir flest af því sem þeir sögðu.

Hv. 2. þm. Austurl. undirstrikaði þörfina á því að komið sé til skila upplýsingum sem reynslan leiðir í ljós og að því hefur verið unnið mjög síðustu árin að reyna að gera það betur en áður, bæði miðað við þá reynslu sem fengist hefur hér innan lands sérstaklega og jafnframt þá fræðslu sem annars staðar er að hafa.

Það hefur verið tekin upp mjög mikil samvinna við Norðurlandaþjóðirnar á þessu sviði sem er okkur mjög gagnleg. Mönnum er orðið ljóst nú að það þarf að fá sérstök afbrigði fyrir hina ýmsu landshluta hér á landi og þá getur skipt máli hvort uppruni þeirra er 100 km sunnar eða norðar í því landi sem fræið er fengið, eins og t.d. frá Alaska þar sem munur á aðstæðum er svo mikill hér.

Það er einmitt verið að taka upp þau vinnubrögð, sem hv. 2. þm. Austurl. minntist hér á, að gera tilraun með skógrækt á stórum svæðum því að á sl. ári fekk Skógrækt ríkisins til umráða 600 hektara af landi Mosfells í Grímsnesi og þar voru í haust unnir fyrstu 40 hektararnir sem gert er ráð fyrir að setja nú í með bestu tækni sem völ er á til þess einmitt að það liggi fyrir hvernig hægt er að gera þessa vinnu sem hagkvæmasta. Við þekkjum öll sjálfsagt þá viðleitni eða þá tilhneigingu að setja skóga einhvers staðar upp í brekkur þar sem erfitt er að koma tækni við, en þá kostar það að sjálfsögðu miklu meiri vinnu.

Það hefur einnig gerst að níu eða tíu bændur syðst í Biskupstungum hafa tekið sig saman um að friða sitt land og óska eftir að fá stuðning við skógrækt á því svæði með bestu vinnubrögðum sem völ er á.

En að sjálfsögðu, eins og hér kom fram, þarf fjármagn til þessara hluta. Í fjárlögum þessa árs eru áætlaðar hærri upphæðir en áður í þessu skyni, en að sjálfsögðu hrekkur það ekki langt til þess að gera stórvirki þó að það geti orðið gott upphaf á því sem nú er verið að leggja út í.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að reyna að velja þau svæði sem heppilegust eru til skógræktar, eins og reynslan hefur sýnt að innri hluti Fljótsdalshéraðs er og hv. 2. þm. Austurl. gat um. Það örvar alla þá

sem áhuga hafa á þessum málum að koma í Hallormsstaðaskóg og sjá hvað þar getur vaxið.

Ákvæðið um að Landgræðsla og Skógrækt skuli vinna saman er til þess að undirstrika þá stefnu sem hefur verið tekin upp. Það er sú samvinna sem þegar er hafin á milli þessara stofnana landbúnaðarins og enn fremur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem er með verkefni í gangi í mjög nánu samstarfi við Skógrækt ríkisins.

Ég tek undir þau orð ræðumanna að sjálfsagt er að lagfæra það sem hv. þm. sýnist að betur megi fara í frv. til að ná þeim tilgangi sem því er ætlað og ég vonast til þess að hv. alþm. sjái sér fært að vinna þannig að afgreiðslu málsins að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því fyrir mitt leyti að hér er komið frv. til l. um skógvernd og skógrækt sem reyndar er nokkuð kunnugt orðið þeim sem hér hafa átt sæti á sl. árum, en það breytir ekki því að það er ánægjulegt að sjá það komið hér fram og vonandi tekst nú að ná samstöðu um að afgreiða þetta mál í farsælum búningi þess. Ég hef ekki miklar efnislegar athugasemdir við það að gera á þessu stigi málsins, enda hef ég ekki, svo frómt sé frá sagt, haft tíma til að kynna mér það vandlega síðan það kom hér, en ég hygg þó að það sé að mestu leyti svipað því sem áður hefur birst undir sama nafni.

Það sem ég vil koma á framfæri við 1. umr., hvort sem það á betur eða verr heima undir umræðum um skógrækt, er áhugamál mitt að reyna með öllum tiltækum ráðum að virkja betur en nú er gert og tekist hefur á undanförnum árum almenning til þátttöku í þessum málum. Mér finnst of lítið hafa verið gert til að auðvelda almenningi þátttöku í skógræktinni og landgræðslunni með sem frjálsustum hætti ef svo má að orði komast, þ.e. að menn geti lagt sitt af mörkum jafnvel án þess að bindast formlegum eða skipulegum samtökum. Ég er þá að hugsa um að það verði reynt að greiða götu þeirra sem vilja græða upp eða planta í einhver tiltekin landsvæði eða tilteknar spildur, reynt að auðvelda slíkum einstaklingum eða hópum að komast yfir land til slíks. Ég hefði gjarnan viljað sjá í kafla í þessum lögum, ef af verður, einhver almenn ákvæði um möguleikana fyrir hópa að taka sig saman og fara í landbótastarf af þessu tagi án þess endilega að það þyrfti að falla í hina skipulegu uppbyggingu Skógræktar ríkisins eða skógræktarfélaga. Þar með er ég ekki að lasta starf þeirra ágætu aðila nema síður sé, en ég bendi á að ég held að ýmsir telji sig kannski ekki þannig stadda að þeir séu tilbúnir að gerast félagar í þeim skipulegu félögum og veita þessum málum liðsinni sitt sem slíkir, en hafi hins vegar áhuga á að leggja sitt af mörkum með einum eða öðrum hætti. Ég á við áhugamannafélög, sem gjarnan mættu að mínu mati falla undir það hugtak sem á erlendum málum kallast hrein áhugamannafélög, þ.e. félagamannasamtök og hópar sem starfa af öðrum hvötum en ágóðavon, og ég finn ekki í skjótu bragði góða íslenskun á því hugtaki, en hv. þm. skilja væntanlega hvað ég er að fara, þ.e. félagsskapur eða samtök fólks sem eingöngu áhugans vegna og eingöngu með það í huga að leggja góðum málstað lið tekur sig saman um tiltekin verkefni án þess að ætlast til endurgjalds, ágóða eða hagnaðar. Þannig gæti maður hugsað sér að hrein áhugamannafélög tækju sig saman og græddu upp og eða plöntuðu í ákveðnar landspildur og afsöluðu sér mögulegri hagnaðarvon af timburtöku eða öðru endurgjaldi fyrir landið, gjarnan til líknarfélaga eða hreinlega til málstaðarins sem slíks.

Þetta eru, herra forseti, ekki mjög vel undirbúnar umræður af minni hálfu, en ég vildi þó koma þessum hugleiðingum á framfæri vegna þess að ég hef oft hugleitt hvort ekki væri nauðsynlegt að skoða bæði skógræktarlög og landgræðslulög með þetta sérstaka efni í huga. Ég mun hugleiða það áður en þetta frv. kemur til 2. umr., jafnframt sem ég vona að þessar vangaveltur mínar verði teknar til góðlátlegrar athugunar af hv. landbn. sem væntanlega fær þetta frv. til skoðunar að lokinni umræðu.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur verið hér þegar ég hóf mál mitt og kannski þá ekki tekið eftir einni setningu sem ég sagði um það mál sem hann fjallaði um. En á sl. ári óskaði ég eftir því við Landgræðslu ríkisins að hún benti á landsvæði innan sinna girðinga sem gætu verið heppileg til þess að þeir einstaklingar sem hafa áhuga á að planta skógi gætu þar fengið blett án þess að leggja þá í kostnað við girðingar og annað slíkt, en þeir hefðu það þá út af fyrir sig, a.m.k. í bili, og án þess að greiða fyrir það á meðan þeir ekki fara þar í aðrar framkvæmdir en að planta skógi. Landgræðslustjóri brást fljótt við og benti á nokkur svæði og síðan var eitt þeirra, sem talið var álitlegast, austur í Landssveit, mælt nánar út og þar ætlast ég til að unnt sé að benda þeim einstaklingum sem hafa slíkan áhuga, einstaklingum eða félagasamtökum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi um, á þessa staði til að geta fengið þar bletti sjálfum sér til ánægju og landinu til góðs. En það getur vel verið að það sé rétt að ákvæði um það ættu að fara inn í frv. og verða þannig í lögum. En framkvæmd á því getur hafist án slíkrar lagasetningar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hinn 26. febr. 1986 voru gerðir kjarasamningar milli aðila á almennum vinnumarkaði í landinu. Hluti þeirra samninga var samkomulag milli Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni sérhæfðs fiskvinnslufólks. Í þessu samkomulagi fólst m.a. fyrirheit um aukið atvinnuöryggi fiskvinnslufólks, en alkunna er að uppsagnir starfsmanna í fiskiðnaði hafa verið tíðar á tímum hráefnisskorts. Við slíkar aðstæður kom til kasta Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða þær bætur. Við gerð kjarasamninganna hinn 26. febr. 1986 lágu fyrir tillögur hagsmunaaðila og urðu þær tillögur meginstofn stjfrv. sem flutt var í aprílmánuði það ár um þetta efni og varð að lögum 23. apríl 1986 sem lög nr. 55/1986. Í grg. með frv. til þeirra laga sagði svo:

„Frv. felur í sér umfangsmiklar breytingar á núverandi tilhögun atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu. Það eru flókin og erfið viðfangsefni sem reynt er að leysa með frv. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að sú skipan mála, sem hér er gerð tillaga um, verði endurskoðuð í ljósi reynslunnar að nokkrum tíma liðnum. Því er gert ráð fyrir að lögin verði tímabundin, gildi fram til 31. maí 1988."

Af þessum ástæðum skipaði ég nefnd hinn 20. jan. sl. sem í áttu sæti sömu aðilar og unnu að upphaflega samkomulaginu og höfðu gert frumdrög að núgildandi lögum. Sú nefnd skilaði áliti 21. mars sl. og hafði náð fullkominni samstöðu um þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi lögum nr. 55/1986.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir hinn 29. febr. 1988 segir m.a.: „Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verði endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök."

Var endurskoðunarnefndinni falið að taka tillit til þessarar yfirlýsingar og eins og áður segir hefur hún náð samstöðu um brtt. Þær breytingar eru ítarlega raktar í grg. og eru þær helstar að skilyrði 1. gr. um stærð fyrirtækis, þ.e. að það hafi a.m.k. tíu fastráðna starfsmenn og starfi allt árið, eru felld niður. Þá eru enn fremur felldar niður þær takmarkanir á greiðslum sem fólust í 5. mgr. 1. gr. svo að nú gætu fyrirtækin átt rétt á greiðslum hvenær sem er árs.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði má segja að séu afleiðingar af þeim sem ég nú nefndi. Leyfi ég mér að öðru leyti að vísa um þetta til grg. með frv.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar með ósk um að það hljóti skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Listasafn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 796.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Listasafn Íslands á þskj. 796.

Um Listasafn Íslands gilda nú lög nr. 15 frá 1969, en reynslan hefur sýnt að þörf er á að sníða af þeim ýmsa vankanta og færa þau til nútímahorfs, m.a. að því er varðar stjórn safnsins, tilnefningu í safnráð, ráðningartíma forstöðumanns, meðferð höfundaréttar á myndum sem safnið á og ýmis fleiri atriði.

Nefnd hafði starfað alllengi um þetta mál, en hún hafði verið skipuð af fyrrv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni. Sú nefnd hélt fjölmarga fundi og safnaði margvíslegum gögnum, en innan nefndarinnar mun hafa verið einhver ágreiningur og skilaði hún ekki áliti. Starf hennar kom þó mjög til góða við samningu þessa frv., en það sömdu Knútur Hallsson ráðuneytisstjóri, Sigurður Reynir Pétursson hrl. og Bera Nordal, forstöðumaður Listasafnsins.

Breytingar á gildandi lögum sem felast í þessu frv. eru þessar helstar:

1. Lagt er til að löngu úrelt, flókið og óþjált kosningafyrirkomulag varðandi kosningu fulltrúa listamanna í safnráð verð lagt niður, en í stað þess tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands ísl. myndlistarmanna í ráðið.

2. Ótímabundin ráðning forstöðumanns safnsins er lögð niður, en tekin upp tímabundin ráðning forstöðumanns á svipaðan hátt og gildir um þjóðleikhússtjóra. Er þar gert ráð fyrir að forstöðumaður verði ráðinn til fimm ára, en endurráða megi hann einu sinni til jafnlangs tíma. Tekið er fram að þegar auglýst var eftir forstöðumanni safnsins á sl. sumri var þess getið í auglýsingu að slík breyting væri í vændum. Ríkisstjórnin hafði samþykkt að flytja um það frv. til breytinga á lögum þannig að þeir sem sóttu gerðu það vitandi um þá nýju reglu og þess vegna var núverandi forstöðumaður settur í starfið þar til þessi breyting hefði náð fram að ganga.

3. Sérstök innkaupanefnd skipuð þremur mönnum úr safnráði annist um kaup á listaverkum til safnsins, en forstöðumaður verði einn þeirra. Jafnframt hefur hann að vissu marki sjálfræði um slík kaup. Ákvörðun um val listaverka er nú í höndum safnráðsins.

4. Æðsta stjórn safnsins verður eftir sem áður í höndum menntmrn., en stjórn þess verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.

5. Ákvæði laganna varðandi höfundarétt eru færð til nútímahorfs.

Um einstakar greinar þessa frv. þarf ekki að fara mjög mörgum orðum. Í þeim felast þær meginbreytingar á gildandi löggjöf sem ég hef þegar getið um, en ég vil aðeins vekja athygli á því að í 12. gr. er tekin upp sú meginregla að ekki megi lána listaverk safnsins. Þó er heimilt að lána verk á listsýningar, enda sé gætt réttar höfundar samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Um það eru nú ákvæði í 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Það er nýmæli að gert er ráð fyrir sérstakri útlánadeild er jafnframt kynni að geta annast farandsýningar.

13. gr. fjallar um réttarsamband höfunda og safnsins að því er varðar listaverk í eigu þess og er hún að mestu óbreytt frá gildandi lögum, en einstaka atriði varðandi þessi mál eru færð til nútímahorfs. Safnið hefur skýlausan rétt til sýninga í safninu án sérstakra heimilda frá höfundum hverju sinni og án gjalds fyrir sýningarrétt. Um aðrar sýningar gilda almenn ákvæði höfundalaga. Safnið hefur rétt til eftirgerðar verka fyrir það sjálft, en til annarra eftirgerða þarf samþykki höfunda. Er þar um nýmæli að ræða miðað við núgildandi lög um safnið. Enn fremur er það nýmæli að höfundar hafa rétt til aðgangs að verkum sínum til fjölföldunar og útgáfu. Í síðustu mgr. er kveðið á um að safnið hafi forgangsrétt til útgáfu og geti þá gengið inn í útgáfusamning höfundar við aðra útgefendur með sömu skilmálum.

Ég vil aðeins taka fram að í athugasemdum við einstakar greinar frv. hefur slæðst villa inn í umsögn um 11. gr. frv. Hún á að orðast þannig: „Ákvæði um að gjafir til listasafnsins séu frádráttarbærar til skatts skv. lögum um tekju- og eignarskatt nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, er sett til að taka af allan vafa í þessu efni.“ Ég tel eðlilegt, herra forseti, að frv. verði prentað upp með þessari breytingu.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og menntmn. hv. deildar.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fyrir hönd Kvennalistans lýsa yfir ánægju með þetta frv. Það kemur líka á ágætum tíma þegar safnið hefur nýflutt í nýtt húsnæði og er því miklu betur í stakk búið að sinna fjölbreyttri starfsemi.

Það eru nokkur nýmæli í frv. sem ástæða er til að lýsa ánægju yfir. Það hafa komið inn sterkari ákvæði um hlutverk safnsins, svo sem eins og að það skuli sinna núna rannsóknastarfsemi, heimildasöfnun og kynningu á íslenskri myndlist með betri hætti en áður hefur verið. Eins er þarna ákvæði um að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost, aðgengilegan sérfræðingum og öðrum til fræði- og rannsóknastarfa. Einnig er tekið fram að upp skuli komið sérfræðilegu bókasafni um myndlist. Allt ætti þetta að gera bæði safninu auðveldara að sinna góðri starfsemi og almenningi að nýta sér safnið til fróðleiks og menntunar.

Einnig eru nýmæli í stjórnunarkafla sem eru mjög til bóta og mætti gjarnan reyndar vera til fyrirmyndar í öðrum listastofnunum þar sem ráð hafa mjög verið gagnrýnd eða hvernig þau eru saman sett. Þarna hafa myndlistarmenn tvo fulltrúa og starfsmaður safns verður einn fulltrúi og svo á ráðherrann að skipa formann safnráðs. Þar er tilgreint að hann skuli hafa til að bera sérfræðilega þekkingu á höfundarétti og góða almenna þekkingu á myndlist. Það munu ekki vera margir í landinu sem geta uppfyllt þessi skilyrði svo að það má hugsa sér að það verði erfitt að uppfylla þetta, en þó er þetta ágætismarkmið. Sömuleiðis er nú vel hugsað fyrir fyrirkomulagi á innkaupanefnd.

Í rauninni eru engir stórvægilegir, að manni sýnist, gallar á þessu frv. og því ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta, einungis að lýsa yfir ánægju með að það er fram komið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762.

Sverrir Hermannsson (frh.):

Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri hluta ræðu minnar ætla ég ekki að gerast að þessu sinni margorður um þetta mál. Það er enda svo sem ýmsir af fyrirsvarsmönnum þess gerist orðsjúkir mjög, enda ekki að undra þegar gengið er undir svo vondu máli. Það er sérkennilegt hvernig mál hafa raunar skipast, að ekki skuli hafa verið hægt að ná hlustum manna með öll rök sem að því hníga að hér séu menn að vinna hina mestu ósvinnu með því að kalla yfir þjóðina aukið áfengismagn í bjórlíki sem er talin ísmeygilegasta aðferðin til þess að koma áfengi ofan í fólk.

Enda þótt ýmsir formælendur þessa máls hafi látið að því liggja í ótta sínum við það í raun og veru að orðfæri og orðalag ýmissa mótstöðumanna þess hafi orðið til þess að hrekja þingmenn til fylgis við það leyfi ég mér að fullyrða að ekki hefur verið hægt að hrófla við afstöðu manna, ekki eins einasta manns, í þessu máli þrátt fyrir þau gildu rök sem fram hefur verið teflt í málinu.

Fjölmiðlar gerðu sér það að leik í upphafi þessa þings að kanna lifur og lungu í mönnum og menn létu það yfir sig ganga og greiddu þar atkvæði og í ekki merkilegri fjölmiðli en Dagblaðið er — og hefðu ýmsir bændur a.m.k. látið það hjá líða að sitja

fyrir svörum hjá því málgagni. En þetta er samt staðreynd, að því sem manni sýnist, og ég hef ekki ástæðu til að vefengja kunnugra manna mál í því efni að í Ed. sé þetta mjög á þann veg að nú eigi þessi ósköp greiðan gang í gegnum hið háa Alþingi.

Ég vil segja í sambandi við þá brtt. sem ég flyt ásamt með þremur öðrum þm., hv. 10. þm. Reykv., hv. 13. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykn., að til þess liggja tvær ástæður.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að það hafi mikið að segja þegar fram í sækir og leyfð hefur verið bruggun og sala öls á Íslandi að einhver fjarlægðarvernd geti orðið til að hindra að menn auki stöðugt neyslu þessa alkóhóls. Ég held að þetta verði þannig, og ætla ég þó ekki að gerast spámaður í málinu, að þetta muni þykja nauðsyn til bera að verði aðgengilegt hverjum sem er. Það má þá mikið vera ef frjálsræðispostularnir muni ekki hefja upp þann söng að tilhlutan ölgerðarmanna, því að auðvitað eru þeir aðaldriffjöðrin í öllu þessu máli, óðar en líður.

Ég hef þá skoðun að það kynni helst að verða til þess að draga úr hömlulausri neyslu þessarar áfengistegundar að menn okruðu á henni, að menn seldu hana sem dýrustu verði. Raunar er það sannfæring mín að með því móti einu væri hægt að halda í þótt ég hins vegar óttist að það verði aldrei í þeim mæli að þetta verði ekki til stórtjóns, heilsutjóns, fyrir þjóðina. Fyrir því er það aðallega að ég legg hér til og flyt hugmynd í tillöguformi fram, sem varð til í *Þjóðminjasafni Íslands, að hér yrði stofnað til Carlsbergssjóðs* nokkurs konar.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það fyrirbrigði á danskri grund, en þannig var að sá sem upphóf að brugga öl, Carlsberg gamli, var listunnandi mikill og varði á sínum tíma stórfé til þess að efla listasöfn og hvers konar menningarstarsemi í heimalandi sínu. M.a. vann hann þau afrek að flytja heim Thorvaldsen frá Ítalíu og ótrúlegan aragrúa annarra listaverka, auk þess að styrkja innlenda starfsemi í hvívetna í þeim efnum. Af skattalegum ástæðum sérstaklega þegar fram í sótti varð það svo að ráði að Carlsbergssjóður var stofnaður sem síðan hefur gegnt meiri háttar hlutverki í menningarmálum Danmerkur.

Ég ætla að vona að menn rugli þessu ekkert saman við það að menn vilji svo þess vegna líta á að hér sé eitthvert menningarfyrirbæri á ferðinni frekar en brennivínið sem við skattleggjum auðvitað stórfelldlega til að sjá fyrir þörfum þjóðfélagsins á margháttuðum sviðum og á menningarsviðum einnegin. Því fer alls fjarri. Menn geta leikið sér að því í rökþrotum sínum og ég læt það sem vind um eyrun þjóta og ég mun halda áfram að beita mér af alefli gegn samþykkt þessa frv. þótt það lifi skammur tími þess hér í hv. deild og með öllum ráðum að reyna að vinna að því eftir því sem ég hef færi á héðan af að *stemma stigu* við því að þetta nái fram að ganga.

En eins og ég sagði hef ég trú á að helsta vörnin í málinu eftir að samþykkt þessa óbermis hefur átt sér stað á hinu háa Alþingi sé að þetta verði skattlagt og verðlagt sem allra hæst. Þess vegna er það eindregið skoðun flm. að ofan á það verð sem ella hefði verið ákveðið, sem erfitt er auðvitað að taka til nánar um, yrðu lagðar 5 kr. sem yrðu lagðar í svonefndan safnasjóð.

Þetta er fyrri ástæðan, að með verðstýringu yrði reynt að hamla gegn hömlulausri neyslu þessa alkóhóls og svo í öðru lagi hinar brýnu þarfir safnanna í landinu sem um langa hríð hafa verið afskipt um fjármuni til nauðsynjahlutverka þeirra.

Ég nefni hér og við flm. Þjóðminjasafn. Áætlanir sýna okkur að Þjóðminjasafnið þarf til að byrja með 100 millj. kr. til þess eingöngu að gera, að segja má, *húsnæði sitt vatns- og vindhelt*. Það hefur legið undir stóráföllum, Þjóðminjasafnið, og munir þess vegna þess að viðhald hússins hefur verið gersamlega vanrækt. Úr þessu þarf að bæta svo ég nefni eitthvað sem dæmi, en til þess að búa það svo úr garði að viðunandi sé, Þjóðminjasafnið, er ætlað að þurfi um 270 millj. kr. Við þekkjum hvernig okkur gengur að ræða við fjárveitingavaldið um þessa hluti þegar þar að kemur og skilningurinn ekki mikill á þeim bæ.

Við nefnum Þjóðskjalasafn. Þar tókst að fá stórgott húsnæði til handa safninu. Það bjó við þær hörmulegu ástæður uppi í Safnahúsi að í öngum sínum hafði safnstjórnin framlengt skilafrest til Þjóðskjalasafnsins upp í 40 ár og framlengdi æ ofan í æ og lengdi skilafrestinn af því að þeir gátu við engu tekið. En það vill verða svo að menn sjá mjög í það að veita þessu okkar Þjóðskjalasafni fjármuni til að koma sér fyrir svo sómasamlegt megi teljast.

Ég veit ekki hversu lengi menn ætla að við getum haldið uppi menningarþjóðfélagi á Íslandi án þess að eiga náttúrugripasafn. Ég verð rétt að segja það að mér er alveg óskiljanleg sú deyfð sem hefur ríkt hjá fólki og fyrirsvarsmönnum að þessu leyti. Og alveg sérstaklega ef við beinum huganum að ungdómnum í landinu, hversu mikill lærdómur og skóli þetta er og lífsnautn að geta gengið að nokkuð góðu *náttúrugripasafni, að kynnast fuglum himinsins*, liljum vallarins og öllum þeim dýrum náttúrunnar sem við umgöngumst en höfum ekki, og bæjarlýðurinn síst hér um kring, lengur nægjanlegt tækifæri og svigrúm til þess að kynnast svo sem vert væri.

Ég nefni Snorrasafn í Reykholti, það skammarmál, þar sem Norðmenn eru að senda kóng sinn til að reyna að lappa upp á sakirnar, en sjálfir erum við ekkert nema deyfðin og hengilmænuhátturinn í þessu máli.

Fleira má auðvitað nefna. Listasafn Íslands, sem mælt var fyrir frv. til l. um hér áður, er að vísu komið í nýtt húsnæði og sæmilega að því búið. En óðar en líður skal á sannast að það safn þarf meira til sín, bæði í húsrými og ekki síst kaupum á listaverkum. Það er skammtað afskaplega naumlega sem safnið fær til sinna þarfa, sér í lagi til kaupa á listaverkum, en það hljóta menn að sjá og skilja að það hlýtur að vera undirstaða þess að málaralistin sé stunduð svo sem vert væri á Íslandi að sjálft safn

landsins geti verslað, keypt listaverk af þeim sem þessa iðju stunda.

Ég gæti haldið áfram að nefna margt fleira í þessu sambandi, en læt hér staðar numið. Samkvæmt þeim útreikningum sem Hagstofa gerði eða Þjóðhagsstofnun, trúi ég væri, á sínum tíma um neyslu bjórsins, þá náði sú áætlun um 7 milljónum lítra á ári. Ég hef þær upplýsingar að í dag sé neytt um 900 þúsund lítra á Keflavíkurflugvelli, en það er auðvitað ekki innanlandsneysla heldur er vegna umferðarinnar líka sem kemur að og frá landinu án viðkomu nema þar — 7 milljónir lítra, takk, af áfengi sem er sama að styrkleika og tvöfaldur skammtur af viskíi blandaður í sódavatni með venjulegum hætti. Það er þessi saklausi mjöður sem heilsuráðherrann okkar hæstvirtur er að greiða hérna atkvæði með að haldi innreið sína í þjóðfélagið að bæta heilsufarið. En enn verð ég að spara stóru orðin svo að kórdrengir Sjálfstfl. verði ekki orðsjúkir.

7 milljónir lítra og það er gert ráð fyrir að af hverjum 33 cl verði greiddar 5 kr. og þær haldi verðgildi sínu. Þar af leiðir má gera ráð fyrir að um 15 kr. yrðu greiddar af lítra öls um það bil og þá gæti þessi skattur lagt sig á 100 millj. kr., mikið fé sem við þurfum sérstaklega að vanda til meðferðar á í því skyni sem ég hef hér nefnt. Þess vegna er líka gerð hér tillaga um að menntmrh. skipi sjóðnum stjórn sem setji safnasjóði stofn- og skipulagsskrá sem síðan sé háð samþykki menntmrh. Hér er auðvitað stórt lagt undir og þetta er ekki lítill skattur, en þegar menn hafa þetta tvennt í huga, að hafa verðlagið sem hæst á þessum ófagnaði sem bjórinn er til þess að stemma stigu við ofneyslu hans og svo í öðru lagi hin brýna þörf þessarar menningarstarfsemi í landinu, og ég tek það fram að hér er því bætt við að önnur menningarhlutverk komi til greina þegar fram í sækir og betur er séð fyrir safnamálum en nú er, af þessum tvennum ástæðum er þessi tillaga flutt.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um hana svo sem, en ég verð að segja það alveg eins og er að við þá frétt sem birtist í ríkisfjölmiðlum í gærkvöldi urðu viðbrögðin með þeim hætti sem mér hafði áður boðið í grun. Bruggararnir tóku heldur betur við sér. Ég ætla aðeins að vona að ég eigi ekki eftir að heyra þau rök sem voru flutt þegar í stað gegn þessu, til að mynda það að þetta væri alveg óskylt mál. Það má segja að skattlagning á brennivíninu sé alveg óskylt mál við menningarstarfsemi í landinu sem við notum þó þessar tekjur til. Það var nefnt undir eins, og það kunnu bruggarar, að það hefði verið hækkað einu sinni verðlag á öli á Grænlandi og þá hefðu menn sótt meira í brennivínið. Sérkennileg rök, kannski ekki svo sérkennileg af útlærðum hagfræðingum, en lögfræðingur ætti að sjá við því vegna þess að þótt menn tali um hækkun á vöru sem hefur ekki verið til gæti það tæplega orsakað meiri sókn í brennivínið sem er fyrir hendi meðan þetta er ekki til.

Þeir sem óttast brennivínið sem mest og sterku drykkina og ætla að hindra og koma í veg fyrir ofneyslu þeirra með því að innleiða bjór hljóta hér að flytja tillögu um gefins bjór til þess nú að krækja fyrir þessi ósköp. Hæstv. heilsuráðherrann hlýtur að flytja slíka tillögu, eins og ég drap hér á áðan, um gefins bjór til að lækna menn af brennivínssýkinni! Ég fer ekki fleiri orðum um þetta.

Ein af röksemdunum var sú að hér væru menn að leggja á ríkissjóð því allt færi þetta í hann. Það má svo sem segja sem svo. Að vísu er þetta nýr tekjustofn, skattur á öl, ef ölið verður framleitt og selt, þannig að það er ekki tekið af þeim tekjustofni sem ríkissjóður hefur fyrir hendi nú. Að vísu er það svo, en auðvitað getum við haldið áfram að rekja hvaðeina sem við köllum til þarfanna í einn og sama sjóðinn okkar meðan við erum svo gæfusöm að halda ein lög allir um það. En þeir sem ekki geta hugsað sér þessa aðferð koma þá væntanlega með aðrar þar sem okkur verður vísaður vegurinn til þeirrar nauðsynlegu starfsemi sem þessi menningarstarfsemi er í landinu. Það hljótum við líka að gera. Og þeir hljóta að sýna fram á það með gildum rökum að ekki beri að hafa hátt verð á alkóhóli í bjór. Það hljóta þeir að gera. Ella vekja þeir tortryggni um að þeir séu að ganga erinda allt annarra manna en íslensku þjóðarinnar hér, heldur örfárra sem ég hef nefnt gróðadólga og mönnum þykir nú prúðmannlegra að kalla gróðapunga. Það er líklega vegna þess að þeir skilja ekki hvað dólgur þýðir. Það hlýtur að vera af einhverjum slíkum orsökum. Og þeir menn hófu starfsemi sína eftir fréttir í gær þegar fréttist um þessa tillögugerð hérna vegna þess að auðvitað skerðir þetta gróða þeirra. Auðvitað selst minna. Auðvitað geta þeir lagt minna á. Nema hvað! Og viðbrögðin létu ekkert á sér standa og má með ólíkindum heita að þeir skyldu halda mig svo veikgeðja að ég hopaði eitt fet fyrir slíkum gróðadólgum.

En það er reynt með öllum hætti að hafa áhrif á veikgeðja hv. alþm. og eins og ég segi eiga þeir hauka í horni þegar það er helst ráð hjá sjálfum hæstv. heilbrmrh. að leggja hér til að aukið áfengismagn verði í umferð á almennum markaði sem harðast mun bitna á ungdómnum í landinu. Og að hugsa sér það að þetta skuli vera á þeim tíma þegar við erum upplýstir um að alkóhólið er aðfari eiturlyfjanna.

Ég hef sagt það áður og þarf ekki að endurtaka það, að þótt ég snerist gegn þessu fyrirbrigði, bjórnum, fyrir 31 ári hafði ég engin afskipti af honum þegar hann var hér á dagskrá. Ég greiddi ekki atkvæði með honum og ég greiddi atkvæði á móti honum, en ég hafði engin afskipti af honum, ég talaði ekki í þeim málum. En 16. okt. 1985 voru lagðar fyrir mig skýrslur um neysluvenjur skólaæsku á Stór-Reykjavíkursvæðinu og orsakir þeirra, eiturefnaneysluvenjur. Ljótt og vont orð. Þá hlaut ég að strengja þess heit með sjálfum mér að láta aldrei hendi óveifað að reyna að hindra eiturefnaneysluna sem er miklu meiri en nokkurn mann grunar. Og læknar og allar rannsóknir færa okkur heim sanninn

um að það er alkóhólið sem varðar veginn fyrir eiturefnin í næstum því öllu falli. Þegar svo þessar sannanir lágu á borðinu, og þær liggja á allra manna borðum hvað svo sem þeir þegja og verja sig með frjálsræðiskjaftæði sem og að öllum eigi að gera jafnhátt undir höfði og ég man ekki hvað og hvað, þær liggja á allra borðum, að menn skuli samt vilja láta gera þessa tilraun, kalla þeir sumir, er mér alveg með öllu óskiljanlegt.

Ég sagði áðan við hæstv. heilbrmrh. að ég þyrfti ekkert að eyða fleiri orðum á hann né heldur lengja þessa umræðu af því sem hún er rétt að byrja og það verður undir henni gengið af öðrum mönnum. Innan örskamms tíma verður hún tekin upp og mig uggir að ekki verði aftur snúið þá. Þá verður hún tekin upp í ljósi þeirra staðreynda innan örskamms tíma, árs eða svo, að áfengisneysla þjóðarinnar hefur stóraukist. Innan tveggja, þriggja ára verður hún tekin upp á þeim forsendum að heilsufar þjóðarinnar hafi stórversnað, alveg óhjákvæmilega. Það þarf engan spámann til þess að segja þetta fyrir. Og þrætur um tölfræði annarra þjóða í þessum efnum eru alveg með ólíkindum. Tölfræði eru ekkert annað en staðreyndir þegar rannsóknir og úttektir hafa verið gerðar nógu rækilega.

Ef svo illa til tekst að öl verði leyft er ég sannfærður um að hið háa Alþingi mun samþykkja tillögu okkar um að auka skattana á þetta alkóhól og þá að nýta það til gagnsamlegra hluta.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég skal ekki hafa hér uppi langt mál, en lýsi strax í upphafi máls míns andstöðu við brtt. sem hér hefur verið mælt fyrir.

Hv. 1. flm. tillögunnar hefur sérstaklega fært fram þau rök fyrir þessum tillöguflutningi að sem allra mest þurfi að okra á bjórnum verði hann leyfður, auk þess sem brýnar þarfir séu fyrir fjármagn til safnamála, og talar um í því samhengi að stofna þurfi nokkurs konar Carlbergssjóð sem þekktur er í Danmörku. Það er svolítið annar tónn í hv. ræðumanni um Carlsberg gamla en var um daginn þegar við vorum að ræða þetta sama mál.

En til þess að svona megi verða, að okrað verði á bjórnum, ætlar hann að leggja sitt af mörkum, hv. þm., m.a. með þessum tillöguflutningi og þá væntanlega í von um að tillaga hans verði samþykkt og þá frv. væntanlega líka. Hann ætlar hins vegar að halda áfram baráttunni fyrir því að frv. sjálft nái ekki fram að ganga. Þetta sýnist mér bera vott um ósamræmi í málflutningi ef ég skil hv. þm. rétt. Hann vill fá þessa brtt. sína samþykkta, síðan ætlar hann að greiða atkvæði gegn frv., en hlýtur að vona undir niðri til þess að þetta fjármagn fáist nú til þessara viðfangsefna ... (**SvH:** Þetta er útúrsnúningur sem ég átti von á.) Er það útúrsnúningur? (**SvH:** Já.) Jæja, það verður þá væntanlega leiðrétt ef ég skil ekki hv. þm. rétt. Hann vill fá þetta fjármagn til safnamála í gegnum sölu á bjór sem hann vill hins vegar ekki að verði seldur í landinu. Ég sé enga heila brú í þessum málflutningi.

En ég ætla strax að segja það að mér þykir sjálfsagt eins og hv. 1. flm. að bjórinn verði seldur dýrt, það þykir mér sjálfsagt, jafnvel að það verði okrað á honum ef menn vilja endilega nota það orð. En þessi er skoðun mín vegna þess að ég tel að með verðstýringu megi hafa áhrif á neysluna, m.ö.o. að þeim mun frekar verði hóf á neyslunni sem bjórinn verði dýrari. Þar gildir alveg sama lögmálið og um verð á öðrum áfengistegundum. Hins vegar teldi ég óskynsamlegt að haga verðlagningu á bjór þannig að í algeru ósamræmi yrði við verðlag annars áfengis, þ.e. að bjórinn yrði svo dýr að menn sæktu fremur í sterkustu tegundirnar eins og raunin er nú vegna þess að menn eiga ekki kost á öðru.

Ég er ekkert viss um að það sé svo mikill ágreiningur á milli þingmanna í þessari hv. deild um verðlagningu á bjór. Ég er ekkert viss um að það sé svo mikill ágreiningur um það, við séum í raun og veru sammála um að hann eigi að selja dýrt eins og allt annað áfengi. Þess vegna er það út í hött náttúrlega hjá hv. þm. að vera að tala um að það ætti að verða tillaga að mér skildist heilbrmrh. að gefa bjórinn. Þetta er auðvitað ekki sæmilegur málflutningur.

Það er hins vegar ágreiningur um hvort verja eigi tiltekinni upphæð af söluverði hverrar bjórflösku til ákveðinna viðfangsefna sem hið opinbera annars fjármagnar og á að fjármagna. Ríkisstjórnir og þá ekki síst fjmrh. ýmsir hafa oft sýnt mikið hugmyndaflug þegar þeim hefur verið fjár vant. En hér sýnist mér nú menn fara með himinskautum eins og einhver kynni að hafa orðað það. Hér á sem sagt að afla fjár með skattlagningu á bjór til sérstaks safnasjóðs sem hafi að hlutverki vöxt og viðgang safna í landinu, Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns, Náttúrufræðisafns, Snorrasafns í Reykholti og enn fleiri menningarhlutverk sem sjóðnum kunna að verða falin „er fram líða stundir", eins og segir í till.

Menn hafa illa treyst sér til að áætla árlega sölu á öli, en ýmsar tölur hafa verið nefndar. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi töluna 7 milljónir lítra. Var það ekki rétt? Ég hef heyrt enn hærri tölur nefndar. 10 milljónir lítra hef ég heyrt nefnda og reyndar enn hærri. En ef við tökum nú hærri töluna, 10 milljónir, þýðir þetta 150 millj. kr. á ári til þessa safnasjóðs. Út af fyrir sig veitir sjálfsagt ekkert af þeirri upphæð til þessara safnamála. Ég lýsi hins vegar fullri andstöðu við þá leið sem hér er lögð til að farin verði til að ákveða fjárframlög til safnamála og enn fleiri menningarhlutverka sem sjóðnum kunna að verða falin „er fram líða stundir", eins og segir í till. Það hefur verið og á að vera áfram hlutverk Alþingis að ákveða þau framlög og það á að gera árlega við afgreiðslu fjárlaga. Það á ekki að vera hlutverk einhverrar þriggja manna sjóðstjórnar sem menntmrh. skipar að ráðstafa slíkum upphæðum til safnamála eða annarra menningarmála.

Svo á þessi þriggja manna stjórn sjálf að setja

safnasjóði stofn- og skipulagsskrá, eins og segir í síðustu málsgr. brtt. Þetta þykir mér vera mjög óeðlilegt ákvæði. Að stjórnin sjálf, eftir að skipuð hefur verið, setji sér reglur um hvernig hún á að vinna. (**SvH:** Hvernig endaði þessi málsgrein?) Hún endar á „sem háð er samþykki ráðherra". Það er alveg rétt. Ég ætlaði mér ekki að sleppa því og tek það fram að þetta skuli háð samþykki ráðherra. En mér þykir það samt óeðlilegt að sjóðstjórn sem ráðherra hefur skipað skuli setja sér reglur þótt ráðherrann þurfi að samþykkja þær.

Það hefur komið hér fram hver kveikjan var að þessari tillögugerð. Hún varð uppi í Þjóðminjasafni, sagði hv. flm., og ég hafði satt að segja látið mér detta það í hug að þar hefði hugmyndin kviknað vegna þess að flm. fjórir eiga allir sæti í nefnd sem hefur unnið að frumvarpsgerð um Þjóðminjasafn og það frv. er þegar komið fram. Þessum hv. flm. hefur öllum verið sýndur trúnaður í sambandi við safnamál og ég efast ekkert um að þeir hafa mikinn áhuga á þeim mikilvæga málaflokki.

En það breytir ekki því að mér sýnist svona till. ekki vera Alþingi boðleg. Alþingi á ekki að afsala sér fjárveitingavaldinu á neinn hátt. Það á þingið ekki að gera. En það hefur því miður of oft orðið raunin að Alþingi hefur gert svo, sérstaklega þegar þingmenn hafa ekki haft þrek til að standa gegn tillögum um ýmis þjóðþrifamál eða skattlagningu til ýmissa þjóðþrifamála. Ég nefni sem dæmi að fyrrv. menntmrh. og 1. flm. þessarar brtt. beitti sér á sínum tíma fyrir framlengingu á sérstökum eignarskatti sem þá skyldi varið til að fjármagna byggingu Þjóðarbókhlöðu. Ég studdi hv. þm. og páv. hæstv. menntmrh. til þeirra verka, en var mjög í vafa um réttmæti þeirrar aðferðar. Ég get hins vegar ekki stutt hann nú í þessari tillögugerð hans. Reyndar hefur það komið á daginn að ekki reyndist sú tekjulind til byggingar Þjóðarbókhlöðu fyllilega örugg, a.m.k. ekki hvað varðar útborgun eða ráðstöfun fjárins á þeim tíma sem það til fellur. Og það veit ég að hv. þm. var mjög óánægður með og hefur lýst í þessum ræðustól.

Reynslan af þessari aðferð er slæm. Það nægir í því sambandi að nefna hina árlegu uppákomu hér í þinginu við afgreiðslu lánsfjárlaga þegar upp er talið í langri runu að þrátt fyrir ákvæði þessara og hinna laganna um tiltekin fjárframlög skuli þau ekki nema hærri fjárhæð en greinir í lánsfjárlögum. Þetta upplifum við hér á hv. Alþingi á hverju einasta ári og lýsum gjarnan óánægju okkar með. Við eigum þess vegna að hætta að vera að eyrnamarka tekjustofna til ákveðinna viðfangsefna.

En þetta vilja hv. flm. Þeir vilja fara þessa leið. Og ég sé í frv. sem þeir hafa samið til þjóðminjalaga að þá eru þeir enn með hliðstæðar tillögur. Þar leggja þeir til að framlag ríkissjóðs til Húsafriðunarsjóðs nemi 47 kr. á hvern íbúa landsins, árlegt framlag, og ekki nóg með það heldur hliðstætt framlag sveitarfélaganna í landinu til þessa sama sjóðs. Mér sýnist þetta vera alveg ónothæf aðferð til að veita opinberu fé í tiltekin viðfangsefni og þykir sem alþm. eigi að hætta þessu.

Hin árlega fjárlagaafgreiðsla er rétti farvegurinn sem fella á opinberar fjárveitingar í. Ég skora því á hv. þingdeildarmenn að fella þessa till. hver sem afstaða þeirra er til frv. sjálfs.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem vilja ekki trúa því að óreyndu að hv. alþm. séu svo heillum horfnir að þetta bjórfrv. verði samþykkt. En ég get tekið undir eitt hjá síðasta hv. ræðumanni, að meðan sú ríkisstjórn, sem situr núna að völdum, situr er ekki að vænta þess að það sé farið eftir lögum jafnvel þó það séu ákvæði í lögum um hitt og þetta. Það er bara afnumið í lánsfjárlögum eða á annan hátt þannig að það sem ákveðið er í dag stendur ekki til morguns, jafnvel þó að það standi áfram í lögum. Það er afnumið með slíkum vinnubrögðum sem ég fer ekki að endurtaka hér en við þekkjum öll. Það er málið.

Hins vegar sjáum við hvað er á bak við þetta bjórfrv. Hvernig ætli að standi á því að menn séu að reyna að afla sér umboða í stórum stíl? Hvernig stendur á því? Ætli það sé vegna þess að þeir búist við því að þeir hafi ekkert út úr því? Síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Reykn., var að tala um 10 millj. lítra og hann hefði nú heyrt enn þá hærri tölur. Og hverjir eru að nefna þessar tölur? Ætli það sé ekki verið að skoða gróðann? Svo halda þessir hv. þm. því fram í öðru orðinu að þarna sé ekki um neina viðbót að ræða. Hvaða reynslu hafa aðrar þjóðir af þessu?

Ja, ég öfunda ekki þá hv. þm., sem verða til þess ef svo illa tiltekst að þetta bjórfrv. verði samþykkt, að virða fyrir sér eftirköstin sem verða í þjóðfélaginu. Og ég verð að segja það í sambandi við hæstv. heilbrmrh., sem ég hefði gjarnan viljað hafa hér, að ég vorkenni honum eftir þá yfirlýsingu sem hann gaf í sambandi við atkvæðagreiðsluna úr 2. umr.

Ég var búinn að ætla mér að koma með bunka af bréfum og tillögum sem ég var búinn að safna saman utan af landsbyggðinni, en það var þannig að ég áttaði mig ekki á því eða mundi ekki eftir því að þetta mál yrði hér til umræðu á þessum fundi. En þegar ég var að taka póstinn minn núna fékk ég þó tvær tillögur sem ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp til þess að það sé þó skjalfest í þingtíðindum, enda er ég ekkert viss um að allir hv. þm. hafi rifið upp póstinn sinn. Önnur þessi fréttatilkynning er á þá leið, með leyfi forseta:

„Aðalfundur félags áfengisvarnanefnda á Austurlandi, haldinn í Verkalýðshúsinu á Fáskrúðsfirði laugardaginn 2. apríl 1988, skorar á alþingismenn að fresta afgreiðslu á fyrirliggjandi bjórfrumvarpi þar til að heilbrigðisáætlun hefur verið rædd og afgreidd á Alþingi. Samþykkt bjórfrumvarpsins kann að verða afdrifarík fyrir þjóðina og því mikilvægt að fjalla um það í tengslum við heilbrigðismál og

áætlanir um bætta heilbrigði landsmanna.“

Og í þeim bunka sem ég var að opna er bréf frá Ungmennasambandi Norður-Þingeyinga er þannig hljóðar:

„Eftirfarandi áskorun samþykktum við á ársþingi okkar nú fyrir páskana. [Þetta er dagsett 5. apríl.]

Ársþing Ungmennasambands Norður-Þingeyinga, haldið að Svalbarði í Þistilfirði 2. apríl 1988, skorar á alþm. að fella fram komið bjórfrumvarp. Þingið leyfir sér að benda á rökstuðning sem fram kemur í áskorun 16 prófessora við læknadeild Háskóla Íslands frá 27. nóv. 1987, svo og áskorun heilsugæslulækna nú nýverið. Þá skorar ungmennasambandið á Guðmund Bjarnason heilbrmrh., og æðsta yfirmann áfengisvarna í landinu, að beita sér fyrir því að tekið verði fyrir þann innflutning á bjór sem ráðamenn hafa leyft í trássi við landslög á undanförnum árum.

Með einlægri ósk um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Lundi í Öxarfirði,

Aðalgeir Gunnlaugsson, formaður, og Gunnlaugur Aðalbjörnsson, framkvæmdastjóri UNÞ.“

Ég trúi því ekki að aðrir þingmenn en ég hafi ekki fengið mörg bréf, hringingar og viðtöl. M.a. þegar ég var á Akureyri nú nýverið töluðu við mig nokkrar konur sem komu í hóp til að ræða þessi mál og þær skoruðu á mig að flytja hér mál sem ég gerði fyrir nokkrum árum og vil ég verða við þeirri beiðni. En það var svohljóðandi:

Hann krýpur við hlóðirnar hálfboginn,
hugsandi starir í eldinn.
Hann veit hann er sekur en verður um sinn
að vaka er líður á kveldin.
Eitrið í katlinum sýður og sogar,
það seytlar um pípur, það logar, það logar.

Bruggarinn hlær þegar blossar og sýður,
af brennandi girnd er sál hans full.
Hann telur dropana er tíminn líður,
hann tælir hið skínandi gull.
Hann veit að eitrið er örlagavaldur,
en ágirndin ræður, því er hann kaldur.

Hann telur á fingrum sér tugi króna
og tendrar hið skínandi bál.
Hann veit að nú eignast hann auðlegð og þjóna
og allt sem girnist hans sál.
Því lætur hann eitrið í flöskurnar flæða
þótt fylgi því harmur, örbirgð og mæða.

Hann veit að þeir koma og kaupa landann
sem kvarta og vantar brauð.
Feður á eitrinu fjörga andann
þótt fjölskyldan líði nauð.
Dansandi æskan um dimmar nætur
fyrir dropana síðasta eyrinn lætur.

Lágnættið kemur og bruggarinn blundar.
Það blikar á flöskurnar allt í kring.
Ofan frá himnunum skínandi skundar
Skuld með dísir á örlagaþing.
Það hafði borist til bjartari heima
bölið sem flöskurnar geyma.

Það hafði borist bænamál
frá börnum og hungruðum konum,
frá góðum mönnum sem glötuðu sál
og grétu yfir brostnum vonum,
frá blíðlyndri móður sem beið í ranni,
barin af vitskertum manni.

Það hafði flogið um byggðir og borg
bruggarans alkunna saga:
um bardaga mannanna, áflog og org,
illindi nætur og daga,
um harmþrungnu meyjanna hinstu stundir
sem hurfu bylgjurnar undir.

Dísirnar hefja sitt harmamál
um heimsku mannanna og syndir.
Það liðu um bruggarans bannfærðu sál
að bólinu óljósar myndir.
Svo heyrðist eitt hljóð úr húmi nætur.
Hann hrekkur skjálfandi á fætur.

Bruggarinn tautar: Flaskan er full.
Að fela er mestur vandinn.
Mig dreymdi víst áðan demanta og gull.
Það er daufur í flöskunni landinn.
Svo læðist hann burtu lúmskur sem refur
um lágnættið grefur og grefur.

Það er engu við þetta að bæta. Þetta er sú lýsing sem hv. alþm. eru að kalla yfir þjóðina.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund með langri ræðu, enda orðið hér fáliðað.

Ég er ein af þeim sem hafa svarað fjölmiðlum og lýst því jafnan yfir að ég væri eindreginn andstæðingur bjórsins og ég skal gera grein fyrir í nokkrum orðum hvers vegna. Ég hef, eins og ég geri ráð fyrir flestir sem komnir eru á minn aldur, séð mörg heimili illa leikin og illa farin, illa leikin af fátækt, sjúkdómum, en aldrei eins gjörsamlega í auðn eins og þar sem drykkjuskapurinn hefur ráðið ríkjum. Það hefur enginn neitað því, sem hefur talað hér með bjórnum, að hann verði viðbót við áfengið. Ég get ekki hugsað mér að vera þátttakandi í því að leiða aukið böl yfir heimili með því að fylgja bjórnum.

Ég hef líka annað í huga. Ég er viss um að bjórinn verður ákaflega mikill peningaþjófur og þá kannski ekki síður þar sem síst skyldi, á þeim heimilum þar sem er úr litlu að spila, því að þegar hann verður leyfður eða ef hann verður leyfður verður keppst við að hafa hann í ísskápnum. Þá verður boðinn bjór í

staðinn fyrir kaffi. Við erum orðin allt of fínt fólk til að vera að bjóða þennan gamla þjóðardrykk okkar. Það verður boðinn bjór í staðinn fyrir kaffi. Og hann verður miklu, miklu meiri freisting fyrir unglingana, mér liggur við að segja börnin, en sterka vínið þó að það geti verið nógu slæmt á heimilum. Það er þess vegna samvisku minnar vegna sem ég er eindreginn andstæðingur bjórsins og mun greiða atkvæði gegn honum.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að fara að kvarta undan því að hv. 1. flm. dagskrármálsins væri því miður ekki viðstaddur, en hann er genginn í salinn.

Ég byrja á því að þakka einum ágætum þingmanni fyrir alveg frábæra ræðu í þessu bjórmáli og ég hefði kannski átt að þakka öðrum líka til viðbótar og ég geri það, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem flutti alveg frábæra ræðu í bundnu máli og var hún mjög fróðleg, en sá þingmaður sem ég er með í huga flutti sína ræðu fyrir nokkrum dögum þegar málið var á dagskrá áður og það var Geir Gunnarsson, hv. 5. þm. Reykn., sem talaði gegn þessu bjórfrv. Ég hef talað gegn þessu frv. og er sama sinnis og ég hef alltaf verið þegar þetta mál hefur komið á dagskrá, á móti því að bjór verði gefinn frjáls eins og um er rætt eða á þann hátt sem hér er talað um. Og ég held að það skipti ekki nokkru máli hvort bjórinn verður eitthvað pínulítið dýrari, 5 kr. dýrari á hverja 33 cl. Ég held að það sé nú ekki svo mikið álag að menn hætti við að kaupa hann þess vegna. Krónan er orðin svo lág. Hún er orðin lægri núna en hún var áður en núllin voru tekin aftan af í okkar útreikningum þannig að þetta er ekki fráhrindandi.

En ég kem aðallega upp til að lýsa ótta mínum við að það kannski aukist smygl, fólk verði þyrstara eftir því sem talað er meira um þann drykk sem ekki er til sölu og geri þá bara meira í því að fá bjórinn eftir því sem meira er talað um hann og hvað sem hann kostar. Við erum með þessum umræðum, með þessum langa drætti á afgreiðslu málsins að tefja málið, ég tala nú ekki um það ef enn þá einu sinni á lokastigi afgreiðslu málsins hafi ábyrgir aðilar í ríkisstjórninni, eins og ég hef heyrt fleygt fram, ætlað sér að koma fram með tillögu nú um að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, þetta hugleysi alþm. um að taka ekki ákvörðun eigi enn einu sinni að koma í ljós. Ég vil ekki fella bjórinn á þeim forsendum að alþm. skorti hugrekki til þess að afgreiða málið og vona að þjóðin geri það fyrir þá. Ég vil bara biðja hv. þm. og hæstv. ráðherra, sem eru að búa til þá tillögu sem mér er sagt að sé í vændum, að leggja hana ekki fram, koma ekki fram með hana heldur láta á það reyna hvort alþm. hafa kjark til að standa við þær skoðanir sem þeir hafa látið í ljós. Ég er á móti bjórnum og vil fá að greiða atkvæði á Alþingi og vil þá verða undir í atkvæðagreiðslu frekar en vera við það riðinn að vísa málinu frá af ótta við að tapa atkvæðum í kosningum.

Flm. vita það allan tímann að ég hef verið á móti þessu og það kemur þeim ekkert að óvörum. En það segir í lítilli bók sem ég hef stundum dregið upp hér og vitnað í eftir Voltaire: „Ég fyrirlít skoðanir þínar, en ég mun láta lífið frekar en koma í veg fyrir að þú hafir þær.“ Það er sjálfsagt að verja það með kjafti og klóm að menn fái að hafa sínar skoðanir hvort sem manni líkar betur eða verr. Við verðum bara að taka því sem alþm. að verða undir í afgreiðslu mála. Hver maður hér inni hefur langa reynslu í því og þeim mun kannski sætara er það þegar menn eru þátttakendur í að koma einhverju í gegnum Alþingi.

En það er annað sem ég vil segja og taka undir með flm., hv. 2. þm. Reykn., að þrátt fyrir að við hv. þm. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., séum sammála, við erum báðir á móti samþykkt frv. eins og hv. 2. þm. Reykn. leggur það fram, við erum á móti bjórfrv., vil ég taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, að ég eins og hann skil ekki af hverju hv. 4. þm. Austurl. er að flytja þessa brtt. á þessu stigi vegna þess að hann er eini andstæðingur bjórfrv. af flm. brtt. Hinir þrír eru bjórfólk. Og þegar tillaga sem þessi er komin til viðbótar við frv. eins og það var lagt fram er það orðið aðlaðandi fyrir þá sem vilja styrkja listasöfnin því að það er auðvelt reikningsdæmi, miðað við höfðatölu þjóðarinnar og miðað við bjórsölu annars staðar, að reikna út hvað selst af bjór á fyrsta ári og hvernig þróunin er. Þá er auðvelt að reikna: hvað fær sá sjóður, sem hv. 4. þm. Austurl. leggur til að verði stofnaður, mikið í sinn hlut? Af hverju eru listasöfnin að missa ef við samþykkjum ekki bjórinn þó við séum á móti honum? Sem sagt: Það er komin ný beita inn í frv. sem við erum báðir á móti. Og þar sem um eins lífsreyndan og góðan þingmann og fyrrv. ráðherra og hv. 4. þm. Austurl. hefur reynst er að ræða, þá skil ég ekki þetta frekar en hv. 2. þm. Reykn. Mér finnst vera svolítill tvískinnungsháttur þarna í.

En það hlægilega við þetta allt saman, nú ætla ég að vera nákvæmur eins og hv. 4. þm. Austurl., er að ef bjórfrv. verður samþykkt er ég sammála hv. 4. þm. Austurl., miðað við þá reynslu sem er af Carlsbergssjóðnum, að svona sjóður skuli stofnaður. En þangað til bjórfrv. hefur verið samþykkt er ég á móti báðum af þeirri ástæðu að verði bjórfrv. samþykkt er kominn hvati, sem ég vil ekki fá inn í daglegt líf á Íslandi, til þess að stofna annan sjóð sem ég held að þó góður sé komi úr rangri átt. Við eigum að geta styrkt okkar Listasafn betur á annan hátt.

En það furðulega er að þó ég tali á móti báðum till. og vari við því að brtt. hv. 4. þm. Austurl. sé hvati til að samþykkja frv. sem ég vil fella er ég sammála þeirri sjóðsstefnu sem þar er lögð til að samþykktu bjórfrv., en ég hefði ekki viljað hengja það svona inn í frv. og gera það að hvata til að samþykkja bjórfrv. Og það furðulega við það er að enn þá verð ég að segja að þó svo ég sé búinn að tala fyrir því að ég sé samþykkur að eyrnamerkja framlag til lista á þennan hátt að samþykktu bjórfrv., sem ég vil fella, er ég á móti því að eyrnamerkja

skatta eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn. og fer nú þetta mál að verða flókið. Ég held að í „prinsippinu" eigum við ekki að eyrnamerkja nákvæmlega með þeim rökum sem hv. 2. þm. Reykn. tók til. Við erum alltaf að breyta fjárlögunum á þann hátt sem hann gat um og takmarka framlög þrátt fyrir lagaákvæði til hinna ýmsu verkefna sem við eigum auðvitað ekki að hafa heimild til að gera því að lög eru lög. Það sem við eigum að gera fyrst og fremst er að virða þau lög sem eru í gildi hverju sinni en ekki breyta þeim til bráðabirgða eftir hentugleikum, heldur eiga þau bara að standa sem lög og við gerum þá lögin þannig úr garði að þau verði óbreytanleg nema þeim sé umturnað af gefnum ástæðum.

Þetta er það sem ég hefði viljað segja, en ég vil taka það fram að ég er á móti frv. Ég mun greiða atkvæði á móti því þrátt fyrir þennan hvata og þrátt fyrir þann vilja sem ég hef til þess að styrkja listasöfnin. Ég mun greiða brtt. atkvæði eftir að hitt málið hefur verið afgreitt ef það verður samþykkt.

En ég vil líka draga athygli að því að verðlagning á áfengum drykkjum, hvort sem það er bjór eða annað, er í höndum Áfengisverslunarinnar, er í höndum fjmrh. Út af fyrir sig er óþarfi að taka fram að til viðbótar við þá verðlagningu skuli vera 5 kr. álagning á hverja 33 cl. Fjmrn. getur alveg skv. frv. gert þá tillögu sem það vill um verðið þó Alþingi verði að sjálfsögðu að samþykkja að stofna sjóðinn sem slíkan.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða einstök atriði, eins og það hvernig sjóðstjórn verði skipuð eða hverjir setja henni reglur eða skipulagsskrá. Það kemur af sjálfu sér og ég óttast ekkert að þar verði öðruvísi að staðið en hingað til hefur verið gert. Hvort það er þriggja manna nefnd eða hvort það er ráðherra einn sem falið er að setja reglugerðir skiptir ekki svo miklu máli. Ég vona bara að frv. verði fellt svo að brtt. komi ekki til atkvæða.

Ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, með því að segja að þrátt fyrir allt þetta verðum við að virða skoðanir þeirra sem eru með andstæðar skoðanir okkar og berjast heiðarlega hver fyrir sínum málstað.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það kemur mér alls ekkert á óvart þótt ég væri vændur um tvískinnungshátt í þessu máli. Ég átti von á þessu. Ég átti að vísu ekki von á að menn seildust langt niður fyrir beltisstað í málflutningi. Menn verða að athuga um staðreyndir og haga sér samkvæmt þeim.

Það er talað um að það kveði við annan tón hjá mér og látið að því liggja að helst muni ég óska eftir að frv. verði samþykkt. Við hvern eru menn að tala? Hverja eru þeir að blekkja? Liggur ekki ljóst fyrir að atkvæði í þessari hv. deild féllu með þeim hætti að ég og þeir sem gegn málinu stóðu töpuðu því?

Og þegar hv. 5. þm. Reykv. talar um að hann vilji gjarnan samþykkja mína tillögu að hinni samþykktri er hann að iðrast eftir dauðann því að þannig fara atkvæðagreiðslur ekki fram hérna. Það er 3. umr. frv. og það sjálft kemur síðast til umræðu eftir að við höfum afgreitt brtt. Ástæðan fyrir því að ég flyt þetta núna áður en ég sé afdrif þess í Ed. er að ég vil ekki láta kenna mig við að þvælast fyrir málinu, að reyna með einhverjum vinnubrögðum að koma í gegn brtt. þar sem mundi orsaka að málið þyrfti enn nýja umferð í deildinni eftir að svo tæpt stendur á um starfstíma þings. Þetta er allt málið. Og það er talað um að það sé annar tónn hjá mér þegar ég sé það fyrir mér að málið er tapað hér í deildinni, að skilvísir menn sem þekkja lungu og lifur í hv. efrideildarmönnum hafa sýnt mér fram á að það munar enn meiru hlutfallslega í þeirri deild en þessari hv. deild. Þá geri ég þessa tilraun og það er ekkert undarlegt við hana af því sem þörf þessara menningarsafna er svona rík. Ekkert annað að baki býr. Menn geta haldið áfram að velta mér upp úr þessu og geri þeir svo vel ef þeir hafa lyst á. Ef þeir halda og ef þeim hefur fundist á málflutningi mínum að ég sé ótrúverðugur og sé að leika tveim skjöldum, að ég vilji eftir allt saman að þessi ósköp séu samþykkt, þá er það sjálfrátt að ætla mér slíkt. Það er þá mönnum sjálfrátt.

Menn eru að tala um að það megi ekki verða of hátt verðlagt, ölið, til þess að hrinda mönnum ekki í sterkari vín. Má ég biðja um að menn athugi nú aðstæðurnar. Hér er ekki bjór til sölu og við getum ekki ýtt mönnum yfir að sterkari drykkjum vegna vöru sem er ekki fáanleg. Drykkja sterkra drykkja hlýtur að vera í hámarki af því að menn hafa ekki úr öðru að velja núna. Af því skyldi maður halda að okurverðlag á öli gæti ekkert aukið þá sókn nema þá, eins og margan grunar, að ölið ýti mönnum út í þetta beinlínis. Auðvitað vitum við að það er hægt að loka markaðnum með því að verðleggja of hátt og það væri auðvitað best ef þetta frv. verður samþykkt.

Ég er að tala um að ofan á það sem ella verður lagt á, og ég veit að ríkið hlýtur að leggja mikið á þessa vöru, verði þessar 5 kr. lagðar. Og það er ekkert lítið álag. Þó 5 kr. sé ekki stórt í einu lítum við til þess að hér er um 100 millj. kr. skattlagning á ári á þá sem neyta og hér var hv. 2. þm. Reykn. að tala um að það geti verið jafnvel ⅓ hærra, 150 millj. Ég man bara eftir þessari 7 millj. lítra tölu frá Þjóðhagsstofnun á sinni tíð. Auðvitað fjölgar þjóðinni. Og svo er annað mál að það er mjög líklegt auðvitað að þetta springi í loft upp og verði miklu meira.

Það er bent á að það sé óeðlilegt að marka tekjustofna með þessum hætti. Að vísu erum við alltaf að gera þetta. En af hverju halda menn nú að í þessari brtt. sé afmarkað með hvaða hætti eigi að setja þessa starfs- og stofnskrá og velja stjórn o.s.frv.? Það er af því að sporin hræða. Það er ekki einu sinni nóg að setja lög á Alþingi um þjóðarbókhlöðu. Það er ekki einu sinni nóg vegna þess að framkvæmdarvaldið tekur sér það bessaleyfi að

brjóta þau eins og liggur alveg fyrir að gert var um afgreiðslu þessa máls á hinu háa Alþingi við afgreiðslu fjárlaga. Hver er reynsla okkar af afgreiðslu fjvn. á hinu háa Alþingi á menningarstarfsemi eins og þeirri sem hér um ræðir? Hún er ekki með þeim hætti að við getum vænst þess að úr verði greitt. Hér er ekki verið að taka tekjustofn af ríkinu. Ríkið hefur aldrei haft þann tekjustofn sem af ölföngum mundi leiða.

Hvað var um sígaretturnar? Var ekki álag á þeim sérstakt til sérstakrar starfsemi? Ekki þótti það óeðlilegt heldur sérstaklega eðlilegt. Auðvitað kemur ríkissjóður til með að verða að standa undir útlátum til safnanna og alveg strax til Þjóðminjasafnsins sem liggur undir stórskemmdum og þeir munir sem eru þar ef við ættum að heita menningarþjóð. Sömuleiðis kemst þjóðin ekki hjá að byggja náttúrufræðisafn upp á 600–700 millj. kr. eins og frumáætlanir standa til. Hún kemst ekkert hjá þessu. En ef menn vilja velkjast með þetta hér í Alþingi áratugum saman, eins og auðvitað yrði ef ekki yrði séð fyrir ákveðnum tekjustofni, þá þeir um það. Og það er náttúrlega holhljómur í því þegar þeir hafa þetta á orði, menn sem aldrei hafa lagt þessu sérstakt lið, söfnunum til að mynda.

Ég verð að segja að það kemur mér heldur ekki á óvart, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, að upphlaup verði vegna þessarar tillögugerðar minnar. Ég veit hvaða sterk öfl vinna þar að baki. Ég vissi og fékk að vita þegar í stað um viðbrögðin í gærkvöldi eftir fréttir fjölmiðla og ég veit hvaðan þau komu. Og það er ekkert óeðlilegt. Gróðafíknin er ekkert minni fíkn en eiturlyfjafíknin og raunar er það gróðafíknin sem drífur hana alla saman áfram. Þeir brugðu við hart vegna þess að þetta skerðir ekki aðallega tekjustofna ríkisins eða ríkissjóðs, tekjustofn sem það hefur að vísu ekki haft, heldur minnkar gróða ölsalanna. Það er nefnilega hámark fyrir því sem hægt er að leggja á eina vörutegund eins og þessa og ef kemur svona ákveðið gjald sérstakt tekur það vitanlega sér í lagi af framleiðandanum. Það er alveg ljóst.

Og ef menn játa að þetta sé líka tilraun, og það er aðalmál þessarar tillögugerðar, að draga úr neyslunni á áfenginu með þessum hætti er mér alveg óskiljanlegt að þeir skuli samt hafa þrek til að snúast gegn þessu, það er mér alveg óskiljanlegt, menn sem ella vilja þessu menningarstarfi vel og vita að að því kemur að við verðum að borga brúsann sjálf. Og það er margt annað en söfnin. Ef það skyldu nú drjúpa í þennan sjóð 150 millj. kr. getum við fljótlega farið að styrkja og um leið aðra menningarstarfsemi sem situr hér skelfilega á hakanum hvarvetna sem við berum niður, listamenn endilangt í öllum röðum, hvort heldur menn bera niður hjá leikhúsum eða myndlist eða ljóðlist eða rithöfundum, hvarvetna og hvergi hefur Alþingi staðið við loforð sín og gefnar yfirlýsingar og samþykktir.

Hvað um Rithöfundasjóðinn? Leikhús áhugamanna, sem leggja ótrúlega mikið á sig, fá ekki inni einu sinni þó menn eigi hér upplagt hús eins og Sjálfstæðishúsið gamla, Póst og síma, bara af því að þeim þykir óþægindi að því sem éta fimm sinnum í viku í hádeginu þar og húsið stendur svo autt ella. Ég veit ekki hvar þetta á að lenda ef menn geta aldrei og vilja aldrei huga að öðru en vísitölu og verðbólgu sem þeir svo koma að vísu ævinlega vitlaust að þegar mest á ríður. Það er alveg með ólíkindum að menn skuli ekki, og aðallega þeir sem vilja ná einhverjum sáttum og lægja öldurnar varðandi þessi ósköp, sem nýja alkóhólstreymið mun valda, það er alveg með ólíkindum að þeir skuli ekki taka vel slíku og taka höndum saman við menn sem eru að reyna að berjast um í þessum málum.

Auðvitað kem ég og mín nefnd, sem starfar að viðfangsefnum Þjóðminjasafnsins núna, með aðrar tillögur um tekjustofna til nauðsynlegra framkvæmda við Þjóðminjasafnið. Að sjálfsögðu. Ég trúi ekki öðru en það nái fram að ganga þó að það kannski kunni að taka lengri tíma en það sem hér er ráð fyrir gert. Og þegar menn hafa nú fyrir augum fordæmin eins og úr Danaveldi. Þegar ég var að skammast út í Carlsberg gamla var ég að tala um Bakkus hér á dögunum, en þegar ég var að upplýsa menn um hvað Carlsberg hefði gert í menningarmálum var ég ekki að tala um Bakkus.

Nei, það er heldur dapurlegt til þess að vita að það sé alveg sama hvar borið sé niður. Maður rekst alls staðar á veggi ölgróðamannanna. Þeir eiga hér mest í húfi að þessu leyti. Auðvitað á ungdómurinn langsamlega mest í húfi því að þessi ölalda, sem mun yfir ganga, mun færa hundruð af honum í kaf. En ekki meira um það.

Ég verð að endurtaka að það veldur mér vonbrigðum að menn skuli ekki fagna þessari tillögugerð. Það er talað um að þessi tillaga sé beita, ný beita til að fá þetta frv. samþykkt eftir að búið er að láta menn greiða atkvæði, hina hv. alþm., opinberlega í málinu í bak og fyrir í báðum deildum og fyrir liggur að málið er tapað. Samt er verið að tala um beitu. Nei, það eina sem þetta gerir er það að gera samþykktina fráhrindandi. Ölgróðamennirnir hafa ekki eins mikinn áhuga á samþykkt þessa frv. eftir sem áður ef þessi brtt. verður samþykkt. Ekki aldeilis. Hann dofnar stórlega því þetta er tekið úr pyngjunni þeirra, það er tekið af ölgróðanum þeirra það sem ég er að leggja til hérna og breytir engum manni, því miður, á hinu háa Alþingi hvaða rökum sem við beitum, ekki um eitt atkvæði frá upphafi þessa þings. Mér er óhætt að fullyrða þetta vegna þess að menn voru látnir greiða atkvæði.

Ef menn vilja lemja á mér með þessum hætti, að það sé í mér tvískinnungur, að ég standi í báðar lappir í jötu jafnt eins og sagt er í málinu, þá þeir um það. Ég læt mér það í engu rúmi liggja vegna þess að menn vita miklu betur þótt þeir kjósi að hafa uppi þennan vopnaburð í hita bardagans. En ég endurtek að þessi verður málsmeðferðin að vera. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að geta komið slíkri tillögugerð við eftir dúk og disk, eftir að allt var að fullu frá gengið

og atkvæðagreiðslur höfðu gengið um málið og það tapað. En svona lítur dæmið út fyrir mér, að það sé tapað, því miður, og ég hlýt að haga mér samkvæmt því.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það er að bera í bakkafullan lækinn að lengja þessa umræðu mikið meira, en vegna þeirrar brtt. sem hér hefur komið fram frá fjórum hv. þm. í þessari virðulegu deild vil ég láta það koma fram að ég er hlynntur þessari brtt. en ég get ekki betur séð en að hún setji mig í talsverðan vanda. Vandinn hlýtur að vera sá að samþykki ég brtt. hlýt ég að standa frammi fyrir því að þurfa að samþykkja frv. í heild sinni (**SvH:** Alls ekki.) þegar það kemur til atkvæða. Annað er bara tvískinnungur, hreinn og klár, (**SvH:** Nei, nei, nei. Þetta er misskilningur þingmannsins.) Nei, þetta er ekki misskilningur. (**SvH:** Það eru ótal dæmi um að menn hafi greitt þannig atkvæði, ótal, ótal.) Ég hygg að þetta væri alveg ótrúlega kjánaleg meðferð og kjánaleg afstaða hjá þingmanni sem væri andstæðingur bjórfrv. í heild, að hann vegna þess að hann væri hlynntur skattlagningartillögu sem kæmi inn í frv. yrði að lokum að samþykkja frv. í heild sinni sem hann er búinn að lýsa yfir andstöðu við og greiða atkvæði gegn við fyrri umræður í þinginu. Mér finnst undarlegt að þurfa í raun og veru að hafna þessari tillögu vegna þess að ég hygg að á flutningi hennar sé formgalli. En þetta mun ég hugsa nánar.

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég er búinn að hlusta á megnið af þeirri umræðu sem fram hefur farið á þinginu um áfengt öl og það sem kemur mér mest á óvart í þessari umræðu, vegna þess að ég hef reynt að byggja minn málflutning á tölulegum staðreyndum um áfengt öl frá öðrum löndum, vísindaritgerðum, vísindarannsóknum, upplýsingum frá öðrum löndum, er að á sama tíma, eins og ég hef sagt ykkur áður, og allar þjóðir Vesturlanda og þjóðir þriðja heimsins, Afríku, Asíu, eru að berjast miskunnarlausri, örvæntingarfullri baráttu gegn aukinni áfengisneyslu, þá er Alþingi Íslendinga að berjast fyrir því að auka áfengisneyslu. Þetta er auðvitað þvílík þversögn að það tekur engu tali. Og ef menn hugsa málið út frá þessu sjónarmiði er þetta í eðli sínu þinginu til háborinnar skammar.

Ég vil líka leyfa mér að fullyrða, þó ég auðvitað geti ekki rennt stoðum undir þá fullyrðingu, hún er meira sögð af tilfinningu fyrir málinu, að þeir menn sem styðja bjórinn og styðja bjórfrv. hafi ekki lesið þær upplýsingar sem til eru um afleiðingar af ölneyslu, af framleiðslu á sterku öli í öðrum löndum.

Og nú langar mig að segja hv. þm., sem enn nenna að sitja undir þessari umræðu, að fyrir tæpri viku horfði ég á langan sjónvarpsþátt í CBS-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum þar sem fjallað var um það sem Bandaríkjamenn kalla núna þjóðaróvin númer eitt, eiturlyfjavandann.

Í þessum þætti kom m.a. fram að tíundi hver Bandaríkjamaður neytir eiturlyfja, þ.e. 25 milljónir Bandaríkjamanna eða þar um bil. Það er þingmannanefnd að rannsaka eiturlyfjaflutninga til Bandaríkjanna, smygl, dreifingu eiturlyfja, þátt háttsettra embættismanna innan stjórnkerfisins, bæði í Bandaríkjunum og utan Bandaríkjanna, í eiturlyfjasmyglinu. Það voru beinar útsendingar frá yfirheyrslum þingnefndarinnar yfir mönnum sem tengdust þessum málum og voru afskaplega forvitnilegar. Ég mundi nú leggja til að þingmenn íslenskir yrðu sér úti um eintak af þessum yfirheyrslum, af sjónvarpsþáttunum og horfðu á þá.

Í framhaldi af þessari umræðu var langur fréttaskýringarþáttur þar sem komu fram fulltrúar heilbrigðisyfirvalda, læknar, félagsfræðingar, fólk sem starfar í gettóum stórborganna þar sem vandinn er mestur og það var fjallað einkum og sér í lagi um kókaín, um „krakk“ og um hassneyslu.

Það var eitt sem ég tók sérstaklega eftir og skrifaði hjá mér: Niðurstaða þriggja þeirra sem um þetta fjölluðu í sjónvarpsþættinum var sú að langflestir unglingar á aldrinum 12–16 ára leiddust út í hassneyslu og „krakk“notkun í framhaldi af áfengisneyslu. Og inn í þessa umræðu kom bjórinn alveg sérstaklega. Það var rætt um hann á þeim nótum að unglingar neyttu áfengs öls vegna þess í fyrsta lagi að það væri talið minna hættulegt en sterkir drykkir og vegna þess að menn hefðu ekki eins miklar áhyggjur af því að verða alkóhólistar vegna neyslu á sterku öli.

Kona sem tók þátt í þessari umræðu og var félagsfræðingur og starfaði í gettóinu í New York sagði að vísu að stór hópur unglinga færi beint út í fíkniefnaneysluna, bæði „krakkið“ og hassið, en miklu fleiri leiddust út í það í framhaldi af áfengisdrykkju, einkum og sér í lagi öldrykkju.

Þetta er niðurstaða þessa ágæta fólks sem hefur átt við þennan vanda að stríða miklu lengur en við og ég verð að segja að ég fylltist þvílíkri skelfingu þegar ég áttaði mig á því hvers konar böl er um að ræða í þessum efnum að aldrei hef ég verið eins harður andstæðingur þess að auka á framboð áfengis hér á landi og nákvæmlega þessarar tegundar sem við erum að ræða og núna. Þessi þáttur hafði meiri áhrif á mig en flest annað sem ég hef lesið og séð um þessi mál og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það sæta furðu að hv. þm. sem styðja bruggun á sterku öli og sölu þess hér á landi og eru foreldrar skuli leyfa sér að styðja þetta. Það finnst mér svo óskiljanlegt að ég fæ engan botn í það hversu mikið sem ég hugsa um það mál.

Ég átti viðræður við breskan heiðursmann fyrir nokkru. Hann var staddur hér á landi og hafði mikinn áhuga á bjórumræðunni. Við vorum að tala um hana og ég reyndi fræða hann eins og ég gat. Ég sagði honum m.a. að stuðningsmenn bjórsins héldu því mjög fram að hann gæti orðið mannlegum samskiptum til heilla, m.a. í formi „pöbba“ eða bjórkráa þar sem fólk gæti hist og hjalað saman yfir bjórdrukk. Þá sagði þessi heiðursmaður: „Já, ég hef orðið var við þetta, að menn líta á breska „pöbba“ í

einhverjum ævintýraljóma. En menn líta aldrei á bakhlið málsins. Menn líta aldrei á skelfinguna sem fylgir þessari sídrykkju á bjór á breskum „pöbbum". Eða hefur það fólk sem talar um sjarmann við bjórdrykkjuna komið til hafnarborga á Bretlandseyjum þar sem menn gjarnan eyða hýrunni sinni í bjórdrykkju, eða þær félagslegu afleiðingar sem þessi bjórdrykkja hefur, eða hve stór hluti af áfengisvanda Breta bjórdrykkjan er, hve margir alkóhólistar eru bjórdrykkjumenn?"

En hér er sagt: Bjórinn, hann er ekki hættulegur. Hann kennir börnunum okkar að drekka. Þau eiga kost á veikri tegund af áfengi sem þau geta sullað í hvenær sem þau vilja af því að það fylgir því engin áhætta. Þessi breski heiðursmaður sagði: „Það eru auðvitað tvær hliðar á þessu máli, en hér hefur aðeins verið dregin upp hin bjartari sem snýr kannski að útlendingnum sem kemur í skyndiferð í breska borg og finnst notalegt að skjótast inn á krá."

Annað er það sem ég vil mótmæla og sem hefur komið fram í máli stuðningsmanna bjórsins og það er að bjórinn verði eingöngu seldur á útsölustöðum ÁTVR. Þetta er ekki rétt. Hann verður seldur á um það bil 140 öðrum stöðum til viðbótar sem eru öll veitingahús landsins sem hafa leyfi til áfengissölu. Við erum ekkert að tala um að selja bjór í örfáum áfengisútsölum. Hann fer auðvitað inn á hvert veitingahús landsins sem hefur vínveitingaleyfi þannig að dreifing hans verður miklu meiri en menn vilja almennt gefa í skyn í umræðum á þingi. Þessu finnst mér að menn hafi gleymt í allri umræðunni.

Ég verð að segja það, líka þeim sem hafa mikla trú á því að það sé hægt að stýra áfengisneyslu með verðlagningu, að ég hef ekki umtalsverða trú á þeirri kenningu þó að þeir menn séu kannski sammála mér í andstöðunni gegn bjórnum hér á þingi. Ég átti þess kost að ræða stuttlega við einn ágætan starfsmann hins háa Alþingis, sem áður var barþjónn um líklega þriggja áratuga skeið, og hann hafði mikið gaman af þeirri skoðun sem komið hafði fram í einhverjum sjónvarpsþætti, sem ég tók þátt í, að verðlagning á áfengi hefði umtalsverð áhrif á það að menn keyptu eða keyptu ekki. Hann sagði að á sínum þriggja áratuga ferli sem barþjónn hefði hann aldrei vitað til þess að nokkur maður hefði snúið frá barnum vegna þess að brennivínið var of dýrt. Ég tel þess vegna að verðlagningaraðferðin, sem menn hafa mjög flaggað með, stjórni ekki þessu máli að verulegu leyti. Ég hygg að það sé fyrst og fremst spurning um framboðið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tuða meira um þetta mál. Þessi umræða er orðin mikil og okkur ber skylda til þess að afgreiða þetta mál á hvorn veginn sem það fer. Ég vil bara hvetja menn til þess áður en þeir taka endanlega afstöðu í þessu máli að kynna sér betur þau gögn sem til eru um afleiðingar bjórdrykkju og bruggunar og sölu áfengs öls í öðrum löndum. Ég verð að segja það eins og er að það eru t.d. upplýsingar frá Finnlandi sem hafa langmest áhrif á mig í þessum efnum vegna þess að þar stendur skýrum stöfum, óhrekjanlegum, í skýrslum frá finnska heilbrmrn. að á þriggja ára tímabili eftir að bruggun og sala áfengs öls var leyfð í Finnlandi jókst heildaráfengisneysla um 116%. Þessu verður ekki mótmælt. Það er ekki hægt að mótmæla þessu. Og miðað við að drykkjuvenjur okkar og Finna hafa um árabil verið taldar mjög svipaðar hygg ég að nákvæmlega hið sama muni gerast hér.

Ég segi það bæði í fyllstu vinsemd og mikilli alvöru, eins og ég hef sagt áður, að ég hygg að afleiðingarnar af því að veita þessa heimild til bruggunar og sölu á sterku öli eigi eftir að verða miklu alvarlegri en menn gera sér grein fyrir í fljótu bragði. Ég er sannfærður um að þetta á eftir að kosta heilbrigðiskerfið óheyrilega fjármuni — og kostar nú lækning á þeim sjúkdómum sem fylgja ofneyslu áfengis þegar nægilega stóra upphæð.

Það er m.a. af þessari ástæðu að ég hef snúist gegn frv. Ég hef verið andstæðingur bjórbruggunar í tíu ár því að fyrst þegar byrjað var að fjalla um þetta og ég fór að fylgjast með þessu gerði ég mér far um að kynna mér þær upplýsingar sem fyrir hendi eru um þetta og á þeim upplýsingum hef ég byggt afstöðu mína í þessu máli. Ég hef tekið það skýrt fram að þessi afstaða byggist ekki á tilfinningalegum rökum. Hún byggist fyrst og fremst á því að ég hygg að þessi ákvörðun verði allt of dýr fyrir samfélagið þegar til lengdar lætur. Og ég hygg að þessi ákvörðun verði ekki bara dýr í peningum heldur verði hún dýr í tilfinningalegu áfalli fyrir fleiri og fleiri og fleiri, hún verði dýr vegna þeirra hörmunga sem áfengið leiðir nú þegar og á eftir að leiða í æ ríkara mæli yfir íslenskar fjölskyldur, yfir íslensk börn, konur og karla. Af þessum upptöldum ástæðum ítreka ég andstöðu mína við þetta frv.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að þessi tillaga fjórmenninganna er a.m.k. vægast sagt tímaskyssa. Það hefði verið kannski réttlætanlegt að koma með hana fram sem frv. ef sú óhamingja mundi verða hér ákveðin að þetta bjórfrv. verði samþykkt.

Ég kom ekki upp nú til að ræða þetta frekar. Ég vil að það liggi alveg fyrir hér og nú að þó að ég hafi verið á móti þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og sé í eðli mínu á móti henni mundi ég styðja þá leið þar sem maður stendur frammi fyrir því að 90% líkur eru á því að þetta frv. verði samþykkt. Ég segi 90%. Ef það er, sem ég hef heyrt, að það sé umræða í gangi í Ed. um það að skjóta þessu til þjóðarinnar, þá vil ég að það liggi fyrir a.m.k. mín afstaða, að ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að bægja frá þeirri hættu, þeim afleiðingum sem ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að reynslan muni sýna ef þetta verður samþykkt. Og ég mundi ekki vilja vera í sporum þeirra sem samþykkja þetta mál þegar fram líða stundir.

Það er enginn vafi á að það verður mikil umræða um þetta í þjóðfélaginu. Ég hef orðið var við að það

er vaxandi andstaða gegn þessu máli úti í þjóðfélaginu og ég trúi því að ef þeir sem eru á móti þessu og leggja spilin á borðið skýri frá þeim rannsóknum og niðurstöðum, þeirri reynslu sem aðrar þjóðir hafa af þessum málum, muni þjóðin vísa þessu frá í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég skora á hv. 5. þm. Reykv. að hugleiða þetta mál. Bæði ég og aðrir þingmenn eiga að hafa kjark til að breyta um skoðun, bæði í þessu máli og öðrum, ef menn halda að þeir geti orðið sinni þjóð að einhverju gagni með því móti. Þetta er þess háttar mál. Það þýðir ekki að ræða við þá sem hafa tekið afstöðu hér á Alþingi. Þeir hafa lokuð eyru. Þeir taka engum rökum. Það þýðir ekki að ræða þessi mál við þá. En það yrði kannski annað úti í þjóðfélaginu eins og mál standa nú.

Umræðu frestað.

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 351. mál. — Þskj. 682.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

76. fundur, miðvikudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál. — Þskj. 782.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Herra forseti. Flm. að frv. þessu, sem ég mæli nú fyrir, eru auk mín Karl Steinar Guðnason forseti Ed. og Jóhann Einvarðsson 2. varaforseti Sþ. Þetta frv. er til komið með þeim hætti að ríkisendurskoðandi hefur tjáð forsetum Alþingis að nauðsyn beri til að gera breytingu á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun. Forsetar hafa fallist á þetta og stendur því forseti Nd., Jón Kristjánsson, að flutningi þessa frv. ásamt okkur hinum.

Þetta frv. er til breytinga á lögum um Ríkisendurskoðun sem sett voru árið 1986. Með lögum þessum var gerð grundvallarbreyting á Ríkisendurskoðuninni eins og okkur er í fersku minni. Ákveðið var að Ríkisendurskoðunin starfaði á vegum Alþingis. Fram til þessa hafði Ríkisendurskoðunin heyrt undir fjmrn. og ríkisendurskoðandi verið ráðinn af fjmrh. Með þeim nýju lögum var Ríkisendurskoðunin gerð óháð framkvæmdarvaldinu. Þetta var stjórnskipulega veigamesta breytingin sem gerð var. Með þessum hætti fetum við Íslendingar í fótspor ýmissa annarra þjóða sem fært hafa ríkisendurskoðun sinna landa frá framkvæmdarvaldi til löggjafarvalds.

Hin nýju lög um Ríkisendurskoðun kveða á um að Ríkisendurskoðunin skuli hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Stjórnarskráin fær Alþingi í hendur vald til þess að ákveða fjárveitingar ríkisins með fjárlögum. Með því að Ríkisendurskoðunin sé á vegum Alþingis getur átt sér stað eftirlit löggjafarvaldsins með því hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, nýtir fjárlagaheimildir Alþingis og hvort farið hefur verið út fyrir löglegar heimildir. Þannig getur Alþingi betur haldið á fjárveitingarvaldi sínu.

Það er grundvallarregla skv. lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, að öll meðferð ríkisfjár skuli sæta endurskoðun. Í 6. gr. laganna er því tekið fram hvaða aðilar skuli lúta endurskoðun. Þar segir að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði skv. fjárlögum eða öðrum tekjum skv. sérstökum lögum. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga og fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar.

Þá eru Ríkisendurskoðun í 7. gr. laganna veittar tilteknar heimildir til endurskoðunar. Þar segir að Ríkisendurskoðun geti krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé hirði. Enn fremur getur Ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkis og sveitarfélaga og Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Gert var ráð fyrir að þessi ítarlegu ákvæði laganna væru tæmandi þannig að Ríkisendurskoðunin gæti gegnt sínu mikilvæga hlutverki og búið væri svo um hnútana að Alþingi gæti sem best haldið á fjárveitingarvaldi sínu. En nú hefur komið í ljós að skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar eru ekki eins óyggjandi og ætla mátti. Kom þetta í ljós við niðurstöðu innsetningarmáls sem Ríkisendurskoðun taldi sig til knúna til að hefja. Snerist það mál um skoðunarheimild gagnvart aðila sem hefur með höndum fyrir eigin reikning verk- og þjónustustarfsemi fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Slík skoðunarheimild hafði ekki verið vefengd fyrr og gengur raunar ekki lengra en áður hefur viðgengist í framkvæmd hjá Ríkisendurskoðuninni.

Til glöggvunar á þeim annmörkum sem komið hafa í ljós á skoðunarheimildum Ríkisendurskoðunar skal vikið að gangi og niðurstöðum innsetningarmálsins sem hér kemur við sögu.

Hinn 15. jan. sl. var þess farið á leit við yfirborg-

arfógetann í Reykjavík að hann veitti atbeina sinn til þess að starfsmenn Ríkisendurskoðunar fengju skoðað sjúklingabókhald heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ hér í borg til að sannreyna efni reikninga sem heilsugæslulæknarnir, þrír að tölu, höfðu framvísað og fengið greidda hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur á ákveðnu tímabili. Ástæður beiðninnar voru þær að yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar hafði fyrir hönd læknanna þriggja lýst því yfir gagnvart starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins, sem hugðist skoða sjúklingabókhald stöðvarinnar um miðjan desember sl. á grundvelli heimildar í gjaldskrársamningi við heilsugæslulækna, að þeim yrði meinaður aðgangur að sjúklingabókhaldi stöðvarinnar. Tryggingastofnun ríkisins vísaði erindi þessu við svo búið til Ríkisendurskoðunar og var þá afráðið að láta reyna á skoðunarheimildir þess embættis, sbr. lög nr. 12/1986, og í því sambandi óskað aðstoðar fógeta. Úrskurður fógeta var að í lögunum um Ríkisendurskoðun væri ekki heimild fyrir fógeta að veita umbeðinn aðgang að þeim gögnum sem um var að ræða. Að mati Ríkisendurskoðunar er þessi annmarki á skoðunarheimild stofnunarinnar óviðunandi.

Frv. sem hér er til umræðu er lagt fram til að bæta úr þessu ástandi. Er þó ekki gert ráð fyrir ákvæði sem miði sérstaklega við það tilvik sem innsetningarmálið snerist um heldur þykir rétt að lögfesta almenn ákvæði sem geti náð til hliðstæðra tilvika á hvaða verksviði sem vera kann. Með þessu móti verður skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar gerð ótvíræð eins og ætlað var að gera með lögum nr. 12/1986.

Það er því lagt til í frv. þessu að í 7. gr. laganna komi nýtt ákvæði til viðbótar sem kveði svo á að Ríkisendurskoðun sé heimilaður aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þetta er aðalefni þessa frv. En auk þessa er lagt til í frv. þessu að farin verði ákveðin leið ef ágreiningur kemur upp um heimildir Ríkisendurskoðunar til þess að skoða gögn og fá gögn afhent. Gert er ráð fyrir að við 7. gr. laganna bætist 3. mgr. sem heimilar ríkisendurskoðanda að leita úrskurðar sakadóms ef ágreiningur verður um skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar. Þetta ákvæði er til þess að flýta fyrir gangi mála og hliðstætt ákvæði er að finna í lögum um tekju- og eignarskatt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það fréttist af því fyrir nokkrum vikum að Ríkisendurskoðunin hefði þurft að fá upplýsingar úr bókhaldi heilsugæslustöðvar hér í landi og hefði ekki getað fengið þar sem menn hefðu borið fyrir sig þá grein læknalaga sem fjallar um trúnað á milli sjúklings og læknis og að það væri óheimilt fyrir lækni eða heilsugæslustöð að hleypa öðrum í þær upplýsingar sem hér um ræðir og leynt eiga að fara samkvæmt lögum og gamalli hefð.

Það er alveg ljóst að frá sjónarmiði yfirvalda er hér um að ræða óviðunandi ástand. Það er óviðunandi vegna þess að yfirvöldum er skylt að sjá til þess að vel sé farið með fjármuni skattborgaranna og að sú þjónusta sem greitt er fyrir sé örugglega innt af hendi. Þess vegna verður endurskoðunarmöguleiki af hálfu ríkisins eða opinberra aðila að vera til.

Ég hefði talið að í rauninni hefði verið heppilegast að leysa mál af þessu tagi með breytingum á almannatryggingalögum þar sem tekið væri fram að þegar læknir vinnur fyrir sjúkrasamlag og eigi rétt á greiðslu skv. almannatryggingalögum fyrir það verk beri honum að haga bókhaldi sínu þannig að yfirvöld, skattyfirvöld og eða Ríkisendurskoðun, geti fengið aðgang að þessum upplýsingum án þess að það þýði um leið að viðkomandi hljóti að fá aðgang að sjúklingabókhaldi eða „sjúrnölum" svokölluðum.

Nú er hins vegar slíku ákvæði í almannatryggingalögum ekki til að dreifa og það er óhjákvæmilegt að grípa til ráðstafana vegna liðins tíma. Af þeim ástæðum er það frv. flutt sem hæstv. forseti Sþ. hefur mælt fyrir í þessari deild og ég skil vel þau rök sem eru á bak við flutning frv.

Hitt er hins vegar mikið atriði í mínum huga að það sé um að ræða ótvíræðan trúnað milli sjúklings og læknis og að hvergi beri skugga á þann trúnað og ég teldi það beinlínis hættulegt ef yfirvöld grípa til aðgerða sem trufla eða geta truflað það trúnaðarsamband sem þarf að vera á milli læknis og sjúklings. Ég hygg þess vegna að þó að fjármunirnir séu stórir og þýðingarmiklir séu hinir hagsmunirnir einnig mjög þýðingarmiklir, að þessi trúnaður sé til milli læknis og sjúklings og við honum sé hvergi hróflað. Þess vegna er það ætlun Ríkisendurskoðunarinnar við framkvæmd á þeim hugmyndum sem hér eru settar fram í frumvarpsformi að það yrðu trúnaðarlæknar á vegum Ríkisendurskoðunarinnar sem færu yfir bókhald viðkomandi lækna ef á því þyrfti að halda. Það væru læknar sem jafnframt væru bundnir af öðrum ákvæðum læknalaga. Það er út af fyrir sig leið og vonandi tekst að framkvæma hana þannig að það sé þolandi frá sjónarmiði heilbrigðisþjónustunnar ekki síður en frá sjónarmiði fjármálayfirvalda. Hlutverk Alþingis er ekki einasta að gæta fjármálalegra hagsmuna ríkisins heldur líka hagsmuna almennings gagnvart heilbrigðisþjónustunni á hverjum tíma.

Ég á sæti í þeirri nefnd, herra forseti, sem fær þetta mál til meðferðar. Ég áskil mér rétt til að skoða það nánar, kanna hvort rétt er að setja inn ákvæði um þessar skýlausu trúnaðarskyldur með beinni tilvísan til læknalaganna þegar um er að ræða

könnun á málefnum af því tagi sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Frv. sem hér er á dagskrá er hins vegar ekki einvörðungu um þau mál sem ég hef gert hér að umtalsefni. Það snertir fleiri þætti í samskiptum Ríkisendurskoðunar og þeirra aðila sem fá greiðslur frá ríkinu fyrir þjónustu. Í þeim efnum er kannski rétt að undirstrika að með þeim tíðindum, sem gerst hafa, að Alþingi hefur tekið við yfirstjórn Ríkisendurskoðunar, hafa auðvitað skapast möguleikar fyrir Alþingi til margvíslegs aðhalds að alls konar stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum í þessu landi sem eru með fjármuni frá ríkinu í sínum rekstri fyrir þá þjónustu sem þeir veita. Alþingi verður hins vegar að fara vel með þetta vald og hóflega og beita því af allri sanngirni, en það minnir okkur líka á að um leið og þessir möguleikar eru til opnast leiðir til að taka fyrir þætti sem til þessa hafa verið býsna lokaðir fyrir yfirvöldum, m.a. fyrir þinginu. Ég hygg að það hefði nú verið vænlegra, svo að ég nefni dæmi, fyrir hæstv. fjmrh. að fara þá leið að kanna hvort Ríkisendurskoðun hefði ekki tök á því að líta á fjármuni Landakotsspítala en hóta honum með bandarísku endurskoðunarfyrirtæki. Ég tel að þær hótanir sem hæstv. fjmrh. hefur haft í frammi við heilbrigðisþjónustuna hafi verið mjög ósmekklegar, að siga á hana endurskoðunarfyrirtækjum frá Ameríku, auk þess sem hæstv. fjmrh. fer ekki með heilbrmrn. sem betur fer. Þetta undirstrikar það atriði að það er eðlilegt að það sé Ríkisendurskoðunin sem fjalli um þessa hluti og þannig fái Alþingi aðgang að þeim.

Ég endurtek, herra forseti, að ég áskil mér rétt til að gera athugasemdir við þetta frv. í meðferð þingnefndar á því. Ég skil nauðsynina, en ég tel að okkur sé jafnframt skylt að hafa í heiðri þau grundvallaratriði sem lögum samkvæmt gilda um samband sjúklings og læknis, grundvallaratriði sem eiga að vera í gildi og við verðum að virða ekki síður en önnur grundvallaratriði.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég lýsi þeirri skoðun minni strax að ég er ekki sammála frv. Ég tel að Ríkisendurskoðun eigi ekki að hafa það vald sem frv. gefur henni. Ég tel að Ríkisendurskoðun eigi að vera hlutlaus stofnun án þess að hafa rannsóknarvald. Það frv. sem hér er skapar Ríkisendurskoðun heimild til að fara ofan í gögn sem stjórnsýslan sjálf hefur ekki heimild til að fara ofan í. Ég tel það vera andstætt þeim grundvallarreglum sem okkar þjóðfélag byggist á að því leytinu til að Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi en allt sem heitir rannsóknarvald heyrir undir framkvæmdarvald. Nú þegar verið er að tala almennt í þjóðfélaginu um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds finnst mér að við þingmenn verðum að athuga líka aðskilnaðinn á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Ég tel því það frv. sem hér er vera andstætt grunnreglum stjórnarskipunar Íslands, að Alþingi skapi sér slíkt rannsóknarvald.

Ástæða frv. er sú staða, sem nú er komin upp, að ríkisvaldinu er ekki heimilt að fara ofan í reikninga sem læknar senda Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu á læknisverkum þrátt fyrir samning Tryggingastofnunar við félag lækna um að slíkt eftirlit skuli heimilt. Í stað þess að fela stofnun á vegum löggjafarvaldsins heimild til að fara ofan í þau gögn er það mín skoðun að fyrst þurfi að gefa Tryggingastofnun þetta vald. Raunar tel ég það eðlilegasta skipun mála að Ríkisendurskoðun sem endurskoðunarfyrirtæki ríkisreikninga eigi aðeins að geta krafist upplýsinga um ýmis mál er varða fjárlögin og greiðslur af hálfu ríkisins frá þeirri stofnun sem fer með þann málaflokk og síðan á sú stofnun að hafa heimild til að afla þessara upplýsinga hjá þeirri undirstofnun sem gögn eða upplýsingar vantar frá. Á þessi yfirstofnun að hafa heimild til rannsóknar og eftir atvikum að gera sínar athugasemdir við reikningana eða gögnin áður en þeir berast Ríkisendurskoðun? Er þetta í fyrsta lagi rétt skipan til þess að koma í veg fyrir misskilning og í öðru lagi til að koma í veg fyrir togstreitu og vanhugsaða rannsókn?

Í þriðja lagi mætti nefna ábyrgðina á athuguninni. En ábyrgðin er einmitt það grundvallaratriði sem ég tel að sé á þessu frv. Á ábyrgðin að vera hjá stjórnsýsluaðilunum eða hjá hinum hlutlausa eftirlitsaðila sem sér um endurskoðun? Ég tel að það eigi að vera hjá stjórnsýsluaðilanum, eins og ég gat um hér áðan, og þá losnar Alþingi undan flóknum spurningum sem kunna að vakna um persónuleg málefni.

Í því máli sem er grundvöllur lagasetningar þessarar mundu læknar á vegum Tryggingastofnunar fara yfir reikningsgerðirnar en ekki aðilar á vegum Ríkisendurskoðunar. Tel ég það eðlilegri skipun með tilliti til þagnarskyldu lækna og óþarfa tortryggni sem alltaf skapast þegar utanaðkomandi aðili með rannsóknarvald leitar eftir upplýsingum og saklaus athugun fær á sig merki torkennilegs athæfis.

Sú spurning sem hér er vakin upp er hvort það eigi að gefa Ríkisendurskoðun rannsóknarvald. Sú skipan stenst ekki í mínum huga samkvæmt stjórnarskrá, eins og ég talaði um áðan, að Alþingi skuli gefið slíkt vald.

Enn er það sem felst nánar tiltekið í 2. mgr. þessa frv., að Ríkisendurskoðun getur með atbeina dómstóla farið inn í híbýli manna til að leita eftir gögnum, en sú heimild sem í því felst að fara til sakadóms getur ekki verið önnur en að fá húsleitarúrskurð eins og túlkuð hafa verið lög um tekju- og eignarskatt.

Þótt frv. þetta láti ekki mikið yfir sér felst í þessu sú grundvallarbreyting sem ég nefndi. Ég tel það einnig mjög varasamt út frá tiltrú manna á löggjafarsamkomunni að hún hafi í gegnum annan aðila heimild til að fá slíkan dómsúrskurð. Ég held að það sé nóg að framkvæmdarvaldinu sé gefið nánast ótakmarkað vald til að kafa ofan í vasa skattborgar-

ans en að borgarar þessa lands þurfi ekki að þola að Alþingi þurfi sjálft að brjóta á þeim með þessum hætti og með rannsókn með þessum hætti. Í mínum huga vil ég að rannsóknaraðilinn sé hjá stjórnsýslunni eins og hingað til og að dómstólar dæmi um hvort framkvæmdarvaldið hafi farið að lögum eða ekki.

Ég vil skýra þetta aðeins nánar og vísa þá til laga um Ríkisendurskoðun. Í grg. með frv. um Ríkisendurskoðun, I. kafla, segir til rökstuðnings því að aldrei hafi verið ætlunin að Ríkisendurskoðun hefði þetta vald:

„Með þessu frv. er einkum ráðgerð sú skipulagsbreyting á starfsemi Ríkisendurskoðunar að hún lúti framvegis forræði Alþingis."

Síðar segir í grg.: „Segja má að fjárstjórnarvald Alþingis sé fólgið í tvennu: fyrirframgerðri áætlun um tekjur og gjöld ríkisins um ákveðið tímabil og eftirliti — endurskoðun — með því að þeirri áætlun sé fylgt."

Þarna er aðeins verið að tala um endurskoðun, en ekki eins og sú endurskoðun sem fer fram úti í þjóðfélaginu hjá hlutafélögum og öðrum aðilum sem eru bundnir því að þurfa að þola endurskoðun samkvæmt lögum, endurskoðunin nær ekki lengra en það að fara yfir reikninga sem koma frá viðkomandi fyrirtæki en ekki að kafa ofan í einstaka liði.

En annars segir í 1. gr. laganna: „Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins, sbr. 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins."

Með þessari grein er Ríkisendurskoðun markaður staður innan ríkiskerfisins, að hún sé á vegum löggjafarsamkomunnar og hún eigi að sjá um endurskoðun og eftirlit, eins og ég minntist á endurskoðun að því leyti til að hún á að sjá um ríkisreikninga og að ríkisreikningur sé rétt færður og segi til um rekstur og stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma og að eftirliti með fjárlögum sé framfylgt. Ekkert í þessari grein, sem spannar verksvið Ríkisendurskoðunar, gefur tilefni til að ætla að hún eigi að hafa með höndum rannsóknarvald, enda, eins og ég sagði áðan, stóð það aldrei til hjá höfundum frv. að hún fengi slíkt vald.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna er ekki heldur mælt fyrir um þetta vald. Þar er aðeins talað um aðstoð við þingnefndir og yfirskoðunarmann ríkisreikninga við störf að fjárhagsmálefnum ríkisins. Af þessum sökum hefði verið óeðlilegt að í þessum sömu lögum væri mælt fyrir um í 7. gr. að slíkt vald væri fyrir hendi. En nú er einmitt verið að breyta þessari grein vegna þess vanda sem upp er kominn og lýst var hér áðan og af öðrum sem hér hafa talað.

Ég er í sjálfu sér ekki á móti eftirliti og er mjög hlynntur því að virkt eftirlit sé innan ríkiskerfisins. Hins vegar er spurningin með hvaða hætti þetta eftirlit á að vera. Á það að vera á vegum Alþingis og þá með þeim hætti sem segir í þessu frv. eða á það að vera með þeim hætti að stjórnsýslan sjálf geti annast það og síðan gefið upplýsingar til Ríkisendurskoðunar? Ég er sammála því að það sé spor í rétta átt að Ríkisendurskoðun sé undir Alþingi þó svo að Ríkisendurskoðun sem slík fari þarna með framkvæmdarvald.

En ég minntist hér á að ég teldi þetta vera andstætt grunnhugsun stjórnarskrárinnar. Eins og alkunna er er Alþingi bundið af stjórnarskránni eins og aðrir handhafar ríkisvaldsins þó segja megi að þjóðþingið hafi að því leyti yfirburðaaðstöðu fram yfir aðra handhafa að það skipar þeim reglum innan ramma stjórnarskrárinnar til þess að fara eftir.

Alþingi getur ekki fremur en aðrir skammtað sér meira vald en stjórnarskráin markar því. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Alþingi fer með löggjafarvald, dómstólar með dómsvald og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvald."

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði þess efnis að Alþingi geti sett á stofn rannsóknarnefndir um tiltekin mál. Valdsvið þessara nefnda er mjög takmarkað og nær aðeins til þess að kalla menn fyrir. Um skipan slíkra nefnda þarf samþykki meiri hluta á Alþingi. En því miður hefur þessari heimild aðeins verið beitt einu sinni, 1955.

Í því máli sem hér um ræðir er ekki verið að setja slíka nefnd á stofn heldur er verið að búa til stofnun á vegum Alþingis til að kafa ofan í gerðir framkvæmdarvaldshafanna og einstakra aðila sem tengjast því og fá fé frá ríkinu. Þarna erum við komin langt út fyrir starfssvið Alþingis að ég tel.

Ég held að við verðum að athuga aðeins nánar hvernig fjárstjórnarvaldi Alþingis er háttað og hver er sú eðlilega skipun sem ég tel að verði að vera. Eins og öllum er kunnugt fer Alþingi með fjárveitingavaldið og það er nánast eina skylda þingsins að sjá til þess að fjárlög séu afgreidd ár hvert. Fjmrh. sem handhafi þess þáttar framkvæmdarvaldsins sér um að leggja fjárlagafrv. fyrir þingið og fjvn. þingsins sér um eins og nú er, Ríkisendurskoðun líka, að það er farið ofan í saumana á frv., en þó aðallega að taka við beiðnum frá þeim aðilum sem telja að fjmrh. hafi skammtað sér eða sinni stofnun of lítið fé. Töluvert er við gerð fjárlagafrv. farið ofan í saumana á einstökum beiðnum sem berast um framlög úr ríkissjóði og þar er áætlað hve mikið hver stofnun þarf til rekstrar og um ný framlög af ríkisfé. Fjvn. er líka sá vettvangur sem stjórnarskráin hefur ákveðið að marka skuli ramma fjárlaga. Það er líka skylda Alþingis að láta ekki af hendi fé skattborgaranna nema rökstuðningur sé fyrir slíku framlagi.

Alþingi á ekki að fara í þá hluti aftur hafi það einu sinni ákveðið slíkt framlag. Árið á eftir getur það hins vegar neitað um framlag nema gögn liggi fyrir

um nauðsyn slíks framlags. Alþingi á að neita um framlag nema rökstuðningur sé fyrir slíku. Stjórnsýslan á líka að geta sýnt fram á nauðsynina og hafa heimildir í lögum til að afla sér slíkra gagna geti hún ekki að óbreyttum lögum aflað sér slíkra gagna og þá á Alþingi að sjá til þess að slíkar heimildir séu fyrir hendi. Þannig á Alþingi að starfa með stjórnsýslunni en ekki að þingið hafi valdið sem stjórnsýslan hefur ekki til að rannsaka einstaka þætti í stjórnkerfinu. Þingið á þannig aðeins að geta krafist gagna en ekki fara sjálft af stað til að afla sér þeirra því rökstuðningurinn fyrir beiðninni á að vera nægilegt aðhald. Hvort það er eða ekki breytir ekki því grundvallarviðhorfi sem þarna á að ríkja milli löggjafans og fjárveitingavaldsins annars vegar og stjórnsýslunnar sem ráðstöfunaraðila hins vegar.

Spurningin er einnig hve æskilegt þetta vald er fyrir löggjafann, að fara ofan í reikninga sem ríkið hefur krafið greiðslu á frá læknum og fleiri aðilum sem svipað eru settir gagnvart ríkisvaldinu. Ég tel að slíkt vald sé til óþurftar og samrýmist ekki störfum þjóðþings. Öll rannsókn, hvaða nafni sem hún nefnist, á að fara fram á vegum framkvæmdarvaldshafa en hvorki löggjafarvaldsins né dómsvaldsins þó svo verið sé að rannsaka þætti er snúa að innri málefnum stjórnsýslunnar eins og hér á við. Hvernig færi ef t.d. sakadómur kvæði upp úrskurð að beiðni Ríkisendurskoðunar um leit að gögnum hjá einhverjum ákveðnum lækni og við rannsóknina brytu menn á vegum Ríkisendurskoðunar á rétti læknisins þannig að sá aðili færi í skaðabótamál? Þá er spurningin: Yrði Alþingi þá gert ábyrgt fyrir gerðum Ríkisendurskoðunar og skaðabótaskylt? Ef slík er raunin held ég að við séum komin á villigötur.

Ég vil á grundvelli þess sem ég hef sagt hér ítreka þá skoðun mína að ég tel að Ríkisendurskoðun eigi ekki að hafa þetta vald og það hafi ekki verið þegar frv. þetta var samið gengið út frá því að Ríkisendurskoðun hefði þetta vald.

Hins vegar tel ég það mjög eðlilega skipan að heimildir skuli vera í lögum fyrir yfirstofnun sem greiði ákveðna reikninga fyrir hönd framkvæmdarvaldsins, hafi rétt til þess að fara ofan í þá hluti sem hún er að greiða fyrir og hafi öll þau gögn sem sá reikningur byggist á. En á þessu tvennu, eins og ég hef lýst hér, er grundvallarmunur. Annars vegar er það hvort stjórnsýslan sjálf hafi þessa heimild eða þá hvort það eigi að vera stofnun, utanaðkomandi aðili sem hafi meira vald en stjórnsýslan sjálf.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það eru að sjálfsögðu almannahagsmunir að vel sé farið með fé skattborgaranna og það er nauðsynlegt að hægt sé að hafa eftirlit með meðferð þess fjár. Tilefni þessa frv. hefur þegar verið skýrt hér fyrr í umræðunum og mun ég ekki ræða það frekar. En af því tilefni vil ég vekja athygli á því að nú um nokkra hríð hafa staðið samningaumleitanir milli Tryggingastofnunar og Læknafélags Íslands um hvernig best væri að haga eftirliti stofnunarinnar með þeim reikningum sem læknar senda stofnuninni og fá greidda fyrir unnin læknisverk. Ýmsar aðferðir hafa verið ræddar til að mæta þeim kröfum eða sem geta mætt þeim kröfum sem reikningsskil Tryggingastofnunar gera, en þó þannig að ekki sé rofinn sá heiðbundni trúnaður sem nauðsynlegt er að ríki milli læknis og sjúklings og er reyndar lögskipaður í 10. gr. núgildandi læknalaga, með leyfi forseta:

„Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess er einkamálið varðar nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þessi gilda einnig um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni eftir því sem við getur átt."

Í mínum huga er það meginmál eins og ég hef áður minnst á að eftirlit sé haft með meðferð almannafjár og t.d. má nefna það mikla fjármagn sem rennur í gegnum Tryggingastofnun. Mér finnst eðlilegt að Tryggingastofnun sjálf hafi með höndum þetta eftirlit og ég held að skipan þess verði best komið með samningum milli Tryggingastofnunar og þeirra sem eftirlitið á að ná yfir. Ég vil vekja athygli á því jafnframt að það ríkir almennur vilji meðal lækna að þetta eftirlit sé viðhaft. Ég vil vitna í nýlegt fréttabréf lækna frá því í marsmánuði á þessu ári og benda mönnum á það, það er reyndar 3. tölublað, gefið út 1. mars, þar sem vitnað er í fundarályktun Læknafélags Reykjavíkur. Á almennum félagsfundi í Læknafélagi Reykjavíkur var samþykkt eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Fundur í Læknafélagi Reykjavíkur, 8. febr. 1988, leggur áherslu á nauðsyn þess að haft sé öflugt og virkt eftirlit með störfum og reikningum lækna. Fundurinn harmar þann misskilning, sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að samtök lækna vilji á nokkurn hátt halda hlífiskildi yfir læknum sem gerast brotlegir við lög og reglur, en leggur áherslu á að fyllsta trúnaðar og nafnleyndar sé gætt meðan rannsókn stendur yfir. Fundurinn felur stjórn Læknafélags Reykjavíkur og formanni gjaldskrárnefndar Læknafélags Reykjavíkur að finna lausn á framkvæmd þessa eftirlits á þann hátt að samningsaðilar geti sætt sig við og hagsmunir sjúklinga verði tryggðir."

Reyndar er í þessu fréttabréfi rakinn aðdragandi þessa máls og öll framvinda þess og ég bendi mönnum á að kynna sér það frá sjónarmiði lækna því að ég hygg að við samningu þessa frv. hafi ekkert samband verið haft við Læknafélagið.

„Ekki fer á milli mála", stendur áfram, „að læknar sem vinna samkvæmt gjaldskrá telja sjálfsagt

og eðlilegt að haldið sé uppi eftirliti með reikningum. Hins vegar hefur risið ágreiningur um framkvæmd þess. Skoðanir lækna eru skiptar hvort það teljist þagnarskyldubrot að trúnaðarlæknar greiðsluaðila kanni sjúkraskrár til að sannreyna réttmæti reikninga. Burtséð frá þeim skoðanamun telur stjórn Læknafélags Íslands að sjúkraskrár séu hvorki ákjósanleg né traust heimildargögn um réttmæti reikninga og liggja til þess ástæður sem óþarft er að rekja hér. Gjaldskrárnefndin hefur bæði fyrr og síðar bent á aðrar fljótvirkari og öruggari aðferðir sem gagnaðilar hafa ýmist ekki talið hagkvæmar eða óframkvæmanlegar að svo komnu. Stjórn og gjaldskrárnefnd hafa lagt til eftirfarandi vinnulag við framkvæmd eftirlits með gjaldskrárreikningum heilsugæslulækna."

Síðan fylgja ítarlegar tillögur í fjórum liðum sem ég mun ekki lesa upp hér en vísa mönnum á að kynna sér. — Og áfram segir: „Til að rannsókn samkvæmt ofanskráðri lýsingu geti farið fram þarf að taka strax á málum. Töf á afgreiðslu hindrar eðlilega úrvinnslu, sama hvaða leiðir eru farnar. Þess vegna verða Tryggingastofnun og sjúkrasamlög að setja sér vinnureglur um eftirlit með reikningum lækna þannig að strax megi grípa inn í ef grunur leikur á misbeitingu. Þá er mikilvægt að samstarfsnefnd Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Íslands fái með reglubundnum hætti upplýsingar um reikninga lækna svo hún geti gripið inn í ef þurfa þykir, jafnvel áður en samlög tækju ákvörðun um slíkt. Framangreindar leiðir hafa verið kynntar fyrir þeim aðilum sem gagnrýnt hafa núverandi eftirlitsákvæði. Hafa þeir lýst sig samþykka þeim vinnubrögðum sem að framan er lýst. Tillögur hafa verið kynntar og ræddar á fundum með samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins og má telja að málunum miði í samkomulagsátt. Takist samkomulag milli samningsaðila ætti öllum deilum um framkvæmd eftirlitsákvæða að vera lokið."

Í ársbyrjun, 12. jan. á þessu ári, ritaði formaður samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins grein í Morgunblaðið sem ég vil vitna til, en hann heitir Helgi V. Jónsson:

„Allt frá árinu 1978 hefur verið ákvæði í samningum aðila að heimilt væri að tilteknir læknar skoðuðu sjúklingabókhald lækna, en í því felst að bera saman læknisverk samkvæmt reikningi og læknisverk samkvæmt sjúklingabókhaldi. Voru það í fyrstu tveir sérstaklega tilkvaddir læknar, en frá árinu 1984 hafa læknar Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga haft þessa heimild samkvæmt samningunum. Eru þeir ekki síður bundnir þagnarskyldu en aðrir læknar samkvæmt læknalögum, enda ráðnir sem slíkir. Læknafélögin og Tryggingastofnun ríkisins eru sammála um, eins og fram kemur í framangreindum samningi, að tryggja eigi sem best rétta beitingu hinnar umsömdu gjaldskrár og að eftirlit sé viðhaft til að fyrirbyggja misferli með almannafé. Var eftirlit þetta þegar árið 1979 úrskurðað heimilt af siðanefnd lækna."

Þannig er ljóst að báðir málsaðilar eru hlynntir því að eftirlitið fari fram. Spurningin er í raun bara um hvernig á að gera það þannig að trúnaðarskylda sé varðveitt, en nægar reikningslegar upplýsingar fáist til þess að stofnunin geti kannað hver læknisverk hafa verið unnin og hvernig hefur verið staðið að greiðslum.

Ég tel sem sé að það sé fyrst og fremst milli Tryggingastofnunar og Læknafélagsins sem þessir samningar og þetta eftirlit eigi að fara fram. Það er síðan álitamál hvort þarf í undantekningartilvikum að veita Ríkisendurskoðun heimild til að kanna slíkt. Hún þarf þó vitanlega að geta kannað þau reikningsskil sem stofnanir sem hún á að endurskoða hafa með höndum. En ég mundi eindregið mæla með því að afgreiðsla þessa máls yrði fyrst og fremst milli Tryggingastofnunar og Læknafélagsins eða þeirra aðila sem hún greiðir beint fyrir unnin verk.

Ég á sæti í hv. heilbr.- og trn. deildarinnar og mér gefst þá tækifæri til að ræða þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram bæði í umræðunni um málið og kannski ekki síður í greinargerð að þegar um væri að ræða gjaldskrár lækna sem þessi lög eiga að ná yfir að þar væru fundnar ákveðnar reglur þar sem trúnaðarskyldu læknis við sjúkling væri gætt en sem jafnframt heimiluðu nauðsynlega endurskoðun. Ég held að það sé nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram að endurskoðunin sé undir öllum kringumstæðum aðeins heimil með þeim reglum sem tryggja að trúnaðarsambandið verði ekki rofið. Ég tel það mjög mikilvægt.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er um að ræða fjallar ekki sérstaklega um lækna eða neinn sérstakan aðila sem þiggur greiðslur frá ríkinu heldur alla þá sem hafa viðskipti við ríkissjóð. Það er hins vegar svo að málefni lækna hafa blandast í þetta mál að gefnu tilefni. Tilefnið er vissulega alvarlegt og hefur rekið á eftir því að menn eru að tala um breytingar á þessari löggjöf. Heimildir Ríkisendurskoðunar til að skoða bókhald aðila hafa verið vefengdar og því verður að styrkja þessar heimildir.

Það virðist, þrátt fyrir hið lögboðna viðfangsefni stofnunarinnar að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga, hafa láðst að marka þær eftirlitsheimildir til handa stofnuninni gagnvart þeim aðilum sem sótt hafa getað greiðslur í ríkissjóð á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við ríkisstofnanir.

Það eru fjölmargir sem þiggja greiðslur frá ríkinu og eru það aðrir en sveitarfélög. Það eru fyrirtæki og það eru einstaklingar og verður ríkið að mínu mati eða Ríkisendurskoðun að hafa heimild til að skoða hver eru rök fyrir reikningum hverju sinni. Ég hef rætt við fjölmarga aðila sem hafa komið nálægt þessum málum og hafa þeir nefnt hin ótrúlegustu dæmi um hvernig menn geta misnotað aðstöðu sína á herfilegan hátt með auðvitað þjófnaði gagnvart

ríkinu. Ég tilgreini bara aðeins eitt dæmi hér, sem er rétt, að viðkomandi hafi komið til læknis og það skráð í sjúkraskýrslu að hann sé með hálsbólgu, en reikningurinn hljóðar upp á gips á fæti. Þetta er aðeins eitt dæmi. Þau eru fjölmörg önnur til. Og þetta segir okkur að það er þörf á því að skoða þessa hluti eins og aðra.

Mjög hefur verið gert úr því að trúnaðarskylda lækna sé ekki í heiðri höfð með þessari löggjöf eða frv. þessu, ef það verður að lögum, en ég tel að það sé mikill misskilningur þegar af þeirri ástæðu að sú gagnaskoðun sem talað er um er í rauninni óframkvæmanleg af öðrum en læknum sem bera sömu trúnaðarskyldur og þeir sem eiga að varðveita þennan trúnað við sjúklinga sína.

Þá ber þess að geta að á starfsmönnum Ríkisendurskoðunar hvílir að sjálfsögðu þagnarskylda sem öðrum opinberum starfsmönnum um allt það sem þeir komast að um persónulega hagi manna í störfum sínum. Ég skil vel þessar athugasemdir eða efasemdir, en ég tel að það sé séð fyrir því að þessi trúnaður sé ekki brotinn. Hann má heldur ekki brjóta og það verður ekki gert eða það er ekki til þess ætlast og ekki meiri líkur til þess en með öðru fyrirkomulagi.

Hvers vegna voru þessar heimildir Ríkisendurskoðunar vefengdar? Það má spyrja að því vegna þess að það eru í gildi samningar við Læknafélagið um hvernig með þessi mál skuli fara. Tryggingastofnun taldi sig vera í góðri trú í þessum efnum. Ríkisendurskoðun taldi sig í góðri trú með það að mega skoða öll þessi gögn. En það að vefengt hefur verið hvort hún gæti það gerir það að verkum að hér verður að marka skýrar línur.

Ég skil hins vegar ekki mótrök hv. 11. þm. Reykv. sem ræðir um að það sé nóg vald að kafa í vasa landsmanna eftir sköttum og segir jafnframt að hann sé ekki á móti eftirliti. Ég tel að þetta sé röng hugsun, að eitthvað slíkt sé á ferðinni að menn séu að kafa ofan í vasa almennings á einn eða annan hátt heldur er verið að sannreyna hvað snertir fé sem krafið er af ríkinu hvort það sé eðlilegt að þess fjár sé krafist, ekkert annað. Ég tel að þeir sem fyrir þessu verða megi verða ánægðir með að Alþingi eða Ríkisendurskoðun geti skoðað þessa reikninga eða að þær fjárreiður sem lúta að reikningum sem vísað er á ríkissjóð séu skoðaðar og þess vegna komið í veg fyrir að nokkur vafi sé á því að greiða skuli. Það er ekki hægt að líða að einstakir aðilar geti tekið af ríkissjóði svo mikið fé sem þá lystir án þess að ríkissjóður eða Ríkisendurskoðun geti skoðað hvort það sé eðlilegt. Þess vegna verður að setja þessa löggjöf og ég treysti því að hv. deild muni sameinast um það að mestu leyti að samþykkja þetta frv. Annars gengur Ríkisendurskoðun lömuð til leiks og hvers konar óprúttnir aðilar geta haldið áfram að taka fé úr ríkiskassanum án þess að eiga það skilið.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Meðflm. minn, hæstv. forseti deildarinnar, hefur nú talað í þessu máli og tekið ómakið að nokkru leyti af mér. En mér þykir rétt að segja samt nokkur orð í tilefni þess sem fram hefur komið hér í þessum umræðum.

Hv. 7. þm. Reykv. lagði áherslu á það að það væri nauðsynlegt að gæta hagsmuna borgaranna jafnframt því að gæta hagsmuna ríkissjóðs í þeim efnum sem við ræðum núna. Hv. 6. þm. Reykv. mælti í sama anda. Og ég vil segja það hér að ég er algjörlega sammála þeim um þetta og ég tel að við séum sammála um það sem er kjarni málsins í þessu efni að það sé búið svo um að hægt sé að fylgjast með réttmæti reikninga og krafna sem gerðar eru á hendur ríkinu og að gæta þess að trúnaður sé ekki brotinn og fullt tillit tekið til borgaranna. Þegar ég segi að ég sé sammála þessum hv. þm. um þetta, sem auðvitað er kjarni málsins, þá legg ég áherslu á það að við forsetar, allir flm. frv., erum sammála um þetta. Og ég vil bæta því við að ríkisendurskoðandi leggur mikla áherslu á þetta sjónarmið líka.

Það ber að hafa í huga að öll störf Ríkisendurskoðunar eru þess eðlis að það má ekki í neinu fara offari í þeim. Það verður að gæta varúðar í þessu efni. Og það verður að gera ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun kosti kapps um að nýta þær skoðunarheimildir sem hún hefur á þann hátt að ekki skapist trúnaðarbrestur milli manna. Við erum sammála um þetta.

Við höfum rætt um þetta atriði sérstaklega með tilliti til lækna og þjónustu lækna sem þeir gera reikning fyrir til ríkisins. Það er af sérstökum ástæðum, eins og kom fram í mínu máli hér áðan og hæstv. forseti deildarinnar benti einnig á. En ég legg áherslu á að við töldum að það væri ekki rétt að fara að setja inn ákvæði í lögin um Ríkisendurskoðun með sérstöku tilliti til lækna. Hv. 7. þm. Reykv. varpaði fram þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að leysa málið með breytingum á lögum um almannatryggingar. Þetta hefur verið athugað sérstaklega við undirbúning málsins og líka hvort hægt væri með tilliti til lækna að setja ákvæði sem þetta varðar inn í sjálf læknalögin. En við töldum og Ríkisendurskoðun telur að það sé ekki rétt að setja í lög ákvæði um þetta efni sem beinlínis eigi við lækna en geti ekki átt við aðra. Það þurfi, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, að setja almenn ákvæði sem geta gilt á hvaða vettvangi sem er. Það er engin ástæða að ætla það að læknar þurfi meira aðhald í þessum efnum en aðrar stéttir, að þeir séu frekar líklegir til þess að misnota aðstöðu sína gagnvart ríkinu en aðrar stéttir. Við viljum ekki ganga út frá því.

Hins vegar er það svo að það sem viðkemur læknum í þessu efni er viðkvæmt vegna trúnaðarsambands milli læknis og sjúklings. Og með tilliti til þess þá vil ég hér vekja athygli á því að Tryggingastofnun ríkisins byggir núna heimild sína til aðgangs að sjúkrabókhaldi á samningi fyrir heimilis- og heilsugæslulækna sem gerður var milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins á síðasta ári.

Hv. 6. þm. Reykv. benti á að nú um þessar mundir væru samningaumleitanir um þessi efni sem fram færu á milli Tryggingastofnunar og Læknafélagsins. Og hv. þm. sagði að það ríkti almennur vilji meðal lækna um góða samvinnu í þessu efni. Þetta er alveg rétt. Það ríkir almennur vilji meðal lækna og þetta hefur ekki verið vandamál, þar til það komu upp mótmæli frá einum aðila. Þetta hefur ekki verið vandamál.

Þá vil ég til undirstrikunar á því að þetta er ekki vandamál minna á að 1979 fór slíkt mál sem hér um ræðir fyrir siðanefnd Læknafélags Íslands. Það var spurning um það hvort læknar brygðust trúnaði við sjúklinga sína ef þeir gæfu upplýsingar um sjúkrabókhaldið. Ég er hér með þennan úrskurð frá 1979 fyrir framan mig en ætla ekki að fara að rekja hann. Ég vil þó aðeins upplýsa hvert úrskurðarorðið var. Það var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 10. gr. samnings um sérfræðilæknishjálp milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins hf. fyrir hönd annarra sjúkrasamlaga, með gildistíma frá 1. jan. 1978, brýtur hvorki í bága við lög eða siðareglur lækna né læknalög.“ Á þessari skoðun hefur verið byggt á undanförnum árum og þetta hefur ekki verið vandamál.

Þá vil ég í þriðja lagi í sambandi við þetta atriði sem viðkemur læknum benda á það, sem raunar hefur komið fram áður í umræðunum, að sú skoðun sem Ríkisendurskoðun þarf að gera á sjúkraskrám er gerð af læknum, engum öðrum vegna þess að það geta engir nema læknar unnið það starf. Og þeir læknar sem störf þessi vinna eru bundnir af siðareglum og læknalögum eins og aðrir læknar. Þetta vildi ég að hér kæmi fram.

En ég ítreka það, sem hv. 9. þm. Reykn. gerði rækilega, þetta frv. sem hér er til umræðu er ekki sérstaklega um lækna. Við erum að tala um að lögfesta almenn ákvæði, sem menn töldu að hefðu verið sett inn í lögin 1986. Komið hafði í ljós að heimildir Ríkisendurskoðunar voru ekki ótvíræðar. Það er til þess að bæta úr þessum mistökum sem þetta frv. er lagt fram.

Hv. 11. þm. Reykv. talaði hér í þessum umræðum. Hann eyddi nokkrum tíma í að mótmæla þessu frv., sagðist vera andvígur þessu frv. Ég ætla ekki að fara að rekja einstök atriði sem hann benti á. Ég kemst þó ekki hjá því að segja það að ég er undrandi á þeim misskilningi sem virðist koma fram hjá þessum hv. þm. Hv. þm. talaði mikið um rannsóknarvald og kallaði skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar rannsóknarvald. Mér skildist að hann segði að það ætti að vera hjá framkvæmdarvaldinu ekki þó hjá dómsvaldinu. Allt um þetta, allar staðhæfingar og allar ályktanir af staðhæfingum fá ekki staðist að mínu viti, eru gjörsamlega út í hött, allt hans tal. Og hann talar þannig fyrst, virtist mér, að það væri einhver skelfing að ske ef þetta frv. væri lögfest. En þegar kom fram í hans ræðu þá virtist mér að þessi ósköp hefðu náttúrlega dunið yfir þegar lögin um Ríkisendurskoðun voru sett árið 1986, því að það sem við erum hér að leggja til með frv. þessu er ekkert annað heldur en nánari skilgreining á því sem menn töldu sig vera að gera árið 1986.

En hv. þm. leyfir sér að segja að þetta frv. sé stjórnarskrárbrot og einnig lögin um Ríkisendurskoðun. Ég hélt að mér hefði misheyrst, en mér misheyrðist ekki, ég skrifaði þetta orðrétt upp eftir honum. En ég vona nú að hv. þm., ef hann telur að hér sé ekki farið með rétt mál af minni hálfu, skýri þá þetta og falli frá fullyrðingum um slíkt, að Alþingi hafi verið að brjóta stjórnarskrána þegar lögin um Ríkisendurskoðun voru sett. Það þarf ekki að taka það fram hér, þetta er nú flestum hér í fersku minni þegar þessi lög voru sett, að þau eru mjög í anda þeirra laga sem gilda um þessi efni í öllum okkar nágrannalöndum, þar sem hefðbundnar reglur lýðræðis og góðra stjórnarhátta eru viðhafðar.

Hv. 11. þm. Reykv. er að mínu viti á algjörum villigötum í þessu máli og ég hirði ekki um að fylgja honum frekar eftir á þeim götum.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Það féllu stór orð í minn garð hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég held að fáir hafi frá þessum hv. þm. fengið eins mikla átölu og ég í þessari ræðu. Þess vegna tel ég það vera skyldu mína að koma hér upp og gera ögn betur grein fyrir mínum skoðunum, og þá fullyrðingum sem hann talaði um að ég hefði haldið hér fram.

Hv. þm. segir að ég hafi byggt þetta allt á misskilningi og að ég hafi talað um stjórnarskrárbrot, ég hafi verið andsnúinn þeim lögum sem sett voru um Ríkisendurskoðun. Þvert á móti sagði ég í ræðu minni að ég teldi að Ríkisendurskoðun ætti að heyra undir Alþingi. Það var eitt atriði og kom skýrt fram. Það kom líka skýrt fram að ég teldi að þessi réttur, sem þarna er og kemur fram í þessu frv., ætti ekki að heyra undir Alþingi eða stofnun sem er á þess vegum.

Ég kom ekki inn á það að þetta frv. væri stjórnarskrárbrot í þeirri merkingu sem hv. þm. vildi vera láta. Ég sagði það vera mína skoðun að þetta frv. samrýmdist ekki þeirri stjórnskipun sem við höfum byggt okkur. Og á því er grundvallarmunur. Ef Alþingi, sem án efa er valdamesta stofnun innan ríkiskerfisins, telur að það vilji setja lög um ákveðin atriði þá hefur það þessa heimild. En það sem ég taldi að væri, væri það að ég teldi ekki rétt, miðað við þá hugsun sem ég held að sé eðlilegust varðandi þrígreiningu valdsins, að löggjafinn tæki sér meira vald en það að setja hér lög. Ég tel raunar að Alþingi hafi á undanförnum árum algjörlega — ég segi það beint út — algjörlega vanrækt þá skyldu sína að hugsa fyrst og fremst um það að setja landinu lög.

Alþingi hefur á undanförnum árum verið að færast í þá átt að vera að vasast ofan í gjörðir

framkvæmdarvaldshafanna og ég held þegar maður lítur á það frv. sem hér átti að leggjast fram og átti að ræðast, um aðgreiningu framkvæmdarvalds og dómsvalds, þá held ég að Alþingi þurfi að fara að hugsa sinn gang um það hvernig það vill marka þessa þrígreiningu sem stjórnarskráin er byggð upp á.

Ég held við þá skoðun sem kom fram hér í fyrri ræðu minni um að það vald sem hér er verið að ræða um hafi ekki átt að vera í lögum um Ríkisendurskoðun. Það er seinni tíma túlkun og þessi lög, sem lög um Ríkisendurskoðun eru byggð á, eru að meginstofni til frá árinu 1931. Og aldrei á þeim árum þegar Ríkisendurskoðun var undir fjmrn. var talað um það að þessi heimild yrði fyrir hendi. Ég get ekki séð í grg. eða í umræðum hér á Alþingi að talað hafi verið um það að Ríkisendurskoðun ætti að hafa meira vald en stjórnsýsluaðilar. Hafa það vald að fara ofan í gögn sem yfirstofnun hefur ekki heimild til þess að fara ofan í.

Ég held að þarna sé komið að þeim kjarna sem var í minni ræðu, að ég tel það vera hlutverk Alþingis, ef stjórnsýslan á að starfa eðlilega og við eigum að gera þá kröfu til stjórnsýslunnar, eins og eðlilegt má þykja, að hún hafi heimildir í lögum til þess að sinna því hlutverki sem hún á að sinna. Alþingi á ekki að koma með einhverja stofnun sem heitir Ríkisendurskoðun og segja: Hérna er spilling í ríkiskerfinu, nokkuð sem stjórnsýslan getur ekkert farið ofan í. Mér finnst hlutverk Alþingis vera frekar það að skapa stjórnsýslunni þannig reglur að hún hafi heimildir til þess að fara ofan í hluti sem hún telur sér eðlilegt að fara ofan í. Í því máli sem hér um ræðir og talað hefur verið um, þá var það Tryggingastofnun ríkisins sem fór þess á leit við Ríkisendurskoðun að Ríkisendurskoðun færi í þetta mál út af því að Tryggingastofnun ríkisins hafði ekki heimild til þess að fara ofan í reikninga læknanna. Mér fyndist það mjög eðlilegt að Alþingi samþykkti lög er heimiluðu Tryggingastofnun að fara ofan í þessa hluti, en ekki að það sé þriðji aðili einhvers staðar úti í bæ sem kæmi allt í einu og vildi fá heimild til að skoða þessa reikninga og kæmi svo með fullyrðingar í þá átt að þetta sé bara bruðl og vitleysa í ríkiskerfinu.

En þar sem hv. 4. þm. Vestf. taldi ekki ástæðu til að fara ofan í þá hluti sem ég ræddi um, þá sýnist mér nú þeir standa þangað til þeir með rökum verða felldir. Og hvorki í fyrra starfi mínu né hér á Alþingi hef ég mætt því að á rök mín hafi verið slegið með þeim hætti sem hér var, slegið með þeim hætti að þetta væri bara misskilningur og eitthvert rugl. Mér finnst þetta af forseta Sþ. vera mjög lágkúrulegt, ef ég á að segja alveg eins og er.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög miður að læknar skuli blandast svo mjög inn í þetta frv. því mér er það ljóst að það er mikill meiri hluti lækna sem vill hafa þessa hluti á hreinu, alla reikningsfærslu. Það er með þennan þátt eins og annað, svo sem einhvers staðar var sagt, að það eru rónarnir sem koma óorði á brennivínið. Eins er það í þessu tilviki. En hitt er rétt að athuganir á reikningsfærslu lækna hafa orðið til þess að hreyfa við mönnum um það að heimildir séu ekki nægar til að skoða þá hluti sem Ríkisendurskoðun þarf að skoða.

Ég áfellist ekki sérstaklega hv. 11. þm. Reykv. fyrir það að vera andvígur þessu frv. Það virðist vera flokksskoðun Borgarafl. að vera andvígur þessu frv. Ég skil ekki fyllilega hvað liggur því til grundvallar. Ég tel að þau rök sem hv. 11. þm. Reykv. hefur sett fram séu röng. Ég er annarrar skoðunar og tel að það þurfi að tryggja það að Ríkisendurskoðun hafi fulla heimild til að athuga hvort þeir sem framvísa reikningum til ríkisins fari með rétt mál. Það er óskiljanlegt ef menn eru á móti því og liggur mér við að halda að þeir sem það vilja ekki séu sérstakir verndarar þeirrar spillingar sem almennt er vilji fyrir að taka á.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég ætlaði nú ekki að taka aftur til máls. Það var út af hugarástandi hv. 11. þm. Reykv. sem ég stend nú upp. Hann ber sig undan því sem ég sagði, telur að það sé of harðleikið hér í umræðum að segja við hv. þm. að það sé misskilningur sem hann er að segja og að hann sé á villigötum. Mér þótti eðlilegt að segja þetta eftir fyrri ræðu hv. þm. og ég sé ekki eftir síðari ræðu hans neina ástæðu til þess að breyta þessari skoðun minni.

Ég vísa því til föðurhúsanna sem hv. þm. segir að það sé óþinglegt, að því er best verður skilið, að kveða svo að orði í umræðum að hv. þm. sé að fara með misskilning eða sé á villigötum í umræðum. Það hefur ekki tíðkast á Alþingi Íslendinga fram til þessa að það væri ekki talið eðlilegt í umræðum að kveða svo að orði, ef tilefni þætti til, hver sem í hlut kann að eiga.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. knúði mig hingað upp. Hann sagði berum eða óberum orðum að við þm. Borgarafl. værum verndarar spillingarinnar. Ég taldi það koma skýrt fram í ræðu minni að ég væri ekki á móti eftirliti, alls ekki, hvort sem það eru læknar eða aðrir aðilar. Ég taldi einmitt nauðsyn á eftirliti með þeim fjármunum sem ráðstafað er á vegum ríkisins. Hins vegar var ég ekki sammála því hvernig þessu eftirliti skyldi hagað og á því er nú grundvallarmunur. Og því miður verð ég að segja að það sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykn. hafi verið útúrsnúningur einn.

Ég vil ekki fara ofan í seinni ræðu hv. 4. þm. Vestf., en ég tel að hér á Alþingi eigi, eftir því sem tök eru á, að fara fram málefnalegar umræður og hver geti haldið fram sínum skoðunum hverjar svo sem þær eru, hvort þær eru réttar, hvort þær eru rangar og á hverju sem þær byggjast. Ég taldi hér áðan að ég hefði með rökum sýnt fram á þær

skoðanir sem ég hefði á þessu frv. Hvort þær eru réttar eða rangar, það kannski skiptir ekki öllu í því hvað aðrir halda, en þetta er mín skoðun og ég tel það enn og aftur og sé ekki að í neinu hafi verið sýnt fram á að þær séu ekki réttar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 781.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um virðisaukaskatt sem er 431. mál þingsins. Þetta mál er ekki í fyrsta skipti sem slíkt frv. er birt hér á hinu háa Alþingi. Frumvörp um þetta efni voru lögð fram haustið 1983, 1984 og 1986. Þessi frv. hlutu aldrei afgreiðslu Alþingis. Í tvö fyrri skiptin má segja að um hafi verið að ræða kynningu eingöngu, en í síðasta skiptið, þ.e. haustið 1986, var ákveðið að láta afgreiðslu virðisaukaskatts þoka fyrir öðrum veigamiklum nýjungum í skattamálum þar sem voru lög um staðgreiðslu skatta og ýmis mál sem henni tengdust.

Frv. það sem nú er lagt fram er í þremur veigamiklum atriðum frábrugðið því frv. sem var til umfjöllunar fyrir hálfu öðru ári. Á hinn bóginn eru allar ytri aðstæður svo mjög breyttar að ekki verður saman jafnað og að þessu vík ég nánar í máli mínu hér á eftir.

Í fyrsta lagi skal nefnd sú meginbreyting að frv. til l. um virðisaukaskatt er nú lagt fram sem liður í mótaðri heildarendurskoðun og endurmati á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Alþingi hefur þegar afgreitt veigamikla þætti þeirrar endurskoðunar þar sem eru breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt einstaklinga annars vegar og hins vegar ný tollalög og lög um vörugjald. Þau byrjunarskref sem þegar hafa verið tekin kalla á framhald og er frv. til l. um virðisaukaskatt stærsta skrefið í heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins.

Í annan stað er nú svo komið að eftir ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þar á meðal tekjuöflunarmálum á miðju síðasta ári og aftur í upphafi þessa árs, hafa verið skapaðar forsendur til upptöku á virðisaukaskatti með mun minni röskun í efnahags- og verðlagsmálum en áður var. Söluskattsstofninn hefur þegar verið breikkaður mjög verulega og nær nú til flestra þeirra þátta sem virðisaukaskatturinn mun taka til samkvæmt frv. Í raun og veru er breikkun skattstofnsins sem verður samkvæmt þessu frv. umfram núgildandi kerfi söluskatts einungis um 3%. Samfara þeirri breikkun sem gerð var áður voru gerðar ýmsar af þeim hliðarráðstöfunum sem áður þótti ljóst að grípa yrði til við upptöku virðisaukaskattsins og voru kannski meginástæðan fyrir því að málið náði ekki fram að ganga. Það mál er því þegar að baki. Breyting á tekjuskattskerfinu, hækkun barnabóta og barnabótaauka og lækkun tolla og vörugjalda, var sá rammi sem settur var umhverfis breytingu á söluskatti um síðustu áramót. Heildaráhrif þeirra breytinga á tekjudreifingu í landinu voru á þann veg að ráðstöfunartekjur í neðri hluta tekjustigans hækkuðu og kaupmáttur þeirra ók. Breyting úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt nú hefur því allt önnur hliðaráhrif að því er varðar tekjudreifingu og verðlag en orðið hefði síðast þegar virðisaukaskattur var til umræðu á Alþingi.

Þrátt fyrir þann langa tíma sem virðisaukaskattur hefur verið til umfjöllunar og athugunar hér á landi — í rúma tvo áratugi, jafnvel aldarfjórðung — virðist nokkuð skorta á að menn geri sér almennt ljósa grein fyrir þeim breytingum sem hann hefur í för með sér. Að hluta til er um að kenna málflutningi andstæðinga skattsins sem hafa útmálað hann sumir hverjir sem óbærilega helfjötra sem aldrei verði leystir séu þeir eitt sinn komnir á. Svo kröftuglega enduróma þessar bábiljur að fjöldi fólks stendur í þeirri trú að virðisaukaskattur sé eitthvert nýtt fyrirbæri sem vondir menn vilja innleiða á Íslandi, eins konar móðuharðindi af manna völdum eins og einhver orðaði það.

Menn gera sér almennt ekki ljóst að virðisaukaskattur er aðeins söluskattur í breyttri mynd. Einn af mörgum neysluskattum sem verið hafa hér á landi og annars staðar svo árum og áratugum skiptir. Menn virðast ekki heldur gera sér grein fyrir því að virðisaukaskattur hefur á síðustu 30 árum verið tekinn upp í hverju Evrópulandinu á fætur öðru og ætíð að undangenginni ítarlegri athugun og mati á kostum og göllum og mati á reynslu þeirra þjóða sem á undan hafa gengið. Það er athyglisvert að engin Evrópuþjóð, sem tekið hefur upp þetta skattform, hefur horfið frá því aftur. Fullyrðingar um að ekki sé hægt að afnema skattinn eftir að hann hefur einu sinni verið tekinn upp eru þó á misskilningi byggðar. Skýringin er allt önnur. Hún er sú að óbein skattheimta í formi neysluskatta hefur, m.a. vegna niðurfellingar tolla, orðið sífellt mikilvægari og stærri hluti af ríkissjóðstekjum viðkomandi landa. Þrátt fyrir stöðugt endurmat í þessum efnum hefur þessum löndum ekki tekist að finna annað skattheimtuform sem er jafnvirkt og samræmanlegt efnahagslegum markmiðum og skilyrðum og virðisaukaskattur.

Við umræður um virðisaukaskatt hefur sú spurning æ ofan í æ komið fram hvers vegna ekki sé hægt að lagfæra söluskattskerfið og gera það betra í stað þess að taka upp flóknari virðisaukaskatt. Þessu er til að svara að jafnvel þótt unnt væri að gera söluskattskerfið sem slíkt bærilega viðunandi þá

felur sá skattur í sér eiginleika og galla sem gera hann alls óviðunandi frá efnahagslegu og viðskiptalegu sjónarmiði. Það má vera að fram hjá þessum göllum megi líta og hafi verið gert á meðan skatthlutfallið var tiltölulega lágt og á meðan háir tollar einkenndu vöruviðskipti milli landa. Með þeirri þróun sem verið hefur og verður áfram með afnámi fjárhagslegra hafta á viðskiptum milli landa, þá verða gallar söluskattsins æ berlegri og alvarlegri og veikja stöðu þess ríkis sem beitir slíku skattkerfi gagnvart þeim ríkjum sem nota virðisaukaskattinn.

Það að stoppa upp í götin á söluskattskerfinu og byrgja fyrir undanskotsleiðir, sem vissulega er mikilsvert markmið í sjálfu sér, nægir því ekki til að gera söluskattinn að viðunandi frambúðarkosti. Ráðstafanir til að draga úr hinum óæskilegu samkeppnisáhrifum, sem við þegar þekkjum í formi endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í hinum og þessum atvinnugreinum, gera kerfið æ flóknara í framkvæmd eftir því sem lengra er gengið í þá átt. Dæmi um tilraunir til að vinna á móti göllum söluskattskerfisins að þessu leyti má sjá í Finnlandi. Það verður þó við skoðun finnska kerfisins ekki sagt að slíkt kerfi sé einfaldara í sniðum og framkvæmd en virðisaukaskatturinn.

Uppsöfnunaráhrif söluskattsins, sem koma til vegna þess að framleiðendur söluvöru og seljendur þjónustu kaupa vörur til fjárfestingar og hluta aðfanga til framleiðslu með söluskatti, veldur því að fyrirtækin verða að verðleggja vöru sína hærra en ella. Framleiðslukostnaðurinn er einfaldlega hærri vegna uppsöfnunaráhrifa skattsins á fyrri viðskiptastigum. Fyrirtæki sem selur vöru sína á erlendum markaði keppir þar við framleiðendur sem bjóða vörur sínar falar án þess að burðast með þær skattdreggjar í verði hennar sem íslenski aðilinn verður að gera.

Sama máli gegnir um innflutning. Erlend vara, sem hingað kemur frá landi með virðisaukaskatt, seld hinum íslenska innflytjanda án þess að í verði hennar felist nokkur skattur, sala þessarar vöru á innlendum markaði nýtur góðs af því í samkeppni við innlenda vöru sem verðlögð hefur verið með tilliti til þess að greiða söluskatt af fjárfestingu og ýmiss konar aðföngum. Afnám hafta, lækkun tolla og aðflutningsgjalda gera þessa samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja bæði í útflutningi og á heimamarkaði sífellt alvarlegri.

Ókostur söluskattsins og uppsöfnun hans hefur ekki aðeins áhrif á samkeppnisstöðu milli innlendrar og erlendrar vöru hvort sem er á innlendum eða erlendum markaði. Þessi áhrif birtast einnig í því að atvinnugreinum er mismunað og einstökum fyrirtækjum innan sömu atvinnugreinar jafnvel mismunað. Uppsöfnun söluskattsins er mjög mismunandi og einstök fyrirtæki verða á mismunandi hátt fyrir barðinu á uppsöfnuninni eftir því hvernig skipulagi þeirra er háttað, hver framleiðsla þeirra er og hvernig framleiðsluferillinn er. Þannig hafa uppsöfnunaráhrifin verið metin á bilinu 2–6% í verði innlendrar framleiðslu á mjög mismunandi veg eftir því um hvaða atvinnugrein við erum að tala um. Þessi óæskilegu áhrif söluskatts á aðstöðu fyrirtækja til samkeppni kemur m.a. fram í því að hann er vilhallur stórfyrirtækjarekstri en óvilhallur rekstri smærri fyrirtækja og því í litlu samræmi við fyrirtækjauppbyggingu og fyrirtækjadreifingu í íslensku hagkerfi.

Vegna söluskattsins er hagkvæmara fyrir stórfyrirtæki að reka innan sinna vébanda ýmsa starfsemi, t.d. þjónustustarfsemi sem ella yrði að kaupa af minni aðilum en þá með söluskatti. Tilraunir hafa verið gerðar til þess að leysa þennan vanda með skattlagningu á innri þjónustu fyrirtækja, þar á meðal opinberra fyrirtækja, en slíkt fyrirkomulag er í reynd nær óframkvæmanlegt.

Þótt hér hafi aðeins verið drepið á nokkur atriði má ljóst vera að bætt söluskattskerfi er enginn raunhæfur kostur til að tefla fram á móti virðisaukaskatti.

Því hefur verið haldið fram að virðisaukaskattur sé langtum flóknari og dýrari í framkvæmd en söluskattur og að af þeim ástæðum sé óráð að hafa skipti á þessum tveimur skattkerfum. Víst er það að reiknað er með að í framtíðinni verði meiru til kostað til að koma upp og viðhalda virðisaukaskattskerfi en nú er gert við söluskattinn. Hitt er ósannað og verður seint sannað að söluskattskerfi sem nálgast virðisaukaskatt að gæðum mundi kosta nokkru minna. Staðreynd er það að hjá þeim þjóðum sem hafa byggt upp virðisaukaskattskerfi af hvað mestri skynsemi og rekið það sem slíkt undanþágulaust og án frávika og hafa ekki látið þrýstihópa og sérhagsmuni setja mark sitt á kerfið er virðisaukaskatturinn ódýrasta skattheimta sem völ er á og um það verður ekki deilt. Þannig hefur fjmrh. Svía fullyrt það í viðtölum við þann sem hér stendur að virðisaukaskatturinn sé ódýrasta skattform sem hlutfall af þeim tekjum sem hann skilar af öllum þeim fjölmörgu sköttum sem sænska velferðarríkið leggur á.

Eins og áður segir er þetta frv. liður í heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Í byrjun þessa árs voru gerðar veigamiklar breytingar á þessu kerfi. Þær breytingar voru annars vegar liður í nýsköpun skattakerfisins og hins vegar við það miðaðar að undirbúa jarðveginn og skapa betri forsendur en áður voru fyrir hendi til upptöku á virðisaukaskatti. Meginástæðan til þess að gripið var til síðastnefndu breytinganna, þ.e. breytinga á söluskatti, voru þær að brýnt var að efla fjárhag ríkissjóðs og binda endi á skuldasöfnun hans sem hafði verið viðvarandi í nokkur ár.

Nú er ljóst að ekki var vanþörf á þessum ráðstöfunum. Þróun efnahagsmála frá áramótum hefur verið með þeim hætti að æskilegt hefði verið að reka ríkissjóð með verulegum tekjuafgangi til að freista þess að draga úr verðbólguþenslu. Sömu sögu má segja um nauðsyn á aðhaldi í fjármálaákvörðunum annarra opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga, einkum og sér í lagi á suðvesturhorni landsins. Það

er brýnt að þessir aðilar taki mið af ástandi og horfum í efnahagsmálum og noti ekki stórfelldan tekjuauka sinn til samsvarandi aukningar og eyðslu á framkvæmdum heldur reki bú sín með tekjuafgangi og treysti þannig framtíðarhag sinn um leið og þau leggja sitt af mörkum til þess að hamla á móti verðlagsþróun sem að lokum mun valda þeim jafnt sem öðrum skaða. Fjármál sveitarfélaga, ákvarðanir þeirra um tekjuöflun og ráðstöfun fjár eru orðnar stærri og áhrifaríkari en svo að fram hjá þeim verði litið ef reka á virka efnahagsstefnu.

Hluti aukinnar skattheimtu við sl. áramót er tilkominn vegna ákvarðana um auknar millifærslur, þ.e. beinar aðgerðir í tekju- og tryggingakerfinu til tekjujöfnunar í meira mæli en áður hafði verið. Raunveruleg aukning ríkistekna, þ.e. aukning tekna að frádreginni aukningu millifærslna, var hins vegar við það miðuð að eyða annars fyrirsjáanlegum halla ríkissjóðs, en sú hækkun var rúmir 3 milljarðar kr.

Auk þess að snerta fjárhag ríkissjóðs voru þær breytingar á söluskattskerfinu sem gerðar voru ekki án áhrifa á framfærslukostnað og dreifingu neyslumöguleika. Þau áhrif voru hins vegar jöfnuð og rúmlega það með gildistöku nýrra ákvæða um tekjuskatt samfara staðgreiðslukerfi og með sérstökum ráðstöfunum sem gripið var til eins og hækkun skattfrelsismarka og hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslna til að halda niðri vöruverði.

Vinsælasti hluti þessara skattabreytinga í munni stjórnarandstöðuflokkanna var án efa skattlagning matvöru. Þeim tókst ekki að koma auga á skóginn fyrir trjánum eða vildu ekki gera það. Þeir neituðu hreinlega að horfast í augu við einfaldar staðreyndir um heildaráhrif skattkerfisbreytinganna en einblíndu á þann eina þátt þeirra sem þeir ætluðu að mundi veita þeim stundarvinsældir, en árangur af því virðist hafa verið ærið misjafn. (Gripið fram í.) Þeim sem gera sér grein fyrir heildaráhrifum þessara umfangsmiklu breytinga dugir ekki að líta á hvern þátt fyrir sig heldur verður að meta þá alla í einu og draga þannig fram heildaráhrifin. Slíkt mat hefur verið framkvæmt og niðurstöður þess eru óvefengjanlegar. Samkvæmt þeim er ljóst að hjá heimilum með meðaltekjur og þaðan af lægri tekjur hafa ráðstöfunartekjur eftir greiðslu beinna skatta hækkað. Gagnstætt gildir um heimili með tekjur fyrir ofan meðaltal. Heildaráhrif skattkerfisbreytinganna á tekjudreifingu voru þannig mjög afdráttarlaus. Þannig leiddu þessar breytingar allar til jafnari tekjudreifingar. Munurinn á ráðstöfunarfé launafólks minnkaði, tekjumunurinn minnkaði. Þetta er nauðsynlegt að komi skýrt fram því þetta er óvefengjanlegt og hefur margsinnis verið fram á það sýnt með tölum, enda hefur enginn þessara útreikninga verið dreginn í efa með talnalegum rökum. Og hvers vegna ekki? Einfaldlega vegna þess að það er ekki hægt og það er mergurinn málsins.

Í stuttu máli má segja að breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins um síðustu áramót hafi gert það styrkara en áður og virkara sem tekjujöfnunartæki. Hæfni þess til tekjujöfnunar er meiri en áður og það breytir dreifingu ráðstöfunartekna til hagsbóta þeim sem úr minnu hafa að spila. Virðisaukaskattur eins og frv. þetta gerir ráð fyrir mun enn tryggja og festa í sessi þennan árangur og þau áhrif sem að framan var lýst.

Undanþága á matvöru frá söluskatti eða virðisaukaskatti og áhrif slíkrar undanþágu á neyslumöguleika er eitt þeirra atriða sem hvað mest hafa verið í munni stjórnarandstæðinga. Formælendur undanþágufargansins hafa reyndar aldrei stutt það rökum eða sýnt fram á hin meintu æskilegu áhrif af undanþágunni. Þeir hafa aldrei gert grein fyrir því hvernig afla skyldi þess fjár sem tapast með undanþágunum og hvernig sú tekjuöflun kæmi niður á neytendum. Þvert á móti hefur verið bent á að til eru aðrar leiðir og betri en undanþágurnar í þeim tilgangi að jafna tekjuskiptingu. Beinar aðgerðir, hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta, hækkun tryggingabóta o.s.frv., eru í þessu efni í senn skilvirkari, ódýrari, áhrifaríkari. Staðfest dæmi um það liggur nú fyrir þar sem er skattkerfisbreytingin um síðustu áramót. Talsmenn slíkra leiða til tekjujöfnunar er ekki aðeins að finna hér á landi, í þessari ríkisstjórn sem nú er við völd. Dæmi um sömu afstöðu má finna hjá öðrum þeim þjóðum sem hvað lengst hafa náð í að þróa skattkerfi sitt og lengst ganga í að þjóna félagslegum markmiðum og að jafna tekjuskiptingu. Hér er að sjálfsögðu vísað til grannþjóða okkar annars staðar á Norðurlöndum þar sem jafnaðarmenn hafa hvað lengst farið með völd.

Það vill vefjast fyrir sumum að skilja þau einföldu rök sem liggja að baki þeirri afstöðu að í stað undanþáguleiða sé betra að skattleggja alla vörusölu og nýta þær tekjur sem þannig fást til þess að bæta hag þeirra sem minna mega sín. Á það má varpa ljósi með einföldu talnadæmi sem er ekki fjarri raunveruleikanum hér á landi. Gera má ráð fyrir að matvörusala á ári án skatts sé um 38 milljarðar kr. Sé þjóðinni skipt í tvo jafnfjölmenna hópa, hina tekjulægri og hina tekjuhærri, og miðað við vitneskju um neysludreifingu, þá má gera ráð fyrir að matvöruneysla tekjulægri hópsins sé 11–13 milljarðar kr. en 15–17 milljarðar hjá tekjuhærri hópnum. Sé virðisaukaskattur 22% greiða hinir tekjulægri 2,4–2,9 milljarða í þennan skatt, en hinir tekjuhærri 3,3–3,7 milljarða kr. Undanþága á matvöru mundi svara til 6,2 milljarða niðurgreiðslu miðað við 22% virðisaukaskatt. Þar af lenti 600–1300 millj. kr. hærri fjárhæð niðurgreiðslu hjá hinum tekjuhærri, helmingi þjóðarinnar, en hinum tekjulægri. Ekki er það mikil jöfnun.

Heildaráhrifin færu þó eftir því hvaða tekjuöflunarleiðir fyndust til að afla þeirra tekna sem undanþágan kostar. 6,2 milljarðar verða ekki gripnir upp af götunni. Þeirra verður t.d. ekki aflað með hækkun á eignarskatti, enda má benda á að hér fyrir hinu háa Alþingi í Nd. liggur fyrir nýtt stjfrv. þar sem verið er að draga úr eignarskattsbyrði tekju-

lágra eldri borgara, þ.e. þeirra sem búa í skuldlitlu eða skuldlausu húsnæði en hafa tiltölulega lágar tekjur á efri árum. Þessara tekna verður heldur ekki aflað þótt lengra yrði gengið í tekjuskattsálagningu fyrirtækja sem þó var aukin með tvennum aðgerðum í tíð núv. ríkisstjórnar. 6,2 milljarðar verða því ekki gripnir upp af götunni né heldur þeir fjármunir sem mundu leka til viðbótar út um undanþágurifurnar og seint verða metnir nákvæmlega en nema stórum upphæðum.

Án þessara tekna skerðast því möguleikar þjóðfélagsins til að sinna félagslegum verkefnum ekki hvað síst til hagsbóta fyrir hina tekjulægri. Það er t.d. ástæða til að minna á að allar fjárveitingar ríkisins til allra verklegra framkvæmda og allar millifærslur ríkisins úr ríkissjóði til fjárfestinga í samvinnu við aðra aðila eins og sveitarfélög og öll framlög ríkisins til beggja húsbyggingalánasjóðanna eru upphæð sem er ekki nema 1 milljarði hærri en þetta gat sem hefði hlotist af undanþágu í söluskattskerfinu sem hér er verið að fjalla um.

Hver er sú leið sem farin hefur verið af núverandi stjórn og fylgt er í þessu frv.? Hún er sú að innheimta skatt án undanþágu. Ríkissjóður fær þannig tekjur, t.d. þessa 6,2 milljarða, sbr. dæmi hér að framan, þar af stærri hluta frá hinum betur settu. Hluti af þessum tekjum er síðan notaður til tekju- og neyslujöfnunar með því að auka ráðstöfunartekjur hinna tekjulægri og lækka verð á algengustu matvöru, sbr. þá staðreynd að á árinu 1988 er tæpum 3 milljörðum kr. varið til þess að halda vöruverði í skefjum, einkum innlendum matvörum, og 2,8 milljörðum er varið til útborgunar á barnabótum og barnabótaauka til að bæta afkomu og ráðstöfunartekjur fjölskyldna sem eru undir meðaltali tekna.

Og hvernig hefur til tekist? Hvað skeði í þessu efni um sl. áramót? Nokkur helstu atriðin eru þessi:

Persónuafsláttur var aukinn og skattleysismörk voru stórlega hækkuð. Barnabætur og barnabótaauki hækkaði verulega, um um það bil 1 milljarð kr. Tryggingabætur hækkuðu um hundruð millj. kr. Niðurgreiðsla algengustu matvöru var aukin um 1600 millj. kr. Séu þessar tölur bornar saman við þær tölur um skattheimtu sem að framan voru nefndar verður ljóst að með hinum beinu aðgerðum er náð umtalsverðri tekjujöfnun. Sú niðurstaða er í fullu samræmi við greiningu okkar á áhrifum þessara breytinga og þá greiningu sem unnin hefur verið eftir öðrum aðferðum.

Hvað þýðir þá þessi niðurstaða? Hún þýðir einfaldlega að matarskatturinn og samhliða breytingar í skattamálum og verðlagsmálum er stórfelldasta einstök aðgerð í skattamálum sem gerð hefur verið í tekjujöfnunarskyni og tekur langt fram afnámi söluskatts af matvælum í því efni.

Herra forseti. Ég hef sýnt fram á það með óyggjandi rökum að sú skattkerfisbreyting sem gerð var í upphafi þessa árs var ekki matarskattur eins og lýðskrumarar nefndu hana heldur stórfelldasta tekjujöfnun sem gerð hefur verið af opinberri hálfu hér á landi. Virðisaukaskattur eins og hann er ætlaður skv. þessu frv., undanþágulaus og almennur og með lægra skatthlutfalli en núverandi söluskattur, mun styrkja þessa aðgerð og tryggja hinn góða árangur hennar. Ekkert er mikilvægara fyrir velferðarríkið en það að tekjuöflun þess standi á traustum fótum. Það er trygging þess að haldið verði uppi þeirri fjölbreyttu þjónustu sem það krefst. Tekjuöflunarkerfið verður jafnframt að tryggja atvinnuvegunum hina bestu aðstöðu og má ekki verða þeim fjötur um fót í harðri samkeppni á innlendum sem erlendum mörkuðum. Af þessum ástæðum öllum ber brýna nauðsyn til þess, herra forseti, að Alþingi Íslendinga taki nú ákvörðun um þetta mál hið fyrsta.

Frv. þessu fylgir ítarleg greinargerð þar sem útlögð eru efnisatriði frv. og einstakra greina þess og gerð grein fyrir forsendum og áhrifum á þjóðhagsstærðir og ríkisútgjöld. Með hliðsjón af því að frv. liggur nú hér fyrir, þótt með nokkrum veigamiklum breytingum sé frá frv. sem lagt var fram haustið 1986, og með hliðsjón af því að öll meginatriði greinargerðar eru hin sömu tel ég ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um einstakar greinar eða einstök efnisatriði en drep á hin helstu þeirra og geri jafnframt grein fyrir meginákrifum frv.

Eins og áður segir er frv. í aðalatriðum umfram þessi þrjú samhljóma frv. sem lagt var fram 1986, en veigamestu breytingarnar eru þó nokkrar og eru þær þessar helstar, fimm talsins. (**Forseti:** Má ég aðeins trufla hæstv. ráðherra í máli sínu? Nú er kl. 4 og þingflokksfundum ætlað að hefjast þá, en fyrirhugað er að halda þessari umræðu áfram kl. 5.30. Vill ráðherra gera hlé á máli sínu nú áður en hann fer út í veigamiklar breytingar frv.?) Virðulegi forseti. Það stendur vel á að gera hér hlé á máli, svona amen eftir efninu. En ræðutími er um það bil hálfnaður að mínu mati þannig að ég held að það væri góður kostur að fresta fundi. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þar var komið mínu máli að ég vildi gera grein fyrir þeim fimm meginbreytingum sem gerðar hafa verið á þessu frv. í samanburði við hið fyrra frv. frá hausti 1986. Þær eru þessar helstar:

1. Lagt er til að skatthlutfallið verði 22% í stað 24% sem áður var gert ráð fyrir.

2. Í stað sérreglu um lægra hlutfall í viðskiptum milli bænda og afurðastöðva, sem þó hafði engin áhrif á endanlega skattlagningu eða verð, er í frv. nú gert ráð fyrir sama skatthlutfalli í þessum viðskiptum og öðrum. Hins vegar er miðað við að almennt uppgjörstímabil í landbúnaði verði sex mánuðir í stað tólf í fyrra frv. Bændur geta þó valið reglulegt tveggja mánaða uppgjörstímabil eins og aðrir atvinnurekendur og eiga jafnframt kost á sérstöku uppgjöri innan sex mánaða tímabilsins ef um er að ræða stórfelld innkaup fjárfestingarvöru eða rekstrarafanga. Þá er gert ráð fyrir að um skil afurðastöðva á virðisauka af kaupum þeirra á landbúnaðarafurðum verði settar sérstakar reglur samkvæmt

heimildarákvæðum sem afstýri því að þörf verði á mikilli hækkun afurðalána vegna upptöku virðisaukaskatts.

3. Í stað sérstakrar úrskurðarnefndar í tilteknum málum varðandi skattskyldu og framkvæmd er í frv. gert ráð fyrir að slíkir úrskurðir verði í höndum ríkisskattanefndar eins og nú er varðandi söluskatt.

4. Heimild til að veita gjaldfrest á virðisaukaskatt í innflutningi er víkkuð frá því að taka einungis til hráefnis og fjárfestingarvöru þannig að hún taki einnig til almennrar vöru. Miðað er við að heimild þessi verði takmörkuð á sama hátt og heimild til að veita gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Samtök innflytjenda hafa bent á að verðhækkunaráhrif af því að greiða virðisaukaskatt í tolli án gjaldfrests gætu orðið á bilinu 2–4%.

5. Þá er lögð til sú breyting að gildistaka laganna miðist ekki við áramót heldur 1. júlí 1989.

Eins og að framan getur er meginástæðan fyrir upptöku virðisaukaskatts fólgin í eiginleikum þessa skatts og kostum hans umfram söluskatt. Þessa kosti má fyrst og fremst rekja til þess aðaleinkennis virðisaukaskattsins að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmæti hversu oft sem það gengur á milli viðskiptastiga. Skatturinn er því hlutlaus í þeim skilningi að hann verður sama hlutfall af endanlegu söluverði vöru hvernig eða hvar sem hún er framleidd svo fremi að hún falli undir skattskyldusvið laganna. Virðisaukaskatturinn fellur til á hverju og einu viðskiptastigi og er ætíð sama hlutfall af virðisaukanum sem fram kemur á viðskiptastiginu. Virðisaukinn, þ.e. skattstofninn hjá hverju og einu fyrirtæki, er verðmæti vörunnar, eins og það birtist í söluverði hennar, að frádregnu verðmæti allra aðfanga sem aflað er til þessarar framleiðslu. Skattstofn virðisaukaskatts á tilteknu tímabili er þess vegna mismunurinn á söluverði vöru og þjónustu á tímabilinu og keyptra aðfanga fjárfestingarvöru á sama tímabili óháð því hvort þau hafa beinlínis verið notuð til framleiðslu á söluvöru sama tímabils eða liggi í birgðum eða varanlegum rekstrarfjármunum. Til lengri tíma litið er virðisaukinn eða skattstofninn því sama og samtala launagreiðslna til starfsmanna og eigenda plús hagnaður og eignaaukning.

Framangreindir eiginleikar virðisaukaskattsins gera það að verkum að honum fylgja ekki uppsöfnunaráhrif líkt og koma fyrir í söluskatti. Með uppsöfnunaráhrifum er átt við það að söluskattsgreiðsla fyrirtækja af ýmsum aðföngum og fjárfestingarvörum, sem dæmi má nefna rafmagn, kaup á fjárfestingarvörum, kaup á viðhaldsþjónustu, skrifstofuvörum o.s.frv., hleðst upp og verður hluti af þeirri verðmyndun sem verður að söluskattsstofni. Þannig leggst söluskattur á söluskatt ofan og í lokaverði vörunnar er heildarskattgreiðslan meiri en nemur skatthlutfallinu einu. Með afnámi uppsöfnunaráhrifa nást fram mikilvægir kostir virðisaukaskatts umfram söluskatt.

1. Hann mismunar ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum.

2. Hann bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum hvort heldur litið er til innflutnings eða útflutnings.

3. Hann hefur ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu.

4. Hann veldur ekki tilviljunarkenndri hækkun framleiðslukostnaðar eftir því hvort framleiðslustig eru fleiri eða færri á sömu vöru né heldur því hvort sölustaður er fjarri eða nærri upprunastað vörunnar. Þetta skiptir verulegu máli, t.d. að því er varðar landsbyggðina og þann mismun sem er í vöruverði smásöluverslunar milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Þrátt fyrir þá staðreynd að flutningskostnaður er undanþeginn söluskatti er það svo engu að síður að hann leiðir til hærra vöruverðs á landsbyggðinni. Það verður í minna mæli með virðisaukaskatti vegna þess að aðfangakostnaður er frádreginn.

Auk þessara kosta virðisaukaskattsins umfram söluskatts að því er varðar efnahagsleg og viðskiptaleg áhrif má gera ráð fyrir að innheimta og eftirlit með álagningu verði öruggara en nú er í söluskatti. Af þrennum ástæðum má ætla að virðisaukaskatti fylgi bætt innheimta.

Í fyrsta lagi dreifist innheimtan á fleiri aðila sem hver um sig innheimtir minni hluta skattsins. Ætla má að freisting til undanskots verði minni þar sem fjárhæðin er lægri og í þeim tilvikum að undanskot fer fram nær það einungis til þess hluta virðisaukaskatts sem ætti að falla til í viðkomandi fyrirtæki en ekki skattsins alls.

Í öðru lagi byggist kerfið á því að á hverju viðskiptastigi kemur til frádráttar þeim skatti sem reiknast af sölunni sá skattur sem það fyrirtæki greiddi við kaup á aðföngum sínum. Til þess að framkvæma þennan frádrátt og fá hann viðurkenndan þarf þannig greiddur skattur af aðföngum að vera sérgreindur og koma fram á reikningum. Með þessu skapast sjálfvirkt eftirlitskerfi vegna viðskipta milli skattskyldra aðila sem gerir mun auðveldara en nú er að rekja viðskipti og fylgjast með hvort skattskil eru með eðlilegum hætti. Það er því hagur fyrirtækjanna og reynsla fyrir því að þau ganga mjög hart eftir því að skattur sé reiknaður og tilgreindur í viðskiptum við þau.

Í þriðja lagi má nefna að með heilsteyptu og rökréttu skattkerfi verður auðveldara að beita virku eftirliti. Nútímatækni við skráningu, vörslu og samanburð upplýsinga mun gera það kleift, t.d. með samanburði skila á virðisaukaskatti, tekjuskattsskila og ársreikninga, að gera með skjótvirkum hætti samanburð sem gefur haldgóðar vísbendingar um hvort skattskil eru í lagi eða ekki.

Óhjákvæmilegt er að jafnstórfelld breyting og upptaka virðisaukaskatts er hafi áhrif á verðlag, enda er það beinlínis hluti af tilgangi með upptöku kerfisins þar sem sú röskun verðhlutfalla sem stafar af uppsöfnun söluskatts verður ekki leiðrétt nema með breytingu þessara verðhlutfalla. Enn fremur breytast verðhlutföll af þeim sökum að virðisauka-

skattur mun ná til sölu einhverrar þjónustu sem ekki er skattlögð nú eða ber ekki fullan söluskatt og mun hún að sjálfsögðu hækka í verði. Á móti þessu koma áhrif af lækkun skatthlutfallsins og lækkun verðs vegna þess að uppsöfnunaráhrif hverfa.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að skatthlutfallið verði 22%. Með því hlutfalli er fyrirsjáanlegt að tekjur af virðisaukaskatti verða allmiklu lægri en tekjur af 25% söluskatti á vöru og 12% skatti á þjónustu eins og nú er. Þessi lækkun skattsins kemur að sjálfsögðu fram í vöruverði og er áætlað að þessi munur einn svari til um 1% lækkunar á vöruverði almennt. Þessi áhrif eru þó mismunandi eftir vörutegundum og öðrum forsendum. Gera má ráð fyrir að þær vörur sem nú bera fullan skatt lækki vegna þessara beinu áhrifa um 2,4% á meðan verð á sumum þáttum einkaneyslu hækkar nokkuð. Þessu til viðbótar koma áhrif af brottfalli uppsöfnunar í skatti. Þau áhrif hafa verið metin til 2% í lækkun vöruverðs almennt þegar fram í sækir. Gangi þessi áætlun eftir, sem væntanlega mun taka nokkurn tíma, er gert ráð fyrir að vísitala framfærslukostnaðar lækki um 3%, vísitala byggingarkostnaðar lækki um 1% og lánskjaravísitala um 2,3%. Eins og að framan greinir er um 1% af lækkun framfærsluvísitölunnar að rekja til lægri skattheimtu í heild og því ekki afleiðing sjálfrar kerfisbreytingarinnar sem slíkrar.

Að gefnu tilefni vil ég undirstrika að hér er alls staðar átt við áhrif þessarar kerfisbreytingar á verðlagsþróun, þegar litið er til lengri tíma, en ekki skyndilegrar verðbreytingar strax í kjölfar kerfisbreytingarinnar eða að tiltekin vara lækki svo og svo mikið þar sem aðrir þættir verðmyndunar en skattar eru sífellt að breytast. Breytt áhrif skatta á verð koma fram í því að verðið er á hverjum tíma hærra eða lægra en ella hefði verið. Nauðsynlegt er að taka þetta sérstaklega fram þar sem í ljós kom um sl. áramót að ýmsum gekk erfiðlega að átta sig á þeim mun sem vera kann á verðbreytingum á stuttum tíma og áhrifum á verðlagsþróun til lengri tíma litið.

Með 22% virðisaukaskatti skipar Ísland sér á bekk með öðrum Norðurlandaþjóðum, bæði hvað skatthlutfall varðar og eins það að í þeim löndum er skatthlutfall eitt og hið sama fyrir alla vöru og sölu á vöru og þjónustu með einstaka örfáum undantekningum. Í töflu á bls. 26 í grg. er yfirlit yfir skattþrep í aðildarríkjum Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu þar sem þessi samanburður er gerður ljós. Í þessari töflu vekur athygli sú sérstaða Norðurálfuþjóða að halda skattkerfi sínu hreinu og nota aðeins eitt skattþrep. Þessar þjóðir eru þó öðrum fremur þekktar fyrir að leggja áherslu á jöfnuð og félagsleg viðhorf. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki á óvart með hliðsjón af því sem ég hef áður sýnt fram á í ræðu minni. Þessar þjóðir hafa valið að halda þessum mikilvæga tekjuöflunarþætti hreinum og undanþágulausum en sinna jöfnunarmarkmiðum með skilvirkari og öruggari leiðum en undanþágur geta nokkurn tíma orðið. Sérstaða þessara þjóða kann einnig að tengjast því að þar er almenningur allur að öðru jöfnu upplýstari en víðast hvar annars staðar og því meiri líkur á að þar verði skynsamleg rök lýðskrumi yfirsterkari.

Frv. gerir ráð fyrir að virðisaukaskattur verði lagður á nær alla sölu á vöru og þjónustu. Undanþágum er haldið í lágmarki. Þó reyndist nauðsynlegt að gera nokkur frávik af ýmsum ástæðum. Ástæður þessar eru af ýmsum toga en eiga þó sammerkt að þær hafa leitt til sömu niðurstöðu í flestum ríkjum sem hafa á annað borð virðisaukaskatt.

Þessi frávik eru af tvennum toga. Annars vegar er um það að ræða að tiltekin vinna og þjónusta, ekki vörusala, er undanþegin skattskyldu. Um það er fjallað í 2. gr. frv. Hins vegar eru frávikin þau að sala á tilteknum vörum og þjónustu telst ekki til skattskyldrar veltu. Á þessu tvennu er verulegur munur. Í fyrra tilvikinu nýtur söluaðilinn ekki frádráttar á þeim virðisaukaskatti sem hann kann að hafa greitt við kaup á aðföngum eða greiðslu á þjónustu. Þetta þýðir að sú þjónusta sem hann selur ber virðisaukaskatt að öðru leyti en því að skattur af síðasta viðskiptastiginu fellur niður. Þegar sala telst ekki til söluskattsskyldrar veltu gildir hins vegar það að viðkomandi fyrirtæki nýtur fullrar heimildar til að draga frá greiddan skatt af öllum kaupum á aðföngum og þjónustu. Sala þess á þeim tilteknu vörum, sem um er að ræða, er því að fullu skattfrjáls. Þetta gildir fyrst og fremst um allan útflutning. Sú vinna og þjónusta sem er undanþegin skattskyldu og fjallað er um í 2. gr. er þríþætt.

1. Þjónusta á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem er að meiri hluta til rekin af opinberum aðilum.

2. Fólksflutningar, póstþjónusta, vátryggingastarfsemi, bankaþjónusta og þjónusta ferðaskrifstofa. Þessi síðasttalda starfsemi á það sammerkt að vera á alþjóðlegum markaði og er ekki unnt að beita hér öðrum reglum en gilda hjá grannþjóðum okkar.

3. Leiga á íbúðarhúsnæði. Hún er skattfrjáls að undantekinni leigu á hótel- og gistiherbergjum og samkomuhúsum. Í sambandi við þetta síðastnefnda skal það tekið fram að Samtök veitinga- og gistihúsaeigenda og Ferðaskrifstofa ríkisins hafa sent fjmrn. sérstök erindi þar sem lýst er áhyggjum vegna þess atriðis frv. og þá einkum vegna stöðu hótela á landsbyggðinni sem er slæm fyrir. Bent hefur verið á það að ýmislegt mæli með því að líta á leigu gistiherbergja sem útflutningsstarfsemi í skilningi gjaldeyrisöflunar. Talið er að 70–80% af gistisölu séu til útlendinga og þar af drjúgur hlutur sem seldur er sem hluti svokallaðra pakkaferða. Leiga gistiherbergja er einn örfárra þátta sem er með mismunandi hætti í virðisaukaskattskerfum Norðurlanda. Gisting ber fullan skatt í Danmörku, er skattlaus með öllu í Noregi og í Svíþjóð ber hún svokallað skert skatthlutfall sem gildir þar fyrir einstaka þjónustugreinar. Ég vænti þess að hv. þingnefnd taki þennan þátt til sérstakrar athugunar og geri tillögur um breytingar í samræmi við þá niðurstöðu sem hún kann að komast að.

Ákvæði 12. gr. um þá sölu sem ekki telst til skattskyldrar veltu lúta fyrst og fremst að útflutningi, svo og sölu, útleigu og viðhaldi á hafförum og loftförum að undanskildum skemmtibátum og einkaloftförum. Útflutningsvara á samkvæmt eðli skattsins ekki að bera skatt og að öðru leyti ná ákvæði þessarar greinar til sölu sem í flestum tilvikum kæmi, ef skattlögð væri, til frádráttar á síðara viðskiptastiginu. Frávik frá þessu er þó sala dagblaða, landsmálablaða og héraðsfréttablaða sem ekki verður talin til skattskyldrar veltu. Hér ráða þau sjónarmið að verið sé að tryggja eðlilega skoðanamyndun og efla þá þjóðmálaumræðu sem er nauðsynlegur grundvöllur hennar.

Þá skal hér getið þess að í tveimur tilvikum hefur verið ákveðið að gera ráðstafanir til þess að hindra það að verðlagsáhrif af virðisaukaskatti komi fram. Það eru einu hliðarráðstafanirnar af þeim toga sem nú er gert ráð fyrir öfugt við fyrri frv. með vísan til þess að þær hliðarráðstafanir voru þegar gerðar við skattkerfisbreytinguna eftir áramót. Þau tilvik sem hér ræðir um snerta annars vegar byggingarstarfsemi og hins vegar hitun íbúðarhúsnæðis.

Eins og kunnugt er hefur vinna á byggingarstað verið undanþegin greiðslu söluskatts. Álitið er að með tilkomu virðisaukaskatts á þennan þátt muni byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis geta hækkað um allt að 7% með samsvarandi áhrifum á byggingarvísitölu. Með hliðsjón af stöðu húsnæðismála og því að slík hækkun mundi hafa veruleg áhrif á vísitölu byggingarkostnaðar og þar með lánskjaravísitölu hefur verið ákveðið að sá virðisaukaskattur sem inn kemur vegna vinnu á byggingarstað við íbúðarhúsnæði verði endurgreiddur húsbyggjendum. Sú endurgreiðsla verður byggð á því að viðkomandi sýni fram á, t.d. í húsbyggingarskýrslu sinni með skattframtali sem þegar þarf að gera og þurfti í eldra kerfi, að hann hafi raunverulega greitt skattinn. Athygli skal vakin á því að hér er um að ræða íbúðarhúsnæði en ekki atvinnuhúsnæði þar sem það húsnæði lýtur öllum reglum um inn- og útskatt. Atvinnurekstur hefur heimild til þess að draga frá aðfangakostnað sinn og nýtur að því leyti sérstöðu.

Hitt tilvikið snertir hitun íbúðarhúsnæðis. Í því efni er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur, sem sumir fá, verði endurgreiddur á smásölustigi, þ.e. hjá orkusölufyrirtækjunum sjálfum. Slík endurgreiðsla á orkusölustigi hefur sömu áhrif gagnvart neytandanum og niðurfelling skattsins. Verðið sem hann greiðir verður því hið sama og án skatts. Hins vegar er munur á því hvort um er að ræða niðurfellingu eða endurgreiðslu af mörgum ástæðum eins og nánar kemur fram í grg. frv.

Eins og fram hefur komið er í frv. gert ráð fyrir að hlutfallið verði 22%. Ljóst er að með því skatthlutfalli kemur til með að vanta um 1,2 milljarða upp á að virðisaukaskattur skili sömu tekjum og 25% söluskattur á vöruverslun og 12% söluskattur á þjónustu. Þessu skatthlutfalli verður ekki haldið svo lágu sem frv. gerir ráð fyrir nema til komi annað tveggja eða hvort tveggja, niðurskurður útgjalda og/eða aukin tekjuöflun á öðrum sviðum. Vera kann að endurskoðun þess hluta tekjuöflunarkerfisins sem enn er eftir gefi auknar tekjur, svo sem eins og endurskoðun á tekjuskattsálagningu fyrirtækja og á skattlagningu fjármagns- og eignatekna. En í öllu falli er hér um að ræða málefni sem Alþingi verður að taka á í síðasta lagi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989. Þetta er einnig nánar skýrt í grg. með frv.

Sú tekjuáætlun sem hér er vísað til byggir á áætlun um skattstofn fyrir virðisaukaskatt. Þá hefur einnig verið gert ráð fyrir því að niður falli jöfnunargjald og að ekki verði lengur þörf á endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Þá er gert ráð fyrir verulega bættri innheimtu eða að hún skili 1 milljarði kr., í það minnsta, umfram það sem nú er.

Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á atriði sem mun hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs, a.m.k. tvö fyrstu árin eftir upptöku virðisaukaskatts. Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að almennt uppgjörstímabil í virðisaukaskatti verði tveir mánuðir, en það er einn mánuður í söluskattskerfinu. Þessi breyting mun hafa þau áhrif að skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs verða að jafnaði um einum mánuði síðar á ferðinni en skil á söluskatti eru nú. Það þýðir enn fremur að á árinu 1989 mun einungis skattur af 11 mánaða sölu skila sér í ríkissjóð verði ekkert að gert. Í frv. er hins vegar bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir því að á fyrsta árinu verði síðasta uppgjörstímabili virðisaukans hagað á þann veg að þetta tímabundna tekjutap dreifist á tvö ár, þ.e. árin 1989 og 1990.

Í reynd verður hér ekki aðeins um tímabundið tap að ræða séð af bæjardyrum fjmrn., heldur einnig það að þessi inneign ríkissjóðs hjá skilaaðilum virðisaukaskatts verður viðvarandi. Það má líta á það sem lán úr ríkissjóði, má gera ráð fyrir að þetta nemi nálægt 1½ milljarði kr. Ríkissjóður mun því þurfa að fjármagna samsvarandi fjárhæð með öðrum hætti. Kosturinn við þetta er þó sá að með þessu mun lausafjárstaða fyrirtækja batna, þörf þeirra fyrir lánsfé minnka og ætti það þar af leiðandi að geta átt sinn þátt í því að stuðla að lægra vöruverði en ella væri.

Eins og mönnum er kunnugt var í fyrstu miðað við að virðisaukaskattskerfið tæki gildi um næstu áramót. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að gildistíminn verði frá 1. júlí 1989. Virðisaukaskatt ber að greiða til ríkissjóðs fimmta dag þess mánaðar sem hann gjaldfellur. Þar með er tekið tillit til nýrra viðskiptahátta, svo sem notkunar kreditkorta. Hins vegar er eindagi söluskatts 25. hvers mánaðar. Samtök viðskiptalífsins hafa fært að því rök að núverandi eindagi, sem er áður en allur innheimtur söluskattur hefur í raun skilað sér til söluaðila, auki kostnað við verslunarrekstur verulega. Þótt fjmrn. fallist ekki á ýtrustu útreikninga af hálfu þessara samtaka er engu að síður ljóst að af þessu hlýst vaxtakostnaður sem vafalaust kemur fram í vöruverði. Í lögum um söluskatt eru takmarkaðar heim-

ildir til að breyta eindaga skattsins. Þessi ágalli leysist í virðisaukaskattskerfinu. Vegna þess dráttar sem á upptöku virðisaukaskatts verður mun ég hins vegar óska eftir því að bætt verði inn í frv. ákvæði til bráðabirgða sem gefi fjmrh. heimild til að færa eindaga söluskatts fram yfir mánaðamót, þannig að verðhækkunaráhrifum eindagans verði eytt. Þetta mál verður tekið upp af minni hálfu við hv. þm. við umfjöllun málsins.

Þó flest atriði er snerta virðisaukaskattinn séu þess eðlis að þau geri hann eftirsóknarverðan með tilliti til söluskatts má benda á nokkur atriði sem oft hafa verið talin mæla gegn honum. Ljóst er að þeim sem standa ber skil á virðisaukaskatti mun fjölga verulega frá því sem er í söluskatti. Hefur verið áætlað að framteljendum fjölgi um 14 þúsund alls og að þeir verði alls um 26 þúsund talsins. Einn þriðji þessarar fjölgunar er vegna þess að bændur koma inn í virðisaukaskattskerfinu og að tveimur þriðju hlutum er þetta vegna landbúnaðar og fiskvinnslu, fyrst og fremst. Þessi fjölgun mun að sjálfsögðu gera innheimtukerfið eitthvað þyngra í vöfum. Hins vegar kemur þar á móti að framteljendur munu skila sex skýrslum á ári í stað tólf nú og sumir, svo sem bændur, aðeins tvisvar á ári. Þess vegna munu skattskýrslur síst verða meiri en þær eru nú. Reyndar er gert ráð fyrir því að skýrslur sem nú eru 135 þúsund á ári verði framvegis 132 þúsund, þ.e. þeim fækkar um u.þ.b. 3 þúsund.

Annað atriði sem oft er nefnt sem ókostur við virðisaukaskatt er meint þörf á fjölgun starfsmanna og stóraukinn kostnaður. Víst er að þörf verður á auknum mannskap til þess að reka virðisaukaskattskerfið. Það hefur verið áætlað að starfsmenn í því kerfi þurfi að vera að lágmarki 70–80 talsins, þ.e. helmingi fleiri en nú starfa við söluskattsálagningu og söluskattsinnheimtu. Við mat á þessum upplýsingum ber þó að hafa eftirfarandi í huga:

Í fyrsta lagi er samanburður við núverandi söluskattskerfi engan veginn eðlilegur. Það er vitað að söluskattskerfið er mjög undirmannað og þyrfti vafalaust að auka starfsmannafjölda í því verulega og mundi þó hvergi nærri duga til að starfrækja það með góðu móti.

Í öðru lagi ber að hafa í huga að virðisaukaskattur verður langstærsti tekjuþáttur ríkisins. Þótt starfsmenn við virðisaukaskatt verði helmingi fleiri en þeir eru við söluskattinn nú, en þeim mun nú reyndar fara fjölgandi, verður þessi skattur engu að síður ódýrasti skattur hér á landi og tilkostnaður við öflun hans minni en nokkurs annars skatts eða tekna sem eitthvað hafa að segja fyrir afkomu ríkissjóðs.

Annars staðar á Norðurlöndum liggur fyrir sú reynsla að virðisaukaskattskerfið er rekið fyrir innan við 1% af því sem það aflar. Sú áætlun sem gerð hefur verið um mannaflaþörf hér á landi bendir til svipaðrar niðurstöðu. Með hliðsjón af mikilvægi þessa skatts verður varla annað sagt en að slíkur kostnaður sé mjög viðunandi og að sá kostnaður sem kann að falla til í atvinnulífinu vegna upptöku skattsins muni fljótt skila sér aftur í bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, lægra vöruverði, skilvirkara skattkerfi, betri innheimtu og réttlátari niðurstöðu.

Herra forseti. Virðisaukaskattur hefur lengi verið á dagskrá hjá stjórnvöldum hér á landi og undirbúningur, skýrslur og frv. hafa verið unnin undir stjórn fjmrh. úr flestum stjórnmálaflokkum hér á Alþingi. Af þessum ástæðum er mál þetta ekki nýtt og þótt það sé lagt fram þetta seint á þingtímanum á löng umfjöllun og kynning að gera Alþingi mögulegt að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok.

Niðurstaða þeirra sem kynnt hafa sér málið vegna þessa undirbúnings allt frá því að hann hófst er nær einróma sú að spurningin sé ekki hvort heldur hvenær virðisaukaskattur verði tekinn upp og hvernig brugðist verði við þeim áhrifum af honum sem ástæða er til að mæta með sérstökum aðgerðum. Þessum spurningum ber okkur að svara nú. Með aðgerðum í efnahagsmálum og skattamálum á síðustu mánuðum hafa verið skapaðar allar forsendur í efnahags- og verðlagsmálum til þess að taka upp virðisaukaskatt. Öðrum nauðsynlegum aðgerðum er lýst í frv. og grg. þess.

Ég treysti því að þm. veiti þessu mikilsverða máli brautargengi og að þeir leggi þar með sitt af mörkum til að bæta skattkerfi landsins, gera það réttlátara fyrir þegnana, skilvirkara fyrir ríkissjóð og hagkvæmara fyrir atvinnuvegina.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég geri þá tillögu að máli þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar að lokinni þessari umræðu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt til að ræða frv. sem hér liggur frammi, um virðisaukaskatt, vildi ég leggja það til við hæstv. fjmrh., og biðja hann að bera það erindi til annarra ráðherra þessarar ríkisstjórnar, að láta nú ekki sama vinnulagið dynja yfir í þinglok að vori eins og var um jólaleytið og varð til þess að vinnubrögðin voru langt frá því að vera verjandi. Að hér rigni inn tugum frv. sem næstum enginn tími gefst til að gaumgæfa frá því að þau eru lögð fram á þinginu og þangað til þm. eiga að ræða þau. Þess vegna vil ég leggja áherslu á það að okkur gefist hæfilegur tími til að gaumgæfa málin og reynum að skipuleggja vinnu okkar. Er ekki seinna vænna að fara að gera það ef þingi á að ljúka um miðjan maí eða einhvern tímann í maímánuði. Þingflokksformenn og forsetar þingsins þurfa að koma sér saman um það hvernig á að vinna þau mál sem verða lögð fram, hvaða mál verða lögð fram, hver þeirra þurfa að komast í gegn o.s.frv.

Ég vildi biðja hæstv. ráðherra að fara ekki langt vegna þess að ég vil gjarnan að hann heyri mál mitt.

Það er þá fyrst að ræða afstöðu til grundvallaratriða sem tengjast frv. og hæstv. ráðherra minntist á. En það er skattlagning matvæla sem lögð er til sem hluti af því frv. sem hér er til umræðu. Reyndar var ráðherrann hæstv. búinn að vinna sér hæfilega létt

verk með því að leggja söluskatt á matvæli þannig að honum finnst líklega að stærsti björninn sé unninn í þessu máli og nú sé lítið annað eftir en kerfisbreyting að forminu til. Kvennalistakonur eru þó áfram, eins og áður, jafnmótfallnar því að leggja skatt á nauðsynjavörur eins og matvæli. Það er ekki síst vegna þess að það kemur sér afskaplega illa fyrir þá sem hafa minnstar tekjurnar og fjölmennastar fjölskyldurnar. Við erum ekki vissar um að þær bætur, sem eiga að skila sér með þessari skattheimtu til þeirra, vegi upp á móti skattlagningunni á matvæli, ekki síst vegna þess hversu matvæli eru stór hluti af neyslu slíkra fjölskyldna. Þess vegna erum við áfram mótfallnar skattlagningu matvæla.

Ég legg áherslu á það að þarna er um grundvallar pólitískan ágreining að ræða og ég held að hæstv. ráðherra ætti að fara sér varlega þegar hann hefur nú mál sitt og byrjar að tala um bábiljur og lýðskrumara vegna þess að þegar Danir t.d. voru að leggja á virðisaukaskatt á sínum tíma fannst þeim mjög erfitt að þurfa að leggja hann á matvæli og reynsla þeirra varð sú að framfærslukostnaður hækkaði mjög snögglega og hafði víxláhrif á kaupgjald og breytti tekjuskiptingunni hinum efnaminni í óhag. Álit margra er einmitt að virðisaukaskatturinn leggist, eins og aðrir söluskattar, hlutfallslega þyngra á þá efnaminni, einmitt vegna þess að þeir verji meiri hluta tekna sinna til neyslu en hinir efnameiri.

Ég vek líka athygli hans á því að á bls. 26 í frv. kemur fram tafla um það hverjir hafa lagt virðisaukaskatt á matvæli og meira að segja í Bretlandi þar sem stjórnarstefnan er ekki alltaf hliðholl almenningi hefur tekist að halda matvælum virðisaukaskattsfríum. Þetta er ákveðið val. Matvæli þar hafa ekki virðisaukaskatt. Ég legg því áherslu á það að þetta er grundvallar pólitískur ágreiningur. Það er ekki um að ræða lýðskrum.

Mig langar samt sem áður af því að ráðherra hafði þennan tón í máli sínu að vísa í hans eigið mál þegar hann hélt ræðu á flokksstjórnarfundi Alþfl. í janúar og beindi máli sínu til stjórnarandstöðunnar, sérstaklega Alþb. og Kvennal. Ég geri þetta af þeirri ástæðu að ég vil leggja áherslu á þennan grundvallarágreining í pólitísku vali. Þá sagði hæstv. ráðherrann, með leyfi forseta:

„Stefnubreyting þessa skattkerfis felst í að afla tekna af hinum betur settu til að greiða út og koma til skila til hinna sem þurfa fyrst og fremst á aðstoð að halda. Svo rísa Alþb. og Kvennal., þessi framtíðaröfl félagshyggjunnar, skilja ekki neitt, hvorki upp né niður, í einhverjum merkustu umbótum sem verið er að gera í þjóðfélaginu, nöldra í síbylju tóma vitleysu, dag og nótt. Vekja þjóðfélagið upp með andfælum sem heldur að það sé að gerast einhver ógurleg, skelfileg breyting í íhaldsátt. (**JBH:** Þarna var vel að orði komist.)

Eftir nokkur ár," sagði hæstv. ráðherra áfram, með leyfi forseta, og nú ætla ég að gefa hæstv. ráðherranum örlitla kennslustund í sögu, því að ekki veitir af, „verður hlegið að þessu liði [— Ekki veit ég hvort það var Stjörnulið sem hann átti við og ávarpaði fyrir jólin eins og mörgum er í fersku minni, en hann sagði: þessu liði. —] eins og körlunum sem komu ríðandi til Reykjavíkur til að mótmæla símanum." Og lítið kann hæstv. ráðherrann í sögunni sinni ef hann heldur að bændurnir hafi verið á móti símanum. Nei, það voru þeir ekki frekar en Kvennal., og ég hygg Alþb., eru á móti skattlagningu. Við viljum bara hafa okkar hátt á en ekki háttinn sem hæstv. ráðherra velur. Og nú byrjar kennslustundin í sögu. Og ég ætla þá að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í grein eftir Björn S. Stefánsson í Lesbók Morgunblaðsins 6. júlí 1985. Greinin heitir „Þegar Reykvíkingar voru á móti símanum".

„Margir halda að sunnlenskir bændur hafi einir verið á móti samningnum við Mikla norræna ritsímafélagið þegar þeir riðu til Reykjavíkur 1905. Sannleikurinn er þó sá að menn voru þá, eins og nú, með eða á móti stjórninni. Bændurnir töldu, eins og margir fleiri, að meiri framtíð væri í samningnum við Marconi. Þegar þið eruð á móti þessu er það eins og þegar sunnlenskir bændur voru á móti símanum. Oft fær fólk þetta framan í sig þegar því líst ekki á einhverja nýjung. Og trúlega er sveitafólki oftar mætt með slíkri athugasemd en öðrum. Síðast sá ég þetta í dagblaði þar sem bóndi einn setti það fram í deilu innan héraðs. Mér þótti því rétt að athuga hverjir hefðu verið á móti símanum og hvers konar síma og komst að því að forustu í andstöðunni gegn símanum höfðu Reykvíkingar.

Þar má fyrst nefna Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar. Nærri honum stóðu ekki síst þeir sem hófu á þessum árum togaraútgerð hér á landi í Reykjavík, með erlendu fjármagni, og þeir sem voru tengdir Íslandsbanka sem stofnaður var í Kaupmannahöfn árið 1903 með dönsku og norsku fjármagni. Varla var hann á móti samskiptum við útlönd og nýrri tækni. Enn má nefna Einar Benediktsson sem hafði að vísu fengið Rangárvallasýslu árið áður og fluttist þá úr Reykjavík. Alkunnugt er kapp hans að draga Ísland inn í umsvif umheimsins. Hann var sem sagt á móti símanum eins og sunnlensku bændurnir sem riðu til Reykjavíkur um hásláttinn 1905 til að mótmæla. Þar voru fjölmennastir Rangæingar og fyrir þeim Eyjólfur landshöfðingi í Hvammi. Hann varð nokkrum árum síðar þekktur fyrir að gangast fyrir sölu virkjunarréttinda í Þjórsá til erlendra stóriðjufyrirtækja. Varla verður því sagt um Eyjólf að hann hafi verið á móti greiðu sambandi við önnur lönd.

Í þingnefnd sem fjallaði um símamálið sumarið 1905 voru sjö með símanum en tveir á móti. Þessir tveir voru Björn Kristjánsson kaupmaður í Reykjavík og Skúli Thoroddsen ritstjóri, þá búsettur á Bessastöðum. Þeir voru þá líka á móti nútímatækni og samskiptum við umheiminn ásamt öllum þeim Reykvíkingum sem tóku þátt í mótmælum bændafundarins, eða hvað? Nei, sannleikurinn er sá að

allir sem létu frá sér heyra höfðu áhuga á því að Ísland kæmist í samband við önnur lönd með fjarskiptatækni." Og síðan heldur höfundur áfram að skýra frá gangi mála og meðal annars því að einnig Hannes Hafstein var á móti símanum. En þeir voru fyrst og fremst, þessir menn, á móti því að gera samning, ég held að hann hafi verið til 90 ára, við Hið mikla norræna ritsímafélag, töldu hann óhagstæðan borið saman við tilboð Marconi-félagsins um loftskeytasamband við útlönd og lagningu síma innan lands. Tveir sagnfræðingar, Lýður Björnsson og Þorsteinn Thorarensen, telja reynsluna hafa sannað að samningurinn við Marconi-félagið hefði reynst hagstæðari. Þorsteinn telur jafnvel hugsanlegt að Hannes hafi sjálfur áttað sig á því að samningsboð Mikla norræna ritsímafélagsins væri óhagstætt en það bundið afstöðu hans að hann hafi þá þegar hagnýtt sér atbeina danskra stjórnvalda í málinu.

Þetta er nefnilega mergurinn málsins. Mennirnir voru ekki á móti símanum frekar en við erum á móti skattinum. Þeir voru á móti því hvernig átti að gera samninginn, alveg eins og við erum á móti því hvernig á að skattleggja. Ég vona að hæstv. ráðherra hafi lært sína lexíu í þessum efnum og ég bið hann að virða skoðanaágreining án þess að uppnefna fólk og án þess að velja því þau nöfn sem hann hefur kosið.

Það er rétt að við virðisaukaskatt eru bæði kostir og gallar og kynni maður sér umfjöllun t.d. hagfræðinga um þessi mál kemur í ljós að þeir meta þar bæði kosti og galla. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst í þeim stutta lestri sem mér hefur tekist að hafa á þessu frv. að verið sé að boða ákveðið hjálpræði sem e.t.v. muni ekki rætast í þá veru sem menn óska. Í grg. er sterk tilraun til þess að fegra og leggja mikla áherslu á kostina og draga úr göllunum sem þessu fylgja. En það veit hver maður sem vill að það er um að ræða atriði með og á móti og auðvitað pólitískt val í þeim efnum.

Ég óttast t.d. yfirbygginguna og báknið sem kann að fylgja í kjölfar virðisaukaskatts. Ég óttast einnig þann kostnað sem kann að fylgja innheimtunni og mér finnst heldur ekki vera nógu ljóst í frv. hve mikill þessi kostnaður á að vera. Ég held að menn geri sér ekki almennilega grein fyrir því hver kostnaðurinn verður af þessari kerfisbreytingu.

Það er líka óljóst í sambandi við starfsmannafjölgunina hversu mikil aukning er nauðsynleg og það er heldur ekki víst að innheimta skattsins muni skila sér eins og ætlað er vegna þess að engin trygging er fyrir því að ekki verði reynt að svíkja undan þessum skatti eins og söluskattinum. Það er nefnilega ekkert algjörlega sjálfvirkt öryggi í þessu kerfi jafnvel þó að það sé eitthvað meira en í söluskattinum. Og ég held að hæstv. ráðherra, ef hann vill líta hreinskilnislega á málin, hljóti að taka undir það.

Ef ég má vitna í grein eftir Björn Matthíasson, sem er að vísu orðin nokkuð gömul, hún er í Fjármálatíðindum frá jan.–maí 1970. Hún tekur nú samt á öllum meginatriðum þessa skatts og ég veit ekki til þess að þau hafi í raun og veru tekið stakkaskiptum í millitíðinni þó að reynsla manna hafi orðið meiri á þessum tíma. Þar tekur hann einmitt fram að bókhald fyrirtækja í sambandi við virðisaukaskatt verði flókið og geti orðið þungt í vöfum fyrir lítil fyrirtæki og þá munu þau kannski hugsa sér hvort þau geti sleppt því á einhvern hátt og skotist fram hjá því. Það þarf ekkert stórt samsæri manna til þess að smokra sér undan því. Það er rétt eins og hæstv. ráðherra sagði, það fjölgar skattgreiðendum talsvert og þetta hlýtur vegna fjölgunar starfsmanna að auka innheimtukostnaðinn. Ég vil benda honum á það að þegar Bretar voru að íhuga að taka upp þennan skatt á sínum tíma þá fjallaði stjórnarnefnd um möguleikana á því að taka upp skattinn og hún taldi kostnaðaraukninguna sem yrði hjá þeim við upptöku þessa skatts eina helstu ástæðuna fyrir því að hún treysti sér ekki til að mæla með upptöku virðisaukaskatts fyrir landið. Það eru því vissulega mörg ágreiningsatriði um þessi mál.

Síðan er spurningin um það hvort framfærsluvísitala muni lækka, eins og haldið er fram, við upptöku þessa skatts. Ég vek athygli á því að gagnrýnendur skattsins, eins og kemur fram í þessari grein eftir Björn Matthíasson, hafa undirstrikað það að álagning skattsins hafi nær alltaf leitt til verðhækkana, a.m.k. í byrjun. Þetta hefur orðið svo þó að hundraðshluti nýja skattsins sé ekki hærri en í söluskattinum sem áður gilti, og ekki síst vegna þess að fleiri vörutegundir hafi orðið skattskyldar en áður. Hann segir enn fremur að slík verðhækkun geti haft slæm áhrif á tekjuþróunina og leitt af sér beinar kauphækkanir sem aftur geti orðið útflutningsatvinnuvegunum þyngri baggi en léttinum af undanþágunum frá virðisaukaskattinum nemur.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í efnisatriði frv. í þessari 1. umr. en ég vil þó nefna nokkur fleiri atriði auk þeirra sem ég hef þegar minnst á, t.d. í sambandi við undanþágur. Er það ekki síst vegna þess að hæstv. ráðherra minntist einmitt á það að hann fagnaði því að nú væri hægt að koma á skatti þar sem undanþágurimlarnir væru fáir og því erfitt að svíkja undan skattinum. Hann hefur samt valið 14 liði, sem taldir eru upp í 2. gr. frv., er verða undanþáguliðir. Auðvitað er þarna um að ræða ákveðið val. Þá vil ég víkja t.d. að 12. atriði í þessari grein sem er starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka. Þarna er um að ræða undanþágu fyrir menningarmál og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hver metur hvað er undanþegið? Hvaða viðmiðanir eru notaðar? Hvaða verðmætamat liggur til grundvallar þegar þetta val fer fram?

Í grein Björns Matthíassonar, sem ég hef áður vitnað í, kemur einmitt fram að það er algengt að það séu einhverjar hefðbundnar undanþágur undan virðisaukaskatti og hann segir, með leyfi forseta:

„Virðisaukaskatturinn er lagður á nær flestar vörur og þjónustu á innanlandsmarkaði. Undantekningar frá skattinum eru fáar, en nokkuð breytilegar frá landi til lands. Yfirleitt er banka- og

tryggingaþjónusta undanþegin, svo og póstþjónustan, heilbrigðisþjónusta, dagblöð og vörur sem eingöngu eru keyptar af hinu opinbera, svo og þjónusta listamanna og vísindamanna.“

Og nú vil ég spyrja: Við hvað var miðað þegar einungis var undanskilin starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka? Hvað um alla hina listamennina? Var miðað við eitthvert annað Norðurlandanna? Og þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Gerir hann sér t.d. grein fyrir því hver er aðsókn að leikhúsum hérlendis? Veit hann að hún er nokkur hundruð prósent hærri en víðast hvar á Norðurlöndunum? Það er geysilega mikil aðsókn að leikhúsum. Þetta er snar þáttur í almennri menningarneyslu fólks á Íslandi, sem er ólík hinum Norðurlöndunum. Í flestum löndum er það kannski einungis — ja, ef við getum kallað það hástétt eða útvalinn hópur sem telur sig hafa efni eða tök á því að sinna menningarstarfsemi eins og t.d. leikhúsferðum. Hér er það allur þorri manna. Ég held að ég verði að brýna það fyrir hæstv. ráðherra að þessi litla þjóð þarf kannski á fáu meir að halda en að efla menningarlegt sjálfstæði sitt, halda menningu sinni vakandi til þess að geta orðið sú sjálfstæða heild sem hún er, til þess að geta lifað sem þjóð meðal þjóða. Og það þarf að næra og það þarf að styrkja menninguna og þess vegna spyr ég: Hvers vegna einungis þessar tvær tegundir listamanna þegar stendur í grein Björns Matthíassonar að önnur lönd hafi þjónustu listamanna og vísindamanna sem undanþágur?

Síðan var fullyrt við okkur og ég held að það komi fram í þessu frv. að það verði um að ræða jöfnun á vöruverði milli landshluta með virðisaukaskatti. Ég get ekki séð hvernig þetta verður vegna þess að nú eru vöruflutningar söluskattsfrjálsir. Hvernig má það vera þegar skatturinn leggst á kaupfélögin og þegar hann leggst á flutninga almennt að þetta verði til þess að jafna vöruverð um landið? Ég held að það verði ekki. Síðan er einnig fullyrt að Kaupmannasamtökin styðji þetta frv. en hins vegar hefur komið fram í máli fyrrv. formanns samtakanna í greinum í blöðum að hann mótmælir þessu, telur það í raun verða mjög erfitt fyrir kaupmenn að sinna þeim skýrslugerðum sem til þarf og þeir hafa í raun og veru mótmælt virðisaukaskattinum.

Ég hygg að menn hafi haldið því fram að þorri kaupmanna hafi ekki skilning á því í hverju þessi breyting felist. Ef þetta eru þá rétt skilaboð sem ég hef fengið, að stjórnmálamenn eða ráðuneytismenn telji að kaupmenn hafi ekki vit á því að meta þessar breytingar. En ótti þeirra, eins og þeir hafa tjáð hann, um hærra vöruverð, stirðara kerfi og aukna fyrirhöfn og jafnvel vaxandi kostnað, er hann ekki á rökum reistur? Það er önnur spurning sem ég vil bera fram til hæstv. ráðherra.

Að lokum get ég ekki séð að hinn almenni borgari, við skulum segja litla manneskjan í þjóðfélaginu, fari nokkuð betur út úr þessu kerfi í raun nema síður sé. Einföldunin sem í því er fólgin er ekki fyrir hana. Hún er fyrst og fremst fyrir kerfið og þá sem þar vinna. Það er heldur ekki víst að skilvirknin rati til hennar eða þá það sem meiru varðar: það er hætt við að réttlætið gangi hjá garði hennar líka vegna þess sem ég áður mótmælti og ræður grundvallarafstöðu okkar til þessa frv., skattlagningar á matvæli. Hins vegar býst ég við að það verði farið ítarlega yfir þetta frv. og það verði lesið vel í fjh.- og viðskn. þar sem ég á áheyrnaraðild og þá verða tök á því að kynna sér málið í heild sinni svo og viðbrögð hagsmunaaðila við því. Þá kann ýmislegt að koma fram sem varpar frekara ljósi á málið og getur nýst okkur til frekari umræðu í þessari deild um málið.

Ég hef drepið hér á nokkur atriði sem stinga í augu þegar maður flettir þessu frv. þó að mætti minnast á mörg önnur. Ég hef þó ekki enn minnst á einn meginkostinn við frv. sem er að mínum dómi sá að þetta er mjög hagstætt fyrir atvinnuvegina og þá sérstaklega fyrir útflutningsgreinarnar. Það eru auðvitað sterk meðmæli með því að taka upp þetta kerfi. Þær verða samkeppnisfærari og styrkjast. Hins vegar hljótum við að þurfa að meta þetta allt í heild sinni og það kemur sannarlega til greina að gera ýmsar brtt., sérstaklega hvað varðar matvælin og menninguna og láta reyna á það hver vilji deildarinnar er til þess að undanskilja matvæli og menningu frá virðisaukaskatti.

Ég hef svo lokið máli mínu í þessari umræðu, herra forseti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er lítið breytt frá frv. sem lagt var fyrir síðasta þing af hæstv. þáv. fjmrh. og var þá harðlega mótmælt af formanni Alþfl. í umræðu sem hér fór fram á Alþingi 10. des. 1986. Nú kveður hins vegar við annan tón hjá hv. formanni Alþfl. þar sem hann í rauninni hafnar öllum þeim röksemdum sem hann sjálfur hafði í þessu máli þegar hann talaði á þinginu í desember 1986. Og í rauninni gengur hann mikið lengra. Hann talar eins og nýfrelsaður maður sem hefur fundið hjálpræðið, eins og hv. 6. þm. Reykv. kallaði það áðan, hina endanlegu lausn, svar við öllum vanda, hún er hér, og vitnaði máli sínu til stuðnings m.a. í fjmrh. Svía til þess að það væri nú alveg ótvírætt að þeir væru dregnir fram í dagsljósið sem við mættum helst taka mark á hér í þessari deild. Mér kom í hug þegar vitnað var til jafnaðarmannaleiðtoga á Norðurlöndum með þessum hætti að fyrir 50 árum gaf Alþfl. út rit um skattamál og velferðarmál sem bar einhvers staðar í horni bæklings tilvitnunina „Öreigar allra landa sameinist“. Nú er því kjörorði að sjálfsögðu ekki hampað. Hins vegar hefði yfirskriftin á ræðu hæstv. ráðherra áðan getað verið: Kerfiskarlar allra landa sameinist. Og þar með áttum við að hneigja okkur og taka mark á því sem hæstv. ráðherra sagði. Úr því að þetta var í gildi í Svíþjóð, úr því að þetta þykir góð latína þar, þá eigum við að hneigja okkur og beygja fyrir þessu máli.

Auðvitað er það hárrétt sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan að hér er um að ræða pólitískt ágreiningsefni. Hér er ekki um að ræða ágreining eða mismunandi skoðanir um tæknilega útfærslu á hlutum, heldur pólitískt ágreiningsefni um það hvernig á að leggja á skatta til að standa undir hinni félagslegu þjónustu í landinu. Og það er nokkuð kostulegt að heyra það þegar hv. þm. Alþfl. ganga fram með þeim hætti sem þeir hafa gert hér að undanförnu, margir, í fjölmiðlum og ráðast að stjórnarandstöðunni fyrir það að hún vilji ekki byggja upp hið félagslega velferðarkerfi í landinu, hún sé í raun og veru bara á móti því, af því að stjórnarandstaðan hefur lagst gegn matarskattinum. En auðvitað snýr málið þannig: Við viljum leggja þetta á aðra en láglaunafólkið sem bersýnilega ber þyngri byrðar út úr matarskattinum en það gerði áður og skattastefna ríkisstjórnarinnar snýr þannig að einstaklingum í landinu, eins og allir hljóta að sjá, að þeir tekjuhærri borga núna hlutfallslega lægri skatta en áður, bæði beina og óbeina, en hinir tekjulægri borga hærri skatta en þeir hafa áður gert. Þetta er jafnaðarstefnan, jafnaðarstefna kerfiskarlanna sem hafa verið teknir í gegn í ráðuneytunum sínum og sagt: Það er einföldunin sem blífur, það er einföldunin. En auðvitað gengur jafnaðarstefna ekki út á það að það sé sama prósentan sem snýr að hverjum einasta manni í landinu, heldur út á stjórn sem er þannig að hún lætur þá ríku borga mikið og notar þá fjármuni til þess að standa undir að bæta hina félagslegu þjónustu.

Og í þessari kerfisræðu sem var flutt áðan, og það var engu líkara en að hæstv. ráðherra tryði ræðunni sem var kannski það alvarlegasta við lesturinn, segir hæstv. ráðherra: Þetta er í raun og veru það eina sem eftir er. Þetta er allt að verða mjög gott hjá okkur. Hliðarráðstafanirnar eru að baki, það er búið að hækka ellilífeyrinn, búið að hækka barnabæturnar. Það er frá. Jafnaðarmaðurinn hefur engar áhyggjur af því lengur. Það er búið. Það er afgreitt. Bábiljur andstæðinganna hafa verið hraktar. Lýðskrumararnir hafa verið kveðnir í kútinn. Það er frá. Það er búið. Undanþágufarganið, það er í raun og veru verið að brjóta það niður, og það er ekki hægt, sagði ráðherrann, að ná inn auknum tekjum með því að hækka eignarskatta. Það er ekki hægt að ná inn auknum tekjum með því að hækka skatta á fyrirtækjum. Það er útilokað mál. Við erum komin alveg á leiðarenda í þeim efnum. Það er því í raun og veru ekkert eftir annað en að kreista þessa einstaklinga, þessa launaþræla sem eftir eru í landinu. Og svo er áróðurinn orðinn mikilvirkur gagnvart hæstv. ráðherra, hann er farinn að trúa svo áróðursvélinni sem hann hefur sjálfur sett í gang í fjmrn. að hann segir: Matarskatturinn er stórfelldasta tekjujöfnunartæki sem ákveðið hefur verið á Alþingi Íslendinga og þeir sem voru á móti matarskattinum eins og undirritaður og hv. 6. þm. Reykv. munu verða aðhlátursefni hér fram eftir allri næstu öld vegna þess að þeir voru á móti þessu gífurlega framfaramáli alþýðunnar í landinu að leggja á matarskatt.

Það eru um 80 ár síðan sú saga gerðist sem var rakin áðan varðandi símann. Það jafngildir því að ég og hv. 6. þm. Reykv. verðum alveg sérstakt aðhlátursefni hér á Alþingi og víðar árið 2064 eða 2068 eða svo og má það út af fyrir sig heita gott ef manna verður minnst að einhverju svo seint á næstu öld. En þannig eru framfarirnar, framfarir Alþfl., flaggið mikla, matarskatturinn, það er svo stórt, það eru svo mikil kaflaskil að það verður að jafna því til stærstu viðburða í tæknisögu Íslands á 20. öldinni. Og þeir sem leyfðu sér að lyfta litla fingri eru lýðskrumarar og það verður hlegið að þeim seint á næstu öld, 21. öldinni, ef land þá stendur sem vonandi verður. Undir þessari ræðu kom mér í hug þetta kjörorð sem hv. formaður Alþfl. ætti að gera að kjörorði flokksins: „Kerfiskarlar allra landa sameinist.“ Það eru þeir sem eru að rúlla þessu hér inn með þeim rökum að þetta sé svona alls staðar annars staðar. Hvað er nú orðið eftir af sjálfstæðri hugsun í þessu fólki?

Herra forseti. Við höfum í Alþb. í umræðum um þennan virðisaukaskatt hreyft margvíslegum athugasemdum og ég ætla aðeins að fara yfir þær örfáum orðum.

Í fyrsta lagi lýsi ég því yfir að við erum andvíg virðisaukaskattinum vegna þess að í honum felst matarskattur. Við viljum ekki leggja sömu skatta á allar vörur og þjónustu, jafnvel líka brýnustu lífsnauðsynjar fólks. Við viljum hafa það mismunandi, jafnvel þó að það kosti það að virðisaukaskattur á aðrar vörur og aðra þjónustu verði hærri, 24% eða 25%, en hér er gert ráð fyrir ef það mætti verða til þess að menn gætu fellt niður eða lækkað verulega virðisaukaskatt á öðrum greinum. Ég bendi á í þessu sambandi að í langflestum löndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu er um að ræða mismunandi skattþrep, mörg skattþrep og það er ekkert sem segir að það sé útilokað að vera með mörg þrep hér líka.

Í öðru lagi leggjumst við gegn frv. vegna þess að það gerir ráð fyrir að innheimta skatta af veigamiklum þætti í íslensku þjóðlífi sem til þessa hefur verið undanþeginn óbeinum sköttum og það er menningin. Hér er gert ráð fyrir því að stíga það skref til fulls svo að segja að innheimta óbeina skatta af allri menningarstarfsemi, meira að segja þeirri þegar málari selur sitt eigið myndverk, vegna þess að hann er ekki undanþeginn eins og þessi texti hér liggur fyrir heldur rithöfundar og tónskáld, en aðrir eiga að greiða virðisaukaskatt af sínum vörum, sinni framleiðslu, sínum listaverkum. Mér þætti gaman að sjá framan í þann mann í fjmrn. sem ætlar að meta virðisaukann í íslenskum málverkum, hvaða formúla það er sem á að brúka í þeirri stofnun.

Hér er sem sagt stigið annað skrefið. Fyrsta skrefið var að leggja skatt á mat, annað skrefið er að leggja skatt á menningu og það kemur ekki til greina. Við þurfum að reyna að hafa menningarstarfsemi af hvaða tagi sem er eins aðgengilega og

mögulegt er fyrir fólkið í landinu og m.a. af þeirri ástæðu leggjumst við gegn þessu frv. eins og það liggur hér fyrir.

Í þriðja lagi bendum við á að með virðisaukaskattinum er verið að leggja meira á einstaklingana en minna á fyrirtækin. Það kemur fram í fskj. með þessu frv. að einstaklingarnir borga nú, eftir hækkun söluskattsins og matarskattinn, 75% af söluskattinum, en með virðisaukaskattinum munu þeir greiða 80% þannig að það er alveg ljóst að það er verið að færa til skattbyrði frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga.

Í fjórða lagi bendum við á að þetta frv., ef að lögum verður, þýðir stóraukinn fjölda innheimtuaðila og verulega aukna skriffinnsku í þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi úti í fyrirtækjunum sjálfum, þar sem skriffinnskan eykst frá því sem verið hefur, og í öðru lagi hjá ríkinu sjálfu.

Í fimmta lagi nefnum við sem rök í þessu máli: Kostnaður ríkisins við skattkerfið mun aukast. Þetta þýðir 40 nýja embættismenn á launum, þetta kerfi, samkvæmt því sem hæstv. fjmrh. upplýsti áðan. Það voru haldnar um það langar stólræður hér fyrir nokkrum árum að það mætti ekki fjölga alþm. um þrjá, það væri þvílíkur héraðsbrestur og þjóðin færi endanlega á hausinn ef þeim yrði fjölgað um þrjá. Hér er gert ráð fyrir því að bæta við 40 manns í embættismannakerfið til þess að halda utan um þetta virðisaukaskattskerfi.

Í sjötta lagi vil ég í þessu sambandi mótmæla því harðlega að sjálfseftirlitið, eins og það er kallað í þessum pappírum, sé jafnsterkt og hérna er gefið í skyn. Það var alveg rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það er mikil tilhneiging til þess í ræðu ráðherrans og í grg. með frv. að fegra málið allt og setja það þannig upp að þetta sé svo að segja alveg fullkomið. Og hann breytti nú ekki miklu frá frv. í fyrra. Hann er eiginlega alveg með frv. Þorsteins Pálssonar sem hann var þó á móti í fyrra, hæstv. fjmrh. En hann breytti samt nokkrum atriðum og strikaði út úr grg. eitt og eitt atriði og nostursamir þingmenn og smámunasamir eins og ég lásu báðar grg. Það kemur m.a. í ljós að hæstv. fjmrh. hefur fellt út úr seinni grg. ýmis atriði úr þeirri fyrri sem m.a. tíunda samviskusamlega þá galla sem eru á virðisaukaskattskerfinu. En núna gengur kerfisgengið í fjmrn. svo langt að það er strikað út.

Dæmi: Í fyrra stóð í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta: „Telja verður það ofmælt að í kerfinu felist umtalsvert sjálfseftirlit með hagsmunaárekstrum innheimtuaðila. Í öllum aðalatriðum má segja að allar aðstæður að þessu leyti séu mjög hliðstæðar í virðisaukaskattskerfinu og nú er í söluskattskerfinu og mun þörf á virku eftirliti skattyfirvalda ekki verða minni með tilkomu virðisaukaskatts."

Þetta stóð í grg. frv. í fyrra, en þetta er auðvitað strikað út í grg. með frv. núna.

Ég tel að þessar hugmyndir um að sjálfseftirlit, sem er sérkennilegt orð en látum það nú vera, muni skila verulegum fjármunum, séu stórkostlega ýktar. Það er sagt sem svo sem rök með virðisaukaskatti: Á fyrsta stigi greiðir maður virðisaukaskatt og hann dregur hann svo frá á næsta stigi og þannig koll af kolli. Þannig passar hver annan. Þannig „kontrólerar" hver annan. En ætli það geti ekki gerst í þessu skattakerfi eins og í öðrum skattakerfum á Íslandi að menn hjálpist ekki aðeins að við það að tryggja að báðir borgi, heldur reyni menn einnig að aðstoða hver annan við það að sleppa við að borga?

Ég hygg að menn hafi oft rifjað upp þá sögu af hverju við námum þetta land hér fyrir margt löngu. Hér hafa menn verið alveg undraflinkir við að smeygja sér fram hjá skatti. Sjálfstfl. hefur reyndar talið það vera sjálfsagt mál og göfugt stundum í sínum ræðum og erindum. (**SalÞ:** Hvar stendur það?) Hannes Hólmsteinn, hugmyndafræðingurinn. Það þarf ekki að fara lengra. (**EgJ:** Það er nú ekki allur flokkurinn.) Ja, mestallur, hv. þm. Hugmyndafræðingurinn þeirra. (**EgJ:** Þér þykir mikið til hans koma.) Ekki segi ég það nú kannski. Mér sýnist að þér þyki nokkuð til hans koma, hv. ritari. Er það ekki rétt? (**EgJ:** Það sagði ég ekki.) Nei, hv. þm. afneitar lausnara sínum bak páskum. Það er sérkennilegt.

En í þessum efnum þá hygg ég að það sé alveg ljóst, ef við skoðum þetta mál, að það er engin trygging fyrir því að virðisaukaskattskerfið skili sér betur. Það er engin trygging fyrir því, ekki nokkur. Og við getum spurt, af því að hérna er alltaf verið að vitna í Norðurlöndin: Ætli þetta hafi skilað sér mikið betur á Norðurlöndum? Ætli skattsvik séu svo að segja alveg óþekkt þar af því að þar er búið að taka upp þetta mikla einföldunarkerfi, þetta valtarakerfi fjmrn.? (**SalÞ:** Þeir sátu eftir heima.) Einhverjir urðu eftir heima sem betur fer þannig að við erum ekki ein um þessa iðju.

Í skýrslu skattsvikanefndar, sem gefin var út á síðasta þingi, kemur það fram að um er að ræða veruleg skattsvik í óbeinum sköttum í Noregi, í Danmörku, í Svíþjóð og í Finnlandi, jafnvel þó að búið sé að taka þetta alfullkomna kerfi upp fyrir löngu. Og auðvitað er það þannig. Þess vegna skulu hv. stjórnarþingmenn ekki vera að láta hæstv. fjmrh. blekkja sig með því að hann heldur því fram að þetta þýði í raun og veru alfullkomið kerfi og ekki nokkur leið að komast fram hjá hlutunum. Reynslan sýnir frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, ef stjórnarþingmenn vilja setja sig inn í málin, að í rauninni er þar um verulegan undandrátt að ræða eins og kemur rækilega fram í skýrslu skattsvikanefndar sem var dreift á þinginu 18. apríl 1986. Það er stórkostlega ýkt að þetta margumtalaða sjálfseftirlit sé jafnótvírætt og fjmrh. heldur fram.

Í sjöunda lagi dregur hæstv. ráðherra þá ályktun að þetta kerfi muni gefa nokkra aukna fjármuni í ríkissjóð vegna þessa sjálfseftirlits og fyrrverandi hæstv. fjmrh. Þorsteinn Pálsson sagði þegar hann lagði frv. fram að þetta gæti gefið aukalega 400 millj. í ríkissjóð. Hver er talan sem nú er giskað á af

fjmrn. í þessu efni? Það eru 1000 millj. Það er sem sagt u.þ.b. tvisvar sinnum hærri tala en sú sem hæstv. fyrrv. fjmrh. nefndi. Ég tel að ávinningurinn, því að við virðisaukaskattskerfið eru vissir kostir eins og hér hafa verið nefndir, ávinningurinn, jafnvel þó þetta væri í hendi, sé of lítill til að steypa um kerfinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Í áttunda lagi, herra forseti, vil ég gagnrýna sérstaklega hvað talnagögn þessa frv. og grg. eru ófullkomin og ekki nægilega upplýsandi vegna þess að þetta mál snertir hvern einasta mann í landinu, hverja einustu atvinnugrein og alla þá sem lifa í þessu landi. Þess vegna hefði þurft að vera mjög ítarlegur talnagrunnur í þessu til þess að unnt væri að afgreiða það á þeim stutta tíma sem hér er verið að tala um. Það er auðvitað eins og venjulega með þessa ríkisstjórn. Það er komið með þetta mál núna loksins eftir páska, þingið verið verkefnalítið frá því í áramótahléinu. Nú er komið með málið í stað þess að koma með það strax eftir áramótahléið. Hvað dvaldi orminn langa? Hvernig stóð á því að menn komu þessu ekki frá sér? Nú eru lögð fram ein 20–30 stjfrv. og sagt við okkur í stjórnarandstöðunni: Afgreiðið þið þetta á nokkrum dögum. Það er auðvitað alveg óþolandi ef það á að afgreiða þetta mál á stuttum tíma og ég vil segja: Vegna þess hvernig að málinu er staðið, vegna þess hvað það er illa undirbúið, hvað grg. frv. er slök, talnaforsendur hennar óljósar, er óhjákvæmilegt að þetta mál taki nokkurn tíma. Ég tel að það sé í rauninni ekki boðlegt að ætla þinginu að afgreiða þetta mál á örfáum vikum þó að málið hafi sést hér inni áður vegna þess að þingið hefur ekki fyrr, ef það yrði gert núna, sest yfir þetta mál í einstökum atriðum til að átta sig á innihaldi þess.

Nú er það kannski þannig, herra forseti, að allt það sem ég hef hér verið að segja séu bábiljur og lýðskrum og það verði haft til skemmtunar rétt eins og símamálið seint á næstu öld allt það sem hér hefur verið kveðið. En þá verð ég að játa að ég er ekki algjör brautryðjandi í þessu efni vegna þess að hv. formaður Alþfl., hæstv. fjmrh., hélt hér ræðu 10. des. 1986 og það vill svo sérkennilega til, herra forseti, að svo að segja allt það sem ég hef hér sagt er upp úr þeirri ræðu fyrir utan það sem ég nefndi varðandi menningarstarfsemina sem honum er bersýnilega ekkert sérstaklega mikið um. Að öðru leyti hef ég tínt þetta saman úr ræðu formanns jafnaðarmannaflokksins, Alþfl. En til þess að gleðja hv. 3. þm. Vestf. og til þess að ekkert fari á milli mála ætla ég aðeins að fara yfir nokkur atriði úr ræðu hæstv. fjmrh. frá í des. 1986.

Hann lagðist gegn málinu. Á hvaða forsendum? Í fyrsta lagi þeirri forsendu að prósentan í virðisaukaskattinum væri allt of há. Hann sagði: Ef Alþfl. á að standa að máli af þessu tagi verður þessi prósenta að lækka mjög verulega, en í frv. eins og það var lagt fram í fyrra var prósentan 24% en ekki 22%. Rökin sem hann flutti voru þau að svona há prósenta hvetur mjög eindregið til skattaundandráttar, prósentan verður að lækka mjög verulega, prósentan er allt of há og sagði þá m.a., með leyfi forseta: „Ég segi það hreint út að ég vil ekki kaupa fræðilega kosti virðisaukaskattsins umfram óbreytt kerfi þessu verði.“

Það var skoðun hans í fyrra, 1986 í desember. Það er spurning hvaða málvenjur menn hafa í sambandi við fyrra og hittiðfyrra sem við skulum ræða undir öðrum dagskrárlið.

„Ég vil það ekki“, segir hæstv. ráðherra þá áfram. „Við erum ekki til viðræðu um að taka upp virðisaukaskatt sem er svona hrikalega hár og við vefengjum röksemdir fjmrn. fyrir því að nauðsynlegt sé að halda virðisaukaskattinum í 20–21% til þess að halda óbreyttum tekjum“.

Hvaða tillögu er hann að gera? Er það 20–21%? Nei, 22%.

Og hann hélt áfram: „Við gagnrýnum það að þegar hér er lagt fram frv. af þessu tagi, sem snertir alla einstaklinga í landinu, alla neytendur og alla forsvarsmenn fyrirtækja, skuli ekki vera lagðar fram meiri tölulegar upplýsingar sem hægt er að meta.“ — Og ég spyr: Bætti hann við einhverjum tölulegum upplýsingum í þetta plagg, hæstv. ráðherra, þegar hann lagði það fram núna? Svarið er nei. Í rauninni er þetta nákvæmlega eins, grg. frv., að öðru leyti en því að það birtist yfirlit, tafla, um virðisaukaskatta í aðildarlöndum OECD. Það eru einu tölulegu upplýsingarnar sem eru nýjar í þessu plaggi. (**SalÞ:** Það er oft hægara um að tala en í að komast.) Já, það sannast á hæstv. ráðherra hið fornkveðna, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. (**KP:** Og á víða við.) Og á víða við, hv. þm. Karvel Pálmason. (**EgJ:** Og vissara að vara sig.) Og vissara að vara sig, segir hv. ritari. Eru fleiri þingmenn sem vilja bæta einhverju við, hæstv. forseti? Það er ekki.

Í öðru lagi segir hæstv. fjmrh. í ræðu sinni á Alþingi 10. des. 1986: „Önnur meginröksemd okkar gegn þessu frv. er sú að við teljum að það byggi á vanmati á þeim tekjuauka sem ríkissjóður getur ætlað sér við afnám á undanþágum og á útvíkkun á skattsviði og hertu eftirliti.“

Í rauninni er í þessu frv. og grg. þess gert ráð fyrir nákvæmlega sams konar vanmati og gert var ráð fyrir í frv. 1986.

Og hæstv. ráðherra hélt áfram: „Þriðja meginröksemdin er sú og það er sérstaklega gagnrýni vert að ekki skuli greind áhrifin á hverja atvinnugrein fyrir sig í talnagögnum frv.“ — Hverja atvinnugrein fyrir sig. Er það gert í þessu plaggi? Svarið er nei. Það er ekki gerð grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefur á hverja atvinnugrein fyrir sig.

Og hæstv. ráðherra lauk máli sínu þá með þessum orðum, með leyfi forseta. Ég veit að forseta leiðist ekki að ég lesi eftir þennan mann: „Það er gagnrýnisvert að upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir“, þ.e. talnagrunninn. „M.ö.o. vinnubrögðin til undirbúnings þessu frv. og upplýsingarnar sem fylgja því eru fjarri því að vera fullnægjandi. Það þýðir að þetta frv. hlýtur að vera lengi í vinnslu þingsins. Það

þýðir að þingnefndir sem fá málið til meðferðar hljóta að gera kröfu til þess að mikill fjöldi forsvarsmanna fyrirtækja verði kallaður til viðræðna við þingnefndir eða leitað verði eftir upplýsingum frá þeim. Þegar af þeirri ástæðu þykir mér líklegt að þetta mál hljóti að vera lengi í meðförum þingsins. Þar af leiðandi er ólíklegt eins og allt er í pottinn búið að það geti náðst pólitískt samkomulag milli þingflokka um þær lágmarksbreytingar sem gera þarf á frv. til þess að það verði afgreitt endanlega á þeim tíma sem eftir lifir þessa þinghalds."

Þetta var sagt 10. des. 1986. Þá átti þingið eftir að standa í a.m.k. tvo mánuði. Nú er verið að tala um það að losa um störf þingsins eftir 3–4 vikur þannig að það er auðvitað alveg bersýnilegt, svo að ég noti nú rök hæstv. fjmrh., að það verður mjög erfitt að ná þessu máli í gegnum þingið á þessum tíma. Það er svo illa undirbúið, það varð að kalla svo marga fyrir, það varð að fara svo vandlega yfir það, lesa hverja einustu grein frá orði til orðs. Þannig er augljóst mál að það er hárrétt sem hæstv. fjmrh. sagði 10. des. 1986: „Verkið er mikið og vandasamt og ekki við því að búast að Alþingi ljúki því á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þinghaldinu" svo að ég noti orðrétt þau ummæli sem hæstv. fjmrh. viðhafði á þinginu í desember 1986.

Ég hef hér, virðulegi forseti, farið yfir nokkrar efnislegar athugasemdir við frv. og ætla ekki að bæta þar neinu við að sinni. Ég tel að málið þurfi vandaða meðferð og ég mun leggja á það áherslu í hv. fjh.- og viðskn. að hún vandi sig við meðferð málsins alla þannig að hér verði ekki hrapað að neinu. Ég veit að í þingliði stjórnarflokkanna er verulegur áhugi á því að skoða þetta mál vel, bæði í Sjálfstfl. og Framsfl. Um Alþfl. skal ég ekkert segja, en það er þó hugsanlegt. Það er því augljóst mál að hér er aðeins rétt að hefjast umræða um þetta mál og langlíklegast vitaskuld að henni ljúki ekki í vor heldur byrji menn aftur á þessu máli í haust ef hæstv. fjmrh. streitist við að halda þessu máli fram með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Hér hefur verið lesin úr Alþingistíðindum mjög fróðleg lesning og segir manni að það þarf ekki að líða langur tími á milli þess að menn skipti um skoðun og allt í einu eru vond mál orðin að góðum málum. Það er kannski eins gott. Pólitíkin er þannig að oft eru veður fljót að skipast í lofti og menn vita ekki hvenær þeir komast í þá aðstöðu að fá að ráða ríkjum. Þá er kannski oft þannig að þau mál sem lögð hafa verið fram reynast fjandi góð.

Ég ætlaði ekki að hafa mjög langt mál um það frv. sem hér er til umræðu. Til þess hef ég ekki haft nægilega langan tíma. Við þingmenn Borgarafl. höfum ekki átt þess kost að kynna okkur þetta frv. fyrr en núna sl. mánudag þegar það var lagt fram — eða a.m.k. ekki ég þó að þetta frv. hafi farið á milli þingflokksformanna. Ég kem því aðeins til með hér að ræða um mína skoðun á þessu máli sem ég á frekar von á að eigi einhvern hljómgrunn innan míns flokks.

Það kerfi sem í virðisaukaskattinum felst er veruleg breyting frá því kerfi sem gildir um söluskatt. Þegar svona kerfisbreyting á sér stað þarf að huga að mörgum atriðum og ekki aðeins þeim er líta til ákveðinna greina. Það liggur ljóst fyrir að virðisaukaskattur kemur sér mjög vel fyrir útflutningsatvinnugreinar og þær greinar samkeppnisiðnaðar sem framleiða og selja á íslenskum markaði. Um það sem slíkt er ekki ágreiningur. Hins vegar hefur þetta kerfi í mínum huga ýmsar aukaverkanir og er ekki eins gott og af er látið af hæstv. fjmrh.

Ég tel t.d. að þetta kerfi hafi ekki í för með sér minni skattsvik og vísa til þess sem fram kemur í skýrslu skattsvikanefndar þar sem skattsvik eru a.m.k. ekki minni í nágrannalöndunum en hér. Tel ég því áætlun um þá peninga sem áætlað er að komi í ríkissjóð vegna minni undandráttar ekki byggða á föstum rökum.

Það sem ég hef aðallega áhyggjur af í þessu kerfi er skriffinnskan og hvernig þetta kerfi kemur til með að leika smáfyrirtæki og þá aðila sem vilja stofna fyrirtæki og hafa það smátt til að byrja með og láta það síðan vaxa, en það er burðarásinn í íslensku atvinnulífi. Ég held að það hafi gerst erlendis, bæði í Noregi og Danmörku, að litlum fyrirtækjum hafi fækkað verulega vegna skriffinnsku sem þessu fylgir.

Það liggur líka ljóst fyrir að innan ríkiskerfisins þarf að bæta við mannafla til að fylgja þessu kerfi eftir. Það kostar ekki aðeins 30–40 menn heldur kostar það tölvuvæðingu ásamt þeim kostnaði sem því fylgir, það kostar nýtt húsnæði og fleira sem telja mætti til en ég tel samt ekki ástæðu til að minnast á hér.

En það sem ég hef aðallega á móti þessu nýja kerfi, virðisaukaskattskerfi, er að ekki er gerður greinarmunur á hvers konar vöru er um að ræða. Ég tel algera nauðsyn að hér verði a.m.k. tvö skattstig, annars vegar fyrir nauðsynjavörur og hins vegar fyrir annan varning.

Samkvæmt skýrslu OECD, sem birt er með frv., er það innan EBE frekar undantekning en regla að notað sé eitt skattstig. Í flestum löndum eru tvö og alveg upp í sex í Belgíu. Það er aðeins í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eða í Danmörku og Noregi sem eitt skattstig er, en í öðrum löndum eru skattstigarnir tveir eða fleiri. Það segir manni að í þessum löndum er hugsað fyrir því sem meginmarkmiði að fólk geti komist af en ekki að kerfið sem slíkt geti „fúngerað". Það er hugsað um manninn sem slíkan en ekki allt hugsað út frá kerfinu. Sá hugsunarháttur sem hér er boðaður er kerfishugsunarháttur sem ég held að við eigum að reyna að komast hjá að lögleiða. Hann hefur gefist mjög illa. Ég tel, því miður, að sú ríkisstjórn sem nú er við völd hugsi meira um nauðsyn kerfisins en nauðsyn þess að fólk geti lifað í landinu.

Ég get tekið undir það sem fram hefur komið hjá

hv. 6. og 7. þm. Reykv. Það er ýmis starfsemi sem ég tel að flokka megi undir undanþágu og það er sérstaklega menningarstarfsemi. Mun ég ásamt þingmönnum Borgarafl. leggja fram brtt. innan skamms um að skattþrepið á matvæli og menningarstarfsemi verði lægra en hinn almenni skattur og er hugsað til þess að virðisaukaskatturinn á matvæli verði í kringum 11%. Ég tel það mjög eðlilegt.

Það eru önnur atriði í þessu frv. og í grg. sem ég vil vara við og þá sérstaklega það sem frá er greint á bls. 41 og 42 í grg., hvernig ríkisvaldið ætlar að ná þeim tekjum til baka sem það tapar með upptöku virðisaukaskatts. Þar koma fram þrjár hugmyndir og þá eflaust hugsun þessarar ríkisstjórnar eða hæstv. fjmrh. um hvernig hann ætlar að brúa þetta bil.

1. Að skattleggja innistæður í bönkum, sparifé landsmanna.

2. Að hækka verð á varningi Áfengis- og tóbaksverslunarinnar.

3. Að minnka barnabætur og niðurgreiðslur.

Það er aðallega þessi síðasti liður sem ég tel mjög varhugaverðan og mun aldrei samþykkja. Mér fannst ekki ofrausn þegar söluskattskerfið var tekið upp um áramótin á matvæli að því skyldi fylgja hækkun barnabóta og niðurgreiðslna og ef á að taka það af aftur með upptöku virðisaukaskattskerfis held ég að illa sé komið fyrir þessari ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að fara ofan í einstaka liði þessa frv., en langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig túlka eigi 34. gr. Þar er einhver mynd af tollkrít tekin upp. Það er ákvæði í tollalögunum um að fjmrh. geti heimilað ýmsum innflutningsaðilum varnings að greiða ekki strax söluskatt, og þegar þetta er tekið upp virðisaukaskatt, og gefa þá 30–60 daga frest á greiðslu þessa skatts. Þessi heimild í tollalögunum hefur ekki verið raunhæf. Mig langar því að spyrja hvort við megum eiga von á því að settar verði ákveðnar reglur um hvenær heimila skuli tollkrít eða hvort þetta eigi að vera loðið eins og nú er.

Ég tel ekki ástæðu að öðru leyti til að fara ofan í frv., en vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að að óbreyttu mun ég ekki samþykkja frv. og er sérstaklega andvígur því að það sé aðeins eitt skattþrep. Ég kem til með að sitja þessa viku og næstu í fjh.- og viðskn. og þar munum við eflaust fara mjög vandlega ofan í einstakar greinar frv. og hugmyndina um virðisaukaskatt sem slíkan. Ég vil því bíða með frekari umfjöllun þangað til að 2. umr. kemur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Sú niðurstaða hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnar Agnarsdóttur var mjög eftirtektarverð, eftir að hún hafði fjallað í ítarlegu máli bæði um Marconi-skeytasambandið og virðisaukaskattinn, að hvað sem um hann að öðru leyti mætti segja virtist sér þó sem hann kæmi sér vel fyrir atvinnuvegina, sérstaklega útflutningsatvinnuvegina. Í því samhengi hlýtur að vera innifalið einnig samkeppnisatvinnuvegina. Ég er henni öldungis sammála um það og þá um leið hitt væntanlega líka að með því að við með breyttu skattkerfi getum styrkt þessar undirstöður íslensks efnahagslífs stígum við líka mikilvægt skref til þess að við getum styrkt lífskjörin hér á landi með því að við með þessum hætti stöndum vel á bak við þessar undirstöðuatvinnugreinar íslensks þjóðfélags. Vitaskuld er kjarninn í málinu sá að með því að lögfesta virðisaukaskattinn er verið að styrkja atvinnulífið í landinu og færa það til þess horfs sem vænlegt er í þeirri samkeppni sem við hljótum í nútímaþjóðfélagi að eiga við innflutninginn, atvinnugreinar í öðrum löndum í sambandi við okkar útflutning. Það er höfuðmarkmiðið með þessari skattalagabreytingu eins og tekið er fram í frv. viðvíkjandi þessum þáttum. Virðisaukaskatturinn mismunar ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum. Hann hefur ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu. Hann veldur ekki tilviljanakenndri hækkun framleiðslukostnaðar. Hann bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum, sem búa við virðisaukaskatt, bæði á erlendum mörkuðum og hérlendis. Þetta eru auðvitað þau markmið sem við viljum ná.

Ég get vel undir það tekið að skoðanir eru skiptar um hvort virðisaukaskatturinn út af fyrir sig hafi það í för með sér að innheimta og eftirlit með álagningu verði öruggara en kannski sé hægt að gera með söluskatti ef þannig verður að honum staðið að framkvæmd hans sé örugg. En við vitum á hinn bóginn um það söluskattskerfi sem hefur verið hér á landi og er raunar enn að það er mjög örðugt í einstökum atriðum og veldur því að söluskattsinnheimtan kemur misjafnlega við ýmsan atvinnurekstur. Og síðast en ekki síst er erfitt að skilgreina oft og tíðum hvers konar vinna, sem unnin er inni í fyrirtækjum nú, skuli vera söluskattsskyld. Getum við þar nefnt t.d. endurskoðun, lögfræðiþjónustu, tækniþjónustu og ýmislegt annað sem því tengist. Það er auðvitað tilhneiging hjá fyrirtækjunum til þess að smokra sér undan söluskattinum þegar menn með menntun á þessum sviðum eru í þeirra þjónustu og enginn vafi á því að þar er eitt gatið í söluskattskerfinu. Við getum bent á ýmis göt önnur. Ég held að sú almenna niðurstaða sé viðurkennd í þinginu að eftir því sem undanþágurnar eru fleiri og erfiðara að skilgreina þær, eftir því séu meiri líkur til þess að undandráttur verði frá framkvæmdinni eins og hún er hugsuð. Ég held þess vegna að hv. þingdeildarmenn geti verið fullkomlega sammála um það að ef við berum saman það frv. sem hér liggur fyrir og tökum hins vegar söluskattskerfið eins og það hefur verið lögfest sé ekki vafi á því að innheimtan verði réttlátari og eftirlit auðveldara með því að skatturinn sé örugglega lagður á og skili sér í ríkissjóð. Þess vegna er enginn vafi á því að þetta frv. er líka merkilegt skref í þá átt að uppræta undanbrögð frá opinberum gjöldum, hvað svo sem almennt má segja um mismunandi virðisaukaskatt og mismunandi söluskatt án þess að bera nákvæmlega saman annars vegar frv. eins og þetta og framkvæmdina eins og hún er, heldur er einungis

talað um það frá fræðilegu sjónarmiði. En við erum nú ekki að gera það að þessu sinni heldur einungis að tala um hlutina eins og þeir liggja fyrir og ég held að þeir sem um þetta hafa fjallað séu sammála um það að frv., ef að lögum verður, muni verða til þess að uppræta undanbrögð frá skatti. Þess vegna er líka nauðsynlegt að það verði lögfest.

Ég held að ég hljóti að hafa misskilið þau ummæli sem féllu hjá a.m.k. einum ef ekki fleiri ræðumönnum um það að með frv. væri gert ráð fyrir því að þrengja að margvíslegri menningarstarfsemi meira en gert hefur verið, í sambandi við t.d. listmálara. Nú er það svo samkvæmt söluskattslögum að þau verk sem listmálarar selja sjálfir beint til kaupenda eru undanþegin söluskatti og hið sama gildir um virðisaukaskattinn. Samkvæmt frv. ber þeim heldur ekki að greiða virðisaukaskatt af málverkum þannig að þeir verða að þessu leyti í sömu stöðu. Ef við lítum á hinn bóginn til endursölu á listaverkum er hún nú með margvíslegum hætti. Aðalreglan er sú að söluskattur fellur á málverk sem ganga kaupum og sölum í verslunum þó svo að merkileg undanþága sé frá því í sambandi við listmunauppboð, en eins og hv. þm. rekur minni til voru á síðasta þingi samþykkt lög um það að sérstakt gjald yrði lagt á listaverk á listmunauppboðum sem renni í sjóð og komi til endurgreiðslu til þeirra listamanna sem máluðu viðkomandi verk eða hjuggu höggmyndir, auðvitað með þeim takmörkunum sem höfundarétturinn setur.

Að öðru leyti hygg ég að frv. taki sambærilegt tillit til menningarstarfsemi eins og nú er. Ef einhver atriði eru þar öðruvísi, sem rök standa til að taka til greina, hygg ég að samkomulag geti um það náðst nema þar sé um ágreiningsefni að ræða sem vegna eðlis skattsins sé mismunandi mat á hvernig farið skuli með. Ég legg því ekki mikið upp úr þeim ummælum sem um það hafa fallið.

Ég tók eftir því að eitt atriði í frv. var sérstaklega umdeilt og það er það ákvæði að virðisaukaskatturinn skuli lagður á matvæli. Nú er það auðvitað álitamál hvernig menn vilja með það fara. Við vitum að það var á sínum tíma umdeilt og umdeilanlegt hvort rétt væri að fella söluskatt niður af matvælum. Það var gert í tveim áföngum og við vitum að fyrir því voru færð óyggjandi rök að sú ákvörðun leiddi til undanskots frá söluskatti. Þetta liggur fyrir. Þetta er ekki umdeilanlegt. Þetta leiddi m.ö.o. til vissrar spillingar í álagningu og innheimtu söluskattsins sem ógerningur var við að gera. Þess vegna var sú ákvörðun tekin að leggja söluskatt á nýjan leik á matvæli. En samtímis var það gert í fyrsta lagi að hækka persónufrádráttinn. Í öðru lagi voru fjölskyldubætur hækkaðar og í beinum tengslum við það einnig tekjutrygging til aldraðra. Og við vitum að sömuleiðis var tekin ákvörðun um það að stórauka niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Allt var þetta gert til þess að létta á þeim sem minnstar tekjurnar hafa og af þeim sökum þyngstar byrðarnar vegna uppihalds.

Hér hefur aðeins verið nefnd ein tala í sambandi við niðurfellingu á matarskattinum svonefnda, að ef hann félli niður þyrfti ekki að hækka virðisaukaskattinn nema í 24 eða 25% og þá væntanlega búist við því að sömu tekjur næðust í ríkissjóð eða þá að útgjöld ríkissjóðs minnkuðu. Dæmið kæmi eins út fyrir ríkissjóð með plúsum og mínusum.

Ég veit nú ekki alveg hvernig þetta er hugsað. Við fyrstu sýn dettur manni auðvitað í hug að hv. þm. hafi ekki hugsað sér það að virðisaukaskatturinn yrði felldur niður af öllum matvælum eða þá hitt, sem líka kemur til greina, að hann hafi hugsað sér að minnka persónuafsláttinn eða þá draga úr niðurgreiðslum eða með öðrum hætti létta á ríkissjóði. Að öðrum kosti sé ég ekki að þessar tölur komi heim og saman. En þannig er það nú oftast nær þegar við erum að tala um það hér í þinginu að við viljum lækka skatta. Þá viljum við, ef við erum í stjórnarandstöðunni, ógjarnan tala um afleiðingarnar af því fyrir ríkissjóð að skattarnir lækki. Mig minnir að það hafi verið Magnús dósent sem sagði það á sínum tíma að heimurinn liti öðruvísi út af tröppum Landsbankans en Stjórnarráðsins. Eins er það kannski um ríkissjóð og þær kvaðir sem lagðar eru á hann. Þær líta allt öðruvísi út þegar viðkomandi stendur uppi í fjmrn. eða er oddviti stjórnarandstöðunnar hér á þingi. Alveg með sama hætti og við heyrðum það áðan í ræðu hv. 7. þm. Reykv. að hann gat dregið upp úr sínu pússi ótal ummæli sem núv. hæstv. fjmrh. sagði meðan hann var í stjórnarandstöðunni. Alveg með sama hætti getur hæstv. fjmrh., ef honum sýnist svo, dregið upp úr sínu pússi margvísleg ummæli sem þessi sami þm. hafði uppi þegar hann mælti sem ráðherra í ríkisstjórn. Þannig er nú þetta. Það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að reyna að mála hlutina svona viðkunnanlegum litum, elskulegum litum, og raunar féll hér eitt ógætilegt orð áðan sem menn hentu gaman að. Mig minnir t.d. að hv. 6. þm. Reykv. hafi, þegar síðasta ríkisstjórn var við völd, hent gaman að því að einn af ráðherrum þeirrar stjórnar tók sér annað slagið í munn orðið „litli maðurinn“ og sagðist bera umhyggju fyrir honum. En ég tók ekki betur eftir en þessi sami þm. talaði um þennan sama „litla mann“ áðan, en ekki, eins og maður hefði kannski getað búist við, um litlu konuna. Þannig fer nú þetta að menn tala með ýmsum hætti eftir því hvernig þeir eru staddir.

Ég geri ekki mikið með það þótt hv. 7. þm. Reykv. hafi talað svo áðan að við mundum ekki ná samkomulagi um það að reyna að hraða afgreiðslu þessa máls. Frv. er mjög vel unnið. Það hefur verið lagt fram hér á Alþingi í nokkuð breyttu formi, ég man ekki hvort það er þrisvar sinnum áður eða eitthvað svoleiðis. Ég hygg að það muni a.m.k. vera svo. Hér er um kunnugleg og margrædd ákvæði að ræða og ég vil mega vænta þess að í fjh.- og viðskn. takist eins og jafnan áður samkomulag um vinnubrögð þannig að menn þurfi ekki undan því að kvarta að ekki sé reynt að leita þeirra upplýsinga sem talið er nauðsynlegt né kalla þá menn til sem

þurfa þykir.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, aðeins fagna því að þetta frv. er fram komið. Það er mjög mikilvægur liður í því mikla starfi sem nú er unnið af hæstv. ríkisstjórn til þess að bæta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og markar þáttaskil í ríkisfjármálum. Ég vil mega vænta þess að um vinnubrögð öll takist hið besta samkomulag.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls aftur, en hv. 2. þm. Norðurl. e. gaf tilefni til þess.

Í fyrsta lagi fannst mér mjög athyglisvert að heyra þennan tón frá aðaltalsmanni Sjálfstfl. hér í deildinni í þessum málum. Það er þessi skattagleði. Og vissulega kveður nokkuð við annan tón hjá honum núna en var hér áður og það sem hann sagði um Landsbankatröppurnar og stjórnarráðið á örugglega ágætlega við um hann. Ég hygg að að því er varðar okkar málflutning höfum við alltaf lagt á það áherslu að t.d. ríkissjóður væri rekinn í jafnvægi, að um væri að ræða ábyrga fjármálastjórn ríkisins. En okkur er hins vegar ekki sama hvernig teknanna er aflað. Og af því að hann þuldi þessa þulu sem hæstv. fjmrh. hefur kennt honum í sambandi við það sem kom á móti matarskattinum er rétt að rifja það upp að matarskatturinn kostar fjölskylduna samkvæmt tölum ríkisstjórnarinnar, vísitölufjölskylduna, eins og það var gefið upp um áramótin, í kringum 2000 kr. á mánuði, en barnabætur með einu barni hækkuðu aftur á móti um hvorki meira né minna en 125 kr. á mánuði. Þannig stendur þessi matarskatts- og barnabótareikningur gagnvart þeim fjölskyldum sem hér um ræðir og er nauðsynlegt fyrir hv. talsmenn stjórnarliðsins að hafa þetta í huga.

Hv. þm. sagði í tilefni af mínum orðum að við hefðum verið með hugmyndir um það að fella niður matarskattinn og það kostaði verulega fjármuni. Það er rétt. Og hvernig á að afla þeirra? Það á að afla þeirra með því að leggja skatt á stóreignir. Það á að afla þeirra með því að leggja skatt á fyrirtæki og það á að afla þeirra með því að leggja skatt á vaxtatekjur og eignagróða hér á landi sem hefur farið vaxandi á undanförnum árum.

En af því að hv. þm. hreyfði þessum atriðum er alveg nauðsynlegt að inna eftir því: Er Sjálfstfl. sammála grg. þessa frv. þar sem kemur fram að tekjutapi ríkisins vegna þessara breytinga, sem hér er verið að tala um, á að mæta með skattlagningu fyrirtækja og skattlagningu eignatekna? Þetta stendur hér í þessu plaggi á bls. 41 í 4. mgr. Hefur Sjálfstfl. samþykkt það að leggja skatt á eignatekjur? Ég fagna því ef svo er. Það hefur áður gerst í vetur að Sjálfstfl. hefur gengið þvert á sína stefnu í skattamálum, sérstaklega í sambandi við fyrirtækjaskattana. En hefur það verið samþykkt í Sjálfstfl. að leggja skatt á eignatekjur? Ég mun ganga eftir því þegar málið fær meðferð í hv. nefnd að afstaða komi fram um það efni frá þeim talsmönnum Sjálfstfl.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði að það yrði örugglega gott samkomulag um að hraða afgreiðslu þessa máls. Ég vil gleðja hann með því að það verður ekkert samkomulag um það við mig a.m.k. að hraða afgreiðslu þessa máls. Hins vegar er það auðvitað ljóst að stjórnin hefur hér meiri hluta og getur knúið fram afgreiðslu mála svo að segja eins og henni sýnist. Það er mjög erfitt fyrir stjórnarandstöðuna að móast þar mjög verulega við. Við alþýðubandalagsmenn munum halda hér uppi eðlilegum málflutningi og vinnu í nefnd svo sem við höfum gert, en það verður ekkert samkomulag við okkur um að afgreiða þetta mál eins og það liggur fyrir.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þessi umræða gefur í sjálfu sér ekki tilefni til mikilla orðræðna af minni hálfu, en það eru örfá atriði sem ég kemst þó ekki hjá að leiðrétta.

Í fyrsta lagi var því haldið fram að Alþfl. og sá sem hér stendur hafi skipt um skoðun frá því í desember 1986 á virðisaukaskatti. Þetta er misskilningur sem menn geta staðreynt með því að lesa með öðrum hætti og svolítið nákvæmar þá ræðu sem vitnað var í. Þar var því lýst yfir af hálfu Alþfl. að hann væri fylgjandi virðisaukaskatti, hefði verið það áratugum saman, hefur reyndar haft það á stefnuskrá sinni lengur en aðrir flokkar.

Hitt er rétt að því var lýst yfir að við gætum ekki stutt það frv. sem þá lá fyrir og ástæðurnar, sem fram voru bornar, voru tvær. Hin fyrri var sú að álagningarhlutfallið væri of hátt. Rökin voru þau að sú breikkun skattstofnsins sem í frv. fólst frá gamla söluskattskerfinu gæfi tilefni til lægri álagningarprósentu. Seinni ástæðan var sú að við lýstum óánægju með hliðarráðstafanirnar. Þær voru allt að 3 milljarðar kr. eða tæplega það að vísu og átti eingöngu að verja til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðaverði. Við lýstum þeim rökum að við kysum heldur að þessum hliðarráðstöfunum yrði skipt og það væri óhjákvæmilegt að auka mjög verulega fjölskyldubætur, þ.e. útborgun barnabótaauka.

Þessu tvennu hefur verið breytt. Þetta eru m.a. þau tvö atriði sem hafa tekið verulegum breytingum frá því að frv. var lagt fram árið 1986. Í fyrsta lagi er álagningarprósentan lægri. Spyrja má: Hvers vegna er hún ekki enn þá lægri? Svarið er það að við gerð fjárlaga fyrir árið 1988 stóðum við frammi fyrir því að að óbreyttu skattakerfinu gamla og miðað við það útgjaldastig sem Alþingi ákvað yrði halli á ríkisbúskapnum um 8 milljarðar kr. Það er svarið við því hvers vegna, við þær aðstæður sem nú eru á árinu 1988, er ekki hægt að ganga lengra en hér er gert í þá átt að lækka hlutfallið.

Að því er varðar hliðarráðstafanirnar eru þær með allt öðru sniði en þær voru áður. Þær eru bæði meiri og þeim er skipt og þá sérstaklega er það tryggt að tæplega 3 milljörðum kr. er varið til barnabóta og það er veruleg hækkun frá árinu áður, sem svarar

rúmum milljarði. Þær tölur sem hv. þm. fór með í því efni um upphæð barnabóta per barn voru náttúrlega út í hött.

Ég þykist kenna þann tón í þessum umræðum að það fylgi ekki mikil sannfæring af sumra hálfu. Ég vil t.d. leyfa mér að nefna það að frv. var sem kunnugt er og fram kom í upphafi ræðu minnar lagt fram í fyrsta sinn haustið 1983 í fjármálaráðherratíð Alberts Guðmundssonar, formanns Borgaraflokksins, sem er reyndar eini maðurinn sem flutt hefur tillögu um undanþágulausan virðisaukaskatt og þar af leiðandi mnatarskatt án nokkurra hliðarráðstafana.

Í annan stað var þetta frv. undirbúið í fjmrn., ekki haustið 1983, heldur í fjármálaráðherratíð Ragnars Arnalds, fyrrv. formanns Alþb., sem entist að vísu ekki líf til þess, pólitískt, í þeirri ríkisstjórn til þess að leggja það fram. Hefur þetta eitthvað með það að gera að lífið líti öðruvísi út af tröppum Stjórnarráðsins en af Alþingistorfunni?

Spurningin um það hversu langan tíma Alþingi þurfi til þess að vinna að þessu máli. Rétt er það að ég hefði gjarnan kosið að það yrði lagt fram fyrr. Þó er það svo að það lifir mánuður af þessum þingtíma og hér er um að ræða lokaáfanga þeirrar skattkerfisbreytingar á óbeinum sköttum sem boðuð var í stjórnarsáttmála og hefur verið til linnulausrar umræðu a.m.k. frá því í nóvember eða desember á sl. ári. Þannig er þegar búið að útkljá af meiri hluta Alþingis deilumálin um hliðarráðstafanirnar. Það var afgreitt með skattkerfisbreytingunni þannig að í raun og veru höfum við ætlað okkur tíma frá desember — og til hvað? — miðs maí, ef þingið stendur svo lengi, til að fjalla um þessi mál. Gildistíminn er ekki fyrr en á miðju ári 1989 og mikið verk er fram undan við undirbúning á kynningu á framkvæmd á virðisaukaskattinum sem þýðir að við erum hér að ætla okkur miklum mun meiri tíma til umfjöllunar um þessi mál sem betur fer en tími vannst til eða aðstæður leyfðu okkur á sl. hausti.

Að öðru leyti að því er varðar efnisatriði er af minni hálfu engu við að bæta. Deilurnar um matarskattinn hafa verið útkljáðar. Spurningunum um hver voru áhrif skattkerfisbreytingarinnar á hag heimilanna hef ég svarað af minni hálfu oftar en ég hirði um að endurtaka nú. Spurningar um kostnað við virðisaukaskattskerfið, um starfsmannafjölgun, um horfurnar á bættri innheimtu, um verðlagsáhrif, öllu hefur þessu verið svarað bæði í framsöguræðu og um það er ítarlega fjallað í grg. með frv.

Hv. þm. Halldór Blöndal svaraði fsp. sem snerti hlut rithöfunda og listamanna, þ.e. tónskálda, rithöfunda og málara, þannig að þar þarf ég út af fyrir sig engu við að bæta. (**GA:** Hvað með menninguna að öðru leyti?) Um menninguna er það að segja að það eru undanþágur að því er varðar hugverk listamanna, tónskálda, rithöfunda og málara og að því er varðar hins vegar samkomuhald eða annað þar sem fram fer sala á þjónustu er gert ráð fyrir skattskyldu eins og í öðrum tilvikum. Og það er að sjálfsögðu enginn menningarfjandskapur. Þetta er gamli ágreiningurinn um hvort það eigi að afla tekna í skilvirku kerfi sem er þá forsenda fyrir því líka að það er hægt að greiða út almennilega styrki af meiri rausnarskap, m.a. til menningar og annarra þátta, og ekki mikið meira um það að segja.

Eitt verð ég líka að leiðrétta sem fram kom í máli hv. 7. þm. Reykv. Hann hélt því fram að af minni hálfu hefði því verið lýst yfir að nú væri skattkerfisbreytingunni lokið og það ætti ekki að leggja hærri skatta á aðra, ekki hærri skatta á fyrirtæki o.s.frv. Ég tók skilmerkilega fram að því er varðar spurninguna um frekari tekjuöflun til að mæta því gati sem í þessu frv. felst upp á 1200 millj. að það verður gert með öðrum af tveimur leiðum eða báðum, með lækkun útgjalda eða frekari tekjuöflun. Í grg. er gerð grein fyrir þeim hugmyndum, þar á meðal hugmyndum sem eiga hald í stjórnarsáttmála, frv. um skattlagningu fjármagns- og eignatekna m.a.

Ég vek á því athygli að hlutur fyrirtækja í heildarskattlagningunni hefur aukist verulega, reyndar við skattkerfisbreytinguna hingað til. Það hefur verið hækkuð mjög verulega tekjuskattsálagning á fyrirtækjum og mótframlög eða styrkir eða tilfærslur fyrirtækja, úr þeim hefur nokkuð dregið. Þannig er þetta á misskilningi byggt.

Að því er varðar málflutning hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur staldraði ég sérstaklega við það að hv. þm. vitnaði í 18 ára gamla tímaritsgrein eftir Björn Matthíasson, hagfræðing í Seðlabankanum, sem vakti m.a. athygli á því að framkvæmd virðisaukaskattskerfis gerði strangari kröfur til bókhalds fyrirtækja. Það er laukrétt og ákaflega æskilegt því að undirrót skattamisferlis á Íslandi er að mjög verulegu leyti af þeim rótum runnin að kröfur um bókhald fyrirtækja eru ekki nægilega strangar og þar þarf einmitt nauðsynlega að bæta úr. Samt sem áður er það ekki ýkja flókið m.a. vegna þeirra tæknilegu breytinga sem orðið hafa í þeim efnum frá þeim tíma sem sú grein var skrifuð.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Það er ljóst að það eru skiptar skoðanir, eins og fram kom í umræðunum, um skattkerfisbreytinguna.

Einni spurningu að lokum, herra forseti, var til mín beint, þ.e. um túlkun á 34. gr. um gjaldfrest. Ég tel mig reyndar hafa svarað því í framsöguræðu. Það var sérstaklega að því vikið og er reyndar um það fjallað í grg. frv. Þetta er aðgerð sem ég vakti athygli á að kallaði á frekari umfjöllun í nefnd og varðar fyrst og fremst spurninguna um verðlagsáhrif kerfisbreytingarinnar. Þar eru mínar hugmyndir þær að ræða þetta og koma þar á framfæri heimildarákvæði til fjmrh. Framkvæmdin yrði með mjög svipuðum hætti og varðar heimildina í tollalögum að því er varðar hraðafgreiðslu hjá þeim innflutningsaðilum sem gróflega má segja að annist u.þ.b. 80% af innflutningnum. Þetta er fyrst og fremst heimildarákvæði sem ætlunin er að leita eftir til að tryggja að verðhækkunaráhrifum hugsanlega af þessum

sökum, fjárbindingu fyrirtækja, verði haldið í skefjum.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla að gera örstutta athugasemd í tilefni af orðum hæstv. fjmrh. varðandi virðisaukaskattsfrv. Alberts Guðmundssonar út af því að hann vildi minnast á það. Hann sagði að því frv. hefðu ekki fylgt neinar hliðarráðstafanir, enda mjög eðlilegt þar sem þetta frv. var aðeins, eins og hann man sjálfur, lagt fram til kynningar og átti ekki að verða að lögum það þing sem það var lagt fram á.

Mig langaði að spyrja sjálfstæðisþingmenn sem hér eru inni hvort þeir hafi samþykkt það sem kemur fram í grg. frv. um skattlagningu eignatekna og aðrar þær hugmyndir sem þar eru um hvernig á að brúa það bil sem verður, þessar 1200 millj. sem gert er ráð fyrir að virðisaukaskatturinn skili minna en söluskattskerfið.

Varðandi þá fsp. sem ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. um túlkun á 34. gr. þessa frv. vil ég lýsa hér yfir að mér mundi finnast það miklu eðlilegra að í lögunum sé tekið fram hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt svo að tollkrít geti farið fram en ekki að þetta sé bundið við geðþóttaákvörðun fjmrh. í hvert og eitt skipti, hvort einhver innflytjandi skuli fá tollkrít eða ekki eða mætti bíða með að borga þennan virðisaukaskatt. En ég á von á því að þetta verði rætt í fjh.- og viðskn.

En það var eitt atriði sem ég gleymdi að minnast á í fyrri ræðu minni. Það er þetta kerfi sjálft sem slíkt. Eins og flestir vita er þetta nokkurn veginn óbreytt frá því sem er í Danmörku og nánast þýðing á þeim lögum og það sem er merkilegra, að prósentan er sú sama og í Danmörku. Sumir segja mér það að ástæðan fyrir prósentunni sé sú að við Íslendingar getum þá notað sama tölvuforritið.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður á þessu stigi, en það hefur verið beint til okkar þingmanna Sjálfstfl. spurningum frá tveim hv. þm., Svavari Gestssyni, 7. þm. Reykv., og Guðmundi Ágústssyni, 11. þm. Reykv., þess efnis hvort Sjálfstfl. hafi samþykkt það sem segir á bls. 41, með leyfi forseta, þar í grg.:

„Í fyrsta lagi er þess að gæta að þeirri endurskoðun tekjuöflunarkerfisins, sem ríkisstjórnin hefur einsett sér, er ekki lokið. Eigi síðar en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 er þess að vænta að gerðar verði verulegar breytingar á skattlagningu atvinnurekstrar. Hér má telja endurskoðun á lögum um tekju- og eignarskatt, þar með talin endurskoðun á skattlagningu eignatekna, hverju nafni sem nefnast. Þá er að geta samræmingar og endurskoðunar á sköttum og gjöldum sem reiknast af launagreiðslum fyrirtækja, launaskatti, lífeyristryggingagjaldi, slysatryggingagjaldi og iðgjaldi til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Loks er að geta afnáms mörkunar ýmissa tekjustofna, m.a. bensíngjalds, þungaskatts o.fl. Þessi endurskoðun gæti falið í sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð, að því marki sem bil milli tekna og gjalda verður ekki brúað með lækkun útgjalda."

Ég vil fyrir hönd sjálfstæðismanna í deildinni og vegna sjálfs mín segja að það sem hér segir í grg. hefur ekki verið tekið til afgreiðslu í þingflokki Sjálfstfl. þannig að það er ekki hægt að fullyrða að við förum þá leið eða þær leiðir sem gert er ráð fyrir þarna. Það hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. í dag að það vanti 1200 millj. til að mæta tekjuþörf ríkissjóðs árið 1989 og hann gat þess m.a. að það mætti gera annaðhvort með þeim hætti að lækka útgjöld ríkisins eða auka skattlagningu. Nefndi hæstv. ráðherra þar m.a. eignatekjur.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég aðhyllist fyrri leiðina, þ.e. að lækka útgjöld ríkisins. Það er og hefur verið meginstefna Sjálfstfl. að reyna að draga úr ríkisútgjöldum og ríkiskostnaði yfirleitt og ríkisrekstri og ég vænti þess að sjálfsögðu að flokkur minn í þessu stjórnarsamstarfi haldi þeirri stefnu til streitu þegar þetta kemur í umræðu við mótun fjárlaga nk. haust.

Ég vil enn fremur taka skýrt fram að það er ekki á stefnuskrá Sjálfstfl. né í stjórnarsáttmála að skattleggja sparifé. Um það sem segir í grg. í sambandi við að það eigi að endurskoða skattlagningu á eignatekjum, hverju nafni sem þær nefnast, vil ég taka skýrt fram að það er ekki á stefnuskrá flokksins og hann mun aldrei fallast á að sparifé verði skattlagt. Það væri tilræði bæði við sparifjáreigendur og við peningakerfi íslensku þjóðarinnar ef sú leið væri farin. Með því væri dregið úr sjálfstæðri viðleitni einstaklinga til að spara fé í bönkum og lánastofnunum með þeim hætti að það mundi hafa mjög skaðlegar afleiðingar á þjóðfélagsgerðina í heild.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi svarað þeim spurningum sem fyrir voru lagðar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég mun ekki hafa langt mál hér. Ég geri mér grein fyrir því að við rýrum matartíma starfsfólks ef við höldum löngum umræðum áfram vegna þess að það byrjar fundur í Nd. klukkan hálfníu. En ég get ómögulega sleppt hæstv. ráðherra því mér fannst hann bókstaflega ekki svara mér í neinu um veigamikið atriði í þessu frv. sem vekur andstöðu okkar í Kvennalistanum og aðrir hafa lýst andstöðu við líka en það er hversu naumlega menn hafa skammtað undanþágur til menningarmála. Það að hlúa að og styðja menningarmál er grundvallaratriði fyrir þessa litlu þjóð ef hún ætlar að lifa af og varðveita menningu sína og sjálfstæði. Ég spurði sérstaklega um þetta efni af því að einungis er tiltekin starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka sem undanþága við þennan virðisaukaskatt. Það hlýtur að vera metið í fjmrn. eða hvar sem þetta frv. er samið hverjar undanþágurnar eru. Hvers vegna eru íþróttasýningar undanþegnar? Hvers vegna kemur ekki önnur menningarstarfsemi hér inn í? Ég spurði hæstv. ráðherra sérstaklega:

Hver metur, hvernig, hvaða viðmiðanir eru notaðar og hvaða verðmætamat liggur til grundvallar? Mér finnst þetta mjög veigamikið atriði. Hvers vegna í ósköpunum íþróttamót og íþróttasýningar? Ég hef ekkert við almenningsíþróttir að athuga og undanþágu þeirra þar sem allur almenningur stundar íþróttir, en sýningar og mót sem eru keppnisatriði, hvers vegna eru þau undanþegin þegar menningunni er svona naumt skammtað? Hvers vegna í ósköpunum er svona valið? Ég vil fá að vita það.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að segja að þegar hvort sem er um það að ræða að kvöldfundur er í deildinni sé eðlilegt að matartími sé tekinn á eðlilegum tíma í Ed. til þess að þingmönnum finnist sem þeir geti talað fullum munni um það efni sem er á dagskrá hverju sinni, (**SvG:** Fullum rómi.) fullum rómi, og menn séu ekki að reyna að flýta sér.

Það var eitt sem vakti athygli mína í máli hv. síðasta ræðumanns og það voru þau ummæli að rétt væri að leggja virðisaukaskatt á íþróttamót. Mér þótti eins og ég skildi hv. þm. þannig, var það ekki rétt skilið, að mér fannst hv. þm. tala í þeim tón sem rétt væri að leggja virðisaukaskatt á íþróttamót. Var það rétt skilið, keppnisíþróttir? (**GA:** Nei, ég sagði: Hvers vegna eru þær undanþegnar þegar menningin í heild sinni er ekki undanþegin, önnur en samning tónverka og ritverka? Þetta er samanburðarfræði.) Ég vil leyfa mér að halda því fram að þessi samanburðarfræði sé nokkuð undarleg, satt að segja. Ég held að það sé ekki stórlega mikill skattstofn sem lagður yrði á í sambandi við íþróttirnar. Ég held að nauðsynlegt sé einmitt að bæði með opinberu fé og frjálsum framlögum sé reynt að standa undir íþróttunum með margvíslegum hætti og ég held að það sé þess vegna mikill misskilningur að telja að hægt sé að skattleggja þá starfsemi þannig að hún geti orðið að tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Ég get ekki fallist á þá skoðun.

Á hinn bóginn held ég að það sé líka mikill misskilningur að í þessu frv. komi fram einhver menningarlegur fjandskapur. Ég held að þetta sé eins og þegar skrattinn les faðirvorið og sé ekki í samræmi við þá skatthefð sem hér hefur verið og tel að í verulegum atriðum sé komið til móts við hv. þm.

Ef hún telur hins vegar að einhverjir þættir séu þar ekki nægilega teknir til greina er auðvitað hægt að athuga það í nefnd, en ég mótmæli því fullkomlega að með þessu frv. sé fjandskapast við menningu eða vísindi. Það fæ ég ekki séð.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að það er rangt eða misskilningur hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að menningarstarfsemi sé hlíft í þessu plaggi. Hann tiltók ákveðin atriði varðandi sölu á málverkum. Af því að málið er honum skylt í margföldum skilningi vil ég benda honum á að það er gert ráð fyrir því í frv. eins og það liggur hér fyrir að virðisaukaskattur sé greiddur af uppboðum af hvaða tagi sem eru og að uppboðshaldarar sjái um að hann sé greiddur. Það eru engin ákvæði um það í frv. að uppboð á málverkum séu undanþegin í þessu efni. Það er hvergi á það minnst.

Ég vil síðan taka fram að mér láðist áðan að geta þess að ég tel að ákvæði frv. varðandi byggingarstarfsemi séu ákaflega sérkennileg og ég efast um að það sé hægt að framkvæma þau eins og hæstv. ráðherra gerir tillögu um. Það er mál sem við ræðum síðar.

En ég þakka hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni að lokum fyrir þær upplýsingar sem komu fram í hans ræðu og voru fróðlegar, benda til þess að hæstv. fjmrh. verði að leita stuðnings Alþb. við að koma í gegn þeim skattkerfisbreytingum sem hann gerir grein fyrir á síðu 41 í plagginu. Og ég er fullviss um að Alþb. er reiðubúið til að aðstoða hann þó í litlu sé í þessu efni ef nauðsyn krefur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

75. fundur, miðvikudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 60. mál (hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum). — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓÞG, PJ, NL, SvH, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GB, GGÞ, JóhS, JBH, JónS, JSS, RG, MÁM, ÓE, JK.

nei: PP, RA, SV, SJS, ÞÞ, GeirG, GHelg, HG, KE, KH, MálmS, ÓÞÞ.

AðB, IBA greiddu ekki atkvæði.

7 þm. (RH, SighB, AG, GHH, GuðnÁ, HJ, MB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 857).

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. ÞÞ o.fl., 351. mál. — Þskj. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762, 848.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér stend ég enn og ræði um bjórinn þrátt fyrir að hafa haft heitstrengingar uppi um að láta lokið umræðum mínum um það mál og hefði gjarnan viljað vera laus við að þurfa að taka þátt í enn frekari umræðu um þennan draug sem hefur fylgt okkur hér á hinu háa Alþingi um nokkurt árabil. En ástæða þess að ég stíg enn í ræðustólinn til að ræða um þetta mál er sú að eftir nokkra umhugsun hef ég ákveðið að flytja brtt. við það frv. sem hlaut samþykki hér við 2. umr. málsins.

Nú er það svo að hv. þm. er kunnugt að með því að þingmenn flytja brtt. við mál sem þeir eru að öðru leyti ekki mjög sáttir við setja þeir sig í nokkurn vanda. Það má spyrja sem svo hvort það sé yfirleitt eðlilegt að þingmenn sem ekki eru mjög áhugasamir um framgang tiltekins máls séu yfirleitt að skipta sér af því eða leggja til breytingar á því og hvort þeir séu þá ekki skuldbundnir til að standa að samþykkt málsins ef breytingar þeirra ná fram að ganga.

Ég lít svo á og hef ævinlega litið svo á í öllum störfum mínum hér á hinu háa Alþingi að þingmönnum beri eftir sem áður skylda til að hafa skoðun á málum þó að þau falli ekki í þann farveg sem þeir hefðu helst viljað. Og standi menn frammi fyrir því að líklegt sé að mál nái fram að ganga þó að þeir kysu helst að sjá það liggja dautt og grafið hafa þeir væntanlega eftir sem áður leyfi til, og meira en það, fullan rétt til þess, að reyna að laga það sem þeir telja þó að betur megi fara.

Þessi áleitna spurning kemur oft, herra forseti, upp t.d. í nefndarstörfum. Eiga menn í nefndarstörfum, þar sem til umfjöllunar eru mál sem þeir eru ekki ýkja spenntir fyrir í heild tekið, að láta þá meðferð þeirra afskiptalausa eða eiga þeir samkvæmt bestu samvisku að reyna að hafa á það áhrif að þau verði í betri búningi en ella ef þeir hafa á því skoðun yfirleitt? Það hefur verið mín vinnuregla og er áfram og verður í þessu máli. Ég vil þó segja að nái báðar brtt. fram að ganga, sem ég legg hér til og ég tel miklu varða, mun ég ekki leggjast gegn afgreiðslu málsins við 3. umr. Það teldi ég ekki rökrétt ef komið yrði til móts við skoðanir mínar og málið lagfært að þessu leyti. Það breytir hins vegar ekki því að ég hef miklar efasemdir um eftir sem áður að það yrði til farsældar að samþykkja málið, jafnvel þó það yrði í þeim búningi sem þá lægi fyrir.

Þær brtt. sem ég flyt, herra forseti, eru tvær. Sú fyrri lýtur að því að eingöngu verið leyft, ef til kemur, áfengt öl á tilteknu þröngu styrkleikabili, þ.e. hvað varðar vínanda í rúmmáli drykkjarins. Þetta er nokkuð umdeilt atriði og hefur verið skoðað frá nokkrum hliðum og má vissulega sjá bæði kost og löst á því að velja í sjálfu sér hvaða styrkleikabil sem er. Sumir hafa haldið fram þeirri skoðun að best væri að leyfa þá ekkert öl nema það allra sterkasta og fært fyrir því þau rök að þar með væri það betur undirstrikað en ella að um áfengi væri að ræða. En ýmsar kannanir benda þvert á móti til þess að það sé af tvennu illu skárra að leyfa eingöngu létt öl og banna þá sterkari endann. Um þetta vitna t.d. ýmsar norskar rannsóknir sem eru nokkurra ára gamlar og voru gerðar þegar Norðmenn hugleiddu þá breytingu á sinni áfengislöggjöf að fyrirskipa að minnka styrkleika léttari ölflokksins sem þar er seldur. Það kom í ljós við könnun og úttekt á þeim málum að slíkt mundi hafa áhrif til góðs, að léttari flokkurinn, sem þar er seldur og fæst miklu víðar heldur en hinn sterkari, yrði gerður veikari, svo nam 0,2% af vínanda að rúmmáli, ef ég man rétt.

M.a. í þessu ljósi og vegna þeirrar skoðunar minnar að það væri betra þrátt fyrir allt að afmarka styrkleika ölsins á mjög þröngu bili og merkja mjög greinilega áfengisinnihaldið tel ég farsælla að fara þessa leið. Ég tel að það sé mjög varasamt og óheppilegt að leyfa áfengisstyrkleika alveg upp úr og niður úr eins og frv. í þeirri mynd sem það liggur nú fyrir gerir ráð fyrir. Og meira en það, það eru engin ákvæði um það í frv., engar reglur um það, að ölið skuli merkt eða flokkað á neinn hátt. Það tel ég mjög varasamt, að hlið við hlið gætu fengist ölflöskur annars vegar með e.t.v. 3% styrkleika og hins vegar með 7% styrkleika. Það er ekki víst að menn mundu í daglegri neyslu gera svo mikinn greinarmun þar á þó það sé auðvitað alveg ljóst að í öðru tilfellinu gætu menn hugsanlega ekið bifreið án þess að gerast lögbrjótar eftir að hafa drukkið eina flösku en í hinu tilfellinu ekki. Ég tel hins vegar rétt að hafa ákveðið bil á milli þess styrkleika sem nú er miðað við þegar mörkin eru sett um hvað skuli teljast áfengi og hvað ekki, sem sagt 2,25%, og þess styrkleika þar sem áfenga ölið byrjar.

Um þetta má velta vöngum lengi, herra forseti, og ég hef í sjálfu sér hugleitt þetta mál mikið og reynt að vega bæði rök og gagnrök fyrir því að fara þessa leið. En ég hef sem sagt komist að þeirri niðurstöðu eftir allmikla umhugsun að þetta væri þó skárra og held að ég fari ekki að standa í því að rökstyðja mína niðurstöðu mikið frekar. Ég get gert það ef óskað er eftir og dregið fram ýmsar upplýsingar og ýmis rök sem ég tel mæla með því að velja þessa leið eða einhverja slíka leið.

Hvað varðar seinni brtt. er hún um það að aftan við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Eftir gildistöku laga þessara skal árlega næstu 10 árin varið úr ríkissjóði til fræðslu og forvarnarstarfa gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna jafngildi a.m.k. 75 millj. kr. á núgildandi verðlagi.“

Ástæða þess að ég flyt þetta, herra forseti, er ekki síst sú að ýmsir hv. alþm. og hæstv. ráðherrar hafa jafnvel í sínum málflutningi verið sérstakir talsmenn þess að það eigi ekki að reyna að berjast gegn áfengisneyslu með því að beita boðum og bönnum eða banna tiltekna flokka áfengis, heldur eigi að beita fræðslu og forvarnarstarfi. Þetta er skoðun út af fyrir sig sem öllum er frjálst að hafa og sjálfsagt er að taka fullt mark á. Þá er hins vegar líka jafnréttmætt að láta á það reyna hvaða hugur fylgir máli og það mundi að mínu mati breyta nokkru og gera orðin meira virði ef sömu hv. þm. eða hæstv. ráðherrar gengju frá því um leið og bjórinn yrði lögleiddur að það yrði séð fyrir fjármagni í þetta starf. Við þekkjum það hv. alþm. hvernig það hefur gefist að vísa á tóman ríkiskassa framtíðarinnar í svona tilfellum. Fáir hv. alþm. þekkja það sjálfsagt betur en núv. hæstv. heilbrmrh. sem var lengi í fjvn., þar af hygg ég varaformaður um skeið. Ætli hann muni ekki býsna mörg tilfellin þar sem fögur fyrirheit um það að verja einhverju fjármagni til góðra hluta urðu að litlu þegar á átti að reyna? Vegna hvers? Vegna þess að menn leystu málin með því að vísa því til framtíðarinnar, með því að vísa á tóman ríkiskassa framtíðarinnar. Þaðan átti að taka fjármagnið þegar til efndanna átti að koma.

Ég er þeirrar skoðunar að ef menn gengju frá slíku ákvæði inni í sjálfum áfengislögunum þar sem það væri bundið að ákveðnu fé skyldi varið í þessu skyni mundu menn í framtíðinni skirrast við að skerða það lagaákvæði. Ég hygg að menn yrðu viðkvæmari fyrir því en flestu öðru að opna upp áfengislögin til skerðingar á slíku verkefni. Þess vegna vil ég, herra forseti, fá úr því skorið við atkvæðagreiðslu, og áður en ég greiði endanlega atkvæði um þetta frv. í síðasta sinn, vonandi, hvaða hugur fylgir þarna máli. Ég vona því að sjálfsögðu og trúi að hv. alþm. sem hafa þessa skoðun um forvarnarstarfið og fræðsluna fylgi sinni sannfæringu og styðji slíka tillögu. Ég er til viðtals um það að breyta þessu ákvæði núna undir umræðunni ef menn vilja. Mér er þessi krónutala ekki heilög upphæð. Jafnframt hafa ýmsir hv. þm. bent á að það kynni að vera skynsamlegra að hafa ítarlegri ákvæði um það hvernig þessu fjármagni skyldi varið eða hvernig skyldi með það farið og ég er að sjálfsögðu tilbúinn til þess að hugleiða það og kalla þá aftur þessa brtt. og standa að endurflutningi hennar í breyttu formi ef það yrði til þess að auka stuðning við hana.

Herra forseti. Eins og ég sagði hér í upphafi hefur það orðið niðurstaða mín, menn geta haft á henni þá skoðun sem þeir vilja, að verði báðar þessar brtt. mínar samþykktar, sem ég tel miklu varða, mun ég ekki leggjast gegn afgreiðslu frv. við 3. umr. Eftir stendur auðvitað mín skoðun sem ég hef ítarlega rökstutt um það að hér sé ekki neitt sérstakt heillaspor á ferðinni. Staðreyndir málsins liggja hins vegar fyrir. Sú staðreynd liggur fyrir að meiri hluti var fyrir því að innleiða áfengt öl hér og kom fram í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. og sú staðreynd verður ekki þurrkuð burt.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál. Ég hef komið mínum rökum á framfæri áður og ég hef jafnframt lýst þeirri skoðun minni að það væri öllum fyrir bestu að Alþingi afgreiddi þetta mál og kæmi því út úr heiminum með einum hætti eða öðrum á þessu þingi. Ég hugsa satt best að segja til þess með hryllingi ef það tekst ekki að ljúka þessu máli þannig að það upphefjist hér á nýjan leik e.t.v. strax á haustdögum. Ég get hugsað mér margt skemmtilegra og margt þarfara fyrir þingið og þjóðina en að eyða miklum tíma og orku í þetta mál ár eftir ár. Að vísu hefur það gjarnan verið ýkt stórlega í umfjöllun fjölmiðla og menn sem ekki þekkja betur til en af einhliða umsögn þeirra um þetta mál gætu haldið að hér á Alþingi hafi undanfarin ár ekkert verið gert annað en að ræða um bjór. Svo er auðvitað ekki, eins og hv. alþm. vita, og mörg önnur mál hafa tekið miklu meira af tíma þingsins en þetta. En ég er ekki frá því, ef gerð yrði skoðanakönnun um það meðal þjóðarinnar hvað hefði verið fyrirferðarmesta málið hér á Alþingi, bæði nú á þessu þingi og e.t.v. fyrr, að bjórinn yrði býsna hátt skráður í slíkri könnun hjá þeim sem dæma mundu fyrst og fremst út frá afspurn í gegnum fjölmiðla.

Ég lýsti því við 2. umr., herra forseti, hvaða ráðstafanir ég teldi að hægt væri að gera til þess að reyna að tryggja að tilkoma áfengs öls, ef leyft yrði, leiddi síður en ella og helst ekki til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Ég hef ævinlega reynt að leggjast gegn því að menn fjölluðu um þetta mál í svarthvítum litum, hlypu ofan í skotgrafirnar og væru annaðhvort 100% með eða 100% á móti og skoðuðu í raun og veru málið algjörlega einhliða hvorir frá sinni hliðinni. Fyrir mér hefur þetta mál tvær hliðar, eins og öll önnur, aðra slæma og hina sem ekki er eins slæm og mér finnst engin ástæða til þess að gefast upp við það að ræða þetta mál með rökum og af einhverju skynsamlegu viti frekar en önnur þó að það sé auðvitað orðið býsna framorðið að reyna að upphefja slíka umræðu nú. Ég hef sem sagt verið þeirrar skoðunar að það versta væri að ana út í þessa breytingu án þess að reyna að gera það þá af einhverri skynsemi og því miður er frv., í þeim búningi sem það liggur hér fyrir, einfalt sem það er, um það og um það eitt að leyfa áfengt öl. Um það er flutt frv. og ekki neitt annað. Menn geta haft uppi frómar óskir um það að hægt sé að hafa áhrif með fræðslu og með forvarnarstarfi og með áróðri og það eigi ekki að stjórna slíkum hlutum með boðum og bönnum. Ég vil reyndar meina, herra forseti, að það sé býsna hættulegur hugsunarháttur og geti leitt menn út í hinar mestu ógöngur, að skjóta sér ævinlega á bak við fræðsluna og forvarnarstarfið. Ég veit ekki hvar það endaði ef menn tækju þá rök-

semdafærslu alla leið og færu í það að tína upp og afnema öll boð og öll bönn, allar reglur sem settar hafa verið í áfengismálum, í umferðinni og annars staðar, og ætluðu að leysa allan vanda með fræðslu og forvarnarstarfi. Ég bið menn að hugleiða augnablik hvort þetta sé málflutningur sem gangi upp, hvort það sé auðvitað ekki þannig að við reynum að setja okkur einhverjar farsælar reglur sem við trúum að séu samfélaginu til góðs, í þessu efni eins og öðrum. Fyrir mér er lagasetning og reglur um meðferð á áfengi, hvort sem það er öl eða annað, rétt ein af þessum reglum sem við neyðumst því miður til að setja til að reyna að hafa áhrif á þróun samfélagsins og umhverfisins sem við búum í og hafa það betra en það ella yrði ef við ekki hefðum nein slík ákvæði.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég verð að segja það að ræðan sem hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti í gær hafði enn áhrif á mig í þessu máli og hef ég þó ýmislegt heyrt. Það var skaði að svo fáir hv. alþm. voru til að hlusta á þá ágætu ræðu og ég vil hæla sérstaklega hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir það að hann hefur, einn af fáum alþm. verð ég því miður að segja, reynt að ræða þetta mál frá upphafi af rökum og af skynsemi og flutt bæði tölfræðileg og efnisleg rök fyrir sinni afstöðu. Það met ég mikils og væri betur að fleiri hefðu slíkum ferli að flagga í umræðum um þetta bjórmál.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég hélt að forsjónin mundi forða mér frá því að taka til máls í þessu máli, en svona fer nú, þrátt fyrir góðan ásetning, að hér er ég kominn, ekki til að flytja langa ræðu heldur einungis til þess að vara við þeirri brtt. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að mæla fyrir áðan.

Reynsla Svía var sú að þeir bönnuðu framleiðslu á akkúrat þessari tegund öls sem Steingrímur Sigfússon er að leggja hér til, þ.e. milliöli, og það er mikil umræða meðal Finna um það að fara að dæmi Svía. Mér sýnist á ræðu hv. flm. brtt. að ef meiri hluti nefndarinnar hefði flutt frv. um það að heimila áfengt öl að styrkleika 3,4–4% hefði hann orðið með því máli. Ég fæ ekki annað út úr þeirri ræðu sem hann hélt hér áðan. Og þá finnst mér að hann gangi lengra heldur en flm. í að innleiða skaðvænlegt, áfengt öl.

Varðandi peningana til forvarnarstarfsins er sú till. sjálfsagt góðra gjalda verð ef menn telja að 75 millj. kr. verði heppilegast varið með þessu móti. Ég vek athygli á því að þar sem við sitjum báðir í fjh.- og viðskn. Nd., við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, höfum við stundum gripið til þess ráðs við afgreiðslu lánsfjárlaga að setja þar inn kafla sem hefst á orðunum „þrátt fyrir". Það væri ósköp þægilegt að komast fram hjá þessu ákvæði með því að segja: Þrátt fyrir ákvæði áfengislaga nr. þetta og þetta verður ekki varið til forvarnarstarfs á árinu nema þessari upphæð. Það er því tómt mál að setja inn einhverja tölu þarna. Ég er sem sagt alfarið á móti þessari brtt. og vara við því að samþykkja hana.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Í umræðunum í gær var beint til mín fyrirspurn sem ég mun reyna að svara.

Mig langar hins vegar aðeins út af umræðum hjá tveimur síðustu hv. ræðumönnum um forvarnarstörfin að segja það að ég tel að undanfarið hafi forvarnarstarf í þágu heilbrigðismála verið mjög vanrækt. Það á ekki eingöngu við um áfengisvarnir. Þetta á auðvitað við á ýmsum sviðum. Við höfum fengið of litlar fjárveitingar til manneldismála, til tannverndarmála, til tóbaksvarna, til áfengisvarna og til þeirra þátta sem við höfum almennt flokkað undir forvarnarstörf.

Ég hef áður lagt á það áherslu hér í umræðu um þetta tiltekna dagskrármál að við þyrftum að efla þetta forvarnarstarf. Ég lagði áherslu á að það væri hlutverk stjórnvalda að fræða einstaklinginn um þá hættu sem stafar af neyslu áfengis og tóbaks og það getur auðvitað átt við um fleiri neysluvörur sem menn telja misjafnlega hollar heilsu fólks. Ég get í því sambandi sagt frá því að í heilbrrn. er verið að vinna að mótun svokallaðrar manneldis- og neyslustefnu. Við höfum líka lagt á það áherslu að það eigi að efla og auka ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu. Hann eigi að vera betur meðvitaður um það hvað hann geti sjálfur gert til þess að verjast sjúkdómum og slysum. Það er hluti af því forvarnarstarfi sem við viljum vinna og erum að reyna að byggja upp. Ég get svo sem tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við komumst auðvitað ekki hjá því að sinna ákveðnum leikreglum og að sjálfsögðu þurfa að gilda ýmis boð og bönn í okkar þjóðfélagi. Það er vissulega rétt. En við verðum líka að gæta þess að í því sambandi gæti ekki tvískinnungs og mér finnst að ýmislegt í okkar áfengisstefnu sé því marki brennt og ég hef áður gert grein fyrir þeirri afstöðu minni.

Ég hef verið með að undanförnu í samningu í ráðuneytinu frv. um heilbrigðisfræðslu og forvarnir. Ég lagði það frv. í seinustu viku fyrir ríkisstjórn og fyrir stjórnarflokkana, en því miður vannst ekki tími til þess að afgreiða það mál gegnum stjórnarflokkana þannig að það kæmist hér inn í Alþingi á tilsettum tíma, þ.e. á mánudaginn var, til þess að ég hefði vonir um að það mál færi hér í gegn eða yrði samþykkt í vor. Ég geri mér hins vegar enn vonir um að geta sýnt það frv. nú, þ.e. lagt það fram í þinginu þótt það komi ekki til umræðu, og þá jafnframt sýnt áherslu okkar og vilja í þessum efnum og síðan að það yrði þá tekið aftur upp að sjálfsögðu á haustmánuðum. Þar er m.a. rætt um þörf á samræmingu forvarnarstarfa hvers konar á sviðum áfengisvarna, tóbaksvarna og þeirra þátta annarra sem ég nefndi áðan. Við leggjum þar ekki hvað síst áherslu á að það verði að auka fjárveitingar til þessara

verkefna til þess að þau megi þjóna þeim tilgangi sem þeim er ætlað. Vegna þess að ljóst er að það frv. nær ekki fram núna er ég út af fyrir sig tilbúinn til að lýsa stuðningi mínum við tillögur um auknar fjárveitingar til forvarnarverkefna á sviði áfengisvarna, eins og hér hefur verið lögð fram till. um.

Ég nefndi áðan að mér fyndist gæta nokkurs tvískinnungs í umræðunni og við getum auðvitað nefnt að það eru ýmsar vörur sem eru miður hollar heilsu manna. Ef við tökum t.d. baráttu okkar gegn þeim gífurlegu tannskemmdum sem eru á Íslandi og meiri en í nágrannalöndunum og mikill kostnaður við tannviðgerðir væri auðvitað hagkvæmt að banna t.d. gosdrykki sem eru sennilega sú neysluvaran sem mest áhrif hefur á tannheilsu manna og veldur miklum tannskemmdum. Það dettur okkur samt ekki í hug að gera. Ég hygg að það mundi heldur ekki leysa neinn vanda þó að einhver ein tegund gosdrykkja yrði bönnuð.

Við höfum náð verulegum árangri í baráttu við tóbaksreykingar á undanförnum árum með markvissu fræðslustarfi. Við höfum reyndar fengið hlutfallslega meiri fjármuni til tóbaksvarna eða til reykingavarna en til annarra þeirra málaflokka sem við þyrftum að berjast í. Ég held að þess vegna sé það hugsanlega dæmi um hvaða árangri við getum náð án þess þó að við höfum bannað einstakar tegundir tóbaks. Þetta hef ég reyndar einnig nefnt áður í umræðunni.

Ég tel líka að við getum haft veruleg áhrif á neyslu t.d. áfengis og tóbaks með verðstýringu. Ég er viss um að hátt verð á tóbaki og áfengi dregur mjög úr neyslu á þessum vörum og reyndar sanna það tölfræðilegar upplýsingar. Ég hef upplýsingar frá landlækni um áhrif verðstýringar á neyslu þessa og ég hef reyndar lagt það fyrir í ríkisstjórn einnig að við hækkuðum verð á bæði áfengi og tóbaki. Alls ekki eingöngu til þess að skapa tekjur í ríkissjóð heldur til að hafa áhrif á neysluna sem ég er sannfærður um að gæti haft áhrif.

En spurningin sem til mín var beint af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni var í þá veru hvort ég teldi að samþykkt þessa frv. mundi leiða til aukinna útgjalda í heilbrigðismálum. Ég hygg að það sé afar erfitt að meta kostnað heilbrigðisþjónustunnar vegna afleiðinga áfengisneyslu. Mér er fullkomlega ljóst að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar vegna áfengisneyslu eða afleiðinga hennar er mikill. Um það er enginn ágreiningur og menn deila ekki um það. En ég held líka að það sé mjög erfitt að átta sig á því hver hann er. Hv. þm. nefndi tölu í gær sem ég get hvorki staðfest að sé rétt né sagt að sé ekki rétt. Ég hef um það því miður engar upplýsingar. Það væri vafalaust þarft að reyna að átta sig betur á því hvað einstakir þættir heilbrigðisþjónustunnar kosta og þá gætum við hugsanlega lagt áherslur í forvarnarstarfi eftir því. Það á ekki, að mínu viti, eingöngu við um áfengisneysluna þó að það sé auðvitað mál sem við þurfum að vita meira um, ættum að vita meira um og ættum að reyna að átta okkur á enn betur en við gerum nú hvernig við getum afstýrt eða dregið úr þeim mikla kostnaði. Þetta á auðvitað við um svo margt í okkar neysluþjóðfélagi og í okkar neyslumynstri sem hefur áhrif á heilsu og einnig hefur áhrif á slysatíðni. Nýjasta dæmið í því sambandi er t.d. stórkostleg hækkun á tryggingariðgjöldum bifreiða sem er auðvitað afleiðing af gífurlega auknum innflutningi bíla og stórkostlegri fjölgun tjóna með þeim afleiðingum og auknum kostnaði sem það hefur haft gagnvart heilbrigðisþjónustunni.

Ég veit og get fullyrt að við munum halda áfram að veita bestu hugsanlegu heilbrigðisþjónustu við þeim sjúkdómum hvers konar sem þjá landsmenn. Ég ítreka það, sem ég hef áður sagt í þessari umræðu, að ég mun gera mitt til að efla hvers konar forvarnarstarf og upplýsingastarf. Það tel ég mikilvægasta verkefni heilbrigðisþjónustunnar í því sambandi sem hér er til umræðu og tel að með því móti og með öðrum leiðum, sem færar eru, t.d. verðstýringu, til að hafa áhrif á neyslu á vörum sem geta verið skaðlegar heilsu manna, ættum við, ef okkur tekst að efla það forvarnarstarf, að geta almennt dregið úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. En að svara til hlítar spurningu um hvort einstakar aðgerðir hafi áhrif til hækkunar eða lækkunar á kostnaði við heilbrigðisþjónustuna, eins og hér var fram borin, held ég að sé afar erfitt svo viðhlítandi sé.

Mig langar einnig að geta þess hér að auðvitað eru skiptar skoðanir innan heilbrigðisstéttarinnar um hættu af bjórneyslu sé hún borin saman við aðrar tegundir áfengisneyslunnar. Það hafa aðeins verið dregin inn í umræðurnar aftur þau ummæli sem ég lét falla á dögunum og hafði eftir aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, að þegar hann var hér á dögunum hefði hann lýst þeirri skoðun sinni að sér fyndist einkennilegt að það væru bannaðir drykkir með minna alkóhólinnihaldi en leyfð neysla á drykkjum með meira alkóhólinnihaldi. Þetta var aðeins það sem hann lét í ljós í umræðum og ég var ekki að færa þetta hér inn sem nein skilaboð frá þessum ágæta manni, en nefndi þetta aðeins sem þátt í umræðunni sem nú á sér stað í þjóðfélaginu og segir okkur auðvitað það að um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir og ekki síst meðal starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar sem slíkrar, en skoðanir þess hafa oftsinnis verið dregnar hér inn í umræðuna.

Þess vegna sýnist mér að það sé — ég ítreka það — erfitt að svara til hlítar þeirri spurningu sem hv. þm. beindi til mín en legg á það áherslu sem ég tel að sé hlutverk heilbrigðisþjónustunnar í þessu sambandi og heilbrigðisyfirvalda og vænti þess að ef okkur tekst vel í okkar hlutverki sem slíku eigum við að geta dregið úr kostnaði við heilbrigðisþjónustu af völdum sjúkdóma og slysa.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að taka þátt í almennum umræðum um þetta mál vegna þess að ég er enginn sérstakur áhugamaður a þessu sviði.

Hins vegar hef ég margt um þetta mál að segja og ég hef lengi tekið þátt í umræðum um þetta mál.

Ég hygg að það séu líklega ein 35 ár síðan ég tók þátt í fyrstu umræðunum á málfundi um þetta mál, reyndar ásamt tveimur vinum mínum sem báðir sitja nú hér á þingi. Seinna hef ég haft minni áhuga á þessu en ég hafði fyrir 35 árum, en hef þó ævinlega verið á því að núverandi ástand í þessum málum væri órökrétt og ekki stætt á því að taka út úr eina tegund og láta gilda um hana sérreglur eins og verið hefur.

Ég viðurkenni að samþykkt bjórfrv. gæti vissulega eitthvað aukið heildarneyslu áfengis, en ég hygg að í mörgum tilvikum yrði um að ræða neyslu sem engu máli skipti. Tökum bara t.d. þá mörgu sem hugsanlega munu fá sér hálft eða eitt bjórglas fyrir svefn. Sennilega er það fyrst og fremst til heilsubótar og veldur ekki tjóni, en mun auðvitað þegar á heildina er litið hækka eitthvað prósentutölur um neyslu þjóðarinnar án þess að skipta máli. Ég tek mönnum því vara á því að ætla að álykta með einföldum hætti út frá breytingum á heildarneyslu. Mér finnst satt best að segja að í áfengismálunum skipti kannski meira máli hver áfengisáhrifin verða og að áfengisáhrifin verði ekki með þeim hætti að menn fari illa með áfengi og verði sjálfum sér og öðrum að tjóni. (**ÓÞÞ:** Er það að drekka það eða hella því niður að fara illa með áfengi?) Ja, það getur verið hvort tveggja og fer eftir því á hvað er hellt niður.

Ég held að það skipti nú mestu máli að menn drekki eitthvað sjaldnar sterkustu drykkina og að áfengisáhrifin, þau sem verst verða, verði í sem fæstum tilvikum. Það hefur verið mitt meginsjónarmið og frá því sjónarmiði hef ég ekki getað fallist á að bjórinn væri hættulegasti drykkurinn af þeim drykkjum sem hugsanlega eru á boðstólum. En ég viðurkenni að það má tala lengi um þetta mál og færa rök með og móti og það verður hver og einn að gera þetta upp við sína samvisku.

Seinast þegar frv. um þetta efni var hér til umræðu hafði ég forustu fyrir því að þjóðinni yrði gefinn kostur á að segja álit sitt á málinu, flutti um það till. ásamt fleiri þingmönnum í hv. Ed. Till. var samþykkt þar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Mér datt ekki annað í hug en að þannig mundi málið verða afgreitt. En þá voru til einhverjir þeir sérvitringar hér í hv. Nd. sem voru að vísu miklir áhugamenn um það að málið yrði samþykkt en gátu alls ekki hugsað sér að það yrði samþykkt ef þjóðin fengi eitthvað um það að segja og því felldu þeir frv. þegar það kom til Nd.

Ég hef, vegna þess að þetta hefur nú einu sinni gengið yfir, ekki hugsað mér að hafa frumkvæði að því öðru sinni að flytja till. í þessum dúr, en ég tek hins vegar fram að ég styð till. af þessu tagi ef hún kemur fram hér og mun vafalaust greiða henni atkvæði, má mikið vera ef ég yrði ekki meðflutningsmaður að henni ef mér væri boðið það. En ég ætla ekki að hafa forustu fyrir því í annað sinn úr því að svona fór í fyrra sinnið. Hins vegar verðum við að skoða þetta mál í dálítið víðara ljósi en efni frv. gerir ráð fyrir. Ég held að þó maður styðji málið geti maður haft áhyggjur af vissum hliðum þess. Það er t.d. hugsanlegt að í auknum mæli átti menn sig ekki á því að þeir séu undir áhrifum og keyri bíl og valdi tjóni. Þá er spurningin hvort ekki sé nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að upplýsa menn um hvers þeir eru að neyta. Ég er ekki viss um að það sé nema tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar sem áttar sig á því að eftir að hafa drukkið úr einni bjórdós eru menn búnir að innbyrða svo mikið magn af áfengi að þeim er ekki leyfilegt að aka bifreið. Ég er ansi hræddur um að margir átti sig ekki á þessu. Ég dreg þá ályktun af því að þar með þurfi ég ekki endilega að vera á móti málinu sem slíku en að nauðsynlegt sé að vara menn við, gera mönnum ljóst hvert er innihald dósarinnar eða flöskunnar, og almennt álít ég að fræðsla um áfengismál sé ákaflega langt á eftir tímanum og ekki í neinu samræmi við það sem þörf er á.

Ég tek eftir því að áróður um tóbaksvarnir hefur borið mikinn og ágætan árangur. Ég sé ekki betur en á þessu sviði liggjum við dálítið eftir. Þess vegna hef ég haft frumkvæði að því að hér er flutt till. sem var verið að enda við að útbýta, en flm. hennar eru, auk mín, Kristín Halldórsdóttir, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Friðjón Þórðarson, Níels Árni Lund og Óli Þ. Guðbjartsson.

Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð, einkum meðal skólafólks, um áfengismál er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.“

Gert er ráð fyrir að þetta sé ákvæði til bráðabirgða.

Ég held að þessi till. þurfi ekki öllu frekari skýringar við.

Ég tel að það ætti að standa á hverri flösku sem seld er frá Áfengisversluninni hvert áfengismagnið er og hugsanlega mætti standa á flöskunni líka hvað þyrfti mikið til að menn væru komnir yfir þau mörk sem umferðarlög setja. Ég er nefnilega viss um að fólk gerir sér ekki mikla grein fyrir því hvað það má drekka mikið af hvítvíni eða rauðvíni eða sjerríi, svo önnur dæmi séu nefnd, áður en það ekur bifreið. Satt best að segja er það áreiðanlega minna magn en flestir halda. Þar af leiðandi mundi ekkert veita af upplýsingum um áfengisinnihald þeirra vökva. Einnig getur vel komið til greina að hafa einhverjar frekari aðvaranir á þessum drykkjum sem væru í eðlilegu samræmi við vísindalegar niðurstöður. Ég held að það verði ekki hrakið að þær aðvaranir sem settar hafa verið á tóbak hafa verið byggðar á vísindalegum niðurstöðum. Það má vera að allt sé óljósara hvað áfengi varðar, en vafalaust mætti þar

vera einhver áletrun sem við ætti.

Ég vil taka það fram að ég styð till. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um fjáröflun til fræðslustarfsemi. Satt best að segja geri ég alveg ráð fyrir því að þessar till. hefðu verið sameinaðar og fluttar sem ein till. ef tími hefði gefist til þess. En það virðist vera svo mikill hraði á þessu máli, og mátti engu muna að þessi till. frysi úti í gær, að það gefst ekki ráðrúm til að undirbúa till. og því koma þær fram í tvennu lagi. En ef menn skoða þessar tvær till. sjá menn að þær eiga ákaflega vel saman og þær eiginlega styðja hvor aðra og skýra hvor aðra þannig að það er sannarlega ekkert því til fyrirstöðu að þær séu báðar samþykktar.

Það atriði till. sem fjallar um verðlagningu áfengis er flókið mál sem ég ætla ekki að fara hér að rökræða mörgum orðum, en auðvitað skiptir miklu máli hvaða verðlag er á þessum vörum og stundum hefur það hent satt best að segja að verðlag á þessum vörum hefur sigið niður mjög mikið og áfengi hefur orðið verulega miklu ódýrara hlutfallslega en áður var. Á því hljóta að vera ýmsar hliðar og ekki ólíklegt að margir muni vilja koma í veg fyrir að áfengi verði óeðlilega ódýrt því enginn vafi er á að hátt verðlag heldur á móti óhóflegri neyslu.

Ég minnist þess að þegar ég kom í fjmrn. árið 1980 sá ég að verðlag á áfengi hafði verulega dregist aftur úr á liðnum árum og það var sérstakt átak með öðru að hífa áfengisverðið upp á nýjan leik. Ég hygg að áhrif áfengis á vísitölu framfærslukostnaðar á áratugunum milli 1960 og 1980 hafi átt vissan þátt í þessu. Menn skirrðust við að hækka áfengið í réttu hlutfalli við verðlagsbreytingar vegna þess að menn voru að reyna að halda niðri verðbólgu. Sem betur fer var ákveðið á árinu 1979 að taka áfengið út úr vísitölunni og í kjölfar þess þótti mér sjálfsagt að gera ráðstafanir til þess að verðlag á áfengi væri í eðlilegu hlutfalli við verðlag eins og áður hafði verið.

Sem sagt: Það þarf að skoða verðlagspólitíkina almennt og það á ekki að láta neinar tilviljanir ráða þar ferðinni. Því er það eðlilegt hlutverk þessarar nefndar að skoða þessa hlið málsins, auk þess sem nefndinni er ætlað að standa fyrir sérstakri fræðsluherferð sem þá yrði væntanlega kostuð með þeim fjármunum sem fengjust inn ef till. hv. þm. Steingríms Sigfússonar fæst samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. á þskj. 848 og 851, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 29 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um að það yrði kannað hvar hv. 1. þm. Norðurl. v. elur manninn. Hann beindi til mín ákveðnum orðum hér og ég vildi gjarnan fá tækifæri til að svara því lítillega ef hæstv. forseti vildi vera svo góður. (**Forseti:** Það mun verða grennslast fyrir um hvar hann elur manninn. Reyndar kemur í ljós á skerminum hjá mér að hann hefur vikið úr húsinu.) Það verður þá varla að því gert, herra forseti. Ég geri svo sem engar kröfur um að hv. 1. þm. Norðurl. v. verði handjárnaður og fluttur hingað nauðugur ef hann kærir sig ekki um að taka áfram þátt í umræðunni, en það verð ég þó að segja í þessu tilviki eins og öðrum slíkum hliðstæðum að mér finnst heldur óviðurkvæmilegt að menn vaði í ræðustólinn og séu með ummæli og kannski má segja skot á aðra hv. þm. en yfirgefi síðan þinghúsið og taki ekki frekar þátt í umræðum þannig að ekki sé þá hægt að svara þeim og gjalda líku líkt.

Ég hafði einmitt hugsað mér að fræða hv. þm. Pál Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., ofurlítið úr því að hann greinilega þekkir ekki fræðin sín og hefur ekki lesið heima og veit ekki hvað hann er að tala um. Hv. þm. hélt því fram að brtt. mín gengi út á það að leyfa milliöl eins og það var í Svíþjóð. Það er ekki rétt. Það skal upplýst að milliölið sænska var 4,5% að styrkleika, vínanda að rúmmáli, og þeir sem til þekkja vita að hver prósenta eða hálf prósenta á þessu bili hún vegur mjög þungt. Það sem hér er lagt til er að leyfa léttara öl en þar var um að ræða. Ég muni kalla þetta léttöl eða léttmilliöl eftir því hvaða nöfn menn vilja velja því. Ég held að það sé stór munur á því hvort neyslan liggur á bilinu 3–4% eða 4–5% í ölinu. Það vita allir sem þessi mál hafa kynnt sér að á þessu bili verða miklar breytingar á innihaldi og eðli vökvans og neyslumunstursins sem fylgir.

Svo maður tali bara venjulega íslensku, herra forseti, og ég geri ekki ráð fyrir að það verði ástæða til að áminna mig þó ég láti það vaða miðað við ýmislegt sem hér er látið óátalið, þá gengur mönnum verr að drekka sig fulla af léttara öli en 4–4½%.

Reynsla Svía af milliölinu, fyrir hvað var hún sérstaklega slæm? Það er leitt að hv. þm. Páll Pétursson skuli ekki vera í þessari kennslustund þannig að hann viti þetta það sem hann á eftir ólifað. Hún var slæm vegna þess að það dró stórlega úr neyslunni á léttara ölinu. Hún færðist upp í millistyrkleikann, úr öli sem var á bilinu 2–3½–4% og upp í þennan milliölsflokk. Það töldu Svíar og það kom enda í ljós að væri mjög óheppileg þróun. Ég velti því reyndar fyrir mér hvort 4% væru of hátt mark og hefði gjarnan viljað hafa þetta 3,75% því að sérfræðingar mínir í þessum efnum fullyrða að mörkin á milli liggi um þetta bil, frá 3,75% og upp í 4,25%. Þegar styrkleikinn er orðinn meiri en það verður veruleg breyting á munstrinu ef menn skilja hvað ég er að fara með þeirri leiðinlegu klisju.

Ég tel sem sagt, og þóttist hafa rökstutt það sæmilega áðan, að það væri af tvennu illu betra að leyfa þá léttan ölflokk á þröngu styrkleikabili og auglýsa það rækilega og merkja og um það er brtt. mín. Það má taka sem dæmi að vínandainnihald í einni 33 cl flösku, svo eitthvað sé nú tekið, af 4% styrkleika er minna en í tveimur íslenskum pilsner-

flöskum í dag. Það var ákveðin viðmiðun sem ég hafði í huga að áfengisinnihaldið í einni slíkri flösku yrði minna en úr tveimur pilsnerflöskum og í daglegri umgengni held ég að menn teljist ekki hafa sturtað í sig brennivíni á Íslandi þó þeir fái sér tvær pilsnerflöskur.

Það hefði kannski verið ástæða til þess að skýra þetta úr því að það kemur í ljós hér á árinu 1988, þegar bjórmálin eru búin að vera iðulega til umræðu ár eftir ár, að menn eru greinilega ekki betur að sér en þetta, a.m.k. ekki sumir hv. þm., um þá flokka öls sem um er að ræða og styrkleika í einstökum tilvikum. En þetta er þannig að milliölið sænska var 4,5% að styrkleika. Alþjóðlegur staðall fyrir svonefnt export-öl er öl með 5% og meira og svo er enn sterkara öl til sem gengur undir ýmsum nöfnum, kennt við fíla eða kartöflur eða guð má vita hvað. Þetta þurfa menn helst að vita og í öllu falli að rangfæra ekki og snúa út úr þessari brtt. Hún er ekki um að leyfa öl af sama styrkleikaflokki og sænska milliölið var.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., þarf ekki að kenna ræðumanni stafrófið í þeim efnum að löggjafarvaldið og fjárveitingarvaldið er hjá Alþingi og er til afgreiðslu á hverju ári. Það er móðgun við hv. alþm. að láta líta svo út í máli sínu að mönnum sé ekki ljóst að hvert einasta Alþingi sem situr getur breytt lögum, hvort sem heldur er að skerða fjárveitingarákvæði eða breyta þeim með einhverjum öðrum hætti. T.d. gæti næsta Alþingi breytt þeirri niðurstöðu sem hér kynni að verða í þessu bjórmáli. Þetta vita allir hv. þm. og þarf ekki að vera uppi með einhverja aulafyndni um það hér.

Ég lýsti hins vegar þeirri skoðun minni að menn mundu veigra sér við því að hjóla í það strax á næstu árum að skera niður sérmerktar tekjur til forvarna og fræðslustarfa gegn neyslu áfengis og vímuefna ef það lægi ljóst fyrir að þær fjárveitingar voru settar inn um leið og þessi breyting var gerð á áfengislögunum. Ég mundi leyfa mér að halda, og vil vona það, að það verði sú döngun í þingmönnum framtíðarinnar að þetta héldi. Ef þetta færi þannig fram að í tengslum við þessa breytingu, ef af verður, yrði ráðstafað sérstaklega fjármagni til forvarnar- og fræðslustarfs á grundvelli þess skilnings þingmanna að það væri mikilvægt í tengslum við þessa breytingu, þá mundu menn ekki gerast svo litlir að narta í það strax á næstu árum. En það kæmi auðvitað í ljós ef af yrði.

Herra forseti. Ég stóð hér upp til að svara þessari ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. einkum og sér í lagi. Hann var ekki viðstaddur til að hlýða á mál mitt, en það gerðu hins vegar aðrir hv. þm. og ég vona að mér hafi tekist sæmilega að svara fyrir þær till. sem ég flyt.

Eins og ég sagði í upphafi geta menn endalaust velt vöngum yfir því hvar sé farsælast meðalhófið í þessum efnum og hvar beri að hafa reglur og hvar eigi að beita fræðslu- og forvarnarstarfi. Það verður víst aldrei fundin nein endanleg og ævarandi niðurstaða í þeim efnum. Ætli það verði ekki mat manna, breytilegt í tímans rás, hvað menn til telja að þurfi að vera bundið í lögum í þágu almannaheilla og hvað sé hægt að leysa með öðru móti? En það skiptir þá líka máli, hvað sem lögunum líður, að menn hafi skilning á vandamálinu, horfist í augu við það og bregðist við samkvæmt því. Það er ekki nóg, hæstv. heilbrmrh., að tala um að það þurfi meiri peninga í forvarnarstarf og fræðslu og ýmiss konar hliðstæða starfsemi gagnvart heilsugæslu og öðrum slíkum málum. Það þarf þá að vera hægt að gera eitthvað í málunum. Það þarf þá að vera pólitískur vilji fyrir því að gera eitthvað. Við erum langþreytt á því öll, hv. alþm. og þjóðin, að menn séu uppi með falleg fyrirheit í því sem ég kalla sunnudagsræðum, þá sé þetta allt gott og blessað og þá eigi að gera allt fyrir alla, en þegar á hólminn er komið stendur mest lítið af því. Ég hef, þó ekki eldri maður, hlustað á margar fallegar ræður á hátíðarstundum. Þegar menn fyllast eldmóði og ætla að gera allt fyrir íþróttahreyfinguna eða gera allt fyrir ungmennafélögin eða gera þetta eða gera hitt. Hvað verður svo úr þegar á hólminn er komið? Er ekki betra að menn reyni þá að hafa orðin hógværari og standa svo við það sem þeir eru að reyna að segja? Ég mun að sjálfsögðu leggja það á minnið sem hv. alþm. hafa hér sagt um einlægan áhuga sinn á fræðslu- og forvarnarstarfi og endist mér aldur til og gefist tími skoða hvað varð úr efndunum. En ég bendi mönnum á þá einföldu og handhægu aðferð að samþykkja brtt. mína og síðan till. hv. þm. Ragnars Arnalds o.fl. sem geta farið mjög vel saman. Þá eru menn búnir að afgreiða málið fyrir sitt leyti og sýna að þeir meina eitthvað með þessum ræðuhöldum.

Einmitt vegna þess sem hv. þm. Páll Pétursson vitnaði til, að á hverju ári eru afgreidd lánsfjárlög með löngum hala af „þrátt fyrir ákvæðum", væri held ég mjög skynsamlegt að reyna að ganga frá þessu í lög. Heldur hv. þm. að það gangi betur að fá peninga í þetta á næstu árum ef það er ekki stafkrókur um það að svo skuli gert en þó að hafa það bundið í áfengislögum? Við skulum þá tala við þá menn, hv. þm., ef okkur endist aðstaða og aldur til, sem ætla að hjóla í að skerða þetta strax á næstu árum ef þessi breyting nær fram að ganga.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við þennan tillöguflutning. Ég tel, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann ræddi þetta mál, að með því að samþykkja þá till. sem hann flytur séu menn um leið í raun og veru að samþykkja frv. í heild sinni, þ.e. að samþykkja yfir sig bjórinn. Ég tel að allar þessar till. séu þess eðlis að það sé meiri hætta á því að það verði gert. Að mínu viti a.m.k. er það tímaskekkja að koma með þessar till. fram. Ég veit að það er gert af góðum hug, en það er tímaskekkja vegna þess að það hefur áhrif í þessa átt. Það var allt annað að flytja um þetta frv. þegar menn standa frammi fyrir því að bjór er

orðinn að lögum.

Það er aðeins þetta sem ég vildi segja í þessu sambandi. Ég mun greiða atkvæði gegn öllum þessum till.

Umræðu frestað.

Hreppstjórar, 1. umr.

Stjfrv., 462. mál. — Þskj. 812.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 32 frá 26. apríl 1965, um hreppstjóra. Frv. þetta er samið í tengslum við þá endurskoðun sem nú er unnið að varðandi aðgreiningu dómsvalds og umboðsvalds í héraði, en það er þó ekki í raun formlega tengt því máli heldur fyrst og fremst til komið vegna gildistöku þeirra ákvæða sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sem mæla fyrir um brottfall sýslunefnda frá næstu áramótum. Hreppstjórar voru upphaflega kjörnir sveitarstjórnarmenn, en árið 1809, skömmu eftir hið skammlífa valdarán Jörundar hundadagakonungs, gerðist það að Magnús Stephensen dómstjóri og báðir amtmenn landsins gáfu sameiginlega út erindisbréf fyrir hreppstjóra þar sem þeir voru gerðir að umboðsmönnum ríkisvaldsins og þeim reyndar fækkað í leiðinni. Var sjálfstjórn sveitarfélaganna þá í reynd afnumin um leið og þessi skipan stóð í meginatriðum til ársins 1872, en hreppstjórarnir héldust hins vegar áfram sem umboðsmenn ríkisvaldsins í hreppunum þegar sveitarfélögin endurheimtu sína sjálfstjórn.

Megintilefni þessa frv. er, eins og ég nefndi í upphafi, gildistaka nýju sveitarstjórnarlaganna að því er varðar sýslunefndir, en samkvæmt lögunum um hreppstjóra frá 1965 er sú skipan á að ef starf hreppstjóra losnar skal sýslunefnd kjósa þrjá íbúa í hlutaðeigandi hreppi hlutbundinni kosningu. Síðan skal sýslumaður skipa einn þeirra hreppstjóra. Þar sem sýslunefndirnar hverfa um næstu áramót þarf að ákveða aðra aðferð við hreppstjóravalið af þeirri ástæðu og það er aðalefni þessa frv. eins og segir í 2. gr. að sýslumaður auglýsi starfið laust til umsóknar og veiti síðan stöðu hreppstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Þá þykir óþarfi að hreppstjóri starfi í sveitarfélagi þar sem sýslumaður hefur sjálfur skrifstofu, enda sjái þar sýslumaður og starfslið hans um þau störf sem hreppstjóri annars leysti af hendi. Það er lagt til að 1. gr. hreppstjóralaganna breytist í samræmi við þessa einföldu hugmynd.

Loks er lagt til að 5. gr. hreppstjóralaganna verði breytt á þann hátt að sýslumaður geti skipað forstöðumann skrifstofu sem hann kann að hafa í þéttbýlisbyggðarlagi utan síns aðseturs jafnframt til að vera hreppstjóri í viðkomandi sveitarfélagi án þess að auglýsa starf hreppstjórans laust til umsóknar í því tilfelli.

Vaxandi kröfur eru uppi um það að sýslumenn hafi slíkar skrifstofur eða útibú í þéttbýliskjörnum utan síns aðseturs og eru þær auðvitað vel til þess fallnar að veita almenningi betri þjónustu, m.a. með tilkomu nýrrar og fullkomnari tækni en áður hefur þekkst. Má t.d. nefna að það er auðvelt að senda veðbókarvottorð frá aðalskrifstofu sýslumanns til slíkra útibúa með telefax-tækjum sem nú ryðja sér mjög til rúms og sama má segja um margvíslegar umsóknir og leyfisvottorð.

Í tengslum við frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem væntanlega verður mælt fyrir hér í þinginu innan skamms, er ætlunin að leggja fram tillögur um verulegan tilflutning verkefna til sýslumannsembættanna og auka þar með mikilvægi þeirra. Það mun auðvitað enn ýta undir kröfur manna um að skrifstofur sýslumanna verði í fleiri þéttbýliskjörnum. Þar sem slíkt útibú er rekið þykir mér eðlilegt að sýslumanni yrði heimilt að sameina starf forstöðumannsins og hreppstjórans sem skv. hreppstjóralögunum er einfaldlega umboðsmaður sýslumannsins í sínum hreppi. Þetta yrði þó ekki gert að skyldu.

Þetta eru í stuttu máli ástæðurnar og rökin fyrir þeim tillögum um breytingar á hreppstjóralögunum sem hér eru lagðar fram og ég mæli fyrir.

Hæstv. forseti. Í 4. gr. þessa frv. er lagt til að lagabreytingin taki gildi um næstu áramót, en það er auðvitað nauðsynlegt því að þá hætta sýslunefndirnar sínum störfum.

Ég legg svo til að hv. deild vísi málinu til 2. umr. og allshn. að lokinni þessari umræðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er aðeins tvennt sem mig langar að inna hæstv. dómsmrh. eftir.

Það er í fyrra lagi hvort ekki beri að skilja ákvæði 2. gr. svo að hún verði þá fyrst virk þegar sitjandi hreppstjórar láta af störfum og aðrir verða skipaðir í þeirra stað. Og í öðru lagi vil ég spyrja hvernig með það verði farið því mér sýnist í ákvæðum 3. gr. að það sé nokkurt misræmi á milli aðstöðu sveitarfélaganna hvað það varðar að þau sveitarfélög, þar sem sýslumaður hefur ekki skrifstofu, hafa umsagnarrétt um hverjir úr hópi umsækjenda verði skipaðir hreppstjórar, en í því tilfelli að sýslumaður hafi skrifstofu í þéttbýliskjarna er honum samkvæmt orðanna hljóðan í 3. gr. heimilt að skipa þann forstöðumann jafnframt hreppstjóra án þess að sveitarfélagið á staðnum, að séð verður, hafi umsagnarrétt um það mál. Þar er að vísu úr vöndu að ráða því að væntanlega yrðu forstöðumenn ráðnir og jafnvel starfandi áður en að slíkri sameiningu starfanna kæmi, en ég bendi engu að síður á þetta misræmi og það gæti valdið vandkvæðum, svo að ekki sé sagt leiðindum, að staða sveitarfélaganna yrði mismunandi hvað þetta snertir.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um hreppstjóra er sjálfsagt eðlilegt. Þeir eiga að fá að lifa áfram þó að ýmislegt annað sé breytingum undirorpið.

Þegar nýju sveitarstjórnarlögin voru sett var sú breyting gerð að sýslunefndir verða afnumdar um næstu áramót. Eins og menn muna, sem þekktu sveitarstjórnarlögin nr. 58/1961, ef ég man rétt, voru í þeim ákvæði um sýslufélög í IV. kafla, m.a. 92. gr. sem taldi upp verkefni sýslunefnda. Þau voru mjög mörg og margvísleg. Eitt af þeim var að tilnefna þrjú hreppstjóraefni í hverjum hreppi þegar það starf losnaði. Síðan átti sýslumaður að skipa einn af þessum þrem sem hreppstjóra.

Ég var einn í hópi þeirra sem töldu að það væri mjög óheppilegt og í sannleika sagt fjarri öllu lagi að leggja sýslunefndir niður. Þar með væri í raun og veru fleygt fyrir borð hinu eina lögbundna samstarfi hreppanna á héraðsgrundvelli. Þetta varð eigi að síður ofan á og ber að harma að svo fór.

Hér segir að þegar starf hreppstjóra losni eigi sýslumaður að auglýsa það laust til umsóknar. Nú er ég engan veginn viss um að það verði mikið um að umsóknir berist um þetta starf. Reynslan hefur sýnt á liðnum árum að það er ekki alltaf auðvelt að fá góða menn í þetta starf og sannleikurinn er sá og það þekkist á mörgum öðrum sviðum að bestu menn eru ekki mjög gjarnir á að sækja um störf. Það verður að finna þá með öðrum hætti.

En hins vegar kemur þetta frv. mér ekkert á óvart. Ég er miklu frekar nærri viss um að það er fjöldamargt annað sem þarf að gera áður en sýslunefndir hætta störfum. Sannleikurinn er sá að ég efast um að það sé búið að sjá það allt fyrir. Það liggur sem sagt mjög nærri að það hefði verið full ástæða til þess að flytja brtt. um að sýslunefndir héldu áfram starfi í eitt eða tvö ár enn og helst lengur.

Nú er ég ekki nákunnugur því hvernig dæmið stendur. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það væri búið að sjá fyrir öllum þeim starfsmönnum, nefndum og ráðum sem vissulega þurfa að koma í staðinn fyrir sýslunefndirnar ef hlutverk þeirra verður rækt að fullu því að það var mjög merkilegt og margþætt. Og sannleikurinn er enn fremur sá að ef saga sýslunefnda verður einhvern tíma skráð verður það merkileg saga.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst að svara spurningunum tveimur sem hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín. Hann spurði fyrst hvort ekki væri rétt að skilja 2. gr. svo að þeir sem nú gegna stöðum hreppstjóra haldi þeim þar til eðlilegar ástæður leiða til þess að þeir láti af starfi. Svarið er alveg skýrt já. Það er hugmyndin á bak við þessa grein að það er þegar starf hreppstjóra losnar, þ.e. þeirra sem nú gegna þeim.

Í öðru lagi benti hv. 4. þm. Norðurl. e. á að í 3. gr. vaknaði misræmi milli staða sem hefðu umboðsskrifstofu sýslumanns og hinna sem ekki hefðu slíka skrifstofu og að þeir sem ekki hefðu umboðsskrifstofu sýslumanns nytu þess umfram hina að hafa umsagnarrétt um hreppstjórann. Þetta er rétt. Við fundum ekki leið til að bæta úr þessu af ástæðum sem komu fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., en ég bendi þá á á móti að það má vafalaust halda því fram með rétti að þau sveitarfélög sem hafa slíka umboðsskrifstofu sitji við betri kost en hin. Eins og Sólon í Slunkaríki sagði þegar gesturinn kvartaði yfir því hvað rúmið væri stutt: „Það er bætt upp með dýptinni, elskan mín". Ég held að það eigi við í þessu tilfelli að sú þjónusta sem umboðsskrifstofurnar veita hljóti að vera bæði dýpri og betri en þar sem ekki er slík umboðsskrifstofa, eða það skyldi maður a.m.k. vona.

En ég segi alveg skýrt að komi í meðferð þingnefndarinnar fram ábending um það, hvernig úr þessu mætti bæta þannig að ekki rekist á við eðlilega ráðningaraðferð hjá starfsmönnum sýslumanna, þá væri hún allrar athygli vert.

Ég vona að þetta svari spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. og sný mér þá að máli hv. 2. þm. Vesturl.

Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það að vera hreppstjóri er og verður vonandi alltaf heiðurstitill sem felst í okkar þjóðfélagsskipan og það er svo sannarlega rétt að þessar grunneiningar okkar samfélags, sem eru sveitarfélögin og hrepparnir, eiga að hafa sín sérkenni og eitt af þeim er einmitt þessi umboðsmaður ríkisvaldsins í hreppunum. Ég skildi eiginlega mál hv. 2. þm. Vesturl. á þann veg að hans athugasemd væri nú einkum við þá ákvörðun sem tekin var með nýju sveitarstjórnarlögunum að leggja niður sýslunefndirnar fremur en við þetta frv. sem ég tel að sé eðlileg afleiðing af því. En að sjálfsögðu má ýmislegt að þessu finna. Ég er sannfærður um að það er rétt hjá hv. þm. að auglýsingar eru e.t.v. ekki líklegar til að laða fram alla sem heppilegastir væru og eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vesturl. eru bestu menn því miður ekki alltaf gjarnir að sækja, eins og mig minnir að hann hafi orðað það. En auðvitað mun þá þarna reyna á frumkvæði og framtakssemi sýslumanna að leita uppi hina bestu menn og fá þá til að sækja. Ég held að þetta hljóti að gerast þarna eins og í öðrum tilfellum þar sem sótt er um stöður.

Ég treysti mér ekki til að svara þeirri spurningu sem hv. 2. þm. Vesturl. beindi til mín um hvort búið væri að sjá fyrir endann á öllum þeim verkefnum sem sýslunefndirnar hafa með höndum eða hafa verið með lögum samkvæmt eða venju. Það er nú óðum að skýrast með allt sem lögbundið er. Þetta frv. er til vitnis um eina slíka breytingu. Það er von á annarri slíkri tillögu sem varðar tilnefningarrétt sýslunefnda í stjórn sparisjóða. Það verður lagt hér fram á næstunni. Það hafa þegar verið gerðar ýmsar laga- og reglugerðarbreytingar vegna breytinganna á

sveitarstjórnarlögunum sem fyrr hafa komið fram á þinginu, reyndar í hv. Ed. að nokkru leyti, en ég treysti mér ekki til að segja að þarna sé allt á enda runnið og það er vafalaust rétt að það eru margvísleg verkefni þarna sem þarf að finna stað, en þar held ég að við verðum að treysta því að tíminn og tillögugóðir menn ráði fram úr þegar þar að kemur.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég heyrði ekki allar þessar umræður, en mér sýnist á 2. gr. frv. að það geti verið heppilegra að hafa annað fyrirkomulag í sambandi við að velja hreppstjóra. Þar sem ég þekki til held ég að það verði ekki margir til þess að sækja um slíka stöðu þó auglýst væri. Ég held að það væri miklu heppilegra að leita til sveitarstjórnanna um ábendingu, um annaðhvort einn eða tvo menn sem væru til þess taldir heppilegastir, og síðan að sýslumaður á hverjum stað kannaði hvort þeir mundu taka tilnefningu. Ég er alveg sannfærður um að ef auglýst yrði t.d. í hreppum sem ég þekki best yrðu það ekki heppilegustu mennirnir sem sæktu.

Ég vildi koma þessari ábendingu til hæstv. ráðherra, en hef ekkert meira um málið að segja. Þetta er afleiðing af því að leggja sýslunefndirnar niður. Það verður með einhverjum hætti að ráða bót á þessu máli, en ég held að þetta sé skásta leiðin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 819.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Á þskj. 819 er flutt frv. til l. um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríksins sem eru nr. 20 frá 30. apríl 1986. Með lögunum frá 1986 var stofnað siglingamálaráð. Verkefni þessa ráðs eru m.a. að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málefnum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar og að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Sjómannasambandi Íslands, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélagi Íslands.

Um það leyti sem frv. að þessum lögum var flutt hér á Alþingi var stofnað Landssamband smábátaeigenda. Í þessu sambandi eru félagsmenn um það bil 2000 sem eiga um 1720 báta. Þegar umræða fór fram hér á hinu háa Alþingi kom ekki fram hugmynd um að þetta samband, Landssamband smábátaeigenda, væri aðili að siglingamálaráði og er því nú samkvæmt beiðni sambandsins þetta frv. flutt og talið eðlilegt að Landssamband smábátaeigenda sé aðili að siglingamálaráði eins og þau önnur samtök sem ég vék að áðan.

Ég trúi að hér sé um að ræða ágreiningslaust mál. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Uppboðsmarkaður á erlendum gjaldeyri, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 377. mál. — Þskj. 712.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um uppboðsmarkað á erlendum gjaldeyri. Mér er ljóst að öll umræða um þessi mál er á þann veg að menn telja helst að það þurfi að vera hagfræðingar með stórum titlum og helst búnir að vera á framfæri ríkisins svo lengi sem elstu menn muna ef þeir eiga að ræða þessi mál. Það þykir ekki fínt að venjulegir þingmenn taki sig til og gagnrýni þá þróun sem átt hefur sér stað í því musteri sem byggt hefur verið við Arnarhól og kallað hefur verið Seðlabanki Íslands. Ég segi ekki að það sé álíka illa liðið og ef menn ráðast á kristindóm, en það nálgast það mjög. Slíka tiltrú hefur þetta musteri fengið og kannski ekki skrýtið ef skoðuð eru lög sem sett hafa verið um Seðlabanka Íslands. Með leyfi forseta vil ég örlítið víkja að því atriði.

Árið 1961, 29. mars, eru sett lög um Seðlabanka Íslands þar sem hlutverki Seðlabankans er lýst m.a. á þennan veg: „Að annast seðlaútgáfu og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“

Nú vil ég spyrja þá sem hér eru inni: Hefur þetta gengið eftir? Hefur verðlag á Íslandi verið stöðugt frá 1961? Hefur það verið stöðugt? Ef það hefur verið stöðugt þurfum við náttúrlega ekki að breyta hér einu né neinu. Þá hafa lögin tryggt að hér yrði álíka þróun og í mörgum öðrum iðnaðarlöndum heims. Alvaran er aftur á móti sú að þetta hefur ekki verið stöðugt og öðru nær.

Víkjum þá að öðru atriðinu, með leyfi forseta: „Að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjár-

hagslegt öryggi þjóðarinnar út á við."

Enn spyr ég þingmenn: Hefur þessa verið gætt? Er fjárhagslegt öryggi íslenskrar þjóðar út á við tryggt með 7 milljarða viðskiptahalla eins og var á seinasta ári og með stefnu í um 12 milljarða viðskiptahalla á þessu ári? Er sjálfstæði Íslands tryggt með þessu? Er þetta eins og það á að vera? Ég hygg að flestir hér inni segi nei. Þetta hefur ekki gengið eftir.

Og hið fjórða: „Að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál."

Ég hygg að að mestu leyti hafi þetta gengið eftir, að þeir hafi verið aðalráðgjafar ríkisstjórna í gjaldeyris- og peningamálum allt til þessa. En hver hefur árangurinn orðið? Er árangurinn í samræmi við þau markmið sem ég lýsti hér að framan í lagatextanum að hefði átt að ná? Það er nú öðru nær. Ég er hræddur um að það hefði verið heil kippa af fræðslustjórum farin ef þeir hefðu ekki staðið sig betur í starfi.

Svo kemur fimmta atriðið: „Að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaskiptum."

Hin heilbrigðu peningaskipti, sem menn hafa stuðlað að, eru að neyða útflutningsatvinnugreinarnar í gegnum tíðina til að selja erlendan gjaldeyri fyrir íslenska seðla þannig að kaupandinn gat mjög vel við unað, en seljandinn vissi lengst af að hann var að tapa fé.

Svo kemur sjötta atriðið og ég vil lesa það líka, með leyfi forseta: „Að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt sem varðar hlutverk hans."

Þetta held ég að bankinn hafi annast nokkurn veginn 100%. Það er ekki nokkur einasta gagnrýni af minni hendi á það að skýrslugerð af hálfu Seðlabankans hafi ekki verið í fullkomnu standi allan þennan tíma. (**AG:** Að magni til.) Að magni til, heyrist hér utan úr salnum, og ég get tekið undir það að magnið hefur verið mjög viðunandi.

Í sjöunda lagi: „Að annast önnur verkefni sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka." — Og það hefur komið m.a. í ljós að hann hefur komið sér upp mjög þokkalegu bókasafni.

Ef við víkjum svo að því atriði í seðlabankalögunum sem fjallar um gengismál kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Það er V. kafli, með leyfi forseta, og þetta er innan hornklofa:

„[Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.]" Það er nú það.

Svo kemur hér áfram, með leyfi forseta: „Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann eftir því sem unnt er í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innistæðum í gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er. Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina."

Hefur Seðlabankinn tryggt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna? Hefur hann tryggt rekstrargrundvöll samkeppnisgreinanna þegar viðskiptahallinn við útlönd á seinasta ári var 7 milljarðar og stefnir í 12 á þessu? Svari nú hver fyrir sig. Nei, auðvitað veit ég það fyrir fram að menn líta svo á að þessi lög og þær breytingar sem á þeim hafa verið gerðar, sem að mínu viti eru ekki verulegar, séu þess eðlis að við þessu eigi ekkert að hrófla.

Ég vil, með leyfi forseta, halda áfram að vekja athygli á nokkrum atriðum sem okkur þingmönnum hafa borist í pósti:

Þjóðhagsstofnun sendir frá sér spá og endurskoðun á þjóðhagsstærðum fyrir árið 1987, en spá fyrir 1988. Þar kemur fram, með leyfi forseta, og til að spara nú upplesturinn, þá stendur á 1. bls. og ég ætla ekki að lesa meira:

„Gert er ráð fyrir því að halli á viðskiptum við útlönd á þessu ári verði rúmlega 11 milljarðar kr. eða sem svarar til 4½% af landsframleiðslu. Til samanburðar var viðskiptahallinn rúmlega 7 milljarðar kr. á síðasta ári eða 3½% af landsframleiðslu."

Það fer ekkert milli mála á hvorn veginn stefnan er. Stefnan er einfaldlega sú að það skuli auka viðskiptahallann. Það er það sem íslensk þjóð hefur komið sér saman um, að auka viðskiptahallann, að auka skuldir Íslands erlendis.

Ég ætla að biðja þá sem eru í salnum að hverfa með mér nokkrar aldir aftur í tímann, til þjóðveldistímans þegar Íslendingar voru að feta sig áfram með lög í þessu landi, lög sem þeir töldu að yrðu landinu til farsældar. Þá var m.a. ákveðið að goðorðsmenn skyldu ákveða það verð sem væri á vöru þeirri sem kaupmenn erlendir kæmu með í skipum sínum til landsins og þeir skyldu einnig fá að kaupa fyrstir úr farmi þeirra. Ég hygg að það séu ekki mjög mörg dæmi um að goðorðsmenn hafi ekki gætt sín á formsatriðum, en þó mun Þorgrímur goðorðsmaður í Haukadal á sínum tíma hafa jafnframt talið sanngjarnt að greiða ekki fyrr en honum sjálfum sýndist og þegar Austmennirnir kvörtuðu taldi hann vitlegast að drepa þá, enda fráleitt að hans mati að seljendur ættu svo stóran rétt í þessu landi að þeir segðu fyrir um það hvenær honum bæri að greiða. En afleiðingin af þessu kerfi sem var við lýði var ákaflega einföld. Erlendir kaupmenn hættu siglingum til landsins. Þeir hættu bara siglingum til landsins einn eftir annan þangað til svo var komið að siglingar voru að leggjast af og í Gamla sáttmála urðum við að taka það ákvæði upp að konungur sæi um ákveðinn fjölda af skipum sem sigldu til landsins. Það gafst sem sagt illa á þjóðveldisöld að láta kaupandann einan ráða verðinu.

Í dag hygg ég að það mundi líka gefast nokkuð illa

í verslun almennt á Íslandi ef kaupandinn, þ.e. sá sem ætlar að kaupa vöruna, fengi einn að ráða. Segjum t.d. að við löbbuðum inn í verslanir hér í Reykjavík og tækjum ákvörðun um að við sem kaupendur ættum að ráða því á hvaða verði seljendurnir seldu viðkomandi vöru. Ég hygg að það yrði mikið fjör í verslun fyrst um sinn, en svo mundu trúlega mjög margir hætta við að endurnýja sínar vörubirgðir með þeirri viðskiptareglu. Það þarf ekki mikinn speking til að átta sig á að slíkt kerfi gengi ekki upp.

En hvaða reglu teljum við rétta þegar kemur að erlendum gjaldeyri? Jú, þá fer ekkert á milli mála að við viljum hafa þá reglu að kaupandinn skal ákveða vöruverðið, ekkert múður. Hvað eru seljendur að röfla í þessum efnum? Þetta glymur í öllum blöðum. Eru þeir að kvarta undan því verði sem þeir fá fyrir gjaldeyrinn? Auðvitað á kaupandinn að ráða. Það er búið að seðja þjóðina hvað þetta varðar. Hún stendur alveg föst á þeirri kenningu með hagfræðiliðið mestmegnis á bak við sig að það sé ekki til umræðu að seljendur hafi nein áhrif á það á hvaða verði þeir fái að selja.

Mér er ljóst að umræða um þessi mál hrífur ekki mjög þingmenn. Þeim finnst nánast óþarfi að við ræðum efnahagsmál í sölum Alþingis. Menn eru sáttir við það ástand, að því er virðist, stórir hópar í samfélaginu, að koma sér saman um að viðhalda því kerfi að kaupandinn skuli ráða verðinu en seljandinn eigi ekki að vera að skipta sér af þessum málum.

Nú er það svo að sjálfstæði þessarar þjóðar er stundlegt eins og flest annað á þessum hnetti. Það tók okkur langan tíma að öðlast sjálfstæði eftir að við töpuðum því og það tekur lygilega fá ár að glata því með sömu stefnu. 7 milljarðar í fyrra, 12 í ár. Hvað eigum við að segja að stígandin verði mikil á næsta ári? Eigum við að hækka þá um 5 og segja að það færi í 17 og þar næsta bæta við þá öðrum 5 og vera komnir í 22? Hvað værum við þá komnir hátt? Hefur þjóðin efni á slíkum snillingum í viðskiptaháttum?

Ég ætla örlítið að víkja að því sem sagt er um gengisstefnu í blöðum og vil byrja á því sem forseti Landssambands ísl. iðnaðarmanna segir í Morgunblaðinu 27. okt. 1987. (**Forseti:** Ég vek athygli ræðumanns á því að nú er þessi venjulegi fundartími okkar liðinn. Hann mun eiga eftir mikið af ræðu sinni, er ekki svo?) Það er rétt metið hjá forseta að ég er rétt að hefja þessa ræðu. (**Forseti:** Þá mun ég biðja ræðumann að gera nú hlé á máli sínu og hér mun þá fundi verða frestað um sinn, en honum mun verða fram haldið. Það munu verða fundir í báðum deildum þá og fram haldið kl. 5.30.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég ætlaði að vitna hér í nokkrar blaðagreinar þar sem þessi mál hafa verið rædd, þ.e. hvort viðunandi hefur verið að Seðlabanki Íslands og ríkisstjórn sæju um gengisskráningu. Ég er með fyrir framan mig grein eftir forseta Landssambands iðnaðarmanna. Greinin er birt í Morgunblaðinu 27. okt. 1987: „Góðæri hefur ríkt en þenslan veldur erfiðleikum.“ Þar segir svo um gengisstefnuna, með leyfi forseta:

„Ekki verður horft fram hjá þeirri staðreynd að samkeppnisstaða sumra greina atvinnulífsins, ekki síst ýmissa greina iðnaðarins, er orðin afar erfið. Þannig er hið svonefnda raungengi, sem er almennur og viðurkenndur mælikvarði á samkeppnisstöðu innlendra atvinnugreina gagnvart erlendri framleiðslu, nú þegar orðið óhagstæðara en það hefur verið í áraraðir og jafnvel óhagstæðara en það var á árunum 1981–1982. Innflutningur hefur vaxið ört og viðskiptahalli eykst. Markaðshlutdeild ýmissa greina iðnaðarins fer minnkandi.“

Ég ætla ekki að lesa meira úr þessari grein, en það fer ekkert á milli mála að ekki ríkir mikil ánægja hjá þessum aðila með þá gengisstefnu sem framkvæmd er.

Ég ætla að víkja næst, með leyfi forseta, að blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu 4. nóv. 1987. Þessi blaðagrein er eftir Vilhjálm Egilsson og heitir „Ríkisstjórnin í aðalhlutverkinu.“ Þar hljóðar textinn sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta, svo:

„Gengið ræðst ekki af yfirlýsingum. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að verðbólga á næsta ári verði um 10%. Er þá miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka árs. Þessi stefna eða von byggir á því að unnt sé að halda gengi krónunnar stöðugu og að kjarasamningar á næsta ári verði á lágum nótum eða feli í sér svipaðar launahækkanir og um samdist við opinbera starfsmenn.

Umræður um gengi krónunnar hafa mjög einkennt umfjöllun um verðlagsmál. Ríkisstjórnin hefur gefið út miklar yfirlýsingar um að hún ætli að halda genginu stöðugu og að það eigi að vera gildasta haldreipið til að verjast verðbólgunni. Þessi umræða um gengið og yfirlýsingar stjórnarinnar skipta hins vegar ekki höfuðmáli. Gengi krónunnar ræðst af efnahagslegum forsendum en ekki yfirlýsingum. Gengi krónunnar getur einungis verið stöðugt ef aðstæður leyfa. Í stað yfirlýsinga ætti ríkisstjórnin að gera grein fyrir þeim efnahagslegu forsendum sem hún ætlar að skapa fyrir lágri verðbólgu og stöðugu gengi. Maður fær það nefnilega á tilfinninguna að allt talið um stöðugt gengi og skilaboð til aðila vinnumarkaðarins í því sambandi sé fyrst og fremst til þess ætlað að geta bent á sökudólga ef ekki tekst að ná verðbólgunni niður.“

Það ríkir ekki nein ánægja hjá þessum aðila yfir því hvernig Seðlabankinn og ríkisstjórnin standa að gengismálum í dag.

Næst vil ég víkja að grein í Morgunblaðinu 21. febr., en greinin er Reykjavíkurbréf laugardaginn 20. febr. þó að það komi daginn eftir í sunnudagsblaðinu. Þar stendur svo með breyttu letri, með leyfi forseta:

„Fari svo að stjórnvöld neyðist til að verða við kröfum fiskvinnslunnar um gengisbreytingu er eðlilegt að á móti komi krafa frá stjórnvöldum til fiskvinnslunnar um að djúpstæð endurskipulagning fari fram á rekstri hennar með það að markmiði að

framleiðslugeta þessara iðjuvera verði nýtt mun betur og rekstur þeirra þar af leiðandi hagkvæmari."

Það er nú það. Hér er sem sagt lýst yfir alveg ótvírætt í Morgunblaðinu að það sem fyrst og fremst sé að sé hvernig staðið sé að rekstri hjá fiskvinnslunni og nýtingunni. Það er það sem er að. Þetta leiðir náttúrlega hugann að því að Morgunblaðið er ekki neitt stikkfrítt í þessu landi. Ég vitna í viðtal við Brynjólf Bjarnason, forstjóra Granda, í Morgunblaðinu 23. febr. 1988. Hann hlýtur að vera einn af sökudólgunum. Ef ég man þetta rétt var hagnaðurinn hjá Granda 1,8 millj. og þó hafði fyrirtækið selt skip á árinu. En það skal tekið fram að ég er ekki að henda neinum steinum að forstjóra þess fyrirtækis og tel að hann standi vel fyrir sínu sem rekstrarmaður í íslensku atvinnulífi. En með leyfi forseta vil ég lesa það sem hann segir um þessi mál:

„Gengið verður að leiðrétta. Rekstrarstaða frystihúsa okkar er mjög slæm á þessum tíma. Taprekstur hefur verið mikill undanfarna mánuði og er svo komið að veltufé hefur rýrnað gífurlega. Greiðslustaðan er því erfið og bitnar mjög á öllum viðskiptavinum fyrirtækisins. Á sl. ári naut framleiðsla frystihúsanna nokkurra erlendra verðhækkana, allt fram á mitt sumar, en frá því á vormánuðum fór verðlag hér á landi úr böndunum og urðu innlendar kostnaðarhækkanir langt umfram tekjuhækkanir. Gífurleg umskipti urðu síðan sl. haust, þannig að saman fór launahækkun ásamt hækkun á öllum aðföngum, aflatregða og tekjulækkun vegna falls dollarans", sagði Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Granda hf. „Það er augljóst að raungengi íslensku krónunnar hefur hækkað gífurlega á síðustu átta mánuðum. Skilyrði útflutningsatvinnugreina eru því óviðunandi og raungengið verður að leiðrétta. Markmiðið hlýtur að vera að ná verðbólgu niður á það stig sem gerist í viðskiptalöndum okkar eða 4–5%.

Það má vera að um of miklar fjárfestingar sé að ræða í frystiiðnaðinum í heild. Hins vegar má ekki missa sjónar á því hvernig þessi atvinnugrein hefur þróast með uppbyggingu á framleiðslu víðs vegar um land og hinni miklu tæknibreytingu sem fiskiðnaðurinn hefur farið í gegnum á undanförnum áratugum. Vel má vera að nýting þessara fjárfestinga sé ekki næg og kemur það berlega í ljós í þeirri samkeppni sem landfrysting á nú í við sjófrystingu.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að alhæfa neitt um það hvernig frystihúsin eru rekin. Hitt er þó ljóst að í þessari atvinnugrein sem öðrum verður ætíð að vera vel á verði varðandi stjórnun og aðgerðir til framleiðniaukningar. Á undanförnum rúmum tveimur árum hefur verið beitt hér svonefndri fastgengisstefnu. Það er álit mitt að á þessum tíma hafi útflytjendur í frystiiðnaði tekið sig verulega á í að beita ýmsum aðgerðum til að ná fram aukinni framleiðni og hafa miklar endurskipulagningar átt sér stað í frystihúsum víða", sagði Brynjólfur.

Ég fæ nú ekki séð á þessu að það sé einhver sérstök ánægja með hvernig staðið er að þessum málum. Þó hefur þessum manni verið trúað fyrir stærsta fyrirtækinu að ég hygg í þessari grein. Í sama blaði og í sama skipti er tekið viðtal við Baldur Jónsson, Suðureyri. Með leyfi forseta vil ég lesa það sem hann hefur um þetta að segja:

„Óvitaskapur og vanþekking. Nú er staðan orðin svo glórulaus að eina svarið sem frystihúsamenn hafa er að stöðva reksturinn. Ef þjóðin getur verið án þessara fyrirtækja, þá gott og vel. Geti hún lifað af ferðamannaþjónustu, laxeldi og að menn skrifi reikninga hver á annan í þjónustugeiranum fyrir sunnan, á hún að gera það. Þetta er algerlega komið á heljarþröm og þessi atvinnuvegur hefur verið rústaður. Það er fyrst og fremst óvitaskapur og vanþekking á þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar sem hefur lagt hann í rúst", sagði Baldur Jónsson, framkvæmdastjóri fiskiðjunnar Freyju á Suðureyri.

„Staðan í dag er langt fyrir neðan núllið. Hér á Vestfjörðum eru mörg gróin og gömul frystihús með þægilegan rekstur og eitthvað eigin fé. Þau geta kannski haldið svona áfram í eitt ár eða svo. Ég veit ekki hve margir hafa áhuga fyrir því. Þó nokkur frystihúsanna eru komin á heljarþröm. Eigið fé er uppétið og það er tímaskekkja miðað við aðstæður að halda rekstrinum gangandi.

Orsakirnar eru margvíslegar, en þrír meginþættir ráða mestu. Það er fiskveiðistefnan sem hefur dregið mjög verulega úr afla til stærstu húsanna á svæðinu. Þau nýta ekki eignir sínar eins og þau gerðu áður og við þurfum meiri umsetningu. Hinn almenni rekstrargrundvöllur hefur verið mjög lélegur allan þennan áratug. Á honum hafa aðeins verið gerðar óraunhæfar lagfæringar. Vaxtastefnan er svo að ganga af öllum dauðum. Það er hvergi í hinum vestræna heimi að þjóðir búa að aðalatvinnuvegum sínum eins og hér er búið að frystingunni og öllum atvinnurekstri. Þetta er fáheyrt vaxtaokur og eignaupptaka. Maður á engin orð yfir það.

Það verður að skrá gengið rétt á hverjum tíma. Það verður að selja gjaldeyrinn á a.m.k. sama verði og kostar að framleiða hann. Þetta eru svo gömul sannindi að menn virðast vera búnir að gleyma þeim. Það getur ekki nokkur lifandi maður framleitt gjaldeyri með tapi. Það þarf að lækka vextina. Það verður að hafa sérstaka vaxtaskrá fyrir þessa atvinnugrein eins og lengi hefur verið hjá Fiskveiðasjóði. Fyrir þau hús, sem ekki lenda á uppboði eftir þessi ósköp, verður síðan að breyta skuldahalanum, lengja lánatíma verulega og lækka vexti.

Ég held að ekki hafi verið um offjárfestingu að ræða á þessum áratug. Að vísu voru sum frystihús hér fyrir vestan sem í byrjun áratugarins undirbjuggu sig fyrir meiri átök í frystingu meðan togaraafli var mikill. Það má kannski segja að ekki hafi verið þörf fyrir alla þessa fjárfestingu eftir að kvótinn kom til.

Þá tel ég að undantekningarlítið séu frystihúsin mjög vel rekin. Það eru takmörk fyrir því hve nærri hráefni er hægt að ganga hvað varðar nýtingu og við erum löngu komnir á þann topp. Hins vegar verður

stöðug endurskoðun á rekstrinum að eiga sér stað. Menn verða alltaf að leita hagræðingar og alltaf má gera betur. Frystihúsin eru velflest vel rekin með þaulreyndu starfsfólki. Að vísu hefur fólk verið að yfirgefa frystinguna vegna lágra launa. Það er þjóðarskömm að bjóða fiskverkafólki upp á þau laun sem því hafa verið boðin", sagði Baldur Jónsson.

Ekki er ánægjan á þeim bæ yfir því hvernig staðið er að því að skrá gengi krónunar.

Þá vil ég næst vitna í grein eftir Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem birtist í Morgunblaðinu 26. febr. 1988. Ég vík að því efni sem í greininni fjallar um viðskiptahallann. „Verður viðskiptahallinn 10 milljarðar?" Það er viðtal sem þarna er um að ræða. „Verður viðskiptahallinn 10 milljarðar?" spyr blaðamaðurinn og Þórður svaraði:

„Viðskiptahallinn er eitt af þremur aðalvandamálum þjóðarinnar með og ásamt verðbólgu og slökum starfsskilyrðum samkeppnisatvinnuveganna. Viðskiptahallinn varð tæplega 7 milljarðar kr. á liðnu ári eða 3,5% af landsframleiðslu, en getur að óbreyttu orðið um eða yfir 10 milljarðar kr. 1988 eða nálægt 5% af landsframleiðslu. Þetta er gífurlega mikill viðbótarhalli, ekki síst að teknu tilliti til þess að ytri skilyrði þjóðarbúsins eru góð á flestra mælikvarða. Viðskiptahallinn felur í sér að þjóðarútgjöld eru meiri en þjóðartekjur og því er hann í raun ekkert annað en mælikvarði á það hvað samfélagið ráðstafar eða eyðir umfram það sem það aflar. Þessa eyðslu umfram tekjur verður auðvitað að fjármagna með erlendum lántökum. Viðskiptahallinn er því mjög alvarlegur í þeirri stöðu sem þjóðarbúskapurinn er í.

Jafnvægisleysi í efnahagsmálum að undanförnu má ekki síst rekja til þess að þjóðarútgjöld hafa aukist hraðar en þjóðartekjur. Á árunum 1985 og 1986 var aukning þjóðartekna meiri en þjóðarútgjalda, en á síðasta ári snerist þessi þróun við og útgjöldin tóku að aukast meira en tekjurnar. Það var minnkandi viðskiptahalli 1985 og afgangur á viðskiptajöfnuði 1986. Jafnframt fór verðbólga minnkandi. Á síðasta ári myndaðist hins vegar viðskiptahalli á ný og að öðru óbreyttu verður hann enn meiri í ár. Við þessar aðstæður er erfitt að koma á jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Því er grundvallaratriði að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda á næstunni."

Ég fæ ekki séð að forstjóri Þjóðhagsstofnunar hrópi neitt húrra fyrir því hvernig lagatextinn um Seðlabanka Íslands kemur út í framkvæmd.

Með leyfi forseta vík ég næst að viðtali sem átt er við Jón Sigurðarson, forstjóra Álafoss, fimmtudaginn 17. des. 1987. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn efnahagsmála í landinu hefur brugðist. Á þessum mánuðum er gífurlegur fjármagnsflótti frá landsbyggðinni til Reykjavíkur vegna þess hversu lágt gengið er. Við erum í upphafi nýrrar landsbyggðarkreppu að mínu mati og allir undirstöðuatvinnuvegir úti á landi eru reknir með tapi. Eini hagnaðurinn sem ég veit af í þessu landi núna er innflutningurinn sem byggir á niðurgreiddum erlendum gjaldeyri", sagði Jón Sigurðarson, forstjóri Álafoss hf.

„Mikið hefur verið rætt um það að fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar sé að sliga útflutninginn og menn eru farnir að hrópa á gengisfellingu. Jón Sigurðarson segir að fastgengisstefnan sé hin ágætasta stefna, en bráðnauðsynlegir fylgifiskar hennar séu fastkostnaðarstefna." — Það er aftur á móti stefna sem ég veit ekki til að ríkisstjórnin viti nein deili á. Þetta var innskot frá mér, þetta seinasta. Svo held ég áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„„Þannig tel ég að fastgengisstefna í sjálfu sér hafi ekki brugðist heldur hafi stjórn efnahagsmála í landinu brugðist þannig að kostnaður hefur farið úr öllum böndum á sama tíma og tekjumöguleikar hafa ekki verið leiðréttir í gegnum gengið. Nú er svo komið að það er vonlaust að reka útflutningsfyrirtæki við þessar aðstæður," sagði Jón. Hann telur að kostnaðarhækkanir hafi hrundið fastgengisstefnunni og stjórnvöld verða að grípa inn í þessa þróun með aðgerðum til að bæta hag útflutningsatvinnuveganna og í því sambandi sagðist Jón ekki koma auga á aðra leið en gengisfellingu. „En kunni menn einhver önnur ráð er ég manna fegnastur," sagði Jón. Hann sagði að það væri stjórnleysi í efnahagsmálum sem hrópaði á gengisfellingu, ekki atvinnurekendurnir. Fulltrúar Seðlabanka og ráðgjafar ríkisstjórnarinnar hafa sagt að það sé ekki þörf fyrir gengisfellingu en Jón sagði að þessir menn hefðu ekki komið með önnur ráð til að koma fótunum aftur undir útflutningsatvinnuvegina og á meðan þeir gerðu það ekki væri þetta marklaust hjal."

Ég er hér með ljósrit úr Morgunblaðinu. Mér er ekki ljóst hver dagsetning er á því en þar er um að ræða frétt úr sérútgáfu Economist: „Óhjákvæmilegt að fella gengi krónunnar". Með leyfi forseta vil ég lesa það sem þeir segja:

„Hið virta tímarit The Economist hefur gefið út sérblað þar sem er að finna yfirlit yfir það sem sérfræðingar blaðsins telja að búast megi við að gerist í einstökum ríkjum og í alþjóðamálum á næstu árum. Sérútgáfa þessi nefnist Heimurinn 1988. Í ritinu er að finna stutta klausu um Ísland þar sem fullyrt er að ríkisstjórnin komist ekki hjá því að fella gengi krónunnar. Í formála ritsins segir að blaðamenn og sérfræðingar The Economist hafi ritað efni þess, auk þess sem leitað hafi verið til sérfræðinga um tiltekin málefni sem ekki starfa á vegum The Economist. Enn fremur segir í formálanum að flestir spádómar tímaritsins í sambærilegu hefti sem gefið var út skömmu fyrir síðustu áramót hafi reynst réttir og áreiðanlegir þó svo að viðurkenna beri að sérfræðingum blaðsins hafi á stöku stað orðið á í messunni.

Í greininni um Ísland sem rituð er af Michael Mitkev, fréttaritara tímaritsins Business International í Evrópu, segir: Viðleitni íslensku ríkisstjórnarinnar til að vinna bug á verðbólgu, sem varð þess valdandi að verðbólga var um 14% árið 1987 í stað

21% árið 1986, á undir högg að sækja. Kjarasamningar ársins 1987 leiddu til a.m.k. 22,5% hækkunar launa á árinu og mun áhrifanna áfram gæta á árinu 1988. Til að tryggja samkeppnishæfni erlendis mun ríkisstjórnin aftur neyðast til að grípa til þess ráðs að fella gengi krónunnar."

Ég ætla hér, með leyfi forseta, að vitna í Gísla Konráðsson á Akureyri en það sem hann segir um þessi mál birtist í Morgunblaðinu 23. febr. 1988:

„*Húsin gefast upp á næstu dögunum: „Eins og* þegar hefur komið greinilega fram í fjölmiðlum er staða frystihúsanna svo alvarleg að gera má ráð fyrir að þau gefist upp hvert af öðru á næstu dögum eða vikum, verði ekkert gert af hálfu stjórnvalda til að afstýra því. Ástæðurnar fyrir þessu bága ástandi eru margar. Fyrst og fremst gengisskráning, sem heldur söluverði föstu í krónum, þótt kostnaðarliðir hækki stöðugt vegna innlendrar verðbólgu", sagði Gísli Konráðsson, annar framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Akureyringa. „Hækkandi kostnaðarliðir, sem valdið hafa miklu um rekstrarhallann, eru fyrst og fremst fiskverðið, sem algjörlega fór úr skorðum þegar það var gefið frjálst á síðasta ári, og ollu þar mestu innlendir fiskmarkaðir og fisksala í gámum til útlanda. Viðmiðun við þessa tvo þætti skóp verðmyndun sem mjög víða reisti húsunum hurðarás um öxl svo að illa hlaut að fara af þeirri ástæðu einni. Vinnulaun hafa að sjálfsögðu hækkað, en það er ekki nema eðlilegur hlutur og ekki til þess ætlast að svo yrði ekki, enda ætti öllum að vera það ljóst að fólk sem vinnur að framleiðslu á helstu útflutningsafurðum og gjaldeyrisgjafa þjóðarinnar á það skilið að fá mannsæmandi laun fyrir störf sín. Aukinn fjármagnskostnaður á og sinn þátt í óförunum.

Það sem gera þarf er einfaldlega að gjaldeyririnn sem fyrir vöruna fæst, verði seldur á svo háu verði að dugi fyrir framleiðslukostnaði að viðbættum einhverjum rekstrarhagnaði. Hvernig að því verður farið verða stjórnvöld gjaldeyrismála að leysa. Ég fæ ekki séð aðra leið, þótt að vísu mætti e.t.v. draga úr kostnaði á einhvern hátt, sæju stjórnvöld sér það fært.

Ég held að ekki hafi verið um offjárfestingu að ræða hjá frystihúsunum á síðustu tímum. Hitt er svo annað að þau eru með mikil erlend lán og þunginn af þeim verður nú óbærilegur þegar greiðslurnar af skuldum hækka samkvæmt verðbólgu en tekjur lækka eða í besta falli standa í stað. Slíkt getur ekki gengið til lengdar.

Hvort frystihúsin á Íslandi séu nógu vel rekin ætla ég mér ekki að dæma um. Vafalaust er það eitthvað misjafnt eins og á öðrum sviðum atvinnurekstrar, en ég held að enginn geri það að gamni sínu að stefna fyrirtæki sínu að gjaldþroti. Og í þessum töluðum orðum berast mér fréttir um verðfall á þorskblokk í Bandaríkjunum. Líklegt þykir að sú lækkun geti verið upphafið að öðru meira," sagði Gísli Konráðsson."

Herra forseti. E.t.v. er það svo að flestir hér á Alþingi Íslendinga segi sem svo: Menn vilja bara gengisfellingu.

Frv., sem ég er flm. að, biður ekki um gengisfellingu. Frv. fer aftur á móti fram á það að markaðurinn ráði verðinu. Þá kemur í ljós hvorir hafa rétt fyrir sér, hagfræðihópurinn, hámenntaður, sem í vel launuðum störfum boðar að það eigi ekki að breyta í einu né neinu gengisskráningu íslensku krónunnar, eða þeir sem standa í eldlínu atvinnurekstrar og vinna að því að afla þessari þjóð þess brauðs sem hún lifir á. Auðvitað er hægt að gera þjóðarsátt um það að menn skuli eyða um efni fram jafnrosalega og gert er. Auðvitað er það hægt. En það eru aumir og huglausir stjórnmálamenn sem þannig standa að málum. Það eru aumir og huglausir stjórnmálamenn, því miður.

Ég hygg að þann tíma sem ég hef verið stuðningsmaður ríkisstjórna hafi það aldrei gerst að forsrh., sem ber höfuðábyrgð á efnahagsmálum, hafi látið sér detta í hug að standa jafnglórulaust að þessum málum og nú er gert. (**Gripið fram í:** Hver gerir það? Stjórnin?) Sá hæstv. forsrh. sem telur að það sé allt í lagi að sitja við völd og hafa 12 milljarða viðskiptahalla við útlönd er að mínu viti ekki hæfur til starfans. (**Gripið fram í:** En ráðherrarnir hinir?) Sá forsrh. á að segja af sér. (**Gripið fram í:** En þeir sem styðja stjórnina?) Sá forsrh. getur ekki gert ráð fyrir því að almennir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar muni verja hann í vantrausti. Hann hlýtur að gera sér grein fyrir því að með því móti væru þeir að leggja til að hér yrði stefnt að því að Ísland tapaði efnahagslegu sjálfstæði. (**SJS:** Eigum við þá ekki að flytja vantrauststillögu?) Það er greinilegt að það er órói í íslenskum stjórnmálum þessa dagana. Það er greinilegt að sú ákvörðun um að kalla saman miðstjórnarfund Framsfl. hefur komið miklum skjálfta af stað og það er boðað í blöðum að sérstakir útsendarar hafi verið sendir af stað til að ræða það mál hvort hægt sé að fá nýja menn í ráðherrastóla ef þeir sem nú stýra landinu hiki við að halda lengur áfram á sömu braut.

Mér skilst á blaðafréttum að sé áhugi til staðar eigi menn að senda sendibréf til Sjálfstfl. Það verða trúlega blaðaskriftir á næstunni og menn senda frá sér sendibréf og lýsa sínum áhuga. Að mínu viti er þessi staða á þann veg að enginn ábyrgur stjórnmálamaður á Íslandi getur varið það að stefnt sé eins og gert er í þessum málum.

Mig undrar það mjög að stjórnmálaflokkur sem kennir sig við sjálfstæði, kennir sig við atvinnurekstur, kennir sig við einkaframtak, hafi nú sameinast um þá stjórnarstefnu að þjóðnýta aftan frá einstaklingsframtakið í landinu sem vinnur við grunnatvinnuvegi þjóðarinnar. Þjóðnýtingin aftan frá byggist á því að það á ekki með lagasetningu að taka ákvörðun um það að þessi eða hin fyrirtækin verði í ríkiseign. Það á að taka ákvörðun um það að hafa rekstrargrundvöllinn á þann veg, með því að neyða menn til að selja þann gjaldeyri sem fyrirtækin afla á lægra verði en kostar að afla hans, að fyrirtækin verði gjaldþrota og að ríkisbankar og ríkissjóður,

hvort sem það er Fiskveiðasjóður eða einhver annar, eignist fyrirtækin á nauðungaruppboði. Þetta er að þjóðnýta fyrirtækin aftan frá og það er verið að vinna að þessu undir forsæti Þorsteins Pálssonar.

Hvað hefur þetta í för með sér? Þetta hefur það í för með sér að þjónustufyrirtækin sem hér eru á Reykjavíkursvæðinu fá að vísu um dálítinn tíma að anda rólega. Þau fá að anda rólega meðan verið er að ganga frá framleiðslufyrirtækjum hringinn í kringum landið með gjaldþrotum. Svo kemur röðin að Reykjavík. Í sjónvarpsviðtali þar sem hæstv. forsrh. taldi það einna brýnast að fá skýrslu frá Byggðastofnun um ástandið á Suðurlandi áður en hans ríkisstjórn gæti tekið afstöðu til mála lýsti hann því yfir að hann hefði áhyggjur af því hvernig færi fyrir þéttbýlinu á eftir, þegar hitt væri hrunið. Merkilegt nokk. En það er nánast heimsmet að fara fram á skýrslu um ástandið í eigin kjördæmi áður en ákvörðun er tekin um hvað eigi að gera.

Ég hygg að rétt sé metið hjá mér að mönnum leiðist almennt svona umræðuefni. Menn vilja helst flytja hér fallegar tillögur sem skili árangri strax á morgun um jákvæða hluti í íslensku þjóðfélagi. Mér er aftur á móti ljóst að samþykkt frv. mundi þýða stefnubreytingu í þessu landi. Það mundi þýða það að Íslendingar yrðu að fara að haga sínum útgjöldum í samræmi við tekjur. Það mundi þýða aftur á móti aukna áherslu á það að Íslendingar notuðu innlenda iðnaðarvöru. Það mundi þýða aukna áherslu á það að menn reyndu að framleiða vörur sem hægt væri að selja erlendis og á nokkrum árum mundi það færa íslenskri þjóð efnahagslega hagsæld. (**Gripið fram í:** Velsæld.)

En hugsunarfeillinn og þversögnin eru svo rík í okkur að hver einasti fréttamiðill á Íslandi skýrir frá breytingum á gjaldskrá gjaldmiðla á þann veg að ef verið er að tala um erlendan gjaldeyri, eins og t.d. dollarann eða pundið, berast okkur á öldum ljósvakans þær fréttir: Dollarinn féll í verði, pundið lækkaði í verði. Þá berast ekki þær fréttir að Ronald Reagan hafi lækkað dollarann eða Margaret Thatcher hafi lækkað pundið eða öfugt. Nei, þá lækkaði dollarinn eða hækkaði og pundið lækkaði eða hækkaði. En þegar kemur að íslensku krónunni, hvað gerist þá? Undur og stórmerki. Þá berast þær fréttir að ríkisstjórn Íslands og Seðlabankinn hafi ákveðið að lækka gengi krónunnar. Það virðist einhvern veginn vera innbrennt í hausinn á mönnum að allir gjaldmiðlar í heimi hljóti að fara eftir markaðslögmálum nema þessi íslenska króna. Hún fari alls ekkert eftir markaðslögmálum. Það séu bara vondir menn annaðhvort í Seðlabanka eða ríkisstjórn sem breyti hennar gengi. Auðvitað getur svona glórulaus fáfræði eins og kemur fram í slíkum fréttaflutningi mengað út frá sér. Og hugsunarvillur sitja yfirleitt fastar í mönnum, gjörsamlega fastar, og breytast ekki. Ég get tekið eitt dæmi úr minni heimabyggð. Frá því ég man eftir mér hefur verið talað um það við Súgandafjörð að önnur hlíðin væri að vestanverðu við fjörðinn en hin væri að norðanverðu við fjörðinn. Það þykir engum athugavert. (**SvH:** Þannig er það við Djúp.) Þannig er það við Djúp, segir hv. 4. þm. Austurl. Mér virðist að málvenjan sé sú að menn séu eiginlega að fara suður til Reykjavíkur hvaðan sem þeir koma af landinu. (**Gripið fram í:** Ekki úr Keflavík.) Nú, það er upplýst að þar er Keflavík undantekning og ég skal ekki hætta mér lengra inn í þá umræðu. En alveg eins og þetta er svo glórulaust stimplað inn í hausinn á mönnum að þar verður engu um þokað er það alveg borin von að hægt sé að útskýra það fyrir alþm. að mér sýnist að það sé verðmætið í þjóðfélaginu sem ráði gengisskráningu íslensku þjóðarinnar þegar horft er til lengri tíma þó að auðvitað geti einhver stjórnmálamaður sem hefur völdin reynt að hafa það vitlaust dálítinn tíma.

Á hverju bera þeir ábyrgð sem nú sitja hér á Alþingi? Bera þeir ekki númer eitt ábyrgð á sjálfstæði þessarar þjóðar? Eru það einhverjir aðilar úti í bæ sem bera fremur ábyrgð á sjálfstæði íslenskrar þjóðar en þeir sem hér sitja? Er hægt að varpa slíku út til einhverrar stofnunar úti í bæ, hún eigi að sjá um þann þátt mála? Auðvitað hlýtur það að vera fyrsta og síðasta skylda Alþingis Íslendinga að bera ábyrgð á sjálfstæði þjóðarinnar. Og er það ábyrg afstaða að ætla að sigla áfram á þann veg að hér skuli viðskiptahalli magnast á þessu ári? Er það ábyrg stefna? Ég segi nei. En það sem aumkunarverðara er: Það er huglaus stefna. Það er huglaus stefna hjá ríkisstjórn, sem hefur mestan meiri hluta á bak við sig sem verið hefur frá því að ég hef stutt ríkisstjórn á Alþingi Íslendinga, sem lætur sér detta í hug að standa þannig að málum. Það er huglaus stefna. Það eru hreinar línur hvað mig varðar að fremur vil ég fara af þingi og hætta þingmennsku en sigla áfram sem stuðningsaðili við slíka stefnu. Þeir mega halda áfram að styðja það huglausa lið sem telur að það sé sjálfsagt og sanngjarnt að hlaða svo upp erlendum skuldum við útlönd án þess að neinar stórframkvæmdir í landinu geti réttlætt þær lántökur.

Enn vil ég víkja að því hversu vonlaus sú umræða virðist vera að ræða þetta, hversu gjörsamlega frosið er fyrir vit manna í þessum efnum, að þeim mun hálærðari sem menn virðast vera þeim mun meira orðskrúð er notað þegar þessi mál eru rædd. Þá er reynt að færa þetta yfir á það svið að málið verður svo flókið að venjulegir menn ná því hreint ekki hvað verið er að tala um. Allur saltfiskútflutningur Íslendinga dugar ekki, þó hann væri tvöfaldaður, til að standast þann viðskiptahalla sem nú er stefnt að. Þó við tvöfölduðum sölu okkar á Bandaríkin á freðfiski, tvöfölduðum hjá SH það sem selt er á Bandaríkin gegnum Coldwater mundi það ekki duga. Hér er verið að tala um tölur af þeirri stærð að það hlýtur hverjum manni að vera ljóst hver alvaran er ef hann sest niður og skoðar þetta. Engu að síður virðist öll umræðan í þjóðfélaginu snúast um allt aðra hluti.

Ég ætla að minna á það í lokin að það voru fleiri

smáríki sem urðu sjálfstæð um svipað leyti og Ísland en hafa glatað sjálfstæði sínu í dag, sum vegna efnahagsmála, önnur vegna bróðurkærleika nágrannaríkjanna sem tóku að sér að sjá um þeirra mál. Ég tel að sú ógn sem okkur stendur af þeirri stefnu að ætla að halda áfram að láta kaupanda gjaldeyrisins einan ráða verðinu sé slík að það varði sjálfstæði þessarar þjóðar því hvert árið sem líður skapar það samfélag að fleiri og fleiri vinna við þjónustu, færri og færri vinna í framleiðslugreinunum. Og þrýstihópurinn sem heimtar að það sé keypt á vitlausu verði er alltaf að stækka, hann vill blóðmjólka kúna. Búhyggindin eru ekki meiri.

„Senn er þess von að úr sessinum mínum ég víki", sagði Jón Helgason forðum. Hæstv. forsrh. hefur stuttan tíma til stefnu til ákvarðanatöku í íslenskum efnahagsmálum ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að halda þeim öllum innanborðs sem hana hafa stutt til þessa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 1. umr.

Frv. SvH o.fl., 415. mál. — Þskj. 763.

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Ég sá út undan mér að hv. 3. þm. Norðurl. e. var staddur inni í lesstofu og ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við hann vegna þess að það atriði á við um alla tillögugerð og málflutning á hinu háa Alþingi og eins það frv. sem ég ætla að ræða hér og flytja framsögu fyrir, það er sá grundvallarmisskilningur að menn gangist undir einhver jarðarmen um fylgi við frv. sem þeir eru í grundvallaratriðum andstæðir, enda þótt þeir vilji reyna að hafa áhrif á gerð þeirra, lokagerð þeirra.

Hér á ég við það að mönnum þykir skjóta skökku við þegar ég, þótt ég sé í grundvallaratriðum andstæður frv. sem hér hefur verið rætt um bjórgerð, vilji samt hafa áhrif á innihald þess þegar ég sé að því vindur fram að það verði samþykkt. Má ég í þessu sambandi benda á afgreiðslu fjárlaga. Þar bera t.a.m. stjórnarandstæðingar fram tugi, jafnvel hundruð tillagna og m.a. hefur hv. 3. þm. Norðurl. e. átt þar fylking tillagna í stjórnarandstöðu. Með þeim flutningi, sem hann væntanlega gerir til þess að fá þær samþykktar, er hann ekki að skuldbinda sig til þess að fylgja afgreiðslu fjárlagafrv. að neinu leyti, að sjálfsögðu ekki. Þetta er fljótfærni og misskilningur. Það algenga er að þótt menn séu í grundvallaratriðum andvígir tillögugerð í þinginu er ekkert andkannalegt við það þó þeir vilji hafa áhrif á hvernig hún fer úr hendi ef betur mætti fara að þeirra dómi og gera það með tillöguflutningi. Þetta vildi ég að fram kæmi vegna þess að nú kann svo til að bera að einhver verði í grundvallaratriðum andstæður frv. til þjóðminjalaga sem ég ætla að mæla hér fyrir og þá er fjarri því að það sé að neinu leyti í því fólginn tvískinnungur þótt viðkomandi vilji samt hafa áhrif á gerð þess. Þetta veit ég að allir skilja og þetta er hið algenga í störfum þingsins.

Ég mæli hér fyrir, herra forseti, frv. til þjóðminjalaga. Þetta frv. samdi nefnd sem menntamálaráð skipaði nú í nóvember sl. Auk mín áttu sæti í nefndinni hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson, 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir og 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson, auk starfsmanna úr Þjóðminjasafni, Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar, Bryndísar Sverrisdóttur safnkennara og Lilju Árnadóttur safnvarðar og enn fremur Þórunnar Hafstein sem er deildarstjóri í menntmrn.

Helstu nýmæli þessa frv. og laganna, ef að lögum verður, eru skipulagsbreytingar á stjórn Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnarnefnd mótar stefnu safnsins og áætlanir og ráðinn verður safnstjóri Þjóðminjasafns sem stjórnar daglegum rekstri þess. Einnig munu starfa minjaverðir við vörslu þjóðminja á landsbyggðinni. Skilgreiningar hugtaka og hlutverka hafa verið skýrðar frá fyrri lögum nánar.

Þá er nýmæli að þriggja manna fornleifaráð verður þjóðminjaverði til ráðgjafar við skipulagningu fornleifarannsókna og veitingu leyfa til rannsókna.

Aðrar breytingar eru flestar lagfæringar og viðbætur við einstakar greinar. Mikilsverðustu breytingarnar eru að þjóðminjavörður mun einn hafa rétt til þess að rannsaka eða láta rannsaka fornleifar, að öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918 skuli vera friðuð og húsafriðunarnefnd getur gripið til skyndifriðana ef þörf krefur.

Mjög mikilvæg viðbót að mínum dómi er það þar sem gert er ráð fyrir stöðu safnstjóra Þjóðminjasafns. Í grg. fyrir þjóðminjalögum frá 1969 er þess getið að starf þjóðminjavarðar sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé hann forstöðumaður Þjóðminjasafns og í öðru lagi beri honum að annast fornleifavörslu á landinu öllu og leiðbeina byggðasöfnunum í starfi þeirra. Þar er bent á að í nágrannalöndum okkar sumum sé greint á milli þjóðminjavörslu og þjóðminjasafns af þessum sökum. Með lögunum frá 1969 var ákveðið að hvort tveggja skyldi verða starfssvið þjóðminjavarðar, enda hafði sú skipan verið í reynd frá stofnun safnsins árið 1863.

Hér er ekki gert ráð fyrir breytingu á þessari skipan, en þó er kveðið nánar á um hinar tvær megingreinar embættisins. Önnur þeirra, stjórnun Þjóðminjasafnsins, heyrir undir safnstjóra Þjóðminjasafns, hin nýja og það er nýbreytnin, en hin, varsla þjóðminja á landsbyggðinni, er í höndum minjavarða í fjórðungunum sem starfa á vegum þjóðminjavarðar. Þetta eru hvort tveggja nýmæli. Ljóst er að stjórnun Þjóðminjasafnsins er svo viðamikið verkefni að full þörf er á þessari breytingu nú þegar.

Fram undan er endurskipulagning á föstum sýningum safnsins og húsakosti í kjölfar þess að Listasafn Íslands hefur nú verið flutt úr húsi Þjóðminjasafnsins og því er nú enn brýnni þörf en áður á markvissri stjórnun safnsins á næstu árum.

Í 3. gr. frv. er að finna nýmæli þar sem gert er ráð fyrir að Þjóðminjasafni skuli skipuð stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn. Ekki ætti að vera þörf á að fjölyrða um kosti þess að skipa Þjóðminjasafni stjórn, en nægir að benda á að stjórnun þess yrði að líkindum styrkari og að aukin tengsl yrðu á milli safnsins og ráðuneytisins. Sú skipan í stjórnarnefndina sem hér er gert ráð fyrir mótast einnig af því að skólabörn eru tíðir gestir í safninu og er ætlað að kynna útlendum ferðamönnum menningu þjóðarinnar. Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafni, sem að ýmsu leyti eru sambærilegar stofnanir við Þjóðminjasafnið, er stjórnað á líkan hátt.

Stjórnarnefndinni er ætlað að móta stefnu safnsins í veigamestu málum. Að öðru leyti er stjórnarnefndinni ætlað að fylgjast með fjárhagsáætlunum safnsins og vera þjóðminjaverði til ráðgjafar. Ég bendi enn fremur á hið nýja frv. til laga um Listasafn Íslands þar sem gert er ráð fyrir sams konar stjórn þess safns.

Í 4. gr. er að finna mikilvægt nýmæli þar sem kveður á um fræðsluskyldu Þjóðminjasafnsins við skólanemendur og almenning. Með breyttum samfélagsháttum og öðrum örum breytingum á þjóðfélaginu og auknum menningaráhrifum frá öðrum þjóðum er eðlilegt að leggja Þjóðminjasafni Íslands á herðar fræðsluskyldu við skólanemendur og almenning. Safnið þarf að geta hagnýtt sér nútímakennslutækni til að ná sem víðast með fræðslu um menningarsögu þjóðarinnar.

Þá er að nefna nýmæli sem er í 10. gr. II. kafla laganna þar sem segir að „menntmrh. skipar til fjögurra ára í senn fornleifaráð sem er þjóðminjaverði til ráðgjafar um rannsóknir og meðferð fornleifa.“ Og síðan er kveðið á um hvernig skipa skuli í það ráð.

Fornleifarannsóknir Þjóðminjasafnsins hafa að verulegu leyti verið fólgnar í björgunarstarfi og svo mun líklega ætíð verða. Starfsfólk safnsins hefur verið kallað til þegar fornleifar hafa komið í ljós við mannvirkjagerð og í skyndingu hefur þurft að framkvæma fornleifarannsóknir. Skipulagðar rannsóknir hafa þó ávallt verið stundaðar jafnframt, en vegna mannfæðar og fjárskorts hefur ekki verið hægt að vinna jafnmarkvisst að könnun á fornleifum og æskilegt væri. Fornleifaráði er ætlað að vera þjóðminjaverði til ráðgjafar í öllu er varðar fornleifar og rannsóknir þeirra og veitingu leyfa til slíkra rannsókna. Ráðið gerir tillögur að langtímaáætlunum um fornleifarannsóknir á vegum safnsins og skipun rannsóknaverkefna í forgangsröð.

Þá eru næstu greinar og kaflar nokkuð með sama svipmóti og áður hefur verið og ekki ástæða til að ég geri sérstaka grein fyrir því. Breyting er á tilnefningu á fulltrúa í stjórn húsafriðunarsjóðsins. Arkitektafélag Íslands á aðild að Bandalagi ísl. listamanna og bandalagið hefur átt tilnefningarrétt, en reyndin hefur orðið sú að fulltrúi bandalagsins í húsafriðunarsjóðnum hefur ætíð verið arkitekt. Því er talið eðlilegt að breyta að því leyti að nú verði það Arkitektafélag Íslands sem tilnefnir í húsafriðunarsjóðsstjórnina.

Í 31. gr. er að finna nýmæli þar sem segir að „öll hús sem byggð eru fyrir 1850 skulu vera friðuð svo og allar kirkjur sem reistar eru fyrir 1918.“ Sambærileg ákvæði eru í lögum nágrannaþjóða okkar þótt ártölin séu önnur. Tilgangurinn er sá að tryggja varðveislu elstu húsa landsins. Eigendum húsa sem orðin eru eitt hundrað ára eða eldri er skylt að tilkynna húsafriðunarnefnd ríkisins ef þeir hyggjast breyta húsi sínu eða rífa.

Þá vil ég aðeins geta um nýmæli sem er að finna í 33. gr. frv. þar sem segir að húsafriðunarnefnd geti gripið til skyndifriðunar sem aðeins gildir í tvær vikur ef hún telur hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt gildi en ekki er friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt, eins og þar segir.

Þá er enn að finna breytingar, sem ég geri ráð fyrir að menn veiti athygli, og það eru breytingar á framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga til húsafriðunarsjóðs sem gerð er hér till. um að aukist úr 20 kr. í 75. Framlög í húsafriðunarsjóðinn hafa verið óbreytt frá stofnun hans 1975. Skv. lögunum skyldi upphæðin taka breytingum með byggingarvísitölu. Það hefur ekki orðið og ekki við það staðið og þess vegna hefur ráðstöfunarfé sjóðsins farið hríðlækkandi, en umsóknum hins vegar fjölgað til mikilvægra verkefna.

Þá vil ég geta þess í sambandi við V. kafla frv., sem fjallar um byggðasöfn, að það er talið brýnt að byggðasöfn landsins falli undir þjóðminjalögin og að þau verði áfram fjármögnuð að hluta til á fjárlögum ríkisins. Á þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherslu því komið hefur fram og verið hér til umræðu breyting á þessu, en ég fyrir mitt leyti hlýt að vara eindregið við henni. Það væri spor aftur á bak. Þessa menningarstarfsemi verðum við að stunda úr sameiginlegum sjóði okkar allra.

Tengsl byggðasafnanna við Þjóðminjasafnið þarf að efla frekar en hitt og Þjóðminjasafnið að gegna forustuhlutverki gagnvart byggðasöfnunum. Þessi tengsl má ekki rjúfa. Það er misskilningur ef menn halda að hinum dreifðu byggðarlögum með mjög misjafna aðstöðu til þess, aðstöðu, afstöðu og áhuga á þessum málum verði treystandi til, þótt þarna séu á skýrar undantekningar, að gegna þessum skyldum, sem ég kalla, svo sem vera ber. Það er misskilningur að mínum dómi.

Ég vil geta þess að menntmrh. vakti athygli mína á og leggur áherslu á að samræmis verði gætt um ráðningu forstöðumanns Þjóðminjasafns við það sem tillögur eru uppi um í nýju frv. til laga um Listasafn Íslands, þ.e. að forstöðumaður verði ráðinn til fimm ára og síðan verði heimild eftir meðmælum safnstjórnar að ráða hann áfram til enn

annarra fimm ára en þó eigi lengur. Þessi nýmæli voru ekki tekin upp í því lagafrv. sem hér er til umræðu, en ég hef fallist á sem einn af nefndarmönnum í hv. menntmn. deildarinnar, sem fær þetta frv. til meðferðar, að taka þá tillögugerð upp þar.

Ég held að þetta sé til bóta. Ég held að æviráðningar í þessi störf séu varhugaverðar, en á það vil ég leggja alveg sérstaka áherslu og sporin hræða vissulega í þeim efnum, að vitaskuld verður þá að sjá vel fyrir þeim sem eytt hafa kannski lunganum úr ævi sinni til þessara starfa og hverfa frá þeim. Um það verða að vera skýr ákvæði. Ég hef þreifað á slæmum dæmum þar sem þessu er þann veg fyrir komið og ekki hefur verið ráð fyrir því gert að menn fái stöðu sambærilega að kjörum til, sem verður að vera að mínum dómi, eftir að þeir hafa náð aldursmörkum að þessu leyti sem getur þó verið meðan þeir eru á besta starfsaldri.

Mér er ljóst að þessu frv. hefði þurft að fylgja, og þó er það ekki skylda við nefndina, áætlanir um kostnaðarauka vegna þessara nýju laga. Ég hef og nefndin sem samdi þetta frv. gluggað aðeins í þau efni, en ekki með þeim hætti að hægt sé að flytja sem neina áætlun. Þarna er um að tefla hinn nýja safnstjóra, þarna er um að tefla minjaverði í landshlutunum, þarna er um að tefla fimm manna stjórnarnefnd og hér er um að tefla húsafriðunarsjóðinn sem fær aukið fjármagn og aukna umsýslu. Hér mun ég leggja áherslu á að fyrir hv. menntmn. muni þessar upplýsingar liggja innan tíðar, en ég dreg ekki dul á að samþykkt þessa frv. hlýtur með þeim ákvæðum sem þar er að finna að hafa í för með sér verulega, ég kalla verulega kostnaðaraukningu, verulega ef maður miðar við það sem hið háa Alþingi lætur renna til starfsemi Þjóðminjasafnsins á fjárlögum t.d. í ár. Það er upphæð til skammar og ekki við að miða. En að þessu leyti til varðandi þessa þætti er augljóst að þetta frv., og ég dreg enga dul á það, mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér, enda getum við ekki haldið áfram að kasta svona höndunum til þessara hluta sem við höfum gert, t.a.m. það að það skuli varla hægt að kalla Þjóðminjasafnshúsið sjálft fokhelt eða vel það eins og nú standa sakir. Lágmarksviðgerð eftir áætlun sem við gerðum á hausti liðnu er 100 millj. kr. og endurreisn þess svo sæmilegt sé að munum búið og nýjum sýningarsölum var áætluð upp á 271 millj. kr. Þetta vil ég að komi fram.

En, herra forseti, ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er frv. þetta samið af nefnd sem skipuð var af menntmrh. í nóvember 1987. Í þessari nefnd áttu m.a. sæti þingmenn úr fjórum þingflokkum sem nú eru á Alþingi. Þetta frv. er síðan flutt af þessum fjórum þingmönnum ásamt þingmönnum úr hinum tveim þingflokkunum.

Það er eflaust minn ókunnugleiki sem veldur því að mér finnst einkennilegt að menntmrh. skuli ekki flytja þetta frv. og þá sem stjfrv. Ég vil því spyrja 1. flm., sem jafnframt var formaður nefndarinnar sem samdi frv., hver ástæðan sé fyrir þessu.

Það kemur einnig fram í grg. með frv. að árið 1981 skipaði þáv. menntmrh. nefnd til að endurskoða þjóðminjalögin sem eru frá 1969. Nefndin skilaði ítarlegu áliti og tillögum að nýjum þjóðminjalögum. Í þeirri nefnd voru Friðjón Guðröðarson, Gunnlaugur Haraldsson og Þór Magnússon.

Við 1. umr. ætla ég að ræða lítillega um byggðasöfnin. Ég vil taka undir með 1. flm. um mikilvægi byggðasafnanna og að starfsemi þeirra eigi að greiðast úr sameiginlegum sjóðum. En í þessum tillögum, sem þremenningarnir sendu frá sér, kemur fram í 5. gr. að landið skuli skiptast í sex minjasvæði, Reykjaness, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands og Suðurlands. Svo langar mig, með leyfi forseta, að lesa 6., 7. og 8. gr. þessara tillagna, en þær eru svona:

6. gr.: Umsjón með minjavernd á hverju minjasvæði landsins er í höndum svæðisráðs sem skipað er einum fulltrúa úr stjórn allra viðurkenndra minjasafna á svæðinu, safnvörðum [sem sagt forstöðumönnum safna] og minjaverði sem jafnframt er formaður og framkvæmdastjóri ráðsins.

7. gr.: Menntmrn. skipar minjaverði að fengnum tillögum þjóðminjaráðs og svæðisráðs hlutaðeigandi minjasvæðis. Ríkissjóður greiðir nauðsynlegan stofnkostnað við embættið og föst laun minjavarðar. En um reksturskostnað og skiptingu hans milli ríkis og sveitarfélags fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

Minjaverðir skulu hafa aðsetur við eftirgreind miðsöfn á viðkomandi minjasvæðum: Árbæjarsafnið í Reykjavík fyrir Reykjanesminjasvæði, Byggðasafn Akraness og nærsveita fyrir Vesturlandsminjasvæði, Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði fyrir Vestfjarðaminjasvæði, Minjasafnið á Akureyri fyrir Norðurlandsminjasvæði, Minjasafn Austurlands á Egilsstöðum fyrir Austurlandsminjasvæði, Byggðasafn Árnessýslu á Selfossi fyrir Suðurlandsminjasvæði. Minjavörður skal að öllu jöfnu gegna forstöðumannsstarfi við viðkomandi minjasafn.

Í tengslum við embætti minjavarðar skal vera miðstöð fyrir sérfræðilega þjónustu og ráðgjöf fyrir önnur söfn og almenna minjavernd á svæðinu."

Þarna kemur fram að gert er ráð fyrir að minjaverðir hafi aðsetur við ákveðin söfn á hverju minjasvæði og að kostnaður við embætti og laun minjavarðar skuli greiðast úr ríkissjóði. Jafnframt er gert ráð fyrir ákveðinni valddreifingu þar sem gert er ráð fyrir að svæðisráð hafi umsjón með minjavernd á hverju minjasvæði.

Þegar félmn. Nd. hafði til meðferðar frv. um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga núna í desember komu Þór Magnússon og Gunnlaugur Haraldsson, safnvörður á Akranesi, til viðræðna við nefndina. Þá lögðu þeir mikla áherslu á að

efla þyrfti byggðasöfnin um allt land og auka tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið í Reykjavík.

Mér þykir því 9. gr. frv. ákaflega lítilfjörleg eða alla vega mjög veik ef henni er ætlað að leiða til verulegra breytinga frá þeirri skipan sem nú er, en 9. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sérstakir minjaverðir skulu starfa á vegum þjóðminjavarðar, einn í hverjum fjórðungi. Skulu þeir hafa umsjón með menningarminjum landsfjórðungsins, skráningu og eftirliti fornminja og gamalla bygginga, svo og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Skulu þeir taka laun til jafns við deildarstjóra Þjóðminjasafns og greiðist kostnaður við laun og starf þeirra úr ríkissjóði."

Þessi hluti greinarinnar er kannski ekki svo slæmur, en það sem kemur á eftir er það sem mér fannst svolítið veikt og tel að þar sé ekki nógu skýrt ákveðið um hlutverk minjavarða og að þeir skuli starfa á minjasvæðunum, en þar segir: „Menntmrh. skipar minjaverði til starfa um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum að fengnum tillögum þjóðminjavarðar."

Þarna er því aðeins gert ráð fyrir að menntmrh. skipi þá til lengri eða skemmri tíma í hverjum fjórðungi, þ.e. það er ekki farið eftir þeim tillögum sem ég vitnaði til, hvorki um skiptingu landsins í minjasvæði né um það að minjaverðir skuli starfa við ákveðin söfn á hverju svæði.

Í athugasemdum við 9. gr. segir, með leyfi forseta: „Annar meginþáttur starfssviðs þjóðminjavarðar er skráning, varsla og rannsóknir á þjóðminjum um landið allt. Reynslan sýnir að eftirlit með þjóðminjum á landsbyggðinni verður ekki viðunandi nema með bættri skipan og virðist þessi háttur sá ákjósanlegasti."

Mig langar því að varpa fram þeirri spurningu til þeirra sem sömdu þetta frv. og eru jafnframt flm. þessa frv. hvers vegna þeir telja það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir vera betra en það sem kom fram í tillögunum sem ég vitnaði til áðan.

Ég tel afar brýnt að efla byggðasöfn landsins og að auka tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið og ég er ekki viss um að það fyrirkomulag sem þetta frv. gerir ráð fyrir tryggi það á fullnægjandi hátt.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það situr ekki á mér að lasta það að hér er komið til umræðu frv. til þjóðminjalaga því að ég hef á undanförnum þingum rekið á eftir því máli með fsp. til hæstv. menntmrh., fyrst 27. mars 1984 með fsp. til hæstv. þáv. menntmrh., Ragnhildar Helgadóttur, og síðan 26. nóv. 1985 til hæstv. þáv. menntmrh., Sverris Hermannssonar.

Tengsl mín við þetta mál, sem varðar kannski ekki efni þessa frv. út af fyrir sig, eru þó þau að ég gegndi formennsku í Safnastofnun Austurlands 1972–1978 eða 1979 að mig minnir. Í stjórn Safnastofnunar Austurlands var ályktað 1976 að brýnt væri að endurskoða þjóðminjalögin og þeim tilmælum komið á framfæri við þáv. hæstv. menntmrh., Villhjálm Hjálmarsson, sem setti á laggirnar nefnd til að vinna að endurskoðun laganna eftir þessa kvaðningu frá okkur fyrir austan.

Sú nefnd skilaði ekki verki og síðari menntmrh., hæstv. þáv. ráðherra Ingvar Gíslason, skipaði nefnd 1981 til að semja frv. til þjóðminjalaga og hv. 12. þm. Reykv. gat um það hverjir áttu sæti í þeirri nefnd. Formaður var Friðjón Guðröðarson, þá sýslumaður á Höfn í Hornafirði, sýslumaður Austur-Skaftfellinga, nú sýslumaður Rangæinga, Þór Magnússon þjóðminjavörður og Gunnlaugur Haraldsson, þá orðinn safnvörður í Byggðasafninu í Görðum, Akranesi. Þessir þrír menn skipuðu nefndina en Gunnlaugur hafði áður starfað um skeið sem framkvæmdastjóri á vegum Safnastofnunar Austurlands.

Þessi nefnd skilaði áliti síðla árs 1983, en það álit liggur enn í skúffum uppi í menntmrn. og tveir hæstv. ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn fengust ekki til þess að sýna þetta frv. á Alþingi og enn liggur það í þagnargildi og þær tillögur sem þá voru fram reiddar. Þó létu hæstv. ráðherrar Ragnhildur Helgadóttir og Sverrir Hermannsson að því liggja að mál þetta væri á leiðinni þegar um það var spurt, hins vegar þyrfti að skoða einstaka þætti málsins betur áður en það væri sýnt. En málið hefur aldrei komið fram og síðan gerist það að hv. þm. Sverrir Hermannsson er af núv. hæstv. menntmrh. skipaður í nefnd, formaður nefndar til að endurskoða þjóðminjalög og árangurinn af því starfi höfum við hér fyrir okkur.

Þarna er mjög sérkennilega að verki verið. Og svo er látið að því liggja í grg. með þessu máli að tillögur, sem endurskoðunarnefnd þjóðminjalaga skilaði til menntmrn. 1983, sem ég hef hér allar handa á milli í gildri skýrslu, hafi legið til grundvallar, eins og hér stendur í upphafi grg.: „Tillaga nefndarinnar var ekki lögð fyrir Alþingi sem lagafrv. svo endurskoðun laganna, sem hér er gerð grein fyrir, byggir m.a. á því starfi." Ekki stafkrókur frekar um innihaldið í þessum tillögum, hvað þá að þær væru látnar fylgja til hliðsjónar.

Nú er það vissulega matsatriði fyrir framkvæmdarvaldið hverju sinni hverju það skilar hér inn á þing í tillöguformi. En hér er það hins vegar ekki framkvæmdarvaldið heldur þingmenn sem leggja fram frv. eftir sérstaka nefndarskipun, leggja hér fram frv. í þinginu og standa að máli með þessum hætti. Ég verð að segja að mig undrar það þó nokkuð hvernig að þessu máli hefur verið staðið, bæði af hálfu menntmrn. og fyrrv. hæstv. menntmrh.

Ég tek það skýrt fram að ég lít efnislega á þetta frv. og ég get alveg tekið undir einstök atriði hér sem eru færð til bóta frá gildandi þjóðminjalögum. En þau eru svo léttvæg að mínu mati, þessi atriði sem hv. 1. flm. mælti hér fyrir og tíundaði, þau eru svo léttvæg og tiltölulega lítilfjörleg að það er engan veginn réttnefni að tala um endurskoðun þjóðminjalaga, hvað þá ný þjóðminjalög í því sambandi. Þetta hefði verið miklu eðlilegra að setja fram í formi brtt.

við gildandi þjóðminjalög. Það hefði sett þetta mál í eðlilegra ljós vegna þess hvað breytingarnar eru í raun óverulegar sem hér eru lagðar til.

Ég vil alveg taka undir það með hv. 1. flm. þessa máls og hv. 12. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, að það er árangur út af fyrir sig að koma í veg fyrir þá óhæfu, sem sýnd var hér í stjfrv. í vetur í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að leggja til hliðar allan stuðning ríkisins við byggðasöfn í landinu. Það er jákvæður þáttur þessa máls að þeir þingmenn sem að frv. þessu standa úr röðum stjórnar og stjórnarandstæðinga, stuðningsmanna ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, skuli marka þá stefnu að það skuli þó ekki veikt þau ákvæði sem eru í V. kaflanum um byggðasöfn heldur skuli þau standa áfram. Þau ákvæði eru nánast alveg óbreytt frá gildandi lögum og það eitt með öðru sýnir náttúrlega að það er ekki nokkur einasta vinna eða hugsun sem er lögð í þetta mál sem geti staðið undir því nafni að það væri verið að endurskoða þjóðminjalögin í landinu þegar heill kafli um byggðasöfnin stendur bara óbreyttur. Til þess að reyna að láta líta svo út sem þar sé um einhverja breytingu að ræða segir í athugasemdum með 45. gr.: „Til viðbótar eru ákvæði um rétt byggðasafna til styrks úr ríkissjóði, stjórnun byggðasafna og skyldur safna til að senda þjóðminjaverði og menntmrn. ársskýrslu."

Þessi ákvæði eru í lögunum og eru óbreytt. Hér er bara verið að sýnast. Það er ekki nokkur einasta breyting þó skotið sé inn þeim orðum í 45. gr.: „Þau söfn sem uppfylla þau skilyrði sem þjóðminjavörður setur geta sótt um styrk úr ríkissjóði." — Gömlu lögin, gildandi lög, kváðu á um þetta efni, ekki nokkur breyting.

Ég hlýt að leita skýringa á þessu, hvernig stendur á því að svo veiklulega er að verki staðið í sambandi við jafnmikilvægt mál og þá ekki síst það sem snýr að þjóðminjavernd utan Reykjavíkur og utan Þjóðminjasafns Íslands sem er staðsett hér í Reykjavík með sínu starfsliði. Ég hlýt auðvitað að taka eftir því að í þeirri nefnd sem er sett til verka í þessu efni er bara fólk héðan af þessu svæði, með fullri virðingu fyrir hv. 4. þm. Austurl., sem ber góðan hug til þessara mála og hefur oft sýnt það með einum og öðrum hætti að hann er áhugamaður um þessi efni og ber góðan hug til þeirra og sem forstjóri Byggðastofnunar hér eitt sinn, „kommissar" kallaður, reyndi hann, veit ég, að leggja þessum málum eitthvert lið með fjárstuðningi þaðan til þess að bæta úr þeim hörmungum sem frá Alþingi út gengu í sambandi við stuðning, í rauninni með öfugum formerkjum, rýran stuðning við þessa starfsemi. En þeir sem þarna eru til kvaddir að vinna þetta verk, fólk, ágætir hv. þm. úr Reykjavík, hafa auðvitað ekki nokkra kunnáttu eða þekkingu á stöðu mála varðandi þessa hluti úti um landið, með fullri virðingu fyrir þeim og þeim hug sem þeir bera til þessara mála sem ég efast ekkert um að sé í rauninni góður. Og þegar lagðar eru til hliðar með þeim hætti sem hér er gert allar tillögurnar úr fyrra frv., sem unnið var á vegum menntmrn. af nefnd sem það hafði til kvatt, hlýtur maður að líta svo á að það liggi þar einhver hugsun að baki, því ég fullyrði að þó að það megi e.t.v. segja að hér hafi menn ætlað sér mjög mikið í sambandi við þessi efni í tillögunum frá desember 1983, það var stórt hugsað í þeim málum og kannski meira en von var til að fá stuðning við bæði hjá framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi í vissum greinum, þá var hugsunin hér að baki um valddreifingu á þessu sviði, um skilmerkilega skilgreinda verkaskiptingu og svæðaskiptingu landsins, um það að heimamenn verði gildir þátttakendur í þjóðminjaverndinni hver á sínu svæði, að það verði komið á skilmerkilegri samvinnu starfsmanna sem ríkið launi, minjavarða, á minjasvæðunum við forstöðumenn minjasafnanna, byggðasafnanna úti um landið, þannig að þetta myndi skilvirka samstæða heild í eðlilegri samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands sem miðstöð þessara mála. Ég verð að lýsa undrun minni á því að þeir sem unnu þetta frv. hér skuli ekki hafa séð nýtilega þætti í þeirri hugsun sem þarna kom fram og miklum vonbrigðum með það.

Ég ætla ekki hér, herra forseti, að fara út í að ræða frv. í einstökum atriðum við 1. umr. heldur aðeins almennt vegna þess að ég treysti því að þetta mál fái gagnrýna meðferð í hv. menntmn. Ég tel í rauninni að það væri ekki rétt af þinginu að taka afstöðu til þessa frv. Þetta mál þarf að vinna upp á nýtt. Það þarf að leggja meiri hugsun í þetta mál en kemur fram í frv. út frá þeim sjónarmiðum sem ég hef nefnt og m.a. komu fram í tillögum frá fyrri nefnd sem skilaði sínu verki í desember 1983, út frá nútímalegum viðhorfum til þessara mála, út frá þeim þanka að tengja með eðlilegum hætti þann vísi að minjavörslu í landshlutunum sem kemur fram í 9. gr. frv. við starfsemi byggðasafna og þjóðminjavörslunnar út um landið, en þar á milli eru mjög óljós tengsl eins og þetta frv. er byggt upp.

Ég vil þó að það komi fram að sannarlega væri það jákvætt skref ef með samþykkt frv. af þessu tagi lægi fyrir að það væru komnir minjaverðir launaðir af ríkinu úti í landsfjórðungunum, jafnvel þó að menn skiptu landinu ekki nema í fjórðunga, hvernig sem sú skipting liggur nú fyrir. Ég hef ekki séð það meitlað í þessum tillögum hvernig menn hugsa það, hvort Reykjavík á að falla undir þá fjórðungaskipan t.d. En ég skal ekki vera að hártoga neitt í því efni. Mín áhyggja um þetta mál er hins vegar, eins og vakin var athygli á af hálfu hv. 12. þm. Reykv., lokin í 9. gr., síðasta mgr. 9. gr. þar sem segir: „Menntmrh. skipar minjaverði til starfa um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum að fengnum tillögum þjóðminjavarðar." Þegar ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun varðandi þetta mál, sem negldi niður hugsunina, er eðlilegt að spurt sé hvort það sé meiningin að þessir menn skuli ráðnir, eins og sagt er í upphafi greinarinnar, fortakslaust og löggjafinn þar með bundinn af því að leggja fé til þeirrar starfsemi? Ef það væri þá væri hér barn í brók allténd, en það er ekki eins og málið liggur fyrir,

nema nánari og ítarlegri skýringar komi fram sem taki af tvímæli um þessi efni, en til þess verður að breyta texta greinarinnar sýnist mér allrækilega og fella niður lokin í 9. gr. ef hann snertir ákvarðanir um ráðningu og laun til þessara minjavarða en ekki, eins og hugsanlega mætti skýra þetta orðalag, að þetta varðaði bara skipun viðkomandi aðila til starfans. En það er í rauninni mjög erfitt að túlka það með þeim hætti að þetta snerti aðeins ráðningu tiltekinna manna til verka sem minjavarða.

Ég ætla ekki að bera saman greinar og nýmæli við gildandi lög né heldur þær tillögur sem fram komu 1983 frá nefnd undir forustu Friðjóns Guðröðarsonar. Ég treysti því að það verði farið vandlega ofan í þetta mál af hálfu menntmn. og það verði sett í gang vinna á vegum nefndarinnar, því að ég hef ekkert á móti því að þetta mál verði í höndum þingsins áfram, en það verði sett af stað vinna til að reisa þetta mál með öðrum og myndarlegri hætti en gert er með frv. Sú vinna mætti gjarnan taka yfir sumarið þannig að við fengjum á komandi þingi annað og betra frv., alveg sérstaklega með tilliti til þess að þjóðminjavarsla er verkefni sem á að rækja á landinu öllu, sem á að vera verkefni út um allt land, en hér er allt of mikið mænt á þessa miðstöð í Reykjavík, svo ágæt sem hún er og svo illa sem að henni hefur í raun verið búið á liðnum árum, þannig að þar er sannarlega mikilla umbóta þörf.

Ég skal, virðulegur forseti, þó að málið sé stórt og mér margt í huga um þetta efni, láta þessi orð nægja við 1. umr. þessa máls af minni hálfu.

Flm. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Svar við því hvers vegna þetta er þmfrv. en ekki ríkisstjórnarfrv. er einfalt. Menntmrh. hæstv. óskaði eftir því, ef svo kynni til að bera að hægt væri að fá fulltrúa úr öllum þingflokkum og raunar einn í viðbót, hv. 6. þm. Norðurl. e. Stefán Valgeirsson, að þá kysi hann þá aðferð og hún er ekki óþekkt að vísu. Annað liggur ekkert að baki þeirri málsmeðferð.

Nefndin ræddi í upphafi og hefur haldið allmarga fundi um þetta mál með því sérfróða fólki úr Þjóðminjasafni sem á sæti í nefndinni með hvaða hætti skyldi að þessu staðið og auðvitað má segja kannski að það hefði mátt takast að bera fram brtt. við gildandi lög, en þó voru þessar breytingar svo margþættar að menn töldu ástæðu til að bera þetta fram sem nýtt frv.

Það var niðurstaðan að hér gerðum við tillögur um rammalög en tækjum ekki upp þann mikla doðrant sem nefndin frá 1981 gerði tillögur um þar sem kveðið er á um alla hluti út í hörgul. Ég er reyndar þeirrar skoðunar um alla lagasetningu að hún eigi að vera frekar rammalöggjöf og síðar þá út frá rammanum settar reglugerðir eftir því sem þörf er á um túlkun laganna og frekari ákvæði en að þessir firnalegu lagabálkar séu settir í lög eins og við höfum svo mörg dæmi um. Það réði niðurstöðunni hjá nefndinni að velja heldur rammalöggjöf sem síðar yrði eftir því sem þörf gerðist og krefði frekar útfyllt með reglugerðarákvæðum.

Það stendur þann veg á nú að ég ætla ekki að misnota þolinmæði hæstv. forseta, en vegna 9. gr. sjá menn auðvitað að kveðið er á um það í upphafi greinarinnar að sérstakir minjaverðir skuli starfa á vegum þjóðminjavarðar, það er fortakslaust, einn í hverjum fjórðungi og að sjálfsögðu ævinlega. Lokamálsgreinin getur valdið misskilningi sem auðvitað þarf að stemma stigu við og taka af tvímæli um að menn gætu skilið það á þann veg að það ætti enginn að vera um einhvern tíma, til lengri eða skemmri tíma. Það er aðeins átt við að það væri ekki bundið við einhver fimm eða tíu ár heldur eftir því sem fólk fengist til að starfa.

Það var enn fremur ákveðið að hverfa frá þessum fjölda sem áður hafði verið gerð tillaga um. Það yrði of viðamikið, safnaráðin um allt land, og samtengingin við Þjóðminjasafnið væri þýðingarmest í þessu.

Við hurfum frá þeim tillögum að ákveða að landsbyggðasafnvörður skyldi starfa við ákveðið safn. Það töldum við óráðlegt að setja í lög nú vegna þess að það kynni að vera ákaft tog um hvar sá ætti að sitja. En ég vil upplýsa að við höfðum raunar í huga gömlu fjórðungaskiptinguna þegar við vorum að ræða hina fjóra minjaverði. En þó þyrfti ekki endilega að vera við það bundið. En þetta var nú og er nú og mér hættir a.m.k. til að binda mig við það.

Það kann vel að vera að hér þyrfti að kveða skýrar á um mörg ákvæði. En ég vil ekki meina að galli frv. sé aðallega sá að það sé stutt og ekki í öllu falli út í þann hörgul sem menn kynnu að vilja lýsa starfseminni í heild sinni. En við skulum gjarnan gefa okkur tíma. Ég teldi að úr því sem komið er væri allt of mikil fljótaskrift á því að ætla sér að fara að busla þessu í gegnum hið háa Alþingi á þeim annríkisdögum sem enn lifa. En það er þó a.m.k. í áttina. Við erum búin að fá þetta fram og getum unnið að þessu. Þetta er þó beinagrind sem menn geta þá reynt að koma holdi og klæðum á ef mönnum finnst á skorta og annað sem hleypir þó umræðunni af stað því að við þurfum nauðsynlega á því að halda að endurskoða þessa starfsemi alla saman og setja okkur að verja meiri tíma, starfsemi og peningum til þess arna.

Það vill svo til að eitt af því fáa sem ég hafði fengið unnið í sambandi við fjárhagsáætlun þessu að lútandi var um fjóra minjaverði og þar var niðurstaðan að stofnkostnaður gæti numið 6 millj. kr. á þessum fjórum stöðum. Launakostnaðurinn er talinn geta numið sömu fjárhæð, 6 millj. kr. Þ.e. stofnkostnaður í eitt skipti fyrir öll 6 millj., launakostnaður 6 millj. og reksturskostnaður slíks embættis, ferðakostnaður og allt sem að því lýtur, 5 millj. Hér vorum við með í reksturinn 11 millj. kr. og stofnkostnað 6 millj. eða 17 millj. í allt vegna þessara minjavarða. Þetta er eins og ég segi þó það lausleg áætlun að ég treysti mér ekki til að flytja hana hér, en vil upplýsa þetta þannig að af séu tekin

tvímæli um að okkur er auðvitað alvara og það á að skiljast ákvæði 9. gr. á þann veg að það sé fortakslaust að fjórir minjaverðir starfi.

Það er mjög margt annað sem ég hefði viljað ræða í þessu sambandi, en eins og ég segi: við 1. umr. læt ég við þetta sitja. En það hefur enginn gert ráð fyrir neinni fljótaskrift við afgreiðslu málsins. Ég er ánægður mjög með að takast skyldi á afmælisári Þjóðminjasafnsins að fá fulltrúa úr öllum þingflokkum til að standa að þessu frv., en hér er vafalaust ýmislegt óunnið enn og sjá betur augu en auga eins og sagt er. Ég held og veit reyndar að hér eru mjög margir áhugamenn um málið og hér eru engir pólitískir strengir sem menn leika á þannig að ég vænti þess, herra forseti, að þetta megi áður líður og áður en til lokaafgreiðslu kemur fara okkur þann veg úr hendi að allir megi vel við una að ég tali nú ekki um byggðasöfnin úti á landi þar sem margir menn hafa unnið gífurlega verðmætt, óeigingjarnt starf á liðnum áratugum og bjargað stórkostlegum menningarverðmætum. Við höfum verið allt of sinnulausir, þessir sem hafa átt að heita í fyrirsvari í þjóðfélaginu að þessu leyti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það skal vera örstutt. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. Sverri Hermannssyni fyrir orð hans hér, hvernig hann tók undir þá gagnrýni sem hér var fram borin af fullri vinsemd. Það kom fram í hans máli að hann teldi það vera óráð að ætla að fara að afgreiða þetta frv. eða taka einhverja bindandi afstöðu til þess á þessu þingi og það tel ég vera mjög skynsamlega ályktun af hans hálfu.

Ég vil hvetja til þess að annaðhvort á vegum menntmn. eða menntmrn. verði hugsað til þess að halda öfluga ráðstefnu um þessi mál sem opin væri áhugamönnum um þessi efni og þeim sem fást við þessi mál víða um landið, t.d. í samvinnu við Félag íslenskra safnamanna þar sem er að finna þá sem eru mest tengdir þessum málum, til að fara yfir málið áður en til þings kemur að hausti og þeir aðilar sem fjölluðu um þetta áfram milli þinga að þeir gætu fengið vegarnesti úr slíkri umræðu.

Mér er síst í hug að það dragist að koma fótum undir góð þjóðminjalög. Það er það sem þarf að takast fyrr en seinna. Málið er mjög brýnt í rauninni vegna þess, eins og hv. 4. þm. Austurl. benti hér á, að mikið af þeirri áhugasveit sem hefur haldið þessum málum meira og minna uppi úti um landið er tekið að reskjast og jafnvel tekin að lýjast eftir mikið álag og mikla vinnu að því að bjarga menningarverðmætum án nokkurrar teljandi þóknunar oft og tíðum. Og þó að við eigum mikið af ungu og uppvaxandi fólki er nútíðin öðruvísi en þeir sem lögðu mikið af mörkum í sjálfboðaliðsstarfi. Menn hafa hvorki tíma eða ráð á því að ganga fram með þeim hætti sem fyrri kynslóðir gerðu og ætluðu sér ekki að hafa mikið fyrir. Þess vegna er afar þýðingarmikið að það sé hægt að koma upp viðunandi kerfi og tryggja ákveðna lágmarksráðstöfun fjármuna miklu meira en gerst hefur til þessa til að vinna að þessum verkum og taka við þeim arfi sem þó liggur fyrir. Það vona ég að megi takast með góðri samvinnu allra á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaður á erlendum gjaldeyri, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 377. mál. — Þskj. 712.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Hér hafa orðið þó nokkur veðrabrigði og menn áttu víst von á því að annað mál yrði hér til umræðu á undan. Ég ætla ekki að lengja það mál sem ég hafði í framsögu um þetta frv. en mun óska eftir því að því verði vísað til fjh.- og viðskn. Nd. að lokinni þessari umræðu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það hefur ekki mikla þýðingu að ræða mál orðið hér á hv. Alþingi. Stjórnarliðar eru yfirleitt hættir að hlusta. Þeir heyra heldur ekki til kjósendanna. Það er eins og þeir viti ekki hvað er að gerast og það er kannski ekkert undarlegt þó þeir vilji ekki hlýða á mál manna út af efnahagsmálum þjóðarinnar og það að landsbyggðinni er að blæða út.

Því er haldið fram að þetta sé fyrst og fremst mál landsbyggðarinnar, en ég held að hv. þm. ættu að skoða málið nánar. Hver á að fæða borgríkið ef landsbyggðin fer í eyði? Ég held að fólk ætti að gera sér alveg fulla grein fyrir því.

Það heyrast neyðaróp atvinnurekenda og einstaklinganna dag eftir dag, en hvar eru hæstv. ráðherrar? Þeir sjást ekki í þingsölunum. Þeir eru kannski erlendis til þess að reyna að berja þar í brestina. Hvað hugsa þessir hæstv. ráðherrar og þeir sem enn þá styðja þessa duglausu ríkisstjórn sem veit ekki hvað er að gerast í þessu landi?

Ég hlustaði því miður ekki á alla ræðu hv. 1. flm. um frv. sem hér er til umræðu, en ég heyrði nóg til þess að hann kom fram með spegilmyndina hvaðanæva af landsbyggðinni, hvernig er um að litast. Ráðherrarnir voru hér ekki við. Þeim kemur ekki þetta mál við að virðist.

Ég taldi að það voru níu símtöl sem ég fékk í gær og voru neyðaróp frá landsbyggðinni. En hæstv. iðnrh. heyrir þetta náttúrlega ekki jafnvel þó hann sé hér inni. Þannig er ástatt orðið með þessa hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Nú vil ég geta þess að ég er ekki viss um það út af fyrir sig að sú leið sem flm. að þessu frv. leggja til sé sú eina rétta eða sú besta, en hitt gengur ekki eins og þetta er. Það er alveg ljóst.

Hafa hæstv. iðnrh. og aðrir ráðherrar t.d. hlustað og horft á sjónvarpið úr Rangárþingi hér á dögunum, eða farið um Hveragerði og haft opin augun þegar þeir fara þar í gegn og hæstv. iðnrh. séð húsin þar í tugatali, iðnaðarhúsnæði, sem eru tóm? Auðvitað kemur honum það ekkert við, hæstv. ráðherra. Það bitnar ekkert á honum. En hvernig ætlar hv. 1. þm. Reykv. að sjá fyrir fæði handa borgarbúum ef öll byggðin brestur eins og þeir eru á fullri leið með að framkvæma með vaxtaokri og vitlausu gengi?

Ég geri ráð fyrir því þó að það sé mikill skjálfti í sumum úr stjórnarliðinu að stjórnin lafi þangað til allt stoppar. Þá hljóta þeir að hrökkva upp af vondum draum. En það er seint. En eitt mál hefur hér haft mestan tíma, mestan forgang og er ekki enn þá ljóst hvenær umræðum lýkur. Það er hið svokallaða bjórmál. Hugurinn virðist vera hjá hæstv. ráðherrum og fleiri stjórnarliðum fyrst og fremst við þetta mál en ekki það mál sem varðar mest hag þjóðarinnar í heild, líka borgarinnar ekki síður en landsbyggðarinnar.

Nei, það verður held ég erfitt lífið hjá sumum þegar kemur fram á vorið ef ekki rumskast stjórnarliðið og menn, þeir sem sjá hvert horfir, eins og 1. flm. þessa frv. gerir greinilega miðað við þá ræðu sem hann flutti hér áðan, ef þeir styðja áfram þessa ríkisstjórn, þá stefnu sem hún hefur fylgt og fylgir. Ég hef ekki trú á því, miðað við þá umræðu sem nú er í þjóðfélaginu, ekki síst úti á landsbyggðinni, að það þýði fyrir þá að sýna sig við næstu kosningar.

Sá sem hér stendur sagði það fyrir átta árum að ef landsbyggðinni yrði ekki sýndur meiri sómi en þá var gert mundi verða uppstokkun í öllum þessum stjórnmálaflokkum. Er stundin ekki runnin upp? A.m.k. heyra það sumir þó það sé þykkt á eyrum annarra.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson las upp ummæli framkvæmdastjóra frystihúsanna og ýmissa annarra í atvinnurekstri. Það var verst að hæstv. iðnrh. mun ekki hafa hlustað á það. Það hefði verið gott til upprifjunar, þ.e. ef menn hlusta nokkuð eða lesa. Ég efast um það. Ég sá a.m.k. hæstv. forsrh. vera að lesa Grím Thomsen á meðan ræðumaður flutti hér ræðu sína og óskaði eftir því að hann sæti hér. Þannig er nú ástandið hjá forustu þeirrar ríkisstjórnar sem situr á Íslandi árið 1988.

Ég sagði áðan og ég ætla að endurtaka það og láta þetta duga: Ég er með vissar efasemdir um að þessi leið sem hv. þm., flm. þessa frv., benda á. En ég er ekki í vafa um það að verði ekki farin önnur leið atvinnulífinu til bjargar verða einhverjir, þá verða margir sem hverfa frá þessu landi á næstu mánuðum og árum. Í dag var verið að telja það upp hvernig ástandið væri í einu byggðarlagi í mínu kjördæmi. Það var farið bæ frá bæ og sagt: Ja, þessi fór til Reykjavíkur, þessi fór til Keflavíkur, þetta unga fólk er komið til útlanda, og þannig var haldið áfram að telja á mjög mörgum bæjum. Og þeir sem voru á Raufarhöfn á atvinnumálaráðstefnu Norður-Þingeyinga heyrðu oddvitann í Öxarfjarðarhreppi segja frá því að á einu ári hefðu flutt burtu úr því litla sveitarfélagi 18 manns og ýmsir mundu verða að fara vegna þess að það var ekkert lífsviðurværi fyrir þá í heimabyggð.

Svo tala hæstv. ráðherrar um að það þurfi að breyta hugsunarhættinum. Hugsunarhætti hvers? Fólksins á landsbyggðinni? Eða er það hugsunarháttur þeirra sem stjórna sem þyrfti að breyta? Sá ráðherra sem sagði þessa setningu meinti hið fyrra en áttar sig ekki á því að það er viðhorf ríkisstjórnarinnar sem þarf að breytast. Það er skilningur hennar sem þarf að vaxa. Þetta gengur ekki lengur.

Ég sé engan tilgang í því að ræða þessi mál meira fyrir tómum eða hér um bil tómum sal, herra forseti. Virðingin fyrir málefnum landsbyggðarinnar, vandamálum þjóðarinnar, er þessi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762, 848, 851 og 856.

Afbrigði um brtt. á þskj. 856, sem var of seint fram komin, samþ. með 23 shlj. atkv.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera hér grein fyrir brtt. við frv. til laga um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum. Flm. þessarar brtt. ásamt mér eru hv. þm. Níels Árni Lund, Ragnar Arnalds og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Samkvæmt þessari brtt. mundi 6. gr. frv. eða laganna orðast á þessa leið, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka gildi 1. júlí 1989, enda hafi þau áður hlotið samþykki meiri hluta þeirra er þátt taka í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu er fram fari laugardaginn 27. ágúst 1988.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna fer eftir því sem við á samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis."

Ég vil taka það skýrt fram að með þessari brtt. er ekki gerð tilraun til þess að tefja framgang hins svonefnda bjórfrv. hér á hinu háa Alþingi. Þessi brtt. hefur það heldur ekki í för með sér að gildistaka hugsanlegra laga, sem hér yrðu að veruleika, tefðist svo neinu næmi, lögin tækju gildi 1. júlí 1989 í staðinn fyrir 1. mars 1989, og er það gert til þess að bjórframleiðendur fái þá sama aðlögunartíma eða undirbúningstíma og hið upprunalega frv. gerir ráð fyrir.

Tilgangurinn með flutningi brtt. er sá að þjóðin sjálf hafi lokaorð í þessu stóra, veigamikla og

viðkvæma máli. Með þessari tillögu er Alþingi ekki að víkja sér undan því að taka ákvörðun í bjórmálinu. Alþingi tekur ákvörðunina en lokastaðfestingin verður á hendi þjóðarinnar sjálfrar sem þarf hugsanlega, verði frv. samþykkt, að búa við sterkt öl.

Forsendurnar fyrir flutningi þessarar tillögu get ég rakið í örstuttu máli.

1. Við 2. umr. og atkvæðagreiðslu um þetta mál hér á hinu háa Alþingi var frv. óbreytt samþykkt með mjög óverulegum meiri hluta.

2. Heilbrigðisstéttir þjóðarinnar eru þverklofnar í afstöðu sinni til bjórmálsins og til áhrifa þess eða þeirra áhrifa sem bjórinn mundi hugsanlega hafa á heildarneyslu og á heilbrigðisástand þjóðarinnar upp til hópa. Það hefur komið í ljós í allri umræðu að þetta er mjög viðkvæmt mál. Það klýfur flokka í herðar niður, ef þannig má að orði komast, það klýfur kunningjahópa, það klýfur fjölskyldur og deilurnar hafa verið miklar.

Ég verð að segja það sem mína persónulegu skoðun að ég tel að margir þeir þm. sem hafa tekið afstöðu til þessa máls hafi í mörgum tilvikum gert það af allt of lítilli þekkingu. Þetta mál er svo stórt í sniðum, að mínu mati, að mér finnst það nánast ótækt að 63 manna hópur, þótt þjóðkjörinn sé, hafi heimild til þess að taka svo mikilvæga ákvörðun fyrir alla þjóðina. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir þinglegum skyldum mínum og annarra þm. og þess vegna er ráð fyrir því gert að þessi brtt. hafi þau áhrif að þjóðin sjálf, sem á hugsanlega að búa við þetta öl, fái að dæma um það hvort hún vill fá það eða vill það ekki.

Þá vil ég að lokum geta þess, herra forseti, og er það frumgreinargerð mín með þessari tillögu, sem ég hygg að sé langmikilvægasti þátturinn í málinu í heild, að þjóðþing Íslendinga er með samþykkt bjórfrv. að ganga þvert á yfirlýstan vilja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem við erum aðilar að. Þingið er að fara í þveröfuga átt við það sem aðrar þjóðir eru að gera í áfengismálum, þ.e. að reyna að draga úr heildarneyslunni. Þjóðir allt í kringum okkur berjast núna örvæntingarfullri baráttu gegn áfengisneyslu og áfengisnotkun og skelfilegum afleiðingum hennar, en á sama tíma og þær eru að því er þjóðþing Íslendinga að undirbúa sig undir að taka ákvörðun í feikilega veigamiklu heilbrigðismáli sem getur haft gífurleg áhrif og að mínu mati þar með, með því að samþykkja frv., að auka á heildarneyslu áfengis meðal þjóðarinnar. Þetta finnst mér ótækt með öllu, ég get ekki fellt mig við það og tel rétt í þessari stöðu að stuðla að því að þjóðin sjálf, sem við þetta á að búa, fái að segja lokaorðið í málinu í heild.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja að þessu sinni, herra forseti, en áskil mér rétt til þess að ræða þessa brtt. nánar á síðari tímum.

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

68. fundur, fimmtudaginn 14. apríl, kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 14. apríl 1988:

„Karvel Pálmason, 3. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Björn Gíslason byggingameistari, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed.“

Björn Gíslason hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Framkvæmdir við Reykjanesbraut, ein umr.

Fsp. JE, 314. mál. — Þskj. 623.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 623 að flytja svofellda fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hefur verið könnuð hagkvæmni þess að tvöfalda Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og það borið saman við hagkvæmni þess að leggja rafknúna járnbraut á milli þessara staða?

2. Eru uppi áætlanir um að lýsa helstu gatnamót á Reykjanesbraut?

3. Er fyrirhugað að leggja slitlag á „axlir“ Reykjanesbrautar?“

Ástæður fyrir þessari fsp. eru náttúrlega margvíslegar. En fyrir nokkrum árum var flutt hér á þinginu till. til þál. um að kanna hagkvæmni þess að leggja rafknúna járnbraut á milli þessara staða, sem nýtti þá miklu raforku sem við höfum í landinu og í öðru lagi létti af brautinni þeim þungaflutningum sem núna fara þar um og þeim farþegaflutningum með stórum farþegaflutningabílum sem valda bæði miklu sliti og reyndar slysahættu á brautinni.

Þessi till. náði á sínum tíma ekki afgreiðslu hér á þinginu og þess vegna fór þessi könnun aldrei fram, en í umræðum á þeim tíma minnist ég þess að það var rætt að það væri, á þeim tíma a.m.k., ekki talið hagkvæmt að fara út í þessa framkvæmd.

Í umræðunni hefur mikið verið um það rætt líka

að tími væri kominn til þess að tvöfalda Reykjanesbrautina vegna mikillar aukningar á umferð, og m.a. hafa verið fluttar um það tillögur hér á þinginu.

Þess vegna spyr ég: Hefur hagkvæmni þessara tveggja kosta verið könnuð og hún borin saman?

Í öðru lagi spyr ég um lýsingu á helstu gatnamótunum. Það er ljóst að á helstu gatnamótum brautarinnar, svo sem við Kúagerði, við Voga og við Grindavíkurafleggjarann er mikil slysahætta þegar veður eru slík að skyggni er slæmt eða mjög dimmt að kvöld- og næturlagi.

Ég hef kynnt mér það að það er ekki svo mikið fjárhagslegt atriði að lýsa t.d. þessi tvenn gatnamót og ég hef ekki orðið var við það að það sé neins staðar í áætlunum. Þess vegna spyr ég hvort áætlanir séu uppi um að lýsa þessi gatnamót. Það hefur núna verið gert t.d. á gatnamótum við nýja malbikunarstöð rétt hjá Álverksmiðjunni í Straumsvík og hefur það gert mikið gagn að mínu viti og ég tel að það þyrfti að flýta slíkum framkvæmdum.

Í þriðja lagi spyr ég hvort fyrirhugað sé að leggja varanlegt slitlag á „axlir" Reykjanesbrautar. Það sem er kallað „axlir" er malarlagið meðfram steyptu brautinni. Ég hafði ekki betra orð yfir þetta en axlir. Það hafa orðið mörg óhöpp er menn hafa lent í vandræðum sérstaklega að vetrarlagi þegar menn hafa misst bíla út fyrir steyptu brautina og hæðarmismunur hefur verið. Þetta hefur nokkuð verið lagað í Kúagerði þar sem slæm slys urðu núna fyrir ekki löngu síðan. En ég spyr: Hafa verið gerðar áætlanir um að taka þessar axlir í gegn með brautinni allri?

Ég vænti þess að ráðherra upplýsi mig um þessi atriði og þjóðina í heild því ég tel að hér sé um stórmál að ræða. Reykjanesbrautin hefur tekið mikinn toll í slysum á undanförnum árum enda umferð þar nokkuð hröð.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint á þskj. 623 fsp. í þremur tölul. um framkvæmdir við Reykjanesbraut.

Varðandi 1. fsp. skal það tekið fram að ekki hafa farið fram sérstakar athuganir á hagkvæmni þess að tvöfalda Reykjanesbraut. Það má hins vegar að sjálfsögðu öllum vera ljóst að auðvitað væri hagkvæmt fyrir aksturinn ef tvöföld akbraut á Reykjanesbraut væri fyrir hendi.

Það sama gildir um lagningu rafknúinnar járnbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Samanburður á þessum tveimur kostum er því ekki mögulegur eins og hér er að vikið. En varðandi tvöföldunina á Reykjanesbraut skal upplýst að meðalumferð á þeim hluta hennar sem liggur milli Grindavíkurvegar og Keflavíkur er 4–5 þúsund bílar á dag, en það er talsvert undir þeim mörkum sem almennt er miðað við þegar metin er þörf á breikkun sambærilegra vega. Umferð um aðra hluta brautarinnar er verulega minni.

Varðandi 2. og 3. tölul. fsp. skal þess getið að að því hefur verið unnið að undanförnu að lýsa helstu gatnamót á Reykjanesbraut og gerð hefur verið áætlun um lagningu bundins slitlags á „axlir" brautarinnar. Framhald þessara verka ræðst af fjárveitingu til vegamála og kemur því til athugunar við endurskoðun vegáætlunarinnar hér á þingi næstu vikur.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka ráðherranum fyrir hans svör. Út af fyrir sig komu þau mér ekki á óvart. Ég verð hins vegar að segja að ég tel að það geti ekki dregist öllu lengur að könnuð sé formlega hagkvæmni þess að tvöfalda brautina. Þó að bílafjöldinn, 4–5 þúsund bílar á dag, teljist ekki nægilegur svona fljótt á litið til þess að tvöfalda brautina held ég að rétt væri að kanna hvernig toppar myndast á þessari leið. Þessi umferð dreifist ekki jafnt og þétt yfir sólarhringinn. Hún er fyrst og fremst á milli kl. 7 og 8 á morgnana og milli kannski 4 og 6 á kvöldin. Þá eru topparnir slíkir að þeir sem aka dagsdaglega þarna á milli, eins og ég, sjá að aukningin er slík að við slíkt verður vart unað. Ég held að kominn sé tími til að kanna formlega hagkvæmni þess að tvöfalda brautina.

Ég tek alveg undir það sem kom fram hjá ráðherranum að það er unnið að lýsingunni og að setja varanlegt slitlag á þessar „axlir". Það er hins vegar líka slæmt varðandi lýsinguna þegar teknir eru bútar eins og t.d. hjá nýju malbikunarstöðinni og við Njarðvík og skildir eru eftir stuttir kaflar án lýsingar, þannig að maður ekur af vel upplýstum vegi inn í myrkrið, kannski 500, 600 eða 700 metra og síðan inn í lýsingu aftur. Þetta eru ekki, að mínu viti, mjög skipuleg vinnubrögð. Ég beini því til ráðherrans að það verði haft til athugunar þegar vegáætlun verður tekin til endurskoðunar. Stærstu gatnamótin óupplýst eru eftir sem áður, og hefði legið miklu meira á að lýsa þau á undan vegarkafla við malbikunarstöðina rétt við Hafnarfjörð, t.d. við Kúagerði og Grindavíkurveg. Að öðru leyti þakka ég ráðherranum svörin.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er ákaflega erfitt að fá ekki að taka þátt í umræðum sem eiga sér stað um stór mál á þingi vegna nýrra þingskapalaga.

Ég stytti þá mál mitt mjög. Ég fagna því að hv. flm. þessarar fsp. skuli taka á svo sterkan hátt undir tillögur borgaraflokksþingmanna, bornar fram af varaþingmanni flokksins sem nýlega er farinn af þingi.

Ég sem sagt fagna því þó svo að ég hefði talið það mannlegra, og karlmannlegra sérstaklega, að hv. þm. hefði tekið á þennan hátt jafnsterkt undir þegar málið var flutt sem frv. af viðkomandi hv. varaþingmanni Borgarafl.

Öryggis- og björgunarbúnaður í skipum, ein umr.

Fsp. KE, 295. mál. — Þskj. 598.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikið verið unnið að öryggismálum sjómanna og ýmis lög og reglugerðir verið settar á því sviði. Í reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325 frá 1985, með síðari breytingum, er tilgreindur sá búnaður sem á að vera um borð í skipum af viðkomandi stærð. Í 3. gr. reglnanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Öll björgunar- og öryggistæki, þar með talin lögboðin siglingartæki, eru háð viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins. Óski framleiðandi eftir samþykki á björgunar- eða öryggisbúnaði skal hann leggja inn hjá Siglingamálastofnun ríkisins fullnægjandi teikningar og upplýsingar um búnað ásamt einu eintaki hans til prófunar. Sama gildir um breytingar á viðurkenndum búnaði."

Fyrsti liður fsp. minnar til hæstv. samgrh. á þskj. 598 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða prófanir eru gerðar hérlendis áður en björgunarbúnaður, sem skylt er að hafa um borð í skipum og bátum, er viðurkenndur hér á landi?"

Þann 10. febr. 1988 var haldin æfing í reykköfun fyrir og með nemendum í Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum. Við æfinguna komu í ljós gallar í hluta þeirra reykköfunartækja sem þá voru notuð. Þess vegna spyr ég í öðru lagi:

„Hvernig er brugðist við þegar gallar koma í ljós á björgunarbúnaði sem er viðurkenndur og þegar hefur verið seldur?"

Seint á sl. hausti kom fram í fréttum í Ríkissjónvarpinu að í Danmörku hefðu ákveðnir búningar sem áttu að vera björgunarbúningar reynst vera hinir hættulegustu þegar á reyndi. Kom í ljós að búningarnir sjálfir gátu varla haldist á floti, hvað þá ef maður var í þeim. Því var haldið fram í þessari sömu frétt að hér á landi væru seldir „björgunarbúningar" af sömu gerð og sagt var frá í fréttinni. Þess vegna spyr ég:

„Hvernig er háttað samvinnu Íslendinga og nágrannaþjóðanna varðandi björgunarbúnað og upplýsingaskyldu ef gallar á búnaði koma í ljós?"

Þá hef ég í huga hvernig við reynum að haga samvinnu ef gallar koma í ljós erlendis og eins ef gallar koma í ljós hér, hvernig við látum þá aðrar þjóðir vita.

Mikið af tækjum og búnaði sem ekki er skylt að hafa um borð í skipum er á boðstólum í verslunum hér á landi. Ég get nefnt þar t.d. vinnubúninga sem eru notaðir orðið mjög mikið um borð í skipum, sérstaklega á minni skipum. Það er þó nokkurt flot í þeim en þó er ekki hægt að nota þá sem björgunarbúninga. Þeir geta verið mjög mikilvægir. Ég get nefnt það að í vetur féll sjómaður frá Grindavík útbyrðis fyrir norðan land og hann var í slíkum búningi og hefur það sjálfsagt orðið til að bjarga lífi hans. En ég tel að það þurfi að gilda ákveðnar reglur um þennan öryggisbúnað og ég tel einnig að það þurfi að koma mjög skýrt fram þegar verið er að selja slíkan búnað til hvers hann er ætlaður og hvaða eiginleikum hann er gæddur. Þess vegna tel ég að það þurfi, og vona reyndar að svo sé, að ganga hart eftir upplýsingaskyldu þeirra sem selja slíkan búnað og spyr því í fjórða og fimmta lagi:

„Hvaða reglur gilda um tæki og búnað sem ekki er skylt að hafa um borð en seld eru sem öryggisbúnaður? Hver er upplýsingaskylda og ábyrgð þeirra er selja öryggis- og björgunarbúnað hér á landi?"

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Sem svar við 1. spurningu: Sá björgunarbúnaður sem lögskipaður er í íslenskum skipum kemur að verulegu leyti erlendis frá. Áður en björgunar- og öryggisbúnaður fær viðurkenningu hér á landi skal búnaðurinn hafa hlotið a.m.k. samþykki siglingamálayfirvalda í framleiðslulandi. Þegar framleiðandi eða umboðsaðili framleiðanda sækir um viðurkenningu þarf að fylgja með umsókninni viðurkenning búnaðarins í framleiðslulandi ásamt nákvæmum skýrslum um allar þær prófanir sem viðurkenningin grundvallast á. Prófanir þessar verða að fara fram undir umsjá viðurkenndrar stofnunar.

Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur staðla um það hvernig prófa skal flestar tegundir öryggis- og björgunarbúnaðar. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir fara starfsmenn Siglingamálastofnunar yfir gögnin og kanna hvort þeim kröfum sem stofnunin gerir til viðkomandi búnaðar sé fullnægt. Ef vafi leikur þá á er framleiðanda gert skylt að láta framkvæma tiltekna athugun í viðurvist óháðs aðila, annaðhvort hér á landi eða í heimalandinu. Að öðru leyti er lítið um að búnaður sé prófaður hér á landi enda þyrfti til þess bæði fjármagn, aðstöðu og aukinn mannafla. Undantekning er þó í þeim tilfellum þar sem Siglingamálastofnunin gerir kröfur um búnað sem ekki er krafist erlendis, t.d. ýmsar viðbótarkröfur um gúmmíbjörgunarbáta og reglur um sjósetningarreglur gúmmíbjörgunarbáta, svo og reglur um björgunarnet. Prófun þessa búnaðar fer fram hér á landi.

Sem svar við 2. spurningu: Ef upplýsingar um meinta galla á viðurkenndum búnaði koma fram er fyrst sannreynt að þær upplýsingar séu réttar, t.d. með athugun á viðkomandi búnaði. Ef í ljós kemur galli er haft samband við viðkomandi innflytjanda og honum gerð grein fyrir niðurstöðum prófunar og í samráði við hann og framleiðanda leitað lausna á gallanum. Ef þessir aðilar bregðast ekki fljótt við eða engar lausnir koma fram frá þeim er viðkomandi búnaður kallaður inn til lagfæringar eða til endurgreiðslu. Skemmst er að minnast innköllunar á reykköfunartækjum sem eru um borð í íslenskum skipum. Er um að ræða tæplega 250 reykköfunar-

tæki sem þurfa lagfæringar við.

Sem svar við 3. spurningu: Samvinna Íslands við aðrar þjóðir um viðurkenningar á búnaði er eins og áður er getið fyrst og fremst um setningu prófunarstaðla fyrir björgunar- og öryggisbúnað skipa innan þessa alþjóðlega samstarfs sem er á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Einnig hafa siglingamálastofnanir Norðurlanda með sér samstarf um samræmdar prófunaraðgerðir á búnaði þar sem ekki eru til alþjóðlegir staðlar. Um ákveðnar gerðir búnaðar gildir sú regla að viðurkenning á einu Norðurlandanna þýddi sjálfkrafa viðurkenningu á öllum hinum löndunum.

Hvað varðar upplýsingaskyldu milli nágrannaþjóða eru viðurkenningar á búnaði fyrst og fremst trúnaðarmál milli framleiðanda og viðkomandi siglingamálayfirvalda og hefur framleiðandinn mjög ákveðnar skyldur til að tilkynna tafarlaust um alla galla sem kunna að koma upp á þeim búnaði sem viðurkenndur er.

Sem svar við 4. fsp.: Allur öryggis- og björgunarbúnaður í skipum skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins í samræmi við reglur þar að lútandi. Stofnunin hefur ekki bein afskipti af búnaði þó að hann kunni að vera seldur í verslun eða upplýstur af seljendum sem öryggisbúnaður, enda eru engar reglur til hér á landi um sölu á eða eftirlit með öryggisbúnaði til skipa. Hins vegar hefur stofnunin sl. tvö ár til hagræðingar og upplýsinga fyrir eigendur skipa, skipstjórnarmenn og skipasmíðastöðvar gefið út skrá yfir allan viðurkenndan öryggis- og björgunarbúnað til skipa og hver sá sem selur lögskipaðan öryggisbúnað á að geta framvísað fullgildu skírteini um að búnaðurinn sé viðurkenndur af Siglingamálastofnun ef kaupandi er í vafa og spyr. Verði skoðunarmenn stofnunar hins vegar varir við búnað um borð í skipum sem seldur hefur verið sem öryggisbúnaður en fullnægir ekki reglum og gefur þar með falska öryggiskennd ber að fjarlægja hann úr skipinu.

Sem svar við 5. fsp.: Framleiðendum og þeim sem selja viðurkenndan björgunar- og öryggisbúnað hér á landi er skylt að tilkynna allar breytingar á viðkomandi búnaði til Siglingamálastofnunar ríkisins. Þeim er einnig skylt að tilkynna alla galla sem koma fram á viðkomandi búnaði tafarlaust til stofnunar. Í viðurkenningarskírteini sem Siglingamálastofnun ríkisins gefur út kemur fram að allar breytingar á framleiðslu sem gerðar eru án samþykkis leiða til þess að viðkomandi viðurkenning fellur úr gildi. Viðurkenning er gefin út að nýju ef prófun leiðir í ljós að breytingin hefur ekki rýrt notagildi búnaðarins.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör og vil taka fram að það er auðvitað aldrei of varlega farið í þessum efnum og ég tel að ekkert megi til spara að vel verði að þessum málum staðið.

Í sambandi við reglur sem gilda um prófanir hérna tel ég að við þyrftum að taka upp miklu meiri prófanir á öryggisbúnaði hér á landi á því sem við viljum lögleiða í okkar skipum því að það getur stundum verið þannig að reglur í framleiðslulandi eru ekki eins strangar og reglur hjá okkur. Ég get t.d. tekið sem dæmi kuldann því að hér er miklu kaldara en í mörgum öðrum löndum. Varðandi t.d. bara það atriði getur því skipt verulega miklu máli að við sjálf höfum okkar reglur og þær prófanir sem við teljum nauðsynlegar.

Varðandi það að brugðist sé fljótt og vel við er ágætt ef það er gert, en þó er mér kunnugt um það í sambandi við þessi reykköfunartæki, sem hæstv. ráðherra minntist á áðan, að það leið a.m.k. ár frá því að fyrst varð vart við að þessi reykköfunartæki voru gölluð þangað til framleiðendunum var hótað að þau yrðu innkölluð. Mér þykir það ekki að bregðast mjög skjótt við. Og það leið nærri 1½ ár þangað til þau voru síðan innkölluð því að það var ekki brugðist fljótt við af framleiðendanna hálfu. Ég vona að það sé rétt sem fram hefur komið að breyting sé orðin á þessu og að hér eftir verði brugðist fljótt við. Og þá meina ég fljótt. Ég tel 1½ ár ekki fljótt.

Einnig finnst mér nauðsynlegt að auka samvinnu t.d. milli Norðurlanda varðandi þessi mál, sérstaklega þegar koma upp gallar. Í fréttinni sem ég minntist á áðan varðandi björgunarbúningana, sem vart varð galla á í Danmörku, liðu ég man ekki hvort það voru eitt eða tvö ár frá því þeir gallar komu í ljós þangað til eitthvað var reynt að gera í málinu hér og það þykir mér líka allt of langur tími. Ég vona því að þetta séu bara einstök dæmi þó að margir haldi því fram að svo sé ekki og að í þessu verði breyting til batnaðar.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Í framhaldi af svari mínu og í framhaldi af því sem hv. þm. nú sagði er rétt að hér komi fram að nýlega hefur farið fram á vegum Siglingamálastofnunar ítarleg rannsókn á björgunarbúningum, sem seldir voru hér á landi áður en kröfur um þær reglur voru komnar, vegna orðróms um að vissir búningar gætu verið hættulegir. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að ákveðnir búningar standast engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til björgunarbúninga í dag. Það er unnið að frekari athugun á þessu máli og ég er alveg sammála hv. þm. að það er aldrei of vel að gætt í þessum efnum og mun að sjálfsögðu beita mér til þess að fyllsta öryggis verði gætt í þessum efnum.

Flugvellir á Akureyri og Egilsstöðum, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 312. mál. — Þskj. 621.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Umræður þær sem mest hefur borið á undanfarin ár um varaflugvöll fyrir stærri vélar,

svokallaðan varaflugvöll fyrir millilandaflug, hafa að mestu leyti verið í formi ágreinings um staðsetningu slíks flugvallar og má segja að af því stigi hafi hann tæpast komist.

Enn sem komið er hefur ekkert verið fjallað af alvöru um búnað slíks flugvallar, hvað þá heldur um fjármögnun framkvæmda. Um fjármögnunarþáttinn hefur helst verið pískrað og gengið út frá því sem vísu að einhvern tíma í framtíðinni komi slíkur flugvöllur og verði þá fjármagnaður af erlendum aðilum og þá helst litið til NATO.

Nú hafa tvær nefndir verið starfandi til að fjalla um þetta mál, önnur á vegum flugmálastjórnar með samþykki samgrn., hin á vegum samgrn. og utanrrn. með þátttöku fulltrúa NATO. Ekki er séð fyrir endann á starfi þessara nefnda þegar þetta er talað.

Hér á landi hefur einn flugvöllur, Akureyrarflugvöllur, verið notaður um árabil sem varaflugvöllur fyrir Boeing-vélar Arnarflugs og Flugleiða. Ljóst er að ekki þarf að gera mikið fyrir Akureyrarflugvöll til að hann geti nýst fleiri flugvélartegundum. Nú eru einnig hafnar framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll sem mun fullbúinn geta nýst Boeing-vélum okkar, bæði til áætlunarflugs og sem varaflugvöllur. Einnig þar þarf að fara út í viðbótarframkvæmdir til að völlurinn nýtist fleiri tegundum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hagkvæmni þess að hafa varaflugvöll hér á landi. Fyrir utan öryggisþáttinn geta íslensk flugfélög sparað sér að taka á milli 6 og 7 tonn af viðbótareldsneyti sem þau eru nú skyldug til að hafa svo að vélar komist til varaflugvallar í Skotlandi eða á Írlandi. Gætu þau notað þennan sparnað til að auka flutningsgetu á frakt og lækkað fraktgjöld. Eftir því sem kunnugir menn segja mér þarf aðeins að stækka flugvöllinn á Akureyri um 300 metra, úr 2000 í 2300 metra, svo að DC-8-vélar geti lent þar. Sama gildir um Egilsstaðaflugvöll, en hann er áætlaður 2000 metrar. Fsp. er því þessi, en henni er beint til hæstv. samgrh.:

„1. Hvað mundi kosta að gera Akureyrarflugvöll þannig úr garði að allar flugvélategundir í eigu íslenskra flugfélaga gætu notað hann þannig að fyllstu öryggiskröfum yrði mætt um aðflug, brautarlengd og styrkleika flugbrautar, svo og um fráflug?" Það hefur misritast í þskj. Þar stendur bara „flug", en á að vera „aðflug".

„2. Hver yrði viðbótarkostnaður við hinn nýja flugvöll á Egilsstöðum ef fullnægja ætti sömu kröfum og um getur í 1. lið?"

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Til þess að svara 1. og 2. fsp. verður að gera sér grein fyrir nauðsynlegri brautarlengd vegna stærstu flugvéla í eigu Íslendinga eins og reyndar kom fram í ræðu fyrirspyrjanda. Eftir sameiginlega umfjöllun fulltrúa flugmálastjórnar, Flugleiða og Félags ísl. atvinnuflugmanna um lágmarksbrautarlengd fyrir DC-8-flugvélar sem Flugleiðir nota á Norður-Atlantshafsfluginu er niðurstaðan sú að 2400 metra löng flugbraut dugar. Þar af leiðandi þarf að lengja Akureyrarflugvöll um 450 metra til suðurs ásamt breikkun á malbiki úr 30 metrum í 45 metra. Enn fremur þarf að auka afkastagetu vegna snjóhreinsunar og afísingar umfram það sem gert er ráð fyrir í flugmálaáætlun um helming. Þá þarf jafnframt að endurbæta flugleiðsögukerfi vegna fráflugs til suðurs. Lausleg kostnaðaráætlun við að gera Akureyrarflugvöll þannig úr garði að allar vélategundir í eigu íslenskra flugfélaga gætu notað hann með nokkru öryggi er 100 millj. kr.

Sem svar við 2. fsp.: Hina nýja flugbraut, sem nú er í byggingu á Egilsstöðum, þarf að lengja um 400 metra til suðurs. Þar af leiðandi þarf að færa þjóðveginn suðvestur af núverandi vegarstæði frá vegamótum að Lagarfljótsbrú sem nemur um 2,2 km. Enn fremur þarf að auka afköst snjóhreinsunar og afísingar um helming jafnframt því sem stórauka þarf þar slökkviliðsbúnað. Þá þarf enn fremur að kaupa 15 hektara úr landi Egilsstaða vegna flugbrautar og 3–5 hektara vegna færslu á þjóðveginum. Lausleg kostnaðaráætlun við að gera hinn nýja flugvöll á Egilsstöðum þannig úr garði að allar vélategundir íslenskra flugfélaga gætu notað hann þannig að fyllstu öryggiskröfum yrði mætt er 127 millj. kr. Þess skal þó sérstaklega getið að kostnað vegna landakaupa er erfitt að áætla.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ég minni á tillögu okkar þm. Norðurl. e. sem flutt var hér á síðasta Alþingi um að athugað verði hvaða úrbætur þurfi að gera á Akureyrarflugvelli til að hann geti þjónað varaflugvallarhlutverki og þá fyrir allan íslenska flugflotann.

Ég vek athygli á því að það svar sem hæstv. samgrh. gaf miðaðist við að DC-8-þotur Flugleiða yrðu áfram í notkun, en ég held að flugfróðir menn viti að það mun senn heyra sögunni til að millilandaflugi frá Íslandi verði haldið uppi á þeim vélum og þær vélar sem leysa þær af hólmi, væntanlega, þurfa styttri flugbraut og kostnaður við þær úrbætur, sem ráðherrann var að rekja, verður þá væntanlega minni sem því svarar.

Hæstv. utanrrh. hefur upplýst hér á Alþingi að hugmyndir um varaflugvöll kostaðan eða byggðan í samkrulli við herinn séu úr sögunni. Menn geta því hætt að bollaleggja um það ef marka má orð hæstv. utanrrh. Þá hygg ég að við blasi að sú leið sem hér er rædd sé sú eina raunhæfa, að lagfæra þá flugvelli og eða taka tillit til þess við uppbyggingu nýrra flugvalla að þeir geti þjónað þessu varaflugvallarhlutverki, fyrst Akureyri, síðan Egilsstaðir og svo í framtíðinni, vonandi innan fárra ára, einnig fleiri landshluta- eða héraðsflugvellir, svo sem Húsavík og Sauðárkrókur.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Öll umræða um flugmálin er af hinu góða fyrir þá sem eru mjög háðir fluginu og það eru allir Íslendingar.

Ég vil aðeins gera athugasemd við það að öll umræða um varavöll hafi verið í formi ágreinings. Frá hendi okkar Austfirðinga hefur sá ágreiningur ekki verið fyrir hendi. Við höfum lagt á það áherslu að fá góðan innanlandsflugvöll á Egilsstöðum sem getur þjónað minni gerðum af þotum. Það getur sá völlur sem er verið að byggja nú og er það vel. Hann getur þjónað öllum þeim þotum sem eru notaðar í Evrópufluginu sem varavöllur þegar hann kemur upp. Hitt verður síðan metið og ég sé ekki ástæðu til að blanda mér á þessu stigi í þau mál frekar, enda er ég búinn með minn ræðutíma, en ég vil þakka þessa umræðu.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur hér gefið gagnlegar upplýsingar sem svar við fsp. frá hv. þm. Guðmundi Ágústssyni um hvað kosti að gera flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum þannig úr garði að fyllstu öryggiskröfum verði mætt um flug fyrir allar íslenskar flugvélar. Í umræðunni hafa menn tengt þetta þeim áætlunum sem hafa verið í deiglunni varðandi varaflugvöll fyrir millilandaflug til og frá landinu, en ég hlýt að vekja athygli á því að þessi atriði eru ekki einungis þau sem þarf að hafa í huga varðandi varaflugvöll heldur einnig veðurfarsskilyrði og landshætti sem eru mjög mismunandi eftir hinum einstöku stöðum á landinu þar sem flugvellir eru og flugsamgöngur eru stundaðar.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu ágætasta máli og er skaði að ekki skuli vera aðeins rýmri tími til að ræða um svo stórt mál, en það gefst sjálfsagt tími til þess síðar. En ég vil aðeins koma að þeirri athugasemd, þegar fjallað er um þetta mál, að menn glöggvi sig á því að lengsti flugvöllur utan Reykjavíkur og Keflavíkur er ekki á Akureyri eða Egilsstöðum. Lengsta flugbrautin er á Sauðárkróki.

Athuganir hafa farið fram og niðurstöður liggja nú fyrir frá tveimur nefndum, sem skipaðar hafa verið, annarri undir formennsku Jóhannesar R. Snorrasonar, hins ágæta flugstjóra, og hinni undir formennsku Birgis Ísl. Gunnarssonar, hæstv. núv. ráðherra. Niðurstöðum nál. var skilað 9. okt. 1980. Þar kemur fram að athuganir hafi verið gerðar á þessu með samanburði á flugvöllunum á Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík og Sauðárkróki.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að Sauðárkrókur er vænlegasta valið og mætir völlurinn þeim kröfum sem gerðar eru til slíks flugvallar. Það er sem sagt meginmálið. Ef við erum að tala um öryggisvöll fyrir áhafnir flugvéla erum við að tala um Sauðárkróksflugvöll. Í grg. með þeirri þáltill. sem hér er vitnað til og var flutt af Steingrími J. Sigfússyni og fleirum er á tveimur stöðum vitnað til þess, og því miður er ekki tími til að lesa það upp hér, að veðurfarslega og flugskilyrðislega er öruggast að reisa þennan flugvöll á Sauðárkróki. Undir það skrifa Sigurður Aðalsteinsson, flugstjóri hjá Flugfélagi Norðurlands, og einnig Hilmar Baldursson sem er nú held ég varaformaður flugráðs. Nú er nefnd að störfum og var sett í gang sú þriðja til þess að fara ofan í þetta mál. (**Forseti:** Hv. þm. hefur farið óhæfilega fram yfir sinn tíma og ber að ljúka máli sínu.) Já, hann er að ljúka því. Grunur minn er sá að sú nefnd hafi verið sett á laggirnar til þess eins að koma í veg fyrir að þessi flugvöllur yrði byggður á Sauðárkróki þar sem þó öryggið er mest og best og ég efast um að þeir menn sem skrifa undir þær tillögur hafi bak til að bera það.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Mér sýnist að eftir þessa síðustu ræðu sé ekkert annað eftir en að Alþingi álykti að alltaf sé bjartviðri á Sauðárkróki. (**StG:** Það er það.)

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin sem hann gaf hér og þeim aðilum sem hafa komið hér í ræðustól á eftir honum og tekið undir meginefni þessarar fsp. sem ég hef lagt hér fram. Í mínum huga er mikil nauðsyn á því að hér verði góður varavöllur. Í þessari fsp. er ekki beint tekin afstaða til þess hvar sá völlur á að vera. En ég tel mjög eðlilegt þegar byggður er völlur eins og á Egilsstöðum að gætt verði að því hvort ekki mætti í framtíðinni nýta hann sem einhvers konar varavöll. Það byggist aðallega á því að Austfirðir eru sá landshluti sem er lengst frá höfuðborgarsvæðinu og mjög nauðsynlegt að samgöngur þar séu góðar. Eftir því sem mér er tjáð eru Egilsstaðir einn hentugasti staðurinn fyrir varaflugvöll þó svo að talað hafi verið um að völlur á Sauðárkróki yrði mjög hagkvæmur. Í svona tilfellum skiptir töluverðu máli hvernig samgöngur eru að öðru leyti við viðkomandi staði eins og Sauðárkrók. Það yrði miklu meiri lyftistöng fyrir Austfirðinga að fá varaflugvöllinn heldur en Sauðkræklinga.

Ég vil þakka enn og aftur fyrir þessi svör og þær umræður sem orðið hafa í tilefni þessarar fsp.

Vegamál, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 366. mál. — Þskj. 698.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um vegamál, svohljóðandi:

„1. Eftir hvaða reglum eru stikur settar meðfram vegum?

2. Hverjar eru forsendur þeirrar ákvörðunar að mjókka stofnbrautir svo mikið að ekki er hægt að mætast á þeim nema önnur bifreiðin fari út af bundna slitlaginu?

3. Hefur ráðherra hugleitt slysahættu af því að byggja til skiptis á sömu stofnbrautinni brýr með einni akrein og tveimur akreinum?"

Ég tel að það sé nokkuð brýnt að samræmdar reglur séu á þessu sviði. Sumir fjallvegir með mikla umferð yfir veturinn eru óstikaðir, eins og t.d. Laxárdalsheiði sem er eins konar öryggisventill, ef svo mætti komast að orði, fyrir þá sem þurfa að komast suður frá Norðurlandi og Vestfjörðum þegar Holtavörðuheiðin er lokuð.

Ég vil líka vekja athygli á því að mér finnst það ekki raunhæft að leggja vegi með einni akrein á bundnu slitlagi og tel að þær aðgerðir beri vott um litla framsýni. Við sjáum stórar bifreiðar með aftanívagna koma eftir þessum vegum og smábíla sem hrökklast hreinlega út af. Það fólk sem fer héðan af höfuðborgarsvæðinu út á land til að njóta sumarfrís á þessum stöðum er yfirleitt ekki vant því að aka á malarvegum og ég er sannfærður um að þetta á eftir að kosta fjölmörg dauðaslys áður en lýkur.

Hitt atriðið sem veldur ekki síður undrun minni er það að byggja brýr sem eru ca. 1½ akrein á breidd. Menn eru að keyra eftir stofnbraut, koma að brú sem er tvær akreinar, halda áfram í góðri trú og telja að næsta brú verði jafnbreið, en þá er hún allt í einu 1½ akrein og ekki hægt að mætast. Þetta eru atriði sem ég tel að beri vott um skipulagsleysi og valdi mikilli slysahættu. Mér finnst nefnilega að menn gleymi því að það er hönnun umferðarmannvirkjanna sem ræður mestu um slysahættu í umferð, en ekki eitthvert auglýsingafár eða bifreiðaeftirlit. Það eru alger aukaatriði í þessu sambandi. Það er hönnun umferðarmannvirkjanna sem ræður úrslitum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Sem svar við 1. fsp. Vegagerð ríkisins hefur komið sér upp reglum um uppsetningu vegstika og er síðasta útgáfan frá 1986. Skv. þeim skulu vegir með bundnu slitlagi og meiri umferð en 200 bílum á dag að meðaltali yfir árið stikaðar beggja megin með 50 metra millibili. Allar aðrar stofnbrautir óháð slitlagi og umferð skulu stikaðar öðrum megin með sama millibili. Sama gildir um þjóðbrautir sem hafa meiri umferð en 100 bíla á dag. Miðað var við að uppsetningu stika skv. þessum reglum lyki 1988.

Fjallvegir eru auk þess metnir sérstaklega og allmargir þeirra stikaðir umfram hinar almennu reglur. Stikur þessar eru til mikillar hjálpar fyrir umferðina. Ágangur á þær er mikill, ekki síst á veturna. Er kostnaður við viðhald þeirra og endurnýjun áætlaður 14 millj. kr. á ári.

Sem svar við 2. fsp. Samkvæmt reglum þeim um vegbreiddir sem Vegagerð ríkisins notar skulu stofnbrautir almennt byggðar fyrir tvær akreinar, þ.e. minnst 6,5 m á breidd. Í markmiðum langtímaáætlunarinnar er kveðið á um að bundið slitlag skuli lagt á vegi með umferð sem er meiri en 100 bílar á dag, svo og á ýmsa vegi með minni umferð. Frá byrjun hefur fjármagn til vegagerðar verið mun minna en vera átti skv. langtímaáætluninni. Því hófust snemma tilraunir með ódýrari útfærslur á bundnu slitlagi. Á umferðarminnstu vegunum var þannig gerð tilraun með einbreitt bundið slitlag, þ.e. 3,8 m á breidd. Hefur bundið slitlag í þessari breidd verið lagt í nokkrum mæli undanfarin ár á umferðarminni vegum. Þó ekki séu allir á eitt sáttir um gæði þessarar tilhögunar hefur reynsla af henni enn sem komið er verið með þeim hætti að Vegagerðin heldur áfram að nota hana á umferðarminni vegi. Ljóst er þó að fylgjast þarf vel með þessum einbreiðu slitlögum til að umferðaröryggi haldist í viðunandi horfi.

Sem svar við 3. lið fsp.: Með vaxandi umferð eykst slysahætta af einnar akreinar brúm á tveggja akreina vegum. Þrátt fyrir það hefur ekki þótt fjárhagslega fýsilegt að byggja allar brýr á stofnbrautum tvíbreiðar, enda hefur allur þrýstingur löngum beinst að öðrum atriðum, svo sem nýjum leiðum og bættum vetrarsamgöngum og slitlögum.

Lengi hafa verið í gildi hjá Vegagerðinni staðlar um hvernig haga skuli breidd brúa á þjóðvegum. Fram til 1987 skyldi skv. þeim byggja langar brýr á umferðarlitlum stofnbrautum með einni akrein. Ástæðan fyrir þessu var sem fyrr mikill kostnaður við byggingu lengri brúa með tveimur akreinum ásamt takmörkuðum fjárráðum Vegasjóðs og miklum þrýstingi um aðrar framkvæmdir.

Í mars 1987 tók gildi nýr staðall, en skv. honum skulu brýr á stofnbrautum vera með tveimur akreinum. Þó eru enn leyfð frávik í vissum tilvikum þegar „allar aðstæður hafa verið vandlega athugaðar og öryggi umferðar virðist viðunandi", eins og í reglunum segir. Þar til nægjanlegt fjármagn fæst er líklegt að við verðum að búa við þá skerðingu umferðaröryggis sem leiðir af því að við höfum ekki fjármagn til að endurbyggja annars nothæfar einbreiðar brýr á stofnbrautum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og mér fannst í þeim koma fram verulegur skilningur á þessum málum. Ég vil undirstrika þá skoðun mína að vegir og brýr sem við erum að byggja í dag eru ekki vegir sem við ætlum að leggja niður eftir 10 ár. Þetta eru vegir eða brýr sem við ætlum að haldi velli næstu 30, 40, 50 árin. Þess vegna er það mikil skammsýni ef menn nú með reiknireglum meta umferðina og umferðarþungann eftir þeim forsendum að það þurfi að vera svona mikil umferð til þess að hægt sé að gera tvíbreiða vegi og brýr. Höft á vegunum sem leysast kannski eftir 2–3 ár gerbreyta umferðarþunganum eins og mörg dæmi eru um.

Ég hvet ráðherra eindregið til að beita sér í þessu

máli. Ég held að engin einasta stofnbraut á Íslandi muni verða með minni umferð en 100 bíla á dag.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að flytja þessa fsp. hér. Það hefur vakið athygli á máli sem ég hef oft leitt hugann að í sambandi við bæði merkingar með stikum á vegi, svo og þá stefnu að leggja einbreitt slitlag sem svo er kallað. Ég tel að það geti verið verulegur slysavaldur og ástæða sé til að endurskoða þessi mál. Auðvitað á að gera það með því að auka fjárframlag til vegamála sem hefur verið skert svo stórlega sem raun ber vitni á undanförnum árum.

Stundum er sagt að staðið sé við vegáætlun varðandi bundið slitlag, en það eru nokkuð langsótt rök þegar farið er að mjókka akreinarnar með þeim hætti sem gert hefur verið og allt stefnir í það að menn endi með því kannski að leggja bundið slitlag í hjólförin og láti þar við sitja.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég gekk til forseta fyrir nokkrum augnablikum og spurði hann hvernig á því stæði að þriðja málið, um viðskiptahalla, kæmi ekki á dagskrá. Ég fékk þær upplýsingar að það hefði verið óskað eftir frestun. Öll þessi mál á dagskrá, eins og dagskrármál þingsins yfirleitt, eru stór mál og áríðandi. En ég held að sjaldan hafi komið stærra mál á dagskrá Alþingis en einmitt þetta þriðja mál á dagskránni þar sem óskað er eftir að fá upplýst frá forsrh. hvernig ríkisstjórnin ætlar að glíma við viðskiptahalla sem var talinn nálgast 13–15 milljarða þegar ríkisstjórnin gerði efnahagsráðstafanir sínar nýlega. Við efnahagsráðstafanirnar fór þessi halli niður í 10 milljarða. En skv. upplýsingum ábyrgra dagblaða í dag og undanfarna daga er viðskiptahallinn talinn vera að nálgast 15–16 milljarða og talað um að hann geti orðið með sama áframhaldi um 100 milljarðar eða yfir um aldamótin.

Þegar slík stórmál eru á dagskrá og fsp. kemur frá stjórnarliða, þá skil ég ekki hvers vegna hæstv. forsrh. gerir ekki sitt ýtrasta til að vera reiðubúinn til að svara málinu, sérstaklega eftir að það er komið í prentaða dagskrá Alþingis. Ég harma þessa málsmeðferð.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram vegna orða hv. síðasta ræðumanns að hv. fyrirspyrjandi, sem hefur forræði þessa máls, tjáði mér að óskað væri eftir frestun á málinu. Það er alvanalegt að ýmsum dagskrárliðum er frestað. Það er ekki forseta að meta ástæður fyrir frestun því að forræði þess sem hefur lagt hefur málið fram er virt. Flm. hefur heimild til að taka mál aftur og það hefur því fremur alltaf verið litið þannig á að hann hefði heimild til þess að óska eftir frestun á máli sem hann hefur lagt fram.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég harma það ef forseti hefur misskilið orð mín á þann hátt að þau setji á einhvern hátt blett á hans stjórn á fundinum eða á Alþingi yfirleitt. Mín orð voru alls ekki til hans töluð, heldur til þeirra aðila, fyrirspyrjanda og svaranda, þ.e. hv. 10. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. Ég tel að hv. 10. þm. Reykv. sé með góða og tímabæra fsp. og að hún kalli á svar sem megi ekki undir neinum kringumstæðum dragast nema ástæðan fyrir drættinum sé sú að ríkisstjórnin sé að springa á efnahagsstefnu sinni. En það er staðreynd — það kom fram hér við síðustu ráðstafanir í efnahagsmálum — að viðskiptahallinn væri að nálgast 13–15 milljarða. Ráðstafanirnar minnkuðu hann niður í 10 milljarða skv. ummælum forsrh. Og nú, eftir þetta skamma stund frá því að efnahagsráðstafanirnar voru gerðar, er talað um að hann sé að nálgast 15–16 milljarða. Því er þetta tímabær spurning frá stjórnarliða, hv. 10. þm. Reykv., — frá stjórnarliða, ég endurtek það — um hvernig samstarfsmaður hans, hæstv. forsrh., ætlar að bregðast við þessum vanda.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að forseti misskildi ekki hv. 5. þm. Reykv. né taldi að í orðum hans fælist gagnrýni á fundarstjórn. Forseti mælti sín orð til þess að vekja athygli á því hvað væri regla og þingvenja þegar svo kæmi fyrir að óskað væri eftir frestun þingmála.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Aðeins til skýringar vil ég taka fram að það er rétt sem hér hefur komið fram að ég óskaði eftir að þessari fsp. væri frestað. Ég vil hins vegar taka undir þau orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar að hér er mál sem er mjög brýnt og þarf að ræða. Það er hins vegar nokkuð langt síðan ég lagði þessa fsp. fram. Tölur hafa breyst síðan og ég óskaði eftir frestun á þessu máli til að skoða betur upplýsingar sem ég er að reyna að afla mér áður en málið verður rætt hér.

Greiðsla fæðingarorlofs, ein umr.

Fsp. RH, 383. mál. — Þskj. 723.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Allnokkru fyrir páska leyfði ég mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um tilhögun greiðslna í fæðingarorlofi, en eins og kunnugt er gildir sú regla samkvæmt lögum sem sett voru á

Alþingi á sl. ári að greiðslur í fæðingarorlofi skuli annars vegar vera fæðingarstyrkur og hins vegar fæðingardagpeningar sem greiðast í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi. Þetta skuli vera á árinu 1988. Frá 1. jan. 1989 skuli þessar upphæðir greiddar í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Þegar sérstaklega stendur á geta greiðslurnar staðið lengur þegar til er að dreifa veikindum sem leiða af meðgöngunni.

Ástæðan til þess að þessi fsp. er fram borin er sú að mismunandi aðferð hefur verið viðhöfð nú á þessu ári að því er tekur til frádráttar frá greiðslunum vegna staðgreiðslu skatta og einnig kemur þá berlegar í ljós hvert óhagræði er af sérstakri vinnureglu sem gilt hefur þegar sótt er um greiðslurnar eftir fæðingu barns. En þá stendur svo á að greiðslurnar eru borgaðar út allar í einu lagi. Þetta kemur mjög illa út eftir að lögin um staðgreiðslu skatta tóku gildi því að þá er dregið af greiðslunum sem svarar því að hér væri um mánaðarlaun að ræða, þ.e. næstum ⅓ er dreginn frá samanlagðri upphæð greiðslna í fæðingarorlofi. Ef hins vegar sótt hefði verið um fyrir fæðingu barns hefði konan einungis fengið tiltekna fjárhæð á mánuði hverjum í fjóra mánuði og hefði þá lent innan við skattleysismörkin svo að það munar ekki neinum smáfjárhæðum fyrir tekjulitla móður að svona er farið að. Það svar sem hún fær hjá Tryggingastofnun er að þetta verði vissulega endurgreitt, en þetta verður endurgreitt eftir 1½ ár í þeim tilfellum sem þetta hefur gerst á þessu ári. Vegna þess að ég tel að þetta sé fráleit framkvæmd leyfi ég mér að bera fram fsp. til hæstv. ráðherra um tilhögun þessara greiðslna. Vonast ég raunar til að þessu hafi nú þegar verið breytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Eins og kom fram í lokaorðum hv. fyrirspyrjanda hefur nú þegar verið reynt að gera nokkra bragarbót á því ástandi, sem hún lýsti réttilega, sem hefði gilt varðandi greiðslu fæðingarstyrks og dagpeninga og áhrif staðgreiðslukerfis skatta þar á.

Til að lýsa ástandinu vil ég vitna hér til bréfs sem mér hefur borist frá Tryggingastofnun ríkisins sem greinir frá því hvernig málum er nú háttað.

Hjá Tryggingastofnun ríkisins er útborgunardagur 10. dagur hvers mánaðar og verða umsóknir að jafnaði að hafa borist fyrir 20. dag næsta mánaðar á undan. Þetta greiðslufyrirkomulag hefur fallið illa að reglum um greiðslu í fæðingarorlofi.

Þegar um greiðslur í fæðingarorlofi er að ræða er fyrsti greiðslumánuður fæðingarmánuður barns. Ef kona sækir um fæðingarorlof eftir fæðingu barns getur greiðslan átt sér stað 10. dag næsta mánaðar eða þar næsta mánðar á eftir. Það ræðst af því hvenær í mánuðinum hún sækir um. Hugsanlegt er að hún fái þar af leiðandi 2–3 greiðslur saman sem er einmitt það ástand sem fyrirspyrjandi lýsti.

Nú er hins vegar sú breyting á hvað varðar staðgreiðslukerfið að það hefur verið tekið tillit til þess og hér eru sett upp tvö dæmi sem lýsa því hvernig þetta getur þá farið fram. Í fyrra dæminu er gert ráð fyrir því að barn fæðist 10. mars 1988. Konan sækir um greiðslu fyrir 20. mars. Greiðsla fer fram 10. apríl og er þá fyrir tvo mánuði, þ.e. fæðingarmánuð barnsins, mars, og aprílmánuð. Hafi kona lagt inn 100% skattkort með umsókn þar sem persónuafsláttur er ónýttur í mars og skattkortið er áfram í vörslu Tryggingastofnunar nýtist hinn uppsafnaði persónuafsláttur konunni í greiðsluna sem kemur 10. apríl þannig að það verður enginn skattfrádráttur á greiðslunni. Þetta er sem sagt nýmælið að þessi uppsafnaði persónuafsláttur nýtist.

Ef svo færi nú, sem í öðru dæmi sem hér er tekið, að barn fæðist eins og áður, í fyrra dæminu, 10. mars, en konan sækir um greiðslu eftir 20. mars, þá fer greiðsla ekki fram fyrr en 10. maí, þ.e. fyrir þrjá mánuði, fæðingarmánuð barnsins, marsmánuð, apríl og maí. Hafi konan eins og í fyrra dæminu lagt inn 100% skattkort með umsókn þar sem persónuafsláttur er ónýttur, í mars, og skattkortið er áfram í vörslu Tryggingastofnunarinnar nýtist hinn uppsafnaði persónuafsláttur í greiðsluna 10. maí og eins og í fyrra dæminu engin staðgreiðsla opinberra gjalda.

Framangreind framkvæmd á staðgreiðslu skatta hófst eftir 15. febr. en þá tók reglugerð nr. 79/1988, um persónuafslátt og sjómannaafslátt, gildi. Fyrir setningu reglugerðarinnar var persónuafsláttur ekki millifæranlegur milli mánaða, sbr. 7. gr. laga nr. 92 1987, og hefði konan í dæmi 1 og 2 að ofan orðið að greiða opinber gjöld af fæðingarorlofsgreiðslum þar sem aðeins eins mánaðar persónuafsláttur nýttist og það var einmitt það dæmi sem hv. fyrirspyrjandi lýsti.

Reglugerðin nr. 79/1988 er ekki afturvirk þannig að ekki var talið heimilt að beita henni á greiðslur fyrir gildistöku hennar, þ.e. tímabilið 1. jan. 1988 til 14. febr. 1988.

Þetta eru sem sagt þær upplýsingar sem koma fram í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins. Til viðbótar þessu langar mig að geta þess að ég hef nú rætt það við hæstv. fjmrh. hvort ekki sé mögulegt að breyta gildistöku reglugerðarinnar, gera hana afturvirka á þann hátt að hún gildi frá áramótum, og að það verði þá hægt að taka tillit til þeirra foreldra sem fengið hafa fæðingarorlofsgreiðslur á þessu tímabili, í janúarmánuði og fram í miðjan febrúarmánuð. Það mál er sem sagt í athugun. Ég veit að þarna er um einhverja einstaklinga að ræða. Þeir munu ekki vera margir. Ég hef ekki þá tölu, en þarna getur ekki verið um stórar upphæðir að ræða. Ég er sammála því sem kom fram í fsp. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, 3. þm. Reykv., að þetta er auðvitað óviðunandi framkvæmd, enda hefur henni verið breytt, en því miður með þessum annmarka að reglugerðin gilti ekki nema frá þeim degi sem hún var sett, þ.e. um miðjan febrúar, í staðinn fyrir að gilda frá áramótum. Þá hefði verið hægt að taka tillit til þeirra sem höfðu áður þurft að greiða stað-

greiðsluskatt af þessum fæðingarorlofsgreiðslum.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Hann vekur athygli á því að tiltekin reglugerð hafi ekki gilt nema frá setningardegi. Ég leyfi mér að fara fram á það við ráðherra og raunar tel ég það vera sanngjarna kröfu að hann setji reglugerð þar sem tekið er fram að gildistími þessarar reglugerðar skuli vera frá 1. jan. því að þetta er ekki í samræmi við lögin um greiðslur í fæðingarorlofi að allt í einu sé tekinn réttur af þeim mæðrum sem þarna er um að ræða og það liggur auðvitað í augum uppi að greiðslur í fæðingarorlofi miðast við að standa á móti gjöldum sem falla til á tilteknum tíma en ekki eftir 1½ ár. Þess vegna er það algjörlega fráleitt og óframbærileg rök gagnvart þeim konum að um sé að kenna e.t.v. tölvukerfi í Tryggingastofnun eða því að reglugerð ráðuneytis sé ekki afturvirk að þessu leyti. Það er ekkert sem mælir því gegn að slík reglugerð megi vera afturvirk og ég mælist eindregið til þess að hæstv. ráðherra setji reglugerð sem breyti þessari að þessu leyti til.

Ef svo stendur á, sem hæstv. ráðherra gat um, að sótt sé um á réttum tíma, fáeinum dögum fyrir fæðingu barns, eða barn fæðist á réttum tíma í mánuði þannig að þetta falli nú saman við verklagsreglur Tryggingastofnunar er það auðvitað, þegar svo stendur á, að þá kemur ekkert vandamál upp, en hvað ef barninu þóknast nú að fæðast mánuði fyrir tímann og ekki er búið að ganga frá neinum skjölum og kortum til Tryggingastofnunar? Á þá konan allt í einu að verða af ⅓ af greiðslunum í 1½ ár? Þetta kemur auðvitað alls ekki til greina og er mjög brýnt að breyta þessari reglugerð strax, svo og að endurgreiða því fólki sem oftekið var af. Það stendur sérstaklega á um þessar greiðslur. Þetta er rangt gagnvart þeim mæðrum sem þarna áttu í hlut og þá þess heldur að í opinberum bæklingum, sem Tryggingastofnun gefur út og lætur liggja frammi á öllum heilsugæslustöðvum og víðar þar sem upplýsingar þarf að gefa um rétt manna samkvæmt almannatryggingum, er ekki vikið að því einu einasta orði að svona standi á um greiðslurnar, að það sé nauðsynlegt til þess að verða ekki af þessum rétti að sækja um á þeim tíma sem raun ber vitni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef e.t.v. ekki talað nógu skýrt. Ég hélt þó að það hefði verið alveg ljóst að með þessari reglugerðarsetningu er málum þannig fyrir komið í dag að það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að viðkomandi einstaklingur sem þiggur fæðingarorlofið þurfi að greiða staðgreiðslu af þeim orlofsgreiðslum ef hann á ónýttan persónuafslátt. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það tekur þessi reglugerð öll tvímæli af um héðan í frá þannig að hugsanleg fæðing fyrir tíma hefur engin áhrif þar á. Viðkomandi á þennan rétt og fær sinn persónuafslátt nýttan svo að það mál er því betur í höfn.

Síðan var aðeins hitt um reglugerðina að það er ekki heilbrrh. sem setti þá reglugerð. Hann getur því ekki breytt henni. Hann gerir það ekki. Það er hæstv. fjmrh. sem setti þessa reglugerð og ég lýsti því áðan að ég hefði þegar rætt það við hann að hann breytti gildistíma þessarar reglugerðar og það mál er sem sagt í skoðun.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Ég geri mig ekki ánægða með að jafnaugljóst mál eins og þetta hafi verið rætt við hæstv. fjmrh. og sé í skoðun. Það sem hefði verið hægt að sætta sig við var að það væri ótvírætt ljóst að þessu yrði kippt í lag um þessi tilfelli sem bar út af með frá áramótum og til þess tíma er hin nýja reglugerð var sett. Það má vel vera rétt að það sé hæstv. fjmrh., en ég hefði haldið að hæstv. heilbrmrh. gæti líka sett reglugerð af því að þetta er um greiðslur sem inntar eru af hendi af Tryggingastofnun. Ég fer eindregið fram á að það verði gengið úr skugga um þetta og ég reyndar fór fram á það úr þessum ræðustóli áður en þinghlé var veitt fyrir páska að hæstv. ráðherra sæi til þess að þetta yrði leiðrétt og mér eru það vonbrigði að því er ekki afdráttarlaust lýst að þetta sé leiðrétt því þarna tel ég að hafi verið brotinn réttur á borgurunum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég verð að játa þann vanmátt minn að vera ekki lögfróður maður og get því því miður ekki kveðið upp neinn dóm um það eða úrskurð hvort það sé í mínu valdi að setja reglugerð sem tekur þarna af tvímæli. Hitt er ljóst að hér er verið að tala um staðgreiðslukerfi skatta. Þetta er skattamál en ekki spurning um það hvort og hvernig Tryggingastofnunin greiðir út sínar bætur. Það gerir hún, en síðan kemur skattakerfið og telur, sem sjálfsagt er rétt, að þetta séu skattskyldar tekjur og tekur af þeim skatt. Það mál heyrir því ótvírætt undir hæstv. fjmrh. að mínu áliti.

Ég vil aðeins ítreka það sem hefur þá ekki heldur komið nógu skýrt fram hjá mér áðan að ég hef farið eindregið fram á það við hæstv. fjmrh. að hann breyti þessari reglugerð. Mín skoðun er því alveg ótvíræð í því og ósk. En hans er nú valdið, ég þori ekki að segja það sem á að fylgja, í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Ég ítreka aðeins þessa ósk mína og ég mun að sjálfsögðu reyna að fylgja því fram.

Gölluð rafskaut hjá Ísal, ein umr.

Fsp. HG, 397. mál. — Þskj. 743.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 743 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh., um gölluð rafskaut hjá Ísal:

„1. Rýrði afhending á gölluðum rafskautum til Ísals á árinu 1987 afkomu fyrirtækisins?

2. Höfðu þau viðskipti neikvæð áhrif á skatttekjur íslenska ríkisins?

3. Hver seldi Ísal þessi rafskaut?"

Tilefni þessarar fsp. eru upplýsingar sem fram hafa komið opinberlega, m.a. frá framkvæmdastjóra eða forstjóra Ísals, Ragnari Halldórssyni, og leyfi ég mér að vitna til ummæla sem eftir honum eru höfð í Morgunblaðinu 14. janúar 1988 undir fyrirsögninni „Tap vegna gallaðra rafskauta um 200 millj. kr."

„Hagnaður varð af rekstri álversins í Straumsvík á síðasta ári eftir taprekstur síðustu ár. Hagnaðurinn varð um 10 millj. kr. en talið er að hann hefði getað orðið allt að 200 millj. hefðu ekki komið til rekstrarörðugleikar á síðasta ári vegna galla í rafskautum. Samið hefur verið um bætur fyrir beint tjón að upphæð 12–14 millj. kr. en afleitt tjón er talið hafa verið nálægt 200 millj. kr. og verður ekki bætt. Rafskautin eru keypt frá Hollandi. Þessar upplýsingar komu fram hjá Ragnari Halldórssyni, forstjóra Ísals, á blaðamannafundi í gær."

Síðan rökstyður forstjórinn nánar þennan kostnað upp á 200 millj. kr. og segir Morgunblaðið eftir honum að notendur slíkrar vöru sem rafskautanna geti ekki tryggt sig gegn afleiddu tapi vegna notkunar þeirra.

Hér er býsna stórt mál á ferðinni að sjálfsögðu fyrir Íslenska álfélagið og annar þáttur þessa máls varðar heilbrigði og innri mengun í álverinu sem ég hef lagt fram sérstaka fsp. um. Hér er um að ræða skattgreiðslur til íslenska ríkisins. Ég spurði hæstv. ráðherra um skattgreiðslur Ísals 1985–1987 og hef fengið í gær svar við þeirri fsp. þar sem fram kemur að skattgreiðslur á árinu 1987 séu áætlaðar 1,7 millj. bandaríkjadala, sem sagt í lágmarki og það þrátt fyrir það að raforkuverðið hefur hækkað svo mjög sem raun ber vitni á þessu síðasta ári, stighækkandi. Ég gæti haldið að sá munur sem þarna er um að ræða upp á 200 millj. kr. varðandi mögulegan hagnað Ísals á síðasta ári hefði getað haft áhrif á skattgreiðslu til ríkisins. En um það fáum við væntanlega að heyra frá hæstv. ráðherra hér á eftir.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil leitast við að svara þeirri fsp. sem hv. þm. hefur beint til mín. Fyrsti liður fsp. hljóðar svo: „Rýrði afhending á gölluðum rafskautum til Ísals á árinu 1987 afkomu fyrirtækisins?" Skv. upplýsingum Ísals reyndust rafskaut ófullnægjandi sumarið 1987 og urðu erfiðleikar í rekstri bræðslukera þess vegna. Rekstrarstaðan breyttist smátt og smátt til hins betra og um mánaðamótin september október 1987 var fjöldi kera í framleiðslu orðinn eðlilegur, þ.e. smám saman og endanlega í nóvember 1987.

Heildarframleiðslan á s.l. ári varð 84 579 tonn af áli, en það er mesta framleiðsla á einu ári í sögu Íslenska álfélagsins. Seld voru 86 608 tonn af áli að verðmæti 5,2 milljarðar kr. Útflutningur nam 89 166 tonnum. Sala og útflutningur umfram framleiðslu stafaði af birgðalækkun og fyrirframsölu.

Eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. liggja eðli málsins vegna ekki tölur fyrir vegna ársins 1987 og þess vegna ekki endanlegar tölur um kostnað vegna ófullnægjandi rafskauta. En auðvitað má ætla að afkoma Ísals hafi orðið verri en ella að því marki sem tjónið fæst ekki bætt hjá framleiðendum rafskautanna. Þá er einnig rétt að geta þess að á síðustu vikum hefur á ný orðið vart við erfiðleika vegna rafskauta.

Í öðru lagi var spurt: „Höfðu þau viðskipti neikvæð áhrif á skatttekjur íslenska ríkisins?" Eins og flestir vita hefur endurskoðun ársreikninga Ísals af hálfu ríkisstjórnarinnar ekki farið fram og eru því varla forsendur til að hafa uppi skoðanir á því máli og meta það nú. En með tilliti til þess hins vegar að verulega mikið vantar á það að tekjur Ísals árið 1987 nái því marki að viðbótartekjuskattur komi til verður að telja ólíklegt að gallar í rafskautum hafi leitt til lækkunar á tekjuskatti.

Að lokum er spurt um það hverjir hafi selt Ísal þessi rafskaut. Það er Alusuisse sem selur Ísal rafskautin en þau eru framleidd af Aluchemi í Rotterdam. Það skal tekið fram til viðbótar að aðrir viðskiptavinir hafa einnig fengið þessi gölluðu rafskaut. Þau hafa haft mismunandi áhrif á rekstrarstöðu þeirra fyrirtækja, ekki síst vegna þess að það er mismunandi tækni sem notuð er í þessum álverum víða um heim. Þá held ég að enn fremur sé ástæða til að geta þess þegar vitnað er til fréttatilkynninga frá forstjóra Álfélagsins að þar er auðvitað verið að tala um félagsreikninga en ekki um skattauppgjör. Á því er verulegur munur sem hv. þm. og fyrrv. iðnrh. veit því að þá er ekki tekið tillit til afskrifta í sama mæli eins og gert er við skattauppgjör og það gerbreytir dæminu.

Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að allur beinn kostnaður vegna gallaðra vörusendinga, þar á meðal hvað snertir þessi gölluðu rafskaut, verður að sjálfsögðu bættur. Ég held að Alusuisse, þ.e. Ísal, hafi þegar fengið 400 þús. svissneska franka sem eru um 11,2 millj. í bætur. Hins vegar hafa ekki fengist bætur vegna afleidds kostnaðar eða afleidds tjóns. En mér er kunnugt um að uppi hafa verið áform um að breyta þeim samningum, ekki síst vegna þess að í Evrópu hefur að undanförnu staðið til í tengslum við innri markaðinn, sem komið verður á 1992, að taka almennt upp það sem kallað er „product liability" en það nær þá til þess að slíkur afleiddur tjónkostnaður verður gerður upp.

Vonast ég til, herra forseti, að þessi svör séu fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Það kom sitthvað athyglisvert þar fram. Það er ekki aðeins að þessar upplýsingar séu upplýsandi fyrir mig. Ég vil ekki segja að þær séu fullnægjandi, ég tek ekki afstöðu til þess. En ég vek athygli á því að fyrir hæstv. ráðherra er fyllsta ástæða til að fylgjast áfram með þessu máli gagnvart þessu fyrirtæki sem er greinilega engan veginn lokið af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Það kemur fram, sem ekki kemur mér út af fyrir sig á óvart, að sá sem selur Ísal þessa gölluðu vöru er enginn annar en móðirin Alusuisse, þ.e. eigandi fyrirtækisins. Það selur dótturfyrirtækinu þessa gölluðu vöru og neitar að verða við því að bæta afleiddan kostnað sem forstjóri fyrirtækisins fullyrðir að nemi 200 millj. kr. Ég held að þessi staðreynd hljóti að verða íslenskum stjórnvöldum tilefni til að taka á þessu máli og það af mikilli festu því að þetta varðar ekki aðeins skattauppgjör 1987. Það er enn verið að afgreiða þessa gölluðu vöru skv. upplýsingum hæstv. iðnrh. Þetta varðar því afkomuna á árinu 1988 og skattalegt uppgjör eftir það. Það ætti kannski að vera ár sem ætti að skila einhverju meira en lágmarksgjaldi með því háa afurðaverði sem er á áli sem virðist stefna í núna á þessu ári og með tilliti til þess að útflutningur og eftirspurn hefur verið í hámarki og salan aldrei meiri en í fyrra og horfur á því að afkoman sé góð það sem af er þessu ári a.m.k. Hér eru því athyglisverðir þættir á ferðinni.

Ég bendi á að áætlaðar skattgreiðslur af þessu fyrirtæki nema, eins og fram hefur komið, 1 millj. 782 þús. að mati hæstv. iðnrh. Hann hefur þegar áætlað það hér í svari til þingsins að það verði lágmarksskatturinn þrátt fyrir metútflutning. Þetta lágmarksgjald, 20 dollarar á tonn, sem greitt er sem skattur til íslenska ríkisins hefur verið óbreytt frá því árið 1975. Þá var samið um 20 dollara. Þessir 20 dollarar eru nú orðnir 10 dollarar að raungildi. Um þetta var endursamið af ríkisstjórn Íslands 1985, um þetta hneyksli í skattgreiðslum frá þessu fyrirtæki, áframhaldandi stöðuga rýrnun á þessu og lakari skattstiga á ákveðnu bili.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það verður að sjálfsögðu fylgst með þessu fyrirtæki og starfsemi þess eins og hingað til hefur verið gert þótt kannski með nokkuð öðrum hætti verði en þegar hv. þm. var iðnrh. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins er í höndum ríkisvaldsins. Málið hefur verið rætt við forstjóra Ísals. Greiðsla tjóna fer fram eftir samningum sem gætu breyst. Ég deili vonum mínum með hv. þm. um það að arðsemi verði góð á þessu ári.

SAMEINAÐ ÞING

69. fundur, fimmtudaginn 14. apríl, að loknum 68. fundi.

Úttekt vegna nýrrar álbræðslu, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 392. mál. — Þskj. 738.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég vænti þess að meðan þetta mál er rætt hér verði hæstv. iðnrh. viðstaddur þar sem þetta mál snertir hans verksvið. Hæstv. ráðherra var hér rétt áðan og ég vænti þess að hann geti verið hér við. Ég hef þegar séð hann hér í hliðarherbergi svo að ég mun hefja mál mitt.

Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 738 um úttekt vegna nýrrar álbræðslu. Með mér flytja mál þetta aðrir hv. þm. Alþb. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að láta gera þjóðhagslega úttekt á hagkvæmni þess að reisa nýja álbræðslu í Straumsvík og selja til hennar raforku sem gæti numið um 2500 gwst. á ári.

Í úttekt þessari verði m.a. lagt mat á eftirfarandi:

Væntanlega arðsemi álbræðslunnar og þjóðhagslega hagkvæmni hennar.

Áhrif af byggingu bræðslunnar og tilheyrandi orkuvera á íslenskt efnahagslíf, þar með talið þenslu og skuldastöðu þjóðarbúsins.

Áhrifin á byggðaþróun í landinu.

Forsendur varðandi raforkusölu með tilliti til orkuverðs frá nýjum virkjunum.

Áhrif þess að útlendingar eigi álverið.

Til að sjá um úttektina kýs Alþingi nefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum. Iðnrn. og starfshópar og nefndir á vegum þess láti nefndinni í té allar fyrirliggjandi upplýsingar um undirbúning álbræðslunnar. Landsvirkjun og Orkustofnun aðstoði nefndina og veiti henni m.a. upplýsingar um áformaðar virkjanaframkvæmdir vegna nýrrar álbræðslu og um kostnaðarverð raforku frá nýjum virkjunum.

Nefndinni er heimilt að leita til Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila til aðstoðar við gerð úttektarinnar og kalla til nauðsynlega sérfræðiaðstoð til að vinna að henni. Miða skal við að nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1988. Allur kostnaður vegna þessarar úttektar greiðist úr ríkissjóði."

Þetta er tillögutextinn og ég mun nú rökstyðja þennan tillöguflutning af hálfu okkar flm.

Menn kunna að spyrja: Er nú ástæða til að setja af stað úttekt af þessu tagi? Hér er á ferðinni stærsta fyrirtæki sem hugmyndir hafa komið fram um að reisa á Íslandi. Hér er um að ræða virkjanaframkvæmdir í þeim mæli að aldrei hefur slíkt verið til umtals á svo stuttum tíma hérlendis. Hér er um að ræða fyrirætlanir af stjórnvalda hálfu sem eru í fullum gangi. Hér er um að ræða skv. upplýsingum hæstv. iðnrh. áform um að gera samning um undir-

búningsfélag vegna þessarar álbræðslu þegar á þessu ári og boðað er að endanlegrar ákvörðunar geti verið að vænta á árinu 1989 vegna þessa máls.

Það hefur þegar á þessu þingi verið hreyft við þessum málum með fsp. frá hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur sem spurði um það í byrjun þings og fékk svör í lok októbermánaðar frá hæstv. iðnrh. þar sem fram koma ýmsar upplýsingar eins og málið lá þá fyrir af stjórnvalda hálfu. Ég vísa til þeirra svara sem hæstv. ráðherra þá reiddi fram, enda eru þau fskj. með þessari tillögu.

Hér er ekkert einkamál hæstv. iðnrh. á ferðinni. Hér er um sameiginlegt áhugamál stjórnarflokkanna að ræða, enda hafa þeir skipað trúnaðarmenn sína í starfshóp um stækkun álvers, þá menn sem helst hafa sýslað við þessi efni af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar og svo núv. ríkisstjórnar sem fengið hefur tilstyrk og viðbót Alþfl. til verka. Í þessum starfshópi eru ekki minni menn en hv. dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, dr. Gunnar G. Schram prófessor, fyrrv. alþm., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og dr. Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri. Ég eftirlæt mönnum að færa þá til viðkomandi flokka, ég held að mönnum sé alveg ljóst fyrir hvaða flokk viðkomandi eru trúnaðarmenn. Formaðurinn er seðlabankastjóri og stjórnarformaður Landsvirkjunar. Það eitt út af fyrir sig er nokkuð sérstakt mál að stjórnarformaður þess fyrirtækis, sem á að selja það sem á Íslandi kæmi inn í þetta erlenda fyrirtæki, er um leið formaður þessarar samninganefndar. En slík tilhögun hefur sést áður á vegum þeirra flokka sem hér eiga hlut að máli.

Ég minni á að skv. frumhagkvæmniathugun sem skilað var til iðnrh. í byrjun þessa árs er gert ráð fyrir að þessi 180 þús. tonna álbræðsla sem þar er til umræðu taki til starfa í áföngum á árunum 1992–1994. Fjárfestingarkostnaðurinn af slíkri bræðslu og viðeigandi virkjunum sem eiga að fóðra hana með orku er áætlaður um 1000 millj. bandaríkjadala, 40 eða 45 milljarðar íslenskra króna. Hvaða upphæð er það? Fjárlögin fyrir þetta ár eru 63 milljarðar og allar fjárveitingar opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, á þessu ári eru 12,5 milljarðar kr.

Til þess að þessir óskadraumar núv. ríkisstjórnar í atvinnuuppbyggingu nái fram að ganga á að verja 8–10 milljörðum ísl. kr. á ári frá 1990 að telja. Ekki hafa komið fram neinar athugasemdir eða fyrirvarar frá samstarfsaðilum Sjálfstfl. í ríkisstjórn varðandi þessi áform þó að það sé búið að liggja hér fyrir þinginu frá því í haust hvað standi til.

Það er ljóst að með slíkum áformum um fjárfestingar á þessu árabili verður heldur þröngt fyrir dyrum um aðrar framkvæmdir í íslensku þjóðfélagi, í þágu íslenskra atvinnuvega, í þágu samfélagslegra framkvæmda í landinu. Þær eiga að víkja fyrir þessum óskadraumi. Og hvað ætli menn segi um líkleg áhrif af slíkum framkvæmdum á byggðaþróun í landinu? Það er ekki ein lítil flugstöð sem hér er verið að byggja. Það eru margar flugstöðvar sem þarna eru á ferðinni. Ég hygg að það sé fyllsta ástæða fyrir þá sem hafa áhyggjur af byggðaþróun í landinu að líta á það sem hér er á ferðinni.

Það er ekki bara iðjuverið sem á að rísa hérna við Straumsvík í Kapelluhrauni, vinstra megin við þjóðveginn þegar ekið er suður eftir, eins og fram kemur á uppdrætti. Virkjanirnar eiga einnig að vera í þessum landshluta því að hæstv. iðnrh. hefur þegar kveðið upp úr um það að orkuna skuli fá af virkjunum á Suðurlandi. Það er væntanlega til að hressa eitthvað upp á atvinnuástandið í kjördæmi hæstv. forsrh., og það sem á kunni að vanta frá jarðhitavirkjunum, jarðvarmavirkjunum á Reykjanesi. Þessu er öllu saman safnað á einn landshluta.

Hvað segja hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar utan af landi um þessi áform? Telja þeir ekki þörf á því að það fari fram þjóðhagsleg úttekt á þessu máli sem auðvitað hefði farið fram í hvaða siðmenntuðu landi sem væri annars staðar en á Íslandi? Ég treysti því að það sé stuðningur á Alþingi við þessa tillögu.

Eitt er nú það að það eru innstu koppar úr búri stjórnarflokkanna sem einir eru látnir véla um þetta mál. Stjórnarandstaðan fær hvergi nærri að koma að skoðun mála. Hér er hins vegar gert ráð fyrir nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að tryggja að stjórnarandstaðan eigi eðlilegan hlut að athugun á slíku stórmáli sem hugmyndin er að koma með inn á Alþingi eftir tvö ár eða svo, 1–2 ár skv. yfirlýsingum hæstv. iðnrh., ef færi eftir því eins og áður hefur gerst í hliðstæðum málum, eins og þegar álverið í Straumsvík var reist, og var þar þó hugað að því, að ég hygg, á undirbúningsstigi að stjórnarandstaðan fengi eitthvert ráðrúm til að skoða mál. En við getum litið á endurskoðun samninga við Alusuisse 1984–1985. Þá var komið hér á síðustu stundu með fullbúinn pakka inn á Alþingi frá þröngri samninganefnd og mönnum sagt: Samþykkið þið þetta eða synjið. Og þegar um var að ræða raforkusamninginn fylgdu dagsektir með. Þá var málið þannig fram borið að það var í formi þess að það væru dagsektir ef Alþingi væri ekki búið að afgreiða málið á 3–4 vikum.

En eru þetta ekki bara draumórar? Er þetta nokkuð annað en bara að veita viðkomandi mönnum, sem eru að fást við þessa samningagerð, einhverja aukaþóknun? Getur verið að stjórnvöld séu í alvöru að hugsa um hlutina eftir þessum brautum? Ég verð að segja: Því miður. Ég hef innt ýmsa eftir því sem eru tengdir þessu máli: Telja þeir að hér sé alvara á ferðum? Telja þeir að það séu líkur á að þetta dæmi gangi upp? Þeir segja: Nú erum við alveg óvenju bjartsýnir. Eftirspurnin eftir áli er sérlega mikil, verðlagið er hátt á áli og við teljum alveg koma til greina, alveg fyllstu líkur á að þessir samningsaðilar, álhringirnir þrír, fjórir eða fimm suður í Evrópu kunni að bíta á og það kunni að vera hægt að ganga frá þessum samningum núna á næstu missirum.

Og hvað er svo sagt um undirstöðuþáttinn sem snýr að Íslandi inn í þetta púkk, um raforkuverðið? Sem fyrr er það ríkisleyndarmál. Það liggur nefni-

lega ekkert fyrir um það, engin stefnumörkun svo vitað sé af stjórnvalda hálfu á hvaða verði á að selja þessar 2500 gwst. inn í þetta púkk, fjórar Blönduvirkjanir. Ekkert nema það að stjórnarformaður Landsvirkjunar og formaður í starfshóp um álver hefur sagt það 12. mars sl. í DV að það verði aldrei lakara en hjá Ísal. Það er vitnað orðrétt til þess í grg., menn geta fundið það þar. Það verði aldrei lakara en hjá Ísal.

Og hvernig er það hjá Ísal? Síðustu árin hefur raforkuverðið hjá Ísal verið á bilinu 12,5–13,5 mill á kwst. að meðaltali. En fyrir fimm árum upplýsti Landsvirkjun í skýrslu að raforkuverð til stóriðju frá nýjum virkjunum þyrfti að nema 18–22 millum á kwst. til að standa undir framleiðslukostnaði. Hér er stjórnarformaður Lansvirkjunar og formaður þessarar viðræðunefndar að veifa hugmyndum um raforkuverð sem sé á bilinu 12,5–13,5 mill. Það er aldeilis að það á að efna í framlög af Íslendinga hálfu til þess að þessi óskadraumur megi rætast. Það eru ekki litlir klafarnir sem á að binda íslenska orkukaupendur, fyrirtæki og almenning á með þessum áformum. Væri nú ekki skynsamlegt að Alþingi í sameiningu, allir þingflokkar, færu ofan í þetta stóra mál, þessi stóru áform og gerðu sér grein fyrir því fyrir fram, áður en samningamenn hæstv. iðnrh. halda lengra út á brautina við að pakka inn í þær umbúðir sem hæstv. iðnrh. hefur látið þá hafa, hverjar yrðu afleiðingarnar fyrir íslenskan þjóðarbúskap, íslenskar byggðir ef þessi áform gengju upp? Ég tel það ekki aðeins nauðsynlegt, ég tel það sjálfsagt og þetta hljóti að vera spurningin um það: Vill Alþingi Íslendinga vera gerandi í einhverju sem máli skiptir í þessu landi miðað við þau áform sem hér eru uppi eða ætlar það bara að vera afgreiðslustofnun fyrir stjórnmálamenn sem vinna að máli sem þessu svo örþröngt sem raun ber vitni um og hafa ekki einu sinni fyrir því að ræða með opinskáum og eðlilegum hætti um þann meginþátt sem Íslandi er ætlað að leggja inn í þetta púkk fyrir utan vinnuafl, þ.e. raforkusöluna?

Hér er ekki langur tími til stefnu, herra forseti. Það verður að vinda bráðan bug að því að Alþingi og þingflokkar hefji skilmerkileg störf til að fara ofan í hversu langt er hér komið, hvert er innihaldið í þeim viðræðum sem nú fara fram við þrjá, fjóra eða fimm álhringi suður í Evrópu og það verði dregið fram með eðlilegum hætti til að kanna efnislegar forsendur þessa máls. Síðan taka menn auðvitað ákvarðanir hver eftir sínu pólitísku mati, en ég trúi ekki öðru en hv. alþm. hafi áhuga á að geta byggt það mat og endanlega ákvörðun, ef á reynir, á betri vitneskju en legið hefur fyrir þegar unnið hefur verið að því að troða stóriðjufyrirtækjum upp á Íslendinga, erlendum fyrirtækjum sem við höfum þurft að borga með í margvíslegri mynd á undanförnum árum.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Alþb. skuli sýna nýrri álbræðslu þann áhuga sem kemur fram í þessari till. til þál. Ég ætla að ræða örlítið um till. og þó einkum og sér í lagi ýmis þau efni sem koma fram í grg. sem henni fylgir.

Í fyrsta lagi vil ég segja að eignaraðildin, sem um er talað í grg., er í anda stjórnarstefnunnar og kemur greinilega fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það sem auðvitað hlýtur að skipta mestu máli er að svara þeirri spurningu hvort við ætlum okkur í framtíðinni að nýta vatnsaflið, nýta þessa auðlind til að bæta lífskjörin í landinu. Ég fagna því vissulega að Alþb., sem hefur verið afturhaldssamasti flokkur í þeim efnum, skuli vera farið að átta sig á því að þarna er auðlind sem má nýta til að bæta lífskjörin í landinu. Þetta kemur m.a. fram í því að Ólafur Ragnar Grímsson, nýkjörinn formaður Alþb. og leiðtogi flokksins, hefur lýst yfir áhuga sínum á því að selja orku með beinum hætti til útlanda sem kostaði þó miklu stærri virkjanir en er verið að tala um í því verkefni sem hér er til umræðu.

Það er ljóst að ef ekki kemur til nýr stórnotandi þurfum við að bíða í a.m.k. 10–12 ár eftir því að taka ákvörðun um næstu virkjun á eftir Blöndu. Ég vil enn fremur benda á að það er minna átak nú að takast á við þetta verkefni en það var á sínum tíma þegar ákvörðun var tekin um að virkja Þjórsá við Búrfell og að taka upp samninga við Ísal og byggja álverið við Straumsvík, jafnvel þótt það sé tvisvar sinnum afkastameira álver sem hér er verið að ræða um. Stór hluti kostnaðarins sem kemur fram er erlendur kostnaður. Við verðum að huga að því þegar þetta mál er rætt.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., 1. flm. þessarar tillögu, að það er verið að vinna að þessu máli og það hefur ekki hvílt nein leynd yfir þeirri vinnu. Það er ætlun ráðuneytisins fyrst að ná samningum við nokkur álfyrirtæki í Evrópu til að kanna hvort hagkvæmt sé að byggja álver við Straumsvík. Þetta er undirbúningur að svokölluðu undirbúningsfélagi eða „study company" eins og það heitir á enskri tungu og ástæðan fyrir þessum vinnubrögðum er sú að við teljum okkur ekki geta varið kannski 100 millj. kr. til að gera þær hagkvæmnisathuganir sem nauðsynlegt er að gera áður — og ég endurtek: áður en ákvörðun er tekin um hvort af þessu verkefni verður. Það mun taka a.m.k. 1–1½ ár að fá úr því skorið hvort hugsanlegt sé að eiga samkomulag við aðra aðila um uppbyggingu á því iðjuveri sem hér er til umfjöllunar.

Ég vil geta þess að það er gert ráð fyrir því að um 400 starfsmenn vinni við álver á borð við þetta. Hér er beitt nýrri tækni frá franska fyrirtækinu Pechiney. Til samanburðar má benda á að 600 manns vinna hjá íslenska álverinu sem þó framleiðir helmingi minna en þetta fyrirhugaða álver.

Það eru uppi hugmyndir hjá Landsvirkjun, enda er það hlutverk Landsvirkjunar, um hvernig standa eigi að virkjunum til að geta útvegað orku til þessa fyrirhugaða álvers. Þær áætlanir geta að sjálfsögðu breyst og munu breytast frá einum tíma til annars.

Þetta mál er sífellt til athugunar, en það er þó ljóst að hagstæðasta útfærslan er sú að bæta við Þjórsárvirkjanir og jafnframt að setja niður túrbínu í Kröflu og virkja hugsanlega í Skagafirði. En auðvitað getur það breyst. Undir það vil ég strika að það mál þarf auðvitað ítarlegrar skoðunar við og koma þar til greina allir þeir kostir sem nefndir hafa verið og rannsakaðir hafa verið á undanförnum árum, sumir með afar miklum tilkostnaði eins og hv. þm. ugglaust man eftir ef hann rifjar það upp.

Raforkuverðið er samningsatriði, einkum og sér í lagi vegna þess að það koma mjög margar leiðir til greina varðandi raforkuverð. Það er af okkar hálfu ástæðulaust að gefa upp eitthvert endanlegt verð og gefa þannig hugsanlegum viðsemjendum okkar til kynna hvað við höfum í huga því að það koma ýmsar leiðir til greina eins og hv. þm. veit frá því að hann var iðnrh. Alþingi hefur að sjálfsögðu lokaorðið. Málið kemur hingað til þingsins þegar það er komið á það stig að Alþingi þarf að taka afstöðu til málsins og þá gefst tími til að fara ofan í alla þætti þess. Það sem skiptir öllu máli er að við verðum ekki að vingsast með þetta mál fram og til baka. Það er komið nóg af því að hika í þessum efnum. Það veit hv. þm. Hann hikaði og tapaði og við sitjum uppi með það.

Það kemur líka úr hörðustu átt að segja frá því að þingið eigi nú allt í einu að fara að fylgjast miklu meira með þessu máli en áður. Ég man þá tíð þegar hv. þm. sat í þessu ráðuneyti og boðaði til blaðamannafundar, sagði frá leyniferðum til útlanda og kom síðan inn á þingið til að ræða við þingið um það sem hann var búinn að gera til að skemma fyrir Íslendingum í þessu máli eða máli svipuðu og þessu. Þetta hlýtur hv. þm. að muna og þetta veit ég að þjóðin man og man jafnframt afstöðu hans í þessum málum.

Það var á sínum tíma gerð skýrsla fyrir ráðuneytið þar sem var tekið á nokkrum atriðum þessa máls og er enginn vafi á því að það er hagkvæmt fyrir þjóðarbúið að hafa sett upp álver við Straumsvík. Við munum, ég ætla að gera það að mínum lokaorðum, að sjálfsögðu fylgja fram þeirri stefnu sem skiptir öllu máli, en það er að eiga einungis samstarf við erlenda aðila í þessu máli og að virkja fallvötnin eingöngu í því skyni að bæta lífskjörin í þessu landi. Það er meginmarkmiðið og ég fagna því vissulega að fulltrúar Alþb. á þingi hafi skynjað að þarna er auðlind sem hægt er að nýta. Ég vonast til þess að þeir muni í framtíðinni styðja þessa stefnu eindregnar en þeir hafa gert hingað til.

Það er sjálfsagt þegar sá tími kemur að gefa upplýsingar um þessi mál. Sá tími er ekki kominn. Það geta liðið ár þangað til ástæða er til þess að menn fylgist með málum ofan í kjölinn. Auðvitað verður að gefa þeim aðilum frið til að fara með þetta mál sem nú gera það á ábyrgð iðnrn.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Forseti. Aðeins örfá orð sem innlegg í þessa umræðu.

Það er mjög eðlilegt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson beri fram tillögur um þessi mál og fsp. á þinginu. Hann hefur fjallað um þessi mál mikið og ítarlega á undanförnum árum, það þekkjum við öll, bæði sem þingmaður og ráðherra. Ég held að það sé á engan hallað í þessum sal og þó víðar væri leitað í þjóðfélaginu þó að það sé fullyrt úr þessum ræðustól að enginn Íslendingur hafi nokkru sinni átt sér stærri drauma um stóriðjuframkvæmdir á þessu landi en þessi þingmaður og þar af leiðandi hljótum við öll sem hér erum að skilja mjög vel að hann geri þessi mál títt að umræðuefni í þinginu.

Mig rekur minni til þess að við á sínum tíma veltum mikið fyrir okkur fjárfestingum vegna stóriðjuframkvæmda þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var iðnrh. Áform hans voru gríðarlega mikil, skýrslur voru unnar þykkar og miklar, safnað gögnum af mikilli samviskusemi og alúð. Ég held að það sé ekki hægt að gagnrýna að þar hafi verið unnið af miklum vilja og ásetningi í þá átt að koma upp stóriðjufyrirtækjum víðs vegar um landið.

Hv. þm. á hrós fyrir að á sínum tíma réð hann erlenda aðila og innlenda með til að vinna að skýrslum og hagkvæmniathugunum fyrir gríðarlega mikið álver á Akureyri, 130 þús. tonna verksmiðju sem sérstaklega var skoðað hvort reisa mætti þar jafnhliða mikilli verksmiðju sem hv. þm., þáv. ráðherra, hafði áhuga á að risi á Reyðarfirði, kísilmálmverksmiðju. Þó voru þessar tvær verksmiðjur aðeins hluti af þeim áformum sem hv. þm. hafði þá í huga og ég hygg að það sé ekki við hann að sakast að þessi áform urðu ekki að veruleika. Það komu aðrir hlutir til. Þar greip helkaldur og fjötraður raunveruleikinn inn í framkvæmdaáform ráðherrans fyrrverandi þannig að ekki varð af.

Ég hygg að þær fjárfestingar, sem hv. þm. hafði þá í huga og hafði látið vinna skýrslur um og reri að öllum árum af mikilli alúð að til framkvæmda gætu komið, hafi verið sýnu meiri en þær fjárfestingar sem nú er verið að ræða um við stækkun álversins í Straumsvík, hvort sem af þeim áformum verður eða ekki og kann að vera að núverandi stjórnvöld hafi ekki meiri árangur af þeirri viðleitni sinni en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði á sínum tíma með sín glæsilegu, stóru og miklu áform um uppbyggingu stóriðju á Íslandi.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna að þáltill. ráðherrans fyrrverandi, og hann á hrós fyrir það, varðandi virkjanaframkvæmdir og virkjanahraða voru mikil plögg og vel unnin. Þar var gert ráð fyrir hraðari virkjanaframkvæmdum á Íslandi en aðrir menn höfðu nokkurn tíma látið sig dreyma um, hraðari uppbyggingu og þar af leiðandi auðvitað hraðari uppbyggingu á fyrirtækjum sem orkuna keyptu en menn höfðu — ja, ég vil eiginlega segja þorað að láta sér detta í hug fyrr.

Þess vegna kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir tónninn í ræðu þessa fyrrv. iðnrh. þegar hann nú talar fyrir sinni þáltill. um þjóðhagslega hagkvæmni

þar sem hann telur að fjárfestingin verði svo mikil við þessa stækkun að vart verði unnt að ráðast í neina aðra framkvæmd í þjóðfélaginu samhliða, hér sé öllu teflt í tvísýnu og enginn muni neitt geta gert annað hafi ég skilið hann rétt. Virðist mér þá að fyrrv. iðnrh. hafi gleymt sínum fyrri áformum sem ekki kölluðu á minni fjárfestingar, að ég hygg jafnvel meiri, talsvert meiri.

Hitt er aftur annað mál að þessi hv. þm. er mikill landsbyggðartalsmaður og hefði sjálfsagt kosið að þessi stóriðjufyrirtæki væru reist sem víðast um landið, eins og hann hafði reyndar á sinni stefnuskrá, en ekki þarna við Straumsvík. Það eru aðrir hlutir sem þar grípa inn í, hagkvæmni þess að stækka þar vegna hafnarinnar og annarrar aðstöðu þó að ekki sé enn ljóst að úr þessum framkvæmdum verði.

Ég held að það verði seint þakkaður sá mikli áhugi sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sýndi þessum málum á sínum tíma og enn reisa menn á þeim grunni sín áform, á þeim grunni sem þessi fyrrv. ráðherra undirbjó og reisti meðan hann var í ráðuneytinu. Það má vel vera að þar komi einhvern tímann í framtíðinni að þessum fyrrv. iðnrh. verði reistur minnisvarði af stóriðjunefndum framtíðarinnar fyrir hans glæsilegu framtíðarsýn þegar hann sá fyrir sér þessi stóriðjufyrirtæki nánast um allt land. Ekki ætla ég að leggja dóm á það, en þó veit ég að menn hafa oft fengið viðurkenningu fyrir minna starf en þessi ráðherra fyrrv. lagði á sig við að koma þessum framkvæmdum fram.

Ég vil hins vegar aðeins í þessu sambandi benda hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni á það í fullri vinsemd að auðvitað er stóriðja, þó að hann hafi haft mikinn áhuga á henni, sérstaklega á þessum árum, ekki eini valkostur okkar í uppbyggingu atvinnulífs. Stóriðja er einn af kostunum, einn af þeim fótum sem við þurfum að setja undir þann stól sem þjóðarbúið situr á. Ég held að það þurfi að hafa opin og ber augu á þeim möguleika hverju sinni að auka stöðugleikann í okkar efnahagslífi, en auðvitað megum við ekki um of einblína á þennan möguleika. Það eru margir aðrir.

Ég flutti á sínum tíma til að mynda þáltill. um eflingu lífefnaiðnaðar hér og taldi að það gæti orðið merkileg stoð í okkar atvinnulífi. Henni var þá vísað til hv. fyrrv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar og hún glataðist þrátt fyrir samþykkt þingsins og komst þess vegna lítið áfram. Ég er ekki hér með að saka fyrrv. iðnrh. um að hann hafi ekki haft áhuga á þeim árum á öðru en stóriðju og þess vegna hafi sú till. um lífefnaiðnað fallið undir stól, langt í frá. Þar kunna að hafa komið til önnur mistök sem hann hefur ekki ráðið við og kannski ekki í sínum stóriðjuáhuga haft áhuga á að fylgja henni eftir eða fylgjast meira með að úr henni gæti eitthvað orðið. Í fleiri slíkar till. gæti ég vísað, en tími minn er því miður á þrotum.

Að lokum aðeins þetta, forseti: Sú athugun sem nú stendur yfir kann að lofa góðu, a.m.k. að mati flm. till. Það er hins vegar engan veginn ljóst til hvers hún leiðir. Ég tel að það sé sjálfsagt að kanna hana nánar, vinna að því. Okkur ber skylda til þess að gera það. Enn er ég engan veginn viss um að hún geti leitt til neins raunveruleika. Þar eru mörg atriði sem eftir er að semja um og að sjálfsögðu verður ekki ráðist í það nema það sé talinn góður kostur fyrir Íslendinga að bestu manna yfirsýn.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka þær ræður sem hér hafa verið fluttar eftir að ég flutti framsögu mína. Þær voru sannarlega þess virði að komast inn í þingtíðindin, bæði efnisleg ræða hæstv. iðnrh. út frá hans sjónarhóli svo ekki sé nú talað um þá ræðu sem hér var síðast flutt af trúnaðarmanni Framsfl. í viðræðunefnd um nýtt risaálver í Straumsvík sem flutti frábæra ræðu sem ástæða er til að þjóðin fái að sjá. Hann skrifar margar blaðagreinar, hv. þm., og ég treysti því að hann komi þessari ræðu á þrykk fyrir almenningssjónir sem skilagrein af sinni hálfu varðandi þá framkvæmd sem hann er að vinna að samningum um í umboði hæstv. iðnrh.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson fyllti í sinn ræðutíma og rösklega það án þess í rauninni að víkja orði efnislega að því sem hann er að fjalla um sem fulltrúi Framsfl. í sambandi við álver í Straumsvík, nýtt risaálver í Straumsvík. Hann hefur engar áhyggjur af yfirlýsingum flokksins um það hér fyrr á árum að ekki skuli ráðist í stóriðju á Íslandi nema hún sé undir fullu forræði Íslendinga, Íslendingar hafi þar öll tök á því sem máli skiptir. Það er ekki áhyggjuefni hv. þm. heldur það eitt að þurfa ekki að segja nokkurn skapaðan hlut um það mál sem till. fjallar um. Það kom ekki fram nokkur einasta skoðun hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni á því hvort það væri ástæða til fyrir Alþingi að fjalla um þetta mál í núverandi stöðu. Hann hvorki játaði né neitaði, en auðvitað mátti skilja af þögn hans gagnvart efni till. að hann teldi ekki minnstu ástæðu til þess, hann væri fullfær um að fjalla um þessi efni ásamt þeim sem í starfshópnum eru.

Það getur svo verið verkefni sagnfræðinga að skoða hvernig málum var háttað hér á árunum 1980–1983 í þáverandi ríkisstjórn, á Alþingi og af hálfu þáverandi stjórnarandstöðu. Ef menn tækju nú annars vegar Morgunblaðið frá þessum árum og hins vegar málflutning hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar um mína frammistöðu gæti farið eitthvað á þá leið eins og þegar blandað er saman sýru og basa eða sýru og lút — að út úr því kæmi kannski nokkurn veginn hlutlæg mynd þegar búið væri að fara yfir ræðurnar og skrifin á þessum tíma af hálfu stjórnarandstöðunnar annars vegar og hins vegar þess flokks sem þá var með Alþb. í ríkisstjórn, Framsfl. Sá flokkur tók með sínum hætti afstöðu til þeirrar málafylgju sem ég hafði uppi gagnvart þeirri stóriðju sem þá var í landinu, sérstaklega varðandi álverið í Straumsvík, og þjóðin tók eftir því þegar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hljóp frá málinu sem stjórnarliði á viðkvæmu stigi og kaus sjónvarpsvélarnar til þess að gera grein fyrir sinni afstöðu. Það

hafa sagt mér fróðir menn í Framsfl. að sú afstaða og aðgerð hv. þm. hafi kostað flokkinn allnokkur atkvæði í þeim alþingiskosningum sem á eftir fóru. Ég skal ekki leggja mat á það, en ekki kæmi það mér á óvart.

Varðandi það síðan sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. átti ég von á því að hann reiddi fram upplýsingar og einhverja efnislega þætti varðandi þetta mál sem gætu skýrt stöðu þess fyrir þinginu. Hæstv. ráðherra sagðist ætla að fjalla um atriði í minni grg. og bæta þar við, en ég varð í rauninni ekki var við að þar kæmi fram neitt sem máli skipti af hálfu hæstv. ráðherra nema þetta eitt: Það er ekki tímabært að veita Alþingi og þjóðinni neinar frekari upplýsingar um þetta mál. Það má ekki trufla mennina sem eru að vinna að samningum á mínum vegum, svo ég leggi ráðherranum hæstv. orð í munn, á meðan þeir eru að vinna að sínu ætlunarverki næsta hálfa til heila árið. Þá fyrst er ástæða til að lyfta loki af þessari skjóðu og leyfa Alþingi að sjá innihaldið. Ætli við fáum þá ekki 3–4 vikur til að stimpla pakkann fyrir hæstv. ríkisstjórn ef áformin ganga upp.

Hæstv. ráðherra sagði að það hvíldi engin leynd yfir þessari vinnu. Hvað er að leynd hvíli yfir þáttum? Jú, það er vitað hverjir standa að samningum, en það er ekkert vitað um hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar aðrar en þær að útlendingar skuli eiga álverið. Orkuverðið er ríkisleyndarmál eða öllu heldur: það hefur ekki verið mótuð stefna um hvert þetta orkuverð skuli vera að lágmarki af stjórnvalda hálfu. Þeir hafa óútfyllta ávísun hvað snertir orkuverðið, fjórmenningarnir sem eru að ferðast um á vegum hæstv. iðnrh. til að reyna að efna í þennan pakka. Það er stjórnarformaður Landsvirkjunar sem á að hafa fyrsta og kannski síðasta orðið um hvert þetta orkuverð skuli vera.

Ég spyr hæstv. iðnrh. eftir því: Tekur hann undir þau ummæli stjórnarformanns Landsvirkjunar að raforkusamningurinn sem nú er í gildi við Ísal geti verið fordæmi í samningum um raforkusölu til þessarar hugsanlegu álbræðslu við Straumsvík? Ég tel að við eigum kröfu á að vita hvort það sé stefnumörkun af hálfu hæstv. ráðherra, raforkusamningur sem þannig er úr garði gerður að raungildi seldrar orku hefur lækkað um 25% á þremur árum frá því að samningurinn var gerður samkvæmt upplýsingum sem komu í dag inn á borð þingmanna í svari hæstv. iðnrh. við fsp. frá mér um þetta mál, raforka sem hefur lækkað um 25% í verði vegna þess hvernig frá málum er gengið og sem er langt, langt undir framleiðslukostnaði frá nýjum virkjunum eins og það var metið af hálfu Landsvirkjunar fyrir fimm árum.

Ég hef hér, virðulegur forseti, meðferðis ræðu sem starfsmaður Landsvirkjunar, aðstoðarforstjóri Jóhann Már Maríusson, flutti á ráðstefnu um stóriðju á vegum Verkfræðingafélags Íslands 26. nóv. 1987, þar sem hann fjallar um samkeppnisstöðu Íslands. Þar kemur fram m.a., svo ég aðeins vitni í ræðuna, með leyfi forseta, það sjónarmið sem svo er orðað:

„Því er spáð að orkuverð til álbræðslna muni fara hækkandi að raungildi í Evrópu á tímabilinu fram til næstu aldamóta en í öðrum heimshlutum muni orkuverðið standa nokkuð í stað að raungildi frá því sem nú er. Það virðist því vera líklegt að til þess að koma til greina í samkeppninni um ný álver þurfi Íslendingar að geta boðið rafmagnsverð sem liggur á bilinu 14–19 mill á kwst. á núgildandi verðlagi. Eins og áður segir liggur afstaða Landsvirkjunar ekki fyrir um það hvaða verð talist geti viðunandi hvað þetta varðar, en ljóst er að samkeppnisróðurinn verður harður.“ — Þetta var tilvitnun úr ræðu hv. aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, Jóhanns Más Maríussonar, um þessi efni.

Virðulegur forseti. Þegar rætt er um þessi mál hljóta menn að spyrja um þjóðhagslegt gildi framkvæmda af þessu tagi fyrir Ísland og þar þarf að líta til allra átta. Afstaða Alþb. til þessara mála hefur legið fyrir frá því að flokkurinn var stofnaður og frá því að Alþb. gerði á sínum vegum úttekt á þessum málum fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka og samþykkti á árinu 1976. Eftir þeirri stefnumörkun hefur Alþb. unnið fyrr og síðar. Það lítur á það sem grundvallaratriði að fyrirtæki í landinu séu undir öruggu forræði Íslendinga, að Íslendingar eigi a.m.k. meiri hlutann í öllum stórfyrirtækjum sem hér kynnu að verða reist fyrir nú utan minni fyrirtæki og að jafnaði eigi Íslendingar slík fyrirtæki einir. Slík fyrirtæki verða ekki reist, ef þau nýta íslensk hráefni og íslenska orku, nema að þau skili a.m.k. framleiðslukostnaðarverði eins og það verður í framtíðinni frá nýjum virkjunum, algjör forsenda í slíku máli. Síðan umhverfismálin, að frá þeim sé gengið með eðlilegum hætti, byggðamálin, allt eru þetta skýrar forsendur af okkar hálfu og hafa verið í umfjöllun um hugsanleg stærri fyrirtæki sem byggja á orkulindum landsins.

Það er því einkennilegt þegar talsmenn flokka eins og hv. 10. þm. Reykv. koma hér og hafa gleymt samþykktum síns eigin flokks og eru að reyna að bregða upp fölskum myndum af viðhorfum mínum og míns flokks til þessara mála fyrr á árum. Annað stendur í söguna skráð og í því efni, sem reitt var fram fyrir Alþingi á þessum árum, því það var ekki verið að fela hlutina í þann tíð í sambandi við það sem var þá til athugunar.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan til að fara viðurkenningarorðum um fyrrv. iðnrh. og áform hans við stóriðju. Ég hef hins vegar orðið þess vísari nú eftir að hafa hlustað á hans orð að honum þótti lofið ekki gott. Ég verð að játa að ég áttaði mig ekki alveg á þessari tilvísun þingmannsins til sagnfræðinga og þeirra rannsókna á því sem hann hefði gert eða sagt. Ansi er ég hræddur um að ef niðurstaða þeirra sagnfræðinga ætti að vera eitthvað í þeim dúr sem fyrrv. iðnrh. vildi vera láta í sínum orðum, þá

verði hann að ráða sovéska sagnfræðinga til að fá fram þá niðurstöðu.

Afstaða Alþb. hefur alltaf verið skýr í þessum málum, segir hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Því miður er ræðutíminn svo stuttur að ekki eru miklir möguleikar á að fara alveg ofan í það. En ég hygg að ég halli ekki á neinn þó að ég segi að enginn flokkur hefur haft stærri drauma um stóriðjuframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir en einmitt Alþb. í ríkisstjórn. Þegar Alþb. hefur komið í stjórnarandstöðu hafa þeir að vísu gjarnan snúið blaðinu við og talað um stóriðjuriddara í öðrum flokkum og eitthvað slíkt og eru þá búnir að gleyma öllum fyrri orðum. Síðan stendur þessi hv. þm. hér upp í öllu sínu minnisleysi um eigin aðgerðir og sakar aðra um að minni þeirra hafi brostið. Ég held að það væri ansi gott fyrir menn að rifja þetta svolítið betur upp.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um áldeiluna hér áður fyrr, en ráðherrann fyrrv. drap aðeins á hana. Um það get ég aðeins sagt að þeim mun meira sem ég hef fjallað um það mál, bæði á innlendri grund og erlendri, því betur hefur mér orðið ljóst hvílíkt gífurlegt tjón þessi fyrrv. iðnrh. vann landi og þjóð með því hvernig hann hélt á þessu máli, ekki bara á þeim tíma heldur líklega um alla framtíð. Hefði hann ekki dregið þá samninga sem þá voru möguleikar á að gera hefðu unnist við hækkun samningsins fjármunir sem líklega dygðu til að leggja bundið slitlag á alla vegi á Austurlandi svo að ekki væri meira talið. Mikil er því sekt ráðherrans fyrrv. í því máli. Ekki veit ég að hve miklu leyti honum var sjálfrátt og ég ætla ekki að fara mikið út í það, en því miður var tjónið mjög mikið.

Varðandi þáltill. vil ég aðeins koma inn á það að í öllum sínum gífurlegu áformum um stóriðju datt fyrrv. ráðherra ekki í hug að láta vinna þau mál á svipaðan hátt og hér er um að ræða og hann leggur nú til. Hér er talað um úttekt á arðsemi álbræðslunnar, á þjóðhagslegri hagkvæmni. Þetta hefði verið tilvalið að gera líka þegar ráðherrann var sjálfur við störf og hafði þræðina í sínum höndum. Nú telur hann meiri ástæðu til að gera þetta og ekki skal ég draga úr því. Hins vegar hefur verið unnin skýrsla og verið gerðar ýmsar athuganir á hagkvæmni stóriðju.

Síðan er kveðið á um áhrif af byggingu orkuveranna á íslenskt efnahagslíf og þenslu og skuldastöðu. Ekki hefði verið síður ástæða til að athuga þetta miðað við þau gríðarlegu áform sem fyrrv. iðnrh. hafði uppi þegar hann fékkst við þessi mál.

Áhrif á byggðaþróun í landinu. Nú hefur forsrh. nýlega falið Byggðastofnun að gera algera úttekt á byggðaþróun í landinu. Ekki þykir mér ólíklegt að það megi taka það inn undir. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir að sjá glottsvipinn á þessum hv. þm. þegar minnst er á þá skýrslu. Ég hélt að hann hefði áhuga á byggðamálum og hefði áhuga á að tekið væri á þeim málum, upplýsingum safnað og reynt að vinna þessi mál. En nú ver hann sig með vandræðalegum hlátri úr sæti sínu.

Ég held að orkumálin séu þannig að raforkuverðið sé samningsatriði og menn hljóta að sjá að ekki verður samið um það hér úr sölum Alþingis. Það mál verður vafalaust til mikillar umræðu, bæði hér og víðar í þjóðfélaginu, áður en til ákvörðunar kemur. Varðandi aðild útlendinga og eignaraðild skal ég fúslega segja það að ég hefði kosið að Íslendingar ættu eignarhlut í þessu álveri, þessari stækkun og í þeim stóriðjufyrirtækjum sem hér rísa, ekki endilega ríkisstjórnin heldur Íslendingar almennt, fyrirtæki, einstaklingar og aðrir slíkir. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að hér er um svo gífurlega fjármuni að ræða að jafnvel þó að ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vildum láta okkur dreyma stóra drauma um það verður þar kannski ekki miklu við spornað. Sjálfsagt er hins vegar að athuga það. Enn er það inni í myndinni, a.m.k. á fyrstu skrefum, að það er ekki útilokað að Íslendingar komi inn í þetta hvernig sem tekst að tefla úr því og skal ég ekki leggja dóm á það.

Hins vegar er stefnan varðandi virk yfirráð ekki bara byggð á eignaraðild. Við sjáum af ýmsu öðru að ekki er einu sinni nægilegt að eiga meiri hluta ef menn ekki halda á virkum yfirráðum á öðrum sviðum. Þar koma svo fjölmörg önnur atriði inn í myndina, eins og ég veit að fyrrv. iðnrh. þekkir, sem hægt er að halda og skipta máli og þarf að skoða sérstaklega.

Þjóðhagsleg hagkvæmni stóriðju getur verið mikil ef samningar eru góðir. Ég hygg að Íslendingar þurfi að veiða u.þ.b. 700 þús. til 1 millj. tonn af loðnu á ári til að afla þess gjaldeyris sem álverið þó færir íslenskum þjóðarbúskap nú. Einu sinni hafði þessi ráðherra einhver orð um að það mætti loka því. Þá þyrftu menn að afla þess gjaldeyris á annan hátt. Þarna er því um stóra hluti að ræða.

Til eru tölur um það að stækkun álvers gæti greitt Blönduvirkjun algerlega upp á 19–20 árum. Á þeim tíma fengju Íslendingar kannski ekki mikinn arð af Blönduvirkjun, en 100 ár eftir það mundi Blönduvirkjun standa og mala gull fyrir komandi kynslóðir og eiga hlutdeild að því að lækka þannig orkuverð í framtíðinni.

Það er engin spurning um það að álverið greiðir tiltölulega há laun miðað við önnur fyrirtæki í landinu. Starfsaldur manna þar er langur, það er biðlisti eftir að fá þar vinnu, það er eftirsótt. Ég held því að menn verði líka að sjá jákvæðu hlutina í þessu samhengi þó að ég enn á ný ítreki að hér er um að ræða viðræður sem enginn getur enn fullyrt um til hvers leiða. Í þessa byggingu verður auðvitað ekki ráðist nema menn komist að þeirri niðurstöðu að það sé landi og þjóð til góðs. Stóriðjuframkvæmdir eru einn af þeim þáttum sem Íslendingar hljóta að hafa opin augu fyrir til að tryggja atvinnu- og efnahagslíf í framtíðinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hefur farið fram athyglisverð umræða um þessa tillögu okkar alþýðubandalagsmanna um úttekt á hugmyndum um nýja álbræðslu.

Sérstaklega þótti mér með endemum, liggur mér við að segja, málflutningur hv. 10. þm. Reykv. Guðmundar G. Þórarinssonar. Það er alltaf nokkur sérkennilegt þegar menn nota svo til allan ræðutíma sinn í það að tala um allt annað en það sem maður á yfirleitt von á þegar þm. stíga í pontu og taka til máls, þ.e. að þeir lýsi í einhverju afstöðu sinni eða síns flokks.

Hv. þm. tók þann kost að taka svo til allan ræðutíma sinn í að ræða um eða fyrir Alþb. og er það svo sem ágætt. Ég hef þá tilfinningu að það sé til mikilla bóta að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, 10. þm. Reykv., láti sem mest á sér bera í sambandi við stóriðju- og orkumál og muni ævinlega eftir því, ef hann vildi vera svo vænn, að taka það fram að hann sé í Framsfl. Ég vil gjarnan að við njótum þess, aðrir flokkar í stjórnmálaheiminum, að þessi hv. þm. spreyti sig og þá gjarnan með jafnglæsilegum árangri og hann gerði fyrir hönd síns flokks þegar hann hljóp fyrir borð á sínum tíma þegar verið var að knýja fram hækkun á raforkuverði til Landsvirkjunar frá Ísal. Sú sneypulega frammistaða er að fróðra manna sögn talin hafa kostað Framsfl. þúsundir atkvæða og bakað flokknum ómælda sneypu og skömm sem hann býr jafnvel enn að og er hugsanlegt að rifjist upp fyrir mönnum ef þessi hv. þm. er jafnötull við að láta á sér bera í þessum málum.

Það er eitt atriði sem ég teldi eðlilegt að spyrja hv. þm. Framsfl. hér að og ég átti reyndar von á því að hv. 10. þm. Reykv. mundi víkja að því einu eða tveimur orðum. Það er þetta — og hér er nú mættur hv. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson sem er í Framsfl. og hefur kannski einhverja skoðun á þessu máli: Er Framsfl. spenntur fyrir hugmyndum um nýtt risaálver í Straumsvík í ljósi þeirrar stöðu sem byggðamálin eru í í landinu, í ljósi fólksflóttans af landsbyggðinni, erfiðleika atvinnulífsins úti á landi? Telur Framsfl. það vænlega og heppilega fjárfestingu í íslenska þjóðfélaginu að um 40 milljörðum kr. verði bætt við erlendar skuldir Íslendinga — því að þannig er það fært — til að reisa eitt risastóriðjuver, risaatvinnufyrirtæki á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem mun skapa 400–500 manns atvinnu að staðaldri og jafnvel þúsundum á byggingartíma? M.ö.o., herra forseti, 1–2 meðalkaupstaðir utan af landi gætu flust á einu bretti á Reykjavíkursvæðið til þess eins að starfa við þetta nýja risaálver, 3–4 kauptún mætti flytja á einu bretti og skaffa öllu því fólki vinnu við þetta nýja álver. Svo ekki sé minnst á efnahagslegu áhrifin og þau áhrif sem þetta hlyti að hafa á vinnumarkaðinn og þensluna að öðru leyti.

Ég hefði talið fróðlegt að fá að heyra í svo sem eins og einum landsbyggðarþm. Framsfl. eða jafnvel annarra stjórnarflokka — ef þeir hafa á þeim málum einhverja skoðun — um það hvort mikil stemming sé fyrir þessu innan ríkisstjórnarflokkanna í heild og þá með sérstöku tilliti til byggðamálanna og þróunarinnar þar.

Ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er hér nærri ætla ég að segja honum það að ástæðan fyrir því að okkur varð á að brosa, nokkrum hv. þm., þegar hann nefndi bréf forsrh. til Byggðastofnunar er sú að Byggðastofnun heitir einu sinni Byggðastofnun vegna þess að hún á að sinna byggðamálunum. Og það á ekki að þurfa að skrifa þeirri ágætu stofnun neitt sérstakt bréf til að hún sinni sínu verkefni og fari yfir það og fylgist með því hvernig byggðaþróunin stendur á hverjum tíma.

Það er einhver mesti brandari sem þessi annars lítt gamansami hæstv. forsrh. hefur hitt á á sennilega allri samanlagðri ævi sinni þegar hann tók sér það fyrir hendur sem forsrh. og yfirmaður Byggðastofnunar að skrifa henni bréf, þessari stofnun, Byggðastofnun, til að biðja hana að athuga byggðamál. Hvað heldur annars hæstv. forsrh. að Byggðastofnun sé að gera og eigi að vera að gera yfirleitt? Það mætti halda að hæstv. forsrh. skilji ekki íslensku úr því að meira að segja nafnið á stofnuninni segir honum ekki nóg til að átta sig á þessu.

Stefna Alþb. í þessum efnum hefur verið alveg skýr, skorið Alþb. frá öðrum flokkum. Það sem við höfum lagt megináherslu á í þessum efnum er tvennt: Það er óskert, óskorað íslenskt forræði yfir öllu íslensku atvinnulífi. Það á við hér eins og annars staðar. Og í öðru lagi hvað orkumálin og orkusölu til atvinnulífsins, stóriðju sem annarra aðila, snertir, að eðlilegt verð sé greitt fyrir raforkuna.

Það sem hefur skilið algerlega á milli Alþb. og t.d. hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og annarra slíkra er að við höfum alfarið neitað því að framleiða orku og gefa hana útlendingum, erlendum auðhringum eða öðrum. Við höfnum þeirri stefnu sem var innleidd með tilkomu álversins í Straumsvík á sínum tíma að taka íslenskar auðlindir og verja nýtingu þeirra í þágu erlendra auðhringa í formi undirverðs á raforkunni sem síðan er borin uppi með niðurgreiðslum innlendra notenda. Um þetta snýst málið í raun og veru, hæstv. iðnrh., hversu ákaft sem höfuð þitt hristist. Við munum aldrei standa að slíkri gjörð og nóg er komið af slíku, að ráðist sé í þessar miklu fjárfestingar, að hagkvæmustu virkjunarkostir landsmanna sem gengið er á fyrst séu teknir til að framleiða raforku sem seld er undir kostnaðarverði til erlendra auðhringa og munurinn borinn uppi af innlendum notendum.

Hvað Blönduvirkjun varðar má upplýsa það fyrir hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, sem greinilega á ýmislegt ólært í þessum efnum þrátt fyrir öll störf sín í stóriðjunefndum og hvað það nú heitir, að núgildandi áform Landsvirkjunar gera ráð fyrir því að greiða upp allar skuldir af Blönduvirkjun fyrir árið 2000. Það þarf því enga erlenda stóriðju til.

Herra forseti. Aðalerindi mitt hingað upp var að láta á það reyna hvort hægt væri að fá nokkrar upplýsingar um það úr herbúðum Framsfl. hvernig stemmningin væri í Framsfl. um þessi áform um risaálver á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni þykir mér rétt að koma aðeins inn á þessi mál, ekki út frá því að ég telji þáltill. út af fyrir sig tímamót í þessu máli nema síður sé. En ég vildi láta það koma hér fram í sambandi við þessar umræður um stóriðju eða nýtt álver að það er mín skoðun og ég geri ráð fyrir að það eigi við flesta í mínum flokki að það sé varla forsvaranlegt að ný stóriðja, eins og t.d. álverið sem hér er um rætt, sé byggð upp með því að ekki sé fyrir næg afgangsorka í landinu fyrir almenna notkun á viðráðanlegu verði. Ég tel að nýjar virkjanir vegna stóriðju einar sérstaklega megi alls ekki verða til þess að hækka orkuverðið til almennra nota í landinu. Þvert á móti þarf að tryggja að slík áform séu grundvöllur til lækkunar orkuverðs. Ef þessa er ekki gætt verður örugglega erfiðara að bæta lífskjörin í landinu sem allir eru sammála um að þurfi að gera.

Þess vegna er alveg ljóst að hér þarf að vanda vel til verka, skoða þjóðhagslegt mat o.s.frv. Það er því ofur eðlilegt að þm. og raunar þjóðin öll vilji fá að fylgjast vel með áformum og möguleikum í þessum málum. Þess vegna tel ég að opin umræða um stóriðju og allt sem henni fylgir sé nauðsynleg og ég get alveg fullvissað hv. síðasta ræðumann um það. Framsfl. leggst ekki gegn því að úttekt sé gerð á þessum málum og það sé lagt á borðið hvað sé hagkvæmt varðandi nýja stóriðju og hver áhrif hennar verði á íslenskt þjóðlíf. Ég held að við værum ákaflega illa sett, þjóðin í heild og allir stjórnmálaflokkar, ef ekki yrði reynt að skoða og leita leiða til að ná fram mestum möguleikum fyrir framtíð þessa þjóðfélags á hvaða sviði sem er. Auðvitað munum við byggja fylgi við áform á þessu sviði á þeirri niðurstöðu sem fyrir liggur um þjóðhagslegt gildi þessa máls.

Þetta er í mínum huga það sem eðlilegt er að láta í ljós um þessi mál á þessu stigi. Við höfum ekki fest okkur í einu eða neinu um þessi mál annað en að við viljum láta skoða þetta og við viljum leggja því lið að það komi fram hvað er þjóðhagslega hagstætt fyrir Ísland á þessu sviði. En það er alveg ljóst að við verðum að miða aðgerðir á þessu sviði við það að sú orka sem allir eru sammála um að er eitt af þýðingarmestu atriðum í okkar þjóðfélagi verði á viðunandi verði fyrir almenning og almennan rekstur í landinu. Ef við hins vegar ætlum að fara að gera einhverjar ráðstafanir í stóriðju sem virka þveröfugt, þá er þar komið mat sem þarf að taka tillit til og ég segi fyrir mig að ég legg áherslu á að einmitt þetta fari saman.

Hvað byggðamál og annað snertir þarf ekki að blanda því í þessa umræðu. Við skiljum sjálfsagt flestir þm., í hvaða flokki sem við erum, nauðsyn þess að snúa við þeirri þróun sem nú blasir við í byggðamálum og við munum standa að því með öllum ráðum. En ég taldi nauðsynlegt að koma aðeins inn á þetta, herra forseti.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Við lok þessarar umræðu vek ég athygli á því að frá hæstv. iðnrh. hefur ekki komið orð um það raforkuverð sem stjórnvöld hefðu í huga, ef einhver stefna liggur fyrir, varðandi raforkusölu til þessarar risaálbræðslu.

Vegna orða sem komu fram í seinni ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar vil ég enn og aftur vísa hv. þm. á að taka niður úr hillum, ef hann á, grg. sem iðnrn. sendi Alþingi reglubundið varðandi athugun á nýtingu innlendrar orku, þar á meðal um áhrif af fjárfestingum, því það var sannarlega á því tekið og það bar nokkuð á því að stjórnarandstaðan kveinkaði sér undan því efni sem barst hér inn í þingsali vegna þess að menn höfðu ekki áhuga á að kynna sér það og það passaði ekki í áróðurskvörnina á þeim tíma.

Og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson kemur hér með gamla lummu um einhverja till. varðandi líftæknimál sem hafi týnst. Það var fyrrv. hæstv. iðnrh. Sverrir Hermannsson sem kom með rangar upplýsingar inn í þingsali um það mál og hafði ekki fyrir því að leiðrétta það þegar annað var leitt í ljós af starfsmönnum iðnrn. Viðkomandi till., sem samþykkt var hér um líftækni, var ekki stungið undir stól. Henni var komið til Iðntæknistofnunar skömmu eftir að hún var samþykkt í þinginu og það voru rangar upplýsingar sem þáverandi hæstv. iðnrh. bar hér fram og tíundaðar voru um þetta efni. Þetta var ekki stórt mál, en þetta er kannski svolítið dæmigert um hvernig menn reyna að lifa á rangfærslum úr fortíðinni í stað þess að taka á þeim stóru málum sem hér eru til umræðu varðandi nútíð og framtíð.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Það var ekki mín ætlan að taka aftur til máls í þessari umræðu, enda sá ég ekki nokkra ástæðu til þess satt að segja, en hv. 1. flm. hefur enn á ný spurt um orkuverðið. Ég hélt að það hefði komið fram í minni ræðu fyrr að það liggur ekki fyrir að nefna neinar tölur. Hv. þm. hefur nefnt 12,5–13 mill. Það eru ekki tölur sem hafa verið á sveimi í þessu máli. Hann nefndi síðan í annarri ræðu sinni ummæli Jóhanns Más, aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, sem voru 14–19 mill. Ég gæti miklu fremur trúað því að það væri nær sanni.

Aðalatriði málsins er að það koma svo margar leiðir til greina. Orkuverðið er til að mynda háð því hvernig aðrir samningar verða, um skatta, um framleiðslugjald, um það til að mynda hver á að fjármagna virkjanirnar, sem auðvitað kemur til greina að sé gert með ýmsum hætti, og hver eigi að taka áhættu af vaxtabreytingum o.s.frv. o.s.frv. Að ímynda sér það af manni með þá reynslu sem hv. þm. hefur að við teflum fram með eitthvert ákveðið orkuverð (**HG:** Framleiðslukostnaðarverð.) er alveg út í bláinn. Og líka það að nefna framleiðslukostnaðarverð nýrra virkjana er líka út í bláinn að mínu viti.

Það er út í bláinn. Ég get endurtekið það fyrir hv. þm. Það er vísasti vegurinn, ef menn ætla að fara að reikna sig þannig fram, að þá ætla menn ekki að ná samningum um þetta mál.

Í öðru lagi tel ég rétt að það komi hér fram að þegar talað er um hagkvæma virkjunarkosti og að verið sé að gefa orkuna auðhringum er þetta auðvitað alveg út í bláinn. Þetta mál var tekið út og hefur náttúrlega oft verið tekið út. Það liggur fyrir að árin 1986–1987 hafi Ísal greitt upp þann hluta Búrfellsmannvirkjanna sem tengjast rekstri Ísals, en það er gert ráð fyrir því að 8–9 árum seinna muni Ísal hafa greitt upp öll Búrfellsmannvirki, þ.e. Búrfellsvirkjun, háspennulínur, gasaflstöð í Straumsvík og miðlunarmannvirki á Þjórsársvæðinu, allt saman. En þeir nýta ekki hins vegar nema hluta af orkunni, það er sjálfsagt um 70% af því sem kemur frá Búrfellsvirkjun.

Þetta verða menn að hafa í huga. Enn fremur vil ég minna á hitt að Landsvirkjun áætli að vera búin að greiða niður allar sínar skuldir og Blönduvirkjun líka um aldamótin. Þetta er rangt. Það hefur margoft verið leiðrétt hér. Ég hef a.m.k. tvívegis leiðrétt þetta hér í umræðum á Alþingi. Í þeirra áætlunum gera þeir fyrir lækkun orkuverðs um 3% á ári og að greiða 1/20 á hverju ári, þ.e. af skuldinni eins og hún er á hverju ári. Það mun þýða að um aldamótin skuldi þeir væntanlega um 70% af þeim skuldum sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon var að nefna í sinni ræðu. Þetta verða menn að hafa í huga og er sjálfsagt að gera þetta þannig af því að líftími virkjananna er langur. Þetta leiðrétti ég hér með í þriðja sinn.

Ég ætla ekki að ræða um þau atriði sem fóru á milli þeirra hv. þm. og hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar um forræði og virk yfirráð. Það er gömul umræða. Það þekkjum við, ég og hv. þm., frá því þegar við lögðum saman í eitt púkk og notuðum orðalag á borð við þetta. Það má vel vera að við höfum skilið það sitt hvorum skilningnum, en það gekk ágætlega að koma saman einni þál. þar sem þetta orðalag var nefnt, kannski vegna þess að ég legg meira upp úr því að yfirráðin séu á grundvelli laga og samninga, en hv. þm. leggur ævinlega upp úr sjálfri eignaraðildinni.

Það sem ég vil segja að lokum er þetta: Með framkvæmdinni skapast atvinna á virkjunarsvæðum um land allt. Orkustofnun er með sínar rannsóknir í gangi um aðra virkjunarkosti en nefndir hafa verið. Það eru afleidd áhrif af álverinu, m.a. í kjördæmi hv. þm. Ég rifja upp að á Seyðisfirði eru smíðuð ker fyrir álverið og veita mönnum þar atvinnu. Ég minni á að orkuframleiðslan er íslensk grein og Suðurland er svæði þar sem því miður hefur gætt atvinnuleysis.

Ég minni á það út af samkeppni við erlenda aðila að það er ekki lengur um að ræða samkeppni um staði innan lands. Samkeppnin er um það að við teflum fram hagstæðasta kostinum á móti þeim sem við erum að keppa við sem eru aðilar til að mynda í Suður-Ameríku, Arabaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja-Sjálandi svo ég nefni dæmi um lönd.

Alþt. 1987. B. (110. löggjafarþing).

Það hefur ekkert verið rætt hérna, en kemur fram í grg. um Evrópubandalagið, að það skiptir okkur máli að við tengjumst því með þessum hætti í viðskiptum. Það er heppilegt fyrir okkur að eiga viðskipti við þetta bandalag þegar innri markaðurinn opnast 1992. Við verðum auðvitað að fylgjast vel með því. Þetta er vettvangur þar sem er mjög þægilegt og gott einmitt að efna til viðskipta við fyrirtækin í Evrópu því við njótum tollfríðinda og það höfum við fram yfir þjóðir sem eru utan Evrópusvæðisins, þ.e. EFTA/EB-svæðisins. Það eigum við að nýta okkur í atvinnuskyni til að bæta lífskjörin.

Það sem hins vegar skiptir öllu máli, og það er hægt að afgreiða í einni eða tveimur setningum, er þetta: Flm. till. tilheyra stjórnmálaflokki sem er á móti því að erlendir aðilar eigi meiri hluta að þessu álveri. Sú stefna hefur hins vegar verið mörkuð af þremur stærstu stjórnmálaflokkunum sem nú hafa myndað ríkisstjórn og fara með völdin og bera ábyrgð á þeim völdum með sínum þingmeirihluta. Á þetta vil ég benda vegna þess að flm. eru fyrir fram á móti því sem þarna er verið að gera. Þeir eru fyrir fram á móti því ásamt Kvennalistanum sem hefur jafnframt lýst yfir að hann sé algjörlega á móti stóriðju að því að manni skilst almennt og alveg sama hvernig hún lítur út, í bak eða fyrir. Það er þeirra „feminismi“ að vera á móti stóriðju og skiptir víst engu máli hvort lífskjörin batna eða ekki af þeim sökum.

Ég held, herra forseti, að það sé ástæðulaust að orðlengja frekar um þetta. Ég býst við því að þessari till. hafi verið varpað hérna inn á þingið til að fá þessar umræður. Þær hafa orðið. Málið gengur að sjálfsögðu til nefndar og sofnar þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum, fyrri umr.

Þáltill. GHelg, 412. mál. — Þskj. 759.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram till. til þál. sem er að finna á þskj. 759 og er 412. mál þingsins. Till. fjallar um könnun á handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla nr. 63/1974. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna áhrif laga um grunnskóla frá 21. maí 1974 á handmenntakennslu grunnskólabarna.

Nefndinni skal jafnframt falið að gera tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Nefndin skili skýrslu fyrir árslok 1988 og skal hún lögð fram í sameinuðu Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Flestum skólamönnum ber saman um að grunnskólalögin frá 1974 hafi verið þörf og að mörgu leyti bætt grunnskólakennslu í landinu. Við lestur þessa mikla lagabálks sýnist flest skynsamlegt sem þar má lesa um markmið og meginstefnu í uppeldi ungra Íslendinga jafnt til munns og handa. Væri vel ef framkvæmd þessara laga hefði tekist jafn vel og lagasetningin.

Vafalaust hefur margt tekist vel, en lítill vafi leikur á því að þáttur handavinnu og hagleiks hefur orðið illa úti eftir þessa lagabreytingu og á ég þar þá ekki síst við handavinnu stúlkna. Nú geri ég mér grein fyrir alltyfirskyggjandi jafnréttisstefnu sem ríkja átti í handavinnukennslu pilta og stúlkna, en einmitt þar hygg ég að vandræðin hafi hafist.

Í 42. gr. laganna eru taldir upp þeir kennsluþættir sem nauðsynlegir eru til að nám í öllum bekkjum skólans, eins og þar segir, með leyfi forseta, „tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna." Menntmrn. setur grunnskólum aðalnámsskrá þar sem kveðið skal nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, en auk þess skal setja sérstök ákvæði um ákveðnar greinar. Þar á meðal er í lið c í greininni nefnt, með leyfi forseta, „þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum". Í sömu grein laganna eru svo ákvæði um að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda. Er sú grein ekki hvað síst athyglisverð.

Ég harma, virðulegi forseti, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur, en við því verður ekki gert þar sem hann mun vera erlendis. En ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á að framkvæmdin hefur víðast hvar orðið á þann veg að orðið hefur að skipta bekkjardeildum í tvennt og kenna sama námsefnið tvisvar á sama kennsluári. Tímafjöldi var ekki aukinn svo að nemandinn fær helmingi minni kennslu í því sem hann átti áður kost á. Þiltar fá helmingi minni kennslu í smíðum og stúlkur helmingi minni kennslu í saumum og þeirri handmennt sem stúlkur einar fengu kennslu í áður.

Í grein sem Arndís Jónsdóttir, kennari og varaþingmaður, birti í Morgunblaðinu og fylgir með till. hér sem fskj. með góðfúslegu leyfi höfundar, segir svo, með leyfi forseta, en Arndís hefur kennt handmennt um árabil:

„Það er erfitt að fallast á réttmæti þess að skerða gamalgróna og hagnýta námsgrein eins og handmennt um helming með lagaboði. Þetta hefur nú samt víðast hvar gerst með grunnskólalögunum. Þar er gert ráð fyrir að drengir og stúlkur fái sama námsefni í handmennt. Greinin er þannig að ekki er hægt að kenna stórum bekkjardeildum í einu. Þá er farið að skipta bekkjunum í tvennt eftir stafrófsröð og kennarinn verður að kenna sama námsefnið tvisvar sama veturinn og kemst því helmingi skemur með nemendurna. Það gleymdist að auka tímafjöldann í greininni.

Hvaða afleiðingar hefur svo þessi helmings niðurskurður?", heldur varaþingmaðurinn áfram. „Árangurinn hlýtur að verða að sama skapi minni. Kennarinn situr uppi með særðan metnað og ónotaða þekkingu. Þessi tiltekna námsgrein reynist líka svo viðkvæm í framkvæmd að þegar þrýsta á öllum til að læra það sama verður ástandið þannig að greinin leggst niður. Á hverju ári heyrum við nú auglýst eftir handmenntakennurum víða um land. Víða sér réttindalaust fólk um handmenntakennsluna meðan aðeins brot menntaðra handmenntakennara fæst við kennslu í greininni. Þó að kennarar tali oft um lág laun skipta starfsskilyrði þeirra líka máli. Þeir vilja sjá einhvern raunhæfan árangur af starfi sínu.

Auðvitað erum við öll sammála um að gefa skuli drengjum og stúlkum jöfn tækifæri til náms. Gaman væri líka að eiga dætur sem kynnu bæði að smíða borð og sauma og syni sem kynnu bæði að hefla og hekla. Þessu takmarki verður ekki bara náð með því að gera kennsluna í þessu öllu svo litla að ekkert sé hægt að læra að ráði. Í þessari grein er líka erfitt að þvinga fólk og þess vegna hlýtur að þurfa að leysa þetta að einhverju leyti með vali. Eftir 20 ára kennsluferil í grunnskóla, að mestu í handmennt, tel ég að hér hafi orðið stórt slys." — Og lýkur þá tilvitnun í grein Arndísar Jónsdóttur.

Þessi þróun er að mínu mati stórhættuleg. Í fyrsta lagi tel ég það mikilvægt menntunaratriði að fólk kunni að nota á sér hendurnar til að skapa verðmæti, efla hugarflug sitt og ekki síst að hafa ofan af fyrir sér. Einhvern tímann verða allir gamlir og eignast allan tíma sinn. Það er engin tilviljun að sá hópur er hvað drýgstur við handíðir og stendur raunar undir stórkostlegum útflutningi á ullarvöru. Þetta fólk nýtur þeirrar kunnáttu í handmennt sem það lærði í æsku og talin var undirstaða almennrar menntunar hvers einstaklings.

Í öðru lagi er með þessari þróun enn örvuð óhófleg neysla og kaup á rándýrri fjöldaframleiðslu sem vitanlega er endingarverri en handunnin vara. Gróðaöflunum og milliliðunum er fátt betra gert en þetta. Þeim þætti skal ekki gleymt sem léleg handmenntakennsla veldur í samfélaginu. Á þeim stutta tíma sem menn hafa til eigin iðju utan langs vinnutíma gefst ekki rúm fyrir tilraunastarfsemi í handverki. Léleg verkkunnátta veldur því að menn hyllast til að kasta því sem viðgerðar þarfnast og kaupa nýtt í þess stað og nýsköpun verðmæta á heimilunum verður æ fátæklegri. Má nærri geta hver áhrif rekja má til þessa þegar litið er til þenslunnar í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi er fátt þýðingarmeira fyrir framtíð hönnunar í landinu en góð undirstaða í meðferð þeirra efna sem við höfum von um að geta unnið

söluvöru úr, og næmi fyrir línum og formi. Þessi undirstöðuatriði er of seint að byrja að kenna fólki þegar í iðn- og tækniskóla er komið.

Á ráðstefnu um listir og menningarmál á vegum Alþb. sl. vor vék einn kunnasti iðnhönnuður landsins, Valdimar Harðarson, einmitt að augljósum skorti á þessum þætti grunnskólakennslu og taldi það há mjög allri kennslu í hönnun hér á landi.

Það er alveg ljóst að þessum kennsluþætti hefur hrakað mjög og úr því þarf að bæta. Með þeirri ákvörðun, sem tekin var um að bæði kyn skyldu hljóta sömu kennslu í handíðum, var nauðsynlegt að fjölga kennslustundum að sama skapi. Það var hins vegar ekki gert og því er ástandið eins og það er nú og hygg ég að margt foreldrið í landinu horfi upp á þá raunasögu sem handavinnukennsla er þar sem litlir strákar koma heim með bögglaðar tuskur sem þeir eru að reyna að sauma og stelpur með klaufalega smíðahluti sem aldrei verða til nokkurs gagns og kunnáttan engin. Börnin fá einfaldlega of litla kennslu í handíðum.

Jafnréttisráð, er mér kunnugt um og ég hef fengið upplýsingar um það, hefur lagt á það allt kapp að að þessu sé farið, að kennslunni sé skipt jafnt milli nemenda og krafist skýrslu árlega frá skólum, a.m.k. hér í Reykjavík, um að þetta sé gert. Því hefur hins vegar algerlega láðst að athuga hvort eitthvert gagn sé í þessari kennslu og það hefur gleymt að leggja á það áherslu að auka þurfi kennsluna en ekki minnka hana.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að mínu mati að kannað sé sem fyrst hvernig raunveruleg staða handmenntakennslu sé í grunnskólakerfinu og tillögur til úrbóta gerðar sé þess talin þörf. Íslendingar hafa ekki efni á að dragast frekar aftur úr öðrum þjóðum í verkmennt og sé hætta á því þolir sú könnun enga bið. Grunnskólalögin munu nú vera í endurskoðun og er óvíst hvenær henni lýkur. Full ástæða er því til að rannsaka þann þátt grunnskólakennslunnar er lýtur að handmennt nú þegar og til þess er þessi till. til þál. flutt.

Þess má geta að könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar á íslensku skólakerfi á árinu 1986 leiddi í ljós að tækniþekkingu kynni að vera ábótavant meðal íslenskra námsmanna. Ég held að mér sé einnig óhætt að fullyrða að annar hver handmenntakennari í landinu hafi haft við mig samband út af þessu máli. Það er hárrétt, sem fram kemur í grein Arndísar Jónsdóttur, að handavinnukennarar hafa óþægilega tilfinningu um að það starf sem þeir eru að inna af hendi sé ekki til nokkurs gagns.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki nákvæmlega fylgst með tíma mínum, en mín er mjög freistað til að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu 16. febr. sl. og ber nafnið „Skaðsemi velmegunar. Hugleiðing um stöðu mannsins í tæknivæddri veröld." og er eftir Magnús Skúlason geðlækni, en þar segir hann m.a.:

„Maðurinn sem vera í heiminum einkennist af miklum andstæðum, og tilvera hans og hlutskipti virðist mörgum fjarstæðukennt fyrirbæri. Maðurinn er örsmár og vanmegnugur andspænis hrikaleik náttúrunnar, hamförum sögunnar og óravídd rúms og tíma. Æviskeið hvers okkar er sem andrá, endalokin eru í örskotsnánd. Allt getur brugðist okkur nema það. Maðurinn býr að öðru leyti við algera spurn og óvissu um eðli sitt og tilgang og um eðli og tilgang allrar tilverunnar. Hann veit ekki af hverju hann er til, né heldur veröldin, hann veit ekki hvaðan hann kemur né hvert ferðinni er heitið. Stöðug undrun er því við hæfi. (Þó að oft sé nú undraverður skortur á henni.) Óttinn er órjúfanlega samofinn mannlegu hlutskipti, en um leið vonir og þrár eftir tilgangi og innri sátt þrátt fyrir allt."

Síðan segir Magnús Skúlason geðlæknir um félagslegan veruleika:

„Hlutskipti mannsins er þannig í eðli sínu nokkuð þungt á köflum. Með manninum takast á frumstæðar eðlishvatir og andlegar þarfir. Hann er í senn einstaklingur og félagsvera. Hann einkennist af útrásarþörf og sköpunarþörf, þörf á starfi og þörf á kærleika. Í óhæfilegri félagslegri og andlegri einangrun og án fullnægjandi viðfangsefna eða útrásar fyrir orku sína er maðurinn illa staddur. Þó að einstaklingurinn sé e.t.v. með réttu lofsunginn sem einhvers konar tilvistarleg grunnforsenda eða brennidepill vitundar um veruleikann, þá er þessi „lifandi brennidepill" eða neisti skærastur í snertiflötum mannlegra samskipta, tjáskipta og tengsla í óteljandi tilbrigðum og verðugra viðfangsefna."

Að lokum segir geðlæknirinn um nauðsyn listarinnar, með leyfi forseta:

„Ekki verður skilið við þessa umræðu um varðveislu menningar og heilbrigðis án þess að drepa rétt aðeins á listir og hlutverk þeirra, og hér er átt við allt í senn, bókmenntir, myndlist, tónlist, leiklist, kvikmyndalist o.s.frv. og enn fremur bæði listsköpun og listnautn eftir atvikum. Listin dýpkar og þroskar mannsandann, skyn mannsins á fegurð og ljótleika, eykur skilning og ábyrgð mannsins á sjálfum sér og veröldinni og virðingu fyrir tilverunni, hæfni til að takast á við hana — og skilja tilganginn í lífinu. Ég leyfi mér að fullyrða að listin sé í senn heilsufarsleg nauðsyn og ein meginforsenda mannlegs samfélags og virðist mér langt frá því að þorri manna, stjórnvöld og fjölmiðlar hafi gert sér viðhlítandi grein fyrir þessu. Ráða þarf bót á því. Meðal annars þarf að skapa öllum tíma frá brauðstriti og búksorgum til að ástunda og rækta lífsnauðsynleg menningarverðmæti, listir og önnur holl hugðarefni" — og lýkur þar með tilvitnunum mínum í grein Magnúsar Skúlasonar geðlæknis.

En því leyfi ég mér að vitna í þessa merku grein að undirstaða þess að menn hafi hæfni til að njóta listar, til að skapa list er að sá eiginleiki þeirra sé ræktaður frá fyrstu byrjun strax í forskóla, í grunnskólanum og í framhaldsskólanum. Þetta má ekki vanrækja og ég held að hv. þm., eftir heldur lágkúrulega umræðu sem fór hér fram áðan um annað stórmál í lífi þjóðarinnar, sem eru orkumálin, ættu að fá sér Morgunblaðið frá 16. febr. 1988 og

lesa þessa grein Magnúsar Skúlasonar því að orkumál snúast heldur ekki aðeins um aukna velmegun eins og menn sögðu hér hvað eftir annað áðan, a.m.k. ekki nema sú velmegun sé skilgreind, hver sú velmegun er. Hærri laun og meiri eyðsla eru nefnilega ekki endilega velmegun. Ýmislegt annað þarf að koma til.

Ég held að það mál sem ég hef hér gert að umræðuefni sé stórmál sem þarf að sinna af fullri alvöru. Það er verið að taka einn merkan þátt út úr menntakerfi þjóðarinnar, sem sagt þann þátt sem er frumhæfni manneskjunnar til að nota hendur sínar til að skapa verðmæti sér til yndis og ánægju og gagns við hvert það starf sem maðurinn kann síðar að inna af höndum.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. flm. af stöðu handmenntakennslu í grunnskólum eftir gildistöku laga um grunnskóla. Sú breyting sem gerð var var vissulega réttmæt og eðlileg að því leyti að piltar og stúlkur fái kennslu í sama námsefni, en það er spurning hvort hún á að vera jafnmikil. Það að þau fái nú helmingi minni kennslu en áður í saumum og smíðum tel ég mjög vafasamt svo ekki sé meira sagt.

Það hlýtur að vera nauðsynlegt nú á dögum rétt eins og alltaf hefur verið að einstaklingar hafi ákveðna lágmarkskunnáttu í því að gera við og lagfæra. Þetta getur verið, eins og kemur fram í grg. með tillögunni, spurning um nýtni svo að ég tali nú ekki um þá listsköpun sem hér er um að ræða. En það sem ég vil ekki síður leggja áherslu á er að hannyrðir eru skemmtilegar og mörgum konum stórkostleg lífsfylling, en til þess að þær geti verið það verða þær að fá ákveðna undirstöðukennslu í grunnskóla.

Ég veit dæmi þess í dag að 17 ára stúlkur kunni ekki krosssaum og hekl er a.m.k. víða ekki lengur á námsskrá. Ég veit einnig dæmi þess eins og fram kom hjá hv. flm. að hannyrðakennarar hafa hætt störfum þar sem þeim finnst þessi kennsla nú hvorki vera fugl né fiskur.

Umræðan sem fram hefur farið um jafnrétti á sl. árum hefur svo sannarlega verið þörf og áreiðanlega leitt ýmislegt gott af sér, en því miður er ég ekki frá því að hún hafi einnig orðið til þess að lítilsvirða þau störf sem fram til þessa hafa kallast kvennastörf og mættu einnig kallast kvenleg störf.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Grunnskólalögin eru í endurskoðun og því er ástæða til að leggja sérstaka áherslu á að handmenntakennsla verði athuguð mjög náið í sambandi við þá endurskoðun.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir till. sem hv. 13. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir og vil taka undir líka það sem hv. 5. þm. Norðurl. e. Valgerður Sverrisdóttir sagði. Það er hætta á að við týnum niður þeirri menningarlegu hefð sem felst í handavinnu þjóðarinnar. Sem betur fer hafa konur æ meira gert sér grein fyrir þessari hættu og hafa í auknum mæli lagt áherslu á að ferja þessa þekkingu til komandi kynslóða. Því miður var það ákveðin stefna á tímabili að konur ættu helst hvorki að prjóna né sauma. Má vel vera að það hafi verið á vissan hátt, eins og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði, ákveðin lítilsvirðing á störfum kvenna. Það var upp úr 1970 og í kringum það að margar konur litu svo á að jafnrétti væri fólgið í því að líkjast körlunum sem mest. Þá var það eitt af því sem þær gerðu mikið að hætta að vilja sauma og taka í prjóna. Ég held að þetta sé að breytast og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við reynum að gera allt til að stuðla að því að þessi fræðsla verði aukin í skólum, ekki bara til fyrra horfs heldur jafnvel enn þá frekar. Ég held að það sé mikilvægt líka að stúlkur og drengir kynnist bæði smíðum og saumum, en þó vil ég leggja áherslu á að auðvitað verður hver að fá að rækta þá hæfileika sem hann hefur. Allir þurfa að fá undirstöðu, en síðan er á vissan hátt hættulegt að pína kannski stráka til að vera of mikið að sauma og stelpur til að vera of mikið að smíða. Það verður að finna áhugasvið hvers og eins. Það eru mjög margir piltar sem gjarnan vilja sauma og prjóna, en þeim finnst það skammarlegt. Við þurfum endilega að gera þetta meira jákvætt því að það er mjög þroskandi og gefandi að prjóna og sauma þó að fáir karlar hafi e.t.v. reynt það. Mér segja gamlir menn sem hafa prjónað, þeir hafa prjónað mikið margir sem ég þekki, að þetta sé þeim mjög mikilvægt, sérstaklega í ellinni. En það er varla hægt að kenna þeim að prjóna þegar þeir eru orðnir gamlir.

Ég vildi að lokum, herra forseti, benda á að níu hv. þm. báðu um skýrslu til menntmrh. fyrr í vetur um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og menntun kennara í þessum greinum. Ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir skrifuðum undir þessa beiðni, báðum um þessa skýrslu ásamt öðrum. Við höfum ekki fengið svar við henni enn þá. En þar er tekið bæði á spurningunni um hversu margar kennslustundir í viku eru ætlaðar í þessar greinar og fleiri spurningum um menntun og annað þar sem kemur að hluta til inn á það sem um er beðið í þessari skýrslu.

Ég ítreka að ég tek undir efni þessarar tillögu og vona að hún verði samþykkt.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Ég vil sem aðrir, sem hér hafa komið í pontu, lýsa yfir stuðningi við þáltill. sem hér er til umræðu, og get tekið undir það með hv. flm. hennar, 13. þm. Reykv., að ég hef orðið var við viðbrögð vegna þessarar tillögu hjá fólki sem telur að hún sé af hinu góða.

Í hnotskurn er þetta svo að hér hefur verið skipt einni námsgrein í tvær og út úr því hefur komið bastarður sem engum hefur orðið að gagni. Það er sjálfsagt að piltar og stúlkur læri að fara með nál og

hamar jöfnum höndum, en það hlýtur að vera jafneðlilegt að þau geti á einhvern hátt ráðið því á hvort þau leggi meiri áherslu og alla vega að gera þá kröfu að þau komi út úr skóla þannig að þau hafi lært annað hvort.

Ég hafði líka gaman af að hlusta á síðasta ræðumann sem var að vitna í hversu nauðsynlegt það væri fyrir karlpeninginn að hafa lært að grípa til prjóna og get einmitt stutt það mjög, sem hún sagði, að fyrir marga er þetta gott einmitt til að stytta stundir í ellinni. Ég þekki það frá afa mínum, sem varð blindur á miðjum aldri og hafði lært að prjóna sem barn, hvað það var gífurlega mikið mál fyrir hann að geta sest niður og prjónað. Ég ætla því síst í þessu máli að vera að draga neitt úr því að piltar læri að fara með nál og prjóna nema síður sé og ekki heldur að stúlkur geti lært að negla nagla þokkalega í vegg og hengja þar upp mynd. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að frá því sé horfið að þessu verði dreift svo að úr því verði einn bastarður.

Ég veit ekki betur en nemendur í grunnskólum hafi nú leyfi til að velja t.d. á milli hvort þeir taki dönsku eða þá annað Norðurlandamál, en ég held að engum hafi dottið til hugar að blanda saman dönsku og sænsku á móti einni námsgrein. Það hefði komið eitthvað svipað út úr því og hér hefur orðið varðandi handavinnukennsluna.

Ég ítreka stuðning minn við tillöguna og vona að hún nái fram að ganga á þessu þingi.

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og tekið vel í þessa tillögu og tek undir þær óskir að ég vona að hv. þm. sjái sér fært að afgreiða þessa tillögu á þessu þingi. Ég er hjartanlega sammála því sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. og einkum síðasta hv. ræðumanni sem minntist á að hér þyrfti auðvitað að vera um val að ræða, enda eru ákvæði í grunnskólalögunum um að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda eins og þar segir. Í því tilviki sem hér er til umræðu held ég að nauðsynlegt sé að *gefa nemendum kost á að velja*. Við getum nú einu sinni ekki horft fram hjá því að konur eru almennt fingraliprari en karlmenn og ég held að því verði ekki breytt með neinum lagaboðum, og ýmsum drengjum er ósýnna um hina fínni handavinnu en stúlkum hvað sem hver segir.

Ég held að það sé líka hárrétt hjá hv. 12. þm. Reykv. Kristínu Einarsdóttur að við munum báðar þá tíma þegar mjög þótti ófínt að konur sætu og dútluðu við handavinnu. Þar beið okkar annað úti á hinum andlega vettvangnum og heldur litið niður á að konur væru að fást við hégóma sem þann að sauma í stramma eða prjóna peysur. Sannleikurinn er hins vegar sá að það að geta notað á sér hendurnar og gera það vel er greindarmerki meira en nokkuð annað. Menn nota ekki á sér hendurnar án þess að nota á sér höfuðið líka svo ég held að það sé alveg óþarfi að hafa af þessu minnstu áhyggjur.

Þorsteinn Gylfason, lektor við Háskóla Íslands, hélt merkilegt erindi á áðurnefndri ráðstefnu Alþb. um listir og menningu. Hann reyndi að svara þeirri spurningu, en hann er lektor í heimspeki: Hvað er menning? Og hann svaraði því með sinni venjulegu góðu röksemdafærslu og komst að þeirri niðurstöðu að menning væri það að gera hluti vel. Ég held að því verði varla svarað betur. Það er þess vegna menning að sauma fallegan dúk alveg eins og að halda málverkasýningu. Ég held að í hverri einustu manneskju búi sköpunarkraftur sem á að fá útrás og er nauðsynlegur jafnt þeim einstaklingi sem og okkur öllum hinum. Ég ætla ekki að endurtaka þau rök sem ég hef fyrir þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að líta á það sem eðlilegan lið í almennri menntun hvers einstaklings að hann kunni að nota á sér þessi dýrindis verkfæri sem hendurnar á okkur eru.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég held að það sé enn mikilvægara nú en áður að hv. þm. leiði hugann að því hvers virði menntun og menning er. Við lifum á öld tækni, þekkingar og síaukinnar þekkingarleitar og sérhæfing verður æ meiri. Ýmsar þjóðir eru þegar farnar að gera sér ljóst að í allri þessari sérhæfni, allri þessari tölvutækni, er einmitt meiri þörf fyrir almenna undirstöðumenntun en nokkru sinni fyrr.

Á ráðstefnu um tölvutækni sem Norðurlandaráð gekkst fyrir á sl. sumri sagði einn ræðumanna réttilega: „Í framtíðinni verður ekki hægt að nota tölvufræðing sem veit ekki hver Hóras er.“ Ætli þetta sýni okkur ekki einmitt fram á að öll þekking kemur okkur til góða, hvers eðlis sem hún er? Við eignumst ekki góða fatahönnuði sem kunna ekki að halda á nál, né heldur góða húsgagnahönnuði sem aldrei hafa haldið á hamri. Allt sem við lærum og gerum skilar sér einhvern tíma í einhverjum þeim störfum sem við fáumst við.

Virðulegi forseti. Ég skal því ekki tefja tímann lengur þó í þessi mál mætti vissulega eyða tíma en vil að lokinni þessari umræðu fela málið hv. félmn. Sþ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhættulánasjóður og tæknigarðar, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 426. mál. — Þskj. 776.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt öllum öðrum hv. þm. Borgarafl., um sérstakan áhættulánasjóð og tæknigarða á þskj. 776. Mér finnst að mörgu leyti vel við hæfi að þetta mál kemur hér á dagskrá eftir þá merku till. sem var hér næst á undan.

Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót sérstakri sjálfseignarstofnun, Áhættulánasjóði Íslands, til aðstoðar við að undirbúa og hefja framleiðslu samkvæmt arðvænlegum hugmyndum einstaklinga. Á vegum sjóðsins skulu settir á stofn og reknir almennir tæknigarðar þar sem veitt er aðstoð við smíði á frumeintökum og þróun þeirra."

Í grg. sem till. fylgir er þess getið að á síðustu árum hafi orðið ör framvinda í öllum nágrannalöndum okkar hvað snertir nýsköpun á framleiðsluvörum sem bæta samkeppnisaðstöðu á öllum sviðum iðnaðar- og útflutningsframleiðslu.

Með því að beina athyglinni að nýjum hugmyndum einstaklinga hafa komið fram alls konar tillögur sem margar hafa reynst fela í sér arðvænlegar nýjungar. Gott dæmi þess er árangursríkt samstarf félaga hugvitsmanna í Danmörku og í Svíþjóð við hið opinbera um áhættufjármagn og tæknigarða.

Hér nægir að benda á „Opfinderkontoret" í Danmörku, en Danir telja að sú stofnun hafi á örfáum árum gefið danska ríkinu að jafnvirði 74 kr. fyrir hverja eina sem það lagði fram við stofnun þessarar ráðgjafarþjónustu og tæknigarðs.

„Opfinderkontoret" er í fyrsta lagi rannsóknastofnun til að leggja mat á nýjar hugmyndir og í öðru lagi alhliða tæknigarður þar sem álitlegar hugmyndir eru teknar til frumsmíði.

Þar sem fjármagnsmarkaður hér á landi er með allt öðrum hætti en tíðkast erlendis er talið óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld annist stofnun og rekstur þessa áhættulánasjóðs fyrstu árin. Auk stjórnar sjóðsins skal tilnefnd sérstök matsnefnd til að fjalla um innlagðar hugmyndir og ákveða framkvæmdir með hliðsjón af nýnæmisprófun og einkaleyfisrannsókn.

Sjóðurinn skal ekki krefjast fasteignaveðs sem tryggingar fyrir veitta fjármögnun, en þess í stað er trygging fyrir endurgreiðslum reist á raunsæju mati stjórnar sjóðsins og matsnefndar á verðmæti hugmyndanna.

Eftir að framkvæmdir hafa verið ákveðnar greiðir sjóðurinn höfundi laun á meðan hann fylgir verkefninu úr hlaði, og þegar arður fer að berast af framleiðslunni skal sjóðnum greiddur til baka útlagður kostnaður að viðbættri hæfilegri þóknun. Eftir það er framleiðsluréttur inn séreign höfundarins ásamt einkaleyfum.

Til frekara öryggis skal sjóðurinn tryggja einkarétt á þeim hugmyndum sem hann fjármagnar, með umsóknum um alþjóðleg einkaleyfi og tryggingar. Skal hann hafa skilyrt eignarhald á þeim réttindum þar til kostnaður og þóknun eru að fullu greidd. Áhættan af framleiðslunni skal vera alfarið í höndum sjóðsins og skal hann einn bera tjónið ef hún mistekst.

Þótt hér starfi Iðntæknistofnun og áætlað sé að setja á stofn tvo tæknigarða á vegum Háskólans eru Iðntæknistofnun og aðrar rannsóknastofnanir lögum samkvæmt knúnar til þess að innheimta nær fullt gjald fyrir veitta aðstoð. Tæknigarðar Háskólans munu verða mjög sérhæfðir þannig að hér skortir eftir sem áður almenna tæknigarða til þjónustu á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Það er augljóst að einstaklingar geta vart staðið undir þeim mikla kostnaði sem útseld rannsóknastörf og aðstoð kosta hjá opinberum stofnunum. Það er staðreynd að margar hugmyndir, sem hefðu gefið þjóðarbúinu drjúgar tekjur, komast aldrei í framkvæmd, bæði vegna úreltra einkaleyfislaga og ekki síður vegna þess að fyrirgreiðsla hefur verið ófullnægjandi.

Iðnfyrirtæki hafa tiltölulega greiðan aðgang að lánsfjármagni til framleiðslu og vöruþróunar, enda skortir þau síður en einstaklinga veð fyrir hefðbundnum lánum. Auk þess hafa þau oft aðstöðu til þess að vinna að frumhugmyndum svo að þeirra vegna er síður þörf á almennum tæknigörðum.

En vegna þessa er sérstakur áhættulánasjóður og almennir tæknigarðar fyrst og fremst fyrir einstaklinga sem búa yfir góðum hugmyndum en hafa ekki aðgang að fjármagni eða aðstöðu til að koma þeim í framkvæmd.

Hæstv. forseti. Þetta er meginatriðið sem fram kemur í grg. fyrir þessari þáltill. og ég vil að þessu loknu mælast til þess að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til 2. umr. og atvmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir gegn atvinnuleysi á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 453. mál. — Þskj. 803.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir annarri till. til þál. á þskj. 803 um ráðstafanir gegn atvinnuleysi og fólksfækkun á Suðurlandi. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson og Hreggviður Jónsson.

Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd til þess að leita allra leiða til að snúa við þeirri óheillaþróun sem undanfarið hefur orðið á Suðurlandi, einkum austan Þjórsár, um atvinnuleysi og fólksfækkun.

Nefndin vinni með fulltrúum sveitarstjórna, atvinnurekenda, bænda og launþegasamtaka á Suðurlandi ásamt Byggðastofnun að þessu verkefni.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Í örstuttri grg. með þessari till. til þál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Öllum er kunnugt að landsbyggðin á nú æ meir undir högg að sækja í samskiptum og samkeppni við

höfuðborgarsvæðið.

Óvíða hefur þessi óheillaþróun leitt til jafnmikils vanda sem á Suðurlandi, einkum austanverðu.

Þrjár meginástæður eru einkum taldar liggja þar til grundvallar:

1. Samdráttur og annar vandi í landbúnaði.
2. Samdráttur og raunar stöðvun í virkjanaframkvæmdum.
3. Rekstrarvandi í iðnaði, einkum vefjariðnaði.

Enda þótt vandi fólks víða á landsbyggðinni sé mikill í samanburði við höfuðborgarsvæðið mun óhætt að fullyrða að hvergi er hann jafnmikill og á fyrrnefndu svæði.

Þess vegna er ljóst að úrbóta er ekki að vænta nema hart verði brugðist við og allra hugsanlegra leiða sé leitað til að þessari þróun verði snúið til betri vegar.

Til þess þarf samstillt átak mjög margra aðila, bæði í héraði og stjórnkerfi ríkisins.

En tækist hér vel til gæti það viðreisnarstarf einnig orðið öðrum héruðum til hagsbóta og þar með lagt grunn að raunhæfri, hagstæðri byggðaþróun.

Til að stuðla að því samstillta átaki er tillaga þessi flutt."

Hér lýkur, hæstv. forseti, þessari stuttu grg. fyrir þessu stóra máli. Ég segi stóra máli, enda þótt ég dragi ekki dul á þá skoðun mína að hér er einungis um hluta miklu stærra máls að ræða, þ.e. landsbyggðarvandans í öllum hans margbreytileik.

Mönnum er kunnugt um að orðsendingar hafa gengið á milli Byggðastofnunar og forsrn. um þetta mál, ekki síst nú nýverið, bæði um málið í heild og einnig þann hluta sem hér er sérstaklega tekinn til meðferðar. Allt er það góðra gjalda vert. En ljóst er að miklu meiri aðgerða er þörf en þar eru enn sýnilegar ef von á að vera til úrbóta í þessu efni.

Þó að drepið sé á örfá aðalatriði í þessari örstuttu grg. sem ég áðan las er þó sérstaða þessa svæðis enn ótalin — sérstaða sem ein sér ætti að nægja til að menn gæfu atvinnuþróun landshlutans meiri gaum en ella. Þar á ég við þá staðreynd sem einkennist af hafnleysi suðurstrandlengjunnar allt frá Þorlákshöfn til Hornafjarðaróss. Lífhöfn Vestmannaeyja er vitaskuld fyrir landi en breytir þó ekki því að einhæfni atvinnulífs á Suðurlandi, einkum í austursýslunum, er meiri og viðkvæmari fyrir sveiflum en annars staðar gerist á Íslandi.

Í þessu sambandi vil ég ekki gera lítið úr þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur austan fjalls á undanförnum árum og áratugum, í því að skapa skilyrði til hagstæðrar atvinnuþróunar með uppbyggingu á sviði mennta-, heilbrigðis- og samgöngumála. En á árunum 1967–69, þegar skyndilega kreppti að hér á landi og varð atvinnubrestur, þá varð þetta svæði einna fyrst fyrir barðinu rétt eins og nú hefur orðið af sömu frumástæðu, einhæfninni í atvinnulífinu.

Enda þótt vandinn undir lok 7. áratugarins hafi verið ærinn tókst þá á tiltölulega stuttum tíma að snúa þróuninni til betri vegar með fremur einföldum aðgerðum sem fyrst og fremst byggðust á samstilltu átaki býsna margra bæði í héraði og ekki síður í stjórnkerfi ríkisins, rétt eins og hér er lagt til að gera.

Ástæður fyrir vandanum undir lok 7. áratugarins voru af allt annarri rót en nú er við að etja. Þá var ein meginástæðan skyndilegt verðfall á einni aðalafurð í útflutningnum. Verkefnið var m.a. að þreyja þorrann og góuna og missa ekki móðinn auðvitað í þeirri trú að það él stytti upp um síðir sem og varð.

Nú er vandinn allt annars eðlis þó að afleiðingar séu e.t.v. svipaðar a.m.k. á því svæði sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni.

Ég gat í grg. með till. þriggja meginástæðna. Ég hikaði ekki við að fullyrða að samdrátturinn í landbúnaðinum og sú ótrú og sá óhugur sem óhjákvæmilega hefur fylgt í kjölfarið sé sá ógæfuvaldur sem illvígast er við að fást.

Mig langar til að geta fáeinna þróunartalna af svæðinu frá seinustu árum. Fyrst vildi ég geta þess að árið 1985 voru íbúar á Suðurlandi 20 088. Þeim hafði þá fækkað um 52 frá árinu áður, eða um 0,3% þó svo að meðaltalsfjölgun á landinu væri 0,7%. Árið eftir, 1986, er íbúatalan á Suðurlandi komin niður í 20 065. Enn hefur þeim fækkað um 23, eða 0,1% enda þótt meðaltalsfjölgun á landinu sé 0,8%. Og á sl. ári, 1987, heldur þróunin áfram í sömu átt. Nú er íbúafjöldinn kominn niður í 19 965, hefur þá fækkað á milli ára um 100 manns, eða um 0,5%. Þó svo að meðaltalsfjölgun íbúa á landinu sé 1,4% er fækkun á Suðurlandi um 0,5%.

Ef við lítum nánar á þessar aðstæður í sýslunum austanverðum og síðan í þéttbýlinu þar kemur þetta í ljós: 1986 búa í Vestur-Skaftafellssýslu 1324 sálir. Þeim hafði þá fækkað um tíu frá árinu áður, um 0,7%, þó svo að fjölgun hafi orðið 0,8% að landsmeðaltali. Í fyrra, 1987, er íbúafjöldinn kominn niður í 1285, enn hafði fækkað um 39 eða um 2,9% þó svo að landsfjölgunin hefði verið 1,4%.

Í Rangárþingi lítur þetta þannig út: 1986 búa 3465 manns í Rangárþingi. Hafði þá fækkað frá árinu áður um 83 eða um 2,3%. Og enn minni ég á að það er fjölgun á landsmælikvarða um 0,8%. 1987 hefur enn fækkað í Rangárþingi og þá niður í 3383 eða um 82 á einu ári eða um 2,4% fækkun þó svo að landsmeðaltalsfjölgunin hafi verið 1,4%.

Nú gætu menn ályktað sem svo að þetta væri í þessum dreifbýlissýslum. Það væri ekki svona í þéttbýli þessa svæðis. En ef við lítum svolítið nánar á málið og lítum á Rangárvallahrepp eða Hellu á Rangárvöllum lítur dæmið þannig út: 1986 búa þar 784 sálir. Það hafði fækkað um 19 frá árinu áður eða um 2,4%. Þó er landsfjölgunin 0,8%. 1987 fækkar enn á Hellu, niður í 756 manns, um 28, um 3,6% fækkun í þéttbýli annars þorpsins í Rangárvallasýslu þó svo að landsmeðaltalsfjölgunin sé 1,4%.

Á Hvolsvelli gerist nákvæmlega sama þróunin. 1986 búa þar 734 menn, hafði fækkað um 15 frá árinu áður, um 2,0%. 1987 fækkar enn, niður í 705, um 29 manns, um 4% fækkun frá árinu áður.

Þannig er svipuð þróun einnig austur í Vík í Mýrdal.

Þetta sýnir að þróunin á svæðinu er öll á sömu lund. Ég hef búið í rösklega 30 ár austur á Selfossi, kom ungur maður vestan af Vestfjörðum, og mér er það í minni þegar ég kom þangað austur hve bjartsýni var mikil. Það var fjölgun á hverju ári. Það var öfugt við það sem hafði verið vestur á Vestfjörðum.

Árið 1987, í fyrra, rann upp það fyrsta ár í sögu þessarar ungu byggðar á Selfossi sem verður fækkun, í fyrsta sinn líklega frá upphafi vega. Það fækkaði að vísu ekki mikið en um 19 manns á sl. ári á Selfossi frá árinu 1986. Það er í fyrsta sinn í sögu þeirrar byggðar. Það fer sem sagt ekkert á milli mála hvert stefnir, hvort sem er í strjálbýlinu ellegar í þéttbýlinu á þessu svæði.

Ef við lítum svo á aðra hlið þessa máls, atvinnuleysið, kemur þetta í ljós úr Rangárþingi: Ég er hér með fáeinar tölur frá ákveðnum mánuðum, september 1986, september 1987, janúar 1988, og ég vek athygli á því að þetta er í þéttbýli Rangárþings. Þetta er þegar sláturtíð stendur hæst. Á Hvolsvelli eru 240 atvinnuleysisdagar í september 1986. Í september 1987 eru þeir komnir upp í 425, í janúar 1988 600. Á Hellu eru þeir 187 í september 1986, 186 í september 1987, komnir upp í 583 í janúar 1988. Þróunin enn í sömu átt.

Ég hika ekki við að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að vandinn á svæðinu er mikill og það verður ekki fengist við þennan vanda að viti öðruvísi en að það takist að samstilla marga þætti saman í einn farveg þegar þar við bætist að sú búháttabreyting sem að er unnið hefur reynst mun örðugri og seinvirkari en vonir hafa staðið til. Nægir í því efni að minna á örðugleika í loðdýrarækt og það hve lífvænlegasti vaxtarbroddurinn, fiskeldið, er gífurlega fjármagnsfrek atvinnugrein og sein að skila arði. Ég efast þó ekki um að einmitt á því sviði eru möguleikar okkar mestir í náinni framtíð og um langa framtíð og þar er Suðurland öllu heilli vel með í þróuninni, enda möguleikar á því sviði geysilegir nánast um allt héraðið. En til þess að sú þróun sem er þegar hafin nýtist landshlutanum í sambandi við þann vanda sem þáltill. fjallar um þarf miklu snarpari viðbrögð og einarðari stuðning með fjármagnsútvegun og ráðgjöf en enn hefur orðið staðreyndin.

Ég á ótalinn þann vanda sem ég tel þó einna þyngstan í skauti af þeim sem nú er við að fást á Suðurlandi sem og hvarvetna annars staðar á landsbyggðinni. Það er hinn mikli fjármagnskostnaður, afleiðingar af óréttlátri lánskjaravísitölu, lögunum nr. 13/1979. Tveir aðilar öðrum fremur verða þar fyrir barði. Húseigendur, einkum af yngri kynslóð, og þeir sem reyna að stunda atvinnurekstur af einhverju tagi.

Nú er svo komið að í þorpunum í Rangárþingi, Hellu og Hvolsvelli, eru mörg hús til sölu sem seljast ekki vegna ástandsins í atvinnumálum. Jafnvel munu þess dæmi að fólk hefur orðið að yfirgefa húseignir sínar og leita hingað á höfuðborgarsvæðið til atvinnu. Á meðan standa íbúðir þessa fólks auðar. Skuldirnar vaxa jafnt og þétt í öfugu hlutfalli við raunverulegt verðgildi eignanna.

Ég bið á því forláts, hæstv. forseti, hve mér varð tíðrætt um málið. Mér er sannarlega mikið niðri fyrir eins og væntanlega mörgum öðrum á þessu svæði. Ég vil vænta þess að að umræðu þessari lokinni verði till. vísað til síðari umr. og atvmn. og ég legg á það áherslu að fulltrúar í hv. atvmn. flýti störfum sínum þannig að þingið geti síðar sagt álit sitt á þessari till. — Ég hef loks lokið mínu máli.

Guðni Ágústsson:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. flutti hér mikið mál og lýsti því ástandi sem við er að glíma á Suðurlandi og víðar. Ég ætla ekki að draga úr því að vandinn á Suðurlandi er mikill eins og hann sagði. Ég held að vandi landsbyggðarinnar í heild sé stór og vandi íslenska þjóðfélagsins í framhaldi af því enn þá stærri. Ég tek undir það að hér þarf snörp viðbrögð, hér þarf skjót úrræði. Ég geri kröfur um það í mínum flokki að hart verði brugðist við, að ríkisstjórnin láti ekki talið eitt gilda, að Alþingi sjálft láti sér ekki nægja í sýndarmennskuleik stundarinnar að ræða um málin.

Ég sé enga lausn í því að skipa á nýjan leik níu manna þingmannanefnd til að fjalla sérstaklega um málefni Suðurlands. Það liggur fyrir hvað er að. Það þarf aðeins að herða á því að aðgerðir verði hafnar. Ég vil minna á að Alþingi er ekki í fyrsta sinn nú að tala um vanda byggðanna. Sem betur fer hefur Alþingi áður kafað ofan í vanda byggðanna. Ég er hér með í höndunum mikla skýrslu sem unnin var af svokallaðri byggðanefnd þingflokkanna. Hún hefur kannski að mestu hér á Alþingi og í flokkunum legið og safnað ryki, en hér er ein merkilegasta tilraun sem hefur verið gerð af löggjafarsamkomunni til að brjóta til mergjar vanda landsbyggðarinnar. Hér liggur í þessari bók í rauninni vandinn opinn og krufinn. Hér er sá leiðarvísir sem hæstv. ríkisstjórn getur m.a. notað í málefnum Suðurlands.

Þessi byggðanefnd þingflokkanna var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frv. til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins á 105. löggjafarþinginu vorið 1984. Markmið nefndarstarfsins var að gera tillögur í samræmi við samkomulag þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. Tilgangurinn var að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Þar var m.a. gert ráð fyrir að sveitarfélög fengju meira sjálfsforræði og þannig yrðu völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst.

Það er athyglisvert að sjá að svo margir stjórnmálaflokkar lögðu vinnu í að gera þessa skýrslu og að þeir komust að sameiginlegri niðurstöðu og

undirrita hana menn úr sex stjórnmálaflokkum. Þrír þessara manna eru enn á Alþingi.

Ég vil taka undir margt sem kemur fram í þessari skýrslu og hvetja þingmenn til að kynna sér efni hennar.

Ég tel að það sem við þurfum að átta okkur á sé það í fyrsta lagi, sem kom fram í máli flm., að atvinnuvegirnir eiga nú við talsverða erfiðleika að etja. Fjármagn þeirra hefur brunnið upp á skömmum tíma. Ég hygg að það sé rétt að lánskjaravísitalan, sem menn hafa hrist hér höfuðið yfir og neitað að ræða að væri ranglát, sé það svo sannarlega. Ég þekki það úr þeirri nefnd sem ég starfa í hér í þinginu að menn vilja vart senda slík mál til umsagnar hvað þá að Alþingi fari að skipta sér af slíku. Þó fagna ég því að hæstv. viðskrh. hefur nú, þegar mánuðir hafa liðið af þessu þingi, heldur áttað sig á málinu og mun nú hafa skipað eða vera að skipa nefnd til að kanna grundvöll lánskjaravísitölunnar.

Við höfum heyrt hér mikið rætt um orkuverð. Það er enginn vafi að vandi landsbyggðarinnar er að hluta fólginn í því að það er hærra orkuverð og þar af leiðandi dýrara að lifa úti á landi. Að einhverju leyti eru launin þar lægri og vöruverðið hærra. Þessa verðum við varir á Suðurlandi og líðum fyrir ekki síst að það er stutt hér yfir heiðina og jafnvel er það svo að verslanir á þessu svæði kaupa fólkið yfir þessa heiði. Ofan á lágt vöruverð bjóða þær hópferðum afslætti. Þetta er alvarlegt mál sem setur þegar svip sinn á þessa nálægu byggð Reykjavíkursvæðisins.

En við megum ekki bara horfa til stjórnvalda. Við verðum líka að vera menn heima fyrir, eiga skap og eiga trú á okkar svæði. Við verðum virkilega að þora að vera menn og bera virðingu fyrir okkar heimasvæði og á það reynir. Það reynir á það að verslanir á okkar svæði nái niður vöruverði og geti sannfært fólkið um að svo sé því að ég hygg að í mörgum tilfellum sé það umræðan sem flytur stóran hluta fólksins í burtu. Ég hef tekið eftir því í þessum sal að hvenær sem menn halla á Skagafjörð eða Sauðárkrók reiðist hv. þm. Stefán Guðmundsson. Þar er allt bjart og þar er allt gott. Þar er uppbygging og þar er ágætt líf. Við verðum nefnilega að átta okkur á því að þó að við eigum við vanda að etja sem stjórnvöld verða að leysa er það svo að umræðan flytur fólkið frá svæðunum.

Á Suðurlandi sérstaklega er það samkeppnisiðnaður sem þar hefur farið halloka í þeim geigvænlega innflutningi sem hér viðgengst og í ofanálag hafa kartöflubændur, ekki síst í Rangárþingi, átt í miklum erfiðleikum, erfiðleikum sem því miður þeir að mörgu leyti skópu sér sjálfir, en mér sýnist nú að þeir séu að vakna til vitundar um að það er samstaðan sem gildir og muni taka á sínum málum alveg á næstunni.

Ég vil að lokum segja að ég sé enga ástæðu til þess að ein þingnefndin enn kafi ofan í þann vanda sem fyrir liggur. Í mínum huga er hann augljós og ég vænti þess að ríkisstjórnin hafi á næstu vikum burði til að taka á þeim vanda sem landsbyggðin á við að etja og þeim vanda sem nú er að sliga þetta þjóðfélag, viðskiptahallanum og hinum gegndarlausa innflutningi. Og í framhaldi af umræðum hér um stóriðju í morgun skal á það minnt að mesta stóriðja sem við Íslendingar eigum er fólkið sjálft. Við eigum að vernda iðnað og hin ýmsu smáu verkefni sem hér eru unnin í litlum fyrirtækjum og ekki síst hafa þrifist úti á landinu en eru nú því miður deyjandi vegna hins geigvænlega innflutnings sem hér hefur átt sér stað.

Þess vegna tel ég að fyrst og fremst sé þetta mál ríkisstjórnarinnar á þessari stundu og hún verður væntanlega knúin til þess að hefja þær aðgerðir sem snúa við þeirri þróun sem átt hefur sér stað ekki bara á þessu ári heldur um áratuga skeið í þessu landi með tilflutningi fólksins. Hann var hafinn áður en hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem hér er með þeim elstu, settist á þing. En þróunin er ískyggileg.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um og hér hefur verið gerð grein fyrir því alvarlega ástandi sem ríkir í atvinnumálum Sunnlendinga, einkum austan Þjórsár, eins og fram kemur í tillgr. og get ég tekið heils hugar undir anda tillögu þessarar. Það verður að stemma stigu við þeirri óheillaþróun sem þarna er á ferðinni. En ég vil aðeins benda á, þó ég vilji alls ekki gera lítið úr þeim vanda sem við er að etja á Suðurlandi, að ég tel að á þessari stundu og eins og málum er komið á landsbyggðinni allri sé eðlilegra að taka á vandanum, sem nú er við að etja, með tilliti til alls landsins, því vissulega eru vandamálin stór og alvarleg hvert sem er litið.

Hv. síðasti ræðumaður minntist hér á skjót úrræði, að þeirra væri þörf, og ég vil einnig taka undir það. Það sem veldur okkur vafalaust mestum áhyggjum þessa mánuðina er aðgerðarleysi stjórnvalda einmitt gagnvart málefnum landsbyggðarinnar því að líf okkar byggist auðvitað að hluta til á lífinu þar. Ég tel mjög mikilvægt og vil ítreka það, og það er ástæða þess að ég sá ástæðu til að taka hér til máls, að við höfum lítið upp úr því að gera samanburð milli svæða og sýna fram á hvar ástandið er verst. Það verður að taka á málinu í heild sinni. Það er mjög mikilvægt að í störfum okkar gætum við þess að hafa alltaf þá heildarsýn sem nauðsynleg er og okkur ber að hafa í öllum okkar störfum.

Það var bent á ágætan leiðarvísi sem komið hefði frá byggðanefnd þingflokkanna og spurningin er: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera við leiðarvísinn og hvenær ætlar hún að gera það sem þarf að gera? Það er sú spurning sem hlýtur að brenna fyrst og fremst á öllum núna.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Það fer víst ekki á milli mála að ég er elstur að árum, en aðrir hafa verið lengur hér í þinginu og eru að því leyti til kannski reynslunni ríkari.

Hv. þm. Guðni Ágústsson komst þannig að orði að hæstv. viðskrh. mundi vera búinn að átta sig á því ástandi sem væri á fjármagnsmörkuðum hér. Ef hann væri búinn að átta sig á því hefði hann ekki þurft að skipa nefnd. Það er málið. Þá væri þetta ekki svona áfram. En það eru nú fleiri sem hafa komið þar nálægt sem ég efast um að þýði fyrir að reyna að þvo hendur sínar af því frekar en af bjórnum.

Hv. þm. Guðni Ágústsson minntist á og las upp þessa þrjá eða tvo liði í byggðaúttektinni sem byggðanefnd skilaði frá sér. En hvenær var grundvöllurinn að þessu lagður? Það var á þinginu 1982–1983. Það var þá sem þessi setning var sett inn í greinargerð í sambandi við stjórnskipunarlögin sem formenn allra flokka sem þá voru hér á þingi fluttu. Er búið að gera eitthvað í þessum málum? Er hægt að vænta þess að það verði eitthvað gert? Nei, ekki á meðan þessi ríkisstjórn situr. Þess er ekki að vænta. Og fólk úti á landi er farið að átta sig á þessu. Þessi byggðahreyfing sem nú er um allt land er ekki að ástæðulausu. Menn hafa ekki trú á þessum mönnum lengur, þessari ríkisstjórn. Stjórnarliðið er yfirleitt annars staðar en í þingsölunum, a.m.k. ráðherrarnir. Það er eins og þeir séu yfirleitt í felum.

Ég verð að segja að ég hefði kannski viljað hafa þessa tillögu á annan hátt og hefði verið ástæða til *þess að þetta næði til landsins alls og ég tek undir* það með hv. síðasta ræðumanni. En þá er athyglisvert að sá stjórnmálaflokkur sem á mest fylgi á þessu svæði verður þó til þess að flytja þessa tillögu. Og hver er kveikjan að því? Kveikjan að því er aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar. Það er kveikjan. Það stendur hér svart á hvítu loforð frá formönnum þessara flokka, hvað þeir ætla að gera, Alþb., Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. (**HBl:** Orð eru til alls fyrst.) Þau eru til lítils ef athafnir ekki fylgja orðunum, Halldór Blöndal. En það er það sem ekki er.

Það liggja fyrir erindi frá Suðurlandi í Byggðastofnun þó ég ræði það ekki hér. En það þarf fjármuni til að verða við öllum þeim beiðnum, öllum þeim neyðarópum sem berast utan af landsbyggðinni. Og það þarf líka mat á því, það er rétt, hvað á að sitja fyrir, hvað getur orðið helst að gagni. Ég skal ekki segja hvort Byggðastofnun hefur mannskap til að vera nógu snögg til að meta það því að það er ekki nóg að leggja til fjármagn, það verður að nýta fjármagnið. Það verður alltaf takmarkað. En það verður heldur ekki gert án þess. Og það er líka dýrt spaug að hafa fólkið í landinu atvinnulaust eða að yfirgefa byggðirnar og þurfa að byggja yfir það hér. Þá verða, eins og ég sagði hér í gærkvöld, menn að átta sig á að þetta er ekki vandamál byggðanna einna. Hver fæðir borgríkið ef byggðirnar leggjast í eyði? Það gæti líka orðið vandamál. En ég sé að hv. þm. Borgarafl. átta sig á þessu þó *sumir aðrir geri* það ekki eða hafi bara ekki dug til þess að beita sér fyrir málunum og láta ekki leiða sig eins og sauðfé að hausti til slátrunar.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt öllu lengra. Þó ég hefði viljað að þessi tillaga væri öðruvísi er þetta eðlilegt því að 1. flm. hennar er þingmaður Sunnlendinga og þekkir sitt svæði langbest. Ég skil það. En ég hefði talið að það hefði verið mjög heppilegt að Borgarafl. hefði farið til allra þingmanna utan af landi og kannað hverjir mundu þora að skrifa undir svona tillögu og fylgja henni eftir. — Ég segi þora. Ég efast ekki um að þingmenn landsbyggðarinnar vilji breyta til, en þeir óttast þessar kempur sem eru í ráðherrastólunum sem er ofvaxið mínum skilningi. Ég held að það þurfi ekkert að óttast. En þeir mega fara að óttast eigin verk.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns taka undir með hv. 5. þm. Suðurl., sem er í stjórnarliðinu, að hér er um stóralvarlegt mál að ræða sem hann þekkir mjög vel sem þingmaður þess kjördæmis sem till. til þál. á þskj. 803 fjallar um. Ég undirstrika hans orð, að hér er um mál að ræða sem ríkisstjórninni ber skylda til að leysa. Ég vil draga athygli hans og annarra þingmanna að því að þessi þáltill. er ekki bara flutt af þingmönnum Borgarafl. úr umræddu kjördæmi heldur líka þingmönnum Reykvíkinga úr Borgarafl. sem gera sér vel ljósan þann vanda sem steðjar að því kjördæmi sem ég segi *að sé eitt fegursta og blómlegasta, á margan hátt* auðugasta kjördæmi landsins. Það má segja og með nokkrum sanni að þar drjúpi hunang af hverju strái. Það má benda á að í þessu héraði er ein mesta tekjulind þjóðarinnar í orkumálum sem gefur þjóðfélaginu svo milljörðum skiptir árlega tekjur, orku sem að mestu leyti fer fram hjá héraðsbúum. Þeir þurfa svo að kaupa hana aftur dýrum dómum sem verður til þess að orkan er of dýr heima í héraði til að viðhalda framleiðslugetu og samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem þar eru og þau lognast út af, deyja, það skapast atvinnuleysi, það hefur skapast fólksflótti frá héraði og eignir verða verðlausar. Allt hefur þetta komið fram hjá hv. frummælanda.

Á sama tíma sem stutt þáltill. um mjög alvarlegt mál er tekin á dagskrá þessa þings er enginn úr ríkisstjórninni viðstaddur. Það er eins og enginn hafi lesið dagskrá dagsins í dag og enginn kynnt sér þá þáltill. sem hér hefur legið frammi í nokkra daga. Það er furðulegt, og ég undirstrika það með hv. 5. þm. Suðurl., að þegar mál sem enginn leysir nema ríkisstjórnin er á dagskrá, því að enginn annar hefur vald til þess eða getu, skuli þeir ekki vera ábyrgari í sínum störfum en raun ber vitni. Ég tek undir með hv. 5. þm. kjördæmisins um að það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að leysa þetta og ég fagna því að hann skuli benda sínum samstarfsmönnum á ábyrgð sína þó hún komi ekki fram með nærveru þeirra sem eiga að taka endanlega ákvörðun í þessu máli.

En ég vil að gefnu tilefni þess sem hefur komið fram segja að vandamál annarra kjördæma mega ekki gleymast og þau gleymast ekki þótt þessi tillaga sé til þess gerð að leysa vandamál Suðurlandskjör-

dæmis. Það fer ekki fram hjá okkur að það er vandi víða. Það er líka vandi á því svæði sem ég er umboðsmaður fyrir á Alþingi, Reykjavík. En ég lít á hann sem minni vanda en þann vanda sem er að skapast víða um land og verður til þess að auka vandann í Reykjavík því það er takmarkað hvað markaðurinn hér eða fjölbýlismarkaðir víða um land geta tekið við þegar neyðarástand skapast heima í héraði. Það er svo undarlegt að það er nákvæmlega sama með þjóðfélagið og heimilin: maður verður að byrja að spara, maður verður að byrja að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir heima fyrir áður en heimilið er komið í vandræði. Við verðum að byrja með fyrirbyggjandi aðgerðir sem er miklu ódýrara en læknisaðgerðirnar seinna meir. Þess vegna er nauðsynlegt að við tökum höndum saman, vekjum ríkisstjórnina og stjórnarflokkana til ábyrgðar í að gera eitthvað áður en það er orðið of seint, áður en fólk er komið til Reykjavíkur eða fólk er almennt flúið frá þeim heimastöðum sem það hefur í dag til þeirra staða sem bjóða eitthvað betur í augnablikinu. Vandinn er þá bara yfirfærður þó að það taki tíma að hann komi í ljós. Það er eins og maður sem hefði ekki smitast af einhverjum sjúkdómi ef fyrirbyggjandi aðgerðir hefðu verið gerðar. Hann hefði þá kostað þjóðfélagið minna en hann kostar í læknisaðgerðum seinna meir.

En ég legg áherslu á það að við reynum að finna lausn á þeim vanda sem gert er ráð fyrir að verði leystur með þessari þáltill. Ég hefði viljað orða hana svolítið öðruvísi. Ég hefði viljað orða hana svo að Alþingi fyrirskipaði ríkisstjórninni að ganga til aðgerða strax í staðinn fyrir að skipa nefnd til að kanna af hverju fólk streymir frá héraði, af hverju eitt auðugasta og blómlegasta héraðið missir frá sér fólk til höfuðborgarsvæðisins. Við vitum af hverju það er. Það þarf ekki að kanna þetta svo mikið. En það er eins og það gangi betur hjá hægfara stjórnvöldum að fara þá leiðina að skipa nefnd ofan á nefnd, silkihúfu ofan á silkihúfu áður en neyðin neyðir ríkisstjórn eða setuliðið sem í ríkisstjórninni er til framkvæmda.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Það hefur hallað undan fæti hjá landsbyggðinni í tíð fyrrverandi og núverandi stjórnar og ástandið er orðið alvarlegt víða um land. Það á ekki síst við um það svæði sem þessi tillaga fjallar um. En ráð hv. flm. er aðeins að skipa nefnd. Ráð stjórnvalda eru hins vegar um of því marki brennd að biðja um skýrslur eða möppur. En það er nóg til af möppum. Það vantar aðgerðir af hálfu stjórnvalda og það strax. Það vantar nefnilega almennar aðgerðir sem fljótlega mundu snúa þróuninni við. Til þess að framkvæma þær þarf hvorki nefnd, skýrslur eða möppur.

Þarna vil ég fyrst nefna afnám lánskjaravísitölunnar. Ekkert fer eins illa með landsbyggðina og hún, þótt þjóðin öll þurfi að losna við þann bölvald, nema fáeinir peningamenn og okrarar. Við tökum lán úti á landsbyggðinni með þessum okurvöxtum, en það sem við framkvæmum fyrir lánin með þessum vöxtum er síðan illseljanlegt. Lánskjaravísitalan er mannfyrirlitning, hún er ómanneskjuleg og hún drepur fólk. Vextirnir eru orðnir að drepsótt, hefur mætur læknir sagt. Sjálfsvíg á Íslandi eru álíka mörg í dag og umferðarslys og sum stafa af því að menn hafa gefist upp fyrir vöxtunum. Það virðist hafa vantað hjartalagið í þá sem sömdu lánskjaravísitöluna. Það eiga ekki við þá orðin sem Runeberg sagði um Svein dúfu: Hjartað, það var gott. — Og hætt er við að enn — það stendur til að fara að endurskoða þessa vísitölu — hætt er við að hjartalagið muni enn vanta í sérfræðingana. Þar er enginn tilnefndur úr atvinnulífinu, enginn af landsbyggðinni. Það sýnist vera og er fagnaðarefni að þessi ákvörðun hefur verið tekin og að menn eru að skilja þá umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu, en þeir þyrftu bara að skilja hana betur og afnema vísitöluna og það strax. Það er það eina sem gildir því að þessi vísitala er mesti verðbólguvaldurinn á Íslandi. Og hvers vegna var afnumin kaupgjaldsvísitala en lánskjaravísitalan skilin eftir?

Ég er með frv. hér í þinginu um afnám lánskjaravísitölu og ég vænti þess að það komi til atkvæða og þm. segi já eða nei við afnámi hennar. Það þarf ekkert síður að segja já eða nei við því en að leyfa bjór.

Önnur aðgerð er orkumálin. Fagna ber því sem þegar er búið að gera, að veita nokkru fé til að jafna mun á verði á orku til upphitunar en það vantar að jafna verð á orku til atvinnurekstursins, það vantar jöfnun í orkuverðið. Það er eitt mesta mál landsbyggðarinnar að það verði gert og það sem fyrst.

Ég vil nefna það þriðja, að það var ekki ástæða til að draga úr landbúnaði á því svæði sem byggir eingöngu á landbúnaði eins og þessar tvær sýslur sem hér eru nefndar í till. Þar gat lítið annað komið í staðinn. Byggðastofnun og áður Framkvæmdastofnun hafa um árabil starfað en þar hefur fyrst og fremst verið miðað við að byggja upp sjávarútveg og skal það ekki eftir talið en það hefur of lítið komið frá þeim til byggða eins og þessara tveggja hafnlausu sýslna. Enn vantar fé til sjávarútvegsbyggða. En það vantar líka stórfellt fjármagn einmitt á þeim svæðum sem ekki hafa sjávarútveg, til eflingar iðnaðar, ferðamála, fiskeldis og fleira, en umfram allt að gleyma ekki að hlúa að því sem fyrir er. Hinn hefðbundni búskapur verður alltaf meginundirstaðan í dreifbýli landsins.

Ríkisstjórnin er með þessi mál í athugun. Sú athugun má ekki standa lengi. Dráttur má alls ekki verða á aðgerðum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er hræddur um að síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Suðurl., blandi svolítið saman málum. Lánskjaravísitalan, sem hann gerir að umræðuefni, líklega til að dreifa huganum frá þeirri þáltill. sem samþingsmaður úr héraði, þó ekki

sé hann flokksbróðir, flytur, lánskjaravísitalan virkar alveg jafnt á alla í landinu. Það virkar ekki þannig í heimakjördæmi hv. þm. að það kjördæmi eitt líði fyrir lánskjaravísitöluna. Það líða allir fyrir hana. Við höfum verið samþingsmenn og eftir að lánskjaravísitalan kom á, og sérstaklega það tímabil sem ég var fjmrh., gerði ég hvað eftir annað tilraun til þess að losna við lánskjaravísitöluna en það tókst ekki. Nú er hv. þm. stjórnarliði þannig að hann á ekki langt að sækja samstarf um að afnema lánskjaravísitöluna. Ég fagnaði því þegar hann boðaði sitt frv. um lánskjaravísitöluna, en hvernig var það svo þegar það kom fram? Það sem snerti vextina voru fimm eða sex fyrstu greinarnar. Þær heimildir hafa ríkisstjórn og Seðlabanki saman og það þurfti ekkert frv. Og hvernig var svo lánskjaraþátturinn? Hann var um að fella niður lánskjaravísitölu af nýjum lánum en ekki af þeim lánum sem eru að drepa fólk á þann hátt sem hann sjálfur gat um. Þetta er tvískinnungsháttur af stjórnarþingmanni að koma fram með þennan málflutning um allt annað mál, mál sem er flutt til þess að bjarga hans heimahéraði, eftir því sem bjargað verður, frá fólksflótta, atvinnuleysi og eignatjóni einstaklinga í einhverju blómlegasta héraði landsins þar sem einhverjar mestu tekjulindir fyrir utan sjávarútveginn sjálfan eru til staðar, bæði á sviði landbúnaðar og orkuframleiðslu. Ég vil því biðja hv. þm. að taka þátt í, á þann hátt sem till. segir til um, að leysa vandamál kjördæmisins og á þann hátt sem hv. 1. flm. till. leggur til, annað liggur ekki fyrir til umræðu á þessari stundu, og á þann hátt sem hv. þm. Alþb. úr kjördæmi skrifar undir líka.

Ég hef lúmskan grun um, án þess að ég viti, að það hafi verið leitað til fleiri þm. kjördæmisins þrátt fyrir það sem kom fram í málflutningi hv. 6. þm. Norðurl. e. en þeir hafi ekki viljað skrifa undir þessa till. þótt þeir væru henni sammála. Ég vil hins vegar ekki segja að það bresti kjark til þess að tala málefnalega um málið hér á Alþingi og sýna þar með stuðning sinn við málið sem slíkt.

Flm. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim hv. alþm. sem hafa kvatt sér hljóðs og rætt þetta mál sem þáltill. fjallar um. Það fer ekkert á milli mála að mönnum hefur nokkuð hitnað í hamsi og það er eðlilegt. Hér er í rauninni um að ræða, þó að þáltill. sem slík fjalli einungis um eitt hérað, kjarnann í pólitískum umsvifum dagsins í dag.

Mér varð ósjálfrátt hugsað til þess undir umræðunni að árið 1973 bar að válegan atburð á Suðurlandi sem var gosið í Heimaey, 23. janúar, ef ég man rétt. Ekki síðar en 7. febr. það sama ár hafði þingið afgreitt löggjöf til þess að bregðast við í því efni. Þar var tekið á málum af þeirri festu og þeirri einurð sem þurfti og það myndaðist auðvitað þjóðarsamstaða um málið. Nokkrum árum áður hafði hins vegar borið að höndum vanda, sem ég minntist á í frumræðu minni fyrir þessari þáltill. fyrr í dag, árið 1967, og ég hlýt að minnast á það einkum og sér í lagi vegna þess að það voru tveir hv. þm. í þessari umræðu sem að því að mér fannst, og það kom mér nokkuð á óvart, gerðu lítið úr þeirri leið, sem hér er lögð til, að þingið kysi níu manna nefnd til að sinna þessu verkefni. Og báðir þessir hv. þm. eru þm. þessa kjördæmis.

Ég hlýt að minna á það að þegar vandann bar að höndum 1967–1969 var nákvæmlega á sama hátt brugðið á það sama ráð. Skipuð var nefnd til þess að vinna að því að snúa málum til betri vegar, ekki bara á Suðurlandi, heldur í öllum kjördæmum landsins og það voru níu manna nefndir í þeim öllum. Þrír menn voru frá launþegasamtökum, þrír frá atvinnurekendum, tveir frá þáverandi ríkisstjórn og einn var frá Efnahagsstofnun sem þá starfaði og var undanfari Framkvæmdastofnunar.

Þessum nefndum öllum tókst á tveimur árum, undir að sjálfsögðu ötulli forustu þáv. ríkisstjórnar að vinna málin á þann veg að til framfara og betri tíðar horfði 1969. Í dag gera menn lítið úr því að fara slíka leið. Í dag er það þannig að þetta sama kjördæmi á mestan styrk, eða ætti að eiga, í hæstv. ríkisstjórn. Tveir hæstv. ráðherrar eru jafnframt þm. þessa kjördæmis. Síðan gerist það hér í umræðum um þessa litlu þáltill. að tveir þm. þessa sama kjördæmis vilja ekki fara þessa leið.

Hvaða kost á almennur þm. annan en að opna málið í þingsölum? Hvaða kost á hann annan en að biðja um styrk þingsins til þess að fá starfshóp til að sinna þessu mikla verkefni? Auðvitað er ég hjartanlega sammála því sem kom fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur og raunar öðrum, hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég er alveg sammála því að auðvitað þarf að taka á þessu máli fyrir allt landið en vandinn sem á okkur brennur austan fjalls er brýnn og hann er svo brýnn að það kom ekki annað til greina af minni hálfu en að opna málið hér, fara þá einu leið sem ég á færa. Og ég finn það vel í þeim umræðum sem hafa orðið á þessum fundi að málið á hljómgrunn. Það á hljómgrunn um allt land vegna þess að þetta brennur á öllum. En auðvitað verður að ætlast til þess í lýðræðisríki að réttkjörin ríkisstjórn veiti forustu. Rétt kjörin ríkisstjórn þarf líka að styðjast við þingmeirihluta. En þá má þingmeirihlutinn ekki vera með þeim eindæmum að þora ekki að fylgja eftir málum af einurð út af einhverjum sérstökum nærsýnum sjónarmiðum gagnvart einstökum ráðherrum. Þannig mega menn ekki vinna. Það horfir ekki til heilla.

Það eina sem ég bið um í þessu efni er það, eins og ég sagði í lok frumræðu minnar, að þetta mál fái afgreiðslu í atvmn. Sþ., komi sem fyrst aftur inn til Sþ. til umfjöllunar, og verði það, verði hún ekki svæfð í atvmn., óttast ég ekki framhaldið. Ég er sannfærður um það, eins og ég stend hér, að mikill þingmeirihluti er í sameinuðu Alþingi Íslendinga til þess einmitt að taka á þann veg á málum sem þessir, því miður, tveir samþingsmenn mínir vildu ekki leggja lið, vinna með fulltrúum sveitarstjórnanna,

vinna með fulltrúum atvinnurekenda í héraði, vinna með fulltrúum bænda, vinna með fulltrúum launþegasamtaka, að því eina marki, vinna með fulltrúum frá Byggðastofnun, að snúa þróuninni til betri vegar, auka trú manna að nýju á möguleikum þessa héraðs sem formaður í mínum flokki lýsti áðan. Ég efast ekki um að, eigi till. afturkvæmt frá atvmn., þá verði hún samþykkt hér og ég hlakka til þess.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er vegna ræðu hv. flm. Óla Þ. Guðbjartssonar sem mér fannst kannski að hefði hlustað illa á mína ræðu áðan. Ég hvorki hæddi eða níddi þennan tillöguflutning. Ég ásaka hann í engu. Hann átti þessa leið, hún var göfug, og ég hef ekkert út á það að setja. En ég sagði það sem ég meina, að ég tel að það sé í þessu máli að tefja það og mér finnst að það hafi komið hér fram í umræðum að menn eru um það sammála að á byggðavandanum þurfi að taka í heild sinni þar sem við förum í almennar aðgerðir sem styrkja byggðirnar í landinu. Framhaldið kann að vera fólgið í störfum nefnda í héraði, stjórnmálamanna og fleiri og fleiri. Ég ásaka hann ekki fyrir þennan tillöguflutning. Ég minnti á það, sem mér þykir mikilvægast, að þessi skýrsla sem ég kom með er til. Hún kemur ekki út fyrr en 1986. Ég hef engan þm. heyrt minnast á hana og ég hef ekki heyrt að ríkisstjórnin noti hana sem gagn í sínu máli. Mér finnst þessi skýrsla merkileg og að menn eigi að horfa á hana því að hún er mikill leiðarvísir. Hér er mikil samstaða sem hefur náðst í skoðunum og það er bent á leiðir sem menn eigi að fara í þessu máli. (**AðB:** Hvað segir um vanda Sunnlendinga? Getur þú lesið það upp fyrir okkur?) Vandi Sunnlendinga er stór. Hann er ekki sérgreindur vandi Sunnlendinga enda er vandi Sunnlendinga ekkert stærri en vandi margra annarra á landsbyggðinni. Við höfum áratugum saman horft á það að þúsund manns hefur flutt sig búferlum af landsbyggðinni á þetta svæði. Það er það sorglega í þessu máli. Það er sú þróun sem ég vil snúa við með stjórnvaldsaðgerðum og ég auðvitað ítreka það, sem formaður þess flokks sem flm. er í tók upp úr minni ræðu, að ég tel brýnast að ríkisstjórnin, og ég tel að henni beri skylda til þess, standi við þau heit sem hún gaf í byggðamálum. Auðvitað kann svo að vera að ef maður sér ekki úrræði eða áræði af hálfu ríkisstjórnarinnar í þeim málum er hægt að hætta stuðningi við hana, þá er hægt að leita nýrra leiða til að mynda ríkisstjórn í þessu landi ef stendur á vilja í einhverjum þessara flokka sem að stjórninni standa sem ég hef enga trú á. Ég trúi því að í öllum þessum þremur flokkum séu byggðastefnumenn sem eru tilbúnir að taka á þessum vanda og muni gera það á næstu vikum.

Ég tel einn stærsta vandann í þessu þann sem ágætur bóndi úr Rangárþingi minnti á á fundi á dögunum. Hann sagði: Hvað er þessi þjóð að hugsa? Hún er í mínum huga eins og í ævintýrinu um hana Gilitrutt. Hvað gerði konan í ævintýrinu um Gilitrutt? Hún sat um kyrrt og vildi kaupa alla vinnu. Hún vildi láta tröllið gera vefinn fyrir sig. Hún spurði ekki hvað það kostaði. En hvað kom á daginn? Hvað vildi Gilitrutt fá í staðinn? Hana sjálfa. Er það ekki þetta sem er að gerast hér? Við liggjum hundflatir fyrir útlendingum. Við erum í sífellu að leggja niður störf sem menn hafa áratugum og öldum saman unnið í landinu. Á hvers bandi verðum við á endanum? Við verðum á valdi útlendinganna ef þannig heldur fram sem horfir.

Rétt er það að við búum orðið við allt of sterkt borgríki á Íslandi. Því miður eru völd og umsvif í einu sveitarfélagi í landinu það mikil að það getur í rauninni ráðið öllum málum sem því dettur í hug. Hvað haldið þið að verslunarhöllin Kringlan hafi gert? Hún spennti kaupið upp, hún gyllti þetta „gósensvæði", svo dæmi sé nefnt. Það var ekkert verið að spyrja um hvort það væri nóg til af verslunum. Hér geta menn hafið framkvæmdir sem orsaka þenslu, sem stuðla að því að fólk fari að flytja sig af landsbyggðinni. Þetta er því hluti af þeim vanda sem við er að glíma. Það verður að taka á þessum málum í heild sinni með aðgerðum, með lögum og það verður að taka á ýmsu sem sterkustu sveitarfélögin í landinu ætla sér að gera. Því að það er alveg rétt sem komið hefur fram í þessum umræðum að það verður engin hamingja í þessu landi ef svo heldur fram sem horfir. Eins og hv. þm. Albert Guðmundsson minntist á er Suðurland glæsilegt byggðarlag og þar drýpur hunang af hverju strái. Þar eru glæstir möguleikar ef ríkisstjórnin gerir ákveðnar aðgerðir sem snerta atvinnuvegina, ef menn standa saman heima fyrir, en það er mjög mikilvægt og ég hygg að það muni gerast á Suðurlandi, eða það vona ég og finn að fleiri og fleiri eru að átta sig á.

Mér verður hugsað til Eyfirðinga. Þeir stofnuðu með sér iðnþróunarfélag. Þeir hafa með samstilltu átaki, vinnu og vilja, sótt verkefni, sótt heil fyrirtæki hingað á þetta svæði og flutt heim í byggðina sína af því að þeir voru menn til þess og þeir stóðu saman. Þess vegna mæli ég með samvinnu sveitarstjórnarmanna, eigenda fyrirtækja og ríkisvalds.

En ég tel hættulegt að drepa málinu á dreif eina ferðina enn með því að hér setjist nefnd að störfum. Það tók þessa nefnd tvö ár að semja þessa skýrslu. Hún var skipuð 1984, en skýrslan kemur ekki út fyrr en 1986. Þannig yrði þetta á nýjan leik. Ég get tekið það fram að hv. 1. flm. bauð mér að vera meðflutningsmaður að þessari ályktun. Mín skoðun var þessi og er þessi, að okkur sé nær að taka á þessu máli með öðrum og skjótari hætti. Það er fyrst ríkisvaldið. Um leið og við tökum á öllum hinum þáttunum heima.

Eitt stórt mál er rétt að nefna. Það er í sambandi við alla þá sjóði og stofnanir sem búið er að stofna í þessu þjóðfélagi. Ég finn fyrir því sem þm. þegar ég geng erinda kjósenda minna sem eru með djörfung að hefja framkvæmdir, að það er svaraseint og dautt

kerfi sem við er að glíma. Svörin eru loðin og svörin eru sein og úrræðin eru ekki skjót. Mánuðum saman mega hugsjónamenn standa við dyr þessara sjóða sem hér hafa verið stofnaðir og eiga að standa með atvinnulífinu. Jafnvel þótt menn úr byggðarlögunum borgi í stórum stíl í þessa sjóði fá þeir ekki einu sinni svör frá þeim. Þetta er eitt af því sem við er að glíma. Við verðum að skerpa línur þjóðfélagsins. Ég heiti á þá ríkisstjórn sem ég styð — og ég veit að það er vilji í öllum þingflokkum sem að henni standa til þess — að taka á þessum málum á næstu vikum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður vildi svo vera láta að þessi skýrsla væri frá 1986. Þetta fyrirheit sem hann las og ég las aftur var sett fram á þinginu 1982–1983. Sá sem hér stendur hefur spurt á hverju einasta ári: Hvað ætlar ríkisstjórn eða forsrh., nú hæstv. utanrrh., að gera til að standa við þessi fyrirheit? Það hefur aldrei brugðist að ég hafi spurt um það. Í grg. sem ég hef lagt fram með frv. nú er að finna þetta sama. Síðan kemur skýrslan út 1986. Ætlar hv. þm. að halda því fram að það hafi ekki verið hægt að standa við fyrirheit vegna þess að það hafi vantað skýrslu um fyrirheitið frá þessari nefnd? Nú eru menn farnir að seilast langt til að hlaupa í felur, verð ég að segja.

Í sambandi við ríkisstjórnina sem sat 1973, það var ekki sama ríkisstjórn og sú sem situr núna. Hver var forsrh. fyrir þeirri stjórn? Hann hét Ólafur Jóhannesson. Hann er ekki í ríkisstjórn núna og það er kannski málið. Það var eldgos í Vestmannaeyjum. En hvernig er það nú í Rangárþingi, í Norður-Þingeyjarsýslu, sums staðar á Austurlandi, Vestfjörðum, Vesturlandi? Menn eru að fara frá sínum eignum. Það blasti við og sumir töpuðu sínum eignum í Vestmannaeyjum. Nú eru menn líka að tapa sínum eignum. En það var önnur ríkisstjórn þá, það er málið. Á að bíða eftir því að þessi ríkisstjórn geri eitthvað? Það flytja allir. Sumir eru líka farnir til útlanda. Aðrir eru að hugleiða að fara til útlanda, meira að segja frá húsum sínum. Ég vildi að þetta færi ekkert á milli mála í þessari umræðu.

Það hafa t.d. komið til mín neyðaróp frá tveimur mönnum á Austurlandi seinustu tvo daga. Ég veit ekki hvort þeir tala við sína þm., ég spurði þá ekki að því.

Það er hægt að benda á skýrslur. Fyrir mörgum árum var gerð skýrsla um það að jafna flutningskostnað á Íslandi. Ætli flestir þm. sem hér eru séu ekki búnir að gleyma þeirri skýrslu, það er svo langt síðan. A.m.k. var aldrei gert annað en að gera skýrslu. Það er hægt að drepa málum á dreif með tillögum, með nefndum, með skýrsluhaldi. En það er ekki hægt fyrir þm. að bíða eftir því að gert verði eitthvað sem er ákveðið og er búið að lofa ef ekki bólar á neinu. Það gerir það ekki. Þess vegna vil ég endursegja það sem ég sagði áðan, það eru rétt vinnubrögð að taka upp svona mál hér á hv. Alþingi, það þarf enginn að álasa neinum fyrir það, (**Gripið fram í:** Ekki gert.) það þarf enginn að álasa manninum fyrir það og að benda á fyrirheit sem eru orðin 5, 6 ára gömul. Menn svara manni jafnvel með skætingi ef maður spyr um hvað þeir ætli að gera, eins og hefur verið gert. Þá er ekkert undarlegt þótt bæði þm. og landsbyggðin missi þolinmæðina.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég sagði í mínu máli að flm. vildi skipa nefnd eins og till. segir raunar fyrir um, án þess að ég væri að gera sérstaklega lítið úr því. Ég benti einnig á að stjórnvöld biðja um skýrslur eða möppur í þessu máli. Ég vildi með orðum mínum hafa lagt áherslu á aðgerðir strax.

Hv. þm. Albert Guðmundsson, hinn ágæti sessunautur minn, virðist ekki hafa heyrt mitt mál. Ég sagði að þjóðin öll þyrfti að losna við þann bölvald sem lánskjaravísitalan er. En hún færi verst með landsbyggðina — og það undirstrika ég — þó að öll þjóðin þurfi að losna við hana.

Ég vildi einnig hafa sagt í mínu máli að það þyrfti almennar aðgerðir til að hjálpa landsbyggðinni. Eitt meginmál í því sambandi er að afnema þessa vitlausu vísitölu. Ég þakka Albert Guðmundssyni sem lagði einmitt til, eins og hann gat um áðan, í tíð fráfarandi ríkisstjórnar að afnema þessa vísitölu. Það hefði verið betur gert um leið og kaupgjaldsvísitalan var afnumin. Þá væri staða okkar þjóðar önnur í dag.

Ég nefndi að auki orkumálin og fleira. En það stendur, og það vil ég ítreka, það stendur upp á ríkisstjórnina að taka á. Ég vona að þessi umræða og ástandið í þjóðfélaginu verði til þess að stjórnvöld vakni fyrr en seinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins.

Skýrsla fjmrh., 20. mál. — Þskj. 335.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Á þskj. 20 er beiðni um skýrslu frá fjmrh. um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins á tímabilinu eftir 26. maí 1983. Það er að mestu leyti í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar. Skilgreint er hvaða upplýsingar það eru sem farið er fram á og hér eru birtar eftir því sem tök voru á. Jafnframt er þess óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þm. Það er að vísu alllangt síðan henni var dreift, en af ýmsum ástæðum hefur dregist úr hömlu að taka hana til umræðu.

Út af fyrir sig má margt segja til viðbótar því sem fram kemur í þessari skýrslu um eignir ríkissjóðs. Þegar beiðni þessi var upphaflega borin fram á 109. löggjafarþingi og send fjmrh. var öllum ráðuneytum

skrifað bréf, hinn 27. febr. 1987, þar sem farið var fram á sundurliðaðar upplýsingar í 10 liðum. Skýrslan er unnin á grundvelli þessara upplýsinga, en þess skal getið að hún nær yfir tímabilið frá 26. maí 1983 til 15. okt. 1987, þ.e. rúma þrjá mánuði fram á tímabil núverandi ríkisstjórnar. Á þessu tímabili voru keyptar 75 fasteignir og lóðir, en seldar 30.

Því miður verður að játa þá staðreynd að svör við erindum fjmrn. til hinna einstöku ráðuneyta annarra heimtust illa. Þannig bárust svör frá viðskrn., heilbr.- og trmrn., sjútvrn. og landbrn., en önnur ráðuneyti svöruðu ekki þessum erindum.

Ljóst er að þau ráðuneyti sem hér eru fyrirferðarmest í fasteignaviðskiptum eru menntmrn., dómsmrn. og félmrn. Það kemur fram að skiptingin á keyptum og seldum fasteignum milli ráðuneyta er á þessa leið:

Æðsta stjórn ríkisins hefur á þessu tímabili keypt sjö eignir, selt eina,
forsrn. hefur ekkert keypt né selt,
menntmrn. hefur keypt þrettán eignir, selt sjö,
utanrrn. keypt eina, selt eina,
landbrn. keypt sjö eignir, selt fjórar,
sjútvrn. hefur ekki stundað slík viðskipti,
dóms- og kirkjumrn. hefur keypt tólf eignir, selt sex,
félmrn. keypt tíu, selt enga,
heilbr.- og trmrn. keypt sextán, selt fjórar,
fjmrn. keypt sex, selt eina,
samgrn. keypt eina, selt sex,
iðnrn. keypt eina, selt enga,
viðskrn. keypt eina, selt enga,
Hagstofa Íslands og Fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa ekki komið að þessum viðskiptum.

Til viðbótar við þau gögn sem fram eru lögð í skýrslunni má bæta að það hafa borist gögn eftir framlagningu skýrslunnar um kaup og sölu fasteigna sem skiptist þannig, eftir ráðuneytum:
menntmrn. hefur keypt þrjár eignir, selt eina,
landbrn. selt eina eign,
dóms- og kirkjumrn. keypt eina, selt enga,
félmrn. keypt fjórar, selt tvær,
heilbr.- og trmrn. keypt eina,
fjmrn. keypt og selt eina eign.

Rétt er að gera þá athugasemd við skýrsluna efnislega að við samanburð á fasteignaverði og brunabótamati og kaup- eða söluverði eigna er ljóst að fasteigna- og brunabótamat er í sumum tilvikum ónákvæmt. Nefna má dæmi um eignir þar sem fylgdi margvíslegur búnaður þannig að fasteignamat eða brunabótamat telst varla áreiðanlegur mælikvarði.

Þá vil ég geta þess að ýmsu er ábótavant í samskiptum ráðuneyta varðandi ráðstöfun þessara hluta. Í fyrsta lagi hefur skapast sú hefð á hinu háa Alþingi að veita fjmrh. heimildir til kaupa á eignum skv. svokallaðri 6. gr. Hins vegar er alls ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til kaupa á fasteignum skv. þeirri grein. Hér er því verið að búa til einhvers konar heimildafjárlög án fjárveitinga. Rökin eru þau að upp koma ófyrirsjáanlegir hlutir í slíkum efnum en ef þessar heimildir eru ótæpilega notaðar getur það valdið umtalsverðri skekkju í fjárlagagerð.

Annað er rétt að komi fram. Það virðist ekki liggja nægilega skýrt fyrir milli ráðuneyta að þessi heimild er veitt fjmrh. og fjmrh. einum því enn eru að gerast dæmi þess og hafa oft gerst í fortíðinni að einstök ráðuneyti eru að nýta heimildir þannig að fjmrn. berast upplýsingar um að eignir hafi verið keyptar eða seldar, aðallega keyptar, kaupsamningar kannski sendir og þar með staðfest að aðrir ráðherrar eða önnur ráðuneyti hafi nýtt slíkar heimildir. Í fjármálaráðherratíð Alberts Guðmundssonar var reynt að taka fyrir þetta og hæstv. þáverandi fjmrh. sendi öðrum ráðuneytum sérstakt bréf af því tilefni, við getum kallað það áminningar- eða umvöndunarbréf, þar sem hann brýndi fyrir öðrum ráðuneytum að heimildin væri fjmrn. En þessi venja hefur þýtt að því fer fjarri að eignaskrá ríkisins sé í lagi. Að undanförnu hefur einn starfsmaður fjmrn. unnið að því að afla gagna og skrá þetta svo með viðunandi hætti væri. Því verki er ekki lokið og reyndar er ég upplýstur um að það muni taka líklega á annað ár að óbreyttum starfskröftum að ljúka þeirri upplýsingaöflun, flokkun og skráningu, þannig að ekki er nú ástandið gott. Ég skal játa að ég hef ekki beitt mér í þessu máli enn sem komið er og hef ekki tekið neina sérstaka ákvörðun um að hraða þessari vinnu eða skipuleggja hana með öðrum hætti.

Loks skal þess getið að það hafa verið mótaðar ákveðnar vinnureglur í fjmrn. varðandi kaup og sölu fasteigna. Í fyrsta lagi að tilboð um kaup byggjast á auglýsingum í fjölmiðlum og annað, að við kaup á fasteignum hafa verið boðnar rýmilegri útborganir jafnvel en tíðkast á fasteignamarkaði til þess að ná nafnverði niður sem reyndar oft hefur tekist bærilega. Það hefur verið reynt eftir megni að kaupa eignirnar veðbandalausar, þ.e. með ekki mörgum áhvílandi veðskuldum, sem einfaldar eftirlit með greiðslum samkvæmt kaupsamningum, útborgun og lánagreiðslum að viðteknum veðskuldum, og við kaup og sölu á sérhæfðum húseignum hafa verið fengnir óháðir kunnáttumenn í fasteignaviðskiptum til þess að meta þær eignir.

Að því er varðar þann þátt málsins, þ.e. spurninguna um það: Er ríkið með einhverja fastmótaða stefnu í þessum málum, er það stefna ríkisvaldsins að festa kaup á eignum yfir sínar stofnanir fremur en að leigja? þá sýnist mér að það sé ekki hægt að kveða svo fast að orði að það sé fylgt markvissri stefnu í þessu efni. Þó er ljóst að það hefur í vaxandi mæli verið brugðið á það ráð að kaupa eignir og það auðvitað sparar leigugjöld, en á móti kemur margvíslegur rekstrarkostnaður.

Í heildina litið er það svo mín ályktun að þetta sé þáttur í umsýslu ríkisins sem þarfnist umtalsverðra umbóta og má þar m.a. nefna t.d. að því er varðar nýtingu þessara eigna og leigugjöld fyrir þær að það kallar á sérstaka skoðun um samræmingu og hækk-

un á leigugjöldum.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans því að þau gerðu vissulega það gagn að sýna fram á nauðsyn þess að slík beiðni um skýrslu væri lögð fram. En það var á síðasta þingi í upphafi þings að við þingmenn Alþb. ásamt hv. 7. þm. Norðurl. e. Málmfríði Sigurðardóttur lögðum fram beiðni um skýrslu sem hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþm. eftir því að fjmrh. gefi Alþingi skýrslu um kaup og sölu fasteigna sem fram hafa farið á vegum ríkisins frá 26. maí 1983 til þessa dags.“ — En þetta var í október á sl. ári. — „Í skýrslunni verði getið kaup- og söluverðs hverrar fasteignar, fasteigna- og brunabótamats og greiðsluskilmála. Gerð verði grein fyrir stærð húsnæðis, afhendingartíma og kostnaði við breytingar. Einnig komi fram í skýrslunni hvort heimild var fyrir viðskiptunum í fjárlögum þegar viðskiptin fóru fram. Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.“

Nú bar svo við á síðasta þingi að aldrei komu nein svör við umræddri beiðni um skýrslu. Þegar ég innti starfsmenn fjmrn. eftir því undir þinglok á sl. ári var ég beðin afsökunar á þessu og lofað að svörin mundu berast í byrjun næsta þings. Þess vegna ákváðum við að leggja þessa beiðni fram að nýju sl. haust.

En um svörin má hins vegar segja ýmislegt eins og hæstv. ráðherra hefur raunar þegar gert. Í svari ráðherra segir svo, eftir að hér er talin upp talnaröð um sölu fasteigna þessi umræddu ár, með leyfi forseta: „Hér á eftir fer skrá yfir fasteignakaup og fasteignasölu yfir fyrrgreint tímabil. Skráin er unnin upp úr gögnum fjmrn., en þar eð ekki bárust svör frá öllum ráðuneytum er ekki full vissa fyrir því að allar fasteignir sem keyptar eða seldar voru á umræddum tíma séu í skránni.“

Síðan kom fram í máli hæstv. ráðherra að einungis fjögur ráðuneyti svöruðu beiðni fjmrn. um upplýsingar um sölu og kaup fasteigna og má það satt að segja með ólíkindum teljast að slíkt virðingarleysi sé í frammi haft við hæstv. fjmrh. Hinu má svo einnig spyrja að: Allar heimildir í 6. gr. fjárlaga eru vitanlega heimildir, eins og hæstv. ráðherra réttilega sagði, til hans sjálfs og hans ráðuneytis. Þá hlýtur maður að spyrja hvers vegna í ósköpunum er ekki til skrá í því sama ráðuneyti um kaup og sölu fasteigna. Mér sýnist alveg ljóst að þarna sé pottur brotinn.

Síðan segir í svarinu: „Til skýringar á skránni skal eftirfarandi getið“, með leyfi forseta:

„1. Í öllum tilvikum er getið um notanda fasteignar, nema þar sem engin starfsemi er.“ — Spurning mín er: Hvers vegna eru keyptar fasteignir þar sem engin starfsemi er? Við athugun á skýrslunni má sjá að margfræg jörð, Kotmúli í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu, virðist hafa verið keypt til engra nota og því getur sjálfsagt hæstv. fyrrv. fjmrh. svarað til hvers sú jörð var keypt þar sem ekki sýnast vera nein merki þess enn þá að hún nýtist einum eða neinum.

„2. Staðsetningar.“ Þeirra er getið.

3. Flatarmáls eigna er getið, nema þar sem það er ekki tiltækt, hvorki í samningum eða vinnugögnum með samningum né hjá Fasteignamati ríkisins.“ — Það væri fróðlegt að vita hvers konar eignir þetta eru.

„4. Kaup- og söludagsetninga er alls staðar getið þegar tiltækar eru.

5. Afhendingardagsetninga er alls staðar getið þegar tiltækar eru.

7. Fasteignamat er skráð þar sem það liggur fyrir.

8. Brunabótamat er skráð þar sem það liggur fyrir.“

Í 11. lið er sagt: „Skráður er kostnaður við byggingu eða breytingu húsnæðis þar sem við á.“

Í stuttu máli verð ég að segja eins og er að mér þykja þessi svör jaðra við að vera móðgun við alþm. sem óskar eftir að fá upplýsingar um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins því þetta eru svör sem engum manni gagnast. En ég skal hvorki vera hér að níðast á fyrrv. hæstv. fjmrh. né núverandi og ég virði það við hæstv. núverandi fjmrh. að hafa sagt hér í sinni framsöguræðu að þessi mál væru í mesta ólestri vegna þess að það var það sem hann beinlínis sagði.

Vitanlega er það fullkomlega óábyrgt að Alþingi fylgist ekkert með hvort eignir eru keyptar án heimildar í fjárlögum því það viðgengst og það vitum við. Jafnframt er það fullkomið ábyrgðarleysi að við skulum ekki fylgjast með eða fá skrá yfir nýtingu eigna ríkisins. Það er vitað mál að menn hafa komið til ráðuneytisins og spurst fyrir um lausar ríkisjarðir. Menn hafa beinlínis enga hugmynd um hverjar þær eru og hvað margar. Vitaskuld ber ríkinu og fjmrn. fyrir þess hönd að sjá um að eðlilegur arður sé af ríkiseignum, beinn eða óbeinn. Það er alvitað að ríkisjarðir eru leigðar fyrir nær engan pening.

Ég veit um dæmi um blómlega jörð norður í Skagafirði þar sem ýmis hlunnindi eru, svo sem laxveiði, sem er leigð fyrir 71 kr. á ári. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Getur hann ekki beitt sér fyrir því að unga fólkið í Reykjavík fái leigða íbúð fyrir 71 kr. á ári? Ég hygg að hann yrði farsæll í næstu kosningum ef hann beitti sér fyrir því. Vitanlega er þetta engin nýting og fullkomlega óeðlileg útleiga á sameiginlegri eign okkar allra.

Nýlega hefur okkur þingmönnum borist skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 1987 sem ber að fagna því hér er nýlunda á ferðinni sem er auðvitað afsprengi laga um Ríkisendurskoðun frá 16. apríl 1986 þegar Ríkisendurskoðun var færð beint undir hið háa Alþingi. Ég hef spurst fyrir um hvort vænta megi sams konar skýrslu um B-hluta fjárlaga þar sem hér er um að ræða A-hlutann og svarið var jákvætt og því ber jafnframt að fagna. Það sem ég hins vegar held að hæstv. fjmrh. sé neyddur til að beita sér fyrir er að gerð verði

ítarleg skrá um eignir íslenska ríkisins, um fasteignir, lóðir og lendur íslenska ríkisins og verðgildi þessara eigna verði fært upp á raunhæfan hátt samkvæmt núvirði. Vitanlega verðum við að vita hvað við eigum. Það verður að segjast eins og er að hefði hæstv. ráðherra hér verið að tala fyrir einkafyrirtæki er ég ansi hrædd um að það þætti ekki vel rekið fyrirtæki sem hefði nánast ekki hugmynd um hvað væri selt og keypt árlega á vegum fyrirtækisins.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir að hafa þó kjark til að tala fyrir þessari heldur aumkunarverðu skýrslu, sem ráðuneyti hans hefur lagt upp í hendur hans, og einkum og sér í lagi fyrir að játa að hér sé þörf á umbótum, en ég held að jafnvel þó að það verk tæki 1½–2 ár að skrá eigur íslenska ríkisins væri það verk sem kæmi til með að borga sig þegar til lengdar væri litið svo að hægt væri að halda þessum eignum í eðlilegu verðgildi og hafa af þeim eðlilegan arð.

Ég geri ekki aðrar athugasemdir við þessa skýrslu en þær að mér þykir hún öldungis ófullnægjandi og ein ákveðin athugasemd liggur á borðinu sem er hvers vegna Kotmúli í Fljótshlíð var keyptur án þess að sýnilegt sé að nokkur maður þurfi að nýta þá jörð. Hv. 5. þm. Reykv. verður að gera það upp við sig hvort hann svarar því sem fyrrv. hæstv. ráðherra. Ég geri ráð fyrir að núv. hæstv. fjmrh. hafi ekki hugmynd um til hvers hann var keyptur. En að endingu þetta: Ég vil beinlínis fara fram á það og við sem þessa beiðni bárum fram að gerð verði ítarleg úttekt á þessum sameiginlegum eignum okkar og verðgildi þeirra reiknað til núvirðis svo að hægt sé að fylgjast með hvað sé gert við þessar eignir sem *eru eins og við öll vitum ólitlar.*

Svo þakka ég að lokum hæstv. ráðherra fyrir svar hans.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka þá skýrslu sem hér liggur frammi þó ófullkomin sé og allir mega sjá að þetta er plagg sem inniheldur nokkuð mörg nöfn og margar stærðir og nær yfir kaup og sölu ríkisins á fasteignum um næstum fjögurra ára skeið þó að öll kurl séu þar ekki komin til grafar. Þó ber að harma að sum ráðuneytin hafa ekki talið skyldu sína að svara eftirgrennslan um þessi mál og ég verð að segja að mér finnst það lýsa í hæsta máta virðingarleysi við ráðherra og Alþingi.

Skýrsla eins og þessi er þörf og minnir okkur enn einu sinni á að aðhalds og aðgætni er vissulega þörf þar sem farið er með sameiginlegt fé okkar allra. Þetta eru auðvitað mjög gagnlegar upplýsingar það sem þær ná, en það er engan veginn auðvelt að meta þær því til þess þarf að skoða grannt og skyggnast á bak við nöfn og tölur. Og það kann að reynast torsótt að verða einhvers vísari við það. Því hefði verið æskilegt að skýrslan hefði verið nokkuð fyllri um þessar 105 fasteignir sem um er að ræða. T.d. er ekki getið um stærð á 23 þeirra og fasteignamat og brunabótamat er alls ekki alls staðar fyrirliggjandi.

Í skýrslunni segir að vísu að flatarmáls eigna sé getið þar sem það sé tiltækt, en sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna það sé þá ekki tiltækt eins og það er orðað. Vita menn ekki um hvaða hluti er að ræða?

Vitanlega er nauðsynlegt bæði að byggja og kaupa húsnæði fyrir hina ýmsu starfsemi sem fer fram á vegum ríkisins og fæstir efast um gagnsemi kaupanna í sjálfu sér né heldur nauðsyn þeirrar starfsemi sem verið er að veita húsaskjól. En eins og ég sagði áðan hefði verið æskilegt að skýrslan væri fyllri og veitti meiri upplýsingar, t. d. um það þegar húsnæði er keypt til ákveðinnar starfsemi, hvort sé verið að kaupa yfir hana í fyrsta sinn eða verið sé að flytja eldri starfsemi úr öðru húsnæði og hafði áður verið leigt eða átti ríkið fyrra húsnæði og væri svo, hvað var gert við það? Var það selt eða var önnur starfsemi flutt þangað eða var það sett í leigu? Var verið að stækka húsnæði viðkomandi starfsemi eða draga saman? Þetta eru upplýsingar sem virðist að ætti að liggja fyrir einhvers staðar, t.d. í fjárlögunum, en það er töluverður brestur á því.

Ýmis af þessum kaupum vita flestir mætavel að nauðsyn ber til að gera svo sem eins og húsnæði yfir embættismenn á landsbyggðinni og heilsugæslu. Ég tek t.d. Greiningarstöð ríkisins sem var í alls óviðunandi húsnæði. Þar virðist hafa verið staðið skynsamlega að málum og sama má segja um Unglingaheimili ríkisins. En því er ekki að leyna að það hafa oft heyrst efasemdarraddir um að ýmis fasteignakaup ríkisins hafi verið skynsamleg eða jafnvel réttlætanleg. Má í því sambandi minna á umræður um húsið við Laugaveg 166 sem nánast var endurbyggt innan með ærnum tilkostnaði og ýmsir hafa talið meira en vafasamt að þar væri um hagkvæma framkvæmd að ræða.

Það er nú svo að það hafa oft verið keypt gömul hús á ríkisins vegum og menn hafa í bjartsýni sinni trúað því sjálfir og talið öðrum trú um að kaupin væru hagstæð. En hvað skeður svo þegar þarf að breyta skipulagi innanhúss og innréttingum? Þá fer oftar en ekki svo að allt vex og margfaldast, kostnaðurinn bólgnar út úr öllum skorðum og byggingin verður dýrari en tali tekur. Þá er málið afgreitt með því að framkvæmdin hafi ekki verið of dýr heldur hafi kostnaðaráætlunin verið of lág. Þvílík ummæli finnst mér eiginlega grátbrosleg og mér finnst hæpið að telja fólki trú um að verkfræðistofnanir séu ekki færar um að gera raunhæfa kostnaðaráætlun. Sá grunur læðist óhjákvæmilega að að stundum séu húsakaup ákveðin fyrst og fremst til að hrinda einhverjum góðum málum áleiðis sem er í sjálfu sér góðra gjalda vert, en það þarf að skoða endinn í upphafi.

Ég hefði kosið að fá að vita hvað er fyrirhugað um nýtingu á húsunum við Sölvhólsgötu og Lindargötu, hvaða ríkisstofnanir verða fluttar þangað og hvað verður gert við það húsnæði sem þær hinar sömu höfðu áður. Einhverjar áætlanir hljóta að liggja fyrir

um þetta þannig að það sé hægt að fá að fylgjast með því.

Það er margs að minnast um húsakaup og byggingar, svo sem flugstöðvarinnar margumræddu. Sú framkvæmd hefur sannarlega ekki styrkt trú almennings á að farið sé með almannafé af skynsemi og sparnaði og þá vaknar sú spurning hvort lög um opinberar framkvæmdir veiti nóg aðhald, hvort ekki sé ástæða til að skerpa á þeim á einhvern hátt.

Þessi skýrsla segir okkur ekki allt. Hún segir okkur raunar allt of fátt. Hún sýnir okkur að vísu sívaxandi þörf húsnæðis yfir ríkisstarfsemi sem eins og allir vita bólgnar út með ári hverju, en það kemur hvergi fram í skýrslunni hvort eða hvað sparast á móti. Og þar á ég við, þegar orðið er of þröngt um einhverja starfsemi og stærra húsnæði er keypt, hvað verður þá um hið fyrra. Skýrslan segir okkur lítið sem ekkert um hvort ráðdeild og hagsýni hafi verið í fyrirrúmi um kaup og sölu. Vitanlega á fólk að geta treyst því að svo sé, en því miður heyrast allt of oft efasemdaraddir um þau efni.

Í skýringum við skýrsluna er þess getið að sé eign seld eða keypt án heimildar sé um það fyrirvari í samningi að sú heimild fáist. Þá vaknar sú spurning hvort svo geti ekki farið, ef slík kaup hafa verið gerð, að fjvn. sé í raun stillt upp við vegg og gert að samþykkja orðinn hlut. Er eitthvað sem hindrar að slíkt geti gerst? Reyndar drap hæstv. fjmrh. að nokkru á þetta í máli sínu áðan. Væri ekki full ástæða til að einhver aðili væri til ráðuneytis eða ráðgjafar um fasteignakaup ríkisins, óháður aðili með góða yfirsýn um fasteignamarkaðinn sem legði mat á hagkvæmni kaupa?

Ég tel líka að skrá um kaup og sölu fasteigna hjá ráðuneytum ætti að vera tiltæk í hverju ráðuneyti fyrir sig því að það er full þörf á að búa svo um hnútana varðandi þessi mál að almenningur treysti því að það sé farið af skynsemi og ráðdeild með sameiginlegt fé okkar allra.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því svari sem hefur komið fram við fsp. um fasteignir ríkisins. Ég kom að fjmrn. sem fjmrh. á eftir alþýðubandalagsmanninum Ragnari Arnalds og mér varð ljóst fjótlega eftir að ég tók við embætti að ég átti í erfiðleikum með að fá upplýsingar um eignir ríkisins vegna þess að þær höfðu ekki verið skráðar eins og um var talað í framsögu fyrirspyrjanda og upplýsingar lágu ekki fyrir. Þetta, eins og hún réttilega sagði, var í mesta ólestri.

Ég gerði ráðstafanir til þess að fasteignir ríkisins yrðu skráðar, þær yrðu þinglesnar og yfirleitt allar upplýsingar sem eiga að liggja fyrir hjá eignaraðilum væru til á skrá hjá eignadeild fjmrn. Ég verð að taka undir það sem hæstv. fjmrh. sagði: Þetta er gríðarlega mikið starf, en sú vinna hefur hafist og samkvæmt þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra gaf úr ræðustól hér áðan mun það taka um 1½ ár til viðbótar að ganga frá þessum skrásetningum þannig að viðunandi sé.

Hitt er svo annað sem ég var ákaflega óánægður með í sambandi við verkaskipti á vegum fjmrn., hvert ráðuneyti taldi sig hafa umráð yfir þeim eignum sem það fór með þannig að eignadeild fjmrn., sem var í höndum ríkislögmanns, var ekki starfhæf á þann hátt sem ég gerði ráð fyrir sem ráðherra sá sem eignadeildin heyrði undir. Þetta er eitt af því sem þarf að breyta því breytinga er þörf, en alla vega að sé alveg á hreinu í verkaskiptingu þegar ríkisstjórnir eru myndaðar að eignadeild fjmrn. fer með allar eignir ríkisins. Hún er ábyrg fyrir að skrásetja þær, hún er ábyrg fyrir að kaupa þær og selja í samráði við viðkomandi fagráðherra. Það getur aldrei verið að eignadeildin eða fjmrn. geti selt eignir án samráðs við viðkomandi fagráðherra. En það þarf að staðsetja þetta betur í kerfinu og að það fari ekkert á milli mála að eignadeildin heyri undir einhvern ákveðinn einn ráðherra og er ég þá ekki að segja að það sé endilega rétt að hafa þetta undir fjmrh. Það getur alveg eins verið réttara að það heyri undir forsrh. því að forsrh. er sá aðili sem ráðstafar öllum eignum ríkisins til afnota. Það er hann sem skammtar ráðuneytunum pláss eða hefur ráðstöfunarrétt á eignunum.

Ég fagna því að starf eignadeildar er enn þá í gangi og ég held að það hafi verið settur nýr maður þar, Björn Hafsteinsson ef ég man rétt, í að skrásetja eignirnar fyrir eignadeildina. Alla vega var hann við það starf. Það er þá einhver annar kominn í hans starf, en þetta starf er vonandi í gangi eins og hæstv. ráðherra gat um.

Það var sérstaklega spurt um kaup á einni eign, Kotmúla. (Gripið fram í.) Það er margur Votmúlinn, það er rétt. Mig minnir það hafi verið makaskipti á eign hér í Reykjavík við Fíladelfíusöfnuðinn, Hvítasunnusöfnuðinn. Það stóð þannig á því að það var skóli rekinn í Breiðholtinu sem hét Skóli Ásu Jónsdóttur og átti að hafa byggst upp með fjármagni frá Reykjavíkurborg að hálfu og ríkisvaldinu að hálfu. Reykjavíkurborg hafði aldrei lagt neitt fram af peningum, en var þó skráður að hálfu eigandi vegna þess að það var samkomulag sem var gert áður en skólinn fór í byggingu. En ríkið hafði fjármagnað hann og átti svo kröfuna á Reykjavíkurborg. Þannig stóðu málin þegar barnaheimili Hvítasunnusafnaðarins fyrir austan vildi flytja sína starfsemi í bæinn. Söluverð það sem var ákveðið var ákveðið af ráðuneytismönnum, af þar til gerðum matsmönnum eins og venja er. Ég man nú ekki í augnablikinu án þess að biðja fjmrh. að rifja það upp fyrir mig hver ástæða var til þess að það var talið hagkvæmt fyrir ríkið að kaupa Kotmúla. En mig minnir þó, og ég skal ekki alveg sverja fyrir það sem ég get ekki munað, að ríkið hafi átt þarna einhverja eign við hliðina eða nálægt og það var talið réttara að ríkið eignaðist þann hluta sem Hvítasunnusöfnuðurinn átti nálægt eigninni til þess að ríkið ætti stærri hluta í staðnum. Það er eins og mig minni að þetta hafi verið rökin. Þeir sem eru matsmenn og skoða þessa hluti fyrir ráðuneytið töldu að þarna

gæti verið um hagkvæm skipti að ræða. Alla vega réð það miklu um makaskiptin að það var annar kaupandi að húsinu sem hýsti skóla Ásu Jónsdóttur, sem ég taldi og borgaryfirvöld töldu líka reka þess konar starfsemi að ekki væri rétt að stuðla að því að hún gæti komist inn í skóla Ásu Jónsdóttur og talið betra fyrir hverfið að kristileg starfsemi færi þar fram á vegum Hvítasunnusafnaðarins en sú starfsemi sem um var að ræða, bæði fyrir borgarsamfélagið og þjóðfélagið í heild.

Ég vona að ég hafi svarað þessari spurningu. En ég fagna þessari skýrslu sem fram er komin. Hún er ekki fullkomin, enda getur hún ekki verið það fyrr en búið er að ganga endanlega frá öllum skrásetningum fasteigna, en þegar þar að kemur, þ.e. eftir 1½–2 ár, á að vera hægt að fá samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra fullkomna skýrslu um eignir ríkisins.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér hafa spunnist nokkrar umræður um þessa skýrslu í framhaldi af því þingmáli sem við bárum hér fram, þingmenn Alþb., ásamt hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur og í sjálfu sér er ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Það er ljóst að það viðurkenna allir að hér er um ákaflega ófullkominn pappír að ræða. Skráning fasteigna, bæði kaupa fasteigna og sölu á fasteignum, virðist vera ófullkomin og óskýr, satt að segja undarlega óskýr, og um það eru allir sammála að úr þessu þurfi að bæta, um það er enginn ágreiningur, og jafnframt er upplýst af hæstv. ráðherra að það sé verið að vinna í lagfæringum á þessu.

Það sem vakti athygli mína og hefur ekki komið hér fram í umræðunni áður er sú staðreynd að verulegur hluti af þessum fasteignakaupum á sér stað með heimildum sem aflað er eftir á. Eins og kunnugt er er það þannig að í 6. gr. fjárlaga eða annars staðar í lögum eru settar inn heimildir iðulega fyrir ráðherra til að ganga frá kaupum á fasteignum og þessi skýrsla nær yfir kaup á 77 fasteignum handa ríkinu á árunum 1983–1987. Ég hljóp yfir það hins vegar í skýrslunni hversu margar af þessum fasteignum eru keyptar samkvæmt heimildum sem aflað er eftir á. Þær reynast vera liðlega 20. Í raun og veru er það þannig að ráðherrar taka ákvörðun um að kaupa þessa fasteign og síðan er aflað heimilda eftir á. Þetta er nokkuð sérkennilegt að upplifa, sérstaklega þegar þess er gætt að við þekkjum það, sem höfum verið hér á þingi um nokkurt skeið, að það er mikil nákvæmni oft við að passa að verðugir aðilar fái heimildir og aðrir ekki þegar verið er að ganga frá fjárlögum á hverjum tíma. En óðara og er búið að ganga frá fjárlögum er engu líkara en að ráðherrar hlaupi út um allar þorpagrundir og gangi frá kaupum á fasteignum og þær eru 20, yfir 20 á þessu árabili. Ég er ekki að segja að hér sé um að ræða neina nýlundu, ég hygg að þetta sé venja eða ósiður sem tíðkast hafi um langt árabil, en það er fróðlegt að sjá það hér á blaði hvernig að þessum hlutum er staðið og vekur auðvitað til umhugsunar um að hve miklu leyti er yfirleitt tekið mikið mark á afgreiðslu fjárlaga yfir höfuð, hvort sem um er að ræða kaup á fasteignum, aukafjárveitingar eða hvað það nú er.

Það er einnig ástæða til að vekja athygli á því að þess eru dæmi í þessu plaggi að ekki hefur enn verið aflað heimildar til kaupa á einni fasteign sem er keypt á árinu 1983. 14. okt. 1983 er gengið frá makaskiptum e.t.v. á jörðinni Kotmúla í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu og heimildar fyrir þessum kaupum hefur ekki verið aflað enn hér á Alþingi. Alþingi hefur ekki enn þá samþykkt þetta. Það hefur enginn gert tillögu heldur, að ég held, um að þessi heimild eftir á verði veitt. Samt sem áður er það þannig að ríkið hefur verið skuldbundið með skuldabréfi upp á 1 millj. kr., borgað út 100 þús. kr., eftirstöðvar eru 900 þús. til 15 ára með hæstu lögleyfðum vöxtum. Það hefur aldrei verið leitað eftir heimild fyrir þessu. Ég kannast ekki við að hér sé feimnismál á ferðinni. Ég þekki málið ekki. Ég kann ekki á það. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Hversu má það vera að ekki er gengið lögformlega frá málinu og heimildarinnar aflað? Skammast fjmrn. sín fyrir þennan gerning eða hvað? Ef svo er er eðlilegt að menn séu feimnir við að koma með hann hingað, en eðlilegra væri samt að þeir gerðu það, kæmu með málið fyrir fjvn. og Alþingi með eðlilegum hætti. Ég tók eftir því að hæstv. fjmrh. sagðist ekki hafa grænan grun um til hvers þessi fasteign væri notuð. Ég skora á hæstv. ráðherra að fara með Alþfl. í sumarferð að Kotmúla í Fljótshlíð til að kynna sér til hvers þessi fasteign ríkisins er notuð.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að jarðaafgjöld væru sérstaklega hagstæð ábúendum sem væru leiguliðar hjá ríkinu og nefndi í því tilefni eitt sérstakt dæmi um 71 kr. eins og hún orðaði það. Þetta er að sjálfsögðu ekki í fyrsta skipti sem maður hefur heyrt talað um jarðaafgjöld á ríkisjörðum á hv. Alþingi og það hafa jafnan einkennt þá umræðu dylgjur eins og reyndar kom fram með skýrum hætti hjá hv. ræðumanni.

Sérstaklega hafði ræðumaðurinn á orði hvort ekki væri hægt að ná fram betri árangri í gjaldheimtu af ríkisjörðum og talaði um í því sambandi að það þættu góð kjör í Reykjavík ef það væri hægt að leigja fasteignir, væntanlega þá til að búa í, fyrir 71 kr. Nú er það fyrir það fyrsta að ýmsir leigusamningar og kannski æðimargir eru komnir æðimikið til áranna og í þeim hafa ekki verið ákvæði um verðuppfærslu. Í því felst að sjálfsögðu viss skýring á því að ýmsar leigugerðir eru með þeim hætti að þar er einungis um lágar upphæðir að ræða.

Nú hafa hins vegar verið gerðar þær breytingar á á síðari árum og ég hygg að ég viti það rétt að þeir leigusamningar sem hafa verið gerðir upp á síðkastið taka mið af breytingum sem verða á verðlagi, eru bundnir við þau verðmæti sem ríkisvaldið á á

jörðunum og síðan taka þeir breytingum eftir því sem verðlag færist upp.

En það er reyndar ýmislegt meira í þessu máli sem er nauðsynlegt að benda á og í þessari ónákvæmu ræðu hjá hv. þm. kom heldur ekki fram. Það er þá fyrir það fyrsta að á leigujörðunum eiga bændurnir að langsamlega stærstum hluta eignirnar, eiga ræktunina, eiga byggingarnar og eiga að sjálfsögðu aðrar fasteignir sem þar eru þannig að hér er í langsamlega flestum tilvikum um að ræða mikinn minni hluta af þeim verðmætum sem búið er með á þessum stöðum.

Það er líka mál út af fyrir sig að fara yfir það hvaða uppgjörsmáta bændur verða að sæta þegar gert er upp og eignirnar eru færðar á milli leiguliða. Ég hygg að það sé býsna mikið öðruvísi en það sem gerist þar sem markaðsaðstæður eru með öðrum og betri hætti. En svo er rétt líka að nefna til viðbótar við þetta, sem a.m.k. á Alþingi má ekki gleyma þegar verið er að tala um þessi mál, að það er langsamlega minnstur hluti af þessum kostnaði, bæði á ríkisjörðunum og á öðrum jörðum, sem er gjaldfallinn inn í afurðaverðið, langsamlega minnsti hlutinn. Einmitt núna á síðari árum, með hækkandi verðlagi og hækkandi vöxtum, er reyndin sú að þetta hefur dregist saman en ekki aukist í búvöruverðinu. Þegar menn eru að tala um slíka hluti er alveg nauðsynlegt að menn horfi til allra átta í þeim.

Það er svo annað mál að auðvitað er eðlilegt að á þetta sé allt saman litið og eins og ég sagði áðan hafa menn einmitt á síðari árum verið að færa þetta til annars horfs. Verðtrygging er ekkert sérlega gömul í okkar samningum og það er ekki fyrr en á síðari árum sem sá háttur hefur verið tekinn upp í landbúnaði. Það er þá eðlilegt að horfa á það hvernig þessum málum sé skipað nú til dags þegar menn eru með umvöndun í þessum efnum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, en forseti gerir ráð fyrir að ráðherra og hv. 13. þm. Reykv. tali. En því er haft orð á þessu að það er komið núna nokkuð fram yfir þann tíma sem við ætluðum að ljúka þessum fundi vegna fundar í Nd. Í trausti þess að umræðunni megi ljúka á mjög skömmum tíma verður henni núna haldið áfram. En hér er ekki verið að takmarka umræður því við höfum það úrræði, ef með þarf, að fresta umræðu til næsta fundar. En forseta hefur verið tjáð að hæstv. ráðherra og viðkomandi hv. þm. verði stuttorðir.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Örfá orð. Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli manna á því að hér er verið að fjalla um fasteignasölu og kaup í tíð fyrirrennara núv. ríkisstjórnar þannig að upplýsingar um einstök atriði umfram það sem fram kemur í þessari skýrslu eru þá frekar á þeirra vitneskju en minni. Þó skal tekið fram vegna fsp. um þessa mætisjörð, Kotmúla, að þar mun vera upptökuheimili starfrækt fyrir unglinga sem áður fyrr voru kallaðir vandræðaunglingar, en slíkt er náttúrlega horfið úr málinu, og þess vegna ástæðulaust fyrir Alþfl. að fara þangað í sumarferð en nær fyrir Alþb., Svavar Gestsson, að fara þangað sjálfan með leifarnar af flokkseigendafélaginu. Og hana nú.

Í alvöru talað er það auðvitað ámælisvert stórlega að þegar leitað er upplýsinga hjá ráðuneytum bréflega, með bréfi frá því í febrúar 1987 í tilefni af upplýsingagjöf til Alþingis, þá skuli einungis fjögur af ellefu ráðuneytum svara. Það er auðvitað ekki bara móðgun við fjmrh. eða bréfritara heldur við Alþingi.

Í annan stað spyrja menn: Hvers vegna er þessi upplýsingagjöf ekki betri? Skýrslan út af fyrir sig svarar ekki öðrum spurningum en þeim sem spurt er um af hálfu skýrslubeiðanda. En hvers vegna er þessi upplýsingagjöf eða skýrsluhald ekki betra? Það kom að nokkru leyti fram í mínu máli. Það er ljóst að mörg ráðuneyti hafa á liðnum árum tekið sér það vald að kaupa eignir sem þau ekki hafa og hafa því næst ekki gefið viðhlítandi upplýsingar um þessi eignakaup. Og í þriðja lagi er það rétt, sem fram kom, að ráðstöfun eigna er oft og tíðum ekki á hendi þess ráðuneytis sem kaupin annast, þ.e. eignadeildar, heldur annarra ráðuneyta, t.d. jarðeignadeildar landbrn. Einnig kom fram í máli fyrrv. hæstv. fjmrh. að ráðstöfun húseigna er ekki á valdi fjmrn. Ég nefni dæmi að gefnu tilefni. Það var spurt um fyrirhugaða nýtingu á Sambandshúsi sem kallað hefur verið bestu fasteignakaup áratugarins ef ekki aldarinnar. Það er ekki á valdi fjmrn. Það er á valdi forsrh. og forsrn. skv. lögum um Stjórnarráð Íslands. Ég kann ekki greiðari svör að gefa við þeim áætlunum önnur en þau að af hálfu forsrh. var skipuð nefnd ráðuneytisstjóra og fulltrúa ráðuneyta til að gera um það tillögur. Það er upplýst að hér er um að ræða rúmlega 6000 m^2 húsnæði, talið að það geti hýst í skrifstofuhaldi um 220 manns. Þar með ætti það að geta sinnt húsnæðisþörfum Stjórnarráðsins að mestum hluta. En það hefur verið um það rætt að menntmrn. hafi forgang að því húsnæði þegar það verður endanlega til ráðstöfunar. 1. hæðin verður reyndar þegar tekin til ráðstöfunar eða til afnota samkvæmt samningnum, en upp úr áramótum má gera ráð fyrir að húsið verði afhent að öðru leyti.

Að því er varðar þá fullyrðingu að 20 af þessum 70 eignum hafi verið keyptar án heimilda, sem reyndar mun láta nærri þegar þetta er talið, ártalið er síðar þegar leitað er heimilda en þegar kaup eru gerð, þá kann ég ekki skýringar að gefa á því. Það er hrein tilgáta að það sé að einhverju leyti því um að kenna að þeir aðilar sem kaupin gera eru þeir sem ekki hafa heimildina til þess og sinna því ekki skýrslugjöf um það.

Ég held að það sé alveg ljóst að það er ekki bara skráningin ein saman sem þarf að taka í gegn eða hraða heldur er rétt að gera gangskör að því að móta einhverja frekari stefnu í þessum málum, bæði

gagnvart húsaleigu, eignakaupum, nýtingu, leigugjöldum. Þessi umræða er þá ágætt tilefni til að gera gangskör að því að vinna verði lögð í að móta slíka stefnu.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er ánægjuefni fyrir okkur, sem beiðnina fluttu, að hæstv. ráðherra nýtir það tilefni til að gera gangskör að því að fá eitthvert vit í þessi mál því það er alveg augljóst af því sem hér hefur komið fram að rekstur opinberra fyrirtækja er ekki á þann veg sem við öll mundum æskja.

Ég verð að segja eins og er að ég á afar erfitt með að skilja af hverju það er svona mikið verk að finna út eða komast að hverjar eignir ríkisins séu. Ég hef hingað til haldið að öllum eignum væri þinglýst ég hélt að það væri ekki svo ýkja erfitt að komast að því hver á hvaða eignir á Íslandi. A.m.k. gildir það um einstaklinga að það liggur nokkuð ljóst fyrir hvað þeir eiga.

Hitt er kannski enn þá stærra mál, sem hér var komið inn á áðan, sem er að e.t.v. er ástæða til að endurskoða lögin um Stjórnarráð Íslands og skilgreina betur hver á að sinna hverju innan ríkisstjórnarinnar. Það er alveg fráleitt að ráðuneyti hundsi beiðni fjmrh. um upplýsingar um hvað þau hafa verið að kaupa og selja eða hvaða fasteignaviðskipti þau hafa verið að stunda. Það segir sig sjálft að það gæti verið freistandi fyrir fjmrh. eða hvaða ráðherra sem væri. Við skulum bara hugsa okkur þegar draga tekur að kosningum að það sé virkilega hægt að hygla stórum hópum með liðlegum fasteignakaupum sem geta komið sér vel fyrir þá umræddu hópa. Hlutir eins og þessir eiga ekki að geta gerst. Mér er þó ekki grunlaust um að slíkt hafi gerst með góðum árangri fyrir viðkomandi ráðherra. Slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað og um það á Alþingi að standa vörð að enginn ráðherra geti misnotað vald sitt til að hygla einstökum hópum á þennan hátt.

Varðandi þau orð sem féllu hjá hv. 5. þm. Austurl. Agli Jónssyni, þá skildi ég ekki alveg af hverju hann brást svo ókvæða við orðum mínum um leigu af jörðum. Eftir stendur að það er fráleitt að hlunnindajörð norður í Skagafirði með laxveiði og öðru slíku sé leigð fyrir 71 kr. á ári. Það er bara gersamlega fráleitt. Það gleður mig ef það er verið að endurskoða leigugjöld af ríkisjörðum. Það þætti ágætisleiga hér á hinu óvinsæla þéttbýlissvæði.

Vegna orða hans um að bóndinn sem jörðina byggi sé auðvitað að auka eigur ríkisins með góðum rekstri á jörðinni, þá getur það vel verið ef eftir því er litið. Hins vegar held ég að við höfum enga tryggingu fyrir því hvernig þessar jarðir séu nýttar, hvort viturlega sé þar að farið eða óviturlega. Ég held að hv. 5. þm. Austurl. hljóti að geta verið mér sammála um að þessi mál þurfi að skoða líka. Ég held að hver einasti maður, eins og ég gat um áðan, gæti sett sig inn í þennan rekstur ef um einkafyrirtæki er að ræða. Ég held að það þætti ekki vel rekið svo vægt sé til orða tekið.

Ef ég á að vera alveg hreinskilin hafa mér furðust þessar umræður næstum því dálítið hlægilegar. Ráðherrar hafa verið í mestu vandræðum og við hin höfum haldið niðri í okkur hlátrinum því að slík endemi eru þetta að ég hygg að það sé alveg óheyrt í hinum siðmenntaða heimi að svona sé farið með opinberar eigur landsmanna og sameiginlegar eigur landsmanna. (**Fjmrh.:** Mér er ekki hlátur í hug.) Hæstv. ráðherra heldur því fram að sér sé ekki hlátur í hug. Hann hefur verið skellihlæjandi allan tímann og hef ég fylgst nokkuð grannt með því.

En hér er auðvitað ekki hlægilegt mál á ferðinni og ég vona að það verði sannmæli, sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að þessi umræða verði til þess að einhverju sköpulagi verði komið á rekstur opinberra eigna ríkisins í framtíðinni og það mál dragist ekki of lengi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem ég benti á í tilefni af þessum umræðum að það þyrfti að endurskoða í þessu sambandi eignadeild og yfirráð yfir henni þar sem það er ágreiningur og hefur verið svo lengi sem ég veit um það undir hvaða ráðuneyti hver ríkiseign heyrir. En ég vil taka það fram að gefnu tilefni vegna ummæla sem viðhöfð voru hér úr ræðustól að að sjálfsögðu voru makaskiptin hvað Kotmúla snertir samþykkt í ríkisstjórninni þó svo það hafi láðst af einhverjum ástæðum að ganga frá heimild frá Alþingi seinna.

En ég vil taka undir það og minna á þær umræður sem hér hafa verið hvað eftir annað af minni hálfu og þá aðallega sem fjmrh. að það þarf að hafa miklu betri skipan á Stjórnarráði Íslands. Ég skal taka dæmi og vera mjög stuttorður, hæstv. forseti.

Hæstv. fjmrh. leggur fram fjárlög. Hann leggur fram lánsfjáráætlun og í lánsfjáráætlun er heimild fyrir erlendum lántökum í gegnum langlánanefnd. En hæstv. fjmrh., ef ekki er búið að breyta því, hefur ekkert með langlánanefnd að gera. Það er bankamálaráðherra. Í gegnum hann streymdi miklu meira inn í landið af lánsfé en Alþingi hafði samþykkt. Og hvernig sem ég fór að sem fjmrh. til að stemma stigu við innstreymi í gegnum langlánanefnd tókst mér það ekki. Mér tókst það ekki. Það var tvöföld upphæð sem var tekin inn í landið að láni í gegnum bankakerfið og í gegnum langlánanefnd á við það sem Alþingi hafði heimilað þrátt fyrir allt mögulegt sem ég gerði sem fjmrh. til að stöðva það innstreymi. En þegar kemur á Alþingi verður fjmrh. að vera ábyrgur fyrir því að fjárlögin standist og að lánsfjárlögin standist og erlendar lántökur standist. Þetta er gat sem þarf að laga.

Mér var ekki hlátur í huga fyrr en hv. þm. Guðrún Helgadóttir fór að tala um að ráðherra væri að hygla fyrir kosningar einhverjum gæðingum með húsakaupum. Ég skil ekkert í því að svona skuli koma upp í umræðum eða í hugsun alþm. Húsakaup eru annaðhvort ákveðin á fjárlögum eða, ef eitthvað

kemur upp sem kallar á húsakaupin, þá er það ríkisstjórnin sem fjallar um það og tryggir þá afgreiðslu málsins á Alþingi þegar það kemur seinna til afgreiðslu þar þó að seinna sé en æskilegt getur talist eins og komið hefur fram.

NEÐRI DEILD

76. fundur, fimmtudaginn 14. apríl, að loknum fundum í Sþ.

Uppboðsmarkaður á erlendum gjaldeyri, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ o.fl., 377. mál. — Þskj. 712.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Frv. SvH o.fl., 415. mál. — Þskj. 763.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762, 848, 851, 856.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið meira en þegar er orðið, enda er löngu komið nóg af henni sem slíkri og er það reyndar ekki minn stíll að vera með miklar endurtekningar þó að hún sé mikið notuð, sú taktík, af bjórandstæðingum hér inni.

Hins vegar vil ég fá að fjalla í nokkrum orðum um þær brtt. sem hér eru fram komnar við þetta mál og vil þá kannski fyrst líta á brtt. á þskj. 762 þar sem 1. flm. er hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Ég verð að segja alveg eins og er að fyrir öðrum eins tvískinnungshætti og fram kemur með þessari brtt. eru varla fordæmi. Ég legg þann skilning í þegar menn leggja fram brtt. við frumvörp að þá sé það gert til þess að ef sú tillaga sem lögð er fram til breytinga fáist samþykkt geti menn hugsað sér að standa að samþykkt málsins. Það hlýtur að vera meining hv. þm. Sverris Hermannssonar að nái hann fram sínum breytingum styðji hann þetta frv.

Annar megintilgangur till. er að stofna safnasjóð er eigi að hafa það hlutverk að styðja við vöxt og viðgang safna í landinu. Fari nú svo að vöxtur og viðgangur safna í landinu sé ekki nógu ör, mun þá 1. flm. þessarar tillögu berjast fyrir því að aukin verði bjórneysla í landinu til að auka fé til sjóðsins?

Herra forseti. Mér þykir miður að tala í þessa veru til manns sem ekki er hér inni, en það verður bara að hafa sinn gang. Ég vil þó segja það um allan þann málflutning sem þessi ákveðni þingmaður hefur haft hér í frammi og þar hafa verið notuð gífuryrði, látin fjúka hér af og til, að ég tel að hans málflutningur hafi verið okkur, sem styðjum þetta frv., besta vopnið. Ég tel að hann hafi fælt bjórandstæðinga frá og jafnvel yfir á það að styðja bjórinn einfaldlega vegna þess að mönnum líður illa í félagsskap manna sem nota þann rökstuðning sem hann hefur notað og þann málflutning. Þeir eru þó sjálfum sér samkvæmir, aðrir bjórandstæðingar á þingi, enda hafa þeir komið upp og lýst furðu sinni á brtt. 1. flm.

Brtt. á þskj. 848 er flutt af Steingrími J. Sigfússyni. Hann sagði þegar hann mælti fyrir henni að hann legði hana fram eftir nokkra umhugsun. Ég furða mig á þeim ummælum því að 1. gr. orðast svo:

„Þó er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða selja áfengt öl af öðrum styrkleika en þeim sem inniheldur á bilinu 3,25–4% af vínanda að rúmmáli."

Þarna vill hv. flm. koma í veg fyrir að veikari bjór en 3,25% verði seldur á Íslandi. Þetta get ég ekki skilið. Túlkunaratriðið er hvað er bjór og hvað er áfengi. Læknar fullyrða að um leið og alkóhól er komið í drykk er um áfengi að ræða. Í dag er seldur í landinu löglega bjór með 2,25% alkóhóli. Þennan bjór vill þá væntanlega flm. þessarar brtt. banna. Hér má aðeins selja bjór að styrkleika 3,25% og upp í 4%.

Hann er náttúrlega eins og aðrir að færast á línu bjórmanna. Hann er að styðja bjórinn með þessu. Þarna munar í rauninni ekki nema 1% á þeim styrkleika sem er á öllum venjulegum export-bjór, öllum venjulegum útflutningsbjór. Hann er að styrkleika 5% af rúmmáli vínanda.

Í öðru lagi er tillaga Steingríms J. Sigfússonar, 2. liður, svo: „Eftir gildistöku laga þessara skal árlega næstu tíu árin varið úr ríkissjóði til fræðslu og forvarnarstarfa gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna jafngildi a.m.k. 75 millj. kr. á núgildandi verðlagi."

Þetta er náttúrlega gott og blessað og þetta er það sem blessaðir mennirnir setja gjarnan inn sjálfum sér til friðþægingar. En hvað skeður eftir tíu árin? Af hverju er þetta bundið við tíu ár? Verða engin vandamál hér eftir tíu ár? Ég hefði getað skilið

svona tillögu ef hún hefði ekki verið bundin við ákveðna tímalengd.

Hv. þm. kom inn á að það ætti að merkja nákvæmlega vöruna, hvort hún væri 5% styrkleiki, 7% eða 4% eins og hann vill hafa þetta. Þetta er rétt, en þetta er reglugerðarákvæði og verður sjálfsagt tekið upp þegar þar að kemur. Sama er um umbúðir, hvort um er að ræða flöskur, dósir og stærðina á þeim, magnið og allt slíkt.

Auðvitað tökum við undir að berjast gegn neyslu vímuefna á allan þann hátt sem mögulegt er.

Um brtt. á þskj. 851 flutta af hv. þm. Ragnari Arnalds, Friðjóni Þórðarsyni, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Níelsi Árna Lund, Kristínu Halldórsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssyni um að skipuð verði fimm manna nefnd sem hafi það meginmarkmið að draga úr heildarneyslu áfengis er náttúrlega allt gott að segja og sjálfsagt taka allir undir það.

En að lokum: Sú brtt. sem virðist alltaf skjóta upp kollinum þegar bjór er að færast á lokastig og hugsanlegur möguleiki að hann fáist samþykktur er brtt. þess eðlis að skjóta málinu til þjóðarinnar. Hv. þm. Árni Gunnarsson mælti fyrir þessu í gær og sagði að þjóðin ætti sjálf að hafa lokaorðið. Ég held að þetta sé ekki rétt. Þjóðin er löngu orðin þreytt á því kjarkleysi sem kemur fram í þingsölum. Þjóðin krefst þess að við tökum á slíkum málum. Hv. þm. sagði að í svona stóru máli yrði þjóðin að taka afstöðu. Það eru fleiri stór mál inni á þingi en bjórmál. Ég spyr þá hv. þm.: Átti ekki þjóðin að taka þátt í þeirri ákvörðunartöku að staðgreiðslukerfi skatta var tekið hér upp? Ætli það sé ekki heldur stærra mál en bjórmál?

Eins og formaður hans, hæstv. fjmrh., segir: Hér þarf ekkert annað en kjark. Og ég hef trú á því að við höfum þann kjark hér á þingi. Ég fullyrði að þjóðin hlær að okkur hér inni ef við klúðrum þessu máli eina ferðina enn.

Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson talar um gróðapunga og peningafíkn og allt slíkt sem maður er vanari að heyra af vinstri vængnum. Ég segi ekki annað en guð hjálpi þeim viðskiptaaðilum sem þurfa að sækja til hans erindi sem bankastjóra Landsbanka Íslands.

Frsm. meiri hl. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég ætla að stilla mig um að svara svigurmælum sem enn er beint til okkar flm. og annarra stuðningsmanna þessa frv., svo sem þeim að þeir sem ekki styddu tillöguna um framlagið í safnasjóð gengju erinda gróðadólganna eða gróðapunganna sem aftur reyndu með öllum hætti að hafa áhrif á veikgeðja þingmenn. Svona málflutningur er auðvitað ekki svara verður, en ég þakka fyrir mig til viðbótar við það sem ég hef áður fengið úr þessari átt.

Ég er ósáttur við þau ummæli hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem annars hefur verið málefnalegur í sínum ræðum um þetta mál, þegar hann segir að Alþingi Íslendinga sé nú að berjast fyrir því að auka áfengisneyslu meðan aðrar þjóðir berjist gegn slíku. Svona staðhæfingar eru rangar þótt hann og ýmsir aðrir trúi því að svo muni fara verði bjórinn leyfður. Ég ætla hins vegar að neyslumynstrið muni breytast ef verðstýring verður með skynsamlegum hætti, svo og að áfengt öl verði ekki selt annars staðar en vín og sterkir drykkir er selt nú. Það er heldur ekki ætlunin að haga sölunni með neinum öðrum hætti. Þess vegna er það út í hött þegar menn hafa uppi þann hræðsluáróður að ekki líði langur tími þar til ölið verði selt í öllum matvörubúðum og sjoppum.

Í því sambandi lítum við auðvitað til reynslu annarra þjóða. Svíar hafa þar oft verið nefndir, enda reynsla þeirra af því að fjölga útsölustöðum um 20 000, þegar þeir leyfðu sölu á áfengu öli í matvöruverslunum, hreint afleit. Ég verð í þessu samhengi að endurtaka það, sem ég sagði við fyrri umræðu um reynslu þeirra, vegna þess að því er haldið fram að við stuðningsmenn þessa frv. lesum ekki gögn sem fyrir liggja.

Ég rakti þá í stuttu máli að á árunum 1917–1955 hafi verið bjórbann og áfengisskömmtun í Svíþjóð. Árið 1955 hafi bjór verið seldur í sænsku einkasölunni og skömmtun aflétt. Árið 1965 hafi svo verið leyfð sala á svokölluðu milliöli í matvöruverslunum, en milliöl mun hafa verið 3,6%. Þarna voru engin aldursmörk. Hver sem var gat fengið keypt þetta öl og útsölustöðum fjölgaði úr um það bil 400 í yfir 20 000. Það viðurkenna allir að þetta hafði slæmar afleiðingar svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Árið 1977 var milliölið tekið úr verslununum og þróunin 1977–1987 er jákvæð í Svíþjóð. Bjórneysla hefur aukist, en það hefur dregið stórlega úr neyslu sterkra drykkja og heildarneysla áfengis hefur minnkað. Þetta eru blákaldar staðreyndir og það má ekki snúa út úr þessum staðreyndum frekar.

Ég ætla ekki að ræða þessi atriði frekar heldur fara nokkrum orðum um tillögu þá sem lögð hefur verið fram á þskj. 856 og sem hv. þm. Árni Gunnarsson mælti fyrir í gærkvöld. Ég lýsi eindreginni andstöðu við þessa tillögu og skora á hv. þingdeildarmenn að fella hana. Þau rök sem einkum eru færð fram fyrir þessari tillögu, þ.e. um þjóðaratkvæði, eru að það sé ekki hægt að leggja þá ábyrgð á 63 þingmenn að ráða í svo miklu tilfinninga- og deilumáli fyrir alla þjóðina. Þá er það einnig fært fram að þjóðaratkvæðagreiðsla hafi ævinlega farið fram um meiri háttar breytingar á áfengislöggjöfinni. Það er rétt svo langt sem það nær, en hefur ekkert með bjórbannið að gera, ekki neitt. Ég dreg í því samhengi fram sem vitni við þá fullyrðingu mína sjálft áfengisvarnaráð sem ég ætla að bjórandstæðingar hljóti að telja trúverðugra en mig.

Áfengisvarnaráð birti grein í Morgunblaðinu 8. okt. sl. og þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Banni því, sem nú er í gildi við innflutningi og sölu áfengs öls á Íslandi, var ekki komið á eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort afnema skyldi bannlögin fór fram haustið 1933. Þátttaka var mjög lítil, en meiri

hluti þeirra sem kusu eða fjórðungur kosningarbærra manna greiddi atkvæði með afnámi bannsins.

Alþingi samþykkti áfengislög rúmu ári síðar. Í umræðum um það frv. kom fram tillaga fjögurra þingmanna, Péturs Ottesens, Garðars Þorsteinssonar, Bjarna Bjarnasonar og Þorbergs Þorleifssonar, um að banna innflutning, sölu og framleiðslu áfengs öls. Rök flm. voru einkum þau að öl yrði drukkið á vinnustöðum og börn ættu greiðari leið að því en öðru áfengi.

Tillagan var samþykkt með miklum atkvæðamun. Það er því Alþingi sem hefur ákveðið þá skipan mála að banna áfengt öl."

Enn fremur segir, með leyfi forseta, í þessari grein áfengisvarnaráðs:

„Aðeins þrisvar hefur verið gengið til þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi. Árið 1916 voru greidd atkvæði um hvort þegnskylduvinna yrði í lög tekin. Í hin tvö skiptin voru greidd atkvæði um áfengisbann, 1908 um hvort koma skyldi á banni við innflutningi og sölu áfengis og 1933 um hvort afnema skyldi bannið. Aðrar ákvarðanir um áfengismál hefur Alþingi tekið án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu."

Ég minni þó á í þessu sambandi að þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram einu sinni að auki, þ.e. um lýðveldisstofnunina 1944.

Síðan segir í þessari grein: „Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á þann veg, svo sem undanþága frá bannlögunum 1922, en hún fól í sér heimild til innflutnings veikra vína, samþykkt nýrra áfengislaga 1954, en þá var rekstur vínveitingahúsa heimilaður og breytingar á áfengislögum 1986 um heimild til fjmrh. til að veita öðrum aðilum en ÁTVR leyfi til að framleiða áfenga drykki. Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur því einungis farið fram um grundvallaratriðin, bann eða ekki bann, en aldrei um einstaka þætti áfengislaga."

Ég er alveg sammála áfengisvarnaráði í þessu efni þegar það í raun og veru segir að þetta sérstaka mál eigi ekki að fara fyrir þjóðaratkvæði. Og alveg er sama skoðun Stórstúku Íslands. Hér er um að ræða breytingu á tilteknum lögum sem Alþingi hefur sett. Alþingi getur ekki vikið sér undan ábyrgðinni á lagasetningu í landinu, hvað þá þegar um er að ræða tiltölulega litla breytingu á núgildandi lögum.

Ég vil svo nefna til viðbótar eitt atriði sem ég á svo sem ekki von á að hafi mikil áhrif á flm. tillögunnar um þjóðaratkvæði. Það er að ég dreg í efa að það standist gagnvart stjórnarskránni að Alþingi framselji þann rétt sinn og skyldu að skipa lögum með tilteknum hætti til einhvers ótiltekins hóps meðal þjóðarinnar, en það er það sem ætlunin er að gera skv. tillögunni. Gildistaka laganna, ef þessi tillaga verður samþykkt, er sem sagt bundin því skilyrði að þau hafi hlotið samþykki meiri hluta þeirra er þátt taka í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu tiltekinn dag í ágústmánuði nk.

Ég segist draga í efa að þetta standist, en ég fullyrði ekki neitt. Ég held þó að ef þetta yrði samþykkt sé það algert einsdæmi hér á Alþingi, reyndar meira en held, ég veit það. Það er algert einsdæmi. Allt öðruvísi var farið með þegar lög voru samþykkt um lýðveldisstofnunina og þjóðaratkvæðagreiðsla fór síðan fram, en Alþingi þurfti svo síðar að samþykkja sérstaklega með þingsályktun gildistöku laganna sem það hafði áður samþykkt.

En hvað sem líður gildi þessa gagnvart stjórnarskrá er þessi tillaga í mínum augum hreint fráleit, en í augum bjórandstæðinga getur hún sjálfsagt verið snjöll í von um að samþykkt hennar komi málinu enn einu sinni fyrir kattarnef og á því eru auðvitað verulegar líkur ef tillagan verður samþykkt í þessari hv. deild.

En Alþingi hefur svo sem fyrr orðið það á að samþykkja lög sem ekki standast gagnvart stjórnarskrá og Alþingi hefur framselt vald sem það getur ekki og má ekki framselja öðrum. Það hefur gerst og slík lagasetning hefur verið dæmd ólögmæt. En ein vitleysa helgar ekki aðra, það skulu menn hafa í huga, og þess vegna vara ég hv. þm. alvarlega við að samþykkja þessa tillögu þegar af þessari ástæðu.

En það eru enn fleiri ástæður sem mæla gegn því að mál þetta fari fyrir þjóðaratkvæði. Ég tel að þjóðinni sé allt annað þarfara nú en að standa í því óvægna áróðursstríði sem mundi fara á fullan skrið og standa linnulaust til 27. ágúst nk. ef tillagan yrði samþykkt. Það eru nefnilega orðhákar víðar en á Alþingi. Þar eru menn hins vegar orðnir vanir þeim og sviður ekki svo mjög undan ódrengilegum og ofsafengnum málflutningi eins og þeim sem iðkaður hefur verið varðandi þetta frv. En það er hætt við að víða muni verða róstur með mönnum og jafnvel vinslit þegar allir sem kosningarrétt hafa í landinu verða komnir með atkvæðisrétt um þetta mikla tilfinningamál. Það er nóg fyrir sem sundrar þessu þjóðfélagi þótt þessu máli sé ekki bætt þar við með þeim hætti sem hér er lagt til. Þetta mál á því Alþingi eitt að afgreiða. Ég bið hv. alþm. að hafa þetta líka í huga þegar þeir greiða atkvæði. Ef þeir gera það greiða þeir atkvæði gegn þessari tillögu.

Fari nú samt svo gegn von minni að tillaga þessi verði samþykkt er hér hópur þingmanna reiðubúinn, væntanlega í góðri samvinnu við bjórandstæðinga, að ákveða með löggjöf þegar á þessu þingi að banna allan innflutning, bruggun og sölu á áfengu öli hér á landi, hvort heldur er til sendiráða, ferðamanna, farmanna eða flugáhafna. Ég er viss um að slík löggjöf mundi fá greiða leið gegnum það þing sem nú situr og því yrði raunar ekki slitið fyrr en slík löggjöf hefði verið samþykkt. En eftir það yrði gaman að vera fjmrh. á Íslandi og ég tala nú ekki um dómsmrh. Þá mun ekki vanta viðfangsefnin til að koma í veg fyrir smyglið og þá fær hugmyndaauðgi fjmrh. nýja útrás um enn nýja skatta til viðbótar við þá sem hann lét sér detta í hug að koma mætti á á fundi með rekstrarráðgjöfum í vikunni svo að ég nefni nú dæmi.

Ég segi þetta vegna þess að það hefur ekki farið fram hjá neinum í þessari hv. þingdeild þessa tvo

síðustu daga, í gær og fyrradag, hvílíkt áhugamál tillaga um þjóðaratkvæði er þeim sem nú gegna þessum mikilvægu ráðherraembættum.

Herra forseti. Ég tala ekki frekar í þessu máli og lýk þá ræðu minni. Ég mæli gegn öllum þeim brtt. sem hér hafa verið fluttar og alveg sérstaklega þessari tillögu um þjóðaratkvæðið.

Tillaga á þskj. 848 frá Steingrími J. Sigfússyni er að minni hyggju ekki skynsamleg, en ég virði það við flm. að hann er samkvæmur sjálfum sér þegar hann talar fyrir þessari tillögu, þ.e. hann muni ekki leggja stein í götu frv. ef tillaga hans verður samþykkt. Það er meira en hægt er að segja um suma aðra tillöguflytjendur í þessu máli.

Tillaga á þskj. 851 frá hv. þm. Ragnari Arnalds o.fl. er svo sem meinlaus og ég læt hana eiga sig, en von mín er að hv. þingdeild samþykki frv. óbreytt.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Alþingi samþykkti hinn 7. maí 1981 ályktun með svohljóðandi fyrirsögn: „Um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum". Tillgr. orðaðist svo að lokinni meðferð þingsins:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum sem byggist á þeim grundvallaratriðum

— að draga úr heildarneyslu vínanda;

— að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál;

— að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál;

— að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana;

— að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t.d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin o.fl., löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntmrn. og fjmrn., Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamála áfengissjúklinga. Tillögur þessar og greinargerð skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu."

Upphafsmaður þessa máls og 1. flm. í Sþ. á sínum tíma var hv. þm. Árni Gunnarsson og flm. með honum voru allir þm. Alþfl.

Þegar hv. allshn. fjallaði um málið gerði hún lítils háttar breytingu og var sammála um afgreiðslu málsins eins og reyndar þingið allt. Þetta var afgreitt með samhljóða atkvæðum, samhljóða samþykkt, en undir nál., þar sem mælt var með samþykkt tillögunnar, skrifuðu þau Jóhanna Sigurðardóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Steinþór Gestsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Halldór Blöndal. Þetta voru flm. þeirrar tillögu sem að lokum var samþykkt um þetta mál og á grundvelli þessarar tillögu skipaði svo ríkisstjórnin sérstaka nefnd til að vinna að þessu verkefni sem orðið gæti grundvöllur að heildarstefnumörkun fyrir Íslendinga í áfengismálum.

Samþykktina um það efni gerði ríkisstjórnin á gamlársdag 1982 og vísaði þá til orðalags þessarar tillögu og nefndin tók síðan til starfa haustið eftir, þ.e. haustið 1983. Nefndinni voru ætluð þrjú ár til starfsins, en málið var mjög umfangsmikið og mikil vinna lá í því. Að lokum var unnið úr þeim tillögum og sjónarmiðum sem fyrir lágu og nefndin varð sammála um mikið nál. sem felur í sér stórmerkar tillögur á ýmsum sviðum.

Formaður nefndarinnar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbrmrn. og verð ég að segja að í þessu sýndist mér embættismenn sýna mikla stjórnvisku að ná sameiginlegu nál. svo fjölmennrar nefndar sem þarna var um að ræða, en þetta var nú engu að síður reyndin. Og ég minnist þess að þegar ég var í menntmrn. var minn ráðgjafi þar í þessum málum og meðlimur í þessari nefnd einmitt hv. núv. varaþm. Níels Árni Lund sem átti sæti í þessari nefnd og lagði afar mikilsverðar tillögur til málanna einmitt um hvernig haga mætti aðgerðum menntmrn. í þessu sambandi. Hann benti mér á hvernig yrði að haga fræðslu um þetta efni mjög smekkvíslega og varlega, ef svo má segja, þannig að fræðslan keyrði ekki út yfir þau mörk að hún breyttist í óþarfa áróður heldur að henni væri haldið fram með þeim hætti að menn gerðu sér grein fyrir því hvaða ábyrgð fylgir því að umgangast áfengi.

Sömuleiðis var fjallað um önnur vímuefni og heildarniðurstaða nefndarinnar var kynnt opinberlega í janúar í fyrra. Hún var sérstaklega lögð fram í ríkisstjórninni og þar var niðurstaðan sú að vegna þess hve nál. var viðamikið og aðgerðirnar komu inn á svið margra ráðuneyta væri rétt að flokka efnisatriðin niður í verkefni hinna ýmsu ráðuneyta þannig að einstakir ráðherrar gætu svo raðað efnum eftir forgangi hver í sínu ráðuneyti. Þessi flokkun var gerð og lögð fram í ríkisstjórninni.

Síðan var áliti þessu, sem ég hef hér í höndum, Skýrsla áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar heitir álitið, útbýtt hér á borð hv. þm. fyrir rúmu ári. Því miður var það ekki í formi skýrslu ráðherra. Þá hefði málið komið inn í Alþingistíðindi. En tilgangur minn með því að útbýta þessari skýrslu á borð þingmanna var einmitt sá að menn hefðu heildartillögurnar í höndum, gætu kynnt sér þær rækilega og því væri auðveldara verkefni að ræða málið á Alþingi þegar ráðherra legði það svo fyrir á næsta þingi í formi þáltill. E.t.v. hefði sá ráðherra viljað breyta einhverjum atriðum, e.t.v. hefði þingið viljað breyta einhverjum atriðum í heildartillögunni, en því nefni ég þetta að mér virðist það vera augljóst, sem hefur

komið oft fram í ræðum manna hér um þetta mál, að það sé eðlilegt að marka heildarstefnu í þessum málum, að auka forvarnir, m.a. fræðslu o.fl. Það er fleira forvarnir en fræðsla, ég vek athygli á því. Þegar á árinu 1978 innleiddi Halfdan Mahler, forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, þetta mál þar á þingum og nefndi einkanlega þrjú atriði sem mikilvirkustu forvarnarráðstafanirnar. Það var í fyrsta lagi takmörkun á dreifingu, í öðru lagi var það fræðslan og í þriðja lagi var það takmörkun á innflutningi og framleiðslu. Allt þetta var talið til mjög mikilvægra forvarnaraðgerða og ekkert eitt af þessu dugar. Það held ég að flestum mönnum sé fyrir löngu ljóst.

Það liggur því fyrir að það verkefni sem skv. brtt. sem hér liggur fyrir er ætlað enn þá nýrri nefnd hefur þegar verið unnið og það liggur fyrir í þessari skýrslu. Ríkisstjórn og Alþingi eiga hins vegar eftir að taka efnislega afstöðu til þessara tillagna. Út af fyrir sig geta menn haldið áfram að skipa nýjar og nýjar nefndir og mönnum er eitthvað rórra a.m.k. svona fyrsta kastið eftir að slíkar nefndir eru skipaðar, en ég verð að segja að mér finnst það við hæfi að við sýnum þeim sem unnu þetta mikla verk þá virðingu að fjalla um þeirra tillögur sem þeir gerðu vegna samhljóða ályktunar Alþingis og fyrirmæla ríkisstjórnarinnar, og ekki einnar ríkisstjórnar heldur tveggja ríkisstjórna. En hvað gerist? Síðan látum við þetta liggja og gerum ekki nokkurn skapaðan hlut með það. Og svo erum við að tala um að skipa nýja nefnd og snúa okkur einungis að því að lögfesta einn þátt áfengismálanna, einn einasta þátt sem er síður en svo til þess að draga úr heildarneyslu áfengis. En það var grunntónninn í öllum þessum tillögum. Þar miðast allt við að draga úr heildarneyslunni.

Nú er Alþingi komið á þröskuldinn að taka út úr eitt einasta atriði sem við vitum öll að verður til þess að auka heildarneysluna og lögleiða það sérstaklega. Ég vona að mér leyfist að segja það, og verði ekki lagt það út sem svigurmæli — ég sé ekki betur en það sé tvískinnungur ef nokkuð er tvískinnungur að henda þessum ályktunum frá sér, heildarstefnumörkuninni. Allir samþykktu nauðsyn þeirrar stefnumörkunar fyrir nokkrum árum, þar á meðal margir þeirra hv. þm. sem lýst hafa sig samþykka þessu frv. nú. Fyrir nokkrum árum vildu þeir allir draga úr heildarneyslu áfengis. Núna er þeim orðið rétt sama. Þeir eru orðnir svo leiðir á því að vera beittir þrýstingi af þeim sem vilja fá þetta mál í gegn. Þetta er kjarkur þeirra.

En hvað um það? Við höfum nokkrir þingmenn komist að samkomulagi um að leggja til við hv. Alþingi að hætta við að taka þetta eina atriði úr heildarstefnumörkuninni út úr og skekkja þar með alla myndina í áfengismálum Íslendinga. Viljum við að þetta mál sé ekki lögleitt á meðan Alþingi og ríkisstjórn hafa ekki fjallað um tillögur sinnar eigin nefndar um heildarstefnumörkun í áfengismálum og þess vegna berum við fram tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, ásamt mér þau hv. þm. Geir Gunnarsson og hv. þm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Við þrjú berum fram svohljóðandi tillögu, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til ályktunar Alþingis frá 7. maí 1981 um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og með því að áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar hefur skilað skýrslu á grundvelli þessarar ályktunar en Alþingi og ríkisstjórn hafa ekki enn þá tekið afstöðu til þessara tillagna nefndarinnar um heildarstefnumörkun telur Alþingi ekki tímabært að lögfesta breyting á þeim eina þætti áfengismála sem í frv. felst og vísar málinu til ríkisstjórnarinnar."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 858, sem var of seint fram komin, samþ. með 23 shlj. atkv.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Þá er nú að ljúka þeirri umræðu um þetta hitamál sem hér hefur staðið langan tíma í vetur og raunar marga vetur og hér hafa komið fram margar brtt. við það frv. sem endanlega kom frá nefndinni.

Menn hafa verið að tala um kjarkleysi þeirra manna sem vilja setja þetta mál í þjóðaratkvæði. Menn hafa rætt um tvískinnung og menn hafa rætt um rökþrot bjórandstæðinga. Ég verð að segja að mér finnst þetta hljóma undarlega.

Staðreyndin er sú, og það vita þeir sem hafa hlustað á umræður hér, þar vil ég undanskilja bjórsinna því að það er nánast undantekning ef þeir sjást í salnum, að langflestar ræðurnar hafa verið málefnalegar og vel rökstuddar og fjarri því að vera skítkast til einstakra þingmanna eða persónulegar ádeilur. Ég vil nefna m.a. málflutning hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, Árna Gunnarssonar og Steingríms J. Sigfússonar. Ég fullyrði að þar hefur ekki verið um skítkast í andstæðingana að ræða. Það hafa verið málefnalegar umræður byggðar á rökum á allan máta. Hins vegar hafa bjórsinnar aldrei gefið sér tíma til að hlusta á þær umræður, þá frekar en núna. Þeir eru ekki margir í salnum, líklega farnir heim, búnir að semja um það nú þegar að atkvæði falli ekki í dag í þessu máli o.s.frv. Það kemur því úr hörðustu átt þegar þessir menn eru að fjalla um að hér hafi verið hafður uppi slíkur málflutningur. Menn tala um að hér hafi verið ódrengilegur og ofsafenginn áróður úr ræðustóli o.s.frv. Þessu hafna ég.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir nefndi áðan tvískinnung í þessu máli. Undir hennar mál vil ég taka að öllu leyti og bæta einum tvískinnungi við. Það er venja hjá hv. Alþingi að kalla til umsagnir utan úr bæ og menn sitja spakvitrir úti í Þórshamri eða annars staðar og skoða þessar umsagnir. Þeir láta menn hafa fyrir því að semja umsagnir um hin ýmsu mál og telja mönnum trú um að þeir taki mark á þessu og taki afstöðu í ljósi þeirra umsagna sem

þar eru gerðar. Er það nú gert í þessu máli? Að mér skilst bárust 15 umsagnir. 13 þeirra hvöttu til þess að frv. yrði fellt. Er þetta í anda þess að við samþykkjum þetta frv.? Er það í anda þessara umsagna eða í anda þeirra ráðlegginga sem við erum að leita hjá hæfustu mönnum? Svari því hver sem vill. Nei, það er nefnilega víða tvískinnungurinn í þessu máli öllu saman.

Ég ætla annars ekki að tala hér langt mál. Ég vildi aðeins ræða þá brtt. sérstaklega sem fram kemur á þskj. 856 og hv. þm. Árni Gunnarsson er 1. flm. að ásamt mér, Ragnari Arnalds og Þórhildi Þorleifsdóttur. Hún felur í sér að þetta frv., sem er reiknað með að verði samþykkt héðan frá Alþingi, öðlist ekki gildi án þess að það verði borið undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil færa rök fyrir því máli í fyrsta lagi að um ekkert eitt mál hafa orðið aðrar eins umræður og um bjórmál á Alþingi.

Í öðru lagi er bjórmálið ekki flokkspólitískt mál. Fólkið í landinu hefur í raun aldrei haft tækifæri á að velja fulltrúa inn á Alþingi samkvæmt skoðun sinni á því hvort það eigi að leyfa sölu áfengs öls hér á landi eða ekki. Stjórnmálaflokkarnir hafa sett fram hugmyndir, markmið og leiðir í flestum öðrum veigamiklum málum sem kjósendum eru gerðar kunnar fyrir kosningar. Því er vitleysa að tala um að það hefði alveg eins mátt bera söluskattsmál eða eitthvað því um líkt undir þjóðina. Þar vita kjósendur miklu fremur stefnu flokkanna í þeim málum, mjög skýra og ákveðna stefnu, en í þessu máli hafa kjósendur í reynd aldrei haft tækifæri til að velja sína fulltrúa samkvæmt vilja þeirra til þessa máls.

Í þriðja lagi: Með samþykkt þjóðaratkvæðagreiðslu um það lagafrv. sem hér liggur fyrir gefst tækifæri á að kjósa um það í eitt skipti fyrir öll hvort leyfa skuli bruggun og sölu áfengs öls hér á landi þar sem gert er ráð fyrir að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir að öðru leyti, þannig að kjósendur vita nákvæmlega þegar til þjóðaratkvæðagreiðslunnar kemur hvað þeir eru að greiða atkvæði um. Umræður þurfa ekki að snúast eða teygjast á langinn um hvar skal selja bjórinn, hversu sterkur hann á að vera, um forvarnir í áfengismálum og annað í þeim dúr. Einungis yrði leitað eftir því hjá fólki hvort það vildi staðfesta þau lög sem væri þá þegar búið að samþykkja hér á Alþingi og fólkið þyrfti ekki annað en svara já eða nei. Það væri búið að taka ákvörðun um önnur atriði.

Í fjórða lagi: Af því leiðir að það er fjarstæða að halda því fram að með þessu séu alþm. að varpa frá sér ábyrgð eins og ýmsir vilja halda að við séum að gera með því að vísa málinu til þjóðarinnar, eða kvöð að sumra mati með því að afgreiða ekki þetta mál. Staðreyndin er sú að það hefur þegar komið fram vilji alþm. í Nd. í málinu og nokkuð er víst að svipað fylgi er við málið í Ed. Hér hefur meira að segja farið fram nafnakall þannig að þjóðin veit um hug einstakra manna í þessu máli. Landsmenn vita því vilja Alþingis áður en gengið er til kosninga. Vita að hér á hv. Alþingi er að öllum líkindum vilji fyrir þessu eins og mál standa í dag. Þannig er engan veginn hægt að skýla sér á bak við það að Alþingi hafi ekki tekið ákvörðun í þessu máli. Alþm. eru því að gefa þjóðinni kost á að breyta ákvörðun alþm. ef hún vill, m.a. í ljósi þess að atkvæðismunur hér á Alþingi er lítill og óljós vilji þjóðarinnar. Þingmenn eru því ekki að vísa frá sér ábyrgð heldur þvert á móti einungis að leyfa fólkinu að taka endanlega ákvörðun um hvort lögin taki gildi eða ekki. Lögin mundu þá vera skýr og þyrftu ekki frekari umfjöllun Alþingis, m.ö.o. bjórmálið yrði afgreitt eins lýðræðislega og réttlátlega og hægt væri.

Að tala um að Alþingi væri að varpa frá sér einhverri ábyrgð er rangt. Svo virðist sem ýmsir þori ekki að skríða undan skelinni og láta í sér heyra hvort þeir eru með eða móti bjór. Það er kannski það sem þingmenn hafa veigrað sér við hingað til og flækt málið af þeim sökum. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að Alþingi semji lagafrv. og leggi það nákvæmlega fyrir þjóðina og afgreiði það með nafnaköllum og tilheyrandi hér þannig að þjóðin viti nákvæmlega hvernig hver einstakur þingmaður hefur greitt atkvæði, viti hver vilji Alþingis er, en jafnframt að Alþingi síðan láti það til endanlegrar afgreiðslu hjá þjóðinni m.a. vegna þess að engan veginn er ljóst hver vilji þjóðarinnar er í þessu máli, eins og ég gat um áðan, og að þjóðin hefur í raun og veru aldrei haft tækifæri til að velja þingmenn á Alþingi með tilliti til þess hvort þeir eru með eða móti bjór.

Bjórmálið er vissulega viðkvæmt og mun viðkvæmara fyrir marga en t.d. herstöðvamál og stóriðjumál, svo að hitamál séu nefnd. Allar skoðanakannanir sem komið hafa fram í þessu máli eru innan skekkjumarka og því varlegt að byggja þjóðarviljann á þeim.

Ég ítreka að ég held að það væri ekki óábyrgt heldur miklu frekar drengilegt af alþingismönnum Íslendinga að afgreiða þetta mál fastmótað frá hv. Alþingi til þjóðarinnar og lofa þjóðinni að taka endanlega ákvörðun í málinu.

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Það var fámennt í þingsölum í gærkvöld þegar ég mælti fyrir þeirri brtt. sem hefur orðið meginefni þeirrar umræðu sem nú fer fram og ég tel þess vegna nokkra ástæðu til þess að ég endurtaki nokkur þau meginatriði sem liggja til grundvallar flutningi þessarar brtt.

Ég mun ekki hnakkabítast við hv. þm. Ólaf G. Einarsson, enda hefur málflutningur hans verið sérstaklega málefnalegur. Okkur greinir á um grundvallaratriði þessa máls. Um það þýðir ekki að fást og frekari deilur um þau atriði gagnast líklega hvorugum. Ég vil þó aðeins koma inn á það atriði, sem hann nefndi, að brtt. af þessu tagi kynni að ganga í berhögg við stjórnarskrá lýðveldisins og um væri að ræða valdaafsal þingsins. Mér þætti skjóta nokkuð skökku við ef það væri valdaafsal þings, sem

þjóðin kýs, að þingið fari fram á það við þjóðina að hún staðfesti ákvörðun þingsins í mjög umdeildu og veigamiklu máli. Ég mun hins vegar ekki gera ágreining um þetta og það verða okkur fróðari menn að skera úr um hvort hér er á ferðinni tillaga sem kunni að ganga í berhögg við stjórnarskrá lýðveldisins. Ég hygg hins vegar að svo sé ekki.

Um annað meginatriði í máli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar verð ég að fara nokkrum orðum, þ.e. áhyggjur hans af svokölluðu áróðursstríði og þeirri sundrungu sem þjóðaratkvæðagreiðsla gæti haft í för með sér.

Ég vil í fyrsta lagi benda á að það mun ekkert síður valda hugsanlegri sundrungu ef bjórfrv. yrði samþykkt hér á Alþingi því andstæðingar þess úti í þjóðfélaginu sætu ekki sáttir eftir að þingið tæki ákvörðun í jafnveigamiklu máli gegn vilja kannski upp undir helmings þjóðarinnar. Ég hygg að það yrði ekkert minna sundrungarefni en hitt þó að þjóðaratkvæði yrði viðhaft í þessu viðkvæma máli og þjóðin fengi að segja lokaorðið í raun og veru.

Ég hygg einnig að sú umræða, sem af því skapaðist fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna, gæti orðið til góðs. Hún yrði upplýsandi, henni fylgdi mikill fróðleikur um áfengis- og hvers konar vímuefnamál. Það veitir ekkert af þeirri umræðu í okkar annars ágæta þjóðfélagi. Það hefur verið allt of lítið rætt á fræðilegan hátt, á upplýstan hátt um áfengis- og vímuefnamál og við stöndum í raun og veru á þröskuldi mjög alvarlegra þáttaskila í vímuefnanotkun vegna aukinnar vímuefnanotkunar, sérstaklega meðal unglinga í þessu landi. Þetta geta margir staðfest. Ekki meira um orð hv. þm. Ólafs G. Einarssonar.

Ég skal fara hratt yfir þetta, forseti. Ég hef heitið því að tefja ekki þessa umræðu og hef gert mér far um það. Sú brtt. sem hér liggur fyrir mun ekki breyta eðli þess frv. sem um ræðir að öðru leyti en því að þjóðin fær að segja lokaorðið í þessu máli. Það er ekki verið að tefja gildistöku hugsanlegra laga um heimild til bruggunar og sölu áfengs öls. Að vísu tefst gildistakan um fjóra mánuði. Það er af tæknilegum ástæðum, m.a. vegna þess að frv. sjálft gerir ráð fyrir því að innlendir ölframleiðendur fái aðlögunartíma til að geta háð þá fyrirsjáanlegu samkeppni sem þeir munu eiga í við erlenda ölbruggara.

Meginástæðurnar fyrir flutningi þessarar tillögu eru þessar:

Í fyrsta lagi: Á undanförnum árum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin beint þeim tilmælum til aðildarlanda sinna að þau beiti öllum ráðum til þess að draga úr heildarneyslu áfengis. Flestar þjóðir Vesturlanda heyja nú harða baráttu gegn áfengisvandanum, m.a. með því að reyna að draga úr framboði, en á sama tíma er þjóðþing Íslendinga að fara þveröfuga leið. Á þjóðþingi Íslendinga er barist fyrir því að auka framboð á áfengi þvert ofan í niðurstöður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, benda á að það er ekki rétt að áfengur bjór verði eingöngu seldur í verslunum ÁTVR. Sölustaðir hans verða 140 til viðbótar sem eru öll þau veitingahús sem hafa vínveitingaleyfi. Þetta hefur gleymst hér í umræðunni, allkyrfilega. Dreifingin á bjórnum verður miklu, miklu meiri en menn hafa í barnaskap sínum viljað vera láta.

Í þriðja lagi: Hér er á ferðinni, herra forseti, mjög viðkvæmt mál sem getur haft ófyrirsjáanleg áhrif á allt heilbrigðiskerfi þjóðarinnar og leitt til mikillar útgjaldaaukningar í heilbrigðisgeiranum. Aukin heildarneysla áfengis, sem verður fylgifiskur samþykktar þessa frv. ef marka má allar þær upplýsingar sem aflað hefur verið og fram hafa komið, mun hafa mikil og neikvæð félagsleg áhrif, snerta allar fjölskyldur í landinu beint og óbeint eins og áfengisneysla hefur gert en yrði í mjög auknum mæli.

Í fjórða lagi, virðulegur forseti: Málið er þverpólitískt. Fjölskyldur skiptast í afstöðu og svo virðist að mínu mati sem andstaða gegn bjórnum hafi farið vaxandi að undanförnu eftir því sem á hefur liðið umræðuna. Heilbrigðisstéttirnar eru klofnar í afstöðunni til málsins og við atkvæðagreiðslu við 2. umr. á hinu háa Alþingi var mjög mjótt á munum um hvort málið kæmist áfram.

Í fimmta lagi: Mín persónulega skoðun er sú að mál þetta hafi of oft hér á hinu háa Alþingi verið rætt af fremur lítilli þekkingu og margir lítt gert sér far um að kynna sér þær staðreyndir og þær upplýsingar sem fyrir liggja frá öðrum löndum um áhrif aukins áfengisframboðs á alkóhólisma upp til hópa. Ég vil m.a. benda á að menn hafa ekki svarað þeirri staðreynd, sem hér hefur verið flutt, að eftir að sterkur bjór var leyfður í Finnlandi, svo tekið sé dæmi, jókst heildarneysla á áfengi í því landi um 116% á örfáum árum, að mig minnir þremur árum. Ég hef nefnt að drykkjusiðir Íslendinga og Finna eru mjög líkir. Þeir eru í raun og veru mjög svipaðir og margir hafa haft orð á því að drykkjusiðirnir séu ótrúlega líkir. Og því skyldi eitthvað annað gerast hér en í Finnlandi? Þetta er spurning sem ég hef ekki fengið svarað.

Þá liggja fyrir ómótmælanlegar staðreyndir, sem mér finnst að allir fullorðnir menn verði að hugsa um og einkum og sér í lagi foreldri, að áfengisneysla barna og unglinga, einkum neysla á áfengum bjór, leiðir iðulega til notkunar á sterkari vímugjöfum. Um þetta geta borið vitni félagsfræðingar, lögreglumenn í ekki stærri borg en Reykjavík.

Í sjötta lagi hygg ég, herra forseti, að á það hafi skort að almenn fræðsla um áhrif áfengs öls á drykkjuvenjur hafi borist til almennings, einkum barna og unglinga. Þetta kemur m.a. fram í brtt. við bjórfrv. frá nokkrum hv. þm., þar af nokkrum stuðningsmönnum bjórfrv., þar sem lagt er til að ráðherra skipi nefnd sem geri tillögur um fræðsluherferð. Spurning mín er auðvitað sú til þessara manna. Af hverju leggja þeir fram þessa tillögu? Er það vegna þess að þeir hafa áhyggjur af áhrifum þess að leyfa áfengan bjór á Íslandi? Getur verið að þeir

séu farnir að fá eftirþanka? Er það hugsanlegt? Er þetta smyrsl á einhvers konar samviskubit? Ég hygg að tímann fram að þjóðaratkvæðagreiðslu mætti nota til fræðslu af þessu tagi þannig að allir yrðu hæfari til að taka afstöðu í þessu geypilega mikilvæga máli sem menn vilja sumir hverjir gera lítið úr.

Í sjöunda lagi hygg ég, herra forseti, að bjórmálið hafi í raun mikla sérstöðu í hópi þeirra mála sem rædd hafa verið á hinu háa Alþingi. Ástæðurnar eru margvíslegar og ég vil ekki tefja tímann með því að rekja þær. Þjóðaratkvæði hefur áður verið notað til ákvarðanatöku í áfengismálum hér á landi. Það eru því fordæmi fyrir hendi.

Þá vil ég, herra forseti, undir lokin nefna eitt geysilega mikilvægt atriði og vona að hv. þm. taki eftir. Stuðningsmenn bjórfrv., a.m.k. nokkrir þeirra, hafa lýst yfir því að þeir sem snúist hafa gegn bjórnum séu haldnir forræðishyggju. Þeir vilji ákvarða hvort þjóðin fái að drekka áfengt öl eða ekki. Með þessari brtt. er sú forræðishyggja lögð svo rækilega til hliðar að betur er ekki hægt að gera. Það yrði miklu fremur forræðishyggja að samþykkja frv. og að koma þannig á sölu og bruggun á sterkum bjór í landinu. Nú vil ég skora á þá menn sem hafa andmælt forræðishyggju okkar andstæðinga bjórsins að koma til liðs við okkur og fella niður það forræði sem þeir telja að við viljum hafa í málefnum þjóðarinnar og hlúa að frelsinu, frelsi þjóðarinnar til ákvarðanatöku. Ég held að þessi þáttur málsins geti orðið áður en lýkur býsna mikið umræddur úti í samfélaginu að það kunni að koma í ljós að miklu fleiri vilji fá að taka ákvörðun í þessu máli en við hyggjum.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka þessum orðum mínum með því að hafna þeirri skoðun að þjóðin hafi ekki vit eða þekkingu til að taka ákvörðun í jafnveigamiklu máli og bjórmálið er. Menn segja hér iðulega að um fátt sé meira rætt á hvers konar mannfundum, veislum, samkomum öðrum slíkum en bjórmálið. Og af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að skoðanir eru skiptar af eðlilegum ástæðum. Ég vona og treysti að menn, í þessu máli upp til hópa, taki afstöðu til þess, ekki vegna þess að þeim þyki bjór vondur eða góður heldur vegna þess að þeir geti það samkvæmt bestu sannfæringu og með bestu hugsanlegu samvisku. Það held ég að sé mikilvægasti þátturinn í þessu.

Ég vil að endingu þakka þeim andstæðingum í þessu máli sem hafa flutt mál sitt á skýran og skilmerkilegan hátt og látið hjá líða stóryrði og hvers konar orðavaðal um einstaka þingmenn og skoðanir þeirra. Þetta mál verður ekki leyst með slíku tali. Þetta mál verður fyrst og fremst leyst á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga um hvort málið horfi til heilla fyrir þjóðina eða ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Atvinnuleysistryggingasjóður (444. mál, greiðslur vegna fiskvinnslufólks) 6261.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 6236, 6264, 6345, 6392, 6475.
Áhættulánasjóður og tæknigarðar (426. mál) 6442.
Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála (260. mál) 6196.
Dagvistarmál fatlaðra barna (380. mál) 6179.
Drengskaparheit unnið 6178.
Flugvellir á Akureyri og Egilsstöðum (312. mál) 6400.
Forvarnir gegn of háum blóðþrýstingi (369. mál) 6187.
Framkvæmdir við Reykjanesbraut (314. mál) 6394.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (435. mál, hámark ónýtts persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts) 6249.
Greiðsla fæðingarorlofs (383. mál) 6408.
Gölluð rafskaut hjá Ísal (397. mál) 6413.
Haf- og fiskirannsóknir (355. mál).
Hálendisvegir (358. mál).
Háskólinn á Akureyri (202. mál).
Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum (423. mál, aukning hlutafjár) 6243.
Hreppstjórar (462. mál) 6359.
Iðgjöld vegna bifreiðatrygginga (367. mál) 6178.
Iðnaðarlög (60. mál, hlutafjáreign í iðnfyrirtækjum) 6236, 6344.
Innflutningur á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum (387. mál) 6193.
Jarðræktarlög (442. mál, niðurfelling ríkisframlags til nýræslu og nýræktar) 6250.
Jöfnun á orkuverði (371. mál) 6178.
Kaup og sala fasteigna á vegum ríkisins (20. mál) 6460.
Kennaraháskóli Íslands (390. mál, heildarlög) 6201.
Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum (412. mál) 6434.
Launajöfnun og ný launastefna (373. mál) 6179.
Lágmarkslaun (351. mál) 6285, 6345.
Listasafn Íslands (446. mál, heildarlög) 6262.
Lögbinding lágmarkslauna (376. mál) 6188.
Rannsóknarnefnd til að kanna hvort starfsmenn lögreglunnar virði friðhelgi einkalífsins (330. mál) 6178.
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (391. mál) 6220.
Ráðstafanir gegn atvinnuleysi á Suðurlandi (453. mál) 6444.
Ríkisendurskoðun (432. mál) 6285.
Siglingamálastofnun ríkisins (469. mál, aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði) 6363.
Sjóðir og stofnanir (100. mál) 6199.
Sjónvarpssendingar um gervihnetti (381. mál) 6192.
Skógrækt (443. mál, heildarlög) 6251.
Staðgreiðsla opinberra gjalda (403. mál, skipting og skil útsvars) 6232.
Stefna Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu (384. mál) 6179.
Tekjustofnar sveitarfélaga (402. mál, ákvörðun útsvarsprósentu) 6223.
Tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna (362. mál) 6179.
Um þingsköp 6407 (fsp. um viðskiptahalla).
Uppboðsmarkaður á erlendum gjaldeyri (377. mál) 6364, 6390, 6475.
Úttekt vegna nýrrar álbræðslu (392. mál) 6416.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa 6177, 6394.
Vegamál (366. mál) 6404.
Verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga (388. mál) 6195.
Virðisaukaskattur (431. mál) 6303.
Þjóðminjalög (415. mál) 6377, 6475.
Öryggis- og björgunarbúnaður í skipum (295. mál) 6397.

Mælendaskrá.

Forseti Þorv. Garðar Kristjánsson 6177, 6178, 6394, 6407, 6408, 6471.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 6242, 6243.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 6196, 6198, 6199, 6243, 6246, 6248, 6359, 6361.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 6182, 6223, 6227.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 6232, 6249, 6303, 6338, 6460, 6471.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 6261, 6350, 6409, 6411, 6412.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 6413, 6415, 6419, 6432.
Landbrh. Jón Helgason 6250, 6251, 6258, 6260.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 6201, 6220, 6262.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 6363, 6395, 6398, 6400, 6401, 6405.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 6185, 6274.
Albert Guðmundsson 6243, 6245, 6247, 6249, 6275, 6396, 6407, 6408, 6452, 6454, 6467, 6474.
Alexander Stefánsson 6431.
Árni Gunnarsson 6281, 6392, 6486.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 6217, 6222, 6450.
Eggert Haukdal 6251, 6453, 6460.
Egill Jónsson 6470.
Friðjón Þórðarson 6361.
Guðmundur Ágústsson 6219, 6230, 6289, 6300, 6302, 6331, 6341, 6400, 6404.
Guðmundur H. Garðarsson 6341.
Guðmundur G. Þórarinsson 6408, 6421, 6426.
Guðni Ágústsson 6448, 6457.
Guðrún Agnarsdóttir 6198, 6227, 6293, 6318, 6342.
Guðrún Helgadóttir 6434, 6441, 6463, 6473.
Halldór Blöndal 6333, 6343.
Hjörleifur Guttormsson 6183, 6254, 6383, 6389, 6404, 6407, 6413, 6415, 6416, 6424, 6432.
Ingi Björn Albertsson 6192, 6193, 6475.
Jóhann Einvarðsson 6394, 6396.
Jón Kristjánsson 6403.
Jón Sæmundur Sigurjónsson 6177.
Karl Steinar Guðnason 6296, 6301.
Karvel Pálmason 6229.
Kristín Einarsdóttir 6179, 6186, 6381, 6397, 6399, 6439.
Margrét Frímannsdóttir 6219.
Málmfríður Sigurðardóttir 6256, 6465.
Níels Árni Lund 6440, 6484.
Ólafur G. Einarsson 6269, 6477.
Ólafur Þ. Þórðarson 6236, 6364, 6390, 6404, 6406.
Óli Þ. Guðbjartsson 6187, 6195, 6442, 6444, 6455.
Páll Pétursson, 6349.
Pálmi Jónsson 6403.
Ragnar Arnalds 6352.
Ragnhildur Helgadóttir 6408, 6411, 6412, 6481.
Salome Þorkelsdóttir 6226, 6235.
Skúli Alexandersson 6225, 6228.
Stefán Guðmundsson 6231, 6403.
Stefán Valgeirsson 6272, 6284, 6358, 6363, 6390, 6450, 6459.
Steingrímur J. Sigfússon 6259, 6345, 6355, 6360, 6402, 6428.
Svavar Gestsson 6231, 6233, 6287, 6324, 6337, 6343, 6469.
Sverrir Hermannsson 6241, 6264, 6277, 6377, 6387.
Valgerður Sverrisdóttir 6216, 6439.
Þorv. Garðar Kristjánsson 6285, 6297, 6302.
Þórhildur Þorleifsdóttir 6188, 6263.

NEÐRI DEILD

77. fundur, mánudaginn 18. apríl, kl. 2 síðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eftirfarandi bréf hefur borist, dags. 16. apríl 1988:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Birgir Dýrfjörð rafvirki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Sæmundur Sigurjónsson,
5. þm. Norðurl. v."

Og bréf dags. 18. apríl 1988:

„Þar sem Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér fyrir hans hönd með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Einar Kr. Guðfinnsson útgerðarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Þar sem þeir Birgir Dýrfjörð og Einar Kr. Guðfinnsson hafa áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf ekki umfjöllun um þeirra kjörbréf og býð ég þá velkomna til starfa á Alþingi.

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 595, brtt. 762, 848, 851, 856, 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 858 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, ÓÞG, ÞP, RH, SV, SJS, SvH, ÞÞ, AðB, AG, AS, ÁrnG, FÞ, GeirG, HJ, BDýr.

nei: MÁM, ÓE, PJ, RA, StH, ÞP, BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, IBA, JóhS, JBH, RG, KE, KH, EKG, JK.

JónS greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Forseti.

Ég minni á það er mánudagur,
þá mætum við öll á sameinað þing
nema þess krefjist þjóðarhagur,
þá fær forsetinn ráðherravink.

Framleiðslan er að fara í hnút,
á frjálsa okrinu er margur bitur,
byggðunum er að blæða út,
bjórinn hér fyrir öllu situr.

Ég segi já.

Brtt. 848,1 felld með 26:2 atkv.

Brtt. 762 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, ÓÞG, RA, RH, SV, SvH, AðB, AG, GB, GGÞ, GHelg, HG.

nei: ÓE, PP, PJ, StH, ÞP, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, GuðnÁ, HJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, RG, EKG, MÁM, JK.

SJS, ÞÞ, ÁrnG, BDýr, KE, KH greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tel að það hafi ekki nein áhrif á lokaafgreiðslu þessa máls þó að menn greiði atkvæði með svona tillögu og segi já.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég virði vilja flm. þessarar brtt. um stofnun sérstaks safnasjóðs sem hafi það hlutverk að hlúa að vexti og viðgangi safna í landinu og sé út af fyrir sig ekkert athugavert við að slíkur sjóður fái tekjur af sölu áfengs öls. Ég hefði hins vegar kosið að um þetta hefði verið flutt sérstakt frv. ef bjórfrv. yrði samþykkt. Ég tel ekki heppilegt að blanda saman í afgreiðslu Alþingis á bjórfrv. þessum tveimur málum og tel ekki heppilegt að með þessum hætti í þessu frv. sé ráðstafað tekjum af hugsanlegri sölu áfengs öls. Ég skal taka höndum saman við flm. að þessu frv. samþykktu og flytja sérstakt frv., en ég tel það ekki eiga heima hér og segi því nei.

Brtt. 856 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KH, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RA, RH, SV, SJS, SvH, ÞÞ, AðB, AS, ÁrnG, GeirG, GB, GGÞ, JónS, BDýr.

nei: EKG, MÁM, ÓE, PJ, StH, ÞP, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GuðnÁ, GHelg, IBA, JóhS, JBH, RG, JK.

HG, HJ, KE greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að okkur beri að stefna að meiri valddreifingu og samábyrgð í þjóðfélaginu. Ein leiðin til þess er að auka möguleika fólks til að hafa áhrif á gang mála með atkvæðagreiðslu um einstök mál og um það höfum við kvennalistakonur flutt tillögur hér í þinginu. Ég hlýt því að styðja þessa tillögu og segi já.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Miðað við það kapp sem lagt hefur verið á þetta mál á báða bóga og miðað við þá miklu athygli og áhuga sem almenningur hefur sýnt á þessu máli og fjölmiðlar, eins og þessi atkvæðagreiðsla ber vissulega vott um, og miðað við að ég er eindregið á því að það ætti oftar að gefa þjóðinni kost á að fella dóm sinn um mál á beinan lýðræðislegan hátt segi ég hiklaust já.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er rangt, sem haldið hefur verið fram, að það sé söguleg og lagaleg hefð fyrir því að færa brtt. við einstök atriði í áfengislöggjöfinni til atkvæðis meðal þjóðarinnar.

Ég held að meðan við höfum ekki komið okkur saman um að flytja hin stærri mál til þjóðaratkvæðis sé rangt að byrja á smámáli sem þessu.

Ég tel að þingmenn ættu að manna sig upp í að afgreiða þetta mál sjálfir og vísa ekki frá sér ábyrgðinni á því.

Ég segi nei.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé ekki stærra mál á ferðinni en mörg önnur sem afstaða er tekin til á Alþingi án þess að þjóðin fái um það sérstaklega að fjalla, en vegna þess að skoðanir eru mjög skiptar í landinu um þetta mál og mikið kapp á báða bóga vil ég ekki leggja stein í götu þess að þjóðin segi álit sitt og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 848,2 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞÞ, AðB, ÁrnG, GeirG, GB, HG, HJ, BDýr, KE, KH, ÓÞG, RA, RH, SV, SJS.

nei: ÞP, AS, BÍG, EH, FrS, GHH, GGÞ, GHelg, IBA, JóhS, JBH, RG, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, StH, JK.

AG, FÞ, GuðnÁ, JónS, ÓÞÞ greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem mér sýnist að það sé mjög óhægt um vik hjá íslensku ríkisstjórninni að vinna samtímis að því að auka drykkjuskap í landinu og draga úr honum greiði ég ekki atkvæði.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Till. þessi gerir ráð fyrir því að bundið verði í áfengislögum að verja allverulegri upphæð til fræðslu og forvarnarstarfa á næstu árum ef frv. þetta verður samþykkt. Mér þótti rétt að láta á það reyna hver hugur fylgir máli hjá þeim hv. þm. sem tala fögrum orðum um að lykilorðin séu fræðsla og forvarnarstarf þegar áfengismálin eru annars vegar. Hér gefst þeim hv. þm. sem og öðrum tækifæri til að sýna hug sinn í verki, að breyta orðum sínum í gjörðir. Ég segi já.

Brtt. 851 samþ. með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, EKG, ÓÞG, RA, RH, SV, StH, SJS, SvH, ÞP, ÞÞ, AðB, EH, FÞ, FrS, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JónS, BDýr.

nei: MÁM, ÓE, PP, BÍG, GHelg, IBA, JóhS, JBH, RG.

ÓÞÞ, PJ, AG, AS, ÁrnG, GHH, HJ, JK greiddu ekki atkvæði.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, HG, IBA, JóhS, JBH, RG, KE, KH, EKG, MÁM, ÓE, PJ, RA, StH, ÞP, JK.

nei: AS, ÁrnG, FÞ, GeirG, HJ, JónS, BDýr, ÓÞÞ, ÓÞG, PP, RH, SV, SJS, SvH, ÞÞ, AðB, AG.

2 þm. (MálmS, SighB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Við afgreiðslu þessa máls eftir 2. umr. hér í hv. deild gerði ég grein fyrir atkvæði mínu. Þar sem nú er svo mikið viðhaft þegar þetta mál kemur til afgreiðslu eftir 3. umr. ætla ég, með leyfi forseta, að endurteka það sem ég sagði við 2. umr. svo það fari ekki á milli mála hver mín afstaða er. (**ÓÞÞ:** Það hefði nú mátt hlífa deildinni við þessu.) Ég bið hæstv. forseta að róa þingmanninn rétt á meðan. Þetta er ekki langt mál.

Sú er óbifanlega skoðun mín að gott og heilbrigt þjóðfélag eigi að byggjast á því að sérhver heilbrigður einstaklingur beri ábyrgð á eigin lífi, að hann verði að axla þá ábyrgð að velja og hafna. Þann bikar hvorki vil ég né tel rétt að taka frá öðru fólki.

Enn síður get ég tekið þátt í því að einungis forréttindahópar eigi aðgang að lífsgæðum sem allur þorri manna á engan aðgang að. Vinni hv. alþm. að því að byggja hollt og heilbrigt samfélag af alvöru og í einlægni svo að þetta land verði góður verustaður treysti ég landsmönnum til að fara með áfengt öl af töluvert meira viti en þeir fara með sterkara áfengi nú. Það væri verðugra verkefni hv. alþm. að vinna að þess háttar samfélagi en að taka af landsmönnum ábyrgð á eigin lífi með boðum og bönnum. Ég segi já.

Stefán Valgeirsson:
Herra forseti.

Vímulaus æska,
sú von deyr ei.
Ég vil ekki bjórinn.
Ég segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Þrátt fyrir allt urðu mér nokkur vonbrigði sú óbilgirni sem kom fram í atkvæðagreiðslunum áðan þar sem allar lagfæringatilraunir á þessu frv. voru felldar, þar með talið að leyfa þjóðinni sjálfri að ráða lyktum í þessu umdeilda máli. Það var einnig fellt að verja ákveðinni peningaupphæð til fræðslu og forvarnarstarfa gegn áfengisneyslu og neyslu annarra vímuefna ef af þessari lagasetningu yrði. Meinlaus till. um nefndarskipan var hins vegar samþykkt. Hún var nógu útþynnt bjórmönnunum sumum hverjum til að segja já.

Eftir þessa niðurstöðu get ég ekki verið annað en eindregnari andstæðingur þessa frv. og vona að hv. Ed. verði það gæfumeiri okkur að fella það. En ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

70. fundur, mánudaginn 18. apríl,
að loknum fundi í Nd.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Gert er ráð fyrir að fram fari umræða utan dagskrár á þessum fundi um töf á afgreiðslu á rekstrarlánum til bænda og enn fremur umræða utan dagskrár um óvissu um ráðningu kennara næsta skólaár. Fyrri umræðan verður nú von bráðar, síðari undir lok fundarins.

Úttekt vegna nýrrar álbræðslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 392. mál. — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHelg, 412. mál. — Þskj. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Áhættulánasjóður og tæknigarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 426. mál. — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Ráðstafanir gegn atvinnuleysi á Suðurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 453. mál. — Þskj. 803.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til atvmn. með 36 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Farið hefur verið fram á umræður utan dagskrár um töf á afgreiðslu á rekstrarlánum til bænda. Það verður orðið við þessari ósk og fer umræðan nú begar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs vegna þess máls að það hefur orðið dráttur á veitingu rekstrarlána til bænda. Rekstrarlán þessi eru veitt eftir þeirri reglu að dilkainnlegg bænda frá árinu áður er lagt til grundvallar um það hvaða fjárhæð er veitt sem rekstrarlán til hvers bónda. Í fyrra var rekstrarlánið 960 kr. á hvern dilk og gert er ráð fyrir að það verði 1150 kr. í ár.

Sú vinnuvenja hefur verið til staðar að fyrsta greiðsla rekstrarlánanna hefur verið í mars, þá 15%, 15% í apríl, 25% í maí og svo 15% þar til í ágúst að rekstrarlánin hafa að fullu verið greidd. Nú hefur

orðið dráttur á og aðeins einn banki af þremur, Samvinnubankinn, hefur lokið að veita þessi lán og má segja að það vigti létt því að hann hefur aðeins þrjú fyrirtæki í viðskiptum. Hinir eru enn ekki búnir að ganga frá þessum málum nema e.t.v. Búnaðarbankinn til einhverra fyrirtækja, en aðalreglan er sú að það er ekki búið að veita þessi rekstrarlán.

Nú stefnir í verkfall hjá verslunarmönnum og búast má við að þá verði ekki hægt að afhenda neinar vörur út á land. Verði ekki búið að veita rekstrarlánin fyrir þann tíma er hætt við að sum kaupfélög muni ekki hafa fjármuni til að birgja sig nægilega upp af vörum fyrir verkfallið og gæti því haft þær alvarlegu afleiðingar að það leiddi til vöruþurrðar snemma á verkfallstímabilinu. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. geri sér grein fyrir alvöru þessa máls, en skv. þeim lögum sem nú eru í gildi heyra allir bankar undir viðskrn.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég átti ásamt landbrh. og fjmrh. viðræður við fulltrúa Seðlabanka og þeirra þriggja viðskiptabanka sem einkum annast afurðalán til landbúnaðarins, en það eru Búnaðarbanki, Landsbanki og Samvinnubanki í þeirri röð sem þeir sinna þessu hlutverki, um það hvort þessir bankar gætu fjármagnað vaxtagjaldakostnað vegna sauðfjárafurða, en þarna höfðu safnast upp vaxtagreiðslur vegna breytinga sem urðu á greiðslum ríkissjóðs vegna þess arna á liðnu ári. Niðurstaða þessara viðræðna varð þriðjudaginn eftir páska sú að viðskiptabankarnir féllust á að veita með aðstoð Seðlabankans 241 millj. kr. að láni vegna vaxtagjalda af birgðum sauðfjárafurða. Nú er hafinn undirbúningur að afgreiðslu þessara lána.

Það er rétt, eins og kom fram í máli hv. 2. þm. Vestf., að afgreiðsla bankanna á almennum rekstrarlánum til landbúnaðar dróst vegna óvissunnar um það, hvernig vaxtagjöldin yrðu fjármögnuð. Ég hef aflað mér upplýsinga frá afurðalánadeildum ríkisviðskiptabankanna og ég veit að Búnaðarbankinn hefur þegar hafið útborgun rekstrarlána og Landsbankinn mun hefja afgreiðslu þeirra fyrir lok þessa mánaðar. Samvinnubankinn mun hafa afgreitt venjuleg rekstrarlán til landbúnaðar fyrir mánaðamótin mars–apríl. En lánveitingar vegna vaxtagjalda munu enn ekki hafnar. Bankarnir setja að sjálfsögðu sínum lántakendum ýmis skilyrði út frá sínu eigin mati á viðskiptum hvers og eins, enda vil ég minna hv. þingdeild á og hv. 2. þm. Vestf. að þessi lán eru nú algerlega á forræði viðskiptabankanna.

Mér er kunnugt um það, að Búnaðarbanki Íslands hefur hafið rekstrarlánveitingar og lánveitingar vegna vaxtagjalda til þeirra sláturleyfishafa sem uppfylla ákveðin skilyrði. En þessi skilyrði eru:

1. Að viðkomandi sláturleyfishafi skili inn greiðsluávísun þar sem hann ávísar vaxtagjaldi frá ríkissjóði til bankans þegar það verður greitt.

2. Að viðkomandi sláturleyfishafi geri upp gjaldfallnar afborganir og vexti vegna afurðalána sem veitt voru árið 1987 og eru umfram þær fjárhæðir sem þeir eiga í vændum vegna vaxtalánsins og vegna fyrsta hluta rekstrarlánsins sem hv. þm. spurði um.

Það mun þegar búið að ganga frá nokkrum lánveitingum hjá Búnaðarbankanum og eftir daginn í dag verða a.m.k. átta sláturleyfishafar af þeim 17 sem eru í viðskiptum við Búnaðarbankann búnir að fá skil sinna mála. Eftir því sem ég kemst næst verður framkvæmd hinna bankanna mjög með líkum hætti og í Búnaðarbankanum. Um tengsl þessa máls, þ.e. uppgjörs á þessum lánafyrirgreiðslum við sláturleyfishafana — og þar með á endanum við bændur — við verkfallsboðun í verslun vil ég segja það eitt, að það er ekki mitt að meta. Ég vil segja mjög skýrt að ég tel að ríkisstjórnin hafi gert það sem til hennar friðar heyrði í málinu og að það sé nú í þokkalegum farvegi.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að rekstrarlán landbúnaðarins berist með eðilegum hætti og með sambærilegum hætti og verið hefur. Samkvæmt upplýsingum Búnaðarbankans, sem ég hef rætt þetta mál við í dag, virðist svo sem þessu sé hagað með líkum hætti og gert hefur verið undanfarin ár og þá á þann hátt að eftir að dregnir hafa verið frá lánagreiðslum vextir og annar kostnaður og ef fyrirtækin eru þá ekki í vanskilum fá þau rekstrarlánin greidd, en sé um vanskil að ræða gefst fyrirtækjunum kostur á að greiða þau vanskil upp eða gera upp um leið og rekstrarlán eru veitt. Með þeim hætti ætti að vera sæmilega fyrir þessu máli séð og ég vænti þess að hæstv. ráðherra fylgist með að svo verði áfram og í framkvæmdinni í heild.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. það sem hann sagði um þetta mál, en undirstrika að ríkisbankarnir eru undir hans stjórn og málið heyrir undir hann af þeirri ástæðu og þess vegna verður sá dráttur, sem orðið hefur nú, að skrifast á ábyrgð viðskrh.

Ég vil líka undirstrika að mér er ljóst að sumir sláturleyfishafar eru í óvissu um hvort þeir muni fá rekstrarlán einfaldlega vegna þess að það er ekki víst hvort þeir fái sláturleyfi næsta haust og á þeim svæðum ríkir mikil óvissa um hvort bændurnir fái rekstrarlán eða ekki. Jafnframt veit ég um kaupfélag sem hefur óskað eftir viðskiptum við annaðhvort Landsbanka eða Búnaðarbanka með sín rekstrarlán og engin svör fengið þó allt sé í lagi varðandi fjármál viðkomandi fyrirtækis. Ég mun leyfa mér að leita til ráðherra um hvort slík mál verði ekki afgreidd því það er gersamlega ólíðandi að það sé staðið að þessum málum eins og nú er, að réttarstaða sláturleyfishafanna og þar með bændanna virðist nánast engin. Menn eiga það undir geðþóttavaldi hvort það samkomulag er virt sem gert var á sínum tíma um afgreiðslu þessara lána.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Vegna lokaorða síðasta hv. ræðumanns vildi ég gjarnan fá það upplýst hver gerði samkomulag um fyrirgreiðslu úr ríkisbönkunum án þess að hafa samráð við bankastjóra. Ég skildi það á orðum hv. síðasta ræðumanns að einhver utanaðkomandi hefði gert það og þá helst ráðherra. Ég hélt að bankarnir væru algjörlega sjálfstæðar stofnanir og að bankamálaráðherra hefði bókstaflega ekkert yfir þeim að segja annað en að skipa bankaráðsformann. Að öðru leyti: stjórnsýslulega séð sem ráðherra heyrir stofnunin undir hann án þess að hann geti skipt sér af daglegum rekstri, útlánum eða öðru. Ég furða mig á þessum málflutningi, enda væri furðulegt að ráða bankastjóra og trúnaðarmenn Alþingis, sem hafa legið hér undir ádeilum og þar á meðal sá sem hér stendur, ef ráðherra ætti svo að hafa heimild til að ráðstafa eða jafnvel gera samkomulag úti í bæ um ráðstöfun á fé bankans.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið bæði hjá hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykv. vil ég taka það skýrt fram að það samkomulag sem ég vitnaði til var milli viðskiptabankanna annars vegar og viðskiptabanka þeirra, Seðlabankans, hins vegar, og svo við afurðastöðvar landbúnaðarins og það er að sjálfsögðu ekki nein ráðherraákvörðun. En hitt er rétt að málið var tekið upp á borð þeirra manna sem ég nefndi og þeirra stofnana að frumkvæði landbrh. sem lætur sér eins og vera ber annt um hagi þeirrar greinar sem hann fer með stjórnarfarslegt forræði fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Menn hefur áður greint á um hverjir hafa borið ábyrgð á útlánum banka og ég ætla ekki að hefja þá umræðu hér af fullri hörku, en ég skildi ekki hv. 5. þm. Reykv. þegar það vafðist fyrir honum að viðskrh. væri yfirmaður bankanna í landinu.

Vegáætlun 1987–1990, fyrri umr.

Stjtill., 467. mál. — Þskj. 817.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

Núgildandi vegáætlun var samþykkt í mars 1987 og ætti því regluleg endurskoðun hennar skv. vegalögum ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1988–1989, þ.e. á næsta þingi.

Tvennt veldur því að ekki verður komist hjá endurskoðun nú. Þróun verðlags hefur orðið með öðrum hætti en reiknað var með við gerð vegáætlunar. Þá var einnig reiknað með mikilli fjáröflun umfram markaðar tekjur án þess þó að sú fjáröflun væri skilgreind nánar. Við ríkjandi efnahagsaðstæður þykir ekki fært að afla þessa fjár. Markaðar tekjur hafa á hinn bóginn aukist umfram áætlun. Verður nú nánar vikið að þessum atriðum.

Þegar vegáætlun var til afgreiðslu á Alþingi snemma árs 1987 var reiknað með að kostnaðarvísitala, sem Vegagerð ríkisins miðar við, yrði 2100 á miðju því ári. Hækkun frá 1986 var áætluð um 19%. Síðan var reiknað með 6% hækkun til 1988 og að vísitalan yrði þá 2226 stig. Í reynd hækkaði kostnaðarvísitalan örar 1987 og var komin í 2226 um mitt ár, raunhækkun um 26% frá 1986, eða jafnhá og ætlað var fyrir 1988.

Við endurskoðun nú er tekið mið af spá Þjóðhagsstofnunar um þróun byggingarvísitölu en gert er ráð fyrir að hún hækki nálega 15% milli áranna 1987 og 1988. Samkvæmt því yrði kostnaðarvísitala vegagerðar 1988, þ.e. á þessu ári, 2560.

Þessar tvær vísitölur hafa þróast með svipuðum hætti þegar til lengri tíma er litið, en frávik hafa orðið þó nokkur um skemmri tímabil. Ýmis rök hníga að því að kostnaðarvísitala vegagerðar muni hækka öllu meir en byggingarvísitalan. Erfitt er á hinn bóginn að festa hendur á því á þessu stigi og er því reiknað með 15% hækkun verðlags milli áranna 1987 og 1988.

Bensínsala hefur vaxið ört undanfarin ár eins og glöggt má sjá af töflu sem er í grg. með þáltill. Þannig var salan 153,8 millj. lítra á sl. ári og hafði aukist um hvorki meira né minna en 12,5% í lítrum talið frá árinu á undan. Nú liggja fyrir tölur um sölu bensíns fyrir fyrstu þrjá mánuði tekjuársins 1988, þ.e. mánuðina nóvember til desember 1987 og janúar 1988, en tekjuár Vegagerðarinnar er frá nóvember til nóvember. Er bensínsala þessa þrjá mánuði 8,6% meiri en sömu mánuði í fyrra. Er sala nú áætluð heldur meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hækka tekjur þannig um 90 millj. kr. Bensíngjald var frá 1. nóv. 1987 ákveðið 12,60 kr. á lítra. Þungaskattur var hækkaður til samræmis við þetta bensíngjald um sl. áramót. Við útreikning heildartekna af mörkuðum tekjustofnum er miðað við að gjöld þessi haldist óbreytt á árinu. Markaðar tekjur á árinu 1988 eru áætlaðar 2 milljarðar 990 millj. kr., en voru áætlaðar 2 milljarðar 353 millj. kr. í gildandi vegáætlun fyrir þetta ár.

Allt fram til ársins 1986 voru útgjöld til vegamála jafnmikil eða meiri en nam tekjum af mörkuðum tekjustofnum. Mikil breyting varð hér á árinu 1987, en það ár urðu tekjurnar 160 millj. kr. meiri en heildarútgjöld til vegamála það ár.

Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal tekjum samkvæmt lögunum einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Sú vinnuregla hefur gilt undanfarið að útgjöld vegáætlunar á hverju ári markist af þeirri tölu sem ákveðin er í upphafi árs. Var svo einnig 1987, en til að fullnægja ákvæðum áðurnefndra laga verða umframtekjur að færast til

næsta árs. Í samræmi við þetta eru umframtekjur 1987 hér taldar með fjáröflun 1988 og ættu því 3150 millj. kr. að vera til ráðstöfunar 1988. Ekki er þó gerð tillaga um að ráðstafa öllu því fjármagni á þessu ári og verður nánar vikið að því hér á eftir í athugasemdum við útgjöld.

Af heildartekjum, 3150 millj. kr., er lagt til að ráðstafað verði 2865 millj. kr. til framkvæmda í vegamálum. Óráðstafað verður þá 285 millj., þ.e. 125 af mörkuðum tekjum í ár og 160 af mörkuðum tekjum 1987. Í samræmi við lögin um fjáröflun til vegagerðar verður þetta fjármagn (þó leiðrétt til endanlegra tekna 1988) til ráðstöfunar 1989.

Sé það fjármagn, sem skipt er á framkvæmdaliði í tillögu, 2 milljarðar 865 millj. kr., borið saman við gildandi vegáætlun 1988 og fjárveitingar 1987 kemur í ljós að miðað við verðlagsforsendur tillögunnar eykst ráðstöfunarféð 1988 um 16% frá 1987 og um 6% frá gildandi vegáætlun 1988. Viðbótarfjármagn fer til nýrra þjóðvega og brúa, en ekki er hér gerð tillaga um skiptingu þessa viðbótarfjármagns á liði innan þessara verkefnaflokka. Slíkar tillögur verða lagðar fyrir fjvn. Við þá tillögugerð verður við það miðað að meginhluti fjárins fari til stofnbrauta, enda þörfin mest þar. Þar er tekið tillit til tveggja stórra verkefna, þ.e. jarðganga í Ólafsfjarðarmúla og vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu. Mun ég víkja sérstaklega að þessu tvennu.

Við afgreiðslu vegáætlunar á sl. ári lýsti fjvn. þeim vilja sínum að staðið yrði við fyrri áform um að hefja jarðgangagerð í Ólafsfjarðarmúla árið 1988 og séð yrði fyrir fjármögnun til að verkið héldi síðan viðstöðulaust áfram. Með afgreiðslu vegáætlunar í samræmi við tillögur fjvn. lýsti Alþingi samþykki sínu við þessa stefnumörkun og hún hefur síðan verið staðfest í ríkisstjórn. Fjárþörf fyrsta árið, 1988, var metin 90 millj. á verðlagi vorið 1987. Þá er miðað við kostnaðarvísitölu vegagerðar 2100. Sú tala reiknuð til áætlaðs verðlags á komandi hausti verður um 120 millj. kr.

Forval verktaka til verksins fór fram í vetur og hafa útboðsgögn nú verið seld væntanlegum bjóðendum. Við lokahönnun verksins hefur ekkert komið fram sem bendir til annars en að heildarkostnaður verði innan þess ramma sem upp hefur verið settur. Hins vegar má búast við því að fjárþörf fyrsta árs gæti orðið öllu meiri en nefnt var hér að framan eða líklega 130–140 millj. á verðlagi haustið 1988. Við skiptingu fjármagns nú þarf að taka tillit til þessa og tryggja nægjanlegt fjármagn til þess að unnt verði að standa við fyrri samþykkt Alþingis og þar er lágmarkið 120 millj. kr.

Umferðarvandamál höfuðborgarsvæðisins hafa vaxið mjög ört undanfarið með mikilli fjölgun bifreiða. Er orðin knýjandi þörf fyrir aukið fjármagn til framkvæmda bæði við þjóðvegi og þjóðvegi í þéttbýli á svæðinu. Starfandi hefur verið sérstakur vinnuhópur starfsmanna Vegagerðar ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar sem gert hefur úttekt á nauðsynlegustu framkvæmdaþörf næstu ára. Samkvæmt þessari úttekt þyrfti að verja 1800–1900 millj. kr. til framkvæmda á þjóðvegum og þjóðvegum í þéttbýli á þessu svæði á næstu fimm árum ef vænta á einhvers bata fyrir umferðina. Raunar var í ræðu er ég flutti á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gerð grein fyrir nauðsynlegustu framkvæmdum á þessu sviði jafnframt því sem þær voru kynntar í sérstakri útgáfu rits Vegagerðar ríkisins, Vegamál, 4. tbl. 10. árg., og á sérstakri sýningu í desembermánuði sl., en bæði grg. starfshópsins, ræðan svo og 10. tbl. Vegamála hefur verið sent þingmönnum.

Meðal þeirra framkvæmda sem nauðsynlegt og óumflýjanlegt er að ráðast í sem fyrst er bygging Suðurlandsvegar frá Rauðavatni að Vesturlandsvegi við Grafarvog og breikkun Vesturlandsvegar í fjórar akreinar þaðan og að Höfðabakka.

Ég hef í dag ritað vegamálastjóra bréf og falið honum að hefja hönnun þessara framkvæmda þannig að kostnaðaráætlun fyrir þær gæti legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta ári.

Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg varið mun meira fjármagni til þjóðvega í þéttbýli innan sinna marka en numið hefur framlagi ríkisins. Er nauðsynlegt að séð verði fyrir fjármagni til endurgreiðslu vegna þessara framkvæmda svo sem venja hefur verið til þegar sveitarfélög hafa lagt til úr sjóðum sínum í þjóðvegi í þéttbýli.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þá till. sem hér er til umræðu. Grg. með till. skýrir það sem þá upp á vantar og síðan verður að sjálfsögðu málið til umfjöllunar með vegagerðarfulltrúum í fjvn. Ég leyfi mér að ljúka máli mínu og legg til, virðulegur forseti, að þessari till. verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990 er nokkuð sérstæð og ég taldi ástæðu til að koma upp við fyrri umr. og benda sérstaklega á tvo þætti.

Það er í fyrsta lagi það að hér er því haldið áfram að skerða þau fyrirheit sem gefin voru í sambandi við langtímavegáætlun, að það yrði varið til vegaframkvæmda á landinu a.m.k. 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er reyndar svo að það hefur verið gert á undanförnum árum. Það hefur verið skert ár frá ári mismunandi mikið og þó mest á hinu síðasta. Þá voru ekki nema 1,4% af vergri þjóðarframleiðslu ætluð til þessara framkvæmda og mér sýnist svo að enn sé verið að áætla svipaða upphæð til þessara framkvæmda með þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir. Þegar ákveðið var að samþykkja langtímavegáætlun var það grundvallaratriði að til þessara framkvæmda væri varið a.m.k. þetta miklum fjármunum. Ef ekki væri staðið við þann þátt mundi langtímaáætlunin vitaskuld fara meira og minna úr böndunum. Sú hefur einnig orðið raunin á.

Það ákvæði í vegáætlun að ekki hefur verið tekið til beinna framkvæmda nema 80% af því fjármagni

sem var til ráðstöfunar hefur verið framkvæmt á þann veg að þau 20% sem eftir voru skilin hafa aldrei skilað sér inn í vegaframkvæmdirnar. Þetta hefur orðið til þess að vegaframkvæmdir sem ætlaðar voru samkvæmt langtímaáætlun hafa orðið mikið minni og það hefur ekkert fjármagn verið til heldur til þess að leysa ýmis vandamál sem hlutu að koma upp út frá langtímaáætlun, leysa þau frá ári til árs og bæta stöðu innan ákveðinna svæða sem þetta fjármagn hefði vitaskuld átt að vera til ráðstöfunar til.

Ég tel mjög miður að nú í öllu góðærinu sem liðið hefur og við erum kannski enn þá að sumu leyti í skuli enn vera haldið áfram því að skerða fjármagn sem ákveðið var með langtímaáætlun að skyldi renna til vegamála.

Það sem ég vil einnig benda á er það að nú er með beinum hætti tekið fjármagn af sértekjum til vegagerðar og skilið eftir vitaskuld hvergi annars staðar en í ríkiskassanum. 285 millj. af beinum tekjum, sértekjum, til vegamála eru samkvæmt till. geymdar til næsta árs. Það er reyndar gefið fyrirheit um að það skuli ráðstafa þeim á árinu 1989, en þá verður vitaskuld auðveld leið að finna aðrar leiðir til að draga það fjármagn niður sem til framkvæmda skal áætla á því ári. (**SvH:** Eða það týnist bara.) Jafnvel að það týnist eins og lá við að þær 160 millj. sem skiluðu sér í auknum tekjum af bensínfé á síðasta ári færu á þann veg og má segja að sumu leyti miðað við þessa áætlun að hafi týnst vegna þess að það á ekki að ráðstafa þessum 160 millj. í ár sem á að gera eins og hæstv. ráðherra benti á áðan. Þessar 160 millj. skulu enn bíða til ársins 1989.

Auk þessa er kannski rétt að benda á að nú er á það bent í till. að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir hér á þéttbýlissvæðinu, á Reykjavíkursvæðinu til að auka vegaframkvæmdir og að standa í stykkinu gagnvart Reykjavíkurborg að borga hennar hluta. Sjálfsagt er þetta réttlætismál, en það er ekki réttlætismál vegna þess að það hefur ekki verið staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í langtímaáætlun um að byggja upp vegakerfið með ákveðnum fjárveitingum um landið allt.

Það er ósköp eðlilegt að hér á þéttbýlissvæðinu skapist vandamál þegar fjölgar bílum og annað eftir því og fjármagnið er skorið niður eins og raun ber vitni um. En staðreyndin er sú og reynslan af þessu var sú að fjármagnið á undanförnum árum hefur fyrst og fremst farið til þéttbýlisstaðanna þar sem umferðin var mest og fyrst og fremst hér á Reykjavíkursvæðið og næsta nágrenni. Öngþveiti er nú að skapast hér og liggur óskaplega beint fyrir. Það þarf að gera stór mannvirki á þessum og hinum staðnum á Reykjavíkursvæðinu, Arnarneshæðinni og fleiru og fleiru. En við erum bara ekki búin undir að fara í þessar framkvæmdir fyrr en búið er að gera meira úti á landsbyggðinni en raun ber vitni um. Það var búinn að vera forgangur á Reykjavíkursvæðinu og Reykjavíkursvæðið verður að bíða með frekari stórframkvæmdir þar til búið er að gera stærri hluti víða út um landið og víðast út um landið.

Ég læt svo bíða þar til við síðari umr. þessa máls að fjalla frekar um þessi mál, en það má vitaskuld benda á marga þætti sem hafa farið á hinn verri veg, langtum verri veg en búist var við að mundi gerast þegar var verið að samþykkja það að langtímaáætlun skyldi gerð á árinu 1982.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Till. sú sem hér er á dagskrá um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990 kemur til fjvn. og mun ég taka þátt í umfjöllun um hana þar. Ég mun því ekki ræða mál þetta ítarlega við fyrri umræðu, enda ekki ástæða til.

Ég vil aðeins út af orðum hv. 4. þm. Vesturl. segja að það er hárrétt, sem hann segir, að tillaga þessi er nokkuð sérstæð. Hún er sérstæð að því leyti fyrst og fremst að hún er flutt á ári sem ekki á lögum samkvæmt að endurskoða vegáætlun. Og hvers vegna er hún flutt á því ári á milli reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar? Það er vegna þess að það kemur aukið fé. Hún er sérstæð fyrst og fremst fyrir þetta atriði. Sú till. sem hér kemur fram gerir ráð fyrir að ráðstafa 6% meira fé til vegamála en gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir og fyrir þá sök er tillagan flutt.

Það hefur komið fyrir áður að á milli reglulegrar endurskoðunar vegáætlunar hafi orðið breytingar á samþykktri vegáætlun jafnvel án þess að það væri lagt fyrir Alþingi með því að skerða fé til vegamála. Hér er hins vegar öfugt að farið. Hér er verið að auka fé til vegamála og það er fyrst og fremst fyrir þá sök sem þessi tillaga er sérstæð. Vissulega hefðum við allir kosið að þetta fé væri meira.

Hv. þm. sagði hins vegar að tillagan væri enn sérstæðari fyrir það að það væru skert áform langtímaáætlunar í vegamálum sem hann jafnframt sagði réttilega að hefðu byggt á því að verja eigi minna en 2,4% af þjóðarframleiðslu til vegamála á áætlunartímabilinu eða þeim árum sem nú standa eftir af áætlunartímabilinu. Þetta er út af fyrir sig rétt. En hann hefði vitaskuld átt að geta þess að þrátt fyrir að við höfum ekki staðið við að leggja svo mikið fjármagn til vegamála hefur um það bil tekist að halda langtímaáætlun áfram með þeim hraða sem gert var ráð fyrir, þ.e. verkin hafa verið unnin fyrir minna fé en upphaflega var gert ráð fyrir, unnin fyrir lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en gert var ráð fyrir þegar Alþingi afgreiddi langtímaáætlun. Ég vænti þess að hv. þm., sem er maður sanngjarn og raunsær, geti orðið mér sammála um að hér á hinu háa Alþingi eigum við að fagna því ef tekst að vinna verk, nauðsynjaverk, framkvæmdir eins og í vegamálum, fyrir lægra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu en í upphafi var gert ráð fyrir. Því miður höfum við stundum dæmi um hið gagnstæða. Þetta vil ég þess vegna taka alveg sérstaklega fram og leggja áherslu á og ég vænti þess að hv. þm. Skúli Alexandersson verði mér alveg sammála um þessi efni.

Það er svo aftur annað mál að á þessu ári er ekki gert ráð fyrir að verja til vegamála umframtekjum

frá síðasta ári, þ.e. 160 millj. kr., vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur gert um það sérstaka samþykkt að geyma þetta fé um eitt ár og verja því til vegamála á árinu 1989. Þetta kemur vitaskuld til kasta Alþingis við afgreiðslu þessa máls og ætla ég ekkert að fjalla um það frekar hér. En það eru ýmsir sem tala um það í þjóðfélaginu að það þurfi fremur að draga saman útgjöld en hið gagnstæða.

Ég vildi láta þessi atriði koma hér fram. Ég tek vitaskuld skýrt fram að það stendur í mínum huga alveg óhagganlegt að markaðir tekjustofnar Vegagerðarinnar eiga að renna til vegamála svo sem lögin gera ráð fyrir og á því á ekki að vera neinn bilbugur. Þó það sé vitaskuld hægt að haga því svo að einhver hluti af þessu fé geti í einn tíma færst á milli ára, eins og hér er gert ráð fyrir, verður að ganga svo frá þessu máli við lokaafgreiðslu þess að það sé tryggilega um hnúta búið að á því verði ekki brigð.

Herra forseti. Ég skal ekki við fyrri umr. málsins fara út í það í frekari atriðum og vildi aðeins láta þetta koma fram.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Ég get reyndar í meginatriðum vitnað til ræðu síðasta ræðumanns í skoðunum mínum á meðferð þessara mála að þessu sinni. Það er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt að alþm. sýni áhuga í sambandi við vegamálin. Þá sögu kunnum við öll býsna vel.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að í heild sinni hefur þessum verkum skilað býsna vel áfram. Vegáætlun, langtímaáætlunin, byggðist fyrst og fremst á því að klæða ákveðinn hluta af stofnbrautum og hluta af þjóðbrautum líka bundnu slitlagi. Það verður ekki annað séð en það gangi fram með líkum hætti og áætlað var, kannski jafnvel að þar muni nást meiri árangur. Viðmiðunarprósentan upp á 2,4% var að sjálfsögðu til viðmiðunar og það er margt í þessum efnum sem hefur gengið til betri hags. T.d. hefur olíuverð lækkað frá því sem þá var og það hefur að sjálfsögðu auðveldað þennan árangur.

Það liggur hins vegar fyrir að ákveðnir tekjustofnar eiga að renna til Vegagerðar ríkisins og hefur verið gert um það samkomulag að svo væri gert og hvernig fara bæri að þegar þær tekjur skiluðu sér betur en fjárlög kveða á um. Þar af leiðandi eru það að sjálfsögðu vonbrigði, þótt ég eigi þar fulla ábyrgð á eins og aðrir stjórnarþingmenn, að þær 160 millj. sem hér hafa verið til umræðu skuli ekki hafa skilað sér til vegaframkvæmda í ár því það hefði að sjálfsögðu breytt býsna miklu í okkar brýnu framkvæmdaþörf.

Nú hefur hér verið minnst á og m.a. hæstv. samgrh. talað hér sérstaklega um tvö brýn verkefni sem þurfi að hyggja að og þar á ég við bæði vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og byggingu jarðganga í gegnum Ólafsfjarðarmúla sem Alþingi hefur raunar áður lýst áhuga sínum á. Það er augljóst mál að til þessara verkefna þarf að koma aukið fjármagn fram yfir það sem er í vegáætlun á næsta ári ef árangur á að nást og ég óttast að ef ekki verður annað sérstaklega fram tekið við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni muni verða til þeirra ráða gripið að ráðstafa því geymslufé, sem skv. vegáætlun er upp á tæpar 300 millj., til þessara verkefna á næsta ári. Af þeirri ástæðu hlýtur það að verða tekið til athugunar við tillögugerð í fjvn. og við afgreiðslu hér á Alþingi hvort ekki beri að ákveða núna til hvaða verkefna þetta fjármagn gangi þegar það kemur til framkvæmda. Það held ég að sé afar mikið mál því að ég er nokkurn veginn sannfærður um að ef ekki verður þar um fjallað núna og ákvarðanir teknar fer þetta fjármagn á þá tvo staði sem ráðherrann hefur nú lýst yfir að væru hans sérstöku óskabörn, Ólafsfjarðarmúlann og höfuðborgarsvæðið. Það verður að fjármagna þær framkvæmdir með öðrum hætti og láta það geymslufé, sem hér hefur verið lýst, ganga til annarrar vegagerðar annars staðar á landinu.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræðurnar þar sem þessi áætlun kemur til meðferðar fjvn. og verður þar rætt með hvaða hætti menn vilja standa að þessari vegáætlun. Það mætti að sjálfsögðu halda langa ræðu um það sem hér hefur þegar komið fram hjá öðrum þingmönnum um vegamálin almennt og skal ég ekki bæta neinu þar við. Þetta er eitt af þeim málum sem ég og fleiri sjálfsagt erum sammála um að eru eitt stærsta byggðamálið í okkar landi og við þurfum að vinna ötullega að því áfram að útbúa vegakerfið þannig að allir landsmenn búi við viðunandi aðstæður að þessu leyti til. Auðvitað vantar þar stórmikið á og við eigum eftir enn að gera gífurleg mannvirki á sviði vegamála og það er ekkert óeðlilegt því að ýmislegt í okkar vegakerfi, sem er dýrast, bíður framkvæmda. Við höfum gert stórátak, en margt af því sem eftir er að gera er miklu fyrirferðarmeira en það sem búið er að gera, a.m.k. víða. Þar má nefna jarðgöng, brýr yfir firði o.fl.

En það sem ég vil koma aðeins inn á eða réttara sagt undirstrika, sem hér hefur komið fram, m.a. hjá hv. síðasta ræðumanni, er að ég tel að það verði að marka stefnu um svokallað geymslufé eða það sem er óráðstafað, sem eru viðurkenndar tekjur Vegasjóðs sem ekki á að vera hægt að taka af Vegagerðinni, og það verði mörkuð sú stefna í framhaldi þess sem hér er lagt til að þessu fjármagni verði skipt milli kjördæmanna með sama hætti og framkvæmdafé til vegagerðar. Ég tel að þetta þurfi að koma fram hér til þess að það sé ekki neitt vafamál um að hvorki hæstv. samgrh. né ríkisstjórnin hafa heimild til að nota þetta afgangsfjármagn í annað. Þetta vil ég undirstrika sem skoðun og ég hvika ekki frá henni.

Framkvæmdir eins og jarðgöngin í gegnum Ólafsfjarðarmúla eru framkvæmd sem allir eru sammála um að verði að standa við. Mér finnst að í umræðunni núna og ég geri ráð fyrir að það muni koma

fram í fjvn. þurfi menn að átta sig á að það er ekki forsvaranlegt að hefja þær framkvæmdir nema það sé tryggt að hægt sé að halda áfram í einni lotu með það verkefni þó að það taki þrjú eða fjögur ár. Þess vegna tel ég að það þurfi jafnvel strax að liggja fyrir, sem er í mínum huga alveg ljóst, að miðað við þessar áætlanir um fjármagn Vegasjóðs ræður hann ekki við það verkefni öðruvísi en að gert sé ráð fyrir að þurfi að taka til þess lán á þessum aðalframkvæmdaárum, þ.e. árið 1989 og 1990. Þar sem þar er um 200 millj. að ræða hvort ár um sig eða nálægt því. Og meira að segja hvað snertir það sem hér er lagt til, 120 millj., til þess að geta hafið verkið á þessu ári og komist að einhverju leyti inn í fjallið þarf til þess bráðabirgðalán eða lántöku. Ég held því að eðlilegt sé að menn séu raunsæir að þessu leyti til, að það er ekki hægt að ætla það að af vegafé verði svo mikið fé til þessa sérverkefnis á árunum 1989 og 1990 að ekki þurfi að reikna með lántöku.

En það sem ég vil fyrst og fremst undirstrika er að það verður að tryggja að hægt sé að standa við áformin um að komast í gegnum fjallið í einum áfanga eins og verkáætlun gerir ráð fyrir og því verða menn í upphafi að gera sér grein fyrir að þarna þarf til að koma lántaka. Það er ekki hægt að treysta hvorki á afgangsfé eða geymslufé né það mikla aukningu í vegáætluninni að hægt sé að taka það frá öðrum almennum verkefnum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það var aðeins út af þeim fullyrðingum hv. 5. þm. Austurl. og hv. 2. þm. Norðurl. v. um það að staðið hafi verið við fjárframlög til vegagerðar á undanförnum árum eða kannski frekar, þeir hafa kannski ekki sagt það berum orðum, hitt að það hafi tekist að sinna þeim framkvæmdum, vinna þau verkefni sem áætlað var með langtímaáætlun að gerð yrðu á þessum tíma.

Ég hef heyrt þessa fullyrðingu ansi oft einmitt úr herbúðum þeirra sjálfstæðismanna, enda hafa þeir verið með forustu í þessum málum, þ.e. samgönguráðherra hefur verið sjálfstæðismaður á undanförnum árum. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig þessir þm. geta haldið þessari skoðun fram vegna þess að það er viðurkennt að þau 20% sem ekki hefur verið skipt í sambandi við framkvæmdaáætlun, það var alltaf í upphafi langtímaáætlunar talað um það að 20% af framkvæmdafé skuli vera óskipt, hafa aldrei runnið til framkvæmda. Aftur á móti hafa menn verið að reyna að fullyrða að framkvæmdir, miðað við þær framkvæmdir sem áætlaðar voru, þ.e. 80% framkvæmdanna, hafi staðist. Það má segja það að þær hafa staðist að vissu leyti en þó á þann veg að víða hafa þær framkvæmdir sem gerðar hafa verið ekki verið á þann hátt sem áætlað var samkvæmt langtímaáætlun eða vegáætlun í hvert skipti vegna þess að gripið hefur verið til þess ráðs að leggja vegi með bundnu slitlagi með bráðabirgðaundirbyggingu. Þeir eru orðnir ansi margir kílómetrarnir vítt um landið sem hafa verið unnir á þann veg. Við þurfum ekki að fara nema upp í Hvalfjörð, um Borgarfjörð, um Stafholtstungur, Norðurárdal, og lausnin hefur verið sú að smyrja yfir gamla veginn með bundnu slitlagi, með tiltölulega lítilfjörlegri undirbyggingu. Með þessu móti hefur tekist að teygja hið bundna slitlag að þeirri áætlun sem gerð hefur verið. (**EgJ:** Fram yfir hana.) Sums staðar kannski hefur verið smurt ákafar. Kannski það hafi verið gert á Austfjörðum, hv. þm., en með þessum hætti.

Það þarf í eðli sínu kannski ekkert sérstaklega að mótmæla þessari aðferð. Það er hægt að gera þetta á þennan hátt og leysa ákveðin vandamál. En það er ekki hægt í sama orðinu að segja að áætlunin hafi verið framkvæmd. Það hefur ekki verið gert, því miður. Og þetta hefur gerst vegna þess að það hefur verið of lítið fjármagn til þessara framkvæmda. Forustumenn vegagerðar hafa leitað ýmissa leiða til þess að reyna að nýta þá peninga sem þeim hafa verið fengnir til þess að byggja upp vegina og þeir hafa, það skal viðurkennt, farið ýmsar leiðir sem gott hefur komið út úr, m.a. þetta. Í sumum tilfellum hefur kannski tekist að fá með útboðum hagkvæmari vinnu en annars hefði verið, en ég held að það jafni sig á hinn veginn að sums staðar hafi útboðin farið á hinn verri veg þannig að út úr því hefur ekki komið mikið.

Ég vildi vekja athygli á þessu, að það er því miður alls ekki á þann veg að staðið hafi verið við langtímaáætlun í sambandi við fjárframlög og ekki heldur framkvæmdir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun 1988–1991, fyrri umr.

Stjtill., 465. mál. — Þskj. 815.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um flugmálaáætlun 1988–1991, á þskj. 815. Þáltill. er flutt í samræmi við ákvæði laga nr. 31 frá 27. mars 1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, en meginmarkmiðið með setningu umræddra laga var að fá fram reglubundna umræðu og ákvörðun á Alþingi um skipulega uppbyggingu þessa mikilvæga samgöngupáttar.

Við undirbúning flugmálalaganna var af skiljanlegum ástæðum horft til hliðstæðrar lagasetningar um vegagerð, þ.e. vegalaga, og laga um fjáröflun til vegamála og ágætrar reynslu sem fengist hefur af áætlunargerð á þeim vettvangi.

Fyrri kafli laganna nr. 31/1987 dregur því í öllum

meginatriðum dám af sambærilegum ákvæðum vegalaga að breyttu breytanda, en í síðari kafla laganna er gert ráð fyrir að framkvæmdirnar fjármagnist af tekjum af flugvalla- og eldsneytisgjaldi og framlögum úr ríkissjóði. Um hliðstæður slíkrar tekjumörkunar má nefna þungaskattinn og bensíngjaldið.

Þessi framgangsmáti varð sjálfsagt til með örlög annarrar ágætrar framkvæmdaáætlunar í huga, en hún var bakgrunnur ályktunar Alþingis frá 2. maí 1978, um markmið og leiðir í flugöryggismálum. Þessi annars framsækna ályktun varð um flest úti á berangri ríkisfjármálanna þar sem ákvæði um skipulega endurskoðun og fastar tekjur vantaði.

Það leiðir af framansögðu að þáltill. sú sem hér er til umfjöllunar ber með sér sérstakt svipmót af annarri og betur þekktari hér í þingsölum, till. til þál. um vegáætlun sem við vorum að ræða rétt áðan, þ.e. endurskoðun á henni. Einn meginmunur er þó á þessum tveimur tillögum og kemur hann fram í því að hér í till. er í IV. kafla lögð til sundurliðun fjár á einstök verkefni, en skipting þessi á sviði vegamála kemur fyrst fram sem brtt. eftir umfjöllun í fjvn. Þetta ræðst af þeim mun sem er á lögbundnu stjórnskipulagi og ákvarðanatöku hjá framkvæmdastofnunum, Flugmálastjórn og Vegagerð ríkisins, þar sem önnur hefur yfir sér þingkjörna stjórn en hin ekki.

Rétt er að taka skýrt fram, einkum með tilliti til umræðu á sínum tíma um flugmálalögin, að flokkun flugvalla í þrjá flokka fer einungis eftir skráningu á núverandi lengd flugreina vallarins, sbr. 3. gr. laga nr. 31/1987, en ekki mati á mikilvægi vallar fyrir byggðarlag eða landshluta.

Eins og fram kemur í reglugerð með þáltill. er baksvið laganna nr. 31/1987 starf svonefndrar flugmálanefndar er lauk störfum í nóvember 1986. Í skýrslu nefndarinnar, er dreift var sérstaklega hér í þinginu en einnig var fskj. með frv. til margnefndra laga, var sett fram og skilgreint það markmið sem talið var að stefna bæri að við íslenska flugvallagerð. Þessu næst var tekið saman yfirlit yfir núverandi ástand vallanna. Við samanburð á þessu tvennu, stöðunni og markinu, var settur fram framkvæmdalisti með útreiknuðum kostnaði og forgangssviðum. Þá var lagt til að verki þessu yrði lokið á 10 ára bili. Hér er um merk tímamót að ræða í sögu íslenskra flugmála þar sem í fyrsta skipti er fram komin áætlun um skipulega uppbyggingu flugvallanna.

Útgjöld og tekjur vegna framkvæmda fyrir árið 1988 eru í samræmi við fjárlög en að viðbættum 25 millj. kr. sem eru tilkomnar vegna aukinna tekna Flugmálastjórnar 1987 í kjölfar gildistöku flugmálalaganna. Útgjöld til framkvæmda áranna 1989–1991 eru áætluð 272 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1988.

Framkvæmdir þær sem lagðar eru til á þskj. 815 eru í öllum meginatriðum í samræmi við tillögur flugmálanefndar um val og niðurröðun, en framkvæmdahraðinn tekur mið af tekjustofnum Flugmálastjórnar skv. II. kafla laganna. Rekstrarþættir áætlunarinnar eru í samræmi við fjárlög ársins og á meðalverðlagi þess. Sama gildir fyrir 1989–1991. Gert er ráð fyrir 3,5% hækkun á milli ára í auknu rekstrarumfangi hjá þeim deildum Flugmálastjórnar sem flugmálauppbyggingin nær til, þ.e. flugvalladeild, flugleiðsöguþjónustu og alþjóðaflugþjónustu, enda leiðir aukinn stofnkostnaður af sér hærri rekstrarútgjöld.

Svo sem áður var vikið að binda flugmálalögin flugvallagjald og bensíngjald framkvæmdum í þágu flugsins. Við áætlun á flugvallagjaldi fyrir árið 1988 er stuðst við farþegatölur 1986 en þær hækkaðar um 6% vegna innanlandsflugs og rúmlega 13% vegna utanlandsflugs, en það er meðalaukning farþegaflutninga milli áranna 1984–1986. Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir hækkun flugvallagjalds, en ákvörðun um breytingu á því verður látin bíða þar til séð verður hver þróun farþegaflutninga verður.

Við áætlun um tekjur af eldsneytissölu árið 1988 er stuðst við sölutölur um mitt árið 1987 en þær síðan hækkaðar um meðaltalsaukningu flugeldsneytissölunnar á ári tímabilið 1984–1986. Ekki er ráðgert að hækka gjaldskrár vegna eldsneytissölunnar á árinu ef áætlun um sölu þess stenst.

Aðrar markaðar tekjur eru beinar rekstrartekjur stofnunarinnar, lendingargjöld, loftferðaeftirlitsgjöld, leigugjöld og önnur þjónustugjöld. Gert er ráð fyrir að loftferðaeftirlitsgjöldin hækki í áföngum á gildistíma áætlunarinnar þannig að þær standi í lok þess undir starfsemi eftirlitsins.

Áður var vikið að því að skipting útgjalda á milli reksturs og framkvæmda í áætluninni væri í samræmi við fjárlög. Enn fremur var sagt að við val framkvæmda væri stuðst við tillögur flugmálanefndar um forgangsröðun. Hér er ekki ástæða til sérstakrar umræðu um aðferðafræði þess heldur vísast um það atriði til greinargerðar með tillögunni. Þá vænti ég að tækifæri gefist til nákvæmari athugunar á skiptingunni við umfjöllun í fjvn. og munu að sjálfsögðu fulltrúar Flugmálastjórnar og flugráðs vera þar reiðubúnir til svara.

Meginverkefni áætlunartímabilsins er flugbrautir og stæði sem ásamt byggingum taka um 80% framkvæmdafjárins fyrstu þrjú ár tímabilsins, en vægi annarra framkvæmdaþátta vex eftir því sem ávinnst við brautir og byggingar. Hér er rétt að minna á þá skoðun flugmálanefndarinnar að einstakar framkvæmdir geti verið svo stórar í sniðum og mikilvægar af hagkvæmnis- og öryggisástæðum að þær falli utan framkvæmdaraðarinnar. Dæmi í þessu eru t.d. flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, flugbraut á Egilsstöðum og endurnýjun flugbrauta í Reykjavík. Þessar framkvæmdir vill nefndin að litið sé á sem sérverkefni og sama á raunar við um varaflugvöll og endurbætur á flugstjórnarmiðstöðinni.

Í flugmálaáætlun þeirri sem hér liggur fyrir gætir áhrifa eins þessara verkefna, Egilsstaðaflugvallar, en í samræmi við ályktun Alþingis frá því sl. vor fékkst sérstök fjárveiting til lendingarbóta og endurbóta á flugbrautinni þar. Unnið hefur verið að þessu

verki nú í vetur og hefur miðað mjög vel sakir hagstæðra tilboða sem borist hafa í verkið. Verður að taka tillit til þessa verks þegar litið er til skiptingar fjárins innan áætlunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir á þessu stigi að ráðist verði í fleiri sérverkefni á áætlunartímabilinu, en flugmálaáætlun kemur til endurskoðunar að tveimur árum liðnum auk þess sem ráðstöfun aukafjár, ef bærist, gæti átt sér stað utan hennar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að lengja þessa umræðu. Ég vísa að öðru leyti til þeirrar greinargerðar sem með tillögunni er og þeirra upplýsinga sem síðar kynnu að koma og óskað væri eftir af hv. fjvn., en mín tillaga er að þessari tillögu verði að lokinni umræðu vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mig langar að byrja á því að fagna því að flugmálaáætlun fyrir fyrsta tímabilið samkvæmt því 10 ára skipulagi, sem unnið var um uppbyggingu flugsamgangna, lítur hér dagsins ljós og er lögð fram og mælt fyrir henni á þinginu.

Það er komið nokkuð á annað ár, hygg ég, síðan áætlunin var kynnt á fundi og talsvert síðan samþykkt voru sérstök lög, nr. 31 frá 1987, um fjáröflun. Það er því tímabært og rúmlega það að við fáum sjálfa áætlunina um framkvæmdatilhögunina, tekjur og gjöld, til meðferðar. Ég hygg að menn séu nokkuð sammála um að það sé mikil framför að því að taka með skipulegum hætti á uppbyggingu flugsamgangnanna eins og hér er lagt til og má sjálfsagt segja að slíkt skipulag hafi vantað á undanförnum árum. Það gæti hugsanlega verið ein skýring þess að lítið hefur miðað áleiðis í að byggja upp viðunandi flugmannvirki, mannvirki á sviði flugsamgangna, hér í landinu.

Stór hluti af hinni nýju flugmálaáætlun var sérstök tekjuöflun með mörkuðum tekjustofnum í formi skattlagningar á flugsamgöngur. Það er vissulega umdeilanlegt hversu langt á að ganga í því á hverjum tíma að skattleggja viðkomandi starfsemi til þess að kosta uppbyggingu á eigin sviði og venjulega hefur verið um einhverjar beinar fjárveitingar úr ríkissjóði af öðrum skatttekjum að ræða þegar gert hefur verið átak til uppbyggingar samgöngumannvirkja. Tillögurnar í flugmálaáætluninni gerðu ráð fyrir því að uppbyggingin yrði að stórum hluta til fjármögnuð með skattlagningu á flugið sjálft. En nú lítur þáltill. dagsins ljós og þá er staðan orðin sú að ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum úr ríkissjóði til framkvæmda í flugmálunum. Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði munu rétt hrökkva til að standa undir rekstri apparatsins í flugmálunum. Þess er ekki að vænta ef marka má þessa flugáætlun að neinir fjármunir renni úr ríkissjóði beint til uppbyggingar flugvalla eða flugvallamannvirkja.

Hér hefur orðið afturför hvað varðar hugmyndir manna í langtímaáætluninni. Þar var gert ráð fyrir að það bil sem væri á milli áætlaðra framkvæmda og þeirra tekna sem hinir mörkuðu tekjustofnar skiluðu á hverjum tíma yrði brúað með framlögum úr ríkissjóði. Hér skakkaði að vísu ekki stórum fjárhæðum miðað við lauslega samlagningu mína, en þá er að hafa í huga að tekjurnar byggja á áætlun. Það byggir á áætlun hve miklu hinir mörkuðu tekjustofnar muni skila. Þeir sem voru lagðir á með sérstökum lögum á síðasta ári, þ.e. flugvallagjald og eldsneytisgjald, munu skila á tímabilinu frá 256 og upp í 269 millj. kr. samkvæmt þessari áætlun en framkvæmdirnar eru um 270 millj. kr. Ég tel þá ekki með þær mörkuðu tekjur sem fyrir voru, svo sem lendingargjöld, loftferðaeftirlitsgjöld og annað.

Ég hefði kosið að sjá aðeins meiri bjartsýni í áætluninni og að strax á árinu 1989 væri a.m.k. gert ráð fyrir einhverjum beinum fjárveitingum til uppbyggingar flugmálanna. Mér finnst ekki sérstök ástæða né sérstök rök fyrir því að á sama tíma og talsverðum fjárhæðum, að vísu allt of litlum, er varið beint úr ríkissjóði til hafnargerðar, til vega, eða ætti að vera samkvæmt gildandi áætlunum og til ýmissa annarra hliðstæðra mannvirkja, sé ekki reiknað með að neinir fjármunir komi úr ríkissjóði til þess að taka þátt í þessu stóra átaki í uppbyggingu flugsamgangna því hér er auðvitað um að ræða gjörbyltingu í framkvæmdum ef af verður. Þetta 10 ára tímabil, ef svo vel tekst til að menn nái að halda þessari áætlun, yrði auðvitað meiri háttar stórátak sem mundi tæpast eiga sinn líka hvorki fyrr né síðar hvað varðar uppbyggingu flugsamgangna. Þess vegna hefði ég talið að ekki hefði verið nein ofrausn að gera ráð fyrir eins og 30–50 millj. á ári í formi beinna framlaga úr ríkissjóði til að taka þátt í þessari uppbyggingu. En nóg um það að sinni.

Ég vil gera, eins og áður, þá fyrirvara við stuðningi mínum við þessa till. að flokkun flugvallanna, eins og hún er hér upp sett, að vísu hafandi í huga þann formála sem hæstv. samgrh. hafði þar um, megi ekki verða bindandi á nokkurn hátt um inbyrðis röðun flugvallanna og framkvæmdir. Ég tel til að mynda, til þess að það skiljist nú strax hvað ég er að fara, að flugvellirnir í Vestmannaeyjum og á Húsavík eigi að sitja við sama borð og vera flokkaðir með sama hætti og flugvöllurinn á Egilsstöðum, svo ekki sé nú talað um flugvöllinn á Sauðárkróki þar sem er til að mynda líklega upp undir fimm sinnum minni umferð en í Vestmannaeyjum. Lengd flugvallanna í dag breytir í raun og veru engu um. Það er fyrst og fremst hlutverk þeirra, umferðin um þá og líkleg þróun umferðar þar í framtíðinni sem á að leggja til grundvallar þegar hin eiginlega flokkun er ákveðin. Mér þætti miklum mun lakara að sjá til að mynda þessa tvo flugvelli, sem ég nefndi, verða áfram í öðrum flokki þegar þáltill. verður afgreidd við síðari umr. Ég held að menn ættu þá einfaldlega að breyta þeirri vinnureglu sem er höfð við flokkunina og setja sér það markmið að koma þessum tveimur flugvöllum á næstu árum innan t.d. ramma áætluninnar upp í fyrsta flokk. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það þurfi að gera ráð fyrir því og vonandi er það í allri uppbyggingunni að flugvell-

irnir færist upp eftir því sem uppbyggingu þeirra miðar. Ég er þeirrar skoðunar að innan tíðar verði gerð krafa um það að allir mikilvægustu héraðsflugvellir landsins geti tekið við miðlungsþotum, ekki síst til fraktflutninga sem gera má ráð fyrir að fari vaxandi í framtíðinni, t.d. útflutningur á ferskum matvælum.

Örfá orð í lokin, herra forseti, um varaflugvallarmálið sæla sem við, ákveðnir þm. hér á hinu háa Alþingi, sitjum okkur sjaldnast úr færi til að nefna ef við komum því við. Ég er, þó það eigi e.t.v. ekki sérstakt erindi inn í fyrstu tvö árin í þessari 10 ára áætlun, með það í huga sem sagt að flugmálaáætlun kemur aftur til endurskoðunar að tveimur árum liðnum, eindregið þeirrar skoðunar að gera eigi ráð fyrir að leysa þetta varaflugvallarspursmál innan ramma okkar flugmálaáætlunar og þar séum við ekki að tala um neitt stórverkefni sem eigi þar ekki heima, heldur einfaldlega að gera þær lagfæringar á einum, tveimur og jafnvel fleiri flugvöllum sem fyrir eru í landinu eða verið er að byggja að þeir geti þjónað varaflugvallarhlutverki fyrir íslenska millilandaflugið eins og það er, að svo miklu leyti sem það er hægt, og síðan eins og það verður innan tiltölulega fárra ára þegar væntanlega allar flugvélagerðir sem þá verða í notkun geta notað flugvellina á Akureyri og síðan á Egilsstöðum, eins og þeir eru í dag, miðað við þá lengd sem þeim er ætluð.

Hæstv. utanrrh. hefur, mér til óumdeildrar gleði, gengið af herflugvallarhugmyndinni dauðri. Því hefur ekki verið mótmælt hér að hann sló þá hugmynd faglega út af borðinu og lýsti því yfir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að hún væri ekki á dagskrá. Við þurfum þá að sjálfsögðu að ganga út frá því og ræða málin út frá því og þar með erum við að tala um að leysa þessi mál fyrir okkur sjálfa á þann hátt sem okkur er viðráðanlegt. Það hygg ég að sé best gert með því að gera ákveðnar lágmarksúrbætur á Akureyrarflugvelli, sem reyndar eru nú að hluta til inni í þessari áætlun, og taka mið af því við uppbyggingu flugvallarins á Egilsstöðum. Þar er gert ráð fyrir 2000 metra braut. Innan tíðar verður íslenski flugflotinn væntanlega þannig samsettur að allar vélar þar geti notað þá braut. Síðan er ég þeirrar skoðunar, eins og ég áður sagði, að fleiri af mikilvægustu landshluta- og/eða héraðsflugvöllunum muni í framtíðinni verða í stakk búnir til að þjóna hliðstæðu hlutverki. Þá verður þetta fræga varaflugvallarmál endanlega dautt og innan svona 10 ára, þegar einir sex flugvellir í landinu geta hver fyrir sig tekið á móti öllum þeim flugvélategundum sem eru í millilandaflugi fyrir Íslendinga, munu menn hlæja sig máttlausa að þeim mönnum sem voru með hugmyndir uppi um fleiri hundruð millj. kr. fjárfestingar í flugvöll til að nota einu sinni á ári.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Í tilefni síðustu orða hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins taka undir það sem hann sagði um varaflugvöll fyrir millilandaflugið. Síðastliðinn fimmtudag svaraði hæstv. samgrh. fsp. minni um þessa flugvelli á Egilsstöðum og á Akureyri, hvað það mundi kosta að koma þeim í það ástand að geta þjónað stærstu flugvélum Arnarflugs og Flugleiða. Kom þá fram í hans máli að þetta væri á bilinu 100–127 millj. kr., 100 millj. á Akureyri og 127 millj. á Egilsstöðum.

Ég spyr því, þar sem góður tími gefst til, hæstv. samgrh., þar sem ég hef grun um að hann vilji koma hér upp aftur og ræða um þessi mál, hvort ætla má að í flugmálaáætlun komi, innan skamms tíma, þessi mál og að einhverjum peningum verði varið í þau með það í huga að koma upp varaflugvelli og þá á öðrum hvorum þessara tveggja staða, en ég tel að það sé ódýrasti kosturinn fyrir okkur Íslendinga að hafa varaflugvöll á þessum stöðum. Hugmyndin um Sauðárkrók er að sjálfsögðu líka inni í myndinni en í mínum huga er flugvöllurinn á Egilsstöðum sá flugvöllur sem er ákjósanlegastur með tilliti til umferðar en þar skilst mér að fari um 56 þúsund manns á ári hverju en innan við 15 þúsund á Sauðárkróki. Þar fyrir utan er Sauðárkrókur í alfaraleið og vegasamgöngur þangað mjög góðar. En eftir því sem mér hefur skilist er veður mjög líkt á Sauðárkróki og á Egilsstöðum.

Varðandi aðra liði í þessari flugmálaáætlun ætla ég ekki að úttala mig í þessari fyrri umr., en eftir að þetta er farið til nefndar býst ég við að fleira skýrist og spara mér það til síðari umr. að ræða nánar um það.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim tveimur ræðum sem hafa verið haldnar. Varðandi það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um framlag ríkissjóðs er þetta dæmi svo einfalt að þær tekjur sem áætlaðar voru samkvæmt fjárlögum eru það miklar að þær ná að greiða þann kostnað sem reiknað er með að sé fyrir hendi samkvæmt þeirri tíu ára áætlun sem lögð var til grundvallar þegar frv. var samþykkt á sínum tíma. Þar var að vísu gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði, en í ljós kemur að tekjurnar eru meiri og þær duga til þess að ná fram þeirri áætlun sem þar var lögð til grundvallar. Þess vegna var ekki talin ástæða til þess að á fjárlögum væri varið sérstöku fjármagni þar sem, eins og ég sagði, tekjur undir þessum kringumstæðum dygðu til.

Spurningin um varaflugvöll. Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að utanrrh. hefði skotið herflugvallarhugmyndinni út af borðinu. Dæmið er þannig að umræðurnar um varaflugvöllinn sem hafa farið fram hafa verið undir forustu samgrn. og samgrn. fer ekki með þau málefni sem tengjast varnarliðinu. En þá fyrst er nú orðið fjör í sambandi við varaflugvelli þegar þeir verða kannski orðnir sex í landinu. Ég er sammála hæstv. utanrrh. í þeim efnum að óski flugvél eftir því að fá að lenda verður henni sjálfsagt ekki sagt að fara í sjóinn af því að hún sé ekki farþegaflugvél. Mönnum verður sjálfsagt leyft að lenda til þess að bjarga lífi sínu.

Varðandi það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði get ég ekki hér og nú sagt með hvaða hætti greiðslur fari fram — þá að því kemur að fjármagni verði varið til þess að gera varaflugvöll eða gera einhvern flugvöll að varaflugvelli. Þessum athugunum er ekki lokið. Hvort tveggja kemur til greina. Við endurskoðum á slíkri áætlun verði gert ráð fyrir sérstöku fjármagni ef sértekjurnar duga ekki til þess að ljúka verkinu eða Alþingi kýs aðrar leiðir í þeim efnum með sérstakri ályktun og þá sérstakri fjárveitingu á fjárlögum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ef ég einhvern tímann hef verið ruglaður eftir nokkra ræðu þá er það eftir síðustu ræðuna sem hæstv. samgrh. flutti og er tilefni til þess að harma að hann skyldi nokkurn tíma hafa farið úr utanrrn. því að maður með slíka hæfileika á að vera í diplomatíinu og hvergi annars staðar.

Ég er engu nær um það hvað hann var að fara, en hitt er annað mál að ég vildi gjarnan leggja fyrir hann spurningu.

Ég var nokkur ár, nokkur kjörtímabil, í flugráði. Það hefur verið talað um varaflugvelli síðan ég kom á þing, en það hefur ekkert orðið úr framkvæmdum. Það hefur alltaf verið talað um að sameina farþegaflug og herflug. Nú kvað það vera komið út úr myndinni að hafa herflugvelli. Ég fagna því vegna þess að samkvæmt lögum er flugmálastjóri Íslands yfirmaður flugmála og flugvalla, allra flugvalla á landinu, en hann hefur engan aðgang að þeim eina flugvelli sem er tengiliður við umheiminn, þ.e. Keflavíkurflugvelli, vegna þess að hann er að hluta til, skulum við segja, hernaðarflugvöllur.

Nú vil ég gjarnan fá að spyrja hæstv. ráðherra beint og fá skiljanleg svör til baka: Hvað er varaflugvöllur og hvaða þarfir eru tengdar flugvelli til þess að hann geti heitið varaflugvöllur? Hvernig á að reka hann með þeim þörfum sem varaflugvöllur krefst við þá litlu umferð sem hér verður um varaflugvöll, því hann er eins og orðið segir, varaflugvöllur? Það er ekki bara flugbrautin að hún sé nógu löng til þess að stærstu vélar geti lent og þungar farþegaflugvélar tekið sig á loft. Það er miklu meira í kringum flugþjónustuna sem þarf að vera en bara brautin sjálf. Þess vegna vil ég spyrja. Það er nauðsynlegt fyrir Alþingi og sérstaklega fjárveitingavaldið að vita: Hvað er varaflugvöllur? Hvað felst í hugtakinu í huga hæstv. samgrh.?

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hitti í raun og veru naglann á höfuðið með þessari spurningu. Það er nefnilega dálítið kúnstugt stundum að heyra ræðuhöld um varaflugvelli og varaflugvöllinn eins og það sé eitthvert alveg sérstakt fyrirbrigði, allt öðruvísi en allir aðrir flugvellir, og það eigi kannski að standa málað á brautina, varaflugvöllur, og hann megi ekki nota nema í algjörum varatilfellum. Auðvitað er varaflugvöllur bara venjulegur flugvöllur og því betur að hann sé sem mest notaður því þá fylgir því minni aukatilkostnaður að hann geti þjónað þessu varaflugvallarhlutverki.

Það sem hefur verið hálfhlægilegt í umræðunni um varaflugvallarmálið hefur auðvitað verið sú hugsun ýmissa að það væri skynsamleg ráðstöfun að byggja einhvers staðar, helst úti í mörkinni, varaflugvöll sem væri sem minnst notaður, þar sem væri sem allra minnst umferð, og hann stæði svo fullbúinn með slökkviliði og mannafla á vöktum og öllum „græjum" allt árið til að taka á móti þeim tveimur, þremur tilfellum kannski á ári sem ekki er lendandi hér á suðvesturhorninu. Auðvitað er það þannig að eftir því sem sá flugvöllur, sem á að vera aðalflugvöllur landsins, er meira notaður, um hann er meiri umferð, þar er meiri mannafli, þar er betur búið slökkvilið o.s.frv., þeim mun hagkvæmara er þetta. Þar stendur auðvitað einn flugvöllur upp úr, þ.e. Akureyrarflugvöllur með menntað starfsfólk á vöktum, með öflugt slökkvilið, með farþegaumferð talsvert á annað hundrað þúsund á hverju ári og með tugi lendinga og flugtaka á hverjum einasta degi sem fært er. Þetta er auðskilið mál. Næstir koma svo í röðinni þeir flugvellir aðrir þar sem er næstmest umferð, eins og á Egilsstöðum og síðan t.d. í Vestmannaeyjum ef þar væri raunhæft að hugsa sér varaflugvöll sem er reyndar ekki vegna þess að veðurfarslega eru Vestmannaeyjar allt of nálægt Keflavíkurflugvelli auk þess sem aðstæður eru þar ekki fyrir hendi.

En ég vil aðeins undirstrika að þær upplýsingar sem komu fram í svari hæstv. samgrh. fyrir nokkrum dögum á Alþingi varðandi kostnað við að lagfæra Akureyrarflugvöll eða breyta uppbyggingarhugmyndum á Egilsstöðum þannig að þessi staður gæti þjónað þessu varaflugvallarhlutverki, þær kostnaðartölur miðuðu við að DC-8 flugvélar eða aðrar slíkar væru í notkun og það kostar aukalega 300–400 m lengingu á flugbraut sem ekki þarf að gera miðað við Boeing-flugvélar Flugleiða og Arnarflugs og miðað við þær nýju flugvélar t.d. sem Flugleiðir fá næsta vor. Það eru allar líkur á því að öll endurnýjun íslenska flugflotans verði innan þessara marka vegna þess að þróunin er einfaldlega þannig í gerð flugvéla að þær eru að verða þannig byggðar að þær þurfa styttri flugbraut. Orustuflugvélatýpur eins og DC-átturnar eru í raun, og með þann háa innkomuhraða sem þær hafa, að hverfa úr notkun. Þess vegna eru varaflugvallarmennirnir að falla á tíma. Þeir eru nefnilega að falla á tíma því að um leið og verður búið að taka síðustu DC-8 þotuna úr notkun verða engin rök til þess byggja hér 2300 — ég tala nú ekki um 3000 m flugbraut. En nefndirnar sem hafa verið að starfa hjá þeim hæstv. ráðherrum, samgrh. og utanrrh., hvað eru þær að gera? Þær eru að gera úttekt á aðstæðum miðað við 3000 m flugbraut. Til hvers? Auðvitað til þess að byggja herflugvöll vegna þess að það þarf engin íslensk flugvél meira en 2300 m braut. Þar er svo augljóslega verið að reyna að skýla sér á bak við þarfir íslensku flugfélaganna með

þessa herflugvallarhugmynd að það sér hvert mannsbarn sem hugleiðir málið. Sem betur fer eru þessar hugmyndir dauðar og innan tíðar liggur væntanlega fyrir að 2000 m flugbrautir verða nóg að því gefnu að þar sé nægjanlegur viðbúnaður fyrir hendi og nægjanleg tæki til þess að þá flugvelli verður hægt að skíra varaflugvelli. Það breytir engu um eðli þeirra og þeir verða vonandi í notkun dag frá degi engu að síður, en þá verður þetta mál sem sagt úr sögunni og kostnaður upp á 100–120 millj. yrði þá kannski kominn ofan í 40–70 millj. í formi þeirra úrbóta sem gera þyrfti á Akureyri og Egilsstöðum og svo kannski í framtíðinni áfram á Sauðárkróki, Húsavík og víðar til þess að þeir flugvellir verði nægjanlega vel búnir til að geta sinnt slíkum verkefnum.

En varðandi svo aftur fjármögnunina sem hæstv. samgrh. vék að er það vissulega fagnaðarefni að tekjustofnarnir, hinir mörkuðu tekjustofnar skili þó svo miklum tekjum að það líti út fyrir að unnt verði að halda framkvæmdaáætluninni óbrenglaðri. En það hefði eftir sem áður verið mjög ánægjulegt að sjá sambærilega fjárhæð koma úr ríkissjóði og hraða þá framkvæmdum eða eiga einhverja aura afgangs í sérverkefni sem liggja fyrir og þarf að ráðast í innan tíðar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Við þurfum að ljúka þessum fundi á tilskildum tíma áður en þingflokksfundir hefjast. En hér á eftir fer fram utandagskrárumræða og við þurfum að ætla tíma til hennar. Við höfum ekki nema nokkrar mínútur til þessarar umræðu sem nú stendur yfir. Spurningin er hvort menn vilja fresta umræðu eða freista þess að ljúka henni.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég get ekki hér og nú gert eitthvað til þess að hv. þm. skilji það sem ég sagði áðan, en ég þakka hins vegar traustið sem kom fram í því sem hann sagði. Varaflugvöllur, skilgreiningin á því fer að sjálfsögðu eftir því fyrir hvers konar flugvöll viðkomandi flugvöllur á að vera varaflugvöllur. En það sem við höfum verið hér að tala um er að eiga flugvöll sem getur sinnt þeirri flugþjónustu sem okkar aðalflugvöllur gerir. Það byggist á veðurfræðilegum athugunum og aðstæðum, en ég held að 2400 m löng braut þurfi að vera fyrir hendi og það kom fram í mínu svari.

Það er verið að athuga hvar þessar aðstæður eru. En minnki flugvélarnar e.t.v., eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, þarf auðvitað styttri brautir o.s.frv. og aðstæðurnar breytast. Þetta er allt saman breytilegt eftir því hvers konar tæki það eru sem við erum að fjalla um. Það eru sérfræðingarnir, sem enn hafa ekki lokið sinni skoðun, sem við hljótum að horfa til þegar þeir hafa komið fram með tillögur sínar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hef hlustað á ræður manna hér. Það komu fram hjá ráðherrum kostnaðaráætlanir við að gera ákveðna flugvelli að varaflugvöllum og innan ramma þessara kostnaðaráætlana leyfir ekki sú upphæð sem talin hefur verið, þessi heildarkostnaður í hverju tilfelli fyrir sig, þær framkvæmdir sem varaflugvöllur kallar á. Ef flugvél lendir á ágætri flugbraut, sem er nógu góð og löng flugbraut til þess að hvaða flugvél sem er geti lent, þarf að vera á staðnum ýmislegt það sem ekki hefur verið talað um, flugvöllurinn sjálfur, brautin, þarf að vera þannig úr garði gerð að flugvélarnar geti lent á hvaða tíma sólarhrings sem er og að þær geti tekið sig á loft á hvaða tíma sólarhrings sem er og jafnvel í slæmum veðrum þó það sé kannski ekki eins slæmt veður á þeim staðnum og er á þeim stöðum þar sem þeir aðalflugvellir eru lokaðir. Það þarf að vera eldhús. Eldhúsið eitt fyrir slíka þjónustu kostar þá upphæð sem ég hef heyrt minnst á í sambandi við þá varaflugvelli sem hér hafa verið ræddir. Það þarf að vera aðstaða til að hvíla farþega sem þurfa að bíða þar til veðri slotar. Þetta allt kemst ekki í neina ramma sem talað hefur verið um sem kostnaðarramma við þá varaflugvelli sem ræddir hafa verið. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að það er ýmislegt til á Akureyri sem hægt er að samnýta með varaflugvelli, og þarf ekki að fjárfesta í vegna þess að það er komið á staðinn. Það er líka ýmislegt til á Sauðárkróki þó að það vanti enn þá meira þar en á Akureyri. Sama má segja um Austfirðina, um Egilsstaði.

Þær upphæðir sem talað hefur verið um eru svo langt út úr myndinni að mér fannst fyllilega tilefni til að spyrja: Hvað er varaflugvöllur í huga samgrh.? Hann byggir enga flugbraut fyrir þær upphæðir sem komið hafa fram hvað þá varaflugvöll. Það er alveg útilokað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Farið hefur verið fram á utandagskrárumræður um óvissu um ráðningu kennara næsta skólaár. Það verður orðið við þessum óskum og umræðan fer nú þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að minna á kjaramál kennara sem nú virðast í algerri óvissu og uppnámi. Ekki verður séð að stjórnvöld hafi gert neinar marktækar tilraunir til

að leysa kjaradeilu kennara. Þvert á móti bendir margt til þess að stöðugt verði erfiðara að leysa kjaradeiluna eftir því sem á líður.

Einmitt um þessar mundir er verið að ganga frá ráðningu kennara fyrir næsta skólaár. Það starf torveldast þó tilfinnanlega af því að allt er í óvissu með kjaramálin. Oft hefur verið bent á að lág laun kennara og erfiðar starfsaðstæður í skólum eigi stóran þátt í því hve erfitt hefur reynst að fá kennara til starfa undanfarin ár. Þetta er eitt þeirra vandamála íslensks skólastarfs sem ítrekað er í OECD-skýrslunni um skólastarf og menntastefnu á Íslandi sem hefur nú verið til meðferðar á þremur ráðstefnum sem menntmrn. og kennarasamtökin hafa beitt sér fyrir síðustu vikurnar.

Í lögum um lögverndun starfsheitis og starfsréttinda kennara og skólastjórnenda er greint frá því hvaða menntunar er krafist af þessum starfsmönnum skólanna. Fram hefur komið á Alþingi að miðað við fjölda réttindalausra og unna yfirtíð í skólakerfinu mun vanta um 1000 kennara til starfa hér á landi. Hafa borist upplýsingar um hvernig þessi fjöldi réttindalausra skiptist eftir fræðsluumdæmum og er bersýnilegt af þeim upplýsingum, sem m.a. hafa komið fram í svari við fsp. frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að landsbyggðin situr þar við mjög skarðan hlut.

Nú er unnið að undirbúningi næsta skólaárs og eitt af því sem hamlar er óvissan í kjaramálum kennara. Þar sem ekkert miðar í kjaramálum og mjög styttist þinghaldið er nauðsynlegt að koma málinu hér fyrir og því legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. fjmrh.:

1. Hvaða ráðstafanir hyggst fjmrh. gera í kjaramálum kennara til að tryggja að nægur fjöldi kennara með lögbundna starfsmenntun fáist til starfa á næsta skólaári?

Herra forseti. Aðdragandi þeirra kjaraviðræðna sem nú standa yfir um kjör kennara er m.a. nefndavinna sem fjmrn. tók þátt í ásamt kennarasamtökunum. Þess vegna spyr ég fjmrh. einnig:

2. Hvernig ætlar fjmrn. að vinna að framgangi tillagna frá starfskjaranefndum kennarasamtakanna sem fjmrn. átti fulltrúa í?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Spurningin er tvíþætt:

1. Hvað hyggst fjmrh. gera, það sem á hans valdi er að gera, til að tryggja framboð nægilegs fjölda kennara með lögbundna starfsmenntun til starfa á næsta skólaári? Að svo miklu leyti sem það er á valdi fjmrh. hyggst hann gera það með því að freista þess til þrautar að lúka kjarasamningum. Þess skal getið að að ósk Hins íslenska kennarafélags verða næstu samningafundir í því efni ekki fyrr en um miðja næstu viku að því er varðar Hið íslenska kennarafélag, en að því er varðar Kennarasamband Íslands hefur fundur ekki verið ákveðinn.

2. Hvernig ætlar fjmrn. að vinna að framgangi tillagna frá starfskjaranefndum kennarasamtakanna sem fjmrn. átti fulltrúa í? Sem svar við því vil ég vísa til þess tilboðs sem fjmrn. hefur gert í þessari samningaviðleitni við kennarasamtökin, en í því fólust m.a. ákveðnar tillögur í sex liðum sem byggðust allar á ábendingum starfskjaranefndar. Þær eru þessar:

1. Röðun í launaflokka verði endurskoðuð með tilliti til þess að sérstök framhaldsmenntun kennara hafi meiri áhrif en áður.

2. Reglum um prófaldur verði breytt þannig að efstu þrep launaskalans náist fyrr en nú er.

3. Með byrjun næsta skólaárs gangi í gildi ný vinnumagnsákvæði sem feli í sér að til jöfnunar á vinnuálagi vegna heimavinnu o.fl. og til að sinna sérstökum störfum verði varið tímafjölda sem svarar til tíu klukkustunda á ári á hvern nemanda. Greiðsla fyrir heimaverkefni, sem fellur inn í þetta, er nú sex klukkustundir á nemanda.

4. Settar verði nýjar reglur um deildarstjóra og þeim raðað í launaflokka sem slíkum. Ætlaðar verði tvær klukkustundir á ári á nemanda í þessi störf.

5. Tekið verði upp nýtt vinnumatskerfi sem miðist við að skólar geti ráðstafað heimiluðu vinnumagni, sbr. það sem sagði hér að framan, og kennslu í samræmi við eigin þarfir og samkvæmt almennum reglum sem menntmrn. setur.

Þær tillögur, sem af hálfu fjmrn. hafa verið gerðar í þessum kjarasamningum, miðast við tvennt. Annars vegar eru þær innan þess ramma sem markaður var af kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins og hins vegar er þarna í veigamiklum atriðum tekið tillit til ábendinga starfskjaranefndar. Þess skal getið að ef litið er á stöðu kaupmáttar dagvinnutekna og miðað við taxta Hins íslenska kennarafélags og ef litið er á meðaltal kaupmáttar dagvinnutekna árið 1987 sem 100 hefur þróunin verið þessi miðað við fyrstu mánuði þessa árs: Janúarmánuður 98,51%, febrúarmánuður 99,65% og marsmánuður 98,74. Þetta er staðan áður en gengið hefur verið til kjarasamninga.

Loks er þess að geta að í heild sinni fól tilboð ríkisins til kennarasamtakanna í sér um 13,5% launahækkun og þá miðað við áfangahækkanir í júní, september og 1. febrúar 1989 ef samningur næðist til þess tíma. Óhætt er að fullyrða að slíkur samningur mundi tryggja viðhald kaupmáttar á samningstímanum til jafns við það sem gerist á almenna vinnumarkaðnum. Vandi ríkisins er hins vegar sá að alveg eins og opinberir starfsmenn höfðu tryggingarákvæði í sínum samningum á yfirstandandi ári um viðmiðun við almenna kjarasamninga er það svo að hinn almenni vinnumarkaður hefur einnig tekið upp hliðstæð tryggingarákvæði þannig að ef við förum út fyrir þann ramma erum við raunverulega að opna nýja hringekju kjarasamninga. Þetta er sá meginvandi sem við er að fást.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir frum-

kvæði hans til að taka upp þetta brýna mál sem hlýtur að valda okkur öllum áhyggjum. Ég lagði reyndar inn fsp. um málefni kennara sl. fimmtudag og var því að vonum nokkuð undrandi að það skyldi nú tekið upp utan dagskrár, en fyrir smámisskilning mun fsp. ekki hafa komið fyrir augu forseta Sþ. enn þá.

Önnur fsp. mín er til menntmrh. og hljóðar svo, með leyfi forseta: Hversu margar stöður kennara og skólastjóra munu fyrirsjáanlega losna annars vegar við grunnskóla, hins vegar við framhaldsskóla nú í vor og hverjar eru horfur með ráðningu?

Hin er til forsrh. um deilur kennarasamtaka og ríkisins: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim deilum sem nú eru uppi á milli samtaka kennara og ríkisins?

Væntanlega munu þær liggja fyrir sem prentað þskj. á morgun, hljóti þær samþykki forseta.

Það er mjög brýnt að taka þessi mál fyrir og ræða í fullri alvöru. Kjaradeilur kennara við ríkisvaldið eru orðnar langvinnar og eru farnar að hefta skólastarf víða í landinu. Ef svo fer sem horfir óttast ég að þessi linnulausa kjarabarátta gæti endað með hljóðlátri byltingu kennara sem fælist í því að þeir muni endanlega segja skilið við kennarastarfið.

Við eigum margar skýrslur um störf kennarans og kjör frá sl. árum, þar á meðal skýrslur með niðurstöðum sem ekki eru ágreiningsefni milli menntmrn. og kennara og reyndar unnar í sameiningu beggja aðila. Skýrsla OECD hefur einnig verið mikið rædd. Rauði þráðurinn í öllum skýrslunum er að bæta þurfi kjör kennara. Við þurfum ekki fleiri skýrslur. Nú þarf að kippa þessum málum í lag í eitt skipti fyrir öll vonandi.

Í skýrslu OECD kemur einnig fram að mikill meiri hluti kennara sem ljúka kennaraprófi eða allt upp í 70% hefji aldrei kennslustörf eða hverfi fljótlega frá kennslu til annarra starfa. Halda menn að þetta lagist ef ástandið verður áfram eins og nú blasir við?

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. upplýsir að hann hafi þegar boðið kennurum smálaunahækkun, 13%, ásamt ýmsum öðrum breytingum sem eru smávægilegar sem kjaraleiðrétting. Á sama tíma kemur boðskapur frá Þjóðhagsstofnun um að gengið þurfi að lækka um 50% til viðbótar við það sem ríkisstjórnin hefur þegar lækkað gengið fyrir skömmu vegna síaukinna hækkana innan lands á þjónustu og á vörum og að sjálfsögðu er þar mest um vert 25% matarskatturinn. Á sama tíma og ríkissjóður kemur hér með 65 milljarða gjaldalið á fjárlögum, sem voru 43 milljarðar fyrir ári, kemur seðlabankastjóri og varar við eyðslu og segir að eina leiðin til baka inn í velmegun eða til baka út úr þeim efnahagsvanda sem við erum í sé aukinn sparnaður. Þá er leið ríkisstjórnarinnar að innheimta 22–25 milljarða meira í opinberum gjöldum af almenningi en fyrir einu ári. Síðan halda menn að þau laun séu réttlætanleg sem voru það þegar Borgarafl. lagði fram sína till. um að hækka laun með breytingu á persónuuppbótum í 40–50 000 kr. Kvennalistinn kemur nýlega með till. um að hækka laun upp í 50–55 000 kr. Þá vil ég segja að þörf á launahækkun er nú á nokkrum dögum í sömu þróun, í sama farvegi og viðskiptahallinn, sem var lagaður um ca. 3 milljarða samkvæmt kenningu ríkisstjórnarinnar við síðustu efnahagsráðstafanir, en er aftur kominn upp í 15 milljarða úr 10. 13% launahækkun til kennara er hlægilegt boð og lágmarkslaun Kvennalistans, sem voru ef ég man rétt 55 000, ættu núna að vera 60–70 000 á þessum fáu dögum sem liðnir eru síðan efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru lagðar fram.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessar umræður eru á réttum stað miðað við samningsstöðuna milli ríkis og kennara. Það hlýtur að valda okkur verulegum áhyggjum í hvaða stöðu þessi mál eru og hvaða viðhorf eru ríkjandi hjá ríkisstjórninni í þessum efnum eins og það kom fram hjá hæstv. fjmrh. Það liggur fyrir að á þessu starfsári skólanna eru yfir 700 starfsmenn við grunnskóla án réttinda, skilgreindir sem leiðbeinendur lögum samkvæmt og yfir 300 í framhaldsskólunum og það er skert kennsla víða um land í einstökum námsgreinum, alveg sérstaklega í greinum eins og myndmennt, tónmennt og heimilisfræði, jafnvel hér í höfuðstaðnum. Ástandið í þessum efnum er hins vegar mun lakara á landsbyggðinni og eitt af því sem veldur óöryggi fólks þar varðandi búsetu. Það er geysileg tilfærsla innan skólanna á starfsliði og allt veldur þetta losi og lausung í uppeldisstarfi sem er algjörlega óþolandi og óviðunandi. Þetta gildir ekki bara um grunnskóla og framhaldsskóla, þetta á einnig við um dagvistarheimili og stöðu fóstra sem búa við hrakleg kjör svo sem kunnugt er og eru að leita víða í önnur störf.

Starfsskilyrði skólanna víða ýta auk þess undir þetta los og ýta undir að kennarar leiti í önnur störf. Hér vantar samhent tök þeirra sem í hlut eiga, bæði hæstv. fjmrh. og menntmrh. sem fer með faglega umsjón þessara mála. Það verður að koma til stefnubreyting í þessum efnum. Hún þarf að birtast í bættum launakjörum kennara. Hún þarf að birtast í bættum aðbúnaði að skólunum og einnig í aukinni virðingu kennarastarfsins með því að gera eðlilega við þá sem starfa að þessum mikilvægu störfum í okkar þjóðfélagi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt, sömuleiðis hv. þm. fyrir þátttöku í þessari umræðu. Það er ljóst að hún er fyllilega tímabær. Við stöndum frammi fyrir því fjórða eða fimmta árið í röð að um er að ræða óþolandi óvissu í kjaramálum kennara sem veldur erfiðleikum í skólastarfi, kemur niður á börnum, fjölskyldum og kennurum með tilfinnanlegum hætti.

Hæstv. fjmrh. bar fyrir sig samninga VMSÍ og Vinnuveitendasambands Íslands sem er, eins og hér hefur verið bent á, m.a. af hv. 5. þm. Reykv., í rauninni fráleitt að bera fyrir sig í þeirri stöðu sem nú er uppi þegar öll kjaraumræða er farin af stað á ný. Samningum hefur verið hafnað víða og nú er svo komið að m.a.s. Verslunarmannafélag Reykjavíkur er farið að gera kröfur um 42 000 kr. lágmarkslaun og hefðu fáir spáð því áður en þessi kjaradeila hófst að Verslunarmannafélag Reykjavíkur mundi beita sér af sérstakri hörku í henni.

Ríkisstjórnin situr í fílabeinsturni. Hún skynjar ekki aðstæðurnar, áttar sig ekki á því að hennar eigin sérfræðingar eru að spá stórfelldri gengislækkun, eru að spá aukinni verðbólgu. Viðskiptahallinn sem fjmrh. lét sína sérfræðinga spá fyrir nokkrum vikum er núna orðinn a.m.k. 50% hærri en hans sérfræðingar spáðu fyrir örfáum vikum. Það er einnig mjög alvarlegt í þessu máli varðandi kjaramál kennara, herra forseti, að svo virðist sem fjmrh. Alþfl. ætli ekki á neinn hátt að sýna meiri skilning á kjaramálum kennara og stöðu skólanna en við kynntumst í síðustu ríkisstjórn.

Lausnin á þessu máli getur ekki verið nema ein. Hún er sú að hæstv. fjmrh. geri kennurum alvörutilboð. Það er ekki alvörutilboð sem liggur fyrir gagnvart kennurum enn þá, tilboð þar sem fjmrn. gerir ekki ráð fyrir neinni upphafshækkun. Það er núll enn þá í því tilboði sem liggur frá fjmrn. gagnvart kennarasamtökunum og slíkt tilboð getur auðvitað ekki kallast alvörutilboð hvað þá heldur ef við skoðum hinar almennu efnahagskringumstæður í landinu.

Hæstv. menntmrh. hefur lagt fyrir þingið mörg frv. og sum góð um skólamál. Þau frv. gera enga stoð, duga ekki neitt nema tekið sé á kjaramálum kennara. Það er gagnslaust að flytja fín frv. um að lagfæra skólana og skipulag skólamála í landinu öðruvísi en að því fylgi marktækar tilraunir til að leysa kjaradeilur kennara og til þess að það verði gert þarf að koma í fjmrn. maður sem fjmrh. sem skilur að starf skólanna er líka undirstöðuatvinnuvegur ef við ætlum að lifa sem sjálfstæð menningarþjóð í þessu landi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst það tímanna tákn að hæstv. fjmrh. óskar ekki eftir að taka til máls.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég er sammála hv. 5. þm. Reykv. um tímanna tákn.

EFRI DEILD

77. fundur, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í frv. því sem hér er til umræðu og dreift hefur verið á þskj. 824 eru lagðar til breytingar á 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Í 1. gr. frv. er lögð til sú breyting að heimilt verði að gera dómsátt í málum sem hafa í för með sér sviptingu ökuréttinda í þrjú ár eða skemmri tíma. Samkvæmt gildandi lögum er þessi heimild bundin við að svipting ökuréttinda sé eitt ár eða skemmri tími.

Í nýju umferðarlögunum sem tóku gildi 1. mars sl. var breytt ákvæðum um ökuleyfissviptingar á þann veg að fyrir ítrekaðan ölvunarakstur er nú gert ráð fyrir að dæmd verði tímabundin ökuleyfissvipting í 2–3 ár en samkvæmt eldri lögum var skylt að svipta menn ökuleyfi ævilangt fyrir ítrekaðan ölvunarakstur. Í dómsframkvæmd er langalgengast að dæmd sé sekt fyrir ítrekaðan ölvunarakstur og í flestum tilfellum eru þessi brot skýlaust sönnuð.

Ég tel að það sé bæði sökunaut og dómskerfinu í hag að þessi mál fái eins greiða meðferð og kostur er. Þá tel ég að refsing sem kemur í sem beinustu framhaldi af brotinu hafi ríkari áhrif og jákvæðari en þegar langur tími líður frá afbroti til viðurlaga.

Á undanförnum árum hafa borist til fullnustu 450–600 sektardómar á hverju ári, og þótt það hafi ekki verið athugað sérstaklega tel ég ekki fjarri lagi að ætla að um 300 af þessum 450–600 sektardómum hafi verið fyrir ítrekaðan ölvunarakstur. Fyrir dómskerfið hefði það umtalsverða hagræðingu í för með sér að heimilt verði að ljúka þessum málum með dómsátt. Ég ætla að reyna að skýra þetta nánar.

Mál sem sætir ákæru og dómi fer fyrst frá lögreglu til ríkissaksóknara sem gefur út ákæru og sendir viðkomandi dómstól sem kveður upp dóm og sendir ríkissaksóknara sem síðan sendir hann dómsmrn. ef ekki er um áfrýjun að ræða og ráðuneytið sendir hann áfram lögreglustjóra til fullnustu sem að fullnustu lokinni sendir hann ráðuneytinu á ný. Á öllum stigum fer fram ákveðin vinnsla og meðferð á málinu, misjafnlega tímafrek. Í flestum tilfellum þegar um dómsátt er að ræða fer málið hins vegar beint frá lögreglu til dómstóls og þaðan til lögreglunnar á ný til fullnustu. Þetta ákvæði um að heimila dómsáttir í þessum málaflokki held ég að gæti verið mjög til bóta.

Í 2. gr. frv. er svo lagt til að fjárhæðir í 112. gr. laga um meðferð opinberra mála verði hækkaðar, en þarna er um að ræða sektarheimildir lögreglu-

stjóra og lögreglumanna og heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota sem sektarheimild hans nær til, svo og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku ef brot er skýlaust sannað en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur. Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1982. Þessar sektar- og upptökuheimildir hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólunum. Til þess að heimildirnar séu virkt úrræði þurfa þær auðvitað að fylgja verðlagsþróun og er hér gerð tillaga um að þessar fjárhæðir verði hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem fjallar um þinglýsingu veðbanda á bifreiðir, en frv. er fylgifrv. með frv. sem ég hef áður mælt fyrir hér í deildinni og er nú til meðferðar í hv. allshn., en það fjallar um breytingar á umferðarlögum, m.a. þess efnis að númeraskráning bifreiða eftir umdæmum verði felld niður. Grein er gerð fyrir efni frv. í athugasemdum sem því fylgja, en það leiðir af breyttu fyrirkomulagi númeraskráningarinnar á ökutækjum og gengur að öðru leyti út frá óbreyttum lögum um þinglýsingar.

Með frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsstjórnar í héraði sem lagt hefur verið fram í Nd. fylgir hins vegar annað frv. um breytingu á þinglýsingalögum og miðast það frv. við það að gera þinglýsingarnar að stjórnvaldsathöfn í stað dómsúrskurðar. Þar sem óvissa er um framgang dómstólafrv. á þessu þingi og áformuð gildistaka þess er auk þess ekki fyrr en sumarið 1990 en áformuð gildistaka þeirrar breytingar sem hér er lögð til í byrjun næsta árs, kemur sú óvanalega staða upp að ég legg nær samtímis fram tvö frumvörp til breytinga á einum og sömu lögunum, þinglýsingalögunum. Skýringin er sem sagt sú sem ég nú hef nefnt að þau eru fylgifrumvörp hvort með sinni lagabreytingunni sem óvíst er að eigi fullkomna samleið á þessu þingi.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu tæknilega og einfalda frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. þar sem það síðan geti átt samleið með frv. um breytingar á umferðarlögum sem er til meðferðar hjá hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á ábúðarlögum á þskj. 791.

Efni frv. fjallar um það að í 15. gr. ábúðarlaganna komi ný mgr. sem hljóðar á þessa leið:

„Þá er ábúanda ríkisjarðar heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa."

Samkvæmt núgildandi ábúðarlögum hefur ábúandinn heimild til að veðsetja ríkisjörð til framkvæmda á bújörðinni, en hins vegar ekki ótvírætt til bústofnskaupa. Þetta hefur verið leyst áður þannig að sveitarfélag hefur veitt ábyrgð sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur metið gilda. Nú er hins vegar búið að breyta sveitarstjórnarlögum á þann veg að slík ábyrgð er sveitarfélagi ekki lengur heimil, en þá lenda ábúendur ríkisjarða í verri aðstöðu en aðrir bændur og má segja að í sumum tilvikum geti þetta beinlínis sett mönnum stólinn fyrir dyrnar hvað snertir ábúð slíkra jarða. Þetta hefur komið upp núna sérstaklega vegna þess vanda sem refabændur hafa lent í við verðfall á refaskinnum, þegar þeir hafa viljað breyta til og fá minka í stað refa, að einhverjum hluta til a.m.k., og nota þannig fjárfestingar sem fólgnar eru í byggingum á jörðinni. Af þeim sökum er frv. flutt og þess vænst að það geti fengið greiða afgreiðslu í gegnum hv. deild, en ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um eiturefni og hættuleg efni á þskj. 795, 445. máli Ed.

Með lögum nr. 85/1968 var í fyrsta sinn kveðið á um eiturefni og hættuleg efni á heildstæðan hátt hér

á landi. Hefur verið starfað eftir þessum lögum síðan hvað snertir flokkun, merkingar, tilbúning, innflutning og dreifingu eiturefna og hættulegra efna. Í lögunum er m.a. að finna fyrstu ákvæði er taka á iðnaðarmengun hér á landi þannig að lögin voru á vissan hátt afsprengi þeirrar umhverfismálaumræðu sem hófst hér á ofanverðum sjöunda áratugnum. Allt fram að gildistöku nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit 1. ágúst 1982 voru lög um eiturefni og hættuleg efni grundvallarlög á sviði mengunarvarnaréttar og fyrsta reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, er sett var 1972, var byggð á þessum lögum.

Í lögunum er greint á milli eiturefna annars vegar og hættulegra efna hins vegar og gilda um þessi efni mismunandi ákvæði. Það er þó sameiginlegt að eiturefnanefnd sem sett var á laggirnar með lögunum frá 1968 gerir tillögur um flokkun efna á lista annars vegar yfir eiturefni og hins vegar yfir hættuleg efni. Öll meðferð eiturefna lýtur miklu strangari reglum en meðferð hættulegra efna, ekki síst hvað snertir innflutning og dreifingu. Sala hættulegra efna er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum sem ekki eru eins ströng.

Á undanförnum árum hafa verið sett margs konar lög er beinlínis kveða á um ýmiss konar starfsemi er lýtur að eiturefnum og hættulegum efnum, ekki síst eftirlit með þessum efnum. Má hér nefna lög nr. 46 1980, um Vinnueftirlit ríkisins, lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar sem mælt er fyrir um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og starfsemi Hollustuverndar ríkisins og lög nr. 108/1984, um Lyfjaeftirlit ríkisins. Einnig má nefna lög nr. 59 1983, *um heilbrigðisþjónustu, þar sem mælt er fyrir* um aðra skipan læknishéraða og starfsemi héraðslækna en í gildi voru þegar gildandi eiturefnalög voru sett.

Þar að auki hefur eftir gildistöku laganna tekið til starfa sérstakt heilbrigðisráðuneyti en þessi mál voru áður vistuð í dómsmrn. og framkvæmdin að verulegu leyti falin embætti landlæknis þótt framkvæmdin hafi á undanförnum árum mótast eftir öðrum leiðum.

Með bréfi, dags. 13. sept. 1984, skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, nefnd sem var falið að endurskoða lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum, ekki síst með hliðsjón af því sem áður hefur verið nefnt. Nefndinni var hins vegar ekki ætlað að gera tillögur um skipan þessara mála innan matvælasviðsins þar sem hugmyndir eru uppi um það að kveða sérstaklega á um það í sérlöggjöf um matvæli og er ætlunin að ýta því starfi úr vör á þessu ári.

Í nefndinni áttu sæti Ingolf J. Petersen, deildarstjóri lyfjamáladeildar heilbr.- og trmrn., en hann var jafnframt formaður nefndarinnar, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, og dr. med. Þorkell Jóhannesson prófessor, formaður eiturefnanefndar.

Nefndin skilaði áliti til ráðuneytisins á síðasta ári í formi frv. til laga ásamt athugasemdum. Nefndin var sammála um að sérstaklega þyrfti að lagfæra lög um eiturefni og hættuleg efni vegna þeirra breytinga sem orðið hafa frá gildistöku þeirra 1968, ekki síst með tilkomu þeirra laga sem ég áður nefndi. Enn fremur þyrfti að taka á þeim þáttum sem snerta landlæknisembættið, en landlæknir fór með umsjón málaflokksins þegar gildandi lög voru samþykkt. Nefndin er þeirrar skoðunar að lög um eiturefni og hættuleg efni eigi áfram að vera rammalög þar sem kveðið er á um framkvæmdina að verulegu leyti í reglugerðum.

Að fengnum tillögum nefndarinnar sendi ráðuneytið frv. til umsagnar ýmissa aðila, m.a. Vinnueftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Lyfjaeftirlits ríkisins, er hafa með að gera eftirlit á þessu sviði í einni eða annarri mynd. Að fenginni umsögn þessara aðila fóru starfsmenn ráðuneytisins ítarlega yfir lagafrv. og athugasemdir og reyndu að samræma athugasemdirnar og færa þær inn í lagafrv. eftir því sem ástæða þótti til.

Frv. það sem hér liggur frammi er að langmestu leyti samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Þó hefur verið gerð ein veigamikil breyting frá tillögum nefndarinnar og snertir hún ákvæði 2. gr. frv. þar sem lagt er til varðandi flokkun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, að flokkunin fari eftir skaðlegum áhrifum og notkunarsviði efnanna en ekki eftir fyrirframgefnum flokkunarreglum eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Er þetta gert fyrst og fremst með það fyrir augum að hægt verði að kveða á um flokkun, merkingu og bann og takmörkun við notkun í einni og sömu reglugerð og á þann hátt *farið inn á* sömu braut og Efnahagsbandalag Evrópu og önnur Norðurlönd hafa mótað. Með þessu er lagt til að reynt verði að samræma íslenska flokkunar- og merkingarkerfið og kerfi Efnahagsbandalagsins og annarra Norðurlanda, en íslensk stjórnvöld hafa þegar skuldbundið sig til þess að samræma þessar reglur, ekki síst í norrænu samstarfi. Samræmd flokkun og samræmdar merkingar hljóta að teljast mikill kostur auk þess sem þær auðvelda eftirlit með innflutningi, framleiðslu og dreifingu á eiturefnum og hættulegum efnum. Jafnframt er þess að geta að eftirlitsaðilar, þ.e. Vinnueftirlit ríkisins, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins og Lyfjaeftirlitið telja fyllilega tímabært að hér á landi verði teknar upp hliðstæðar merkingar og hliðstæðar flokkunarreglur og gilda í nágrannalöndunum.

Ég vil geta þess sérstaklega að sem stendur er unnið að reglugerð hér að lútandi og er reglugerðin reyndar tilbúin, en hún tekur mið af breyttum lögum og sömu reglum og gilda í nágrannalöndunum en tekur að sjálfsögðu ekki gildi eða verður ekki gefin út fyrr en og ef eða þegar frv. hefur orðið að lögum.

Varðandi einstaka efnisþætti frv. vil ég taka eftirfarandi fram: Ekki þykir ástæða til þess að breyta flokkun efna í tvo höfuðflokka, þ.e. annars vegar eiturefnin og hins vegar hættuleg efni. Þetta byggist á því að eiturefnin, sbr. II. kafla laganna, eru ekki í

frjálsri sölu, en hættuleg efni, sbr. III. kafla, eru það hins vegar nema annað sé sérstaklega ákveðið. Eiturefni eru skaðvænlegri en hættuleg efni og líklegri til þess að valda eitrun. Því eru þau yfirleitt ekki látin út nema til þeirra sem hafa tilskilin leyfisskírteini og sala þeirra og innflutningur er háður sérstökum skilyrðum. Slík fyrirmæli gilda hins vegar yfirleitt ekki um hættuleg efni nema í undantekningartilvikum.

Varðandi starfsemi eiturefnanefndar er gert ráð fyrir að hún starfi áfram en verði skipuð sex mönnum í stað fjögurra og fimm þegar fjallað er um notkun eiturefna í landbúnaði. Ástæða fyrir fjölgun nefndarmanna er sú að gert er ráð fyrir því að fulltrúi landbrn., sem á að hafa sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju, verði fastur fulltrúi í nefndinni í staðinn fyrir að vera lausafulltrúi og eingöngu til taks þegar fjallað er um notkun þessara efna í landbúnaði og garðyrkju. Enn fremur er bætt við nefndarmanni með efnafræðilega þekkingu þannig að annar skal hafa fræðilega þekkingu en hinn tæknilega.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir einum aðila en ekki gert upp á milli þekkingar. Auk þess er lagt til að eiturefnanefnd starfi framvegis meira sem sérfræðinefnd og að störf hennar verði minna í formi stofnunar, en töluverðrar tilhneigingar hefur gætt á undanförnum árum til þess að fela nefndinni störf, þar með talin eftirlitsstörf. Öll skrifstofuvinna og eftirlitsvinna er í dag í höndum eftirlitsstofnana sem þegar hafa verið nefndar. Er því ekki ástæða til þess að fela nefndinni það hlutverk. Auk þess eru lagðar auknar upplýsingaskyldur á nefndina og bætt inn málaflokkum sem ástæða er til að nefndin fjalli um, t.d. að gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna svo að dæmi sé tekið.

Varðandi útgáfu leyfisskírteina, svokallaðra eiturbeiðna, er lagt til í frv. að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna gefi út eiturbeiðnir í stað lögreglustjóra, enda er þannig búið að heilbrigðiseftirliti í dag að heilbrigðisfulltrúar þurfa sérstakt leyfi til starfa og liggur að baki því viðurkennd sérþekking. Það er nýmæli að leitað skuli umsagnar eiturefnanefndar áður en leyfi er gefið út. Vísast nánar um þetta til 7. gr. frv.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að sé veitt undanþága frá ákvæðum laganna skuli hún auglýst sérstaklega, þ.e. megi selja efnin á frjálsum markaði, t.d. í almennum verslunum. Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf fyrir þessa undanþágu og er hún því felld niður, en í stað þess er látið nægja að heimila sölu á frjálsum markaði á tilteknum varningi er inniheldur eiturefni. Þetta fyrirkomulag mun auðvelda framkvæmd laganna verulega. Rétt er að vekja athygli á því að í 9. gr. er að finna nýmæli í samræmi við það sem ég hef áður sagt um að samræma flokkun og merkingarreglur, en þar segir að íslensk eiturmerki skuli vera í samræmi við hliðstæð eiturmerki í nágrannalöndunum svo sem kostur er.

Í 12. gr. frv. er að finna heimild fyrir Hollustuvernd ríkisins til að setja reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum og öðrum verslunum að höfðu samráði við eiturefnanefnd. Þetta er gert til þess að tryggja að hættuleg efni séu ekki höfð innan um matvæli og þess háttar vörur. Sem dæmi um slík efni má nefna alls konar hreinsi- og þvottaefni.

Í 13. gr. er að finna nýmæli sem ætlað er að sporna við þeirri hættu er fylgir notkun lífrænna leysiefna. Lífræn leysiefni eru mikið notuð til þess að leysa ýmis efni og efnasambönd sem torleyst eru í vatni, svo sem í límí, í málningu og lökkum og til eldsneytis. Notagildi þessara lífrænu leysiefna er talið mjög mikið, en eituráhrif margra eru að sama skapi lítið rannsökuð. Eiturefnanefnd er falið að reyna að stýra notkun þessara efna þannig að hættuminni efni verði notuð í stað hinna hættumeiri og er þar sérstaklega höfð í huga snefun eða sniff unglinga, sbr. nánar í 13. gr. frv.

Þótt ekki hafi það verið hlutverk endurskoðunarnefndarinnar að gera tillögur um skipan mála varðandi eiturefni og hættuleg efni innan matvælasviðsins var eigi að síður talið ráðlegt að viðhalda gildandi ákvæðum í lögum um eiturefni og hættuleg efni uns ný lög um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum eða mengun matvæla af völdum slíkra efna hafa verið sett, sbr. það sem ég sagði hér áður um setningu nýrra laga um tilbúning og dreifingu matvæla. Vísast enn fremur í ákvæði til bráðabirgða hvað þetta snertir.

Rétt er að vekja athygli á nýmæli í 19. gr. þar sem lagt er til að eiturefnanefnd verði falið að fylgjast með upplýsingum um rannsóknir er varða krabbamein eða illkynja frumubreytingar í mönnum og dýrum af völdum eiturefna og hættulegra efna. Enn fremur er rétt að vekja athygli á nýmælum í 21. gr. þar sem mælt er fyrir um það að merkja skuli farartæki er flytja eiturefni og hættuleg efni, en slíkur flutningur hefur færst í vöxt á undanförnum árum og má þar sem dæmi nefna tankbíla garðúðunarmanna.

Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu er ekki reiknað með því í frv. að eiturefnanefnd verði eftirlitsaðili með framkvæmd laganna. Þess í stað er gert ráð fyrir að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna komi í auknum mæli inn sem eftirlitsaðili og að öðru leyti er gert ráð fyrir þeim eftirlitsaðilum sem starfa að þessu eftirliti í dag eins og Vinnueftirlitinu innan vinnustaða, Lyfjaeftirliti ríkisins varðandi lyfjaframleiðslu fyrirtækja og lyfjabúðir og Hollustuvernd ríkisins. Einnig geta þar komið til lögreglustjórar og embættislæknar, þ.e. héraðslæknar og heilsugæslulæknar. Í frv. sjálfu er ekki fjallað um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila, heldur er skírskotað til þeirra laga sem gilda um hinar einstöku eftirlitsstofnanir, en þau hef ég nefnt hér áður.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að haldið verði í skilgreiningarnar eiturefni og hættuleg efni. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um flokkun verði sett í reglugerð að fengnum tillögum eiturefna-

nefndar. Nú liggur ljóst fyrir að flokkun með reglugerð getur tekið langan tíma og er því lagt til í 24. gr. frv. að eiturefnanefnd geti einhliða, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins, flokkað á lista og kveðið á um notkun eða bann við notkun efna eða efnasamsetninga sem uppvís verða eða grunur leikur á að geti við venjulega notkun falið í sér óvænta hættu á eitrun eða hættu fyrir heilsu manna eða dýra. Á þennan hátt á að vera hægt að taka á öllum málum strax og hættan verður ljós eða grunur leikur á að um hættu geti verið að ræða. Gert er ráð fyrir því að ráðherra staðfesti ákvörðun eiturefnanefndar í reglugerð innan árs frá því að ákvörðun er tekin, annars falli hlutaðeigandi efni eða efnasamsetning sjálfkrafa út af lista.

Í 27. gr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um samstarfsnefnd eftirlitsaðila með framkvæmd ákvæða laganna og er höfð til hliðsjónar skipan núverandi samstarfsnefndar sem starfar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238/1986, um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, en til þessa nefndarstarfs var formlega stofnað með reglugerð nr. 455/1975, með sama heiti. Í þessari nefnd eiga sæti auk fulltrúa heilbr.- og trmrh. fulltrúi eiturefnanefndar, fulltrúi Hollustuverndar ríkisins, fulltrúi Lyfjaeftirlits ríkisins og fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins. Er hlutverk nefndarinnar að fjalla um verkaskiptingu milli eftirlitsaðila í takmarkatilfellum og um samræmingu aðgerða. Gert er ráð fyrir að eiturefnanefnd sem nú situr starfi út yfirstandandi ár þótt lögin öðlist gildi frá og með 1. júlí á þessu ári, nái þau fram að ganga. Helgast þetta af því að töluverðan tíma getur tekið að endurskipa í nefndina, enda er ekki hlaupið að því að fá til þá sérþekkingu sem krafist er lögum samkvæmt.

Ég vil að lokum geta þess að á fundi samstarfsnefndar um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 238/1986 og ég fjallaði um hér á undan, var nýlega samþykkt að beina þeim tilmælum til mín að í frv. til laga um eiturefni og hættuleg efni verði sett ákvæði sem heimila að banna megi afhendingu tiltekinna hættulegra efna nema viðkomandi uppfylli sömu skilyrði og gilda um útlát eiturefna. Samþykkt þessi var gerð í framhaldi af því að upp hafði komist um framleiðslu á amfetamíni í heimahúsi. Lyfjaeftirlit ríkisins var kallað til aðstoðar við rannsókn málsins og hefur undir höndum lista yfir efni sem notuð voru við framleiðsluna og voru þar á meðal tvö efni á lista 1, þ.e. sterkt eitur, eitt efni á lista 2, þ.e. efni sem flokkað er undir og kallað eitur, og fjölmörg á listum 3 og 4 en þeir fjalla um hættuleg efni. Efni þessi höfðu fengist keypt hjá lyfjaheildsölum og nokkrum öðrum aðilum án þess að athugasemd væri gerð og er ljóst að sala efna á lista 1 og 2 brýtur í bága við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Telur nefndin brýnt að sett verði inn í lög um eiturefni og hættuleg efni heimild sem veitir leyfi til þess að takmarka sölu á hættulegum efnum til einstaklinga. Ég kem þessum sjónarmiðum hér með á framfæri við heilbr.- og trn. og bið hana að kanna málið sérstaklega, en ekki er gert ráð fyrir þessum takmörkunum í frv. þar sem sú athugasemd kom seinna fram eða eftir að frv. hafði verið lagt fram hér á þingi. Telst mér til að þessi ákvæði varðandi takmörkun á útlátum hættulegra efna ættu heima í 11. gr.

Þótt frv. þetta sé seint fram komið held ég að í því sé ekki að finna nein veigamikil atriði sem gætu valdið deilum. Hér er um að ræða tillögur um breytingar á lögum sem flestar leiða af breytingum í þjóðfélaginu á þeim 20 árum sem lögin hafa verið í gildi og breytingar á ýmiss konar sérlöggjöf sem sett hefur verið á þeim tíma auk þess sem breytingarnar styðjast við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í alþjóðasamstarfi. Ég tel brýnt að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, ekki síst til þess að skapa grundvöll til setningar reglugerðar um merkingar, flokkun, tilbúning og fleira þegar í hlut eiga vörur er innihalda eiturefni og hættuleg efni þannig að hér gildi svipaðar reglur og í nágrannalöndunum. Auk þess minni ég á að það er þýðingarmikið að frv. fái afgreiðslu í tengslum við frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem einnig er til meðferðar hér í hv. deild.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að nefndin hraði störfum svo að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mikilvæga mál sem hæstv. ráðherra hefur nýlokið að mæla fyrir. Það er enginn vafi á því að hér er hreyft mjög brýnu máli sem í heild sinni varðar sívaxandi vanda í okkar þjóðfélagi, þ.e. meðferð eiturefna og hættulegra efna. Og hefur reyndar lengi verið beðið eftir viðhlítandi úrræðum í þeim efnum. Áður framlagt frv. á þessu þingi um breytingu á lögum um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit hefur verið til umfjöllunar í heilbr.- og trn. þessarar deildar nú um nokkurn tíma. Þar er um að ræða ýmsar kerfisbreytingar svo og betrumbætur á þeim lögum og snar þáttur í þeim breytingum sem þar er verið að gera varðar einmitt meðferð eiturefna og annarra mengunarvalda. Ég verð aðeins að taka það fram við hæstv. ráðherra að mér þykir reyndar mjög miður að þetta frv. sem hér er til umræðu skyldi ekki hafa komið fram fyrr og þess vegna fengið umfjöllun og meðhöndlun í nefndinni jafnhliða hinu frv. vegna þess að þau eru svo nátengd. Það hefði flýtt mjög fyrir umfjöllun frv. um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit, hygg ég, því að það er mikill áhugi á því í nefndinni að afgreiða það sem best megi vera og tryggja að þessum málaflokki verði sinnt í framtíðinni bæði hvað varðar endurskipulagningu á starfseminni og ekki síst hvað varðar fjármögnun hennar. Þar hefur aðallega vantað að nógu vel væri gert hingað til.

Ég legg áherslu á og vona að þessi mál tefjist ekki úr hömlu, en hins vegar hefði verið mun betra að fá þetta frv. miklu fyrr þannig að við hefðum getað fjallað betur um málin bæði í nefndinni.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og jafnframt lýsi ég því yfir að það hefði verið gott að fá frv. fyrr eins og kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. En það sem ég vildi aðallega benda á við fyrstu skoðun þessa frv. eða gera athugasemdir við er 7. gr. Þar er gert ráð fyrir að heilbrigðisfulltrúar gefi út eiturbeiðnirnar sem ég held að hljóti að verða til bóta. Afgreiðsla þessara mála hefur verið nokkuð þung í vöfum eins og áður var.

En það sem mér finnst kannski vera athugandi er 3. málsgr. 7. gr. þar sem gert er ráð fyrir að iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar, sem að staðaldri við störf sín nota tiltekin eiturefni, þurfi að sækja um á eins til þriggja ára fresti. Það má segja að það sé ekkert athugavert við það, en þarna er oft um að ræða, t.d. í landbúnaði, menn sem hafa áratugum saman notað þessi efni til sömu nota og þá dettur manni í hug hvort endilega sé nauðsynlegt að það þurfi að leita umsagnar eiturefnanefndar í hvert sinn þegar um slíka aðila er að ræða.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram strax við 1. umr. og mun óska eftir að verði athugað nánar því ég tel að þarna sé verið að gera málið óþarflega flókið og þungt í vöfum við afgreiðslu.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar mun ég fá tækifæri til að skoða það nánar í nefndarstörfum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þeirra ummæli um frv. og það að þeir telja hér mikilvægt mál á ferðinni. Það gefur mér vonir til þess að halda að nefndin og deildin muni leggja sig fram um að afgreiða málið að sjálfsögðu samviskusamlega, en líka helst sem fyrst. Ég viðurkenni að málið er auðvitað seint fram komið, of seint miðað við þann knappa tíma sem eftir er til þingstarfa og þann mikla málafjölda sem nú liggur fyrir Alþingi, báðum deildum Alþingis, en ég vænti þess þó að einmitt í tengslum við afgreiðslu á frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem nefnt var hér í umræðunum, takist að afgreiða þetta mál einnig þó það hefði verið æskilegt að þau hefðu verið rædd meira saman af því að þessi mál tengjast og eru að verulegu leyti skyld.

Nú er mér kunnugt um að heilbr.- og trn. hefur unnið vel að hinu málinu. Það er ekki fyrir það að það hafi legið þar óhreyft eða án umræðu. Ég hef fylgst með því í gegnum nefndarmenn og formann hv. nefndar að það hefur verið unnið að málinu og nefndarmenn hafa þar fullan hug á því að reyna að koma því frá. Ég þakka fyrir þann áhuga, en ítreka að ég vonast til þess að okkur takist að afgreiða bæði þessi mál.

Varðandi athugasemdir frá hv. 6. þm. Reykn. um einstakar greinar er auðvitað ekkert um það að segja annað en að nefndin taki til athugunar það sem hv. þm. hefur bent á. Vil ég fá að beina því til nefndarinnar hvort ekki megi breyta þarna um eitthvað. Ég vil einnig í því sambandi bjóða fram aðstoð starfsmanna ráðuneytisins. Ef þeirra aðstoð má verða til að flýta fyrir nefndarstarfi veit ég að það er auðfengið og vænti þess að nefndarmenn muni þá kalla eftir slíkri aðstoð ef þeir telja hana mega verða að gagni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir á þskj. 798 um breytingu á 81. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, fjallar um breytingu á kaflanum um byggingarsamvinnufélög. Breyting sú sem hér er lögð til að gerð verði felur í sér að einstaka byggingarflokkum í byggingarsamvinnufélögum verði heimilað að segja sig úr félaginu þegar tengsl íbúðareigenda við félagið eru orðin lítil.

Efni þess ákvæðis sem hér er lagt til að breytt verði hefur staðið óbreytt frá fyrstu tíð, bæði á meðan lögin um byggingarsamvinnufélög voru sjálfstæð lög og einnig eftir að þau voru felld inn í lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þannig tekur 81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins mið af þeim tímum þegar byggingarsamvinnufélög áttu kost á að gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð. Eðlilegt var, meðan þessi háttur var viðhafður og heimildin notuð, að byggjendur gætu ekki hvenær sem þeim datt í hug eða það þjónaði hagsmunum þeirra sagt skilið við byggingarsamvinnufélagið, a.m.k. ekki fyrr en full skil höfðu verið gerð á slíkum skuldum. Fjármögnun húsnæðis á eins og kunnugt er sér stað með allt öðrum hætti nú á dögum. Það má því segja að umrædd ákvæði laganna séu orðin eins konar eftirlegukind sem láðst hefur að færa til nútímahorfs.

Þegar íbúðareigandi, sem byggt hefur íbúð á vegum byggingarsamvinnufélags, hefur staðið skil á öllum sínum fjárhagslegu skuldbindingum gagnvart félaginu má segja að sameiginlegir hagsmunir hans og félagsins séu ekki lengur til staðar nema sá hinn

sami hugsi sér að byggja aftur á vegum félagsins. Það sýnist því ekki þjóna neinum tilgangi að halda í lagafyrirmæli sem þvinga fólk til veru í félagsskap sem það finnur ekki sjálft að hafi neitt gildi fyrir sig, aðeins vafstur og fyrirhöfn við það að félagið falli formlega frá forkaupsrétti við hver eigendaskipti á viðkomandi íbúð.

Rétt þykir að nokkur tími líði frá því að byggingarhlutverki félagsins er lokið og þar til byggingarflokkurinn geti sem heild sagt sig úr félaginu þannig að íbúðareigendur geti sem best gert sér grein fyrir stöðu sinni gagnvart félaginu. Ég hef hér lagt til að sá tími verði fimm ár.

Ekki þykir rétt að svo komnu máli að gefa þetta alveg frjálst heldur verði félmrh. falið að meta í hverju tilfelli hvort rétt sé að verða við beiðni um úrsögn byggingarflokks úr byggingarsamvinnufélagi.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í umræður um þetta frv. sérstaklega, en úr því að lögin um Húsnæðisstofnun eru komin á dagskrá er kannski rétt að rifja upp að þetta er þriðja stjfrv. sem liggur fyrir þinginu um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, það er nú hvorki meira né minna. Þ.e. þetta frv. í fyrsta lagi, í öðru lagi frv. um breytingu á ákvæðum um skyldusparnað og í þriðja lagi ný lagaákvæði um kaupleiguíbúðir. Loks liggur núna fyrir skýrsla frá ákveðinni nefnd á vegum hæstv. félmrh. um úttekt á húsnæðiskerfinu í heild. Það hefur komið fram að ástandið er þar mjög bágborið. Þar hafa menn valið þann kostinn í seinni tíð að lofa fólki gulli og grænum skógum, en hvorugt er til þegar á á að herða. Biðlistar eru langir og nálgast ískyggilega aldamótin, þeir sem eru að skrá sig á biðlistana þessa dagana, og ljóst að kerfið stenst ekki eins og sakir standa. Þess vegna er eðlilegt þegar málinu er hreyft hér í hv. deild, þó að það snerti einkum ákvæðin um byggingarsamvinnufélög, að inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hyggst grípa til til að stytta þessa biðlista, hvaða hugmyndir ríkisstjórnin er með uppi varðandi afgreiðslu á stjfrv. sem hér liggja fyrir.

Hæstv. félmrh. lýsti því yfir í blöðum fyrir nokkru að hún mundi segja af sér ráðherrastörfum ef frv. til l. um kaupleiguíbúðir yrði ekki afgreitt sem lög. Ég sé nú engin merki þess að þetta frv. sé að fara í gegnum þingið, ég hef ekki frétt af nál., og vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort hún er á leiðinni með að segja af sér eða hvort það er meiningin að klára málið núna á þeim dögum sem eftir lifa af þinghaldinu. Mér þætti vænt um ef hæstv. félmrh. sæi sér fært að svara þessum fsp.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það eru þrjú mál sem liggja fyrir þinginu og snerta breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er í fyrsta lagi frv. um kaupleiguíbúðir sem er eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar sem hún mun leggja áherslu á að fá afgreitt á þessu þingi. Það er frv. sem felur í sér heimild til að breyta ávöxtunarkjörum á skyldusparnaði sem ég tel mjög mikilvægt að verði einnig lögfest á þessu þingi þar sem ljóst er að niður féll það skattalega hagræði sem skyldusparendur höfðu þegar staðgreiðslan tók gildi um síðustu áramót. Þetta eru þau tvö mál sem ég legg áherslu á að nái fram að ganga á þessu þingi sem kveða á um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun. Það mál sem ég hér mælti fyrir um breytingar á ákvæði um byggingarsamvinnufélög er ekki eins mikilvægt að fá í gegn. Ég vil þó ítreka að hér er fyrst og fremst um leiðréttingaratriði að ræða og ætti ekki að tefja mikið þingstörf að það mál nái fram að ganga.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hún gaf. Við munum fylgjast grannt með því hvernig húsnæðismálunum reiðir fram á þessu þingi. Ég endurtek fyrri yfirlýsingar okkar alþýðubandalagsmanna um að við teljum að í rauninni eigi ekki að ljúka þessu þingi öðruvísi en að á þessum húsnæðismálum verði tekið í heild þannig að biðlistarnir megi styttast og það megi létta hinni óbærilegu óvissu af því fólki sem er á biðlistunuum núna. Þess vegna minnti ég á málið og endurtek að við munum knýja á um einhverjar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu efni og fylgjast grannt með því hvernig þau þróast á yfirstandandi þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Heimild fyrir Reykjavíkurborg að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað á þskj. 799. Frv. þetta er flutt að tilhlutan yfirvalda Reykjavíkurborgar, en með bréfi til félmrh. dags. 9. fyrra mánaðar fór borgarstjórinn í Reykjavík þess á leit að frv. þetta yrði lagt fram á Alþingi. Áður en til þess kom kynnti ráðuneytið frumvarpsdrögin fyrir bæjaryfirvöldum í Kópavogi svo og lögmanni eiganda jarðarinnar Vatnsenda í

Kópavogskaupstað. Báðir þessir aðilar voru samþykkir því að frv. yrði lagt fram.

Frv. fjallar um heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi landspildu úr jörðinni Vatnsenda í Kópavogskaupstað, en samningur var gerður milli borgarsjóðs Reykjavíkur og Magnúsar Hjaltested, bónda að Vatnsenda í Kópavogi, þann 7. okt. 1987 um kaup á fyrrgreindu landi til almannaþarfa. Til að samningur þessi geti komið til framkvæmda er nauðsynlegt að afla eignarnámsheimildar þar sem á sölu lands úr jörðinni Vatnsenda hvíla kvaðir sem annars koma í veg fyrir sölu.

Í arfleiðsluskrá Magnúsar Hjaltested, dags. 29. okt. 1940, stendur m.a. þetta, með leyfi forseta: „Allar eignir mínar, fastar og lausar, skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested með þeim nánari takmörkunum og skilyrðum er nú skal greina. Það má ekki selja fasteign þá er ég nú á, Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, er hann fær að erfðum með þessari arfleiðsluskrá."

Núverandi eigandi jarðarinnar er bundinn af þessu ákvæði og getur því ekki selt jörðina Vatnsenda eða hluta lands úr henni með frjálsum samningum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að eignarnámsheimild liggi fyrir með sérstökum lögum þar sem um fasteign í öðru sveitarfélagi er að ræða. Samningur um kaup landsins milli Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested frá 7. okt. sl. var undirritaður með fyrirvara um veitingu eignarnámsheimildar. Hinn 24. nóv. sl. var svo undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar þar sem sveitarfélögin semja um ný lögsögumörk sín á milli og hafa makaskipti á landspildum, þar á meðal landspildum sem Reykjavíkurborg fær úr Vatnsenda.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Ferðamál, 1. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 816.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir stjfrv. um breytingu á lögum um skipulag ferðamála nr. 79 1985 sem felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni að selja allt að ⅔ hlutum af Ferðaskrifstofu ríkisins hlutafélagi sem þegar er heimilað að stofna samkvæmt þeim lögum sem um Ferðaskrifstofuna gilda í dag og fengi þá hið nýja félag heitið Ferðaskrifstofa Íslands hf.

Í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar er kveðið svo á að ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur verði boðið almenningi til kaups þar sem henta þykir. Það er í samræmi við þessa stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem þetta stjfrv. er flutt, en það gerir ráð fyrir sem minnstri röskun á þessum þætti ferðamála þar sem fyrirtækið er eftir sem áður áhrifamikill aðili í ferðamálum þar sem starfsmönnum er tryggður forkaupsréttur að hlutum í félaginu en ríkissjóður haldi eftir þriðjungi hlutafjárins.

Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð með lögum nr. 33/1936 og var veigamikill þáttur í starfsemi hennar að annast almenna landkynningu auk fyrirgreiðslu við erlenda ferðamenn. Áður fyrr naut Ferðaskrifstofa ríkisins þeirra víðtæku sérréttinda að hafa einkaleyfi til reksturs ferðaskrifstofu og að nafninu til hélst þessi einkaréttur allt fram til ársins 1964. Enn fremur átti Ferðaskrifstofan skv. lögum frá 1936 að halda uppi eftirliti með gistingu og veitingastöðum. Um þetta eftirlit fer nú samkvæmt ýmsum sérlögum.

Á undanförnum árum og áratugum hafa orðið mjög miklar breytingar á ferðamannaþjónustu hér á landi svo að telja má algera byltingu. Má þar helst til nefna að sett hafa verið lög um Ferðamálaráð sem hefur verið falið að hafa forustu um landkynningu og hafa risið fjölmargar ferðaskrifstofur sem keppa á markaði ferðaiðnaðarins. Þá hafa þeir aðilar sem að ferðamálum starfa sett á stofn upplýsingamiðstöð sem þeir reka sjálfir til kynningar og upplýsingar í landinu. Má því segja að veigamikill hluti af upphaflegu hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið falinn öðrum aðilum, auk þess sem flugfélögin og ferðaskrifstofur ástunda umfangsmikla landkynningu.

Meginþættir starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins eru í fyrsta lagi fyrirgreiðsla við skipulag utanlandsferða, rekstur hópferða, kynning á ferðum, rekstur sumarhótela og auk þess að undirbúa og annast um ráðstefnur sem auðvitað fleiri gera og.

Geta má þess að sérstök nefnd um minnkun ríkisumsvifa, sem skipuð var 1977, komst að þeirri niðurstöðu í áfangaskýrslu um Ferðaskrifstofu ríkisins í maí 1978 að vinna beri að því að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins verði komið úr umsjón ríkisins. Hugmyndir sama efnis hafa komið fram af og til síðan og m.a. er gert ráð fyrir því, eins og ég gat um áðan, í gildandi lögum um ferðamál að stofnað verði hlutafélag um fyrirtækið og starfsmönnum verði heimilað að kaupa allt að 30% hlutafjárins.

Í kjölfar þeirrar lagasetningar fór fram mat á eignum Ferðaskrifstofu ríksins og Edduhótelanna. Á hinn bóginn hefur enn ekki verið efnt til stofnunar hlutafélagsins um reksturinn svo sem fyrir er mælt í lögum. Þá kom reyndar í ljós fremur takmarkaður áhugi starfsmanna á kaupum þar sem um minnihlutaeign starfsmanna var að ræða og þeir höfðu þar af leiðandi ekki afgerandi áhrif á reksturinn. Þegar

hefur hugur starfsfólks verið kannaður hjá starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins um kaup á ⅔ hlutum hlutafjárins og þá kom allt annað hljóð í strokkinn og sýndist áhugi fyrir því að það gerðist.

Áður en að sölu kemur skal skv. 1. gr. frv. framkvæma mat á eignum Ferðaskrifstofunnar, þ.e. viðskiptavild. Þeirri stefnumörkun gildandi laga er haldið að gefa starfsmönnum kost á forkaupsrétti að fyrirtækinu. Þetta er eðlilegt með tilliti til þess að það er öðru fremur sá kjarni sem byggt hefur fyrirtækið upp á undanförnum árum. Fyrirtækið er af viðráðanlegri stærð og þessi leið hefur áður verið farin við sölu ríkisfyrirtækja og gefist vel. Einnig má telja að lítil röskun yrði á þeim þætti sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur sinnt í íslenskum ferðamálum ef þessi háttur yrði á hafður.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um starfsréttindi. Þeir fastráðnu starfsmenn fyrirtækisins sem eiga kost á sambærilegum störfum hjá fyrirtækinu eftir yfirtöku annarra rekstraraðila en ríkisins skulu ekki njóta lögkjara sem opinberir starfsmenn. Er eðlilegt að jafnframt falli niður réttur til launa vegna niðurfellingar starfa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954. Um lífeyrismál þeirra fer eftir almennum reglum og þeim samningum sem starfsfólkið gerir sjálft um aðild sína að stéttarfélögum. Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins eru nú 20 og taka allir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og njóta lögkjara sem slíkir.

Skv. 22. gr. gildandi laga er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin ákvæðum XIV. kafla um almennar ferðaskrifstofur verði frv. þetta að lögum, en um hana gilda sömu lagaákvæði og um aðrar ferðaskrifstofur.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum leggja áherslu á afgreiðslu þessa frv. þar sem brýnt er að þeirri óvissu sem ríkt hefur um framtíð Ferðaskrifstofunnar verði eytt, en það hefur bakað fyrirtækinu vissan vanda að á undanförnum árum hefur legið í lofti hugmyndin um að gera fyrirtækið að hlutafélagi og sölu hluta þess, en ekki orðið úr framkvæmd. Ég er sannfærður um að það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir muni auka veg fyrirtækisins og verða til eflingar ferðamála í landinu.

Ég vil svo að lokum þessarar umræðu leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt af frumvörpum núv. ríkisstjórnar í þá átt að selja ríkisfyrirtæki. Þetta er eins og hv. þm. vita eitt af stefnuskráratriðum núv. ríkisstjórnar og var reyndar stefnuskráratriði þeirrar sem þar var á undan líka án þess að þessum söluvilja fylgi nokkur önnur markmið en að þarna skuli verða eignabreyting.

Ég fyrir mitt leyti hef ekki getað gert mér grein fyrir því að það sé óhagstætt að hafa eina ferðaskrifstofu í landinu í eigu ríkisins og tel að því fylgi margir kostir, það sé hægt fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að beita slíku fyrirtæki fyrir sig til að vinna sérstaklega að ferðamálum og taka fyrir sérstaka ferðaþætti á svipaðan veg og Ferðaskrifstofa ríkisins hefur gert á undanförnum árum. Eins og hv. þm. er kunnugt var Ferðaskrifstofa ríkisins brautryðjandi í ferðamálum hér á landi undanfarna áratugi. Það eru ekki mörg ár síðan hér á landi var aðeins ein ferðaskrifstofa sem var hægt að nefna því nafni og það var Ferðaskrifstofa ríkisins.

Það er rétt, sem hæstv. ráðherra segir, að nú hafa mál breyst mjög á þann veg að nú eru komnir aðrir aðilar inn í og þetta er orðinn umsvifamikill atvinnuvegur og kemur að vissu leyti til greina að breyta að ýmsu leyti rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins, en í fljótu bragði sé ég ekki að það sé bein ástæða til að selja fyrirtækið úr höndum ríkisins og beinlínis að hafa það að markmiði að þarna sé breytt eignarformi. Ég finn ekki nein sérstök rök fyrir því.

Hitt er rétt hjá ráðherra að það er vont fyrir fyrirtæki eins og Ferðaskrifstofu ríkisins að hafa yfirvofandi ár eftir ár að það eigi að fara að breyta eignarfyrirkomulaginu. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra er þessi umræða búin að vera í gangi í nokkur ár, þ.e. á þessu tímabili sem ég nefndi áðan, tímabili núv. ríkisstjórnar og líka tímabili fyrrverandi ríkisstjórnar. Á tímabili ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar voru samþykkt lög þar sem heimilað var að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag og að starfsmönnum stofnunarinnar gæfist tækifæri til að eignast 30% af eigum fyrirtækisins. Úr því hefur ekki orðið og nú er verið að ganga nokkru lengra, þ.e. að bjóða upp á að starfsmenn fyrirtækisins eða aðrir hluthafar, fyrst og fremst er hér talað um starfsmenn, skuli geta eignast ⅔ hluta af hlutafé ríkissjóðs.

Ráðherra upplýsti að starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins væru 20 og þeir væru allir ríkisstarfsmenn. Ég held að þetta sé að vissu leyti ansi hártoganlegt vegna þess að starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins og Edduhótelanna eru mikið stærri hópur en þetta. Hér er fyrst og fremst verið að ræða um starfsmennina sem eru á ferðaskrifstofunni. Það er að mínu mati ekki nema hluti af starfsliði ferðaskrifstofunnar. Það fólk sem á undanförnum árum hefur staðið fyrir rekstri Edduhótelanna, og fyrst og fremst hafa það verið þeir sem hafa haft þar yfirstjórn og reyndar fleiri, hafa starfað þar ár eftir ár og eru orðnir þjálfað starfsfólk í þessari grein, mér finnst að þessir aðilar, ef hægt er að tala um einhvern rétt þarna, eigi sama rétt til þess að gerast eigendur að þessu fyrirtæki ef um eignaskipti verður að ræða.

Þetta frv. kemur til umfjöllunar hjá þeirri nefnd sem ég á sæti í og ég ætla ekki að orðlengja mikið frekar um þetta frv. nú, en sjálfsagt verður það skoðað í nefnd. En ef það er ákveðinn vilji ríkisstjórnarinnar að koma þessu máli fram fyrir þinglok er sjálfsagt að stuðla að því. Ég held að það sé ekki góður kostur að halda rekstri ferðaskrifstofunnar áfram á þann veg, sem hefur verið á undanförnum árum, að það sé alltaf yfirvofandi að það eigi að fara

að breyta þessu fyrirtæki. Ef það er vilji stjórnvalda í landinu að það verði gert er sjálfsagt að stuðla að því að þetta mál fái góða afgreiðslu í nefnd þannig að ekki mun ég standa á móti því að það gangi fljótt fyrir sig í samgöngunefnd eftir að við erum búnir að skoða málið á eðlilegan máta og fá þær upplýsingar sem við teljum okkur þurfa.

En ég held að það væri rétt að fá smáupplýsingar frá hæstv. ráðherra við 1. umr., hvernig er hugsuð framtíðin á rekstri Edduhótelanna, hvort gera má ráð fyrir að Edduhótelin verði á næstu árum rekin með svipuðu sniði og gert hefur verið. Á því máli eins og mörgum öðrum eru tvær hliðar, flestum öðrum. Það er ekki neinn vafi á að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið mjög gott starf í sambandi við rekstur Edduhótelanna víða um landið og hefur tryggt stórum hópi erlendra ferðamanna góða þjónustu. Hinu verður ekki á móti borið að þeir aðilar sem hafa verið með hótelrekstur, ferðaþjónusturekstur um landið vítt og breitt, hafa kvartað undan því hvernig Ferðaskrifstofa ríkisins hefur rekið þessa starfsemi á þann veg að það hefur helst ekki mátt fara út af „rútu" Edduhótelanna. Ferðamaður sem hefur stigið á land á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins eða verið gripinn hér í Reykjavík á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins hefur ekki komist út úr þessum hring allt í kringum landið. Þetta er að vissu leyti gagnrýnisvert. Þarna hefur borið á nokkurri einokunarkennd hjá þessu fyrirtæki. Þetta þyrfti að laga, en ég sé ekki ástæðu til þess að það þurfi endilega að breyta þessu fyrirkomulagi með því að þarna eigi sér stað eignabreyting. Það hefði verið eðlilegt einmitt af ríkisstofnun að hún hefði verið sveigjanlegri í þessum rekstri á undanförnum árum en hún hefur verið. Ef aftur á móti á að færa þetta nú yfir í hlutafélagsform, hefja einkarekstur, yrði erfiðara fyrir ríkið að hafa áhrif á að þessi þjónusta dreifist betur til þeirra aðila sem annast hafa þessa þjónustu en verið hefur á undanförnum árum.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hæstv. samgrh. þegar hann gat um að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur í gegnum tíðina haft mikilvægu hlutverki að gegna varðandi landkynningu og fyrirgreiðslu við bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Við stöndum á tímamótum í ferðaþjónustunni sem við erum að reyna að byggja upp og eigum eftir að taka mörg ný skref og mörg stór skref á næstu árum, trúi ég, og ég held að við þurfum að huga mjög vel að hverju skrefi sem við tökum. Þar sem hæstv. ráðherra minntist á hlutdeild Ferðamálaráðs í landkynningu áðan í ræðu sinni vil ég aðeins minna á að Ferðamálaráð er ein af þeim stofnunum sem við verðum að styrkja og gera hæfari til að gegna því hlutverki sem þeim er ætlað. Ég minni á að Ferðamálaráð hefur aldrei fengið þau fjárframlög sem þó eru lögbundin til þess á fjárlögum.

En það hafa orðið miklar breytingar í ferðamannaþjónustu á undanförnum árum og áratugum og í ljósi þeirra stórstígu breytinga á umfangi ferðaþjónustunnar, sem nú er orðin ein af þeim atvinnugreinum sem við setjum traust okkar á sem vænlegan framtíðarkost, er ekki óeðlilegt að endurskoða hlutverk stofnunar sem Ferðaskrifstofu ríkisins m.a. með tilliti til þess hvaða rekstrarfyrirkomulag er heppilegast.

Á Ferðaskrifstofu ríkisins vinnur fólk sem hefur gífurlega reynslu og þekkingu á ferðamálum og tel ég því að Ferðaskrifstofa ríkisins sé í góðum höndum hver svo sem eigandi hennar er.

Í Morgunblaðinu í dag kemur fram að forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, Kjartan Lárusson, telur líklegt að áhugi starfsfólks fyrir málinu sé fyrir hendi, en auðvitað er eftir að fjalla um málið hér á hinu háa Alþingi og ef af sölu verður mun núverandi starfsfólk væntanlega gera upp hug sinn með tilliti til verðs og greiðslufyrirkomulags fyrirtækisins.

Ég vil við 1. umr. aðeins leggja áherslu á að við kvennalistakonur teljum nauðsynlegt að endurskoða hlutverk og tilverurétt stofnana ríkisins í ljósi nýrra aðstæðna, en aðstæður breytast svo ört í okkar þjóðfélagi um þessar mundir að endurskoðunin þarf að vera sífelld og stöðug. Við munum því kynna okkur það frv. sem hér liggur fyrir með tilliti til þess að lög um Ferðaskrifstofu ríkisins er orðin gömul og að mörgu leyti úrelt af því að hlutverk Ferðaskrifstofunnar hefur breyst svo mjög sem raun ber vitni. Ég vil hins vegar vara við þeirri tilhneigingu, sem oft verður vart, að selja ríkisstofnanir nánast af handahófi og einkavæða sem flest.

Það er eitt atriði enn sem ég vil leggja áherslu á og það er að ef til sölu Ferðaskrifstofu ríkisins kemur verði jafnhliða gengið frá málum sem snerta Edduhótelin og rekstur þeirra. Tek ég í því tilliti undir orð hv. 4. þm. Vesturl. sem gerði Edduhótelin og réttindi starfsmanna þeirra að sérstöku umræðuefni í ræðu sinni áðan. Ég tel að stofnun Edduhótelanna hafi orðið ferðaþjónustunni mikil lyftistöng og jafnframt hefur leiga héraðsskólanna á sumrin verið skólunum smátekjulind til að standa að einhverju leyti undir viðhaldskostnaði og þar að auki hafa hótelin veitt fólki á viðkomandi svæðum vinnu. Ég vil leggja áherslu á að þetta mál verði skoðað mjög gaumgæfilega með tilliti til þeirra breyttu aðstæðna sem við búum við, en jafnframt þannig að réttur þeirra sem við fyrirtækið vinna, hvort sem er einungis yfir sumartímann eða allt árið um kring, verði tryggður.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Ég verð að lýsa því yfir að ég held að ríkisfyrirtæki sem eru nú í höndum ríkissjóðs eigi að selja. Hins vegar eru margar spurningar sem vakna þegar að slíkri sölu kemur og þá í fyrsta lagi verð, í öðru lagi hverjum á að selja, í þriðja lagi hvaða áhrif salan hefur og í fjórða lagi ýmsir aðrir þættir eins og það um hvers konar stofnun er að ræða og hvaða áhrif það hefur á önnur fyrirtæki sem eru í sams konar rekstri að þessi sérstaka stofnun er seld.

Hér er gert ráð fyrir að Ferðaskrifstofa ríkisins verði seld og það einungis ⅔ hlutar fyrirtækisins. Það er spurning: Af hverju á ekki að selja allt fyrirtækið þegar verið er að selja á annað borð? Hver eru rökin fyrir því að halda eftir ⅓? Ég spyr hæstv. samgrh. að því.

Það var upplýst áðan að fyrir nokkrum árum hefðu verið samþykkt á Alþingi lög þar sem gert var ráð fyrir að starfsmenn mundu eiga ⅓. Það þótti starfsmönnum ekki nægilegt út af því að þeir mundu hafa lítil áhrif í fyrirtækinu. Þá er líka spurning: Hvað hefur ríkið að gera með ⅓? Hefur það einhver áhrif? Og þá í framhaldi af því: Af hverju ekki að selja þann hluta líka ef á annað borð er verið að fara ofan í þessi mál og ganga þannig frá þessu fyrirtæki að það er verið að gera það að hlutafélagi?

Ég vil í öðru lagi taka fram hverjum er verið að selja þetta fyrirtæki, en eins og flestir vita eru á launaskrá hjá Ferðaskrifstofu ríkisins nokkur hundruð manns en stöðugildi eru mjög fá. Mig minnir að það hafi komið fram í ræðu hæstv. samgrh. að það væru um 20 manns fastir starfsmenn ferðaskrifstofunnar. Mér finnst mjög óeðlilegt að binda þetta við þessa 20 starfsmenn. Ég þykist vita að margir eru búnir að vinna hjá þessu fyrirtæki í allt að 25–30 ár og teljast ekki fastir starfsmenn. Hvernig fer með heimildir þeirra til að kaupa hlut í þessu félagi? Þeir njóta hvorki forkaupsréttar né annars réttar ef ég skil frv. rétt.

Síðan má velta upp fleiri spurningum varðandi starfsmenn. Ef t.d. starfsmaður sem keypt hefur hlut í fyrirtækinu ákveður að hætta, getur hann átt hlutinn áfram eða þarf hann að selja og hverjum getur hann þá selt? Er einungis hægt að selja hann þeim aðilum sem eru fastir starfsmenn og eiga þeir þá líka forkaupsrétt að hlutnum? Ég held að áður en þetta mál er afgreitt héðan frá Alþingi þurfi að gera sér einhverja grein fyrir hvert er verðmæti Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég þykist vita að viðskiptavild fyrirtækisins er mjög mikil og verðmæti lausafjár er einnig töluvert, bæði í tölvum sem nýbúið er að ráðast í og í t.d. sængurverum o.fl. Eftir því sem mér skildist á ferðaskrifstofan 9000 sængurver. Hver maður getur gert sér í hugarlund hve mikið verðmæti það er. (**Gripið fram í:** Rúmfatnaður.) Rúmfatnaður heitir það já.

Það er líka annað sem hér kallar á og það er spurningin um, ef á að einskorða þetta við starfsmenn, hvort þar sé ekki um mismunun að ræða og einnig hvort ríkið eigi ekki hugsa um, eins og hvert annað fyrirtæki, að fá sem best verð fyrir allt það sem verið er að selja.

Það er líka önnur spurning sem vaknar, varðandi starfsmenn ferðaskrifstofa yfir höfuð, hvort starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins eigi að hafa einhvern betri rétt en starfsmenn annarra ferðaskrifstofa, að þeir geti eignast hlut í fyrirtæki sem þeir vinna hjá en aðrir starfsmenn ekki þar sem þar er rekið á einkagrundvelli. Ég vil ekki gera lítið úr starfsmönnunum sem slíkum, en hins vegar finnst mér að þegar ríkið er að selja eigi það að hugsa um að halda þeirri þjónustu eftir sem áður og að sjálfsögðu að hugsa um þá starfsmenn sem hafa verið í þjónustu þess fyrirtækis sem það er að selja.

Þetta fyrirtæki hefur haft mikla sérstöðu á markaðnum að því leytinu til að önnur ríkisfyrirtæki hafa beint viðskiptum til Ferðaskrifstofu ríkisins. Og þá er spurningin: Verður það hér eftir sem áður fyrr eftir að þetta er orðið að hlutafélagi? Koma þá ríkisfyrirtæki til með að beina viðskiptum sínum til þessa fyrirtækis í stað annarra?

Ég tek undir það, sem komið hefur fram hjá hv. 6. þm. Vesturl. og raunar hv. 4. þm. Vesturl., að þetta fyrirtæki, Ferðaskrifstofa ríkisins, hefur gert mikið gagn í ferðamálum og hefur verið mjög nauðsynleg stofnun til að byggja upp íslenskan ferðamannaiðnað og þá sérstaklega kynningu á Íslandi, bæði fyrir íslenska aðila og svo erlenda. Það hefur rekið umfangsmikið starf þar sem Edduhótelin eru og þá hefur ekki einungis verið hugsað um hvort einstakt hótel beri hagnað heldur hefur verið í fyrirrúmi að halda þjónustunni uppi. Sú spurning vaknar því, ef þetta er gert að einkafyrirtæki, hvort ákveðin Edduhótel verði lögð niður sem hafa verið rekin með tapi, en hin aftur á móti haldi áfram sem hafa skilað hagnaði.

Það sem ég hef rakið hér eru almennar hugleiðingar um þetta frv. og að hverju skal huga þegar ríkisfyrirtæki eru seld, en ég lýsi þeirri skoðun minni aftur að ríkið eigi ekki að standa í rekstri fyrirtækja sem einkaaðilar geta sinnt og veitt sömu þjónustu og ríkið. En ég legg áherslu á að áður en þetta mál fari hér í gegn verði upplýst hvaða hugmyndir eru um verð og þá einnig greiðslutilhögun og svo kannski í þriðja lagi hvaða hugmyndir starfsmenn ferðaskrifstofunnar hafa um fyrirtækið, hvort þeir vilja kaupa, og einnig komi það á hreint hvaða starfsmenn eigi rétt á að kaupa hlut í þessu félagi. Þá legg ég áherslu á að það verði fleiri en þessir föstu starfsmenn.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég hef af nokkurri athygli hlýtt á málflutning og röksemdir stjórnarandstæðinga í þessu máli, þ.e. að því er varðar heimild til að selja Ferðaskrifstofu ríkisins eða hluta hennar. Ég játa að mér var þetta mál nokkurt umhugsunarefni þegar það bar fyrst á góma í þingflokki Alþfl. og við gerðum nokkrar athugasemdir við það sem að hluta til og að mestöllu leyti voru teknar til greina á sínum tíma.

Ég held að það sé deginum ljósara að þegar Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð var þess mikil þörf og það fyrirtæki vann mjög gott starf. Ég held að það sé sömuleiðis deginum ljósara í dag að ríkið, hið opinbera, á ekki að reka ferðaskrifstofu. Ég veit að slíkur ríkisrekstur á ferðaskrifstofum tíðkast, en ég hygg að það sé eingöngu bundið við löndin austan járntjalds. Ég veit að sovéska ríkið rekur mjög umfangsmikla ferðaskrifstofu sem heitir Intourist

sem er mjög stórt fyrirtæki en kannski ekki virt að sama skapi. Þar er líka öðrum aðilum bannað að annast slíkan rekstur. Það var svo hér einu sinni að einkaaðilar höfðu ekki leyfi lögum samkvæmt til að stofna og reka ferðaskrifstofu. Því var breytt fyrir 2–3 áratugum. Ég heyrði engin rök í máli hv. þm. sem töluðu áðan, Skúla Alexanderssonar og Danfríðar Skarphéðinsdóttur, fyrir því að ríkið héldi þessum rekstri áfram og ég fyrir forvitni sakir leyfi mér að spyrja hv. þm.: Hvers vegna á íslenska ríkið að reka ferðaskrifstofu? Ég get séð rök fyrir því að íslenska ríkið reki sementsverksmiðju og ég get séð rök fyrir því að færa ekki eignaraðild Sementsverksmiðjunnar til einstaklinga. Ég á mjög auðvelt með að koma auga á rök fyrir því vegna þess að enda þótt innflutningur á sementi sé heimilaður er Sementsverksmiðjan í raun eins konar einokunarfyrirtæki. En ég sé ekki rök fyrir því að ríkið reki ferðaskrifstofu.

Hins vegar skal ég fúslega viðurkenna að í mínum huga orkar það nokkuð tvímælis og þá tek ég kannski undir með hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykv. Guðmundi Ágústssyni, ég sé ekki að það sé alveg sjálfgefið að það sé starfsfólkið sem eigi að kaupa þetta fyrirtæki. Ég held hins vegar að ríkið eigi að selja þennan rekstur og ekkert að vera að basla við að reka ferðaskrifstofu. Auðvitað er það forsenda stuðnings við frv. að eðlilegra hagsmuna ríkisins sé gætt í sambandi við sölu á þessu fyrirtæki þannig að fyrir það fáist eðlilegt verð og eðlileg verðmæti komi í verðmæta stað þegar þetta fyrirtæki skiptir um eigendur. En ég sé ekki, og endurtek það, nokkur rök fyrir því að ríkið reki ferðaskrifstofu sem ríkisfyrirtæki eru skikkuð til að skipta við. Án þess að ég fullyrði nokkuð um það veit ég þess dæmi að hagstæðari fargjöld hafa fengist fyrir opinbera starfsmenn á ferðalögum með því að skipta við önnur fyrirtæki en Ferðaskrifstofu ríkisins. Það eru að vísu nokkur ár síðan það var. Ég hygg að það sé ekki einsdæmi og ýmsir kunni kannski að rekja frekari dæmi um það.

Þess vegna finnst mér það í rauninni sjálfsagt og eðlilegt að ríkið losi sig út úr þessum rekstri. Og varðandi Edduhótelin, sem sérstaklega hafa verið gerð hér að umtalsefni, er kannski eðlilegt að þar sé veittur einhver umþóttunartími eins og gert er hér ráð fyrir, en það er ekkert sjálfgefið að þessir aðilar haldi áfram að reka þau hótel um aldur og ævi. Það á bara að gerast á grundvelli frjálsrar samkeppni. Það hefur verið mjög vel staðið að þessum rekstri og þar var á sínum tíma brotið upp á margvíslegum nýjungum og hlutdeild starfsfólksins í hagnaði og öðru slíku sem voru miklar nýjungar hér og gafst mjög vel og hefur áreiðanlega leitt til þess að rekstur þessara hótela hefur yfirleitt verið í mjög góðu lagi og jafnframt mjög hagkvæmur vegna þess að allir sem hlut áttu að máli og að þessu unnu áttu þeirra hagsmuna að gæta að leggja sig fram um að þessi rekstur kæmi vel út.

En ég auglýsi eftir rökum frá Alþb. og Kvennalista til að styðja þá skoðun að ríkið eigi að reka ferðaskrifstofu og selja farseðla.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þeirra spurninga sem til mín var beint.

Ég held að það gæti einhvers smámisskilnings hjá hv. 3. þm. Vesturl. vegna þess að það var ábyggilega ekkert sem kom fram í máli mínu sem fól í sér að Kvennalistinn væri algerlega á móti því að fyrirtæki sem Ferðaskrifstofa ríkisins yrði selt. Þar eð ég hef skrifað orðrétt hjá mér það sem ég sagði held ég að það sé rétt að ég taki aðeins til það helsta aftur. Ég talaði um nauðsyn þess að ef Ferðaskrifstofa ríkisins yrði seld yrði stofnun eins og Ferðamálaráð styrkt á þann veg að hún gæti staðið fyrir því landkynningarstarfi sem henni er ætlað og hún fengi sín lögbundnu framlög, en síðan sagði ég, með leyfi forseta: „Það er e.t.v. ekki óeðlilegt að endurskoða hlutverk stofnunar sem Ferðaskrifstofu ríkisins m.a. með tilliti til þess hvaða rekstrarfyrirkomulag er heppilegast.“ Og ég sagði efnislega í máli mínu áðan einnig að við teldum nauðsynlegt að hafa tilverurétt slíkra stofnana, sem eru á vegum ríkisins og í þess eign, ég endurtek: tilverurétt, einmitt hvort þær eiga að vera til sem ríkisstofnanir, og hlutverk í stöðugri endurskoðun. Ég sagði síðan að lokum að við vildum kynna okkur efni þessa frv. enn betur og að það væri gengið frá öllum lausum endum varðandi starfsfólk sem við Ferðaskrifstofu ríkisins vinnur, hvort sem það er á skrifstofunni sjálfri eða á Edduhótelunum.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það er ekkert nýtt að komi upp smámisskilningur á milli okkar þingmanna Vesturlands og maður hleypur ekkert sérstaklega upp á nef sér þó að það gerist. Ég kom hér upp og benti á að hér væri aðeins verið að framkvæma stefnu ríkisstjórnarinnar, það ætti að selja ríkisfyrirtæki, og það væru engin önnur rök fyrir þessari framkvæmd en þau. Ég lagðist ekki gegn frv. sem hér er til umfjöllunar, en ég varð ekki var við rökin og síst af öllu finn ég fyrir því að það séu nein sósíaldemókratísk rök að baki því að selja ríkisfyrirtæki. Ég auglýsi ákveðið eftir því að hv. 3. þm. Vesturl. útskýri fyrir okkur hvers vegna á að selja Ferðaskrifstofu ríkisins ef það liggur ekkert annað bak við en bara að selja fyrirtækið. Það eru ekki nein rök fyrir því að það eigi að breyta einu eða neinu. Er ríkisreksturinn svona miklu verri? Þetta hefur verið gott fyrirtæki og staðið sig vel í flestum greinum. Ég held að það væri fróðlegt að heyra frá formanni þingflokks íslenskra krata af hverju á að selja ríkisfyrirtæki sem gengur vel. (**SvG:** Þetta eru ekki kratar lengur.) Jú, ég dreg það ekki neitt í land að hér er við krata að eiga. (**GA:** Þeir geta verið óvirkir.)

En það er ekki nóg með að hv. þm. væri að gera okkur samþingsmönnum sínum úr Vesturlandi upp skoðanir heldur komst hann alla leið austur fyrir tjald, tengdi þessa umræðu á hv. Alþingi Íslendinga

stöðunni fyrir austan. Hann nefndi að það mundi líkast til hvergi vera til ríkisferðaskrifstofa nema fyrir austan tjald. Þetta má vel vera. En beinlínis að nota það sem rök fyrir því að það skuli selja ágætt íslenskt ríkisfyrirtæki. Ég finn ekki neitt sem mælir með því. Og hann gat ekki setið á sér að skjóta pínulítið á stórfyrirtækið Intourist — heitir það ekki það, nefndi þingmaðurinn ekki það, rússneska einokunarfyrirtækið, ríkisfyrirtækið? — og það væri ekki virt að sama skapi. Ja, það var þörf á þessum upplýsingum í umræðum um sölu á hinu ágæta fyrirtæki, Ferðaskrifstofu ríkisins. Að hengja það saman við það sem er að gerast og hefur verið að gerast fyrir austan tjald. Ég skil það ekki. Ég á alveg ómögulegt með að skilja að það komi þessu máli nokkurn skapaðan hlut við hvort þetta eða hitt fyrirtækið í Sovét stendur sig vel eða illa eða hvort það sé í augum hv. þm. gott fyrirtæki eða vont.

En ég auglýsi sem sagt eftir hinni sósíaldemókratísku stefnu í sambandi við að selja Ferðaskrifstofu ríkisins. Hann lýsti stefnu sinni, sósíaldemókratinn, um að það ætti ekki að selja Sementsverksmiðju ríkisins. Ég tek að öllu leyti undir það með honum og þar slær okkar sósíaldemókratíska hjarta alveg saman. En mig langar til að fá skýringuna á hinu.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Hér hafa talað nokkrir hv. þm. í sambandi við þetta frv. og vikið að ýmsum atriðum varðandi það. Hv. 6. þm. Vesturl. ræddi um þróun þessara mála á undanförnum árum og benti réttilega á þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað og eru að eiga sér stað og við þeim verður að bregðast.

Hv. 4. þm. Vesturl. sagði hins vegar hér að ekkert annað hefði verið fært fram frv. til ágætis annað en að það væri á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að selja ríkisfyrirtæki. Haldi hv. þm. þessu fram hefur hann ekki tekið eftir því nægjanlega vel sem ég sagði í minni framsögu þegar ég vék að því hver breyting hefði orðið á í þessum málum frá því 1936. (**SkA:** Þingmaðurinn tók einmitt undir það.) Einmitt þær breytingar gera það að verkum, eins og hv. 6. þm. Vesturl. vék að, að þessi mál þurfa að vera í endurskoðun. Og ef við víkjum aðeins að því að Ferðamálaráð er starfandi í dag. Að vissu leyti háir það þessari starfsemi að við erum með fyrirtæki sem hefur sérréttindi á sumum sviðum og gerir þar af leiðandi viss atriði í sambandi við ferðamálaþróunina mun erfiðari. Við höfum ferðamálastjóraskrifstofu sem hefur tekið að sér stóran hluta af því upprunalega verki sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði og vissulega var ástæða til þess að það fyrirtæki tæki það í sínar hendur þá. Ef við síðan horfum á þá upplýsingamiðstöð sem var sett á stofn fyrir ári tæplega, þá er hún komin með stóran hluta af því hlutverki sem ferðaskrifstofunni var ætlað í upphafi og vegna þess með hvaða hætti hún er rekin í dag er þessi upplýsingamiðstöð orðin til. Við erum komin með ferðamálasamtök út um allt land. Þessi samtök þurfa að hafa aðstöðu til upplýsinga í höfuðborginni og þegar ferðaskrifstofan er rekin orðið í samkeppni við þessa aðila sinnir hún þessu hlutverki ekki lengur.

Það er mín skoðun að við gerum rétt í því að samþykkja frv. Í lögunum í dag er heimild til að gera ferðaskrifstofuna að hlutafélagi aðeins með því að selja 30%, en það hefur að sjálfsögðu enginn áhuga á að kaupa 30% í slíku fyrirtæki og hafa ekki nein áhrif þar á vegna þess að meiri hlutinn ræður undir þeim kringumstæðum.

Fyrir mér er það síður en svo nokkuð heilög tala að það *megi ekki selja meira en* ⅔. Hins vegar er það að dómi ýmissa, m.a. kannski þeirra sem hér hafa talað, skynsamlegt að ríkið fari ekki alfarið þarna út og af því stafar það samkomulag sem gert hefur verið í sambandi við flutning á frv.

Í minni framsöguræðu vék ég einmitt að þeim sjónarmiðum, þeirri þróun, þeim atriðum sem að mínum dómi gera að verkum að það er skynsamlegra fyrir rekstur ferðaskrifstofunnar, það er skynsamlegra fyrir þróun ferðamálanna að breyta lögunum sem gilda í dag, fara með heimildina til sölu úr 30% upp í ⅔ þannig að þetta verði gert að hlutafélagi og það verði rekið með þeim hætti þannig að það séu einkaeigendur sem eigi ⅔.

Ég held einmitt að við eigum eftir á næstu árum að þurfa að gera mikið átak í ferðamálunum. Við eigum eftir að gera mikið átak til að ná til okkar hingað ferðamönnum til þess að þjónustuiðnaðurinn fái meira í sinn hlut. Það verða fleiri sem koma til með að eiga undir þjónustuiðnaðinum og við þurfum þess vegna að reyna að gera þetta með þeim hætti að það gangi sem auðveldlegast fyrir sig.

Síðan spurði hv. 11. þm. Reykv. um kaup og mat á söluverðmæti, hugsanlega með hvaða hætti þeir hlutir verða gerðir, og hv. 3. þm. Vesturl. sagðist gera kröfu til þess að eðlilegra hagsmuna ríkisins væri gætt. Auðvitað verður það gert. Auðvitað eru það hagsmunir eigandans í dag. Þeirra verður gætt. Við getum líka í leiðinni gætt hagsmuna þeirra sem þarna hafa starfað. Það eru engar reglur eða engin ákveðin formúla um hvaða starfsmenn það eru. Það er talað um starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins og ef einhverjir eru annars staðar en beint á skrifstofunni í Reykjavík verður það auðvitað samkomulagsatriði þeirra sem koma til með að kaupa fyrirtækið. Hvernig fari um þessa hluti ef einstakir aðilar sem í dag yrðu hluthafar hættu verður auðvitað að vera samkomulagsatriði og stofnsamningsatriði í þessu fyrirtæki.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður, en auðvitað verða allar upplýsingar lagðar fyrir nefndina í þessu máli. En það var vikið að Edduhótelunum. Við Edduhótelin hefur verið gerður samningur til þriggja ára, við þau Edduhótel sem hafa verið í samningum við ferðaskrifstofuna. Talið eðlilegt að á meðan þetta tímabil væri að líða, þ.e. frá því að selt er og þrjú ár á eftir, sé möguleiki á því að fyrirtækið hafi þá samninga sem það hefur haft. Þeir samningar hafa verið gerðir af samgrn. annars vegar og

menntmrn. hins vegar. Hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir að þegar fram í sækir verða það skólarnir, Edduhótelin, það verður menntmrn. sem hefur forsjá fyrir því og með hvaða hætti það verður gert. Mér er ljóst að á sumum stöðum hafa samtök sveitarfélaganna viljað fá tækifæri til að ferðamálasamtök þeirra hafi samninga við þá skóla sem þar eru. En eins og kom réttilega fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. hefur verið gagnrýnt hvernig ein ferðaskrifstofa hefur haft einokun í þessum efnum og ekki aðrir haft tækifæri til þess. Það hefur sumpart skaðað og sumpart verið til góðs að þessir aðilar hafa verið hinir „stabílu", en ég held að þegar fram í sækir verði, eins og hv. 6. þm. Vesturl. sagði, svo mikil breyting, þróunin svo ör í þessum málum að við eigum að byggja þetta upp á ferðamálalöggjöf sem gefur þeim einstaklingum, þeim hópum manna tækifæri til að sinna þessum málum sem það vilja gera.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég beindi spurningu til 4. þm. Vesturl., hv. þm. Skúla Alexanderssonar. Hann kaus að svara ekki þeirri spurningu heldur beina spurningu til mín. Það er auðvitað mjög auðvelt þegar verður stirt um svar að spyrja þá bara um eitthvað annað. Mér er bæði ljúft og skylt að svara hans spurningum. Mín skoðun er sú, og sjálfsagt slá okkar sósíaldemókratísku hjörtu þar í takt eins og hann orðaði það, að ríkið eigi að annast ýmiss konar velferðarþjónustu við borgarana og þá ekki síst við ýmsa þá sem af ýmsum ástæðum minna mega sín. En ég held að ríkið eigi ekki nú á tímum að vera að vasast í því að selja farseðla út um allan heim og reka ferðaskrifstofu. Ég er þeirrar skoðunar líka að ríkið eigi ekki t.d. að reka fiskverkun. Ég held að við eigum að láta einstaklingum það eftir, dugmiklum einstaklingum sem kunna þar vel til verka. Ríkið hefur rekið fiskverkun. Hér var starfandi á árum áður fiskiðjuver ríkisins vestur á Granda. Það getur vel verið að það hafi verið rétt skoðun og rétt ákvörðun á sínum tíma, en þessi mál eiga að vera í stöðugri endurskoðun. Mitt sósíaldemókratíska hjarta segir mér að ríkið eigi ekkert að vera að reka ferðaskrifstofu og ríkið sé betur komið án þess að vera með slíkan rekstur á sinni könnu og að slíkur rekstur sé í rauninni betur kominn í höndum einstaklinga. Svo einfalt er það. Ég hef enn ekki heyrt nein þau rök sem sérstaklega mæla með því eins og háttar til varðandi þjónustu við ferðamenn og móttöku erlendra ferðamanna hér á landi að ríkið eigi einhverjum sérstökum skyldum að gegna á þessum vettvangi. Mér eru ljósar skyldur ríkisins kannski að því er varðar starfssvið Ferðamálaráðs sem er allt annað og allt önnur Ella eins og þar stendur.

En ég heyri að báðir þeir hv. þm. sem ég beindi máli mínu sérstaklega til leggjast ekkert sérstaklega gegn því að þetta verði gert þannig að kannski er í rauninni ekki svo langt bil á milli okkar skoðana í þessu máli og þó að ég minntist á hina sovésku ríkisreknu ferðaskrifstofu var ég ekkert að líkja henni saman við Ferðaskrifstofu ríkisins og sagði raunar að hún væri mjög stórt fyrirtæki en kannski ekki að sama skapi jafnvirt og þarf ekkert að hafa fleiri orð um það.

Í þjóðfélögum þar sem ríkisrekstur er aðalreglan og einkarekstur er ýmist bannaður eða mjög takmarkaður rekur ríkið auðvitað ferðaskrifstofu vegna þess að einstaklingum er það bannað og þessi starfsemi þarf að vera til. Og ég endurtek að áreiðanlega var það rétt ákvörðun á sínum tíma að setja Ferðaskrifstofu ríkisins á laggirnar og það er áreiðanlega jafnrétt ákvörðun nú að losa ríkið við þennan rekstur, en það verður að gera með þeim hætti að eðlilegra hagsmuna ríkisins og skattþegnanna sem eiga þetta fyrirtæki sé gætt við söluna og það heyrði ég að hæstv. samgrh. tók undir áðan.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Hæstv. samgrh. svaraði þeim spurningum sem ég lagði hér fyrir hann áðan, en ég tel að svörin hafi verið mjög loðin og teygjanleg. Mig langar því að spyrja hann aftur: Við hvern var samkomulag um að selja aðeins ⅔? Hann sagði það eitt að samkomulag hafi verið um að selja ⅔. (**Samgrh.:** Það er ríkisstjórnarinnar.) Þá vil ég spyrja aftur: Ef það er ríkisstjórnarinnar, hvaða rök lágu þá að baki að selja aðeins ⅔ og ef það eru rökin að ríkið hafi að einhverju leyti áhrif á starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins vaknar sú spurning: Hvað hefur ríkið að gera með svona lítinn hlut þegar starfsmenn telja sig ekkert geta gert með svona lítinn hlut?

Það var önnur spurning sem hann svaraði. Það var um fasta starfsmenn eða þá starfsmenn sem eiga að hafa forkaupsrétt að þeim hlutabréfum sem til falla. Þá sagði hann að það þyrfti að skoða hvaða starfsmenn uppfylltu að vera starfsmenn ferðaskrifstofunnar. Það kemur fram í 2. gr. frv. nokkuð skýrt að það skuli vera fastráðið starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en þann að þeir séu starfsmenn allt árið. Þetta tekur ekki til starfsfólks sem er bara yfir sumarmánuðina, en það er meginþorrinn af starfsfólki ferðaskrifstofunnar.

Hv. 3. þm. Vesturl. talaði áðan um hvort ríkið ætti að reka fyrirtæki sem einstaklingar gætu rekið. Ég er inni á því að ríkið ætti í sumum tilvikum að reka slík fyrirtæki og viss rök má færa að því að Ferðaskrifstofa ríkisins ætti að vera ríkisfyrirtæki eins og það eitt að opinberum starfsmönnum er öllum vísað á eina ferðaskrifstofu. Það hlýtur að vega nokkuð þungt eins og ríkisstarfsmenn fara oft erlendis að ríkið hafi allan hagnað, ef hagnað má kalla, af þessum ferðum og þurfi ekki að borga ýmis þjónustugjöld sem því eru samfara. Þessu má e.t.v. líkja við ýmsar aðrar stofnanir eins og Innkaupastofnun eða aðrar stofnanir.

En þegar á heildina er litið og hvaða starfsemi þarna er um að ræða hjá Ferðaskrifstofu ríkisins held ég að fleiri og þyngri rök mæli með því að selja

þetta fyrirtæki en hitt að selja það ekki. Hins vegar finnst mér að það megi þá breyta ýmsum lögum í þá átt að ríkisfyrirtæki beini ekki frekari viðskiptum til þessa fyrirtækis en annarra fyrirtækja á þessu sviði. Ríkið verður alltaf að hugsa um sig og hugsa um hvar það fær bestu þjónustuna og hvar það fær besta verðið og á sama hátt verður ríkið að hugsa um að selja þau fyrirtæki sem það ætlar að selja á sem hagstæðustu verði.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af síðustu ræðu hv. 11. þm. Reykv. Ég sagði að samkomulag hefði orðið um að frv. yrði flutt með tillögu um sölu á ⅔. Það var samkomulag innan ríkisstjórnarinnar sem flytur þetta frv. Áður fyrr hafði verið samþykkt að selja 30%. Út af fyrir sig gæti ég fyrir mitt leyti samþykkt það, en þar sem ég flyt þetta frv. stend ég að sjálfsögðu að því að haga málum þannig sem frv. gerir ráð fyrir. Það er þá fyrir framtíðina að breyta lögunum ef það reyndist ekki rétt að ríkið væri með ⅓, en að mínum dómi var skynsamlegra að það samkomulag yrði gert en að halda sig við að fyrirtækið væri alfarið selt.

Hv. þm. vék að sölu fyrirtækisins og að það væri aðeins til fastráðinna starfsmanna og vísaði til 2. gr. frv. Ég held að hann hafi misskilið og þá mislesið. Þar er um að ræða að fastráðnum skuli gefinn kostur á sambærilegum störfum. Hins vegar stendur í 1. gr.: „Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála“ og það er auðvitað undirskilið í þessu öllu saman. En hér verður reyndin að sýna sig, hvernig staðið verður að hlutunum. E.t.v. eru ekki allir starfsmenn sem vilja kaupa. E.t.v. eru einhverjir sem eru lausráðnir starfsmenn, sumarstarfsmenn, sem eru reiðubúnir að kaupa.

Það sem mér finnst að liggi í hlutarins eðli samkvæmt þessu er að það er hópurinn sem þarna vinnur sem mótar hvernig að kaupunum yrði staðið og svo þeir sem ætla að kaupa, mynda hlutafélagið. Það eru þeir sem koma þá til með að segja til um hvaða þýðingu framtíðarbreytingar á hlutafé hefðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 385. mál (strætisvagnar). — Þskj. 729.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 729 flytjum við þingmenn stjórnarandstöðunnar í Ed. frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt sem gerir ráð fyrir að fjmrh. verði heimilað að fella niður söluskatt af innfluttum strætisvögnum og öðrum bifreiðum sem notaðar eru til almannasamgangna. Frv. er stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við A-lið 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 1/1988, bætist nýr töluliður sem orðist svo:

23. Bifreiðar sem notaðar eru til almenningssamgangna eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með skilyrðum sem hann setur.“

Jón G. Tómasson skrifaði fyrir hönd borgarstjóra Reykjavíkur þingmönnum Reykvíkinga svofellt bréf 10. febr. sl.:

„Á fundi borgarstjórnar 4. þ.m. [þ.e. 4. febr. 1988] var samþykkt að fara þess á leit við Alþingi að það felli niður söluskatt og aðflutningsgjöld af innflutningi nýrra strætisvagna til Strætisvagna Reykjavíkur.“

Í greinargerð með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsleg hagkvæmni almenningssamgangna [og ég tek fram að þetta er greinargerð borgarstjórnar Reykjavíkur og samhljóða samþykkt allra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur] hér á höfuðborgarsvæðinu er óumdeilanleg. Fjölgun einkabíla hefur á undanförnum árum orðið mun hraðari en spár sögðu til um og nú er svo komið að bílaeign er búin að ná því marki sem álitið var að yrði um næstu aldamót. Nýjar athuganir Hollustuverndar ríkisins hafa sýnt fram á að mengun er hér orðin meiri af völdum umferðar en í mörgum borgum Evrópu.

Með samþykkt þessarar tillögu taka Alþingi og ríkisstjórn þátt í sérstöku átaki til að sporna við þessum geigvænlegu áhrifum mengunar og slysa sem fylgir gífurlegri aukningu einkabílaumferðar.

Skorar borgarstjórn á þingmenn Reykvíkinga að fylgja þessu máli fast eftir.“

Frumvarpið er flutt í samræmi við þessa samþykkt borgarstjórnar og lagt til að söluskattur falli niður af bílum til almenningssamgangna.

Frumvarpið miðast ekki aðeins við Reykjavík og er því fjmrh. ætlað að setja almennar reglur um þessa undanþágu.“

Flm. þessa frv. eru þrír þingmenn Reykv. og fjórir þingmenn annarra kjördæma utan Reykjavíkur og við erum öll þeirrar skoðunar að hér væri um að ræða mikilvægan lið í því að bæta umferðarmenningu í þessu landi. Satt best að segja er þessi samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur og greinargerð mjög athyglisverð vegna þess að þar er ótrúlega vel haldið til haga í stuttu máli aðalröksemdum þessa máls.

Í fyrsta lagi er bent á það, sem fyrir liggur og viðurkennt er af öllum, að þjóðhagsleg hagkvæmni almenningssamgangna á höfuborgarsvæðinu er óumdeilanleg. M.a. á grundvelli þess fengum við samþykkt nokkrir þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness á síðasta kjörtímabili till. til þál. um almenningssamgöngur hér á svæðinu og það hefur

verið unnið að málum í samræmi við þá tillögu í samgrn. á undanförnum árum.

Í grg. er einnig bent á að fjölgun einkabíla hefur orðið mikið meiri en gert var ráð fyrir samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur og er nú svo komið að bílaeign á íbúa er að ná því marki sem álitið var samkvæmt gamla aðalskipulaginu að yrði um næstu aldamót eða eftir tólf ár eða svo.

Við þetta bætist svo það að nýjar athuganir, sem hafa birst m.a. í blöðum frá Hollustuvernd ríkisins, sýna að mengun í Reykjavík er orðin meiri af völdum umferðar en í mörgum borgum Evrópu. Þetta er áreiðanlega mjög sérkennileg staðreynd í huga okkar margra, sem höfðum talið að við ættum hreinni höfuðborg en aðrar þjóðir, og víst er að Ísland er yfirleitt hreinna og mengunarlausara en önnur lönd, en þeir sem ganga um höfuðstað landsins, t.d. Kvosina, á lognkyrrum dögum verða varir við að mengun frá útblæstri bifreiða er hrikaleg orðin hér þannig að það er t.d. talið varasamt að láta lítil börn ganga hér um götur vegna mengunarinnar og það eru mörg dæmi þess að ofnæmissjúkdómar hafa birst á þessum börnum út af þessari alvarlegu mengun.

Í þriðja lagi segir borgarstjórn Reykjavíkur í þessari greinargerð að með samþykkt þessarar tillögu taki Alþingi og ríkisstjórn þátt í sérstöku átaki til að sporna við þessum geigvænlegu áhrifum mengunar og slysa sem fylgir gífurlegri aukningu einkabílaumferðar. Fyrir nokkrum dögum ræddum við á þingi þá staðreynd að tryggingafélögin hafa hækkað iðgöld bifreiðatrygginga um nærri 100% milli áranna 1987 og 1988 og þá komu fram upplýsingar m.a. í þingræðum um að slysatíðni á Íslandi er þriðjungi meiri en hún er t.d. í grannlöndum okkar eins og Noregi. Þess vegna er nauðsynlegt að gera allt sem hægt er til að draga úr tíðni umferðarslysa og það að efla almenningssamgöngur í þéttbýlinu er örugglega liður í þeirri baráttu.

Hér hef ég hreyft þremur almennum röksemdum: þjóðhagsleg hagkvæmni, mengunarvarnir, slysavarnir. Ég ætla að nefna eina röksemd enn sem er þessi: Ríkissjóður mundi ekki tapa einni einustu krónu á því þó svo að þessi söluskattur yrði felldur niður vegna þess ósköp einfaldlega að borgin heldur að sér höndum við að kaupa inn nýja vagna meðan söluskattur er lagður á, en mundi hins vegar, ef söluskattur yrði felldur niður, kaupa fleiri vagna sem mundi þá skila ríkinu auknum tekjum í aðflutningsgjöldum.

Hér er aðeins lagt til að söluskattur verði felldur niður en aðflutningsgjöldin haldi sér. Auðvitað mætti hugsa sér að verða við tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur um að fella niður bæði söluskatt og aðflutningsgjöld. Hér er hins vegar aðeins verið að tala um söluskattinn. Þess vegna held ég að frá sjónarmiði fjmrn. hljóti það að vera þannig að hér eru menn ekki að tapa einni einustu krónu jafnvel þó að þetta frv. verði samþykkt. Við það bætist svo sú staðreynd að það er einn af þingmönnum Reykvíkinga sem situr í fjmrn. og þess vegna er full ástæða til að ætla að hann taki vel þessari málaleitun fulltrúa allra flokka í borgarstjórn Reykjavíkur, þar með talinn borgarfulltrúi Alþfl. þar á bæ, þannig að ég hef enga ástæðu til að ætla annað en þetta frv. fái góðar undirtektir. Í trausti þess flytjum við, þingmenn stjórnarandstöðunnar í þessari virðulegu deild, þetta frv. og væntum þess að það fái góða og jákvæða afgeiðslu á því þingi sem nú stendur yfir. Þetta er einfalt mál, tekur ekki langan tíma að fara yfir það og ætti að vera hægt að ljúka því og gera að lögum á því þingi sem nú stendur yfir.

Ég leyfi mér svo, virðulegur forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. og segi að allra síðustu að ég er þess fullviss að um leið og þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja þetta frv. er nauðsynlegt að muna eftir því að hér í deildinni eru þingmenn Reykvíkinga úr stjórnarflokkunum, þingmenn Reykjaneskjördæmis úr stjórnarflokkunum sem hljóta líka að líta á þetta mál, m.a. þingmenn sem hafa látið sig umferðarmál mjög miklu skipta eins og hv. 6. þm. Reykn. Ég hef því enga trú á öðru en að þetta mál fái góðar undirtektir hjá þessum þingmönnum öllum.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að lokum að ég kannaði hvort þingmenn úr stjórnarflokkunum væru tilbúnir að standa að frv. Þeir treystu sér ekki til að flytja frv. af eðlilegum ástæðum miðað við þær vinnureglur sem tíðkast milli stjórnarflokka. Í sjálfu sér dettur mér ekki í hug að gagnrýna það og er ekki að draga það fram til þess að sýna þeirra óvilja að neinu leyti heldur aðeins til að skýra af hverju þarna er eingöngu um að ræða stjórnarandstæðinga sem flytja frv.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál er að mínu mati allrar athygli vert og verðskuldar nákvæma skoðun. Ég vil taka fram að í fjmrn. er nú þegar fullsmíðað frv. sem tekur á nokkrum breytingum á nýsamþykktum og gildandi söluskattslögum. Það tekur fyrst og fremst til ýmissa þátta sem varða það að renna eðlilegum lagastoðum undir ýmis undanþáguákvæði eða úrskurði sem áður höfðu verið í gildi samkvæmt erindum eða bréfum frá ráðuneyti og einn málaflokk sérstaklega sem varðar meðhöndlun í söluskatti á öryggistækjum og ýmsum hlutum og búnaði sem flokkast undir líknarþjónustu og reyndar allmörgum fleiri slíkum álitamálum. Þetta frv. var ekki lagt fram á þessum vordögum vegna mikils málafjölda og var tekin um það ákvörðun í ríkisstjórninni að gera það ekki fyrr en á næsta þingi. Ég teldi af þeim ástæðum eðlilegt að þessu máli væri vísað til ríkisstjórnarinnar þannig að það verði tekin afstaða til þess við heildarendurskoðun á söluskattslögunum og lagt þá fram á næsta hausti.

Það er rétt, sem fram kom í máli flm., að fyrir þessu eru þó nokkur rök, bæði að því er varðar mengunarvarnir, slysavarnir, umhverfisverndarmál.

Hitt kann að vera álitamál nokkuð um framkvæmdina.

Erindið styðst upphaflega við erindi frá Reykjavík sem þá tók einungis til strætisvagnaþjónustu Reykvíkinga, en í frv. er gert ráð fyrir því að hér sé um að ræða almenna söluskattsundanþágu að því er varðar almannasamgöngutæki. Þetta getur vakið upp nokkur markatilvik. T.d. ef háttar svo til að fyrirtæki eins og Landleiðir rekur bílaflota sem bæði er notaður til almenningssamgangna og einnig til sérleyfisfólksflutninga, svo nefnt sé dæmi.

Við stöndum frammi fyrir því að söluskattur er ekki á fólksflutningum og er ekki gert ráð fyrir því í virðisaukaskattsfrv. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi til skoðunar og stefnt er að því að fái lagagildi áður en þessu þingi lýkur. Það er hvorki lagður söluskattur né virðisaukaskattur á fólksflutninga sem slíka, en í virðisaukaskattsfrv. er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu, sem er í samræmi við grundvallarreglur þeirra tillagna, að engu að síður komi virðisaukaskattur á aðföng, þ.e. tæki og viðgerðarþjónustu o.s.frv. Með hliðsjón af því að núverandi söluskattskerfi á skamma lífdaga fram undan er ástæða til að skoða þetta líka í samhengi við skipan mála með virðisaukaskatti.

Mín afstaða er því sú að þessu sögðu að málið er allrar athygli vert og verðskuldar jákvæða skoðun, en ég legg til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til heildarendurskoðunar á söluskattslögunum.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. þm. Svavars Gestssonar og þess frv. sem hann mælti fyrir. Kveikja þessa máls hefur orðið bréf eins af embættismönnum Reykjavíkurborgar til þingmanna Reykvíkinga um að fella niður söluskatt og aðflutningsgjöld af innflutningi nýrra strætisvagna til Reykjavíkur. Nokkrir af hv. þm. hafa síðan gert þetta mál víðtækara og vilja að fjmrh. hafi vald til að fella niður söluskatt af bifreiðum sem notaðar eru til almenningssamgangna. Þetta gildir þá væntanlega um alla bíla sem notaðir eru til farþegaflutninga og taka fleiri en níu farþega. Ég hygg að þar sé miðað við skilgreiningu í lögum. Það er skoðun út af fyrir sig að þetta beri að gera. Ég tek undir að það er mikilvægt að almenningsfarartæki eins og strætisvagnar í þéttbýli séu notuð sem mest og af sem flestum vegna þess, eins og hér hefur fram komið, að það getur dregið úr slysahættu. En ég vildi aðeins benda á að þó svo að söluskattur af strætisvögnum og öðrum bifreiðum af þessu tagi væri felldur niður er ekki sjálfgefið samband þar á milli að það verði til þess að þjónustan, sem þessi farartæki eru notuð til að veita, batni eða almenningur muni nota hana meira. Þar er ekki sjálfgefið samband á milli. Ég held að ef menn vilja ná þeim markmiðum sem verið er að tala um hér þurfi að gera allt aðra hluti. Ég er ekki að draga úr því að gera þessi tæki sem ódýrust, en ég held að það þurfi að gera allt annað og miklu fleira til þess að almenningur fáist til að nota strætisvagna og almenningsfarartæki í miklu ríkara mæli en nú er. Það þarf að gera þessa þjónustu miklu aðgengilegri, auka hana, gera hana ódýrari og hagkvæmari þannig að það verði einfaldlega betri kostur að ferðast með þessum farartækjum en að nota einkabílinn fyrir þá sem þannig háttar um og það eru vissulega mjög margir þar sem þetta vegur salt. En ég er ekkert sannfærður um það, þó svo að væri felldur niður söluskattur og aðflutningsgjöld af almenningsvögnum til nota fyrir strætisvagna Reykjavíkur, að það mundi sjálfkrafa leiða til betri þjónustu. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur greinilega meira traust á þeim sem ráða málum hér í borginni heldur en sá sem þetta mælir. Ég tel ekki að það sé sjálfgefið. Ég tel allt eins víst að borgin mundi nota þá peninga til einhvers annars en að bæta þessa þjónustu, því miður. Ég held að ef menn vilja ná þeim markmiðum sem hér er talað um, þ.e. draga úr mengun, minnka slysahættuna eða draga úr slysum, þurfi miklu víðtækari ráðstafanir varðandi almenningssamgöngur. Það get ég tekið undir. Ég er reiðubúinn að horfa á þau mál með ágætum flm. þessarar till. og vita hvaða leiða mætti leita þar. En ég er þeirrar skoðunar að þessi aðgerð ein út af fyrir sig hefði ákaflega lítið að segja og er þó hreint ekkert að leggjast gegn því að þessu máli verði allur gaumur gefinn, en undirstrika að til þess að ná þeim markmiðum sem hér er talað um þarf að gera miklu fleira.

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir við frv. og skil út af fyrir sig þau almennu rök sem hann flutti í þessu máli. Ég bendi hins vegar á að ef um er að ræða einhver mál sem óhjákvæmilegt er að breyta í söluskattslögunum liggja fyrir deildinni tvö frv. varðandi söluskattinn sem mætti hugsa sér að afgreiða með breytingum þeim sem ríkisstjórnin telur óhjákvæmilegt að koma í gegn vegna þess að einhverjir agnúar hafi komið upp á hinum nýju söluskattslögum.

Ég held að það væri a.m.k. æskilegt að ef frv. um breytingu á söluskattslögunum verður ekki lagt fram núna yrði það lagt fram til kynningar, það yrði sýnt núna fyrir vorið þannig að það sé ljóst, a.m.k. að því er þetta mál varðar, hvert ætlunin er að fara af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við söluskatt á almenningsbifreiðum.

Það er rétt að hér gera flm. ráð fyrir því að þetta nái víðar en til Reykjavíkur að sjálfsögðu. Það eru strætisvagnar víðar. Það eru strætisvagnar í Kópavogi, það eru strætisvagnar í Hafnarfirði og það eru strætisvagnar á Akureyri svo dæmi séu nefnd. Við sáum auðvitað í hendi okkar að þetta varð að ná víðar og hlaut að ná víðar. Ég viðurkenni líka sem einn af flm. að markatilvik kunna að vera óljós og kunna að vera erfið og þess vegna er orðalagið tiltölulega rúmt að því er varðar heimildir fyrir fjmrh. til að vinna að greiningu þessara markatilvika, en

orðalag af þessu tagi er einmitt algengt í undanþágukafla gildandi söluskattslaga, 2. og 6. gr. þeirra sérstaklega reyndar.

Það er líka rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan, að það er ekkert sjálfgefið samband á milli þess að það verði felldur niður söluskattur á strætisvögnum og að þjónusta strætisvagnanna í Reykjavík batni. Það er því miður þannig. Mér hefur reyndar aldrei dottið það í hug. Hins vegar fyndist mér skynsamlegt að taka borgarstjórn Reykjavíkur á orðinu í þessu efni. Það hafa oft verið fluttar ítarlegar tillögur í borgarstjórn Reykjavíkur um endurbætur á strætisvagnasamgöngunum þar sem þetta er einn þátturinn. Þetta er eini þátturinn sem var tekinn út úr og samþykktur t.d. núna í vetur þannig að þar var líka gert ráð fyrir aukinni ferðatíðni og endurbótum á biðskýlum og breytingum á leiðarkerfi strætisvagnanna og fleiru þess háttar. Ég er alveg sammála hv. 3. þm. Vesturl. um að það er svo fjöldamargt annað og meira sem verður að gerast ef strætisvagnarnir eiga að verða ákjósanlegur kostur fyrir þá sem alltaf eru að flýta sér eins og við erum reyndar flest. Þetta leysir því ekki vanda, en ég held að þetta sé pínulítið skref. Og þetta er kannski eina málið sem Alþingi hefur eitthvert vald á. Alþingi hefur ekki vald á mjög mörgum rekstrarþáttum strætisvagna Reykjavíkur eða almenningssamgangna yfirleitt.

Ég minni á að fyrir hv. deild liggur frv. frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur o.fl. um niðurfellingu söluskatts af iðgjöldum af bílatryggingum öryrkja og það er rakið sanngirnismál að mínu mati. Það kemur til meðferðar hér síðar. En það þarf að gilda fyrir árið 1988. Mér finnst ekki ásættanlegt varðandi það mál að það bíði heildarendurskoðunar. Það kemur til umræðu fljótlega þó að það yrði hinkrað kannski með þetta mál hér til heildarendurskoðunar á söluskattslögunum.

Mér finnst það líka vera innlegg í rök með afgreiðslu á þessu máli ef söluskatturinn er á síðasta snúningi. Ríkisstjórnin ætlar sér eða a.m.k. fjmrh. að fá fram afgreiðslu á virðisaukaskattinum. Hvernig það gengur veit ég ekkert um. Við sjáum hvað setur í þeim efnum. En ef svo fer eru viðbótarrök, má segja, fyrir því að fella niður söluskatt af almenningsvögnum ef virðisaukaskatturinn fer hér í gegn. Það eru viðbótarrök í málinu sem ég vil halda til haga þrátt fyrir mína afstöðu til virðisaukaskattsins út af fyrir sig.

En ég vænti þess að í framhaldi þessarar umræðu fái málið jákvæða meðhöndlun í hv. nefnd og hv. deild og ég vildi helst sjá það, og ég veit ég mæli þar fyrir munn allra flm. að þá vildum við helst sjá að þetta mál yrði að lögum í vor, en mundum, geri ég ráð fyrir, flest okkar vera tilbúin að skoða það í víðara samhengi, einkum og sér í lagi ef hugmyndir um breytingu á söluskattslögunum eins og þau voru afgreidd í vetur sæjust hér fyrir þinglok þó að það yrði ekki í formi afgreiðslu máls heldur plagg sem yrði lagt hér á borðin mönnum til glöggvunar.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær þetta frv. til umfjöllunar og þess vegna þótti mér rétt að koma hér og segja álit mitt á þeim viðhorfum sem koma fram í frv. til almenningssamgangna, ekki kannski síst vegna þess að hv. 1. flm. frv. nefndi mitt nafn í því sambandi þar sem ég var 1. flm. þáltill. um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem hér hefur verið flutt og samþykkt á Alþingi.

Ég vildi taka undir að mér finnst þetta vera athyglisverð tillaga sem hér hefur verið lögð fram um breytingu á söluskattslögum og fyrst og fremst vil ég taka undir það sem kemur fram í grg. um þjóðhagslega hagkvæmni almenningssamgangna hér á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst með tilliti til þeirrar miklu fjölgunar bifreiða sem orðið hefur á undanförnum áratug eða hálfum öðrum áratug, þar sem svo er komið að lætur nærri að nú sé bíll á hverja tvo íbúa. Það segir sig sjálft að þó vegakerfið sé í sífelldri endurskoðun og reynt hafi verið að aðlaga það breyttum aðstæðum hefur ekki tekist nægjanlega að halda í við slíkan hraða á fjölgun bifreiða sem raun ber vitni og enginn hafði kannski búist við á svo skömmum tíma.

En ég vildi fyrst og fremst taka undir að það skiptir miklu máli að gera allt sem hægt er til að auka áhuga almennings á notkun almenningsvagna og ekki síst að þeirra þjónusta sé þannig að það sé raunhæft að halda uppi slíkum áróðri. Ég þekki það úr mínu byggðarlagi sem bjó við það að íbúafjölgun varð mikil á stuttum tíma og skapaði vandamál, sérstaklega fyrir það fólk sem flutti í byggðarlagið og var vant öðruvísi almenningsvagnasamgöngukerfi, en var hægt að bjóða upp á í Mosfellssveit á sínum tíma. Þetta leiddi til þess að það var um tvennt að ræða fyrir fólk sem átti t.d. börn í framhaldsskólum eða þurfti að sækja vinnu til Reykjavíkur. Annars vegar að bæta við bílaeign fjölskyldunnar eða að flytja aftur í borgina. Ég held, einmitt vegna þess að það hefur ekki nægjanlega verið gert átak í því að bæta almenningssamgöngurnar, laða þær að þörfum fjölskyldunnar, að almenningsvagnar séu ekki eins mikið notaðir og annars mundi vera. Það var reynt á sínum tíma að semja við Strætisvagna Reykjavíkur og aðlaga sérleyfisferðir úr Mosfellssveit í borgina til að koma þarna til móts við þarfir íbúanna og það tókst að vissu leyti, en mætti vera enn þá betur gert.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram sem innlegg í þá umræðu hvað það hefur mikla þýðingu að bæta umferðaröryggi sérstaklega á þessu svæði og að það sé mögulegt að auka þjónustu almenningsvagnanna í því skyni. Hvort þetta er eina leiðin eða ein af leiðunum skal ég ekki um segja. Það verður væntanlega fjallað um það. En mér heyrðist hæstv. fjmrh. vera jákvæður í sjálfu sér til frv. og benti á að það mætti þá væntanlega vísa því til ríkisstjórnarinnar með tilliti til þess að verið væri að endurskoða lög í þessu efni og mér fyndist það nú vera út af fyrir sig áfangi sem hv. flm. gætu sætt sig við.

En ég vildi sem sagt fyrst og fremst taka undir þýðingu þess að það þurfi að gera átak til þess að bæta almenningssamgöngur með betri þjónustu almenningsvagna, a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frh. 1. umr.

Frv. GuðmÁ og KolbJ, 382. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 722.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingar á lögum nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir sem þm. Borgaraflokksins, hv. 11. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykn. Kolbrún Jónsdóttir, flytja.

Þá vil ég fyrst segja að ég tel enga ástæðu til að breyta núgildandi lögum. Ég tel að lögin séu viðunandi og ekki síður andi laganna sem skýrt kemur fram við flutning frv. á sínum tíma og má lesa úr lögunum nú. Hann virðir þau grundvallarréttindi kvenna að þær beri sjálfar ábyrgð á lífi sínu og gerðum sem sjálfstæðir, ábyrgir og fullveðja einstaklingar og veitir þeim rétt sem ég tel að þeim sé fyllilega treystandi til að fara með. Reyndar veit ég engan betri eða hæfari til að fara með þann rétt. Þetta er meginatriði og hefur verið mikið baráttumál kvennahreyfinga um langt skeið. Hitt er annað og einnig mikilvægt að lítið gagna góð lög ef þau eru ekki framkvæmd.

Megintilgangur frv. sem hér er til umræðu virðist mér vera að koma í veg fyrir fóstureyðingar með því að þrengja löggjöfina og fækka þeim heimildum sem lögmætar eru fyrir slíkum aðgerðum.

Fóstureyðing hlýtur að vera hverri konu neyðarúrræði og hljóta allir að vera sammála um nauðsyn þess að draga úr fjölda ótímabærra þungana og þar með tilefnum til fóstureyðinga. Núgildandi lög leggja einmitt megináherslu á þetta atriði og fjallar allur I. kafli laganna um ráðgjöf og fræðslu. Vandinn er bara sá að langt er frá því að staðið hafi verið við framkvæmd laganna hvað ráðgjöf og fræðslu varðar. Allt frá samþykkt þeirra hefur vantað fjármagn til að skipuleggja og sinna fræðslu jafnt í skólum og fyrir almenning. Þetta ástand endurspeglar í raun stöðu almennrar heilbrigðisfræðslu hérlendis og raunverulegan áhuga stjórnvalda á forvarnarstarfi. Vonandi verður þó breyting til batnaðar í þessum efnum.

Ég vil aðeins víkja að lögunum, með leyfi forseta, og vitna þá í I. kafla, um ráðgjöf og fræðslu, en þar segir í 1. gr.:

„Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu."

Í 2. gr. segir:

„Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks."

Í þessu sambandi vil ég velta því fyrir mér og velta því hér upp fyrir þm. hversu brýnt það er fyrir flesta sem búa í þessu þjóðfélagi og alast hér upp að fá undirbúning undir það sem bíður langsamlega flestra og það er að verða foreldrar. Þessu veit ég ekki til að sé tekið á t.d. í grunnskólum með sérstökum hætti sem námsefni og er það þó mun brýnna en t.d. að vita hvar ár í fjarlægum löndum falla til sjávar fyrir fólk sem e.t.v. á aldrei eftir að koma þangað. Mér finnst því þar vera mjög röng forgangsröðun og er sannarlega brýnt að þessu hlutverki sé sinnt auk þess sem hér segir í frv. auðvitað um beina fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir.

Svo er það í fjórða lagi og ég held áfram að vitna, með leyfi forseta:

„4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Síðan vil ég vitna í 5. gr. þar sem segir: „Allar viðurkenndar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m.a. með því að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra." Þetta atriði hefur t.d. aldrei komist til framkvæmda frekar en ýmis önnur í þessum kafla.

Það fór fljótt að gæta óánægju meðal almennings, og er óhætt að segja einkum meðal kvenna, með það að töf varð á því að þessi mikilvægi þáttur laganna kæmist til framkvæmda. Og þá langar mig að minnast á það að um vorið 1982 tóku sig saman 57 konur úr öllum stjórnmálaflokkum og ýmsum starfsstéttum og mynduðu áhugahóp um þessi efni. Þær vöktu athygli á þeim vanefndum sem hafa orðið á framkvæmd I. kaflans og skoruðu á ráðamenn *mennta- og heilbrigðismála* að *ráða bót á því* ófremdarástandi. Þær lögðu enn fremur til að landlæknisembættinu yrði falið að skipuleggja átak til fræðslu um kynferðismál fyrir almenning og með sérstöku tilliti til unglinga. Þær lögðu einnig til að myndaður yrði sérstakur hópur unglinga til að fá viðbrögð þeirra við efni og tillögum og ábendingar frá þeim áður en gengið væri frá því fræðsluefni sem unglingum væri ætlað. Síðan lögðu þær til nánari tillögur um fræðsluherferðina og hvernig mætti

standa að henni sem ég vil vitna til, með leyfi forseta:

Það var þá í fyrsta lagi að gerð verði fræðsluþátta-röð fyrir sjónvarp í 3–4 hlutum sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðingar og foreldraábyrgð. Þættir þessir verði varðveittir á myndböndum sem Námsgagnastofnun, framhaldsskólar, kynfræðsludeildir og fleiri aðilar, sem við kynfræðslu fást, hafi síðan aðgang að og noti.

2. Landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp, m.a. umsjónarmenn unglingaþátta.

3. Landlæknir láti gera 2–3 sjónvarpsauglýsingar sem hvetji unglinga til að nota getnaðarvarnir. Fjármagni verði veitt til að birta þessar auglýsingar nokkrum sinnum ár hvert.

4. Landlæknir láti hanna 2–3 veggspjöld sem hafa sama markmið og sjónvarpsauglýsingarnar. Þau verði hengd upp í framhaldsskólum, apótekum, læknastofum, heilsugæslustöðvum, æskulýðsmiðstöðvum, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum unglinga.

5. Jafnframt verði gerður upplýsingabæklingur sem beinist að unglingum 15–19 ára og dreifist á sömu stöðum. Í bæklingnum verði unglingar m.a. hvattir til að leita frekari fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru.

6. Landlæknir birti auglýsingu á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings að leita hennar.

7. Aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði bættur, t.d. með sjálfsölum á almannafæri.

Þessar tillögur og viðvörunarorð kvennanna vöktu athygli og umtal á sínum tíma, en annan sýnilegan árangur er ekki hægt að sjá að framtak þeirra hafi borið í raun.

Síðan við kvennalistakonur komum inn á þing höfum við ítrekað gert fsp. og borið fram þáltill. einmitt um þessi efni, þ.e. um fræðsluna og auðveldan aðgang að getnaðarvörnum, sérstaklega fyrir unglinga. Vil ég þá minnast einmitt á að það var fyrsta mál okkar á þingi á sl. kjörtímabili að bera fram fsp. um það hvernig háttað væri fræðslu um kynferðismál í skólum landsins. Kom þá í ljós að hún var illa vanrækt þó að fyrirskipuð væri í þessum I. kafla laganna. Síðan lögðum við fram þáltill. um auðveldari aðgang að getnaðarvörnum og, ítrekað, um að auka fræðslu meðal almennings um kynferðismál. Það var reyndar síðasta mál sem var afgreitt á síðasta kjörtímabili og samþykkt og fjallaði einmitt um þetta efni. Ég ætla að lesa þá þál. sem var samþykkt á síðasta þingi, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrrh. að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir."

Tillaga okkar hafði að vísu verið nokkuð ítarlegri en hún var stytt á þennan hátt og samþykkt síðan. Þá var reyndar sjúkdómurinn eyðni kominn til sögunnar og hann gaf málinu þann byr og áhuga sem það hafði ekki áður notið.

Ég vitna enn, með leyfi forseta, máli mínu til stuðnings í grein í Læknablaðinu, sem er 6. tbl. á árinu 1987, en þar er grein um fóstureyðingar og notkun getnaðarvarna eftir læknana Þórð Óskarsson og Reyni Tómas Geirsson. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef stemma á stigu við vaxandi fjölda fóstureyðinga þarf að auka fræðslu um getnaðarvarnir og gera þær aðgengilegri, hvetja til ábyrgari notkunar getnaðarvarna, stuðla að notkun öruggra getnaðarvarna eftir fóstureyðingu og kveða niður goðsögnina um nauðsyn pilluhvílda" eins og þarna segir. Aftur segir í þessari sömu grein, með leyfi forseta: „Notkun getnaðarvarna er verulega ábótavant meðal kvenna sem leita á Landspítalann í fóstureyðingu enda þótt smám saman hafi miðað í rétta átt." Og að lokum segir enn, með leyfi forseta: „Til þess að halda fjölda fóstureyðinga sem lægstum þarf að gera átak í þá átt að gera getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir alla aldurshópa, m.a. með stofnun kynfræðsludeilda við heilsugæslustöðvar (family planning clinics), ódýrari getnaðarvörnum og aukinni fræðslu táninga."

Eins og ég áður sagði hefur allt þetta verið vanrækt og ekki verið farið eftir þeim ákvæðum laganna sem varða fræðslu. Það er enginn vafi á því í mínum huga og það er reynsla annarra þjóða að aukin fræðsla um kynlíf og getnaðarverjur dregur úr fjölda ótímabærra þungana, ekki síst meðal unglingsstúlkna og má nefna reynslu Norðurlandaþjóðanna í þessum efnum. T.d. vil ég víkja að reynslu sem danskur læknir kynnti hér nýlega á fundi. Það var í lok síðasta árs sem hann kom til Íslands. Hann sinnir ákveðnu heilsugæsluumdæmi í Kaupmannahöfn. Þar hafði verið gert sérstakt átak í kynfræðslu meðal unglinga og það varð til þess að á tiltölulega skömmum tíma fækkaði fóstureyðingum verulega í þessum aldurshópi. Sama reynsla hefur fengist á Norðurlöndunum á sl. árum. Þar hefur fóstureyðingum meðal unglingsstúlkna sérstaklega fækkað mjög í kjölfar aukins fræðsluátaks. Ég get því tekið undir með hv. flm. þar sem þeir leggja áherslu á aukna fræðslu í sínu frv. en þessi ákvæði eru reyndar mjög skýr í núgildandi lögum. Vandinn er bara sá að þau hafa ekki verið framkvæmd og ég held að megintálminn í þessum efnum sé fyrst og fremst skortur á fjármagni og úr því er hægt að bæta án þess að breyta lögunum. Hér vantar að mínu viti fyrst og fremst skilning og vilja.

Annað meginatriði til að draga úr tíðni fóstureyðinga er að bæta félagslegar aðstæður kvenna. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði og reyndar grundvallaratriði. Meðal þeirra kvenna sem helst leita fóstureyðinga eru einmitt ýmsar þeirra sem búa við hvað lökust kjör hér á landi. Að baki þeim tölum sem gefnar eru í grg. þessa frv. eru grimmilegar

staðreyndir um þá efnahagslegu og félagslegu þróun sem ríkir á okkar dögum. Og ég vil minnast á ráðstefnu sem samtök félagsmálastjóra héldu á árinu 1986 þar sem í ljós kom að um 25% allra fjölskyldna á landinu lifðu undir fátæktarmörkum og stór hluti þessa hóps var einmitt einstæðar mæður. Fjölskyldugerðin hefur breyst í okkar þjóðfélagi á undanförnum 20 árum eins og flestir vita. Það eru fleiri sem eru í óvígðri sambúð, hjónaskilnuðum hefur fjölgað um helming á sl. 25 árum, úr um það bil 5 í 10 á hver 1000 hjón á hverju ári. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi og þar eru einstæðar mæður í stórum meiri hluta, yfir 90%. Margir telja, bæði félagsfræðingar, læknar og aðrir þeir sem sinna umönnun fólks, að þessi hópur standi einna verst í þjóðfélaginu og telja jafnframt að stór hluti hans búi við afkomu sem er undir fátæktarmörkum. Það er ekki síst vegna þeirra lágu launa sem konur almennt fá en eins og við vitum eru þær yfirleitt ekki nema hálfdrættingar í launum á við karla þrátt fyrir langan vinnudag. Félagsleg aðstaða einstæðra foreldra er mjög erfið hér á landi, en það bitnar auðvitað fyrst og fremst á börnum.

Síðan langar mig að vitna, með leyfi forseta, í frv. Á bls. 9 í grg. er rætt um forsendur frv. Þar er talað um að fóstureyðingum hafi fjölgað verulega á undanförnum árum. Síðan segir í grg., með leyfi forseta:

„Það er viðurkennt að á mörgum heimilum eru efnisleg gæði af skornum skammti. Gagnvart þeim fjölskyldum ber þjóðfélagið ríka ábyrgð því að það er smánarblettur á þjóðfélagi með einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi að þurfa að viðurkenna að fólk búi við örbirgð. Félagsleg vandamál ber þjóðfélaginu að leysa með félagslegum ráðstöfunum.“ Ég er alveg sammála þessu. Síðan kemur:

„Tilgangur þessa frv. er ekki að leysa úr félagslegum vandamálum sem eru í þjóðfélaginu heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf sé friðhelgt, og að verja börn — á hvaða stigi lífsins sem þau eru — fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllum öðrum, réttinum til þess að fá að lifa og taka þátt í lífinu án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra.“

En þá vil ég leggja mikla áherslu á að það er mjög erfitt að rjúfa þetta tvennt úr samhengi hvort við annað. Ég held að það sé ekki hægt að líta fram hjá því að félagsleg staða fólks ákvarðar að miklu leyti hvernig lífi það lifir og hvaða ákvarðanir það tekur um líf sitt hvað sem öllum lögum líður. Þess vegna held ég að það sé mjög grunnhyggið í raun að halda að menn geti sett þrönga löggjöf án þess að gera nokkuð til að bæta stöðu fólks til að hlýða þessum lögum. Ég vil benda hv. flm. á að það eru einnitt kannski — það er sagt reyndar í grg., aðeins fyrr, að hagtölur sýni að lífskjör hafi batnað verulega frá því að lögin voru sett árið 1975 — fyrst og fremst hluti þeirra sem leita fóstureyðinga af félagslegum ástæðum sem ekki hafa notið þessara lífskjarabóta. Það væri nær að beita sér fyrir því, eins og við höfum reynt, Kvennalistinn, frá því að við komum inn á þing og margir aðrir auðvitað líka og m.a. þm. Borgaraflokksins, að bæta hag kvenna og barna í þessu þjóðfélagi því það er ein af vænlegum leiðum til þess að takmarka fjölda fóstureyðinga af félagslegum ástæðum að mínu viti. Og ég vil benda hv. flm. á 275. mál þessa þings sem þingkonur Kvennalistans flytja í Nd. sem er um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og það eru önnur mál á þessu þingi sem einmitt varða uppbyggingu dagvistarheimila. Síðan vil ég benda á frv. til laga um lágmarkslaun sem þingkonur Kvennalistans flytja í Nd. sem er 351. mál þessa þings og það eru önnur mál sem einmitt varða launakjör en aðrir þm. og þingflokkar hafa flutt. Ég vil benda á frv. til laga um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra sem er 110. mál þessa þings, líka flutt af þingkonum Kvennalistans í Nd., og síðan vil ég minna hv. flm. á þeirra eigin þáltill. sem varða launakjör, t.d. 265. mál þessa þings, um launabætur, 109. mál þingsins, um samanburð á dagvinnulaunum og tekjum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar, og 289. mál, um mat á heimilisstörfum, bara til að nefna nokkur mál sem lúta að því, hygg ég, að reyna að bæta félagslega stöðu.

Það eru mörg fleiri mál sem væri ástæða til þess að nefna hér sem aðrir þm. og aðrir þingflokkar hafa flutt, en ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að telja þau upp þó að það væri vel þess virði, en ég vil hins vegar minna hv. flm. á þessa hlið málsins.

Það kom reyndar fram í því sem ég áður las athugasemd í sambandi við réttinn til að fá að lifa. Og þá vil ég og mun víkja nánar að því síðar þegar ég tek fyrir ýmsa þætti frv. að það er talsvert mikið ágreiningsmál hvernig líf er skilgreint, sérstaklega meðal þeirra sem fjalla um upphaf lífs og enda þess í störfum sínum. Þessar skilgreiningar hafa að ýmsu leyti riðlast og breyst vegna aukinnar tækni og ég hygg að hv. flm. viti þetta.

Það er líka ágreiningur meðal leikmanna, eða almennings, sem ekki e.t.v. sinna eða þurfa að vinna eftir ákveðnum skilgreiningarreglum í daglegu starfi sínu við þessi efni. Og mig langar að vitna af þessu tilefni í grein í Morgunblaðinu frá 4. sept. 1986 þar sem Auðólfur Gunnarsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, skrifar í tilefni af nýútkomnu hirðisbréfi biskupsins yfir Íslandi. Og ég vitna í hana, með leyfi forseta, vegna þess að ég tel nauðsynlegt að þessi hlið málsins sé líka rædd því að frv. byggir einmitt talsvert á ákveðinni skilgreiningu á lífi:

„Fyrir ekki svo mörgum árum var læknisfræðileg skilgreining á skilum lífs og dauða tiltölulega skýr og einföld. Staðfesting þess að hjartsláttur og öndun væri ei lengur til staðar var skilgreining lækna á lokum lífsins. Skilgreining á lífi við fæðingu hefur jafnan verið bundin við sömu lífsmörk, þ.e. öndun, hjartslátt og sjálfráðar hreyfingar. Fæðing lifandi barns hefur lengi verið miðuð við fóstur sem náð hefur 28 vikna meðgöngu og/eða 1000 gramma þunga og sýnir áðurnefnd lífsmörk en ella talið

fósturlát eða andvana fæðing.

Nútímatækni í læknisfræði hefur riðlað þessum skilgreiningum á upphafi og enda lífsins. Þannig er nú unnt að halda öndun og blóðrás gangandi enda þótt sjúklingur sé í óafturkræfu dái vegna skemmda í miðtaugakerfi. Vegna þessa hefur reynst nauðsynlegt að taka upp nýja skilgreiningu varðandi endalok lífsins, þ.e. heiladauða (neurological death), þegar óbætanlegar skemmdir á æðri hlutum miðtaugakerfis gera sjúkling alls ófæran um að svara umhverfi sínu, enda þótt vefir líkamans haldist lifandi í líffræðilegu tilliti vegna tækni sem heldur blóðrás og öndun gangandi.

Ég veit að sumum finnst vafasamt að binda skilgreiningu á dauða við starfsemi miðtaugakerfisins, en sá sem staðið hefur oft við dánarbeð og fæðingu og tekið þátt í endurlífgun gerir sér fljótt grein fyrir því að mesta breytingin er fólgin í meðvitaðri getu til að svara áreiti og umhverfi sínu sem byggist á starfsemi miðtaugakerfisins sem aftur er háð því að öndun og blóðrás færi því súrefni og næringu. Sá sem í langan tíma sýnir engin merki um starfsemi æðri hluta miðtaugakerfisins er þannig andlega dáinn enda þótt öndun og blóðrás haldist gangandi, e.t.v. með utanaðkomandi aðstoð. Flestir læknar telja nú réttlætanlegt að stöðva tæki og lyfjagjöf sem halda öndun og blóðrás gangandi þegar öll merki um æðri heilastarfsemi er horfin og sýnt þykir að óafturkræfar heilaskemmdir séu það miklar að sjúklingurinn muni ekki framar geta haldið uppi neinum tjáskiptum við umhverfi sitt enda þótt með þessum hætti taki þeir í sínar hendur að ákveða dauðastundina samkvæmt eldri skilgreiningu, þ.e. stöðvun hjartsláttar og öndunar.

Ég hef orðið nokkuð fjölorð um þessa skilgreiningu á endalokum lífsins vegna þess að ýmsir vilja beita svipuðum viðmiðunum við ákvörðun á upphafi andlegs mannlegs lífs. Mörk upphafs mannlegs lífs eru þó e.t.v. enn þá umdeilanlegri en endalok þess í læknisfræðilegum skilningi þar sem með nútímatækni má viðhalda og jafnvel kveikja líf sem annars yrði ekki til eða eyddist."

Og hann heldur áfram og vitnar reyndar í erlendan sérfræðing og segir, með leyfi forseta:

„Í grein í vísindaritinu Science glímir Clifford Groopestein, prófessor í líffræði og stefnumörkun við Kaliforníuháskóla í Santiago, við þá spurningu hvenær mannlegt líf byrji. Leyfi ég mér að vitna í orð hans í lauslegri þýðingu. Hann setur fram sex fullyrðingar sem hann telur vísindalega sannaðar:

Í fyrsta lagi að líf kviknar af lífi, þ.e. að líf, sem lifandi er í náttúrunni á hverjum tíma, sé framhald á lífi sem áður var til og haldi áfram í komandi kynslóð. Ekkert líf verður til af engu.

Í öðru lagi að mannlegt líf sé hér ekki undantekning. Þannig sé bæði sæðisfruman og eggfruman lifandi mannlegar frumur áður en þær renna saman í eitt við frjóvgun. Frjóvgun sé þannig ekki upphaf mannlegs lífs, heldur þýðingarmikill liður í viðhaldi þess.

Í þriðja lagi sé frjóvgun upphaf nýrrar kynslóðar. Þetta felur í sér annars vegar að eggið heldur áfram að þroskast og ný erfðasamsetning verður til við samruna erfðaþátta frá báðum foreldrunum.

Í fjórða lagi að enda þótt einfrumungurinn sem verður til við samruna frjós og eggs hafi nýja og sérstæða erfðasamsetningu sé hann samt ekki enn þá nýr einstaklingur, þ.e. ekki ný persóna, hvorki út frá vísindalegum né almennum sjónarmiðum. Hann hafi ekki enn þá neina þá eðlisþætti sem einkenni einstakling sem persónu. T.d. sé ekki enn til staðar jafnvel vísir að miðtaugakerfi og hann geti ekki svarað umhverfi sínu á einstaklingsbundinn hátt. Út frá vísindalegu sjónarmiði er þessi nýja fruma ekki endilega upphaf einstaklings þar sem hún getur enn þá skipt sér þannig að úr verði tveir einstaklingar eða jafnvel enginn. Auk þess má a.m.k. í dýratilraunum græða saman tvö frjóvguð egg á frumstigum þeirra svo úr verði samt einn einstaklingur.

Í fimmta lagi má í dýratilraunum á fyrstu dögum eftir frjóvgun og a.m.k. fram á 8. frumustigið auka við eða eyða vissum hlutum frumanna án þess að fóstrið skaddist. Þetta þýðir að í upphafi frumuskiptingarinnar verða til einstakar frumur sem myndað geta heilan einstakling en ekki sérhæfar frumur sem myndað geta aðeins hluta af samræmdri heild.

Í sjötta lagi líða enn nokkrir dagar þar til greina má tvær tegundir af frumum sem annars vegar mynda fóstrið sjálft en hins vegar himnu og fylgju. Enn þá tveim vikum eftir frjóvgun getur fósturvefurinn skipt sér og myndað tvo einstaklinga. Þetta þýðir að á þessu stigi hafa einstaklingseinkenni ekki náð að mótast.

Þessar sex fullyrðingar styðja eindregið þá skoðun að mannlegt líffræðilegt líf sé til staðar hvað frumurnar varðar fyrir, á meðan og eftir frjóvgun. Mannlegt líf flyst þannig milli kynslóða með frumuskiptingu og samruna. Við það myndast frumur með nýrri og sérstæðri samsetningu erfðaeinda, en á frumstigum geta úr þeim myndast einn eða fleiri einstaklingar, jafnvel enginn." Þetta veit ég að hefur verið umfjöllunarefni og umhugsunarefni lækna, lögfræðinga, heimspekinga og margra annarra á undanförnum árum. Og ég hef, sérstaklega erlendis, bæði lesið greinar og horft á sjónvarpsþætti þar sem menn reyndu að komast að einhvers konar niðurstöðu um það hvernig ætti að skilgreina. Þessi maður, sem ég vitnaði til, hefur valið þessa leið, en ég vil halda áfram að vitna í greinarhöfund, með leyfi forseta, sem segir:

„Ég hef orðið nokkuð langorður um skilgreiningu á mótum lífs og dauða. Það byggist á því að ég hef viljað færa rök að því að ekki sé réttmætt að líta á það sem tortímingu andlegs, mannlegs lífs ef fóstri er eytt snemma á meðgöngu meðan enn þá eru engin merki um æðri heilastarfsemi. Ekki beri því að líta á þá lækna sem deyðara sem taka úr sambandi vélar sem halda öndun og blóðrás gangandi þegar miðtaugakerfi sjúklings er það alvarlega skaddað að um andlegt líf getur ekki verið að ræða eða framkvæma

fóstureyðingu snemma á meðgöngu né þær konur sem láta framkvæma slíkar aðgerðir."

Og hann lýkur grein sinni með þessum orðum: „Ég held að við eigum að forðast að þröngva persónulegum skoðunum okkar upp á aðra í þessu efni, enda mun væntanlega hver og einn svara fyrir sig þegar hann mætir fyrir hinum æðsta dómi."

Þetta eru sem sé hans viðhorf og skilgreiningar ásamt skilgreiningum þess erlenda manns sem ég vitnaði til. En ég vil leggja mikla áherslu á það að þetta er ágreiningsefni og fjarri fer því að menn séu á eitt sáttir um það þó að mikið hafi verið reynt að komast að niðurstöðu vegna vaxandi fjölda líffæraflutninga, vegna þess að tæknin leyfir að hjarta manna og öndun sé haldið gangandi þó að heili þeirra sé óstarfhæfur, og svo, síðast en ekki síst, vegna þess máls sem hér er til umræðu, fóstureyðinga og réttmætis þeirra.

En í frv. hefur verið valin önnur skilgreining og ég vil leyfa mér að vitna til hennar, með leyfi forseta. Hún er á bls. 12 í athugasemdum um einstakar greinar frv. þar sem segir í b-lið um 2. gr.:

„Fóstureyðing er samkvæmt lögum nr. 25/1975 „læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska" en samkvæmt frumvarpi þessu „læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði". Í þessari breytingu felst viðurkenning á því að líf hafi kviknað við getnað og ekki tekið með í skýringu hugtaksins þroskastig fóstursins. Er þessi skilgreining hugtaksins í samræmi við aðrar greinar laga þessara og heiti þeirra, „Um friðhelgi mannlegs lífs"." Þetta er auðvitað meginatriði í frv. sem hér er til umfjöllunar og þetta er vissulega sjónarmið sem ég ber fulla virðingu fyrir. En hins vegar vil ég leggja mikla áherslu á það að það eru önnur sjónarmið í þessum efnum og ég held að okkur beri líka að virða sjónarmið annarra og vil þess vegna taka undir lokaorð þeirrar greinar sem ég vitnaði til áðan.

Ég legg enn áherslu á það að fóstureyðing er neyðarúrræði. Ég held að því sé ekki haldið að konum eins og kemur fram í frv. Ég held líka að þrenging laganna komi ekki í veg fyrir fóstureyðingar eins og fram kemur í þessu frv. Við vitum að fóstureyðingar hafa verið stundaðar kannski frá alda öðli, að minnsta kosti um margra áratuga og -hundraða skeið, þrátt fyrir boð og bönn, og í seinni tíð bæði hérlendis og erlendis. Vanalega hefur slíkt verið gert í skúmaskotum með óhreinlegum, heilsuspillandi og oft banvænum afleiðingum. Á síðustu áratugum hefur það svo tíðkast að konur frá löndum þar sem fóstureyðingar eru bannaðar og þá oft vegna trúarlegra sjónarmiða, t.d. í kaþólskum löndum, hafa beinlínis flykkst þangað sem fóstureyðingarlög eru rýmri, eins og t.d. í Englandi, til að leita fóstureyðinga. Meðan ég dvaldist í Englandi, í 13 ár, vissi ég til þess að a.m.k. á seinni hluta þess tímabils voru sérstakar deildir sem tóku að sér, og gera eflaust enn, að framkvæma fóstureyðingar, einkum fyrir erlendar konur. Um slík viðbrögð kvenna geta í raun engin lög ráðið og gilt meðan einhver er reiðubúinn til að framkvæma fóstureyðingar og þeim er frjálst að ferðast.

Mig langar að vitna í þessu tilefni í fréttagrein sem ég rakst á í DV 29. ágúst 1986. Ég sel hana ekki dýrara en ég keypti hana eins og sagt er. Hún er eftir fréttaritara blaðsins sem heitir Pétur Pétursson og er í Barcelona. Hann er að segja frá því hvernig ástandið er á Spáni í þessum efnum og mig langar að lesa það vegna þess sem ég áður sagði, með leyfi forseta:

„Nú um þessar mundir er eitt ár liðið síðan sett var löggjöf sem leyfir fóstureyðingar með ákveðnum takmörkunum á Spáni og olli málið geysilegum deilum á sínum tíma." Áfram segir hann nokkru síðar: „Fyrir utan siðferðislega hlið málsins er það ljóst að gífurlegir hagsmunir voru í veði því læknastofur í einkaeign hafa af því geysimiklar tekjur að framkvæma ólöglegar fóstureyðingar." Nokkru seinna segir hann: „Löglegar fóstureyðingar hér voru aðeins 200 sl. ár á meðan 90 þúsund spænskar konur létu eyða fóstri erlendis, aðallega í London og Amsterdam. Engin leið er til að komast að því hve mikill fjöldi lét eyða fóstri á ólöglegum læknastofum, oft undir hroðalegum kringumstæðum. Kvensjúkdómalæknir nokkur í London, Timothy Rutter að nafni, hefur vakið málið á nýjan leik. Hann hefur eytt 8 þúsund fóstrum spænskra kvenna sl. ár. Hann hefur nú lýst því yfir að hann muni ekki framkvæma aðgerðir á fleiri spænskum konum fyrr en lögin verði endurskoðuð eða a.m.k. breytt á annan hátt því að ensku lögin séu mjög svipuð. Rutter segir það ekki vera í sínum verkahring að leyna ástandinu og hvetur stjórnina til aðgerða. Hann hefur nú látið gera leiðbeiningablað er auðveldi konum leiðina gegnum lagafrumskóg þann er fara þarf um til að láta eyða fóstri á löglegan hátt hér á Spáni auk þess sem hann hefur látið þýða ensku lögin yfir á spænsku og sent ásamt afriti af þeim spænsku helstu stofnunum í landinu til samanburðar.

Umfjöllun hans hefur valdið svo miklu fjaðrafoki hér að á dögunum lýsti Alfonso Guerra, varaforseti ríkisstjórnarinnar, því yfir að stjórnin væri með til athugunar tillögur ýmissa kvennasamtaka til breytinga á lögunum þar sem ljóst væri að þau virkuðu ekki sem skyldi. Tillögur kvennasamtaka eru flestar á einn veg, að fóstureyðingar verði gefnar algjörlega frjálsar og þær verði öllum að kostnaðarlausu. Þetta sé eina leiðin til þess að koma á kné þeim neðanjarðarlæknastöðvum sem voru starfandi með vitneskju og samþykki allra meðan núverandi lög eru við lýði og ekki sé við það ástand unandi." Nú veit ég ekki hvort þetta er allt rétt. Alla vega fannst mér þessi tala geigvænlega há. Ég les þetta hér upp til þess að lýsa upp þann raunveruleika sem blasir við mörgum. Það er mjög erfitt að líta fram hjá honum og ætla sér einungis að þrengja löggjöf án þess að gera nokkuð til að mæta því sem virðist vera þörf á. Þessari þörf má auðvitað mæta á ýmsan hátt til þess

að draga úr henni. Ég endurtek enn einu sinni og ítreka að aðstæður kvenna og þekking fólks á kynlífi og notkun getnaðarvarna eru miklu áhrifaríkari þættir til að ákvarða hegðun þeirra í þessum efnum en þrenging laganna.

Næst vil ég víkja að þeim tölum sem hér hafa verið nefndar til að gefa til kynna mikla fjölgun fóstureyðinga hérlendis á undanförnum árum og þá sérstaklega í kjölfar rýmkaðrar löggjafar. Af því sem áður hefur komið fram um ólöglegar fóstureyðingar er fullvel ljóst að ekki er hægt að gera samanburð í þessum efnum. Meðan löggjöf hér var þrengri voru eðlilega færri löglegar fóstureyðingar gerðar. En engin vitneskja er um fjölda þeirra sem gerðar voru ólöglega hérlendis né heldur fjölda þeirra kvenna sem leituðu til annarra landa eftir fóstureyðingu. Því er þessi samanburður ekki marktækur né heldur þær fullyrðingar réttar að fóstureyðingum hafi fjölgað eftir að lögin voru rýmkuð miðað við það sem áður var, einfaldlega vegna þess að við vitum ekki hvernig það var áður. Hins vegar er það alveg rétt að tíðnin hefur farið nokkuð jafnt og þétt vaxandi síðan 1975 þó að eitthvað hafi dregið úr á sl. tveim árum. Þetta er auðvitað áhyggjuefni. Þó vil ég benda hv. þm. á töflu 1 á bls. 5 í grg. frv. og mig langar að biðja þá að bera saman fjölda framkvæmdra fóstureyðinga annars vegar, sem er fjórði talnadálkur töflunnar, og hins vegar fjölda fóstureyðinga á hverjar þúsund konur á aldrinum 15–49 ára eða á barneignaraldri. Þar er nokkur munur á tíðni, einkum á árunum eftir að löggjöfin var rýmkuð.

Ég vil einnig benda hv. þm. á þá staðreynd að þrátt fyrir þessa aukningu hérlendis eru samt enn mun færri fóstureyðingar hér á landi en t.d. í nágrannalöndum okkar eins og Norðurlöndunum. Þá langar mig til að vitna í töflu sem ég fékk frá landlækni og hún gildir reyndar um Norðurlöndin fyrir árið 1984 og varðar tíðni fóstureyðinga á hver 1000 lifandi fædd börn. Í Grænlandi voru þær 609, í Danmörku 400, í Svíþjóð 328, í Noregi 280, í Finnlandi 209 en á Íslandi 177. Og þessi hlutföll standa enn. Ég hef ekki nýjustu tölur en ég veit að þessi hlutföll eru enn mjög svipuð. Ísland er alltaf miklu lægra, eða talsvert lægra en hin Norðurlöndin.

Ég vil hins vegar ítreka í þessu sambandi það sem ég áður minntist á en það er ástand mála hjá unglingsstúlkunum hérlendis. Bæði fæðingum og fóstureyðingum hefur fækkað hjá stúlkum á aldrinum 15–19 ára á hinum Norðurlöndunum í kjölfar aukinnar fræðslu eins og ég minntist á áðan. Samtímis hefur hins vegar fjölgað fóstureyðingum hérlendis hjá þessum aldurshópi. Þetta er auðvitað verulegt áhyggjuefni og brýn ástæða er fyrir okkur til að taka nú höndum saman og tryggja það að I. kafli núgildandi laga, nr. 25/1975 verði framkvæmdur. Til þess þarf fjármagn og það er einmitt skylda okkar að tryggja það að næg fjárveiting fáist þannig að lögskipaðir aðilar, í þessu tilfelli landlæknir og heilsugæslustöðvar og sjúkrahús, geti sinnt hlutverki sínu.

Ég vil nú aðeins víkja nokkrum orðum að frv. umfram það sem ég hef þegar gert og ég legg áherslu á að ég styð sannarlega þann skilning, sem kemur fram í frv., á mikilvægi fræðslunnar og mér finnst það vera ágætur þáttur þess en ég hef þegar sagt að ég telji ekki vera ástæðu til þess að breyta lögunum vegna þess að það eru alveg nógu skýr og skilmerkileg ákvæði um fræðslu í núgildandi lögum.

Það er þá á bls. 2 í frv. sem varðar III. kafla, um fóstureyðingar, og 8. gr. undir stafliðnum h, innan sviga 8. gr. Það er þriðji liðurinn undir því þar sem segir, með leyfi forseta: „Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði stúlku allt að 16 ára aldri of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna.“ Það á sum sé að vera ein heimildin. Og þá vil ég gera athugasemd vegna þess að ég tel afar varasamt að binda slíkt við ákveðinn aldur. Þetta fer svo afskaplega mikið eftir einstaklingum hvort eð er, þroska einstaklinga, ýmsum öðrum ástæðum, t.d. félagslegum ástæðum. Það er mjög erfitt að binda slíkt við ákveðinn aldur. Það hlýtur að fara í hverju tilfelli eftir einstaklingi. Og það er vissulega áhyggjuefni fyrir okkur öll að manneskjur sem vart eru komnar sjálfar af barnsaldri skuli annaðhvort lenda í fóstureyðingu eða í því að eiga sjálfar börn. Það getur haft mjög afdrifarík sálræn áhrif á börn að eiga börn sem mjög erfitt getur verið að bæta úr síðar meir. Ég tel mjög varasamt í frv. að binda þetta við ákveðinn aldur fremur en við einstaklinginn og hvernig hún er á sig komin í þessu tilviki.

Á bls. 3 í staflið k um 11. gr. kemur sú hugmynd fram, sem oft hefur skotið upp kollinum, að konur eigi það val eitt að fæða barn og láta það í fóstur eða ættleiða það. Ég hygg að margir þeir sem bera fram þannig hugmyndir hafi ekki upplifað það að vinna á fæðingardeild og sjá ungar stúlkur sem hafa neyðst til þess að gefa börn sín sem þær fæða. Það hlýtur fyrst og fremst að vera hlutverk löggjafans og þjóðfélagsins alls að sjá til þess að ungar stúlkur og konur geti haldið börnum sínum hjá sér og séð fyrir þeim. Það hlýtur að vera úrræðið fyrst og fremst.

Síðan kemur fram á bls. 5 í grg. og varðar III. kafla í grg. um reynslu af lögunum. Þar er byrjað að tala um helstu auðkenni þeirra kvenna er fara í slíka aðgerð. Ég vara mjög við þessu vegna þess að ég held að þetta geti verið bæði lítillækkandi og mjög særandi fyrir þær konur sem hafa þurft að velja þetta úrræði. (Gripið fram í.) Já, það má þá segja að það sé jafn... (Gripið fram í.) Þó að það komi úr skýrslunum er það samt eitthvað sem er umhugsunarvert. Ég tek undir þessar athugasemdir sem komu fram hjá Sólveigu Pétursdóttur, hv. 8. þm. Reykv., sem talaði í þessu máli síðast þegar það var til umræðu.

Síðan er sagt nokkuð neðar í næstu málsgr., með leyfi forseta: „Hér eru ekki tök á að fara ítarlega út í þessa könnun en hjá því verður ekki komist vegna þeirra breytinga sem frv. þetta boðar, að gera grein fyrir helstu niðurstöðum til að varpa ljósi á hið

raunverulega vandamál fóstureyðandans." — Og ég vil spyrja hv. 1. flm.: Hver er fóstureyðandi? (**GuðmÁ:** Á hvaða blaðsíðu er þetta?) Þetta er á bls. 5. Það er 2. mgr. að ofan. Þar er talað um hið raunverulega vandamál fóstureyðandans.

Síðan skil ég hreinlega ekki þessar setningar hérna sem eru á bls. 6 og ég vildi líka spyrjast fyrir um þær, með leyfi forseta, ef ég les þær. Það er þriðja síðasta málsgreinin að neðan á blaðsíðunni:

„Fóstureyðingar eru þrátt fyrir þessar tölur færri hér á landi en í flestum öðrum löndum, hvað sem veldur. Nærtækast væri að kenna löggjöfinni þar um en fyrrgreindar tölur afsanna þá staðhæfingu. Leita verður frekari skýringa í siðferði Íslendinga og baráttuþreki þeirra til að takast á við vandamál líðandi stundar.

Ætla mætti því að fóstureyðingarlöggjöfin í núverandi mynd sé dulbúnar frjálsar fóstureyðingar og þá til þess eins gagns að fæla þær konur frá fóstureyðingu sem telja að þær geti ekki fengið slíka aðgerð framkvæmda." — Ég hreinlega bara skil þetta ekki og vildi biðja hv. 1. flm. að skýra það fyrir mér.

Síðan kemur á bls. 10 sem er 1. mgr. sem byrjar þar í grg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kjarninn í frv. er sá að konunni er frjálst að haga sér eins og samviska hennar býður meðan sú háttsemi skaðar ekki mannréttindi annarra." Og þá vil ég taka undir þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að það er auðvitað mjög nauðsynlegt að beina ekki sjónum fyrst og fremst að konunni í þessum efnum, hvorki er varðar fræðsluna né annað sem varðar hegðun þó að vísu standi það konunni næst því að þetta er hennar líkami. Við hljótum líka að hugsa um maka konunnar, í þessum efnum. Við hljótum að hugsa um pilta jafnt og stúlkur þegar við tölum um fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir. Við hljótum að ítreka og minnast á ábyrgð beggja aðila í þessum efnum.

Það kemur líka fullyrðing neðar á þessari síðu þar sem segir í 3. mgr.: „Reynslan hefur sýnt að fræðslan ein dugir skammt." Og þá vil ég enn og aftur ítreka að henni hefur ekki verið sinnt sem skyldi og þess vegna höfum við í raun enga viðmiðun.

Neðar á þessari sömu síðu, þar sem tekin eru til atriðin sem heimila fóstureyðingar, í næstsíðustu málsgrein á undan athugasemdunum, segir, með leyfi forseta: „Í þriðja lagi er heimiluð fóstureyðing ef móðir er ung að árum. Þessa heimild má gagnrýna út frá sömu forsendu og aðrar heimildir laganna til fóstureyðinga, en það þykir rétt að hafa þessa heimild fyrir hendi að því tilskildu að foreldrar standi með stúlkunni að umsókn um fóstureyðingu og að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki til skaða." Þetta hlýtur að vera afar erfitt að meta fyrir fram. Og þess vegna vildi ég spyrja: Hvers vegna var þetta sett inn? Ég sé ekki hvernig hægt er í flestum tilvikum að meta þetta fyrir fram.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv., og þá um 1. gr., segir í c-lið um 3. gr. á bls. 12: „Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi ...", þ.e. deild sem á að hafa yfirumsjón með fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði og ég vitna í þessa setningu, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi í nánum tengslum við sveitarfélög og Tryggingastofnun og aðstoði fólk sjálft eða með stuðningi þessara aðila til að ala önn fyrir því og barninu." Þarna er í raun, að því er mér virðist, tillaga um félagslegar úrbætur en hún er ekkert útfærð og hún kemur hvergi annars staðar fram og ég mundi gjarnan vilja biðja hv. flm. um nánari skilgreiningu á þessu því þetta er afar mikilvægt atriði.

Síðan segir reyndar í fskj. I með grg. með frv. á bls. 15, neðstu línu, með leyfi forseta: „Það má ekki gleymast að val konunnar á oftast að verulegu leyti rætur í afstöðu umhverfisins". — Þá vil ég enn og aftur leggja áherslu á við hv. flm.: Hvernig væri þá að reyna að breyta umhverfinu en ekki að taka það skref að þrengja lögin? Ég mun ekki fjalla frekar um frv. en að lokum þetta, virðulegi forseti:

Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða þar sem fóstureyðingar eru. Um það eru skiptar skoðanir og bæði konur og karlar bera oft til þess sterkar tilfinningar með eða á móti. Þetta er einnig mál sem varðar grundvallarréttindi kvenna til að ráða yfir líkama sínum og lífi. Fóstureyðing er þó og verður neyðarúrræði og við hljótum öll að vilja draga úr fjölda þeirra eins og okkur er frekast unnt. Það gerum við best, að því að ég hygg, með því að taka höndum saman um að búa vel í haginn fyrir konur og börn og gera samfélagið vinsamlegra börnum og foreldrum þeirra og auka fræðslu um kynlíf og getnaðarverjur. Það tel ég tvímælalaust vænlega leið og mun vænlegri en hér er lögð til. Ég óttast það að þrenging löggjafarinnar hvað varðar heimildir til fóstureyðinga án þess að nokkrar félagslegar úrbætur komi til verði til þess að reka fóstureyðingar aftur á þann vettvang sem býður heim hættum fyrir konur og jafnvel dauða þeirra og verði til þess að auka enn á þann félagslega vanda sem löngu er orðinn óþolandi og smánarblettur á okkar menntaða og ríka þjóðfélagi. Við þurfum að sjá sóma okkar í því að byggja upp þjóðfélag sem er vinsamlegt manneskjum, öllum manneskjum, ungum og öldnum, og einnig þeim sem eru á besta aldri. Það hlýtur fyrst og fremst að vera verkefni okkar. Í þannig þjóðfélagi, þar sem börn eru velkomin, verður minni og vonandi ekki þörf fyrir úrlausn eins og fóstureyðingu nema í undantekningartilvikum.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja: Þegar um ákvörðun eins og fóstureyðingu er að ræða treysti ég engum betur til ákvörðunar en konunni sjálfri. Náttúran hefur falið henni það hlutverk að bera börn, ala þau og annast. Ég tek undir með náttúrunni og treysti engum betur til að gegna þessu hlutverki og ákvarða um það en einmitt konunni sjálfri.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Frú forseti. Mig langar að svara þeim gagnrýnisröddum sem hafa komið fram á frv. sem ég

er 1. flm. að, um breytingar á lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Áður en máli þessu var frestað talaði hv. 4. þm. Vestf. um þetta mál og fann því helst það til foráttu að í því væri heimild til fóstureyðinga á félagslegum grunni og vísaði hann til þeirrar greinar í frv., h-liðar sem varðar 8. gr., 3. mgr. þeirrar greinar. Að öðru leyti virtist mér hann taka undir meginhugsunina sem þarna kemur fram, að leggja áherslu á líf hins ófædda og það að takmarka eigi mjög verulega fóstureyðingar hér á landi. Þakka ég honum fyrir þau orð sem hann lét falla um þetta frv.

Hv. 8. þm. Reykv. Sólveig Pétursdóttir ræddi einnig um frv. og leit aðallega til þess að í grg. frv. kæmu fram rosalegar tölur um fjölda fóstureyðinga hér á landi. Hún lagði mikla áherslu á að draga úr þessari tíðni og sagði að við þyrftum að gera allt sem í okkar valdi stæði til þess að svo gæti orðið. Tók hún undir margt það sem fram kemur í þessu frv. og þá sérstaklega varðandi breytingar á II. kafla frv. sem varðar ráðgjöf og fræðslu.

Nú síðast talaði hv. 6. þm. Reykv. og fór yfir frv. lið fyrir lið og þá hugsun sem það er byggt á. Henni fannst að það væri ekki byggt á þeim forsendum sem hún hefði helst viljað. Hún telur raunar að engin ástæða sé til að breyta núverandi löggjöf á þessu sviði. Telur hv. 6. þm. Reykv. að sú löggjöf sem nú er fullnægi þeim skilyrðum sem gera verður til laga um fóstureyðingar, en gagnrýndi hins vegar mjög ráðgjöfina og fræðsluna sem ekki væru í samræmi við það sem rætt hafi verið um þegar lögin voru samþykkt. Get ég vel tekið undir þessa síðari gagnrýni hennar á núgildandi lög, enda eru lagðar til í þessu frv. verulegar breytingar á þeim kafla laganna sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu. Þar er tekið inn í að fræðslan skuli byrja í grunnskóla og síðan halda áfram og gert er ráð fyrir að landlæknisembættið taki við og aðstoði foreldra sem búa við erfiðar heimilisaðstæður.

En aðalgagnrýnin var samt sú að við hefðum ekki lagt nógu mikla fjármuni í þetta ráðgjafar- og fræðslustarf. Raunar taldi hv. þm. að það hefði litla þýðingu að breyta lögunum ef það fylgdi ekki með að eytt yrði meiri fjármunum í þetta. Í sjálfu sér get ég tekið undir það sjónarmið en hins vegar tel ég að þær breytingar sem hér er verið að boða knýi á um að gert verði eitthvað í þessum málum. Raunar tel ég að margt sem kemur fram í þessu frv. tengist betur núverandi kerfi á mörgum sviðum en gömlu lögin gerðu ráð fyrir.

Þá vil ég einnig benda á að þegar ég flutti mína framsöguræðu með frv. gerði ég ráð fyrir að því mundi fylgja annað frv. sem fæli í sér að reynt yrði að bæta stöðu þeirra foreldra sem eiga börn og hafa átt börn. En því miður tókst ekki að koma því frv. fram á þetta þing. Vonast ég eftir því að það verði lagt fram á næsta þingi. En það er alveg rétt að það má gagnrýna þetta frv. fyrir það að því fylgi ekki neinar aðrar breytingar en í því er kveðið á um. Eins og oft er eru orðin ein lítils virði ef ekki á að fylgja einhver framkvæmd á eftir. Ég tek á mig þessi andmæli en sá vilji sem hér kemur fram um að auka ráðgjöfina og fræðsluna átti ekki bara að byggjast á þeim orðum sem þarna komu fram heldur áttu að fylgja verulegar umbætur til handa foreldrum sem afráða að eiga börn í staðinn fyrir að fara í fóstureyðingu. Ég held að fram komi í grg. að þetta hafi verið sá andi sem bjó að baki, enda kom það fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 6. þm. Reykv., að við gerum ráð fyrir því að sú deild innan landlæknisembættisins hafi mjög víðtækar heimildir til að aðstoða fólk sem lendir í vandræðum vegna barneigna og hún geti komið til aðstoðar í gegnum Félagsmálastofnun eða þá sjálf með beinum framlögum eða við útvegun húsnæðis.

Það kom fram í máli hv. 6. þm. Reykv. að lögin sem nú eru í gildi virða grundvallarréttindi kvenna. Af þessu mátti skilja að þetta frv. gerði það ekki. Ég er ósammála hvoru tveggja. Ég vil einmitt miða við það að þetta frv. líti til konunnar og einnig barnsins eða fóstursins, en þau lög sem nú eru í gildi þjóni hvorki hagsmunum konunnar né hins ófædda. Það geta ekki verið lög sem hugsa um grundvallarréttindi kvenna sem heimila henni að grípa til ráðstafana sem eru andstæðar hennar skoðun. Þau lög sem nú eru í gildi eru þessu marki brennd að þau heimila konunni að grípa til fóstureyðinga, búi hún við „óviðráðanlegar félagslegar aðstæður", eins og segir í lögunum.

Ég vil lýsa því yfir að hugmynd mín og míns flokks með framlagningu þessa frv. var alls ekki sú að því skyldi stefnt gegn konunni, heldur að við viljum líta á hagsmuni hins ófædda og það sé það grunnviðhorf sem þurfi að vera í löggjöfinni að virða mannréttindi allra, ekki bara þeirra sem hafa fæðst inn í þennan heim, heldur líka þeirra sem koma þangað og eru, má segja, á leiðinni.

Síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Reykv., eyddi nokkrum tíma í að tala um upphaf og lok lífsins og tók skýrt fram að það sem hún segði í þeim efnum væri ekki það sem allir gætu sætt sig við að væri hið rétta. Hún markaði að vísu ekki upphafið og ekki heldur lokin en kom með ýmsar kenningar þar að lútandi sem voru dálítið fljótandi. Ég get vel tekið undir það að mjög erfitt er að ákveða hvenær líf hefur kviknað og hvenær maður er látinn. Hins vegar getum við almennt séð ákvarðað báða þættina út frá málvenju og því sem við teljum að sé nokkurn veginn það rétta.

T.d. varðandi lok lífsins, þá eru allir sammála því að maðurinn er ekki látinn fyrr en a.m.k. annaðhvort heiladauði eða hjartadauði hefur komið til. Það má kannski minna á að í Hollandi er nýbúið að samþykkja lög þar sem heimilt er manndráp á fólki sem þjáist af ákveðnum sjúkdómum. Þá er spurning hve langt er á milli lífsins og dauðans og hvaða verðmæti eru þarna lögð að baki.

Ég tel alveg ljóst að 10 vikna gamalt fóstur er líf í þeim skilningi sem flestir vilja leggja í hugtakið líf.

Það kemur fram í greinargerð frv. að það líf er byrjað að hreyfast af sjálfu sér og það líf hefur fengið alla stærstu og mestu líkamshluta, eða hjarta, lungu og fleira. Þá eru allir útlimir komnir og byrjaðar að myndast á þeim neglur.

Ég er alveg sammála síðasta ræðumanni að því leyti að hér þarf margt að bæta varðandi ytri aðstæður. En ég vil ekki taka undir það sem hún sagði, að ytri aðstæður og fóstureyðingar mætti tengja saman. Ég tel að þarna sé um tvo ólíka þætti að ræða. Annars vegar er lífið sem slíkt og hins vegar hvernig umhverfið er. Ég tel það fyrir neðan allar hellur að tengja þetta tvennt saman. Ég vil bara minna á að ekki eru nema 20–30 ár síðan slíkar heimildir voru ekki í lögum og þá datt fólki ekki í hug að fara fram á fóstureyðingar. Þá voru félagslegar aðstæður miklu verri en í dag.

Ég vil líka benda á að fóstureyðing bindur enda á líf sem er byrjað að þróast, líf sem annars hefði fæðst. Síðan er það líka spurning hvaða verðmæti þjóðfélagið á að virða. Á það að virða líf konunnar framar lífi fóstursins eða á að reyna að taka tillit til þessara beggja sjónarmiða? Í mínum huga er alveg ljóst að við eigum að sníða löggjöf að því að virða líf hins ófædda. Hins vegar á ríkisvaldið að sníða þjóðfélagið að konunni og því mannfólki sem þar er og allir eiga að vera velkomnir í þetta líf.

Sami hv. þm. gerði samanburð milli Norðurlanda og sagði að fóstureyðingar væru fæstar hér á Íslandi. Það er nokkuð til í því og ekki borið á móti því. Hins vegar benda allar tölur til þess að við séum óðfluga að nálgast þessar þjóðir. Á meðan fóstureyðingum fer fækkandi á Norðurlöndum aukast þær hér á Íslandi.

Það var gagnrýnt að í lögunum skyldi vera heimild fyrir 16 ára stúlkur til að fara í fóstureyðingu og því haldið fram að það væri óheppilegt að miða við ákveðinn aldur því þroskastig stúlkna væri mjög mismunandi. Það er nokkuð rétt. Hins vegar finnst okkur höfundum þessa frv. að þessi heimild þurfi að vera fyrir hendi. Vegna 16 ára stúlkna og raunar barna alveg niður í 13 ára aldur sem hafa orðið barnshafandi finnst mér að þjóðfélagið krefjist þess að slíkar heimildir séu fyrir hendi.

Í sömu umfjöllun var spurt um hvað það þýði sem segir í grg. á bls. 10: „að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki til skaða". Spurt er hvað þetta þýði og hvort þarna sé verið að útiloka fóstureyðingu á þessum grundvelli. Svo er ekki, heldur verður þarna að leggja almennt mat á það hvort ákveðin fóstureyðing hafi í för með sér meiri skaða en almennt gerist. Þarna er ekki verið að þrengja heimildina meira en felst í orðunum.

Minnst var á ákvæði í 11. gr. um ættleiðingu. Í sjálfu sér get ég tekið undir það sjónarmið að ekki eigi að hvetja konur til að fæða börn til þess að gefa þau. Hins vegar finnst mér það sem fram kemur í 11. gr. ekki vera þess eðlis að að því sé stefnt, heldur er þar sagt:

„Áður en fóstureyðing má fara fram er skylt að upplýsa konuna sem fer fram á aðgerðina um fóstrið og þroskastig þess, áhættuna samfara aðgerðinni og hugsanleg eftirköst. Enn fremur um þá félagslegu aðstoð sem henni stendur til boða og þann kost að láta barnið í fóstur eða láta ættleiða það."

Þarna er einungis verið að koma í veg fyrir að fóstureyðing eigi sér stað og konunni sé gerð grein fyrir öllum þeim möguleikum sem fyrir hendi eru án þess að á einn eða annan hátt sé verið að mælast til eins eða annars.

Í ræðu hv. 6. þm. Reykv. og raunar í ræðu 8. þm. Reykv. Sólveigar Pétursdóttur er gagnrýnt orðavalið „auðkenni þeirra kvenna sem hafa farið í fóstureyðingar" og haldið fram að þarna sé farið niðrandi orðum um konur. Ég gerði mér ekki fyllilega grein fyrir því, enda var það ekki tilgangurinn með því að koma þessu orði þarna inn að fara niðrandi orðum um konur. Þetta er tekið beint upp úr heilbrigðisskýrslum sem útgefnar voru af landlæknisembættinu árið 1975. Mér fannst ekki rétt að breyta því orðalagi, enda er hér hvað eftir annað vitnað í þessa heilbrigðisskýrslu sem grundvöll þeirra upplýsinga sem raktar eru í þessum kafla frv.

Einnig var gagnrýnt að lítið er minnst á hlut karlmannsins. Get ég tekið undir þá gagnrýni. Að sjálfsögðu viljum við flm. þessa frv. ekki síður kalla hann til ábyrgðar fyrir fóstureyðingum. Hins vegar eru þessi mál sem varða fóstureyðingar og kannski sú löggjöf sem nú er í gildi að meginstefnu byggð í kringum konuna. Af þeim augljósu ástæðum hefur þetta verið talið fyrst og fremst mál kvenna. Ég get sem dæmi nefnt að ég veit um tvö nýleg tilvik þar sem karlmaður reyndi að hindra konu í því að fara fram á að fá fóstureyðingu. Þeir fengu engu áorkað í þeim efnum gegn vilja konunnar. Eftir því sem mér skildist tóku þeir félagsráðgjafar sem um málið fjölluðu heldur ekkert tillit til þess sem karlmaðurinn eða eiginmaðurinn hafði að segja um málið.

Síðasti ræðumaður sagði í lokaorðum sínum: Ég treysti engum til að fara betur með barn en konunni. Ég get að sjálfsögðu tekið undir þessi sjónarmið. Hins vegar má ekki gleymast að karlmenn eru til og þeir eru jafnmiklar tilfinningaverur oft og tíðum og kvenmenn. Sá hugsunarháttur sem beinist að því einu að það eigi að hugsa um konuna er ekki réttur og gefur mjög brenglaða mynd af þjóðfélaginu.

Ég hef hér reynt að fara yfir þau atriði sem ég hafði skrifað hjá mér til að svara þeirri gagnrýni sem á þetta frv. hefur komið og eflaust gleymt einhverju. Það stafar ekki af því að ég geti ekki skýrt það út, heldur fyrst og fremst af því að ég hef ekki náð því niður.

Að lokum vil ég leggja áherslu á og ítreka það sem ég sagði í upphafi framsöguræðu minnar, að ég held að við þurfum að gera eitthvað til þess að draga úr fóstureyðingum. Hins vegar er spurning um leiðir að því marki. Á að þrengja löggjöfina og þá að auka í leiðinni ráðgjöf og fræðslu? Eða á að hafa lögin óbreytt og þá miða við það sem gerst hefur á undan-

förnum árum og gera ekki neitt? Ég held að við þurfum að hugsa um þessi mál miklu meira en við höfum gert og með því hugarfari að reyna að draga eins mikið og hægt er úr fóstureyðingum í stað þess að horfa aðgerðalaus á það sem er að gerast.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur nú tekið þó nokkurn tíma. Þó má segja að ástæðulaust sé að vera að setja á veruleg ræðuhöld um málið. Einhver mundi sjálfsagt taka þannig til orða. Ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til að fara að halda langa ræðu um þetta mál en get þó ekki annað en tekið til máls úr því að það er komið hér upp með þeim hætti sem það liggur hér fyrir. Málið er allt þannig vaxið að ég treysti mér ekki til að láta það algerlega fram hjá mér fara. Ég hefði auðvitað helst kosið að málið hefði ekki sést hér eins og það er, svo slæmt er það. Ef málið hefði aldrei verið flutt hefði það heldur ekki tekið neinn tíma hér. Þetta frv. stríðir í veigamiklum atriðum gegn mínum réttlætis- og jafnréttishugmyndum, að ekki sé fastar að orði kveðið.

Afstaða Alþb. í þessu máli liggur fyrir og er mjög þekkt. Það var 1973 sem Magnús Kjartansson lagði hér fram á Alþingi frv. um þessi efni sem hafði verið samið af nefnd sem í áttu sæti ýmsir aðilar, m.a. fulltrúar heilbrigðisstétta. Það var frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir sem lagt var fyrir 94. löggjafarþingið 1973. Það var undirbúið af nefnd sem í áttu sæti Pétur Jakobsson prófessor, Tómas Helgason prófessor og Sigurður Samúelsson sem lét svo af störfum og við sæti hans tók Guðrún Erlendsdóttir hrl. Síðan bættust við í þessa nefnd Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi sem ráðin var sem ritari nefndarinnar og loks Vilborg Harðardóttir blaðamaður.

Niðurstaðan varð þetta frv. sem lagt var fyrir 94. löggjafarþingið. Það olli miklum deilum. Veigamikil ákvæði þar, sérstaklega í 9. gr. frv., ollu verulegum deilum. Niðurstaðan varð sú að frv. var tekið til endurskoðunar af þeirri ríkisstjórn sem tók við sumarið 1974. Undir forystu þáv. heilbrrh. var frv. endurskoðað. Í það var sett þriggja manna nefnd á vegum þáv. stjórnarflokka en í þeirri nefnd voru eingöngu karlmenn. Það var nokkuð sem gæti ekki gerst á Íslandi árið 1988, held ég. En það gerðist 1. nóv. 1974. Þá var skipuð nefnd sem í áttu sæti Ingimar Sigurðsson, Ellert B. Schram og Halldór Ásgrímsson. Þessi nefnd skilaði síðan frv. til hæstv. þáv. heilbrrh. — Ég sé að hv. þm. Vesturl. tekur eftir því hvað það er fátt hér í salnum, en vil benda honum á það að það eru örugglega hlutfallslega fleiri en í Nd.

Þessi nefnd skilaði sem sagt frv. til hæstv. heilbrrh. sem flutti það fyrir Alþingi. Það var samþykkt eftir mjög miklar umræður. Sú breyting sem gerð var á 9. gr. frv. í þá átt að þrengja möguleika til fóstureyðinga við tiltekin skilyrði mætti andstöðu í þinginu. M.a. munu einhverjir þm. Alþb. sem þá voru hér á Alþingi hafa greitt atkvæði gegn þessari breytingu. En niðurstaðan varð sú að við fengum þessi lög sem síðan hafa verið í framkvæmd og unnið hefur verið eftir. Að vísu verður að játa að ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir hefur ekki verið sinnt sem skyldi.

Þegar reynslan er skoðuð og farið yfir þær tölur sem til eru um þessi efni frá síðustu árum kemur í ljós þrátt fyrir allt að hér hefur ekki orðið það flóð fóstureyðinga sem spáð var á sínum tíma. Þvert á móti eru framkvæmdar fóstureyðingar miklu færri hér á landi á árunum eftir að lögin voru sett en t.d. í grannlöndum okkar. Það er rangt sem hv. flm. sagði áðan að fóstureyðingum hafi farið fjölgandi á síðustu árum. Þeim hefur farið fækkandi hvernig sem sú tala er skoðuð, hvort sem hún er skoðuð sem absolút tala eða sem hlutfall af fæðingum. Sérstaklega vek ég athygli á þeirri staðreynd að á árinu 1987 mun hafa orðið nokkur fækkun á fóstureyðingum hér á landi en veruleg fjölgun á fæðingum. Þá fæddust hér á landi lifandi 4150 börn.

Það er því ekki hægt að segja að þessi lög, eins og þau voru sett á sínum tíma, hafi haft í för með sér eitthvert flóð fóstureyðinga og misnotkunar í þeim efnum. Með því að halda því fram er verið að saka fólk um býsna alvarlega hluti, að ekki sé fastar að orði kveðið af minni hálfu að sinni.

Ég vil hins vegar vara mjög við allri talnafræði í þessum málum vegna þess að opinberar tölur um þessi efni segja ákaflega lítið. Gott dæmi um það er taflan á bls. 17 sem fskj. II með því frv. sem hér er á dagskrá, þar sem greint er frá því hvernig ástæður fóstureyðinga eru flokkaðar í félagslegar ástæður, læknisfræðilegar ástæður o.fl. Þar kemur t.d. fram að læknisfræðilegum ástæðum fækkar mjög verulega. Af þessu hafa menn dregið þá ályktun að félagslegum ástæðum hafi fjölgað og hinn félagslegi vandi hafi þar af leiðandi vaxið stórkostlega. Ég leyfi mér að fullyrða: Þessar tölur segja ekki neitt. Þær segja ekki neitt vegna þess að það er tilhneiging til þess víða að flokka ástæður sem félagslegar jafnvel þótt þær hefðu verið flokkaðar sem læknisfræðilegar ástæður áður. Þessi samanburðarfræði sem hér er stunduð stenst því ekki og sýnir kannski ekki neitt annað en það hvað varhugavert er að hafa uppi miklar talningar á þáttum eins og þessum.

Í frv. hv. þm. Borgaraflokksins er gert ráð fyrir því sem meginreglu, eins og það er orðað, sem fram kemur í 1. gr., síðu 2, stafl. g. í III. kafla: „Líf sem kviknað hefur í móðurkviði er friðheilagt.“ Út á þessa hugmyndafræði gengur allt frv. Samt er sagt að frá þessu megi víkja. M.ö.o. í frv. er tvískinnungur. Friðheilagleikinn er ekki meiri en svo að opnað er fyrir mjög veigamiklar undantekningar í þessu efni vegna þess að hv. flm. gera sér grein fyrir því að útilokað er að banna fóstureyðingar við gersamlega allar kringumstæður. Þetta viðurkenna flm. og eru þannig í raun, með því að viðurkenna veruleikann í kringum sig, í mótsögn við það grundvallaratriði sem þeir segja að frv. byggist á.

Á þessu grundvallaratriði byggist síðan orðanotkun í grg. og frv. sem satt að segja er hrikaleg, kostuleg. Það er t.d. talað um „fóstureyðandann“ á bls. 5 sem ég hef ekki áður heyrt nefndan í íslensku máli. Þar er einnig birt tafla um fjölda fæddra og framkvæmdra fóstureyðinga á árunum 1971–1987. Og það er sagt: Þetta sýnir að fóstureyðingum fjölgaði við framkvæmd þessara laga.

Þá vil ég segja við hv. flm.: Tafla þeirra segir ekkert um þetta mál vegna þess að þeir hafa ekki neinar tölur um ólöglegar fóstureyðingar á Íslandi áður en lögin voru sett né heldur hafa þeir neinar upplýsingar um þann fjölda kvenna sem fór til útlanda til fóstureyðinga áður en þessi lög voru sett. Sú samanburðarfræði sem hér er stunduð segir því ekki nokkurn skapaðan hlut um þann alvarlega veruleika sem við erum hér að ræða um.

Ég tel að frv. sé í fyrsta lagi rangt siðferðilega. Það er kveðinn upp dómur yfir konum sem beita fóstureyðingu sem er alltaf neyðarúrræði.

Í öðru lagi tel ég að frv. sé rangt vegna þess að það eigi að svara þeim vanda sem frv. vísar á með fræðslustarfsemi og til þess að efla fræðslustarfsemi á að auka fjármagn í því skyni.

Í þriðja lagi tel ég að frv. sé rangt vegna þess að jafnvel þótt það yrði samþykkt mundi það ekki fækka fóstureyðingum. Það mundi fjölga ólöglegum fóstureyðingum og hrekja fjölda kvenna til útlanda til fóstureyðinga eins og var áður en lögin voru sett 1975.

Ég held að það sé líka beinlínis rangt að setja hlutina þannig upp að hér sé um að ræða val, hér sé um að ræða frelsi. Fóstureyðing er alltaf neyðarúrræði en konunum er sjálfum best treystandi til að fara með þann rétt að taka ákvörðun um fóstureyðingu eða ekki fóstureyðingu. Veruleikinn er einu sinni þannig að á konunum bitna hvort sem er afleiðingarnar á hvorn veginn sem þær kunna að velja. Hugarstríð og sektarkennd ef fóstureyðing er eina leiðin, burðurinn og ábyrgðin ef uppeldi og umönnun barns verður að veruleika. Þess vegna er meginskoðun okkar sú að það sé betri félagslegur aðbúnaður að börnum og barnafjölskyldum sem eigi að vera forgangsverkefni. Fyrir þinginu liggja mörg mál frá okkar þingflokki um þetta efni, m.a. frv. um dagvistarmál sem liggur hér fyrir þessari virðulegu deild. Við teljum að þrátt fyrir aukinn hagvöxt og batnandi efnahag þjóðarinnar í heild hafi aðbúnaður barnafjölskyldna og mæðra að mörgu leyti versnað, m.a. vegna þess að launamunur hefur vaxið, m.a. vegna þess að vinnuþrældómur hefur vaxið stórkostlega á undanförnum árum. Þessi vinnuþrældómur og þessi launamismunur kemur alveg sérstaklega niður á börnunum. Konur eiga nú ekki lengur val um það að vinna úti eða sinna heimili og börnum. Jafnvel mæður ungbarna neyðast til að fara út að afla heimilinu tekna löngu áður en gott má teljast og þá að láta börnin í óvissa dagvist og oft mjög dýra. Þessar aðstæður gera barnsburð og barnauppeldi ekki fýsilegan kost eins og sakir standa í þjóðfélaginu, því miður.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir rakti þessi mál mjög vel áðan og ég hygg að ég geti tekið undir flest af því sem hún sagði. M.a. rakti hún tölur um fóstureyðingar hér á Íslandi, í Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð á undanförnum árum. Ég hygg ótvírætt að þessar tölur sýni að íslenskum konum er vel treystandi til að búa við óbreytta fóstureyðingarlöggjöf. Það er ósanngjarnt og rangt að segja að þær hafi misnotað hana, eins og oft er haldið fram.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Það er enginn færari en konan sjálf til að taka þá erfiðu ákvörðun sem hér er um að ræða. Ég hygg þess vegna að lausn á þessu vandamáli fáist fyrst og fremst með fyrirbyggjandi aðgerðum, með fræðslu og með því að skapa þjóðfélag sem er gott við börn, þjóðfélag sem býður börn velkomin í þennan heim.

Flm. (Guðmundur Ágústsson):

Frú forseti. Ræða síðasta ræðumanns kom mér töluvert á óvart, fyrir það fyrsta að hann skuli hálfpartinn mælast til þess að við drögum þetta frv. til baka og halda því fram að þetta frv. hefði aldrei átt að koma hingað á þingið.

Málið snýst ekki um það hvort þau einstöku atriði sem fram koma í þessu frv. og sem gagnrýnd hafa verið mest, einstakt orðaval, eigi rétt á sér eða ekki, heldur hitt hver er meginkjarninn í frv., sá meginkjarni sem við flm. teljum að þurfi að búa að baki því þjóðfélagi sem við viljum lifa í. Það er í fyrsta lagi að mannréttindi skulu vera í heiðri höfð og æðstu mannréttindi hvers og eins er rétturinn til að fá að lifa. Án þeirra mannréttinda eru engin önnur mannréttindi til. Svo einfaldur er sá kjarni sem býr að baki þessu frv.

Það sem síðasta ræðumanni var tíðrætt um er að draga í efa gildi þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar þessu frv. um tíðni fóstureyðinga. Það skal upplýst hér að allar upplýsingar koma beint frá landlæknisembættinu úr heilbrigðisskýrslum og þær ályktanir sem dregnar eru í seinni hluta grg. eru allar fengnar þaðan um tölulegar upplýsingar.

Ég get tekið undir fullyrðingu hjá síðasta ræðumanni um muninn á læknisfræðilegum og félagslegum ástæðum. Hlutfallslega hefur læknisfræðilegum ástæðum fækkað en tölulega hafa þær staðið í stað. Það er jafnmikill fjöldi fóstureyðinga á grundvelli læknisfræðilegra ástæðna nú og áður eða mjög svipaður. Hins vegar hefur tíðni fóstureyðinga á grundvelli félagslegra ástæðna aukist mjög mikið. Ég þori ekki að nefna ákveðnar tölur um það hvað margar fóstureyðingar eru framkvæmdar hér á læknisfræðilegum grunni og hvað það hefur verið en mér telst svo til að það séu í kringum 200. Sá fjöldi hefur haldist óbreyttur síðan 1970. Hins vegar hefur fjöldi fóstureyðinga af félagslegum ástæðum farið mjög vaxandi eins og fram kemur í þeim skýrslum sem prentaðar hafa verið í grg.

En hvað kemur fram í grg. varðandi fjölda fóstur-

eyðinga? Það kemur fram svo að ekki verður um villst að fóstureyðingum hefur jafnt og þétt fjölgað frá ári til árs nema hvað á síðustu tveimur árum hefur þeim fækkað að einhverju leyti. Á bls. 5 í grg. sést þetta nokkuð vel. Þar kemur fram að árið 1976 voru fóstureyðingar 368. Þá voru það 8,6% á fjölda 100 lifandi fæddra. Árið 1980 eru fóstureyðingar 538 og er þá talan komin í 11,6% miðað við fjölda á 100 lifandi fæddra. Árið 1983 eru fóstureyðingar 689 og eru það 15,8% miðað við fjölda á 100 lifandi fæddra. Árið 1984 er talan komin uppi í 745 og er það 18,1% á fjölda 100 lifandi fæddra sem þýðir að af 100 fæðingum enda 18,1 með fóstureyðingu. Þetta eykst árið 1985 og er þá 18,3. Árið 1986 eru þetta 17,6. Það hefur aðeins fækkað árið 1986 en skv. upplýsingum frá landlæknisembættinu lágu ekki fyrir tölur um árið 1987 í síðasta mánuði. Þetta eru þær staðreyndir sem liggja fyrir.

Það sem þetta þýðir er sú hrikalega staðreynd að tæplega fimmta hver þungun endar með fóstureyðingu. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta var ekki hugsunin þegar frv. var samið 1975. Þegar ég las umræður á Alþingi var rætt um miklu lægri tölur en þetta.

Til upplýsingar get ég sagt frá lauslegri könnun í bekk sem ég kenni. Ég spurði nemendur að því hvað þeir héldu að væru margar fóstureyðingar framkvæmdar miðað við 100 lifandi fæddra. Maður heyrði tölurnar frá 2 upp í 10. En þegar sú staðreynd kom í ljós að það væru 17 blöskraði öllum.

Ég held að það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að það sé bara vitleysa og rugl í þm. Borgaraflokksins að vera að koma með svona frv., lýsi hugsunarhnætti þeirra manna sem tala þau orð og sem vilja ekki umhyggju fyrir lífinu, hvorki fóstrinu né öðru, né mannréttindi sem þeir hafa að vísu reynt að berjast fyrir með kjafti og klóm á þinginu. En ég vil ítreka það að þær upplýsingar sem koma fram í greinargerðinni eru teknar upp úr því sem fram kemur í heilbrigðisskýrslum og eru sem sagt ekki tilbúningur þeirra manna sem sömdu þetta frv.

Síðasti ræðumaður talaði um tvískinnungsháttinn í okkur sem leggjum fram þetta frv. að byggja frv. upp á því að lífið sé friðheilagt og síðan að koma með undantekningar frá því. Ég er alveg sammála honum í því að þegar samin eru lög eigi að hafa reglurnar sem skýrastar og reyna að komast hjá undantekningum. Að sjálfsögðu viðurkennum við að til eru aðstæður í þjóðfélaginu sem samkvæmt vilja fólksins kalla á það að vikið sé frá þeirri grundvallarreglu sem þarna kemur fram um friðhelgi mannlegs lífs. Það má minnast á fyrstu undantekninguna: Þegar líf og heilsa móður er í hættu, hvort á að fórna fóstrinu eða móðurinni? Það er ákvörðun okkar sem sömdum þetta frv. að í þeim tilvikum skuli heimiluð fóstureyðing og móðirin sé rétthærri í þeim tilvikum.

Í öðru lagi er talað um að heimila fóstureyðingu þegar sterkar líkur eru fyrir því að barn fæðist vanskapað eða sé haldið mjög alvarlegum sjúkdómi. Aðallega er vitnað til þess að það sé haldið mjög alvarlegum sjúkdómi. Ég held að þetta sé bara mannúðarástæða.

Í þriðja lagi er tekið fram að ef kona verður ófrísk sem afleiðing af refsiverðum verknaði skuli heimila fóstureyðingu. Þetta er ákvæði sem hefur verið í lögum alla tíð og ég held að það sé almennt viðhorf í þjóðfélaginu að heimila skuli fóstureyðingar á slíkum grundvelli.

Í fjórða lagi er síðan tekið fram að ef kona eða stúlka er ung að árum skuli heimila fóstureyðingu. Ég held að það sjónarmið eigi líka hljómgrunn hjá fólki og mundi vekja mikla tortryggni gagnvart þessu frv. og því ætlunarverki sem frv. þetta mælir fyrir um ef slík heimild yrði ekki fyrir hendi.

Því miður varð að koma með þessar undantekningar. Ég er meira að segja inni á því að ef rök eru fyrir fleiri ástæðum finnst mér í lagi að athuga slíkt.

Það er ekki rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að við séum að kveða upp dóm yfir konum. Í fyrri ræðu minni hér í dag, þegar ég mælti með þessu frv., tók ég það sérstaklega fram og hef reynt að haga mínum málflutningi þannig, ekki að níða konur niður eða gera nokkuð á þeirra hlut. Ég skil mjög vel afstöðu kvenna til bæði fóstureyðinga og fleira er þær varðar og tel raunar að þær ættu að hafa meira vægi í þessu þjóðfélagi. En þegar það varðar þennan þátt lífsins held ég að það megi takmarka þeirra rétt og tel það raunar sjálfsagðan hlut þegar um frelsi annars er að ræða, hvort sem um er að ræða konu eða karl. Ég geri ekki greinarmun þar á milli.

Í mínum huga snýst þetta mál ekki um konuna sem slíka þó að hún þurfi að bera fóstrið eða barnið undir belti. Þetta mál snýr að þjóðfélaginu sem slíku og því verðmætamati sem við viljum leggja í einstaka hluti og þá sérstaklega lífið sjálft. Þarna er ekki verið að takmarka frjálsræði konunnar, heldur verið að veita öðrum aðila, fóstrinu eða barninu rétt til að lifa. Við slíkar kringumstæður tel ég mjög eðlilegt að aðrir hagsmunir, og þá sérstaklega þeirra sem eldri eru, þurfi að víkja.

Ein aðalröksemdin gegn því að þrengja fóstureyðingalöggjöfina er sú að það kosti það bara að konur fari til útlanda. Ég er ekki sannfærður um það. Þó svo það hafi átt sér stað áður fyrr treysti ég kvenfólki það mikið — og kannski meira en þær gera sjálfar — að það muni hugsa sig alla vega tvisvar um og örugglega oftar áður en lagt er í slíkar utanlandsferðir.

Þá má varpa fram annarri spurningu vegna orða þeirra tveggja sem talað hafa hér í dag um fóstureyðingar: Af hverju ekki að heimila frjálsar fóstureyðingar? Af hverju er verið að hafa lögin undir rós? Af hverju er verið að tala um félagslegar aðstæður? Ég hélt að ég hefði reynt að sýna fram á það í framsöguræðu minni og raunar kemur það fram í grg. að sú kona sem fer fram á fóstureyðingu fær hana. Þær tölur sem liggja fyrir um þessi atriði tala sínu máli. Raunar er það sem fram kemur í grg.

tekið beint upp úr heilbrigðisskýrslum. Þar kemur fram að aðeins 3–18 konum á ári sé synjað um fóstureyðingar og þá á þeirri forsendu að þær hafi gengið með fóstri í 12 vikur eða lengur og að ástæðurnar sem þær bera fyrir sig eru af félagslegum toga. Það kemur ekki fram í heilbrigðisskýrslum að konu hafi verið neitað á forsendu þess að aðstæður heima við væru mjög góðar.

Það er ástæða til að fara aðeins betur ofan í einstaka liði í grg. Hvaða konur eru það sem fara fram á fóstureyðingar? Fram kemur að það eru ekki þær konur sem flestir tala aðallega um, einstæðar mæður, heldur eru þetta aðallega nemar og ógiftar konur sem vinna í þjónustustörfum.

Ég vil að lokum þakka fyrir þær umræður sem orðið hafa um þetta frv. og vona að þó að það verði kannski ekki samþykkt á þessu þingi verði það alla vega til þess að vekja upp umræður um fóstureyðingar og hvernig við viljum haga þessum málum í framtíðinni, eins og raunar hefur gerst. En ég tel að núverandi löggjöf á þessu sviði hafi ekki borið nægilegan árangur, hvorki er varðar ráðgjöfina og fræðsluna né er varðar fóstureyðingarnar sem slíkar og þá þær forsendur sem fóstureyðingar eiga að byggjast á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

78. fundur, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 570, n. 764, 849 og 863, brtt. 765, 850, 864.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 764 um frv. til laga um framhaldsskóla og brtt. meiri hl. nefndarinnar við sama frv.

Menntmn. hefur haldið nokkra fundi um þetta frv. Til viðtals við nefndina komu þeir menn sem upphaflega sömdu frv., þar á meðal hæstv. menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson, sem var formaður nefndarinnar, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Björn Friðfinnsson lögfræðingur, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, Jón Böðvarsson, fyrrv. skólameistari, og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri. Auk þess komu til fundar við nefndina fulltrúar Félags framhaldsskóla og skólameistararnir Ingvar Ásmundsson, Guðni Guðmundsson, Örnólfur Thorlacius, Björn Teitsson, Kristín Arnalds og Jóhann Sigurjónsson. Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntmrn., sat nokkra fundi nefndarinnar.

Í viðræðum við þessa aðila, sem ég hef nú lesið upp, kom margt athyglisvert og fróðlegt fram. Ég sé sérstaka ástæðu til að nefna ánægjulegan fund sem nefndin hafði með Félagi framhaldsskóla, en þar mættu formenn framhaldsskólafélaga víða að og komu með ýmsar tillögur sem þeir höfðu á blaði varðandi frv., fyrirspurnir og óskuðu eftir skýringum. Fundurinn var sérstaklega ánægjulegur vegna þess hversu framhaldsskólanemar höfðu mikið og rækilega sett sig inn í frv., höfðu lifandi áhuga á málefnum skólans og mikið til málanna að leggja. Auk þessa hafa nefndinni borist ýmis gögn, bréf og umsagnir.

Í afstöðu sinni til málsins klofnaði nefndin. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem lagðar eru fram á þskj. 765.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Undir nál. meiri hl. skrifa þingmennirnir Guðmundur G. Þórarinsson, Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir og Árni Gunnarsson.

Á þskj. 765 hafa verið lagðar fram í deildinni brtt. frá meiri hl. menntmn.

1. brtt. er við 2. gr. frv. um hlutverk framhaldsskóla og þar segir:

„Greinin orðist svo: Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

— að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,

— að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,

— að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.“

Hér er um nokkuð ítarlegri útfærslu og aðra röðun að ræða en í upphaflega frv.

2. brtt. meiri hl. er við 3. gr. Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

„Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skólinn verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.“

Hér er aðeins hnykkt á því að unnt er að stofna skóla, þetta er ekki síður skýringargrein, án þess að til komi samþykki Alþingis sem slíks, enda er þá ekki um kostnaðarþátttöku ríkisins að ræða við reksturs- eða stofnkostnað. Þetta er til frekari sýringar.

Önnur brtt. er einnig frá nefndinni varðandi 3. gr., en þar segir að 4. mgr. orðist svo: „Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög

annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar."

Enn er þessi brtt. fremur til skýringar því að í frv. segir, með leyfi forseta: „Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður sjóðir greiða 40% áætlaðs kostnaðar.

Í frv. kemur sem sagt ekki fram hvað gert er ef um frávik frá áætluðum kostnaði er að ræða og því var talið nauðsynlegt að hnykkja á því til skýringar með brtt. sem þarna er.

Jafnframt er 3. brtt. meiri hl. nefndarinnar við 3. gr. frv. þannig að 5. mgr. orðist svo: „Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði. [Það liggur auðvitað í augum uppi, en þótti sjálfsagt að koma þarna inn.] Hið sama gildir um stofnkostnað við byggingu heimavistar við framhaldsskóla."

Hér er hnykkt á því að ríkissjóður greiðir stofnkostnað við heimavist heimavistarskóla.

3. brtt. meiri hl. menntmn. er við 7. gr., en þar er lagt til að greinin orðist svo: „Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitastjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitastjórna.

Menntmrh. skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðir af menntmrh. samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar."

Hér er nánar kveðið á um hversu skólanefnd skuli skipuð. Í frv. er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi formann skólanefndar eins og í þessum brtt. án tilnefningar, en aðrir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sem ákvörðuð er í reglugerð. Nefndinni þótti óljóst og eðlilegt að taka nánar af um öll tvímæli hversu nefndin skyldi skipuð.

Nokkrar umræður urðu í menntmn. um eðli skólanefndarinnar og jafnframt meðal þeirra sem á fundi menntmn. komu til að gera grein fyrir sínum skoðunum varðandi frv. Nokkuð greindi menn á. Töldu sumir að stjórn skólans yrði fjarlægari með tilkomu skólanefndar sem mundi ráða stjórn skólans, en aðrir að með þessu væri verið að auka sjálfstæði skólans á þann hátt að skólanefnd skólans færi með yfirstjórn ýmsa sem nú heyrir undir ráðuneytið.

Hygg ég að það sé tvímælalaust verið að auka sjálfstæði skólanna með þessum skólanefndum.

4. brtt. menntmn. er við 8. gr., að 1. mgr. 8. gr. orðist svo:

„Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntmrn."

Þar er fellt niður að skólanefnd og skólameistari marki stefnu í skólahaldi. Gert er ráð fyrir að það falli fremur í hlut skólameistara að gera það.

2. brtt. meiri hl. menntmn. við 8. gr. er um það að þar sem segir „Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt" leggur meiri hl. menntmn. til að í stað orðanna „ber ábyrgð á" í niðurlagi komi: fylgist með. Er talið eðlilegra að skólameistari beri ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé framfylgt, en skólanefndin fylgist með því.

5. brtt. er síðan við 9. gr., en þar er lagt til að 1. mgr. orðist svo:

„Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans."

Þarna er hnykkt á því hver ber ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé fylgt.

2. brtt. við 9. gr. er: Í stað orðanna „sem skólanefnd setur" í lok 3. mgr. komi: sem menntmrn. setur.

Í 9. gr. segir: „Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti, skal nánar kveða á um í reglum sem skólanefnd setur." Meiri hl. menntmn. leggur sem sagt til að þarna komi: „sem menntmrn. setur", að skólaráðið, starfsvið þess, verksvið, starfstími og starfshættir séu ákveðnir af reglum sem menntmrn. setur.

6. brtt. er við 10. gr., en hún er svo að við 2. málsl. bætist: „og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld", þ.e. nemendaráð gerir tillögur til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld jafnframt, að það sé sérstaklega tekið fram í lögunum.

7. brtt. er við 11. gr., en í 11. gr. frv. segir: „Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarða í reglum sem skólanefnd setur." Eðlilegra þótti meiri hl. að þarna kæmi í staðinn: „Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarða í reglum sem menntmrn. setur."

8. brtt. er við 13. gr. frv. en þar er lagt til að 2. mgr. 13. gr. orðist þannig: „Menntmrn. setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd." Í frv. er gert ráð fyrir að menntmrn. setji skólameisturum

erindisbréf. Þarna er aukið á hlutverk ráðuneytisins og gert ráð fyrir að það setji jafnframt kennurum erindisbréf.

9. brtt. er við 15. gr. og er meira orðalagsbreyting, en lagt er til að 1. mgr. 15. gr. orðist svo: „Í öllum framhaldsskólum skal vera heilsuvernd“ í stað þess sem nú stendur: „Rækja skal heilsuvernd í framhaldsskólum.“

10. brtt. er við 17. gr., að við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: „Í námsskrá skal kveðið á um einingafjölda til stúdentsprófs.“ Þarna eru tekin af tvímæli um það að námsskráin skal ákvarða hversu margar einingar þarf til stúdentsprófs.

11. brtt. er við 19. gr., en þar er lagt til að aftan við 1. mgr. komi: „Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haft bekkjakerfi.“ Hér er þessu bætt inn til frekari skýringar og áréttingar og til að taka af öll tvímæli um að það er ekki verið að skylda alla framhaldsskóla til að búa við áfanga- eða einingakerfi heldur geta þeir skólar sem þess óska haft áfram bekkjakerfi ef þeir leggja áherslu á það.

12. brtt. er síðan við 30. gr., að greinin orðist svo: „Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi.“ Hér er vísað til skilgreiningar á orðinu fatlaður í nefndum lögum, en í 2. gr. þeirra segir: „Orðið „fatlaður“ í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir.“ Þetta innskot er sem sagt til þess að taka af öll tvímæli um að hér merkir orðið fatlaður það sama og í lögunum um málefni fatlaðra.

Síðan segir áfram í brtt.: „Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntmrn. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.“ Þessi setning er óbreytt frá frv. og hygg ég að á hana beri að leggja mikla áherslu og ég hygg að menn hafi almennt verið sammála um það í umræðum að æskilegt væri að fatlaðir nemendur stunduðu sitt nám meðal annarra og við hlið annarra nemenda eftir því sem framast kostur er. Hins vegar er þess að gæta að sumir aðilar eru svo mikið fatlaðir að þeim mun reynast það erfitt og verður þá að búa þeim aðstöðu á annan hátt. Þess vegna endar þessi brtt. við 30. gr. með setningunni: „Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntmrn. setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda.

Ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir að koma þurfi sérstök lög um framhaldsskóla fyrir þroskahefta nemendur, en meðan slík lög eru ekki tiltæk þótti bæði eðlilegt og æskilegt og nauðsynlegt að taka hér inn sérstaka heimild fyrir stofnun slíkra sérskóla sem eru þó reyndar sumir við lýði.

13. brtt. meiri hl. menntmn. er við 32. gr., að 1. mgr. orðist svo: „Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis.“ Hér er svona frekari skýring og tekið fram nánast að rekstrarkostnaðurinn sem ríkið greiðir sé afmarkaður við þá skóla sem hafa hlotið samþykki Alþingis og stofnaðir eru samkvæmt ákvörðun Alþingis.

14. brtt. er við 38. gr. og þar er enn hnykkt á þessum skilningi. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta: „Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaður er af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan“ og í brtt. er lagt til að þarna bætist við: „og hafa hlotið starfsleyfi menntmrn.“ og í öðru lagi að aftan við þessa grein bætist ný mgr.: „Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.“ Enn eru þar tekin af tvímæli þannig að ekki verði lög þessi skilin svo að ríkinu beri að greiða rekstrarkostnað einkaskóla í öllum tilvikum, heldur þurfa þeir að hafa hlotið starfsleyfi menntmrn. og til þeirra þarf að hafa verið stofnað með ákvörðun á Alþingi.

15. brtt. er við 41. gr. og þar er eingöngu um að ræða lagfæringu á prentvillu. Í 10. tölul. komi: „lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, í stað 16.

16. brtt. er síðan við 42. gr. um að lög þessi öðlist þegar gildi og skuli koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaárs 1988–1989, en þar leggur meiri hl. nefndarinnar til að aftan við greinina bætist: „Þó skulu III. og VIII. kafli laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1989,“ en þar er fjallað um stofn- og rekstrarkostnað, að lögin taki ekki að fullu gildi gagnvart því fyrr en á áramótum með nýjum fjárlögum.

17. og síðasta brtt. meiri hl. menntmn. er síðan sú að á eftir 42. gr. frv. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir, skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu.“

Hér er að sjálfsögðu átt við það að þrátt fyrir þessi ákvæði sem nú eru sett með lögum skuli samningar sem þegar hafa verið gerðir um aðra kostnaðarskiptingu halda sínu gildi.

Forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hl. menntmn. Nd. og þeim brtt. sem kvennalistakonur leggja til við frv. til laga um framhaldsskóla sem hér liggur frammi til umræðu. Nál. hljóðar svo:

„Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum er tímabært að setja

um þá rammalöggjöf. Frv. það, sem nú liggur fyrir deildinni til 2. umr., er um margt ágætt, en þó er þar ýmislegt sem Kvennalistinn getur ekki sætt sig við og leggur því fram töluvert margar breytingartillögur.

Síbreytilegar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á öfluga og góða framhaldsskóla þar sem stöðug endurskoðun fer fram. Hlutverk framhaldsskóla mótast annars vegar af þörfum þeirra einstaklinga sem hann sækja, hins vegar af þörfum þjóðfélagsins í nútíð og framtíð. Að áliti Kvennalistans eru engir betur færir um að standa vel að verki í mótun og þróun skólastarfsins en þeir sem næst því standa og því nauðsynlegt að tryggja sjálfsforræði skólanna. En það er einmitt í stjórnunarþætti frv. sem helstu agnúa þess er að finna að mati Kvennalistans.

Tvær meginástæður liggja til grundvallar skoðun Kvennalistans. Í fyrsta lagi er það andstætt hugmyndum okkar um valddreifingu að lítilli fimm manna nefnd, sem er samsett af fjórum pólitískt kjörnum fulltrúum og einum skipuðum af menntamálaráðherra, séu veitt svo mikil völd og áhrif bæði um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur. Í öðru lagi þykja okkur fagleg sjónarmið fyrir borð borin með þessu fyrirkomulagi. Eru þau þó virt í frv. þegar fjallað er um sérstaka fagmenntun, svo sem iðnnám eða nám í sjávarútvegsfræðum. Einnig er að finna í frv. ákvæði um sem víðtækust samráð við atvinnulífið. En þegar að hinni almennu menntun kemur eiga pólitískt kjörnir fulltrúar að hafa vit fyrir fagfólki, nemendum og öðrum þeim sem starfa innan veggja skólans.

Menntmn. bárust umsagnir frá flestum framhaldsskólum í landinu, samtökum kennara, skólameistara o.fl. og kallaði auk þess til viðtals ýmsa aðila. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum umsagnir og viðtöl með örfáum undantekningum að gjalda varhug við of miklu valdi skólanefnda. Þar fara því skoðanir Kvennalistans og skólafólks saman. Þessu til stuðnings skal vitnað til eftirfarandi umsagna:

1. Í umsögn kennslumálanefndar HÍ segir m.a.:

„Þó að við viljum að mestu leiða hjá okkur ákvæði frv. um stjórn framhaldsskóla gerum við okkur ljóst að þau geta haft varanleg áhrif á það hversu vandað og markvisst starf verður unnið í skólunum. Eitt mikilsverðasta atriðið í þessu samhengi er ákvæði 6. gr. um skipun skólanefnda. Okkur er ljóst að heilbrigður metnaður hins almenna borgara á skólasvæðinu getur vissulega orðið skólanum lyftistöng ef rétt er á haldið. Dæmi um slíkt eru vel þekkt bæði hér á landi og erlendis. Hins vegar er ekki víst að þetta sé tryggt með þeirri tilhögun að skólanefnd sé eingöngu skipuð mönnum sem þiggja umboð sitt frá ráðherra og sveitarfélögum. Meðal annars felur slíkt fyrirkomulag í sér hættu á því að skólanefndir sinni einkum fjármálum skólanna og skoði allt skólastarfið í ljósi þeirra og hefði þá lítið áunnist. Þessu mætti hins vegar breyta með ýmsu móti, t.d. með því að í skólanefnd væru tveir fulltrúar kosnir beinni einstaklingsbundinni kosningu á skólasvæðinu um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram."

2. Í umsögn Bandalags kennarafélaga segir m.a.:

„BK telur að skólanefndin samkvæmt frv. sé bæði of fámenn og valdamikil um innri mál skólans. Þar vantar einnig fulltrúa kennara sem er algert skilyrði af hálfu BK enda í anda atvinnulýðræðis nútímans. Eðlilegt verður að teljast að skólanefnd fjalli um fjármál og rekstur skólans en hins vegar alls óeðlilegt að fela henni innri stjórn."

3. Í ályktun fundar kennara við Menntaskólann við Sund segir m.a.:

„Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að pólitískt kjörnar nefndir, ein fyrir hvern skóla, fari hér eftir með skólastjórn, þar með einnig stjórn þeirra mála sem hingað til hafa verið í höndum kennara og skólastjóra. Þarna er að okkar dómi vegið stórlega að sjálfstæði skólanna þegar kennarar og skólastjórar eru nánast sviptir öllum ráðum."

Þær brtt., sem liggja frammi á þskj. 850, hníga flestar í þá átt að draga úr valdi skólanefnda, en fela það í staðinn skólaráði sem skipað er fulltrúum nemenda og kennara. Auk þess ætlum við faggreinafélögum, deildastjórn o.fl. stærri hlut en gert er ráð fyrir í frv. eins og það liggur fyrir. Í stuttu máli vill Kvennalistinn draga úr áhrifum pólitískt kjörinna fulltrúa, en auka að sama skapi áhrif skólafólks. Með tilliti til þess sem segir í upphafi nál. um jákvæða þróun framhaldsskólakerfisins þegar skólafólk ræður ferðinni telur Kvennalistinn með öllu óverjandi að svipta það nú því forustuhlutverki.

Ein brtt. er um stofnun mötuneyta við framhaldsskóla og um að nemendur greiði einungis hráefniskostnað. Að áliti Kvennalistans er þetta mikið nauðsynjamál sem stuðlar að heilsuvernd og hollustuháttum, auk þess sem breyttir þjóðfélagshættir kalla á þessa starfsemi í öllum skólum.

Að þessum tillögum samþykktum leggur 1. minni hl. til að frv. verði samþykkt."

Það er kaldhæðnislegt að við skulum hér á hinu háa Alþingi vera að ræða um frv. til laga um framhaldsskóla á sama tíma og kennarar standa í harðvítugri kjarabaráttu þó fóturinn hafi nú verið settur fyrir þá í bili. Maður óttast að stefni í neyðarástand í haust og var þó ekki úr háum söðli að detta. Fleiri hundruð réttindalausir kennarar við störf, langt frá því að jafnrétti til náms hafi náðst, kennarar illa launaðir og lítilsvirtir. Það á eftir að koma í ljós hversu margir skila sér til starfa í haust, en manni býður í grun að mikil vanhöld verði og lái þeim hver sem vill. Ár eftir ár reyna þeir að fá bót sinna mála og ástæða er til að undirstrika að kennarar eru ekki einungis að hugsa um eigin hag. Ég held að stéttin sem heild beri hag nemenda fyrir brjósti ekki síður en eigin og þar af leiðandi framtíð þjóðarinnar. En ekki er á þá hlustað. Virðing stéttarinnar og sjálfsvirðing hennar þver með hverju ári og hver og einn kennari hlýtur að hugsa sitt ráð vandlega í sumar. Eru þeir allir til í eitt verkfallið enn í haust, það tekjutap sem því fylgir, óvissuna um árangur og staðfestu? Stjórnvöld láta engan bilbug á

sér finna, svara helst hálfgerðum skætingi og innihaldið er: Ég held þetta sé fullgott fyrir ykkur. Þetta er svo sem í fullkomnu samræmi við aðra stefnu í uppeldis- og menntamálum þjóðarinnar. Áhuga- og skeytingarleysið um uppeldi og menntun barna og unglinga er með ólíkindum og fyrirlitning á þeim sem annast þessi störf og hafa menntað sig til þeirra eftir því. Menntun og menning skiptir engu máli nema sem efni í ræður. Peningar, peningar og aftur peningar, neysla, neysla og meiri neysla eru einkunnarorð dagsins, rík þjóð sem stefnir í að verða blásnauð af öllu nema efnalegum gæðum og það mikið misskiptum.

Því geri ég þetta að umtalsefni hér í sambandi við frv. sem liggur frammi til umræðu að helstu vankantar þess eru að mínu viti af sama meiði og sú vanvirða sem kennurum er sýnd í launa- og fagbaráttu sinni. Hlutur kennara og fagfólks er að miklu leyti fyrir borð borinn og er gert ráð fyrir pólitískt kjörnum skólanefndum í staðinn. Menn segjast gera þetta í valddreifingarskyni, þ.e. að losa skólana undan menntmrn. og beina áhrifum og valdi til sveitarfélaganna. Gott og vel. En þá er ýmislegt til að taka.

Í fyrsta lagi er auðvitað menntmrn. falið mikið vald áfram án ákvæða um samráð við aðra og í öðru lagi er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi formenn allra skólanefnda og er þá valddreifingin orðin dálítið sérkennileg. Hvergi er gert ráð fyrir að faglega þekkingu þurfi til skólastjórnar eða stefnumótunar í menntunarmálum þjóðarinnar. Að vísu er skólameistari tilkallaður, en samkvæmt orðanna hljóðan er hann fyrst og fremst framkvæmdastjóri og sér um að framkvæma ákvarðanir skólanefndar en má þó vera með í að ákveða námsframboð.

Hvar eru nú kennarar, deildarstjórar, faggreinafélög, nemendur og annað starfsfólk skólanna? Varla á það minnst nema í sambandi við skólaráð sem skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun og rekstur skólans. Ekki minnst á stefnumótun, faglega umfjöllun eða annað slíkt nema, og þetta er athyglisverður punktur, þegar kemur að sérfagskólum svo sem eins og iðnskólum eða sjávarútvegsskólum. Þá er talsvert nákvæmlega kveðið á um faglega þekkingu og eins eru ákvæði um það að ef um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skuli sveitarstjórn gæta þess við tilnefningu í skólanefnd að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi þar sæti.

Og enn spyr maður: Hvað með fagþekkingu þegar kemur að almennri menntun? Er hún einskis virði eða er hún ónauðsynleg? Endurspeglar þetta það viðhorf að starfsmenntun sé megintilgangur menntunar og að menntun hafi lítið gildi í sjálfu sér? Eru þetta aftur peningasjónarmið sem ná yfirhöndinni, einkunnarorðið: hagnýtt skal það vera? Þessi lög eru rammalöggjöf og ekki e.t.v. við því að búast að í þeim sé að finna mörg orð eða yfirlýsingar um gildi menntunar og menningar, tilgang og stefnu. Ákaflega margt á að ákveðast með reglugerðum þannig að ekki er auðvelt að greina neina menntunarstefnu í lögunum, en svona ákvæði eins og tilgreind eru hér að ofan ýta undir þann grun að það sé ekki óskað aðildar skólafólks í stefnumótun. Það eigi bara að kenna það sem fyrir það sé lagt og hagnýti og þarfir atvinnuvega og efnahagslífs beri þar hæst.

Þetta er e.t.v. ótímabær svartsýni, en ég hlýt þó að spyrja: Því er ekki skólafólk kallað til og hvað veldur? Var það gleymska eða liggur eitthvað annað að baki?

Mig langar aðeins að víkja aftur að valddreifingu sem er lykilorð í allri hugmyndafræði okkar kvennalistakvenna, vinnubrögðum og framkvæmd. Okkur þykir það harla lítil valddreifing að færa vald frá einni stofnun til annarrar en ganga fram hjá því fólki sem á að framkvæma lögin og búa við þau og vera í raun holdgerving laganna, gefa þeim líf og anda. Pólitískt kjörnir fulltrúar til að tróna yfir öllu og öllum eru ekki okkar hugmynd um valdreifingu. Hvað gerir þá betur hæfa en fagfólk, nemendur og starfsfólk til að fjalla um skólamál? Það getur verið ágætt að pólitískt kjörnir fulltrúar beri einhvers konar fjárhagslega ábyrgð, í þessu tilfelli sveitarstjórnarmenn gagnvart ríkisvaldi, beiti þrýstingi á fjárveitingarvaldið og vinni að öðrum ytri málefnum, en innri starfsemi eiga þeir ekki að skipta sér af.

Virðulegi forseti. Það má vera að einhverjum þyki ég fjölyrða um of um þetta atriði, þ.e. um pólitísk yfirráð skóla gagnstætt faglegri stjórn, miðstýringu í stað valddreifingar, en í augum okkar kvennalistakvenna er þetta slíkt grundvallaratriði að við hljótum að fjölyrða um það og mótmæla harðlega.

Við hefðum gjarnan viljað fagna fram komnu frv. um löggjöf til framhaldsskóla af heilum hug því þess hefur lengi verið beðið og á því er brýn nauðsyn, en svona eins og það liggur fyrir núna finnst okkur það ekki gleðiefni. Við viljum heldur óreiðu lögleysu þar sem skólafólk ræður þróuninni þó heildarstefnu kunni að vanta en heildarstefnu þar sem skoðanir skólafólks eru fyrir borð bornar, óttumst að afleiðing verði stöðnun en ekki framfarir, íhaldssemi í stað framsýni og að betur hefði verið heima setið en af stað farið.

Annað getum við kvennalistakonur ekki látið hjá líða að nefna áður en lengra er haldið og það er að gagnrýna samsetningu þeirrar nefndar sem skipuð var til að semja framlagt frv. Í þeirri nefnd áttu sæti sjö menn, ærið einlitur hópur, allt karlmenn í stjórnunarstörfum, aðeins tveir skólamenn, báðir fyrrverandi. Hefur það farið fram hjá ráðamönnum hverjir eru fjölmennastir í skólastörfum? Það eru konur. Þær eru að vísu ekki mjög fjölmennar í stjórnunarstörfum og aðrir eiga víst ekki greiða leið eða rétt til ákvarðana eða stefnumótunar. En þetta er ein birtingarmynd þeirrar forræðishyggju sem einkennir þetta frv. svo mjög.

Það er vitað að margt er ólíkt með aðstöðu og lífsskoðun karla og kvenna. Allir segja nú — a.m.k. upphátt, um hugskotið veit maður ekkert — að jafnrétti kynjanna sé keppikefli, aðstöðu- og

launamun kynjanna verði að jafna, hag fjölskyldu verði að rétta o.s.frv. Hvernig dettur mönnum þá í hug að skipa nefnd um skólamál án þess að hafa konur með í ráðum? Ég tala ekki meira í bili um hitt, þ.e. um breidd og faglega þekkingu. Nú er ég einungis að tala um konur. Vita ráðamenn ekki að í skólum er hægt að leggja grunn að gjörbreyttum viðhorfum, eða vita þeir það einmitt svona vel? Í menntun, menningu og sköpun liggur afl breytinga. Er það virkilega hald manna að afl breytinga liggi hjá opinberum embættismönnum, miðaldra og þaðan af eldri karlmönnum? Það er eins og menn séu slegnir blindu, sjái ekki og skynji ekki hvað er að gerast í kringum þá. Eða eru þeir að reyna að stöðva tímann? Þá hljóta þeir að vita að það er vonlaust mál. Flóðbylgja tímans fer þá bara fram hjá þeim og þeir standa eftir eins og nátttröll, e.t.v. eins og einhvers konar klettar í hafinu, rótfastir og geta ekki fylgt með straumnum.

Víkjum þá að einstökum greinum frv. Vert er að taka það fram að við sjáum auðvitað ekki ástæðu til að vera að flytja brtt. sem hníga í sömu átt og brtt. meiri hl. sem sumar hverjar eru að okkar áliti til bóta.

1. brtt. okkar kvennalistakvenna tekur til 2. gr. frv. Við vildum kveða betur á um hlutverk skólanna. Okkur finnst ekki nóg að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi, heldur finnst okkur nauðsynlegt að jafnréttisandinn svífi þar líka yfir vötnum með tilliti til ofansagðs. Lýðræði tryggir ekki endilega jafnrétti og jafnréttið tekur þá auðvitað líka til búsetu, kyns, efnahags og ástands hvers og eins sem reyndar er áréttað enn betur með því að tala um menntun miðað við hæfni, þroska og námsgetu. Þessi síðasta setning ætti þá að tryggja óvefengjanlega rétt fatlaðra og/eða annarra sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að tileinka sér nám.

Næsta hlutverkslýsing er eftirfarandi: að efla félagsþroska nemenda, menningu og mannúð. Þetta eru allt lykilorð, eiginleikar sem fólk verður að þroska með sér ætli það að búa í sátt innbyrðis og við aðrar þjóðir. Við söknum þess líka að hvergi var minnst á menningu í öllu frv., hvorki þjóðlega né aðra. Er þó ljóst að menning okkar er okkur höfuðnauðsyn, ein helsta réttlæting tilveru okkar sem þjóðar.

Varðandi 3. gr. frv. kom fram ánægjuleg brtt. frá meiri hl. þar sem nú er kveðið á um að ríkið greiði allan kostnað við byggingu heimavista. Það kom greinilega fram í viðtölum við menn að eins og háttur inn átti að vera óttuðust menn heimóttarskap þar sem heimavistir eru augljóslega ekki fyrir heimamenn heldur fyrir aðkomufólk.

Næsta brtt. sem við flytjum er við 5. gr. frv. þar sem kveðið er á um að menntmrn. fari með yfirstjórn mála er þessi lög taka til og annist námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla og við viljum bæta við: í samráði við faggreinafélög. Þessi háttur mun í raun vera hafður á í námsskrárgerð og öðrum slíkum hlutum, að samvinna við faggreinafélög er í verki og finnst okkur því bæði eðlilegt og nauðsynlegt að lögfesta það starfslag.

7. gr. látum við standa óbreytta. Það kann að koma einhverjum á óvart en það stafar af því að breytingar á hlutverki skólanefndarinnar eru svo tilgreindar í brtt. við 8. og 9. gr. frv. þar sem við ætlum skólanefnd og skólaráði allt annað hlutverk en lagt er til hjá meiri hl. og ætla ég að leyfa mér að lesa 8. og 9. gr. í heild eins og við kvennalistakonur leggjum til að þær hljóði. Greinin orðist svo:

„Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum."

Ástæða er til þess að taka fram varðandi þessa grein að það liggur síðan frammi brtt. frá meiri hl. um að nemendur skuli hafa tillögurétt um skólagjöld þannig að okkur fannst í lagi að þetta stæði þannig áfram. Þarna látum við líka í ljós þá skoðun að það sé ekki af hinu illa að sveitarstjórnarmenn eða pólitískt kjörnir fulltrúar hafi íhlutun um fjármál skóla og framkvæmdir.

9. gr. leggjum við til að hljóði svo:

„Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Skólaráð, deildarstjórar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsskrár með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglum sem menntmrn. setur.

Skólameistari annast framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólaráð og skólanefnd taka."

Ekki er þörf á að fjölyrða mikið um þessar breytingar, svo mjög sem það var undirstrikað hér á undan og í nál. Þar undirstrikuðum við hvar við álítum að valdið eigi að liggja. Nokkur atriði kunna þó að þarfnast skýringa eins og þetta sem ég hef þegar tiltekið um 8. gr. og varðandi skólanefndina, þ.e. við höldum því hér inni að námsframboð skuli ákveðið með samþykki skólanefndar og menntmrn.

og þykjumst við sýna talsverða sanngirni með því að halda því inni.

5. brtt. er við 12. gr. laganna. Þar held ég að ég kjósi líka að lesa greinina í heild, þar sem við leggjum þar til talsvert miklar breytingar. Greinin orðist svo:

„Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla hverju sinni. — „ Þarna er sleppt orðunum „og fjárveitingu hverju sinni“ því að fjárveitingin hlýtur að eiga að miðast við stærð og gerð skóla.

„Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi, einn eða fleiri [og er þetta nýmæli], og skal miða fullt starf við 300 nemendur. Jafnframt skulu nemendur eiga kost á sálfræðiþjónustu.“ Það kann vel að vera að við þetta sé átt hér í 12. gr. eins og hún er nú í frv., en er þó mjög óljóst orðað. Það er mikil þörf á því í framhaldsskólum að þar séu starfandi námsráðgjafar því að sú skylda er lögð á nemendur strax mjög unga að taka stefnu í sínu námi, taka þá stefnu að velja sér lífsstarf mjög ung þannig að það veitir ekki af að þarna séu námsráðgjafar sem nemendur geti leitað til þegar kemur að starfsvali og öðrum ákvörðunum.

„Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólaráðs“ sem er þá breyting frá skólanefnda. „Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólaráðs [aftur] og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara í samráði við deildarstjóra [og er það líka nýmæli] og aðra starfsmenn í samráði við skólaráð. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.“

Við 13. gr. er ein brtt. Það er í lok 13. gr.: Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd“ verði: setur menntamálaráðuneytið.“

Við 14. gr. gerum við þrjár brtt., þ.e. að kennari, sem vill sækja um sérstakt orlof, skuli senda ekki „skólanefnd og menntmrn.“ umsókn sína heldur skólaráði og menntmrn. og er það til samræmis við aðrar hugmyndir okkar um starfsemi skólanefndar og skólaráðs.

Auk þess leggjum við til að undanþágu sé hægt að gera frá ákvæðinu um 5 ár. Hljóðar málsliðurinn svo:

„Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um a.m.k. 5 ár við sérstakar aðstæður (svo sem skipulagningu nýrra námsbrauta, endurskipulagningu náms, endurnýjun námsefnis og þess háttar).“ Þarfnast þetta ekki mikilla skýringa, einungis er ítrekað að skólinn þarf að vera í sífelldri endurnýjun og geta brugðist skjótt við breyttum aðstæðum og því meiri þörf nú heldur en nokkru sinni fyrr á endurmenntun, símenntun og fjölbreytni ýmissi af því tagi.

Þriðja breytingin er svo aftur að skýrslu um þetta orlof skuli viðkomandi senda skólaráði í stað skólanefndar.

15. gr. kveður á um heilsuvernd í framhaldsskólum. Við erum að vísu ekki með brtt. þar að lútandi en vekjum athygli á því að þarna eru fagleg sjónarmið virt. Eins er ákvæðið um heilsuvernd harla lítilsvert ef ekki er öflug fyrirliggjandi starfsemi í gangi í samræmi við ýtrustu hollustukröfur. Mataræði er þar stór þáttur, ekki síst með tilliti til þess að nemendur eru á orkuríkasta aldrinum, eru að vaxa og þurfa mikinn þrótt ef vel á að vera, auk þess sem þarna er lagður grunnur að áframhaldandi heilbrigði. Við erum reyndar með brtt. hér seinna um mötuneyti. Íþróttaiðkun, heilbrigðisfræðsla, fræðsla um skaðsemi áfengis og tóbaks og annarra vímuefna þarf að vera fyrir hendi. Allt eru þetta þættir virkrar heilsuverndar og hefði mátt skilgreina þetta allt öllu betur, en vonandi verður það gert í reglugerð.

Við 16. gr. gerum við brtt. Það er að inn bætist nýr málsliður sem orðist svo:

„Skylt er að gefa þessum nemendum kost á fornámi í einstökum námsáföngum ef á þarf að halda.“ Þarna er átt við nemendur sem orðnir eru eldri en 18 ára og eins og kveðið er á um fyrr í þessari grein eiga nemendur sem þurfa á að halda að stunda fornám í einstökum námsgreinum. Okkur fannst ástæða til þess að kveða á um að þetta ætti líka að vera fyrir hendi fyrir þá nemendur sem detta út úr skóla um tíma af einhverjum ástæðum og kjósa að hefja nám að nýju, að það eigi með öllu móti að gera þeim það auðveldara og greiða götu þeirra og því eigi þarna að vera þessi kostur á fornámi ef þeir þurfa á að halda.

9. brtt. okkar er við 17. gr. Þar viljum við taka út orðin „að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms“ og viljum að 1. málsl. greinarinnar hljóði svo: „Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem tilgreindar eru eftir markmiðum námsins“ og þykir nóg sagt með því.

10. brtt. er við 18. gr. frv. sem hljóðar svo nú: „Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.“ Við viljum gjarnan að þessi mgr. orðist svo: „Lögð skal áhersla á tengsl list- og verkmenntunar við hinn bóklega þátt námsins.“ Ástæða er til þess að nefna þarna listmennt þótt henni sé nú ekki gert hátt undir höfði að öðru leyti því að hún flokkast hvorki undir verk- eða bóknennt. Framhaldsskólar hafa listmennt ekki á námsskrá nema þá sem valgrein eða sem sérstakar brautir, sem er þó ekki víða, og þá helst tónlistarbrautir í samvinnu við tónlistarskóla. Nemendum er ekki gert skylt að tileinka sér neitt varðandi listir og myndast þannig gat í skólakerfinu þar sem í grunnskólum er lögð áhersla á tónmennt, handmennt, myndmennt og fleira af þeim toga þó að vísu gangi mjög misjafnlega að framfylgja þeim ákvæðum. Sérstaklega vantar mikið á úti á landsbyggðinni að þeim ákvæðum sé framfylgt, en þetta eru atriði sem þyrfti að athuga mjög vendilega þegar kemur að námsskrárgerð fyrir framhaldsskóla því að það er alveg ljóst að þarna verður mjög alvarleg gloppa í menntun unglinga. Síðan er þeim ætlað hugsanlega

að velja sér þessar greinar til náms þegar þau koma á æðri skólastig, þ.e. eftir framhaldsskóla, og er vandséð hvernig nemendur, t.d. sem fara í Kennaraháskóla, eiga allt í einu að velja sér greinar eða svið sem ekki hefur verið minnst á við þau síðan þau voru 12 ára gömul eða svo. Þessi brtt. okkar er sem sagt heldur veikburða tilraun til að koma listmennt að svo að það orð komi þó einu sinni fyrir í frv.

Í sömu grein leggjum við til að í stað orðanna „skal heimilt" komi: „er skylt", þ.e. „auk skyldunámsefnis er skylt að gefa nemendum kost á valgreinum að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í námsskrá".

Við 19. gr. erum við ekki með brtt. en aftur er brtt. við 20. gr. og hún er af sama toga og margar fleiri að eftir orðunum „menntmrn. setur" komi: „í samráði við faggreinafélög".

Næsta brtt. okkar er við 32. gr. og get ég þó ekki stillt mig um að minnast hér á 30. gr. en mér sýnist að með þeim brtt. sem meiri hl. leggur til auk þeirra brtt. sem við erum með bæði í hlutverkalýsingu skóla og seinna varðandi stundafjölda megi fatlaðir vel við una ef þær brtt. ná allar fram að ganga. Við fluttum því ekki neina brtt. við 30. gr. sjálfa. Í brtt. okkar við 32. gr. leggjum við til að á eftir 32. gr. komi ný grein sem orðist svo:

„Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostnaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði." Mötuneyti eru að vísu rekin í þeim skólum þar sem eru heimavistir, en nemendur búa þó við þau einkennilegu skilyrði að þeim er sjálfum gert að greiða launakostnað starfsfólks í mötuneytum öfugt við það sem er um t.d. launakostnað starfsfólks við sama skóla þar sem ríkissjóður ber þann kostnað. Þarna þykir okkur sjálfsagt að nemendur sitji við sama borð og aðrir og þurfi ekki að greiða þennan launakostnað sjálfir. Vil ég í því tilefni minna á þáltill. sem lögð var hér fram fyrr í vetur af kvennalistakonum, m.a. um launakostnað við mötuneyti framhaldsskóla þar sem einmitt var verið að gera tilraun til þess að kippa þessu sama í lag. En það er miklu víðar en í heimavistum sem þörf er á að hafa mötuneyti og vísa ég þá til þess sem ég sagði áðan um hollustuvernd í skólum og breytta þjóðfélagsháttu sem gera það að verkum að þetta er mikið nauðsynjamál að nemendur á þeim aldri sem algengastur er í framhaldsskólum eigi kost á hollri og góðri máltíð um skólatímann og þurfi ekki að búa við svokallað sjoppufæði meiri hluta dagsins.

13. brtt. er við 34. gr. Þar er kveðið á um fjárveitingu til rekstrar framhaldsskóla og hljóðar greinin svo núna í frv.:

„Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla." Við þetta leggjum við til að bætist eftirfarandi: „Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa, svo og þar sem smæð skóla eða fámenni krefst þess." Einnig leggjum við til að við bætist ný málsgrein: „Auk þess bætist við sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda uppi sérkennslu fatlaðra nemenda."

Það var mál manna sem hafa komið til viðtals við menntmn., sérstaklega þeirra sem komu utan af landi, að þessi grunntala, viðmiðunartala, 1,7–2 kennslustundir á viku, kynni að vera ágæt viðmiðun við skóla í þéttbýli en hætta væri á að þetta dygði ekki í fámennari skólum og því þyrfti að gera þarna á bragarbót og teljum við okkur gera það með þessari brtt. auk þess sem þarna er fastar kveðið á um þá sérkennslu eða þann kennslustundafjölda sem kann að skapast af þörfum fatlaðra nemenda.

14. brtt. er svo við 39. gr. sem yrði þá 40. gr. samkvæmt þessu. Sú grein hljóðar svo: „Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis." Við þetta leggjum við til að bætist: „Greinin tekur ekki til félagsstarfsemi nemenda skólans" til að taka af öll tvímæli um það að nemendur eigi ekki með sínu félagsstarfi að standa straum af rekstri skólahúsnæðis utan skólatíma.

Síðustu brtt. eru svo við 41. gr. sem er um lög sem eiga að falla úr gildi við gildistöku þessara laga. Leggjum við til að 1. tölul. og 10. tölul. greinarinnar falli burtu. Taka þeir báðir til hússtjórnarfræðslu, á mismunandi stigum þó. 1. tölul. tekur til húsmæðrafræðslu og 10. tölul. til Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. Okkur finnst ekki gott að þessu sé öllu kippt burt án þess að nokkur áætlun liggi fyrir um hvernig þessum málum skuli háttað og viljum í þessu sambandi benda á að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að þessar námsgreinar skuli felldar niður án þess að þegar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að kennslu í þeim verði haldið uppi og haldið áfram.

Það kann að vera að það sé tímanna tákn að þarna skuli ekki liggja frammi neinar tillögur um hvernig að þessum málum skuli standa. Það getur vel verið að það sé skoðun fólks að sú menntun sem þarna hefur verið veitt sé það lítilsverð að á henni þurfi enginn að halda. Það er mjög nauðsynlegt að halda uppi viðlíka menntun í framhaldsskólakerfinu. Æskilegt er náttúrlega að hún flokkist undir einhvers konar heimilisfræðslu sem er meira réttnefni en húsmæðrafræðsla. Í framhaldsskólum ættu auðvitað allir nemendur að fá gagngera menntun í heimilisfræðslu, ýmiss konar, þar sem það á fyrir flestum að liggja að stofna heimili, eignast börn. Full þörf er á því að allir, jafnt karlar sem konur, hafi þekkingu á þeim störfum sem til falla á heimili, svo sem matargerð, heimilishaldi ýmiss konar, þjónustustörfum og barnauppeldi ekki síst. Beinast lægi við að tengja þess konar nám jafnréttisfræðslu því að það hlýtur að vera mikill grunnur að því að einhver

árangur náist í þeim efnum að jafnrétti ríki innan veggja heimilisins þegar þar kemur til starfa og ábyrgðar. Eins vil ég aftur minna á það sem ég sagði hér áður um nauðsyn þess að jafnréttisfræðsla sé í skólum þar sem þar er akurinn. Þar er hægt að sá og uppskera ef menn meina það sem þeir segja um nauðsyn þess að efla jafnrétti og jafnréttisvitund þjóðarinnar.

Ég vil bara að lokum árétta nauðsyn þess að ræða þessi mál gaumgæfilega. Það ber að harma að svo fáir þm. skuli vera viðstaddir umræðu um skólamál. Þingsalurinn í dag er svipur hjá sjón hjá því sem var í gær þegar bjór var hér til umræðu og þykir kannski bæði þm. og fjölmiðlum það öllu merkara umræðuefni en hvernig staðið skuli að menntun og uppeldi þjóðarinnar. En við megum þó ekki gleyma því eða missa sjónar á því að það hvernig að þeim málum er staðið er mál mála og af því hvernig til tekst með uppeldis- og menntunarmál ræðst allur annar árangur þjóðarinnar og líf hennar, bæði í andlegum og veraldlegum skilningi.

Frsm. 2. minni hl. menntmn. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það stjfrv. sem hér er til umræðu fjallar um býsna mikilvægt mál sem ekki hefur hlotið afgreiðslu og eðlilega umfjöllun hér á Alþingi um mjög langt skeið. En frv. sem við fjöllum hér um, þótt það sé fagnaðarefni að það skuli hafa komið fram, er ekki gallalaust. Satt best að segja er það svo meingallað að ekki verður við unað nema gerðar séu á því veigamiklar breytingar.

Í upphafi vil ég minna á þau þrjú meginatriði sem ég tel meginágalla þessa frv. Í fyrsta lagi tel ég að í frv. sé allt of mikil miðstýring og það skorti þar valddreifingu frá ráðuneytum menntamála og fjármála til heimamanna, kennara, nemenda og skólameistara. Í öðru lagi tel ég að það viðhorf komi ekki nægilega skýrt fram í frv. að framhaldsskólinn sé fyrir alla á viðkomandi aldursskeiði en ekki bara þá sem ráða við það nám sem boðið er upp á. Í þriðja lagi tel ég að frv. lýsi skilningsleysi á aðstöðu minni skóla í dreifðum byggðum landsins, að ákvæði frv. um rekstur skólanna mótist um of af einföldum þríliðureikningi og að byggingarkostnaður skólanna leggist í allt of þungum mæli á sveitarfélögin og það sé ekki sanngjarnt miðað við það sem á undan er gengið.

Þetta eru þau þrjú atriði sem ég legg langmesta áherslu á. Ég legg hins vegar jafnhliða áherslu á það að það er þjóðarnauðsyn að sett verði samræmd heildarlög um framhaldsskólana vegna þess að núverandi löggjöf er frumstæð. Hún felur í sér verulega fjárhagslega mismunun gagnvart bæði kjördæmum og sveitarfélögum. Verknámið situr ekki við sama borð og bóknámið. Kerfið er almennt illa samræmt. Það býður upp á óteljandi blindgötur og núverandi kerfi mótast af allt of mikilli miðstýringu sem við þurfum að hverfa frá. Ég er ekki að segja það að í frv. ráðherrans sé miklu meiri miðstýring en er í dag í gildandi kerfi, en hún er allt of mikil. Það er úrelt fyrirbrigði sem við búum við og við höfum þurft að nota þetta tækifæri til þess að hverfa frá henni. Ég legg á það áherslu í nál. sem ég hef gefið út um þetta mál að ef athugað er hverjir hafa völdin í skólastarfinu þurfi það ekki að dyljast neinum að allir þræðir liggja um hendur ráðherra. Ráðherrann skipar skólanefndarmennina, hann skipar skólameistarann, hann skipar alla fasta kennara. Og ekki nóg með þetta. Hann á líka að setja reglur um það hvernig tilnefningum í skólanefnd skuli háttað og tilnefna formann nefndarinnar án tilnefningar. En það sem kannski er alvarlegast er það að nemendur og kennarar eiga ekki aðild að neinni þeirri stofnun sem einhver völd hefur í þessu kerfi. Þeir eiga aðild að skólaráði sem virðist algjörlega valdalaus stofnun en þeir eiga ekki nokkurn rétt til áhrifa á skipun skólanefndanna.

Í þessu sambandi þykir mér eðlilegt að rifja það upp að við þm. Alþb. höfum hvað eftir annað flutt frv. um framhaldsskóla hér á Alþingi, bæði í Ed. og Nd., og þar er allt aðra stefnu að finna í veigamiklum atriðum. Við leggjum þar áherslu á verulega valddreifingu og svo að það atriði sem ég nefndi núna sé gert frekar að umræðuefni reiknum við einmitt með því að kennarar og nemendur eigi beinlínis sæti í skólastjórn og það sé síðan skólastjórnin sem kjósi skólastjórann. Það sjá auðvitað allir að með þessu er veruleg valddreifing frá núverandi kerfi eða því kerfi sem er í frv.

En ekki nóg með það. Við leggjum líka til að þessi sama skólastjórn, sem ráðherrann hefur sem sagt ekkert með að gera, velji kennarana. Í stað þess að ráðherra sitji við að gefa út skipunarbréf, bæði til skólanefndarformanna og kennara og skólameistara um allt land, og þau eru býsna mörg, það get ég fullvissað menn um, er hér gert ráð fyrir að dreifa valdinu, hverfa frá þessari úreltu miðstýringu og efla með því sjálfstæði skólanna í þeim gagngera tilgangi að reyna að laða fram áhuga heimamanna, áhuga þeirra sem við skólana starfa og ýta undir frumkvæði þeirra í skólastarfinu. En þegar öll völd eru dregin á eina hönd, eins og gert er í núverandi kerfi og eins og gert er ráð fyrir í frv. ráðherrans, er sannarlega hætt við að um leið sé verið að leggja dauða hönd á það frumkvæði sem þarf að spretta upp í skólunum, á þann áhuga sem þarf að vera fyrir hendi í kringum skólastarfið.

Ég nefndi í öðru lagi að skólarnir þyrftu að vera fyrir alla. Þetta atriði bar fljótt á góma í nefndarstarfinu. Ég vakti þar máls á því að mér líkaði ekki markmiðsorðalagið í frv. og ég er þakklátur fyrir það að meiri hl. nefndarinnar féllst á að breyta orðalaginu þannig að í brtt. nefndarinnar er svo tekið til orða að hlutverk skólanna sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi. Ég er hins vegar á því að þetta þurfi að koma enn þá skýrar fram í frv. og að þessi hugsun þurfi að ganga í gegnum allt frv., að það þurfi að vera sérstakt ákvæði í 16. gr. þar sem segir hreinlega:

Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.

Nú kunna menn að spyrja: Hvað er eiginlega átt við með þessu? Er ekki alveg ljóst að sumir nemendur eru hæfir til þess að stunda nám í framhaldsskólunum og sumir ekki? Sumir eru bara best komnir strax úti á vinnumarkaðinum vegna þess að þeir hafa ekki námshæfileika. Þetta er viðhorf sem við þekkjum vel, en að mínum dómi er þetta úrelt viðhorf. Ég lít svo á að í nýju framhaldsskólakerfi eigi ekki að stilla upp spurningunni á þennan veg, hvort nemendurnir séu hæfir fyrir kerfið. Það á að snúa spurningunni við og spyrja: Er kerfið hæft fyrir nemendurna? Er kerfið þannig úr garði gert að nemendur ráði við það? Ef þeir ráða ekki við það nám sem boðið er upp á í dag hlýtur að vera hægt að skipuleggja námið á annan veg fyrir þennan hluta nemendanna þannig að þeir hafi eitthvað til framhaldsskólanna að sækja því að staðreyndin er sú að það eru um 30% úr hverjum aldursárgangi sem heltast algerlega úr lestinni og eiga ekki heima í framhaldsskólakerfinu. Við getum kallað það skort á námshæfileikum sem þessu valdi, við getum kallað það áhugaleysi, við getum kallað það leti. Það eru til ótal skýringar á þessu fyrirbrigði, en staðreynd er fyrirbrigðið engu að síður. 30% eru ekki með, heltast úr lestinni. Við hljótum að spyrja okkur sjálf að því: Er þá ekki eitthvað að í kerfinu? Er ekki hugsanlegt að bjóða þessu fólki upp á eitthvað sem það getur haft gagn af, eitthvað sem eykur þroska þessara nemenda, hentar þessu fólki, greindarstigi þess, áhuga þess og öllum aðstæðum? Gamla viðhorfið er að dæma þessa nemendur út úr kerfinu og segja: Nemendurnir hafa hér ekkert að gera. Ég geri kröfu til þess að í nýju kerfi sé sá hugsunarháttur aflagður og að við spyrjum frekar: Hvernig er hægt að skipuleggja starfið í skólunum þannig að þetta fólk geti öðlast meiri þroska en það hafði áður með því að sækja til skólanna nám og reynslu? Þess vegna flyt ég tillögu sem viðbót við 16. gr., einfaldlega á þennan veg: „Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi."

Ég gat þess hér í upphafi að í þriðja lagi hefði ég nokkuð að kvarta yfir dreifbýlisstefnu frv. Ég álít að stefna þess gagnvart minni skólum í dreifðum byggðum landsins utan þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa sé mjög varhugaverð, að ekki sé nú meira sagt. Þar á ég fyrst og fremst við 32. gr. þar sem eru ákvæði þess efnis að framlög ríkisins til skólanna verði miðuð við tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega og þessi upphæð verði sem næst jafnhá hvar sem er á landinu og svo aftur 34. gr. þar sem er ákveðið að 1,7–2 kennslustundir á viku komi á hvern nemanda í bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Ég held að það sé alveg augljóst að kostnaður á nemanda er ekki sá sami í litlum skólum og stórum. Það eru oft tvöfalt, jafnvel þrefalt fleiri nemendur í kennslustundum á skólasvæðum þar sem nemendur skipta tugum þúsunda en eru í skólum sem hafa kannski aðeins 200–300 nemendur í aldursárangi. Það er gerð tilraun til þess í frv. að leysa þennan vanda með þríliðureikningi en þannig dæmi ganga aldrei upp.

Ég vek á því athygli að skólameistarar í minni framhaldsskólum hafa mjög kvartað yfir þessu ákvæði, telja það þröngt, telja að það geti dregið stórlega úr námsframboði í minni skólum og þannig gert skólana lélegri en þeir eru í dag. Ég vísa sérstaklega til álits skólameistara Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki sem reiknaði það hreinlega út að þetta gæti haft í för með sér að dregið yrði úr kennslu út um land sem næmi 80 kennurum í skólunum úti á landi. Sumir hafa dregið þessa tölu í efa og talið að talan ætti að vera eitthvað lægri en það breytir ekki öllu. Þarna er væntanlega um að ræða skerðingu á kennslu út um land sem nemur mörgum tugum kennarastarfa á hverjum vetri. Ég er ekki reiðubúinn að slá því föstu hvert svigrúmið þarf að vera til þess að viðunandi sé. Ég legg hins vegar til að þessi þríliðuákvæði frv. séu hreinlega felld á brott og að þetta sé haft opið eins og reyndar er í núgildandi kerfi og eins og er auðvitað í grunnskólakerfinu.

Ég er ansi hræddur um að þetta ákvæði geti orðið menntmrn. alvarlegur fjötur um fót. Þegar það ætlar að fara að afla tekna, afla framlaga frá fjmrn., til kennslu í menntaskólunum mun hagsýsludeild fjmrn. segja: Ja, lögin gera bara ekki ráð fyrir meira svigrúmi en hér er fyrir hendi og þið verðið að gjöra svo vel að sætta ykkur við þær upphæðir sem við erum hér að gera tillögu um jafnvel þó að þær séu veruleg skerðing frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Það er ekki nóg að segja í frv. að veita megi viðbótarsvigrúm í verknámi og sérnámi eða að heimilt sé að taka tillit til aðstæðna. Það skilja það allir að þá er átt við sérstök tilvik. En það er bara nokkuð almennt fyrirbrigði sem ég er að ræða um, að minni skólarnir þurfa á meira svigrúmi að halda en hér er gert ráð fyrir.

Til viðbótar tel ég að ákvæði frv. um byggingarkostnað sé ekki eðlilegt miðað við það sem á undan er gengið. Við þekkjum það að framhaldsskólakerfið hefur verið byggt upp sumpart sem menntaskólakerfi, sumpart sem fjölbrautaskólakerfi. Víða út um land hafa verið byggð skólahús sem ríkið hefur kostað að öllu leyti. Annars staðar er verið að byrja að byggja þessi hús og þá er ekkert réttlæti í því að frá og með setningu þessara laga verði viðkomandi sveitarfélög að leggja miklu, miklu meira fram til byggingar skólanna en mörg önnur sveitarfélög hafa þurft að gera. Þetta verður að vísu alltaf vandamál meðan gert er ráð fyrir einhverri stofnkostnaðaraðild sveitarfélaganna, en ég held að vandamálið verði auðvitað töluvert miklu minna ef fylgt væri tillögu okkar alþýðubandalagsmanna þar sem gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin eigi ekki að leggja fram nema 20% af kostnaði.

Ég ætla svo að víkja nokkrum orðum að tillögum þeim sem ég hef lagt fram á þskj. 864. Tillögurnar á fremstu síðunni skýra sig nokkuð sjálfar. Það er í

fyrsta lagi breytingin á kostnaðarákvæðum. Í öðru lagi kemur hér tillaga okkar um allan stjórnsýslukaflann, þ.e. hvernig stjórnun skólanna skuli háttað. Ég sá enga ástæðu til þess að fara að kroppa í einstakar greinar frv. Ég taldi eðlilegast að koma bara með heilsteypta tillögu um það hvernig eðlilegast væri að þessari stjórnun yrði háttað og ég mun ekki gera kröfu til þess að brtt. mínar verði bornar upp lið fyrir lið, ein í einu. Það er eðlilegt að kaflinn í heild verði borinn upp og nái hann samþykki deildarinnar kemur hann að öllu leyti í staðinn fyrir stjórnarkafla frv., en sé mín tillaga felld falla allar tillögurnar þar með.

Um 3. brtt. er það helst að segja að þar er lögð áhersla á það að við hvern framhaldsskóla starfi námsráðgjafi einn eða fleiri og skal miða við fullt starf á hverja 300 nemendur. Verksvið hans á að vera að annast náms- og starfsráðgjöf, svo og einstaklingsráðgjöf vegna vandamála sem tengjast skólagöngunni.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á það að boðið sé upp á sérkennslu við hvern framhaldsskóla og að henni sé sinnt af sérkennurum. Ákvæði um hvort tveggja þetta vantar í frv. og hér er gerð tillaga um að úr því verði bætt.

Í fjórða lagi er það svo tillagan sem ég hef þegar rökstutt, þ.e. að öllum nemendum verði tryggt nám við hæfi.

Þar á eftir kemur svo VII. kafli frv., um námsskipan, en þar kem ég með tillögu í heilu lagi um allan kaflann og það gildir eiginlega alveg það sama um þessar tillögur og um tillögurnar sem eru í stjórnarkaflanum að eðlilegast er að bera kaflann upp í heild sinni. Ég held að mjög óaðgengilegt sé að bera tillögurnar upp grein fyrir grein vegna þess að þær skarast það mikið og þá verður að sæta því hver niðurstaða deildarinnar verður um kaflann í heild.

Þó vil ég vekja alveg sérstaka athygli á d-lið okkar brtt., en þar segir: „Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu.“ Það er orðalag sem ég tel ólíkt gæfulegra en orðalagið í stjfrv. þar sem talað er um námsskrá vegna þess að við erum hér að leggja áherslu með þessu orðalagi á það að afskipti ráðuneytisins af málum framhaldsskólanna eigi ekki að vera smáatriðakennd eða smásmuguleg, heldur eigi þau fyrst og fremst að felast í setningu rammanámsskrár. Það sem við þurfum að fá er hæfilegur rammi utan um skólastarfið. Það er enginn vafi á því að orðalagið sem við erum með tryggir miklu betur að ráðuneytið sé ekki að ástæðulausu með nefið niðri í smáatriðum varðandi stjórnun skólanna, heldur haldi sig við aðalatriðin.

Ég vek sérstaka athygli á þeim tillögum okkar í síðari hluta þessa kafla þar sem fjallað er um iðnfræðsluráð, meistarapróf og hið nýja fræðsluráð sjávarútvegsins sem frv. gerir ráð fyrir.

Við drögum mjög í efa að hæstv. ráðherra sé á réttri braut með því að taka út úr einn atvinnuveg í viðbót og skipa honum sérstakt fræðsluráð. Eðlilegt væri þá að spyrja hvers vegna þetta sé ekki gert varðandi aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, af hverju sjávarútvegurinn er tekinn þarna sérstaklega út úr. Almennt erum við með miklar efasemdir varðandi ýmis ákvæði þessa kafla eins og raunar kemur fram í þeim brtt. sem við höfum lagt fram og endurspegla viðhorf okkar til þessara mála, án þess að ég geri frekari grein fyrir þeim til að þessi orð verði ekki allt of mörg af minni hálfu.

Ég hef þegar gert grein fyrir 32. gr., bæði brtt. við 32. og svo 34., en það er að ekki sé beitt þessum þríliðureikningi gagnvart framhaldsskólunum þegar reiknað er út námsframboð skólanna.

Um brtt. við 37. gr. vildi ég aðeins nefna að þar er verið að ræða um Samvinnuskólann og Verslunarskólann og skólanefndir sem við þessa skóla skuli starfa. Í tillögunni sem fram kemur í brtt. okkar er áhersla lögð á það að ráðherrann skipi formanninn án tilnefningar, en aðra nefndarmenn skv. tilnefningum eignaraðila. Þetta er ósköp einfaldlega til samræmis við það sem að öðru leyti felst í frv. ráðherrans. Við sjáum ekki ástæðu til þess að skólanefndir við þessa skóla séu skipaðir á einhvern allt annan veg en skólanefndir við aðra framhaldsskóla og okkur finnst eðlilegt að ef ráðherrann á að skipa allar skólanefndir og formenn án tilnefningar, þá eigi það líka við þessa tvo skóla.

Ég vek sérstaka athygli á tillögum okkar um fjarkennslu sem fólgnar voru í frv. því sem við fluttum í haust. Í því frv. var gert ráð fyrir að fjarkennsla gæti orðið gildur þáttur í framhaldsnámi og að Námsgagnastofnun sæi um öflun og gerð námsefnis á þessu sviði, Ríkisútvarpið annaðist útsendingar, svo sem heimild er fyrir í útvarpslögum, og útstöðvar í hverju fræðsluumdæmi önnuðust leiðbeiningar og tengsl við nemendur. Þessa hugmynd er ekki að finna í stjfrv. og hún er ekki tekin upp af meiri hluta nefndarinnar. Sama gildir um tillögu okkar um óháða eftirlitsnefnd sem fengi það hlutverk að gera reglubundna úttekt á starfi og stöðu framhaldsskóla. Slík greiningarvinna, gerð af mönnum með sérþekkingu í skólamálum, gæti orðið til mikils stuðnings fyrir rannsókna- og tilraunastarf í hverjum skóla og þannig stuðlað að æskilegri þróun skólanna og framhaldsmenntunar almennt.

Ég sagði áðan að afskipti ráðuneytisins af málum framhaldsskólanna mættu ekki vera of smáatriðakennd eða smásmuguleg. Ég lagði áherslu á að löggjöfin ætti að vera rammi utan um skólastarfið. Þessi orð vil ég ítreka hér að lokum. Ég tel að tillögur okkar alþýðubandalagsmanna miðist fyrst og fremst við það að skapa víðan ramma og að innan þess ramma sé svigrúm til valddreifingar og til lýðræðislegrar þátttöku kennara og nemenda.

Við leggjum mikla áherslu á að með fræðsluráðum í héraði og aðild þeirra að skólastarfinu sé skapað æskilegt umhverfi, stjórnunarlegt umhverfi utan um skólana. Tilgangurinn með þessu er fyrst og fremst sá að skapa vettvang fyrir íbúa á skólasvæðunum, fyrir foreldra, fyrir sveitarstjórnarmenn til að fylgjast með þróun skólanna í stað þess að þeir líti á

skólana sem útibú ráðuneytisins sem þeir hafa lítið með að gera ef það eru engir heima í héraði sem hafa það verkefni að ræða þessi mál og hafa engan vettvang til að gera það. Það er t.d. töluverður munur á því hvort við Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki starfar skólanefnd sem í er einn fulltrúi kosinn af sveitarstjórninni á Sauðárkróki og annar fulltrúi kosinn af sveitarstjórninni á Siglufirði og síðan kannski sá þriðji kosinn af sveitarstjórninni á Skagaströnd, eða hvort til eru í kjördæminu fræðsluráð sem íbúarnir eiga sjálfir aðild að með beinum hætti, hafa valið sér og er vettvangur til umræðna um málefni framhaldsskólans og þróun hans, sjálfstæð stofnun. Þetta er sú hugsun sem er að baki tillögum okkar alþýðubandalagsmanna. Það er von okkar að með aukinni valddreifingu og með meiri þátttöku heimamanna verði fleiri sem skynji ábyrgð sína í þessu skólastarfi en er ef þræðirnir liggja allir við hönd eins manns.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Borgaraflokkurinn á ekki fulltrúa í menntmn. þessarar hv. deildar. Þess vegna hafa flokkssystkini mín ekki tekið beinan þátt í því starfi sem hér hefur verið unnið frá því að þetta mál var rætt við 1. umr. að öðru leyti en því að nokkurt samstarf mun hafa verið með menntamálanefndum beggja deilda um frv. og þar eigum við fulltrúa borgaraflokksmenn.

Annars vildi ég segja það hér í upphafi sem ég hef líklega fram tekið af minni hálfu við 1. umr. að þetta mál, frv. til laga um framhaldsskóla, er búið að bíða lengi eftir því að Alþingi tæki ákvörðun í þessu efni, afgreiði málið sem lög, kannski allt frá árinu 1974, frá því að grunnskólalögin voru samþykkt hér örlagaríka nótt. Þá fóru menn í beinu framhaldi að hugsa til þessarar löggjafar.

Ég tek eftir því að í nál. fyrri minni hl. menntmn. er aðeins minnst á að það sé ekki að öllu leyti slæmt að svo lengi hafi verið beðið eftir þessari löggjöf, ýmiss konar gróður hafi vaxið í skjóli þess frjálsræðis sem af því hefur leitt og það kann vel að vera. Hins vegar held ég að ekki fari á milli mála að það er orðið meira en tímabært að löggjöfin líti dagsins ljós. Þess vegna vil ég í upphafi orða minna við þessa umræðu leggja á það þunga áherslu að þessari hv. deild og síðan hv. Ed. auðnist nú að afgreiða þetta mál sem lög eins og þm. best telja því fyrir komið.

Við 1. umr. mun ég hafa lýst fylgi mínu að meginstofni við það frv. sem þá var lagt fram. Ég hef ekki hvikað frá þeirri skoðun enda þótt hér sé um svo viðamikið mál að ræða að fram koma mörg viðhorf að heita má varðandi nánast hverja grein. Þetta er svo yfirgripsmikið mál og kemur svo víða við að hægt er að líta á þessi mál frá mörgum sjónarhornum.

Mér verður fyrst fyrir að líta á brtt. sem lagðar hafa verið fram úr þremur áttum. Ég held að það væri ágætt verklag af minni hálfu að geta fyrst þeirra brtt. sem seinast voru fram lagðar, þ.e. á þskj. 864 frá Ragnari Arnalds af hálfu Alþb. Þar sýnist mér að að stofni til sé lagt út frá frv. sem þeir alþýðubandalagsmenn lögðu fram hér í haust og var að mörgu leyti hin merkasta smíð.

Ég vil geta skoðunar minnar á brtt. Ragnars Arnalds varðandi 3. gr. frv. um kostnaðarskipti við stofnkostnað. Þar leggur hann til að kostnaðarskipti verði 80% af ríkis hálfu, 20% af hálfu sveitarfélaga. Ég fyrir minn hlut get fallist á þau kostnaðarskipti sem frv. gerir ráð fyrir og það koma ekki fram brtt. frá öðrum aðilum um það atriði en Ragnari Arnalds. Ég fellst á þetta vegna þess að þar sem unnið hefur verið á undanförnum árum og raunar áratugum í þessa átt hefur verið miðað við þessi kostnaðarskipti og sveitarfélögin eru farin að una sæmilega við þau.

Ég vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að geta annars sem veldur fylgi mínu við þessi kostnaðarskipti. Það er vísbendingin sem mér finnst koma fram af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar um stofnkostnaðarskipti við skólabyggingar almennt í landinu. Það er vitað að af hálfu stjórnvalda hafa þær tillögur legið í loftinu að kostnaðarskiptum verði breytt hvað grunnskólann varðar, sem nú eru skv. lögum 50 á móti 50, en að þau verði 100% á sveitarfélögum. Ég er mjög andsnúinn þeirri stefnu og tel að með þessum kostnaðarskiptum hvað framhaldsskólann varðar sé í rauninni verið að varða veginn á þann veg að það sé að vænta breytinga af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni og þá í rétta átt.

Að öðru leyti vildi ég segja þetta um brtt. Ragnars Arnalds: Þar er um nokkra nýskipan fræðsluumdæmanna að ræða, einkum verulega nýskipan fræðsluráðanna og kjörs til þeirra og verksvið. Hér er um mjög róttæka breytingu að ræða. Enda þótt ég telji vissulega tímabært að einhver álíka lausn verði fundin á ýmsum sviðum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og þarna er lagt til tel ég hæpið að þessarar lausnar sé leitað hvað framhaldsskólann varðar einn sér og sérstaklega. Ég óttast að hér verði um of mikið bákn að ræða sem þó tæki til fremur fárra stofnana.

Hins vegar eru í brtt. Ragnars Arnalds mörg jákvæð atriði eins og eðlilegt er í jafnviðamikilli meðferð á málinu. Ég minni t.d. á það sem hann segir í 20. gr.: „Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu.“ Hann talar um lágmarksnámsframboð og það tel ég af hinu góða.

Ég minni líka á hugmyndir hans um fjarkennslu sem hann lagði áherslu á í máli sínu áðan og ekki síst hugmyndir hans um eftirlit með árangri í starfi framhaldsskólans. Það hefur vissulega skort á það eftirlit, a.m.k. jákvætt, virkt eftirlit af hálfu ráðuneytisins.

En ég ætla þá að snúa mér að fáeinum öðrum brtt. og vil fyrst koma að brtt. við 2. gr. frv. sem er um hlutverk framhaldsskólans og ákaflega mikinn kjarna í þessu máli öllu. Þeir sem skólastarfið vinna bíða sjálfsagt ekki sérstaklega eftir þeirri stefnumörkun sem þarna kemur fram. Ég býst við að það

séu frekar ýmis praktískari atriði, eins og t.d. kostnaðarskipti og önnur slík, sem heitar brenna á mönnum en þessi. Engu að síður er hér um grundvallaratriði að ræða sem alveg er þess virði að fjalla nánar um.

Í frv. eins og það var lagt fram við 1. umr. segir í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi: Að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum. Að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi. Að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að veita þeim almenna menntun og efla með þeim félagsþroska."

Mér finnst brtt. meiri hl. menntmn. varðandi þessa grein ekki til bóta, sérstaklega að einu leyti. Það er fellt niður eitt það atriði sem mér finnst skipta verulegu máli varðandi hlutverk framhaldsskólans, þ.e. að efla með nemendum félagsþroska. Þetta atriði er ekki að finna í brtt. meiri hl. Það finnst mér miður. Hins vegar er brtt. eins og hún hljóðar hjá fulltrúa Kvennalistans sé bæði betur orðuð og þar komist öll þau atriði til skila sem máli skipta í þessu sambandi. Þess vegna finnst mér sú útfærsla betri.

Annað atriði sem ég vildi vekja máls á er varðandi 3. gr. frv. Þar sýnist mér að meiri hl. menntmn. leggi til leið sem er kunn úr grunnskólalögunum. Önnur greinin er um byggingarframkvæmdir og það er sérstaklega 4. mgr. þar sem verið er að fjalla um. Ég get fyrir minn hlut alveg fallist á þessa brtt. meiri hl. menntmn. og ég þykist tala þar af nokkurri reynslu. Sú leið sem þar er valin hefur verið útfærð í grunnskólalögunum og, að ég held, gefist að flestu leyti vel. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar skv. viðmiðunarreglum" — Þetta er alveg eins og í frv. í byrjun. Síðan segir: „... þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann." Þarna er um að ræða svipaða leið og hefur verið farin varðandi grunnskólann og ég held að það sé til bóta.

Þá vildi ég næst víkja máli mínu að brtt. meiri hl. menntmn. við 7. gr. frv. Þar er um það að ræða að frv. gerir ráð fyrir skólanefndum sem í sitja 3–5 menn. Hér er lagt til að þeir verði fimm. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga. En síðan segir í tillögu meiri hl., með leyfi hæstv forseta:

„Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitarstjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd."

Ég fæ ekki séð að þetta gangi. Ef hámarksfjöldi er fimm í skólanefndinni, einungis er hægt að kjósa með þessum hætti fjóra, þá er skv. þessari grein þar með verið að hafa jafnframt starfsgreinar að hámarki fjórar og það náttúrlega gengur ekki. Þarna held ég að hljóti að þurfa að athuga málið eitthvað nánar nema þá að ég skilji ekki tillgr. rétt.

Fjórða atriðið sem ég vildi færa hér í tal er tillaga fyrri minni hl. eða brtt. Kvennalistans raunar — þetta er borið fram af fjórum fulltrúum Kvennalistans — varðandi 9. gr. frv. Þar er fjallað um skólaráð og hlutverk þess. Mér sýnist á öllu að í þessari útfærslu varðandi 9. gr. hjá fulltrúum Kvennalistans sé í rauninni tekið á málum mjög svipað og hefur orðið í raun víða um land. Þess vegna langar mig til að lesa, með leyfi hæstv. forseta, tillgr. eins og hún er í útfærslu Kvennalistans:

„Greinin orðist svo:

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara, starfi hann við skólann. Skólaráð, deildarstjórar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki skólanefndar og menntmrn."

Þessi seinasta grein er í rauninni kjarninn í tillögunni. Þarna finnst mér vera um að ræða leið um innra starf skólans sem er farsæl og ekki sé til bóta að færa þetta jafnmikið í hendur skólanefndar og mér sýnist að frv. geri ráð fyrir.

Hins vegar er önnur tillaga af hálfu Kvennalistans um 12. gr. frv. Ég er sammála fyrri hluta en allsendis ósammála og andstæður seinni hluta þeirrar greinar. Sá hluti hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. setur eða skipar skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólaráðs. Menntmrh. setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólaráðs og skólameistara viðkomandi skóla."

Þarna er ég á öndverðri skoðun. Að afmunstra skólanefndina með þessum hætti er að minni hyggju ekki sú leið sem farsælust er. Ég vil treysta rétt skólaráðsins og ekki síst nemenda um umfjöllun alls í innra starfi, en ekki að láta skólaráðið taka við hlutverki skólanefndanna að öðru leyti.

Þá vildi ég næst fjalla lítillega um eitt atriði í tillögum meiri hl. hv. menntmn. Þar er um að ræða a-lið í brtt. við þessa sömu grein, 9. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans."

Það er þetta atriði, hæstv. forseti, þetta orðalag „ber ábyrgð á". Það kann að vera að vegna þess hve

fræðslustjóramálið úr Norðurl. e. er ferskt í minni gjaldi ég varhug við þessu orðalagi. Nú er það svo að embættismaðurinn skólameistari er fráleitt sá aðili sem hefur úrslitaáhrif um fjárhagsáætlun. Ég er sammála því að honum ber að sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar. En að hann einn sem embættismaður eigi að bera ábyrgð á framkvæmdinni, það finnst mér of sterklega til orða tekið. Mér fyndist frekar koma til greina „sér um" eða eitthvað í þá veru.

Þá kem ég hér næst að 13. gr. frv. og brtt. meiri hl. hv. menntmn. við þá grein. Ég gerði þetta atriði að umtalsefni í máli mínu við 1. umr. og ég vil lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að meiri hl. menntmn. hefur tekið til greina þá skoðun sem ég setti þar fram. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd."

Þetta er háttur sem ég tel réttan og eðlilegan. Ég er það mikill miðstýringarmaður að ég tel að þarna eigi að vera verulegt samræmi á sem nánast ráðuneytið eitt er fært um að framkvæma.

Á sama hátt er ég ekki sammála brtt. Kvennalistans um þetta efni þar sem er aðeins um að ræða að ráðuneytið setji skólameisturum erindisbréf.

Varðandi 30. gr. í frv. kemur meiri hl. menntmn. með brtt. sem ég fellst á. Það kom raunar fram í máli hv. 18. þm. Reykv. fyrr við umræðuna að fulltrúi Kvennalistans er sama sinnis um það að útfærslan varðandi kennsluaðstöðu fatlaðra er eitt merkasta nýmælið í þeirri löggjöf sem hér er í burðarlið. Ég tel að því beri sérstaklega að fagna.

Ég hef orðið þess nokkuð var í störfum mínum áður að viðhorf til þess hvernig taka á á störfum og starfsaðstöðu fatlaðra í skólum hér á landi hefur verið að breytast undanfarin ár og mjög til batnaðar. Ég get ekki látið hjá líða að segja ykkur aðeins frá dæmi sem ég varð var við í mínu fyrra starfi fyrir fáum árum. Þar var um að ræða nemanda sem kom í skóla til okkar, venjulegan grunnskóla, efri hlutann. Það hefði sjálfsagt þótt tíðindum sæta fyrir fáum árum ef slíkt hefði gerst. Nú varð ég þess var fyrir fáum dögum að einmitt þessi sami nemandi — og ég hika ekki við að fullyrða að það var vegna þess hvernig á málum var tekið eða hvernig viðhorf höfðu breyst — hefur öðlast þann þroska að hann getur séð sér farborða sem hann hefði vafalítið ekki náð ef tískan að þessu leyti hefði ekki breyst til batnaðar og starfsviðhorfin. Þess vegna held ég að það verði alls ekki of mikil áhersla á það lögð að hinir fötluðu eigi sannarlega að fá starfsaðstöðu eins og aðrir og ekki síðri hvar sem er í okkar skólakerfi.

7. atriðið sem ég vildi leggja áherslu á varðar 32. gr. frv. Ég vildi raunar spyrja fulltrúa meiri hl. menntmn. sem að vísu eru ekki hér staddir, en þá vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort brtt. er rétt skilin hjá mér. Brtt. meiri hl. nefndarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkissjóður greiðir skv. lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða skv. ákvörðun Alþingis.

Við þetta hef ég ekkert sérstakt að athuga annað en það að ég skil svo að skv. þessari brtt. sé felldur niður seinni hluti þessarar mgr. sem fyrst er í 32. gr. og hljóðar svo: „Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum." Ef þessi skilningur er réttur vildi ég spyrja: Hver er ástæðan til þessarar breytingar? Hver er tilgangurinn með henni?

Í lokum brtt. meiri hl. menntmn. segir þar sem talað er um ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu."

Þetta tel ég að mörgu leyti eðlilegt og styð þetta. En mér finnst þó ekki koma nægilega fram hvað átt er við með „gerðir samningar". Eru það einungis byggingarsamningar? Ég ímynda mér að þarna sé um að ræða tilvik eins og á Egilsstöðum, Ísafirði og Akureyri þar sem ríkið hefur sjálfsagt tekið á sig allmiklar skuldbindingar sem þá væntanlega héldu áfram, viðkomandi byggðarlögum sérstaklega til hagsbóta. Ég vildi gjarnan fá að vita um þetta atriði örlítið nánar.

Ein er sú brtt. af hálfu fulltrúa Kvennalistans sem ég vil lýsa sérstöku fylgi mínu við. Það er ný grein aftan við 32. gr. sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostnaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði."

Ég lagði á þetta áherslu, ef ég man rétt, við 1. umr. og ég vil gera það enn og lýsa sérstöku fylgi mínu við baráttu fulltrúa Kvennalistans fyrir þessu atriði í nefndinni. Ég trúi því vart að ekki myndist þingmeirihluti fyrir því að ná þessu réttlætismáli inn. Ég vil a.m.k. leggja á það sérstaka áherslu.

Það kom fram í máli fulltrúa Alþb. í menntmn., hv. 4. þm. Norðurl. v., viss ótti varðandi aðstöðu minni skólanna í sambandi við reksturinn. Ég lét þess getið ef ég man rétt við 1. umr. og ég er enn þeirrar skoðunar að 34. gr. sé það rúm að þessu leyti — og ég hef síðan athugað það nokkuð — að þessi viðmiðun sem þar er fjallað um í frv., að við ákvörðun fjárveitingar til kennslu í framhaldsskólum skuli miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennnslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla, sé að flestra áliti eðlileg viðmiðun sem grunnatriði. En síðan segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf." Þetta

atriði tel ég það skýrt að það eigi að vera nægilegt ef fram gengur.

Ég vil svo, herra forseti, um leið og ég lýk máli mínu, leggja á það áherslu að það sem mestu skiptir er ekki hin smærri atriði sem menn greinir á um hér, heldur hitt, að koma þessari löggjöf fram. Ég vænti þess fastlega að þessi deild og líka hin efri og hæstv. menntmrh. beri gæfu til að svo verði.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka menntmn. þessarar hv. deildar fyrir vel unnin störf að frv. og lýsa ánægju minni yfir því að það skuli nú vera komið hér til 2. umr. og vonast til að það sé vísbending um að Alþingi sé reiðubúið til að afgreiða frv. til laga um framhaldsskóla sem ég tel mjög mikilvægt að verði samþykkt hér á þessu þingi.

Í framsögu minni við 1. umr. um þetta mál gat ég þess að í frv. væru mörg álitamál. Frv. um framhaldsskóla væri nýsmíði og þess vegna væru mjög mörg atriði sem haga mætti á fleiri en einn veg og lýsti því jafnframt yfir að ég væri reiðubúinn til samstarfs við menntmn. um skynsamlegar breytingar á frv.

Ég tel að þær breytingar sem meiri hl. menntmn. hefur gert á frv. séu allar til bóta og styð þær. Ég er hins vegar ekki alveg sammála þeim brtt. sem fram hafa komið frá þm. Kvennalista eða frá hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég ætla ekki að ræða það í einstökum atriðum heldur vil ég aðeins með nokkrum orðum ræða þau meginsjónarmið sem búa að baki þeim till. og lýsa þá í hvaða atriðum ég er ósammála.

Verksvið skólanefndanna hefur verið allmikið rætt og ekki er neinn vafi á því að það sýnist sitt hverjum um skólanefndir. Sumir eru hreinlega andvígir því að skólanefndir séu settar upp við framhaldsskóla. Aðrir eru fylgjandi því en þá skiptast skoðanir aftur á milli þeirra sem því fylgja um það hvert eigi að vera verkefni skólanefnda.

Mér sýnist skólamenn skiptast nokkuð í tvo hópa um skólanefndirnar, annars vegar þeir skólamenn sem þekkja þær af eigin raun, t.d. skólameistarar sem hafa unnið með skólanefndum eru mjög ánægðir með þetta ákvæði um skólanefndir í frv. Þeir skólameistarar sem ekki þekkja skólanefndir, hafa ekki haft þær í sínum skólum, óttast þær. Það er hið margkveðna að menn óttast hið óþekkta og þess vegna hef ég orðið var við andstöðu við skólanefndirnar frá þeim skólameisturum sem ekki hafa haft slíkar nefndir innan vébanda sinna skóla. Ég held að mér sé óhætt að segja að allir aðrir, þ.e. þeir sem þekkja þær, telji þær til bóta. Þær hafa skapað góð tengsl milli heimamanna og skólanna. Skólameistararnir og skólarnir telja vera styrk að þeim í sínu starfi og eru því áhugasamir um að slíkt fyrirkomulag verði lögfest.

Verksvið skólanefndanna eins og það lítur núna út, samkvæmt frv. eins og brtt. liggja fyrir um það, er eiginlega þríþætt:

Í fyrsta lagi að ákveða námsframboð. Og hvað er betra eða æskilegra verkefni fyrir heimamenn, fyrir fólkið í viðkomandi byggðarlögum, en að ákveða það nám sem viðkomandi skóli býður upp á? Ég held að ekkert verkefni sé eins nálægt fólkinu og það að hafa ákvörðunarvald um hvað á að kenna í viðkomandi skóla. Getum við fengið viðkomandi fag eða viðkomandi greinar sem næst okkur eða þurfum við að senda börnin okkar í skóla suður í Reykjavík eða eitthvað annað? Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt atriði og þess vegna er ég andvígur þeim hugsunarhætti Kvennalista að þetta sé ekki verkefni sem fólkið í viðkomandi byggðum eigi að skipta sér af, þetta eigi aðeins að vera verkefni kennaranna og skólameistaranna, en fólkið eigi ekkert að hafa um þetta að segja. Þessu sjónarmiði er ég andvígur og tel að þetta sé mjög eðlilegt og sjálfsagt verkefni skólanefndanna.

Annað verkefni þeirra er að undirbúa fjárlög og hafa hönd í bagga með fjármálastjórn. Það tel ég líka vera eðlilegt verkefni skólanefndanna.

Þriðja verkefnið er síðan íhlutun um ráðningar við skólana sem ég tel líka að skipti miklu máli fyrir heimamenn í viðkomandi byggð. Ég tel að mjög sé ofmælt hjá fulltrúum Kvennalista að grundvöllurinn á bak við þessar hugmyndir sé sá að vilja ekkert samstarf við kennara, vilja ekkert faglegt samstarf við ákvarðanir um innra starf skóla. Ég tel að í frv. sé einmitt gert ráð fyrir að allt það sem lýtur að hinu innra starfi skólans sé raunverulega í höndum skólameistarans og þess fólks sem þar vinnur. Brtt. meiri hl. nefndarinnar lýtur að því að undirstrika þetta betur með því að taka út ákveðin orð í þeirri grein sem fjallar um skólanefndirnar til þess að taka af öll tvímæli um hvert eigi að vera verkefni þeirra. Það eru tekin út orðin „að marka stefnu í skólahaldi". Þetta er gert til þess að undirstrika, að mínu mati, að það sé skólameistaranna, það sé skólaráðsins fyrst og fremst að fjalla um þetta atriði. Það hafa raunverulega engir betri tök á því að hafa áhrif á innra starf skólans en kennarar og þeir sem við skólana vinna svo og nemendur einnig. Það þarf sérstakt átak einmitt í lögum eins og þessum til að opna fyrir möguleika á afskiptum hins almenna borgara af skólunum. Sú umræða er svo sem ekkert ný af nálinni, og hún er þekkt t.d. víða erlendis, að vissir hópar kennara og skólamanna vilja ekkert að fólkið í kringum þá sé að hafa allt of mikil afskipti af skólunum, vilji að skólarnir séu lokaðar stofnanir kennara og nemenda, það sé hægt að kalla til foreldra á einhverjum foreldradögum einu sinni eða tvisvar á ári og ræða við þá, leyfa þeim að fylgjast með því sem er að gerast í skólunum, en síðan eigi þeirra afskiptum að ljúka. Þessi umræða fer víða fram. Ég hef orðið var við hjá ýmsum forustumönnum kennarasamtaka hér á landi að þeir telja að þetta eigi að vera svona.

Ég er ósammála þessu sjónarmiði. Ég tel að skólarnir séu ekki til eingöngu fyrir kennarana eða starfsfólkið. Þeir eru til fyrir þjóðfélagið, fyrir nemendurna auðvitað fyrst og fremst, en foreldra-

rnir, fólkið í byggðum landsins, eiga að hafa mikið um það að segja hvernig skólarnir eru uppbyggðir og hvernig þeim er stjórnað, t.d., eins og í þessu tilfelli, hvaða nám er boðið fram í viðkomandi skóla. Þess vegna er ég ósammála þessu meginsjónarmiði, sem fram kemur hjá Kvennalistanum og stór hluti af þeirra brtt. byggist á, að vilja útiloka fólkið frá því að hafa áhrif á skólana í sínum byggðarlögum.

Það má auðvitað hugsa sér að skólanefndirnar séu tilnefndar á ýmsan hátt og að ýmsir aðrir en sveitarstjórnirnar komi þar að. Sveitarstjórnirnar eru þó löglega kjörnir fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum. Kvennalistinn segir með dálítilli fyrirlitningu: Þetta eru pólitískt kjörnir fulltrúar — og þar með á að afgreiða þá sem næstum því óalandi og óferjandi. Þetta er þó það fólk sem byggðarlögin kjósa sér til forustu í sínum málum og til þess að gegna því forustuhlutverki ákveðið árabil eða ákveðið kjörtímabil. Ég tel að það sé raunverulega ekki til lýðræðislegra fyrirkomulag en að þetta fólk, sem hefur verið kjörið til þátttöku í sveitarstjórnum, komi inn í þessa þætti í stjórnun skólans.

Þetta vildi ég láta koma fram hér því að það er mikið grundvallaratriði og mér finnst að einmitt þetta atriði hafi dálítið verið afflutt í þessum umræðum. Þess vegna vildi ég að það kæmi alveg skýrt í ljós hver er tilgangurinn með frv. að þessu leyti og hver mín skoðun er á þessu.

Ég vil aðeins geta þess varðandi eitt atriði sem fram kom í máli hv. 18. þm. Reykv., varðandi þau lög sem fella eigi úr gildi að mér fannst ýjað að því að það væri einhver andkvennapólitísk stefna fólgin í því að fella úr gildi lög um húsmæðrafræðslu og um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands. Í því er auðvitað ekkert slíkt fólgið. Það er hússtjórnarfræðsla í grunnskólunum og margir framhaldsskólar hafa þegar tekið upp sérstakar hússtjórnarbrautir innan sinna vébanda. Lögin um húsmæðrafræðslu, eins og hún er í dag, eru því algjörlega úrelt eins og menn sjá ef þeir lesa þessi lög og þjónar raunar engum tilgangi að hafa þau í gildi öllu lengur.

Lögin um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru hins vegar úrelt einnig vegna þess að þetta nám hefur nú verið tekið inn í Kennaraháskóla Íslands. Í raun er búið að leggja Hússtjórnarkennaraskólann af sem sjálfstæðan skóla. Þetta nám fer að vísu fram í þeim húsakynnum sem Hússtjórnarkennaraskólinn hafði, en það er algjörlega komið undir stjórn Kennaraháskólans þó að það séu fyrrverandi starfsmenn Hússtjórnarkennaraskólans sem hafa þar kennslu með höndum og að vissu leyti stjórn þess náms. Þetta er auðvitað fyrst og fremst tilgangurinn með því að fella niður þessi lög, eins og er tilgangurinn með því að leggja til að ýmis önnur lög séu felld niður sem ekki standast lengur tímans tönn. Í því er ekki fólgið á neinn hátt neitt vanmat á þessu námi eða nauðsyn þess í skólakerfi landsins.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. Það er allmikill ágreiningur okkar á milli. Hann telur að valddreifing í frv. sé ekki nægilega mikil. Við skulum átta okkur á því í hverju þessi valddreifing er fólgin sem frv. gerir ráð fyrir. Við skulum aðeins fara um það nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi fá heimamenn nú miklu meira vald samkvæmt frv. til að ákveða námsframboð í framhaldsskólum í þeirra heimabyggð. Þetta er eins og ég gat um áðan mjög mikilvægt verkefni heimamanna.

Í öðru lagi fá skólarnir aukið fjárhagslegt sjálfstæði frá því sem nú er. Það er skýrt nánar í grg. og kemur fram í viðkomandi greinum í frv. og ég skal ekki þreyta þingheim á að lesa það nánar.

Í þriðja lagi eiga skólarnir nú sjálfir að annast þróunarstarf innan sinna vébanda. Ekki hefur verið gert ráð fyrir slíku hingað til. En nú er það skýrt tekið fram að hlutverk menntmrn. í því efni er fyrst og fremst að veita ráðgjöf en skólarnir sjálfir eiga að annast þróunarstarfið og ég tel það mjög mikilvægt.

Í fjórða lagi er sett upp miklu skýrari verkaskipting á milli menntmrn. og framhaldsskólanna en gildir í dag. Hlutverk menntmrn. samkvæmt frv. er fyrst og fremst að hafa með höndum heildarstefnumótun, hafa með höndum kennslueftirlit og gerð tillagna um fjárveitingar og að semja námsskrá. Skólarnir sjálfir fara hins vegar með framkvæmd alls skólastarfsins. Allt innra starf, öll fagleg ábyrgð á að vera í höndum skólastjórnar og skólaráðs.

Í fimmta lagi vek ég athygli á því að vald skólanna til að taka upp fullorðinsfræðslu, endurmenntun af ýmsu tagi, er lagt í hendurnar á skólunum sjálfum í miklu ríkari mæli en hefur verið gert og þar með er skólunum gert kleift að laga sig að atvinnulífi og staðháttum á viðkomandi stöðum. Af þessum ástæðum tel ég að það sé rangt sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hélt fram að ekki væri valddreifing í frv., þvert á móti, það er miklu meiri valddreifing í frv. en gildir í raun í dag.

Ég er andvígur því ótrúlega flókna stjórnkerfi sem fram kemur í till. hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég tel ekki rétt að skipta landinu upp í fræðsluumdæmi eins og þarna er gert ráð fyrir til þess að stjórna framhaldsskólunum sem eru sennilega núna eitthvað rúmlega 20 talsins. Auðvitað fjölgar þeim vafalaust. En að setja upp svo flókið stjórnunarkerfi fyrir þessa skóla tel ég ekki vera rétt. Þetta hefur komið til orða á mjög mörgum fundum sem ég hef verið á með fulltrúum skólamanna, m.a. skólameistara, að undanförnu og ég hef hvergi orðið var við að þetta stjórnunarkerfi, að setja upp svona millistig, eigi sér hljómgrunn. Það sé miklu eðlilegra að færa þetta vald út til skólanna sjálfra en að setja upp einhvers konar millistig eins og gert er ráð fyrir.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, ætla ég aðeins að svara hv. 6. þm. Suðurl. Hann spurði um tvö atriði, þ.e. brtt. við 32. gr. Ég tel að þar sé nú sennilega um prentvillu að ræða því að ég held að það hafi ekki verið meiningin að fella niður síðari setninguna í 32. gr. eins og lesa má út úr þingskjalinu, þ.e. „hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum". Að mínu mati átti sú setning að standa áfram en breytingin að

vera á fyrri setningu 1. mgr. 32. gr. í þeirri veru sem fram er tekið í brtt. En ég mun athuga það í samráði við formann nefndarinnar.

Að lokum spurði hv. þm. hvernig bæri að skilja það ákvæði til bráðabirgða sem meiri hl. nefndarinnar gerir tillögu um, þ.e. að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, þ.e. um stofnkostnaðarskiptinguna, skuli gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu. Hér er fyrst og fremst um að ræða byggingarsamninga sem hafa verið gerðir um áfanga sem eru í gangi við ýmsa skóla landsins. Ég nefni t.d. Fjölbrautaskólann á Selfossi, íþróttahús á Ísafirði, Menntaskólann á Egilsstöðum, þar eru framkvæmdir í gangi. Það hafa verið gerðir ákveðnir samningar um kostnaðarskiptingu og greiðsluflæði og ég lít svo á að þessi grein fjalli fyrst og fremst um það að þeir samningar skuli halda sínu gildi þrátt fyrir það sem fram kemur í þessu ákvæði til bráðabirgða.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að gera þetta frekar að umtalsefni. Ég ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar fyrir vel unnin störf að þessu máli og vonast til að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Frsm. 1. minni hl. menntmn. (Þórhildur Þorleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í máli hæstv. menntmrh. sem ég vil gera að umtalsefni. Hann ræðir um það að skólanefndir séu mikið skref í átt til valddreifingar og að þeir skólameistarar sem hafi búið við skólanefndir láti vel af þeim og þeir sem ekki hafi haft skólanefndir hræðist þær. Nú er mér vel kunnugt um að þetta hefur við nokkur rök að styðjast þar sem þeir skólamenn sem mættu til viðtals og höfðu búið við skólanefndir mæltu þeim gjarnan bót. En þá vil ég benda á tvennt í því sambandi. Annað er það að skólanefndir hafa hingað til ekki átt sér lagalegan bakhjarl um valdsvið sitt þannig að skólameistarar hafa mikið til getað notað skólanefndir til þess að stuðla að og ná fram eigin ákvörðunum, enda kom það líka fram í máli þessara sömu manna sem mættu þarna til viðtals við menntmn. Kokhreysti þeirra var nokkuð mikil þegar þeir ræddu um skólanefndir. Þeir töluðu um að auðvitað hefðu skólameistarar tök á sínum skólanefndum og auðvitað stjórnuðu skólameistarar og einn viðhafði þau orð: Ef skólanefnd vill fara að stjórna, leyfum þeim þá að stjórna. Ætli þeir gefist ekki fljótt upp á því? Og annað í þessum dúr fólst í ummælum þeirra um skólanefndir. Þeir litu m.ö.o. ekki á þær sem valdastofnun heldur sem stuðningsstofnun við eigin gerðir. Og það eru reyndar nokkrir sem eru á því máli að skólanefndirnar muni í raun ekki geta fylgt eftir starfi skólans eins og þeim er ætlað í frv. og því verði þetta til þess að auka völd skólameistara ef eitthvað er. Um það skal ég ekki dæma, en þó finnst manni ólíklegt að fulltrúar í skólanefnd, sem ekki starfa við skólann og ekki hafa það að aðalstarfi að fylgjast með störfum skólans og vinna að hag hans, hafi tök á að hafa slíka yfirsýn yfir daglegan rekstur og það starf sem þar fer fram að þeir geti í rauninni verið mjög mótandi aðili. Og þá kann vel að vera að það reynist satt að þær verði harla áhrifalitlar. En þá vaknar spurningin: Hver á þá að fá þau völd í staðinn? Eins og ég segi, það eru margir sem leiða getum að því að það verði í raun skólameistarar sjálfir og er þá orðið lítið um valddreifinguna.

Eins verður hæstv. menntmrh. tíðrætt um það að hann skilji ekki hvers vegna Kvennalistinn sé á móti því að valdið fari til fólksins. Við viljum ekki setja samasemmerki milli sveitarstjórna og fólksins. Þó að sveitarstjórnir séu auðvitað kjörnar af fólkinu eru það harla fáir einstaklingar sem þar eiga greiða leið inn. Auk þess vil ég benda á að það vill gjarnan bindast við ákveðna þjóðfélagshópa og ég tala nú ekki um ákveðið kyn hverjir eiga þangað greiða leið. Nægir að benda á skýrslu sem var lögð hér fram í haust um hvernig kynskipting væri í nefndum og ráðum. Þar kom fram að því ofar sem dró í valdapíramídanum, því færri konur komust að. Þetta er því t.d. mjög útilokandi ákvæði fyrir flestar konur. Teljast þær þá kannski ekki til fólksins samkvæmt þeirri skilgreiningu. Það að núa okkur því um nasir að við séum á móti valddreifingu af því að við viljum ekki skólanefndir og viljum ekki kjörna pólitíska fulltrúa yfir öllu og öllum finnst mér því skjóta nokkuð skökku við og er gert á þessum forsendum, eins og ég segi, að draga samasemmerki milli nokkurra kjörinna fulltrúa og almennings.

Ég skal fúslega játa að það mættu gjarnan koma hér inn í einhver ákvæði um aðild t.d. foreldra að skólaráðum. Ég get hins vegar ekki séð það fyrir mér að skólanefndir, eins og hér er lagt til að þær verði kjörnar, verði einhverjir fulltrúar foreldra samkvæmt fyrri rökum. Flest börn eiga sér foreldra af báðum kynjum. Það er alkunna að annað kynið annast uppeldi barnanna meira en hitt en á þá í fæstum tilfellum aðild að skólanefnd. Auk þess mætti nú líklega leiða getum að því að fæstir sveitarstjórnarmenn séu, eða ekki mjög margir þeirra, með svona ung börn í skóla lengur. Það er líka tilhneiging þessarar valdauppbyggingar að þar séu gjarnan rosknari menn við stjórnvölinn. Þar á ofan má ekki gleyma því, þegar talað er um valddreifingu, að menntmrh. sjálfur á að skipa án tilnefningar formann skólanefndar. Er þá að mínu viti harla lítið eftir af hans rökum um valddreifingu. Hann leggur þó mál sitt þannig fram að maður skyldi ætla að það væri eitt hans meginmarkmið.

Hvað er betra, segir hann, heldur en að fólkið ráði námsframboði? Nú hefur mér skilist að í þessum lögum eigi að lesa orðið námsframboð eins og námsbraut, en í því felst einmitt sú hætta sem ég varaði við í máli mínu áðan að menntun tæki of mikið mið af starfsmenntun og gildi almennrar menntunar með í huga það hlutverk sem menntun er markað í hlutverkalýsingu framhaldsskóla sé ekki í hávegum haft. Auðvitað hafa heimamenn á hverjum stað næman skilning fyrir þörfum síns sveitarfélags

fyrir starfsmenntun. Það segir hins vegar alls ekki að þeir séu þar með færastir um að ákveða námsframboð því hætt er við, eins og ég segi, að þeir tækju þar fyrst og fremst mið af þörfum sveitarfélagsins en ekki þeirra einstaklinga sem menntunina sækja.

Við höfum aftur á móti í þessum brtt. okkar þó viljað milda þetta nokkuð með því að taka tillit til skólanefnda, eins og þær eru skipaðar núna samkvæmt frv., og lagt til að skólaráð og skólameistari ákveði námsframboð og marki stefnu, en þetta hljóðar svo:

„Skólaráð, deildarstjórar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki skólanefndar og menntmrn.“ Með slíku ákvæði teljum við að það sé alveg tryggt að skólanefndir, og þá með þessi byggðalegu sjónarmið í huga sem ég nota alls ekki í niðrandi merkingu, fái notið sín í mörkun skólastarfs.

Það er að vissu leyti rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði, að auðvitað eru engir færari um það að hafa áhrif á daglegan rekstur og framkvæmd skólans en kennarar. En samkvæmt þessu eiga þeir sér harla lítinn lagalegan bakhjarl í þeirri stefnumótun sinni andstætt við skólanefnd sem fær mjög sterkan bakhjarl.

Ég hefði kosið að menntmrh. hefði gert hér að umræðuefni 12. brtt. okkar um nýja grein sem við leggjum til að komi á eftir 32. gr. og hljóði svo:

„Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostnaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði.“

Ég er viss um að fleirum en mér þætti áhugavert að heyra sjónarmið hæstv. menntmrh. varðandi mötuneyti og tengja það þá hollustuvernd og því heilsuverndarákvæði sem er inni í frv. Þetta finnst manni að sé nú til dags, eins og háttar til í þjóðfélaginu, orðið svo brýnt, að nemendur í öllum skólum eigi kost á máltíðum í skóla, og þarna er gert ráð fyrir að nemendur beri sjálfir hráefniskostnað, að það verði ekki öllu lengur dregið að ráða bót á því ófremdarástandi sem ríkir hér í neysluvenjum, ekki síst unglinga. Það var í einhverju dagblaði í gær verið að gera samanburð á veltu sjoppa og söluturna og þeim peningum sem rynnu í gegnum húsnæðiskerfið. Og ef ég man rétt kom þarna fram að við eyðum meiri peningum í þær vörur sem fást í svokölluðum sjoppum og söluturnum en samanlagt fara í húsnæðiskerfi landsins. Ég er ekki að segja að þeir peningar mundu annars renna í húsnæðiskerfið, en þetta eru staðreyndir sem gaman er að velta fyrir sér. Þessi mikla sælgætis- og sykurneysla Íslendinga, eða íslenskra barna og unglinga kannski fyrst og fremst, hlýtur að markast af því hvernig fjölskylduaðstæður eru núna. Fólk neyðist til þess að láta börnin sín ganga, oft og einatt, sjálfala löngu áður en þau eru fær um að bera ábyrgð á eigin lífi og þar innifalið eigin matarvenjum og neyslu og leggja þau sér því til munns óhóflega mikið af þessari vöru. Það hefur líka margsinnis komið fram að fjárráð unglinga eru hér afskaplega mikil og virðist vera orðin lenska að allir nemendur í framhaldsskóla þurfi að vinna með skóla til þess að hafa auraráð, sumir eflaust af nauðsyn, ekki ætla ég að draga úr því, en aðrir til einhverrar almennrar neyslu. Og hætt er við að stór hluti þeirra peninga fari einmitt til kaupa á því lélega fæði sem nú er til sölu í framhaldsskólum landsins þannig að það væri mjög gott ef menntmrh. vildi láta í ljós einhverja skoðun á þessari brtt.

Varðandi síðustu brtt. okkar, 15. brtt., þar sem við leggjum til að 1. og 10. tölul. 41. gr. falli niður, er það til þess að undirstrika og árétta að okkur finnst ekki hægt að una því að þessir skólar séu alveg felldir út úr skólakerfi landsins án þess að eitthvað annað komi í staðinn. Við tökum það ekki sem gild rök að þó að nemendur læri í nokkur ár eitthvað í matreiðslu í grunnskólum komi það í staðinn fyrir húsmæðrafræðslu. Það er alveg rétt að húsmæðraskólarnir, eins og þeir voru reknir, voru orðnir úreltir. Þeir veittu engin starfsréttindi, þeir veittu engin réttindi til launa eða nokkurs annars hlutar. Það skipulag sem var á þeim var eflaust úrelt, en húsmæðrastarfið er ekki úrelt. Það sem er úrelt er afstaða ráðamanna til þeirra starfa. Við höfum þá skoðun að þessi menntun eigi að vera fyrir hendi í þjóðfélaginu og hún eigi ekki bara að vera valgrein einhverra. Í raun og veru ætti þetta auðvitað að vera inni í kennsluskyldu í öllum framhaldsskólum, kennslaí heimilisfræðum sem spannaði, eins og ég sagði áðan, matargerð, þjónustustörf og ýmislegt sem lýtur að heimilishaldi og ekki síst einhverja uppeldisfræðslu. Það er algjörlega fyrir borð borið. Og þó að kennd sé matreiðsla í grunnskólum og þó að fólk geti valið sér eitthvað álíka inni í framhaldsskólum kemur það ekki í staðinn fyrir viðlíka námsskyldu inni í framhaldsskólum. Við erum ekki að mæla með að húsmæðraskólum verði haldið áfram eins og hingað til, heldur einungis að árétta að ákvæði um þá sé ekki fellt úr gildi án þess að eitthvað annað raunhæft komi í staðinn sem viðurkenni tilvist þessara starfa og viðurkenni hvað þau eru forsómuð, bæði til menntunar, launa og virðingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál. — Þskj. 811.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem er á þskj. 811.

Hér er um hið mikilvægasta mál að ræða og var

reyndar ákveðið í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar að vinna að framgangi þess.

Þetta frv. er byggt á tillögum níu manna nefndar sem ég skipaði í september 1987, en í nefndinni sátu þessir menn: Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður ráðherra, og var hann formaður nefndarinnar, Magnús Þ. Torfason fyrrv. hæstaréttardómari, Pétur Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti, Bogi Nilsson rannsóknarlögreglustjóri, Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Friðjón Guðröðarson sýslumaður, Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti og Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri. Ritari nefndarinnar var Ólafur K. Ólafsson, deildarstjóri í dómsmrn., sem nú er settur bæjarfógeti á Neskaupstað.

Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir efni þess og forsendum. Ég vísa til þessarar greinargerðar og mun í minni framsögu hér í dag ekki fara jafnnákvæmlega í einstök atriði og þar er gert.

Í raun og veru er tilefni frv. og tilgangur ákaflega einfaldur. Það er upphaf þessa máls að enginn er dómari í eigin sök. Þessi alkunnu sannindi eru í raun og veru ástæðan fyrir því að menn vilja skilja að dómsvald og framkvæmdarvald um allt þetta land. *Ég vil einnig í upphafi nefna nokkur söguleg atriði til* þess að skýra að síðustu hálfa þriðju öld eða allt frá því hér var einveldi Danakonunga hefur okkar réttarfar vikið frá því sem nú er grundvallarregla í réttarfari flestra Vesturlandaþjóða, að dómsvaldið sé skýrt skilið frá stjórnsýslustörfum þannig að dómarar séu alveg óháðir framkvæmdarvaldinu.

Á fyrstu öldum konungsvalds hér á landi voru dómstólarnir í héraði aðskildir frá framkvæmdarvaldi. Sýslumenn konungs voru lögreglustjórar og innheimtumenn ríkistekna og önnuðust fullnustu dóma auk fleiri starfa. Þeir sáu einnig um útnefningu héraðsdómara og lögðu mál fyrir þá. Þeir áttu að „administrere og betjene Retten", eins og segir í konungsbréfi til sýslumanna frá árinu 1622, en þeir höfðu ekki dómsvald. Þessu var eins háttað í öðrum hlutum Noregsríkis og síðar Danaríkis sem við þá tilheyrðum.

Það er sagt að Íslendingar hafi tárfellandi játast undir einveldisstjórn Danakonungs í Kópavogi einn sólbjartan júlídag árið 1662. Nokkrum áratugum síðar, þegar einveldið tók að festast í sessi, fór konungurinn að taka til sín dómsvaldið í héraði enda var það í samræmi við hugmyndafræði einveldisins. Konungurinn sameinaði alla þætti ríkisvaldsins í einni hendi. Hann setti lögin, hann framkvæmdi þau, hann kvað upp dóma. Ný réttarfarslög voru sett í ríkinu og þar á meðal í Noregi, en Ísland var þá talið tilheyra hinum norska hluta ríkisins sem það hafði fylgt inn í konungssambandið. Og í erindisbréfi Níelsar Fuhrmanns, amtmanns, sem dagsett er 30. maí 1718 eða fyrir réttum 270 árum, er kveðið á um að í réttarfarsmálefnum skuli hér á landi farið eftir norsku lögum og var þetta síðan ítrekað í erindisbréfi stiftamtmanns árið 1720 og í konungsbréfum frá 1732 og 1734. Norsku lög fengu sýslumönnunum dómsvaldið í héraði og verður að líta svo á að þetta hafi tekið fullt gildi um allt land árið 1730 eða þar um bil, eða fyrir rúmlega tveimur og hálfri öld. Skömmu síðar, 1736, var tekið að gera kröfu um lögfræðimenntun sýslumanna en sú krafa var ekki gerð áður.

Eftir að einveldi var lagt af í Danaveldi var það ríkjandi pólitísk stefna í þeirri stjórnskipan sem við tók að sundurgreina þætti ríkisvaldsins, enda var kenning franska heimspekingsins Montesquieu um þrígreiningu ríkisvaldsins einn af hornsteinum þeirrar hugmyndafræði sem tók við af einveldinu. Í grundvallarlögum Dana frá 1849 var kveðið á um endurskoðun réttarfars í anda nýrra hugmynda og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar loks komið á þar í landi með lögum frá 1916 sem tóku gildi 1. okt. 1919. Sömu áform voru uppi í hinu forna sambandsríki okkar Noregi og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar komið þar á með lögum þegar árið 1894. Þau lög tóku gildi í áföngum á næstu árum á eftir.

Þriðji meginhluti hins danska konungsríkis, þýsku hertogadæmin, komst undir stjórn Prússa árið 1864 og var þá lögfest þar þýskt réttarfar sem byggðist á *fullum aðskilnaði dómsvaldsins frá öðrum þáttum* ríkisvalds og fylgdi sú skipan þeim hluta hertogadæmanna sem á ný voru sameinuð Danmörku eftir fyrri heimsstyrjöld. Um leið og breytingin varð í Danmörku, þ.e. á árunum 1916 og 1919, voru uppi svipaðar hugmyndir hér á landi. Meiri hluti þingnefndar sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá árinu 1914 lagði árið 1916 til fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að landinu yrði skipt upp í sex lögdæmi með einum héraðsdómara í hverju lögdæmi og skyldu þeir vera sem sjálfstæðastir og óháðastir bæði umboðsvaldi og almenningi. Á móti yrði sýslumannaembættunum verulega fækkað.

Minni hluti nefndarinnar frá 1914 sagði í sínu áliti að það væri í sjálfu sér mikilvæg og æskileg framför ef fundið yrði ráð til þess að greina umboðsvald frá dómsvaldi svo hagkvæmt væri fyrir alla hlutaðeigendur. Minni hlutinn var reyndar einnig á þeirri skoðun eins og meiri hutinn að ef menn réðust í slíka breytingu mundi það skipulag sem nefndin benti á, þ.e. meiri hlutinn, yfirleitt vera líklegasta lausnin á þessu máli og tæplega yrði önnur leið fundin sem ætti betur við eða auðveldari yrði í framkvæmd. En þrátt fyrir þessar ályktanir lagði minni hlutinn til að ekki yrði ráðist í breytingu á dómstólaskipan að svo stöddu og það varð reyndar ákvörðun Alþingis. Málið sofnaði þó alls ekki alveg og síðustu 70 árin hafa öðru hverju heyrst raddir um að bæði væri nauðsynlegt og tímabært að skilja dómsvaldið algjörlega frá stjórnsýslunni.

Ég ætla að nefna nokkra mikilvæga áfanga í þessari þróun:

Árið 1961 beitti Bjarni Benediktsson, sem þá var dómsmrh., sér fyrir því að ákæruvaldið var falið

sjálfstæðu ríkissaksóknaraembætti en það hafði áður verið í dómsmrn.

Þá vil ég nefna þáltill. sem Björn Fr. Björnsson og fleiri fluttu á Alþingi á árunum 1965 og 1966 en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála."

Þessu máli hefur þokað nokkuð á veg, einkum í Reykjavík, með skiptingu verkefna stjórnsýslu og dómsvalds milli nokkurra embætta hér í borginni. Þetta er þó ekki fullnægjandi lausn.

Næsti áfangi í málinu er að árið 1977 beitti Ólafur Jóhannesson, þáverandi dómsmrh., sér fyrir því að komið var á fót sérstakri rannsóknarlögreglu ríkisins sem annast rannsókn meiri háttar afbrotamála á öllu landinu og hefur það embætti, eins og kunnugt er, aðsetur í Kópavogi.

Í ráðherratíð Ólafs Jóhannessonar lagði hann fram svokallað lögréttufrumvarp sem gerði ráð fyrir nýju dómstigi milli héraðsdómstóla og Hæstaréttar. Það frv. var síðan fjórum sinnum lagt fyrir Alþingi en náði aldrei nægum stuðningi.

Utan Reykjavíkur hefur frá 1972 verið komið á fót stöðum héraðsdómara við sex stærstu sýslumanns- og fógetaembættin en þeir eru reyndar jafnframt undir stjórn viðkomandi bæjarfógeta og er þar ekki um sjálfstæða dómstóla að ræða í venjulegri merkingu þess orðs. Bæjarfógetar fara þar einnig áfram með dómstörf, svo og fulltrúar þeirra.

Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til þess að fylgja sáttmála þess um vernd mannréttinda og mannfrelsis sem er einn af hornsteinum ráðsins. Þar segir m.a. að leiki vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um refsivert athæfi skuli mál hans útkljáð af óháðum dómstóli. Í október 1987 var tekið fyrir hjá mannréttindanefnd Evrópuráðsins mál manns sem er búsettur á Akureyri. Hann hafði verið dæmdur í undirrétti og í Hæstarétti fyrir brot á umferðarlögum. Í samræmi við gildandi lög var mál hans upphaflega tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri en hann starfar á ábyrgð og undir stjórn bæjarfógetans sem jafnframt er yfirmaður lögreglunnar. Málið var kært til mannréttindanefndarinnar á þeirri forsendu að mál sakbornings hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara því sama embætti hefði einnig kært manninn og rannsakað mál hans. Mál þetta hefur orðið til þess að vekja þjóðarathygli á nauðsyn skýrari aðskilnaðar umboðsvalds og dómsvalds en þetta mál er þó alls ekki kveikjan að því að aðskilnaðurinn er nú á dagskrá hjá ríkisstjórn og Alþingi. Sú umræða sem hér fer fram er hlekkur í langri keðju sem rekur sig langt aftur í söguna eins og fram kom í inngangi mínum áðan.

Mannréttindanefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að málið væri tækt til efnismeðferðar fyrir mannréttindadómstólnum í Strasbourg sem dæmir um vafaatriði sem upp koma varðandi almenn mannréttindi Vestur-Evrópubúa og túlkun mannréttindasáttmálans. Það má segja að með úrskurði mannréttindanefndarinnar sé réttarfar Íslendinga komið undir smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og það hlýtur að leiða til aukins þrýstings um umbætur á dómstólakerfi og réttarfari hér á landi. Hér er ekki einungis um að ræða réttarfar í opinberum málum eins og lögreglumálinu frá Akureyri þótt það sé eitt til úrlausnar í Strasbourg heldur hlýtur kastljósið einnig að beinast að hvers konar öðrum málum þar sem deilt er um réttindi manna, hvort sem þau eru réttur til frelsis, eigna eða æru. Það er t.d. líklegt að fyrr en síðar kunni að reyna á það fyrir mannréttindadómstólnum hvort sami embættismaður geti verið í senn innheimtumaður kröfu frá hinu opinbera og dómari um réttmæti hennar.

Þetta sem ég hef nú rakið í stuttu máli er bakgrunnur þess að í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir m.a. að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir heildarendurskoðun dómsmálaskipunar er feli í sér aðskilnað dómstarfa og stjórnsýslustarfa. Um þetta stefnumál stjórnarinnar er fullkomin samstaða milli stjórnarflokkanna.

Eins og ég sagði í upphafi er frv. byggt á tillögum nefndar sem unnið hefur að samningu þess frá því í haust. En við meðferð málsins í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarflokkanna var sú breyting gerð frá tillögum nefndarinnar að héraðsdómstólunum var fjölgað úr sjö í átta, þ.e. bætt var við héraðsdómstóli í Norðurlandskjördæmi vestra en nefndin hafði lagt til að einn héraðsdómstóll á Akureyri þjónaði öllu Norðurlandi.

Það er meginatriði frv. að með þessari breytingu verði settir á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum sem opinberum málum. Í frv. felst að héraðsdómstólar í Reykjavík verða sameinaðir í einn dómstól, þar á meðal hluti af borgarfógetaembættinu, en borgarfógetaembættið verði að öðru leyti embætti sýslumanns í Reykjavík sem fari með verkefni á sviði umboðsstjórnar á sama hátt og önnur sýslumannsembætti að öðru leyti en því að lögreglustjórn og tollstjórn er í höndum sérstakra embættismanna á höfuðborgarsvæðinu.

Í frv. er gengið út frá því að sýslumenn hafi áfram með höndum núverandi verkefni að öðru leyti en hvað varðar dómstörf sem færast til héraðsdómstóla. Þar sem dómsvald um svokallaðar fógetagerðir flyst til héraðsdómstóla er lagt til að heitið sýslumaður verði einnig notað um þá embættismenn sem í dag eru nefndir bæjar- eða borgarfógetar.

Þá er auk þess ráðgert að fjöldi nýrra verkefna færist til sýslumannanna en sú tilfærsla kallar á breytingu margvíslegra laga. Hef ég því lagt áherslu á að frv. verði sem fyrst að lögum en tíminn fram að

gildistöku laganna verði notaður til þess að gera nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum í samræmi við þá stefnumörkun sem í frv. felst. Umfangsmestu breytingarnar sem lögfesting þessa frv. kallar á að gerðar verði á öðrum sviðum eru á sviði réttarfarslöggjafar. Endurskoðun löggjafar á þeim vettvangi er þegar hafin á vegum dómsmrn. en með þessu frv. eru lögð fram fyrstu frv. til lagabreytinga til samræmis við breytta skipan dómsvalds í héraði. Eru það frv. til laga um breytingar á þinglýsingalögum nr. 39/1978 og frv. til laga um lögbókandagerðir, eða sem nefndar hafa verið nótaríal-gerðir. Þessi frv. eru á því byggð að þinglýsingarnar og nótaríal-gerðirnar verði framvegis í höndum sýslumanna sem stjórnvaldsathafnir.

Einnig hef ég í sambandi við gerð þessa frv. látið semja frv. til laga um breytingu á lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra. Fyrir því frv. hefur þegar verið mælt hér í deildinni. Það tengist einnig því að um næstu áramót, samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, verða sýslunefndir niður lagðar, en nú eiga sýslunefndir að tilnefna hreppstjóraefni.

Endurskoðun annarra laga í kjölfar frv. er þegar hafin á vegum ráðuneytisins og réttarfarsnefndar. Er nú m.a. unnið að samningu frv. til nýrra aðfararlaga sem koma munu í stað laga frá árinu 1887. Þá má fljótlega vænta þess að fyrir liggi frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem m.a. feli í sér að sýslumenn fari með ákveðna þætti ákæruvaldsins í umboði ríkissaksóknara. Enn fremur má vænta innan tíðar frv. til lögtakslaga sem hafi þá breytingu í för með sér að sýslumenn fari með lögtaksgerðir sem stjórnvaldsathöfn en ekki sem dómsathöfn eða dómsúrskurð.

Þá er gert ráð fyrir að á komandi hausti liggi fyrir frv. til nýrra laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nú lög nr. 3/1878, um nauðasamninga, nú lög nr. 19/1924, um kyrrsetningu og lögbann, nú lög nr. 18/1949, um nauðungaruppboð, nú lög nr. 57/1949 og um gjaldþrotaskipti, nú lög nr. 6 1978. Verður í þessum frv. gengið út frá verulegum breytingum frá núverandi tilhögun þannig að héraðsdómstólar fari eftirleiðis einungis með dómstörf á þessum sviðum en sýslumenn og eftir atvikum sérstaklega skipaðir umsjónarmenn búa, bústjórar, fari með önnur verkefni í þessu sambandi. Er sú ráðagerð í samræmi við þá löggjafarstefnu sem lýst er í athugasemdum með þessu frv.

Loks má nefna í þessu sambandi að endurskoða þarf lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, vegna breytinga á dómstólaskipan.

Auk framangreindra atriða er í frv. gengið út frá því að ýmis verkefni sem einstök ráðuneyti Stjórnarráðsins fara nú með færist til sýslumanna, t.d. leyfisveitingar til lögskilnaðar þar sem ekki er ágreiningur um skilnaðarkjör en þær eru nú á verksviði dómsmrn. Sama er að segja um málefni varðandi forsjá barna og umgengnisrétt barna og foreldra. Þá er í grg. lagt til að sýslumenn fari með úrskurðarvald í sveitarstjórnarmálum en ráð er fyrir því gert í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, að félmrn. geti falið umboðsmönnum framkvæmdarvalds í héraði það verkefni. Gert er ráð fyrir að endurskoðun laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, og barnalaga, nr. 9/1981, hefjist innan skamms með framangreinda tilfærslu verkefna í huga. Frekari athugun er fyrirhuguð á því hvaða verkefni önnur megi færa úr Stjórnarráðinu til sýslumanna, m.a. varðandi ýmsar leyfisveitingar. Um leið verður kannað hvaða heimildir skuli lögleiða um áfrýjun stjórnsýsluúrskurða sýslumanna til ráðuneytis en fyrir slíkri skipan eru mörg fordæmi í okkar nágrannaríkjum og þykir hún horfa til aukins réttaröryggis fyrir allan almenning.

Í þeirri verkaskiptingu sem ráðgerð er milli héraðsdómstóla og sýslumanna með þessum lagabreytingum er á því byggt að sú þjónusta sem þessar stofnanir veita almenningi verði í eins ríkum mæli og unnt er í höndum sýslumanna, þannig að ekki þurfi að leita hennar um langan veg. Í þessu felst bætt þjónusta við allan almenning.

Í frv. er því gengið út frá aukinni þjónustu við almenning frá því sem nú er, m.a. með ákvæði 1. mgr. 13. gr. í frv. um skrifstofur sýslumanna í umdæmum þeirra, en tilgangur þessa ákvæðis er að lögfesta heimild til þess að setja á fót fleiri umboðsskrifstofur í þéttbýliskjörnum innan umdæmis sýslumanns eftir því sem ráðuneyti ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frv. munu héraðsdómstólar hafa reglulegt þinghald á föstum þingstöðum innan hvers lögsagnarumdæmis. Er þannig gengið út frá því að þingað verði í málum á varnarþingi málsaðilja nema samkomulag verði um annað. Fjarlægð búsetu frá aðalaðsetri héraðsdóms mun því alls ekki bitna á þeim sem leita þurfa til dómstólanna.

Með tilkomu héraðsdómstóla út um land má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur en nú er dæmt í fjölda mála, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, fyrir dómstólunum í Reykjavík með samkomulagi aðilja um varnarþing hvað varðar einkamál en yfirleitt samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað varðar opinber mál. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdóma og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins um leið og efling sýslumannaembættanna bæti þjónustu við almenning. Sú breyting sem tillaga er gerð um í frv. er því ekki einungis nauðsynleg endurbót á réttarfarinu. Henni er líka ætlað að stuðla að jákvæðri byggðaþróun í landinu.

Varðandi einstakar greinar frv. vil ég fyrst nefna 2. gr. þess. Þar er kveðið svo á að í landinu skuli vera átta héraðsdómstólar og eru lögsagnarumdæmi þeirra nánar skilgreind í greininni. Þessi lögsagnarumdæmi dómstólanna fylgja í meginatriðum kjördæmunum að öðru leyti en því að Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarnes- og Kjósar-

hreppar eru í sama lögsagnarumdæmi og Reykjavík og er það án efa íbúum þessara byggða til hagræðis. Gerð hefur verið ítarleg skýrsla um fjölda viðfangsefna sýslumanna á tímabilinu 1980–1987 og skiptingu þessara verkefna milli sýslumannsembætta og héraðsdóma miðað við tillögur frv.

Við þessa athugun kemur í ljós að málafjöldi í fámennustu umdæmunum, eins og t.d. Norðurl. v., réttlætir tæpast sérstakan héraðsdómstól, þ.e. ef hægt væri að tryggja viðunandi þjónustu á annan hátt, og gerði nefndin, sem upphaflegu tillögurnar samdi, ráð fyrir því að einn héraðsdómur á Akureyri þjónaði öllu Norðurlandi eins og ég nefndi áðan. Ég ákvað hins vegar að bæta við héraðsdómstóli á Norðurl. v. til að koma til móts við sjónarmið þeirra þm. sem gerðu það að skilyrði fyrir stuðningi við þetta frv. og ekki síður til að virða þau byggðasjónarmið í héraði sem búa á bak við þessar óskir. Í greininni er kveðið á um aðsetursstaði héraðsdómstólanna og verða menn vafalaust seint sammála um það atriði. En tillögurnar sem hér eru gerðar taka einkum mið af samgönguleiðum og að dómstólarnir séu staðsettir miðsvæðis í hverju lögsagnarumdæmi.

Í 3. gr. er kveðið á um skiptingu lögsagnarumdæma í dómþinghár og um fasta þingstaði. Héraðsdómur skal hafa reglubundið þinghald á föstum þingstöðum innan síns umdæmis. Þannig mundi t.d. héraðsdómari frá Héraðsdómi Suðurlands þinga reglulega í Vestmannaeyjum einu sinni í viku eða eftir því sem málaþunginn gæfi tilefni til. Dæmi um slíka skipan má víða finna í strjálbýlum löndum, t.d. í Skotlandi og í norðurhéruðum Kanada, þar sem dómarar ferðast reglubundið til þingstaða utan síns aðseturs og halda þar dómþing. Málum er þá stefnt þar og réttarhöld fara þar fram.

Í 4. gr. eru ákvæði um fjölda dómara og er ítarleg skýring á þeim ákvæðum í grg. Þar kemur fram að nú er lagt til að fjöldi dómara sé fastákveðinn í lögum en ekki sé um að ræða hlaup í dómaratölunni eins og nú er skv. lögum nr. 74/1972. Alls er gert ráð fyrir að 38 héraðsdómarar starfi við héraðsdómstólana í landinu og er það sama tala og samanlagður fjöldi dómara í Reykjavík og fjöldi héraðsdómara við embættin í Keflavík, Hafnarfirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og á Selfossi. En vegna breytinga á verkefnum dómstólanna er í raun og veru fjölgað um 3 eða 4 dómaraembætti frá því sem nú er í raun, þ.e. að verkefni 3–4 borgarfógeta í Reykjavík flytjast til embættis sýslumanns.

Í bráðabirgðaákvæði er að vísu gert ráð fyrir heimild til tímabundinnar fjölgunar héraðsdómara við gildistöku þessara laga, en óvíst er hvort á þau reynir. Sé nægur fyrirvari við gildistöku laganna er hægt að láta ógert að skipa í stöður sem losna síðustu mánuðina fyrir gildistöku eins og heimilt er innan marka núgildandi laga. Í Reykjavík yrðu þó væntanlega 23 eða 24 héraðsdómarar eftir því hvernig núverandi borgarfógetar skiptast milli héraðsdóms og embættis sýslumanns í Reykjavík og er þess ekki að vænta að hægt verði að fækka dómurum fyrr en sameining núverandi dómstóla undir einu þaki og breytingar á réttarfarslöggjöfinni eru farnar að skila árangri eins og bent er á í grg. með 4. gr.

Fjöldi dómara er reyndar býsna mikill hér á landi miðað við nágrannaríki okkar. Við héraðsdómstólana munu starfa löglærðir fulltrúar og annað starfslið en ekki er gert ráð fyrir heildarfjölgun þessa fólks við dómstólana þar sem stöðugildin verða flutt milli embætta.

Í 4. gr. eru einnig ákvæði um forstöðumenn dómstóla þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn. Þar er lagt til að þeir hafi titilinn dómstjóri sem á sér fyrirmynd í dómstólasögu landsins. Þeir skulu skipaðir til sex ára í senn úr hópi dómara við viðkomandi dómstól og að fenginni tillögu þeirra. Heimilt verður að endurskipa dómstjórana. Í greininni er að finna ákvæði um verksvið dómstjóra sem hefur yfirumsjón með starfi dómstólsins.

Í 5. gr. er lagt til að almenn skilyrði til skipunar í embætti héraðsdómara séu í sömu lögum og fjalla um héraðsdómarana, en þau ákvæði er nú að finna í 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Skilyrðunum er breytt að því leyti að aldursskilyrðið er hækkað í 30 ár og er það gert í því skyni að tryggja reynslu manna áður en þeir taka við svo mikilvægum embættum.

7. tölul. núgildandi skilyrða er breytt með tilliti til breytinga sem orðið hafa á opinberum embættum og mönnun þeirra frá því að núverandi ákvæði um þetta efni voru sett með lögum nr. 100/1950.

Í þessari grein er að finna mikilvægt nýmæli, það að dómsmrh. skipi sérstaka dómnefnd sem fjalli um umsóknir um embætti héraðsdómara. Í nefndinni skulu sitja þrír menn og er einn tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Annar nefndarmaður skal tilnefndur úr hópi héraðsdómara og hinn þriðji af Lögmannafélagi Íslands. Nefndin skal gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

Tillaga um slíka dómnefnd hefur áður komið fram í stjfrv. sem fram var lagt á Alþingi 1975–1976. Í grg. með því frv. eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu valdir skv. hæfni einvörðungu og að þeir séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga, sem hyggja á starfsferil sem dómarar, að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræðinnar.

Mér finnst jafnframt koma til greina að leggja þá skyldu á dómnefndina að hún raði umsækjendur eftir hæfni. En nefndin sem frv. samdi komst að lokum að þeirri niðurstöðu sem hér er lögð til og eru til þess þau rök að erfitt sé að leggja röðunarkvöð á dómnefndina. Ég fer hér eftir því sem nefndin leggur til en beini því til þingnefndarinnar sem fær þetta mál til meðferðar að huga vandlega að þessu atriði.

Í athugasemdum með 6.–9. gr. frv. eru þeim greinum gerð ítarleg skil. Ég ætla næst að víkja að II. kafla frv. sem fjallar um umboðsvald í héraði.

Á sama hátt og í tillögum nefndarinnar frá árinu 1916 var upphaflega um það rætt innan nefndarinnar að fækka sýslumannsembættum til að vega á móti kostnaði við héraðsdómstólana. Í þeim tillögum sem sendar voru út til umsagnar var gert ráð fyrir að fækka mætti um fimm embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Var þar um að ræða sýslumannsembættin í Búðardal, Vík í Mýrdal, bæjarfógetaembættin í Bolungarvík, Ólafsfirði og á Neskaupstað. Vegna mikillar andstöðu sem fram kom við þessa tillögu úr héruðum og í hópi þm. var fallið frá þessu og er skipan sýslumannsembætta skv. frv. eins og það er hér lagt fyrir hv. deild óbreytt frá því sem nú er.

Ég tel þetta viðunandi lausn að sinni en reyndar ekki fullnægjandi þar sem þróun byggðar og samgönguleiða hljóti að leiða af sér breytingar á þessari umdæmaskipan. Í fámennustu sýslunum eru tæpast næg verkefni fyrir sýslumann og breyttar samgöngur og fjarskiptatækni gera mögulegt að sameina sýslumannsembætti í nágrannabæjum. Í frv. er hins vegar heimild til að ákveða umdæmi sýslumanna með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanns og sveitarstjórna. Mætti því laga sýslumannsembættin með tíð og tíma að breyttum aðstæðum, t.d. að gera íbúum á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð kleift að sækja sína þjónustu til sýslumanns á Akureyri í nokkurra mínútna akstursfjarlægð í stað þess að sækja hana um langan veg til Húsavíkur.

Í 12. gr. frv. eru ákvæði um skipan mála í Reykjavík sem auðvitað hefur sérstöðu sökum fólksfjölda.

Í 13. gr. eru ákvæði um skrifstofur sýslumanna utan aðsetursstaðar þeirra, en ég tel að þeim eigi að fjölga eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Andstætt því sem ætla mætti af málflutningi nokkurra bæjarfógeta er það stefna mín og stefna þessa frv. að auka veg og virðingu sýslumannsembættanna með því að fá þeim ný verkefni og flytja ákvörðunarvald í ýmsum efnum frá stjórnarráði út í héruð eins og ég hef áður lýst. Skrifstofur sýslumanna eiga að mínu áliti að verða alhliða þjónustustofnanir við almenning.

Í 13. gr. frv. eru ákvæði um hreppstjóra og hef ég þegar mælt fyrir frv. til breytinga í hreppstjóralögunum í þessari hv. deild.

Í 14. gr. er vikið að embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli sem skv. frv. hefur framvegis titilinn sýslumaður á Keflavíkurflugvelli. Dómsvald vegna mála sem upp koma á varnarsvæðum fer til viðkomandi héraðsdóms, en sýslumaður á Keflavíkurflugvelli mundi áfram heyra undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Út af fyrir sig tel ég að þetta embætti eigi ekki að hafa sérstöðu til frambúðar varðandi yfirstjórn og veldur óþarfa flækjum í stjórnsýslunni að hafa þessa skipan. Hér er hins vegar ekki gert ráð fyrir að breyta yfirstjórn þess frá því sem nú er að svo stöddu.

Lagt er til í frv. að lögin taki gildi 1. júlí 1990. Tíminn fram að gildistökunni er nauðsynlegur til að laga ýmsa hluti í löggjöf og reglum að breyttri skipan. Útvega þarf húsnæði, gera breytingar á annarri löggjöf eins og rakið er í einstökum atriðum með grg. og taka ýmsar ákvarðanir, svo sem um dómþingar, um föst þinghöld o.fl.

Í 18. gr. eru ákvæði um forgang manna til skipunar í embætti. Í fyrstu drögum að frv. var gert ráð fyrir því að þeir héraðsdómarar sem starfa við stærstu embættin utan Reykjavíkur, svo og embættisdómarar í Reykjavík, skyldu flytjast sjálfkrafa milli embætta, en vegna eindreginna óska sýslumanna og bæjarfógeta er þeim öllum í lögunum einnig gefinn kostur á flutningi í héraðsdómaraembætti. Er það nú orðað þannig í 18. gr. að þessir aðilar hafi forgangsrétt til skipunar í embætti héraðsdómara í því lögsagnarumdæmi sem þeir starfa. Þarf ekki að leggja þær umsóknir til umsagnar dómnefndar eins og gert yrði með umsóknir þeirra sem ekki eru þegar skipaðir í embætti þegar breytingin tekur gildi. Lagt er til auk þess að dómsmrh. hafi heimild til tímabundinnar fjölgunar dómaraembætta ef þannig stendur á að fleiri úr röðum þessara embættismanna óska þess að neyta forgangsréttar en héraðsdómarastöðurnar eru skv. 4. gr. Auðvitað er ekki hægt á þessari stundu að meta það hvort á þetta muni reyna.

Ég hef nú stiklað á stóru um efni frv. En til þess að þm. geri sér grein fyrir afleiðingum þeirra breytinga sem hér eru lagðar til hefur, eins og ég nefndi áðan, verið samin skýrsla um viðfangsefni sýslumanna á 9. áratugnum, 1980–1987, og hvernig þau komi til með að skiptast milli sýslumannsembætta og héraðsdóma ef tillögur frv. ná fram að ganga. Þessi skýrsla verður lögð fram í þingnefndinni og auk þess lögð fyrir Alþingi sem skýrsla til þingsins. Ég tel að þessi úttekt muni sýna hversu fjarri lagi það er að halda því fram að með þessum tillögum sé verið að svipta starfsgrundvellinum undan sýslumannsembættunum. Rétt er að taka fram að ráðgerðar eru ýmsar lagabreytingar sem ætlað er að greiða fyrir starfi dómara og sýslumanna, t.d. varðandi uppboðsmál og fleira af því tagi. Þessar tölur, sem of langt yrði hér upp að telja, skýra málið mjög rækilega.

Því er haldið fram af ýmsum gagnrýnendum þessara tillagna að kostnaður sem af frv. muni leiða sé mikill. Aukið réttaröryggi og bætt þjónusta við þegnana kostar auðvitað sitt. En útreikningar sem gerðir hafa verið og miðaðir eru við verðlag í dag sýna að hér er í mesta lagi um 35 millj. kr. aukinn árlegan rekstrarkostnað að ræða miðað við frv. eins og það hér liggur fyrir. Þessi kostnaður fylgir nýjum héraðsdómarastöðum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi og fjölgun dómara um einn á Norðurlandi eystra og Suðurlandi.

Ég vil benda á að hinu nýja skipulagi fylgja án alls

efa ýmsar framfarir í dómsmálum sem hvort sem er væru bæði æskilegar og nauðsynlegar og þar með fylgir þessum tillögum ekki kostnaðarauki til lengdar. Auðvitað væri hægt að lækka þessa tölu með því að fækka héraðsdómstólunum í sjö eins og upphaflegu tillögurnar gerðu ráð fyrir og hægt væri að ná fram sparnaði með fækkun sýslumannsembætta, en þannig hugsuðu menn sér einmitt að leysa málið árið 1916.

Þessi áætlun um rekstrarkostnað miðast við það að ekki verði um nettóaukningu á húsnæði eða starfsliði dómstólanna í Reykjavík að ræða. Bæði borgardómaraembættið og borgarfógetaembættið eru nú í leiguhúsnæði en sakadómaraembættið leigir í húsnæði ríkissjóðs að Borgartúni 7. Utan Reykjavíkur er gert ráð fyrir meðaltalshúsnæðiskostnaði en ekki reiknað með fjárfestingu í nýju húsnæði. Þá er gert ráð fyrir tilflutningi starfsmanna frá öðrum embættum um leið og verkefni færast á milli þannig að ekki hljótist kostnaðarauki af. Ekki er heldur í þessari áætlun reiknað með kostnaði við innréttingar og annan stofnkostnað við hin nýju embætti eða kostnaði af tímabundnum viðbótarstöðum héraðsdómara skv. bráðabirgðaákvæðum frv. Hins vegar mun gefast tími til þess fram að gildistöku laganna að finna hentugt húsnæði og skipuleggja stofnsetningu héraðsdómanna á hverjum stað án þess að kostnaður fari úr hófi. Húsakost þarf víða að bæta og það er mál sem er algerlega óskylt þeirri skipulagsbreytingu á dómskerfinu sem hér eru gerðar tillögur um, það er vitað mál. Ég tel mér hins vegar unnt að andmæla þeirra fullyrðingu að kostnaður af breytingunni sem slíkri verði verulegur.

Það er svo annað mál að óháð þessu frv. hefur lengi verið um það rætt að sameina núverandi héraðsdómstóla í Reykjavík undir einu þaki en að því gæti orðið verulegur sparnaður og hagræði fyrir þegnana. Lögfesting þessa frv. mun ýta á að af þessu verði og má reikna með því að nýtt húsnæði af því tagi mundi kosta töluvert fé, hvort sem um yrði að ræða nýbyggingu eða innréttingu á leiguhúsnæði.

Því hefur verið haldið fram að færa megi réttarfar okkar til nútímahorfs með því einu að færa lögreglustjórn frá sýslumönnum og fela hana sérstökum lögreglustjórum í hverju héraði eða að útfæra megi nánar héraðsdómaratitil á fulltrúa sýslumanna og bæjarfógeta sem jafnframt fái þá sjálfstæðari stöðu.

Ég tel hér um fullkominn misskilning að ræða. Ef við höfum ekki kjark og þor til að gera nú fullan aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði mun þeim málum fjölga hjá mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli í Strasbourg þar sem það verður í efa dregið að mál hafi hér hlotið meðferð hjá óháðum dómara. Reyndar er þegar um þetta vottur. Þá endar með því að bæði lögreglustjórn og hvers konar innheimtustörf verða flutt frá sýslumannsembættunum og þá verður e.t.v. stutt í að þau leggist af.

Því er líka haldið fram að við eigum að láta okkur í léttu rúmi liggja þótt erlendur dómstóll kveði upp áfellisdóm yfir okkar réttarkerfi. Þetta sýni bara að menn í útlöndum skilji ekki þær sérstöku aðstæður sem hér ríki. Þetta finnst mér dapurlegur misskilningur. Vernd mannréttinda hér á landi er í engu frábrugðin vernd mannréttinda í öðrum ríkjum Evrópu. Það er ekki til nein séríslensk útgáfa af mannréttindum og mannréttindasáttmáli Evrópu, mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn eru ekki tæki útlendinga til að hafa afskipti af íslenskum málefnum. Þessar stofnanir eru tæki okkar sjálfra til að tryggja mannréttindi íslenskra borgara hér á landi jafnt sem í öðrum ríkjum álfunnar.

Hæstv. forseti. Ég hef hér mælt fyrir frv. sem er bæði tímabært og nauðsynlegt að lögfesta sem fyrst. Hér er um mál að ræða sem varðar heiður íslensks réttarfars og dómstólakerfis út á við og traust almennings inn á við. Ég hef kappkostað að kynna þetta mál fyrir þingflokkum á fyrra stigi og hafa samráð um það og ég vona að menn skilji mikilvægi þess.

Nefndin sem samdi drög að frv. sendi það til umsagnar hjá ýmsum aðilum á sviði dómsmála og réttarfars. Í umsögnum sem bárust frá Dómarafélagi Reykjavíkur, réttarfarsnefnd og Lögmannafélagi Íslands er hvarvetna fagnað fyrirætlunum um raunverulegan aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds og stjórnsýslu þótt bent sé á ýmsa málsþætti sem þurfi nánari skoðunar við. Hefur nefndin í nokkru breytt fyrri tillögum sínum með hliðsjón af þessum umsögnum.

Það er engum ljósara en mér sem hér talar að einstök atriði í þessu frv. kunni að orka tvímælis. En það er mikilvægt að meginstefna frv., þetta stórmál um sundurgreining dómsvalds og framkvæmdarvalds, fái nú eðlilega þinglega meðferð. Eina neikvæða umsögnin sem barst um þetta frv. eða drögin að því var frá Sýslumannafélagi Íslands og sætir furðu að mínum dómi að félagsmenn í því félagi, sem að umsögninni stóðu, skuli ekki skilja sinn vitjunartíma í þessu máli. Mér er enda kunnugt um að ýmsir í hópi sýslumanna þekkja hann glöggt.

Ég hefði að óbreyttu ætlað að sýslumenn mundu leggja metnað sinn í það að þetta mál næði fram að ganga. Í ítarlegu bréfi sem Pétur Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti, hefur nú nýlega sent félögum í Sýslumannafélaginu og í afriti til þingflokkanna og dómsmrn. gerir hann reyndar rækilegar athugasemdir við ályktun Sýslumannafélagsins og hann segir í bréfi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það gegnir mikilli furðu að félagar í Sýslumannafélagi Íslands skuli ekki sjá af því hagræði og framför að gera þær breytingar á réttarfari og dómstólaskipan er tryggi sem best sjálfstæði dómstóla, bæði gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Vitaskuld ber að fara með fyllstu gát þegar unnið er að breytingum á þessu sviði. Þær breytingar sem frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði mæla fyrir um eiga sér í raun langan aðdraganda í margs konar umfjöllun um þessi málefni og baráttu fyrir endurbótum. Það er því fjarri sanni að til þeirra sé stofnað

af hvatvísi."

Og nokkru síðar í bréfinu segir Pétur Hafstein:

„Það er hins vegar áhyggjuefni ef Sýslumannafélagið eitt leggst gegn marktækum umbótum á þessu sviði. Að minni hyggju ætti það fremur að leggja metnað sinn í það að svo verði staðið að þessum breytingum öllum að sýslumannsembættin verði styrkt og efld sem stjórnsýsluembætti í því skyni m.a. að færa vald frá miðstjórnarstofnunum ráðuneyta til hinna dreifðu byggða landsins og auka þannig þjónustu við almenning. Hér gæti Sýslumannafélagið haft mikil áhrif til heilla ef það kysi að leggja slíku máli lið. Ég tel það afar mikilvægt," segir sýslumaður, „að sýslumannsembættin verði þeir þyngdarpunktar í stjórnsýslukerfi landsins er í framtíðinni verði tekið mið af í margvíslegri löggjöf í ríkari mæli en verið hefur.

Í því sambandi má minna á hina óskynsamlegu þróun varðandi innheimtu opinberra gjalda sem nú virðist eiga sér stað og Sýslumannafélagið ætti að sporna miklu harkalegar gegn en það hefur gert. Nefndin sem samdi hið umrædda frv." — það sem hér er mælt fyrir — „leggur eindregið til að sú skipan verði lögfest að þau sýslumannsembætti sem innheimta staðgreidda skatta haldi því áfram. Þetta og ýmislegt annað sem nú er í deiglunni kann að skipta sköpum um framtíð sýslumannsembættanna. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að verði fæti brugðið fyrir eðlilega og löngu tímabæra framþróun réttarfars í landinu og sýslumenn haldi áfram að hafa á einni hendi dómsvald og umboðsstjórn muni sýslumannsembættin hljóta af því ófyrirsjáanlegan skaða þegar til lengri tíma er litið."

Hér lýkur tilvitnun í bréf Péturs Hafstein. Þar var sannarlega af ábyrgð og einurð mælt. Um leið og ég geri orð hans að mínum legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Friðjón Þórðarson:

Herra forseti. Frv. þetta, sem nefnist frv. til l. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, mun að vísu aðeins vera lagt fram til kynningar á þessu vorþingi ef ég hef skilið það rétt. En eigi að síður finnst mér nauðsynlegt að fara um það nokkrum orðum hér við 1. umr. Ég vil nota tækifærið til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir ítarlega og glögga framsöguræðu í allri grein þar sem hann skýrði málið og aðdraganda þess mjög rækilega. Eigi að síður eru um þetta frv. skiptar skoðanir eins og fram hefur komið m.a. í blaðagreinum og umræðum manna á milli.

Ég hlýt að ræða um þetta frv. út frá þeirri vitneskju sem ég hef nú á þessari stundu. Ég hef ekki fylgst nákvæmlega með aðdraganda þess og það af síður störfum nefndarinnar en ég fjalla um málið út frá þeim gögnum sem nú liggja fyrir. Það er fjarri mér að láta í ljós einhverja óánægju yfir að þessum málum sé hreyft. Það er sjálfsagt að skoða þau með opnum huga og ræða þau frá ýmsum hliðum. En það er margs að gæta í þessum efnum og engin furða þó að menn vilji gefa sér nægan tíma til að hugleiða viðfangsefnið, svo stórt sem það er, áður en ráðist er í viðamiklar og kostnaðarsamar breytingar á þeirri skipan sem lengi hefur dugað og reynst vel í öllum aðalatriðum að mínum dómi. En að sjálfsögðu er jafnrétt og skylt, eins og ég tók fram, að skoða vandlega allar tillögur sem horft geta til réttarbóta og bættrar skipunar í þessum efnum sem öðrum.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar er rætt um stjórnkerfisbreytingar. Segir þar að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir heildarendurskoðun dómsmálaskipunar er feli í sér aðskilnað dómsstarfa og stjórnsýslustarfa. Það er því ekki nema eðlilegt að einhverjum hugmyndum af þessu tagi sé ýtt á flot nú þegar í upphafi kjörtímabils til kynningar og seinni ákvörðunar.

Frv. það sem hér um ræðir mun vera samið af níu manna nefnd sem hæstv. dómsmrh. skipaði í lok september í fyrra svo það verður ekki annað sagt en að hún hafi haft allskamman tíma til að athuga svo margþætt og flókið mál.

Þó að hæstv. dómsmrh. gæfi ítarlegt sögulegt yfirlit í framsöguræðu sinni verður ekki hjá því komist að stikla örlítið á svipuðum atriðum og hann nefndi, að einhverju leyti a.m.k.

Í stjórnarskrá okkar frá 1944, lýðveldisstjórnarskránni, er byggt á þrískiptingu ríkisvaldsins, eins og allir hv. alþm. vita. Þar segir að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnarvöld með framkvæmdarvaldið og dómendur fari með dómsvaldið. Þessi þrígreining ríkisvaldsins er byggð á hugmynd sem franskur heimspekingur, Montesquieu, gerði grein fyrir í riti sínu um anda laganna sem út kom 1748. Þessi hugmynd breiddist út smátt og smátt og varð að veruleika m.a. í Noregi, eins og hæstv. ráðherra tók fram, fyrir síðustu aldamót skv. lögum frá 1894 og í Danmörku árið 1919.

Svipuð þróun varð og hefur orðið hér á landi, aðeins hægari eftir efnum og ástæðum og með þeim blæbrigðamun sem jafnan verður í hverju landi eða ríki fyrir sig þó að öll byggi á sömu meginreglu. Það er mjög fróðlegt að kynna sér störf og álit þingnefndarinnar sem raunar var vikið að hér áðan frá 1916 sem fjallaði um fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds og oft er vitnað til. Meiri hluti hennar, þrír af fimm, lagði til að landinu yrði skipt upp í sex lögdæmi með einum héraðsdómara í hverju umdæmi. Héraðsdómararnir skyldu vera sem sjálfstæðastir og óháðastir bæði umboðsvaldinu og almenningi. Á hinn bóginn skyldi sýslumannsembættum fækkað verulega.

Minni hluti nefndarinnar, tveir af fimm, segir m.a. í álitsgerð sinni að í sjálfu sér væri það mikilsverð og æskileg framför ef fundið yrði ráð til þess að greina umboðsvald frá dómsvaldi svo að hagkvæmt væri fyrir alla hlutaðeigendur, en lagði samt til að ekki yrði ráðist í slíka breytingu að svo

stöddu þar eð hvorki hafi komið í ljós þörf á slíkri breytingu eða óskir um hana. Meðan svo sé þótti minni hluta nefndarinnar of snemmt að gera tillögur um að ráða til slíkrar gjörbreytingar á stjórnarfari landsins. Að þessu sinni sigraði minnihlutaálitið á Alþingi.

Eigi að síður hafa ýmsar breytingar orðið á þessari öld og mál þessi komið á dagskrá alltaf öðru hvoru, eins og hæstv. ráðherra vék að. Og sumar hafa gengið allt of hægt. Má t.d. nefna og má merkilegt heita að lungann úr þessari öld skulum við hafa búið við það að ákæruvaldið væri í hendi pólitísks ráðherra. Það var mikið rætt um þessa skipan á árunum í kringum 1930. Sem dæmi um það hvað slíkar breytingar eru hægfara get ég nefnt að fyrsta málið sem dr. Gunnar Thoroddsen flutti hér á hv. Alþingi í jómfrúrræðu sinni ég held 1934, var frv. um opinberan ákæranda. Það náði ekki fram að ganga fyrr en 1961, eins og hæstv. ráðherra tók fram. Að vísu var það svo að í frv. sem flutt voru á árunum 1947–1948, frv. til laga um meðferð opinberra mála, voru ákvæði um opinberan ákæranda en þau voru tekin út úr frv. og lög um meðferð opinberra mála samþykkt án ákvæða um saksóknara sem lög frá 1951. Ekki hefur öllum fundist liggja of mikið á þessari réttarbót.

Það má nefna er Rannsóknarlögregla ríkisins var sett á fót 1976. Lögréttufrumvarpið sem líklega allmargir núverandi alþm. muna eftir var ekki lagt fram fjórum sinnum heldur fimm sinnum á árunum 1975–1981, náði aldrei eyrum hv. alþm. og lagðist því upp fyrir í bili a.m.k.

En það er rétt að þessi umræða sem nú fer fram er hlekkur í langri keðju. Sömuleiðis vona ég að það sé rétt hjá ráðherra að kastljósið nú beinist að fleiri atriðum en Akureyrarmálinu svokallaða sem svo mjög hefur komið fram í sviðsljósið erlendis.

Það er næsta fróðlegt að kynna sér þá þróun sem hefur orðið hér á landi í þessum efnum. Hún verður ekki rakin hér en brot af henni er að finna í grg. þessa frv. og á hana var minnst allrækilega í framsöguræðu hæstv. ráðherra.

Nú koma margar spurningar upp í hugann. Hver er staða okkar Íslendinga í þessum málum? Stöndum við jafnfætis grannþjóðum okkar eða langt að baki? Hverju þarf að breyta? Eru breytingar gagnlegar, nauðsynlegar eða óumflýjanlegar? Hvað kosta slíkar breytingar? og þar fram eftir götunum.

Í grg. frv. segir m.a.: „Reyndar má segja að komið hafi verið á aðgreiningu dóms- og stjórnsýslustarfa í Reykjavík í verulegum mæli.“ Það er svo rökstutt nánar. Á hinn bóginn er greint frá því að utan Reykjavíkur gegni sýslumenn og bæjarfógetar enn hlutverki lögreglustjóra og innheimtumanns ríkissjóðs jafnframt því að þeir séu dómarar. Nú er það kunnugt að komið hefur verið á fót embættum svonefndra héraðsdómara við embætti bæjarfógeta á Akureyri, í Vestmannaeyjum, á Selfossi, í Keflavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Það er því ljóst að hinn nýi siður, ef svo mætti segja, er kominn á í verulegum mæli á flestum þéttbýlli svæðum landsins.

„Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis.“ Rétt er það. Vitað er að erindi frá íslenskum manni hefur verið til skoðunar í mannréttindanefnd Evrópuráðsins. Það væri í sjálfu sér harla fróðlegt að fá úr því skorið hvort hafi verið um brot á mannréttindasáttmálanum að ræða í því máli af hálfu Íslands ef það kæmi til dóms.

Í löndum þeim sem byggja á reglunni um þrígreiningu ríkisvaldsins eru skiptar skoðanir um eitt og annað í „raddsetningu“ laganna, ef svo má segja, og framkvæmd þeirra. „Öldum saman hafa fræðimenn fengist við að afmarka inntak hugtaksins „dómsvald“,“ segir í grg. þessa frv. Enn fremur að sú afmörkun sem nú er byggt á hér á landi sé í stórum dráttum hin sama og annars staðar í nágrannaríkjunum. Enn segir að tíðkast hafi í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu að fela dómstólum ýmis framkvæmdarvaldsstörf þrátt fyrir að þar hafi dómsvald í meginatriðum verið skilið frá framkvæmdarvaldi.

Þessi dæmi og fleiri af sama toga sýna að hin gamla regla frá 1748 er ekki útfærð á nákvæmlega sama hátt alls staðar þó að hún myndi grunntóninn enda er hún fyrst og fremst reist upp og borin fram gegn einveldi og harðstjórn fyrri alda.

Við Íslendingar viljum áreiðanlega allir sem einn standa við gerða samninga, búa í réttarríki og virða mannfrelsi og mannréttindi. En við verðum líka að sníða okkur stakk eftir vexti og fara eigin leiðir í ýmsum efnum vegna sérstöðu okkar, fámennis og landshátta. Ekki vantar að ráðamenn þjóðarinnar séu hvattir til þess seint og snemma að spara í ríkisrekstrinum og sýna aðhald og fyrirhyggju í hvívetna.

Í grg. þessa frv. segir að meginatriði í tillögum nefndarinnar séu þau að settir verði á fót átta héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Jafnframt var ætlunin að fækka embættum sýslumanna og bæjarfógeta um fimm en það atriði hefur nú verið dregið til baka í nýjustu gerð frv.

Frv. það sem hér liggur fyrir mun hafa mjög mikinn kostnaðarauka í för með sér. Þetta kemur m.a. fram í ályktun Sýslumannafélags Íslands frá 25. mars sl. Þar er auk þessa bent á mörg fleiri atriði sem kanna þurfi, svo sem að niðurstöður úttektar þurfi að liggja fyrir á því hver kostnaður sé annars vegar af núverandi kerfi fyrir ríkissjóð og þá er skipti eiga við embætti sýslumanna og bæjarfógeta og hins vegar hvað muni kosta að gera breytingar á kerfinu með aðskilnaði. Jafnframt þurfi að liggja fyrir niðurstöður rannsóknar um hvort núverandi kerfi hafi valdið þegnunum réttarspjöllum. Þar er og tekið fram að Sýslumannafélagið viti ekki til þess að núverandi kerfi hafi komið nokkrum manni að sök. Rétt sé að hafa þá skipan mála sem sé ódýrust og hagkvæmust báðum aðilum í senn, almannasjóðum

og þegnum landsins. Núverandi embætti sýslumanna og bæjarfógeta séu hagkvæm skipan lítilli þjóð sem býr í stóru landi.

Hæstv. ráðherra gerði nokkuð að umtalsefni þessa afstöðu sýslumannanna. Það eru þó þeir menn sem þekkja þessi mál ofur vel og ætti a.m.k. að hlusta á þá og vega og meta störf þeirra en ekki líkja þeim við leifar frá einveldistímum eins og hæstv. fjmrh. leyfir sér að gera fyrir nokkrum dögum á forsíðu Þjóðviljans ef ég man rétt.

Ég held að sagan greini hvergi frá því að Íslendingar hafi viljað losna við sína sýslumenn. Hitt er rétt að þeir hafi viljað íslenska sýslumenn, eins og kemur m.a. fram þegar Íslendingar árétta rétt sinn samkvæmt Gissurar-sáttmála árið 1302 við krýningu Hákonar konungs háleggs. Ég held að flestir meti sína sýslumenn mjög mikils svo það er ekki ástæða til að kasta að þeim steinum að þessu leyti.

Á hinn bóginn telja margir lærðir og mikilsvirtir menn að fari svo að talið yrði nauðsynlegt að gera breytingar á núverandi kerfi með Evrópusáttmálann í huga megi ná því marki á næsta einfaldan og ódýran hátt, t.d. með nokkurri fjölgun héraðsdómara. Ýmsum fleiri hugmyndum hefur verið skotið á loft sem eru allrar athygli verðar. Þær sýna að menn eru allir af vilja gerðir til að leita leiða og úrræða sem fullnægt geti öllu réttlæti, minnugir þeirra orða sem hinn mikli lögspekingur Njáll á Bergþórshvoli tók sér fyrstur manna í munn hér á landi svo vitað sé og síðan hafa orðið allfræg, að með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða. En hann sagði líka — ég vil minna á það — allt orkar tvímælis þá er gert er.

Hæstv. ráðherra minntist svo á ýmis fleiri atriði í sambandi við þetta frv. sem hér er til umræðu, svo sem þau nýmæli sem það hefur upp á að bjóða, t.d. „dómnefnd er meti hæfni þeirra sem sækja um dómaraembætti“ og einnig „umboðsvald í héraði“ sem hann taldi viðunandi lausn að sinni en ekki fullnægjandi, þ.e. að sýslur og umdæmi skuli haldast óbreytt frá því sem nú er, a.m.k. fyrst í stað.

Ég get verið honum sammála um það að víða þarf að hyggja að þessum málum. M.a. má minnast á dæmi sem hann nefndi, en það hefur alla tíð verið mjög áberandi að þeir sem búa við austanverðan Eyjafjörð skuli þurfa að leita til sýsluskrifstofunnar á Húsavík. Þannig er á nokkrum stöðum á landinu ástæða til að athuga mörk umdæma.

Það gladdi mig svo að hann tók skýrt fram, hæstv. ráðherra, að tilgangur sinn væri með þessum tillöguflutningi öllum að auka veg og virðingu embættanna. Rétt er að leggja það á minnið og það er virðingarvert mjög.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Eigi að síður finnst mér hyggilegt að flýta sér hægt í þessum efnum og rasa ekki um ráð fram þegar gera skal breytingar á þeim málum sem eru landsmönnum mikils virði. Ég bendi á að það eru mörg fyrirheit á verkefnaskrá hæstv. ríkisstjórnar sem eru mjög aðkallandi. Nefna má sem dæmi að takast þarf á við byggða- og atvinnumál og brýnan vanda af ýmsu tagi hér og hvar í byggðum landsins. Ég leyfi mér að treysta því að þetta mál verði vandlega athugað, vegið og metið að bestu manna yfirsýn á þeim tímum sem í hönd fara. Í þessum efnum sem og öðrum mikilvægum málum má ekki fara of mikið eftir höfðatölureglunni einni saman. Hið mikla þjóðskáld Einar Benediktsson kvað á morgni þessarar aldar:

> Vort land er í dögun af annarri öld.
> Nú rís elding þess tíma sem fáliðann virðir.

Í erlendum samskiptum okkar við aðrar þjóðir nú á tímum — og þau eru mikil og margvísleg — viljum við að þessi regla gildi. Jafnmikið kappsmál ætti okkur að vera að minnast þessara orða skáldsins þegar við fáumst við að leysa hin brýnustu og mikilvægustu mál innan lands sem snerta hag og heill allra landsmanna.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frv. efnislega að sinni en kem hér aðeins upp til að segja frá fyrirvara sem þingflokkur Framsfl. gerði. Hinn 11. apríl var dómsmrh. ritað svohljóðandi bréf:

„Þingflokkur framsóknarmanna hefur fyrir sitt leyti fallist á að frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ásamt með fylgifrv. um breytingu á þinglýsingalögum og um lögbókandagerðir verði lögð fram á Alþingi.

Varðandi fyrstgreinda frv., gerði þingflokkurinn meðfylgjandi bókun sem skýrir afstöðu hans til áframhaldandi meðferðar málsins.“

Ég vil nú, með leyfi forseta, lesa þessa bókun:

„Þingflokkur Framsfl. hefur fjallað um frv. til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ásamt fylgifrv. Frv. gerir ráð fyrir umfangsmiklum skipulagsbreytingum sem auðsjáanlega hafa mikinn kostnaðarauka í för með sér án þess að það liggi fyrir á þessu stigi.

Þingflokkurinn er þess fylgjandi að lögregluvald og dómsvald í opinberum málum verði aðskilið og telur rétt að frv. verði lagt fram á Alþingi þannig að málið hljóti umfjöllun á opinberum vettvangi og þingnefndir starfi að því.

Þingflokkurinn telur að við núverandi aðstæður séu ekki möguleikar til þess að auka útgjöld ríkisins í svo miklum mæli sem frv. virðist gera ráð fyrir. Þingflokkurinn telur því að aðrar leiðir þurfi samhliða að koma til nánari athugunar til að ná fram því markmiði sem að ofan greinir. Í því sambandi er rétt að nefna eftirfarandi leiðir:

1. Frumvarp um lögréttu gerði ráð fyrir aðskilnaði og framtíðarskipan dómstólakerfisins og því rétt að rifja upp kostnað sem því mundi verða samfara.

2. Útfæra má héraðsdómarakerfið þannig að það verði víðtækara en nú er og dómarar starfi við fleiri bæjarfógeta- og sýslumannsembætti.

Þingflokkurinn vill því samkvæmt framansögðu hafa allan fyrirvara um meðferð málsins og telur ekki mögulegt að ljúka þessu umfangsmikla máli á þeim stutta tíma sem er til stefnu á yfirstandandi

þingi. Telur þingflokkurinn að fela eigi milliþinganefnd að vinna að málinu áfram.

Að lokum vill þingflokkurinn taka fram að nauðsynlegt er að öll kjördæmi séu jafnsett að því er varðar héraðsdómstóla og telur því nauðsynlegt að ef héraðsdómstólar verða settir á stofn þá verði tveir starfandi á Norðurlandi, þ.e. annar á Norðurlandi eystra og hinn á Norðurlandi vestra. Nauðsynlegt er að slík breyting eigi sér stað á frv. fyrir framlagningu."

Lýk ég hér lestrinum á bókun þingflokks framsóknarmanna. Það er rétt sem hér hefur komið fram að ákvæði eru í stjórnarsáttmálanum um aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. En þar er ekki ákvarðað nákvæmlega með hvaða hætti það skuli gert.

Ég held að það sé heppilegt að fá umræðu um þetta mál. Það eru fleiri skoðanir á þessari skipan en fram komu í ræðu hæstv. dómsmrh. Ég held að það sé heppilegt að nota tímann til að reyna að finna skynsamlega útfærslu á ákvæðum stjórnarsáttmálans. Ég hef ekki trú á því að niðurstaðan verði sú sem lögð er til í þessu frv.

Það er rétt að undirstrika það sem kom fram í ræðu ráðherrans að ekki þarf að fella marga dóma á Norðurlandi vestra því að þar er fólk siðgott. En það breytir því hins vegar ekki að nauðsynlegt er að þar sé dómur starfandi, eða dómar. Við búum við viðunandi kerfi á Norðurlandi vestra með þeim dómurum sem þar eru nú. Ef ofan á yrði að stofna einn héraðsdómstól í Norðurlandi vestra tek ég fram að ég tel að það sé ekkert sjálfgefið að hann sé staðsettur á Sauðárkróki.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þá tekur til máls hv. 10. þm. Reykn. Ég vil biðja hv. þm. velvirðingar á því að ég mun hafa breytt hér röð. Hv. 1. þm. Norðurl. v. var búinn að biðja mig að setja sig á mælendaskrá þegar umræðan byrjaði en ég þurfti að víkja úr salnum. Ég vona að þetta komi ekki að sök og biðst velvirðingar á því ef það hefur verið.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tel raunar að skv. þingsköpum hefði mér borið að fá að taka til máls næst á eftir hæstv. ráðherra en mér er sama þó að það hafi dregist. Ég vona bara að þetta merki ekki að sumir séu jafnari en aðrir hér inni. (**Forseti:** Ég vil taka það fram að það merkir það ekki og ég vona að menn geti verið jafnir hér.) Ég treysti því og mun ekki erfa þetta.

Við kvennalistakonur fögnum því að þetta frv. er nú komið hér fram en viljum um leið leggja áherslu á að ekki verið hrapað að neinu við afgreiðslu þess. Við leyfum okkur reyndar að líta svo á að það sé hér nú fyrst og fremst til kynningar og fyrstastigsumfjöllunar en endanleg afgreiðsla bíði næsta þings. Þó er tæpast rétt að tala um fyrstastigsumfjöllun vegna þess að góðu heilli er þessu máli ekki hent hér inn á borð algerlega formálalaust heldur hefur okkur gefist færi á því að skoða drög að þessu frv., gaumgæfa það á vinnslustigi og koma athugasemdum á framfæri á því stigi. Slík vinnubrögð kunnum við vel að meta.

Nú hefur raunar ýmislegt breyst síðustu vikur og daga í þessu frv., svo sem vænta mátti, vegna andstöðu þeirra sem telja að verið sé að draga burst úr nefi þeirra.

Lengi má sjálfsagt um bæta. Enda þótt við teljum þetta frv. í meginatriðum gott eru þar vissulega nokkur atriði sem þarfnast að okkar dómi gaumgæfilegrar athugunar.

Það er þá fyrst til að taka að samkvæmt fyrirsögn frv. er hér um að ræða aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Hér munu margir þeirrar skoðunar að betra væri að tala um stjórnsýsluvald en umboðsvald og er e.t.v. ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Flestir skilja hvað þar liggur að baki þegar þessi orð eru borin saman og ætti að vera útlátalaust að gera til geðs að þessu leyti.

Næsta athugasemd sem ég vil gera er við 2. gr. frv. um héraðsdómstóla og lögsagnarumdæmi þeirra. Okkur er ekki alveg fullkunnugt um hvað nákvæmlega er lagt til grundvallar við þessa skiptingu, hvort það er t.d. málafjöldi liðinna ára eða eitthvað annað. En það er stór spurning hvort þessi skipan er að öllu leyti eðlileg. Það hlýtur t.d. að þurfa athugunar við hvort landfræðilegar og aðrar aðstæður kalli ekki á t.d. dómstól í Vestmannaeyjum og fleiri álitaefni munu vera um þetta. Vera má að þetta megi leysa með fleiri þinghám, svo sem fjallað er um í 3. gr. frv. En þar er ráðherra leyft að skipta hverju umdæmi í tvær eða fleiri þinghár og þarf aðeins reglugerð til.

Við það atriði hljótum við að setja spurningarmerki. Ég reikna reyndar með að hér sé um hagkvæmnisatriði að ræða. En svona orðalag má helst ekki sjást í lögum um dómsvald. Enda segir í stjórnarskrá að dómsvaldi skuli skipað með lögum og því hlýtur að teljast eðlilegt að hreinsa þetta frv. af orðalagi eins og hér sést.

Fjórða greinin olli okkur nokkrum heilabrotum og gerir raunar enn. Hér er neglt niður hver fjöldi dómara skuli vera við hvern dómstól. En á fyrri stigum voru þessar tölur að lágmarki og hámarki. Ég hallast að því að betra sé að hafa fjöldann fastákveðinn, eins og frv. gerir ráð fyrir, enda þótt það kunni að verða seinna í vöfum ef breytinga verður þörf. Aðhaldið er virkara með þessu móti. Hins vegar skil ég mjög vel þenkingar manna út af eins manns dómstólunum. En við fjóra dómstóla á skv. frv. að starfa aðeins einn dómari. Slík staða er erfið og einangrandi og áhyggjur manna af slíkum aðstæðum skiljanlegar.

Í 5. gr. er m.a. kveðið á um nefnd er fjalli um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Þessu ákvæði er ástæða til að fagna sérstaklega, svo og hvernig skipan í hana skal vera, enda þótt með þessu sé ekkert tryggt að ráðherra geti ekki skipað að eigin geðþótta. Við þekkjum ótal dæmi þess að

valdhafar sniðgangi álit ráðgefandi nefnda og er erfitt að sjá hvernig koma megi í veg fyrir slíkt, nema e.t.v. með því að leggja meiri áherslu á almennilegt uppeldi í þjóðfélaginu. En það er nú ekki beint í hávegum haft nema í skálarræðum.

Í 5. gr. eru talin upp skilyrði fyrir skipun héraðsdómara. Fimm þeirra skilyrða þarf svo fulltrúi að uppfylla skv. 6. gr. til að öðlast löggildingu til dómsathafna. En hann þarf ekki að hafa náð 30 ára aldri og hann þarf ekki að hafa öðlast neina reynslu í starfi. Við hið síðara setjum við spurningarmerki og teljum athugunarvert hvort ekki þurfi að skilyrða þessa löggildingu á einhvern hátt, t.d. miða við eins árs starf við dómstól.

Við 7. gr. höfum við þá athugasemd að betur færi að orða 1. mgr. svo að dómsmrh. setji héraðsdómara til þess að fara með og dæma einstök mál, setudómara, ef dómari hefur vikið sæti og dómstjóri telur ekki fært að úthluta málið öðrum dómara við embættið. Þetta teljum við eðlilegra orðalag en það sem hér er notað að „allir hinir reglulegu dómarar" o.s.frv. „hafa vikið dómarasæti", eins og segir í frumvarpsgreininni.

Næst vildi ég þá nefna að 10. gr. frv. og allur sá kafli er stór spurning og viðkvæm og hefði þurft að fylgja hér með pakki sem skýrði betur hvert starfssvið sýslumanna og bæjarfógeta yrði eftir þessar breytingar. Það kemur vissulega fram í megindráttum í grg. en lagabreytingar þurfa að fylgja og hætt er við að ýmsum þyki hér ekki nægilega vel frá gengið.

Ég hlýt t.d. að benda á ákaflega viðkvæm málefni eins og sifjamálefni, málefni barna, t.d. hvað varðar forsjá barna og umgengnisrétt foreldra við þau, svo og lögræðismál. En skv. grg. er áformað að flytja úrlausn slíkra mála undir embætti sýslumanns. Nú skal ekki dæmt um það hvort það kynni að reynast fólki hentugra og farsælla en við leggjum mikla áherslu á að fagleg umfjöllun verði tryggð hvar svo sem úrskurðarvaldið liggur og teljum að verði þessi niðurstaðan sé óhjákvæmilegt að setja inn ákvæði þess efnis að úrskurður falli ekki án þess að leitað hafi verið faglegra umsagna.

Forsjármál eru sérstaklega viðkvæm mál og erfið í meðförum og því mikilvægt að aðilar sem eru vanir að úrskurða í slíkum málum fjalli um þau. Eins og málum er nú háttað víðast hvar á landsbyggðinni eru barnaverndarnefndir ekki fagnefndir heldur pólitískt skipaðar. Um þetta gefst vonandi nægur tími til að fjalla rækilega og ganga svo frá þessum atriðum og öðrum að til bóta verði.

Annað er líka vert að nefna, og það hafa sýslumenn bent á, að við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hefur verið veitt lögfræðileg aðstoð og leiðbeiningar ókeypis eða fyrir smávægilega greiðslu. Þeir hafa fullyrt að slík þjónusta leggist af ef þetta frv. verði að lögum. Ég sé raunar ekki hvað sé því til fyrirstöðu að slík þjónusta yrði veitt áfram við þessi embætti en hugsanlega þyrfti að ganga frá slíku við lagasetningu þessa eða í lögum sem tengjast þessu máli.

Í III. kafla þessa frv., 18. gr., er mælt fyrir um breytingu starfsheita og tilflutning einstakra embættismanna. Þar er e.t.v. spurning hvort nóg sé að gert, hvort t.d. fulltrúar við þessi embætti ættu ekki rétt á að tekið sé tillit til þeirra.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, leggja áherslu á að gætt verði aðhalds og sparnaðar við framkvæmd laganna og allar þær breytingar sem þau hafa í för með sér. Við bentum sérstaklega á það í athugasemdum sem við sendum dómsmrn. fyrir nokkrum vikum varðandi þetta frv. og lögðum áherslu á að nákvæmar kostnaðaráætlanir yrðu lagðar fyrir Alþingi. Á þeim bólar ekki. Það hefur algerlega farist fyrir að gera slíka kostnaðaráætlun, en margir óttast að hér verði um verulega kostnaðarsamar breytingar að ræða. Þetta atriði vegur að sjálfsögðu þungt og er algerlega ótækt að samþykkja eitt eða neitt af því sem hér er til umfjöllunar án þess að gera sér grein fyrir kostnaði. Hæstv. ráðherra nefndi tölur í máli sínu áðan og sagði að í mesta lagi yrði um 35 millj. kr. rekstrarkostnað á ári að ræða en nákvæm kostnaðaráætlun er augljóslega ekki fyrir hendi.

Það er alger siðferðiskrafa að tryggja réttaröryggi fólks og það fyrirkomulag sem hér er við lýði er okkur til vansa. Það gengur ekki að sami aðili rannsaki og dæmi, enda brjótum við með þessari tilhögun gegn mannréttindasáttmála Evrópu. Þessu verður að breyta og það er aðeins tímaspursmál. Spurningin er ekki hvort, hún er að sjálfsögðu hvernig og ekki síst hvenær. Þetta síðasta er m.a. undir því komið hver kostnaður fylgir framkvæmdinni. Það gengur ekki að þeir sem mjög svo messa um aðhaldsaðgerðir leggi fram frv. af þessu tagi án áætlana um kostnað.

Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem Kvennalistinn styður í meginatriðum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta frv. Hv. 2. þm. Vesturl. og 10. þm. Reykn. hafa fjallað töluvert um efnisatriðin. Undirbúningur að þessu frv. er til fyrirmyndar að mínum dómi. Ég held ég segi það rétt að það er ekki nema um tvö frv. að ræða þar sem hefur verið haft samband við þann sem hér stendur á meðan á undirbúningi frv. hefur staðið. Það tel ég til fyrirmyndar að það séu ekki eingöngu þeir flokkar sem standa að ríkisstjórn sem fá tækifæri til að kynna sér það og enn fremur að fylgjast með þeim hugmyndum um breytingar sem eru á hverjum tíma.

Höfuðgallinn á þessu máli er e.t.v. sá sem hv. 10. þm. Reykn. kom inn á, þ.e. að það fylgi því ekki kostnaðaráætlun. En hæstv. ráðherra hefur sér það til málsbóta að mér skilst að ekki sé ætlunin að lögfesta þetta frv. á þessu þingi og þá má kannski segja að það sé ekki grundvöllur til að gera slíka áætlun.

En mér finnst samt sem áður að í umfjölluninni, t.d. hjá hv. 10. þm. Reykn., liggi svolítill misskiln-

ingur. Það er í raun og veru aðskilið í öllum þéttbýlisstöðum í landinu eða flestöllum stærri stöðum í landinu, þ.e. það eru nú þegar sérstakir héraðsdómarar í þeim. Breytingin á þessu er því kannski ekki eins mikil og verið er að fjalla hér um. Hins vegar er það alveg rétt og ég held að hv. þm. séu sammála um að nauðsynlegt sé að gera þennan aðskilnað algerlega. En það er ekki sama hvað hann kostar og það þarf að athuga það mál enn frekar.

Ég er ekki það fastheldinn á þessi stærðarmörk sýslnanna eða kjördæmanna að það geti ekki verið álitamál hvernig á að hafa þessi umdæmi. Svo að ég taki Strandasýslu sem dæmi þá er álitamál eins og samgöngum er háttað hvort hún eigi að heyra undir héraðsdómara á Ísafirði. En það má líka segja að það sé spurning hvort Vopnafjörður og Skeggjastaðahreppur ættu ekki bara að heyra undir Akureyri. Það er t.d. flug frá Akureyri á þessa staði, en það er ekki flug á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða eftir því sem ég best veit og engar samgöngur þar langtímum saman. Þannig orkar þetta allt tvímælis þegar menn fara að huga að þessum málum.

Það er líka álitamál hvort sýslumenn þurfa að sitja á hverjum stað eins og nú er. Ég held að við ættum að hugleiða hvort ekki sé hægt að minnka kostnaðinn við þessa breytingu verulega umfram það sem frv. felur í sér. En ég veit og það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra að menn ná ekki saman með öðrum hætti. En þarf ekki að athuga það nánar?

Eins og komið er fyrir okkur í þessu þjóðfélagi í dag þarf að huga mjög að því að auka ekki kostnaðinn í allri umsýslu. Ég held að það sé kannski ekki minna atriði en gera þessa breytingu.

Ég ætla að láta þetta duga. Aðrir hafa farið yfir þau efnisatriði sem ég var búinn að hugsa mér að ræða hér og ætla ég ekki að fara að endurtaka það sem aðrir hafa hér sagt.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég vildi aðeins þakka hv. þingdeildarmönnum sem hér hafa talað fyrir jákvæðar undirtektir við meginstefnu þessa máls. Ég fullvissa þá um það að þetta mál verður vandlega skoðað og ég mun fyrir mitt leyti leggja því lið að þingmenn geti gaumgæft það og gefið sér tíma til að athuga það. Ég ítreka að þetta er mál sem alls ekki er hrapað að heldur er það vandlega undirbúið og að því langur aðdragandi í sögulegri þróun og í þróun þingmála. Ég vildi vekja athygli á þeim orðum hv. 2. þm. Vesturl. sem nefndi ástæðuna fyrir því að minnihlutaálitið sigraði 1916 og málinu var slegið á frest í sjötíu ár. — Ég vitna þá í álitið, að vísu eftir minni, með leyfi hæstv. forseta — „að hvorki hafi komið í ljós þörf fyrir breytinguna eða óskir um hana". Ég tel það sem hafi breyst á þessum 72 árum, sem liðin eru, vera það að nú hafi sannarlega komið í ljós þörf fyrir breytinguna og reyndar sterkar óskir um hana. Þess vegna hljótum við að framkvæma hana nú, en það má vel vera að þarna sé ýmislegt sem athuga má betur. En ég held nú samt að ég muni ekki una því að þetta mál „sígi seint og hægt í ægi, sína leið með tímans göngulagi", eins og mér fannst aðeins vaka í máli hv. 2. þm. Vesturl. Hann benti á að það hefði tekið frá árinu 1934 til ársins 1961 að koma á sjálfstæðu ríkissaksóknaraembætti, en það er vinnuhraði sem ég vil ekki una, hvorki í þessu máli né öðrum málum.

Ég vil benda á að það hefur svo sannarlega verið hlustað á sýslumenn í þessu máli. Í nefndinni eru tveir valinkunnir sýslumenn, Pétur Hafstein og Friðjón Guðröðarson. Ég tel að rökstuðningur Péturs Hafstein, sem fram kemur í bréfi hans, er sent hefur verið þingflokkunum, svari flestu af því sem hv. 2. þm. Vesturl. tók hér upp. Ég beini því til hans og annarra þm. að kynna sér þetta álit hins ísfirska sýslumanns.

Allir þeir sem hér hafa talað hafa vikið að kostnaðinum. Ég tek undir það að það er ákaflega mikilvægt að gætt verði fyllsta aðhalds og sparnaðar, eins og hv. 10. þm. Reykn. komst að orði. Hún eins og fleiri saknaði kostnaðaráætlunar. Ég mun leggja kostnaðaráætlun fyrir þingnefndina. Þetta mál er svo stórt að það verður ekki afgreitt án slíkrar áætlunar og það mun heldur ekki verða meðan ég held á því.

En ég ítreka það, sem reyndar kom fram í máli mínu áðan, að það er hægt að framkvæma þessa kerfisbreytingu án kostnaðarauka ef menn vilja fækka embættum og breyta umdæmum. Hins vegar reka sig þarna á markmiðin um lítt breyttan kostnað og ástin á umdæmunum eins og þau eru nú. Ég geri ekki lítið úr henni, hún er mikilvægt atriði í þessu máli. En þarna togast á, eins og oft vill verða, öndverð sjónarmið þegar að er gáð i gagnrýni þeirra sem hafa viljað tefja framgang þessa máls.

Ég ætla ekki að fara um þetta mörgum orðum í einstökum greinum. Ég þakka hv. 10. þm. Reykn. fyrir ábendingarnar um einstakar frumvarpsgreinar og fullvissa hana um að þær verða allar teknar til athugunar, bæði orðalagsatriði og efnisatriði.

Hún vék í upphafi að því að „umboðsvaldi" í fyrirsögn frv. kynni að þurfa að breyta í „stjórnsýslustörf". Það mætti athuga. Það er vissulega rétt að II. kafla frv. um umboðsvald í héraði þarf að útlista nánar. Reyndar tel ég mig hafa gert það nokkuð í minni framsöguræðu, en hin ítarlega úttekt á verkefnunum, sem ég nefndi, verður lögð fyrir þingið í töluskýrslu nú og vafalaust með nánari útlistun síðar.

Ég vil taka það sérstaklega fram hvað varðar sifjamál og forsjármál barna að ég er algerlega sammála hv. 10. þm. Reykn. að úrskurður í þeim málum hljóti að byggjast á faglegri ráðgjöf og samráði við til þess hæfan aðila sem getur samræmt úrlausnir þessara mála. Að minni hyggju ætti það að gerast með eflingu barnaverndarráðs. Þetta segi ég svona sem skemmri skírn og harma það að svo seint skuli vera á deginum að ekki gefist tækifæri til að ræða þetta nánar. En ég vil taka fram að einmitt

ábendingar Kvennalistans um sifjamálin og barnalögin náðu vissulega athygli þeirra sem frv. sömdu og gætir þess reyndar í grg. þess.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um einstök atriði þessa máls, segi það að lokum að það eru að sjálfsögðu ýmsar leiðir fyrir hendi til að skilja að dómstörf og stjórnsýslustörf. En það næði allt of skammt að skilja eingöngu milli dómstarfa í opinberum málum og lögreglustjórnar eins og vakað hefur í máli sumra. Við verðum að ljúka þessu máli nú og taka ekki til þess mörg ár eða margar atrennur. Ég vil taka það fram að ég og hv. 2. þm. Vesturl. erum algerlega sammála um það sögulega mikilvæga atriði að frv. um lögréttuna hafi verið lagt fimm sinnum fyrir þingið, því ég sagði víst að Ólafur Jóhannesson, þáv. dómsmrh., hefði lagt það fyrir þingið og síðan fjórum sinnum eftir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 813.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978. Hér er, eins og fram kom í máli mínu áðan, um fylgifrv. með frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði að ræða. Eins og fram kom í athugasemdum með því frv. er ætlunin — og það er tilgangur þessa frv. — að þinglýsingarnar verði framvegis stjórnvaldsathöfn en ekki dómsúrskurður eða dómsathöfn eins og nú er. Þinglýsingarnar verði þannig áfram verkefni sýslumanna.

Þinglýsingar eru verkefni sem flokkast undir viðfangsefni sem á latínu eru nefnd einu nafni „jurisdictio voluntaria“ og eru á mörkum dómstarfa og stjórnvaldsathafna. Þróunin í nágrannaríkjum okkar í Evrópu hefur þó verið sú að telja þær fremur stjórnvaldamegin og er nú lagt til að svo verði einnig hér frá miðju ári 1990, en þá er gert ráð fyrir að lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði taki gildi.

Ég ætla ekki að rekja einstök ákvæði í frv., það skýrir sig sjálft. Meginbreytingin er sú að orðið „þinglýsingarstjóri“ kemur í staðinn fyrir „þinglýsingardómari“ og úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar skal sæta stjórnsýslukæru til dómsmrn. í stað áfrýjunar til Hæstaréttar, en það er einnig hægt að höfða mál til ógildingar slíkum úrlausnum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögbókandagerðir, 1. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 814.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um lögbókandagerðir en þar er átt við það sem oftast hefur verið kallað nótaríal-gerðir hér á landi. Orðið lögbókandi er reyndar gamalt í lagamáli og fengið úr lögum um verndun fornmenja frá 1907, en þar er átt við þann embættismann sem einnig hefur verið kallaður „notarius publicus“.

Þetta frv. er fylgifrv. með frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði en þó er lagt til að það taki þegar gildi, enda er þetta efni ekki bundið þeim breytingum sem lagðar eru til í dómstólafrv. hvað tímasetningar varðar. Frv. er nýsmíði að því leyti að vantað hefur almennar reglur um lögbókandagerðir. Þetta er rakið í grg. frv., en lögbókandagerðanna er nú getið í ýmsum sérákvæðum laga.

Með frv. eru gerðar tillögur um almennar verklagsreglur um framkvæmd þessara athafna og að dómi hinna lögfróðustu manna bæta þau úr brýnni þörf í því efni. Ákvæði frv. eru ítarlega skýrð í grg. að því leyti sem þau ekki skýra sig sjálf. Ég ætla hér ekki að rekja efni frv. nánar og legg áherslu á, hæstv. forseti, að þetta frv. nái fram að ganga sem fyrst og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

78. fundur, miðvikudaginn 20. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fóstureyðingar, frh. 1. umr.

Frv. GuðmÁ og KolbJ, 382. mál (heimildir, tímamörk o.fl.). — Þskj. 722.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Frv. landbn. Ed., 405. mál (innflutningur á gleráli). — Þskj. 751.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að fjölyrða um efni frv. Þetta hefur verið ágreiningsmál hér í Alþingi og því hefur verið fundinn farvegur hingað inn í þingið með því að leita eftir því við landbn. Ed. að hún tæki að sér að flytja málið. Sú umfjöllun hefur farið fram í nefndinni og er frv. þess vegna flutt af henni en að ósk landbrh. Að sjálfsögðu er hér ekki um neina skuldbindandi afstöðu að ræða í þessu máli.

Nefndin mun fjalla um málið og skila því til afgreiðslu hér í deildinni og að sjálfsögðu, eins og jafnan er um störf þeirrar nefndar, vanda sín vinnubrögð og hraða þeim eftir föngum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár í Reykjavík.

Á árinu 1986 var undirritaður samningur milli sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda og ríkissjóðs um sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins með fyrirvara um samþykki Alþingis. Á fjárlögum síðasta árs var heimild til að selja ofangreindar eignir, sbr. 6. gr., lið 5.22, en sú heimild var ekki nýtt, einkum vegna eftirtalinna tveggja þátta:

Í fyrsta lagi: Ekki var talið að það ákvæði sem var í heimildinni um að fasteignirnar yrðu áfram nýttar í þágu samtaka framleiðenda matjurta væru gildar eða uppfylltar.

Í öðru lagi: Upplýsingar lágu fyrir um slæma rekstrarafkomu Samtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, SÍM, og að samtökin áformuðu að selja hluta fasteignanna til að mæta þeim fjárhagsvanda sem leiddi af slæmri rekstrarafkomu.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var ákveðið að endurnýja ekki þessa heimild heldur boðað að lagt yrði fyrir Alþingi sérstakt frv. um sölu nefndra eigna. Frv. er flutt til þess að afla fjmrh. heimildar til þess að ganga endanlega frá ráðstöfun og sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins samkvæmt framansögðu.

Að lokinni umræðu í hv. Ed. legg ég til að þetta mál fari fyrir hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingar á lögum nr. 37 frá 1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum. Frv. fjallar annars vegar um hækkun áhættugjalds vegna veittra ríkisábyrgða og hins vegar um innheimtu ábyrgðargjalds af erlendum skuldbindingum þeirra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs vegna eignaraðildar hans eða af öðrum ástæðum.

Frv. felur ekki í sér neinar efnisbreytingar frá ákvæðum V. og VI. kafla brbl. nr. 68 frá 1987, um ráðstafanir í fjármálum. Brbl. fjölluðu um breytingar á ýmsum lögum sem undir fjmrh. heyra auk ákvæða um nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð.

Eins og kunnugt er var frv. til staðfestingar á umræddum brbl. lagt fram á sl. hausti. Það frv. hefur ekki verið afgreitt. Mál hafa skipast þannig að ákvæði II.–IV. kafla og VII. kafla þeirra laga hafa verið afnumin þar sem þau höfðu verið felld inn í aðra löggjöf þar sem þau eiga réttilega heima samkvæmt efni sínu. Í ljósi þessa hefur sá kostur verið valinn að flytja sérstök frv. um efni þeirra þriggja kafla sem eftir standa af brbl. Með þessum hætti er öllum efnisatriðum brbl. komið fyrir í viðeigandi sérlögum og þar með komið í veg fyrir að þau festist í sessi í formi bandorms svokallaðs.

Frv. þetta, annað tveggja frv. sem flutt eru í framangreindum tilgangi, er efnislega samhljóða V. og VI. kafla brbl. frá liðnu sumri. Hins vegar hefur orðalagi og uppsetningu verið breytt nokkuð í því skyni að gera ákvæðin skýrari en þó hvergi vikið frá efni brbl.

Að því er breytingar varðar hefur verið stuðst við þá reynslu sem er komin á um gjaldtöku þessa, svo og framkvæmdareglur sem mótaðar hafa verið.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál og legg því til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um bifreiðagjald sem er 436. mál á þskj. 786.

Frv. er efnislega nær samhljóða I. kafla brbl. nr. 68 frá 1987, um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem sett voru á sl. sumri og fólu í sér marghátt-aðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs. Brbl. þessi fólu í sér breytingar á hinum ýmsu lögum sem undir fjmrh. heyra auk ákvæða um nýja tekjustofna ríkissjóðs.

Frv. til staðfestingar á umræddum brbl. var lagt fram á sl. hausti. Mál hafa síðan þróast á þann veg að ákvæði II. og IV. kafla og VII. kafla þeirra hafa verið afnumin þar sem þau hafa verið felld inn í aðra löggjöf þar sem þau eiga heima samkvæmt efni sínu. Í ljósi þessa hefur sá kostur verið valinn að flytja sérstök frv. um efni þeirra þriggja kafla sem eftir standa af brbl. Með þessum hætti er öllum efnisatriðum brbl. komið fyrir í viðeigandi sérlögum í stað þess að framlengja líf þeirra á lögbókum í formi bandorms.

Þetta frv., annað tveggja frv. sem flutt eru í framangreindum tilgangi, er efnislega samhljóða I. kafla brbl. að öðru leyti en því að í því er kveðið á um rýmri heimildir til að undanþiggja bifreiðagjaldi í fyrsta lagi bifreiðar í eigu öryrkja, í annan stað bifreiðar björgunarsveita og í þriðja lagi fornbíla, þ.e. bifreiðar sem eru 25 ára eða eldri.

Að því er varðar framkvæmd á heimildinni til undanþágu á bifreiðum öryrkja þykir mér rétt að vekja athygli hv. þm. á því ákvæði reglugerðar sem um það fjallar. Það er í 4. gr. reglugerðar frá 28. des. 1987 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Af bifreiðum í eigu þeirra sem njóta örorkustyrks, styrks vegna örorku barna eða örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins skal ekki greiða bifreiðagjald skv. þessari reglugerð. Ef aðili sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds skv. þessari mgr. á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngri."

Þessu til viðbótar er þess að geta að af hálfu fjmrn. var erindað til Tryggingastofnunar og heilbrrh. um framkvæmd slíkrar reglugerðar þar sem tilkynnt var að fjmrh. hefði ákveðið að nýta sér þessa heimild og þess farið á leit að heilbrrn. og reyndar Tryggingastofnun gerði tillögur um framkvæmdina og hvernig best megi tryggja hnökralausa framkvæmd þessarar ákvörðunar. Í þessu bréfi segir:

„Sérstaklega þarf að hyggja að því hvernig tryggja megi þeim öryrkjum sem komnir eru á ellilífeyrisaldur sama rétt og öðrum öryrkjum í þessu sambandi."

Það hefur vafist nokkuð fyrir heilbrrn. og Tryggingastofnun að tryggja þessa framkvæmd með þeim einfalda hætti að afhenda innheimtumanni ríkissjóðs áreiðanlega og rétta skrá yfir öryrkja eftir 67 ára aldur af — eigum við ekki að segja — tæknilegum ástæðum. Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú að innheimtumenn ríkissjóðs hafa fengið skrár að frumkvæði fjmrn. um alla þá sem skráðir eru öryrkjar fram að 67 ára aldri og auk þess alla þá sem njóta svokallaðs bensínstyrks eftir 67 ára aldur. Um það gildir reglugerð sett af heilbr.- og trmrn. frá 30. júlí 1980 í tíð þáv. hæstv. félmrh., Svavars Gestssonar, en þar segir:

„Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar."

Þess skal getið að hér er um að ræða meginþorra þess fólks sem er á skrá yfir öryrkja fram að 67 ára aldri en þó kann það ekki að vera algerlega tæmandi. Hér er miðað við bensínstyrk sem upphaflega nam ákveðinni krónutölu sem fylgt hefur síðan vísitölu. Er miðað við um 200 lítra bensínnotkun á ári.

Það sem hér hefur verið sagt er það að þótt heimildin hafi að fullu verið nýtt hefur ekki verið gengið frá reglugerðinni með formlegum hætti. Framkvæmdin er eins og hér er lýst en enn er beðið eftir nákvæmum skrám af hálfu heilbrmrn., Tryggingastofnunar sem ekki hafa talið sig geta gert það með tryggilegri hætti en fram kemur af þessu, þ.e. að bæta við á undanþágulistann öllum þeim sem bensínstyrks njóta. Undanþáguákvæðin ná þá til öryrkja, skilgreint skv. þessu í framkvæmd, björgunarsveita og fornbílaeigenda, en það eru nýmæli frá upphaflegum ákvæðum brbl. á liðnu sumri.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 865.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð sérkennilegt að sitja hér á Alþingi í vetur. Það hefur

eiginlega ekki sést í þinghúsið fyrir bjór. Það hefur verið þannig að fjölmiðlar og þingheimur, almenningur í landinu hefur verið svo upptekinn af þessu þjóðþrifamáli sem er núna komið hingað upp í Ed. að það hefur í raun og veru ekki orðið vart við það í landinu að neitt annað væri á dagskrá á þinginu en þetta frv. sem hér kemur til 1. umr. í þessari virðulegu deild. Á þeim tímum þegar ástand í efnahagsmálum er t.d. jafnalvarlegt eins og allir þekkja sem eitthvað um þau hugsa og staða atvinnuveganna er með þeim hætti sem menn þekkja er býsna alvarlegt að hugsa til þess að þær raddir sem vilja ræða þau mál skuli ekki ná út fyrir þessa þykku veggi þinghússins sem umlykja okkur, þessa „bergmálslausu múra" sem Steinn Steinarr kvað um forðum.

Félagar okkar og samstarfsmenn í Nd. Alþingis hafa rætt um þetta mál vikum ef ekki mánuðum saman. Sú umræða hefur stundum einkennst af því að menn væru fremur að takast á af kröftum en lagni og beita hver annan rökum sem eðlilegt er að flytja með og á móti máli af þessu tagi. Ég vil segja það strax fyrir mitt leyti við þessa 1. umr. málsins að ég hef engan hug á því og engan áhuga á því að frá þessari virðulegu deild þingsins leggi málflutning út til þjóðarinnar með þeim hætti sem við höfum kynnst undanfarna daga úr herberginu við hliðina á okkur. Ég held að það þjóni engum tilgangi, hvorki fyrir þá sem eru með bjórnum og jafnvel enn síður fyrir þá sem eru á móti honum, að fara að setja hér á langar ræður og ítarlegar umræður, að ég segi ekki rifrildi, um mál af þessu tagi þar sem menn uppnefna hver annan jafnvel innan stjórnmálaflokka. Ég ætla þess vegna aðeins að draga hér fram þau rök *sem eru efst í mínum huga og eru þessi:*

Það eru í fyrsta lagi heilbrigðisröksemdir. Ég starfaði um nokkurra ára skeið í heilbrrn., þurfti þá starfs míns vegna að heimsækja stofnanir, meðferðarstofnanir fyrir áfengissjúklinga, að kynnast þannig þeim vandamálum sem þar er við að glíma, að sjá ungt fólk tugum, hundruðum saman, kornungt, mjög illa farið af neyslu vímuefna af margvíslegu tagi. Eftir að hafa kynnst þessum málum með þessum hætti get ég ekki varið það fyrir samvisku minni að fallast hér á frv. sem hefði í för með sér aukningu á notkun áfengis í landinu, en það viðurkenna allir að sjálfsögðu.

Ég bendi á að fyrir nokkru var dreift hér í þinginu skýrslu frá nefnd um opinbera stefnumótun í áfengismálum sem ég átti þátt í að skipa árið 1983. Þessi nefnd gerir tillögur á grundvelli stefnumótunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Grundvallaratriði stefnumótunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru þau að það beri að gera það sem unnt er til að draga úr aðgengi að áfengi með það markmið í huga að áfengisneysla hafi minnkað mjög verulega árið 2000. En eins og þingheimi er kunnugt er það eitt kjörorð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að berjast fyrir heilbrigði allra árið 2000. Það væri í hrópandi mótsögn við þetta markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og þeirrar opinberu nefndar sem starfað hefur og fjallað um þessi mál ef Alþingi færi nú að samþykkja frv. sem, ef að lögum verður, hefði í för með sér aukningu á áfengisneyslu hér á landi.

Nú er því haldið fram hins vegar af þeim sem bera þetta mál mjög fyrir brjósti að þetta þýði ekki aukningu, hér verði aðeins um að ræða verslun á vegum ríkisins með þessa vöru. Ég tel að það sé út af fyrir sig góðra gjalda vert að menn hafi þetta í huga í upphafi en ég er sannfærður um að eftir tiltölulega mjög skamman tíma mun verslun með áfengt öl færast miklu víðar. Hún mun ekki takmarkast við Áfengisverslunina þó ekki sé nema vegna þess að pósthús landsins sem taka nú við póstkröfum frá Áfengisversluninni munu fljótlega og forráðamenn þeirra komast að því fullkeyptu að þau hafi ekki pláss til að hýsa þessa vöru. Þess vegna kemur fram krafa um að henni verði opnaðar dyr í allar almennar verslanir.

Ég hef heyrt þau rök í þessu máli að Alþingi eigi ekki að reyna að hafa vit fyrir þjóðinni. Hver einstaklingur eigi að hafa vit fyrir sjálfum sér, hann eigi að hafa þroska til þess og getu. Auðvitað þarf það að vera þannig. En ég spyr á móti: Erum við ekki alltaf að setja hér reglur sem taka á þeim málum sem snerta einstaklinginn? Frelsi er gott en á því verður að vera nokkurt skipulag og við viljum að það skipulag sé ákveðið með lýðræðislegum hætti.

Ég tel að það að taka afstöðu gegn framleiðslu og innflutningi áfengs öls sé ekki forræðishyggja heldur heilbrigðisstefna sem byggist á lýðræðislegu sjónarmiði. Við þekkjum það þegar við umgöngumst *börnin okkar að við viljum gjarnan halda þannig á* málum við þau að þau verði ekki fyrir því að lenda í klóm vímugjafanna sem herja á yngstu kynslóðina í okkar landi eins og mörg önnur lönd á okkar menningarsvæði. Þá beitum við forræðishyggju sem foreldrar. Það þýðir ekki, a.m.k. við mig, að setja mál þannig upp að við berum ekki ábyrgð gagnvart einstaklingunum í þjóðfélaginu. Það gerum við sem hér erum.

Til hvers erum við kosin á þing? Við erum kosin á þing til að framkvæma þá stefnu sem flokkar okkar og stjórnmálasamtök standa fyrir. Ég held að við séum nokkuð sannfærð um það öll, hvert með sínum hætti, að við séum hér á þingi til að reyna að láta gott af okkur leiða. Þegar við styðjum mál gerum við það í trausti þess og vissu að niðurstaðan, ef málið nær fram að ganga, sé betri en óbreytt ástand.

Ég hef engan mann heyrt halda því fram að það að hefja innflutning og framleiðslu á áfengu öli hér á landi bæti ástandið í áfengismálum, fækki þeim sem þurfa að leita til meðferðarstofnana t.d., dragi úr vanda unga fólksins sem þarf að takast á við þennan vanda, dragi úr vanda foreldranna. Fyrir mér a.m.k. sem einstaklingi hér á þessari samkomu er það lykilatriði þegar ég tek afstöðu til máls að ég hafi fulla

sannfæringu fyrir því að það sem ég er að gera geri ástandið ekki verra út frá þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég geng út frá þegar ég er kosinn hér til þessara starfa.

Af þessum ástæðum, virðulegi forseti, hef ég á undanförnum árum þegar þetta mál hefur komið hér fyrir þingið ævinlega greitt atkvæði gegn bjórfrv. og ég mun gera það nú líka. Ég mun ekki gera neinar tilraunir til að hengja aftan í það einhver önnur og gersamlega óskyld mál. Ég tel að það sé út í hött, það sé til þess að drepa málinu á dreif. Ég mun greiða atkvæði á móti frv. eins og það kemur fyrir. Ef svo illa fer að þetta mál verði samþykkt hér og verði að lögum frá þessu þingi mun ég síðar flytja tillögur um þingmál til að taka á þeim vanda sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér. Ég mun ekki gera neina tilraun til að hengja þar hluti saman, eins og gert var hjá félögum okkar í Nd., fyrst og fremst vegna þess að ég tel eðlilegast að menn taki afstöðu til málsins eins og það liggur fyrir, gangi í gegnum það hér vafningalaust, tali með og á móti eftir atvikum, flytji mál sitt með eðlilegum og málefnalegum hætti, eins og tíðkast gjarnan í þessari deild. Ég hygg að það yrði bæði deildinni og þar með þinginu í heild mestur sómi, hver svo sem lendingin yrði, ef afgreiðsla málsins gengur fyrir sig með eðlilegum, rökvísum, skynsamlegum og rólegum, málefnalegum hætti.

Ég mundi harma það ef niðurstaðan yrði sú að bjórfrv. yrði samþykkt. Ég tel enga ástæðu til að ætla að svo sé í þessari deild. Ég veit ekkert um hugi einstakra þm., það kemur í ljós. Mín afstaða er skýr, hún er sú sem ég hef hér fært rök fyrir. Þó að ég þekki málið, virðulegi forseti, allvel og gæti flutt um það miklu ítarlegra mál tel ég enga ástæðu til þess á þessu stigi en áskil mér rétt til að ræða um málið við síðari umræðu eftir því sem ástæður verða til.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með síðasta ræðumanni um að kominn sé tími til að Alþingi taki efnislega afstöðu til þessa bjórmáls, það sé ekki verið að lesa upp símaskrána, nafnalista eða aðra slíka hluti sem eru þessu máli alls óskyldir. Þess vegna held ég að þau áhrínsorð frá einum „kollega" okkar í Nd. muni ganga eftir, að það finnist skynsamir menn hér í Ed. sem muni ræða þetta mál efnislega en ekki út frá öðrum forsendum.

Ég virði vel skoðanir þeirra sem eru andvígir þessu bjórmáli þó að ég sé persónulega ekki sama sinnis. Ég tel að eins og frv. er orðið núna sé raunverulega verið að staðfesta það, eins og frv. liggur fyrir, að bjór sé aðeins ein tegund af áfengi. Áfengi er leyft að selja hér á landi af öllum styrkleikum fyrir ofan það sem við köllum bjór. Mér finnst það tvískinnungur að tala um þjóðaratkvæðagreiðslu um bann við einstökum tegundum af áfengi.

Ég tek fyllilega undir það að fræðsla um áfengismálin, eins og önnur vímuefni, á að vera mikil af ríkisins hálfu og eins áhrifarík og nokkur tök eru á. En ég tel að sá tvískinnungur sem er í þjóðfélaginu í dag, að bjór er leyfður til sölu, meira að segja hjá ríkisfyrirtæki, þar sem við komum inn til landsins sem farþegar á Keflavíkurflugvelli, og hjá farmönnum, en öðrum sé meinað að kaupa bjórinn, gangi ekki upp.

Ég fullyrði að meðan bjórbannið var í reynd í gildi, áður en heimiluð var sala í Fríhöfninni, var léttara að útskýra fyrir útlendingum að bjór væri bannaður á Íslandi en það er í dag. Hann er ekki bannaður og hann er ekki leyfður, heldur svona sitt lítið af hvoru. Ég hef verið staddur suður á Keflavíkurflugvelli að taka á móti farþegum og séð til ýmissa hátt settra manna, ekki endilega embættismanna, en áhrifaríkra manna í þjóðfélaginu, taka á móti félögum sínum komandi frá útlöndum og snúa þeim við í dyrunum og biðja þá í guðs bænum að fara inn og kaupa einn kassa af bjór sem þeir mættu taka með sér til landsins. Síðan þegar komið er fram er hlegið að öllu saman þegar loks útlendingurinn fær útskýringu á því hvers vegna hann átti að gera þetta. Þetta gengur náttúrlega ekki. Bjór er vissulega áfengi, það er rétt stefna í þessu frv., og við eigum að staðfesta það.

Ég er alveg tilbúinn að ræða það að banna bjór á Íslandi alfarið og þá hjá farmönnum sem farþegum. Ég er líka tilbúinn að ræða það ef við erum reiðubúin til þess að velta því fyrir okkur að banna áfengissölu og meðhöndlun þess hér á landi alfarið. En ég held að það sé hvorki vilji í þessari stofnun né í þjóðfélaginu til þess að algert bann verði lagt á áfengi. Meðan það er svo tel ég skynsamlegra að við leyfum sölu á þeim tegundum sem framleiddar eru hér á landi og þá ekki síst veikustu tegundunum.

Hvað sem sagt verður um okkur sem foreldri held ég að ég sætti mig frekar við það að vita af sonum mínum drekkandi jafnvel nokkrar dósir af bjór en að vera að slá sér saman með öðrum ungum mönnum um sterkari drykki eins og viskí og vita nánast ekkert hvað er að ske í veröldinni eftir nokkra sopa. Ég tel að sá tvískinnungur sem er samfara reglum um áfengissölu sé afleitur. (**Gripið fram í:** Á þingmaðurinn ekki dætur?) Jú, en hún er sem betur fer það ung enn þá að ég er ekki orðinn mjög smeykur um að hún muni neyta bjórs eða áfengis að sinni a.m.k. En það kemur að því að ég hef áhyggjur af því líka.

Um það hvort þetta veldur aukningu á áfengisneyslu í landinu vil ég ekki fullyrða. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að menn spái því að það verði um aukningu að ræða. En ég er ekki viss um að hún verði jafnmikil og menn hafa talið vera, m.a. vegna þess að ég tel að sú neysla á bæði löglegum og því sem hægt er að kalla ólöglegan bjór í landinu sé allmiklu meiri en menn vilja vera láta. Ég segi það m.a. vegna þess að víða kemur maður þar sem manni er boðið upp á bjór. Það eru stundum þannig tegundir að maður er nánast viss um að hann fékkst ekki í fríhöfninni. Hann kemur einhvern veginn til

landsins eftir öðrum leiðum. Einnig held ég að það muni draga úr neyslu sterkra drykkja ef bjórinn verður heimilaður.

En um þetta er ekkert óeðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir. Síðasti ræðumaður hafði sína skoðun á þessu máli og ég hef mína. Ég tek undir það með honum að því fyrr sem Alþingi losar sig við þetta mál út af dagskránni og tekur efnislega afstöðu til þess, því betra.

Ég er formaður allshn. þessarar virðulegu deildar og ég skal lofa ykkur því að málið muni fá eins skjóta og vandaða meðferð í þeirri nefnd og nokkur kostur er. En ég vænti þess að menn í hv. deild séu mér sammála um að taka málið til efnislegrar meðferðar fyrir þingslit í vor.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 7. þm. Reykv. að það sem knýr mig nú upp í ræðustólinn er að mér finnst samvisku minnar vegna ég ekki geta annað en látið það koma fram núna þegar við þessa umræðu hver afstaða mín er til þessa máls sem hér er til umræðu og lýsa yfir andstöðu minni við það.

Ég ætla ekki að breyta út af þeim málflutningi hér á undan að ræða það í rólegum tón og ekki með neinum hávaða. Kannski vita fréttamenn það fyrir fram að þannig verður umræðan hér í deildinni. Þegar þetta mál kom til meðferðar í Nd. voru sjónvarpsmyndavélar og aðrar myndavélar í hverju skoti. En hér sést enginn. (**Gripið fram í:** Guði sé lof fyrir það.) Já, ég get tekið undir það með hv. þm. að ég harma það ekki. Vonandi er það til þess að málið fái eðlilega umfjöllun í fjölmiðlum hér eftir. En það er eins og það hafi verið aðalmál þingsins það sem af er vetri miðað við umfjöllun fjölmiðla.

Í mínum huga er þetta alvarlegt mál. Það sem kannski er þyngst á metunum í því sambandi er nokkuð svipað og hjá hv. 7. þm. Reykv., þ.e. að ég var í fjögur ár í dómsmrn. og kynntist þá afleiðingum áfengisneyslu í svo ríkum og sorglegum mæli að það hefur hert mína afstöðu í þessu máli frá því sem áður var. Þar komu, má segja daglega, til mín einstaklingar í öngum sínum yfir afleiðingum af áfengisneyslu. Þeir voru búnir að brjóta allar brýr að baki sér í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Fjölskyldan var sundruð, eignirnar tapaðar o.s.frv. Þar sem svo illa er komið fyrir einstaklingum sem þangað lenda er því miður fátt að gera annað en að bera fram þá ósk að þeim fækki eitthvað sem í þessari stöðu lenda og þá jafnframt að strengja þess heit að reyna að leggja sig fram um að stuðla að því að svo verði. Því hlýt ég að leggja mig fram um að rökstyðja það a.m.k. sjálfs mín vegna að þetta mál eigi ekki fram að ganga.

Það eru ýmisleg rök sem færð eru fram af hendi flm. þessa máls, eins og það að það eigi að vera frelsi fyrir menn að gera það sem þeir vilja og hver og einn eigi að bera ábyrgð á sínum eigin gjörðum. Nú er það svo með frelsið að sumir gera varla greinarmun á frelsi og stjórnleysi. Um leið og við viljum hafa eitthvert skipulag verðu[illegible] að setja einhverjar reglur sem setja þá skorður. Ég er sannfærður um að þetta tal um frelsi sem mjög hefur klingt í eyrum á síðustu árum eigi drjúgan þátt í ýmsu því sem nú fer aflaga í okkar þjóðfélagi á öðrum sviðum.

En það sem mér er ríkast í huga í þessu sambandi eru þó börnin sem eru að vaxa upp í landinu. Ég var beðinn um að taka þátt í umræðu í einum framhaldsskóla hér í borginni í vetur þar sem óskað var eftir að kæmi einn sem væri meðmæltur bjór og annar sem væri andvígur. Eitt af því sem viðmælandi minn taldi bjórnum til ágætis var það að það væri svo gott fyrir börn og unglinga að eiga kost á að fá veikara áfengi en nú er á boðstólum. Þess vegna er ég ekki alveg sannfærður um að hv. síðasti ræðumaður geti verið svo mjög lengi öruggur um að börnin byrji ekki á neyslu á bjór jafnvel þótt ung séu. Við vitum að áfengisaldur færist stöðugt niður og enda þótt í þessu frv. sé ákveðið að flokka bjór með öðru áfengi held ég að slík lagasetning breyti ekki viðhorfi margra til þess að þarna sé um nokkuð annað að ræða, þarna sé um svaladrykk að ræða, eða a.m.k. að það sé notað að yfirvarpi.

Þá er komið að því sem mér finnst vera ömurlegast í málflutningi stuðningsmanna bjórsins, þegar þeir segja að allir eigi að ráða því sjálfir hvort þeir neyta áfengis eða ekki og því sé það í lagi hversu mikill þrýstingurinn frá þjóðfélaginu er til áfengisneyslunnar, og það er gagnvart börnunum. Börnin, þau hafa ekki skapað þjóðfélagið sem þau alast upp í og þau ráða ekki því umhverfi sem þau búa þar við. Hvorki í þjóðfélaginu í heild né á hverju einstöku heimili. Það hefur verið skrifað margt um þetta bjórmál í vetur og ég ætla ekki að fara að lesa þar mikið upp, það væri af mörgu að taka. En ég er hér með fyrir framan mig örfáar setningar um aðstöðu barna áfengissjúklinga eftir einn lækni sem hefur mikla reynslu af meðferð áfengissjúklinga á öllum aldri. Hann segir, með leyfi forseta:

„Börnin vita ekki hvað er óeðlilegt. Þau halda að ástand sem ríkir á heimilinu sé fullkomlega eðlilegt og ekkert við það að athuga. Þau læra að aðlagast spennunni og óvissunni, læra snemma að takast á herðar allt of mikla ábyrgð. Þau fara að taka þátt í lygunum og blekkingunni, segja ósatt í síma um ástandið, ljúga að vinum og kunningjum, þau læra að treysta engum og trúa engu."

Þetta eru örfá orð sem lýsa því sem reynslan hefur kennt mönnum að áfengisneysla valdi. Því hljótum við sem ekki erum ánægð með þetta að reyna að gera það sem í okkar valdi stendur til að sporna við að því að þetta verði örlög fleiri barna sem þess vegna hljóti að ganga þá ævileið sem allt of margir fara vegna áfengisneyslunnar með þeim afleiðingum sem þetta hefur fyrir þjóðfélagið. Þessi sami aðili hefur bent á að eins og áfengisneysla er hér á landi bitnar hún í ríkari mæli á aðstandendum sjúklinganna en sums staðar annars staðar þar sem sídrykkja er meiri en ofdrykkja þá kannski minni þó að heildaráfengismagn sé meira.

Það er talað um að við þurfum að breyta okkar

löggjöf til þess að við þurfum ekki að vera að útskýra fyrir útlendingum hvernig ástandið er hér. Ég fyrir mig tel að það sé engin þörf á því að vera „akkúrat" eins og allir aðrir. Það var a.m.k. í sveitinni áður fyrr ekki talið neitt eftirsóknarvert endilega, að sagt var, að það þyrfti að vera eins og hundarnir á hinum bænum. Því finnst mér að það séu heldur léttvæg rök.

En reynsla mín í dómsmrn. kenndi mér annað en það hversu illa áfengið færi með líf margra einstaklinga. Hún kenndi mér líka hversu margir það eru sem vilja græða á áfenginu, selja áfengi og skeyta þar engu um hverjar afleiðingarnar verða. Það voru margir sem sögðu að þeir væru að fara á hausinn og þyrftu að koma í veg fyrir það með aukinni áfengissölu. Það hefur heldur ekki skort á að í ljós hafi komið áhugi ýmissa á því að græða á bjórnum. Við höfum heyrt sögur af mörgum sem væru að tryggja sér umboð og annað slíkt. Og það er alveg áreiðanlega rétt sem hér kom fram áðan að þeir verða margir sem telja sér nauðsynlegt að hafa bjórinn sem víðast á boðstólum til þess að geta grætt. Það er áreiðanlega mjög veigamikil ástæða fyrir þeim þrýstingi sem er fyrir aukinni áfengisneyslu í landinu.

Annað er það sem við höfum áreiðanlega öll fundið að þeim sem neyta áfengis er geysimikið kappsmál að allir sem í kringum þá eru geri það líka. Hver raunveruleg ástæða er fyrir því þori ég ekki að segja um. Stundum hef ég þó orðið var við að þeim finnst það ekki gott ef einhver allsgáður er í slíkum hópi. Það er þessi þrýstingur sem veldur því að raunverulega geta menn ekki alist upp í hlutleysi gagnvart áfengisneyslu. Þrýstingurinn á að neyta þess frá þjóðfélaginu, eins og staðan er í dag, er svo mikill.

Það hefur verið rætt oft og m.a. hér í þessari umræðu að kannski væri best að banna alla áfengisneyslu. Ég held við vitum það að lögum sem ekki njóta hljómgrunns hjá miklum hluta þjóðarinnar verður ekki framfylgt svo lag sé á. Því kemur að sjálfsögðu ekki til greina að setja einhver slík lög sem eru ekki í samræmi við vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar. Það sem þarf að gera er að breyta viðhorfi og þar er að sjálfsögðu hlutverk ríkisvaldsins að vinna að slíku. Það vegur miklu þyngra en a.m.k. margs konar fræðsla því að því hefur stundum verið varpað fram að fræðsla gæti a.m.k. verið í því formi að hún yrði að hálfgerðum áróðri og hún vekti forvitni og gæti, a.m.k. ef hún er ekki rétt fram sett, jafnvel ýtt undir unglinga að byrja áfengisneyslu. En að sjálfsögðu þarf að finna þar rétta leið og eins og við vitum öll hefur geysimikið verið unnið að slíku hér síðustu árin, að hjálpa þeim sem illa eru farnir, en enginn veit nákvæmlega hversu afleiðingarnar af áfengisneyslunni eru orðnar þungur baggi fyrir þjóðfélagið efnahagslega, fyrir utan allt annað.

Ég ætla ekki að tala mikið lengur við þessa umræðu. Því hefur verið haldið fram að Alþingi þyrfti að afgreiða þetta mál, losa sig sem fyrst við málið. Þetta mál hefur verið oft til umræðu áður og til meðferðar á Alþingi og Alþingi hefur losað sig við málið. Málið hefur verið fellt hvað eftir annað. Það hefur hins vegar ekki dugað til. Það hefur alltaf verið komið aftur og farið af stað aftur með það af þeim sem hafa viljað þarna breytingu. Því vænti ég þess að svo verði enn í hv. Ed. þó að mér sé lítt kunnugt um hver afstaða einstakra hv. þingdeildarmanna er. En ég vonast til þess að afgreiðsla deildarinnar í málinu verði ótvíræð og vonandi þá þannig að það verði fellt því að samþykkt þess á Alþingi núna tel ég vera mikið slys. Ég held að það sé algjör tímaskekkja á sama tíma og aðrar þjóðir taka alvarlega áskorun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að vinna að því að draga úr heildaráfengisneyslu og telja að leiðin til þess sé að reyna að draga úr framboði á ýmsan hátt og að þá væri lítið samræmi í því fyrir okkur að fara nú að auka framboð. Sérstaklega mundi þetta verða táknrænt fyrir það að nú vildi ríkisvaldið að flóðið yrði meira.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Það var ekki hugmynd mín að taka þátt í umræðu um bjórmálið við 1. umr. þess hér í hv. deild. Ég tel að það sé best eftir þau miklu læti sem fjölmiðlar eru búnir að gera úr þessu máli að við höldum ekki málinu neitt óeðlilega lengi hér í deildinni og að það fari á þinglegan hátt til nefndar og verði þar skoðað eins og formaður allshn. nefndi áðan, skoðað vel og því skilað hér inn aftur í hv. deild, vel unnu, og að vel sé að því hugað hvort hér sé verið að koma með mál sem eigi að bæta þjóðfélagið, að við reynum að leita að rökum fyrir því hvort svo sé. Ef þau rök finnast ekki, sem ég hef svona frekar trú á að verði erfitt að finna, komi málið hér inn í hv. deild eingöngu til þess að fella það. Ég mun svo sem kostur er í hv. allshn., þar sem ég á setu sem áheyrnarfulltrúi, beita mér fyrir því að málið verði þar yfirfarið á þennan máta sem ég nefndi.

Það sem kom mér hins vegar hingað og mér fannst endilega að ég þyrfti að mótmæla voru fullyrðingar hv. 8. þm. Reykn., formanns allshn., um þann tvískinnung sem andstæðingar bjórsins héldu uppi í sambandi við þessa umræðu og þann tvískinnung sem væri ríkjandi með þeirri áfengislöggjöf sem við búum við í dag. Ég held, og það kom reyndar alveg fram í ræðu hv. þm., að tvískinnungurinn sé ekki okkar megin sem erum á móti bjórnum, heldur hinna sem leggja nú ofurkapp á það að bæta við einni áfengistegundinni á sama tíma og þeir tala um að það þurfi að leggja mikið á sig til þess að uppfræða almenning um hættu áfengisins á sama tíma og þessir menn hafa ekki hreyft sig mikið til þess að breyta því ástandi sem við búum við sem jafnvel sumir hverjir af okkur sem erum andstæðir þessu bjórfrv. hefðum getað staðið að. Við hefðum jafnvel getað staðið að þeirri tillögu sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi. Við eigum bara að banna allt. Ég gæti vel staðið að því, sagði hv. þm. (**Gripið fram í:** Nei.) Það væri leið í málinu. (Gripið fram í.) Já. (**JE:**

Það væri til umræðu. Ég sagðist ekki standa að því.) Það var a.m.k. mjög nálægt því sem sagt var og þessu hafa menn verið að halda fram og tengja, að ef ekki er leyfður bjór á ekki að vera að leyfa viskí eða vodka. Ja, mikill óskapa tvískinnungur er nú þetta. Það hníga öll rök að því að aukið áfengisframboð kallar á aukna neyslu.

Við vitum aftur á móti að það er næstum því óframkvæmanlegt og verður ekki framkvæmt að setja á allsherjar áfengisbann. Í því felst tvískinnungur að halda því fram að það verði að breyta ríkjandi ástandi. Ég sé ekki nokkur rök sérstaklega fyrir því. Það sem verið er að tala um jöfnum höndum, banna þetta, af hverju ekki hitt? Banna það þá líka. — Það er því miður illframkvæmanlegt.

Svo er hinn þátturinn. Ef þetta frv. okkar, sem við erum að fjalla um, verður ekki samþykkt, það var reyndar sagt í hv. Nd., verðum við að banna allsherjar meðferð á bjórnum. Það má ekki leyfa þá stöðu sem við búum við í dag. Það er tvískinnungur, segja þeir. Ég er nú á því að það ástand, með einhverjum kannski tiltölulega litlum breytingum, skapi okkur vissa stöðu, það að hægt sé að flytja inn takmarkað magn af bjór. Það dregur úr því og reyndar gerir það óþarft að í gangi sé mikið smygl, ólöglegur innflutningur á þessum hlutum. Það er svo með mörg mál að það er næstum því ógerningur að framfylgja þeim að fullu. Við vitum það vel að því miður er oft ekið dálítið hraðar á Reykjanesbrautinni en leyfilegt er og það er næstum því ómögulegt að framfylgja því að það verði ekki einhvern tíma gert. Og við förum alls ekki út í það að stilla upp lögregluþjóni við lögregluþjón við Reykjanesbrautina til að þetta gerist ekki. Við reynum að hafa viss áhrif á að það verði sem fæstir sem brjóta þetta þó að við vitum að það sé brotið. Við verðum oft á tíðum að horfa svona fram hjá og það getur líka verið gott í eðli sínu að hafa vissar undanþágur löglegar. Ég er á því að sú undanþága sem verið hefur í gildi í sambandi við bjórinn geri það að vissu leyti mögulegt að framfylgja bjórbanni á Íslandi með nokkurri reisn.

Það er nú svo að það kemur fyrir að menn mega ekki heyra hlátur, þá halda þeir að verið sé að gera grín að sér. Þeir menn eru kallaðir spéhræddir. Hv. þm. nefndi það hér í ræðustól áðan að hann hefði margsinnis orðið var við það á Keflavíkurflugvelli að vel settir menn í þjóðfélaginu, kannski ekki embættismenn, hefðu verið að koma frá útlöndum eða verið að taka á móti gestum og notað tækifærið til að fá sér bjór, notað smuguna þarna, sem er lögleg, og fengið sér bjór. Og útlendingar hefðu hlegið að þessu. Ja, mikið voðalegt var nú það að útlendingar skyldu hlæja að þessu. Ég hef heyrt útlending hlæja að því að við erum með fornafn föður okkar í nafninu okkar. Honum fannst það óskaplega skrýtið að Íslendingar skyldu vera með þessa sérvisku að hafa fornafn föður síns í nafni sínu, vera ekki með ættarnafn. Ja, það skal mikið á sig leggja til að losna við það að hlegið sé að manni. Við megum búast við því nokkuð lengi, ef við Íslendingar ætlum að reyna að fá af okkur öll séreinkenni, að hlegið verði að okkur. Ég held að við megum vera stolt af því að hlegið sé að okkur vegna þess að við höfum ekki bjór. Sú spéhræðsla, hvort sem það er spéhræðsla hv. þm. eða annarra Íslendinga, er dálítið langt sótt.

Ég skal ekki hafa þessi orð mikið lengri. En því ber að fagna að fréttastofurnar íslensku, ekki síst íslenska sjónvarpið og ríkisfjölmiðlarnir, skulum við segja, hafa meiri áhuga núna á því sem er að gerast í Nd. en því sem verið er að fjalla um hér. Þeir hafa *núna meiri áhuga á framhaldsskólafrv. en bjórumræðu.* Öðruvísi mér áður brá, þegar sjónvarpið íslenska þurfti að koma með stóran flokk manna og tæki til að taka upp og senda út með beinni útsendingu atkvæðagreiðslu um bjórmálið í hv. Nd. í fyrradag. Er það komið á það stig að íslenska sjónvarpið telji nauðsynlegt að sýna svona atriði úr starfsemi Alþingis frekar en mörg, mörg önnur góð mál sem hér er verið að fjalla um? Það er ekki verið að sýna atkvæðagreiðslu þegar verið er að takast á um ýmis menningarmál, ýmis framfaramál landsbyggðar, vegáætlun eða annað þess háttar. Nei, hér eru sett upp stór tæki til þess að geta sent út í beinni sjónvarpssendingu til landsmanna hvernig hv. Nd. greiðir atkvæði um bjórmálið. Nota bene. Nd. var aðeins fyrri áfanginn í umræðunni. Það var ekki verið að sýna úrslitin í bjórmálinu. Þau ákvarðast hér í Ed. Ég vænti þess að hv. Ed. muni, þegar málið kemur hér til lokaafgreiðslu, sýna það að svo sem oft áður muni deildin taka afstöðu til þessa máls á þann hátt sem ég er sannfærður um að er til hagsbóta fyrir okkar þjóð, þ.e. á þann veg að þetta mál verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að frv. um breytingar á áfengislögum við 1. umr. Síðan hef ég tök á því að vinna að málinu til að hafa áhrif á það í hv. allshn. þar sem ég á sæti og þangað hygg ég að frv. muni verða vísað.

Mig langar þá að byrja á því að segja að mér finnst það afleit forgangsröðun í verkefnum okkar hér að við skulum verja tíma okkar nú til þess að ræða þetta mál þegar svo mörg önnur þarfari blasa við bæði þingi og þjóð. Ekki síst nú þegar samdráttur er í efnahagsmálum og verkföll eru yfirvofandi finnst mér að þetta mál skipti litlu. Miklu betur þætti mér að standa hér og ræða heildarstefnumörkun í áfengismálum þjóðarinnar sem lengi hefur verið brýn. Einnig þykir mér afleitt að margar þær brtt., sem sannarlega horfðu til bóta og lagðar voru fram í Nd., skyldu vera felldar því að þetta er mál sem hlýtur að varða okkur öll miklu. Þetta er auðvitað ekki einungis mál sem varðar alþm. miklu, heldur alla þjóðina. Þetta er mál sem hver og einn þarf að gera upp við samvisku sína og þess vegna fannst mér mjög miður að tillagan um þjóðaratkvæðagreiðslu skyldi vera felld vegna þess að ég tel að mál eins og þetta eigi að bera undir alla þjóðina. Fyrir því er

hefð og það yrði þá gert að undangenginni ítarlegri og mikilli umræðu um málið.

Í núgildandi áfengislögum segir í 1. gr.:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara."

Ég tel að þetta markmið hafi ekki náðst nema að mjög litlu leyti og þar sem talað er um tilgang flm. þessa frv. stendur m.a. í 1. lið: „að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja" o.s.frv. Ég tel að þetta markmið náist ekki með því einu að auka framboð á áfengi og sú skoðun mín er í samræmi við niðurstöður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eins og áður hefur verið vitnað til.

Nú er það svo að málið mundi vefjast minna fyrir mér og líklega flestum öðrum ef öruggt væri að áfengur bjór mundi koma í staðinn fyrir og leysa af hólmi þá drykkju af sterkum vínanda sem mörgum þykir óhófleg eða óæskileg hérlendis og á þetta einkum við um unglingana sem þegar hefur verið minnst á. En þrátt fyrir sterka sannfæringu manna í þessum efnum og jafnvel óskhyggju virðast þó niðurstöður rannsókna sýna að viðbót á áfengum bjór eykur heildarneyslu en kemur ekki í stað sterkari drykkja. Í þessu sambandi má nefna og reyndar ítreka að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur af heilsufarslegum ástæðum mælt með því í ljósi rannsóknaniðurstaðna að dregið sé úr heildarneyslu áfengis með takmörkun á aðgengi og með háu verði. Hvorugt hefur í raun verið reynt að marki hér.

Þetta mál, eins og ég áður sagði, varðar ekki bara alþm. heldur alla þjóðfélagsþegna. Þeir hafa margir og samtök þeirra látið til sín heyra því að það hefur bókstaflega rignt inn til þm. áskorunum og ályktunum ýmissa félagasamtaka sem gera sér ljósan þann heilsufarslega vanda sem hlotist gæti af viðbót sem þessari án þess að nokkuð annað sé gert til úrbóta. Og til að gefa örlitla mynd af því langar mig til að lesa eina ályktun, sem er reyndar frá aðalfundi Félags áfengisvarnanefnda á Austurlandi, með leyfi forseta, sem „skorar á alþm. að fresta afgreiðslu á fyrirliggjandi bjórfrv. þar til heilbrigðisáætlun hefur verið rædd og afgreidd á þingi. Samþykkt bjórfrv. kann að verða afdrifarík fyrir þjóðina og því mikilvægt að fjalla um það í tengslum við heilbrigðismál og áætlanir um bætta heilbrigði landsmanna." Þetta les ég vegna þess að mér þykir þetta meginefni. Mér finnst afleitt að taka svona út úr eina tegund áfengis og ætla að fara að ræða hana og greiða sérstaklega um hana atkvæði hér án þess að gera það í samhengi við aðrar tegundir áfengis og við heildarstefnumörkun í þessum efnum hér á landi.

Fyrr á þessu þingi bar ég fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um niðurstöður þeirrar nefndar sem getið var áðan í umræðum hjá hv. 7. þm. Reykv. Þessi nefnd hafði verið skipuð í kjölfar samþykktar á þáltill. á Alþingi 7. maí 1981, en hún fjallaði um að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur um stefnu hins opinbera í áfengismálum og var ítarlega sundurliðuð um það hvernig slíkt mætti fara fram. Í kjölfar þessarar þál. var nefndin skipuð og var talsvert fjölmenn. Í henni störfuðu 17–18 manns og henni var ætlað að skila áfangaskýrslum til ríkisstjórnarinnar þannig að ríkisstjórnin gæti fylgst með störfum nefndarinnar. Þetta var reyndar gert, bæði í nóvember 1983 og svo í febrúar 1984. Þær áfangatillögur fjölluðu um sérstakt átak í áfengis- og fíkniefnamálum, en þær vöktu engin viðbrögð hjá ríkisstjórninni og veit ég reyndar ekki hvort var jafnvel fjallað um þær þar.

Nefndarmenn voru sammála um efni þessara tillagna, en allir þingflokkar áttu fulltrúa í nefndinni. Hún hélt áfram störfum sínum þrátt fyrir áhugaleysi stjórnvalda og komst að samkomulagi um lokatillögur sem hún síðan skilaði í janúar 1987. Þær fjölluðu í fyrsta lagi um markmið laganna, tilbúning og dreifingu áfengis, í öðru lagi um áfengisvarnir og í þriðja lagi um meðferð og þjónustu við misnotendur og aðstandendur þeirra. Þessar tillögur eru nokkuð ítarlegar og vel unnar og þær verðskulda sannarlega bæði meiri umfjöllun og athygli en þær hafa fengið, ekki síst af hálfu stjórnvalda. Og þá vil ég bæta þm. við.

Tillögurnar eru unnar í anda þeirrar stefnu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mótað á þessu sviði, enda var nefndinni uppálagt að fylgjast náið með starfi stofnunarinnar og gera endanlegar tillögur sínar með framtíðarlausnir í huga. Síðan höfum við íslenska heilbrigðisáætlun sem var ítarlega rædd á nýafstöðnu heilbrigðisþingi sem haldið var í febrúarbyrjun og hún er samin í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og markmið hennar í áfengismálum eru mjög samhljóða tillögum nefndarinnar, sem ég áður gat um, þó að þær séu að sjálfsögðu ítarlegri.

Þetta þætti mér geta orðið góður efniviður fyrir okkur til þess að fjalla um í því skyni að móta heildarstefnu í áfengismálum. Sú stefna yrði auðvitað að taka til allra tegunda áfengis og hvernig okkur þætti skynsamlegast að fara með þær með tilliti til þess mikla heilbrigðisvanda sem þessi vímuefni valda í þjóðfélaginu og líti nú hver maður sér nær því ég hygg að í nærri hverri einustu fjölskyldu í landinu finnist dæmi um slíkan vanda, svo algengur er hann.

Mikil umræða hefur farið fram um vímuefnavanda barna og unglinga, en án þess þó að þær umræður hafi alltaf tengst hvor annarri eða almennri stefnumótun í áfengis- og vímuefnamálum. Ég tel það vera beinlínis skyldu okkar hér að taka niðurstöður eins og þær sem ég áður nefndi frá nefndinni sem fjallaði um mótun áfengismálastefnu til umræðu því að það er afleitur siður að setja á viðamiklar nefndir til að fjalla um mikilvæg mál og hirða síðan ekkert um niðurstöður og vinnu þeirra þegar til kastanna kemur.

Ég hef talað talsvert um niðurstöður og stefnumörkun á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að það er ágreiningur um túlkun þessara niðurstaðna og

hafa þm. m.a. borist áskoranir frá hópum lækna sem greinir á um það hvernig túlka beri þessar niðurstöður og hversu óhæft það er að leyfa bruggun og innflutning áfengs öls eða bjórs hér í landi án þess að eitthvað annað komi á móti eða aðrar aðgerðir komi til til að vega upp á móti þessari viðbót. Hins vegar tel ég að þessar niðurstöður gefi ærið tilefni til þess að hafa áhyggjur og taka ekki á málinu á þennan hátt sem hér er lagt til.

Ég vil vitna stuttlega, með leyfi forseta, til minnisblaðs sem mér barst frá landlækni eftir fund sem haldinn var í Norræna húsinu nýlega með geðlækni frá Osló að nafni Hans Olaf Fekjær sem hefur mikla reynslu af umfjöllun um áfengismál og meðhöndlun áfengis- og vímuefnasjúklinga. Þar komu fram eftirfarandi upplýsingar, með leyfi forseta:

Heildarneysla áfengis ræður mestu um heilsufarslegt tjón af áfengisneyslu. Og þá er stuðst við ályktanir sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, norrænna, breskra og franskra vísindamanna og gefnar tilvitnanir til verka þeirra.

Síðan er komið með samanburð við önnur efni þar sem niðurstöður eru þekktar eða fylgni. Það er minnst á tíðni lungnakrabbameins sem eykst í hlutfalli við tóbaksnotkun. Það er minnst á fjölda kransæðasjúkdóma sem eykst í hlutfalli við magn fituefna í blóði. Það er minnst á fíkniefnanotkun sem eykst í réttu hlutfalli við magn fíkniefna í umferð, þ.e. framboð af fíkniefnum. Síðan er sem dæmi tekið að samfara lækkandi kaupmætti um og eftir 1980 minnkaði sala áfengis t.d. í Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð og samtímis dró úr heilsufarslegu tjóni áfengis og fyrir allar þessar staðhæfingar eru gefnar tilvitnanir.

Í öðru lagi er talað um að tilraunir í nágrannalöndum til þess að draga úr neyslu sterkra áfengistegunda með því að beina áfengisneyslunni að veikari tegundum hafa að öllu jöfnu mistekist. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að hafa áhrif í þessa átt en án árangurs. Og þá er vitnað sérstaklega til reynslu Finna og Frakka í þessum efnum. Það er einnig minnst á það að hugsanlega sé hægt að draga úr heilsufarsvanda vegna áfengisneyslu með því að beina áfengisneyslunni að veikari tegundum, en, og ég legg áherslu á það, þá verður jafnframt að draga úr sölu á sterkari áfengistegundum og ég vek athygli á því að sú tilraun hefur í raun aldrei verið gerð.

Meðal nokkurra þjóða hefur sala sterkra áfengistegunda minnkað á undanförnum árum, þar á meðal Svía. Sumir hafa talið orsökina vera aukna sölu á veikari tegundum áfengis sem er reyndar með öllu ósannað þar eð Svíar beittu jafnframt mjög harðri verðstýringu, þ.e. hækkuðu verð á sterkum tegundum umfram verð á öðrum vörum sem hafði í för með sér minnkandi sölu á þeim. Við höfum t.d. vanrækt hér á landi að nota verðstýringu til þess að hafa áhrif á neyslu áfengis eða gert það að mjög litlu marki.

Ég vil vekja enn athygli á því, eins og reyndar hefur komið fram í máli annarra, að náttúra bjórs er öðruvísi en annars áfengis. Félagsleg staða þess og félagsleg notkun er allt önnur. Á því leikur enginn vafi. Menn tala mikið um það að þeir vildu fegnir að unglingarnir og börnin þeirra, ef þau á annað borð neyta áfengis, mundu fremur velja sér bjór en sterkt áfengi. En hvenær og hvernig ætla foreldrarnir að draga línuna gagnvart bjórneyslu, við hvaða aldursmörk, vegna þess að bjórinn er notaður allt öðruvísi en vín? Hann er stundum næstum álitinn sem svaladrykkur. Vitandi það að neysla vímuefna t.d. byrjar yfirleitt með neyslu áfengis af einhverju tagi, hvaða foreldri veit í raun hver örlög barnsins verða því það veit enginn fyrir fram þegar hann stígur fyrsta skrefið? Við hljótum öll að hafa áhyggjur af því. Án þess þó að við ætlum að stýra hegðun barnanna okkar að öllu leyti viljum við þeim hið besta. Við hljótum að bera áhyggjur gagnvart þessu því í raun getum við ekkert fullyrt um þetta.

Ég hygg líka að það verði í raun aukin krafa um meira framboð og fleiri sölustaði af áfengi vegna þess að fólk vill jöfnuð í þessum efnum. Það fer fram á það að áfengisútsölur verði opnaðar víða um landið til þess að það geti fengið bjór, ekki síst vegna þess að félagsleg neysla hans er öðruvísi og það má vænta þess að í kjölfar bjórsölu fylgi önnur áfengissala og þess vegna aukist framboð af áfengi. Það er mjög líklegt og þá erum við farin að vinna beinlínis gegn þeim markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem lögð hefur verið mikil áhersla á, að minnka framboð og aðgengi að áfengi.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. 8. þm. Reykn. — er hann í salnum? (**Forseti:** Hann er hérna til hliðar.) — skil ég vel viðbrögð hans. Meðan ég bjó erlendis, í 13 ár, þar sem neysla á bjór var almenn kom ég heim í heimsókn auðvitað og einu sinni kom ég á ráðstefnu þar sem var fjöldi útlendinga sem fannst það afskaplega undarlegt, einmitt þetta sem hv. þm. minntist á, að hér væri ekki hægt að fá bjór. Mér fannst það líka undarlegt þó að ég hefði ekki dálæti á honum sjálf, þá fannst mér það mjög undarlegt og ég skil vel viðbrögð hans. En síðan, eftir að þetta mál hefur komið til umræðu og ég hef nú skipt um starf og er hér á þingi og hef þess vegna þurft að gaumgæfa málið í miklu, miklu víðara samhengi og á annan hátt, þá í fyrsta lagi er mér alveg sama þó að öðrum finnist það skrýtið. En ég hef jafnframt komist að því að málið er miklu flóknara að þessu leytinu til. Það er ekki bara spurning um að leyfa bjórinn, það er spurning um að móta almenna stefnu sem tekur á þeim vanda sem fylgir í kjölfar þessarar neyslu.

Ég hygg að fáir geti tekið undir eða mælt með þeim tvískinnungi og þeirri hræsni sem er í þessum málum nú þar sem hluti manna getur auðveldlega náð til — þetta voru kölluð lífsgæði í Nd. — þessarar vöru en aðrir eiga erfiðara með það. Það er eðlilegt að þetta valdi óánægju, sérstaklega ef mann langar til að neyta vörunnar. Ég tek undir það, tvískinnungurinn er afleitur. En besta ráðið til að taka á honum er einmitt að móta heildarstefnu í áfengis-

málum, að mínu viti. Ég sé enga aðra betri leið.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að það er talsvert mikill þrýstingur og áhugi frá þeim sem vilja selja bjór, eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. áðan. Vitanlega er mikið fjármagn sem felst í því að framleiða og selja vöru sem á sér svo örugga notkun. Þannig að það er enginn vafi að þarna eru miklir hagsmunir í veði.

Síðan vildi ég nefna það sem ég hygg að hafi lítið komið til umræðu. Það hefur í gegnum tíðina verið mikið áhugamál kvenna og kvennahreyfinga að starfa að bindindismálum og berjast gegn afleiðingum áfengisnotkunar. Ég vil í því sambandi minnast á Hvíta bandið sem upphaflega var bindindishreyfing og ég vitna, með leyfi forseta, til þess sem sagt er um Hvíta bandið í bók Sigríðar Thorlacius, Margar hlýjar hendur:

„Hvíta bandið á Íslandi var stofnað árið 1895. Var það Ólafía Jóhannsdóttir sem beitti sér fyrir stofnun þess. En það var í fyrstu eingöngu bindindisfélag og nefnt Bindindisfélag kvenna. Ekki er vitað hve margar gengu í það á stofnfundinum 26. apríl. En í júní 1896 eru félagar orðnir 250. Fljótlega voru stofnaðar deildir úti um land, á Ísafirði, Bíldudal, Flatey og Akureyri, og auk þess barnadeild í Reykjavík. Einnig starfaði yngri deild Hvíta bandsins hér í mörg ár og var fjölmenn. Í ágúst 1895 mætti á fundinum bandarísk kona, Jessy A. Ackermann, umboðsmaður kristilegs alheimsbindindisfélags kvenna. Gerðist íslenska félagið meðlimur þess og var eftir það kallað Hvíta bandið. Fyrstu stórn Hvíta bandsins skipuðu Ólafía Jóhannsdóttir forseti, Elín Eggertsdóttir skrifari, Louise Jensen gjaldkeri. Allmargir karlmenn störfuðu innan vébanda félagsins framan af.“ — Reyndar getur nú ekkert um það hvað varð af þeim, hæstv. forseti.

„Sem fyrr segir var aðaltilgangur félagsins að vinna að bindindismálum. Gaf það út tímarit um skeið og var Guðrún Lárusdóttir ritstjóri þess. Var öfluglega unnið að því að koma á aðflutningsbanni á áfengi og viðhalda því. Var oft haft samstarf við Góðtemplararegluna um áskoranir til Alþingis þessu viðvíkjandi. Meðal tillagna sem fram komu á fundum var t.d. sú að konur skyldu ekki versla við kaupmenn er seldu vín og að veitingamönnum skyldi gert að skyldu að hýsa drukkna menn ef þeir væru ósjálfbjarga. Eitt sinn tóku konur í félaginu sig saman um að stand vörð við veitingahúsin á lokadaginn og fá menn til að eyða ekki kaupinu sínu í vín.“

Það er vert að minnast þeirra brautryðjendakvenna sem nú eru löngu gleymdar en löngu hefur fennt í sporin þeirra og fáir minnast á þær, því miður. Það var ekki að ástæðulausu að konurnar tóku sig saman og mynduðu bindindishreyfingar. Það var kannski ekki síst vegna þess að það voru fyrst og fremst karlmenn sem drukku þá vín og drukku vín illa. Það voru feður þeirra, það voru mennirnir þeirra, það voru bræður þeirra og synir þeirra sem lentu illa í því út af ofneyslu áfengis. Það var þeirra hag sem þær vildu reyna að bæta.

Ég minni ykkur líka á það, hv. þingdeildarmenn, að ein af ástæðunum fyrir því að konur voru mjög virkar að safna fyrir Háskóla Íslands á sínum tíma — því þar voru þær mjög duglegar án þess að þeirra hafi verið getið mikið af því tilefni — var ekki síst sú, auðvitað, að efla íslenska menningu. En önnur meginástæðan var líka að koma í veg fyrir það að karlmennirnir þeirra, synir þeirra, bræður, kannski feður og makar, lentu í sollinum í Kaupmannahöfn. Þær vildu frekar hafa þá hér heima þar sem minni hætta væri á að þeir færu illa, eins og margir fóru reyndar sem fóru til Hafnar á þeim tíma til náms. Þannig að þetta hefur lengi verið baráttumál kvennahreyfinga, að berjast gegn ofneyslu áfengis.

Reynsla annarra þjóða sýnir okkur að áfengisneysla barna og unglinga eykst og byrjar fyrr þar sem áfengur bjór er á boðstólum en þar sem hann fæst ekki. Það ástand sem nú ríkir í okkar þjóðfélagi í umönnun barna og unglinga, ekki síst í málefnum þeirra sem erfiðast eiga vegna vímuefnaneyslu, gefur ekki tilefni til að auka á þann vanda sem fyrir er, að mínu mati. Meðan ekki er gert betur í þessum efnum, meðan félagsleg umönnun barna og unglinga er ekki beysnari en hún er, meðan ekki er til langtíma meðferðarathvarf fyrir allra yngstu fórnarlömb vímuefnaneyslu, meðan geðheilbrigðisþjónusta barna annar ekki verkefnum sínum vegna fjármagnsskorts, meðan aðstæður til sérstakrar geðheilbrigðisþjónustu unglinga eru að vísu byrjaðar en hefur kannski ekki verið sinnt sem skyldi, í stuttu máli sagt: meðan úrræði okkar til að sinna þeim sem óhjákvæmilega verða fórnarlömb aukinnar neyslu eru ekki betri í reynd get ég ekki stutt það frv. sem hér er til umræðu.

Það kunna að koma þeir tímar og þær staðreyndir byggðar á reynslu að réttlætanlegt sé að bæta við það úrval áfengis sem á boðstólum er. En ég get ekki sannfærst um að þetta sé kappsmál kvenna og barna, en hingað kom ég sem málsvari þeirra. Þess vegna mun ég ekki styðja þetta mál. Ég mun reyna að hafa áhrif á það í nefndinni. Ég mun reyna að hvetja til þess að fremur verði staðið að því að móta heildarstefnu í áfengismálum þjóðarinnar því að það held ég að sé mun vænlegri kostur, bæði til að leita bóta á þeim vanda sem við höfum enn ekki getað sinnt, eins til að leita þess jöfnuðar sem margir vilja í þessum efnum. En ég mun ekki hafa fleiri orð við þessa 1. umr. og hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Ég mun ekki draga þessa umræðu á langinn. Ég átti von á því að hér yrðu mjög litlar umræður um þetta mál. Þetta mál hefur fengið mjög mikla umfjöllun í Nd. þar sem málið hefur meira einkennst af tali en því að sagt hafi verið mikið. Ég vona að við föllum ekki í sömu gryfju og ýmsir menn í þeirri deild gerðu.

Það sem hvatti mig hér upp voru orð hv. 4. þm.

Vesturl. þegar hann talaði á móti bjórnum og sagði að þjóðfélagið mundi ekki verða betra með bjór. Ég er alveg sammála honum í því. En það er líka spurningin hvort það verði eitthvað verra með því að við leyfum bjórinn. Ég er ekki á þeirri skoðun. Mín skoðun er sú að við eigum að leyfa hitt og þetta, þar á meðal bjór, nema veigamiklar ástæður séu til að banna. Við eigum ekki að að lifa hér í þjóðfélagi boða og banna, heldur að leyfa ýmsar athafnir ef þær skerða ekki rétt ýmissa til ýmissa athafna. Við eigum að byggja þjóðfélag þar sem fólk geti lifað ekki lakara lífi en erlendis.

Það má tala um það þegar bjór er ræddur hvort eigi ekki að banna rauðvín og hvítvín. Þetta eru drykkir sem eru hafðir með mat og lítið drukknir að öðru leyti. Með sömu rökum og beitt er til að banna bjórinn mætti afnema þetta áfengi. Ég vil ekki tefja þessa umræðu en taldi rétt að segja hér örfá orð og vara við því að umræður verði langar og kannski um hluti sem margoft er búið að tala um. Ég legg til að við höldum uppi þeirri reisn hér í Ed. að vera málefnaleg og reynum að taka á málum eins og þau liggja fyrir en ekki að fara út fyrir málið og byggja málflutning á öðru en því sem málið gefur tilefni til.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ræða mín verður stutt. Hún var raunar frumflutt 10. júní 1985 þegar ég talaði fyrir áliti meiri hl. hv. allshn. og meiri hl. lagði til að frv. yrði samþykkt. Ræðan er sem sagt endurflutt vegna margra áskorana og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Menn hafa æðimikið rætt um bjór og ekki bjór að undanförnu. Ég hygg ekki að við bætum okkur neitt á langri umræðu hér í kvöld um það mál. Ég býst við því að öll rök bæði með og móti séu þegar komin fram og ég veit að hver einasti hv. alþm. hefur hugsað mikið um þetta mál. Sumum finnst það ekki stórt í sniðum. Sjálfur hef ég ekki tekið neinn þátt opinberlega í umræðu um málið.

Ég hef gert það upp við mína eigin samvisku hvernig ég greiði hér atkvæði og það veit ég að allir hv. þm. hafa gert. En sem sagt, mín von er sú og sjálfsagt okkar allra að hvernig sem atkvæðagreiðsla hér fer — og ég hef ekki hugmynd um hvernig hún muni fara — verði það til gæfu fyrir okkar þjóð.

En ég vil leggja á það áherslu að ég er mjög eindregið á móti því að vísa þessu máli frá Alþingi, vísa því til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel að okkur beri skylda til að taka afstöðu hér og allir geri það auðvitað eftir bestu vitund og í von um að gott muni leiða af atkvæði þeirra. Þannig vona ég að atkvæðagreiðslan fari, hvort sem málið verður samþykkt eða fellt verði ákvörðunin rétt."

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Stuðningsmenn bjórsins furða sig á því að hér skuli vera rætt um þetta mál eða finnst jafnvel að eigi helst ekkert um það að ræða. (**Gripið fram í:** Það er búið að því.) Við erum búnir að tala hér eitthvað rúman klukkutíma þannig að ég held að það út af fyrir sig geti — (**Gripið fram í:** Hvert orð sem ráðherrann sagði áðan sagði hann hér um árið.) Ég flutti ekki langa ræðu hér um árið þegar þetta mál var þá til umræðu. Að vísu man ég ekkert eftir því hvað ég sagði, ég verð að viðurkenna það. En ég hygg þó að ég hafi talað töluvert öðruvísi núna en þá vegna þess að málið hefur þróast svo.

Orð hv. 11. þm. Reykv. vekja óneitanlega ýmsar hugleiðingar og gætu orðið tilefni til langrar ræðu. Það er þetta með frelsið sem ég reyndar vék að í upphafi máls míns. Hann sagði að það þyrfti þetta frelsi til að fólk gæti lifað ekki lakara lífi en annars staðar. Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því hversu slæmt líf þeirra er sem hafa orðið fyrir barðinu á ofneyslu áfengis? Eins og hér kom fram áður þekkjum við öll svo sorgleg dæmi um það að ég get ekki skilið þá hv. alþm. sem telja sig knúna til að stuðla að því að fleiri fari þá leið. Það er ofvaxið mínum skilningi.

Hér á Alþingi hefur mjög verið talað um ólögleg vímuefni og þörfina á því að berjast gegn þeim og að það þyrfti að setja upp öflugt lögregluríki hér til að hindra neyslu þeirra. En ég er sannfærður um að á meðan eftirspurn er eftir slíkum efnum verða alltaf einhverjir til sem vilja græða á því að selja þau og reyna að koma þeim inn í landið og hversu öflugt lögreglulið sem við höfum sé aldrei hægt að koma í veg fyrir það.

Það var gerð fyrir nokkrum árum athugun á því hver væri orsök þess að menn lentu í fangelsum. Það var einn ágætur læknir sem gerði athugun á því í fangelsinu á Litla-Hrauni. Þar kom í ljós að um 98% þeirra sem þar voru neyttu áfengis og að mati þeirra og læknisins var það upphafið að þeirra ógæfuferli í langflestum tilvikum. En mjög margir þeirra voru þar vegna afleiðinga ólöglegrar vímuefnaneyslu.

Þróunin er þessi hjá þeim sem hallar undan fæti fyrir, að unglingurinn byrjar á veikasta vímugjafanum og heldur síðan áfram smátt og smátt. Sem betur fer er það ekki nema hluti sem þannig fer fyrir en þó að það sé tiltölulega lítill hluti held ég að við hljótum að vera öll sammála um að það er allt of stór hluti. Og þegar bjórdósirnar eru komnar í ísskápinn við hliðina á matvælum held ég að það skipti litlu máli hvort þær hafi verið keyptar í Áfengisverslun ríkisins eða einhvers staðar annars staðar, viðhorfið til þeirra er hjá mörgum a.m.k. að þetta sé svaladrykkur. Ég minnist þess að sumir þeirra sem komu til mín í vandræðum sínum vegna þess að þeir voru búnir að missa ökuleyfið höfðu orðið fyrir því vegna þess að þeir höfðu fengið sér bjór. Þeir héldu að þó þeir hefðu gert það væri allt í lagi, en því miður var ekki svo. Sumir voru svo heppnir að þeir höfðu verið stöðvaðir áður en þeir höfðu orðið valdir að tjóni á sjálfum sér og öðrum, en hjá öðrum vitum við að slysin gerast áður.

Það var mjög tekist á um svokallað bjórlíki fyrir nokkrum árum og ég hygg að ég hafi kannski

eitthvað minnst á það hér þegar umræða var um bjórinn síðast — en hv. 8. þm. Reykv. var að minnast á hvað ég hefði sagt þá — því að ég tengdist þeirri umræðu allmikið. En ég býst við að við munum öll eftir því hversu mikill áróður var rekinn þá í sambandi við það þegar byrjað var á þeim drykk. Talað var um að það ætti að reyna að vekja upp stemmningu og fá menn til að sitja á kránum. **(Forseti:** Má ég aðeins trufla hæstv. ráðherra í máli hans. Nú er klukkan orðin rúmlega 4 og það eru þingflokksfundir fram undan. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann ætti mikið eftir af máli sínu og vildi gera hlé á því eða hvort hann vildi ljúka því nú.) Ég skal gera hlé á máli mínu.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil mælast til þess að það verði þá boðaður nýr fundur kl. 18, að loknum þingflokksfundatíma, þannig að halda megi þessari umræðu áfram og koma þessu máli til nefndar. Ég hafði raunar minnst á það við virðulegan forseta og ég ítreka þá ósk hér með og veit að ég tala þar fyrir hönd a.m.k. allmargra hv. þm. í þessari deild.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram, sérstaklega vegna ummæla um það hér áðan að um óvanaleg vinnubrögð væri að ræða, að það er reynsla forseta af setu hér um eitt kjörtímabil að ef ræðumaður óskar eftir því að hlé verði gert á máli hans og hann vilji ljúka því síðar, þá sé engin ástæða til annars en að verða við þeirri beiðni. Það hefur forseti ítrekað séð gert án nokkurra andmæla. Þess vegna hygg ég ekki að um óvanaleg vinnubrögð hafi verið að ræða.

Síðan vil ég líka taka það fram að einungis einn þm. hefur komið til mín og beðið sérstaklega um að fundur yrði hafður hér að loknum þingflokksfundi í dag og það er hv. 3. þm. Vesturl. Enginn annar hefur komið að máli við mig um þetta mál eða beðið um eina eða aðra fyrirgreiðslu í því sambandi. Sjálfri finnst mér mjög eðlilegt að þetta mál fái vanalega afgreiðslu þingsins. Ef tök verða á því og menn geta mætt hér til fundar kl. 6 mun verða boðaður fundur. Ég mun kanna það meðal þm. hvort þeim takist að mæta hér á fundi kl. 6.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Eiði Guðnasyni. Ég gerði ráð fyrir að þessari umræðu yrði lokið í dag og málinu vísað til nefndar. Ég ætla hins vegar ekki að neinir í þessari hv. deild ætli sér að draga þetta mál á langinn með neinum hætti og síst hæstv. ráðherra. Ég get þess vegna fyrir mína parta fallist á að þetta verði fyrsta mál á dagskrá eftir helgina þegar deildarfundur verði hér haldinn og verði þá afgreitt til nefndar ef forseti æskir þess frekar. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að það muni tefja málið. Það verður áreiðanlega gengið til atkvæða í þessari hv. deild. Ég held að enginn hv. þingdeildarmaður ætli sér að hindra það og fyrir mína parta get ég á það fallist.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vil vekja athygli á því í framhaldi af máli hv. 8. þm. Reykv. að hér hafa verið fluttar stuttar og málefnalegar ræður af hálfu þeirra þm. sem hafa talað.

Guðmundur Ágústsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir það, sem fram kom í máli hv. þm. Eiðs Guðnasonar, að ég tel mjög eðlilegt að þetta mál verði afgreitt til nefndar núna í dag. Þetta mál hefur verið á þinginu síðan í október og hlotið mikla umræðu í Nd. Þar hafa þeir aðilar sem eru í minni hluta kappkostað að tefja afgreiðslu málsins. Mér finnst ekki sæma þessari deild, hv. Ed., að hafa sama uppi á teningnum. Ég vil mælast til þess að eftir að þingflokksfundir eru búnir kl. 6 verði þetta mál tekið á dagskrá og umræðu lokið.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég bið þessa virðulegu deild að halda ró sinni og falla ekki í þær fallgryfjur sem við höfum séð opnast hérna í næsta herbergi stundum í tengslum við þetta mál. Ég kannast ekki við það að menn séu hér uppi með offors og sjaldan hef ég heyrt hæstv. landbrh. brugðið um það að hann hafi gengið fram með offorsi, óbilgirni og frekju hér í þingsölum. **(Gripið fram í:** Hver hefur sagt það?) Ég tel því enga ástæðu til að hafa uppi dylgjur í þá veru af neinu tagi.

Það er sérkennilegt að hv. 3. þm. Vesturl. er órólegur í þessu máli og gefur það kannski ástæðu til að ræða ítarlegar við tækifæri hverju það veldur. Ég skil ekki hvers lags læti þetta eru. Er ekki rétt að menn fái tíma til að ganga til þingflokksfunda með eðlilegum hætti og ráða ráðum sínum? Forseti skoðar svo á sín spil og boðar til fundar þegar hún telur rétt og nauðsynlegt í samráði við þm.

Ég vil geta þess að minn þingflokkur, þingflokkur Alþb., er nú að hefja fund og hafði gert ráð fyrir að sitja á fundi með venjulegum hætti. Ég vísa því á bug að verið sé að gera okkur það upp að það standi til af okkar hálfu að tefja hér mál. Ég kannast ekki við að það drepi þetta mál né önnur þó að það yrði tekið fyrir á þriðjudag en ekki í dag kl. 6 sem er harla óvenjulegur tími.

Ég vil einnig mótmæla þeim aðdróttunum í garð hæstv. forseta sem hér hafa komið fram sem ég tel að öllu leyti óeðlilegar og endurtek það að ég skora á menn að halda ró sinni og á okkur öll að reyna að halda okkur við þau grundvallaratriði sem við sett-

um okkur í upphafi þessarar umræðu.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt sem fram hefur komið hér í umræðunni fram að þessu að hér hafa verið fluttar frekar stuttar og hógværar ræður um þetta mál. Ég hygg að það hafi m.a. verið vegna þess að það hafi verið nánast samkomulag þingdeildarmanna, þó óformlegt væri, um að koma málinu í dag til nefndar og að málið fengi heldur hljóða og stillta afgreiðslu á hvern hátt sem það í lokin færi. Hér var þakkað fyrir það áðan að menn gætu flutt skaplegar ræður án þess að hafa alla fjölmiðlana yfir sér. En nú er búið að koma þessari umræðu þannig að hér eru allir fjölmiðlar allt í einu mættir. (**Gripið fram í:** Einn.) Þeir eru fleiri en einn sjáanlegir þarna uppi og eru þeir svo sem velkomnir.

En ég beini þeirri eindregnu áskorun til forseta að fundi verði fram haldið kl. 6 í dag. Það er ekkert óvanalegt við það og ég held að það geri það líka að verkum að þá er hægt að taka málið fyrir í hv. allshn. á þriðjudag. Þá er reglulegur fundur og hægt að taka afstöðu um hvernig nefndin tekur á málinu þá. Ég taldi reyndar að búið væri að gefa til kynna með viðtali við forseta að málinu yrði trúlega lokið í dag.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Nú vil ég biðja menn um að stytta ræður sínar um þingsköp því að þingflokksfundir eru að hefjast og trúlega þegar hafnir.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég vil bara segja hv. þm. Svavari Gestssyni að mér er afar rótt í huga vegna þessa máls og það er enginn hugaræsingur yfir því. Þingflokksformaður hafði óskað eftir því við forseta að ef umræðu ekki lyki núna fyrir þingflokksfundartíma yrði umræðunni haldið áfram síðar í dag og reynt að koma þessu máli til nefndar, því að ég hygg að við séum öll sammála um að þetta mál beri að afgreiða hér á einn eða annan veg sem allra fyrst og kannski með sem allra minnstum hávaða. Þegar svo hæstv. forseti biður hæstv. landbrh. að gera hlé á máli sínu og segir síðan að fundi sé slitið, þá samrýmist þetta tvennt einfaldlega ekki vegna þess að ef forseti biður ræðumann um að gera hlé á máli sínu hlýtur forseti að fresta fundi en ekki slíta fundinum. Annars leiðir það af sjálfu að ræðumaður gerir ekki hlé á máli sínu, hann lýkur máli sínu og hann byrjar nýja ræðu næst þegar fundur er settur.

En ég hafði óskað eftir því við forseta að þetta yrði gert með þessum hætti. Forseti hefur auðvitað fullt leyfi og óskorað vald til að taka ekki hið minnsta tillit til slíkrar óskar. Þó hygg ég að það sé heldur óvenjulegt. Ýmsir hv. þm. hér hafa orðið til þess að taka undir þessar óskir mínar. Ég ítreka þá beiðni, þau vinsamlegu tilmæli, að hér verði boðað til nýs fundar eða fundi fram haldið — mér er ekki alveg ljóst á hvaða stigi þessi fundur er núna — kl. 18 og 1. umr. um þetta mál geti lokið þá. Það er að vísu ekkert stórmál eða sáluhjálparatriði en ég held að það væri samt að ýmsu leyti ákjósanlegt og gott ef það væri unnt.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Að gefnu tilefni vil ég í fyrsta lagi taka fram að forseti bað ekki hæstv. landbrh. að gera hlé á máli sínu. Forseti spurði ræðumanninn hvort hann væri að ljúka máli sínu og kysi að ljúka því eða hvort hann ætti langt mál eftir og vildi gera hlé. Ræðumaður valdi að gera hlé.

Það hafa þrír þm. í þessum umræðum farið fram á að fundur verði haldinn kl. 6. Fyrsta beiðni kom til mín þar sem ég sat hér í forsetastóli. Mér hefur ekki verið unnt vegna starfa minna að ráðfæra mig við aðra þm. eða þingflokksformenn til þess að athuga hvort slíkt væri fært. Það er engin ástæða til annars en að kanna það, eins og ég hef þegar sagt, og að sjálfsögðu rétt að taka tillit til óska allra þm. eins og frekast er unnt. Þess vegna mun ég að sjálfsögðu kanna það hvort hægt er að halda hér fund kl. 6. Fundi hefur reyndar enn ekki verið slitið þannig að það er hægur vandi að fresta fundi hvort sem hann heldur síðan áfram kl. 6 eða eftir helgina.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa óskað eftir því að þessari umræðu yrði fram haldið kl. 6 og við reynum að ljúka henni í dag og koma þessu máli til nefndar. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að þetta mál fái skjóta málsmeðferð hér í efri deild Alþingis því að ég óttast það að ef þetta mál dregst og umræðunni verði haldið áfram eftir helgina, þá stefnum við inn í sams konar umræður og fóru fram í Nd. Það yrði okkur öllum til vansa hér, hv. þingdeildarmönnum. Ég mæli því með því að við höldum umræðunni áfram og ljúkum málinu í dag og afgreiðum það til nefndar.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Nú vil ég biðja alla hv. þingdeildarmenn, úr báðum deildum reyndar, að stilla skap sitt og stytta mál sitt því að við eigum nú að vera mætt á þingflokksfundi. Ég vil ítreka þá athugasemd sem ég gerði áðan. Hér hafa farið fram hógværar, stuttar og málefnalegar umræður um þetta mál.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að þingflokkur Alþb. óskar ekki eftir því að það verði sérstaklega haldinn fundur til að ræða þetta mál hér á eftir en er reiðubúinn til þess fyrir sitt leyti að greiða fyrir afgreiðslu þess eins og öðrum þingmálum hér næstu daga með eðlilegum og venjulegum hætti.

Jafnframt minni ég á það að frá því var gengið í Nd. fyrir nokkru með samkomulagi allra flokka að þar lyki deildafundi um fjögurleytið og þar hæfust fundir ekki aftur kl. 6 í dag þó að þar sé ærið að

starfa vegna þess m.a. að einn af þingflokkum ríkisstjórnarinnar, Framsfl., óskaði eftir því að hafa ríflegan tíma til að fjalla um þau erfiðu mál sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir og sá flokkur ætlar að glíma við um helgina, hvort sem það leiðir til stjórnarslita eða ekki. Það rímar því betur við ástandið í Nd. að hér verði fundað með eðlilegum, rólegum, málefnalegum og skikkanlegum hætti á þriðjudag.

Ég ítreka, það er engin ósk frá okkur þm. Alþb. í þessari deild um að taka málið endilega fyrir hér kl. 6 í dag.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Umræðum um þingsköp er lokið og fundi er frestað. Forseti mun gera tilraun til þess að kanna meðal þm. hvort hægt er að hafa hér fund áfram kl. 6 eða hvort hann verður síðar. — [Fundarhlé.]

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 865.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Þá verður fundi fram haldið og hæstv. landbrh., sem hafði gert hlé á máli sínu, mun taka til máls. En ég vil taka það fram í upphafi fundar að hér er áætlað að halda fund til kl. 7. Í dag er síðasti vetrardagur og ljúki málinu ekki fyrir þann tíma verður að halda því áfram eftir helgi þegar þingfundir byrja á ný.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason) (frh.):

Hæstv. forseti. Mér fannst leitt að það hlé sem ég gerði á máli mínu skyldi leiða til þeirra orðaskipta við hæstv. forseta, sem fóru fram áðan, þar sem mér virtist forseti ekki gera annað en það sem vanalegt er við slíkar kringumstæður og þá við mál sem fá venjulega málsmeðferð. Virtist mér það koma fram í máli manna áðan, þeirra stuðningsmanna sem hér töluðu, að slíka meðferð ætti þetta mál að hafa.

Það sem kom mér til að standa upp voru, eins og ég sagði í upphafi þessarar ræðu minnar, orð hv. 11. þm. Reykv. um það að þetta mál ætti eiginlega ekki að ræða hér í deildinni, en þó sérstaklega það að með þessu frv. væri verið að stuðla að betra mannlífi og meiri hamingju einstaklinganna.

Þegar ég gerði hlé á máli mínu var ég að víkja að því sem hér var mjög um talað fyrir u.þ.b. tveimur árum, minnir mig, þ.e. bjórlíkinu, og hvernig það var notað til þess að skapa andrúmsloft fyrir meiri áfengisneyslu. Það var reynt að fá fólk til þess að sitja við öldrykkju og þá hygg ég að annað hafi fylgt með. Því miður fór það svo að á suma þessara staða hópuðust þeir sem gjarnan virtust leita eftir einhverjum ólöglegum vímuefnum og sýnir það hvert aðdráttarafl slík neysla hafði. Þess vegna finnst mér það vera algjör öfugmæli að tala um að með slíku andrúmslofti, slíku viðhorfi í þjóðfélaginu, sé verið að skapa betra mannlíf.

Það varð allmikill eða nokkur hávaði frá hendi þeirra sem töldu sig græða á þeim tíma þegar ekki var lengur unnt að halda áfram þessari sölu. Mér er það minnisstætt að daginn eftir að einn af þessum hörmungaratburðum, sem við erum áreiðanlega öll sammála um að þurfi að gera allt til að koma í veg fyrir að gerist, varð við einn veitingastaðinn sáu þessir aðilar ástæðu til að halda sérstaka hátíð hér á götum úti. Óneitanlega hugsaði ég þá um það að æskilegt hefði verið að það hefði verið þarna kippt heldur fyrr í spottana.

Það voru sem sagt þessi atriði sem ég vildi leggja áherslu á hér að gefnu tilefni við þessa 1. umr. Ég ætla ekki að halda langa ræðu frekar en er minn vani og mun því ljúka máli mínu nú en endurtaka það sem ég sagði fyrr að ég vonast til að hv. Ed. beri gæfu til þess að vinna í samræmi við ályktanir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar og annarra þeirra sérfræðinga sem besta hafa þekkingu á þessum málum og reyna að stuðla að því að draga úr framboði og þrýstingi á aukna áfengisneyslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

79. fundur, miðvikudaginn 20. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 570, n. 764, 849, 863, brtt. 765, 850, 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 850,1 felld með 20:16 atkv.
Brtt. 765,1 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég get ekki að því gert að mér finnst mjög sérkennilegt að þegar ég flyt brtt., sem felur í sér að gerð er sú veigamikla breyting á frv. að í stað þess að ríkið greiði 60% kostnaðar greiði það 80% og hlutföllin hjá sveitarfélögunum breytist að sama skapi, komi sú till. alls ekki til atkvæða vegna þess að áður er búið að greiða atkvæði að fyrirmælum forseta um 4. mgr. brtt. frá meiri hl. menntmn. Ef menn bera þetta tvennt saman sjá menn auðvitað að till. um prósentuskiptinguna gengur miklu lengra

og er miklu meira afgerandi og hlýtur að þurfa að fást afgreidd sér á parti, jafnvel þó menn séu síðan reiðubúnir að samþykkja brtt. menntmn. sem er um allt annað atriði eins og menn sjá. Brtt. hv. menntmn. er alls ekkert um þetta atriði, 60% og 40%. Það er bara smáviðbót við setninguna og það hlýtur að þurfa sérstaka atkvæðagreiðslu um mína till. um breytt kostnaðarhlutföll ríkis og sveitarfélaga.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Úrskurður minn byggist á því að sú brtt. sem hér um ræðir hefði þurft að vera við brtt. sem á undan er samþykkt ef hún hefði átt að berast upp sér. Á því byggist að fyrri brtt. ákveður þessa kostnaðarskiptingu og kemur því seinni brtt. ekki til atkvæða. (**RA:** Forseti. Er ekki afgerandi hvor till. gengur lengra?) (Gripið fram í.) Ég mun nú, af því að ég heyri að um þetta atriði eru skiptar skoðanir og margir kveðja sér hljóðs, mælast til þess að þingmenn hafi biðlund og hér verði gert örstutt hlé í 4 mínútur og ég rannsaki þennan úrskurð nánar og menn ræði ekki um atkvæðagreiðslu fyrr en sá úrskurður hefur verið kveðinn upp. — [Fundarhlé.]

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það ágreiningsmál sem kom upp við atkvæðagreiðslu hefur verið skoðað. Sú hefur orðið niðurstaðan að sú uppröðun sem á brtt. er í dagskrá er samkvæmt hefð og venju í atkvæðagreiðslum í hv. Alþingi, en ég hef ákveðið, af því að það hefur verið óskað sérstaklega eftir því að vilji þingdeildarinnar komi fram um brtt. á þskj. 864 frá Ragnari Arnalds o.fl., að verða við því og greiða atkvæði sérstaklega um þá brtt.

Brtt. 864,1 felld með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HG, RA, SJS, GeirG.

nei: GGÞ, HJ, IBA, JBH, JónS, BDýr, EKG, MÁM, ÓÞG, ÞP, PJ, RH, SvH, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, JK.

KE, KH, MálmS greiddu ekki atkvæði.

9 þm. (GuðnÁ, JóhS, RG, ÓE, ÓÞÞ, SighB, SV, StH, GB) fjarstaddir.

Brtt. 765,2a–b samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 765,2c samþ. með 31 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Mér leiðist yfirleitt að vera að skipta mér af atkvæðagreiðslu þegar svo langt er komið sem hér er, en mér finnst það nýstárleg aðferð að hætta við að afgreiða hverja grein fyrir sig eftir 2. umr. Ég hef skilið þingsköpin svo að 2. umr. fæli í sér að þá ætti að taka afstöðu til hverrar greinar fyrir sig þannig að komi brtt. við einstakar greinar hljóti þær að berast upp í þeirri röð sem númer greinanna segja til um. En auðvitað getur það komið fyrir, bæði í þessu tilviki og svo mörgum öðrum, að það sé samhengi á milli einstakra brtt. frá þingmanni og það gildir einu hvort það er við sama kafla eða við marga kafla. Það getur verið samhengi í því öllu saman. En ég vildi, herra forseti, gera þessa athugasemd.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég tel að aðferð forseta, sú sem hann ætlar að viðhafa, sé hin eina mögulega einfaldlega vegna þess að ég hef gert tillögu um að kaflinn í heild orðist eins og þar er gerð tillaga um og það er kaflinn í heild sem er borinn upp. Þetta er kannski svipað og ef hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flytur tillögu um að vísa frv. í heilu lagi til ríkisstjórnarinnar svo ég nefni það sem dæmi. Þá er gerð tillaga um afgreiðslu á öllu frv. á einu bretti og þá verður að afgreiða hana sem sérstaka tillögu án tillits til annarra brtt. sem koma fram. Ég tel að þegar gerð er tillaga um að breyta kaflanum í heild, það er gerð tillaga um nýjan kafla sem inniheldur allt annað en það sem fyrir var, sé ekki hægt að hafa neina aðra aðferð því ef það væri farið að grípa á einstökum brtt. mundi það aldrei passa neitt saman.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Mér líst bara hreint ekkert á ef það er farið að líta á einstaka kafla í frv. og afgreiðslu þeirra sem eitthvað sambærilegt við dagskrártillögur sem sérstök ákvæði í þingsköpum gilda um. Það er bara alveg sérstakur afgreiðslumáti á þingmálum. En það er alveg nýtt að það sé tekið sérstakt knippi af greinum og greinarnar og brtt. afgreiddar í annarri röð en brtt. frá öðrum þingmönnum. Brtt. við eina einustu grein í kaflanum getur gjörbreytt kaflanum þannig að þetta er ekkert algilt. En ég geri ekki annað en að benda á þetta. Það er þá alveg ný meðferð á þingsköpum sem verður viðhöfð ef þetta verður gert svona.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Nú er það alvanalegt að einstakir þingmenn geta óskað eftir því að einstakir stafliðir í sjálfstæðum till. séu bornir upp hver í sínu lagi. Ef það væri svo með þessa till. frá hv. þm. Ragnari Arnalds að þingmenn óskuðu eftir því að hver stafliður í till. yrði borinn upp í sérstöku lagi, hvernig í ósköpunum ætlaði hæstv. forseti þá að ganga til að afgreiða málið ef hann færi fyrst að bera upp hvern staflið fyrir sig þar sem hver stafliður varðar ákveðna grein í frv. og það yrði síðan afgreitt og síðan ætlaði hann eftir á að fara að bera upp greinarnar og aðrar brtt. við þær frá öðrum þingmönnum? Þessi afgreiðsla hæstv. forseta, að bera brtt. við þennan kafla frá einum þingmanni upp í heild, stenst ekki vegna þess að það er hægt að hnekkja henni með því einu að óska eftir því að hver stafliður till. fyrir sig verði borinn upp sérstaklega.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég bendi á að brtt. á þskj. 864 fjallar um að allur kafli frv. breytist og allar greinar frv. sem varða þennan kafla. Þessi till. gengur lengst og ef þessi brtt. er samþykkt eru þær greinar ákveðnar. Ég hef gengið úr skugga um að þessi afgreiðsla stenst gagnvart þingsköpum, en verði farið að búta þennan kafla niður er mjög óhægt um atkvæðagreiðslu. (Gripið fram í.) Ég mun úrskurða að kaflinn verði borinn upp sem ein heild og mun þá hefja nafnakall, eins og hefur verið beðið um, um kaflann.

Brtt. 864,2 felld með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GHelg, HG, RA, SJS.

nei: AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, HJ, IBA, JóhS, JBH, BDýr, EKG, MÁM, ÓÞG, PP, PJ, SighB, SvH, ÞP, JK.

ÞP, KE, KH, MálmS, RH, SV greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (GB, JónS, RG, ÓE, ÓÞÞ, StH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að hér er gerð tillaga um einn kafla frv. í heilu lagi er sú að við alþýðubandalagsmenn teljum að þessi kafli stjfrv. einkennist af óhæfilegri miðstýringu framhaldsskólakerfisins og að allir þræðir stefni í hendur eins manns, menntmrh. Við teljum að það þurfi að breyta þessu þannig að um valddreifingu verði að ræða í hendur fræðsluráða, skólameistara, kennara og nemenda og til þess þurfti að sjálfsögðu að breyta öllum ákvæðum þessa kafla. Ég held þess vegna að það sé eðlilegt að greiða atkvæði um þetta í einu lagi og segi hiklaust já.

Brtt. 850,2 felld með 24:8 atkv.

5.–6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 765,3 (ný 7. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 850,3 felld með 26:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GHelg, HG, KE, KH, MálmS, RA, SV, SJS, ÞP.

nei: GHH, GGÞ, GuðnÁ, HJ, IBA, JóhS, JBH, JónS, BDýr, EKG, MÁM, ÓÞG, PJ, RH, SighB, SvH, ÞP, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, JK.

6 þm. (GB, RG, ÓE, ÓÞÞ, PP, StH) fjarstaddir.

Tveir þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Í 8. gr. frv. eins og það er lagt fram er kveðið á um að skólanefnd skuli ásamt skólameistara marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð. Tvær ástæður liggja til þess að Kvennalistinn getur ekki með nokkru móti fallist á þetta fyrirkomulag. Hugmyndir okkar um valddreifingu eru ekki af þeim toga að setja pólitískt kjörnar nefndir yfir alla framhaldsskóla til þess m.a. að marka stefnu í skólahaldi. Í öðru lagi eru með þessu fyrirkomulagi fagleg sjónarmið í stefnumörkun skólahalds fyrir borð borin. Brtt. Kvennalistans gengur út á að takmarka völd skólanefndar við fjármál og fjárreiður skólans. Því segi ég já.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Í 8. gr. eins og hún hljóðar nú með brtt. frá meiri hl. menntmn. er gert ráð fyrir því að skólanefnd ákveði námsframboð ásamt skólameistara. Ég sé ekkert betra verkefni fyrir skólanefndir en að ákveða námsframboð. Ég tel að fólkið í viðkomandi byggðarlögum eigi að taka þátt í þeirri ákvörðun hvaða nám er í boði í viðkomandi framhaldsskólum. Brtt. Kvennalistans gerir ráð fyrir því að fulltrúar fólksins taki ekki þátt í þeirri ákvörðun. Því segi ég nei.

Brtt. 765,4 samþ. með 21:3 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.

Brtt. 850,4 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SV, SJS, ÞP, AðB, AG.

nei: ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, BDýr, MÁM, PJ, SighB, SvH, ÞP, AS, JK.

8 þm. (GB, RG, EKG, ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Brtt. Kvennalistans við 9. gr. felur skólaráði það vald að marka stefnu í skólahaldi í stað pólitískt kjörinna skólanefnda. Með því móti er tryggt að faglegt þekking ráði ferðinni en ekki flokkspólitík. Því segi ég já.

Brtt. 765,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 765,6 samþ. með 24 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 765,7 (ný 11. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 850,5 (1.–2. mgr.) felld með 18:10 atkv.

Brtt. 850,5 (3. mgr.) felld með 24:2 atkv.

Brtt. 864,3 felld með 20:12 atkv.

12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 765,8 samþ. með 25:2 atkv.

Brtt. 850,6 kom ekki til atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 850,7 felld með 25:7 atkv.

14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 765,9 samþ. með 28 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 864,4 felld með 20:13 atkv.

Brtt. 850,8 felld með 20:14 atkv.

16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 864,5–6 felld með 26:10 atkv.
Brtt. 850,9 felld með 24:5 atkv.
Brtt. 765,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 850,10 felld með 23:8 atkv.
18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 765,11 samþ. með 28 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 850,11 felld með 20:8 atkv.
20.–29. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 765,12 (ný 30. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 765,13 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 864,7 felld með 22:9 atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 850,12 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓÞG, RA, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, GHelg, HG, HJ, IBA, KE, KH.

nei: MÁM, PJ, SighB, SvH, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, BDýr, JK.

9 þm. (ÓE, ÓÞÞ, PP, RH, StH, GeirG, GB, RG, EKG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Í ljósi breyttra þjóðfélagshátta, sem hafa m.a. haft það í för með sér að húsmæður eru í flestum tilfellum ekki lengur til staðar á heimili til að taka á móti börnum og unglingum í hádegi og sjá til þess að þau fái hollan og góðan mat, er nauðsyn á mötuneytum og skólamáltíðum brýn. Aldrei er meiri þörf fyrir holla og góða næringu en á vaxtarárum og til vansa að sjoppufæði skuli þá oft vera uppistaða fæðu skólafólks. Því segi ég já.

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Þó að ég eigi bágt með að trúa þeim hryggilegu fréttum eða hörmulegu fréttum, sem koma fram í málflutningi hv. síðasta ræðumanns, að húsmæður séu ekki lengur til staðar á heimilunum til að gefa börnunum mat (**ÞÞ:** Í hádeginu.) í hádeginu, ef svo er að það sé rétt, segi ég já.

33. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 864,8 felld með 24:7 atkv.
Brtt. 850,13 felld með 20:12 atkv.
34.–36. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 864,9 felld með 24:3 atkv.
37. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 765,14 samþ. með 29 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 850,14 felld með 25:7 atkv.
39.–40. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 850,15 felld með 25:3 atkv.
Brtt. 765,15 samþ. með 27 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 765,16 samþ. með 25 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 765,17 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds, frh. 2. umr.

Stjfrv., 461. mál. — Þskj. 811.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 463. mál (þinglýsingarstjórar). — Þskj. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Lögbókandagerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 464. mál. — Þskj. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 131, n. 862.

Frsm. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Landbn. hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það til umsagnar til Félags sláturleyfishafa,

Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Neytendasamtakanna, Stéttarsambands bænda, Hollustuverndar ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, yfirdýralæknis og Kaupmannasamtakanna.

Í frv., eins og það kom fram frá ríkisstjórninni, er gert ráð fyrir að undanþágur megi ekki veita nema til 1. júní 1988. Það er samhljóða ákvæði í brbl. sem gefin voru út 16. júní 1987. Yrði frv. samþykkt óbreytt yrði engar undanþágur hægt að veita vegna slátrunar á komandi hausti. Nefndin telur rétt að framlengja undanþáguheimild ráðherra í tvö ár eða til 1. júní 1990.

Landbn. leggur á það áherslu að þegar í stað verði hafist handa um endurskipulagningu og endurbætur á sláturhúsum í landinu. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með svofelldri breytingu: Í 1. gr. komi í stað ártalsins 1988, eins og var í brbl. og frv. ríkisstjórnarinnar, ártalið 1990 sem veitir landbrh. heimild að veita undanþágur til þess tíma vegna sláturhúsa.

Undir þetta álit rita allir nefndarmenn og var samkomulag í nefndinni um að flytja þessa brtt.

Herra forseti. Ég held að fyllsta ástæða sé til að fara örfáum orðum um þetta mál og láta það koma skýrt fram að í nefndinni urðu talsverðar umræður um ástandið í sláturhúsamálum hér á landi. Ég held að ég greini satt og rétt frá þegar ég segi að allir nefndarmenn hafi verulegar áhyggjur af ríkjandi ástandi í þessum málaflokki og hvetja til þess að þegar verði gripið til einhverra aðgerða sem eru í áttina að því að reyna að mæta þeim auknu kröfum sem komið hafa fram um heilbrigði og hollustuhætti í sláturhúsum og mæta þeim vanda sem sláturhúsin og þau félög, sem þau reka, eiga í.

Ég vil láta þess getið, herra forseti, að meiri hluti sláturhúsa á landinu er nú rekinn með undanþáguleyfum. Afkastageta allra starfræktra sláturhúsa í landinu er rösklega 43 þúsund fjár á dag en það jafngilti árið 1986 19 daga notkun að meðaltali. Þessi mikla afkastageta húsanna á sama tíma og verið er að fækka sauðfé í landinu eykur auðvitað óhagkvæmni í rekstri og leiðir til ófremdarástands ef ekkert verður að gert.

Ég hygg að það sé vilji nefndarinnar að Alþingi vindi nú bráðan bug að því að fara að fjalla m.a. um nál. mikið og þykkt um hagræðingu í rekstri sláturhúsa sem þm. hafa haft undir höndum í langan tíma en hefur ekki verið rætt hér á hinu háa Alþingi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. 3. þm. Norðurl. e., frsm. nál., en það er skaði að hæstv. landbrh. skuli ekki vera viðstaddur því að ekki er víst að gefist mörg tækifæri umfram þetta til að spyrja hann hver sé fyrirætlan hæstv. ríkisstjórnarinnar um framkvæmd á þeirri endurskipulagningu sláturhúsanna í landinu sem hér var vikið að og margnefnd og þykk skýrsla um sláturhús, sem veifað var hér í ræðustólnum áðan, fjallar um.

Hér er það niðurstaða hv. landbn. að lengja þann frest sem frv. gerði ráð fyrir um tvö ár þannig að hæstv. ráðherra hafi heimildir til að gefa undanþágur til ársins 1990, þ.e. til 1. júní 1990. Ég vil spyrja hv. frsm., ef hæstv. landbrh. getur ekki komið og tekið þátt í umræðunni, hvort beri að skilja þessa tveggja ára viðbót sérstökum skilningi í samhengi við framkvæmd ríkisstjórnarinnar á endurskipulagningu sláturhúsanna og hvort þess sé að vænta að framkvæmdum á því sviði verði frestað sem þessu nemi.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið enda er liðið á þann tíma sem þingfundur stendur í dag, en ég kem hér í ræðustól til að undirstrika það sem reyndar kom fram í ræðu hv. frsm. að það er full ástæða til að taka sláturhúsamálin til umræðu og það til rækilegrar umræðu hér í hv. Alþingi og þá skýrslu sláturhúsanefndar sem liggur fyrir. Það er rétt sem kom fram í hans máli að mikill samdráttur hefur orðið í sauðfjárslátrun. Það er þörf á endurskipulagningu víða á fyrirkomulagi sláturhúsa, en það er alls ekki sama hvernig sú endurskipulagning fer fram því að þessi mál eru viðkvæm. Þetta eru viðkvæm atvinnumál í hinum strjálbýlu byggðum landsins þó jafnvel að þessi atvinnustarfsemi standi ekki nema stuttan tíma á ári hverju. Þau fyrirtæki sem fást við slátrun, sláturleyfishafar, eru víða í erfiðleikum vegna þess samdráttar sem hefur verið á undanförnum árum og þeir hafa ekki bolmagn til þess að fara í þá endurskipulagningu og þann kostnað sem henni fylgir án þess að til þess komi einhver aðstoð, en það er nauðsynlegt að ráðast í hana eigi að síður. Ég vildi því aðeins koma hér í þennan ræðustól til að undirstrika það að það er afskaplega nauðsynlegt að þessi mál verði rædd og fái ítarlega umfjöllun hér í hv. Alþingi þannig að þessi mál skýrist og þingið móti sér stefnu í framtíðarmálum sláturhúsanna.

Ég endurtek það, þetta eru viðkvæm mál. Þetta eru viðkvæm atvinnumál fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum og þetta hefur verið óaðskiljanlegur þáttur í atvinnustarfseminni þar fram undir þetta og munar þar mikið um. Það er því ekki sama hvernig að þessum málum er staðið, en eigi að síður þurfum við að ná því marki að sláturhúsin þjóni því hlutverki sem þeim er ætlað, þau séu góðir vinnustaðir sem fullnægi eðlilegum kröfum um að framleiða góða matvöru sem gengur á neytendamarkaðinum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það sem mig langar til að benda á í upphafi er að það er náttúrlega alveg út í hött að miða við 1. júní 1989 því það er í raun og veru þá verið að samþykkja bara í ár. (**Gripið fram í:** Nei, það er til 1990, það eru tvö ár.) Já, til 1990. Það eru tvö ár, en það er sama. Eins og þessi mál standa nú verður ekki mikið gert á næstu tveimur árum. Ég veit ekki hvar á að fá fjármagn til þess.

Það hefur komið fram hér að nauðsynlegt sé að

taka þessi mál til umfjöllunar. Það hefði átt að vera búið að því fyrr og sú skýrsla sem við höfum fengið í hendur um tillögur um breytingar er í mörgum tilvikum alveg út í hött. Það gengur því aldrei að gera þetta á þann veg, enda hygg ég að þetta sé framkvæmt á skrifstofuborði hér í Reykjavík án þess að gera sér grein fyrir því hvernig aðstæður eru í þessum málum víða úti um land. T.d. er gert ráð fyrir því í tillögunni, ef ég man rétt, að ekki eigi að slátra við Eyjafjörð og það eigi að flytja frá Vopnafirði til Kópaskers allt fé. Þeir sem þekkja þarna til vita að það er alveg fráleitt. Þess vegna þarf að fara að ræða þessi mál og gera það af einhverri þekkingu á aðstæðum og af einhverri skynsemi. En það tekur meira en tvö ár að koma því í lag.

Við höfum frétt að ekki séu líkur á því að við getum flutt út kjöt til Efnahagsbandalagsþjóðanna öðruvísi en að gera átak í einu, tveimur sláturhúsum á landinu. Hvernig verður farið með það mál? Hefur hv. landbn. skoðað það? Mér dettur ekki í hug að spyrja ríkisstjórnina um neitt í þessu efni. Ég veit að svar við því kemur ekki því að hún kemur sér náttúrlega ekki saman um þetta frekar en annað. Hitt hefði verið fróðlegt að hafa hæstv. landbrh. hér til þess að spyrja hann, persónulega, hverju hann muni reyna að vinna að í þessum efnum. En það er ekki ástæða til þess að ræða þetta mál frekar. Það þarf að taka á því og það þarf að gera það í sambandi við aðila úti um land. Þetta er náttúrlega eins og hefur verið, þetta er ekkert nýtt, að það er verið að biðja um breytingu, um frest á þessu í eitt, tvö ár í einu, en menn taka ekki á vandamálinu eins og það liggur fyrir.

Frsm. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til þess að taka að mér hlutverk hæstv. landbrh. og svara fyrir stefnu landbrn. í þessum málaflokki. Hins vegar hygg ég að það sé ljóst að viðkvæmasti þáttur þessa máls sé raunverulega sá að menn geti komið sér saman um það hvort Alþingi eða landbrn. eigi að móta stefnuna í sláturhúsamálum.

Það er auðvitað þannig að landbrn. hefur, samkvæmt þeirri vitneskju sem ég hef, kannski mótað þá stefnu að það skuli stefnt að því að eftir fimm ár eða þar um bil geti öll þau hús sem þá verða starfrækt hlotið löggildingu miðað við þær lágmarkskröfur sem gerðar hafa verið af heilbrigðisyfirvalda hálfu um hollustuvernd og heilbrigðismál og hugmyndin er sú að þessu markmiði verði náð í áföngum. Það sem hv. landbn. gerir núna er í eðli sínu nauðvörn í óþolandi ástandi, ég verð að segja það eins og er. Það er verið að veita landbrh. heimild til þess að leyfa slátrun í húsum sem sum hver kannski eru á mörkum þess að geta flokkast undir þau lög og reglur sem heilbrigðisyfirvöld gera ráð fyrir. Hins vegar er ágreiningur um það hversu langt á að ganga í því að bæta sláturhús landsins svo að þau uppfylli allar kröfur. Kenningar hafa komið fram um það að kröfur Efnahagsbandalagsins snúist um það eitt að stöðva innflutning á kjöti frá Íslandi til Efnahagsbandalagslandanna og þess vegna séu gerðar það strangar kröfur til sláturhúsa og heilbrigðisástands í þeim að Íslendingar geti ekki á nokkurn veg ráðið við það af fjárhagslegum ástæðum. Og það er nú auðvitað dæmigert að þegar verið er að ræða þennan mikilvæga málaflokk sem snertir hinar dreifðu byggðir landsins alveg stórlega eru í þingsal sex eða sjö þm.

Ég vil geta þess að þetta er ekkert smámál í krónum talið ef á að fara t.d. eftir þeirri skýrslu sem núna liggur fyrir. Þar kemur fram að þegar skýrslan er gefin út sem er að mig minnir í júní 1987 er áætlaður kostnaður vegna nýsláturhúsa á Austurlandi 125 millj. og endurbætur á löggiltum húsum 113 millj. Síðan endurbætur á ólöggiltum húsum 368 millj. Hér er um rösklega 600 millj. kr. dæmi að ræða sem síðan þarf að framreikna og færa til verðlags dagsins í dag.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ég tuði mikið meira um þetta mál. Þetta þarf að taka til umræðu. Þetta snertir geysilega mikið hinar dreifðu byggðir, eins og ég sagði áðan, og þm. verða að gjöra svo vel að fara að komast að einhverri niðurstöðu í framhaldi þessa máls. Það auðvitað dugar ekki að framlengja þessa undanþáguheimild til ráðherra ár eftir ár á þeim forsendum að engar ákvarðanir eru teknar í tengslum við framtíð sláturhúsa í þessu landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds (461. mál) 6620, 6680.
Ábúðarlög (441. mál, veðsetning ríkisjarðar) 6528.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 6493, 6650, 6673.
Áhættulánasjóður og tæknigarðar (426. mál) 6498.
Bifreiðagjald (436. mál) 6649.
Eiturefni og hættuleg efni (445. mál, heildarlög) 6528.
Ferðamál (466. mál, sala Ferðaskrifstofu ríkisins) 6539.
Flugmálaáætlun 1988–1991 (465. mál) 6510.
Fóstureyðingar (382. mál, heimildir, tímamörk o.fl.) 6561, 6646.
Framhaldsskólar (271. mál, heildarlög) 6585, 6674.
Heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað (449. mál) 6538.
Húsnæðisstofnun ríkisins (448. mál, úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi) 6536.
Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum (412. mál) 6498.
Lax- og silungsveiði (405. mál, innflutningur á gleráli) 6647.
Lögbókandagerðir (464. mál) 6646, 6680.
Mat á sláturafurðum (126. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 6680.
Meðferð opinberra mála (474. mál, dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir) 6526.
Ráðstafanir gegn atvinnuleysi á Suðurlandi (453. mál) 6498.
Ríkisábyrgðir (434. mál, áhættugjald og ábyrgðargjald) 6648.
Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins (433. mál) 6647.
Söluskattur (385. mál, strætisvagnar) 6553.
Tilhögun þingfundar 6497.
Um þingsköp 6669 (frv. til áfengislaga).
Umræður utan dagskrár 6498 (töf á afgreiðslu rekstrarlána til bænda); 6520 (óvissa um ráðningu kennara).
Úttekt vegna nýrrar álbræðslu (392. mál) 6497.
Varamenn taka þingsæti 6493.
Vegáætlun 1987–1990 (467. mál) 6501.
Þinglýsingalög (463. mál, þinglýsingarstjórar) 6645, 6680.
Þinglýsingalög (477. mál, skrásettar bifreiðir) 6527.

Mælendaskrá.

Forseti Þorv. Garðar Kristjánsson 6497, 6498, 6519, 6520.
Forseti Ed. Guðrún Agnarsdóttir 6669, 6670, 6671, 6672, 6673.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 6493, 6639, 6675, 6677.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 6499, 6501, 6526, 6527, 6620, 6643, 6645, 6646.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 6536, 6537, 6538.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 6521, 6556, 6647, 6648, 6649.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 6528, 6535.
Landbrh. Jón Helgason 6528, 6655, 6667, 6673.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 6494, 6613, 6678.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 6501, 6510, 6516, 6519, 6539, 6549, 6553.
Albert Guðmundsson 6501, 6517, 6520, 6523, 6525, 6679.
Alexander Stefánsson 6508.
Árni Gunnarsson 6680, 6683.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 6522, 6543, 6548.
Egill Jónsson 6507, 6647.
Eiður Guðnason 6546, 6551, 6557, 6669, 6671.
Eyjólfur Konráð Jónsson 6667, 6669.
Friðjón Þórðarson 6633.
Geir H. Haarde 6495.
Guðmundur Ágústsson 6515, 6544, 6552, 6574, 6582, 6666, 6670.
Guðmundur G. Þórarinsson 6585.
Guðrún Agnarsdóttir 6534, 6561, 6660.
Guðrún Helgadóttir 6496.
Hjörleifur Guttormsson 6495, 6524.
Jóhann Einvarðsson 6653, 6671.
Jón Kristjánsson 6682.
Júlíus Sólnes 6672.
Kristín Halldórsdóttir 6495, 6639.
Ólafur Þ. Þórðarson 6495, 6498, 6500, 6501.
Óli Þ. Guðbjartsson 6607.
Páll Pétursson 6638.
Pálmi Jónsson 6500, 6506.
Ragnar Arnalds 6495, 6601, 6674, 6676, 6677.
Ragnhildur Helgadóttir 6675, 6676.
Salome Þorkelsdóttir 6535, 6560.
Sighvatur Björgvinsson 6676.
Skúli Alexandersson 6504, 6509, 6541, 6548, 6658.
Stefán Valgeirsson 6494, 6497, 6642, 6682.
Steingrímur J. Sigfússon 6496, 6497, 6513, 6517, 6681.
Svavar Gestsson 6520, 6524, 6525, 6537, 6538, 6553, 6558, 6579, 6650, 6670, 6672.
Þórhildur Þorleifsdóttir 6590, 6617, 6677, 6678, 6679.

SAMEINAÐ ÞING

71. fundur, mánudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 25. apríl 1988:

„Árni Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Sigbjörn Gunnarsson verslunarmaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns. Jón Kristjánsson, forseti neðri deildar."

Bréfi þessu fylgir kjörbréf Sigbjarnar Gunnarssonar. Það þarf athugunar við og afgreiðslu hjá kjörbréfanefnd. Þess er því óskað að kjörbréfanefnd taki bréf þetta nú þegar til meðferðar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sigbjörns Gunnarssonar, 1. varamanns Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, en óskað er eftir að hann taki sæti hv. þm. Árna Gunnarssonar sem vegna veikinda getur ekki sótt þingfundi á næstunni. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Sigbjörns Gunnarssonar samþ. með 43 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Sigbjörn Gunnarsson, 3. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Sigbjörn Gunnarsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins um utanríkismál Íslands, ein umr.

Skýrsla menntmrh., 186. mál. — Þskj. 847.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hinn 7. des. 1987 var lögð fram á Alþingi svohljóðandi beiðni um skýrslu frá menntmrh.:

„Óskað er eftir því við menntmrh. að hann gefi Alþingi ítarlega skýrslu að undangenginni rækilegri rannsókn um fréttaflutning Ríkisútvarpsins dagana 9. og 10. nóv. sl. vegna hins svonefnda Dag Tangen máls. Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi í Sþ. þegar og henni hefur verið útbýtt."

1. flm. till. var hv. 4. þm. Austurl. Sverrir Hermannsson og meðflm. átta þingmenn úr stjórnarflokkunum þremur.

Till. var samþykkt samhljóða á fundi í Sþ. 10. des. 1987 og menntmrh. tilkynnt það samdægurs. Í framhaldi af því var hafist handa um að vinna að máli þessu í menntmrn. Skýrslan var lögð fram á Alþingi í fyrri viku og vænti ég þess að hv. þm. hafi haft góðan tíma til að kynna sér efni hennar vandlega.

Ég vil í upphafi gera Alþingi grein fyrir því í örfáum orðum hvernig unnið var að gerð þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu.

Leitað var til Ríkisútvarpsins og óskað eftir því að öll gögn málsins, endurrit frétta og fréttatengdra þátta, bókanir útvarpsráðs og annað af því tagi yrðu send menntmrn. Gögn þessi bárust flest 18. jan. og eru birt sem fylgiskjöl 1–9 í skýrslunni. Hinn 8. febr. sl. sendi útvarpsstjóri ráðuneytinu síðan afrit af úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands um umræddan fréttaflutning Ríkisútvarpsins, en útvarpsstjóri hafði átt frumkvæði að því að vísa málinu til nefndarinnar. Er úrskurður siðanefndar birtur sem fylgiskjal 10 í skýrslunni.

Hinn 15. jan. leitaði menntmrn. til dr. Þórs Whitehead, prófessors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands, og óskaði eftir ráðgjöf hans og umsögn vegna málsins. Dr. Þór Whitehead, sem nú dvelur við sagnfræðirannsóknir í Freiburg í Vestur-Þýskalandi, er ótvírætt einhver fremsti sérfræðingur okkar í sögu íslenskra utanríkis- og öryggismála á fjórða og fimmta áratugnum og höfundur fræðilegra rita og ritgerða um þau efni. Hann gjörþekkir skjöl er varða Ísland og íslenska menn frá þessum árum og varðveitt eru í skjalasöfnum í Evrópu og Bandaríkjunum. Var það mat ráðuneytisins að enginn væri betur til þess fallinn að vinna skýrslu þá er Alþingi óskaði eftir en dr. Þór.

Í bréfi ráðuneytisins var þess farið á leit við dr.

Þór að hann legði mat á eftirfarandi:

1. Skjöl þau um samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda er gerð voru að umtalsefni í fréttum og fréttatengdum þáttum Ríkisútvarpsins 9. og 10. nóv. 1987.

2. Vinnubrögð fréttastofu Ríkisútvarpsins varðandi skjöl þessi.

Skýrsla dr. Þórs Whitehead, Álitsgerð: Dag Tangen málið og Ríkisútvarpið, barst menntmrn. 29. febr. sl. og er hún birt í heild í skýrslu minni sem hér er til umræðu.

Mál þetta snýst um fréttaflutning og aðra umfjöllun Ríkisútvarpsins í kjölfar þess að Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari Ríkisútvarpsins í Osló, hafði hinn 9. nóv. 1987 eftir norskum manni, Dag Tangen að nafni, þær upplýsingar að til væri skjal eða skjöl sem sýndu fram á náið samband bandarísku leyniþjónustunnar við Stefán Jóhann Stefánsson er hann var forsætisráðherra Íslands á árunum 1947–1949. Eins og dr. Þór Whitehead kemst að orði í álitsgerð sinni fólst í fréttum útvarpsins augljós aðdróttun um að Stefán Jóhann Stefánsson hefði staðið í sambandi við bandarísku leyniþjónustuna með þeim hætti sem ekki samrýmdist stöðu hans sem forsætisráðherra Íslands.

Það er á allra vitorði að leyniþjónustur erlendra ríkja ráða í þjónustu sína stjórnmálamenn og aðra áhrifamenn sem síðar ganga erinda þessara stofnana í heimalöndum sínum. Þótt ekki væri fullyrt að svo hefði verið um Stefán Jóhann hlaut einhver af hlustendahópi Ríkisútvarpsins að skilja fréttina og ályktanir sem henni fylgdu á þann veg. Kom það raunar óðar fram í blaðaskrifum um málið og umræðum utan dagskrár hér á Alþingi. Jafnvel þótt fréttin væri ekki lögð út á versta veg fólust tvímælalaust í henni brigsl um annarleg tengsl forsætisráðherra við leyniþjónustu Bandaríkjanna.

Í álitsgerð sinni telur dr. Þór Whitehead að starfandi fréttastjóri Ríkisútvarpsins, Friðrik Páll Jónsson, hafi miðað við aðstæður haft gildar ástæður til að útvarpa tíðindunum frá fréttaritaranum í Osló í þeirri von að staðfesta mætti þau, þ.e. sýna fram á tilvist umræddra skjala, þegar næsta dag. Daginn eftir, 10. nóv., var fluttur pistill frá fréttaritaranum í Osló í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins. Þar var fullyrt að umrædd skjöl væru til. „Leyniskýrslur þær, sem Dag Tangen hefur um Ísland, eru rúmlega tíu síður og ítarlegar", sagði fréttaritarinn og fullyrti að skjölin sýndu ótvírætt fram á fundi Stefáns Jóhanns Stefánssonar og fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar. Þeir hefðu skipst á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir.

Nú er komið á daginn að þessar fréttir Ríkisútvarpsins voru rangar og fluttar gegn betri vitund. Í álitsgerð dr. Þórs Whitehead kemur fram að þennan morgun, hinn 10. nóv., reyndi fréttaritari útvarpsins að fá að sjá skjöl Tangens, en Tangen kvaðst ekki geta fundið þau. Fréttaritarinn skýrði þeim fréttamanni sem hafði með málið að gera á fréttastofunni, Má Jónssyni, frá þeirri stöðu sem upp væri komin. Niðurstaðan varð hins vegar sú að halda fréttaflutningnum áfram í þeirri trú eða sannfæringu að Tangen fyndi senn skjölin. Umræddur fréttamaður hefur skýrt frá því að hann hafi ekki talið neina ástæðu til að tortryggja Tangen þar sem hann hafi treyst á orð hans sem fræðimanns. Slík tiltrú, þegar um jafnalvarlegar ásakanir er að ræða, getur ekki og má ekki vera leiðarljós fréttamanna Ríkisútvarpsins.

Þennan sama dag áttu fréttaritarinn í Osló og viðkomandi fréttamaður aðild að umræðuþætti á Rás 2 Ríkisútvarpsins. Í ljósi þess að fréttaritarinn hafði engu við fyrri fréttir að bæta og ekkert í höndum til að sanna staðhæfingar Tangens verður að telja það ákaflega misráðið af honum og viðkomandi fréttamanni að koma fram í þessum umræðuþætti nema þá til þess að vara hlustendur við fljótfærnislegum ályktunum og upplýsa sannleikann um að skjölin væru ekki komin fram. Hvorugt gerðu þeir. Umræðurnar í þættinum voru afar hlutdrægnislegar og einkenndust af pólitískum hleypidómum.

Umsjónarmaður þáttarins, Stefán Jón Hafstein, hefur komið á minn fund og látið í ljós mikla óánægju með það að ályktа megi af álitsgerð dr. Þórs Whitehead að hann hafi vitað að skjölin hefðu ekki fundist er umræðurnar áttu sér stað. Þessu neitar hann og kveðst eingöngu hafa byggt á upplýsingum frá fréttastofunni. Hefur hann afhent mér greinargerð þar sem þetta sjónarmið er áréttað og tel ég sjálfsagt og skylt að koma því hér á framfæri. Ég rengi ekki orð umsjónarmanns þáttarins, en vek athygli á því að í álitsgerð dr. Þórs beinist gagnrýnin á umsjónarmanninum ekki síður að hlutdrægnislegri meðferð mála og leiðandi spurningum.

Daginn eftir og næstu daga hélt Ríkisútvarpið áfram fréttaflutningi um leyniskýrslur og áfram var látið að því liggja að Tangen hefði umrædd skjöl undir höndum. Í álitsgerðinni kemur fram að það var að kvöldi miðvikudags 11. nóv. sem fréttaritarinn í Osló frétti að Dag Tangen hefði sagt fréttaritara dagblaðsins Vísis í Osló að hann hefði engin skjöl undir höndum um samband Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna. Hann kvaðst hafa reynt að ná sambandi við Tangen en ekki tekist það.

Daginn eftir, að morgni fimmtudags 11. nóv., náði fréttaritarinn tali af Tangen á ritstjórnarskrifstofu Klassekampen, sem er blað norskra marxlenínista. Þá kvaðst Tangen ekki viss um það að hafa haft umrætt skjal undir höndum og taldi jafnvel að hann hefði sent það til kunningjakonu sinnar í Reykjavík.

Orðrétt segir nú í álitsgerðinni: „Þennan sama dag birti dagblaðið Vísir þau tíðindi frá fréttaritara sínum í Osló að ekkert væri að finna um Stefán Jóhann Stefánsson í því skjali sem Dag Tangen hefði sýnt honum. Friðrik Páll Jónsson hefur skýrt undirrituðum [þ.e. Þór Whitehead] svo frá að þetta hafi einkum orðið til þess að tortryggni vaknaði á fréttastofunni í garð Tangens. Þar brugðu menn nú á það óvenjulega ráð að biðja nágranna hinnar ís-

lensku kunningjakonu Tangens að fylgjast með póstkassa hennar og bærist bréf frá Noregi yrði fengið leyfi í síma til að opna það. Auk þess var Jóni Einari Guðjónssyni falið að hljóðrita viðtal við Tangen.“

Í viðtalinu fullyrti Tangen að skjalið um Stefán Jóhann Stefánsson væri að finna í skjalasafni Trumans, fyrrv. Bandaríkjaforseta, í Missouri. Af hálfu fréttastofunnar var enginn fyrirvari gerður. Hlustendum var ekki greint frá þeirri óvissu sem upp var komin.

Föstudaginn 13. nóv. greindi fréttaritari Ríkisútvarpsins í Bandaríkjunum, Jón Ásgeir Sigurðsson, frá því að hann hefði farið í Truman-safnið í Missouri. Það hefði ekkert komið fram í skjölunum er sýndi fram á tengsl Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandaríska leyniþjónustumenn.

Það var svo ekki fyrr en 19. nóv. að mál þetta var til lykta leitt í Ríkisútvarpinu. Þá var birt viðtal við Dag Tangen þar sem hann kvaðst aldrei hafa fullyrt að hann hefði séð skjöl er sýndu samband milli Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarísku leyniþjónustunnar. Fréttastofan gaf í framhaldi af því út þá yfirlýsingu að fyrri fréttir um málið væru úr lausu lofti gripnar og harmaði að heimild sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja skyldi reynast ótraust.

Dr. Þór Whitehead bendir á að hér hafi forráðamenn fréttastofunnar varpað aðalábyrgð málsins yfir á fréttaritarann í Osló. Eins og eftirgrennslan Þórs leiddi í ljós var það hins vegar á fréttastofunni sjálfri sem brotalömin lá. Þar héldu menn dögum saman leyndri mikilvægri vitneskju um málið og afvegaleiddu hlustendur.

Eins og fram kemur í álitsgerðinni er mál þetta margþætt og ýmis atriði, sem rakin eru þar og varða vinnubrögð á Ríkisútvarpinu, hef ég ekki nefnt í þessari ræðu. Þau eru í mínum huga efniviður í sérstaka úttekt á vegum yfirstjórnar stofnunarinnar á vinnubrögðum fréttastofunnar.

Í því sambandi er þess að geta að útvarpsstjóri hefur skipað þriggja manna nefnd til að gera úttekt á stjórnun og rekstri fréttastofu hljóðvarps og sjónvarps og skila tillögum sem fram kunna að koma um breytta skipan mála.

Þá er nefndinni falið að yfirfara fréttareglur Ríkisútvarpsins og gera tillögur um breytingar á þeim eftir því sem þurfa þykir. Nefndinni hefur enn fremur verið falið að móta aðrar starfs- og siðareglur *sem nefndin telur nauðsynlegar til að tryggja að* markmiðum útvarpslaga og reglugerðar um Ríkisútvarpið verði náð.

Formaður nefndarinnar er Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, en aðrir nefndarmenn Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur og Ólafur Þ. Harðarson lektor.

Fréttastjóri Ríkisútvarpsins, Kári Jónasson, hefur í viðtali við Morgunblaðið haldið því fram að skýrslan sem hér er til umræðu hafi verið pöntuð til að klekkja á fréttastofunni og annarleg sjónarmið ráðið efnistöku. Ég vísa þessum fullyrðingum á bug. Fréttastjóri Ríkisútvarpsins ætti frekar að verja tíma sínum til að íhuga vandlega þau mistök sem fréttastofunni hafa orðið á og bæta vinnubrögðin en láta frá sér fara vanhugsaðar yfirlýsingar af þessu tagi.

Skýrslan sem hér er til umræðu var ekki samin að frumkvæði menntmrh. og enn síður að frumkvæði höfundar álitsgerðarinnar, Þórs Whitehead. Skýrslan er sem fyrr segir samin að ósk Alþingis og það skyldu menn hafa í huga í þessum umræðum.

Í útvarpslögum nr. 68/1985 segir m.a. um Ríkisútvarpið: „Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.“

Í reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986, segir m.a.: „Fréttir þær sem Ríkisútvarpið flytur mega ekki vera blandnar neins konar ádeilum eða hlutdrægum umsögnum heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum. Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi.“

Í álitsgerð dr. Þórs Whitehead, sem byggð er á rannsóknum á öllum gögnum málsins og viðtölum við ýmsa málsaðila, eru leidd rök að því að fréttastofu Ríkisútvarpsins og dægurmáladeild Rásar 2 hafi orðið á alvarleg mistök í fréttaflutningi og annarri umfjöllun í Dag Tangen málinu. Hér hafi ekki verið starfað í samræmi við þær kröfur sem útvarpslög og reglugerð um Ríkisútvarpið gera.

Eðlilegt er að spurt sé í framhaldi af þessari niðurstöðu til hvaða ráða eigi að grípa. Ég tel að útvarpsráð hafi brugðist skynsamlega við með bókun sinni 20. nóv. þar sem vinnubrögð fréttastofunnar voru harðlega átalin. Ég tel það einnig við hæfi að útvarpsstjóri leitaði eftir úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands. Niðurstaða siðanefndar var eins og kunnugt er mjög í samræmi við ályktun dr. Þórs Whitehead, en hún taldi að Ríkisútvarpið hefði í fréttatíma útvarps og þætti dægurmáladeildar Rásar 2 brotið gegn 2. gr. siðareglna félagsins. Brotið væri alvarlegt.

Þá hefur útvarpsstjóri skýrt frá því að hann hafi átt viðræður við fulltrúa fréttastofunnar um vinnubrögð og verkstjórnarleg atriði. Ég hef síðan óskað eftir því í bréfi, sem ég hef ritað útvarpsstjóra, að álitsgerð dr. Þórs Whitehead verði vandlega kynnt starfsmönnum fréttastofu Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, og starfsmönnum dægurmáladeildar Rásar 2. Útvarpsstjóri hefur síðan skipað nefnd þá sem ég gerði að umtalsefni fyrr í þessari ræðu. Framhald málsins er í höndum útvarpsstjóra.

Á undanförnum árum hafa orðið talsverðar breytingar í fjölmiðlun hér á landi eins og öllum er kunnugt um. Sumt af þessum breytingum er tvímælalaust til batnaðar. Fjölmiðlarnir eru óháðari stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum en áður. Ríkið hefur ekki lengur einkarétt á rekstri útvarps- og sjónvarpsstöðva. Þetta hefur skapað fjölbreytni og grósku í fjölmiðlaheiminum svokallaða. En jafn-

framt þessu hefur ýmislegt gerst í fjölmiðlun sem ekki er til fyrirmyndar. Óyfirvegaður og hlutdrægur fréttaflutningur, mér liggur við að segja æsifréttamennska, hefur komið til sögunnar og skýlir sér á bak við rannsóknarblaðamennsku. Í hraða samkeppninnar gefa fjölmiðlarnir sér minni tíma en áður til að meta fréttir og áhrif þeirra. Stundum virðist öllu máli skipta að vera fyrstur með fréttina. Því fer þó fjarri að hér séu allir fjölmiðlar undir sömu sök seldir og það sýnir að fum, agaleysi og rokufréttir eru ekkert náttúrulögmál.

Ein er sú þróun á vettvangi svokallaðra ljósvakafjölmiðla sem ég hef sérstakar áhyggjur af. Mér virðist að þar geri menn hlustendum æ erfiðara fyrir að gera skýran greinarmun á fréttum annars vegar og fréttamati eða fréttatúlkun hins vegar. Þessu er blandað saman með þeim hætti að hlustendur vita stundum ekki hverjar eru staðreyndir mála og hvað eru skoðanir viðkomandi frétta- og dagskrárgerðarmanna. Sömu mennirnir lesa oftsinnis fréttir og túlka þær og stundum er frétt og útleggingu hrært svo saman að engin leið er að greina þar á milli. Fréttatengdir þættir, sem svo eru nefndir, virðast mér stundum auka enn á rugling af þessu tagi. Ég held að hér hljóti að vera hægt að gera á bragarbót með öðruvísi vinnubrögðum, skýrari verkefnaskiptingu.

Herra forseti. Ég er sammála dr. Þór Whitehead um að Tangen-málið svonefnda er víti til varnaðar. Það er mál sem Ríkisútvarpið verður að læra af. Ég er sannfærður um að þetta er einnig skoðun útvarpsstjóra og útvarpsráðs, svo sem viðbrögð þessara aðila bera gleggstan vott um.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Um það bil sem jólaannir hófust á hinu háa Alþingi óskaði ég eftir því við hæstv. forseta sameinaðs Alþingis að fá orðið utan dagskrár um hinn makalausa málflutning og fréttaflutning Ríkisútvarpsins dagana 9. og 10. nóv. sl. Ástæðan var sú að ég vildi fá nánari upplýsingar um málið frá hæstv. menntmrh. og eins hitt að ég vildi ekki láta við það sitja að ekki yrði fleira að finna um málið í þingtíðindum en utandagskrárumræða sem hv. 2. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, hóf hinn 12. nóv. Vegna anna færðist hæstv. forseti undan langri utandagskrárumræðu. Fyrir því var á það ráð brugðið af okkur nokkrum þingmönnum að biðja hæstv. menntmrh. skriflega um skriflega ítarlega skýrslu um málið. Á því var full þörf, sérstaklega vegna þess að hastarlega var vegið að minningu fyrrv. forsrh. Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

Nú liggur skýrslan fyrir og vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir viðamikla og rækilega úttekt á málinu. Það sem mesta athygli hlýtur að vekja er hinn þungi áfellisdómur sem upp er kveðinn yfir störfum fréttastofu Ríkisútvarpsins.

Nú eru liðin um 40 ár frá því að Íslendingar mörkuðu þá utanríkisstefnu sem þeir fylgja enn og felst í samvinnu þeirra við aðrar vestrænar lýðræðisþjóðir. Það er kunnara en frá þurfi að segja að harkalega var deilt um þessa utanríkisstefnu frá upphafi og sóttu andstæðingar hennar einkum að tveimur mönnum með persónulegum og óvægnum hætti, þeim Stefáni Jóhanni Stefánssyni, sem var forsrh. er við Íslendingar gengum í Atlantshafsbandalagið árið 1949, og dr. Bjarna Benediktssyni sem var utanrrh. á sama tíma. Dundu um árabil á þeim látlausar árásir um það að þeir hefðu framið landráð vegna þess að þeir beittu sér fyrir varnarsamstarfi við Bandaríkin. Hefði margur maðurinn efalaust bognað við þessar árásir, en þeir stóðu þær báðir af sér með fullri reisn og uxu raunar af.

Er tímar hafa liðið fram hefur reynslan staðfest að því friðvænlegar hefur verið í heiminum sem vestrænar lýðræðisþjóðir hafa verið sterkari og samhentari. Friður hefur verið í norðurálfunni í skjóli jafnvægis síðustu 40 árin og þar hafa Íslendingar lagt sitt af mörkum. Smám saman hefur því dregið úr árásum á þessa stefnu og deilum um hana hérlendis og er nú svo komið að Alþb. treystir sér jafnvel ekki lengur til að gera það að úrslitaatriði um stjórnarsetu að varnarsamstarfinu við Bandaríkin sé slitið. Einnig hefur orðið hljóðara að þessu leyti um þá menn sem áttu mestan þátt í að marka utanríkisstefnuna á sínum tíma, þá Stefán Jóhann Stefánsson, Bjarna Benediktsson og Eystein Jónsson. Fólk er flest tekið að horfa um öxl af fullum skilningi og án þess að gleyma sér í vígorðaflaumi.

En hinn 9. nóv. sl. virtist sem skyndilega birtist gamall uppvakningur frá dögum kalda stríðsins á öldum ljósvakans í Ríkisútvarpinu og í kjölfarið lagði draugurinn undir sig fréttasíður Þjóðviljans. Var þar um að ræða harðar árásir á Stefán Jóhann Stefánsson og margvíslegar getsakir um tengsl hans við bandarísku leyniþjónustuna, CIA.

Nú er það auðvitað ekki mál Alþingis með neinum hætti hvað útgefendur Þjóðviljans kjósa að skrifa í blaði sínu. Hér er sem betur fer prentfrelsi og útgefendur Þjóðviljans bera ábyrgð fyrir lesendum sínum og auðvitað fyrir dómstólum þegar því er að skipta. En öðru máli gegnir um fréttastofu hljóðvarpsins. Sú skylda er lögð á alla þá sem eiga útvarpstæki að greiða afnotagjöld til Ríkisútvarpsins. Þessari stofnun er ætlað að vera útvarp allra landsmanna og henni hafa verið tryggðir tekjustofnar í samræmi við það. Það er því ljóst að ábyrgð hennar er miklu meiri en venjulegs einkamiðils, enda er ráð fyrir því gert í útvarpslögunum. Alþingi hlýtur í umboði þjóðarinnar að láta sig varða með hvaða hætti fréttaflutningur er í hljóðvarpinu og bregst raunar skyldu sinni við landsmenn ef það sinnir því ekki að neinu leyti. Vitanlega má Alþingi eða umboðsmenn þess ekki ritskoða með neinum hætti fréttir Ríkisútvarpsins, en það hlýtur að gera þeim sem annast þar fréttaflutning skylt að bera ábyrgð á honum.

Mál þetta hófst mánudaginn 9. nóv. sl. er ein aðalfrétt hljóðvarpsins þá um kvöldið snerist um meint tengsl Stefáns Jóhanns Stefánssonar við CIA,

bandarísku leyniþjónustuna. Í fréttinni voru engir fyrirvarar settir heldur beinlínis fullyrt að Stefán Jóhann Stefánsson hafi verið eins konar flugumaður CIA. Hann hafi ekki aðeins hitt menn frá henni í kurteisisskyni eins og gengur heldur beinlínis gefið henni leynilegar upplýsingar. Síðar í þessum fréttatíma sagði að svo náið samband sem Stefán Jóhann Stefánsson átti að hafa haft við CIA væri mjög óvenjulegt. Einnig var sagt að leyniskýrslur þær, sem Dag Tangen hefði komist yfir um Ísland, væru um tíu bls. og mjög ræki legar. Gefið var í skyn að bandarískar hersveitir hefðu verið sendar til Íslands til þess m.a. að koma í veg fyrir hugsanlega valdatöku kommúnista. Og í þessum fréttatíma var einnig eytt miklum tíma í að tíunda deilur er risið höfðu í Noregi um uppljóstranir Dags Tangens.

Því er við að bæta að í þættinum Dagskrá, sem Stefán Jón Hafstein fréttamaður annaðist á Rás 2 í hljóðvarpinu, var sama dag, 10. nóv., rætt við Jón Einar Guðjónsson og Þorleif Friðriksson um þetta mál. Sagði Jón Einar, sem er fréttaritari hljóðvarpsins í Osló, þá m.a. að honum hefði eftir mikla mæðu tekist að hafa upp á Tangen sem færi nú huldu höfði í höfuðborginni. Höfðu þeir Jón Einar og aðrir útvarpsmenn svipað eftir þessum norska felumanni og komið hafði fram í fréttatímum hljóðvarpsins og þegar hefur verið greint, en bættu við getsökum frá eigin brjósti um hugsanleg tengsl Alþfl. við bandaríska og norræna ráðamenn.

Er ekki að orðlengja það að fréttaflutningur hljóðvarpsins þessi tvö kvöld, 9. og 10. nóv., olli nokkru uppnámi. Þjóðviljinn birti t.d. miðvikudaginn 11. nóv. fjögurra dálka fyrirsögn á forsíðu sem hljóðaði svo: „Stefán vann með CIA." Var þar óspart vitnað í fréttaflutning kommúnista sem verið höfðu hörðustu andstæðingar utanríkisstefnunnar árið 1949, svo sem Einar Olgeirsson.

Daginn eftir, fimmtudaginn 13. nóv., kvaddi hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson sér hljóðs hér á Alþingi utan dagskrár. Þá hafði hann náð sér eftir lestur Gunnlaðarsögu og aðalfund Alþb. og óskaði nú eftir því í tilefni fréttanna í hljóðvarpinu að upplýsingar yrðu gefnar um það hvernig staðið yrði að birtingu skjala um samskipti Íslands og annarra þjóða. Vitnaði Hjörleifur í Atómstöðina eftir Halldór Laxness í þessu sambandi, en ýmsir þingmenn efuðust raunar um að sú ágæta skáldsaga gæti verið góð heimild um það sem raunverulega gerðist á því tímabili er utanríkisstefnan var mörkuð og ég rakti lítillega í upphafi míns máls.

Hjóðvarpið hélt áfram fréttaflutningi frá þessu máli miðvikudagskvöldið 11. nóv., en lagði þó megináherslu á það í nokkrum ásökunartón að engar fastar reglur væru til á Íslandi um birtingu opinberra skjala. Einnig var rætt um málið í sambandi við umræður á Alþingi fimmtudagskvöldið 12. nóv.

Því má síðan skjóta inn í til gamans en líka í nokkurri alvöru að Þjóðviljinn skrifaði föstudaginn 13. nóv. af mikilli hrifningu um fréttaflutning hljóðvarpsins á liðnum dögum. Sagði þar m.a. í umsögn Þjóðviljans, sem Óttar Proppé er skrifaður fyrir, svo, með leyfi forseta: „Vissulega hefði verið gaman fyrir Þjóðviljann að eiga þessa frétt, en við hljótum að gefa fréttastofu Ríkisútvarpsins prik fyrir að vera fyrst með fréttirnar að þessu sinni."

En segja má að málinu hafi lokið með tveimur fréttum hljóðvarpsins föstudagskvöldið 13. nóv. Önnur var um það að þau skjöl, sem Dag Tangen hefði undir höndum um Ísland, leiddu ekkert í ljós um það sem hann fullyrti, enda væru þau gömul skjöl sem hefðu velflest birst fyrir mörgum árum í Morgunblaðinu.

Hin fréttin var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Í skjalasafni Trumans Bandaríkjaforseta er skýrsla frá bandarísku leyniþjónustunni um íslensk málefni frá því í júní 1948. Þar er Stefáns Jóhanns Stefánssonar getið og fleiri Íslendinga, en hvergi í skýrslunni kemur fram að Stefán Jóhann hafi hitt bandaríska sendiherrann og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar reglulega í Reykjavík eins og fréttastofan hefur haft eftir norska sagnfræðingnum Dag Tangen." Var hér heldur betur komið annað hljóð í strokkinn en þriðjudagskvöldið 10. nóv. þegar þetta hafði verið fullyrt.

Þetta dæmalausa mál verðskuldar auðvitað athugun og umræður. Í fyrsta lagi hefði það verið mjög óvenjulegt og fréttnæmt, eins og raunar var tekið fram af fréttamönnum hljóðvarpsins, ef Stefán Jóhann Stefánsson hefði beinlínis unnið með sendimönnum CIA hér á landi. Slík frétt hefði verið mjög óvenjuleg og því þurft vandlegrar heimildakönnunar við. Menn geta ekki tekið einhverja huldumenn í Osló trúanlega um svo óvenjulegt atriði þegar það stangast á við hugmyndir flestra Íslendinga um hvernig stefnumörkun í utanríkismálum fór fram. Hér var um viðkvæmt og umdeilt mál að ræða og upplýsingar bornar fram í því sem hlutu að koma á óvart. Fréttamaður á hvergi að vera eins á verði og í slíku máli, sérstaklega fréttamaður í útvarpi allra landsmanna sem gerðar eru ríkari kröfur til en á einkastöðvum eða einkablöðum.

Í öðru lagi ber að gæta þess að óleyfilegt hefði verið að álykta, jafnvel þótt einhver minnisblöð hefðu fundist um viðræður íslenskra ráðamanna við bandarískra sendimenn, að hinir íslensku ráðamenn hefðu verið á þeirra snærum. Það vita allir sem vilja vita að þeir sem hitta erlenda sendimenn að máli geta ekki stjórnað því hvað slíkir menn setja síðan í skýrslur sínar. Við getum þess vegna ekki tekið skýrslur þeirra og skjöl trúanleg án sjálfstæðs heimildamats. Við megum ekki og aldrei líta á íslensk utanríkismál með bandarískum augum. Það er hins vegar ekki sjáanlegt í þeim fréttum sem birtust í hljóðvarpinu eða í umræðuþætti þeim sem Stefán Jón Hafstein stjórnaði 10. nóv. og vitnað hefur verið hér til að beitt hafi verið gagnrýnni hugsun að þessu leyti. Þar var umsvifalaust gleypt við fullyrðingum hins norska huldumanns um það sem stæði í bandarískum skjölum sem sönnun fyrir því að íslenskir

ráðamenn hefðu ekki gætt íslenskra hagsmuna heldur beinlínis verið á snærum Bandaríkjamanna. Jafnvel þótt eitthvað það hefði staðið í skýrslum eða skjölum Bandaríkjamanna sem gefið hefði norska huldumanninum og fréttamönnum á hljóðvarpinu tilefni til fréttaflutnings þeirra hefði orðið að leggja sjálfstætt mat á það.

Í þriðja lagi verður að rifja upp að þetta er ekki eina dæmið þar sem tilefni hefur verið gefið til efasemda um vönduð vinnubrögð og óhlutdrægni á fréttastofu hljóðvarpsins. Mörgum er í fersku minni er birtar voru um það rokufréttir fyrir nokkrum árum í hljóðvarpinu að kjarnorkuvopn væru fólgin á Keflavíkurflugvelli. Fyrir því var borin rannsóknarstofnun ein í Washington. Þegar til kom reyndist þessi stofnun vera ákaflega umdeild fyrir þann pólitíska blæ sem var á öllum hennar gögnum og þeir pappírar sem vísað var til ekki taka af nein tvímæli, enda hafa að geyma innihaldslitlar vangaveltur. Hjaðnaði það mál af sjálfu sér.

Einnig komu upp ákafar deilur um fréttaflutning hljóðvarpsins í kjaradeilu opinberra starfsmanna í október 1984. Eru röksemdir í því máli tíundaðar í bók Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, „Deilt á dómarann" eins og hún heitir, þar sem það blandaðist inn í mál þeirra einkaútvarpsstöðva sem þá voru reknar. Var þá þó enn brýnni ástæða en endranær fyrir fréttamenn á hljóðvarpinu að gæta óhlutdrægnisskyldu sinnar þar sem þeir voru sem opinberir starfsmenn beinir aðilar að kjaradeilunni og hljóðvarpið var um tíma eini starfandi fjölmiðillinn í landinu.

Ég er ekki að fullyrða, og á það legg ég áherslu, ég er ekki að fullyrða að fréttamenn Ríkisútvarpsins ætli sér að vera vísvitandi hlutdrægir eða þeir megi yfirleitt ekki sjálfir hafa skoðun á því hvað skiptir máli. Ég hygg hitt betri skýringu á þeim mistökum, sem tvímælalaust hafa verið gerð þar á bæ, að fréttamenn hafi ekki vandað sig nægjanlega. Þeir hafi ekki staldrað við og spurt sjálfa sig hvort þeir hafi gert öllum marktækum sjónarmiðum í málum nægjanleg skil og hvort heimildir þeirra fyrir fréttum hafi verið traustar. Alþingi getur ekki krafist þess og má ekki krefjast þess að fréttamenn gerist boðberar einhverrar einnar stjórnmálaskoðunar eða að sum mál séu bannmál þannig að ekki megi um þau ræða eða flytja af þeim fréttir.

En Alþingi á fyrir hönd landsmanna allra heimtingu á því að fréttamenn starfi eftir bestu samvisku að því að flytja okkur vandaðar og áreiðanlegar fréttir. Þannig og aðeins með þeim hætti geta fréttamenn rækt þá skyldu sína sem þeim ber samkvæmt útvarpslögunum. Þeir geta ekki skellt skuldinni á norskan huldumann því að þeir framkvæmdu sjálfir sitt heimildamat með því að taka hann trúanlegan um það sem ótrúlegt var. Það er til að afstýra frekari mistökum af þessu tagi sem mál þetta og mistök fréttastofunnar eru svo rækilega reifuð.

Ég ítreka þakkir mínar, herra forseti, til hæstv. menntmrh. fyrir mikilsverða skýrslugerð í máli þessu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hafa þegar komið níu hv. þm. á mælendaskrá. Það er því óvarlegt að ætla að það sé víst að við getum lokið þessari umræðu áður en þingflokksfundir hefjast kl. 5. Auk þess þarf fyrir þann tíma að hafa lokið utandagskrárumræðu sem tilkynnt hefur verið. Þess vegna er á það bent að menn skulu vera við því búnir að það verði kvöldfundur í kvöld, ef á þarf að halda til að ljúka þessari umræðu.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. menntmrh. flutt skýrslu um fréttaflutning Ríkisútvarpsins 9. og 10. nóv. 1987 vegna upplýsinga frá Norðmanninum Dag Tangen um utanríkismál Íslands, eins og er heiti þess þinggagns sem hér er til umræðu. Hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir málinu og kveðið upp þunga áfellisdóma yfir Ríkisútvarpinu, sem undir hann heyrir, á grundvelli þessarar skýrslu og hv. 4. þm. Austurl., fyrsti skýrslubeiðandi, hefur hnykkt þar enn frekar á og dregið inn í umræður þá atburði sem gerðust hér í aðdraganda þess að Ísland hvarf frá hlutleysisstefnu sinni á fyrstu árum eftir stofnun lýðveldisins. Hv. 4. þm. Austurl., fyrrv. menntmrh., kvað raunar upp enn harðari dóma yfir Ríkisútvarpinu, sem undir hann heyrði sem ráðherra á sínum tíma, og kvað eðlilegt að gerðar væru meiri kröfur til Ríkisútvarpsins en annarra fjölmiðla.

Ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni eru beiðendur um þessa skýrslu nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. og auk þess hv. 4. þm. Reykn. Kjartan Jóhannsson og hv. 10. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson og þeir sem með honum standa að skýrslubeiðninni báðu um ítarlega skýrslu að undangenginni rækilegri rannsókn um fréttaflutning Ríkisútvarpsins. Þessi beiðni er lögð fram eftir að útvarpsráð hefur ályktað um málið og eftir að fréttastofa hljóðvarpsins hefur birt greinargerð um það fyrir sitt leyti og lýst heimildir fyrir fréttum sínum 9. nóv. og dagana þar á eftir ótraustar og ekki til staðar og beðið velvirðingar á því og harmað þennan fréttaflutning. Þetta lá allt fyrir þegar hv. þm. lögðu fram beiðni sína, en það er alveg ljóst að þingflokkur Sjálfstfl. hefur talið nauðsynlegt að bæta um betur í þessu efni og fengið til þess aðstoð tveggja hv. þm. úr öðrum flokkum til að reiða upp refsivönd gegn Ríkisútvarpinu og það er yfirmaður útvarpsins, hæstv. menntmrh., sem hér lætur þennan vönd ríða á fréttastofu þessa fjölmiðils með þeim fordæmingum sem hann hafði hér uppi og lesa má í skýrslu hans. Þar segir í inngangi, sem ég leyfi mér að rifja upp, með leyfi forseta, á bls. 2 í þskj.:

„Mál þetta er mikill álitshnekkir fyrir Ríkisútvarpið og brýnt að unninn verði bugur á þeim trúnaðarbresti sem óhjákvæmilega hefur orðið á milli stofnunarinnar og hlustenda. Menntmrh. gerir ekki at-

hugasemd við þá meðferð sem málið hefur hlotið af hálfu útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Útvarpsráð hefur harðlega átalið vinnubrögð í þessu máli og í framhaldi af því hefur útvarpsstjóri átt sérstakar viðræður við fulltrúa fréttastofunnar um starfshætti hennar og verkstjórnarleg atriði. Álitsgerð dr. Þórs Whitehead mun verða send útvarpsstjóra" — og ég vek athygli á því sem hér fylgir — „með þeim eindregnu tilmælum að efni hennar verði vandlega kynnt starfsmönnum fréttastofu Ríkisútvarps, hljóðvarps og sjónvarps, og starfsmönnum dægurmáladeildar Rásar 2 svo komast megi hjá því að mistök af þessu tagi endurtaki sig."

Þetta er niðurlagið í inngangi hæstv. menntmrh. fyrir þessari skýrslu. Hann dregur þar fram að útvarpsráð og fréttastofan hafi þegar lýst skoðunum sínum á málinu. En þetta var ekki nóg. Það skyldi viðhafa heilaþvottaraðferðir á fréttamenn Ríkisútvarpsins til þess að þeir voguðu sér aldrei að víkja að málum sem þessum í náinni framtíð.

Það er alveg ljóst að inntakið á bak við þennan málflutning hér, þessa skýrslubeiðni og uppsetningu alla, er að hræða fréttamenn frá því að gegna eðlilegum skyldum sínum. Auðvitað hljóta allir að krefjast þess að vandlega sé að verki staðið og það séu gerðar kröfur um heimildir og það er því fyllilega réttmætt og sjálfsagt, eins og fréttastofan gerði, að harma þau mistök, greina frá þeim þegar þau lágu fyrir eins og þeir höfðu gert. En hefði það nú ekki stundum þótt nóg að verið í máli sem þessu sem í rauninni lá alveg ljóst fyrir eftir greinargerð fréttastofunnar og auk þess hafði hún fengið frá kjörnum fulltrúum í útvarpsráði gagnrýni, þó að það væri með misjöfnum hætti hvernig hún var fram sett af fulltrúum í útvarpsráði.

En til þess að renna stoðum undir þau högg sem hér eru látin ríða á Ríkisútvarpinu/hljóðvarpi grípur hæstv. menntmrh. til þess að leita álits aðeins eins aðila, Þórs Whitehead, prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands, og hann segir í inngangi til þess að rökstyðja þessa málsmeðferð: „Hann gjörþekkir skjöl er varða Ísland og íslenska menn frá þessum árum og varðveitt eru í skjalasöfnum í Evrópu og í Bandaríkjunum. Var það mat ráðuneytisins að enginn væri betur til þess fallinn að vinna skýrslu þá er Alþingi óskaði eftir en dr. Þór."

Hér er mikið sagt og það eru miklar kröfur sem eru gerðar til þessa manns sem ætlað er einum að fjalla um þetta mál og kveða þar upp dóma. Nú ætla ég ekki að vefengja að dr. Þór Whitehead sé vel heima í sögu þessa tímabils og hafi kannað þar mörg gögn og það mörgum öðrum frekar. Það liggur fyrir og væri nú kannski hollt fyrir hv. þm. að draga fram gamlan Skírni. Hann er meira en sjö ára. Var hann ekki sjö ára sem Jónas Hallgrímsson fékk og gat um í gamansögu sinni? Hann er frá 1976 og hefur að geyma ritgerð eftir dr. Þór Whitehead sem heitir „Lýðveldi og herstöðvar". Ég held að það hefði verið ágætt fyrir hv. 4. þm. Austurl. að fara yfir þessa ritgerð sagnfræðingsins sem hefur að geyma tilvitnanir í minnisblöð ýmissa frammámanna Sjálfstfl. og annarra innanbúðarmanna í ríkisstjórn Íslands á þessum árum, minnisblöð sem renna ekki stoðum undir þau orð sem hann lét hér falla og þá söguskýringu og sögutúlkun sem hann hafði hér uppi áðan í ræðustól.

Það hlýtur hins vegar að teljast gagnrýni vert að ráðuneytið skuli ekki leita til fleiri aðila til að fjalla um þetta mál, en þetta tengist greinilega því markmiði skýrslubeiðanda, þingmanna Sjálfstfl., að koma höggi á Ríkisútvarpið og nota þau mistök, sem orðið höfðu og fréttastofa hljóðvarpsins hafði upplýst og harmað, til að hræða fréttamenn frá því að fjalla um mál af þessu tagi framvegis. Eins og skýrslan er fram sett er reynt að koma því á framfæri að ekki aðeins hafi fréttastofan beðið álitshnekki og valdið trúnaðarbresti heldur sé ekki flugufótur fyrir því að íslenskir valdamenn á þessum tíma hafi farið yfir eðlileg mörk í samskiptum við erlenda sendimenn.

Vissulega má finna málflutningi af þessu tagi ýmsa stoð í prentuðum orðum dr. Þórs Whiteheads því að hann gengur sannarlega langt í fullyrðingum sínum um fréttastofuna og um það hvað fréttamönnum hafi gengið til. Hann segir m.a.: „Ofurkapp er lagt á að halda ásökunum Tangens að hlustendum og blinda trú á sannleiksgildi þeirra." Þetta eru orð hans í skýrslunni. „Í þættinum Dagskrá sannaðist að útvarpsmenn litu málið aðeins frá einu pólitísku sjónarhorni." Þarna setur sagnfræðiprófessorinn sig í spor dómarans, fer í föt dómarans og kveður upp dóm sem byggir m.a. á þeirri vinnu, sem hæstv. ráðherra gat um í sínu máli, að sagnfræðiprófessorinn hafði ekki fyrir því að tala við stjórnanda þáttarins, Stefán Jón Hafstein, sem séð hefur ástæðu til þess að senda öllum formönnum þingflokka á Alþingi greinargerð um hvernig þetta mál horfi við af hans hálfu. Það er mjög eðlilegt að hann bregðist þannig við til þess að verja heiður sinn sem opinbers starfsmanns og það ætti að vera verkefni hæstv. menntmrh. að biðja hér á Alþingi afsökunar fyrir hönd þess sem hann fær til verka á þeim vinnubrögðum sem þarna eru viðhöfð gagnvart fréttastofunni að því er sérstaklega snertir þennan fréttamann.

Einnig má lesa í skýrslunni: „Þeir útvarpsmenn sem hér eiga hlut að máli reyni framvegis að líta á umdeild sagnfræðileg viðfangsefni frá fleiri en einni hlið og finni stjórnmálaskoðunum sínum vettvang utan fréttatíma."

Ja, hvaða aðdróttanir eru á ferðinni í orðum þessum sem lesa má í niðurlagi þessarar skýrslu? Hvaða kröfur um ritskoðun eru raunverulega hér á ferðinni? Það kemur fram, og hefur nú verið dregið fram af Stefáni Jóni Hafstein, að Þór Whitehead virðist aðeins hafa rætt við fáa málsaðila sem þó fá harðan dóm í skýrslu hans. Hann gengur einnig langt í að gefa í skyn að engin skjöl séu tiltæk um starfsemi leyniþjónustunnar CIA á Íslandi þar eð hann hafi ekki fundið þau í skjalasöfnum vestra á

árinu 1986. Hann segir:

„Markmiðið var að kanna öll helstu gögn sem opnuð höfðu verið fræðimönnum um þetta efni á síðustu árum. Við þessa rannsókn", segir prófessorinn, „kom í ljós að engin skjöl bandarísku leyniþjónustunnar CIA um starfsemi hennar á Íslandi eru tiltæk í skjalasöfnum vestra. Skemmst er frá því að segja að í heimildum frá öðrum stjórnarstofnunum og Bandaríkjaher fundust engar vísbendingar um Íslendinga sem starfað hefðu í þjónustu CIA."

Hér er þessi prófessor, sem fær gæðastimpil í upphafi skýrslunnar frá hæstv. menntmrh., að koma því inn hjá lesendum og hv. Alþingi að það sé bara ekkert af þessu að finna. Að vísu segir hann hér, ósköp falið í þessum texta: „gögn sem opnuð höfðu verið fræðimönnum." Hann lætur undir höfuð leggjast að greina frá því hvernig skjöl bandarískra stjórnvalda eru flokkuð, áður en ákvörðun er tekin um það, hvort þau skuli opnuð til skoðunar á söfnum eða til birtingar. Hann upplýsir ekki um það að fjöldi manns vinnur, að ég best veit, að slíkri flokkun og nákvæmt mat fer fram á því í bandarískum stjórnarstofnunum og ráðuneytum hvort tiltekin skjöl eru opnuð eða haldið áfram undir lás og slá sem „classified" eins og það heitir á enskunni. Við þetta mat er m.a. litið á öryggishagsmuni Bandaríkjanna og pólitíska hagsmuni, svo og hvort birting komi sér illa fyrir persónur sem í hlut eiga, innlendar eða erlendar, og þá m.a. sem taldar eru hafa þýðingu fyrir samskipti Bandaríkjanna út á við. Heimildir um þessi efni hef ég m.a. fengið úr samtali við Bandaríkjamann sem vinnur að slíkri flokkun og stjórnar henni að ég best veit á vegum State Department, bandarískra utanríkisráðuneytisins, og var raunar staddur á áheyrendapöllum Alþingis þegar skýrsla utanrrh. Matthíasar Á. Mathiesens var rædd hér í marsmánuði 1987. Við spjölluðum saman að viðstöddum fulltrúum frá utanrrn. á eftir hér niðri í kaffistofunni. Hann greindi okkur frá þeirri miklu kembingu sem fram fer á opinberum skjölum þar vestra með löngum fyrirvara áður en endanlegt mat fer fram á því hvort þau skuli áfram vera lokuð eða opnuð til skoðunar. Þetta hefði verið eðlilegt að fram kæmi af hálfu fræðimanns eins og dr. Þórs Whiteheads, en það hefði auðvitað dregið úr áhrifamætti staðhæfingar ráðuneytisins í inngangi skýrslunnar þar sem segir: „Hann gjörþekkir skjöl er varða Ísland og íslenska menn frá þessum árum og varðveitt eru í skjalasöfnum í Evrópu og Bandaríkjunum." Það er nú ekkert minna.

Það væri fróðlegt ef hæstv. menntmrh. upplýsti hvort dr. Þór Whitehead hefði fengið sérstaka heimild Bandaríkjastjórnar og leyniþjónustu Bandaríkjanna og Bandaríkjahers til þess að fara yfir lokuð trúnaðarskjöl þeirra á umræddu tímabili. Ég bið hæstv. ráðherra um að upplýsa hvort þessi trúnaðarmaður hans, sagnfræðiprófessorinn, hafi fengið þessa heimild.

Þá vekur það auðvitað athygli að sagnfræðiprófessorinn hirðir ekki um að minnast á skýrslur sem höfðu verið til umfjöllunar og hafa verið til umfjöllunar í íslensku blaði hér á undanförnum mánuðum, sérstaklega í nóvember og desembermánuði sl., þar sem er Helgarpósturinn. Þar eru birt skjöl, sem voru leyniskjöl en voru opnuð til skoðunar á sínum tíma, úr bandaríska utanrrn. og frá sendiráði Bandaríkjanna hér í Reykjavík sem vissulega sýna fram á náið samstarf íslenskra valdamanna, þar á meðal umrædds forsrh. á þessum tíma, við bandaríska sendiráðið, bandaríska sendimenn. Það er ekki minnst á gagn af þessu tagi. Það er ekki minnst á þetta skeyti, sem sent er frá bandaríska sendiráðinu 23. mars 1948 af 1. sendiráðsritara, Trimble, til Dean Acheson utanrrh. Bandaríkjanna, og hvað skyldi nú vera innihald þess? Ætli það sé ekki rétt aðeins að rifja upp hvert er innihaldið í þessu skeyti sem er „classified" á þessum tíma og það er sent afrit til ýmissa aðila, þar á meðal til CIA, bandarísku leyniþjónustunnar, sem er hér skjalfestur viðtakandi afrits af þessu skeyti. Helgarpósturinn birti þetta skeyti þannig að sagnfræðingurinn átti nú að vita um það. Við skulum styðjast við þýðingu Helgarpóstsins, með leyfi forseta:

„Í viðræðum sem forsrh. Íslands átti við mig nýlega sagðist hann vera áhyggjufullur vegna þess hve margir flokksmenn Kommúnistaflokksins störfuðu hjá hinu opinbera og að þeir hefðu komist í þessar stöður ..." Nú er hv. skýrslubeiðandi genginn á dyr, hv. 4. þm. Austurl. Mér fyndist nú ekki óeðlilegt að hann væri viðstaddur umræðuna, hlýddi m.a. á upplýsingar af þessu tagi. „... margir flokksmenn Kommúnistaflokksins störfuðu hjá hinu opinbera og að þeir hefðu komist í þessar stöður í tíð síðustu samsteypu [þ.e. samsteypustjórnar] en í henni voru tveir ráðherrarnir kommúnistar. Hann sagðist þess vegna stefna að því að fjarlægja kommúnista úr öllum trúnaðarstöðum eða skáka þeim í störf, þar sem þeir „gætu lítinn eða engan skaða gert".

Herra Stefán Jóhann Stefánsson gat þess að Hendrik Ottósson, óður kommi, hefði nýlega verið leystur frá störfum sem fréttamaður við Ríkisútvarpið og bætti því við að menntmrh. Eysteinn Jónsson, en undir hann falla málefni Ríkisútvarpsins, væri nú að leita fyrir sér að manni með „heilbrigðar hugmyndir"" — ideologically sound á enskunni — „í stað hr. Ottóssonar. Ég notfærði mér þetta tækifæri", segir 1. sendiráðsritari bandarískra sendiráðsins hér, Trimble, „ég notfærði mér þetta tækifæri, sem hann gaf mér þarna, og lét í ljós þá skoðun að það væri afar heppilegt að fá nýtt fólk í stað hr. Erlings Ellingsen flugmálastjóra og frú Teresíu Guðmundsson, forstöðukonu Veðurstofu Íslands, þar sem þau væru bæði vel þekktir stuðningsmenn kommúnista.

Forsrh. sagði einnig að tiltölulega fáir fundir hefðu verið haldnir í utanrmn. Alþingis undanfarna marga mánuði þar sem hr. Einar Olgeirsson, einn af þingmönnum kommúnista, væri í nefndinni. Í staðinn hefði verið sett á fót óformleg þingnefnd sem

samanstæði af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna þriggja stjórninni til ráðuneytis um erlend málefni.“ Tilvitnun lýkur og texta þessa skeytis, undirritað Trimble.

Hvað segja alþm. um atburði af því tagi sem þarna fara fram, samtöl af því tagi sem þarna fara fram, trúnaðarsamtöl um það efni að fjarlægja íslenska opinbera starfsmenn úr stöðum sínum af því að þeir eru samkvæmt upplýsingum erlends aðila yfirlýstir stuðningsmenn þess sem sendiráðið kallar kommúnista? Og hvað segja félagar mínir í utanrmn. Alþingis, sem var að koma af fundi núna rétt fyrir þingfund, um vinnubrögð af því tagi, sem viðtekin voru, ef treysta má þessum texta, á þessu ári, 1948, að leggja til hliðar utanríkismálanefnd Alþingis og setja í hennar stað á fót trúnaðarnefnd stjórnarflokkanna þáverandi, klíku þingmanna sem til er kvödd til þess að vera ráðgjafi ríkisstjórnar Íslands í utanríkismálum í staðinn fyrir þingkjörna nefnd?

Já, það eru margir, virðulegur forseti, dregnir inn í þessi mál af bandaríska sendiráðinu á þessum tíma, af bandaríska utanrríkisráðuneytinu á þessum tíma og af fleiri aðilum sem því tengjast og ég held, til glöggvunar fyrir hv. skýrslubeiðanda, hv. 4. þm. Austurl., og hæstv. menntmrh., meðan ég er ekki kominn lengra mínu máli, að rétt sé að ég biðji virðulegan forseta að koma til þeirra þessum gögnum hérna, sem gæti kannski verið til þess að fríska aðeins upp minni þeirra og athuga hvort viðkomandi hv. þm. Sjálfstfl. og hæstv. ráðherra gæti ekki þótt ástæða til að draga það plagg sem hér hefur verið lagt fram til baka. (**GHG:** Hvernig fá menn svona plögg?) — Já, nú fer að ókyrrast hér í röðunum. (**GHG:** Nei, ég bara spurði.) Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spyr hér: Hvernig fá menn nú þessi gögn? Já, á þingmaðurinn ekki þessi gögn hérna? Á ég að trúa því að þeim hafi ekki verið komið til hans til upplýsingar? Nei, það hefur ekki gerst. Athyglisvert. (Gripið fram í.) Ég skal víkja að innihaldi þessa pakka hérna á eftir. Ég skal gera það.

Ef hæstv. ráðherra telur ekki ástæðu til að endurskoða sinn texta og sína heimild, dr. Þór Whitehead prófessor, í þessu máli, þá er a.m.k. lágmarkið að hann komi upp í þennan stól og biðjist velvirðingar á þeim dómum sem hann er að kveða upp. Ég er svo sem ekki að gera kröfur til hv. 4. þm. Austurl. um að hann fari að endurskoða sína sagnfræði eða breyta sinni söguskoðun. Hann er í óða önn, hv. þm., við það að túlka sögu Sjálfstfl. á síðustu mánuðum og missirum og leggja þar með í púkk íslenskra sagnfræðiathugana. Það má lesa í Heimsmynd, tímariti sem er gefið út í Reykjavík, um söguskoðun hv. þm. á málefnum Sjálfstfl. og fleira sem varðar ekki síst þá tíð þegar hann var ráðherra. Þetta nefni ég aðeins.

Helgarpósturinn hafði fyrir því að birta fleiri gögn á þessum mánuðum, en það er ekki nema lítið af því sem er í þessum pakka. Helgarpósturinn birti t.d. skýrslu sem varðaði samtöl fyrrv. sendiherra Bandaríkjanna, Dreyfuss heitir hann eða hét, ég veit ekki hvort hann er lífs eða liðinn, Louis G. Dreyfuss jr., sendiherra á Íslandi um skeið eftir stríð og kemur mjög við sögu í II. bindi um Ólaf Thors eftir Matthías Johannessen á fyrstu síðum þeirrar bókar og fær nú ekki alltaf mjög góða einkunn þar. En það er fjallað í þessari grein um samskipti þáv. forseta Íslands, Sveins Björnssonar, við Dreyfuss þennan og samtöl sem sendiherra Bandaríkjanna í Stokkhólmi sendir til síns stjórnarráðs. Það eru athyglisverðir hlutir sem þar koma fram sem snerta þau mál sem hér eru til umræðu, m.a. þær tilraunir til stjórnarmyndunar sem þá voru uppi í sambandi við myndun stjórnar að nýsköpunarstjórninni fallinni.

Ég ætla ekki að fara að vitna sérstaklega í þessa grein hér, hana geta menn lesið, hún er á sínum stað í Helgarpóstinum, en það er fróðlegt að rýna í hana eins og margt fleira sem er verið að draga fram af miklu efni sem enn er falið undir yfirborði um sögu þessara ára, samskipti þeirra manna sem þá fóru með völdin á Íslandi.

Það er hér annað plagg sem er sjálfsagt að nefna af því að við erum að ræða Ríkisútvarpið. Það er hér annað plagg sem sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi kemur á framfæri við utanrrn. í Washington og er dags. 29. mars 1948. Það er rétt vegna þess að við erum að ræða málefni Ríkisútvarpsins að fara aðeins yfir innihaldið eins og Helgarpósturinn rekur það. Ég ætla ekki að fara sjálfur að spreyta mig í að þýða það hér frá orði til orðs eins og það liggur fyrir, en hæstv. ráðherra hefur fengið það. Helgarpósturinn segir þannig frá því, þetta er dags. 29. mars 1949:

„Í þessu skeyti til utanrrh. Bandaríkjanna greinir William C. Trimble frá því að Högni Torfason muni taka við starfi Hendriks Ottóssonar.“ Það er þá búið að ýta Hendrik til hliðar eins og sendimaðurinn hafði verið að óska eftir við forsrh. Íslands að gerð yrði gangskör að. „Trimble lætur þess sérstaklega getið að hann hafi gengið úr skugga um að menntmrn. hafi látið kanna Högna með hliðsjón af trúnaði. Þá hafi Eysteinn Jónsson menntmrh. skýrt Högna frá yfirsjón Hendriks sem hafi falist í því að Hendrik hafi greint frá valdaráninu í Tékkóslóvakíu og reitt sig á útvarpsfréttir frá Moskvu. Þá á Eysteinn að hafa sagt að fréttir útvarpsins ættu fyrst og fremst að byggjast á BBC, breska útvarpinu, og ríkisútvarpsstöðvum á Norðurlöndum og í öðru lagi á fréttum úr bandarískum útvarpsstöðvum, en ekki undir neinum kringumstæðum ætti Ríkisútvarpið að reiða sig á fréttir frá Sovétríkjunum.“ Þetta er útdráttur Helgarpóstsins á efni þessa skeytis frá Trimble.

Það er kannski ekki víst að allir muni eftir því hver hann var, þessi Högni Torfason, hvar hann hafði starfað áður en honum var veittur þessi trúnaður. Hafa menn það í minni? Hvar skyldi hann hafa öðlast sína reynslu? Ég hygg að hv. þm. Geir H. Haarde, sem þekkir sennilega sögu þessa tíma dálítið, viti það eins og fleiri hér. Hann var starfsmaður bandarískra sendiráðsins. (**GHH:** Hver?)

Högni Torfason. Hann var starfsmaður, „employee of the Legation since 1944" stendur í þessu skeyti, starfsmaður bandaríska sendiráðsins frá 1944, og það er honum sem er treyst fyrir því að fylla skarð Hendriks Ottóssonar sem er ýtt til hliðar af íslenskum valdsmönnum að kröfu starfsmanna bandaríska sendiráðsins á Íslandi. Hvað segja menn í dag um þessi vinnubrögð og hvað segja menn um þau vinnubrögð sagnfræðiprófessorsins Þórs Whitehead að stinga undan vitneskju sem hefur komið hér fyrir almenningssjónir, þeir sem lesa Helgarpóstinn þekkja þetta, á sama tíma og hann er að vinna að þessari skýrslu fyrir menntmrn.?

Það er eðlilegt að Helgarpósturinn skrifi í leiðara sínum það sem hér má aðeins grípa niður í, með leyfi virðulegs forseta. Það er fyrir tveimur vikum eða svo. Ætli það sé ekki bróðir hæstv. núv. fjmrh. sem heldur þar á penna þó hann sé ekki undirritaður, leiðarinn. „Rannsóknarskýrslan", segir Helgarpósturinn í leiðara, „fjallar um Tangen-málið sem svo er nefnt til heiðurs norska sagnfræðingnum Dag Tangen sem í upphafi fréttar um vinsamleg samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar og fulltrúa bandarískra stjórnvalda á Íslandi 1948 hélt því fram að hann hefði undir höndum skjöl sem sönnuðu þessi vinsamlegu samskipti þáv. forsrh. og bandarískra sendiráðsins í Reykjavík. Það hafði Tangen ekki. Hann neitaði a.m.k. að láta skjöl þessi af hendi.

Í þessu blaði", segir Helgarpósturinn, „birtust svo skjölin sem fréttastofu ríkisfjölmiðlanna vantaði" og við skulum taka glefsur úr einni fjölmargra skýrslna sem birtar hafa verið á þessum vettvangi og þá er vitnað í þetta skeyti sem ég hef lesið hér, fyrra skeytið frá Trimble varðandi Erling Ellingsen og Teresíu Guðmundsson. Síðan fjallar Helgarpósturinn nánar um þessi vinnubrögð og bendir á að enginn fjölmiðla, ekki núverandi stjórnarflokka, ekki Morgunblaðið, ekki Tíminn, hafi tekið við sér eða greint frá þessum upplýsingum. Ekki stafkrók að finna um þessar upplýsingar þar. Og það segir einnig í Helgarpóstinum, leiðara:

„Menntamálaráðherra Birgir Ísl. Gunnarsson fékk í framhaldi af kröfu Sverris Hermannssonar og fleiri þingmanna ungan sagnfræðing austur í Þýskalandi til að taka saman skýrslu um fréttaflutning ríkisfjölmiðlanna. Sá er flokksbróðir ráðherra eins og flestir þeir sem þora ekki að eiga fortíð í utanríkismálum."

Það er Helgarpósturinn, ritstjóri, sem lætur þessi orð falla. Ekki vissi ég að virðulegur sagnfræðiprófessor hefði flokksskírteini í Sjálfstfl., en það er hér fullyrt. Hann gæti verið góður fræðimaður þess vegna.

Fleiri hafa látið frá sér heyra um þessi efni og menn sem eiga að þekkja til, þar á meðal Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur sem í viðtali við Þjóðviljann 15. apríl sl. gagnrýnir harðlega að Þór sest með sínu framlagi í þessari skýrslu í dómarasæti og virðist ekki einu sinni hafa lesið Helgarpóstinn, sem greindi frá þessum atriðum, sem ég hef hér vakið athygli á, og að „dómaraárátta og sérkennileg vinnubrögð eru helstu einkenni þessarar skýrslu", sagði Þorleifur í Þjóðviljanum, „þannig að það er ekki laust við að maður velti því fyrir sér hvort hér sé um pantaða niðurstöðu að ræða." Þetta er orðrétt haft eftir þessum sagnfræðingi sem gaf í fyrra út bók sem hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér, ekki síst þingmenn Alþfl. sem höfðu ástæðu til þess, og heitir Gullna flugan og er fyrra bindi athugana á sögu Alþfl. og þeirra stoða sem rennt var undir starfsemi hans hér fyrr á árum. Það er von á framhaldi af þeirri bók.

Já, það mætti í marga vitna í sambandi við efni þessarar skýrslu og umræður um þessi mál. Ég vek athygli manna t.d. á ummælum Helga Skúla Kjartanssonar, sem ég hygg að eigi flokksskírteini í Alþfl., og birt var í Alþýðublaðinu 30. des. sl. undir fyrirsögninni „Fréttaupphlaup útvarpsins og æra Stefáns Jóhanns". Þar er ekki að finna þessa svarthvítu lýsingu sem hæstv. menntmrh. dregur hér fram og sagnfræðingur hans. Það er ekki að finna í þessari umfjöllun Helga Skúla Kjartanssonar í Alþýðublaðinu 30. des. sl. Menn ættu að kynna sér það sem þar segir um þessi efni.

Og þá kem ég að því sem ég tel að skipti miklu í þessu máli áður en ég fer nánar út í upplýsingarnar úr pakkanum sem ég afhenti hæstv. ráðherra áðan, en það er spurningin um heimildir, það er spurningin um aðgang að heimildum til þess að menn geti fjallað með eðlilegum hætti en ekki í æsifréttastíl um sögu þessa tímabils. Hvar eru gögnin, hvar eru íslensku gögnin um sögu þessa tímabils, frumheimildir íslenskra stjórnvalda? Grafin í kössum einhvers staðar í fórum kannski Þjóðskjalasafns, kannski utanrrn., kannski geymslum úti í bæ, því ekki hefur nú verið búið þannig að íslenskum söfnum og þá sérstaklega Þjóðskjalasafni að það hafi verið fært um að flokka og taka við lögum samkvæmt gögnum íslenskra stjórnvalda hvað þá að hafa þau aðgengileg.

Fyrir rúmu ári setti ég fram þá kröfu í umræðu um utanríkismál hér á Alþingi, þar sem ég ræddi sérstaklega birtingu á hluta skjala frá árunum milli inngöngunnar í NATO og fram að komu hersins hér vorið 1951, birtingu þeirra gagna á vegum bandarískra stjórnvalda, en búið er samkvæmt bandarískum lögum að létta trúnaði af hluta af þessum gögnum. Það var Helgarpósturinn sem kom inntaki þeirra plagga, það var ekki Þjóðviljinn, það var Helgarpósturinn sem kom inntakinu á framfæri með því að þýða úr þessum opinberu plöggum sem Bandaríkjastjórn birti á fyrri hluta árs 1987. Þarna er að finna mjög athyglisverða hluti sem ég ætla ekki að fara að rekja hér nánar, en þetta varð mér tilefni til þess í umræðum um utanríkismál í mars 1987 að reisa þá kröfu að íslensku gögnin frá þessum tíma yrðu reidd fram og það yrði komið reiðu á birtingu skjala íslenska stjórnarráðsins, þar á meðal og ekki síst íslenska utanrrn., varðandi samskipti Íslands við erlend ríki. Hæstv. þáverandi utanrrh. Matthías Á. Mathiesen lofaði að taka málið til athugunar og ég

ítrekaði þetta í utanrmn. og enn var málið til athugunar og hæstv. ráðherra fór úr valdastóli og málið var enn til athugunar. — Já, þetta eru athyglisverð plögg, hv. 4. þm. Austurl. Er það ekki? (Gripið fram í.) En það var síðan í umræðu vegna þessa svokallaða Tangen-máls að ég tók á ný upp kröfuna um það að íslenskar heimildir yrðu gerðar aðgengilegar, og það var meginástæðan fyrir því að ég óska hér eftir 12. nóv. sl. umræðu utan dagskrár, að það væri ekki verið að túlka Íslandssöguna í gegnum erlenda penna eingöngu, að menn hefðu til samanburðar a.m.k. íslensku gögnin til að skoða, sagnfræðingar sem almenningur, áður en farið væri að kveða upp dóma og kannski þunga dóma og kannski að ósekju um íslenska menn á grundvelli gagna frá erlendum sendimönnum úr erlendum skjalasöfnum.

Hæstv. utanrrh. núverandi, Steingrímur Hermannsson, lofaði að taka á málinu og hæstv. forsrh. sagði: Jú, ég er búinn að fela hópi manna að móta reglur um birtingu á skjölum. — Ekkert hefur síðan af málinu spurst, ekki neitt, ráðherrarnir þöglir sem gröfin um þessi efni og hér er komið með skýrslu sem hefur það m.a. að markmiði auðsæilega að biðja fréttamenn á Íslandi um að vera sem allra minnst að grafa í þennan haug.

Ja, það er kannski eðlilegt. Það er ekkert skemmtilegt að fara í gegnum þessi plögg mörg hver. Það er engin skemmtisaga sem lesin verður út úr þessum pakka hérna. (**AG:** Er hægt að fá pakkann?) Já, ég skal bæta úr því, virðulegur þingmaður Albert Guðmundsson, við fyrstu hentugleika.

Í þessum gögnum er m.a. að finna skýrslu sem dagsett er 4. ágúst 1948, send utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna, Norður-Evrópu skrifstofunni, af 1. sendiráðsritara Trimble, og efnið: Áhrif kommúnista á Íslandi og tillögur um úrbætur — „remedial measures" á enskunni. Í þessu plaggi upp á átta síður rekur Trimble áhrif þeirra sem hann kallar kommúnista hér á Íslandi sem séu sterkari á þessari eyju en annars staðar í Vestur-Evrópu að frátöldu Frakklandi og Ítalíu. Þeir séu ekki aðeins drottnandi í verkalýðshreyfingunni heldur séu menntamenn með fáum undantekningum með rauðlituð viðhorf eða „pink". (**SvH:** Þetta er nú liðin saga.) Þetta er nú liðin saga, segir hv. þm. Sverrir Hermannsson sem var hér að kveða upp sína dóma um sögu þessa tíma úr ræðustól áðan. Hann hefur ekki mikinn áhuga á þessu eftir að kemur að því að líta á þessi plögg. — Þeir séu ekki aðeins drottnandi í verkalýðshreyfingunni heldur séu menntamenn með fáum undantekningum með rauðlituð viðhorf. Í lögregluunni í Reykjavík — ég bið menn að halda sér — séu kommúnistar með nálægt 30% styrkleika. Það er von að mönnum liði ekki vel upp við Laufásveg. Félagar í Kommúnistaflokknum og stuðningsmenn séu starfandi í öllum ráðuneytum nema utanríkisráðuneytinu. Venjulega sé um stöður undirmanna að ræða, en undantekning sé, og syrtir þá heldur betur í lofti, undantekning sé Veðurstofa Íslands þar sem styrkur kommúnista sé talinn 70%. Einnig hafi þeir tangarhald í öflugri verslun þar sem er KRON í Reykjavík.

Þá rekur Trimble í þessu plaggi helstu ástæður fyrir styrkleika kommúnista: vöntun á öflugu mótvægi á vinstri væng stjórnmálanna, — Og hann, eða kannski var það sendiherrann sem fær síðar orðið, kemur sérstaklega að því að þeir séu nefnilega svo *helvíti hægrisinnaðir, foringjar krata.* Það sé ein skýringin á styrkleika þeirra sem hann kallar kommúnista. — *klókindi forustumanna,* stöðuna sem þeir fengu með aðild að nýsköpunarstjórninni, ýkta þjóðernisvitund Íslendinga. Ýkta þjóðernisvitund Íslendinga! Forusta kommúnista í þjóðernisbaráttu hafi skilað þeim miklu. Hún hafi komið í veg fyrir — og hér kemur túlkun bandaríska sendimannsins — þessi forusta kommúnista hafi komið í veg fyrir samningaviðræður um langtímaherstöðvasamning við Bandaríkin 1945 og hafi verið ástæðan fyrir verulegum breytingum á upphaflegum hugmyndum Bandaríkjanna varðandi Keflavíkursamninginn.

Þá getur Trimble um aðgang kommúnista að *gildum sjóðum, líklega frá sovéskum innistæðum* í New York, sem m.a. séu notaðir til að styðja við hið öfluga *málgagn* Þjóðviljann.

Og svo koma tillögurnar um úrbætur, „remedial measures". Hann víkur þar að því fyrst, áður en hann fer að gera nákvæmar tillögur, að nokkuð hafi hallað undan fyrir kommúnistum eftir að ný ríkisstjórn, það var Stefanía sem við köllum, var mynduð í febrúar 1947. Þrátt fyrir það séu þeir „far too strong in a country possessing so great a strategic importance for us" — allt of sterkir í landi sem hefur svo mikla hernaðarlega þýðingu fyrir okkur.

Svo segir hann: „Því ættum við við þessar aðstæður að hafa frumkvæði um skref sem til þess væru fallin að hraða því sem ella yrði í besta falli hægfara þróun", hraða undanhaldi kommúnistanna. Í þessu sambandi hvetur Trimble til varkárni. „Við ættum að nota eftir því sem hægt er óbeina nálgun [eða indirect approach] til að komast hjá því að vekja grunsemdir hjá almenningi sem fyrir fram hefur tilhneigingu til að vantreysta útlendingum og koma þannig í veg fyrir öll okkar markmið." — Bölvaðir Íslendingarnir.

Í mörgum tilvikum þarfnist líka áætlunin um úrbætur samvinnu ákveðinna erlendra ríkja, einkum Norðmanna, en Íslendingar telji sig sérstaklega tengda þeim.

Aðgerðarlisti Trimbles er í 13 tölusettum liðum og reyndar einn til viðbótar. Sendiherra upp við Laufásveg á þessum tíma, ætli sendiráðið hafi ekki verið þar einnig þá, hét Richard Butrick og hann var beðinn af utanrrn. Bandaríkjanna um álit sitt á tillögum Trimbles. Sá svaraði til bráðabirgða 8. okt. 1948 og síðan ítarlegar þann 10. nóv. 1948, og það er sú skýrsla sem hér er í ljósriti, eftir að hafa fengið skriflegar umsagnir frá þremur starfsmönnum sendiráðsins öðrum en þessum Trimble. Þessir starfsmenn, sem veittu umsögn, voru George H. Reese,

menningarfulltrúi sendiráðsins, Kenneth A. Byrnes, 2. sendiráðsritari, og John A. McKerson, 3. sendiráðsritari. Ég mun geta hér nokkurra atriða af því að það tengist þessu máli og athugun sagnfræðiprófessorsins á tengslum íslenskra valdamanna á þessum tíma við erlenda sendimenn. Þá vil ég grípa aðeins niður í þessum punktum, þessum tölusettu tillögum Trimbles mönnum til glöggvunar, en ég verð að sleppa hér mörgu, virðulegur forseti, tímans vegna.

Þar er fyrst vikið að erlendri fjárhagsaðstoð. — Þetta er ekki orðrétt, en þetta er efnislega sett saman eftir bestu vitund, sumt orðrétt og þá get ég þess.

Erlend fjárhagsaðstoð, ráðgjöf og aðstoð til að blása lífi í Alþýðuflokkinn, m.a. til stuðnings Alþýðublaðinu svo og með heimsóknum krata frá Skandinavíu og Vestur-Evrópu. Fjárhagsaðstoðin ætti að berast um erlenda farvegi, séð frá Bandaríkjunum, ekki beint frá þeim, helst sem gjöf frá norska Verkamannaflokknum. — Kannast menn nokkuð við það? Hvað segir í Gullnu flugunni? Kannski líta menn í hana.

Butrick sendiherra hafnar hugmyndinni um fjárhagsstuðning m.a. af þeim ástæðum að með henni séu menn að taka Alþýðuflokkinn sérstaklega upp á arma sína og blanda sér, eða „meddle“ eins og hann notar á enskunni, með þessum hætti í íslensk innanríkismál. Sjálfstæðisflokkurinn sé traustasti vinur Bandaríkjanna, „our staunchest friend“, en í bæði Alþýðu- og Framsóknarflokki sé sterkur vinstri vængur, sbr. atkvæðagreiðsluna á Alþingi um Keflavíkursamninginn. Sem sagt: Það gæti verið tvíbent að styðja þennan flokk, Alþýðuflokkinn, vegna þess að það er sterkur vinstri vængur, hver veit nema hann kæmist yfir sjóðina. Muna menn nokkuð eftir hvað gerðist 1952 þegar Hannibal Valdimarsson var kosinn þar forseti? Þá hófst nú samkeppnin um aurana svo þetta var kannski svolítið klókt ályktað hjá Butrick.

Alþýðuflokkurinn undir forustu Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra, segir sendiherrann, sé hvorki dauður né deyjandi. Stefán ferðist oft til Skandinavíu og Alþýðuflokkurinn viti því hvað sé að gerast í umheiminum. Hugmyndin um fyrirlestraferðir erlendra verkalýðsfulltrúa til Íslands sé hins vegar mjög góð. Sjálfur hafi hann rætt þá hugmynd nokkrum mánuðum áður. — Við hvern? Við hvern ætli sendiherrann hafi rætt þá hugmynd að fá fyrirlesara erlendra verkalýðsfulltrúa? Hann ræddi það við íslenska forsætisráðherrann. Og hann muni sjá um hana, forsætisráðherrann, innan tíðar. „I shall remind him of it on a propitious occasion“ — bætir hann við. Ætlar að minna hann á það við hentugt tækifæri. Sendiherrann segist hafa í huga háttsettan bandarískan verkalýðsforingja sem sé vel kunnugur brögðum kommúnista í verkalýðshreyfingunni.

Svo kemur hér kafli um erlenda fyrirlesara og þar er m.a. vitnað í hve árangursríkt var að fá Arnulf Överland hingað. Ég fjalla nú ekki meira um það.

Svo er það að bandarískt herinn ætti að kaupa fiskafurðir til nota í Þýskalandi, fiskafurðir af Íslendingum, og sendiherrann þóttist nú hafa lagt sitt af mörkum til þess. Og svo kemur að því að rætt er um að koma íslenskum mönnum úr störfum, íslenskum mönnum með óæskilegar skoðanir. Og hvað segir nú þar, með leyfi virðulegs forseta, og nú er það tilraun til orðréttrar þýðingar:

„Í samvinnu við Norðmenn og e.t.v. Breta“ — og það er gott að virðulegur núverandi formaður utanrmn. er kominn hér til að hlýða á umræður um þetta því þetta er alþjóðlegt eins og heyra má — „ættum við að undirstrika við ráðherra í ríkisstjórninni íslensku afgerandi nauðsyn þess, „absolute necessity“, út frá þeirra eigin hagsmunum að fjarlægja kommúnista úr öllum áhrifastöðum, þar á meðal úr skólum og Háskólanum. Viss skref hafa þegar verið stigin í þessa átt.“ — Þetta er skrifað 4. ágúst 1948. — „Yfirráð kommúnista á Ríkisútvarpinu brotin á bak aftur og kommúnisti í stöðu flugmálastjóra fluttur til í starfi.“ Ætli sé ekki ánægjulegt að geta fært í letur í bandarískra sendiráðinu þennan árangur? „En þrátt fyrir andkommúnískar skoðanir eru ráðherrar í ríkisstjórninni hræddir um að verða ásakaðir um pólitískar ofsóknir og hafa því tilhneigingu til að slá málinu á frest.“ — Þeir eru nú ekki burðugri en þetta, ráðherrarnir í íslensku ríkisstjórninni.

Butrick sendiherra segist í umsögn sinni sjálfur hafa minnt á þetta við hvert vænlegt tækifæri og ríkisstjórnin hafi ekki látið sitt eftir liggja. Þetta segir hann í mati sínu á þessum tillögum 10. nóv. 1948. Nefnir hann í því sambandi Erling Ellingsen flugmálastjóra, en þurft hafi lög á Alþingi til að ýta honum til hliðar. Sameiginlega flugvallarnefndin, eða „Joint Airport Committee“, hafi verið vakin til lífsins að hans frumkvæði, sendiherrans, með fullri samvinnu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar sé erfitt að sanna á Íslandi — og takið nú eftir áhyggjunum: Hins vegar sé erfitt að sanna að maður sé kommúnisti á Íslandi ekki síður en í Bandaríkjunum og því: „Við ættum ekki að vera óþolinmóðir gagnvart íslensku ríkisstjórninni né heldur loka augum fyrir vandamálum hennar. Síðast af öllu viljum við ráðast í aðgerðir sem komi ríkisstjórninni í opna skjöldu eða geti gert stöðu hennar óvissa“, síst af öllu. „Svarið við þessari tillögu er því að halda áfram þeirri mótuðu stefnu að knýja á um það við hagstæð tækifæri að fólki með kommúnískar tilhneigingar verði vikið úr valda- og áhrifastöðum.“ Tilvitnun í þennan punkt í ummælum og mati sendiherra Bandaríkjanna lýkur.

Svo er hér fjallað um það að stinga greinum að ritstjórum andkommúnísku blaðanna eða forustumönnum flokkanna til að leggja út af og ég hleyp nú yfir það, og þetta með bandarískar bækur og tímarit sem þurfi að reyna að koma sem víðast að á Íslandi og leiddi m.a. til þess að safnað var saman notuðu skrani, tímaritum suður á velli, til að dreifa í skólum og menntastofnunum og sjúkrahúsum hér inni á

meginlandinu, utan vallarins. Það er nú ekki stórt í þessu samhengi kannski. Og svo andkommúníska bandaríska kvikmyndir og það verður auðvitað að gæta þess að þær hafi auðmeltanlegt skemmtigildi. Það þýðir ekkert að sýna þeim „Henry the 5th". Hann gekk ekki á Íslandi, segir sendiherrann. Þetta verða að vera myndir með auðmeltanlegt skemmtigildi.

Það var nefnilega svo að þeir skildu hvað klukkan sló þarna upp við Laufásveginn á þessum tíma og sáu fyrir það sem Matthías Johannessen, ritstjóri Morgunblaðsins, fjallar um svo vel í Reykjavíkurbréfi í gærdag og ástæða væri fyrir alþm. að lesa það sem hann tekur sér í munn, hernám hugarfarsins í sambandi við þann lágkúrulega skemmtiiðnað sem látinn er ganga hér yfir landslýðinn af svokallaðri frjálsri fjölmiðlun sem hæstv. menntmrh. ætlar nú að fara að efla á sama tíma og hann passar að koma kefli upp í þá hjá Ríkisútvarpinu.

Já, og svo kemur hérna varðandi einn forustumann sem stóð stundum í stóli hér á Alþingi fyrr á árum og einhverjir minnast og er enn á lífi: „Viðleitni íslenskra kommúnista til að sýnast sannir föðurlandsvinir mundi bíða alvarlegan hnekki ef ráðuneytið gæti látið forsrh. eða utanrrh. í té til birtingar á réttu augnabliki eins og í kosningabaráttu skjalfestar vísbendingar sem tengdu Einar Olgeirsson, aðalritara Kommúnistaflokksins, við sovéskan njósnahring." Trimble segir að talið sé líklegt að slíkar upplýsingar séu í höndum CIG í Þýskalandi, Central Intelligent — sennilega — Germany. „Þessu er ég hjartanlega samþykkur", skrifar Butrick sendiherra. Hins vegar hafi ráðuneytið í símskeyti 15. jan. 1948 hafnað fyrstu beiðni um þetta. „Ég yrði hins vegar mjög hamingjusamur ef nú yrði á þetta fallist", segir sendiherrann.

Undir sama tölulið nefnir Trimble: „Á svipaðan hátt væri það afar gagnlegt ef hægt væri að láta sendiráðinu í té kópíur af ljósmyndum af meintum sovéskum hernaðarmannvirkjum á Svalbarða til varfærinnar dreifingar meðal ráðherra í ríkisstjórninni." — Kópíur af meintum hernaðarmannvirkjum sovéskum á Svalbarða. Undir þessa beiðni tekur Butrick sendiherra að sjálfsögðu eindregið.

Og svo er það fleira hér. Trimble leggur til: „Við ættum að hvetja forustumenn andkommúnistísku flokkanna að stofna flokkssveitir, „Party Militia", og sjá ætti til þess á laun að þær fengju í hendur létt vopn og skotfæri." — Hvað segja menn um þessar tillögur? Það væri nú fróðlegt að fara yfir þær nánar.

Hann rökstyður þessar tillögur sínar, Trimble, með því að íslenskir kommúnistar gætu framkvæmt valdarán með fimm hundruð manna liði og haldið velli nógu lengi til að geta eyðilagt mannvirki á Keflavíkurflugvelli: „Auk þess er talið að þeir séu þess albúnir að framkvæma þetta hvenær sem skipun kæmi um það frá Moskvu", segir hann orðrétt í skýrslunni.

Butrick telur þetta vandkvæðum bundið. Hér væri um að ræða „meddling" í íslensk innanríkismál. Óæfðar sveitir væru í reynd gagnslausar og ekki væri unnt að koma þeim á fót án þess að Kommúnistaflokkurinn kæmist á snoðir um það. Ef ráðast ætti í þetta yrði ríkisstjórnin að hrinda því í framkvæmd. Og svo segir hann: „Í raun hefur verið stungið upp á þessu af engum öðrum en Hermanni Jónassyni, sem gerir hugmyndina tortryggilega í mínum augum." Og kemur seinna að því, ef við vildum fara að rekja hvað um Hermann þennan Jónasson er sagt á þessum blöðum, í þessum pakka. Það er svolítið skrautlegt. Og jafnvel minnst á son hans. (**ÓÞÞ:** Hann var nú vel þjálfaður.)

Já, en síðan, og við skulum taka eftir því: „Það gæti leitt til falskrar öryggiskenndar meðal Íslendinga að hafa svona vopnaða liðssveit. Það gæti unnið gegn öllum áætlunum um raunveruleg hernaðarleg mannvirki", effective military garrison. Sem sagt: að hafa einhverja sveit innlendra manna undir léttum vopnum gæti bara komið í veg fyrir að fallist yrði á kröfu okkar um herstöð og herlið á Íslandi. Þetta er 1948.

Um nákvæmari upplýsingar varðandi það síðast talda, þ.e. effective military garrison, vísar sendiherrann í leyndarskjal nr. 314 frá 11. nóv. 1948.

Svo er vikið að því í einum punkti Trimbles að sendiráðið ætti að fylgja eftir beiðni dómsmrh. Bjarna Benediktssonar um að senda undirmenn sína til Bandaríkjanna til að kynnast aðferðum og tækni kommúnista hjá alríkislögreglunni FBI. Setja ætti á fót gagnnjósnaþjónustu sem mundi vinna með FBI og samsvarandi stofnunum í Skandinavíu.

Það má reyndar geta þess áður en við kveðjum alveg þessar vopnuðu liðssveitir að einn af undirmönnum sendiherrans vildi að það yrði helst gengið bara beint til verks og þeir yrðu látnir hafa handsprengjur og menn væru ekkert að tvínóna við þetta og færu þarna yfir á þennan Þjóðvilja og létu þær ríða þar inn í húsin, ef menn ætluðu að ganga hreint til verks.

Já, en þetta var hugmynd sem þeir bera dómsmrh. Íslands fyrir, að senda undirmenn til Bandaríkjanna til að kynnast aðferðum og tækni kommúnista hjá alríkislögreglunni þar. Butrick segir slíka þjálfun Íslendinga vera hluta af áætlun ráðuneytisins í upplýsinga- og menntunarsamskiptum. Beiðni ákveðins fulltrúa í íslenska stjórnarráðinu um FBI-þjálfun hafi verið send áfram 19. okt. 1948. Frekari beiðnir muni sendar í framtíðinni. „Litið er svo á", segir sendiherrann, „að sú ákvörðun sem loks var tekin um að senda þennan tiltekna fulltrúa í dómsmrn. til Bandaríkjanna í sérþjálfun . . ." (**ÓÞÞ:** Hver var það?) Æ, eigum við nokkuð að vera að rifja það upp í þessari sókn? — „hafi ráðuneytið haft í huga gagnnjósnastarfsemi. Hvernig hún verði þróuð þegar [fulltrúinn] kemur til baka er komið undir dómsmrh. sem verður að ganga fram með varúð þar sem starfsemi opinbers embættismanns gæti orðið tilefni til mikilla og jafnvel pólitískt hættulegrar gagnrýni. Pólitískar njósnir eru hins vegar engin nýjung á Íslandi. Allir pólitísku flokkarnir leyfa sér

njósnir hver um annan. Líklegt er að komast mætti að mörgu um leiðtoga íslenskra kommúnista með réttri njósnatækni.“ Með réttri njósnatækni!

Svo er þetta með fjárstuðninginn: „Rannsaka ætti hvort íslenskir kommúnistar hafi fengið fjárstuðning frá Bandaríkjunum og sérhver vísbending sem um það fyndist yrði afhent íslenska utanríkisráðherranum.“ Butrick sendiherra segist hafa þetta í huga. „Það er ekki líklegt“, segir hann, „að okkur takist að ná miklum upplýsingum um þetta, þar eð íslensku ríkisstjórninni með langtum betri aðstöðu hefur ekki tekist að grafa upp erlendar fjáruppsprettur Kommúnistaflokksins.“ Og situr víst við þá niðurstöðu enn í dag að því er ég best veit. (**Gripið fram í:** Hafa þeir ekki komist að þessu enn?) Ja, ekki er mér kunnugt um það. Kannski Þór Whitehead viti eitthvað betur, ég veit það ekki.

Og Trimble sem byrjaði á krötunum endar á kirkjunni. Það er kannski ekki rétt að fara mörgum orðum um það guðlast sem þar er uppi haft. En eitthvað er það á þessa leið: „Ýta ætti undir þann andkommúnisma sem fyrir er hjá íslensku þjóðkirkjunni og láta hana fá andkommúnískar bækur. Einnig ætti að koma á heimsóknum lútherskra guðsmanna af skandínavískum uppruna.“ Butrick sendiherra segist þegar vinna í þessa átt. Hins vegar megi ekki gera of mikið úr áhrifum þjóðkirkjunnar. Eitthvað var verið að fjalla um það sama í dagblaðinu Tímanum hér um daginn, að það stæði ekki vel með kristindóminn. Biskup hennar hafi hingað til ekki reynt að hafa áhrif á pólitískan hugsunarhátt prestanna, en hann, sendiherrann, hafi fyrir því öruggar upplýsingar að biskupinn hugsi sér það nú. Sendiráðið hafi beitt hann mildum áhrifum — biskupinn yfir Íslandi — í gegnum mjög náinn vin hans sem er fremur velviljaður Bandaríkjunum, „rather pro-american in belief“. Í þessu efni þurfi að starfa varlega til að vinna ekki gegn eigin markmiðum. Sendiráðið láti nú presta þjóðkirkjunnar fá upplýsingar af réttri gerð öðru hvoru. Gott gæti verið að fá heimsóknir guðsmanna erlendis frá öðru hvoru, en þær gætu ekki þjónað þeim tilgangi að snúa núverandi biskupi til andkommúnisma. „Hann er þegar staðfastur andkommúnisti“, segir sendiherrann. Svo það þarf ekki að kristna hann frekar í þeim efnum.

Svo er vikið hér að öðrum aðferðum ýmsum, ýmsar aðferðir sem hægt væri að aðlaga íslenskum aðstæðum, og sendiherrann telur í þessu sambandi upp margt sem sendiráðið hafi unnið að til að klekkja á íslenskum kommúnistum. „Mikið af upplýsingum var afhent sendiráðinu af hernum“, segir sendiherrann orðrétt, „þegar hann [þ.e. herinn] fór frá Íslandi. Við erum að koma reiðu á þær spjaldskrár [eða „files“] með sérstöku tilliti til einstaklinga með kommúnísk viðhorf (þ.e. „communist tendencies“]. Við erum að bæta við þessar skrár og gera þær „up to date“ eins og kostur er. Við höfum beðið um „watch-list“ [hvernig sem á nú að þýða það, vaktlista eða eitthvað þess háttar.] frá ráðuneytinu til aðstoðar í þessari viðleitni. Við erum nú að undirbúa sendingu með skrám yfir vel þekkta íslenska kommúnista sem búsettir eru erlendis svo að fylgjast megi með gjörðum þeirra. Við fylgjumst með og látum vita um gjörðir útlendinga. Við látum stöðugt vita um aðra þætti í aðgerðum kommúnista, svo sem verkalýðsfélög, verkföll o.s.frv. Við höfum í hyggju að koma á fót liðssveit nokkurra Íslendinga, sem hægt er að treysta fullkomlega, sem tækju að sér útgáfu bóka og bæklinga á íslensku um áhugaverð efni. Þessi áform eru á byrjunarstigi“, segir sendiherrann. „Við höfum ekki haldið að okkur höndum við að hafa áhrif á fjölmiðla [eða „the press“] svo að þeir beiti sér skeleggar gegn kommúnistunum. Í sendingu sendiráðsins nr. 142 frá 12. maí 1948 nefndi ég að ég hefði lagt að forsætisráðherranum að ráðlegra væri að sækja fram fremur en að setja sig í varnarstellingar.“ (**AG:** Hvaða forsætisráðherra er þetta?) Þetta er 1948.

Í þessu sambandi er vert að skoða skýrslu um fund Thors Thors sendiherra Íslands í Bandaríkjunum. Það er þessi hérna. Skýrsla um fund Thors Thors, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, og Francis Cunninghams frá Norður-Evrópudeild bandaríska utanríkisráðuneytisins. Skýrslan er skráð af utanríkisráðuneytinu bandaríska og dagsett 16. ágúst 1948 og fjallar um rekstur Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli samkvæmt samningnum frá 1946. Þar er mál Erlings Ellingsens flugmálastjóra fyrst og enn á dagskrá. En síðar kemur að óskum Bjarna heitins Benediktssonar utanrrh. um að fá vinnu fyrir fleiri Íslendinga á vellinum. Bandaríkjamenn tóku líklega undir það erindi, en í því sambandi segir í skýrslunni: „Í þessu sambandi sagðist hr. Thors skilja að bandarísk stjórnvöld hefðu ekki áhuga á að sjá kommúnista ráðna til starfa í Keflavík. Af þeim sökum væri nauðsynlegt að framkvæma einhvers konar greiningu á pólitískum skoðunum umsækjenda. Ég [þ.e. Cunningham] skildi það svo að hr. Butrick [sendiherrann] hefði farið fram á aðstoð tveggja stjórnmálaflokka við að fara yfir [eða „screening“] lista yfir væntanlega starfsmenn. Þetta sýndi sig að vera mjög tímakrefjandi eða tafsöm framkvæmd. Það væri því miður satt að engar skjótfengnar eða öruggar upplýsingar lægju fyrir um íslenska kommúnista. Hr. Thors gat þess að hann skildi fullkomlega hik okkar við að ráða kommúnista til starfa.“

Á sama fundi voru einnig rædd hin miklu áhyggjuefni út af Veðurstofu Íslands þar sem Bandaríkjamenn töldu eins og áður er getið 70% starfsliðsins vera kommúnista og veðurstofustjórann Teresíu Guðmundsson í þeim hópi. Í þessu sambandi minnti Cunningham Thor Thors sendiherra á að þegar á árinu 1947 hefði hr. Trimble, sá sem lagði á ráðin um sóknina gegn kommúnistunum á Íslandi, komið þeim boðum til íslenskra stjórnvalda að bandaríska veðurstofan væri reiðubúin að taka Íslendinga í nokkurra mánaða þjálfun á kostnað Bandaríkjanna, náttúrlega til að skipta síðan út og minnka þessi voðalegu 70% þarna uppi á Veðurstofu. „Hug-

myndin var að þeir hinir sömu yrðu síðan starfsmenn íslensku Veðurstofunnar", segir í skýrslunni, „en e.t.v. mundu Íslendingar óska endurgreiðslu á slíkum launum frá ICAO." Er það ekki alþjóðaveðurstofan eða einhver slík samtök? „Þetta boð stendur enn og hr. Butrick mun líklega minna Íslendinga á það", segir í skýrslunni. „Við ættum erfitt með að skilja", segir þessi Cunningham við Thor Thors, „hvers vegna engir umsækjendur hefðu gefið sig fram nema það væri að frú Guðmundsson [það er Teresía] hefði lokað á umsóknir vegna kommúníska skoðana sinna. Hr. Thors spurði hvort við teldum hana kommúnista. Ég sagði svo vera. Hann benti á að leiðin til að komast fram hjá hindrunum af hennar völdum væri að nálgast hærra sett stjórnvöld. Ég sagði að við hefðum nálgast hærra sett stjórnvöld og mundum gera það aftur."

En snúum okkur til baka til Íslands þar sem hr. Butrick skrifar skýrslu sína 10. nóv. 1948. Hann hefur haft nokkrar áhyggjur af sumum framsóknarmönnum og málgagni þeirra Tímanum, en sér nú fram á betri tíð: „Vegna persónulegra aðgerða minna", segir sendiherrann, „birtist grein um Kósenkinamálið í Tímanum," — Það hljómar eitthvað slavneskt þetta Kósenkina, en ég kann ekki að skýra það nánar. — „málgagni Framsóknarflokksins, sem hefur verið mjög hikandi að beita sér gegn kommúnismanum. Fyrir dagblaðið Tímann var hér um róttæka kúvendingu að ræða frá viðtekinni stefnu." Og svigaskýring sendiherrans er þessi: „Tíminn er mjög undir áhrifum Hermanns Jónassonar, pólitísks tækifærissinna með vinstri tilhneigingar."

Raunar kemur Hermann þessi Jónasson allvíða við sögu í þessum frásögnum, í þessum pakka sem ég afhenti hæstv. menntmrh. til þess að hann gæti stungið honum að sagnfræðiprófessornum Þór Whitehead þegar hann fer að rýna áfram í þessi fræði og kannski endursemja skýrsluna um Tangenmálið svokallaða. Framarlega í skýrslu Butrick sendiherra frá 10. nóv. 1948 er Hermann þessi nefndur, eftir að taldir hafa verið upp nokkrir hættulegir kommúnistar sem þarflaust er að nafngreina hér svo þekkt eru þeirra nöfn. Og þar segir: „Hugsanlega er þó e.t.v. hættulegasti maðurinn á öllu Íslandi Hermann Jónasson, einn af forustumönnum Framsóknarflokksins sem stöðugt daðrar við Kommúnistaflokkinn á sama tíma og hann heldur vinskap við háttsetta meðlimi annarra flokka og játar vantrú sína á kommúnistum. Hann er pólitískur tækifærissinni", segir sendiherrann. Ég sé hann hrista sig.

En einnig þessar áhyggjur fóru minnkandi með árunum, og þetta er nú frekar gamansaga sem ég er að rekja hér, því að í fróðlegri skýrslu bandaríska utanríkisráðuneytisins, það er þessi hérna, frá 3. apríl 1953, sem greinir frá samræðum Thors Thors sendiherra og Raynor, framkvæmdastjóra BMA, þar sem m.a. er lýst inn í innbyrðis baráttu þáverandi stjórnarflokka, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, um hylli kanans og gróðann af hermanginu og nýjar kröfur um hernaðaraðstöðu eru á lofti hér uppi á Íslandi. En Raynor segir m.a. í skýrslunni og það tengist þessum gamanþætti um Hermann Jónasson: „Sumar af athugasemdum hans", segir Raynor, þ.e. Thors Thors, „staðfestu upplýsingar sem komið hafa frá sendiráðinu um að hr. Hermann Jónasson, sem er í forustu Framsóknarflokksins, er nú betur stemmdur, „more favorably disposed", gagnvart Bandaríkjunum og varnaráætluninni." Þetta kom fram þegar sendiherrann var að tala um hagstæð áhrif þess að senda fleiri stúdenta til Bandaríkjanna. Hann vitnaði til sonar hr. Jónassonar sem hafði numið á einhverju rafmagnssviði og hafði komið til baka til Íslands [þetta er 1953] sem svo eindreginn stuðningsmaður Bandaríkjanna að utanríkisráðherrann [þ.e. Bjarni Benediktsson] teldi að hann hefði haft talsverð áhrif á hugsanir föður síns, „his father's thinking".

Þeir eru allmargir sem koma við sögu á þessum blöðum fleiri en kommúnistarnir, þessir stórhættulegu. Þá eru til ýmsir sem eru að daðra við þá eða ráðast ekki nógu hart gegn þeim. En allt stendur þetta nú til bóta og þegar komið er fram á árið 1953 er farið að rofa til. Þá er líka komið herlið í Keflavík og athuganir í gangi að styrkja stöðuna þar á vellinum og mætti um það margt fleira segja, en ætli það sé ekki rétt, virðulegur forseti, að ég fari að ljúka þessari upprifjun hér.

Ég vildi koma þessum þáttum á framfæri í ljósi þess sem fram kemur í skýrslu hæstv. menntmrh. varðandi þetta svokallaða Dag Tangen mál þar sem dregið hefur verið inn á völlinn virt nafn, íslenskur sagnfræðiprófessor, Þór Whitehead, til þess að efna í vönd á íslenska fjölmiðla og til þess að kveða upp dóma um pólitíska íhlutun fréttamanna á Ríkisútvarpinu án þess að færa að því nokkur rök, án þess að tala við fréttamenn, án þess að reiða fram heimildir, sem honum áttu þó að vera aðgengilegar. Þetta Dag Tangen mál skiptir auðvitað engu í sambandi við sögumat á þeim tíma sem hér er til umræðu, ef menn hafa fyrir því að rýna í heimildir sem fram hafa komið eða liggja þá aðgengilegar fyrir og dr. Þór Whitehead hefur sjálfur sumpart dregið fram, m.a. úr vasabókum ráðherra eins og Bjarna Benediktssonar í áður nefndri grein í Skírni frá 1976. Þessi málafylgja, sem hér er uppi höfð af Sjálfstfl. og mönnum sem glæpast til að skrifa upp á beiðni um skýrslu úr öðrum flokkum, er með slíkum endemum og fádæmum að það hlýtur að vera lengi í minnum haft.

Menn skyldu átta sig á því að hér er verið að ráðast gegn grundvallarþáttum frjálsrar fjölmiðlunar á Íslandi og það á að vinna vel og það á að vinna hratt á vegum núv. hæstv. menntmrh. því að lesa mátti í Morgunblaðinu á laugardaginn var að hæstv. ráðherra hefur sett á fót nefnd til að fullkomna það verk sem hann hefur undirbúið með aðstoð sagnfræðingsins umrædda, Þórs Whiteheads, skipað nefnd og samkvæmt frásögn Morgunblaðsins á laugardaginn var er til þess stofnað með þessum

hætti, með leyfi virðulegs forseta:

„Útvarpsstjóri hefur skipað þriggja manna nefnd til að gera úttekt á stjórnun og rekstri fréttastofu Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, og skila áliti þar um til útvarpsstjóra ásamt tillögum sem fram kunna að koma um breytta skipan mála. Þá er nefndinni falið að yfirfara fréttareglur Ríkisútvarpsins og gera tillögur um breytingar á þeim eftir því sem þurfa þykir. Nefndinni hefur enn fremur verið falið að móta aðrar starfs- og siðareglur sem nefndin telur nauðsynlegar til að tryggja að markmiðum útvarpslaga og reglugerðar um Ríkisútvarpið varðandi fréttaflutning og fréttatengt efni verði náð „þannig að fréttastofa Ríkisútvarpsins gegni áfram forustuhlutverki í íslenskri fjölmiðlun við nýjar aðstæður í útvarpsmálum og njóti sem slík ótvíræðs trausts og virðingar allra landsmanna“ eins og segir í tilkynningu frá útvarpsstjóra. Nefndina skipa Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem er formaður, Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur og Ólafur Þ. Harðarson lektor. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar innlendra og erlendra sérfræðinga, fræðimanna og starfsmanna fjölmiðla ef þörf krefur. Áhersla er lögð á að nefndin hraði störfum og skili álitsgerð og tillögum sínum eins fljótt og unnt er.“

Þetta er tilvitnun í Morgunblaðið af frásögn um skipun þessarar nefndar frá laugardeginum síðasta. Menn kannast í þessum texta við orðalagið úr skýrslu hæstv. menntmrh. um traustið sem brugðist hafi verið, um breyttar siðareglur, um hertar kröfur, um það að brotin hafi verið útvarpslög og reglugerð um útvarpið. Það á að fylgja þessu máli eftir með þröngri vinnunefnd sem hæstv. menntmrh. hefur sett á laggirnar án þess auðvitað að hafa fyrir því að tala við starfsmenn á Ríkisútvarpinu um það hvað til stæði. Þeir fréttu af því eins og öðru fleira sem verið er að kokka uppi í menntmrn. á skrifstofu hæstv. ráðherra til þess að taka nú í lurginn á þessari stofnun með þeim hætti sem hæstv. ráðherra hefur haft tilburði til í þessari endemisskýrslu sem hann hefur lagt fyrir Alþingi.

Virðulegur forseti. Leyndin hjúpar enn fjölmargt varðandi íslensk utanríkismál frá fyrsta áratug lýðveldisins og síðar. Þess vegna eru upplýsingar frá þessum tíma fréttnæmar. Fréttamenn eiga auðvitað að vanda heimildir sínar. Fréttastofa Ríkisútvarpsins/hljóðvarps lenti á villigötum þar sem voru fullyrðingar Dags Tangens. Hann reyndist ótraust heimild. Slík mistök á ekki að nota til að setja rannsóknarrétt yfir fréttamönnum af hálfu stjórnvalda eða kveða upp dóma. Markmið þessarar skýrslubeiðni virðist einkum vera að hræða fréttamenn frá því að kafa ofan í sagnfræðilegar eyður þessa tímabils. Að því leyti er þessi umræða af annarlegum hvötum. Verði hún hins vegar til þess að flýtt verði fyrir birtingu íslenskra heimilda og flýtt fyrir sögurannsóknum á þessu afdrifaríka tímabili er umræðan á réttum stað.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér finnst það nokkuð undarleg málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Sögumaður í Noregi, þ.e. maður sem segist kunna sögu, fer með slúður er varðar íslensk stjórnmál. Fréttaritari í Noregi veitir þessu slúðri athygli og hleypur með það áfram. Íslenskir fréttamenn útvarpa þessari frétt. Síðan kemur í ljós við könnun að Tangen þessi hafði ekki gögn í höndum til að sanna mál sitt. Það sannaðist ekki að Stefán Jóhann Stefánsson fyrrv. forsrh. hefði haft tengsl við CIA. Það var auðvitað dómgreindarleysi að trúa Tangen þessum. Það sér maður eftir á.

Ég sá við hann sjónvarpsviðtal sem sjónvarpað var meðan á þessari hríð stóð og eftir það viðtal blandaðist mér ekki hugur um að þetta væri ekki ábyggilegur fræðimaður. Það má kannski liggja fréttastofunni á hálsi fyrir að hafa ekki áttað sig fyrr en hún gerði, en fréttastofan og hlutaðeigandi blaðamenn biðjast síðan afsökunar á mistökum sínum og þar með hefði þessu máli að mínum dómi átt að vera lokið.

Það féll enginn blettur á Stefán Jóhann Stefánsson af þessari umfjöllun og að því leyti til finnst mér þessi skýrslugerð óþarfi eftir að málið var upplýst og syndararnir búnir að iðrast. Ég verð að segja að mér finnst ritgerð Þórs Whitehead vera yfirdrifin og kenna í henni rokufréttastíls sem ljótt er að horfa upp á hjá slíkum fræðimanni og eftir að hafa lesið skýrslu Þórs Whitehead sýnist mér að hún sé skrifuð frá mjög ákveðnu pólitísku sjónarhorni og mér kemur það ekkert á óvart að þessi maður, sem hefur verið upplýst hér í umræðunum, sé félagi í Sjálfstfl.

Mér sýnist fullyrðing hæstv. menntmrh. á forsíðu vera óþarflega sterklega orðuð þar sem hann segir að dr. Þór Whitehead, sem nú dvelur við sögurannsóknir í Freiburg í Vestur-Þýskalandi, „er ótvírætt einhver fremsti sérfræðingur okkar í sögu íslenskra utanríkis- og öryggismála á 4. og 5. áratugnum og höfundur fræðilegra rita og ritgerða um þau efni“. Ég verð að segja að ég mun hér eftir lesa rit þessa fræðimanns með meiri varúð en ég hef gert, en ég hef lesið ýmislegt eftir hann og hef trúað því eins og nýju neti.

Síðan ber sig upp einn fréttamaður eða einn blaðamaður undan skýrslu þessari og sendir menntmrh. umkvörtun og formönnum þingflokka og ég ætla að leiða inn í þessa umræðu örlitla málsvörn sem sá fréttamaður, Stefán Jón Hafstein, telur sér til málsbóta og les ég hér, með leyfi forseta, þetta bréf frá 17. apríl 1988 og ég grípofan í bréfið:

„Vegna þess að í skýrslu dr. Þórs Whiteheads er þætti undirritaðs við umfjöllun málsins lýst á afar villandi hátt, þannig er vegið að starfsheiðri mínum og vegna þess að hvergi við undirbúning skýrslunnar var leitað upplýsinga frá mér eða sjónarmið mín könnuð leyfi ég mér að koma á framfæri við ráðherra meðfylgjandi greinargerð áður en ráðherra

fylgir skýrslunni úr hlaði frammi fyrir þingheimi. Þess er fastlega vænst að ráðherra geri Alþingi grein fyrir því grundvallaratriði í skýrslunni sem varðar framgöngu undirritaðs er röng.“ Þetta er skrýtilega til orða tekið. Ég held áfram:

„Ásökun í skýrslunni um að undirritaður hafi látist hafa heimild sem hann hafði alls ekki og stofnað til umræðu með vísvitandi blekkingum er röng. Í símtali við undirritaðan staðfestir dr. Þór Whitehead að hann hefði ályktað út frá þessari röngu forsendu. Hann viðurkenndi einnig að atriði sem þetta varða hefðu þurft að hafa komið fram. Við rannsóknina var aldrei leitað eftir upplýsingum frá undirrituðum.“

Undir þetta ritar Stefán Jón Hafstein.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi inn í þessa umræðu.

Ég tel að það sé alveg óþarfi að hamast á fréttastofu Ríkisútvarpsins með þeim hætti sem hér er gert. Vissulega urðu mönnum á mistök, en þeir hafa gert yfirbót og beðist afsökunar á því sem miður fór og þess vegna tel ég að málinu hefði þar átt að vera lokið.

Ég fæ það á tilfinninguna að nú eigi að kenna fréttastofunni lexíuna sem dugir. Mér finnst að hér eigi að fara að „terrorisera“ fréttastofuna og koma í veg fyrir að fréttamenn séu að grafa í málum sem menntmrh. eða flokki hans eru ógeðfelld, koma í veg fyrir að fréttamenn segi fréttir sem ráðherra þykja slæmar.

Ég tel að fréttamenn eigi að hafa leyfi til að hafa skoðanir á stjórnmálum. Þeir væru bara vesalingar og hefðu ekkert að gera í fréttamennsku ef þeir hefðu það ekki. En það hlýtur hins vegar að vera óhætt og reyndar nauðsynlegt að fréttamenn séu úr fleiri flokkum en Sjálfstfl. Ég tel að það sé mikilvægt að fréttamenn hafi starfsfrelsi. Ef þeim verður á og þeir eru trúgjarnir og hlaupa með staðlausa stafi á að taka gilda þeirra yfirbót. Í þessu tilfelli var skaðinn bættur. Orðstír Stefáns Jóhanns Stefánssonar fyrrv. forsrh. er ekki lakari. Hann er nákvæmlega samur og áður en þessi frétt var sögð. Þar af leiðir að þessi skýrslugerð er óþörf og þau stóryrði sem hér fylgja í kjölfarið skaðleg.

Það er mjög háskalegt að mínum dómi að ætla að „terrorisera“ fréttastofuna. Ríkisútvarpið hefur miklu hlutverki að gegna. Þar er mjög hæft starfslið. Það þarf auðvitað eðlilegt aðhald, en fúkyrði um fréttastofuna eiga ekki við og það er illt verk að reyna að grafa undan stofnuninni með þeim hætti sem mér sýnist vera hér gert.

Ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja í einstökum atriðum ýmis atriði í skýrslu Þórs Whiteheads, sem mér þykir vera ófræðimannleg, en ég get ekki stillt mig um að lesa örlítinn kafla á síðu 13, með leyfi forseta:

„Sumarið 1986 dvaldist undirritaður við rannsóknir í Bandaríkjunum til að undirbúa fyrrnefnda ritgerð og aðrar væntanlegar ritsmíðar um utanríkis- og öryggismál Íslendinga 1945–1951. Markmiðið var að kanna öll helstu gögn sem opnuð höfðu verið fræðimönnum um þetta efni á síðustu árum. Við þessa rannsókn kom í ljós að engin skjöl bandarísku leyniþjónustunnar CIA um starfsemi hennar á Íslandi eru tiltæk í söfnum vestra. Skemmst er frá því að segja að í heimildum frá öðrum stjórnarstofnunum og Bandaríkjaher fundust engar vísbendingar um Íslendinga sem starfað hefðu í þjónustu CIA.“

Ég verð að segja að ég hefði gjarnan getað trúað því að Ísland hafi ekki verið á landakorti CIA á þessum árum, en hræddur er ég um að svo hafi þó verið. En ég harma að þessi skýrsla skyldi verða til með þeim hætti sem hún hefur orðið og mér þykir slæmt ef hér er verið að reyna að grafa undan fréttastofu Ríkisútvarpsins sem ábyggilegri fréttastofu.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hefur verið óskað utandagskrárumræðu um hvað ríkisstjórnin hyggist gera til lausnar í kjaradeilunum. Það verður orðið við þessari ósk og fer umræðan nú þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til lausnar kjaradeilunni sem nú stendur? Stærsta verkalýðsfélag landsins, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, hefur nú verið knúið til verkfalls af félagsmönnum sínum sem una því ekki lengur að lægstu laun séu svo lág sem raun ber vitni.

Þessi kjaradeila virðist komin í hnút vegna ýmissa ástæðna. Þar skal til að mynda telja ákvæði í öðrum kjarasamningum um sjálfvirkar hækkanir ef önnur verkalýðsfélög semja um betri kjör til sinna félagsmanna. Ég spyr í þessu sambandi: Eru slík ákvæði réttlætanleg?

Þá greiða margir atvinnurekendur hærri laun en kauptaxtar sýna og hafa með því viðurkennt að núverandi taxtar eru rangir. Og ég spyr: Ætlar ríkisstjórnin að hafa áhrif á að gerðir séu kjarasamningar sem séu í samræmi við greidd laun?

En aðalástæða þessarar kjaradeilu er þó vafalaust aukin skattheimta ríkisstjórnarinnar. Hún hefur hækkað álögur gífurlega. Þar ber hæst matarskattinn. Ég spyr því: Ætlar ríkisstjórnin að leggja matarskattinn niður og stuðla að lausn kjaradeilunnar með því?

Félagar Verslunarmannafélags Reykjavíkur eru í vanda. Þeir hafa farið í verkfall þrátt fyrir mjög lág laun margra sem sýnir best hve alvarlegt ástandið er. Efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar hefur knúið þetta fólk til verkfalls. Það á engra annarra kosta völ. Og nú spyr ég: Ætlar ríkisstjórnin að stuðla að skjótri lausn þessarar deilu með aðgerðum sem

tryggja þeim lægst launuðu viðunandi laun fyrir átta stunda vinnudag?

Verslunarstörf eru erfið og vandasöm og því ekki vansalaust að greiða stórum hóp þeirra sem vinna við þessi störf lægstu laun sem þekkjast hér á landi. Þolinmæði þessa fólks er þrotin. Það hefur nú gripið til þess óyndisúrræðis sem verkfall er. Ríkisstjórnin hefur í raun viðurkennt að lægstu launataxtar séu lágir með skattleysismörkum sem eru nálægt 42 000 kr. Og ég vil ljúka þessari umræðu með því að spyrja: Ætlar ríkisstjórnin að stuðla að því að þessi mörk náist hjá öllu launafólki í landinu?

Það er brýnt að þessari kjaradeilu ljúki sem fyrst. Afleiðingar hennar gætu orðið alvarlegar fyrir alla þjóðina. Hver dagur er dýr, en það er aðeins á valdi ríkisstjórnarinnar að leysa deiluna strax. Hún ein hefur til þess bolmagn og ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir lausn þessarar deilu.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að minna hv. málshefjanda á að á Íslandi eru lög sem gera ráð fyrir frjálsum samningsrétti verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þessi frjálsi samningsréttur gefur mönnum frelsi til að gera samninga sín á milli og leggur um leið á herðar samningsaðilum skyldur gagnvart umbjóðendum sínum og þjóðfélaginu. Það standa yfir samningar á milli þessara aðila. Verslunarmannafélag Reykjavíkur og ýmis önnur verslunarmannafélög hafa boðað til vinnustöðvana til að knýja á um lausn þessara samninga. Ríkisstjórnin hefur ekki uppi áform um að leysa þessa samninga með lögum. Það hefur komið skýrt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og er hægt að endurtaka hér á hinu háa Alþingi að engin slík áform eru uppi.

Hv. málshefjandi vék að því að í kjarasamningum einstakra verkalýðsfélaga væru ákvæði þess efnis að þeir skyldu taka breytingum ef önnur félög semdu og gæfu tilefni til þess. Ég vil taka fram vegna þessa að það hefur engin ríkisstjórn í þessu landi gert neinar athugasemdir nokkru sinni við það að verkalýðsfélög eða samtök atvinnurekenda hefðu í frammi viðmiðanir við aðra kjarasamninga vegna kröfugerðar eða afstöðu til kröfugerðar og þessi ríkisstjórn mun ekki gera neina tilraun til að hindra verkalýðsfélög í slíkum málflutningi eða slíkri samningsgerð. Ég sé ekki að aðgerðir ríkisstjórnar til þess að hindra verkalýðsfélög í viðmiðunum sín á milli væru neitt annað en afnám samningsréttar og þar að auki hygg ég að hverjum hv. þm. hljóti að vera ljóst að það væri útilokað í frjálsu þjóðfélagi að fylgja slíkum ákvæðum eftir, jafnvel þó að þau væru sett.

Loks er það rétt að hluti af félögum í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur er sá hópur launþega sem hefur lægst laun. Annar hluti þeirra er sjálfsagt í miðju launastigans og þriðji hópur félagsmanna innan Verslunarmannafélagsins í þeim hópi launþega sem er efst í launastiganum, en þeir eru nú allir í verkfalli.

Ríkisstjórn hefur þau úrræði helst til þess að stuðla að tekjujöfnun og koma til móts við þá sem lakast eru settir að beita úrræðum í skatta- og tryggingamálum og það er rétt, sem fram kom í máli hv. málshefjanda, að þessi ríkisstjórn og sú ríkisstjórn sem sat næst á undan henni hafa stigið stór skref í því, mjög stór skref í því að hækka barnabætur og hækka skattleysismörk, hvort tveggja mjög mikilvægt fyrir þá sem lakast eru settir. Þetta eru þau úrræði sem ríkisstjórnir á hverjum tíma geta helst gripið til og slíkar ákvarðanir hafa verið teknar og tóku gildi um síðustu áramót.

Það er nauðsynlegt að þetta komi fram í umræðum um þessi efni. En ég vil, herra forseti, að lokum ítreka að það eru ekki nein áform uppi að hálfu ríkisstjórnarinnar að grípa inn í þessa deilu eða setja hana niður með lögum. Það hvílir sú skylda á samningsaðilum, sem hafa réttinn til að gera frjálsa samninga, að leiða þessa deilu til lykta. Þeir ræðast nú við undir stjórn ríkissáttasemjara. Deilan er ekki enn komin á það stig að það hafi verið sett fram sáttatillaga og þegar af þeirri ástæðu má vera ljóst að ekkert tilefni er til þess að ríkisstjórn grípi inn í deiluna.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir að hefja þessa umræðu því að þótt ég hafi reyndar ekki trú á að hún leiði til neinnar niðurstöðu er fyllilega ástæða til þess og réttmætt að ræða þetta á þessum vettvangi þar sem stjórnvöld bera allnokkra ábyrgð á því alvarlega ástandi sem hefur skapast og á væntanlega eftir að verða miklu verra.

Þegar skattalagabreytingarnar voru til umræðu fyrr á þessu þingi, þ.e. breikkun söluskattsstofnsins, vöruðum við ítrekað við þeim breytingum og bentum aftur og aftur á hverjar afleiðingar matarskatturinn svokallaður hefði. Við bentum á að hann hefði ekki aðeins stórfelld áhrif á afkomu heimilanna og afkomu láglaunafólks sérstaklega heldur væri hann sem högg í andlit almenns launafólks og hlyti að hafa veruleg áhrif á kröfugerð í kjarasamningum. Þetta hefur vitaskuld allt komið á daginn og enn ein afleiðingin er svo ákaflega erfið staða í ferðaþjónustu sem um nokkurt skeið hefur verið einn helsti vaxtarbroddurinn í atvinnulífi okkar. Þannig er allt á sama veg og hæstv. ráðherrar hefðu betur hlustað á aðvörunarorð okkar sem vöruðum við afleiðingum matarskattsins.

Það hlaut að koma að því að launafólk mótmælti svo að eftir yrði tekið og kjör þess fólks sem nú á í vinnudeilum eru vitanlega fyrir neðan allt velsæmi. Taxtarnir eru til skammar og vinnutíminn ómannúðlegur. Barátta þessa fólks nýtur almennrar samúðar og skilnings, en lausnin virðist því miður sannarlega ekki í augsýn, ekki á þeim nótum sem slegnar eru í samningaviðræðunum.

Við kvennalistakonur höfum ítrekað lagt fram frv. um lögbindingu launa við ákveðið lágmark sem við lítum þó á sem algjöra neyðarráðstöfun þar sem samningaleiðin virðist ekki skila viðunandi árangri.

Ástandið hefur ekki batnað frá því sú tillaga kom fyrst fram, en umræðan sem orðið hefur í kringum hana hefur skýrt ástandið og opnað augu margra og orðið láglaunafólki styrkur í baráttu þess.

En það er spurning dagsins hvað hæstv. ríkisstjórn ætti að gera og í öðru lagi hvað hún getur gert. Hæstv. forsrh. virtist ekki sjá nein úrræði fyrir ríkisstjórnina til að hafa áhrif á lausn deilunnar og ég hlýt að taka fram að við kvennalistakonur erum að sjálfsögðu ekki hvetjandi þess að gripið sé inn í vinnudeiluna með því að afnema samningsrétt, en hæstv. ríkisstjórn getur sannarlega haft áhrif til góðs og ég hlýt að taka undir orð málshefjanda um að hæstv. ríkisstjórn ætti að afnema matarskattinn. Hæstv. ráðherrar væru menn að meiri ef þeir hefðu kjark til að viðurkenna mistök sín og bæta fyrir þau.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég bið afsökunar á hvað ég hef leiðinlegan málróm því ég er svo illa haldin af kvefi.

„Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það.“ Einhvers staðar er þetta sagt. Þegar þjóðarsáttin fræga var gerð 1986 held ég að margir þeir sem undir hana skrifuðu hafi skrifað undir hana í þeirri trú að þetta væri eitthvað sem allir mundu sætta sig við eða allir mundu sitja við sama borð. Fyrstu samningarnir, sem hæstv. núv. forsrh. gerði, gengu þvert á þetta. Í þeim samningum eru líka ákvæði um að ef eitthvað hækkaði nú hjá þessum sem einna minnstar kröfurnar gerðu og gengu að þjóðarsáttinni skyldi hækka hjá þeim líka. Síðan er þetta gegnumgangandi í samningum. Þetta er vitanlega mjög slæmt og þýðir að þó eitthvert félag vilji brjóta sig út úr og reyna að ná mannsæmandi samningum kemst það ekkert áfram. Svo getum við talað um frjálsa samninga alveg eins og við viljum.

Höfuðkrafa Verslunarmannafélags Reykjavíkur er um 42 000 kr. á mánuði í lágmarkslaun. Hver af öðrum af kaupmönnum segir það hiklaust, segir það í sjónvarpi og útvarpi: Ég borga engum þessi laun. Ég borga hærri laun. Hvernig í ósköpunum dettur atvinnurekendum í hug að halda að þeir komist upp með endalaust að skrifa undir einhverja samninga sem þeim sjálfum dettur svo ekki í hug að fylgja þegar þeir eru að tala um fólk sem þeir vilja borga? Það er og hefur verið svoleiðis núna í mörg ár: Það er ákveðinn hópur af fólki sem alltaf er saminn ofan í þetta láglaunafen. Það skal ekki það upp úr. Síðan hlær atvinnurekandinn þegar búið er að undirrita samningana og hann borgar bara það sem honum sýnist. Þetta er ekkert annað en staðreynd sem allir geta kannað ef þeir þekkja nokkuð til vinnumarkaðarins.

Það eru auðvitað margar samverkandi ástæður fyrir því að fólk rís upp og það í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur núna. Ég vil taka undir það sem þau hafa sagt hérna sem hafa talað á undan mér: Ekki síst hafa þessir óvinsælu skattar og fyrst og fremst matarskatturinn aukið þessa gremju. Ég vil líka taka undir það sem einn ungur maður skrifaði í Alþýðublaðið fyrir nokkrum dögum: Þetta fólk sem situr við kassana á þessum lágu töxtum sem það hefur sér alla peningana í þjóðfélaginu. Það veit vel að það eru til peningar til að borga fólki annað en þessi hungurlaun.

Mér finnst ekki að ríkisstjórnin geti falið sig á bak við það að hún vilji styðja frjálsan samningsrétt. Þetta verkfall spilar svo víða inn í og það á eftir að gera þjóðinni svo mikið ógagn ef ekki er komið inn í það. Þá er ég ekki að biðja um lögbindingu. Ég er að biðja um að það sé komið inn í það og það sé reynt að hjálpa fólki til að ná sanngjörnum kröfum fram. Ríkisstjórnin hlýtur að verða að koma að þessu. Hún á fyrst og fremst sökina á hvernig þetta er komið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin ætlar ekki að gera neitt til að greiða fyrir lausn kjaradeilnanna. Ekki frekar í þessum efnum en öðrum er að vænta lífsmarks frá hæstv. ríkisstjórn. Hér á Íslandi hefur verið rekin um fimm ára skeið láglaunastefna, rekin í sameiningu af atvinnurekendavaldinu og afturhaldssömum ríkisstjórnum. Nú gerir hluti launafólks í landinu tilraun til að brjóta á bak aftur þessa láglaunastefnu. Enn ein atlagan er gerð að láglaunastefnunni. En þá gerist það sem endranær að upp rís ákveðin hreyfing í þjóðfélaginu, hreyfing þeirra manna sem hafa að áluhjálparatriði að viðhalda launum í kringum 30 000 kr. á mánuði, sem grundvalla efnahagsstefnu sína á þeirri staðreynd að hér þurfi að vera svona lág laun, a.m.k. fyrir einhvern hluta vinnandi fólks.

Hvað gerir hæstv. fjmrh. þegar kjaramálin ber á góma í fjölmiðlum? Hann spyr: Vilja menn hér 45–50% verðbólgu? Er það það sem menn eru að biðja um? Enn er því haldið fram af þessum spekingum öllum að það séu þessi lágu laun, laun þessa fámenna hóps sem vinnur á taxtakaupi, líðlega 30 000 kr. á mánuði, sem séu undirrót alls ófarnaðar í efnahagsmálum. Það er endemis málflutningur. Gamla platan er sett á fóninn um að lægstu launin valdi verðbólgunni, ekki forstjóralaunin, ekki launin hans Guðjóns B. Ólafssonar í SÍS. Hver hefur heyrt um að þau hafi valdið verðbólgu? Ekki nokkur maður. Það hefur aldrei verið minnst á að bankastjórasporslurnar eða laun forstjóranna væru verðbólguhvetjandi. En eigi að hækka þessi mánaðarlaun, sem tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar verður að sætta sig við, og jafnvel þó að það sé hjá fyrirtækjum eins og nú gerist í verslun og skrifstofustarfsemi, sem mörg hver geta vel borgað mun hærri laun, fer allt á annan endann.

Ég segi það, herra forseti, að lokum að sú ríkisstjórn sem grundvallar efnahagsstefnu sína á 30 000 kr. mánaðarlaunum og hefur það helst úrræða í skattamálum að leggja á matarskatt á að fara frá völdum og það sem fyrst.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Hvernig er umhorfs í þjóðfélaginu og hver er það sem á sök á því máli? Eru það þeir sem bera úr býtum 30 000 kr. laun á mánuði? Voru það þeir sem báðu um matarskattinn? Voru það þeir sem báðu um að vextirnir færu upp úr öllu valdi? Voru það þeir sem höfðu áhrif á samningana á Vestfjörðum sem voru í raun og veru þeir samningar sem aðrir hafa verið neyddir til þess að samþykkja eða slík laun? Vita menn ekki hvað er að gerast í þjóðfélaginu? Það er verið að tala um heildarlaun nú. Það er verið að segja upp fólki í stórum stíl og það eru horfur á að yfirvinna yfirleitt minnki og sums staðar hverfi. Vilja hæstv. ráðherrar og hv. alþm. lifa á slíkum launum? Er það hægt? Ég held að ríkisstjórnin geti ekki þvegið hendur sínar í þessu máli. Það er hún sem hefur lagt á skattana, það er hún sem hefur pressað upp vextina og það er fyrst og fremst hún sem hefur haft áhrif bein og óbein á þá láglaunasamninga sem hafa verið gerðir.

Við sögðum fyrir hvernig það mundi fara ef t.d. matarskatturinn yrði lagður á. Það eru vissir hlutir sem fólk lætur ekki bjóða sér. Ríkisstjórnin sjálf hefur viðurkennt að þetta séu sultarlaun með því að hafa skattleysismörkin um 42 000. Hún hefur viðurkennt það með því móti. En það þarf að halda í þetta. Það er auðvitað. Þeir sem eru hinum megin við borðið í samningunum segja: Það er bara ekki hægt að borga meira. Þeir sjá ekki frekar en hæstv. ríkisstjórn að það sé hægt að skipta öðruvísi en gert er.

Nei, ég held að hæstv. forsrh. og aðrir hæstv. ráðherrar ættu að líta í eigin barm og taka á þessum málum eins og menn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin gerði fjárlög sem hækkuðu um 50%, úr 43 milljörðum í 65 milljarða eða jafnvel 67 milljarða. Þeir þurftu að hækka skattheimtuna um 23–25 milljarða til þess að jafna útgjaldahlið og tekjuhlið fjárlaga. Þetta þýddi um 60–70% útgjaldahækkun fyrir heimilin. Á móti hefur ríkisstjórnin boðið frjálsa samninga sem hún kallar upp á 5–13% hækkun. Þetta gengur ekki upp. Heimilin og ríkisstjórnin eiga enga samleið, hafa aldrei átt neina samleið. Og svo segir hæstv. forsrh.: Ríkisstjórnin ætlar ekki að skipta sér af hinum frjálsu samningum, þó hún hafi búið til vandann.

Fiskvinnslan er á hausnum, segir hæstv. fiskimálaráðherra. (**Sjútvrh.:** Sjávarútvegsráðherra heitir það.) Fiskimálaráðherra kalla ég það. Álafoss sem nýbúið er að endurreisa er að loka. Ullariðnaðurinn og allt það fólk sem í honum starfar er að koma atvinnulaust á markaðinn. Ríkisstjórnin gerir ekkert. Grandi hf., módelfyrirtæki Reykjavíkurborgar í nokkra mánuði, er að segja upp helmingi af öllu starfsfólki og er sláandi dæmi um mistök Sjálfstfl. á síðustu mánuðum og ári. Fyrirtækin eru að loka um land allt og viðskiptahallinn, sem nýlega var tekinn niður úr 13 milljörðum í 10 milljarða, fyrir nokkrum vikum, og m.a. með 5 eða 6% gengislækkun, er aftur sagður vera kominn í 15–16 milljarða og vera að stefna á næstu dögum upp í 20 milljarða. Allt á þetta upphaf sitt í mistökum við gerð fjárhagsáætlana, fjárlaga ríkisstjórnarinnar sem hækkuðu um 50%. Á einu ári, 1988, eru 50% meiri útgjöld á fjárlagalið en voru 1987 og 25 milljörðum hærri skattheimta 1988 en var 1987. Og svo halda menn að launin þurfi ekki að hækka. Ég get bent á það úr fjármálaráðherratíð minni þegar hv. formaður Sjálfstfl. lét mig ekki í friði með að hafa sjálfstæða og frjálsa samninga heldur gekk upp í Garðastræti og samdi þar fyrir hönd ríkissjóðs um 300–500 millj. kr. útgjaldalið. Við skulum ekki tala um að þar séu frjálsir samningar. Það er uppspuni frá byrjun til enda.

Barnabætur ríkisstjórnarinnar svonefndu, hverjar voru þær? Þær voru það sem hæstv. forsrh. gat um áðan og átti að svara öllu því sem kallast vandamál á milli hins opinbera og fólksins. Þær voru sem svarar til eins kg af ýsuflökum. Eitt kg af ýsuflökum. Það var upphæð barnabótanna til viðbótar því sem fyrir var. Þetta er árangur ríkisstjórnarinnar.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Það er ágætt að hv. alþm. skuli sýna baráttu verslunarfólks samúð. En orð eru ekki nóg né frómar óskir. Ummæli alþm. styrkja væntanlega baráttu verslunarmanna fyrir betri launum og samningar takast væntanlega um betri kjör fyrir verslunarmenn í frjálsum samningum. En orð og ummæli alþm. einna sér duga ekki. Í þessari baráttu verða verslunarmenn að treysta á sjálfa sig. Stjórnmálamenn eiga að láta af þeim ósið að notfæra sér erfiða stöðu fólksins í pólitískum skollaleik. Hv. alþm. ættu frekar að koma með raunhæfar tillögur um það hvernig unnt er að leysa þessa deilu í frjálsum samningum. Ég segi þess vegna: Verslunarfólk kærir sig ekki um pólitíska leiksýningu á hv. Alþingi Íslendinga. Fólkið biður um raunverulegan stuðning.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er að ljúka þeim tíma sem við höfum til þessarar umræðu. Enginn hefur kvatt sér hljóðs, en umræðunni lýkur með því að málshefjandi og hæstv. forsrh. taka til máls ef þeir óska.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið til máls í þessari umræðu og lagt þessu máli lið. Hæstv. forsrh. hefur tekið undir þau sjónarmið sem ég setti fram í máli mínu og telur að þeir sem hafa lægst launin standi mjög illa.

Hann hefur hins vegar ekki tekið undir það sjónarmið að hæstv. ríkisstjórn geti komið til móts við launafólk með afnámi matarskatts eða annarra skatta sem lagðir hafa verið á þjóðina. Það eru hins vegar orðin tóm að hér sé um frjálsa samninga að ræða þegar atvinnurekendur hafa neglt það niður við önnur verkalýðsfélög að ef einhver önnur semji

um eitthvað betra verði þeir að fá það líka. Þannig er búið að binda þetta á þann hátt að því verður ekki rótað nema með einhverjum aðgerðum. Þær víxlhækkanir sem gætu átt sér stað mundu auðvitað vera mjög mikið vandamál. Ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera, það liggur ljóst fyrir.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sunnudaginn 17. apríl 1988 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú bryddar á þeirri skoðun í röðum forustumanna í viðskipta- og athafnalífi að stjórnmálamennirnir sjálfir séu eitt helsta vandamálið sem við er að eiga í efnahagsmálum. Þær þungu ásakanir á hendur stjórnmálamönnum sem í þessu felast eru rökstuddar með því að alþm. og ráðherrar taki alls ekki ábyrga afstöðu til þeirra vandamála sem fram undan eru eða fjalli yfirleitt um þau. Þeir líta fyrst og fremst á sig sem gæslumenn hagsmuna einstakra kjördæma og byggðarlaga og einbeita kröftum sínum að því að tryggja stundarhagsmuni þeirra en ekki framtíðarhagsmuni þjóðarinnar."

Þetta eru alvarleg orð ef rétt eru. Er það þá rétt sem hér hefur komið fram að ríkisstjórnin ætli ekki að taka neitt á þessu máli? Eru þessi orð e.t.v. rétt um ríkisstjórnina? Getur það verið að Morgunblaðið hafi rétt fyrir sér um það að ríkisstjórnin sé aðalvandamálið, hún hafi ekki viljað taka á málunum. Ríkisstjórnin hefur lagt á þessa miklu skatta sem valda miklum vanda nú og henni ber að sjálfsögðu að leysa þann vanda nema þetta sé satt sem stendur í Morgunblaðinu. Ég á erfitt með að trúa því að ríkisstjórnin ætli að sitja undir þessum orðum.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér hefur því verið haldið fram í máli nokkurra hv. þm. að sú kjaradeila sem nú stendur eigi rætur sínar að rekja til efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Hvað hefur þessi ríkisstjórn verið að gera á undanförnum mánuðum? Hún hefur verið að draga úr þenslu. Hún hefur mætt vaxandi viðskiptahalla m.a. með því að ná jöfnuði á ríkissjóði á þessu ári. Hún hefur dregið úr erlendum lántökum. Hún hefur náð þeim árangri, sem mest er um vert, að verðbólga hefur nú lækkað úr því að vera um 26% á þremur síðustu mánuðum síðasta árs niður í það að vera 13–14% á síðustu þremur mánuðum. Þetta er árangur af efnahagsstarfi ríkisstjórnarinnar sem mun skila sér bæði fyrir launafólkið í landinu og atvinnufyrirtækin. Ég vil líka minna á það að meginþorri launþegasamtaka í landinu hefur samið á undanförnum vikum við vinnuveitendur sína. Þessar fullyrðingar eru því algjörlega út í bláinn, að það sé vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem þessi kjaradeila hefur ekki verið leidd til lykta.

Ég fagna því hins vegar að hér kemur fram skilningur á því að þau ráð sem stjórnvöld hafa á hverjum tíma eru fyrst og fremst skattar og tryggingabætur. Ég viðurkenni það fúslega og það er alveg rétt sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. að ég tók fram fyrir hendurnar á honum sem fjmrh. í samningunum 1984 til að tryggja það að þeir samningar yrðu til lykta leiddir. Þá voru barnabætur stórauknar og gerðar verulegar ráðstafanir fyrst og fremst til að koma til móts við einstæða foreldra. Það var gert í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Nú hafa barnabætur verið hækkaðar og skattleysismörk verið hækkuð verulega. Þannig hefur ríkisstjórnin, bæði sú sem nú situr og sú sem sat á undan henni, reynt að koma til móts við þá sem lakast eru settir.

Meginatriðið er hins vegar það að skapa hér það efnahagslega umhverfi að við búum við stöðugleika og snúum okkur að því verkefni að reyna að auka verðmætasköpunina í þjóðfélaginu þannig að við höfum meira til skiptanna, eyðum ekki öllu afli okkar í að þrátta um það hvernig eigi að skipta minnkandi þjóðarköku, heldur reynum að beina kröftum okkar að því að stækka þessa köku sem við höfum til skiptanna og auka þannig velsæld allra þegna í þessu þjóðfélagi. Og sannleikurinn er sá að við búum auðvitað við góð lífskjör, Íslendingar í dag. Þó að á móti blási og þó að þjóðartekjurnar lækki á þessu ári og við verðum að laga okkur að þeim staðreyndum býr íslenska þjóðin við góð lífskjör. — [Fundarhlé.]

Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins um utanríkismál Íslands, frh. einnar umr.

Skýrsla menntmrh., 186. mál. — Þskj. 847.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér þykir að vísu miður að sumir þeirra hv. þm. sem hæst töluðu hér í dag, lengst og mest, eins og hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson, skuli ekki vera viðstaddir þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Þm. er að ganga í salinn.) Ég ætlaði svo sannarlega að beina nokkrum orðum til hans og ég mun gera það hér á eftir. Sömuleiðis vildi ég í upphafi míns máls þakka hv. 4. þm. Austurl. Sverri Hermannssyni fyrir að hafa tekið þetta mál upp á Alþingi og með drengilegum hætti komið og stutt að því að hreinsa og verja minningu fyrrv. forsrh. þessa lands, Stefáns Jóhanns Stefánssonar, með því að biðja um þessa skýrslu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson glottir. Það er honum að sjálfsögðu frjálst. Ég mun mæla til hans hér nokkur orð á eftir í þessari umræðu. Hins vegar verð ég að segja það, herra forseti, að mér þykir það furðulegt þegar þm. koma hér hver á fætur öðrum, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og raunar hv. þm. Páll Pétursson líka, og lýsa því yfir að það hafi verið með öllu óþarft að óska eftir þessari skýrslu og að þessi skýrsla sé ekkert annað en einhvers konar refsivöndur sem

verið sé að sveifla yfir höfðum fréttamanna.

Ég bið hv. þm. að hugleiða hvað þessir þm. eru í rauninni að segja. Samkvæmt þingskapalögum geta þm., ákveðinn fjöldi þm., óskað eftir skýrslu ráðherra um einstakt mál. Það sem þeir hv. þm., sem óskuðu eftir þessari skýrslu, voru að gera var einfaldlega að notfæra sér þennan rétt samkvæmt þingsköpum. Það er svolítið sérstætt að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli hafa svona mikið á móti þessu. Ég veit ekki betur en að hann hafi átt þátt í því ásamt öðrum þm. að óska eftir skýrslum um ýmis efni og ég held að það sé mjög mikilvægur réttur þm. á Alþingi Íslendinga að geta óskað eftir skýrslum frá ráðherrum um einstök efni. Það sem hv. þm. voru að segja, þeirra á meðal hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, er í rauninni að þm. eigi ekki að hafa þennan rétt eða að þeir eigi bara að nota þennan rétt í þeim málum sem honum eru þóknanleg.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði hér hátt á annan klukkutíma í dag um þetta efni á aðalfundartíma þingsins. Þegar tími til umræðna er heldur takmarkaður eins og er núna þegar nálgast þinglok er það auðvitað furðulegt tillitsleysi í garð annarra þm. að flytja ræður sem eru hátt á annan klukkutíma og fjalla þar að auki mestmegnis um atriði sem ekki eru þessu máli eða þessari skýrslu beint viðkomandi. En við hv. þm. erum ýmsu vanir í þeim efnum frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

En ég vil ítreka þakkir mínar til hv. þm. Sverris Hermannssonar fyrir að hafa tekið þetta mál upp hér á hinu háa Alþingi með þeim hætti sem leitt hefur til þessarar skýrslu.

Um þetta mál má vissulega margt segja. Ég hef þó ekki hugsað mér að verða mjög langorður þó að ýmislegt liggi mér á hjarta. Það sem gerðist er að fréttastofu Ríkisútvarpsins urðu á mistök. Það er staðfest þegar málið er skoðað. Fyrst er málið skoðað í útvarpsráði. Ég átti þá sæti í útvarpsráði og átti aðild að þeirri samþykkt sem þar var gerð. Síðan biður útvarpsstjóri siðanefnd Blaðamannafélags Íslands um að skoða málið sérstaklega. Það er gert og úrskurður siðanefndar Blaðamannafélagsins er prentaður hér sem fskj. með skýrslu menntmrh. Allt er þetta á eina lund og ég sé ekkert, og ég endurtek: ekkert, óviðurkvæmilegt eða rangt við það að þetta mál skuli líka vera tekið upp á Alþingi með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Fréttamenn eiga ekki að vera hafnir yfir gagnrýni. Í þessu tilviki gerði fréttastofa Ríkisútvarpsins sig seka um ámælisverð vinnubrögð og mér finnst fullkomlega eðlilegt að um það mál sé fjallað og það sé gert af fullri hreinskilni. Hér er talað um það, og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði um það stór orð, að hér sé verið að reiða upp refsivönd. Hann talaði um ritskoðun og ýmislegt fleira í þeim dúr og hann sagði að hér væri verið að ráðast gegn frjálsri fjölmiðlun. Allt er þetta auðvitað rugl og misskilningur. Hér urðu fréttastofu Ríkisútvarpsins á mjög alvarleg mistök og það er bara heimsins eðlilegasti og sjálfsagðasti hlutur að það mál sé rætt til hlítar og reynt að gera sér grein fyrir því hvernig á því stóð að þessi mistök voru gerð og að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slík mistök verði gerð aftur.

Ég minnist þess, ég held að það hafi verið árið 1979 eða 1980, þegar fréttastofa Ríkisútvarpsins flutti ítrekað fregnir um það að ákveðinn starfsmaður bandarískrar stofnunar, sem hét, held ég, Center for Defence Information, í Washington héldi því fram að hér á Íslandi væru geymd kjarnorkuvopn. Þetta var margendurtekið í fréttum Ríkisútvarpsins. Í umræðum hér í Ed. á Alþingi dró ég það í efa að þessi ummæli væru rétt og að þessi stofnun væri traust heimild. Ég veit ekki hvert hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, núverandi formaður Alþb., sem þá ætti sæti í Ed. Alþingis, ætlaði að komast. Að ég, óbreyttur þm., skyldi voga mér að draga í efa að ummæli þessarar stofnunar, Center for Defence Information, væru rétt. En viti menn. Ári síðar kom þessi sami talsmaður þessarar stofnunar, sem þessi ummæli höfðu verið höfð eftir sem heilagur sannleikur í Ríkisútvarpinu, í þetta hús og það var boðað til fundar í þingflokksherbergi Framsfl. Þar stóð þessi maður og sagði: Herrar mínir. Ég hafði rangt fyrir mér. Það er ekkert sem bendir til þess að kjarnorkuvopn séu geymd á Íslandi. Ég hygg að ýmsir fleiri hv. þm. muni þennan fund. Hann er mér a.m.k. eftirminnilegur.

Ég man það líka að önnur stofnun í Washington birti bók þar sem var að finna kort þar sem Ísland var litað með ákveðnum lit eins og þau lönd þar sem kjarnorkuvopn væru annaðhvort í geymslu eða færu um. Ég skrifaði þessari stofnun og það bréf á ég enn og spurði á hvaða heimildum þetta væri byggt. Ég fékk bréf frá forstöðumanni þessarar stofnunar sem sagði: Við nánari athugun reyndust þær upplýsingar sem þetta kort var teiknað eftir vera rangar. Þær voru komnar frá stofnun sem hét og heitir Center for Defence Information og núverandi formaður Alþb. treysti betur en öllum öðrum í þessum efnum. Og forstöðumaður þessarar stofnunar skrifaði mér: Þetta verður leiðrétt í næstu útgáfu. Við hörmum þessi mistök. Við fylgjum þeirri reglu að skrá ekki upplýsingar nema hafa um það heimildir frá tveimur óháðum aðilum. Í þessu tilviki reyndust þessar tvær heimildir upprunnar frá sama stað, þessari frægu stofnun sem lék svo stórt hlutverk í fréttum Ríkisútvarpsins fyrir nokkrum árum.

Hér gerðist það að fréttastofa Ríkisútvarpsins var blekkt. Eftir ótraustum heimildarmanni voru hafðar upplýsingar sem voru rangar. Nú veit ég það að þeir sem þekkja til rannsóknarblaðamennsku, þar sem menn eru á svona hálum brautum þar sem heimildir geta reynst ótraustar, fylgja einmitt þeirri reglu að birta ekki fréttir nema hafa um það staðfestingu frá tveimur óháðum aðilum. Ég veit að þeir sem lesið hafa bækur t.d. bandarískra rannsóknarblaðamanna geta borið að þetta er meginreglan. Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefði eftir á að hyggja átt að fá staðfestingu á þessari frétt frá öðrum aðila. En það

var ekki gert og ýmislegt geta menn lært af þessu. En það sem mér fannst og finnst vera ámælisvert í þessu er að það kemur tiltölulega fljótt í ljós að menn draga þessar heimildir í efa en það er haldið áfram að tönnlast á þeim dag eftir dag eftir dag. Þangað til loksins menn viðurkenna að hér hafa orðið alveg hrapalleg mistök. Hins vegar má svo segja það að sums staðar er kannski svolítið erfitt að lýsa eða beinlínis að festa hönd á hvernig þetta var gert vegna þess að þar ræður að sumu leyti mat og tilfinning. Það vill svo til að ég starfaði um hálfan annan áratug við fréttir og fréttaskrif og tel mig því ekki alveg ókunnugan þessum málum en mín tilfinning er sú að allur blærinn sem fylgdi þessum fréttaflutningi var í þá veru að gera orð og gjörðir fyrrv. forsrh. Íslands tortryggileg. Það var svona sá andi sem sveif yfir þessum fréttavötnum þessa daga, tónninn í þessum fréttum og framsetningin. Þetta tek ég fram að er mitt mat, það er auðvitað umdeilanlegt, og mínar skoðanir, en allt var þetta í þessa veru.

Það er eitt og annað afar fróðlegt líka sem kemur fram í þessari skýrslu sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fram, hvernig þessi svokallaði sagnfræðingur sem reynist svo alls ekki vera sagnfræðingur opinberast að því að vera ósannindamaður. Það kemur líka fram í grg. Jóns Einars Guðjónssonar þegar hann er að leita eftir þessum heimildum. Ég efast ekkert um það að sá fréttamaður var í góðri trú. En það breytir ekki því að þarna urðu mistök. Í grg. hans á bls. 29 og 30 í skýrslu menntmrh. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Fimmtudagur 12.11.: Ég hafði fengið vitneskju um að Tangen ætlaði á ritstjórn Klassekampen og ég sat því fyrir honum þar kl. 10:45. Ég sagði að nú yrðum við að fá bréfið. Nú var hann ekki jafnviss um hvort hann hefði það í fórum sínum. Tangen taldi jafnvel að hann hefði sent Ingibjörgu Hafstað skjalið, en hann sagðist hafa sent henni skjöl um íslensk öryggismál sem hann hefði komist yfir."

Ég verð að játa að ég hrökk svolítið við þegar ég las þessar setningar vegna þess að mér sýnist að hér sé um að ræða fulltrúa Kvennalistans í útvarpsráði og ég veit eiginlega ekki hvaða tengsl þarna eru á milli. Þetta er afar sérkennilegt að ekki sé meira sagt. (Gripið fram í.) Þræðir frá þessum séra Tangen liggja býsna víða sem reynist svo ekki vera sagnfræðingur þegar allt kemur til alls.

Það hefur komið fram gagnrýni hér á það að sagnfræðingnum dr. Þór Whitehead skyldi hafa verið falið að semja þessa skýrslu. Ég held að hann hafi verið ákaflega vel til þess fallinn og sé ekki betur en þetta sé ágætlega unnið verk þó að vísu komi fram í greinargerð, sem Stefán Jón Hafstein fréttamaður hefur sent formönnum þingflokka, að Þór Whitehead gerði sér ekki grein fyrir starfsskipulagi Ríkisútvarpsins þannig að dagskrárgerðarmenn eins og sá sem ég nefndi voru ekki á vegum fréttastofu heldur störfuðu sjálfstætt. En það er kannski það eina sem e.t.v. mætti finna að því sem hér er sagt og vinnubrögðum við þetta, en annars hef ég ekki athugasemdir við það að gera.

Ég held hins vegar að það sé misskilningur hjá hv. þm. að það sé rangt eða óeðlilegt að Alþingi láti þetta mál til sín taka. Ég held að það hafi verið mjög eðlilegt í ljósi þess sem á undan var gengið og auðvitað eiga menn að draga lærdóma af því þegar svona mistök eiga sér stað.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti mjög langa kaldastríðsræðu ef svo mætti segja. Það vill nú svo til að hann er sennilega eini þingmaðurinn sem er sérfræðingur í leyniskjölum og er aðalpersónan í frægri bók sem heitir Leyniskýrslur SÍA og einn af aðalhöfundum hennar. Það væri auðvitað alveg í stíl við ræðu hans í dag að ég læsi hérna nokkur af hugverkum hv. þm. úr þessari ágætu bók. Ég ætla hins vegar að mestu að stilla mig um það, en þó eru hérna örfáar setningar sem ég get ekki stillt mig um rifja upp og minna á. Það er nefnilega svo í þessari bók að það koma mjög skýrt og greinilega fram tengsl ríkisstjórnanna í Austur-Evrópu við þann flokk sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þá var í og er í enn þó að flokkurinn hafi skipt um nöfn nokkrum sinnum. Með leyfi forseta stendur á bls. 204, af því að hv. þm. var að víkja að einhverjum skjölum um námsmenn og Bandaríkin og þá sem stunduðu þar nám, og það er í skýrslu sem að vísu er undirrituð af Þór Vigfússyni, hún er ekki eitt af hugverkum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar:

„Rætt var einnig hið mikla vandamál námsmannasendinga austur fyrir tjald. Var það skoðað frá mörgum hliðum og ákveðið að skrifa um það bréf ítarlegt og senda Einari Olgeirssyni, þ.e. flokknum, og Árna Björnssyni, þ.e. Æskulýðsfylkingunni."

Á öðrum stað stendur hér, og það mun hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafa skrifað ef mér ekki skjöplast: „Námsmenn þeir, sem fóru austur fyrir tjald, og þá fyrst og fremst til DDR [þ.e. austurþýska alþýðulýðveldisins], hefðu allir farið á vegum flokksins". Og það má nú mikið vera ef allir þessir námsmenn, sem lýst er í þessari ágætu bók, hefðu ekki einhvern tíma hitt einhverja stjórnarerindreka þarna og verið spurðir um ástand og gang mála á Íslandi.

Síðan segir í annarri skýrslu sem hv. þm. hefur líka skrifað og það er nú ekki beint um námsmennina. Ég ætla að ljúka með þeirri tilvitnun. Það er á bls. 47, með leyfi forseta: „Okkar álit í stuttu máli: Við álítum, að rétt sé og sjálfsagt að leyfa ekki umræður né gefa fólki kost á að velja um neitt nema á grundvelli sósíalismans, og þá síst Þjóðverjum. Okkur er það jafnframt ljóst að „frjálsar kosningar" eins og það tíðkast á Vesturlöndum gefa alranga mynd af vilja fólksins."

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri um þetta eða fleiri tilvitnanir héðan. En það væri alveg í stíl við það sem hv. þm. gerði hér í dag ef ég héldi uppi svona klukkutíma lestri úr þessari bók hans. Ég ætla ekki að gera það. En ég ætla hins vegar að beina því til hv. þm. að lesa þessa bók og lesa síðan og íhuga

þá ræðu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti í dag. (**GHelg:** Hún kom út fyrir 30 árum.) Já, já, ég held að hún sé fáanleg enn þá, hv. þm. Hún er til á bókasafni þingsins. Þetta er nefnilega mjög merkileg bók og hún er merkileg heimild. En ég skal hins vegar fyrstur manna viðurkenna að það er auðvitað hæpið að vera að dæma þessa menn út frá því sem þeir sögðu og gerðu fyrir 30 árum í ljósi allt annars tíma og allt annarra aðstæðna og það mættum við kannski hafa í huga um ýmislegt fleira.

En ég held, svo að ég víki aftur að þeim mistökum sem hér urðu og við þurfum auðvitað að gæta þess að eigi sér ekki stað aftur, að það sé hollt að íhuga núna hver staðan er í fjölmiðlun hér á landi. Hér hefur orðið svokölluð fjölmiðlasprenging sem veldur því m.a. að margt reynslulítilla starfsmanna fjallar nú um fréttir og fréttatengda þætti, ekki síst á öldum ljósvakans og raunar einnig í prentmiðlum, og hið margumtalaða og langþráða frelsi í þessum efnum hefur leitt til mjög harðnandi samkeppni fjölmiðlanna um fréttir. Án þess að ég geti rökstutt það beinlínis finnst mér oft að farið sé meira af kappi en forsjá í þessum efnum og að kannski hafi það átt þátt í þessu frumhlaupi fréttastofunnar á sínum tíma að koma fréttinni á framfæri og vera fyrstur með fréttina án þess að hafa gefið sér tíma til að ganga úr skugga um að fréttin væri rétt og hefði við rök að styðjast.

Þessi harða samkeppni hefur líka leitt til annars konar fréttamats og ég held að það sé ástæða fyrir fréttamenn og fjölmiðlastjóra, ritstjóra, útvarpsstjóra og sjónvarpsstjóra að athuga svolítið sinn gang og yfirleitt þá stefnu og stefnur sem eru uppi í fréttaflutningi. Hafa gæðin aukist með auknu framboði? Ég held ekki. Ég hef jafnvel á tilfinningunni að gæðin kunni að hafa minnkað. Ég nefni sem dæmi frétt sem ég heyrði fyrir fáeinum dögum þegar verkfall verslunarmanna var að byrja á útvarpsstöðinni Stjörnunni. Þar var sagt: „Átök hafin. Fólk slasast í verkfallsátökum." Jú, það kom í ljós að unglingar höfðu efnt til óláta fyrir utan verslun og það hafði maður meitt sig á fingri. Það þarf ekki að hlusta lengi á þessa útvarpsstöð til að finna fleiri svona dæmi. Þau eru á hverjum einasta degi. Þetta er ný tegund af fréttaflutningi sem ég held að íslensk fjölmiðlun geti ákaflega vel verið án og ég held að sé engum til góðs og ekki til bóta.

Við sjáum líka dæmi um dagblöð sem eru sett þannig upp að forsíðan er ekkert nema tilvísanir með flennistóru letri á eitthvað sem er á baksíðunni eða inni í blaðinu og reynist svo ekki vera neitt eða ákaflega lítið og stundum eru ekki einu sinni nein tengsl á milli fyrirsagnarinnar á forsíðu og „fréttarinnar" á baksíðunni.

Ég ætla að nefna aðra frétt. Fyrir fáeinum dögum var í Tímanum fimm dálka frétt með stríðsletri yfir þvera forsíðuna og fyrirsögnin var svona: „Kristnitakan árið 1000 árangurslítil." Í fréttinni var verið að leggja út af skoðanakönnun um trúarlíf og trúhneigð okkar sem nú erum á dögum. En að hugsa sér þá rökleysu, það hugsunarleysi eða ég veit ekki hvað ég á eiginlega að kalla það sem er á bak við það að dagblað birtir frétt með stríðsletri undir fyrirsögninni „Kristnitakan á Alþingi árið 1000 árangurslítil". Þetta finnst mér hreint út sagt alveg skelfilegt. Ég get ekki að því gert.

Það er annað líka, sem við eigum að leiða hugann að í íslenskri fjölmiðlun, sem er að gerast núna. Sjá menn ekki hvernig verið er að má út mörkin á milli auglýsinga og efnis í dagskrám t.d. Stöðvar 2 og raunar miklu, miklu víðar? Ég held að það sé líka hættuleg og óæskileg þróun.

Ég ætla að stilla mig um að minnast á málvillurnar, ambögurnar og vitleysurnar sem sífellt stinga mann í eyru og er satt að segja alveg skelfilegt því svo læra börnin málið sem fyrir þeim er haft.

Ég ætla nú, herra forseti, ekki að lengja þetta mikið frekar. En það vil ég hafa sem mín lokaorð að við fjölmiðlun hér og ekki síst á Ríkisútvarpinu og raunar á blöðunum líka og víðar vinnur margt mjög vel hæft fólk sem vinnur sín störf vel og eru traustir fréttamenn og vandvirkir. Sem betur fer er þetta fólk í meiri hluta. Og það á auðvitað líka að geta þess sem vel er gert. Hjá Ríkisútvarpinu er margt afar vel gert og það er skylda okkar að hlúa að þeirri stofnun þannig að hún geti haldið áfram að starfa af fullri reisn. En það þýðir ekki það að þeir sem þar starfa og verða á mistök eins og hér hafa orðið eigi að vera hafnir yfir gagnrýni. Þvert á móti. Það er skylda okkar að láta þá gagnrýni koma fram.

Það er kannski ákaflega óklókt fyrir þá sem starfa að stjórnmálum að gagnrýna fréttamenn og blaðamenn. Ég sat í útvarpsráði í níu ár og gerði það mjög oft og það er ekkert skynsamlegt. Ef menn vilja að sagt sé frá sér og sínum málum er það ekkert skynsamlegt. Ég hef komist að raun um það oftar en einu sinni með mjög áþreifanlegum hætti. Það borgar sig ekki. En hins vegar er það skylda að gera það og benda á það sem miður fer. Auðvitað verða mönnum á skyssur í starfi. Það er mannlegt. En þarna voru skyssurnar mjög alvarlegar og það þurfti mjög harða mótspyrnu til þess að það væri viðurkennt að þarna hefðu orðið mistök. Og þess vegna er mjög gott að þetta skuli vera rætt ítarlega. En ég endurtek að það er margt mjög hæft og vandvirkt fólk sem starfar að þessum málum og gerir vel. Og sem betur fer eru það meginreglurnar að hér er vel unnið og heiðarlega. Hitt eru miklu fremur undantekningar. En þær eiga bara ekkert að liggja í láginni og til þess eru vítin að varast þau og menn geta ekki varast þau nema á þau sé bent og um þau sé rætt.

Ég held að skýrslan sem hér er til umræðu sé ekkert meiri áfellisdómur um það sem hér gerðist en þegar var komið fram hjá siðareglunefnd Blaðamannafélagsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Úrskurður siðanefndar er sá að útvarpið hafi í fréttatímum útvarps og þætti dægurmáladeildar á Rás 2 brotið 3. gr. siðareglna þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum

málum.“ “

Brotið er alvarlegt. Skýrslan sem hér liggur fyrir segir í rauninni ákaflega lítið meira en þetta. Það var búið að kveða upp þennan dóm. En ég sé ekki að menn geti kvartað yfir því með nokkrum rökum að þetta mál skuli vera tekið upp á Alþingi vegna þess að þeir sem eru að gera það eru í rauninni að segja að þingmenn hafi ekki rétt til að biðja um skýrslur um einstök og ákveðin mál. Ég held að það sé fjarri að hér sé verið að reisa einhvern refsivönd, hér sé verið með einhverjar hótanir, ritskoðun eða eitthvað því um líkt. Það er einfaldlega verið að benda á hluti sem hefði átt að gera betur og hefði átt að gera með öðrum hætti. Þess vegna þarf auðvitað að ræða þessi mál opinskátt.

Ég fagna því sömuleiðis að ég sé að það hefur verið sett nefnd til að endurskoða fréttareglur. Ég get ekki litið svo á að sú nefnd sé sett til höfuðs einum eða neinum. Ég held einmitt að þessar reglur þurfi að endurskoða og það sé rétt, svo og ýmsa starfshætti fréttastofu. Útvarpsstjóri hefur nýverið gert mjög áhrifamiklar ráðstafanir. Hann hefur vikið frá yfirmanni fréttastofu Sjónvarpsins. Ég held að það hafi verið rétt ákvörðun vegna þess að sá starfsmaður hafði borið ábyrgð á röð mistaka í fréttaflutningi sem voru óafsakanleg og til þess fallin að rýra traust á fréttum Ríkisútvarpsins, sjónvarpsfréttum. Og ég held að þar hafi verið brugðist við alveg með réttum hætti. Það hefði verið ámælisvert ef ekkert hefði verið gert í þeim efnum að mínu mati.

En ég endurtek að það er nauðsynlegt að þegar svona alvarleg mistök verða, eins og hér urðu, sé málið rætt út í hörgul og þeir sem þar eiga hlut að máli geri sér grein fyrir því að hér er um alvarleg mál að ræða og það séu gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Það er auðvitað hægt með því að ástunda traustari heimildaleit og vandaðri vinnubrögð. Þetta snýst allt um að hlaupa ekki eftir fyrstu gróusögu eins og er í þessu tilviki. Að vísu má segja að fréttamenn höfðu ekki kannski beina ástæðu til að vantreysta þessu, en hér var þó um þannig mál að ræða að það var rík ástæða til þess að ganga eftir því hvort hér væri rétt með farið. Þarna urðu mistök og við skulum læra af þeim.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, hér hafa verið gerð mistök, en það hafa orðið fleiri mistök sem hefði verið alveg ástæða til að fara betur ofan í. Ég verð að segja að í þessu tilfelli finnst mér vera nokkuð miklar umbúðir utan um þann kjarna sem er verið að ræða um.

Hvers vegna er ekki t.d. Sjónvarpið þá tekið hér betur í gegn? Hafa fréttir þaðan, m.a.s. fréttir frá þinginu, verið hlutlausar? Ég vil spyrja. Það er verið að hneykslast á því að fréttamenn tóku bókstaflega ummæli manns sem var talið að mundi hafa upplýsingar sem væri hægt að treysta. En er ekki alltaf hætta á svona mistökum og þarf margra klukkutíma umræður um þetta eina atriði í hv. Alþingi eftir það að siðanefnd blaðamanna er búin að fjalla um þetta atriði eitt og sér? Væri t.d. ekki ástæða til að athuga hvernig fréttir berast frá hinu háa Alþingi í gegnum Sjónvarpið? Er þar hlutleysis gætt? Er það, hæstv. menntmrh.? Ég fullyrði hér og nú að það er alls ekki. En um það þarf ekki að ræða þar sem við höfum þó staðreyndirnar fyrir okkur. T.d. sá sem hér stendur. Það er í eitt skipti sem hefur verið rætt við mig frá því í haust í Sjónvarpinu. Stjórnarandstaðan yfirleitt. Það er á hana hallað í fréttaflutningi. Ætli það sé nokkur hlutdrægni í t.d. ræðunni sem fjmrh. var að flytja hér í fréttum í gær? Það var stór hluti af ræðu. Og svo mætti lengi telja. Það getur vel verið að sumum t.d. sem hafa aðgang að fréttamönnum finnist það vera hótfyndni að finna að slíku og þeir séu ánægðir með sinn hlut. En málið er ekki svona einfalt. Ríkisútvarpið og Sjónvarpið á að gæta hlutleysis, á ekki að vera stýrt eða taka fyrst og fremst tillit til pólitískra sjónarmiða. En ég segi enn og aftur: Það er gert.

Og það er líka rétt. Hv. þm. eru feimnir við að ræða þessi mál vegna þess að þeir standa í þeirri trú eins og sá þingmaður sem talaði síðast að það mundi koma niður á þeim sjálfum ef um þetta væri rætt á opinberum vettvangi. Það kalla ég ekki að menn séu kjarkmiklir ef þeir glúpna fyrir því. En þeir auðvitað vilja tryggja með þessum hætti að það sé við þá talað og birtar glefsur úr því sem þeir segja. Það er tilgangurinn.

Ég ætla ekki að tala hér lengi, en nú vil ég skora á hæstv. menntmrh. að láta gera úttekt á því hvernig fréttir berast t.d. í Sjónvarpinu, það er allt annað með þó Ríkisútvarpið, það eru allt öðruvísi fréttir þar en í Sjónvarpinu, hvort þarna sé farið eftir því, sem segir í lögum og reglugerðum, að það eigi að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum.

Ég endurtek það, hæstv. menntmrh.: Ég skora á ráðherrann að láta kanna þetta og láta birta þá niðurstöðu og það sé ekki fenginn einn maður til þess heldur séu það a.m.k. þrír sem skoða það og lýsi yfir niðurstöðu sinni að þessu leyti.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að sú umræða sem hér fer fram er allsérstæð. Við lifum í landi þrískiptingar valdsins þar sem það er reglan að dómstólar dæmi menn og þar er það venja að saksóknari eða lögfræðingur flytji málið, verjandi eigi kost á því að svara og svo sé dómur upp kveðinn. Hér er búið að snúa hlutunum þannig við að hæstv. menntmrh. tekur að sér að flytja ræðu sækjanda í málinu og svo er hafin allsherjarumræða, en hinir sakfelldu eiga ekki nokkurn kost á að taka til máls til að verja hendur sínar. (**GHG:** Stefán Jóh. Stefánsson getur það ekki.) Hv. 14. þm. Reykv. lýsir því yfir að fyrrv. forsrh. Stefán Jóhann geti það ekki. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það.

En við skulum halda okkur við efnið. Erum við að fara fram á að það sé skýrt tekið fram í vinnubrögðum í fyrsta lagi að Norðmönnum sé aldrei

trúandi? Sé eitthvað af fréttum frá Noregi skuli þær skjalfestar, Norðmönnum skuli ekki vera trúandi í einu né neinu. Eru menn að fara fram á það? Eru menn almennt að fara fram á að það liggi fyrir skjalfestar upplýsingar ávallt fyrir öllu sem sagt er? Ég held að enginn sé að fara fram á það. Ég held að mönnum sé ljóst, ef þeir vilja viðhafa heiðarlegan málflutning í þessum efnum, að það verður aldrei hægt að komast hjá því að ekki eigi sér stað einhver mistök í fréttaflutningi. Það væri fróðlegt að kanna hvort fjölmiðlar almennt á Íslandi þola þær kröfur sem menn eru nú að gera til Ríkisútvarpsins. Það er krafan um óskeikulleikann. Ég er ekki búinn að sjá að þeir fjölmiðlar sem hér eru þoli þessa rannsókn.

Þá snúum við okkur að hinu málinu. Jú, það liggur fyrir staðfest að þessi Tangen hefur ekki getað sýnt fram á að hann hafi haft undir höndum þau skjöl sem hann fullyrti að hann hefði haft undir höndum.

Í fyrsta lagi: Er það þá sannað að hann hafi aldrei haft þau undir höndum? Það liggur engin sönnun fyrir um að svo sé. Því er einfaldlega ekki hægt að svara. Það mætti spyrja: Hvað ætti honum að koma til að halda því fram sem hann hélt fram um þessi mál? Er hugsanlegt að manninn hafi langað til að varpa þessu fram til að afla sér frægðar vitandi að hann yrði tvímælalaust sakfelldur fyrir tiltækið mjög fljótlega? Er það trúleg skýring? Mér finnst hún hreint ekki trúleg. En hvar væri þá hægt að fá þær sannanir eða afsannanir sem þyrfti í þetta mál? Með því eina móti að öll skjöl í Bandaríkjunum varðandi þennan tíma verði gerð opinber, hvert einasta skjal verði gert opinbert. Það er kominn tími til þess að þessi þjóð fái að vita allt um þessa hluti. Það sér það hver heilvita maður að auðvitað hefur forsrh. þess tíma rætt við Bandaríkjamenn. Eru menn þau börn að halda að CIA-menn hafi verið merktir í bak og fyrir með stórri skammstöfun? Hvernig hefði hann átt að vita við hverja hann var að tala? Auðvitað hefur hann verið að tala við fulltrúa Bandaríkjanna og litið svo á. Ég vil bæta því við: Við getum látið okkur dreyma um að það sé ekki stunduð njósnastarfsemi á Íslandi. Það væru draumórar að mínu viti. Ég er í það minnsta sjálfur sannfærður um að bæði stórveldin, Bandaríkjamenn og Rússar, munu safna upplýsingum í öllum löndum heims um gang atburða. Það er hluti af þeirra vinnubrögðum hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Það er eins og Churchill sagði: Það njósna allir, en það er bara að þræta fyrir það. Sú regla hefur verið viðhöfð og henni er fram haldið. Hvað halda menn að allt það rússneska starfslið sé að gera hér á landi ef enginn vinnur að upplýsingasöfnun? Láta menn sér detta í hug að Ísland sé eina landið á Vesturlöndum eða í Evrópu sem Bandaríkjamenn safni engum upplýsingum um? Nei. Auðvitað hafa þeir safnað upplýsingum á þessum tíma. Og það sem leitar á hugann: Hvers vegna eru skjölin ekki gerð opinber, skjölin úti í Bandaríkjunum? Einfaldlega vegna þess að það eru menn hér heima á Íslandi sem ekki vilja að þessi skjöl séu gerð opinber, menn sem telja að það sé of stutt um liðið, þora ekki að standa frammi fyrir þeim staðreyndum sem þar verða sagðar um menn og málefni.

Ég vil geta þess að það er auðvitað viðkvæmt þegar umræðan snýst um það hvort erlendir aðilar hafi haft áhrif eða mikil samskipti við íslenska menn eins og þarna átti sér stað. Auðvitað er það viðkvæmt. Það er líka viðkvæmt þegar sannast að erlent fé hefur verið flutt inn í landið til þátttöku í stjórnmálum á Íslandi. Ég veit ekki betur en stjórnmálaforingi hafi lýst því yfir úr þessum ræðustól að hann mundi upplýsa allt um þá hluti. Hann er ekki enn búinn að því og situr ekki á þingi í dag. Hvers vegna fara menn þá af stað núna í þessu offorsi sem gert hefur verið? Hvers vegna láta menn sér ekki nægja þegar fréttamenn biðjast afsökunar og gera grein fyrir því að þeim hafi orðið á mistök? Hvers vegna eru settar á svið nánast galdrabrennur í sambandi við svona hluti? Hvaða tilgangi þjónar það?

Ég verð að segja eins og er að mig undrar að mönnum skuli detta þetta í hug, mönnum skuli detta í hug að hefja þann vopnaburð sem hér er hafinn.

Ég hygg að sú athugasemd sem kemur fram í skýrslunni, þar sem norski aðilinn viðurkennir að það sé sennilega ekki nógu gott að treysta á minnið, sé svar sem gerir að verkum að hvað sem hver segir vill hann ekki bakka frá því að hann hafi haft þessa hluti undir höndum. Hann segir ekki: Mig misminnti eða ég hafði ekki þessa hluti undir höndum. Hann vill trúa því að svo sé. Mér finnst það út af fyrir sig dálítið merkilegt ef við, vitandi um að það eru leyniskjöl í hirslum Bandaríkjanna um þessa hluti, ætlum hér og nú að fullyrða endanlega hvað í þeim stendur. Er hugsanlegt að þessi norski aðili, menn draga í efa að hann sé sérfræðingur, hitt er viðurkennt að hann hefur fengið að skoða skjalasafnið þarna úti, að hann hafi í óhelgi verið að gramsa í íslenskum skjölum þegar hann hafði aðeins heimildir til að skoða skjöl um Noreg og Bandaríkin? Er það hugsanlegt? Er það hugsanlegt að það hafi verið kippt í einhverja spotta á bak við þegar kemur í ljós að maðurinn er farinn að segja frá hlutum sem hann hafði engar heimildir til að skoða? Auðvitað vakna miklu fleiri spurningar þegar svona umræða fer fram eins og hér hefur verið sett á svið.

Ég lýsi fyllsta trausti á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Mér er ljóst að þar hafa verið gerð mistök og getur verið að verði ávallt svo að þar eigi sér stað einhver mistök. En ég fullyrði hér og nú úr þessum ræðustól að ég þekki ekki til þeirra vinnubragða hjá íslenskum fjölmiðlum að þar starfi óskeikulir menn. Auðvitað hljóta þeim að verða á mistök. En hitt er verra að hjá sumum fjölmiðlum Íslands, sem kenna sig við frelsi og óhlutdrægni, rekst maður á það trekk í trekk að sannleikanum er hagrætt, fyrirsagnirnar eru látnar ljúga og allt annað er í undirtexta en í fyrirsögnum. Má búast við því að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir almennri ritskoðun á

slíkum blöðum og úttekt á sannleiksgildi slíks fréttaflutnings? Það er þá blaðapressan íslenska sem yrði tekin til rannsóknar. (**SvH:** Á hún öll óskilið mál í þessu?) Hv. 4. þm. Austurl. spyr spurningar sem að sjálfsögðu er ekki hægt að svara fyrr en rannsóknin hefði farið fram. Hún mundi fjalla um þetta og vænti ég að hann sé alveg með á því að rannsókn væri óþörf ef ég vissi þessa hluti fyrir víst því þá mundi ég aðeins fræða þingheim um staðreyndirnar.

Ég ætlaði mér ekki að fara í harðar umræður um þessa hluti, en ég vara við þeim vopnaburði að halda áfram að höggva eins og gert hefur verið. Það hlýtur að kalla á kröfuna um að menn krefjist þess að öll þessi skjöl verði gerð opinber og að þeirri leynd verði svipt af sem verið hefur.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur hv. 3. þm. Vesturl. gleymt í ræðustólnum bókinni sem hann hefur á náttborðinu sínu um leyniskýrslur SÍA. (**EG:** Ef þingmanninum líður illa í návist þessarar bókar skal ég taka hana. Ég mun hafa gleymt henni þarna áðan.) Nei, ég þarf ekki að nota hilluna sem er undir ræðustólnum. Þetta er allt í lagi.

Hér er til umræðu skýrsla hæstv. menntmrh. um fréttaflutning Ríkisútvarpsins 9. og 10. nóv. 1987 vegna upplýsinga frá Norðmanninum Dag Tangen um utanríkismál Íslands. Sá fréttaflutningur sem hér um ræðir varðar mjög viðkvæmt og umdeilt tímabil í sögu þjóðarinnar, tímabil sem enn hefur ekki verið nægilega vel upplýst af íslenskum aðilum. Brýna nauðsyn ber því til að þeir sem enn lifa af þátttakendum í sögu þeirra tíma og ekki síst þeir er mótuðu söguna skrái hana hver frá sínum sjónarhóli. Reyndar er það mjög lærdómsríkt fyrir manneskju sem var of ung til að upplifa þetta eins og fullorðið fólk gerir eða jafnvel unglingar að skynja hversu þessir tímar eru enn viðkvæmir og hversu hörundsárir menn eru gagnvart þeim enn þá. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. Mér er sem ég skynji, þar sem ég sit hér úti í salnum og hlusta á menn tala, sterkan óm af þeim tímum sem ég get ímyndað mér að hafi verið á dögum McCarthy í Bandaríkjunum þar sem menn gengu um með gleraugu og ofsóttu aðra menn. Það er eins og sumir hafi ekki losnað við þessi gleraugu enn, jafnvel þó að heimurinn og samskipti manna hafi breyst töluvert síðan.

Það kom fram á þinginu, reyndar fyrir jólin, þegar þetta mál bar á góma í utandagskrárumræðu að enn hvíldi nokkur leynd yfir skjölum sem vörðuðu mjög sögu okkar á þessum tíma og þá lýstu bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. því yfir að þeir mundu beita sér fyrir því að settar yrðu reglur, sem nú eru ekki til, um meðferð opinberra skjala og hvenær skyldi aflétta leynd á þeim. Ef þeir væru hér mundi ég vilja leggja á það áherslu við þá að þeir gerðu eitthvað í þessum efnum sem fyrst.

Í stuttu máli reyndist umræddur fréttaflutningur, sem hér hefur mikið verið fjallað um, byggður á ónógum og ótraustum upplýsingum og má ýmislegt læra af þeim mistökum sem gerð voru. Þegar öll kurl voru komin til grafar í málinu baðst fréttastofan afsökunar og útskýrði málið fyrir þjóðinni í útvarpinu eins og reyndar kemur fram í skýrslunni á bls. 41, með leyfi forseta:

„Í kvöldfréttum útvarps 19. nóv. var eftirfarandi lesið:

Friðrik Páll Jónsson: Fréttir um náin samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarísku leyniþjónustunnar hafa reynst úr lausu lofti gripnar. Í Bandaríkjunum hafa engin skjöl fundist sem benda til slíkra samskipta og Dag Tangen, sagnfræðingur í Noregi, segir nú að hann hafi aldrei séð slík skjöl. Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari útvarps í Noregi, segir aftur á móti að Dag Tangen hafi áður sagt að hann hafi séð skjöl um slík samskipti.

Margrét Jónsdóttir: Jón Einar Guðjónsson hefur um langt skeið verið fréttaritari útvarpsins í Noregi og reynst áreiðanlegur fréttamaður. Hann sagðist í dag standa fast við það að Dag Tangen hefði sagt sér að hann hefði séð skjöl sem sönnuðu náin samskipti Stefáns Jóhanns og leyniþjónustunnar. Jón Einar kveðst harma að hafa ekki tekið viðtöl sín við Tangen upp á segulbönd. Hér stendur því staðhæfing á móti staðhæfingu. Fréttastofan harmar að heimild sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja skyldi reynast ótraust."

Áður en ég vík nánar að skýrslunni langar mig að fjalla lítillega um vinnubrögð innan Ríkisútvarpsins í þessu máli sem eru að mörgu leyti athyglisverð. Ég vil byrja á því að vitna aftur í skýrsluna á bls. 28 og 29, með leyfi forseta. Þar stendur í fskj. 4 sem er samþykkt útvarpsráðs:

„2934. fundur útvarpsráðs, föstudaginn 20. nóv. 1987, hófst kl. 11.12. Útdráttur. Síðan eru taldir upp þeir sem voru á fundinum og ég vísa hv. þm. á skýrsluna. Í lið 2 í þessari samþykkt segir:

„Framkvæmd dagskrár í hljóðvarpi. Allmiklar umræður urðu um fréttaflutning Ríkisútvarpsins af máli Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Eftirfarandi bókun var samþykkt, 6:1.

„Útvarpsráð átelur harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við fréttaflutning um Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. forsrh., dagana 9.–14. nóv. og beinir því til útvarpsstjóra að hann láti hlutlausan aðila kanna með hvaða hætti slíkt getur gerst."

Árni Björnsson gerði eftirfarandi bókun með atkvæði sínu:

„Þótt heimildakönnun hafi í þessu tilviki verið óvönduð tel ég það almennt séð af hinu góða að fréttamenn Ríkisútvarpsins opni umræðu um mál sem áratugum saman hafa verið sveipuð slíkum leyndarhjúp að það þykja nú fréttir sem allir ættu í rauninni að vita. Fráleitt er að ekki megi fjalla um látna stjórnmálamenn og verk þeirra. Með slíku viðhorfi væri verið að hræða fréttamenn frá því að hreyfa við sögulegum vandamálum."

María Jóhanna Lárusdóttir, sem var fulltrúi Kvennalistans í útvarpsráði á þeim tíma, greiddi atkvæði á móti og óskaði eftirfarandi bókað:

„Fréttaflutningur fréttastofu Ríkisútvarpsins um Stefán Jóhann Stefánssonn er byggður á heimildarmanni sem fréttastofan taldi ekki ástæðu til að vefengja. Heimild fréttastofunnar reyndist síðar ekki traust og hefur fréttastofan nú skýrt málið fyrir almenningi og tel ég að þar með sé málinu lokið."

Af upplýsingum frá þáverandi fulltrúa Kvennalistans í útvarpsráði hef ég eftirfarandi:

Þegar þessi fundur var haldinn í útvarpsráði þar sem fréttaflutningur Ríkisútvarpsins af máli Stefáns Jóhanns Stefánssonar var ræddur allítarlega hafði þegar verið borin fram afsökunarbeiðni af hálfu fréttastofunnar til þjóðarinnar. Á þessum fundi lá ekki fyrir skrifleg greinargerð frá fréttastofu um málið og það var ekki beðið um slíka greinargerð af hálfu útvarpsráðs sem slíks, en fulltrúi Kvennalistans gerði það. Eftir að allmiklar umræður höfðu farið fram um málið af hálfu útvarpsráðsmanna, þá kynnti Elfa Björk Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins, munnlega greinargerð frá fréttastofunni. Enginn hafði haft samband við neinn starfsmann fréttastofu af hálfu útvarpsráðs eða yfirmanna stofnunarinnar til að kynna sér sjónarmið þeirra. (**EG:** Þetta er rangt, hv. þm., röng frásögn af fundi útvarpsráðs.) Já, þá er betra að hv. 3. þm. Vesturl. komi upp og leiðrétti hana. (**EG:** Ég hafði haft samband við fréttastjóra og fleiri starfsmenn Ríkisútvarpsins vegna þessa máls sem útvarpsráðsmaður.) Fulltrúar fréttastofunnar segja að enginn hafi haft samband við þá til að kynna sér sjónarmið þeirra. (**EG:** Það er ósatt.) Já, þetta hef ég eftir þeim. Alla vega var enginn þeirra kallaður á fund útvarpsráðs og útvarpsstjóri hafði ekki samband við neinn af starfsmönnum sínum vegna þessa máls áður en þessi fundur fór fram. Þetta eru upplýsingar frá fréttastofunni. (Gripið fram í.) Þetta er frá fréttastofunni. Ekki hafði heldur verið kallaður til fulltrúi fréttastofu á fundinn sem tíðkast þó þegar útvarpsráð fjallar um „alvarleg mál" einstakra deilda. Það virðist því sem yfirmanni Ríkisútvarpsins og meiri hluta útvarpsráðs hafi ekki þótt þörf á neinum útskýringum af hálfu fréttastofunnar öðrum en þeim munnlegum skýringum sem fram komu af hálfu framkvæmdastjóra. Þetta finnst mér vera mjög athyglisvert þegar um er að ræða mál sem síðan er talið svona alvarlegt.

Síðan samþykkti meiri hluti útvarpsráðs harðorða bókun í garð fréttastofunnar þar sem því er beint til útvarpsstjóra að hann láti hlutlausan aðila kanna með hvaða hætti vinnubrögð af því tagi sem fréttastofan viðhafði í máli Stefáns Jóhanns Stefánssonar geti gerst.

Það að utanaðkomandi aðila skuli fyrst af öllum falið að kanna mál fréttastofu Ríkisútvarpsins án þess að fréttastofan sjálf sé beðin um skýringar verður að teljast undarlegt. Það er ekki hægt að ályktа annað en útvarpsstjóri og meiri hluti útvarpsráðs beri meira traust til aðila utan stofnunarinnar en eigin starfsmanna. Það kann að vera að hv. 3. þm. Vesturl. viti betur, en þetta eru þær upplýsingar sem ég hef bestar um þetta mál. Mér finnst það mjög alvarlegt í raun og veru og undarlegt verklag að yfirmaður stofnunar skuli ekki sjálfur og útvarpsráð, þar sem líka má segja að séu yfirmenn þessarar stofnunar, skuli ekki kynna sér málið með því að fá á sinn fund þá sem málið varðar sérstaklega, einkum þegar um svo alvarlegt mál er að ræða eins og sagt er. Þarna finnst mér að ríki trúnaðarbrestur.

Í skýrslunni segir, eins og þegar hefur verið vitnað til á 1. bls., að það hafi verið mat ráðuneytisins að enginn væri betur til þess fallinn að vinna þessa skýrslu, sem Alþingi óskaði eftir, en dr. Þór Whitehead. Nú þekki ég ekki þann mann og hef lítið sem ekkert lesið af hans verkum. Ég hef heldur ekki haft hugmynd um hvaða stjórnmálaskoðun hann hefur. En hins vegar, bara með því að lesa í gegnum þessa skýrslu, verð ég að segja að mér finnst hann falla í nákvæmlega sömu gryfju og hann ásakar fréttastofuna og starfsmenn hennar að hafa fallið í, þ.e. að gera sig sekan um mikla einsýni og dómhörku sem mér finnst byggjast á pólitískri skoðun án þess að hafa nokkuð vitað um manninn áður. Mér virðist að megi vitna til orða skáldsins Hallgríms Péturssonar: „Þetta sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann." Og án þess að rekja gang mála ítarlega, því ég reikna með að hv. þm. séu búnir að kynna sér skýrsluna, þá kemur ýmislegt fram þessu til stuðnings.

Hann talar um t.d. að þetta mál sé mikill álitshnekkir fyrir Ríkisútvarpið og brýnt sé að unninn verði bugur á þeim trúnaðarbresti sem óhjákvæmilega hefur orðið milli stofnunarinnar og hlustenda. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Álitsgerð dr. Þórs Whitehead mun verða send útvarpsstjóra með þeim eindregnu tilmælum að efni hennar verði vandlega kynnt starfsmönnum fréttastofu Ríkisútvarps, hljóðvarps og sjónvarps, og starfsmönnum dægurmáladeildar Rásar 2 svo að komast megi hjá því að mistök af þessu tagi endurtaki sig."

Þetta virkar hreinlega á mig eins og dr. Þór Whitehead sé einhver utanaðkomandi hirtir fyrir Ríkisútvarpið. Hvers vegna tekur ekki stofnunin þetta sjálf upp og hvers vegna í ósköpunum er núna eftir dúk og disk verið að skipa nefnd til að kanna vinnubrögð innan stofnunarinnar? Því er þetta ekki gert innan stofnunarinnar af starfsfólki og yfirmönnum? Því er fenginn maður úr öðru landi fyrstur af öllum og notaður sem einhver hirtir eða vöndur? Mér finnast þetta sérkennileg vinnubrögð.

Það er hægt að sjá það af skýrslunni og kemur reyndar fram í greinargerð sem Stefán Jón Hafstein sendi hæstv. menntmrh. og til þingflokka einnig, sem þegar hefur verið vitnað til, og ég mun ekki endurtaka innganginn að hans greinargerð, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur þegar lesið upp, en mig langar samt að vitna í lokaorðin, með leyfi forseta, þar sem stendur:

„Með öllu er óskiljanlegt hvernig hægt er að saka opinberan starfsmann um vísvitandi blekkingar og

pólitíska misnotkun í starfi án þess að ganga úr skugga um að stuðst sé við réttar forsendur."

Skýrslugerðarmaðurinn hafði nefnilega aldrei samband við þennan ákveðna starfsmann stofnunarinnar sem hann þó ber mjög þungum sökum. Og einn stærsta sökudólginn í málinu, Dag Tangen, hefur hann einnig aldrei hitt, en það hlýtur að hafa verið mjög nauðsynlegt í þessu máli að tala einmitt við lykilpersónur í málinu. Þennan umrædda mann hefur hann aldrei hitt að máli þó hann hafi aflað sér upplýsinga um hann hjá öðrum og tekið trúanlegar.

Án þess að rekja efni skýrslunnar ítarlega, sem þó væri kannski ástæða til, þar sem skýrsluhöfundur sakar fréttamenn og dagskrárgerðarmenn um hlutdrægt fréttamat og hlutdræga afstöðu, jafnvel stjórnmálaafstöðu, í sinni umfjöllun um málið, finnst mér það sem eru lokaorð skýrslunnar vera kannski sýnu alvarlegra, en þar segir á bls. 11 í VI. kafla: „Mál það, sem nú hefur verið reifað, er í eðli *sínu svikamál.*"

Þetta finnst mér vera mjög alvarleg ásökun og síðar segir á bls. 13: „Svik, sem framin eru undir yfirskini fræðimennsku, getur verið erfitt að varast ef kænlega er um hnúta búið. Svo var þó alls ekki um þetti Dags Tangens sem augsýnilega var ætlað að ófrægja látinn stjórnmálaandstæðing og koma höggi á flokk hans. Meðferð Tangens á heimildum og skipti hans við fjölmiðla minna einna helst á „aprílgabb" sem venjulega endist aðeins í einn dag. Þannig hefði einnig farið í þessu tilviki ef útvarpsmenn hefðu ekki ákveðið að láta sem þeir hefðu sannreynt „heimild" hans. Að svo langt skyldi gengið verður ekki skýrt með því einu að fréttastofan hafi borið óverðskuldað traust til Tangens sem fræðimanns. Röng ákvörðun fréttastofunnar 10. nóv. og meðferð málsins upp frá því vitnar einkum *um tvennt: ofurkapp á að halda ásökunum Tangens* að hlustendum og blinda trú á sannleiksgildi þeirra. Í þættinum Dagskrá sannaðist að útvarpsmenn litu málið aðeins frá einu pólitísku sjónarhorni. Verður það að teljast sterk vísbending um að þessi einsýni hafi ráðið mestu um að þeir komust í ógöngur með málið.

Líti menn svo á að víti eigi að verða til varnaðar virðist ýmislegt mega læra af þessu leiðindamáli: að gengið sé rækilega úr skugga um feril og málflutning manna, sem segja vilja fréttir og skírskota til fræðimennsku og háskólatitla; að munnlegur vitnisburður slíkra manna um heimildir verði ekki talin sönnun á *efni þeirra, hvað þá jafngildi frumheimildar*; að þeir útvarpsmenn sem hér eigi hlut að máli reyni framvegis að líta á umdeild sagnfræðileg viðfangsefni frá fleiri en einni hlið og finni stjórnmálskoðunum sínum vettvang utan fréttatíma."

Þetta finnst mér óvarlega sagt og ófræðimannlega og bera vott um pólitíska einsýni hans sjálfs miklu fremur. Þessi málsmeðferð gerir það að maður efast um að skýrslugerðin sé í raun stjórnmálalega óháð.

Hverju hafa þau mistök valdið sem hér hafa verið gerð og hafa verið viðurkennd, því að vissulega voru gerð mistök, það er enginn vafi á því? Ég tel ekki að þau hafi spillt mannorði þess stjórnmálamanns sem fjallað var um. Hins vegar endurspegla mistökin þau vinnubrögð sem ríkja í fréttaheimi þar sem vaxandi samkeppni ríkir, þar sem öllu máli skiptir hver er fyrstur með fréttirnar. Þetta eru vinnubrögð sem við hljótum að þekkja af eigin vettvangi. Og ég verð að segja að það sem mér fannst einna ógeðfelldast í byrjun þegar ég kom inn á stjórnmálavettvanginn var ágengni fréttamanna sem kröfðust þess að stjórnmálamenn gæfu svör um viðbrögð annarra stjórnmálamanna án þess að hafa nokkrar forsendur til þess að bregðast við vegna þess að þeir höfðu mjög takmarkaðar upplýsingar. En vegna þess að fréttirnar eru bundnar við ákveðna tíma dagsins og vegna þess að það er sívaxandi kapphlaup á milli fjölmiðla, sem nú eru orðnir mun fleiri en áður, er mjög erfitt að verjast þessu. Það er mjög erfitt fyrir fréttamennina og það er erfitt fyrir stjórnmála*mennina*.

Við skulum líta í eigin barm þegar við hugsum um vinnubrögð þar sem hraðinn skiptir öllu máli. Við erum sjálf að ganga inn í síðustu annadaga þingsins núna og við skulum minnast þess hvernig var hérna fyrir jólin þegar æðibunugangurinn var slíkur að mörg mistök voru gerð, mistök sem menn leitast síðan við að leiðrétta. Ég bið menn að hafa þetta í huga án þess að ég sé að reyna að afsaka þau mistök sem gerð voru. Það hafa aðrir gert, þeir sem gerðu mistökin. En ég bið menn að hugsa til þess. Auðvitað hlýtur slíkt oft að verða í fréttamennsku. Kannski jafnvel margoft á dag þó það sé í minna mæli og þó að það séu ekki eins afdrifarík mistök.

Ég minni t.d. á það að nýlega keypti þýska tímaritið Spiegel leyniskjöl varðandi Kurt Waldheim. Þeir höfðu reyndar talsvert góðan tíma til að gaumgæfa þau skjöl en birtu þau síðan og þau reyndust vera fölsuð. Þau reyndust vera röng. Tímaritið bað síðan afsökunar á þessu. En þetta er dæmi um það að slík mistök geta hent jafnvel hjá þeim sem hefðu getað haft nægan tíma til að gaumgæfa.

Hvað varðar oftrú á fræðimönnum þá er það eitthvað sem við gerum okkur kannski öll sek um. Ég vil líka biðja menn að íhuga það, hér kemur t.d. talsverð sanngjörn umfjöllun af hálfu skýrsluhöfundar á bls. 4, með leyfi forseta, þar sem segir: „Ekki verður um það deilt að fræðimenn njóta almennt mikils trausts meðal blaða- og fréttamanna." *Og ég vil skjóta hér inn: meðal ýmissa annarra líka.* „Í þessu skjóli skákaði Tangen. „Heiður" hafði hann að vísu ekki áunnið sér á sviði vísinda er hann kvaddi sér hljóðs í Klassekampen í nóvember 1987, og áróðursblærinn á málflutningi hans leyndi sér ekki. Það hlaut þó í fljótu bragði að vekja nokkurt traust norskra fjölmiðla að hann hafði styrkþegastarf við rannsóknarstofnun og háskólapróf. Því er engin furða að Ríkisútvarpið íslenska skyldi einnig telja hann verðugan tíðindamann í upphafi. Útvarpið þarf að heyja harða

samkeppni við aðra fjölmiðla um fréttir og hefur sjaldnast færi á að brjóta mál til mergjar áður en þau eru afgreidd í fyrsta sinn. Miðað við aðstæður 9. nóv. sl. hafði Friðrik Páll Jónsson fréttastjóri gildar ástæður til að útvarpa tíðindunum frá Osló í von um að þau mætti staðfesta næsta dag. Í fréttayfirliti var þess einnig gætt að taka ekki neina ábyrgð á sannleiksgildi þeirra. Hlustendum gat ekki dulist að útvarpið var aðeins að greina frá þeim vitnisburði og ályktunum sem fréttaritari þess hafði eftir „sagnfræðingnum" í Osló." Maðurinn reyndist síðan ekki vera sagnfræðingur heldur hafði hann lokið háskólaprófi í stjórnmálafræði. Við skulum hins vegar ekki gleyma því að fræðimennska blindar marga hvort sem hún er raunveruleg eða ekki.

Vegna þeirrar spurningar sem var borin fram í sambandi við Dag Tangen og Ingibjörgu Hafstað skal það tekið fram að Ingibjörg Hafstað er með réttu kvennalistakona og var fulltrúi okkar í útvarpsráði um tíma. Vegna starfa föður hennar hjá sendiráði Íslands erlendis ólst hún upp í Noregi og nefndur Dag Tangen var skólabróðir hennar um tíma og af því stafar sá kunningsskapur.

Mér finnst alvarleg sú samsæriskenning sem kemur fram í þessari skýrslu. Mér finnst hún reyndar fáránleg. Ég bendi hv. þm. á það sem mér barst í bréfi frá fréttastofunni, að varafréttastjóri og vaktstjóri fyrstu daga málsins eru fæddir 1945 og 1960 og elsta manneskjan á fréttastofunni þessa daga er fædd 1940. Meira að segja hef ég fyrir satt að þegar fréttin barst í fyrstu voru fréttamennirnir ekki betur að sér en svo að þeir mundu tæplega hver hafði verið forsætisráðherra á umræddu tímabili. Mér finnst þessi kenning út í hött og fáránleg. Og ef ég dæmi út frá sjálfri mér sem er fædd 1941 vissi ég ekki það mikið um þessi mál í smáatriðum að augu mín og eyru opnast æ meir eftir að ég hlusta á fleiri tala hér. Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu viðkvæmt þetta tímabil í raun er í vitund þeirra sem hér sitja og hversu hörundsárir menn eru enn sem e.t.v. voru þátttakendur í stjórnmálum á þessum tíma. Það er eins og þeir beri kvíðboga gagnvart því að einhverju verði ljóstrað upp. Það liggur við að maður haldi það.

En af því að við erum að ræða um Ríkisútvarpið verð ég að segja að mér finnst hún mjög alvarleg sú *staða sem komin er upp í málefnum Ríkisútvarpsins,* hljóðvarps og sjónvarps. Það virðist sem stjórnvöld reyni að veikja stoðir þessarar mikilvægu stofnunar á markvissan hátt. Er þess skemmst að minnast að hún var rúin mikilvægum tekjustofnum nú fyrir áramótin þegar felldur var niður lögboðinn tekjustofn hennar þar sem aðflutningsgjöldin eru. Þetta var gert eftir að opnað hafði verið fyrir frjálsa fjölmiðla með sérstökum lögum og þeim þannig veitt samkeppnisaðstaða við Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpinu var þó ætlað að bera áfram mikla ábyrgð og mikilvæga menningarskyldu við þjóðina eins og áður, ábyrgð og skyldu gagnvart íslenskri menningu umfram það sem öðrum fjölmiðlum er ætlað að sinna. Og ég þarf ekki að minna hv. þm. á þau lög sem þeir samþykktu á síðasta kjörtímabili sem fyrirskipa hlutverk þessara stofnana. Á sama tíma bera margir ríkar áhyggjur af vaxandi ágengni enskrar tungu á málheim barna okkar og reyndar þjóðarinnar allrar. Hlutur íslensks efnis og dagskrárgerðar er víkjandi í sjónvarpi og ræður fjármagnsskortur þar mestu. Fjárhagur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, verður æ þrengri og stafar það ekki síst af ráðstöfunum stjórnvalda. Er þá von að sú spurning vakni hver sé hollusta stjórnvalda og í raun þeirra fulltrúa stjórnmálaflokka, t.d. Sjálfstfl., sem nú beita sér einkum gegn Ríkisútvarpinu. Hver er hollusta þeirra við þá stofnun og hollusta þeirra við hlutverk hennar gagnvart íslenskri menningu? *Hvernig á nú að trúa einlægni þeirra þegar þeir* reka upp ramakvein og hóa mönnum saman á fundi til varnar íslenskri tungu, altalandi og þrælfullorðnu fólki. Á meðan sitja börnin fyrir framan sjónvörpin sín og hlusta á enskuna í barnaefninu og öðru efni sem menn hafa ekki talið sig hafa ráð á að setja íslenskan talaðan texta við. Nei, við höfum rætt þetta á þinginu í vetur, bæði í umræðum um lánsfjárlög, í umræðum um fsp. um barnaefni í sjónvarpi og oftar og þeir yppta bara öxlum, hæstv. menntmrh., fyrrv. og núv., og hæstv. fjmrh. lætur ekki sjá sig. Kæra þeir sig í raun og veru kollótta? Ég bara spyr.

Ég tel að þarna þurfi önnur vinnubrögð og meiri hollustu af hálfu stjórnvalda við þá mikilvægu stofnun sem Ríkisútvarpið er og það starfsfólk sem þar starfar af áhuga, hollustu og hæfni, örugglega langflest. Því verða á mistök eins og öðrum og það er enginn vafi á því að það getur bætt vinnubrögð sín eins og aðrir. Hins vegar finnst mér skipta meginmáli hvernig yfirmenn þeirrar stofnunar, eins og allra annarra stofnana, bregðast við því þegar starfsfólki verða á mistök. Án þess að gera lítið úr þessum mistökum, eins og ég sagði áður — menn hafa þegar útskýrt þau og beðist afsökunar á þeim — vil ég lýsa því yfir að mér finnst yfirmenn stofnunarinnar hafa brugðist starfsfólki sínu og ekki sýnt því þá hollustu sem það á skilið. Svona mál þarf að vinna innan stofnunar. Það á ekki að kalla lögreglur utan úr löndum til að hirta menn. Ég tel að yfirmenn stofnunarinnar geti jafnframt lært af þessu máli nokkuð *um sjálfa sig eins og þeir hvetja starfsfólk sitt til að* gera. Það er einnig alvarlegt að öll hegðun stjórnvalda gagnvart Ríkisútvarpinu lýsir jafnframt skorti á hollustu við menningu þessarar þjóðar. Slíkt getur reynst afdrifaríkt fyrir sjálfstæði okkar, afdrifaríkara jafnvel en atburðirnir sem urðu á fjórða og fimmta áratugnum og menn skjálfa enn gagnvart þegar þessi mál koma til umræðu.

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að vera langorður um þessa skýrslu eða um tilefni hennar. Ég tel að það mál sé í raun og veru upplýst. Það liggur fyrir. Í þessari ágætu skýrslu liggja fyrir allar

meginstaðreyndir þessa máls. Málið er þar af leiðandi upplýst og vonandi að allir læri af þeim mistökum sem orðið hafa í þessu máli.

Ef ég vík aðeins að þessum fréttaflutningi tel ég að ekki sé hægt að áfellast fréttastofu Ríkisútvarpsins fyrir að birta hina upphaflegu frétt í þessu máli. Ég tel að ekkert þurfi að vera við það að athuga að hafa beint eftir nafngreindum norskum einstaklingi, sem talinn er fræðimaður, upplýsingar eða skoðanir á íslenskum málefnum svo fremi að í þeim komi fram einhver fréttapunktur, eitthvað nýtt sem talið er að menn viti ekki um. Fréttastofur geta ekki borið ábyrgð á skoðunum manna sem koma fram undir fullu nafni. Um slíkar frásagnir á að sjálfsögðu að fara samkvæmt eðlilegum og venjulegum reglum um fréttamat.

Það sem hins vegar er óeðlilegt í þessu máli er framhaldið, viðbrögð fréttastofunnar, skýringar hennar, útleggingar og túlkanir, bæði fréttastofunnar og hinnar svokölluðu dægurmáladeildar, og síðan að sjálfsögðu að halda áfram með þetta mál með þeim hætti sem gert var eftir að ljóst var orðið að hinar upphaflegu fréttir stóðust alls ekki og reyna að hylma yfir þá staðreynd. Í útlöndum hefði þetta sjálfsagt verið kallað „cover-up" (**Gripið fram í:** Hvað?) Að hylma yfir þær upplýsingar að hinar upphaflegu fréttir stóðust ekki er kallað á ensku „cover-up" og er að sjálfsögðu algjörlega óafsakanlegt hjá hvaða fjölmiðli sem er, ekki síst hjá ríkisfjölmiðli sem allir eiga að geta treyst.

En, eins og ég segi, ég tel að þetta mál sé upplýst og að allir sem hlut eiga að máli ættu að geta lært af þeim mistökum sem þarna hafa orðið.

Mig langar hins vegar að vísa á bug þeim ásökum sem dr. Þór Whitehead hefur orðið fyrir í þessum umræðum. Ég tel að það sé síst ofmælt sem um hann er sagt í ingangi þessarar skýrslu. Ég tel að rit dr. Þórs Whitehead um íslenska samtímasögu séu með því merkasta sem skrifað hefur verið um samtímasögu á Íslandi fyrr og síðar og menn hafi tekið hér mjög ómaklega upp í sig að því er varðar fræðimennskuheiður hans. Enda gat hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ekki hrakið eitt einasta orð af því sem hann segir í skýrslu sinni um skjalakönnun sína í Bandaríkjunum eða annað það er viðvíkur meðferð gagna í þessu máli. Hann hefur að vísu ekki séð skjöl sem enginn hefur fengið að sjá, ekki einu sinni Hjörleifur Guttormsson, og kemur það reyndar fram. (**Gripið fram í:** Hver segir að enginn hafi fengið að sjá þau?) Hérna stendur, með leyfi forseta, á bls. 13 í skýrslunni: „Við þessa rannsókn kom í ljós að engin skjöl bandarísku leyniþjónustunnar CIA um starfsemi hennar á Íslandi eru tiltæk í skjalasöfnum vestra. Skemmst er frá að segja að í heimildum frá öðrum stjórnarstofnunum og Bandaríkjaher fundust engar vísbendingar um Íslendinga sem starfað hefðu í þjónustu CIA."

Ég vil svo aðeins bæta þessu við varðandi höfund skýrslunnar: Það hefur verið fundið að því að hann hafi verið einn í ráðum. Menn gleyma því þá auðvitað að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hafði tekið sjálfstætt á þessu máli að frumkvæði útvarpsstjóra og komist að nákvæmlega sömu niðurstöðu. Sú gagnrýni fellur því um sjálfa sig.

En það var býsna fróðlegt að hlýða hér á hv. 2. þm. Austurl. Hjörleif Guttormsson í dag. Hans kenning er sú, að þó svo að margumrætt skjal Dags Tangens hafi ekki komið í leitirnar og aldrei verið til, hafi samt verið um að ræða meiri háttar samsæri af hálfu innlendra ráðamanna, samsæri, ef ekki landráð, með ýmsum fulltrúum erlendra ríkja. Það skiptir m.ö.o. engu máli þó að gögnin í þessu máli hafi reynst dauð og ómerk og séu reyndar ekki til. Þá er bara farið að lesa upp úr allt öðrum skýrslum. Það má kannski segja að það sé út af fyrir sig fróðlegt að það skuli vera farið hér með eitthvert mál sem misvitrir sendimenn og sjálfsagt misfróðir um íslensk málefni, sendimenn Bandaríkjastjórnar, hafa sent til sinna yfirboðara. Þannig er það nú með sendimenn erlendra ríkja, bæði hér og annars staðar, og reyndar okkar sendimenn í útlöndum, að það er þeirra hlutverk að senda upplýsingar til heimalandsins um menn og málefni eins og reyndar hv. 2. þm. Vestf. gat réttilega um. En það er satt að segja hálfhjákátlegt ef það er orðið hlutskipti hv. 2. þm. Austurl. að gera slíkar skýrslur að sínum og gera ummæli sem þar koma fram að hinum endanlega úrskurði um Íslandssögu þessara ára. Auðvitað er það fjarstæða.

Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. nafngreindi einn mann sérstaklega sem átti að hafa komið fyrir í þessum samtölum og hefði verið vikið úr starfi á fréttastofu útvarpsins, sennilega vegna þess að hann hafi verið kommúnisti, og við hafi tekið annar maður einnig nafngreindur, Högni Torfason, sem hefði unnið sér það helst til frægðar að hafa verið starfsmaður bandaríska sendiráðsins áður en hann tók við störfum. Það vill nú þannig til að ég gluggaði í æviminningar mannsins sem var rekinn, Hendriks Ottóssonar, útvegaði mér þá bók í matarhléinu. Þar kemur einmitt fram, sem ég hygg að hv. 2. þm. Austurl. hafi verið búinn að gleyma — sjálfsagt er langt síðan hann las þessa bók — að viðkomandi fréttamaður hafði einmitt verið starfsmaður bandarísku leyniþjónustunnar, hvorki meira né minna, á stríðsárunum og þar áður Breta. Eitthvað er því þessi saga öll málum blandin og skal ég ekki rekja það frekar. En ef menn vilja kynna sér þetta geta þeir lesið þetta í bók Hendriks Ottóssonar, Hvíta stríðið, Vegamót og vopnagnýr. Reyndar eru þetta tvær bækur sem voru gefnar út saman að nýju árið 1980. Hér segir frá þessu á bls. 251 og aftar.

Það er óneitanlega dálítið hjákátlegt að heyra forustumenn Alþb. fara með þennan samsærissöng sem verið hefur þeirra viðkvæði í utanríkismálum árum og áratugum saman. Þetta er nefnilega engin ný bóla. Það kemur hins vegar nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar þeir brigsla öðrum mönnum um landráð, landsölu og óþjóðhollustu eins og gert hefur verið undir rós í umræðunum hér í dag og gert

var þegar þessi mál voru til umræðu í nóvember sl.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði í umræðunum í dag, vitnaði að því er hann hélt í bróður núv. fjmrh., um menn sem ekki ættu sér fortíð í utanríkismálum. En þannig er því aldeilis ekki farið með Alþb. því að það er svo sannarlega flokkur með fortíð. Fortíð sem er reyndar svo skammarleg að þessu leyti að menn með slíkan arf og slíkan uppruna ættu ekki að taka sér í munn ummæli eins og óþjóðhollusta, óþegnskapur eða því um líkt gagnvart þeim aðilum sem hafa af einlægni staðið vörð um sjálfstæði þjóðarinnar. En þessi áburður hefur nú dunið á forustumönnum Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. árum og áratugum saman eins og ég gat um. Sannleikurinn er hins vegar sá — og það er gersamlega óyggjandi — að ekkert stórveldi hefur haft slíkt vald yfir íslenskum mönnum eins og Ráðstjórnin í Sovétríkjunum yfir Kommúnistaflokki Íslands og forustuliði hans. Og þessum tengslum var ekki slitið þegar Sósíalistaflokkurinn, sameiningarflokkur alþýðu, var stofnaður 1938. Þetta er arfurinn sem Alþb. þarf að drattast með.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gaf fullt tilefni til þess í dag að rifja örlítið upp eitt og annað um þessi mál. Ég vildi kannski byrja á því að benda hlustendum á ágæta ritgerð sem er einmitt eftir dr. Þór Whitehead. Hún birtist í Sögu, tímariti Sögufélagsins, árið 1981, og fjallar um þá nýútkomna bók Einars Olgeirssonar, Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar. Í þessari grein er einmitt ágætlega rakið hvernig landsölukenningar íslenskra kommúnista ná allt aftur til ársins 1918. En allt frá þeim tíma á hin svokallaða íslenska borgarastétt að hafa verið að reyna að selja landið í hendur útlendu auðvaldi, ef ekki ensku eða þýsku þá bandarísku. Það er hart til þess að vita að enn þann dag í dag skuli alið á slíkum hugmyndum.

Mig langar til þess, virðulegi forseti, að kíkja aðeins nánar í þessi mál því eins og margir hv. þm. urðu til að benda á í umræðum um þessi mál í nóvembermánuði sl., þá væri býsna fróðlegt ef jafngreiður aðgangur væri að skjölum sovétstjórnarinnar um samskipti við íslenska menn eins og er þó að skjölum Bandaríkjastjórnar. (**Gripið fram í:** Eða þá austur-þýskum.) Já, eða þá austur-þýskum. Ýmsir hv. þm. bentu á það í umræðunum hér í nóvember að þar væri ekki um auðugan garð að gresja varðandi upplýsingar og fróðleik.

Samt sem áður er eitt og annað vitað um þetta mál, m.a. vegna þess að menn eins og dr. Þór Whitehead hafa lagt á sig að sinna rannsóknum á þessu sviði. Raunar er allt of lítið gert af því að halda þeirri vitneskju við sem þó er fyrir hendi um þessi mál, jafnfurðuleg og hún hlýtur að virðast öllu venjulegu fólki nú á dögum.

Það mun vera svo, virðulegur forseti, að íslenskir kommúnistar munu hafa tekið þátt í Alþjóðasambandi kommúnista, Komintern, sem var undir stjórn rússneska Kommúnistaflokksins, alveg frá því 1920. Um þetta má lesa í hinni ágætu bók Þórs Whitehead, Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934, sem út kom 1979. En það er einnig annað ágætt rit eftir annan bróður núverandi fjmrh., dr. Arnór Hannibalsson, sem heitir „Kommúnismi og vinstri hreyfing á Íslandi“ og ég efast ekki um að hv. 2. þm. Austurl. kann einhver skil á. Þessi bók kom út 1964 og í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum Komintern, samþykktum á 2. þingi þess (1920), skyldu allir hinir einstöku kommúnistaflokkar í hverju landi aðeins vera deildir úr alheimsflokk kommúnista og lúta miðstjórn flokksins (alþjóðasambandsins) í Moskvu. Allar samþykktir þinga Komintern og miðstjórnar þess voru bindandi fyrir kommúnistaflokkana, og verkefni þeirra var í því fólgið að framkvæma þær í samræmi við aðstæður í hverju landi.“

En það mun einmitt vera þetta þing, 1920, sem fyrstu fulltrúarnir héðan að heiman sátu.

Síðan langar mig að vitna til bls. 32 í sömu bók eftir Arnór Hannibalsson ef einhver skyldi vera farinn að ryðga í þessum fræðum. Þar stendur:

„Það er ótrúlegt en samt satt, að á því herrans ári 1934 voru uppi menn á Íslandi, sem trúðu því statt og stöðugt, að stefna Komintern og hinnar fámennu kommúnistaklíku væri svo nákvæmlega í samræmi við lögmál þróunarinnar, að einhvern næsta dag risi þjóðin upp, stofnaði Sovét-Ísland og afhenti kommúnistaforingjunum völdin, geislandi af hamingju yfir því nýja lífi sem við blasti.“ Síðan segir hér: „En hvað hugðust þá kommúnistar gera við hinn ástkæra verkalýð eftir byltinguna? Um það þurfti ekki að hugsa. Þá hefðu hinir réttu menn völdin, Ísland yrði sovétlýðveldi, Stalín og Komintern tryggðu hina réttu stjórn. Það er því enginn vegur að skýra frá hugmyndum kommúnista um framtíðina án tilvísunar til Sovétríkjanna. Framtíð íslenskra verkamanna og bænda var í Sovétríkjunum. Þar var framtíðarmarkmið þeirra komið í framkvæmd. Við inngöngu Íslands í Sovétbandalagið var verkið fullkomnað. Áætlunin þurfti ekki að ná lengra. Lýsing á ástandinu í Sovét var því hin raunverulega stefnuskrá Kommúnistaflokks Íslands.“

En það er ýmislegt fleira um þetta að segja því í þessari bók dr. Þórs Whitehead sem ég nefndi áðan segir m.a. á bls. 52:

„Eftir að Kommúnistaflokkurinn var stofnaður, voru sendar skýrslur frá Íslandi til aðalstöðvanna í Moskvu. Í þeim sagði frá starfi flokksins og árangri, stjórnmálaviðhorfi og verkalýðsmálum. Einnig var skýrt frá starfinu í hliðarsamtökum flokksins. Kommúnistar á farskipunum komu skýrslunum til danska Kommúnistaflokksins, sem sendi þær til Moskvu.“

Örlítið neðar segir: „Í Moskvu gengu skýrslur frá kommúnistaflokkunum til deildar „alþjóðatengsla“ (OMS) í Komintern. Deildarstjóri OMS var Osip A. Pyatnitski (líflátinn 1939), en í verkahring hans var að halda uppi sambandi við kommúnistaflokkana, sjá þeim fyrir peningum og afla upplýsinga um erlend ríki. Deildin starfaði í nánum tengslum við

leyniþjónustu Rauða hersins („fjórðu deildina“ eða Razvedupr) og leynilögregluna (G.P.U.). Þau bönd, sem tengdu OMS við kommúnista í öllum löndum, gerðu deildina að einni mikilvægustu stofnun Kominterns og sovéska njósnakerfisins.

Heimildarmaður úr forystusveit Kommúnistaflokks Íslands skýrir svo frá, að flokkurinn hafi fengið fjárstyrk sinn frá Moskvu fyrir milligöngu Signe Silléns, eiginkonu sænska kommúnistaleiðtogans Hugo Silléns. Vitað er, að Signe starfaði jöfnum höndum fyrir Komintern og leyniþjónustu Rauða hersins í Stokkhólmi. Ekkert verður þó um það sagt, hvort peningarnir komu úr sjóðum Kominterns eða leyniþjónustunnar, enda voru þessar stofnanir í reynd greinar á sama meiði, ráðstjórninni.“

Þarna er nú komið þetta blessað rússagull sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að lýsa eftir í umræðunum hér í dag. Hann hefur kannski verið búinn að gleyma þessari tilvitnun. Þarna er hvorki meira né minna en Gullna flugan Kommúnistaflokks Íslands, Gullflugan, Rússagullsflugan. En hann var að veifa bók í dag sem ber heitið Gullna flugan og á að vera um samskipti Alþýðuflokksins við einhverja örláta aðila.

Þannig mætti lengi telja, herra forseti, og vitna ég til þessarar sögu sem er í og með undanfari þeirra ákvarðana sem teknar voru hér í utanríkis- og öryggismálum á þeim tíma sem fréttirnar, sem eru upphaf þessa máls, fjölluðu um.

Á bls. 55 í bók Þórs Whitehead segir m.a.: „Eftir flokksstofnunina 1930 voru íslenskir kommúnistar í óslitnu sambandi við Komintern. Skýrslur voru sendar reglulega, fulltrúar flokksins sátu þing Kominterns og fundi. Fyrstu fulltrúar íslensku deildarinnar á miðstjórnarfundi Alþjóðasambandsins voru Brynjólfur Bjarnason og Ísleifur Högnason. Fundur þessi var haldinn sumarið 1932, nokkrum mánuðum áður en deilurnar miklu um stefnu Kommúnistaflokksins hófust. Verklýðsblaðið sagði í frétt um för fulltrúanna til Moskvu.

„En félagar. Það er ekki nóg að tilheyra heimsflokki kommúnismans. Við verðum einnig allir að vera viðbúnir til að framkvæma fyllilega í verkinu fyrirskipanir hans. . . .“ “

Örlítið neðar segir: „Komintern lét sér umhugað að skóla unga menn, sem taldir voru vel til forystu fallnir. Kommúnistaflokkur Íslands sendi nokkra félaga sína til náms í hinum leynilega flokksskóla fyrir Vesturlönd (Lenínskólanum). Hefur höfundur haft spurnir af 15 Íslendingum, sem þar námu bókleg og hagnýt byltingarfræði. Þrír þeirra áttu við heimkomu drjúgan þátt í flokksdeilunum hatrömmu. Þess voru dæmi, að menn dveldust svo árum skipti í Moskvu á vegum Kommúnistaflokksins, og foringjar hans voru tíðir gestir þar í borg.“

Hefur nokkur annar íslenskur stjórnmálaflokkur, nokkurt annað íslenskt stjórnmálaafl, nokkurn tímann átt jafnnáin tengsl við erlenda aðila, við erlent stórveldi, eins og hér er verið að lýsa? Ég er ekki í nokkrum vafa um að svarið við þeirri spurningu er nei. Það var hins vegar ýjað að framhaldi þeirrar sögu áðan í tilvitnun hv. þm. Eiðs Guðnasonar í þessa bók hér, Rauðu bókina, leyniskýrslur SÍA sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er nú víst einn af aðalhöfundum að. Það kemur hér fram. Hv. þm. Eiður Guðnason gleymdi hins vegar að geta þess að eftir að þessi bók kom út fóru þeir höfundarnir í málaferli. Þeir voru ekki að fara fram á það að ummælin hér yrðu dæmd dauð og ómerk, öðru nær. Þeir fóru fram á höfundarlaun. Eftir því sem ég best man voru þeim dæmd þau. (Gripið fram í.) Þau skyldu greiðast en voru ekki fram reidd. (Gripið fram í.) Voru þau fram reidd? Ekki efast ég um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson man þetta betur en ég.

En varðandi ferðir íslenskra námsmanna austan tjalds er óþarft að rifja það upp sem hv. þm. Eiður Guðnason nefndi. Ég vil bara bæta hér við. Á bls. 177 í þessari góðu bók segir, með leyfi forseta: „Í flokki okkar og æskulýðssamtökum er mikill skortur á traustum, velmenntuðum kader til hinna margvíslegustu starfa, félögum, sem eru reiðubúnir til að leggja fram óeigingjarnt starf í þágu hreyfingarinnar og þeirrar hugsjónar, sem hún berst fyrir“ o.s.frv. o.s.frv.

Auðvitað má hafa langt mál um þetta. Það kemur fram t.d. á bls. 126 að Sovétvinafélagið MÍR var eins og hver önnur flokksdeild í Sósíalistaflokknum en var jafnframt rekin fyrir sovéskt fé og hélt uppi nánum tengslum við Sovétríkin og sovéska sendiráðið. Hvaða flokkur hefur starfað í slíkum tengslum við félög sem starfa á þessum grundvelli? Það hefur verið nefnt að Sósíalistaflokkurinn sjálfur skipulagði námsmannasendingar austur yfir tjald og það sem meira er, það kemur fram í þessari bók líka að þeir félagarnir reyndu að útiloka það að aðrir íslenskir námsmenn fengju að komast þarna austur yfir eftir eðlilegum leiðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessa bók en mig langar til þess að lesa eina tilvitnun enn úr bók Þórs Whitehead þar sem kemur mjög glöggt fram að ásakanir manna, sem tilheyra þessum félagsskap, um annarra manna landráð og landsölu hljóma sem hjóm eitt og auðvitað hið argasta öfugmæli miðað við það sem hér kemur fram um þá sjálfa.

Þetta byrjar á tilvitnun í Einar Olgeirsson en hann skrifaði, með leyfi forseta: „Með gagnrýni og árás á auðvaldsskipulagið í anda Marx og Engels, með myndun Kommúnistaflokks og sigri verkalýðsbyltingar að fordæmi Leníns og bolshevikkanna, með framkvæmd sósíalismans eins og Stalín hefur stjórnað henni í Rússlandi, — mundi íslenskur verkalýður með markvissri baráttu gera að veruleika þann draum, sem íslenska alþýðan og hennar bestu menn hafa þráð og óskað eftir meir eða minna óljóst en innilega og heitt allan þann tíma, sem stéttaþjóðfélagið hefir staðið á Íslandi: að afnema alla kúgun og alla fátækt af þessu landi og þessari jörð.“

Síðan segir höfundur: „Í þessu alþjóðlega ljósi verður að skoða drauminn um Sovét-Ísland. Ráð-

stjórnarríkin voru upphafið að allsherjarsambandi sósíalistaríkja. Þegar alþýða auðvaldsríkis steypti kúgurum sínum af stóli, var henni opin leið í ráðstjórnarsambandið. Í samþykkt Kominterns frá 1928 var að finna drögin að þessu sambandi."

Síðan segir: „Í þetta samband [samband sósíalistískra ráðstjórnarríkja] bar Sovét-Íslandi að ganga. Stjórnskipan landsins yrði þá hin sama og með þegnum Stalíns.

Þessi afstaða til umheimsins verður ekki skilin og skýrð nema í ljósi alþjóðahyggjunnar. Í samskiptum sínum við Komintern og ráðstjórnina voru kommúnistar óbundnir af þeim reglum og siðvenjum, sem þegnum íslenska ríkisins var ætlað að fylgja í skiptum við erlend stjórnvöld. Í Kommúnistaávarpinu sagði: „Öreigalýðurinn á ekkert ættland. Það, sem hann ekki á, verður ekki af honum tekið"."

Og síðan: „En nú var öldin önnur. Rússnesku öreigarnir höfðu tekið ríkisvaldið úr höndum borgaranna, og með því höfðu öreigar allra landa eignast sitt „sanna föðurland". Í blöðum kommúnista var börnum innrætt alþjóðahyggja og þeim kennt að varast borgaralega þjóðernishyggju." Síðan er tilvitnun í eitt af þessum blöðum. Þar segir: „Skátarnir elska íslenska fánann, fána auðmanna. En öll verklýðsbörn elska rauða fánann, fána verkalýðsins."

Og áfram: „Framvarðarsveit öreiganna hafði engrar þegnskyldu að gæta við ríki borgaranna, íslenska ríkið, því að „þjóðlegur í borgaralegum skilningi verður hann [öreigalýðurinn] aldrei"."

Neðar segir: „Kommúnistar óskuðu þess að vera hollir sinni stétt, alþjóðlegu öreigastéttinni, og ríki hennar, Ráðstjórnarríkjunum, sem þeir ætluðu Íslandi að sameinast. Foringi ráðstjórnarinnar, Jósef Stalín, var foringi íslenskra kommúnista, og þeir tignuðu hann sem „einhvern göfugasta hugsjónamann og mannvin nútímans ..."." — En þetta mun vera úr Þjóðviljanum frá árinu 1936 eða 1937.

„Með því að vera hollir sinni stétt töldu kommúnistar sig vera holla sínu landi: hagsmunir Íslands (þ.e. íslensku öreigastéttarinnar) og Ráðstjórnarríkjanna fóru saman í einu og öllu. Kommúnistar voru hinir sönnu ættjarðarvinir, borgararnir voru „óþjóðhollir" í þeim skilningi, að þeir vildu selja landið í hendur útlenda auðvaldinu (danska, enska, þýska o.s.frv.)" Hér lýkur tilvitnun í bók Þórs Whitehead.

Þannig er nú þessi arfur þeirra aðila sem hafa haft hæst um það að aðrir menn gengju fram í því að hafa uppi samsæri gegn almenningi hér í landinu og ofurselja landið erlendum aðilum. Þetta er ljót lesning. En þetta var nú samt það sem við blasti í stefnuskrá Sósíalistaflokksins frá 1952 sem ég hef hér í höndunum. Ég geri ekki ráð fyrir að þar hafi orðið miklar breytingar frá árunum 1938–1952. Þar er beinlínis tekið fram að langlíklegasta leiðin fyrir íslenskan verkalýð til að ná völdum sé leið átaka. Jafnframt er tekið fram í þessari stefnuskrá að það sé stefna flokksins að innlima Ísland, að Ísland verði aðili að alþjóðabandalagi sósíalistískra lýðfrjálsra þjóðfélaga, eins og það er kallað, alveg eins og segir í upphaflegri stefnu Kominterns frá 1928 sem ég vitnaði til áðan. M.ö.o. þetta var alveg óbreytt á árunum í kringum 1950 og spurningin sem menn stóðu frammi fyrir þá var þessi: Áttu menn að taka eitthvert mark á þessu eða ekki? Var þetta bara eitthvert hjal og blaður sem menn í öðrum flokkum áttu ekki að taka neitt mark á?

Eins og hv. þm. Eiður Guðnason vék að eiga menn auðvitað leiðréttingu orða sinna og menn eiga rétt á því að skipta um skoðun og hverfa frá villu síns vegar. Það held ég reyndar að sé raunin með flesta þá sem tilheyra því Alþýðubandalagi sem við þekkjum í dag. Ég ætla ekki í alvöru að fara að gera Hjörleifi Guttormssyni upp þær skoðanir sem ég var að vitna hér til þó að hann hafi kannski einhvern tímann á árum áður aðhyllst þetta fagnaðarerindi. Það er fagnaðarefni að þeir skuli flestir hverjir hafa horfið frá trúnni á sovétskipulagið og vilji nú væntanlega flestir, ef ekki allir, standa vörð um íslenskt lýðræði í núverandi mynd.

Mér dettur ekki í hug að herma upp á hann 30 ára gömul ummæli sem skoðanir hans í dag. Það fer hins vegar ekki hjá því, og það er það sem ég vil leggja áherslu á, að það hljómar býsna hjárænulega þegar flokkur með þessa fortíð og menn með þennan pólitíska arf eru sí og æ að brigsla öðrum um landráð, svik við sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og annað það athæfi sem ekki samrýmist þegnskap góðra Íslendinga. Það er gersamlega ósæmandi og fyrir neðan virðingu hv. þm.

Einhvern tíma var ort: Þú þjóð með eymd í arf. — Flokkur með þessa pólitísku eymd í arf á satt að segja ekki að brigsla öðrum um hluti af þessu tagi. Það er komið nóg af því í gegnum árin og mál að linni.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Það hefur farið svo að þessu sinni sem oft endranær að umræða af þessu tagi fer nokkuð víða, fer út um víðan völl og það er freistandi að gera að umtalsefni margt af því sem hér kemur fram eins og t.d. hjá hv. síðasta ræðumanni sem ræddi nokkuð um námsmannatengsl Sósíalistaflokksins á sínum tíma við Austur-Evrópuríkin. Ég efa ekki að það verður einhvern tíma rannsóknarefni sagnfræðinganna. Það var afar sérkennilegt fyrir menntaskólapilta á árum áður að fylgjast með því hvernig Flokkurinn valdi úr ákveðna einstaklinga sem síðar voru sendir til náms austur fyrir járntjald. Það voru engar auglýsingar um að öðrum námsmönnum gæfist kostur á að sækja um slíkt nám, efnalitlum námsmönnum sem höfðu hug til að stunda nám erlendis. Það var ekki um það að ræða heldur valdi Flokkurinn ákveðna fulltrúa út úr menntaskólunum. Ég hygg að við sem vorum í menntaskóla á árunum 1950–1960 og þar fram yfir höfum öll fylgst með þessu og séð þetta. Og þetta er mjög rækilega staðfest í bókinni sem ég vitnaði til áðan og er að miklu leyti skrifuð af formanni SÍA,

hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, en ég lít á það sem þar er skrifað í ljósi þess tíma sem það var þegar það var skrifað. Þetta eru mjög skemmtilegar sögulegar frásagnir og það er gaman að lesa þetta, en það er líka fróðlegt að sjá hvernig allt þetta kerfi vann við að koma fólki sem hafði velþóknun flokksins til náms erlendis sér að kostnaðarlausu og auðvitað átti þetta fólk skyldum að gegna. Þetta nám var ekki ókeypis í öllum skilningi. Það var a.m.k. sannfæring mín. En það var nú ekki þetta sem varð til þess að ég fór í ræðustól að nýju.

Það var eitt sem ég vildi vekja athygli á. Það hefur verið talað mjög mikið um það og hver ræðumaðurinn á fætur öðrum að sem eftirfari þessara mistaka hafi Ríkisútvarpið beðist afsökunar. Það er ekki rétt vegna þess að í kvöldfréttum útvarpsins 19. nóv. er einungis sagt: „Fréttastofan harmar að heimild sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja skyldi reynast ótraust." Það er engin afsökunarbeiðni. „Fréttastofan harmar að heimild sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja skyldi reynast ótraust." Niðjar þess manns sem verið var að níða eru ekkert beðnir afsökunar t.d. Það er viðurkennt að menn hafi gert glappaskot, en það er ekki gert með mjög stórmannlegum hætti að mér finnst.

En það var hins vegar annað sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs að nýju og það voru ummæli hv. þm. Guðrúnar Agnarsdóttur þegar hún ræddi hvernig unnið hefði verið að þessu máli innan Ríkisútvarpsins. Hún kvaðst hafa sínar upplýsingar að mér skildist frá fulltrúa Kvennalistans. Ég verð að lýsa því yfir og leggja á það mjög þunga áherslu að hún hefur fengið rangar upplýsingar. Ég er ekki að væna hv. þm. Guðrúnu Agnarsdóttur um að hún hafi farið hér vísvitandi með rangt mál, en hún hefur fengið mjög rangar upplýsingar og nú skal ég segja henni örlítið meira um það.

Þegar þetta mál kom upp átti ég sem hér stend sæti í útvarpsráði. Ég hafði samband við þáverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins, Friðrik Pál Jónsson. Fréttastjóri, Kári Jónasson, var erlendis. Ég átti við hann langt samtal sem útvarpsráðsmaður. Ég fékk hjá honum öll gögn um málið. Það var auðvitað fúslega látið í té allt sem hafði verið sagt í útvarpinu um þetta mál. Ég ræddi líka við forstöðumann dægurmáladeildar, Stefán Jón Hafstein. (**GA:** Fyrir þennan fund?) Já, fyrir þennan fund, og ég fékk hjá honum þau gögn sem ég óskaði eftir og við áttum um þetta samtal. Öll þessi gögn voru til staðar. Það var engum erfiðleikum háð eða vandkvæðum bundið að afla þeirra. En ég skal að vísu viðurkenna að ég hafði ekkert samráð við fulltrúa Kvennalistans í útvarpsráði um þetta. Ég gerði þetta að eigin frumkvæði og upp á eigin spýtur og síðan vakti ég máls á þessu í útvarpsráði og hafði þá þessi gögn öll undir höndum þannig að það var unnið að þessu máli með allt öðrum hætti en hér var gefið í skyn. Ég veit að hv. þm. fór ekki viljandi eða vísvitandi með rangfærslur heldur hafa henni verið gefnar alrangar upplýsingar um málið. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Það eiga sjálfsagt eftir að verða meiri umræður um þetta hér og töluvert lengri. Það er ýmislegt fleira sem hér mætti segja. Hún sagði líka, hv. þm., að hún skildi alltaf betur og betur hvað væri verið að fjalla um viðkvæman tíma og sagði síðan, að ég hygg næstum því orðrétt: Það er eins og menn beri kvíðboga fyrir því að einhverju verði ljóstrað upp. Ég verð að lýsa furðu minni á þessum ummælum.

Það sem hér er um að ræða var að það var látið liggja að því að fyrrv. forsrh. landsins hefði allt að því gerst sekur um landráð. Það var látið liggja að því. Það var ekki sagt berum orðum. Ég held að menn þurfi ekkert að vera hissa á því þó að það sé tekið óstinnt upp. Ég man það sem barn frá 7–8–9 ára aldrinum að hafa lesið á hverjum einasta degi í Þjóðviljanum brigsl um landsölu og landráð ákveðinna einstaklinga í íslensku þjóðlífi. Þetta var daglegt brauð í Þjóðviljanum á þeim árum. Þar voru nafngreindir einstaklingar og níddir. Stefán Jóhann Stefánsson var einn af þeim. Þegar slík umræða er vakin upp að nýju er eðlilegt að þeir sem muna þá tíma bregðist hart við.

En ég segi það aftur og enn að það er erfitt og það er hættulegt, getur verið kannski, að dæma með augum okkar það sem skrifað var í gær og það sem gert var í gær. Það getur allt orkað tvímælis. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veifaði úr ræðustóli í dag bók sem heitir „Gullna flugan" eftir mann sem er sagður sagnfræðingur. Ég skoðaði þessa bók þegar hún kom út. Þetta er ekki sagnfræði. Þetta eru missagnafræði að mjög verulegu leyti. Það er áreiðanlega eitthvað rétt sem stendur í þeirri bók, en hún er hrikalega illa unnin og hún er ekki gott sagnfræðiverk. Það fullyrði ég og það er mjög auðvelt að standa við. En í skjóli sagnfræðinnar og í skjóli titilsins sagnfræðingur geta menn auðvitað gefið hlutum vigt og haldið fram ýmsu sem fær þá aukið vægi. En það er líka hættulegt.

Ég ræddi nokkuð um stöðu íslenskrar fjölmiðlunar í kvöld og ítrekaði að ég held að fjölmiðlamenn þurfi að athuga sinn gang og huga að því hvert stefni varðandi fréttaflutning. Mig langar, herra forseti, til að ljúka þessum fáu orðum með því að vitna í grein sem er í afmælisriti Blaðamannafélags Íslands, sem kom út á þessu hausti, þar sem leitað var til nokkurra alþm. sem jafnframt hafa starfað við blaðamennsku. Þar var leitað til Þorsteins Pálssonar, hæstv. forsrh., sem um skeið var ritstjóri. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér stuttan kafla úr þeirri grein sem hann skrifar hér vegna þess að ég held að hann eigi erindi inn í þessar umræður:

„Meginhlutverk blaðamanns er óvilhöll upplýsingamiðlun. Hann er farvegur milli yfirstandandi atburða og almennings, snúran sem tengir lampann við rafmagnið svo að ljósið kvikni. Það er því á ábyrgð blaðamanna að fólk sé upplýst um það sem er að gerast á hverjum tíma og geti dregið af því eigin ályktanir. Með vaxandi áhrifum og fyrirferð fjölmiðla á undanförnum árum hefur örlað á því að

sumir í þessari merku stétt sætti sig illa við svo takmarkað hlutverk. Þeir vilja vera bæði lampinn og rafmagnið, þ.e. bæði fréttin sjálf og almenningsálitið. Það er nýtt í blaðamennsku að blaðamenn virðast vera ákaflega uppteknir af sjálfum sér. Á hinn bóginn er það gamalt að greina ekki á milli staðreynda og söguburðar. Að því leyti gætir um of afturhvarfs í blaðamennsku.

Þá þykja mér verslunarviðskipti í blaðamennsku hvimleið. Þannig er ekki óalgengt að blaðamenn bjóðist til að flytja eða birta rétta frásögn af máli gegn því að fá tilteknar upplýsingar, en ella megi búast við ónákvæmri frásögn. Þessi vinnubrögð bera vott um ónóga sjálfsvirðingu.

En hvað sem þessum tíðaranda í blaðamennsku líður mun hún í vaxandi mæli gegna hlutverki í hverju lýðfrjálsu ríki. Blaðamenn eru mikilvægustu milliliðir upplýsingaþjóðfélagsins. Þess vegna eru gerðar til þeirra kröfur. Íslenskir blaðamenn geta vel risið undir þeim kröfum og gera það reyndar í ríkum mæli þótt sitthvað gangi úrskeiðis hjá þeim eins og öðrum. Aukið frelsi hefur gerbreytt fjölmiðlum hér á landi, en e.t.v. orðið til þess að á stundum er villst af leið. Samkeppnin og mikið framboð af fjölmiðlum hlýtur að verða til þess að auknar kröfur verða gerðar til blaðamanna þegar fram í sækir.

Blaðamenn á Íslandi njóta almennt trausts og trúnaðar. Sá trúnaður má ekki glatast í kapphlaupinu um athygli."

Þessi orð, herra forseti, vildi ég gera að mínum við lok máls míns í þessari umræðu.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar ekki varð af umræðu um Tangen-skýrsluna sl. mánudag eins og boðað hafði verið vonaðist maður satt að segja til að ætlunin væri að reyna að komast frá málinu með einhverri sæmd og hætta við að blása þetta mál upp að nýju, ekki síst ef höfð eru í huga orð hæstv. menntmrh. í upphafi skýrslu um svokallað Tangen-mál, en þar segir:

„Mál þetta er mikill álitshnekkir fyrir Ríkisútvarpið og brýnt að unninn verði bugur á þeim trúnaðarbresti sem óhjákvæmilega hefur orðið á milli stofnunarinnar og hlustenda."

Því er þá verið að rífa þetta mál upp aftur af slíku offorsi? Til að auka á trúnaðarbrestinn? Og hvar sér svo þessa mikla trúnaðarbrests stað? Hafa hlustendur kvartað unnvörpum? Þetta mál er e.t.v. ágætt dæmi um þegar stjórnmálamönnum þykir að sér eða sínum lífsskoðunum vegið og mikla það svo fyrir sér að ætla mætti að öll þjóðin stæði fyrir utan glugga hæstv. menntmrh. biðjandi hann að berja í brestina.

Staðreynd málsins er sú að ekki hefur heyrst um þetta mál nú í langan tíma, enda ekki í eðli sínu þannig vaxið að þetta sé stærsta áhyggjuefni varðandi Ríkisútvarpið í dag. En viðbrögðin tala sínu máli um þá viðkvæmni sem ríkir varðandi utanríkismál og utanríkisstefnu Íslendinga fyrr og síðar og þá bannhelgi sem hvílir yfir þeim málum.

Öll umræða um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, Keflavíkursamninginn og yfirleitt öll samskipti Íslands við Bandaríkin er illa þegin af ráðandi öflum íslenskra stjórnmála sem vilja hafa á henni einkarétt og sveipa þessi mál þögn. Þessi einkaréttur er auðvitað undirrót þeirrar heiftar sem grípur menn varðandi Tangen-málið. Heiftin byrgir þeim sýn og er til þess eins fallin að vekja tortryggni. Maður hlýtur að spyrja: Hvað hafa þeir að fela? Hví þessi sterku viðbrögð?

Frétt birtist 9. nóv. í norskum blöðum um gögn sem Dag Tangen hafði undir höndum varðandi samskipti norska Verkamannaflokksins og leyniþjónustu Bandaríkjanna. Í norska útvarpinu er síðan viðtal við Tangen um þessi mál þar sem hann minnist á Ísland. Er þetta ekki frétt? Auðvitað er þetta frétt? Það fannst a.m.k. norskum fjölmiðlum sem fjölluðu um málið í marga daga. Nú vill síðan svo óheppilega til að heimildir um íslenskan þátt málsins reynast ekki eins traustar og ætla mátti og er þá fréttin borin til baka, beðið afsökunar og málinu hefði þar með átt að vera lokið. Bæði Jón E. Guðjónsson, fréttaritari útvarpsins í Osló, og fréttastofa útvarps skila greinargerðum um gang mála og rekja atburðarásina þessa daga, harma að heimildir reyndust ekki traustar og verður það að teljast afsökunarbeiðni. Útvarpsráð ályktar svo um þetta mál, að vísu með nokkuð mismunandi hætti.

Árni Björnsson gerir eftirfarandi bókun: „Þótt heimildakönnun hafi í þessu tilviki verið óvönduð tel ég það almennt séð af hinu góða að fréttamenn Ríkisútvarpsins opni umræðu um mál sem áratugum saman hafa verið sveipuð slíkum leyndarhjúp að það þykja nú fréttir sem allir ættu í rauninni að vita. Fráleitt er að ekki megi fjalla um látna stjórnmálamenn og verk þeirra. Með slíku viðhorfi væri verið að hræða fréttamenn frá því að hreyfa við sögulegum vandamálum."

María Jóhanna Lárusdóttir greiðir atkvæði á móti og óskaði eftirfarandi bókað: „Fréttaflutningur fréttastofu Ríkisútvarpsins um Stefán Jóhann Stefánsson er byggður á heimildarmanni sem fréttastofan taldi ekki ástæðu til að vefengja. Heimild fréttastofunnar reyndist síðar ekki traust og hefur fréttastofan nú skýrt málið fyrir almenningi og tel ég að málinu sé þar með lokið."

Meiri hluti útvarpsráðs samþykkir eftirfarandi bókun: „Útvarpsráð átelur harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við fréttaflutning um Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. forsrh., dagana 9.–14. nóv. og beinir því til útvarpsstjóra að hann láti hlutlausan aðila kanna með hvaða hætti slíkt getur gerst."

Og nú fara hjólin að snúast. Vinnubrögð öll bera því vitni að kné skuli fylga kviði. Beðið er um rannsókn. Lágu ekki nægar upplýsingar fyrir í greinargerð fréttaritarans og fréttastofu? Siðanefnd Blaðamannafélagsins er skrifað, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Alþingi biður um skýrslu sem skal vera „ítarleg" að undangenginni „rækilegri" rannsókn. Í framhaldi af því er dr. Þór Whitehead

beðinn um álitsgerð. Um hana væri hægt að hafa mörg orð og fer oft lítið fyrir fræðimannsheiðri doktorsins þegar hún er lesin og væri e.t.v. ástæða til að stofna enn eina hlutlausa nefndina til að fara í saumana á hans skýrslu.

Það þarf ekki að fjölyrða um þetta dæmalausa plagg vísinda- og fræðimannsins Þórs Whitehead. Ég læt nægja að vísa til greinargerðar Stefáns Jóns Hafstein um hversu vel er staðið að upplýsingum um hans þátt málsins og hins vegar um upplýsingaöflun Þórs sjálfs um Tangen. Þór segir í skýrslu sinni, í II. kafla skýrslunnar þar sem hann er að lýsa því hvernig hann aflar upplýsinga:

„Að sögn Helge Pharos, prófessors og forstöðumanns Sagnfræðistofnunarinnar í Osló, hefur Tangen lokið kandídatsprófi í stjórnmálafræði. Þeir Pharo og Magne Skodvin sögðust hins vegar ekki vita til þess að hann hefði nokkru sinni birt fræðilega ritsmíð á sviði stjórnmálafræði og sagnfræði.

Fyrir nokkrum árum kvað Skodvin hann hafa birt grein í einu dagblaðanna í Osló þar sem hann hafði farið með staðlausa stafi um sagnfræðileg efni. Skodvin sagði að sér væri ekki kunnugt um störf Tangens uns hann hefði tekið upp þráðinn í Klassekampen. Í Osló starfi Tangen sem styrkþegi við einkastofnun er fáist við viðskiptafræði og efnahagsmál."

Í lok skýrslunnar segir svo Þór Whitehead: „Líti menn svo á að víti eigi að vera til varnaðar virðist ýmislegt mega læra af þessu leiðindamáli: að gengið sé rækilega úr skugga um feril og málflutning manna sem segja vilja fréttir og skírskota til fræðimennsku og háskólatitla; að munnlegur vitnisburður slíkra manna um heimildir verði ekki talin sönnun á efni þeirra, hvað þá jafngildi frumheimildar."

Og fellur nú Þór á sjálfs sín bragði. Hann leitar einungis munnlegra heimilda. Hann leitar ekki eftir skriflegum upplýsingum sem hann ráðleggur þó öðrum að gera.

Víkjum þá aftur að spurningunni sem ég varpaði fram í upphafi: Til hvers er verið að ýfa þetta allt saman upp? Er þetta liður í þeirri aðför að Ríkisútvarpinu sem manni virðist mjög markviss og ber þar margt að sama brunni? Til hvers er eiginlega ætlast af fréttastofu útvarpsins nú? Á hún að leita skriflegra heimilda um allar fréttir? Ég er hræddur um að fréttastofan þætti þá stundum nokkuð svifasein ef svo ætti að vera og bið yrði á fréttaflutningi um ýmis merk mál. Eða er verið að kenna fréttamönnum þá lexíu að láta viðkvæm mál eiga sig og hrófla ekki við þessum tíma eða þeim málum sem þarna voru til umræðu?

Á sama tíma og þetta veldur mönnum svo miklum áhyggjum býr Ríkisútvarpið við mikið fjársvelti. Hið háa Alþingi hefur sjálft staðið að því að svipta það tekjustofnum sem því ber lögum samkvæmt og mun það nema um 122 millj. kr. sem Ríkisútvarpið var svipt. Auk þess var því neitað um hækkun afnotagjalda. Virðist svo að fyrst eigi að knésetja stofnunina fjárhagslega og síðan að ráðast að henni úr öllum áttum og með öllum hugsanlegum brögðum.

Það væri ánægjulegra ef menn hefðu meiri áhyggjur af ástandi Ríkisútvarpsins, einstökum deildum þar, rekstri og hvernig staðið er að dagskrárgerð. Þegar litið er í drög að sumardagskrá útvarps og sjónvarps sér þess glögglega stað að fjárhagur Ríkisútvarpsins er með þeim hætti að þar er miklu minna um innlenda dagskrárgerð en hingað til hefur verið. Það er mikið byggt á endurteknu efni og það þarf að leita með logandi ljósi t.d. í júnídagskrá sjónvarps til að finna þar íslenska þætti. Mér telst til að það muni vera þrír þættir sem eru íslensk dagskrárgerð. Áður hefur hér verið rætt um í vetur hvernig staðið er að barnaefni í bæði sjónvarpi og útvarpi, þó sérstaklega sjónvarpi. Þar er einungis nokkrum milljónum kr. varið til gerðar íslensks barnaefnis. Það er í raun sama hvar á er litið, að hvergi getur stofnunin staðið undir því hlutverki sem henni er þó ætlað sem menningar-, upplýsinga- og fræðslustofnun þessa þjóðfélags.

Í síauknum mæli er Ríkisútvarpinu ætlað að lifa af auglýsingatekjum og hefur Ríkisútvarpinu vissulega tekist að auka þær tekjur, en það má spyrja hvort það sé vænlegt fyrir Ríkisútvarpið að þurfa að keppa við einkastöðvar, sem engar skyldur hafa, um hylli auglýsenda og hvort þeir neyðist þá ekki til að hneigja sína dagskrárgerð meir í átt til einhvers konar ímyndaðra eða óraunhæfra hugmynda um vinsældir þátta.

Þetta held ég að ætti að vera hinu háa Alþingi miklu meira áhyggjuefni en hugsanleg mistök fréttastofu og fréttaritara sem þeir hafa síðan gert mjög glögglega grein fyrir af hverju stöfuðu. Það er furðulegt að við skulum vera hér að ræða þetta mál, sem í rauninni ætti að vera úr sögunni, í stað þess að hér sé í gangi öflug umræða um málefni Ríkisútvarpsins í heild, fjármál þess og rekstur einstakra deilda. Hvernig gerir hv. Alþingi því kleift að rækja hlutverk sitt sem stærstu og áhrifaríkustu menningarstofnun þjóðarinnar? Það skiptir öllu máli hvernig búið er að Ríkisútvarpinu fjárhagslega og held ég að hinu háa Alþingi væri sæmra að snúa þar við blaðinu og standa við landslög en eltast á smásmugulegan hátt í anda kaldastríðs og ofstækis við einstaka starfsmenn og fréttastofu útvarps.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég kem ekki í ræðustól hlaðinn skýrslum, bókum eða tilvitnunum og hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu, en ummæli tveggja hv. þm. hafa orðið þess valdandi að ég taldi mér skylt að koma upp og ræða nokkuð tvö atriði sem komu fram í ræðum þeirra vegna þess að það gefur fullt tilefni til þess að vekja athygli hv. þm. á því, ef menn hafa gleymt því, að með spurningum sem hv. þm. lögðu fram opna þeir umræðurnar með allt öðrum hætti en ég átti von á.

Hér var til umræðu í dag skýrsla um fréttaflutning. Hafa þingmenn gert þessari skýrslu ítarleg skil sem og hæstv. menntmrh. Ég ætla ekki að fara út í að

ræða skýrsluna efnislega, en vil hins vegar ræða nokkuð þann bakgrunn sem er á bak við þær spurningar sem settar voru fram með beinum og óbeinum hætti af hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur og hv. 18. þm. Reykv. Þórhildi Þorleifsdóttur.

Hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir sagðist ekki skilja þau sterku viðbrögð sem hv. þm. hefur orðið var við hér í dag. Hann skilur ekki þessi sterku viðbrögð þeirra sem leyfa sér að halda til streitu þeim atriðum sem koma fram í skýrslunni hjá m.a. Þór Whitehead eða þeim atriðum sem menn hafa leyft sér að túlka í sambandi við þann fréttaflutning sem barst frá Noregi fyrir skömmu um virðulegan og góðan mann sem nú er látinn og getur þess vegna ekki varið stöðu sína hér með þeim hætti sem æskilegt hefði verið.

Hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sagði, og er þá að vitna í það tímabil þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, þegar við sem erum nokkuð eldri vorum á þeim aldri að við vorum farin að skynja þá tilveru sem að okkur sneri, hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að þessir tímar væru okkur enn viðkvæmir. Einnig kom fram í ræðu þingmannsins að hann skildi ekki hvers vegna þetta væri svona mikið viðkvæmnismál fyrir þessa kynslóð. Hv. þm. virðist ekki skilja hvers vegna við erum yfirleitt að ræða um þessi mál með þeim hætti sem gert er hér í dag.

Það er alger misskilningur, eins og hv. þm. báðir sem ég hef títt nefnt með nafni halda, að við sem leyfum okkur að halda til streitu þeim grundvallarsjónarmiðum sem voru að baki því að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, sem snertir óneitanlega mikið þessa umræðu, óttumst að einhverju verði ljóstrað upp um afstöðu okkar og gerðir í þessum efnum. Ég vil segja: Nema síður sé. Hins vegar höfum við sama rétt og hv. þm. að halda til streitu okkar lífsskoðunum og við höfum einnig leyfi til að halda til streitu þeim rökum sem við teljum að þjóðinni beri að hafa í huga þegar verið er að ræða um öryggis- og varnarmál Íslands. Það er ekki hægt að þurrka út sögulegar staðreyndir og tala eins og hlutirnir hafi ekki gerst. Það er ekki unnt að neita því hvernig stórveldin innlima smáríki og þurrka út þjóðlönd. Það er ekki hægt að þurrka út af spjöldum sögunnar að fólk hefur verið líflátið milljónum saman og andstæðingar stjórnenda einræðisríkja fluttir frá heimahögum í útlegð. Þetta gerðist og þetta er enn að gerast. Ég ætla ekki að rifja það nánar upp vegna þess að ég veit að hv. þm. kunna þessa sögu flestallir.

Það er staðreynd að stórveldin takast enn á með svipuðum hætti og gerðist fyrir 40–50 árum. Ég nefni sem dæmi: Sovétríkin heyja enn styrjöld. Það eru átök í Afganistan. Þar er stórveldið Sovétríkin að aðstoða einn skipulagðan hóp manna. Ég ætla að leyfa mér að nefna þennan hóp manna kommúnista. Það fellur kannski ekki alls staðar í kramið og þykir ekki fínt og er yfirleitt reynt að eyða því með glotti eða brosi þegar það er nefnt réttum nöfnum hvernig starfað er á vegum róttækustu sósíalista heimsins, kommúnista. Þar eru Sovétríkin nú að heyja harða styrjöld í smáríki til að styrkja vel skipulagðan hóp róttækra sósíalista, kommúnista, með þeim afleiðingum að í þeim átökum hefur 1 milljón Afgana látið lífið.

Það þýðir ekkert að neita því að þegar við erum að ræða þessi mál og þá menn sem hafa verið nafngreindir úr fortíðinni, sem komu við sögu, erum við að tengjast fortíðinni og þeim átökum sem enn eiga sér stað í nútíð. En það er aðferð út af fyrir sig að reyna að telja börnunum okkar trú um að þetta komi okkur ekki lengur við. Nú sé allt í lagi að Íslendingar snúi við blaðinu og lifi einir sér norður í Atlantshafi með þeim hætti sem hentar kannski best því ríki sem heyr núna styrjöld og murkar út heila þjóð sem eru Afganir.

Það eru átök í heiminum á milli róttækra sósíalista, öðru nafni kommúnista, og hægfara lýðræðissinna. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. hér á Alþingi Íslendinga að reyna að svæfa sig eða aðra í því að þetta sé ekki að gerast. Í lýðræðisríkjum eru átök um völd og áhrif með friðsamlegum hætti. Það gerist í kosningum. Þar skiptir fólkið um valdhafa í krafti atkvæða og sérhver einstaklingur hefur sama rétt. En í kommúnistaríkjunum er einn flokkur, einn vilji, vilji flokksins, hinnar vernduðu forustu. Þar eru ekki greidd atkvæði í sama skilningi og við gerum hjá lýðræðisríkjunum.

Í kommúnistaríkjum er ekki lýðræðislegt stjórnarfar. Þar er stjórnarandstaða ekki leyfð. Þetta er nákvæmlega það sama sem var fyrir 40–50 árum þegar Íslendingar tóku afstöðu með lýðræðisríkjum andstætt þessu sósíalistíska einræðiskerfi. Fyrir 40 árum voru andstæðingar lýðræðislegra stjórnarhátta fjarlægðir í kommúnistaríkjunum á sama tíma sem við fengum að greiða atkvæði og skipta um valdamenn og skipta um ríkisstjórnir. Andstæðingar voru ekki viðurkenndir þar þá og þeir eru ekki enn viðurkenndir í þessum ríkjum. Þeir mega ekki skipuleggja stjórnarandstöðu gegn ríkjandi þjóðfélagskerfi.

Nei, hv. þm. Meginátök alþjóðastjórnmála í dag snúast um hvort fólkið á að búa við einræði eða lýðræði og inn í þá umræðu tengjast hin ólíkustu mál sem ég mun rekja nokkuð á eftir.

Það er staðreynd að kommúnistar hafa náð lengst og mjög langt í skipulögðu einræði víða um heim og stór hluti mannkynsins býr við þetta stjórnskipulag. Lífskjör í þessum ríkjum eru slök, fólkið er ófrjálst og það er óglatt og þar eru listir ekki frjálsar. — Ég sé að hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir vill ekki sitja undir þessari ræðu og segir það mér töluvert mikla sögu þar sem ég var að minnast á að í kommúnistaríkjum ríkja ekki frjálsar listir. Þar er ekki frjáls menning. Ég teldi æskilegt að hv. þm., sem hafa gagnrýnt jafnmikið þá skýrslu sem hér liggur fyrir, ættu að sitja undir því þegar aðrir ræðumenn tala. En það er kannski háttur nýrra valdamanna að það þurfi ekki að hlýða á rök andstæðinga. Það er

nokkuð í samræmi við viðhorf ákveðinna aðila.

Þeir sem hafa sótt kommúnistaríkin heim, eins og m.a. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég m.a. líka, sjá strax að í þessum ríkjum ríkir ekki lífsgleði, enda byggir stjórnarfar þar á her- og lögregluvaldi. Þar er fólki haldið niðri. Það er í viðjum hins skipulagða eftirlitskerfis flokks, hers og lögreglu.

Ég fór margsinnis til kommúnistaríkja Austur-Evrópu vegna starfa míns á sínum tíma og kynntist þar mörgum í Tékkóslóvakíu, í Austur-Þýskalandi, í Póllandi og einnig í Sovétríkjunum. Það var mikil lífsreynsla. Eftir slíka lífsreynslu þarf ekki að útskýra fyrir manni hvers virði það er að tilheyra vestrænu lýðræðisríki, vera þegn í lýðræðisríki og njóta tjáningarfrelsis, ferðafrelsis o.s.frv. Auðvitað getur margt verið betra í lýðræðisríkjunum. Okkur hefur ekki tekist að útrýma fáfræði. Okkur hefur ekki tekist að útrýma fordómum eða eyða mannlegri vonsku, því miður. Okkur hefur heldur ekki tekist að útrýma fátæktinni. En við eigum eitt umfram það fólk sem býr í því þjóðskipulagi sem ýmsir eru að upphefja. Við erum frjáls, en þegnar kommúnistaríkja, sósíalískra ríkja, eru ófrjálsir. Á þessu er grundvallarmunur sem óþarft er að skýra frekar fyrir hv. þm.

Ég er sannfærður um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skilur manna best hvað ég er að ræða um þegar ég tala með þessum hætti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sem betur fer horfið frá þeim róttæku skoðunum sem hann aðhylltist á yngri árum. Nú er hann þægilegur, þokkalegur títóisti. Það þýðir á íslensku hægfara þjóðernissósíalisti. Ég fagna því. En hv. þm. veit einnig að Ísland er átakasvæði stórveldanna í Norður-Atlantshafi og það ættu aðrir þingmenn einnig að hafa í huga þegar þeir ræða um þessi mál. Í þeim átökum erum við Íslendingar á þjóðbraut. Ísland undir kommúnisma mundi þýða að landið færi inn á yfirráðasvæði Sovétríkjanna. Þetta er landfræðileg og herfræðileg staðreynd. Þá verða Íslendingar ekki lengur frjálsir. En hins vegar mundi staða Sovétríkjanna, annars þeirra stórvelda sem eru sterkust í átökunum um heimsyfirráðin, styrkjast. Um þetta snúast átökin og um þetta snýst í vissum skilningi sú umræða sem hér hefur farið fram í dag.

Undirrót þess sem við höfum verið að fjalla um er raunverulega ákveðið samspil á bak við tjöldin eða undir borðinu þar sem íslenskir aðilar hafa orðið bein eða óbein fórnarlömb. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að fréttamenn íslenska útvarpsins hafi orðið fórnardýr óhlutvandra aðila í sambandi við þann fréttaflutning sem hér hefur verið til umræðu.

Það getur vel verið að ýmsir hv. þm. vilji ekki viðurkenna þetta. Það getur vel verið að sumum hv. þm. þyki það langsótt ef sagt er að það þekkist í vestrænum ríkjum að þau ríki sem eru á yfirráðasvæði Sovétríkjanna hafa skipulagt í vestrænum ríkjum að dreifa svokölluðum ófrægingaráróðri. Það þykir kannski ekki fínt orð. Það passar kannski ekki alveg í kramið hjá þeim sem vilja sjá þetta í dálítið öðru ljósi. En það er staðreynd að í Vestur-Evrópuríkjunum er heill hópur manna, bæði í Skandinavíu, Vestur-Þýskalandi, Englandi, Frakklandi og hugsanlega jafnvel á Íslandi, sem stundar þessa iðju án þess að við vitum hverjir þetta eru.

Það er þekkt að kommúnistaríkin eru sérstaklega vel skipulögð á því sviði, þ.e. að stunda ófrægingarherferðir og skipuleggja þær sérstaklega gegn forustumönnum Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Hér áðan sagði einn þingmaður að á sínum tíma hefði Þjóðviljinn skipulagt það að skrifa ófrægingargreinar og níðgreinar um ákveðna menn á Íslandi. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson man þessa tíð. Sem betur fer er þessi ósiður af lagður í Þjóðviljanum. En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson man þegar Þjóðviljinn skipulagði ekki aðeins að skrifa illa um stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins heldur iðkaði hann það líka að reyna að lítilsvirða þá með afkáralegum myndum og myndavali. Það getur verið að sumum þyki þetta furðulegt, en það er ekkert furðulegt þegar maður skoðar það í ljósi þeirra átaka sem um er að ræða.

Eitt meginmarkmið ófrægingarherferða og eitt meginmarkmið einmitt með máli svipaðrar gerðar og hv. þm. hafa verið að fjalla um í dag, sem kallast slys hjá sumum en ég vil segja að íslenskir fréttamenn hafi verið blekktir, er einmitt að koma af stað umræðum á borð við þær sem hér hafa farið fram í dag, þ.e. að efna til illdeilna, sá efasemdum og ala á tortryggni milli þeirra þjóða sem um ræðir. Á sama tíma höfða þessir sömu aðilar til friðar og manngæsku í nafni sósíalisma. Hver vill ekki frið? Hver vill ekki vera góður? Hver vill ekki hjálpa meðbróður sínum? Sumir gera það í kyrrþey. Aðrir bera það á torg.

Við sem höfum gengið í gegnum þennan hreinsunareld að hafa leyft okkur að taka afstöðu með því að Íslendingar ættu að vera í varnarsamtökum vestrænna þjóða. Við sem höfum tekið þátt í því þorum að viðurkenna hvar við erum staddir á hnettinum. Við sem höfum þorað að taka afstöðu í varnar- og öryggismálum og við sem afneitum ekki þeim þjóðum sem næstar okkar eru höfum fengið okkar skammt af þeim ófrægingarherferðum sem handbendi kommúnistaríkjanna iðka m.a. hér á Íslandi. Sá þáttur í slíkum ófrægingarherferðum, sem kommúnistar hafa náð hvað lengst í, er að níða niður forustumenn jafnaðarmannaflokka vestrænna þjóða. Þetta hafa þeir iðkað alla tíð frá því að byltingin varð í Rússlandi árið 1917. Skal ég nú ekki rekja millistríðsárin, en ég leyfi mér að vísa til þess hvernig íslenskir jafnaðarmenn, forustumenn Alþýðuflokksins á Íslandi hafa verið níddir niður og ófrægðir í gegnum árin og áratugi og það er enn verið að því.

Ég minnist þess líka hvernig forustumenn í verkalýðshreyfingu á Íslandi, sem ekki voru kommúnistar, voru níddir niður og hvernig reynt var að sá efasemdum um ágæti þeirra til þátttöku í verkalýðshreyfingunni. Þar voru vopnabræður ýmissa hv. þm.

sem hér eru núna inni að verki og vönduðu ekki alltaf meðulin. Hér væri hægt að flytja langa ræðu og mikið mál þeim þingmönnum til upplýsingar sem ekki hafa upplifað þessar raunir íslensku þjóðarinnar og hafa ekki upplifað hvað felst á bak við svona vinnubrögð. Það er ekki furða þótt þeim Íslendingum sem þekkja þessa forsögu bregði þegar fréttir berast frá Noregi með þeim hætti sem gerðist í sambandi við Stefán Jóhann Stefánsson. Það var vissulega óhuggulegur atburður. En ég tek það skýrt fram og ítreka það að ég tel að íslenskir fréttamenn hafi þar verið fórnardýr annarra og verri afla en þeir eiga skilið.

Ég ætla ekki að ræða um hlut þess Norðmanns sem hér hefur oft verið nefndur, Dag Tangen, í þessu máli. En vissulega væri rannsóknar virði að kynna sér með hvaða hætti og hvernig þessi maður stundar sína rannsóknastarfsemi um öryggis- og varnarmál Íslands. Vissulega væri það kafli út af fyrir sig og nauðsynlegt að hv. Alþingi kannaði hvert hann sendir sín trúnaðarskjöl.

Ég vil segja að lokum, hæstv. forseti, að í máli sem þessu er hreyft við mörgu sem gefur tilefni til ítarlegrar umræðu. Það er ekki að ástæðulausu sem þess er krafist að gerð sé skýrsla um atburði sem þessa sem hægt er að tengja og rekja til erlendra manna sem senda sín gögn til fólks á Íslandi sem nýtur trúnaðar sovéska sendiráðsins. Meira ætla ég ekki að segja um það á þessu stigi. En til þess að menn geti séð í gegnum þann blekkingavef sem ófrægingaraðferðir óhlutvandra erlendra manna geta ofið er nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir því að það verður að skoða söguna, það verður að skoða samhengi sögunnar til að reyna að gera sér grein fyrir þeim undirstraumum sem hugsanlega kunna að vera á ferðinni. Menn verða að viðurkenna sögulegar staðreyndir. Ég tel einnig mikils um vert að fólk heimsæki kommúnistaríkin og geri sér grein fyrir því hvers konar þjóðríki eru þar á ferðinni. Það er einnig nauðsynlegt. Ég teldi einnig æskilegt að meiri áhersla væri lögð á það, þegar svona viðkvæm mál eru rædd, að fólk geri sér far um að skilja samhengi á milli fortíðar, nútíðar og framtíðar og hvernig hugsanlega er verið að reyna að afvegaleiða þjóðina. Þá er það ekki síður nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir í hverju frelsið er fólgið. Hvers virði er það frelsi sem Íslendingar búa við? Þá er þörf á því að menn reyni að varast þá sem með óbeinum hætti reyna að grafa undan tiltrú manna á þingræði og lýðræði. Og síðast en ekki síst: Andvaraleysið er hættulegasti óvinur einstaklingsfrelsisins.

Það verður ekki aftur snúið ef Ísland lendir undir hrammi Sovétríkjanna með beinum eða óbeinum hætti. Við hv. þm. erum stöðugt að reyna að leitast við að vernda sjálfstæði og frelsi þessarar þjóðar. Okkur tekst það mismunandi vel, enda aðstæður mjög erfiðar. En hvað sem því líður held ég að við séum flestir sammála um að Ísland er frjálst land. Þess vegna segi ég: Það er rangt og að mínu mati svik við íslenska þjóð og sérstaklega við framtíð barna okkar að telja sjálfum sér eða öðrum trú um að Íslendingar þurfi ekki að taka ákveðna afstöðu í sambandi við stöðu sína í átökum stórveldanna. Frelsi okkar og sjálfstæði byggist á styrkleika vestrænna þjóða. Það byggist á samstöðu þeirra og vörnum. Sérhver tilraun til að veikja ímynd þeirra sem hafa unnið að öryggis- og varnarmálum íslensku þjóðarinnar er liður í þeirri viðleitni kommúnistaríkjanna að gera Íslendinga fráhverfa þátttöku í öryggis- og varnarbandalagi Vestur-Evrópuþjóðanna, Bandaríkjanna og Kanada.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að vitna í kvennalistakonur. Þær tala oft um reynsluheim kvenna. Það er örugglega af hinu góða. Ég get að sjálfsögðu ekki talað út frá þeim forsendum, en ég leyfi mér að segja að í máli sem þessu og í öryggis- og varnarmálum Íslendinga skulum við tala um lífsreynslu manna og þjóða og tryggja vel öryggi íslensku þjóðarinnar.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög svo, en sá mig tilneyddan að standa hér upp. Sú umræða sem hefur orðið um þá skýrslu um fréttaflutning Ríkisútvarps um utanríkismál Íslands er orðin bæði löng og hörð og ég sagði í vetur að menn ættu, þegar þetta mál kom hér upp, að fara sér hægt í þessu máli.

Ég kann raunar þessari umræðu illa. Hér hefur verið tekið óvægilega til orða og hafa verið árásir á látna menn sem fjölluðu á sinni tíð um viðkvæm mál. Sagan mun geymast og það verða aðrir en við sem munu meta þetta tímabil og ég er ekki í nokkrum vafa um hver sú niðurstaða verður. Við sem höfum talað fyrir munn vestræns lýðræðis viljum ekki taka í sama orðinu undir einræði kommúnista eins og sumir hafa reynt að hengja hér saman.

Þessi umræða er að sjálfsögðu til komin vegna ófrægingarherferðar sem var hafin í ríkisfjölmiðlunum og blekkingum sem þar voru hafðar í frammi. Það hefur verið lenska að reyna að ófrægja marga af okkar bestu mönnum sem hafa staðið hvað harðast með vestrænu lýðræði og þeir hafa oft legið undir hörðum árásum. Ég kannast vel við þetta sjálfur því ég hef sjálfur legið undir líku fyrr á árum sérstaklega. Það er auðvelt að höggva úr myrkrinu að mönnum og vega að þeim þannig að þeir megi ekki koma vörnum við.

Ég held að við sem trúum á vestrænt lýðræði vitum að það er undirstaða þess að við stöndum hér á Alþingi og tölum þau orð sem okkur þykja rétt og sönn. Sú staða verður best varin með því að tryggja okkur í þeim hópi. Við getum ekki tekið þá áhættu að við lendum undir hrammi einræðisríkja kommúnista. Það munum við aldrei gera. Ég held að fréttamenn ættu að vera svolítið varkárari í fréttaflutningi um fyrri ár og athuga þau betur. Það er auðvelt að setja af stað skriðu eins og hefur verið gert í þessu máli þannig að hér hefur verið mikið

talað og með þeim hætti sem nú hefur verið gert.

Ég ætla að vona að í framtíðinni leiti menn sér betri upplýsinga um þessi mál og ég kann því illa, eins og ég sagði fyrr í vetur, þegar er farið að vitna í erlenda menn og skrifa okkar sögu byggða á erlendum skýrslum. Ég sagði fyrr í vetur: Það hefði þá verið gaman að hafa til samanburðar skýrslu sovéska sendiráðsins frá sama tíma eða sovéskra sendimanna sem mótvægi við þessar skýrslur sem hér hafa verið tíundaðar og lesið úr fram og til baka. Það er þó okkar styrkleiki í vestrænum lýðræðisríkjum að flestar þessar skýrslur koma að lokum fram og eru ræddar. Við sjáum að nú eru þær birtar hver á fætur annarri og liggja á lausu. Þetta er ekki hægt að segja um hinn aðilann sem í rauninni tengist þessum málflutningi sérstaklega. Það er því dálítið erfitt að fjalla um þessi mál með slíku offorsi sem gert hefur verið og ég ætla að vona að menn spari við sig stóru orðin og haldi sér heldur innan þeirra marka sem eru skynsamleg í þessu máli.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég ætlaði að svara hv. 3. þm. Vesturl., en hann er þá kannski ekki staddur hér.

Vegna þeirra ummæla sem hann hafði hér í ræðustól áðan vil ég segja að ég var í góðri trú þegar ég fullyrti að fulltrúi Kvennalistans í útvarpsráði hefði ein haft samband við fulltrúa fréttastofu og dægurmáladeildar Rásar 2. Hins vegar er það rétt, ég hef kannað það á meðan á umræðum stóð, að hv. 3. þm. Vesturl. fékk afrit af þeim umræðum sem áttu sér stað og skiptist á nokkrum orðum við fulltrúa fréttastofu og dægurmáladeildar. Hins vegar var fulltrúi Kvennalistans sá eini í útvarpsráði sem setti sig ítarlega inn í gang mála og kynnti sér sjónarmið starfsfólksins.

Hitt stendur, sem ég sagði og skiptir kannski öllu meira máli, að útvarpsráð bað fréttastofuna aldrei um greinargerð um málið, skriflega greinargerð, né kallaði fulltrúa hennar á fund sinn, og það gerði útvarpsstjóri ekki heldur þannig að meginefni minnar ræðu áðan stendur óhaggað.

Hvað varðar ummæli hv. 14. þm. Reykv. þegar ég undraðist þá viðkvæmni sem kæmi upp í umræðum manna hér um þessi mál, þá verð ég að segja að undrun mín er enn söm. Það er rétt, sem hann sagði, eitthvað á þá leið, að við verðum að kunna söguna, taka tillit til hennar og virða hana, en við megum ekki, hv. þm., festast í sögunni. Við megum ekki festast í fangbrögðum gamallar glímu kalda stríðsins. Þetta gera menn eflaust af því að þeir hafa áður glímt og renna í sama farið á nýjan leik. En þeir sem voru börn á þeim tíma þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið og upplifðu því ekki þessa sömu glímu og þeir sem eru þaðan af yngri hafa ekki þessa reynslu og þeir líta líka e.t.v. öðrum augum til samskipta í nútímanum og ekki síst binda aðrar vonir við samskipti í framtíðinni, bæði einstaklinga og stórvelda. Við höfum ekki upplifað þetta kalda stríð á sama hátt og þess vegna lítum við fram hjá því og það er ekki hluti af okkar lífsreynslu. Ég undrast enn þessa viðkvæmni. Það kannski segir manni ekki síst að mönnum stendur enn ekki á sama. Þetta mál og lyktir þess eru enn lifandi í þjóðarvitundinni og mönnum stendur ekki á sama.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú dregist allmikið og einnig dreifst allmikið. Menn hafa farið nokkuð út um víðan völl í sínum ræðum hér sem e.t.v. er eðlilegt þegar maður skoðar þetta mál ofan í kjölinn og setur það í samhengi við ýmislegt annað sem hefur verið að gerast í okkar þjóðlífi á undanförnum árum eða jafnvel áratugum.

Ég ætla fyrst að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifs Guttormssonar. Viðbrögð þessa hv. þm. voru afar fróðleg í þeirri ræðu sem hann hélt, en þau komu þó ekki á óvart. Hann notaði mjög gamalkunnar aðferðir. Hann gat auðvitað ekki neitað því að fréttin var röng. Sjálfur hafði hann staðið upp á hv. Alþingi, gert þessa frétt að umtalsefni eins og heilagan sannleika og varð vafalaust þess vegna sjálfur fyrir vonbrigðum með að þessi heimild skyldi ekki hafa verið rétt. En hverjar voru aðferðir hans? Hver voru efnistök hans í þeirri ræðu sem hann hélt hér áðan?

Í fyrsta lagi: Byrjum á því að gera skýrsluhöfundinn tortryggilegan. Byrjum á því að gera dr. Þór Whitehead, sem er virtur sagnfræðingur hvort sem hv. þm. líkar betur eða verr, tortryggilegan. Reynum að sá efa í huga áheyrenda um áreiðanleika og trúverðugleika þessa manns. Þetta er regla númer eitt. Og hv. þm. gerði heiðarlegar tilraunir til þessa í sinni ræðu og skal ég ekki rekja það frekar. Það geta menn skynjað með því að lesa ræðu hans.

Regla númer tvö: Þó að þessi skjöl hafi ekki verið til, þó að þessi heimild hafi reynst röng eru þau kannski samt til. Og til að reyna að sannfæra hlustendur, hv. þm. og þjóðina alla, um að skjölin séu nú kannski samt til, las hann í heilan klukkutíma upp úr löngu birtum skjölum sem eru aðallega minnisblöð ýmissa starfsmanna bandarískra sendiráðsins sem koma þessu máli auðvitað ekkert við. Það vita allir að slíkar frásagnir erlendra sendimanna, eins og margoft hefur verið vitnað til hér í þessum umræðum, eru auðvitað ákaflega óáreiðanlegar heimildir um það sem er að gerast í viðkomandi löndum. Þetta eru ályktanir sendiráðsstarfsmanna sjálfra og ég hygg að það sé nokkuð viðurkennd sagnfræðiaðferð að taka slík skjöl með miklum fyrirvara og með mikilli varúð.

Aðferð hv. þm. var sú, og nú ætla ég að leyfa mér að sletta ensku úr ræðustól vegna þess að það er smáregla sem þeir hafa í Bretlandi einmitt undir kringumstæðum sem þessum, að þeir segja: „If you can not convince them confuse them." M.ö.o.: ef þú getur ekki sannfært fólk skalt þú rugla það í ríminu. Hv. 2. þm. Austurl. hefur upplifað það að geta ekki sannfært fólk að þessu sinni. Norski marx-lenínistinn

Dag Tangen, sem helst var að finna í höfuðstöðvum Klassekampen í Noregi, brást og þá er að draga athygli frá því, þyrla upp einhverju öðru. Það var auðvitað tilgangurinn með þessum lestri og þessu ræðuhaldi öllu saman sem hér stóð yfir í einn og hálfan klukkutíma í dag. Ekki fleiri orð um það.

Því hefur verið haldið fram í þessum málflutningi í dag hjá ýmsum ræðumönnum að tilgangurinn með því að birta þessa skýrslu og efna til þessarar umræðu sé sá að hræða fréttamenn frá eðlilegum skyldum sínum. Hér séu uppi kröfur um ritskoðun og álíka fullyrðingar hafa komið hér fram. Auðvitað er þetta rangt. Ég skal að vísu viðurkenna að það hefði verið samhengisins vegna þægilegra fyrir alla aðila að þessi umræða hefði farið fram miklu fyrr. Og hv. skýrslubeiðandi, 4. þm. Austurl., skýrði það að hann hefði óskað eftir utandagskrárumræðu hér fyrir jól í beinu framhaldi þessara atburða og þar með hefði þetta mál væntanlega verið úr sögunni á hv. Alþingi. En því var ekki að heilsa. Sú umræða fékkst ekki og þess vegna greip hann og aðrir þingmenn til þess ráðs að biðja um sérstaka skýrslu sem er nú fyrst til umræðu þó hún hafi legið hér frammi í allnokkurn tíma.

En það er alls ekki tilgangurinn með þessari umræðu að hræða fréttamenn á neinn hátt eða „terrorisera" þá eins og einhver orðaði það. Þetta er auðvitað ósköp eðlileg umræða. Kjarni málsins er sá að fréttastofunni urðu á mjög alvarleg mistök. Mistökin voru fólgin í því að leyna þjóðina því að heimild fréttarinnar var ekki til og þrátt fyrir það að heimildin var ekki til, var haldið áfram að klifa á því við þjóðina að fréttin væri til. Þetta var engin venjuleg frétt. Við skulum átta okkur á því að þessi frétt setti Alþingi á annan endann í heilan dag, hún setti aðra fjölmiðla og þjóðina á annan endann í nokkra daga. Þetta var frétt þar sem látinn íslenskur stjórnmálamaður var sakaður um landráð. Þess vegna er eðlilegt að menn skuli vilja ræða það mál ofan í kjölinn.

Auðvitað átti hv. 2. þm. Austurl. að biðja Alþingi afsökunar á frumhlaupi sínu í nóvember þegar hann stóð hér upp og efndi til utandagskrárumræðu sem byggð var á þessum fölsku heimildum. Hann kaus að gera það ekki heldur kaus að fara aðrar leiðir.

Með þessum umræðum er ekki verið að ráðast gegn grundvallarþáttum frjálsrar fjölmiðlunar á Íslandi eins og hv. þm. hélt fram. Þvert á móti. Með þessum umræðum er verið að styrkja frjálsa, heiðarlega blaðamennsku á Íslandi.

Hv. 2. þm. Austurl. hélt því fram að ég hefði skipað nefnd, „ráðherra hefur skipað nefnd" sagði hann tvisvar sinnum í ræðu sinni. 2. þm. Austurl. sagði í tvígang: „Ráðherra hefur skipað nefnd." Ég hef enga nefnd skipað. Þetta er röng fullyrðing hjá hv. þm. Það er útvarpsstjóri sem hefur skipað nefnd. Ég tel það ekki hlutverk mitt að segja fyrir um innri mál útvarpsins. Það er útvarpsstjóra og yfirstjórnar útvarpsins að sjá um það. Ég skal segja þessum hv. þm. að ég sá fyrst um þessa nefnd í blöðunum, sá það þegar ég var að koma heim í gær í flugvél að þessi nefnd hafði verið skipuð. Ég hafði ekki heyrt um hana fyrr og því síður að ég vissi nokkuð um það fyrir fram hverjir yrðu í hana settir. Það er sannleikur þess máls.

Sumir ræðumenn hafa borið Ríkisútvarpið saman við aðra fjölmiðla og sagt að það sé víða pottur brotinn og það er vafalaust rétt og ræddi ég það í minni ræðu í dag. Ríkisútvarpið hefur hins vegar sérstöðu. Þetta er ótvírætt fjölmiðill allra landsmanna. Eins og hv. 4. þm. Austurl., skýrslubeiðandi, benti á í sinni ræðu hér í dag greiða menn afnotagjald Ríkisútvarpsins hvort sem þeir vilja það eða ekki. Menn verða hins vegar sjálfir að taka ákvörðun um hvort þeir kaupa sér aðgang að öðrum fjölmiðlum. Þess vegna verður að gera meiri og strangari kröfur til Ríkisútvarpsins í þessum efnum sem reyndar öðrum.

Hv. 3. þm. Vesturl. rifjaði upp í sinni fyrri ræðu í kvöld ýmis fyrri atvik þar sem Alþb. hefur reynt með aðstoð erlendra manna, oft af svipuðu pólitísku sauðahúsi, að skjóta svikafréttum á loft upp. Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur ótrúlega oft verið með í þeim leik, ég vil segja látið blekkjast í þeim leik, og alltaf er atburðarásin eins. Það er einhver erlendur maður sem skýtur upp frétt, Ríkisútvarpið tekur hana upp, Þjóðviljinn breiðir sig síðan út og málið er komið inn á Alþingi oftast í formi umræðu utan dagskrár. Þau eru mýmörg dæmin um þetta á undanförnum árum og allt of oft hefur fréttastofa Ríkisútvarpsins látið blekkjast til þess að vera með í slíkum leik.

Fulltrúar Kvennalistans hafa tekið þátt í þessari umræðu og þáttur þeirra í þessari umræðu hefur verið afar sérstakur. Undirtónninn hefur raunverulega verið sá að umræða af þessu tagi eigi ekkert erindi inn í íslenskt þjóðfélag í dag. Þetta séu „kaldastríðs"-umræður og tilheyri liðinni tíð. Þess vegna eigi ekki að tala um málið á þeim nótum eins og hér er gert. Ég er mjög ósammála fulltrúum Kvennalistans um þetta efni. Ég varð fyrir enn einni nýrri persónulegri reynslu fyrir tveimur dögum sem sannfærir mig um hvað sjónarmið Kvennalistans í þessu efni er rangt. Ég fór til Berlínar núna um helgina. Var boðið þangað til að vera viðstaddur hátíðahöld í tilefni þess að það var verið að opna, ef við getum orðað það þannig, Berlín sem höfuðborg evrópskrar menningar árið 1988. Við hjónin fórum á okkar eigin vegum yfir til Austur-Berlínar. Fórum í gegnum þetta eina hlið sem hægt er að fara í yfir til Austur-Berlínar. Eftir að hafa heyrt ræður kvennalistakvenna í þessari umræðu, hv. þm., held ég að það ætti að senda þær í gegnum þetta hlið yfir til Austur-Berlínar. Þar sjáum við ótrúlega mikinn mun á þjóðfélögum. Við erum stödd í sömu borginni, það er sama fólkið, en það er himinhrópandi munur á lífsgleði, á anda, lífsháttum og öllum lífsgæðum. Þegar maður upplifir slíkt skynjar maður að þessari baráttu milli lýðræðis og einræðis í heiminum er ekki lokið. Hún stendur yfir og það

verða allir að taka afstöðu. Það er ekki hægt að skýla sér í einhverjum rósrauðum sakleysishjúp og segja: „Þetta kemur mér ekkert við. Okkur Íslendingum kemur þetta ekkert við. Þetta er fortíð. Þetta er liðin tíð." Þetta er ekki fortíð. Þetta er barátta dagsins í dag. Þess vegna er ekki hægt að hafa uppi málflutning eins og þann sem fulltrúar Kvennalistans halda fram, ekki bara í þessari umræðu heldur í öllum umræðum þar sem utanríkismál ber á góma. Það er ekki hægt að halda fram þeim málflutningi sem þær gera.

Því er haldið fram og sérstaklega af fulltrúum Kvennalistans að Sjálfstfl. hafi ráðist skipulega að Ríkisútvarpinu, að Sjálfstfl. haldi Ríkisútvarpinu í fjárhagslegu svelti og þessi skýrsla og þessi umræða sé liður í þeim ofsóknum sem Sjálfstfl. á að halda uppi gegn Ríkisútvarpinu. Þessu vil ég eindregið mótmæla. Ég hygg að Sjálfstfl., þeir menntmrh. sem hér hafa setið á vegum Sjálfstfl. undanfarin ár frá árinu 1983 og ég sjálfur meðtalinn, beri hag og vilji bera hag Ríkisútvarpsins mjög fyrir brjósti. Er Ríkisútvarpinu haldið í fjársvelti miðað við aðrar ríkisstofnanir? Það er sagt: Ríkisútvarpið var svipt tekjustofni, þ.e. afnotagjöldum af sjónvarpstækjum, og síðan er leitt frá þeirri fullyrðingu yfir í það að dagskrá Ríkisútvarpsins sé fjársvelt. Þið vitið betur. Þið vitið að þessi tekjustofn Ríkisútvarpsins, þ.e. tollarnir eða aðflutningsgjöldin af sjónvarpstækjunum, hefur ekki verið notaður til dagskrárgerðar. Það er gagngert í lögunum fram tekið að þetta sé tekjustofn til fjárfestingar. Það er fyrir þennan tekjustofn sem stóra húsið uppi á Háaleitisbraut hefur verið byggt. Það sem felst í þeirri ákvörðun að þessi aðflutningsgjöld eru ekki látin ganga til Ríkisútvarpsins nú er að hægt skuli á fjárfestingu, að það skuli hægja á að byggja og innrétta þetta stóra hús. Þetta hefur engin áhrif haft á dagskrárgerðina.

Og hvernig er með afnotagjöldin? Hefur Ríkisútvarpið verið svelt að því er afnotagjöldin snertir miðað við aðrar ríkisstofnanir eða miðað við þjóðfélagið í heild? Ég er með fyrir framan mig skrá um breytingar á afnotagjöldum hljóðvarps og sjónvarps frá ársbyrjun 1984 til dagsins í dag. Það kemur fram að hækkun á þessum tíma hefur verið 209,7% á afnotagjöldum þegar framfærsluvísitala hefur hækkað um 127,8%. Það munar auðvitað mest um þá miklu hækkun sem varð árið 1987 þegar hækkun afnotagjalda varð 85% miðað við framfærsluvísitölu 24,3%. Það er ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að Ríkisútvarpið hafi verið svelt ef við lítum á þessar tölur. Ríkisútvarpið hefur fengið meiri hækkanir í sinn hlut en nokkur önnur ríkisstofnun eða a.m.k. þær ríkisstofnanir sem ég þekki til. Það er röng fullyrðing að það sé verið að svelta Ríkisútvarpið. Hitt er annað mál að kostnaður Ríkisútvarpsins hefur vaxið mikið og miklum mun meira en vísitölur gefa tilefni til. Ég skal ekkert segja af hvaða ástæðum það er, en eitt af því sem verið er að kanna í því efni er t.d. sérstök úttekt sem Ríkisendurskoðun lætur nú fara fram á Ríkisútvarpinu og reyndar hefur útvarpsstjóri sjálfur brugðist mjög myndarlega við til að reyna að hagræða innan stofnunarinnar þannig að kostnaðarhækkunarlínan liggi ekki nánast eins og þráðbeint strik upp á við eins og hún hefur legið undanfarið ár.

Ég hef lagt áherslu á að Ríkisútvarpið bæti sinn rekstur og ég tel að Ríkisútvarpið þurfi að gera það, þurfi að bregðast rétt við til að geta haldið sínum hlut. Ríkisútvarpið er og verður útvörður íslenskrar menningar og á að vera það. En að halda því fram, eins og haldið hefur verið fram hér í umræðu hvað eftir annað í vetur, að útvarpið megi ekki gagnrýna, gagnrýni sé fjandskapur við útvarpið, er misskilningur. Það er rangt. Ég vil þvert á móti orða það svo: „Vinur er sá er til vamms segir."

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér hefur staðið yfir fróðleg umræða, sem eðlilegt er, um þessa skýrslu hæstv. menntmrh. og ég tel að skýrslan, svo slæm sem hún er efnislega og illa úr garði gerð, hafi þó þjónað þeim tilgangi að hér hafa farið fram umræður sem eru mjög fróðlegar fyrir þá sem tekið hafa þátt í þeim og á þær hafa hlýtt, a.m.k. á það við um sjálfan mig. Ég hef haft af því gagn — ég vil ekki segja gaman vegna þess að það er ekki gamanmál sem hér er til umræðu, en þó hefur mér fundist að málflutningur stuðningsmanna hæstv. menntmrh. í þessu efni hafi verið mjög áhugaverður vegna þess að hann lýsir inn í ákveðinn hugarheim sem er fyllsta þörf á að reyna að skilja. Og hann er mér vissulega ekki ókunnugur, sá hugarheimur.

En kannski vík ég fyrst að skýrslunni sjálfri sem einhver hv. þm. taldi, hvort það var hv. þm. Geir H. Haarde, held ég, sem byrjaði að klifa á því, að mér hafi komið illa að hún var lögð hér fram. Ég hefði helst ekki viljað sjá neina skýrslu um þetta mál. Það er mikill misskilningur. En ég hefði kosið að hún væri öðruvísi unnin og ég vil benda á eitt atriði til viðbótar við mörg sem fram hafa komið um alveg dæmalaust léleg efnistök hjá þeim sagnfræðingi sem hæstv. menntmrh. fékk til að taka saman meginefni skýrslunnar og byggir sína hörðu dóma á. Það er að finna á bls. 13 í skýrslunni. Kann að vera að aðrir ræðumenn hafi vakið athygli á þessu, en það sakar ekki þá að það sé gert enn og aftur. Það segir hér, eftir að fjallað hefur verið um umræður í Ríkisútvarpinu, dagskrárþætti að mig minnir að hann sé kallaður:

„Þetta eru einu „viðræðurnar", sem ráðgerðar voru af Bandaríkjamönnum um baráttu gegn „byltingu kommúnista" á stjórnartímabili Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Nafn hans er ekki að finna í áætlun þeirra fremur en í áðurgreindri skýrslu Þjóðaröryggisráðsins. Þó verður að telja mjög líklegt að „bréfið", sem Tangen kveðst hafa fundið um þetta efni, sé í raun þessi áætlun [sem þarna er verið að lýsa, tengd Þjóðaröryggisráðinu]. Hann haldi enn fram þessum ósannindum að nafn Stefáns Jóhanns

komi þar fyrir og fari auk þess rangt með efnisatriði. Ef þessi tilgáta er rétt hefur Tangen einnig misnotað hér prentaða heimild því að áætlunin hefur verið prentuð í skjalaútgáfu Bandaríkjastjórnar (1977) og árið eftir var hún birt í dagblaðinu Þjóðviljanum."

Hér er sagnfræðingurinn að kasta fram staðhæfingu og fer síðan að leggja út af tilgátunni, því sem hann sjálfur kallar tilgátu. Þetta eru vinnubrögð sem eru ámælisverð af manni sem gengur fram undir lærdómstitli og hefur fengið gæðastimpil frá hæstv. menntmrh. Ég vil ekki þar með fullyrða að þessi sagnfræðingur hafi ekki margt gagnlegt fram lagt. Það tel ég að liggi fyrir í ýmsum af hans ritgerðum margt sem að gagni má verða í sambandi við sögulegt mat.

Það kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. í sambandi við þetta mál að það gæti verið þörf á að rannsaka sérstaklega hvernig títtnefndur Tangen stundar sína rannsóknarstarfsemi um öryggismál Íslands. Það er einmitt það. Það er ósköp eðlilegt að hv. þm., eftir að hafa rennt, sennilega í fljótheitum nokkrum, yfir þessa skýrslu, komist að því að umræddur Dag Tangen stundi einhverjar rannsóknir á öryggismálum Íslands. (**GHG:** Hann sendir öryggisskjöl fyrir Íslendinga. Það kemur fram í skýrslunni.) Aha. Við skulum aðeins líta á það atriði. Það tengist samsæriskenningu sem liggur í þessari skýrslu en er ekki fundinn nokkur efnislegur staður. Við skulum líta neðar á bls. 13. Þar stendur:

„Svik, sem framin eru undir yfirskini fræðimennsku, getur verið erfitt að varast ef kænlega er um hnúta búið. Svo var þó alls ekki um pretti Dags Tangens, sem augsýnilega var ætlað að ófrægja látinn stjórnmálaandstæðing og koma höggi á flokk hans." (**GHG:** Það fer ekki milli mála.) Já, svo langt geta menn seilst og ruglið sem hér fram gengur á prenti væri hægt að ræða lengi nætur. Við skulum aðeins líta á þetta atriði nánar.

Hvernig kemst fréttamaður Ríkisútvarpsins á sporið sem verður til þess að hann fer að ræða við þennan mann og bera fram þessa frétt, Jón Einar Guðjónsson í Osló? Hann heyrir frásögn norska Ríkisútvarpsins eða sjónvarpsins af viðtali eða heyrir viðtal við þennan mann, sem hann hafði aldrei heyrt áður eða þekkti a.m.k. ekki, að ég hygg. Hann heyrir það líklega að kvöldi 8. eða þann 9. nóv. sl. og þar minnist þessi Dag Tangen í framhjáhlaupi, eins og sagt er á slæmu máli, á það að hann hafi rekist á einhver atriði varðandi öryggismál Íslands í sínu grúski, sem varðaði annars fyrst og fremst samskipti norskrar verkalýðshreyfingar og frammámanna hennar við bandaríska leyniþjónustu og bandaríska aðila fyrr á árum, Haakon Lie og fleiri slíkra. Þetta verður til þess að fréttamaðurinn í Osló fer að tala við manninn sem verður til þess að hann sendir þessa frétt. Haldið þið að Dag Tangen hafi verið að leita uppi fréttaritara Ríkisútvarpsins úti í Osló? Haldið þið að Tangen hafi haft í huga eitthvert samsæri gegn látnum íslenskum stjórnmálamanni þó að hann nefni þetta í viðtali við norskan ríkisfjölmiðil? Hvers konar rugl er hér á ferðinni? Þetta er eitt af mörgu sem er með þessum hætti í þessari skýrslu að hún verður ómerkt plagg sem einhver söguskýring eða sagnfræðilegt framlag. (**GHG:** Hvert sendi hann skjölin þegar hann sendi þau til Íslands? Vill hv. þm. lesa það í skýrslunni?) Ja, ég hef heyrt það í umræðunni að viðkomandi hafi sent einhver skjöl skólasystur sinni eða talið sig hafa sent skjöl til skólasystur sinnar. En að hann hafi stundað eða lagt fram einhverjar sagnfræðilegar rannsóknir varðandi Ísland, ég held að það sé enginn staður fyrir því. Ég hef ekki heyrt það nefnt a.m.k.

En svona er hægt að ganga fram og þetta gerir dr. Þór Whitehead. Það er hann sem setur á blað þetta rugl sem hér stendur. Síðan eru menn hér að ítreka og endurtaka að hann sé óbrigðull og standi nú í sínu stykki, standi fyrir sínu. Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með framlag þessa fræðimanns vegna þessarar skýrslu. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar hæstv. menntmrh. síðan fer að kveða upp dóma reista á sleggjudómum þessa sagnfræðings í ýmsum tilvikum. Ég segi sleggjudómum því hann gengur fram sem dómari og talar um sannanir og annað af því tagi. Hann er ekki hér að leggja fram hlutlægt sagnfræðilegt innlegg inn í þetta mál eins og krefjast bæri af manni sem beðinn er um þetta verkefni af menntmrn. Því miður.

En síðan kemur það sem ég vildi taka næst upp við hv. þm., t.d. hv. þm. Geir Haarde og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson og fleiri viðstadda sem tekið hafa þátt í umræðunum, og það er þessi uppsetning mála sem snertir baráttuna sem þeir segja milli lýðræðis og einræðis sem þeir hafa verið að draga upp, þetta heilaga stríð sem þeir eru þátttakendur í og hafa skipað sér öðrum megin í sveit vegna þess að þeir eru svo sannfærðir um að það verði að verja Ísland með aðstoð herveldis eins og Bandaríkjanna gegn „rauðu hættunni". Auðvitað eru þetta sjónarmið. Viðkomandi hv. þm. hafa allan eðlilegan rétt til þess að draga þær ályktanir og taka þá afstöðu til mála. En ég segi hins vegar: Þetta er ekki lausnin.

Ég hef talað oft á Alþingi Íslendinga um reynsluna af tilraunum í Austur-Evrópu undir merkjum sósíalisma til að „bæta heiminn" og ég hef gagnrýnt þau þjóðfélög hér og farið um þau hörðum orðum og íhlutunarstyrjaldir þeirra á jaðarsvæðum þar sem þau hafa sín áhrif, eins og í Afganistan. En að það leiði mig til þeirrar niðurstöðu að segja: Við eigum að beygja okkur undir vilja hins risaveldisins vegna þess að við eigum ekki annarra kosta völ því annars lendum við í gin eða klær rússneska bjarnarins er að mínu mati röng niðurstaða og hún er mjög háskaleg fyrir smáþjóð nú, eins og hún var fyrstu árin eftir að lýðveldi var stofnað á Íslandi þegar Bandaríkjunum tókst að ná markmiðum sínum um varanlegar herstöðvar á Íslandi sem þeir settu fram kröfuna um að yrði til 99 ára 1945 en þá var hafnað. Ég var að lesa það upp úr skýrslum, að að mati bandarískra

sendimanna á þeim tíma var það vegna andstöðu þeirra sem þeir kalla kommúnista að dæmið gekk ekki upp 1945. En það liggur líka fyrir, m.a. í ritgerðum dr. Þórs Whitehead sem ég nefndi í dag, sem er hér að finna í Skírni 1976, hvernig bandarísk yfirvöld náðu markmiðum sínum á ótrúlega skömmum tíma, fyrst Keflavíkursamningnum 1946, síðan að keyra Ísland inn í Atlantshafsbandalagið með aðstoð annarra þeim vinveittra ríkja og út af fyrir sig okkar góðra granna, þar sem voru Norðmenn og Danir, en sérstaklega Norðmenn, og síðan að fá íslenska alþingismenn til að stíga það dæmalausa skref 1951 að ganga á bak orða og eiðstafa sem uppi voru hafðir á Alþingi Íslendinga í mars 1949 um að á Íslandi skyldi ekki verða her á friðartímum. Þessi skref voru stigin, þessar ákvarðanir voru teknar utan Alþingis, á skúmaskotafundum þingmanna sem ekki þorðu að standa Íslendingum og Alþingi Íslendinga reikningsskil sinna gerða, ekki á réttum vettvangi, heldur settu bráðabirgðalög og keyrðu málið síðan í gegnum þingið mörgum mánuðum síðar eftir að herinn var kominn og búinn að hreiðra um sig í Keflavík.

Það er mjög gagnlegt að fá inn í umræðu sem þessa hreinskiptin orð frá manni eins og hv. 14. þm. Reykv. Guðmundi H. Garðarssyni vegna þess að það segir okkur býsna margt um á hvaða forsendum menn hasla sér völl. Og við verðum að reyna að skilja þær forsendur og við sem erum andsnúin þessum sjónarmiðum, þessari niðurstöðu, þurfum að taka þessi sjónarmið til athugunar og við þurfum að benda á aðrar lausnir til að tryggja það, sem ég efa ekki að sé sameiginlegur vilji manna á hv. Alþingi, að viðhalda borgaralegu lýðræði í þessu landi og sumir vilja að það verði ekki aðeins lýðræði til orðs og hugsana og félagafrelsis heldur líka efnahagslegt lýðræði þar sem íslenskum auði sé skipt á sæmilega réttlátan hátt.

Mér er það alltaf mikil raun þegar hv. þm., sem mæla fyrir þessum sjónarmiðum og hafa talað í kvöld, gleyma framgangi þess herveldis sem þeir hafa tryggt aðstöðu í landinu, framgangi þess herveldis á ýmsum svæðum heimsins þar sem það fer sínu fram með mjög svipuðum hætti — ja, ekki betri en við vitum að gerst hefur af hálfu Sovétríkjanna og gert er á þeirra yfirráðasvæði. Hvernig er staða mála í Rómönsku Ameríku? Hverjir keyrðu niður lýðræðislega kjörna stjórn og lýðræðislega kjörinn forseta í Chile? Hverjir ganga fram með leyniþjónustu og herlið að vopni til að viðhalda efnahagslegri og stjórnmálalegri kúgun á svæðum þar sem þeir eiga í fullu tré við landslýðinn og telja sig ekki þurfa að líta á þær leikreglur sem sem betur fer hefur tekist að halda í sæmilegum heiðri í Vestur-Evrópu og sérstaklega á Norðurlöndum? Hafa menn engar áhyggjur af þessu? Hafa menn engar áhyggjur af því að skipa sér með þeim hætti í sveit með þessu risaveldi, styðja stefnu þess og gera rök þess að sínum rökum á þann hátt sem við heyrum hér úr munni manna?

Ég bið menn að hugleiða þessi mál. Það er nefnilega svo að þegar ég er að rekja hér efni úr skýrslum bandarískra sendimanna, sem menn eru að kvarta undan að hafa verið lesnar upp í dag, þó skil ég ósköp vel að það svíði undan ýmsu því sem þar kemur fram, þá sjá menn þar inn í hugarheim sem ekki varð virkur á Íslandi með vopnum til þess að beygja okkur undir ok herveldisins og tryggja þeirra hernaðarlegu hagsmuni. Þess þurfti ekki. Það þurfti ekki að beita vopnunum. En þeim er beint að þeim hinum sömu á svæðum, þar sem þeir telja sér það henta og telja sér kleift að hafa í fullu tré við landslýðinn og þar fara fram myrkraverk og pyntingar með þeim hætti sem allir þeir sem fylgjast með í alþjóðamálum vita, en þekkja sem betur fer ekki á eigin líkama.

Ég má til með að nefna eitt dæmi til viðbótar við það sem ég las upp fyrir hv. þm. í dag. Það er örstutt. Bandarískt sendiherrann fékk nefnilega frá samstarfsmönnum sínum greinargerðir um tillögur Trimbles til að ráða niðurlögum eða minnka áhrif skulum við segja kommúnistanna á Íslandi sem þeir kalla. Þeir skiluðu honum skýrslum. Einn þeirra segir, John McKesson, 3. sendiráðsritari 1948 í bandaríska sendiráðinu: „Í framhaldi af breytingum og aðgerðum sem stungið er upp á hér að ofan eru sett fram eftirfarandi meðmæli: Sem tæki til að koma í kring ofangreindri áætlun ætti að fara fram virk rannsókn á kommúnismanum á Íslandi á vegum sendiráðsins. Þetta ætti að fela í sér nána samvinnu við gagnnjósnastarfsemi íslensku ríkisstjórnarinnar" sem þeir voru að gera tillögur um að komið yrði á fót og höfðu fengið ákveðnar viðtökur og viðbrögð við frá íslenskum valdamönnum. „b. Hnitmiðuð áætlun um söfnun upplýsinga af öllum starfsmönnum sendiráðsins gegnum persónuleg sambönd. c. Finnist réttir einstaklingar innan kommúnistahreyfingarinnar og unnt verði að nálgast þá, ætti að nota hæfilegar mútur [„adequate bribes"] til að fá verðmætar upplýsingar. Sumir þessara þátta, sem nefndir eru hér að ofan, eru með réttu verkefni fyrir leyniþjónustuhóp" — eða The Central Intelligence Group eins og það heitir á enskunni.

Hvað segja menn um þetta? Hæfilegar mútur. Leita uppi einstaklinga, nógu auðvirðilega menn sem eru reiðubúnir til að gefa verðmætar upplýsingar fyrir hæfilegar mútur.

Og hvað segja menn um þetta, þar sem skrifar 2. sendiráðsritari Kenneth A. Byrnes 13. okt. 1948 þar sem hann er að fjalla um hugmyndina um að koma upp „Party militia" hér uppi á Íslandi, sveitum sem voru raunar myndaðar og birtust almenningi hérna fyrir utan veggi þessa húss 30. mars 1949, „Party militia", hvítliðasveitir. Hvað segir 2. sendiráðsritari um þær hugmyndir? „Tillagan um að við látum flokksliðssveitum á Íslandi í té vopn gæti verið erfiðleikum bundin þar eð við yrðum líka að láta fylgja einhvern til að þjálfa Íslendinga í notkun þeirra. Ef við látum Íslendinga hafa vopn skulum við líka gefa þeim handsprengjur og láta þá eyði-

leggja prentsmiðju Þjóðviljans. Ef við gerum það skulum við líka hvetja þá til að útrýma" — Það segir hér „eliminate". Ég þýði það „útrýma". Það má kannski segja útiloka eða einangra. — „leiðandi félaga í Kommúnistaflokknum. Allt má það setja fram sem varnir gegn kommúnismanum. Umræða mín um þetta atriði er auðvitað ýkt, en ég hygg að við eigum ekki að blanda okkur í innanlandsmál annarrar þjóðar nema við séum reiðubúnir að framfylgja fullkominni OSS-aðgerð og ganga leiðina á enda." (**GHG:** Hvaða OSS?) Leyniþjónusta hersins sem sumar þjóðir hafa fengið að kenna á og kenna á enn í dag á eigin líkama þar sem risaveldinu hentar að ganga hreint til verks og ganga leiðina á enda. Við erum hér, því miður, ekki að tala um einhverja „science fiction", um einhverja vísindaskáldsögu. Við erum að tala um hugmyndir sem eru sprelllifandi og aðgerðir á grundvelli þeirra sem beitt er víða um heim í nafni frelsis, lýðræðis og baráttunnar gegn kommúnismanum. Það er alvara málsins. Og ég er alveg undrandi á því að hér á Alþingi Íslendinga skuli menn ekki vilja taka á þessum málum, skuli menn ekki vilja t.d. ganga gegn þeim fasisma sem ræður ríkjum í Suður-Afríku með því að slíta á viðskiptasambönd við það ríki á sama hátt og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert. En kannski rætist úr í þeim efnum. Við skulum vona það.

Virðulegur forseti. Ég taldi rétt að fjalla um nokkur grundvallaratriði að baki þessarar umræðu og mig hefði langað til þess vegna þess sem hér hefur komið fram að fara í gegnum nokkra þætti úr ritgerð Þórs Whitehead, Lýðveldi og herstöðvar, sem er að finna í Skírni 1976, því að þar er skjalfestur af títtnefndum sagnfræðingi aðdragandi þess að Bandaríkin náðu hér tangarhaldi, fyrsta áfanganum til að tryggja sér varanlegar herstöðvar í landinu með Keflavíkursamningnum 1946. Þar eru raktar með skýrum hætti og stuðst við upplýsingar og einkaminnisblöð forustumanna t.d. Sjálfstfl. á þessum tíma, sem nefndur sagnfræðingur hafði aðgang að, og rakið hvernig hlutirnir gerðust. Ég er ekki að halda því fram að þar sé sagður allur sannleikur, þar sé allt framreitt, en að svo miklu leyti sem það er gert hérna er það svo upplýsandi um þessi efni að eftir að hafa farið í gegnum þetta og þær upplýsingar sem ég var að lesa upp í dag fyrir þingheimi virkar þessi umræða um Dag Tangan og fréttina í Ríkisútvarpinu sem slíkt aukaatriði þessa máls að það er alveg furðulegt að það skuli vera tilefni skýrslugjafar, ofanígjafar og rassskellingar af hálfu hæstv. menntmrh. á Ríkisútvarpið eins og hann hefur hér tilburði til.

Það liggur fyrir í þessari ritgerð Þórs Whiteheads í Skírni og það liggur fyrir í því sem birt hefur verið t.d. í nú opinberum skjölum vestur í Bandaríkjunum yfir þetta tímabil, að íslenskir valdamenn, bæði títtnefndur Stefán Jóhann Stefánsson, Bjarni Benediktsson og fjölmargir aðrir, sem koma við þessa sögu, töldu sér henta að vera í mjög nánu samstarfi við sendimenn erlends ríkis, sendimenn erlends stórveldis um þeirra áætlanir til að ná tangarhaldi uppi á Íslandi og ekki síður um að klekkja á pólitískum andstæðingum hér innan lands undir nafni baráttunnar gegn kommúnismanum, ofsækja menn, svipta menn störfum, færa menn til í störfum vegna kommúníska tilhneiginga. Það þurfti ekki meiri rök til. Og ráðherrar Íslands á þessum tíma gerast verkfæri stórveldisins í þessum efnum. Svo eru menn að fjargviðrast út af einhverri frétt utan úr Noregi og segja: Það verður að hvítþvo minningu látinna manna og það er alveg skelfilegt þegar menn eru að ræða um hvað gerst hafi hér í fortíðinni ef menn eru svo dauðir sem hafa tekið þátt í því. Ég vildi gjarnan fá ráð til þess hvernig menn ætla yfirleitt að standa í sögugrúski eitthvað til baka ef það má ekki minnast á neitt sem snertir látna menn. Ja, hvað um Íslandssöguna? Hvað um 13. öldina sem er kannski viss hliðstæða þess sem hefur verið að gerast uppi á Íslandi á þessari öld, sturlungaöldin sú? Svo eru menn að reyna að víkja út af borðinu umræðu um Íslandssöguna einhverja áratugi aftur í tímann vegna þess að menn séu gengnir til feðra sinna sem hafa verið þar þátttakendur. Svo eru menn að glugga í einhver stúdentaskrif til þess að leiða fram hjá því sem skiptir sköpum í íslenskri pólitík. Og er ég þó ekki að biðjast undan neinu sem þar kom fram og mér er eignað, langt frá því, og hlýt ég að minnast á það aðeins. Það vill svo skemmtilega til að þeir eru í miklum erfiðleikum, Heimdellingarnir sem stálu einkabréfunum og skjölunum frá okkur svokölluðum SÍA-mönnum á sínum tíma, að framreiða það með þeim hætti að hentaði. Og hvers vegna? Vegna þess að þessi bréfaskipti okkar ungra námsmanna höfðu að verulegum hluta að geyma harða gagnrýni á það þjóðskipulag sem við kynntumst í Austur-Evrópu og Morgunblaðið lagði undir sig forsíðurnar með flenniletri vorið 1962 til þess að sýna fram á, einmitt með okkar orðum og þessum stolnu bréfum okkar, að þetta væri bara svo andskoti slæmt í Austur-Evrópu, rétt eins og Moggginn hefði verið að segja. Það er svolítið erfitt, sem síðan var reynt í sömu andránni að koma inn hjá þjóðinni, að þarna væru fimmtu herdeildarmenn á ferðinni, þarna væru í uppvexti og uppeldi piltungar sem ættu að tryggja valdatökuna og framtíðarríkið hér uppi á Íslandi. Þetta gekk illa saman. Þess vegna er það nú svo að það er ekki mjög margt fróðleikskornið að finna þarna, fyrir þá sem ætla að koma höggi á hreyfingu sósíalista á þessum tíma, né heldur seinna í þessu riti sem Heimdallur auðvitað þurfti að borga sín ritlaun fyrir og var dæmdur til eftir að hafa stolið bréfunum okkar og það var ekki nema réttmætt. Þeir fengu sinn dóm. En það er aukaatriði í þessu máli.

Alvaran tengist framtíðinni. Alvaran tengist fjölmiðlun á Íslandi sem er orðin í okkar samfélagi eins og víða annars staðar slíkt veldi að það skiptir gífurlega miklu máli hvernig hún þróast, hvernig hún fær að þróast. Og það er áhyggja okkar, sem

höfum verið að mæla varnaðarorð í þessari umræðu, að okkur þykir sem núverandi valdamenn á Íslandi séu að nota mistök fréttastofunnar í nóvembermánuði sl. til að keyra menn þar niður, til að hræða menn frá því að gegna skyldum sínum sem upplýsingaaðili. Mér finnst að mörg orðin í þessari skýrslu hæstv. menntmrh. í inngangi hennar og í lokaorðum beri þessum hugmyndum *allt of órækt vitni*, þessum heilaþvottarhugmyndum sem lesa má út úr þessu plaggi.

Hæstv. menntmrh. sagði í sínu máli áðan að hann vildi veg Ríkisútvarpsins sem bestan. Ja, betur að *satt væri, betur að fylgt væri eftir*. Og hann var að reyna að segja okkur hér að það hafi bara verið gert vel við þessa stofnun fjárhagslega. Æ, það hafi að vísu verið klipinn af henni þarna lögbundinn tekjustofn, en hann færi ekki til dagskrárgerðar, o-nei. Það voru 300 millj. í fyrra sem þannig var klipið af og það verða 150 eða 200 í ár eftir því hvað menn hafa áætlað tolltekjurnar sem var klipið af og kom í veg fyrir að þessi stofnun geti byggt sig upp og náð til landsmanna á sómasamlegan hátt, að unnt sé að byggja hér upp langbylgjukerfið sem er að falli komið og algerlega úrelt. Þetta eru aðgerðir fyrrv. og núv. ríkisstjórnar, aðgerðirnar sem hv. 3. þm. Vesturl. Eiður Guðnason hafði uppi mörg og stór orð um hérna uppi í Ed. í fyrra þegar hann var í stjórnarandstöðu en sem fjmrh. sama flokks gerði síðan að sínum aðgerðum við fjárlagagerð yfirstandandi árs.

Og svo kom hæstv. menntmrh. og sagði: Já, en afnotagjöldin hafa bara hækkað meira en framfærsluvísitalan. En hvað gerðist, hæstv. menntmrh., í tíð forvera þíns í þessum efnum? Frá ársbyrjun 1986 til 1. júlí 1987 voru afnotagjöld Ríkisútvarpsins ekki hækkuð nokkurn skapaðan hlut heldur hríðlækkuðu með verðbólguverðrýrnun á öllu þessu tímabili. Engin hækkun afnotagjalda á þessum tíma, en þeim mun myndarlegri hækkun á seinni hluta 1987. (**Menntmrh.:** 1986 var hækkunin 15,1% þegar framfærsluvísitala hækkaði um 13,5.) Já, já, við skulum skoða það. Ég hef þessar tölur ekki fyrir framan mig. Ég hef bara upplýsingar um þetta efni sem voru framreiddar hér og ekki gerðar athugasemdir við við undirbúning fjárlaga og lánsfjáráætlunar í vetur.

Nei, það skal áréiðanlega ekki standa á Alþb. að hlúa að Ríkisútvarpinu og fyrir Sþ. liggur sérstök tillaga flutt af alþýðubandalagsþingmönnum um það efni, kosningu sérstakrar nefndar til að taka á málefnum Ríkisútvarpsins með uppbyggjandi hætti. Auðvitað þarf að búa að þessari stofnun, sem sett er í samkeppnisumhverfi hinnar svokölluðu frjálsu fjölmiðlunar, þannig að hún geti rækt menningarhlutverk sitt og staðist þá samkeppni, ekki með lágkúrulegu efni skemmtanaiðnaðarins heldur með því að tryggja framlag til íslenskrar menningar.

Ég vitnaði fyrr í dag í Reykjavíkurbréf skrifað af Matthíasi Johannessen, að ég hygg í gær. Það mun hafa komið í fyrradag. Þar voru mælt þarfleg og réttmæt orð um hætturnar á núverandi fjölmiðlun, hinni svokölluðu frjálsu fjölmiðlun, hætturnar á lágkúru, hætturnar á hernámi hugarfarsins í því fjölmiðlaumhverfi sem núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn hafa verið að skapa og hlúa að á sama tíma og þrengt er að Ríkisútvarpinu með þeim hætti sem við höfum rætt hér oft áður.

Það þýðir hins vegar ekki að mæla fagurt um *íslenska menningu ef það er ekki tryggt* að jarðvegurinn sé þannig að við getum vænst úr honum góðrar sprettu. Og vegna sagnfræðilegra athugana, sem hér hafa verið til umræðu, vil ég að lokum, virðulegur forseti, ítreka það sem hefur verið inntak í mínum ræðum um þetta efni í fyrra og á þessu ári. Við eigum ekki að láta okkur nægja að rýna í erlend skjöl og skrif erlendra manna. Við eigum að vera menn til þess að halda til haga íslenskum gögnum, íslenskum heimildum með þeim hætti að þær séu aðgengilegar. Það hefur ekki verið gert þrátt fyrir áskoranir. Fyrir Sþ. liggur fsp. til núv. hæstv. utanrrh. um hvenær vænta megi þess að heimildir um íslensk utanríkismál og samskipti við erlend ríki verði aðgengilegar. Það er stórt mál og það gæti orðið kannski til þess að draga aðeins úr getsökunum sem fram hafa komið í þessari umræðu, eyðunum sem menn eru að reyna að spá í. Og hvers vegna sameinumst við ekki um það að hlúa að þeim menningarþætti hér á heimagrund með því að draga fram plöggin sem væntanlega hafa varðveist úr sögu lýðveldisins um þessi samskipti?

EFRI DEILD

79. fundur, þriðjudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lögreglusamþykktir, 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (heildarlög). — Þskj. 575, n. 870.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. Ed. um frv. til l. um lögreglusamþykktir.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sýslumannafélagi Íslands. Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta rita aðrir nefndarmenn.

Við höfum fengið tvær umsagnir um þetta. Önnur er frá Sýslumannafélagi Íslands sem mælir eindregið með að þetta verði samþykkt en bendir hins vegar á að kannski væri rétt að veita héraðsnefndum líka heimild til að setja sér lögreglusamþykktir. Nefndarmenn töldu ekki rétt að gera það, enda væru héraðsnefndirnar ekki aðili sem kosið væri til og ekki víst að héraðsnefndir yrðu settar á stofn alls staðar á landinu, a.m.k. ekki strax. Þess vegna var

ekki talið rétt að taka undir það, enda er ákvæði í frv. sem gerir ráð fyrir því að fleiri en eitt sveitarfélag geti sett sér sömu lögreglusamþykktina.

Einnig kom umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem mælti eindregið með samþykkt frv.

Ástæðan fyrir því að talið var rétt að setja þessi lög er fyrst og fremst sú að gerð verði fyrirmynd að lögreglusamþykkt fyrir öll sveitarfélögin svipað og gert er með byggingarsamþykktir og fleiri slíkar samþykktir. Auk þess hafa ný sveitarstjórnarlög það í för með sér að réttarstaða sveitarfélaga er orðin nánast sú sama alls staðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Sjóðir og stofnanir, 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 733, n. 874.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 874 um frv. til l. um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins, en Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti hennar.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Það hefur þegar verið rætt í Nd. og við 1. umr. hér í Ed. Hér er um það að ræða að setja lög um þá sjóði og stofnanir sem starfa skv. sérstökum skipulagsskrám og tíðkast hafa í áratugi, ef ekki árhundruð. Frv. er lagt fram skv. sérstakri ábendingu og tilmælum frá Ríkisendurskoðun og samið í samráði við hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–8. gr. og ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558, n. 877.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið þetta mál til athugunar og hefur efnislega ekkert við það að athuga, en ég hlýt sem frsm. nefndarinnar að gera athugasemd við frágang þessa þskj.

Nú liggur það fyrir að 15 ár eru síðan z var felld brott úr ritmálinu, af þar til bærum yfirvöldum, af þeirri augljósu ástæðu að z hafði aldrei upprunagildi í íslenskri tungu gagnstætt því sem er um y t.d. Þannig voru orð eins og „breyskur“ eða „beiskur“ ekki skrifuð með z, þó að z ætti að heita upp tekin í málinu til að koma í staðinn fyrir tannhljóð + s, af þeim sökum að sú hliðarregla var sett að eigi skyldi rita z ef tannhljóð hefði fallið brott á undan s á frumgermönskum tíma, sem var út af fyrir sig skýr og glögg regla.

Á hinn bóginn gerði z miklar kröfur til þess að menn skildu rétt uppruna orðanna, hver væri rótin í því orði sem um var fjallað. Hef ég t.d. miklar efasemdir um það að orð eins og „verslun“ hafi yfirleitt átt að rita með z. Það var rökstutt með því að það væri dregið af orðinu „verð“ og við það hefði síðan bæst viðskeytið -sl. Alveg eins má hugsa sér að rót orðins hafi verið „ver“ og við það hafi bæst orðmyndunarviðskeytið -sl annars vegar og -ð hins vegar og þess vegna hafi ekki verið rök fyrir því að skrifa þetta orð með z. Enda sjáum við á viðlíka orðum eins og „vara“, „varningur“ og sagnorðinu „að verja (e-u)“ að í rauninni voru engin rök fyrir því að nota z í þessu orði.

Enn fráleitara finnst mér, herra forseti, að hafa það eins og stendur í þessu frv. að gera ýmist að skrifa z eða s. Skyldi maður kannski í fljótræði álíta að sá háttur hafði verið upp tekinn vegna þess að reynt sé að halda þeirri stafsetningu sem var á þessum gömlu lögum þegar þau voru sett og stafsetningunni fylgt nákvæmlega. Svo er þó ekki. Það er t.d. auðvelt að sannfærast um það með því að bera saman einstök lagaákvæði, athuga hvenær lögin voru sett. Maður kemst fljótt að raun um að stafsetningu laganna á sínum tíma er ekki haldið.

Ég hef ekki athugað það sérstaklega, en ég vek t.d. athygli á tölulið 1 í 3. gr., Opið bréf frá 28. des. 1836. Ég þykist viss um að orðið „bréf“ sé á þeim tíma ekki skrifað með é heldur je og ef hugmyndin er að halda hinni upprunalegu stafsetningu sé rétt að athuga það og taka með í reikninginn.

Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að í I. kafla frv. er „verslunaratvinna“ skrifað með z en í II. kafla í fyrirsögn „verslunarstaðir“ með s. Þetta sýnir ljóslega að sá maður í hinu háa ráðuneyti sem hefur gengið frá þessu þskj. hefur verið meira og minna ruglaður í z-reglunum sjálfum og úir og grúir af slíkum villum í þessu frv. og þeirri grg. sem fylgir.

Ég vil því mælast til þess, herra forseti, um leið og ég mæli með því að frv. verði efnislega samþykkt, að þess verði vandlega gætt áður en það birtist í Stjórnartíðindum að stafsetningin verði samræmd með þeim hætti sem þskj. eru hér almennt stafsett

svo að menn rugli ekki saman ringulreiðinni í ráðuneytum í þessum efnum og staðfestunni hér á Alþingi. Ég vil beina því til hæstv. forseta eftirleiðis, hvort sem einstakir ráðherrar ganga frá frv. eða þingið sjálft, að reynt sé að fylgja góðri, nútímalegri stafsetningu.

Annars er ég út af fyrir sig ekkert á móti því, ef við viljum leggja það á okkur, að taka upp stafsetningu Wimmers, samræmda stafsetningu forna, í þeim þskj. sem hér eru prentuð. Ég er út af fyrir sig því meðmæltur, herra forseti, og er reiðubúinn til að ræða það við hæstv. forseta, ef sú yrði niðurstaðan, og skal ég þó ekki sérstaklega mæla með því.

Um leið hlýt ég að gera athugasemdir við að í frv. er höfð yfir gömul vísa sem ort var þegar rætt var um löggilding verslunarstaðar á Skipaskaga. Er hér gefið í skyn að Pétur Pétursson biskup hafi ort vísuna sjálfur en borið borgfirskan bónda fyrir sig. Vísan er prentuð svona í þskj.:

Kaupstaður á Skipaskaga
skötunum verður mjög til baga
eftir sig hann dilk mun draga
drykkjurúta og letimaga.

Sjá allir að auðvitað á að standa þarna „skötnunum verður mjög til baga“ en ekki „skötunum“, eða eins og segir í vísu sem ég hef heyrt hafða eftir gömlum Borgfirðingi þegar hann sá þá prentvillu sem birtist í þessu þskj.:

Mælti borgari á Skipaskaga:
Skilningsleysi má haga
svo það skemmi ekki menn,
en ef skortir á n
er það skötunum oftar til baga.

Ég vil, herra forseti, með þeim fyrirvörum sem ég hef hér gert, mæla með því að deildin samþykki það frv. sem hér liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 818.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Nokkurt óvissuástand hefur skapast um hverjar reglur gildi um það hverjir hafi heimild til að aka farþegum gegn gjaldi þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi. Í hæstaréttardómi frá 10. júní 1987 kemst meiri hluti dómara að þeirri niðurstöðu að ekki sé sannað í því máli að viðkomandi aðili hafi gerst brotlegur við gildandi lagaákvæði um þetta efni, en í því er notað orðalagið „að stunda leiguakstur“ sem ekki er talið sannað að í því máli hafi verið fyrir hendi.

Minni hluti Hæstaréttar, 2 af 5, kemst að þeirri niðurstöðu að með ákvæði laganna sé lagt bann við því að aðrir bifreiðarstjórar aki farþegum gegn gjaldi en þeir sem aka frá viðurkenndri fólksbifreiðastöð. Ætla má að sú túlkun lagareglna hafi verið ríkjandi skilningur á tilgangi lagasetningarinnar um þetta efni undangengna áratugi.

Enn fremur má vísa til þess að í bréfi Umferðarráðs til samgrh. dags. 22. des. s.l. — en það bréf var einnig sent dómsmrn. — segir um notkun sendibifreiða til fólksflutninga:

„Umferðarráð telur að flestir þeir sendibílar sem notaðir hafa verið til almennra fólksflutninga hér á landi séu af öryggisástæðum alls kostar óhæfir til slíkra flutninga.“

Lagafrv. það sem hér liggur fyrir og er til umræðu er samið á vegum nefndar er samgrn. skipaði nýlega til að kanna skipulag leigubifreiðaaksturs í þéttbýli og koma með tillögur um framtíðarskipan þeirra mála. Nefndin telur að eigi vel að vera þurfi allítarlega könnun í ýmsum efnum að vera undanfari þeirrar tillögugerðar, en nokkuð brýnt sé að eyða því óvissuástandi sem ríkir um þetta efni og taka af tvímæli um lagareglur. Þess vegna er þetta frv. flutt þar sem skýrt er tekið fram í 2. mgr. 1. gr. laganna öllum er óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

Ég tel ekki frekari ástæðu til að lengja mál mitt, herra forseti, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 5, n. 869, brtt. 871.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 869 um frv. til l. um breytingu á l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Þetta er 5. mál þingsins og flutt af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Hún lagði til að brot sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skyldu hafa sérstakan forgang varðandi rannsókn og meðferð umfram önnur hegningarlagabrot og dómur ganga innan 8 mánaða frá ákæru nema sérstakar ástæður hamli.

Allshn. þessarar deildar hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og hefur skilað frá sér svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið á sinn fund Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, formann Barnaverndarráðs Íslands, Guðjón M. Bjarnason, starfsmann Barnaverndarráðs, Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara, Högna Óskarsson sálfræðing og Svölu Thorlacius hrl. Einnig fékk nefndin skriflegar umsagnir frá ríkissaksóknara, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og réttarfarsnefnd. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 871.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu."

Á þskj. 871 leggjum við til að frv. breytist þannig að 1. gr. orðist svo:

„Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð."

Ég held að það fari ekkert á milli mála að allir nefndarmenn voru sammála um að brot skv. þessum greinum, ekki síst gagnvart börnum og unglingum, skyldu hafa eins mikinn hraða í afgreiðslu allri og meðferð og nokkur væri kostur. Mörg dæmi eru fyrir því að slík mál hafi tekið jafnvel svo árum skipti og þessi áföll þolandans hafa kannski verið upprifjuð öðru hvoru og gert sálarástand og líkamsástand miklu verra en kannski efni stæðu til.

Umsagnir sem bárust voru flestar frekar neikvæðar varðandi það atriði að veita meðferð ákveðinna brota forgang gagnvart öðrum brotum. Nefndarmenn voru þrátt fyrir það sammála um að ástæða væri til að löggjafinn lýsti vilja sínum um það að brot gagnvart börnum og unglingum hefðu eins mikinn forgang og nokkur kostur væri. Því er þessu nú breytt frá því sem var í upphaflega frv. Breytingin felst í því að ákvæðið nái líka yfir refsilagabrot, ekki einungis yfir hegningarlagabrot, og skulu þau líka hafa forgang hvað varðar ákæru og dómsmeðferð. En í frv. upphaflega var þetta orðað „rannsókn og meðferð". Það var fallið frá því að setja sérstaka takmörkun á því innan hvers tíma dómur skyldi falla því að það var talið ýmissa hluta vegna óframkvæmanlegt.

En aðalatriðið er þetta: Nefndarmenn eru sammála um að löggjafinn eigi — og með þessu geri hann það — að lýsa vilja sínum til þess að slík brot gagnvart börnum og unglingum hafi forgang svo sem nokkur kostur er á í meðferð hjá aðilum sem annast rannsókn, ákæru og dómsmeðferð þeirra.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef í raun og veru ekki miklu við það að bæta sem kom fram hjá frsm. allshn., hv. 8. þm. Reykn. En mér þykir samt rétt að koma hér og láta það koma fram að ég er mjög sátt við þessa breytingu. Ég tel að þarna hafi verið hægt að ná því fram sem var tilgangur með flutningi frv. þó að því hafi verið nokkuð breytt eins og hv. 8. þm. Reykn. skýrði hér.

Ég vildi aðeins við þetta tækifæri þakka meðnefndarmönnum í hv. allshn. fyrir góðan stuðning við þetta mál og góðan skilning á því þrátt fyrir, eins og kom fram hjá hv. frsm., að þær umsagnir sem bárust hafi í sjálfu sér ekki verið jákvæðar til þess háttar, sérstaklega varðandi þá tímasetningu sem sett var í frv. og við höfum nú fellt út.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 871 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. SalÞ og VS, 472. mál (skólaráð). — Þskj. 822.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. sem er á þskj. 822, um breytingu á l. nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér er hv. 5. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að flytja langt mál um þetta frv. Eins og fram kemur í grg. hefur frv. sama efnis verið flutt áður, var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt nú.

Það kemur fram í grg. frv. að skv. grunnskólalögum er grunnskólanum fyrst og fremst ætlað það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga. Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki síst hvað varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda um 80% þeirra atvinnu utan heimilis. Einnig hefur fjöldi barna sem dvelst hjá öðru foreldri sínu farið vaxandi og lætur nærri að um sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris.

Í kjölfar þessa fylgja ný viðhorf til hlutverks skóla. Nú er ætlast til að þeir sinni í ríkara mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og mótunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það kemur því í hlut grunnskólans að taka í auknum mæli að sér gæslu barna og jafnt líkamlega sem andlega umönnun þeirra. Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfs-

fólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Það er ekki langt síðan hv. þm. Kvennalistans fluttu hér frv. til l. um breytingu á grunnskólalögunum. Ég lét þau orð falla við þá umræðu að það hefði komið mér á óvart að ekki var tekið á þeim þætti í því frv. sem þetta frv. fjallar um, þ.e. um breytingu á 20. gr. grunnskólalaganna sem fjallar um samráð þeirra aðila sem fara með stjórn skóla.

Sú breyting sem hér er lögð til er til komin í beinu framhaldi af vinnu sem unnin var af vinnuhópi sem þáv. hæstv. menntmrh. Ragnhildur Helgadóttir skipaði til að fjalla um tengsl heimila og skóla. Með grg. þessa frv. eru fylgiskjöl úr skýrslu þess vinnuhóps sem beinlínis fjalla um þennan þátt. Það voru niðurstöður vinnuhópsins að í raun og veru þyrfti aðeins eina lagabreytingu til að koma á nánara samstarfi foreldra og skóla og það er sú tillaga sem er flutt með þessu frv. Breytingin felst í því að varðandi 20. gr. skuli skólastjóri bæði hafa samráð við skólaráð og kennara við stjórn grunnskóla.

Þá er í 2. gr. frv. ákvæði um að 21. og 22. gr. núgildandi laga um foreldrafélög og nemendaráð verði sameinaðar í eina heildargrein, en ekki er gerð önnur efnisleg breyting á þessum lagagreinum en sú að lögð er aukin áhersla á eflingu samstarfs heimila og skóla.

Tilgangur með stofnun skólaráða er að skapa sameiginlegan vettvang fyrir skólanefnd, foreldrafélag, nemendaráð og kennararáð. Ég hef orðið vör við þann misskilning að með þessu sé verið að gera foreldrafélögin óvirk eða óþörf. Ég vil taka það sérstaklega fram að það er alls ekki tilgangurinn. Það er miklu fremur verið að reyna að efla samstarfið milli foreldrafélaga og þeirra sem stjórna hinum daglega rekstri skólanna með því að tengja þau þannig hinum daglega rekstri að þau eigi fulltrúa í þessu skólaráði sem hefur þá tækifæri til að fylgjast með hvernig starfsemi og rekstri skólans er háttað hverju sinni. Rétt er að taka fram að hér er auðvitað ekki gert ráð fyrir að slíkt skólaráð komi saman í hverri viku eða svo heldur er gert ráð fyrir að það sé a.m.k. tvisvar á ári. Það mætti hugsa sér að það væri í upphafi skólaárs, á miðjum vetri og síðan í lok skólaárs til að undirbúa starfið næsta vetur.

Það er margt sem mælir með slíkum tengslum. Hægt er að nefna atriði eins og slysavarnir innan skólanna, umferðaröryggi, en benda má á að það eru einmitt börn og unglingar sem eru í stærstu áhættuhópunum hvað þessa þætti varðar. Það er orðið mikið áhyggjuefni hve slys á börnum og unglingum eru tíð hér á landi. Vissulega er unnið vel að slysavörnum af ýmsum aðilum, en það er augljóst að það þarf að ná til stærstu áhættuhópanna með því að virkja þá sjálfa, þ.e. börnin og unglingana, eða nemendurna. Það yrði best gert með samvinnu foreldra, forráðamanna skólanna og nemenda. Ekki þykir ástæða til að lögbinda stofnun foreldrafélags og nemendaráðs við hvern grunnskóla ef stofnun skólaráðs er gerð að skyldu, því að séu foreldrafélag og nemendaráð starfandi og skóli er af þeirri stærð sem leyfir kennararáð, þá er mikilvægt að auka samvinnu þessara aðila með setu fulltrúa í skólaráði.

Það er rétt að taka fram að auðvitað gilda í þessum efnum aðrar aðstæður víða í dreifbýlinu en á þéttbýlisstöðum. Gert er ráð fyrir því að skóla sem telur ekki grundvöll fyrir stofnun skólaráðs sé heimilt að sækja um undanþágu frá ákvæði þessara laga til menntmrn. Það þurfa að liggja gildar ástæður fyrir þeirri undanþágu, t.d. smæð skóla — ef skóli hefur innan við 50 nemendur, svo að dæmi sé tekið.

Ég vil benda á að nú er til umfjöllunar í menntmn. Ed. frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands. Í X. kafla þess frv. er fjallað um æfingaskóla við Kennaraháskólann. Þar er einmitt gert ráð fyrir varðandi 37. gr. að í skólastjórn þess æfingaskóla skuli eiga sæti, með leyfi hæstv. forseta — það er 3. mgr. 37. gr. — „skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjórinn í Reykjavík eða fulltrúi hans, þriggja manna kennararáð, kosið til tveggja ára í senn, einn fulltrúi kosinn af skólaráði Kennaraháskólans og einn fulltrúi foreldra, kosinn til tveggja ára".

Mér þótti rétt að benda á þetta því að mér finnst þetta staðfesta þann skilning hjá ráðamönnum að það séu breyttar ástæður sem kalli einmitt á þessa breytingu. Ef yfirmönnum skóla í landinu er alvara í því að vilja auka samstarf heimila og skóla get ég ekki ímyndað mér annað en að þeir séu sammála þessari breytingu, að þeir taki því fagnandi ef fulltrúar foreldra vilja leggja það á sig að taka sæti í slíku skólaráði til að fylgjast með og hafa möguleika á að koma á framfæri sínum hugmyndum eða athugasemdum þegar verið er að skipuleggja innra starf skólanna hverju sinni.

Hæstv. forseti. Ég hefði getað talað hér langt mál og hafði reyndar hugsað mér að flytja lengra mál við 1. umr. um þetta frv. En ég verð að játa að ég var ekki undir það búin að 10. mál á dagskránni kæmi nú til umræðu í upphafi fundar. Við höfum setið á nefndarfundum í allan morgun og ég var ekki einu sinni með punktana með mér sem ég hafði ætlað að nota mér til halds og trausts.

En eins og ég sagði áðan hefur þetta frv. áður verið flutt hér á hv. Alþingi og fékk þá nokkra umræðu. Ég flyt frv. nú fyrst og fremst til þess að það verði eins og nokkurs konar fylgifrv. með því frv. sem ég nefndi áðan og þær kvennalistaþingkonur, eins og þær vilja láta kalla sig, fluttu og mælt var fyrir fyrir skömmu síðan. Það fjallar um þessi sömu lög, þ.e. um breytingu á grunnskólalögum. Þess vegna vil ég vera raunsæ og geri mér grein fyrir því að þetta mál mun ekki komast gegnum þingið nú þar sem svo stutt er væntanlega til þinglausna. En það fær þá væntanlega sömu meðferð og getur farið til umsagnar til þeirra sömu aðila og fengu hitt frv. til umsagnar og er þá betur undir það búið að fá meðferð á næsta þingi.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er fyrir mér komið eins og hv. 6. þm. Reykn. að ég bjóst heldur ekki við að þetta mál kæmi svo fljótt á dagskrá. Ég vil þó koma hér upp til þess að styðja erindi þessa frv. Eins og kemur fram í grg. frv. sat ég í þeim vinnuhópi sem hv. 1. flm. nefndi og gerði ýmsar brtt. varðandi tilhögun í skólamálum. Einkum þó er varðaði tengsl heimila og skóla, en hv. þm. Salome Þorkelsdóttir veitti þeim vinnuhópi forstöðu og var einmitt minnst á það við flutning frv. okkar kvennalistaþingkvenna um breytingar á grunnskólalögunum.

Hv. 1. flm. vék að því áðan að hún hefði undrast hvers vegna þessar breytingar hefðu ekki verið teknar með í því frv. og ég endurtek útskýringar mínar á því. Það var fyrst og fremst af kurteisi við hennar frumkvæði vegna þess að hún hafði þegar flutt þetta mál og við áttum reyndar von á því að hún mundi þá gera það aftur á þessu þingi.

En ég vil bara í stuttu máli ítreka það að ég tek undir meginerindi þessa frv. og tel það vera til bóta því að mörgu má breyta í skólamálum og ekki er vanþörf á því að efla einmitt nánara samstarf heimilanna og skólanna, þeirra aðila sem helst sinna uppeldi barnanna okkar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er með mig eins og tvo síðustu hv. ræðumenn að ég átti ekki von á að þetta kæmi svona snemma á dagskrá í dag. Ég er því harla illa undir það búin að hafa mörg orð um þetta frv., en ég var að sjálfsögðu búin að kynna mér innihald þess áður en ég ákvað að vera meðflm. hv. 6. þm. Reykn. Aðalástæða þess að ég vildi gjarnan gera það er sú að mér finnst að með þessari breytingu geti orðið um það að ræða að raunveruleg samvinna eigi sér stað á milli heimila og skóla. Ég hef starfað nokkuð við skóla í allmörg ár sem kennari og veit að það er mjög mikils virði að samstarf sé gott þeirra á milli. Þess vegna vil ég láta í ljós stuðning minn við þetta ágæta mál.

Það er leiðinlegt að frv. skuli koma svo seint fram þannig að við höfum sennilega ekki möguleika á að afgreiða það frá þinginu á þessum vetri. En ég býst við að hv. 6. þm. Reykn. gefist ekki upp og ég vonast til þess að áður en mörg ár líða geti þetta ágæta mál orðið að lögum.

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Sá stuðningur verður til fyrst og fremst vegna þess að ég hef starfað við skóla, bæði sem kennari og foreldri og við þann skóla sem ég kenndi við var í raun og veru starfandi slíkt ráð þó að ekki væri það lögbundið. Ég hef rætt þetta við þá kennara sem nú starfa við Grunnskóla Stokkseyrar og reyndar aðra grunnskóla á Suðurlandi og beðið um umsögn sem ég hafði vonast til að flýtti fyrir því að við gætum afgreitt þetta mál út úr deildinni því að ég sé í raun ekkert sem mælir á móti því. Í tveimur skólum, sem hafa haft nefndir starfandi þar sem í eiga sæti kennarar, foreldrar og nemendur til þess að skipuleggja skólastarfið, hefur þessu frv. verið mjög vel tekið. Ég hef dreift því til kynningar í skóla á Suðurlandi.

Ég held að ef við virkilega höfum vilja til þess að samþykkja frv. sem lög frá Alþingi núna sé í raun og veru ekkert sem mælir á móti. Hins vegar ef við viljum tefja það, þá er það að sjálfsögðu auðvelt líka. En ég skora á hv. þm. í deildinni, ef þeir þurfa að leita eftir umsögnum vítt og breitt, að gefa þá stuttan tíma til skila, það ætti ekki að þurfa langan tíma til að skila inn umsögnum um þetta frv., svo jákvætt sem það hlýtur að vera öllu skólastarfi.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og lýst stuðningi við þetta frv., ekki síst hv. 4. þm. Suðurl. sem er ekki meðflm. að frv. Ég verð að segja að þessi óvenjulegu vinnubrögð finnst mér vissulega ástæða til að þakka fyrir. Ég held að þetta hljóti að vera nokkuð óvenjulegt að þm. sýni máli, sem aðrir þm., jafnvel úr öðrum flokkum flytja, svona drengileg viðbrögð og góðan stuðning. Það kemur mér að sjálfsögðu ekkert á óvart því að hv. þm. hefur margsýnt það að hún er mjög málefnaleg í sínum störfum og sinni afstöðu, enda er þetta ekki flokkspólitískt mál sem slíkt. En ég vildi sérstaklega færa henni þakkir fyrir og taka undir það með henni að í raun og veru er ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál fari á spretthlaupi hér í gegnum deildina ef áhugi er fyrir því á sama hátt og hér endurspeglaðist í hennar ræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

80. fundur, þriðjudaginn 26. apríl, að loknum 79. fundi.

Lögreglusamþykktir, 3. umr.

Stjfrv., 276. mál (heildarlög). — Þskj. 575.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 907.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjóðir og stofnanir, 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 733.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 905).

Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 558.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

Heimild fyrir Reykjavíkurborg að taka eignarnámi hluta af Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 2. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799, n. 895.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697, n. 896.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til l. um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8 frá 1986.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hv. þm. Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798, n. 897.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breytingu á l. nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun, og skilar hér nál.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Undir það rita Guðmundur H. Garðarsson formaður, Guðrún Agnarsdóttir, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason og Valgerður Sverrisdóttir.

Fjarverandi voru hv. þm. Halldór Blöndal og Svavar Gestsson, en hv. þm. Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og lýsti sig samþykkan þessu.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Málin ganga nú svo hratt fyrir sig hér í hv. deild að það er varla að við hv. þingdeildarmenn vitum hvaða mál er verið að ræða. Ég tel að hér sé verið að ræða um skyldusparnað ungs fólks. (**Gripið fram í:** Nei, það er ekki til umræðu nú, heldur byggingarsamvinnufélög.) Þarna sjáið þið, ég taldi að svo væri því það kom ekki nógu skýrt fram. En ég vildi minna á frv. þar að lútandi sem við fulltrúar Borgaraflokksins höfum flutt um þetta sama mál. Ég held kannski að við ættum þess vegna að flýta okkur aðeins hægar þannig að það liggi ljóst fyrir hvaða frv. er verið að ræða hér, svo við séum ekki að afgreiða mál án þess að vita hvað verið er að tala um.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég tek það fram að forseta ásamt flestum þm. er það alveg ljóst hvaða mál er verið að tala um hér.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég tel óþarft að vera að lengja umræður um þetta, en ég tek undir orð forseta um að það sé æskilegt að hv. þm. fylgist með því hvaða frumvörp eru til meðferðar. Hv. þm. Júlíus Sólnes á seturétt í félmn. Ed., en gat því miður ekki mætt á fund í gær. Hér er ekki um meiri háttar mál að ræða. Um er að ræða að auðvelda þeim sem eru í byggingarsamvinnufélögum að komast úr þeim með eðlilegum hætti eins og tíðkast hefur. Það er álitið að það sé tryggt með því að samþykkja það frv. sem hér er til umræðu.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir þessar skýringar og veit ég nú hvað er verið að ræða um og get tekið undir með hv. þm. að það er sjálfsagt að samþykkja frv. og styðja að þeirri breytingu sem þarna er talað um.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, benda á að þetta mál er ekki á dagskránni sem var dreift í upphafi fundar. Það er að vísu rétt að við samþykktum rétt áður að taka þetta á dagskrá með afbrigðum, en það lá ekki fyrir á þeirri dagskrá hvaða mál væri hér um að ræða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um framhaldsskóla, en frv. í núverandi mynd er að finna á þskj. 881 eftir að Nd. fór höndum um frv.

Frv. þetta kemur frá Nd. og voru gerðar á því nokkrar breytingar sem ég mun rekja á eftir. Þegar málið var til 1. umr. þar gerði ég mjög ítarlega grein fyrir efni þessa frv. og tel ekki ástæðu til að endurflytja það hér heldur mun ég fyrst og fremst stikla á stærstu atriðum.

Að einhverju leyti unnu nefndir beggja deilda saman að þessu máli. Frv. er upphaflega samið af nefnd sem fyrrv. menntmrh., hv. 4. þm. Austurl. Sverrir Hermannsson, skipaði á sínum tíma. Það var lagt fram til kynningar á vorþingi á síðasta ári, en kom ekki til umræðu. Ráðuneytið sendi frv. síðan til umsagnar til allmargra aðila sem tilgreindir eru í grg. með frv. Það bárust 36 umsagnir. Þær umsagnir voru yfirfarnar í menntmrn. og frv. nokkuð breytt til samræmis við það sem fram kom í umsögnum. Allar þær umsagnir sem bárust voru sendar menntamálanefndum beggja deilda eftir að frv. hafði verið vísað til nefndar í Nd.

Helstu einkenni frv. eru þau í fyrsta lagi að frv. felur í sér rammalöggjöf sem tekur til alls náms á framhaldsskólastigi og undirbýr nemendur undir nám í sérskólum, háskólum eða undir störf í atvinnulífinu. Ég legg áherslu á að þetta eru rammalög. Ég tel ekki æskilegt að setja í of miklum smáatriðum lög um framhaldsskóla. Það hefur raunar orðið bylting í framhaldsskólanum á undanförnum árum og ég vil segja að framhaldsskólinn hafi náð mjög að blómstra hér á landi. Hér hafa risið upp skólar af mörgum gerðum og framhaldsskólanám þróast nokkuð, þó án skipulags. Því tel ég nauðsynlegt að setja slíka rammalöggjöf, en hún má þó ekki vera of ströng.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nám á framhalds-

skólastigi sé skipulagt í námsáföngum og skuli hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntmrn. setur. Framhaldsskólum er skylt að fylgja í meginatriðum ákvæðum námsskrárinnar hvort heldur kennt er samkvæmt áfangakerfi eða bekkjakerfi.

Ég legg áherslu á að í frv. er það skýrt tekið fram og reyndar skýrar eftir breytinguna í Nd. að skólar geta valið um hvort þeir kenna samkvæmt áfangakerfi eða bekkjakerfi og þar sem aðstæður eru fyrir hendi, eins og t.d. á hinum stærri þéttbýlisstöðum, er mjög æskilegt að nemendur geti valið um skóla sem bjóða upp á mismunandi kerfi að þessu leyti.

Í þriðja lagi er með frv. stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntmrn., skólayfirvalda og starfsmanna skólans. Það nýmæli er í frv. að gert er ráð fyrir að skólanefnd starfi við hvern skóla. Hlutverk ráðuneytis verði að vinna að heildarstefnumótun, kennslueftirliti og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla, en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitingar sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.

Sennilega er ákvæðið um skólanefndir það ákvæði sem flestir hafa staldrað við í þessu frv. Bæði er það spurningin: Á að hafa skólanefndir yfir höfuð í framhaldsskólunum? og ef svo er, hvert á þá að vera verkefni þeirra? Mér finnst rétt að fara um það nokkrum orðum.

Mér hefur virst að afstaða skólamanna til skólanefndanna mótist nokkuð af því hvort þeir þekkja slíkar nefndir eða ekki. Þeir skólamenn sem hafa starfað með skólanefndum í þeim skólum sem þeir hafa starfað við telja að þær hafi verið mjög til gagns við stjórn skólans og til mikils stuðnings við stjórnendurna. Þeir sem hins vegar hafa ekki haft skólanefndir, þeir sem þekkja þær ekki, óttast þær, eru hræddir við hið óþekkta og hafa því frekar snúist gegn þeim. Að mínu mati eru skólanefndir fyrst og fremst tæki til að koma á fót samstarfi milli heimamanna og viðkomandi skóla. Skólanefndirnar eiga að vera fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum og starfa með stjórnendum skólans að þeim verkefnum sem þeim eru fengin. Þetta er liður í því að reyna að treysta tengsl almennings í landinu við skólann sinn.

Verksvið skólanefndanna hefur nokkuð verið skýrt betur í meðferð Nd., en verksvið þeirra getum við sagt að sé í þremur meginhlutum.

Það er í fyrsta lagi að ákveða námsframboð. Í frv. eins og það leit út áður stóð í 8. gr.: „Skólanefnd og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki menntmrn." Orðin „marka stefnu í skólahaldi" voru tekin út til þess að væri alveg ljóst að það sem átt væri við væri fyrst og fremst að skólanefndin ásamt með skólameistaranum ákvæði námsframboðið. Það er auðvitað gífurlegt hagsmunamál fólksins í hverju byggðarlagi hvaða námsframboð er í hverjum skóla, hvaða nám er það, hvaða námsbrautir, hvaða námsgreinar geta menn stundað í viðkomandi skóla. Þess vegna er raunar ekkert mál sem á meira erindi til fólksins í byggðarlögunum en að taka þátt í slíkri ákvörðun.

Í öðru lagi eiga skólanefndir að undirbúa fjárlög og hafa hönd í bagga með fjármálastjórn viðkomandi skóla þó að ekki sé meiningin að taka hina fjárhagslegu ábyrgð frá skólameisturunum.

Í þriðja lagi hafa skólanefndir vissa íhlutun um ráðningu starfsfólks við skólann eins og nánar er kveðið á um í frv.

Það er álitamál hvernig eigi að skipa slíkar skólanefndir. Auðvitað má hugsa sér tilnefningar frá ýmsum aðilum, en niðurstaðan varð sú að sveitarstjórnirnar séu þeir aðilar sem raunverulega séu fulltrúar fólksins í viðkomandi byggðarlögum. Því sé eðlilegt að það séu sveitarstjórnirnar sem tilnefni skólanefndir. Þess vegna er gert ráð fyrir að skólanefndirnar séu tilnefndar af sveitarstjórnum, en menntmrh. skipi formann skólanefndar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum þannig að ríkið greiði 60% en sveitarfélag eða sveitarfélög 40%. Þó er menntmrn. veitt heimild til að semja um hærri kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að ákveðin skipting komist á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi stofnkostnað. Nú eru ýmsar reglur í gildi um þetta efni eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Menntaskólarnir eru t.d. alfarið kostaðir af ríkinu, fjölbrautaskólarnir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, iðnskólarnir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og mismunandi hlutfallsreglur gilda eftir því um hvers konar skóla er að ræða. Þessi regla á að horfa til einföldunar og að ég hygg nokkurrar sanngirni. Ég tel að það sé eðlilegt að sveitarfélög taki þátt í stofnkostnaði skóla að þessu leyti. Það skapar auðvitað meiri ábyrgðarkennd hjá sveitarfélögunum. Það dregur úr óraunhæfum kröfum á ríkisvaldið um nýja skóla og ég held að þetta samstarf geti orðið til góðs þegar fram líða stundir, enda held ég að það sé ágæt reynsla af stofnkostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi skólahúsnæði, enda nauðsynlegt að reglur um það séu þá einfaldar og auðunnið með þær.

Í fimmta lagi er hins vegar gert ráð fyrir að ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna. Ríkið greiðir nú rekstrarkostnað menntaskólanna alfarið, en mjög mismunandi reglur gilda um skiptingu rekstrarkostnaðar annarra skóla eftir því um hvaða skólategundir er að ræða eins og reyndar gildir í stofnkostnaði.

Í sjötta lagi er tryggt samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði og í sjávarútvegsgreinum með fræðsluráði sjávarútvegs. Þessi ráð eiga að verða til ráðuneytis um skipulag náms og kennslueftirlit og það er heimild í lögunum til að skipa slík samstarfsráð við aðrar atvinnugreinar til að leggja á ráðin um skipulag náms í þeim greinum. Við höfum reynslu af iðnfræðsluráðum. Það er gert ráð fyrir að hlutverk þeirra breytist nokkuð frá því sem er, að

þau verði fyrst og fremst ráðgefandi aðilar og nokkuð dregið úr þeim völdum sem þau hafa nú og er þetta í samræmi við álit sérstakrar nefndar sem hafði það verkefni að vinna að endurskoðun iðnfræðslunámsins.

Í sjöunda lagi er fjallað um skólanefndirnar. Ég hef þegar gert þær að umtalsefni og skal ekki gera það nánar hér.

Í áttunda lagi er síðan fjallað um verkefni skólameistara. Hann stjórnar daglegum rekstri skólans og er jafnframt framkvæmdastjóri skólanefndar. Skólaráð, sem er til samstarfs við skólameistarann, er vettvangur þar sem kennarar, nemendur og annað starfslið skólans getur komið inn í stjórn skólans. Ég legg áherslu á að ég tel það eðlilegt að um allt innra starf skólans sé samstarf og samvinna við starfsfólk skólans, enda hafa þeir aðilar eðli málsins samkvæmt langmesta möguleika til að fjalla um innra starf skólans.

Í níunda lagi er gert ráð fyrir því að hver skóli sé sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiðir laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint til viðkomandi aðila, en annan rekstrarkostnað á ríkið að greiða til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Með þessu er reynt að veita skólunum nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði, þ.e. þeir hafi sjálfstæði um ráðstöfun á öðru fjármagni en beinum launagreiðslum, og á það að vera hvatning til skólastjórnenda um að spara á einum lið og geta þá notið þess í öðrum, en nokkuð hefur viljað við brenna að ef menn hafa sparað á einum lið er það fjármagn hreinlega tekið af þeim, mismunurinn, og menn hafa í engu notið þess hagræðis sem slíkar sparnaðaraðgerðir hafa í för með sér.

Í tíunda lagi: Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiðir ríkissjóður stofnkostnaðinn við heimavistina. Þessu ákvæði var breytt í Nd. Það var gert ráð fyrir að stofnkostnaður heimavistar væri greiddur í sömu hlutföllum og annað skólahúsnæði, en það þótti eðlilegra við nánari athugun, þar sem heimavistir eru fyrst og fremst byggðar fyrir þá nemendur sem búa utan viðkomandi sveitarfélags, að kostnaður heimavista yrði alfarið greiddur af ríkinu og þess vegna var 5. mgr. 3. gr. breytt að þessu leyti.

Í ellefta lagi er gert ráð fyrir að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntmrh. að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.

Í tólfta lagi er framhaldsskólum veitt heimild til að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem skólinn starfrækir svo og að stofna til sérstakra námskeiða eða öldungadeilda. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms. Fyrra atriðið, það er menntun fullorðinna á námsbrautum sem skólinn starfrækir, er nýjung í löggjöf. Það er hins vegar ekki nýjung í reynd því að við þekkjum að slík starfsemi hefur verið við framhaldsskólana allmörg undanfarin ár. Hins vegar er það nýjung bæði í löggjöf og starfsemi framhaldsskólanna að eftirmenntunarnám verði tekið þar upp. Ég tel mjög mikilvægt að skólakerfið, að skólarnir sjálfir komi meira inn í eftirmenntunina en verið hefur á undanförnum árum. Eftirmenntun verður æ algengari. Hún fer núna fram mjög mikið í margvíslegum námskeiðum utan við skólakerfið sem er auðvitað ágætt að vissu marki, en ég tel þó nauðsynlegt að skólarnir geti átt möguleika á því að koma meira inn í þessa menntun.

Frv. var nokkuð breytt í Nd. eins og ég gat um. Ég gat þess í minni framsöguræðu í Nd. að í slíku frv. hljóti auðvitað að vera ýmis álitamál. Frv. um framhaldsskóla er nýsmíði og ég lýsti því yfir þar að ég væri reiðubúinn til samvinnu við nefndina um skynsamlegar breytingar á frv. Ég tel að allar þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. hafi verið til bóta. Ég ætla að hlaupa yfir þær í stórum dráttum.

2. gr. var breytt og hlutverk framhaldsskólans umorðað, gert nokkru skýrara. Í 3. mgr. var 1. málsl. breytt til þess að taka af allan vafa um að Alþingi þyrfti ekki að samþykkja skóla sem stofnaður kynni að verða í samræmi við ákvæði 38. gr., þ.e. af einkaaðilum, og þá breytingu ber að lesa í samhengi við breytingu sem gerð var á 38. gr. þar sem það var skýrt tekið fram að einkaskólar ættu ekki kröfu til styrks af almannafé, en ef slíkur styrkur yrði veittur kæmi að sjálfsögðu til samþykkis Alþingis.

Ákvæðin í 4. mgr. um skiptingu byggingarkostnaðar voru gerð nokkru skýrari og ítarlegri. Í 5. mgr. var heimavistarhúsnæði fellt undir stofnkostnað ríkisins eins og ég gat um áðan.

7. gr., um skipan skólanefndar, var gerð skýrari, tekin af öll tvímæli um að það væru sveitarstjórnirnar sem skyldu skipa fjóra af fimm skólanefndarmönnum og jafnframt sett inn ákvæði um að þegar um starfsmenntunarskóla væri að ræða skyldi þess gætt við tilnefningu að fulltrúar viðkomandi starfsgreina ættu sæti í skólanefnd. Það er auðvitað ekki hægt að gera í öllum greinum eins og t.d. við fjölbrautaskóla, sem fara með margvíslegt starfsnám, en æskilegt að tekið sé tillit til þess við val á mönnum í skólanefnd.

8. gr. var breytt þannig að tekin voru út orðin, eins og ég gat um áðan, að skólanefnd og skólameistari marki stefnu í skólahaldi, en verkefni nefndarinnar takmarkast að þessu leyti við að ákveða námsframboð með samþykki ráðuneytisins.

Nokkuð skýrari ákvæði voru sett í 9. gr. um verkefni skólameistara. Gert er ráð fyrir að nemendaráð geri tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld. Gert er ráð fyrir að reglur um almenna kennarafundi setji menntmrn. en ekki skólanefnd eins og var í upphaflega frv.

Aðrar brtt. við næstu greinar eru tiltölulega smávægilegar. Greinin um nám fyrir fatlaða var gerð ítarlegri og skýrari í Nd. og tel ég að hún tryggi betur en áður var rétt fatlaðra nemenda til náms. Reglur um rekstrarkostnað, þ.e. í 1. mgr., voru gerðar

skýrari og í gildistökuákvæðinu var kveðið á um að það sem snertir fjárhagsatriði frv., þ.e. stofnkostnað, reksturskostnað, taki ekki gildi fyrir 1. jan. 1989, en frv. að öðru leyti taki gildi í upphafi skólaárs á þessu ári.

Síðan er ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir skuli gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu. Það hafa þegar verið gerðir allmargir samningar um kostnaðarskiptingu sem sveitarfélög treysta á og er nauðsynlegt að þeir samningar verði framkvæmdir eins og þeir hafa verið gerðir þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á kostnaðarskiptingu sem frv. felur í sér.

Í frv. er valdi dreift allmikið út til skólanna og mun meira en nú gildir í raun. Við skulum aðeins átta okkur á í hverju þessi valddreifing er fólgin.

Í fyrsta lagi fá heimamenn miklu meira vald til að ákveða námsframboð í framhaldsskólum í sinni heimabyggð en þeir hafa haft til þessa.

Í öðru lagi fá skólarnir aukið fjárhagslegt sjálfstæði.

Í þriðja lagi er ákvæði sem tekur af öll tvímæli um að skólarnir eiga nú sjálfir að annast þróunarstarf, en hlutverk menntmrn. frekar að veita ráðgjöf í því efni. Nú er það svo að þróunarstarfi í grunnskólanum er miðstýrt. Það fer fram í skólarannsóknardeild, en þetta frv. gerir ráð fyrir að öðruvísi verði að staðið varðandi framhaldsskóla, þ.e. þróunarstarfið verði fært út til framhaldsskólanna sjálfra.

Í fjórða lagi er mun skýrari verkaskipting en nú er. Hlutverk menntmrn. er fyrst og fremst heildarstefnumótun, kennslueftirlit, gerð tillagna um fjárveitingar á grundvelli tillagna frá skólanum. Skólarnir sjálfir hafa hins vegar með framkvæmd skólastarfsins að gera. Allt innra starf, öll fagleg ábyrgð er í höndum skólastjórnar og skólaráðs.

Í fimmta lagi fá skólarnir nú mikið frjálsræði til að taka upp fullorðinsfræðslu, bæði í formi öldungadeilda eins og þær eru kallaðar og enn fremur til að taka upp eftirmenntun og starfsmenntun af ýmsu tagi í samvinnu við bæði sveitarstjórnir og í samræmi við atvinnulífið á hverjum stað. Þetta gefur skólunum mikið svigrúm til að geta lagað sig eftir starfsháttum og lagað sig eftir aðstæðum og atvinnuháttum á hverjum stað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess að hv. deild sjái sér fært að afgreiða þetta mál þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi því ég tel brýna nauðsyn bera til að samþykkt séu lög um framhaldsskóla.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna þegar við sjáum hilla undir að samþykkt verði lög um framhaldsskóla eftir svo langa bið, en það er hins vegar spurning hvort hv. þm. og þeir sem í skólunum eiga að starfa eru allir jafnsáttir við það frv. sem hér liggur fyrir.

Það er ein grundvallarástæða fyrir því að Kvennalistinn getur ekki sætt sig við það stjórnunarfyrirkomulag sem lagt er til í þessu frv., það er varðandi skólanefndir og verksvið þeirra. Það er auðvitað alltaf spurning hvernig á að skipa forstöðu fyrir hinum ýmsu stofnunum. Skólanefndir hafa verið, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, stuðningur við suma skólameistara, en það er þó ekki algilt. Hann ræddi hér um að það væri hræðslan við hið óþekkta sem gerði menn hrædda við skólanefndirnar. Ég held að það sé ekki eingöngu sú hræðsla heldur er ástæðan aðallega sú að kennarar hafa fyrir tveimur árum loksins fengið viðurkennd þau faglegu réttindi sem nauðsynleg eru til að starfa við stofnanir sem skóla og þessi faglegu sjónarmið finnst okkur höfð að engu í þessu frv. með því að skólanefndin er pólitískt kjörin nefnd. Ég vil þó alls ekki gera lítið úr fulltrúum sem veljast í skólanefndir almennt. Í þær veljast oft mjög hæfir menn sem eru færir um að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð, en það getur verið tilviljanakennt. En að vald um innri málefni skólans, námsframboð og annað innra starf skuli falið skólanefnd þar sem ekki er einu sinni ákvæði um að kennarar eigi áheyrnarfulltrúa á fundum skólanefndarinnar teljum við með öllu óhugsandi. Það er sem sé stjórnunarkaflinn sem við gerum að okkar stærsta ágreiningsefni varðandi þetta frv. og mun ég væntanlega fyrir hönd okkar þingkvenna Kvennalistans í þessari deild flytja brtt. þegar málið kemur til 2. umr.

Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega út í hinar einstöku greinar frv. að þessu sinni vegna þess að til þess gefst mér tækifæri í menntmn. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi gera að umræðuefni og spyrja hæstv. menntmrh. um. Það eru greinar sem mér finnst vera óljósar og ætla því aðeins að fara í gegnum það helsta sem mér finnst ekki koma alveg skýrt fram.

Í fyrsta lagi vil ég gera að nokkru umræðuefni málefni fatlaðra nemenda sem hann minntist á í máli sínu áðan. Ég fagna því mjög að nú skuli gert ráð fyrir að fatlaðir nemendur fái aðgang að framhaldsskólanum. Það er löngu tímabært og það hefur verið stefnan í starfi grunnskólans undanfarin ár að reyna að kenna fötluðum nemendum sem mest með öðrum nemendum. Með fötlun á ég við annaðhvort líkamlega eða andlega fatlaða. Ég held mig við þá skilgreiningu á orðinu. Ég fagna því mjög að þeim skuli nú gert kleift að sækja framhaldsskólann og að þeim verði boðið þar upp á nám við sitt hæfi, en mér finnst reyndar ekki koma alveg nógu skýrt fram hvernig þetta námsframboð verður og í hvaða formi og eins vakna spurningar varðandi inntökuskilyrðin. Þess vegna vildi ég spyrja aðeins um 16. gr. Þar segir að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Síðan segir, með leyfi forseta: „Nemendum er skylt að stunda

fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákveðinni námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri."

Nú er það svo með marga fatlaða nemendur að þeir fara ekki eftir hefðbundnum brautum grunnskólans. Það eru sérdeildir starfandi við hina ýmsu skóla þar sem er vikið frá námsefni og þeir taka í raun og veru aldrei þetta svokallaða grunnskólapróf. Spurningin er: Með hvaða skilyrðum á að taka þessa nemendur inn í skólann? Í 30. gr. hefur verið gerð breyting sem ég tel til bóta. Þar segir einmitt líka í síðasta málsl. í fyrri málsgr., með leyfi forseta: „Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er." Og síðan heldur áfram og segir: „Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntmrn. setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda."

Eigi fatlaðir nemendur að stunda nám við hlið annarra nemenda er auðvitað spurningin með hvaða skilyrðum og þess vegna vildi ég spyrja út í þau inntökuskilyrði sem tiltekin eru í 16. gr. og síðan það sem fram kemur í 30. gr. að þeir eigi að fá að stunda nám við hlið hinna. Mig langar í sambandi við þessar hugleiðingar mínar um fatlaða nemendur að vitna til greinargerðar um verkefni sem unnið hefur verið í Öskjuhlíðarskóla og er tengt norræna þróunarverkefninu um stuðningskennslu og fyrirbyggjandi starf í framhaldsskólum. Ég ætla að leyfa mér að lesa þessa greinargerð því ég tel að þarna fari fram mjög mikilvægt starf. Það sýnir nú kannski þörfina á löggjöf um framhaldsskólann að sá kennari sem hefur umsjón með þessu verkefni, Fjölnir Ásbjörnsson, er ráðinn kennari við Öskjuhlíðarskólann í Reykjavík, en nemendurnir, sem hann kennir, eru innritaðir í Iðnskólann í Reykjavík. Hann þarf í raun og veru aldrei að stíga fæti sínum inn í Öskjuhlíðarskólann þó að það sé í raun og veru sá staður þar sem hann er ráðinn. En hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1985 fór af stað tilraunaverkefni af hálfu Öskjuhlíðarskóla. Tilraunin var í því fólgin að bjóða unglingum með skerta námshæfni á aldrinum 17 ára til tvítugs nám við sitt hæfi, þ.e. nám sem að miklum hluta væri verklegt og byggi þá undir tiltekið starf. Markmið:

1. Að leita eftir samvinnu við einhvern framhaldsskóla í Reykjavík með það að markmiði að setja þar upp tilraunanámsbraut fyrir nemendur með skerta námshæfni.

2. Að vinna að gerð námsskrár fyrir námið."

Um framkvæmdina segir: „Ellefu nemendur hófu nám við Iðnskólann í Reykjavík á vorönn 1986. Nemendurnir stunduðu þrenns konar verklegt nám, málmiðnað, tréiðnað og bókband, einnig bóklegt nám. Þessir nemendur luku námi í maí 1987 að afloknum þrem önnum. Nemendur fengu þá afhent lokaskírteini þar sem fram kemur að þeir hafi lokið þriggja anna starfsnámi við Iðnskólann í Reykjavík tengdu ákveðinni iðngrein, að námið skiptist í bóklegt nám og verklegt og að námið veiti ekki sérstök starfsréttindi. Sérkennari frá Öskjuhlíðarskóla hefur annast alla skipulagningu og umsjón með kennslu við námsbrautina. Í því hefur falist að annast bóklega kennslu og vera þeim fagkennurum Iðnskólans til ráðgjafar sem annast hafa verklegu kennsluna. Jafnframt hefur það verið hlutverk þessa kennara að sjá um skýrslugerð vegna kennslunnar og hafa m.a. verið unnar ítarlegar skýrslur um kennsluna á hverri önn fyrir sig. Í skýrslunni hefur verið að finna lýsingar á daglegum rekstri, vali námssviða, viðhorfi nemenda og kennara og tengslum námsins við atvinnulífið og síðast en ekki síst höfum við reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist."

Um námsskrána segir: „Samhliða sjálfri kennslunni hefur verið unnið að gerð námsskrár fyrir nám af þessum toga. Námsskrárvinnan hefur farið fram í samvinnu við skólaþróunardeild menntmrn. og var lokið við drög að slíkri námsskrá vorið 1987 og hún send ýmsum aðilum til umsagnar. Við gerð námsskrárinnar hefur verið miðað við að námsbrautir í líkingu við tilraunanámsbrautina við Iðnskólann yrðu settar á stofn við ýmsa framhaldsskóla og byðu upp á fjölbreytilegra nám en hægt hefði verið að bjóða upp á í þessari litlu tilraun.

Í námsskránni er námið skilgreint og það nefnt starfsnám. Fram kemur m.a. að náminu er ekki ætlað að veita tiltekin réttindi til starfa heldur stuðla að betri samkeppnisaðstöðu nemandans á almennum vinnumarkaði, veita nemandanum betri sjálfsmynd og auka sjálfstraust hans í starfi og leik. Markmið námsins eru sett fram í tvennu lagi: Annars vegar þau markmið sem unnið er að meira eða minna á öllum önnum námsins. Hins vegar þau markmið sem hafa megináherslu á tiltekinni önn."

Að lokum er kafli um tengsl námsins við atvinnulífið. Þar kemur fram að námið á að vera markviss undirbúningur undir þátttöku nemenda í atvinnulífinu. Sá undirbúningur fæst m.a. með vettvangsfræðslu sem eykst stig af stigi með hámarki á 3. og síðustu önn námsins.

Og um framhald verkefnisins segir: „Nú í haust hóf nýr hópur starfsnám við Iðnskólann í Reykjavík í málm- og tréiðnaðardeildum skólans og er ætlunin að þeir nemendur útskrifist um áramótin 1988/1989. Vegna sérstakra óska frá hópi umsækjenda um starfsnám haustið 1987 um að boðið yrði upp á saumanám fóru fram viðræður við stjórnendur tveggja fjölbrautaskóla í Reykjavík og leit út fyrir á tímabili að slíkt nám færi af stað við Fjölbrautaskólann í Breiðholti á vorönn 1988. Á síðustu stundu kom þó í ljós að af því gat ekki orðið þar vegna húsnæðiseklu skólans. Í staðinn tókst áframhaldandi samvinna við stjórnendur Iðnskólans í Reykjavík og mun því hópur byrja í saumanámi við Iðnskólann á vorönn 1988 og miðað við þriggja anna nám munu þeir nemendur því ljúka námi vorið 1989."

Um framtíðarhorfur segir, og ég held að það verði einmitt mjög mikilvægt fyrir okkur, ef við

samþykkjum frv. þar sem gert er ráð fyrir að þessir nemendur eigi fulla aðild að skólunum, að tryggja framtíð þeirra. Það verður að taka þessum nemendum af heilum hug inn í skólana, ekki að hafa þetta dauðan lagabókstaf á pappír. Um framtíðarhorfurnar segir, með leyfi forseta:

„Reynslan af tilraunakennslunni hefur verið mjög jákvæð. Bæði nemendur og kennarar hafa verið mjög ánægðir með þann námslega árangur sem hefur náðst. Viðhorf kennara og annarra nemenda Iðnskólans til starfsnámsbrautarinnar hafa einnig reynst vera jákvæð. Þeir nemendur sem útskrifuðust sl. vor hafa allir fengið vinnu að því er best er vitað. Einn er að vinna á vernduðum vinnustað, en hinir hafa allir fengið vinnu á almennum vinnumarkaði. Nokkrir nemendanna vinna við aðstoðarstörf í þeim iðngreinum sem þeir hlutu þjálfun í, en aðrir vinna við önnur aðstoðarstörf.

Þrátt fyrir að enn hafi ekki verið samþykkt nein heildarlög um framhaldsskóla á Alþingi, sem veitt gætu öllum unglingum rétt til framhaldsnáms við sitt hæfi, má segja að bjartsýni ríki varðandi framhald einhvers tilboðs fyrir nemendur með skerta námshæfni. Þannig er ríkjandi jákvætt viðhorf í menntmrn. til framhalds þessa verkefnis í einhverri mynd án tilraunastimpils og námsskráin er samin með það í huga að nýtast í framhaldsskólum almennt og með fjölbreyttara námstilboði en nú er um að ræða. Það er því ósk og von aðstandenda þessa verkefnis að námstilboð af þessum toga sé komið til þess að vera innan íslenska framhaldsskólans og sú vinna sem fram hefur farið undanfarin tæp þrjú ár í tengslum við verkefnið muni nýtast við framhald einhvers starfsnámstilboðs fyrir nemendur sem standast ekki þær kröfur sem nú eru gerðar í hefðbundnu framhaldsnámi. Hugmyndir að uppbyggingu námsbrautarinnar hafa verið sóttar víðs vegar að og má þar t.d. nefna Bretland og Norðurlöndin. Einnig er skylt að nefna að þær skoðunarferðir sem farnar hafa verið innan ramma norræna þróunarverkefnisins svo og heimsóknir norrænna starfsbræðra hingað til lands hafa m.a. stuðlað að því að gengið hefur verið ákveðnar til verks og ýmsir byrjunarörðugleikar auðveldlega yfirunnir."

Þetta er undirritað af Fjölni Ásbjörnssyni í desember 1987.

Sá sami Fjölnir Ásbjörnsson hefur hins vegar af því töluverðar áhyggjur hvernig málum þessara nemenda verður komið fyrir miðað við það framhaldsskólafrv. sem við höfum til umfjöllunar og hann gerir fornámið sérstaklega að umræðuefni í grein, sem hann skrifar í Morgunblaðið í þessari viku. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við nokkra framhaldsskóla hafa verið settir á stofn svokallaðir núlláfangar eða öðru nafni fornám. Í núlláföngum eða fornámi gefst nemendum sem ekki hafa náð tilskilinni viðmiðunareinkunn í samræmdum greinum 9. bekkjar kostur á að fá tilsögn í 9. bekkjar námsefni viðkomandi greina. Hér er því um undirbúning að meira námi að ræða.

Hluti þeirra nemenda sem byrja í fornámi standast það próf og hefja síðan nám í framhaldsskólum. En töluverðum hluta nemenda reynist fornámið ofviða. Vegna 18 ára reglunnar og þeirra sem hefja nám að afloknu fornámi eru ávallt heldur fleiri sem hefja nám á 1. ári í framhaldsskólum landsins en árlega ljúka 9. bekkjar prófum með framhaldseinkunn. Reynslan sýnir hins vegar að brottfall nemenda á fyrsta ári í framhaldsnámi er geigvænlega hátt."

Og hann heldur áfram og segir: „Felst þó í þessu nýja frv. til framhaldsskólalaga engin stefnubreyting frá því sem verið hefur varðandi inntöku nemenda."

Í 30. gr. frv. er fjallað um fatlaða nemendur og segir þar: „Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntmrn. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er."

Ekki var þetta mikið og engu er líkara en greinin sé skrifuð í andanum fæst orð bera minnsta ábyrgð." En ég vil skjóta því inn í að hér hefur verið kveðið nánar að orði í því frv. sem við höfum nú til umfjöllunar þó að ég telji það ekki alveg fullkomið eins og það er hér fram lagt.

Ég læt þessari tilvitnun minni lokið vegna þess að þessi grein var víst skrifuð fyrir allnokkru þó hún birtist í Morgunblaðinu svo seint sem raun ber vitni, en það var fyrst í þessari viku þegar breytt frv. með nánari skilgreiningu á orðinu „fatlaður" lá fyrir hér. Í framhaldi af þessu vil ég leggja áherslu á möguleika fatlaðra nemenda til að stunda nám í framhaldsskólanum og reyndar benda á að þar sem um nemendur er að ræða sem eiga við hreyfifötlun að etja er nauðsynlegt að mæta þeirra fötlun með ýmsum framkvæmdum í skólunum og jafnvel utan við skólana því að aðgengi að mörgum byggingum er slíkt að það er ekki einu sinni hægt að komast yfir skólalóðirnar. Ég legg áherslu á að það verði tekið tillit til allra þeirra þarfa um leið og þeir koma inn í skólann.

En ég vildi aðeins spyrja hæstv. menntmrh., ef ég næ eyrum hans nú, varðandi það sem ég hef sagt um fatlaða nemendur. Hér á öðrum stað er talað um kennslustundafjölda við framhaldsskóla. Í 34. gr. er talinn upp sá kennslustundafjöldi sem talinn er nauðsynlegur til að geta rekið skóla. Þar er miðað við grunntöluna 1,7–2 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi. Nú kom það fram í umsögnum og heimsóknum gesta til menntamálanefnda beggja deilda að margir skólastjórar minni skólanna höfðu af þessu nokkrar áhyggjur. Ég vil þá spyrja hæstv. menntmrh. hvort þessi viðmiðun sé talin nægja þegar við bætast þeir fötluðu nemendur sem koma inn í skólana, hvort þessi stundafjöldi muni nægja? Það er fyrirsjáanlegt að ef það á að standa að þessu af þeim myndarbrag sem við getum ekki annað en gert þarf að sjá til þess að innan

framhaldsskólanna fari fram sérkennsla og til þess þarf væntanlega aukinn kennslustundafjölda.

Það er annað sem ég vildi líka minnast á. Það er varðandi námsráðgjöf. Það kom fram í þeirri grein sem ég vitnaði til áðan að það er gífurlega hátt hlutfall nemenda sem hættir námi á fyrsta ári. Ég tel mjög nauðsynlegt og brýnt að efla námsráðgjöf við alla framhaldsskólana til að koma í veg fyrir þetta, reyna að hjálpa nemendum áfram. Hér segir í 12. gr. að heimilt sé að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskólann. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé áætlað að þörf sé fyrir heilar stöður námsráðgjafa við framhaldsskólana. Það hefur komið fram í umsögnum Félags ísl. námsráðgjafa að þeir gera ráð fyrir því að til að sinna 300 manna skóla þurfi einn námsráðgjafa og held ég að sé mjög raunhæf tala að miða við. En mér finnst þetta nokkuð veikt orðað hér vegna þess að ég veit að námsráðgjöf hefur hjálpað mörgum nemendum áfram í náminu. Störf námsráðgjafanna eru mjög fjölbreytileg. Þeir fjalla bæði um vandamál nemenda sem tengjast náminu svo og persónuleg og félagsleg vandamál þannig að ég tel að það sé full þörf á að kveða þarna fastar að orði.

Ég fer fram og til baka í frv. Þetta er kannski ekki mjög skipulega fram sett hjá mér. En ég vil fagna sérstaklega 15. gr. um heilsuvernd í framhaldsskólunum. Ég held að sé mjög til bóta að það verði komið einhverju skipulagi þar á. Það er undir hælinn lagt hvernig henni er sinnt um þessar mundir. Þá vil ég sérstaklega leggja áherslu á upplýsingar og fræðslu við nemendur og forvarnarstarfsemi af ýmsu tagi og jafnframt benda á að það háttar svo til við allmarga framhaldsskóla að þar eru ekki einu sinni aðstæður til leikfimikennslu. Það er vonandi eitt af því sem við tökum í röð svokallaðra forgangsverkefna á næstunni að leggja megináherslu á forvarnarstarfið og þá ekki síst með því að ala nemendurna upp í heilbrigðum lífsháttum.

Ég vil síðan víkja lítillega að 33. gr. þar sem talað er um heimavistir. Ég fagna þeirri breytingu, sem gerð var á varðandi byggingu heimavistarhúsnæðis, að ríkissjóður greiði þær. Það hefur valdið nokkrum erfiðleikum þar sem mörg sveitarfélög eiga að koma sér saman eða þá bæjarfélag þar sem skóli er staðsettur að taka ákvörðun um byggingu heimavistar. Ég legg áherslu á og minni á tillögu sem ég flutti ásamt fleiri hv. þm. Kvennalista, Alþb. og Borgarafl. fyrir jólin varðandi mötuneyti heimavistarnemenda og mötuneyti nemenda við framhaldsskólana almennt. Ég held að það sé mjög brýnt að við reynum að jafna aðstöðu barna þessa lands til náms. Það er mikill baggi á heimilum að senda börnin, unglingana á heimavistarskóla. Það eru reyndar ekki öll bæjarfélög svo heppin að geta boðið upp á heimavist og sennilega er höfuðborgin sjálf einna verst stödd í þeim efnum og nemendur sem þurfa að sækja til Reykjavíkur þurfa að greiða himinháa húsaleigu eins og við þekkjum öll. En varðandi mötuneytin vil ég minna á tillögu sem ég flutti um að launakostnaður við mötuneytin verði greiddur úr ríkissjóði eins og gildir um t.d. aðra starfsmenn í skólanum. Mér finnst að það megi í raun og veru líta á nemendur sem starfsmenn skólans meðan þeir eru þar. Ég legg áherslu á að þetta er atriði sem ég tel að þurfi að breyta alveg afdráttarlaust. Það kom fram hér í vetur sem svar við fsp. Sturlu Böðvarssonar, hv. varaþm. á Vesturlandi, að raungildi dreifbýlisstyrks til nemenda, sem var ætlað til þess að jafna aðstöðumun þeirra, er orðið harla lítið miðað við það sem upphaflega var. Ég tel nauðsynlegt að það verði lögð áhersla á að finna leiðir til að jafna í raun þennan aðstöðumun sem er fjárhagslega milli nemenda til náms vegna búsetu. Þess vegna minni ég á bæði dreifbýlisstyrkinn og mötuneytin. Ég tel að launakostnaður við þau sé ekki þungur baggi fyrir ríkissjóð að bera.

En ég ætla aðeins að spyrja að lokum. Nú er mér kunnugt um að það hefur verið efnt til aukins samstarfs af hálfu menntmrn. við faggreinafélög kennara og fagna ég því. Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort í reglugerðum verði ákvæði um faggreinakennara og þeirra þátt t.d. í námsskrárgerð. Við vorum að fjalla um frv. um Kennaraháskóla Íslands um daginn og fyrst ég minnist á faggreinafélög get ég ekki stillt mig um að segja við 1. umr. núna að ég vildi óska þess að við hefðum frv. fyrir framan okkur um framhaldsskólann af sömu gæðum og frv. um Kennaraháskóla Íslands. Eins og ég hef sagt fyrr í máli mínu finnst mér fagleg sjónarmið vera fyrir borð borin og tel að það þurfi að koma því inn á einhvern hátt að það skíni af þessu frv. einhvers konar menntastefna.

En ég ætla aðeins að ítreka það aftur, sem ég sagði og sem hv. þingkona Þórhildur Þorleifsdóttir sagði líka er hún flutti brtt. í Nd. í síðustu viku, að Kvennalistinn vill draga úr áhrifum pólitískt kjörinna fulltrúa, en auka að sama skapi áhrif skólafólks um mótun skólastarfsins. Við teljum það ekki vera valddreifingu að koma mótun skólastarfsins í hendurnar á fimm pólitískt kjörnum fulltrúum því að það er alltaf spurning hvernig og hverjir rata í þær pólitísku stöður.

En ég vil samt sem áður leggja áherslu á að ég styð það að framhaldsskólafrv. verði samþykkt sem fyrst, það liggur á því, einhver rammalöggjöf, en mun flytja brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir við 2. umr. málsins.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Við teljum, þingmenn Borgarafl., að það sé margt mjög gott í þeim tillögum sem liggja hér fyrir hv. deild, tillögum um samstæða löggjöf fyrir framhaldsskóla og í raun var orðið mjög nauðsynlegt að slík löggjöf yrði lögð fram og samþykkt. Sú bylting sem varð um framhaldsskólann hér fyrir líklega 15–20 árum er einhver mesta bylting sem hefur orðið í skólamálum þjóðarinnar frá upphafi. Ég minnist þess þegar ég sjálfur lauk námi í

Menntaskólanum á Akureyri fyrir ansi mörgum árum. Þá voru aðeins þrír skólar á landinu sem höfðu heimild til að útskrifa nemendur með stúdentspróf, en ég hef ekki tölu á öllum þeim skólum sem hafa öðlast þennan rétt nú. Þetta er jákvæð þróun, sem hefur skapað mikla fjölbreytni um menntun fyrir unglinga og ungt fólk, sem var mjög þarft og gott að fá inn í skólastefnu okkar.

Hins vegar finnst mér að okkur sárvanti að skilgreina betur hver er heildarmenntastefna þjóðfélagsins. Það er alveg nauðsynlegt að tengja betur saman skólastigin og skilgreina hvert skólastig fyrir sig og hvernig þetta hangir allt saman. Með grunnskólalögunum eins og þau voru samþykkt á sínum tíma var að vísu gert ráð fyrir með hvaða hætti grunnskólinn tengdist framhaldsskólanum þannig að þar eru sett ákvæði um með hvaða hætti nemendur öðluðust rétt til þess að setjast í framhaldsskóla. Í því frv. til l. um framhaldsskóla sem hér liggur fyrir hv. deild er reyndar að nokkru vikið að inntökuskilyrðum. Þau eru að vísu mjög rýmkuð miðað við það sem áður hefur verið og tel ég út af fyrir sig að það sé ekki nema gott eitt um það að segja.

Hins vegar vantar alveg að skilgreina tengslin við næsta stig þar fyrir ofan, þ.e. háskólastigið, fyrir utan það að háskólastigið er að verða ansi óljóst hugtak með þeim margvíslegu breytingum sem eru að verða á því skólastigi einnig. Frá því í gamla daga að við höfðum einn háskóla í landinu, Háskóla Íslands, fjölgar nú háskólum og ég verð í þessu sambandi að nota orðið „háskóli“ innan gæsalappa. Þeim fjölgar nú mjög ört án þess að við höfum nokkra samræmda löggjöf um sjálft háskólastigið. Ég vildi nú beina því til hæstv. menntmrh. og spyrja hann um hvort það sé ekki orðið tímabært að setja sérstök lög um háskólastig.

Þrátt fyrir allt hlýtur það að vera höfuðmarkmið með menntastefnu fyrir þjóðina í heild að tryggja að öllum þjóðfélagsþegnum standi til boða eins góð og fullkomin menntun og nokkur völ er á og að sjálfsögðu að hún sé við hæfi hvers og eins. En við verðum að hafa hugfast að við búum hér og eigum í samkeppni við aðrar vestrænar þjóðir og reyndar allar þjóðir heims hvað varðar þekkingu og menntun til að skapa framleiðsluvörur sem við getum selt á erlendum mörkuðum. Þar reynir að sjálfsögðu á undirstöðumenntun og þá menntun sem við fáum í skólum landsins til þess að við getum staðið okkur í samkeppninni við aðrar þjóðir. Þess vegna verður sú menntun sem er boðið upp á á Íslandi að vera jafnfullkomin og sú sem best gerist meðal nágrannaþjóða okkar.

Það hefur viljað bera á því að samræming milli þessara mismunandi skólastiga sé að hverfa þannig að með auknu frjálsræði í námi og námsbrautum, sem framhaldsskólinn getur nú boðið upp á, er t.d. orðið mjög áberandi að nemendur sem koma til náms á hinu æðsta skólastigi, þ.e. háskólastiginu, hafi ekki fengið þann undirbúning sem skyldi til að geta tekist á við háskólanám. Hér vantar betri samræmingu og að tengja þessi skólastig smaan.

Mig langar bara til að taka eitt lítið dæmi. Fyrir svo sem eins og 20–30 árum var nám í stærðfræðieða náttúruvísindadeildum framhaldsskólanna með þeim hætti að það hentaði mjög vel fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi í bæði raunvísindum og í tæknivísindum. Í dag er ástandið þannig að nemendur sem hefja nám bæði í raunvísindum og tæknivísindum við Háskóla Íslands, svo dæmi sé tekið, hafa því miður ekki fengið undirstöðumenntum á vissum sviðum sem gengið er út frá að sé fyrir hendi í því námi sem fer fram á háskólastigi. Í verkfræði og tæknivísindum er gert ráð fyrir að nemendur hafi fengið allgóða og reyndar mjög góða þjálfun í t.d. flatarmáls- og rúmmálsfræði, en nám í þessari fræðigrein hefur mjög minnkað í framhaldsskólanum svo að farið er að valda óþægindum við háskólanámið. Þannig eru mörg önnur dæmi um að það er ekkert samræmi milli þess náms sem fer fram í framhaldsskóla og þess náms sem fer fram síðar í háskóla. Það er mjög brýnt og nauðsynlegt að skilgreina þessi tengsl milli skólastiga þannig að hvert skólastig geti gengið út frá því sem vísu að það nám sem fór fram á neðra skólastiginu sé í einhverju samræmi við þær kröfur og þær forsendur sem æðra skólastigið gerir ráð fyrir.

Það er spurning hvort inntökuskilyrði fyrir nám á háskólastigi eiga heima í sérstakri löggjöf um háskólastigið eða hvort væri rétt að setja sérstök ákvæði þar að lútandi í lögin um framhaldsskólann. Mér er næst skapi að boða brtt. við frv. þar sem er fjallað um slík inntökuskilyrði fyrir háskólastigið þar sem ég óttast mjög að það verði ansi langt í land með að það fáist samræmd löggjöf um háskólastigið með nauðsynlegum skilgreiningum á forsendum fyrir námi og hverjar skuli vera kröfur til þekkingar þeirra nemenda sem hefja nám á háskólastigi. T.d. má minna á að í grunnskólalögunum er gert ráð fyrir samræmdum prófum til að fá úr því skorið hvort nemendur eigi að halda áfram námi eða þeir öðlist rétt til að halda áfram námi í framhaldsskóla. Nú er að vísu ekki lengur gert ráð fyrir þessu með því frv. til l. um framhaldsskóla sem hér er lagt fyrir. Það er mjög brýnt að þetta verði skoðað betur og það verði athugað hvort ekki sé í reynd nauðsynlegt að taka upp samræmd próf upp úr framhaldsskólanum fyrir þá nemendur sem hyggja á háskólanám.

Nú er það svo að framhaldsskólinn hefur að sjálfsögðu breyst mjög verulega undanfarin ár þannig að hann er miklu frekar orðinn skóli til þess að búa nemendur undir hin fjölbreytilegustu störf í þjóðlífinu og það er langt frá því að framhaldsskólanum sé lengur ætlað það hlutverk eingöngu að búa nemendur undir háskólanám. Það er ekki nema tiltölulega lítill hluti þeirra nemenda sem ljúka námi í framhaldsskóla í dag sem fara í háskóla og ljúka þar námi. Að vísu er mjög mikið um að nemendur innritast til háskólanáms, vilja gjarnan reyna og sjá hvernig það takist, en brottfall nemenda sem hefja háskólanám er geysilega mikið. Ef ég man rétt og

fer rétt með tölur held ég að ég geti sagt frá því að í verkfræði- og raunvísindadeild er vart meira en ¼ þeirra nemenda sem innritast til náms á fyrsta námsári sem lýkur lokaprófi frá annaðhvort verkfræðideild eða raunvísindadeild. Um 75% þeirra nemenda sem hefja háskólanám í þessum tveimur deildum falla frá á 1. og 2. námsári.

Það er ekki nokkur vafi á að ef framhaldsskólanum væri sett ákvæði þess efnis að nemendum sem hyggðu á háskólanám væri gert að þreyta samræmd próf, sem yrðu þá að sjálfsögðu að vera haldin sameiginlega og undir yfirstjórn menntmrn. alveg eins og samræmdu prófin upp úr grunnskólunum hafa verið haldin, mundi það rýmka mjög til í háskólunum. Ég nefni nú aftur háskóla í fleirtölu því það hefur orðið mikil aukning á háskólum á þessu landi á seinni árum án þess að ég ætli að fara að fjalla um það sérstaklega hér.

Í flestum nágrannalöndum okkar er við lýði mjög strangt kvótakerfi varðandi inntökurétt hinna ýmsu háskóla eða öllu heldur um aðferðir til að takmarka aðgang þeirra sem ljúka prófum upp úr framhaldsskólunum til þess að komast í háskóla. Þetta mundi kannski falla ýmsum stjórnarþingmönnum vel í geð, a.m.k. þeim sem eru æstastir stuðningsmenn kvótakerfa almennt, en ég held að slík inntökukvótakerfi, sem eru notuð í nágrannalöndunum, muni ekki henta vel á Íslandi og sú aðferð, sem hefur verið notuð hingað til, að gefa flestum eða öllum þeim nemendum sem hafa áhuga á því tækifæri til að reyna og láta á það reyna hvort þeir geti þá komist í gegnum háskólanám, þeir falla þá einfaldlega ef þeir geta það ekki, sé að mörgu leyti æskilegri. Hins vegar setur þessi aðferð óeðlilega mikinn þrýsting á háskólana og er mjög fjárfrek vegna þess að gífurlegur fjöldi nemenda lýkur kannski aldrei nema einu eða tveimur missirum en það kallar á mikla aðstöðu, fjölda kennara og stór og mikil námskeið sem hugsanlega mætti hafa mun viðaminni ef einhver stýring væri á þessu. Ég tel að slík stýring væri æskileg með einmitt samræmdum prófum upp úr framhaldsskólunum og vildi beina því til hæstv. menntmrh. að hugleiða það vandamál að tengingin milli skólastiganna sé skýrari og með hvaða hætti nemendur öðlast rétt til að halda áfram á næsta skólastigi við það sem þeir hafa verið að ljúka.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, þakka viðtökurnar sem frv. hefur fengið og þær málefnalegu umræður sem hafa farið hér fram. Eins og ég gat um í minni upphaflegu ræðu eru vissulega mörg álitamál þegar verið er að semja frv. eins og þetta sem á að ná yfir heilt skólastig, þ.e. allt framhaldsskólastigið, jafnfjölbreytt og það er í reynd. Þess vegna kemur ekkert á óvart þó að menn velti upp ákveðnum hugmyndum og telji að sumir hlutir mættu kannski vera öðruvísi í þessu frv.

Ég ætla aðeins að ræða nokkur atriði sem hv. 6. þm. Vesturl. Danfríður Skarphéðinsdóttir minnti á.

Ég vek athygli á því varðandi skólanefndirnar að það hefur orðið allmikil breyting á þeim ákvæðum um skólanefndir sem voru upphaflega í frv. í meðferð Nd. Verkefni skólanefndanna, eins og ég gat um í minni frumræðu, eru orðin mun skýrari og skólanefndirnar hafa ekki verkefni á sviði innra starfs skólans eins og frv. lítur núna út. Skólanefndirnar hafa að vísu verkefni að því er snertir ákvörðun námsframboðs, þ.e. hvaða nám er í boði við viðkomandi skóla. Ástæðan er sú, eins og ég rakti í minni frumræðu, að ég tel að það verkefni sé eitt æskilegasta verkefni heimamanna, þ.e. íbúanna í viðkomandi byggðarlögum, fulltrúa íbúanna í viðkomandi byggðarlögum, að fjalla um hvaða nám er í boði. Það skiptir miklu máli hvert unglingarnir í viðkomandi byggðarlögum þurfa að sækja nám, hvort þeir geti fengið það nálægt sínum heimilum eða hvort þeir þurfi að sækja það allt til Reykjavíkur eins og allt of mikil tilhneiging hefur verið til á undanförnum árum. Ýmsir sérskólar á mörgum sviðum hafa fyrst og fremst verið í Reykjavík og þess vegna æskilegt að losa þar um og breyta til. Þetta hlýtur að vera mjög mikið áhugaefni fólksins í byggðarlögunum og þess vegna tel ég að ákvörðun um námsframboð eigi að vera verkefni skólanefndanna sem eru fyrst og fremst fulltrúar fólksins. Hin faglegu sjónarmið, þ.e. málefni innra starfs skólans, eru eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst í höndum þeirra sem starfa við skólann, kennara, reyndar nemenda og svo umfram allt skólameistara sem bera höfuðábyrgð á stjórn skólans.

Varðandi fatlaða nemendur spurði hv. þm. hvernig bæri að skilja ákvæði 16. gr. varðandi inntökuskilyrði í tengslum við þau sérákvæði sem gilda um fatlaða í frv., þ.e. í 30. gr. Ég vek athygli á að inntökuskilyrðin eru mismunandi eftir aldri nemenda þannig að allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja framhaldsnám að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Síðan er rætt um fornám í einstökum námsgreinum. Hins vegar getur nemandi sem orðinn er 18 ára gamall hafið nám við framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun.

Þessi grein á fyrst og fremst við um almenna nemendur og ber að skilja hana sem slíka. 30. gr. er hins vegar sérákvæði í þessum lögum sem fjallar um fatlaða nemendur og sú grein er eins og annað í þessum lögum fyrst og fremst rammi sem fylla þarf út í, allrúmur rammi að því er ég tel, en þar segir nú í greininni eins og hún er orðuð, þ.e. 30. gr.:

„Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntmrn. Fatlaðir nemendur skulu stunda

nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntmrn. setur nánari ákvæði um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda."

Ég tel að þetta ákvæði í 30. gr. sé sérákvæði í lögunum og að svo miklu leyti sem undanþágu er þörf varðandi inntökuskilyrði frá 16. gr. og að svo miklu leyti sem það gildir um nemendur, þá fyrst og fremst sem eru 16–18 ára, þá sé heimilt í reglugerð að setja um það sérákvæði þannig að hægt sé að veita fötluðum nemendum aðgang að skólanum þó að þeir uppfylli ekki ströngustu inntökuskilyrði að öðru leyti.

Varðandi kennslustundafjöldann, sem hv. ræðumaður gat um einnig, og hvernig hann kæmi heim og saman við hugmyndir um kennslu fyrir fatlaða, þá vek ég athygli á að 34. gr. er fyrst og fremst viðmiðunargrein. Þar segir: „Við ákvörðun fjárveitinga við kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7–2 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla." Síðan kemur: „Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa." Og enn segir: „Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf." Þessar sérstöku aðstæður geta auðvitað verið með ýmsu móti, en þetta á ekki síst við um sérstakar aðstæður úti á landsbyggðinni þar sem um smærri skóla er að ræða í ýmsum dreifðu byggðum, en „sérstakar aðstæður" eiga líka við í skólum þar sem fatlaðir nemendur eru sem þurfa meiri umönnun, meiri kennslu og meiri kennslustundafjölda en aðrir nemendur. Ég lít því svo á að fyrir þessu sé allvel séð í þessu frv., en auðvitað þarf að fylla nánar út í þetta með reglugerð.

Varðandi ákvæði um námsráðgjöf er gert ráð fyrir að heimilt sé að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla. Auðvitað á ákvæðið um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni einnig við um námsráðgjafa. Okkur hefur hins vegar ekki fundist nauðsynlegt að festa ákveðna tölu starfsmanna á nemendur í þessu ákveðna starfi í skólunum. Er þá ekki rétt að festa fjölda ýmissa starfsmanna af öðru tagi í hlutfalli við nemendafjölda? Ég nefni t.d. bókaverði eða starfsfólk á bókasöfnum skóla eða jafnvel kennarana sjálfa. Þetta eru atriði sem fyrst og fremst verða að ráðast eftir þörfum skólanna sem eru mjög margvíslegar. Þess vegna hefur verið stefnan að negla ekki of mikið niður ákvæði af þessu tagi í frv. Ég geri mér grein fyrir því að þó að menn í orði kveðnu tali um að slík löggjöf eigi að verða rammalöggjöf hefur mér fundist bera á því hjá ákveðnum hópum sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta að þeim finnist að það sem að þeim snúi sé ekki nægilega neglt niður í frv. og þess vegna eigi að setja um það nánari ákvæði. Við höfum viljað standast þær freistingar, standast þann þrýsting, sem auðvitað er kominn frá ýmsum öðrum hópum, og viljað að rammalöggjöfin geti átt nokkurn aldur fyrir sér. Þess vegna geti margvíslegar aðstæður, bæði mismunandi tegundir skóla, aðstæður á hverjum stað og aðstæður sem við sjáum ekki fyrir okkur í tíma, fallið undir framhaldsskólafrv.

Varðandi faggreinafélögin er það einlægur ásetningur minn að hafa náið samstarf við kennarasamtökin, fyrst og fremst aðalsamtök kennaranna, Kennarasamband Íslands og Hið íslenska kennarafélag. Það á auðvitað við um námsskrárgerð, um reglugerðarsetningu í samræmi við þessi lög og annað það sem snýr að starfi skólanna. Ég nefni t.d. námsskrárgerð. Hún hefur verið unnin í mjög náinni samvinnu við kennarasamtökin og verður það auðvitað áfram.

Hv. 7. þm. Reykn. ræddi um tengsl skólastiganna og sagði, að mínu mati réttilega, að tengslin milli skólastiganna væru ekki nægileg. Mér finnst þetta eiga bæði við um tengslin milli grunnskóla og framhaldsskóla og tengslin milli framhaldsskóla og háskóla. Ég held hins vegar að það væri mjög erfitt að ætla sér að breyta því í þessum ákveðnu lögum varðandi framhaldsskólann. Ég held að það þurfi nánari athugunar við.

Hv. þm. sagði að undirbúningi nemenda sem hygðu á háskólanám væri að mörgu leyti mjög ábótavant. Undan þessu er kvartað. Ég held hins vegar að hugmynd um samræmd próf úr framhaldsskóla fyrir nemendur sem ætla í háskólanám þurfi nánari athugunar við. Þá spyr maður: Hvað er háskólanám? Við höfum Háskóla Íslands og við höfum orðið allmarga skóla á háskólastigi eins og fram hefur komið í umræðum fyrr á þessum vetri. Við höfum Kennaraháskóla Íslands, við höfum Háskólann á Akureyri, við höfum Tækniskóla Íslands, við höfum Tölvuháskóla Verslunarskólans, við höfum kennslu á háskólastigi í Samvinnuskólanum á næsta leiti, við höfum kennslu á háskólastigi í listaskólunum, þ.e. Tónlistarskólanum, Myndlista- og handíðaskólanum og Leiklistarskólanum, við höfum háskólakennslu í búnaðarskólunum, bæði á Hvanneyri og á Hólum, og reyndar má skilgreina Garðyrkjuskóla ríkisins sem háskólastig að vissu leyti. Þetta þarf allt að skilgreina betur og ég hygg að almenn ákvæði um samræmd próf úr framhaldsskólum fyrir nemendur á háskólastigi mundu ekki uppfylla þær kröfur sem til slíks þarf að gera nema að undangenginni nákvæmri athugun.

Hv. þm. ræddi um nauðsyn þess að sett yrði samræmd löggjöf um háskólastigið og ég er alveg sammála honum um að það sé mjög tímabært að gera það. Ég vil geta þess í því sambandi að ég setti á laggirnar á þessum vetri sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins. Í henni eiga sæti fulltrúar allra þeirra skóla sem nú eru við kennslu á háskólastigi og háskólarektor er formaður þeirrar nefndar. Hún á að fjalla um ýmis sameiginleg mál þessara skóla, en

fyrsta verkefnið sem ég fól henni var að semja löggjöf um háskólastigið. Ég veit að nefndin er byrjuð á því starfi, m.a. með því að safna gögnum um hvernig slík löggjöf er erlendis, en ég vonast sannarlega til að á næsta vetri verði hægt að leggja fram frv. um háskólastigið.

Það er hins vegar ekki víst að það sé alveg nákvæmlega rétt skilgreining sem við höfum fylgt hingað til í lögunum um skólastig eða um skólakerfi þar sem við fjöllum um þrjú skólastig. Í lögum nr. 55 frá 1974, um skólakerfi, skiptum við skólakerfinu í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Mér finnst þessi skipting að sumu leyti orðin óheppileg því hún ýtir undir að það sé reynt að skilgreina nám undir eitthvert þessara stiga. Þetta er sérstaklega óheppilegt að því er snertir framhaldsskólastig eða háskólastig. Það er ljóst að ýmsar námsbrautir tilheyra hvorugu þessara stiga og liggja miklu frekar bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Ég nefni sem dæmi t.d. Tækniskóla Íslands sem er skóli þar sem nemendur eru bæði á framhaldsskólastigi og fara yfir á háskólastig. Þetta á við um ýmsar brautir bæði á sviði iðn- og tæknináms og á sviði listnáms. Í grg. með frv. um framhaldsskólann er hugleiðing um að til greina gæti komið að skipta skólakerfinu í fjögur stig í stað þriggja, þ.e. á milli framhaldsskólastigs og háskólastigs komi fjórða skólastigið sem yrði sérskólastig sem lægi að hluta til á framhaldsskólastigi og að hluta á háskólastigi. Á sérskólastiginu yrðu þá skólar sem veittu sérhæfða menntun og þjálfun til undirbúningsstarfa í atvinnulífinu og gerðu að inntökuskilyrði eins til þriggja ára nám í framhaldsskóla. Slíkt fyrirkomulag er alþekkt víða erlendis. Hins vegar treystum við okkur ekki til að taka á þessu máli í frv. Það tilheyrir kannski frekar sérstakri athugun á skólakerfinu í heild sem nú er í gangi í menntmrn. og þessi umræða þarf að fara betur fram úti í þjóðfélaginu áður en hægt sé að festa hana í lög.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar. Ég ítreka þakkir mínar til þeirra hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og vonast til að þetta frv. verði afgreitt sem lög frá Alþingi á þessu vori.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tónlistarháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 772.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Tónlistarháskóla Íslands á þskj. 772. Frv. þetta er samið af nefnd sem þáv. menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, skipaði 15. okt. 1985, en í henni áttu sæti Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, formaður, Baldvin Tryggvason, sparisjóðsstjóri, sem er gjaldkeri Tónlistarfélagsins, og Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri í menntmrn.

Skipuleg tónlistarfræðsla á Íslandi á sér ekki mjög langa sögu, hefst með stofnun Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1930. Þeir sem komu honum á fót voru nokkrir áhugamenn um tónlist sem síðan stofnuðu Tónlistarfélagið, en það félag hefur rekið skólann fram á þennan dag.

Tónlistarskólinn í Reykjavík var lengi vel eini tónlistarskóli landsins og hefur jafnan gegnt forustuhlutverki á sviði tónmenntakennslu. Nær allir starfandi tónlistarmenn okkar hafa hlotið þar menntun sína að meira eða minna leyti.

Árið 1959 var með reglugerð menntmrn. komið á fót kennaradeild við skólann og var henni falið að mennta söngkennara, nú nefndir tónmenntakennarar, fyrir almenna skólakerfið. Þetta var mikilsverður áfangi í sögu Tónlistarskólans og viðurkenning á forustuhlutverki hans. Á næstu árum voru stofnaðar við skólann kennaradeildir fyrir píanó-, strengja- og blásturshljóðfærakennara sem vaxandi þörf var fyrir eftir því sem tónlistarskólum í landinu fjölgaði. Hafði skólinn engan veginn undan að fullnægja þeirri þörf því að þróunin varð örari en nokkurn óraði fyrir.

Með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla árið 1963 var rekstrargrundvöllur þeirra bættur mjög og enn frekar með löggjöf um sama efni 1975 og 1985. Hefur tónlistarskólum fjölgað ört síðan og eru þeir nú rúmlega 60 á landinu öllu.

Á þessu má sjá að það hefur verið mikil uppbygging í tónmennt á Íslandi undanfarna áratugi og eftir því sem tónlistarfræðsla í landinu hefur komist á hærra stig og orðið markvissari hefur þörfin fyrir tónlistarháskóla orðið mönnum sífellt ljósari. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur gegnt hlutverki slíks æðri skóla eftir því sem hann hefur haft bolmagn til, en hann er að mestu leyti rekinn á sama fjárhagsgrundvelli og aðrir tónlistarskólar í landinu og um hann hafa aldrei verið sett sérstök lög.

Það frv. sem hér er flutt er því að miklu leyti staðfesting á því starfi sem nú er unnið í Tónlistarskólanum í Reykjavík og nauðsynleg ráðstöfun til að styrkja þetta starf og tryggja því lagalegan og fjárhagslegan grundvöll. Aðeins á þann hátt getur skólinn rækt það hlutverk sem er svo þýðingarmikið fyrir tónlistarlífið í landinu.

Háskóladeildir Tónlistarháskóla Íslands verða skv. frv. alfarið kostaðar af ríkissjóði og ekki gert ráð fyrir skólagjöldum. Gera má ráð fyrir talsverðri fjölgun nemenda frá því sem nú er á efstu stigum og í kennaradeildum Tónlistarskólans í Reykjavík, en þeir voru skráðir 107 á skólaárinu 1986–1987. Gert er ráð fyrir að kostnaður af námi í deildum neðan háskólastigs í Tónlistarháskóla Íslands verði greiddur með hliðsjón af reglum sem gilda um hliðstæðar deildir almennt og að nemendur þar greiði skólagjöld.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstakar greinar þessa frv., en það má ætla að nám í háskóladeildum Tónlistarháskóla Íslands taki 3–4 ár og veiti BA-gráðu. Nemendur sem ljúka því prófi ættu að vera vel búnir undir störf hér á landi, m.a. kennslu í tónlistarskólum. Eitt mikilvægasta hlutverk Tónlistarháskóla Íslands verður að sjá tónlistarskólum um allt land fyrir hæfum kennurum, en tónlistarskólarnir eru veigamikill þáttur í menningarlífi fjölmargra byggðarlaga. Einnig ætti BA-prófið að verða góður undirbúningur undir frekara nám erlendis sem æskilegt er að sem flestir nemendur geti veitt sér íslensku tónlistarlífi til eflingar.

Ég er ekki í neinum vafa um að ef Tónlistarskólinn fær viðurkenningu sem háskóli, viðurkenningu til að útskrifa menn með alþjóðlegar háskólagráður, eins og BA-gráðu, muni allmargir nemendur sem nú neyðast til að fara í nám erlendis stunda sitt nám hér við Tónlistarháskólann.

Frv. þetta er nokkuð seint á ferðinni miðað við að skammt lifir nú af þessu þingi. Ég geri mér þess vegna ekki vonir um að hægt verði að afgreiða málið á þessu þingi. Ég hefði talið eðlilegt að hv. þingnefnd, sem fær málið til meðferðar, óskaði eftir umsögnum, m.a. Félags tónlistarkennara í landinu og Félags tónlistarskólastjóra, en þeir hafa ekki fjallað gagngert um þetta mál.

Ég vek sérstaka athygli á því að það er sérstakt ákvæði til bráðabirgða sem snertir Söngskólann í Reykjavík, en hann hefur nokkra sérstöðu meðal tónlistarskóla í landinu þar sem hann hefur starfað í 14 ár og eingöngu sinnt söngkennslu. Fyrstu nemendur í almennu söngnámi voru útskrifaðir úr skólanum 1977, en 1978 var stofnuð framhaldsdeild við skólann, sem skiptist í einsöngvaradeild og söngkennaradeild, og voru fyrstu nemendur í framhaldsdeild útskrifaðir 1980. Veturinn 1987–1988 stunda 18 nemendur nám í framhaldsdeildum skólans. Eðlilegt og sanngjarnt þykir að taka tillit til þeirrar staðreyndar að Söngskólinn í Reykjavík hefur þegar um nokkurra ára skeið sinnt kennslu á háskólastigi og veita þeim nemendum sem þegar stunda nám á framhaldsstigi skólans tækifæri til að ljúka námi sínum þar svo og veita skólanum tækifæri til að aðlaga sig að nýjum aðstæðum. Þess vegna er ákvæði II sett til bráðabirgða í þetta lagafrv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því að þetta frv. skuli nú lagt fram þó það sé að vísu, eins og hæstv. ráðherra sagði, nokkuð seint á ferð og auðvitað er það rétt mat hjá hæstv. menntmrh. að það er sjálfsagt borin von eins og nú er talað um þinglausnir að þetta frv. nái afgreiðslu á þessu þingi, enda er miklu brýnna að málið fái góða og vandaða athugun og meðferð hér í þinginu og um það sé góð samstaða. Ég tek undir þau orð hans að það er eðlilegt að senda málið til umsagnar nú og þá til þeirra félagasamtaka sem hann nefndi til sögunnar, þ.e. Félags ísl. tónlistarkennara og Félags tónlistarskólastjóra, og hugsanlega ýmissa fleiri aðila og fá þá sem gerst þekkja til málsins til viðræðna við menntmn. þessarar hv. deildar.

Ég held að þetta sé tímabært frv. Það er í samræmi við og í framhaldi af ákvæðum sem er að finna í starfssáttmála núv. ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst og sem betur fer svo að tónlistarmenntun er yfirleitt í heldur góðu horfi hér á landi. Þar hefur þessi skóli, Tónlistarskólinn í Reykjavík, verið brautryðjandinn og er í rauninni eina menntastofnunin á þessu sviði sem veitir alhliða tónlistarfræðslu á öllum sviðum og í öllum greinum og hefur gert lengi og annast menntun tónlistarkennara.

Við eigum mikið af ungu og efnilegu tónlistarfólki í námi og það er staðreynd, eins og hæstv. menntmrh. vék raunar að áðan, hér hefur ekki verið tónlistarnám á háskólastigi og það hefur verið okkar unga tónlistarfólki á ýmsan hátt fjötur um fót. Þegar það hefur leitað til náms til útlanda hefur sú menntun sem það hefur notið hér ekki verið metin sem skyldi vegna þess að skólann skorti hið rétta nafn. Að sumu leyti hefur þetta verið svo. Áreiðanlega mun þetta líka verða til þess að það verður eitthvað minna um að fólk leitar til útlanda þannig að það margt mætti telja þessu til ágætis.

En ég skal ekki lengja þessa umræðu nú. Ég fagna því að frv. skuli komið fram. Það verður tekið til meðferðar í menntmn. og sent til umsagnar strax og það berst nefndinni, en borin von er, eins og hér hefur komið fram, að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Jóhann Einvarðsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið þar sem það hefur þegar komið fram í máli hæstv. menntmrh. að frv. er nánast einungis lagt fram til kynningar á þessu stigi og verður sent, eins og kom fram hjá formanni menntmn. þar sem ég á líka sæti, út til umsagnar til Félags ísl. tónlistarkennara, Félags tónlistarskólastjóra og e.t.v. fleiri.

Mér sýnist að það geti verið rétt að það hafi valdið einhverjum vandræðum að hafa ekki háskólagráður þegar þeir hafa farið til framhaldsnáms erlendis, en það sem mér finnst vanta í frv. er hvernig það á að tengjast tónlistarfræðslunni í landinu í heild og tónlistarskólunum um hina dreifðu byggð sem eru milli 60 og 70 og hafa hver á sínu sviði unnið að mörgu leyti kraftaverk á þeim stöðum þar sem þeir eru. Mér finnast ekki tengslin í frv. á milli þeirra og Tónlistarháskólans hér í Reykjavík vera nægilega skýr. Kannski byggist það á því að eins og kemur fram í grg. með frv. hefur ekki verið haft samband við tónlistarskólana eða þau félög, sem ráðherrann minntist á að senda skyldi frv. til umsagnar, við samningu frv. á sínum tíma.

Einnig finnst mér það koma sérkennilega fyrir sjónir, þó getur verið að það dæmi gangi upp, að það á að vera tónlistarháskóli í Reykjavík og það er

unnt að veita honum heimild til að reka skóla á lægra plani en háskólastigi í samvinnu við Reykjavíkurborg. Ég hef litið svo á að annaðhvort væru háskólar háskólar eða ekki. Þess vegna sýnist mér heildarmynd tónlistarfræðslunnar í landinu ekki skýrð nógu vel í frv.

Ég tek hins vegar undir að það er gott að fá frv. fram á þessum tíma. Það verður sent til umsagnar og er fyrst og fremst til kynningar. Ég fæ svo tækifæri bæði í nefndinni og á síðari stigum til að ræða efnisatriði einstakra greina í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

80. fundur, þriðjudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 131, n. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 862 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 716, n. 878.

Frsm. menntmn. (Sverrir Hermannsson):

Herra forseti. Menntmn. hefur rætt efni frv. til laga um Háskólann á Akureyri og mælir einróma með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Tveir nefndarmanna, Ragnhildur Helgadóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir, skrifa undir með fyrirvara.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. menntmn. Nd. með fyrirvara og hlýt að gera grein fyrir því hvers vegna.

Í fyrsta lagi vantar algerlega heilsteypta menntastefnu á því skólastigi sem hér um ræðir. Hér eru allt í einu að spretta upp skólar sem eiga að taka við að framhaldsstigi loknu án þess að skilgreint hafi verið hvers konar skólar þetta eigi að vera. Eiga þeir að uppfylla sömu kröfur og við gerum til Háskóla Íslands hvað varðar rannsóknastarfsemi og tengja þannig vísindalega fræðslu og rannsóknir? Það er skoðun margra að vísindalegri fræðslu verði ekki sinnt sem skyldi nema hún tengist vísindalegum rannsóknum og rannsóknaskylda kennara alger frumforsenda þess að slíkt megi takast. Það verður ekki séð að Háskólinn á Akureyri uppfylli þessi skilyrði og mun því heldur flokkast undir fagskóla eða starfsmenntunarskóla. Ég er ekki að draga úr nauðsyn þess að slíkir skólar verði stofnaðir, en það verður þá að vera að vel athuguðu máli þar sem skilgreiningar á markmiðum og fyrirkomulagi öllu eru skýrar.

Þetta hlýtur að vera umhugsunarefni nú þegar frv. um háskóla á ýmsum sviðum eru ýmist komin fram eða hafa verið boðuð, háskóla sem e.t.v. þegar grannt er skoðað eru fagmenntunarskólar sem eiga lítið skylt við „universitas“ samkvæmt hefðbundinni merkingu þess orðs og sem við Íslendingar höfum kallað háskóla. Það er brýn þörf á skilgreiningu sem gerir greinarmun á þessum tveim stigum og sú skilgreining liggi fyrir svo ekki verði rasað um ráð fram.

Menn óttast að innan fárra ára verði talsvert öngþveiti ríkjandi á þessu skólastigi, þ.e. að loknu framhaldsskólastiginu, af því að mál hafa ekki verið grunduð í upphafi og e.t.v. er stofnun háskóla á Akureyri dæmi um starfsaðferðir sem ekki eru heppilegar þegar móta skal skólastefnu. Fyrst er stofnaður skóli, síðan eru sett lög og greinilegt að þeim er einungis ætlað að vera til bráðabirgða, svo losaraleg sem þau eru bæði hvað varðar markmið, leiðir, stjórnun og innra starf allt og þar að auki boðuð endurskoðun innan þriggja ára.

Vissulega kallar síbreytilegt þjóðfélag á fjölbreytni í skólamálum og aðlögunarhæfni er nauðsynleg. Það er ljóst að þegar framhaldsskólar eru nánast farnir að gegna sama hlutverki og gagnfræðaskólar eða grunnskólar gerðu áður er þörf á sveigjanleika fyrir ofan það skólastig. Ekki er hægt að búast við að allur sá fjöldi sem nú lýkur framhaldsskólastigi kjósi eða sé fær um akademíska menntun og því vantar fleiri kosti. Þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn gera sífellt auknar kröfur til sérhæfingar og starfsmenntunar, ekki síst á sviði tækni og verklegrar þjálfunar, og við því er sjálfsagt að bregðast, en það má ekki einkennast af asa líkt og nú virðist raunin.

Eins er vert að hafa í huga að þó sjálfsagt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða og heppilegt sé að fólk geti leitað menntunar sem næst sinni heimabyggð má það ekki bitna á gæðum menntunarinnar þannig að það verði einhvers konar annars flokks menntun sem fólkið getur sótt í sinni heimabyggð.

Það er alls ekki ljóst í því frv. sem hér liggur fyrir hvers konar menntastofnun hér er um að ræða, heföbundinn háskóla með vísindalegum skyldum og rannsóknum eða fagháskóla. En vonandi verður sá tími sem tilgreindur er í frv. þar til lögin skuli endurskoðuð notaður vel til heildarendurskoðunar, ekki bara á þessum skóla heldur fleiri álíka sem boðaðir eru. Í þeirri heildarendurskoðun þarf að taka tillit til margra þátta. Hvernig tengjast þessir núverandi og tilvonandi háskólar öðrum skólum? Getur nám í einum nýst í öðrum? Hvernig verður stjórn þeirra háttað? Hverjar verða skyldur þeirra og markmið? Svo mætti lengi telja. Endurmenntun, fjarnám og fleira í þeim dúr hlýtur líka að tengjast þeirri heildarmynd.

Um innra starf skólans, svo sem um ráðningu rektors, hlutverk deildarstjóra, skólanefnd o.fl., ætla ég ekki að fjölyrða hér en á því eru margir meinbugir. Öll þessi ákvæði þarf að skoða betur, en úr því sem komið er er lítið hægt að gera annað en að vona að þessi hálfgerða „hrákasmíð", sem þetta frv. er, sé einungis til bráðabirgða eins og hún leggur sig, til þess gert að setja skóla sem þegar hefur verið stofnaður og starfsfólk verið ráðið við einhverja lagalega stoð, og raunverulegur vilji sé til gagngerðrar endurskoðunar skv. 14. gr. frv. og sú endurskoðun verði í samhengi við þá heild sem huga verður að.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að gera grein fyrir fyrirvara mínum, en ég undirrita nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari varðar 1. gr. frv., um hlutverk Háskólans á Akureyri. Þar sem nokkur munur er á 1. gr. og 1. gr. laga um Háskóla Íslands finnst mér ástæða til að undirstrika í hverju sá munur er fólginn.

Í 1. gr. frv. er tekið fram að Háskólinn á Akureyri skuli vera vísindaleg fræðslustofnun, en ekki er þess getið, sem er í 1. gr. laga um Háskóla Íslands, að hann skuli einnig vera vísindaleg rannsóknastofnun. Þess vegna hafa risið nokkrar umræður um hvort íslensk tunga búi yfir orði um þess konar háskóla sem hefur kennsluhlutverkið en ekki rannsóknahlutverkið sem þó er eða á að vera stór hluti þess hlutverks sem háskóli hefur.

Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé atriði sem muni koma. Þess vegna legg ég ekki til að Háskólinn á Akureyri hafi annað heiti, en mér þykir nauðsynlegt að undirstrika að ég geng út frá því að rannsóknahlutverkið muni koma til innan tíðar. Á það hefur verið bent að það kunni að vera skynsamlegt að setja á fót ýmiss konar rannsóknastarfsemi sem tengist Háskólanum á Akureyri. Því hefur ekki enn þá verið komið á fót. Það er skiljanlegt að slíkt sé ekki tilbúið allt í einu. Og segja má að ekki sé óeðlilegt að farið sé á stað með fræðsluhlutverkið eingöngu. En ég hefði gjarnan viljað sjá undirstrikað að gert væri ráð fyrir rannsóknahlutverkinu þó að menn teldu að ekki væri aðstaða til þess enn þá að öllu leyti.

Þetta var ástæðan fyrir því að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara því að ég held að rannsóknahlutverkið verði að koma til til þess að við getum gert sömu kröfur til Háskólans á Akureyri í þeim greinum sem þar eru kenndar og til sambærilegra greina sem kenndar eru í Háskóla Íslands eða háskólum erlendis ef Íslendingar sæktu slíkt mán þar eða í þeim tilvikum sem svo stendur á.

Þetta vildi ég taka fram, en fylgi hins vegar frv.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka menntmn. hv. deildar fyrir vel unnin störf að frv. og þann stuðning sem þetta mál hefur fengið hjá nefndinni.

Eins og fram kom í máli hv. 18. þm. Reykv. er þróunin nokkuð ör í háskólamálum á Íslandi. Það var til skamms tíma svo að Háskóli Íslands var eini skólinn sem var raunverulegur háskóli, þ.e. bauð upp á menntun eftir stúdentspróf. Þeim skólum hefur fjölgað allört á undanförnum árum. Nú fer fram kennsla á háskólastigi ekki aðeins í Háskóla Íslands heldur í listaskólum okkar, eins og Tónlistarskólanum í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskólanum og í Leiklistarskólanum. Þá fer fram kennsla á háskólastigi í Tækniskóla Íslands, í Verslunarskólanum þar sem er um að ræða tölvufræði. Háskólakennsla mun hefjast innan skamms í Samvinnuskólanum og háskólakennsla fer fram í bændaskólum okkar, t.d. á Hólum í Hjaltadal.

Þessi þróun hefur verið nokkuð ör. Ég get fallist á það sjónarmið að nauðsynlegt sé að huga nánar að þessu skólastigi. Við megum hins vegar gæta okkar, því að þetta orð „heilsteypt" skólastefna er alltaf dálítið hættulegt orð. Ef við ætlum að steypa eitthvað í einhverja heild vill hættan oft verða sú að svigrúmið verði ekki nægilegt, menn séu steyptir of mikið inn í einhverja heild og þess vegna geti þróunin ekki orðið í samræmi við þarfirnar.

Ég hef hins vegar sett á stofn svokallaða samstarfsnefnd háskólastigsins, en í henni eiga sæti fulltrúar frá öllum þeim skólum sem nú eru með kennslu á háskólastigi og ég taldi upp áðan. Ég hef óskað eftir því við þessa nefnd að fyrsta verkefni hennar verði að búa til eða gera frv. að rammalöggjöf um nám á háskólastigi. Það nám getur verið með ýmsum hætti. Það getur verið hið heföbundna akademíska nám eða það getur verið starfsnám á háskólastigi. En ég vara dálítið við því að menn festi sig of mikið í skilgreiningar í þessu efni.

Ég vil sérstaklega vitna í álitsgerð sem Haraldur Bessason, forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri, sendi menntmn. Ed. og birtist með nál. þeirrar nefndar á þskj. 710 þar sem hann gerir ítarlega grein

fyrir þessu máli og orðar á skýrari hátt en ég hef séð hjá flestum öðrum þá þróun sem er að gerast og hvernig hún getur aðlagast íslensku þjóðfélagi. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þessa álitsgerð. Hann segir:

„Í álitsgerð Bandalags háskólamanna er látið að því liggja að Háskóli Íslands veiti almenna akademíska menntun frekar en sérmenntun. Þetta er vitaskuld ekki alls kostar rétt þar sem Háskóli Íslands hefur frá upphafi verið að verulegu leyti safn sérskóla (deilda) og mjög ótítt að stúdentar stundi nám í fleiri en einum slíkum skóla (deild) samtímis. Í öðrum álitsgerðum gætir ámóta misskilnings.

Þá hillir undir þau sjónarmið í álitsgerð Bandalags háskólamanna að skarpan greinarmun beri að gera milli akademískrar menntunar annars vegar og verklegra mennta (verkmenntunar) hins vegar. Hér er því til að svara að háskólanám er ávallt með þeim hætti að höfuðáhersla er lögð á það að þjálfa stúdenta í vísindalegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum. Skiptir engu máli hvort um er að ræða greiningu bókmenntatexta eða athuganir á sjávarútvegi.

Sé þetta haft í huga verður markalínan milli akademískra fræða og verkmenntunar ekki einungis óglögg, heldur hverfur hún með öllu. Ber jafnan að gjalda varhug við þeirri tvískiptingu háskólafræða sem í ofangreindum álitsgerðum er talin óyggjandi. Ónákvæm orðanotkun leiðir gjarnan til óskýrrar hugsunar og ekki fjarri lagi að dæmi þessa sé að finna í álitsgerð Bandalags háskólamanna sem og í öðrum þeim álitsgerðum um frv. til laga um Háskólann á Akureyri sem menntmn. Ed. Alþingis hafa borist. Er þó síður en svo verið að varpa rýrð á það fólk sem hér hefur að unnið.

Nauðsynlegt er að fólk geri sér fulla grein fyrir því að íslenskir atvinnuvegir eru óaðskiljanlegir íslenskri menningu og að íslensk tunga á sér djúpar rætur við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Að þessu leyti dugir ekki að ætla að íslensk viðhorf til æðri menntastofnana þjóðarinnar séu þau hin sömu eins og tíðkast í háþróuðum iðnríkjum Evrópu og Norður-Ameríku þar sem segja má að ávallt hafi staðið skilveggur milli atvinnuvega og andlegrar menningar. Er ensk tunga e.t.v. gleggsta dæmið um þetta og má rétt nefna að enskir togarasjómenn og iðnverkamenn eiga langt í land með að öðlast þann þegnrétt í heimalandi sínu sem tungan ein veitir. Um Íslendinga gegnir öðru máli, enda ber þeim að fara með allri gát meðal þeirra staðhæfinga að háskólafræðsla um íslenska atvinnuvegi eða rannsóknir á þeim séu í eðli sínu óakademísk verkmennt. Er hér komið að þeim kjarna sem því miður er látinn óræddur í öllum álitsgerðum.

Þess gerist ekki þörf að þýða eitthvert erlent heiti sem henti æðri menntastofnun á Akureyri betur heldur en orðið háskóli. Höfuðmáli skiptir að við Háskólann á Akureyri má nú þegar greina mótun ákveðinnar stefnu, en skólinn mun leitast við að fara nýjar leiðir og nema ný lönd. Hann mun hvergi slaka á kröfum né heldur una þeim dómi að innan veggja hans sé stunduð einhvers konar óakademísk iðja. Afstöðu hans til Háskóla Íslands þarf ekki að skilgreina nánar á þessu stigi málsins. Hins vegar ber háskólanum að leita þess í hvívetna á sviði kennslu og vísinda að efla skynsamleg tengsl við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, bæði innlendar og erlendar."

Þetta var hluti úr álitsgerð Haralds Bessasonar og eins og ég sagði áðan finnst mér hún lýsa nokkuð vel hvernig íslenskir háskólar geta lagast og hafa lagast að íslensku atvinnulífi og jafnframt viss varnaðarorð í því að við séum ekki of stíf á meiningunni varðandi skiptingu háskólamenntunar annars vegar í akademíska menntun og hins vegar í verkmenntun.

Ég er sannfærður um að við Háskólann á Akureyri mun fara fram vísindaleg rannsóknastarfsemi þegar fram líða stundir. Þess vegna get ég fullkomlega tekið undir þau orð sem hv. 3. þm. Reykv. sagði og skil fyllilega hennar fyrirvara.

Það var hins vegar álit mitt að það væri rétt að fara varlega af stað. Rannsóknastarfsemi er dýr, hún kostar mikið fjármagn og þessi litla þjóð verður að gæta þess að dreifa ekki kröftunum um of á því sviði. En ég er sannfærður um að þetta mun gerast. Háskólinn á Akureyri mun taka upp rannsóknastarfsemi, enda er gert ráð fyrir því á öðrum stöðum í frv. að það geti gerst þó það sé ekki fólgið í skilgreiningu Háskólans á Akureyri að hann sé rannsóknastofnun.

Þetta finnst mér rétt að komi fram. Háskólinn á Akureyri er auðvitað ekki fullskapaður, hann hlýtur að skapast í tímans rás og þess vegna er einmitt gert ráð fyrir að þessi lög verði endurskoðuð. Þessi lög eru engin hrákasmíði eins og fulltrúi Kvennalistans orðaði hér. Þetta eru lög sem fela í sér varfærnislega byrjun á háskólastarfsemi á Akureyri sem mun þróast íslenskri menntastefnu til blessunar í framtíðinni.

Ég fagna því sérstaklega að það skuli vera kominn upp háskóli á Norðurlandi. Ég tel að það sé eitt mikilvægasta málið í okkar byggðamálum að færa menntunina í ríkum mæli út til fólksins í hinum dreifðu byggðum án þess þó að slaka nokkurs staðar á í gæðakröfum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get næstum látið duga að gera síðustu orð hæstv. menntmrh. að mínum. Erindi mitt hingað er fyrst og fremst að fagna því með fáeinum orðum að langþráður draumur er nú að rætast okkur Norðlendingum um að háskólanám komist á legg í þeim landshluta. Vissulega er Háskólinn á Akureyri að slíta barnsskónum. Það er rétt að hafa það í huga í allri umræðu um þá stofnun, hvort sem ræddar eru vísindalegar rannsóknir eða annað. En lagastoð er þessari starfsemi bráðnauðsynleg og í því efni er mikilvægara að það fáist staðfest í lögum að háskólanám sé hafið og skuli vera til staðar á Norðurlandi, mikilvægara segi ég en

að ná endanlegri fullkomnun við lagasmíðina í fyrstu atrennu. Það er sjálfsagt rétt að hér eru mörg álitamál sem út af fyrir sig getur verið fullkomlega eðlilegt að skoða, en ég held ég leyfi mér þó að fullyrða að frv. sé ágætlega nothæft og skili þeim tilgangi sínum að skapa Háskólanum á Akureyri starfhæfa lagastoð. Það er í raun og veru megintilgangurinn.

Ég er alveg sammála þeim sem hafa bent á nauðsyn þess að taka málefni háskólanáms í heild sinni í landinu til skoðunar. Þar þarf að mínu mati að svara mörgum spurningum. Það sem talsvert hefur velkst fyrir mönnum í sambandi við Háskólann á Akureyri er að mínu mati broslegt smáatriði, þ.e. hvort nafnið sé rétt. Ef menn vilja fara út í heimspekilegar eða fræðilegar vangaveltur um hvað sé akademía og hvað megi þýða á íslensku sem háskóli stendur út af fyrir sig ekkert á mér að taka þátt í því. Ég má kannski leyfa mér að fullyrða, herra forseti, að ég sé einn af þeim hv. alþm. sem þekkja af eigin raun Háskóla Íslands einna best, enda nýkominn þaðan úr námi eftir nokkurt árabil.

Ég gæti farið líka þá út í þá umræðu að hve miklu leyti við getum leyft okkur, Íslendingar, að kalla sjálfan Háskóla Íslands akademíu, hvort við búum þannig að þeirri starfsemi að við getum með höfuðið hátt sagt að þar sé akademía landsins. Ég verð að leyfa mér að draga í efa að ýmsar deildir Háskóla Íslands búi við þau starfsskilyrði, þær aðstæður og þann kost að hægt sé að fullyrða það með réttu.

Ég skil mjög vel áhyggjur þeirra manna sem í sínum daglegu störfum, hvort heldur er í Háskóla Íslands eða annars staðar í menntakerfinu, finna brenna á sér þá staðreynd að við búum ekki nógu vel að æðri menntun í landinu. Áhyggjur slíkra yfir því að við séum að dreifa kröftunum um of meira en við höfum efni á eru mjög eðlilegar. En þær taka mið af þeirra staðbundnu aðstæðum og erfiðleikum og breyta ekki hinu að tíminn verður ekki stöðvaður. Það er þróun í ákveðna átt. Ég er svo hjartanlega sannfærður um að þróunin liggur í þessu efni í þá átt að nám á háskólastigi, að háskólar færast nær fólkinu í reynd, enda er sem betur fer ýmislegt í tækniþróun og framförum sem auðveldar þann möguleika. Því getur naumast nokkur maður á móti mælt sem kynnt hefur sér þróun í fjarskiptum, tölvutækni og einfaldlega bættum samgöngum að möguleikarnir til að færa æðra nám nær fólkinu hafa margfaldast í krafti þessa.

Það er kannski leyfilegt, herra forseti, að rifja upp í þessu sambandi þá umræðu og þær deilur sem urðu fyrir áratugum þegar menn deildu hart um hvort íslenska þjóðin hefði efni á því að starfrækja menntaskóla í landinu á fleiri en einum stað. Það er sjálfsagt hollt fyrir ýmsa hv. alþm. að rifja upp fyrir sér að það er innan þeirrar aldar sem nú er að líða að menn stóðu í hörkudeilum um hvort íslenska þjóðin gæti dreift svo kröftum sínum hvað framhaldsmenntun varðaði að vit væri í að starfrækja fleiri en einn menntaskóla. Þá voru uppi ýmsar efasemdir einnig sem mætti líkja við þær vangaveltur sem nú eru um nafngiftina á Háskóla Akureyrar, hvort hann megi heita akademía. Menn höfðu til að mynda á sínum tíma ekki meiri trú á fræðimönnum norðan heiða en svo að þeim var ekki treyst til að prófa stúdenta fyrstu árin sem Menntaskólinn á Akureyri starfaði. „Veskú" skyldu norðanmenn ríða að norðan suður heiðar til að vera prófaðir í Menntaskólanum í Reykjavík. Þannig gekk þetta til fyrstu árin. Hins vegar stóðu norðanmenn sig ágætlega og fengu góðar einkunnir. Meðal annars í ljósi samanburðarfræðanna höfðu sunnanmenn ekki mjög lengi áhuga á því að halda þessu fyrirkomulagi og fljótlega var norðanmönnum treyst til að prófa stúdenta.

Þetta virkar kannski broslega fyrir mönnum nú, en kannski fer svo að eftir ca. jafnlangan tíma og nú er liðinn frá því að þessi ár voru, þegar Menntaskólinn á Akureyri var að slíta sínum barnsskóm, verði mönnum svipað í hug þegar rætt verður um þau ár sem nú líða og eru þau fyrstu sem Háskólinn á Akureyri starfar.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. skrifar undir frv. með fyrirvara og lýsir því yfir úr ræðustól að um hrákasmíði sé að ræða. Ég verð að segja eins og er að ég kann því illa ef þingmenn telja eðlilegt undir slíkum kringumstæðum að skrifa undir frv. Ef þau eru að þeirra mati hrákasmíð hlýtur að vera eðlilegt að þingmaðurinn velji á milli þeirra kosta að greiða atkvæði gegn frv. eða koma með brtt. við frv. Hér á Alþingi þýðir ekki að kvarta undan stefnuleysi í lögum hjá þeim sem hafa það hlutverk að setja lögin því á þeim hlýtur að hvíla sú skylda að leggja til þá stefnu er þeir telja réttasta.

Auðvitað er öllum ljóst, sem þetta frv. lesa, sem hér verða greidd atkvæði um fljótlega, að menn ætla sér í áföngum að ná þeim markmiðum að þessi skóli starfi á hliðstæðum grundvelli og Háskóli Íslands. En ég hygg að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann minnti á að undirtónninn í þeirri umræðu, sem fór fram hjá 18. þm. Reykv., minnti óneitanlega á átökin um það er tekist var á um hvort rétt væri að settur yrði á fót menntaskóli á Akureyri. Á Norðlendingum hef ég mikið traust í skólamálum og hygg að þeir geti hrósað því happi fram yfir flesta landshluta aðra að allur almenningur stendur á bak við þeirra skóla og ver þá. Og það er vel. Þess vegna er ég sannfærður um að það er góð ákvörðun að samþykkja háskóla á Akureyri. Þetta frv. er engin hrákasmíð og ég er sannfærður um að sá skóli á eftir að vaxa að virðingu ekki síður en Menntaskólinn á Akureyri gerði á sínum tíma. Og sú ákvörðun sem verður tekin verður ekki umdeild þegar árin líða.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið skólabylting á Íslandi hvorki meira né minna, ekki

bara menntunarbylting heldur skólabylting. Með fjölbrautaskólakerfinu hefur sannarlega orðið bylting í íslensku menntakerfi.

Með þessu kerfi hafa verið opnaðar blindgötur þannig að mönnum hafa verið opnaðar leiðir til háskólanáms í gegnum fjölmarga skóla og í gegnum fjölmargar greinar. Ég held að sú breyting sem þannig varð á framhaldsskólastiginu hafi verið æskileg, eðlileg og nauðsynleg. Og þó að þær raddir hafi heyrst að „standardinn" eða gæði menntunar hafi sett niður held ég að þær raddir hafi jafnvel orðið sterkari að með þessari breytingu á framhaldsskólastiginu hafi menn verið að hækka „standardinn" eða gæði menntunar meðal íslensku þjóðarinnar almennt vegna þess að við höfum verið að færa menntunina út í auknum mæli.

Auðvitað er það sem nú er að gerast á háskólastiginu ekki annað en afleiðing af þessari skólabyltingu sem á undanförnum árum hefur orðið á framhaldsskólastiginu. Fleiri og fleiri hafa rétt til háskólanáms og sú bylting sem nú er að verða á háskólastigi, það öldurót sem þar er, er bein afleiðing af því sem þegar er orðið. Sú bylting og það öldurót er líka eðlilegt, æskilegt og nauðsynlegt. Ég hygg að á því sé enginn vafi. Ég held að þetta frv., sem Alþingi Íslendinga er nú að samþykkja um Háskólann á Akureyri, sé tímanna tákn, það sé æskileg breyting, það sé æskileg þróun sem menn eiga eftir að fagna og á eftir að hafa sín áhrif í íslensku þjóðlífi.

Menn deila dálítið um orðið „háskóli" sem þýðingu á erlenda orðinu „universitas" og ég ætla ekki að fara hér út í nána skilgreiningu á hlutverki háskóla sem kennslu- eða rannsóknastofnun. En það getur engum blandast hugur um að þróunin í íslensku þjóðfélagi, sem er mjög hröð í dag, er í þá átt að fleiri og fleiri sérskólar eru að koma fram á háskólastigi. Það eru sérskólar með kennslu á háskólastigi en alls ekki allir sem hugsa sér að starfa sem sjálfstæðar vísindastofnanir. E.t.v. mætti segja, miðað við ensku skilgreininguna, að hér væru skólar sem gæfu menntun á stiginu „undergraduate" hvernig sem menn vilja þýða það. En við höfum, eins og menntmrh. réttilega rakti, Tölvuháskóla Verslunarskólans, við höfum Kennaraháskóla, við erum að tala um tónlistarháskóla, búvísindadeild á Hvanneyri er á háskólastigi, myndlistaskóli á háskólastigi, íþróttakennaraskóli á háskólastigi, Samvinnuskólinn ætlar að fara yfir á háskólastig.

Skólabyltingin sem við höfum staðið frammi fyrir á framhaldsskólastiginu er komin á háskólastigið og á móti þeirri þróun verður ekki staðið, á móti þeirri þróun á ekki að standa. Við eigum miklu frekar að örva hana og ég held að það væri rangt að setja um hana mjög stífa löggjöf á meðan menn sjá ekki allt sem af þessu getur æskilegt hlotist í þjóðfélaginu.

Hitt kann að vera spurning með Háskóla Íslands, sem sjálfsagt verður okkar ævðsta menntastofnun og menntasetur um ókomin ár, hversu hann á að bregðast við þeirri þróun á háskólastiginu sem nú er að verða. Hann þarf vafalaust að líta nánar á sín innri mál og ég hygg að það sé nauðsynlegt að einmitt þessi stofnun hér horfi mjög til Háskólans í því ölduróti sem hann er í nú.

Ég hef oft hugsað ti þess að gaman væri ef Háskóli Íslands gæti valið sér einhverjar ákveðnar greinar og náð sérstökum árangri á ákveðnum sviðum svipað og sumir háskólar erlendis verða nafntogaðir meðal nálægra landa og jafnvel um gjörvallan heim fyrir starfsemi sína á ákveðnum sviðum. Þar hygg ég að nokkur svið standi nálægt Háskóla Íslands, ekki síst norræn.

Ég hef stundum gert það að umræðuefni að ég hjó sérstaklega eftir því þegar prófessor Þórhallur Vilmundarson flutti sitt ágæta erindi á afmæli Sigurðar Nordals að hann talaði um nýyrði sem komið væri upp í Bandaríkjunum, nýyrði í norrænum rannsóknum, nýyrði sem hann kallaði „denordalization". Það kannski sýnir ekki hvað síst þau gífurlegu áhrif sem Sigurður Nordal einmitt hafði á norræn fræði og norrænar rannsóknir á sínum tíma. Á undan „denordalization" hlýtur nefnilega að hafa verið „nordalization". Þetta bendir okkur til að jafnvel víða um heim getur Háskólinn náð sérstöku stigi fyrir gæði í ákveðnum greinum og kannski ekki bara í norrænum rannsóknum heldur e.t.v. í eldfjallafræði, haffræði og fiskifræði og fleiri slíkum greinum þar sem kannski frumkvæði Háskólans hefur ekki verið nægt á undanförnum árum. En nóg um það.

Ég hygg að það frv. sem við erum að samþykkja nú um Háskólann á Akureyri sé talandi tímanna tákn. Ég hygg að það sé nauðsynlegt, eðlilegt og æskilegt og það sé þáttur í þeirri þróun sem íslenskt þjóðlíf gengur í gegnum nú einmitt á háskólastigi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–14. gr. og ákv. til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 804.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 86 frá 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, á þskj. 804. Frv. felur í sér að gerðar verði nokkrar breytingar á gildandi lögum um viðskiptabanka á grundvelli starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar og með hliðsjón af reynslunni sem fengist hefur frá gildistöku bankalaganna frá 1. janúar 1986. Breytingarnar miða að því að ákveða

almenna heimild fyrir erlenda banka og viðurkenndar fjármálastofnanir til að eiga takmarkað hlutafé í íslenskum hlutafélagabönkum, auk þess sem það geymir nánari ákvæði varðandi reglur um fyrirgreiðslu viðskiptabanka við einstaka viðskiptavini sína, ákvæði um starfsábyrgð stjórnenda til að girða fyrir hagsmunaárekstra, ákvæði varðandi endurskoðun og ákvæði sem varða hlutfall fasteigna og búnaðar viðskiptabanka af eigin fé þeirra.

Að því er varðar eignaraðild erlendra banka og viðurkenndra erlendra fjármálastofnana að íslenskum hlutafélagabönkum, sem 1. gr. fjallar um, skal tekið fram að skv. 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka skal allt hlutafé í hlutafélagsbanka nú vera í íslenskri eigu. Undanþága frá þessu ákvæði var gerð í lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Skv. 15. gr. þeirra laga var bönkum með lögheimili og varnarþing erlendis heimilað að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í Útvegsbanka Íslands hf. Það þykir rétt að hafa almennt ákvæði í lögunum um viðskiptabanka varðandi heimild erlendra banka til að eiga allt að fjórðungi hlutafjár í hlutafélagsbönkum hér á landi og er þetta framkvæmd á starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þar sem segir að þátttaka erlendra banka í lánastarfsemi hér á landi verði heimil samkvæmt almennum reglum.

Með slíkri almennri heimild í lögunum um viðskiptabanka má geiða fyrir endurskipulagningu bankakerfisins sem nú er að stefnt. Erlent áhættufé getur með þessu móti komið að nokkru leyti í stað erlends lánsfjár, en mestu varðar þó að þessi breyting greiðir fyrir öflun þekkingar og viðskiptasambanda erlendis sem erlendir hluthafar gætu miðlað til íslenskra banka. Á tímum hraðstígrar tækniþróunar og samkeppni getur þetta eflt og bætt starfsemi íslenskra banka og bætt þjónustu þeirra.

Að tillögu nefndar sem fjallað hefur um lagasetningu varðandi fjármagnsmarkaðinn nær heimildin til eignaraðildar að íslenskum viðskiptabönkum og einnig til viðurkenndra erlendra fjármálastofnana, en á síðari árum tíðkast það víða í nágrannalöndum að bankar séu í eigu slíkra stofnana.

Í lögunum um viðskiptabanka er nú kveðið á um það í 4. mgr. 21. gr. að bankaráð viðskiptabanka setji að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skuli Bankaeftirlitinu. Í grg. með lagafrv. var á sínum tíma m.a. vikið að því að unnt væri á grundvelli þessara reglna að leggja bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé bankans. Um skyldu til að kveða á um hámark slíkra lána var hins vegar ekki að ræða. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er hins vegar nú talið rétt að leggja til, eins og gert er í 2. gr. frv., að það sé skylda banka að hafa í starfsreglum sínum ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og um tryggingar fyrir lánum. Jafnframt er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að ábyrgðir séu settar á sama bekk og lánveitingar. Þá er lagt til að reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega og skuli Bankaeftirlitið láta í té álit á þeim hverju sinni.

Með þessu er auðvitað stefnt að auknu aðhaldi varðandi lánveitingar, ábyrgðir og tryggingar. Á þennan hátt má draga úr líkum á stóráföllum í rekstri banka og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigendanna sem innstæðurnar eiga. Innlendir og erlendir sérfræðingar um málefni banka telja óæskilegt að innlánsstofnanir bindi fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptavinum eða atvinnugreinum, enda hafa fjárhagsörðugleikar banka oft og einatt stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í þessum efnum.

Eftirlit með einstökum stórum lánveitingum er nú í öllum aðildarlöndum OECD annaðhvort beint af eftirlitsstofnunum eða í gegnum endurskoðendur. Þar að auki eru í flestum aðildarlöndum OECD sett takmörk eða leiðbeiningar um stærð lána til einstakra eða fjárhagslega tengdra aðila. Venjulega er þá miðað við prósentu af eigin fé innlánsstofnunar. Í nokkrum löndum, t.d. í Frakklandi, Þýskalandi, Írlandi og Ítalíu, má samtala nokkurra tiltekinna lánþega ekki fara upp yfir visst mark.

Á síðustu árum hafa reglur um stærstu lánveitingar banka verið hertar verulega í nokkrum löndum, t.d. í Kanada árið 1981, í Lúxemborg 1985 og Bretlandi 1983. Í Þýskalandi og Frakklandi hafa takmörk stærstu lána verið lækkuð miðað við eigin fé innlánsstofnana. Þá hafa nokkur lönd einnig hert á mati sínu við útreikning á þessum stærstu lánum.

Þó að markmiðið með eftirliti á stórum lánveitingum sé mjög svipað í flestum löndum eru aðferðir þær sem notaðar eru og mat á einstökum útlánum mjög mismunandi. T.d. eru lán með ríkisábyrgð yfirleitt undanskilin í útreikningi á stærstu lánum, en mjög er mismunandi hvernig löndin meta lán með ábyrgð sveitarfélaga og slíkra aðila. Til þess að sannreyna þetta er nú í undirbúningi hjá Evrópubandalaginu reglugerð um þetta efni. Með því starfi þurfa Íslendingar að fylgjast.

Í 3. gr. frv. er stefnt að lögfestingu reglna til að girða fyrir hagsmunaárekstra. Þar segir að bankaráðsmenn skuli ekki taka þátt í meðferð máls hjá bankanum er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti hagsmuna að gæta sem verulegir geta talist. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem þeim eru tengdir persónulega eða fjárhagslega.

Mér þykir rétt að gera strangar kröfur í lögum um starfsábyrgð stjórnenda við svo mikilvægar stofnanir sem bankar eru. Þar geta hagsmunaárekstrar haft alvarlegar afleiðingar og alvarlegri en oft endranær og því er afar mikilvægt að tryggja þar óháðar ákvarðanir. Ákvæði frv. að þessu leyti eru a.m.k. ekki strangari en víðast hvar í bankalöggjöf nágrannalandanna þótt þau ákvæði séu reyndar með ýmsum hætti samkvæmt upplýsingum sem Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur látið í té.

Í 4. gr. frv. er svo lögð til sú breyting að endurskoðun ríkisviðskiptabanka skuli framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Þessi breyting er reyndar til komin vegna ákvæða í lögum nr. 12 frá 29. apríl 1986 þar sem kveðið er á um að Ríkisendurskoðun skuli endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira leyti. Eðlilegt þykir að viðhafa þá reglu um viðskiptabanka í eigu ríkisins að ríkisendurskoðandi annars vegar og hins vegar löggiltur endurskoðandi sem ráðherra skipar skuli annast endurskoðun reikninganna. Með því að Ríkisendurskoðunin er nú orðin stofnun og starfstæki Alþingis skv. nýjum lögum kemur hún skv. tillögu frv. í stað þingkjörinna skoðunarmanna skv. gildandi lögum.

Í síðasta lagi er í 5. gr. frv. svo leitast við að eyða óvissu um það hvernig túlka beri 1. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka. Á því hefur borið að viðskiptabankar, þar sem bókfært virði fasteigna og búnaðar er hærra en 65% af eigin fé, telji sér í sjálfsvald selt að hækka þetta hlutfall, m.a. með því að fjölga útibúum á því fimm ára aðlögunartímabili sem kveðið er á um í bankalögunum, en það er árabilið 1986–1990, og telji nægja að ná hlutfallinu 65% í lok tímabilsins. Í frv. eru tekin af tvímæli um það að lögin leyfi ekki svo frjálslega túlkun og er þar farið að ráðum bankaeftirlitsins. Þó er í lagagreininni möguleiki á undanþágu í undantekningartilfellum.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að frv. nái sem fyrst fram að ganga. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu ekki ræða frv., sem var næst áður á dagskrá, efnislega, en ég vil láta koma skýrt fram að þingflokkur framsóknarmanna hefur ekki afgreitt frv. um viðskiptabanka efnislega og það var ekki lagt fram með okkar samþykki. Við áttum eftir að taka afstöðu til málsins þegar við sáum það prentað sem stjfrv. á borðum okkar. Við erum þar af leiðandi ekki bundnir af því að fylgja frv. til lögfestingar. Við gerðum hins vegar ekki kröfu um að það yrði kallað til baka þar sem við gerum heldur ekki ráð fyrir að það verði lögfest á þessu þingi. Þessi misskilningur mun hafa sprottið af því að það mun hafa villt um fyrir ráðherranum að við heimiluðum forsrh. að leggja fram til kynningar frv. um eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég taka fram að það er rétt að leiður misskilningur kom upp varðandi samþykki þingflokks Framsfl. fyrir því að leggja frv. fram sem stjfrv. Fulltrúi þingflokksins í þeirri nefnd sem fjallar um löggjöf um fjármagnsmarkaðinn, hv. 10. þm. Reykv., sem því miður er úr salnum genginn, óskaði eftir því á þingflokksfundi að málið fengi umfjöllun í nefndinni og var það reyndar í samræmi við tilmæli mín á fundi með nefndarmönnum í þeirri nefnd. Frv. var svo lagt fyrir þessa fjármagnsmarkaðsnefnd. Þar var því breytt lítillega og síðan aftur sent þingflokki Framsfl. og öðrum stjórnarflokkum. Starfsmenn mínir og ég sjálfur stóð í þeirri trú að þingflokkurinn hefði samþykkt frv. að þessu loknu til framlagningar sem stjfrv., en nú virðist sem ekki hafi verið fyllilega á þá leið. Það er hins vegar mín von að þetta valdi ekki ágreiningi og að frv. fái eðlilega meðferð sem stjfrv., enda er það í fullkomnu samræmi við starfsáætlun stjórnarinnar og ekki um það ágreiningur að nauðsynlegt sé að breyta vissum greinum viðskiptabankalaganna þótt skiptar skoðanir kunni að vera eins og jafnan er um einstakar greinar þessa frv.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi málafylgja er öll hin undarlegasta. Tekið er til umræðu 9. mál á dagskrá og hlaupið yfir mál sem eru á dagskránni til 2. umr. til að leyfa hæstv. viðskrh. að mæla fyrir frv. um viðskiptabanka, sem síðan er upplýst að er ekki stjfrv. og því enn þá kynlegra að málið skuli tekið hér fram fyrir, og umræðu síðan frestað um málið. Hvaða skýring er á málsmeðferð af þessu tagi af hálfu virðulegs forseta?

Síðan kemur fram að mál þetta hefur ekki fengið afgreiðslu aðila að ríkisstjórn, eins og upplýst hefur verið af þingflokksformanni Framsfl., og svo kemur hæstv. viðskrh. og vill hafa það að engu. Ég ætla svo sem ekki að fara að blanda mér mikið inn í heimilisfriðinn þarna á þessu Höllustaðaheimili. Það verða aðrir sáttasemjarar að koma þar til en við úr stjórnarandstöðunni. En það sýnist vera fullkomin ástæða til þess eins og háttar þarna, þrátt fyrir miðstjórnarfund Framsfl. og það sem þar gerðist um síðustu helgi, að ráðherrarnir hafi skriflega undirskrift frá samstarfsaðilum sínum áður en þeir fara að leggja málin fram í þeirri trú að þeir séu að mæla fyrir stjfrv. Þetta er mjög einkennileg auglýsing sem hæstv. viðskrh. efnir til á samstarfinu í ríkisstjórninni.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 2. þm. Austurl. um skýringar á því í hvaða röð mál eru tekin fyrir hér, þá eru þær skýringar einfaldar. Hæstv. viðskrh. hafði beðið um með löngum fyrirvara að fá að tala fyrir þessum málum við 1. umr. í dag, en það háttar þannig til að hann þarf að víkja af fundi um stund vegna em-

bættisskyldu og ég tók það til greina að hann fengi að tala fyrir þessu máli, en umræðunni yrði haldið áfram síðar eins og algengt er. Það er skýringin á því. Þegar þessum umræðum um þingsköp lýkur verður tekið til við mál í þeirri röð sem á dagskránni er og vona ég að það geti orðið innan tíðar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég harma að umræðum skyldi hætt um það frv. sem hér liggur fyrir á dagskrá og er tekið til umræðu og ráðherra einn fær þá að tala. Að slíta í sundur umræður um stórmál sem þetta er afskaplega óþægilegt og tillitsleysi við stjórnarandstöðuna sem hefur þó nokkuð að segja um þessi mál því að ég hefði talið eðlilegt að umræða um viðskiptabanka almennt kæmi í beinu framhaldi af framsögu ráðherra. Annað er óeðlilegt.

Það er nú upplýst að það er ekki stjfrv. sem hæstv. ráðherra talar fyrir sem stjfrv. Það út af fyrir sig er ekkert nýtt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að horfa upp á sundurlyndi stjórnarliða. Oftast hefst það nú með skoðanamun á milli ráðherra. — Mér þætti vænt um ef hæstv. viðskrh. hlustaði á það sem ég er að segja því að það snertir það mál sem hann biður okkur um að hugsa og ræða um. Það er minnsta kurteisi sem hann getur sýnt stjórnarandstöðunni að vera ekki að tala við aðra þingmenn meðan við erum að ræða þessi mál sem dagskrármál.

Ég hefði viljað halda áfram í beinu framhaldi og ræða þá um fyrirkomulag sparisjóða t.d. sem eru gersamlega ábyrgðarlausir gagnvart sínum viðskiptavinum miðað við þær ábyrgðir sem viðskiptabankar hafa. En það er ekki hægt.

Ég hefði líka, hæstv. forseti, viljað ræða í framhaldi af þessum málalokum þessarar ræðu ráðherra um framhald dagskrár þingsins. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin stefnir núna að því að losna við umræðurnar, losna við dagskrármálið, losna við stjórnarandstöðuna sem allra fyrst úr sölum þessa húss vegna þess að á dagskrá eru mál sem eru þess eðlis að stjórnarliðið er ekki sammála. Ríkisstjórnin nær ekki fram afgreiðslu á þeim málum sem hún hefur kynnt okkur í stjórnarandstöðunni sem stjfrv. og er það mál sem nú er verið að taka af dagskrá eitt áþreifanlegt dæmi um að ríkisstjórnin hefur ekki fylgi með stjfrv. sem hún hefur lagt fram á fölskum forsendum, eins og þetta mál.

Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur lýst því yfir að þetta mál hafi ekki hlotið afgreiðslu í Framsfl. og sé þar af leiðandi ekki lagt fram undir merkjum ríkisstjórnarinnar eða með samþykki Framsfl., þó svo að ég sé alveg sannfærður um það að þegar til lokaafgreiðslu kemur verður Framsfl. píndur til að láta út meira loft en hann gerði um síðustu helgi og samþykkja frv.

Ég tel þetta vísbendingu um þörfina sem stjórnarliðið eða ríkisstjórnin hefur til að losna við okkur úr sölum Alþingis sem allra fyrst. Það er ekki samstaða um stjfrv. og þess vegna þarf ríkisstjórnin að fá að vera í friði með að setja brbl. að vild og láta svo á það reyna þegar Alþingi kemur saman á ný hvort stjórnarliðið stendur með þeim eða stendur ekki með þeim, hvort hún gerir ríkisstjórnina óábyrga með sín brbl. Þetta er áreiðanlega ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin vill nú slíta þingi sem allra fyrst.

Ég harma að ekki skuli vera hægt að ræða frv. sem er á dagskrá, og er nú verið að taka út af dagskrá, í samhengi því þetta er stórt mál og það er nauðsynlegt að ræða það í samhengi m.a. vegna þeirra ráðstafana sem ríkisstjórnin hefur gert til að eyðileggja einn ríkisbankann gersamlega, sem er Útvegsbankinn, með því að taka til sín eftir ráðstafanir, sem eru rangar um þann banka, 2000 millj. kr. af tapi bankans undanfarin mörg ár. Ég vildi gjarnan fá að ræða þau mál í samhengi við það frv. sem hér liggur fyrir um viðskiptabankana almennt, en það virðist ekki vera hægt.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna þeirrar tilhögunar sem hér er höfð á við að ræða þetta dagskrármál og þar sem mér skilst að hæstv. forseti hafi frestað umræðunni, en ég er þar á mælendaskrá, vil ég eingöngu láta það koma hér fram til að það liggi fyrir upp á frekari meðferð málsins að um þetta mál er mikill ágreiningur og það verður óhjákvæmilegt að ræða ítarlega þegar það kemur aftur til umræðu. Það er rétt að menn viti af því, úr því að svona fór með umræðuna, að hér er um að ræða mál sem er mikill pólitískur ágreiningur um, a.m.k. af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773, n. 879.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 879 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. sem hefur athugað þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 773. Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Frv. er sem kunnugt er um að heimila ríkisstjórninni að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68 millj. í 125,8 millj. bandaríkjadala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

Á fund nefndarinnar kom Jón Ögmundur Þormóðsson og gaf þar upplýsingar um lánveitingar frá Alþjóðabankanum og fjárreiður hans svo að við töldum fullnægjandi vera.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um þetta frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum hélt ég því fram að upplýsingar sem

hæstv. bankamálaráðherra gaf þá um að þessi viðbótarfjárfesting í hlutabréfum Alþjóðabankans væri einungis til þess að auka framlög til hinna þurfandi þjóða þriðja heimsins væru rangar og að stærstu útlán bankans væru til þjóða sem væru að hervæðast og stæðu yfirleitt í óeirðum og m.a. framleiðslu á atómsprengjum o.fl. sem er eitthvað það kostnaðarsamasta sem stórþjóðirnar standa í á þessu augnabliki og hafa gert í mörg undanfarin ár.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að beita sér fyrir því að sá listi sem ég bað um var lagður fram í hv. fjh.- og viðskn. og staðfestir það, sem ég hélt, að það væri ekki bara af manngæsku eða kvennapólitík, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, sem þessi viðbót um helming á eign Íslands í hlutabréfum Alþjóðabankans var lögð til. Á þessum lista segir, með leyfi forseta, ég ætla að lesa þetta upp, svohljóðandi:

„Í framhaldi af umræðum í Nd. Alþingis hinn 12. þ.m. um frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, þskj. 773, sendist hér með í samræmi við loforð Jóns Sigurðssonar viðskrh. viðbótarupplýsingar um Alþjóðabankann. Hér er nánar tiltekið um að ræða upplýsingar úr ársskýrslu bankans fyrir árið 1987, m.a. forgangsröðun verkefna, helstu tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagsárið 1987 og listi yfir lánveitingar til einstakra landa.

Í gögnum þessum kemur m.a. fram að Alþjóðabankinn lánaði þróunarlöndum á árinu 1987 röska 14 milljarða dala og Alþjóðaframfarastofnunin, systurstofnun Alþjóðabankans, um 3½ milljarð dala eða samtals 18 milljarða dala. Um 17% útlána þessara stofnana runnu til orkumála og 17% til landbúnaðarmála. Alþjóðabankinn lánaði 39 löndum á árinu, en Alþjóðaframfarastofnunin 44 löndum.

Helstu lántakendur hjá Alþjóðabankanum voru Indland, Mexíkó og Brasilía, en helstu lántakendur hjá Alþjóðaframfarastofnuninni voru Indland, Kína og Bangladesh.

Lán til fátækustu þróunarlanda þar sem þjóðartekjur á mann eru undir 400 dollurum á ári námu um 6½ milljarði af um 17½ milljarði dala sem þessar tvær stofnanir lánuðu á árinu eða röskum þriðjungi. Fátæk Afríkulönd sunnan Sahara hlutu sérstaka fyrirgreiðslu.

Aðildarríki Alþjóðabankans eru 151, en Alþjóðaframfarastofnunarinnar 135. Á listanum yfir helstu lántakendur kemur fram að til 30. júní 1987 hefur Alþjóðabankinn lánað alls 120 milljarða dala og meðal helstu lántakenda eru sem hér segir í milljörðum dala.“

Og síðan kemur: „Stærsta lánið var“ — eins og ég hélt fram við 1. umr. — „til Brasilíu 12,7 milljarðar dala, til Indlands 11,4 milljarðar dala, til Indónesíu 10,2 milljarðar dala, til Mexíkó 8,9 milljarðar dala, Tyrklands 8 milljarðar, lýðeldisins Kóreu 5,6, Kólumbíu 5 milljarðar, Filippseyja 4,2 [þetta er allt í milljörðum dala]. Til Júgóslavíu 3,7 milljarðar, Kína 3,6 og til Nígeríu 4,7.

Að sjálfsögðu renna lán Alþjóðabankans og Alþjóðaframfarastofnunarinnar til ótal landa og ótal málefna. Vísa má sérstaklega í ofangreint lagafrv. þar sem segir að lánveitingar Alþjóðaframfarastofnunarinnar, sem eru einkum til verst stöddu þróunarlanda og á mjög hagstæðum kjörum, hafi m.a. greitt fyrir grænu byltingunni á sínum tíma. Nánari upplýsingar fást í hjálögðu riti, „The World Bank and International Finance Corporation“. Það plagg hef ég ekki haft tíma til að lesa.

Ég sé ekki betur en að ráðherra sé, með því að leggja þetta fram, að staðfesta það sem ég var að vara við, að þetta viðbótarhlutafé Íslands sem á að fara í Alþjóðabankann eigum við ekki til. Við verðum að taka það að láni. Til viðbótar við þau erlendu lán sem við þurfum að taka til eigin nota þurfum við að taka að láni erlendis það fé sem við notum hér, hvort sem við gerum það með því að skuldbinda okkur á einhvern hátt hjá Alþjóðabankanum sjálfum og borga það smátt og smátt eða borgum það allt í einu, það kemur út á eitt. En það er verið að skrifa okkur fyrir meiri lánum en við höfum efni á að nota til þess arna.

Hver eru svo þessi lönd? Efstu löndin þarna eru lönd sem standa í þeim framkvæmdum á hernaðarsviði sem ég gat um. Sum þeirra, eins og Kólumbía, eru mikið í fréttum hjá okkur jafnvel daglega í sambandi við framleiðslu og dreifingu á eiturlyfjum um veröldina. Filippseyjar með sín innanlandsvandamál og hernaðarástand í mörg ár. Svona má lengi telja, hvort sem það er Mexíkó eða önnur ríki sem hér eru talin upp.

Ég vil því enn þá einu sinni þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar. Ég vil enn þá einu sinni benda á að þær staðfesta það sem ég hef sagt og ég vil enn þá einu sinni benda á og undirstrika sérstaklega að við erum hér að taka að láni erlendis, hvort sem við erum skrifuð fyrir því og fáum að borga á löngum tíma eða tökum það allt í einu, til þess að Alþjóðabankinn geti notað það sem fyrst fyrir hin fátæku herveldi, skulum við segja. Við skulum ætla þeim að þeir séu að lána okkar peninga sérstaklega, að þeir séu teknir út úr sjóðum sérstaklega og sagt: Þetta eru peningar frá Íslandi. Þeir mega ekki fara inn til Brasilíu, þeir mega ekki fara til þeirra landa sem standa í hernaði, sem standa í atómuppbyggingu. Þeir skulu fara til þeirra sem þurfa á mat að halda.

Ég held að það gangi ekki svona fyrir sig, ég held að þessir peningar fari inn í púlíuna sem fjármagnar í heild sinni það sem Alþjóðabankinn stendur í frá einum tíma til annars. Ég tel sem sagt að bak við þessa fjárfestingu liggi ekkert annað en sá flottræfilsháttur sem fylgir okkur Íslendingum sem einstaklingum og sem heild, að vera þátttakendur í því sem við höfum ekki efni á að vera þátttakendur í. Við skulum varast það.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa

umræðu en get þó ekki orða bundist út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. Það er sannfæring mín að með því að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum erum við að vinna á raunhæfan hátt að stuðningi við fátækustu manneskjurnar í heiminum, við fátækustu þjóðirnar í heiminum og fátækasta fólkið í þeim stóru þjóðlöndum sem hv. 5. þm. Reykv. nefndi áðan og sum hver hafast að hitt og þetta sem við vildum ekki að þau gerðu. Alþjóðabankinn er alls ekki að styðja stríðsrekstur eða gróðabrall. En við megum ekki gleyma örbirgðinni sem ríkir í þessum stóru löndum hjá miklum fjölda manna.

Ég vildi líka benda á annað atriði tæknilegs eðlis. Lánastaðan í lok síðasta fjárhagsárs bankans sýnir háan hlut hjá þessum miðlungi illa stæðu löndum vegna þess að á fyrri árum voru þau mjög stórir lántakendur. En nú, eins og kom reyndar fram í bréfinu sem hv. 5. þm. Reykv. las, hefur vaxandi hluti lánsfjárins beinst til hinna allra fátækustu þjóða og það sem meira er um vert, áætlanirnar sem bankinn styður og framkvæmdirnar sem hann lánar til, eru nú miklu fremur markviss stuðningur við fátækasta fólkið í öllum þróunarlöndum en áður var.

Það er sannfæring mín að 250 þúsund manna vel stæð þjóð sem á við tímabundna efnahagsörðugleika að etja geti ekki gert betri hlut en beita því lánstrausti sem við höfum til þess að hafa milligöngu um fjárútvegun til þessa fólks. Það er tilgangur þessa frv. og á endanum erum við svo sannarlega borgunarmenn fyrir slíkum stuðningi.

En ég tek undir það með hv. 5. þm. Reykv. að við verðum að gera allt sem við getum til að hafa áhrif á þetta stóra skip, Alþjóðabankann, til að sveigja hann í þá átt sem mér finnst vaka í hans máli og er í anda mannúðar og mildi, anda hjartagæsku og samúðar með þeim sem eru bágstaddir í veröldinni. Það er tilgangur Alþjóðabanka, og ég vona að á endanum muni hv. 5. þm. Reykv. styðja þessa till. Ég vil að lokum þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu málsins og greinargóða meðferð á því.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég mun styðja hækkun hlutafjár Íslands í Alþjóðabankanum. Ég vil hins vegar vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan minnast á eitt atriði sem ég tel að hv. þm. séu ákaflega illa upplýstir um og lítið gert til að upplýsa þá, varðandi þau verkefni sem Alþjóðabankinn hefur stutt víða um heim.

Innan Norðurlandaráðs hafa norrænir þm. lagt á það mikla áherslu að við þau verkefni sem Alþjóðabankinn leggur fé til sé þess vandlega gætt að þau verði ekki meira til skaða en gagns. Oftlega hefur gætt lítillar hirðu um umhverfismál, áhrif stórra verkefna meðal frumstæðra þjóða þar sem lítið tillit hefur verið tekið til umhverfisins, til Flóru og Fánu jarðarinnar. Þess eru því miður dæmi að þar hafi verið verr af stað farið en heima setið.

Ég vil því fara þess á leit við hæstv. ráðherra að hann sjái svo til að Alþingi fái upplýsingar um hver þau verkefni séu sem stjórn Alþjóðabankans samþykkir og það sé lögð á það megináhersla af Íslands hálfu að þar sé allra hluta gætt, menningar viðkomandi þjóða þó að hún kunni að vera frumstæð, umhverfismála og náttúru allrar.

Á næstsíðasta þingi Norðurlandaráðs bar ég fram fsp. um þessi mál, hvernig fylgt væri eftir samþykktum Norðurlandaþjóða um stefnu í umhverfismálum við þau verkefni sem Alþjóðabankinn legði fé til. Þar var því lofað að þess yrði gætt í vaxandi mæli. Meðan á þinginu stóð héldu fjármálaráðherrar Norðurlandaþjóða fund — og, ef ég man rétt, með stjórn Alþjóðabankans. Því miður verður það að segjast eins og er að þar komu þessi mál ekki einu sinni til umræðu. Ég vil þess vegna biðja hæstv. ráðherra að sjá svo til að hið háa Alþingi fái upplýsingar um þessi mál í meira mæli en áður. Ég er næstum viss um að hv. þm. hafa ekki minnstu hugmynd um hvað Alþjóðabankinn er að gera. Þau mál eru í höndum örfárra ferðaglaðra embættismanna sem láta ekki svo lítið að gefa hv. þm. skýrslu um hvað þeir hafa verið að gera á fundum víða um heim.

Þetta tel ég afar mikilvægt vegna þess að ég tel að sú tíð sé liðin þegar hægt var að lifa hér í þröngum heimi upplýsingaleysisins. Ég held að hv. þm. verði að hafa tækifæri til að fylgjast með því sem er að gerast innan þeirra stofnana sem Íslendingar eiga aðild að á alþjóðavettvangi, gegnum framkvæmdarvaldið, ráðuneytin og hæstv. ráðherra.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ef ráðherra hefur ekki tíma til að klára þær umræður sem eru í gangi á Alþingi er eins gott að fresta þessum umræðum. Ég reikna með því að það sé seðlabankareikningur sem þarf að undirskrifa, athöfn sem á ekki að eiga sér stað. Seðlabankinn á að senda hingað reikninga til Alþingis og Alþingi á að fjalla um þá. En Seðlabankinn eyðir stórfé í það að bjóða hinum og þessum. (**Forseti:** Ég vil minna á að það eru umræður um dagskrármálið.) Þetta eru umræður um dagskrármálið, hvort ráðherra ætlar sér að fara úr umræðunum eða ekki. (**Forseti:** Hér er til umræðu frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.) Ef ráðherra ætlar að fara í burtu ætla ég að óska eftir frestun á umræðum. Ef ráðherra ætlar að hlusta á umræðurnar til enda sé ég ekki ástæðu til þess. (**Forseti:** Ég vil minna á að ráðherra er í salnum og það verður ekki frestað umræðum meðan hann er hér.) Hæstv. forseti. Ráðherra er í salnum vegna ummæla minna og væri kannski farinn ef ég hefði ekki dregið athygli að því að hann væri að ganga út.

Ég vil harma það hér og nú á sama hátt og ég gat þess við 1. umr. að ráðherra er að beita einhverjum þeim lágkúrulegasta málflutningi sem hægt er, þ.e. að beita fyrir sig fátækasta fólkinu í veröldinni til að nota það sem rök fyrir framlagi til Alþjóðabankans. Við erum að tala hér um tvö óskyld mál. Framlagið til Alþjóðabankans er allt annað en það framlag sem

Ísland hefur tekið á sig og aldrei staðið fullkomlega við að veita til þróunarlanda, sem er ákveðin prósenta af þjóðarframleiðslunni. Ég hef aldrei heyrt nokkurn þm. mótmæla því að gert yrði eins vel við þróunarlöndin af hálfu Íslands og við getum. En við höfum bara aldrei talið okkur geta staðið við þá prósentuupphæð sem við sjálf höfum ákveðið hér á Alþingi að skuli renna til þróunarlandanna. Þróunaraðstoðin sem kemur frá Alþjóðabankanum til þessara aðila er allt annars eðlis.

Þegar ég var fjmrh. neituðu Bandaríkin framlagi til þessarar starfsemi Alþjóðabankans vegna þess að þau gátu þá ekki þvingað aðra meðlimi Alþjóðabankans til að auka sitt framlag. Nú virðist það hafa tekist. Ég hef ekki heyrt talað um það núna að Bandaríkin neiti að auka sitt framlag eða jafnvel leggja það sem um hefur verið talað fyrirfram til Alþjóðabankans. Það er ekki þessi málflutningur hæstv. ráðherra sem er ríkjandi þar eins og listinn yfir útlán Alþjóðabankans sýnir sem hann lagði sjálfur hér fram. Það eru ekki þessi fátæku lönd sem fá mestu aðstoðina frá Alþjóðabankanum. Það er þar eins og oft hér á landi líka að hinir ríku fá það sem þeir þurfa frá bankakerfinu og það er enginn munur á bankakerfinu þar og bankakerfinu hér. Það er nákvæmlega sama prinsipið sem starfað er eftir. En það eru hinir fátæku sem ráðherra er að nota sem rök í þessu máli. Þeir fá aldrei það sem þeir þurfa frá bankakerfinu. Þeir eru í flestum tilfellum útilokaðir frá því.

Hæstv. bankamálaráðherra ætti að kynna sér það sem ég og aðrir þm. sem hér sitja enn í dag og sátu í bankaráði Útvegsbanka Íslands voru að reyna að gera með svokallaðri Átaksdeild. Það var að hjálpa hinum þurfandi, hinum fátæku, hinum mörgu sem annars áttu hvergi höfði sínu að að halla. (Gripið fram í.) Við skulum tala um Hafskip líka. Við skulum tala um Sambandið, við skulum tala um ýmislegt. Það er ekkert hræðslumál frá minni hálfu að tala um Hafskip. Úr því að við erum að tala um Hafskip að gefnu tilefni frá hv. þingflokksformanni Framsfl. sem situr nú eins og er við hliðina á einum af bankaráðsmönnum Framsfl. á mínum tíma í Útvegsbankanum, þá var Alþingi — ég vil ekki segja pínt til þess, það þurfti ekki að pína — það samþykkti að það skyldi skipuð sérstök nefnd af Hæstarétti til að athuga gang þeirra mála milli mín sem bankaráðsformanns og mín sem formanns stjórnar Hafskips, til að athuga sambandið þar á milli. Hv. formaður þingflokks Framsfl. ætti að kynna sér betur niðurstöðuna sem þar kom fram.

En ég sé ekki ástæðu til að halda hæstv. bankamálaráðherra lengur. Ég hef sagt það sem ég þarf að segja um Alþjóðabankann og um aðstoð Íslands við þróunarlöndin sem kemur frá allt öðrum uppsprettum. Það er hlutfall af þjóðarframleiðslu Íslendinga sem við höfum ekki treyst okkur til að standa við. Ég segi enn þá einu sinni: Við höfum engin efni á því að taka lán til þess eins að vera fínir menn í samfélagi þeirra sem standa að Alþjóðabankanum sem hluthafar. Við verðum að segja fólkinu utan Íslands það sem fólkið á Íslandi veit, að við erum ekki eins ríkir eins og við erum að spila okkur.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist vegna þeirra athugasemda sem hér komu fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Þannig stendur á að ég er að setja punktinn aftan við skýrslu um svokallað norður/suður-átak Evrópuráðsins sem ákveðið hefur verið núna á þessu ári að gert skuli. Við vorum nokkrir þm. á fundi Evrópuráðsins nú á öndverðu þessu ári þar sem átta nefndir þessarar stofnunar skiluðu mjög vönduðu verki um fyrirkomulag aðstoðar og samstarfs milli norðlægra þjóða og suðlægra og aðstoðar hinna bjargálna norðurríkja við hin fátæku, suðlægu lönd. Þar er bent á mörg einstök verkefni sem eru mjög áþreifanleg og skiljanleg. Ég hygg því að það skýrist mjög fyrir mönnum hvað við er að eiga þegar rætt er um þau mál sem hæstv. ráðherra vék hér að. Eitt af þeim málum sem þarna kemur til greina er einmitt aðgangur að lánsfé auk þekkingar, þjálfunar og búnaðar, og kannski fyrst og fremst í sambandi við landbúnað hinna suðlægu ríkja.

Ég mun ekki tefja þessa umræðu, herra forseti. Ég vildi aðeins skýra frá þessu í stórum dráttum. Ég geri ráð fyrir að þessari skýrslu okkar verði útbýtt á Alþingi nú á morgun. Ég hvet til þess að hv. þm. sem ekki hafa fylgst með þessum umræðum nú í vetur — sem ekki er von, það hefur harla lítið verið frá þeim sagt — kynni sér hvað í þessu felst. Átakinu er skipt á milli efnahagslegra verkefna, fjárhagsaðstoðar, verkefna á sviði menningar og menntamála, verkefna á sviði landbúnaðarmála, fiskveiða og tækniaðstoðar. Svo og er sérstök áhersla lögð á það að aðstoðin þurfi, kannski einkum og sér í lagi á sviði landbúnaðar, að beinast að konum að því er Afríku varðar. En nefndirnar komust að þeirri niðurstöðu að stærstu verkefnin væri tvímælalaust í Afríku og 80% allra þeirra matvæla sem framleidd eru í Afríku eru framleidd af konum.

Það er því ljóst að þessi aðstoð þarf fyrst og fremst að miðast við fólkið sjálft og þá menningarheild sem það er hluti af, þann menningararf sem það býr að, þannig að aðstoðinni sé hagað á þann veg, eins og einhver benti hér á áðan — ég held að það hafi verið hv. 13. þm. Reykv. — að þeir sem hana fá geti notfært sér hana. Meginatriðið er þetta, að við stöndum sameiginlega að því að taka þátt í því verkefni sem unnið er víða um heim í því skyni að auka samstarf og samstöðu hinna norðlægu og suðlægu ríkja því að við lifum ekki í tveimur andstæðum eða óvinveittum heimum, norður- og suðurhvel jarðar, heldur búum við í einum og sama heiminum.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Eitt af því sem eykur virðingu Alþingis og þm. á erlendum vettvangi er hollusta

þeirra hvers gagnvart öðrum. Ég fagna því að hv. 3. þm. Reykv. vinnur nú að þessari margfrægu norður-suður-aðstoð. Mér finnst hins vegar að það hefði mátt koma fram í máli hennar að þetta mikla verk er tilkomið vegna tillögu Ólafs Ragnars Grímssonar, núverandi formanns Alþb., á fundi Evrópuráðsins að ég held í Lissabon í Portúgal fyrir nokkrum árum. Þetta vil ég að þingheimur viti, hafi hann gleymt því. Einhverjum kann að finnast þetta lítilvægt atriði en ég tel það mjög skemmtileg vinnubrögð að við íslenskir þm. sem vinnum saman á erlendum vettvangi sýnum hverjir öðrum þá virðingu að geta þess sem vel er gert. Ég er ekki að bera hv. 3. þm. Reykv. það á brýn að hún hafi vísvitandi leynt þessu heldur kannski gleymt að geta þess sem rétt er.

Herra forseti. Ég verð hins vegar að lýsa undrun minni. Hér eru tvö stór mál á ferðinni í hv. Nd., annars vegar frv. til l. um viðskiptabanka og síðan frv. til l. um breytingu á lögum um hvorki meira né minna en Alþjóðabankann. Hæstv. ráðherra má ekki vera að því að hlýða á hvað þm. hafa að segja um þessi mál. Það er ekki að undra þó að ríkisstjórninni sé mikið mál að losna við okkur héðan. Ég held að við forsetar þingsins hljótum að ræða um það hvort þm. eiga orðið rétt á að tala við þá menn sem við höfum sjálf sett í að framkvæma það sem þingið ákveður eða hvort þetta er leikur einn.

Það hlýtur að vera hægt að komast að því með einhverjum fyrirvara hvenær hæstv. ráðherra þarf að undirrita reikninga — ef ég heyrði rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. — úti í Seðlabanka eða hvenær hann má vera að því að vera hér. Það er gjörsamlega óþolandi að við fáum ekki tækifæri til að lýsa skoðunum okkar varðandi mál af þessari stærðargráðu.

Ég vildi fara þess á leit við virðulegan forseta að frá því sé gengið að þeir hæstv. ráðherrar, sem eins og hér má sjá eru nú ósýnilegir með öllu, geti verið hér þegar mál þeirra eru hér á dagskrá. Það er alveg ljóst að framhald umræðu um viðskiptabanka er eins vís til að fara fram án nærveru hæstv. viðskrh. og það er ákaflega takmarkað gagn að slíkri umræðu.

Auðvitað þurfum við hér að skiptast á skoðunum og hlýða hvert á annað ef eitthvað á að fara hér fram í líkingu við lýðræði og þingræði sem að vísu hv. 14. þm. Reykv. fullyrti í gær að ég væri hér til þess að rífa niður. Það er nú eitthvað annað. Ég vil biðja forseta þingsins að fylgjast grannt með því það sem eftir lifir þings hvort hæstv. ráðherrar mega ekki vera að því að vera hér á meðan helstu mál sem þeir eiga að fjalla um eru hér til umræðu.

Ragnhildur Helgadóttir:

Herra forseti. Ég kann því illa að mér sé borin á brýn óhollusta við aðra þm. eða stjórnmálamenn þegar það kemur ekki fram í máli mínu að hugur minn sé eins fanginn af persónu Ólafs Ragnars Grímssonar og hugur hv. 13. þm. Reykv. Sannleikurinn er sá að fyrrverandi forseti Evrópuráðsþingsins og formaður vestur-þýsku sendinefndarinnar þar, Karl Ahrens, tjáði mér það núna í vetur að hann ásamt Ólafi og sjálfsagt einhverjum fleirum hefði unnið að þessu máli. Ahrens var þá forseti þingsins og hafði því ákaflega mikil áhrif á það hvað yrði um þetta mál. Ég gerði það vísvitandi að fara ekki að nefna alla þá mörgu aðila sem hér lögðu hönd að verki. Ég var að gera grein fyrir nefndastarfinu sem var unnið löngu eftir að Ólafur Ragnar Grímsson yfirgaf sali í Evrópuráðinu. Þar lögðu hönd að verki tugir manna, mjög mikla vinnu.

Vegna þess að hér er um afar vandaða vinnu að ræða tel ég nauðsynlegt að þeir sem á annað borð hafa áhuga á þessum málum geti kynnt sér þetta. Það getur orðið bæði okkur og þessum þjóðum sem í verkefninu tóku þátt mjög til leiðbeiningar um það hvernig beri að haga aðstoð við þessi ríki. Það er ekki aðeins Evrópuráðið sem að þessu stendur heldur er unnið að þessu verkefni í samstarfi við Evrópubandalagið. Það er því afar víðtækt samstarf um þetta.

En úr því að farið er að nefna íslenska stjórnmálamenn í þessu sambandi þá eru hér á Alþingi nú stjórnmálamenn sem unnið hafa mikilvægt verk í nefndum í þessum málum. Skal þá fyrst frægan telja sjálfan forseta Sþ. Mér verður litið á hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem hefur unnið mikilsvert starf í landbúnaðarnefndinni. En einmitt á sviði þeirrar nefndar er geysilega þýðingarmikið verk unnið í þessu skyni. Mér verður litið hér á hv. þm. Hreggvið Jónsson sem lagt hefur hönd á þennan plóg og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur sem er í nefnd sem fjallar um samskipti ríkja Evrópuráðsins og ríkja utan ráðsins. Svona mætti áfram telja og er ég satt að segja of nýkomin til starfs í Evrópuráðinu til að geta talið upp alla þá sem þarna hafa komið við sögu *af íslenskum þm. öðrum.*

Allt þetta vildi ég nefna til að undirstrika að hér hafa margar hendur verið lagðar á plóginn og mikil vinna liggur hér að baki og margar skynsamlegar till. Ekki ber samt að vanmeta þá till. sem flutt var á sínum tíma um að þetta yrði rætt og að því unnið í Evrópuráðinu eins og gert var á umræddri ráðstefnu fyrir allmörgum árum. En það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBH, BDýr, KJóh, KE, KH, ÓE, PP, RA, RH, SJS, AS, SigG, EH, GHH, GuðnÁ, GHelg, HG, JK.

ÓÞG, SV, AðB, AG greiddu ekki atkvæði.

19 þm. (IBA, JónS, EKG, MÁM, MálmS, ÓÞÞ, PJ, SighB, StH, SvH, ÞP, ÞÞ, BÍG, FÞ, FrS, GeirG, GB, GGÞ, HJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785, n. 880.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 880 liggur fyrir nál. fjh.- og viðskn. þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 785. Þetta frv. felur í sér að óráðstafaður persónuafsláttur skuli nýtast til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988 ef hann er ekki hærri en 38 021 kr.

Þegar fyrirframgreiðsla á árinu 1988 var ákveðin í byrjun þessa árs og í ljós kom að ýmsir aðilar fengju fyrirframálagningu vegna eignarskatts sem ekki höfðu greitt eignarskatt áður, m.a. ellilífeyrisþegar, var ákvæði þetta tekið til athugunar. Ástæðan fyrir þessu er sú að hjá þeim sem hafa verið undir skattleysismörkum hefur persónuafsláttur gengið til greiðslu á eignarskatti á árum áður.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að hluti af ónýttum persónuafslætti skuli nýtast til greiðslu eignarskatts manna á árinu 1988. Er við það miðað að sú fjárhæð verði ekki hærri en kr. 38 021 kr. Þetta hefur það í för með sér að þeir sem nýta alla þessa upphæð til greiðslu eignarskatts borga ekki eignarskatt af hreinni eign sem nemur allt að 6 millj. kr. hjá einstaklingi og tvöfaldri þeirri upphæð hjá hjónum. Hins vegar er ljóst að þessi breyting hefur það ekki í för með sér að slíkt hið sama gildi á næsta ári og verður því að taka það mál til sérstakrar athugunar áður en kemur til álagningar á árinu 1989.

Þess ber að geta að enginn ágreiningur var í fjh.- og viðskn. um þetta mál og því er einnig samþykkur fulltrúi Borgaraflokksins sem situr fundi nefndarinnar, Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 605, n. 883, 887 og 888, brtt. 884, 894.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 883 frá meiri hl. félmn. um frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Áður en ég fer yfir nál. vil ég aðeins geta um bakgrunn þessa máls sem mikið hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu eins og hv. alþm. allir vita. Sá bakgrunnur sem ég vil nefna hér er það samkomulag sem formenn stjórnarflokkanna núverandi gerðu og er dagsett 3. júlí sl. Þar er um að ræða samkomulag sem er bindandi fyrir stjórnarflokkana. Í því samkomulagi er gert ráð fyrir að í húsnæðislöggjöf komi ákvæði þess efnis að sveitarfélög, félög eða einstaklingar sem vilja byggja íbúðarhús með það fyrir augum að bjóða íbúðir með kaupleigukjörum njóti lánsfyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins með sömu lánakjörum og þar gilda.

Í öðru lagi verði sett sérstakt lagaákvæði um kaupleiguíbúðir fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna og nánari reglur um framkvæmd þeirra settar að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins og Samband ísl. sveitarfélaga.

Í þriðja lagi að gerð verði þriggja ára áætlun, byggingaráætlun og fjármögnun, um byggingu kaupleiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka að undangenginni sérstakri könnun og fjöldi kaupleiguíbúða á ári hverju verði ákveðinn með hliðsjón af heildarframlögum í byggingarsjóðina.

Enn fremur ákvað ríkisstjórnin að veita sveitarfélögum sérstaka lánafyrirgreiðslu til að standa straum af 15% byggingarkostnaðar eða kaupverðs. Þessi lánafyrirgreiðsla má nema umsaminni fjárhæð á þremur árum sem var 100 millj. Síðan er umsamið að lán þessi verði veitt þeim sveitarfélögum og eða félögum sem samkvæmt könnun þurfa mest á þeim að halda og skulu lánskjör, fyrirgreiðsla og skipting fjármagns ákveðin fyrir fram.

Enn fremur er í þessu samkomulagi, sem er bakgrunnur þessa máls, gert ráð fyrir að fram fari heildarendurskoðun á lögum, fjármögnun og skipulagi félagslega húsnæðislánakerfisins og í nefndinni verði einnig fulltrúar sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Mér þótti, herra forseti, rétt að koma aðeins inn á þetta þar sem það lýsir að nokkru leyti þeim viðhorfum sem fram hafa komið í umræðum um þetta mál og raunar inn á nál. sem hér er til umræðu.

Ég vil svo, herra forseti, fara í gegnum nál. eins og það liggur fyrir á þskj. 883.

Þar kemur fram að nefndin sendi þetta frv. til umsagnar fjölda aðila með skilafresti 30. mars sl. Þessir aðilar eru taldir upp í nál., en þeir voru Húsnæðisstofnun ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra, ASÍ, BSRB, VSÍ, VMSS, Landssamband lífeyrissjóða, Samband almennra lífeyrissjóða, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Samtök aldraðra, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag sérskólanema, Leigjendasamtökin, Búseti, stjórnir verkamannabústaða í Reykjavík, á Akureyri, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Ísafirði.

Svör hafa borist frá 14 aðilum og það vakti athygli í nefndinni að þessi svör bárust yfirleitt seinna en fresturinn gerði ráð fyrir og hafa verið að berast

alveg fram á þennan dag. En það vekur athygli og nefndinni þótti rétt að það kæmi fram að ekki hafa borist svör frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum atvinnurekenda, Landssambandi lífeyrissjóða og frá mjög fáum sveitarfélögum hafa borist svör. Virðist því lítill áhugi á frv. Umsagnir, sem borist hafa, fylgja sérprentaðar með áliti þessu. Það var talið eðlilegt að það yrði gert þar sem ekki vannst tími til þess að fara mjög nákvæmlega í umsagnirnar og er sjálfsagt að hv. þm. fái þannig möguleika til að fara ofan í umsagnir hverja fyrir sig.

Af þeim svörum, sem borist hafa, má draga þá ályktun að flestir telji að frv. geti verið spor í rétta átt, ekki síst með hliðsjón af skorti á leiguíbúðum. Þá kemur fram að margir álíta að tengja hefði átt afgreiðslu þessa frv. endurskoðun á húsnæðiskerfinu í heild, einkum félagslega kerfinu.

En eins og ég lýsti hér í upphafi voru það formenn stjórnarflokkanna sem gerðu formlegt samkomulag í sambandi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að sett yrðu sérstök ákvæði í húsnæðislöggjöf um kaupleiguíbúðir á yfirstandandi þingi og ákveðin í fjárlögum og lánsfjárlögum, eins og hv. þm. sjálfsagt vita, sérstök fjárveiting til útdeilingar á þessu ári til byggingar kaupleiguíbúða eða fjárveiting sem er mörkuð í lánsfjárlögum og fjárlögum en undir Byggingarsjóði verkamanna.

Í nál. kemur fram að einstakir nefndarmenn meiri hl. draga í efa mikilvægi þessa frv., svo sem að það valdi straumhvörfum í húsnæðiskerfinu, og telja að eðlilegra hefði verið að fresta afgreiðslu þess og tengja það heildarendurskoðun húsnæðismála, ekki síst félagslega kerfisins. En með hliðsjón af því sem ég hef áður sagt telur meiri hl. hins vegar rétt að afgreiða þetta frv. í samræmi við skuldbindingu formanna flokkanna og leggur því til að frv. verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Minni hl. nefndarinnar skilar sérálitum. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið.

Undir þetta álit skrifa, auk formanns, Geir H. Haarde, Birgir Dýrfjörð, Eggert Haukdal og Jón Kristjánsson.

Eftir að þessi lokaafgreiðsla málsins frá nefndinni var gerð barst hingað í Alþingi umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sem því miður hafði ekki séð sér fært af einhverjum ástæðum að taka þetta mál til meðferðar fyrr en rúmum þremur vikum eftir að skilafrestur var liðinn. Mér þykir rétt að láta kom fram, þó það breyti ekki afstöðu félmn. til málsins, að sambandsstjórn samþykkir að mæla eindregið með samþykkt frv. með þeim breytingum sem stjórnin gerir. Þessar breytingar eru átta talsins og ég held að það sé óhætt að segja að þessar breytingar eru allróttækar. Þær gera allar ráð fyrir að létta verulega skyldu og ábyrgð sveitarfélaganna í þessum málaflokki og spegla þar með viðhorf sveitarfélaga sem telja sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að leggja fram fjármagn og vex í augum miðað við þetta að bera ábyrgð á slíkri fjárfestingu um langan tíma. Það er að mínu mati slæmt að fá þessa umsögn svona seint. Hins vegar er einnig þversögn í því þar sem sveitarfélögin sýndu í þeirri könnun sem félmrn. lét gera á sl. ári miklu meiri áhuga á þessu máli og það hefur hvergi komið fram í meðferð þessa máls að sveitarfélögin vildu ekki axla þá ábyrgð sem þetta kerfi leggur á hendur sveitarfélaga og annarra félagasamtaka sem vilja stuðla að því að leysa húsnæðismálin á þennan hátt. E.t.v. má tengja þetta viðhorf til umræðu í sveitarfélögum um að tekjustofnar þeirra séu rýrari en þau hafa áður gert ráð fyrir.

Mér þótti rétt að geta um þetta þó það breyti ekki, eins og ég sagði áðan, viðhorfi meiri hl. félmn. til afgreiðslu málsins á þessu stigi. Hins vegar er rétt að benda á að það var gert ráð fyrir því að kaflinn um félagslega þáttinn í sambandi við kaupleiguíbúðir væri saminn í samráði við samtök sveitarfélaga í landinu og þess vegna kemur þetta viðhorf að nokkru leyti á óvart.

Ég vil einnig koma inn á þær brtt. sem eru á þskj. 884 og eru brtt. meiri hl. félmn. Þær eru þrjár.

Sú fyrsta er við 4. mgr. a-liðar 30. gr. eins og hún er í frv., en þessi setning í frv. er þannig: „Með fyrirtækjum er átt við einstaklinga, félög og aðra aðila sem reka sjálfstæða starfsemi.“

Brtt. felur í sér að hér er skilgreint nánar hvað við er átt og lagt til að orðist svo: „Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir aðilar sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brýnni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.“

Önnur brtt. er við e-lið 34. gr., en þar er gert ráð fyrir að framkvæmdaaðilar, sem fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. annars vegar lán sbr. 13. og 14. gr., 70%, og hins vegar sérstakt lán til kaupleiguíbúða, 15%, sbr. 31. gr., skuli sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar t.d. með sölu skuldabréfa.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að niðurlag 1. mgr. falli brott, það er „t.d. með sölu skuldabréfa“, og telur ekki þörf á því að hafa þetta ákvæði inni.

3. brtt. er við j-lið 39. gr. Þessi grein eins og hún er í frv. er þannig orðuð:“ Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er greiðist til framkvæmdaaðila á fimm árum samkvæmt nánari reglum er settar skulu í reglugerð. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni/lánum Byggingarsjóðs ríkisins til sjóðsins þar til afsal er gefið út.“

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að þarna verði gerð á breyting sem komi í veg fyrir að þeir aðilar sem þarna fá sérstaka lánafyrirgreiðslu og ætla að kaupa þessar íbúðir samkvæmt kaupleigusamningum fái betri kjör en almennt eru í boði á almenna markaðnum, eins og raunar undirstrikað er í sam-

komulagi formanna flokkanna, þar sem gert er ráð fyrir að þessir aðilar njóti lánafyrirgreiðslu hjá Byggingarsjóði ríkisins með sömu lánakjörum og þar gilda. Þess vegna er þessi breyting gerð og þá hljóðar þessi liður 39. gr. þannig:

„Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er skal gjaldfellt og endurgreitt framkvæmdaaðila á fimm árum á sömu kjörum og gilda um skuldabréfakaup lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni eða lánum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal er gefið út."

Það er sem sagt verið að fullnægja þessu ákvæði samkomulags formannanna um að það verði sömu kjör og í almannakerfinu.

Í grg. frv. og raunar ræðum hæstv. ráðherra hefur komið fram að ef frv. þetta verður að lögum muni það fyrst og fremst greiða fyrir aukningu bygginga á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Ég tel rétt, herra forseti, að undirstrika þessa staðhæfingu og láta í ljós að fylgst verður með hvernig við þetta verður staðið. Það þarf ekki að rökstyðja það, við viðurkennum það, að víða úti um landsbyggðina eru vandamál í sambandi við íbúðarhúsnæði af ýmsum toga sem ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja hér en geta staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun.

Einnig er fullyrt að sveitarfélögum verði auðveldað að nota sér ákvæði væntanlegra laga og muni stórfjölga kaupleiguíbúðum, ekki síst í minni sveitarfélögum þar sem nú er skortur á íbúðarhúsnæði.

Ég þarf ekki að rekja þetta heldur. Það kemur fram í frv. sjálfu að það er gert ráð fyrir að sveitarfélögin fái þarna sérstaka lánafyrirgreiðslu og það verður að leggja áherslu á að framkvæmd þessa atriðis verði sérstaklega fylgt eftir með því að ganga formlega frá þessum hlutum.

Það viðurkenna allir nauðsyn þess að auka byggingar á ódýru leiguhúsnæði og það þarf að efla verkamannabústaðakerfið sem er best fallið til að leysa þann þátt húsnæðismála sem kemur láglaunafólki að mestum notum. Það sannar sagan og reynslan af því félagslega kerfi á liðnum áratug.

Herra forseti. Sjálfsagt hefði verið eðlilegast að fresta afgreiðslu þessa frv. til næsta þings og nota tímann til að endurskoða félagslega þátt húsnæðiskerfisins, styrkja stöðu Byggingarsjóðs verkamanna og nýta það kerfi til að bæta stöðu þeirra sem raunverulega hafa mesta þörf fyrir hagstæðar aðgerðir til að njóta eða eignast viðráðanlegt húsnæði til lengri tíma. Ég bæti því hér inn í að bygging verkamannabústaða er að mínu mati það hagstæðasta kerfi sem við Íslendingar höfum eignast á liðnum árum og hefur lyft grettistökum í íbúðabyggingum á hagkvæman hátt fyrir launastéttir í okkar landi. Um það verður ekki deilt. Endurskoðun og endurnýjun þessa kerfis með möguleikum á fleiri valkostum er að mínu mati viðráðanlegasti kosturinn í dag, en verður að gerast í fullu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og launþegahreyfinguna í heild.

En eins og fram kemur í þessu nál. meiri hl. félmn. hafa formenn stjórnarflokkanna skuldbundið ríkisstjórnina að koma þessu máli í afgreiðslu fyrir þinglok og þrátt fyrir efasemdir um fjármagn og jákvæð áhrif þessa frv. virðum við samkomulag formanna flokkanna og mælum með því að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hafa verið lagðar fram.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. félmn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, með síðari breytingum, sem er á þskj. 887.

Núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins miða nær eingöngu við að fólk eignist það húsnæði sem það býr í. Aðrir valkostir bjóðast varla. Alls staðar vantar leiguíbúðir og víða um landið hefur skortur á leiguhúsnæði m.a. verið talinn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðar og atvinnulífs.

Í könnun, sem gerð var á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins, kemur þetta m.a. fram. Í bæklingi, sem gefinn var út í sambandi við leiguíbúðakönnunina í nóvember 1986, kemur m.a. fram að frá árinu 1986 fram til ársins 1990 vanti 2500–3000 leiguíbúðir. Það er því fyllilega tímabært að opna nýjar leiðir í húsnæðismálum landsmanna, m.a. með því að auka framboð á leiguhúsnæði. Kvennalistinn hefur einnig ítrekað bent á þetta og hafa þingkonur Kvennalistans flutt tillögur á síðasta kjörtímabili um sérstakt átak til byggingar leiguhúsnæðis.

Fjöldi fólks á nú í miklum erfiðleikum vegna íbúðakaupa og má segja að launafólk eigi vart möguleika á að koma sér upp þaki yfir höfuðið á þeim kjörum sem bjóðast. Sífelldar breytingar á húsnæðislánakerfinu á undanförnum árum hafa valdið miklu óöryggi þannig að fólk veit varla við hverju það má búast frá ári til árs af hálfu hins opinbera.

Í kjölfar samninga aðila vinnumarkaðarins voru 1986 voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Aðalbreytingin á lögunum þá var að réttur fólks til lána var tengdur kaupum lífeyrissjóðs umsækjenda á skuldabréfum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Einnig var gert ráð fyrir að hægt væri að fá lán fyrir allt að 70% af verði íbúðar af hóflegri stærð.

Margt fólk batt miklar vonir við þetta nýja kerfi og margir bjuggust við að nú væri húsnæðisvandinn leystur. Það gleymdist bara eitt: Það þarf peninga til að hægt sé að veita lán.

Annar stór galli og mjög alvarlegur var að ekki var á neinn hátt tekið á félagslega þætti íbúðarlánakerfisins né öðrum þáttum, svo sem leiguíbúðum, íbúðum með búseturétti og kaupleigukerfi.

Í kjölfar þessa var skipuð milliþinganefnd sem að vísu starfaði miklu lengur en til næsta þings og átti

að endurskoða þennan þátt húsnæðislánakerfisins, þ.e. fyrst og fremst félagslega þáttinn. En það gekk ekki eins og öllum er kunnugt og var þar fyrst og fremst um að kenna áhugaleysi og viljaleysi sumra þeirra þingmanna sem studdu þáv. ríkisstjórn.

Nú er ekki heldur tekið á öllum þáttum félagslega íbúðalánakerfisins, það er verulegur hluti skilinn eftir. En strax eftir að lögin tóku gildi þann 1. sept. 1986 streymdu inn umsóknir til Húsnæðisstofnunar. Stór hópur fólks, sérstaklega ungt fólk sem hafði beðið átekta eftir að rofaði til í húsnæðismálum, eygði nú möguleika á að kljúfa kaup á húsnæði. Einnig voru þeir, og eru þeir eflaust margir enn, sem vildu nota tækifærið til að stækka við sig og sækja um lán og einnig voru einhverjir sem sóttu um lán kannski án þess að þeir þyrftu mikið á því að halda vegna þess að lánin voru bæði há og hagstæð og stóðu öllum til boða. Margir urðu til að vara við því sem við blasti þá strax, að Byggingarsjóður ríkisins yrði fljótlega gjaldþrota ef ekkert yrði að gert.

Nú er svo komið að ekki er hægt að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er eftir lánum til íbúðakaupa. Þetta hefur leitt til þess að bið eftir lánum er orðin mjög löng. Nú þurfa þeir sem eru í forgangshópi að bíða a.m.k. tvö ár frá því sótt er um þangað til að þeir fá fyrri hluta lánsins og þeir sem eru í víkjandi hópi þurfa að bíða a.m.k. þrjú ár. Ef ekkert verður að gert stefnir í enn þá lengri biðtíma eftir þessum lánum eða þá að það verður að lækka lánsupphæðir eða þá beinlínis að synja fleirum.

Fyrr í vetur voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins til að reyna að fækka í þeim hópi sem rétt áttu á láni skv. þágildandi lögum en ekki er réttlætanlegt að njóti þeirrar fyrirgreiðslu sem lán frá Húsnæðisstofnun eru.

Því miður hefur ekki orðið nein merkjanleg breyting á ástandinu eftir samþykkt breytinganna á lögunum í vetur þótt margir teldu að þær mundu hafa veruleg áhrif. Yfirlýsingar og taugastrekkingur í tengslum við þær lagabreytingar gáfu mörgum tilefni til að ætla að eitthvað mikið mundi fylgja í kjölfar samþykktar þeirra.

Á þessu ári er ætlað að verja 263 millj. kr. í félagslegar kaupleiguíbúðir hjá Byggingarsjóði verkamanna, en skv. fjárlögum eða lánsfjárlögum hefur ekki verið gert ráð fyrir að verja neinu fé í almennar kaupleiguíbúðir. Þá er athyglisvert að ekki liggur fyrir neitt um það hve mikið af því fé, sem ætlað er að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi til ráðstöfunar á næstu árum, fari í kaupleiguíbúðir. Fjármögnun þessara nýju lánaflokka er því í mikilli óvissu. Látið er að því liggja að fjármagn verði tekið af fé til annarra lánaflokka Húsnæðisstofnunar og sett í kaupleiguíbúðir. Þetta getur leitt til enn meira öngþveitis og óvissu í húsnæðismálum.

Eins og ég sagði við 1. umr. málsins er meginhugmyndin jákvæð að baki frv. sem hér er til umræðu. Kaupleiguíbúðir ættu að henta flestu fólki mjög vel. Fastar hóflegar mánaðargreiðslur hljóta að vera það sem við öll viljum að fólki standi til boða, hvort sem það heitir að leigja eða kaupa smám saman. Einnig er mikilvægt að fólki sé tryggður búseturéttur í íbúð en þurfi ekki sífellt að flytja með stuttum fyrirvara eins og nú gildir á leigumarkaðnum. En margir óvissuþættir eru enn varðandi frv. og tengsl þess við aðra þætti húsnæðismála, sérstaklega félagslega þáttinn.

Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp, Samtök aldraðra, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag ísl. sérskólanema, Leigjendasamtökin og Búseti hafa myndað með sér samstarf um húsnæðismál. Samtökin sendu sameiginlega athugasemd við frv. og er sú umsögn birt sem fylgiskjal við álit meiri hl. félmn. og geta þingmenn kynnt sér hana betur í því nál. En ég vil, með leyfi forseta, lesa örlítið úr þessu áliti. Þar segir:

„Samtökin átta komu ábendingum um væntanlegt frv. um kaupleiguíbúðir á framfæri til félmrn. dags. 26. ágúst 1987. Í framhaldi af kynningarfundi með samtökunum 26. nóv. sl. voru gerðar ákveðnar athugasemdir, sjá bréf dags. 4. des. sl. Ljóst er af framlögðu frv. að mjög lítið tillit hefur verið tekið til ábendinga og athugasemda frá þessum samtökum sem eru í forsvari fyrir leigjendur, öryrkja, námsmenn og aldraða.

Þó ber að fagna þessu frv., en samþykkt þess mun væntanlega auka framboð á leiguhúsnæði með hlutareign og kaupum sem valkostum. Í stað skiptingar í félagslega og almenna kaupleigu virðist þó eðlilegra að hafa eitt kaupleigukerfi þar sem tekið væri mið af mismunandi greiðslugetu íbúa með mismunandi vöxtum og mismunandi afborgunartíma lána."

Ég vil einnig, með leyfi forseta, lesa úr séráliti sem Öryrkjabandalag Íslands sendi, en þar segir:

„Hins vegar skal það nokkuð dregið í efa að frv. nái þeim tilgangi" — Þá er verið að ræða um bæði þetta frv. og frv. sem er 329. mál. — „er þau eru sögð stefna að eða leiði til réttrar lausnar, heildarlausnar, svo sem vera þyrfti."

Þarna bendir Öryrkjabandalagið á að það telji ekki að þetta frv. geti komið skjólstæðingum þess til góða.

Síðan langar mig að vitna í umsögn Bandalags ísl. sérskólanema, en þar segir, með leyfi forseta: „Kaupleigukerfið, eins og það er útfært í þessu frv., kemur ekki til með að koma að neinu gagni fyrir Bandalag ísl. sérskólanema við að koma upp leiguhúsnæði fyrir námsmenn meðan á námstíma stendur."

Og í umsögn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta segir, með leyfi forseta: „Búseta voru svo kynnt drög að frv. um kaupleiguíbúðir 26. nóv. sl. Kom þá í ljós að lítið tillit hafði verið tekið til Búseta. Félagið gerði ítarlegar athugasemdir með bréfi dags. 1. des. sl. með það í huga að vinnsla við frv. væri á lokastigi, en þegar það sá dagsins ljós var það orðið enn óaðgengilegra fyrir Búseta og ekkert tillit hafði verið tekið til athugasemda félagsins.

Um frv. í heild er þetta að segja: Það ber að fagna

markmiði frv. að auka framboð á leiguhúsnæði. Hins vegar vill Búseti draga í efa gildi þess valkosts að gera leiguíbúðir að eignaríbúðum og gera þetta kerfi þar með mjög áþekkt verkamannabústaðakerfinu sem með miklum rétti getur kallast kaupleigukerfi.“

Það er því ljóst að þessir hópar telja þetta kerfi ekki lausn fyrir sig. Vel má vera að hægt hefði verið með breytingum og aðlögunum að samræma ólík sjónarmið og hugmyndir ef tími hefði unnist til þess.

Aðrar umsagnir eru einnig jákvæðar. Ég lít á þessar umsagnir sem jákvæðar þó að þær mæli ekki endilega með því fyrir sinn hóp. Aðrar umsagnir eru einnig jákvæðar gagnvart hugmyndinni eins og þingmenn geta kynnt sér í nál. meiri hl. Sumir telja að samþykkja eigi frv. nú, en aðrir telja að ekki sé rétt að taka þennan eina þátt húsnæðismála til afgreiðslu meðan yfir stendur starf að heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni.

Engin umsögn um frv. barst nefndinni frá Húsnæðisstofnun ríkisins né heldur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þ.e. ekki áður en frv. var afgreitt frá nefndinni.

Eftir hádegi í gær barst umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. Í þeirri umsögn er mælt með samþykkt frv., tekið jákvætt undir það, þó með ýmsum breytingum. Þær brtt. hefur því félmn. ekki haft tækifæri til að kynna sér nánar. En mér sýnist að þær séu flestar til bóta þó að margar þeirra séu þó þess eðlis að það verði að skoða þær mjög náið því að sumar hverjar ganga á rétt leigutaka að því er mér sýnist þannig að það verður að skoða vel allar breytingar. Það verður að hugsa bæði um þá sem búa í húsnæðinu svo og þá sem taka að sér að byggja, svo sem sveitarfélögin. En þeir benda á það atriði í sinni umsögn, sem ég hef haft áhyggjur af, að þessi kostur sé ekki fýsilegur fyrir sveitarfélögin. Ég er ekki heldur alveg viss um að það verði til að auka mjög á íbúðabyggingar á landsbyggðinni sem ég tel þó mjög nauðsynlegt að verði gert. Eins og ég sagði áðan hefur verið mjög mikill skortur á leiguíbúðum og íbúðarhúsnæði yfirleitt úti á landsbyggðinni og víða hefur það jafnvel staðið atvinnuástandi fyrir þrifum.

Það er mjög slæmt að félmn. þurfi að afgreiða frv. með svo miklum flýti sem raun ber vitni og geti ekki einu sinni kallað fyrir sig þá sem sömdu frv. né heldur þá sem eiga að sjá um framkvæmd laganna, hvað þá heldur aðra sem æskilegt hefði verið að ráðfæra sig við.

Í janúar sl. var skipaður vinnuhópur til að gera tillögur um framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins og til að leggja mat á stöðu núverandi kerfis. Í álitsgerð hópsins til félmrh. frá 23. mars 1988 kemur m.a. fram að núverandi lánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Í framhaldi af þessu hefur verið boðað að endurskoðun eigi að fara fram á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins strax á þessu ári. Það verður því að teljast mjög eðlilegt að þetta frv. ásamt athugasemdum og tillögum til breytinga verði tekið inn í heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni sem boðuð hefur verið.

Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig kaupleigukerfið muni virka við hlið þess sem nú er í gildi. Hve miklu á t.d. að verja á næsta ári í kaupleiguíbúðir? Eru það 500 millj. kr. eða 1000 millj. kr.? Ef það væru 1000 millj. kr. væri það um það bil ⅕ af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Eða eru einhver önnur áform uppi? Eða er ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja aukafjármagn í þetta kerfi? Ef ætlunin er að taka fé af almenna kerfinu, hve mikil áhrif mun það hafa á biðtíma þeirra sem nú bíða eftir að fá lán frá Húsnæðisstofnun? Ég tel mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir fjármögnunarþættinum þegar nýtt húsnæðislánaform er tekið upp eins og hér er gert ráð fyrir. Þetta verður að telja enn mikilvægara í ljósi þeirrar óvissu sem þessi mál eru í núna.

Ég held að margir bindi miklar vonir við kaupleiguformið og haldi að það sé lausn á öllum vanda í húsnæðismálum. En það er alveg sama hve gott kerfi við búum við eða viljum koma á. Ef ekki fæst til þess fjármagn getur það ekki valdið hlutverki sínu.

Kvennalistinn leggur áherslu á nauðsyn þess að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild, m.a. með það að markmiði að auka framboð á leiguhúsnæði, félagslegum íbúðum og íbúðum með búseturéttarfyrirkomulagi. Ég ítreka að meginhugmyndin að baki frv. er jákvæð, en ég tel ekki tímabært að koma á nýju kerfi við hlið þess sem fyrir er án þess að heildarstefna sé mótuð og án þess að fjármagn til þess sé tryggt. Það getur ekki skipt sköpum þó þetta frv. sé sett inn í heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni og taki gildi með haustinu ásamt öðrum breytingum. Varla þarf ríkisstjórnin að óttast að ekki verði vilji til að vinna hratt og örugglega að þessum málum. Alla vega erum við kvennalistakonur boðnar og búnar til að vinna að þessum málum í sumar með það að markmiði að leggja fram heilsteypta löggjöf þar sem framtíðarstefna um kaupleiguíbúðir verði einnig mörkuð.

Miðað við þær jákvæðu undirtektir sem hugmyndin um kaupleiguíbúðir fær innan þingsins held ég að félmrh. þurfi ekki að óttast að hugmyndin verði drepin. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félmn. hafa formenn stjórnarflokkanna ákveðið hvernig þingmenn stjórnarflokkanna eiga að greiða atkvæði. Þó ég skilji ekki alveg hvers konar vinnubrögð eru viðhöfð í stjórnarflokkunum getur varla skipt máli fyrir formenn eða þingmenn þeirra hvenær þeir greiða þessu atkvæði, nú í vor eða í haust. Ef málinu væri frestað til haustsins yrðu meiri líkur á að tengja kaupleiguformið öðrum þáttum húsnæðismála og þar með ættu að vera meiri líkur á að hægt væri að taka meira tillit til sjónarmiða þeirra sem hafa gert athugasemdir við frv.

Með vísun til þess sem hér hefur verið sagt leggur 1. minni hl. til að þeir aðilar sem til þess verða kvaddir að endurskoða húsnæðislöggjöfina marki

einnig framtíðarstefnu um kaupleiguíbúðir og málinu verði með það í huga vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Óli Þ. Guðbjartsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. félmn. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, með síðari breytingum. Nál. þetta er á þskj. 888.

Öllum er ljóst að löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins þarf heildarendurskoðunar við. Húsnæðiskerfið sinnir fráleitt því hlutverki sem því er ætlað og nauðsynlegt er. Má í rauninni segja að þetta hafi verið rauði þráðurinn í máli beggja þeirra frsm. sem töluðu á undan mér, hvort heldur var fyrir meiri hl. félmn. eða 1. minni hl.

Þegar breyting var gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í kjölfar og raunar samfara lausn kjaradeilna á vinnumarkaðnum í febrúar 1986 var það með þeim yfirlýsta fyrirvara þáv. stjórnvalda að húsnæðiskerfið allt yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar, einkum með tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn og ekki síst með því að leysa sérstaklega vanda þeirra sem í greiðsluerfiðleikum lentu eftir 1980 og kerfið tók ekki til. Þegar svo breyting var samþykkt á lögunum fyrr á þessu þingi voru þessi sömu áform um heildarendurskoðun enn ítrekuð nánast af öllum sem um þá breytingu fjölluðu í báðum deildum.

Í forsendum þess frv. var kveðið svo fast að orði, m.a. um nauðsyn heildarendurskoðunar, að segja, með leyfi hæstv. forseta: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins". Þetta voru orð þeirra aðila sem lögðu frv. fram.

Þolendur þessa ástands eru allir þeir sem reynt hafa seinustu árin að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Biðraðirnar eru vísast lengstar á þenslusvæði höfuðborgarinnar. Landsbyggðin situr hnípin hjá, enda dæmd af stjórnvaldsaðgerðum til að vera í þessu efni sem öðru annars ef ekki þriðja flokks. Hvergi virðist örla á raunhæfum vilja til að ráðast að kjarna þess vanda sem hér er við að etja sem er ranglæti lánskjaravísitölunnar skv. lögum nr. 13 1979. Jafnvel svo einfalt mál sem það er að hrinda af stað heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni virðist vefjast fyrir þeim sem hér fara með meirihlutavald.

Borgarafl. er eina stjórnmálaaflið á Alþingi sem fyrr á þessu þingi hefur lagt fram mjög athyglisverðar tillögur um heildarlausn á húsnæðislöggjöf þjóðarinnar. Það hefur verið gert með flutningi málsins bæði í þessari deild sem og í Ed. Þetta hefur verið gert á þskj. 170 í Ed., þskj. 222 hér í Nd. og enn fremur á þskj. 256 og þskj. 581 í Ed.

Meginmarkmiðin í húsnæðistillögum Borgarafl. eru þrjú:

1. Að breyta hlutverki Húsnæðisstofnunar þannig að hún sæi um fjármögnun fyrstu íbúðar og félagslega þáttarins til frambúðar, en húsbanki sæi um önnur húsnæðislán.

2. Að ná því jafnvægi á þessum lánamarkaði að biðraðir væru úr sögunni.

3. Að komast út úr ranglæti lánskjaravísitölunnar með vaxtaaðlögun.

Enda þótt aldrei verði nægileg áhersla lögð á þá meginstaðreynd að árangurs á þessu sviði verður vart að vænta fyrr en menn snúa sér að rótum meinsins vilja fulltrúar Borgarafl. ekki leggja stein í götu þess frv. sem nú er sérstaklega til umfjöllunar um kaupleiguíbúðirnar.

Hugmyndin um kaupleiguíbúðir er góðra gjalda verð og ætti vissulega rétt á sér sem einn valkosta í heilbrigðu húsnæðislánakerfi er stæði undir nafni og þjónaði á eðlilegan hátt þörfum húsbyggjenda um allt land.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt við frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þessar tillögur eru prentaðar á þskj. 894 og lúta að tveimur efnistriðum sem ég mun gera nánar grein fyrir á eftir. En fyrst vil ég almennt um þetta frv. til l. um kaupleiguíbúðir, sem hér er til umræðu, rifja upp nokkuð af því sem ég sagði við 1. umr. málsins og stendur enn í fullu gildi að mínu mati. Ég tel reyndar að þeir fyrirvarar, sem ég þá lýsti, hafi í raun komið fram og hlotið rökstuðning að verulegu leyti í þeim umsögnum sem borist hafa um frv.

Fyrst og fremst dró ég í efa og geri enn að málið sem slíkt nái tilgangi sínum, verði að því framfaraspori í okkar húsnæðismálum, sem að er stefnt og flestir væntanlega gjarnan vilja sjá, að hér fari af stað öflug hreyfing og nýtt húsnæði komi til í náinni framtíð undir þessu formi. Efasemdir mínar lutu ekki síst að því að eins og frá málinu er gengið í frv. þessu er gert ráð fyrir því að framkvæmdaaðilar svonefndir leggi af mörkum umtalsverðan hlut af fjármögnun íbúðabyggingannna. Nú er það svo að ekki síst sveitarfélögin í landinu hafa rennt hýru auga til þessa kaupleiguforms og gert sér vonir um að þar kæmi hagstæður viðbótarkostur við þá möguleika sem fyrir hendi eru í hinu félagslega íbúðakerfi. Er það mjög eðlilegt og skiljanlegt að sveitarfélögin, sveitarstjórnarmenn, sem finna í sínum störfum húsnæðisvandann brenna á sér, bindi vonir við það eina nýtt sem menn hafa fram að færa eða er um að ræða til lausnar þeim húsnæðisvandamálum sem víða er við að glíma. En jafneðlilegar og þessar væntingar sveitarfélaganna eru er jafnljóst að staða þeirra er mjög mismunandi til að leggja sinn hlut af mörkum og koma hér á þeirri uppbyggingu undir þessu formi eða öðru sem mikil þörf er á.

Frv. gerir ráð fyrir að svonefndir framkvæmdaaðilar sjái fyrir útvegun a.m.k. 15% af því fjármagni sem þarf til uppbyggingar íbúðanna eða kaupa þeirra hverju sinni. Ég leyfi mér að fullyrða að þó að 15% líti við fyrstu sýn ekki út fyrir að vera óyfirstíganlegur hjalli í þessum efnum verðum við samt að hafa í huga að væri um umtalsverðar framkvæmdir

að ræða, t.a.m. í litlum sveitarfélögum, þarf sveitarfélagið í hverju tilfelli við byggingu á hverri nýrri íbúð að sjá fyrir útvegun verulegra peninga sem skipta hundrðum þúsunda, jafnvel allt að 1 millj. kr. ef um dýrar íbúðabyggingar er að ræða. Það er einfaldlega biti sem sveitarfélög, jafnvel með nánast ekkert framkvæmdafé, hrista ekki fram úr erminni. Því miður er staðan þannig víða úti um landið að sveitarfélögin, jafnvel býsna stór sveitarfélög, hafa nánast ekkert framkvæmdafé þegar búið er að greiða bundinn rekstur og lögbundna þjónustu sem sveitarfélögunum er skylt að inna af höndum. Þessar staðreyndir er nauðsynlegt að hafa í huga þegar menn ræða þá útfærslu kaupleigukerfisins og þau hlutföll sem hér er lagt til að binda í lögum.

Nú vil ég taka skýrt fram að þegar menn ræða um hlutina með þeim hætti sem menn gera hér má ekki misskilja það sem sérstaka andstöðu við þetta húsnæðisform, þó að maður velti upp þessum staðreyndum. Ég óttast því mjög, herra forseti, að þeim sveitarfélögum sem í mörgum tilfellum ríður mest á að leysa húsnæðisvandamálin í sínum byggðum mundi reynast erfitt um vik að nýta sér þetta kerfi í einhverjum umtalsverðum mæli og þá gæti dregið til þess að fyrst og fremst best stæðu sveitarfélögin hefðu burði eða möguleika til að ganga inn í þetta kerfi. Það eru ekki þau sem við þurfum að hafa mestar áhyggjur af í þessum tilfellum því ætli það fari ekki með tiltölulega fáum undantekningum saman að þau sveitarfélög þar sem mest hefur verið byggt undanfarin ár og er byggt nú séu jafnframt þau best stæðu af þeirri einföldu ástæðu að þar er bati í efnahagslífinu og uppgangur og þensla og það kemur fram m.a. í miklum íbúðabyggingum. Hins vegar vantar sárlega húsnæði víða um landið og ekki síst húsnæði á einhvers konar leigukjörum þó að viðkomandi sveitarfélög berjist í bökkum.

Í beinu framhaldi af þessum hluta ræðu minnar, herra forseti, vek ég athygli á því að annar hluti brtt. minna á þskj. 894 lýtur einmitt að þessu atriði og kem ég að því síðar.

Hitt sem ég tel að í frv. sé ekki nógu vel frá gengið varðar aðgengi ýmissa félagasamtaka að hinum félagslegu kaupleiguíbúðum. Niðurstaðan í frv. hefur orðið sú, eins og menn sjá ef plaggið er grannt skoðað, að sá er m.a. eðlismunur á annars vegar almennu kaupleiguíbúðunum og hins vegar þeim félagslegu, sem lána skal til úr Byggingarsjóði verkamanna, að félagslegu kaupleiguíbúðirnar er ekki heimilt að leigja samfara kaupum á tilteknum eignarhlut. Ef menn taka sér frv. í hönd, þeir sem á annað borð hafa áhuga á því að fylgjast með þessu í smáatriðum, segir á bls. 3 í d-lið 36. gr. laganna sem verða skulu:

„Sá sem fengið hefur úthlutað almennri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð eða kaup á íbúðinni."

En þegar síðan eru skoðuð sambærileg ákvæði fyrir hinar félagslegu kaupleiguíbúðir, sem ég skal reyna að finna í bálki þessum, kemur í ljós að á bls. 8, g-lið, 91. gr. laganna sem verða skal, segir með leyfi forseta:

„Sá sem fengið hefur úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti eða kaup."

Hér vantar inn í það sem er heimilt í almenna kerfinu, að leigja einstaklingum samfara kaupum á tilteknum eignarhlut í íbúðinni. Innan Byggingarsjóðs verkamanna er sem sagt eingöngu heimilt annaðhvort eða í þessum efnum. Þetta tel ég vera mjög stóran galla á frv. og í raun og veru lítt skiljanlegan vegna þess að stórir hagsmunaaðilar, sem lýst hafa miklum áhuga í sambandi við þetta kaupleigukerfi, hafa lagt megináherslu á þetta tiltekna atriði. Eigi þeim að nýtast þetta form innan hins félagslega hluta húsnæðiskerfisins er alveg nauðsynlegt að það sé heimilt þessum aðilum að leigja fólki íbúðir samfara kaupum þeirra á tilteknum eignarhlut í íbúðinni sem síðan stæði fastur þann tíma sem viðkomandi hefði afnot af íbúðinni. Hér má nefna til aðila eins og Samtök aldraða sem nota þetta form talsvert í sinni starfsemi, í sinni viðleitni til að skapa sínum félagsmönnum húsnæði og er augljóslega hagstæður kostur fyrir slík samtök að fá með þessum hætti almenna félagsmenn til að taka þátt í að reiða fram þann hluta kostnaðarins sem framkvæmdaaðilinn á að leggja til og brúa þannig bilið á móti þeim lánum sem koma úr Byggingarsjóðnum.

Nú kunna að vera, herra forseti, pólitískar ástæður fyrir því að frumvarpsskepnan lítur svo út sem raun ber vitni. Ég ætla ekki að hafa uppi neinar getgátur um það. En ég leyfi mér að segja að mér dettur það í hug að hæstv. félmrh. hefði kosið að hafa þetta einhvern veginn öðruvísi, miðað við feril hæstv. ráðherra í þessum málum undanfarin ár og framlag hæstv. félmrh. á þeirri tíð sem ráðherra var hv. þm. og lagði oft mikið til málanna í sambandi við húsnæðismál. Ég get ekki annað, herra forseti, en vitnað í þessu sambandi í nokkrar af umsögnunum sem birtar eru með nál. meiri hl. þar sem ýmsir aðilar, ekki síst þau samtök sem ég hef hér vitnað til, láta í ljós nokkra óánægju með að athugasemdum og tillögum þeirra í þessum efnum m.a. hafi ekki verið sinnt. Ég leyfi mér að vitna í umsögn Öryrkjabandalags Íslands, Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Samtaka aldraðra, stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags ísl. sérskólanema, Leigjendasamtakanna og Búseta sem sameiginlega af öllum þessum aðilum var send félmn. Nd. Alþingis 29. mars sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ofangreind samtök, sem myndað hafa með sér samstarf um húsnæðismál, vilja með þessu bréfi gera sameiginlegar athugasemdir við frumvörp til laga um breytingar á húsnæðislögum, annað um kaupleiguíbúðir og hitt um lengingu lána."

Svo segir um frv. um kaupleiguíbúðir, 301. mál þessa þings:

„Samtökin átta komu ábendingum um væntanlegt frv. um kaupleiguíbúðir á framfæri til félmrn., dags. 26. ágúst 1987. Í framhaldi af kynningarfundi með samtökunum 26. nóv. sl. voru gerðar ákveðnar athugasemdir, sjá bréf dags. 4. des. sl. Ljóst er af framlögðu frv. að mjög lítið tillit hefur verið tekið til ábendinga og athugasemda frá þessum samtökum sem eru í forsvari fyrir leigjendur, öryrkja, námsmenn og aldraða.“ — Ég endurtek, herra forseti: „sem eru í forsvari fyrir leigjendur, öryrkja, námsmenn og aldraða.“

Hér tel ég, því miður, að ekki hafi tekist til sem skyldi. Það er mín skoðun að ef væri hægt að ráðast á og leysa húsnæðisvandamál þeirra hópa sem nefnd samtök standa fyrir væri mikill sigur unninn í húsnæðismálum okkar Íslendinga. Og skyldi það ekki fara svo, herra forseti, að ef við næðum utan um vandamál þessara hópa yrði það sem eftir er í húsnæðismálunum allmiklu viðráðanlegra? Mér segir svo hugur. Mér segir svo hugur t.d., og ég hef reyndar sagt þetta hér áður og leiðist að þurfa að endurtaka það en læt mig hafa það, að ef menn réðust á og leystu húsnæðisvandamál námsmanna á framhaldsskóla- og háskólastigi t.d. í Reykjavík og á Akureyri og víðar og sæju sæmilega fyrir þeim hlutum mundi ástandið á leigumarkaðnum batna að miklum mun. Halda menn ekki að það hafi talsverð áhrif, auki þensluna og valdi uppsprengingu verðlags og öðru slíku þegar svona stórir hópar þurfa að leita sér á hverju ári að húsnæði, þúsundum saman? Væri betur búið að þessum hópum, meira framboð af tryggu húsnæði tengt þeirra samtökum í formi stúdentagarða eða annars slíks, yrði þá ekki rýmra um og heilbrigðara ástand á því sem eftir væri á leigumarkaðnum? Þetta hygg ég að segi sig nokkuð sjálft.

Sömuleiðis held ég að ef menn tækju þann kost og þá helst í nánu samráði við samtök aldraðra, sem er auðvitað geysistór og vaxandi hópur í þessu þjóðfélagi sem þarf á húsnæði að halda eins og aðrir, mætti bæta mikið ástandið á hinum almenna húsnæðismarkaði, m.a. með því að greiða fyrir því að eldra fólk, sem býr í húsnæði sem er orðið óþarflega stórt fyrir þess þarfir, ætti kost á að komast í minna og hagkvæmara húsnæði og því yrði gert kleift að hreyfa sig þar á milli.

Um þetta má lengi fjasa, en ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á þetta atriði, draga hér fram að maður hlýtur að harma að þessi samtök telja að svona hafi til tekist vegna þess að samstarf þessara aðila, sem er tiltölulega nýtt af nálinni og hefur ekki í raun staðið nema um nokkurra mánaða eða missira skeið, er að mínu mati eitt af því merkilegra sem gerst hefur í húsnæðismálum á undanförnum missirum. Það að þessi stóru heildarsamtök hafa náð saman og myndað með sér samtök og reynt að samræma sín sjónarmið og koma fram sameiginlega fyrir hönd þessara hópa er mjög merkilegt og gott framtak að mínu mati. Það væri vissulega æskilegt ef hægt væri að nýta þessa stöðu og hafa sem nánast samstarf við þessa aðila rétt eins og það hefur oft í gegnum tíðina skilað stóráföngum í okkar húsnæðismálum þegar til að mynda stjórnvöld og verkalýðshreyfing hafa náð höndum saman um átök á þessu sviði.

Herra forseti. Ég gæti margt fleira sagt bæði um kaupleigufrv. og ekki síður þó um ástand húsnæðismálanna almennt. Þar er við slík vandamál að glíma þar sem er jafnvægisleysi svo að ekki sé nú fastara að orði kveðið, geysilegir fyrirsjáanlegir erfiðleikar byggingarsjóðanna, biðlistinn margfrægi og í raun ófremdarástand á okkar fasteignamarkaði hvort sem litið er á þenslu eða uppsprengt verð á höfuðborgarsvæðinu og svo algert verðfall og eignaupptöku þess fólks sem á húsnæði úti á landsbyggðinni. Allt ber þetta að sama brunni, sýnir okkur fram á það upplausnarástand og það mikla jafnvægisleysi sem við er að glíma í þessum efnum hér á landi. En það er ekki sérstök ástæða til, herra forseti, að fara í alla þá umræðu hér. Tímans vegna er rétt að hlífa sér við því og reyna að halda sig við það dagskrármál sem er sérstaklega á ferðinni. Ég tel þó rétt að nefna þetta í almennum orðum, líka vegna þess að sumir kunna að hafa bundið vonir við það, sem eru auðvitað óraunsæjar, að þetta tiltekna frv. og þær framkvæmdir sem af því gætu leitt leysi allan okkar vanda í þessum efnum. Svo er auðvitað ekki. Það hefur verið og er afstaða Alþb. að þetta geti orðið einn gagnlegur liður í því að ná utan um og leysa okkar húsnæðismál, Íslendinga. Þetta geti verið eitt form af mörgum sem eigi heima einkum og sér í lagi innan hins félagslega íbúðakerfis en eingöngu sem hluti af því og komi ekki í staðinn fyrir það sem þar er fyrir né leysi allan vanda.

Það er boðað og liggur fyrir að heildarendurskoðun á löggjöf um húsnæðismál er á dagskrá og er rétt að hafa það sérstaklega í huga þegar afstaða er tekin til frv. eða rætt um það að þó svo það verði hér lögfest með tilteknum hætti og tilteknum ákvæðum hlýtur það að fara, eins og aðrir hlutar gildandi laga, inn í þá heildarendurskoðun og breytir þar engu um þó þau ákvæði verði aðeins yngri í árum talið en uppistaðan í lögunum að öðru leyti. Þar skipta fáein ár til eða frá ekki máli. Ég lít svo á að sjálfsögðu að það sé ekki endilega verið að lögfesta kaupleiguákvæði í endanlegri mynd um langa framtíð þó svo að frv. sem hér liggur fyrir eða líkindi þess fari í gegn og verði að lögum. Þetta hygg ég að sé næsta sjálfgefið og hæstv. félmrh. er ugglaust tilbúinn að staðfesta að svo sé.

Herra forseti. Það gæti út af fyrir sig verið fróðlegt að fara yfir fleiri af þessum umsögnum. Þar kemur ýmislegt fram, að vísu má segja nokkuð mismunandi frá einum aðila til annars, en það sem þó má lesa út úr öllum, hygg ég, þessum umsögnum er að það eru almennt miklar áhyggjur af því ástandi sem er í okkar húsnæðismálum. Þær áhyggjur eru hins vegar af ýmsum toga og bera þess nokkur merki hvaðan menn koma að málunum, hvort menn eru af landsbyggðinni eða úr þéttbýlinu, hvort menn hafa eink-

um glímt við vandamálin frá sjónarhóli sveitarfélaga eða einhverra félagasamtaka o.s.frv.

Brtt. þær sem ég flyt á sérstöku þskj. lúta fyrst og fremst að þeim tveimur meginatriðum sem ég hef nokkuð ítarlega gert grein fyrir í mínu máli. Þrír fyrstu töluliðir brtt., við fyrri málsl. 4. mgr. b-liðar, við 1. mgr. d-liðar og við e-lið 89. gr., lúta að því að, eins og segir, með leyfi forseta, á þskj.: „Heimilt er að hækka hlutfall lána til félagslegra kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna í allt að 95% þegar í hlut eiga sveitarfélög með svo veikan fjárhag að sýnt þykir að þeim sé ókleift að hafa forgöngu um byggingu kaupleiguíbúða án sérstakrar aðstoðar."

Ég hygg að væri heimildarákvæði af þessu tagi fyrir hendi í lögunum mundu menn gerast talsvert bjartsýnni á það, og í þeim hópi er flm., að með skynsamlegri beitingu þess, þ.e. heimildarákvæðisins, væri unnt út frá mismunandi aðstöðu sveitarfélaganna að jafna hana og taka tillit til stöðu þeirra og tryggja að þau stæðu sæmilega jafnt að vígi að nýta sér þetta kerfi hvort sem það verður gert í meira eða minna mæli almennt séð. Ég er auðvitað, herra forseti, og skal engin dul dregin á það, ekki síst að hugsa um ýmis sveitarfélög úti á landsbyggðinni, enda stendur það ræðumanni nærri. Ég er viss um að forráðamenn margra sveitarfélaga mundu telja geypilegan mun á því annars vegar að sjá fyrir útvegun 5% af kostnaðarverði nýrra íbúða sem framkvæmdaaðilar og hins vegar 15%. Mér er vel kunnugt um hver byrði núverandi endurkaupaskylda og fleiri kvaðir í sambandi við félagslega íbúðakerfið er þegar á ýmsum sveitarfélögum. Ég spái því, án þess að ég ætli að óska frv. eða kaupleigukerfinu á nokkurn hátt ills, að verði það lögfest í núverandi mynd muni forráðamenn sveitarfélaga vítt og breitt um landið, þrátt fyrir miklar væntingar, sem mér er vel kunnugt um, hafandi skoðað þetta og borið saman t.d. við ákvæðin um byggingu verkamannabústaða, hugsa sig um um stund en sækja síðan um verkamannabústaði af þeirri einföldu ástæðu að þar þurfa sveitarfélögin ekki að gerast fjárhagslega ábyrg og leggja fram eða reiða af höndum mikið fé. Þar er hægt að koma af stað íbúðabyggingum án þess að binda eða ráðstafa miklu fjármagni úr tómum sjóðum sveitarfélaga.

Þetta eru, herra forseti, því miður blákaldar staðreyndir sem ég held að við eigum að horfast í augu við og ræða í fullri hreinskilni og einlægni. Ég skora á hv. þm. að hugleiða hvort öll staða þessara mála, staða sveitarfélaganna, ástandið í húsnæðismálunum, sé ekki þess eðlis að það sé rétt að hafa slíkt heimildarákvæði inni í lögunum. Ég vek athygli á því og undirstrika að hér er flutt tillaga um heimildarákvæði. Það er ekki skylda, það er ekki kvöð, en það opnar þann möguleika að hægt sé að koma til móts við sveitarfélög sem ekki mundu ráða við þetta verkefni að öðrum kosti. Ég bið um einhver mjög sterk rök gegn því að hafa þetta ekki inni í lögunum ef menn ætla að fella brtt. Ég spyr þá: Hvers vegna má ekki hafa inni í þessum hluta húsnæðislaganna heimildarákvæði af þessu tagi eins og úir og grúir af í lögunum að öðru leyti? Ég minni á ákvæði í köflum um verkamannabústaði þar sem heimilt er að koma til móts við þá einstaklinga sem erfiðastan hafa fjárhaginn, hækka til þeirra lánshlutfallið og jafnvel lána þeim 100%, upp í topp, ef þeir eiga ekki handbært fé til að reiða af höndum þann litla kostnaðarhlut sem einstaklingunum er ætlað að sjá fyrir í því kerfi. Þar er húsnæðismálastjórn heimilt að lána viðkomandi, til skamms tíma að vísu, alveg 100% í þeim tilfellum sem ekki verður séð að þeir ráði við dæmið öðruvísi. Ég held að heimildarákvæði af þessu tagi til handa framkvæmdaaðilunum, sem yrðu væntanlega í þessu tilfelli eingöngu sveitarfélögin, væru fullkomlega í samræmi við þessi ákvæði hins félagslega hluta húsnæðislaganna að öðru leyti. Ég get rökstutt þetta ítarlegar ef menn vilja. Það er að vísu skaði að því að hér eru ekki ýkjamargir hv. alþm. af landsbyggðinni, en ég bið þá að hugsa hvern fyrir sig heim í sinn rann og velta því augnablik fyrir sér, ef þeir þekkja eitthvað til sveitarstjórnarmála á sínum svæðum, hvort þeir telji ekki að svona ákvæði mundi breyta talsverðu um möguleika í þeirra byggðarlögum til að koma kaupleigukerfi á laggirnar og gera það barn í brók, hæstv. fjmrh., sem er auðvitað tilgangurinn með því að vera að flytja lög, að það verði eitthvað úr þeim. Vilji hv. alþýðuflokksmenn gera einhverja alvöru úr þessu kaupleigukerfi, koma því á skrið, held ég að þetta væri einhver vænlegasta leiðin til þess, einhver vænlegasta brtt. sem þeir gætu stutt og mættu þeir vera mér lengi þakklátir fyrir að hafa þó bent þeim á þessa aðferð.

Í öðru lagi, herra forseti, er svo hitt meginefni þessara brtt., 4. og 5. liður, sem lýtur að því sem ég áður hafði nefnt, að gera framkvæmdaaðilum byggginga félagslegra kaupleiguíbúða heimilt að byggja félagslegar kaupleiguíbúðir til að leigja einstaklingum samfara kaupum á tilteknum eignarhluta. G-liður (91. gr.) verðandi laga mundi þá orðast svo, með leyfi forseta: „Sá sem hefur fengið úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhluta, sbr. 93. gr." — sem yrði ný grein og mundi bætast inn í frv. — „eða kaup, sbr. 94. gr."

Þá tel ég að rétt væri að breyta jafnframt ákvæðum sem lúta að framkvæmdaaðilunum í þessu tilfelli og það mundi þá orðast sem svo: „Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld." Og við bætist síðan: „Þó er heimilt að takmarka sölu við tiltekinn eignarhlut ef um er að ræða byggingu íbúða til leigu samfara kaupum á eignarhlut."

Þeim framkvæmdaaðilum sem sérstaklega hefðu það í huga að byggja kaupleiguíbúðir til að leigja út samfara kaupum á ákveðnum eignarhlut væri heimilt að ákveða svo fyrir fram því öðru vísi nær þetta naumast tilgangi sínum.

Ég hygg að ef menn yrðu sáttir á að t.d. samtök aldraðra eða samtök öryrkja eða námsmanna væru í

þannig aðstöðu að það væri alveg nauðsynlegt fyrir þau að hafa þetta ákvæði opið mundu menn einfaldlega samþykkja að þau mættu gerast framkvæmdaaðilar við byggingu kaupleiguíbúða undir þessum skilmálum og þar með væri málið leyst. Að öðru leyti yrðu svo ákvæðin um leigu með kaupum á eignarhluta, sem um er fjallað í 5. lið brtt., að flestu leyti sambærileg við hliðstæð ákvæði varðandi almennar kaupleiguíbúðir. Gefur það sig nokkuð sjálft að æskilegt er að hafa þar sem mest samræmi á milli.

Herra forseti. Ég vona að ég hafi gert nægilega vel grein fyrir brtt. til þess að efni þeirra sé skýrt og eftir vandlega umhugsun verði mönnum ekkert að vanbúnaði að gera upp hug sinn til þeirra. Það kann að fara svo hér eins og stundum áður að þarfar brtt. og góðar hljóti þau dapurlegu örlög að vera felldar af því að þær eru ekki bornar fram af réttum aðilum. Þeim örlögum verðum við býsna oft að sæta í stjórnarandstöðunni eins og gengur. En maður vill samt trúa því að stundum sigri réttlætið í heiminum og menn fallist á að mælt sé fyrir sanngirnissjónarmiðum og skynsemissjónarmiðum sem séu svo sterk og rík að menn fallist á þau. Ég vil a.m.k. að það sé alveg ljóst, og til þess eru brtt. í og með fluttar, að það er afstaða okkar alþýðubandalagsmanna að til þess að þetta kaupleigukerfi nái tilgangi sínum, skili því sem því er ætlað og margir binda vonir við víða í þjóðfélaginu, þurfi að gera þessar breytingar á frv. Að þeim samþykktum styðjum við þetta frv. heils hugar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða í löngu máli þetta frv. Ég gerði því nokkur skil við 1. umr. En ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs vegna þess að ef ég hef skilið rétt hv. 1. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. nefndarinnar, hefur Húsnæðisstofnun ríkisins ekki sent umsögn um þetta mál. Ég hrökk blátt áfram í hnút. Hvernig getur staðið á því að Húsnæðisstofnun ríkisins sendir ekki umsögn um þetta mál? Ég var lengi í félmn. og oft voru þessi mál einmitt þar til umfjöllunar, en ég man aldrei til þess að það stæði á umsögn um breytingar á húsnæðisstjórnarlögunum frá stjórn Húsnæðisstofnunar. Þetta er alveg nýtt. Og ég vil í fullri vinsemd biðja hæstv. félmrh. eða þá hv. þm. Alexander Stefánsson, formann félmn., að upplýsa það hér ef það er á þeirra færi: Er það rétt skilið að þessi umsögn hafi ekki borist og hvaða ástæður geta legið til þess? Er það e.t.v. sú ástæða sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að ræða um, þ.e. umsögn þeirra aðila sem hafa haft langmestan áhuga fyrir breytingum á þessum lögum í þá átt sem frv. a.m.k. stefndi að? Ég viðurkenni að ég hef ekki fylgst með störfum nefndarinnar og veit lítið um annað en um frv. eins og það var lagt fram. Ég hef ekki séð umsagnirnar en heyrt af þeim sumum. En ég held að þetta frv. nái alls ekki þeim tilgangi sem ég skildi að hæstv. félmrh. ætlaðist til.

Í fyrsta lagi er hvernig verður leystur fjárhagsvandinn. Er það ekki rétt skilið að það sé búið að svara öllum þeim sem sóttu um fyrir maí á sl. ári ef það verður farið út í þessar íbúðir á annað borð með þeim vanköntum sem á því eru, sem, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, eru ekki á þann veg sem ég taldi að hún stefndi að í sumum atriðum?

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta meira efnislega, en ég vil samt vekja athygli á að ég verð og sjálfsagt flestir þingmenn var við það hér um bil daglega að fólk er að kikna undan fjármagnskostnaðinum vegna þess að lánskjaravísitalan hefur þau áhrif á þessi lán að þau hækka dag frá degi þó að fólk sé að stritast við að borga af þeim og sér fram á það, jafnvel þeir sem eru með sæmileg laun, að það sé að nálgast sú stund að það ráði ekki við þetta lengur, hvað þá hinir sem eru á lægstu launum.

Ég get vel tekið undir margt af því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði. Ég held að það hefði átt að stefna að því að endurskoða húsnæðisstjórnarlögin öll í einu lagi. Vandkvæðin á þessu verða ekki leyst nema fyrst og fremst með fjármagni. Og það er alveg rétt að sveitarfélögin hafa ekki fjármagn til að leggja í byggingar, einmitt þau sveitarfélög sem þurfa fyrst og fremst á því að halda.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess eftir þessar umræður að koma í ræðustól og þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um frv., jafnframt því sem ég þakka nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli.

Ég held að jafnvel þó að frá nefndinni hafi komið þrjú nál. um þetta frv. megi almennt segja, bæði að því er varðar innihald nál. og eins þær umræður sem hér hafa orðið, að það séu almennt jákvæð viðhorf stjórnmálaflokkanna á þingi til kaupleigukerfisins. Þetta er í samræmi við þau viðbrögð sem við verðum mikið vör við í félmrn. vegna þess að þangað er mikið haft samband af sveitarfélögunum sem hafa verið að spyrjast fyrir um gang þessa máls og hvort vænta megi þess að frv. verði að lögum fyrir þinglausnir. Enda er það svo að nokkur fjöldi umsókna liggur hjá Húsnæðisstofnun um kaupleiguíbúðir og hafa þær legið þar allt frá því sl. haust.

Það er m.a. ein ástæða þess að ég tel nauðsynlegt að lögfesta þetta frv. þegar á þessu þingi sem þá kannski að hluta til svarar því sem fram kom hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur sem taldi að það væri í lagi að bíða með lögfestingu frv. þar til síðar á árinu. Ég tel að húsnæðisvandinn sé svo mikill hjá okkur, sérstaklega úti á landsbyggðinni, að það muni um að geta nýtt þær 273 millj. sem nú eru á fjárlögum og ætlaðar eru í kaupleiguíbúðir. Verði þetta frv. að lögum fyrir þinglausnir er þegar hægt að hefjast handa um framkvæmdir á 120–150 kaupleiguíbúðum.

Ég vil líka í þessu sambandi vitna til þess að í bréfi sem ég hef fengið frá Byggðastofnun um vandann í húsnæðismálum á landsbyggðinni kemur einmitt fram orðrétt, með leyfi forseta: „Í viðtölum við fjölda sveitarstjórnarmanna á lífvænlegum stöðum á

landsbyggðinni koma húsnæðismálin oft upp sem stærsta byggðavandamálið að þeirra mati.“

Einnig kemur fram í þessu bréfi að Byggðastofnun leggur áherslu á að ástand húsnæðismála á landsbyggðinni er þannig að brýnt sé að gripið verði til aðgerða þegar í stað.

Þó að 120 eða 150 kaupleiguíbúðir, sem hægt væri að hrinda af stað kannski upp úr miðju ári, leysi vissulega ekki þann mikla vanda sem við er að glíma á landsbyggðinni þegar í stað eru þær þó skref í áttina og vonandi yrðu þessar 120–150 kaupleiguíbúðir einungis fyrstu íbúðirnar af mörgum sem geta átt hlut að því að leysa þann húsnæðisvanda sem landsbyggðin býr við.

Ég er ekki að öllu leyti sammála því sem fram kemur í nál. meiri hl. að þar sem einungis 14 aðilar sendu umsagnir um frv. af sennilega rúmlega 200, sem var sent þetta mál til umsagnar, hafi einungis 14 séð ástæðu til að svara og því megi draga þá ályktun að það virðist lítill áhugi á frv. Það er a.m.k. annað en ég hef orðið vör við og annað en finna má í áliti aðila sem hafa tjáð sig um þetta mál.

Ég nefni, af því að hér hafa verið prentaðar með þessu nál. umsagnir þær sem bárust nefndinni, t.d. umsögn Verkamannasambands Íslands, sem mér barst 18. apríl, þar sem lýst er eindregnum stuðningi við frv. og framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands skorar á Alþingi að sjá til þess að frv. verði að lögum þegar á þessu þingi. Ég sé einnig ástæðu til að geta um, af því að það hefur komið fram hjá ýmsum að þeir telji eðlilegra að kaupleigufrv. hefði fallið inn í heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni, umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga sem í lokin ályktar á þá leið að það hefði átt að falla inn í heildarendurskoðun, en segir þó, með leyfi forseta: „Hins vegar fer það ekki milli mála að kaupleigukerfið er áhrifaríkasta aðferðin til að bæta ástandið í húsnæðismálum víða um landið og til að laða að fólk til tímabundinnar búsetu sem gæti ílengst í byggðarlögunum.“

Þetta er einmitt kosturinn við kaupleigukerfið, sem kemur fram í þessari umsögn, að það býður upp á þá möguleika að laða fólk út á landsbyggðina þar sem boðið er upp á bæði val um kaup og leigu og eins getur fólk greitt fyrir íbúðina með föstum mánaðarlegum greiðslum.

Ég nefni einnig í lokin, og ætla ég ekki að tíunda fleira úr þessum ályktunum þó ástæða væri til vegna þess að ýmislegt kemur fram í þeim sem mælir með samþykkt frv., ályktun frá félagsfundi sem haldinn var á Reyðarfirði 28. mars 1988, en fundurinn var um fjárfestingar í íbúðarhúsnæði á Austurlandi. Í þeirri ályktun kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Við teljum stjórnvöld vera á réttri leið þar sem nú þegar er komið af stað frv. til laga um kaupleiguíbúðir sem kynnt hefur verið hér í kvöld.“

Herra forseti. Ég skal láta þetta nægja sem rök mín fyrir því að það sé nauðsynlegt að lögfesta þetta mál þegar á þessu þingi.

Í lokin, herra forseti, vil ég koma inn á það sem fram kom í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann hefur lagt fram tvær brtt. Í fyrsta lagi er um að ræða brtt. um að heimilt verði að veita 95% lán til kaupleiguíbúða. (**SJS:** Félagslegra íbúða í sérstökum tilfellum.) Til félagslegra kaupleiguíbúða í sérstökum tilfellum. Út af fyrir sig þá skil ég vel hvað býr að baki þessum tillöguflutningi hjá hv. þm., en ég vænti þess, og það kom fram í minni framsöguræðu við 1. umr. málsins, að lífeyrissjóðirnir muni í nokkrum mæli koma inn í fjármögnun á kaupleiguíbúðum, þ.e. að því er varðar hluta sveitarfélaganna. Ég tel að það þjóni bæði hagsmunum lífeyrissjóðanna og sveitarfélaganna ef sú verður raunin og getum við minnst þess að það er oft rætt um það hér í þingsölum að fjármagn lífeyrissjóðanna gangi fyrst og fremst hingað til Stór-Reykjavíkursvæðisins. En með því móti að lífeyrissjóðirnir seldu sveitarfélögunum skuldabréf væri fjármagnið eftir á stöðunum. Og þó að hv. félmn. eða meiri hl. hennar hafi lagt fram till. um að það falli úr frv. þar sem kveðið er á um slíkt er slíkt vissulega til staðar og þarf ekki að binda í lög.

Að lokum vil ég nefna það í brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í lið 3, 4 og 5 að þær miði að því að opna fyrir hlutareign í félagslega kaupleigukerfinu. Því er til að svara að þessi kostur er nú þegar fyrir hendi skv. c-lið 33. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og nánar er kveðið á um það í 58. gr. húsnæðislaganna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er aðilum að byggja leiguíbúðir skv. c-lið 33. gr., að selja leigutaka eignarhluta í íbúð með þeim kvöðum að eignarhluti kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni en greiði síðan með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu auk vaxta. Nánari reglur um eignarhluta leigutaka skulu settar í reglugerð.“

Þetta er helsta ástæðan fyrir því að ekki var tekin upp hlutareign í félagslega kerfinu vegna þess að við álitum að hún væri þegar til staðar.

Að því er varðar það, sem fram hefur komið í þessari umræðu, að lítið hafi verið tekið tillit til búsetuhreyfingarinnar eða átta félagasamtaka sem vinna að húsnæðismálum tel ég að það sé ekki rétt vegna þess að á vinnslustigi þegar frv. var í undirbúningi voru þessum félagasamtökum einmitt kynntar tillögur sem lágu fyrir um kaupleiguíbúðir og það var einmitt tekið tillit til ábendinga sem fram komu hjá þeim um að færa hlutareign inn í almenna kerfið, almennar kaupleiguíbúðir. Ég trúi því að slíkt form, hlutareign í almenna kerfinu þar sem engin tekjumörk eru, muni líka geta gagnast til að mynda búsetahreyfingunni vegna þess að ég hef margoft heyrt þá tala um að tekjumörkin í félagslega kerfinu séu oft annmarki að því er þeirra félagsmenn varðar. Ég tel að það sé ekki sanngjarnt að halda því fram að ekki hafi verið tekið tillit til ábendinga þessara aðila.

Ég vil segja það, af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á þessa hlutareign, að hún

hentaði vel öldruðum, að ég er sammála hv. þm. um að hlutareign getur mjög vel hentað öldruðum og það atriði er til staðar bæði í félagslega kerfinu og eins í almenna kerfinu verði þetta frv. að lögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, vil þó í lokin nefna það sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að hann taldi, eða það var hans spá, að það mundi koma í ljós að sveitarfélögum mundu, ef frv. yrði lögfest og þau færu að íhuga þessa tvo kosti, verkamannabústaðakerfið annars vegar og kaupleigukerfið hins vegar, frekar velja verkamannabústaðakerfið. Ég get ekki verið sammála hv. þm. um það vegna þess að ég tel að kaupleiguformið bjóði ótvírætt upp á kosti sem ekki eru fyrir hendi í verkamannabústaðakerfinu. Ég hygg að það hljóti að vera akkur sveitarfélaganna að laða til sín fólk út á landsbyggðina til búsetu. Ég hygg að einmitt það form að geta boðið fólki fyrst upp á leigu og síðan upp á kaup á íbúðinni, ef það vill ílengjast þar, muni einmitt henta vel til að laða fólkið út á landsbyggðina. En þetta er ekki fyrir hendi í verkamannabústaðakerfinu.

Hv. þm. hafði áhyggjur af vanmegnugri sveitarfélögunum og get ég vissulega tekið undir það, en það ber líka á að líta að margt fólk hefur ekki getað nýtt sér þann hagstæðasta valkost sem við höfum í dag, sem er verkamannabústaðakerfið, af því að það hefur ekki getað staðið undir greiðslubyrði á þeim 15% sem það þarf að leggja fram í verkamannabústaðakerfinu sem getur verið kannski á bilinu 500–700 þús. kr. Þess vegna, ef horft er til fólksins sem fengi aðgang að slíkum íbúðum, er það að því leyti mun hentugra fyrir fólkið sem ekki á þá reiðufé til að leggja fram þessi 15% vegna þess að það þarf einungis að greiða fastar mánaðargreiðslur. Ég vitna til þess, með leyfi forseta, að það kom einmitt fram í milliþinganefnd, sem starfaði um húsnæðismál fyrir einu eða tveimur árum, hjá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga að hann benti á að það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu getur ekki risið undir vöxtum og afborgunum af lánum til kaupa á íbúð í verkamannabústað. Hv. þm. nefndi að til væri heimild í verkamannabústaðakerfinu um að lána 100% til einstaklinga sem illa eru staddir. Það er vissulega rétt, en á það ber að líta að þessi 15% eru einungis lánuð til stutts tíma eða til þriggja ára og samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengu 10% þeirra sem fengu lán hjá Byggingarsjóði verkamanna á sl. ári þetta viðbótarlán.

Þetta vildi ég láta kom fram, herra forseti, við þessa umræðu um leið og ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir afgreiðslu á frv. og til þess jákvæða viðhorfs sem mér finnst hafa komið fram hjá þeim sem hafa tjáð sig um þetta mál við þessa umræðu.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Aðeins vegna fyrirspurnar sem kom fram áðan frá 6. þm. Norðurl. e. varðandi meðferð þessa máls að því er varðar húsnæðismálastjórn vil ég að það komi fram, sem raunar kemur fram í nál., að húsnæðismálastjórn sendi ekki umsögn um frv. og eftir eftirgrennslan um þetta atriði, sem er óvenjuleg, var formanni nefndarinnar skýrt frá því að það hefði ekki verið samstaða um að senda þessa umsögn eins og um var beðið, en nánari skýringar hef ég ekki á því. Ég tek undir að það er óvenjulegt, enda kemur það fram í nál. sjálfu.

Ég get bætt því við að okkur þótti nefndarmönnum almennt að umsagnir bærust of fáar frá ýmsum mikilvægum aðilum sem fjalla um húsnæðismálin. Þar á ég við aðila vinnumarkaðarins eins og atvinnurekendur og fulltrúa lífeyrissjóða sem þetta mál snertir mjög mikið.

Ég sé enga ástæðu til að ræða þetta mál efnislega. Ég vona að það sem að er stefnt í þessu miðað við þá ákvörðun og það samkomulag sem formenn stjórnarflokkanna gerðu nái fram að ganga og m.a. er gert ráð fyrir þar að sveitarfélög sem hafa bága aðstöðu fái aðstoð í þrjú ár, 110 millj. kr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653, n. 885.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til l. um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum. Þetta er frv. á þskj. 653 um að við 5. mgr. 58. gr. laganna komi viðbót: Að lán skv. b- og c-liðum 33. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr. og lög þessi öðlist þegar gildi.

En hér er um að ræða, eins og sjálfsagt flestum er kunnugt, Byggingarsjóð verkamanna, þ.e. b-liðinn, um leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu með hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun, og hins vegar c-lið sem er leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og eða ríkisins eða af félagasamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja. Þessi lán eru skv. gildandi lögum til 30 ára, en þessi till. gerir ráð fyrir að þarna yrðu lánin lengd til 43 ára í samræmi við lán til verkamannabústaða.

Frv. var sent til umsagnar fjölda aðila, samtaka sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, Húsnæðis-

stofnunar og samtaka átta aðila um húsnæðismál o.fl. Umsagnir sem borist hafa eru flestar jákvæðar um nauðsyn þessarar lagabreytingar og gildi hennar.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta rita allir nefndarmenn, auk formanns Birgir Dýrfjörð, Geir H. Haarde, Óli Þ. Guðbjartsson, Jón Kristjánsson, Kristín Einarsdóttir og Eggert Haukdal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Frv. VE og MB, 299. mál (skipting lána milli kjördæma o.fl.). — Þskj. 603, n. 886.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 886 um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 54/1986, lög nr. 27/1987 og lög nr. 84/1987, frá félmn.

Hér er um að ræða 299. mál Alþingis, frv. sem þeir flytja hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og Matthías Bjarnason.

Nefndin sendi frv. til umsagnar fjölda aðila, samtaka sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, Húsnæðisstofnunar ríkisins o.fl. Svör hafa borist frá Alþýðusambandi Íslands og Fjórðungssambandi Norðlendinga og raunar eftir að umsagnartími var liðinn frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem barst hingað í Alþingi núna um síðustu helgi.

Nefndin er sammála um að hugmynd flm. um skiptingu ráðstöfunarfjár milli kjördæma geti átt fullan rétt á sér en sé vandmeðfarin og geti í sumum tilfellum orkað tvímælis. Þess vegna sé eðlilegt að undirbúa slíka breytingu með ítarlegri könnun og meiri reynslu varðandi skiptingu útlána. Það kemur raunar fram í grg. með frv. að flm. eru fyrst og fremst að vekja athygli á mjög þörfu máli en ætlast ekki til að það verði afgreitt heldur notað sem innlegg inn í þær umræður um húsnæðiskerfið sem fyrir dyrum standa.

Í umsögnum sem ég gat um áðan er jákvætt tekið undir þetta mál, en þó telur t.d. Fjórðungssamband Norðlendinga að á öllum þeim úrræðum sem frv. gerir ráð fyrir sé sá megingalli að hér sé verið að koma á eins konar kvóta sem ekki er fyrir séð að auki fjárfestingu landsbyggðarmanna heima fyrir.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur fram að það sé ekki enn komin reynsla á skiptingu útlána eftir landshlutum þannig að einhlítur dómur verði lagður á flutning fjármagnsins milli landshluta og mjög orki tvímælis að mismuna einstaklingum eftir búsetu í húsnæðislánakerfinu.

Einnig hefur komið fram sú gagnrýni að ef slíkur tilflutningur yrði á ráðstöfunarfé gæti það jafnvel útilokað byggðarlög sem af einhverjum ástæðum fengju allt í einu möguleika á því að auka sín umsvif vegna góðæris að einhverju stigi og þá kæmi það í veg fyrir að sá kvóti sem viðkomandi hefði nægði til að sinna aukinni byggingarþörf.

Nefndin er sammála um að efni frv. sé athyglisvert innlegg í þá heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu sem áformuð er samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta rita auk formanns Óli Þ. Guðbjartsson, Geir H. Haarde, Birgir Dýrfjörð, Jón Kristjánsson, Kristín Einarsdóttir og Eggert Haukdal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. SV o.fl., 428. mál (flutningskostnaður innan lands). — Þskj. 778.

Flm. (Stefán Valgeirsson):

Herra forseti. Á þskj. 778 hef ég leyft mér að flytja frv. um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ásamt mér eru flm. hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Óli Þ. Guðbjartsson og Ragnar Arnalds.

Greinin er þannig: „Á eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þó heimilt við útreikning söluskatts að draga frá heildarandvirði vöru þann hluta þess sem rekja má beint til flutningskostnaðar á milli staða innan lands, enda skal álagning á þann hluta innkaupsverðsins óheimil. Fjmrh. setur nánari reglur um þennan frádrátt."

Þetta er ekki nýtt mál. Það hefur verið fjallað um hvernig sé hægt að jafna flutningskostnaði niður þannig að vöruverð verði sem líkast hvar sem er á landinu. Það var samþykkt þáltill. um þetta efni 10. apríl 1973 þess efnis að skipuð yrði nefnd til að athuga og gera tillögur um verðjöfnun vöruflutninga innan lands eða eins og segir í ályktuninni:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd til þess að

1. kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu;

2. skila áliti um hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu verðjöfnunarsjóðs þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til;

3. kanna hver kostnaður væri af rekstri slíks sjóðs

og hver ætla mætti að yrðu þjóðhagsleg áhrif af starfrækslu hans;

4. gera tillögur um bætt skipulag vöruflutninga á sjó, á landi og í lofti. Skulu þá m.a. hafðar í huga breytingar á tilhögun flutninga frá helstu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna í landinu.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði" eins og venjulega er með slíkar nefndir.

Ég held að það hafi verið með þessa nefnd eins og margar aðrar sem hafi verið skipaðar á undanförnum árum. Hún skilaði áliti. Lítið var gert með þetta álit. Og þegar var verið að reyna að finna þessa skýrslu þurfti töluvert að leita til að finna hana. Ég verð að játa að ég áleit að aðrir hefðu verið í nefndinni en reyndust hafa verið þar og kann að vera að ég hafi átt einhvern hlut í því máli að þetta plagg fannst ekki. En það var í októbermánuði 1976 sem nefndin skilaði áliti sínu.

Tillögurnar sem frá henni komu voru m.a. þessar, með leyfi forseta:

1. Fallið verði frá hugmynd um verðjöfnun allra vöruflutninga með stofnun sérstaks verðjöfnunarsjóðs.

2. Skattkerfinu verði breytt í því skyni að jafna aðstöðumun vegna mismunandi framfærslukostnaðar. Hagstofunni verði jafnframt falið að gera könnun á framfærslukostnaði á mismunandi stöðum í landinu.

Ég ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni flutti um þetta efni tillögu sem ekki hlaut náð fyrir augum hv. þm. án þess þó að muna þá eftir að þessi tillaga kom fram frá þessari milliþinganefnd sem ég er að fjalla um.

Síðan er hér talað um að styrkja verslunarþjónustu í dreifbýli eins og þar stendur og enn fremur að kanna möguleika á endurskipulagningu samgangna til einstakra svæða í því skyni að ná sem ódýrastri tilhögun flutninga fyrir samfélagið í heild með opinberum styrkjum ef til þarf.

Það má segja að það eina sem hafi komið út úr þessari nefnd eða hafi verið framkvæmt var það að hún lagði einnig til að það yrðu skipulagðar ferðir Skipaútgerðar ríkisins og fengið nýtt skip til þess að annast slíka flutninga og að þeir flutningar mundu verða skipulagðir þannig að þeir yrðu með viku millibili á þá staði sem þurfa á þessum flutningum fyrst og fremst að halda.

Ég vil ekki tefja tímann með því að lesa upp þær tillögur allar sem frá nefndinni komu, en verð að segja að þetta er dálítið merkilegt plagg. Þeir sem voru í nefndinni voru Vilhjálmur Hjálmarsson alþm., Gunnar Gíslason, Sverrir Hermannsson, Haukur Hafstað og Magnús Reynir Guðmundsson. En þegar Vilhjálmur tók við ráðherraembætti tók Halldór Ásgrímsson núv. sjútvrh. sæti Vilhjálms og var formaður þessarar nefndar. Fleiri breytingar urðu á nefndinni, en ég læt þetta nægja um þessa nefnd.

Það sem við erum að fara fram á, flm. þessa frv., er að það verði komið til móts við landsbyggðarfólkið með því móti að fella söluskatt niður af flutningum á milli staða innan lands. Til þess að sé hægt að fylgjast nógu vel með því að þetta verði gert sé verslunum ekki heimilt að leggja verslunarálagningu á þennan hluta kostnaðar vörunnar.

Ef ég tek það dæmi sem er í þessari skýrslu og reikna það út hvaða áhrif þetta mundi hafa á verðlag, þá er dæmið sem þeir taka vörur fyrir 1000 kr. og þeir taka ýmsar vörur, bæði sekkjavörur og aðrar vörur, til viðmiðunar. Þeir segja flutningskostnaðinn með tryggingu 110 kr., smásöluálagningu 25% og svo vitum við hver söluskatturinn er. Ef maður tekur þetta bókstaflega eins og þetta dæmi er sett upp mundi muna þarna 4–5% sem þetta mundi lækka vöruna, þ.e. það er sú kvöð sem ríkið setur á þá sem búa annars staðar vegna þess að varan fer fyrst og fremst um Reykjavík. Hér er því um mikið réttlætismál að ræða.

Ég ræddi þetta aðeins við hæstv. fjmrh. og hann nefndi enn hærri tölu en ég er að nefna, hvaða áhrif þetta mundi geta haft, og minntist á að einhver hefði slegið því fram að það gæti munað allt að 6%. Nú fer þetta auðvitað eftir því hver er viðmiðunarstaðurinn. Flutningskostnaðurinn er breytilegur. Við sjáum hve mikið ranglæti er hér á ferðinni.

Með leyfi forseta ætla ég aðeins að grípa niður í skýrsluna með nokkrum orðum vegna þess að ég hygg að þar komi fram þau rök sem ég vildi hafa fyrir mínu máli. Eins og ég sagði er þetta niðurstaða milliþinganefndar sem er skipuð af þeim þingflokkum sem áttu sæti á Alþingi á árinu 1973, með leyfi forseta:

„Eins og áður er getið hefur hækkun söluskatts á undanförnum árum tvímælalaust aukið ójöfnuð í landinu. Og að því má færa nokkur rök að rétt væri að breyta söluskattskerfinu þannig að það verkaði til jöfnunar á framfærslukostnaði. Sú leið sem kæmi fyrst og fremst til greina væru nokkuð misháar prósentur söluskatts eftir landshlutum.

Við nánari skoðun virðast vera ýmsir vankantar á þessari leið. Hin misháa prósenta þyrfti að ná til allra vörutegunda þannig að allar vörur í tilteknum landshlutum væru seldar með sömu söluskattsálagningu. Önnur leið er ekki fær, enda er alkunna að illmögulegt er að hafa eftirlit með innheimtu söluskatts ef hann er mishár eftir vörutegundum hjá sama aðila, enda þótt sama skatthlutfall yrði látið gilda á öllum söluskattsskyldum vörum á hverju svæði og veruleg hætta á misferli sem erfitt yrði að hafa virkt eftirlit með."

Hér er sú leið aftur á móti, sem við leggjum til sem flytjum þetta frv., þ.e. að taka söluskattinn af flutningskostnaðinum alveg út og heimila ekki álagningu verslunar á þann hluta verðsins. Það er enginn vandi að hafa eftirlit með því.

Það hefði verið fróðlegt og gaman að setja inn í þingtíðindi meira upp úr þessari skýrslu, ekki síst vegna þess hverjir það voru sem sömdu hana, en hér eru fáir inni og hefur ekki mikla þýðingu að ræða

mál yfirleitt hér, sannleikurinn er sá, hvort sem það eru réttlætismál eða önnur mál. Það kemst ekki nema á þrykk í þingtíðindum sem fáir lesa.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

81. fundur, miðvikudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Heimild fyrir Reykjavíkurborg að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 3. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824, n. 902.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um þetta mál. Nál. er svona:

„Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.“

Undir þetta rita sá sem hér stendur, Guðmundur Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Frv. snýst um það að hækka sektir fyrir ýmis brot, aðallega umferðarlagabrot, sem ekki hafa verið hækkaðar síðan 1982. Er hér fyrst og fremst um að ræða hækkun sem samsvarar verðbólgunni og verðlagsbreytingum sem orðið hafa á þessu tímabili.

Í öðru lagi er þarna heimild til að gera réttarsátt, víðtækari en nú er, sem mun spara mikla vinnu hjá dómstólunum. Það má núna gera réttarsátt um brot fyrir t.d. ítrekaðan ölvunarakstur ef ætla má að dómur sé innan við eitt ár, en skv. frv. má gera réttarsátt í málum vegna ökuskírteinissviptingar allt að þremur árum og er talið að þetta muni spara mikla vinnu hjá dómstólunum.

Ég held að það sé kannski ástæða til að ræða enn frekari hækkun á þessum sektum. Við höfum orðið vitni að því í fjölmiðlum upp á síðkastið að mikið er um hraðakstur og talsvert um alvarleg slys sem hafa orðið af völdum hraðaksturs. Það virðist ekki vera að núverandi sektarupphæðir hafi nein áhrif á það. En nefndin gerir samt ekki tillögur um neina hækkun á þessu umfram það sem þarna er lagt til af ráðuneytinu og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. MF og SkA, 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 789.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 789 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um breytingar á lögum nr. 10/1960,

um söluskatt, með síðari breytingum. Breytingin hljóðar þannig:

„1. gr. Á eftir 6. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Einnig eru iðgjöld af tryggingum bifreiða öryrkja undanþegin söluskatti. Fjmrh. setur í samráði við heilbrmrh. reglugerð um tilhögun þessarar undanþágu.

2. gr. Lög þessi gilda fyrir tryggingaárið frá 1. mars 1988 og áfram."

Í stuttri grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að tryggingaiðgjöld hækkuðu nú nýverið um nærri 100%. Hafa þingmenn Alþb. flutt um það tillögu hvernig lækka megi tryggingaiðgjöld.

Hér er flutt frv. um afmarkaðan þátt þessa máls, þ.e. iðgjöld af bifreiðum öryrkja. Það má öllum ljóst vera að iðgjöld af bílatryggingum eru láglaunafólki öllu ofviða, að ekki sé talað um fatlaða. Munurinn er hins vegar sá að fatlaðir eiga margir engan kost á því að komast um nema með bifreið. Hækkunin á iðgjöldunum jafngildir þess vegna algjöru ferðabanni á fjölda þessa fólks. Því er hér lagt til að ríkið felli niður söluskatt af iðgjöldum bíla fatlaðra.

Þetta frv. er í samræmi við ábendingar sem komið hafa fram frá fötluðum."

Mér hefur líka borist tillaga frá framkvæmdaráði Öryrkjabandalags Íslands, lögð fram á stjórnarfundi 22. mars sl. Þar segir, með leyfi forseta: „Stjórn Öryrkjabandalags Íslands skorar á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því að bótaþegar Tryggingastofnunar ríkisins sem eiga bifreiðar verði undanþegnir söluskatti af iðgjöldum bifreiðatrygginga. Rökstuðningur gegn því að leggja söluskatt á iðgjöld bifreiðatrygginga er að í raun er um tvísköttun að ræða þar sem tryggingafélögin greiða söluskatt af þeirri þjónustu sem þau kaupa vegna bifreiðaviðgerða, svo sem af varahlutum og viðgerðarþjónustu. Samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum eru sambærilegir skattar ekki lagðir á iðgjöld bifreiðatrygginga á öðrum Norðurlöndum. Margir öryrkjar geta ekki án bifreiðar verið þar sem samfélagið kemur að litlu leyti til móts við þá með almenningssamgöngum. Þá eru iðgjöld bifreiðatrygginga að viðbættum söluskatti umtalsverður hluti tekna fjölda þeirra sem fá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og er þeim gert ókleift með þessu fyrirkomulagi að starfrækja eigin bifreið.

Að lokum skal bent á að iðgjöld auk söluskatts geta numið hærri upphæð en nemur bensíneyðslu á ári þar sem margir öryrkjar verða vegna fötlunar sinnar að hafa til umráða rúmgóðar bifreiðar en af þeim þarf að greiða hærri iðgjöld en af smábifreiðum."

Þetta var samþykkt 22. mars 1988 á stjórnarfundi Öryrkjabandalags Íslands.

Við greinargerð, þó stutt sé, með þessu frv. er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Og hvað þá þegar búið er að lesa upp þessa samþykkt sem framkvæmdaráð Öryrkjabandalags Íslands gerir 22. mars sl. Það er deginum ljósara að öryrkjar þurfa mjög á því að halda að geta átt og rekið bifreið. Hins vegar hafa iðgjöld hækkað svo mikið að stórum hópi þessa fólks er gert nær ókleift að reka eigin bifreið. Það sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá nú greitt mánaðarlega er elli- og örorkulífeyrir 8535 kr. á mánuði, tekjutrygging óskert 15247 kr., heimilisuppbót 5183 kr., sérstök heimilisuppbót 3565 kr. Hæst geta þessar greiðslur farið í 34 000 kr. Vasapeningar öryrkja sem eru á stofnunum eru á mánuði: 4423 kr. eða 5263 kr. Það segir sig sjálft að öryrkjum, sem flestir eru með bifreiðar sínar kaskótryggðar, oft og tíðum stórar bifreiðar, þurfa að greiða um 40–50 þús. kr. á ári í iðgjöld, duga ekki þessir vasapeningar sem þeim eru ætlaðir til að lifa af, til þess að kaupa sér fatnað, til þess að ferðast um og sinna öllu því sem þeir þurfa fyrir utan það sem þær stofnanir sem þeir búa á geta veitt þeim. Þá er ekkert eftir til að greiða iðgjöld af eigin bifreið sem er þó oft og tíðum lífsnauðsynleg fyrir þetta fólk til þess að komast um því eins og segir í rökstuðningi með þeirri samþykkt sem Öryrkjabandalagið gerði eru almenningssamgöngur þannig að það er í mjög fáum tilvikum sem þær sinna þörfum öryrkja.

Í stuttu máli má segja að bifreiðar eru mörgum öryrkjum lífsnauðsyn. Það er dýrt að eiga bifreið. Öll viðgerðagjöld hafa hækkað. Þau hækkuðu t.d. á síðasta ári um 40%. Sú hækkun út af fyrir sig gerir öryrkjum erfitt um vik, en þegar iðgjöldin bætast ofan á og þar af leggur ríkið 25% skatt á iðgjöldin, ¼ af því sem þessu fólki ber að greiða, þá þykir manni það eðlilegt og sjálfsagt að ríkið felli þessa gjaldtöku niður og komi til móts við þarfir þessa fólks og við þekkjum vel þau kjör sem það býr við.

Ef ætti að segja þetta í tveimur, þremur setningum, sem væri í sjálfu sér nóg, þá er það þetta: Það er nauðsynlegt fyrir margan öryrkjann að eiga bifreið og reka, en það er dýrt í dag og öryrkjar eiga ekki peninga.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta neinu við það þarfa mál sem hér var flutt né orð hv. 1. flm., öðru en því að ég styð þetta mál heils hugar. Af þeim orðum sem hún mælti og af þeim tölum sem hún gaf hv. þm. ætti engum að blandast hugur um hve staða öryrkja almennt er erfið og þetta er sjálfsagt réttlætismál. Þess vegna tek ég heils hugar undir erindi þessa frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 1. umr.

Frv. HBl o.fl., 416. mál (binditími fjár o.fl.). — Þskj. 766.

Flm. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á undanförnum þingum hefur um fátt verið meira rætt en það hvernig leysa eigi úr húsnæðisþörf fólks. Hefur umræðan aðallega snúist um hvernig unnt sé að afla nægilegs fjár sem síðan verði endurlánað til þeirra sem kaupa eða byggja húsnæði, en minni athygli hefur beinst að hinu, hvernig hægt sé að hjálpa ungu fólki eða öðrum sem vilja ráðast í kaup á húsnæði eða endurbætur á húsnæði sem það á til að undirbúa sig undir þá miklu fjárfestingu sem slík ákvörðun hefur í för með sér. Ég geri ráð fyrir að ástæðan fyrir því hversu þetta mál var lengi vel lítið rætt sé sú að húsnæðislán voru óverðtryggð og menn höfðu reynslu fyrir því að þau mundu á tiltölulega skömmum tíma étast upp þannig að greiðslubyrði almennings af íbúðum eða íbúðarhúsum var mjög minnkandi frá einu ári til annars og hvarf mjög fljótlega þannig að húsnæðismálin af þeim sökum voru rædd í allt, allt öðru ljósi en nú.

Ég man eftir því þegar við vorum að ræða um húsnæðismálin á þeirri tíð þegar hv. 7. þm. Reykv. Svavar Gestsson var húsnæðisráðherra að sú hugsun skaut þá upp kollinum hjá einstaka ræðumanni hvernig við gætum með opinberum ráðstöfunum hvatt til þess að fólk legði til hliðar áður en það legðist í hina miklu fjárfestingu ...

Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram að ég skal ekki gera athugasemd við það að hæstv. félmrh. er ekki við þessa umræðu, en ég á hér annað mál á dagskrá sem varðar húsnæðislögin í heild og vildi af því tilefni óska þess að hann gæti verið viðstaddur þá umræðu svo hægt sé að tala við hæstv. félmrh. almennt um húsnæðismálin, einstaka liði, í tengslum við þær hugmyndir sem ég hef uppi um þessa málaflokka.

Ég vil líka, herra forseti, leggja áherslu á í þessu samhengi að í þeim umræðum sem ég hef átt við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál, úrbætur í þeim um nokkur ár, hafa einmitt fulltrúar Alþýðusambands Íslands lagt ríka áherslu á að nauðsynlegt sé að gefa ungu fólki kost á að undirbúa sig betur en ella áður en það leggur í þvílíka fjárfestingu sem það er að eignast íbúð. Ég vil einnig, herra forseti, rifja upp að í tíð hæstv. síðustu ríkisstjórnar talaði sá hv. þm. sem nú skipar sæti hæstv. félmrh. mjög um húsnæðissparnaðarreikningana og var þá mjög áfram um að þeir yrðu galopnaðir þannig að þeir gætu einnig náð til þess sem kallað var Búseti, en áhugi fyrir því rekstrarformi hefur farið mjög minnkandi hin síðustu missirin og eru önnur nöfn komin upp í staðinn, aðrar hugmyndir, eins og t.d. kaupleiguíbúðir. Þess vegna hefði mér þótt eðlilegt að sá hæstv. ráðherra hefði verið viðstaddur, líka vegna þess að hann sýndi húsnæðissparnaðarreikningunum mjög mikinn áhuga, þó af öðrum ástæðum sé en hjá mér, meðan hann var óbreyttur þingmaður.

Ég vil í fyrsta lagi víkja að þeirri gagnrýni sem komið hefur á húsnæðissparnaðarreikningana, en hún er sú að vakin hefur verið athygli á hversu fáir hafa nýtt sér það sparnaðarform sem hér er gert ráð fyrir. Nú þarf það á hinn bóginn ekki að koma svo mjög á óvart vegna þess að lögin um húsnæðissparnaðarreikningana eru frá miðju ári 1985, en einmitt um það leyti voru uppi háværar raddir um að staðgreiðslukerfi tekjuskatts yrði mjög fljótlega upp tekið og við munum það að í kjarasamningunum, sem gerðir voru í febrúar 1986, var frá því gengið milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að staðgreiðsla skatta yrði upp tekin hinn 1. jan. 1988. Það var því eðlilegt á þeim tíma, bæði á árunum 1986 og ég tala nú ekki um á síðasta ári, að menn hugsuðu sig almennt mjög mikið um hvaða hagræði þeir gætu haft af húsnæðissparnaðarreikningum þegar fyrir lá að sl. ár yrði í þeim skilningi skattlaust að ekki yrði lagður tekjuskattur á þær launatekjur sem menn ynnu sér inn á því ári. Þegar svo háttar missa auðvitað reikningar eins og húsnæðissparnaðarreikningarnir gildi sitt, menn hafa ekki sama ávinning af þeim og ella mundi og auðvelt að ímynda sér að þeir sem fyrirhyggju hafa í sínum sparnaði hafi á sl. ári talið aðrar sparnaðarleiðir sér vænni.

Þá hefur það einnig mjög háð húsnæðissparnaðarreikningum og raunar drepið þá að þegar lögin um þá voru sett, eða við skulum segja þegar lagafrv. um húsnæðissparnaðarreikninga var undirbúið á sínum tíma, hafði fulltrúi fjmrn. uppi mjög harðar kröfur um að viðurlög öll og reglur um þessa reikninga yrðu í upphafi mjög ströng og hélt því fram að ef mönnum sýndist svo síðar sem of djúpt hefði verið tekið í árinni í þeim efnum væri auðveldara að slaka á en fara á hinn veginn að herða reglurnar sem um húsnæðissparnaðarreikningana giltu.

Við fengum, hv. þm., ábendingar um þetta, sérstaklega frá Landsbankanum, á sl. ári og raunar á árinu 1986 líka, að þrátt fyrir töluverðar auglýsingar á þessum reikningum virtust þeir ekki ná vinsældum sem ég taldi raunar að ætti fyrst og fremst skýringu í því að skattleysisárið var yfirvofandi eða stóð yfir.

Nú horfir hins vegar þannig við að staðgreiðslan er orðin staðreynd. Það horfir þannig við að menn hafa af því vaxandi áhyggjur hvernig hægt sé að standa undir þeirri miklu lánsfjárþörf sem lýst hefur sér hjá Byggingarsjóði ríkisins, hjá húsnæðiskerfinu í heild, og almennt talað er það álitin ein af meginmeinsemdum okkar efnahagskerfis hversu nýr frjáls sparnaður í landinu sé í raun og veru lítill. Til þess að vinna á móti öllu þessu þrennu er auðvitað kjörið að reikningar eins og húsnæðissparnaðarreikningar, sem njóta ákveðinna skattfríðinda, séu virkir í okkar efnahagsuppbyggingu og við flm. þessa frv. höfum í þeim brtt. sem við höfum gert við lögin mjög stuðst við álit bankamanna sem um þessi

mál hafa fjallað. Vil ég þá víkja að einstökum efnisatriðum í þessu frv.

1. gr. frv. lýtur að því að í lögunum er gert ráð fyrir því að nauðsynlegt sé að greiðslur á húsnæðissparnaðarreikninga séu ársfjórðungslegar, reglulega einu sinni í ársfjórðungi. Við höfum í okkar frv. talað um að greiðslurnar séu eigi sjaldnar en tvisvar á ári, að það sé m.ö.o. gert upp við bankann tvisvar sinnum á ári, en þó reiðubúnir til þess að endurskoða þá tillögu þannig að vel má vera að nægilegt sé að innleggið á húsnæðissparnaðarreikningana sé árlegt og sé einnig hægt að losa um þetta ákvæði ef það yrði álit bankamanna. Ég hef á hinn bóginn vegna þeirrar andstöðu sem á sínum tíma kom upp í fjmrn. bundið mig við missirislegar greiðslur og álít raunar að það eigi ekki að verða ágreiningsefni og vel megi við það una.

Herra forseti. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að missirisgreiðslan nemi eigi lægri upphæð en 6000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 60 000 kr. sem skýrist eins og hægt er að sjá ef menn lesa lögin yfir.

Því er sem sagt haldið óbreyttu að lágmarkssparnaður á ári skuli vera 12 000 kr., en hámarksfjárhæð 120 000 kr. þó samkvæmt breytingum byggingarvísitölu og er miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. des. 1984 til 31. des. 1985. Ríkisskattstjóri gaf út auglýsingu 30. des. sl. og þar kemur fram að lágmarksfjárhæð skuli vera 24 571 kr. og hámarksfjárhæð 245 714 kr. Það má margfalda þessa fjárhæð m.ö.o. með 2,5 á þeim tíma sem liðinn er síðan lögin voru sett fyrir þremur árum.

Þá gerum við ráð fyrir að 3. mgr. falli niður, en þar stendur: „Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg, en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka sem getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga."

Við álítum að þetta sé allt of flókið, hafi ekki praktíska þýðingu og sé ástæðulaust að elta ólar við svo mikinn sparðatíning í lögum. Var vafasamt í upphafi að setja þessi ströngu ákvæði inn og reynslan hefur sýnt að þetta á ekki við.

Varðandi 3. gr. laganna er um mjög róttæka breytingu að ræða. Þegar húsnæðissparnaðarlögin voru sett á sínum tíma var gert ráð fyrir því að fé skyldi bundið í tíu ár til að njóta sparnaðarins ef ekki kæmi til þess að viðkomandi keypti íbúð eða réðist í umfangsmiklar endurbætur á íbúðarhúsnæði. Við leggjum til að þessi tími verði styttur í fimm ár og með sama hætti að ef um aldraða eða öryrkja er að ræða styttist tíminn í þrjú ár og gerum síðan ráð fyrir því að hægt sé að framlengja sparnað á húsnæðissparnaðarreikningum um eitt ár í senn sem er sjálfsagt þar sem hagræðið af skattalegum sparnaði er mest síðasta árið og ríkið getur ekki annað en haft bæði beinan og óbeinan hagnað af því að heimila slíka framlengingu húsnæðissparnaðarreikninga.

Varðandi 3. gr. leggjum við til að ýmis refsiákvæði sem voru í 5. gr. laganna áður falli niður en greininni breytt á þann veg að ef menn telja sér hagkvæmt eða nauðsynlegt að falla frá húsnæðissparnaðarreikningunum, geti ekki staðið við þær skuldbindingar sem þeir tóku á sig með því að hefja sparnað á húsnæðissparnaðarreikningum, sé heimilt að losa innstæðu, en þó þannig að viðkomandi njóti ekki þeirra skattfríðinda sem áður er búið að reikna inn á viðkomandi reikninga. M.ö.o. að reikningseiganda verði gert að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn ásamt sömu raunvöxtum af þeirri fjárhæð og reikningurinn hefur gefið. Þetta er eðlileg leiðrétting. Það er í mínum huga ástæðulaust að refsa mönnum fyrir að hafa lagt til liðar sjálfsaflafé sitt á þessum reikningum, en á hinn bóginn eiga þeir auðvitað ekki að njóta skattafsláttarins ef þeir geta ekki staðið við þá samninga sem húsnæðissparnaðarreikningarnir gera ráð fyrir með því að þeir þurfa að losa þær innstæður sem á þeim eru.

Í 5. gr. frv. leggjum við loks til að heimilt sé foreldri að stofna til sparnaðarreiknings í nafni barns síns og nýtist foreldrum þá skattafslátturinn. Binditími skal vera til 16 ára aldurs barns, en síðan gildi venjulegir skilmálar. Ég held að þetta sé mjög þarft ákvæði. Ég get að vísu bætt því við að það er álitamál hvort eigi t.d. að leyfa öfum og ömmum að stofna slíkan reikning í nafni barnabarna sinna því að slíkt fólk vill gjarnan með ýmsum hætti hjálpa ungviðinu að koma undir sig fótunum. Við vildum þó í þessari lotu binda okkur við foreldrana, en leggjum með þessu áherslu á það almenna markmið, sem húsnæðissparnaðarreikningunum fylgir, að verið sé að reyna að skapa því unga fólki kjölfestu sem á eftir að standa á eigin fótum og þarf síðar meir að afla sér fjár til þess að eignast íbúðarhúsnæði.

Ég þarf ekki að taka það fram að ef slíkir húsnæðissparnaðarreikningar yrðu almennir mundi á tiltölulega skömmum tíma draga mjög úr þeirri þörf sem nú er á félagslegu húsnæði og auðvitað á þeirri lánsfjárþörf sem við verðum varir við á hinum almenna markaði í Byggingarsjóði ríkisins. Ég legg í þessu samhengi sérstaklega áherslu á að það er einmitt að kröfu launþegasamtakanna sem sá háttur hefur nú verið tekinn upp í stjórn Húsnæðisstofnunar að láta athuga greiðslugetu viðkomandi áður en svarað er hvort hann sé talinn lánshæfur í Byggingarsjóði ríkisins.

Það hefði verið eðlilegt, herra forseti, að samhliða þessu frv. hefði komið til umræðu frv. á þskj. 797 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en það frv. er flutt sem fylgifrv. með þessu frv. Ég hafði ekki lesið frv. yfir um tekjuskatt og eignarskatt, en mér sýnist að 1. gr. þess eigi ekki við. Ég hafði að vísu skilað handriti að því frv. inn eins og það liggur fyrir á þskj., en hafði gert ráðstafanir til þess að 1. gr. yrði strikuð út þar sem ég var ekki staddur í borginni síðasta dag sem heimilt var að leggja fram þskj. og þarf að gera leiðréttingar á þessu þskj. af þeim sökum þar sem þær hafa ekki komist til skila.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það er af hinu góða að eyða töluverðum tíma í að ræða húsnæðismál, svo mikilvæg eru þessi mál fyrir alla þjóðina í heild sinni. Það hefði því verið æskilegt að hæstv. félmrh. hefði getað verið viðstaddur þessa umræðu, en ég mun ekki frekar en hv. síðasti ræðumaður gera kröfu um að hann verði sóttur.

Ég er alveg sammála því að það þarf að leita allra ráða til að auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð, stíga sín fyrstu spor á húsnæðisbrautinni, því nógu erfitt hefur það reynst flestum seinni árin að komast inn í hvort sem er eigið húsnæði eða leiguhúsnæði og ríkir nánast algjört öngþveiti í þessum málaflokki nú um stundir.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru, eins og hv. ræðumaður gat um áðan í máli sínu, töluvert algengir víða erlendis. Ég hef sjálfur haft af þeim góða reynslu og eru þeir m.a. mikið notaðir meðal ungs fólks í Danmörku þar sem ég þekki best til. Ég mundi kannski vilja rifja upp frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem við þingmenn Borgarafl. í Ed. fluttum líklega fyrir einum tveimur mánuðum þar sem við fjölluðum um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, þ.e. við komum með hugmyndir um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun þar að lútandi.

Óneitanlega tengist umræða um húsnæðissparnaðarreikninga töluvert umræðu um skyldusparnað ungs fólks. Ég vildi jafnvel varpa þeirri hugmynd hér fram að það væri vel hægt að hugsa sér þá lausn að ungt fólk, sem er gert að leggja til hliðar 15% af launum sínum eða launatekjum til Byggingarsjóðs ríkisins, ætti þann valkost að geta í stað þess stofnað húsnæðissparnaðarreikning í einhverjum banka sem væri með þeim ákvæðum og skilmálum sem lagt er til í frv. Það yrði þá valkostur að það væri ekki sjálfgefið að skyldusparnaður rynni til Byggingarsjóðs ríkisins heldur væri hverjum og einum frjálst að leggja hann inn á húsnæðissparnaðarreikning í staðinn.

Við vöktum athygli á því á sínum tíma þegar við vorum að ræða um skyldusparnað ungs fólks að það er mjög áberandi að unga fólkið hefur enga tiltrú á slíkum sparnaðarreikningum. Það sést best á því að innstreymi til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar er gífurlega mikið, en útstreymi vegna undanþáguákvæða ýmiss konar er nánast jafnmikið. Svo ég rifji upp var innstreymi til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar 1987 um 1110 millj. kr., en útstreymi vegna undanþáguákvæða ýmiss konar, fólk sem er í skóla, fólk sem af öðrum orsökum samkvæmt ýmsum lagaákvæðum þar að lútandi á rétt á því að fá skyldusparnaðinn greiddan út, tók út úr Byggingarsjóðnum 1025 millj. þannig að mismunurinn sem sat eftir inni er ekki nema 85 millj. kr. Það virðist því allt benda til þess að unga fólkið hafi enga trú á að spara saman fé til að kaupa sér íbúðir. Það gæti verið að unga fólkinu fyndist betra að fá að leggja skyldusparnaðinn inn á húsnæðissparnaðarreikning. Þar væri a.m.k. hægt að bjóða því upp á betri ávöxtun en verið hefur hjá Húsnæðisstofnun í Byggingarsjóði ríkisins. En ég held að það eitt sér dugi ekki til og það þurfi e.t.v. meiri hvatningu til. Þess vegna lögðum við til í okkar till. að sá valkostur væri fyrir hendi að hægt væri að gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um að skyldusparnaðurinn yrði að eignarhluta í íbúð sem Húsnæðisstofnun hefði þá frumkvæði að að láta byggja og að skyldusparnaðartímabilinu loknu ætti viðkomandi ákveðinn eignarhlut í íbúð sem hann hefði sparað saman á skyldusparnaðartímabilinu.

Ég varpa þeirri spurningu fram hvort það mætti hugsa sér slíkt sparnaðarform almennt, en fyrst og fremst langar mig til að vekja athygli á þeirri hugmynd að tengja saman skyldusparnaðinn og húsnæðissparnaðarreikningana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

81. fundur, miðvikudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Eftirfarandi bréf hefur borist, dags. 27. apríl 1988:

„Það tilkynnist hér með að ég verð fjarverandi vegna veikinda frá og með deginum í dag í nokkra daga og mun Níels Árni Lund, 1. varamaður á lista framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi, taka sæti mitt á Alþingi á meðan.

Steingrímur Hermannsson."

Þar sem Níels Árni Lund hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf kjörbréf hans ekki rannsóknar við og er hann boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Söluskattur, frh. 1. umr.

Frv. SV o.fl., 428. mál (flutningskostnaður innan lands). — Þskj. 778.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Mat á sláturafurðum, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 131.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 202. mál. — Þskj. 716.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. til Ed.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðissofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 605, n. 883, 887 og 888, brtt. 884, 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 887 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 23:3 atkv.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JónS, BDýr, KJóh, EKG, ÓE, ÓÞÞ, ÞP, PJ, RA, RH, SighB, NL, SJS, SvH, ÞP, AðB, SigG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirG, GHH, JK.

HG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS, SV, AG greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (MÁM, ÓÞG, ÞÞ, AS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel mikla þörf á að sem fyrst verði endurskoðuð í heild húsnæðislöggjöfin, ekki síst ákvæðin um félagslega íbúðakerfið. Fyrri ríkisstjórn lofaði slíkri endurskoðun, en sveik það fyrirheit. Núverandi ríkisstjórn hefur litlu sem engu þokað til betri vegar í húsnæðismálum. Vonir eru bundnar við nýjar leiðir í félagslegu íbúðakerfi, bæði kaupleigu- og búseturéttaríbúðir. Fyrirliggjandi frv. um kaupleiguíbúðir er hins vegar meingallað og hætt við því að þær vonir sem vaktar hafa verið um þetta mál, m.a. hjá sveitarfélögum víða um land, eigi eftir að reynast haldlitlar. Í stað handahófsbreytinga á húsnæðislöggjöfinni er spurt um heildstæðar lausnir og ekki síður um fjármagn til að hrinda þeim í framkvæmd. Að slíkum lausnum þurfa Alþingi og ríkisstjórn að vinna.

Herra forseti. Ég vil ekki leggjast gegn þeirri hugmynd um kaupleiguíbúðir sem býr að baki þessu frv., en þar sem brtt. frá Steingrími J. Sigfússyni á þskj. 884 hafa ekki hlotið stuðning meiri hl. félmn. sit ég hjá við atkvæðagreiðslu um þessa grein.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Borgarafl. hefur flutt heildstæðar tillögur um Húsnæðisstofnun ríkisins og húsbanka. Í þessum tillögum er gripið á öllu vandamálinu í heild, en þær tillögur sem hér hafa verið fluttar eru aðeins smáplástrar. Ég vil ekki leggja stein í götu þessa frv. og greiði því ekki atkvæði.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið leggur Kvennalistinn ríka áherslu á eflingu hins félagslega íbúðalánakerfis. Það markmið þyrfti að nást fram með þeirri endurskoðun sem boðuð hefur verið og stefnt er að að ljúki á þessu ári. Flaustursleg afgreiðsla á einum þætti þessa máls, þ.e. kaupleigu-

kerfinu, sem hér liggur fyrir, er ekki líkleg til árangurs. Því lagði Kvennalistinn til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með það í huga að mörkuð yrði framtíðarstefna um kaupleiguíbúðir í tengslum við heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins. Að þeirri tillögu felldri sitja þingkonur Kvennalistans hjá við afgreiðslu þessa máls. Ég greiði ekki atkvæði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tel það ábyrgðarverk að fella það frv. sem hér er með því að greiða atkvæði gegn því. Við vitum öll að það sem vantar strax, ekki einhvern tíma í framtíðinni, eru leiguíbúðir ódýrari en hinn frjálsi markaður getur boðið upp á vegna þess að það ríkir neyðarástand á leiguíbúðamarkaðnum, bæði hvað verð á húsaleigu snertir og eins er skortur á leiguíbúðum. Borgarafl. vill þess vegna alls ekki greiða atkvæði á móti. Hann vill móralskt styðja frv. með því að sitja hjá.

2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 884,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 884,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 884,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 894,1–3 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GHelg, HG, ÓÞÞ, RA, SV, SJS.
nei: ÞP, SigG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, BDýr, KJóh, EKG, ÓE, PJ, RH, SighB, NL, SvH, JK.

AðB, AG, HJ, IBA, KE, KH, MálmS greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (ÞÞ, AS, MÁM, ÓÞG, PP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Sú brtt. sem hér eru greidd atkvæði um er eins og lesa má af þskj. um það að heimilt verði að hækka hlutfall lána til félagslegra kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna í allt að 95% þegar í hlut eiga sveitarfélög með svo veikan fjárhag að þeim sé ókleift að hafa forgöngu um byggingu kaupleiguíbúða án slíkrar sérstakrar aðstoðar. Ég vona að hv. alþm. hafi allir gert sér grein fyrir því hvaða tillaga var hér flutt. Því miður hafa hér heyrst mörg nei. Þau nei munu verða sveitarstjórnarmönnum og öðrum þeim sem horft hafa vonaraugum til þessa kaupleigukerfis mikil vonbrigði. Ég óttast að það nái ekki tilgangi sínum ef ekki fást fram lagfæringar af því tagi sem flutt er brtt. um og segi já.

Brtt. 894,4–5 felld með 21:7 atkv.
8.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653, n. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RH, SV, NL, SJS, ÞP, ÞÞ, AðB, AG, SigG, BÍG, EH, FÞ, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, IBA, JóhS, JBH, JónS, BDýr, KE, KH, EKG, JK.

SighB, SvH, FrS, HJ greiddu ekki atkvæði.
5 þm. (ÓÞG, AS, GHelg, KJóh, MÁM) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Frv. VE og MB, 299. mál (skipting lána milli kjördæma o.fl.). — Þskj. 603, n. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. í nál. á þskj. 886 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 29 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

82. fundur, miðvikudaginn 27. apríl, að loknum 81. fundi.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 120, n. 899.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Frv. að nýjum læknalögum hefur legið í bunka heilbr.- og trn. þessarar deildar um nokkurt skeið og málið verið athugað vandlega, bæði innan nefndarinnar og af öðrum aðilum faglegum. Það hefur hlotið vandaðan undirbúning í heilbrmrn. í samráði við landlækni, Læknafélag Íslands og læknadeild Háskólans og ég má segja að allir þessir aðilar eru sammála um þá niðurstöðu sem nú er fengin í þessu frv. ásamt þeim lítils háttar brtt. sem nefndin var sammála um að bera fram og ræddi á fundi sínum við formann Læknafélagsins,

forseta læknadeildar og Ingimar Sigurðsson, yfirlögfræðing í heilbrmrn. Enn fremur hefur verið haft samband við landlækni. Vonast ég til að það sé víðtæk samstaða um þetta mál, enda hefur það verið til meðferðar á Alþingi áður og orðið mjög tímabært að það fái afgreiðslu héðan því að núgildandi læknalög eru að stofni til frá fyrstu árum 4. áratugarins, margt hefur breyst síðan og tímabært að setja ný læknalög.

Það er eitt atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á í frv. vegna þess að ég tel að ákvæði í öðru frv., sem er til meðferðar í Ed., skarist nokkuð við þetta, en það varðar þagnarskyldu lækna. Í því sambandi vil ég einungis undirstrika eitt, að þagnarskylda lækna er fyrst og fremst til komin vegna hagsmuna sjúklings, ekki vegna hagsmuna læknanna sjálfra nema að því leyti sem þeir hafa umsjá með sjúklingi og búa yfir trúnaðarupplýsingum frá sjúklingi. Þess vegna teljum við það mjög mikilvægt að að svo miklu leyti sem önnur yfirvöld en heilbrigðisyfirvöld þurfa að koma nálægt gögnum lækna, og í því sambandi á ég fyrst og fremst við landlæknisembættið sem hefur lögum samkvæmt eftirlitsskyldu, þá sé það ljóst að eftirlit og athugun á gögnum lækna, sem ástæða er talin kunna að verða til að gera, fari fram fyrir atbeina og ásamt landlækni.

Þetta er atriði sem er ekki ástæða til að taka sérstaklega upp í þessu frv. Það er gert ráð fyrir þessu í frv. Hins vegar vek ég athygli á að það kann að vera ástæða til þess að breyta ákvæði í frv. um Ríkisendurskoðun, sem nú er í Ed., ef það frv. nær fram að ganga nú á þessu þingi.

En um þetta mál og brtt. við það varð öll nefndin sammála. Það mun því miður vera fyrir einhvern misskilning sem fulltrúi Kvennalistans var ekki á þeim fundi þar sem þetta mál var afgreitt, en ástæðan fyrir því hefur nú skýrst og henni verið gerð nákvæm grein fyrir allri meðferð málsins.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr. og ég vænti þess að samstaða sé í hv. deild um afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. MálmS o.fl., 256. mál (gleraugnakaup). — Þskj. 552, n. 891.

Frsm. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál. Í ljósi þess að nú stendur yfir á vegum ríkisstjórnarinnar heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar leggur nefndin til að máli þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álitið rita auk mín Ragnhildur Helgadóttir, formaður nefndarinnar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Birgir Dýrfjörð og Jón Kristjánsson.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. nefnd fyrir að hafa skoðað þetta mál af velvilja þó svo að niðurstaðan yrði á annan veg en ég hefði vænst. En e.t.v. var tæpast við öðru að búast þegar höfð eru í huga orð hæstv. heilbrmrh. hér við 1. umr. þegar hann taldi þessu máli best komið með því að taka það inn í þá heildarendurskoðun tryggingalaganna sem nú stendur yfir.

Þessi endurskoðun hefur staðið fyrir dyrum æðilengi og ekki sést hilla undir nein málalok þar. Því er illt að una, að slíkum málum sem hér er um að ræða sé skotið á frest því hér er um að ræða brýnt hagsmunamál. Hér er um að ræða aðstoð til gleraugnakaupa fyrir börn og unglinga innan 18 ára aldurs annars vegar og elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar hins vegar. Rökstuðningur fyrir frv. liggur fyrir á þskj. 552.

Í stórum dráttum er frv. rökstutt með því hversu gleraugu eru orðin dýr, hversu kostnaður af notkun gleraugna íþyngir fjárhag þeirra sem á þeim þurfa að halda. Með hliðsjón af lögum um almannatryggingar um hjálpartækjakaup sýnist eðlilegt að gleraugu falli einnig undir þau ákvæði. Kjör elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar eru ekki til að hreykja sér af hér á landi. Þeir hafa fulla þörf fyrir að samfélagið rétti þeim hjálparhönd í þessum efnum og sama má segja um barnmargar fjölskyldur. Við kvennalistakonur lítum svo á að brýnt sé að koma þessu fólki til aðstoðar sem fyrst og erum því engan veginn sáttar við þessa afgreiðslu. Því hvetjum við til að endurskoðun tryggingalaga verði hraðað því að þó að ýmsar lagfæringar og breytingar til bóta hafi verið gerðar við þau næstum frá upphafi er þeim í ýmsu áfátt enn eins og í ljós kemur af því máli sem hér hefur verið fjallað um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. AðB o.fl., 201. mál (örorkulífeyrisþegar á stofnunum). — Þskj. 232, n. 898.

Frsm. heilbr.- og trn. (Ragnhildur Helgadóttir):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar deildar er sammála um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Við teljum að hér sé bent á mjög mikilsvert atriði sem vissulega þarf endurskoðunar við. Ég hygg að

flestir séu sammála um það að vasapeningar, sem þeir hafa sem einungis njóta örorkulífeyris og tekjutryggingar, séu of lágir og þá þurfi að hækka. Sama gildir um flesta sem einungis njóta ellilífeyris og tekjutryggingar. Þeir hafa þó sumir hverjir lífeyristekjur. En svo stendur á um marga örorkuþegana að þeir eru svo ungir að árum og hafa verið haldnir sinni örorku svo lengi að þeir hafa aldrei átt kost á því að greiða í lífeyrissjóð og hafa þá ekki þann möguleika. Þarna hefur jafnan verið látið vera nokkurt samræmi milli öryrkja og ellilífeyrisþega. Þess vegna teljum við að þetta þurfi að skoðast í samhengi. Það skal tekið fram að hér er um að ræða þá sem dveljast á stofnunum.

Þetta atriði teljum við að nefnd sú sem hefur til meðferðar heildarendurskoðun almannatrygginga verði að skoða mjög gaumgæfilega með úrbætur og hækkun á upphæðum fyrir augum. Í trausti þess leggjum við til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og vonumst fastlega til að sjá frv. sem hefur að geyma ákvæði til bóta á næsta þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794, n. 901.

Frsm. heilbr.- og trn. (Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Þetta er leiðrétting og staðfesting á kjarasamningi. Það hefur verið svo að þar sem vinnustað skipa færri en tíu hefur fólk ekki notið þessara réttinda en hér er verið að setja alla undir sama hatt.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. KH o.fl., 263. mál (ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga). — Þskj. 562, n. 892.

Frsm. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta mál, 263. mál, hlaut sömu afgreiðslu hjá hv. heilbr.- og trn. og 256. mál sem ég mælti fyrir hér fyrir örfáum mínútum. Það er tillaga nefndarinnar, með vísan til þess að lög um almannatryggingar eru nú til heildarendurskoðunar á vegum ríkisstjórnarinnar, að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir nál. rita auk mín Ragnhildur Helgadóttir, formaður nefndarinnar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Birgir Dýrfjörð og Jón Kristjánsson.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðrún Helgadóttir og Guðmundur G. Þórarinsson.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessu frv. er kveðið á um aukinn rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til þátttöku almannatrygginga í fargjaldi og dvalarkostnaði þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Enn fremur er þar kveðið á um rétt til dagpeninga ef veikindi náinna ættingja valda vinnu- og launatapi. Þetta réttlætismál varðar töluvert marga einstaklinga sem verða fyrir þungbærri reynslu, ekki aðeins tilfinningalegri, heldur einnig fjárhagslega þungbærri reynslu. Þessu síðarnefnda er ekki á bætandi aðra erfiðleika þessu samfara.

Það var mat okkar sem fluttum þetta frv. að hér væri um svo brýnt mál að ræða að það þyldi ekki bið. Að sjálfsögðu hefðum við kosið og töldum eðlilegt að nefndin mælti með samþykkt þess.

Þessi afgreiðsla er þó e.t.v. skiljanleg, m.a. með tilliti til afstöðu hæstv. heilbrrh. sem kom fram í umræðu um málið hér í deildinni. Við kjósum að líta svo á að þessi afgreiðsla sýni jákvæða afstöðu. Mér er kunnugt um að það fékk góða og velviljaða umfjöllun t.d. í tryggingaráði og víðar.

Þó að við séum vonsviknar yfir því að nefndin hafi ekki treyst sér að afgreiða málið og mæla með samþykkt þess er það von okkar að þessi afgreiðsla tryggi að tekið verði myndarlega á þessu máli við þá heildarendurskoðun tryggingalaganna sem margsinnis hefur verið vísað til og að þar verði þetta frv. lagt til grundvallar. En ég hlýt að taka undir með hv. 7. þm. Norðurl. e., að okkur hefði þótt betra að þetta hefði verið afgreitt frá Alþingi með jákvæðri umsögn vegna þess að þessi heildarendurskoðun hefur tekið býsna langan tíma og ekki séð fyrir endann á henni enn þá.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. flm. þessa frv. til laga á þskj. 562, Kristínu Halldórsdóttur, á að ég átta mig ekki almennilega á því af hverju hv. þingnefnd afgreiddi ekki þetta mál. Þó að tryggingalög séu í heildarendurskoðun hjá ríkisstjórninni sem getur tekið langan tíma er þessi till. Kvennalistans þess eðlis að hún þolir enga bið. Daglega þarf fólk á þeirri aðstoð að halda sem hér um getur. Ég sé enga ástæðu til þess að Alþingi fresti afgreiðslu á þessu máli, hvorki nefndin né Alþingi sjálft. Ef nefndin treystir sér ekki til að taka afstöðu getur Alþingi, deildin hér og nú tekið afstöðu. Síðan verður sú afstaða að sjálfsögðu tekin til greina í þessari heildarendurskoðun sem ríkisstjórnin liggur á.

Ég geri það að tillögu minni að deildin afgreiði þetta frv. jákvætt og samþykki það því að við vitum

öll að daglega þarf fólk aðstoðar við, fólk utan af landi sem kemur til Reykjavíkur, fólk úr fjölskyldum sjúklinga sem kemur með þeim og bíður því til aðstoðar á allan hátt. Stundum eru þetta alvarleg tilfelli. Í alvarlegum tilfellum er þetta ferðalag oft til útlanda. Oft er sjúklingurinn kannski mállaus á erlenda tungu og á erfitt með að sætta sig við ferðalagið nema hafa fylgd að heiman o.s.frv.

Ég sé enga ástæðu til þess að svona máli sé frestað og látið bíða einhverrar heildarendurskoðunar sem á að eiga sér stað úti í bæ. Það er verkefni Alþingis að taka ákvörðun í þessu máli. Það er ekki verkefni ríkisstjórnarinnar. Þetta er verkefni fjvn. m.a., það er ekki verkefni ríkisstjórnar að ganga frá þeim málum. Það er verkefni ríkisstjórnarinnar að framfylgja því sem Alþingi samþykkir.

Ég vil taka fram vegna smámisskilnings sem gætti hjá forseta þegar hann kynnti það lagafrv. sem var á dagskrá á undan þessu, að mín töluð orð hér eiga við það frv. líka. Ég vil mótmæla því að afgreiðslu sé frestað á þessum tveimur frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek hér til máls til að kynna skriflega brtt. sem ég mun flytja við frv. nú við 3. umr. og varðar það að við frv. bætist svofelld ákvæði til bráðabirgða:

1. Við þá heildarendurskoðun sem fyrir dyrum stendur á húsnæðislöggjöfinni skal sérstaklega athugað: 1. Hvort ekki er nauðsynlegt að hafa í lagaákvæðum um kaupleiguíbúðir heimild til hækkunar á lánshlutfalli til framkvæmdaaðila þegar í hlut eiga illa stæð sveitarfélög. 2. Að upp verði tekið í kaflanum um félagslegar kaupleiguíbúðir ákvæði sem heimila leigu samfara kaupum á tilteknum eignarhlut. 3. Samræmingu lánskjara mismunandi útlánaflokka.

2. Meðan væntanleg endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins stendur yfir er húsnæðismálastjórn heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með, að veita illa stöddum sveitarfélögum viðbótarlán til að gera þeim kleift að koma af stað byggingu félagslegra kaupleiguíbúða. Skal húsnæðismálastjórn heimilt að verja jafngildi allt að 50 millj. kr. árlega á næstu þremur árum eða svo lengi sem endurskoðun laganna stendur yfir.

Ég vil reyna til þrautar, herra forseti, hvort ekki er hægt að fá hv. þm. til að fallast á þau sjónarmið að skynsamlegt sé að hafa slíka möguleika fyrir hendi í lögunum. Ég undirstrika að hér er einungis um heimildarákvæði að ræða. Í hinn stað trúi ég ekki öðru en að hv. þm. séu a.m.k. tilbúnir til að samþykkja ákvæði til bráðabirgða sem skilyrði það að við endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verði sérstaklega athuguð þau atriði sem ég kynnti áðan.

Ég geri þetta m.a. til að fá úr því skorið, herra forseti, hvort túlka beri niðurstöðu atkvgr. hér áðan við 2. umr. um þetta frv. til laga um kaupleiguíbúðir á þann veg að hv. Nd. sé beinlínis andvíg þeim sjónarmiðum sem þar voru til umfjöllunar í nefndri brtt. sem ég flutti.

Ég vil miklu heldur líta svo á að einhverra hluta vegna hafi hv. þm. ekki treyst sér til að setja ákvæðin inn í lög en á a.m.k. erfitt með að trúa því að óreyndu að menn geti beinlínis verið andvígir því að tekið verði tillit til þessara sjónarmiða við endurskoðun laganna. Mér þykja a.m.k. mikil tíðindi ef hv. þm. Nd. upp til hópa eru andvígir því að í lögum sé fyrir hendi heimildarákvæði til að koma til móts við verst stöddu sveitarfélögin í landinu í þessum efnum. Það eru mikil býsn, herra forseti, ef svo er.

Mér er kunnugt um það — og ég ætla að leyfa mér að upplýsa það hér fyrir hv. deild því að það er e.t.v. ekki öllum kunnugt — að í þeirri frægu bókun sem formenn stjórnarflokkanna gerðu um kaupleiguíbúðir eru ákvæði um sérstakt fjármagn sem varið verði til að aðstoða sveitarfélögin til að komast áfram með byggingu kaupleiguíbúða.

Hv. framsögumaður félmn. vitnaði í þetta í ræðu sinni í gær. Og þó trúnaðarplagg sé hef ég fengið að sjá gripinn og veit að þessi ákvæði eru fyrir hendi í þessari bókun. Tek ég þá á mig þá ábyrgð að rjúfa þann trúnað. En ærið oft hefur verið vitnað í plaggið af hinum og þessum. Ég held því að annað eins hljóti að leyfast.

Ég vil því meina, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. stjórnarliðsins væru komnir í ærið sérkennilega mótsögn við sjálfa sig ef það yrði fellt að hafa heimildarákvæði af því tagi í lögunum sem bráðabirgðaákvæði II í þeim brtt. sem ég er hér að kynna gera ráð fyrir.

Ég vek einnig athygli á því að væru þau atriði sem ég kynnti og eru í bráðabirgðaákvæði I sérstaklega tekin til skoðunar við endurskoðun húsnæðislaganna hygg ég að komið væri nokkuð til móts við gagnrýni þeirra aðila sem bundu og binda enn miklar vonir við þetta kaupleigukerfi, m.a. félagasamtökin átta sem tekið hafa upp samstarf til að reyna að leysa húsnæðismál sinna félagsmanna, Samtök aldraðra, Öryrkjabandalagið, samtök námsmanna og fleiri aðilar sem ég man ekki til að rekja alla, enda ekki ástæða til. Ég hygg að hv. þm. kannist við það samstarf sem ég er hér að vitna til.

Þessir aðilar hafa einkum nefnt tvennt sem þeir telja að þurfi að komast inn á ákvæðin um félagslegu kaupleiguíbúðirnar, þ.e. að heimilt verði að leigja þær samfara kaupum á tilteknum eignarhlut og í öðru lagi að lánakjör þar verði samræmd því sem

gerist annars staðar í hinum félagslega hluta húsnæðislöggjafarinnar.

Herra forseti. Ég vona að starfsmenn Alþingis dreifi innan tíðar þessari skriflegu brtt. sem ég hef verið að kynna. (**Forseti:** Henni hefur þegar verið dreift.) Það er enn betra, herra forseti. Þá hafa þeir hv. þm. sem hér eru enn þá það plagg fyrir framan sig og geta litið til þess.

Ég vil sem sagt vona, herra forseti, að þessi brtt. mæti skilningi. Hún er af minni hálfu eins konar varatillaga að felldri þeirri brtt. sem afgreidd var áðan við 2. umr. Sú niðurstaða að þær breytingar voru ekki samþykktar var mörgum til mikilla vonbrigða. Ég tel að þegar menn fara að kynna sér þetta fyrirkomulag þætti þeim enn furðulegra ef menn ekki fengjust til að taka þessi atriði til meðferðar við endurskoðun laganna.

Ég hygg að það væri mjög fróðlegt ef hæstv. félmrh. vildi fyrir hv. þm. deildarinnar og þeim til upplýsingar kynna bókun þá sem forustumenn stjórnarflokkanna gerðu varðandi kaupleiguíbúðir. Ég lýsi eftir því að sú bókun verði kynnt hér fyrir þingdeildinni og lesin upp. Ég hef það sem rök fyrir þeirri ósk minni að í nál. meiri hl. félmn. er það fært fram sem höfuðröksemdin fyrir því að þetta frv. skuli ná fram að ganga að sú bókun sé til. Sjálf tilvist ríkisstjórnarinnar er í raun og veru undir í þessu efni ef marka má bæði nál. meiri hl. og framsöguræðu hv. formanns félmn. Mér finnst því ekki við hæfi að hv. þingdeildarmönnum sé ætlað að greiða hér atkvæði og samþykkja lagafrv. sem rökstutt er af hálfu meiri hl. félmn. eingöngu með því að ákveðið sé í tiltekinni bókun og í stjórnarsáttmála að þetta skuli verða að lögum hvað sem tautar og raular.

Ég ítreka því þessa ósk mína, herra forseti, og vona að hæstv. félmrh. verði við henni. Ef ekki þá beini ég sömu ósk til hv. formanns félmn. Ég sé ekki að honum sé vel stætt á því að verða ekki við henni, sérstaklega með tilliti til röksemdafærslu í nál. meiri hl. þar sem vitnað er sérstaklega í þetta samkomulag formanna stjórnarflokkanna. Þar hef ég alveg sérstakan áhuga á einu atriði, herra forseti, þ.e. því fjármagni sem mér skilst að í nefndri bókun hafi orðið samkomulag um að taka til hliðar og ráðstafa sérstaklega til þeirra sveitarfélaga sem illa væru stödd til að auðvelda þeim að koma af stað byggingu kaupleiguíbúða. Ég spyr: Hvað varð um þennan vilja formanna stjórnarflokkanna? Gufaði hann upp í haust og vetur? Hvað varð honum að aldurtila?

Í þessu ákvæði til bráðabirgða II, sem ég flyt hér brtt. um, gefst mönnum aftur færi á að taka upp þetta ákvæði. Þó að ég hyggi reyndar að sú upphæð sem ég tiltek sé lægri en sú sem í upphaflegu plaggi ríkisstjórnarinnar var meiningin að hafa. Hins vegar tel ég að 50 millj. kr. sem ráðstafað væri sérstaklega í þessi verkefni — og þá eingöngu til þeirra sveitarfélaga sem allra verst væru á vegi stödd — til að lána þeim viðbótarlán upp á e.t.v. 5–10% ofan á þau 85% sem heimilt er skv. lögunum, næðu að gera býsna mikla bragarbót í þessu efni. Út af fyrir sig dygðu 50 millj. á móti býsna miklum framkvæmdum í kaupleiguíbúðum ef farið er út í hlutfallareikninginn.

Herra forseti. Ég get ekki neitað því að hugur minn til þessa kaupleigufrv. er ekki jafngóður og hann var fyrir og hefði orðið ef brtt. mínar hefðu náð fram að ganga. Ég veit ekki hvort ég hef skap til að greiða þessu frv. enn atkvæði mitt eftir 3. umr. ef ekki verður eitthvað komið til móts við þau sjónarmið sem ég hef hér sérstaklega talað fyrir og flyt nú aftur brtt. um, varatillögur. Það verður bara að koma í ljós.

Ég tel ekki ástæðu til að fara enn yfir þá fyrirvara sem ég hef haft á um þetta frv. og þá hættu sem ég hef margvarað við, að í þessum búningi verði það ekki sú hjálp og það bjargræði í húsnæðismálum sem mikið hefur verið talað um og heill stjórnmálaflokkur hefur háð tvær kosningabaráttur út á.

Herra forseti. Ef skilningur og vilji meiri hlutans hér á Alþingi er ekki fyrir hendi til að laga þetta frv. og bæta og reyna að stuðla að því að það nái tilgangi sínum kann svo að fara að það sparki til baka. Þá kann að fara svo að jafnágætlega og það gafst Alþfl. að veifa orðinu „kaupleiguíbúðir“ í bæjarstjórnarkosningum 1986 og aftur í Alþingiskosningum 1987 þá reynist það þeim jafnslæmt nær verður kosið næst að hafa verið sérstakir talsmenn þessa forms. Gæti orðið „búmerang“, herra ritari, þau eru nefnilega til. Ættbálkur einn í Ástralíu varð heimsfrægur af því að hafa fundið upp þetta merka tækniundur, „búmerang“, sem reyndar var ekki sjálft veiðivopnið, eins og mannfræðingar komust að eftir 50 ára misskilning, heldur æfingavopn veiðimanna. Það er auðvelt að skilja þegar maður hugleiðir málið því að sjálft drápsvopnið þarf ekki að koma til baka ef það hittir bráðina. Hins vegar er handhægt að hafa æfingavopn þannig að þau svífi til baka. Ef menn ekki hitta geta menn reynt að kasta aftur. En ég er ekki viss um að Alþfl. mundi lifa það af að fá þetta „búmerang“ í sig og gæti verið að hann yrði þá sjálfur bráðin sem vopnið mundi granda. (Gripið fram í.) Það er nefnilega þannig, herra forseti, að ágætar hugmyndir geta orðið að litlu ef ekki er reynt að standa sómasamlega að því að koma þeim í framkvæmd. Ég óttast pínulítið að hæstv. félmrh., af einhverjum ástæðum sem ég ætla ráðherrans vegna ekki að fara að vera með neinar getgátur um hér, hafi ekki náð að hafa þetta frv. í þeim búningi sem þyrfti til að það næði tilgangi sínum.

Ég hef hér lagt mig allan fram, eins og allir hv. þingdeildarmenn vita, að reyna að laga þetta til og aðstoða þannig hæstv. félmrh. og Alþfl. við það að gera þetta að brúklegu frv. en fæ nú ekki meira að gert og verð að taka því hvort skilningur og þroski hv. deildarmanna leyfi þeim að komast að gáfulegri niðurstöðu og samþykki þessar brtt. sem ég hef hér mælt fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 911 og 912, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var till. Kvennalistans felld um það að þessu máli sem hér er til umræðu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, með það í huga að mörkuð yrði einnig framtíðarstefna um kaupleiguíbúðir þegar heildarendurskoðunin á húsnæðislánakerfinu færi fram. En ég vil samt reyna að hafa einhver áhrif á málið til betri vegar og tel að brtt. á þskj. 911 sem fluttar er af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Geir Gunnarssyni séu mjög til bóta og vil lýsa stuðningi við þær till.

Ein af ástæðunum fyrir því að ég tel ekki hægt að mæla með að samþykkja frv. óbreytt er að einmitt litlu sveitarfélögin, sem mörg eru illa stödd núna, hafa litla möguleika á að byggja kaupleiguíbúðir þar sem það hefur legið fyrir að þau hafa átt í miklum erfiðleikum með að fjármagna sinn hlut í verkamannabústöðum. Þau eiga því enn þá erfiðara með að fjármagna sinn hlut í kaupleiguíbúðum að óbreyttu.

Ég skal ekki um það segja hvort 50 millj. séu akkúrat rétta upphæðin, hvort það hefði kannski þurft að vera heldur meira sem húsnæðismálastjórn sé heimilt að verja til að styðja verst settu sveitarfélögin sérstaklega í að byggja leiguíbúðir. Ég lýsi stuðningi mínum við að tekið sé frá ákveðið fé í þessu skyni.

Ég vil einnig taka undir ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um það að við fengjum að sjá þá bókun sem gerð var um samkomulag milli stjórnarflokkanna um fjármagn til kaupleiguíbúða og mikið hefur verið vitnað hér í og fengjum að vita út á hvað hún gengur. Það er furðulegt að félmn. skuli ekki hafa fengið vitneskju um hana því að einmitt fjárhagslega hliðin í þessu dæmi er í mestu óvissu. Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég tel ekki annað ráðlegt en að skoða málið dálítið betur. En ég vil ítreka að ég styð þessar till. og tel að þær séu til bóta.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil ekki tefja þetta mál en minni á að það hefur komið fram hvernig ástatt er víða úti á landsbyggðinni. Það er full þörf á því að reyna með einhverjum hætti að byggja íbúðarhúsnæði þar, sérstaklega þar sem er næg atvinna en vantar húsnæði og sveitarfélögin eru þannig í stakk búin að þau hafa ekki möguleika til þess og ekkert fjármagn til að leggja í slíkar framkvæmdir.

Ég veit að t.d. hv. þm. Norðlendinga þekkja að til eru sveitarfélög sem skulda um 10 millj. á hverja 100 íbúa. Hvernig ráða þeir við þetta verkefni? Er hv. þm. alvara í því að reyna að standa þannig að málum að jafnvel þeir framleiðslustaðir sem leggja mest af gjaldeyri til þjóðarbúsins hafi enga möguleika til að halda í unga fólkið vegna þess að það vantar húsnæði og líka vegna þess að þannig er ástatt í þjóðfélaginu að jafnvel þó að þetta unga fólk eigi peninga þorir það ekki að fjárfesta vegna þess að ef svo fer að það vill eða þarf að flytja burtu þá muni ekki verða neinir til að kaupa nema með hálfu verði? Áður en þessi till. er felld skora ég á þm. að hugleiða þetta.

Það er ekki verið að tala um neitt varanlegt ástand. Er ekki búið að lýsa því yfir að það eigi að endurskoða húsnæðismálakerfið allt saman? Það er aðeins þessi heimild sem er bara heimild og húsnæðismálastjórnarráðherrar geta beitt eftir vild sinni og ástæðum. En það er full þörf á því að hafa þetta inni og ég held a.m.k. að hv. landsbyggðarþingmenn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir fella þessar till.

Frsm. meiri hl. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér við umræður fyrr í dag vegna sérstakra forfalla. Vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. bar hér fram beiðni um upplýsingar þótti mér rétt að koma aðeins inn á þessi mál. Ég bæði gat þess á fundum hv. félmn. í sambandi við þetta sérstaka mál og í upphafi máls míns í gær þegar ég mælti fyrir nál. meiri hl. félmn. tók ég skýrt fram að forsendur fyrir þessari afgreiðslu væri þetta samkomulag formanna stjórnarflokkanna sem dagsett er 3. júlí 1987. Ég þóttist hafa rakið rækilega aðalatriðin í þessu samkomulagi, m.a. það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að spyrja um áðan. Ég skal endurtaka það hér til að það fari ekkert milli mála. Það er fimmti liður í þessu samkomulagi að því er varðar lánafyrirgreiðslu. Þá er hér átt við þau sveitarfélög sem standa höllum fæti og þurfa á viðbótarfé að halda. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Lánafyrirgreiðsla. Ríkisstjórnin mun veita sveitarfélögum sérstaka lánafyrirgreiðslu til að standa straum af 15% byggingarkostnaðar eða kaupverðs. Þessi lánafyrirgreiðsla má nema umsaminni upphæð á þremur árum.“ Og innan sviga sem er sérstaklega undirritað: „Þessi upphæð skal vera 110 millj. á þremur árum. Lánin skulu vera til 25 ára með sömu vöxtum og eru á almennum lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Lán þessi verði veitt þeim sveitarfélögum og/eða félögum sem samkvæmt könnun þurfa mest á þeim að halda og skulu lánakjör, fyrirgreiðsla og skipting fjármagns ákveðin fyrir fram.“

Þannig hljóðar þessi þáttur í samkomulagi formanna stjórnarflokkanna sem er grundvöllur þessarar afgreiðslu, ég endurtek það. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að ríkisstjórnin standi við þetta ákvæði þó að það sé e.t.v. galli í þessu frv. að þessa er ekki sérstaklega getið þar heldur er þetta ákveðin sérstök fyrirgreiðsla gegnum ríkisstjórnina.

Það er hægt að fallast á ýmis rök sem koma hér fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þótt ekki sé ástæða til að taka það inn í þessa afgreiðslu nú. Ég gat þess hér í framsögu að umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hefði ekki borist til nefndarinnar, þrátt fyrir ítrekun, fyrr en eftir að nefndin lauk störfum. Ég gat þess einnig að í þeim umsögnum sem hv. þm. a.m.k.

sem eiga sæti í nefndinni hafa undir höndum koma fram áhyggjur sveitarfélaga, í þeim brtt. sem sambandsstjórn gerir, og því lýst yfir að eðlilegt hefði verið að létta af þeim ábyrgðinni, skuldbindingunum og veita meira fjármagn til þeirra sveitarfélaga sem verst standa. Ég vísa aftur til þess samnings sem formenn flokkanna gerðu og ætti að fullnægja a.m.k. meðan heildarendurskoðun á þessum málum fer fram.

Mér finnst þess vegna fullkomin ástæða til að undirstrika að nauðsynlegt er að þetta mál fari í heildarendurskoðun á hinum félagslega þætti húsnæðismála eins og gert er ráð fyrir. Var raunar einn síðasti liðurinn í samningi foringja stjórnarflokkanna að fram fari heildarendurskoðun á lögum, fjármögnun og skipulagi félagslega íbúðarlánakerfisins og í nefndinni verði einnig fulltrúar sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Með tilliti til þessa tel ég að eðlilegt sé að gera fastlega ráð fyrir því í þessum umræðum að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. nú fari þessi endurskoðun fram sem leiðir e.t.v. af sér betri árangur í þessu máli en hér liggur fyrir.

Þegar ég kom hér inn heyrði ég að komið hefði fram krafa um að fresta afgreiðslu 2. dagskrármálsins, þ.e. 329. máli, eftir einhverri ákveðinni kröfu. Ég vil láta það koma hér fram að ef það á að gerast mun ég leggja fram tillögu um að fresta einnig 301. máli. Þessi mál eiga að fara saman, það er samkomulag um það.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það fór sem mig grunaði við atkvæðagreiðslu við 2. umr. að felldar voru brtt. á þskj. 894 frá Steingrími J. Sigfússyni sem hefðu þurft að hljóta samþykki ef ég hefði átt að styðja þetta mál hér við afgreiðslu úr deildinni.

Það er satt að segja alveg furðulegt að ríkisstjórnin skuli leggja kapp á að fá afgreiðslu á frv. þessu efnislega eins og það liggur hér fyrir. Það virðist sem helsta ástæðan til þess sé sú að geta losað hæstv. félmrh. úr þeirri snöru sem ráðherrann hafði lent í með yfirlýsingum sínum. Ég hef engan áhuga á því að hæstv. ráðherra verði á undan öðrum úr stólunum. Það mættu margir verða þar fyrri til en hæstv. félmrh. enda greiddi ég ekki atkvæði gegn frv. heldur sat hjá við atkvæðagreiðslu.

Hér við 3. umr. liggja fyrir brtt. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Geir Gunnarssyni sem væru sannarlega til lagfæringar á þessu máli þó að þær séu ekki jafn ákvarðandi og þær brtt. sem hér voru felldar við 2. umr.

Hér við umræðuna hefur sitthvað komið fram fyrir utan þessar brtt. Það hefur verið rifjað upp af hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni að það samkomulag formanna stjórnarflokkanna sem notað er sem handjárn á stjórnarliðið til að knýja þetta mál hér í gegn, eigi að fela í sér ákveðna fjárupphæð. En upplýsingum um þetta hefur að öðru leyti verið haldið fyrir utan afgreiðslu mála hér í þinginu, t.d. lánsfjárlaga, og upplýsingar um það fjármagn farið mjög leynt. Hér liggur ekkert fyrir um það nema tilvitnun í þetta samkomulag eins og hv. þm. vitnar til þess. (Gripið fram í.) Já, upplýsingar um að þetta hafi verið í samkomulaginu og síðan traustsyfirlýsing hv. þm. á að við þetta verði staðið. Mikil er trú hans á þessa ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. og aðra sem þarna eiga að koma að máli, að þetta verði framreitt.

Þau rök sem hæstv. félmrh. bar fram við umræðuna í gær fyrir þörfinni á að fá þetta mál einmitt samþykkt nú á þessu þingi með öllum þeim agnúum og eyðum sem eru í þessu frv. og gera það afskaplega lítils virði, voru þau að það væri von til þess að hægt væri að hefja framkvæmdir við 120–150 íbúðir skv. þessu kerfi núna í sumar fram að haustþinginu. Frv. er nú ekki orðið að lögum. Það er eftir að setja reglugerð um málið og hefur það stundum tekið dálítinn tíma. Það er eftir að auglýsa síðan eftir umsóknum á grundvelli þeirrar reglugerðar og skera úr um þær umsóknir.

Hvað halda menn að gerist á sumarmánuðum í þessari stöðu? Halda menn að menn fari að taka skóflustungur fyrir þessum kaupleiguíbúðum? Ég fullyrði að þeir sem telja sig hafa efni á — t.d. sveitarfélögin úti um landið — að sækja um og undirbúa framkvæmdir munu ekki komast langt á þessu sumri með þær. Það er í besta falli að tæknilegur undirbúningur gæti hafist og honum yrði kannski lokið á árinu. Þess vegna væri eðlileg málsmeðferð í svona máli að það yrði tekið inn í endurskoðunina á húsnæðislöggjöfinni eða þá sett sérstök hraðferð á endurskoðun þessa máls í ljósi þeirrar gagnrýni sem komið hefur úr fjölmörgum áttum á málið eins og það liggur hér fyrir. Nægir að nefna samtökin Búseta og þá umsögn sem liggur fyrir frá þeim og fylgir áliti meiri hl. félmn. og umsögn Öryrkjabandalags Íslands sem telja að þetta mál, eins og það liggur hér fyrir frá ríkisstjórninni, sé sáralítils virði þó að þessi samtök öll taki undir hugmyndina um kaupleiguíbúðir miðað við þær hugmyndir sem þau gera sér um það og vildu sjá lögfestar. Ég tek á þessu máli út frá þeirri hugmynd og geng ekki svo bratt í þetta mál að vera gegn þessu frv. vegna þess að það getur kannski talist einhvers virði að fá slíka hugmynd inn í lög. En hugmynd þar sem ekkert kjöt er á beinunum sem máli skiptir, sem ekki er líkleg til að leysa úr þeim vanda sem sagt er í orði að menn ætli að leysa, er ansi lítils virði.

Hérna liggur fyrir umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem kom eftir að meiri hl. félmn. afgreiddi málið, knúði málið út úr nefnd. Hvað segir Samband ísl. sveitarfélaga í þessari umsögn? Ég held að það sé rétt að ég aðeins renni yfir hana, með leyfi forseta, það tekur ekki langan tíma. Hún er dagsett 22. apríl 1988:

„Mikill samdráttur hefur orðið í íbúðabyggingum á landsbyggðinni á undanförnum árum og húsnæðisvandræði eru því víða og tilfinnanleg vöntun á leiguhúsnæði svo sem fram kom í könnun félmrn. á s.l. sumri. Frv. þetta, ef að lögum verður, mundi

auka lánsfé til byggingar leiguíbúða (kaupleiguíbúða) og þar með koma til móts við óskir sveitarfélaga á landsbyggðinni. Af framangreindum ástæðum mælir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eindregið með samþykkt frv. með þeim breytingum sem hér greinir" — og það eru 8 tölusettir liðir:

„1. Brýna nauðsyn ber til að breyta ákvæðum í i- og j-liðum 93. og 94. gr. frv. um útgáfu afsals til kaupenda leiguíbúða þannig að afsal verði gefið út við kaup og kaupandi yfirtaki jafnframt áhvílandi lán og sjái um greiðslur af þeim og öðlist þar með fullan eignarrétt á íbúðinni.

2. Í lögunum þyrfti að vera möguleiki til að veita litlum og fjárhagslega illa stæðum sveitarfélögum viðbótarlán umfram 85% úr Byggingarsjóði verkamanna." — Það er efnislega það sem hér eru fluttar brtt. um af Steingrími Sigfússyni og Geir Gunnarssyni.

„3. Við sölu kaupleiguíbúða virðist eðlilegt að reikna þóknun til framkvæmdaaðila, t.d. 1%, sbr. 4. gr. j, 39. gr. 3. mgr.

4. Skuldabréf vegna lána til byggingar kaupleiguíbúða verði undanþegin greiðslu stimpilgjalda.

5. Athuga þyrfti hvort ekki væri unnt að breyta ákvæðum um kaupskyldu framkvæmdaaðila á kaupleiguíbúðum í forkaupsréttarákvæði þannig að lánskjör breyttust ef forkaupsréttar væri ekki neytt.

6. Undanþiggja þyrfti lífeyrissjóði sem leggja fram fé til byggingar eða kaupa á kaupleiguíbúðum skyldu til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins sem næmi því fé sem þeir verja til kaupleiguíbúða.

7. Athuga þyrfti hvort unnt væri að lengja lánstíma lána til almennra leiguíbúða þannig að leigugjald gæti staðið undir markaðsvöxtum af lánum.

8. Stytta þyrfti frest til ákvörðunar leigutaka um að neyta kaupréttar að leiguíbúð, sbr. h-lið 92. gr.

Framanritað tilkynnist hv. þingdeildarnefnd hér með." Þetta er undirritað af Magnúsi E. Guðjónssyni, framkvæmdastjóra.

Ég er ekki að leggja mat á einstakar tillögur Sambands ísl. sveitarfélaga umfram það sem hér hafa verið gerðar brtt. um, en hygg þó að mörg af þessum ákvæðum þyrftu einmitt skoðunar við og að takast inn í löggjöf að athuguðu máli að einhverju leyti. Ég vek athygli á því að stjórn sambandsins skilyrðir stuðning sinn við frv. við það að þessar breytingar verði gerðar á frv. Því hefur ekki verið breytt í einum staflið svo mér sé kunnugt eða tekið tillit til þessara brtt. sambandsins.

Svona er þetta með fleira. Búseti, félag átta samtaka, segir: Þetta er einskis virði fyrir okkur í því formi sem þetta er hér framreitt. Maður hlýtur því að spyrja: Hvers vegna þetta ofurkapp að lögfesta þetta mál hér og nú, jafnilla og það er undirbúið, í stað þess að gera gangskör að því að vinna málið frambærilega þannig að menn viti út í hvað þeir eru að ganga sem ætla sér að nýta þetta form og þá að formið sé þannig að það sé hægt að fylla út í það í reynd og menn geti fjárhagslega staðið undir þeim þáttum? Það sé þá eitthvað til viðbótar við það félagskerfi sem nú er, Byggingarsjóð verkamanna og það félagslega íbúðakerfi sem fyrir er og það sé skilmerkilega fram borið sem nýr þáttur félagslegs íbúðakerfis.

Ég óttast, eins og ég sagði við atkvæðaskýringu mína við 2. umr., að það verði mörg vonbrigðin með þetta mál eins og það er lagt hér fyrir. Ég öfunda ekki hæstv. félmrh. að standa fyrir svörum um þetta mál á næstu mánuðum eins og ætlunin er að lögfesta það hér.

Þörfin á eflingu félagslegs íbúðakerfis er gífurlega mikil og brýn. En það verður þá líka að vera þannig að henni staðið að það sé barn í brók, það sé hægt að vinna málin, koma upp félagslegum kaupleiguíbúðum þar sem þeirra er helst þörf á grundvelli þeirra laga og þess fjármagns sem Alþingi og stjórnvöld reiða af hendi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að leggja eina spurningu fyrir fjmrh. og raunar gerði honum viðvart ef hann væri hér í næsta nágrenni. (**Forseti:** Það er verið að aðvara fjmrh.) Á meðan ég bíð eftir honum vil ég taka undir með hv. 1. þm. Vesturl. í sambandi við frv. sem er nr. 2 á dagskrá. Ég er alveg undrandi á því miðað við þá atkvæðagreiðslu sem varð út úr 2. umr. ef það er svo uppi — (**Forseti:** Ég vil taka það fram að það er ætlunin ef tími gefst til að 2. dagskrármálið komi einnig til afgreiðslu hér. Frestunarbeiðni hefur verið afturkölluð á því.)

Er ekkert vitað um fjmrh.? Mér finnst það vera nauðsynlegt miðað við þær upplýsingar sem komu fram hjá frsm. málsins, hv. 1. þm. Vesturl., um að það hefði verið samkomulag um að það komi 110 millj. í þennan þátt, að hæstv. ráðherra lýsi því yfir hér á Alþingi að við þetta verði staðið. Það eru óþolandi vinnubrögð að það skuli gert samkomulag með forustumönnum stjórnarflokkanna sem eiginlega má ekki sýna. Þó að ég meti mikils það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. og það verði í þskj., þá er það ekki nægilegt.

Ég var að óska, hæstv. fjmrh., eftir því að þú kæmir hér í ræðustól og lýstir því yfir að við það samkomulag forustumanna stjórnarflokkanna sem hv. 1. þm. Vesturl. tilkynnti, um 110 millj., yrði staðið til að þetta frv. yrði einhvers meira virði en pappírsins. Ég tel það þó verulega tryggingu fyrir því að þetta frv. verði að einhverju gagni ef slík yfirlýsing kemur hér frá hæstv. ráðherra. Ég óska eftir því og ég hef gert það áður í svipuðum tilvikum, að óska eftir því að viðkomandi ráðherrar gæfu yfirlýsingar þegar það kemur ekki fram á nægilega tryggilegan hátt hvernig samkomulag hafi verið um slík atriði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil strax lýsa stuðningi mínum við þá till. sem flutt er á þskj. 911, þ.e. brtt. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Geir Gunnarssyni.

Ég vona að sjóðir Húsnæðisstofnunar standi undir samþykkt á þessari till. þó svo að ég hafi vissar áhyggjur, sérstaklega þegar maður les í stjórnarblöðum að einu útlánin sem eru í gangi í augnablikinu eru ákvörðun félmrh. þess sem gegndi síðast því embætti og viðbótarlánsloforð fyrir 1989 hafa ekki verið afgreidd enn þá. Skortur á þeirri vinnu hlýtur að stafa af því að samkomulag hefur ekki náðst milli fjmrh. og félmrh. þess sem nú gegnir embætti. En ég vona að það breytist fljótlega og að afgangsfjármagn verði til staðar til að gegna þeim kvöðum sem sú brtt. sem hér liggur fyrir mun leggja á Húsnæðisstofnun til viðbótar því sem fyrir fram var vitað. En ég lýsi stuðningi mínum og mun beita mér innan míns flokks til að fulltrúar Borgarafl. á Alþingi styðji frv.

Ég hef vissar áhyggjur af gangi mála. Ég sagði við atkvæðagreiðslu við 2. umr., þegar nafnakall fór fram, að Borgarafl. vildi styðja frv. móralskt með því að sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Einn af okkar fulltrúum, frú Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, hv. 16. þm. Reykv., greiddi atkvæði með. En við skulum átta okkur á hvað er að ske. Hvað er að ske þegar ég í gær eyði miklum tíma af deginum í erindi fjögurra einstaklinga sem nú eru húsnæðislausir og búsettir á Kvennaathvarfinu í Reykjavík. Það eru ekki konur með þau vandamál sem Kvennaathvarfinu er ætlað að leysa heldur er það helmingurinn af hjónum sem hafa verið aðskilin vegna húsnæðisvanda. Konan fær leyfi til að vera á Kvennaathvarfinu með sín börn, en maðurinn verður að búa um sig annars staðar, bæði vegna þess að þau finna ekki leiguhúsnæði og líka vegna þess að tekjurnar, sem eru í flestum þessum tilfellum heldur betri en lágmarkstekjur launaskala, duga ekki til, duga ekki fyrir leigunni og fólkið hefur ekki efni á að borga þá fyrirframgreiðslu sem farið er fram á sem er þetta á milli þrír mánuðir til eins árs í þessum fjórum tilfellum.

Þetta er sorgarsaga. Ég vil því segja og taka undir orð 1. flm. þessarar tillögu, hv. 4. þm. Norðurl. e., þegar hann beindi orðum sínum til landsbyggðarþingmanna og bað þá um að hugsa sig um áður en þeir fella þessa tillögu. Ég bið aðra þingmenn á sama hátt um að fella ekki þessa tillögu fyrr en að mjög vel athuguðu máli og hafa þá tiltæk rök sem allir skilja.

Ég legg mikla áherslu á að allt verði gert til að létta undir með hæstv. félmrh. í sambandi við leiguíbúðir. Ég legg áherslu á að henni verði veitt brautargengi af starfsfélaga sínum og flokksbróður, hæstv. fjmrh., til þess ekki aðeins að byggja kaupleiguíbúðir heldur aðallega leiguíbúðir á vegum þess opinbera og þá að kaupa íbúðir hvort sem þær eru nýjar eða gamlar, en í frv. til l. eins og það liggur fyrir frá ríkisstjórninni flutt af hæstv. félmrh. er frekar gert ráð fyrir að kaupa nýjar íbúðir sem leiguíbúðir eða að sveitarfélögum sé hjálpað til að kaupa nýbyggingar.

Og ég vil ganga lengra. Ég segi að því miður er það svo að við hér öll sameiginlega erum samsek um að láta fólk úti í bæ og þá helst unga fólkið halda að það sé því í hag að byggja með lánsfé frá því opinbera þegar sannleikurinn er sá að fari þetta unga fólk að okkar ráðum og taki lán og byggi hækka þau lán svo mikið með tímanum að það eru engin laun sem standa undir afborgunum og vöxtum og á ég þá við að þau hafi undan kaupleigukjörum. Það er það grimma í þessu máli. Þess vegna tel ég að leiguíbúðir séu það sem hæstv. félmrh. ætti að leggja áherslu á og hún skal hafa allan minn stuðning til þess ef við getum náð saman um byggingu og kaup á leiguíbúðum til að leysa þennan gífurlega vanda einstaklinga og fjölskyldna í húsnæðisleit. Og ég vil ganga svo mikið lengra að þær íbúðir, sem verða að sjálfsögðu að vera sambærilegar við hvaða híbýli sem er í landinu, skuli leigjast af opinberum aðilum á ca. 25% af þeim launum sem viðkomandi aðili hefur. Okkur ber skylda til í þessu harðbýla og kalda landi að sjá til þess að þegnarnir hafi þak yfir höfuðið hvort sem þeir eiga sjóði til þess að byggja eða kaupa eða þurfa að leigja. Þegar þeir ekki geta keypt eða byggt eiga þeir ekki að þurfa að eyða öllum sínum tekjum í leiguna. Því vildi ég segja: Hæstv. félmrh., hvenær sem er mun ég taka í þá útréttu hendi og sjá til þess að félagar mínir í Borgarafl. geri það líka ef hæstv. félmrh. vill leiða okkur inn í það tímabil sem leysir húsnæðisvanda þeirra sem ekki eru ríkir en þurfa að lifa og þurfa að búa á sama hátt og aðrir í landinu. Það eru þessar leiguíbúðir með leigukjörum sem takmarkast við hámarksleigu ¼ af því sem fólkið aflar sér í tekjur.

Og ég vil segja að þessi tillaga, flutt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Geir Gunnarssyni á þskj. 911, þarf enga brtt. frá mér til að tefja málið eða gera það að einhverjum hluta mitt mál eða Borgarafl. eða ráðherra eða nefnda. Ég held að það sé hægt að vinna innan ramma með reglugerðum frá ráðherra svo að það náist fram sem ég hef verið að tala um.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég undirstrika að hæstv. félmrh. fái stuðning ríkisstjórnarinnar, fjmrh. og Alþingis til að framkvæma það leiguíbúðaprógramm sem hún hefur talað um meira sem leiguíbúðir en kaupleiguíbúðir og að við höldum ekki áfram að blekkja ungt fólk og aldrað til að taka þessi dýru lán sem engin laun standa undir og þær íbúðir sem verða byggðar og verði leiguíbúðir, ég undirstrika það, verði leigðar út niðurgreiddar á þann hátt, sem ég sagði áðan, að allir sem þurfa á því að halda fái húsnæði svo ódýrt að tekjur standi vel undir leigunni, leigan fari aldrei fram úr 25% af lágmarkstekjum fólks.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Vegna fsp. sem hv. 6. þm. Norðurl. e. beindi til mín skal staðfest að þau ummæli sem hv. 1. þm. Vesturl. kynnti þingdeildarmönnum og las upp úr texta samkomulags milli formanna stjórnarflokkanna voru rétt eftir höfð. Samkomulag formanna stjórnmálaflokkanna átti sér stað í stjórnar-

myndunarviðræðum og er forsenda fyrir þeim ákvæðum stjórnarsáttmálans, starfsáætlunar ríkisstjórnarinnar sem er efnislega sama eðlis um stuðning við þetta mál.

Ekki þarf ég að taka það fram úr þessum ræðustól að samkomulag formanna flokkanna hefur ekki peningaígildi fyrr en það hefur fengið staðfestingu með réttum hætti á Alþingi Íslendinga þannig að það er verkefni næstu lánsfjárlaga að standa við það í verki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

72. fundur, fimmtudaginn 28. apríl, kl. 10 árdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 28. apríl 1988:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Ragnhildur Helgadóttir, 3. þm. Reykv., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að beiðni hennar með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Sólveig Pétursdóttir lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Sólveig Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hún boðin velkomin til starfa á ný.

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 27. apríl 1988:

„Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Valdimar Indriðason, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Kristjánsson,
forseti Nd."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf Valdimars Indriðasonar. Það þarf að taka fyrir og er þess óskað að hv. kjörbréfanefnd taki bréfið til meðferðar nú þegar. Á meðan verður fundinum frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Valdimars Indriðasonar, 1. varamanns Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, en óskað er eftir að hann taki sæti á þingi í fjarveru hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar sem er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Valdimar Indriðason hefur áður átt sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Kaupskipaeign Íslendinga, ein umr.

Fsp. GJH og DS, 406. mál. — Þskj. 752.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 752 hef ég ásamt Guðrúnu J. Halldórsdóttur, varaþingkonu Kvennalistans, lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. um kaupskipaeign Íslendinga og leigu erlendra farskipa.

Sjómenn hafa sem von er haft miklar áhyggjur af þróun þessara mála sl. ár þar sem stöðugt virðist færast í vöxt að erlendum skipum, jafnvel með erlendum áhöfnum, sé falið að annast vöruflutninga fyrir okkur. Það er alvarlegt að kippa þannig stoðunum undan íslenskri farmannastétt, en fáar þjóðir eru jafnháðar siglingum og við Íslendingar. Það er líka illt til þess að vita að hinir erlendu farmenn séu ráðnir á lakari kjörum en kjarasamningar hér á landi gera ráð fyrir og jafnvel verri en Alþjóðasamband flutningamanna segir til um.

Miðstjórn ASÍ ályktaði um málið 21. jan. sl., en í ályktun þess segir m.a., með leyfi forseta: „Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega gegndarlausum leigutökum erlendra kaupskipa sem mönnuð eru erlendum sjómönnum. Jafnframt er varað við þeirri þróun að í vaxandi mæli eru skip undir svokölluðum *þægindafánum í rekstri íslenskra kaupskipaútgerða* mönnuð Íslendingum sem lögskráðir eru erlendis. Ljóst er að þess vegna greiða útgerðarmenn slíkra skipa ekki það sama í sameiginlega sjóði og aðrir íslenskir atvinnurekendur."

Fsp. okkar til hæstv. samgrh. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hefur þróunin verið í kaupskipaeign og farskiparekstri Íslendinga undanfarin tíu ár?

2. Hve mörg leigufarskip eru í þjónustu útgerð-

arfyrirtækjanna
a. mönnuð Íslendingum,
b. mönnuð erlendum sjómönnum?
Hve mörg þeirra eru í áætlunarsiglingum, strandsiglingum og tímabundnum siglingum?
3. Hver var kostnaður við leigu viðkomandi skipa undanfarin tvö ár:
a. í þurrleigu, þ.e. mönnuð Íslendingum,
b. í tímaleigu, þ.e. mönnuð útlendingum?
4. Hefur íslenskum farmönnum fækkað eða fjölgað undanfarin tíu ár?
5. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að koma í veg fyrir að íslenskir farmenn verði fyrir atvinnumissi vegna mikillar leiguskipatöku?"

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Svar við 1. spurningu: Kaupskipastóllinn á vegum íslenskra útgerða í dag telur 45 skip, þar af 32 skip undir íslenskum fána en sjö skip á þurrleigu hjá íslenskum útgerðarmönnum mönnuð íslenskum áhöfnum. Íslenskar útgerðir eiga tvö skip sem eru skráð undir erlendum fánum og fjögur erlend skip eru í langtímaleiguverkefnum hjá íslenskum útgerðum.

Íslenski skipastóllinn hefur lítillega dregist saman á síðustu árum, en helstu ástæður þess eru þær að skipin eru nú stærri og afkastameiri, rekstur þeirra betur skipulagður og afköst við lestun og losun hraðari. Skipastóllinn flytur því umtalsvert meira vörumagn nú en hann gerði fyrir nokkrum árum þrátt fyrir fækkun skipanna. Þetta er sama þróun og orðið hefur í mörgum nágrannalöndum okkar, en breytingin hér á landi er þó mun minni og hefur íslenskum útgerðum tekist bærilega að komast í gegnum þá erfiðleikatíma sem einkennt hafa útgerð um allan heim undanfarin 5–7 ár. Með fækkun og stækkun skipa, hraðari lestun og losun og með aðhaldi í rekstri hefur tekist að auka afköst verulega og lækka flutningskostnað. Hefur íslenskum útgerðum þannig tekist að halda samkeppnisstöðu sinni.

Svar við 2. spurningu: Eins og ég sagði áðan hafa íslenskar skipaútgerðir nú sjö skip á „þurrleigu" sem kallað er með íslenskum áhöfnum, fjögur skip í áætlanasiglingum til og frá landinu með erlendum áhöfnum. Kaupskipaútgerðir hafa notfært sér ástandið á leigumarkaðnum eftir mætti, en til að tryggja atvinnu sjómanna hefur leiga skipa aukist. Þurrleiga þýðir einfaldlega að útgerðin leigir skipið eingöngu sem tæki en ber allan kostnað og ábyrgð á mönnun þess og rekstri. Því eru fyrrnefnd sjö þurrleiguskip mönnuð íslenskum áhöfnum þótt þau sigli undir erlendum skráningarfánum.

Vaxandi fjöldi þurrleiguskipa hefur því takmarkað erlendar lántökur og fjárhagsskuldbindingar útgerðanna án þess að atvinnuöryggi sjómannanna sé ógnað. Einnig skapar þetta útgerðarmönnum meira svigrúm til tíðari breytinga á skipakosti eins og aðstæður hvers tíma kalla á. Það er ekki síst þurrleiguformið sem hefur gert íslenskum útgerðum kleift að aðlaga skipastól sinn að nútímaflutningatækni. Í öllum tilfellum hérlendis hafa útgerðirnar samhliða þurrleigu tryggt sér forkaupsrétt á föstu verði ef markaður fyrir skip færi hækkandi.

Af þeim fjórum skipum sem eru í áætlanasiglingum til og frá landinu eru þrjú á vegum Eimskips og eitt á vegum skipadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga. Breyting mun verða á þessu hjá Eimskip í október á þessu ári þegar tvö ný skip bætast í flotann og mun þá leiguskipum fækka a.m.k. niður í tvö. Eitt skip er í millilandasiglingum á vegum skipadeildar SÍS með erlendri áhöfn og auk þess eitt færeyskt skip í strandsiglingum, einnig með erlendri áhöfn.

Svar við 3. spurningu: Til að afla þessara upplýsinga þarf að safna gögnum frá einstökum útgerðum. Varðandi þurrleiguskipin hefur þetta takmarkaða þýðingu því þurrleigan er í raun sambærileg við afborganir og vexti af skipum sem fyrirtækin ættu. Sú leiga er því í raun fjármagnskostnaður sem hefur ekkert gildi í þessu sambandi. Þótt þessi þurrleiguskip væru í eigu Íslendinga væri verið að greiða afborganir af erlendum lánum og vexti í stað leigu. Varðandi tímaleiguskip liggja ekki fyrir upplýsingar um slíkt þar sem skipin eru tekin á leigu af ýmsum aðilum, bæði farmflytjendum, skipamiðlurum og skipafélögum.

Svar við 4. spurningu: Íslenskum farmönnum hefur fækkað, en ekki liggja fyrir nákvæmar tölur í því sambandi. Í dag starfa um 660 farmenn á íslenska kaupskipaflotanum og 70 útlendingar á þeim tímaleiguskipum sem fyrirtækin eru með í rekstri.

Svar við 5. spurningu: Stjórnvöld hafa ekki gripið til sérstakra ráðstafana í þessu sambandi. Þau hafa þó beint þeim tilmælum til skipaútgerða að takmarka töku leiguskipa eftir mætti, auk þess sem fagfélög farmanna hafa verið í viðræðum við skipafélögin um þessi mál.

Í raun hefur ekki orðið vart atvinnumissis vegna erlendra leiguskipa og möguleikar stjórnvalda eru litlir í þessum efnum ef menn vilja á annað borð hafa siglingar frjálsar til og frá landinu eins og er hjá öðrum Vestur-Evrópuþjóðum. Skipafélögin hafa sýnt skilning í þessu efni og telja verður að ástandið á þessu sviði sé viðunandi um þessar mundir.

Að lokum vil ég segja að það er ánægjulegt hversu takmörkuð áhrif hinir miklu erfiðleikar í alþjóðlegri skipaútgerð hafa haft hér á landi. Það er hins vegar engin trygging fyrir óbreyttu ástandi í því efni og því munu stjórnvöld kappkosta að fylgjast náið með öllum breytingum sem verða á þessu sviði svo að yfir okkur dynji ekki sömu erfiðleikar í kaupskipaútgerð og sumar nágrannaþjóðir okkar hafa þurft að stríða við.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svar hans, en ég lýsi samt enn og aftur áhyggjum mínum vegna þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til með því að leigja erlend skip. Ég verð að fagna því að íslensk stjórnvöld skuli þó hafa beint tillmælum til skipafé-

laga og að til standi að erlendum leiguskipum fækki. Ég bendi á að við erum mjög háð siglingum og það hlýtur því að vera nauðsynlegt þjóð sem okkur að geta verið algjörlega óháð öðrum þjóðum.

Í ályktun miðstjórnar ASÍ, sem ég vitnaði til áðan, kemur reyndar líka fram að á sl. árum hefur íslenskum farmönnum fækkað um 300. En burt séð frá því að íslenskir farmenn eru að missa vinnu sína kemur annað til, svo sem stóraukin gjaldeyriseyðsla vegna leigu þessara erlendu skipa. Því tel ég nauðsynlegt að það verði mótuð stefna í þessum málum með atvinnuöryggi íslenskra farmanna að leiðarljósi.

Í Helgarpóstinum um síðustu helgi birtist viðtal við hæstv. sjútvrh. undir breiðletraðri fyrirsögn þar sem segir, með leyfi forseta: „Fjöldaatvinnuleysi fram undan." Sú stefna að færa vöruflutninga í hendur útlendinga er örugglega ekki leið til að bæta úr því og vona ég því að stjórnvöld geri eitthvað í því að stuðla að eflingu íslensks kaupskipaflota.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka flm. þessarar fsp. og svo samgrh. fyrir svör hans.

Þetta mál hefur lengi verið mjög brýnt fyrir farmenn. Ég vil vekja athygli á í þessu sambandi að við eigum í samkeppni við þjóðir sem ráða yfir mjög ódýru vinnuafli, bæði frá Mið-Ameríku, skipum skráðum í Panama t.d., og skipum með fólk sem fær ekkert kaup greitt eins og frá austurblokkinni. Það hefur verið mjög mikil samkeppni um frakt og kemur auðvitað niður á okkar farskipastól og vinnunni þar vegna þess að við eigum erfitt með að keppa við þessi skipafélög. Ég ítreka að við eigum mjög erfitt með að ráða fram úr þessum málum.

Mengun í álverinu í Straumsvík, ein umr.

Fsp. HG, 410. mál. — Þskj. 757.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 757 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. heilbrmrh. um mengun í álverinu í Straumsvík:

„1. Hvaða athuganir hafa verið gerðar á mengun í álverinu í Straumsvík vegna gallaðra rafskauta?

2. Hver er afstaða heilbrmrn. og Hollustuverndar ríkisins til þessa máls og hvaða kröfur hafa verið gerðar um úrbætur?"

Eins og vafalaust hefur ekki farið fram hjá hv. þm. hefur ríkt mikið vandræðaástand í álverinu í Straumsvík um langt skeið vegna innri mengunar á vinnustað. Um er kennt gallaðri framleiðslu, gölluðum rafskautum sem notuð hafa verið við álbræðsluna sem valda mikilli rykmengun innan húss til óþæginda, angurs og hugsanlega heilsutjóns fyrir starfsmenn sem þar vinna. Ástandið hefur verið mjög slæmt að mati starfsmanna síðan í júní 1987. Sumir tala um hrikalegt ástand, í öllu falli óviðunandi ástand.

Álverið í Straumsvík var á sínum tíma reist án mengunarvarna, ákveðið af ríkisstjórn á 7. áratugnum. Hún ætlar að verða Íslendingum dýrkeypt sú ákvörðun sem þá var tekin. Eftir mikinn þrýsting tókst að knýja fram aðgerðir af hálfu eigenda, þ.e. Alusuisse, en þá tekst ekki betur til en svo að sú tæknilega lausn sem valin er af þeim er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar til kemur gölluð framleiðsla frá sama fyrirtæki, Aluchemie, þ.e. dótturfyrirtæki Alusuisse í Hollandi á rafskautum sem leiðir til þess ástands sem ég hef nefnt hér.

Það hlýtur að sjálfsögðu að vera krafa opinberra aðila að úr slíku ástandi sé bætt og til að heyra um aðgerðir af hálfu heilbrigðisyfirvalda hef ég borið fram þessa fsp. til hæstv. heilbrmrh.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur borið fram fsp. um mengun í álverinu í Straumsvík í tveimur liðum.

Fyrri liðurinn hljóðar svo: „Hvaða athuganir hafa verið gerðar á mengun í álverinu í Straumsvík vegna gallaðra rafskauta?"

Þegar notuð eru gölluð rafskaut við álbræðslu er hætta á vandamálum varðandi rekstur kerja. Í slíkum tilvikum eru þekjur gjarnan teknar af kerjunum til þess að starfsmenn geti betur fylgst með ástandi þeirra. Þegar ker stendur opið fer mengun frá því ekki í gegnum hreinsibúnað álversins og hefur það í för með sér að mengun í kerskálum verður mikil ef mörg ker eru opin samtímis. Mengunarefnin fara síðan út um rjáfur.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með mengun á vinnustöðum og sér um að fylgjast með mengun í kerskálum álversins og áhrifum á starfsmenn, þann þáttinn sem hv. fyrirspyrjandi gerði sérstaklega að umræðuefni í framsögu með fsp. sinni. Það er sem sagt Vinnueftirlit ríkisins sem sér um eftirlit með mengun á vinnustöðum þannig að fyrir þann þátt get ég ekki svarað sérstaklega. Það verður hæstv. félmrh. að gera.

Hollustuvernd ríkisins hefur hins vegar eftirlit með mengun sem berst frá álverinu út í umhverfið og eftirlit með mengun í umhverfinu. Sumarið 1986 fóru fram í samvinnu við álverið í Straumsvík mælingar á útblæstri frá viftum í kerskálum og frá hreinsibúnaði. Í þeim tilvikum þar sem mikið var um opin ker var mengun frá álverinu töluvert meiri en viðunandi getur talist. Skýrsla um þessar mælingar er væntanleg í næsta mánuði.

Ég vil enn fremur geta þess að í samræmi við lög um álverið í Straumsvík starfar svokölluð flúornefnd sem á að fylgjast með því hvaða áhrif mengun frá álverinu hefur á gróður í nágrenni álversins. Þessi nefnd starfar á vegum iðnrn. og í tengslum við það.

Síðari liður fsp. hv. þm. var hver væri afstaða heilbrmrn. og Hollustuverndar ríkisins til þessa máls og hvaða kröfur hafi verið gerðar um úrbætur.

Afstaða ráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins mótast af því að mengun frá álverinu er óviðunandi þegar mörg ker eru opin, en hjá slíku ástandi verður ekki komist ef notuð eru gölluð rafskaut.

Í lok ágústmánaðar sl. skrifaði Hollustuvernd ríkisins álverinu í Straumsvík bréf vegna þessa máls og fékk hinn 16. sept. svar þar sem tilkynnt var að gölluðum skautum hafi verið skipt út þegar í ágústmánuði. Ráðuneytið og Hollustuvernd ríkisins töldu þar með að þetta mál væri komið í viðunandi horf. Greinilegt er hins vegar að ekki hefur fengist viðunandi lausn á þessu máli og mun ráðuneytið taka á málinu í samráði við Hollustuvernd, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, iðnrn. og stjórnendur álversins í Straumsvík þegar niðurstöður áðurnefndrar rannsóknar liggja fyrir sem eins og áður greindi frá er gert ráð fyrir að verði í næsta mánuði.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari fsp. um mengun í álverinu í Straumsvík frá Hjörleifi Guttormssyni og jafnframt þakka ég heilbrmrh. fyrir svar hans.

Ég tek undir það, sem kemur þar fram, að það er mjög mikilvægt að grannt sé fylgst með þessum *hlutum og það sé tekið á því þegar niðurstaða fæst úr* þeirri skýrslu sem er væntanleg, þannig að hvorki þeim sem vinna í álverinu né heldur nánasta umhverfi sé hætta búin af mengun frá álverinu. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að þegar álverið var reist var ekki gert ráð fyrir mengunarútbúnaði, enda ekki á þeim tíma svo mikið um þau mál rætt, en núna hefur verið gerð bragarbót á þessu og ég veit að heilbrmrh. mun fylgjast með því að þessu verði fylgt eftir og passað upp á að þetta verði lagað.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það kom að vísu ekki mikið fram um mat á *þessari mengun því að vísað* er til þess að skýrsla sé væntanleg innan skamms um þetta efni og upplýsingar um ástand á vinnustað sé að finna hjá Vinnueftirliti ríkisins sem heyri undir félmrn.

Hér kemur það fram eins og oft áður að umhverfismálin og eftirlit með þeim eru á dreif í stjórnkerfinu og það virðist ekki ætla að rofa til í þeim efnum hjá hæstv. ríkisstjórn, a.m.k. er ekki komið fram það frv. sem hæstv. forsrh. boðaði að kæmi fyrir áramót inn í þingið um nýskipan þeirra mála. Þetta er alveg hörmulegt þegar slíkar aðstæður bitna á fólki, eins og hér er um að ræða í álverinu í Straumsvík. Það er fullyrt af trúnaðarmönnum í álverinu að mengunin sé við eða yfir þeim mörkum gagnvart einstökum mönnum og starfshópum í álverinu sem talin eru viðunandi í nágrannalöndum okkar eins og í Noregi.

Það kom fram í öðru samhengi, herra forseti, þegar hæstv. iðnrh. svaraði fsp. minni um efnahagsleg áhrif vegna notkunar þessara rafskauta, að þar er hugsanlega verið að hlunnfara íslensk stjórnvöld varðandi skattgreiðslur og það er alvörumál út af fyrir sig. Það er gersamlega óforsvaranlegt að eigandi álversins, Alusuisse, skuli selja Ísal núna missirum saman gölluð rafskaut sem valda slíkri mengun og draga auk þess hugsanlega úr greiðslum og tekjum Íslendinga af þessu fyrirtæki, þ.e. íslenska ríkisins. Þetta er með öllu óþolandi.

Komið hefur fram í svokölluðum Ísal-tíðindum að forstjóri fyrirtækisins hefur verið að ásaka starfsmenn fyrir það að kvarta um þetta og krefjast úrbóta. Það er ekki sá skilningur sem þyrfti að ríkja á þessum málum í slíku fyrirtæki.

Vegna ummæla síðasta hv. ræðumanns vil ég benda á að þegar samið var um álverið í Straumsvík voru mengunarmálin til mikillar umræðu hér á Alþingi. Alfreð Gíslason, páv. þingmaður og læknir, vakti t.d. alveg sérstaka athygli á þessum þætti, en það var ekkert hlustað á aðvörunarorð Alþb. á þeim tíma í þessum efnum.

Það er sannarlega kominn tími til þess, virðulegur forseti, að á þessum málum sé tekið til að bæta hag starfsmanna og það sé tekið samræmdum tökum af stjórnvöldum eins og ég heyrði á hæstv. heilbrmrh. að hann hefði hug á að gert yrði.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lét að því liggja að það væri verið að hlunnfara íslensk stjórnvöld varðandi skattamál. Ég vísa til fyrri umræðna sem farið hafa fram í Sþ. um það mál þar sem kom fram að slíkt mundi ekki gerast. Það kom fram í svari mínu við einni af fjölmörgum fsp. hv. þm.

Ég vil aðeins út af því máli sem hér er á dagskrá segja að það er alveg ljóst að gölluð rafskaut hafa leitt til nokkurra vandræða. Ég hef skýrt það frá fjárhagslegu sjónarmiði fyrr.

Í öðru lagi er ljóst að mengunarvarnir hjá þessu fyrirtæki fara eftir íslenskum lögum sem heyra í þessu tilliti undir Hollustuverndina annars vegar og Vinnueftirlitið hins vegar eins og skýrt hefur komið fram hjá hæstv. heilbrmrh., en til viðbótar er 12. gr. aðalsamningsins við Alusuisse um flúornefnd sem ég veit að hv. þm. þekkir mjög vel frá sínu fyrra starfi þegar hann var iðnrh. Þær upplýsingar liggja fyrir fyrir árið 1986 og árin þar á undan. Eftir um það bil tvo mánuði kemur skýrsla fyrir sl. ár.

Síðustu upplýsingar, sem eru fyrir árið 1986, benda til þess að þá um haustið hafi minni mengun verið mæld í gróðri og vatni en um vorið. En með þessu er fylgst og það má segja að þegar litið er yfir öll þessi ár hefur mengun mæld í gróðri og í vatni við álverið farið minnkandi frá ári til árs og þá tek ég ekki tillit til þeirra vandræða sem nú er við að etja vegna gallaðra rafskauta.

Þetta vildi ég, forseti, að kæmi fram við þessar umræður.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Vegna ummæla hæstv. iðnrh. er rétt að benda honum og hv. þm. á að það er ekkert séð fyrir um það hvaða tjón íslenska ríkið kann að hafa af notkun gallaðra rafskauta vegna framleiðslunnar og uppgjörs við álverið í Straumsvík. Þetta hefur áhrif á rekstur yfirstandandi árs. Kannski skilar fyrirtækið hagnaði þannig að það greiði einhverja skatta umfram lágmarksframleiðslugjald og þá er ansi hætt við því að notkun þessara gölluðu rafskauta komi einnig þar við sögu.

En það þýðir lítið að vísa í lög og ákvæði í aðalsamningi og í íslenskum lagaákvæðum, ef ekki er unnt að framfylgja þeim eða a.m.k. er ekki allt gert til þess að við þau sé staðið.

Einstaklingar með glútenóþol, ein umr.

Fsp. HJ, 414. mál. — Þskj. 761.

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Hæstv. forseti. Hér er tekin fyrir fsp. til heilbrmrh. um einstaklinga með glútenóþol. Sú fsp. er merkileg á þann hátt að hún vekur athygli á máli sem er mjög mikilvægt fyrir nokkurn hóp manna. Einstaklingar með glútenóþol hafa verið að greinast tíðar síðustu árin og er líkleg ástæða til þess að sjúkdómurinn fer mjög leynt og ef svo má að orði komast e.t.v. vegna þess að hann hefur mjög mörg einkenni sem eiga við um aðra sjúkdóma og þess vegna hafa einstaklingar með glútenóþol oft fengið greiningu á hinum ýmsu sjúkdómum alls óskyldum glútenóþoli. Vekja ber sérstaklega athygli á að sérfæði sem fólk með glútenóþol borðar er allt að fjórum sinnum dýrara en hefðbundið fæði og auk þess er oft mjög erfitt að nálgast glútenfríar vörur. Þetta er atriði sem stjórnvöld verða að taka til athugunar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef má gera ráð fyrir að ein heil mánaðarlaun einstaklings á ári fari í að greiða aukakostnað vegna fæðis án glútens. Þá vil ég vekja sérstaklega athygli á að einstaklingar með glútenóþol hafa sótt um fyrirgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins og um ívilnanir vegna skatta hjá skattyfirvöldum en alls staðar fengið neitun þrátt fyrir rökstuðning frá læknum, matvælafræðingum og gögn frá skattyfirvöldum á hinum Norðurlöndunum. Ekkert hefur verið gert til að greiða götu sjúklinga með glútenóþol. Það er því tímabært að skoða þessi mál vandlega og taka á þeim.

Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hve margir einstaklingar hafa greinst með glútenóþol hér á landi?

2. Bera innfluttar vörur fyrir sjúklinga með glútenóþol með einhverju móti lægri skatta en aðrar vörur og ef svo er, hvaða tilvik er um að ræða?

3. Hefur kostnaðarauki við matargerð sjúklinga með glútenóþol verið reiknaður út og hver er hann á ári?

4. Hve margir einstaklingar njóta fyrirgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúkdómsins?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. beindi til mín fsp. í fjórum liðum.

1. liðurinn fjallar um hversu margir einstaklingar hafa greinst með glútenóþol hér á landi. Því er til að svara að heilbrigðisyfirvöld hafa ekki nákvæma tölu á fjölda einstaklinga með staðfesta sjúkdómsgreiningu glútenóþols hér álandi.

Sjúkdómurinn gerir venjulega vart við sig á fyrsta aldursári og lýsir sér með því að barnið þyngist ekki sem skyldi og hægðir eru óeðlilegar. Ástæðan er talin vera að slímhúð smágirnis er óeðlilega viðkvæm fyrir glúteni í fæðunni, en glúten er eggjahvítuefni sem er m.a. í hveiti. Orsakir sjúkdómsins eru ekki að fullu þekktar, en svo virðist sem hann sé arfgengur. Til að staðfesta sjúkdómsgreiningu þarf að taka vefjarsýni úr smágirni auk frekari rannsókna. Svo virðist sem sjúkdómur þessi greinist hér á landi um eða eftir þrítugt.

Eins og áður segir er glútenóþol ekki skráningarskyldur sjúkdómur og er því ekki kunnugt um hve margir eru með slíkan sjúkdóm hér á landi, en áætlaður fjöldi er 40–50 manns. Samkvæmt upplýsingum Barnaspítala Hringsins eru engir einstaklingar þar til meðferðar vegna glútenóþols.

2. liður fsp. var svohljóðandi: „Bera innfluttar vörur fyrir sjúklinga með glútenóþol með einhverju móti lægri skatta en aðrar matvörur og ef svo er, hvaða tilvik er um að ræða?“

Glútensneyddar vörur bera sömu innflutningsgjöld og aðrar vörur í sama vöruflokki. Hins vegar lækkuðu tollar og vörugjöld um sl. áramót eins og hér segir af einstökum vöruflokkum sem gætu skipt máli í þessu sambandi: Hrökkbrauð úr 30% vörugjaldi og 3% jöfnunargjaldi í 3% jöfnunargjald en ekkert vörugjald, kex úr 30% vörugjaldi og 3% jöfnunargjaldi í 17,5% vörugjald og 3% jöfnunargjald. Engin innflutningsgjöld eru lögð á mjöl, þ.e. hveiti og þess háttar.

Kostnaðarauki við matargerð einstaklinga með glútenóþol hefur ekki verið reiknaður út en er vafalaust nokkur þar sem glútensneytt hveiti og matvörur eru dýrari, eins og reyndar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, en sambærilegar vörur með glúteni.

3. liður fsp. var: „Hefur kostnaðarauki við matargerð sjúklinga með glútenóþol verið reiknaður út og hver er hann á ári?“

Ég verð því miður að svara því til að mér er ekki kunnugt um neina slíka útreikninga alla vega ekki á vegum heilbrigðisyfirvalda.

4. liður fsp. var: „Hve margir einstaklingar njóta

fyrirgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúkdómsins?"

Hvað varðar þennan lið fsp. lít ég svo á að fyrirspyrjandi eigi við tryggingabætur vegna kostnaðarauka við kaup á glútensneyddri matvöru. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins var erindi þess efnis að greiddur yrði aukakostnaður einstaklinga með glútenóþol synjað af tryggingaráði 1985. Til greina kemur að beina þeim tilmælum til tryggingaráðs að taka þá ákvörðun til endurskoðunar, en viðbúið er að margir fleiri sjúkdómar en glútenóþol hafi í för með sér hærri matarreikninga en ella svo spurningin hlýtur að vera sú: Hve langt á að ganga í sambandi við greiðslu bóta úr almannatryggingum vegna sérstakra sjúkdóma umfram það sem almenn ákvæði skipa fyrir um varðandi læknishjálp og lyf?

Fyrirspyrjandi (Hreggviður Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir svar hans. Þar kemur raunar fram að málefni þessa fólks hafa lítt verið skoðuð fram til þessa. Ég held að það sé áætlað samkvæmt sambærilegum tölum frá öðrum löndum að hér muni vera um 180 manns með þennan sjúkdóm. Það hefur hins vegar ekki verið rannsakað nægilega hér eins og hæstv. heilbrmrh. gat um. Þá hefur þetta valdið mjög miklum erfiðleikum á þeim heimilum þar sem börn eru haldin þessum sjúkdómi því þau verða oft mjög vangæf með þessum sjúkdómi.

Ég vil þó beina þeim tilmælum sérstaklega til heilbrmrh. að hann beiti sér fyrir því að málefni þessa fólks verði tekin fyrir og sjá hvort ekki eru til leiðir til úrbóta. Ég veit að hann getur beitt sér á þeim vettvangi þannig að þetta fólk fái betri fyrirgreiðslu og njóti jafnvel bóta frá Tryggingastofnun ríkisins í þessu tilfelli ef svo sýnist vera.

Mengunarútbúnaður bifreiða, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 481. mál. — Þskj. 831.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á 110. löggjafarþingi hefur verið fluttur fjöldinn allur af fsp. og till. um umhverfismál og hefur þar verið komið víða við, allt frá ósonlaginu niður í blýlaust bensín.

Sú fsp. sem ég legg fram og mæli fyrir er í ætt við hið síðargreinda og er beint til viðskrh. og dómsmrh. og fjallar um mengunarútbúnað bifreiða.

Í flestum nágrannalöndum okkar hefur verið og er í undirbúningi að taka upp reglur er krefjast þess að nýjar bifreiðar séu búnar mengunarútbúnaði. Hefur tilkoma þessarar kröfu leitt til þess að mengun í stórborgum, sérstaklega í Bandaríkjunum, er talin fara minnkandi.

Við Íslendingar höfum ekki enn gert þá kröfu til bifreiðaumboðanna að bifreiðar verði að vera búnar þessum hreinsibúnaði og erum við því á eftir nágrannaþjóðunum á þessu sviði. Þannig er ástatt að bifreiðar eru í dag almennt framleiddar með þessum mengunarútbúnaði, en þegar þær eru fluttar til Íslands er þessi búnaður tekinn úr og verð lækkað eitthvað óverulega.

Að gerð verði krafa um svona mengunarútbúnað er engin spurning að verður staðreynd hér á landi. Hins vegar er aðeins spurning hvenær stjórnvöld telja ástæðu að setja slík fyrirmæli í lög.

Fsp. er tvíþætt og er þannig, með leyfi forseta:

„1. Hefur verið athugað hvort skylda megi innflytjendur bifreiða til að flytja aðeins inn til landsins þær bifreiðar sem eru búnar mengunarútbúnaði? Ef svo er, hvað líður þeirri athugun?

2. Má búast við löggjöf er takmarki mengun af völdum bifreiða?"

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi hvort athugað hafi verið hvort skylda eigi innflytjendur bifreiða til að flytja aðeins inn til landsins þær bifreiðar sem búnar eru mengunarútbúnaði og hvað slíkri athugun líði.

Svar mitt er að umferðarlögin kveða á um að ráðherra skuli setja reglur um gerð og búnað ökutækja. Mengunarútbúnaður eða búnaður til að koma í veg fyrir mengun, hvort heldur er vegna vökva, hávaða eða útblásturs, fellur undir þetta ákvæði og reglurnar hafa ávallt tekið tillit til þessara atriða. Nýjar reglur um gerð og búnað bifreiða frá því í febrúar sl. gera ráð fyrir því að settar verði viðmiðunarreglur um mengun vegna hávaða og útblásturs. Þær reglur hafa enn ekki verið settar. En í drögum að reglum um þetta efni, sem eru í undirbúningi hjá Bifreiðaeftirlitinu, er hins vegar við það miðað að þessar reglur verði strangari að því er varðar bifreiðar sem skráðar verða frá og með næstu áramótum. Þessar reglur miða við mælingu á útblæstri frá bifreiðum, en slíkar mælingar þarf að framkvæma í sérstakri skoðunarstöð. Þetta verk hefur m.a. verið haft í huga við hönnun nýrrar skoðunarstöðvar á vegum hins nýja Bifreiðaeftirlits eins og tillögur liggja fyrir hv. Ed. um að koma á fót.

Ég minni líka á að umræða um blýlaust bensín er tiltölulega nýhafin hér á landi, en slíkt bensín er forsenda fyrir mengunarvörnum í hverjum bíl, eins og hv. fyrirspyrjandi er hér að vekja máls á.

Ég bendi á að upp á síðkastið hefur aðallega verið flutt inn blýlaust bensín. Forsrh. skipaði nýlega nefnd til þess að athuga hvort slík tilhögun ætti að vera viðvarandi. Ég veit ekki hvað störfum þeirrar nefndar líður.

Þá er spurt hvort búast megi við löggjöf er takmarki mengun af völdum bifreiða. Ég get svarað fyrir þau ráðuneyti sem ég fer með fyrirsvar fyrir, að þar er ekki í undirbúningi sérstök löggjöf um þetta efni. Ég tel að umferðarlögin hafi nægar heimildir til

að setja slíkar reglur. Hins vegar hljóta slíkar reglur að mótast af almennu viðhorfi til mengunarvarna og þær þarf að móta og ákvarðanirnar þarf að taka í samráði við þá sem fara með mengunarmál almennt. Ríkisstjórnin undirbýr nú tillögur um skipulag umhverfismála og ekki síst umhverfisverndar og má ætla að þá verði tekin afstaða til þessa máls á réttum vettvangi, ekki síst á vettvangi heilbrigðismála.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í upphafi síðasta þingárs bar ég fram þáltill. um að sett yrði á laggirnar nefnd til að undirbúa notkun blýlauss bensíns. Það tók hið háa Alþingi eitt og hálft ár að samþykkja þessa till. og þá var henni breytt, textanum, í þá veru að skipuð skyldi nefnd til að athuga *hvort* tekin yrði upp notkun á blýlausu bensíni. Fáfræði sú sem þessi afgreiðsla lýsir er satt að segja áhyggjuefni, enda skipti ekki togum að þegar ráðherra hafði skipað nefndina var blýlausa bensínið komið. Það vissi allur heimurinn að það væri á leiðinni nema hið háa Alþingi.

Ég vil að þessu gefna tilefni biðja hv. þm. að taka með nokkuð meiri alvöru í framtíðinni á þeim málum sem hér eru borin fram og reyna að kynna sér þau áður en þau eru ýmist lögð til hliðar eða afgreidd á svo fánalegan hátt sem hér er lýst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af seinni lið fsp. hv. þm. Guðmundar Ágústssonar þar sem fjallað er um mengun af völdum bifreiða og kom reyndar fram í svari hæstv. dómsmrh. að hér er um að ræða einn þátt af mengunar- og umhverfismálum sem við ræddum reyndar hér í umræðum um fyrri fsp. sem svarað var í dag vegna mengunar frá álverinu í Straumsvík og segir okkur aðeins hversu umhverfis- og mengunarmál eru mikilvæg, en hins vegar einnig, eins og þá kom fram í umræðunum og aftur nú, að hér er um að ræða mál sem skarast milli ráðuneyta og því miður verða fyrir vikið miklu flóknari og erfiðari í úrvinnslu en vera má með svo mikilvægan málaflokk.

Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra er nú á döfinni að taka á þessum málum. Það liggur nú fyrir nál. frá þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði á haustdögum til að fjalla um þessi mál og um það nál. verður á næstu dögum fjallað í þingflokkum ríkisstjórnarinnar, en ég hygg þó að þar kunni enn að vera uppi nokkur ágreiningsefni varðandi það hvernig þessum málum skuli stjórnað, hvar skuli vista þau, og alveg ljóst að verulegur hluti umhverfismálanna tilheyra heilbrigðisgeiranum vegna þessu hversu miklu þau skipta almennt heilbrigði og lífnaðarhætti fólks sem varðar þá auðvitað ekki síst heilsufar þess.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðsk.- og dómsmrh. og hæstv. heilbrmrh. fyrir svörin. Ég fagna því að fyrirhugað er að setja nánari reglur í umferðarlög um mengunarbúnað bifreiða og útblástur frá þeim.

En það kom ekki nógu vel fram í svari hæstv. ráðherra hvort þennan sérstaka mengunarútbúnað, sem ég taldi að fælist í spurningunni, ætti að taka upp. Eins og ég sagði áðan í fyrri ræðu minni eru bifreiðar venjulega framleiddar núna með hreinsiútbúnaði og spurningin laut að því hvort stjórnvöld mundu krefjast þess að þessi hreinsunarútbúnaður fylgdi hverri bifreið.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Fyrirspurnin hefur vakið þarfar umræður um þetta mál og ég get fullvissað hv. 13. þm. Reykv. um að mönnum er nú ljóst að það er blýlaust bensínið sem kemur til landsins. Ég vil geta þess að ég skrifaði forsrh. þegar nefndin var skipuð, sem minnst var á, og benti á að þetta væri raunin.

Listskreyting Hallgrímskirkju, ein umr.

Fsp. GHelg, 411. mál. — Þskj. 758.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 758 til hæstv. kirkjumrh. um framkvæmd þál. um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík sem er 411. mál þingsins.

Hinn 22. apríl 1986 var samþykkt á hinu háa Alþingi þál. sem hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að skora á kirkjumrh. að skipa nú þegar sjö manna nefnd til þess að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumrh. skipi einn mann og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Menntmrh., biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag ísl. myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987."

Till. var eins og áður er getið samþykkt 22. apríl 1986. Síðan líður tæpt ár þar til páv. hæstv. kirkjumrh. skipar nefndina. Nefndin er loksins skipuð 10. apríl 1987 og í skýrslu sem nefndin skilaði þegar verki hennar var í raun og veru lokið — hún

átti að skila verki sínu fyrir árslok 1987 og leit svo á að þegar sá tími væri upp runninn gæti hún ekki gert meira, enda segir svo í skýrslu sem nefndin sendi frá sér, með leyfi forseta:

„Listskreytingarnefndin hefur frá upphafi talið það mikilvægt að mótun eða í það minnsta umfjöllun um heildarútlit væri nauðsynleg og raunar óhjákvæmileg í upphafi verks. Tímans vegna hefur slík heildarmynd þó ekki séð dagsins ljós enn. Hér skal sérstaklega á það bent að langur tími leið frá því að þál. Alþingis var samþykkt 22. apríl 1986 þar til nefndin var skipuð 10. apríl 1987. Með það í huga er augljóst að starfstími hennar er mun skemmri, jafnvel einu ári, en ætlað var í samþykkt Alþingis."

Hæstv. forseti. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. núv. kirkjumrh. sem í ræðu hefur lýst áhuga sínum á að þetta verk verði unnið: Hvernig hugsar hann sér framhald verksins þar sem augljóst var að hæstv. fyrrv. kirkjumrh. var þetta verkefni einskis virði og hann hafðist lítt að til þess að framkvæma þá samþykkt sem hér var gerð eftir tveggja ára baráttu? Ég vil heyra hver sé hugmynd hæstv. ráðherra um framkvæmd verksins.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 13. þm. Reykv., spurði hvað valdið hefði drætti á skipun nefndar um listskreytingu Hallgrímskirkju. Ég minni á að skv. þál. skyldi nefndin skipuð sjö mönnum, formanni skipuðum af ráðherra, en tilgreindum aðilum ætlað að nefna hina sex. Tilnefningar aðilanna sex bárust ráðuneytinu reyndar ekki eins fljótt og skyldi, sú síðasta víst í nóvember 1986, og svo reyndist það erfiðleikum bundið að fá mann til að gefa kost á sér til að vera formaður í nefndinni. Þetta er aðalskýringin á því að nefndarskipunin dróst um tæpt ár.

Síðan var spurt hvers vegna áætluninni um verklok hafi ekki verið breytt með tilliti til þess hversu seint nefndin var skipuð. Um það mál vil ég segja að nefndarstörfin gengu vel og í lok sl. árs var þar komið störfum nefndarinnar að fyrir lá bæði kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um fyrsta verkþáttinn sem fjallar um skreytingu anddyris kirkjunnar, um lágmynd og glugga á framhlið kirkjunnar eða á vesturhliðinni. Ég vil taka fram að nefndin telur eðlilegt að listskreytingunni verði skipt í fimm þætti, á framhlið, kór, forkirkju, kirkjuskipi og svo umhverfi kirkjunnar.

Ég taldi rétt og lagði reyndar fyrir nefndina að hún skilaði af sér á tilsettum tíma í samræmi við þál. til þess að þingmönnum gæfist sem fyrst kostur á að kynna sér þessa niðurstöðu nefndarinnar og jafnframt væru þá meiri líkur á að framkvæmdir við listskreytinguna gætu hafist. Skýrsla nefndarinnar var svo send þinginu.

Varðandi það hverjar fyrirætlanir ég hafi um framhald verksins, þá langar mig að segja þetta: Fyrsti þátturinn í þessari kostnaðar- og framkvæmdaáætlun, sem nefndin hefur samið, er í reynd tvískiptur: Annars vegar skreyting dyra og gerð lágmyndar, hins vegar glugginn. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á þessu ári og ljúki á því næsta. Í samræmi við tillögur nefndarinnar hef ég ákveðið að skipa dómnefndir og efna til lokaðrar samkeppni um skreytingu að þessu leyti. Ég mun reyna að fylgja þeirri áætlun sem nefndin samdi, en auðvitað hlýtur það að ráðast af fjárveitingum sem heimilaðar verða hverju sinni og ég minni líka á að þessi nefndarskipan og þessi þál. er dálítið óvenjuleg að því leyti að þarna tekur þingið sér fyrir hendur að skipa nefnd til að fjalla um skreytingu guðshúss sem ekki er í eigu ríkisins heldur safnaðarins í Hallgrímskirkjusókn.

Ég ætla svo að lokum að geta þess að ég hef á þessum grundvelli og í samráði við forsvarsmenn kirkjunnar ákveðið að skipa nýja nefnd til að móta endanlega kostnaðar- og verkáætlun þeirra fjögurra þátta sem fyrri nefnd gafst ekki alveg tóm til að ljúka. Ég tel það hentugra af fyrirkomulagsástæðum. Ég bind vonir við að nýstofnaður Jöfnunarsjóður sókna, en Alþingi setti lög um þá stofnun í desember sl., geti lagt fé til Hallgrímskirkju, m.a. til listskreytingar, enda hefur þessi sjóður lögunum samkvæmt sérstakar skyldur við landskirkjur eins og Hallgrímskirkja svo sannarlega má teljast.

Ég vildi að endingu minna á það að bygging slíkra stórkirkna sem Hallgrímskirkja er hefur oft og tíðum víða um lönd tekið áratugi og jafnvel miklu lengri tíma.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég lýsi því yfir að ég er sérstaklega ánægð með þetta svar hæstv. ráðherra, einkum þá yfirlýsingu hans að hann hyggist skipa nýja nefnd til að ljúka þessu áætlunarverki. Vissulega er hér um að ræða verk sem tekur ár og jafnvel áratugi, en ég held að við getum ekki látið hjá líða að vinna að því að þessu mikla húsi verði lokið og það verði til prýði fremur en það standi eins og það er nú, svo til hálfbyggt má segja.

Ég vil taka fram um þá hlutaskýrslu sem fyrir liggur — sem ég veit raunar ekki hvort hv. þm. hafa fengið, ég varð alla vega að ganga eftir henni í ráðuneytinu — að ég tel mjög mikilvægt að þingmenn fái að sjá þessa skýrslu vegna þess að til var kallaður þýskur sérfræðingur sem hefur sagt álit sitt á þessu mikla húsi og hvað megi gera til að gera það þannig úr garði að það verði til yndis og ánægju fólkinu í þessu landi. Það fólk sem starfaði í nefndinni sem lokið hefur störfum var flest áhugasamt um að vinna þetta verk vel, en eins og ég gat um áðan var tíminn nánast enginn.

Ég vil því einungis fagna því að hæstv. ráðherra hefur í hyggju að skipa nýja nefnd og hefur lofað að sjá svo til að þetta verk dagi ekki uppi. Menn hafa verið að horfa á sjónvarpsþætti nýlega um ævi og starf Guðjóns Samúelssonar, hins mikla byggingameistara, og ég tel, eins og segir í grg. sem tillögunni fylgdi, að hann eigi það fyllilega skilið af hálfu

þjóðarinnar að séð verði svo til að þetta mikla verk hans verði að lokum fullfrágengið og til sóma fyrir land og lýð, að ég ekki tali um sálmaskáldið sem kirkjan er byggð í minningu um. Ég tel að þessir tveir menn verðskuldi að frá þessu húsi verði myndarlega og fallega gengið og ég trúi því ekki augnablik að neinn hv. þm. sjái ofsjónum yfir því fé sem til þess færi. Þegar fram kom á aðalfundi Seðlabankans að 321 millj. kostaði að fínpússa Seðlabankahúsið að lokum þegar það var löngu fullbyggt, þá hlýtur að verða til fé til að ljúka listskreytingu á Hallgrímskirkju.

En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir drengileg og góð svör og ég vænti þess að hann beri gæfu til að standa við gefin loforð.

Samvinnufélög, ein umr.

Fsp. HBl, 425. mál. — Þskj. 775.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég flyt fsp. á þskj. 755 til viðskrh. svohljóðandi:

„Hvað líður endurskoðun á lögum um samvinnufélög?"

Það er ekki vonum seinna að þessi fsp. er fram komin. Við höfum heyrt um það í fréttum og mörg okkar kynnst því mjög áþreifanlega í persónulegum samtölum fólks að samvinnuhreyfingin hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum og enginn vafi leikur á því að sú lagaumgjörð sem fjallar um starfsemi hennar er að mörgu leyti úrelt orðin og ekki í takt við tímann. Þetta hefur reyndar fengist staðfest, herra forseti, með margvíslegum yfirlýsingum forustumanna Sambands ísl. samvinnufélaga, stjórnarmanna o.fl. Þeir telja að brýna nauðsyn beri nú til að endurskoða löggjöf um samvinnufélög sem er frá árinu 1937, orðin hálfrar aldar gömul og tekur með engum hætti tillit til þeirra breyttu verslunar- og starfshátta sem nú eru borið saman við þann tíma eins og menn geta fljótlega sannfært sjálfa sig um ef þeir mundu gera annað tveggja að kynna sér samvinnusöguna eða lesa sig til um það hvaða viðhorf hefur verið til þessarar hreyfingar í þingsölum á mismunandi tímum á því skeiði sem síðan er runnið.

Ég dreg ekki úr þeirri miklu þýðingu sem kaupfélögin hafa haft fyrir byggðarlögin. Á sumum stöðum er kaupfélagið aðalburðarásinn í atvinnulífinu. Einmitt af þeim sökum er nauðsynlegt að koma í veg fyrir þær miklu málaþrætur og þá miklu tortryggni sem nú er uppi varðandi samvinnufélögin, samband þeirra innbyrðis, hver sé t.d. hlutdeild kaupfélaganna í Sambandi ísl. samvinnufélaga og um leið hverjar séu skyldur dótturfélagsins við þá sem skópu Sambandið, kaupfélagin. Getum við vænst þess t.d. að óvissa sé enn um það að ýmsir þeir bændur sem hafa lagt inn afurðir sínar í kaupfélögin fái þær ekki endurgreiddar þó svo að fyrir liggi að mikil efni og miklar eignir eru hjá þessum samtökum í heild sem eiga auðvitað að standa á bak við ábyrgðirnar, ekki síst vegna þess að við vitum að Samband ísl. samvinnufélaga hefur aðstöðu til og hefur í raun haft mikið um rekstur einstakra kaupfélaga að segja, ekki síst ef þau hafa átt í erfiðleikum.

Ég held því, herra forseti, að nauðsyn beri til að menn íhugi á nýjan leik þá lagaumgerð sem samvinnufélögin starfa eftir. Ég veit af yfirlýsingum manna í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga að þeir eru mér sammála um nauðsyn þessa máls og ég vil því vænta þess að undinn verði bráður bugur að því að Alþingi geti endurskoðað lög um samvinnuhreyfingar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín svohljóðandi fsp.: „Hvað líður endurskoðun á lögum um samvinnufélög?"

Því er til að svara að með ályktun Alþingis 29. maí 1980 var ríkisstjórninni falið að hefja undirbúning að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd í samráði við samvinnuhreyfinguna eins og það þá var ákveðið. Í framhaldi af því skipaði þáv. viðskrh. haustið 1980 fimm manna nefnd til þess að vinna þetta verk. Formaður nefndarinnar var Gaukur Jörundsson prófessor. Nefndin skilaði drögum að frv. til l. um samvinnufélög á árinu 1983. Meðal nýmæla í frv. má nefna fernt:

1. Að samvinnufélögum skyldi veita heimild til að ákveða sjálf í sínum samþykktum að starfsmenn kjósi einn eða fleiri menn í stjórn.
2. Takmörkun á persónulegri ábyrgð félagsmanna.
3. Rýmkaða heimild þeirra til að fá innstæðu sína í stofnsjóði greidda.
4. Heimild til að verðtryggja stofnsjóðsinnstæður að einhverju marki. Í frumvarpsdrögunum var reyndar lagt til að verðtryggingin yrði miðuð við hækkun á raunverði eigna félagsins.

Það er skemmst frá því að segja að skömmu eftir að þetta frv. til l. um samvinnufélög var afhent urðu stjórnarskipti og í ársbyrjun 1984 skipaði þáv. viðskrh. nýja nefnd til að endurskoða lög um félög og stofnanir í atvinnurekstri eða með önnur fjárhagsleg markmið. Nefndin, sem Árni Vilhjálmsson prófessor var formaður fyrir, ræddi nokkuð á fundum sínum árið 1985 fyrirliggjandi frv. til l. um samvinnufélög sem samið hafði nefndin undir forsæti Gauks Jörundssonar. Formaður seinni nefndarinnar, Árni Vilhjálmsson, útbjó drög að frv. án grg. sem kalla mætti vinnuplagg nefndarinnar. Í þessum drögum var m.a. nokkuð fjallað um verðtryggingu á stofnsjóðum. Talsverður ágreiningur kom hins vegar upp í nefndinni út af þessu ákvæði og um svipað leyti hætti nefndin störfum.

M.a. með hliðsjón af því að enn er ekki ljóst hvernig lagafrv. Árna Vilhjálmssonar, sem ég til

hægðarauka kenni við formanninn, um breytingu á lögum um hlutafélög reiðir af hérna í þinginu, en það frv. er nú til meðferðar í hv. Ed. og hefur reyndar verið hjá hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar frá því 24. nóv. 1987, þá tel ég eðlilegt að ákveða ekki á þessu stigi hvernig framhald starfa að endurskoðun laganna um samvinnufélög skuli háttað. Ég hef þá fyrst og fremst í huga að lögin um samvinnufélög þurfa eftir því sem við getur átt að vera í samræmi við aðra félagalöggjöf. Ég legg þess vegna mikla áherslu á það, að lagafrv. um hlutafélagalögin fái skjóta en trausta meðferð þingsins, helst þannig að það verði að lögum á þessu þingi. Í beinu framhaldi af því þætti mér eðlilegt að fara að huga að rækilegri endurskoðun á lögunum um samvinnufélög.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. viðskrh. að frv. hans varðandi hlutafélög er í afgreiðslu hjá fjh.- og viðskn. Ed. og það er rétt að það hefur tekið tíma, það hefur legið þar nú í vetur, m.a. fyrir þá sök að ýmislegt er að gerast í sambandi við hlutafélögin og hlutabréfamarkað og ýmislegt sem þar tengist. Þar að auki get ég sagt að það er skoðun mín að nauðsynlegt sé að þingið hafi þessi frumvörp bæði til meðhöndlunar samtímis, frv. um hlutafélög og frv. sem felur í sér endurskoðun á lögum um samvinnufélög.

Ef við lítum á þingsöguna kemur í ljós að Alþingi hefur gjarnan tekið afstöðu til þessara félagaforma með svipuðum hætti og hefur litið sömu augum t.d. á afstöðu hins einstaka félagsmanns til samvinnuhreyfingarinar eins og Alþingi hefur litið á sambandið milli hlutafélags og einstaklings. Ef við rifjum t.d. upp löggjöfina um stóreignaskattinn á sínum tíma frá 1949 og 1950 kemur í ljós að það voru einstaklingarnir í kaupfélögunum sem voru látnir greiða stóreignaskattinn. Hann var lagður á einstaklinga en ekki á samvinnuhreyfinguna, hvorki Samband ísl. samvinnufélaga né kaupfélögin, og með sama hætti var það svo að hluthafarnir voru látnir greiða stóreignaskattinn fyrir hlutafélögin. Þannig er öldungis ljóst að það er í samræmi við reynsluna að Alþingi fjalli um þessi félagaform samtímis og undir engum kringumstæðum get ég unað þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að á meðan við í fjh.- og viðskn. Ed. kjósum að athuga betur frv. um hlutafélögin verði látið undir höfuð leggjast að hefja endurskoðun á lögum um samvinnufélög. Undir engum kringumstæðum get ég á það fallist, en ég vil aðeins skýra frá því að sú málsmeðferð sem í nefndinni hefur verið á frv. til breytingar á lögum um hlutafélög er án athugasemda nokkurs nefndarmanns og við höfum talið að við höfum farið það gætilega og rólega og höfum síður en svo sest á málið af vilja, en höfum hins vegar viljað athuga hvert efnisatriði gaumgæfilega.

Ég vil, herra forseti, aðeins segja að ég fagna því að ég heyri að vilji hæstv. ráðherra stendur til þess, þrátt fyrir allt, að samvinnulögin verði endurskoðuð og ég efast ekki um að hann með sínum mikla dugnaði muni koma því í framkvæmd.

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að taka undir þau meginatriði í máli hv. þm. Halldórs Blöndals að nauðsynlegt sé að láta endurskoðun félagalöggjafarinnar fylgjast að. Það er rétt að geta þess að í upphafi þessarar aldar voru lög um almenningshlutafélög, um hlutafélög og samvinnufélög, oft til umræðu um sama leyti og mjög merkileg löggjöf var hér um þau efni á t.d. 2. og 3. áratug aldarinnar. Því miður hefur margt farið úr skorðum síðan, en þó hafa verið samþykkt mjög merk lög um hlutafélög árið 1978. Hins vegar hefur ætíð dregist úr hömlu að endurskoða samvinnufélagalögin. Það hefur alltaf verið einhver fyrirstaða hér í þinginu og úti í þjóðfélaginu fyrir því að gera þau nútímaleg, en nú er orðið tímabært að það verði gert og þess vegna tek ég undir að það verði látin fylgjast að þessi tvenn lög. Að því er varðar breytingu á hlutafélagalögum, sem núna er í Ed., er þar um mjög lítilvægar breytingar að ræða. Þær skipta engu meginmáli.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það að hafi nokkurn tíma leikið á því minnsti vafi ætti hann ekki að ríkja lengur að ég hef áhuga á því og veit að það er þörf fyrir endurskoðun laganna um samvinnufélög. Til þess að færa þessi lög til nútímahorfs. En ég ítreka þá skoðun mína að það sé hentugt vinnulag að ljúka lagasetningunni um hlutafélögin fyrr og ég leyfi mér að vísa til þess sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykv. rétt áðan. Ef þessar lagabreytingar á hlutafélagalögunum, sem nú liggja fyrir hv. Ed., eru ekki umfangsmeiri en hann lýsti að áliti þingmanna ætti nú að vera hægurinn hjá að hespa því af. Ég held að það sé, eins og ég segi, hentugt vinnulag, en ég geri þetta alls ekki að neinu stórmáli og tel að það sé á ýmsan hátt hentugt að hafa hvort tveggja félagsformið undir í einu, en með tilliti til þess að í gildi eru tiltölulega nýsett lög um hlutafélög og með því að tillögur um breytingar á þeim eru nú fyrir þinginu væri hentugt og skynsamlegt að ljúka því verki og snúa sér síðan að samvinnufélögunum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri ábendingu sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. sem minntist á upphaf samvinnuhreyfingarinnar og störf hennar og þörfina fyrir endurskoðun laga um hana. Ég ætla að vona að þeir sem komu fram með tillöguna um endurskoðun á samvinnuhreyfingunni séu með það í huga að endurskoða samstarf samvinnuhreyfingarinnar og íslensku þjóðarinnar með það fyrir augum að það verði bæði þjóðinni og samvinnuhreyfingunni fyrir hinu besta. Samvinnuhreyfingin hefur vaxið upp í litlu og þröngu þjóðfélagi á þann hátt að það hefur gert gagn og ég vona að út úr þeirri

endurskoðun sem flm. hafa lagt til verði framhald á þeirri starfsemi, til blessunar fyrir alla.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skildi ekki alveg ræðu hv. síðasta ræðumanns. Auðvitað gengur mér ekkert nema gott til. Ég er félagsmaður í Kaupfélagi Eyfirðinga og legg ríka áherslu á að það sé nauðsynlegt að samvinnuhreyfingin fái nútímalega lagaumgjörð til þess að hún geti rækt sín störf og þjónustu við landsmenn eins og allir vilja að hún geri. (**AG:** Það hvarflaði ekki að mér að hv. þm. hefði annað í huga.)

Kynbætur á svínum og alifuglum, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 482. mál. — Þskj. 832.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á þskj. 832 flyt ég fsp. til hæstv. landbrh. um kynbætur á svínum og alifuglum. Hljóðar fsp. á þessa leið, með leyfi forseta:

„1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót stöð til kynbóta á svína- og alifuglastofnunum?

2. Hefur verið athugað með hvaða hætti bæta má svína- og alifuglastofna hér á landi til aukinnar framleiðni í þessum búgreinum?"

Eins og flestum er kunnugt er óheimilt að flytja til landsins sæði eða stofna til kynbóta á þessum dýrum af ótta við sjúkdóma sem slíkur flutningur gæti haft í för með sér. Því vakna þær spurningar, sem í fsp. koma fram, hvort ekki sé mögulegt á þessu sviði að setja upp kynbótastöðvar fyrir svín og alifugla með sama hætti og gert er um nautgripi, refi, minka og önnur eldisdýr.

Hagkvæmni slíkrar stöðvar er augljós fyrir neytendur því það liggur ljóst fyrir að bæði kjúklinga- og svínastofnar, sem notaðir eru til undaneldis hér á landi, eru orðnir úrkynjaðir og skila ekki þeirri framleiðni sem þeir með kynbótum gætu gert.

Það er mín trú að framleiðslukostnaður þessara vörutegunda kæmi til með að minnka verulega með tilkomu slíkra stöðva og mundi verða til þess að verð á þessum vörum lækkaði jafnframt því sem vandi kjúklingabænda mundi minnka stórum og heilbrigð samkeppni gæti hafist á nýjan leik.

Að lokum er við að bæta að kostnaður við slíka stöð er ekki mikill og gæti jafnvel verið fjármagnaður af framleiðendum.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. í tveimur liðum. Um fyrri liðinn er það að segja að landbrn. er ljós þörf fyrir kynbætur svína og alifugla svo að tryggja megi framfarir og hagkvæmni í þessum greinum búvöruframleiðslunnar. Árangur í ræktun annarra búfjártegunda, svo sem nautgripa og sauðfjár, sýnir að ná má stórstígum ræktunarframförum með skipulegu starfi. Vakin skal athygli á því að frumkvæði ræktunarstarfs þessara greina hefur verið í höndum bændanna sjálfra og samtaka þeirra. Því miður hefur samstaða svína- og alifuglabænda ekki verið næg til þess að hrinda fram hliðstæðu ræktunarátaki. Slík samstaða, sem nýtur skilnings hins opinbera, er forsenda þess að umtalsverður ræktunarárangur náist.

Til þess að þoka málum þessum áfram heimilaði ég á árinu 1986 að framlag yrði veitt úr kjarnfóðursjóði til að koma á fót ræktunarstöð fyrir svín hérlendis, 3 millj. kr. Málið hefur verið til umfjöllunar hjá hagsmunaaðilum, m.a. staðarval og skipulag, og eru framkvæmdir því enn ekki hafnar. Þá hef ég samþykkt fjárstuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við stofnræktarbú alifugla sem reist var á Hvanneyri í Borgarfirði.

Ráðuneytið hefur ítrekað lýst yfir vilja sínum til að styðja við skipulegt starf að ræktun svína og alifugla, en telur eðlilegt að bændur í þessum greinum hafi samstæða forustu um framkvæmdir líkt og skilað hefur góðum árangri í öðrum búgreinum.

Svar við síðari liðnum er jákvætt. Það hefur verið athugað með hvaða hætti þetta gæti sem best farið fram. Því til nánari skýringar skal ég drepa á fáein atriði úr grg. Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands hefur ráðunaut í svínarækt í hálfu starfi, en að hálfu starfar hann sem sérfræðingur við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að rannsóknum í svínarækt. Hann hefur einbeitt sér að því með góðri samvinnu við stjórn Svínaræktarfélags Íslands að kanna vaxtargetu íslenskra svína með því að koma á skýrsluhaldi meðal svínabænda og með marghátttuðum kjötmælingum og kjötrannsóknum í sláturhúsum. Miklar niðurstöður liggja þegar fyrir um þetta efni og er ljóst að til mikils er að vinna með auknu kynbótastarfi, bæði til að auka vaxtarhraða og draga úr fitusöfnun svínanna.

Um tvær leiðir er að ræða til að bæta svínastofninn sem er óneitanlega lítill og hefur væntanlega liðið fyrir það og skipulagslitla kynbótastarfsemi. Annað er að stórauka kynbætur á stofninum með því að tryggja betri þátttöku í afurðaskýrsluhaldi og í framhaldi af því að koma upp galtastöð þar sem úrvalsgeltir yrðu hafðir til sæðinga. Í öðru lagi að flytja inn nýtt blóð í stofninn með innflutningi sæðis, fósturvísa eða lifandi dýra. Til þessa skortir þó að mati yfirdýralæknis lagaheimild eigi kostnaður að vera viðráðanlegur. Stóraukið skýrsluhald þyrfti samt sem áður að koma til svo og kynbótastöð til að sjá um framræktun og hver dreifing þessara dýra yrði eftir innflutning, en endurskoðun á lögum um innflutning dýra stendur nú yfir af nefnd sem til þess hefur verið skipuð. Nefnd sérfræðinga vinnur nú að athugun á þessum málum í samvinnu við Svínaræktarfélag Íslands.

Hænsnastofnunum, bæði varpfuglum og holda-

hænsnum, er nú haldið við með innflutningi á eggjum. Kynbætur hænsna koma vart til greina hér á landi sakir þess hve kostnaður yrði mikill miðað við stærð stofnanna. Til þess að geta notað sér erfðaframfarir sem verða erlendis þarf innflutningur á eggjum að vera skipulagður og reglubundinn. Ræktun varphænsna erlendis byggist á því að kynbættar eru óskyldar línur og þeim síðan æxlað saman til að fá varphænur og nýta með því svonefndan blendingsþrótt.

Talið er að bæta mætti framleiðni þessarar búgreinar verulega ef þessi mál kæmust í betra horf en þau eru nú. Mikilvægt væri til að bæta heilbrigði varphæna, einkum í stóru hænsnabúunum, að skipta um allan stofn þeirra í einu og sótthreinsa þá öll hús og bú. Því verður hins vegar ekki komið við á meðan búin hafa ekki með sér neina samvinnu um að sinna markaðnum og ekki sameiginlegt skipulag á útungun og uppeldi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þessi greinargóðu svör og ég harma að framleiðendur þessarar búvöru skuli ekki hafa séð ástæðu til að setja svona kynbótastöðvar á stofn. Þá vaknar sú spurning: Hvaða ástæður liggja þar að baki? Og einnig af hverju ráðuneytið knýi ekki á um að þessar kynbótastöðvar komist á þar sem það liggur alveg ljóst fyrir að með því að flytja inn sæði eða ný dýr má lækka mjög verulega kostnað við framleiðslu þessara búvara og þá um leið að lækka verð til neytenda sem er aðalgrunnurinn að baki þessari fsp.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. landbrh. og vonast eftir því að hannýti á eftir að þessum kynbótastöðvum verði komið á fót svo að það geti verið til hagsbóta neytendum í þessu landi.

Förgun hættulegs efnaúrgangs, ein umr.

Fsp. KE, 495. mál. — Þskj. 855.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Á síðustu árum hefur notkun ýmissa hættulegra efna aukist mikið og ný efni komið fram. Nú orðið er tiltölulega mikið vitað hvaða áhrif þessi efni geta haft og hvernig er best að komast hjá því að þau valdi skaða. Sú vitneskja er þó aðeins í höndum fárra, en það getur verið lífsspursmál að reglur um hættuleg efni og eiturefni séu ítarlegar og ljósar hverjum þeim sem þau meðhöndlar. Hættulegust eru þau efni sem leysast upp í fitu en ekki vatni. Sem dæmi má nefna svokölluð lífræn leysiefni, en þau eru notuð í ríkum mæli hér í lakki, málningu, límí, plastefnum, ryðvarnarefnum o.fl. Annar efnahópur sem þennan eiginleika hefur eru „fjölklóruð bífenýl“ sem eru algeng m.a. í fiskvinnslustöðvum. Þegar efnin komast inn í líkamann brotna þau hægt niður eða alls ekki. Líkaminn getur ekki losnað við þau, þau eru komin inn í fæðukeðjuna, safnast fyrir í lífverum og getur styrkur þeirra orðið verulega hár þar sem þessi efni eru í umhverfinu.

Öll meðferð efna sem hér hefur verið lýst er því mjög vandasöm. Hvergi má vera brotalöm hvað varðar flutning, alla meðferð, geymslu, notkun og ekki síst förgun allra hættulegra efna.

Ég hef því leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. sem er á þskj. 855:

„1. Hvaða reglur eru nú í gildi hér á landi um förgun hættulegs efnaúrgangs?

2. Hver sér um kynningu á þeim reglum sem í gildi eru?

3. Hvernig er háttað eftirliti með því að eftir reglunum sé farið?

4. Hvar eru helstu förgunarstaðir fyrir hættulegan efnaúrgang?“

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt fyrir mig fsp. um förgun hættulegs efnaúrgangs í fjórum liðum.

Í fyrsta lið er spurt hvaða reglur eru nú í gildi hér á landi um förgun hættulegs efnaúrgangs.

Gildandi lagaákvæði varðandi förgun hættulegs efnaúrgangs er að finna í lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum, en þar segir í 19. gr.: „Tómum flöskum, öðrum ílátum, svo og umbúðum, sem hafa haft eiturefni eða hættuleg efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda ílát og umbúðir luktar og merktar á viðunandi hátt. Eigi má farga meiri háttar birgðum af eiturefnum eða hættulegum efnum nema með samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns, sbr. 20. gr. Ef um er að ræða takmarkað magn nánar tiltekinna efna er heimilt að farga þeim án vitundar viðkomandi embættislæknis, enda skal þá fara eftir settum fyrirmælum þar að lútandi.“

Ljóst er að þessi ákvæði eru ófullnægjandi og taka fyrst og fremst til heilbrigðisþáttarins, þ.e. að koma í veg fyrir bein eituráhrif af völdum þeirra efna sem farga á. Slíkt er ekki nægjanlegt þegar um förgun eiturefna og hættulegra efna er að ræða, en hafa verður í huga að ákvæðin eru 20 ára gömul og frá þeim tíma þegar mengun var ekki sama áhyggjuefni og hún er í dag. Í dag er litið á förgun eiturefna og hættulegra efna ekki síður sem umhverfisvandamál.

Í lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en Hollustuvernd ríkisins starfar samkvæmt þeim lögum, segir m.a. að setja skuli mengunarvarnareglugerð, sbr. nánar 3. gr. laganna þar sem nánar er til tekið um hvaða atriði eigi að fjalla í þeirri reglugerð. Hluti af reglugerðinni hefur þegar tekið gildi og annar hluti og sá stærsti er tilbúinn í

drögum sem liggja fyrir stjórn Hollustuverndar ríkisins sem ætlar að afgreiða málið fyrir sumarið. Í þessari reglugerð, sem mun bera heitið mengunarvarnareglugerð, verður kveðið á um förgun eiturefna og hættulegra efna á ítarlegri hátt en gert hefur verið til þessa.

Rétt er enn fremur að benda á að í frv. að breyttum lögum um eiturefni og hættuleg efni, sem ég mælti fyrir í síðustu viku í hv. Ed., er kveðið á um að setja skuli reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna að fengnum tillögum eiturefnanefndar, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs og er þar um nýmæli að ræða.

2. liður fsp. var: Hver sér um kynningu á þeim reglum sem í gildi eru?

Viðkomandi lög og reglur eru birtar á stjórnskipulegan hátt í samræmi við lög þar að lútandi. Hvað snertir kynningar á gildandi reglum umfram lögskipaða birtingu er það að segja að engum sérstökum aðila er fengið það hlutverk samkvæmt gildandi lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, að öðru leyti en því að umsjón og tillögur um framkvæmd laganna er í höndum eiturefnanefndar og landlæknis. Hér er að vísu um 20 ára gömul ákvæði að ræða sem tóku mið af öðrum forsendum en gert er í dag að töluverðu leyti, sbr. það sem ég hef áður sagt. Þess vegna hefur Vinnueftirlit ríkisins hvað snertir vinnustaði og Hollustuvernd ríkisins hvað snertir mengunarvarnir komið inn í fræðsluhlutverkið, enda er þessum stofnunum hvorri á sínu sviði falið annaðhvort beint eftirlit eða yfirumsjón með eftirliti annarra. Eitt aðalhlutverk Hollustuverndar ríkisins er að annast fræðslu m.a. til heilbrigðiseftirlitsins í landinu og almennings. Því er hins vegar ekki að neita að Hollustuvernd ríkisins hefur búið við mikið fjársvelti og engum peningum hefur verið ráðstafað til fræðslustarfseminnar þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar að lútandi við gerð fjárlaga.

3. liður fsp. hljóðaði svo: Hvernig er háttað eftirliti með því að eftir reglum sé farið?

Í 26. gr. reglugerðar nr. 238/1986, um eftirlit með framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni, kemur fram að héraðslæknar hafi eftirlit hver í sínu umdæmi með förgun eiturefna og hættulegra efna í samræmi við 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, að svo miklu leyti sem eftirlitið fellur ekki undir Hollustuvernd ríkisins eða Vinnueftirlit ríkisins.

Hvað snertir eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þ.e. hið almenna eftirlit, skal það sagt að fyrirspurnum um förgunarleiðir eiturefna og hættulegra efna hefur farið mjög fjölgandi á undanförnum missirum. Sem stendur er hins vegar engin aðstaða eða leiðbeining fyrir hendi og er því ekki um annað að ræða en: Í fyrsta lagi að meta í hverju tilfelli hvort óhætt sé að farga efninu á sorphaug eða sorpbrennslu. Í öðru lagi að leggja til að efninu verði fargað erlendis, en slíkt hefur verulegan kostnað í för með sér. Og í þriðja lagi að leggja til að efnið verði geymt þar til förgunaraðstaða er fyrir hendi.

Má segja að allir þessir þrír þættir séu framkvæmdir í dag, allt eftir efnum og ástæðum á hverjum tíma og mati.

4. liður fsp. var svohljóðandi: Hvar eru helstu förgunarstaðir fyrir hættulegan efnaúrgang?

Sem svar við því verð ég að segja að hér á landi eru engir sérstakir förgunarstaðir fyrir hættulegan efnaúrgang, eins og fram kemur reyndar í svarinu við 3. lið fsp. hér á undan.

Af framansögðu má ljóst vera að förgun eiturefna og hættulegra efna hér á landi er ekki í þeim farvegi sem æskilegt væri. Er því nauðsynlegt að hraða setningu reglna á þessu sviði og er ætlunin að gera það með setningu mengunarvarnareglugerðarinnar sem gæti tekið gildi frá og með nk. áramótum. Hins vegar er ekki hægt að kveða á um slíka förgun nema hlutaðeigandi eftirlitsstofnunum sé gert kleift að annast eftirlitið. Veruleg hugarfarsbreyting þarf að koma til gagnvart Hollustuvernd ríkisins, ekki síst hjá fjárveitingavaldinu, sé betri tíðar að vænta á þessu sviði.

Fyrirspyrjandi (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að svo væri sem mig grunaði að þarna væri ansi margt í ólestri. Ég hafði spurnir af því að núna í vetur var haldið námskeið á vegum Félags ísl. náttúrufræðinga og Háskóla Íslands um heilsuspillandi efni og sýklavarnir og á því námskeiði kom m.a. í ljós að í rannsóknastofum t.d. er mjög mikið af hættulegum efnum, bæði eiturefnum og öðrum efnum, þar sem þeir sem þar vinna, þó þeir geri sér grein fyrir vandanum, hafa enga staði til að setja þessi efni á. Það er algengt, eftir því sem mér skilst, að þessum efnum sé kastað bæði beint í frárennsli og eins á haugana. Á þessu námskeiði hélt Ólafur Pétursson hjá Hollustuvernd ríkisins erindi þar sem hann lýsti ástandinu og sagði m.a. að það væri engin aðstaða og engar leiðbeiningar fyrir hendi um það hvernig eigi að farga hættulegum efnum. Þó svo að það séu einhver lagaákvæði er það allsendis ófullnægjandi. Hann sagði í erindi sínu, með leyfi forseta:

„Hér á landi hefur mestu af hættulegum efnum hingað til verið fargað á sorphaugum eða þeim skolað burt með frárennsli þrátt fyrir það hversu alvarlegar afleiðingar slíkt getur haft. Þegar hafa komið upp tilfelli hér á landi þar sem hættuleg efni hafa komist í grunnvatn m.a. vegna slæmra förgunarleiða. Að vísu er ekki um mörg tilfelli að ræða, en víst er að ef við höldum lengi áfram á sömu braut mun þeim fjölga verulega."

Ég vil því taka undir það sem ráðherrann sagði. Við þurfum að taka okkur á í þessum efnum. Þeim er í mörgum atriðum ábótavant en fyrst og fremst er þarna um að ræða að þessi mál eru á mörgum stöðum í stjórnkerfinu og fjárveiting hefur verið mjög skorin við nögl til Hollustuverndar ríkisins og þeirra aðila sem eiga að sjá um þessi mál. Það er

ekki síst áhyggjuefni að ekki skuli vera til neinir staðir þar sem hægt er að farga þessum efnum og væri fróðlegt að vita hverjir það eru sem eiga að hafa eftirlit og veita upplýsingar þegar fólk spyr hvar eigi að farga efnunum og hver eigi að gera það. Það var nefnt að það ætti að senda þau til útlanda, geyma þau eða grípa til annarra ráða. Hver er það sem sér um að veita þessar upplýsingar?

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Mig langaði til að koma fram með eina ábendingu til hæstv. heilbrmrh. Svo er að hér sem annars staðar er mikið í umferð af rafhlöðum til nota í ýmiss konar tæki sem innihalda nikkelkadmíum. Þetta veldur mikilli mengun og t.d. er það svo á Norðurlöndunum að þar er bannað að fleygja slíkum rafhlöðum með venjulegu sorpi. Mönnum er gert að skila þeim í lyfjabúðir þaðan sem þeim er síðan komið í förgun.

Það er alveg augljóst að í þessum efnum er mjög pottur brotinn hér hjá okkur og það verður að koma upp aðstöðu hér og það sem allra, allra fyrst til þess að unnt sé að losna við hættuleg efni af ýmsu tagi þannig að hvorki mönnum né náttúru stafi skaði af eða verði til spillingar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli með fsp. sinni. Það kemur fram hjá hæstv. ráðherra að svarið er nei, nei, nei eiginlega við öllum atriðunum. Það er ekkert til staðar, ófullnægjandi lagafyrirmæli, engin kynning, ekkert eftirlit, héraðslæknar eru nefndir, hvað ætli þeir komist yfir í þessum efnum, og engir förgunarstaðir. Ef þetta væri í öðrum löndum, þar sem er nú kannski meiri efnaiðnaður en hér víðast hvar, þætti þetta tilefni til mikillar umræðu. Ég treysti framkvæmdarvaldinu til að taka sig á í þessu efni og a.m.k. að opna á þessu ári einhvern förgunarstað fyrir það sem hættulegast er talið í sambandi við eiturefni og hættuleg efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég get vissulega — við skulum kannski segja því miður — tekið undir með þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðum um að hér er víða pottur brotinn. Ástandið er því miður alls ekki í nægjanlega góðu lagi.

Ég vil þó minna á að í þinginu eru nú til meðferðar tvö lagafrv., annað um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem nú er komið frá nefnd í Ed., sem er að vísu fyrri deild, og ég vona sannarlega að nái fram að ganga í næstu viku eða áður en þingi lýkur í vor og annað lagafrv. um eiturefni og hættuleg efni sem visslega þyrfti líka að verða að lögum vegna þess, eins og kom fram í svari mínu áður, að núgildandi lagaákvæði eru 20 ára gömul og úrelt og taka ekki mið af þeim aðstæðum sem ríkja í dag og þess vegna mjög brýnt að fá ný ákvæði þessa frv. í lög þannig að hægt verði að setja reglur um vinnulag skv. nýjum lögum.

Varðandi ítrekaða spurningu hv. fyrirspyrjanda, 12. þm. Reykv., um það hverjir eigi að hafa þetta eftirlit hef ég áður gert grein fyrir því að bæði Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins eru þær eftirlitsstofnanir opinberar sem eiga að hafa með þetta eftirlit að gera, annaðhvort sjálfar eða þá yfirumsjón með eftirliti annarra aðila eins og heilbrigðiseftirlitsins í landinu og heilbrigðisfulltrúanna sem orðið er nokkuð gott lag á með. Þeir eru nú starfandi í öllum umdæmum, hefur reyndar komið fram vegna fsp. fyrr í vetur. Við eigum því að hafa eftirlitskerfi í nokkuð góðu lagi ef okkur tekst að byggja það þannig upp með leikreglum eða reglugerðarsetningu og auðvitað með þeim fjármunum sem nauðsynlegir eru til þess að þetta starf geti verið virkt eins og það nauðsynlega þarf að vera.

Varðandi staði til og aðferðir við að farga þessum hættulegu efnum, eins og fram kom bæði hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni og Hjörleifi Guttormssyni, þá vil ég segja frá því að ég er nú að ganga frá skipun nefndar sem á að fjalla einmitt um þetta mál sérstaklega, þ.e. hvar og hvernig við komum fyrir sorpi, úrgangi og öðrum þeim efnum, þar á meðal þessum hættulegu efnum, sem við erum vissulega í miklum vandræðum með í dag.

Hlutafélagaskrá, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 483. mál. — Þskj. 833.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á þskj. 833 er fsp. til hæstv. viðskrh. um hlutafélagaskrá. Fsp. hljóðar svo. með leyfi forseta:

„1. Stendur til að efla eftirlitshlutverk hlutafélagaskrár?

2. Hvernig getur á því staðið að hlutafélög, sem hafa ekki starfað í áratug, og hlutafélög, sem eru gjaldþrota, eru enn á hlutafélagaskrá?

3. Hve hart er gengið eftir því að skilað sé tilkynningum um stjórnarskipti í hlutafélögum, ársreikningum og öðrum breytingum á hlutafélagi sem skylda er að tilkynna til hlutafélagaskrár?“

Skv. lögum ber skráðum hlutafélögum að senda hlutafélagaskrá tilkynningar um allar breytingar sem verða á hlutafélögum, litlar sem stórar. Á hlutafélagaskrá að fylgjast með breytingum á stjórn hlutafélagsins, hluthöfum, hlutafé og breytingum á samþykktum hlutafélaga. Þá ber hlutafélögum að senda ársreikninga til hlutafélagaskrár. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar í ljós kemur að hlutafélög sem eru löngu hætt starfsemi og sem eru jafnvel

gjaldþrota skuli vera samkvæmt hlutafélagaskrá enn til og talin samkvæmt þeirri skrá enn í rekstri. Jafnframt er furðulegt að fyrirtæki sem eru í fullum rekstri skuli geta komist upp með það í áratugi að skila ekki til hlutafélagaskrár ársreikningum. Þá þykir manni undarlegt að menn sem hafa látist fyrir mörgum árum séu stjórnarformenn hlutafélaga.

Í mínum huga þarf að auka mjög verulega eftirlit með hlutafélögum og þá sérstaklega þeim minni sem því miður eru oft í þeim eina tilgangi stofnuð að skýla eigendum á bak við sína takmörkuðu ábyrgð hlutafélaga.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur beint til mín fsp. í þremur liðum um hlutafélagaskrána.

1. Stendur til að efla eftirlitshlutverk skrárinnar? Ég vil svara þessu þannig að hlutverk hlutafélagaskrárinnar sé þegar mjög víðtækt og störfin séu þar ærin. Skráin hefur fámennt starfslið, tvo lögfræðinga og einn ritara. Þetta fólk leitast að sjálfsögðu við að sinna þessum störfum vel, m.a. eftirliti með hlutafélögum. Þetta er gert á ýmsa vegu sem hér gefst ekki tækifæri til að lýsa. Ég hef ekki uppi nein sérstök áform um það nú að fjölga starfsmönnum við hlutafélagaskrána, en ég hef áhuga á að láta kanna og er að undirbúa það hvort ekki sé unnt að tölvuvæða upplýsingarnar. Þá vil ég líka minna á að fyrir hv. Ed. liggur frv. til l. um breytingu á lögum um hlutafélög. Þar er m.a. gert ráð fyrir að eftirlitshlutverk hlutafélagaskrárinnar verði aukið og reyndar nokkrar breytingar gerðar á skráningarskyldu. Ég vænti því þess að meðferð þessa frv. verði hraðað.

Næsti liður fsp. varðaði það hvernig á því gæti staðið að hlutafélög sem ekki hafa starfað árum saman og gjaldþrota hlutafélög væru enn á hlutafélagaskránni. Ein af skýringunum á lítilli starfsemi sumra hlutafélaga getur verið sú, sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að ákvæði hlutafélagalaganna um lágmark hlutafjár við stofnun þessara félaga hafa verið óbreytt frá því að lögin voru sett í maí 1978, en þau gengu í gildi 1. jan. 1980. Þessi fjárhæð hefur síðan verið 20 þús. kr. og þetta leiðir til þess að menn geta gert sér leik að því að stofna hlutafélög sem ekki er endilega ætlað að vera ákaflega virk í atvinnustarfsemi.

Í lagafrv. sem ég nefndi og er til meðferðar í Ed. er gert ráð fyrir því að þessi fjárhæð verði 20-földuð og verði að lágmarki 400 þús. kr. og breytist síðan í samræmi við lánskjaravísitölu eða því um líkan mælikvarða. Ég tel þetta reyndar áhrifaríkustu leiðina til að koma í veg fyrir að menn geri sér leik að því að stofna félög í öðrum tilgangi en að starfa að yfirlýstum atvinnurekstrartilgangi félagsins.

En það er auðvitað fyrst og fremst þeirra sem hafa stofnað hlutafélög og eru hlutahafar að slíta sínum eigin félögum. Almannavaldið á auðvitað ekki að hlutast til um það fyrr en í síðustu lög. Það er vafalaust á því misbrestur að hluthafar í hlutafélögum geri að því gangskör að slíta félögunum þegar ástæða er til. Reyndar eru meira en 6000 hlutafélög á skránni. Ef hlutafélagaskráin ætti að nýta fyllstu heimildir hlutafélagalaga til að slíta hlutafélögum, t.d. vegna þess að ársreikningar hafi ekki verið sendir skránni fyrir þrjú síðustu reikningsár, er talið að slíta þyrfti um 90% af íslenskum hlutafélögum, þ.e. að einungis hin stærri félögin skila í raun og veru reikningum til hlutafélagaskrárinnar. Og þá rís auðvitað spurningin: Ef þetta er svona, á þá að breyta lögunum eða framkvæmd þeirra? Kýs atvinnulífið svo vasklega framgöngu á grundvelli lagabókstafsins að slíta skuli 90% af hlutafélögunum í landinu? Þetta mundi fyrir utan annað kosta ríkið ákaflega mikið fé. Ég tel rétt að tala blátt áfram um þetta mál eins og það liggur fyrir án þess að vefja það inn í miklar málalengingar: Vilja þingmenn veita fé til þessa verkefnis? Ég býst við því að það mundi kosta 30 millj. kr. a.m.k. að gera þessa hreingerningu.

Hér skiptir líka máli bráðabirgðaákvæði í títtnefndu frv. um hlutafélagalögin, sem ég hef nefnt nokkrum sinnum á þessum morgni, reyndar í sambandi við annað mál, en þar er gert ráð fyrir tímabundnum möguleika á því að slíta hlutafélögum á einfaldari og ódýrari hátt en nú er kostur á. Þetta vildi ég nefna því að það er einmitt leið í því máli, sem hv. fyrirspyrjandi vekur athygli á, að búa til eins konar hraðbraut fyrir slit á félögum sem menn meina ekki í alvöru.

Varðandi gjaldþrot hlutafélaga, og gjaldþrota félög, vil ég taka það fram að um skyldu hlutafélags til að afhenda bú sitt til gjaldþrotaskipta fer auðvitað eftir gjaldþrotalögunum. Það er ekki venjan að taka félög af hlutafélagaskrá um leið og þau eru tekin til gjaldþrotaskipta heldur þá fyrst að lok gjaldþrotaskiptanna hafa verið auglýst. En þá fyrst er endanlega útséð um örlög félagsins.

Ég vil taka það fram að aðgerðir Gjaldheimtunnar í Reykjavík og reyndar fleiri innheimtuaðila leiða oft til þess að óvirk eða lítt virk félög eru tekin til gjaldþrotaskipta og síðar af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari aðferð.

Ég kem þá að 3. og síðasta lið fsp. sem snýst um það hversu hart væri fram gengið í því að skilað sé tilkynningum um stjórnarskipti í hlutafélögum, ársreikningum og öðrum breytingum á hlutafélagi sem skylda er að tilkynna til hlutafélagaskrárinnar. Þessu svara ég á þann veg að með því fámenna starfsliði sem hlutafélagaskráin hefur núna er einfaldlega ekki mögulegt að fylgjast rækilega með því með stöðugri eftirgrennslan af hálfu skrárinnar að tilkynningar um breytingar á stjórn félags og aðrar breytingar á hlutafélögum séu tilkynntar í samræmi við margbreytileg ákvæði laganna. Til þess að þetta væri unnt þyrfti fjölmennt starfslið og vandséð að það þjónaði skynsamlegum tilgangi eða ætti að vera forgangsmál varðandi fjárveitingar Alþingis. Ef vísbendingar berast skránni um það að misbrestur hafi orðið á tilkynningum er að sjálfsögðu reynt að fá stjórnirnar

í viðkomandi félögum til að sinna upplýsingaskyldu sinni. Ábendingar hér að lútandi koma t.d. oft frá lögmönnum.

Hvað varðar skil ársreikninganna sérstaklega vil ég taka það fram að viðskrh. ákvað á sínum tíma að veita ekki almennan aðgang að upplýsingum í skránni, þar með talið að ársreikningum hlutafélaga. Þar af leiðandi hefur heldur ekki verið gengið hart eftir því að slíkum reikningum væri skilað. Þetta tel ég þurfa að koma til rækilegrar athugunar og nefni enn frv. sem hv. Ed. hefur haft í allan vetur, að þar er tillaga sem gæti gert eftirlitshlutverkið raunhæfara og það er að einungis stærri félögin séu skyldug til að skila ársreikningum. Þar sem lögunum kynni að verða breytt í þessa átt er enn síður nú en fyrr ástæða til þess að ganga hart eftir skilum á ársreikningum.

Ég tek það fram að fsp., sem hér er fram borin, hreyfir við mikilvægu máli.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör og það að hann skuli ætla að endurskoða starfsemi hlutafélagaskrárinnar. Ég gat ekki skilið það á annan hátt sem fram kom í hans máli.

Það er annað sem fram kom í hans máli sem ég var ekki nógu hress með, að það skuli ekki vera gert ráð fyrir að fjölga skyldi starfsmönnum. Ég held að það sé alveg ljóst að ef hlutafélagaskrá á að halda í stóran hluta af þeim verkefnum sem henni eru skipuð með lögum þurfi að hafa starfsfólk sem getur sinnt þessum störfum. Ég veit að þeir starfsmenn sem þar vinna í dag reyna að gera sitt besta, en það er ekki nægjanlegt.

Kveikjan að þessari fsp. er m.a. sú að ég sá í *Lögbirtingablaði ekki alls fyrir löngu að sömu fimm* mennirnir stofnuðu tíu hlutafélög og öll hlutafélögin með 20 þús. kr. í hlutafé og eiginlega til sama rekstursins. Þá vakna margar spurningar og aðallega sú: Af hverju er verið að stofna svona mörg hlutafélög? Og í öðru lagi: Hvernig ætlar hlutafélagaskrá að fylgjast með þeirri starfsemi sem þessi hlutafélög koma til með að starfrækja?

Það er eitt að setja lög, eins og núna liggur fyrir að gert verði um breytingar á hlutafélögum, og setja hlutafélagaskrá ákveðin verkefni og annað er að fara eftir lögunum. Ég get ekki séð tilganginn með að setja svona fullkomin lög sem gera ráð fyrir miklu eftirlitshlutverki ef á svo ekkert að fara eftir þeim.

En að lokum ítreka ég þakkir mínar til viðskrh. og vona að þetta eigi eftir að lagast frá því sem nú er.

Birting heimilda um utanríkismál, ein umr.

Fsp. HG, 486. mál. — Þskj. 836.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. utanrrh. fsp. á þskj. 836 um birtingu heimilda um utanríkismál. Fsp. er svohljóðandi:

„Hvenær er þess að vænta að gögn utanrrn. um *samskipti Íslands við önnur ríki á liðnum áratugum* verði aðgengileg?“

Tilefni þessarar fsp. ætti að vera hv. alþm. augljóst m.a. í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram og tengjast slíkum heimildum, umræðna sem fóru fram hér m.a. sl. mánudag. Ég tók þetta mál upp í Sþ. 11. mars 1987 í umræðum um utanríkismál og spurði þáv. hæstv. utanrrh. um viðhorf hans til þessa máls. Matthías Á. Mathiesen, þáv. hæstv. utanrrh., svaraði, með leyfi virðulegs forseta:

„Vissulega þurfa að koma í ljós, þegar sagan verður skrifuð, þau réttu gögn í þessum efnum og ég efast ekkert um að þegar að því verður hugað í utanrrn. á þeim tíma sem það er talið eðlilegt og skynsamlegt verði þau gögn birt.“

Þetta er hluti af hans svari.

Ég gekk eftir þessu máli í utanrmn. í fyrravor og þá var mér sagt af þáv. hæstv. ráðherra Matthíasi Á. Mathiesen og ráðuneytisstjóra að mál þetta væri í athugun.

Þann 12. nóv. sl. var þetta tilefni utandagskrárumræðu af minni hálfu í Sþ. og ég innti þá hæstv. utanrrh. Steingrím Hermannsson eftir því með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Mun hæstv. ráðherra Steingrímur Hermannsson tryggja að gögn íslenska utanrrn. varðandi íslensk öryggismál og m.a. á þessu tímabili 1946–1951 verði dregin fram í dagsljósið og gerð öllum aðgengileg? Hvenær er þess að vænta að svo geti orðið?“

Hæstv. ráðherra tók undir þetta mál með þessum orðum, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég hef sömuleiðis lýst þeirri skoðun minni að ég tel að hér eigi að gilda einhverjar ákveðnar reglur um birtingu skjala og ég mun ræða það í ríkisstjórninni hvort ekki er rétt að ríkisstjórnin semji slíkar reglur.“

Þetta sagði hæstv. utanrrh. þá og hæstv. forsrh. vék að þessu máli og taldi að huga þyrfti að miklu víðtækari reglum um upplýsingaskyldu og birtingu trúnaðarskjala á síðari stigum máls. Enn inni ég hæstv. utanrrh. eftir því hvað þessu máli líði með þessari fsp.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Í fjarveru utanrrh. mun ég leitast við að svara fsp.

Í fyrsta lagi er rétt að geta þess að ekki eru fyrir hendi góðar aðstæður til að geyma slík gögn og hafa þau í aðgengilegu formi vegna aðstöðuleysis í ráðuneytum, þar á meðal í utanrrn. Þjóðskjalasafnið hefur ekki getað tekið við gögnum sl. 20 ár og mikið af gögnum er því enn þá, því miður, með óskipulegum hætti í ráðuneytunum. Með bættri aðstöðu Þjóðskjalasafnsins er þess að vænta að úr þessu verði bætt og þar af leiðandi verði ýmis gögn aðgengilegri.

Hitt er svo annað mál að það þarf einnig að liggja fyrir með hvaða hætti menn eða stofnanir hafi þá aðgang að viðkomandi skjölum og það er einkum það sem hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Austurl., vék að. Það liggur fyrir að það eru engar fastar reglur sem hafa gilt um aðgang almennings að skjölum utanrrn. um samskipti Íslands við önnur ríki og hefur orðið að meta hverja beiðni sérstaklega. Fræðimönnum hefur verið veittur aðgangur að ýmsum skjölum, t.d. varðandi síðari heimsstyrjöldina, og geta má þess að *hinn 3. maí 1976 birti utanrrn. að gefnu tilefni* fundargerðir frá viðræðum þriggja íslenskra ráðherra í Washington í mars 1949, er þeir voru þar til að kynna sér efni fyrirhugaðs Atlantshafssáttmála.

Í nóvember sl. skipaði forsrh. starfshóp til að gera tillögur um meðferð opinberra trúnaðarskjala. Meðal þeirra atriða sem þar eru til athugunar er hversu lengi skuli banna aðgang að skjölum sem varða samskipti við erlend ríki og öryggishagsmuni landsins. Þegar þessar tillögur liggja fyrir og hafa verið afhentar og kynntar forsrh. er þess að vænta að frekari ákvarðanir um þær reglur, sem rætt hefur verið hér um og áður hefur verið rætt um, verði settar.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er vissulega mjög brýn þörf á því að fyrr en seinna verði gengið frá þessum málum og sköpuð aðstaða til þess á Þjóðskjalasafni fyrst og fremst að varðveita, flokka og hafa aðgengileg mikilvæg skjöl varðandi sögu þjóðarinnar, ekki síst í sambandi við samskipti okkar út á við. Þetta er ekki í nokkru horfi.

Eins og hæstv. ráðherra vék hér að hefur Þjóðskjalasafnið ekki getað tekið við skjölum sem það þó lögum samkvæmt á að veita viðtöku ekki síðar en 30 árum eftir að þau voru undirrituð eða frágengin í *viðkomandi ráðuneyti og setja á reglur um aðgang* að þessum skjölum og reglugerð á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands, en slík reglugerð hefur enn ekki verið sett á grundvelli laganna sem sett voru fyrir tveimur árum um Þjóðskjalasafnið. Aðstæðurnar hvað það snertir eru vægast sagt mjög bágar og mætti um það hafa mörg orð. Þarna hafa stjórnvöld með vissum hætti lyklana í hendinni með fjárveitingum, en það hefur ekki verið staðið að því sem skyldi.

Það var upplýst þegar lögin um Þjóðskjalasafnið voru til athugunar að uppi í utanrrn. væru það 200 hillumetrar, sem þeir kalla, af skjölum sem ekki væru komin til Þjóðskjalasafns og reyndar ekki öll sagan sögð því að í utanrrn. var eftir að fara í geymslu þar sem nokkuð var af eldri skjölum, eins og þar segir. Svo eru menn hér á Alþingi að ræða Íslandssöguna frá því fyrir fáum áratugum á grundvelli erlendra heimilda sem hafa verið gerðar aðgengilegar á grundvelli þarlendra laga eða eftir atvikum á grundvelli leyniskjala sem með einhverjum hætti koma úr slíkum söfnum eða frá erlendum aðilum. Þetta er auðvitað hin mesta hneisa og alls ekki undir þessu búandi. Þess vegna hljótum við hér á Alþingi Íslendinga að gera kröfu um að úr þessu verði bætt hið fyrsta og að aðgangur að þessum skjölum verði rúmur. Það þarf auðvitað ekki að velta lengi vöngum yfir því, herra forseti, að skjöl sem eru orðin nokkurra áratuga gömul og varða stjórnsýsluna á Íslandi eiga að vera öllum aðgengileg undantekningalaust.

Hæstiréttur, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 489. mál. — Þskj. 839.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á Alþingi hefur verið lagt fram frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þetta frv. hefur valdið deilum á milli lögmanna og embættismanna. Sú fsp. sem ég legg hér fyrir hæstv. dómsmrh. á þskj. 839 tengist þessu máli á þann veg að spurt er hvort endurbætur séu fyrirhugaðar á meðferð mála sem hefur verið áfrýjað til æðri réttar. Fyrirspurnin er í þremur liðum:

„1. Er í undirbúningi athugun á því hvernig flýta megi afgreiðslu dómsmála frá niðurstöðu héraðsdóms til flutnings máls í Hæstarétti?"

Ástæða þessarar spurningar er sú í fyrsta lagi að oft líður langur tími frá því að máli er áfrýjað þar til dómur Hæstaréttar liggur fyrir og í öðru lagi hvort búast megi við því að þriðja dómsýslustigi verði komið á til að létta af Hæstarétti hinum mikla fjölda mála sem til hans er skotið.

Þá er í öðru lagi spurt: Stendur til að fjölga dómurum í Hæstarétti?

Mín skoðun er sú að núverandi skipan sé óeðlileg þegar mál geta oltið á því hverjir skipa dóminn í hvert og eitt sinn þegar á það er litið að í mörgum málum sitja aðeins þrír dómarar í réttinum. Gildi dóma er því lítið og dregur takmarkað úr því að málum sé skotið til Hæstaréttar.

Á það ber einnig að líta að Hæstiréttur hefur sérstöðu fram yfir æðri dóma erlendis. Hér á landi dæmir hann ekki aðeins um lagaatriði heldur einnig sönnunaratriði sem er mjög óheppilegt með tilliti til öryggis og festu. Í vestrænum ríkjum er þessi skipun löngu afnumin og millidómstigið dæmir alfarið með sönnunum um sýknu eða sekt. Þó erfitt kunni að sanna að sú skipan sem er í Hæstarétti hafi valdið því að niðurstaða hafi byggst á því hverjir hinir átta dómarar hafi setið í réttinum er sú hætta alltaf fyrir hendi. Ég minnist þess að nýlega hefur verið kveðinn upp dómur þar sem niðurstaðan valt á dómara sem kvaddur var til sökum þess að sá sem dæmdi

málið í undirrétti var hinn 5. dómari og þurfti því að víkja sæti.

Þriðja spurningin sem ég legg fyrir hæstv. dómsmrh. er hvort unnið sé að því að finna nýtt og hentugra húsnæði fyrir Hæstarétt. Í mínum huga er það skömm fyrir lýðræðisþjóð að búa ekki betur að æðsta dómstólnum en raun ber vitni. Það húsnæði sem Hæstiréttur er í nú er bæði lítið og óhentugt. Í áraraðir hefur það staðið til en ekkert orðið úr framkvæmd og því er spurningin sett fram í von um að þessi ríkisstjórn sé velviljaðri en þær fyrri.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykv. spyr í fyrsta lagi hvort í undirbúningi séu athuganir á því hvernig flýta megi afgreiðslu dómsmála frá niðurstöðu héraðsdóms til flutnings í Hæstarétti. Sem svar við þessari spurningu vil ég benda á að frá því að dómurum var fjölgað í Hæstarétti með lögum frá árinu 1982 hefur svonefndur málahali hjá réttinum styst og það er nú ekki talin ástæða til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að flýta gangi mála sem áfrýjað er til réttarins. Þó er talið að e.t.v. megi flýta undirbúningi málflutnings fyrir réttinum með því að einfalda dómsgerðir frá héraðsdómstólum og jafnframt að einfalda ágrip málsskjala sem lögð eru fyrir réttinn. Að þessu er nú hugað á vegum réttarins og dómsmrn. Þá er rétt að geta þess í þessu sambandi að nú virðist sem áfrýjunarmálum fari fækkandi, í bili a.m.k.

Varðandi þau orð sem hv. fyrirspyrjandi hafði um það hvort til greina kæmi að stofna til millidómstigs milli héraðsdóms og Hæstaréttar, þá er það ekki á döfinni. Ég tel mikilvægasta málið á sviði dómstólanna nú að efla héraðsdómana, og minni á það frv. um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem ég hef þegar mælt fyrir í hv. Nd. Ég tel það vera eitt mesta framfaramál í dómsmálum sem fram hefur komið á síðari árum.

Í öðru lagi spurði hv. 11. þm. Reykv. hvort til stæði að fjölga dómurum í Hæstarétti. Svarið er nei. Það stendur ekki til að svo stöddu.

Í þriðja lagi var spurt hvort að því sé unnið að Hæstiréttur flytji í nýtt og hentugra húsnæði. Því er til að svara að í samræmi við ályktun Alþingis hefur verið kannað hvort Hæstiréttur gæti flust í Safnahúsið við Hverfisgötu þegar Landsbókasafnið flytur í Þjóðarbókhlöðuna. Húsameistari ríkisins gerði þessa könnun og hans niðurstaða er sú að þetta húsnæði mundi henta Hæstarétti vel. Það hefur hins vegar enn engin ákvörðun verið um það tekin hvort Hæstiréttur flytjist í Safnahúsið og reyndar er þar beðið álits nefndar sem fyrrv. menntmrh. Sverrir Hermannsson skipaði á sínum tíma og ætlað er að fjalla um framtíðarnotkun þessa húss eftir að Þjóðarbókhlaðan hefur tekið við Landsbókasafninu.

Ég vil fyrir mitt leyti leita leiða til þess að finna Hæstarétti hentugt og virðulegt húsnæði, en ég geri mér ljóst að það er mál sem hlýtur að taka alllangan tíma að undirbúa. Ég vil því ekki hafa um það fleiri orð að sinni að öðru leyti en því að segja að ég tek undir það með fyrirspyrjanda að Hæstiréttur á að sjálfsögðu að búa í virðulegu og veglegu húsnæði.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Það er alveg rétt að málahalinn hefur styst mikið á þeim málum sem áfrýjað hefur verið og það er líka rétt að færri málum hefur verið áfrýjað en áður, en aðalskýringin á því að það tekur núna skemmri tíma að bíða eftir dómum úr Hæstarétti er sú að þarna sitja átta dómarar í staðinn fyrir fimm sem eðlilegt væri.

Ég kom inn á lögréttufrv. eða millistigsdómstig og finnst sjálfum að það hefði verið mikil réttarbót ef það frv. hefði verið samþykkt þegar það var lagt fram, en það mun hafa verið lagt fram á þingi einum fimm eða sex sinnum en ekki hlotið afgreiðslu. Ég tel mikla nauðsyn á því að þriðja dómsýslustigið verði sett á fót þar sem Hæstiréttur á aðeins að fjalla um lagaatriði en ekki sönnunaratriði að mér finnst.

Ég fagna því að hugur hæstv. dómsmrh. er til þess að Hæstiréttur fái nýtt og hentugra húsnæði, en hins vegar harma ég að það sé ekki búið að taka ákvörðun um það enn þá. Þetta mál hefur verið í undirbúningi í a.m.k. tíu ár og ef ég skil hæstv. dómsmrh. rétt má búast við enn þá lengri bið.

Landsbókasafnið eða hús þess við Hverfisgötuna er mjög hentugt eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. Húsameistari ríkisins hefur tekið það hús út og talið að það henti mjög vel fyrir Hæstarétt. Þess vegna á ég erfitt með að skilja hvernig á því stendur að það verði ekki ráðist í þetta strax og Hæstiréttur fái þetta ákveðna húsnæði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það kom mér á óvart þegar hæstv. dómsmrh. upplýsti að menntmrn. væri með það í athugun að ráðstafa Safnahúsinu við Hverfisgötu þegar það losnar. Nú er svo að á þeim tíma sem ég sat í ríkisstjórn voru þessi mál rædd og ég veit ekki til þess að það hafi breyst nokkuð skipan mála, meðferð húsnæðis sem ríkið hefur til umráða. En það heyrir undir embætti forsrh. Önnur ráðuneyti geta ekki ráðstafað húsnæði ríkisins án samráðs við forsrh. Á þeim tíma sem ég var í ríkisstjórn var um það rætt að forsrn. og stofnanir í kringum forsrh. fengju Safnahúsið til umráða, það var í tíð fyrrv. forsrh. að sjálfsögðu, og að svæðið aftur af Safnahúsinu væri ráðuneytissvæði alveg niður að sjó. Það er svo á framtíðaráætlun Reykjavíkurborgar og á byggingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um hvort þarna hafi orðið breyting á. Þá var reiknað með því að Hæstiréttur fengi sérbyggingu á áberandi stað sem væri, ef ég má orða það þannig, „monumental“ í bænum. Við þessa breytingu finnst mér verið að klúðra Reykjavíkurborgarskipulagi enn þá meira en gert er með staðsetningu á ráðhúsi og fleiri borgarbyggingum sem hér eru ráðgerðar í Kvosinni.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Bara örstutt athugasemd í tilefni af orðum hv. 5. þm. Reykv. Ég tek það alveg skýrt fram að það hefur engin breyting orðið á forræði húseigna ríkisins. Ég nefndi eingöngu þá nefnd sem menntmrh. skipaði til að gera tillögur um framtíðarnýtingu Safnahússins. Þær tillögur eru að sjálfsögðu eingöngu ráðgefandi. Það er rétt að það eru margir sem hafa augastað á þessu sögufræga og að margra dómi einu fegursta húsi Reykjavíkur. Það þarf að vanda mjög vel til ákvörðunar um það hvernig það hús verður nýtt í framtíðinni. Hugmyndir þær sem hv. 5. þm. Reykv. nefndi áðan eru vissulega meðal þeirra sem menn hafa hugleitt.

Ég endurtek að húsnæði Stjórnarráðsins og skipulag á lóðum þess er á forræði forsrh. eins og verið hefur.

Ritskoðun á fréttastofu Sjónvarps, ein umr.

Fsp. IBA og HJ, 488. mál. — Þskj. 838.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 838 leyfi ég mér ásamt hv. þm. Hreggviði Jónssyni að leggja fyrir hæstv. menntmrh. eftirfarandi fsp.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að kannað verði sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar, er fram kemur í dagblaðinu Tímanum 30. mars sl., þar sem segir að samkvæmt skipun að ofan séu fréttir er snerta stjórnmál ritskoðaðar hjá Ríkisútvarpinu, sjónvarpi?“

Í þessari frétt birtist mjög alvarleg ásökun á fréttastofu Ríkissjónvarpsins, þ.e. að þar fari fram ritskoðun frétta og þá alveg sérstaklega frétta er snerta stjórnmál. Með leyfi forseta vil ég fá að lesa þennan kafla fréttarinnar sem birtist í Tímanum. Þar segir:

„Innanhússheimildir Tímans herma að fréttir fréttamanna séu ritskoðaðar samkvæmt skipunum að ofan, sérstaklega ef um er að ræða fréttir sem snerta stjórnmál og er ekki vel séð af yfirmönnum ef reynt er að flytja jákvæðar fréttir af vinstri væng þjóðlífsins og menn jafnvel spurðir um hver tilgangur fréttarinnar eiginlega sé.“

Þessum ásökunum er vísað á bug af Ólafi Sigurðssyni, fréttamanni fréttastofu Sjónvarpsins, í Tímanum daginn eftir þar sem hann segir m.a. að fréttaflutningur Tímans af ritskoðun á jákvæðum fréttum af vinstri væng þjóðlífsins væri tilhæfulaus með öllu og hefði aldrei viðgengist.

Þessu svarar fréttastjóri Tímans á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta: „Rétt er að taka fram að fréttir blaðsins af ritskoðun á Sjónvarpinu eru hafðar eftir fréttamönnum á fréttastofu Sjónvarps. Fullyrðingar þeirra fréttamanna voru mjög ótvíræðar þannig að gersamlega útilokað er að um einhvern misskilning hafi verið að ræða af hálfu Tímans.“

Þarna fullyrðir fréttastjórinn að misskilningur komi ekki til greina og þann 6. apríl tekur hann af allan vafa og staðfestir að Tíminn standi við frétt sína.

Herra forseti. Mér finnst full ástæða til þess að hæstv. menntmrh. láti óvilhalla aðila rannsaka svo alvarlegt mál sem hér er á ferðinni. Í fyrsta lagi vegna þess að fréttastofa og fréttamenn Sjónvarpsins eiga ekki að þurfa að liggja undir slíkum áburði ef ósannur reynist sem ég reyndar er fullviss um.

Í öðru lagi: Sé farið með rétt mál þarf að grípa til harðra aðgerða vegna þess hversu afvegaleidd við þá erum.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Spurt er: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að kannað verði sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar, er fram kemur í dagblaðinu Tímanum 30. mars sl., þar sem segir að samkvæmt skipun að ofan séu fréttir sem snerta stjórnmál ritskoðaðar hjá Ríkisútvarpinu/sjónvarpi.

Þessu er til að svara að ég óskaði eftir umsögn útvarpsstjóra, Markúsar Arnar Antonssonar, um þessa fsp. og í svari hans segir:

„Fyrirspyrjendur vísa til frétta dagblaðsins Tímans sem hafði það eftir ónafngreindum heimildum að vinnubrögð af því tagi sem vikið er að í fsp. væru viðhöfð á fréttastofu Sjónvarpsins. Fréttamenn Sjónvarpsins hafa með yfirlýsingum í Tímanum harðlega mótmælt þessum tilhæfulausu fullyrðingum og segja freklega vegið að starfsheiðri sínum með þeim. Undirritaður [þ.e. útvarpsstjóri] vísar því algerlega á bug að fréttastofa Sjónvarpsins sæti ritskoðun af einu eða öðru tagi og telur fréttaflutning Tímans um þetta efni ekkert annað en fyrirlitlegan rógburð sem er blaðinu til skammar og fráleitt tilefni könnunar eða rannsóknar af hálfu menntmrh.“

Þetta er umsögn útvarpsstjóra.

Því er til að svara að ég hef fullt traust á fréttastofu Sjónvarps og sé ekki ástæðu til að elta ólar við söguburð af þessu tagi og hyggst ekki gera frekari ráðstafanir í þessum málum.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Fsp. sem hér liggur fyrir og hæstv. menntmrh. hefur svarað er ekki að tilefnislausu. Sú staðhæfing Tímans, sem ekki hefur verið dregin til baka af blaðinu, um að fréttir er snerta stjórnmál séu ritskoðaðar er mjög alvarleg og væri a.m.k. fróðlegt að kanna hvernig fréttaflutningur er af þessu og full ástæða til að skoða það með því að skipa nefnd til þess.

Það er náttúrlega mjög alvarlegt og umhugsunarefni þegar slíkar fréttir berast. Hitt málið, sem vekur líka umhugsun, er það að mikilvægt er að Ríkissjónvarpinu gangi vel og það sé einhugur meðal starfs-

fólks um að vinna saman að framgangi Ríkissjónvarpsins í einu og öllu. Það hefur komið í ljós nýlega að fréttastjórinn var rekinn og þau mál benda til þess að þessar fregnir séu ekki alveg úr lausu lofti gripnar. Ég ítreka að ég tel að menntmrh. eigi að kanna þetta betur.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að taka undir áskoranir á hæstv. menntmrh. um rannsókn af þessu tagi með tilliti til þeirrar reynslu sem við höfum af athugun af hans hálfu á fréttastofu hljóðvarpsins og rædd var hér sl. mánudag. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis að fara ofan í þessi mál og kjósa til þess aðila eða hlutast til um hvernig að slíku yrði staðið eftir frammistöðu hæstv. menntmrh. hér á dögunum í sambandi við svonefnt Tangen-mál. Ég held að menn kannist við að það hefur verið beitt þrýstingi á fjölmiðla. Ég skal ekki segja neitt um hæstv. menntmrh. En við heyrum hótanirnar í ákveðnum dagblöðum og höfum heyrt þær. Og við þekkjum fréttaflutninginn frá Alþingi. Ég hef vikið að honum eins og hann birtist okkur t.d. í jólaatinu í vetur á Alþingi, hvaða meðferð stjórnarandstaðan fékk hjá Ríkisútvarpinu/sjónvarpi tiltekinn laugardag. Það væri hægt að rifja það upp og athuga.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þessi fsp. vekur mér svolitla furðu vegna þess að hún er byggð á slúðri sem enginn maður er borinn fyrir. Það treystir sér enginn til að leggja nafn sitt við þá fullyrðingu sem þarna er sett fram um að fréttir Sjónvarpsins séu ritskoðaðar. Fulltrúi fréttamanna hefur harðlega mótmælt þessu sem ég vil kalla ómerkilega slúðri í Tímanum.

Ég starfaði í ellefu ár á fréttastofu Sjónvarpsins. Það er að vísu nokkur tími liðinn síðan. Ég varð aldrei var við það að frá stjórnmálamönnum kæmi þrýstingur eða einhvers konar ritskoðunartilhneigingar varðandi þær fréttir sem fréttastofa Sjónvarpsins flutti á þeim árum og ég þekki fréttamenn illa ef þeir mundu ekki bregðast mjög öndverðir og mjög hart við slíku, alveg sama hvaðan kæmi. Þess vegna finnst mér þetta mál í rauninni fráleitt þegar það er byggt á nafnlausu slúðri sem enginn maður virðist þora að leggja nafn sitt við. Ef hér væri eitthvað á bak við og ef hér hefði eitthvað af þessu tagi átt sér stað mundu menn þá ekki þora að segja til nafns í staðinn fyrir að röfla úr skjóli nafnleyndar sem er ómerkilegt?

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Þessi síðasta ræða var aldeilis furðuleg. Alltaf af og til hnappa þeir sig saman fréttamenn víðast hvar sameinaðir um að vernda hver annan fyrir því að gefa upp nöfn heimildarmanna. Þegar hins vegar er komið við kaunin rísa upp alls konar postular og harma það að nöfn skuli ekki gefin upp í hinu og þessu máli. Það er alveg fyrir neðan allar hellur að bjóða upp á svona málflutning.

Ég vil segja að ég harma að ráðherra skuli ekki vilja láta kanna þetta mál. Ég bað um það og kom inn á það í máli mínu að óvilhallir menn ættu að kíkja á þetta mál, ekki það að talað sé við útvarpsstjóra. Við hverju bjuggust menn frá útvarpsstjóra? Ég spyr bara. Við hverju bjuggust þeir? Að sjálfsögðu því sem hér var birt.

Ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir, að það er kannski varhugavert að treysta þeim könnunum sem þarna fara fram, enda höfum við fordæmi fyrir því. Það er þess vegna sem ég talaði um óvilhalla utanaðkomandi aðila sem ættu að framkvæma slíka rannsókn. En að það skuli ekki eiga að gera ráðstafanir þegar svona alvarlegt mál kemur upp er í sjálfu sér mjög alvarlegt mál og það er annað rannsóknarefni.

Hér er líka um ærumeiðandi fréttaflutning fyrir fréttamenn að ræða. Það þarf að hreinsa þá líka. Það er orðið ansi margt sem þarf að skoða hér. Auðvitað gerum við kröfur um hlutlaust fréttamat hjá þeim. En þegar svona birtist í einu stjórnarmálgagninu flutt af fréttastjóranum og staðfest í tvígang hlýtur að þurfa að kanna málið.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með þeim sem hér hafa sagt að það sé ástæða til að harma að hæstv. menntmrh. neitar að láta skoða slíkar fullyrðingar eins og koma fram í tilvitnaðri Tímagrein. Ég upplýsi að Borgarafl. hefur séð ástæðu til að skrifa útvarpsstjóra um skyld málefni. Útvarpsstjóri hefur svarað okkur og við höfum ekki tekið það mál frekar upp. En það gæti orðið hluti af þeirri rannsókn sem færi fram ef hæstv. menntmrh. sæi ástæðu til.

En sem svar til hv. þm. Eiðs Guðnasonar: Ég held að það sé öllum ljóst að fréttastofan hefur batnað *mikið, þó að hún sé ekki orðin algóð enn þá, síðan* hann fór þaðan.

Lausar stöður kennara og skólastjóra og ráðning í þær, ein umr.

Fsp. DS, 497. mál. — Þskj. 866.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Yfirstandandi skólaár er senn liðið, en vegna kjaradeilna kennara við ríkið er uppi mikil óvissa meðal kennara um framtíðarkjör sín. Það er því eins víst að einhverjir muni róa á önnur mið nú ef ekki fer að hilla undir viðunandi lausn á kjaradeilum undanfarinna ára.

Vegna þess hve kennarar eru lágt launaðir miðað við menntunarkröfur og þá auknu ábyrgð sem fylgir starfinu auk lélegra vinnuaðstæðna oft og tíðum

hefur sífellt reynst erfiðara að fá kennara með tilskilin kennsluréttindi til starfa við skóla landsins. Þróun kennslumála er orðin í mikilli hættu þegar reyndin er sú að stöðugt fleiri kennaramenntaðir leita annarra starfa, en í störf kennara ganga ófaglærðir réttindalausir einstaklingar. Þeir einstaklingar sem þannig fylla kennarastöður um lengri eða skemmri tíma vinna oft þarft verk og forða vandræðaástandi sem skapast hefði vegna kennaraskorts. Þetta á við einkum úti á landsbyggðinni.

En þó að sumir hafi reynst vel þrátt fyrir lítinn sem engan starfsundirbúning er hitt jafnvíst að slíkar bráðabirgðalausnir með tíðum kennaraskiptum eru óviðunandi og beinlínis skaðlegar námi barna. Þarf þá ekki að taka fram hve óviðunandi misrétti ríkir milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessum efnum.

Í svari við fsp. minni til hæstv. menntmrh. um hlutfall ráðinna kennara og leiðbeinenda við skóla landsins á þessu skólaári kom í ljós að hlutfall leiðbeinenda er enn þá allt of hátt og í sumum fræðsluumdæmum allt upp í rúmlega 40% sem er með öllu óviðunandi og vekur enn og aftur upp spurninguna um jafnrétti barnanna til náms.

Vegna þess að nú er skólaári að ljúka, eins og ég gat um í upphafi máls míns, hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 866. Þar spyr ég, með leyfi forseta:

„Hversu margar stöður a) kennara, b) skólastjóra munu fyrirsjáanlega losna annars vegar við grunnskóla, hins vegar við framhaldsskóla nú í vor? Hverjar eru horfur með ráðningu í þær í haust?“

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. spyr:

„Hversu margar stöður a) kennara, b) skólastjóra munu fyrirsjáanlega losna annars vegar við grunnskóla og hins vegar við framhaldsskóla nú í vor? Hverjar eru horfur með ráðningu í þær í haust?“

Ég vík að grunnskólunum fyrst. Í vetur hefur starfað við grunnskóla landsins eftirfarandi fjöldi leiðbeinenda, flokkað eftir fræðsluumdæmum: Reykjavík 26 stöður, Reykjanesumdæmi 79 stöður, Vesturlandsumdæmi 46 stöður, Vestfjarðaumdæmi 58 stöður, Norðurlandsumdæmi vestra 52 stöður, Norðurlandsumdæmi eystra 86 stöður, Austurlandsumdæmi 71 staða, Suðurlandsumdæmi 53 stöður. Alls 471 staða. Þessar stöður losna í vor og verða auglýstar, en tekið verður tillit til þeirra sem stunda nú réttindanám. Að auki má búast við að einhverjar stöður, sem grunnskólakennarar gegna, muni losna, en enn þá er óljóst hversu margar þær verða.

Varðandi framhaldsskóla er því að svara að mjög fáar beiðnir hafa borist enn þá frá skólunum um auglýsingu á kennarastöðum og aðeins ein skólastjórastaða losnar svo að vitað sé. Af þeim sökum getur ráðuneytið ekki gefið upp hve margar stöður gætu hugsanlega losnað. Hins vegar verða allmargar stöður auglýstar sem skipaðar eru kennurum sem ekki hafa fullgild kennsluréttindi, en þeir eru 325. Margir kennarar ljúka námi í uppeldis- og kennslufræðum í vor og sumar svo að stöður þeirra eru tæpast lausar þótt auglýstar verði. Þá verður stundakennsla auglýst, en hve mikil hún verður er ekki endanlega vitað fyrr en innritun nemenda er að fullu lokið. Samkvæmt viðtölum við skólameistara eru þeir bjartsýnni en á síðasta ári um kennararáðningar því hreyfing á kennurum verður minni en áður.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans. Það hefur einmitt vakið athygli mína að sl. vikur hafa birst mjög margar auglýsingar um lausar stöður, en ég geri mér grein fyrir að hluti þeirra er vegna kennara sem eru settir frá ári til árs.

Ég tel að það sé ekki seinna vænna að fara að huga að þessum málum fyrir haustið því að það er grunur minn að við blasi vandi ef ekki fer að birtast nein lausn í kjaradeilunni sem nú stendur yfir. Það virðist því miður vera mikill hægagangur í því máli þessa dagana.

Það kom hér fram að alls munu losna 771 staða við grunnskóla eða muni verða auglýstar. Það hefur einmitt sýnt sig á þeim auglýsingum sem ég vitnaði til að þær eru allmargar í öllum fræðsluumdæmunum. En ég vil leggja áherslu á að það þarf að taka á þeim vanda sem mig grunar að verði, og ég held að sá grunur minn geti jafnvel verið á rökum reistur. Fyrr eða síðar kemur til hljóðlátrar byltingar kennara því að eins og menn vita eru sífellt meiri kröfur gerðar til kennarans og verkefnum hans fjölgar, kennsluhættir hafa breyst og vinnuálagið aukist og krafist aukinnar samvinnu vegna skipulagningar og sveigjanleika hjá kennurum. Það fer mikill tími af starfi kennarans í að fylgjast með nýjungum í skólastarfinu og að kynna sér nýtt námsefni. Námsefnisskortur er tilfinnanlegur og kennarar leggja á sig ómælda vinnu til að mæta þörfum hvers nemanda.

Það liggja fyrir skýrslur, sem ég hef reyndar getið um áður þegar þessi mál hefur borið á góma hér, það liggja fyrir skýrslur á skýrslur ofan og þær segja allar það sama: Það verður að bæta kjör kennaranna. Ég hef heyrt, ég tek það fram, hef aðeins heyrt, að allmargir kennarar hugsi sér að láta reyna á þá leið að taka sér launalaust leyfi, alla vega í ár til umhugsunar, ef ekki fæst nein lausn núna næstu daga.

En ég held að það sé mjög nauðsynlegt að tekið verði af fullri alvöru á þessu máli í eitt skipti fyrir öll því að í öllum þeim skýrslum sem ég minntist á áðan er rauði þráðurinn að það verður að bæta kjör kennaranna og til þess verðum við að finna ráð.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það eru háar tölur sem koma fram hjá hæstv. menntmrh. um leiðbeinendur, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Við fengum upplýsingar sl. haust við fsp. um þessi efni. Mér sýnist talan varðandi grunnskólana vera allnokkru hærri

en þá var fram borið. Samtals eru þetta um 800 stöður sem í öllu falli ber að auglýsa lögum samkvæmt, auk annarra sem losna.

Hæstv. ráðherra hefur eftir skólameisturum að nokkur bjartsýni ríki um lausn þessara mála. Kemur það mér satt að segja dálítið á óvart í þeirri stöðu sem samningamálin við kennarastéttina eru um þessar mundir. En auðvitað er ástæða til að vona að úr rætist.

Á það ber hins vegar að benda að í ákveðnum kennslugreinum ríkir mjög slæmt ástand, í handmennt, myndmennt, tónlistarfræðslu, íþróttakennslu umfram aðrar greinar, og það er sannarlega mjög tilfinnanlegt.

Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp hér til að minna á það því það er aldrei of oft kveðin sú vísa sem hér er höfð uppi um þetta gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ferðamenn, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 424. mál. — Þskj. 774.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. er hljóðar svo:

„Hvað hafa margir ferðamenn komið til landsins á vegum innlendra ferðaskrifstofa frá 1980 og hvernig skiptast þeir á ferðaskrifstofur?“

Ég tel að það sé mjög mikils virði að geta áttað sig á því hvað ferðaskrifstofur vinni mikið að landkynningu og hvaða árangri þær hafa náð því að hinn ört vaxandi ferðamannastraumur til Íslands er eitt af því jákvæða sem verið hefur að gerast í íslenskum efnahagsmálum og tvímælalaust ber að stuðla að því að við höldum áfram á þeirri braut sem við höfum verið. Ég tel þess vegna að það sé augljóst mál að upplýsingar um þetta komi að gagni við að meta það m.a. hversu mikilvægt starf Ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið á undanförnum árum.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Enda þótt það komi ekki fram í fsp. lít ég svo á að hér sé átt við erlenda ferðamenn eingöngu en ekki íslenska ferðamenn sem fara héðan til útlanda og koma aftur til landsins á vegum íslenskra ferðaskrifstofa. Svar mitt hér á eftir byggist því á þessari forsendu.

Auk Ferðaskrifstofu ríkisins eru leyfisskyldar ferðaskrifstofur í eigu einkaaðila nú um 30 talsins. Flestar þeirra ef ekki allar vinna að meira eða minna leyti að móttöku erlendra ferðamanna og sölu á ferðum til þeirra. Ferðaskrifstofurnar eru mjög mismunandi að stærð og starfsemi sumra þeirra rís satt að segja tæpast undir nafni. Flestar þeirra eru aðilar að Félagi ísl. ferðaskrifstofa.

Erlendir ferðamenn til Íslands voru á sl. ári tæplega 130 þúsund og hafa aukist um nær 100% síðan 1980. Mjög mikill hluti af þessum ferðamönnum ferðast ekki á vegum innlendra ferðaskrifstofa. Má þar nefna sem dæmi útlendinga sem koma hingað til lands í viðskiptaerindum eða embættiserindum, sumir hverjir oft á ári, eða ferðamenn sem koma í fjölskylduheimsóknir o.s.frv. Almennir skemmtiferðamenn og þátttakendur í ráðstefnum sem hingað koma á vegum erlendra eða íslenskra ferðaskrifstofa eru oftast þátttakendur í hópferðum. Þá er hins vegar mjög mismunandi hve mikla þjónustu íslenskar ferðaskrifstofur láta erlendum ferðamannahópum í té. Stundum selur íslensk ferðaskrifstofa þannig ferðapakka í heild, þ.e. ferð erlendis frá með ferðum, gistingu og fæði hér innan lands. Í mörgum tilvikum selur erlend ferðaskrifstofa pakkann í heild en fær innlenda ferðaskrifstofu til að sjá um hluta hans, svo sem ferðir hér innan lands. Farþegar á erlendum skemmtiferðaskipum eru ekki taldir með í þeim fjölda erlendra ferðamanna sem ég nefndi hér í upphafi, en að svo miklu leyti sem þeir koma í land og ferðast hér um er það á vegum íslenskra aðila.

Af því sem ég hér hef sagt má ljóst vera að það er engan veginn einfalt að skilgreina hvaða erlendir ferðamenn, sem hingað koma til landsins, eru á vegum innlendra ferðaskrifstofa. Það eitt út af fyrir sig gerir það að verkum að spurningunni er ekki auðvelt að svara. Samkvæmt upplýsingum Félags ísl. ferðaskrifstofa eru engar tölur handbærar um fjölda þeirra ferðamanna og gildir þá einu þótt reynt sé að takmarka sig við útlendinga sem kaupa pakkaferðir í heild af íslenskum ferðaskrifstofum. Það er enn fremur ógerlegt að afla þessara upplýsinga þar sem einstakar skrifstofur líta á slíkar upplýsingar sem einkamál sem óæskilegt sé að komist í hendur annarra aðila sem þeir eiga í samkeppni við. Engin ákvæði eru í lögum um ferðamál um að ferðaskrifstofur haldi slíkum upplýsingum sem þessum til haga og því er það ekki á valdi opinberra aðila að afla þeirra frá hlutaðeigandi aðilum.

Hitt er svo annað mál að samkvæmt áætlun manna sem þekkja vel til á þessu sviði gæti fjöldi þeirra erlendu ferðamanna sem ferðast hingað alfarið á vegum íslenskra ferðaskrifstofa hafa numið á sl. ári allt að 30 þúsund erlendum ferðamönnum og um 12–15 þúsund ferðamönnum árið 1980. Ég vil þó undirstrika að hér er um að ræða áætlun sem þeir sem best til þekkja hafa gert. Af þessum 30 þúsund ferðamönnum er ætlað að 22 þúsund hafi komið í skipulögðum ferðum með hótelgistingum og 8 þúsund í öðrum skipulögðum ferðum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir veittar upplýsingar um ferðamál. Þar kom fram mjög margt jákvætt á því sviði. Hins vegar má segja sem svo að það hafi komið fram áætlun um hve mikið hafi komið til landsins á vegum ferðaskrifstof-

anna samtals, en ekki hvernig það skiptist. Því var borið við að það væri viðskiptaleyndarmál og vil ég ekki ræða það frekar, en verð þó að segja sem er að ég er engu nær um hlut Ferðaskrifstofu ríkisins eftir sem áður því að skiptingin kemur hvergi fram. Ég aftur á móti verð staðfastari í þeirri skoðun minni eftir þetta en áður að hún eigi höfuðþáttinn í þeim fjölda sem kemur á vegum ferðaskrifstofa.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá þingmanninum. Sundurliðun á því sem metið er getur ekki legið fyrir einfaldlega vegna þess, eins og ég orðaði það, að skrifstofurnar telja það sitt einkamál, en það fer ekkert milli mála að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið hér afar gott starf allan þann tíma sem hún hefur starfað. Hins vegar hefur þróunin í þessum málum breyst mjög verulega og ég vek athygli á því að á sl. ári var stofnsett uppýsingamiðstöð ferðamála sem hefur tekið að hluta til sín það starf sem Ferðaskrifstofa ríkisins áður hafði. Eins og ég gat um hefur þróunin verið með þeim hætti að þetta er komið á miklu fleiri hendur, það eru miklu fleiri aðilar sem sinna þessum málum nú.

Um þingsköp.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Á bls. 18 í þingsköpum Alþingis segir, með leyfi forseta: „Fyrirspurn skal þó að jafnaði ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð."

Ég held að það sé rétt munað hjá mér að í síðustu viku var fsp., sem var hér á dagskrá frá einum stjórnarþingmanni, Guðmundi G. Þórarinssyni, tekin út af dagskrá og forsrh. af einhverjum ástæðum treysti sér ekki til að svara þeirri fsp. Þessi fsp. snertir þjóðlífið allt mjög mikið, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við spám Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla við útlönd sem nemi um 10 milljörðum kr. á árinu 1988?"

Frá því að þessi fsp. var gerð og þangað til dagskrá var prentuð fyrir þann fund sem frestaði málinu í síðustu viku voru fréttir í fjölmiðlum um að viðskiptahallinn stefndi í 15–16 milljarða. Síðan hafa verið umræður á Alþingi og bæði ég og aðrir þingmenn hafa nefnt þá tölu án þess að hún hafi verið leiðrétt og stendur hún þá sem staðfest rétt tala, 15–16 milljarða viðskiptahalli, a.m.k. er hann orðinn miklu hærri en þeir 10 milljarðar sem hann datt niður í úr 13–14 samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum fyrir nokkrum vikum.

Nú vil ég, með leyfi forseta, spyrja: Er það virkilegt að það hafi láðst að tilkynna veikindaforföll eða fjarvistarleyfi hæstv. forsrh. því að ég sé að fyrirspyrjandi er kominn hér? Af hverju er þessari mikilvægu fsp. ekki svarað? Nú er kominn hálfur mánuður síðan hún kom á dagskrá fyrst. Hvað kemur í veg fyrir að þjóðin fái að vita hvaða lausnir ríkisstjórnin hefur? Hvaða lausnir hefur forsrh. á þessum gríðarlega viðskiptahalla sem eykst þannig að maður hefur heyrt talað um að hann komist jafnvel upp í 20 milljarða innan mjög fárra vikna? Ég mótmæli því, hæstv. forseti, að enn þá einu sinni skuli fsp. af þessari stærðargráðu — ég kalla það stærðargráðu — vera tekin út af dagskrá.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það þarf ekki að taka fram og á að vera öllum ljóst að þegar ekki er mælt fyrir einhverju dagskrármáli á forseti ekki annars úrkosta en taka það út af dagskrá. Forseta var tjáð í upphafi þessa fundar að það yrði ekki mælt fyrir því dagskrármáli sem hv. þm. var að tala um.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Mér er ljúft að gera grein fyrir stöðu þessa máls.

Mál hafa skipast á þann veg að á miðstjórnarfundi Framsfl., sem haldinn var fyrir stuttu við mikla athygli íslensku þjóðarinnar, fól miðstjórnarfundurinn ráðherrum flokksins að taka upp umræður við samstarfsflokkana og innan ríkisstjórnarinnar um ýmis atriði efnahagsstefnunnar, þar á meðal viðskiptahallann. Sem fyrirspyrjandi og framleggjandi þessarar fsp. er það mitt mat að á meðan þær viðræður eru í gangi sé ekki ástæða til að hefja umræður um þetta mál á Alþingi. Þess vegna hef ég farið fram á það við forseta að þetta mál kæmi ekki á dagskrá og mun draga fsp. til baka þar sem hún er ekki tímabær meðan ráðherrar Framsfl. eiga í þessum viðræðum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þá er þjóðin upplýst um a.m.k. einn lítinn árangur af fundi Framsfl. annað en bara að láta út loft. En ég verð nú, hæstv. forseti, að efast um að hv. 10. þm. Reykv. komi hér upp í ræðustólinn og segi að sér sé það ljúft að tilkynna að hans vinna á Alþingi sé að engu gerð. Hann hefur komið hér fram með fsp. sem er í sjálfu sér eitt það stærsta mál sem þjóðin hefur við að glíma, hvernig það skuli leyst. Nú hefur hann tilkynnt að hann muni draga það til baka á þeim forsendum að fundur í Framsfl. haldinn úti í bæ hafi tekið þá ákvörðun að ráðherrar flokksins skuli tala við samráðherra sína og það um efnahagsmál. Þetta eru miklar upplýsingar. Ég fagna því að ráðherrar Framsfl. ætla að ræða svolítið betur um þau mál sem þeir hafa áhyggjur af, ekki bara vegna þess að þetta séu stórmál, ekki bara vegna þess að þjóðin er komin í þann vanda sem Framsfl. lýsti að væri mjög mikill áður en hann sá ástæðu til að kalla mestu valdastofnun sína til fundar

um þau mál, heldur eru þetta vandamál sem Framsfl. hefur sjálfur tekið þátt í að afgreiða hér á Alþingi. Ég veit ekki um eina einustu ráðstöfun stjórnarinnar sem Framsfl. hefur ekki tekið þátt í að afgreiða og þar með efnahagsmálin.

En ég skil vel að Framsfl. vilji halda áfram að fela fyrir þjóðinni af hverju þessi mikla skuldasöfnun, af hverju þessi mikli munur er á tekjum af útflutningi og innflutningi og tekjum þar á milli. Það skil ég vel. Og ég skil vel hæstv. forseta. Ég segi enn þá einu sinni að gefnu tilefni að ekkert af því sem ég hef spurt um í dag eða sagt er skuggi á embættisfærslu forseta Sþ. sem við styðjum allir og virðum fyrir hans góðu störf. En ég verð þó að leyfa mér að túlka það, sem fram hefur komið hjá forseta og fram hefur komið hjá fyrirspyrjanda, að tillagan eigi ekki að koma á dagskrá meira, hún hafi ekki átt að koma á dagskrána í dag. Það er ágætt að fá þá tilkynningu vegna þess að ég fékk það svar á síðasta fundi að fsp. mundi koma á dagskrá síðar, en nú er ljóst að hún kemur ekki oftar á dagskrá. Þá verð ég að gera upp við mig hvort ég tek hana upp sjálfur. Hún kemur líklega á dagskrá hvort sem hún er tekin upp af óánægðum stjórnarþingmanni, sem hefur í grein eftir grein í dagblöðum sýnt að hann er ekki í samstöðu um marga hluti innan Framsfl., eða ekki. En það fer fyrir hv. þm. á sama hátt og öðrum þingmanni Reykvíkinga, Eyjólfi Konráð Jónssyni. Hann lýsir því yfir í blöðum að hann sé á móti efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og hann segist vera eins og hundur í bandi á þingflokksfundum, en greiðir þó atkvæði með öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í þingsölum. En til þess að friða nú samviskuna að einhverju leyti segist hann gera það með vinstri hendinni.

Hæstv. forseti. Ég lít þá svo á að þessi fsp. til forsrh. sé hér með tekin af dagskrá og við fáum ekkert svar frá honum, a.m.k. ekki að þessu sinni, og fsp. verði þá ekki frá þeim stjórnarþingmanni sem hana flutti. Hún verði þá að koma frá einhverjum öðrum þingmanni til forsrh.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að það er þegar búið að taka umrædda fsp. af dagskrá. En til skýringar á hvers vegna hún var á dagskrá skal það tekið fram að það er vinnuvenja hjá forseta og starfsmönnum þingsins að setja allar fyrirspurnir, sem fyrir liggja, á dagskrá nema það sé sérstaklega óskað eftir því að þær séu ekki teknar á dagskrá. En forseta var ekki tjáð fyrr en í upphafi fundar þegar dagskrá lá fyrir að það væri ekki óskað eftir að mæla fyrir fsp.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi þessara umræðna. Þessari fsp. var beint til forsrh. og fsp. um hvernig ríkisstjórnin hygðist bregðast við þeim viðskiptahalla sem Þjóðhagsstofnun spáir.

Það hlýtur að vera fullkomlega rökrétt, þar sem miðstjórnarfundur Framsfl. hefur falið ráðherrum flokksins að ræða sérstaklega innan ríkisstjórnarinnar hvaða leiðum skuli beitt og hvernig við þessu skuli bregðast, að fsp. sé dregin til baka. Meðan þær viðræður eiga sér stað á hún auðvitað ekki erindi, a.m.k. ekki frá mér, sem að einhverjum hluta gæti átt aðild að þeim viðræðum, inn á Alþingi Íslendinga. Þessi afstaða er fullkomlega rökrétt og eðlileg og þar af leiðandi mun ég draga fsp. til baka.

Hitt er auðvitað ánægjulegt að þessi fsp. og þessar umræður hafa orðið tilefni fyrir formann Borgarafl. til að losna við svolítið loft, svo að notuð séu svipuð ummæli og orðatiltæki og hann hefur viðhaft um miðstjórnarfund framsóknarmanna.

SAMEINAÐ ÞING

73. fundur, fimmtudaginn 28. apríl, kl. 8 síðdegis.

Vantraust á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar (útvarpsumr.).

Þáltill. SJS o.fl., 505. mál. — Þskj. 900.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umæðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur sem skiptast í tvær umferðir, 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Alþb., Sjálfstfl., Borgarafl., Framsfl., SK, Alþfl. Stefán Valgeirsson talar síðastur í fyrri umferð og hefur 15 mínútur til umráða. Ræðumenn verða fyrir Alþb. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Guðrún Helgadóttir, 13. þm. Reykv., í þeirri síðari. Fyrir Sjálfstfl. tala Þorsteinn Pálsson forsrh. og Birgir Ísl. Gunnarsson menntmrh. í fyrri umferð, en Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Borgarafl. tala í fyrri umferð Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., og Guðmundur Ágústsson, 11. þm. Reykv., og í þeirri síðari Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Vesturl., og Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl. Ræðumennn Framsfl. verða Jóhann Einvarðsson, 8. þm. Reykn., og Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Valgerður Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. e., og Halldór Ásgrímsson sjútvrh. í þeirri síðari. Fyrir SK tala Þórhildur Þorleifsdóttir, 18. þm. Reykv., og Málmfríður Sigurðardóttir, 7. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Kristín Halldórsdóttir, 10. þm. Reykn., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala Jón Baldvin Hannibalsson fjmrh. og Karl Steinar Guðnason, 9. þm. Reykn., í fyrri umferð, Jón Sigurðsson viðskrh. í þeirri síðari. Stefán Valgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., talar síðastur í fyrri umferð.

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mæli fyrir till. til þál. um vantraust á ríkisstjórn Þorsteins

Pálssonar. Flm. að till. eru ásamt mér hv. þm. Júlíus Sólnes, Þórhildur Þorleifsdóttir og Stefán Valgeirsson. Till. er 505. mál Sþ. á þskj. 900 og er svohljóðandi:

„Með hliðsjón af því alvarlega ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu, versnandi kjörum launafólks og vaxandi misrétti í launamálum, verkföllum sem lama viðskipti og valda heimilunum ómældum erfiðleikum, óheyrilegum fjármagnskostnaði, gífurlegum viðskiptahalla og skuldasöfnun, erfiðleikum atvinnuveganna og stórfelldri byggðaröskun, sem á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til rangrar stjórnarstefnu, ályktar Alþingi að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórnina."

Auk þess rökstuðnings sem kemur fram í sjálfri till. má segja að almennar aðstæður í þjóðfélaginu í efnahagsmálum og stjórnmálum hafi kallað fram þessa vantrauststillögu. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum mánuðum glatað ört trausti þjóðarinnar. Um það eru skýrar vísbendingar úr almennri umræðu og skoðanakönnunum. Innbyrðis sundurlyndi hefur birst í sífelldum uppákomum á stjórnarheimilinu og hafa stjórnarliðar lýst því ákaflega vel sjálfir hvaða trú þeir hafi á núverandi ríkisstjórn. Jafnvel svo einfaldir hlutir sem að þiggja eða þiggja ekki boð um opinberar heimsóknir eða að ákveða við hverja megi tala og hverja ekki verða að opinberum rifrildismálum milli stjórnarliða og dregst jafnvel sjálft embætti forseta Íslands inn í lágkúruna.

Hugtakið stjórnarfrumvarp hefur í vetur verið skilgreint alveg upp á nýtt og hefur nú tvöfalda merkingu. Annars vegar stjfrv. sem öll ríkisstjórnin styður, hins vegar stjfrv. sem aðeins hluti stjórnarliðsins styður. Þessir og aðrir slíkir þverbrestir í stjórnarsamstarfinu hafa ágerst með hverjum deginum sem líður og hafa svo auðvitað sín áhrif á það að ríkisstjórnina brestur kjark og hún stendur úrræðalaus frammi fyrir verkefnum sínum.

Góðærið hefur brunnið upp sem eldsneyti í þeirri tilraun sem hér hefur verið framkvæmd undir merkjum frjálshyggjunnar með þeim hroðalegum afleiðingum að eftir margra ára samfellt góðæri er hér allt að sigla í strand. Af fullkomnu tillitsleysi gagnvart lífskjörum fólks, hagsmunum byggðanna og jafnvel sjálfu efnahagslegu sjálfstæði landsins keyra öfgaöflin í og kringum Sjálfstfl., dyggilega studd af frjálshyggjuliðinu í framsókn og Alþfl., áfram braut frjálshyggjunnar eins og Ísland væri tilraunastofa og íslenska þjóðin upplögð tilraunadýr.

Þó að tilraunin kosti það að þúsundir fullfrískra vinnandi manna skuli búa við rétt rúmlega 30 000 kr. mánaðarlaun og þó svo að hún kosti hrun útflutningsatvinnuveganna, stórfellda byggðaröskun, 20 milljarða viðskiptahalla á tveimur árum o.s.frv. skal henni samt haldið áfram. A.m.k. virðast þeir menn enn hafa undirtökin sem ekkert vilja gera. Vilja halda tilrauninni áfram þó að hinar hroðalegu afleiðingar verði ljósari og ljósari með hverjum deginum sem líður.

Það er skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að meira en nóg sé komið. Þess vegna hafði þingflokkur Alþb. forgöngu um það að fram kæmi hér á Alþingi till. um vantraust á ríkisstjórnina. Með því vildum við gera það sem í okkar valdi stendur til að koma þessari ríkisstjórn frá og um leið undirstrika hversu alvarlegum augum við lítum ástandið.

Við Íslendingar höfum síðustu árin lifað langvarandi góðæriskafla hvað öll ytri skilyrði varðar. Viðskiptakjör okkar hafa verið hagstæð, afli mikill og afurðaverð hátt og eftirspurn eftir okkar framleiðslu næg. Ætla mætti því að þessi hagstæðu skilyrði hefðu gert okkur kleift að ná varanlegum árangri við gamalkunn efnahagsvandamál, að við hefðum undanfarin ár verið að greiða niður erlendar skuldir, ná verðbólgunni niður á sama stig og er í nálægum löndum, ná hér stöðugleika í efnahagsmálum og atvinnulífi, byggja upp okkar útflutningsgreinar og síðast en ekki síst, bæta kjör þeirra lakast settu, efla félagslega þjónustu og treysta byggð í landinu svo nokkuð sé nefnt. Reyndin er því miður önnur eins og allir viðurkenna nú og sjá.

Hjá því verður ekki komist að fara nokkrum orðum um þann blekkingaleik sem hér var settur á svið í síðustu kosningum fyrir réttu einu ári. Þá var sagt: Allt er í himnalagi. Bara að kjósa okkur áfram. Þá verður verðbólgan eins stafs tala um næstu áramót. — Hver var reyndin nokkrum mánuðum síðar? Verðbólga á bilinu 30–50% þó Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson séu báðir áfram í stjórn.

Við vöruðum við og sögðum að hinn svokallaði árangur væri blekkingaleikur, að vandanum hefði aðeins verið sópað undir teppið fram yfir kosningar. Það hefur komið á daginn. Fyrsti kosningavíxillinn féll reyndar með brauki og bramli aðeins fjórum dögum eftir kosningar þegar ríkisstjórnin og þá einkum og sérstaklega Sjálfstfl. fékk flugstöðvarhneykslið í hausinn.

Þeir framsóknarmenn þökkuðu fyrir kosningarnar Steingrími Hermannssyni persónulega hinn mikla árangur. En nú tala þeir hins vegar eins og þeir hafi hvergi nærri neinu komið, rétt eins og þeir hafi svo pottþétta fjarvistarsönnun að jafnvel sjálfur Sherlock Holmes gæti ekki sannað, þó hann væri á meðal okkar, að þeir hafi nokkurn tímann komið nálægt ríkisstjórn á Íslandi, þrátt fyrir að flokkur þeirra hafi setið nær samfellt í ríkisstjórn í 17 ár, þrátt fyrir að formaðurinn, Steingrímur Hermannsson, hafi verið sleitulaust ráðherra að kalla í tíu ár og þrátt fyrir að í gjörvöllum 13 manna þingflokki framsóknar finnist enginn þingmaður sem nokkru sinni hefur verið í stjórnarandstöðu ef frá eru taldir þrír stuttir mánuðir um áramótin 1979–1980.

Já, þrátt fyrir allt þetta bera þeir framsóknarmenn enga ábyrgð þegar á móti blæs eða óvinsælar ráðstafanir eiga í hlut. Þeir hafa hins vegar vakandi auga fyrir því að eigna sér það sem vel tekst og til vinsælda er fallið.

Landsmenn hafa nýverið orðið vitni að tilþrifum þeirra framsóknarmanna í stjórnarsamstarfinu, en þeir héldu miðstjórnarfund á dögunum með miklum látum sem síðan endaði í geysilegum loftmissi og hroðalegri magalendingu. Kletturinn sem reis úr hafinu sl. vor er nú sem eitt útsker er aldan gengur yfir og er orðinn hættulegur skipum. Gott ef sjálf þjóðarskútan er ekki á góðri leið með að stranda þar og fargast.

Staðreyndin er auðvitað sú að fyrri ríkisstjórn ber verulega ábyrgð á því hvernig nú er komið í okkar efnahagsmálum. Blekkingaleikurinn fyrir síðustu kosningar með tilheyrandi aðgerðaleysi hefur orðið okkur dýr. En hvað hefur svo verið gert til að ná tökum á efnahagsmálunum? Svarið er: kák. Ríkisstjórnin hefur ekki þorað eða getað tekið á hinum eiginlegu vandamálum. Dæmi um glámskyggni stjórnarinnar er sú staðreynd að ráðherrar hennar voru önnum kafnir við að leggja nýjar álögur á sjávarútveg og iðnað í vetur, launaskatt og hætta að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, ráðstafanir sem þeir máttu síðan harla sneypulegir draga til baka nokkrum vikum síðar.

Enn annað dæmi eru stórfelldar lækkanir á lúxusvörum á sama tíma og viðskiptahallinn stefnir í 20 milljarða á tveimur árum. Gáfuleg ráðstöfun það.

Matarskatturinn, sem Alþfl. gerði að sérstöku og persónulegu hugsjónamáli sínu, er þó áreiðanlega ein alvarlegustu og verstu mistök stjórnarinnar. Í heild er sú skattastefna sem Alþfl. hefur beitt sér fyrir með matarskatti og álagningu tekjuskatts með einu skattþrepi, sem leiðir til þess að hinir tekjuhæstu borga minna en áður, harla sérkennileg jafnaðarmennska. Það er enda ekki að ástæðulausu að íslenski Alþfl. hefur verið kallaður bæði aumastur og hægrisinnaðastur allra krataflokka á Vesturlöndum.

Við börðumst hart gegn matarskattinum, stjórnarandstaðan, hér á þingi og vöruðum við að hann mundi hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, einkum og sér í lagi fyrir láglaunafólkið sem hlyti að gera kröfur um meiri launahækkanir á móti. Enginn vafi er á því að það fólk sem verið hefur að fella kjarasamninga unnvörpum að undanförnu er öðrum þræði að mótmæla matarskatti og auðvitað um leið að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Stórfelld skerðing á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ósvífin meðferð á sveitarfélögum er svo enn eitt dæmið sem ég tíni til úr verkum ríkisstjórnarinnar.

Þannig hafa ýmsar aðgerðir stjórnarinnar spillt fyrir þó algert úrræðaleysi hennar og dáðleysi sé auðvitað versta meinið.

En hvernig er nú umhorfs á Íslandi og í íslenskum þjóðarbúskap eftir langan og samfelldan góðæriskafla sem ég hef áður lýst?

Harðsvíruð láglaunastefna ríkisstjórnarinnar og atvinnurekenda, þar sem mánaðarlaun niður undir 30 000 kr. virðist vera sáluhjálparatriði, hefur leitt til harðvítugra vinnudeilna, sem m.a. standa nú yfir, þar sem hópar launafólks reyna að brjóta láglaunastefnuna á bak aftur. Viðskiptahalli er svo gífurlegur að engin dæmi eru slíks. Þrátt fyrir hvert metið á fætur öðru í þjóðarframleiðslu stefnir nú samanlagt í a.m.k. 20 milljarða viðskiptahalla á síðasta og yfirstandandi ári. Skuldasöfnun er gífurleg og erlendar skuldir þjóðarinnar stefna nú hraðbyri í 100 milljarða kr. Verðbólgan hér á landi er nú um áttfalt meiri en í helstu viðskiptalöndum okkar í samanburði við fjórfalt til sexfalt meiri á undanförnum árum. Staða útflutningsatvinnuveganna og framleiðslustarfseminnar er mjög slæm og fer versnandi á meðan þensla ríkir og glórulausar fjárfestingar viðgangast í ýmsum eyðslugreinum þjóðfélagsins.

Einna alvarlegust er þó sú staða sem blasir við landsbyggðinni og er ekki minnst tilefni til þeirrar vantrauststillögu sem hér er rædd. Segja má að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar með hágengi krónunnar og okurvöxtum sé a.m.k. seigdrepandi ef ekki bráðdrepandi fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar. En á sama tíma er minna en ekkert gert til að vega á móti þeim margvíslega aðstöðumun sem landsbyggðin býr við og fer því miður vaxandi í mörgum greinum. Landsbyggðin hefur tapað til höfuðborgarsvæðisins 1000–1500 manns undanfarin ár og aldrei meira en á því síðasta. Holskefla byggðaröskunar af alveg nýrri stærðargráðu getur skollið á verði ekkert að gert, hvort sem þeir flutningar hefðu höfuðborgarsvæðið eða útlönd að endastöð.

Ekki er ólíklegt að þið, áheyrendur góðir, fáið hér að heyra á eftir sönginn um nöldrið í stjórnarandstöðunni, að við höfum ekkert fram að færa. En staðreynd málsins er sú að stjórnarandstaðan hefur í vetur verið snarpari og málefnalegri en um langa hríð. Við lögðum okkur öll fram um að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina og stöðva matarskattinn svo eitt vel kunnugt dæmi sé nefnt. Þingmenn Alþb. hafa tekið upp um 140 dagskrármál hér á þinginu. Nýlega gáfum við út blað, sem vonandi hefur borist inn á hvert heimili í landinu, og þar eru störf okkar og stefna kynnt. Alþb. hefur lagt fram ítarlega og stefnumarkandi tillögu í launamálum þar sem hækkun lægstu launa í a.m.k. 45–55 þús. kr. og launajöfnun þannig að launamunur verði ekki meiri en fjórfaldur og fari síðan enn minnkandi eru undirstöðuatriði. Við teljum að stjórnvöld verði að taka höndum saman við samtök launafólks og vinnuveitendur og hafa forgöngu um að skapa samstöðu um nýja stefnu launajöfnunar og réttlætis í stað þess ófremdarástands sem nú ríkir. En fyrst og síðast er það auðvitað samstaða launafólks sjálfs sem er forsenda þess að það nái árangri í sinni kjarabaráttu.

Þingmenn Alþb. hafa á þessu þingi flutt fjölmargar ítarlegar og stefnumarkandi tillögur um efnahagsmál og skattamál, svo sem um skattlagningu þenslugróðans og auknar skattgreiðslur gróðafyrirtækja og tekjuhárra einstaklinga, um álagningu tekjuskatts í tveimur þrepum og réttlátari skattgreiðslur almenns launafólks, um sérstakan skattadómstól. Við höfum flutt sjálfstætt frv. um framhaldsskóla og fjölmörg mál sem tengjast menntun, menningu og listum. Við

lögðum fram heildarstefnu í stjórn fiskveiða sem grundvallast á ákveðinni tengingu aflakvóta við byggðarlög og fjölmörg önnur mál sem tengjast atvinnu- og byggðamálum. Við höfum flutt frv. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og fjölda annarra tillagna á sviði umhverfis-, utanríkis- og friðarmála. Tillaga þingflokks Alþb. um algert viðskiptabann á Suður-Afríku bíður nú afgreiðslu í utanrmn. svo dæmi séu tekin um þau fjölmörgu og margvíslegu mál sem flutt hafa verið og ásamt með öðru birta okkar stefnu, okkar úrræði. Þetta bið ég menn að hafa í huga og kynna sér ef hinn gamalkunni söngur um að við höfum ekkert fram að færa skyldi taka sig upp hér á eftir. Oftast er slíkt reyndar vísbending um hið gagnstæða, vísbending um að stjórnarliðar sjálfir vilji forðast að tala um eigin verk og þeirra afleiðingar. Það kæmi mér ekki á óvart að yrði reyndin hér í kvöld.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frjálshyggjan er að sigla í strand. Hún gat gengið meðan allt lék í lyndi og gekk okkur í haginn, meðan afli óx að magni og enn meir að verðmæti, meðan viðskiptakjör okkar bötnuðu, meðan olíuverðið lækkaði o.s.frv., m.ö.o. í uppsveiflu góðærisins. En um leið og byrinn lægir svo að ekki sé talað um að andi á móti koma hinar nöktu staðreyndir í ljós. Góðærið hefur brunnið upp í þenslu og sukki þeirra sem mest höfðu fyrir án þess að bæta varanlega á nokkurn hátt aðstæður þeirra sem brýnust nauðsyn bar til, þ.e. hins almenna launamanns í landinu og undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Dýrmætt tækifæri hefur glatast.

Innan stjórnarinnar og í röðum sérfræðinga hennar er nú bullandi ágreiningur um alla mikilvægustu þætti efnahagsmálanna. Sumir vilja fella gengið en aðrir ríghalda í svokallaða fastgengisstefnu. Sumir krefjast tafarlausra aðgerða í vaxtamálum en aðrir hrópa: Markaðurinn verður að ráða hvað sem það kostar. Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun greinir stórlega á um efnahagsástandið og horfur og geta í raun sameinast um það eitt að útlitið sé dökkt, mjög dökkt, á því ári sem tekur við af mesta góðæri Íslandssögunnar.

Sundurþykk og dáðlaus ríkisstjórn sem hefur glatað trausti þjóðarinnar og trúnni á sjálfa sig er ekki fær um að leiða okkur út úr ógöngunum. Öllum og þar á meðal ríkisstjórninni sjálfri væri fyrir bestu að hún færi frá og nýir menn með nýtt umboð þjóðarinnar en fyrst og síðast með aðra og farsælli stefnu tækju við.

Ísland er gott land og hér eru miklir möguleikar, en til þess að nýta þá þurfum við betri ríkisstjórn en við höfum í dag og við eigum hana líka skilið. Hver sem úrslit verða í þeirri atkvæðagreiðslu sem hér fer fram á eftir veit ég að meiri hluti íslensku þjóðarinnar greiðir í huga sínum þessa dagana atkvæði með okkur sem að þessu vantrausti stöndum. Með þeim orðum og óskum um gleðilegt sumar kveð ég ykkur, áheyrendur góðir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir skömmu átti ég þess kost að vera á fundi í Búðardal til þess að ræða við fólkið í því byggðarlagi um þann vanda sem nú steðjar að byggðum landsins og ekki síst Dölunum sem þurfa að mæta sérstökum erfiðleikum vegna einhæfs atvinnulífs. Þar voru haldnar margar ræður og það var dregin nokkuð sönn mynd af dökku ástandi í atvinnumálum. Undir lok fundarins stóð upp kona og sagði að allt sem sagt hefði verið og dregið fram væri satt og rétt, en það væri nauðsynlegt til þess að myndin væri í heild sinni rétt að benda á að í Dölum hefði nýlega verið reist nýtt og glæsilegt stjórnsýsluhús, að í Dölum væri góð heilsugæsla, að þar væri áformað að hefjast handa við nýjar framkvæmdir í íþróttamálum til þess að búa æsku byggðarlagsins betri skilyrði til íþróttaiðkana, að samgöngumálum miðaði fram og ný stór áform í þeim efnum væru í vændum.

Ég fór með betri og meiri trú á möguleika þessa byggðarlags að vinna sig út úr örðugleikunum vegna þessarar ræðu. Og hvernig skyldi það vera í okkar þjóðfélagi? Ætli þeir séu best til þess fallnir að leiða þjóðina út úr erfiðleikum sem einungis sjá það sem úrskeiðis gengur, sem einungis draga upp hinar dökku myndir, sem hafa það eitt fram að færa að reyna að ala á sundurlyndi og úlfúð og skipta þjóðinni upp í stríðandi hópa, eða hinir sem hafa víðsýni til þess að horfa og meta það sem úrskeiðis hefur gengið, það sem hefur orðið að áfalli fyrir þjóðina, en skýra um leið frá því sem áunnist hefur og til heilla horfir og nota það sem viðspyrnu til átaka við vandamálin?

Ég held að svarið sé augljóst. En það kom skýrt fram í ræðu málshefjanda fyrir þeirri vantrauststillögu sem hér er á dagskrá að það eina sem hann sér og þeir sem að baki þeirri tillögu standa er það sem úrskeiðis hefur gengið og sú freisting að reyna að ala á sundrungu og úlfúð meðal þjóðarinnar. Hitt held ég að sé sanni nær að við þurfum nú að stilla saman kraftana. Við þurfum að gera okkur grein fyrir þeim áföllum sem við höfum orðið fyrir. En við skulum viðurkenna að við erum um margt í góðri stöðu til að takast á við þau.

Lítum svolítið á rökstuðninginn fyrir þeirri vantrauststillögu sem hér hefur verið borin fram. Í fyrsta lagi er talað um versnandi kjör og launamisrétti. Sannleikurinn er sá að á undanförnum árum hefur kaupmáttur aukist meira á Íslandi en nokkru sinni fyrr, aukist meir en í nokkru öðru landi í kringum okkur. Við höfum á undanförnum árum unnið okkur fram þannig að laun eru nú stærri hlutdeild í þjóðartekjum en annars staðar á Norðurlöndum og til skamms tíma hefur launadreifing verið svipuð hér og þar. En ég deili áhyggjum með þeim, sem sannarlega eru réttar, að í rótleysi góðærisins hefur á hallað í þessu efni og launamismunur vaxið. Þessu hafa stjórnvöld reynt að mæta af sinni hálfu með stórauknum tryggingabótum, stórauknum

barnabótum og verulegri hækkun skattleysismarka.

Það er talað um að það sé rökstuðningur fyrir vantrausti á ríkisstjórnina að kaupmáttur hafi minnkað. Þjóðartekjurnar hafa minnkað. Kaupmáttur útflutningstekna þjóðarbúsins er að minnka á þessu ári. Við slíkar aðstæður rýrnar kaupmáttur launafólksins í landinu, fjárfestingin minnkar og einkaneyslan minnkar, eyðslan minnkar. Þetta sýnir að okkur hefur tekist að laga efnahagsaðstæðurnar að breyttum ytri aðstæðum. Ef kaupmátturinn væri að vaxa með minnkandi þjóðartekjum og rýrnandi kaupmætti útflutningstekna, ef fjárfestingin væri að aukast við þessar aðstæður og einkaneyslan að aukast hefði efnahagsstefnan mistekist. Þá væri ástæða til þess að bera fram vantraust. En staðreyndirnar í þessu máli sýna að það hefur tekist að laga efnahagslífið að breyttum ytri aðstæðum. Það kann að vera erfitt þegar á móti blæs og það kann að taka á, en það er nauðsynlegt að gera það við þessar aðstæður og hver ábyrg ríkisstjórn verður að hafa þor og kjark til þess.

Það er talað um það í rökstuðningi fyrir tillögunni að það sé ástæða fyrir vantrausti á ríkisstjórnina að nú séu verkföll. Sannarlega stendur nú alvarlegt verkfall verslunarmanna. En meginhluti kjaradeilnanna, langstærsti hluti verkalýðsfélaganna í landinu hefur á undanförnum vikum og mánuðum leyst sín deilumál við atvinnurekendur án verkfalla. Þessi fullyrðing stenst því ekki heldur.

Það er talað um viðskiptahalla og skuldasöfnun, en lítum á tillögur og málflutning stjórnarandstöðunnar í vetur. Hver hefur hann verið? Þeir lögðu fram tillögur um það við fjárlagaafgreiðsluna að afgreiða fjárlög á þessu ári með halla. Niðurstaðan: auknar erlendar lántökur. Þeir hafa viljað brjóta niður þá stefnu sem leitt hefur til aukins sparnaðar í þjóðfélaginu. Afleiðingin: auknar erlendar lántökur. Og það á að skilja orð þeirra svo að það eigi að auka kaupmáttinn í landinu í heild þegar kaupmáttur útflutningsteknanna minnkar. Það verður ekki gert nema með auknum erlendum lántökum.

Niðurstaðan af öllum þessum málflutningi er sú að ef við hefðum farið að ráðum stjórnarandstöðunnar værum við hér í mjög vaxandi skuldasöfnun, stórauknum erlendum lánum, vaxandi verðbólgu og óáran og ringulreið í efnahagslífinu. Ef við hefðum farið að tillögum stjórnarandstöðunnar væri ástæða til þess að flytja vantraust á ríkisstjórnina. En það er ekki ástæða til þess vegna þess að við höfum ekki orðið við þeim kröfum. Það hafa verið farnar aðrar leiðir.

Við settum okkur það markmið, sem mynduðum þessa ríkisstjórn í fyrrasumar, að gera aðgerðir til þess að ná niður vaxandi verðbólgu, sem þá var augljós, draga úr þenslu og stuðla að auknum jöfnuði. Þetta var gert með margvíslegum ráðstöfunum, ráðstöfunum sem leiddu til þess að við náðum jöfnuði í ríkisfjármálum á þessu ári, hættum að taka erlend lán til ríkissjóðs, settum skatta á erlendar lántökur fyrirtækja og einkaaðila, gerðum kröfur til kaupleigufyrirtækja um að þau fjármögnuðu starfsemi sína í ákveðnum hlutföllum innan lands en ekki alfarið utan lands. Árangurinn: minni þensla, minni fjárfesting, verðbólgan, sem var milli 25 og 30% á þremur síðustu mánuðum fyrra árs, er komin niður í 13–14% á þremur síðustu mánuðum. Þetta er árangur af markvissum aðhaldsaðgerðum í efnahagsmálum.

Það var ljóst að nauðsynlegt var að mæta ekki einungis vaxandi þenslu og verðbólgu heldur afleiðingum þess á atvinnulífið í landinu, erlendum kostnaðarhækkunum, sem leiddu til hallareksturs útflutningsframleiðslunnar, og ytri áföllum. Þetta var gert í tengslum við kjarasamninga í lok febrúar með því að fella niður áformaða skatta á útflutningsframleiðsluna, bæði fiskvinnslu og iðnað, og með því að lækka gengi krónunnar hóflega. Með þessu var verið að mæta nauðsynlegum kröfum útflutningsframleiðslunnar um betri rekstrarskilyrði, en um leið að freista þess að viðhalda svo sem best mátti verða því kaupmáttarstigi sem atvinnurekendur, launþegar og stjórnvöld töldu unnt að gera við þær aðstæður sem þá voru. Menn reyndu að ná þeim markmiðum í senn að viðhalda þessu kaupmáttarstigi en treysta rekstrarskilyrði atvinnuveganna.

Síðan höfum við mætt nýjum áföllum. Verðlag á erlendum mörkuðum hefur verið að lækka stórlega að undanförnu frá því að þessar aðgerðir voru afráðnar í lok febrúar. Það setur okkur nú frammi fyrir nýjum vanda. Atvinnureksturinn, sérstaklega útflutningsframleiðsla og iðnaður, býr við rekstrarskilyrði sem ekki er unnt að þola til lengdar. Þess vegna er nú verið að undirbúa ráðstafanir til að taka á þessu verkefni, treysta stöðu útflutningsframleiðslunnar, jafna aðstöðumuninn milli þéttbýlis og dreifbýlis vegna þess að við vitum að ef útflutningsframleiðslan í hinum dreifðu byggðum hrynur hrynur líka þjónustan og verslunin í þéttbýlinu. Þetta verðum við að gera án þess að slaka á þeim aðhaldskröfum sem hafa leitt til þess árangurs sem við höfum náð í að draga úr verðbólgu. Þessu tvíþætta markmiði verðum við að ná og við gerum það ekki með því að slíta sundur friðinn í þessu þjóðfélagi. Við gerum það ekki með því að auka erlendar lántökur og draga úr aðhaldsaðgerðunum eins og stjórnarandstaðan hefur boðað. Við gerum það ekki með erlendri skuldasöfnun. Við gerum það ekki með því að ala á sundrungu og úlfúð heldur með því að stilla saman kraftana. Við þurfum að horfa lengra fram á við til nýrrar framtíðar, gera ráðstafanir til þess að íslenskt atvinnulíf geti lagað sig að nýjum aðstæðum og nýrri tækni sem er að halda innreið sína, laga íslenskt atvinnulíf að nýjum aðstæðum á erlendum mörkuðum til að byggja hér upp traust og öflugt atvinnulíf. Við eigum ekki að deila kröftum þessarar þjóðar, eins og stjórnarandstaðan leggur til, til þess að slást innbyrðis um minnkandi þjóðartekjur. Við eigum að sameina krafta og afl þessarar sterku þjóðar til þess að horfa

fram á við, til þess að takast á við vandamál og ytri áföll, ná jafnvægi þannig að við getum haldið áfram að byggja upp, þannig að við getum stækkað þá köku sem er til skipta og þannig bætt lífskjör allrar alþýðu í þessu landi af því að við ætlum okkur, Íslendingar, að byggja hér upp sterkt og öflugt velferðarkerfi, hagsældarþjóðfélag, menningarþjóðfélag á Íslandi.

Þakka ykkur fyrir.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ég var strákur las ég í dæmisögum Esóps litla sögu sem varð mér minnisstæð og ég held að ég kunni hana enn þá.

Froskur nokkur skreið upp úr forarvilpu, belgdi sig og gerði sig breiðan og kallaði til allra sem fram hjá fóru: Hér er ég, froskur skottulæknir. Komið til mín. Ég get læknað allar ykkar meinsemdir. Refurinn gekk fram hjá, horfði á froskinn og sagði: Að sjá þig. Þú ert bæði skorpinn og ófrýnilegur, skakkur og skældur. Læknaðu sjálfan þig fyrst áður en þú býðst til að lækna aðra. Og froskurinn fór aftur ofan í vilpu sína.

Sagan um hann frosk skottulækni á vel við stjórnarandstöðuna í dag. Þeir þykjast nú hafa ráð undir rifi hverju, en ef betur er að gáð eru þeir sjálfum sér sundurþykkir, læknisráð þeirra hljóma eins og hjá honum froski skottulækni.

Stjórnarandstöðuflokkarnir gátu sameinast hér í kvöld um vantrauststillögu, en í raun bjóða þeir ekki upp á neinn raunhæfan kost. Þeir fara út og suður í sínum málflutningi. Því segi ég við þessa flokka: Læknið þið sjálfa ykkur fyrst áður en þið bjóðist til þess að lækna aðra.

Auðvitað er þessi vantraustsumræða ótímabær. Hún er ótímabær því að ríkisstjórnin er föst í sessi og staðráðin í að takast á við erfiðleikana. Hjá því verður ekki litið að úrlausnarefnin, sem við blasa, eru erfið og flókin og hitt vita allir að flokkarnir þrír, sem mynda þessa ríkisstjórn, hafa lengst af verið höfuðstandstæðingar í íslenskum stjórnmálum. Það sem sameinar þá nú er ábyrgðartilfinningin. Stjórnarflokkarnir tóku höndum saman um að koma í veg fyrir efnahagslega kollsteypu þegar aðrir flokkar ýmist treystu sér ekki til að axla ábyrgð af erfiðum og oft óvinsælum ráðstöfunum eða skildu ekki alvöru mála eða voru uppteknir af innbyrðis átökum um alls kyns hégóma. Auðvitað hafa stjórnarflokkarnir þrír hver sína stefnu og hver sína sérstöðu og það er einkenni þriggja flokka stjórna að hver flokkur um sig reynir við ýmis tækifæri að undirstrika sína sérstöðu. Menn mega ekki láta það glepja sér sýn og hrópa í hvert skipti: úlfur, úlfur, stjórnin er fallin! Þessi stjórn mun ekki falla. Sjálfstfl. mun af fullri ábyrgð og drengskap taka áfram þátt í þessu stjórnarsamstarfi og leiða það og leggja sig fram um að takast á við þau erfiðu vandamál sem nú blasa við þegar heildartekjur þjóðarinnar eru á hraðri niðurleið. Ég er viss um að samstarfsflokkar okkar hugsa eins.

Það væri freistandi að fara nokkrum orðum um stjórnarandstöðuflokkana hvern um sig, Alþb. sem logar í innbyrðis átökum og getur ekki fundið sjálft sig, hinn týnda Borgarafl. eða hinn vinstrisinnaða Kvennalista. Til þess gefst ekki tími hér. Ég vil þó fara nokkrum orðum um hinn síðastnefnda einmitt vegna þess að síðustu daga hefur stefna og raunverulegt viðhorf Kvennalistans í ýmsum málum gægst fram úr þeim mjúka silkihjúp sem þær hafa reynt að sveipa um sig. Nefnum dæmi.

Í frv. til l. um framhaldsskóla er gert ráð fyrir skólanefndum við hvern skóla sem m.a. taki ákvörðun um námsframboð í skólunum. Ég hef talið það mikið hagsmunamál viðkomandi byggðarlaga að fólkið sjálft hafi forustu í ákvörðunum um það hvaða nám skólinn þeirra bjóði upp á. Þessu hamast Kvennalistinn gegn. Hann vill útiloka fulltrúa fólksins, fulltrúa sveitarstjórnanna frá þessum ákvörðunum en loka þær inni í skólunum sjálfum hjá starfsliði skólanna. Við hinir viljum opna þessar ákvarðanir fyrir fólkinu.

Í umræðum á Alþingi í vikunni voru utanríkismál allmikið á dagskrá þegar rætt var um Ríkisútvarpið og hina svonefndu Dag Tangen skýrslu. Þar kom það enn einu sinni fram hvar hjarta Kvennalistans slær í utanríkismálum. Þar hafa þær tekið sér stöðu með ýmsum vinstrisinnuðum öfgahópum sem ekki vilja gera neinn mun á austri eða vestri, einræði kommúnismans eða lýðræði vestrænna þjóða. Hlutleysi og varnarleysi er þeirra stefna.

Í gær tók ég þátt í útvarpsþætti þar sem við ræddumst við ég og einn þingmaður Kvennalistans þar sem íþróttamál bar á góma. Þar hélt fulltrúi Kvennalistans því fram að Sjálfstfl. legði svo mikla áherslu á að hlúa að hvers kyns keppnisíþróttum af því að þær íþróttagreinar legðu góðan hugmyndafræðilegan grundvöll að starfi Sjálfstfl., af því að þar væri ungu fólki fyrst og fremst kennt að keppa, að sigra eða tapa. M.ö.o. það væri iðkun þessara íþrótta sem legði grunn að þjóðfélagsskipan okkar í dag og því væru keppnisíþróttir af hinu illa. Þetta eru kaldar kveðjur til þeirra þúsunda ungmenna sem slíkar íþróttir stunda. Þessar kenningar má lesa í stefnuskrá Sósíalistaflokksins gamla. Uppruninn leynir sér ekki og vekur furðu að Kvennalistinn skuli nú hafa tekið þær upp en það sýnir enn einu sinni að ekkert er nýtt undir sólinni.

Ég hef nefnt hér þrjú dæmi sem sýna að hugmyndafræði Kvennalistans og aðferðir þeirra við lausn einstakra mála eiga sér rót í vinstrisinnuðum öfgahugmyndum. Maður hlýtur að spyrja: Hvaða erindi eiga slíkar hugmyndir inn í íslenskt þjóðfélag?

Af hinni opinberu stjórnmálaumræðu í landinu mætti ráða að öll stjórnmál snerust um efnahagsmál. Því fer auðvitað fjarri. Í mínum huga hljóta eðli málsins samkvæmt mennta- og menningarmál að vera ofarlega. Þann málaflokk hef ég fyrst og fremst fengist við undanfarna mánuði. Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun þessarar ríkisstjórnar er ítarlegri kafli en hjá nokkurri annarri ríkisstjórn um mennta-

og menningarmál. Það sýnir að á þessum vettvangi ætlar þessi ríkisstjórn sér stóran hlut. Mörg stórmál eru í gangi og ég vil nefna nokkur dæmi:

Framhaldsskólafrv. er nú á hraðleið í gegnum þingið. Um þetta mikilvæga skólastig er engin heildarlöggjöf til. Hið nýja frv. á að tryggja framhaldsskólunum fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði og tryggja aðild fulltrúa fólksins að mikilvægum ákvörðunum varðandi skóla viðkomandi byggðarlags.

Nýtt frv. um Kennaraháskóla Íslands er í meðferð þingsins, en það á að treysta og bæta kennaramenntun í landinu.

Frv. um Listasafn Íslands er einnig til meðferðar í þinginu, en nauðsynlegt er að skapa listasafninu nýja lagaumgjörð, ekki síst þegar það hefur nú flust í ný og glæsileg húsakynni.

Frv. um háskóla á Akureyri var samþykkt sem lög frá Alþingi í gær. Með því er stigið það mikilvæga skref að lögfesta háskólakennslu á Norðurlandi. Ég hygg að fátt sé mikilvægara fyrir byggðir landsins en að flytja menntunina í ríkari mæli út á landsbyggðina án þess þó að slaka í nokkru á í kröfum.

Kennslu í mörgum greinum þarf að auka út um landið. Ég nefni t.d. kennaramenntun, fóstrumenntun, menntun í fiskvinnslu og öðrum greinum sjávarútvegs. Það er úreltur hugsunarháttur að slíkt nám sé eingöngu hægt að stunda í sérskólum hér í Reykjavík.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessi upptalning á sviði þessa mikilvæga málaflokks verður að nægja. Mörg fleiri verkefni blasa við sem þessi ríkisstjórn er staðráðin í að takast á við.

Þessi vantrauststumræða mun auðvitað engu breyta þar um. Vantrauststillagan er reykbomba veikburða stjórnarandstöðu, skotið á loft til að hylja eigið getuleysi. Ríkisstjórnin mun koma sterkari og samhentari út úr þessum leik.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar kom til valda 8. júlí á sl. ári fékk hún góðan meðbyr í skjóli mikils þingstyrks og lykilaðstöðu í þjóðfélaginu. Væntingar manna voru því miklar. Formaður Borgarafl., Albert Guðmundsson, benti þó strax á að flokkarnir sem stæðu að ríkisstjórninni væru svo ólíkir og stefnumál þeirra svo mismunandi að þetta yrði stjórn sundurlyndis og óeiningar. Þessi spádómur varð fljótur að rætast og nú er svo komið að ríkisstjórnin situr ráðvillt og rúin trausti eftir að hafa setið við völd í aðeins tíu mánuði. Helstu forsvarsmenn atvinnulífsins í landinu og allur almenningur er orðinn undrandi á úrræða- og stefnuleysi ríkisstjórnarinnar. Það er ekki einungis að hún virðist hafa gefist upp við að stjórna landinu og lætur allt reka á reiðanum. Allar aðgerðir hennar eru fálmkenndar og ómarkvissar, enda eru ráðherrarnir aðallega uppteknir af því að munnhöggvast hver við annan í fjölmiðlum, svo ekki sé talað um einstaka stjórnarþingmenn sem eru nánast í harðri stjórnarandstöðu á þingi.

Ríkisstjórnin hefur ekki náð neinum tökum á efnahagsmálunum. Á þeim stutta tíma sem hún hefur setið hefur hún hvað eftir annað gripið til alls kyns ráðstafana í efnahags- og peningamálum sem því miður hafa komið að litlu haldi og vakið litla hrifningu landsmanna.

Fálmkenndar aðgerðir hennar hafa fremur aukið en náð að leiðrétta misvægi milli atvinnugreina og veikt stöðu útflutningsgreina og samkeppnisiðnaðar. Þetta hefur komið hart niður á landsbyggðinni og bitnað illa á launafólki.

Hornsteinn efnahagsstefnu ríksstjórnarinnar er fastgengisstefnan. Hún birtist okkur í því formi að raungengi íslensku krónunnar hefur farið ört hækkandi vegna miklu meiri verðbólgu innan lands en í nágrannalöndum okkar. Útflutningsframleiðsla okkar á því undir högg að sækja. Allur tilkostnaður vex hröðum skrefum vegna 20–30% verðbólgu á meðan útflutningstekjurnar standa í stað. Ástandið er orðið þannig að nær öll fyrirtæki í frumvinnslugreinunum, fiskvinnslu og landbúnaði, ramba á barmi gjaldþrots. Í fréttum síðustu daga segir að bankarnir geti ekki haldið þeim á floti öllu lengur.

Iðnfyrirtæki og önnur fyrirtæki sem selja framleiðslu sína og þjónustu erlendis berjast öll í bökkum af sömu ástæðu. Forustumenn ferðamála eru einnig mjög uggandi um ástandið. Hætta er á að ferðamannaþjónusta, sem hefur verið mikill og vaxandi atvinnuvegur og skilar nú um 10 milljörðum kr. árlega í þjóðarbúið eftir mikið og gott uppbyggingarstarf, hrynji saman. Útlendingum sem hingað koma blöskrar verðlagið, einkum þó hið geipiháa verð á matvörum og hvað þeir fá lítið fyrir gjaldeyrinn. Á sama tíma er erlendur gjaldeyrir nánast á útsölu og alls kyns erlendur varningur flæðir inn í landið, bílar og hvers kyns „græjur".

Hæstv. fjmrh. hælir sér af Glasgow-verði á innfluttum vörum og hvetur fólk til þess að notfæra sér þetta þótt hann í hina röndina kvarti yfir óhóflegum innflutningi á bifreiðum. Engan skyldi því undra þótt viðskiptahallinn stefni nú í 20 milljarða kr. sem er um þriðjungur fjárlaga hins íslenska ríkis. Skyldi nokkur þjóð í víðri veröld leyfa sér annað eins?

Engu líkara er en hæstv. ráðherrarnir haldi að þjóðin geti lifað á því að höndla með pappíra og flytja inn vörur frá útlöndum. Þjóðartekjurnar virðast eiga að byggjast á svokölluðum fjármagnsmarkaði þar sem við seljum hvert öðru alls kyns verðbréf, spariskírteini og hvað þetta heitir nú allt saman. Ríkisstjórnin telur líklega að fiskvinnsla og annað þess háttar dútl sé orðið úrelt. Framleiðendur útflutningsafurða eru hvort eð er alltaf að kvarta og kveina; stanslaust að heimta gengisfellingu. Ríkisstjórninni finnst sennilega best að losna við þá og nöldur þeirra til frambúðar.

Við þingmenn Borgarafl. hörmum það ástand, sem hefur skapast í þjóðfélaginu, að stórir hópar launafólks eru fjær því en nokkru sinni fyrr að geta lifað mannsæmandi lífi af átta stunda vinnudegi.

Kaupmáttur launa rýrnar nú ört með hækkandi verðlagi. Einkum er áberandi mikil hækkun á gjöldum fyrir opinbera þjónustu, svo og á brýnustu lífsnauðsynjum. Það stoðar lítið þótt ýmsar innfluttar lúxusvörur hafi staðið í stað eða jafnvel lækkað í verði. Fólk leggur sér þær ekki til munns.

Engin aðgerð ríkisstjórnarinnar hefur því komið eins illa við almenning og álagning söluskatts á matvæli. Sérstaklega var það vítavert að leggja söluskatt á innlenda matvöru sem kemur harðast niður á lágtekjufólkinu. Landbúnaðarafurðir verða alltaf dýrar á Íslandi. Við getum ekki keppt við framleiðslu í nágrannalöndum okkar þar sem öll skilyrði til landbúnaðar eru miklu hagstæðari. Lágt framleiðsluverð á landbúnaðarvörum í Evrópulöndunum þolir að söluskattur sé lagður á matvæli þar. Það gildir hins vegar ekki á Íslandi.

Það virðist því vera nokkuð augljóst, þótt ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi ekki komið auga á þá lausn, að rétta verður hlut útflutningsatvinnuveganna með því að taka upp annars konar skráningu á gengi krónunnar. Sjálfsagt er að athuga hugmyndir um uppboðsmarkað á gjaldeyri eða skráningu krónunnar í samræmi við raungildi útflutningsverðmæta okkar. Um leið þarf að draga úr kostnaði innan lands. Gætu ríkið og opinberir aðilar riðið þar á vaðið með þjónustugjöld sín.

Lækka þarf verð á helstu nauðsynjum almennings þannig að fólk geti a.m.k. haft efni á því að borða þótt bílar og alls kyns innfluttar „græjur" verði eitthvað dýrari. Þannig yrði best höggvið í viðskiptahallann.

Algert öngþveiti ríkir nú í húsnæðismálum. Ungt fólk fyllist vonleysi þegar því er ljóst að það getur þurft að bíða fram á næstu öld eftir húsnæðislánum. Það er stjórnmálamönnum til vansa að hafa ekki getað komið með viðunandi lausn á húsnæðisvandamálinu fyrir löngu. Borgarafl. hefur beitt sér mjög fyrir nýjum hugmyndum í húsnæðismálum og lagt fram ítarlegar tillögur um heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni á þingi. Við höfum ekki lagst gegn frv. hæstv. félmrh. um kaupleiguíbúir og tekið því á jákvæðan hátt. Hins vegar höfum við talið að þörfin væri brýnni fyrir aukið leiguhúsnæði. Formaður Borgarafl. ítrekaði þetta í umræðum um kaupleigufrv. nú í vikunni og lagði m.a. til að byggðar yrðu leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og annarra félagasamtaka þar sem leigukostnaður væri ekki meiri en sem næmi 25% af lægstu tekjum.

Það er mjög athyglisvert að í ár svo sem þrjú undanfarin ár eru ytri skilyrði hagstæðari fyrir íslenskan þjóðarbúskap en nokkru sinni. Sjávarafli er mikill. Gott verð fæst fyrir hann á erlendum mörkuðum og olíuverð er lágt. Því væri um áframhaldandi góðæri að ræða ef ekki sæti sundurlynd ríkisstjórn við völd sem er á villigötum í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin dregur dul á þessar staðreyndir og reynir að telja almenningi trú um að ytri skilyrði séu mjög óhagstæð, m.a. með því að láta birta þjóðhagsspár sem mála hlutina dökkum litum.

Í þessu ljósi verður að skoða þá kjarasamninga sem verið er að gera. Virðist svo sem eigi að réttlæta það fyrir launafólki að það verði enn á ný að axla byrðarnar, sætta sig við minnkandi kaupmátt og dagvinnulaun langt undir framfærslukostnaði. Þetta fólk á enga sök á þeim gífurlega viðskiptahalla sem nú hrjáir þjóðarbúskapinn. Þar er eingöngu við stjórnvöld að sakast.

Skatta- og ofstjórnunarstefna ríkisstjórnarinnar er með ólíkindum. Höfuðáhersla er lögð á að leggja meiri skatta og nýjar álögur á almenning. Þannig jókst útgjaldahlið fjárlaga um rúmlega 20 milljarða kr. milli áranna 1987 og 1988 eða um nærri 50%. Verið er að þröngva upp á þessa fámennu þjóð hinu flókna virðisaukaskattskerfi milljónaþjóðanna í Efnahagsbandalaginu án tillits til þess hvort það henti okkur hér þar sem aðstæður eru allt aðrar. Verið er að koma á hálfgerðu lögregluríki þar sem stór hluti vinnufærra manna verður önnum kafinn við að reikna út og innheimta skatta fyrir ríkið og fjölmennar eftirlitssveitir hæstv. fjmrh. fylgjast með því hvort þeir geri þetta nú rétt.

Borgarafl. vill beita sér fyrir einfaldara og réttlátara samfélagi þar sem hagsmunir almennings eru hafðir að leiðarljósi og einstaklingurinn fær að njóta ávaxta elju sinnar og hugvits. Ekki síst með því að hlynna að þeim vaxtarbroddi atvinnulífsins sem felst í hvers kyns nýjungum á sviði viðskipta, iðnaðar og tækni. Við viljum stuðla að því með skynsamlegri rammalöggjöf að iðnfyrirtæki og verslunarfyrirtæki búi við eins hagstæð starfsskilyrði og framast er unnt með frjálsræði til athafna og viðskipta, hvort sem er á erlendri eða innlendri grund, án drepandi eftirlits Seðlabankans. Umfram allt þarf þó að skapa það skattumhverfi sem er hagstætt litlum fyrirtækjum svo og atvinnulífinu í heild. Það þarf að leita leiða sem henta okkur Íslendingum, leiða sem rétta hlut landsbyggðarinnar og þess launafólks sem hefur borið skarðan hlut frá borði þrátt fyrir mikinn þjóðarauð.

Ekkert af þessu mun ganga eftir meðan núverandi ríkisstjórn er við völd. Því lýsir Borgarafl. yfir vantrausti á ríkisstjórnina.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvað ber að gera við ríkisstjórn sem nýtur ekki trausts þjóðarinnar? Á að leyfa henni að halda áfram í von um að hún lagist eða láta hana fara áður en hún gerir meira af sér? Þetta er sú spurning sem við verðum að svara hér í kvöld. Okkur ber umfram allt að gæta hagsmuna þjóðarinnar og þess er hinni ósamstæðu og úrræðalitlu ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar ekki treystandi til.

Í mínum huga er enginn vafi frekar en annara þingmanna Borgarafl. Þessari ríkisstjórn hefur gjörsamlega mistekist það ætlunarverk sitt að ná tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar. Í stað þess að leysa vandamál eykur hún þau með röngum ákvörðunum og aðgerðarleysi. Við blasa því torleystari og

flóknari vandamál en áður.

Það er sama hvar borið er niður, allt ber að sama brunni, á heimilunum, í fyrirtækjunum, í þjóðarbúinu. Vonleysi hefur gripið um sig, fólkið er að missa trúna á sjálu sér og sjálfstæði þjóðarinnar.

Hvernig er umhorfs eftir tæplega árs stjórnarsetu þessarar ríkisstjórnar? Hverju hefur hún áorkað og hvað hefur hún leitt af sér? Svo mikið er víst: Skattheimta hefur stóraukist og er nú meiri en hún hefur nokkru sinni verið miðað við landsframleiðslu. Kaupmáttur hefur rýrnað og á eftir að rýrna enn meir eftir því sem líður á árið ef heldur áfram sem horfir. Röskun byggðar hefur verið aldrei meiri en einmitt nú. Viðskiptahallinn er gífurlegur og hefur aldrei verið í líkingu við það sem hann stefnir í að vera á þessu ári. Skuldasöfnun erlendis er að nálgast hættumörk, launamisréttið hefur aukist, vaxtabölið er óheyrilegt og háskalegur taprekstur er hjá atvinnuvegunum. Ofan á þetta bætist verkfall verslunarmanna sem lamað hefur allt viðskiptalífið. Staðan er sem sagt hrikaleg.

Hvað er ríkisstjórnin annars með á prjónunum? Ekkert. Aðeins úrræðaleysið og sundurþykkjuna nema ef vera kynni nýjar skattaálögur eins og einkennt hefur þessa ríkisstjórn. Hvernig er með verðbólguna? Hefur henni verið náð niður? Nei. Samkvæmt síðustu útreikningum lánskjaravísitölunnar er verðbólgan nú komin á þriðja tuginn og stefnir hraðbyri upp á við. Áhrif gengisfellingarinnar frá því í mars eru þó ekki enn komin í ljós og aðrar hækkanir eins og hækkanir bifreiðagjalda. Það stefnir í stóraukna verðbólgu þó ekki verði gripið til gengisfellingar sem nú virðist þó allt benda til.

Á heimilunum er vandinn verstur. Þær miklu skattahækkanir sem dunið hafa yfir frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hafa leikið heimilin grátt og þá sérstaklega láglaunafólkið, ellilífeyrisþegana, öryrkjana og barnmargar fjölskyldur sem nú ná ekki endum saman. Þetta fólk er að gefast upp og það segir meira um stefnu ríkisstjórnarinnar en nokkrar tölur og línurit. Það er ekki aðeins hinn illræmdi matarskattur sem fólk er að mótmæla heldur einnig að ríkisstjórnin skuli ekki koma til móts við fólkið í landinu með aðgerðum er minnki þann mikla skell sem matarskatturinn hafði í för með sér. Hækkun barnabótanna vegur ekki þungt því fyrir það fyrsta hækkuðu þær óverulega frá því sem áður var og í annan stað náðu þær ekki til hins stóra hóps fólks sem hefur ekki börn á framfæri.

Þingmenn Borgarafl. undir forustu hv. þm. Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur lögðu fram tillögur til ríkisstjórnarinnar um hækkun skattleysismarka í 55 þús. kr. til að koma til móts við fólkið og að ríkið endurgreiddi fólki sem ekki náði því marki með ónýttum persónufrádrætti sem hefði þýtt að öllum yrðu tryggð 43 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði. Á þessa tillögu Borgarafl. var ekki hlustað. Þess í stað bauð ríkisstjórnin launafólki birginn og fær svarið nú með verkfalli verslunarmanna.

Dómgreindarleysi ráðherra er einstakt. Að bjóða þegnunum upp á að hækka skatta um 50% á milli ára og banna þeim á sama tíma að hækka laun meira en 17% gengur hreinlega ekki upp. Fyrirtækin hafa ekki farið varhluta af þessari stefnu. Þau hafa verið mjólkuð til blóðs eins og almenningur. Jafnframt eru þeim búin þannig ytri skilyrði að þeim er gert ókleift að keppa við innfluttan varning. Það eru fyrst og fremst máttarstólpar nýfrjálshyggjunnar sem hagnast. Kaupleigu- og fjárfestingarfyrirtækin spretta upp eins og gorkúlur á haug, fyrirtæki sem bæta ekki þjóðarhag, en ríkisstjórnin heldur verndarhendi yfir. Það er kjarni efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og lýsir best hvaða hagsmuni ríkisstjórnin hefur að leiðarljósi.

Fiskvinnslan er talin rekin með 10% halla, ullariðnaðurinn hefur stöðvast og samkeppnisiðnaðurinn stendur höllum fæti og er að missa hlutdeild sína í markaðnum til erlendra fyrirtækja. Ástæðan er rangt gengi krónunnar, fastgengisstefnan rómaða, hornsteinn efnahagsstefnunnar.

Því skyldi skattagleðin vera svo mikil? Samkvæmt orðum hæstv. fjmrh. er hún til að halda uppi velferðarkerfinu, því kerfi sem kemur engum til góðs nema kerfinu sjálfu eins og það lítur út hjá núverandi ríkisstjórn, enda á það ekkert skylt við velferð það kerfi byggir á því að murka lífið fyrst úr almenningi svo kerfið geti komi til móts við fólkið með ölmusu. Þessi ríkisstjórn er fjandsamleg einstaklingnum og athafnasemi hans og hugsar út frá þörfum kerfisins en ekki þegnanna. Ráðherrarnir hugsa út frá því hvað þeir telja einfaldast fyrir kerfið, réttlátast og skilvirkast fyrir embættismennina. Þarfir þegnanna eru hins vegar fyrir borð bornar. Engu skiptir hvort þegnarnir geta lifað eða starfað meðan kerfið getur gengið upp. Ríkisstjórn sem hefur það að markmiði að hugsa um kerfið fram yfir þegnana á ekki tilkall til að hafa völdin á Íslandi.

Hvað vill Borgarafl. gera? Það er ljóst að hann vill ekki halda áfram á þessari óheillabraut. Hann vill brjótast úr þessum kerfishugsanagangi og skapa hér þjóðfélag manneskjunnar sem byggir á þörfum þegnanna og tekur mið af íslenskum veruleika með athafnasemi og frjálsræði einstaklingsins að leiðarljósi.

Meðan við höfum þessa fjandsamlegu ríkisstjórn höfum við djöful að draga og því er nauðsyn að hún fari frá sem fyrst.

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Þegar við komum hér saman til að ræða vantraustsstillögu, sem borin er fram af stjórnarandstöðuflokkunum, skulum við líta yfir farinn veg og sjá hvað áunnist hefur og hvað betur mætti fara.

Það er tæpt ár liðið síðan núverandi stjórn tók við völdum að loknum kosningum þar sem ýmis ný öfl komu til sögunnar og talsverðar breytingar urðu á valdahlutfalli innan þingsins. Stjórnarmyndunarviðræður urðu langar og að mörgu leyti erfiðar og þegar upp var staðið var ljóst að ekki var um aðra

möguleika að ræða til að mynda starfhæfa ríkisstjórn, aðra en þá sem nú situr.

Þó að ríkisstjórnin hafi yfir miklum þingmeirihluta að ráða er hún mynduð af flokkum sem hafa ólík sjónarmið í mörgum málum. Þessum þremur flokkum tókst þrátt fyrir allt að koma sér saman um stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar sem unnið er eftir. Það er aðeins tæpt ár síðan stjórnin var mynduð og þess vegna kannski ekki eðlilegt að allt sé komið til verka sem til er ætlast samkvæmt stjórnarsáttmálanum.

Þetta fyrsta þing á starfstíma ríkisstjórnarinnar hefur verið starfsamt. Náðst hefur að koma á jafnvægi í ríkisfjármálunum sem er grundvallaratriði til að ná stjórn á peningamálum. Söluskattsbreytingar hafa tekið gildi, en þær eru undanfari virðisaukaskatts. Vegna ýmissa galla á söluskattskerfinu hafa stjórnarflokkarnir, og reyndar kannski mikill meiri hluti Alþingis, verið sammála um að taka upp virðisaukaskatt sem á að draga mjög úr mögu-leikum, og reyndar freistingum til að hlunnfara ríkissjóð.

Sett hafa verið ný tollalög, mun einfaldari, og tollar verulega lækkaðir. Tekið hefur verið upp staðgreiðslukerfi skatta sem rætt hefur verið um í mörg ár en hefur nú komið til framkvæmda.

Sett hafa verið ný lög um stjórnun fiskveiða. Traust forusta Halldórs Ásgrímssonar hefur ekki hvað síst tryggt framgang þessa erfiða máls. Þó menn deili um kvótakerfið á ýmsan hátt er það trú mín að það sé þó illskársta leiðin til að stjórna fiskveiðunum sem allir eru sammála um að þarf að gera.

Í utanríkismálum hefur verið mótuð og framkvæmd sjálfstæð stefna í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Á grundvelli samþykktar Alþingis hafa Íslendingar beitt sér á alþjóðavettvangi fyrir fækkun kjarnorkuvopna og gegn hvers konar mannréttindabrotum. Er vafalaust að sjálfstæð utanríkisstefna og virk þátttaka Íslendinga í starfi alþjóðastofnana hefur aukið álit á landi og þjóð, enda hafa flutningsmenn vantrauststillögunnar ekki lýst vantrausti á Steingrím Hermannsson utanríkisráðherra vegna þess hluta stjórnarsáttmálans sem hann hefur annast.

En auðvitað eru ýmis atriði sem betur mættu fara, ekki hvað síst í efnahagsmálum. Ef við lítum aðeins á stöðu efnahagsmálanna kemur í ljós að verðbólgan þessa dagana mun vera rétt um 20%, 13% ef við lítum til síðustu þriggja mánaða og um 25% ef litið er til síðustu 12 mánaða. Að óbreyttu ástandi, bæði í launa- og gengismálum, mundi verðbólga verða um 10% í lok þessa árs.

Ekki líta þessar tölur mjög illa út. En þó er ljóst að staða undirstöðuatvinnuveganna er ekki góð. Staða útgerðar, fiskvinnslu, ferðamannaiðnaðar, ullariðnaðar, og það mætti nefna fleiri atvinnuvegi sem byggja á útflutningi, útflutningi sem í meginatriðum byggist á greiðslum í dollurum, er afar slæm. Gengi dollarans hefur nánast verið óbreytt síðustu þrjú árin en kostnaðarhækkanir hér innan lands hafa á þessu tímabili verið a.m.k. 40%. Það sjá allir að við slíkt er ekki hægt að búa til langframa.

Viðskiptahalli 1986 var nánast í jafnvægi. Á árinu 1987 var viðskiptahallinn um 7 milljarðar og á þessu ári stefnir í 11–13 milljarða kr. Það segir sig sjálft að við svo búið getur ekki staðið. Íslenskt efnahagslíf þolir ekki 20 milljarða kr. viðskiptahalla á tveimur árum.

Fjármagnskostnaðurinn hefur og valdið undirstöðuatvinnuvegunum óheyrilegum vandræðum, og ekki einungis þeim heldur einnig einstaklingum. Margoft hefur verið sagt að vextir muni lækka í kjölfar lækkandi verðbólgu. Það hefur ekki alltaf orðið reyndin og þess vegna held ég að Seðlabankinn, með fulltingi ríkisstjórnarinnar, verði að ákvarða hámarksvexti og vaxtamun sem gildi uns verðbólgan er komin undir 10%.

Ljóst er að draga verður úr ýmiss konar innflutningi og þeim möguleikum sem ýmsir hafa til lántöku erlendis.

Erfið staða útflutningsatvinnuveganna og mikil þensla hér á höfuðborgarsvæðinu hefur valdið mikilli byggðaröskun í landinu sem verður að stöðvast. Það verður til tjóns fyrir landið allt ef við kollsteypum byggðinni í landinu og nánast leggjum heilu byggðirnar í eyði.

Helstu verkefni sem fram undan eru á næstu vikum og mánuðum hjá ríkisstjórninni eru þessi:

Treysta þarf stöðu undirstöðuatvinnuveganna, lækka fjármögnunarkostnað, endurskoða lánskjaravísitöluna, draga úr þenslu hér á höfuðborgarsvæðinu, draga úr erlendum lántökum og koma á jöfnuði í erlendum viðskiptum.

Við framsóknarmenn héldum miðstjórnarfund fyrir tæpri viku síðan. Þessi fundur olli talsverðri spennu, í fjölmiðlum a.m.k. Ég tel að þetta hafi verið einhver besti fundur miðstjórnar flokksins sem haldinn hefur verið um árabil. Mikill einhugur ríkti á fundinum og fengu ráðherrar flokksins og þingflokkur stuðning allrar miðstjórnarinnar til að starfa áfram af fullri einurð að framkvæmd stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Við framsóknarmenn teljum að ráðast eigi í róttækar aðgerðir sem duga til að skapa framleiðsluatvinnuvegunum rekstrargrundvöll, draga verulega úr viðskiptahalla, stöðva byggðaröskun og draga úr verðbólgu, en standa vörð um kjör þeirra sem lægst hafa launin. Til að ná þessu markmiði benti miðstjórn flokksins á nokkrar leiðir og fól ráðherrum flokksins og þingmönnum að hefja viðræður við samstjórnarflokkana um þær leiðir.

Miðstjórnarfundurinn áréttaði að Framsfl. er reiðubúinn til að ræða allar leiðir til að skapa framleiðsluatvinnuvegunum rekstrargrundvöll og draga úr viðskiptahalla og byggðaröskun.

Ef ekki tekst með markvissum aðgerðum að ná þeim árangri sem að er stefnt verður óhjákvæmilegt að aðlaga gengi íslensku krónunnar þeim aðstæðum sem ríkja í íslensku efnahagslífi. Það eitt mun hins

vegar leiða til vaxandi verðbólgu og aukins efnahagsvanda ef ekki fylgja margþættar, nauðsynlegar aðgerðir sem m.a. vernda kjör þeirra sem lægst hafa launin. Ríkisstjórnin hefur mikinn meiri hluta á Alþingi og á að vera fær um að rétta við efnahagslíf þjóðarinnar. Að því vill Framsfl. vinna heils hugar.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Vantraust er borið fram á ríkisstjórnina sem þýðir að hún verður að víkja, verði það samþykkt. Hverjir bera þetta vantraust fram? Eru þeir aðilar trúverðugir eða líklegir til að þora sjálfir að semja um aðild að nýrri ríkisstjórn?

Það er tæpt ár síðan mikið var reynt til að fá Kvennal. og Alþb. til að axla ábyrgð. Þjóðin hefur enn ekki gleymt því að Þorsteinn Pálsson og Jón Baldvin Hannibalsson ætluðu í samstarf við þessa flokka. Þeir félagar neituðu viðræðum við formann Framsfl., Steingrím Hermannsson, sem fyrstur fékk umboð til að mynda ríkisstjórn þrátt fyrir þann árangur í efnahagsmálum sem náðist á síðasta kjörtímabili í samstarfi Framsfl. og Sjálfstfl.

Sannleikur málsins er sá að Alþb. og Kvennal. brast kjark að afloknum síðustu kosningum til að þora svo mikið sem að ræða við aðra flokka í alvöru. Hvað þá að takast á við að stjórna landinu. Var þó á þeim tíma hinn orðhvati Svavar Gestsson ósár í fylkingarbrjósti Alþb. Hver getur bent mér á forustusveit í liði Kvennalistans? Ég lýsi eftir þeirri forustu.

Það væri skammsýni að rjúfa þetta stjórnarsamstarf á þessari stundu. Hver vill kosningar nú? Slík ákvörðun þýddi margra mánaða upplausn ofan í mikla erfiðleika sem við blasa. Ég vil áður en til þess verður gripið láta reyna á hvort ríkisstjórnin með mikinn þingstyrk nái samstöðu um aðgerðir.

Hér er í gangi vaxtastefna og frjálsræði í peningamálum sem leggur efnahag fólks og fyrirtækja í rúst ef ekki fást snarpar aðgerðir. Enn fremur verður að minnka viðskiptahallann við útlönd. Innflutningurinn sem hér viðgengst ber í sér helstefnu atvinnuveganna ef svo heldur fram sem nú horfir.

Það fer ekki fram hjá neinum Íslendingi að það hriktir í framleiðslu- og samkeppnisgreinum í landinu. Svifasein efnahagsstjórn á sinn þátt í því, það skal viðurkennt. Hér hefur ríkt sú árátta að reyna þolrifin hjá þeim sem selja vörur á erlendan markað og rekin er svokölluð *núll-stefna* gagnvart þeim greinum.

Ég er ekki talsmaður hafta eða ofstjórnunar en hér verða að ríkja þær reglur að það sé vænlegra að vinna og framleiða vörur á innlendan og ekki síst erlendan markað en að kaupa vörur erlendis frá og selja í landinu. Mér finnst kokhreysti og kröfugerð frjálshyggjuafla með ólíkindum og því miður eru áhrif þeirra of mikil.

Ég undrast róminn úr Seðlabankahöllinni. Fastgengisstefna getur verið góð ef allt hitt lýtur einnig aðhaldi. Framleiðsluatvinnuvegirnir geta ekki búið við verðstöðvun meðan öllum hækkunum innan lands er vísað út í verðlagið. Erlendur gjaldeyrir er nefnilega eina tekjulind fiskvinnslunnar.

Við sjáum þessa sögu best á því að allt í einu er orðið fjórðungi ódýrara að flytja inn fiskumbúðir erlendis frá en að kaupa þær af íslenskum iðnfyrirtækjum sem hafa staðist erlenda samkeppni í áratugi. Þetta er vandi samkeppnisgreinanna í hnotskurn.

Íslenskur fjármagnsmarkaður þarf 10-15% raunvexti þegar í samkeppnislöndum eru 4-7% vextir og þaðan af lægri. — Er þetta hægt, Eyjólfur? var spurt í mínu ungdæmi. Er þetta hægt, Jóhannes? spyr ég nú.

Við framsóknarmenn erum ekki alsælir í þessari ríkisstjórn, það játa ég fúslega. En ríkisstjórnin er ung og má því ekki hika. Byggðamálin eru eitt stærsta málið sem hún verður að leysa á næstu mánuðum. Við verðum að stöðva átökin á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Forstjóri Byggðastofnunar hefur sett fram vanda landsbyggðarinnar í fáeinum hnitmiðuðum orðum. Hann telur að öflugt atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni sé þjóðinni nauðsynlegt, ekki síst vegna þess hversu mikill hluti útflutningsteknanna skapast þar. Hann varar við aðgerðum í ýmsum málaflokkum sem eru að meira eða minna leyti á ábyrgð ríkisvaldsins og munu leiða til enn meiri samþjöppunar á einum stað en nú er. Þarna á hann við þjónustustörfin. Forstjórinn varar við borgríkinu og versnandi lífskjörum ef svo fer.

Þessi ríkisstjórn verður því að finna leiðir til að færa þjónustuna og valdið heim í héruðin. Hér má ekki skýrslugerð standa í vegi fyrir aðgerðum. Fækka verður störfum hér í stofnunum og ráðuneytum á höfuðborgarsvæðinu og færa þau heim í héruðin.

Menn ræða tvær leiðir í þessum efnum. Annars vegar *umtalsverða stækkun sveitarfélaganna*. Hin leiðin er að lögbinda umtalsverða samvinnu sveitarfélaga og taka upp svonefnt þriðja stjórnsýslustig. Héraðsstjórnirnar yrðu í raun aukið valdsvið sveitarstjórna. Um allan hinn vestræna heim er litið á eflingu *heimastjórna og héraðsstjórna sem bestu* leiðina til að viðhalda byggð og lýðræði. En þær skyndiaðgerðir sem nú verður að gera gagnvart landsbyggðinni eru, auk almennra aðgerða í efnahagsmálum:

Að lækka og jafna orkuverðið.

Aðgerðir til að lækka vöruverðið. Þarna verður ríkisstjórnin að ganga til liðs við landsbyggðarverslunina.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er eitt stærsta málið og þá að ríkisvaldið þori að gera Jöfnunarsjóðinn að því jöfnunartæki sem honum var ætlað í upphafi. Sveitarfélögin verða að hætta að búa við þá óvissu sem viðgengist hefur síðustu árin, að sjóðurinn sé skertur. Enn fremur verðum við öll sem á landsbyggðinni búum að snúa umræðunni okkur í hag. Bjartsýnin og trúin hafa sitt að segja.

Við sjáum nýja sprota atvinnulífs á landsbyggðinni. Fiskeldi, loðdýrarækt og þjónusta við ferðamenn eiga glæsta möguleika, þ.e.a.s. ef sú skoðun næst fram í ríkisstjórninni að þeim sem afla gjaldeyris sé ekki ætlaður verri kostur en hinum sem ástunda að eyða honum.

Þrátt fyrir samdrátt í hefðbundnum landbúnaði sjáum við þess merki að markviss stjórnun og samstaða hefur gert það að verkum að sóknin er hafin.

Ég vil segja það um launamálin að ég harma það að verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki komið sér saman um að bæta kjör þeirra sem því miður hafa of lág laun, að slíkar tillögur skuli jafnan flæða upp launastigann.

En aðalmálin eru — og miðstjórnarfundur Framsfl. ályktaði um þau — að við tækjum á fjármagnsmarkaðinum, lánskjaravísitölunni, hvers konar vísitöluviðmiðun, sköttun fyrirtækja og ekki síst byggðamálunum. Á þessa ályktun reynir á næstu vikum.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Kvennalistinn ásamt öðrum stjórnarandstæðingum stendur að tillögu um vantraust á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og ekki að ósekju. Meiri hluti landsmanna virðist nú á sama máli. Um það vitna skoðanakannanir og ekki síður viðbrögð fólks við þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin grípur til.

Það eru nú liðnir tveir mánuðir síðan ríkisstjórnin greip síðast til „ráðstafana í ríkisfjármálum". Þær einkenndust helst af því að kippa til baka fyrri ráðstöfunum. Nú virðist eitthvað álíka vera í aðsigi.

Sl. þriðjudag mátti lesa í einu dagblaðanna eftirfarandi orð eins ráðherrans: „Þjóðin ætlast til raunsærra aðgerða ríkisstjórnarinnar." Þetta er öldungis rétt hjá hæstv. ráðherra. Um það geta allir verið sammála. Þá er hitt eftir og það er: Hvað eru raunsæjar aðgerðir? Birtast þær í því raunsæi sem við blasir? Öngþveiti og niðurrif alls staðar. Verið er að kippa grundvellinum undan útflutningsatvinnuvegunum. Gífurlegur viðskiptahalli. Mikill fjármagnskostnaður og skuldasöfnun. Verið er að knésetja landsbyggðina og félagsleg þjónusta öll í lágmarki.

Þetta er raunveruleikinn sem við blasir og hinar raunsæju skýringar eru líka á hraðbergi. Allt er þetta því að kenna að fólk kann sér ekki hóf í kröfum. Eða svo álítur a.m.k. sá ráðherra sem ég vitnaði til hér á undan og ætla að leyfa mér að vitna í aftur, með leyfi forseta:

„Ábyrgð stjórnmálaflokka hefur ávallt verið mikil og svo er enn í dag. Það er skylda þeirra að taka á þeim vandamálum sem upp koma, leiða þjóðina í sannleika um þau, gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir, vinna þeim fylgi og koma þeim í framkvæmd. Reynslan kennir okkur að þótt stjórnmálamenn sjái hvað gera þarf og ákveði að koma því í framkvæmd, hefur aðhald oft verið brotið á bak aftur með mótaðgerðum ýmissa hagsmunahópa. Að slíkt gerist er hins vegar áhætta sem verður að taka og ef almenningur vill ekki una við ákvörðun stjórnvalda er ekkert annað að gera en að hver og einn segi álit sitt í kosningum. Það hefur áður gerst. Ekki verður séð af þeirri reynslu að það hafi verið þjóðinni til framdráttar."

Það er alveg hárrétt athugað að það hefur ekki orðið þjóðinni til framdráttar að fela örlög sín aftur og aftur mönnum sem grípa aftur og aftur til sömu „raunsæju aðgerðanna", sem svo duga ekki vegna þess að einhverjir „hagsmunahópar" brjóta þær á bak aftur. Og hverjir eru svo þessir hagsmunahópar? Jú, það er auðvitað launafólk. Það hið sama og nú er að reyna að mótmæla þeim lífskjörum sem því eru skömmtuð í þessu auðuga þjóðfélagi, fólkið sem skapar þann auð með einu eða öðru móti og vill fá sinn skerf — sinn réttláta skerf.

Og svörin sem það fær eru: Allt er þetta öngþveiti ykkur að kenna. Þið berið ábyrgð á verðbólgunni, þið berið ábyrgð á viðskiptahallanum því þið eyðið of miklu. Þið setjið atvinnuvegina, fyrirtækin og hið opinbera á hausinn með óhófskröfum.

Og hverjar eru þær, þessar óhófskröfur sem það fólk sem nú stendur í verkfalli gerir? Jú, 42 000 kr. í lágmarkslaun. Það fólk sem fyrir skömmu stóð í launabaráttu fékk 31–32 000 kr., einn tíunda, einn tuttugasta eða kannski einn fimmtugasta af forstjóralaunum. Þarna liggur þá sökin. Þá kemur tvískinnungurinn. Í einu orðinu er sagt: Fyrirtækin hafa ekki efni á meiru, þjóðfélagið rís ekki undir hærri launum. En í hinu er svo sagt: Það hafa flestir meira hvort eð er. Það má til sanns vegar færa, flestir fá meira upp úr launaumslaginu. Sumir eru yfirborgaðir, aðallega karlmenn. Aðrir fá meira vegna þess að þeir vinna eftirvinnu, næturvinnu, helgarvinnu, vaktavinnu, aukavinnu eða ákvæðisvinnu. Sem sagt: Með ómældri vinnu og erfiði skrapar fólk saman eitthvað meira til að reyna að láta enda ná saman.

Sumir leggja á sig mikið erfiði vegna óskynsamlegrar eftirsóknar í veraldleg gæði. En aðrir, og það allt of margir, gera það af brýnni nauðsyn. En hvort sem það er löngunin til að standa sig í lífsgæða- og neyslukapphlaupinu eða nauðsyn sem knýr fólk til óhóflegrar vinnu og erfiðis, bitnar það á þeim sem síst skyldi — börnum og öðrum þeim sem þurfa á umönnun og alúð annarra að halda. Fjölskyldan, þessi litla veikburða eining, sem á að vera samkvæmt orðanna hljóðan hornsteinn þjóðfélagsins, kiknar og brestur undan öllu saman.

En það er víst ekki „raunsæi" að hafa áhyggjur af þess konar smámálum, þessum svokölluðu „mjúku málum". Hækkun grunnlauna, stytting vinnutíma, réttlátari tekjuskipting, minnkun launabils og launajafnrétti kynja eru nú farin að flokkast undir „hin mjúku mál" vegna þeirrar áherslu sem Kvennalistinn leggur á þau. Svona skilgreiningar auðvelda alvörustjórnmálamönnum að blása á þessi mál eins og hvert annað ryk sem hefur sest ofan á fínu

áætlanirnar þeirra um alvöruaðgerðir, alvörustjórnmál.

En það vill svo til að þessir alvörustjórnmálamenn eru óðum að missa tiltrú fólks og það gagnar þeim lítt að ætla að vinna hana aftur með rangfærslum og auvirðilegum málflutningi af því tagi sem hæstv. menntmrh. viðhafði hér áðan. Fólk trúir ekki lengur á síendurteknar aðgerðir sem endast varla lengur en það tekur blekið í undirskriftunum að þorna. Fólk er þreytt á hroka valdsmanna, sem eru búnir að missa öll tengsl, ráðast á líf þess og kjör og skamma það svo ef það kvartar, segja því að það eigi eftir að skilja blessun matarskatts, lágra launa og langs vinnutíma — ef ekki nú, þá seinna — og bregða því síðan um ábyrgðarleysi fyrir að aðhyllast stefnu sem þeir segja að eigi ekkert skylt við stjórnmál.

Eitt höfuðeinkenni þeirrar stefnu er að við kvennalistakonur höfum ítrekað lagt til lögbindingu lágmarkslauna sem eins konar varnargarð fyrir launafólk. En þá er rekið upp ramakvein. Ein helstu rökin eru að ekki megi skerða frjálsan samningsrétt. Sú virðing fyrir samningsfrelsi hefur þó ekki komið í veg fyrir að gengið hefur verið á gerða samninga með ógildingu samningsákvæða, bann verið sett á verkföll með ýmsu móti. Fróðlegt er fyrir launafólk að fylgjast með aðgangi og hótunum vinnuveitenda þessa dagana. Þar eru nú ekki hinar mjúku áherslur.

„Alvörustjórnmálamenn" skella við skollaeyrum, í stað þess að leggja eyrun við og hlusta á þau skilaboð sem þjóðin er að reyna að koma til þeirra, skilaboð um breytta forgangsröð, breytt verðmætamat. Eða heyrist þeim þjóðin vera að biðja um ráðhús og þinghús, veitingastaði sem snúast og nú síðast 8000 manna íþróttahöll? Hvernig samræmast svona ákvarðanir kalli alvörustjórnmálamanna til fólksins um ábyrgð, sparnað og hóflegar kröfur? Hvernig samræmast þær ákallinu um samstillt átak til að rétta af atvinnulífið, efnahaginn, viðskiptahallann og ríkissjóð þegar það átak er aldrei launafólki í hag og það á sífellt að bíða betri tíma? Hversu lengi eiga t.d. konur að bíða eftir leiðréttingu sinna kjara? Hversu lengi eiga fjölskyldurnar að bíða?

Íslenskt efnahagslíf hefur með undarlegum hætti aðlagað sig því að greiða lægstu launin fyrir verðmætaskapandi störf, hráefnisvinnslu, umönnun og uppeldisstörf, menntunar- og menningarstörf. Það er eitthvað mikið bogið við þjóðfélag sem hefur hærri þjóðartekjur en flest önnur en treystir sér ekki til að borga mannsæmandi laun fyrir þessi störf. Það er hægt, því þótt góðærið margfræga sé riðið hjá garði er hallærið ekki riðið í garð. Það er hægt ef réttra leiða er leitað, ekki með síendurteknum upphlaupum og skammtímalausnum, bruðli, óhófi og hégómaskap, heldur langtímamarkmiðum og endurskipulagningu efnahags- og atvinnulífs með það að leiðarljósi að það eigi að taka mið af þörfum allra í landinu, ekki bara fárra, þeirra sterku.

Þannig leiða höfum við kvennalistakonur leitað og þegar bent á margar til úrbóta og við munum halda leitinni áfram því engin leið er endanleg. En við höfum ágæta reglu að leiðarljósi, sem er að taka í öllum ákvörðunum mið af kjörum kvenna og barna — kvenna vegna þess að þær búa við verstu kjörin jafnframt því sem þær bera mikla ábyrgð á velferð annarra í þjóðfélaginu og eru því vísar til að taka afstöðu til mála með velferð allra í huga, barna vegna þess að þar er lagður grunnurinn að framtíðarþjóðfélaginu.

Ef sá skilningur ríkir að efnahags- og atvinnulíf eigi að þjóna fólkinu, gera því kleift að auðga líf sitt í veraldlegum og andlegum skilningi, ef hver einasta aðgerð hefur þennan útgangspunkt, þá er þjóðin með, þá hlýðir hún kallinu og axlar ábyrgð og stendur óskipt að raunsæjum aðgerðum.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Þegar núverandi ríkisstjórn settist að völdum gaf hún út litla gráa bók, stefnuyfirlýsingu og starfsáætlanir, þar sem gat að líta helstu áform hennar um landsstjórnina. Ég ætla að víkja að þeim þáttum í stefnu hennar sem að landsbyggðinni snúa.

Í stefnuyfirlýsingunni góðu stendur á fremsta blaði, með leyfi hæstv. forseta: „Stuðlað verði að eðlilegri byggðaþróun í landinu... Fylgt verði byggðastefnu sem byggist á uppbyggingu atvinnulífs, átaki í samgöngumálum, eflingu þjónustukjarna og bættri fjármagnsþjónustu heima í héraði." Þetta eru falleg orð, ágætis fyrirheit, ef unnið væri eftir þeim. En hver er svo raunveruleikinn?

Raunveruleikinn er sá að að landsbyggðinni er þrengt á alla vegu nú sem aldrei fyrr. Landbúnaðurinn er langt frá að hafa unnið sig út úr þeim vanda sem misvitrir forustumenn stofnuðu til. Bændur búa við mjög mismunandi afkomumöguleika og skerðingar á framleiðslu þeirra mismuna þeim í mörgum tilvikum enn frekar. Bændur sem ekki hafa möguleika á að framfleyta fjölskyldu af búum sínum, né heldur að bæta sér upp tekjutap á annan hátt, hljóta að standa upp af jörðum sínum verðlausum, oft á tíðum slyppir og snauðir. Enginn kaupir jörð sem ekki fylgir lífvænlegur fullvirðisréttur.

Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um eflingu jarðakaupasjóðs eru uppfyllt á þann veg að hann hefur 15 milljónir til ráðstöfunar, svona um það bil þriggja íbúða verð. Það þarf ekki mikið fjármálavit til að sjá hvert gagn bændum er að því.

Þetta eru þær leiðir sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið sér til að ná fram markmiðum á bls. 9 í litlu gráu bókinni, með leyfi forseta: „Að treysta starfsskilyrði í landbúnaði og bæta hag bænda." Ég leyfi mér að efast um að íslenskir bændur almennt treysti að málum þeirra sé vel borgið undir forsjá þessarar stjórnar.

Hvernig er svo ástandið við sjávarsíðuna? Hvert sinn sem við lítum á dagblöð blasa við fyrirsagnir um hrikalegan vanda útflutningsfyrirtækjanna sem víðast um landsbyggðina eru undirstaða atvinnulífsins. Yfirlýsingar frá stjórnendum þessara fyrirtækja eru flestar á einn veg, þeir segja að þau standist ekki

mikið lengur nema eitthvað verði gert sem bæti stöðu þeirra.

Efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar birtist einkum á tvennan hátt gagnvart útflutningsfyrirtækjum. Annars vegar með því að halda genginu föstu og á hinn bóginn með háum vöxtum og kolvitlausri lánskjaravísitölu. Þetta er sú stefna sem Seðlabankinn leggur til að hvergi verði hvikað frá. Fari svo að þessari stefnu verði haldið þrátt fyrir innlendar kostnaðarhækkanir getur það ekki leitt til annars en að þau fyrirtæki sem afla útflutningstekna okkar verði unnvörpum gjaldþrota.

Þessir fastgengisstefnupostular segja á þessu sérstæða tungumáli sem þeir tala, að það þurfi að aðlaga aðrar stærðir að fastgengisstefnunni. Á mannamáli þýðir það að halda niðri launakostnaði — greiða ekki mannsæmandi laun. Það er sú stefna sem hefur birst okkur í kjarasamningunum í vetur og enn er haldið til streitu.

Hvað vakir fyrir forráðamönnum með þessari stjórn efnahagsmála? Hvað ætla þeir að fá út úr þessu? Er ætlun þeirra að ná því fram að þau fyrirtæki leggist af sem ekki standast þessar aðstæður? Fari fram sem horfir er ekki fyrirsjáanlegt annað en fram undan sé stórfelld uppstokkun á eignarhaldi á útflutningsfyrirtækjunum. Margt bendir til þess að félagsformið á rekstri þeirra leggist af og það verði einstaklingar sem taki þau yfir. Heimamenn munu tapa í þeim leik. Fjármagnið til að taka reksturinn yfir liggur ekki hjá þeim. Við vitum öll hvar á landinu það og eigendur þess eru til húsa. Þá verður hinu langþráða hámarki hagkvæmnis- og arðsemissjónarmiða náð. Útflutningsfyrirtækin orðin örfáar stórverksmiðjur.

Það er ekki að verða neitt launungarmál að markvisst er stefnt í þessa átt, hvort sem ráðamenn vilja viðurkenna það eða ekki. Landsbyggðarfólk verður að horfast í augu við þessa staðreynd og huga að til hvaða ráða er hægt að grípa.

Búseturöskunin í landinu er þegar ærin. En fari svo að aðalatvinnufyrirtæki í sjávarplássi verði dæmt úr leik er tvísýnt um örlög byggðarlagsins. Vaxandi flóðbylgja fólks af landsbyggðinni til suðvesturhornsins raskar eðlilegri þróun uppbyggingar þar, veldur þenslu og offjárfestingu og nýting dýrra mannvirkja á landsbyggðinni minnkar að sama skapi. Þetta yfirvofandi ástand sem ég hef verið að lýsa í stöðu fyrirtækja og búseturöskun í stærri stíl en nokkru sinni fyrr blasir við sem staðreynd innan tíðar ef ríkisstjórnin sýnir engan sveigjanleika.

Þessi framvinda mála á landsbyggðinni til sjávar og sveita er stórhættuleg. Hún drepur niður trú fólks á getu lands okkar til að fæða okkur og klæða. Þegar sú trú dvínar — hve lengi getum við þá heitið þjóð? Því er áhyggjuefni hve þverrandi tengsl almennings eru við þær auðlindir sem við byggjum afkomu okkar á, sjávarútveg, iðnað og landbúnað, og hve vitund margra virðist sljó fyrir því hvaðan íslensk þjóð hefur lífsviðurværi sitt. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þá veru að opna íslenskt atvinnulíf fyrir erlendum aðilum og opna bankakerfið fyrir erlendu fjármagni stuðla síður en svo að því að styrkja þessi tengsl. Af þessum orsökum treystum við henni ekki til að fara með völdin.

Þau mál sem heitast brenna á konum eru hin sömu hvar sem er á landinu. Þær búa við launamisrétti sem er með öllu óskiljanlegt og óþolandi í nútímaþjóðfélagi. Þeim þykir illt að una þeirri lélegu aðstöðu sem börnum þeirra er búin til náms og þroska og þeim sviður sú lítilsvirðing sem hefðbundnum störfum þeirra er sýnd.

Í gegnum aldirnar hafa konur búið við það að vera hvergi til kvaddar þar sem ákvarðanir eru teknar sem varða lönd og lýði, enda sjaldnast beinir þátttakendur í atvinnulífinu. Nú er sú staða gjörbreytt. En hverjir taka ákvarðanir? Hverjir ráða forgangi verkefna? Hverjir stjórna landinu? Eitt er víst að á þeim vettvangi eru ekki konur í réttu hlutfalli við þá ábyrgð sem á þeim hvílir í daglegri önn þjóðfélagsins þar sem meiri hluti kvenna hefur tvöföldum skyldum að gegna, heima og heiman. Þetta er enn ein orsök þess að við kvennalistakonur treystum ekki þessari ríkisstjórn.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þingsköpin gera víst ekki ráð fyrir því að ríkisstjórn lýsi vantrausti á stjórnarandstöðu. Þess gerist heldur ekki þörf, málflutningur hennar dæmir sig sjálfur. Nokkur dæmi: Við launþega segir hún: Launin eru lág, þau þurfa að hækka. Við atvinnurekendur er sagt: Þið þurfið að fá meiri endurgreiðslu á sköttum, meiri millifærslur af almannafé. Við útflutningsgreinarnar er sagt: Þið þurfið gengisfellingu. Það er gengisfelling, það er kauplækkun. Við landsbyggðarfólk er sagt: Þið þurfið meiri framlög á fjárlögum til góðra hluta. Samt er þess hefnt á Alþingi sem hallaðist í héraði með málþófi vikum saman gegn nauðsynlegri tekjuöflun. Við ríkisstjórnina er sagt: Viðskiptahallinn er allt of hár — og farið vitlaust með tölur. M.ö.o.: Kaupmátturinn er of hár, neyslustigið er of hátt, það þarf að lækka kaupið. Þetta heitir að tala tungum tveim og segja sitt með hvorri. Kaupið er ýmist of hátt eða of lágt eftir því við hvorn er talað. Svona málflutningur dæmir sig sjálfur.

Við atvinnurekendur og talsmenn þeirra, sem nú láta hæst í fjölmiðlum um gengislækkunarkollsteypu sem allra meina bót á vanda útflutnings og landsbyggðar, vil ég segja þetta: Fellið þetta tal. Það er ábyrgðarlaust, það er hættulegt. Það getur gert illt verra með því að magna upp spákaupmennsku, gjaldeyrisbrask og innflutningsæði.

Það eru sex vikur frá því þessi ríkisstjórn greip til aðgerða til að rétta hlut útflutningsgreinanna. Víst hafa ytri skilyrði versnað síðan. Samt skulu menn varast að fara með ýkjur. Útflutningsverðmæti á fyrsta ársfjórðungi hefur hækkað um 10%. Útgerðin stendur í járnum en Þjóðhagsstofnun metur halla sjávarútvegsins í heild á bilinu 4–6%. Nýjustu tölur um viðskiptahalla benda til þess að hann fari lækk-

andi. Hér hefur hver maðurinn á fætur öðrum nefnt 20 milljarða. Í raun og veru er fyrsti ársfjórðungur á svipuðu róli og á fyrra ári þegar hann reyndist á árinu öllu 7 milljarðar. Þess er vert að geta að 6,7 milljarðar eru vextir af áður teknum lánum, arfur fortíðar.

Það er ekki nógu gott hjá atvinnurekendum að ljúka fjögurra ára góðæri með einu saman volæði. Að heimta að ríkið breyti leikreglum og svíki málm og mynt og launþegar færi einir fórnir, það þarfnast betri rökstuðnings. Þeir launþegar sem skildir voru eftir við veisluborð offjárfestingar og launaskriðs og nú eru að fá leiðréttingu sinna mála báru ekki ábyrgð á erlendum lántökum, offjárfestingu, bruðli og sólund genginna góðærisára. Kannski stjórnarandstaðan sé haldin einhverri tímaskekkju. Ætlar hún kannski að bera fram vantraust á fyrrverandi ríkisstjórn eða á ríkisstjórnina þar á undan?

Ef versnandi ytri skilyrði krefjast þess að fórnir verði færðar þá skulu allir leggja fram sinn skerf, atvinnurekendur, ríkisvald í lækkun útgjalda og launþegar, en ekki launþegar einir.

Nokkrar spurningar: Hvernig væri að útgerðarmenn byrjuðu nú á því að freista þess að fresta að hluta til fjárfestingaráformum upp á 4 milljarða ef eiginfjárstaðan leyfir það ekki og horfurnar eru slæmar?

Hvernig væri að við hættum að undirbjóða sjálfa okkur með óheftum gámaútflutningi, t.d. með gjaldtöku sem rynni til fiskvinnslunnar? Gæti fiskvinnslan þá sparað sér t.d. 10% yfirborgun á fiskverði sem nú er viðtekin venja?

Hvernig væri að allur fiskur færi á uppboðsmarkaði innan lands og við réðum þannig framboði og eftirspurn en hinir erlendu kaupahéðnar bæru áhættu?

Þannig má lengi telja. M.ö.o., hvernig væri að forstjóraveldið gengi á undan með góðu fordæmi og seldi eitthvað af þeim 1500 lúxuskerrum sem þeir hafa keypt á kaupleigukjörum á undanförnu ári undir því yfirskini að þar færi vaxtarbroddur atvinnulífs? Eru nokkur sýnileg dæmi þess að lát sé á annáluðum flottræfilshætti í þrengingunum? Ég spyr: Áður en þeir koma með bakreikninginn um lækkun launa, vilja þeir lækka sín eigin laun? Hefur einhverjum laxveiðileyfum verið skilað upp á síðkastið?

Við fólkið í landinu, fiskverkakonuna, iðnverkamanninn, verslunar- og skrifstofufólkið sem enn er í verkfalli, kennarana og alla hina, vil ég segja þetta: Það er tekist á um það núna hvort launþegar einir eigi að borga brúsann eftir veisluhöld góðærisins eða hvort jafna beri byrðum eftir efnum og ástæðum. Ég segi það alveg skýrt: Krafan um hefðbundna gengiskollsteypu er krafa um kauplækkun. Þið þekkið þessa sorgarsögu úreltra stjórnmála af sjálfum ykkur. Ef þið hafið gleymt því er rétt að rifja það upp frá a til z hvað bara 15% gengisfelling þýðir. Hún þýðir þetta: Verðbólgan færi úr 13% eins og hún er núna, ekki í 7% í árslok, heldur yfir 50%. Kaupmáttur launa mundi falla um 8% á árinu. 50% verðbólga þýðir hækkun vaxta og fjármagnskostnaðar, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. Viðskiptahallinn lækkar í mesta lagi um 1,5–2 milljarða við slíka aðgerð en erlendar skuldir okkar mundu hækka um 15 milljarða í íslenskum krónum og þar með afborganir vaxta af þeim sem eru nú þegar 6,7 milljarðar.

Önnur spurning: Vilja menn fórna tækifærinu til að afnema lánskjaravísitölu og lækka vexti með lækkandi verðbólgu? Er það í þágu fólks og fyrirtækja? Er nokkuð hinum megin fyrir handan kollsteypuna?

Við jafnaðarmenn svörum skýrt og afdráttarlaust: Ef versnandi ytri skilyrði hrekja okkur af leið ber að taka því eins og í annarri sjómennsku. En við viljum enga kúvendingu aftur í fortíðina. Við viljum fara nýjar leiðir sem horfa til framtíðar.

Um ríkisstjórnarsamstarfið vil ég segja þetta: Enginn verður með orðum veginn. Dæmið þessa ríkisstjórn af verkum hennar og þar er af nógu að taka. Við höfum á þessum meðgöngutíma, sem liðinn er, snúið milljarða hallarekstri ríkissjóðs í jöfnuð á hálfu ári. Samt sem áður er heildarskattheimta, skattbyrði almennings, hin þriðja lægsta meðal allra ríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Árangurinn blasir við: Ríkisfjármál valda ekki lengur verðbólgu, enda fer hún ört lækkandi. Afkoma ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi er hálfum milljarði betri en áætlun gerði ráð fyrir, einkum vegna bættra skattskila. Við erum á réttri leið. Það hefði ekki tekist, hv. stjórnarandstæðingar, ef við hefðum ekki haft kjark til þess að koma á samræmdu söluskattskerfi, en við verjum nú þremur milljörðum kr. til þess að greiða niður verð hefðbundinna landbúnaðarafurða og við höfum afnumið tolla á innfluttum matvælum. Fjasið um matarskatt dæmir sig sjálft. Matarskatturinn, sem lagður er á heimilin í landinu, er kannski fyrst og fremst vaxtakostnaðurinn af offjárfestingunni í verslun, kringlunum þremur og hálfri sem byggðar hafa verið á sl. tveimur árum og jafnast á við 50 000 kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Við takmörkuðum innstreymi erlends fjármagns og við hægðum þar með á verðbólguhraðanum. Við höfum á fáum mánuðum smíðað nýtt skilvirkt og réttlátara skattakerfi og við höfum þar með lagt traustan grundvöll að velferðarríki framtíðarinnar. Við vinnum jafnt og þétt að því að stórefla skattaeftirlit, en það er ekkert lögregluríki í uppsiglingu og hinar fjölmennu sveitir eftirlitsmanna eru bara í kollinum á prófessor Júlíusi Sólnes.

Við höfum komið upp staðgreiðslukerfi skatta, sem er áratuga gamalt baráttumál verkalýðshreyfingarinnar, og við hækkuðum mjög verulega skattleysismörk einstaklinga og fjölskyldna og höfum varið stórauknum fjármunum til útborgunar barnabóta til fjölskyldna undir meðaltekjum. Þegar saman er tekið hækkun skattfrelsismarka og útborgun barnabóta og fjölskyldubóta og hækkun almannatrygginga er ekki nokkur vafi á því, enda þær

tölur borðleggjandi, að ráðstöfunarfé fjölskyldna eftir skatt undir meðallaunum hefur batnað við skattkerfisbreytinguna.

Við höfum náð árangri sem nú er að koma í ljós. Verðbólgan er á niðurleið og verður það áfram ef ytri skilyrði haldast í horfi. Viðskiptahallinn er minni en ráð var fyrir gert, fjárfestingaræðinu er að slota, útlánaþensla bankanna hefur hjaðnað, innstreymi erlends fjármagns hefur rénað, innflutningur er að minnka. Þannig mætti lengi telja. Á vanda atvinnuveganna verður tekið. En við munum ekki hrapa að því í óðagoti. Við ætlum ekki að skrifa upp á óendurskoðaða reikninga sem berast frá hagsmunaaðilum. Með jöfnuði í ríkisfjármálum, með aðhaldi í lánsfjármálum og með skattkerfisbreytingunni höfum við lagt grundvöll að stöðugleika í framtíðinni. Versnandi ytri skilyrði geta hrakið okkur eitthvað af leið en kúvending kemur ekki til greina.

Við fólkið á landsbyggðinni vil ég segja þetta: Vandinn í atvinnulífi landsbyggðarinnar á líðandi stund stafar af samdrætti í landbúnaði og úrvinnslugreinum hans og aðlögunarvanda sjávarútvegs og fiskvinnslu að harðnandi samkeppni við fiskiðnað grannþjóða. Þessi vandamál verða ekki leyst með upphrópunum eða „billegum patentlausnum" eins og gengiskollsteypu sem allsherjarlausn. Þennan vanda verður að leysa í samvinnu forsvarsmanna fyrirtækja, ríkisstjórnar og launþega. Það tekur tíma. Við eigum að hafa í heiðri kjörorð fyrrv. leiðtoga Framsfl., Eysteins Jónssonar, sem sagði undir svipuðum kringumstæðum: „Við verðum að vinna okkur út úr þessum vanda."

Við erum að upplifa breytingaskeið sem kallar á nýjar aðferðir og nýjar leiðir. Við stöndum frammi fyrir meiri háttar skipulagsbreytingum í íslensku atvinnulífi á næstu missirum og árum. Þær munu gerast mestan part eðlilega á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra. Leiðirnar eru margar. Það verður að minnka tilkostnað, það verður að auka sérhæfingu fyrirtækja, stækka fyrirtæki með samvinnu og samruna, nýta betur fjármagn, búnað og tæki, auka framleiðni. Til þess eru margar leiðir.

Við þurfum að hraða búháttabreytingunni í landbúnaðinum. Við höfum ekki efni á öðru. Við eigum að efna ákvæði stjórnarsáttmálans og nýlegra laga um fiskveiðistefnu um endurskoðun á núverandi kvótakerfi í smáum skrefum, hægt og rólega. Við eigum að fikra okkur smám saman yfir í sölu veiðileyfa. Markmiðið er að auka hagkvæmni í útgerð og fiskvinnslu, efla fyrirtækin, þétta byggðina, nýta auðlindasjóðinn til að styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni.

Lán úr Byggðasjóði á að skilyrða. Lánin verði veitt til fyrirtækja sem hafa fjárhagslegt bolmagn til að byggja sig upp og standa að endurgreiðslum. Það væri æskilegt að eigendur legðu fram aukið hlutafé. Þeir eiga líka að taka áhættu, ekki bara skattgreiðendur.

Við eigum að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og gera hlut landsbyggðarinnar meiri í stjórnsýslunni með samruna sveitarfélaga þótt einstaka skammsýnir menn hafi brugðið fæti fyrir það mál á þessu þingi.

Við þurfum að endurskipuleggja fjárfestingar- og lífeyrissjóði og vista þá í viðskiptabönkum á landsbyggðinni til að að efla fjárhagslega þjónustu þar við atvinnulífið. Við eigum að endurskoða reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Kaupleiguíbúðakerfið mun leysa brýnustu húsnæðisþörf landsbyggðarinnar á næstu árum. Við eigum að flytja vinnslustöðvar landbúnaðarins með skipulegum hætti í landbúnaðarhéruðin aftur. Við eigum að flytja ríkisstofnanir í auknum mæli á þéttbýlisstaði á landsbyggðinni.

Herra forseti. Þegar menn hlusta á málflutning stjórnarandstöðunnar skilst betur hvers vegna stjórnarandstöðuflokkarnir treystu sér ekki til þátttöku í ríkisstjórn þó eftir væri leitað. Stjórnarandstöðuna skorti traust á eigin hugmyndum og tillögum. Alþb. var upptekið af eigin innri vandamálum og er enn. Kvennalistann brast kjark til að hlýða kalli skyldunnar. Þeir sem ekki treysta sér sjálfir til verka geta ekki vænst þess að aðrir treysti þeim. Þar dugir ekki vinsældasamkeppni skoðanakannana að sinni. Menn verða að vinna fyrir traustinu með verkum sínum.

Þessi vantrauststillaga mun hins vegar þjappa stjórnarliðum saman og herða þá í þeim ásetningi að halda áfram markvissu umbótastarfi þrátt fyrir stundarerfiðleika.

Við jafnaðarmenn vil ég segja þetta: Við höfum í þessu stjórnarsamstarfi háð varnarbaráttu við erfið ytri skilyrði fyrir viðreisn velferðarríkis á Íslandi. Við munum ekki leggja árar í bát þótt á móti blási. Við eigum enn mikið verk að vinna.

Framkvæmd nýrrar löggjafar um kaupleiguíbúðir, sem mun leysa bráðasta húsnæðisvanda unga fólksins og landsbyggðarinnar, bíður okkar á þessu sumri. Næsta haust mætum við til þings með nýtt lagafrv. sem felur í sér heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu og fjármögnun þess. Í undirbúningi eru tillögur um samræmingu lífeyrissjóða og samræmingu lífeyrisréttinda. Undirbúningur heildarlöggjafar um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga bíður næsta þings.

Á næsta ári ljúkum við seinni áfanga heildarendurskoðunar skattakerfisins með lögfestingu virðisaukaskattsins vonandi nú og tillögum um skattlagningu fjármagns- og eignatekna í haust. Með næstu fjárlögum þurfum við að ná samstöðu um tillögur um aukna ráðdeild og sparnað í ríkisrekstri. Á grundvelli nýrra skattalaga munum við vinna jafnt og þétt að því að uppræta skattundandrátt og það félagslega misrétti sem því tengist.

Herra forseti. Það hvarflar ekki að okkur að leggja árar í bát þótt á móti blási. Við ætlum að ná landi heilu og höldnu, minnug fleygra orða Jóns Ólafssonar ritstjóra, sem sagði:

> Að halda sitt strik, vera í hættunni stór
> og horfa ekki um öxl — það er mátinn.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Svo sem endranær hefur sannast í þessum umræðum að hverjum þyki fugl sinn fagur. Lofgjörð um núverndi ríkisstjórn hefur því lítið gildi. Það er hins vegar athyglisvert svartnættið í árásarræðum þeirra sem eru andvígir ríkisstjórninni.

Stjórnarmyndun tók langan tíma. Allir möguleikar voru reyndir. Niðurstaðan varð sú ríkisstjórn sem nú tekst á við vandann. Þeir sem nú eru utan ríkisstjórnar, a.m.k. Kvennalisti og Alþb., áttu þess kost að takast á við það heillandi verkefni að jafna lífskjörin, að búa öldruðum fagurt ævikvöld, að móta framtíð velferðarkerfisins til heilla ungum sem óbornum sem við jafnaðarmenn leggjum svo mikla áherslu á. Þessir flokkar kusu hins vegar að hlaupast frá ábyrgð og lifandi starfi við uppbygginguna sem við stöndum nú að, við jafnaðarmenn.

Það eru tvenns konar viðhorf ætíð á kreiki. Annars vegar að byggja upp, láta bjartsýni og hugsjónir um betra mannlíf móta hugann, og aftur þeir sem ætíð sjá svartnættið sjálft, rífa niður, skrökva að fólki um markmið og leiðir þeirra sem ábyrgðina axla.

Ég fer ekkert í felur með það að ýmsar ráðstafanir sem gerðar hafa verið hafa verið erfiðar. Það hefur þurft að gera óvinsælar aðgerðir sem mælst hafa misjafnlega fyrir. Félagar mínir í verkalýðshreyfingunni og flokknum hafa oft spurt mig: Hvers vegna? Var þetta nauðsynlegt? Við höfum síðan rætt hvert einasta skref. Við höfum þá fullvissu að þessar aðgerðir hafi verið nauðsynlegar til að undirbúa viðreisn velferðarkerfisins.

Það hafa blásið kaldir vindar um hreyfingu okkar jafnaðarmanna. Í fjölmiðlum og í umræðum á vinnustöðum hefur vart verið um annað talað en ráðherra Alþfl. Þeir hafa líka verið starfsamir. Þeir eru að undirbúa jarðveginn fyrir framgangi þeirrar félagshyggju sem í brjóstum okkar býr. Að stjórna, að axla ábyrgð krefst kjarks, krefst þess að hafa þor til að gera þá hluti sem nauðsyn krefur þótt það verði á kostnað stundarvinsælda.

Það er öllum ljóst að arfurinn frá síðustu ríkisstjórn var miklu verri en okkur grunaði. Það ríkti óráðsía og skuldabyrði var með ólíkindum. Það var þó sýnu verst að tækifærin sem góðærið skapaði voru ekki gripin heldur glötuðust og þau koma aldrei aftur.

Alþfl. og jafnaðarstefnan hefur ekki sett mark sitt á landsstjórnina í tæpa tvo áratugi. Það eitt segir sína sögu um það hvað margt er ógert í málefnum húsbyggjenda, málefnum aldraðra, í málefnum fatlaðra og þeirra annarra sem lakast eru settir í þjóðfélaginu. Höfum í huga að það eru aðeins örfáir mánuðir liðnir frá því starfið, uppbyggingin var hafin. Það er því í besta falli barnalegt að flytja nú vantraust á ríkisstjórnina. Þeir sem nú flytja vantraustið yrðu í raun skelfingu lostnir kæmi sú ólíklega staða upp að vantraustið yrði samþykkt. Hver trúir því að Borgarafl. og Alþb., sem er að hverfa, hafi áhuga á slíku? Og segjum nú svo að þeir slyppu við kosningar. Hver vill kalla yfir sig efnahagsstjórn sem Alþb. og Albert Guðmundsson voru sameiginlega fulltrúar fyrir? 130% verðbólgu, sífelldar kauplækkanir með krukki í kjarasamninga. Aldrei hafa íslenskir launþegar átt eins erfitt og undir stjórn þessara herra. Verkalýðshreyfingin var í sífelldri varnarbaráttu. Það var ekki fyrr búið að semja um laun en búið var að hækka alla hluti til að taka það sem samið var um og meira en það.

Í hugum þeirra sem vilja sterka verkalýðshreyfingu og réttlátt stjórnarfar klingir hugsunin: Aldrei, aldrei aftur þetta lið.

Nú er Kvennalistinn kominn í slagtog með þessu liði. Sá flokkur hefur aldrei axlað ábyrgð og er því óræð stærð. Kvennalistinn hefur verið mjúkmáll, vill allt gera fyrir alla. Allir, hvort sem þeir eru hálaunamenn eða láglaunamenn, eiga að fá kröfum sínum framgengt. Kvennalistinn vill lækka skatta, jafnframt bera þær fram tillögur um stórfengleg útgjöld. Útgjaldatillögur þeirra á þinginu í vetur kosta milljarða kr. Og þegar spurt er hvar taka eigi peningana koma engin svör. Fengju þær tillögur sínar samþykktar yrði að hækka skatta meira en nokkru sinni fyrr — eða vilja þær minnka framlög til velferðarmála og þeirra sem minnst mega sín? Ég hefði ekki trúað þessu fyrr en í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir, ráðherra Alþfl., hefur á undanförnum mánuðum barist hetjulegri baráttu við afturhaldið í þinginu. Hún hefur barist fyrir kaupleigukerfinu sem er ný leið fyrir láglaunafólk til að fá þak yfir höfuðið, ný leið fyrir landsbyggðina til að halda uppi byggð í landinu. Kvennalistinn hefur margoft rætt um þörf á leiguíbúðum og húsnæði fyrir láglaunafólk. Í gær kom það fram að þær telja kaupleiguna ótímabæra, hafa allt á hornum sér, vilja ekki samþykkja málið. Og nú, þegar reynir á þennan sótthreinsaða stjórnmálaflokk, þá bregst hann, þá er félagshyggjan einskis virði, bara orð og atkvæðaveiðar.

Sú óstjórn sem ríkti hér á landi þegar óðaverðbólgan var sem verst setti afkomu heimilanna og atvinnulífsins í hættu. Menn skynjuðu að við svo búið mátti ekki standa. Verkalýðshreyfingin og Alþfl. bentu á að óðaverðbólgan er versti óvinur þeirra lægstlaunuðu í landinu. Þess vegna beittum við okkur fyrir því að verkalýðshreyfing og ríkisvald næðu sáttum í því skyni að lækka verðbólguna. Verkalýðshreyfingin sá að þjóðfélagið var að brenna, kjörin, atvinnan var í hættu. Þessi ábyrga afstaða verkalýðshreyfingarinnar gerði það að verkum að kaupmáttur jókst. En hvað hefur gerst? Enn stöndum við frammi fyrir gríðarlegum erfiðleikum því góðærið er á förum.

Það hefur mátt merkja gífurleg vonbrigði hjá stjórnarandstöðunni undanfarnar vikur vegna þess að stærstu launþegasamtök landsins hafa náð kjarasamningum. Þeir kjarasamningar hafa miðast við jafnvægi í efnahagsmálum. Þeir hafa grundvallast á

þekkingu og skilningi þess fólks sem vinnur við undirstöðugreinar þjóðarbúsins, fólks sem veit hver er staða iðnaðar og fiskvinnslu, fólks sem veit hvað verðbólgan er hættuleg og hve atvinnuleysi er nærri. Það er staðreynd að kauptölur skipta ekki öllu máli heldur hvað fyrir krónurnar fæst. Út af fyrir sig er hagstæðara að fá 5% kauphækkun með stöðugu verðlagi en 20% kauphækkun þar sem verðlag leikur lausum hala og hirðir alla hækkunina og meir en það.

Í kjarasamningum Verkamannasambandsins er miðað við forsendur sem lúta að lækkun verðbólgunnar. Mitt í samningalotunni emjuðu eiginhagsmunamenn á gengisfellingu. Nú fyrir nokkru ritaði formaður Alþb. grein í Morgunblaðið hvar hann krafðist gengisfellingar. Stjórnarandstæðingar sjá enga efnahagsaðgerð aðra en gengisfellingu. Þeir sem þannig haga sér eru ekki að hugsa um fólkið á lægstu laununum heldur vonina um upplausn.

Þeir atvinnurekendur sem nú heimta gengisfellingu sleppa því venjulega hverjir það voru sem sprengdu upp samningana frá 1986. Hverjir voru það sem fjárfestu langt umfram efni, slógu til þess erlend lán langt umfram greiðslugetu, hækkuðu laun ótakmarkað við þá hæstlaunuðu, héldu þeim lægstlaunuðu niðri, slógu útflutningsfyrirtækin á landsbyggðinni þess vegna út í samkeppninni og upphófu misgengið milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar?

Atvinnurekendur eru að vísu ekki einir um það að hafa með fyrirhyggjuleysi sínu og græðgi grafið undan gengi krónunnar. Fyrrverandi ríkisstjórn brást þeirri skyldu sinni að taka í taumana í tæka tíð.

Mótmæli stjórnarandstöðunnar nú gegn efnahagsstefnunni eru mjög í ætt við margradda kórsöng atvinnurekenda. Það eru engar tilraunir um aðgerðir lagðar fram heldur kallað og hrópað á einhverjar aðgerðir jú, á gengisfellingu. Það þýðir gengisfellingu sem aftur þýðir launalækkun. Það mætti ætla að stjórnarandstaðan væri gengin í Vinnuveitendasambandið, svo samstiga er þetta lið.

Þrátt fyrir að stærstur hluti alþýðusambandsfélaganna hafi náð kjarasamningum er launadeila í landinu í dag. Við skulum vona að sú deila leysist farsællega og á þann veg að þeir sem lægst hafa launin njóti góðs af.

Við þurfum einmitt að jafna tekjuskiptinguna. Það er bitur reynsla verkalýðshreyfingarinnar að þegar við náum kauphækkun fyrir þá lægstlaunuðu una þeir betur settu því ekki og krefjast hins sama og meira en það. Slíkt má ekki gerast nú.

Herra forseti. Alþfl. er vörður og frumkvöðull félagshyggju í landinu. Árangur stórfelldra breytinga mun koma í ljós á næstunni. Við skulum muna að það verður spurt að leikslokum.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum nú heyrt málflutning þeirra sem standa að þessari ríkisstjórn og ég held að það hafi komið greinilega fram samstaðan sem þar er. Einn hv. þm. kallaði þetta „helstefnu", þ.e. stefnu ríkisstjórnarinnar. Það vorum ekki við sem stöndum að þessari vantrauststillögu sem sögðum þessa setningu.

Við höfum heyrt að það sé í raun og veru allt í lagi í þjóðfélaginu. Hæstv. forsrh. fór í Dali og heyrði hljóðið þar. Það hafa fleiri heyrt hvernig er í þeirri byggð. Og jafnvel þó það hafi eitthvað verið gert þar á undanförnum árum er ekki bjart yfir Dalamönnum þessa dagana. Það vona ég að hæstv. forsrh. hafi heyrt.

Ég sá hann í sjónvarpinu í kvöld þar sem hann var að tala við flokksmenn sína á Akranesi. Þar var ekki alveg ánægjan að mér heyrðist með ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Þó að þessar umræður, sem hér fara fram, verði ekki til annars en að þjóðin fái að sjá og heyra hvernig stjórnarflokkarnir eru ósammála um flest atriði nær það sínum tilgangi, enda hefur það verið sannleikurinn að það eina sem stjórnarflokkarnir hafa verið sammála um á undanförnum vikum er að vera ósammála. Það hefur komið upp hvert málið á eftir öðru sem þjóðin hefur horft á og heyrt í fjölmiðlum.

Ég er einn af þeim sem standa að þessari vantraustsstillögu og það er sjálfsagt að ræða um það hvernig stendur á því að ég er þar með. Það hefur komið fram í fjölmiðlum hvernig ástatt er hjá fólkinu í landinu. Hvernig er það hjá landsbyggðinni? Hvernig er það á Vestfjörðum með fiskvinnsluna? Þeir eru að tala um að loka fyrirtækjunum. Þeir geta ekki haldið áfram. Framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði, sem ég hélt að væri eitt af sterkustu fyrirtækjum landsins, ber sig nú ekki vel þessa dagana. Hvernig er með verslunina úti á landi, hvernig er með kaupfélögin? Ég sé ekki betur en landsbyggðinni sé blátt áfram að blæða út.

En hvernig skyldi nú standa á þessu? Ætli það sé ekki fyrst og fremst vaxtastefnan í landinu? Ætli það megi ekki segja að það séu fyrst og fremst störf ríkisstjórnar, sem nú situr, sem er búin að leika þjóðfélagið eins og allir hljóta að finna og sjá?

Í nóvembermánuði 1986 var öll vaxtaákvörðun gefin frjáls. Í febrúarmánuði 1987 var bindiskyldan lækkuð hjá bönkum og sparisjóðum úr 18% í 13%, en þá var líka bönkunum og öðrum stofnunum, nema náttúrlega gráa markaðnum, gert að skyldu að kaupa ríkisvíxla. En hverjir voru vextirnir þá? Vextirnir á þessum ríkisvíxlum voru þá 20%. Síðan gerðist það í ágúst að vextir á ríkisvíxlum voru komnir upp í 28,2% miðað við ársávöxtun og þannig væri hægt að halda áfram. Í septembermánuði voru þeir komnir upp í 38% og þá var almenningi gefinn kostur á að kaupa þessa víxla. 1. des. voru þeir komnir upp í 41,3%. Þannig voru bankar og sparisjóðir settir í nokkurs konar spennitreyju. Þeir urðu að hækka vextina, ekki síst vegna þess að það var búið að setja á skyldu þeirra með aukabindingu sem var um 10% miðað við heildarinnlán og ef þeir ekki stóðu við það urðu þeir að borga dráttarvexti af

þeim sem þarna varð. Halda menn að þetta hafi ekki haft áhrif á hvernig komið er fyrir fólkinu í landinu, fyrir fiskvinnslustöðvunum, fyrir versluninni, sérstaklega úti á landi og meira að segja hér? Og halda menn að þetta hafi ekki haft áhrif á verðlagið í landinu? Halda menn að verslanirnar hafi tekið þá vaxtahækkun sem varð á sig?

Skömmu eftir að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar settist að völdum kom í ljós hvernig grái markaðurinn hefur makað krókinn, þessi grái markaður sem ekki hefur verið komið böndum á og valsar í þjóðfélaginu alveg án nokkurrar bindiskyldu eða nokkurra annarra kvaða. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. sem mun taka til máls hér á eftir: Ætlar hann að láta þingið fara heim án þess að koma böndum á þennan fjármagnsmarkað?

Þegar þingflokkur Framsfl. vildi umræður við okkur samtakamenn um að vinna með sér að nefndakosningu og helst að ég gengi í flokkinn var fundur með formanni flokksins og formanni þingflokksins norður á Akureyri 1. okt. Þá lögðum við fram úttekt á stjórnarsáttmálanum á tólf vélrituðum síðum þar sem við sýndum fram á hvað fælist í þessum stjórnarsáttmála. Nú var miðstjórnarfundur Framsfl. nýverið. Hvað voru þeir að samþykkja þar? Þeir voru að samþykkja í flestöllum atriðum það sem við settum að skilyrði fyrir því að vinna með Framsfl. í flestum tilvikum og sögðu þar að þeir væru með þessu í flestöllum eða öllum atriðum, en stjórnarsamstarfið kæmi í veg fyrir að þeir gætu komið þessu fram á meðan þeir væru með þessum flokkum í samstarfi. En nú eru þeir orðnir smeykir við ástandið í þjóðfélaginu. Nú hafa þeir opnað eyrun og heyra hljóðið í landsmönnum og til hvers þessi stefna leiðir sem einn hv. þm. þeirra sagði áðan að væri helstefna.

Hvernig hefur landbúnaðurinn verið leikinn í þessu stjórnarsamstarfi og hvernig er staðan nú? Það stendur upp á ríkissjóð að borga 330 millj. kr. af útflutningsbótum. Af því eiga vinnslustöðvar landbúnaðar um 57 millj. Ætli mundi ekki skána staða þeirra ef þær fengju þá fjármuni í hendur sem þær eiga rétt á samkvæmt samningum og lögum? Og hvað gerði hæstv. fjmrh. í sambandi við uppsafnaðan söluskatt fyrir refabændur? Hann neitaði að borga á þessa búgrein eins og hann hefði gert á aðrar atvinnugreinar sem voru líkt staddar. Þannig er nú staðið á þeim sem eru úti á landsbyggðinni og eru í erfiðleikum. Það er ekki sama hver á í hlut. Menn eru ekki eins fyrir lögunum eða réttlætiskennd fjmrh. og hæstv. ríkisstjórnar.

Það hefur komið fram í ræðum, sérstaklega hæstv. menntmrh. hér áðan, að hún væri ekki beysin þessi stjórnarandstaða. Hvernig eru stjórnarflokkarnir? Hvernig hafa þeir efnt þau fyrirheit sem þeir gáfu fyrir kosningar? Það væri gaman að heyra hv. þm. sem hér eiga eftir að tala koma svolítið inn á þau málefni. Hvernig er ástandið, hæstv. sjútvrh., á Austurlandi? Er hann hættur að heyra hljóðið í mönnum þar?

Nei, það er ekki vanþörf á því að fá umræður um þessi mál á hv. Alþingi og hefur sannarlega komið í ljós að stjórnarliðið getur ekki náð saman nema um mjög fáa hluti og stendur nú frammi fyrir því að koma ekki málum fram og ætlar að senda þingið heim til þess að geta gefið út brbl. eftir að þingið er komið heim, ekki vegna stjórnarandstöðunnar einnar heldur vegna sinna eigin manna.

Ég mun fylgjast með hvernig verður tekið á þeim málum sem Framsfl. samþykkti á sínum miðstjórnarfundi. Er þetta ein sápukúlan enn? Er þetta ein samþykktin til að þagga niður í sínum mönnum og verður svo ekkert við þetta staðið? Ef marka mætti orð hæstv. fjmrh. er ekki líklegt að náist þar saman, jafnvel þótt fjmrh. hafi gefið sjútvrh. heldur betur vel fyrir síðasta laugardag í Alþýðublaðinu þar sem hann segir að hann hafi verið fyrst og fremst sín stoð og stytta í þeim kerfisbreytingum sem var komið á. Það er vitnisburður sem ég hefði ekki viljað fá.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Við erum stödd á hinu háa Alþingi í kvöld til að ræða saman í áheyrn þjóðarinnar um það ástand sem nú blasir við í þjóðmálum. Við alþýðubandalagsmenn lítum það svo alvarlegum augum að við höfum ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum borið fram tillögu um vantraust á ríkisstjórnina. Hvað liggur að baki slíkum tillöguflutningi? Er þetta pólitískt áróðursbragð eða liggur annað og meira að baki honum? Væri okkur engin alvara hlyti næsta spurning að verða: Ber að taka stjórnmál og stjórnmálamenn alvarlega eða er Alþingi aðeins leikvangur hégómans? Kæmust menn að þeirri niðurstöðu að svo væri er illa komið fyrir þessari þjóð og ýmislegt sem hér hefur verið sagt í kvöld gæti svo sannarlega rennt stoðum undir þá niðurstöðu.

Hér hafa menn talað eins og þeir hafi lausn allra mála í hendi sér í nútíð og framtíð ef einhverjir aðrir tækju ekki fram fyrir hendur þeirra. Í málflutning þeirra vantar hins vegar átakanlega hvað þeir ætla að leysa. Það vantar nefnilega hugmyndina um hvernig það samfélag á að vera sem þeir vilja vinna að og fyrir hverja það samfélag á að vera. Sú hugmynd er forsenda alls þess starfs sem fram fer á hinu háa Alþingi og án hennar er það starf unnið fyrir gýg.

Þeir sem hafa mótað sér hugmynd að æskilegu samfélagi byggja hana á lífsviðhorfi sínu, siðferðiskennd sinni og skynsemi sinni. Stjórnmálastarf felst í því að komast eitthvað áleiðis að því marki sem menn sækjast eftir og um það takast menn á, um það hafa menn skipað sér í flokka til að vinna málstað sínum fylgi.

Flest fólk er sammála um að skynsamlegt sé að reka þjóðfélagið sameiginlega að verulegu leyti og til þess hefur það kosið sér fulltrúa, þ.e. okkur alþm. Það er því blekking að nokkur einstaklingur sem tekið hefur þátt í kosningum sé ópólitískur eins

og menn státa oft af.

Með því að kjósa hefur einstaklingurinn tekið pólitíska afstöðu og ber því fulla ábyrgð á því samfélagi sem unnið er að hverju sinni. Það er ekki tilviljun að orðið „pólitík“ er alþjóðlegt orð yfir stjórnmál. Það dregur nafn sitt af gríska orðinu „polis“ sem þýddi borgríki. Stjórnmál eru það að reka þjóðríkið. Þess vegna ætti ekkert að vera fólki kærkomnara en að fá tækifæri til að hlýða á okkur ræða þau mál, sem alla óumdeilanlega varða, heilt kvöld í útvarpi og sjónvarpi.

Þeir Íslendingar sem sitja nú heima og nöldra yfir því hvað við séum leiðinleg og hefðu heldur kosið að horfa á eitthvert fólk úti í heimi veltast um í illskiljanlegu ástafari eða gera hvert öðru allt það til miska sem það framast má í stað þess að hlusta á hvað verið er að gera við eigin raunverulegt líf þeirra er að afsala sér þeim grundvallarmannréttindum að hafa áhrif á eigið líf og þá fyrst verður lífið leiðinlegt, svo leiðinlegt að ekki einu sinni leiðinlega fólkið í Dallas og Dynasty getur drepið þeim leiðindum á dreif.

En hvers vegna þykir fólki stjórnmálaumræða leiðinleg? Sennilega af því að hún fjallar um raunveruleikann og hann er ekki alltaf skemmtilegur. Íslenskur veruleiki er mörgum erfiður nú um stundir og það er ósatt sem hér hefur verið sagt um ástæður þess.

Íslendingar eru meðal ríkustu þjóða heims og afla meiri verðmæta en flestar þjóðir aðrar. Það er því hvorki siðferðilega rétt né skynsamlegt að skipta þessum auðæfum á þann hátt sem gert er. Þetta á fólk að fá að vita og það er rétt til að hlusta. Vita menn t.d. að fjárfesting í verslunarhúsnæði og skrifstofum var árið 1987 3,2 milljarðar eða 44% af því fjármagni sem varið var til byggingar íbúðarhúsnæðis? Árið 1985 var hlutfallið 34%, árið 1986 44% eins og nú. Af þessu sjá menn að hlutfall verslunarhúsnæðisins hækkar óðfluga.

Vissu verslunarmenn, sem nú standa í verkfalli, eða það fólk sem hvergi fær húsnæði um þessa 3,2 milljarða sem eytt var á síðasta ári í verslunar- og skrifstofuhúsnæði? Finnst því þetta eðlileg meðferð á fjármunum þjóðarinnar? Treystir það þessari ríkisstjórn eða vill það skrifa undir vantraust á hana? Svari hver fyrir sig. Vita menn að fjárfesting í fiskvinnslufyrirtækjum var 1,6 milljarðar árið 1987? *Á sama tíma töldu menn sig ekki geta greitt* fiskvinnslufólki mannsæmandi laun.

Áreiðanlega vissu menn ekki að tæpir 5 milljarðar fóru í fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði og fiskvinnslufyrirtæki á sama tíma og 7,2 milljarðar fóru til byggingar íbúðarhúsnæðis sem fólk er að sligast undir eða missa aftur vegna þess að sameiginlegir sjóðir greiða tap fyrirtækjanna á óarðbærri fjárfestingu, en fólkið verður sjálft að standa undir lánaokrinu á húsnæðislánunum sínum.

E.t.v. segja þessar tölur fólki ekki mikið, en til samanburðar skulum við líta á samfélagsþjónustuliðina. Þá hættum við að tala um milljarða. Þar nægir að tala um milljónir.

Á þessu ári leggur ríkið fram 60 millj. til byggingar dagvistarstofnana, þjóðin sem eyddi 3,2 milljörðum á verslunarhúsnæði á síðasta ári. Til byggingar húsnæðis fyrir aldraða fara á þessu ári 160 millj. Til Framkvæmdasjóðs fatlaðra 180 millj. Til byggingar grunnskóla 335 millj. Til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 656 millj. Þjóðin sem eyddi 3,2 milljörðum í verslunarhúsnæði árið 1987 *ætlar að setja 1,4 milljarða í byggingu heil*brigðisstofnana, húsnæði fyrir aldraða og öryrkja, dagvistarstofnanir og grunnskóla samanlagt.

Vilja menn að þannig sé farið með fjármuni þjóðarinnar eða eru þeir tilbúnir að skrifa undir vantraust á þessa ríkisstjórn? Um það er verið að ræða hér í kvöld og menn verða að leggja á sig að hlusta. Þeir sem eru í húsnæðishraki, þeir sem draga ekki fram lífið á launum sínum, fólk sem hvergi kemur börnunum sínum á dagvistarstofnun, fólk sem stendur uppi ráðalaust með fársjúk gamalmenni sem hvergi er rúm fyrir, þeir sem ekki fá sæmandi þjónustu fyrir fötluðu börnin sín, þeir sem eru í námi sem ekki er metið til lána, því síður til launa, — þetta fólk er skyldugt til að hlusta. Það á að vita hvert peningarnir þess fara.

Þeir sem liggja andvaka út af næstu afborgun af íbúðinni sinni eiga að vita að 321 millj. fór til greiðslu lokaáfanga húss Seðlabankans. Innansleikjurnar urðu 321 millj., andvirði 100 íbúða af þeirri stærð sem sárast vantar handa unga fólkinu sem er að hefja heimilisrekstur, hæstv. fjmrh. Hér í Reykjavík ætla þau öfl sem þjóðmálum ráða að nota 2 milljarða í ráðhús og veitingahöll á hitaveitugeymunum. Treysta menn þessum stjórnmálaflokkum eða vantreysta þeir þeim? Við alþýðubandalagsmenn vantreystum þeim. Við vantreystum þeim vegna þess að þeir hafa enga mótaða hugmynd um það samfélag sem við viljum lifa í, í góðu og réttlátu samfélagi við annað fólk.

Við höfum áhyggjur af aðbúnaði barna í landinu sem eru ein heima stóran hluta dagsins án samneytis við fullorðið fólk. Við óttumst hver áhrif það hefur á tungutak þeirra og almenna velferð að vera falin eigin forsjá á allt of ungum aldri. Við höfum á tveimur þingum barist fyrir embætti umboðsmanns barna sem gæta skuli hagsmuna barna þessa lands. En aðeins hinir fullorðnu hafa fengið umboðsmann. Þeir sem geta sent inn skrifleg erindi sem á hefur reynt fyrir æðstu stofnunum þjóðfélagsins hafa fengið umboðsmann Alþingis í sína þjónustu. Börnin fá líklega engan umboðsmann á þessu þingi fremur en hinu síðasta. Þessi þriðjungur landsmanna, sem eru börn undir 15 ára aldri, eru annars flokks fólk.

Við höfum áhyggjur af hinum öldruðu sem búa við einmanaleika og umhirðuleysi. Við erum óttaslegin yfir skýrslum lækna um andlegt og líkamlegt heilbrigði þjóðarinnar sem líður fyrir fjárhagsáhyggjur og allt of langan vinnudag. Við höfum efni á að hafa þetta á annan veg. Við skelfumst ástandið í byggðum landsins þar sem fólk býr við fjárhagslegt,

menningarlegt og félagslegt misrétti meðan sameiginlegum sjóðum landsmanna er sóað í óarðbærar fjárfestingar, bæði þar og hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Við berum ugg í brjósti um menningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið sem hefur borið uppi þjóðmenningu okkar um áratuga skeið á nú í vök að verjast. Við höfum flutt tillögur um eflingu Ríkisútvarpsins sem andsvar við erlendri lágkúru sem nú hellist yfir okkur og ekki síst börnin okkar sem eiga fárra annarra kosta völ til afþreyingar.

Við höfum barist gegn sköttum á mat og menningu og taumlausri vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. En við höfum ekki þingstyrk. Þið treystuð öðrum betur en okkur, góðir hlustendur.

Við alþýðubandalagsmenn höfum ekki ráð við öllu. Við erum ekki spámenn sem sjá inn í framtíðina í öllum atriðum. En við höfum tiltölulega ljósa hugmynd um hvernig samfélagi við viljum lifa í. Við þykjumst hafa þá siðferðiskennd til að bera að þola ekki það misrétti og ranglátu tekjuskiptingu sem viðgengst í þessu auðuga þjóðfélagi okkar. Við viljum lifa saman í réttlátu og heilbrigðu þjóðfélagi og skila landi og þjóð til komandi kynslóða þannig að til framfara geti talist, ekki aðeins af siðferðislegum ástæðum heldur teljum við það einnig skynsamlegt.

Menning er það að gera hluti vel, var sagt á ráðstefnu um íslenska menningu á síðasta ári. Við alþýðubandalagsmenn teljum að það sé bæði rangt og óskynsamlegt að gera hluti illa. Þess vegna vantreystum við þessari ríkisstjórn og það hljótið þið að gera líka, góðir landsmenn. Í okkar þjóðfélagi verða stjórnmál og stjórnmálamenn skemmtilegir og gagnlegir og enginn mun sakna Dallas eða Dynasty fyrir kvöldstund með okkur. Góðar nætur.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég dreg á engan hátt úr því að við Íslendingar stöndum nú sem þjóð á vegamótum eins og oft áður. Það er einkenni okkar litla samfélags að vera viðkvæmt fyrir ytri sveiflum. Það er veikleiki okkar og um leið styrkur. Það hefur kennt okkur bjartsýni og efld athafnaviljann í góðærinu. Það hefur þroskað með okkur skilning á því að harðæri til sjávarins verður ekki umflúið heldur þýðir það í mæltu máli að við verðum að fara okkur hægar. Við getum ekki í svipinn ráðist í að gera allt það sem við höfðum ætlað okkur og töldum okkur geta gert.

Að þessu leyti svipar hinu íslenska þjóðfélagi til náttúruaflanna. Það á að kenna okkur að hugsa sjálfstætt og draga ályktanir af því sem er að gerast í kringum okkur, að þjóðin, eins og einstaklingurinn, er sinnar gæfu smiður. Það er enginn vafi á því að þetta nábýli við náttúruna mótar mjög skaphöfn okkar Íslendinga, gerir okkur að einstaklingshyggjumönnum en hefur forðað okkur frá því að verða múgsálir. Ég hef stundum látið mér detta í hug að það sé þessi sérstaða okkar sem þjóðar sem á hvað ríkastan þáttinn í velgengni okkar Íslendinga.

Til þess að átta sig á þeim straumhvörfum sem nú eru í þjóðfélaginu er nauðsynlegt að hverfa tvö ár aftur í tímann. Þorsteinn Pálsson hafði nýtekið við embætti fjmrh. og við fundum það undir eins að andrúmsloftið varð annað í þjóðfélaginu en áður. Skyndilega höfðu skapast skilyrði til að byggja upp gagnkvæmt trúnaðartraust milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda sem gerði febrúarsamkomulagið mögulegt, en þar var áhersla lögð á eftirfarandi atriði:

1. Hækkun kaupmáttar lægstu launa.
2. Hjöðnun verðbólgu.
3. Stöðugleika í gjaldeyrismálum og aukið frjálsræði í viðskiptum, þar á meðal í vaxtamálum.

Árangurinn lét ekki á sér standa. Góðærið sem á eftir kom nýttist okkur til fulls og fór út til þjóðarinnar með því að lífskjör allra í landinu bötnuðu meira en áður eru dæmi um í sögu okkar Íslendinga. Það er því algerlega rangt þegar því er haldið fram að þjóðin hafi ekki notið góðærisins með hærri rauntekjum.

Sannleikurinn er þvert á móti sá að við hljótum nú að velta því fyrir okkur þegar aftur kreppir að hvernig á því standi að viðnámsþróttur fyrirtækjanna skuli ekki vera meiri en hann sýnist vera.

Við hljótum að velta því fyrir okkur m.a. hvort ekki sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða í skattamálum sem hafi það að markmiði að draga úr sveiflum í útflutningsgreinum.

Við hljótum að benda á að aukið frjálsræði í gjaldeyrismálum er til þess fallið að styrkja stöðu útflutningsfyrirtækjanna.

Þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða — og þær hef ég oft heyrt hér í kvöld — er ekki vafi á því að fyrir landsbyggðina er það sérstaklega þýðingarmikið að hér verði áfram rekin efnahagsstefna sem byggir á stöðugleika í gjaldeyrisviðskiptum og hjaðnandi verðbólgu. Sumir hafa viljað kalla þetta fastgengisstefnu og gert sér mat úr því að á s.l. hausti fór að síga á ógæfuhliðina hjá sjávarútveginum. Á þessum sömu mönnum er ekki annað að skilja en það eigi að vera áskapað okkur Íslendingum að búa við óðaverðbólgu og að jafnvægi í efnahags- og peningamálum sé af hinu illa.

Sannleikurinn er þvert á móti sá að sjávarútvegurinn gat lengi vel staðið undir vaxandi byrðum, meiri kaupmætti til þeirra sem við hann unnu auk þess sem þjónustugreinar sjávarútvegsins tóku meira til sín en áður. En þegar ytri skilyrðin breyttust til hins verra, aflabrögð drógust saman og verðfall varð á erlendum mörkuðum gat auðvitað ekki gengið að innlendu kostnaðarhækkanirnar héldu áfram sitt strik.

Þetta vitum við öll sem tökum þátt í þessum umræðum. Við skulum ekki smækka okkur með því að deila um það, heldur skulum við hugleiða hitt, hvernig við getum búið svo að útflutningsgreinum okkar, einkum sjávarútveginum, að þær geti staðið undir því þjóðfélagi menningar og velferðar sem við viljum lifa við hér í okkar litla landi.

Ég vona að mér leyfist að setja dæmið þannig upp þegar ég tala um sjávarútveginn, að hann sé millilið-urinn milli fisksins í sjónum og neytandans erlendis. Þessi milliliður er eins og aðrir milliliðir að því leyti að hlutverk hans er að ná sem hæstu verði erlendis borið saman við tilkostnað, í stuttu máli, ná upp verðinu en halda niðri kostnaðinum.

Við erum nú í þeim ógöngum að afkastageta fiskiskipastólsins er kannski 30% meiri en þörf er á. Við höfum náð samkomulagi um reglur sem eiga að koma í veg fyrir frekari stækkun flotans en heimila þó vissa endurnýjun. Ýmis byggðarlög úti á landi standa frammi fyrir erfiðleikum vegna hráefnis-skorts sem ekki er hægt að bæta úr nema taka frá öðrum. Á sama tíma höfum við dæmið um hvernig hömlulaus og skipulagslaus útflutningur á ferskum fiski til Englands hefur skaðað hagsmuni okkar. Við höfum líka dæmið um það hvernig fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa skilar hámarksafrakstri *en selur þó ekki ugga óunninn úr landinu.*

Við höfum nú tvö ár til að endurmeta fiskveiði-stefnuna. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að *hafa það sterklega í huga hvernig unnt sé að* samræma veiðar og vinnslu þannig að við sköpum sem mest verðmæti úr þeim afla sem dreginn verður að landi. Þessi skoðun mín er byggð á þeirri grundvallarhugsun að við Íslendingar eigum nú að endurmeta með hvaða hætti við getum gert sem mest verðmæti úr náttúrlegum auðlindum landsins. Ég horfi til fiskimiðanna og ég horfi til þeirrar orku sem rennur óbeisluð til sjávar eða rýkur upp í loftið. Ég hugsa til fiskeldis og ferðamannaþjónustu, til alls þess sem landið gefur af sér. Við sjálfstæðismenn höfum jafnan lagt áherslu á að heilbrigð byggða-stefna geti ekki staðist nema vel rekin fyrirtæki skili arði þannig að festa sé í atvinnulífinu og fólkið finni sig öruggt. Sú efnahagsstefna sem fylgt hefur verið byggir á þessum forsendum.

Ég hef hins vegar heyrt það hér í kvöld að ýmsir hv. þm. stjórnarandstöðunnar segja að svo sé ekki. Þeir segja að atvinnufyrirtækin séu að stöðvast en halda því um leið fram að hægt sé að hækka launin verulega með lögum. Þetta er trúlegur málflutningur eða hitt þó heldur, enda vel við hæfi að formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, skuli hafa riðið á vaðið í *Morgunblaðinu í morgun. Hann hefur af* mikilli reynslu af moða. Við munum eftir 1978. Þá voru vígorðin „Kosningar eru kjarabarátta" og „Samningana í gildi". Í vinstri stjórn sem á eftir kom fékk Alþb. sitt tækifæri til að skipa launum með lögum og gerði það líka, en ekki í eitt einasta skipti til hækkunar. En hins vegar 13, 14 eða 15 sinnum til lækkunar launa, til að rýra kaupmáttinn, ekki síst þeirra sem minnst máttu sín. Ég átti því ekki von á því að alþýðubandalagsmenn mundu aftur leggja upp með löggildingu lágmarkslauna í farteskinu. Þeim trúir ekki nokkur maður og allra síst þeir sem lægstu launin hafa.

Hitt liggur aftur fyrir að í síðustu kjarasamningum var frá því gengið að sérstök áhersla yrði lögð á hækkun lægstu launa. Það var yfirlýst markmið vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar. Eftir sem áður varð mjög mikið launaskrið í landinu og ég hygg að við flestir Íslendingar séum sammála um að launamismunurinn sé of mikill hér á landi. Það byggist m.a. á því að hver ber sig saman við annan. Af því að verðbólguhugsunarhátturinn er rótgróinn í landinu er sterk tilhneiging til þess að slíkar víxl-hækkanir innan þjónustugeirans skekki launamynd-ina í heild og gangi síðan út yfir þjóðfélagið allt. Það eru innlendar kostnaðarhækkanir af þessum toga sem okkur Íslendingum hefur gengið illa að hemja.

Nú get ég aftur á móti ekki sagt við alþm. Kvennalistans það sama og við alþm. Alþb.: Sporin hræða. En ég segi við þá í staðinn, ekki síst vegna velgengni þeirra í skoðanakönnunum undanfarið: Hvað er í pokanum? Hvers vegna opnið þið hann ekki og leyfið okkur að sjá ofan í hann úr því að þið þykist vita betur og hafa öll ráð í ykkar höndum?

Þórhildur Þorleifsdóttir sem hér talaði áðan talaði með mikilli fyrirlitningu um alvörustjórnmálamenn og hafði stóryrði um illar hvatir þeirra manna sem *nú eiga sæti í ríkisstjórn og þeirra manna sem henni* fylgja að málum. Hún minntist lauslega á lagafrv. Kvennalistans um lágmarkslaun en forðaðist eins og *heitan eldinn að segja hvernig það væri hugsað.* Hún svaraði ekki spurningum eins og þessum: Hver á að vera hlutur fiskverkakonunnar borið saman við kennarann? Hver er hlutur læknisins borið saman við sjúkraliðann? Hver er hlutur leikstjórans borið saman við sjómanninn?

Það dugir ekki að láta eins og þessum spurningum þurfi ekki að svara. Kvennalistinn verður krafinn um svör, ekki endilega í kvöld. Ég ætlast ekki til þess að þm. Kvennalistans hafi hugsað þessi atriði öll út í hörgul svo þau liggi fyrir nú. En ég ætlast til hins, að þegar Alþingi kemur saman í haust — ég tala nú ekki um fyrir næstu kosningar — hafi alþm. Kvennalistans opnað pokann sinn og sýnt kjósend-um ofan í hann. Það gengur ekki að flokkur, sem mesta fylgið hefur í skoðanakönnunum og hrósaði sér af því fyrir síðustu kosningar að hann ætlaði að gera hreint hjá gömlu flokkunum, ætli sér nú að komast upp með að gera ekki hreint fyrir sínum eigin dyrum.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti, góðir áheyrendur. Þegar átrúnað-argoð kallar út til fólksins: „Róm brennur!", þá leggur fólkið að sjálfsögðu við hlustir og skelfist. Það bíður næsta merkis frá goðinu, hvað það hyggist gera, hvernig það hyggist ráða niðurlögum eldsins. En það heyrist ekkert frá goðinu, hvorki hósti né stuna. En fólkið þykist vita ástæðu þess. Goðið hlýtur að vera erlendis í mikilvægum erindagerðum og einkaviðræðum.

En fljótlega kemur í ljós að svo er ekki að þessu sinni. Aldrei þessu vant er goðið statt í heimalandi sínu og skilur ekkert í því hversu glatt Róm logar þó að það hafi sjálft staðið að íkveikjunni. En þegar

neyðin er stærst er hjálpin næst. Á vettvang kemur eigandi Íslands, hæstv. fjmrh. Hann er ekkert að tvínóna við hlutina frekar en fyrri daginn og hefur þegar slökkvistarf og skvettir án afláts olíu á eldinn og skilur ekkert í því að slökkvistarfið virðist ganga seint og illa og að sífellt magnast eldurinn. Goðið sér hins vegar að hér er komið í hið mesta óefni og þvertekur nú fyrir það að hann eða hans menn eigi nokkurn þátt í brunanum. Hann hafi verið erlendis, enginn hafi talað við hann o.s.frv.

Svona er nú sandkassaleikur ríkisstjórnarinnar. Svona taka þeir á vandamálum þjóðarinnar. Um allt þjóðfélagið loga eldar þessa dagana og alls staðar er sömu aðferð beitt við slökkvistarfið, að skvetta olíu á eldinn.

En hvar er æðsti prestur, hæstv. forsrh., þegar allar þessar hörmungar eru að ríða yfir þjóðfélagið? Hann situr í sínum fílabeinsturni með hendur í kjöltu og aðhefst ekkert, er sennilega með hugann hjá Reagan. Er nema von að stjórnarandstaðan reyni að forða þjóðinni frá þeim örlögum sem hennar hljóta að bíða ef þessir menn eru öllu lengur við stjórnvölinn? Ég get ekki treyst svona vinnubrögðum og því lýsi ég vantrausti á þessa ríkisstjórn. Ég tel mér það skylt.

Á þingi eru fjórir stjórnarandstöðuflokkar og eru þeir um margt mjög ólíkir. En um eitt eru þeir þó sammála: Að ríkisstjórnin er ekki á réttri leið. Meiri ófriður hefur ríkt á vinnumarkaðinum en um langt árabil. Eitt stærsta launþegasamband landsins er í verkfalli vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar ef marka má orð formanns VR, Magnúsar L. Sveinssonar, sem jafnframt er æðsti maður Sjálfstfl. í Reykjavík sem forseti borgarstjórnar. Hann sagði að verkfall þetta væri svar fólksins við álagningu hins hörmulega matarskatts. Sjálfsagt er það rétt hjá honum, enda er matarskatturinn einhver lágkúrulegasta árás sem gerð hefur verið á allan almenning hér á landi frá upphafi byggðar.

Það eru falsrök ein að álagning matarskatts sé nauðsynleg vegna komandi virðisaukaskattskerfis. Það er ekkert sem segir að í virðisaukaskattskerfi rúmist ekki fleiri skattþrep en eitt, enda þekkist það víða um heim að þjóðir noti jafnvel allt upp í sex skattþrep.

Við borgaraflokksmenn börðumst af krafti gegn matarskattinum og munum halda þeirri baráttu áfram við umræðurnar um virðisaukaskattinn og leggja fram brtt. við það frv. er gerir ráð fyrir tveim skattþrepum, þ.e. einu lágu þrepi á matvæli og helstu nauðsynjavörur og síðan háu þrepi á aðrar vörur. Ég mun ekki samþykkja frv. eins og það er í dag með einni flatri skattprósentu upp á 22%.

Meginvandamál íslensku þjóðarinnar á árinu 1988 er ríkisstjórnin. Við finnum það öll, t.d. á heimilisreikningum. Við finnum það og sjáum að íslenskur iðnaður er að líða undir lok. Við verðum fljótlega að fletta upp í Öldinni okkar til að fræðast um íslenskan iðnað. Við horfum upp á sjávarútveg og fiskvinnslu lepja dauðann úr skel. Við heyrum neyðaróp landsbyggðarinnar. Við heyrum neyðaróp húsbyggjenda, námsmanna, atvinnurekenda, kennara, starfsstétta heilbrigðisþjónustunnar o.fl. Við búum við vaxtaófreskju og lánskjaravísitölu sem alla er að drepa. Er því nema von að spurt sé hvað ríkisstjórnin ætli að gera? Er nema von að lýst sé yfir vantrausti á ríkisstjórnina þegar í ljós kemur að hún er gjörsamlega úrræðalaus og ræður sýnilega ekkert við vandann?

Hvernig er hægt að ætlast til að þessi ríkisstjórn geti leyst nokkurn vanda þegar hver höndin er upp á móti annarri? Þeir geta ekki lagt fram minnstu mál án þess að allt leiki á reiðiskjálfi á stjórnarheimilinu. En þeim líður vel í stólunum og þeim sleppa þeir ekki hvað sem tautar og raular. Þeir úthúða hvor öðrum úti í þjóðfélaginu, í fjölmiðlum og alls staðar þar sem þeir því við koma, enda löngu búnir að glata trausti hver til annars, ef það var þá nokkurn tíma til staðar.

En það sem verst er er að ríkisstjórnin hefur glatað trausti þjóðarinnar. Er þá ekki kominn tími til að víkja eða í það minnsta að líta í eigin barm og spyrja sjálfan sig: Hvar hefur okkur mistekist, hvað er til ráða?

Það er hægt að tína til svo ótalmargt sem þessi ríkisstjórn hefur kynnt sem stefnu sína en ekki staðið við, eins og t.d. fastgengisstefnuna sem er að verða einhver merkilegasta fastgengisstefna sem upp hefur verið fundin, þ.e. að gengi skuli haldið föstu á milli gengisfellinga. Hér eru miklir galdramenn á ferðinni.

Það eina sem þessi ríkisstjórn virðist vera með hugann við fyrir utan gengisfellinguna, sem virðist því miður óumflýjanleg, er hvernig og hvaða nýja skatta hún geti fundið upp til að leggja á fólkið í landinu. Önnur eins skattpíningarstjórn hefur aldrei setið við völd á Íslandi. Þessi ríkisstjórn hefur hækkað skatta frá síðasta ári um langt yfir 20 milljarða króna, yfir 50%. Samt reyna þessir ágætu herrar að telja fólki trú um að það komi ekkert við budduna, að það hafi engin áhrif á kaupmátt þess, að 5–15% hækkun launa dekki þessar auknu álögur fullkomlega að ógleymdum þeim gífurlega auknu barnabótum — eða hitt þó heldur — sem nú eru greiddar. Þær hafa aukist það mikið að það jaðrar við að vera merkjanlegt.

Halda ráðamenn virkilega að Íslendingar sjái ekki í gegnum svona? Auðvitað sér fólkið í gegnum þetta og það mótmælir. Það lætur ekki bjóða sér upp á slíka meðferð. Þess vegna er slík ólga í þjóðfélaginu sem raun ber vitni.

Þessi ríkisstjórn felldi nýlega gengið um 6% til þess m.a. að ná niður gífurlegum viðskiptahalla sem var fyrirsjáanlegur, um 13 milljarða kr. á árinu. Með gengisfellingunni töldu þeir sig ná hallanum niður í u.þ.b. 10 milljarða á þessu ári. En hver er staðreynd málsins? Viðskiptahallinn er talinn geta orðið allt að 20 milljarðar. Þar með slær þessi ógæfusama ríkisstjórn enn eitt metið sem þó heitir þjóðinni hallalausum viðskiptum við útlönd í stefnuskrá sinni.

Nú er svo komið að senda á þingið heim áður en gengið hefur verið frá allmörgum aðkallandi málum. Talað er um að þingslit geti orðið upp úr viku af maí. Af hverju skyldi það vera gert? Það er gert vegna þess að forsrh. hefur engin tök á þinginu. Hér á ég ekki við ótuktarlega stjórnarandstöðu. Hér á ég við hina almennu stjórnarliða, ekki síst úr flokki forsrh. sjálfs. Þeir eru ódælir sumir og lái þeim það hver sem vill. Sjálfstfl. er sem stjórnlaust rekald, tvístraður hist og her.

Alþfl. hefur hins vegar sýnt og sannað að hann hefur gersamlega glatað rétti sínum til að kenna sig við alþýðu og jafnaðarmennsku, hafi hann einhvern tíma haft þann rétt. Hjá þeim gildir aðeins hroki, yfirgangur og skeytingarleysi um náungann og sannar málflutningur þeirra fulltrúa það vel hér í kvöld.

Framsfl. er hins vegar í sárum eftir mikla vindverki undanfarið og læðist nú með veggjum eftir frumhlaup flokksins um síðustu helgi. Þá stóð öll þjóðin á öndinni af eftirvæntingu eftir afgerandi úrræðum flokksins þjóðinni til bjargar. En alveg eins og aðrir er kenna sig við töfra var hér aðeins um sjónhverfingar að ræða.

Tímans vegna hef ég því miður orðið að stikla á stóru og ekki getað sagt nema brot af því sem mér býr í brjósti. Ég hef t.d. ekki getað farið yfir þessa sönnu lygasögu er ber nafnið „Stefnuyfirlýsing og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar". Ég ætla hins vegar að ljúka ræðu minni með því að lesa 1. mgr. í stefnuyfirlýsingunni og láta síðan áhorfendum eftir að dæma um hvernig ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hefur tekist upp. 1. mgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur hafa náð samkomulagi um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Helstu verkefni ríkisstjórnar verða að stuðla að jafnvægi, stöðugleika og nýsköpun í efnahags- og atvinnulífi, bæta lífskjör og draga úr verðbólgu."

Nú spyr ég ykkur, áheyrendur góðir: Hefur eitthvað af þessu tekist? Svari nú hver fyrir sig. Ég þekki einn ágætan Íslending sem mundi kalla þetta skrökulygi.

Herra forseti. Ég lýsi vantrausti á ríkisstjórnina.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Oft hefur syrt í álinn um hagstjórn hér á landi þó að sjaldan hafi horfur verið jafnhrikalegar sem nú. Hæstv. fjmrh. lætur gjarnan að því liggja að meginástæðan sé illur arfur frá fyrri ríkisstjórn. Að vísu er það rétt að ýmislegt gerðist á s.l. ári sem jók mjög á þenslu sem og verðbólgu og stefndi árangri af fastgengisstefnunni í tvísýnu svo að ekki sé meira sagt. Ríkissjóður var þá rekinn með halla, erlendar lántökur heimilaðar ótæpilega og kynt undir botnlausri spennu á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með algeru aðhaldsleysi á peningamarkaði og tilheyrandi launaskriði.

En minnumst þess hvaða stjórnmálaöfl báru öðrum fremur ábyrgð á því ástandi sem hér um ræðir. Ríkisstjórnin missti meiri hlutann í kosningunum, en var engu að síður endurreist með tilstyrk Alþfl.

Það sem síðan hefur helst á dagana drifið er þetta: Aukin skattheimta þegar á s.l. sumri sem enn frekar var fylgt eftir við fjárlagaafgreiðsluna um áramótin. Þar ber matarskattinn hæst. Eitthvert ranglátasta tiltæki til óþurftar þeim efnaminnstu sem sögur fara af, enda pólitískt slys, segja jafnvel stjórnarsinnar í hálfum hljóðum.

Að þessum skattkerfis- og tollabreytingum slepptum auk framlengingar fiskveiðikvótans liggur harla lítið eftir af starfi ríkisstjórnarinnar, enda þótt þingmeirihlutinn ætti að vera nægur. Hvorki hefur hún hreyft hönd né fót til að reisa rönd við byggðaröskuninni sem verður æ ískyggilegri með hverjum mánuði sem líður. Tillöguflutningur af hálfu stjórnarandstöðu er ýmist svæfður ellegar gerður tortryggilegur eða beinlínis snúist gegn honum. Ég minni t.d. á tillögur Borgaraflokksins í húsnæðismálum, málefnum hinna lægst launuðu og landsbyggðarinnar.

Hagsmunir landsbyggðarinnar og útflutningsatvinnuveganna fara að flestu leyti saman. Þráhyggjan í útfærslu fastgengisstefnunnar bitnar hart á öllum undirstöðuatvinnugreinunum. Engu er líkara en almættið við Arnarhól ætli að knýja fram algera breytingu á atvinnuháttum og byggð í landinu með þessum þremur tækjum í hendi sér, duglausri og sundurþykkri ríkisstjórn, lánskjaravísitölunni og blýföstu gengi. Einu virðist gilda þótt áhrifin á landsbyggðina komi fram sem sviðin jörð með sársauka og eignaupptöku.

Verðlagning peninga og vaxtaókjör eru hér einnig verulegur hluti máls. En svo langt er gengið að jafnvel sumum ráðherrunum blöskrar ástandið og taka á þann veg undir vantraustið. Fróðlegt er þannig að lesa vitnisburð hæstv. sjútvrh. um ástandið í dag er hann metur stöðu útflutningsatvinnuveganna í skjóli hornsteins stjórnarstefnunnar um fast gengi. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir skynsamir menn hljóta að sjá að slík þróun getur ekki gengið lengur. Er nú svo komið að flestöll fyrirtæki í fiskvinnslu standa frammi fyrir stöðvun næstu vikurnar. Slík þróun mundi að lokum leiða til gjaldþrots fyrirtækja um land allt, meira atvinnuleysis en við höfum áður kynnst. Ýmsir virðast aðhyllast þá kenningu að slík staða verði að koma upp til þess að augu þjóðarinnar opnist og skilningur myndist fyrir því sem gera þarf."

Þetta segir ráðherrann þegar hann lítur yfir sviðið í hópi flokkssystkina eftir 17 ára stjórnarsetu flokks síns. Ég vek sérstaka athygli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. á því að hér er ekki um nöldur stjórnarandstöðu að ræða. Hér talar samstarfsmaður ykkar í þessari ríkisstjórn um ástandið í dag.

Við hæstv. menntmrh. vildi ég gjarnan segja: Dæmisaga um frosk, ref eða forarvilpu dugar ekki í stöðu sem hér er um að tefla. Málin eru alvarlegri en

svo. En hún er nöpur, þessi hótun sem felst í áburðinum um skilningsskort hjá þjóðinni. Trúa mín er sú að almenning hér á landi hafi ekki skort skilning á skattastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Hins vegar tel ég að skattmeistararnir uppskeri nú ávöxt elju sinnar eða réttara sagt iðju sinnar í hinum illvígu vinnudeilum víða um land.

Íslendingum er vissulega mikill vandi á höndum á þessum vordægrum, enda þótt landgæðin séu óvíða betri, þjóðin vel menntuð og flestar ytri aðstæður sæmilega viðunandi. Það skortir þó eitt á sem síst skyldi í lýðræðisþjóðfélagi — samstæða og styrka ríkisstjórn. Það er einmitt þess vegna sem þessi till. til þál. um vantraust er flutt.

Vitaskuld getur 22 þm. stjórnarandstaða ekki vænst þess að fella stjórnina nema hún springi innan frá, sem gerist að vísu nánast daglega í hverju málinu á fætur öðru. Engu að síður er það skylda stjórnarandstöðu á hverjum tíma að gegna hlutverki sínu af heilindum og gagnrýna af festu. Stjórnarandstaðan stóð saman sem órofa heild gegn skattránsstefnunni eins og hún var fram knúin um áramótin. Þar lét Borgaraflokkurinn sinn hlut ekki eftir liggja. Ef hægar hefði verið farið í sakir af stjórnvalda hálfu þá væri e.t.v. margt auðveldara viðfangs í dag en raun er á.

En það sem mest áhyggjuefni er um störf þessarar hæstv. ríkisstjórnar er sundurlyndið og óheilindin sem virðast ríkja í þeim ranni. Jafnvel barnaleg afbrýðisemi út af smæstu atriðum sem minnstu skipta eitrar þar andrúmsloft og verður að fjölmiðlafári um fánýtið eitt. Ríkisstjórn sem lætur slíkt henda sig skortir burði til að veita þá forustu sem bæði þingi og þjóð er á nauðsyn. En verst er þó það viðhorf ríkisstjórnarinnar að þola ekki þingið að störfum þegar helst þarf á því að halda. Slík ríkisstjórn verðskuldar vissulega vantraustið eitt.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnmál eru og eiga að vera eðlilegur þáttur í lífi hvers einstaklings. Fólk skipar sér í flokka eftir pólitískum skoðunum og raunar er það að vera pólitískur ekki annað en hafa skoðun. Okkur getur svo greint á um það hvernig eigi að stjórna þessu þjóðfélagi okkar, þ.e. að svo miklu leyti sem því er stjórnað af Alþingi og ríkisstjórn.

Sú ríkisstjórn sem nú situr er sérstök að því leyti að að henni standa þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir. Ríkisstjórnin hefur því sterkan meiri hluta hér á hinu háa Alþingi og getur þess vegna og vill taka á þeim erfiðleikum sem við blasa í íslensku þjóðfélagi. Staðreyndin er sú að það er ekki til nein einföld leið, enda hafa þeir hv. stjórnarandstöðuþingmenn sem hér hafa talað í kvöld ekki notað tíma sinn til að benda á leiðir út úr vandanum, eins og maður hlýtur að gera kröfu til af flokkum sem bera upp vantraust á þá ríkisstjórn sem situr að völdum. Þjóðin hlýtur að vilja vita á hvern hátt þeir hefðu brugðist við. Það er nefnilega svo auðvelt að hrópa: Úlfur! úlfur!

Við framsóknarmenn höfum á fundi okkar nýlega rætt ítarlega um stjórnmálaástandið. Þar komu í ljós miklar áhyggjur af stöðu efnahagsmála og byggðaþróun sem raunar eru mjög tengdir þættir í þessu þjóðfélagi. Landsbyggðarfólk gerir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að undirstöðuatvinnuvegirnir hafi rekstrargrundvöll þar sem það er í nánari tengslum við þá. Þó að ég segi þetta leyfi ég mér ekki að halda því fram að nokkur hugsandi Íslendingur skilji ekki mikilvægi þess að framleiða í landinu, skapa atvinnu og afla gjaldeyris.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar mótaði þá mikilvægu stefnu í landbúnaðarmálum að komast út úr offramleiðsluvandanum en nýta það fjármagn sem skapaðist með minnkandi útflutningsbótum til að byggja upp nýja atvinnustarfsemi í sveitum. Mikil áhersla hefur verið lögð á loðdýraræktina, en því miður á refarækt í miklum erfiðleikum nú. Þeir erfiðleikar eru fyrst og fremst til komnir vegna verðlækkunar á heimsmarkaði en ekki vegna þess að íslenskir refabændur kunni ekki sitt fag. Stjórnvöld hafa gripið til aðgerða til aðstoðar þessari nýju atvinnugrein sem beinist sérstaklega að fóðurstöðvum.

Í stuttu máli má segja að stefni í jafnvægi í framleiðslu á hefðbundnum landbúnaði, en skipulagningar er þörf hvað snertir afurðastöðvar. Þær voru margar hverjar byggðar upp á þeim tíma þegar gert var ráð fyrir áframhaldandi aukningu í framleiðslu og þar af leiðandi er nýting fjárfestingar ekki sem skyldi. Þetta ásamt fleiru, m.a. breyttu fyrirkomulagi með nýjum búvörulögumn, hefur gert það að verkum að þessi starfsemi hefur átt í erfiðleikum sem ásamt samdrætti í dreifbýlisverslun bitnar hvað mest á kaupfélögunum. Ég hef miklar áhyggjur af þeirri stöðu þar sem hún er nátengd byggðaþróun í landinu.

Hvað snertir verslun í dreifbýli, þá ber fólkið þar mikla ábyrgð og hefur síðasta orðið um það hvort það vill hafa verslun í sinni heimabyggð. Það er háð því að það beini viðskiptum sínum þangað.

Ég hef fjallað nokkuð um erfiðleika landsbyggðarinnar. Við skulum þó varast að líta svo á og álykta að grasið sé alltaf grænna hinum megin við lækinn. Við höfum á landsbyggðinni ákaflega margt sem gefur lífinu gildi og tekur öðru fram sem fljótt á litið virðist glóa. Týnum því ekki meðan við veltum okkur upp úr vandanum. Það gæti verið að við fyndum það ekki aftur þegar vandamálin hafa verið leyst.

Hér hefur í kvöld verið rætt um mikinn viðskiptahalla og undir það skal tekið af minni hálfu. Við getum ekki haldið áfram að eyða svo stórkostlega um efni fram. En hvaða leiðir hefur stjórnarandstaðan, þeir sem tækju væntanlega við ef vantraust yrði samþykkt, bent á? Svarið er: Engar.

Viðskiptahallinn er of mikill. En skyldi ekki geta átt við um hann eins og fleira sem er ofarlega á baugi í umræðum manna á meðal: Orð og athafnir haldast ekki í hendur. Hvað eru t.d. margir af innkaupa-

stjórum heimilanna sem velja íslenskt vegna þess að með því séu þeir að spara gjaldeyri og skapa atvinnu? Við Íslendingar erum eyðsluþjóð. Við vöndumst því á meðan verðbólgan var sem mest og tíðar gengisfellingar að kaupa helst ekki seinna en í gær og af því höfum við átt erfitt með að venja okkur þrátt fyrir það að besta ávöxtun í heimi sé sennilega verðtryggða íslenska krónan geymd í banka. En gallinn á þessari ágætu krónu er sá að hún er of dýr fyrir atvinnulífið.

Íslenska þjóðin getur ekki lifað á því að braska með krónuna — það sem áður var kallað að stunda okurstarfsemi. Það verður að koma lögum yfir þá starfsemi, enda er að því stefnt.

Hæstv. forseti. Mér finnst það nánast tímasóun í því mikla annríki sem nú er hér á þinginu að ræða þessa vantrauststillögu, ekki vegna þess að allt sé í lagi heldur vegna þess hve lítið stjórnarandstaðan hefur lagt til málanna. Dettur einhverjum í hug að Alþb., þar sem ástandið fer síversnandi, Kvennalistinn, sem sinnir bara ákveðnum málaflokkum, Borgarafl., sem er óskráð blað og nær því sennilega ekki að verða skráð, muni á farsælan hátt leiða okkur út úr vandanum? Hæstv. forseti. Ég held ekki.

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Það steðja ýmis vandamál að okkar þjóðfélagi. Stjórnarandstaðan bregst þannig við að flytja vantraust á ríkisstjórnina. Hún hefur flutt á litlu blaði, saklausu blaði að því er virðist, till. til þál. um vantraust á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. En hvað felst í þessari till.? Það sem felst í henni er það að stjórnarandstaðan vill að þessi ríkisstjórn fari frá þegar þessi vandamál blasa við og væntanlega reiðubúin til að taka við eða a.m.k. að hluta til.

En hver er svo þessi stjórnarandstaða? Hún er á þessari till. leidd af Alþb. sem áður hefur staðið frammi fyrir vandamálum. Ég minni alþýðubandalagsmenn á það þegar þeir stóðu ásamt okkur frammi fyrir vandamálum 1982 og 1983. Þá gátu þeir ekki tekið á þeim. Hefur eitthvað breyst í þessu Alþb.? Ég held ekki. Síðastliðið vor vildu þeir ekki taka þátt í myndun ríkisstjórnar og lýstu því nánast yfir. Nú segir fyrrv. formaður flokksins að hann vilji sjá framan í þá húmorista sem halda því fram að ástandið í flokknum hafi batnað. Og hvað rekur svo þessa lest? Kvennalistinn, Borgarafl. og einn af fyrrv. þingmönnum Framsfl. sem hryggir mig að sjá í þessari lest.

Ég held að það sé alveg ljóst að þessi lest getur ekkert lagt til málanna. Það hafa þeir sýnt á þeim vetri sem er að líða. Ríkisstjórnin hefur verið að taka á margvíslegum málum. Ég nefni það að hér hefur verið samþykkt á Alþingi fiskveiðistefna sem góð samstaða var um í þjóðfélaginu. Hvað gerði stjórnarandstaðan í því máli? Hún var á móti því og reyndi að koma í veg fyrir samþykkt þess. Ríkisstjórnin lagði til að fjárlög yrðu hallalaus. Hvað gerði stjórnarandstaðan? Lagði til að verulegur halli yrði á fjármálum ríkisins. Ríkisstjórnin hefur líka komið að kjarasamningum og hjálpað til við að þeir gætu orðið. Stjórnarandstaðan hefur hvatt til þess að menn reyndu að koma í veg fyrir að kjarasamningar væru samþykktir.

Hitt er ljóst að ýmislegt er fram undan og mörg erfið verkefni eru nú á dagskrá sem ríksstjórnin þarf að takast á við. En ég held að við höfum heyrt það í þessum umræðum að til stjórnarandstöðunnar verður lítið að sækja.

Það sem einkum mun verða á dagskrá ríkisstjórnarinnar á næstunni eru vandamál útflutningsatvinnuveganna. Þar hefur margt breyst. Það hafa orðið stórstígar framfarir í sjávarútvegi á undanförnum árum og það eru þessar framfarir sem hafa getað staðið undir þeirri miklu kaupmáttaraukningu sem hefur orðið í þjóðfélaginu. Og hver er þessi kaupmáttaraukning? Frá árinu 1984 til 1987 hefur kaupmáttur kauptaxta hækkað um 31% og á sama tíma hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkað um tæplega 43%. Ég býst ekki við því að slíkt hafi gerst í nokkru öðru landi.

Auðvitað hafa skilyrði á margan hátt verið hagstæð og við höfum notið þessara skilyrða. En við höfum jafnframt gengið í gegnum breytingaskeið og sjávarútvegurinn hefur þurft að bera margt, m.a. með margvíslegri hagræðingu. Nú verður hann fyrir áföllum. Verðfall verður á afurðum og kostnaðarhækkanir hafa orðið svo miklar að hann getur ekki borið þær.

Það eru ýmsir sem halda því fram að það sé hægt að leysa þessi mál með enn meiri hagræðingu í sjávarútveginum. Ég vara við slíkum hugmyndum. Það hefur átt sér stað þar mikil breyting og ég held að þess sé ekki að vænta að sjávarútvegurinn geti staðið að því að hagræða svo í rekstri sínum að hann geti með þeim hætti tekið á sig þessi áföll.

Margt annað er að sjálfsögðu að í okkar þjóðfélagi sem við verðum að takast á við og ríkisstjórnin hefur einsett sér að gera það og mun taka næstu vikur til þess verkefnis. Ég vænti þess að stjórnarandstaðan reyni að standa með þessari ríkisstjórn í þeim aðgerðum, því þær eru nauðsynlegar þjóðinni, og ætti að nota tíma sinn í eitthvað annað en að standa fyrir slíkum umræðum eins og hér hafa farið fram í kvöld. Ef það verður hins vegar til þess að stjórnarandstaðan fái traust á sjálfri sér með slíkum umræðum er það af hinu góða.

Valdið er dreift í okkar þjóðfélagi og það eru ýmsir sem koma að málum. Það eru ekki aðeins ríkisstjórn og Alþingi. Það eru launþegar, launþegahreyfingin, vinnuveitendur, sveitarfélög og í reynd hefur sem betur fer hver einasti þegn í okkar þjóðfélagi mikið vald. Það þarf hver og einn að taka á þeim málum sem nú eru fram undan og ríkisstjórnin væntir þess að geta átt sem besta samstöðu með almenningi í landinu til að vel megi fara.

Það er vor í lofti. Það er að vísu ekki vor í lofti hjá stjórnarandstöðunni. Þar er allt svart. En það er vor í lofti yfir okkar landi og ég vænti þess að þetta vor

muni gefa okkur kraft til að taka á vandasömum verkefnum. Ég vænti þess að þetta vor gefi okkur þá samstöðu sem við þurfum á að halda. Við vildum gjarnan hafa góða samstöðu um það með stjórnarandstöðunni, en þessi umræða virðist ætla að leiða til þeirrar niðurstöðu að svo verði ekki. En þrátt fyrir allt munum við ekki leysa þessi vandamál nema í sameiningu og ég er þess fullviss að við getum það því að þrátt fyrir allt erum við Íslendingar rík þjóð sem eigum miklar auðlindir og höfum alla burði til að takast á við vandamál okkar og leysa þau með farsælum hætti.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir nokkrum dögum mátti lesa blaðaviðtal, sem oft hefur raunar verið vitnað til í kvöld, við einn af „alvöru" stjórnmálamönnum þessa lands. Sá talaði reyndar hér næst á undan mér. Þar er m.a. haft eftir honum orðrétt: „Ég eiginlega undrast það hvað Kvennalistinn kemst lengi upp með að vera í umræðunni án þess að tala um stjórnmál eins og við flestir hverjir, sem höfum starfað í þessu, lítum á þau."

Skilningsleysið drýpur af hverju orði, að ekki sé nú talað um fullvissu þessa manns að hafa það sjálfur á hreinu um hvað stjórnmál snúast. Skyldi nú ekki skýringa á lækkandi gengi gömlu flokkanna að leita í því hvernig menn skilgreina stjórnmál á þeim bæjum?

Einhvern tíma var sett fram sú skilgreining að stjórnmál væru fólgin í því að leysa vanda með því að búa til annan vanda. Sé þetta rétt verður að líta svo á að núverandi ríkisstjórn viti svo sannarlega um hvað stjórnmál snúast. Hún hefur verið fádæma lánlaus á sínum skamma ferli. Skopleg upphlaup, nöldur og nagg einkenna samskipti ráðherra og stjórnarsinna og taka upp mestallan tíma þeirra og orku. Vinnubrögðin eru slík að það heyrir til undantekninga ef stjfrv. eru vandlega unnin og jafnvel ágæt mál sem horfa til heilla fá ekki þann heimanmund að þau nái tilætluðum árangri. Slíkur er flumbrugangurinn og oftar en ekki kemur í ljós að tæpast er hægt að tala um stjfrv. því einn er móðgaður, annar dregur lappirnar og þriðji þvær hendur sínar.

Ágreiningur um lausnir veldur því að ekki er tekið á vandamálum fyrr en í algjört óefni er komið. Mánuðum saman horfa menn á gengisstefnu og eyðslustefnu grafa undan þeim atvinnugreinum sem þjóðfélagið hvílir á. Ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar annað veifið og felast helst í því að taka aftur fyrri ráðstafanir. Vandinn vex úr öllum viðráðanlegum böndum og oftar en ekki koma aðgerðir harðast niður á þeim sem bera þyngstar byrðar fyrir. Um það geta stjórnarflokkarnir helst sameinast í sundurþykkju sinni.

Láglaunastefnan er orðin trúaratriði og ríkisstjórnin er haldin þeim misskilningi að það megi bæta kjör lágtekjufólks með því að taka af því aukna skatta og skila síðan broti af þeim til baka í bótaformi. Slík eru vinnubrögð og úrræði þeirra sem telja sig eina vita um hvað stjórnmál snúast.

Við höfum nú hlustað á ræður stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga til skiptis í drjúga stund og vafalaust finnst mörgum hlustandanum hann litlu eða jafnvel engu nær. Fullyrðingarnar eru á sterku nótunum. Flest er sett fram í svörtu og hvítu. Ásakanir ganga á víxl. Stjórnarandstæðingar saka ríkisstjórnina um óstjórn og úrræðaleysi. Stjórnarsinnar saka okkur um ábyrgðarleysi. Ásökunum um ábyrgðarleysi, svartagallsraus og kjarkleysi vísa ég beint heim til föðurtúna. Kvennalistakonur leggja metnað sinn í það að taka málefnalega afstöðu í öllum málum, ekki bara sumum málum eins og Valgerður Sverrisdóttir sagði hér áðan, og vinna að þeim af fullum heilindum. Við höfum ekki skotið okkur undan því að benda á leiðir til tekjuöflunar eða taka afstöðu í óþægilegum málum. Við höfum stutt af heilum hug mál sem við höfum talið til heilla án tillits til þess hvaðan þau ber að. Þeir sem halda öðru fram hafa annaðhvort hreinlega ekki fylgst með þingstörfum eða þeir láta sér það sæma að ástunda óheiðarlegan málflutning.

Rangtúlkun Karls Steinars Guðnasonar á afstöðu Kvennalistans til kaupleigufrv. vísa ég eindregið á bug og harma svo óheiðarlegan málflutning sem ég átti ekki von á úr því horni. Afstaða okkar er ábyrg. Við styðjum þessar hugmyndir, en við lögðum til að þær yrðu felldar inn í þá heildarendurskoðun húsnæðismála sem boðuð hefur verið á næstum vikum, ekki síst þar sem fjárhagsgrundvöllur þessa nýja kerfis er óljós og ótryggur.

Túlkun hæstv. menntmrh. á málflutningi kvennalistakvenna gæti orðið íhugunarefni fræðimanna, en vafalaust mætti finna hliðstæður í dæmisögum Esóps ef ég hefði þær við höndina. Þar er víða fjallað um öfundina ef ég man rétt. En refurinn er vinsæl persóna í dæmisögum og á einum stað segir af slíkri skepnu sem þótti berin súr.

Verri var samlíkingin sem menntmrh. sótti til Esóps gamla um froskinn og refinn sem átti að tákna stjórnarandstöðuna og stjórnarliðið. Af því tilefni vil ég segja þetta:

Þótt meira sé sagt frá uppruna frosksins en menntun í dæmisögunni, þá dæmir auga refsins hæfni hans einungis eftir útliti. Það er sagt að fegurðin búi í auga sjáandans. En hæstv. menntmrh. Saga Esóps sagði ekki aðeins frá froski sem var nokkuð drjúgur með sig. Hún sagði líka frá grunnhyggnum, fordómafullum ref.

Stjórnarandstaðan hefur engin úrræði, er sagt, og oft er sú nóta slegin alveg sérstaklega að Kvennalistinn sé ábyrgðarlaus, gott ef ekki algjörlega stikkfrí, reki bara eins konar þykjustupólitík og velti sér upp úr mjúku málunum til þess að afla sér vinsælda. En hver eru svo þessi svokölluðu mjúku mál og hvers vegna afla þau okkur vinsælda? Þau varða okkar daglega líf. Þau varða aðbúnað barnanna okkar. Þau varða möguleika okkar til að lifa farsælu fjölskyldulífi, þau varða jafnrétti til orðs og æðis, húsnæðis, fæðis og klæða, menntunar og mannsæmandi launa.

Þau varða verndun umhverfis og virðingu fyrir lífinu. Um þetta eiga stjórnmál að snúast að dómi mikils hluta þjóðarinnar. Og þeir sem þannig hugsa eru ekki tilbúnir að bíða eftir því að röðin komi að þessum málum þangað til búið er að leysa efnahagsvandann og vanda atvinnuveganna. Þeir vita nefnilega að slíkur vandi hefur alltaf verið til staðar í breytilegu formi og hann verður alltaf til staðar. Þeir vita líka að hluti af lausn þess vanda er fólginn í breyttri forgangsröðun og áherslu á málefni sem standa fólki næst, mjúku málin, vegna þess að helsta auðlind okkar er fólkið sjálft og heilbrigður, vel upplýstur og ánægður einstaklingur er þjóðfélaginu meira virði en sjúkur, fákunnandi og vansæll. Um þetta eiga stjórnmál að snúast og þetta er sú uppskrift sem húsmæðurnar í eldhúsi Kvennalistans baka eftir. En það er ekki nóg að hafa góða uppskrift. Það þarf að kunna handtökin við bakstur-inn. Annars verður kakan ónýt. Þetta er því ekki síður spurning um vinnubrögð og slík vinnubrögð virðast ekki tiltæk stjórnmálamönnum af gamla skólanum.

Herra forseti. Við munum nú innan tíðar greiða atkvæði um þá vantrauststillögu sem hér er til umræðu. Stjórnarliðar munu vafalaust fella hana og ganga héðan hreyknir. Þeir telja sig hafa úrræðin sem duga við hverjum vanda. Meinið er hins vegar það að úrræði á úrræði ofan eru einskis virði ef fólkið treystir ekki þeim sem eiga að framkvæma þau. Og þannig er nú komið fyrir hæstvirtri ríkis-stjórn. *Fólkið treystir henni ekki til að ráða fyrir sameiginlegu búi okkar allra.* Það biður um ný efnistök, ný vinnubrögð.

Það eru tímamót í íslenskum stjórnmálum. Hug-arfarsbreyting hefur orðið. Fólk hafnar í æ ríkara mæli firringu og sambandsleysi hefðbundinna stjórnmálaforingja. Það hafnar spillingu og sam-tryggingu. Það hafnar valdbeitingu og hroka.

Hv. þm. Guðni Ágústsson lýsti eftir forustukon-um Kvennalistans. Það virðist hafa farið fram hjá honum að Kvennalistinn er grasrótarhreyfing sem nýtur nú samkvæmt skoðanakönnunum fylgis um 30% kjósenda þrátt fyrir formannsleysið, en kannski einnig vegna þess. Þetta fólk spyr ekki: Hvað er í pokanum? eins og Halldór Blöndal. Hann þyrfti að opna eigin skjóðu og kanna hvað þar er að *finna sem fólk er að hafna í æ ríkara mæli.*

Stjórnmálaforingjar gamla tímans grafa sér sína eigin gröf í grunnum ráðhúsbragga og íþróttamont-halla. Þeir hlusta ekki á fólkið og fólkið nennir ekki lengur að hlusta á þá. Þessi ríkisstjórn er ekki í sambandi. Þess vegna á hún að fara frá.

Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða nótt.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarand-staðan hefur í kvöld sameinast um að bera fram vantraust á ríkisstjórnina. Þetta gerir hún undir því yfirskini að ástand þjóðmála sé svo alvarlegt að ekki dugi að aðgerðarlaus ríkisstjórn sitji að völdum. Lítum á þetta.

Ekkert gæti verið fjær sanni en að ríkisstjórnin hafi setið auðum höndum. Á níu mánaða starfstíma sínum hefur hún mótað og fylgt heildstæðri stefnu í efnahagsmálum og gripið til ráðstafana sem allar hafa miðað að því að koma á betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það var nefnilega alveg ljóst strax á síðasta sumri þegar stjórnin var mynduð að nauðsynlegt væri að grípa til aðhaldsaðgerða til að sporna gegn vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla. En stjórnarandstaðan er hins vegar fyrst nú að vakna til lífsins. Í allan vetur hefur hún verið að flytja tillögur hér í þinginu sem ganga út á það að auka útgjöld ríkisins, en á sama tíma hafa þingmenn hennar *mótmælt flestum ef ekki öllum tillögum um* aukna tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Því miður — því miður segi ég — er Kvennalistinn þar alls ekki undanskilinn þótt Kristín Halldórsdóttir héldi öðru fram.

Það sem stjórnarandstaðan hefur í raun og veru verið að fara fram á er aukinn halli á ríkissjóði. Þetta er auðvitað tómt lýðskrum og hræsni eins og hver maður getur séð. Ég fullyrði þvert á móti að ekkert væri hættulegra við núverandi aðstæður í efnahags-málum en hallarekstur á ríkissjóði. Þetta var ríkis-stjórninni ljóst fyrir löngu og þess vegna lagði hún allt kapp á að ná hallalausum fjárlögum á fyrsta starfsári sínu fyrir þetta ár. Það var óhjákvæmilegt að stokka upp hriplekt skattakerfi og jafnframt að hækka skatta nokkuð til að ná þessu markmiði. *Auðvitað hefði verið æskilegt að ná líka nokkurri* lækkun útgjalda til annarra þarfa en velferðarmála almennings, sérstaklega að hætta að ausa í þá botnlausu hít sem landbúnaðarútgjöldin eru að verða og að fresta ýmsum framkvæmdum sem þola bið, en um þetta hefur enn ekki náðst samkomulag.

Ég hef hins vegar ekki orðið var við neinar tillögur um það frá stjórnarandstöðunni hvar ætti að lækka ríkisútgjöldin. Í þeim herbúðum er allt á sömu bókina lært. Málflutningurinn er — ja, hvað er hann? Hann er samsafn mótsagnakenndra óska, vel meintra að vísu, um gott og fagurt mannlíf, en hvergi bent á neinar raunhæfar leiðir til að hlúa að slíku lífi í landinu.

Stjórnarandstaðan talar eins og einu aðgerðirnar í skattamálum í vetur hafi verið að skattleggja mat-inn. Þetta er firra. Í vetur hefur verið gerð róttæk uppstokkun á öllu skattakerfinu sem snertir nær alla tekjustofna ríkis og sveitarfélaga. Heildarendur-skoðun á tekjuöflun ríkisins er þó enn ekki lokið. En þegar síðasti áfanginn, upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts, verður að baki munu Íslendingar búa við skilvirkara og réttlátara skattakerfi en þeir hafa nokkurn tíma áður notið og reyndar betra en flestar aðrar þjóðir. Það leikur enginn vafi á því að láglaunafólk fer betur út úr nýja kerfinu en því gamla. Það leikur heldur ekki á því nokkur minnsti vafi að í nýja kerfinu verður hægara um vik að uppræta skattsvikin. En það er einmitt eitt brýnasta réttindamál almennings í þessu landi að allir beri

sinn sanngjarna hlut af sameiginlegum kostnaði við opinbera þjónustu. Ekkert hefur stuðlað jafnmikið að jöfnun aðstöðu og lífskjara í landinu á undanförnum áratugum og almannatryggingarnar, menntakerfið og heilbrigðisþjónustan. Það er verkefnið að slá skjaldborg um réttlætið og um farsælt fjölskyldulíf í þessu landi. Það er sönn menning. En til þess þurfum við trausta fjárhagsundirstöðu fyrir þetta velferðarríki sem er besta tryggingin fyrir jöfnun lífskjara í landinu.

Það er í þessu ljósi, og ég vek athygli þingheims á því, sem við verðum að skoða viðfangsefni líðandi stundar. Það hefur allt of oft gerst, þegar á hefur bjátað í íslenskum efnahagsmálum, að hlaupið er upp til handa og fóta með skyndilausnir. Þessar lausnir hafa iðulega reynst skammgóður vermir.

En hver er þá vandinn sem nú er við að glíma? Hann er tvenns konar. Annars vegar er um að ræða tímabundinn jafnvægisvanda sem kemur fram í verðbólgu, viðskiptahalla og erfiðri rekstrarstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina, en hins vegar, og það skiptir ekki síður máli, er um að ræða alvarlegar veilur í skipulagi íslenskra atvinnuvega. Við mótun efnahagsstefnunnar nú verður að taka mið af hvoru tveggja í senn. Það má alls ekki gerast þannig að ráðstafanir sem gripið er til vegna aðsteðjandi skammtímavanda verði til þess að færa okkur mörg ár aftur í tímann með skipulag íslensks efnahagslífs. Og þær mega heldur ekki bitna á þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Stjórnarandstaðan hefur engar raunhæfar tillögur fram að færa sem fullnægja þessum tveimur skilyrðum.

Borgarafl. þarf varla að nefna. Afstaða Kvennalistans og Alþb. hefur verið með endemum. Þessir flokkar hafa báðir lagt fram marklaus frv. hér í þinginu í vetur um lögbindingu lágmarkslauna en mæla svo jafnframt með almennri launahækkun. Þetta á að jafna lífskjörin, segja þeir, en gerir það alls ekki. Á sama tíma munar þessa flokka ekkert um að setja sig á móti hverju málinu á fætur öðru sem horfir til framfara um skipan atvinnumála í landinu. Þó veit það hver maður sem hugsa vill að öflugt atvinnulíf er grundvallarskilyrði góðra lífskjara.

Í raun og veru býr að baki vantrauststillögunni sem við ræðum hér í kvöld önnur tillaga, tillaga um hallarekstur á ríkissjóði, um gengiskollsteypu, um vaxtalækkun með valdboði. Þetta er ávísun upp á það að við hjökkum áfram í sama farinu ef ekki á beina afturför.

Auðvitað íþyngja háir vextir skuldsettum einstaklingum og fyrirtækjum.

En er besta leiðin til að leysa þennan vanda að leggja fjármagnskerfi landsins að nýju í rúst? Er fólkið búið að gleyma þeirri sóun og spillingu sem hér viðgekkst á tímum óðaverðbólgu og skömmtunar á lánsfé? Vill fólk kalla yfir sig aftur það ástand að bankastjórar hafi það í hendi sér hverjir verði ríkir á kostnað sparifjáreigenda? Það er með ólíkindum að sjálfskipaðir talsmenn alþýðu manna skuli leggja það til að þetta gerist, og það er ekkert annað en þetta sem felst í kröfunum um beina vaxtalækkun með valdboði. Eru þeir að leggja til að lífeyrissjóðirnir verði rýrðir?

Ég fer ekki í launkofa með það að raunvextir eru nú of háir hér á landi. En það er alrangt að þeir séu hærri hér en í öðrum löndum þar sem efnahagsástand er með líkum hætti. Það er vissulega brýnt að vextirnir geti farið lækkandi, en til þess verður að koma á betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum og á lánamarkaði. Það þarf að setja nýjar leikreglur um allan lánamarkaðinn, líka hina nýju aðila sem þar starfa. Þar þarf líka að endurskoða ákvæðin um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Víða sjást þess nú merki að stefna stjórnarinnar sé að skila árangri. Það hefur dregið úr verðbólgu, það hefur hægt á vexti innflutnings, það hefur dregið úr veltuaukningu í verslun, fjárfestingaróðagotið hefur dvínað, umsvif fjármögnunarleigufyrirtækjanna vaxa nú ekki með sama hraða og í fyrra og það hefur hægt á launaskriði. Þannig mætti lengi telja. Samt er okkur nú vandi á höndum.

Ég vil minna þá á sem nú hrópa á gengisfellingu að gengisaðhald er grundvöllur þeirra kjarasamninga sem nýlega hafa verið gerðir. Með gengisfellingu væri komið aftan að samtökum launafólks sem nýlega hafa lokið samningum. Þeir sem gerðu samningana vissu að hverju þeir gengu þegar þeir skrifuðu undir þá og þeir verða að bera ábyrgð á sínum gerðum. Það hefur viðgengist allt of lengi að ríkisvaldið bjargi þeim út úr ógöngum sem þeir kunna sjálfir að hafa komið sér í. Auðvitað geta breyttar *ytri aðstæður á borð við verulega og viðvarandi* verðlækkun á útflutningsmörkuðum kallað á endurmat, en það endurmat á ekki að verða nein sjálfsafgreiðsla á kröfum hagsmunaaðila. Það á ekki að hrapa að ákvörðunum í þessu efni og það verður ekki heldur gert. Gengisfelling er ekki allra meina bót í efnahagsmálum fremur en holufylling gefur mönnum heilar tennur á ný.

Og auðvitað verður þessi vantrauststillaga felld. Raunar trúi ég ekki öðru en stjórnarandstaðan verði sjálf fegnust þeirri niðurstöðu því *úrræðaleysi hennar er hverjum manni sýnilegt þegar að er gáð.*

1. flm. þessarar tillögu og forustumaður fjórmenninganna, Steingrímur Sigfússon, setti í upphafi þessarar umræðu fram þá kenningu að gagnrýni væri í reynd vitnisburður um hið gagnstæða. Ekki trúi ég nú reyndar á almennt gildi þessarar kenningar, en hún gæti kannski átt við kenningasmiðinn og framsögumanninn og þar með væri þá tillagan í reynd traustsyfirlýsing á stjórnina. Ríkisstjórnin hefur framfylgt stefnu sem farin er að skila árangri. Hún þarf að fá meiri tíma til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Hún mun fá traustsyfirlýsingu í sumargjöf.

Í þingflokksherbergi Alþfl. hangir stór mynd af Stjána bláa á báti sínum, en um hann kvað Örn Arnarson:

Hörð er lundin, hraust er mundin,
hjartað gott sem undir slær.

Þetta er hugarfarið, þetta er handlagið, þetta er hjartalagið sem þjóðin vill hafa við stjórnvölinn á þjóðarskútunni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. felld með 41:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, KE, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SkA, SV, SJS, SvG, ÞÞ, AðB, AG, DS, GeirG, GuðmÁ, GA, GHelg, HG, HJ, IBA.

nei: JóhS, JBH, JHelg, JK, JónS, BDýr, KSG, BGísl, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SP, SalÞ, SighB, StG, NL, SvH, VS, ÞP, AS, SigG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, VI, FrS, GHH, GB, GHG, GGÞ, GuðnÁ, HÁ, HBl, JE, ÞK.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Efnahagsstefna núverandi ríkisstjórnar kemur ekki vel fram gengin undan vetri. Það var samkomulag á miðstjórnarfundi Framsfl. að láta á það reyna hvort hún tæki vorbata. Þess verður beðið hvort Eyjólfur hressist. Ég segi nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Frá því að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var mynduð hafa einstakir þingmenn allra stjórnarflokkanna og jafnvel einstakir flokkar í heild, eins og Framsfl., haft uppi tilburði til stjórnarandstöðu. Í kvöld gerast þau tíðindi þegar síst skyldi og tækifæri eru til þess að fella ríkisstjórnina að þessir þingmenn eða þingflokkar skríða í heilu lagi upp í fangið á Þorsteini Pálssyni og skila sér nú heim til íhaldsins. Frá og með þessari atkvæðagreiðslu, herra forseti, er þjóðinni væntanlega ljóst að hina raunverulegu stjórnarandstöðu er einkum að finna utan stjórnarflokkanna en ekki innan þeirra. Ekki síst þess vegna var vantrauststillagan óhjákvæmileg nauðsyn til að afhjúpa loddarana. Ég segi já, herra forseti.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Með það í huga að hér hefur einn stjórnarþingmanna séð ástæðu til að gera grein fyrir atkvæði sínu á þann hátt að hann bendir á að miðstjórn æðsta valds Framsfl. hefur tekið þá ákvörðun að bíða með að fella ríkisstjórnina fram á vorið, þá er augljóst að það er meiri hluti fyrir þessari vantrauststillögu þó hann sé ekki starfhæfur í augnablikinu. Eins vegna þess að hæstv. fjmrh., efnahagsmálaráðherra má segja því forsrh. er týndur, hefur hér sagt frá því hvernig hann gæti hugsað sér að framkvæma alla mögulega hluti til þess að efnahagsástand þjóðarinnar yrði gott en ekki tekið þátt í stjórnmálaumræðunni í kvöld, þá segi ég já.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að hæstv. dómsmrh. hafi lesið kvæði Arnar Arnarsonar um Stjána bláa í heild, en þar er einnig að finna þessar hendingar:

Stjáni blái strengdi klóna,
stýrði beint á drottins fund.

Glæfraferðalag Stjána jafnt sem ríkisstjórnarinnar. Ég segi já.

EFRI DEILD

82. fundur, föstudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, 2. umr.

Frv. SvG o.fl., 50. mál (örorkumatsnefnd). — Þskj. 50, n. 852.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 67 frá 1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur fjallað um málið og hefur fengið umsagnir frá Öryrkjabandalaginu, Hæstarétti og tryggingayfirlækni. Nefndin telur óhjákvæmilegt að skapaðar verði aðstæður fyrir áfrýjunarrétt öryrkja eftir að úrskurður tryggingayfirlæknis liggur fyrir. Nefndin fellst því á meginefni frv. en kysi að útfærsla yrði athuguð nánar. Nefndin telur eðlilegt að málið fái nú meðferð í nefnd þeirri sem vinnur að endurskoðun almannatryggingalaga. Þess vegna samþykkir nefndin að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum sem áður eru nefndar."

Undir þetta rita allir nefndarmenn.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir afgreiðsluna á þessu frv. Það sem sömu nefnd í Nd. tókst ekki á sex þingum hefur nú tekist í þessari

deild á einu þingi, að gera tillögu um afgreiðslu á þessu máli.

Hér er samt um það að ræða að lagt hefur verið fram frv. sjö sinnum um að öryrkjar geti leitað úrskurðar áfrýjunarnefndar ef þeir eru ósáttir við niðurstöður tryggingayfirlæknis. Hv. Nd. komst aldrei svona langt með þetta mál. Það lá þar í heilbr.- og trn. og náði ekki afgreiðslu. Nefndin hér í hv. Ed. hefur hins vegar afgreitt málið fyrir sitt leyti með mjög jákvæðum hætti að mínu mati þar sem tekið er undir það sjónarmið okkar flm. að það sé óhjákvæmilegt að öryrkjar eigi aðgang að úrskurði áfrýjunarnefndar ef þeir eru óánægðir með niðurstöður tryggingayfirlæknis og að þetta grundvallaratriði verði haft í huga þegar lögin um almannatryggingar verða endurskoðuð. Ég tel að þarna sé mjög mikilvægum áfanga náð og tel ástæðu til að þakka hv. heilbr.- og trn. og formanni hennar fyrir þá afgreiðslu sem þetta mál hefur fengið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 852 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 13 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 737, n. 914, brtt. 915.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem segja má að sé eins konar fylgifrv. frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands sem kemur til umræðu síðar á þessum fundi. Þetta er frv. til l. um starfsemi Rannsóknastofnunar á sviði uppeldis- og menntamála, en áður voru ákvæði um það og eru raunar nú í lögum um Kennaraháskóla Íslands, þeim sem nú eru í gildi.

Menntmn. hv. Ed. hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Gerði Óskarsdóttur kennslustjóra, Ólaf Proppé, lektor úr Kennaraháskóla Íslands, Sólrúnu Jensdóttur, deildarstjóra í menntmrn., og frá Háskóla Íslands Andra Ísaksson prófessor, Þórólf Þórlindsson prófessor og Jón Torfa Jónasson lektor.

Þá barst nefndinni mikill fjöldi umsagna um þetta mál. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með tveimur brtt. sem fluttar eru á þskj. 915.

Sú fyrri er við 4. gr. og er mjög einföld og auðskýrð, þ.e. að yfirmaður þessarar stofnunar heitir forstöðumaður en ekki forstjóri eins og kveðið var á um í frv. eins og það kom til nefndarinnar. Um þetta var eining í nefndinni.

Hin brtt., sem nefndin leggur til að samþykkt verði, er að við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntmrh."

Þessi brtt. felur í sér að hún tryggir að ekki er á fjögurra ára fresti hugsanlegt að það skipti um alla stjórnarmenn stofnunarinnar þannig að skipunartímabilin skarist þannig að tryggt sé að alltaf séu einhverjir í stjórn stofnunarinnar sem þar hafa setið áður ef frá er skilið fyrsta skipti sem skipað er.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Menntmn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 915,1 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
5.–7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 915,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 736, n. 916, brtt. 917.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands og kynnt sér mikinn fjölda umsagna um málið og fengið á sinn fund fulltrúa bæði menntmrn., Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, þau Gerði Óskarsdóttur, Ólaf Proppé, Sólrúnu Jensdóttur, Andra Ísaksson, Þórólf Þórlindsson og Jón Torfa Jónasson.

Hér er um að ræða endurskoðun á lögum um Kennaraháskóla Íslands sem raunar átti skv. ákvæði í gildandi lögum að vera búið að endurskoða fyrir margt löngu, en hefur dregist úr hömlu. Það er búið að leggja mjög mikla vinnu í samningu þessa frv. og endurskoðun laganna og hér er um að ræða eins konar rammalöggjöf um starfsemi Kennaraháskólans.

Það er rétt að það komi fram að þær raddir hafa heyrst að beinlínis væri með öllu óþarft að vera með kennaraháskóla heldur ætti öll starfsemi af þessu tagi að vera innan veggja Háskóla Íslands og þetta ætti að sameina. Það er sjálfsagt rétt að það eru til ýmis skynsemisrök sem mæla með því að svo verði

gert, en hitt er jafnljóst að það gerist ekki í einni svipan eða einu vetfangi. Því er svo við að bæta að nú undanfarin ár hefur samvinna og samstarf milli Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands og þeirra starfsmanna þar sem sinna skyldum eða svipuðum verkefnum, einkum þó á sviði uppeldis- og kennslumála, farið mjög vaxandi. Sú skoðun kom fram á fundum nefndarinnar með fulltrúum þessara stofnana að sjálfsagt mundi þróunin hafa í för með sér er fram liðu stundir að þetta mundi sameinast, en til þess væri ekki rétti tíminn á þessari stundu. Ýmislegt þyrfti að þróast og þroskast og eflast innan þessara stofnana þannig að af slíkri sameiningu gæti orðið. En ég hygg að fulltrúar beggja stofnana gætu verið sammála um að til þess gæti komið í framtíðinni og til þess væri í rauninni kannski æskilegt að kæmi í framtíðinni.

Menntmn. þessarar hv. deildar flytur aðeins eina brtt. við þetta frv. Hún er við 1. gr. 1. tölul. Nefndin leggur til að þetta verði orðað með þeim hætti er ég nú mun lýsa:

„Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála."

Þetta orðalag þótti að ýmsu leyti skýrara en það orðalag sem áður var og um þetta er fullt samkomulag í nefndinni. Ég átti einnig viðræður um þessa breytingu við þá starfsmenn menntmrn. sem um þetta hafa fjallað, en það sem máli skiptir er að nefndin er um þetta sammála.

Það eru hér ýmis atriði sem auðvelt er að gera að ágreiningsatriðum, svo sem fyrirhuguð lenging kennaranáms, og eru sjálfsagt um skiptar skoðanir. Ég ætla ekki, herra forseti, að hefja hér umræður um það. Ég hef gert grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um málið og þeirri brtt. sem nefndin flytur og ég bæti því við að Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu nál. eins og þar kemur fram. Undir þetta skrifa allir fulltrúar í menntmn. og án fyrirvara þannig að þetta hefur stuðning nefndarinnar þótt okkur öllum sé mætavel ljóst að hér eru ýmis atriði sem kannski eru svolítið ólíkar skoðanir á. En ég hygg að niðurstaða nefndarinnar ráðist af því að menn telja mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga og um það ríki bærilegur friður þó að ýmis séu orðalagsatriði í frv. sem einn kysi að hafa á annan veg. En þó varð samstaðan ofan á í nefndinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 917 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

2.–44. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 518, n. 934, brtt. 919, 935.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):

Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haldið allmarga fundi um það frv. sem hér liggur fyrir, frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og skoðað frv. vandlega. Til viðtals við nefndina komu þeir Ingimar Sigurðsson deildarstjóri, Örn Bjarnason, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, Skúli Johnsen borgarlæknir, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur, Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur og Arngrímur Thorlacius efnagreiningarstjóri.

Nefndin varð sammála um að gera nokkrar brtt. við frv., t.d. það að ráðherra skipi forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar. Í frv. hafði verið tillaga um að ráðherra skipaði forstöðumann til fjögurra ára og mönnum þótti það of skammur tími. Einkum varðar það þá sem hafa sérþekkingu og þurfa að koma sér inn í starfið með sína sérþekkingu.

Síðan er brtt. um gildistöku laganna og því næst er brtt. við ákvæði til bráðabirgða. Þar segir svo að í stað síðasta málsl. 3. liðar komi tveir nýir málsl. er orðist svo:

„Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknarstofnunum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur."

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú að við umræður í nefndinni og í viðtölum við þá er sérstaka þekkingu hafa á málum kom það í ljós að aðstaða til rannsókna er mjög víða í landinu eða í borginni. Það kom líka reyndar fram í umsögn frá Rannsóknaráði ríkisins og þykir nefndarmönnum heilbr.- og trn. eðlilegt að sú aðstaða sem fyrir hendi er verði nýtt til fullnustu og þá er alvara á bak við að það verði gert. Annað mundi hafa margverknað í för með sér og ótrúlega mikinn kostnað. Hins vegar segir í frv., og má telja eðlilegt að svo sé, að nokkur rannsóknaaðstaða verði þrátt fyrir það í Hollustuvernd ríkisins, en það verði gert allt sem mögulegt er til að samhæfa rannsóknastörf á hinum ýmsu rannsóknastofum í landinu.

Þá er og brtt. sem lýtur að því að þau lög sem verið er að setja núna hafi sólarlagsákvæði þannig að þau verði endurskoðuð ekki síðar en fimm árum frá gildistöku.

Nefndin telur rétt að samþykkja frv. að samþykktum þessum brtt., en þess skal getið að Guðrún Agnarsdóttir skrifar undir nál. með fyrirvara. Það er

ljóst að ekki voru allir nefndarmenn sáttir við allt sem í frv. er, en nauðsynlegt er að afgreiða það vegna ýmissa ástæðna. Vissulega má segja að frv. beri keim af málamiðlun strax við samningu frv., en við teljum að svo komnu máli að eðlilegast sé, eins og ég hef sagt áður, að samþykkja frv. með þeim brtt. sem við leggjum hér fram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Vegna þess fyrirvara sem ég hef um samþykkt þessa frv. vil ég segja hér nokkur orð. Reyndar var mikill vafi í mínum huga hvernig mér bæri að standa að afgreiðslu þessa máls, en eftir að hafa ráðfært mig við þingreyndari menn var mér sagt að fyrirvari rúmaði drjúgar efasemdir, en þær hef ég einmitt um þetta frv. að mörgu leyti.

Það fékk sannarlega langa og ítarlega umfjöllun í nefndinni og margir aðilar komu á fund hennar, eins og þegar hefur verið getið. Umræður um málið urðu einmitt til þess að vekja upp fleiri spurningar en svör fengust við. Það er meginatriði í þessu máli að verkefni og hlutverk Hollustuverndar ríkisins eru tvímælalaust bæði brýn og mikilvæg og þau hafa vaxið að umsvifum vegna sífellt flóknara tæknisamfélags og aukinna krafna um gott heilbrigðiseftirlit. Þetta varðar marga ólíka þætti, sýkla, mengunarvalda af ýmsu tagi, eiturefni o.fl. Reyndar er álitamál hvort á sínum tíma hafi verið rétt að steypa saman þeirri starfsemi sem nú rúmast innan vébanda Hollustuverndar ríkisins. Það er þó meginmál og ekki síst með tilliti til hins mikilvæga hlutverks stofnunarinnar að allt frá upphafi skuli hún hafa verið svo illa fjársvelt sem raun ber vitni. Hún fékk reyndar í vöggugjöf skuldahala Heilbrigðiseftirlitsins og hefur aldrei náð sér á strik fjárhagslega eftir það. Þessi vanræksla hefur verið alvarleg og er hættuleg og hún hefur komið í veg fyrir að stofnunin hafi getað gegnt hlutverki sínu sem skyldi. Það er meginmál.

Ég er ekki ýkja trúuð á að sú kerfisbreyting sem hér er verið að gera muni ein sér verða til þess að bæta úr þessari alvarlegu vanrækslu. Í þessu frv. er stofnuninni að auki veitt víðtækara hlutverk en áður með því að færa til hennar eiturefnaeftirlit og skilgreina það frekar, en hins vegar er ekki ljóst hvernig á að fjármagna þennan aukna og annan rekstur stofnunarinnar. Að vísu koma auknar heimildir til gjaldtöku fyrir sýni og er það í sjálfu sér ágætt, en vandinn við það er sá að þegar um er að ræða sveitarfélög á stofnunin að selja rannsóknirnar undir kostnaðarverði. Þær eru sem sagt seldar niðurgreiddar til sveitarfélaganna og langsamlega stærstur hluti þeirra rannsókna sem stofnunin hefur framkvæmt hingað til er einmitt fyrir heilbrigðiseftirlit í sveitarfélögum. Fyrirtæki og einkaaðilar eru ekki nema 20% af þeim sem hafa látið taka sýni og rannsaka hjá stofnuninni. Ég er þess vegna uggandi um fjárhag stofnunarinnar í framtíðinni nema til komi auknar og eðlilegar fjárveitingar til hennar af hálfu ríkisins eins og lögskipað er í raun.

Hins vegar er hér um að ræða möguleika til að koma nú loksins á bættu eiturefnaeftirliti og bættu eftirliti með ýmsum aukaefnum í matvælum og annars staðar í nánu umhverfi okkar og það er sannarlega mál sem löngu hefði átt að framkvæma og má segja kannski að gömlu lögin leyfðu framkvæmd á. En í þeirri trú að samþykkt frv. verði til þess að ýta nú á eftir þessum málum og jafnframt að leitað verði ýtrustu leiða til að samnýta og samræma þann tækjakost og þá þekkingu sem til er í landinu til efnarannsókna þannig að rekstur þeirra verði raunhæfur og komist sem fyrst í gang, þá hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara.

Mér finnst brtt. allar vera til bóta. Ég hefði sjálf viljað gera fleiri, en vegna þess að ég er í raun ekki nógu sátt við þá kerfisbreytingu sem verið er að gera á stjórn stofnunarinnar, ég er ekki sannfærð um að sá aðili sem á að verða framkvæmdastjóri og á að hafa fyrst og fremst menntun á sviði viðskipta sé heppilegasti aðilinn í það hlutverk, þá lét ég afskiptalaust að bera fram brtt. Ég vil þó benda á lið 14.3 í 13. gr. á bls. 5. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rekstur stofnunarinnar skal að öðru leyti vera í höndum þriggja manna framkvæmdastjórnar sem skipuð skal formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum sem ráðherra velur."

Mér hefði þótt eðlilegra að stjórnin veldi tvo úr sínum hópi sjálf í þessa framkvæmdastjórn þó að ég setji mig ekki upp á móti því að ráðherra velji formann. Mér finnst forræði ráðherra í að velja alla stjórnina vera allt of mikið og gefa tilefni til þess að þessi stjórn verði fyrst og fremst pólitískt skipuð og eins konar aukaráðuneyti undir stjórn ráðherra. Þetta er dæmi um eina breytingu sem ég hefði viljað gera, en hef látið það afskiptalaust eins og ég sagði.

Það er til mikilla bóta að sólarlagsákvæði er komið í lögin vegna þess að tilefni er til að taka þetta mál upp og kanna hvort þessi breyting hafi í raun og veru orðið til bóta eða ekki.

En ég legg megináherslu á að framkvæmdarvaldið verður að standa við lögskipaða skyldu sína gagnvart þessari stofnun, svo mikilvægu hlutverki hefur hún að gegna í samfélagi okkar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætla alls ekki að lengja þessa umræðu. Mig langaði aðeins að þakka hv. heilbr.- og trn. og nefndarmönnum fyrir þeirra vinnu við frv. Þetta er stórt og viðamikið mál og ég veit að nefndarmenn hafa lagt í þetta mikla vinnu.

Ég ætla ekki að taka upp neinar efnislegar umræður, en aðeins lýsa því yfir að ég er fyllilega sáttur við þær brtt. sem nefndin leggur til og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að ég tel þær vera til bóta.

Það er hins vegar ljóst að fjárhagsstaða stofnunarinnar hefur verið þannig að undanförnu að hún á afar erfitt með að gegna sínu mikilvæga eftirlitshlutverki og hefur ekki tekist að byggja upp nægilega vel

þá starfsemi sem nauðsynleg er til þess að stofnunin sem slík geti þjónað þeim tilgangi sem lögin ætla henni. Þetta hefur reyndar hvað eftir annað komið fram á hv. Alþingi í vetur, einkum í fyrirspurnatímum þar sem til umræðu hafa verið ýmis verkefni á sviði umhverfismála og mengunarmála.

En ég vil aðeins undirstrika það að lokum að ég tel að það sé rétt að leggja áherslu á það hér að Hollustuverndin geti leitað eftir þjónustu hjá öðrum aðilum í landinu, öðrum rannsóknarstofum t.d., um að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er til þess að koma á því eftirliti sem ekki hefur tekist. Þar á ég t.d. við innflutningseftirlit og eftirlit með framleiðslu og innflutningi matvæla og annarra neysluvara. Það er afar brýnt verkefni og ég tel að hægt sé að koma því í gang þó við förum ekki af stað í upphafi með fullkomna rannsóknarstofu. Ég bendi reyndar á að í 32. gr. frv. er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins geti samið við aðrar rannsóknastofnanir í landinu um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið þannig að sú heimild er reyndar til í frv. eins og það liggur fyrir. En að undirstrika það síðan hér í ákvæði til bráðabirgða finnst mér sjálfsagt og eðlilegt því þar var gert ráð fyrir því að uppbyggingu rannsóknarstofu skyldi hraðað. En ég get vel fallist á þessa niðurstöðu.

Herra forseti. Aðeins vil ég að lokum segja frá því að heilbrigðisfulltrúar í landinu hafa lagt á það áherslu og sent mér bæði bréf og reyndar skeyti nú síðast í morgun þar sem þeir leggja á það mikla áherslu að Alþingi afgreiði þetta frv. nú fyrir þinglokin. Ég vildi láta það koma fram í þessum umræðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 919,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20.–32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 919,2 (ný 33. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 919,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 935 samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ferðamál, 2. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 816, n. 927, brtt. 938.

Frsm. samgn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Meginefni frv. er að ríkisstjórninni sé heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Þetta fyrirtæki skal heita, ef úr þessu verður, Ferðaskrifstofa Íslands hf. Heimildin nær til þess að selja ⅔ af hlutafé ríkisins í Ferðaskrifstofu ríkisins. Nefndin leggur áherslu á að hér er verið að gefa heimild til að selja starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins meirihlutaaðild í hinu nýja fyrirtæki.

Í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra, Kjartan Lárusson, forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins, Önnu Haraldsdóttur, trúnaðarmann starfsfólks Ferðaskrifstofu ríkisins, Guðríði Halldórsdóttur, eftirlitsmann með rekstri Edduhótela, Reyni Adolfsson frá Ferðamálasamtökum landshlutanna, Hákon Torfason, deildarstjóra í menntmrn., Hrein Loftsson, aðstoðarmann samgrh., og Ragnhildi Hjaltadóttur, deildarstjóra í samgrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en leggur áherslu á eftirfarandi skilning á ákvæðum 1. gr. þess:

1. Nefndin lítur svo á að frv. miði að því að eignarráð meiri hluta í hinu nýja hlutafélagi, Ferðaskrifstofu Íslands hf., flytjist til starfsmanna. Heimildarákvæði frv. verði því aðeins beitt að samkomulag náist við starfsmenn um kaup á hlutafénu.

2. Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótela.

Egill Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.“

Undir nál. skrifa allir aðrir nefndarmenn, Stefán Guðmundsson, Valgerður Sverrisdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Skúli Alexandersson og Júlíus Sólnes.

Ég held að engum blandist hugur um að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið mikið og gott starf að ferðamálum og landkynningu sem margar aðrar ferðaskrifstofur sem síðar hafa komið til hafa notið í ríkum mæli. Mikil gróska virðist vera í þessari atvinnugrein sem sést m.a. af því að fimm ný leyfi voru gefin út á sl. ári til reksturs ferðaskrifstofa. Hafa nú 34 slík leyfi verið gefin út frá því að það var tekið upp árið 1964.

Í þessari atvinnugrein er að mörgu að hyggja. Margt hefur hér verið vel gert, annað er hálfgert og svo er auðvitað fjölmargt sem enn er algerlega ónunnið í þessum málum. Eitt er þó víst: Ef skynsamlega er að staðið eru góðir möguleikar á að gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi.

Ég leyfi mér að draga það mjög í efa að við almennt gerum okkur nægilega góða grein fyrir því hvaða möguleika Ísland hefur upp á að bjóða sem ferðamannaland og hvaða tekjur við gætum haft af þessari mjög svo ungu atvinnugrein. Það er með ólíkindum það skilningsleysi sem hér ríkir til þessa

málaflokks. Það er svo óralangt frá því að staðið sé við þær skuldbindingar sem kveðið er á um að eigi að fara til ferðamála í þessu landi. Ég stenst það ekki að nefna nokkrar staðreyndir ef það mætti verða til þess að opna augu sem flestra fyrir þeim möguleikum sem hér eru.

Á árinu 1987 heimsóttu 129 315 erlendir ferðamenn Ísland og nemur aukningin á milli ára 14%. Frá árinu 1984 hefur erlendum ferðamönnum, sem til Íslands hafa komið, fjölgað um rúmlega 44 þús. eða um rúmlega 51,6%.

Ef við skyggnumst til framtíðar með ákveðna vissu um fortíð munu um 196 þús. erlendir ferðamenn sækja okkur heim árið 1990 og að fimm árum liðnum eða árið 1993 munu tæplega 300 þús. ferðamenn koma til Íslands á móti þeim 129 þús. sem komu á sl. ári eins og ég gat um áðan.

Gjaldeyristekjur okkar af þjónustu við ferðamenn á sl. ári voru hvorki meiri né minni en um 6 milljarðar kr. Tekjur íslensku flugfélaganna af fargjöldum erlendra ferðamanna milli Íslands og umheimsins munu lauslega áætlað hafa verið rúmlega 2 milljarðar þannig að heildarveltan í ferðamannaiðnaðinum hér á landi mun trúlega hafa verið hvorki meira né minna en um 10 milljarðar. Við getum svo velt því fyrir okkur hvað ferðamannaiðnaðurinn gæfi af sér til okkar Íslendinga eftir fimm ár ef spár manna rætast, þeirra bjartsýnustu, um að 300 þús. ferðamenn kæmu til Íslands á því herrans ári á móti rösklega 129 þús. á sl. ári.

En hvernig erum við þá í stakk búin til að taka á móti þessum gestum og sinna þeim, ekki bara í mat og drykk þó vitaskuld muni þessi hundruð þúsunda ferðamanna létta á birgðum landbúnaðarafurða? Við þurfum einnig og ekki síður að búa landið okkar undir það að þessir gestir geti fengið að sjá það og njóta þess í sem bestu ástandi.

Ég sé ástæðu til þess að hvetja hæstv. samgrh. til að taka hér til hendi og koma þeim sem litla meðvitund hafa um það sem hér þarf að gera til meðvitundar um það sem hér er ógert og þá um leið að benda þeim á þá stórkostlegu möguleika sem hér eru í svo sannarlega mjög ungri atvinnugrein.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. um breytingu á lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins gagnrýndi ég tvö atriði aðallega: annars vegar hver ætti forkaupsrétt að fyrirtækinu og hins vegar að aðeins skyldi vera gert ráð fyrir að seldir yrðu ⅔ hlutar fyrirtækisins. Í nál. hv. samgn. er fallist á hina fyrrgreindu athugasemd og gerð sú ábending til ráðherra að öðru en föstu starfsfólki yrði gefinn kostur á að eignast hlut í hinu nýja fyrirtæki.

Þar sem ekki er gerð brtt. í samræmi við síðargreindu athugasemdina, að fyrirtækið verði allt selt, hef ég lagt fram till. á þskj. 938 þess efnis. Í mínum huga er það fáránlegt þegar á annað borð er verið að selja eigur ríkisins að það megi ekki selja allan hlutann. Ég á erfitt með að skilja rökin sem þar eru að baki.

Allt önnur sjónarmið væru að baki ef verið væri að koma á fót nýju fyrirtæki og vantaði fjármagn. Ef í slíku fyrirtæki fælist nýsköpun fyndist mér sjálfsagt að ríkið legði fram fjármagn og ætti hlut í því fyrirtæki. Allt öðru máli gegnir þegar um gamalt eða gróið fyrirtæki er að ræða og þar sem engin þörf er á að ríkið eigi hlut. Í slíku fyrirtæki er ríkið aðeins dragbítur.

Þá má velta því fyrir sér hvað ríkið hefur að gera við ⅓ huta og þar af leiðandi minni hluta. Fær það einhverju ráðið og er eðlilegt að það taki ákvörðun með einum hópi sem gæti myndast á móti öðrum?

Ég verð að segja að mér finnst furðu sæta að ráðherra Sjálfstfl. skuli bera fram frv. af þessu tagi, flokkur sem vill takmarka ríkisumsvif og sem barist hefur á móti því að ríkið eigi minni hluta í fyrirtækjum.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. urðu nokkrar umræður. Fyrst og fremst voru þá þingmenn að leita eftir því að skýra málið og gera sér grein fyrir því hvað í því fælist. Við þá umræðu held ég að hafi nokkuð áunnist í því, en þegar málið kom til kasta samgn. voru þar til kallaðir, eins og kom fram hjá hv. frsm., aðilar til að fjalla um málið og þá kom reyndar í ljós að það voru ákveðnir þættir í frv. sem ekki voru betur undirbúnir en svo að beinir aðilar að frv. vissu ekki og höfðu ekki fengið neinar upplýsingar um þær tilætlanir sem í frv. felast fyrr en daginn áður en þeir voru kallaðir til skrafs og ráðagerða hjá nefndinni. Hér á ég við hið almenna starfsfólk ferðaskrifstofunnar. Það hafði ekkert verið fjallað um að það stæði til að hafa eigendaskipti á fyrirtækinu og þar af leiðandi hafði trúnaðarmaður starfsfólks, sem kom til að spjalla við okkur, Anna Haraldsdóttir, tiltölulega litla möguleika á að upplýsa okkur um afstöðu starfsfólks skrifstofunnar. Um þann þátt sem hér var upplýstur, að það gæti alveg eins komið til að Félag starfsfólks ferðaskrifstofunnar yrði eigandi, hafði ekki verið fjallað á neinn máta innan þess félags og mátti jafnvel að ýmsu leyti skilja að það félag væri alls ekki til, hefði reyndar verið vakið upp eða stofnað í sambandi við umræðurnar frá 1985, en þeirri umræðu hafði ekki verið haldið neitt áfram og þar af leiðandi var það félag alveg óviðbúið því að gefa okkur neina umsögn um það hver afstaða þess væri.

Það kom einnig í ljós þegar við spjölluðum við Guðríði Halldórsdóttur, eftirlitsmann með rekstri Edduhótelanna, sem einnig hafði verið forstjóri fyrir Edduhótelum áður en hún tók við eftirlitsmannsstarfinu, að frv. hafði ekkert verið kynnt meðal forustumanna Edduhótelanna eða alls ekki svo að hún vissi.

Í beinu framhaldi af þessum upplýsingum fór nefndin að spjalla um hvort það væri ekki nauðsynlegt að kveða ákveðið á um þann þátt að það hefði fyrst og fremst verið meiningin að selja starfsfólkinu

þessa ⅔ hluta fyrirtækisins og þá komu nefndarmenn sér saman um að vera með sína eigin útskýringu á frv. Eins og frsm. nefndarinnar sagði áðan voru það tveir punktar sem eru beinlínis útskýring á framkvæmd laganna eftir að frv. væri orðið að lögum sem nefndin leggur hér fram í nál.

Í fyrsta lagi lítur nefndin svo á að frv. miði að því að eignarráð meiri hluta í hinu nýja hlutafélagi, Ferðaskrifstofu Íslands hf., flytjist til starfsmannanna. Okkur þótti sem sagt ekki að í frv. væri nógu skýrt á kveðið um að hlutirnir væru á þennan veg eða að þetta yrði svona, ekki síst þegar upplýst var að um þetta hafði ekki verið fjallað sem skyldi meðal starfsmannanna sjálfra. Og í framhaldi af þessu, með leyfi forseta:

„Heimildarákvæði frv. verði því aðeins beitt að samkomulag náist við starfsmenn um kaup á hlutafénu."

Nefndarmenn allir voru sammála um að þetta væri grundvallaratriði til þess að samkomulag væri í nefndinni um að mæla með samþykkt þess.

Og einnig, með leyfi forseta: „Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna" er að áliti nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótela."

Ég tel þó að samkvæmt orðanna hljóðan í þessari grein sé heldur lengra gengið en við vorum að tala um. Við vorum að tala um forustufólk, það fólk sem hafði verið í störfum hjá Edduhótelunum svo árum skipti og það væri ekki beinlínis verið að meina það fólk sem hefði kannski verið á sl. sumri sumarfólk hjá Edduhótelum á þessum eða hinum staðnum.

Fulltrúar ráðuneytisins, sem voru viðstaddir umfjöllunina, féllust á þetta og ég lít svo á að ráðherra hafi fallist á þessa skilgreiningu og að þannig verði um hnútana búið þegar farið verður að framkvæma frv. að það verði á þann veg sem um getur í þessum tveimur punktum.

Það var ýmislegt fleira sem kom upp í umræðunum, t.d. um þá tvo þætti sem mætti segja að ferðaskrifstofan hefði haft að vissu leyti einkarétt á. Það er í fyrsta lagi í sambandi við sölu og þjónustu við ríkisfarþeganna. Það kom greinilega fram hjá forstjóra fyrirtækisins að hann taldi það skipta mjög miklu máli að þarna yrði ekki breyting á og það kom fram hjá einhverjum viðmælanda okkar að ⅓ hlutinn, sem áfram héldist í ríkiseign, væri að hans mati trygging fyrir því eða a.m.k. allmikil tilætlun í þá átt að ríkið héldi áfram að skipta við þetta fyrirtæki sitt sem það ætti þennan stóra eignarhlut í. Það væri fróðlegt að heyra hvað ráðherra segði um þennan þátt af því að það skiptir mjög miklu máli ábyggilega um framvindu málsins hvernig á þessum þætti verður haldið.

Um hinn þáttinn sem í framkvæmd hefur verið þannig að þar hefur verið um einkarétt að ræða, þ.e. um rekstur Edduhótelanna eða nýtingu ríkisskólanna, héraðsskólanna og grunnskólanna, sem allir eru meira og minna í höndum ríkisins og undir yfirstjórn menntmrn., vorum við upplýstir um það að þegar væri í gildi eða svo gott sem að fullu frágenginn þriggja ára samningur um nýtingu þeirra hótela sem hefðu verið notuð á undanförnum árum. Í þeim samningum er lokaákvæði um endurnýjun samningsins fyrir ákveðinn tíma þegar hann fellur úr gildi eða forgangsendurnýjunarréttur fyrir skrifstofuna.

Það hugsa ég að sé líka mikið atriði að heyra við umræður nú hver sé hugmynd ráðherra um þennan þátt, hvort það sé ekki vilji þeirra ráðherra sem nú fara með þessi mál, þ.e. hæstv. menntmrh. og samgrh., að þessi háttur verði hafður á áfram. Þetta held ég að hafi verið aðalatriðið sem um var fjallað í nefndinni.

Við fengum reyndar líka til viðtals við okkur fulltrúa frá ferðamálasamtökum landshlutanna og var greinilegt að þau samtök höfðu gert sér einhverjar hugmyndir um að þau gætu orðið eignaraðilar og með því að gerast eignaraðilar að þessu fyrirtæki gætu þau haft áhrif á að ferðaskrifstofan skipulegði í auknum mæli ferðir sinna farþega á fleiri staði en hefur verið gert að undanförnu.

Svo í lokin þetta: Það var nokkur umræða um það við 1. umr. að sjálfsagt væri að breyta þessu ríkisfyrirtæki í einkafyrirtæki eða í hlutafélag og m.a. voru þau rök höfð uppi að það væru hvergi til ríkisferðaskrifstofur nema fyrir austan tjald og það varð nokkur misskilningur á milli okkar þingmanna Vesturlands um þetta mál. Er hv. 3. þm. Vesturl. hér? (Gripið fram í.) Það skiptir ekki máli, forseti. Þetta er ekki það mikill misskilningur að það sé ekki hægt að koma því til þingmannsins og ég geri ekki ráð fyrir því að það fari að skapast deilur á milli okkar um það sem ég ætla að upplýsa hér. En það er að það er ekki þannig að það séu ekki ferðaskrifstofur reknar á vegum ríkisins á fleiri stöðum en fyrir austan tjald, enda mátti ótrúlegt vera að sósíaldemókratarnir á Norðurlöndum hefðu ekki þróað upp ríkisrekstur á þessum vettvangi eins og í ýmsum öðrum greinum eða að þeir hefðu a.m.k. ekki puttana í þessum þætti í sínu þjóðfélagi.

Staðreyndin mun vera sú að jafnvel stærsta ferðaskrifstofa Danmerkur mun vera ríkisfyrirtæki. Þar er rekin stór ferðaskrifstofa á vegum dönsku ríkisjárnbrautanna, ekki aðeins til að sinna farþegum járnbrautanna heldur líka til að sinna alls konar annarri ferðaþjónustu.

Þetta skiptir vitaskuld engu máli í sambandi við umræður okkar um Ferðaskrifstofu ríkisins. Það gæti verið jafnsjálfsagt að gera Ferðaskrifstofu ríkisins að hlutafélagi eins og hér er ætlast til þó að það sé ríkisferðaskrifstofa úti í Danmörku. En það var notað í umræðunni sem rök fyrir því að það ætti að selja að slíkt væri ekki til annars staðar en fyrir austan tjald. Ég hafði vissan grun um að sósíaldemókratarnir, vinir okkar, á Norðurlöndum hefðu verið með svona rekstur þó ég gæti ekki fullyrt það þá. En við fengum sem sagt upplýsingar um það í nefndinni að það væri á þann veginn og að sósíaldemókratarnir

á Norðurlöndum væru ekki þeirrar skoðunar að það væri algert bannfyrirbæri að ferðaskrifstofa væri rekin á vegum ríkisins.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil byrja á að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég get mjög vel skilið þau sjónarmið sem fram koma í nál., enda megintilgangur frv. með því að breyta því í einkafyrirtæki að starfsfólkið verði aðilar að og eigendur Ferðaskrifstofunnar.

Ég verð að leiðrétta hv. 4. þm. Vesturl. varðandi það að ekki hafi verið haft samráð við fólkið. Ég átti fund með öllum starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á Ferðaskrifstofu ríkisins til að ræða við fólkið, gera því grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hefði varðandi yfirfærslu á þessu fyrirtæki og ræddi við það hugmyndir um með hvaða hætti og hvernig væri hægt að því að standa. Ég taldi, eftir að forstjóri fyrirtækisins, sem hefur verið í nánu samstarfi við ráðuneytið varðandi þessi mál, hafði rætt við starfsfólkið, eftir að ég ásamt starfsmanni úr samgrn. hafði verið þar á fundi og í viðræðum við þetta fólk, að við værum búnir að gera ítarlega grein fyrir þessu og þannig ætti ekki að vera neinn misskilningur þar í milli. Hafi svo verið eða hafi menn haft tilfinningu fyrir því að svo væri, sem mér finnst vera meira en að menn hafi haft eitthvað áþreifanlegt, þá er það sem stendur í nál. til að leiðrétta eða rétta af, hafi menn haldið að eitthvað væri að fara úrskeiðis eða hætta á að gæti farið úrskeiðis.

Varðandi þá aðila sem hafa rekið Edduhótelin. Hér er um að ræða skóla og það er menntmrn. sem hefur haft með að gera t.d. þá samninga sem gerðir hafa verið. Hins vegar áttum við ítarlegar viðræður við þann aðila sem hefur farið með þessi mál hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, þann aðila sem séð hefur um þennan þátt. Þegar unnið var að samningunum voru þessir aðilar hafðir með í ráðum, bæði heimaaðilar skólanna svo og þeir sem hafa séð um rekstur Edduhótelanna af hálfu Ferðaskrifstofu ríkisins.

Varðandi annað atriðið í nál., um forkaupsréttinn, þá er í frv. enginn þar útilokaður hafandi verið starfsmaður eða verandi starfsmaður, verandi fullur starfsmaður eða hálfur starfsmaður hvernig sem svo á það er litið. Þar verður allt að koma í ljós þegar þær viðræður fara fram. En fyrst og fremst er tekið fram að það eru starfsmenn skrifstofunnar núverandi. Það verður sá hópur, sem tekur sig þar saman, að meta.

Hv. þm. spurði um skoðun mína á framhaldi á samningum. Það verður auðvitað að vera mat þeirra sem þá koma til með að fjalla um þessa hluti. Það er einn þátturinn í þessu, sem hann vék að ef ég man rétt í ræðu við 1. umr., að hluta til væri sá einkaréttur til skaða sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft og að hluta til væri að því visst gagn. En ég er sannfærður um að landshlutasamtökin koma til með að hafa áhuga og hafa sýnt það nú þegar. Mér sýnist því að þessir hlutir verði að koma í ljós eftir þeirri reynslu sem af þessu kemur til með að fást.

Ríkið hefur beint sínum viðskiptum til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég held að þar hafi út af fyrir sig ekki verið um neina þvingun að ræða. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur veitt mjög góða þjónustu og ég efast ekkert um að hún muni gera það áfram. Hér hefur aðeins verið um að ræða tilmæli til ríkisstarfsmanna. Ég á ekki von á því að nein afturköllun eigi sér stað í þeim efnum þannig að þeir sem hafa haft þessi viðskipti geri á því sérstakar breytingar. Þeir hafa verið ánægðir og það er að mínum dómi mat þeirra sem hafa skipt við þessa ferðaskrifstofu að hún hafi veitt þá þjónustu sem til hafi verið ætlast.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 938 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, 2. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782, n. 908 og 926.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mál þetta var rætt í fjh.- og viðskn. Á fund nefndarinnar komu Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi og Jónatan Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sem er ráðgefandi fyrir Ríkisendurskoðun, og gerðu grein fyrir sjónarmiðum Ríkisendurskoðunar sem eru í stuttu máli þau að hún telur sér nauðsynlegt að fá fyllri heimildir í lögum til að geta með eðlilegum hætti unnið að endurskoðun á reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Þessi heimild er takmörkuð, eins og þar stendur, með þeim hætti að viðkomandi aðilum er gerð grein fyrir því að Ríkisendurskoðun hafi ekki áhuga á öðrum gögnum í viðkomandi fyrirtæki en varða þá reikninga sem fram eru lagðir. Er þetta m.a. gert til þess að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt reglulegt eftirlit með reikningsgerð undir slíkum kringumstæðum en þurfi ekki að leita til Rannsóknarlögreglu eða dómstóla ef álitamál þyki koma upp heldur sé hægt að ganga frá málinu með eðlilegum hætti og án þess að það þurfi að vekja óþarfa athygli eða grunsemdir þegar bókhaldsgögn eru með eðlilegum hætti og reikningur í samræmi við þá vinnu og þau útgjöld sem viðkomandi verk gefur tilefni til.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á að þetta sé eðlilegt, m.a. með hliðsjón af því að Ríkisendurskoðun er nú beint undir Alþingi og það er því eðlilegt að Alþingi fái nauðsynlegar heimildir til þess að fylgjast með því að þau verk sem njóta sérstakrar lagaverndar fyrir endurgreiðslu séu undir eðlilegu eftirliti Ríkisendurskoðunar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir því með að frv. verði samþykkt óbreytt og getur ekki fallist á að í frv. sé um það að ræða að of langt sé gengið eða um óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af fjárreiðum einstaklinga sé að ræða.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, tel raunar að þetta sé sjálfsagt mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 944, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég tók þátt í athugun hv. fjh.- og viðskn. Ed. þegar við vorum að fjalla um frv. til l. um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun. Strax þar lýsti ég áhyggjum mínum yfir því að það væri verið að veita Ríkisendurskoðun of víðtæka heimild til að ganga að einkaaðilum og fyrirtækjum þeirra og fá þar að rannsaka bókhald og fjárreiður slíkra fyrirtækja. Ég tel að þetta sé með öllu óþarft.

Það er sjálfsagt að Ríkisendurskoðun hafi mjög víðtækar heimildir til að rannsaka reikninga sem beint er til ríkisins eða ríkisstofnana frá hverjum sem er, hvort sem það eru aðrar ríkisstofnanir, opinberir aðilar eða fyrirtæki og einkaaðilar, en hér teljum við þingmenn Borgarafl. að of langt sé gengið. Mig langar í því sambandi að lesa nál. sem er frá minni hl. fjh.- og viðskn.:

„Frv. gerir ráð fyrir að Ríkisendurskoðun verði veitt mjög víðtæk lagaleg heimild til þess að rannsaka bókhald og grunngögn reikninga sem ríkinu er ætlað að greiða samkvæmt lögum, verksamningum o.fl. Er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun geti krafist þess að fá aðgang að bókhaldi einkaaðila og fyrirtækja þeirra.

Hér er allt of langt gengið og um óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af fjárreiðum einstaklinga að ræða.

Minni hl. getur því ekki samþykkt frv. óbreytt, en mun leggja fram brtt. í samræmi við ofangreint álit."

Ég held að það þurfi ekki að hafa um þetta mjög mörg orð. Ég held að það sé ráðlegt að fara hægt í þessu efni. Það er eðlilegt að þetta frv. til l. sé flutt til að hnykkja á því og taka af öll tvímæli um hverjar séu heimildir Ríkisendurskoðunar til þess að bæði krefjast reikningsskila og greinargerða og sömuleiðis hver aðgangur skuli vera að bókhaldi þeirra aðila sem senda ríkinu reikninga. En við leggjum til að það verði tekið aðeins skemmra skref en gert er ráð fyrir í frv. og höfum, eða ég hef öllu heldur, sent inn brtt. þar sem ég legg til að í stað þess að Ríkisendurskoðun verði heimilaður aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum sem færð eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu og þjónustu sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög og stofnanir til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs, þá verði sú breyting gerð á að í upphafi þessarar setningar standi: „Þá er Ríkisendurskoðun heimilt að krefjast greinargerðar, grundvallargagna eða skýrslna sem eru færðar samhljóða reikningsgerð" o.s.frv.

Hér er sá grundvallarmunur á að í stað þess að Ríkisendurskoðun geti gengið inn í fyrirtæki einstaklinga eða farið inn í bókhald einstaklinga og endavent þar öllu er Ríkisendurskoðun heimilt að krefjast greinargerðar frá þessum sömu aðilum. Ég held að það sé miklu heppilegra og eðlilegra.

Ég óttast mjög þá þróun sem er að verða hjá okkur Íslendingum þar sem ríkið verður æ uppivöðslusamara og kerfið, sem við öll erum að kikna undan, stækkar ört. Það stefnir inn í eitt allsherjar lögregluríki með þeim aðferðum sem hér er lagt til að verði teknar upp.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Nú gat ég ekki verið viðstödd umfjöllun hv. fjh.- og viðskn. á þessu máli þar sem ég sat á sama tíma í heilbr.- og trn. þar sem ég er skrifari, en ég er einungis áheyrnaraðili í fjh.- og viðskn. Þess vegna gat ég ekki fylgst með umfjöllun málsins í nefndinni eins og ég hefði þó gjarnan viljað, en það verður ekki verið á tveimur stöðum í einu. Því vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar: Var haft samband við fulltrúa hinna beinu málsaðila í þessu máli, þ.e. stjórn læknafélaganna og Tryggingastofnun? Sú deila sem var í málinu upphaflega er fyrst og fremst á milli Tryggingastofnunar og þeirra lækna sem inna af hendi þjónustu og fá hana endurgreidda frá þeirri stofnun. Ég vísa til erindis sem var sett í pósthólfið mitt og er frá Gunnari Inga Gunnarssyni, yfirlækni Heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ, en tilefni flutnings þessa frv. var m.a. einmitt reikningsskil þeirrar stöðvar.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. formann nefndarinnar: Nú er til umfjöllunar í Nd. og mun væntanlega verða okkur sent innan tíðar frv. til nýrra læknalaga og þar segir í 15. gr. svipað og gerir í núgildandi lögum: „Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir. Þetta gildir ekki bjóði lög annað, enda sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar." Hefur nefndin gaumgæft þetta, og hvort það stangast á við erindi frv.?

Ég ítreka þá skoðun mína, sem ég hef lýst yfir áður, það er mjög nauðsynlegt að ríkið og stofnanir þess geti fengið sem gleggstar upplýsingar um þau störf sem það greiðir fyrir. Ég styð það eindregið.

Hins vegar er einnig um að ræða trúnað á milli lækna og sjúklinga sem verður að fara með af ýtrustu varkárni. Vegna þess að umræður standa yfir milli málsaðila og málin eru nánast að leysast langar mig til að spyrja þessara spurninga því ég tel að reikningseftirlitið hljóti fyrst og fremst að vera hjá Tryggingastofnun og ekki nema á síðari stigum málsins, ef annað þrýtur, hjá Ríkisendurskoðun.

Sjávarútvegsráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins fá að blanda mér í umræðurnar vegna þeirra orða sem hér hafa fallið. Það er mikilvægt að rifja upp í þessu sambandi að Ríkisendurskoðun var ætlað að styrkja aðskilnaðinn milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Með lögunum um Ríkisendurskoðun er í reynd verið að styrkja mjög stöðu Alþingis í þjóðfélaginu og auka eftirlitsskyldur Alþingis og hér er um mjög mikilvæga breytingu að ræða í okkar þjóðfélagi. Það var ávallt gert ráð fyrir því, a.m.k. var það svo þegar ég kom nálægt þessu máli fyrir rúmum tíu árum og kynnti mér skipan þessara mála í mörgum löndum, að Ríkisendurskoðun gæti haft aðgang að öllum gögnum er varða greiðslur ríkisins til annarra aðila. Það hefur ekkert með að gera lögregluríki. Það er þvert á móti verið að styrkja stöðu þingræðisins og með eindæmum að hv. þm. Júlíus Sólnes, þingmaður Borgarafl., skuli tala um lögregluríki í þessu sambandi þegar sett hafa verið hér merk lög til að styrkja stöðu þingræðisins. Það hefur hins vegar komið upp að hér hefur ekki verið nægilega vel gengið frá málum, eins og oft vill verða þegar ný lög eru sett og nýjungar teknar upp, og það þarf að verða breyting á.

Það hefur komið fram í þessu sambandi að læknar telja að með þessu sé verið að rjúfa þeirra þagnarskyldu. Ég tel að þetta sé algerlega rangt vegna þess að það er ekki verið að ræða um að viðkomandi eftirlitsmenn hafi aðgang að öllum upplýsingum sem liggja fyrir um viðkomandi sjúkling heldur eingöngu fjárhagsatriði málsins. Ég bendi einnig á að þessir menn eru opinberir sýslunarmenn og þeir eru bundnir þagnarskyldu og brot á þeirri þagnarskyldu geta varðað allt að nokkurra ára fangelsi.

Það er alger misskilningur þegar læknar koma fram á sjónarsviðið og halda því fram að þeir séu einu mennirnir í heiminum sem séu bundnir þagnarskyldu. Það er að sjálfsögðu fjöldi annarra stétta sem ekki er síður nauðsyn á að séu bundnar trúnaði og er treystandi fyrir þeim trúnaði. Ég tel að hér sé því um mikinn misskilning að ræða og væri að sjálfsögðu líka athugunarefni með hvaða hætti slík þagnarskylda er þá tryggð á sjúkrahúsum landsins. Er alveg öruggt að enginn annar hafi aðgang að skjölum sjúklinga en aðili sem hefur læknispróf? Er hægt að tryggja að svo sé? Ég hef miklar efasemdir um það.

Ég styð þetta frv. eindregið, tel mjög nauðsynlegt að það verði afgreitt á þessu þingi þannig að það liggi alveg fyrir hverjar heimildir Ríkisendurskoðunar eru í þessu sambandi fyrir hönd Alþingis. Það má ekki henda að Ríkisendurskoðun geti ekki sinnt nauðsynlegu eftirlitshlutverki því hér er ekki um neinar smáfjárhæðir að ræða. Hér eru miklir fjármunir í húfi og það er mikið atriði fyrir Alþingi að fylgst sé sem best með þeim málum. Og ég vil endurtaka undrun mína á að menn skuli fara að rugla með lögregluríki í því sambandi.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér virðist nokkuð athyglisvert við þessa umræðu um þessi mál að hv. þm. Borgarafl. hafa hreyft athugasemdum við mál þetta og bæði hæstv. forseti Sþ., hv. 4. þm. Vestf., og hæstv. sjútvrh. hafa séð alveg sérstaka ástæðu til að typta þessa þingmenn úr þessum ræðustól fyrir skilnings- og þekkingarleysi á þessum málum. Ég held nú að athugasemdir, sem hv. þm. Borgarafl. hafa komið fram með, séu út af fyrir sig allrar athygli verðar. Þær eru þessar, eins og ég skil þær, að það sé hægt að ganga of langt í að veita Ríkisendurskoðun heimildir til að vaða inn í bókhald eða hvað það nú er á vegum aðila úti í bæ eða stofnana eða fyrirtækja. Auðvitað er hægt að ganga of langt í þeim efnum. Það segir sig alveg sjálft.

Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að í frv. sé út af fyrir sig gengið of langt í þeim efnum að því er læknana varðar, en mér finnst hins vegar engin ástæða til að hrökkva neitt sérstaklega upp af standinum þó að einn og einn þingmaður hér í deildinni hreyfi athugasemdum af þessu tagi. Ég tek fram að ég tek mikið mark á þeim hv. þm. sem hér um ræðir, hæstv. sjútvrh. og hæstv. forseta Sþ., en mér finnst eðlilegt að um þetta mál fari fram nokkur skoðanaskipti vegna þess að hér er komið að vissu grundvallaratriði í gerð þjóðfélagsins, þ.e. hversu langt á stofnun, þó hún sé á vegum Alþingis, að geta gengið fram í því að kanna hagi fólks úti í bæ, fólks sem hefur verið treyst fyrir fjármunum ríkisins (Gripið fram í.) oft í mjög stórum stíl. Auðvitað er eðlilegt að þessir hlutir séu allir skoðaðir.

Ég held að það séu í raun og veru tveir aðalhagsmunir sem þarna er um að ræða og skipta okkur máli. Það eru í fyrsta lagi hagsmunir sjúklinganna, þeirra sem eiga skipti við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Þeir eiga alveg skýlausan rétt á að sá trúnaður sem þeir sýna lækni á hverjum tíma sé virtur gersamlega. Þeir eiga skýlausan rétt á því og þeir eiga skýlausan rétt á því að Alþingi setji ekki reglur sem brjóta niður þennan trúnað að neinu leyti. Það er hins vegar alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan. Ég efast um að okkar reglur varðandi þennan trúnað og meðferð hans séu nægilega góðar satt best að segja. Ég hygg að þó að það séu um hann nokkuð skýr ákvæði í læknalögum vanti mjög mikið á að þessi trúnaður sé með jafnafdráttarlausum hætti skýr í ýmsum öðrum ákvæðum sem snerta heilbrigðisstéttir í okkar landi. Við verðum að átta okkur á því að stór hluti þeirra sem starfa á spítölunum eru auðvitað ekki faglærðar

heilbrigðisstéttir en gangast engu að síður undir þagmælskuheit sem styðst ekki við lög á sama hátt og nú er að finna um ákvæði í 10. gr. læknalaganna. Ég held að það sé alveg hárrétt sem hæstv. sjútvrh.ýjaði að áðan. Þessi mál eru ekki í nógu góðu standi og það þýðir auðvitað ekkert fyrir okkur, hvorki mig né hv. 6. þm. Reykv. eða yfirleitt neinn í þessum efnum, að koma fram og segja: Þetta er yfirleitt nokkuð öruggt eins og hlutirnir eru í dag. Því fer svo víðs, víðs fjarri. Þess vegna get ég ekki sagt að ég telji að það muni breyta í rauninni neinu í grundvallaratriðum, það er svo langt frá því, þó að Ríkisendurskoðun með trúnaðarlækni yrði opnað bókhald heilsugæslustöðva, þar með taldir „journalar". Það breytir engu í grundvallaratriðum frá því sem er í dag varðandi trúnað sem þarf að ríkja milli sjúklings og læknis. Þess vegna dettur mér ekki í hug að nota stór orð eins og „hrammur ríkisins" eða „lögregluvald" eða „lögregluríki" í tengslum við þetta mál út af fyrir sig. Það væru allt of stór orð og eiga ekki heima hér. Þetta eru þeir fyrri hagsmunir sem við erum að taka tillit til, þ.e. hagsmunir sjúklings og þess trúnaðar sem hann á að njóta í samskiptum sínum við lækni.

Þeir síðari sem ég hér nefni eru þeir hagsmunir sem við eigum að passa sem eru hagsmunir þjóðarinnar, þ.e. peningalegir hagsmunir þjóðarinnar. Þar held ég að séu út af fyrir sig fullkomin rök uppi fyrir því frv. sem hér er flutt. Okkur er skylt að hafa úrræði sem eru þannig að það sé hægt að fylgjast með því hvernig þeir peningar skattborgaranna eru notaðir sem við ákveðum með lögum að afla. Við verðum að hafa slík úrræði á hreinu og þar sem þau virðast ekki vera á hreinu er frv. af því tagi sem hér er flutt alveg á sínum stað frá þeim bæjardyrum séð. Þess vegna held ég að við eigum að reyna að temja okkur nokkra jafnvægislist í sambandi við mál af þessu tagi og reyna að horfa til beggja átta.

Það sem ég hefði látið mér detta í hug hins vegar, ef ég hefði fengið þetta mál inn á mitt skrifborð, hefði verið að breyta almannatryggingalögum og setja þar inn ákvæði um að læknar sem taka við greiðslum fyrir verk í þágu samfélagsins, ríkisins eða hvernig sem það er orðað, skuli vera með fjárhagsbókhald aðgengilegt og aðgreint frá sjúklingabókhaldi. Þetta er hins vegar regla sem aðeins getur átt við inn í framtíðina. Þetta er ekki regla sem getur verið afturvirk. Þess vegna hygg ég að það sé nauðsynlegt í bili að setja lög um heimildir Ríkisendurskoðunar í þessu efni sem ná til liðins tíma þó að þær kunni að virðast nokkuð harkalegar.

Ég bendi hins vegar á, eins og hv. 6. þm. Reykv. gerði áðan, að ég sé ekki betur en frv. til læknalaga sé til meðferðar í Nd. einmitt þessa sólarhringa og mér fyndist eðlilegt að þessi frv. væru lesin dálítið saman og sömuleiðis þau frv. sem fyrir liggja um breytingar á almannatryggingalögum og eru mörg, þar af sýnist mér þrjú á dagskrá Nd. í dag. Í raun og veru ætti því að vera frekar auðvelt að ná utan um þessi mál öll með því að setja ekki bara viðeigandi ákvæði í lögin um Ríkisendurskoðun heldur líka viðeigandi og óhjákvæmileg ákvæði í læknalögin og í lög um almannatryggingar. Ég hefði kosið að afgreiða öll þessi mál í senn.

Ég mun ekki þrátt fyrir það leggjast gegn frv. sem hér er á dagskrá og ég tel að það verði að fá að hafa sinn gang. A.m.k. sýnist mér að flm. ætli að halda þannig á málum og er ekkert við því að segja. Ég mun hins vegar kanna hvort ekki er hægt að fá samstöðu um breytingar á læknalögum og almannatryggingalögum þegar þau mál koma til meðferðar í deildinni síðar til að uppfylla það ákvæði sem hér er gerð tillaga um.

Síðan vil ég taka undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að mér finnst ekki óeðlilegt að ýmsir aðilar málsins verði kallaðir fyrir nefnd, annaðhvort í Ed. eða þeirri neðri, það skiptir í sjálfu sér ekki svo miklu máli þó að það yrði í seinni deild.

Ástæðan til þess, herra forseti, að ég hef talað í nokkrar mínútur um málið er sú að ég var veikur meðan umræðan fór fram í nefndinni og ég átti ekki kost á því að gera grein fyrir sjónarmiðum mínum þar og neyddist þess vegna til að taka þennan tíma af heildarfundartíma til að skýra málið.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Þessi umræða kemur mér svolítið á óvart vegna þess að hér er eingöngu rætt um þá breytingu sem hér er verið að gera eins og það sé mál sem snýr að læknum einum. Hér er verið að afla almennrar heimildar, auka nokkuð heimildir Ríkisendurskoðunar frá því sem verið hefur vegna þess að það kom í ljós á einu tilteknu sviði að þar brast heimildir. En hér er um almenna heimild að ræða og það vil ég undirstrika og það kom mjög skýrt fram hjá ríkisendurskoðanda og lögmanni Ríkisendurskoðunar sem komu á fund nefndarinnar.

Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum, en get ekki orða bundist þegar ég heyri hv. þm. Júlíus Sólnes taka svo til orða að með flutningi þessa frv. um stofnun Alþingis Íslendinga, Ríkisendurskoðunina, „stefni í eitt allsherjar lögregluríki." Á hvaða stigi eru umræður eiginlega þegar hv. þm. taka þannig til orða? Þær er á mjög lágu stigi.

Hér er um að ræða stofnun Alþingis og það var mikið þarfaverk, að ég hygg, og styrkir stöðu þingsins í þjóðfélaginu þegar Ríkisendurskoðun varð stofnun Alþingis. Það var mikið þarfaverk og hefði kannski þurft að gerast fyrr. Alþingi hefur fjárveitingavaldið, þessi stofnun Alþingis hefur eftirlit með því hvernig þessum fjárveitingum er varið og í þessu sérstaka tilviki, þar sem deilur hafa komið upp, er um að ræða fjárframlög úr sameiginlegum sjóðum landsmanna sem nema ekki milljónum, ekki tugum milljóna, ekki hundruðum milljóna heldur eitthvað á annað þúsundum milljóna. Það hefur því miður komið í ljós eins og gerist á öllum sviðum mannlífsins að menn eru misjafnlega heiðarlegir. Það hafa komið í ljós mjög

alvarleg tilvik þar sem menn hafa notað heilbrigðiskerfið til að svíkja út fé eða draga sér fé. Hér er um það að ræða að tryggja hagsmuni almennings, skattborgaranna, og koma í veg fyrir misnotkun opinbers fjár. Og ef vikið er sérstaklega að samskiptum lækna og þessa kerfis og sjúklinga er rétt að það komi skýrt fram, sem raunar kom afar skýrt fram hjá hæstv. sjútvrh. Halldóri Ásgrímssyni áðan, 1. þm. Austurl., sem þekkir þessi mál gjörla, að það eru ekki neinir eftirlitsmenn sem skoða einhverjar sjúkraskrár. Hér er um reikningslegt yfirlit að ræða og það er læknir sem annast þessa skoðun á skýrslum og bókhaldi. Það kom líka fram í nefndinni, en það er ekki víst að allir hafi heyrt það.

Mér kemur það satt að segja mjög á óvart þegar fulltrúar þessara tveggja flokka, Kvennalistans og Borgarafl., lýsa þeim efasemdum sem þeir hafa gert hér gagnvart þessu máli, eðlilegu eftirliti Alþingis með því hvernig fjármunum skattborgaranna er varið. Það kemur mér afskaplega mikið á óvart. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að samþykkja frv. Það má vel vera að það sé rétt, sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, að það beri að líta líka til annarra laga eða frv. sem eru hér í meðferð þingsins, en ég lýsi eindregnum stuðningi við þetta mál og lýsi satt að segja furðu á þeim málflutningi sem ég hef heyrt hér frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sumum hverjum.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Hér er enn komið til umræðu frv. til l. um Ríkisendurskoðun. Við 1. umr. þessa frv. urðu háværar umræður, sérstaklega milli mín og 1. flm. frv. Ég lýsti yfir andstöðu minni við frv. og þann meginhugsunarhátt sem í því býr og þá sérstaklega að Ríkisendurskoðun skuli með frv. gefið vald til að rannsaka gögn sem stjórnsýslan sjálf hefur ekki færi á að rannsaka.

Ég held, og hef haldið því fram, að áður en slíkt vald verði gefið stofnun á vegum Alþingis, hlutlausri stofnun eins og Ríkisendurskoðun á að vera, þurfi fyrst að gefa yfirstofnun slíkt vald. Í því tilviki sem hér um ræðir og aðallega er rætt um, um lækna, teldi ég það mjög eðlilega skipan að fyrst ætti að gefa Tryggingastofnun ríkisins heimild til að fara ofan í frumgögn lækna, sem þeir byggja reikninga sína á, og þegar búið er að gefa slíka heimild sé allt í lagi að gefa öðrum aðilum aðgang eins og Ríkisendurskoðun sem ég tel samt að eigi ekki að hafa þetta vald.

Í mínum huga á þetta að ganga þannig fyrir sig að Ríkisendurskoðun á að vera endurskoðunaraðili á vegum Alþingis og á að geta krafið stofnanir á vegum stjórnsýslunnar um gögn og ekki að fara ofan í og krefjast einstakra reikninga heldur á fyrirkomulagið að vera þannig að Tryggingastofnun í þessu tilviki á að krefjast reikninganna og síðan að láta Ríkisendurskoun hafa þá. Það er alltaf spurning hvernig samskipti eiga að vera á milli utanaðkomandi aðila og svo stofnana á vegum ríkisins.

Ég hef alltaf litið á þetta mál út frá heildinni en ekki tekið lækna eina sér og litið á grunnskipun okkar stjórnskipunar um aðgreininguna á milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds og hve langt hver þáttur á að fara inn á verksvið hins. Eins og fram kemur í lögum um Ríkisendurskoðun er sú stofnun á vegum Alþingis og í þeim lögum eins og þau líta út í dag er aðeins talað um endurskoðun á reikningum en ekki að það sé heimild til þess að krefjast þess að fara fram á rannsókn einstakra gagna. Ég held að þetta sé sá skilningur sem bjó í þeim aðilum sem sömdu frv. og hef ég raunar fengið staðfestingu á því að svo hafi verið, að Ríkisendurskoðun hafi alla tíð átt að vera þannig stofnun að hafa eftirlit og fá gögn frá ríkiskerfinu en ekki að geta sjálfstætt farið á stað og krafist slíkra gagna.

Mín skoðun er sú að það eftirlit sem Alþingi hefur með því að hafa fjárveitingavald sé því nægilegt að því leyti sem hér er rætt um. Alþingi getur neitað ákveðinni stofnun um fjárveitingu liggi ekki fyrir gögn er varða öll þau mál sem Alþingi vill að liggi fyrir við afgreiðslu fjárveitinga.

Það hefur komið fram í máli margra að þeir gagrnýna okkur þingmenn Borgarafl. fyrir að mótmæla þessari heimild Ríkisendurskoðunar. Verð ég að segja, því miður, að þeir aðilar skilja ekki þessa grunnhugsun að baki þessari þrígreiningu. Við getum tekið dæmi og þá sérstaklega það dæmi sem hér hefur aðallega verið talað um, lækna. Þá gæti þetta litið út á þá leið, að ef heilsugæslustöð í Árbæ neitar að framvísa reikningum og frv. sem nú er verið að ræða um er orðið að lögum getur Ríkisendurskoðun farið fram á það við rannsóknarlögregluna að hún geri húsleit hjá þessum læknum og fari ofan í öll þau gögn er á þessari heilsugæslustöð eru. Það felst ekki annað í því að fá úrskurð en húsleit. Þá vaknar sú spurning sem ég hef aðallega verið að gagnrýna: Á Ríkisendurskoðun sem stofnun á vegum Alþingis að geta farið fram á slíkt við dómstóla og síðan farið ofan í ýmis gögn? Ég tel slíkt mjög óæskilegt og tel að þetta eigi að vera innan stjórnsýslunnar en ekki á vegum hlutlausrar stofnunar eins og Ríkisendurskoðun er.

Ég vil frábiðja mig því að við séum að halda einhverri verndarhendi yfir einum eða neinum sérstökum, við þingmenn Borgarafl., heldur viljum við líta á frv. sem heild og hvaða áhrif það hefur á hin ýmsu svið þjóðlífsins og einnig hvaða áhrif það hefur ef Ríkisendurskoðun hefur það vald sem hér er verið að gefa þeirri stofnun.

Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að mín skoðun er sú að Ríkisendurskoðun eigi að vera endurskoðunarfyrirtæki eins og hvert annað endurskoðunarfyrirtæki og eigi að geta krafist gagna, en stjórnsýslan sem slík eigi að sjá til þess að Ríkisendurskoðun fái þau gögn sem hún krefur um. Ég held að þarna sé sá grunnágreiningur sem er á milli okkar og annarra sem hér hafa talað, þ.e. hvernig við viljum líta á þessa stofnun sem Ríkisendurskoðun er.

Ég geri það að tillögu minni að þetta mál fari til

nefndar aftur, hv. fjh.- og viðskn., og það verði kallaðir til fleiri aðilar en þeir sem nú hefur verið talað við. Það væri t.d. fróðlegt að fá fyrir nefndina þá aðila sem sömdu frv. Síðan mætti athuga hvaða álit hinn nýskipaði umboðsmaður Alþingis hefði á frv. Svo get ég tekið undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Kvennalistans, Guðrúnu Agnarsdóttur, að læknar fengju að segja álit sitt á því hvort þeir hefðu einhverjar athugasemdir við frv. þar sem mér virðist frv. aðallega stefnt gegn læknum.

Ég mótmæli þeim árásum sem við höfum orðið fyrir, þingmenn Borgarafl., fyrir að andmæla frv. og lýsi furðu minni á því að hér, alla vega í þessari deild, hv. Ed., skuli ekki vera hægt að ræða mál á málefnalegum grunni og þar sem mál eru skoðuð frá ýmsum sjónarhornum og þá sérstaklega þessu þar sem er verið að ræða um grunnskipan stjórnarskrárinnar og það hvaða hlutverk hver þáttur ríkisvaldsins á að hafa.

Ég vil að lokum enn og aftur ítreka það, sem ég hef sagt hér, að Ríkisendurskoðun á ekki að hafa þá heimild sem lögin eru að bjóða.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta mál var tekið fyrir á tveim nefndarfundum. Á hinum fyrri nefndarfundinum ræddi ég málsmeðferð og voru nefndarmenn sammála um að fullnægjandi væri að ríkisendurskoðandi, Halldór V. Sigurðsson, mætti á fundi nefndarinnar þegar málið yrði tekið fyrir til afgreiðslu og hafði hann með sér að eigin ósk Jónatan Sveinsson hæstaréttarlögmann. Málið var síðan afgreitt úr nefndinni. Nú er ríkisendurskoðandi starfsmaður Alþingis og ekkert því til fyrirstöðu að ríkisendurskoðandi sé einstökum þingnefndum til upplýsingar og aðstoðar um hvaðeina það sem varðar Ríkisendurskoðun og hygg ég að aðrir þingmenn sem til hans hafi leitað hafi sömu sögu að segja að hann bregst ævinlega vel við ef Alþingi leitar til hans og var þess vegna ekkert því til fyrirstöðu né er að einstakir þingmenn geti leitað til hans um upplýsingar um það með hvaða hætti Ríkisendurskoðun falast yfirleitt eftir þeim gögnum sem hún telur nauðsynlegt að endurskoða.

Við höfðum ekki samband við Tryggingastofnun né Læknafélag, enda er sú endurskoðun og það eftirlit sem fram fer í Tryggingastofnun sjálfsagt innan þeirrar stofnunar, en jafnsjálfsagt er hitt að Ríkisendurskoðun, sem er eftirlitsaðili Alþingis með framkvæmdarvaldinu, hafi sjálfstæða athugun á öllum þeim útgjöldum sem eru úr ríkissjóði fyrir atbeina einstakra ráðuneyta, ráðherra eða stofnana.

Þannig er það laukrétt, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að þegar við erum að tala um lagfæringar á íslensku stjórnkerfi og þegar við erum að treysta stöðu Alþingis hefur það ævinlega verið talinn mjög merkur áfangi að Ríkisendurskoðun skuli nú vera beint undir Alþingi. Ég vil líka minna á að ef hv. þm. verða varir við að Ríkisendurskoðun verður offari þannig að starfsmenn hennar eða ríkisendurskoðandi sjálfur misbeiti valdi sínu eða séu ekki verðir þess trúnaðar sem þeim er skylt að gæta munu forsetar veita þeim áminningu eða aðhald eftir því sem á stendur því það er hlutverk forseta Alþingis að veita Ríkisendurskoðun nauðsynlegt aðhald í störfum hennar.

Í sambandi við skoðun á þeim gögnum sem hér hafa sérstaklega orðið að umræðuefni í sambandi við trúnað lækna og sjúklinga er það að segja að hjá Ríkisendurskoðun starfar sérstakur trúnaðarlæknir sem er undir læknaeiðnum og hann er sá starfsmaður Ríkisendurskoðunar sem fer yfir hin persónulegu gögn sem liggja á bak við reikninga einstakra lækna. Reikningar læknanna eru mjög einfaldir í sniðum. Það er sérstakt númerakerfi sem menn þurfa að kunna glögg skil á og hafa læknismenntun til að skilja til fullnustu. Trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar ber síðan saman heilbrigðisskrár eða sjúklingaskrár, ég kann ekki að nefna þetta, kannski kallaðir „journalar“ í daglegu tali, og gerir ríkisendurskoðanda eða ólæknislærðum starfsmanni hans grein fyrir því hvort eitthvað sé óeðlilegt í sambandi við gjaldfærsluna á þeim verkum sem læknirinn tilnefnir á reikningum sínum til Tryggingastofnunar ríkisins. Þannig er það eingöngu trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar sem fer yfir þau persónulegu gögn sem við erum hér að tala um og þingmenn hafa mjög gert að umtalsefni, en auk þess vil ég minna á það, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að starfsmenn Ríkisendurskoðunar eru bundnir trúnaði engu síður en læknarnir og kannski eru viðurlög hjá þeim enn strangari en hjá einstökum læknum ef út af er brugðið. Þannig er það ekki aðeins í þessum tilvikum gagnvart einstökum læknum heldur gagnvart öllum öðrum þeim aðilum, sem Ríkisendurskoðun þarf að hafa eftirlit með, sem fyllsta trúnaðar skal gætt. Koma þá oft viðkvæm mál þó að þau séu af öðrum toga spunnin en við erum hér að ræða um.

Það kom skýrt fram í máli ríkisendurskoðanda að um þá heimild sem hér er farið fram á er ekki beðið af mannvonsku eða til þess að viðkomandi verktakar verði fyrir óþarfa ónæði eða óþægindum. Þvert á móti er þessi heimild nauðsynleg í lögum til þess að Ríkisendurskoðun geti við reglulegt eftirlit athugað þau frumgögn sem henni þykir nauðsynlegt án þess að atbeina dómstóla sé leitað eða málinu vísað til Ríkisendurskoðunar. Þetta getur oft og tíðum leiðrétt misskilning þannig að viðkomandi verði ekki fyrir óþægindum sem hann ella yrði fyrir ef farin yrði dómstólaleiðin. Ég held þess vegna að það sé ekki hægt að tala um að með þessari breytingu sé verið að skerða persónuleg réttindi þeirra manna sem eiga viðskipti við ríkissjóð.

Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á að þessi heimild er ekki bundin við eina stétt manna. Hún er alls ekki bundin við lækna. Þessi heimild er bundin við hverja þá sem ríkið er greiðsluskylt á grundvelli laga um verksamninga eða gjaldskrársamninga þannig að viðkomandi þarf ekki annað en sýna reikninginn og þá er ríkinu skylt að inna greiðsluna

af hendi án þess að geta áður gengið úr skugga um hvað á bak við reikninginn standi. Það er um þetta sem við erum að tala. Í venjulegum frjálsum viðskiptum geta menn krafist þess að fá svo og svo ítarlegar upplýsingar um einstök atriði í reikningi sem fram er lagður, einstaka þætti hans. Það er gamall brandari að norðan um það að einu sinni hafi ríkið fengið reikning sem var á þessa leið: An: Eitt stykki flugturn, vegna þess að það var unnið samkvæmt útboði. Þetta er gamalt spaug og áreiðanlega alþjóðlegur brandari sem færður er upp á kunnan borgara mönnum til skemmtunar. En þetta lýsir í stuttu máli því sem hér er um að ræða.

Ég vek líka athygli á því að í þessari sömu grein er sérstakt ákvæði sem lýtur að rétti Ríkisendurskoðunar til að rannsaka reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í. Við getum talað um hluti eins og eyðingu minka og refa. Við getum talað um ótal samninga og skuldbindingar sem á ríkinu hvíla. Þessi lagabreyting lýtur að öllu þessu. Henni er ekki beint gegn einni ákveðinni stétt. Hún er með vissum hætti vernd fyrir þá einstaklinga sem í þeirri stétt eru sem hér hefur mest verið til umræðu til þess að auðvelt sé að ganga úr skugga um réttmæti þeirra reikninga án þess að það veki athygli og án þess að til einhvers uppgjörs fyrir dómstólum þurfi að koma og á í framtíðinni að auðvelda samskipti heilbrigðisstétta við ríkissjóð. Ég hef heyrt það á máli margra lækna að þeir telji einmitt nauðsynlegt að þessi samskipti geti verið sem snurðulausust svo að menn séu hafnir yfir vafa, menn liggi ekki að óþörfu undir grun eða ámæli.

Ég hygg, herra forseti, að ekki sé ástæða til að svara þessu nánar og vil taka sérstaklega undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði í sinni ræðu áðan.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ætli 3. þm. Vesturl. sé hér einhvers staðar? Það er greinilegt að hvorki hæstv. sjútvrh., hv. 3. þm. Vesturl. né heldur hv. formaður í fjh.- og viðskn., 2. þm. Norðurl. e., voru viðstaddir ræðu mína við 1. umr. þessa máls. Þá hefðum við getað sparað okkur löng orðaskipti hér nú.

Í tilefni af þeim orðum sem hér hafa fallið vil ég í fyrsta lagi segja þetta: Ég tel að hlutverk Ríkisendurskoðunar sé afar mikilvægt og ég ber fyllsta traust til ríkisendurskoðanda.

Í öðru lagi vil ég segja þetta: Það er skoðun mín að það sé bæði eðlilegt og sjálfsagt og mjög mikilvægt að vel sé farið með almannafé og vel sé fylgst með þessari meðferð. Um Tryggingastofnun renna stórar fjárhæðir, og ekki síst vegna unninna læknisverka. Þetta veit ég vegna þess að nú sit ég í tryggingaráði. Það er mjög nauðsynlegt að fylgjast vel með þessu. Þess vegna vísa ég á bug þeim aðdróttunum sem ég heyrði í máli hv. 3. þm. Vesturl.

Í þriðja lagi vil ég segja að ég tel ekki að þessu frv. sé stefnt gegn læknum.

Síðan vil ég taka fram að forsvarsmenn lækna, þ.e. stjórn læknafélaganna, hafa lýst sig opinberlega fúsa til að leita allra leiða til þess að auðvelda Tryggingastofnun aðgang að nauðsynlegum upplýsingum þannig að ganga megi úr skugga um að greiðslur fari fram fyrir raunverulega og réttilega unna vinnu. Um þetta ríkir enginn ágreiningur. En ágreiningur hefur ríkt um hvernig á að fara að þessu. Þess vegna tók ég til máls áðan og þess vegna hef ég vissar áhyggjur af þessu máli þó ég hafi ekki lýst mig andsnúna því. Þá vísa ég aftur á bug aðdróttunum í máli hv. 3. þm. Vesturl.

Ágreiningurinn er fyrst og fremst um leiðir vegna þess að margir læknar líta trúnaðarsamband sitt við sjúklinga alvarlegum augum. Það hafa komið fram ýmsar uppástungur um hvernig sé best að gera þetta og ég minntist einmitt á það í máli mínu við 1. umr. og vísaði þá til lesefnis þar sem hefur verið skrifuð ítarleg grein um þetta í fréttabréfi lækna og birt.

Eins og ég sagði áður: Þessu er ekki stefnt gegn læknum að mínu viti, en tilefnið til flutnings þessa frv. var þó einmitt vegna reikningsskila lækna. Þess vegna þarf að taka sérstakt tillit til þessa trúnaðar þar sem erindi frv. varðar lækna, ekki þar sem það varðar eyðingu minka eða einhvers annars sem hér var minnst á.

Ég hef heldur ekki gefið í skyn — vegna orða hæstv. sjútvrh. — eða dottið það í hug að læknar einir þyrftu að gæta trúnaðar gagnvart skjólstæðingum sínum. Það hljóta einnig aðrir að þurfa að gera, t.d. aðrar heilbrigðisstéttir. Ég tek undir þau orð hans og það er almannarómur að trúnaður innan sjúkrahúsa sé ekki ávallt sem skyldi, t.d. við meðferð sjúkraskráa. Það má verulega bæta. Á því er enginn vafi. Sama trúnaðarskylda hlýtur einnig að gilda um aðrar stéttir sem fara með viðkvæm og mikilvæg mál. Það liggur þó í eðli trúnaðar að hann verður ekki rofinn með því að deila honum með öðrum. Hann verður ekki fluttur á milli manna. Þess vegna, og ég ítreka það enn, er mjög mikilvægt að finna leiðir sem báðir málsaðilar sætta sig við og það var meginefni ræðu minnar áðan. Þess vegna kom ég upp og gerði fyrirspurnir.

Síðan er annað varðandi læknalögin. Ég leitaði einmitt upplýsinga hjá lögfræðingi læknafélaganna og hvort sem hann hefur rétt fyrir sér eða ekki taldi hann að það ákvæði sem væri sett í þetta frv. mundi ekki vera sterkara en ákvæðin í læknalögunum. Hann efaðist um að þetta frv. mundi ná tilgangi sínum. Nú er ég ekki lögfræðingur og þess vegna get ég ekki dæmt um þetta. Það hefði verið mjög fróðlegt að spyrja lögfræðing Ríkisendurskoðunar einmitt álits á þessu.

En ég lýsi því yfir og ítreka það: Ég er ekki andsnúin því að eftirlit fari fram, en það er ekki sama hvernig það er gert. Við verðum að leita lagni og við verðum að sýna þolinmæði til að finna leiðir sem báðir aðilar eru sáttir við þannig að þetta gangi snurðulaust, eðlilega og vel fyrir sig.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég leyfi mér að undrast vanstillingu þeirra hv. 3. þm. Vesturl. Eiðs Guðnasonar og hæstv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar og kann enga aðra skýringu en þá að þeim líði svo illa í stjórnarsamstarfinu að það komi fram með þessum hætti. Við erum að ræða um þetta frv. og við erum að reyna að afgreiða það á málefnalegan hátt og ég taldi mig vera að gera það.

Ég ber fyllsta traust til Ríkisendurskoðunar og tel skynsamlegt og rétt að sú stofnun hafi sem víðtækasta möguleika á því að fylgjast með því með hvaða hætti fjármunum ríkisins er varið. En ég held að stofnuninni sé ekki gert neitt gott með því að hafa þessar heimildir allt of víðtækar þannig að stofnunin geti neyðst út í allt of mikið eftirlitshlutverk langt umfram það sem eðlilegt geti talist. Þess vegna lögðum við til, þingmenn Borgarafl., að við skyldum fara okkur hægt í þessu efni og þreifa okkur frekar áfram, stíga stutt skref í einu. Ég tel að það hafi verið sjálfsagt og rétt að skilgreina betur hverjar séu þessar heimildir Ríkisendurskoðunar, en ég vil ítreka að lokum við þessa umræðu að ég tel að með þessu frv. sem hér liggur fyrir sé gengið of langt.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins segja út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. að ég hef enga ástæðu til að ætla annað en Ríkisendurskoðun muni beita þessari heimild af réttsýni og hógværð og reyna ásamt sínum trúnaðarlækni að ná sem bestu samkomulagi um það við Læknafélagið hvernig eftirlit af þessu tagi fer fram. Og hef enga ástæðu til að ætla annað en að sá maður sem gegnir starfi trúnaðarlæknis Ríkisendurskoðunar hafi þann skilning á sínu starfi að ástæðulaust sé að óttast svo mjög að ekki skapist eðlilegar starfsvenjur um þetta eftirlit eins og annað, en ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ef Læknafélaginu finnst sem þar sé í einhverju farið offari af hálfu Ríkisendurskoðunar eru forsetar Alþingis þeir réttu aðilar til að snúa sér til sem í umboði Alþingis fara með yfirstjórn Ríkisendurskoðunar. En ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en þessi endurskoðun eigi að geta farið vel fram og í fullu samkomulagi við alla aðila því hið sama vakir fyrir mönnum, að heilbrigðisstéttir geti unnið örugglega sitt verk og fái réttmætar greiðslur fyrir það sem þeir eru að gera og verði fyrir sem minnstum óþægindum í sínu starfi.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er til komið á þann veg að Ríkisendurskoðun óskaði eftir flutningi þess og forsetar Alþingis standa að flutningi þess. Ég vil þess vegna leyfa mér að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir góða afgreiðslu á frv. Við forsetar metum það mikils vegna þess að við höfum talið að það væri líka þýðingarmikið að ljúka þessu máli og fá frv. lögfest á þessu þingi.

Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Að vísu sagði hv. 11. þm. Reykv. að því er mátti skilja að þær hefðu ekki verið málefnalegar. Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir. Ég hef hlustað á þessar umræður gaumgæfilega. Ég hygg að þessi hv. þm. hafi átt við málflutning þeirra sem sérstaklega töluðu með frv. þessu. Það er algert öfugmæli því að hæstv. sjútvrh., hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Vesturl. ræddu þessi mál mjög málefnalega. Það gefur mér ástæðu til að vera stuttorður hér nú. Þessir hv. ræðumenn hafa raunar tekið ómakið af mér og þeim mun fremur þar sem ég ræddi málið mjög ítarlega við 1. umr. og kom þar líka inn á þau málsatriði sem sérstaklega hafa verið gerð hér að umræðuefni.

Hæstv. sjútvrh. lagði áherslu á, eins og fleiri, mikilvægi löggjafarinnar um Ríkisendurskoðun. Ég gerði það við 1. umr. málsins og það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar nokkru við. Ég vil aðeins leggja áherslu á að Ríkisendurskoðunin skal hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Það er grundvallaratriði að öll meðferð ríkisfjármála skuli sæta endurskoðun.

Í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun er tekið fram hvaða aðilar skuli lúta endurskoðun og í 7. gr. eru ríkisendurskoðendum veittar tilteknar heimildir til endurskoðunar. Þegar lögin voru sett 1986 töldu menn að þessi ákvæði væru tæmandi. Þau ættu m.ö.o. við þau tilvik sem felast í því frv. sem hér er til umræðu. Það er núna einungis verið að gera það sem menn töldu að þeir hefðu verið að gera 1986. Ég legg áherslu á þetta.

Það er enginn ágreiningur milli manna um mikilvægi Ríkisendurskoðunar, en þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að Ríkisendurskoðun verður að hafa þær heimildir til athafna og til starfsemi sinnar sem nauðsynlegar eru.

Menn eru líka sammála um það hér, sem bent hefur verið á, að það sé þýðingarmikið að taka tillit til borgaranna í landinu. Það er enginn ágreiningur um slíkt. Og það er á miklum misskilningi byggt ef menn halda að það sé til í dæminu, hvað þá heldur að það sé ætlun nokkurs manns, að Ríkisendurskoðunin vaði inn á reikninga og sérsvið borgaranna í landinu hvers og eins svo sem menn hafa sagt hér. Það vakir ekki fyrir neinum og það er afar áríðandi að Ríkisendurskoðun fari í engu offari í þessum efnum. Og Ríkisendurskoðun er sér sérstaklega meðvitandi um það hve henni er mikill vandi á höndum.

Það hefur verið talað um það hér, hv. 7. þm. Reykv. vék að því, að það kynni að vera réttara að setja ákvæði hliðstætt því sem við ræðum hér um inn í læknalög og lögin um Tryggingastofnun ríkisins og fleiri hv. þm. hafa minnst á þetta. Það var vikið að þessu við 1. umr. þessa máls og þá ræddi ég nokkuð um ástæðurnar fyrir því að það væri sjálfsagt og nauðsynlegt að Ríkisendurskoðun hefði sjálfstæða heimild í þessum efnum. En auk þess er sjálfsagt að setja þær heimildir inn í önnur lög sem menn telja að þurfi, t.d. vegna hagsmuna Tryggingastofnunar

ríkisins.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta mál kemur hér inn í þingið núna af því tilefni að það var fyrirstaða fyrir því að Ríkisendurskoðun fengi í hendur tilteknar upplýsingar frá tiltekinni heilsugæslustöð. En það var algerlega sérstætt tilvik. Það er rétt að það komi hér fram, eins og ég benti ítarlega á við 1. umr. málsins, að það hafa engin deilumál verið uppi milli lækna og Ríkisendurskoðunar um þessi efni. Það gilda samningar milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um aðgang Tryggingastofnunar ríkisins að þeim upplýsingum sem hér hafa sérstaklega komið til umræðu. Og þessu máli hefur verið stefnt til siðanefndar Læknafélags Íslands — það var árið 1979 — til þess að fá skorið úr því hvort læknar brygðust trúnaðarskyldu sinni samkvæmt læknalögunum ef þeir gæfu upplýsingar sem hér um ræðir. Og niðurstaða siðanefndarinnar var sú að það bryti ekki siðalögmál lækna.

Það er að mínu viti engin ástæða til að deila um það sjálfsagða mál sem hér liggur fyrir, hvað þá heldur að gera það tortryggilegt á nokkurn hátt og allra síst að tefja fyrir afgreiðslu þess. Þess vegna tel ég að það komi að sjálfsögðu ekki til greina, sem hv. 11. þm. Reykv. var að leggja til, að málinu yrði aftur vísað til fjh.- og viðskn. Og einhverjir voru að tala um að það ætti að kalla alla sem málið kæmi við fyrir nefndina. Því starfi yrði seint lokið vegna þess að þetta varðar allan almenning í landinu.

Með hliðsjón af því sem ég hef hér sagt og með tilvísun til þess sem ég sagði við 1. umr. þessa máls vil ég lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að brtt. hv. 7. þm. Reykn. eigi ekki rétt á sér og það beri að fella hana.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 944 felld með 13:2 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

EFRI DEILD

83. fundur, föstudaginn 29. apríl, að loknum 82. fundi.

Tónlistarháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 959.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 961.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 962.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ferðamál, 3. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 816.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisendurskoðun, 3. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782, brtt. 946.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 946 kölluð aftur.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Mat á sláturafurðum, 1. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 906.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, eins og það liggur hér fyrir eftir breytingu sem á því var gerð í Nd.

Frv. var þar flutt til staðfestingar á brbl. um að framlengja tímabundna undanþágu fyrir sláturleyfi í sláturhúsum sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim. Brbl. gerðu ráð fyrir að þessi heimild gilti í eitt ár, til 31. maí á þessu ári, en í Nd. var gerð sú breyting á að leyfið var framlengt í tvö ár í viðbót, en í nál. sem landbn. Nd. lagði fram leggur hún áherslu á að sá tími, þau tvö ár sem þarna verða til viðbótar, verði notaður til að koma betra skipulagi á sláturhúsamálin.

Við vitum að það hafa verið að gerast miklar breytingar á síðustu árum á þessu sviði. Fé hefur fækkað á sama tíma sem samgöngur batna, en kröfur til þessara bygginga fara vaxandi og er því nauðsynlegt að hagræða þessum málum eins og kostur er til að gera framkvæmdina ódýrari fyrir framleiðendur og neytendur. Að því verður unnið á þessum tveimur árum og þá mun tekið tillit til niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu nefndar sem ég skipaði og skilaði áliti á sl. ári um nauðsyn hagræðingar á þessu sviði.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 1. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild til að hækka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum. Þetta frv. hefur þegar verið samþykkt í hv. Nd. Samkvæmt frv. yrði ríkisstjórninni heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68 í 125,8 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans 1. júlí 1944.

Íslendingar hafa áður tekið þátt í hækkun á hlutafé í bankanum, síðast með lögum frá árinu 1982, en á grundvelli þeirra laga var hlutafé Íslands í bankanum rúmlega þrefaldað.

Með því frv. sem ég mæli hér fyrir er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að um það bil tvöfalda hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum eins og fram kom í upphafsorðum mínum. Aðeins lítill hluti af þessari fjárhæð er innborgunarfé eða um 90 millj. kr. sem greiðast á sex árum, árunum 1988–1993. Greiðsla innborgunarfjárins skiptist þannig að á þessu ári skal greiða 11 millj., síðan 22 millj. árið 1989 og loks 14 millj. á hverju ári fram til 1993.

Hæstv. forseti. Ég tel að starfsemi Alþjóðabankans og þátttaka Íslands í henni sé einmitt dæmi um skynsamlega aðferð fyrir fámennt ríki en vel meganndi til þess að taka þátt í þróunaraðstoð í heiminum einfaldlega vegna þess að með því að taka þátt í

fjölþjóðasamstarfi komumst við hjá því að eyða allt of miklu af hinum takmörkuðu fjárveitingum til þróunaraðstoðar í stjórn og skipulag heima fyrir, en eins og við vill brenna þegar um litlar fjárveitingar er að ræða vilja þær meira og minna fara í sjálfar sig.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Með þessu frv., sem hér er mælt fyrir, er lagt til að opna nýja leið í húsnæðismálum. Kaupleiguíbúðir eru skv. frv. þessu íbúðir byggðar eða keyptar á þeim forsendum að íbúar eigi kost á að velja um leigu eða kaup á íbúðum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Í frv. er lagt til að kaupleiguíbúðir verði með tvennum hætti: félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir.

Ég vil fyrst taka fyrir félagslegar kaupleiguíbúðir. Félagslegar kaupleiguíbúðir verða eingöngu skv. frv. á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka sem þurfa að byggja kaupleiguíbúðir fyrir láglaunafólk eða aðra þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoðar við húsnæðisöflun. Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna láni til félagslegra kaupleiguíbúða 85% lán til 43 ára með sömu vaxtakjörum og almennt gilda hjá sjóðnum. Framkvæmdaaðili skal sjá um að útvega 15% fjármögnun, en bent er á þann möguleika að lífeyrissjóðirnir aðstoðuðu sveitarfélögin við þá fjármögnun með sölu skuldabréfa þeirra. Sá sem fær úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um að gera kaupsamning strax í upphafi eða gera leigusamning með kauprétti.

Skv. frv. hefur leigjandi a.m.k. fimm ára umhugsunarfrest varðandi kaup á íbúðinni. Þeir sem koma til greina við úthlutun félagslegra kaupleiguíbúða verða að uppfylla skilyrði 44. gr. núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, en þar eru almenn skilyrði varðandi tekjumörk og eignastöðu þeirra sem eiga kost á félagslegum íbúðum.

Leiga í félagslegri kaupleiguíbúð greiðist mánaðarlega og miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna, auk vaxtakostnaðar af 15% framlagi framkvæmdaaðila að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðili miði þau vaxtagjöld af 15% framlaginu sem renna í leigu við þau vaxtakjör sem gilda hjá Byggingarsjóði ríkisins, en á móti því kemur sú eignamyndun framkvæmdaaðila sem verður við afborgun 85% lánsins. Ef hins vegar leigjandi festir kaup á íbúðinni og gerir samning við framkvæmdaaðila um endurgreiðslu 15% framlagsins er gert ráð fyrir að miðað sé við sömu vaxtakjör og framkvæmdaaðili býr við gagnvart lánardrottnum sínum, enda fá þeir sem kaupa íbúðir sérstaka aðstoð, húsnæðisbætur fyrir milligöngu skattakerfisins.

Leigjandi á kost á að kaupa íbúðina á kjörum Byggingarsjóðs verkamanna að því tilskildu að skilyrðum varðandi lánveitingar úr sjóðnum sé fullnægt. Kaupandinn gerir þá samning við sveitarfélagið eða félagasamtök um endurgreiðslu á 15% framlaginu. Lagt er til að endurgreiðsla geti farið fram á allt að 30 árum með mánaðarlegum greiðslum sem er þá eins konar viðbót við leigu. Þegar kaupandi hefur endurgreitt framkvæmdaaðila framlag hans fær viðkomandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur eftirstöðvar áhvílandi lána.

Mikilvæg nýmæli varðandi félagslegar íbúðir eru ákvæði um endurskoðun vaxtakjara. Lagt er til að átta árum eftir að kaup eru gerð skuli endurskoða vaxtakjör á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna með hliðsjón af tekjum viðkomandi. Ef kaupandi er kominn yfir tekjuviðmiðun félagslega kerfisins þegar endurskoðun fer fram skal breyta vaxtakjörum lánanna til samræmis við gildandi kjör á almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Endurskoðun vaxtakjara fer fram átta árum eftir undirritun kaupsamnings eins og áður sagði en síðan á fimm ára fresti. Þetta er gert til að tryggja að hin mikla niðurgreiðsla vaxta sem á sér stað í félagslega kerfinu fari sem mest eftir þörfum og verði hætt þegar hagur íbúðareiganda gefur tilefni til þess og lúti þá ákvæðum vaxtakjara í Byggingarsjóði ríkisins.

Gert er ráð fyrir að félagslegar kaupleiguíbúðir lúti flestum skilyrðum sem sett eru um aðrar lánveitingar til félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna. Í þessu sambandi má nefna kaupskyldu sveitarfélaga og félagasamtaka sem gildir í 15 ár og síðan forkaupsréttur. Þessi skilyrði eru eins og kunnugt er til að tryggja að félagslegar íbúðir þjóni áfram tilgangi sínum í þágu láglaunafólks.

Í frv. er lögð rík áhersla á skýr ákvæði um ábyrgð framkvæmdaaðila. Frumkvæði framkvæmdaaðila að byggingu félagslegra kaupleiguíbúða og ábyrgð þeirra eru í frv. mjög samtvinnaðir þættir. Fyrirkomulag þetta er með öðrum hætti en í verkamannabústaðakerfinu, en þar er gert ráð fyrir að frumkvæði og framkvæmd verði á vegum stjórnar verkamannabústaða, en í félagslegum kaupleiguíbúðum er frumkvæði, ábyrgð og úthlutun íbúða á vegum

framkvæmdaaðila sem ætla má að séu í flestum tilfellum sveitarfélögin.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er opnað fyrir nýja möguleika á samstarfi sveitarfélaga og einstaklinga eða félagasamtaka og fleiri aðila um lausn húsnæðisvandans á landsbyggðinni. Leiguíbúðir byggðar á félagslegum forsendum eru ekki eingöngu bundnar við þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun. Lögð er áhersla í frv. á nauðsyn þess að sveitarfélög geti boðið leiguíbúðir fyrir aðkomufólk sem ekki er viðbúið því að fjárfesta um leið og það flyst á viðkomandi stað en hefði þann möguleika opinn án þess að þurfa að skipta um íbúð.

Jafnframt er í frv. lagt til grundvallar mikilvægi þess að nýtt fyrirkomulag taki mið af eðli fasteignamarkaðar á landsbyggðinni og þeirri áhættu sem fylgir íbúðarfjárfestingu ef viðkomandi hefur ekki staðfastan ásetning um framtíðarbúsetu á staðnum.

Tillögur frv. um almennar kaupleiguíbúðir byggja mjög á þeim viðhorfum sem eru uppi um að leysa húsnæðisvandann á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir lánum úr Byggingarsjóði ríkisins í þessu skyni. Auk þess sem íbúar geti valið um kaup eða leigu á íbúðum fjármögnuðum úr Byggingarsjóði ríkisins er gert ráð fyrir að leigjandi geti tryggt sér afnotarétt af íbúð með því að kaupa hlut í íbúðinni. Framkvæmda- og ábyrgðaraðilar að almennum kaupleiguíbúðum geta verið sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu. Lagt er til að fyrrnefndir framkvæmdaaðilar, sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, eigi kost á 70% hámarkslánum úr Byggingarsjóði ríkisins til að kaupa eða byggja almennar kaupleiguíbúðir, auk viðbótarláns úr sama sjóði. Í þessu skyni er gerð tillaga um að stofnaður verði sérstakur lánaflokkur í Byggingarsjóði ríkisins, lán til almennra kaupleiguíbúða, ætlaður sveitarfélögum eða öðrum framkvæmdaaðilum sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð húsnæðis í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að lánað verði allt að 15% kostnaðar samkvæmt þessum lánaflokki og lánstíminn verði 25 ár. Framkvæmdaaðili skuldbindur sig til að útvega 15% kostnaðar- eða kaupverðs og er gert ráð fyrir að fjárins verði aflað með t.d. sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða eða annarra aðila.

Samkvæmt tillögum frv. getur sá sem fær úthlutað almennri kaupleiguíbúð valið um leigu eða kaup á íbúðinni. Sá sem velur leigu strax í upphafi hefur a.m.k. fimm ára umþóttunartíma til að ákveða kaup, en sveitarfélag eða framkvæmdaaðili getur framlengt leigutíma ef það kýs svo.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Ég vil að lokum nefna einn kost í þessu nýja húsnæðisformi, sem eru leiguíbúðir með hlutareign í almenna kerfinu, en þær eru útfærðar með svipuðum hætti og nú er fyrir hendi í félagslega kerfinu skv. 33. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Fjölmenn sveitarfélög og félagasamtök bentu á nauðsyn þess að hafa þennan kost í almenna kerfinu. Þetta fyrirkomulag hentar vel hvað varðar fjármögnun og rekstur íbúða fyrir aldraða og öryrkja. Fyrir aldraða sem vilja aðlaga húsnæðismál sín breyttum forsendum á efri árum og komast í sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða verða íbúðaskiptin auðveldari með þessum hætti. Hlutareign gefur þá jafnframt möguleika á þátttöku leigjenda í stjórn og rekstri íbúðanna og sameinar þannig kosti eignar- og leigufyrirkomulags.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa frekari orð um það frv. sem hér er á dagskrá og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795, n. 945.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur rætt frv. um eiturefni og hættuleg efni og fékk nefndin Ingólf J. Petersen, deildarstjóra lyfjamáladeildar heilbr.- og trmrn., til viðræðu um málið.

Nefndin taldi að lokinni athugun rétt að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–30. gr. og ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Læknalög, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 964.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til læknalaga á þskj. 964 sem er 116. mál Nd.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frv. til nýrra læknalaga. Frv. var að mestu leyti samhljóða tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem fékk það hlutverk að endurskoða gildandi læknalög nr. 80/1969, með síðari breytingum, en lögin eru að stofni til frá 1932.

Frv. fékk ítarlega umfjöllun í heilbr.- og trn. Ed. þá og voru gerðar á því nokkrar breytingar í samráði við ráðuneytið, Læknafélag Íslands og læknadeild Háskóla Íslands. Var frv. þannig búið lagt fyrir Nd. rétt fyrir þinglok en því miður vannst ekki tími til þess að ræða frv. í deildinni.

Frv. er því lagt fram að nýju á þessu þingi að höfðu samráði við áðurgreinda aðila með smávægilegum breytingum frá því sem það kom til Ed. að fengnum tillögum landlæknis. Um er að ræða breytingar er varða síðustu málsgr. 2. gr. þar sem láðist að geta landlæknis sem matsaðila og í 19. gr. þar sem hnykkt er á eftirlitsskyldu landlæknis með ávísun lækna á ávana- og fíknilyf. Að öðru leyti er frv. óbreytt frá því sem það var afgreitt frá Ed. á síðasta þingi rétt fyrir þingslit.

Í nefnd þeirri sem falið var að gera tillögur að nýjum læknalögum áttu sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur í heilbr.- og trmrn., Ólafur Bjarnason prófessor, sem tilnefndur var af læknadeild Háskóla Íslands, María Pétursdóttir skólastjóri, sem tilnefnd var af samtökum heilbrigðisstétta, og Guðmundur Oddsson læknir, sem tilnefndur var af Læknafélagi Íslands.

Við endurskoðun laganna hugaði nefndin sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

1. Reynslunni af framkvæmd gildandi læknalaga sem að stofni til eru frá 1932 eins og áður segir og hafa lítið breyst frá þeim tíma.

2. Áhrifum frá tilkomu annarra heilbrigðisstétta á framkvæmd læknalaga, en nú njóta á milli 20 og 30 heilbrigðisstéttir lögverndunar en þær voru sárafáar árið 1932.

3. Breytingum á læknalögum annarra Norðurlanda, en Ísland hefur frá því árið 1979 verið aðili að norrænum samningi um sameiginleg starfsréttindi lækna á Norðurlöndum þannig að löggjöf einstakra Norðurlanda hefur bein áhrif á framkvæmd þess samnings.

Nefndin lauk störfum í byrjun árs 1983 er hún lagði fyrir ráðuneytið tillögur í búningi lagafrv. Náði nefndin samstöðu um flest efnisatriði og byggði frv. sem lagt var fram í fyrra á þeim atriðum sem ekki var ágreiningur um, með örfáum undantekningum. Læknafélag Íslands, samtök heilbrigðisstétta og læknadeild Háskóla Íslands fjölluðu um frv. á meðan það var í smíðum og kom fram stuðningur við það og ábendingar sem margar voru teknar inn í tillögur nefndarinnar.

Frv. fjallar um réttindi og skyldur lækna og má í stuttu máli segja að eftirtaldir þættir lýsi inntakinu best:

1. Réttindi lækna sem skiptast í réttinn til þess að stunda almennar lækningar, til þess að nota aðstoðarfólk, til þess að skorast undan að framkvæma aðgerðir sem ekki eru unnar í lækningaskyni og réttinn til þess að ávísa lyfjum.

2. Skyldur lækna sem eru fólgnar í upplýsingaskyldu gagnvart sjúklingi eða aðstandendum og greina frá undantekningum frá reglunni um upplýsingaskyldu. Ábyrgð læknis vegna réttar sjúklings til þess að skorast undan aðgerð og skyldu læknis til hjálpar, þagnarskyldu, ábyrgð læknis vegna mistaka eða vanrækslu í starfi.

Helstu nýmæli frv. eins og það liggur fyrir hér eru:

1. Nýskipan mála við mat á lækningaleyfum.

2. Skýrari ákvæði um mat á menntun og um kröfur sé menntun fengin erlendis.

3. Starfi læknanemi sem læknir, þ.e. með tímabundið lækningaleyfi, skal hann starfa með fullgildum lækni.

4. Skýrari ákvæði eru um réttindi lækna og í hverju þau skuli fólgin, sbr. það sem ég hef sagt hér á undan.

5. Hnitmiðaðri ákvæði eru um skyldur lækna og þeim deilt niður eftir viðfangsefnum. Meðal nýmæla er ótvíræð tilkynningaskylda læknis til landlæknis verði hann var við mistök og eða vanrækslu sem rekja má til starfa heilbrigðisstétta.

6. Miklu ítarlegri ákvæði eru um þagnarskyldu.

7. Önnur skilgreining er á hugtakinu „skottulækningar", þ.e. að það nái aldrei til lækna.

8. Lækni er óheimilt að leggja nafn sitt við lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð, samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

9. Lækni er óheimilt að reka sjálfstæða lækningastarfsemi eftir 75 ára aldur nema að fengnu leyfi ráðherra. Þetta ógildir ekki lækningaleyfið sem slíkt.

10. Hægt er að svipta lækni lækningaleyfi tímabundið en skv. gildandi lögum er einungis heimilt að beita sviptingu að fullu.

11. Frv. gerir ráð fyrir að læknalög taki svo til eingöngu til lækna en ekki annarra heilbrigðisstétta nema þar sem ákvæði hljóta samkvæmt eðli starfanna að vera þau sömu. Í dag taka læknalög að meira eða minna leyti til allra heilbrigðisstétta.

12. Þáttur lækna Læknafélags Íslands, þ.e. afskiptaréttur af starfsemi lækna og skipulagningu starfsins, er tryggður, en í gildandi lögum er hann enginn.

Auk þessa, sem ég hef áður talið upp, eru ákvæði læknalaga færð í nútímalegra horf og til samræmis við önnur lög sem sett hafa verið á undanförnum

árum á sviði heilbrigðismála. Má þarf nefna sérstaklega lög um heilbrigðisþjónustu nr. 59 frá 1983.

Ég sé ekki ástæðu til að tíunda frekar efnisatriði frv. hér heldur vísa til ítarlegrar grg. með frv. Þar er m.a. fjallað um lagasetningu um lækna, réttindi og skyldur lækna og helstu nýmæli frv. eins og grg. birtist með frv. sem lagt var fram í fyrra.

Í Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. Má kannski segja að sumar þeirra hafi nánast verið orðalagsbreytingar þar sem tillögur frá læknadeild Háskóla Íslands eru skilgreindar nokkuð öðruvísi en var í frv. og þar sem kveðið er einnig á um það, eins og segir í 4. gr. frv., að ef nauðsyn krefur má ráðherra eftir meðmælum landlæknis fela læknanemum að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir o.s.frv. Þar hefur ákvæðunum um læknanema verið breytt í „læknakandídötum eða læknanemum sem lokið hafa 4. árs námi".

Þá var gerð sjálfsögð breyting sem varðaði gildistöku laganna þar sem ákvæði frv. kváðu á um gildistöku um sl. áramót en brtt. sem samþykkt var í Nd. gerir ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júlí nk.

Þetta voru þær breytingar sem gerðar voru á frv. í Nd. Að öðru leyti var full samstaða um málið. Ég minni á að frv. var til meðhöndlunar á síðasta þingi í Ed. og hlaut þá einnig fullnaðarafgreiðslu en ekki tókst að koma því í gegnum Nd.

Herra forseti. Ég legg því á það áherslu að frv. þetta nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, enda samdóma álit landlæknis, Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands að nauðsyn endurskoðunar læknalaga sé brýn. Jafnframt ítreka ég að náðst hefur samstaða með þessum aðilum og ráðuneytinu um frv. eins og það kemur hér fram.

Ég vona því að til efnislegs ágreinings þurfi ekki að koma og ætti því frv. nú að geta fengið tiltölulega hraða afgreiðslu í þessari hv. deild þó að ég viðurkenni að auðvitað sé tíminn orðinn mjög naumur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. heilbrmrh. var þetta frv. eða svipað frv. lagt fyrir Nd. á síðustu dögum síðasta þings og kom þá til kasta okkar þar. Í umræðu um þetta mál þá, nokkuð ítarlegri, gerði ég athugasemdir við nokkur atriði sem mér fannst þyrfti að laga. Þau hafa nú öll verið löguð í umfjöllun Nd. þar sem frv. var lagt fram nú og geri ég engan ágreining um þetta mál en tek undir það, sem hæstv. ráðherra sagði, að það er mikil þörf á því að koma þessu máli í gegnum þingið ef nokkur kostur er.

Ég á sæti í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar og gefst því tækifæri til að gaumgæfa málið betur við afgreiðslu þar, en ég geri engan ágreining um málið eins og það liggur fyrir núna eins og ég hef best getað kynnt mér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég verð líklega að biðjast afsökunar á því að ég ræddi áðan alltaf um herra forseta. Ég hafði ekki veitt því athygli að forsetaskipti hefðu átt sér stað meðan ég var að lesa framsöguna.

Ég mæli fyrir frv. til l. um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks sem er 444. mál Nd. á þskj. 794.

Hinn 26. febr. 1986 voru gerðir kjarasamningar milli aðila á almennum vinnumarkaði í landinu. Hluti þeirra samninga var samkomulag milli Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni sérhæfðs fiskvinnslufólks. Í þessu samkomulagi fólst m.a. fyrirheit um aukið atvinnuöryggi fiskvinnslufólks, en alkunna er að uppsagnir starfsmanna í fiskiðnaði hafa verið tíðar á tímum hráefnisskorts. Við slíkar aðstæður kom til kasta Atvinnuleysistryggingasjóðs að greiða bætur. Við gerð kjarasamninganna hinn 26. febr. 1986 lágu fyrir tillögur hagsmunaaðila og urðu þær tillögur meginstofn stjfrv. sem flutt var í aprílmánuði það ár um þetta efni og varð að lögum 23. apríl 1986 sem lög nr. 55/1986.

Í grg. með frv. til þeirra laga sagði svo: „Frv. felur í sér umfangsmiklar breytingar á núverandi tilhögun atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu. Það eru flókin og erfið viðfangsefni sem reynt er að leysa með frv. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að sú skipan mála sem hér er gerð tillaga um verði endurskoðuð í ljósi reynslunnar að nokkrum tíma liðnum. Því er gert ráð fyrir að lögin verði tímabundin og gildi fram til 31. maí 1988."

Af þessum ástæðum skipaði ég nefnd hinn 20. jan. sl. sem í áttu sæti sömu aðilar og unnu að upphaflega samkomulaginu og höfðu gert frumdrög að núgildandi lögum. Sú nefnd skilaði áliti 21. mars sl. og hafði náð fullkominni samstöðu um þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi lögum nr. 55/1986.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir hinn 29. febr. sl. segir m.a.: „Ákvæði laga og

reglugerða um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verði endurskoðaðar í samráði við hlutaðeigandi samtök."

Var endurskoðunarnefndinni falið að taka tillit til þessarar yfirlýsingar og eins og áður segir hefur hún nú náð samstöðu um brtt. Þær breytingar eru ítarlega raktar í grg. og eru þær helstar að skilyrði 1. gr. um stærð fyrirtækis, þ.e. að það hafi a.m.k. tíu fastráðna starfsmenn og starfi allt árið, eru felld niður. Þá eru enn fremur felldar niður þær takmarkanir á greiðslum sem fólust í 5. mgr. 1. gr. svo að nú gætu fyrirtækin átt rétt á greiðslum hvenær sem er árs. Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði má segja að séu afleiðingar af þeim sem ég nú hef nefnt.

Leyfi ég mér að óðru leyti að vísa um þetta til grg. með frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar með ósk um að það hljóti skjóta afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Þetta mál er einfalt í sniðum. Í 1. gr. er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur, sem nýtist í greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988, ekki vera hærri en 38 021 kr. Þetta þýðir á mæltu máli að þeir sem nýta alla þessa upphæð til greiðslu eignarskatts borga ekki eignarskatt af hreinni eign allt að 6 millj. kr. hjá einstaklingi og tvöfaldri þeirri upphæð hjá hjónum. Í þessu felst einkum og sér í lagi að sá hópur skattgreiðenda sem á skuldlitla eign en hefur lágar tekjur, sem á oft og tíðum við ýmsa hópa eldri samborgara okkar, mun, ef þetta frv. verður að lögum, njóta við það bættra kjara.

Þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda voru samþykkt á sl. ári var í 42. gr. laganna gert ráð fyrir því að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en Alþingi hefði sett sérstök lög um gildistöku þeirra. Þetta var nýmæli í íslenskri löggjöf, en þessi háttur hefur nokkuð tíðkast á þjóðþingum grannþjóða vorra.

Frv. sem hér er til umræðu fjallar um breytingu á lögum um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda. Í 2. mgr. laganna er kveðið á um að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts á árinu 1988. Þetta ákvæði var sett til samræmis við þær reglur sem gilda í staðgreiðslukerfinu, en samkvæmt þeim mundi persónuafsláttur ekki ganga til greiðslu eignarskatts.

Þegar fyrirframgreiðsla á árinu 1988 var ákveðin í byrjun þessa árs kom í ljós að ýmsir aðilar fengu fyrirframálagningu vegna eignarskatts sem ekki höfðu greitt eignarskatt áður, þar á meðal ellilífeyrisþegar. Þar með var ákveðið að taka þetta ákvæði til athugunar.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

EFRI DEILD

84. fundur, föstudaginn 29. apríl, að loknum 83. fundi.

Um þingsköp.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því öryggi sem er á framkvæmd allra mála á Alþingi þegar sagt er: Svavar Gestsson, formaður félmn., frsm., og síðan bætt við: með fyrirvara, sem sýnir glögglega að þegar menn eru ekki vissir í sinni sök fara þeir gætilega.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749, n. 949.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli hv. þm. á því að það hafa orðið smámistök í vinnslu nál. þannig að það þarf að leiðréttast í þskj. Þar stendur m.a. að formaður félmn. sé Svavar Gestsson, sem er auðvitað ekki rétt því að formaður er Guðmundur H. Garðarsson, og einnig að hv. þm. Svavar Gestsson sé frsm. fyrir þessu máli, en svo er ekki, heldur sá sem hér talar. Hins vegar er það rétt, sem kemur fram í plagginu og ég mun gera nánari grein fyrir á eftir, að hv. þm. Svavar Gestsson skrifar undir með fyrirvara.

Ég mæli fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar sem vildi afgreiða málið út úr nefnd þótt einn nefndarmanna sé með fyrirvara. Þetta er nál. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar og er samþykkur því áliti sem hér er.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748, n. 950.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 frá 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, ættað frá félmn. Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt, en hv. þm. Svavar Gestsson skrifar undir nál. með fyrirvara.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir og Guðrún Agnarsdóttir, en Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti hennar.

Undir nál. skrifa Guðmundur H. Garðarsson, formaður, frsm., Svavar Gestsson með fyrirvara, Jóhann Einvarðsson og Karl Steinar Guðnason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 695, n. 951, brtt. 952.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60 frá 1984, með síðari breytingum, frá félmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi sínum og mælir með samþykkt þess, en flytur þó brtt. á sérstöku þskj. sem ég mun gera hér nánari grein fyrir á eftir. Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Guðrún Agnarsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir, en Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar.

Undir þetta nál. skrifa Guðmundur H. Garðarsson, formaður, frsm., Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason og Svavar Gestsson.

Sú brtt. sem nefndin varð sammála um að leggja fram er við 1. gr. þess frv. sem hér um ræðir og er á þá leið að í stað orðanna „fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og“ komi: fenginni. Samkvæmt því mundi 1. gr. með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir verða þannig að 2. mgr. mundi hljóða sem hér segir:

„Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans.“

Nefndarmönnum fannst eðlilegt að þessi breyting væri gerð þar sem lántakandi, í þessu tilviki húsnæðismálastjórn, mundi ella hafa áhrif á það með þeirri uppsetningu sem þessi lagagrein gerði ráð fyrir og töldum við það óeðlilegt. Þar með teljum við að hagsmunum sparenda sé betur borgið.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vildi segja nokkur orð í tilefni afgreiðslu nefndarinnar á þessu frv. sem ég tel vera til bóta frá því sem nú er. Hins vegar hefði ég viljað sjá frv. öðruvísi og að nánar sé kveðið á um í frv. þá vexti sem ég tel að verði að vera á þessum skyldu-

sparnaði sem lögbundinni eign fyrir ungt fólk þannig að þeir skuli ekki vera lægri en gerist á markaðnum og þá á ég við á spariskírteinum ríkissjóðs.

Ég vil jafnframt benda á frv. sem við þingmenn Borgarafl. fluttum hér í febrúar um sama efni, þar sem gert var ráð fyrir tvenns konar sparnaði, annars vegar að Húsnæðisstofnun yrði falið að ávaxta þetta sparifé með byggingu húsnæðis sem sparendur gætu eignast hlutdeild í með sparifé sínu og hins vegar yrðu settir á stofn sérstakir reikningar hjá Húsnæðisstofnun er bæru hæstu vexti.

Ég vonast eftir því að það frv. sem hér er til umræðu, þó svo ég geti ekki fyllilega sætt mig við það, verði að lögum því að brýnt er að það unga fólk sem leggur inn hjá Húsnæðisstofnun fái fulla ávöxtun á fé sitt, en vil jafnframt skora á nefndina að taka frv. okkar þingmanna Borgarafl. til rækilegrar skoðunar með það í huga að það fái umfjöllun og vonandi samþykkt fyrir þingslit.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 952 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

83. fundur, föstudaginn 29. apríl, kl. 1 miðdegis.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglusamþykktir, 1. umr.

Stjfrv., 276. mál (heildarlög). — Þskj. 575.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lögreglusamþykktir sem er prentað á þskj. 575, en þetta frv. hefur hlotið samþykki hv. Ed. Þetta frv. er samið af nefnd sem ég skipaði með bréfi 16. okt. 1987 til þess að endurskoða gildandi lög um lögreglusamþykktir. Í þessari nefnd sátu þeir Ólafur Walther Stefánsson, skrifstofustjóri í dómsmrn., William Möller, héraðsdómslögmaður og fyrrv. aðalfulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, og Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkur.

Um lögreglusamþykktirnar gilda nú þrenn lög. Í fyrsta lagi lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina frá árinu 1890, þá lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum frá árinu 1924 og loks lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna frá árinu 1985. Nú eru í gildi lögreglusamþykktir settar skv. þessum lögum sem gilda fyrir alla kaupstaði og sýslur.

Meginástæðan fyrir því að talið er brýnt að endurskoða lögin um lögreglusamþykktir er sú að eins og vel er kunnugt voru gerðar verulegar breytingar á sveitarstjórnarlögunum og þar með á málefnum sveitarfélaga, en þau lög voru samþykkt á árinu 1986. Nú er málum þannig komið að réttarstaða kaupstaða og hreppa er nánast hin sama. Sýslunefndirnar, sem eiga að semja frv. til lögreglusamþykkta fyrir sýslur eins og nú er ákveðið í lögum, verða lagðar niður frá og með næstu áramótum. Þá verður ekki lengur til staðar stjórnvald til að semja lögreglusamþykktirnar fyrir sýslurnar og lögin gera eins og nú er ákveðið ekki ráð fyrir lögreglusamþykktum í einstökum hreppum ef undan eru skildir löggiltir verslunarstaðir, en þá aðeins að því er varðar mjög afmörkuð viðfangsefni. Hin fjölmörgu lög um löggildingu verslunarstaða eru auk þess löngu úrelt orðin og hafa nú reyndar verið felld úr gildi með samþykkt frv. um brottfall ýmissa úreltra laga á sviði viðskiptamála fyrir fáeinum dögum. Í grg. þessa frv. er þetta allt skýrt nánar.

Með þessu frv. er, eins og ég hef þegar nefnt, gert ráð fyrir því að setja megi lögreglusamþykkt fyrir hvert sveitarfélag í landinu og er þá ekki gerður greinarmunur á því hvort sveitarfélagið telst hreppur eða kaupstaður eða hversu fjölmennt það er. Af því leiðir að ekki er þörf á fleiri en einum lögum um lögreglusamþykktir og úr gildi falla því hin eldri lög sem ég taldi upp í upphafi þessa máls.

Um efnið sem kveða á um í lögreglusamþykktum er fjallað í meginatriðum í gömlum lögum frá árinu 1890 með ýmsum síðari tíma breytingum. Um mörg þessara atriða er nú fjallað í yngri sérlögum af ýmsu tagi og eru sum ákvæði gildandi laga því fullkomlega óþörf orðin. Í lögreglusamþykktum þarf að kveða á um ýmis atriði sem varða allsherjarreglu í sveitarfélögunum fyrst og fremst. Í frv. eru þessi atriði reyndar talin upp í 3. gr. og má heita að flest þeirra séu í gildandi lögum í einni eða annarri mynd.

Í ljósi breytinga á löggjöfinni frá því fyrri lög um lögreglusamþykktir voru sett má nú hins vegar fella brott ýmis ákvæði. Þar hafa komið í staðinn sérlög og ítarlegar reglugerðir, t.d. um umferðarmál, um barnavernd og hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, byggingarmálefni, brunavarnir og lögreglumálefni. Allt er þetta nú í sérstökum lögum eða reglum, en víða stóð þetta í lögreglusamþykktum um langt bil ára. Eftir sem áður kann þó að vera æskilegt að hafa

ákvæði um sum þessara mála í lögreglusamþykktunum, t.d. um umferðarmálin, þótt þau þurfi ekki að vera eins ítarleg og í sérlögunum.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að eitt atriði er nú tekið inn í frv. sem hefur til þessa ekki verið ákveðið í lögreglusamþykktum heldur í sérstökum reglum. Þetta eru reglur um slit á skemmtunum. Með frv. er lagt til að efnisákvæði um þetta verði yfirleitt fellt inn í lögreglusamþykktirnar, enda eiga reglurnar um þetta að mínum dómi vel heima með ákvæðunum um almenna reglu um skemmtanahald, þar á meðal regla um opnunar- og lokunartíma veitingastaða.

Eins og kunnugt er varða ákvæði lögreglusamþykkta fyrst og fremst reglu á almannafæri. Með almannafæri er þá átt við það svæði sem almenningur fer um og er ætlað til almenningsnota. Þetta er að vísu ekki skilgreint í sjálfu frv., en hins vegar gert ráð fyrir því að í lögreglusamþykktum hvers sveitarfélags verði slík skilgreining.

Í 2. gr. frv. er líka það nýmæli að þar er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um lögreglusamþykktir og að hún verði fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Ákvæði í lögreglusamþykktum hljóta eðli málsins samkvæmt mörg hver að vera samhljóða, en ýmis tilbrigði um framsetningu kunna að vera á ferðinni, ekki síst eftir aldri samþykktanna, eða upprunalegum aldri þeirra. Það er æskilegt að samræmi sé varðandi efni slíkra samþykkta þannig að sömu eða svipaðar reglur gildi um allt land. Til að stuðla að þessu er gert ráð fyrir því að samin verði slík stofnreglugerð sem verði þá sveitarfélögum til leiðbeiningar að því er varðar samningu sérstakra samþykkta í hverju þeirra.

Þá er í frv. líka gert ráð fyrir því að slík reglugerð, þ.e. stofnreglugerðin, verði látin gilda sem lögreglusamþykkt fyrir þau sveitarfélög sem ekki kjósa að setja sér sjálf samþykktir. Er í frv. gert ráð fyrir því að dómsmrn. semji stofnreglugerðina sem fyrst eftir að þetta frv. er orðið að lögum.

Með því að í gildandi lögreglusamþykktum eru margvísleg ákvæði sem vegna nýrrar löggjafar eiga þar alls ekki lengur heima þykir rétt að leggja til að hinar eldri samþykktir falli allar úr gildi einu ári eftir að slík reglugerð hefur verið birt, þ.e. stofnreglugerðin. Þar með yrðu ákvæði lögreglusamþykkta samræmd og úrelt ákvæði úr gildi numin hvernig sem á stendur með samningu sérstakra samþykkta í hverju sveitarfélagi.

Eins og segir í 8. gr. frv. skal samræmd reglugerð ekki taka gildi fyrr en sex mánuðum eftir að hún er birt og hinar eldri lögreglusamþykktir falla svo, eins og ég sagði áðan, úr gildi sex mánuðum þar á eftir þannig að sveitarstjórnirnar eiga að hafa góðan tíma til að meta hvort þær telja þörf fyrir að setja sveitarfélaginu eigin lögreglusamþykkt eða hvort hægt sé að láta stofnreglugerð dómsmrn. duga.

Herra forseti. Ég hef gert hér nokkra grein fyrir frv. til l. um lögreglusamþykktir. Meginástæða þess að frv. er fram komið eru þær breytingar sem urðu með gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga vegna hvarfs sýslunefndanna úr stjórnkerfinu. Jafnframt hefur svo tækifærið verið notað til að endurskoða ákvæði sem í megindráttum hafa staðið óbreytt í tæpa öld. Það þarf auðvitað að taka tillit til breyttra þjóðlífshátta og breyttrar löggjafar á ýmsum sviðum. Með ákvæðinu um stofnreglugerð um lögreglusamþykktir er stefnt að því að samræma efni samþykktanna en án þess að skerða sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórnanna til að setja sér sérstaka samþykkt hver á sínum stað.

Loks er á það að benda að þetta frv. felur í sér nokkra hreinsun í lagasafninu þar sem úr gildi eru numin nokkur eldri lög en ein einföld lög koma í þeirra stað.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909, brtt. 911.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 911,1 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SJS, GeirG, GHelg, HG, IBA.

nei: KJóh, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, SP, SighB, NL, SvH, ÞP, AS, SigG, BÍG, EH, VI, GHH, GB, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JK.

9 þm. (BDýr, ÓÞÞ, SV, ÞÞ, AðB, AG, FrS, GGÞ, HJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Kvennalistinn lagði til við 2. umr. að kaupleigufrv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og það tekið með í þeirri heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni sem boðuð hefur verið. Þessi brtt. gerir ráð fyrir að ákveðnir mikilvægir þættir þessa frv. séu athugaðir sérstaklega. Einnig gerir hún ráð fyrir að ákveðnu fjármagni sé veitt til þess að verst settu sveitarfélögin geti átt möguleika á að byggja félagslegar kaupleiguíbúðir, en fjármögnunarhlið þessa máls höfum við kvennalistakonur ekki síst gagnrýnt. Í trausti þess að fleiri þættir verði teknir til athugunar við endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar og að Kvennalistinn fái aðild að þeirri endurskoðun

munum við þingkonur Kvennalistans að samþykktum þessum brtt. greiða frv. atkvæði. Ég segi því já.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta fyrra ákvæði til bráðabirgða sem hér eru greidd atkvæði um er að mestu leyti efnislega samhljóða brtt. sem ég flutti við 2. umr. og voru þá um breytingar á lögunum. Hér er hins vegar ekki lagt annað til en það að við væntanlega endurskoðun á löggjöfinni um húsnæðismálin verði þessi sjónarmið tekin sérstaklega til skoðunar og það furðar mig, svo að ekki sé meira sagt, ef hv. þm. deildarinnar sjá ástæðu til þess að leggjast gegn því að sjónarmið af þessu tagi, sem færð hafa verið ítarleg rök fyrir, fái að fljóta með samkvæmt sérstakri bókun í þeirri endurskoðun. Engin rök hafa verið færð gegn því að þetta bráðabirgðaákvæði megi fljóta með lögunum. Mig furðar því á þeim atkvæðum sem hér falla og lýsi því yfir að það verða bæði mér, svo og fjölmörgum aðilum öðrum, fjölmennum félagasamtökum og sveitarfélögum í landinu, mikil vonbrigði ef sú óbilgirni verður ofan á að fella þetta saklausa bráðabirgðaákvæði. Ég segi já.

Brtt. 911,2 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, HG, IBA, KE, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SJS, GeirG.

nei: GHH, GB, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, PP, PJ, SP, SighB, NL, SvH, ÞP, AS, SigG, BÍG, EH, VI, JK.

9 þm. (GGÞ, HJ, BDýr, ÓÞÞ, SV, ÞÞ, AðB, AG, FrS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið. Það virðist sama hvað reynt er að koma vitinu fyrir hv. stjórnarliða. Þeir fallast ekki á að reyna að laga til frv. þannig að það nái tilgangi sínum og verði til þeirra bóta í húsnæðismálunum sem til stóð víst upphaflega. Annars undrar það mig meira hversu vel þau halda, þessi ósýnilegu handjárn sem lögð hafa verið á hv. þm. stjórnarliðsins. Jafnvel þingmenn af landsbyggðinni, vitandi mætavel um aðstæður sveitarfélaganna, treysta sér ekki til að standa að því að laga frv. til að þessu leyti til hagsbóta fyrir sveitarfélögin. Það hljóta að verða orðnir býsna sárir margir úlnliðir á þessu þingi.

Það verður ógaman ef sú verður raunin, sem mig grunar, að sú bókun sem hér hefur verið vitnað til um sérstakan stuðning við sveitarfélögin í þessu skyni verði aldrei að neinu og hv. stjórnarliðar sitji uppi með það að hafa fellt brtt. í þessa veru og misst þar með af tækifæri til að festa í lög ákvæði þessarar bókunar. Ég hygg að verði niðurstaðan sú, sem nú bendir allt til, herra forseti, að bráðabirgðaákvæði II verði fellt, sé hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar að komast í álíka kostulega mótsögn við sjálfa sig og þegar stór kafli stjórnarsáttmálans var felldur í vetur í atkvæðagreiðslum um kvótafrv. Hér er í raun og veru verið að fella till. algerlega hliðstæða þeirri sem er í bókun og er grundvöllur að myndun þessarar ríkisstjórnar. Ég segi já.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Læknalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 120, n. 899, brtt. 912.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 899,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 899,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 912 samþ. með 30 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
6.–8. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
9.–13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 899,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
15.–17. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 899,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
19.–21. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
22.–23. gr. samþ. með 28:2 atkv.
24.–25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 32:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, KJóh, KE, KH, EKG, MÁM, MálmS, ÓE, PJ, RA, SP, SighB, NL, SJS, SvH, ÞP, AG, AS, SigG, BÍG, EH, VI, GeirG, GHH, GB, GHelg, HG, HJ, IBA, JóhS, JBH, ÓÞG.

nei: ÓÞÞ.

PP greiddi ekki atkvæði.

8 þm. (BDýr, SV, ÞÞ, JK, AðB, FrS, GGÞ, GuðnÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Samkvæmt meginreglu þessara laga verða menn að hafa læknispróf til að úrskurða í sjúkdómum manna. Skv. þessari grein hefur ráðherra heimild til að fara inn á valdsvið lækna því hann fær að veita leyfi og þar með að úrskurða um heilbrigði, að vísu að fenginni umsögn. Mér sýnist þetta stangast illilega á við skottulæknaafgreiðsluna hér á undan og segi því nei.

27.–31. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Í fjarveru formanns og varaformanns hv. heilbr.- og trn. vildi ég taka fram að nefndinni hefur yfirsést í 32. gr. að því er varðar gildistöku laganna sem þarna er gert ráð fyrir að verði 1. jan. 1988. Ég vildi bara tilkynna að það mun verða flutt brtt. við 3. umr. um að breyta þessari dagsetningu til samræmis við þær dagsetningar sem uppi eru um þessar mundir.

32. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794, n. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. MálmS o.fl., 256. mál (gleraugnakaup). — Þskj. 552, n. 891.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 891 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 30:4 atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. KH o.fl., 263. mál (ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga). — Þskj. 562, n. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 892 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 29:5 atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Frv. AðB o.fl., 201. mál (örorkulífeyrisþegar á stofnunum). — Þskj. 232, n. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 898 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 24:3 atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 3. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 2. umr.

Frv. EH, 205. mál. — Þskj. 279, n. 920.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. sem prentað er á þskj. 920.

„Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum. Þar sem ríkisstjórnin hefur nú skipað nefnd til að gera tillögur um verðtryggingu fjárskuldbindinga undir formennsku Björns Björnssonar bankastjóra leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. rita Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Geir H. Haarde, Einar Kr. Guðfinnsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara, Steingrímur J. Sigfússon.

Þetta er afstaða nefndarinnar.

Ég vil áður en ég fer úr ræðustól taka fram að sjálfur tel ég að þær hugmyndir sem fram koma í frv. séu allrar athygli verðar og eðlilegt að nefnd Björns Björnssonar bankastjóra athugi þær vandlega. Núverandi ástand er óviðunandi. Við framsóknarmenn ákváðum á miðstjórnarfundi um síðustu helgi að leita samkomulags við samstarfsflokka okkar um að afnema lánskjaravísitölu á nýjum fjárskuldbindingum og ekki þarf að hafa orð um vaxtapólitíkina í landinu.

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og vil því gera örstutta grein fyrir þeim fyrirvara, en hann er fólginn í því að mér finnst að hv. fjh.- og viðskn. hafi ekki nýtt þetta tilefni til sjálfstæðrar umfjöllunar um lánskjör og vexti. Ég tók þátt í 1. umr. um þetta mál og fagnaði því tilefni sem það

gæfi til athugunar á þessum málum sem eru okkar öllum áhyggjuefni.

Hér eru settar fram ákveðnar tillögur til breytinga sem ég lýsti reyndar efasemdum um við 1. umr. En svo mikið er víst að á þessum málum þarf að taka og þetta tilefni hefði nefndin getað nýtt betur en hún gerði. Við fengum nokkrar umsagnir um málið en fáa til viðræðu og ítarlegar viðræður fóru ekki fram í nefndinni sem vildi þó afgreiða þetta frv. með einhverjum hætti og þetta var sú afgreiðsla sem flestir nefndarmenn töldu við hæfi þar eð þessi mál væru í athugun hjá sérstakri nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar.

Ég hlýt að minna á umræður í Sþ. fyrr í vetur þegar hæstv. viðskrh. svaraði fsp. minni um endurskoðun verðtryggingar á þann veg að slíkt stæði ekki til af hálfu ríkisstjórnarinnar. Meiri voru ekki áhyggjurnar á þeim bæ fyrir nokkrum vikum. Það er því með töluverðum semingi sem ég stend að þessari afgreiðslu, þ.e. að vísa málinu til þeirrar ríkisstjórnar sem ég hef svo nýlega lýst sérstöku vantrausti á.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu málsins þótt ég hefði óskað eftir að málið kæmi til atkvæða í hv. deild þannig að menn fengju tækifæri til að segja já eða nei við afnámi lánskjaravísitölunnar. Þess var ekki síður þörf en að menn fengju tækifæri til að segja já eða nei við tilkomu bjórs.

En umræðurnar um frv. í vetur hafa vissulega komið hreyfingu á þessi mál og það er vel. Það er nokkuð umliðið frá því að við ræddum þetta mál hér, en stuttu eftir það komu síðustu ráðstafanir ríkisstjórnar í efnahagsmálum í ljós. Það vakti þá sérstaka athygli mína að þær höfðu einmitt að geyma þær aðgerðir sem fólust í frv. mínu um lánskjör og ávöxtun sparifjár, þ.e. að vextir yrðu lækkaðir í *áföngum en, svo að við notum önnur orð sem hæstv.* ráðherra talaði þá gjarnan um, hrópaðir niður og það var framkvæmt af sjálfum stjórnvöldum.

Hæstv. ráðherra sagði í umræðunum í þinginu í vetur að stjórnvöld gætu ekki hlutast til um vexti með beinum tilskipunum, bíða yrði eftir markaðslögmálum. En það hefur nú samt gerst að það var ekki alveg beðið eftir þeim og ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með framsýnina og framtakið. Ég harma hins vegar að ráðherrann skuli hafa misst af markaðslögmálum sínum sem hann virtist líta á sem leynivopn sitt.

Það er annars um markaðslögmálin að segja að þau geta verkað bæði til góðs og ills og þess vegna þarf einfaldlega ríkisstjórn títt að skerast í leikinn. Stundum verka lögmálin alls ekki, eins og stundum á sviði samkeppninnar. Til þess að þau verki er markaðurinn of smár og fyrirtækin of fá. Þetta mætti ráðherrann leggja sér vel á minnið og aðrir frjálshyggjumenn hvar í flokki sem þeir standa.

Við umræður um þetta frv. og vaxtamálin fyrr í vetur dró ég fram helstu rök gegn þeirri meinsemd sem lánskjaravísitalan er og ætla ekki að fara að endurtaka þau. En einu mætti bæta við: Hinni taumlausu frjálshyggju sem á stuðning í öllum flokkum hefur verið þannig lýst af mætum manni að hún væri mannfyrirlitning. Lánskjaravísitalan er eitt af afsprengjum frjálshyggjunnar. Hún er mannfyrirlitning og hún drepur fólk.

Á undanförnum árum hefur fjöldi sjálfsvíga aukist hér á landi og fróðir menn hafa sagt að sum þeirra megi rekja til lánskjaravísitölunnar. Vaxtafárið er orðið að drepsótt, er haft eftir mætum lækni.

Höfundar lánskjaravísitölunnar hafa vafalaust haft sín próf úr skóla og e.t.v. einhverjar gráður í hagfræði, en til viðbótar þessu þarf hjartað að vera með sem undir slær. Öll þekkjum við orð skáldsins Runeberg um Svein dúfu, þau orð að hjartað, það var gott. Og íslenskt skáld hefur sagt að bestu blómin gróa í brjóstum sem geta fundið til. Það er eins og þessa eðliskosti hafi vantað í smíði lánskjaravísitölunnar og yfirleitt í forráðamenn peningakerfisins. Þess vegna er það ófreskja og ómanneskjulegt.

Hætt er við að hjartalagið vanti enn í sérfræðingana nú þegar endurskoðun hefst. Þar er enginn tilnefndur úr atvinnulífinu, enginn af landsbyggðinni. Það væri mikið mál að skipt væri um ýmsa þá sérfræðinga sem með ráðleggingum sínum til stjórnvalda á undanförnum árum hafa sýnt að þeir eru lítt hæfir til að varða veginn. Þannig má t.d. ekki í framkvæmd hafa orðin að vernda hagsmuni hinna raunverulegu sparifjáreigenda sem skálkaskjól fyrir peningamenn og okrara eins og kerfið er í reynd. Slíkt kerfi drepur heimilin, atvinnufyrirtækin og þar með þjóðina.

En máski er von að Eyjólfur hressist. Hæstv. viðskrh. vitnaði í ræðu sinni í gærkvöld í hið fræga kvæði Arnar Arnarsonar um Stjána bláa. Tilefni ráðherrans var að segja frá því að mynd af garpinum hangir uppi í þingflokksherbergi Alþfl. Hin tilvitnuðu orð skáldsins, sem hæstv. ráðherra fór með, voru svohljóðandi:

> Hörð er lundin, hraust er mundin,
> hjartað gott, sem undir slær.

Mætti ráða af máli ráðherrans að þessir góðu kostir færu nú vaxandi með mönnum og þá einkum hjartalagið. Ef rétt er að þessir góðu eðliskostir séu nú í miklum mæli að koma í sérfræðingana, alþm. og ráðherrana, þá er vissulega enn von í þessum málum.

Meginmál mitt með því að setja fram þetta frv. var og er þetta: 1. Að lánskjaravísitalan verði afnumin, enda ekki mögulegt að breyta kostnaðarauka í tekjuauka. 2. Að teknir verði upp nafnvextir og þeir lækkaðir í áföngum með peningalegum aðgerðum ríkis og banka. 3. Við þetta mundi verðbólga minnka og þá opnast möguleiki á því að koma vöxtunum niður á svipað plan og útflutningsatvinnuvegir í samkeppnislöndum okkar búa við.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er vissulega fagnaðarefni að

það mæta skáld sem kvað undir skáldanafninu Örn Arnarson, Magnús Stefánsson, fæddur í Kverkártungu á Langanesströnd, skuli nú hafinn hér til vegs og virðingar, sem honum ber auðvitað, í hverri ræðunni á fætur annarri, hvern daginn á fætur öðrum á hv. Alþingi. Hins vegar eru kannski misjafnlega heppilegar sumar tilvitnanirnar eins og komið hefur í ljós. A.m.k. þykist ég viss um það að af slíkum skilningi sem hið ágæta skáld kvað um kjör alþýðu manna, þá hefði hann ekki lofsungið *lánskjaravísitölu ef hann hefði verið uppi á meðal vor* og líklega frekar tekið undir með þeim sem vildu sjá hana feiga.

Erindi mitt hingað, herra forseti, en ég stend að áliti fjh.- og viðskn. um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, er fyrst og fremst að þakka hv. flm. kjarkinn. Mér finnst lofsvert að hv. flm. skuli rísa upp gegn frjálshyggjunni og ofstækinu í sínum eigin flokki og öðrum og flytja frv. um aðra tilhögun varðandi lánskjör og ávöxtun sparifjár og þora að segja það, sem auðvitað liggur í hlutarins eðli, að hann getur engan veginn sætt sig við þá stefnu sem núv. ríkisstjórn framfylgir, ella þyrfti væntanlega stjórnarþingmaður ekki að grípa til þess ráðs að flytja sjálfstætt frv. um breytingar á þessum málum.

Ég tek jafnframt undir með formanni og frsm. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., um það að þær hugmyndir sem í frv. eru eiga ekkert síður erindi inn í endurskoðun nefndarinnar góðu, sem mun vera undir forustu alþýðubankastjórans Björns Björnssonar, hvar skoða skuli tilhögun um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Ég tek það að vísu fram að ég tel sumt betra en annað og sumt lakara í þessu frv. Ég er ekki viss um að það gangi allt upp eins og ég sagði reyndar við 1. umr. málsins. En að einu leyti er ég flm. algerlega sammála og það er að við þær aðstæður sem ríkja á lánsfjármarkaðnum á Íslandi er barnaskapur að halda að ekki þurfi til afskipti eða a.m.k. markvissa stefnu og markvissa viðleitni opinberra aðila til að hafa áhrif á vaxtastigið. Það er forheimskun að ímynda sér að íslenski fjármagnsmarkaðurinn sé eitthvað nærri því að geta komist í það jafnvægi sem er forsenda þess að framboð og eftirspurn geti stýrt vöxtunum þannig að þeir séu með hóflegu móti.

Þó að hinn bókmenntalega sinnaði hæstv. viðskrh. hristi nú höfuðið ætla ég að endurtaka það sem mína skoðun og ég get rökstuttt það fyrir hæstv. ráðherra að ójafnvægið á íslenska fjármagnsmarkaðnum er slíkt að það er langt í land og fjarri lagi að, mér liggur við að segja það, hæstv. ráðherra muni lifa það þó hann verði gamall maður eins og nú horfir að það jafnvægi komist hér á við ríkjandi aðstæður, þ.e. að íslenski fjármagnsmarkaðurinn sé svo lokaður með þeim hætti sem hann er í dag, að framboð og eftirspurn geti skilað okkur hóflegum vöxtum. Ég sé engin merki um það og ég hygg að enginn sjái nein merki um það að það 2–3 ára tímabil sem menn hafa prufukeyrt þetta á sé að skila neinum minnsta árangri í því að lækka vextina. En auðvitað hlýtur það að vera keppikefli, enda hafa allir, jafnvel hörðustu markaðshyggjumennirnir og frjálshyggjupostularnir, margtuggið það, bæði úr þessum ræðustól og víða annars staðar úti í þjóðfélaginu, að vextirnir séu of háir. Venjan er sú að talsmenn frelsisins koma í ræðustólinn, herra forseti, og segja: Þetta verður að hafa sinn gang. Við hvikum hvergi frá stefnunni. En að vísu skal viðurkennt að raunvextir eru of háir. Þar með hafa menn þvegið hendur sínar og allt er í lagi. Það er nóg, hv. flm. og aðrir góðir hv. þingdeildarmenn, það virðist vera þessum mönnum nóg að gerast svo hreinskilnir að viðurkenna að raunvextir séu allt of háir og þar með séu þeir lausir allra mála. En ef raunvextirnir eru allt of háir og hafa verið það um nokkurra ára bil, hvað ætla menn þá að gera í málinu?

Við vitum vel að þessir háu raunvextir eru að leiða gífurleg vandræði yfir ýmsa aðila, bæði í atvinnulífinu og einstaklinga. Ég hygg að það sé veruleg hætta á því að það versta sé fram undan í þessum efnum. Vegna hvers? Vegna þess að saga verðtryggingar á fjárskuldbindingum er ekki löng á Íslandi og þar með þessi geysilegi raunkostnaður á fjármagni sem við höfum búið við undanfarin ár og einkum og sér í lagi sl. 2–3 ár. Saga þessara hluta er einfaldlega ekki svo löng á Íslandi. Vel stæð fyrirtæki, ég tala nú ekki um ef þau hafa haft einhvern rekstrarhagnað á móti undanfarin ár, geta hugsanlega borið þennan kostnað um nokkurt árabil, en það segir sig sjálft að hinn eiginlegi reynslutími í þessum efnum verður eftir nokkur ár, þ.e. eftir nokkur ár frá því að verðtrygging fjárskuldbindinga er tekin upp og hægt er að fara að tala um raunvexti í þeim skilningi vegna þess að tímabilið fyrir það er í raun og veru á engan hátt sambærilegt við þetta.

Svo bætist það við að nú eru versnandi skilyrði að ýmsu leyti í atvinnulífinu. Heilar greinar atvinnulífsins búa nú við verri rekstrarskilyrði en undanfarin ár. Þá segir það sig sjálft að ógæfuþróunin verður hraðari. 10% tap í frystingu. Það er allt annað að búa við það við vaxtastig eins og nú er en var kannski fyrir nokkrum árum þegar vextirnir voru að rokka í kringum núllpunktinn, þ.e. miðað við raunvaxtastig. Þetta segir sig sjálft og allt venjulegt fólk skilur þetta, en markaðstrúarmennirnir virðast hins vegar ekki gera það af þessum ástæðum og ýmsum öðrum, sem er kannski ekki ástæða til að draga inn í þessar umræður nú þar sem verið er að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstjórnar og væntanlega til nefndar þeirrar sem hún hefur sett á laggirnar til að skoða þessa hluti, öðruvísi en þá að ímynda sér að hv. nefnd kynni að gerast svo lítillát að verða sér úti um þær umræður sem fara fram á Alþingi um peningamál, um vaxtamál og fara yfir þær og hafa þær til hliðsjónar í sínum störfum. Það má e.t.v. gera sér vonir um það. Í því sambandi er þá ekki óeðlilegt að menn hafi á því nokkra skoðun hvað þurfi að skoða öðru fremur í þessum efnum.

Það sem ég held að þurfi fyrst og fremst að skoða og menn verði að fara að reyna að horfa fordóma-

laust á, hvort sem menn eru meiri eða minni markaðshyggjumenn eða frjálshyggjumenn í þessum efnum, er ósköp einfaldlega: Mun þetta fyrirkomulag nokkurn tíma koma hér á jafnvægisástandi? Er eitthvað sem bendir til þess á hinum þrönga og sérhæfða íslenska fjármagnsmarkaði nema menn gangi þá leiðina á enda og opni hér allar dyr fyrir erlendu fjármagni og hleypi inn erlendum bönkum og jafnvægisstilli málin þá með þeim hætti? Um það er hins vegar langt í land með að samstaða náist á hinu háa Alþingi. Það vil ég a.m.k. leyfa mér að vona.

Herra forseti. Það var ekki á hv. talsmönnum hæstv. ríkisstjórnar að heyra, sem töluðu í umræðunum í gærkvöld, sumum hverjum a.m.k., að það stæði til að slá neitt af í þessum efnum frekar en öðrum. Harðlínumennirnir virðast hafa undirtökin þó að ýmsir hv. þm. Framsfl. hafi dagvaxandi, að því er virðist, efasemdir um þetta ágæta kerfi afskiptaleysis ríkisstjórnarinnar og blindrar trúar á að markaðurinn muni að lokum leysa þessi vandamál. Fleiri og fleiri, a.m.k. í Framsfl. og jafnvel víðar, gera sér nú grein fyrir því að þessi bókstafstrú virðist ekki ætla að skila okkur miklum árangri. Hv. flm. frv., sem hér er lagt til að vísa til ríkisstjórnarinnar, er einn í þeim hópi, enda leggur hann til aðra tilhögun.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, spyrja hæstv. viðskrh. hvað líði störfum þeirrar nefndar sem hér hefur margoft verið vitnað til. Hvenær verður þess að vænta að nefndin skili störfum og þá að hæstv. ríkisstjórn birti þær niðurstöður og grípi, ef sú verður niðurstaðan, til einhverra ráðstafana í framhaldi af því? Ég hygg að um það eitt getum við þó orðið sammála, ég og hæstv. viðskrh., að mikil þörf sé á því að sú nefnd starfi hratt og skili sem allra fyrst niðurstöðum. Þar í þyrfti að vera eins greinargóð úttekt og hægt er að gera á stuttum tíma á stöðu þessara mála, þar með talið þróuninni úti á hinum gráa markaði. Fyrst og síðast þyrfti nefndin að reyna að svara þeirri spurningu sem ég hef nefnt a.m.k. tvívegis áður: Eru ekki einhverjar vísbendingar uppi um að einhvers konar jafnvægi sé að nást í þessum efnum í núgildandi kerfi?

Herra forseti. Ég þarf þá ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en ég endurtek að það er lofsvert framtak af flm. frv. og virðingarverður kjarkur sem hv. flm. sýnir að rísa þannig upp gegn öfgaöflunum í eigin flokki og annars staðar.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir síðustu orð síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. e., að flm. þessa frv. sýnir ákveðinn kjark með því að þora að hafa sjálfstæða skoðun, í einhverju máli, ekki bara þessu, þá kannski helst því sem kemur við sárasta og veikasta blett nýfrjálshyggjumanna. Ég veit hvað það þýðir í Sjálfstfl. að hafa sjálfstæðar skoðanir og ég veit hvaða afleiðingar það getur haft. Ég veit hvað munaði litlu að það hefði sams konar afleiðingar fyrir flm., hv. 3. þm. Suðurl., á þeim tíma sem hann studdi ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og ég veit hvaða afleiðingar það hafði fyrir sjálfan mig á þeim tíma að vera vinur Gunnars Thoroddsens í þingflokki Sjálfstfl. og ég veit hvaða afleiðingar það hafði fyrir mig seinna meir og alþjóð veit hvað það kostar að hafa sjálfstæðar skoðanir í Sjálfstfl.

En ég kom fyrst og fremst hingað upp vegna þess hvernig hv. flm. tók til orða í sinni ræðu áðan. Hann sagði: Nýfrjálshyggjan drepur fólk. Ég vil draga athygli að þessum ummælum flm. (**EH:** Ég sagði: Lánskjaravísitalan drepur fólkið.) Lánskjaravísitalan drepur fólk líka, já, já. Það er rétt. Ég tek undir það, mikil ósköp. En ég tek líka undir annað sem hann sagði um nýfrjálshyggjuna, að bestu blómin gróa ekki í brjóstum þeirra sem eru taldir vera nýfrjálshyggjumenn. Þannig skildi ég hv. þm.

En ég hef alla ástæðu til að benda á það einu sinni enn úr þessum virðulega ræðustól að ég flutti hvað eftir annað, ræðu eftir ræðu á Alþingi um lánskjaravísitöluna, bæði sem fjmrh., sem iðnrh. og þar áður sem óbreyttur þingmaður, og ég gerði það sama í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem situr nú, því að bæði Framsfl. í ríkisstjórn og Sjálfstfl., og þá alveg sérstaklega þáverandi formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, börðust á móti nokkurri breytingu á lánskjaravísitölunni. Á þeim tíma vitnuðu þeir í ráðleggingar gegn því að fella niður lánskjaravísitöluna, í ráðgjafa þá sem þá voru ríkisstjórnarinnar. Það eru hæstv. núv. viðskrh. og formaður þeirrar nefndar sem á að fá þetta mál til athugunar á vegum ríkisstjórnarinnar. Ég hef því ekki miklar vonir bundnar við jákvæðan árangur af því að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Ég lít á þetta sem einu leiðina til að losna undan óþægilegum umræðum innan stjórnarliðsins og einu leiðina til að drepa þessa hugmynd endanlega og það er að vísa málinu til meðhöndlunar ríkisstjórnarinnar.

Hitt er svo annað mál að ég get vel tekið undir annað sem kemur mér þá í huga. Það er að vitna áfram í það sem hv. flm. vitnaði í hér, að „bestu blómin gróa í brjóstum sem að geta fundið til". Ég veit það, að vísu ekki af eigin reynslu heldur afspurn, að hæstv. viðskrh. — Ég veit ekki hvort hæstv. viðskrh. fylgdist með því sem ég var að segja, en ég ætla að halda áfram án þess að rifja upp það sem ég er búinn að segja. Ég veit af afspurn meira en af eigin raun að góð blóm og jafnvel þau bestu geta vel blómstrað í hans brjósti. Ég held að hann sé maður sem geti fundið til. Sú viðbót sem er í ríkisstjórninni með tilkomu hans í það embætti sem fer með þetta mál getur orðið til þess að einmitt þær kenndir, sem ég vona að kvikni í brjósti hæstv. ráðherra viðskiptamála og bankamála, bjargi fólki frá þeim örlögum sem flm. gat um. Það er rétt hjá flm. að lánskjaravísitalan hefur reynst skeinuhætt mörgum og sérstaklega þeim sem lítils mega sín, eru minni máttar í þjóðfélaginu. Þess vegna verð ég að segja hér og nú að þrátt fyrir mína andstöðu við nýfrjálshyggjumenn, bæði í Alþfl. og í Sjálfstfl., batt

ég miklar vonir við tilkomu hæstv. ráðherra Jóns Sigurðssonar inn í íslensk stjórnmál vegna hans fyrri starfa fyrir íslensku þjóðina á mörgum sviðum. Þær vonir hafa að vissu leyti brugðist með málflutningi hæstv. ráðherra í ýmsum málum fram að þessu. En ég held að það sé almenn skoðun að hér sé vel gefinn, reynsluríkur og góður maður að fá inn í íslensk stjórnmál og því vil ég binda vonir við að hann komi í veg fyrir með aðgerðum sínum í ríkisstjórn að málin haldi áfram að hafa þær afleiðingar, sem flm. gat um áðan, að lánskjaravísitalan drepi fólk bókstaflega. Þá hlýtur eitthvað af því sem ekki fer alla leið í gröfina að liggja sárt eftir hingað og þangað um landið. Ég endurtek að ég trúi því að hæstv. ráðherra sé þannig manngerð, þannig vel af guði gerður, þannig að öðru leyti vel undirbúinn að koma inn í stjórnmál að hann finni til á þann hátt sem hér er talað um.

Ég er ekki ánægður með þetta frv. flm., en þrátt fyrir tillögur mínar í fortíðinni um að leggja niður lánskjaravísitöluna hef ég ekki gert brtt. vegna þess að frv. eins og það er er svo miklu betra en að gera ekki neitt. Samþykkt þess er miklu betri en að gera ekki neitt þó hún sé ekki eins góð og að fella niður lánskjaravísitöluna að fullu.

Ég hef áður sagt að fyrstu fimm greinar þessa frv. séu óþarfar. Ég tel að seðlabankakerfið, og ég tala nú ekki um ríkisstjórnin og þetta allt bákn í samstarfi, hafi fullt leyfi til að ákveða það sem um getur í þessum fimm fyrstu greinum.

Hvað 6. gr. varðar er hún eingöngu um að fella niður lánskjaravísitölu gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum. Það tel ég ekki nóg. Það heldur áfram að drepa það fólk sem á unga aldri hefur gengið í gildru, tekið lán lánskjaravísitölubundið. Það heldur áfram í marga áratugi fram á grafarbakkann að hafa áhrif á þetta fólk og heilsu þess, eins og flm. gat um áðan. Mér finnst þetta frv. ekki ganga í átt til að hjálpa því fólki sem er fast í þessu neti og er flest á unga aldri heldur aðeins að gæta hagsmuna þeirra sem hér eftir skuldbinda sig á einhvern hátt.

Það var talað um af hv. 4. þm. Norðurl. e., ég heyrði ekki aðra þingmenn koma svo mikið inn á það, hinn íslenska fjármagnsmarkað. Ég er nú ekki búinn að vera í viðskiptum hér nema í 40 ár. Getur einhver sagt mér hvað það er, íslenskur fjármagnsmarkaður? (**SJS:** Ekki ég.) Nei, ég held að það sé afskaplega erfitt að fá það upp gefið vegna þess að fjármagnsmarkaðurinn hérna er svo háður erlendum sveiflum og erlendum lántökum og erlendum lánum að það er miklu meira í umferð hér af erlendu fé fjárfestu í íslenskum fyrirtækjum og íslenskum framkvæmdum. Það er ekki lengur til neinn íslenskur fjármagnsmarkaður annað en það, ef svo skyldi vera, að íslenskur fjármagnsmarkaður felist í því sem Íslendingar hafa búið til sín á milli. Íslendingar hafa nefnilega búið til sérstakan gjaldmiðil sín á milli vegna þess að bankakerfið og fjármagnsmarkaðurinn eru lokuð. Þetta kerfi, sem fyrirtæki og einstaklingar hafa fundið upp sem afskaplega séríslenskt fyrirbæri, er það að búa til gjaldmiðil, búa til verðmæti í bréfum, í víxlum, í skuldabréfum, í I owe you, eða þá með því að geyma ávísanir hver fyrir annan. Ég vil að bankar verði upplýstir að því að geyma ávísanir.

Það nýjasta sem ég hef heyrt, sem var ekki komið þegar ég stundaði viðskipti, er að selja reikninga eftir því sem forsrh. upplýsir. Það er enn þá ný leið í íslenskum fjármagnsmarkaði ef við erum að tala um íslenskan fjármagnsmarkað.

En ég vildi gjarnan fá að vita hvað er íslenskur fjármagnsmarkaður? Og hvar væri fjármagnsmarkaður á Íslandi ef erlent lánsfé hefði ekki komið til? Hvað væri þá framkvæmt? Fyrir hvaða peninga? Markaður sem slíkur, sem hér er talað um, er ekki til á Íslandi nema á þennan hátt. Bak við þessi bréfaskipti er venjulega ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég óttast það, virðulegi flm., hv. 3. þm. Suðurl., að hér sé verið að fara nákvæmlega þá sömu leið hvað þig snertir og alltaf er farið þegar þarf að losna við eitthvað sem kemur illa við hina fáu sem hafa tekið völd. Ég veit að hv. 3. þm. Suðurl. er ekki einn af þeim fáu útvöldu innan Sjálfstfl. sem hafa fengið völd. Hann er einn af þeim þingmönnum sem Sjálfstfl. verður að þola vegna þess að fólkið vill hann, fólkið sem kýs treystir honum betur en mörgum öðrum sem hafa reynt að ná kosningu í nafni Sjálfstfl., en ekki vegna þess að flokkurinn vilji hafa hann. Hér kemur hann með góða tillögu, gott mál sem gæti kannski orðið honum til framdráttar í kjördæmi ef hún fengist samþykkt. Bara það eitt þýðir að hún verður drepin. Ég ætla að vona að hv. þm. geri sér ekkert frekari vonir um að þessi till. nái lengra en í þá nefnd sem er leidd af þeim manni sem ráðlagði í ríkisstjórninni, sem ég sat í, að fella ekki lánskjaravísitöluna og beita henni ekki. Af hverju haldið þið að þessi maður fari að vinna á annan hátt núna en hann gerði fyrir tveimur árum? Eða af hverju haldið þið að hann sé þá valinn til að leiða nefndina? Til að gera eitthvað annað en hann ráðlagði fyrir tveimur árum?

Af hverju tala ég eins og ég tala núna? Af hverju bendi ég á allt þetta? Það er vegna þess að það er nú einu sinni svo að ef ég tala fyrir einhverju máli snýst Sjálfstfl. á móti því, en ef ég tala á móti því og vara við að Sjálfstfl. muni drepa eitthvað, þá er kannski helsta vonin til þess að geta orðið hv. flm. að liði. Það getur vel verið að einmitt þetta tal mitt verði til þess að Sjálfstfl. vilji afsanna það sem ég er að segja með því að vinna að framgangi málsins en ekki að drepa það í nefnd undir forustu manns sem þegar er búinn að gefa álit um að það sé ekki rétt að fella niður lánskjaravísitöluna.

En ég vil taka það fram að þegar ég flutti þessi mál í ríkisstjórninni voru ráðherrar sem vildu samþykkja þessa tillögu. Það voru t.d. tveir framsóknarráðherrar. Það var hæstv. landbrh. og hæstv. félmrh. Þeir voru báðir með því að fella niður lánskjaravísitölu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég verð að segja alveg eins og er að ég á ekkert svona. Þetta eru mínar leyndu hugsanir. Ég fagnaði því þegar ég sá að núv. hæstv. bankamálaráðherra var frambjóðandi. Sú kennd mín hefði verið sú sama alveg jafnt hvort hann var frambjóðandi Alþfl. eða annars. Mér fannst að loksins væru að koma menn inn í stjórnmál á Íslandi sem væru hæfileikamestu menn þjóðarinnar. Ég hélt að það kæmi kannski meira af þeim ef einhver bryti ísinn og það getur vel verið að það eigi eftir að reynast rétt. Þess vegna segi ég: Ég bind miklar vonir við störf núv. hæstv. bankamálaráðherra á Alþingi. Það er ekki þar með sagt að ég sé honum, eins og hann hefur sjálfur fundið, alltaf sammála því ég hef mínar skoðanir á málum. En maðurinn er jafnmikils virði fyrir mig hvort sem hann er samherji eða andstæðingur.

Í þessu máli legg ég sérstaka áherslu á að hæstv. ráðherra taki nú til gaumgæfilegrar athugunar það sem flm. hefur bent á, að þessi lánskjaravísitala, og alveg sérstaklega eftir að launavísitalan var felld niður, er bókstaflega að drepa fólk. Ef fólk hrynur ekki niður vegna hennar, þá liggur það sært í valnum um land allt. Þess vegna legg ég miklu, miklu meiri trúnað og bind miklu meiri vonir við að Alþfl. í ríkisstjórn geti breytt niðurstöðu Sjálfstfl. og Framsfl. í ríkisstjórn eins og hann var þegar ég sat þar. Ef hæstv. ráðherra getur notað stuðning minn er hann til reiðu.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að svara þeim beinu fyrirspurnum sem til mín var beint. Ég vil í upphafi taka fram að ég styð þá tillögu, sem formaður hv. fjh.- og viðskn. bar hér fram áðan, að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar.

Eins og kom fram í máli hans hef ég nýlega skipað nefnd til að endurskoða fyrirkomulag verðtryggingar fjárskuldbindinga og lánskjaravísitölu. Ég get fullvissað hv. 5. þm. Reykv. um að þessi nefnd er alls ekki skipuð til þess að komast hjá óþægilegum umræðum um þetta mikilvæga mál heldur þvert á móti til þess að gera fordómalausa athugun á því hvernig reynst hafi fyrirkomulag verðtryggingar fjárskuldbindinga frá því að hún var heimiluð árið 1979 og þar til nú, m.a. í ljósi þess frjálsræðis um vaxtaákvarðanir sem upp hefur verið tekið á þessum árum. Nú er það svo að við höfum reynt þessa tilhögun í blíðu og stríðu, í uppgangi og samdrætti, í áratug eða því sem næst. Það er því fullkomin ástæða til þess að kanna þetta mál frá öllum hliðum. Það verður líka gert.

Vegna spurningar hv. 4. þm. Norðurl. e. um það hvenær ætlunin sé að þessi nefnd ljúki störfum vil ég svara því að í hennar erindisbréfi er þess óskað að hún ljúki störfum sem fyrst og ekki síðar en 15. júní nk.

Vegna orða sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lét falla vil ég taka það fram að ég mun að sjálfsögðu beina því til þessarar nefndar að hún kynni sér umræður á Alþingi um þetta mál og gögn sem hafa komið fram í þinginu og nefndum þess, en það eru reyndar fleiri tillögur en það frv. sem hér er til umræðu. Þetta mál hefur komið fyrir í fyrirspurnum og öðrum þingsályktunum nokkrum sinnum í vetur. Hv. 10. þm. Reykn. er sennilega að vitna í fyrirspurnarumræður sem urðu hér ekki fyrir nokkrum vikum heldur fyrir nokkrum mánuðum, reyndar í nóvember ef ég man rétt. Í þeim lýsti ég einmitt þeirri skoðun minni að á lánskjaravísitölunni væru ýmsir gallar, hlutir sem vel mætti endurskoða. Síðar hefur líka komið fram þáltill. um að fela ríkisstjórninni að gera athugun á því sem kallað er valfrelsi um verðtryggingar fjárskuldbindinga. Allt þetta efni og umræðurnar verður nefndinni falið að kanna frá öllum hliðum og reyna að komast að niðurstöðu um það hvaða breytingar gætu verið vel til þess fallnar að tryggja farsæla framkvæmd á þessum þætti lánskjara og á lánamarkaði yfirleitt.

Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um fjárhagsvandræði heimila og fjölskyldna á síðari árum, sem sumir tengja beint við lánskjaravísitöluna — en meðal annarra orða tel ég að það sé alls ekki hægt að leggja það fyrirbæri að jöfnu við nýfrjálshyggjuna þótt hv. 5. þm. Reykv. geri það, a.m.k. efast ég um að talsmenn nýfrjálshyggjunnar mundu vilja við það kannast — þá vil ég segja það skýrt að þar eru vissulega víða mikil vandamál á ferð og þau þarf að reyna að leysa, en ekki með hinum almennu lánskjörum eða skipulagi lánamarkaðarins heldur með því að þróa áfram ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar sem þegar er á fót komin. Líklega er heppilegt að koma á einhverri opinberri skipan við skuldaskil fjölskyldna og heimila sem lent hafa í þrotum. Þetta mál er ég að láta athuga, ekki á vegum viðskrn. heldur á vegum dómsmrn., og vonast til þess að geta komið með tillögur á því sviði á næstu misssirum. Þetta er hið þarfasta mál og ég er að sjálfsögðu sammála hv. 3. þm. Suðurl., hv. 5. þm. Reykv. og öðrum sem hér hafa talað að hjartalagið er mikilvægt í hverju máli, en þótt hjartað sem undir slær sé heitt þurfa menn að halda höfðinu köldu og út á það gengur þetta mál.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil í framhaldi af orðum hæstv. bankamálaráðherra áðan um þau gögn sem hann teldi að nefndin þyrfti að athuga minna á að fjh.- og viðskn. sendi þetta frv. til umsagnar og fimm skriflegar umsagnir bárust til nefndarinnar, þ.e. frá Sambandi ísl. sparisjóða, Þjóðhagsstofnun, Kaupþingi, Sambandi almennra lífeyrissjóða og jafnframt frá Seðlabankanum. Síðan kvaddi nefndin á fund sinn dr. Magna Guðmundsson sem mikið hefur skrifað um vaxtamál og peningamál og er sérfræðingur á þessu sviði. Við áttum með honum mjög skemmtilegan og að því er mér fannst gagnlegan fund og að beiðni nefndarinnar setti hann á blað skoðanir sínar. Ég tel að öll þessi gögn þurfi að vera tiltæk nefnd Björns Björnssonar og stend upp til

þess að minna á þau.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa niðurlagsorð úr umsögn dr. Magna þar sem ég tel að þar séu orð í tíma töluð:

„Það má ljóst vera að vaxtakerfið, sem nú er við lýði, er ekki þess megnugt að efla sparnað í landinu eða tryggja stöðugleika verðlags. Vaxtaprósentan sjálf gerir flestum fyrirtækjum ókleift að spara og raunar einnig að greiða starfsliði mannsæmandi laun. Íbúðabyggjendur eru ekki aflögufærir nema síður sé og eldri borgarar hafa þverrandi áhuga á sparnaði vegna almannatrygginga hér sem annars staðar. Þeir sem eiga peninga vilja ekki leggja í hlutabréf nema þeir fái sömu ávöxtun þeirra og í innlánsstofnunum um 40% skattfrjálst, en slíkt er að óbreyttu útilokað. Ýmsir kjósa að ávaxta fé á gráa markaðnum.

Með lánskjaravísitölu reyndum við að bæta okkur upp rýrnun peninga, en búum til kostnaðarverðbólgu í leiðinni. Þetta er því vítahringur. Sérhver hækkun á verði peninga síast út í hagkerfið allt. Þess vegna verður að leita annarra ráða til að hemja offjárfestinguna. Venjan er í nágrannalöndunum að beita fjárfestingarskatti tímabundnum og nú seinni árin fjárfestingarsjóðum sem njóta skattfríðinda gegn því að þeir notist ekki á þensluskeiði. Hreinlegast er að afnema lánskjaravísitöluna og stokka spilin upp á nýtt eins og frv. Eggerts Haukdals gerir ráð fyrir. Næst að áhrifamætti væri að breyta viðmiðun vísitölunnar, t.d. taka upp framleiðnistuðul, en hann má ekki gilda um einn þátt, vextina, heldur aðrar tekjur jafnframt, launatekjur og eignatekjur.

Það hefur lengi verið álit efnahagssérfræðinga og athafnamanna um allan heim að stöðugir vextir séu eitt grundvallarskilyrða fyrir traustu atvinnulífi og framförum. Síbreytilegir vextir samkvæmt vísitölu gera allar áætlanir fram í tímann óhugsandi og ekkert er eins skaðlegt uppbyggingu lands. Þeir tortíma og einni hinna fornu dyggða, skilvísinni, því að sá sem tekur lán með kjörum verðbólguvísitölu getur ekki vitað hvaða fjárhæð hann verður endanlega krafinn um. Hún kann að gera hann að vanskilamanni."

Þetta var tilvitnun í umsögn dr. Magna Guðmundssonar og eins og ég sagði áðan vildi ég með þessum orðum mínum hvetja til þess að nefnd Björns Björnssonar athugaði þau gögn sem fjh.- og viðskn. deildarinnar eru tiltæk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 920 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 24:1 atkv.

NEÐRI DEILD

84. fundur, föstudaginn 29. apríl, að loknum 83. fundi.

Læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 943, brtt. 960.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 960 samþ. með 23 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 3. umr.

Frv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heimild fyrir Reykjavíkurborg að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 1. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað á þskj. 799. Frv. þetta er flutt að tilhlutan yfirvalda Reykjavíkurborgar, en með bréfi til félmrh. dags. 9. f.m. fór borgarstjórinn í Reykjavík þess á leit að frv. þetta yrði lagt fram. Áður en til þess kom kynnti ráðuneytið frumvarpsdrögin fyrir bæjaryfirvöldum í Kópavogi, svo og lögmanni eiganda jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað. Báðir þessir aðilar voru samþykkir því að frv. yrði lagt fram.

Frv. fjallar um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi landspildu úr jörðinni

Vatnsenda í Kópavogskaupstað, en samningur var gerður milli borgarsjóðs Reykjavíkur og Magnúsar Hjaltested bónda að Vatnsenda í Kópavogi hinn 7. okt. 1987 um kaup á fyrrgreindu landi til almannaþarfa. Til að samningur þessi geti komið til framkvæmda er nauðsynlegt að afla eignarnámsheimildar þar sem á sölu lands úr jörðinni Vatnsenda hvíla kvaðir sem annars koma í veg fyrir sölu.

Í arfleiðsluskrá Magnúsar Hjaltested, dags. 29. okt. 1970, stendur m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Allar eignir mínar, fastar og lausar, skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested með þeim nánari takmörkunum og skilyrðum er nú skal greina:

Það má ekki selja fasteign þá er ég nú á, Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, er hann fær að erfðum með þessari arfleiðsluskrá."

Núverandi eigandi jarðarinnar er bundinn af þessu ákvæði og getur því ekki selt jörðina Vatnsenda eða hluta lands úr henni með frjálsum samningum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að eignarnámsheimild liggi fyrir með sérstökum lögum þar sem um fasteign í öðru sveitarfélagi er að ræða.

Samningur um kaup landsins milli Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested frá 7. okt. sl. var undirritaður með fyrirvara um veitingu eignarnámsheimildar. Hinn 24. nóv. sl. var svo undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar þar sem sveitarfélögin semja um ný lögsögumörk sín á milli og hafa makaskipti á landspildum, þar á meðal landspildu sem Reykjavíkurborg fær úr Vatnsenda.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. 27 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986. Árið 1986 samþykkti Alþingi ný sveitarstjórnarlög nr. 8/1986. Í þessum lögum er að finna mörg nýmæli, þar á meðal ákvæði 2. mgr. 10. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í kaupstöðum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðaráð sveitarstjórnar bæjarráð. Sama gildir í hreppum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt og svo er kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Nefnist þá sveitarfélagið bær."

Félmrn. hefur þegar staðfest fimm samþykktir sveitarfélaga sem nefnast bæir á grundvelli ofangreinds ákvæðis. Vegna þess orðalags í lögunum þar sem sagt er: „Nefnist þá sveitarfélagið bær" hafa komið fram efasemdir og óvissa ríkt hjá ofannefndum sveitarfélögum, þ.e. bæjum, hvaða réttindi og skyldur fylgja í kjölfar breytinga á heiti sveitarfélagsins og þá fyrst og fremst gagnvart sérlögum. Þótt réttarstaða allra sveitarfélaga, hreppa, bæja og kaupstaða sé með fáeinum undantekningum hin sama skv. gildandi sveitarstjórnarlögum er í ýmsum sérlögum gerður greinarmunur á hreppum annars vegar og kaupstöðum hins vegar. Því hefur sú spurning risið hvort slík ákvæði gilda um hina nýju bæi eða ekki.

Tilgangur nýmælisins í 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga var að sérstök löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga yrði þar með óþörf, eins og segir í athugasemdum með því frv., en ekki sá að réttarstaða þeirra sveitarfélaga sem fengið hafa eða fá munu bæjarréttindi skv. 2. mgr. 10. gr. yrði önnur og síðri en þeirra kaupstaða sem slík réttindi öðluðust fyrir gildistöku sveitarstjórnarlaga. Þar sem þessi tilgangur kemur ekki fram á ótvíræðan hátt í sjálfum lagatextanum þykir nauðsynlegt að leggja fram þetta frv. til að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Skv. frv. skal sveitarstjórn ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélags hvort það skuli nefnast bær eða kaupstaður. Þessi tvö heiti eru því hér með lögð að jöfnu.

Félmrn. hafa borist óskir frá bæjarstjórnum ýmissa kaupstaða um að mega nota orðið „bær" í stað kaupstaður í heiti sveitarfélagsins. Má þar nefna Akureyri, Ólafsfjörð og Vestmannaeyjar.

Frá bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur borist formlegt erindi þess efnis að ráðuneytið beiti sér fyrir breytingu á 1. gr. laga nr. 83/1975, um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi, á þann veg að heiti sveitarfélagsins verði framvegis Garðabær en ekki Garðakaupstaður eins og ákvæði síðastgreindra laga mæla fyrir um. Að athuguðu máli hefur ráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu að með því að leggja til breytingu á 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga opnist leið fyrir allar sveitarstjórnir sem uppfylla skilyrði ákvæðisins um lágmarksfjölda að ákveða sjálfar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins hvort orðið þær nota sem heiti sveitarfélagsins, „kaupstaður" eða „bær". Réttarstaða allra kaupstaða og bæja mundi því ótvírætt með þessari lagabreytingu verða sú sama og gildir það jafnt um þá kaupstaði sem slík réttindi fengju með sérstökum lögum og um þá bæi sem slíka nafngift hafa fengið á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til félmn. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir á þskj. 798 snýst um breytingu á 81. gr. laga nr. 60 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. þeim kafla laganna sem fjallar um byggingarsamvinnufélög. Breyting sú sem hér er lögð til að gerð verði felur í sér að einstaka byggingarflokkum í byggingarsamvinnufélögum verði heimilað að segja sig úr félaginu þegar tengsl íbúðareigenda við félagið eru orðin lítil.

Þegar íbúðareigandi, sem byggt hefur íbúð á vegum byggingarsamvinnufélags, hefur staðið skil á öllum sínum fjárhagslegu skuldbindingum gagnvart félaginu má segja að sameiginlegir hagsmunir hans og félagsins séu ekki lengur til staðar nema sá hinn sami hugsi sér að byggja aftur á vegum félagsins. Það sýnist því ekki þjóna neinum tilgangi að halda í lagafyrirmæli sem þvingi fólk til veru í félagi sem það finnur ekki sjálft að hafi neitt gildi fyrir sig, aðeins vafstur og fyrirhöfn við það að félagið falli formlega frá forkaupsrétti við hver eigendaskipti á viðkomandi íbúð. Rétt þykir að nokkur tími líði frá því að byggingarhlutverki félagsins er lokið og þar til byggingarflokkurinn geti sem heild sagt sig úr félaginu þannig að íbúðareigendur geti sem best gert sér grein fyrir stöðu sinni gagnvart félaginu og er hér lagt til að sá tími verði fimm ár.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 470. mál (almenn atkvæðagreiðsla). — Þskj. 820.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8 18. apríl 1986 sem er að finna á þskj. 820. Auk mín flytja þetta frv. hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

Frumvarpsgreinarnar eru tvær og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. gr. 54. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boðað til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal í henni koma fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef í ráði er að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram.

Í sveitarfélagi með færri en 1000 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef fjórðungur atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um einstök mál ef tíundi hluti kjósenda óskar þess eða þriðjungur sveitarstjórnar. Í sveitarfélögum með færri en 1000 íbúa skal þó miða við fjórðung kosningabærra manna. Slík atkvæðagreiðsla telst bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef tveir þriðju hlutar kjósenda taka þátt í henni og skal þá meiri hluti ráða.

Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennum kosningum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er skylt að fresta framkvæmdum varðandi þau mál er íbúar óska atkvæðagreiðslu um þar til úrslit atkvæðagreiðslu liggja fyrir. Sveitarstjórn getur flýtt atkvæðagreiðslunni, en þó skal hún ekki fara fram fyrr en sex vikur eru liðnar frá því að ósk um hana kemur fram. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skal fara skv. III. kafla laga þessara eftir því sem við á.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Hæstv. forseti. Ég hélt eiginlega að hæstv. félmrh. væri hér viðstödd, en ég sé að svo er ekki. Mér þætti vænt um ef henni yrði gert aðvart að ég er að mæla fyrir þessu máli. Án þess að ég ætli að gera kröfu til þess að hún sé hér viðstödd, þá er þetta mál sem varðar hennar svið og það væri mikils vert að vita hvert hennar álit er á þessu svo ég óska eftir að henni verði gert viðvart, en ég mun halda áfram máli mínu. (**Forseti:** Hæstv. félmrh. verður gert viðvart eins og hv. þm. bað um. Hins vegar er forseta kunnugt um það að ráðherrann þurfti að fara til annarra starfa, skyldustarfa. En engu að síður verður þetta gert.) Ég þakka fyrir og held þá áfram.

Ég mun nú skýra betur hvert er markmið þessa frv. og ég vil, með leyfi forseta, lesa 54. gr. núgildandi laga og skýra með því nánar hvað felst í þessu frv. En 54. gr. núgildandi laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins. Í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal

boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera."

Breytingarnar sem við leggjum til með frv. eru því í fyrsta lagi að miða skyldu sveitarstjórnar til að halda almennan sveitarfund, ef fjórðungur atkvæðisbærra manna óskar þess, við stærri sveitarfélög en núgildandi lög kveða á um eða 1000 íbúa sveitarfélag í stað 500 íbúa. Aðalbreytingin er þó fólgin í því að tryggja rétt íbúa í öllum sveitarfélögum, stórum sem smáum, til að fá fram almenna atkvæðagreiðslu um einstök mál, en í lögunum frá 1986 er aðeins um heimild að ræða fyrir sveitarstjórn og algerlega í hennar valdi og sömuleiðis í hennar valdi hvort niðurstöður slíkrar atkvæðagreiðslu skulu vera bindandi um afgreiðslu málsins. Þessu viljum við frumvarpsflytjendur breyta og leggjum til svo sem hér segir að sveitarstjórn sé skylt að verða við óskum að lágmarki 1/10 hluta kjósenda eða þriðjungs sveitarstjórnar um atkvæðagreiðslu um einstök mál. Sömuleiðis að niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu teljist bindandi fyrir stjórn sveitarfélagsins ef 2/3 hlutar kjósenda taka þátt í henni og svo áfram eins og segir í frvgr. sem ég hef þegar lesið og hv. þm. hafa fyrir sér á þskj. 820. Að sjálfsögðu er hentugast að tengja slíka atkvæðagreiðslu um einstök mál almennum kosningum, en jafnsjálfsagt er að hafa möguleika á því að gera það ekki ef brýnt þykir að fá fram ákvörðun í málinu fyrr.

Herra forseti. Þetta mál er ekki nýtt né ókunnuglegt hér í þingsölum. Slíkum hugmyndum hefur vissulega verið hreyft hér áður í ýmsum myndum að ég hygg þó ég kunni ekki að tíunda það nákvæmlega. Það frv. sem hér er nú til umfjöllunar er lagt fram öðru sinni, en það var til umræðu í Ed. á síðasta þingi. Þá sat þar varaþingkona Kvennalistans, María Jóhanna Lárusdóttir, en hún vann þetta þingmál fyrst og fremst og flutti það í Ed.

Við kvennalistakonur höfum frá upphafi lagt mikla áherslu á virkt lýðræði og dreifingu valds og ábyrgðar. Þessi atriði vega þungt í stefnu okkar og við höfum þau mjög að leiðarljósi í störfum okkar, bæði í innra starfi og út á við, svo og við nána útfærslu ýmissa stefnumála. Sem dæmi má nefna tillögur okkar um framkvæmd fiskveiðistefnu, sem kynntar voru fyrr á þessu þingi, þar sem við lögðum til að framkvæmd slíkrar stefnu lyti almennum reglum, en nánari ákvörðun og ábyrgð flutt til byggðarlaganna.

Það frv. sem hér er til umræðu stefnir að því að tryggja aukinn rétt íbúa sveitarfélaga til að hafa ábyrgð á ákvörðun í einstökum málum, en eins og málum er nú varið er sá réttur mjög takmarkaður og jafnvel hægt að benda á tilvik þar sem sumir telja þennan rétt beinlínis lítilsvirtan og fótumtroðinn.

Í sveitarfélögum gildir nú reglan um fulltrúalýðræði. Allir íbúar í sveitarfélagi sem kosningarrétt hafa, þ.e. eru orðnir 18 ára, eiga rétt á að kjósa menn í sveitarstjórn til fjögurra ára til að fara með stjórn sveitarfélagsins. Hér er um eins konar valdaframsal að ræða frá íbúum sveitarfélags, kjósendum, til sveitarstjórnar. Í stað þess að allir kjósendur taki ákvarðanir og ráði öllum málum fela þeir nokkrum mönnum fullt vald á tilteknu tímabili. Sveitarstjórnarmenn eru þó ekki bundnir af fyrirmælum umbjóðenda sinna í afstöðu sinni til einstakra mála heldur einungis af lögum og sannfæringu sinni eins og segir í 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Í almennum kosningum er því fyrst og fremst kosið um meginstefnur og hugmyndafræði en ekki einstök mál og það er oft óhægt um vik fyrir almennan kjósanda að hafa áhrif á einstök málefni. Í stórum sveitarfélögum sérstaklega er oft löng leiðin frá kjósanda til fulltrúans og því vafasamt að fulltrúinn taki alltaf afstöðu í samræmi við óskir og vilja umbjóðenda sinna. Það er að okkar dómi mikilvægt að bæta hér um og efla áhrif íbúanna að þessu leyti.

Menn getur svo sannarlega greint á við kjörna fulltrúa einhvers flokks um einstakar byggingar, forgangsröð verkefna eða tímasetningu framkvæmda, enda þótt þeir séu hjartanlega sammála hugmyndafræði hans og meginstefnu. Fái þeir ekki að láta afstöðu sína í ljós með afgerandi hætti og þurfi að una því sem þeir skynja oft sem hreina valdbeitingu er viðbúið að þeir endurskoði afstöðu sína til viðkomandi flokks og snúi jafnvel baki við þeirri stefnu sem í raun stendur þeim næst í framhaldi af því.

Nú hefur það lengi þekkst hér á landi í fámennari sveitarfélögum að haldnir séu svonefndir borgarafundir eða sveitarfundir til að kynna íbúum málefni sveitarfélagsins almennt, svo sem í tengslum við afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar eða til að leita álits þeirra í einstökum málum. Hafa íbúar smærri sveitarfélaga haft lagalegan rétt til að óska eftir slíkum fundum bæði skv. eldri og núgildandi lögum. En ekkert ákvæði er í lögum sem tryggir rétt íbúa hinna stærri sveitarfélaga til að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórnar í einstökum málum nema að því er varðar áfengisútsölur og sameiningu sveitarfélaga.

Ég las áðan 54. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en þar er það nýmæli að sveitarstjórn skuli heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um einstök mál. Þótt ekki hafi verið um þetta ákvæði í lögum fyrr en nú hefur jafnan verið talið að sveitarstjórn væri heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar meðal íbúa, kjósenda, sveitarfélags til að kanna hug og afstöðu til einstakra mála. Slíkar skoðanakannanir hafa farið fram m.a. um hundahald, fasteignakaup og nafnbreytingar á sveitarfélagi og er því í rauninni ekki

nein nýjung á ferðinni í 54. gr. heldur er þar kveðið nánar á um heimild sveitarstjórnar sem hún hefur haft í raun.

Í stjórnlagafrv. því er Gunnar Thoroddsen flutti vorið 1983 og í skýrslu stjórnarskrárnefndar frá sama tíma er kveðið á um rétt íbúa sveitarfélags til að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins og er það nýmæli skýrt með því að þar sé verið að tryggja lýðræðisleg réttindi íbúanna og auka þau. Þar segir enn fremur að svipaðar heimildir hafi gefið góða raun m.a. í Bandaríkjunum og Sviss. Þær hugmyndir sem hér koma fram eru því ekki nýjar af nálinni, eins og ég tók fram fyrr í máli mínu.

Þegar þetta frv. var til 1. umr. í Ed. í októberlok 1986 urðu margir þar til þess að láta í ljósi álit sitt og voru yfirleitt hlynntir meginstefnu þess og markmiði, en vildu þó hafa nokkurn vara á. Sumir töldu reyndar ekki nauðsynlegt að lögfesta þennan rétt manna til að fá fram atkvæðagreiðslu. Þessi afstaða virtist til komin vegna trúar á sanngirni og virðingu sveitarstjórnarmanna almennt fyrir skoðunum umbjóðenda sinna. Nú er ekki ólíklegt að sú trú hafi beðið nokkurn hnekki á þeim mánuðum sem liðnir eru síðan sú umræða fór fram.

Einnig gætti meðal þátttakenda í umræðunum ótta við að framkvæmd þessarar lagagreinar yrði þung í vöfum, hún yrði tímafrek og kostnaðarsöm. Jafnvel lét einn hv. þm. í ljós í þessum umræðum að slíkar uppákomur, sem þarna væri boðið upp á, væru leiðinlegar og vitnaði þar til reynslu sinnar af atkvæðagreiðslum um áfengismál og af prestskosningum. Ég bendi annars hv. þm. á þessar umræður sem skjalfestar eru í 3. hefti Alþingistíðinda 1986.

Herra forseti. Þegar við lögðum þetta frv. fram strax að loknu fundahléi um páska vorum við allsendis grunlausar um að stjórnarliðar væru orðnir svo þreyttir á þingstörfum að þeir hygðust efna til þingloka með fyrra fallinu. Við töldum því nægan tíma til umræðna og umfjöllunar um þetta frv. sem við vitum að hefur stuðning margra utan Alþingis. Stjórnarliðar munu nú sennilega í krafti síns meiri hluta knýja fram þinglok innan fárra daga og því er borin von að frv. fái þá umfjöllun sem það þarf á þessu þingi. Við vildum þó kynna hv. þm. málið þannig að þeir gætu velt því fyrir sér og væntum stuðnings þeirra og áhuga þótt síðar verði. Formsins vegna legg ég þó til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ég óskaði eftir því, herra forseti, að hæstv. félmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og gleður mig að sjá að hún hefur verið það a.m.k. að miklu leyti. Eins og ég sagði er þetta mál augljóslega á hennar sviði. Ég veit að inn á hennar borð koma annað veifið mál til úrskurðar þar sem menn telja sig ofríki beitta. Þetta frv., eins og ég hef nú kynnt það, felur í sér aukinn rétt manna til að hafa áhrif í nánasta samfélagi og það væri afar mikilsvert að fá álit hæstv. félmrh. á því sem hér er um að ræða.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögunum innti eftir áliti mínu á því frv. sem hér er til umræðu. Það kemur fram í grg. með frv. að í núgildandi sveitarstjórnarlögum eru það nýmæli að sveitarstjórn skuli heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélaginu um einstök mál og eins og hér kemur fram að þótt ekki hafi verið um þetta ákvæði að ræða fyrr í lögum en nú hefur jafnan verið talið að sveitarstjórn væri heimilt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu eða skoðanakönnunar meðal íbúa til að kanna hug sveitarfélagsins og afstöðu þeirra til einstakra mála. Það er ljóst að þessu ákvæði og þessu nýmæli hefur ekki verið beitt þó þarna hafi verið fyrir hendi, til að mynda að efna til almennrar skoðanakönnunar, og er ég hlynnt því markmiði, sem kemur fram í þessu frv., að þessu sé í meira mæli beitt en verið hefur hingað til og styð að allt sé gert til að auka eins og hægt er lýðræðisleg réttindi fólksins í landinu.

Ég er ekki tilbúin á þessu stigi málsins að tjá mig um það sem fram kemur að því er varðar íbúafjöldann sem gæti farið fram á slíka atkvæðagreiðslu eða hvort rétt sé að atkvæðagreiðslan sé bindandi fyrir sveitarstjórn. Þetta tel ég að þurfi nánari skoðunar við. En ég tel að frv. sem hér hefur verið lagt fram og er til umræðu sé allrar athygli vert.

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég ætla sannarlega ekki að lengja þessar umræður. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að þakka hæstv. félmrh. fyrir jákvæðar undirtektir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Í frv. því sem hér er til umræðu og dreift hefur verið á þskj. 824 eru lagðar til breytingar á 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74 1974. Þetta frv. hefur verið samþykkt í hv. Ed.

Í 1. gr. frv. er gerð tillaga um þá breytingu að heimilt verði að gera dómsátt í málum sem hafa í för með sér sviptingu ökuréttinda í þrjú ár eða skemmri tíma. Skv. gildandi lögum er þessi heimild bundin við það að svipting ökuréttinda sé eitt ár eða skemmri tími. Ég tel að það sé bæði sökunautum og dómskerfinu í hag að þessi mál fái eins greiða meðferð og kostur er. Það byggist á þeirri almennu skoðun að refsing sem kemur í sem beinustu fram-

haldi af brotinu sé líklegri til að hafa tilætluð áhrif en þegar langur tími líður frá afbroti til viðurlaga eða niðurstöðu í máli af þessu tagi.

Á undanförnum árum hafa borist á ári hverju til fullnustu 450–600 sektardómar og þótt það hafi enn ekki verið athugað sérstaklega tel ég ekki fjarri lagi að ætla að um 300 af þessum 450–600 sektardómum hafi verið fyrir ítrekaðan ölvunarakstur. Fyrir dómskerfið og dómþola hefði það umtalsverða hagræðingu í för með sér að heimilt verði að ljúka þessum málum með dómsátt.

2. gr. frv. fjallar um annað mál sem tengist líka umferðarlagabrotum en reyndar einnig öðrum brotum. Í þeirri grein frv. er lagt til að fjárhæðir í 112. gr. um meðferð opinberra mála verði hækkaðar, en þar er um að ræða sektarheimildir lögreglustjóra og lögreglumanna og heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota sem sektarheimild hans nær til svo og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku ef brot er skýlaust sannað en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur.

Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1982. Þessar sektar- og upptökuheimildir hafa gefið góða raun til þessa og létt verulega álagi af dómstólunum, en til þess að sektirnar geri gagn þurfa þær auðvitað að fylgja verðlagsþróun og í greininni sem hér er gerð tillaga um hafa þessar fjárhæðir verið hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 907.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 1. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 936.

Flm. (Kjartan Jóhannsson):

Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að sett verði bann á innflutning frá og útflutning til Suður-Afríku og Namibíu. Efni frv. fjallar um það, en hins vegar beinist aðgerðin að sjálfsögðu gegn þeirri stefnu sem ríkisstjórnin í Suður-Afríku framfylgir í aðskilnaðarmálum kynþáttanna og þeim brotum á mannréttindum sem hún hefur gert sig seka um.

Íslendingar, eins og aðrar Norðurlandaþjóðir og flestar vestrænar þjóðir, styðja vitaskuld frjáls viðskipti, en það ætti að vera ljóst að varðandi Suður-Afríku og við þessar aðstæður geta ekki gilt hinar almennu reglur. Norðurlandaþjóðirnar hafa gert endurteknar tilraunir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m.a. í Öryggisráðinu, til þess að hafa áhrif á þetta mál, en það hefur ekki borið tilætlaðan árangur. Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að dregið yrði úr viðskiptum við Suður-Afríku, innflutningur og útflutningur hefur verið tiltölulega lítill, en hins vegar verður ekki sagt að viðleitni íslenskra stjórnvalda í þessum efnum hafi borið þann árangur sem menn væntu því að heldur munu hafa aukist viðskiptin en hitt.

Með samþykkt þeirra laga sem hér er gert frv. um skipar Ísland sér í hóp þeirra þjóða sem með formlegum hætti lýsa yfir viðskiptabanni á Suður-Afríku í þeim tilgangi að þrýsta á ríkisstjórn landsins að láta af stefnu sinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á fyrstu mánuðum þessa þings var borin fram þáltill. um að viðskiptabann yrði sett á Suður-Afríku. Þessi till. hlaut ítarlega umfjöllun í utanrmn. og athugun hefur leitt í ljós að ekki er fært að koma á innflutningsbanni á vörur frá Suður-Afríku nema með lögum þótt útflutningsbann sé unnt að ákveða með reglugerð. Af þessum sökum liggur ljóst fyrir að þál. hrekkur ekki til til þess að setja almennt bann á viðskipti við Suður-Afríku eins og var tilgangur þeirrar þáltill. sem ég vitnaði til. Það frv. sem ég mæli hér fyrir er reist á þeim grunni að þörf sé lagasetningar.

Eins og hv. deild er kunnugt fellur það ekki að verksviði utanrmn. að flytja lagafrv. því að þau eru flutt í deildum. Þess vegna hefur orðið að ráði að utanríkismálanefndarmenn úr þeim þingflokkum sem lýstu því yfir í nefndinni að þeir vildu fylgja þessu máli fram flytji það frv. til l. sem hér birtist og hefur um það verið haft samráð við aðra nefndarmenn þeirra flokka í utanrmn.

Þetta frv. er tiltölulega einfalt í sniðum, en það tekur mið af lögum annars staðar á Norðurlöndum varðandi þetta efni þótt tekið sé tillit til íslenskra aðstæðna og vitnast í þeim efnum til einstakra greina frv.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við það frv. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu sem hér hefur komið fram og flutt er af nokkrum þingmönnum í þessari hv. þingdeild.

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu fjallað um það með hvaða hætti Íslendingar gætu best tekið þátt í samstarfi þeirra þjóða sem fordæma vilja aðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku. Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær varð samkomulag um það og sú tillaga samþykkt, sem ég þar gerði, að ríkisstjórnin beindi því til þingmanna stjórnarflokkanna í utanrmn. að leita eftir samstöðu þingmanna úr öllum flokkum í Nd. að flytja slíkt frv. Það er hér nú fram komið. Ég fagna því að það liggur nú fyrir deildinni.

Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Eins og ég sagði í upphafi styð ég eindregið þá tillögu að lagt verði bann við viðskiptum milli Íslands og Suður-Afríku og Namibíu. Mér er vel ljóst að sú ákvörðun hefur afar lítil áhrif á heildarviðskipti okkar þar eð viðskiptin við Suður-Afríku eru hverfandi. Það má líka benda á það að mjög skiptar skoðanir eru um það hvort sagan sýni að viðskiptabönn hafi nokkur veruleg áhrif til hins betra á viðkomandi ríkisstjórnir. Ástæðan fyrir afstöðu minni er hins vegar sú að með þessari ákvörðun um viðskiptabann er Alþingi, ríkisstjórnin og öll íslenska þjóðin að fordæma það kynþáttamisrétti, frelsisskerðingu og mannréttindabrot sem ríkisstjórn Suður-Afríku ber ábyrgð á. Þessi ákvörðun er því fyrst og fremst stjórnmálalegs eðlis en ekki viðskiptalegs eðlis.

Mörg lönd, einkum lönd sem við viljum helst hafa samstöðu og samstarf við á sviði mannréttindamála, þar á meðal öll hin Norðurlöndin, hafa sett bann á viðskipti við Suður-Afríku. Sum þessara landa hafa þar verulegra hagsmuna að gæta og því hefur þessi aðgerð valdið þeim nokkru viðskiptatjóni. Það hefur þó ekki haft áhrif á ákvörðun þeirra og við okkar aðstæður getum við að mínum dómi ekki látið það spyrjast að Íslendingar vilji ekki fylgja fordæmi þeirra og fordæma aðskilnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar í Suður-Afríku með því að banna viðskipti milli landanna.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mér sérstakt fagnaðarefni að þetta frv. skuli nú vera fram komið. Ég hef undanfarin ár reynt að beita mér fyrir því og hef verið eindreginn talsmaður þess að við Íslendingar tækjum upp harðari afstöðu gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu hvíta minni hlutans í Suður-Afríku og hef flutt það mál á þinginu með margvíslegum hætti, bæði með fsp. árin 1985 og 1987 til stjórnvalda um aðgerðir og enn fremur tekið það upp í umræðum um utanríkismál í nokkur önnur skipti.

Sl. haust spurði ég hæstv. utanrrh. um áform íslenskra stjórnvalda í ljósi þess að þá höfðu viðskipti okkar Íslendinga við Suður-Afríku því miður farið aftur vaxandi eftir tímabundinn samdrátt í kjölfar eindreginna tilmæla og mikillar umræðu um ástand mála í Suður-Afríku á árunum 1985–1986. Ég hygg að það hafi komið í ljós, því miður, að tilmæli og út af fyrir sig opinber stefna stjórnvalda í þessum efnum, þó hún sé vel kunn, dugar ekki ein sér. Það er reynsla nálægra þjóða og virðist því miður einnig vera reynsla okkar ef marka má þann vöxt sem orðið hefur á viðskiptum við Suður-Afríku bæði árið 1987 og það sem af er árinu 1988.

Síðan bætist það enn við, herra forseti, að ástand mála í Suður-Afríku hefur því miður versnað til mikilla muna. Um það ber í raun öllum saman, bæði talsmönnum meiri hlutans þar, talsmönnum Afríska þjóðarráðsins og einnig sérfræðingum alþjóðastofnana, svo sem eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, sem fylgjast með ástandi mála þarna.

Síðustu og alvarlegustu atburðirnir um langa hríð voru svo sú ákvörðun ríkisstjórnar hvíta minni hlutans að banna öll friðsamleg samtök litaðra manna og þar með að loka síðustu möguleikunum á friðsamlegri andstöðu gegn aðskilnaðarstefnunni. Það er því einróma niðurstaða allra þeirra sem ég hef rætt við síðan þessir atburðir urðu að utanaðkomandi viðskiptaþvinganir séu nánast einasta og síðasta vonin sem til er um að brjóta þessa stefnu á bak aftur án ofbeldis, án styrjaldar. Ég hygg því að það sé fyllilega tímabært, svo ekki sé nú fastara að orði kveðið, að við Íslendingar fylgjum í kjölfar nágrannaþjóðanna og stígum skrefið til fulls og setjum á viðskiptabann.

Ég fagna frv. og þeirri samstöðu sem náðst hefur um að flytja það og ég vona að sú samstaða dugi til að það gangi greitt í gegnum þingið og verði að lögum á yfirstandandi þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónS, KJóh, KE, EKG, MÁM, MálmS, ÓE, PP, RA, SP, SighB, NL, SJS, ÞP, AG, AS, SigG, BÍG, VI, FrS, GeirG, GB, GuðnÁ, HJ, IBA, JóhS, JBH, ÓÞG.

14 þm. (BDýr, KH, ÓÞÞ, PJ, SV, SvH, ÞÞ, JK, AðB, EH, GHH, GGP, GHelg, HG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Menn geta sjálfsagt deilt um gagnsemi þessarar tillögu, en ég held að kjarni málsins sé sá að þó að afstaða Íslendinga sjálfra í þessu máli að því er varðar kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku sé skýr er nauðsynlegt til þess að það misskiljist ekki út á við að sú afstaða sé gerð formleg og afdráttarlaus með yfirlýsingu um viðskiptabann. Við sjáum þess merki að það að við höfum ekki lýst yfir viðskiptabanni veldur misskilningi um okkar afstöðu. Þetta lagafrv. miðar að því að eyða þeim misskilningi. Ef menn hafa efasemdir um að þetta

frv. sé nægilega víðtækt má auðvitað gera það víðtækara. En þetta er alla vega afdráttarlaus og formleg yfirlýsing um viðskiptabann og það er það sem við þurfum. Ég segi já.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er búinn að sitja þennan fund frá kl. hálftvö er ég mæti hér og á dagskrá eru ýmis mál sem eru stórmál og það sem nú er verið að vísa til nefndar er eitt af stóru málunum. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort við eigum að setja viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu. Ég hef ekki heyrt Namibíu svo mikið nefnda í sambandi við viðskiptabann þegar maður hlustar á erlendar fréttir. Bæði frá þeim þremur löndum sem ég næ á mitt sjónvarpstæki og eins þegar maður les blöðin hefur verið talað um Suður-Afríku eina.

En annað er að þegar þetta mál var rætt var deildin tóm að segja. Áhuginn er enginn fyrir málinu sem slíku og ég vil spyrja flm.: Hvers vegna viðskiptabann eingöngu, hvers vegna banna þessum eina manni eða tveimur, sem standa í viðskiptum við Suður-Afríku, að halda viðskiptunum áfram? Af hverju ekki að banna samskipti við Suður-Afríku og þá Namibíu líka eða fleiri lönd ef ástæða þykir til? Hvaða leikaraskapur er þetta? Það eru engin viðskipti við Suður-Afríku. Geta þá listamenn haldið áfram að hafa samband við þessi slæmu stjórnvöld? Geta íþróttamenn haldið áfram? Eigum við að taka upp að banna öllum íþróttamönnum Íslands þátttöku í Ólympíuleikum vegna þess að berfætt hlaupastúlka frá Suður-Afríku ætlaði sér að taka þátt í ólympíumóti fyrir England en fær það ekki? Ég vil segja að þó að þetta sé symbólískt, það er symbólískt að banna viðskipti af okkar hálfu við Suður-Afríku, finnst mér að annaðhvort eigum við að ganga hreint til verks og banna öll samskipti eða vera ekki með sýndarmennsku og banna bara samskipti á einu sviði. Þjóðin er eins hvort hún hefur viðskipti við okkur eða hvort hún hefur samskipti við okkur. Við skulum taka ákvörðun á karlmannlegan hátt en ekki með neinni sýndarmennsku.

En ég segi að sjálfsögðu já við því að vísa frv. til nefndar.

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 455. mál (stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 805.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 87 4. júlí 1985, um sparisjóði. Frv. er flutt samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka sem kom til umræðu í deildinni fyrir nokkrum dögum.

Breytingar þær sem lagðar eru til með frv. felast í fyrsta lagi í orðalagsbreytingum sem eru nauðsynlegar vegna gildistöku nýju sveitarstjórnarlaganna að því er varðar brottfall sýslunefnda. Í öðru lagi er að finna í frv. nákvæmari ákvæði varðandi reglur um fyrirgreiðslu sparisjóðanna við einstaka viðskiptavini sína. Í þriðja lagi fjallar frv. um starfsábyrgð stjórnenda til þess að girða fyrir hagsmunaárekstra. Og í fjórða og síðasta lagi er svo í frv. ákvæði sem varðar heimilt hlutfall fasteigna og búnaðar sparisjóðanna af eigin fé þeirra.

Ákvæði 1. og 2. gr. frv. eru, eins og ég nefndi í upphafi, til komin vegna þess að sýslunefndirnar verða lagðar niður um næstu áramót og sveitarstjórnir taka þá við þeirra verkum. Í gildandi lögum um sparisjóði eru ákvæði um sýslunefndir í 5. og 21. gr. laganna og er hér gerð tillaga um breytingar á þeim greinum.

Í samþykktum sparisjóðanna eru starfssvæði sjóðanna yfirleitt afmörkuð og skv. 21. gr. sparisjóðalaganna skal hluti stjórnarmanna kjörinn af viðkomandi bæjarstjórnum eða sýslunefndum. Breytingin sem tillagan sem hér er gerð felur í sér er sú að hlutaðeigandi sveitarstjórnir skulu hér eftir kjósa stjórnirnar, þ.e. sparisjóðsstjórnirnar, og fer það eftir starfssvæði hvort þar er um eina sveitarstjórn að ræða eða fleiri sem þá verða að koma sér saman um kjörið. Sparisjóðir verða í nokkrum tilfellum að breyta samþykktum sínum í samræmi við þetta. Þetta er ein breytingaf mörgum sem urðu með samþykkt sveitarstjórnarlaganna nýju, að sýslunefndirnar hverfa úr stjórnsýslukerfi landsins.

Meginbreytingin í 3. gr. frv. er hins vegar sú að sparisjóðsstjórn sé skylt í almennum reglum sem hún setur um lánveitingar sparisjóðsins — en ekki einungis heimilt eins og nú er — að kveða á um hámark lána til einstakra lántakenda. Þá skulu reglurnar koma til endurskoðunar ekki sjaldnar en einu sinni á ári og skal Bankaeftirlitið láta í té álit sitt á þessum reglum. Gert er ráð fyrir sömu málsmeðferð hvað varðar ábyrgðir og tryggingar sem sparisjóðirnir kunna að veita. Á þennan hátt er talið að draga megi úr líkum á áföllum í rekstri sparisjóðanna og tryggja betur hag sjóðanna og þar með sparifjáreigenda.

Í 4. gr. frv. er lagt til að lögfestar verði reglur um það hvernig stjórnarmenn sparisjóðanna geti tekið þátt í ákvörðunum. Þar segir að stjórnarmenn í sparisjóðum skuli ekki taka þátt í meðferð máls hjá sparisjóðnum er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í eða sitja í stjórn fyrir, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna sparisjóðsins í meðferð máls sem varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Það þykir rétt að gera í lögum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem sparisjóðirnir geta verið þar sem hagsmunaárekstrar í slíkum málum geta oft haft þar alvarlegri afleiðingar en á ýmsum öðrum sviðum.

Í 5. gr. frv. eru eins og í 3. og 4. gr. tekin af öll tvímæli um það að bókfært virði fasteigna og búnaðar sem innlánsstofnanir nota til starfsemi sinnar megi ekki fara hækkandi í hlutfalli við eigið fé á fimm ára aðlögunartímabili 1986–1990 hafi það við gildistöku laganna verið hærra en mælt er fyrir í þessum lögum. Þó er gert ráð fyrir þeim möguleika að veita megi undanþágur í undantekningartilfellum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 473. mál. — Þskj. 823.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Það er almennt viðurkennt að staða byggða utan Faxaflóasvæðisins er nú erfiðari en oft áður. Þessir erfiðleikar lýsa sér m.a. í stórauknum fólksflótta utan af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, í tæpri stöðu fyrirtækja, einkum í verslun, landbúnaði, sjávarútvegi og reyndar iðnaði líka, í vaxandi atvinnuleysi, í almennt lágu verði á fasteignum og í stórauknum þrengingum sveitarfélaga.

Það eru einmitt sveitarfélögin sem ég vil gera hér sérstaklega að umtalsefni, stöðu þeirra og erfiðleika. Á þessu þingi höfum við þingmenn Alþb. lagt sérstaka áherslu á erfiða fjárhagsstöðu sveitarfélaga með flutningi tveggja þingmála.

Í fyrsta lagi höfum við lagt áherslu á að tekjur sveitarfélaga verði jafnaðar. Það er gífurlegur munur á tekjum sveitarfélaga eins og fram kemur í gögnum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég get nefnt sem dæmi að þau sveitarfélögin sem hæstar tekjur hafa af útsvörum, fasteignaskatti og aðstöðugjöldum höfðu á sl. ári um 50–80 þús. kr. tekjur á íbúa, en þau tekjulægstu höfðu þrisvar sinnum minni tekjur eða 20–30 þús. kr. á íbúa.

Tekjur sveitarfélaga verður því að jafna og um það mál höfum við þingmenn Alþb. flutt sérstaka þáltill. Þar sem gert er ráð fyrir því að annaðhvort sé það gert með því að nota allar tekjur Jöfnunarsjóðs til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga að teknu tilliti til annarra tekna og áætlaðrar útgjaldaþarfar eða þá að fasteignagjöld og aðstöðugjöld verði innheimt sem landsskattur og skatttekjunum jafnað út til sveitarfélaga miðað við íbúafjölda.

Hin hliðin á þessum málum er sú sem ég ætla að gera að meginumtalsefni, en hún er nauðsynin á því að sveitarfélögin haldi Jöfnunarsjóði óskertum. Staðreyndin er sú, eins og sýnt er fram á í grg. með því frv. sem við flytjum þrír alþýðubandalagsmenn á þskj. 823, að skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nú komin upp í 50% og þessi skerðing veldur því að ekki er lengur unnt að jafna tekjurnar hjá sveitarfélögunum með aukaframlögum úr Jöfnunarsjóði nema að mjög litlu leyti.

Í grg. er á það bent að ef tekjur Jöfnunarsjóðs af aðflutningsgjöldum eru 5% og af sölugjaldi þau 8% sem Jöfnunarsjóði eru ætluð í tekjustofnalögunum ættu heildartekjur Jöfnunarsjóðs að vera um 2269 millj. kr., en samkvæmt lánsfjárlögum ársins er ekki greiddur í Jöfnunarsjóð nema helmingurinn af þessari upphæð eða 1142 millj. kr. Því er það staðreynd, sem ég hef þegar nefnt, að skerðingin er komin upp í rétt um 50% af tekjum Jöfnunarsjóðsins eða nánar tiltekið 49,7%. Þessar tölur hef ég fengið frá Þjóðhagsstofnun og þær eru miðaðar við nýja söluskattskerfið og seinustu spár um innflutning og söluveltu á árinu.

Ég veit hins vegar að talsmenn fjmrn. munu segja sem svo að þetta sé ekki sanngjörn viðmiðun vegna þess að þegar skattkerfisbreytingin var gerð um síðustu áramót hafi ekki verið ætlunin að sveitarfélögin högnuðust á breytingunni. Hún hafi fyrst og fremst verið gerð til að afla ríkissjóði tekna og því verði að miða við eldra tekjuöflunarkerfið eins og það var áður en skattkerfisbreytingin fór fram. Vissulega verðum við að viðurkenna að tekjur af söluskatti jukust mjög verulega og að öllu óbreyttu og miðað við óbreytt ákvæði tekjustofnalaga mundu tekjur sveitarfélaga þar með aukast. Það er gert ráð fyrir því í þeim útreikningi sem ég nú þegar hef nefnt.

Ef hins vegar gamla útreikningsaðferðin er notuð, sem sagt miðað við eldra tekjuöflunarkerfi, og þá væntanlega gert ráð fyrir því að tekjustofnalögunum yrði breytt til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á skattalögum núna um áramótin, en ég tek það fram að sú breyting hefur alls ekki átt sér stað enn, hvort sem hún á eftir að verða framkvæmd síðar, þá yrðu heildartekjur sjóðsins 1804 millj. kr. án skerðingar. Þar sem skerðingin er miðuð við 1127 millj. mundi heildarskerðingin samkvæmt þessari seinni útreikningsaðferð nema 662 millj. eða um 37%.

Það er alveg sama hvort heldur við miðum við, hvort sem við miðum við að það sé staðreynd að Jöfnunarsjóður hafi verið skertur um 50% samkvæmt fyrri útreikningsaðferðinni eða 37% samkvæmt seinni útreikningsaðferðinni. Í báðum tilvikum er um gríðarlega skerðingu að ræða, skerðingu sem veldur því að Jöfnunarsjóður getur ekki lengur gegnt því hlutverki sínu að jafna milli sveitarfélaga þannig að ekki sé meiri munur á tekjum þeirra en sem nemur 30%. Þannig er þetta í dag að samkvæmt reglugerð er stefnt að því að jafna allt að 70% af tekjum sveitarfélaga þannig að munurinn geti aldrei

orðið meiri en sem nemur 30%. Það er sem sagt ekki stefnt að því að jafna tekjur þeirra þannig að þær verði nákvæmlega jafnmiklar. En það er stefnt að því að jafna allt að 70% og til þess dugðu aukaframlögin lengi vel. Alveg fram í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þá upphófst svo mikil skerðing á Jöfnunarsjóði, hafði að vísu verið tekin upp í tíð fyrri stjórnar en alls ekki í eins miklum mæli, að núna duga aukaframlögin aðeins til að jafna 45% af þeim mun sem er á meðaltekjum sveitarfélaga annars vegar og tekjum þeirra sem þarfnast aukaframlags. Áður var hægt að jafna eins og lögin gerðu ráð fyrir allt upp í 70%.

Sem sagt: Það er mikilvæg hlið þessa máls að skerðingu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verður að lækka og helst að fella algerlega niður. Vissulega skal viðurkennt að það er verið að leysa vanda ríkissjóðs með því að skerða framlögin úr Jöfnunarsjóði, en í raun og veru er bara verið að velta þessum vanda yfir á sveitarfélögin og í mjög mörgum tilvikum er um að ræða sveitarfélög sem alls ekkert ráða við þann vanda eftir að hann er skollinn yfir þau.

Það er því algert ábyrgðarleysi að áliti okkar flm. að fara þannig að, enda eru það fyrst og fremst þau sveitarfélög sem standa erfiðast fjárhagslega sem fá stærsta skellinn vegna áhrifa skerðingarinnar á aukaframlög Jöfnunarsjóðs. Þess vegna er þetta frv. flutt þess efnis að skerðing tekna í Jöfnunarsjóði taki enda.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði máli þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka frummælanda, hv. 4. þm. Norðurl. v., fyrir ágæta framsögu og ábendingar sem fylgdu um stöðu mála hvað snertir Jöfnunarsjóðinn. Ég er alveg viss um að þeir 61 auðu stólar sem hér hafa hlustað á málflutning hans standa með honum sem einn maður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. RA, 476. mál (svæðisútvarp). — Þskj. 826.

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 826 frv. til laga um breytingu á útvarpslögum. Í þessu frv. er Ríkisútvarpið skyldað til þess að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og svæðisútvarps í öllum kjördæmum landsins utan höfuðborgarsvæðisins eigi síðar en á næsta ári.

Nú er það svo að fastir starfsmenn Ríkisútvarpsins eru á þremur stöðum utan höfuðborgarinnar. Á Akureyri munu vera níu fastir starfsmenn, á Egilsstöðum tveir og á Ísafirði einn. Svæðisútvarp er nú þegar rekið á Akureyri og Egilsstöðum, en þó aðeins tvo daga í viku fyrir austan.

Í núgildandi útvarpslögum eru einmitt ákvæði þess efnis að Ríkisútvarpið skuli, eins og segir í 6. mgr. 16. gr., stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins. Núna, tæpum þremur árum eftir að þessi lög voru sett, er sem sagt búið að framkvæma þetta eða a.m.k. vísir að þessu í tveimur kjördæmum og kannski örlítill vísir í því þriðja, þ.e. Vestfjörðunum, en þar hafa engar útsendingar hafist enn þá, en í fjórum kjördæmum hefur engin hreyfing verið á þessu máli enn og þó vantar ekki að mikill áhugi er á því víða um land að ákvæði útvarpslaga nái fram að ganga. Með þessu frv. er Ríkisútvarpinu einfaldlega lögð sú skylda á herðar að koma þessu stefnumáli í höfn ekki síðar en á næsta ári í stað þess að nú er þetta einungis stefnuyfirlýsing sem ekki er dagsett í lögunum.

Ég vil taka það fram sérstaklega að þessi starfsemi, sem hér er gerð tillaga um að verði skyldustarfsemi Ríkisútvarpsins, er hvorki sérlega dýr í stofnkostnaði eða rekstri. Það má mikið vera ef þessi starfsemi getur ekki hreinlega staðið undir sér. Staðreyndin er sú að staðbundnar auglýsingar á hóflegu verði eru mjög eftirsóttar úti um landið. Það er svo margt sem ekki á endilega erindi til allra landsmanna heldur á fyrst og fremst erindi til viðkomandi landshluta. Ég t.d. segi það fyrir mig að ef ég þarf að auglýsa fundi á fimm stöðum í mínu kjördæmi um eina helgi mundi ég ekki hafa neina sérstaka ástæðu til að auglýsa það í Ríkisútvarpinu ef ég ætti þess kost að auglýsa það í útvarpi kjördæmisins sem ég ætti von á að væri hlustað á kannski af flestum íbúum kjördæmisins, kannski ein klukkustund á hverjum degi.

Sama gildir um fjöldamargar aðrar tilkynningar og erindi sem eiga fyrst og fremst að ná hlustum íbúa á afmörkuðu svæði eða þá umræður sem varða hagsmunamál héraða, samvinnu byggða á ýmsum sviðum. Ég held sem sagt að klukkustundar reglubundin útsending svæðisútvarps í hverju kjördæmi inni í fastri dagskrá Ríkisútvarpsins dragi til sín athygli fólks á viðkomandi svæði og það yrði auðveldara að ná eyrum þess með tilkynningar og umræður þegar um væri að ræða efni sem sérstaklega varðaði það svæði. Þannig yrði útvarpsrekstur af þessu tagi nokkuð hliðstæður og útgáfa á héraðsblaði sem auðvitað er nauðsynlegt á hverju landsvæði og það reyndar fleiri en eitt og hefur þau áhrif að efla félagslíf og styrkja búsetu á viðkomandi svæði.

Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að rökstyðja frv. öllu frekar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. menntmn.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Kvennalistans taka undir frv. sem hér er til umræðu og lýsa stuðningi við það. Kvennalistakonur hafa frá því fyrsta haft sérstakan áhuga á eflingu Ríkisútvarpsins. Ég minni á fyrirspurn fyrr í vetur frá hv. 6. þm. Vesturl. Danfríði Skarphéðinsdóttur er hún spurði menntmrh. hvenær mætti vænta þess að yrði búið að setja á stofn útibú frá Ríkisútvarpinu í þeim landshlutum sem ekki hafa enn sitt landshlutaútvarp. Ég man ekki nákvæmlega hvernig svar menntmrh. hljóðaði, en eitthvað vafðist nú kostnaður fyrir mönnum á þeim bæ.

En þá vil ég líka minna á það í leiðinni að framkvæmdafé Ríkisútvarpsins hefur verið stórlega skorið niður á fjárlögum undanfarin ár og ég vildi minna þingmenn á það á næsta þingi að láta þá háðung ekki henda að það verði samþykkt að féð verði skorið niður í sama mæli og hefur verið undanfarin ár. Ríkisútvarpinu eru lagðar skyldur á herðar sem er raunverulega komið í veg fyrir að það geti uppfyllt með því að rýra sífellt framkvæmdafé þess.

Það hefur komið í ljós með það landshlutaútvarp sem ég þekki best til, sem er á Akureyri, að það hefur mjög eflt bæði samstöðu og kynningu innan kjördæmisins og dagskrárþáttum frá þessu útvarpi hefur verið útvarpað í gegnum Ríkisútvarpið og þeir hafa vakið þar athygli. Það er trúa mín að það mundi verða svo um fleiri staði. Ég held að þetta sé mikilvægt atriði til kynningar milli landshluta, að fólk mundi ná betur saman og kynnast frekar ef svona neti yrði komið á. Ef þetta frv. yrði að lögum væri Ríkisútvarpinu lögð sú skylda á herðar að koma þessu stefnumáli í höfn ekki síðar en á næsta ári. Mér sýnist nú ekki mikil von til þess að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, en þetta er mál sem er vissulega þess vert að halda vakandi og fylgja eftir og ég hvet til þess að það verði gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

85. fundur, föstudaginn 29. apríl, kl. 5 síðdegis.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 1. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 959.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála á þskj. 959. Mál þetta kemur úr Ed. og þar tók það breytingum sem er að finna á þskj. 915.

Mál þetta er raunar fylgifrv. við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands sem hér kemur til umræðu á eftir, en meginefni þessa frv. er að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, sem verið hefur starfandi, en lagaheimild til slíkrar stofnunar hefur verið í þeim lögum sem hingað til hafa gilt um Kennaraháskóla Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. frekar nú, en mun gera það örlítið nánar að umtalsefni þegar ég mæli fyrir frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, en ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þessarar deildar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 961.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, sem er að finna á þskj. 961, en frv. var lítillega breytt í Ed. og er breytinguna að finna á þskj. 917.

Mál þetta kemur, eins og fram kom, frá Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar. Þetta frv. var samið af sérstakri nefnd sem fyrrverandi menntmrh., hv. þm. Sverrir Hermannsson, skipaði til að endurskoða lög um Kennaraháskóla Íslands. Nefndin skilaði sínum tillögum eftir að hafa rætt ítarlega við ýmsa aðila, eins og fram kemur í grg. með þessu frv. Eftir að nefndin hafði skilað frv. frá sér var það sent til umsagnar allmargra aðila, sem einnig eru tilgreindir í grg., og nefndin fór síðan yfir frv. og breytti því nokkuð með tilliti til umsagna og í því formi var það lagt fyrir Alþingi.

Í þessu frv. eru gerðar tillögur um nokkrar veigamiklar breytingar á starfssviði Kennaraháskóla Íslands og stjórn hans:

1. Skýrar er tilgreint hlutverk Kennaraháskóla

Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frv. er kveðið á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar stofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

2. Kennaraháskólinn öðlast heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði, til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

3. Aukin áhersla er lögð á endurmenntun kennara.

4. Almennt kennaranám er lengt úr þremur árum í fjögur ár, tekið er upp námseiningakerfi og kveðið á um meginþætti kennaranáms á grundvelli þess. — Þess ber þó að geta að í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að lenging námsins fari fram fyrr en í síðasta lagi eftir sex ár til þess að Kennaraháskólinn geti aðlagað sig þessari breytingu.

5. Kennaraháskólanum er formlega heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara.

6. Stjórnkerfi stofnunarinnar er endurskoðað með tilliti til nýrra starfssviða. Skýrari ákvæði eru um framkvæmdastjórn einstakra starfsþátta.

7. Hlutverk Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar er skýrt. Ákvæði um Rannsóknastofnun uppeldismála í 14. og 15. gr. gildandi laga eru felld niður. Í þeirra stað er lagt til að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem verður þá sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og skólamála. — Það er það frv. sem ég mælti fyrir áðan.

Þegar mál þetta var til 1. umr. í hv. Ed. flutti ég mjög ítarlega ræðu þar sem ég skýrði frv., kafla fyrir kafla og grein fyrir grein. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, en vísa til þeirrar ræðu, sem er að finna í þingtíðindum, svo og til ítarlegrar grg. sem birtist með þessu frv.

Sú brtt. sem gerð var í Ed. lýtur að því að marka betur hlutverkaskiptingu á milli Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands varðandi kennaramenntun þannig að 1. gr. 1. tölul. þar sem fjallað er um hlutverk Kennaraháskóla Íslands er nú orðuð svo:

„Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.“ — Orðunum „að því er tekur til grunnskólastigs“ var bætt inn í Ed.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa um þetta frv. fleiri orð. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. þessarar hv. deildar.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að fagna þessu frv. Kennaraháskólinn er í raun kominn í nokkrar ógöngur með skipulag kennaranámsins. Núgildandi lög og reglugerðir eru að mörgu leyti úrelt, miðast um of við kennsluna eins og hún var áður en skólinn færðist á háskólastig. Þetta á einkanlega við um lögin. Ég held að óhætt sé að segja að lögin og þó einkanlega reglugerðin séu að einhverju leyti sniðgengin í framkvæmd. Gildandi lög og reglugerðir setja áframhaldandi endurbótum á náminu skorður og gera þær illframkvæmanlegar.

Það hafa nokkuð komið til umræðu tengsl Kennaraháskólans við aðra skóla á háskólastigi, einkum Háskóla Íslands, og þau atriði eru vitaskuld mikið álitamál. Það koma margir kostir til greina, en hér er gert ráð fyrir framhaldi á fullu sjálfstæði Kennaraháskólans með nokkru samstarfi að vísu við Háskóla Íslands. Mín skoðun er sú að við núverandi aðstæður sé eðlilegt og rétt að halda sig við það skipulag sem gert er ráð fyrir í frv. þessu og áframhaldandi sjálfstæði Kennaraháskólans.

Lenging kennaranámsins í fjögur ár hlýtur á hinn bóginn að vera nokkurt umhugsunarefni, m.a. vegna kostnaðar, og þessu skylt er í rauninni það álitamál hvernig eigi að vera tengslin milli kennaranámsins og starfsþjálfunar sem sérstök ákvæði eru um. Það verður helst skilið af frv. eins og það liggur fyrir að hvort tveggja eigi að gera, lengja kennaranámið um eitt ár og gera alvöru úr þjálfunarárinu sem yrði þá fimmta árið. Ég held að það sé íhugunarefni að viðbótarárið, það fjórða, væri starfsþjálfunarár og ætti þá hugsanlega ekki að teljast fjórða árið heldur þriðja árið þannig að þeir sem væru að stunda nám til prófs í þessum efnum færu í starfsþjálfun á þriðja ári, sinntu störfum við kennslu, en kæmu aftur í skólann til náms á fjórða ári.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég tók eftir því, svo ég taki nú fjórða punktinn úr frv. sem ég geri hér stuttlega að umtalsefni, að í frv. þessu til l. er gert ráð fyrir því og reyndar lagagrein um tiltekinn einingafjölda og einingabil á námsári og þar fram eftir götunum. Mín skoðun er sú að þessa hluti eigi ekki að segja í lög heldur sé eðlilegra að skipa þeim í reglugerð, það geri stjórn skólans auðveldari og geri mönnum hægara um vik að laga skólastarfið að aðstæðum hverju sinni eftir því sem þróunin býður.

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég tel að stefna þess sé í mörgum megindráttum rétt, en ég taldi nauðsynlegt að koma þessum sjónarmiðum á framfæri nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að benda á við afgreiðslu þessa frv. að ég fæ ekki betur séð en þessi lög komi þvert á lög sem við vorum nýlega að samþykkja, þ.e. læknalög. Í núverandi frv. til læknalaga, frv. sem var 116. mál þingsins, segir svo í 16. gr., með leyfi forseta: „Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá alla eða að hluta sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu. Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands."

Í 15. gr., sem fjallar einmitt um þagnarskyldu læknis, segir svo, með leyfi forseta: „Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir."

Í því frv. sem hér liggur fyrir, 432. máli þingsins, er hins vegar, eftir því sem ég fæ best séð, Ríkisendurskoðun heimilað að krefjast reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og þar er engin undanþága gerð t.d. vegna greiðslna til lækna.

Þetta mál hefur eins og kunnugt er verið nokkuð til umræðu að gefnum tilefnum nokkrum og vegna þeirra hefur borist opið bréf til alþm. frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni sem mér finnst mjög athyglisvert og ástæða til að geta hér, en þar dregur hann mjög í efa heimild þingsins til að samþykkja þetta frv. og hleypa hvaða skrifstofumanni sem er hjá Ríkisendurskoðun inn í viðkvæmustu einkamál fólks og rekur mjög greinilega þær afleiðingar sem það gæti haft. Ég vil leyfa mér að lesa rökstuðning hans vegna þess að ég yrði ekki hissa í þeim önnum sem hér að undanförnu hafa verið að svo gæti farið að þingmenn hefðu ekki lesið þessa grg. Hann segir hér, með leyfi forseta, og hann er að tala um þá grein læknalaga sem tryggir friðhelgi einkalífs varðandi viðkvæm einkamálefni:

„Með þessu lagaákvæði er veitt lögvernd fyrir leynd einkalífs á mjög þýðingarmiklu sviði. Samskipti læknis við sjúkling snerta oft viðkvæmustu svið einkalífsins. Það er mjög mikilvægt að sjúklingur geti óhræddur skýrt lækni sínum frá einkalífsatriðum sem kunna að hafa þýðingu varðandi sjúkdóma eða almennt heilsufar. Þetta er fyrst og fremst mikilvægt vegna læknastarfsins. Lækninum er nauðsyn á að fá að vita sem gerst um ýmsa hagi sjúklingsins. Með þeim hætti aukast líkurnar á að læknirinn fái fulla yfirsýn yfir vandamálin og taki þá réttar ákvarðanir um læknisaðgerðir. Ef trúnaður milli læknis og sjúklings er rofinn með þeim hætti sem krafist er í þessu máli" — en lögmaðurinn var þarna að verja skjólstæðing fyrir rétti — „gæti það ýmist haft þær afleiðingar að sjúklingar mundu síður skýra læknum frá einkalífsatriðum eða að til yrði tvöfalt upplýsingakerfi. Annað yrði ætlað til opinberra nota en hitt yrði eins konar neðanjarðarkerfi sem einungis lækni og sjúklingi yrði kunnugt."

Ég hvet hv. alþm. til að lesa þetta opna bréf sem okkur hefur verið sent.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður kemur síðan með tillögur sem mér finnst mjög athyglisverðar til að leysa þennan vanda því að auðvitað erum við öll sammála um það að það gangi ekki að læknar séu utan við allt eftirlit varðandi þá fjármuni sem þeir taka frá opinberum sjóðum. Jón Steinar Gunnlaugsson lýkur bréfi sínu á þessa leið, með leyfi forseta:

„Vilji menn á hinn bóginn tryggja eftirlit með að ekki sé greitt fyrir önnur læknisstörf en þau sem unnin eru má auðveldlega ná því markmiði með því einfaldlega að koma á þeirri skipan að sjúklingar greiði lækninum sjálfir en fái síðan endurgreiðslu frá ríkinu. Þá kæmi jafnvel til greina að gera það að skilyrði fyrir endurgreiðslunni að sjúklingur undirritaði heimild til handa t.d. trúnaðarmanni Tryggingastofnunar ríkisins til að skoða sjúkraskrá sína ef slíkt þætti líklegt til að þjóna tilgangi. Með þessum hætti væri þá a.m.k. ekki rofinn sá trúnaður sem búið er að heita sjúklingi fyrir fram m.a. með skýrum ákvæðum settra laga þar sem aðgangur fengist ekki að einkamálum hans nema hann sjálfur samþykkti."

Því vil ég vekja athygli á þessu að við nýlega afgreiðslu í hv. heilbr.- og trn. Nd. varð mikil umræða um þetta ákvæði læknalaganna og nefndarmönnum bar vitaskuld öllum saman um að nauðsynlegt væri að tryggja fulkominn trúnað milli sjúklings og læknis. En ég hef ekki í þeim önnum sem við höfum búið við gert mér alveg ljóst hvernig hægt er að leysa þetta mál þannig að það þurfi ekki að vera vafamál. Nú er málið hér til 1. umr. þannig að þetta mál á auðvitað eftir að fara til nefndar. Ég vil því biðja þá hv. nefnd sem fær málið til meðferðar að huga vandlega að þessu atriði því að það nær auðvitað engri átt að Alþingi sé á einu og sama þinginu að samþykkja tvenn frv. sem stangast virkilega á hvort við annað. Þess vegna vildi ég vekja athygli á þessu.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um mjög nauðsynlega endurbót á mikilvægum lögum um Ríkisendurskoðun að ræða. Ríkisendurskoðun reyndist ekki hafa lagaheimildir til að gera það sem henni var ætlað eins og við útbjuggum lögin um Ríkisendurskoðun í fyrra. Það er ekki við það unandi að læknar

geti varið fjárafla sinn með þeim hætti sem hér virðist vera.

Nú er það misskilningur hjá síðasta ræðumanni, hv. 13. þm. Reykv., ef hún er að gera ráð fyrir því að hver sem er af starfsmönnum Ríkisendurskoðunar geti vaðið í sjúkraskrár. Hér er einungis verið að fara fram á að trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar fái heimild til að líta á þessi plögg. Það var mjög skýrt tekið fram í umræðum sem ég átti um þetta frv. þegar frv. var borið undir formenn þingflokka að þarna væri einungis um trúnaðarlækni að ræða sem fengi að skoða þessar skýrslur, þ.e. einn læknir fær að skoða sjúkragögn.

Þetta mál fer væntanlega til fjh.- og viðskn. þar sem ég er formaður og ég mun láta athuga hvort læknalög stangist á við frv. þetta. Ef þar gætir misræmis er það auðvitað rétt hjá síðasta ræðumanni að þá þarf að laga það. Þetta vildi ég að kæmi fram í 1. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 962.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþykkt með 22 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 109 frá 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Frv. þetta er á þskj. 962 og er 229. mál Ed.

Frv. þetta, sem ég mæli hér fyrir, var lagt fram á síðasta löggjafarþingi sem stjfrv., en náði þá ekki fram að ganga sakir tímaskorts. Er frv. lagt hér fram svo til óbreytt frá því það fór frá Ed. rétt fyrir þingslit í fyrra. Frv. er samið af stjórnskipaðri nefnd sem falið var að gera tillögur að endurskoðuðum lögum í samræmi við 10. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, áður lög nr. 50 frá 1981 með sama heiti.

Samkvæmt lögunum átti endurskoðun að vera lokið á síðasta þingi. Hinn 1. ágúst sl. voru liðin fimm ár frá gildistöku upphaflegu laganna, og átti endurskoðunin að fara fram fyrir þann tíma. Ég bað nefnd þá sem upphaflega samdi frv. að líta á málið milli þinga og leggur nefndin ekki til aðrar breytingar en þær að siglingamálastjóri skuli eiga sæti í svonefndri samstarfsnefnd skv. 31. gr. laganna þegar fjallað er um ágreining vegna framkvæmdar laga nr. 31/1986, um varnir gegn mengun sjávar, og annarra tiltekinna laga. Að öðru leyti leggur nefndin aðeins til breytingar á athugasemdum með 6. gr. og er það vegna breyttra aðstæðna frá því í fyrravetur varðandi svæðaskipulag Heilbrigðiseftirlitsins.

Áður en lengra er haldið er rétt að vekja athygli á því að áðurnefnd lög hafa í reynd tvisvar sætt endurskoðun eftir gildistöku þeirra, sem var 1. ágúst 1982, annars vegar með lögum nr. 92/1984, og var sú breyting felld saman við meginmál laganna og þau gefin út svo breytt með lögum nr. 109/1984, og hins vegar með setningu laga nr. 117/1985, um geislavarnir.

Með fyrri breytingunni var sveitarfélögunum heimilað að setja gjaldskrár vegna framkvæmdar Heilbrigðiseftirlitsins í sveitarfélögum og Hollustuvernd ríkisins að setja gjaldskrár vegna breyttrar þjónustu. Með síðari breytingunni var geislavarnastarfsemin tekin frá Hollustuvernd ríkisins og færð undir sérstaka stofnun, Geislavarnir ríkisins. Eitt af verkefnum hinnar stjórnskipuðu nefndar var að fella þessar breytingar inn í frv. það sem hér er til umræðu.

Með setningu nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem tóku gildi 1. ágúst 1982, var fyrst og fremst stefnt að þremur markmiðum:

1. Að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðiseftirliti og mengunarvarnaeftirliti í landinu öllu.

2. Að fella saman rekstur þriggja stofnana, þ.e. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Matvælarannsókna ríkisins og Geislavarna ríkisins, í eina stofnun sem nefnd var Hollustuvernd ríkisins.

3. Að kveða á um starfsemi sérstakrar mengunarvarnadeildar innan Hollustuverndarinnar og þar með í fyrsta skipti að kveða á um afskipti af mengandi atvinnurekstri í íslenskri löggjöf á afgerandi hátt.

Það voru fyrst og fremst þessi atriði sem komu til umfjöllunar í endurskoðunarnefndinni, auk ýmissa smærri sem ákveðið var að reynt yrði að færa til betri vegar eða fella hreinlega niður með hliðsjón af reynslu undangenginna fimm ára.

Það er skoðun endurskoðunarnefndarinnar, ef litið er til áðurgreindra þriggja meginmarkmiða gildandi laga, að í meginatriðum hafi tekist að koma á heilsteyptu og samræmdu heilbrigðiseftirliti og mengunarvarnaeftirliti í landinu. Þannig hefur á þessum tíma næstum tekist að koma á í landinu öllu heilbrigðiseftirliti sem er í höndum sérkunnáttumanna. Aðeins skortir á í dag að sveitarfélögin á Vestfjörðum komi sér saman um að reka eftirlitið eins og lög gera ráð fyrir. Annars staðar hefur eftirlitinu þegar verið komið fyrir eða það er í burðarliðnum eins og á Austfjörðum.

Með vísun til jákvæðrar þróunar eftirlitsmála úti í héruðum eru nánast engar breytingar gerðar varðandi þennan þátt laganna aðrar en þær sem gerðar

eru á stöðu svæðisnefnda um heilbrigðiseftirlit, þ.e. afskiptum þeirra af fjármálum og samskiptum sveitarfélaga sem standa saman að heilbrigðiseftirliti á hinum 13 eftirlitssvæðum til þess að koma í veg fyrir erfiðleika við afgreiðslu fjárhagsáætlana.

Hvað snertir annað meginmarkmiðið, sem er starfsemi Hollustuverndar ríkisins, er nefndin þeirrar skoðunar að ekki hafi tekist til sem skyldi. Þannig hefur stofnuninni langt í frá, mest sakir fjárskorts, tekist að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem henni eru falin skv. lögunum. Þótt þar komi til fjárskortur, eins og áður segir, húsnæðisleysi og skortur á efnarannsóknum matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara eiga hér önnur atriði við, sem reyna verður að bæta með breytingum á lögunum. Er hér fyrst og fremst um stjórnunarhætti stofnunarinnar að ræða. Leggur nefndin til að þeir verði gerðir skilvirkari og málum verði þannig komið fyrir að möguleikar gefist til betri stjórnunar en hingað til.

Nauðsyn virkrar stjórnunar er brýn þar sem um er að ræða stofnun sem samkvæmt eðli sínu nýtur minni hylli þeirra sem stjórna fjármálum en ýmsar aðrar stofnanir og möguleikar til tekjuöflunar eru litlir að svo miklu leyti sem störf hennar lúta að almenningi, en það er ein af aðalskyldum hennar og hlýtur ávallt að vera. Þess vegna er lagt til að í stað forstjóra komi framkvæmdastjóri með rekstrarmenntun og reynslu af rekstri fyrirtækja eða stofnana og að hann starfi með sérstakri þriggja manna starfsstjórn sem ráðherra velur úr sjö manna stjórn stofnunarinnar, en ekki eru lagðar til breytingar á henni. Auk þess er lagt til að starfssviðum stofnunarinnar verði fjölgað um eitt, þ.e. eiturefnasvið, en um nauðsyn þess ætla ég ekki að fjölyrða heldur vísa til athugasemda með frv.

Um þriðja þáttinn, starfsemi mengunarvarnadeildar og ákvæði laga um mengunarvarnir, taldi nefndin ekki tímabært að fjalla því að of skammur tími væri liðinn til þess að hægt væri að dæma þar um með fullri vissu. Nefndin taldi þó að í mörgu væri reynslan góð, en lagði ekki til neinar efnislegar breytingar á gildandi ákvæðum.

Rétt er enn fremur að benda á að umhverfismál í víðasta skilningi eru til umfjöllunar í samræmi við starfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í sérstakri nefnd. Starfsemi deildarinnar kemur þar til umræðu og er rétt að bíða niðurstöðu þessa starfs.

Ég hef hér að framan fjallað stuttlega um þær breytingar sem felast í frv. Með því fylgir mjög ítarleg grg. þar sem m.a. er greint frá starfsháttum endurskoðunarnefndarinnar, reynslu af framkvæmd gildandi laga í héraði, starfsemi Hollustuverndar eftir starfssviðum og helstu nýmælum frv., en þau eru:

1. Lagt er til að svæðisnefndir Heilbrigðiseftirlitsins verði styrktar og þeim falin yfirumsjón með fjármálum eftirlitsins útí í héruðum.

2. Lagðar eru til skýrar reglur um kostnaðarskiptingu og að tekjur eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna renni í sameiginlegan rekstrarsjóð.

3. Skýrari ákvæði eru um fjárreiður eftirlitsins á vegum sveitarfélaganna og hvernig fari um afgreiðslu í ágreiningsmálum.

4. Heilbrigðisnefndirnar í Mosfellssveit og á Seltjarnarnesi verði gerðar að sérstöku heilbrigðiseftirlitssvæði.

5. Lagt er til að stjórn Hollustuverndar ríkisins verði styrkt með því að skipa sérstaka rekstrarstjórn og framkvæmdastjóra rekstrar.

6. Lagt er til að stofnað verði nýtt svið innan Hollustuverndar ríkisins sem annist eiturefnaeftirlit.

7. Sett eru inn ákvæði um innflutningseftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum á vegum Hollustuverndar ríkisins.

8. Kveðið er á um vöruskráningarskyldu Hollustuverndar ríkisins varðandi erlend og innlend matvæli og aðrar neysluvörur og vörur sem geta verið skaðlegar heilsu manna.

9. Lögð er til sú regla að framkvæmdastjóri og forstöðumenn sviða Hollustuverndar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára. Reyndar hefur nú verið gerð sú breyting á frv. í Ed. að það er gert ráð fyrir því að þessi skipunartími verði sex ár.

10. Lagt er til að við Hollustuvernd ríkisins starfi sérstakur fræðslu- og upplýsingafulltrúi.

11. Rýmkaður er afskiptaréttur Hollustuverndar ríkisins til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana láti heilbrigðisnefnd málið ekki til sín taka eða sinni því lítið.

Auk þess eru ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar frv. Læt ég nægja að vísa til þessara atriða og sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt öllu meira. Eitt verð ég þó að leggja sérstaka áherslu á, en það er að efla verður starfsemi Hollustuverndar ríkisins m.a. með því að gera stofnuninni kleift að takast á við eftirlit með innflutningi matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Stefna verður að því að koma upp innan stofnunarinnar á næstu þremur árum rannsóknastarfsemi er lýtur að efnarannsóknum vegna heilbrigðiseftirlitsins, t.d. vegna matvæla. Um þessi atriði er fjallað í ákvæðum til bráðabirgða í frv.

Þessum þáttum er því miður lítið sinnt í dag og hvað innflutningseftirlitið snertir er það ekkert fyrr en vara er komin út í verslanir. Slík skipan býður m.a. upp á að til landsins komi vörur sem nágrannaþjóðirnar hafa jafnvel hafnað innflutningi á. Er hér því um mjög alvarlegt mál að ræða sem er okkur til mikils vansa. Ég tel að ekki verði lengur undan þeirri ábyrgð skotist að koma á slíkri starfsemi hér á landi og er hér gert ráð fyrir að innan eins árs frá gildistöku laganna skuli þessu innflutningseftirliti komið á.

Í Ed. voru gerðar örfáar breytingar á frv. Þar má kannski helst geta þess að hvað varðar að koma á rannsóknaraðstöðu innan stofnunarinnar lagði heilbr.- og trn. Ed. áherslu á að kannað yrði hvaða aðstaða væri til í landinu og áætlun sú sem gert er ráð fyrir að lögð verði fyrir Alþingi haustið 1988 um uppbyggingu innflutningseftirlitsins skuli miðast við

að aðstaða á öðrum rannsóknastofnunum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur. Ég er fyrir mitt leyti fyllilega sammála þessari athugasemd og tel það bæði rétt og eðlilegt að við reynum að nýta þá aðstöðu sem til er og reynum á þann hátt að flýta fyrir því að þessu innflutningseftirliti verði komið á.

Þá er einnig gert ráð fyrir því að aftur verði sett inn í lögin svokölluð sólarlagsákvæði, þ.e. lögin skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku. Þessu er ég líka fyllilega sammála og tel eðlilegt að það ákvæði komi inn í þetta lagafrv.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frv. þetta, en vísa aftur til ítarlegrar grg. og athugasemda með frv., vil þó að lokum geta þess að mér hafa borist bæði bréf og nú síðast í dag skeyti frá heilbrigðisfulltrúum víða um land og heilbrigðisnefndum þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að frv. nái að verða að lögum á þessu þingi. Þó að tíminn sé orðinn naumur fer ég eindregið fram á það eða óska eftir því við hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar að hún vinni fljótt og vel að málinu og við getum afgreitt það áður en þingi lýkur á næstu dögum.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Ferðamál, 1. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 816.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Á undanförnum árum og áratugum hafa orðið mjög miklar breytingar á ferðaþjónustu hér á landi svo að telja má algera byltingu. Má þar helst til nefna að sett hafa verið lög um ferðamálaráð sem hefur verið falið að hafa forustu um landkynningu og hafa risið fjölmargar ferðaskrifstofur sem keppa á markaði ferðaiðnaðarins. Þá hafa þeir aðilar sem að ferðamálum starfa sett á stofn upplýsingamiðstöð sem þeir reka sjálfir til kynningar og upplýsingar í landinu. Má því segja að veigamikill hluti af upphaflegu hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið falinn öðrum aðilum, auk þess sem flugfélögin og ferðaskrifstofurnar ástunda umfangsmikla landkynningu.

Stjfrv. það sem hér er til umræðu er um breytingu á skipulagi ferðamála, laga nr. 79/1985, og felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni til að selja allt að ⅔ hlutum af Ferðaskrifstofu ríkisins hlutafélagi sem þegar er heimilað að stofna skv. þeim lögum sem um ferðaskrifstofuna gilda í dag og fengi þá hið nýja félag heitið Ferðaskrifstofa Íslands hf.

Sérstök nefnd um minnkum ríkisumsvifa, sem skipuð var 1977, komst að þeirri niðurstöðu í áfangaskýrslu um Ferðaskrifstofu ríkisins í maí 1978 að vinna bæri að því að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins verði komið úr umsjón Ferðaskrifstofu ríkisins. Hugmyndir sama efnis hafa komið fram af og til síðan og m.a. er gert ráð fyrir því, eins og ég gat um áðan, í gildandi lögum um ferðamál að stofnað verði hlutafélag um fyrirtækið og starfsmönnum verði heimilað að kaupa allt að 30% hlutafjárins.

Í kjölfar þeirrar lagasetningar fór fram mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins og Edduhótelanna. Á hinn bóginn hefur enn ekki verið efnt til stofnunar hlutafélagsins um reksturinn svo sem fyrir er mælt í lögunum. Þá kom reyndar í ljós fremur takmarkaður áhugi starfsmanna á kaupunum þar sem um minnihlutafjáreign starfsmannanna var að ræða og þeir höfðu þar af leiðandi ekki afgerandi áhrif á reksturinn. Þegar hefur hugur starfsfólksins verið kannaður hjá starfsmönnum Ferðaskrifstofu ríkisins um kaup á ⅔ hlutafjárins og þá kom allt annað hljóð í strokkinn og áhugi fyrir því að það gerðist aðili að eign fyrirtækisins.

Ég vísa, herra forseti, að öðru leyti til þeirra athugasemda og þeirrar ræðu sem ég flutti í hv. Ed. varðandi einstakar greinar frv. Nál. í Ed. var frá samgn. þar sem allir nefndarmenn voru sammála. Þeir undirstrikuðu hins vegar sín sjónarmið sem ég féllst fullkomlega á, enda er hér gert ráð fyrir því að um sölu til starfsfólksins sé að ræða.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 24 shlj. atkv.

SAMEINAÐ ÞING

74. fundur, laugardaginn 30. apríl, kl. 10 árdegis.

Lagning vegar með suðurströnd Reykjaneskaga, síðari umr.

Þáltill. NL og GuðnÁ, 153. mál. — Þskj. 165, n. 930.

Frsm. atvmn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft til umsagnar till. til þál. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skuli liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi."

Umsagnir um þessa till. voru jákvæðar. En það hefur verið sú venja í þinginu að þingmenn hvers kjördæmis hafa útslitaáhrif á verkniðurröðun vega í sínu kjördæmi. Þess vegna taldi allshn. ekki rétt að Alþingi legði til framkvæmdaáætlun, en að það væri mikils virði að kostnaðaráætlun um gerð þessa vegar yrði gerð þannig að þingmannahópar Suðurlands og Reykjaness gætu metið það út frá þeim upplýsingum hvar í framkvæmdaröð þeir settu hugsanlegan veg meðfram suðurströndinni.

Það er mjög margt sem mælir með þessari vegarlögn, það fer ekki á milli mála, en að sjálfsögðu hlýtur það að vera þeirra aðila að ákveða tímasetningu hans.

Nefndin leggur þess vegna til að tillgr. verði samþykkt svo breytt:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta ári."

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Ég vil sem 1. flm. þessarar þáltill. koma upp og lýsa yfir ánægju minni með að nefndin hefur afgreitt þetta mál frá sér og get fúslega fallist á þá breytingu sem hún leggur til að gerð verði á ályktuninni.

Það er nú svo að hugmynd um þennan veg hefur e.t.v. einhverjum fundist, ekki síst þeim sem fjarri búa þessu svæði, eilítið ankannaleg og ekki falla inn í þá mynd af vegakerfi landsins sem nú er við lýði. Hins vegar veit ég um a.m.k. tvo hv. alþm. sem hafa ekið þessa leið eftir að þáltill. kom fram og þeir hafa haft samband við mig og getið um það að þeir hafi ekki fyrr áttað sig á þessari leið, vitað að hún væri til en aldrei farið hana og hafa lýst því yfir við mig að þeir sjái ýmsa kosti þess og margháttaða ef þarna yrði lagður vegur. Ég ætla ekki að fjölyrða um það og rökstyðja þetta frekar, en vil lýsa yfir ánægju minni með það að nefndin hafi afgreitt málið.

Að sjálfsögðu er það rétt að þingmenn Reykjaneskjördæmis geta fjallað frekar um þetta og þá sett þetta verkefni í einhverja forgangsröð sem og hvað annað sem viðkemur vegáætlun. En hér er málinu hreyft og það var eitt af þeim markmiðum sem ég setti mér með þessari þáltill.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að till. sem þessi skuli fá þinglega afgreiðslu og tel að meðferð hv. nefndar á henni hafi verið réttlát, en ég harma að þegar verið er að fjalla um mál af þessu tagi og að vissu leyti verið að opna leiðir til að koma nýjum vegaleiðum til umræðu og umfjöllunar að hæstv. samgrh. skuli ekki vera viðstaddur. Við hv. þm. erum kallaðir til starfa á laugardagsmorgni, sem sjálfsagt er, að ósk ríkisstjórnarinnar að ég geri ráð fyrir, en hér er verið að fjalla um málefni sem mér finnst vera þess eðlis að það sé fráleitt, og ekki síst þar sem hæstv. ráðherra er þingmaður þess kjördæmis sem þessi vegur er í, að ráðherrar sýni okkur venjulegum þingmönnum ekki þá virðingu að vera viðstaddir þegar verið er að fjalla um mál sem snerta beint þeirra ráðuneyti. Mér sýnist að dagskráin sem við höfum fengið á borðin sé einmitt á þann veg að eðlilegt sé að hæstv. samgrh. væri hér. (**HBl:** Enda hafa ráðherrar ekki annað þarfara að gera en hlusta á þingmenn.) Enda, segir einn af hv. stjórnarliðum, hafi ráðherrar ekki annað þarfara að gera, og það geri ég nú ráð fyrir að sé alveg rétt, að þeir hafi ekki annað þarfara að gera og það sé skylda þeirra að fylgjast með umræðum hér á Alþingi, a.m.k. um þau málefni sem falla undir þeirra ráðuneyti. Jafnan er hv. þm. Halldór Blöndal réttsýnn og bendir á réttar leiðir og skyldur manna.

Ég beini því til virðulegs forseta að ... (**SvH:** ... ná í manninn.) Já, það er eðlilegt að óska eftir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra verði hér viðstaddur og þetta mál verði ekki tekið út af dagskrá fyrr en við heyrum afstöðu hans til þessa.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Samkvæmt ósk hv. 4. þm. Vesturl. verður umræðu frestað um sinn og gerðar hafa verið ráðstafanir til að kanna hvort hæstv. samgrh. getur verið viðstaddur umræðuna.

Umræðu frestað.

Innflutningur loðdýra til kynbóta, síðari umr.

Þáltill. EL og VS, 242. mál. — Þskj. 534, n. 921.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 921 frá atvmn. um till. til þál. um innflutning loðdýra til kynbóta.

Nefndin hefur rætt till. á fundum sínum og sent hana þremur aðilum til umsagnar, yfirdýralækni, Sambandi ísl. loðdýraræktenda og Búnaðarfélagi Íslands.

Nefndin mælir með því að till. verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson, Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal, en undir nál. skrifa Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur H. Garðarsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 967).

Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum, fyrri umr.

Þáltill. MF, 394. mál. — Þskj. 740.

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 740 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmum kaupum á raforku til lýsingar í gróðurhúsum til þess að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi.

Í grg. segir, með leyfi forseta:

„Árið 1985 var að beiðni Sambands garðyrkjubænda gerð athugun á notkun lýsingar við garðyrkju. Upplýsingar um orkunotkun voru fengnar frá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafveitu Hveragerðis, en upplýsingar um lampafjölda og notkunartíma þeirra frá garðyrkjubændum. Í þessari athugun kom fram að heildarnotkun garðyrkjustöðva, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, var þá 792 759 kwst. og af þeirri notkun voru 357 674 kwst. vegna lýsingar við plöntuuppeldi eða um 45% af heildarnotkun.

Hér á landi hófst notkun lýsingar við uppeldi plantna fyrst að einhverju marki um tíu árum áður en þessi athugun var gerð. Það sést því hve þróunin hefur verið hröð. Fram kemur í áðurnefndri athugun að með eðlilegum vexti þessarar atvinnugreinar og áframhaldandi aukningu á notkun lýsingar við ræktun á grænmeti og blómum megi reikna með rúmlega þreföldun á heildarorkunotkun á næstu árum.

Ef litið er á hvaða áhrif aukin notkun lýsingar við uppeldi plantna hefur kemur í ljós samkvæmt tölum frá Sölufélagi garðyrkjumanna að innlend framleiðsla á grænmeti, svo sem tómötum, gúrkum og papríku, kemur nú fyrr á markað en áður. Þannig voru til dæmis tómatar, ræktaðir hér á landi, ekki komnir á markað fyrr en í maí árið 1975. Tíu árum seinna, þegar lýsing hafði stóraukist, voru þeir mánuði fyrr á ferðinni. Sama gildir um ræktun á gúrkum og papríku. Lýsing í gróðurhúsum gerir það að verkum að hægt er að hefja uppeldi plantna fyrr og þær eru því fyrr komnar á markað. Einnig er hægt að stýra ræktun betur þannig að minni hætta er á offramleiðslu yfir sumartímann og nýting gróðurhúsa verður betri. Þetta skilar sér svo til neytenda í lægra verði á grænmeti. Ferskt innlent grænmeti er lengur á boðstólum og minnkandi þörf fyrir innflutning.

Rannsóknir sýna, bæði hérlendis og erlendis, að sá liður ræktunar, sem svarar best lýsingu, er framleiðsla á græðlingum. Notkun lýsingar við blómarækt hefur, eins og þegar um grænmeti er að ræða, gert það að verkum að sá tími, sem íslensk blóm eru á markaðnum, hefur lengst og þörfin á innflutningi blóma minnkað.

En þótt þörfin á innflutningi blóma og grænmetis hafi minnkað þarf það ekki að þýða að dregið hafi úr innflutningi. Tollar og skattar af innflutningi hafa lækkað en söluskattur er kominn á alla innlenda framleiðslu. Samkeppnisaðstaða innlendrar garðyrkju er því erfið og hefur versnað að undanförnu vegna aðgerða stjórnvalda.

Árið 1987 voru flutt til landsins afskorin blóm og pottablóm að verðmæti 45,3 millj. kr. og grænmeti að verðmæti 136,2 millj. kr.

Íslenskt grænmeti hefur notið velvildar neytenda sem hrein og ómenguð vara. Eiturefnanotkun er tiltölulega lítil og innflutningur þeirra efna, sem hér eru notuð, hefur verið undir ströngu eftirliti.

Í Hollandi, sem er það land sem við skiptum einna mest við, eru allt aðrar reglur um notkun eiturefna en hér. Þær eru mun rýmri og leyfa til dæmis notkun svokallaðra kerfislyfja, þ.e. lyfja sem plantan tekur upp og samlagast henni og eru af þeim ástæðum bönnuð hér. Frjáls og óheftur innflutningur blóma og grænmetis leiðir líka til þess að hingað berast nýir sjúkdómar og meindýr. Benda má á að flesta sjúkdóma og meindýr, sem finnast nú í íslenskri grænmetis- og blómarækt, má rekja til innflutnings blóma. Slíkt hlýtur að lokum að leiða til aukinnar eiturefnanotkunar ef ekki verður hert eftirlit með innflutningi og spornað þannig við þeirri sýkingarhættu sem hann hefur í för með sér. Það hlýtur líka að vera stefna okkar að vernda og styrkja innlenda framleiðslu á grænmeti.

Aukin raforkunotkun til lýsingar í gróðurhúsum mun lengja markaðstíma innlends grænmetis, draga úr þörfinni á innflutningi blóma og grænmetis, auka nýtingu gróðurhúsa, lækka verð til neytenda en umfram allt tryggja betur aðgang neytenda að góðri og ómengaðri vöru. Það skiptir því ekki litlu að stuðlað verði að aukinni notkun lýsingar við blóma- og grænmetisræktun í gróðurhúsum. Þess vegna er því beint til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmum kaupum á raforku til lýsingar í gróðurhúsum."

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í grg. er tiltölulega stuttur tími liðinn frá því að notkun lýsingar við uppeldi plantna hófst hér á landi, eða um 13 ár, enda ekki svo langt um liðið síðan menn fóru að stunda garðyrkju hér á landi sem aðalbúgrein. Undir garðyrkju flokkast hvers konar ræktun í gróðurhúsum, reitum, útiræktun á garðplöntum og matjurtum öðrum en kartöflum. Í dag eru um 17 hektarar af gróðurhúsum í landinu. Stærstur hluti

þeirra er nýttur til framleiðslu grænmetis en hlutur blómaframleiðslu fer vaxandi.

Staðsetning gróðurhúsanna er helst á fimm þéttbýlissvæðum, Hveragerði, Laugarási, Flúðum, í Reykholtsdal og í Mosfellsbæ. Af þeim 17 hekturum af gróðurhúsum sem hér eru nýtast 9 hektarar til grænmetisræktunar. Þar eru stærstu liðirnir í ræktuninni: tómatar um 700 tonn, agúrkur um 500 tonn og um 100 tonn af papríku, auk annars grænmetis. Þetta eru háar tölur en þó fullnægir þetta magn ekki markaðsþörfinni því við flytjum árlega inn mikið af grænmeti. Einnig er ræktað hér talsvert af blómum til afskurðar og pottaplöntum eða í um 5 hekturum gróðurhúsa. Þar er markaðsþörfinni þó ekki heldur fullnægt og flutt inn árlega mikið magn afskorinna blóma og pottaplantna.

Framleiðsla garðyrkjubænda hefur til nokkurs tíma verið alfarið bundin árstíðum og sólarleysi yfir vetrarmánuðina hefur komið í veg fyrir ræktun á þeim tíma. Fyrir u.þ.b. 13 árum fóru garðyrkjubændur að taka í notkun sérstaka lýsingu í gróðurhúsum yfir vetrarmánuðina og kom þá í ljós að hægt var að lengja ræktunartímann, auka nýtingu gróðurhúsa og lengja sölutíma grænmetis verulega.

Árið 1985 var svo að beiðni Sambands garðyrkjumanna gerð athugun á notkun lýsingar til garðyrkju. Samkvæmt þeim upplýsingum sem þá fengust hjá Rafmagnsveitum ríkisins var heildarsala rafmagnsveitna til garðyrkjustöðva 792 759 kwst. og af þeirri notkun 357 674 kwst. vegna lýsingar við plöntuuppeldi. Það eru um 45% af heildarnotkun.

Notkunartíminn var algengastur frá janúarbyrjun og fram í miðjan febrúar, en hefur lengst verulega við það að lýsing er nú notuð að afloknu uppeldi plantna á vaxtarstað þeirra fram í apríl.

Þessi athugun á notkun lýsingar við garðyrkju leiddi í ljós veruleg áhrif uppeldislýsingar við dreifingu framleiðslu grænmetis eftir árstíma. Þannig mátti sjá af skýrslum um innvegið magn tómata hjá Sölufélagi garðyrkjumanna að aprílmánuður 1984 var kominn með nánast sömu hlutdeild og maímánuður 1975, en þá var notkun lýsingar ekki hafin að neinu marki.

Notkun lýsingar hafði í för með sér að framleiðslan var mánuði fyrr á ferðinni en áður hafði verið. Það sama má segja um agúrkur og papríku. Athugunin leiddi líka í ljós að betur væri hægt að stýra ræktuninni og draga mætti úr offramleiðslu yfir sumartímann. Af því má sjá að notkun lýsingar mundi hafa jákvæð áhrif í garðyrkju. Hægt væri eins og áður sagði að stýra ræktuninni, nýta gróðurhúsin betur, ferskt innlent grænmeti væri lengur á boðstólun en áður og garðyrkjubóndinn hefði jafnari tekjur. Allt þetta skilaði sér til neytenda í lægra og jafnara verði grænmetis.

Hið sama gildir um notkun lýsingar við blómaræktun. Sá tími sem hægt er að hafa íslensk blóm á markaðnum hefur og getur enn lengst verulega.

Niðurstöður þessara athugana hefðu átt að verka hvetjandi á garðyrkjubændur til þess að stórauka notkun lýsingar við ræktun. Vissulega hefur notkunin aukist á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að þessi athugun var gerð en þó alls ekki sem skyldi. Ástæðan er einfaldlega sú að verð á raforku er sums staðar svo hátt að það hreinlega dregur úr mönnum kjarkinn að fara út í slíkar framkvæmdir. Ég segi sums staðar vegna þess að verðlagning á raforku til lýsingar í gróðurhúsum er mjög misjöfn og hafa garðyrkjubændur sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins t.d. þurft að borga mun hærra verð fyrir raforkuna en aðrir, svo einkennilegt sem það nú virðist.

Það að garðyrkjubændur fái hagstætt verð á raforku til notkunar við ræktun er alls ekki ný krafa. Um þessi mál hefur verið stöðug umræða í nokkur ár. Staða garðyrkjubænda er í dag eins og reyndar annarra bænda innan landbúnaðarins mjög erfið. Oft hefur verið þörf á úrbótum til að styrkja stöðu þeirra og markaðshlutdeild, en nú er nauðsyn.

Það eru sjálfsagt ekki miklar líkur á því að hægt verði að skapa þá stöðu að íslenskir garðyrkjubændur geti annað eftirspurn markaðarins allt árið um kring og við þannig verið sjálfum okkur nóg hvað varðar framleiðslu grænmetis og blóma. En hitt er ljóst að aukin notkun lýsingar við garðyrkju lengir verulega þann tíma sem innlend framleiðsla er á boðstólum. Meginreglan er sú að innflutningur þessarar vöru er leyfður eða öllu heldur frjáls þegar innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Það er hins vegar vitað að ekki er alltaf farið eftir þeirri reglu og oft er boðið upp á innflutt grænmeti og blóm á sama tíma og nægjanlegt framboð er af innlendri framleiðslu. Mikill og ótímabær innflutningur brýtur niður stöðu garðyrkjubænda hér á landi og eru jafnvel dæmi þess að innlendir framleiðendur sitji uppi með framleiðslu sína þar til hún skemmist vegna þess að innflutt vara er látin sitja fyrir á markaðnum. Það þekkist meira að segja að garðyrkjubændur og þá sérstaklega blómaframleiðendur hafa fengið vöru sína endursenda eftir að hafa komið henni á markaðinn — og það ónýta — vegna þess að fyrst átti að selja innflutninginn og innlenda varan þoldi ekki geymslu.

Þarna er einkennilega að staðið þar sem okkur veitir í fyrsta lagi ekki af að renna stoðum undir okkar eigin atvinnuvegi og í öðru lagi vegna þess að gæði innlendrar framleiðslu og þess sem við erum að flytja inn eru ekki sambærileg. Þar hafa okkar framleiðendur tvímælalaust vinninginn. En það virðumst við þó ekki kunna að meta þar sem garðyrkjubændum er gert æ erfiðara að mæta samkeppni. Ekki einungis vegna þess að raforkuverð er hátt heldur líka að innflutningur er auðveldaður á meðan lagðir eru auknir skattar á innlenda framleiðslu.

Innflutningur blóma og grænmetis ýtir líka beint og óbeint undir aukna notkun eiturefna við ræktun hérlendis. Við höfum verið stolt af því hversu það grænmeti sem við framleiðum og seljum er hreint og ómengað. Eiturefnanotkun hefur verið tiltölulega lítil, eftirlit með innflutningi eiturs og notkun þess

við ræktun hefur verið gott. Með innfluttum plöntum og grænmeti hafa hins vegar borist hingað meindýr og sjúkdómar sem kalla á aukna notkun eiturefna. Það mun því, ef ekkert er að gert, leiða til þess að við verðum að leyfa notkun eiturefna sem hingað til hafa verið bönnuð.

Við höfum gert kröfur varðandi eiturefnanotkun hér á landi og eigum auðvitað að halda því áfram. Á sama tíma höfum við hins vegar leyft og auðveldað án eftirlits innflutning á blómum og grænmeti frá löndum þar sem leyfð eru eiturefni sem bönnuð eru hér.

Framtíð íslenskrar garðyrkju byggist á því að stöðugt verði hugað að þörfum innanlandsmarkaðar og fram til þessa dags hafa garðyrkjubændur staðið þar vel á verði. Innlent grænmeti hefur notið velvildar neytenda sem hrein og ómenguð vara og ætti okkur að vera mikið í mun að svo verði áfram.

Með því að gera garðyrkjubændum kleift að auka notkun lýsingar við ræktun tryggjum við að sá tími sem íslenskt grænmeti og blóm eru á boðstólum lengist verulega. Við bætum stórlega samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu, hömlum gegn innflutningi og útbreiðslu sjúkdóma og skordýra í grænmetis- og blómarækt. Og síðast en ekki síst: Við *nýtum betur það rafmagn sem við framleiðum nú* þegar og stuðlum að áframhaldandi og vonandi auknum möguleikum í garðyrkjubúskap hér á landi.

Að lokinni þessari umræðu leyfi ég mér að fara fram á að till. verði vísað til hv. atvmn. og síðari umr.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við þá till. til þál. sem hv. 4. þm. Suðurl. Margrét Frímannsdóttir flytur. Það má kannski segja að ég þurfi ekki miklu að bæta við hennar ræðu hér. Hún gerði svo ítarlega grein fyrir stöðu þessarar framleiðslugreinar eins og hún horfir við í dag.

Eins og kom fram hjá henni er hér um að ræða þýðingarmikið hagsmunamál fyrir þessa framleiðslugrein. Ylrækt hér á landi ætti að hafa góð skilyrði til að vera blómleg atvinnugrein, en hún á, eins og kom fram í hennar máli, undir högg að sækja í samkeppni við innflutning vöru sem framleidd er við allt önnur skilyrði en við höfum hér. Hér er oftast um að ræða viðkvæma vöru, eins og fram kom í hennar máli, sem ekki hefur geymsluþol, eins og t.d. afskorin blóm sem eru flutt inn jafnvel frá Suður-Afríku eða Brasilíu. Það geta allir gert sér *grein fyrir því að slík vara er framleidd við allt önnur* skilyrði og innkaupsverð allt annað en það sem hægt er að bjóða innlenda vöru á hér.

Það mætti nefna hvernig þessari framleiðslugrein er komið t.d. í nágrenni höfuðborgarinnar eins og í Mosfellsbæ. Þar var áður fyrr blómleg ylhúsarækt, mörg gróðurhús sem eru nú ekki lengur til staðar, og þar er þessi atvinnugrein á undanhaldi.

Ég vil því taka undir að það er mikið í húfi að skapa þessari atvinnugrein skilyrði svo að hún geti sem best keppt á samkeppnisgrundvelli við innflutta vöru þó það verði kannski seint hægt að ná, eins og ég nefndi hér áðan, samkeppni við þá vöru sem kemur frá þessum suðrænu löndum. En engu að síður fjallar þessi till. um einn þátt í þeirri aðgerð og þess vegna vildi ég lýsa stuðningi mínum við hana.

Hv. flm. kom inn á einn þátt sem er sá að neytendur vita hvað er verið að bjóða upp á þegar verið er að framleiða íslenskt grænmeti sem, eins og hún réttilega nefndi, er betri og væntanlega ómengaðri vara en sú sem kemur víða annars staðar frá. Í því skyni langar mig að nefna það að eftir Tsjérnóbýl-slysið voru tómatar fluttir út frá Íslandi til Svíþjóðar. Ég býst við að það gerist ekki oft. En það var einmitt af þeim ástæðum og þá vildu Svíar fá meira af tómötum en hægt var að selja og það gerist ekki oft hjá okkur. Mér datt í hug að nefna þetta til þess að taka undir það sem hv. flm. nefndi varðandi þá ómenguðu vöru sem við getum boðið upp á.

En ég ítreka að ég tel að þetta sé einn liður í því að skapa betri skilyrði fyrir þessa framleiðslugrein og því vil ég heils hugar taka undir þessa till.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég stíg í ræðustól til að lýsa stuðningi okkar kvennalistakvenna við þessa þáltill. Það er ekki miklu við að bæta þann ágæta rökstuðning sem hefur komið fram fyrir þessu máli sem er hið þarfasta mál. Það hefur oft komið til orða að iðnaður okkar, svo sem fiskiðja og ylræktin, ætti að búa við hagstæðara raforkuverð en raunin er í ljósi þess hvaða kjör stóriðjunni eru búin í þeim efnum. Fiskvinnslan er okkar stóriðja og hún ætti sannarlega að búa við betri kjör hvað raforku varðar en raunin er. Ég sé ekki annað en að gróðurhúsagarðyrkja eigi mikla framtíð fyrir sér hér, en það verður að búa henni betri skilyrði.

Grænmetisframleiðsla okkar er á góðri leið með að fullnægja innanlandsmarkaði og þessi till. lýtur að því að lengja ræktunartíma og lengja framleiðslu og framboð á hollri og góðri vöru sem við þurfum á að halda, ekki síst í ljósi þess innflutnings sem kemur inn í landið sem við vitum ekki alltaf nákvæmlega hvað ber í sér. Við vitum ekki fyrir víst hvaða reglur gilda um eiturefnanotkun erlendis og við vitum ekki nákvæmlega hvaða vara það er sem við erum að neyta þegar við fáum hana.

Í öðru lagi er mjög örðugt að koma í veg fyrir það að alls konar meindýr berist með þessari vöru, bæði sveppagróður og jafnvel einhver lifandi kvikindi sem við höfum satt að segja ekkert með að gera inn í landið. Það vofir líka alltaf yfir okkur sú hætta að erfiðir erlendir plöntusjúkdómar hellist yfir okkur með þessum innflutningi sem við höfum verið tiltölulega laus við hingað til.

Ég vil beina því til forráðamanna hér, hæstv. ráðherra, að taka til greina þær ábendingar sem í þessu frv. felast og skapa þessari atvinnugrein sem best skilyrði til að landsmenn megi njóta hollrar og

góðrar innlendrar vöru.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það er æskilegt ef Alþingi vill lýsa yfir vilja sínum til þess að orkuverð til gróðurhúsaframleiðslu eða garðyrkju verði lækkað. Það er búið að reyna að leita eftir slíku, en eins og hér hefur komið fram er það að sjálfsögðu mikilvægt að orkuverð til slíkrar framleiðslu sé eins lágt og kostur er. Þar hlýtur viðhorf Alþingis að hafa veruleg áhrif.

Ég minnist þess að fyrir um fjórum árum urðu hér geysiharðar deilur og ásakanir á landbrn. fyrir að vilja láta ódýra hitaorku til fiskeldis og það talin hin mesta óhæfa. Sem betur fer varð það ekki til þess að það næði þá fram að ganga að breyta þeirri stefnu sem landbrn. hafði þá mótað. En að sjálfsögðu er hægara að vinna að svona málum með stuðningi Alþingis en í andstöðu við þingmenn.

Hér hefur einnig verið vikið að fleiri þáttum í sambandi við garðyrkju, svo sem innflutningi. Þar hefur að undanförnu verið komið á miklu fastara skipulagi en áður var. Nefnd, sem er skipuð fulltrúum garðyrkjubænda m.a., hefur þar yfirumsjón. Yfirleitt eru mál þar afgreidd með samkomulagi og ef það tekst ekki er reynt að taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða garðyrkjubænda eins og kostur er.

Það hefur verið vikið hér að einum þætti sem snertir það mál, þ.e. sjúkdómahættu. Það er ekki nógsamlega undirstrikað hversu mikilvægt er að þar sé verið á verði. Nú hefur á síðustu árum farið eins og eldur í sinu yfir mörg lönd nýr sjúkdómur, svokallað amerískt „trips", sem er verri viðureignar en ýmsir sem fyrir voru, og þá vofir að sjálfsögðu sú hætta yfir að hann kunni að berast hingað líka. Það hefur verið gefin út sérstök reglugerð til að herða á eftirliti af þessum sökum og lögð áhersla á það við þá aðila sem þetta eftirlit annast að fylgjast eins vel með og kostur er og jafnframt óskað eftir ábendingum frá garðyrkjubændum um hvernig þeir telji að þarna megi sem best að verki standa.

Ég tek undir að það er æskilegt af mörgum ástæðum að styðja íslenska garðyrkju eins og kostur er vegna þess að þar njótum við framleiðslu úr ómenguðu umhverfi og góðum jarðvegi og tæknifamfarir, bæði með lýsingu og á annan hátt og kynbótum, eru sífellt að gera okkur kleift að auka fjölbreytnina og auka uppskeru. Möguleikarnir fara þar sífellt vaxandi.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að lýsa fylgi mínu við þáltill. sem hv. 4. þm. Suðurl. flytur hér og raunar taka undir flest það sem fram hefur komið í máli ræðumanna um þetta mál. Hér er hreyft hinu þarfasta máli. Það er enginn vafi á því. Það var mjög vel rökstutt í ræðu flm., koma vel fram í grg. aðalatriðin í þessu efni, að t.d. lýsing við plöntuuppeldi skilar sér á marga lund í markaðnum. Það lengir markaðstíma íslenska grænmetisins, það eykur nýtingu gróðurhúsanna, betri nýtingu á þeirri fjárfestingu sem þar er og seinast en ekki síst skilar íslenskum neytendum betri vöru, ómengaðri vöru en ella væri.

En mig langar aðeins til að víkja að öðrum þætti þessu máli skyldum. Það er hin mismunandi aðstaða hinna ýmsu rafveitna til að ganga til móts við óskir garðyrkjumanna í þessu efni og í rauninni kannski annarra aðila líka, ekki síður á sviði fiskvinnslunnar. Í því efni langar mig til að minna á að það er einmitt þessi mismunandi aðstaða rafveitnanna við innkaupsverð á raforkunni sem veldur aðalmisminum. Á sama tíma og Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir á 1,74 kr. kwst. kaupir Rafveita Hveragerðis á 2,46 kr. Mismunurinn er 41,4% í innkaupsverði raforkunnar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Rafveita Hveragerðis þarf að kaupa raforkuna með þeim millilið sem Rafmagnsveitur ríkisins eru, enda þótt Rafveita Hveragerðis sé mjög nærri uppsprettum raforkunnar, ef svo má segja, þar sem virkjunin fer fram.

Þessi er aðstaða sveitarfélagarafveitnanna fyrir austan fjall, allra. Þó eru þær stofnaðar um svipað leyti og raunar Rafmagnsveitur ríkisins, voru undanfari þess samstarfs sem þar var til efnt. Ég held að það sé meira en tímabært og væri vissulega til góðs ef þessi þáltill. hv. 4. þm. Suðurl. yrði til þess að þessu stórmáli yrði hreyft á jafnvel víðari grundvelli en hér er lagt til.

Ég lýsi einlægu fylgi mínu við tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Samræming áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, síðari umr.

Þáltill. SJS og SkA, 133. mál. — Þskj. 138, n. 922.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 922 frá atvmn. um till. til þál. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana níu aðilum til umsagnar: Vegagerð ríkisins, Flugleiðum, Eimskipafélaginu, flugráði, skipadeild Sambandsins, Skipaútgerð ríkisins, Félagi ísl. sérleyfishafa, Landflutningum og Vöruflutningamiðstöðinni.

Umsagnir voru allar frekar jákvæðar. Það má geta þess að heildaráætlun hefur að vísu verið gerð um einstaka þætti, svo sem vegáætlun, hafnaáætlun og flugáætlun, en við álítum að það hafi skort á samræmingu á milli þessara þátta. Síðasta áætlunar-

gerð um samgöngur á Íslandi þar sem fjallað var um alla þætti innanlandssamgangna á landsvísu var unnin fyrir um 20 árum.

Nefndarmenn urðu sammála um að leggja til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson, Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal, en undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Ólafur Þ. Þórðarson og Guðmundur H. Garðarsson.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. nefnd fyrir störf að þessari till. Ég verð þó að segja að ég hefði frekar kosið að Alþingi hefði treyst sér til að samþykkja hana og sé satt best að segja ekki að nein sérstök rök mæli gegn því og allra síst eftir að hafa heyrt frsm. mæla fyrir nál. Hún upplýsti það, sem reyndar kemur mér ekkert á óvart, að allar umsagnir sem um tillöguna bárust eða a.m.k. flestallar hefðu verið jákvæðar og nefndin hefði í sínum störfum metið það svo að þörf væri á — (**VS:** Frekar jákvæðar.) Frekar jákvæðar, já. — átaki af þessu tagi.

Það var enn fremur upplýst hér að um 20 ár væru síðan reynt hefði verið að taka á þesum málum í heild sinni og mun það rétt vera. Allt finnst mér þetta heldur mæla með því að Alþingi hefði átt einfaldlega að fela ríkisstjórninni að fara yfir þessi mál og það hefði verið myndarlegra en vísa tillögunni sem slíkri til ríkisstjórnarinnar.

Nú er ég ekki að lasta hæstv. ríkisstjórn og út af fyrir sig efa ekki að hún hefði gjarnan viljað taka á þessum málum, en ég hygg að það hefði verið myndarlegri leiðsögn af hálfu Alþingis að samþykkja tillöguna og fela ríkisstjórninni þannig verkefnið en vísa tillögunni sem slíkri þangað.

Virðulegi forseti. Það er að vísu nokkur galli að mínu mati að hæstv. samgrh. skuli enn vera forfallaður einhvers staðar í húsinu. Það hefði verið ágætt ef hæstv. ráðherra hefði mátt hlýða á umræðuna. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra hans viðhorf til þess hvað hann hyggist gera í framhaldi af því að þessari tillögu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra verður kominn hér í salinn áður en umræðunni lýkur, en ég kem þá aftur og endurtek spurningar mínar til hans.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef síst á móti þeirri afgreiðslu sem hér er lögð til af hv. atvmn., en ég beini því til hæstv. forseta að mér sýnist ástæða til að gætt sé meira samræmis í meðferð Alþingis á málum af þessu tagi og samræmingar, þ.e. að um mál af þessu tagi öll er fjallað á öðrum vettvangi, í fjvn., og að till. eins og þessi sem hér er til afgreiðslu og margar eða ýmsar tillögur sem hér hafa komið fram um t.d. samgöngumál og vísað er af hv. Alþingi ýmist til atvmn. eða til allshn. eiga allar heima í hv. fjvn. Þar er fjallað um öll þessi mál á öðrum vettvangi, bæði um mannvirkjagerð eins og fjallað er um í þessari till., samgöngumál, samgönguáætlanir, vegáætlun, flugmálaáætlun, hafnagerð o.s.frv. Öll þessi mál eiga því heima hjá þeirri nefnd og mér sýnist full ástæða til að beina því til hæstv. forseta, sem væntanlega verður þó ekki áhrifaríkt það sem eftir lifir þessa þings, að taka slík mál til betri samræmingar í störfum þingsins en gert hefur verið að þessu sinni.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Af því að hæstv. samgrh. er genginn í salinn leyfi ég mér að rifja upp fyrir honum að hér er til umræðu till. til þál. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, 133. mál á þskj. 138, og fyrir liggur nál. um að vísa till. til ríkisstjórnarinnar. — Ef hv. þm. gæfi ráðherranum frið augnablik má hann kannski heyra það sem við hann er sagt. — 1. flm., sem hér talar, hefur reyndar lýst þeirri skoðun sinni að það hefði verið æskilegra og myndarlegra af hv. Alþingi að samþykkja tillöguna og fela ríkisstjórninni síðan verkið og gefa hæstv. ríkisstjórn þannig beinni leiðsögn um það hvernig í þessi mál skyldi farið. Ég ætla engu að síður ekkert að lasta þá afgreiðslu að vísa þessu verkefni sem slíku með tillögunni til ríkisstjórnarinnar, en vil þá gjarnan spyrja hæstv. samgrh. um hans hug til þessa máls og hvort þess megi vænta að hæstv. ríkisstjórn taki þá á málinu. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið um nokkra hríð að það skorti sárlega á um heildarsamræmingu á þessum sviðum.

Ég bendi hæstv. samgrh. á, vona að það sé leyfilegt þar sem hann er ekki minna en samstarfsráðherra Norðurlanda eða hvað það nú heitir, að kynna sér ofurlítið hvernig unnið er að þessum málum í nálægum löndum. Ég hygg að hann komist fljótt á snoðir um að ýmiss konar samræmingarstarf af þessu tagi og áætlanagerð fram í tímann þar sem reynt er að skoða öll samgöngumálin í heild sinni eru miklu, miklu lengra á veg komin — ja, mér liggur við að segja alls staðar í nágrannalöndunum en hér.

Ég vil fyrst og fremst spyrja hæstv. ráðherra hvaða hug hann beri til verkefnisins og hvort þess megi vænta að ríkisstjórnin taki þá myndarlega á málunum í ljósi þessarar afgreiðslu á tillögunni.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Mér skilst að mín hafi verið saknað fyrr í morgun þegar önnur tillaga var hér til umræðu, þ.e. 153. mál ef ég hef tekið rétt eftir. Að vissu leyti gæti ég hér og nú svarað í því efni því að ég veit hvað um er spurt í sambandi við það mál eða ætlast er til af mér í sambandi við 153. mál.

Hér er í fyrsta lagi verið að tala um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar. Þá vék hv. 2. þm. Norðurl. v. að því að samræming, ekki á sviði samgöngumála, þ.e. verkefna, heldur á þingstörfum varðandi samgöngumál, sé ekki betri en svo að hér kemur tillaga um áætlun á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, en til-

lagan sem var verið að ræða áðan, tillaga um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar um lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga, tillagan sem við ræðum í dag, væri ekki til skoðunar í sömu nefnd og tillagan sem var verið að ræða um áður. (Gripið fram í.) Voru þær í sömu nefnd, þessar? (**PP:** Meginforseti stendur sig í stykkinu.) Þá vil ég bæta því við að þessar tillögur eru ekki til umfjöllunar. Hafi ég misskilið er það þriðja tillagan sennilega sem ég er með í huganum, þar sem við í dag erum að ræða um vegáætlun og um flugmálaáætlun, þannig að mér hefði fundist eðlilegast að þegar þessum tillögum var vísað til nefndar hefði þeim verið vísað til fjvn. því þar eru ræddar tillögur um vegáætlun og tillögur um flugmálaáætlun. Þar eru ræddar og samræmdar áætlanir á sviði samgöngumála. Þar hefur verið rædd langtímaáætlun um samgöngumál þannig að mér sýnist að skv. vegagerðarlögum sé gert ráð fyrir því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að, það hafi verið gert og Alþingi hafi fjallað um þau mál og hafi fjallað um þau í fjvn., enda má segja að það sem hér er verið að ræða um séu fjárveitingar til samgöngumála og þá mannvirkjagerðar, þ.e. áætlanir í sambandi við það. Það liggur alveg í hlutarins eðli að þegar þing kemur saman í haust og ný vegáætlun verður lögð fyrir verður það að sjálfsögðu að hluta til mannvirkjagerð sem verður höfð þar að leiðarljósi og áætlanir á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar eitt af þeim atriðum sem þá verða til umfjöllunar.

Einmitt nú, á sama tíma og endurskoðun vegáætlunar fyrir 1988 fer fram, er verið að fjalla um í fjvn. og væntanlega næstu daga á hinu háa Alþingi tillögu til flugmálaáætlunar, þeirrar fyrstu sem er til umræðu hér á Alþingi og væntanlega til samþykktar skv. nýjum lögum þar að lútandi. Mér sýnist því unnið að þessum málum eins skipulega til einmitt samræmingar og lög standa til. En það er ákaflega auðvelt að segja: Við erum tilbúnir til þess að bæta það. Það stendur ekkert á því. Ég vil hins vegar benda þingmönnum á að þeir sem hafa kannski meiri áhrif í þeim efnum eru einmitt þingmenn kjördæmanna og eitt af því sem fer fram þessa dagana eru einmitt fundir með þingmönnum hinna einstöku kjördæma til að fjalla um með hvaða hætti haga skuli fjárveitingum í vegagerð í sambandi við hin einstöku kjördæmi.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram. En ég hefði mátt sjá það á þskj. að báðar þessar till. eru komnar frá atvmn. Hins vegar er sennilega það sem ég sagði í upphafi misskilningur í sambandi við aðra till. í þeim efnum.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef lengi talið það vissan galla á störfum Alþingis að það skuli ekki starfa samgn. í Sþ. Hins vegar hefur þar starfað samstarfsnefnd um samgöngumál á hverjum vetri stuttan tíma, en það er engin ein nefnd sem fjallar um samgöngumál. Hér hefur umræðan snúist um að þetta væri allt hjá fjvn. Svo er þó ekki að öllu leyti ef það er skoðað því að flugráð grunnvinnur áætlanir um flugmál. Þar sitja þingmenn og sú grunnvinna á sér alls ekki stað í fjvn. Samræmingin sem hér er verið að tala um að sé til staðar kemur mér fyrir sjónir á þann veg að það bendi fátt til þess að Vegagerð ríkisins, Flugmálastjórn og Vita- og hafnamálastjórn hafi það samstarf sín á milli sem æskilegt væri.

Ég vil geta þess hér og nú að auðvitað má alltaf um það deila hversu langt eigi að fara í skipulagðri áætlanagerð og hversu langt fram í tímann sé hægt að standa að slíku, hversu langt sjá menn fram í tímann. En hitt blasir við að t.d. breyting á snjómokstursreglum, sem samgrh. hefur í hendi sér, getur ráðið úrslitum um hvort áætlunarflug á einhvern flugvöll er nauðsynlegt eða ekki, hvort hægt er að fækka þeim og koma öðru skipulagi og betra á. Ég minni á umræður í hafnamálum um Blönduóshöfn þegar mörgum hér í þinginu fannst að aðaláherslan hlyti að verða á bættar samgöngur á landi á milli Skagastrandar og Blönduóss. Ég sé fram á það í dag að með nýjum áföngum í vegaframkvæmdum munu sum hafnarmannvirki og líka flugmannvirki í landinu verða óþörf, heyra sögunni til.

Ég vænti þess að mönnum sé almennt ljóst um hvað er verið að tala í þessari till. og hver er tilgangurinn. Ég sé ekki annað en tilgangurinn sé af hinu góða, hann sé sá að stuðla að því að hver stofnun um sig vaði ekki áfram með fjárfestingar án þess að vita um hvað hinir eru að gera. Í sumum kringumstæðum liggur alveg ljóst fyrir að bættir vegir munu leysa verkefni sem eru óleyst í dag á sviði hafnargerða og sviði uppbyggingar flugvallarmannvirkja.

Með þessu er ég ekki á nokkurn hátt að ráðast á núverandi samgrh. og hann má alls ekki, hæstv. ráðherra, skilja þetta sem nokkra árás á sig því það væri mikill misskilningur. Hann er fyrir stuttu búinn að taka við því starfi sem hér um ræðir og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en hann hafi hugleitt þá hluti sem hér eru til umfjöllunar.

Hins vegar má segja sem svo að með því að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar hafi nefndin litið svo á að hún vildi með jákvæðum hætti taka undir till. þó hún treysti sér ekki til að mæla með því að það yrði farið í einhverja stórkostlega áætlun langt fram í tímann, en hún vildi sem sagt mæla með því að þau vinnubrögð yrðu upp tekin í ríkara mæli en áður hefur verið að horfa á alla þessa þætti samtímis.

Ég verð að segja að samræming innan sama geirans í samgöngumálum er sums staðar ekki til staðar. Hver ætlar að verja það t.d. hve margar sérleyfisrútur fara fyrir Hvalfjörð samtímis? Hver ætlar að verja þá vitleysu? Auðvitað þurfum við að ná fram meiri samræmingu á þessu sviði og ég hygg að það sé nær að snúa sér að því verki en að deila hart um hvort þessi till. hafi átt að fara til atvmn. eða fjvn. En að sjálfsögðu er ekki við flm. hennar að sakast um það hvort hún hefur verið látin fara í ranga nefnd. Það hlýtur þá að vera mál sem menn

verða að ræða við forseta, en hann hefur leiðbeinandi skyldum að gegna varðandi það atriði.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt — hv. þm. leiðréttir mig þá — hefur verið að tala formaður atvmn. sem þessi till. kemur frá. Ég get ekki fallist á þá skoðun þingmannsins að afgreiðsla á þann máta að vísa máli til ríkisstjórnar sé það sama og mæla með því til áframhaldandi vinnu. Undir flestum kringumstæðum líta menn svo á að það sé verið að salta það málefni sem er vísað til ríkisstjórnarinnar, a.m.k. ef það málefni kemur frá stjórnarandstæðingum. Undir vissum kringumstæðum getur það verið afgreiðslumáti fyrir stjórnarþingmenn að koma máli sem að einhverju leyti er deilumál innan stjórnarinnar til ríkisstjórnar og reyna að láta ríkisstjórnina leysa það sem hv. Alþingi getur ekki, en það að vísa málefnum sem þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja hér á hv. Alþingi til ríkisstjórnarinnar er oftast nær skilið á þann veg að það sé verið að svæfa það með kurteislegum hætti.

Stjórnarandstaðan hefur lýst frekar litlu trausti á þá ríkisstjórn sem nú situr og jafnvel formaður atvmn. líka þannig að enn er það áhersla á að þetta sé verið að gera til að gera sem minnst úr þessu máli og fá það ekki afgreitt á þann máta sem allir umsagnaraðilar, eins og hv. frsm. lýsti hér áðan, hefðu lagt til. Það eru nokkuð sérstök vinnubrögð þegar þannig er haldið á málum.

Það komu fram ýmsar fullyrðingar og kenningar í ræðu hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, formanns atvmn. (**ÓÞÞ:** Það er ég alls ekki.) (**VS:** Ég er formaður.) Nú bið ég mikillega afsökunar. Ég bað þingmanninn að afsaka þetta er ég í upphafi nefndi það. Ég hef verið að beina orðum mínum til hv. þm. Ólafs Þórðarsonar en ekki hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég veit vel um að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er mikill stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, en aftur á móti efast ég um, svo sem við heyrðum líka hér í atkvæðagreiðslum, að hv. þm. Ólafur Þórðarson sé mjög traustur. (Gripið fram í.) Ekki miðað við þá ræðu sem hv. þm. flutti áðan, m.a. þá tillögu að taka til sérstakarar athugunar sérleyfisferðir fyrir Hvalfjörð. Þar væri heldur mikið frelsi á ferðinni. Eins og við vitum er aðalmarkmið þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr nú að hafa frelsi til framkvæmda og til reksturs. Ég get ekki ímyndað mér annað en það sé þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar og þá kannski þvert á stefnu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að láta sér detta í hug að koma með einhverjar þvingunaraðgerðir í sambandi við það hvaða rútur fá að keyra í kringum Hvalfjörð. (**ÓÞÞ:** Þær komast ekki.) Fyrir Hvalfjörð. Ja, fyrir Hvalfjörð gæti verið erfitt fyrir hann að fara ef hann ætlaði að fara fyrir mynni Hvalfjarðar. Það gæti verið svolítið erfitt nema með Akraborg.

Það er greinilegt að það er einhver skörun á stefnu þingmanna Framsfl. í þessu eins og svo mörgu öðru, en meining mín hingað upp var nú sú að fjalla svolítið um hvert eigi að vísa málum og einmitt málum eins og því sem við erum að fjalla um hér, samgöngumálum sem iðulega koma til umfjöllunar á hv. sameinuðu Alþingi. Jafnvel eru þáltill. um samgöngumál stærsti tillöguhópurinn sem hér er fjallað um. Þeim er síðan vísað til atvmn. og jafnvel stundum til allshn., ég hef vissan grun um það, oftast nær til atvmn. En ég tel það mjög vafasama leið og tek undir það, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það er eðlilegur farvegur að till. um samgöngumál, ef ekki er nefnd á hv. sameinuðu þingi sem beinlínis fjallar um samgöngumál, sé vísað til fjvn. og svo í beinu framhaldi af því og jöfnum höndum að um þær verði fjallað, eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson nefndi áðan, í þeirri nefnd sem starfar hér vanalega við fjárlagagerð, þ.e. í samvinnunefnd samgöngumála. Það væri eðlileg og sjálfsögð meðferð á till. sem þessum og þær fengju miklu raunhæfari afgreiðslu. Það gæti líka verið eðlilegt að hv. sameinað Alþingi væri með sérstaka samgöngunefnd, en hin leiðin finnst mér liggja beint fyrir miðað við þau þingsköp sem við búum við.

Það er mjög gott að fá umfjöllun um þennan þátt hér í lok þingstarfa. Það gæti verið að við mundum líta svolítið öðruvísi á meðferð þessara mála á næsta þingi, eða þeir hv. þm. sem þá verða ef aðrir koma í okkar stað, ef svo skyldi fara að það yrði kosið í sumar sem kannski eru ekki miklar líkur fyrir eftir hina miklu traustsyfirlýsingu til ríkisstjórnarinnar sem hér varð staðreynd. Verið getur að miðstjórnarfundur Framsfl. í júní taki einhverja aðra ákvörðun en sá sem var haldinn um síðustu helgi.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson nefndi að grunnvinna í flugmálum væri unnin í flugráði og þar af leiðandi væri það málefni stefnumarkað utan fjvn. Ég get alveg tekið undir að svo er gert, en ég tel að grunnvinna í vegamálum sé unnin að meginhluta til á svipaðan máta og undirbúningur mála í sambandi við flugvallagerð og flugvallarekstur. Það er fjallað um það hjá Vegagerð ríkisins og síðan fjalla þingmenn hvers kjördæmis um þessa hluti jöfnum höndum og fjvn. er að fjalla um þetta. Við getum ekki verið að metast á um hvernig mál eru undirbúin til fjvn. á þessum sviðum. Það er eðlilegt að lokaafgreiðsla þessara mála eigi sér stað á vegum fjvn. og það er líka eðlilegt að það sé tryggt að umræðan um þessi mál eigi sér stað á breiðari grunni en er innan fjvn. einnar.

Ég kom inn á hv. Alþingi 1971. Þá sátu hæstv. ráðherrar, eins og þingmenn flestir muna og vita, út frá forsetastóli og þá var það held ég mjög sjaldgæft að ráðherrastólarnir væru á þann veg sem þeir eru nú. Getur það verið að þeir hæstv. ráðherrar sem nú sitja eigi erfitt með að horfa í augu ræðumanna sem eru í ræðustól Alþingis? Getur verið að þróunin sé að verða sú að það fækkar alltaf þeim ráðherrum sem hafa tíma eða aðstöðu til þess að fylgjast með umræðum á Alþingi vegna þess að þeir vilji ekki líta framan í augu þeirra hv. þm. sem eru í ræðustól? Það er öll þróun á þann veg að hér sést varla

ráðherra þegar umræða á sér stað hér á hv. Alþingi. Þó að ráðherrum fjölgi fækkar þeim sífellt sem sitja hér og fylgjast með umræðum.

Sverrir Hermannsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg nýtt fyrir mér a.m.k. ef sú viðtekna ruslatunnuafgreiðsla sem það er að vísa máli til ríkisstjórnar sé einhver jákvæð afgreiðsla á till. á hinu háa Alþingi. Það er í því eina falli að ríkisstjórn hafi fallist á með þeirri aðferð að taka viðkomandi málefni eða till. til fyrirgreiðslu. Þessu þyrftu menn nú að æfa sig á áður en þeir sitja fleiri áratugi á þingi. Þetta er aðferð sem þykir mýkri en að fella till., en oftast eru þær þann veg fallnar, þessar till., að ella mundi hin aðferðin viðhöfð að fella þær.

Ég hef nú verið daufur við að skipta mér mikið af öllu því tillögurusli sem menn hrúga upp á hinu háa Alþingi, í besta falli þá til þess að auglýsa sig í héraði um augljós málefni að vísu, en vinnubrögðin eru að verða ískyggileg að þessu leyti því það er engin heil brú í meðferð málefnanna.

Hér er verið að tala um till. sem hv. atvmn. Sþ. hefur fjallað um. Nú vita allir og þarf ekki væntanlega langar tölur til þess að minna menn á hvar tillögur, áætlanir og afgreiðslur um vegamál eiga heima á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað hvergi annars staðar en í fjvn.

Hér minntist hv. ræðumaður Ólafur Þ. Þórðarson á að stofnanir ættu ekki að vinna án þess að vita hver af annarri og skálma áfram samræmingarlaust. Fjvn. gerir engar frumáætlanir í einum eða neinum málum. Fjvn. tekur við frumáætlunum af þeim stofnunum sem til þess eru í þjóðfélaginu að leggja þær fyrir. En alveg er lífsnauðsynlegt að þessar áætlanir endi í einum stað þegar að því kemur að finna til framkvæmdanna fjármagn, þ.e. fyrst í fjvn. sem síðan leggur málið til endanlegs úrskurðar hins háa Alþingis.

En hér eru menn með tillögu um mannvirkjagerð og henni er vísað til atvmn. Og það er tillaga um að leggja veg á suðurströnd Reykjanesskaga. Kannski eigi að hefja lagninguna við Sjóefnavinnsluna, það merka fyrirtæki, og svo áfram inn eftir, inn að Íslandslaxi, til þess að menn geti nú fengið þægilegt útsýni í suðausturátt. Ýmsu liggur nú meira á í vegagerð í landinu en þeirri vegagerð.

En hér eru fleiri tillögur sem koma til umræðu á eftir. Það er 6. mál, virðulegi forseti, vegaframkvæmdir á Vesturlandi. Hvert verður þeirri þáltill. vísað? (**Gripið fram í:** Til fjvn.) Já, en hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson er meðflm. að tillögu um athugun á vegagerð um, yfir eða undir Hvalfjörð. Hvar ætli þeir flm. hafi fundið þeirri tillögu stað? Hún er í allshn. Sþ. Hún hefur komið á dagskrá þar sem ég á sæti í allshn., tillaga um að athuga hvort menn vilja fara yfir, undir eða fyrir Hvalfjörð, ráðagerð sem er að vísu alltaf í athugun og hefur lengi verið.

Hér er enn 8. dagskráratriði, vegarstæði milli Norður- og Austurlands. Ætli við fáum þetta ekki í allshn. eða skyldu Súgfirðingar fá þetta til meðferðar?

Þetta tekur auðvitað engu tali. Þess vegna er það, virðulegi forseti, að ég fer beinlínis fram á það að umræðum um þessi mál verði frestað þar til hægt verður að ræða það við yfirstjórn þingsins hvernig þessi mál verði samræmd og þeim komið yfir á þann eina rétta stað þar sem þau eiga heima. Við ræddum það aðeins í allshn. að tillaga sem þrýst er á um afgreiðslu á í allshn. vegna vegarlagningar um Hvalfjörð yrði vísað til fjvn. Það er hins vegar ekki þingleg aðferð sem nefndir geta beitt. En ég held að ráð væri að taka þessi mál öll upp og fara ekki að því og hafa ekki þau lausatök á málum sem höfð hafa verið, að menn taka við tillögum flm. sem oft hafa tilhneigingu til þess að gera tillögur um að vísa máli í nefnd þar sem þeir kannski eiga einhvern sérstakan kunningja sem gæti gengið undir því þegar fram í sækir.

Ég ætla ekki að nefna fleiri dæmi um þetta. En þannig vinnubrögð eru til þess fallin að veikja mjög alla málsmeðferð þeirra þýðingarmiklu atriða sem menn bera hér fyrir brjósti. Ég fer sem sagt, án þess að flytja um það formlega tillögu, fram á það við virðulegan forseta að þetta mál sem hér hefur verið rætt núna sérstaklega, málsmeðferðin, vinnubrögðin sjálf um meðferð ýmissa mikilvægra tillagna, verði tekin til endurskoðunar og reynt með einhverjum hætti að ná og fá fangs á málunum. Ég tek engan þátt í afgreiðslu á tillögum um samgöngumál frá hv. atvmn. jafnvel þótt hún sé afbragðs vel skipuð eins og menn hafa verið að rifja hér upp.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp vegna þeirrar umræðu sem hér hefur staðið hátt í klukkutíma og reyndar nálægt því frá því að þingfundur hófst um tíuleytið, um 1., 2. og 3. mál á dagskrá fundarins. Inn í það hefur komið að óskað var eftir að hæstv. samgrh. væri við afgreiðslu þessara mála og hæstv. ráðherra er nú hér í þingsal. Síðan ræða menn vítt og breitt um það hvert málin hefðu átt að fara. Það er rétt og skylt að ræða um þau efni en æskilegast er auðvitað að málin lendi í réttan farveg þegar í upphafi.

En það sem ég vil sérstaklega nefna er að hér er verið að halda þingfund á laugardegi sem ætti ekki að þekkjast hér á Alþingi. Laugardagur er ekki almennur vinnudagur í landinu. Mér finnst það illa farið með tíma þingmanna að vera að kveðja þá til fundar á laugardegi til að koma fram þingmálum þegar ekki er betur staðið að undirbúningi en fram

kemur hér í sambandi við þessa umræðu. Mér er það mjög til efs að ég taki þátt í því að mæla hér fyrir málum seinna í dag ef þannig á að halda fram. Ég vil beina því til forustu þingsins að tekið verði til sérstakrar athugunar hvort það eigi að vera að bregða út af því sem venja er í sambandi við þingstörfin, ekki síst með tilliti til þess að þm. vita ekkert hvert stefnir í sambandi við þinghaldið og þinglok.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur lengi verið venja að þegar deilt er á ráðherra eru þeir boðaðir í salinn. Nú vill svo til að það hefur verið deilt mjög harkalega á forseta Sþ. af tveimur þm. Sjálfstfl. og hlýtur að vera eðlilegt að hann verði kallaður í salinn. Þeir hafa tveir ráðist hér hart gegn því hvert tillögum hefur verið vísað til nefndar og talið að þar hafi menn farið villir síns vegar.

Ég verð að segja eins og er að með þeirri umræðu hér og nú, þegar málin koma úr nefndum, eru þeir fyrst og fremst að tilkynna þinginu að þeir hafi ekki gegnt sinni þingskyldu að vera hér í salnum þegar málum var vísað til nefndar. Þá hefðu þeir átt að láta ljós sitt skína og gera grein fyrir því og leiðbeina forseta í störfum, sýna honum fram á hvert væri eðlilegt að vísa málum. Þeir hefðu sjálfir átt að bera fram tillögu um það hvert málum væri vísað ef þeir telja að forseta hafi orðið á slíkar reginskyssur að ekki sé hægt að ræða málin í þinginu vegna þess að hann hafi tekið undir tillöguflutning um að vísa málinu til rangrar nefndar.

Ég tel að svona vopnaburður dugi ekki. Menn verða að hafa þrek til þess hér að gera sér grein fyrir því að við erum að taka við málum úr nefndum. Að sjálfsögðu er þá ekki hægt að fara að taka upp umræðu um það hvort þeim hafi einhvern tíma verið vísað í vitlausa nefnd.

Ég minnist þess einu sinni á mínum þingferli að augljóst var að það höfðu átt sér stað mistök og máli hafði verið vísað í ranga nefnd. Ég óskaði eftir því að málið yrði fært úr þeirri nefnd yfir í aðra. Það var af og frá að það fengist samþykkt og þó var það í deild.

Ég tel þess vegna að eðlilegt sé að ekki verði haldið áfram ádeilum á forseta Sþ. af ræðumönnum hér án þess að hann sé viðstaddur og að þeir endurtaki þá sínar athugasemdir í viðveru hans um að þeir telji að hann hafi ekki gert tillögur um að málum væri vísað til þeirra nefnda sem eðlilegt væri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að þessu gefna tilefni vill forseti upplýsa að þingið sjálft hefur sent mál til þeirra nefnda sem um það hafa fjallað og því verður að sjálfsögðu ekki breytt. Hitt er sjálfsagt að taka upp á fundum forseta að hert verði eftirlit með því að mál fari til réttra nefnda. Ég tel að sú gagnrýni geti vel verið rétt, að þess sé ekki alltaf gætt sem skyldi.

Sverrir Hermannsson:

Virðulegi forseti. Þetta var orð í tíma talað hjá virðulegum forseta. Flm. tillögu gerir tillögu um málsmeðferð og vísun til nefndar og þingið tekur svo sjálft ákvörðun um hvert málum er vísað. Hann hefur lítið upp úr þeim vindhöggum að vísa því til okkar að við séum með einhverja háværa gagnrýni á virðulegan forseta Sþ. Þó ætla ég ekkert að hukla það að ég álít að hann hefði átt að gæta betra samræmis í þessu falli. En honum er nokkur vorkunn þegar hann stendur í því á hálshnútunum að afgreiða allt þetta tillögurusl, þótt það gangi misjafnlega úr hendi.

En það sem á einkum við er það að við höfum nóg annað að sýsla hér, hættum að taka við ómerkilegum tillögum frá vitlausum nefndum og snúum okkur að öðru þarfara að ræða. Svo auðvitað fellur manni þungt þegar hv. 2. þm. Austurl. ávítar mann fyrir málþóf.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Ég hlýt að biðja hv. þm. að gæta orða sinna og — (**SvH:** Hvað var nú?) — viðhafa ekki þau orð um vinnu þm. sem hér hafa verið viðhöfð. (**SvH:** Hvaða orð voru það?)

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur mér svolítið einkennilega fyrir eyru að menn séu fyrst núna á síðustu dögum þingsins að átta sig á því að tillögum um samgöngumál hefur verið vísað til atvmn. í allan vetur. (**SvH:** Og allshn.) — Allflestum til atvmn. Mér fannst þetta strax einkennilegt. Ég er formaður atvmn. og þetta kom mér spánskt fyrir sjónir og ég gerði athugasemdir um það við forseta að mér sýndist skv. þingsköpum að til atvmn. ætti einungis að vísa þeim málum sem í deild er vísað til atvinnumálanefnda, þ.e. landbúnaðar, iðnaðar og sjávarútvegs. En þar sem engin samgn. starfar í hv. Sþ. skildist mér að þetta ætti að vera svona.

En ég vona að þetta verði tekið til athugunar fyrir næsta þing þó að ég sjái enga ástæðu til þess að við förum núna að gera eitthvert veður út af þessu heldur verði þetta mál endurskoðað á næsta þingi og á því ráðin bót.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Virðulegi forseti. Það var aðeins út af orðum hv. 2. þm. Vestf. þar sem hann taldi að menn hefðu ekki verið hér til staðar til að vekja athygli á því að tillögur í sambandi við vegamál ættu að fara til fjvn.

Ég vil gjarnan rifja upp að hér var flutt tillaga um tvöföldun Reykjanesbrautar. Ég lagði á það áherslu og benti á að þessar tillögur ættu að fara til fjvn. En það kom fram tillaga frá flm. og það var farið að henni. Þingið samþykkti að vísa þeirri tillögu, um tvöföldun Reykjanesbrautar, til allshn. Hér erum við svo að ræða tillögur sem eru að koma frá atvmn.

á sama tíma sem fjvn. er að ræða tillögur um breytta vegáætlun 1988. En efni tillögunnar sem hér var á dagskrá og til umræðu var um samræmingu áætlana. Og þá spyr ég: Er ekki ástæða til að við samræmum okkar störf í þessum efnum?

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hefði eins getað beðið um orðið til að bera af mér sakir undan því orðbragði sem hv. 4. þm. Austurl. viðhafði hér og er nú rokinn á dyr. Sá hv. þm. hefur það gjarnan fyrir sið að hegða sér eins og einhver yfirforseti hér á þinginu og gjamma þá fram í og leiðbeinir forsetum um þeirra störf, en stendur sig svo ekki betur í stykkinu en það að viðhafa hér orðbragð sem ætti að ávíta ef allt væri með felldu. Það er fyrir neðan allar hellur að fyrrv. forseti hér á þinginu, maður sem gegnt hefur ráðherrastörfum og setið lengi á Alþingi, skuli viðhafa slíkt orðbragð um vinnu þm. Ég a.m.k. mótmæli því harðlega að tillaga sem ég stend að flutningi á sé nefnd þeim nöfnum sem hér voru uppi höfð.

Að öðru leyti vil ég segja hér við umræður um þingsköp að ég tel að það ætti að ljúka þessari umræðu og að það eigi að takast upp á fundum með forsetum hvernig verkstjórn í þessum efnum sé hagað. Ég held reyndar að þau miklu rök sem hér eru fram færð fyrir því að fjvn. eigi að fá öll mál til umfjöllunar séu ómerk vegna þess að með sömu rökum mætti í raun og veru segja að vísa ætti öllum útgjaldamálum til fjvn. Auðvitað fær fjvn. þessi mál til meðferðar að svo miklu leyti sem um útgjöld til verkefnanna er að ræða, en að öðru leyti fara málin til nefnda eins og efni þeirra segir til um.

Ég hef síðan, hæstv. forseti, kvatt mér hljóðs um tillögu þessa þegar aftur kemst á friður til að ræða hana efnislega og ég vona að það verði innan stundar.

Níels Árni Lund:

Virðulegi forseti. Ég er einn af flm. „rusltillagna" sem liggja hér fyrir að mati hv. 4. þm. Austurl. Ég er nýr í þingstörfum og hefði þess vegna mjög gjarnan kosið að hann væri hér til þess að leiðbeina mér og öðrum slíkum og að hann hefði getað komið hér í ræðustól og nefnt þó ekki væri nema eina eða tvær tillögur af sínum langa þingferli sem hann mundi flokka undir annað en „rusltillögur". Það væri líka spurning hvort ætti að koma hér á einhvers konar nefnd með senatorum sem mundu leiðbeina ungum og nýjum þm. um það hvort þeirra tillögur mundu flokkast undir rusl eða annað.

En því miður, hv. 4. þm. Austurl. hefur eins og hér hefur komið fram ekki séð ástæðu til að sitja lengur en svo að hann kæmi þeim skoðunum sínum á framfæri að hér væru einungis fluttar rusltillögur. Því má segja að til lítils sé að tala við hann hér. En ég þykist vita að svo vandaður maður sem hann er til orðs og æðis komi til með að lesa þetta allt og ég kem því þessum skilaboðum til virðulegs þm. gegnum þingtíðindi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti geta þess að hann telur sig hafa gert athugasemd við það orðafar sem hér var viðhaft í ræðu áðan.

Samræming áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS og SkA, 133. mál. — Þskj. 138, n. 922.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað að þeim tíma sem farið hefur hér í að ræða þingsköp hefði verið varið til að ræða efni þessarar tillögu. Ég tel nefnilega að það hafi komið fram, m.a. í orðum hæstv. samgrh., að hann hefur alls ekki skilið hvað málið snýst um. Það hefur hins vegar hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, gert því að hann benti réttilega á að hér væri um samræmingarstarf að ræða. Hér er ekki verið að tala um einstaka liði samgöngumálanna út af fyrir sig.

Vandinn er nefnilega sá, hæstv. samgrh., að við erum allt of föst í þessum hólfum. Einn er í vegamálunum og horfir hingað. Annar er í flugmálunum og horfir hingað og sá þriðji er að hugsa um hafnir og horfir í norður og suður og austur og vestur. Og svo talast menn helst ekkert við. Hver og einn hefur áhuga á sínum málaflokki, gera veg hans sem mestan, fá í hann sem flestar krónur o.s.frv. Innan þessara geira hvers fyrir sig er út af fyrir sig unnið ágætt áætlunarstarf. En hér á Íslandi vantar algerlega þann aðila, þann þátt í starfsemina, sem samræmir þessa hluti, skoðar þá sameiginlega og tryggir að þessar áætlanir gangi ekki á misvíxl. Það er gert í nálægum löndum.

Hægt er að tína til þúsund dæmi hér á Íslandi um það að alger skortur á samræmingu í þessum efnum hefur kostað gífurlega fjármuni. Hvað halda menn að það hefði sparað mikla peninga í hafnargerð á Stokkseyri og Eyrarbakka ef brú yfir Ölfusárósa hefði verið komin 20 árum fyrr? Hefðu menn ekki staðið öðruvísi að uppbyggingu hafnarmannvirkja á þessari strandlengju ef menn hefðu vitað að brú kæmi yfir Ölfusárósa? Ég get nefnt svona dæmi um allt land. Þriggja km vegarspotti og ein lítil brú á strandlengju Eyjafjarðar hefðu sparað tugi ef ekki hundruð milljóna í hafnargerð á ónefndum stöðum o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Þess vegna spurði ég hæstv. samgrh. að mér finnst skipta máli að þegar tillögu er vísað til ríkisstjórnar eigi þm. rétt á því að vita hug viðkomandi ráðherra og ríkisstjórnarinnar til málsins, vita hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að salta það, stinga því ofan í skúffu og gleyma því eða hvort hún hefur áhuga á því og vilja til að sinna því. Það er það sem skiptir máli og ræður því hvort það er jákvæð eða neikvæð aðgerð í sjálfu

sér að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Það eru viðtökurnar sem þar skipta máli.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Hér er um að ræða samræmingarstarfsemi af því tagi sem er því miður meira og minna í molum hér á Íslandi. Ég nefni skipulagsvinnu. Nú fyrst er að komast skriður á og sæmileg tök á skipulagsvinnu hér á höfuðborgarsvæðinu, við Eyjafjörð og víðar. Menn eiga að skoða þau fordæmi og hugsa um samgöngumálin út frá því hvernig staðið er að skipulagsmálum þar sem margir þættir eru samræmdir undir eina stjórn. Sá tími kemur að menn öðlast skilning á þessu hér á Íslandi en hann er e.t.v. eitthvað undan ef marka má þá umræðu sem hér hefur farið fram. — Svo bið ég hæstv. forseta afsökunar á því að hafa nokkuð reynt á þolinmæði forsetans við fundarstjórnina.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. kvartaði undan því, eins og ég hef áður gert í þessum ræðustól og margir aðrir líka, að ráðherrastólarnir væru auðir. Ég hef verið að hugsa um eftir umræður um vantraust hvort það sé ekki ágætt að ráðherrar séu sem allra minnst í vinnunni ef það er þá tryggt að þeir eru ekki að gera eitthvað af sér einhvers staðar annars staðar á kostnað Alþingis.

En ég verð að segja eins og margir aðrir hér að ég harma þá fyrirlitningu sem kemur fram í orðum hv. 4. þm. Austurl. þegar hann talar um rusl. Hann er að tala um vinnu þína og vinnu mína, hv. þm., hann er að tala um þingheim, okkur öll, alla nema hann sjálfan. Hann talar um það rusl sem kemur frá ómerkilegum þingnefndum. Hann hefði betur farið í bankastjórastarfið eftir nokkra daga án þess að hafa sagt slík kveðjuorð til Alþingis og okkar sem starfsfélaga. En ég fagna því að hæstv. forseti gegndi skyldum sínum vel eins og vant er og gerði athugasemd við þetta orðbragð þó að hv. þm. á leiðinni í sæti sitt skildi ekki hvaðan á hann stóð veðrið.

En það sem hefur vakið athygli mína hér í umræðunum er það að enn þá einu sinni verðum við, stjórnarandstöðuþingmenn, að horfa upp á það að stjórnarþingmenn deila hart hver á annan og nú í þetta skipti ekki bara sín á milli um meðferð mála, um málið sjálft, heldur líka á forseta sameinaðs þings sem hefur til margra ára gegnt því embætti með mikilli prýði. Ég hef hvað eftir annað lýst ánægju minni með störf hans en aldrei heyrt deilt á störf hans sem forseta, hvorki í Ed. né í Sþ. Hann hefur verið okkur til sóma í öllum sínum störfum.

Þetta er náttúrlega ekki gott en undirstrikar svo ekki verður um villst að það er af brýnni nauðsyn sem ríkisstjórnin verður að leysa upp Alþingi og losna við þingræðið til þess að geta stjórnað sem algjört framkvæmdarvald án afskipta þjóðkjörinna fulltrúa, bara til þess að ráða við þau verk sem þeir hafa tekið að sér að vinna, fá að vera í friði fyrir sínum eigin stuðningsmönnum.

Það þarf ekki að vera neitt óeðlilegt við það að vegamál eða hvaða mál sem er fari til atvmn. Það getur vel verið að það sé einmitt hlutverk atvmn. að taka ákvörðun um uppbyggingu á viðkomandi stöðum, hvort sem það er í hafnargerð, vegagerð, flugvallargerð eða hvað annað sem er ef það er atvinnuspursmál á viðkomandi stöðum. Það þarf að leysa þann vanda á hinum ýmsu stöðum.

Ég vil segja við hv. flm. þessarar till. á þskj. 138, 133. mál, að ég skil þessa afgreiðslu þingnefndarinnar sem jákvæða, sem samþykkt á till. Það er ekki hægt að samþykkja hana á neinn annan veg. Það skiptir engu máli hvort verið er að rétta upp hönd með því fororði, með þeim texta, að till. sé samþykkt eða felld eða hvort hún er samþykkt á þann hátt sem farið er fram á í till. sjálfri, að verða vísað til ríkisstjórnarinnar. Hið síðarnefnda er eðlilegt vegna þess að það er enginn annar aðili sem ræður yfir þeim stofnunum sem geta framkvæmt það sem till. segir til um nema ríkisstjórnin. (**Gripið fram í:** Alþingi.) Alþingi hefur engar stofnanir til að framkvæma þetta. Alþingi getur skaffað peninga til að kosta menn til að framkvæma hana en ríkisstjórnin á vegum Alþingis, sem er framkvæmdarvald, hefur allar þessar stofnanir sem geta gert þessar áætlanir. (Gripið fram í.) Auðvitað markar Alþingi stefnuna með því að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega það sama því að í till. segir hér í upphafi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni“ o.s.frv. Alþingi sjálft, æðsta stofnun þjóðarinnar, er ekkert að vísa málum til ríkisstjórnarinnar til annars en að framkvæma samkvæmt tillögunni. Það er beðið um að Alþingi vísi þessu máli til afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á þann hátt sem þar segir og nefndin gerir tillögu um það, enda eðlilegt.

Alþingi getur markað stefnu og Alþingi er að marka stefnu hér skv. till. með því að vísa málinu til framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldið hefur á öllum þessum sviðum sérstakar stofnanir til að vinna einmitt þessa vinnu. Þessi vinna er unnin árlega á vegum framkvæmdarvaldsins en sér fyrir hverja grein, hún er ekki samræmd. Og það er það sem till. er að fara fram á, þ.e. að samræma þessi vinnubrögð. Nefndin hefur afgreitt till. jákvætt. Þegar ég rétti upp hönd og greiði atkvæði með nál. meiri hl. þá er ég að samþykkja að vísa till. í þann farveg sem till. sjálf og tillögumenn leggja til.

Þetta er afskaplega viðtæk hugmyndatillaga vegna þess að þetta er ekki ein till., þetta eru eiginlega tvö frv. Fyrri hl. till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna að samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar þannig að slíkar áætlanir fyrir einstaka landshluta og landið allt falli eðlilega saman í eina heild.“ Þetta er ein till. og gæti verið sérstakt frv.

Síðan kemur seinna frv.: „Stuðlað verði að samræmingu flutninga og flutningaleiða á landi, sjó og í lofti með opinberri stefnumörkun sem jafnframt taki mið af áformum um meiri háttar mannvirkjagerð, þróunarforsendum atvinnulífs og byggðasjónarmiðum.“

Þetta eru eiginlega tvö óskyld mál en þó það tengd að hægt er að hafa þetta svona. Þetta er það náskylt að það er hagræði í því að skoða bæði málin í einu því að sömu stofnanir yrðu tvímælalaust notaðar til þess og þarna kemur maður í veg fyrir tvíverknað ef hann er þá í myndinni.

Ég harma ástæðulaus ummæli sem féllu hér í garð okkar forseta Sþ. Ég fagna því að varaforseti sem nú gegnir störfum tók á málum eins og hún gerði og vítti viðkomandi. Ég lýsi stuðningi mínum við meirihlutaálit atvmn. sem ég skoða sem samþykki á till. og fyrirskipun frá Alþingi að framkvæma það sem tillögumenn fara fram á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 922 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 33 shlj. atkv.

Akstur utan vega, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 398. mál. — Þskj. 744.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um akstur utan vega, á þskj. 744. Með mér eru flm. að þessari tillögu hv. þm. Friðjón Þórðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Árni Gunnarsson og Óli Þ. Guðbjartsson.

Eins og fram kemur í þessari upptalningu standa að till. þessari þm. úr öllum þingflokkum hér á Alþingi. Það mál sem hér er rætt hefur því breiðan stuðning. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum til að gera úttekt á akstri torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða til að koma í veg fyrir náttúruspjöll af þessum sökum.

Tillögur nefndarinnar skulu m.a. fela í sér æskilegar breytingar og samræmingu á lögum um akstur utan vega, svo og drög að reglum um sama efni.

Nefndin skal hafa samband við ráðuneyti, stofnanir og félagasamtök sem málið einkum varðar.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi skýrslu til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Brýn nauðsyn er á því að marka skýra stefnu um akstur utan þjóðvega og um eftirlit með settum reglum. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á auðu landi fylgi eingöngu viðurkenndum og merktum slóðum, hvort sem um er að ræða fjallabíla, jeppa eða léttari tæki eins og fjórhjól, þríhjól og bifhjól. Ákveðin svæði á landinu ætti að friða algerlega fyrir umferð vélknúinna ökutækja og banna að leggja þar akslóðir.

Athuga þarf sérstaklega um heimildir til innflutnings og sölu ökutækja sem stefnt er gegn viðurkenndum náttúruverndarsjónarmiðum. Sama gildir um skráningu tækja og aldursmörk fyrir ökumenn þeirra.

Akstur vélknúinna tækja utan vega er orðinn mikið vandamál hérlendis. Þar er um að ræða, eins og fram hefur komið, fjórhjóladrifna bíla, vélsleða, fjórhjól og þríhjól, svo og mótorhjól. Stöðugt bætast við á markaði nýjar gerðir ökutækja sem ekki síst eru ætluð til aksturs á vegleysum.

Ísland er óvenju opið og varnarlaust gagnvart slíkum tækjum. Skóglendi hindrar hér óvíða umferð þeirra. Landið er strjálbýlt og því erfitt um eftirlit. Víðáttur á hálendi eru miklar og auðvelt að komast þar út fyrir slóðir og aka um sanda og gróðurteygingar. Víða í grennd við þéttbýli er einnig unnt að komast á þessum tækjum um úthaga og útivistarlönd. Þessar aðstæður kalla á sérstök viðbrögð hérlendis ef við viljum koma í veg fyrir að landið verði úttraðkað af ökutækjum og tryggja að sæmileg friðsæld haldist í náttúrunni.

Löggjöf hérlendis er mjög gloppótt og mótsagnakennd varðandi þessi efni. Það á m.a. við um nýsett umferðarlög sem gera ráð fyrir sérstökum svokölluðum „torfærutækjum" sem ekki má aka á vegum á sama tíma og akstur að nauðsynjalausu utan vega og merktra slóða er bannaður samkvæmt náttúruverndarlögum.

Inn í landið eru þannig flutt og hér skráð tæki sem ekki má nota lögum samkvæmt nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þetta á m.a. við um fjórhjól, en um 1250 slík tæki voru flutt inn og seld hér á árunum 1986 og 1987 og sala þeirra hafin áður en nokkur ákvæði voru í lögum um notkun þeirra, skráningu og reglur varðandi aldur þeirra sem hefðu heimild til að aka slíkum tækjum. Þessi tæki, ekki síður en jepparnir og kannski enn frekar, hafa valdið miklum náttúruspjöllum og auk þess hafa orðið mörg og alvarleg slys vegna notkunar þeirra þann stutta tíma sem þau hafa verið hér á landi í notkun.

Ég leitaði til landlæknisembættisins við undirbúning þessarar tillögu og fékk þar upplýsingar um að veruleg brögð hefðu orðið að slysum — og það alvarlegum slysum — vegna notkunar fjórhjóla, bæði vegna ákeyrslu en eins vegna skakkafalla og bakfalla þeirra sem þessum tækjum stýra. Þarna er m.a. um að ræða hryggbrot, höfuðkúpubrot, fótbrot og annað af því tagi, sem betur fer ekki dauðaslys svo mér sé kunnugt um. Og enn er að bætast í þetta safn því að fyrir fáum dögum sá ég fregn um alvarlegt slys af völdum fjórhjólaaksturs.

Á náttúruverndarþingi sem haldið er þriðja hvert ár — það síðasta haustið 1987 — voru samþykktar ályktanir varðandi fjórhjól sérstaklega og almennt

um akstur utan vega. Þetta náttúruverndarþing, þar sem um er að ræða breiða þátttöku bæði áhugafólks og embættismanna, ályktaði um það að skora á stjórnvöld og Alþingi að banna sölu og dreifingu torfærutækja eins og fjórhjóla og framfylgja ákvæðum laga varðandi akstur þeirra torfærutækja sem þegar hafa verið flutt til landsins. Einnig vakti þingið í sérstaktri ályktun athygli stjórnvalda á þeim stórfelldu og stundum óbætanlegu spjöllum sem umferð þessara tækja getur valdið á gróðri, jarðmyndunum og dýralífi. Þingið hvatti til að sett yrði reglugerð um akstur utan vega almennt og hert yrði eftirlit með umferð vélknúinna tækja í óbyggðum árið um kring.

Nú er rétt að vekja athygli á því, virðulegi forseti, að fjölmiðlar hafa vissulega greint frá tjóni af völdum svokallaðra „torfærutækja", þá að jeppum meðtöldum. En því miður gerist það einnig og kannski oftar að fjölmiðlar falla í þá gryfju að varpa eins konar hetjuljóma á fólk sem leggur upp í leiðangra með vélaherfylki um landið þvert, þar á meðal um viðkvæmar gróðurvinjar hálendisins. Það er eins og enginn muni eftir því að verið er að brjóta lög og reglur með slíkum akstri og rista spor í landið sem getur tekið áratugi og jafnvel aldir að bæta.

Þessi tillaga, herra forseti, gerir ráð fyrir því að sérstök milliþinganefnd skipuð fulltrúum úr öllum þingflokkum fjalli um akstur utan vega og um þau vandamál sem honum tengjast og móti tillögur til úrbóta. Hér er um það margþætt mál að ræða að nauðsynlegt er að vönduð úttekt fari fram og samráðs sé leitað við hlutaðeigandi við mótun tillagna. Þar þurfa til að koma að mati flm. náttúruverndaraðilar eins og Náttúruverndarráð, ferðamálaaðilar, þar á meðal Ferðamálaráð og Umferðarráð, Vegagerð ríkisins, svo og að sjálfsögðu ráðuneyti, sveitarstjórnir og ýmsar stofnanir, en einnig samtök bænda sem nota tæki sem hér eru nefnd í atvinnurekstrarskyni margir hverjir, og einnig félög tækjaeigenda sem stofnað hafa með sér samtök og klúbba um þá íþrótt — ef rétt er að kalla torfæruakstur því nafni — og bera saman bækur sínar. Við alla þessa aðila er sjálfsagt að hafa samráð við meðferð málsins á vegum þeirrar milliþinganefndar sem lagt er til að kosin verði skv. tillögu þessari.

Þar sem hér er um að ræða umhverfismál, herra forseti, sem meginkjarna þessarar till., legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

Umræðu frestað.

Um þingsköp.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það sér nú á ýmsu að það er farið að vera dálítið mikið að gera hér á hv. Alþingi, sem m.a. kemur fram í því að þingnefndir eru kallaðar til starfa á sama tíma og hv. Sþ. er hér að störfum.

Ég óska beinlínis eftir úrskurði hæstv. forseta um það hvort þingmenn eigi frekar að mæta á fundum deildanefnda eða annarra nefnda eða sitja hér á fundi í hv. Sþ. Það hefur verið boðað til fundar nú á þessum tíma í landbn. Ed. Ég sé að auk mín er hv. 6. þm. Vesturl. hér staddur líka. Sá hv. þm. hefur því talið eðlilegra að mæta hér á fundi í Sþ. en að mæta á nefndarfundi. Ég hef frétt af því að það sé þegar búið að boða fund kl. 2 í fjh.- og viðskn. Ed. Ég vil þá líka spyrja hæstv. forseta ef þannig heldur áfram að þm. eru kallaðir á nefndarfundi: Á að halda hér fundi áfram í Sþ. þrátt fyrir það?

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Hv. 4. þm. Vesturl. veit það sem þingheimi er kunnugt um að nú eru síðustu dagar þingsins. Hann veit líka að það er venja að það er mikið annríki á síðustu dögum þingsins og hann veit að það er ekkert óvenjulegt að það séu fleiri en einn fundur í einu meðan á slíku annríki stendur. Auðvitað er það ekki af hinu góða, en það verður stundum ekki komist hjá því.

Forseta þykir rétt að gefa þeim hv. þm. sem hafa forræði fyrir málum sem eru á dagskrá tækifæri til að mæla fyrir þeim með tilliti til þess að svo kann að vera að það sé eina tækifærið á þessu þingi, því að þinginu verður ekki frestað þó að ekki sé búið að mæla fyrir öllum þingsályktunartillögum.

Spurning hv. 4. þm. Vesturl. var um það hvað hv. þm. ættu að gera þegar þeir væru kvaddir á nefndarfundi þegar þingfundur stendur yfir. Svarið við því er að það hlýtur að vera lagt í vald hvers einstaks þm. hvað hann telur þýðingarmest og hvernig hann gegnir þingskyldum sínum best í hverju einstöku tilfelli.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar um að það er von að þingheimur sé kannski farinn að verða svolítið ruglaður yfir þinghaldinu og menn fýsi mjög að fá vitneskju um það hvað er fram undan.

Nú er mér kunnugt um að virðulegur forseti hefur boðað þingflokksformenn á sinn fund kl. 2 og vonandi skýrist þar hvert áframhaldið verður. Hins vegar er ljóst að hnúturinn í þinghaldinu mun verða virðisaukaskatturinn og vonandi hefur nú fengist einhver botn í það mál, hvort það er hugmyndin að keyra það mál í gegn á þessu þingi eður ei.

Í dagblöðunum undanfarið hefur verið vitnað í suma stjórnarþm. um það að þinghaldið geti allt eins

dregist fram undir 20. maí. Síðan standa eftir orð hæstv. forsrh. sem á fundi um daginn með okkur þingflokksformönnum og forsetum þingsins talaði um að þinglausnir gætu orðið 6.–7. maí. Vonandi fæst úr þessu skorið nú á eftir. En það er ljóst að ef þinghald dregst fram undir 20. maí er fundur sem þessi hér í dag alveg óafsakanlegur.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þá hugulsemi að hugsa þannig til þm. að þm. fái aðstöðu til að mæla fyrir sínum málum áður en þing fer heim. En ég fæ ekki skilið að það þurfi endilega að falla heim og saman við það að þannig sé stillt upp málum hér á hv. Alþingi að það séu í gangi nefndarfundir á sama tíma og hér eru fundir í hv. Sþ. Ef þannig á að vera og ef það er eingöngu til þess að þm. fái að koma sínum málum hér til 1. umr. en stór hluti þm. á að vera á nefndarfundum á sama tíma og hér eru lögð fram mál til umræðu fæ ég ekki betur séð en að Sþ. sé ekki orðið annað en afgreiðslustofnun þar sem menn fá að vísu að mæla fyrir sínu máli, en um þau er ekki fjallað á eðlilegan máta.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseta þykir ekki ástæða til þess að bæta neinu við það sem sagt var hér rétt í þessu um ástæðurnar fyrir því að það eru stundum önnur vinnubrögð í lok þings vegna annríkis. Allir hv. þm. vita þetta og hér er ekki um neitt óvenjulegt að ræða við þær kringumstæður sem skapast í mesta annríki síðustu daga þings.

Hér er enginn neyddur til þess að tala fyrir málum sem eru á dagskrá og ekki heldur hv. 4. þm. Vesturl. Hann þarf ekki að tala fyrir máli. En það er ekki rétt sem hann gaf í skyn að það væri ekki eðlileg meðferð hér á þeim málum sem talað væri fyrir. Það er nákvæmlega sama meðferð og venjulega er. Það skal tekið fram og það vita menn að þó ekkert annríki sé í þinginu eru oft ekki fleiri en nú viðstaddir í Sþ. þegar umræður fara fram og kannski örfáir í Alþingishúsinu. En hér eru nú upp undir 50 þingmenn í húsinu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta að það er mjög algengt á þessu þingi að fáir séu í þingsalnum. Einkum er það mjög algengt að það séu fáir stjórnarliðar. Yfirleitt er það í forsæti sem sitja einhverjir stjórnarliðar, ritarar og aðalforseti gjarnan. Svo er einn og einn stjórnarsinni í salnum. Það er t.d. einn og hálfur núna og tveir eftir að hv. þm. Níels Árni Lund er kominn allur inn í salinn. Þetta er algengt og hefur verið svona í allan vetur.

Það breytir hins vegar ekki því að ég kannast ekki við að til sé neitt sem heitir samkomulag um að það sé komið undir þinglok. Ég hef, eins og hæstv. forseti orðaði það, að vísu lesið það eftir hæstv. forsrh. að það standi til að ljúka þingi 5., 6. eða 7. maí, eftir viku eða svo. En mér er ekki kunnugt um að frá neinum hlutum hafi verið gengið í þeim efnum.

Ég lýsi því yfir að ég hef verið boðaður t.d. á fund í fjh.- og viðskn. Ed. til að afgreiða mjög mikilvægt stjórnarfrv. núna á eftir, kl. 2. Mér er kunnugt um að landbn. Ed. hefur líka verið boðuð til fundar á þessum sama tíma. Mér er kunnugt um það að hæstv. forseti hefur boðað til fundar við sig formenn þingflokka, trúi ég, og forseta þingsins á þessum sama tíma. Það er því bersýnilegt að þeir þm. sem láta þó svo lítið að vera hér í salnum núna verða flestir gufaðir upp á nefndarfundi eftir tæpa þrjá stundarfjórðunga. Það er því augljóst mál að hér er ekki með neinum venjulegum hætti hægt að halda áfram þingfundi í dag.

Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég óska eftir því að stjórnarliðið geri það upp við sig hvort verið er að fara fram á það við mann að maður sé á þingfundi eða nefndarfundi því að það verður að liggja þannig að menn geri þetta upp við sig. Það er ekki nokkur leið að gera til þess kröfu til okkar stjórnarandstæðinga að við séum hlaupandi eins og útspýtt hundskinn á milli nefndarfunda og þingfunda. Og það er ekkert sem rekur á eftir. Menn eru hér á kaupi allt árið. Ég sé ekki að það liggi neitt á að fara að slíta þessu þingi hér næstu daga. Hæstv. forseti hefur ekki greint mér eða öðrum þm. frá hinni brýnu nauðsyn til þess að það verði farið að rjúka til þess núna næstu daga að slíta þinginu. Ég hef ekki frétt af þeirri brýnu nauðsyn. Ég skrifa ekki upp á það að það sé nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að losna við þm. sína, alla þessa Ólafa Þórðarsyni sem eru einlægt að gera stjórnarflokkunum óleik í ýmsum málum. Ég tel það ekki brýna nauðsyn frá almennu sjónarmiði séð þó það sé auðvitað skiljanlegt frá sjónarmiði þm. Framsfl., en það er annar handleggur.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseta þykir ekki ástæða til þess af hans hálfu að fjölyrða frekar um þetta. Hann gerði það hér rétt áðan. Hv. 7. þm. Reykv. var ekki hér viðstaddur þegar þau orð voru sögð. En það skal tekið fram að öðru leyti í tilefni af því sem þessi hv. þm. sagði, að fyrir nokkrum dögum héldu forsetar þingsins fund með forsrh. og formönnum allra þingflokka. Þá var fjallað um þingstörfin, þinghaldið til þinglausna og við það miðað að ljúka þingi 6. eða 7. maí. Auðvitað var gert ráð fyrir að þetta væri til frekari meðferðar og athugunar og það er rétt sem hv. 7. þm. Reykv. sagði að forseti hefur boðað formenn allra þingflokka til fundar nú kl. 2 til þess að ræða nánar um þinghaldið. En það sem þar skeður breytir engu um það að þessum fundi verður haldið áfram ef menn óska eftir að mæla fyrir sínum málum og þá verða þau líka tekin til umræðu.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir þar sem svo vill til að ég er 1. flm. dagskrármála nr. 7 og nr. 16, að

ég mun ekki geta mælt fyrir þeim á sama tíma og ég sit á fundum í nefndum í dag.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):
Það er ekki ástæða til þess að gera athugasemdir við orð hv. 7. þm. Reykv. því enginn getur í senn verið nema á einum stað og ekki heldur hv. þm. En forseti svaraði fsp. hv. 4. þm. Vesturl. hér í upphafi þessarar umræðu um þingsköp á þá leið að það yrði að leggja í vald hvers og eins þm. hvar hann teldi að hann þjónaði skyldu sinni við Alþingi best við þessar kringumstæður.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Ég kann satt að segja ekki við þessa niðurstöðu forseta. Hv. þm. gerir það upp sig hvar hann sinnir sínum þingskyldum best. Skv. lögum — en þingsköp eru lög — er það þannig að okkur er skylt að sækja þingfundi nema lögleg forföll hamli. Sömuleiðis er okkur skylt að sækja nefndarfundi nema lögleg forföll hamli. Hvort er gildara í þessu efni, að sækja þingfund eða nefndarfund? Hvor skyldan er ríkari á herðum þm.? Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að stjórn þingsins geri það upp við sig hvorum megin menn eiga að vinna í dag þegar það stendur fyrir dyrum að halda hér fundi í fjölda nefnda á eftir. Ég kann ekki við það að menn séu hér slugsandi á milli herbergja til þess að reyna að mismuna í gegn málum ríkisstjórnarinnar sem eru auk þess misjafnlega vinsæl, a.m.k. frá okkar bæjardyrum séð. Ég vil að það sé alveg skýrt formlega hver sé skylda þm. í þessu efni. Á hann að sækja nefndarfund? Á hann að sækja þingfund? Það er óhjákvæmilegt að fá um það nokkra niðurstöðu því að það gengur ekki að segja að menn geri það bara upp við sig hvorum megin hryggjar þeir liggja.

Akstur utan vega, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 398. mál. — Þskj. 744.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:
Herra forseti. Ég kem hér aðeins til að lýsa stuðningi okkar kvennalistakvenna við þá till. sem hér var flutt áðan að frumkvæði hv. 2. þm. Austurl. Ég vil aðeins minna á örfá atriði varðandi þá till. sem hér er flutt, um akstur utan vega. Það er nauðsynlegt að komið verði á reglum um það hvað er leyfilegt í þeim efnum. Þó vildi ég fyrst af öllu telja til að ég tel að bætt vitund fólks og vitneskja um umhverfið og umgengni við náttúruna sé ein meginforsenda þess að auka skilning fólks á því hvaða skaða það er að valda með akstri utan vega. Í því sambandi vil ég minna á till. sem flutt var hér í haust af þingflokki Kvennalistans, um umhverfisfræðslu fyrir bæði almenning og innan skólakerfisins.

Það kom ýmislegt athyglisvert fram í máli hv. flm., t.d. varðandi þá miklu slysahættu sem slíkum akstri fylgir. Ég held að það sé kominn tími til, eins og dæmin sanna, að reynt verði að breyta því hugarfari hjá fólki í landinu að það líti á ökutæki sem leikföng. En það virðist því miður vera útbreitt viðhorf og slysin hljótast af því eitt af öðru vegna þess að litið er á ökutækin sem einhvers konar leikföng.

Ég ætlaði sem sé aðeins að lýsa yfir stuðningi okkar við þessa till. og ég vona svo sannarlega að þingið beri gæfu til að samþykkja till. okkar um umhverfisfræðslu núna áður en þingi lýkur. Miðað við þann hraða sem virðist eiga að vera á afgreiðslu stórra stjórnarfrv. sýnist mér leikur einn að ganga frá því að afgreiða þá till. sem hér var mælt fyrir áðan.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegi forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur við þessa till. Ég vænti þess hins sama og fram kom í hennar orðum að þingið geti fjallað um þetta þó að skammur tími sé væntanlega til þingloka og að sú nefnd sem ég lagði til að fengi tillöguna til meðferðar nái að afgreiða hana til þingsins á nýjan leik. Ég á ekki von á því að hér sé um ágreiningsmál að ræða. Hér er ekki flokkspólitískt mál á ferðinni eins og kemur fram í breiðum stuðningi margra flm. á þessari till. og það skiptir verulegu máli að sú vinna sem þarna er gert ráð fyrir að unnin verði á vegum milliþinganefndar hefjist fyrr en seinna.

Það hefur ekki farið mjög mikið fyrir fregnum af fjórhjólaakstri nú að undanförnu. Ástæðan er vafalaust sú að notkun þessara tækja hefst fyrst og fremst þegar fer að vora. Vísa ég í því sambandi til margra frétta sem voru í sumarbyrjun fyrir ári varðandi akstur fjórhjóla.

Ég vil aðeins nefna það hér að öðru hverju er að finna í blöðum ósmekklega hvatningu til notkunar á tækjum af þessu tagi sem í rauninni hafa ekki lagastoð. Hér hef ég fyrir framan mig sem dæmi auglýsingu úr Morgunblaðinu 26. apríl 1988 frá Fjárfestingarfélaginu undir fyrirsögninni „Sagan um Sigvalda og fjórhjólið". Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa lesið þessa auglýsingu. Hún er einmitt dæmi um furðuleg uppátæki aðila sem standa að slíku. Hér er fjórhjól dregið inn í ávöxtun fjár með mjög einkennilegum hætti. Það er sagan af Sigvalda sem gerð er að uppistöðu sem virðist vera nokkuð vel stæður því að hann gaf konu sinni, sem reyndar starfaði utan heimilis, Toyota Corolla bíl fyrir utan það að hann keypti sjálfum sér Mercedes. Síðan segir síðla í þessum texta eftir að hann hafði reitt af hendi myndarlegar upphæðir fyrir þessi tæki: „Þar af leiðandi átti hann eftir 820 422 kr. sem nægðu honum til að gefa Jónasi dóttursyni sínum splunkunýtt fjórhjól í fermingargjöf." Nú gera umferðarlög að vísu ekki ráð fyrir því að unglingar undir 15 ára aldri fái leyfi til að aka þessum tækjum. En hérna er

með þessum ósmekklega hætti verið að hvetja til fermingargjafa á þessu leikfangi. Raunar veit ég það að á síðasta ári var nokkuð um það að börn fengju fjórhjól í fermingargjöf. Það kom fram í blöðum og var viðurkennt opinberlega að nokkuð væri um slíkt.

Ég treysti því, virðulegi forseti, að hv. félmn., fái hún málið til meðferðar, sjái sér fært að afgreiða þetta mál til þingsins fyrir þinglok.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir, um akstur utan vega, er mjög tímabær og á rétt á sér. Ég vil þakka flm. hennar fyrir að leggja hana hér fram. Þessi mál hafa orðið æ meira vandamál með árunum og kemur þar til aukinn fjöldi vélknúinna tækja sem notuð eru utan vega.

Ég hef orðið mjög var við þetta þar sem ég hef stundað svokallaða útiveru í fjölmörg ár. Þetta hefur verið mjög til baga og ama að sjá þessi tæki víða um hálendið og jafnframt hér í skíðalöndum í góðu veðri. Það fer ekki á milli mála að akstur utan vega á fjórhjólum hefur skaðað mjög náttúruna og eyðilagt. Maður sér merki þess víða þar sem maður fer um. Þegar maður er búinn að ganga hér um fjöll og firnindi rekst maður á þessi tæki þar sem þau hafa verið að spóla upp fjöll og börð. Það er því mjög mikilvægt að tekið verði á þessum málum þannig að akstur þeirra sé settur í einhvern ákveðinn farveg.

Þá er það atriði sem hv. 2. þm. Austurl. kom réttilega inn á, þ.e. slys á þessum tækjum. Þau hafa orðið mjög alvarleg og eiga vafalaust eftir að verða enn þá alvarlegri með tímanum. Það er áhyggjuefni þegar maður sér smábörn vera að aka bæði á fjórhjólum og á snjósleðum, geysast á miklum hraða þannig að ekki er útséð um hvernig sú ferð getur endað.

Það er mjög mikilvægt að það séu líka reglur um það hverjir megi stjórna slíkum tækjum og þeim sé fylgt. Það hlýtur að þurfa að tryggja það ekki síður en akstur á bifreiðum að þeir sem stjórna þeim séu komnir á þann aldur að ætla megi að þeir valdi því og hafi til þess þekkingu.

Ég hef margoft í gegnum árin, eins og ég sagði áðan, orðið vitni að því að akstur tækja utan vega hafa raskað náttúrunni að ástæðulausu. Fyrr á árum var e.t.v. ekki eins mikið um þetta og núna því þá voru það fyrst og fremst bifreiðar með fjórhjóladrif sem hægt var að aka utan vega. Þær fóru ákveðnar vegarslóðir og ekki mikið út fyrir það. En á síðari árum hefur bæði vegagerð og orðið betri og því auðveldara að komast til þeirra staða sem áður var útilokað að keyra til og hitt að fjórhjóladrifsbílum, fjórhjólum og snjósleðum hefur fjölgað allverulega. Mikill fjöldi fólks á slík ökutæki og hefur að sjálfsögðu áhuga á að nota þau. En það þarf greinilega að fylgjast betur með þessu og framfylgja því að þessi akstur verði ekki til þess tjóns á landinu sem hann hefur oft orsakað.

Ég held einnig að það megi hafa miklu strangara eftirlit með þessum akstri en verið hefur. Ég tek undir bæði það sem stendur hér í grg. og sumt af því sem stendur í tillögu Náttúruverndarráðs um akstur og umgengni í óbyggðum. Það er ljóst að náttúra landsins er viðkvæm og það þarf að passa mjög vel upp á að á henni verði ekki gerð þau spjöll sem erfitt er að lagfæra. En mörg af umhverfisspjöllum sem hafa verið gerð með þessum hætti í óbyggðum er erfitt að lagfæra eða bæta nokkru sinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þetta hefur komið upp á náttúruverndarráðsþingum og ég tel að við eigum að taka mark á því og reyna að beita kröftum okkar í að búa út reglur og framfylgja þeim þannig að þetta verði ekki það vandamál sem það er að verða.

Það er því ósk mín að þetta mál fái framgang á þessu þingi og það verði svo að hæstv. dómsmrh. beiti sér um það að gerðar verði reglur um akstur þessara tækja og þá þannig að það verði miklu harðari og betri reglur og lög um þetta en hefur verið.

Ég vil svo að lokum vona að þetta þing muni afgreiða þetta mál þannig að það verði hægt að taka á þessu máli sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendingar veðurfregna, fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 420. mál. — Þskj. 770.

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 770 um útsendingar veðurfregna. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Borgarafl. Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson og Guðmundur Ágústsson.

Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að beita sér fyrir því að veðurfregnir verði í framtíðinni sendar út samtímis á öllum útvarpsstöðvum og rásum þeirra."

Herra forseti. Það er skoðun flm. að með því að koma upp samtengingu veðurfregna frá öllum útvarpsstöðvum sé stigið stórt skref í öryggismálum þegnanna.

Það er nánast sama hvar gripið er niður í þjóðfélaginu í dag, alls staðar má segja er opið fyrir útvarp, enda orðin mikil breyting hvað þau mál varðar síðustu árin með fjölgun útvarpsstöðva. Þess vegna er veruleg hætta á því að veðurfregnir fari fram hjá mönnum sem alls ekki ættu að láta slíkt henda sig. Nægir að benda á sjómenn, þá aðila í þjóðfélaginu sem hvað síst mega við því að missa af veðurfregnum. Með slíkri samtengingu veðurfregna, sem hér er farið fram á, er reynt að koma í veg fyrir að nokkur maður sem á annað borð er með opið fyrir útvarp missi af veðurfregnum.

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að nefna dæmi slíkri till. til stuðnings, einfaldlega vegna þess að ég tel ekki nauðsyn á því. Sjálfum finnst mér að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða að þingmenn hljóti að veita því brautargengi.

Ég vil að það komi fram hér í umræðunni að eins og menn vita sendir Ríkisútvarpið út viðamiklar veðurfregnir sem er eðlileg þjónusta ríkisfyrirtækis, en hins vegar ekki samtímis á báðum rásum. Ég vil einnig að það komi skýrt fram að það er skoðun *mín* að ekki eigi að skikka aðrar útvarpsstöðvar til slíkrar þjónustu heldur verði leitað leiða til að ná fram slíkri þjónustu án lagasetningar eða kvaða. Ég tel að um þetta megi ná samstöðu hinna frjálsu útvarpsstöðva, í það minnsta er það tilraunarinnar virði.

Ég hef talað við fulltrúa hinna frjálsu útvarpsstöðva og voru þeir í raun ekki par hrifnir af þessari till. sumir hverjir þó þeir tækju fyllilega undir öryggissjónarmiðið. Hins vegar kom fram í þeim viðræðum óánægja með þjónustu Veðurstofunnar sem þeir töldu eyða allt of miklu púðri í veðurfræði en of litlu í veðurspár. Ég varpa þessu fram til umhugsunar. Þeir lýstu hins vegar fullum vilja á að ræða málið og vildu alls ekki þvertaka fyrir að hægt væri að komast að niðurstöðu.

Ég tel að ef til þess kæmi að veðurfregnum yrði útvarpað samtímis á öllum rásum yrði Veðurstofan að vinna miklu styttri og hnitmiðaðri veðurspár en nú er gert, spár er tækju helst ekki lengri tíma í flutningi en þrjár mínútur og í hæsta lagi fimm mínútur. Fyrir slíka þjónustu yrði síðan að greiða útvarpsstöðvunum.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þetta ekki lengra. Ég óska eftir því að að lokinni umræðu verði till. send hv. menntmn. til umsagnar og 2. umr.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég tek undir efni þessarar till., en um leið langar mig til að vekja athygli á þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í sambandi við útsendar veðurfregnir, þ.e. á hvaða tíma þær eru sendar út og hvaða tíma veðurfræðingar hafa til að undirbúa útsendingu veðurfregna.

Nú þegar flestir Íslendingar eru orðnir sínir eigin veðurspámenn eftir að hafa fengið veðurspána og veðurútlitið í sjónvarpsmynd inn í stofu til sín, a.m.k. einu sinni á dag, gera menn sér grein fyrir því hvað veðurstaðan umhverfis Ísland getur verið breytileg og hvað nauðsynlegt er að veðurfregnirnar séu sem nákvæmastar og að þær upplýsingar sem veðurfræðingar hafa með höndum séu sem best unnar. Sú umræða hefur verið í gangi að veðurfregnirnar séu sendar of fljótt út miðað við þær upplýsingar sem Veðurstofan fær. Ég er því miður ekki með þau gögn í höndunum sem æskileg væru í sambandi við þessa umræðu. Ég hefði búið mig betur undir umræðuna ef ég hefði gert ráð fyrir því að umræða um þessa till. yrði nú. Páll Bergþórsson veðurfræðingur hefur í ræðu og riti talið æskilegt að veðurfregnirnar væru sendar út á öðrum tíma en núna er gert og byggt þá skoðun sína á því að með því að færður væri til veðurfregnatíminn mundu veðurfregnirnar sem við fáum daglega vera miklu öruggari.

Ég vildi aðeins grípa tækifærið í umræðu um þessa till. til að benda á þennan þátt og undirstrika hvað veðurfregnirnar, upplýsingar um veður á landinu, eru mikilsverður þáttur í okkar lífi, bæði í sambandi við það að nýta okkar aðstöðu í landinu til landbúnaðar og til sjávar og svo til þess að veðurfregnirnar séu sem öruggastar til þess að forða slysum.

Löggjöf um forskólastig og uppbygging dagvistarheimila, fyrri umr.

Þáltill. HG, 437. mál. — Þskj. 787.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um löggjöf um forskólastig, en till. þessa flyt ég og hana er að finna á þskj. 787. Heiti till. er: Þáltill. um löggjöf um forskólastig og áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana.

Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd til að undirbúa frv. til l. um forskólastig og framkvæmdaáætlun til tíu ára um uppbyggingu dagvistarstofnana með það að markmiði að öll börn á aldrinum 1–6 ára öðlist rétt á góðri dagvistun með uppeldi og menntun við hæfi. Í nefndinni verði fulltrúar frá öllum þingflokkum, en einnig verði leitað eftir tilnefningu á fulltrúum í nefndina frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Fóstrufélagi Íslands.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Þetta er texti till. Meginstefnumörkunin, sem felst í þessari till., er sú að litið verði á aldursstigið neðan grunnskóla frá þeim tíma að fæðingarorlofi foreldris lýkur og til þess tíma að skólaskylda hefst, að það tímabil í þroskaskeiði barnsins verði litið sem sérstakt skólastig, forskólastig, og öll börn í landinu eigi rétt á, ekki skyldu heldur eigi rétt á, dvöl á góðri skólastofnun, dagvistarstofnun, á þessu aldursskeiði.

Hinn þáttur till. snýr að áætlun um uppbyggingu stofnana fyrir þetta skólastig á grundvelli þeirrar löggjafar sem till. gerir ráð fyrir að sett verði um forskólastigið.

Það er kannski svolítil hætta á því vegna þess að nafngiftir hafa verið nokkuð á reiki varðandi þetta aldursstig og stofnanir þar að lútandi að menn átti sig ekki strax á því um hvað þetta snýst. Ég ræddi við marga aðila sem starfa á dagvistarheimilum og uppeldisstofnunum fyrir börn við undirbúning þessa máls og niðurstaðan varð sú að halda sig við þetta heiti „forskólastig“. Starfandi hafa verið skólar fyrir

börn undir skólaskyldu sem kallaðir hafa verið forskólar og eru reyndar yfirleitt í því formi að bætt er við bekk neðan grunnskóla fyrir sex ára börn og í nokkrum tilvikum fyrir fimm ára börn og kallaðir forskólar. Ég tel að það eigi ekki að koma í veg fyrir það að tala um forskólastig í þessu samhengi.

Örar þjóðfélagsbreytingar valda því að aðstaða barna er nú öll önnur en áður var. Stórfjölskyldan er að heita má úr sögunni og við hafa tekið kjarnafjölskyldur þar sem börnum fer fækkandi. Fjöldi barna elst upp hjá einstæðu foreldri, oftast mæðrum. Konum hefur fjölgað óðfluga á vinnumarkaði og þær eru ómissandi fyrir atvinnulífið. Þjóðfélagið hefur hins vegar ekki brugðist við þessum breytingum með viðunandi hætti þar sem börnin eiga í hlut.

Í því sambandi skiptir mestu uppbygging góðra dagvistarheimila út frá uppeldislegum og félagslegum sjónarmiðum þannig að litið sé á þroskaskilyrði barnsins í samfellu frá byrjun. Því þarf að móta löggjöf um forskólastigið ekki síður en um grunnskólann.

Það er að mínu mati löngu úrelt sjónarmið að dagvistarheimili séu einhvers konar neyðarbrauð fyrir börnin. Undir það sjónarmið er tekið af flestum sem um þessi mál fjalla og tengdir eru þessum málum. Uppeldislegt gildi góðra dagvistarstofnana er löngu viðurkennt og því eiga þær ekki aðeins að vera opnar fyrir börn þeirra sem stunda nám eða vinna utan heimilis heldur einnig fyrir börn heimavinnandi foreldra.

Heimilið verður að sjálfsögðu áfram kjölfestan í uppeldi barnsins, en á góðum dagvistarstofnunum er hægt að þroska aðra þætti ekki síður en leitast er við að gera í grunnskólum. Þar á börnunum að gefast kostur á að vera innan um jafnaldra sína og njóta handleiðslu fullorðinna með sérþekkingu á uppeldismálum. Því yngra sem barnið er þeim mun mikilvægara er að vel takist til um uppeldi þess og persónuþroska. Börnin eru sú auðlind sem mestu skiptir fyrir hverja þjóð að vel sé að hlúð. Því á það að vera réttur hvers barns og forráðamanns þess að eiga kost á forskóla fyrir barnið með vel menntuðu starfsliði og sá réttur ætti að vera jafnsjálfsagður og skóli frá sjö ára aldri.

Þessi mál eru hérlendis og vissulega víða erlendis ekki í því horfi sem skyldi. Því er nauðsynlegt vegna barnanna og framtíðarinnar að hið fyrsta verði gert samstillt átak í dagvistarmálum.

Í gildi eru um þessi efni lög frá árinu 1973, en það eru fyrstu lögin sem taka á dagvistarmálum nokkuð heildstætt og varða þátttöku ríkisins í stofnkostnaði vegna dagvistarheimila og vegna reksturs dagvistarheimila. En það var þó miklu fyrr sem farið var að hyggja að þessum málum af hálfu áhugasamtaka, fyrst hér í höfuðborginni að ég hygg á árunum upp úr 1920 og síðan komu sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg inn í þau mál.

Ég vil minna á það hér án þess að fara að rekja sögu þessara mála að á árinu 1946 kom fram, að ég hygg, fyrsta frv. sem tengist þessu máli. Það var flutt af þáverandi þingmanni Katrínu Thoroddsen á aðalþinginu 1946 og bar heitið „Um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs." Það er svo merkilegt að í þessu frv., sem flutt er af Katrínu á árinu 1946, er í raun að finna þá hugsun sem er fram borin skv. þessari till.

Hún gerir ráð fyrir mikilli þátttöku opinberra aðila í uppbyggingu dagvistarheimila, að ríkissjóður greiði 50% stofnkostnaðar og bæjar- eða sveitarfélag hinn hlutann og að ríkið taki þátt í rekstrarkostnaði dagheimila og foreldrarnir greiði aðeins fæðiskostnað.

Í grg. fjallar Katrín um þetta með mjög skilmerkilegum hætti og einmitt út frá því sjónarmiði að það séu uppeldisskilyrðin sem þarna skipti máli, það séu góð dagvistarheimili sem þurfi að reisa af þeim sökum vegna breyttra þjóðfélagsþátta. Hún segir í lokaorðum greinargerðar með þessu lagafrv., með leyfi forseta:

„Af dagheimilum er þegar fengin góð reynsla bæði hér og erlendis. Þau eru viðurkenndar uppeldis- og fræðslustofnanir er að því miða að veita börnunum meira öryggi og ákjósanlegri þroskaskilyrði en kostur er á í heimahúsum án þess þó að taka ábyrgð uppeldis úr höndum foreldranna."

Næst bar þessi mál fyrir Alþingi að því ég best veit árið 1963 þegar Einar Olgeirsson og Geir Gunnarsson fluttu frv. til laga um dagvistarheimili og þátttöku ríkisins í þeim málum með ekki ósvipuðum hætti og Katrín Thoroddsen hafði vakið upp tillögur um þegar á árinu 1946. En það liðu enn tíu ár eða til ársins 1973 þegar vinstri stjórnin þáverandi stóð að lagasetningu um þessi efni með lögbindandi ákvæðum um þátttöku ríkisins bæði í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði dagvistarheimila.

Þau lög sem í gildi eru frá 1976 um dagvistarheimili eru að stofni til hin sömu og sett voru 1973. Breytingin sem gerð var 1976 var um að fella niður ákvæði um þátttöku ríkisins í rekstrarkostnaði dagvistarheimilanna. Það var spor til baka, að mínu mati, og nú á yfirstandandi þingi höfðum við til meðferðar frv. sem sem betur fer hefur ekki verið vakið upp eftir að umræðum var frestað eða lokið um það áður en málið fór til nefndar. Það var bandormurinn svokallaði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem ráðgert var af þeim sem báru málið fram að dagvistarmálin yrðu eingöngu á verksviði sveitarfélaga og að fella skyldi niður m.a. úr gildandi lögum 11. gr. sem kvæði á um húsnæði og aðbúnað og fjölda barna á dagvistarheimilum. Ég tel að þarna sé á ferðinni ákvæði sem ekki sé rétt að fara lengra með vegna þess að þó að sveitarfélögin séu frumkvöðlar á þessu sviði finnst mér eðlilegt að taka á uppbyggingu og rekstri stofnana fyrir börnin á þessu aldursstigi með hliðstæðum hætti og um grunnskólann og ég legg áherslu á að með þessi mál ætti að fara, það er mitt viðhorf, með hliðstæðum hætti og varðandi grunnskólann hvað kostnaðarskiptingu snertir. Ég teldi t.d. mjög eðlilegt, ef það verður að ráði að sveitarfélög standi að stofn-

kostnaði grunnskóla en ríkið annist launakostnað kennara, að hið sama gildi varðandi forskólastigið, að launakostnaður viðurkenndra starfsmanna á þessu stigi verði borinn uppi af ríkinu.

Með till. minni fylgir, virðulegur forseti, ítarleg grg. þar sem er að finna rök fyrir nauðsyn löggjafar á þessu sviði og ábendingar um á hvaða þáttum eigi að taka í þeim efnum svo og hvað ber að hafa til hliðsjónar í sambandi við þá tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila eða stofnana á forskólastigi, hvaða þættir það séu sem hafa ber í huga í því samhengi.

Ég hef ekki aðstöðu til þess að rekja það allt í framsögu minni fyrir þessu máli, en ég tel þó rétt að nýta tímann sem mér er heimill til að víkja m.a. að stöðu þessara mála á hinum Norðurlöndunum, en á því er vakin athygli í grg. með þessari till. Það er ekki óeðlilegt að við lítum til annarra Norðurlanda í sambandi við félagsmál og menntunarmál af þessu tagi og vissulega er það svo í þeim löndum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þar sem ég hef kynnt mér allvel hvernig þessum málum er háttað, að það eru sveitarfélögin sem eru frumkvæðisaðilar í sambandi við dagvistarheimilin og þetta skólastig og þetta aldursstig barna, en ríkið er alls staðar þátttakandi í uppbyggingunni og sums staðar í rekstrinum líka þannig að við finnum ekki fordæmi hjá hinum Norðurlöndunum í því að fara að varpa þessum málum alfarið kostnaðarlega yfir á sveitarfélögin.

Til samræmis við það sem ég er að leggja hér til ber að geta þess að í Svíþjóð hefur þjóðþingið samþykkt tillögu sem felur í sér hliðstæða stefnumörkun og hér er fram borin, þ.e. að öll börn frá 18 mánaða aldri og þar til þau byrja í grunnskóla hafi rétt til þess að vera í forskóla þarlendis, öll börn í síðasta lagi árið 1991. Það er sem sagt á allra næstu árum sem á að ná því markmiði í Svíþjóð sem sett er fram í þessari tillögu. Í Noregi er mikið rætt um þessi mál að frumkvæði ríkisstjórnar norska Verkamannaflokksins einmitt núna þessi missiri. Þar hefur verið sérstök aðgerð í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ýta við sveitarfélögunum að herða sig í sambandi við uppbyggingu og aðbúnað dagvistarstofnana fyrir börn, aðgerðum undir nafninu „Bygg barnehager“ eins og það heitir á norskunni. Þeir hafa staðið fyrir sérstökum ráðstefnum í öllum fylkjum í Noregi að undanförnu til þess að vekja athygli á þörfinni á stórátaki í þessum málum og markmiðið þar er að þetta verði komið í viðunandi horf fyrir aldamótin, ekki ósvipað markmið og er verið að setja fram með þessari till. Í Danmörku eru þessi mál einnig til mikillar umfjöllunar þessa mánuðina og þar hygg ég að að starfi sé sérstök þingnefnd með fulltrúum allra flokka til að marka stefnu um þessi mál.

Eitt af því sem er til umræðu í nágrannalöndum okkar og hér þarf að vera til umræðu einnig í tengslum við þetta mál eru skilin á milli forskólastigs og grunnskóla. Hér hefur þróunin verið sú að menn hafa verið að færa sig niður fyrir grunnskólastigið með því að veita börnum aðgang að svokölluðum forskóla, en ég tel að í sambandi við þessi skil á milli skólastiganna þurfi að gæta að mörgum þáttum miklu betur en gert hefur verið. Það hafa komið fram tillögur um það að færa skólaskylduna beinlínis niður um eitt ár. Ég vil ekki leggja neitt endanlegt mat á það, en ég legg aðaláhersluna á réttinn, að rétturinn sé til staðar frá því að fæðingarorlofi lýkur og þangað til skólaskyldan hefst fyrir börnin á góðum dagvistarheimilum, í góðum forskóla. Það er einmitt uppeldisþátturinn, menntunarþátturinn sem þarf að gefa alveg sérstakan gaum á þessu stigi. Í sambandi við það vil ég nefna að fóstrurnar sem starfa á þessu stigi sem uppalendur, samtök fóstra, Fóstrufélag Íslands, leggja sérstaka áherslu á að halda yfirumsjón þessara mála innan menntmrn. en færa það ekki yfir til félmrn. eins og rætt mun hafa verið nokkuð um á vegum nefndar sem starfandi er á vegum núverandi hæstv. félmrh.

Ég vek athygli á þessu um leið og ég vek athygli á þeirri ráðstefnu sem fór fram á vegum Fóstrufélags Íslands fyrir hálfum mánuði eða svo, dagana 14.–16. apríl, og er einhver ánægjulegasta samkoma sem ég hef tekið þátt í lengi vegna þess hversu geysilega þróttmikil hún var, vegna þess hve áhuginn var mikill, hversu undirbúningur var vandaður. Ég veit að hjá þeim aðilum, fóstrunum, er að finna öflugan bakhjarl og stuðning við þau markmið sem ég er að reyna að koma á framfæri með flutningi þessarar till. þó ég vilji á engan hátt gera Fóstrufélagið ábyrgt fyrir efni hennar í einstökum atriðum. Væntanlega verður Fóstrufélagið einn af þeim aðilum sem leggja á ráðin í sambandi við frekari mótun og útfærslu þeirrar stefnu sem hér er lögð til.

Ég geri ráð fyrir því, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu verði till. vísað til hv. félmn.

Kristín Einarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá till. sem hér er flutt af hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifi Guttormssyni og tel að það sé fyllilega tímabært að mótuð verði stefna um forskólastigið sem og um önnur skólastig. Kvennalistinn hefur ítrekað lagt áherslu á að það þurfi að móta heildstæða menntastefnu og skilgreina skólastigin og þá má alls ekki verða út undan það svokallaða forskólastig sem hér er talað um.

Ég vil benda á, og það kom reyndar einnig fram hér áðan, að það hefur verið gerð starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum í kjölfar till. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, sem var gefin út árið 1985, uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir. Ég held að þó að þessi uppeldisáætlun hafi bætt úr brýnni þörf er hún þó einungis leiðbeinandi, en hún getur verið mjög góður grunnur fyrir það sem hér er talað um að undirbúa frv. til l. um forskólastigið og móta þar með þetta skólastig ekki síður en önnur.

Það sem mér finnst mjög gott við þessa till. er ekki síst að hér er lögð áhersla á að það er ekki eingöngu uppeldi heldur ekki síður menntun við

hæfi sem þarf að fara fram á dagvistarstofnunum vegna þess að það er mjög mikilvægt að börn sem þarna eru, oftast 1–6 ára, fái menntun við hæfi og verði ekki skilin út undan. Við gerum ráð fyrir því að fæðingarorlof verði eitt ár, það veitir ekkert af því, og þar með erum við að tala um börn 1–6 ára. Það á að vera liðin tíð að það sé litið á dagvistarheimili sem geymslustaði. Þau eru það alls ekki heldur nauðsynlegur þáttur í uppeldi barna á okkar tímum og mikill stuðningur við fjölskylduna.

Börnin fá þarna undirbúning fyrir framtíðina. Tími stórfjölskyldunnar er liðinn. Við höfum ekki lengur ömmu og afa og frændur og frænkur heima til að mennta og ala upp börnin, því miður. Við verðum að horfast í augu við að nú eru breyttir tímar. Meiri hluti kvenna vinnur utan heimilis, báðir foreldrar vinna því utan heimilis þannig að það þýðir ekkert að tala um að börnin séu heima allan daginn. En auðvitað verður að leggja áherslu á að dagvistarheimilin koma ekki í stað heimilanna heldur við hlið þeirra og til aðstoðar þeim.

Því vil ég ítreka að ég tek undir þáltill. sem hér er til umræðu en vil benda á að þarna er talað um tíu ára framkvæmdaáætlun. Það má minna á að í tengslum við kjarasamninga ASÍ árið 1980 greip *ríkisstjórnin inn í til að liðka fyrir samningum og* lofaði þá að taka til höndunum við uppbyggingu dagvistarheimila og fullnægja þörfinni á næstu tíu árum. Það eru þá ekki nema tvö ár til stefnu. Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt að standa við það að byggja upp dagvistarheimili á tveimur árum sem þurft hefði þannig að e.t.v. þurfum við næstu tíu árin til að byggja upp dagvistarheimili. Fyrr í vetur lögðu þingmenn Kvennalistans í Nd. fram frv. til l. um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn sem Sigríður Lillý Baldursdóttir var 1. flm. að. Þar var gert ráð fyrir að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur og einnig var gert ráð fyrir í frv. til l. um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í frv. var gert ráð fyrir að myndaður yrði sjóður til uppbyggingar dagvistarheimila. Sjóðurinn yrði myndaður á fimm árum. Í þennan sjóð skyldu sveitarstjórnir leggja ⅓ hluta sem aflað skyldi með því að leggja 0,11% álag á aðstöðugjaldsstofn. Þannig gátu sveitarstjórnirnar afla fjár að ⅓. Síðan var gert ráð fyrir að ríkið greiddi ⅓ á móti þessum aðstöðugjaldsstofni og svo sveitarfélögin úr eigin sjóðum ⅓ þar að auki. Með þessu var hægt að fullnægja, að vísu ekki allri þörf en það var hægt að fara langt með að fullnægja þeirri þörf sem gert var ráð fyrir í þeim kjarasamningi, sem gerður var árið 1980, að 80% barna 2–5 ára mundu geta átt möguleika á að vera á dagvistarheimilum og minna prósentuhlutfall annarra barna. Það má spyrja hvort við eigum ekki að reyna að hraða þessu meira en þarna er gert ráð fyrir. Það verður að gera ráð fyrir að nefndin, sem þarna er miðað við að undirbúi frv. og framkvæmdaáætlun, taki tillit til þeirra þátta og þeirra tillagna sem komið hafa fram og ekki síst þess sem talað var um 1980 þar sem ríkisstjórnin lofaði að liðka til fyrir samningum og gera átak í uppbyggingu dagvistarheimila. Það hefur frekar lítið orðið um þær efndir.

Það hefur mikið verið talað um að atvinnuvegirnir taki þátt í uppbyggingu dagvistarheimila og það hafa flestir verið sammála um það. Það er að vísu eilítill munur á skoðun fólks á því með hvaða hætti atvinnuvegirnir eiga að taka þátt í þessu. Sumir vilja að fyrirtækin reki dagvistarstofnanirnar ein og án afskipta annarra. Ég tel það ekki rétt. Ég tel mjög eðlilegt að forskólstigið verði ekki meðhöndlað á annan hátt en grunnskólinn og það verði meðhöndlað svipað bæði hvað varðar laun þeirra sem mennta börnin og eins kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga í því sambandi.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka undir og lýsa fylgi við fram komna þáltill., fram borna af hv. 2. þm. Austurl., um það mál sem hér er á dagskrá. Málið er í rauninni frá mér séð tvíþætt: Annars vegar gengur þáltill. út á að unnið sé að löggjöf um forskólastig og hins vegar um áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana. Þetta eru í rauninni tvö mál þó að skyld séu.

Ég held að það fari ekkert á milli mála að þær breytingar hafa orðið í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum og áratugum sem gera till. af þessu tagi mjög nauðsynlega og mér finnst í sjálfu sér gaman að minnast þess að fyrstu aðgerðir á þessu sviði, fyrsta barnaheimilið sem stofnað er til hér á landi var einmitt í gamla kennaraskólahúsinu við Laufásveg. Þar var fyrst stofnað barnaheimili að tilhlutan barnavinafélagsins Sumargjafar, starfaði þar í nokkur ár, til ársins 1929, en þá var það ekki hægt lengur. Þetta var á sama stað og mikill hluti af æfingakennslu þess merka skóla fór fram um árabil. Síðan var unnið að því að koma upp fyrsta dagheimilinu hér í Reykjavík í beinu framhaldi, það var Grænaborg við Hringbraut, og þar fór fram áfram þessi æfingakennsla að verulegu leyti.

Ég minnist á þetta hér vegna þess að ég vil lýsa sérstöku fylgi mínu við þá hugsun flm., sem kemur fram í till., að tengja miklu frekar saman en hingað til hefur verið gert rekstur grunnskólans og rekstur dagvistarstofnana. Ég held að það hafi í rauninni líka komið fram eins og af sjálfu sér, það kom líka fram í máli flm., að það hefur verið þrýstingur af hálfu skólamanna að færa starf grunnskólans neðar en lögin beinlínis gera ráð fyrir. Víða um land er talað um þetta forskólastig, þ.e. kennslu á forskólastigi á vegum grunnskólans, allt niður í fimm ára aldur. Það sýnir manni að þörfin á þróun í þessa átt er vissulega fyrir hendi.

Flm. minntist líka á það frv. sem hér var fyrr til umræðu á þinginu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi dagvistarstofnanir og hver örlög þess frv. urðu. Þetta ásamt mörgu öðru held ég að mæli með því að þessi þáltill. verði tekin alvarlega og það verði farið að vinna að því af alvöru að

löggjöf um forskólastig sjái dagsins ljós.

Hann gat þess að á að það hefði verið minnst á þetta fyrst á þingi árið 1946 og síðan sett löggjöf um það 1973. En mig langar aðeins í lokin að minnast á það að hæstv. núv. forsrh. hafði forgöngu um það nýverið að skipa nefnd um heimilið og framtíð heimilisins sem slíks í okkar landi. Það er auðvitað vegna þess að hann finnur það eins og allir aðrir að þarna er að verða mikil breyting og það kom fram í umræðunum áðan að dagvistarstofnanirnar hefðu mikið að segja fyrir heimilin. Mér er efst í huga að dagvistarstofnanirnar eru fyrst og fremst fyrir viðkomandi börn sem eru framtíð okkar þjóðar. Það er það sem skiptir meginmáli að þingið sinni því verki að koma á löggjöf um þennan mikilvægasta þátt mannsævinnar, fyrstu æviárin.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssyni fyrir þeirra ræður og stuðning við þetta mál, eindreginn stuðning eins og fram kom í ræðum þeirra. Það er hárrétt ályktað hjá hv. síðasta ræðumanni að kjarni þessa máls snýr að sjálfsögðu að börnunum, þarf að snúast um börnin og heill þeirra og að þeim verði sköpuð þau þroskaskilyrði sem öllu skiptir fyrir uppvöxt þeirra og líf á fullorðinsárum. Það er viðkvæmasta stig mannsævinnar sem við erum að ræða um, þetta forskólastig, alveg tvímælalaust. Skilningur á því hefur hins vegar engan veginn verið sem skyldi hjá þeim sem mótað hafa stefnu og ráðið hafa fjárveitingum í þessum málum. Það ber óneitanlega vott um að Alþingi hefur ekki alltaf borið gæfu til að skilja kall tímans eða þær hraðfara breytingar sem eru í samfélaginu og nauðsynina á að bregðast þar við með breyttum háttum, með breyttri skipan mála.

Ég ætla ekki að auka miklu við það sem ég ræddi í framsögu minni þó af mörgu sé að taka. Ég vil þó leggja áherslu á kjarnann í þessu máli sem snýr að jafnrétti fyrir börnin og felur einnig í sér jafnrétti fyrir foreldrana, gildi þess að koma málefnum forskólastigsins í viðunandi horf. Eins og sagt er í grg. með tillögunni, ég leyfi mér að vitna til hennar um þessi efni: „Mikilsverðast í því sambandi er að veita börnunum gott uppeldi og sem jafnasta aðstöðu til að þroska hæfileika sína. Fyrir foreldra hefur það ómetanlega þýðingu að vita börnin í góðum höndum við holla iðju. Fyrir mæður er vistun barnanna á góðri forskólastofnun ein mikilvægasta forsendan til að ná jafnstöðu á við karla í samfélaginu hvort sem um er að ræða konur í námi eða við störf innan eða utan heimilis. Fyrir atvinnulífið hefur það ótvírætt og vaxandi gildi að foreldrar eigi greiðan aðgang að dagvistarstofnunum og fyrir byggðaþróun er það lykilatriði að þjónusta við börn sé sem best."

Það er auðvitað matsatriði hversu margt eigi að binda í löggjöf. Margt má setja í reglugerð innan ramma löggjafar og hér er gert ráð fyrir rammalöggjöf um þessi efni. En í því sambandi hljóta að koma til álita þættir eins og ábyrgð og eftirlit á þessu væntanlega skólastigi, húsnæði, annar aðbúnaður, fjöldi barna í hópum, starfslið, uppeldisleg markmið og fræðsla, rannsóknir, sérfræðiþjónusta, aðlögun að vinnumarkaði, sérþarfir einstakra hópa og samvinna við grunnskóla og skóladagheimili.

Það þarf að fjalla um menntun starfsliðs, um fóstrunámið og sérstök nefnd var skipuð í síðasta mánuði til að móta tillögur um það, um menntun annars starfsfólks og endurmenntun og, eins og ég gat um áðan, hvað varðar skilin milli forskóla og grunnskólastigs, bæði varðandi menntun starfsfólks og uppeldislega stefnu.

Þá ber að undirstrika þörfina á rannsóknum varðandi þetta aldursstig og þetta væntanlega skólastig út frá okkar sérislensku aðstæðum því að hér í okkar samfélagi er margt með öðrum hætti en í nágrannalöndum og við þurfum að hafa vitneskju um það til þess að bregðast þar rétt við.

Eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir réttilega kom að í sínu máli og ég hefði nefnt í minni framsögu ef tími hefði leyft liggur fyrir mikilvægt innlegg til þessara mála í uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili, markmið og leiðir, gefinni út af menntmrn. 1985. Þetta var unnið af ég hygg níu manna nefnd þar sem Valborg Sigurðardóttir, fyrrum skólastjóri Fósturskóla Íslands, var starfsmaður, en upphaf að þessu verki var að finna í frumkvæði hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem flutti tillögu um breytingu á lögum um dagheimili á árinu 1981, viðauka einmitt um það að gerð skyldi sérstök uppeldisleg áætlun sem tengdist þessum málum. Það er mjög ánægjulegt að fara í gegnum þessa áætlun sem er að mörgu leyti vel unnið plagg og stendur fyrir sínu og getur orðið þáttur í athugun þessara mála fyrir þá nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir að móti þessa rammalöggjöf.

Ég vék að því að í nágrannalöndunum væru þessi mál til meðferðar. Ég hef í höndum sérstaka skýrslu sem lögð var fram í norska þinginu í vetur undir heitinu „Barnehager mot aar 2000", Barnaheimili til ársins 2000. Það er að finna mjög gagnlegar ábendingar í þessari skýrslu og m.a., og ég vek athygli á því, þann þrýsting, ég held að það sé óhætt að orða það þannig, af hálfu ríkisstjórnarinnar norsku að ef sveitarfélögin ekki sinna skyldum sínum eins og ætlast er til sem frumkvæðisaðili í þessum málum muni ríkisstjórnin grípa inn í og lögbjóða aðgerðir. En þarlendis er sem sagt reynt að fá sveitarfélögin og forustu í fylkjunum til að knýja fram stórauknar aðgerðir, uppbyggingu á þessu forskólastigi.

Katrín Thoroddsen, sem ég nefndi í minni framsögu, var svo stórhuga að hún lagði það til í lagafrv. 1946 að lögbjóða eins og það heitir í 5. gr. í hennar frv.: „Stofnun dagheimila skal hagað svo: Í Reykjavík skal byggja tvö dagheimili á ári uns þörfinni er fullnægt og í kaupstöðum utan Reykjavíkur skal koma upp einu dagheimili á ári uns þörfinni er fullnægt."

Þetta vildi hún lögbjóða á þessum tíma. Hér er verið að leggja til áætlun til tíu ára. Ég er ekki með

því að gera því skóna að ekki verði hægt að leysa brýnustu þörf innan tíu ára. Auðvitað þarf að gera það sem allra fyrst og það þarf að verða stórfelld stefnubreyting af hálfu fjárveitingaraðila og þá fyrst og fremst af hálfu Alþingis. Alþingi á ekki að hlaupa frá þessu máli og varpa fjárhagsáhyggjunum yfir á sveitarfélögin einvörðungu eins og því miður hafa verið hugmyndir um. Alþingi á að koma inn í þessi mál. Sú tillaga sem ríkisstjórn fékk í hendurnar 1980 hefur því miður verið svikin óþyrmilega eða ekki framkvæmd. Ég held að það verði að tala um svik. Það er kannski stórt orð og ljótt er orðið. En þetta var liður í kjarasamningum þar sem stjórnvöld komu inn í málið m.a. með í huga að dagvistarmálin fengju þarna jákvæða meðferð á næsta tíu ára tímabili. Þessi mál hefur vissulega eins og hér hefur verið minnt á borið á góma á yfirstandandi þingi með tillögu hv. varaþingmanns Ásmundar Stefánssonar sem hér sat á þingi um tíma og flutti tillögu um fjármögnun, sérstaklega varðandi rekstrarkostnað dagheimila og hvernig tekna yrði aflað í því sambandi til að hvetja til öflugrar uppbyggingar, svo og það frv. um tekjuöflun sem hv. þm. Sigríður Lillý Baldursdóttir flutti og hafði að geyma mjög athyglisverðar hugmyndir einnig. Þessar tillögur tel ég að geti komið til skoðunar á vegum þeirrar nefndar sem gert er ráð fyrir að kosin verði samkvæmt þessari tillögu til þess einnig að undirbúa framkvæmdaáætlun.

Ég marka það af góðum undirtektum við þetta mál að vænta má jákvæðrar meðferðar af hálfu þingsins í sambandi við þetta forskólastig og þó að ég geri því ekki skóna að unnt verði að afgreiða svo stórt mál á þeim stutta tíma sem trúlega er til þingloka fái málið undirtektir þegar það verður tekið upp að hausti því að sú er ætlan mín að flytja þetta mál á nýjan leik, fái það ekki afgreiðslu nú, inn í þingið og þá kannski betur undirbúið og í ljósi þeirra ábendinga sem kunna að koma fram um þessa tillögu fram að þeim tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign, fyrri umr.

Þáltill. GHG og EKJ, 430. mál. — Þskj. 780.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign, en flm. eru Guðmundur H. Garðarsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, og hljóðar hún sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir er tryggi að viðskiptabankar í eigu ríkisins greiði árlega eðlilegan arð af eigin fé bankanna í ríkissjóð.“

Með þessari þáltill. segir m.a. í greinargerð:

„Nú liggja fyrir reikningar um afkomu banka síðastliðið ár. Samkvæmt þeim hefur bankastarfsemi gengið vel á árinu 1987 og hagnaður verið umtalsverður. Athygli vekur að einkabankar landsins greiða eigendum sínum, hluthöfum, ákveðinn arð af hlutafjáreign. Árið 1987 var þessi greiðsla almennt um 10% af hlutafé. Á sama tíma á engin sambærileg greiðsla sér stað hjá viðskiptabönkum í ríkiseign þrátt fyrir mjög góða rekstrarafkomu.

Eðlilegt er, miðað við aðstæður, að viðskiptabankar í eign ríkisins greiði ákveðinn arð í samræmi við eigið fé til ríkissjóðs (eigenda) á sama hátt og einkabankar greiða arð af hlutafé. Þessi þáltill. er þess vegna fram borin. Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkisstjórn fyrir hönd eigenda geri þær kröfur til viðskiptabanka í ríkiseign að þeir greiði hið minnsta 10% arð af eigin fé í ríkissjóð vegna afkomu ársins 1987.

Í þessu felst einnig nokkur jöfnun á samkeppnisaðstöðu milli viðskiptabanka í ríkiseign annars vegar og einkabanka og sparisjóða hins vegar.

Lágmarkskrafa nútímaviðskiptahátta er að rekstraraðilar í sambærilegum rekstri sitji við sama borð“, þ.e. að sérréttindi hljóti að víkja.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar till. til þál. sem hér er til umræðu vil ég taka fram að ríkisstjórnin hefur þegar gert ráðstafanir til þess að viðskiptabankar í eigu ríkisins greiði arð til ríkissjóðs. Við undirbúning gildandi fjárlaga var ákveðið að ríkisfyrirtæki skyldu greiða arð í ríkissjóð á árinu 1988. Í tekjuhlið fjárlaganna er því gert ráð fyrir slíkum greiðslum.

Eftir athugun á sl. hausti var talið heppilegast að setja slíka arðgreiðslukvöð á fyrirtæki í ríkiseign án lagasetningar og var ákveðið að koma henni á með sérstakri ríkisstjórnarsamþykkt sem einstök ráðuneyti skyldu síðan fylgja eftir. Slík ríkisstjórnarsamþykkt var svo gerð formlega hinn 4. febr. sl. Í samþykktinni er fyrirtækjum, sem ríkið á að öllu eða verulegu leyti, skipt í fjóra flokka.

Í fyrsta lagi fyrirtæki sem greiða skuli í arð til ríkissjóðs á árinu 1988 fimmtung af meðalhagnaði síðustu þriggja ára, þ.e. áranna 1985, 1986 og 1987. Í þessum hópi eru ýmis fyrirtæki sem stunda margvíslegan atvinnurekstur, en reyndar fleiri.

Í öðru lagi eru svo fyrirtæki sem greiða skulu til ríkissjóðs 1% af eigin fé sínu í árslok 1987. Í þennan flokk í samþykktinni falla bæði Landsbankinn og Búnaðarbankinn.

Í þriðja lagi eru svo fyrirtæki rekin í hlutafélagsformi þar sem ríkið á stóran hlut. Þeim er ætlað að greiða 5% af nafnverði hlutafjár í árslok 1987. Í þennan flokk fellur Útvegsbanki Íslands hf.

Í fjórða lagi var svo loks ítrekað að Landsvirkjun skuli greiða arð í samræmi við ákvæði laga um það fyrirtæki.

Þessar tillögur voru mótaðar á grundvelli arðs og

afkomu á árunum 1985 og 1986 og í samanburði við sambærilegan rekstur.

Á þessum grundvelli skrifaði ég Landsbankanum og Búnaðarbankanum og kynnti þeim samþykkt stjórnarinnar. Ég gerði líka bankaráði Útvegsbankans hf. grein fyrir þessari samþykkt og á aðalfundi Útvegsbanka Íslands hf. lagði ég til fyrir hönd ríkisins að greiða skyldi arð sem svaraði 5% á heilu ári af nafnverði hlutafjárins eða sem svarar nálægt 3½% vegna rekstrartímabilsins sem 1987 voru mánuðirnir maí–desember hjá hinu nýja hlutafélagi. Þessi tillaga var samþykkt. Fjmrn. mun svo líta eftir því að þessar arðgreiðslur verði framkvæmdar.

Af þessu sést að ríkisstjórnin hefur þegar gert það sem til er lagt í þáltill. Það er líka eðlilegt að leggja slíka kvöð á ríkisbankana. Arðgreiðslurnar hljóta hins vegar að miðast hverju sinni við afkomu í rekstri. Ekki síður þarf að gæta þess að upp séu byggðir eðlilegir varasjóðir í slíkum fyrirtækjum til að mæta sveiflum, áföllum í lánveitingum og fleira af því tagi. Þarna eiga auðvitað bankaleg sjónarmið að ráða. Þannig er alls ekki unnt að mínum dómi að slá því föstu með einni tölu fyrir öll fyrirtæki í sömu grein á sama ári eða fyrir sama fyrirtæki ár eftir ár hver slík arðgreiðsla eigi að vera.

Ég bendi líka á að hlutfall hlutafjár af eigin fé í fyrirtækjum er mjög breytilegt, t.d. í viðskiptabönkunum, sem eru reknir í hlutafélagsformi, á bilinu 55% í árslok sl. árs upp í 81,5%. Iðnaðarbankinn hefur lægst hlutfall hlutafjár af eigin fé í lok 1987, Útvegsbankinn langhæst af viðskiptabönkum.

Á þetta vil ég benda. En það er fleira sem á þarf að benda. Það er auðvitað rétt, sem fram kemur hjá flm., að það varð umtalsverður hagnaður af viðskiptabankarekstrinum á árinu sem leið. Þannig var hagnaður Landsbankans um 5,3% af eigin fé, Búnaðarbankans 9,5%, Útvegsbankans 9,3%, Iðnaðarbankans 15,4%, Verslunarbankans 9,6%, Samvinnubankans 10,6%, Alþýðubanka 24,3%. Þetta eru mjög misjafnar tölur, en þó vekur það athygli að hvorki Búnaðarbanki, Landsbanki né Verslunarbanki ná 10% tölunni sem tillaga er gerð um í þessari þáltill., eða grg. með henni, að arðgreiðsla ríkisbanka skuli vera.

Það er heldur ekki rétt, sem segir í grg., að arðgreiðsla einkabankanna hafi almennt verið 10% af hlutafé fyrir árið 1987. Hún var sem hér segir samkvæmt upplýsingum Bankaeftirlitsins: Iðnaðarbanki 9,5% af nafnverði hlutafjársins, en það svarar samkvæmt reikningum bankans til 5,2% af bókfærðu eigin fé í árslok. Verslunarbankinn úthlutaði 10% af nafnverði hlutafjárins, en það svarar til 6,1% af bókfærðu eigin fé. Samvinnubankinn úthlutaði 5% af nafnverði hlutafjárins sem samsvarar 2,2% af eigin fé bankans. Alþýðubankinn greiddi ekki út arð af hlutafé þrátt fyrir góða afkomu í hlutfalli við eigin fé. Af hverju var það ekki gert? Það er af því að þeir Alþýðubankamenn vilja þar byggja upp eiginfjárstöðu bankans m.a. skv. viðskiptabankalögum. Þannig eru ýmsar hliðar á þessu máli sem alls ekki er til skila haldið í grg. þáltill.

Útvegsbankinn mun, eins og ég nefndi, greiða samkvæmt tillögu ríkisins 5% arð miðað við heilt ár eða sem svarar 4,1% af eigin fé í árslok. Þetta er þess vegna miklu nær því sem er hjá einkabönkunum en virðast kann við fyrstu augsýn. Það er líka staðreynd að arðsúthlutun í fyrra er hjá sumum einkabankanna til muna meiri en verið hefur undanfarin ár.

Af þessu er ljóst að því fer fjarri að einkabankarnir greiði yfirleitt arð sem svarar 10% af eigin fé. Tillagan er þess vegna að mínum dómi alls ekki byggð á samræmingu milli aðila í sambærilegum rekstri og rekur sig einfaldlega á þá staðreynd að Landsbankinn t.d. hafði alls ekki þann hagnað af sínum rekstri í fyrra að hann gæti greitt þetta. Reyndar tel ég líka að slík greiðsla mundi stefna lausafjárstöðu þessara mikilvægu þjónustustofnana undirstöðuatvinnuveganna í landinu í tvísýnu.

Þetta þarf þess vegna að athuga miklu betur. Það er eðlilegt, sem fram er haldið í tillögunni, að leggja skuli sambærilegar kvaðir á þá sem stunda sambærilegan rekstur hvort sem um ríkisfyrirtæki er að ræða eða fyrirtæki í einkarekstri. Þetta er líka stefna stjórnarinnar. Þessi stefna er þegar komin í framkvæmd og henni verður beitt eftir því sem breytilegar aðstæður krefjast, en það er ekki hyggilegt að slá arðgreiðslu fastri með einfaldri tíund.

Ég bið hv. fjvn., sem ég vænti þess að fái þessa þáltill. til meðferðar, að huga að öllum þeim atriðum sem ég hef nefnt og ráðfæra sig við viðskrn., fjmrn. og Bankaeftirlitið áður en ákvarðanir eru teknar í þessu máli.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóðar upplýsingar og tek fram að þegar flm. sömdu þessa þáltill. var þeim ekki kunnugt um tilskrif ráðherra til ríkisbankanna. Hefði ekki verið óeðlilegt að hv. þm. fengju að vita um framkvæmd slíkra mála með þeim hætti sem ráðherra hefur þegar gert á þessum fundi. En sleppum því. Ég ætla ekki að orðlengja um það atriði frekar.

En varðandi skýrslu ráðherra og svör við þessari þáltill., sem margt gott er hægt að segja um, verð ég að taka fram að mér fannst ráðherrann óþarflega nákvæmur í framsetningu sinni um einstök atriði því að þessi þáltill. gefur ekki tilefni til þess.

Svo er það annað atriði sem mér fannst einkar eftirtektarvert. Það var eins og hæstv. ráðherra væri kominn í einhverja sérstaka varnarstöðu út af ríkisbönkunum. Þessi þáltill. var ekki hugsuð þannig að það ætti að efna til illdeilna hér á þingi um ríkisbanka annars vegar eða einkabanka hins vegar heldur er þessi till. fram lögð sem ábending um hvað tillögumenn teldu eðlilegt miðað við tiltekið ár, árið 1987, að stefnt væri að í sambandi við ríkisbankana. Þar með vorum við ekki að fara út í neinn sérstakan samanburð við aðra banka.

Ég vil því segja að mér fannst hæstv. ráðherra

draga óþarflega sterkar ályktanir af tilgangi okkar flm., en það er ágætt fyrir þingmenn að gera sér grein fyrir því að þeir þurfa að koma mjög vel undirbúnir þegar þeir mæta hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar, hvort sem þeir eru stuðningsmenn stjórnarinnar eða ekki, og mun ég gera það í framtíðinni þegar ég leyfi mér að beina máli mínu til hæstv. ráðherra þessarar ríkisstjórnar í einstökum málum. Það kom mér töluvert á óvart hvernig ráðherrann tók á þessu máli. Það er eins og hér væri á ferðinni af hálfu flm. einhver gagnrýni á ríkisbankana þó að við leyfðum okkur að hreyfa við þessum málum með þeim hætti sem hér segir.

En að öðru leyti vil ég segja þetta að lokum: Það þarf ekki að vera lögmál að þótt einkabankar greiði ekki jafnháa prósentu og hv. þm. kunna að ætlast til geti ríkisbankarnir ekki eða skuli ekki í framtíðinni greiða hærri arð ef því er að skipta að sjálfsögðu. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað verða allar forsendur að vera til staðar til þess að hægt sé að leggja þær skyldur á ríkisbankana að þeir greiði hærri arð en einkabankar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka af öll tvímæli um það að *mín ræða var engin varnarræða fyrir ríkisbankana*. Þeir geta varið sig sjálfir. Ég vildi eingöngu benda á einfaldar staðreyndir vegna þeirrar till. sem hér liggur fyrir til umræðu. Ábendinga um það hver arðgreiðsla skyldi vera sem fylgir í grg. tillögunnar varðandi þetta tiltekna ár. Það er vel ljóst, eins og kom fram í máli hv. 14. þm. Reykv., að um þetta er tillagan, en hún rekst á þá staðreynd að hagnaður ríkisbankanna eftir skatt á árinu 1987 nær ekki tölunni sem þeir benda á. Það er 5,3% afgangur hjá Landsbankanum eftir skatta — Ríkisbankarnir greiða nefnilega skatta samkvæmt sömu reglum og aðrir bankar. — og 9,5% hjá Búnaðarbankanum sem gekk þó allvel. Þetta er hvort tveggja miðað við bókfært eigið verð í árslok.

Nú vil ég ekki draga af þessari þáltill. víðtækar ályktanir. Ég vildi eingöngu nefna þetta vegna þess að ég tel að hér sé hreyft mikilvægu máli og hafi hv. 14. þm. Reykv. skilið það svo að ég eða ríkisstjórnin væri því á einhvern hátt andsnúin að þessi skilyrði verði samræmd vil ég leiðrétta það. Það er svo sannarlega ásetningur þessarar stjórnar að samræma starfsskilyrði milli þeirra sem fást við sömu eða sambærileg störf jafnt á fjármagnsmarkaði sem á öðrum sviðum atvinnulífsins. Auðvitað eru bankar eða eiga að vera ekkert annað en atvinnutæki landsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnuvernd í verslunum, fyrri umr.

Þáltill. GHG og HBl, 429. mál. — Þskj. 779.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vinnuvernd í verslunum. Flm. eru Guðmundur H. Garðarsson og Halldór Blöndal. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að setningu laga um vinnuvernd í verslunum.“

Óþarft er að hafa mörg orð um þessa tillögu. Alkunna er að vinnuálag á verslunarfólk hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Aukin almenn velmegun og breytt viðhorf í viðskiptum hafa leitt til þess að opnunartími verslana hefur lengst til muna og er nú svo komið að í ýmsum stórmörkuðum getur daglegur vinnutími fólks verið allt að 12–14 klst. fimm daga vikunnar. Þar við bætast 7–8 klst. á laugardögum. Þess eru dæmi að vinnuvika hjá einstaklingi getur komist í 70–80 klst.

Þrátt fyrir ítarlegar viðræður fulltrúa launþega og vinnuveitenda í verslunum hefur enn ekki tekist að ná viðunandi samkomulagi um tilhögun vinnutíma í þessari grein. Virðist stefna í fullkomið óefni ef ekkert verður að gert til að tryggja hag fólksins í þessum efnum.

Með þessari þáltill. er ekki stefnt að því að þrengja hag eða rekstrarstöðu verslunarfyrirtækja heldur lögð sú skylda á herðar Alþingis og ríkisstjórnar að tryggja að verslunarfólki verði ekki misboðið með of miklu vinnuálagi, auk þess sem fjölskyldulífi þeirra er starfa við verslun verði ekki stefnt í voða vegna óheyrilega langs vinnutíma sex daga vikunnar allt árið um kring.

Hugsanlegt er að nú kunni einhverjir að segja sem svo að aðilar vinnumarkaðarins geti leyst þetta með samningum sín í milli. Því er til að svara að í þeim efnum hafa ár eftir ár farið fram árangurslausar viðræður, enda er nú svo komið að sá aðili sem hefur mesta félagslega forustu fyrir verslunarfólki í landinu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, hefur með félagssamþykkt óskað eftir því að hv. Alþingi komi til skjalanna til aðstoðar við lausn þessa vandamáls.

Á aðalfundi VR 1988 var samþykkt samhljóða svohljóðandi ályktun sem ég vil lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Verslunarmannafélags Reykjavíkur, haldinn 28. mars 1988, beinir þeim tilmælum til Alþingis að sett verði lög sem verndi verslunarfólk gegn óþolandi vinnuálagi sem viðgengst í vissum greinum verslunar.“

Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir baráttu stéttarfélaga verslunarmanna, einkum VR, til að hamla gegn stöðugt lengri vinnutíma afgreiðslufólks, einkum í stórverslunum, hefur það ekki borið árangur

sem skyldi af margþættum ástæðum. Má í því sambandi sérstaklega geta um mikinn þrýsting af hálfu þeirra aðila sem telja sig vernda sjónarmið neytenda, en þá gleymist oft að verslunarfólk og fjölskyldur þess eru einnig neytendur.

Erlendis hefur verslunarfólk átt við svipaðan vanda að stríða. Þar hefur löggjafarvaldið því gripið til þess ráðs að tryggja stöðu fólksins með ákvæðum vinnuverndarlaga. Fordæmi eru fyrir þessu í íslenskri löggjöf, sbr. vökulögin sem sett voru 1924 til að fyrirbyggja vinnuþrælkun um borð í íslenskum togurum. Nú árið 1988 stendur verslunarfólk frammi fyrir svipaðri þróun og sjómenn árið 1924, óþolandi vinnuþrælkun sem verður að linna.

Til þess að gefa hv. þm. einhverja hugmynd um það um hve mikinn fjölda er að ræða þegar talað er um verslunarfólk, sem þetta mál áhrærir, vil ég segja þetta. Félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur eru nú um 14 þús. manns. Þar af eru nokkur þúsund manna sem er nefnt sumarfólk og allmargir er vinna hlutastörf. Hins vegar má gera ráð fyrir að í þessu félagi séu um 10 þús. manns sem eru í fullu starfi. Þar af eru 4–5 þús. manns við afgreiðslustörf. Í VR eru um 63% félaganna konur og 37% karlar. Konur eru í yfirgnæfandi meiri hluta við afgreiðslustörf, svo sem m.a. má sjá í stórmörkuðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hið mikla vinnuálag og langi vinnutími kemur því hvað harðast niður á konum og fjölskyldulífi þeirra. Þá er einnig þess að geta að á meðal þeirra eru margar einstæðar mæður. Þess vegna er brýnt að þessum málum verði strax komið í viðunandi horf. Án afskipta Alþingis gerist það ekki að mati fólksins sjálfs. Það má áætla lauslega að þetta mál snerti 15–20 þús. manns beint, þ.e. það eru viðkomandi starfsmenn og fjölskyldur þeirra, sérstaklega börn.

Nútímaþróun í uppbyggingu stórmarkaða, sem eiga að mæta auknum kröfum neytenda, má ekki verða með þeim hætti að starfsmenn þessara fyrirtækja verði fórnardýr nýrra viðskiptahátta.

Víða erlendis hafa farið fram miklar umræður um hliðstæð vandamál og hér er við að stríða. Unnið hefur verið að setningu laga og útgáfu reglna sem m.a. eiga að veita verslunarfólki ákveðna vinnuvernd. Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn hljóta því samkvæmt framansögðu að koma til skjalanna með setningu laga sem fela í sér ákveðna vinnuvernd fyrir verslunarfólk á sama tíma sem kröfum nútímans um aukna þjónustu er mætt með viðunandi hætti.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til allshn.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar kvennalistakvenna lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu og þakka ég hv. flm. hennar forgöngu í málinu. Eins og fram kemur í grg. hefur vinnuálag á verslunarfólk aukist til muna á síðustu árum, enda sýnir það sig að sú kjaradeila sem nú er uppi hefur að miklu leyti snúist um vinnutímann sem er í flestum tilfellum orðinn óhóflega langur og reyndar kominn út fyrir öll skynsemismörk í sumum tilvikum.

Ég vil aðeins minna á nokkrar tillögur sem við þingkonur Kvennalistans höfum flutt og tengjast þessu máli að hluta til.

Í fyrsta lagi er till. á þskj. 718 um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaði. Sú tillaga felst í því að lögð verði meiri áhersla en nú er á að fólk sé frætt um réttindi sín og skyldur.

Þá höfum við einnig á þskj. 807 lagt fram tillögu um eflingu kjararannsókna og verður væntanlega mælt fyrir henni í næstu viku. Tillaga sú felur í sér að gera kjararannsóknir áreiðanlegri en nú er með því m.a. að á skattagögnum megi fá upplýsingar um vinnustundafjölda og starfsheiti starfsfólks. Það er reyndar mikið umhugsunar- og áhyggjuefni hversu stór hluti þjóðfélags okkar svo að segja gengur á yfirvinnunni.

Ég minnist á þessar tillögur hér því mér finnst þær að vissu leyti tengjast efni þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu. Ég þykist nærri viss um að sá fjöldi unglinga og barna sem við sjáum í stórmörkuðunum veit allt of lítið um réttindi sín og skyldur. En ég lít reyndar einnig á það sem alvarlegan hlut hve mikið unglingar og börn allt niður í 10–11 ára virðast þurfa að taka þátt í brauðstriti foreldranna. Á þskj. 150 hafa þingmenn allra flokka undir forustu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur flutt till. til þál. um að gerð verði könnun á launavinnu framhaldsskólanemenda. Í grg. með þeirri till. kemur fram að skyndikannanir í einstökum framhaldsskólum benda til þess að í efstu bekkjum skólanna vinni allt að 70% nemenda samhliða námi. Vegna þeirrar þenslu sem verið hefur í verslun undanfarið, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hafa þessir nemendur einmitt ráðist til starfa í verslunum. Vonandi verður þetta þó ekki viðvarandi ástand að nemendur og svo ung börn þurfi að leggja á sig svo mikla vinnu samhliða námi.

En þá vil ég víkja að þeim hópi fólks sem er stærstur fastráðinna starfsmanna í verslunum. Það eru konur eins og fram kom hér og var gerð ágætlega grein fyrir í máli hv. 1. flm., Guðmundar H. Garðarssonar. Konur hafa farið út á vinnumarkaðinn í æ ríkari mæli á undanförnum árum hvort sem þær óskuðu eður ei og það segir sig sjálft að þessi langi vinnutími kemur í öllum tilfellum niður á heimilis- og fjölskyldulífi fólks.

Íslensk vinnulöggjöf er að stofni til frá 4. tug aldarinnar og miðast því við aðstæður þess tíma, en vegna örra breytinga hafa aðstæður gerbreyst og því hlýtur að teljast eðlilegt að endurskoða þurfi þá löggjöf að hluta til eða í heild sinni. Ég tel að till. sem hér er fram borin sé nauðsynleg leið til að koma á einhverjum reglum um þessi mál. Vinnuálag fólks í verslunum er óhóflegt eins og ég gat um áðan og tek ég því fyllilega undir þann ásetning sem birtist í tillögu þessari.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég þakka kvennalistakonum fyrir veittan stuðning við þessa þáltill. og einnig ræðu hv. þm. Danfríðar Skarphéðinsdóttur, sem mér fannst góð miðað við þann málstað sem við erum að berjast fyrir, en það vekur athygli mína að það er sá eini

stuðningur sem þessi tillaga fær á hv. þingi. Það hefur ekki einn einasti þingmaður úr öðrum flokkum staðið upp til þess að leggja þessu fólki lið. Tel ég okkur flm. fullsæmda af því sem og Sjálfstfl. að fá stuðning frá kvennalistakonum í þeirri baráttu sem hér er um að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynbótastöð fyrir eldislax, fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 450. mál. — Þskj. 800.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 800 um kynbótastöð fyrir eldislax. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir eldislax."

Laxeldi er þegar orðin mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Þrátt fyrir að Íslendingar hafi seint vaknað og flestar nágrannaþjóðir okkar eða margar séu lengra komnar í þessari mikilvægu atvinnugrein er ekki ólíklegt að útflutningur fiskeldisafurða nemi um 600 millj. kr. á þessu ári. En ekki hvað síst vegna þess hversu Íslendingar tóku seint við sér er hætta á að þeir dragist aftur úr í samkeppninni um eldislaxinn vegna þess að samkeppnisaðilar okkar hafa þegar hafið markvissar kynbætur á laxi, náð fram allt að 3–5% vaxtaraukningu á ári, en einmitt vaxtarhraði íslenska laxins og það hversu snemma hann verður kynþroska getur orðið okkur fjötur um fót í áframhaldandi eldi á komandi árum.

Á sl. ári var framleiðsla á sláturlaxi um 530 tonn á Íslandi, þar af voru 40 tonn frá hafbeit. Þessi framleiðsla kom frá 29 stöðvum og var þess vegna á árinu 1987 um 180% magnaukning frá árinu 1986 þegar sláturlax nam um 188 tonnum frá 15 stöðvum. Ársstörf í fiskeldi voru um 240 árið 1987 sem var 33% aukning frá árinu á undan.

Áætlanir benda til að á þessu ári, 1988, verði framleiðsla á sláturlaxi um 1400 tonn og á næsta ári, 1989, 2500 tonn. Árið 1990 getur þessi framleiðsla að líkindum orðið 3500 tonn og er ekki óeðlilegt að miða við að það svari til um 25 000 tonna af þorski ef maður miðar við að kg af laxi sé í skilaverði u.þ.b. sjö sinnum verðmætara en kg af þorski. Auk þessarar matfiskframleiðslu er áætluð framleiðsla á gönguseiðum um 12 millj. seiða 1988 og gæti orðið 15–20 millj. seiða 1989. Laxeldi er sú grein fiskeldis sem hraðast hefur vaxið, ekki bara hér á landi heldur í nágrannalöndunum.

Ég er þeirrar skoðunar að ef rétt er á málum haldið gæti laxeldi orðið gífurlega mikilvæg atvinnugrein hér á landi í framtíðinni. Ég hygg að það sé erfitt að benda á atvinnugrein sem býr yfir öðrum eins vaxtarmöguleikum.

Ég hef margoft bent á yfirlýsingar Norðmanna þar sem þeir segja að þeir hafi meiri tekjur og höfðu þegar árið 1985 meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum, að mikilvægasta fisktegund Norðmanna, sem þó eru meðal mestu fiskveiðiþjóða heimsins, er nú eldislax. Áætlanir Norðmanna benda til að innan tiltölulega fárra ára eða nánar tiltekið 1990 verði tekjur af fiskeldi í Noregi þrisvar sinnum meiri en af öllum fiskveiðum þeirra samanlagt og eru þeir þó, eins og áður segir, meðal mestu fiskveiðiþjóða heims.

Íslendingar búa á ýmsum sviðum yfir einstæðum möguleikum til fiskeldis og miðað við þá yfirsýn sem menn hafa í dag er erfitt að benda á nokkra atvinnugrein sem gæti aukið þjóðartekjur útlendinga jafnmikið og fiskeldi. Fiskeldi gæti í framtíðinni orðið sambærilegt í þjóðarbúskapnum og fiskveiðar. Það kann að vera að mönnum þyki hér stórt til orða tekið, en mér virðist að árið 1990, þá þegar, miðað við matfiskframleiðslu um 3500 tonn og miðað við útflutning á seiðum sem gæti numið um 4 milljónum seiða, svipað og menn áætla á þessu ári, muni laxeldi svara til 11–12% tekna af þorskveiðum Íslendinga. Það er ekki fráleitt að áætla, miðað við þann vöxt sem verið hefur í þessari grein og reyndar er alveg á barnsskónum á Íslandi, að innan fárra ára, kannski ekki síðar en 1995, gæti matfiskeldi á Íslandi verið orðið 30–35 000 tonn, en það svarar til þess að innan fáeinna ára, ef vel og rétt er á haldið, hefðu Íslendingar svipaðar tekjur af laxeldi og af þorskveiðum. Þá sjá menn stærðargráðurnar sem hér er um að ræða, að líklega felst ekki í nokkurri atvinnugrein annar eins möguleiki til að auka þjóðartekjur og bæta lífskjör og einmitt í fiskeldi og þá fyrst og fremst, eins og staðan er í dag, í laxeldi.

Norðmenn áætla að árið 1990, sem er rétt komið, muni þeir framleiða um 110 þús. tonn af laxi. Skotar áætla að þeir muni framleiða árið 1990 55 þús. tonn af laxi. Færeyingar áætla að framleiðsla þeirra árið 1990 verði 8000 tonn af eldislaxi og Írar að þeirra framleiðsla verði 15 000 tonn.

Ég er þeirrar skoðunar að aðstaða á Íslandi til fiskeldis sé að mörgu leyti hin ákjósanlegasta og ekki bara það heldur að framtíð Íslands sem matvælaframleiðslulands geti orðið mikil. Lega landsins býður upp á það hér norður við heimsskautsbaug, úti í miðju Atlantshafi og er ákjósanleg til matvælaframleiðslu hér einmitt í heimi vaxandi mengunar þegar jarðarbúar munu í vaxandi mæli sækja í hollt og náttúrlegt fæði, framleitt við bestu aðstæður, án hvers konar mengunar, geislunar o.s.frv.

Stærð Íslands og lág íbúatala skipta miklu í þessu sambandi. Hér er gnægð af fersku, góðu og smitfríu vatni til eldis. Sjór og loft eru hrein og ómenguð. Jarðhiti býður upp á möguleika til aukins vaxtarhraða, möguleika sem fáir geta keppt við. Gnægð raforku er hér til dælingar og annarrar orkunotkunar. Fóður til fiskeldis má framleiða hér, enda hráefnið að mestu innlent. Aðflutt aðföng eru því

fremur lítil. Einangrun landsins minnkar áhættu af sjúkdómum. Allt leggst þetta á eitt. Líklegt er að fáar þjóðir geti keppt við Íslendinga í hagkvæmni seiðaeldis í framtíðinni.

En til þess að Íslendingar eigi þá björtu framtíð í fiskeldi sem allar aðstæður bjóða upp á er óhjákvæmilegt fyrir þá að hefja kynbætur á íslensku laxastofnunum.

Norðmenn hafa um nokkurt árabil stundað kynbætur á eldislaxi. Tilraunastöðin í Sunndalsöra var t.d. stofnuð 1971. Sjálfur hef ég skoðað kynbótastöð í Kyrkjesætersöra í Noregi og þær eru fleiri.

Við kynbætur á laxi hafa Norðmenn lagt meginþunga á þrjú atriði, þ.e. aukinn vaxtarhraða, síðbúinn kynþroska og aukna mótstöðu gegn sjúkdómum. Árangur er mjög mikill eða 3–5% aukning vaxtarhraða á ári, en það gefur auga leið að í eldi skiptir vaxtarhraðinn geysilegu máli. Sem dæmi má nefna að 3% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 24 árum, en 5% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 14 árum.

Gífurleg eftirspurn er eftir hrognum úr kynbættum laxi í Noregi. Það er ljóst að einmitt þessi aukni vaxtarhraði norska eldislaxins og síðbúinn kynþroski, sem þeir fá fram með kynbótum, mun gera íslenskum eldisstöðvum erfitt fyrir í framtíðinni í samkeppninni.

Íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó. Við kynþroska fer fóður og orka mest í að þroska hrogn og svil. Fiskurinn vex ekki þrátt fyrir eldi og gæði fisksins til matar minnka. Úrval af seiðum til undaneldis er lítið hér og kynbætur nánast engar. Brýnasta málið við eldi á laxi á Íslandi er nú að kynbæta stofna til undaneldis. Vart er unnt nema í litlum mæli að treysta á innflutt hrogn, og áhætta af því mikil, e.t.v. mjög mikil því erfiðir sjúkdómar geta borist með hrognunum.

Íslensku fiskeldisstöðvarnar eru flestar ungar að árum og eiga fullt í fangi með að halda rekstrinum gangandi fyrstu árin. Það tekur þrjú ár frá því að hrogninu er klakið út þar til unnt er að selja laxinn sem eldislax. Því virðist ljóst að fiskeldisstöðvarnar eru þess ekki megnugar að reisa og reka kynbótastöð og ríkið er sá aðili sem eðlilegast væri að kæmi starfseminni af stað. Hvert ár sem tapast er dýrt. Mikilvægt er að hefja kynbætur hið fyrsta. Það tekur mörg ár að ná árangri. Framleiðsla landanna í kringum okkur eykst hröðum skrefum, en kynbótastöð mun stórbæta samkeppnisaðstöðu okkar.

Í Kollafirði eru hafnar kynbætur á hafbeitarlaxi. Þar er að hluta verið að leita annarra eiginleika en í eldi, svo sem ratvísi eða aukinna endurheimta. Þar er notuð kynbótaaðferð sem nefnd er fjölskylduval og þar eru í eldi um 150 fjölskyldur af þremur stofnum. Vonir eru bundnar við að þessar kynbætur geti aukið arðsemi við hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri meðalþunga sláturlax. Af þeim tölum sjá menn hversu mikið er í húfi varðandi eldislaxinn.

Kynbótastöð fyrir eldislax þarf að vera við sjó. Ég tel að strandlengjan við Þorlákshöfn kæmi mjög vel til greina, en fleiri staðir eru sjálfsagt líklegir eins og t.d. víða á Reykjanesi. Stöðin þarf að standa sér og nokkuð einangruð vegna sjúkdómahættu, en vel má vera að fluttir yrðu til hennar stofnfiskar frá mörgum stöðum í byrjun. Aðstaða þarf að vera til klaks, seiðaeldis, geymslu stofnfisks og einhvers áframeldis. Gera verður ráð fyrir að seiði yrðu alin í nokkrum matfiskastöðvum samkvæmt samningi við kynbótastöðina. Mælingar á þroska fisksins og sláturþunga væru síðan notaðar til vals á fiski til undaneldis. Það val væri framkvæmt á fiski sem alinn er í sjálfri kynbótastöðinni. Kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni. Af reynslu Norðmanna að dæma er hér um mjög arðbært fyrirtæki að ræða, en þeirra reynsla er að kynbótastöðvarnar séu arðbærustu fyrirtækin í fiskeldinu.

Sjálf skipulagning og tölvustýring kynbótanna gæti verið framkvæmd af sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu í kynbótum og undirbúningur vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mundi nýtast vel í kynbótastöð fyrir eldislax.

Eðlilegt væri að hugsa sér að ríkið stofnaði og ræki þessa kynbótastöð í byrjun. Kynbótastöðin væri hins vegar hlutafélag þar sem áhugaaðilum, svo sem fiskeldisstöðvum, gæfist kostur á kaupum á hlutabréfum. Þannig gætu fiskeldisstöðvarnar og landssamtök þeirra tekið við rekstrinum síðar meir er þeim vex fiskur um hrygg. Mikilvægt er að í stjórn kynbótastöðvarinnar ættu sæti frá byrjun fulltrúi landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva og fulltrúi rannsóknaaðila, e.t.v. Háskólans, auk aðila með rekstrarþekkingu.

Framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að rannsóknir og tilraunir verði efldar. Íslendingar hafa þegar dregist aftur úr öðrum þjóðum í fiskeldi. Þróunin er mjög hröð, og nú þarf að láta hendur standa fram úr ermum ef ekki á að verða um seinan að hasla sér völl í þessari mikilvægu framtíðargrein.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum umræðum verði þessari till. vísað til allshn.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir stuðningi við þessa till. Ég tel tillöguna merka og þarflega. Æskilegt hefði verið að tími hefði verið til að ræða þessi mál hér ítarlega í dag. Ég skal ekki vera langorður þar sem fleiri mál eru á dagskrá.

Ég er sammála hv. flm. um mikilvægi fiskeldis fyrir Íslendinga í framtíðinni og að í þeim efnum eigi ekki að láta neins ófreistað til að efla þessa atvinnugrein. Kynbætur eru mjög mikilvægt atriði í sambandi við eldislax, eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Það verður að skoða þetta mál frá mörgum hliðum. Það þarf að skoða þetta mál m.a. út frá því sjónarmiði hvort Íslendingar ætla í framtíðinni að leggja megináherslu á fiskeldi í landi eða hvort þeir ætla að snúa sér í ríkari mæli að hafbeit. Hafbeit hefur ekki verið mjög ofarlega á dagskrá hjá Íslend-

ingum í sambandi við fiskeldi, en þó eru starfræktar 2–3 stöðvar sem eru marktækar í þeim efnum þar sem nokkur reynsla hefur fengist. Það er álit sérfræðinga, innlendra sem erlendra, að líklegast muni hafbeitin vera besti kosturinn í sambandi við fiskeldi framtíðarinnar og muni skila Íslendingum mestu í aðra hönd.

Margt styður þessa skoðun. Í fyrsta lagi eru aðstæður mjög sérstakar við Ísland. Eyjan er nyrst norður í Atlantshafi sem gerir að verkum að sjór í kringum landið og við strendur landsins er ómengaður. Þá er það einnig mikilvægt atriði og grundvallaratriði að uppeldisskilyrði fyrir fisk eru einstaklega hagstæð í hafinu í kringum Ísland.

Þá er það ekki lítið atriði að allar laxveiðar í sjó eru bannaðar við Ísland. En til þess að hafbeit geti notið sín eða skilað þeim árangri sem skyldi er það reynsla þeirra sem þegar hafa fengist við hafbeit við Ísland, og nefni ég þar Vogalax hf. sem hefur unnið að þessum málum allt frá árinu 1980, að það sé mjög mikilvægt skilyrði að hafbeitarstöðvar liggi þannig við sjó að þar sé fyrir hendi nægilegt vatn, heitt og kalt, og einnig að sjórinn sé algjörlega ómengaður þar sem hafbeitarstöðvarnar eru.

Víða við strendur landsins eru skilyrði góð til hafbeitar og þó að tilraunir hafi einkum verið gerðar hér á suðvestursvæðinu og einnig fyrir norðan á einum stað er það ekki nokkurt vafamál að hafbeitarskilyrði eru mjög góð við Suðvesturland.

Þá ræður það líka miklu, þegar verið er að fjalla um þessi mál, að í sambandi við seiðaeldi er þýðingarmikið að kynbæta seiðin áður en þeim er sleppt í sjó og það sem gert er og reynt hefur verið m.a. hjá Vogalaxi hf. er að laxaseiðin hafa verið hert upp áður en þeim er sleppt. Það tengist mjög því máli sem hér er til umræðu og legg ég áherslu á það að þetta mál fái afgreiðslu í hv. þingi þannig að það dragist ekki úr hömlu að taka þannig á þessum málum sem nauðsyn krefur.

Að lokum þetta: Án nokkurs vafa eru framtíðarmöguleikar Íslendinga mjög miklir í sambandi við fiskeldi. Hér er hægt að framleiða mikið magn af góðum matvælum með tiltölulega litlum tilkostnaði og ekkert land er betur búið en Ísland til þess að vera með stórar og vel reknar hafbeitarstöðvar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Með tillögu þessari er hreyft þörfu máli og ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt um mikilvægi fiskeldis í okkar þjóðarbúskap horft til framtíðarinnar. Reynslan er að sanna það þessi árin að hér er um að ræða þýðingarmikinn vaxtarbrodd í okkar atvinnulífi sem rennt getur verulegum stoðum undir okkar útflutningstekjur í framtíðinni.

Á hitt hefur skort að staðið væri að undirbúningsstarfi, rannsóknum og tilraunum í þessu efni eins og þyrfti og einnig varðandi samræmd tök í stjórnkerfinu á þessum málum þannig að þeir mörgu aðilar sem eru að spreyta sig í fiskeldi gætu leitað með eðlilegum hætti eftir stuðningi og fyrirgreiðslu af opinberri hálfu þó að ekki séu þarna neinir ölmusumenn á ferð. Þeir hafa þurft að standa undir sínum rekstri og taka þar verulega áhættu margir hverjir.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál vítt og breitt vegna þessarar tillögu. Hún snertir einn lið í þessu starfi, þ.e. að kynbæta eldislax, en þó er eðlilegt að á það sé bent hversu brýn þörfin er á því að taka af opinberri hálfu miklu skilmerkilegri þátt í undirbúningsatriðum varðandi fiskeldið, bæði líffræðilegum og vistfræðilegum rannsóknum og einnig stuðningi við hagrænan undirbúning mála.

Það hefur verið reipdráttur, því miður, innan ríkisstjórnar hérlendis frá því að þessi mál fóru á eitthvert skrið. Frá árinu 1982–1983 að telja hafa ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar verið að takast á um hvar eigi að vista þennan málaflokk í stjórnkerfinu og ég er ansi smeykur um að þessi reipdráttur, sem enn stendur yfir að ég best veit, geti orðið nokkuð dýrkeyptur fyrir þróun mála og orðið þess valdandi að sitthvað fari úrskeiðis sem ella hefði verið unnt að komast hjá.

Ég flutti till. um fiskeldismálin 1983–1984 á þinginu þá, mælti fyrir henni hér í febrúar 1984, um stefnu varðandi rannsóknir er tengdust fiskeldi og fyrirgreiðslu af opinberri hálfu og fleiri tillögur fylgdu síðan á eftir. Þessari tillögu var á sínum tíma vísað til ríkisstjórnar og nú fyrst má segja, síðustu missiri, er að koma vísir að rannsóknaraðstöðu þar sem er rannsóknarstöð á vegum Hafrannsóknastofnunar við Grindavík til stuðnings við fiskeldi og til undirstöðurannsókna. Hér er að vísu allt of lítið á tekið, þetta er allt of smátt í sniðum og allt of seint á ferðinni í rauninni. Það er því fyllilega ástæða til að hvetja framkvæmdarvaldið til dáða í þessum efnum og fjárveitingavaldið, þar sem er Alþingi, að taka betur undir í þessum málum.

Fyrir þinginu liggur nú í nefnd tillaga um áætlun vegna Hafrannsóknastofnunar, um fjármögnun Hafrannsóknastofnunar til fimm ára. Þar reynir m.a. á fiskeldisþáttinn, að veitt verði meira fjármagni í því skyni. Hér er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin sé eignar- og rekstraraðili kynbótastöðvar fyrir eldislax. Ekki teldi ég það út af fyrir sig neitt óeðlilegt. Spurning er hvort þátttakendur í þessum atvinnurekstri ættu að tengjast þessum rekstri með einhverjum hætti, hvort sem það væri eignarlega eða stjórnunarlega. Ég vil ekki á þessu stigi taka afstöðu til þess, en ég teldi út af fyrir sig ekki óeðlilegt að svo væri þar sem þeir eiga mest undir því komið að vel takist til í þessum efnum og tengslin þurfa auðvitað að vera sem best þannig að reynslu sé safnað og þarna séu eðlileg tengsl og sambönd á milli.

En ég vænti þess að þessi till. fái hér góða meðferð og vil hvetja til þess að á þessum málum verði tekið af meiri alvöru en sumu af því sem hefur farið fram hjá framkvæmdarvaldinu í þessum málum og þeirri togstreitu sem ég nefndi að enn stendur yfir

og þyrfti að ljúka sem allra fyrst þannig að menn geti unnið að þessum málum út frá alveg skýrum forsendum hvað þetta snertir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir um kynbótastöð fyrir laxeldi er ein af þeim tillögum sem hér hafa verið ræddar um þennan málaflokk og er að sjálfsögðu mjög góð. Laxeldi hefur orðið vaxandi atvinnugrein hér upp á síðkastið og því mjög nauðsynlegt að unnið sé að þessum málum. Ég tek undir það sem hefur verið sagt hér um þessi mál. Á því er ekki nokkur vafi að þetta er mikill vaxtarbroddur í íslenskum atvinnurekstri. Mig minnir að þegar Kollafjarðarstöðin var sett á laggirnar á sínni tíð hafi það í raun verið ætlunin að þessi þáttur m.a. færi fram þar. Þær hugmyndir voru e.t.v. þá uppi. Það er því ekki ólíklegt að það mætti koma þessum þætti fyrir þar því að það er mikilvægt að gerðar séu kynbætur á eldislaxi. En ég vil líka varpa því fram hér að það er meira en eldislax sem þyrfti að huga að. Það er okkar ágæti silungur sem þyrfti að gera kynbætur á. Ekki væri síður þörf á því.

Þessi mál verða tæplega fullrædd hér, en það má líka varpa því fram í þessu sambandi, þegar maður lítur til þess að nú hafa verið lagðar gífurlegar upphæðir í fjárfestingu í laxeldi, hvort þær stöðvar sem geta lagt svo miklar fjárfestingar fram hefðu ekki eitthvað afgangs sem þær gætu lagt í rannsóknir eins og kynbætur og grunnrannsóknir. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um þessi efni og tel að það væri mjög mikilvægt að tekið væri á þessum málum í heild þannig að það yrði mótuð viðameiri og markvissari stefna í þessum málum.

Við sjáum í grg. að það er talið að útflutningur nemi um 600 millj. kr. á þessu ári. Það er vafalaust ekki nema brot af því sem verður þannig að það mætti vel ímynda sér að útflutningsfyrirtækin sameinuðust um að gera slíkar kynbætur.

Þær rannsóknir sem hér hafa farið fram á lífríki og þeim þáttum sem að því snúa eru tiltölulega litlar og því full þörf á því að menn snúi sér að þeim málum einnig.

Ég vil svo að lokum þakka flm. fyrir þessa ágætu till. og lýsi yfir stuðningi mínum við hana.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið. Hér hafa þrír þingmenn tekið til máls og allir farið jákvæðum orðum um þau markmið sem miðað er við að reyna að ná fram með þessari tillögu. Allir hafa þeir bent á athyglisverð atriði varðandi þetta mál og ég þakka fyrir það.

Ég hygg að þegar komið er að eignaraðild kynbótastöðvar sem þessarar væri æskilegt í framtíðinni að atvinnugreinin sjálf ræki slíka stöð. Ég held hins vegar að það sé alveg ljóst, þar sem allar stöðvar er nú að slíta barnsskónum og eru tæpast farnar að fá neinar rauntekjur enn þá, að útilokað er fyrir þær að ráðast í þetta fyrirtæki eins og mál standa. Eins og ég sagði áðan líða þrjú ár frá því að menn klekja út hrogni þar til menn fá lax til slátrunar eða jafnvel lengri tími. Í eldi, ég tala nú ekki um strandeldi þar sem menn ráðast í miklar fjárfestingar, þurfa síðan að vera með starfslið í vinnu í þrjú ár og kaupa fóður, orku og annað sem til þarf, þá safnast bagginn upp þegar tekjurnar fara að koma og það má segja að þetta sé 5–7 ára stríð eftir það.

Hins vegar er það mat mitt að engan tíma megi missa. Það sé mjög mikilvægt að hefja þessar kynbætur hið fyrsta ef við eigum ekki að dragast enn frekar aftur úr en við höfum þegar gert því að of seinir höfum við verið að taka við okkur. Þó að einstaka hugsjónamenn hafi barist harðri baráttu og reynt að ryðja brautina hefur almenn þátttaka í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar verið of lítil. Ég hygg þess vegna að það sé alveg óhjákvæmilegt að ríkið komi inn í þessa bygigngu og þennan rekstur á byrjunarstigi, en hins vegar mjög æskilegt að þar væri um að ræða hlutafélag þar sem áhugaaðilar og fyrirtæki í þessum rekstri gætu keypt bréf og tekið við rekstrinum þegar fram í sækti.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Austurl. þegar komið er að rannsóknum varðandi fiskeldi á Íslandi og kannski ekki bara laxeldi. Þar er flest ógert og þyrfti að gera miklu meira.

Ég vil einnig taka undir margt sem hv. 14. þm. Reykv. sagði. Hann er kunnugur laxeldi og ekki síst hafbeit af eigin raun og talaði af þekkingu um þau mál.

Ég gæti nefnt mörg atriði þar sem æskilegt væri að auka rannsóknir varðandi fiskeldi. Ofarlega er mér í huga hin svonefnda tálknveiki sem hefur valdið gífurlegu tjóni í mörgum íslenskum seiðastöðvum og þyrfti alveg nauðsynlega að herða rannsóknir á. Sennilega er um að ræða umhverfisveiki sem við getum náð tökum á.

Miklar rannsóknir þyrftum við að fara í varðandi sjóherslu eða smoltun á laxaseiðum o.s.frv. o.s.frv.

Ekki vil ég þó gera lítið úr því sem þegar er hafið hjá Hafrannsóknastofnun í landi Staðar á Reykjanesi þar sem verið er að hefja byrjunarrannsóknir á lúðueldi og vonandi getur það skilað okkur miklu í framtíðinni.

Önnur mál þessarar nýju greinar væri líka tilefni til að ræða. Hv. 2. þm. Austurl. kom inn á vistun fiskeldis. Það er eindregin ósk fiskeldisstöðvanna að þessi atvinnugrein verði vistuð í sjútvrn. Það er alveg eindreginn vilji og hefur hvað eftir annað komið fram á fundum þessara aðila.

Sjálfsagt væri og eðlilegt að taka upp umræður um endurgreiðslu á söluskatti í rekstri fiskeldisstöðvanna svipað og annarra atvinnugreina og þannig mætti lengi telja.

En kynbætur eru að mínu viti og þeirri þekkingu sem ég hef aflað mér á laxeldi mikilvægasta málið í eldi á laxi í dag. Við erum nánast með villta stofna. Flestir gera sér grein fyrir því að mikill munur er á því að ala villisvín eða alisvín sem búið er að kynbæta og auka vaxtarhraða á í gegnum fjölda ára.

Þó að ekki verði í þessu sambandi fyllilega þar til jafnað segir það nokkuð um hvað er að ræða.

Hagkvæmni laxeldis á Íslandi hvílir á því að okkur takist að auka vaxtarhraða þessara fiska og okkur takist að seinka kynþroskanum. Þau atriði hvíla á því að við reynum að kynbæta þessa íslensku stofna. Ég skal játa að ég er ekki vongóður um að við náum þessu máli fram hér svo stutt sem eftir er af þinginu, en enginn maður yrði glaðari en ég ef það tækist.

Forseti hefur bent mér á að eðlilegra væri að þessari tillögu væri vísað til atvmn. en allshn. og fellst ég fúslega á þær ábendingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 451. mál. — Þskj. 801.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um *sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu*, en tillöguna er að finna á þskj. 801. Efni tillögunnar er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan þriggja ára,

b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1988,

c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega."

Tillaga þessi er flutt af þingmönnum Alþb. og hefur komið fyrir Sþ. tvívegis að ég hygg áður þótt henni sé breytt hér lítillega, þ.e. fresturinn til að vinna þá áætlun og framkvæma er styttur úr fimm árum í þrjú ár þar sem tími hefur liðið frá því að till. var fyrst sett fram og gert ráð fyrir að ná markmiði skv. b-lið fyrir lok yfirstandandi árs.

Ég vil spyrja virðulega þingmenn um það hvort þeir telji það eðlilegt ástand að kostnaðarmunur á símtölum milli landshluta skuli vera rúmlega áttfaldur – það er misritað í grg. með þáltill. að mesti munur sé sjöfaldur, hann er rúmlega áttfaldur í raun — þegar kostnaðarmunurinn við kerfið, sem flytur símtölin á milli, er í mesta lagi tvöfaldur samkvæmt upplýsingum tæknimanna og rekstraraðila hjá Pósti og síma. Er það eðlilegt að þeir sem þurfa að tala milli landshluta, sem eru að meiri hluta fólk úti á landsbyggðinni, skuli þurfa að borga skatt til þessa opinbera fyrirtækis, Pósts og síma, í gegnum langlínusamtöl með þeim hætti sem ég hef hér nefnt?

Ég get vel skilið það að menn setji spurningarmerki við það hversu langt skuli ganga í jöfnun á öllum hlutum varðandi framfærslukostnað í landinu. Það er ekkert óeðlilegt að menn varpi fram þeirri spurningu: Er það skilyrðislaust sjálfsagt að menn greiði sama gjald fyrir alla grunnþjónustu hvar sem þeir eru búsettir? Ég vil ganga mjög langt í þeim efnum og nefni þar þætti eins og orkuverð og þátt eins og síma. Alveg sérstaklega ætti það nú að vera mönnum auðvelt að styðja slíkt þegar í ljós kemur, þegar það liggur fyrir að kostnaðurinn við að flytja samtöl eftir örbylgjuleiðum þráðlaust er nú í mesta lagi tvöfaldur þegar um er að ræða samtöl á milli landshluta.

Ég hef undrast nokkuð að ekki skuli hafa fengist betri undirtektir við till. þessa hér á þingi á undanförnum árum en raun ber vitni svo mikið sem tekið er undir þörfina á að rétta hlut fólks sem úti á landi býr í sambandi við ýmsa grunnþætti sem fólk þarf að styðjast við í daglegu lífi, eins og fjarskiptin, eins og orkuna.

Í umsögnum með þessari þáltill. frá liðnum árum, sem ég hef leyft mér að birta með till. sem fskj., kemur fram frá landshlutasamtökum eindreginn stuðningur við þau sjónarmið sem fram koma í till. Það kemur frá Neytendasamtökunum, þar sem uppistaða þess félagsskapar er á höfuðborgarsvæðinu, a.m.k. forustan, í raun fram stuðningur við jöfnun á þessu sviði þar sem talað er um að það sé þeirra grundvallarsjónarmið að hver neytandi greiði við kaup á þjónustu réttmætan kostnað hennar. Ef farið væri eftir þessu ætti kostnaðurinn í mesta lagi að vera tvöfaldur samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fram borið. En ég vil ganga lengra í þessum þætti. Ég vil jafna þetta þannig að landið allt verði eitt gjaldsvæði og menn greiði hið sama þó með þeim fyrirvara, sem í c-lið getur, að tilfærsla á kostnaði að þessu leyti verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Ég vísa til umsagnar Póst- og símamálastofnunar, póst- og símamálastjóra, sem er fyrsta fskj. með þessari till. Þar kemur ekkert fram í þá átt að þetta sé ekki tæknilega kleift í raun á þeim tíma sem hér um ræðir. Umsögnin er gefin í fyrra. Þá var miðað við fimm ára tímabil og það var ekki athugasemd við það og ég veit að tæknilega eru engar hindranir í vegi með stafrænu símakerfi að koma þessu í kring.

Hvað snertir b-lið till. gegnir það furðu að það skuli ekki fyrir löngu vera farið að tíðka gjaldtöku með þeim hætti sem þar er lagt til, þ.e. að menn greiði sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir, við opinberar stofnanir hvar sem er á landinu. Ekkert er auðveldara en að koma þessu við. Það eru ekki nokkrar tæknilegar hindranir í vegi þessa. Og hvers vegna í ósköpunum á fólk að gjalda þess, sem þarf að eiga samskipti við t.d. ráðuneyti og opinberar stofnanir hér í höfuðstaðnum, að höfuðstaðurinn skuli vera í Reykjavík og menn eigi búsetu fjarri honum og þurfi að sækja upplýsingar og fyrirgreiðslu hjá opinberum aðilum svo og að koma sjónarmiðum sínum á framfæri?

Ég er nú að vona að með því að við flytjum þessa till. hér enn með þessum fskj. og upplýsingum um afstöðu þeirra sem málið helst varðar megi það hreyfa við þessu máli enn hér á þinginu og fá við það stuðning, betri stuðning en tekist hefur á undanförnum þingum. Þetta er aðeins spurning um pólitískan vilja.

Það er vert að vekja athygli á því að jöfnun milli langlínutaxta og staðarsímtala er ekki endilega íþyngjandi fyrir Reykvíkinga því að póst- og símamálastjóri upplýsir að símnotendur á höfuðborgarsvæðinu í heild greiddu hærri upphæð fyrir notkun á langlínukerfi en fyrir staðarsímtöl þannig að lækkun langlínutaxtanna kemur Reykvíkingum til góða á heildina litið. Auðvitað eru fyrirtæki þar og kannski meira en einstaklingar, en þetta eru niðurstöður úr heildardæmi. Kostnaðarauki vegna staðarsímtala er þó ekki nema u.þ.b. tvöföldun sem jafnaðist á nokkurt tímabil sem hér er gert ráð fyrir, þriggja ára tímabil, ef gengið er út frá þeirri forsendu að Póstur og sími hefði óskertar tekjur frá því sem verið hefur vegna þessarar taxtatilfærslu.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta mál. Það á að vera hv. þm. ljóst. Hér stendur spurningin um það: Vilja menn stíga þetta skref? Vill Alþingi gefa Póst- og símamálastofnun fyrirmæli um að taka á málum með þeim hætti sem hér er lagt til? Ég er ekki í vafa um að það er nokkuð horft til þessara mála. Það verður eftir því tekið úti á landi t.d. hver eru viðbrögð Alþingis við till. af þessu tagi. Þörfin er æ brýnni að menn sýni lágmarkssanngirni í samskiptum við landsmenn óháð búsetu.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum taka undir þá till. sem hér er til umræðu. Þetta er hið þarfasta mál. Það er kunnara en frá þurfi að segja að flestum sem þurfa að nota síma að einhverju marki þykir sú þjónusta fremur dýr og einnig að það sama gangi ekki yfir alla.

Þrátt fyrir nokkra leiðréttingu á hlut landsbyggðarinnar í gjaldskrárbreytingu Pósts og síma á sl. ári greiða nú íbúar landsbyggðarinnar enn stórum meiri símakostnað en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Landsbyggðarbúar hafa á undanförnum árum beinlínis greitt niður símakostnað höfuðborgarbúa.

Íbúar landsbyggðarinnar hafa árum og áratugum saman farið fram á ýmsar leiðréttingar á símakostnaði. M.a. hefur hvað eftir annað verið bent á það misrétti að þjónusta ýmissa opinberra stofnana skuli vera misdýr eftir því hvar menn búa á landinu vegna þess hversu miklu dýrara er að hringja í þessar stofnanir utan af landsbyggðinni.

Það mun að vísu vera í undirbúningi að taka í notkun sérstök símanúmer fyrir þessar stofnanir þannig að unnt verði að hringja til þeirra hvaðan sem er á staðartaxta. Þetta er mjög til bóta ef af yrði. En hversu lengi þarf að bíða eftir því?

Í framhaldi af því sem ég var að segja vil ég lýsa óánægju minni með það að hæstv. samgrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu og gæti þá svarað því hvað er fyrirhugað í þessum málum því fólk vill gjarnan fá að vita það. Það er nú einu sinni svo að stofnunin Póstur og sími er byggð upp fyrir fjármagn frá neytendunum sjálfum og þess vegna gera þeir kröfur til að hafa nokkur áhrif á hvernig er farið með það fé. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að fá að vita um það hvað er fyrirhugað í þessum málum og hvernig eigi að skipa þeim því það er mjög mikilvægt að sem mestur jöfnuður ríki milli þess sem fólk greiðir vítt og breitt um landið og einnig að gæði þjónustunnar séu sem jöfnust. Ég árétta að Kvennalistinn styður þetta mál og við óskum eftir því að á því verði tekið sem fyrst.

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Ég þakka hv. þm. Málmfríði Sigurðardóttur ágætar undirtektir við þessa till. Ég er nú viss um að hún á stuðning víða, en hann þyrfti bara að koma fram hér í þinginu. Það er mjög nauðsynlegt.

Auðvitað er það svo að þó að hér sé lögð fram sú till. að sama gjaldskrá og ein gjaldskrá gildi fyrir landið allt í sambandi við símaþjónustu þannig að fullum jöfnuði verði náð getum við litið á skref sem stigin yrðu í þessa átt sem jákvæð og eins og tekið er fram í grg. með till. er þakkað það sem hefur þokast í þessa átt fyrir tilverknað forstöðumanna Pósts og síma og fyrir tilverknað framkvæmdarvaldsins á liðnum árum. En sá munur sem þarna er á er hróplegur og það eru engin rök á bak við, engin skynsamleg rök að skattleggja þá sem langlínuna nota með þeim hætti sem þarna er gert.

Vissulega væri, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, æskilegt að hæstv. samgrh. væri viðstaddur, en ég geri ráð fyrir að hann átti sig á þessu máli, það er svo augljóst og einfalt, það liggur hér fyrir. Ég mun hlutast til um það að athygli hans verði á því vakin. En hér er það þingviljinn sem spurt er um og þó að ráðherrar séu öflugir margir hverjir taka þeir ekki ákvarðanir fyrir Alþingi nema að svo miklu leyti sem þeir eru hluti af þinginu.

En það reynir vissulega á vilja ráðandi meiri hluta hér. Það er eftir honum sem spurt er ekki síst þegar till. af þessu tagi er flutt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að hæstv. samgrh. hefur fjarvistarleyfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga, frh. síðari umr.

Þáltill. NL og GuðnÁ, 153. mál. — Þskj. 165, n. 930.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskunámskeið fyrir almenning, fyrri umr.

Þáltill. JúlS o.fl., 421. mál. — Þskj. 771.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um íslenskunámskeið fyrir almenning á þskj. 771, en flm. ásamt mér eru þeir Óli Þ. Guðbjartsson, hv. 6. þm. Suðurl., og Guðmundur H. Garðarsson, hv. 14. þm. Reykv. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta undirbúa og halda íslenskunámskeið fyrir almenning í sjónvarpi og á vinnustöðum. Gera skal ráð fyrir því að fólki gefist kostur á að rifja upp beygingarfræði íslenskrar tungu, fá æfingu í réttritun og ritmáli, þjálfun í framsögn og kennslu í talmáli. Slík námskeið skulu haldin reglulega í sjónvarpi og útvarpi. Kostnaður vegna þeirra skal greiddur úr ríkissjóði."

Öllum má vera ljóst að móðurmálið á nú í vök að verjast. Áhrif erlendra tungumála á málfar manna á Íslandi, einkum þó enskrar tungu, eru uggvænleg. Enskuslettur verða sífellt meira áberandi í málfari manna. Fólki verður æ tamara að grípa til enskra orða og hugtaka í máli sínu og virðist það vera farið að gleyma góðum og gildum íslenskum orðum. Þá er sú þróun mjög alvarleg að svo virðist sem það þyki ekki lengur fínt að nota íslensk orð í verslun og viðskiptum manna á meðal. Ég leyfi mér að minna á umræðu einmitt um þetta efni sem fór fram í Sþ. í haust sem leið, en þá lá fyrir þinginu till. sem laut að þeirri þróun að nefna verslanir enskum nöfnum eða erlendum heitum, og mig minnir að 1. flm. þeirrar till. væri hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir.

Það er mikil hætta á því að ef ekki verður gripið í taumana geti farið svo að íslenskunnar bíði sömu örlög og gelískunnar á Írlandi, en móðurmál Íra, gelískan, er nánast horfið. Það finnst enn þá í afdölum uppi í sveit á Írlandi fólk sem talar gelísku, en að öðru leyti hefur enskan alveg yfirtekið hlutverk gelískunnar á Írlandi sem það mál sem almenningur talar og notar daglega.

Hér fyrir kannski rúmlega öld var mikil hætta á því að danskan ryddi íslenskunni alveg á braut. Við eigum það okkar ágætu mönnum sem gripu í taumana um miðja síðustu öld að þakka að við tölum þó íslensku enn þann dag í dag. En ef fer fram sem horfir er mikil hætta á því að svo sem að einni öld liðinni verði íslenska aðeins töluð uppi í afdalasveit og enska verði orðið það mál sem almenningur notar daglega á Íslandi. Þess vegna er ráð að grípa í taumana áður en um seinan er.

Setningaskipan, bæði í talmáli og ritmáli, er byrjuð að brenglast verulega og tekur meir og meir mið af enskri tungu. Allir þekkja þunglamalegt stofnanamálið og ofnotkun nafnorða. Málkennd manna virðist fara hrakandi. Beygingarvillur og ritvillur eru mjög áberandi bæði í talmáli og ritmáli og algengt er að heyra að fólk misskilur gömul hugtök og orðskviði og ruglar þeim saman. Þetta er mjög áberandi, því miður, sérstaklega meðal hámenntaðra manna, þeirra sem hafa farið í gegnum langskólanám.

Ef ég mæli hér af eigin reynslu átti ég heima í Danmörku í samtals 13 ár. Þegar ég kom heim aftur til Íslands varð ég fljótt var við að ég hafði gleymt að verulegu leyti undirstöðunni og var orðinn mjög ryðgaður í meðferð móðurmálsins þannig að ég varð að taka mér tak fyrstu árin sem ég var búsettur á Íslandi eftir þessa löngu dvöl í Danmörku og nánast læra íslensku upp á nýtt. Ég held að þetta sé mjög algengt hjá mörgum, að þrátt fyrir nokkuð góða og almennt góða íslenskukennslu í skólum landsins hættir mörgum til að ryðga í móðurmálinu, gleyma þessum gömlu og góðu reglum sem þeir þar lærðu og það á sinn þátt í því að málfar almennt er miklu lakara en það þyrfti að vera.

Íslenskan er erfitt tungumál, enda er beygingarkerfi hennar talsvert flóknara en í flestum þjóðtungum Evrópulandanna. Það er því ekki nema von að fólk eigi erfitt með að tala íslensku og sérstaklega skrifa hana þannig að vel fari.

Þess vegna þykir okkur flm. að það sé full þörf á því að bjóða almenningi upp á sérstök upprifjunarnámskeið í íslensku og reyna þannig að stuðla að betra málfari. Það má hugsa sér að það verði riðið á vaðið með þáttaröð í sjónvarpi og útvarpi þar sem helstu atriði beygingar- og setningarkerfis íslensku yrðu skýrð. Enn fremur yrði farið yfir helstu réttritunarreglur og notkun orðskviða. Þá er nauðsynlegt að fara yfir mismun á talmáli og ritmáli og kenna fólki að tileinka sér vandað málfar í ræðu og riti og veita því þjálfun í framsögn. Einmitt að veita þjálfun í framsögn er einkar mikilvægt því að það er mjög áberandi að talmáli fer sérstaklega hrakandi, e.t.v. mun meira en ritmálinu hrakar.

Það hafa margir á undan mér og héðan úr þessum virta ræðustól á hinu háa Alþingi lýst áhyggjum sínum yfir hrörnun íslenskunnar, móðurmálsins, og mér er kunnugt um að áþekkar tillögur hafa áður verið fluttar á hinu háa Alþingi. Ég er sannfærður um að ef alþm. beita sér ekki fyrir því að standa vörð um móðurmálið gerir það enginn.

Það má líka bæta við að það væri afar æskilegt að hnykkja á um útgáfu kennslubóka og hentugra uppsláttarbóka fyrir almenning. T.d. sárvantar málnotkunarbækur, uppsláttarbækur með dæmum

og eins er orðið tímabært að gefa út nýja stafsetningarorðabók með beygingardæmum. Ég held að það væri líka tilvalið, sérstaklega ef það er hægt að koma á þessum námskeiðum sem till. gerir ráð fyrir, að gefa út hentugar upprifjunarbækur sem væru aðgengilegar öllum almenningi.

Með áróðri fyrir vönduðu íslensku máli, bæði í ræðu og riti, og samstilltu þjóðarátaki til að hefja móðurmálið til vegs og virðingar má koma í veg fyrir að íslenskukunnáttu þjóðarinnar hraki frekar en orðið er og snúa vörn í sókn. Það þarf að koma því á að þeir sem sletta erlendum orðum að óþörfu séu taldir hlægilegir. Enn fremur þarf að skapa almenna virðingu fyrir móðurmálinu svo að menn fyrirverði sig fyrir að tala lélegt mál og séu taldir aumkunarverðir fyrir málglöp að óþörfu.

Þá langar mig að lokum að fjalla um einn þátt málvöndunar sem birtist okkur í því að í útvarpslögum, sem voru samþykkt héðan frá hinu háa Alþingi vorið 1985, var talið að það þyrfti að vernda móðurmálið með því að krefjast þess að erlent sjónvarpsefni yrði ævinlega þýtt, þ.e. að allar slíkar sjónvarpssendingar sem bærust hingað um gervitungl yrðu textaðar eða að þulur þýddi þær jafnharðan. Ég hef barist fyrir því að þessari þýðingarskyldu væri aflétt og rökstyð það með því að ég tel að móðurmálinu sé hætta búin af allt öðrum orsökum en einmitt þeim að fólk horfi á sjónvarpssendingar erlendra sjónvarpsstöðva. Ef eitthvað, þá óttast ég þvert á móti lélegar þýðingar sem koma fram í slæmum textum á afþreyingarmyndum ýmiss konar sem almenningur horfir mjög á. Það er fyrst og fremst um að ræða engilsaxneskar sjónvarpsmyndir sem eru sýndar bæði í Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2 með íslenskum textum. Ég hef rætt þetta við mjög marga og mönnum ber saman um að sérstaklega yngri börn, sem hafi ekki náð tökum á því erlenda máli sem talað er í þessum sjónvarpsmyndum, læri að sletta ýmsum orðum með því að þau læra einfaldlega að greina merkingu orðanna með þeim textum sem eru á myndunum. Þannig er raunverulega meiri hætta á því að þessar erlendu sjónvarpsmyndir hafi áhrif á málfar sérstaklega ungra barna, sem ekki hafa lært hið erlenda tungumál, en ef þær væru án texta. Ég tel að miklu nær sé að standa vörð um móðurmálið með þeim hætti sem flm. gera ráð fyrir í tillögunni en meina landsmönnum að horfa á erlent sjónvarpsefni.

Langar mig svo að lokum að vitna til þess að á vegum Evrópuráðsins er verið að vinna að gerð sáttmála milli allra Evrópulandanna um að það megi ekki leggja neinar hömlur í veginn fyrir sjónvarpsefni og dreifingu þess á milli Evrópulandanna. Þýðingarskyldan er einmitt dæmi um slíkar hömlur sem ekki mega vera samkvæmt þessum sáttmála sem er í burðarliðnum. Ég er hér með fréttablað frá Evrópuráðinu þar sem segir frá að nú sé verið að leggja síðustu hönd á gerð þessa sáttmála. En þessi till. er flutt vegna þess að við flm. ásamt vonandi öllum alþm. höfum áhyggjur af þeirri þróun mála sem er mjög augljós öllum sem vilja fylgjast með og væntum þess að hún fái góðar viðtökur.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér í ræðustól til að þakka flm. þessarar ágætu tillögu. Ég held að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af að einhverjir aðrir hafi áður flutt tillögur um úrbætur varðandi íslenska málmenningu. Ég held að það sé aldrei of oft gert og ég lýsi því eindregnum stuðningi mínum við þessa tillögu. Ég held að hún sé þörf.

Ég vil þó að það komi fram að þáttur Ríkisútvarpsins hefur alla tíð verið verulegur varðandi málvöndun og góða málnotkun. Má þá minna á þætti sem hafa orðið vinsælir eins og Daglegt mál og Íslenskt mál. Hins vegar er því ekki að neita að það fer varla fram hjá nokkrum manni að málnotkun fjölmiðlafólks fer hrakandi og ekki síst í þeim nýju fjölmiðlum sem nú hafa bæst við í fjölmiðlaheiminum. Það verður auðvitað aldrei of oft sagt að forstöðumönnum fjölmiðla ber að stuðla að því að starfsfólk þeirra reyni að vanda málfar sitt sem kostur er.

Það má einnig geta þess að t.d. Morgunblaðið sem stærsta dagblað landsins hefur verið heldur til fyrirmyndar að því leyti sem varðar íslenskt mál. Mér er kunnugt um að þar á bæ reyna menn að sjá svo til að þeir sem í blaðið skrifa séu sæmilega ritfærir á íslenskt mál. Það er stefna þar en ekki einungis háð tilviljun hvort ákveðnir starfsmenn kunna eitthvað fyrir sér í notkun íslensks máls.

En hér var fyrr í dag talað fyrir þáltill. um málefni barna á forskólaaldri og það minnir okkur á það að e.t.v. eru börnin í landinu í mestri hættu að þessu leyti með þeim aðbúnaði sem einmitt þar var talað um. Börn hafa lítil tækifæri til að læra að nota sitt eigið tungumál. Þau eru háð erlendum fjölmiðlum stóran hluta dagsins vegna þess að enginn er heima til að sinna þeim, og ef við höldum áfram á þeirri braut eins og við höfum gert á síðustu árum held ég að við verðum að horfa framan í verulegan vanda í þessum efnum að örfáum árum liðnum.

Málmennt er auðvitað aðeins einn þáttur almennrar menningar og því aðeins að við búum landsmönnum og ekki síst börnunum sæmileg lífsskilyrði getum við vænst þess að við getum haldið uppi þeirri mennt og menningu í þessu landi sem við öll svo gjarnan vildum. Menn hafa ekki sýnt því sérstakan áhuga að efla barnamenningu. Það er ekki mikið gert til þess að hvetja fólk til að skrifa bókmenntir fyrir börn. Því síður eru leikhúsin styrkt til að halda uppi reglulegum leiksýningum fyrir börn. Tónlistarlífið er á svipuðu róli og það sama held ég að gildi um flestar aðrar listgreinar. Ef okkur er einhver alvara að halda uppi og halda við og efla þá menningarlegu hefð sem við eigum og byggjum raunar tilveru okkar á er ég hrædd um að við verðum að líta í kringum okkar í öllu þjóðfélaginu. Það nægir ekki að framkvæma einhverjar aðgerðir á einu sviði. Ég held að við verðum að hafa

einhverja heildarmynd af því ástandi sem ríkir í þjóðfélaginu öllu.

Vegna þess að flm. þeirrar tillögu sem hér um ræðir, hv. 7. þm. Reykn., minntist á umkvartanir mínar varðandi erlend nöfn á íslenskum fyrirtækjum vil ég taka fram að annar hv. þm. beitti sér einnig töluvert á því sviði, en það var fyrrv. hv. þm. Vilmundur Gylfason. Ég vil að það komi fram að hæstv. viðskrh. brást mjög vel og skjótt við því erindi sem ég átti við hann um þessi mál, að mig minnir á þessu þingi eða jafnvel því síðasta, og lét boð út ganga til þeirra aðila sem þau mál varða, og ég er ekki frá því að þetta hafi þegar haft áhrif. Menn eru ekki eins frjálsir, að ég hygg, nú til að nefna fyrirtæki sín erlendum nöfnum og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að halda áfram að vinna að því.

Einu atriði vil ég koma hér að sem ég hef ekki tekið eins eftir fyrr en ég fór að hlýða á hv. þm. úr virðulegum forsetastóli. Þegar ég sit í mínu eigin sæti er oftast verið að einbeita sér að efni þess sem sagt er. En það hefur ekki farið fram hjá mér að framburður hv. þm. hefur fengið undarlegan hljóm sem ég hef leyft mér í glensi að kalla framsóknarframburð, þ.e. menn leggja áherslu á annað, þriðja og jafnvel fjórða atkvæði orða. Einn hæstv. fyrrv. ráðherra hafði einkarétt á þessu og enginn kvartaði yfir því. En með allri virðingu fyrir hans annars ágæta málflutningi held ég að engin ástæða sé til þess að hafa framburð hans að fyrirmynd. Ég vildi mælast til þess að hv. þm. héldu þeim gamla, góða íslenska sið að leggja áherslu á fyrsta atkvæði orða. Hv. 6. þm. Suðurl. býr ekki á Sel*fossi*. Hann býr á *Sel*fossi, og kynni því illa að breyta því enda málvöndunarmaður. Hafi menn ekki gerst leiðir á þeim þjóðlega framburði held ég að menn ættu að reyna að halda sig við gamlar dyggðir í því efni.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki eyða tíma þingsins lengur að þessu sinni en vildi að þetta kæmi fram. Ég held að hér hafi verið hreyft mjög merku máli sem hefði mátt vera fyrr á ferðinni þannig að tími hefði gefist til þess að afgreiða það. Nú má vel vera að menn bregði skjótt við og geri það og ég styð það svo sannarlega. En ég þakka hv. flm. fyrir till. Ég held að hún sé þörf og nái hún ekki fram að ganga á þessu þingi er jafnrík ástæða til að hún komi fram þegar í upphafi næsta þings.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið heils hugar undir efni þeirrar till. sem hér er til umfjöllunar. Ég tel reyndar að það þurfi að gera margt fleira en einungis að efna til námskeiða fyrir almenning. Það sem ég tel vera meginvanda okkar nú er það hversu mjög ritað mál á í vök að verjast. Það má m.a. rekja til allt of langs vinnutíma. Foreldrar freistast til þess að geyma börnin fyrir framan sjónvarpið til að geta sinnt nauðsynlegum heimilisstörfum þann stutta tíma sem þeir eru heima. Þessir sömu foreldrar hafa ekki mikla afgangsorku til að stunda bóklestur sjálfum sér til gagns og gleði. Þetta er mikið áhyggjuefni, en ég held að aldrei fyrr hafi staða ritmálsins verið jafnveik og nú. Það virðist vera að skapast gjá milli talaðs og ritaðs máls.

Þannig sagði mér sögukennari frá því á dögunum, sögukennari við einn af framhaldsskólunum hér á landi, að hann hefði látið nemendur sína gera verkefni sem þeir síðan fluttu í tímum munnlega. Síðar þegar hann las ritgerðirnar yfir kom í ljós að málfarið var með þvílíkum eindæmum að hann taldi sér ekki stætt á því að gefa þeim einkunn fyrir verkefnin í samræmi við efni þeirra og innihald eingöngu. Nemendur brugðust reiðir við og töldu hann engan rétt eiga á að taka tillit til málfarsins við einkunnagjöfina.

Þetta er eitt dæmi sem sýnir að ég held að við verðum að gera miklu fleira en aðeins efna til námskeiðs í einangruðu námsefni, þ.e. íslenskunni. Við verðum að taka á þessu máli í heild sinni og það þarf t.d. að gefa kennurum í skólum landsins aukið svigrúm til að samþætta námsgreinar. Það kostar mikla vinnu. Ef vel á að vera þarf stundum að láta nemendur endurskrifa það sem þeir hafa áður skrifað. Það eru ekki allir kennarar sem endast til þess ár eftir ár við þau kjör sem þeir nú búa við og flestum eru kunnug.

En ég get tekið undir það sem hv. 1. flm., Júlíus Sólnes, og hv. síðasti ræðumaður, Guðrún Helgadóttir, sögðu. Hún hrósaði reyndar Morgunblaðinu og má það vel vera, en það gerðist í morgun að Morgunblaðið brást mjög illilega og langar mig til að lesa fyrir ykkur brot úr frétt sem ég las í Morgunblaðinu einmitt nú í morgun. Þar er verið að fjalla um verkfall verslunarmanna og undanþágu fyrir fólk sem þurfti að komast til útlanda. Þar segir, með leyfi forseta:

„„Undanþágan var auðfengin hjá Verslunarmannafélagi Suðurnesja og verkfallsverðirnir klöppuðu fyrir okkur þegar við fórum í gegn", sagði Kristján Þórarinsson sem var á leið með sex ára dóttur dóttir sína, Heiðu Kristínu Viðarsdóttur, til hjartaaðgerðar til Lundúna í morgun."

Ég læt hér þessari tilvitnun lokið, en tek það fram að „dóttur dóttir" var skrifað í tveimur orðum svo dæmi sé tekið.

Það segir síðan áfram í greininni, með leyfi forseta: „Móðir Heiðu Kristínu." Ég ætla ekki að lesa lengra, en þetta eru mjög áberandi og alvarlegar villur og það er illa komið ef sá litli texti sem fólk gefur sér tíma til að lesa, því ég held að allmargir lesi dagblöðin, er skrifaður þannig. Þá er auðvitað ekki að undra að tungan mengist.

En varðandi beinar útsendingar frá sjónvarpsstöðvum erlendum vildi ég segja það að ég tel að þar beri að fara mjög varlega í sakirnar. Ég held að við séum ekki reiðubúin. Við þurfum að gera átak í okkar eigin tungumáli fyrst og stórauka þátt íslensks efnis og þá ekki síst barnaefnis í fjölmiðlum.

Flm. (Júlíus Sólnes):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir og mun að sjálfsögðu, ef þessi tillaga nær ekki fram að ganga á þessu þingi, endurflytja hana í upphafi næsta þings eins og hv. 13. þm. Reykv. reyndar mælti með að ég og við hinir flm. gerðum.

Ég vil að lokum leyfa mér að vísa þessari tillögu til síðari umr. og hv. félmn. í Sþ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efnisskrá.

Akstur utan vega (398. mál) 7121, 7127.
Almannatryggingar (50. mál, örorkumatsnefnd) 7002.
Almannatryggingar (201. mál, örorkulífeyrisþegar á stofnunum) 6882, 7054.
Almannatryggingar (256. mál, gleraugnakaup) 6881, 7053.
Almannatryggingar (263. mál, ferða- og dvalarkostnaður sjúklinga) 6883, 7053.
Arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign (430. mál) 7141.
Atvinnuleysistryggingasjóður (444. mál, greiðslur vegna fiskvinnslufólks) 6883, 7042, 7053, 7066.
Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu (514. mál) 7076.
Birting heimilda um utanríkismál (486. mál) 6927.
Brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála (260. mál) 6779, 6789.
Drengskaparheit unnið 6685.
Einstaklingar með glútenóþol (414. mál) 6905.
Eiturefni og hættuleg efni (445. mál, heildarlög) 7038, 7044.
Ferðamál (466. mál, sala Ferðaskrifstofu ríkisins) 7009, 7033, 7095.
Ferðamenn (424. mál) 6939.
Framhaldsskólar (271. mál, heildarlög) 6792, 6815, 7032.
Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga (473. mál) 7081.
Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins um utanríkismál Íslands (186. mál) 6686, 6726.
Förgun hættulegs efnaúrgangs (495. mál) 6919.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (435. mál, hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts) 6839, 6877, 7043.
Grunnskóli (472. mál, skólaráð) 6784.
Háskólinn á Akureyri (202. mál) 6815, 6877.
Heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað (449. mál) 6790, 6867, 7066.
Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum (423. mál, aukning hlutafjár) 6830, 6877, 7034.
Hlutafélagaskrá (483. mál) 6924.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (229. mál, heildarendurskoðun) 7006, 7032, 7091.
Húsnæðissparnaðarreikningar (416. mál, binditími fjár o.fl.) 6871.
Húsnæðisstofnun ríkisins (299. mál, skipting lána milli kjördæma o.fl.) 6863, 6880.
Húsnæðisstofnun ríkisins (301. mál, kaupleiguíbúðir) 6839, 6878, 6885, 7035, 7050.
Húsnæðisstofnun ríkisins (329. mál, lán til leiguíbúða) 6862, 6880, 7038, 7047, 7054.
Húsnæðisstofnun ríkisins (363. mál, vextir á skyldusparnaði) 7046.
Húsnæðisstofnun ríkisins (448. mál, úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi) 6791, 6867, 7069.
Hæstiréttur (489. mál) 6930.
Innflutningur loðdýra til kynbóta (242. mál) 7098.
Íslenskunámskeið fyrir almenning (421. mál) 7161.
Kaupskipaeign Íslendinga (406. mál) 6898.
Kennaraháskóli Íslands (390. mál, heildarlög) 7004, 7032, 7086.
Kynbótastöð fyrir eldislax (450. mál) 7149.
Kynbætur á svínum og alifuglum (482. mál) 6917.
Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga (153. mál) 7096, 7161.
Lausar stöður kennara og skólastjóra og ráðning í þær (497. mál) 6936.
Lánskjör og ávöxtun sparifjár (205. mál) 7054.
Leigubifreiðar (468. mál, réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum) 6781.
Listskreyting Hallgrímskirkju (411. mál) 6910.
Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum (394. mál) 7099.
Læknalög (116. mál, heildarlög) 6880, 7039, 7052, 7066.
Löggjöf um forskólastig og uppbygging dagvistarheimila (437. mál) 7132.
Lögreglusamþykktir (276. mál, heildarlög) 6778, 6788, 7047.
Mat á sláturafurðum (126. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 6815, 6877, 7033.
Meðferð opinberra mála (5. mál, sifskaparbrot) 6782, 6789, 7075.
Meðferð opinberra mála (474. mál, dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir) 6868, 7002, 7074.
Mengun í álverinu í Straumsvík (410. mál) 6901.
Mengunarútbúnaður bifreiða (481. mál) 6907.
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (391. mál) 7003, 7032, 7085.
Ritskoðun á fréttastofu Sjónvarps (488. mál) 6933.
Ríkisendurskoðun (432. mál, skoðunarheimildir) 7016, 7033, 7089.
Sama gjald fyrir símaþjónustu (451. mál) 7157.
Samræming áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar (133. mál) 7106, 7118.
Samvinnufélög (425. mál) 6913.
Sjóðir og stofnanir (100. mál) 6779, 6789.
Sparisjóðir (455. mál, stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.) 7079.

Staðgreiðsla opinberra gjalda (403. mál, skipting og skil útsvars) 7045.
Sveitarstjórnarlög (365. mál, kaupstaðir og bæir) 6790, 6867, 7067.
Sveitarstjórnarlög (470. mál, almenn atkvæðagreiðsla) 7069.
Söluskattur (428. mál, flutningskostnaður innan lands) 6864, 6876.
Söluskattur (439. mál, tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja) 6868.
Tekjustofnar sveitarfélaga (402. mál, ákvörðun útsvarsprósentu) 7045.
Tónlistarháskóli Íslands (422. mál) 6811, 7031.
Um þingsköp 6827 (frv. um viðskiptabanka); 6941 (fsp. um viðskiptahalla); 7044 (frágangur nál.); 7114 (vinnubrögð og fundahald); 7124 (nefndafundir á þingfundatíma).
Umræður utan dagskrár 6718 (lausn kjaradeilnanna).
Útsendingar veðurfregna (420. mál) 7130.
Útvarpslög (476. mál, svæðisútvarp) 7083.
Vantraust á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar (útvarpsumræða) (505. mál) 6944.
Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs 6685, 6876, 6897.
Viðskiptabankar (454. mál, erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.) 6824.
Vinnuvernd í verslunum (429. mál) 7146.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 6685, 6696, 6718, 6724, 6897, 6898, 6942, 6943, 6944, 7124, 7125, 7126, 7127, 7160.
Forseti Sþ. Guðrún Helgadóttir 7098, 7115, 7116, 7118.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 6791.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 6828, 6876.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 6719, 6725, 6950.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 6824, 6828, 6832, 6908, 6910, 6911, 6914, 6916, 6925, 6931, 6933, 6997, 7034, 7047, 7063, 7074, 7077, 7079, 7142, 7145.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 6858, 7035, 7066, 7067, 7069, 7074.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 6896, 6970, 7043.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 6902, 6906, 6909, 6920, 6923, 7008, 7039, 7042, 7091.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 6904.
Landbrh. Jón Helgason 6917, 7033, 7105.
Menntmrh. Birgir Ísl. Gunnarsson 6686, 6766, 6792, 6807, 6811, 6818, 6934, 6937, 6953, 7086.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 6781, 6899, 6939, 6941, 7015, 7095, 7108, 7116.
Sjútvrh. Halldór Ásgrímsson 6928, 6993, 7019.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir 6721, 6883.
Albert Guðmundsson 6723, 6829, 6830, 6834, 6879, 6884, 6894, 6916, 6932, 6936, 6941, 6942, 7001, 7059, 7079, 7083, 7119.
Alexander Stefánsson 6839, 6861, 6862, 6863, 6890.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 6797, 6898, 6900, 6936, 6938, 7127, 7147, 7165.
Eggert Haukdal 7055.
Eiður Guðnason 6726, 6752, 6813, 6923, 6935, 7003, 7004, 7022.
Eyjólfur Konráð Jónsson 6916.
Geir H. Haarde 6744, 6881, 6883, 7053.
Guðmundur Ágústsson 6907, 6909, 6917, 6919, 6924, 6927, 6930, 6932, 6958, 7011, 7023, 7046.
Guðmundur H. Garðarsson 6724, 6758, 6790, 6791, 7045, 7046, 7141, 7144, 7146, 7148, 7152.
Guðmundur G. Þórarinsson 6822, 6942, 6943, 7149, 7155.
Guðni Ágústsson 6963.
Guðrún Agnarsdóttir 6737, 6765, 6787, 6870, 7007, 7018, 7027, 7041.
Guðrún Helgadóttir 6833, 6836, 6909, 6010, 6912, 6980, 7002, 7089, 7164.
Halldór Blöndal 6780, 6871, 6913, 6915, 6917, 6983, 7016, 7025, 7029, 7044.
Hjörleifur Guttormsson 6696, 6770, 6828, 6878, 6891, 6901, 6903, 6905, 6923, 6927, 6929, 6935, 6938, 7114, 7121, 7128, 7132, 7139, 7153, 7157, 7160.
Hreggviður Jónsson 6718, 6724, 6764, 6878, 6901, 6903, 6905, 6907, 6934, 7129, 7155.
Ingi Björn Albertsson 6933, 6935, 6986, 7130.
Jóhann Einvarðsson 6778, 6779, 6782, 6814, 6868, 6960.
Júlíus Sólnes 6791, 6804, 6875, 6955, 7017, 7029, 7124, 7161, 7167.
Karl Steinar Guðnason 6975, 7002, 7006, 7038.
Kjartan Jóhannsson 7076, 7078, 7087.
Kristín Einarsdóttir 6844, 6878, 6889, 6919, 6922, 7050, 7136.
Kristín Halldórsdóttir 6720, 6884, 6995, 7054, 7069, 7074.
Margrét Frímannsdóttir 6787, 6868, 7099.
Málmfríður Sigurðardóttir 6882, 6968, 7085, 7104, 7159.
Níels Árni Lund 7097, 7117.
Ólafur G. Einarsson 6685, 6898.
Ólafur Þ. Þórðarson 6734, 6822, 6939, 6940, 7001, 7052, 7096, 7109, 7115.
Óli Þ. Guðbjartsson 6849, 6989, 7105, 7138.
Páll Pétursson 6716, 6827, 6830, 6839, 7054, 7064, 7090.
Pálmi Jónsson 7107.
Ragnar Arnalds 7081, 7083.
Ragnhildur Helgadóttir 6817, 6836, 6837, 6880, 6882.
Salome Þorkelsdóttir 6783, 6784, 6788, 7103.
Skúli Alexandersson 7012, 7097, 7111, 7124, 7125, 7131.
Stefán Guðmundsson 7009.
Stefán Valgeirsson 6723, 6733, 6857, 6864, 6889, 6894, 6977.
Steingrímur J. Sigfússon 6722, 6820, 6830, 6850, 6879, 6885, 6944, 7051, 7056, 7077, 7107, 7108, 7117, 7118.
Svavar Gestsson 7001, 7002, 7020, 7125, 7126, 7127.
Sverrir Hermannsson 6691, 6815, 7113, 7116.
Valgerður Sverrisdóttir 6787, 6991, 7098, 7106, 7116.
Þorv. Garðar Kristjánsson 7029.
Þórhildur Þorleifsdóttir 6755, 6816, 6965.

SAMEINAÐ ÞING

75. fundur, mánudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga, frh. síðari umr.

Þáltill. NL og GuðnÁ, 153. mál. — Þskj. 165, n. 930.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 930 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 975).

Akstur utan vega, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 398. mál. — Þskj. 744.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Útsendingar veðurfregna, frh. fyrri umr.

Þáltill. IBA o.fl., 420. mál. — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 36 shlj. atkv.

Íslenskunámskeið fyrir almenning, frh. fyrri umr.

Þáltill. JúlS o.fl., 421. mál. — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHG og EKJ, 430. mál. — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Löggjöf um forskólastig og uppbygging dagvistarheimila, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 437. mál. — Þskj. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til félmn. með 37 shlj. atkv.

Kynbótastöð fyrir eldislax, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGÞ, 450. mál. — Þskj. 800.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til atvmn. með 35 shlj. atkv.

Sama gjald fyrir símaþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 451. mál. — Þskj. 801.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Vinnuvernd í verslunum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHG og HBl, 429. mál. — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Óskað hefur verið eftir umræðum utan dagskrár um flutninga á plútóníum í grennd við Ísland. Það verður orðið við þessari ósk og fer nú umræðan þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapalaga.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Á Bandaríkjaþingi hefur verið til umræðu og afgreiðslu samningur um friðsamlega notkun kjarnorku milli Bandaríkjanna og Japans. Samningurinn, sem gilda á í 30 ár, felur í sér heimild til handa Japönum að endurvinna þúsundir tonna af úrgangseldsneyti frá kjarnorkuverum í plútóníum til notkunar í kjarnorkuverum í Japan. Reagan, forseti Bandaríkjanna, féllst á samninginn í nóvember sl. þrátt fyrir talsverða andstöðu á Bandaríkjaþingi og meðal almennings, ekki síst í Alaska. Þingið hafði frest til 25. apríl til að hafna samningnum, en það var ekki gert. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Japans skiptist á samningsskjölum í þessum mánuði og 30 dögum síðar eða í júní nk. gangi samningurinn formlega í gildi.

Endurvinnsla á úrgangseldsneyti mun fara fram í Frakklandi og Bretlandi og þaðan á að flytja afurðina, hágeislavirkt plútóníum, loftleiðis yfir norðurheimskautið til Japans. Það mun m.a. vera gert af öryggisástæðum gagnvart ránum í stað þess að nota sjóleiðina, en auðvelt er að framleiða kjarnorkusprengjur úr plútóníum.

Í Viðauka 5 með þessum samningi eru leiðbeinandi ákvæði varðandi þessa loftflutninga og þar kemur m.a. fram að vopnuð flugsveit mun fylgja flutningavélinni eftir og miklar varúðarráðstafanir eigi að viðhafa varðandi áhöfn og starfslið í stjórnstöðvum á jörðu niðri. Allt er þetta gert vegna hættu á gripdeildum.

Það sem við Íslendingar hljótum hins vegar að hafa áhyggjur af er mengunarhættan í tengslum við óhöpp og meiri háttar slys, svo sem brotlendingu flutningavélarinnar. Geislun, meint eða raunverulegt, út frá slíkum farmi gæti stofnað fiskveiðum okkar og markaði fyrir sjávarafurðir í stórkostlega hættu. Brotlending slíkrar flugvélar á landi væri auðvitað atburður af því tagi að vart er unnt að lýsa afleiðingunum.

Ráðgert var að millilenda með þessa farma í Anchorage í Alaska, en vegna mótmæla íbúa þar og þingmanna fylkisins gaf Bandaríkjastjórn í mars sl. út bindandi yfirlýsingu um að frá því væri horfið. Ráðgert er að hefja þessa flutninga á árunum 1990–1992, fyrst frá Frakklandi og síðar frá Bretlandi. Gæti verið um að ræða 1–3 flug í hverjum mánuði eftir því hversu mikið magn yrði flutt hverju sinni.

Ég tók mál þetta upp í utanrmn. strax og ég fékk fréttir af því mánudaginn 25. apríl. Utanrmn. Alþingis ályktaði samhljóða um að beina því til ríkisstjórnarinnar að taka strax á málinu til að koma í veg fyrir þessa flutninga yfir norðlæg hafsvæði.

Í framhaldi af fundi ríkisstjórnarinnar degi síðar sendi utanrrn. frá sér svohljóðandi fréttatilkynningu, með leyfi forseta:

„Vegna frétta um fyrirhugaða flutninga á geislavirku plútóníum um norðlæg svæði frá Evrópu til Japans skal tekið fram að utanrrh. hefur gefið fyrirmæli um að hvorki verði veitt lendingarleyfi á Íslandi fyrir flugvélar sem hafa slíkan farm innanborðs né verði þeim heimilað að fljúga um lofthelgi Íslands."

Þessi skjótu viðbrögð stjórnvalda ber að þakka. Þrátt fyrir þau er hins vegar margt óljóst um möguleika okkar til að koma í veg fyrir þessa flutninga í grennd við landið og til að verja okkar hagsmuni.

Vert er að vekja athygli á að enn hafa ekki verið hannaðar umbúðir eða hylki vegna þessara flutninga sem fullnægt geti bandarískum öryggisstöðlum og viðurkennt er að staðlar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar séu allsendis ófullnægjandi og ekki miðaðir við flutninga loftleiðis. Í samningnum er ekki tekið fram við hvaða staðla verði miðað.

Vegna óvissu um marga þætti þessa máls sneri ég mér í síðustu viku til hæstv. forseta Sþ. og forsrh. með ósk um að málið kæmi hér til umræðu utan dagskrár. Við því var góðfúslega orðið.

Mál þetta snertir verksvið ýmissa ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og þar með margra hæstv. ráðherra. Ég leyfi mér með hliðsjón af því að beina eftirfarandi spurningum sérstaklega til hæstv. forsrh. og annarra hæstv. ráðherra eftir atvikum:

1. Hafa íslensk stjórnvöld lagaleg tök á að banna flug með hættuleg efni yfir íslenskri efnahagslögsögu?
2. Mun ríkisstjórnin höfða til ákvæða alþjóðasamninga, svo sem hafréttarsamningsins og samninga um varnir gegn mengun sjávar, til að koma í veg fyrir umrætt flug norður yfir heimskautið?
3. Hvenær verður mál þetta tekið upp við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Japan og aðrar hlutaðeigandi ríkisstjórnir?

Hér er stórt mál á ferðinni. Ég vænti þess að að því verði unnið samfellt og af einurð af stjórnvöldum, en miklu skiptir hvað ríkisstjórn Íslands gerir í framhaldi af því sem fram hefur komið.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt, sem kemur fram í máli hv. málshefjanda, að það eru fyrst og fremst umhverfisverndarhagsmunir sem við Íslendingar þurfum að gæta að því er varðar fyrirhugaða flutninga á þessu geislavirka plútóni sem hér er til umræðu. En varðandi fyrirspurnir hv. þm. er rétt að taka fram, eins og reyndar kom fram í hans máli, að íslensk stjórnvöld banna yfirflug og lendingar flugvéla með farm af þessu tagi, en réttur íslenskra stjórnvalda í

þessu efni varðandi bann við yfirflugi einskorðast við landsvæði Íslands, þar með er talin landhelgi Íslands að 12 sjómílum frá grunnlínum. Það er alveg skýrt að réttur stjórnvalda takmarkast að þessu leyti til.

Varðandi 2. spurninguna um það hvort ríkisstjórnin muni höfða til ákvæða alþjóðasamninga, svo sem hafréttarsamnings og samninga um varnir gegn mengun sjávar, til að koma í veg fyrir umrætt flug norður yfir heimskautið, þá munu íslensk stjórnvöld, eftir því sem við verður komið og við á, höfða til þessara samninga og annarra samninga sem að gagni mega koma við að verja lögboðna hagsmuni og réttindi Íslands.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hvenær mál þetta yrði tekið upp við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Japan og aðrar hlutaðeigandi ríkisstjórnir. Þá er þess fyrst að geta að þessir flutningar frá Evrópu til Japans munu ekki hefjast fyrr en við árslok 1990 eða á árinu 1991, en af Íslands hálfu verður hlutaðeigandi stjórnvöldum svo fljótt sem við verður komið gerð grein fyrir ákvörðunum Íslendinga í þessu efni að því er varðar bann við yfirflugi og lendingum innan íslensks yfirráðasvæðis, svo og sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda varðandi þessa flutninga. Það verður gert svo fljótt sem við verður komið og allri nauðsynlegri gagnaöflun þar að lútandi lokið.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu mikilvægt það er fyrir okkur og raunar heiminn allan að vera á varðbergi þegar um svo hættuleg geislavirk efni er að ræða, en plútóníum er talið vera eitt af hættulegustu geislavirku efnunum. Þarna er um að ræða alfageisla sem eru mjög hættulegir og langhættulegastir ef þeir komast inn í líkamann borið saman við önnur geislavirk efni. Ef það kemst t.d. í fisk erum við orðin mjög illa úti. Þetta er t.d. miklu hættulegra en úraníum. Það er því fyllsta ástæða fyrir okkur að leita allra leiða til að koma í veg fyrir þessa flutninga.

Það vekur t.d. athygli að Bandaríkjamenn hafa bannað að flugvélar með plútóníum fari yfir þeirra landsvæði. Þeir vilja ekki eiga á hættu að fá farma af þessu hættulega efni á sitt land. Í samningnum milli Japans og Bandaríkjanna er gert ráð fyrir að Bandaríkjamenn þurfi að samþykkja með hvaða hætti flutningarnir verða, bæði öryggiskröfur og annað. En hvað með aðrar þjóðir eins og t.d. okkur? Við viljum hvorki fá geislavirk efni á okkar land né í sjóinn. Það þarf ekki nema óverulegt slys til að setja allan okkar fiskútflutning í hættu, jafnvel þó ekki væri talin hætta á að efnið komist út í hafið.

Ég skora því á hæstv. forsrh. að beita sér á alþjóðavettvangi gegn þessum flutningum og efast ekki um að hann muni gera það miðað við það sem kom fram í máli hans áðan.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til að gefa þessu máli gaum því það er alveg grafalvarlegt. Ég tók þetta mál upp í flugráði á síðasta fundi ráðsins. Fluginu á milli Evrópu og Japans er þannig háttað að öll flugfélög láta vélar sínar millilenda. Oftast er það annaðhvort í Thule á Grænlandi og þá liggur flugleiðin rétt austan Íslands eða þá að flogið er nálægt núllbaug norður á pól og yfir til Anchorage í Alaska.

Það er ein undantekning á þessu. Finnair heldur uppi flugferðum beint án millilendingar frá Helsingfors til Japans og það byggist á því að þeir hafa náð samningum við Rússa um að mega fljúga yfir þeirra land.

Flugþol núverandi flugvéla leyfir ekki flug í einum áfanga án eldsneytisáfyllingar, a.m.k. ekki ef þær eru lestaðar, en árið 1990 eða um 1990 verða komnar í notkun Boeing-747-400 vélar sem hafa nægilegt flugþol til að fljúga á milli Frakklands og Japans án millilendingar eða eldsneytistöku, lestaðar.

Flugráð fól flugmálastjóra að hafa samband við flugmálayfirvöld í Danmörku vegna málsins. Yfirvöld í Danmörku munu ekki heimila flug yfir Grænland og ekki millilendingu í Thule.

Starfsmönnum Flugmálastjórnar var uppálagt að hafa á sér sérstakan andvara og láta stjórnvöld vita ef þeir yrðu varir við slíka flutninga um íslenskt flugstjórnarsvæði, en mestar líkur eru til þess að svo verði þar sem flugstjórnarsvæði okkar er mjög stórt á Norður-Atlantshafi og nær alla leið norður á pól.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni alvarlegt mál og ég verð að segja eins og er að mig undrar stórlega að valið skuli vera að fljúga með þetta hættulega efni. Jafnvel þótt líkurnar á slysi séu litlar getur það gerst og þá er ekkert til ráða. Sjóflutningar hafa verið venjan í sambandi við flutninga á hættulegu efni og ég tel að það eigi við í þessu tilviki eins og öðrum þannig að ég undrast það stórlega að menn velji að fljúga með þetta efni.

Ég get heldur ekki og við getum alls ekki viðurkennt að flugleiðir séu valdar frekar yfir haf en land. Mengunarslys yfir hafi geta ekki síður haft alvarlegar afleiðingar en yfir landi. Vitaskuld er þetta ekki bara spurningin um að ekki sé farið yfir lögsögu okkar heldur að ekki sé farið yfir hafsvæðin í grennd við okkur og reyndar að mínum dómi að ekki sé flogið með þetta efni.

Ég veit að ríkisstjórnin hefur þegar tekið þetta mál til umfjöllunar og ég vænti þess og treysti því, og við gerum það alþýðuflokksmenn, að hún taki það mjög föstum tökum og beiti öllum tiltækum ráðum, ekki bara lagalegum og ekki bara á grundvelli samninga heldur nýti einnig stjórnmálalegan þrýsting eftir því sem við verður komið, til þess að horfið

verði frá því að flytja þetta hættulega efni flugleiðis. Síst af öllu má flytja það flugleiðis yfir norðurslóðir sem er mjög viðkvæmt hafsvæði.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég held að fsp. hv. 2. þm. Austurl. sé fullkomlega réttmæt og tímabær því fréttin um umrætt flug vakti ótta með þjóðinni. Því var svar hæstv. forsrh. til að róa landsmenn og ég treysti fullkomlega íslensku ríkisstjórninni til að verja réttindi og aðra hagsmuni Íslands þegar slíkur ótti er vakinn með þjóðinni. Ég lýsi fullkomlega stuðningi við svar hæstv. forsrh.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Þetta er sennilega eitt alvarlegasta mál sem upp hefur komið á Alþingi þó þau séu mörg alvarleg. Ég beini þeirri fsp. til hæstv. forsrh. í þessu sambandi, þar sem fréttir eru af því að hann sé á leið til Bandaríkjanna, hvort hann muni ekki taka upp þessi mál í sinni för og gefa skýrslu um þær viðræður sem kynnu að fara fram eftir að hann kemur hingað heim. Ég held að við verðum að bregðast þannig við að það sé ljóst öllum, sem hlut eiga að máli, að Íslendingar munu gera allt það sem í þeirra valdi stendur til að hindra að það verði flogið yfir norðurhvelið með slíkan flutning. Í sjálfu sér er alveg óskiljanlegt að nokkrum skuli detta í hug að fljúga með svona hættulegan farangur.

Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að taka þetta mál upp og ég óska eftir því að hæstv. forsrh. greini frá því ef honum finnast meinbugir á því að ræða þetta mál í ferð sinni sem hann er að fara til Bandaríkjanna á næstu dögum.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir viðbrögð hans og yfirlýsingar í tilefni af mínum fsp. og ég þakka fulltrúum allra þingflokka sem tekið hafa til máls og lýst yfir hug sínum í þessu efni og tekið hafa undir áhyggjur mínar út af þessum fyrirhuguðu flutningum. Þær áhyggjur eru um leið áhyggjur allra Íslendinga og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að við hljótum ekki aðeins að beita okkar formlegum samningslegum rétti til að reyna að koma í veg fyrir þessa flutninga heldur einnig að taka málið upp eftir stjórnmálalegum leiðum.

Það er þarfleg ábending frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem hann kom fram með, að hæstv. forsrh., sem er á förum senn í opinbera heimsókn til Bandaríkjanna, taki á þessu máli þar ef honum finnst það hentugt og ég hvet hæstv. ráðherra til að nota það tækifæri sem þar býðst.

Það er margt sérkennilegt í þessu máli. Það er sérkennilegt að það skuli valin flugleið yfir viðkvæm svæði og það er sérkennilegt að það skuli fyrst koma í ljós hér uppi á Íslandi og vitnast að þessi samningur er á lokastigi eftir að búið er að fjalla um hann lengi á Bandaríkjaþingi og órói hefur verið þar í landi út af þessari samningsgerð. Meðal þingmanna sem mér er kunnugt um að halda enn uppi andófi gegn samningnum er John Glenn fyrrum geimfari, sem sæti á á Bandaríkjaþingi, og fleiri reyndar sem þar eru enn í andófi gegn þessum áformum.

Hér er á ferðinni flug sem ef illa til tækist gæti eyðilagt markaðsmöguleika Íslendinga varðandi sjávarafurðir, jafnvel þó að ekki verði sannað að um hættulega geislun sé að ræða í hafinu. Það er þetta sem við þurfum að horfast í augu við. Mér er tjáð að líklegasta flugleiðin liggi rétt austur af landinu, svona 60 sjómílur austur af landinu, yfir okkar efnahagslögsögu, og af því má marka hver vá getur þarna verið á ferðinni.

Það er sagt frá því að Japanar hyggist einhvern tíma í framtíðinni sjálfir byggja endurvinnslustöðvar, en það er ekkert ákveðið í þeim efnum þannig að fyrst um sinn samkvæmt samningsdrögum verða notaðar endurvinnslustöðvar í Frakklandi og Bretlandi. Við höfum þegar hér á Alþingi í vetur mótmælt slíkri aukinni endurvinnslu í Dounreay í Skotlandi. Allt Alþingi tók undir það. Dounreay liggur allfjarri okkur. Hér er margfalt meiri hætta á ferðinni. Sá geislavirki úrgangur sem hér er verið að vinna úr er meiri en það geislavirka efni sem er í kjarnorkuvopnabúrum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna samanlagt eftir því sem Washington Post upplýsir 22. apríl. Af því geta menn markað hversu gífurlegt magn hér er á ferðinni og hér yrði um flug að ræða a.m.k. einu sinni í mánuði, kannski þrisvar eftir því hversu mikið magn yrði flutt hverju sinni.

Ég ítreka, herra forseti, þakkir mínar til Alþingis og til hæstv. forsrh. varðandi fsp. um þetta mál. Við þurfum hér sannarlega að vera vel á verði. Það er alveg með ólíkindum hvernig tíðindi af þessu tagi geta komið okkur í nánast opna skjöldu frá þjóðum sem við þó eigum tíð og veruleg samskipti við.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka þann almenna skilning sem fram kemur í ræðum hv. þm. á þeim mikilvægu hagsmunum sem hér eru í húfi og endurtek að ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti gæta hagsmuna Íslands svo sem frekast er kostur í þessum efnum. Varðandi fsp. þess efnis hvort ég muni í væntanlegum viðræðum mínum við ráðamenn Bandaríkjanna taka þetta mál upp er því fljótsvarað að ég geri ráð fyrir því að gera bandarísku ríkisstjórninni grein fyrir okkar afstöðu í þessu efni.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, síðari umr.

Þáltill. ÞK o.fl., 331. mál. — Þskj. 658, n. 947.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 947 svohljóðandi nál. frá allshn. um till. til þál. um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis:

„Nefndin hefur rætt þáltill. á fundum sínum. Nefndin ákvað að senda till. ekki til umsagnar en sneri sér skriflega til Lagastofnunar Háskólans og bað um álit hennar. Jónatan Þórmundsson, forseti lagadeildar HÍ, ritaði ítarlega umsögn um málið og gerði nefndinni grein fyrir henni. Þá kom Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, á fund nefndarinnar.

Nefndinni er ljós nauðsyn þess að þáltill. nái fram að ganga á þessu þingi og leggur því til að hún verði samþykkt. Nefndin telur að Alþingi eigi að breyta 1. gr. laganna um umboðsmann Alþingis og veita forsetum Alþingis það umboð sem gert er ráð fyrir í 14. gr. þáltill. Enn fremur gerir nefndin að tillögu sinni að næsta reglulegt Alþingi taki til sérstakrar athugunar ákvæði einkamálalaga, XI. kafla laga nr. 85 1936, um gjafsókn.

Nefndin leggur mikla áherslu á að umboðsmaður fái heimild til að veita gjafsókn þar sem hér er um að ræða nýtt embætti sem ætlað er að stuðla að réttarbótum í þjóðfélaginu og treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Erfitt er og raunar óæskilegt að setja tæmandi ákvæði um störf og starfshætti þess manns sem gegnir hinu nýja embætti. Mikilvægt er að umboðsmaður fái gott svigrúm til að móta starfshætti sína sjálfur að fenginni reynslu hérlendis og erlendis, en rétt borgaranna til að leita ásjár umboðsmanns ætti að skerða sem allra minnst."

Undir þetta álit skrifa allir nefndarmenn allshn., Guðni Ágústsson, Kristín Halldórsdóttir, Jón Kristjánsson, Sigbjörn Gunnarsson, Sverrir Hermannsson, Guðrún Helgadóttir og Pálmi Jónsson, og leggja til að tillagan verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 978).

EFRI DEILD

85. fundur, mánudaginn 2. maí, að loknum fundi í Sþ.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (skattkort, sjómannaafsláttur o.fl.). — Þskj. 749.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru hér tvö samkynja frv. varðandi tekjustofna sveitarfélaga og staðgreiðslu opinberra gjalda. Að því er varðar frv. um tekjustofna sveitarfélaga er þar gert ráð fyrir því að útsvarsprósenta hjá sveitarfélögum geti verið mismunandi. Þetta er að sjálfsögðu sett fram vegna óska sem uppi hafa verið, m.a. frá sveitarfélögunum, um að þrátt fyrir staðgreiðsluna geti verið um að ræða mismunandi prósentu við útsvarsálagningu.

Ég fyrir mitt leyti skrifaði upp á þetta mál með fyrirvara í félmn. Ég hafði ekki aðstöðu vegna veikinda til að vera viðstaddur við 2. umr. málsins. Vildi þess vegna við 3. umr. geta þess að eðlilegt er að skoða þessi mál nánar. En ég féllst á tillögu ríkisstjórnar í málinu með fyrirvara og hef gert grein fyrir honum hér, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 963.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420, n. 940.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki vera langorður um

þetta mál því það tengist máli sem er síðar á dagskránni, frv. til laga um fangelsi og fangavist. Allshn. hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess og undir það skrifa allir nefndarmenn.

Ég held ég hafi ekkert fleiri orð um þetta núna. Ég ræði það frekar með frv. um fangelsi hér á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419, n. 941.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Það gildir sama um þetta frv. og hið fyrra. Þetta tengist frv. til laga um fangelsi og fangavist og er til samræmingar, ef það frv. verður að lögum, að breyta þá nafninu í nokkrum greinum laga um meðferð opinberra mála úr „dómsmrn." í: fangelsismálastofnun. Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess og undir það skrifa allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 415, n. 956, brtt. 957.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði fyrr í umræðum um málin, sem ég mælti fyrir áðan, er þetta meginmálið og hin málin flutt til samræmingar.

Hér er búinn til einn nýr lagabálkur um fangelsi og fangavist og sett í einn heildarfrumvarpsbálk sem verður væntanlega að lögum.

Árið 1982 var samþykkt þáltill. um fangelsismál þar sem Alþingi ályktaði að kjósa sjö manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi. Vorið 1982 skipaði Alþingi síðan í nefndina sem skilaði af sér frv. til ráðherra og er frv. að meginstofni eins og þeir gengu frá því.

Allshn. hefur fjallað um frv. og gert um það svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað á fund sinn Björn Friðfinnsson, aðstoðarmann dómsmrh., Björn Einarsson, starfsmann Verndar, og Erlend Baldursson hjá Skilorðseftirliti ríkisins.

Umsagnir bárust frá Fangavarðafélagi Íslands, forstjóra vinnuhælisins á Litla-Hrauni og Landssambandi lögreglumanna.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem flutt er till. um á sérstöku þskj."

Undir þetta skrifar öll allshn.

Það eru þrjár brtt. sem við leggjum til við frv. eins og kemur fram á þskj. 957.

Það hefur orðið mikil umræða um meðferð þeirra í öryggisgæslu sem eru geðsjúklingar og hafa önnur þau vandamál við að stríða sem samræmist því ekki að vera í fangelsi, í flestum tilfellum er frekar um heilbrigðismál að ræða. Í því sambandi er rétt að taka fram að meðferð þessara manna hefur lengi verið vandamál í þeim skorti á húsnæði og aðstöðu sem fangelsin hér á landi hafa búið við í mörg ár og reyndar frá upphafi. En nú hefur heilbrmrh., að beiðni dómsmrh., skipað nefnd til að reyna að komast að niðurstöðu um þetta. Sú nefnd hefur þegar hafið störf. Því leggjum við til að svo komnu máli að fella niður þessa setningu: „Ef sérstakar ástæður krefja er einnig heimilt að vista þar þá sem dæmdir eru í öryggisgæslu."

Í 11. gr. teljum við rétt að fangelsismálastofnunin geti leyft að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitíma vistaður á sjúkrahúsi, en ekki ákveðið. Við teljum að það sé læknisins að ákveða þörfina.

Í 26. gr. teljum við að nægilegt sé að einangrunarheimildin sé í 30 daga, en ekki 60 eins og var í upphaflega frv. Teljum að það sé á mörkunum að halda mönnum mikið lengur en 30 daga í algerri einangrun.

Um frv. í heild hefur það komið fram í öllum umsögnum sem við höfum fengið og þeim viðtölum sem við höfum átt við ýmsa aðila að þó ýmsir hafi nokkuð aðra skoðun á einstökum liðum frv. telja þeir það í heild vera til mikilla bóta og að nauðsynlegt sé að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir núna og taka þá frekar einstök atriði þess til endurskoðunar þegar ástæða þykir til. Um þetta voru allir sammála, bæði þeir sem komu frá Vernd og Skilorðseftirlitinu. Reyndar má segja, með örfáum undantekningum eins og ég sagði áður um einstök smáatriði, að umsagnir hafi allar verið jákvæðar. Þess vegna hefur nefndin lagt til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. allshn. þessarar deildar fyrir hennar störf að þessu frv. og lýsa mig

samþykkan þeim brtt. sem nefndin flytur og tek undir það með hv. formanni nefndarinnar að það sé þarft og nauðsynlegt að lögfesta þetta frv. þótt um einstakar greinar þess kunni að vera skiptar skoðanir og tek undir hans ábendingu að það sé þá frekar hægt að færa það til betri vegar sem reynslan sýnir að bæta má og það sé ekki síst nauðsynlegt að lögfesta nú þetta frv. vegna þess að í gildi eru lög um fangelsi sem hafa að geyma ýmsar greinar sem alls ekki er fylgt og kannski ekki er nokkur leið að framfylgja. Það er ekki síста ástæðan til þess að Alþingi taki nú af skarið.

Ég tek einnig undir það sem hv. form. allshn. þessarar deildar sagði um málefni geðsjúkra fanga og þeirra sem dæmdir eru til öryggisgæslu vegna þess að þeir eru ekki sakhæfir. Nú er unnið að tillögugerð í samstarfi heilbrmrn. og dómsmrn. um það hvernig best sé að koma þessu viðkvæma og vandasama verkefni fyrir í okkar stofnanakerfi. Það gildir bæði um fangelsin og um heilbrigðisstofnanir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 957,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.–10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 957,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
12.–25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 957,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
27.–31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 135, n. 965, brtt. 966.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði, með síðari breytingum. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj.

Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands.

Á fund nefndarinnar komu Friðgeir Björnsson, yfirborgardómari og formaður stjórnar Dómarafélags Íslands, sem lagði til nokkrar brtt. Eru þær allar teknar upp af nefndinni. Allir aðilar mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem nefndin leggur til að samþykktar verði og telja þær til bóta.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu."

Að öðru leyti skrifar öll allshn. undir þetta álit.

Ég vil taka það fram, af því að umsagnir þeirra aðila sem ég nefndi voru frekar stuttar og gagnorðar, að t.d. Sýslumannafélag Íslands skrifar svohljóðandi og það er niðurstaða þeirra umsagnar:

„Stjórnin telur að þær breytingar á einkamálalögunum sem frv. gerir ráð fyrir horfi allar til bóta og gerir því engar athugasemdir."

Lögmannafélagið segir þetta í stuttu máli: „Laganefnd er samþykk efni frv. um breytingar á lögum nr. 85 frá 1936 og telur þær til bóta."

Og stjórn Dómarafélagsins mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt sem lög og telur fyrirhugaðar breytingar allar til bóta, en leggur síðan til nokkrar brtt. eða viðbætur réttara sagt sem nefndin hefur tekið upp.

Forsaga þessa frv. er sú að 1981 voru samþykktar allverulegar breytingar á meðferð einkamála í héraði, á þeim lögum sem eru nú orðin nokkuð við aldur eða að stofni til frá 1936, og stefndi það allt að því að gera meðferð þessara mála bæði einfaldari og greiðari og afgreiðslu dómstóla skilvirkari. Að lokinni þeirri reynslu, sem er orðin af þeim lögum, taldi réttarfarsnefnd rétt að taka til athugunar hvernig þau hefðu reynst og ritaði ýmsum aðilum og bað um álit þeirra á því.

Það kom í ljós að flestir eru nokkuð ánægðir með reynsluna af þessari breytingu og telja hana hafi verið til bóta, en bentu þó á nokkur atriði sem væri rétt að taka til viðbótar og endurskoðunar. Réttarfarsnefnd hefur tekið mikið af þeim athugasemdum upp og er þetta frv. að stofni til unnið eftir þeim ábendingum og þeirri reynslu sem þegar hefur komið.

Ég held að ég fari ekki að lesa upp þessar breytingar. Þær eru á þskj. 966 og eru allar utan ein frá stjórn Dómarafélagsins. Sú eina sem er það ekki er 5. liður við 25. gr. 1. stafliður 2. málsgr. b-liðar 223 orðist svo: „Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað." Í frv. segir: „Nöfn aðila, stöðu, heimili eða dvalarstað." Við vorum sammála um að staða manns væri kannski ekkert höfuðatriði heldur væri nær að taka upp það nýja númerakerfi sem núna er farið að nota, þ.e. kennitöluna, til að forða öllum misskilningi á milli aðila ef t.d. tveir menn bera sama nafn og búa á svipuðum slóðum, svo dæmi sé tekið.

Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég kem hér í ræðustól eingöngu til að lýsa því yfir að ég tel þær brtt. sem hv. allshn. hefur hér flutt, allar vera til bóta og að ég fyrir mitt leyti lýsi yfir stuðningi við þær.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 966,1 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 966,2 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
8.–19. gr. (verða 9.–20. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 966,3 (ný 20. gr., verður 21. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 966,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
23.–24. gr. (verða 24.–25. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 966,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
26.–27. gr. (verða 27.–28. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 2. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586, n. 923.

Frsm. landbn. (Valgerður Sverrisdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 923 um frv. til laga um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Nál. er frá landbn.
Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum og kallað til umræðu fulltrúa frá landbrn. Nefndin mælir með samþykkt frv., enda er gengið út frá því að ábúandi Þóroddsstaðar framkvæmi nauðsynlega nýrækt vegna þeirra skipta sem samþykkt hafa verið milli jarðarinnar og Engihlíðar.
Undir nál. skrifa Egill Jónsson, formaður, Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskrifari, Valgerður Sverrisdóttir, Skúli Alexandersson, Björn Gíslason, Þorv. Garðar Kristjánsson og Stefán Guðmundsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

86. fundur, mánudaginn 2. maí, að loknum 85. fundi.

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 3. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð einkamála í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 988, brtt. 989.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Það urðu hjá mér mistök þegar ég gekk frá nál. og brtt. á þessu frv. Þess vegna endurtek ég eina brtt. á þskj. 989. Það er breyting á 9. gr. frv., sem nú er orðin 10. gr. 1. mgr. 88. gr. laganna orðist svo: „1. Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má nöfn aðila, stöðu". Við breytum því í: kennitölu, og heimili eða dvalarstað. Þetta er í samræmi við breytingu sem ég kynnti áðan á 25. gr. frv. Það á sem sagt að taka upp kennitölu í staðinn fyrir stöðuheiti aðila.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 987 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fangelsi og fangavist, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 987.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 13 shlj. atkv.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Því miður átti ég þess ekki kost við 2. umr. að taka til máls, sem ég ætlaði þó sannarlega að gera, vegna anna sem ég átti í á öðrum stað. Þess vegna tek ég til máls núna, en ég mun verða mjög stuttorður.

Ég átti sæti í hv. allshn., sem hafði frv. til meðferðar, og er sammála efni frv. eins og raunar kemur fram í atkvæðagreiðslu minni áðan og í nál. Ég tel brýna nauðsyn á að endurskipulagt verði allt viðurlagakerfið og sérstaklega sá hluti er lýtur að fangelsum og vistun manna á þeim stofnunum. Í þeirri viðleitni er áríðandi að stjórnvöld marki sér stefnu er ekki aðeins taki mið af fordómum þjóðfélagsins gagnvart þeim mönnum sem brotið hafa af sér heldur hvernig byggja megi þessa menn upp svo að þeir geti að afplánuninni lokinni orðið nýtir þjóðfélagsþegnar. Til þess að þetta megi gerast þarf að athuga ýmislegt og þá kannski annað en fram kemur í þessu frv. Ég tel þó nauðsynlegt við þessa umræðu að vekja máls á þessu ef það yrði við framkvæmd þessara laga stjórnvöldum til leiðbeiningar.

Í fyrsta lagi tel ég að bæta þurfi mjög verulega núverandi fangelsi, en eins og fram hefur komið í fyrri ræðu minni og fram hefur komið hjá þeim aðilum sem fyrir nefndina komu er núverandi fangelsiskostur mjög bágborinn og til háborinnar skammar.

Þá er annað atriði að það ætti að fækka föngum í fangelsum. Ég held að allir ættu að vera sammála um að núverandi fangelsi eru fullnýtt og þau taka núna miklu fleiri fanga en eðlilegt er talið.

Í þriðja lagi vil ég beina því til stjórnvalda og þá sérstaklega ráðherra að bæta félagslega þjónustu innan fangelsa og veita föngum bæði félagslega og sálfræðilega aðstoð og bæta þá sérstaklega þá þætti í innri uppbyggingu fangelsa.

Í fjórða lagi bendi ég á að gera fangelsisstofnanir sjálfstæðari gagnvart ráðuneyti og gefa föngum kost á styttingu afplánunartíma vegna góðrar hegðunar.

Í fimmta lagi að fangar fái meðferð vegna utanaðkomandi félagslegra og sálfræðilegra vandamála og að bæta aðstöðu aðstandenda fanga til að ræða við fanga og þá aðila sem sjá um fangahjálp.

Í sjötta lagi að föngum verði tryggður átta stunda vinnudagur. Ég held að þetta atriði sé mjög mikilvægt. Eins og staðan er nú eru þetta á Litla-Hrauni t.d. þrír tímar og enn þá styttra í öðrum fangelsum.

Síðast en ekki síst, í áttunda lagi, að aðstoða fanga eftir að afplánun lýkur.

Í frv. eru stigin nokkuð stór spor í þá átt að auka réttindi og skyldur fanga og þá fangavarða og stjórnvalda og tel ég þær allar vera til bóta, en varðandi innra skipulag fangelsa vantar hins vegar töluvert upp á að gætt sé alls í frv. En þó er einn stór þáttur í frv. sem vonandi á eftir að komast á og það er deildaskipting fangelsanna þar sem fangar verði vonandi hólfaðir af eftir því sem líkindi eru fyrir að félagsskapurinn henti þeim.

Það er annað atriði sem er líka mjög áríðandi að unnin verði bót á. Það er um þá menn sem dæmdir eru í öryggisgæslu. Ég held að þjóðfélagið verði að taka á málefnum þeirra. Í þessu frv. er það ekki gert, en hins vegar er fellt niður eitt ákvæði sem mælti fyrir um það að þeir mættu vera vistaðir í fangelsum um stundarsakir. Það er brýnt verkefni fyrir stjórnvöld að ráða bót á því.

Ég mun ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, en langar til þess að lesa upp úr ritgerð sem tveir nemar í félagsvísindadeild Háskólans sömdu, en þeir voru á starfsnámskeiði á Litla-Hrauni og í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og athuguðu aðstæður fanga og hvernig þessum málum væri komið fyrir. Eins og máltækið segir er gests augað langgleggst í þessu, en þeir voru þarna í þrjá mánuði. Niðurstöður þeirra eru eftirtaldar og mig langar að lesa upp lokaorð í skýrslu þeirra:

„Í upphafi þessa verks, félagsleg aðstoð við fanga á Íslandi, settum við m.a. fram þá spurningu hvort félagsleg aðstoð væri í boði í íslenskum fangelsum. Ljóst er að þessari spurningu er hægt að svara játandi, en þó með hálfum huga. Félagsleg aðstoð,

eins og svo mörg önnur þjónusta til handa föngum, er af mjög skornum skammti og byggist á einurð og áhuga þeirra sem hana veita en ekki jákvæðri og skipulagðri uppbyggingu af hálfu samfélagsins. Við undirritaðir höfum því oft velt fyrir okkur til hvers þessi sýndarmennska sé.

Eins og nefnt er í inngangi er fangelsisvistun sem refsivistarúrræði tekin upp vegna þess að hún þótti mannúðlegri leið en hýðingar og aðrar líkamlegar refsingar. En nú spyrjum við okkur hvort slík sé raunin miðað við aðbúnað og þjónustu í dag. Við lifum ekki lengur á 18. öldinni, þegar þetta úrræði var tekið upp, heldur á þeirri 20., öld mikilla lífskjara og framfara. En hvað varð um framfarirnar í þessum málaflokki? Það segir e.t.v. sína sögu að ekki hafa verið byggð fangelsi á Íslandi í 113 ár og aðbúnaði í íslenskum fangelsum er þannig háttað að ekki er gert ráð fyrir að mikið þurfi við fanga að tala.

Eins og fram kemur hér að framan gátu viðtöl á Litla-Hrauni farið upp í 20 talsins yfir daginn. Var þá setið við frá því kl. 11 að morgni til kl. 9 að kvöldi. Það má því vera ljóst að ekki er mögulegt að vinna markvisst í málefnum þessara einstaklinga við slíkar aðstæður. Þetta teljum við undirritaðir að sé einnig vandamál í öðrum faghópum sem veita föngum þjónustu. Allir þessir faghópar eru undirmannaðir og geta fyrir vikið ekki veitt eins góða þjónustu né náð þeim árangri sem þeir óska.

En þá erum við aftur komnir að afstöðu valdamanna þessa þjóðfélags því að þar gætir greinilegs skilningsskorts á eðli þjónustunnar og nauðsyn þess að skapa viðunandi starfsaðstöðu og auka fjölda starfsfólks til að markmiðinu með þjónustunni verði náð.

Nú kemur sjálfsagt fram í huga lesandans spurning um kostnað af aukinni þjónustu og hvort íslenska ríkið hafi efni á að veita hana. Rök okkar fyrir bættri þjónstu í fangelsum hvílir á þeim grunni að með bættri þjónustu megi þegar fram líða stundir ná betri árangri í endurhæfingu afbrotamanna og þar með minnka kostnað ríkisins með lækkuðu hlutfalli endurkomu í fangelsi. Þetta er þó ekki hægt að færa sönnur á nema tækifæri til þess verði veitt og kann mönnum að blandast hugur um hvort þetta sé þess virði að reyna það. Hvað kostnað varðar, þá þurfi einungis örfáa fanga til þess að snúa frá villu síns vegar til þess að hægt sé að réttlæta tvöföldun starfsmannafjölda í þeirri sérfræðiþjónustu sem nú er boðið upp á."

Það ætti að vera ljóst eftir lestur þessarar ritgerðar að fangar lifa ekki mjög öfundsverðu lífi. Til viðbótar við þann skort sem þeir búa við meðan á afplánun stendur bætast síðan fordómar almennings þegar út í samfélagið er komið.

Síðan segir: „Að breyta þessu hvoru tveggja er engan veginn auðvelt verk, en fyrsta skrefið hlýtur þó að vera að bæta aðbúnað og þjónustu í fangelsum til að auðvelda föngum fyrstu skrefin utan múranna. Eins og margoft hefur komið fram teljum við undirritaðir að þar verði félagsleg aðstoð við fanga að hafa forgang þar sem hún er svo til engin í dag.

Nú er nýtt frv. um fangelsismál að fara fyrir Alþingi, en frv. eitt sér er ekki nóg. Aukinn skilningur og breytt afstaða áhrifamanna í þjóðfélaginu verða að fylgja með. Getur íslenska velferðarríkið verið þekkt fyrir að bjóða þeim þegnum sínum sem brotið hafa lögin ekki upp á annað en geymslupláss í fangelsum landsins í ákveðinn tíma, en samt krafist þess að þeir verði betri borgarar þegar út er komið?"

Þessi síðustu orð eru einmitt grunnurinn að því sem ég vildi sagt hafa og vonast að lokum eftir því að það frv., sem hér verður vonandi samþykkt, verði til þess að aðbúnaður verði bættur í fangelsum og við sem stjórnum eða eigum að stjórna þessu landi getum litið óhrædd framan í þessa menn.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns vildi ég bara taka fram að höfundar þeirrar skýrslu sem hann las upp úr langan kafla hafa komið að máli við mig. Mér virtist þeir hafa skilning á því — eins og ég vona að þingið hafi — að fyrsta skilyrðið, fyrsta forsendan fyrir því að unnt sé að bæta hina félagslegu þjónustu í fangelsunum sé að samþykkja þetta frv. Það er ekki þar með sagt að þar með sé öllu svarað. Reyndar vil ég leyfa mér að draga í efa að það sé verðugt markmið fyrir fangelsisstefnuna að fangar lifi mjög öfundsverðu lífi, eins og virtist vera gagnályktunin sem draga mætti af því sem kom fram í upplestrinum þar sem sagt var að fangar lifðu ekki mjög öfundsverðu lífi á Íslandi. Það er staðhæfing sem ég efast ekkert um.

En ekki vil ég drepa þessu máli á dreif, alls ekki. Ég segi það af einlægni að ég held að þingið geri best í því að samþykkja þetta frv. og treysta svo á að fjárveitingavaldið, það er þingið sjálft, sýni því skilning að þarna þurfi úr að bæta ef íslenskt mannúðarsamfélag á að rísa undir nafni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

86. fundur, mánudaginn 2. maí, að loknum fundi í Sþ.

Eiturefni og hættuleg efni, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um

eiturefni og hættuleg efni sem flutt er á þskj. 795 og er 445. mál Ed.

Með lögum nr. 85/1968 var í fyrsta sinn kveðið á um eiturefni og hættuleg efni á heildstæðan hátt hér á landi. Hefur verið starfað eftir þessum lögum síðan hvað snertir flokkun, merkingar, tilbúning, innflutning og dreifingu eiturefna og hættulegra efna.

Í lögunum frá 1968 er meðal annars að finna fyrstu ákvæði er taka á iðnaðarmengun hér á landi þannig að lögin voru á vissan hátt afsprengi þeirrar umhverfismálaumræðu er hófst hér á ofanverðum sjöunda áratugnum. Allt fram að gildistöku laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit 1. ágúst 1982 voru lög um eiturefni og hættuleg efni grundvallarlög á sviði mengunarvarnaréttar og fyrsta reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna var sett 1972 og byggðist á þessum lögum.

Í lögunum er greint á milli eiturefna annars vegar og hættulegra efna hins vegar og gilda um þessi efni mismunandi ákvæði. Það er þó sameiginlegt að eiturefnanefnd, sem sett var á laggirnar með lögum 1968, gerir tillögur um flokkun efna á lista, annars vegar yfir eiturefni og hins vegar yfir hættuleg efni. Öll meðferð eiturefna lýtur miklu strangari reglum en meðferð hættulegra efna, ekki síst hvað snertir innflutning og dreifingu. Sala hættulegra efna er hins vegar háð ákveðnum skilyrðum sem ekki eru eins ströng.

Á undanförnum árum hafa verið sett margs konar lög er beinlínis kveða á um ýmiss konar starfsemi er lýtur að eiturefnum og hættulegum efnum og eftirliti með þeim. Má hér nefna lög nr. 46/1980, um Vinnueftirlit ríkisins, lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þar sem mælt er fyrir um heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og starfsemi Hollustuverndar ríkisins, og lög nr. 108/1984, um lyfjaeftirlit ríkisins. Einnig má benda á lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þar sem mælt er fyrir um aðra skipan læknishéraða og starfsemi héraðslækna en í gildi var þegar gildandi eiturefnalög voru sett.

Með bréfi, dags. 13. sept. 1984, skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason nefnd er falið var að endurskoða lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum, ekki síst með hliðsjón af því sem áður hefur verið nefnt. Nefndinni var hins vegar ekki ætlað að gera tillögur um skipan þessara mála innan matvælasviðsins þar sem hugmyndir eru uppi um að kveða sérstaklega á um það í sérlöggjöf um matvæli og er ætlunin að ýta því starfi úr vör á þessu ári.

Í nefndinni áttu sæti Ingolf J. Petersen, deildarstjóri lyfjamáladeildar ráðuneytisins, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, og Þorkell Jóhannesson prófessor, formaður eiturefnanefndar.

Nefndin skilaði áliti til ráðuneytisins á síðasta ári í formi frv. til laga ásamt athugasemdum.

Nefndin var sammála um að sérstaklega þyrfti að lagfæra lög um eiturefni og hættuleg efni vegna þeirra breytinga sem orðið hafa frá gildistöku þeirra 1968, ekki síst með tilkomu þeirra laga sem ég nefndi áðan. Enn fremur þyrfti að taka á þeim þáttum sem snerta landlæknisembættið, en landlæknir fór með umsjón málaflokksins þegar gildandi lög voru samþykkt 1968.

Nefndin er þeirrar skoðunar að lög um eiturefni og hættuleg efni eigi áfram að vera rammalög þar sem kveðið er á um framkvæmdina að verulegu leyti með reglugerðum.

Frv. það sem hér liggur frammi er að langmestu leyti samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Þó hefur verið gerð ein veigamikil breyting frá tillögum nefndarinnar og snertir hún ákvæði 2. gr. frv. þar sem lagt er til varðandi flokkun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni að flokkunin fari eftir skaðlegum áhrifum og notkunarsviði efnanna en ekki eftir fyrir fram gefnum flokkunarreglum eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Er þetta gert fyrst og fremst með það fyrir augum að hægt sé að kveða á um flokkun, merkingu og bann og takmörkun við notkun í einni og sömu reglugerð og á þann hátt farið inn á sömu braut og Efnahagsbandalag Evrópu og önnur Norðurlönd hafa gert.

Með þessu er lagt til að reynt verði að samræma íslenska flokkunar- og merkingarkerfið og kerfi Efnahagsbandalagsins og annarra Norðurlanda, en íslensk stjórnvöld hafa þegar skuldbundið sig til þess að samræma þessar reglur, ekki síst í norrænu samstarfi.

Samræmd flokkun og samræmdar merkingar hljóta að teljast mikill kostur, auk þess sem þær auðvelda eftirlit með innflutningi, framleiðslu og dreifingu á eiturefnum og hættulegum efnum.

Jafnframt er þess að geta að eftirlitsaðilar, þ.e. Vinnueftirlit ríkisins, Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins og Lyfjaeftirlit ríkisins, telja fyllilega tímabært að hér á landi verði teknar upp hliðstæðar merkingar og hliðstæðar flokkunarreglur og gilda í nágrannalöndunum.

Ég vil geta þess sérstaklega að sem stendur er unnið að reglugerð hér að lútandi og er reglugerðin reyndar tilbúin, en hún tekur mið af breyttum lögum og sömu reglum og gilda í nágrannalöndunum.

Varðandi einstaka efnisþætti frv. vil ég taka eftirfarandi fram:

Ekki þykir ástæða til þess að breyta flokkun efna í tvo höfuðflokka, þ.e. annars vegar eiturefni og hins vegar í hættuleg efni. Þetta byggist á því að eiturefni skv. II. kafla laganna eru ekki í frjálsri sölu en hættuleg efni, sbr. III. kafla, eru það hins vegar nema annað sé sérstaklega ákveðið. Eiturefni eru skaðvænlegri en hættuleg efni og líklegri til að valda eitrun. Því eru þau yfirleitt ekki látin út nema til þeirra sem hafa tilskilin leyfisskírteini og sala þeirra og innflutningur er háður sérstökum skilyrðum. Slík fyrirmæli gilda hins vegar yfirleitt ekki um hættuleg efni nema í undantekningartilvikum.

Varðandi starfsemi eiturefnanefndar er gert ráð fyrir því að hún starfi áfram, en verði skipuð sex

mönnum í stað fjögurra og fimm þegar fjallað er um notkun eiturefna í landbúnaði. Ástæðan fyrir fjölgun nefndarmannanna er sú að gert er ráð fyrir því að fulltrúi landbrn., sem á að hafa sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju, verði fastur fulltrúi í nefndinni í staðinn fyrir að vera lausafulltrúi og eingöngu til taks þegar fjallað er um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju. Enn fremur er bætt við nefndarmanni með efnafræðilega þekkingu þannig að annar skal hafa fræðilega þekkingu en hinn tæknilega.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir einum aðila en ekki gert upp á milli þessara þekkingarþátta. Auk þess er lagt til að eiturefnanefnd starfi framvegis meira sem sérfræðinganefnd og að störf hennar verði minna í formi stofnunar, en töluverðrar tilhneigingar hefur gætt á undanförnum árum til þess að fela nefndinni störf, þar með talin eftirlitsstörf. Öll skrifstofuvinna og eftirlitsvinna er í dag í höndum eftirlitsstofnana sem þegar hafa verið nefndar. Er því ekki ástæða til þess að fela nefndinni það hlutverk. Auk þess eru lagðar auknar upplýsingaskyldur á nefndina og bætt inn málaflokkum sem ástæða er til að nefndin fjalli um, t.d. að gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna svo dæmi sé tekið.

Varðandi útgáfu leyfisskírteina, svokallaðra eiturbeiðna, er lagt til í frv. að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna gefi út eiturbeiðnir í stað lögreglustjóra, enda er þannig búið að heilbrigðiseftirliti í dag að heilbrigðisfulltrúar þurfa sérstakt leyfi til starfa og liggur að baki því viðurkennd sérþekking.

Það er nýmæli að leita skuli umsagnar eiturefnanefndar áður en leyfi er gefið. Vísast nánar um þetta til 7. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að sé veitt undanþága frá ákvæðum laganna skuli hún auglýst sérstaklega, þ.e. megi selja efni á frjálsum markaði t.d. í almennum verslunum. Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf fyrir þessa undanþágu og er hún því felld niður en í stað þess er látið nægja að heimila sölu á frjálsum markaði á tilteknum varningi er inniheldur eiturefni. Þetta fyrirkomulag mun auðvelda framkvæmd laganna verulega.

Rétt er að vekja athygli á því að í 9. gr. er að finna nýmæli í samræmi við það sem ég hef áður sagt um samræmda flokkun og merkingarreglur, en þar segir að íslensk eiturmerki skuli vera í samræmi við hliðstæð eiturmerki í nágrannalöndum svo sem kostur er.

Í 13. gr. er að finna nýmæli sem ætlað er að sporna við þeirri hættu sem fylgir notkun lífrænna leysiefna. Lífræn leysiefni eru mikið notuð til þess að leysa upp ýmis efni og efnasambönd sem torleyst eru í vatni svo sem í límí, málningu og lökkum og til eldsneytis. Notagildi þessara lífrænu leysiefna er talið mjög mikið, en eituráhrif margra eru að sama skapi lítið rannsökuð. Eiturefnanefnd er falið að reyna að stýra notkun þessara efna þannig að hættuminni efni verði notuð í stað hinna hættumeiri og þá sérstaklega höfð í huga snefun eða sniff unglinga, sbr. nánar 13. gr. frv.

Þótt ekki hafi það verið hlutverk endurskoðunarnefndarinnar að gera tillögur um skipan mála varðandi eiturefni og hættuleg efni innan matvælasviðsins var eigi að síður talið ráðlegt að viðhalda gildandi ákvæðum í lögunum um eiturefni og hættuleg efni uns ný lög um notkun eiturefna og þessara efna í matvælum eða mengun matvæla af völdum slíkra efna hafi verið sett, sbr. það sem ég sagði hér áðan um setningu nýrra laga um tilbúning og dreifingu matvæla.

Rétt er að vekja athygli á nýmæli í 19. gr. þar sem lagt er til að eiturefnanefnd verði falið að fylgjast með upplýsingum um rannsóknir er varða krabbamein eða illkynja frumubreytingar í mönnum og dýrum af völdum eiturefna og hættulegra efna. Enn fremur er rétt að vekja athygli á nýmælum í 21. gr. þar sem mælt er fyrir um að merkja skuli farartæki er flytja eiturefni og hættuleg efni, en slíkur flutningur hefur færst í vöxt á undanförnum árum og má þar sem dæmi nefna tankbíla garðúðunarmanna.

Eins og þegar hefur komið fram í máli mínu er ekki reiknað með því í frv. að eiturefnanefnd verði eftirlitsaðili með framkvæmd laganna. Þess í stað er gert ráð fyrir því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna komi í auknum mæli inn sem eftirlitsaðili. Að öðru leyti er gert ráð fyrir þeim eftirlitsaðilum sem starfa að þessu eftirliti í dag, eins og Vinnueftirlitinu innan vinnustaðanna, Lyfjaeftirliti ríkisins varðandi lyfjaframleiðslu fyrirtækja og lyfjabúðir og Hollustuvernd ríkisins. Einnig geta þar komið til löggreglustjórar og embættislæknar, þ.e. héraðslæknar og heilsugæslulæknar. Í frv. sjálfu er ekki fjallað um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila heldur er skírskotað til þeirra laga sem gilda um hinar einstöku eftirlitsstofnanir, en þau hef ég nefnt áður.

Í 27. gr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um samstarfsnefnd eftirlitsaðila með framkvæmd ákvæða laganna og er höfð til hliðsjónar skipan núverandi samstarfsnefndar sem starfar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 238 frá 1986, um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, en til þess nefndarstarfs var formlega stofnað með reglugerð nr. 455 frá 1975 með sama heiti.

Í þessari nefnd eiga sæti, auk fulltrúa heilbr.- og trmrh., fulltrúi eiturefnanefndar, fulltrúi Hollustuverndar ríkisins, fulltrúi Lyfjaeftirlits ríkisins og fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins og er það hlutverk nefndarinnar að fjalla um verkaskiptingu milli eftirlitsaðila í takmarkatilfellum og um samræmingu aðgerða.

Gert er ráð fyrir því að eiturefnanefnd sem nú situr starfi út yfirstandandi ár þótt lögin öðlist gildi frá og með 1. júlí á þessu ári, nái þau fram að ganga. Helgast þetta af því að töluverðan tíma getur tekið að endurskipa í nefndina, enda er ekki hlaupið að því að fá til þá sérþekkingu sem krafist er lögum

samkvæmt.

Ég vil að lokum geta þess að á fundi samstarfsnefndar um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 238 frá 1986 og ég fjallaði um á undan, var nýlega samþykkt að beina þeim tilmælum til mín að í frv. til laga um eiturefni og hættuleg efni verði sett ákvæði sem heimila að banna megi afhendingu ákveðinna hættulegra efna nema viðkomandi uppfylli sömu skilyrði og gildi um útlán eiturefna. Samþykkt þessi var gerð í framhaldi af því að upp hafði komist um framleiðslu á amfetamíni í heimahúsi.

Lyfjaeftirlit ríkisins var kallað til aðstoðar við rannsókn málsins og hefur undir höndum lista yfir efni sem notuð voru við framleiðsluna. Voru þar á meðal tvö efni á lista 1, þ.e. sterkt eitur, eitt efni á lista 2, þ.e. sem merkist sem eitur, og fjölmörg á listum 3 og 4, en þeir fjalla um hættuleg efni. Efni þessi höfðu fengist keypt hjá lyfjaheildsölum og nokkrum öðrum aðilum án þess að athugasemd væri gerð og er ljóst að sala efna á lista 1 og 2 brýtur í bága við ákvæði gildandi laga og reglugerða. Telur nefndin brýnt að sett verði inn í lög um eiturefni og hættuleg efni heimild sem veiti leyfi til að takmarka sölu á hættulegum efnum til einstaklinga.

Þótt frv. þetta sé seint fram komið held ég að í því sé ekki að finna nein veigamikil atriði sem gætu valdið deilum. Hér er um að ræða tillögur um breytingar á lögum sem flestar leiða af breytingum í þjóðfélaginu á þeim 20 árum sem lögin hafa verið í gildi og breytingar á ýmiss konar sérlöggjöf sem sett hefur verið á þeim tíma, auk þess sem breytingarnar styðjast við skuldbindingar íslenskra stjórnvalda í alþjóðasamstarfi.

Ég tel brýnt að frv. þetta nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, ekki síst til þess að skapa grundvöll til setningar reglugerðar um merkingar, flokkun, tilbúning o.fl. þegar í hlut eiga vörur er innihalda eiturefni og hættuleg efni þannig að hér gildi svipaðar reglur og í nágrannalöndunum.

Herra forseti. Ég legg því til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. með beiðni um að nefndin hraði störfum svo frv. þetta geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Ég vil þó vekja athygli á því að þetta frv. hefur ekki verið á forgangslista yfir mál sem skyldu afgreiðast fyrir lok þessa þings, en bendi hins vegar á að það tengist að verulegu leyti frv. sem hér er til meðferðar í þinginu og hv. heilbr.- og trn. Nd. hefur þegar fjallað um og það í síðari deild, þ.e. frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem ég vonast eindregið til að nái fram á þessu þingi. Það væri mjög æskilegt ef þetta frv. gæti fylgt þeirri afgreiðslu og einnig orðið að lögum fyrir þinglok.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 2. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 936, n. 968.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 968 liggur fyrir álit fjh.- og viðskn. um málið. Það hljóðar svo:

„Nefndin athugaði frv. og mælir með samþykkt þess.

Ingi Björn Albertsson, áheyrnarfulltrúi Borgarafl., var ekki samþykkur meðferð málsins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Einar Kr. Guðfinnsson og Kristín Halldórsdóttir."

Undir nál. rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, með fyrirvara, Kjartan Jóhannsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðmundur G. Þórarinsson.

Þannig hljóðar nál. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson lagði til að frv. yrði sent til umsagnar, en við því var ekki hægt að verða vegna þess að þá hefði það ekki náð afgreiðslu á þessu þingi og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Hér er um að ræða lagasetningu sem í sjálfu sér er fyrst og fremst andmæli gegn stjórnarháttum hvíta minni hlutans í Suður-Afríku. Heimurinn horfir agndofa upp á aðfarir hvíta minni hlutans og svarti meiri hlutinn biður þjóðir heimsins um að reyna að einangra Suður-Afríku með viðskiptabanni. Við því hafa fjölmargar þjóðir orðið, þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar. Við teljum einboðið að Íslandi beri að leggja sitt lóð á vogarskálina með þessari lagasetningu.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég ritaði undir nál. með fyrirvara sem ég vil nú gera nokkra grein fyrir.

Ríkisstjórn Suður-Afríku hefur um áratuga skeið gert sig seka um einhverja alvarlegustu misbeitingu ríkisvalds sem þekkist í víðri veröld. Þessi misnotkun valds felst í því að meina meiri hluta þjóðarinnar á grundvelli litarháttar eða kynþáttar um stjórnmálaleg og önnur mannréttindi sem hvarvetna þykja sjálfsögð meðal lýðræðisþjóða. Slík kúgun stríðir gegn réttlætisvitund siðaðra manna um allan heim. Hún er óréttlætanleg og hana hljóta allir lýðræðislega sinnaðir menn að fordæma.

Mannréttindi eru hins vegar fótum troðin víðar en í Suður-Afríku þótt óvíða séu brotin jafnskipuleg af hálfu ríkisvaldsins og á jafnsiðlausum grunni og sú aðskilnaðarstefna sem þar tíðkast. Menn þurfa ekki að láta hugann reika víða til að geta nefnt fjölda ríkja sem brjóta mannréttindi á þegnum sínum og neita þeim t.d. um trúarbragðafrelsi, ferðafrelsi, skoðana- og tjáningarfrelsi. Hér mætti benda á ýmis ríki í Suður-Ameríku, Asíu, Afríku, Austurlöndum nær og austan járntjalds.

Alþingi Íslendinga og íslensk stjórnvöld, sem jafnan hafa skipað sér í raðir þeirra sem fordæmt hafa kynþáttaaðskilnaðarstefnuna, standa frammi

fyrir nokkrum vanda í þessu efni. Eiga þau að beita sér fyrir samskipta- eða viðskiptabanni gagnvart einu ríki sem kúgar þegna sína eins og lagt er til með frv. þessu eða ætti e.t.v. að marka almenna stefnu um viðskipti Íslands við öll þau ríki sem gera sig sek um mannréttindabrot af opinberri hálfu? Til þessa hefur það verið stefna íslenskra stjórnvalda að eiga vinsamleg viðskipti við öll ríki án tillits til stjórnarfars eða stefnu ríkjandi stjórnvalda í innanríkismálum.

Ég hlýt að spyrja: Ætla helstu talsmenn þessa máls að leggja til að horfið verði frá þeirri stefnu gagnvart fleiri ríkjum?

Það er einnig óvíst, herra forseti, að viðskiptabann eins og hér er lagt til gagnist hinum kúgaða minni hluta í Suður-Afríku sem skyldi. Það er til að mynda ekki ólíklegt að einhverjir blökkumenn muni í kjölfar viðskiptabanns missa það lífsviðurværi sem þeir hafa haft af framleiðslu ávaxta sem seldir hafa verið til Íslands. Ekki getur það verið tilgangurinn með viðskiptabanninu.

Þannig er ég einungis að benda á, herra forseti, að það eru margar hliðar á þessu máli. Það er t.d. freistandi að spyrja eftirfarandi spurningar: Mundu helstu stuðningsmenn viðskiptabanns við Suður-Afríku leggja slíkt bann jafneindregið til ef Íslendingar ættu þar einhverra raunverulegra viðskiptahagsmuna að gæta, ef þar væri t.d. skreiðarmarkaður á borð við Nígeríu eða saltfiskmarkaður á borð við það sem eitt sinn var í Zaire?

Herra forseti. Ég mun ekki leggjast gegn því að Ísland skipi sér á bekk með þeim ríkjum Vestur-Evrópu sem eindregnasta afstöðu hafa tekið gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar. Með þeim ríkjahópi eigum við meiri samstöðu um utanríkispólitísk málefni en öðrum. Ég get tekið undir það að vegna alþjóðlegrar samstöðu sé meiri von til þess í Suður-Afríku en sums staðar annars staðar að utanaðkomandi þrýstingur eins og viðskiptabann skili einhverjum árangri og flýti fyrir því að minni hlutinn hætti að kúga meiri hlutann.

Í ljósi þess og með tilliti til þess að hér er fyrst og fremst um það að ræða að veita blökkumönnum í Suður-Afríku táknrænan og siðferðilegan stuðning mun ég greiða þessu máli atkvæði mitt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi frv. um að samþykkja viðskiptabann á Suður-Afríku. Það fer ekki milli mála að mannréttindi eru fótum troðin í Suður-Afríku. Þau eru með þeim hætti að við hér á vesturhveli jarðar getum ekki samþykkt þá stefnu. Við höfum oft áður fjallað um þessi mál á Alþingi m.a. og hafa verið skiptar skoðanir um þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar að við verðum að líta til fleiri ríkja ef þessi tillaga er samþykkt og minni á fjölda ríkja þar sem mannréttindi eru fótum troðin en ætla ekki að tíunda sérstaklega neitt af þeim ríkjum. En við sum þeirra eigum við veruleg viðskipti og það mundi vera allt önnur staða ef við settum viðskiptabann á þau ríki en miðað við þau litlu viðskipti sem eru við Suður-Afríku.

Við meðferð þessa máls hefur vakið athygli að þetta hefur verið keyrt með offorsi í gegn og ekki leitað umsagnar eins og venja er um mörg frv. Það vekur upp ákveðnar spurningar vegna hvers það er. Það vekur líka athygli að Sjálfstfl. hefur vikið burt frá sinni stefnu að setja ekki viðskiptabann á eina þjóð frekar en aðra. Í þessu sambandi langar mig að vitna, með leyfi hæstv. forseta, í umræður sem urðu í Sþ. 1985 um kynþáttastefnu í Suður-Afríku, en þá tók hæstv. þáverandi utanrrh. Geir Hallgrímsson til máls og sagði m.a.:

„Viðskiptabann fárra og smárra þjóða hefur lítið gildi þar sem viðskiptin færast einfaldlega annað og séu umtalsverðir hagsmunir í húfi bitnar slíkt viðskiptabann fárra þjóða aðeins á þeim en ekki Suður-Afríku. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafa norrænu ríkin nú ákveðið að auka og efla þær ráðstafanir sem þær gripu til á árinu 1978 og hvetja um leið aðrar þjóðir til að gera svipaðar ráðstafanir í þeirri von að nægilega margar og öflugar viðskiptaþjóðir fari að dæmi Norðurlandanna og skapi þannig þann aukna alþjóðlega þrýsting á stjórnvöld í Suður-Afríku sem leiði til þess að hið hróplega misrétti kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar verði upprætt með friðsamlegum hætti.“

Þá segir hæstv. fyrrverandi utanrrh. enn fremur: „Við skulum vera raunsæir, en hins vegar ekki láta okkar hlut eftir liggja heldur erum við nú sem áður reiðubúnir að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og hvetjum til þeirra. E.t.v. skiptir mestu máli að við látum óhikað rödd okkar heyrast og ég vil því ljúka svari mínu með því að lesa upp það sem ég sagði um mál þetta á yfirstandandi allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrir tæpum mánuði, hinn 24. sept.:

„Eitt vandamálanna í brennidepli er hin illræmda kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríku, apartheid, sem rekin er af mikilli hörku af þarlendum stjórnvöldum. Stefna ríkisstjórnar minnar og annarra Norðurlanda til þessa máls er vel kunn þingheimi. Allt frá árinu 1978 hafa þessi lönd staðið að sameiginlegum aðgerðum gegn hinni ómannúðlegu, grimmu og úreltu apartheid-stefnu. Önnur ríki hafa einnig gripið til svipaðra aðgerða sem auka munu þann þrýsting er við vonum að muni fyrr eða síðar leiða til þess að ríkisstjórn Suður-Afríku hverfi frá þessari illræmdu stefnu sinni. Er við beinum athygli okkar og aðgerðum gegn stjórnvöldum Suður-Afríku skulum við samt ekki missa sjónar á því mikla óréttlæti sem viðgengst í mörgum öðrum ríkjum heims. Við verðum að vinna að úrbótum hvarvetna þar sem óréttlæti er enn við lýði og mannréttindi fótum troðin.

Ég vil hér með lýsa yfir eindregnum stuðningi

ríkisstjórnar minnar og íslensku þjóðarinnar við látlausa viðleitni Sameinuðu þjóðanna til að efla og treysta mannréttindi hvarvetna í heiminum. Mannréttindi, lýðræði og frelsi eru samofin forsenda þess að takast megi að koma á varanlegum heimsfriði.„

Þá segir hæstv. fyrrverandi utanrrh. Geir Hallgrímsson enn fremur: „Þá vil ég aðeins segja það í sambandi við bann á innflutningi vara frá Suður-Afríku eða útflutningi vara til Suður-Afríku að það er auðvitað á valdi neytandans hér á Íslandi, kaupandans, að sneiða hjá kaupum á vörum frá Suður-Afríku sem og varðandi útflytjendur að neita sér um þann markað sem þar er að finna.“

Öll þessi rök get ég tekið undir. Ég get enn fremur tekið undir það sem hv. 17. þm. Reykv. sagði í máli sínu. En ég vil jafnframt undirstrika að það er mjög mikilvægt að við tökum ekki afstöðu til eins ríkis. Við verðum að taka þá miklu víðfeðmari afstöðu og sýna í verki að við meinum eitthvað með þessu. Það að setja viðskiptabann á eitt ríki hlýtur að vera mjög í ósamræmi við okkar málflutning ef við gerum ekki slíkt hið sama við önnur ríki sem við höfum viðskipti við.

Ég vek líka athygli á því að stórþjóðir heimsins hafa ekki sett viðskiptabann á Suður-Afríku. (**SJS:** Þetta er rangt.) Hvað kallar þú stórþjóðir? (**SJS:** Bandaríkin.) Hafa þeir sett viðskiptabann, en versla við þá, kannski? Það er kannski rétt. En það er hins vegar mjög mikilvægt að við setjum þá í okkar verki miklu öflugri aðgerð í framkvæmd eins og formaður Borgarafl. hefur tekið hér fram. Það er það að slíta stjórnmálasambandi við Suður-Afríku og vera ekki með neinar vífilengjur um það. Ég get tekið undir það sem hann sagði, að við eigum að ganga skrefið til fulls en ekki vera með þennan hálfkæring og slíta þá stjórnmálasambandinu við Suður-Afríku. Þá sýnum við í rauninni í verki að við meinum eitthvað með þessu. Ég vona að við getum þá staðið að því að gera slíkt og jafnframt að við tökum þá á öðrum ríkjum sem hafa brotið mannréttindi með svipuðum hætti þannig að við séum ekki með einhverja yfirborðsmennsku í þinginu.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég skil málflutning þingmanna Borgaraafl. fyllilega. Mér finnst að þeir séu á móti þessu máli bæði af því að það sé of mikið og af því að það sé of lítið. Það skín út úr málflutningi þeirra að það sé ekki rétt að grípa til aðgerða af þessu tagi, en að hinu leytinu virðast þeir vera að biðja um að aðgerðirnar séu víðtækari, taki til fleiri landa eða fleiri þátta að því er varðar samskiptin við Suður-Afríku. Ég get ekki séð annað en að í þessu felist mikill tvískinnungur og að röksemdafærsla af þessu tagi fái alls ekki staðist.

Hér áðan var lesinn upp hluti úr ræðu fyrrv. forsrh. og utanrrh. Geirs Hallgrímssonar. Í henni kom glögglega í ljós að hann hafði það að leiðarljósi í sínu starfi að við hefðum samstöðu með öðrum þjóðum í þessum efnum. Ég held að það liggi fyrir í gegnum öll okkar utanríkismál að við höfum lagt sérstaka áherslu á það hvenær sem við höfum getað að hafa samstöðu með hinum Norðurlandaþjóðunum. Það er það sem við erum að gera með samþykkt þessa lagafrv. og við erum þá að framfylgja þeirri stefnumörkun, sem hefur verið höfð að leiðarljósi hér á Íslandi, að hafa samstöðu með öðrum þjóðum og einkanlega með Norðurlöndum.

Auðvitað er okkur ljóst að deila megi um gagnsemi aðgerðar af þessu tagi og ég held að það liggi ljóst fyrir að Íslendingar hafa valið að vera níðskir á að beita aðgerðum af þessu tagi og að við viljum sýna varfærni í þeim efnum. Þess vegna líka hlýtur það að vera leiðarljós okkar að aðgerðir af þessu tagi séu takmarkaðar, að það sé ekki reynt að gera þær víðtækari en nauðsyn ber til. Nú þegar við sjáum ástæðu til að fordæma með þessum hætti hina illræmdu kynþáttaaðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku ætti það ekki að verða okkur tilefni til þess að við grípum til sams konar aðgerða gagnvart mörgum öðrum þjóðum.

Hv. þm. Geir Haarde gerði að umtalsefni ýmsar hliðar á þessu máli, en hann svaraði sér jafnframt sjálfur og sagði að það væri nú einu sinni svo að mannréttindabrot væru hvergi — og ég vitna í hann efnislega en ekki orð fyrir orð — jafnskipulega útfærð og í Suður-Afríku og ef ég man rétt að þau væru hvergi eins svívirðileg og þar. Það er af þessum sökum sem við viljum að afstaða Íslands í þessu máli liggi skýrt fyrir.

Sérstaða málsins að öðru leyti liggur í því að meiri hluti þjóðarinnar, ekki minni hluti, meiri hluti þjóðarinnar, óskar eftir því að fá stuðning við sinn málstað með þessum hætti. Meiri hluti þjóðarinnar í Suður-Afríku óskar sérstaklega eftir því að þjóðir heims láti í ljós skoðun sína og fordæmingu á þeirri illræmdu stefnu sem fylgt er í Suður-Afríku með því að setja á viðskiptabann. Það er áskorun frá meiri hluta þjóðarinnar.

Afstaða okkar Íslendinga í þessu máli hefur ævinlega verið ljós. Hún kom glögglega fram m.a. í því ræðubroti sem hv. þm. Hreggviður Jónsson flutti hér áðan, hluta úr ræðu Geirs Hallgrímssonar fyrrv. ráðherra. En rödd okkar verður að skiljast á erlendum vettvangi og hún má ekki misskiljast og það er líka hluti af málinu að rödd okkar hefur misskilist. Menn spyrja: Hvernig stendur á því að Íslendingar skera sig úr meðal Norðurlandaþjóða og hafa ekki sett viðskiptabann á Suður-Afríku? Og því er afstaða okkar misskilin.

Rödd okkar verður að vera skýr. Afstaða okkar liggur fyrir. Með því að samþykkja það lagafrv. sem hér liggur fyrir leikur enginn vafi á um afstöðu okkar og skilaboð okkar til umheimsins eru skýr: Við höfum svarað kalli hins kúgaða meiri hluta í Suður-Afríku með þeim hætti sem hann hefur beðið um.

Herra forseti. Hv. þm. Geir Haarde spurði líka: Mundu Íslendingar setja á viðskiptabann ef miklir viðskiptahagsmunir væru í húfi? Ég segi: Ýmsar þjóðir, sem hafa haft mikilla viðskiptahagsmuna að

gæta, hafa gert það og þá er okkur vorkunnarlaust að gera það líka. En ég ætla að vona að sá manndómur sé í Íslendingum og ég ætla að trúa því að þeir láti ekki afstöðu sína ráðast af krónum og aurum í málum af þessu tagi.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér var fyrr í umræðunum vitnað í svar hæstv. páv. utanrrh. Geirs Hallgrímssonar við fsp. frá mér á árinu 1985 varðandi aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Ég man það vel að í þeirri umræðu, sem þá varð, og svo í umræðu um skýrslur utanrrh. bæði á árinu 1985, 1986 og 1987 var tónninn í raun og veru einn og afstaða ég hygg þriggja hæstv. utanrrh. á síðustu árum hefur fyrst og fremst grundvallast á því að við Íslendingar mundum hafa samflot með hinum Norðurlandaþjóðunum um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku.

Á árinu 1985, þegar það svar sem hér var lesið upp var gefið, voru aðstæður talsvert aðrar. Þá hafði ekkert Norðurlandanna enn þá gripið til viðskiptabanns. Þá voru í gangi tilraunir til að ná árangri með tilmælum stjórnvalda og ríkisstjórnir Norðurlandanna samþykktu á fundi utanríkisráðherra sinna á árinu 1978 í fyrsta sinn að reyna með tilmælum til fyrirtækja, verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnulífsins að draga úr þessum samskiptum. Þessi tilmæli hafa endurtekið verið ítrekuð, en þegar kom fram á árið 1986 þótti mönnum sýnt að meira þyrfti til, auk þess sem ástandið fór þá og fer enn reyndar hríðversnandi í Suður-Afríku.

Það var því síðla árs 1986, en aðallega á sl. ári, árinu 1987, sem fjölmörg ríki bættust í hóp þeirra sem áður höfðu sett á algert viðskiptabann, Norðurlandaþjóðirnar þar með taldar sem ég hygg að hafi allar á seinni hluta sl. árs að okkur undanskildum verið búnar að setja viðskiptamann. Reyndar er þar í raun um meira en viðskiptabann að ræða því að það tekur til ýmissa fleiri samskipta, fjárfestinga og annarra hluta sem við þurfum í raun ekki að hafa af afskipti því hér eru málin einfaldari og samskiptin fyrst og fremst í formi tiltölulega lítils vöruútflutnings og vöruinnflutnings á milli landanna. Það er því, eins og reyndar þegar hefur komið hér fram, í beinu framhaldi af yfirlýstri stefnu þriggja hæstv. síðast verandi utanrrh. þjóðarinnar að við grípum nú til þessa viðskiptabanns og stígum skrefið til fulls.

Ég vil vekja á því sérstaka athygli að hér er í raun spurning um að þjóðirnar sýni samstöðu vegna þess að það er auðvelt og auðskiljanlegt að um leið og ein þjóð setur viðskiptabann getur hagnaðarvon þeirra sem eftir eru og skipta við ríkið vaxið ef þeir eru ekki þeir menn að sýna þá samstöðu og fara ekki inn og nýta sér það svigrúm sem kannski skapast af því að stórar viðskiptaþjóðir hafa ákveðið að hætta samskiptum við landið. Þannig reynir á hvort samstaðan heldur í þessum efnum. Hér er hvað okkur varðar fyrst og fremst um táknræna aðgerð að ræða. En ég svara því hiklaust játandi. A.m.k. hefði það ekki breytt minni afstöðu þó að í Suður-Afríku hefði verið mikilvægur markaður fyrir íslenskar vörur, enda held ég að við hljótum í svona málum að reyna að taka grundvallarafstöðu og vera menn til að halda okkur við hana, það sem við teljum rétt og skylt, burt séð frá því hvernig það kemur við okkar eigin hag.

Ég vek á því athygli að rétt eins og menn hafa bent hér á gera talsmenn svarta meiri hlutans í Suður-Afríku sér mætavel grein fyrir því að viðskiptabann þýðir vaxandi harðræði fyrir það fólk. Það gera allir Suður-Afríkubúar sér ljóst að eigi viðskiptaþvinganirnar að ná takmarki sínu mun það þýða vaxandi erfiðleika í öllu þjóðlífinu í Suður-Afríku og þannig er meiningin að knýja stjórnvöld frá þessari ranglátu stefnu sinni. Engu að síður er það eindregin afstaða allra talsmanna svarta meiri hlutans í Suður-Afríku, hvort sem það er Desmond Tutu, hvort sem það eru talsmenn Afríska þjóðarráðsins eða hvaða forustumenn sem það nú eru. Um það atriði er alger samstaða að biðja um viðskiptabann.

Ég held líka, herra forseti, að það sé kannski nauðsynlegt, og ég hélt reyndar að það væri vel kunnugt, að menn rifjuðu það upp fyrir sér hvers eðlis þessi kynþáttaaðskilnaðarstefna er. Menn eru hér að tala um mannréttindabrot og vissulega eru þau slæm og af margvíslegum toga. En það er algerlega viðurkennt á alþjóðavettvangi að ástand mála í Suður-Afríku hefur sérstöðu. Þannig hefur innan Sameinuðu þjóðanna starfað um árabil sérstök nefnd að þessu verkefni og það hefur fengið algerlega sérstaka stöðu í meðferð mála af þessu tagi hjá Sameinuðu þjóðunum og þarf enga deilu um að þetta mál og ástandið þarna er í algerum sérflokki og er ekki sambærilegt við nokkuð annað sem þekkist annars staðar í heiminum eftir að minnihlutastjórn Ian Smiths í Ródesíu féll frá. Menn verða að hugleiða að það eru ekki bara í gildi neyðarlög í þessu landi. Það er ekki bara hægt að fangelsa menn án dóms og laga og halda þeim inni lon og don. Það eru í gildi alls kyns lög sem takmarka rétt manna í daglegu lífi með svo óskaplegum hætti að annað eins þekkist hvergi nokkurs staðar. Til skamms tíma var þessum meiri hluta þjóðarinnar bannað með öllu að eiga eignir. Þeim var bannað að eiga eigið húsnæði til þess að þetta væru undantekningarlaust réttindalausir leiguliðar í eigin landi. Þeim er bannað að eiga lönd. Þeim er bannað að eiga húseignir. Að vísu hefur einhver breyting orðið á því, a.m.k. fyrir ákveðna kynþætti sem þarna búa. Öll stjórnmálaleg réttindi eru í raun afnumin fyrir þetta fólk. Þeim er bannað að bindast félagasamtökum. Núna hafa síðustu samtökin sem máttu starfa verið bönnuð. Það tíðkast enn í Suður-Afríku að bannfæra fólk, lýsa fólk í bann, sem þýðir að því er bannað að fara út fyrir eigin hús og því er bannað að tala við nema eina manneskju í einu. Menn mega ræða við fjölskyldu sína, konu og börn, en ekki tala við nema einn einstakling í einu þar fyrir utan. Hvert þurfum við að fara, hvað langt aftur í tímann, til að finna

einhverjar hliðstæður af þessu tagi? (**AG:** Segðu okkur það.) Sem betur fer er það býsna langt aftur í tímann, hv. þm. Ég held að til þess að menn átti sig á því hversu sérstakt mál er á ferðinni þurfum við bæði að þekkja til sögu málsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og annars staðar, þar sem þetta mál hefur haft algera sérstöðu um langa hríð sem betur fer, og menn þurfa líka að skilja og vita hvers eðlis þau hroðalegu mannréttindabrot, sem viðgangast í skjóli þessarar aðskilnaðarstefnu, eru til að skilja það og viðurkenna að það er eðlilegt að taka á þessu vandamáli með alveg sérstökum hætti.

Menn hafa spurt hér: Verða menn þá ekki að líta til fleiri landa? Verður þá ekki að setja viðskiptaþvinganir hér og viðskiptaþvinganir þar? Það er t.d. afstaða allra Norðurlandanna að þetta mál sé í algerum sérflokki og það þurfi ekki að breyta afstöðu Norðurlandaþjóðanna í grundvallaratriðum á neinn hátt þó að gripið verði til þessara aðgerða gagnvart Suður-Afríku. Menn hafa ekki yfirleitt farið út í aðgerðir af þessu tagi gagnvart t.d. þeim löndum öðrum sem eru efst á lista Amnesty International yfir pólitíska fanga eða mannréttindabrot þar sem fólk er fangelsað án dóms og laga o.s.frv. Ég nefni Tyrkland sem um árabil hefur notið þess vafasama heiðurs að vera efst eða í einhverju efstu sætanna á lista Amnesty International yfir menn sem fangelsaðir eru án dóms og laga. Þar sitja þúsundir í fangelsum án þess að hafa fengið eðlilega meðferð á sínum málum. En það er þó ekki hægt að styðjast við að það sé á grundvelli litarháttar eða á grundvelli sérstakrar stöðu einstaklinganna í þjóðfélaginu sem þau mannréttindabrot viðgangast. Það er ekki á grundvelli trúar eða annarra slíkra hluta og má þó reyndar víðar finna dæmi um mannréttindabrot sem tengjast slíkum hlutum. En allt ber þetta að sama brunni. Hér er um svo sérstakt brot að ræða og mannréttindabrotin eru svo sérstaks eðlis og svo víðtæk, þar sem þau bitna á meiri hluta þjóðarinnar, að allar þjóðir heimsins í raun og veru sem um þessi mál fjalla, nema þá kannski Suður-Afríkumenn sjálfir og leppar þeirra í Namibíu, hafa samþykkt að taka þetta mál út fyrir sviga og meðhöndla það með alveg sérstökum hætti.

Að lokum bara þetta, herra forseti: Það er mat allra sem til þekkja að eftir þær aðgerðir sem ríkisstjórn hvíta minni hlutans greip til nú í vetur, þar sem síðustu möguleikar manna til friðsamlegrar andstöðu voru í raun og veru bannaðir, sé engin leið eftir sem geti hugsanlega náð fram friðsamlegri lausn þessara mála önnur en utanaðkomandi þvinganir, það sé engin önnur leið en þessi og svo bara blóðug borgarastyrjöld sem blasir þarna við með tilheyrandi hörmungum, ekki bara fyrir Suður-Afríku heldur fyrir allan suðurhluta afríska meginlandsins.

Þetta bið ég menn að hafa í huga þegar þeir gera upp hug sinn gagnvart þessu frv. sem ég vona að sem flestir styðji og við sameinumst um að afgreiða á þessu þingi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa séð myndina sem verið er að sýna, Hróp á frelsi, en hún er um Suður-Afríku og er gerð af fyrrverandi ritstjóra, hvítum manni, sem stóð með blökkumönnunum. Lýsingin í þessari mynd er af hans reynslu, hans flótta burtu, ofsóknir á fjölskyldu hans. Þetta er mjög fræðandi mynd um það sem er að gerast þar.

Það væri hægt að vitna í fleira eins og sögu Mandela um lífshlaup þeirra hjóna og hvernig þau hafa verið ofsótt og hann búinn að vera í fangelsi í 20 ár fyrir það eitt að hafa skoðanir.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það kann að vera að það hafi ekki mjög mikla þýðingu fyrir framgang þeirra mála sem eru í Suður-Afríku hvernig á þessum málum verði tekið hér. En það hefur mikla þýðingu fyrir okkur og kannski álit á hinni íslensku þjóð í kringum okkur ef við einir t.d. á Norðurlöndum verðum meðal þeirra þjóða sem sýna tómlæti gagnvart þeim hörmungum sem eru að gerast í Suður-Afríku.

Það er í sjálfu sér sama hvort það er í Suður-Afríku eða einhvers staðar annars staðar. Við eigum á einhvern hátt að láta í ljós okkar skoðanir og okkar andstöðu og jafnvel okkar fyrirlitningu á slíkum vinnubrögðum eins og t.d. hefur verið og er að gerast í Suður-Afríku. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími Sigfússyni, að þó að víða sé dökkt og víða verið að troða á almenningi skoðunarlega og alla vega held ég að það sé hvergi dekkra eða jafndökkt og í Suður-Afríku eftir þeim fréttum sem við getum aflað okkur.

Ég ætla að láta þetta nægja. Ég vil endurtaka að ef hv. þm. eru búnir að sjá myndina Hróp á frelsi skilja menn betur hvað er að gerast þar. Þetta er ekki mynd sem blökkumenn hafa gert eða samið texta að heldur er það reynsla hvíts ritstjóra sem hafði aðstöðu til að fylgjast með málefnum Suður-Afríku á þeim tíma og það væri áreiðanlega hollt fyrir okkur að fylgjast með því.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 6. þm. Norðurl. e., í lok máls hans, að við hefðum gott af því að sjá kvikmyndir sem sýndar hafa verið frá Suður-Afríku, þá var Amnesty-mynd í sjónvarpinu íslenska í gær sem við hefðum kannski haft alveg jafnmikið gott af að horfa á og hún var ekki frá Suður-Afríku. Við erum nýbúnir að sjá mynd frá viðureign Araba og Ísraelsmanna og ég held að heimurinn allur hafi haft gott af því að sjá þá mynd. Við erum ekki að tala eingöngu um Suður-Afríku. Mannréttindabrot eru víða, mjög víða.

En ég held að málflutningur hv. síðasta ræðumanns og málflutningur allra þeirra sem tekið hafa til máls sýni að það hjálpar betur að taka djarfari ákvarðanir til aðstoðar Suður-Afríku en þá sem hér

er farið fram á. Ef Kjartan Jóhannsson, hv. 4. þm. Reykn., á erfitt með að skilja Borgarafl. yfirleitt vil ég segja að það var gagnkvæmt fram á síðustu daga, að þjóðin hefur bara aldrei skilið Alþfl. Hún hefur aldrei vitað til hvers hann væri til eða hvernig stendur á því að hann lifir fyrr en ég las bók, sem ég ætla að vona að allir þingmenn hafi lesið eða ættu að lesa, eftir sagnfræðing sem heitir Þorleifur Friðriksson og er um Alþfl., hans tilvist, hans tilveru og hans starfsaðferðir, hans samstarf við Norðurlöndin, hans samstarf út fyrir Norðurlöndin. Þá fór ég að skilja ýmislegt sem var hulið áður. Slík bók hefur ekki komið út um þennan ársgamla Borgaraflokk enn þá og kemur líklega ekki því að hann er svo íslenskur að slíkt samstarf held ég að sé alveg óhugsandi við nokkra þjóð eða nokkurt land eða samtök.

Það er enginn tvískinnungur í okkar máli. Ég get bent hv. þm. Kjartani Jóhannssyni á að það var viðtal í franska sjónvarpinu á laugardaginn við Tutu biskup sem var á ferðalagi í Evrópu. Ég trúi ekki öðru en íslenskar fréttastofur fylgist svo vel með, sérstaklega þegar áberandi menn í veröldinni eru á ferðalagi og sjónvarpsviðtöl eru birt, að íslenska fréttastofan geti útvegað hv. þm. okkar afrit af þessu viðtali.

Þar var hann beint spurður um viðskiptabann. Jú, hann sagði: Viðskiptabann og allt sem sýnir samstöðu með okkur, hvort sem það eru viðskiptabönn eða ekki, hefur sín áhrif, en engin úrslitaáhrif. Þau eru móralskur stuðningur. En þau hafa engin úrslitaáhrif. Og þá spyr sjónvarpsmaðurinn: Hvað er þá til bragðs að taka? Hvað álítur þú að hjálpi ykkur mest? Og þá svarar biskupinn: Það sem við höfum farið fram á við þjóðirnar er að slíta samskiptum við Suður-Afríku á öllum öðrum sviðum, á því diplómatíska sviði. Þá er spurt: Og hvaða afleiðingar hefur það? Þá svarar biskupinn: Það hefur þær afleiðingar að flugfloti Suður-Afríku getur ekki fengið lendingarleyfi. Það verður stoppað. Þeir verða teknir út af skráningu á heimsmarkaði um gjaldmiðla. Og hann telur upp 2–3 önnur atriði sem einangra hvíta minni hlutann, valdhafana í Suður-Afríku. Það mundi hjálpa, segir hann. Hitt er meira og minna táknrænt. Ef hv. þm. gerði sér far um að reyna að útvega sér þetta viðtal skildi hann kannski Borgarafl. betur. Afstaða mín, að ganga lengra, ef við á annað borð gerum eitthvað, en tillagan sem nú er til umræðu gerir ráð fyrir, er í samræmi við það sem hinn þeldökki meiri hluti í Suður-Afríku er að óska eftir og telur að mundi hjálpa. Það þarf kannski að koma að utan túlkunin til þess að alþýðuflokksmenn skilji þegar talað er hér þó talað sé áður en útlendingar láta í ljós sömu skoðun.

En hv. þm. sagði að það ætti að vera leiðarljós okkar að gera ekki víðtækari ráðstafanir en nauðsynlegt er og það átti að vera svar við því sem ég sagði. Sem sagt: það er ekkert atriði að gera svo víðtækar ráðstafanir að þær dugi kannski til. Atriðið er að vera aftaníossi þeirra sem oft er svo vitnað til sem samstarfsaðila Alþfl. á Norðurlöndum — og ég vitna aftur í Gullnu fluguna.

Ég hélt að það væri tilgangurinn með þessu öllu að auka mannréttindi, að brjóta niður það misrétti sem á sér stað í Suður-Afríku. Það hefur orðið til heimsstyrjöld af minni ástæðu en þar á sér stað. En menn vilja ekki ganga lengra en nauðsynlegt er hvort sem það hefur nú áhrif í þá átt sem menn tala eða hefur engin áhrif, er táknræn, „gesture“. Þarna skilur á milli mín og þeirra sem skilja svo vel aðra.

Meiri hluti í Suður-Afríku, þeir sem verða fyrir mannréttindabrotunum, óskar eftir stuðningi við viðskiptabann, segir hv. þm. Þeir óska eftir stuðningi veraldarinnar allrar til að breyta ástandinu heima fyrir og þeir leggja allt aðra áherslu á miklu stærri aðgerðir en hv. þm. gefur hér rangar upplýsingar um miðað við það sem ég hlustaði á fyrir tveimur dögum sem var viðtalið við Tutu biskup sem ég vitnaði til áðan.

Ég tek undir það að rödd okkar verður að skiljast, rödd okkar með þessari samþykkt skilst þannig að við viljum vera með í táknrænum aðgerðum vegna þess að hin Norðurlöndin hafa óskað eftir því. En gætum við ekki einu sinni orðið leiðandi fyrir hin Norðurlöndin ef við viljum á annað borð gera marktækar ráðstafanir sem hugsanlega gætu breytt ástandinu í Suður-Afríku? Gæti það ekki breiðst út, ef einhver tekur forustuna, að slíta öllum samskiptum sem ríki standa í við Suður-Afríku? Ég held nefnilega að Alþfl. bresti kjark til að taka ákvarðanir í þessu máli eins og öðru. Og ég sé enga ástæðu til þess að Íslendingar þurfi að gera sérstaka grein fyrir þeirri afstöðu sinni við hin Norðurlöndin ef þeir taka ákvörðun sem er áhrifaríkari en þau taka. Og ég vil segja að það svarar kalli hins kúgaða meiri hluta í Suður-Afríku miklu meira en það kratagaul sem kemur frá Norðurlöndum.

Við það að samþykkja þessa till. tek ég undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að eins dauði er annars brauð. Það kemur alltaf maður í manns stað. Viðskiptabann frá nokkrum löndum þýðir ekkert annað en að Suður-Afríkustjórn snýr viðskiptum sínum til annarra landa sem ekki hafa samþykkt bannið. (**SJS:** Þess vegna verða allir að samþykkja það.) Það verður ekki afgreitt á hv. Alþingi Íslendinga. Eitt land er afgreitt að sjálfsögðu. Það hafa aldrei komið mótmæli við því frá Borgarafl. Hitt er annað mál að hv. þm. var að telja upp þær hörmungar sem eru í Suður-Afríku. Ég veit ekki betur en allt frá ásku hafi ég lesið um sams konar hörmungar hjá öðrum þjóðum. Og þegar ég gjammaði fram í og spurði hvort hann gæti ekki komið með dæmi frá öðrum þjóðum er hann of ungur til að muna eftir því eða kannski ekki haft vilja til að skýra frá því sem hefur verið í fréttum síðustu 40–50 árin eða jafnvel lengur.

Það þarf ekkert að hvetja okkur í Borgarafl. til að hafa samstöðu um aðgerðir sem eru einhvers virði. Ég held að þó að við tölum fyrir því að taka ákvarðanir sem þarf kjark til séum við ekki þar með að segja að viðskiptabann frá lítilli þjóð, sem hefur

sama og engin viðskipti, sé ekki sú táknræna aðgerð sem hafi enga þýðingu eða beri engan árangur. Það ber vissan árangur vegna þess að Ísland hefur gott orð á sér í samskiptum þjóðanna. Ísland hefur gott orð á sér hjá Sameinuðu þjóðunum, hjá Evróputáðinu, hjá Norðurlandaráði og yfirleitt í öllum samskiptum við útlendinga hefur Ísland gott orð á sér. Þess vegna hefur þetta táknrænt vissa þýðingu og þá er það ekki viðskiptalegs eðlis heldur er það sá „goodwill" sem Ísland hefur sem getur orðið að einhverju liði í þessu táknrænt.

En ég tek undir að ástandið í Suður-Afríku, af þeim fréttum sem ég hef haft um langan tíma, er eins slæmt og hér hefur verið talað um. Og ástandið er slæmt víða um heim. Við sáum myndir frá Guatemala í gær sem sendar eru út á vegum Amnesty International. Við sáum hræðilega meðferð á einstaklingum sem sendar voru út frá Ísrael núna fyrir skömmu. Við höfum séð hræðilegar myndir um aðgerðir á Írlandi sem er nær okkur. Sú starfsemi sem þar á sér stað frá báðum aðilum er ekki til fyrirmyndar hvað mannréttindi snertir. Ég segi enn einu sinni: Aðgerðir sem þarf að gera eru þær sem Tutu biskup óskaði eftir. Aðgerðir sem hér eru lagðar til eru bara táknrænar og hafa lítil áhrif eins og Tutu biskup sagði í þessu fréttaviðtali.

Ég vil benda á að einn banki, mig minnir að það hafi verið Barclays-banki, hér geta þingmenn allir leiðrétt mig, þetta var í fréttum, íslensku fréttunum, lokaði allri starfsemi í Suður-Afríku og það kom viðskiptalífinu þar úr jafnvægi að þessi eini breski banki lokaði sínum dyrum. Mig minnir að það hafi verið einn elsti viðskiptabanki í Suður-Afríku. Það eru aðgerðir sem slíkar sem hafa áhrif. En ég er kannski of harður, ætlast til of mikils. Ég held að yfirleitt vilji þingmenn ekki ganga skemmra en þeir telja að þurfi til að árangur náist, nema kratarnir. Þeirra lífsskoðun er að elta aðra krata og ég vitna í þriðja sinn í sagnfræðirit um tilvist Alþfl. og samskipti hans á öllum sviðum við hina kratana á Norðurlöndum.

Ég tek undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e., úr því að þetta mál er komið á dagskrá virðulegustu og valdamestu stofnunar þjóðarinnar, Alþingis, að málflutningurinn einn viðurkennir þörfina á aðgerð. Alþingi Íslendinga getur ekki rætt svona mál, viðurkennt vandann og gert ekki neitt. Og ég tek líka undir þegar hann segir að álit Íslendinga yrði minna ef þeir sýndu tómlæti. Það þýðir að ágreiningur við mig er enginn annar en sá: Ætlum við að vera með bara til að vera aftaníossar annarra krata, vera með í einhverju táknrænu sem ber líklega lítinn eða engan árangur eða ætlum við að verða við þeim óskum sem hafa komið frá þjóðarleiðtogum eins og Tutu biskupi og taka skrefið til fulls?

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er búið að segja margt skynsamlegt í þessum umræðum, en þó er ég ekki sammála því öllu.

Hv. þm. Geir H. Haarde benti á að mannréttindi væru víðar brotin. Það er rétt hjá honum að sjálfsögðu, en skilsmunurinn er sá að það hefur ekki komið fram formleg ósk frá kúguðum meiri hluta í þeim löndum um viðskiptabann eða þvílíkar aðgerðir.

Hann velti því einnig fyrir sér hvort meiri hlutanum væri ekki betur borgið án viðskiptabanns sem hefði efnahagslegar þrengingar í för með sér fyrir Suður-Afríku. Ég svara því til að ég held að hinn kúgaði meiri hluti meti það svo að betra sé að fá viðskiptabann en ekki.

Þá spurði hv. þm. hvað við hefðum gert ef raunverulegir hagsmunir hefðu verið í húfi eins og hann orðaði það. Það er kannski óþarfi að svara þessari spurningu. Það eru ekki stórir hagsmunir í húfi fyrir Íslendinga eins og stendur. En það breytir engu í mínum huga. Suður-Afríkustjórn hefur sér fátt eða ekkert til málsbóta og þess vegna tel ég að það sé ekki ástæða til að hafa við þá viðskipti.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson las upp úr ræðu Geirs Hallgrímssonar frá 1985. Ég tel að það sé Sjálfstfl. til sóma að standa að þessari lagasetningu eins og hann er hér að gera. Það er nefnilega mikið vatn til sjávar runnið frá 1985 eða eins og segir í grg.:

„Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað skrifað ýmsum félagssamtökum bréf þar sem eindregnum tilmælum er beint til þeirra að hætta viðskiptum við Suður-Afríku meðan stjórnvöld þar í landi fótumtroða mannréttindi meiri hluta íbúa landsins. Ýmis félagasamtök, t.d. Alþýðusamband Íslands og Verkamannasamband Íslands, hafa tekið þessum tilmælum vel, en ljóst er að hvatning stjórnvalda ein sér nægir ekki, tryggir ekki tilætlaðan árangur."

Það er nefnilega búið að prófa aðrar leiðir og þær báru ekki árangur. Þar af leiðir að viðhorfið er orðið annað en var 1985 og ég tel, eins og ég sagði áðan, að það sé Sjálfstfl. til sóma að standa að þessari löggjöf.

Ég sé ekki ástæðu fyrir neinn flokk eða alþm. að skjóta hér á Alþingi skildi fyrir stjórn Suður-Afríku. Mér finnst kenna útúrsnúninga í röksemdum hv. þm. Hreggviðs Jónssonar og mér finnst að með frv. sýnum við samstöðu með hinum kúgaða meiri hluta Suður-Afríku eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa gert.

Ég furða mig nokkuð á málflutningi hv. 5. þm. Reykv. Alberts Guðmundssonar. Albert Guðmundsson hefur oftast komið fram sem sérstakur fulltrúi mannúðar og mildi og hefur margoft sagt frá því sjálfur. Hann hefur sagst vera vinur „litla mannsins". Ég ætla að vona að hann sé líka vinur litla svarta mannsins. Ég vona að það sé misskilningur minn að svo sé ekki.

Ég harma að hann skuli vera að drepa málinu á dreif með þeim hætti sem hann gerir svo því mér finnst hann vera að verja viðskipti við Suður-Afríku með ræðu eins og hann gerði í dag, annaðhvort að stíga miklu lengra skref eða stíga ekkert, og eins og hann gerði við 1. umr. málsins. Mér finnst þessi

afstaða ekki vera í stíl við annan málflutning hans um mannúðarmál. Ég vona að það sé bara sérstakt óhappatilfelli að vera hér að slysast til að reyna drepa málinu á dreif.

Það kemur e.t.v. að því síðar að samstaða myndast um enn frekari einangrun Suður-Afríkustjórnar og þá er líklega rétt fyrir okkur að taka þátt í því. Sú samstaða er bara ekki enn fyrir hendi jafnvel þó að hv. þm. hafi horft á sjónvarp frá Frakklandi. Hún er ekki enn fyrir hendi. Það er þarflaust að ræða það mál á þessu stigi. Frv. gerir ráð fyrir því skynsamlegasta skrefi sem við getum stigið í bili og finnst mér að það skref ætti Borgarafl. að stíga með okkur hinum.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða hjá hv. 5. þm. Reykv. Eitt aðalefnið í ræðu hans var einhver skáldsaga sem kom út fyrir jólin og er kennd við Alþfl. og ekki nokkur maður tekur mark á nema hugsanlega þessi hv. þm. hafi glapist til þess. Mér finnst þetta nokkuð langt fyrir utan umræðuefnið.

Í annan stað gerði hann langt mál úr því að það væri slæmt mál að vera það sem hann nefndi „aftaníossi kratanna" á Norðurlöndum. Nú eru að vísu ekki bara krataríkisstjórnir á Norðurlöndum. Þær eru frá ýmsum flokkum. En þýðir þetta að Íslendingar megi aldrei hafa sömu skoðanir og Norðurlandaþjóðirnar? Ef Norðurlandaþjóðirnar skyldu vera búnar að koma sér upp skoðun eða stefnu í einhverju tilteknu máli þá sé það á máli þingmannsins og að hans skoðun ljótt, óviðeigandi og komi ekki til greina að Íslendingar hafi sömu skoðun? Þá værum við auðvitað orðnir aftaníossar samkvæmt hans skilgreiningu.

Ég veit ekki betur en við höfum tekið upp ýmislegt í íslensku þjóðfélagi eftir hinum Norðurlöndunum sem ég hef skilið svo að hv. þm. sé stuðningsmaður við. Við styðjum aldraða, við höfum almannatryggingakerfi, við höfum atvinnuleysistryggingakerfi. Hverjir skyldu hafa rutt brautina varðandi þessi efni? Erum við ekki bara aftaníossar að láta okkur málefni þessa fólks sérstaklega varða og vera með svipaða löggjöf og Norðurlöndin að því er þetta varðar?

Nei takk, hv. þm. og hv. deild. Ég ætla okkur að fá að halda sjálfstæði okkar og við getum tekið afstöðu eins og okkur lystir, alveg án tillits til þess hvaða afstöðu aðrir hafa tekið. Og þegar við veljum að hafa sömu skoðun og bræðraþjóðir okkar á Norðurlöndum, hvort heldur kratarnir eða íhaldið eða hvað það nú er sem er þar við stjórn, þá gerum við það. Og við sleppum því þegar okkur finnst skynsamlegt að sleppa því. Það ætti í rauninni að vera óþarfi að standa í málflutningi af þessu tagi.

Hv. þm. Albert Guðmundsson sagði: Nei, það er sko enginn tvískinnungur í málflutningi Borgarafl., ekki nokkur tvískinnungur. Lykilafstaða Borgarafl. er samkvæmt hans eigin orðum sú að ef við á annað borð gerum eitthvað eigum við að gera meira. Hvað þýðir þetta? Það er spurningin um hvort það eigi eitthvað að gera. Hann setur það á oddinn. Hann setur spurningarmerki við það hvort eitthvað eigi að gera. Hann velur að varpa því fram fyrst. Og ef einhverjir vilja gera eitthvað eigi það að vera öðruvísi.

Þetta er vitaskuld tvískinnungur í málflutningi. Annaðhvort vill þingmaðurinn að eitthvað sé gert og getur síðan haft skoðun á því hvað það eigi að vera eða hvað það eigi að vera mikið eða hvernig það eigi að vera ellegar hann vill að ekkert sé gert. En hann getur ekki haft uppi báðar skoðanirnar í einu án þess að það verði talinn tvískinnungur.

Hv. þm. leyfði sér líka áðan að snúa út úr málflutningi mínum þegar ég var að tala um að við hefðum verið nískir og varfærnir að því er varðaði viðskiptabann og ættum ekki að gera það víðtækara en nauðsyn krefur. Þá var ég að tala um þann hluta málflutnings sem hér hafði komið fram um það að viðskiptabann ætti að taka til fleiri þjóða. En annað veifið hafði hv. þm. uppi þann málflutning að það væri ástæða til þess að hann næði til fleiri þjóða. Ég hef lýst skoðun minni á því og ég vona að það sé skoðun meiri hluta þingsins að hér sé um mjög sértækt mál að ræða. Í hinu orðinu kom það reyndar einmitt fram hjá hv. þm. að það væru alveg sérstaklega mikil mannréttindabrot og illræmd stefna sem stjórnvöld í Suður-Afríku hafa í frammi og fylgja. Það er rétt. Og það er þess vegna sem þessi tillaga er komin fram, þetta frv. til laga.

Það getur vel skeð að það sé ástæða til að grípa til fleiri aðgerða. Ég held samt ekki á þessu stigi að það skipti neinu sérstöku máli með lendingarleyfi á Íslandi eða varðandi skráningu á gjaldeyri Suður-Afríku, eins og hv. þm. gerði hér að umræðuefni. En ég er vissulega reiðubúinn að skoða frekari aðgerðir varðandi þetta eina land. Það getur verið gott að eiga þau kort uppi í erminni og við skulum ræða það í bróðerni og komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvenær rétt sé að grípa til slíkra aðgerða.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Fulltrúi Kvennalistans í fjh.- og viðskn. Nd., hv. 10. þm. Reykn. Kristín Halldórsdóttir, var ekki viðstödd afgreiðslu þessa máls vegna veikinda og vil ég því að afstaða okkar kvennalistakvenna komi hér fram. Við erum að sjálfsögðu sammála viðskiptabanni á Suður-Afríku og höfum enda sýnt því máli stuðning þar sem það hefur komið upp.

Það er hvimleitt að menn skuli vera að munnhöggvast út af svo sjálfsögðum hlut eins og þessum stuðningi sem við getum veitt svörtum meiri hluta Suður-Afríku.

Það veldur að sjálfsögðu ekki straumhvörfum í efnahagslífi Suður-Afríku hvort Íslendingar setja á viðskiptabann eða ekki, en eins og hv. 5. þm. Reykv. Albert Guðmundsson hafði áðan eftir Desmond Tutu er hér fyrst og fremst um siðferðilegan stuðning að ræða og táknræna aðgerð. Það ber ekki

að fúlsa við siðferðilegum stuðningi við nokkurt mál. Betra vegarnesti á enginn í baráttu en siðferðisstyrk hvort sem um er að ræða einstaklinga, hópa, heilar þjóðir eða kynþætti. Þessi aðferð, viðskiptabann, útilokar ekki neina aðra aðferð til að sýna þjóðum stuðning og samstöðu og hvað varðar Suður-Afríku ber e.t.v. að skoða þetta sem fyrsta skref.

Íslendingar hafa sjálfir búið við ofríki sem tók langan tíma að losna undan. Við teljumst friðelskandi lýðræðislega þenkjandi þjóð. Vopn og ofbeldi hafa verið okkur fjarri nú um alllanga hríð. Því ætti okkur að renna blóðið til skyldunnar að mótmæla harðlega ofbeldi af því tagi sem á sér stað í Suður-Afríku. Það er ekki nein yfirlýsing um að allt sé í stakasta lagi annars staðar né að þetta sé eina eða síðasta skrefið sem hægt sé að stíga til stuðnings lýðræðislegum og borgaralegum réttindum kúgaðs meiri hluta Suður-Afríku.

Albert Guðmundsson:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. sagði ekkert sem þarf að gera athugasemdir við og ég geri ráð fyrir því að allir hefðu getað sagt þetta eins og svo oft vill verða hjá Kvennalistanum, þær tala mikið en segja ekki neitt.

En ég vil aðeins leiðrétta hv. 4. þm. Reykn. þegar hann segir að enginn taki mark á Þorleifi Friðrikssyni sagnfræðingi og hans útgáfu. Ég held að það séu hættuleg sjónarmið frá fyrrv. alþýðuflokksforustumanni og ef enginn þingmaður skyldi hafa lesið þessa bók er ég reiðubúinn og vís til að lesa upp úr henni þar sem vitnað er beint í bréfaskriftir forustumanna, alþýðuflokksleiðtoga á Norðurlöndum og hvað er sagt þar um menn og málefni.

En það voru ekki mín orð og ég tel ástæðu til þess að leiðrétta það, að það megi aldrei hafa sömu skoðun og alþýðuflokksmenn eða kratar á Norðurlöndum. Þetta er útúrsnúningur og málefnafátækt að snúa þessum umræðum, sem hér hafa verið um Suður-Afríku, í slíkar fullyrðingar. Það er eins rangt eins og hægt er að hafa nokkurn hlut rangan. Við getum tekið til fyrirmyndar og verið sammála ýmsum þjóðum, þjóðlöndum og flokkum víða, ekki bara á Norðurlöndunum, og það þarf ekki nauðsynlega að vera í þá veru að talið sé að viðkomandi aðili hérlendis sé þá aftaníossi eins eða annars. En við verðum líka að hafa svigrúm til að hafa sjálfstæðar skoðanir og frumkvæði í málum.

Og þegar hv. 4. þm. Reykn. vitnaði í þjóðarleiðtoga í Suður-Afríku og þeirra óskir í sambandi við aðgerðir alheimsins leiðrétti ég hann vegna þess að hann fór með rangt mál. Óskir þjóðarleiðtoga eru algert samskiptabann eins og ég hef getið um. Það eru ýtrustu óskir. Það er það sem ber árangur að þeirra mati. Allar aðgerðir eru afskaplega vel þegnar og í hvaða mynd sem er, hvort það er viðskiptabann eða eitthvað annað, vegna þess að það styrkir þá móralskt. Það er allt annað. Ég vildi verða við þeim óskum sem þeir telja að geti borið árangur.

Tryggingakerfið sem slíkt, sem Alþfl. vitnar í, er ekki skandinavískt fyrirbæri. Það er komið annars staðar frá svo að ekki geta alþýðuflokksmenn blandað því inn í þessar umræður.

Mér liggur við að biðja Alþingi afsökunar á því að hafa gert að umræðuefni hér þær ráðstafanir sem meiri hlutinn í Suður-Afríku telur árangursríkastar eða líklegastar til að bera árangur um leið og hálfkák Alþfl. og annarra sem flytja þessa tillögu er gagnrýnt. Það er langt frá því að ég hafi með því verið að snúa út úr hjá einum eða öðrum heldur gerði að umræðuefni það sem sagt var í fréttum. Menn verða þá að vega og meta orð sín áður en þeir tala ef þeir vilja að skilningurinn sé sá sem þeir óska eftir.

Það segir sig sjálft að ef Ísland verður til að leiða þær breytingar á afstöðu þjóða til Suður-Afríku að samskiptaslit við Suður-Afríku almennt yrðu til þess að lendingarleyfi yrði erfitt fyrir þá að fá og jafnvel fengju það ekki hjá þeim löndum sem settu þá í bann, að gjaldeyririnn yrði ekki skráður á alþjóðamarkaði og fleira, þá fyrst færi Suður-Afríka að finna fyrir ráðstöfunum alheimsins. Það var um tíma sem gull var ekki skráð, mjög stuttan tíma. Það kom sér mjög illa fyrir Suður-Afríku.

En ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira nema sérstakt tilefni gefist til.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að leiðrétta þann misskilning sem kemur fram í máli hv. 4. þm. Reykn. Ég get ekki gert að því þó að hann skilji ekki eitt eða neitt í málflutningi annarra. Hans útúrsnúningar við minni fyrstu ræðu eru alveg út í hött. Ég var fyrst og fremst að sýna ýmsar hliðar á viðskiptabanni, sem hafa komið fram í umræðunum og hafa reynst réttar, og tel réttara að slit stjórnmálasambands séu framkvæmd því að það er miklu skýrara og miklu afdráttarlausari aðgerð. Það er rétt, sem hefur komið fram frá hv. 5. þm. Reykv., að það er eindregin ósk leiðtoga svarta meiri hlutans í Suður-Afríku að það verði slitið stjórnmálasambandi við Suður-Afríku. Það er þeirra aðalósk en aðrar óskir til vara. Það er sorglegt til þess að vita að Norðurlöndin, sem hafa samþykkt viðskiptabann, hafa átt í geysilegum viðskiptum við Suður-Afríku eftir það. Því hefur verið framfylgt í orði en ekki á borði. Það sýnir best að slík aðgerð er ekki einhlít. Þess vegna er miklu ákveðnara, skýrara og réttara að slíta stjórnmálasambandi þegar um slík mál er að ræða. Það hefur miklu víðtækari áhrif. Það er ekki nokkur vafi að það mundi vera ný lína, sem við gætum þá gefið hinum Norðurlöndunum svo að þau gætu fylgt okkur einu sinni en við ekki endilega þeim, að slíta stjórnmálasambandi.

Ég vil hins vegar minna hv. 4. þm. Reykn. á að lesa svolítið um frönsku stjórnarbyltinguna þegar hann er að tala um ýmsar félagslegar aðgerðir sem hér hafa verið gerðar því að þær koma fram flestar þar. Ef hann skoðar þau áhrif sem franska stjórnar-

byltingin hafði um allan heim hlýtur hann að viðurkenna að þar er aðalhvatinn að núverandi stjórnmálakerfi á Vesturlöndum. Það var þar sem það gerðist. Það var ekki á Norðurlöndunum. Norðurlöndin fylgdu fordæmi og hugsjónum þeirra manna sem börðust fyrir frönsku stjórnarbyltingunni. Það væri betur að hann væri betur að sér í þessu en slengja því fram að við hefðum apað allt eftir Norðurlöndunum.

Ég vil ekki ræða þetta mikið meira, en ég ítreka að það eru fleiri ríki sem búa við álíka stjórnarfar og Suður-Afríka. Munurinn er sá að sá meiri hluti sem er kúgaður þar er ekki af öðrum litarhætti. Það er eini munurinn. Það er útúrsnúningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. þegar hann er að segja að við verðum að hafa formlega ósk frá meiri hlutanum, hinum kúgaða meiri hluta. Við getum það aldrei þar sem meiri hlutinn er kúgaður. Það verða alltaf örfáir talsmenn sem geta komið sínum skoðunum á framfæri. Það þekkist ekki í öðrum ríkjum að þar sé annar litarháttur sem er í meiri hluta og jafnframt kúgaður. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég skil ekki málflutning þessara hv. þm. nema þá að þeir vilja fylgja hinum Norðurlöndunum. Það er það eina sem þeir leggja til. En þegar á að taka á málinu og sýna svolítið meiri reisn, vera ákveðnari og taka skelegga afstöðu sem gæti skapað okkur gott orð á alþjóðavettvangi lyppast þeir niður af því að hin Norðurlöndin hafa ekki tekið þá afstöðu. Ég held að menn ættu að hafa í huga að taka upp miklu víðtækari umræður um mannréttindi og ákvarðanir um þau hjá hinum ýmsu þjóðum. Ég ætla ekki að nefna þær þjóðir nú. Það væri þó full ástæða til þess. Það eru þjóðir, sem eru ekki svo mikið fjarri okkur, sem búa við mjög skert mannréttindi á ýmsum sviðum og ekki betri en í Suður-Afríku.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil bara láta það koma fram, án þess að ég sé að elta neitt ólar við ýmislegt sem hv. síðustu ræðumenn hafa látið orð um falla, að mér sýnist að þetta sé að koma hjá Borgarafl. Þetta mjakast í áttina og ég held að afstaða þeirra sé að nálgast það sem ég tel að sé afstaða meginhluta þingsins og þjóðarinnar. Þeir eru hættir að nota þau orð að það sé vafasamt að grípa til einhverra ráðstafana. Það hefur fallið niður og er ekki notað í seinni ræðunum svo þetta virðist vera á leiðinni.

Hins vegar og að gefnu tilefni tek ég auðvitað eindregið undir þau ummæli hv. 5. þm. Reykv. að það sé rétt að menn athugi hvað þeir eru að segja áður en þeir tala.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykn. að þetta er alveg að koma hjá Borgarafl. Þeir hafa talað um að við þyrftum að slíta stjórnmálasambandi við Suður-Afríku. Sem betur fer þurfum við engu að slíta því að við höfum ekki formlegt stjórnmálasamband við Suður-Afríku. Við höfum aldrei skipst á sendiherrum við Suður-Afríku og þar af leiðir að við getum ekki slitið því sem hefur aldrei verið tengt.

Hitt er svo annað mál að í Suður-Afríku er konsúll sem á að gæta hagsmuna Íslands eða Íslendinga sem þangað kunna að rekast og er að því e.t.v. nokkurt öryggi. Eins mun vera einhver aðili hér á Íslandi sem er konsúll fyrir Suður-Afríku. En það inniber ekki, eins og hv. 5. þm. Reykv. veit manna best, sem er konsúll fyrir Frakka, að við höfum formlegt stjórnmálasamband við þessa þjóð því það höfum við ekki og höfum aldrei haft.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

87. fundur, mánudaginn 2. maí, að loknum 86. fundi.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 3. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 936.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sálfræðingar, 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578, n. 973.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Sverrir Hermannsson):

Menntmn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Listasafn Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 796, n. 972, brtt. 974.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Jákvæðar umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Félagi íslenskra safnvarða.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson.

Undir nál. rita Guðmundur G. Þórarinsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Sverrir Hermannsson og Ragnar Arnalds.

Á þskj. 974 leggur menntmn. til að við 2. mgr. 12. gr. frv. bætist: Einnig skal heimilt að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett í reglugerð.

Það var álit nefndarinnar að heldur skuli fara sparlega og varlega með heimildir til slíkra útlána á listaverkum, enda eru í þessari brtt. nokkrar skorður settar eða að meiri hluti safnráðs skuli samþykkur því í hverju tilviki eru lánuð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 974 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
13.–16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 962, n. 971.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. heilbr.- og trn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um 229. mál, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir, Birgir Dýrfjörð og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–33. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

88. fundur, mánudaginn 2. maí, að loknum 87. fundi.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 962.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 980).

Sálfræðingar, 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (sérfræðileyfi). — Þskj. 578.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 985).

Listasafn Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 447. mál (heildarlög). — Þskj. 979.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

SAMEINAÐ ÞING

76. fundur, þriðjudaginn 3. maí, kl. 4 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Umræðan fer þannig fram að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klst. Umræður verða tvær, 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., Alþfl., Borgarafl., Alþb., Sjálfstfl., Samtök um kvennalista. Stefán Valgeirsson 6. þm. Norðurl. e. talar síðastur í fyrri umferð.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. Steingrímur Hermannsson utanrrh. í fyrri umferð og Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v., og Jón Helgason landbrh. í þeirri síðari. Af hálfu Alþfl. tala Jóhanna Sigurðardóttir félmrh. og Kjartan Jóhannsson, 4. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., í þeirri síðari. Ræðumenn Borgarafl. verða Óli Þ. Guðbjartsson, 6. þm. Suðurl., og Hreggviður Jónsson, 11. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Júlíus Sólnes, 7. þm. Reykn., og Albert Guðmundsson, 5. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu Alþb. tala Hjörleifur Guttormsson, 2. þm. Austurl., og Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl., í fyrri umferð, en Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., og Svavar Gestsson, 7. þm. Reykv., í síðari umferð. Ræðumenn Sjálfstfl. verða Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv., og Salome Þorkelsdóttir, 6. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Friðrik Sophusson iðnrh. í þeirri síðari. Fyrir Samtök um kvennalista tala Danfríður Skarphéðinsdóttir, 6. þm. Vesturl., og Kristín Einarsdóttir, 12. þm. Reykv., í fyrri umferð og Guðrún Agnarsdóttir, 6. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Utanríkisráðherra (Steingrímur Hermannsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við þessi þingslit stöndum við Íslendingar enn frammi fyrir miklum erfiðleikum í efnahagsmálum. Erfitt er að sætta sig við slíkt eftir góðan árangur á síðasta kjörtímabili. Við framsóknarmenn töldum því nauðsynlegt að ræða efnahagsmálin ítarlega á fjölmennum miðstjórnarfundi fyrir rúmri viku. Eftirtektarvert er að miðstjórnarfundur okkar framsóknarmanna hefur valdið stjórnarandstöðunni og reyndar Alþýðublaðinu einnig að því er virðist miklum vonbrigðum. Vonbrigðin eru skiljanleg ef þessir aðilar hafa gert sér vonir um að miðstjórnarfundurinn sliti stjórnarsamstarfinu og við framsóknarmenn hlypum frá erfiðleikum þjóðarbúsins. Frá erfiðleikunum hlaupum við aldrei og stjórnarsamstarfinu munum við ekki slíta nema fullreynt verði að þessi ríkisstjórn sé ekki vandanum vaxin. Það teljum við hins vegar ekki ástæðu til að ætla. Auk þess fæ ég ekki séð að stjórnarandstaðan sé svo burðug að hún ráði við nokkurn vanda.

E.t.v. hafa þessir aðilar gert sér vonir um að við framsóknarmenn tækjum undir með stjórnarandstöðunni og krefðumst gengisfellingar með nýrri óðaverðbólgu. Í slíkum leik munum við ekki taka þátt. Segja má að menn hafi lært af reynslunni 1982 í samstarfi við Alþb.

Erfiðleikar atvinnulífsins verða ekki leystir með gengisfellingu einni. Staðan krefst fjölþættra aðgerða á flestum sviðum efnahagsmála sem ég mun ræða síðar. Vonbrigðin eru að vísu skiljanleg þegar haft er í huga að frá þessum miðstjórnarfundi kom Framsfl. einhuga og líklega sterkari en oftast fyrr.

Þeir sem telja ályktanir fundarins ekki nægilega harðar hafa ekki lesið þær nægilega vel. Á fundinum og í samþykktum hans er ítarlega fjallað um þau atriði í stjórnarsamstarfinu og sáttmálanum sem við framsóknarmenn teljum afar mikilvæg en ekki hefur tekist að framkvæma eins og að var stefnt.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að hún muni vinna að eftirgreindu, með leyfi forseta: „Að búa atvinnulífinu sem best starfsskilyrði, að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd, að jákvæðum en hóflegum raunvöxtum og að lækkun vaxta, að eðlilegri byggðaþróun."

Þetta eru allt slík grundvallaratriði að án þeirra er í raun allt annað fyrir gýg unnið. Því verður jafnframt ekki neitað að á þessum sviðum hefur hallað undan fæti. Af ýmsum ástæðum, m.a. ytri skilyrðum, hefur starfsgrundvöllur atvinnulífsins versnað mjög, viðskiptahalli við útlönd hefur vaxið, raunvextir hækkað og byggðaröskun er mikil. Um þetta var ítarlega fjallað á miðstjórnarfundinum og m.a. ályktað, með leyfi forseta:

„Að ráðast eigi í róttækar aðgerðir sem duga til að skapa framleiðsluatvinnuvegunum rekstrargrundvöll, draga verulega úr viðskiptahalla, stöðva byggðaröskun og draga úr verðbólgu en standa vörð um kjör þeirra sem lægstu launin hafa."

Miðstjórnarfundurinn tók fram að við framsóknarmenn erum reiðubúnir til þess að ræða allar leiðir til að ná ofangreindum markmiðum. Hins vegar var undirstrikað að það er „ófrávíkjanleg krafa miðstjórnarfundarins að slíkt verði gert."

Miðstjórnin ákvað jafnframt að koma til fundar að nýju svo fljótt sem ástæða þykir til. Þá mun árangurinn verða metinn.

Að sjálfsögðu setjum við samstarfsflokkum okkar ekki úrslitakosti. Hins vegar fer ályktun fundarins ekki á milli mála. Hún er ákveðin og markviss. Við krefjumst þess að þeim markmiðum verði náð sem samþykkt voru við stjórnarmyndun. Við treystum

því að núverandi ríkisstjórn hafi vilja og getu til að gera það.

Í viðureigninni við verðbólguna erum við framsóknarmenn hlynntir stöðugu gengi sem núverandi ríkisstjórn byggir á. Ég hef hins vegar oft lýst þeirri skoðun minni að fast gengi eitt og sér er vonlaust ef allur kostnaður innan lands leikur lausum hala og er jafnvel samtengdur í víxlgang verðbólgunnar. Sömu sjónarmið hafa fjölmargir haft og lýst sem um þessi mál hafa fjallað upp á síðkastið.

Að mati okkar framsóknarmanna er mikilvægast nú að draga úr innlendum kostnaðarhækkunum og tengja sem flest fastgengisstefnunni ef á henni á að byggja. Lítum á þróun nokkurra kostnaðarliða: Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands hafa raunvextir, þ.e. vextir umfram verðbólgu, hækkað úr u.þ.b. 6% í u.þ.b. 9,5% á einu ári og dráttarvextir úr 30% í yfir 50%. Þetta segir þó alls ekki alla söguna. Í upphafi síðasta árs var lánskjaravísitala 10% en er nú um og yfir 18%. Í lánskjaravísitölunni felst einnig fjármagnskostnaður að sjálfsögðu. Hann hefur því nálægt því tvöfaldast á einu ári. Þessum kostnaði velta þeir sem geta út í verðlagið. Það geta hins vegar ekki útflutningsatvinnuvegirnir eða þeir sem eiga í samkeppni við erlenda framleiðslu sem þarf ekki að bera slíkan fjármagnskostnað.

Ég leyfi mér að nefna það fásinnu þegar fastgengisstefnu er fylgt að heimila endurlán erlends fjármagns með lánskjaravísitölu og háum vöxtum, enda hafa að undanförnu birst fréttir um sjóði og stofnanir sem skila miklum hagnaði, jafnvel hundruðum milljóna kr. á sama tíma og útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með vaxandi halla. Hver skyldi borga brúsann? Úr reikningum vel rekins frystihúss er mér sýnt að orkukostnaður hefur hækkað um yfir 30% frá því í september á sl. ári og nú boðar Landsvirkjun sjálfvirka tengingu orkuverðs við gengi og verðlag. Er þá kominn enn einn þáttur í sjálfvirkan skrúfgang verðbólgunnar. Svipað má segja um annan innlendan kostnað.

Á þessum hlutum öllum verður að taka fyrst, koma í veg fyrir víxlhækkanir og tengja fastgengisstefnunni ef á henni á að byggja. Jafnframt er nauðsynlegt að stjórnvöld afli sér öruggari tækja en þau hafa haft til að hafa hemil á fjárfestingunni í landinu. Reynslan hefur kennt okkur að ekki er unnt að treysta á frjálshyggjuna eða markaðshyggjuna í þeim efnum. Slíkar ábendingar koma glöggt fram í stjórnmálaályktun miðstjórnarfundarins. Þær eiga ekki að koma neinum á óvart.

Launahækkanir hafa einnig orðið verulegar umfram gjaldeyristekjur útflutningsatvinnuveganna. Ekki verður því þó haldið fram að kröfur hinna lægst launuðu séu miklar. Raunar má segja að þær séu eðlilegar því fólkið hlýtur að ályktа sem svo að þeir sem byggja glæsilegu verslanahallirnar hverja eftir aðra eða endurnýja óspart fiskiskipaflotann, sem allir viðurkenna að er þó of stór, hljóta að hafa fjármagn til að greiða 42 000 kr. í laun á mánuði. Yfirstandandi verkfall vekur mann hins vegar til umhugsunar um þann frumskóg sem launabaráttan er orðin.

Tími minn leyfir ekki að ég reki nánar þau ýmsu atriði sem við framsóknarmenn bendum á og viljum að rædd verði. Þeim er öllum ætlað í raun að renna traustari stoðum undir fastgengisstefnuna og stuðla um leið að bættri stöðu atvinnuveganna, minni viðskiptahalla, lækkun vaxta og byggðajafnvægi eins og sá stjórnarsáttmáli gerir ráð fyrir sem við skrifuðum undir.

Þeirri upptalningu aðgerða sem fram kemur í ályktuninni er ekki ætlað að vera tæmandi heldur, eins og fyrr segir, erum við framsóknarmenn reiðubúnir til þess að ræða allar tillögur sem samstarfsflokkar okkar kunna að hafa og stefna að sama marki. Að sjálfsögðu eru því þó takmörk sett sem við treystum okkur til að samþykkja. Við munum t.d. aldrei fórna hinu íslenska velferðarkerfi, t.d. ágætu heilbrigðiskerfi sem öllum veiti frábæra þjónustu án tillits til efnahags, fyrir markaðskerfi þar sem þjónustan fer eftir efnum og aðstæðum.

Þegar allir kostnaðarliðir hafa verið vandlega athugaðir kann að reynast óhjákvæmilegt að laga gengi íslensku krónunnar að þeim aðstæðum sem ríkja, bæði til þess að skapa útflutningsatvinnuvegunum eðlilegan rekstur og fastgengisstefnunni traustan grundvöll. Gengisfelling ein sér mundi hins vegar aðeins auka verðbólguna og vandann. Henni yrðu að fylgja fjölmargar aðgerðir m.a. til þess að vernda kjör þeirra sem lægst hafa launin og til að koma í veg fyrir að þau mistök verði á ný sem orðið hafa á síðustu mánuðum.

Við framsóknarmenn getum tekið undir ýmislegt í framtíðarsýn alþýðuflokksmanna, enda hefur engin ríkisstjórn unnið jafnmarkvisst að nýsköpun í atvinnulífinu og framleiðniaukningu og sú síðasta. Allt slíkt eru hins vegar orðin tóm ef rekstrargrundvöllur atvinnulífsins er ótraustur. Fyrirtæki sem eru komin að því að stöðvast ráðast ekki í kostnaðarsamar aðgerðir til framleiðniaukningar. Einstaklingar hefja ekki nýja framleiðslu ef samkeppni við erlend fyrirtæki er vonlaus. Frumskilyrðið er heilbrigður rekstrargrundvöllur atvinnulífsins.

Við tökum einnig heils hugar undir það að skynsamlegt er að flýta þeirri búháttabreytingu sem unnið er að í landbúnaði, en það má ekki gera með því að kippa fótum undan afkomu bænda eða rekstri stofnana landbúnaðarins. Þetta verður ekki gert nema með því að flýta þeirri fjárhagsaðstoð sem um er samið næstu fjögur árin.

Þótt efnahagsmálin verði meginviðfangsefni þessarar ríkisstjórnar næstu vikurnar og muni ráða hennar framtíð leyfir tíminn mér ekki að ræða þau ítarlega. Ég tel mér enda skylt að fara nokkrum orðum um þann málaflokk sem ég hef haft með höndum, utanríkismálin.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin mun fylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu.“ Og einnig: „Íslensk stjórnvöld leggja

ávallt sjálfstætt mat á öryggis- og friðarmál og varnir Íslands."

Þá segir í starfsáætluninni: „Eindregin afstaða verði tekin á alþjóðavettvangi gegn hvers kyns mannréttindabrotum og kúgun."

Samþykkt Alþingis um afvopnunarmál frá maí 1985 er jafnframt mikilvægur leiðarvísir. Sjálfstæð utanríkisstefna hlýtur að byggja á sjálfstæðri athugun á öllum málavöxtum. Hún hlýtur að byggja á eigin mati á hinum fjölmörgu tillögum sem fluttar eru hjá Sameinuðu þjóðunum, á eigin mati á afvopnunarmálum þar sem þau eru til umræðu og eigin mati á mannréttindum hver sem á í hlut.

Ég mun í samræmi við þetta ræða við hvern þann sem ég tel að geti veitt mikilvægar upplýsingar, eins og ég hef gert, og ég hafna því að við Íslendingar getum látið afskiptalaust ofbeldi og kúgun þótt í fjarlægum heimshluta sé.

Í samræmi við þessa skoðun mína óskaði ég þegar sl. haust eftir samþykkt í ríkisstjórninni fyrir því að ég legði fram frv. um viðskiptabann á Suður-Afríku eins og öll hin Norðurlöndin hafa samþykkt. Ég lagði þetta enn til fyrir réttri viku. Ég fagna því að utanrmn. hefur nú tekið málið upp. Gera má ráð fyrir að slíkt frv. verði samþykkt fyrir þingslit.

Fyrst og fremst eru slík lög táknræn. Þau skipa okkur í hóp þeirra sem andúð sýna á því kynþáttamisrétti og kúgun sem framkvæmd er af hvíta minni hlutanum í Suður-Afríku. Án þeirra má jafnvel gagnálykta að við sjáum ekkert athugunarvert við slíkt framferði. Þá skoðun ætla ég engum Íslendingi.

Í raun er framferði Ísraelsmenna gagnvart Palestínumönnum á herteknu svæðunum sama eðlis. Þar er um að ræða kynþáttaofsóknir sem geta ekki staðist til lengdar og munu fyrr eða síðar leiða til tortímingar Ísraelsríkis ef ekki verður breyting á. Við höfum heils hugar stutt tilverurétt Ísraelsríkis og gerum það áfram. Í ljósi þess er staða okkar sterk þegar við krefjumst þess af Ísraelsmönnum að þeir láti af kúgun Palestínumanna.

Utanríkismálin verða stöðugt mikilvægari. Í heiminum gerast nú þeir atburðir sem munu hafa mikil áhrif á framtíð þessarar þjóðar. Í því sambandi þarf í raun að ræða afar margt en ég læt nægja að nefna þau atriði sem nærtækust eru: fækkun kjarnorkuvopna og bætta sambúð austurs og vesturs og þróun markaðsmála. Á þessum sviðum verðum við að beita okkur eins og við getum. Það hefur verið gert. M.a. hefur skipulagi ráðuneytisins verið breytt í mikilvægum atriðum. Því mun verða áfram haldið svo lengi sem ég fer með þessi mál.

Góðir Íslendingar. Núverandi ríkisstjórn hefur aðeins setið í tæpt ár. Á þeim tíma hefur þó mjög margt mikilvægt verið gert sem ráðherrar viðkomandi málaflokka hafa rakið eða munu rekja í þessari umræðu. Því fögnum við framsóknarmenn. Allt það er þó fyrir gýg unnið, jafnvel hallalaus ríkisbúskapur, ef undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eru reknir með stórkostlegum halla, erlend skuldasöfnun mikil og byggðaröskun vaxandi. Þessi mál hljóta því að vera meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar næstu vikurnar. Við treystum því að þau verði vel og farsællega leyst.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. „Það er ekki nokkur maður á 30–40 000 króna lágmarkslaunum svo ég skil ekki þessi læti", sagði maður við mig í sl. viku í tilefni af verkfalli verslunar- og skrifstofufólks. Þarna talaði maður sem hefur árslaun láglaunafólksins í tekjur á hverjum mánuði, maður sem átti 350m^2 einbýlishús, tvær lúxuskerrur fyrir fjölskylduna og haft hefur það fyrir reglu í mörg ár að taka fjölskylduna bæði í sumar- og vetrarfrí til útlanda.

Á þessu augnabliki, þegar ég horfði á mann sem var gjörsamlega úr tengslum við raunveruleikann og kjör láglaunafólksins, varð mér hugsað til unga mannsins sem hafði komið til mín í viðtal um morguninn. Hann rétti mér krumpaðan launaseðil yfir borðið, sem sýndi mánaðartekjur um 34 þús. kr., og spurði mig þeirrar einföldu spurningar hvernig hann gæti borgað 35 þús. kr. leigu á almenna markaðnum fyrir fjölskyldu sína. Annað húsaskjól stæði honum ekki til boða. Hann var á götunni með sína fjölskyldu.

Við jafnaðarmenn tölum gjarnan um að hér búi tvær þjóðir í einu landi. Það dæmi sem ég hef hér rakið sannar það. Sá hópur sem býr á Íslandi við raunverulega fátækt er allt of stór. Hvernig lífeyrismál þjóðarinnar eru er einnig dæmi um tvær þjóðir í einu landi. Er ekki eitthvað að í okkar lífeyrismálum þegar einn ellilífeyrisþegi fær úr sínum lífeyrissjóði 5–10 þús. kr. á mánuði meðan annar fær 100–150 þús. kr.? Hvað með skattsvikin þegar maðurinn sem rétt sleppur milli mánaða að standa undir brýnustu nauðsynjum er líka að borga skatta fyrir manninn í 350 fermetra einbýlishúsinu með lúxuskerrurnar, manninn sem skilur svo ekki að til er fátækt á Íslandi?

Við getum líka tekið gjána og trúnaðarbrestinn sem myndast hefur milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þar finnum við líka tvær þjóðir í einu landi. Það er einmitt á þessum málum sem verður að taka og forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar verða að vera endurskipulagning húsnæðis- og lífeyriskerfisins, málefni landsbyggðarinnar og að uppræta skattsvikin.

Á þessu fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar hefur mjög mætt á fjmrh. sem hefur staðið í fararbroddi fyrir umfangsmestu skattkerfisbreytingu sem gerð hefur verið. Hann hefur einnig haft forustu um aðhald ríkisins í lánsfjármálum, að rétta af ríkisfjárhaginn og snúa margra milljarða halla í jöfnuð á fjárlögum á örfáum mánuðum. Þessar aðgerðir munu skila sér til fólksins í minni verðbólgu og lækkun á framfærslubyrði heimilanna og ekki síst létta verulega greiðslubyrði af lánum sem eru að sliga mörg heimilin. Þessar aðgerðir munu skila sér í

því að jafna lífskjörin, ekki síst vegna þess að við höfum stigið fyrsta skrefið í að uppræta skattsvikin. Árangurinn er að koma í ljós í betri skattskilum. Ýmsar frekari aðgerðir eru í undirbúningi til að herða skattaeftirlit og uppræta skattsvik.

Við jafnaðarmenn höfum því á þessu fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar lagt traustan grunn og undirstöður að þeirri velferð sem við viljum búa fólkinu í jöfnun lífskjara, í húsnæðismálum, lífeyrismálum, tryggingamálum og fjölskyldu- og jafnréttismálum. Þar skilur á milli Alþfl. og annarra flokka sem kenna sig við félagshyggju að undirstöður þeirra eru veikburða og halda ekki uppi því veisluborði sem stjórnarandstaðan reynir að ýta að fókinu. Veisluborð þeirra er gert út á framtíðina og er ávísun á halla á ríkissjóði, á auknar erlendar lántökur, á verðsprengingu, á aukna skuldabyrði heimilanna. Þeirra veisluborð er því ávísun á versnandi lífskjör. Við höfum dæmin úr tillöguflutningi stjórnarandstöðunnar.

Dæmi: Byggðar skulu 1050 leiguíbúðir, en ríkisstjórnin á að gera tillögur um hvernig fjármagna á íbúðirnar. Þeir vísa sem sagt til ríkisstjórnarinnar hvernig fjármagna eigi góðu málin þeirra. Stjórnarandstaðan ætlar ríkisstjórninni að baka brauðið, en vill sjálf borða það.

Okkar vinnubrögð eru öðruvísi því í þessu stjórnarsamstarfi höfum við lagt þær undirstöður sem gefa okkur svigrúm til að byggja upp það velferðarkerfi sem við jafnaðarmenn höfum boðað.

Góðir áheyrendur. Ég hygg að flestum sé orðið ljóst að staðan í húsnæðismálum kallar á aðgerðir. Hvaða val hefur fólkið? Jú, að velja um 2–3 ára bið eftir láni til að koma sér upp húsaskjóli eða leita á almennan leigumarkað þar sem leigukjörin eru langt fyrir ofan getu venjulegs launafólks. Þetta gengur ekki lengur. Stjórnmálamönnum ber að viðurkenna að fólki var lofað of miklu í nýja húsnæðislánakerfinu, kerfi sem stenst ekki og er í raun og veru gjaldþrota og alls ekki til hagsbóta fyrir fólkið. Það hefur kallað fram óendanlegar biðraðir, sprengt upp íbúðaverð, leitt til hærri útborgunar og sífellt lækkandi lánshlutfalls miðað við kaupverð íbúðar. Forgangsmál þessarar ríkisstjórnar nú hlýtur að vera endurskipulagning á húsnæðislánakerfinu og að leggja grunn að húsnæðislánakerfi sem stenst til frambúðar. Ég legg áherslu á að nýtt húsnæðislánakerfi komi til framkvæmda um næstu áramót og að hugmyndir um breytingu á niðurgreiðslu vaxta af húsnæðislánum bíði þess tíma.

Okkur stjórnmálamönnum ber líka skylda til að lyfta þessu máli, húsnæðismálunum, yfir dægurþras stjórnmálanna. Fólk gerir til þess kröfu. Ég hef því kallað til þessa verks sem nú þarf að vinna bæði stjórn og stjórnarandstöðu ásamt aðilum vinnumarkaðarins. Ég treysti því að með þessu fyrirkomulagi geti tekist góð samvinna milli stjórnar og stjórnarandstöðu og nýtt og breytt húsnæðislánakerfi geti tekið gildi um næstu áramót. Við höfum alla möguleika á því að búa fólki góða kosti í húsnæðismálum og að því er nú unnið. Ég mun sem húsnæðismálaráðherra leggja allt kapp á að fólk sjái betri tíma fram undan í húsnæðismálum.

Kaupleiguíbúðir, sem samþykktar verða hér á Alþingi fyrir þinglok, eru liður í því, en til þeirra eru tryggðar 273 millj. á fjárlögum þessa árs. Ég treysti því að sveitarfélögin láti nú reyna á þennan nýja valkost í húsnæðismálum sem hentar mjög vel landsbyggðinni, en á þessu ári verður væntanlega hægt að hefja framkvæmdir við 120–150 kaupleiguíbúðir.

Með kaupleiguíbúðum opnast líka hvort tveggja í senn: möguleikar á að koma á skipulögðum leigumarkaði og að fólk geti eignast húsnæði með hóflegum mánaðargreiðslum og engri útborgun. Íbúar kaupleiguíbúða velja um leigu eða kaup og þeim er tryggður leiguréttur í a.m.k. fimm ár ef þeir óska. Í kaupleigukerfinu er hægt að leigja með hóflegum mánaðargreiðslum og ráðast síðan í kaup á íbúðinni þegar vilji og geta leyfir, líka með föstum mánaðargreiðslum án útborgunar. Þetta léttir húsnæðiskostnað láglaunafólksins.

Val í kaupleigukerfinu stendur líka um það að fólk getur keypt sér afnotarétt af íbúðinni svo lengi sem það óskar með því að leggja fram 30% kaupverðs, en aldraðir og fatlaðir leggja fram 15% kaupverðs. Þegar hætt er afnotum af íbúðinni er framlagið endurgreitt með verðbótum.

Í félmrn. er nú unnið að ýmsum málum sem miklu skipta fyrir landsmenn. Ég nefni umfangsmikla breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaganna sem miða að því að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Í undirbúningi er löggjöf um bætta skipan skipulags- og byggingarmála. Næsta haust verður einnig væntanlega lagt fram frv. um félagslega þjónustu sveitarfélaga sem hefur það að markmiði að koma á samræmdri heildarstjórn þeirra mála.

Í félmrn. er einnig unnið að tillögum um starfsmenntun í atvinnulífinu, um styttan vinnutíma, um leiðir til að styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaði og stuðla að jafnrétti kynjanna. Hafinn er undirbúningur að heildarendurskoðun félagslegra íbúða á Íslandi og fjármögnun þeirra, einnig að gerð áætlunar um umbætur í húsnæðismálum aldraðra, en í ráði er að gera heildarúttekt á húsnæðiskjörum aldraðra hér á landi. Unnið er að tillögu um framtíðarskipan sólarhringsstofnana fatlaðra og áætlunargerð um uppbyggingu sambýla og verndaðra vinnustaða fatlaðra.

Þá vil ég nefna frv. dómsmrh. um lögfræðiaðstoð við almenning og um breytingu á barnalögum þess efnis að við skilnað sé foreldrum gefinn kostur á sameiginlegu forræði barna sinna. Þessi breyting er gerð til að gæta hagsmuna barnanna þannig að þau geti notið samvista við báða foreldra sína. Þetta er í senn réttlætismál fyrir börnin og jafnréttismál milli kynjanna, en hér hallar oftast á föðurinn. Í þessu efni þarf að tryggja jafnrétti til að rétta hlut karlmanna.

Í lokin vil ég nefna frv. dómsmrh. um aðskilnað

dómsvalds og framkvæmdarvalds sem er ekki bara mikil réttarbót heldur felur í sér byggðastefnu. Valdið er fært út í héruðin og þjónustan bætt við fólkið á landsbyggðinni.

Góðir áheyrendur. Við eigum enn langt í land að brúa bilið milli auðuga og fátæka mannsins sem ég nefndi í upphafi míns máls og við eigum enn langt í land að jafna eigna- og tekjuskiptinguna í þessu þjóðfélagi, en það er og verður verkefni okkar jafnaðarmanna í þessari ríkisstjórn að jafna kjörin og búa fólkinu betri framtíð.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hér í dag eins og oft endranær ræða menn gjarnan viðskiptahalla, stöðu atvinnuvega og ríkissjóðs. Efnahagsmálin eru vissulega sífellt viðfangsefni stjórnmálanna og viðskiptahalli og afkoma ríkis og fyrirtækja eru vitaskuld mælikvarði á hvernig til hefur tekist eða hvert stefnir.

Væntanlega dregur enginn í efa að ískyggilega horfir um stöðu þjóðarbúsins og við margvíslegan vanda er að fást. Hinu mega menn ekki gleyma að viðskiptahalli og staða atvinnugreina eru ekki einu mælikvarðarnir á hvernig til tekst í landsstjórninni og hver viðfangsefnin eru. Við eigum líka að spyrja: Hvernig hefur tekist til um réttlæti í tekjuskiptingu? Hvernig höfum við séð fyrir heilbrigðisþjónustu? Hvernig mætum við þörfum aldraðra? Hvernig höfum við sinnt nauðsyn unga fólksins fyrir íbúðir? Hvernig býr skólakerfið börnin undir lífið? Og hvernig kemur þjóðfélagið til móts við þarfir nútímafjölskyldunnar?

Svar mitt er að því fer víðs fjarri að okkur hafi tekist að mæta þessum verkefnum með viðunandi hætti. Við þokumst of hægt til réttrar áttar. Hér bíða brýn úrlausnarefni sem hverfa nú í skuggann. Pólitík snýst nefnilega ekki bara um viðskiptahalla og gengisstefnu. Hún snýst um lífið sjálft.

Lífeyrisréttindamál eru í ólestri, sameiginlegt lífeyrisréttindakerfi lætur á sér standa, tilfinnanlega skortir vistunarrými fyrir aldraða, heilbrigðiskerfið þarfnast sífelldra endurbóta og húsnæðislánakerfið rís ekki undir hlutverki sínu.

En við skulum hyggja að því hvað felst í þessum málaflokkum. Húsnæðismál má t.d. ekki skoða eingöngu sem hugtak sem menn geta hent á milli sín í deilum um hvort kerfið sé sprungið eða ónýtt eða það vanti í það 1 milljarð kr. eða fleiri. Húsnæðismál snúast um lifandi fólk, áhyggjufulla foreldra og aðbúnað barna. Skólamál eru ekki bara póstur á fjárlögum. Þau eru um það hvort skólinn sé góður, hvort þar ríki gott andrúmsloft, hvort öllum sé komið til þroska. Og þau snúast líka um hvernig skólakerfið er sniðið að þörfum fjölskyldunnar.

Í nútímaþjóðfélagi er það regla frekar en undantekning að báðir foreldrar vinni utan heimilis og veitir víst oft ekki af. Af því verður að taka mið, ekki bara í dagvistunarmálum heldur líka í skipulagi skólastarfs. Þessar aðstæður gera kröfu til þess að skóladagur sé samfelldur og mataraðstaða sé fyrir börnin. Mín skoðun er sú að þegar þurfi að vinna áætlun um að koma á samfelldum skóladegi innan fáeinna ára.

Auðvitað kostar þetta allt peninga. Þess vegna þarf traust skattkerfi og að því hefur verið unnið. Ég tel tvímælalaust að staðgreiðsla skatta sé mikið framfaraspor þó ekki sé nema vegna þess eins að þá eiga menn þá peninga sem þeir hafa á milli handanna og þurfa ekki að berjast við drauga af gömlum skattaskuldum.

Hitt veit ég að mörgum þykir nóg um skattbyrðina. Í því sambandi vil ég þó minna á þá breytingu að barnabætur eru nú útgreiddar en koma ekki til lækkunar skatta eins og áður var. Þetta þýðir að launaseðillinn sýnir hærri frádrátt til skatta en áður hjá barnafólki, jafnvel þótt heildarskattbyrðin sé nú lægri þegar barnabæturnar, sem eru útgreiddar, eru teknar með í reikninginn. Að þessu skyldu menn hyggja.

En þetta haggar þó ekki því að skattbyrðin er nú við efri mörk hins mögulega og skynsamlega. Þess vegna verður að endurskipuleggja ríkisbúskapinn þannig að fjármunir nýtist betur. Í ríkisbúskap eins og í öðrum rekstri er sífelld þörf fyrir nýsköpun og hagræðingu. Mikilvægast er þó að stefnumörkun sé sniðin að þjóðhagslegum markmiðum og hag þjóðarinnar allrar.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komist að minna sérstaklega á landbúnaðarmálin. Það kerfi sem hirðir milljarða á milljarða ofan ár eftir ár í alls kyns bætur og styrki úr ríkissjóði á sama tíma og sífellt sverfur meira og meira að bændum getur ekki gengið. Þetta er sóun sem við þolum ekki. Þetta kerfi þjónar ekki hagsmunum bænda og það er andstætt þjóðarhag. Þess vegna verður að leita nýrra leiða. Meðan ekki er náð tökum á þessu fargani verða bæði bændur og ríkissjóður í sífelldri úlfakreppu. Mín skoðun er sú að hætt sé þá við að þau brýnu viðfangsefni sem ég taldi hér í upphafi muni áfram sitja á hakanum.

Við erum dugleg að fjárfesta, Íslendingar, í steinsteypu, í verslunarhöllum, í virkjunum, í landbúnaði og í veiðiskipum, svo dugleg að það keyrir atvinnugreinarnar um koll og njörvar þær niður í óhagkvæm og flókin skömmtunarkerfi. Þetta bitnar á afkomu atvinnuveganna og lífskjörum fólksins í landinu. Slíkri óráðsíu verður að linna. Stjórnkerfi atvinnugreinanna verður að breyta þannig að það stuðli að hagkvæmni, hagræðingu, ráðdeild og skynsemi í fjárfestingu. Við þurfum nefnilega svigrúm til að fjárfesta líka í betra mannlífi.

Um þessar mundir ræða menn mjög rekstrarvanda atvinnuveganna og velta vöngum um stöðu gengisins. Ég geri ekki lítið úr vanda atvinnugreinanna og úr honum verður að leysa, en ég minni á að þessi umræða er ekki ný af nálinni. Hún hefur gengið í síbylju árum saman, stundum með nokkrum hléum þegar vel árar, en nær viðstöðulaust þegar verra er árferðið. Þetta er alltaf eins. Umræðan

fellur því undir skilgreininguna „fastir liðir eins og venjulega".

Ég spyr: Viljum við hafa þetta svona eða er okkur ekki sjálfrátt? Hversu lengi ætlum við að hjakka í sama farinu og hvað ræður því að sú umsköpun í atvinnulífi, sem á sér stað í öllum öðrum þróuðum löndum, nær ekki til okkar? Fer öll orkan í að halda því gangandi sem fyrir er og eins og það er? Meðal annarra þjóða er sífelld endurnýjun og nýsköpun. Sumar greinar dragast saman meðan aðrar spretta upp. Fyrirtæki eru endurvædd til að mæta nýjum kröfum og standa sig í samkeppninni. Þetta er órjúfanlegur hluti af lífsþrótti atvinnulífsins meðal þeirra þjóða sem standa sig best. Á þetta skortir hjá okkur. Og maður spyr: Hvað ræður því að framþróun í iðnaði er svona lítil á Íslandi meðan stórstígar framfarir eru í löndunum í kringum okkur? Allt minnir þetta á að við verðum að komast úr gamla farinu, horfa fram á veginn og tileinka okkur ný viðhorf, forðast stöðnun, blása þrótti í atvinnuþróunina, annars drögumst við aftur úr.

Tíundi áratugurinn mun einkennast af harðnandi samkeppni og vaxandi samvinnu þjóða í milli enn frekar en sá níundi. Ríki og fyrirtæki munu sameina krafta sína yfir landamærin til að nýta sem best þekkingu og tækni, framleiðslugetu og fjármagn. Þróunin í Evrópu og ákvörðun Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað er nærtækur hluti af þessari framvindu. Þótt aðild okkar að bandalaginu sé ekki á dagskrá verðum við að tileinka okkur þá breytingu sem hér er á ferðinni og aðlaga atvinnu- og efnahagslíf okkar að hinum nýju aðstæðum. Við megum ekki einangrast. Við verðum að taka þátt í þróuninni.

Þeir sögðu það Eurovision-þátttakendur okkar, Stormsker og félagar, að Íslendingar ættu margt ólært og staðfestu það reyndar eftirminnilega í þeirri keppni. Og það er auðvitað rétt. Allir eiga margt ólært. Við líka, ekki síður en aðrir. Á hinn bóginn höfum við dæmin um að Íslendingar geta skipað sér í fremstu röð. Það gera ýmsir listamenn okkar, íþróttamenn og skáksnillingar eins og sífellt sannast. Þá er einkar ánægjulegt að vera Íslendingur. En þetta sannar líka að með þjóðinni býr þróttur sem þarf til að gera vel. Þennan eiginleika verðum við að leggja rækt við og láta hann nýtast á öllum sviðum, þar á meðal í atvinnulífi og stjórnkerfi. Þannig treystum við undirstöður þjóðlífs og menningar. Á þeim grunni getum við aukið velferð og hagsæld. Þannig getum við bætt lífið, líf okkar sjálfra og það er meginviðfangsefnið. Það er markmið jafnaðarmanna. Það er stefna Alþfl. Góðar stundir.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Eldhúsdagur og eldhúsdagsumræður eru gömul hugtök um íslensk stjórnmál. Í sviphendingu er þá litið yfir störf Alþingis í þinglok og staða mála vegin og metin. Á þessu vori blasa við straumhvörf í efnahagsþróun hér á landi sem allir aðilar þjóðfélagsins, háir sem lágir, verða að taka tillit til. Uppsveiflunni 1984–1987 er lokið, en samdráttur í afrakstri útflutningsframleiðslunnar og þar með þjóðartekna er staðreynd, m.a. vegna rangra ákvarðana hæstv. ríkisstjórnar eða aðgerðarleysis, eins og glöggt kom fram í máli hæstv. utanrrh. rétt áðan.

Góðærið hefði betur verið nýtt með því að ná hallalausum ríkisbúskap á meðan útflutningstekjur okkar jukust ár frá ári. Því miður var það ekki gert. Það er hins vegar fyrst nú á þessu ári sem sú sjálfsagða stefna er upp tekin að ná jöfnuði í ríkisrekstrinum, einmitt þegar erfiðast er að axla þær byrðar.

Við slíkar aðstæður hefði mátt búast við að einkum yrði gætt aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstrinum þannig að einhverrar hluttekningar gætti í garð hins skattpínda almúga. Sú samúð kom fram á þann veg að forsendur fjárlaga 1988 gerðu ráð fyrir 17–18% meðaltalsverðbreytingum milli áranna 1987 og 1988. Flestöll ráðuneytin gerðu hins vegar ráð fyrir 30–90% hækkun í sinn hlut við þessar sparnaðar- og aðhaldsaðstæður. Fjmrn. auglýsti svo vikum saman með heilsíðu auglýsingum í dagblöðunum eftir hugmyndum um sparnað í ríkisrekstrinum.

Þetta var í þann mund sem matarreikningur heimilanna hækkaði um fjórðung, heil 25%, og raunverulegar ráðstöfunartekjur heimilanna lækkuðu þeim mun meira sem tekjur fyrirvinnunnar voru lægri. Frjálshyggjusósíalisminn í framkvæmd. Jafnvel Margaret Thatcher í Lundúnum lætur sér lynda að sleppa virðisaukaskattheimtu á mat og bækur. En hér er engu eirt. Þetta er megineinkenni vorsins 1988 við þinglausnir.

En lítum á annan þátt í þjóðmálum Íslendinga um þessar mundir. Átök standa yfir um tekjuskiptinguna og ekki að ófyrirsynju. Ef þjóðinni væri skipt í nokkurn veginn tvo jafnstóra hópa og í öðrum hópnum væru þeir sem lægri hafa launin og þar með tekjurnar kemur í ljós að þessi 50% hluti þjóðarinnar ber úr býtum einungis 22,5% heildarteknanna, en hinn helmingurinn 77,5% af heildartekjunum. Enn hrikalegar lítur dæmið út ef borin eru saman þau 10% þjóðarinnar sem mest bera úr býtum, en þeirra hlutur er tæplega 27% heildarteknanna þegar þau 10% sem minnst bera úr býtum fá aðeins 1,3% heildartekna í sinn hlut. Munurinn er yfir tvítugfaldur á milli þessara hópa.

Þessar upplýsingar hafa m.a. komið fram vegna þáltill. um tekjumyndun og skiptingu þjóðartekna sem Borgarafl. undir forustu frú Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur bar fram í sameinuðu þingi. Hér er vissulega brotið upp á máli sem snertir kviku dagsins og e.t.v. spannar eða a.m.k. snertir flest öll önnur réttlætismál. Og þetta mál hefur margar hliðar. Enginn vafi leikur á að konur eru í miklum meiri hluta í tekjulægri hluta þjóðarinnar, konur sem bera uppi starfsemina á uppeldis- og heilbrigðisstofnunum og margs konar annarri þjónustu sem og framleiðslunni.

Þá má telja næsta fullvíst að bændur fylla að

meginhluta þennan flokk. Sáð hefur verið sæði ótrúar á möguleikum íslensks landbúnaðar um mörg undanfarin ár. Hún bar þann ávöxt að 2% samdráttur varð í þeirri atvinnugrein á sl. ári. Engu að síður varð tvöföldun í útflutningsverðmæti af fiskeldi og þar stöndum við á þröskuldi nýrrar aldar. Hins vegar skortir sárlega á skilning stjórnvalda á mikilvægi þeirra möguleika sem þar bíða ónýttir áður en byggðirnar bresta. Það skortir til að mynda á skilning á mikilvægi eðlilegrar verðstýringar á raforku í þágu fiskeldis og raunar einnig fiskvinnslunnar allrar í landinu.

Landsbyggðin á nánast hvarvetna undir högg að sækja. Og þegar lénsherrarnir eru minntir á ýmsar staðreyndir í því efni bregðast þeir ókvæða við og tala um nöldur og niðurdrep. Á landsbyggðinni kemur ranglætið og raunar fáránleikinn í framkvæmd lánskjaravísitölunnar fyrst og skýrast í ljós. Húseignin sem á hvílir 3,5 millj. kr. er ekki söluhæf nema á innan við 3 millj. ef kaupandi þá fæst, en samkvæmt lánskjaravísitölunni hækka lánin í ca. 4 millj. við næstu afborgun. Hver trúir því að í okkar landi sé fólk og það með völd og ráð annarra í hendi sér sem telur þetta eðlilegt kerfi og vill viðhalda því?

En þessi landlæga lítilsvirðing á landsbyggðinni gengur t.d. svo langt að þegar efnt er til útsölu á kjöti sem stendur vikum saman er hún vitaskuld aðeins á einum stað á Íslandi, þ.e. hér í Reykjavík í Árbæjarhverfinu. Það er með ólíkindum hvað menn eru frjóir í hugsun á þessu sviði að ég nú ekki tali um viðskiptavitið. Þar fara fáir í fötin þeirra sem hér ráða för.

Og það er víða hægt að tína til dæmi af sama toga þar sem lítilsvirðing á landsbyggðinni er nánast ræktuð árum og áratugum saman. Samræmdum prófum grunnskóla lauk fyrir helgina. Árangur nemenda í þessum prófum er metinn og gefinn út eftir umdæmum og hefur verið svo um árabil. Þar er svæðum skipað í virðingarsess eftir árangri hverju sinni. Í flestum tilfellum hefur Reykjavík borið höfuð og herðar yfir önnur umdæmi í þessu efni. Sjaldan eða aldrei er leitað ástæðna fyrir þessum veruleika eða margbreytni þess sem að baki býr og margháttuðum aðstöðumun, en sýknt og heilagt er landsbyggðarfólki núið því um nasir að í þessu efni sem öðrum sé það annars flokks, undirmálsfólk. Og svona til frekari áherslu vilja þeir sem betur mega sín hér á Reykjavíkursvæðinu fá sína einkaskóla þannig að þeirra afkvæmi fái betri aðhlynningu en börn múgamanna ellegar einstæðra foreldra. En að þetta sérhyggjufólk greiði með öllu kostnað af sérgæðunum er víst ekki við hæfi.

Nei, láglaunafólk og landsbyggðarmenn eiga samleið í þessu landi á nánast öllum sviðum og þá gildir einu hvort um er að ræða karla ellegar konur. Að rétti þessa fólks og raunar allra annarra sem eiga undir högg að sækja vill Borgarafl. vinna.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, og þakka fyrir.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Borgarafl. er að ljúka fyrsta þingi sínu. Þessi tími hefur verið harður skóli og lærdómsríkur. Þingmenn Borgarafl. eru nú betur á vegi staddir en í haust þegar þeir tóku sæti í fyrsta skipti á Alþingi Íslendinga.

Ef ekki hefði komið til mikil reynsla og frábær stjórnun formanns Borgarafl., Albert Guðmundssonar, hefði getað farið illa í kröppum sjó á þessu óvenjuerfiða þingi. Þingmenn Borgarafl. hafa í vetur háð harða baráttu til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Íslenskir borgarar um allt land geta treyst því að með því að fylkja sér þétt um stefnu Borgarafl. og koma til liðs við flokkinn er hagsmunum vinnandi fólks og sjálfstæðra atvinnurekenda best borgið. Tillögur Borgarafl. á þessu fyrsta þingi bera þetta glöggt með sér.

Stefna ríkisstjórnarinnar er dæmigerð fyrir ríkisstjórn þar sem allt snýst um aukna skattheimtu og forræði kerfisins á öllum sviðum. Það er órói og urgur í fólki. Það er þung undiralda í þjóðlífinu sem hefur ekki náð hámarki.

Nú þegar ríkt hefur mesta góðæri sögunnar til lands og sjávar eru erfiðleikar hjá fjölmörgum fyrirtækjum sem eru rekin í framleiðslugreinum og lægstu launin eru lægri en nokkur maður getur lifað af. Allt er þetta afleiðing rangrar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma hefur hátt verð fengist fyrir útflutningsvörur okkar, aflabrögð hafa aldrei verið betri og olíuverð er lágt. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa hrint láglaunafólki út í verkfall. Álagning matarskattarins er þungur baggi á fólk með lág laun. Matur er verulegur hluti þess sem venjulegt fólk þarf og kemst ekki hjá að greiða fyrir. Þyngst vega útgjöldin fyrir matinn hjá þeim sem minnst hafa til skiptanna og staðgreiðsla skatta þýðir einnig verri afkomu á meðallaun. Hagur þessa fólks hefur verið borinn fyrir borð.

Sé auknum álögum ríkisstjórnarinnar lýst með einföldum hætti greiðir sá maður 150 þús. kr. í skatta nú sem greiddi 100 þús. kr. í skatta á síðasta ári. Hækkunin er 50% á milli ára, enda flæða peningarnir inn í ríkissjóð sem aldrei fyrr.

Þessi ríkisstjórn hefur engin tök á efnahagsmálunum. Allt er að fara á verri veg í mesta góðæri sögunnar. Góðæriskreppa ríkisstjórnarinnar er nánast skólabókardæmi um hagspeki ríkisstjórnar sem siglir beitivind beint á sker.

Framganga Alþfl. í þessari ríkisstjórn vekur athygli. Hæstv. fjmrh. leggur skatt á skatt ofan og hótar þjóðinni herskara eftirlitssveita sem nánast minna á ógnarstjórn einræðisríkja. Þá hafa árásir hans og flokksfélaga hans á samstarfsflokka sína og ásakanir hans og flokksfélaga hans einnig vakið eftirtekt manna, ekki hvað síst fyrir að bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn sitja hnípnir undir þessum ásökunum.

Í atvinnu- og efnahagsmálum situr ríkisstjórnin undir ámæli svo ekki sé meira sagt. Þannig segir Morgunblaðið í Reykjavíkurbréfi sínu þann 17. apríl

sl., með leyfi forseta: „Nú bryddar á þeirri skoðun í röðum forustumanna í viðskipta- og athafnalífi að stjórnmálamennirnir sjálfir séu eitt helsta vandamálið sem við er að eiga í efnahagsmálum. Þær þungu ásakanir á hendur stjórnmálamönnum sem í þessu felast eru rökstuddar með því að alþingismenn og ráðherrar taki alls ekki ábyrga afstöðu til þeirra vandamála sem fram undan eru eða fjalli yfirleitt um þau.“

Þetta er auðvitað fyrst og fremst áfellisdómur yfir núv. ríkisstjórn og gerðum hennar.

Í sama Reykjavíkurbréfi er vegið allhart að núverandi ríkisstjórn fyrir vesæla stjórn á flestum sviðum og hún brýnd til dáða. Undir margt af því sem þar kemur fram get ég tekið. Núverandi ríkisstjórn er því miður ekki fær um að taka á málum. Til þess er hún algerlega ófær.

Í utandagskrárumræðu fyrir síðustu helgi vakti ég athygli á stöðunni í kjaramálum og það alveg sérstaklega á meginorsök hennar sem er matarskatturinn og lægstu launin. Forsrh. sannaði þá að það er rétt, sem stendur í umræddu Reykjavíkurbréfi, að ríkisstjórnin er ráðalítil. Því fór sem fór í þessari algerlega ónauðsynlegu vinnudeilu sem fyrst og fremst er til komin vegna heimskulegra ráðstafana ríkisstjórnarinnar.

Í þessari kjaradeilu gerðust þau gleðilegu tíðindi að það tókust frjálsir samningar við nokkur fyrirtæki um að hækka lægstu laun. En hvað gerðist þá? Samtök atvinnurekenda og SÍS sameinast um að hóta þessum fyrirtækjum viðskiptabanni, viðskiptabanni sem er í andstöðu við grundvallarreglur lýðræðis. Í stjórnarskrá Íslands segir í 69. gr. að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þurfi lagaboð til. Getur það verið að þessir aðilar telji sig vera komna með löggjafarvald eða hvað? E.t.v. eru þetta sömu aðilarnir sem Morgunblaðið vitnar í sem forustumenn í viðskipta- og athafnalífi og þarf þá ekki frekar vitnanna við. Þessir aðiljar telja sig ráða bæði þingi og þjóð og geta farið sínu fram að eigin geðþótta.

Frelsi til samninga hlýtur að vera krafa í nútímaþjóðfélagi og frelsi til að greiða fólki mannsæmandi laun. Hvar eru nú þeir sem hrópa „frelsi“? Frelsi í viðskiptum? Er það aðeins frelsi hins sterka, frelsi valdsins, eða er þetta nýfrjálshyggjan sem nú hefur einnig heimsótt SÍS?

Borgarafl. hefur á þessu þingi barist fyrir fjölda mála sem hefur haft áhrif á gang mála. Það má telja mörg mál sem Borgarafl. hefur flutt, m.a. lög um frjálsan útflutning sem voru felld, heildstæð lög um húsnæðismál og húsbanka sem leysa þann vanda sem nú er verið að glíma við til frambúðar. Við þetta hefur félmrh. vaknað af dagdraumum sínum og hefur áttað sig á að nú getur hún því að húsbankakerfið og húsnæðismálakerfi Borgarafl. er það sem mun koma.

Þá má nefna tilraunir okkar til að lappa upp á ónýt lög um fiskveiðistjórn og í efnahagsmálum hefði staðan verið önnur ef formaður Borgarafl. hefði ráðið ferðinni með sinni farsælu fjármálastjórn.

Borgarafl. er það afl sem borgarar um allt land geta treyst á. Það er því mikilvægt að fólk úr öllum stéttum komi til starfa með okkur og tryggi frelsi einstaklingsins til orðs og æðis. Sjálfstæðir atvinnurekendur, launþegar í öllum atvinnugreinum eiga samleið í Borgarafl.

Góðir áheyrendur. Guð gefi ykkur góðar stundir. Hafið þökk fyrir áheyrnina.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Getur það verið að á Íslandi sitji ríkisstjórn sem ekki er í tengslum við ykkur, fólkið í landinu og umbjóðendur sína?

Hvað um forsrh. og flokk hans, Sjálfstfl.? Er hugsanlegt að þessum aldna flokki Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar sé orðið sama um íslenskt atvinnulíf annað en verslun og viðskipti á einu landshorni?

Hvað um Alþfl.? Líklega taka margir undir með Guðríði Elíasdóttur, varaforseta ASÍ, sem núna 1. maí sagðist vera afskaplega óánægð með matarskattinn um leið og hún minnti á að það væri enn til láglaunafólk á Íslandi.

Hvað um Framsfl.? Nýtur formaður hans hylli út á það að hafa hlaupið úr þingsæti sínu á Vestfjörðum suður á Reykjanes með byggðastefnuna í rassvasanum? Kannski eigum við að þakka fyrir á meðan hann tekur hana ekki með sér út í lönd og gleymir henni þar á einhverju hótelherberginu.

Þið hafið orðið vitni að því að þingmenn stjórnarflokkanna vottuðu ráðherrunum allir sem einn hollustu sína í atkvæðagreiðslu í þessum sal síðastliðinn fimmtudag. Aðeins einn framsóknarmaður sýndi á sér ólund. Allir gáfu þeir ráðherrunum óskorað umboð og nú vilja þeir senda þingið heim svo að það sé ekki að þvælast fyrir.

Það hefur verið einkennilegur svipur á þessu þinghaldi. Stjórnarandstaðan hefur flutt mál inn í þingið jafnt og þétt eins og starfsreglur þingsins gera ráð fyrir. Þingflokkur Alþb. hefur flutt á annað hundrað mál, lagafrv., þáltill. og fsp. En ríkisstjórnin og stuðningslið hennar hefur verið eins og svefngengill mikinn hluta þingtímans, en hrokkið upp með andfælum á jólaföstu og útmánuði og henti hér inn í þingsali hátt í 50 frv. í hvort skipti. Þeir hafa komið kjagandi með þennan farm ofan úr Gutenberg, formenn flokkanna, og kastað pappírnum hér inn fyrir dyrnar líkt og kerlingin sálinni hans Jóns síns forðum inn um Gullna hliðið. Reyndar hefur Steingrímur sjaldnast verið heima til að hjálpa til og hlaupa undir bagga, en Halldór Ásgrímsson hefur þá komið í staðinn og ekki talið það eftir sér, enda þykir fáum vænna um ríkisstjórnina.

Og þegar inn fyrir dyr Alþingis er komið hafa þeir tekið við, formenn þingflokkanna, Páll á Höllustöðum, Eiður Guðna og Ólafur G., og reynt að finna út

úr því hvað af þessum ógnarhaug væru stjfrv. og hvað óskadraumar einstakra ráðherra. Ekki hefur þeim þó alltaf tekist að draga rétt í dilka og lái þeim hver sem vill.

Stjórnarandstaðan og nokkrir varamenn með sín áhugamál báru þinghaldið uppi fyrstu mánuðina eða allt fram á jólaföstu. En þá kom líka gusan, skammdegisverk fjármálaráðherrans, afrakstur langrar og strangrar og einmanalegar næturvinnu: matarskattur, tollar, vörugjöld og staðgreiðsla. Þá birtist líka eina frv. hans Halldórs, kvótinn úr smiðju Kristjáns Ragnarssonar, nú með kveðju til fjögurra ára. Og innan um annan málagrúa ráðherranna hlykkjaðist rosalegur bandormur sem enginn stjórnarliða vildi almennilega kannast við, en á höfuð hans var letrað: Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það var enginn annar en blessaður forsætisráðherrann sem hafði laumast með þennan drelli hingað inn í Nd. eina skammdegisnóttina milli óttu og miðmorguns og þar liggur hann enn undir ráðherrastólunum og liðirnir farnir að morkna í sundur.

Eftirminnilegust úr þeim umræðum sem hér stóðu daga og nætur eftir að ríkisstjórnin komst í jólastuðið eru mér orðaskipti virðulegs aldursforseta þingsins, Stefáns Valgeirssonar, við hæstv. forseta Sþ. Hinn fyrrnefndi hafði með sér í ræðustól bók frá ríkisstjórninni með fangamarki fjmrh. upp á 450 bls. og leggur fyrir forseta vorn þessa einföldu spurningu: Hvenær á ég að lesa þetta? Svo viturlega hafði enginn spurt lengi og því varð fátt um svör.

Já, það verður fátt um svör hjá þingmönnum ríkisstjórnarinnar þegar spurt er einfaldra spurninga eins og menn leyfa sér stundum heima hjá sér yfir kaffibolla. Hvaða nauðsyn var á að leggja á þennan matarskatt? Hvernig á fólk á Íslandi að lifa af 32 þús. kr. á mánuði? Vitið þið ekkert hvað er að gerast úti á landi?

Þeir reyna að bjarga sér, blessaðir, með því að vísa hver á annan eins og krökkunum í sandkassanum hættir til ef slettist upp á vinskapinn. En sandkassaleikurinn er bara á róluvelli stjórnarliðsins. Utan veggja Alþingis og Stjórnarráðsins blasir við veruleikinn sem ráðherrar og þingmenn Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. virðast eiga erfitt með að skilja. Úti í samfélaginu ræður frelsi peninganna sem þingmenn þessara flokka hafa gefið lausan tauminn. Frelsi fjármagnsins eykur nú hröðum skrefum á ójöfnuð í landinu. Klafi lánskjaravísitölunnar herðir að húsbyggjendum, okurvextirnir leggjast með ógnarþunga á fyrirtæki í fiskvinnslu og iðnaði. Þessi fyrirtæki bera uppi fastgengisstefnu ríkisstjórnarinnar og eiga enga leið undan kostnaðarhækkunum og verðbólgu hér innan lands. En peningarnir gufa ekki upp. Þeir safnast fyrir og vaxa í verðbréfum og fjármagnsleigum. Gullna hliðið ríkisstjórnarinnar vísar ekki á himnaríki heldur á musteri Mammons í Kringlumýrinni. Fiskvinnsla og gjaldeyrissparandi iðnaður er nú vísasti vegur til efnahagslegrar glötunar undir stjórn hægri flokka og miðjumoðsins á Íslandi.

Fráleitast af öllu samkvæmt hagfræðiuppskrift stjórnarflokkanna er þó að búa úti á landi, alveg sérstaklega í sveitum. Sveitafólk er gleymd stærð í efnahagsumræðunni. Sú eignaupptaka sem Framsfl. og Sjálfstfl. hafa leitt yfir fjölda bænda með stjórnleysi í landbúnaði í áratugi og síðan með því að svipta jarðirnar framleiðsluréttinum á sér enga hliðstæðu. Mest er óvissan og erfiðleikarnir hjá sauðfjárbændum, ekki síst þeim sem standa frammi fyrir niðurskurði og fjárskiptum vegna riðuveiki. Landsbyggðin eins og hún leggur sig er þolandi stjórnarstefnunnar. Jafnvel forsrh. getur ekki lengur lokað augum fyrir þeirri staðreynd og hefur beðið Byggðastofnun um sérstaka úttekt á ástandinu. Það er mikið búið að ganga á þegar rumskað er á þeim bæ.

Þingflokkur Alþb. hefur í vetur eins og á undanförnum árum flutt fjölda tillagna sem miklu skipta fyrir fólk á landsbyggðinni, sanngirnismál þar sem aðeins er spurning um pólitískan vilja. Þann vilja er ekki að finna hjá ráðandi meiri hluta hér á Alþingi og á meðan heldur öfugþróunin og byggðaeyðingin áfram. Róm brennur, segir formaður Framsfl., en situr sem fastast í ríkisstjórninni.

Hugmyndir stjórnarflokkanna um atvinnuþróun byggja fyrst og fremst á innstreymi erlends fjármagns. Hér kemur inn í þingið frv. eftir frv. frá ríkisstjórninni um að létta af hömlum fyrir útlendinga í iðnaði, í bönkum og almennt í atvinnurekstri. Í orkuiðnaði er innlent frumkvæði bannorð. Kísilmálmverksmiðju var ýtt til hliðar, en í staðinn er mikið lagt undir til að koma á fót erlendri risaálbræðslu í Straumsvík. Um þau glæfralegu áform, sem talið er að kosti litlar 45 þús. millj. kr., fjalla einvörðungu örfáir gæðingar stjórnarflokkanna. Alþingi má þar hvergi nærri koma nema sem stimpilstofnun. Raforkuverðið sem veifað er framan í útlendingana er ríkisleyndarmál á sama tíma og innlend fyrirtæki, frystiiðnaður og fiskeldi, borga tífalt á við stóriðjuna.

Jöfnuður á ekki upp á pallborðið hjá þessari ríkisstjórn þar sem Alþfl. er þriðja hjól undir vagni. Misrétti fer vaxandi milli landsbyggðar og höfuðborgar, milli launafólksins innbyrðis, milli karla og kvenna. Þingmenn Alþb. hafa haft frumkvæði að fjölda tillagna hér á þinginu til að draga úr þessari mismunun. Ekkert af þeim hefur fengið náð fyrir augum þess meiri hluta sem hefur frjálshyggju og köld lögmál fjármagnsins sem áttavita.

En er þetta þá allt svona fjandi dökkt? Í utanríkismálum hefur aðeins rofað til þegar litið er til afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Þar mátti líka verða á breyting frá hinni gaddfreðnu afstöðu Sjálfstfl. Frumkvæði Alþb. í málefnum Suður-Afríku er að bera árangur með lögum um viðskiptabann. En í hernaðaruppbyggingunni hér innan lands situr allt við hið sama undir verndarvæng Steingríms Hermannssonar. Þar er kalda stríðið enn í algleymingi með aukinni vígvæðingu, hernaðarratsjárstöðvum, nýrri stjórnstöð fyrir herinn á Keflavíkurflugvelli og olíubirgðageymslum í Helguvík.

Alþb. er andvígt þessari stefnu. Að okkar mati þarf að losa Ísland sem fyrst úr herfjötrum sem lýðveldið var reyrt í á árunum 1946–1951. Dvöl erlends hers í landinu og aðild Íslands að NATO hefur alla tíð verið í hrópandi ósamræmi við stöðu okkar sem vopnlausrar smáþjóðar.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum er í andstöðu við hagsmuni mikils hluta þjóðarinnar. Í menningarmálum er látið reka á reiðanum, í umhverfismálum ríkir stöðnun og andvaraleysi, í félagsmálum vex misrétti eftir efnahag og búsetu þegar þörf er á hinu gagnstæða.

Það er orðið knýjandi að breytt verði um stjórnarstefnu. Kusu menn Alþfl. í síðustu kosningum til að hann gerðist meðhjálpari á íhaldsheimilinu? Kusu menn Framsfl. til að hann gengi gegn hagsmunum landsbyggðarinnar og tæki höndum saman við þá sem vilja samvinnufélögin feig og hlut kaupfélaganna sem minnstan? Ég held ekki. Fólkið sem kaus þessa flokka á nú að krefjast stefnubreytingar.

Það er þörf á vinstri samstöðu í landinu, samstöðu félagshyggjufólks í stjórnmálaflokkum, verkalýðshreyfingu og fjöldasamtökum gegn íhaldi og sérhyggju. Að slíkri samstöðu ber Alþb. að vinna af auknum þrótti sem sósíalískum flokki með mikla reynslu að baki, í málefnalegri og heiðarlegri samvinnu við alla þá sem vilja efla lýðræði og jafnrétti meðal landsmanna.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir hlustendur. Fyrir réttu ári gafst landsmönnum kostur á að hlusta og horfa á fulltrúa framboðslista stjórnmálaflokkanna í hljóðvarpi og sjónvarpi. Við birtumst ykkur brosandi og ábyrg, töluðum ákaft um jafnrétti fólksins, jafnrétti milli landshluta, góðærið og hagsæld þjóðarbúsins sem stjórnað hafði verið af Steingrími Hermannssyni.

Það var uppi ágreiningur milli flokka hverjir hefðu notið góðærisins og hvort þjóðarskútunni hefði verið vel stýrt. En öll vorum við sammála um að leiðrétta þyrfti kjör þeirra lægst launuðu og að byggðaröskun þá sem átt hafði sér stað yrði að stöðva. Þegnar landsins skyldu búa við jafnrétti hvar svo sem þeir væru í sveit settir.

Og nú erum við hér, 63 þeirra sem töluðu til ykkar fyrir ári, við sem bentum þá á leiðir til þess að hægt væri að lifa góðu lífi, hvort sem búið væri í sjávarþorpum, til sveita eða í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Og hvar stöndum við svo og hvert stefnum við?

Sú ríkisstjórn sem mynduð var síðastliðið sumar hefur hér mikinn þingstyrk svo ætla mætti að tekið hefði verið til höndunum. En því miður hefur reyndin orðið önnur. Sá málaflokkur sem allir voru sammála um fyrir ári að brýnast væri að taka á, staða landsbyggðarinnar og fólksflóttinn utan af landi á höfuðborgarsvæðið, hefur enga úrlausn fengið og engar þær ráðstafanir í sjónmáli sem snúa þessari ógnvænlegu þróun við. Þvert á móti hafa þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið og afleiðingar þeirrar stefnu sem fylgt er enn aukið á misrétti milli landshluta. Fjármagnið safnast í þjónustustarfsemi og peningamarkaði höfuðborgarsvæðisins. Á sama tíma þrengir að öllu atvinnu- og mannlífi úti á landsbyggðinni. Fólkið sem misst hefur atvinnuna tekur sig upp og flytur til höfuðborgarinnar í von um betri afkomu, þ.e. þeir sem geta flutt. Húseignir eru verðlitlar úti á landi og nær óseljanlegar. Hver kærir sig líka um að flytja í þorp eða kaupstað þar sem lítið er um atvinnu og fyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots eða upp í sveit á jörð sem hefur lítinn fullvirðisrétt, að ekki sé talað um ef það fylgir jörðinni refabú eða stórir karföfluakrar? Hver kærir sig um slíkt? Og þurfa svo að borga langtum hærra orkuverð og hærra verð fyrir alla þjónustu en þeir sem byggja höfuðborgarsvæðið. Fólk neyðist til að velja borgina þó svo að hætta sé á að lenda þar í láglaunahópnum og verða að búa þröngt.

Hver eru svo ráð núverandi ríkisstjórnar? Þar má nefna að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sjóður til þess að jafna stöðu sveitarfélaganna, var skorinn niður um hundruð milljóna króna og framlög til félagslegra framkvæmda verulega skert. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eða réttara sagt aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eru að brjóta niður atvinnulíf landsbyggðarinnar.

Alþb. hefur á þessu þingi flutt tillögur sem mundu hafa í för með sér verulegar leiðréttingar fyrir landsbyggðina. Hér í þinginu liggja fyrir tillögur okkar um breytta tekjustofna sveitarfélaga og afnám skerðingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og um að gera hann að raunverulegum jöfnunarsjóði. Tillögur okkar um jöfnun raforkuverðs og um sama gjald fyrir símaþjónustu alls staðar á landinu eru nú fluttar af okkur þriðja árið í röð. Jafnframt höfum við flutt tillögur um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Allar þessar tillögur skipta máli fyrir fólkið á landsbyggðinni og þjóðina í heild. Það er aðeins spurning um pólitískan vilja. Það að skera niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sýnir pólitískan vilja stjórnvalda, matarskatturinn gerir það líka.

Þrátt fyrir sameiginlega stefnu stjórnmálaflokkanna fyrir síðustu kosningar um að bæta kjör þeirra lakast settu hafa stjórnarflokkarnir gleymt öllum þeim markmiðum og halda enn fram þeirri stefnu síðustu ríkisstjórnar að skerða kjör láglaunahópa og láta almenning í landinu greiða fyrir óráðsíu síðustu stjórnar. Allir sjá nú hve illa var á málum haldið á síðasta kjörtímabili. Öllu var eytt og sóað og nú á almenningur að greiða fyrir með matarskatti og dýrari en jafnframt minni þjónustu hins opinbera.

Sami söngurinn er byrjaður: Kauphækkanir eru verðbólguvaldandi. Það ert þú, hlustandi góður, sem hefur rúm 30 þús. í mánaðarlaun, sem veldur verðbólgunni. Hvar er samviska þín, segja stjórnendur. En hver spyr um samvisku stjórnenda? Hver

er t.d. samviska forustu framsóknar sem nú hefur verið lengur í ríkisstjórn en nokkur annar flokkur?

Kjör almennings í landinu, og þá sérstaklega þeirra sem búa úti á landi, hafa stórversnað. Sífellt verður erfiðara fyrir aldraða og öryrkja að láta enda ná saman. Allt hefur hækkað á síðustu mánuðum, nú síðast iðgjöld bifreiðatrygginga og sú hækkun bitnar einna verst á öryrkjum. Af iðgjöldum bifreiða renna 25% til ríkissjóðs í formi söluskatts og hefur Alþb. lagt fram frv. til l. um niðurfellingu þessa söluskatts af iðgjöldum bifreiða öryrkja.

Söngurinn um verðbólguna og lágmarkslaunin hljómar stöðugt. Þar hljómar samkór ríkisstjórnarflokka og vinnuveitenda sterkt. Nú síðast er svo samvinnuhreyfingin endanlega gengin í þann kór. Ég hélt þó, miðað við þær fréttir sem borist hafa af launagreiðslum á þeim bænum, að þar settu menn ekki fyrir sig að borga mannsæmandi laun. En raunin varð önnur og í yfirstandandi samningum verslunarmanna er hvað erfiðast að eiga við samvinnuhreyfinguna. Af því tilefni sendu samninganefndir þeirra 13 verslunarfélaga sem felldu miðlunartillöguna nú á dögunum frá sér yfirlýsingu þar sem m.a. segir, með leyfi forseta:

„Fyrir rösklega 100 árum stofnaði launafólk samvinnufélögin til að vernda viðskiptahagsmuni sína. Fram eftir árum áttu launþegahreyfingin og samvinnuhreyfingin samleið, óaðskiljanlegar greinar af sama meiði sem áttu þá hugsjón sameiginlega að berjast fyrir bættum kjörum launafólks. Það eru því merk tíðindi öllu launafólki er samvinnuhreyfingin skipar sér við hlið harðsvíraðasta hluta vinnuveitendaaðalsins í baráttu gegn sanngjörnum kröfum verslunarmanna og annarra launþega og hefur í hótunum við hin ýmsu samvinnufélög vogi þau sér að ganga til samninga."

Þessi yfirlýsing segir ekki fallega sögu þeim sem eitt sinn treystu samvinnuhreyfingunni til að standa vörð um kjör sín.

Framsfl. á sér líka bakgrunn. Hann var sterkastur hjá bændum og fólkinu úti á landsbyggðinni. En nú er öldin önnur. Formaðurinn fluttur á mölina og baráttumálin orðin allt önnur. Þar skiptir orðið meira máli að ná tali af Arafat og höfðingjum erlendis en það að vernda landsbyggðina. Auðvitað er allt í lagi að flakka erlendis og styrkja samskipti við erlendar þjóðir, en ekki fyrr en tekið hefur verið á málum hér heima.

Tölur um íbúaþróun hér á landi síðustu átta ár segja sína sögu. Á árunum 1979–1983 fjölgaði landsmönnum úti á landsbyggðinni, þ.e. utan höfuðborgarsvæðis og Reykjaness, um 2448, en á árunum 1983–1987, þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór með völd, varð þróunin allt önnur og verri. Þá fækkaði landsbyggðarfólki um 381 en íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 9200. Skyldi fylgismönnum framsóknar og byggðastefnu ekki vera eins farið og þeim sem áður treystu samvinnuhreyfingunni fyrir kjörum sínum? Eru þeir ekki farnir að efast um verk og stefnu Framsfl.?

Alþb. hefur eins og áður sagði lagt fram tillögur sem varða landsbyggðina og undirstöðuatvinnuvegina og réttindamál þeirra sem minnst mega sín. Allt eru þetta tillögur sem stuðla að raunverulegu jafnrétti allra þegna landsins.

Góðir hlustendur. Við stóðum keik, frambjóðendur allra flokka, fyrir framan ykkur fyrir ári. Hér komum við aftur, nú ekki bara til að segja hvað við ætlum að gera heldur líka til þess að standa skil á því sem gert hefur verið á þessu þingi. Enn þá eru allir borubrattir og eiga svör og loforð á reiðum höndum. En verum minnug þess að hver maður, hver stjórnmálaflokkur er það sem hann gerir en ekki það sem hann segir.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Stundum heyrist sagt að lítill munur sé á stjórnmálaflokkunum og að raunverulega snúist barátta þeirra um völd og áhrif sér til handa, stjórnmálabaráttan snúist ekki um hag og velferð fólksins, en það er og á að vera meginmarkmið stjórnmálamanna. Hið rétta í þessu er að sjálfsögðu að flestallir stjórnmálamenn í lýðræðisríkjunum vilja og ætla að láta gott af sér leiða með baráttu sinni. Markmiðið er því svipað. Það sem greinir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka að er leiðin að markmiðum, stefna flokkanna og framkvæmd.

Sjálfstfl. hefur ætíð lagt áherslu á að hyggja að velferð sem flestra á grundvelli einkaframtaks í atvinnurekstri. Það er skoðun sjálfstæðismanna að öflugt atvinnulíf tryggi best afkomu og velferð fólksins. Þess vegna er mikilvægt að fólk átti sig á því að það er aðeins á þessum grunni, öflugu atvinnulífi, sem unnt er að tryggja atvinnuöryggi og góða afkomu fólks.

Í þessum efnum er ekkert sjálfsagt. Allir verða að vera virkir þátttakendur ef vel á að takast. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð, en fólkið sjálft ræður úrslitum um framgang mála í daglegu starfi. Framtak fólksins, hugvit og djörfung hefur skapað þessa merku þjóð. Hlutverk stjórnmálamanna er að auðvelda þjóðinni að ná settu markmiði í skjóli laga og réttar og eftir þeim leiðum sem fólkið hefur lagt áherslu á í lýðræðislegum kosningum. Í áratugi hefur íslenska þjóðin treyst Sjálfstfl. best í þessum efnum. Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að fólkið væri sem frjálsast og að afskipti stjórnvalda væru sem minnst. Þessi stefna hefur treyst farsæld og velmegun fyrir landsmenn í heild.

Íslendingar vilja vera sem frjálsastir í orði og verki. Það er þeim í blóð borið. Athafnafrelsið hefur skilað miklum efnahagslegum ávinningi og treyst íslenska menningu. Mörg dæmi mætti nefna sem styðja þessa fullyrðingu. Ég nefni sjósókn Íslendinga á þessari öld. Ég nefni uppbyggingu og ræktun landsins. Ég nefni blómleg byggðarlög víðs vegar um landið. Og ég segi: Berið þið saman íslenskt þjóðfélag, þjóðfélag 240 000 manna, við milljónaþjóðfélögin og niðurstaðan verður að óvíða í heiminum býr

fólk við almennt betri kjör en á Íslandi.

En það þýðir ekki að eigi megi gera betur. Það þýðir heldur ekki að ekki verði að endurmeta stöðu fjölda einstaklinga og styrkja stöðu ýmissa atvinnugreina innan þess ramma sem við störfum í. Og það þýðir einnig að það þarf að finna nýjar leiðir til að lyfta láglaunafólki upp úr því lága kjarastigi sem það er í. En fyrir okkur sem þjóð er aðalatriðið að við gerum okkur grein fyrir meginkjarna málsins sem er að á grundvelli athafnafrelsis og einkaframtaks hefur verið byggt upp efnahags- og menningarlega sterkt ríki á Íslandi. Það er óhrekjanleg staðreynd.

Sjálfstfl. hefur sem stjórnmálaafl haft forustuna í uppbyggingu þessa þjóðfélags. Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að byggja upp sterkt atvinnulíf sem gæti treyst velferð landsmanna sem best. Ég minni á að í tíð ráðherra Sjálfstfl. voru almannatryggingagreiðslur stórbættar og vegna tengsla við lög um staðgreiðslu skatta voru barnabætur hækkaðar verulega. Sjálfstfl. hefur ætíð látið sér annt um stöðu aldraðra, öryrkja og sjúkra og mun halda áfram að vinna að velferð þeirra.

Enn hefur Sjálfstfl. forustuna, m.a. í núverandi ríkisstjórn. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hefur nú starfað í tæpt ár og kappkostað að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ytri skilyrði, fall dollarans og verðlækkun helstu afurða hafa valdið erfiðleikum í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna. Það dylst engum. Þá hefur ríkisstjórnin þurft að glíma við þann vanda að halda verðbólgunni niðri. En verðbólgan er og verður mesti óvinur fólksins. Mikilli verðbólgu fylgir atvinnuleysi, lífskjaraskerðing og skortur, það vita allir.

Í hita umræðunnar gleyma ýmsir stjórnmálamenn oft að skýra í einföldu og skiljanlegu máli hvers vegna það er svo mikilvægt að halda verðbólgunni niðri. Ástæðurnar eru margar, en þessi er hin helsta: Íslendingar eiga allt sitt undir ótrufluðum og hagstæðum utanríkisviðskiptum. Við verðum að flytja inn svo til allar helstu neysluvörur, að sjávar- og landbúnaðarvörum undanskildum. Þá verðum við að flytja inn flestallar nauðsynjar, nauðsynlegar vélar, tæki, skip o.s.frv. Til að greiða fyrir þennan mikla innflutning verðum við að flytja út, selja erlendum aðilum eigin framleiðsluvörur og þjónustu. Þetta er einfalt mál, öllum skiljanlegt. En margir eiga erfitt með að skilja samhengið milli mikilla innlendra kostnaðarhækkana, verðbólgu og þess sem við fáum fyrir útflutningsvörur okkar erlendis.

Mikil innlend verðbólga gerir Íslendinga ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum. Þá getum við ekki selt vöruna á fullnægjandi verði í krónutölum mælt. Við fáum of lítið til baka. Afleiðingarnar eru framleiðslustöðvun og atvinnuleysi. Þessu ber að forða, en það verður ekki gert án aðgerða sem allir landsmenn hljóta að taka þátt í.

Hjól atvinnulífsins verða að snúast af fullum krafti, það er lífsspursmál. Verðbólgunni verður að halda niðri til að tryggja stöðugleika í atvinnulífinu og góða afkomu landsmanna allra. Rétt er að hv. þm. minnist þess einnig hverja verðbólgan leikur verst: Það eru lífeyrisþegar, öryrkjar og sjúkir, það eru sparifjáreigendur, það er unga fólkið sem er við nám, það eru kaupendur íbúða, húsbyggjendur og það er láglaunafólk.

Sjálfstfl. ætlar sér að verja stöðu þessa fólks. Við tökum ekki þátt í ábyrgðarlausu hjali um að hættur verðbólgunnar séu ekki fyrir hendi. Þetta vandamál hefur fylgt þjóðinni í áratugi en þrátt fyrir það hefur tekist að framkvæma þær aðgerðir sem hafa dugað til að byggja upp þetta góða þjóðfélag.

Enginn getur losnað undan skyldum sínum, Íslendingar ekki heldur. Við einir berum ábyrgð á framtíð okkar og barna okkar. Við erum ein þjóð í stóru landi. Það ríður á miklu að skilningur ríki milli manna og stétta hjá þessari fámennu þjóð. Víða er sótt að og hættur eru miklar í hverfulum heimi.

Sjálfstfl. leggur áherslu á sátt milli manna. Við munum standa vörð sem fyrr um öryggis- og varnarmál þjóðarinnar með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu. Við munum verja stöðu atvinnuveganna. Við munum stuðla að sem bestri nýtingu hinna auðugu fiskimiða við strendur landsins og hefja fiskiðnaðinn til öndvegis á ný. Ég sagði fyrr og endurtek: Á Íslandi býr ein þjóð. Við eigum að starfa saman af einlægni og drengskap og við eigum að efla með okkur hollan þjóðarmetnað. Við skulum í verki vera þess verðug að hljóta sæmdarheitið „góðir Íslendingar".

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Nú er senn að ljúka fyrsta þingi frá myndun ríkisstjórnarinnar undir forsæti Þorsteins Pálssonar og því komið að eldhúsumræðum hér í sölum Alþingis, eða nokkurs konar vorhreingerningu í almennum stjórnmálaumræðum sem nú fara fram og varpað er inn á heimili landsmanna á öldum ljósvakans.

Sumum finnst það e.t.v. vera að bera í bakkafullan lækinn því aðeins eru örfáir dagar síðan landsmenn áttu þess kost að hlýða á umræður um vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem stjórnarandstöðuflokkarnir fluttu. Við þær umræður gafst landsmönnum tækifæri til að vega og meta málflutning stjórnar og stjórnarandstöðu og ég efast ekki um að sú niðurstaða hafi leitt í ljós að ríkisstjórnin stendur traustum fótum, þrátt fyrir niðurstöður skoðanakannana að undanförnu, og mun halda fast við að vinna sig út úr vandanum.

Því er ekki að neita að mikill munur er á því að mynda ríkisstjórn sem saman stendur af þremur stjórnmálaflokkum, um margt með ólík markmið, heldur en tveggja flokka stjórn og auðvitað endurspeglar það nokkuð stjórnarsamstarfið. Við sjálfstæðismenn gerðum grein fyrir þessum vanda fyrir kosningar og lögðum áherslu á þýðingu þess að stærsti stjórnmálaflokkurinn, Sjálfstfl., þyrfti að halda sínum þingstyrk til þess að gera myndun tveggja flokka stjórnar mögulega. Sú von okkar

brást, en við sjálfstæðismenn höfum aldrei skorast undan þeirri ábyrgð að setjast í ríkisstjórn og takast á við vandann, jafnvel til þess að sópa undan teppum vinstri stjórna eins og sagan sannar.

Nú hafa skoðanakannanir undanfarið gefið í skyn að miklar sveiflur séu í fylgi milli flokka. Ef marka má þær er Sjálfstfl. ekki stærstur í augnablikinu, heldur Kvennal. Kvennal. vill ekki kalla sig stjórnmálaflokk heldur grasrótarhreyfingu. En ég held að það sé alveg ljóst að slíkt gengur ekki til lengdar, enda er það svo að vinstri öflin í landinu hafa greinilega beint huga sínum til Kvennal. í skoðanakönnunum undanfarið og eru t.d. á góðri leið með að gera Alþb. að minnsta flokknum ásamt því að þurrka Borgarafl. út.

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að fólk beini huga sínum að stjórnmálaflokki sem er í raun óskrifað blað, eins og Kvennal. á meðan hann hefur ekki viljað axla þá ábyrgð að setjast í ríkisstjórn og takast á við lausn vandans. Það er reginmunur á því að sitja í ríkisstjórn eða vera „stikkfrí" í stjórnarandstöðu. Ég segi „stikkfrí" því að þm. stjórnarandstöðunnar geta flutt sín óskamál hér inn í þingsali með málatilbúnaði í formi þáltill. eða frv. vitandi það að fjármagn er ekki fyrir hendi til að hrinda þeim í framkvæmd. Enda er það svo að þm. stjórnarandstöðunnar hafa flutt á þessu þingi hundruð mála og ef þau kæmust öll í gegn mundi það orsaka gífurlega aukningu á erlendum lántökum og aukna skuldasöfnun. Það er ekki alltaf spurning um pólitíska vilja, heldur spurning um fjármagn. Það getur sem sagt verið breitt bil á milli þess að vilja og geta. Ég tek undir orð Margrétar Frímannsdóttur hér áðan að stjórnmálaflokkur er ekki það sem hann segir, heldur það sem hann gerir.

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnmálamanna er að aðlaga þjóðfélagið breyttum þörfum hvers tíma. Nú hin síðari árin hefur hraðinn á öllum sviðum þjóðlífsins verið svo mikill að aldrei höfum við fundið eins fyrir þeim öru breytingum sem hafa átt sér stað bæði í jákvæðum og neikvæðum skilningi. Við erum svo sannarlega komin inn í tæknivædda veröld og því er það brýnna en nokkru sinni að bregðast við og aðlaga þjóðfélagið breyttum þörfum. Þessar breyttu þarfir beinast ekki síst að högum fjölskyldunnar og blasa hvarvetna við.

Þegar talað er um fjölskyldumál er oft tilhneiging til að eigna þau konum — fjölskyldumál séu fyrir konur að tala um. Þetta er alrangt. Ef efnahagsmál varða ekki hagsmuni fjölskyldunnar, þá veit ég ekki hvað eru hennar hagsmunir. Eða skyldi það ekki varða hagsmuni fjölskyldunnar að halda góðum lífskjörum í landinu, ná niður verðbólgu, koma í veg fyrir atvinnuleysi og treysta undirstöður framleiðslugreinanna? Allt eru þetta vandamál sem ríkisstjórnin er að fást við með hagsmuni fjölskyldnanna að leiðarljósi.

Við sjálfstæðismenn höfum ætíð lagt áherslu á að standa vörð um fjölskylduna og heimilið og nauðsyn þess að þjóðfélagið komi til móts við breyttar aðstæður hennar.

Á síðasta kjörtímabili var unnið markvisst átak varðandi skólamálin. Þáverandi menntmrh., Ragnhildur Helgadóttir, skipaði vinnuhóp um bætt samstarf heimila og skóla, samfelldan skóladag og nestismál skólabarna. Vinnuhópurinn skilaði tveimur skýrslum, annars vegar um dreifbýlið og hins vegar um þéttbýlið. Við áttum mjög góða samvinnu við skólamenn um land allt og má fullyrða að árangur af starfi nefndarinnar fór að skila sér strax meðan hún var að störfum í ýmsum umbótum víða í skólastarfinu, enda er það svo að ekki þurfa lagabreytingar að koma til varðandi t.d. samfellda viðveru nemenda í skólum eða nestismálin, svo eitthvað sé nefnt, heldur vilji og skilningur samstarfsaðila, ríkis, sveitarfélaga, forráðamanna skólanna og heimilanna.

Aldrei verður lögð nægileg áhersla á nauðsyn þess að gagnkvæmur trúnaður ríki milli foreldra og kennara. Foreldrar mega ekki líta á skóla barna sinna sem lokað hús sem sé þeim óviðkomandi og skólinn verður að opna dyr sínar fyrir foreldrum sem vilja leggja það á sig að styðja skólastarfið. Sama gildir um samstarf heimila, dagheimila og leikskóla sem annast börn innan skólaaldurs.

Það er ljóst að mikil þörf er fyrir aukið dagvistarrými barna. Þar stöndum við á tímamótum. Hér er því mikið verk að vinna, að finna leiðir til að fullnægja þörfinni í þessum efnum. Á þetta lögðum við sjálfstæðismenn áherslu við myndun ríkisstjórnarinnar. Við sjálfstæðismenn lögðum áherslu á að markvisst yrði unnið að þessum málum og í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir um fjölskyldu- og jafnréttismálin, með leyfi forseta:

„Unnið verður að því að treysta stöðu fjölskyldunnar með markvissri fjölskyldustefnu, fyrst og fremst með velferð barna fyrir augum.

Í samráði við samtök vinnumarkaðarins og sveitarfélög verður leitast við að taka meira tillit til þarfa fjölskyldunnar og þess að foreldrar beri jafna ábyrgð á börnum sínum, m.a. með sveigjanlegum og styttri vinnutíma og bættri dagvistarþjónustu.

Átak verður gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Störf kvenna hjá hinu opinbera verði endurmetin. Við þetta endurmat verði m.a. höfð hliðsjón af mikilvægi umönnunar- og aðhlynningarstarfa og starfsreynslu á heimilum.

Launastefna ríkisins sem aðila að kjarasamningum miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og að endurmeta störf kvenna og stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu. Jafnframt verði kannað hvernig unnt er að gefa foreldrum færi á að fá launalaust leyfi vegna umönnunar barna þegar sérstaklega stendur á.

Unnið verður samkvæmt framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Í skatta- og lífeyrismálum og almannatryggingum verður tekið meira tillit til heimavinnandi fólks.

Fyrirkomulag dagvistar barna og tilhögun greiðslna fyrir hana verður athugað og í því sambandi verður litið á þátt barnabóta og hvernig þær geti stuðlað að auknum samvistum barna og foreldra.

Lokið verði við endurskoðun framfærslulaga.

Aðstaða aldraðra og fatlaðra verður bætt og unnið að því að tryggja þeim jafnrétti í þjóðfélaginu.

Áætlun verði gerð í samráði við sveitarfélög um átak til að bæta heimilisþjónustu og vistunaraðstöðu fyrir aldraða og fatlaða.

Starfsemi Framkvæmdasjóðs fatlaðra verði styrkt samkvæmt fjögurra ára áætlun um framkvæmdir og fjármögnun þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu sambýla fyrir fatlaða og verndaða vinnustaði."

Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra skipaði samstarfsnefnd ráðuneyta um fjölskyldumál á sl. hausti í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar í fjölskyldu- og jafnréttismálum. Mun nefndin skila skýrslu sinni innan tíðar.

Mér hefur fundist rétt, góðir áheyrendur, að dvelja svolítið við þennan málaflokk til að það sé alveg ljóst að sú ríkisstjórn sem nú situr leggur áherslu á mikilvægi þessara mála og að þeim sé sinnt, t.d. á þann hátt að foreldrum sé gert kleift að sinna störfum utan heimilis sem það vilja en jafnframt sé ekki vanmetinn þáttur þeirra foreldra sem ekki vinna utan heimilis.

Í gær barst okkur skýrsla landlæknis um mannvernd. Í henni er einmitt fjallað um þann vanda sem steðjar að nútímafjölskyldu vegna breyttra aðstæðna hennar. Í þessari skýrslu er fjallað ítarlega um þessi mál og birtar niðurstöður úr athugunum sem gerðar hafa verið, m.a. á lífsháttum og aðbúnaði foreldra og barna. Það er ástæða til að þakka landlæknisembættinu fyrir þessa skýrslu sem undirstrikar mikilvægi þess að standa vörð um hagsmuni fjölskyldunnar, að standa vörð um mannvernd.

Ég minntist hér fyrr í máli mínu á hraðann sem endurspeglast á öllum sviðum þjóðlífsins. Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að koma hér inn á enn einn þátt sem snertir sérhvern einstakling, ungan sem gamlan, og þar með fjölskylduna alla, en það er umferðaröryggið. Umferðaröryggismál eru fyrst og fremst fjölskyldumál.

Foreldrar ungra skólabarna hljóta að láta sig varða hvernig aðstæður eru fyrir börnin að komast milli heimilis og skóla og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að tryggja öryggi barnanna í umferðinni. Þeir þurfa að ræða hvernig best sé að bregðast við þeim vanda sem við blasir.

Það hafa orðið alvarleg slys í umferðinni hér að undanförnu, þar sem ungt fólk á í hlut, vegna hraðaaksturs á götum borgarinnar. Ungir sem aldnir verða að hafa það í huga að bifreiðin er ekki leiktæki heldur samgöngutæki til að komast á milli áfangastaða. Hraðaakstur eiga menn aðeins að stunda á sérstökum svæðum til þess gerðum. Með því að sýna gagnkvæma tillitssemi í umferðinni er oft hægt að koma í veg fyrir að ferð sem fara átti á fund gleðinnar endi á fundi sorgarinnar.

Hinn 1. mars sl. tóku nýju umferðarlögin gildi og nú stendur yfir þjóðarátak í umferðaröryggi. Nauðsynlegt er að hafa það hugfast að ekki er nóg að stjórnvöld eða aðrir utanaðkomandi aðilar geri sínar ráðstafanir til að draga úr slysum eða slysahættu. Meginmálið er að við öll, hvert og eitt sem ferðumst í umferðinni, ökumenn sem aðrir vegfarendur, sameinumst um að sýna hvert öðru tillitssemi. Sýnum gott hjartalag á vegferðinni.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir mig sem nýliða á þingi er ekki óeðlilegt að staldra við nú þegar hillir undir þinglok og líta yfir farinn veg. Eflaust halda margir að í þessu húsi ríki ætíð ágreiningur og ósamkomulag um flest þau mál sem hér er fjallað um. En víst er að markmið okkar sem hér störfum eru svipuð: Að veita öllum þegnum landsins sjálfsögð mannréttindi en leggja um leið á herðar þeirra þær skyldur sem mannlegu samfélagi fylgja.

En undarlegar eru þær leiðir sem núverandi ríkisstjórn hefur valið og skrýtin forgangsröðin. Það er þó óneitanlega alltaf ánægjuefni þegar stjórn og stjórnarandstaða geta sameinast um mál, sem vissulega gerist oft. Sú staðreynd að það sem af er þessu þingi höfum við afgreitt 42 mál og þar af aðeins 3 frá stjórnarandstöðunni vekur upp spurninguna um það hvort stjórnarandstaðan og flest hennar mál séu til einskis. Svo sannarlega ekki. Stjórnarandstaðan getur haft áhrif bæði í nefndum og umræðum en sagan kennir okkur að oftast líður langur tími frá því að hugmynd birtist þangað til henni er hrint í framkvæmd. Hins vegar er undarleg sú ofuráhersla sem lögð er á að stinga helst öllum málum okkar undir stólinn, jafnvel þó fulltrúar allra flokka geti tekið undir mörg þeirra. Það er greinilega ekki alltaf sama hvaðan gott kemur.

Oft þykir manni hægagangurinn með eindæmum, ekki síst okkur kvennalistakonum sem viljum sjá sjálfsagðar og réttlátar breytingar í þágu kvenna gerast hratt og vel og erum við reyndar ekki einar um það. Þeim fjölgar stöðugt sem sjá að auðvitað skilar bættur hagur kvenna sér í betra mannlífi fyrir okkur öll. Flestir, held ég, geti verið sammála um að það eru engin rök fyrir því hróplega misrétti sem konur búa við.

Síðustu daga þinghaldsins er dembt yfir okkur málum stjórnarinnar sem verða að hljóta afgreiðslu. Samhliða er dembt yfir þjóðina fréttum af önnum Alþingis. Það er með öllu óverjandi að mál sem mikið liggur á skuli koma svona seint fram sem raun ber vitni. Það þætti ekki góð húsmóðir sem lúrir á vetrarforðanum og hálfsveltir heimafólkið fram á sumarmál. Og ekki þætti sá kennari góður sem geymdi stærsta hluta námsefnisins fram á síðustu vikur skólaársins.

Þær annir sem ég nefndi eiga ekki aðeins við um þingmenn og býst ég við að fáir utanaðkomandi geri sér grein fyrir því mikla álagi sem er á starfsfólki Alþingis til þess að allt megi ganga rétt og vel fyrir sig.

Við kvennalistakonur tölum gjarnan um börn og hag þeirra. Það er einn mikilvægasti þátturinn í okkar pólitík. En eins og flestir vita tökum við afstöðu til allra mála sem fjallað er um á þinginu og tillögur okkar varða hina ólíkustu málaflokka. Jafnréttisbarátta kvenna hefur vissulega skilað konum aukinni menntun en um leið stórauknu vinnuálagi og ótrúlega bágum kjörum. Þessi undarlega staða hlýtur að vekja upp margar spurningar um viðhorf þjóðfélagsins til kvenna og þá um leið til barnanna sem þær annast í flestum tilfellum að stærstum hluta.

Um þessar mundir fer fram samnorræn könnun á uppvaxtarskilyrðum forskólabarna. Skv. tölum sem í henni birtast má ætla að á undanförnum 20 árum hafi atvinnuþátttaka mæðra aukist um 600%. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að íslenskir foreldrar séu mun minna samvistum við börn sín en foreldrar á Norðurlöndum.

Þá sýna skýrslur frá landlækni að hér á landi er slysatíðni barna upp að 14 ára aldri hæst af Norðurlöndunum. Orsök flestra slysanna er rakin til óaðgæslu og ónógs eftirlits fullorðinna með börnunum. Samhliða þeim öru breytingum sem nú eiga sér stað verður að leita lausna fyrir börnin. Það verður að tryggja þeim öruggt og gott uppeldi.

Það er illt til þess að vita að yngstu börnin skuli búa við öryggisleysi og vont er að skólabörnum þessa lands skuli hvorki boðið upp á jafnrétti til náms né þá aðstöðu sem nauðsynleg er í skólunum. Slíkt er skilningsleysi ráðamanna á skólastarfinu og mikilvægi þess.

Fjármálaráðherrar einn af öðrum slá fram fullyrðingum um vinnutíma kennara. Með sömu rökum og þeir nota gætu menn fullyrt að við þingmenn vinnum aðeins meðan þingfundir standa yfir. Ég tel ólíklegt að slíkar fullyrðingar verði til þess að gylla kennarastarfið fyrir fólki. Það er með öllu ótækt að sú deila sem nú stendur milli kennara og ríkisvalds virðist nú komin í það öngstræti að óvissa ein bíður um það hvort yfirleitt tekst að manna skóla landsins í haust. Og hvað verður þá um börnin og menntun þeirra?

Eitt af slagorðunum er „viðreisn velferðarríkisins". Þeir sem það hrópa hafa algerlega gleymt hvar sú viðreisn á að byrja. Við kvennalistakonur erum ekki í vafa. Auðvitað byrjum við á börnunum, þessum hornsteinum framtíðarinnar, ekki á matarskatti. Auðvitað þarf að afla tekna í ríkissjóð, en það á ekki að taka af þeim sem minnst hafa. Menn eiga að borga mismunandi háa skatta miðað við tekjur hvers og eins. Það er einn mikilvægasti liðurinn í því að ná meiri efnahagslegum jöfnuði.

Það er með öllu óþolandi og okkur engan veginn sæmandi að samfélag allsnægtanna sé sem óðast að taka á sig hina ógnvekjandi mynd af samfélagi skortsins. Við verðum að gera okkur grein fyrir að þau verðmæti sem við byggjum tilveru okkar á eru ekki sköpunarverk mannanna. Þau eru fyrst og fremst gjafir náttúrunnar sem við eigum öll að eiga hlutdeild í og njóta.

Á þinginu í vetur hafa byggðamálin oft komið til umræðu og það hve misjöfn kjör fólks á landsbyggðinni eru, ekki síst ef miðað er við höfuðborgarsvæðið. Það var óneitanlega fagnaðarefni að heyra í Jóni Baldvin Hannibalssyni fjmrh., er hann í ræðu sinni sl. fimmtudagskvöld lýsti hugmyndum stjórnvalda um að flytja vinnslustöðvar landbúnaðarins út í landbúnaðarhéruðin og ríkisstofnanir til þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er mikilvægur liður í atvinnuuppbyggingunni. En jafnframt verður auðvitað að hlúa að þeim atvinnugreinum sem eru í uppbyggingu.

Þessa dagana standa þm. frammi fyrir þeim vanda að úthluta fé til vegagerðar, allt of fáum krónum á allt of marga km. Sá vegur sem er torfærastur í þeim efnum er vegur réttlætisins. Í vegagerð hafa stjórnvöld aldrei náð fram þeim markmiðum sem sett voru við gerð langtímaáætlunar. Þar sem bættar samgöngur eru eitt brýnasta hagsmunamál allra landsmanna hlýtur að vakna sú spurning hvort við endurskoðun vegáætlunar á næsta ári þurfi ekki að hugleiða nýjar leiðir til fjármögnunar.

Ein er sú atvinnugrein sem byggir öðrum fremur á góðum samgöngum, en það er ferðaþjónustan. Á síðasta ári var hún þriðja stærsta atvinnugrein okkar hvað gjaldeyrisöflun varðar. Því er afar mikilvægt að hlúa vel að henni. Hún er einn vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi og býður upp á marga möguleika, einkum fyrir landsbyggðina. Þar er fábreytni atvinnulífsins meiri, einkum fyrir konur.

En hvernig er staðið að málum núna af stjórnvalda hálfu? Ég hef þegar nefnt árlega skerðingu til vegamála. Ferðamálaráð hefur aldrei fengið sín lögbundnu framlög og er því illa í stakk búið til að sinna hlutverki sínu. Vinsælir ferðamannastaðir eru auglýstir upp án þess að nægilegt aðhald eða aðstaða sé fyrir hendi, hvað þá að verndunarsjónarmið séu virt. Erlendir leiðsögumenn án tilskilinna leyfa, sem hvorki þekkja land né þjóð, hvað þá heldur viðkvæma náttúru landsins, koma í síauknum mæli með ferðahópa hingað á meðan við höfum vel menntaða íslenska leiðsögumenn með verndað starfsheiti.

Þegar litið er á þau atriði sem ég hef nefnt er ljóst að við getum ekki talist vera í uppbyggingarstarfsemi á þessu sviði. Það þarf að gera stórátak í ferðamálum með uppbyggingu og fræðslu að leiðarljósi. Það gengur t.d. ekki upp til lengdar að beina öllum á sömu slóðir. Sú húsmóðir þykir ekki hagsýn sem gengur á sameiginlega sjóði fjölskyldunnar. Það er enn síður hagsýni að ganga á þann höfuðstól sem náttúruauðlindirnar eru okkur.

Kristín Einarsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Það er vor í lofti þó víða sé enn vetrarlegt á Íslandi. Við í

Kvennalistanum skynjum gróandann og þær góðu undirtektir sem málstaður okkar hefur fengið með þjóðinni. Hugmyndir okkar um að bæta stöðu kvenna og skapa hér samfélag þar sem allir, konur, karlar og börn, eru jafnvirtir og jafnréttháir, hafa fallið í frjóa jörð og eru að skjóta æ fleiri rótum.

Að þessum hugsjónum höfum við þingkonur Kvennalistans reynt að vinna af fremsta megni á þinginu sem er senn að ljúka. Við erum hér hins vegar í stjórnarandstöðu ásamt fleirum og getum víst ekki vænst þess að uppskera mikið í formlegum samþykktum á þessari hefðbundnu karlasamkomu. Það er stuðningslið ríkisstjórnarinnar sem ræður úrslitum um afgreiðslu mála hér á þinginu og það virðist oft vera bundið fyrir bæði augun.

Ríkisstjórnin hefur verið dæmalaust lánlaus það sem af er starfsferli sínum. Hún hefur staðið hér að lagasetningu og efnahagsaðgerðum sem í stað þess að jafna kjör þegnanna auka enn frekar á óréttlæti og misskiptingu. Um áramótin var knúinn í gegn matarskattur þrátt fyrir eindregin mótmæli og aðvaranir stjórnarandstöðunnar. Því var haldið fram að barnabætur og lækkun á nauðsynjavörum öðrum en mat mundi bæta upp þá miklu skattheimtu. Þið heyrið fjmrh. enn fara með þá tuggu. Hver varð niðurstaðan? Er ekki best að hver svari fyrir sig?

Með efnahagsaðgerðum sínum hefur ríkisstjórnin þrengt að heimilunum í landinu og mest þeim barnmörgu. En ríkisstjórnin hefur komið við á fleiri bæjum. Sveitarfélögin hafa farið sérstaklega illa út úr samskiptum sínum við hana á liðnum vetri. Í þeim efnum átti að vinna mikið og stórt til hagsbóta fyrir sveitarfélögin. En reyndin hefur orðið þveröfug. Tekjur sveitarfélaganna hafa verið stórlega skertar með staðgreiðslukerfinu og niðurskurði meiri hlutans hér á Alþingi á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Skömmu fyrir jól rigndi yfir þingið mörgum stórmálum. Eitt af þeim var frv. um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það var boðað sem sérstakt fagnaðarerindi og upphaf að öðru meira. En þegar innihaldið var skoðað aðeins nánar kom annað í ljós. Í stað þess að leggja fyrst fjárhagsgrunninn var fimbulfambað um verkaskiptingu sem á heildina litið reyndist vera sveitarfélögunum óhagstæð. Sérstaklega þeim minni. Nokkrir af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar urðu meira að segja svo óttaslegnir að þeir slógust í lið með stjórnarandstöðunni og málið sofnaði í félmn. Ríkisstjórnin leitaði hins vegar hefnda við fyrsta tækifæri og skerti enn Jöfnunarsjóð og fleiri framlög í svokölluðum „efnahagsaðgerðum" í febrúar. Og þar voru allir stjórnarliðar samstiga.

Launafólk hefur verið að reyna að rétta hlut sinn síðustu mánuði og lái því hver sem vill. Frá síðasta hausti fór kaupmáttur umsaminna taxta síminnkandi, rýrnaði t.d. frá október og fram til áramóta um 10% og þá bættist matarskatturinn við. Lágmarkslaun voru þá rétt um 30 þús. og eftir langvarandi samningaþóf tókst aðeins að hífa þau upp um rúmar 2000 kr. Er að undra þótt verslunarfólk vildi ekki una þessu og legði jafnvel út í tvísýnt verkfall til að knýja fram leiðréttingu og færi fram á 42 þús. kr. á mánuði? Sú harka sem mætir þessu fólki af hálfu atvinnurekenda er með fádæmum.

Launamálin á Íslandi eru í þannig ástandi að fólki með réttlætistilfinningu hlýtur að blöskra. Sjálf launakerfin eru orðin svo flókin eftir breytingar undangenginna ára að fáir botna í þeim.

Við kvennalistakonur höfum lagt til að sett verði lög sem banni að greidd séu lög undir ákveðnu marki en síðan semji aðilar vinnumarkaðarins um laun fyrir ofan það.

Allir þurfa að taka höndum saman um að launafólk geti haft bærilega framfærslu af 40 stunda vinnuviku. Hér má ekki ríkja viðvarandi láglaunastefna og vinnuþrælkun. Við hlustum ekki á þá sem kalla sig efnahagssérfræðinga og sækja vit sitt í ímynduð lögmál sem gilt hafa í Mesópótamíu fyrir 3000 árum og vilja heimfæra þau á nútímann til að verja óréttlætið.

Ísland er ótrúlega langt á eftir nágrannalöndunum á mörgum sviðum. Það er tæpast hægt að segja að við lifum í velferðarþjóðfélagi, slík er misskiptingin og öryggisleysið hjá stórum hópum. Þó ætti, miðað við framleiðslutölur og þjóðartekjur, að vera unnt að skapa hér gott samfélag. Til að ná því marki þarf hins vegar margt að breytast. Til þess þarf m.a.:

Lífvænleg laun fyrir alla og skaplegan vinnutíma.

Aðstæður sem tryggi öryggi og gott uppeldi fyrir börnin.

Samfelldan skóla með vel menntuðu og ánægðu starfsliði.

Húsnæðiskerfi sem gefur fólki kost á að velja á milli séreignar eða leigu á viðráðanlegum kjörum.

Atvinnulíf sem byggir á þekkingu starfsmanna og misbýður ekki umhverfi eða auðlindum.

Við kvennalistakonur höfum litið til þessara markmiða í málefnavinnu okkar hér á Alþingi. Við höfum sótt mikinn stuðning í grasrótina, í angana sem eru að skjóta rótum um allt land. Ég nefni aðeins nokkur dæmi: Við höfum lagt til að stórátak verði gert í uppbyggingu dagvistarheimila og að grunnskólabörn verði samfellt og lengur í skólanum að starfi og leik. Þetta er mikið hagsmunamál, bæði fyrir börn og foreldra. Við höfum lagt áherslu á jafnrétti til náms og viljum að framhaldsskólinn standi öllum opinn, jafnt fötluðum sem öðrum, jafnt þeim sem búa í þéttbýli sem dreifbýli.

Kvennalistinn hefur alltaf lagt mikla áherslu á umhverfismálin. Umhverfisfræðsla, endurvinnsla og fullnýting úrgangsefna, reglur um einnota umbúðir og mengun frá stóriðju eru mál sem við teljum mikilvægt að taka á. Við viljum stofna umhverfisráðuneyti þar sem allir meginþættir umhverfismála eiga heima. En nú er þeim dreift á nánast öll ráðuneytin.

Þrátt fyrir stór orð og fyrirheit í stjórnarsáttmála hefur nú orðið sú magalending að taka lítinn hluta af þessum málaflokki og setja undir eitt ráðuneytanna. Það er undarlega tregða að vilja ekki taka þessi mál

föstum og raunhæfum tökum. Við verðum að gera okkur grein fyrir að auðlindir jarðar eru langt frá því að vera óþrjótandi. Okkur sem nú lifum ber að hugsa til þeirra sem á eftir koma. Við höfum ekki fengið jörðina að gjöf frá foreldrum okkar, heldur að láni frá börnunum okkar.

Friðarmálin hafa verið stór þáttur í starfi Kvennalistans. Íslendingar hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Því er eðlilegt að við gerumst boðberar friðar og afvopnunar í heiminum og látum til okkar taka á alþjóðavettvangi sem friðflytjendur, ekki síst vegna þess að við búum á milli risaveldanna tveggja. Kvennalistakonur taka virkan þátt í starfi friðarhreyfinga, bæði hér á landi og erlendis.

Í húsnæðismálum höfum við lagt áherslu á að mörkuð verði framtíðarstefna sem taki mið af því fjármagni sem er til reiðu. Brýn nauðsyn er á endurskoðun húsnæðislánakerfisins, sérstaklega félagslega hlutans og stórauka þarf framboð á leiguhúsnæði. Við höfum lagt áherslu á að þeir sem minna mega sín eigi að ganga fyrir lánum. Við vorum því hlynntar þeim breytingum sem gerðar voru til að draga úr lánveitingum til stóreignafólks. Við vöktum þó athygli á því að breytingarnar gengu á engan hátt nógu langt.

Þegar kaupleigufrv. kom fram lýstum við strax stuðningi við hugmyndina. Við lögðum til að frv. yrði fellt inn í þá heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu sem boðuð hefur verið. Þessa afstöðu tókum við ekki síst vegna þess að fjárhagsgrundvöllur þessa nýja kerfis er óljós og ótryggur. Það eru bara svik og sýndarmennska og ekki á neinn hátt réttlætanlegt að vekja væntingar og falsvonir hjá fólki um að með þessu sé lausnin fundin á húsnæðisvandanum. Það er alveg sama hve gott kerfi er sett á laggirnar ef ekki fæst fjármagn.

Enn heyrist, þótt ótrúlegt megi virðast, að kvennalistakonur hafi ekki skoðun né áhuga á nema ákveðnum afmörkuðum málaflokkum. Þeir sem þannig tala hljóta að segja slíkt gegn betri vitund.

Það er vissulega rétt að við höfum lagt aðaláherslu á mál sem hafa orðið út undan hjá þeim sem hingað til hafa verið við stjórnvölinn. Það breytir þó ekki því að við tökum afstöðu til allra mála út frá okkar eigin forsendum. Okkar markmið er að gera viðhorf, reynslu og menningu kvenna að stefnumótandi afli í þjóðfélaginu, ekki síður en reynslu, menningu og viðhorf karla. Markmið Kvennalistans verður ekki að veruleika nema aðstæður og kjör kvenna batni og áhrif þeirra í stjórn samfélagsins aukist. Þetta er okkar pólitík.

Góðir áheyrendur. Róm var ekki byggð á einum degi. En það er hægt að brenna hana á einni nóttu. Ríkisstjórnin hefur brennt upp góðærið sem hún fékk í arf og logarnir hafa leikið um þá sem síst skyldi. Snúa þarf frá þessari eyðingarstefnu og hefja uppbyggingarstarf um land allt. Kvennalistinn er reiðubúinn að leggja hönd á plóg. Konurnar þekkja grasrótina og heimilishaginn, utan húss og innan. Á þeirri reynslu þarf þjóðfélagið að halda.

Stefán Valgeirsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Eftir umræðurnar um vantrauststillöguna á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, sem fram fór sl. fimmtudag, hafa nokkrir aðilar mælst til þess að ég vitnaði beint í þá úttekt á starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem við í Samtökum jafnréttis og félagshyggju afhentum formanni Framsfl. og formanni þingflokks Framsfl. er þeir komu til fundar við okkur á Akureyri 1. okt. sl. Þessi umfjöllun okkar um stjórnarsáttmálann var 12 vélritaðar síður og urðu miklar umræður um mörg atriði sáttmálans. Lyktir urðu þær að formennirnir voru sammála okkur í öllum aðalatriðum. En þeir sögðu að þeir gætu ekki unnið að framgangi þessara mála á meðan þeir væru í samstarfi við þá flokka sem stæðu að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, sem hlýtur að þýða að þeir taka ráðherrastólana fram yfir stefnu sína og kosningaloforð.

Ég vitna hér beint í skýrslu okkar, með leyfi forseta:

„Í landinu starfa fyrirferðarmiklir verðbréfasalar sem virðast vera frjálsir og óháðir og eru starfshættir þeirra umdeilanlegir. Þeir bjóða fjármagnseigendum í landinu hærri vexti en bankar og sparisjóðir geta gert, enda streymir fjármagnið inn á þennan markað. Þessir aðilar hafa enga bindiskyldu eins og aðrar lánastofnanir hafa. Manna á meðal er þessi viðskiptamáti kallaður „grái markaðurinn", enda eru viðskipti við þessa aðila ekki áhættulaus, hvorki fyrir þá sem leggja fjármagnið til né þá sem taka það að láni.

Bankar og sparisjóðir hafa neyðst til þess að hækka vextina með stuttu millibili til þess að reyna að draga úr útstreyminu úr þeirra stofnunum. Enn fremur býður ríkisstjórnin mjög háa vexti á spariskírteinum ríkisins. Því eru vextir í raun á uppboði í dag. Þessi þróun leiðir það af sér að almenningur hefur ekki trú á að verðbólgan sé í rénun, nema síður væri."

Síðan segir: „Þessi umfjöllun og athugasemdir okkar við starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar leiðir, að okkar mati, í ljós að það einstaklingsfrelsi sem ríkisstjórnin stefnir að í grundvallarmarkmiðum sínum sé í raun frelsi þeim til handa sem sitja að fjármagni og völdum og leiðir ekki til aukins jafnréttis, heldur þvert á móti. Þessi skilgreining á einstaklingsfrelsi gengur þvert á þá skilgreiningu samtakanna að raunverulegt frelsi einstaklinganna felist í því að geta tekið ábyrgð á eigin lífi og samfélaginu.

Okkur sýnist að það gangi eins og rauður þráður í gegnum hvert atriði af öðru í starfsáætluninni að þeim sem ráða fjármagninu sé ætlað að deila og drottna í okkar þjóðfélagi, ef eftir þessum stjórnarsáttmála verður farið. Verði ríkisbankarnir gerðir að hlutafélagsbönkum, fólksflóttinn til höfuðborgarsvæðisins látinn halda áfram án aðgerða og aðstöðumunur vegna búsetu ekki minnkaður þá hefur einstaklingsfrelsið brugðið sér í líki frjálshyggjunn-

ar, ýtt enn frekar undir misréttið og það geta Samtök jafnréttis og félagshyggju ekki stutt."

Þegar við fórum yfir þennan stjórnarsáttmála lásum við út úr honum þá helstefnu sem blasir nú við augum manna og sumir stjórnarþingmenn eru farnir að tala um í heyranda hljóði, þó flokkshlekkirnir haldi enn í atkvæðagreiðslum, sbr. vantraustið.

Við sögðum að það yrði að finna leið til að draga úr mismun á framfærslukostnaði vegna búsetu, að Byggðasjóður verði efldur svo að hann geti gegnt hlutverki sínu. Það kemur í ljós nú að það mun vanta 400–500 milljónir til að hann hafi möguleika til þess.

Við lögðum ríka áherslu á að lægstu launin yrðu hækkuð og að þeir sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1981 þar til nýju húsnæðislögin tóku gildi 1986 fái svipaða lánafyrirgreiðslu og þeir sem nú byggja eða kaupa að því marki sem þeir þurfa þess skuldanna vegna. Svo talar hæstv. bankamálaráðherra um að ekki sé hægt með valdboði að lækka vexti. En hvað er þetta annað en valdboð? Vaxtaokrið sem er að stöðva framleiðsluna leiðir svo af sér gengisfellingu og aukna verðbólgu.

Grái fjármagnsmarkaðurinn virðist vera sérstakt eftirlæti þessarar ríkisstjórnar og hefur þar engin breyting orðið á frá því að hæstv. núv. fjmrh. tók við því embætti af hæstv. forsrh. Grái markaðurinn hefur engar skyldur, hvorki bindiskyldur né skyldur við atvinnulífið á nokkurn hátt. Þar fer fram frjálst okur án nokkurra takmarkana af hendi hins opinbera.

Þó hlutur Seðlabankans hafi ekki verið burðugur stendur í skýrslu frá honum, dags. á Þorláksmessu sl., með leyfi forseta, að grái markaðurinn og boð ríkisins upp í 41,3% ársávöxtun hafi orðið til að pressa upp vextina. Seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, sagði í sjónvarpsþætti nýlega að á fjármagnskostnaðinum hefði orðið bylting. Mér skildist á honum að þessi bylting hefði leitt til góðs að hans mati.

Já, það hefur orðið bylting. En til hvers hefur hún leitt? Vextirnir hafa verið hækkaðir með valdboði. Þess vegna er svo komið að mikill hluti atvinnurekstrarins í landinu, en þó sérstaklega útflutningsframleiðslan, stendur mjög illa. Stór hluti hennar er gjaldþrota vegna þessa mikla fjármagnskostnaðar og er að stöðvast ef ekki verður breytt um stefnu.

Mér fannst bréf, sem ég er hér með í hendi og barst mér í gær, gott sýnishorn af því ástandi sem helstefnan, þessi bylting í fjármagnsmarkaði, hefur leitt af sér. Ég les það hér, með leyfi forseta:

"Húsavík, 25/4 1988.

Málefni: Fjárhagsvandi fyrirtækja og horfur í atvinnumálum á Húsavík.

Að undanförnu hefur afkoma fyrirtækja hér á Húsavík farið svo ört versnandi að aðstæður heima fyrir verða ekki lengur einum um kennt. Kveður svo rammt að þessu að til stöðvunar stefnir með stórfelldu atvinnuleysi og fólksflótta ef ekki verður að gert. Skuldir fyrirtækja hlaðast upp við bæjarsjóð og veldur því að greiðslustaða hans er orðin óviðunandi. Það sem þarf til að ráða bót á þessari alvarlegu stöðu er stjórnvaldsaðgerðir, endurskipulagning og samstaða.

Bæjarstjórn Húsavíkur óskar hér með eftir fundi hér á Húsavík með þér og öðrum þingmönnum kjördæmis okkar svo fljótt sem verða má til þess að ræða vandamál okkar og sameinast um lausnir þeirra.

Leita ég til þín sem 1. þingmanns kjördæmisins um forgöngu fyrir því að koma þessum fundi á."

Þetta bréf er undirskrifað af bæjarstjóranum á Húsavík, Bjarna Þór Einarssyni og er stílað til Guðmundar Bjarnasonar, hæstv. heilbrrh., og sent öllum þingmönnum Norðurl. e. Mörg fleiri bréf væri hægt að lesa upp hér.

Fjármagnið sýgur framleiðsluna
og fátækan almenning.
Skattinn fræga á matinn muna
margir sem kjósa á þing.

Hvernig er svo komið fyrir fjölda heimila í landinu? Heimila sem t.d. hafa verið að reyna að komast yfir íbúð á síðustu árum. Þó að þessar fjölskyldur leggi saman nótt við dag hafa þær ekki undan að borga af lánum sem hvíla á íbúðum þeirra. Þó sumir hafi með þeim hætti getað borgað tilskildar greiðslur, þ.e. með algjörum þrældómi, hækka eftirstöðvarnar með ógnarhraða þar sem lánskjaravísitalan ræður ferðinni — vísitala sem einhverjir hagfræðingar hafa upp fundið og er ekki á nokkurn hátt í rökréttu samhengi við aðrar aðstæður í okkar þjóðfélagi.

Hvaða rök eru fyrir því að lánskjaravísitala hækki þó að t.d. innkaup á kaffi hækki? Ef lánskjaravísitala á rétt á sér við okkar aðstæður á auðvitað að miða hana við það framleiðsluverðmæti sem þjóðin aflar á hverjum tíma.

En til hvers hefur þessi lánskjaravísitala og vaxtaokur leitt? Fjölskyldur hafa misst íbúðir sínar í verulegum mæli og enn fleiri horfa nú upp á að missa þær. Margt af þessu fólki hefur gefist upp í lífsbaráttunni með svo skelfilegum afleiðingum að það er blátt áfram feimnismál að ræða um slíkt. Fjölskyldur tvístrast. Og hvaða áhrif heldur fólk að allt þetta ástand hafi á þroska og uppeldi barna?

Hér er um að ræða mjög margar fjölskyldur sem hafa orðið að ganga í gegnum þessa reynslu. Fólksflutningar frá landsbyggðinni hafa aldrei verið eins miklir og nú og að öllu óbreyttu eiga þeir eftir að aukast enn. En hver á að fæða borgríkið ef landsbyggðin fer að mestu leyti í eyði?

Aldrei hefur orðið eins mikil eignatilfærsla í okkar þjóðfélagi og nú er að gerast. En verst er þó landbúnaðurinn leikinn þar sem eignaupptakan er mest og víða blasir við auðn. Hvað eru mannréttindabrot, ef þessi stefna stjórnvalda flokkast ekki undir það?

Góðir landsmenn. Það er rétt hjá Guðna Ágústssyni, þetta er helstefna. Það er sýnilegt að frá slíkri stefnu verður ekki vikið nema þjóðin opni augun og

sjái hvert stefnir með okkur öll, ef við látum okrara og víxlara kúga þorra þjóðarinnar eins og nú er. Fólkið í landinu verður að sameinast um að taka þann rétt sem það á kröfu til. Þingmenn frá stjórnarflokkunum hafa hér á undan rætt verulega um jafnrétti, um fjölskylduna. En þetta eru nú þær aðstæður sem fólkið í landinu horfir upp á. Þetta er þungur dómur yfir þessari ríkisstjórn.

Því segi ég hér og nú: Þau samtök sem ég tala hér fyrir eru reiðubúin til að fylkja liði með hverjum þeim sem vill leggja út í baráttu til að jafna kjörin og lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu. Okkur er sagt að það séu aðeins fjórar þjóðir í heiminum sem séu ríkari en við. Sé þetta rétt, þá sjáum við hvernig skipt er. Hverjir eru tilbúnir að berjast fyrir réttlæti? Þeir láti til sín heyra.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Nú er fyrri umferðinni í þessari umræðu lokið. Hefst nú síðari umferð.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þær stórkostlegu breytingar sem gerst hafa á Íslandi á sl. tveim áratugum hefur tekið aðrar þjóðir aldir að ganga í gegnum. Einangrun lands og þjóðar hefur verið rofin og nú heyrum við það æ sjaldnar en áður að Ísland liggi á mörkum hins byggilega heims. Sókn til bættra lífskjara í landinu byggist á því að veruleg nýsköpun eigi sér stað í atvinnulífinu. Sú nýsköpun verður að sjálfsögðu einnig og ekki síður að ná til hinna hefðbundnu atvinnuvega okkar. Þar sem annars staðar eru ónýttir möguleikar til aukinnar verðmætasköpunar.

Eitt af því allra nauðsynlegasta hvað þetta varðar er að efla markaðsleit. Við þurfum að fá ungt fólk til að fara í hagnýtt nám og kynnast tækninýjungum og framförum annarra þjóða og kynnast neysluvenjum þeirra. Það er afar áríðandi í þessari markaðsvinnu að hugsa að utan og heim en ekki öfugt, eins og einn ágætur maður orðaði svo vel.

Vegna þeirra miklu umræðna sem fram fara nú í þjóðfélaginu um byggðamál er nauðsynlegt að menn átti sig á þeim breytingum sem hafa verið að gerast í landinu, ekki bara í gær og í dag. Það er nauðsyn að nálgast málið með meiri víðsýni og reyna að leita að orsökum þess sem við er að fást. Þá fyrst, ef við þekkjum orsakir aðsteðjandi vanda, er ástæða til að ætla að við getum leyst hann.

Ef við lítum á atvinnuskiptingu þjóðarinnar má glögglega sjá hvað hefur verið að gerast í sveitum landsins og hinum ýmsu framleiðslubyggðarlögum. Árið 1960 unnu um 16% vinnuafls þjóðarinnar í landbúnaði, en árið 1986 var það komið ofan í 6%. Árið 1960 unnu um 18,3% af vinnuafli þjóðarinnar við fiskveiðar og -vinnslu. Árið 1986 eru ekki nema um 13% sem þar starfa. Þrátt fyrir þennan mikla samdrátt í mannafla jókst framleiðsla þessarar greinar alveg ótrúlega mikið.

Svona er málið í hnotskurn. Þeim fer sífellt fækkandi sem að framleiðslu starfa. Sífellt stærri hluti af aflafé þessara framleiðslugreina og framleiðslu byggðarlaga fer til að standa undir aukinni samneyslu. Nú er svo komið að undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar eru að sligast undan þessum álögum. Það er frá þessum sjónarhól sem rétt er að skoða vanda landsbyggðarinnar og leita leiða til að tryggja búsetu í landinu þannig að okkur takist að nýta sem best gögn þess og gæði.

Með þátttöku sinni í þessari ríkisstjórn vildu framsóknarmenn leggja sig fram um að verja það velferðarþjóðfélag sem hér hefur verið byggt upp. Það er mikill misskilningur að halda að hamingjan verði aðeins höndluð í höfuðborginni.

Nú í þinglok er ekki óeðlilegt að spurt sé: Var það röng ákvörðun hjá Framsfl. að ganga til stjórnarsamstarfs við Sjálfstfl. og Alþfl. eftir síðustu kosningar? Framsfl. gekk til þessa stjórnarsamstarfs með það í huga að haldið yrði áfram á þeirri braut sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar markaði, að ná niður verðbólgu og tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna með viðskiptajöfnuð að markmiði.

Því miður verður að viðurkenna að þessi ríkisstjórn hefur ekki náð þeim árangri sem vænst hafði verið í þessum efnum. Verðbólgan er enn allt of há. Rekstrargrundvöllur atvinnufyrirtækjanna er vægast sagt bágborinn og nú stefnir í meiri viðskiptahalla en nokkru sinni. Þetta ástand er óþolandi og í algerri mótsögn við upphafleg stefnumið þessarar ríkisstjórnar. Ef svo heldur fram sem horfir með auknum erlendum lántökum og vaxandi viðskiptahalla gæti komið að því að menn færu að spyrja að nýju: Hver á Ísland?

Það þarf heldur ekki að halda ráðstefnur þar sem menn hittast og spyrja hver annan hvort lánsfé sé of dýrt á Íslandi. Það er nær að spyrja framkvæmdastjóra fyrirtækjanna, sem eyða nú allt of löngum tíma frá stjórnun fyrirtækja sinna í biðstofum bankastjóranna, um fjármagnskostnaðinn og vextina.

Það er tímasóun að reyna að telja Íslendingum trú um að lausn aðsteðjandi vanda sé e.t.v. í því fólgin að fjármögnunarfyrirtækin og álíka aðilar geti farið að kaupa fiskinn óveiddan í sjónum. Við skulum leyfa sjómönnum okkar að sjá um þann þáttinn enn um stund. Aðrir munu ekki duga þar betur. Það er hins vegar nærtækara fyrir þingmenn og ráðherra að einbeita sér að því að koma böndum á erlenda skuldasöfnun og margs konar skattsvik.

Ljóst er að undirstöður stjórnarsamstarfsins verður að treysta. Framsfl. mun hins vegar ekki hlaupast undan þeirri ábyrgð sem hann tók með þátttöku í þessari ríkisstjórn. Mörg mál sem þessi ríkisstjórn hefur borið fram og til heilla horfa hafa þegar verið afgreidd, önnur eru í umfjöllun og enn fleiri liggja á teikniborðinu. Framsóknarmenn eru tilbúnir að leggja sig fram um að leysa aðsteðjandi vandamál. Þeir erfiðleikar sem nú sækja að eiga að sameina menn til aðgerða. Af því munu menn vaxa.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á eldhúsdegi Alþingis er bæði litið til baka og reynt að horfa fram á veginn. Við sjáum að sumt hefur gengið vel að undanförnu, annað ekki sem skyldi. Þar er bæði um að kenna orsökum sem við getum ekki haft áhrif á, eins og gengislækkun dollars, og einnig því að ekki hefur nægilega fljótt verið á réttan hátt brugðist við breyttum aðstæðum. En viðhorf eru að breytast með sívaxandi hraða. Það á ekki síður við um landbúnaðinn en á öðrum sviðum.

Í öllum löndum í kringum okkur hefur framleiðslugetan vaxið miklu meira en þarfir markaðarins. Því hefur þar verið gripið til margvíslegra skipulagsaðgerða um leið og fjárveitingar til landbúnaðar, uppbætur og niðurgreiðslur og ýmis önnur framlög eru t.d. um 70% af fjárlögum Evrópubandalagsins. Þessum þjóðum og stjórnendum þeirra er ljóst að óheft samkeppni og skipulagsleysi hefur í för með sér óbætanlegt tjón og ringulreið.

Með setningu búvörulaganna og framkvæmd þeirra hefur tekist hér að ná mikilvægum árangri. Jafnvægi er að nást í flestum greinum búvöruframleiðslunnar og sala mjólkur og mjólkurafurða fer reyndar svo vaxandi að þar virðist vera komið yfir örðugasta hjallann. Þá söluaukningu má þakka samræmdum aðgerðum landbrn. og Stéttarsambands bænda og góðu skipulagi mjólkuriðnaðarins undir forustu Osta- og smjörsölunnar sem stöðugt vinnur að fjölbreyttari framleiðslu úrvalsvara sem njóta þeirrar almennu viðurkenningar að slíkar sé hvergi betri að fá.

Lengri tíma tekur að ná þessu markmiði í kindakjötsframleiðslunni. Bæði var birgðavandinn þar miklu meiri þegar lögin gengu í gildi og bústofnsfækkun leiðir til meiri slátrunar og framleiðslu meðan hún stendur yfir. En samið hefur verið við mörg hundruð bændur um fækkun sauðfjár vegna búháttabreytinga og riðuniðurskurðar.

Í haust verður samið um lokaáfangann við útrýmingu á riðu sem er grundvöllur fyrir framtíð íslenskrar sauðfjárræktar. Í búrekstrinum hefur tekist að ná ýmiss konar hagræðingu sem m.a. hefur leitt til mikils samdráttar á innflutningi rekstrarvara.

Í sambandi við búháttabreytingu er skógrækt og gróðurvernd ofarlega á blaði, en frv. til nýrra laga um skógvernd og skógrækt liggur nú fyrir Alþingi.

Að gerð og framkvæmd búvörusamninganna hafa landbrn. og fjmrn. unnið fyrir hönd ríkisins með nánu samstarfi. Við þetta mikla átak sem gera þurfti í framleiðslumálunum var lögð áhersla á að verja afkomu bænda áföllum eins og frekast var kostur. En jafnframt hefur verið stutt við uppbyggingu nýrra atvinnugreina og á það lögð vaxandi áhersla.

Fiskeldi er að byggjast upp víðs vegar um landið og sífellt fleiri bændur taka þátt í því, enda vaxa möguleikarnir á því sviði með aukinni þekkingu, eins og nú er unnið að með bleikjueldi.

Loðdýraræktin varð fyrir áfalli á þessum vetri vegna verðhruns á refaskinnum auk annarra slæmra ytri skilyrða. Við slíkum verðsveiflum á uppboðsmarkaði má að sjálfsögðu alltaf búast og því er stuðningur óhjákvæmilegur þegar um er að ræða nýja atvinnugrein. Í því sambandi hefur verið lögð áhersla á hagræðingu og endurskipulagningu fóðurstöðvanna og mun það treysta rekstrargrundvöll þessarar búgreinar á komandi árum.

Nauðsynlegt er að vinna að hagræðingu og skipulagningu í öllum greinum atvinnulífsins til að draga úr kostnaði. Að því er unnið hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins, en ýmsar þeirra eiga nú í rekstrarerfiðleikum, m.a. vegna minnkandi framleiðslu. Meginástæðan fyrir þeim erfiðleikum er þó tvímælalaust sú sama og í öðrum framleiðslugreinum, þ.e. stóraukinn rekstrarkostnaður sem á rætur að rekja til þenslunnar á höfuðborgarsvæðinu á s.l. ári. Af henni leiddi vaxandi verðbólga sem hafði í för með sér tvöföldun vaxta og mikla hækkun á öðrum liðum. Slíkt getur ekki gengið þegar útflutningsverð hækkar ekki eða fer jafnvel lækkandi eins og nú á síðustu vikum.

Þær greinar sem framleiða fyrir innlendan markað eiga í harðnandi samkeppni við ódýran innflutning. Að vísu heyrist því haldið fram að mikill gróði sé fyrir þjóðina að ódýrum innflutningi á kostnað innlendrar framleiðslu víðs vegar um landið. En hvaða verði verður þessi ódýri innflutningur raunverulega greiddur að lokum þegar þjóðinni tekst vonandi á komandi árum að vinna fyrir nægum gjaldeyri til að greiða með vöxtum og vaxtavöxtum erlendu lánin sem nú verður að taka til kaupanna?

Fleira þarf að taka með í reikninginn. Hér í umræðunum eins og á undanförnum vikum hefur verið rætt um bruna suður í Róm. En fleira gerðist forðum í þeirri borg. Til að fá lýðhylli lét keisarinn útdeila ódýru korni og brauði. Þess var aflað með því að láta greipar sópa um skattlöndin. Afleiðing þeirrar stjórnsýslu varð sú að stuðningur frá skattlöndunum þvarr og að lokum féll Róm líka.

Þannig má ekki vegna skammsýni og skilningsleysis fara fyrir íslensku dreifbýli og höfuðborgarsvæðinu vegna offjárfestingar í verslunarhúsnæði og fleiri röngum athöfnum. En þróun sem áður tók áratugi eða aldir getur nú gerst á nokkrum vikum eða mánuðum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að þeir sem ábyrgðina bera fylgist vel með ef einhvers staðar ætlar að síga á ógæfuhliðina og breyti um vinnubrögð þegar með þarf til að koma málum í viðunandi horf. Það er skylda allra að benda á það sem betur þarf að fara.

Það er sagt að okkur varði sífellt meir gangur mála hvar sem er í heiminum. Hversu miklu frekar róum við Íslendingar þá ekki allir á sama báti? Það þarf að hafa vel í huga við þær ákvarðanir sem flestir eru sammála um að óhjákvæmilegt sé að taka nú á næstu vikum. Jafnframt þurfum við að muna að fjármagnið á að vera til nota fyrir atvinnulífið og fólkið í landinu. Þess vegna þurfum við traust og öflugt bankakerfi sem láti hagsmuni þess sitja í fyrirrúmi en komi í veg fyrir starfsemi sem minnir á spilamennsku, því að reynslan sýnir að þar eru spilaborgir fljótar að hrynja.

En þrátt fyrir mikilvægi fjármagns og efnahagslífs megum við ekki gleyma að fleira er verðmæti sem miklu máli skiptir. Á mörgum sviðum erum við betur sett en flestar aðrar þjóðir ef við berum gæfu til að standa saman um að nýta tækifærin og gleymum því ekki að af landinu og í landinu lifum við en ekki í einhverjum tilbúnum heimi, hvort sem hann er kallaður fjármálaheimur eða eitthvað annað.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Fyrir fáeinum dögum vorum við hér í þessum sögufræga sal og ræddum stjórnmálaástandið í áheyrn og augsýn alþjóðar. Tilefnið var tillaga stjórnarandstæðinga um að Alþingi lýsti vantrausti á ríkisstjórnina. Örlög þeirrar vanhugsuðu tillögu eru öllum kunn, hún kolféll. En samt var umræðan um vantraustið gagnleg. Hún var gagnleg vegna þess að hún sýndi þjóðinni hve fátæklega stjórnarandstaðan er til fara þegar litið er til málefnanna. Stjórnarandstaðan getur bara gagnrýnt og meira að segja það gerir hún ekki mjög vel. Þessi umræða var gagnleg vegna þess að hún sýndi þjóðinni og sannaði að hér situr nú sterk ríkisstjórn með skýr markmið, skýra stefnu.

Þeim flokkum sem nú skipa stjórnarandstöðuna eru mislagðar hendur um flest. Í sumar ýmist gátu þeir ekki, vildu ekki eða þorðu ekki að axla ábyrgð og stjórna landinu. Nú láta þeir hins vegar sem þeim séu allar götur greiðar. Svo er þó sannarlega ekki og það vitum við öll.

Nú skal ég, hlustendur góðir, nefna ykkur bara eitt dæmi um málflutning stjórnarandstöðunnar og hversu merkilegur hann er. Þeir borgaraflokksmenn lögðu fram till. til þál. hér á dögunum um að byggðar yrðu 1050 leiguíbúðir. Gott og vel, en lesum þessa tillögu til enda. Einhvers staðar þarf jú að taka peningana. Og hvað stendur hér? „Ríkisstjórnin gerir tillögur um fjármögnun.“ Svart á hvítu. Þessi sama ríkisstjórn og þeir borgaraflokksmenn stóðu að að flytja vantraust á hér á dögunum með hinum stjórnarandstöðuflokkunum. Borgaraflokkurinn treystir sér ekki til að gera tillögu um fjármögnun eigin tillögu, en treystir ríkisstjórninni til að gera það. Þeir treysta sér ekki til mikilla verka, þeir borgaraflokksmenn. (**Gripið fram í:** Búnir að því.) Er nema von að almenningur spyrji: Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Því að rugl er það og ekkert annað.

Hv. þm. Hreggviður Jónsson sagði hér áðan orðrétt: „Hin farsæla fjármálastjórn Alberts Guðmundssonar.“ Nú er mér ekki alveg ljóst hvort hann átti við Hafskip eða Útvegsbankann, nema þá að hvort tveggja væri sem vel má vera.

En nú ætla ég að segja ykkur svolitla sögu. Daginn fyrir kosningarnar í fyrra kom ég á vinnustað vestur á Snæfellsnesi þar sem verið var að ræða frammistöðu stjórnmálaforingjanna í sjónvarpi kvöldið áður. Einhverjum þótti fulltrúi Kvennalistans hafa staðið sig nokkuð vel. En þá sagði ung stúlka sem var að kjósa í fyrsta sinni: „Já, en hún sagði ekki neitt. Hún bara spurði hina.“ Unga stúlkan hitti naglann á höfuðið. Þingmenn Kvennalistans geta verið einkar lagnir að spyrja, en séu þær spurðar verður fátt um svör. Hvar á að taka peningana til að gera öll hin góðu verk? Engin svör. Þær hafa ekki einu sinni þá hugkvæmni Borgaraflokksins að leggja til að ríkisstjórnin fjármagni það sem þær vilja láta gott gera. Það eru bara engin svör. Auðvitað er það pólitík út af fyrir sig en ég held að það sé ekki mjög góð pólitík.

Fylgi Alþb. heldur nú áfram að minnka undir nýrri forustu. Formaður Alþb. biður um gengislækkun á síðum Morgunblaðsins og Kvennalistinn og Borgaraflokkur taka undir. Gengislækkun er launalækkun og gengislækkun er ekki lækning, það vitum við vel. Ef svo væri, þá væru þessi mál sannarlega einföld. Alþb. biður um gengislækkun, takið eftir því.

Það er eins í þjóðlífinu og í lífi okkar hvers og eins, að þar skiptist á meðbyr og mótbyr. Nú um sinn höfum við hreppt mótbyr, Íslendingar. Ytri aðstæður ýmsar eru okkur óhagkvæmar og ýmsa af þeim erfiðleikum sem nú blasa við höfum við gert okkur sjálf með óskynsamlegri efnahagsstjórn og vitlausri fjárfestingu. Það kom strax í ljós í kringum kosningarnar í fyrra að erfiðleikarnir í þjóðarbúskapnum voru mun meiri en látið hafði verið í veðri vaka og síðan höfum við orðið fyrir enn nýjum áföllum.

Ríkisstjórnin hefur nú starfað í rétta 10 mánuði. Frá því að þing kom saman í haust hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar flutt um 80 stjórnarfrumvörp. Nú segja tölur ekki allt í þessu sambandi, langt í frá. Engu að síður hygg ég að það sé staðreynd að þessi ríkisstjórn hefur komið meiru í verk á 10 mánuðum en sumar aðrar á heilu kjörtímabili.

Þegar ríkisstjórnin tók við voru menn sammála um að tekjuöflunarkerfið væri í molum, skattkerfið hriplekt og kannski handónýtt. Þar hefur verið tekið til höndum og ekki allt ráðstafanir sem eru til vinsælda fallnar, víst er um það, en nauðsynlegar ráðstafanir, ráðstafanir sem varð að gera. Staðgreiðsla skatta, breytingar á söluskatti sem undanfari virðisaukaskatts sem verður nú að lögum og tekur gildi um mitt næsta ár, ný tollalög, marghátt-aðar umbætur á dómskerfinu, aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði er í vændum. Lög verða sett um kaupleiguíbúðir, mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina. Það mál nær fram að ganga, enda þótt vissulega hafi verið reynt að bregða fyrir það fæti.

Svik og sýndarmennska, sagði hv. þm. Kristín Einarsdóttir, þm. Kvennalistans, hér áðan í sambandi við kaupleigukerfið. Ég vil vekja athygli á því að á fjárlögum eru ætlaðar 273 millj. til kaupleigukerfisins á þessu ári. Þær kvennalistakonur verða að lesa þau fjárlög sem Alþingi samþykkir og þær eiga að láta Jóhönnu Sigurðardóttur félmrh. njóta sannmælis. Þær væru meiri menn að.

Annað mál mætti nefna hér, sem er löggjöf um framhaldsskóla sem verður væntanlega að lögum á þessu þingi. Fleira mætti svo sannarlega til taka þótt hér verði látið staðar numið.

Eins og ég nefndi áðan hafa ekki allar ráðstafanir verið til vinsælda fallnar. En þegar menn axla ábyrgð er það gjarnan svo að það verður að gera fleira en gott þykir. Þess sjást nú þegar merki að ýmis verk ríkisstjórnarinnar eru farin að bera árangur. Það sést m.a. á nýjum tölum um batnandi ríkisbúskap og betri skattskil.

En þótt margt stefni nú til réttrar áttar er kannski enn fleira ógert. Mikil vandamál blasa við í útgerð og fiskvinnslu. Gengislækkun er þar engin allsherjarlausn. Gengislækkun ein og sér, hvað er hún? Hún er ávísun á verðbólgu, kaupmáttarskerðingu og þyngri greiðslubyrði af lánum. Við verðum að bæta nýtingu framleiðslutækjanna í sjávarútvegi þannig að hann skili betri tekjum og geti greitt fiskvinnslufólki betri laun. Við lifum nú mikla breytingatíma og því aðeins getum við treyst grundvöll velferðarríkisins á Íslandi að hafist verði handa um róttæka endurskipulagningu atvinnulífsins.

Öllum þykir okkur með ýmsum hætti vænt um okkar ágætu höfuðborg, en öllum þykir okkur sjálfsagt vænna um landið okkar. Við viljum ekki borgríki við Faxaflóa og eyðibyggðir út um land. Það hallar og hefur hallað á landsbyggðina. Ævintýraleg fjárfesting í verslunarhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu er ekki það sem þessi þjóð þarf núna. Og þegar ein Kringlan er risin ætlar borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík að reisa aðra, skopparakringlu, efst á Öskjuhlíðinni fyrir eins og 500 eða 600 millj. kr. Þetta er að gefa landsbyggðinni langt nef.

Eitt mikilvægasta verkefnið í landsstjórninni nú er að tryggja búsetu, bæta lífskjör og efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Óheillaþróun undanfarinna ára verður ekki umsnúið á einni nóttu. Þar verður í góðu samráði við sveitarfélögin að fylgja fram breyttum verkaskiptingarreglum sem skammsýni náði að stöðva um sinn, bæta fjármagnsþjónustu á landsbyggðinni og dreifa ríkisstofnunum meira um landið en nú er gert.

Í landbúnaði stendur nú yfir erfiður aðlögunartími, aðlögun að breyttum aðstæðum, aðlögun sem hófst allt of seint. En þegar við ræðum vanda landbúnaðarins erum við ekki bara að tala um peninga, prósentur og hagstærðir. Við erum líka að tala um fólk og sú staðreynd má aldrei gleymast eitt einasta augnablik. Stjórnmál snúast ekki aðeins um að leysa knýjandi verkefni líðandi stundar þótt þannig kunni stundum að líta út. Stjórnmál snúast um framtíðarsýn, um betra mannlíf, um mannúð og menningu. Þau snúast líka um vonina um samfélag:

> Þar einskis manns velferð er volæði hins
> né valdið er takmarkið hæst
> og sigurinn aldrei er sársauki neins,
> en sanngirni er boðorðið æðst.

Fáir hafa orðað þessa hugsun betur en íslenski bóndinn á sléttunum í skjóli Klettafjalla.

Það er kjarninn í stefnu okkar jafnaðarmanna að skapa hér samfélag um mannúð og menningu, velferðarríki sem ber fyrir brjósti hag hinna öldruðu og þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í veikindaforföllum Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, hv. 16. þm. Reykv., hef ég tekið að mér að tala í hennar stað. Aðalheiði er það einkar lagið að segja hlutina á þann hátt að allir skilja. Hún er vön að komast að kjarna málsins með fáum en skýrum orðum. Þingmenn gætu margir lært af henni og er sá sem hér talar engin undantekning. Það sem ég segi hér á eftir reyni ég því að segja með orðalagi Aðalheiðar.

Sú ríkisstjórn sem nú er að senda þingið heim að því er virðist til að fá frið fyrir sínum eigin mönnum á sér fáa formælendur þrátt fyrir mikinn þingmeirihluta að nafninu til. Við sem sitjum hér höfum séð og heyrt hversu ósammála þeir eru innbyrðis. Oft leikur vafi á því hvort þau frumvörp sem kallast stjórnarfrumvörp hljóti samþykki.

Út í frá láta stjórnarsinnar sem allt illt er kemur frá stjórninni sé ættað frá krötum. Það má rétt vera. Mér sýnist þó að krata-Jónarnir þjóni mjög vel þeim sem nú leiða Sjálfstfl. En það er sannarlega hryggilegt þegar flokkur sem kennir sig við alþýðu manna og er kosinn á þing af alþýðufólki, skulum við ætla, lætur hafa sig í að vera í forsvari fyrir því illvirki sem matarskatturinn er. Sá skattur bitnar illa á öllum en verst þó á barnafjölskyldum, öldruðum og einstaklingum. Hvað skyldu þau hafa sagt við þessu, Haraldur og Jóhanna Egils?

Kjaramálin hafa verið í brennidepli í allan vetur. Um langt skeið hefur ríkt mikil óánægja í röðum launamanna, ekki bara með lág laun heldur hið ógnvænlega launamisrétti sem stöðugt magnast. Formaður og varaformaður Verkamannasambands Íslands geystust um landið og sögðu sínar farir ekki sléttar. Alls staðar hittu þeir fólk tendrað glóandi reiði. Meðan þeir félagar stóðu í ströngu voru lagðir þræðir milli Arnarhvols og Ísafjarðar og Vestfjarðasamningar urðu til. Þeir samningar hafa í raun ráðið ferðinni síðan í öllum þeim samningum sem á eftir hafa komið. En ekki hefur ánægjan með þá verið mikil. Sums staðar voru þeir felldir einu sinni, annars staðar tvisvar og nú síðast þröngvað upp á verslunarmenn.

Og nú á að senda þingið heim svo ríkisstjórnin geti í næði í sumar setið við sína Rómarbrennu. Ekkert bendir þó til þess að sú seta verði friðsamleg. Þótt landsbyggðarmenn í Framsfl. hafi látið undan í deilunum á miðstjórnarfundinum á dögunum eru vandamálin í dreifbýlinu óleyst. Þau vandamál eru svo krefjandi að þeim verður ekki frestað. Efnahagsvandinn er meiri en svo að hann verði leystur með einhverjum hókus, pókus aðferðum. Hann vex stöðugt þrátt fyrir þær drápsklyfjar skatta sem hæstv. fjmrh. hefur lagt á launamenn.

Stærstu kjarasamningarnir eru liðnir hjá. En hún býr enn þá í fólki, þessi rjúkandi reiði sem formaður og varaformaður Verkamannasambandsins fundu fyrr í haust. Ég hef sagt það áður á þessu þingi að sú ríkisstjórn sem kallar yfir sig þunga reiði hins almenna verkamanns mætti vara sig. Sú reiði sem fyrir var hefur ekki dvínað nema síður sé.

Ég sagði það líka þá og segi enn að eftir hartnær 70 ára baráttu verkalýðssamtakanna hefur ekki tekist að ná því marki að átta stunda vinnudagur nægi til lífsframfæris. Það sem verra er, launamisréttið í landinu er orðið hrikalegt, svo hrikalegt að það er ekki hægt að leiðrétta það í kjarasamningum.

Fyrir nokkrum árum lá fyrir Alþingi tillaga frá Stefáni Jónssyni um að ekki mætti greiða hærri laun á Íslandi en tvöföld verkamannalaun. Nú bera flokksmenn hans fram svipaða tillögu en nú um fjórföld laun og eru þá forstjóralaunin ekki reiknuð með. Hjá svona lítilli þjóð getur mikið launamisrétti ekki gengið til lengdar, það hljóta allir að sjá.

Alþýðusamband Íslands, þessi risi sem mörgum finnst hafa dormað fram á lappir sínar í lengri tíma, kallar saman til þings í haust. Ég á von á því að þaðan heyrist hvassar raddir jafnvel þótt sumarið verði notað af stjórnarherrunum til þess að leggja ekki enn frekari álögur á hinn almenna mann.

Verið er að knýja virðisaukaskatt í gegnum þingið. Hann á eftir að taka sinn grimmilega toll.

Menn trúa gjarnan því sem þeir vilja trúa. Þeir eru þó fáir og fer fækkandi sem trúa því að sú ríkisstjórn sem nú situr muni bæta hag manna. Við skulum ekki gleyma því að allir flokkar sem standa að ríkisstjórninni bera jafna ábyrgð á gerðum hennar. Það er ekki hægt að vera með og á móti. Þetta skilur fólk úti á landi þótt menn sem dvelja langtímum saman erlendis, þótt í opinberum erindagjörðum sé, sjái það síður. Ég hvet alla til þess að vera vel á verði í sumar og búast ekki við neinu góðu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að þurfa að hefja mál mitt hér fyrir framan alþjóð með því að mótmæla ummælum Eiðs Guðnasonar sem talaði hér á undan mér og reyndi að tengja mig í þessum umræðum við Hafskip og Útvegsbankann þar sem ég hef ekkert að skammast mín fyrir. Þetta er dæmi um málefnafátækt stjórnarliða og blettur á þingmannsferli hv. þm.

Hæstv. utanrrh. hóf mál sitt með því að segja að Framsfl. mundi ekki slíta stjórnarsamstarfinu. Þetta eru vissar fréttir vegna þess að sú eina niðurstaða sem ég hef heyrt af hinum umtalaða miðstjórnarfundi Framsfl. var eftirfarandi:

„Við höfum lesið í fréttum frá miðstjórnarfundi Framsfl. að ráðherrum flokksins er falið að ræða efnahagsmál og lausn á þeim vanda sem nú sligar þjóðfélagið við sína samráðherra. Náist ekki samkomulag um efnahagsráðstafanirnar sem duga innan tveggja mánaða mun Framsfl. endurskoða aðild sína að ríkisstjórninni."

Þetta var niðurstaðan af miðstjórnarfundi Framsfl.

Þá fullyrðir hæstv. utanrrh. að stjórnarandstaðan hefði ekki verið burðug og hún muni ekki leysa nein mál. Þetta er vanvirða við stjórnarandstöðu, vanvirða við andstæðing vegna þess að stjórnarandstaðan á Alþingi hefur verið málefnaleg og sterk og samstæð og staðið uppi í hárinu á valdhöfum. Stjórnarandstaðan er ekki valdaaðili, hún er allt annað, hún veitir valdhöfum aðhald.

Hæstv. forseti. Í sl. viku fóru fram umræður á Alþingi um vantraust á ríkisstjórnina. Kom þá fram að ríkisstjórnin afhjúpaðist sem ráðalaus með öllu. Vantrauststillagan hafði meirihlutastuðning meðal þm. en Framsfl. ákvað að lengja líftíma ríkisstjórnarinnar um tvo mánuði.

Ræða forsrh. gefur ekki tilefni til andsvara, hún var óbreytt frá fyrri ræðum. En ræða sjálfskipaðs leiðtoga stjórnarliðsins, hæstv. fjmrh., vakti athygli mína fyrir það að hann forðaðist að tala um stjórnarstefnuna og árangur hennar en eyddi tíma sínum í að segja áheyrendum hvernig hann ímyndar sér framtíðina ef hitt eða þetta verður samþykkt, framkvæmt eða gerist. Maðurinn er gjörsamlega blindur fyrir staðreyndum sem blasa þó við þjóðinni allri og lifir í draumheimum.

Hæstv. forsrh. endurtekur í sífellu að við megum ekki slíta friðinn. Hæstv. fjmrh. staglast á því að fólk og fyrirtæki hafi aldrei haft það eins gott á Íslandi. Þvílíkir blekkingarmeistarar! Ranglega heldur hæstv. fjmrh. því fram að stjórnarandstaðan hafi lagt til að fjárlögin fyrir 1988 yrðu afgreidd með meiri halla. Hið rétta er að við vildum lækka útgjöld og mótmæltum hækkun skatta.

Útgjaldahlið fjárlaga hækkaði um 50% milli áranna 1987 og 1988. Það sem hv. þm. Hreggviður Jónsson átti við í sinni ræðu var það að ég sem fjmrh. skilaði fjárlögum fyrir 1986 með tekjuafgangi. Hækkunin nú á milli ára er úr 43 milljörðum í rúmlega 60 milljarða, ég held að það verði 65–67 milljarðar fyrir árið 1988. Skattar hækkuðu yfir 20 milljarða milli sömu ára til að standa undir útgjaldaaukningunni þetta eina ár. Halli ríkissjóðs er með þessu færður yfir á heimilin í landinu. Eldhúsin í landinu eru látin taka til sín áhyggjur fjmrh. því laun hafa ekki hækkað að sama skapi.

Aldrei hefur ríkisstjórn löðrungað þjóðina svo ákaft. Alþfl., flokkur sem kennir sig við alþýðuna, og Alþýðusambandið hafa haft launamál vinnumarkaðarins í sínum höndum í 70 ár og Alþb. með þeim eitthvað skemur. Árangurinn er ekki meiri en það að enn þá getur enginn verkamaður lifað af 8 stunda vinnudegi. Launin duga ekki fyrir þaki yfir höfuðið. Því búa margir meðbræður okkar við óöryggi sem okkur ber að bæta úr. Hinir gömlu flokkarnir sem nú eru í einni sæng í ríkisstjórninni hafa líka brugðist, bæði í launamálum og húsnæðismálum.

Borgarafl. hefur lagt fram á Alþingi framkvæmanlegar tillögur, bæði um hækkun lágmarkslauna og

um byggingu leiguhúsnæðis sem ávallt væri í eign ríkisins og leigan mætti aldrei vera hærri en sem svarar ¼ af lægsta launataxta Verkamannasambands Íslands eins og hann er á hverjum tíma. Þessi till. sem er orðuð af mér er nákvæmlega eins orðuð og sú till. sem var framkvæmd á vegum Reykjavíkurborgar af öllum flokkum stjórnarandstöðunnar þar auk mín sem var oddamaður í Reykjavík þá og heitir nú leiguíbúðir fyrir aldraða og eru starfræktar.

Hitt er annað mál að hér er þáltill. á þskj. 172 flutt af Eiði Guðnasyni sem leggur til sams konar aðferð við fjármögnun.

Fjölmiðlar hafa haldið till. Borgarafl. leyndum. Er hér er skrá frá Alþingi yfir á milli 60 og 70 mál sem Borgarafl., hinn nýi ársgamli flokkur, hefur flutt hér á Alþingi. Hann hefur því ekki verið aðgerðalaus. En fjölmiðlar hafa haldið till. Borgarafl. leyndum. Með þessum lista kemur það fram að slæmt er að hafa ekki málgagn. Trúr stefnu sinni hefur Borgarafl. mótmælt tillitsleysi, miskunnarleysi ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar í skattamálum og fleiri málum sem stefnt er gegn fólkinu fyrir kerfið því Borgarafl. starfar í anda mildi og mannúðar.

En hver er svo árangurinn af stefnu og störfum ríkisstjórnarinnar? Verkföll lama þjóðfélagið, undirstaða þjóðarbúsins, fiskvinnslan, í miklum rekstrarerfiðleikum og dregur saman seglin, segir upp fólki. Ný endurreist Álafoss hf. líklega að loka nema opinberir sjóðir haldi áfram að spýta peningum í hítina. Ullariðnaður er að stöðvast og fjöldi fólks að verða atvinnulaus. Verksmiðjurnar á Akureyri eru að stöðvast. Grandi hf. segir upp helmingi af starfsfólki. Verslanir og fyrirtæki um land allt hætta störfum. Mörg kaupfélög birta ársreikninga sem sýna mörg hundruð milljón kr. tap á rekstri. Sláturfélag Suðurlands segir upp fjölda manns og tilkynnir taprekstur. Stórfelld gengislækkun er boðuð þrátt fyrir nýafstaðna gengislækkun. Erlendar skuldir halda áfram að aukast, viðskiptahalli vex ört og er nú sagður stefna í 15–20 milljarða um áramótin og verðbólgan á hraðri ferð upp á við. Nýfrjálshyggjan hefur ekki látið að sér hæða. Það er köld nótt í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Til þess að þurfa ekki að standa Alþingi skil á væntanlegum aðgerðum sínum skal nú slíta Alþingi, senda það burt þrátt fyrir áríðandi mál sem bíða óafgreidd. Stjórnarliðið hefur verið svo óstýrilátt að augljóst er að ríkisstjórnin ræður ekki við stuðningslið sitt og er það önnur ástæða fyrir því að senda alþm. burt frá störfum.

Stjórnarfrumvörp hafa oft mætt andstöðu stjórnarliða. Í umræðum hafa meira að segja ráðherrar opinberað ágreining sín á milli. Slíkur ágreiningur milli ráðherra smitar út frá sér og hefur skapað óróa í þjóðfélaginu þegar samstaða og velvilji milli manna og gagnkvæmt traust var það sem þjóðin þurfti mest á að halda.

Góðir hlustendur. Ísland er gott land, Ísland, landið þitt og landið mitt. Land tækifæranna, tækifæra til lands og sjávar. Fólkið er fallegt og frjálslegt og þjóðarframleiðslan ein sú mesta í veröldinni. En því miður líður ekki öllum vel. Hvers vegna er það svo? Svar mitt er einfalt: Það er vegna þess að við eyðum tíma okkar og orku í deilur um fányta hluti í stað þess að finna lausnir. Við þurfum að koma okkur saman um að skipta ágóðanum af gjöfulu landi þannig að allir hafi nóg til að lifa hér mannsæmandi lífi.

Borgarafl. er ekki gamall, hann er eins árs. En gömlu flokkarnir gera til hans meiri kröfur en sjálfra sín, sem er ágætt. Borgarafl. er afl í íslenskum stjórnmálum og mun stækka og styrkjast því að hann er flokkur fólksins. Borgarafl. er reiðubúinn til samstarfs um endurskoðun á skiptingu þjóðartekna með það að markmiði að allir landsmenn hafi efni á að lifa sómasamlegu fjölskyldulífi af 8 stunda vinnudegi, hafi varanlegt þak yfir höfuðið og að allir geti veitt sér góðan mat á hverjum degi og hafi síðan tíma afgangs fyrir fjölskylduna. Þetta er hægt. Svona er það hjá öðrum þjóðum. Hvers vegna er þetta ekki eins hjá okkur? Ef við berum gæfu til að sameinast, standa saman þá erum við Íslendingar sem heild sterk eining, sterk heild. Borgarafl. vill hér eins og áður hvetja til umburðarlyndis og samstöðu með þjóðinni.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Í Dagblaðinu 15. mars sl. er frétt um fiskvinnslu í fremstu röð. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðuneytið hefur hafið herferð til að hvetja menn til aukinnar framleiðni, bættrar starfsaðstöðu verkafólks og til að snyrta umhverfi fiskvinnslustöðva. Alls fengu í ár 9 fiskvinnslustöðvar verðlaun. Verðlaunin voru steinn sem á er letrað eftirfarandi: „Hvatning til dáða." Svo kemur nafn fyrirtækisins og undir er letrað nafnið „Halldór Ásgrímsson". Verðlaunasteinarnir eru gerðir hjá Álfasteini hf. í Borgarfirði eystra. Einnig var fyrirtækjunum afhent innrammað vinnsluleyfi þar sem kemur fram viðurkenning sjávarútvegsráðuneytisins fyrir gott starfsumhverfi."

Einu af þessum fyrirtækjum hefur nú verið lokað. Jafnvel fyrirmyndarfyrirtæki standast ekki stjórnarstefnuna. Í Morgunblaðinu 10. jan. 1987 birtist myndskreytt frétt um hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands á vegum Granda hf. — Það er leiðinlegt að ráðherra skuli vera farinn og sjái ekki þessa góðu frétt. Þar stóð m.a.:

„145 sérhæfðir fiskvinnslumenn útskrifaðir. Við athöfn þessa lauk námskeiði sem starfsfólki Granda hf. var boðið upp á þar sem fram fór kennsla í ýmsum fræðum er tengjast fiskvinnslu í landinu og starfi þeirra að henni. Í ræðu Brynjólfs Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Granda hf., við upphaf athafnarinnar kom sú skoðun fram að námskeið þetta væri aðeins upphafið á því sem koma skyldi. Fram undan væru í þjóðfélaginu miklar framfarir í sjálfvirkni og tækni og því mikil þörf á sérhæfðu fiskvinnslufólki."

Á hátíðinni var staddur hæstvirtur sjávarútvegs-

málaráðherra. Um hans þátt segir Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Þegar afhending skírteina hafði farið fram tók Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra til máls og óskaði fyrstu útskrifuðu sérhæfðu fiskvinnslustarfsmönnum til hamingju með áfangann. — „Þetta er ekki aðeins merkur áfangi á starfsferli ykkar heldur er þetta stórviðburður í sögu íslensks sjávarútvegs.“„

Það er ekki nema rúmt ár síðan þessi hátíð var haldin og þessar ræður fluttar. Þá sagði forstjóri Granda að fram undan væri mikil þörf fyrir sérhæft fiskvinnslufólk og ráðherrann taldi þetta merkan áfanga í starfsferli fólksins. Aðgerðir og aðgerðaleysi fyrrverandi og núverandi ríkisstjórnar hafa orðið þess valdandi að einum þriðja af þessu sérhæfða fiskvinnslufólki Granda hefur verið sagt upp og skal nú leita sér annarra starfa þar sem háskólanámið kemur trúlega að litlu gagni.

Fréttamaður sjónvarps átti viðtal við sjómann af Akranesi og spurði hann um aflabrestinn á vertíðinni, hver væri orsökin. Sjómaðurinn svaraði því til að sjómenn teldu sig ekki geta veitt sama fiskinn nema einu sinni. Um of fáa fiska væri að ræða á miðunum. Þetta svar heyrist nú á næstum öllu hina hefðbundna vertíðarsvæði, jafnléleg vertíð hefur ekki komið áður. Greinilegt er að fiskveiðistefnan hefur brugðist, sókninni í þorskstofninn er illa stjórnað. Fiskurinn er veiddur of smár, fær ekki að vaxa upp til að ganga á hina hefðbundnu vertíðarslóð. Greinilegt er að ekki er hægt að beita kvótakerfi eins og við höfum búið við að undanförnu til að tryggja viðgang þorskstofnsins og til að halda veiðistofninum í hagkvæmri stærð.

Sjútvrh. taldi sér og framsókn það til ágætis í umræðunni um vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar í fyrri viku að samstaða hefði verið mikil um samþykkt gildandi fiskveiðistefnu við afgreiðslu hennar um áramótin. Við sem töldum að stefna ráðherrans næði ekki þeim tilgangi sem henni er ætlað urðum vör við mjög mikla andstöðu við þá kvótaútfærslu sem samþykkt var meðal flestra hagsmunaaðila. Og í fyrsta skipti í ráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar var öll stjórnarandstaðan á öndverðri skoðun við ráðherrann.

Stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum, bæði gagnvart veiðum og vinnslu, hefur mistekist. Um það efast enginn nema þá kannski ráðherrarnir og seðlabankastjórar. Hróp um hagræðingu hjá fiskvinnslufyrirtækjum, án nokkurrar skilgreiningar um hvað gera skuli nema að segja upp starfsfólki, er markleysa. Grandaaðferðin dugar hvergi, ekki einu sinni hjá Granda hf.

Greinilegt er að fram undan er minnkandi þorskafli, minnkandi umsetning fiskvinnslufyrirtækja og útgerðar, auknir rekstrarerfiðleikar vegna rangrar fiskveiðistefnu. Vaxtaokrið og gengisstefnan eru þegar fyrir hendi.

Það er nokkuð merkilegt að þótt landinu sé stjórnað gegn hagsmunum sjávarútvegs, gegn hagsmunum landsbyggðar, gegn framleiðsluatvinnuvegum, fyrir Kringlupólitíkina, fyrir fjármagnið og fyrir eyðsluna, eru þeir sem eru í forsvari fyrir þessar greinar meira og minna á bandi ríkisstjórnarinnar, á bandi framsóknar, ekki með samvinnufélögunum, á bandi Sjálfstfl., ekki með sjávarútveginum. Það er hrópað á gengisfellingu þótt vitað sé að slík aðgerð verkar eingöngu sem kvalastillandi lyf fyrir atvinnugreinarnar ef Kringlupólitíkin, vaxtaokrið og eyðslan heldur áfram.

Frjálshyggjustefnan gat gengið í uppsveiflunni, góðærinu. Það var hægt að stjórna um takmarkaðan tíma án fyrirhyggju við slíkar aðstæður. Því fara ekki forustumenn atvinnuveganna fram á breytta stjórnarstefnu? Af hverju gera ekki forustumenn sveitarstjórna úti á landsbyggðinni slíkt hið sama? Það er ekki nema von að fjmrh., forsrh. og sjútvrh. geti verið brattir meðan aðeins er beðið um gengisfellingu, en öðru í stjórnarstefnunni ekki mótmælt.

Það er fyrirkvíðanlegt að búa við stefnu núverandi ríkisstjórnar út yfirstandandi kjörtímabil ef fram stefnir sem horfir. Ef frjálshyggjan verður látin ráða ferðinni verður þjóðfélag okkar gjörbreytt frá því sem nú er að kjörtímabili loknu. Á undanförnum árum höfum við verið að leitast við að byggja upp félagslegt velferðarþjóðfélag og okkur hefur tekist þar margt nokkuð vel. Er ekki rétt að halda því starfi áfram? Það gerum við með því að styrkja félagsmálaöflin í landinu, Alþb. og verkalýðshreyfinguna.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Við höfum nú haft hér í kvöld í annað sinn á stuttum tíma umræðu sem er útvarpað og sjónvarpað inn á hvert heimili í landinu. Væntanlega er þjóðin nokkru nær — eða hvað? — með það sem við erum að bauka hér daginn út og daginn inn sem skipum þessa virðulegu stofnun.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðunum hér í dag og alveg sérstaklega þeirri staðreynd hvernig talsmenn stjórnarflokkanna hafa í rauninni allir reynt að fara fram hjá staðreyndum íslensks þjóðlífs um þessar mundir sem eru stórfelld stéttaátök, stéttaátök sem eru miklu harkalegri en maður hefur séð mjög lengi í þessu landi.

Í umræðunum í dag hefur því að vísu ekki verið haldið fram að stéttabaráttan sé úr sögunni, en það er vinsæl klisja formanns Sjálfstfl. sem hann hefur endurtekið aftur og aftur í umræðum á undanförnum mánuðum og missirum. En það er ekki von að hann dragi upp þessa yfirlýsingu núna þegar þess er gætt að mjög hörð stéttaátök eiga sér stað.

Ég vil nota þetta tækifæri hér, herra forseti, til að mótmæla þeirri aðför að verslunarfólki sem hefur birst undanfarna daga. Ég mótmæli því hvernig farið hefur verið með sáttatillögu gegn þessu fólki, ég mótmæli lagaákvæðunum sem notuð hafa verið gegn verslunarfólki. Það eru lagaákvæði sem verður að breyta. Ég mótmæli því harðlega hvernig fyrirtæki

forustumanna Vinnuveitendasambandsins hafa verið notuð markvisst gegn láglaunafólkinu í verslunarmannafélögunum hvort sem þau heita Flugleiðir, Eimskip, BM Vallá eða Hólagarður. Ég mótmæli því sérstaklega að jafnvel samvinnufyrirtæki séu orðuð við atlöguna að verslunarfólki í þessu landi. *Og ég mótmæli því mjög harðlega hvernig það hefur* birst síðustu sólarhringa að Vinnuveitendasambandið hótar að setja þau fyrirtæki í afgreiðslubann sem leyfa sér að fallast á að hækka lægstu laun upp í 42 þús. kr. Þessari bannfæringarstefnu mótmælir Alþb. harðlega. Og við mótmælum því sérstaklega að ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, Framsfl. og Alþfl. er beitt í þessari kjaradeilu gegn þessu fólki í verslunarmannafélögunum.

Hvernig stendur á því að þessi kjaradeila er komin upp? Ástæðan er auðvitað sú að það er ríkjandi reiði, réttlát reiði í öllu landinu, meðal allra launamanna gegn þeirri stefnu misréttis og ranglætis sem núverandi ríkisstjórn fylgir. Þessi uppreisn birtist okkur á landsbyggðinni. Þessi uppreisn birtist okkur meðal launamanna. Hún er gegn vaxtaokrinu, hún er gegn peningafrelsinu, hún er gegn matarsköttunum sem hafa verið lagðir á hér á þessu ári. Og svo koma þessir þingmenn stjórnarflokkanna í halarófu hver á fætur öðrum upp í ræðustólinn í þessari virðulegu stofnun og þykjast hvergi hafa komið nærri, gagnrýna stjórnarstefnuna harðlega og kalla hana helstefnu eins og ritari Sþ. mér á vinstri hönd, en greiða svo atkvæði gegn vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem fylgir helstefnunni.

Tvöfeldnin, margfeldnin og hræsnin hefur verið megineinkenni Framsfl. í gegnum söguna, en nú hefur Framsfl. öðlast keppinaut, keppinaut þar sem er Alþfl. og stendur framsókn víða á sporði í hræsni, tvískinnungi, að ég segi ekki ómerkilegheitum í málflutningi gagnvart kjósendum þessa lands.

Efnahagsstefnan er að sigla öllu í strand, segir landbrh., í grein í Tímanum í dag. Róm brennur, segir Steingrímur Hermannsson. Það er allt í sæmilegu lagi, segir hins vegar Páll Pétursson, nema byggðamálin, efnahagsmálin og atvinnumálin. Að öðru leyti allt í fínu lagi, en þessi smámál í dálitlu ólagi. Staðreyndin er auðvitað sú að Framsfl. ber ábyrgð á þessu öllu saman, vaxtaokrinu í landbúnaðinum sem er framkvæmt með samþykki Jóns Helgasonar, vaxtaokrinu í sjávarútveginum sem er samþykkt og framkvæmt með stuðningi Halldórs Ásgrímssonar. Auðvitað ber framsókn þarna alla ábyrgð.

Og Alþfl. Hvað hefur hann gert? Hefur hann leyst stórkostlegan vanda, Alþfl., sem allt í einu þykist vera orðinn ábyrgur eftir ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar? Hvað hefur Alþfl. leyst? Hafa biðlistarnir hjá Húsnæðisstofnun styst? Hefur efnahagsvandinn á láglaunaheimilunum minnkað? Hefur verið lagður skattur á hátekjumenn og stórfyrirtæki og gróðaaðila? Nei. Á hverja hefur verið lagður skattur? Matarskattur á alþýðuheimilin í landinu. Þetta er ekki jafnaðarstefna.

Og Sjálfstfl. Það má segja að út af fyrir sig hafi stefna hans víða verið í framkvæmd í tíð núverandi ríkisstjórnar, en þó hygg ég að yfirlýsingar hans fyrir kosningar um að ekki verði lagðir á hærri skattar þyki nokkuð sérkennilegar í dag. Andspænis þessari stefnu er okkar stefna, alþýðubandalagsmanna, sem höfum flutt hér á Alþingi tillögu um launajöfnun, um hækkun lægstu launa, um samstöðu með samtökum launafólks, um nýja skattastefnu, um nýja byggðastefnu og jöfnun lífskjara, styttri vinnutíma, frumkvæði Íslands í utanríkis- og umhverfismálum sem birtist í tillöguflutningi um ýmsa málaflokka sem hafa verið raktir fyrr í dag.

En nú á að reka þingið heim. Nú á að hafna þeirri stefnu og þeirri umræðu sem hér getur farið fram. Nú gæti nefnilega farið svo að næstu daga mundi einhver Ólafur Þ. Þórðarson enn þá rísa upp úr stjórnarliðinu og segja: Nei takk, þegar ríkisstjórnin fer að taka ákvarðanir um aðgerðir í efnahags- og kjaramálum. Það er verið að reka þingið heim, herra forseti, vegna þess að ríkisstjórnin ætlar að losa sig við stjórnarliða til að geta beitt þeim ráðstöfunum, afturhaldsráðstöfunum, sem hún hefur í undirbúningi í kjaramálum og efnahagsmálum.

Því hlýtur stjórnarandstaðan að mótmæla, mótmæla því mjög harðlega hvernig ríkisstjórnin ætlar með þessum hætti að lítilsvirða þingið. Þess vegna mun umræða halda áfram þó þinginu verði frestað. Vantrauststillögunni verður vísað til þjóðarinnar allrar.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Meginstefna ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum og stíga ný skref í frjálsræðisátt. Frá því að þessi stefna var mörkuð fyrir nokkrum árum hefur verulega dregið úr verðbólgu og kaupmáttur hefur aukist meira hér á landi en í nokkru öðru landi í nágrenni við okkur.

Á síðari hluta sl. árs greip ríkisstjórnin til ýmissa aðgerða til að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu með því að draga úr þenslu og stuðla að meira jafnvægi. Þetta var gert með því að samþykkja hallalaus fjárlög, draga úr erlendum lántökum ríkissjóðs, leggja skatta á erlendar lántökur fyrirtækja og einkaaðila og setja reglur um fjármögnun kaupleigufyrirtækja. Árangurinn hefur þegar skilað sér í minni verðbólgu, minni þenslu og minni fjárfestingu. Til að koma í veg fyrir hallarekstur í útflutningsframleiðslunni snemma á þessu ári var ákveðið að fella gengið innan ákveðinna marka. Það var ákveðið að falla frá fyrirhuguðum launaskatti á útflutningsfyrirtækin. Allt var þetta gert sem liðir í markvissum aðhaldsaðgerðum til að viðhalda jafnvægi og koma í veg fyrir verðbólgu.

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hefur lýst því yfir að hún telji að halda eigi gengi íslensku krónunnar sem stöðugustu. Þessi stefna hefur af ýmsum verið kölluð fastgengisstefna. Hún felst í því að stjórnvöld segja fyrir fram hvaða reglur gildi um gengið.

Þannig verða allar áætlanir um rekstur bæði fyrirtækja og heimila raunhæfari en ella. Almenningur og fyrirtæki geta tekið ákvarðanir sínar í trausti stöðugleikans og borið ábyrgð á þeim.

Að undanförnu hafa ýmsir atvinnurekendur í útflutningsgreinum krafist breytinga á þessari stefnu og óskað eftir gengisfellingu til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækja sinna. Aðalástæðan fyrir þessum kröfum er sú að innlendar kostnaðarhækkanir, einkum launagreiðslur, hafa orðið meiri en verðmætasköpun fyrirtækjanna ræður við. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar, ekki síst forustumenn Alþb., m.a. Ólafur Ragnar Grímsson og sá sem talaði hér fyrir skömmu, Skúli Alexandersson, hafa tekið undir sum þessi sjónarmið atvinnurekenda og hamrað á því að fastgengispostularnir séu að setja framleiðslufyrirtækin á hausinn.

Það er full ástæða til að skoða þessi mál ögn nánar. Hvað þýðir gengisfelling í raun? Gengisfelling þýðir ósköp einfaldlega að verðmæti íslensku krónunnar minnkar, fleiri krónur fást fyrir útflutningsafurðir okkar, kaupmáttur launa verður minni, fjármagnið flyst frá fólki til fyrirtækja. Gengisfelling skapar ekki ný verðmæti heldur færir þau aðeins til. Ef þeir sem bera skarðan hlut frá borði ætla síðan að ná aftur sínum skerfi vex rekstrarkostnaður fyrirtækjanna á nýjan leik og nýtt gengislækkunartilefni liggur á borðinu. Afleiðingarnar eru óðaverðbólga og ringulreið í efnahagsmálum sem íslenska þjóðin þekkir frá fyrri tíð, ekki síst í stjórnartíð þeirra sem síðast töluðu hér á undan mér.

Þegar atvinnurekendur biðja um gengisfellingu til að bæta rekstrarskilyrðin er ljóst að þeir ætlast ekki til að launin hækki að sama skapi. Þegar stjórnarandstaðan segir að fastgengisstefnan sé gengin sér til húðar fást engin svör um hvort hún sé tilbúin til að verja hagstæð áhrif gengisfellingar fyrir fyrirtækin með því að rýra kaupmátt launafólks. Í trausti þess að landsmenn sjái ekki samhengi þessara hluta hamra stjórnarandstæðingar á því annars vegar að fastgengisstefnan sé að setja fyrirtækin á hausinn og hins vegar telja þeir að auka megi kaupmáttinn. En fólkið veit að þetta gengur ekki saman. Þjóðin sér í gegnum slíkan blekkingarvef. Það verður að gera þá lágmarkskröfu til stjórnarandstöðunnar að hún svari þeirri spurningu hvort hún sé tilbúin til að rýra kaupmátt launa og koma þannig til móts við óskir atvinnurekenda. Annars tekur enginn mark á málflutningi hennar.

Lífskjör þjóðarinnar markast af þeirri verðmætasköpun sem verður til í atvinnulífinu. Til skamms tíma gekk okkur allt í haginn. Afli jókst, verð á erlendum mörkuðum hækkaði og olía lækkaði. Allt þetta lyfti lífskjörunum og velsældin óx. Þessi jákvæða þróun hefur stöðvast um sinn og nokkuð hefur slegið í bakseglin. Við slík versnandi skilyrði verðum við að sýna festu og ráðdeild. Við verðum að sætta okkur við minna og þeir sem fengu mest í sinn hlut í góðærinu verða að gefa meira eftir en hinir sem verr eru settir.

Nýjum áföllum í útflutningsgreinum verður auðvitað að mæta með viðeigandi hætti, en umfram allt verðum við þó að koma í veg fyrir óðaverðbólgu sem ræðst fyrst og fremst á þá sem lökust hafa kjörin.

Aðstöðumunur fólks eftir búsetu hefur verið mikið til umræðu að undanförnu. Í því sambandi hafa augu manna m.a. beinst að mismunandi húshitunarkostnaði. Til að draga úr þessum mun hefur ríkisstjórnin og stjórn Landsvirkjunar beitt sér fyrir lækkun rafhitunarkostnaðar heimilanna. Hitunarkostnaður hefur aldrei verið minni en nú og munurinn á húshitunarkostnaði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hefur ekki áður verið jafnlítill.

Skilningur þjóðarinnar á umhverfisvernd hefur mjög vaxið á undanförnum árum. Sl. haust skipaði Þorsteinn Pálsson forsrh. nefnd til að gera tillögur um samræmda yfirstjórn umhverfismála. Síðar var nefndinni einnig falið að gera tillögur um sérstakt átak í umhverfismálum. Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum þar sem m.a. er lagt til að samgrn. fari með yfirstjórn þessara mála og verði stofnuð sérstök umhverfismálaskrifstofa innan þess. Þessar tillögur eru nú til skoðunar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Á vegum iðnrn. er unnið að tillögum um endurvinnslu úrgangs. Þá verður könnuð í sumar notkun ósoneyðandi efna og hvernig draga megi úr henni. Sjálfstfl. hefur með þessum aðgerðum haft forgöngu um að gert verði verulegt átak í umhverfisverndarmálum.

Í umræðunum hér í dag hafa stjórnarandstæðingar málað ástandið dökkum litum og reynt að koma höggi á ríkisstjórnina og stefnu hennar. En hverjar eru tillögur stjórnarandstöðunnar? Kannast einhver áheyrenda við að hafa heyrt þær? Nei, það er ekki von. Ræðumenn stjórnarandstæðinga hafa gagnrýnt en ekki komið fram með neinar lausnir. Það er því ástæða til að spyrja ykkur, sem hafið hlýtt á þessar umræður, ekki síst síðasta ræðumanninn, Svavar Gestsson: Er líklegt að þeir leysi úr málum sem alls staðar sjá svartnættið en hafa engar tillögur til úrbóta? Er líklegt að þeir njóti trausts nú sem ekki þorðu að axla ábyrgð og ganga til stjórnarsamstarfs eftir síðustu kosningar? Er líklegt að þeir sameini þjóðina sem mest ala á úlfúð og sundurlyndi milli stétta, atvinnugreina og byggðarlaga? Er líklegt að þeir sýni ráðdeild sem heimta meiri ríkisútgjöld án þess að benda á hvernig afla skuli tekna á móti? Ég læt ykkur eftir, hlustendum, að svara þessum spurningum.

Þótt ekki sé búist við bættum lífskjörum hér á landi á næstunni er engin ástæða til að leggja árar í bát og gefast upp. Við getum lagað stöðu okkar með ýmsum hætti og undirbúið nýja sókn til aukinnar verðmætasköpunar og betri lífskjara. Við getum undirbúið samvinnu við erlenda aðila um orkukaup til stóriðju eins og nú er unnið að. Við getum laðað til okkar áhættufjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu. Við getum dregið úr útgjaldafrekum ríkisafskiptum og eflt einkaframtakið. Við getum aukið

framleiðni með samvinnu atvinnurekenda og launþega. Og við getum undirbúið útflutningsgreinarnar til að taka þátt í markaðssókn á sameinuðum markaði í Vestur-Evrópu þegar hún verður ein viðskiptaheild. Allt þetta og margt fleira getum við gert til að búa í haginn fyrir framtíðina ef við stöndum og störfum saman af fyrirhyggju og bjartsýni.

Góðir áheyrendur. Sjálfstfl. mun ekki hopa af hólmi þótt móti blási um hríð. Við tökum þátt í stjórnarsamstarfinu af fullum heilindum hér eftir sem hingað til. Í starfi okkar leggjum við áherslu á frjálst framtak og ábyrgar athafnir. Við teljum það meginverkefni að koma í veg fyrir upplausn og sundurlyndi með því að efla samstöðu þjóðarinnar og skilning á framtíðarmöguleikum hennar sem nýta má ef rétt er á haldið. Við höfum næg verkefni, við höfum næg viðfangsefni og við erum staðráðnir í að vinna úr þeim þjóðinni til heilla.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Nú er nýliðinn 1. maí. Aðgerðir og fundahöld þann dag til að styðja kröfur verkafólks hófust í Bandaríkjunum í lok síðustu aldar. Þá var fylgt eftir kröfum um átta stunda vinnudag og kostaði átök og mannfórnir. Réttum 100 árum síðar er þetta orðinn hefðbundinn baráttu- og hátíðisdagur verkafólks um víða veröld. En hverju átti verkafólk á Íslandi að fagna þennan dag? Hver eru tilefni þess til hátíðahalda?

Í hnotskurn blasir við athafnaþjóðfélag þar sem þjóðarframleiðsla á hvert mannsbarn skipar okkur Íslendingum enn í sæti sjöttu ríkustu þjóðar heims. En hverjar eru áherslurnar og hvernig skiptum við auðnum á milli okkar? Að baki þjóðarauðnum liggur mikil vinna en allt of oft lágu verði keypt. Vinnuálagið leiðir til fjarvista foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra, en húsnæðisvandi er oft hvati að auknu vinnuálagi. Börnin þurfa að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri, en tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd.

Segja má að mörg heimili séu vanbúin til að gegna hefðbundnu uppeldishlutverki vegna breyttra félagslegra aðstæðna og foreldrar hafa þegar gert eindregnar kröfur til samfélagsins um að það taki í ríkara mæli þátt í uppeldi barna. Langt er frá að það hafi brugðist við sem skyldi og er nú mikill skortur víða um land á samastað fyrir börn þar sem þau geta unað við nám, leik og hvíld í öruggu, uppeldislega jákvæðu umhverfi.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna og óttast neikvæð áhrif þess efnis sem þannig berst að ómótuðum barnshugum. Mikið af myndefni því sem börn horfa á er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa móðurmál sitt, en kennarar hafa veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanemenda í íslensku fer minnkandi.

Þess vegna hefur Kvennalistinn flutt frv. á Alþingi um átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn þar sem sveitarfélögum og ríkissjóði er gert að fjármagna byggingarsjóð með álagi á aðstöðugjaldsstofn. Jafnframt hefur Kvennalistinn lagt fram frv. um breytingu á grunnskólalögunum og leggur til skólaskyldu sex ára barna, lengdan skóladag allra grunnskólabarna og samræmdan vinnudag barna og foreldra, einnig máltíðir í skóla, fækkun nemenda í hverri bekkjardeild og takmörkun í stærð skólahúsnæðis.

En þessar ráðstafanir þykja of dýrar.

Hvað eru menn eiginlega að hugsa? Hvers konar verðmætamat ræður gerðum þeirra?

Þegar knýja á þingmenn til að samþykkja afleita álsamninga er settur á þá gjaldmælir og sektarkennd þeirra espuð með skírskotun til tapaðs fjár og þegar stöðva á framkvæmdir við ráðhúsbyggingu í nokkra daga er spurt: Gerið þið ykkur grein fyrir því hvað biðin kostar á hverjum degi?

En góðir þingmenn, og þá sérstaklega beini ég orðum mínum til hæstv. ríkisstjórnar: Gerið þið ykkur hina minnstu grein fyrir því hvað það kostar íslensku þjóðina að búa ekki vel að börnum sínum? Hvað kostar það okkur á hverjum degi að tryggja ekki næga dagvistun, samfelldan skóladag og aðra daglega umönnun og menningarlegt uppeldi barnanna okkar? Ár hinna glötuðu tækifæra líða nefnilega víðar en í veröld efnahagsmálanna.

Hvenær bað þjóðin um seðlabanka eða flugstöð hvað þá Kringlu, svo ég nefni nú ekki ráðhús eða veitingahús sem snýst og nú allra síðast 300 millj. kr. íþróttahöll? Fyrir hvern er öll þessi yfirbygging í þjóðfélagi sem hugar ekki að undirstöðum sínum?

Og ég vísa á bug gagnrýni hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Kvennalistinn hefur sannarlega lagt fram tillögur til fjáröflunar og skattlagningar, en með öðrum hætti og annarri forgangsröðun en þessi ríkisstjórn. Varðandi ásakanir vegna kaupleigufrv. endurtek ég einungis að við styðjum þær hugmyndir hæstv. ráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, en erum uggandi og óttumst að nægilegt fé fáist ekki til þeirra framkvæmda.

Kastljósið beinist einnig að kjaramálunum þann 1. maí. Enn blasir við það þjóðarmein sem óréttlát tekjuskipting er og tekjumunurinn fer ört vaxandi. Hann greinir óðfluga að þá sem geta lifað í þessu landi af launum sínum og hina sem stíað er í hóp þeirra sem geta ekki risið undir kröfum hins daglega lífs, fullfrískir þrátt fyrir langan vinnudag. Við skulum þó ætla að verkafólkið sem barðist fyrir átta stunda vinnudegi í lok síðustu aldar hafi ætlað sér að geta lifað af þeirri vinnu. Þess sama krefst verkafólk nú.

Þau lágmarkslaun sem rædd hafa verið í kjarasamningum verslunarfólks ná ekki einu sinni áætluðum framfærslukostnaði einstaklings, sem er um 50 þús. kr., hvað þá fjölskyldu. Enn er launafólki

boðið upp á að geta ekki séð sér farborða af dagvinnulaunum en gert að mæta framfærslukostnaði sínum með óhóflega löngum vinnudegi í yfirvinnu eða ákvæðisvinnu. Ef það ekki dugar eru því ætlaðar félagslegar bætur þannig að endar nái saman.

Á sama tíma berast fregnir af óheyrilegum mánaðarlaunum ýmissa forstjóra fyrirtækja þannig að láglaunamanneskjuna sundlar að líta upp eftir launastiganum og margir velta því fyrir sér hverjar þær sérþarfir geti verið sem krefjast svo mikilla launa.

Verslunin hefur notið velvildar stjórnvalda á undanförnum árum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hún brotist fram með ótrúlegum krafti líkt og um sprengingu væri að ræða. Birtingarmyndir hennar eiga sumar vart sinn líka meðal stórþjóðanna. Hver trúir því að hún geti ekki greitt sómasamleg laun eða byggist velgengni hennar á því að borga konum og unglingum smánarlaun? Og hvernig stendur á því að vegna lélegra kjara er víða erfitt að fá fólk til fiskvinnslu, einnar veigamestu undirstöðuatvinnugreinar þessarar þjóðar? Hvernig stendur sú þjóð sem man ekki lengur á hverju hún lifir og hirðir ekki um virðingu og sæmandi laun fyrir fiskvinnslu og að tryggja rekstur þess atvinnuvegar sem ber uppi lífskjör hennar?

Ríkisstjórnin er í gengisfellingarbindindi þó hún hafi þegar fallið einu sinni og hún vill hafa efnahagsdæmið snyrtilegt. Fyrirtækin eiga að spjara sig, finna í sér hrygglengjuna og rétta úr henni. Það á að skilja sauðina frá höfrunum. Hangið þið á ef þið viljið með, sagði vinnumaðurinn sem þótti grænar baunir vondar. En hann sneri gafflinum öfugt og þær ultu allar ofan á diskinn aftur.

Fiskvinnslufyrirtækin víða um land eru nú rekin með allt að 15% tapi. Víða bera þau uppi byggðarlög sem standa og falla með afkomu þeirra. Vissulega þarf að grisja. Vissulega þurfa fyrirtæki að bera sig, en við þurfum að hafa byggðastefnu og hvaða ráðstafanir hefur þessi ríkisstjórn og þeir nafnar alþýðuflokksráðherrarnir gert til að leysa vanda fólksins ef fyrirtækin velta ofan af efnahagsráðstafanagafflinum?

Misréttið er ekki einungis á milli einstaklinga og atvinnugreina. Það er einnig á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Fjármagnið leitar á suðvesturhornið til ávöxtunar á hinum svonefnda gráa peningamarkaði sem hefur leikið ótrúlega lausum hala og ræður miklu um vaxtastig í harðri samkeppni um sparifé og lánsfé til ævintýralegra fjárfestinga. Á eftir fjármagninu fylgir fólkið og á þessum krossmessudegi vorsins í dag blasa félagslegar og menningarlegar krossgötur við íslenskri þjóð.

Dýrkun fjármagnsins eftir forskrift frjálshyggjunnar er andstæð vilja meiri hluta þjóðarinnar eins og hann birtist í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar árið 1986. Meiri hluti þjóðarinnar setur samhjálp ofar sérhyggju og einkarekstri, t.d. í heilbrigðis- og skólamálum. Þær sérhyggjuleiðir sem þó hafa verið farnar af ýmsum samtökum og starfsgreinum launþega á undanförnum árum til að leita betri kjara hafa veikt verkalýðshreyfinguna og boðið heim lögmáli frumskógarins. Ávinningur hefur reynst skammgóður og sundrungin gefið svigrúm til að deila og drottna yfir kjörum launþega.

Kvennalistinn hefur gripið til þeirrar neyðarráðstöfunar í þriðja sinn að flytja frv. nú um 50 þús. kr. lágmarkslaun til að tryggja þann siðferðilega rétt hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Þegar vinnuveitendur bregðast skyldu sinni getur Alþingi ekki setið hjá aðgerðarlaust.

Eins og fram kom í stjórnarmyndunarviðræðunum í vor var þetta ekki vinsæl leið og óttuðust menn einkum að slík ráðstöfun mundi þjóta upp allan launastigann, valda víxlverkun launa og verðlags og leiða til verðbólgu. Sú aukaverkun var að sjálfsögðu ekki markmið okkar. Því fluttum við jafnframt þáltill. þar sem samstarfshópi fulltrúa þingflokka og aðila vinnumarkaðarins er falið að finna leiðir til að tryggja jákvæðan árangur lágmarkslaunabindingar.

Það er sameiginlegur ávinningur þessarar þjóðar að hér búi fólk sem getur séð sér farborða. Hins vegar verða þeir sem búa í samfélaginu að vera sammála um að þeir sem betur mega sín verði að færa ákveðnar fórnir. Hin mikilvæga samstaða sem launafólki er nauðsyn krefst einmitt fórna, en hún krefst jafnframt hugarfarsbreytingar þannig að menn sæki ríkari sjálfsvirðingu í þær aðgerðir sem efla heildarhagsmuni.

Ég trúi því að nægilega stór hópur fólks skilji þetta og muni finna metnað í því að segja: Nei, ég þarf ekki jafnmikla launahækkun og sá lægst launaði vegna þess að ég er tiltölulega vel settur.

Meiri jöfnun launabila má t.d. ná með krónutöluhækkun sem samsvarar ákveðinni prósentuhækkun og er mest á neðri hlutum launastigans en gengi ekki alla leið upp úr. Og hvers vegna þurfum við svona mörg þrep í launastigann? Mættu launaflokkarnir ekki að skaðlausu vera færri?

Ráðamenn hafa lagt megináherslu á stækkun þjóðarkökunnar áður en hægt sé að skipta henni þannig að þeir lægst launuðu njóti sómasamlegra kjara. Við önsum ekki lengur þessu pólitíska viljaleysi. Ef þjóðarkakan stækkar ekki verður að leita leiða til að skipta henni öðruvísi og réttlátar. Þessar leiðir hafa ekki verið farnar enn. Þeirra viljum við leita. Úrræðaleysi ráðamanna er verra en reynsluleysi kvennalistakvenna. Gamlar syndir eru erfiðari byrði en reynsluleysi.

Og í tilefni af orðum hv. þm. Salome Þorkelsdóttur vil ég vekja athygli á því að skoðanakannanir benda til þess að aukið fylgi Kvennalistans streymi frá öllum flokkum og er nokkuð svipað frá Alþb. og Sjálfstfl. Það hefur bara verið af meiru að taka hjá þeim síðarnefndu.

Og ég minni menn á að oft er það svo að þegar menn hafa hvað minnst til skiptanna deila þeir kjörum jafnast og bera mesta virðingu fyrir nauðsyn

þess. Stærð þjóðarkökunnar skiptir ekki meginmáli fyrir sjöttu ríkustu þjóð í heimi. Meiri hluti fólks er í raun aflögufær sem betur fer og það er á valdi okkar sjálfra að byggja hér fyrirmyndarþjóðfélag ef við bara viljum. Ég trúi því að sá vilji sé að vakna með æ fleirum, vilji til umbóta, löngun til að breyta þjóðfélagsgerðinni, verðmætamatinu. Hugrekki til að hafa hugsjónir og standa við þær.

Hátíðahöld verkafólks þann 1. maí tengjast hefðbundnum hátíðahöldum í mörgum löndum til að fagna vori og frjósemi jarðar. Barátta jarðargróðurs fyrir tilveru sinni er sífelld og árangur hennar skilar sér til okkar á hverju vori með grósku og ilmi. Barátta manneskjunnar fyrir lífi sínu og réttindum er einnig sífelld. Hún leitar fram á mismunandi hátt á hverjum tíma, en er þó ávallt hluti af stöðugri viðleitni. Nýjar hugmyndir verka enn sem fyrr ögrandi og vekja tortryggni og varnarviðbrögð þeirra sem vilja vernda ríkjandi kerfi. Sá vorþeyr sem nú boðar róttækastar breytingar á þjóðfélaginu í þágu okkar allra, kvenna, barna og karla, kemur frá röddum kvenna. Og þjóðfélagið hefur ekki lengur efni á því að fara á mis við framlag kvenna. Konur una því heldur ekki lengur að vera skákað áhrifalausum í láglaunastöður en vilja taka forustu og frumkvæði um að semja sjálfar um þau kjör og þau lífsskilyrði sem þær kjósa fyrir sig og fjölskyldur sínar. Réttur okkar til að vera með í því að móta íslenskt samfélag er óskoraður og hans viljum við neyta.

Ég þakka áheyrnina. Gleðilegt sumar.

EFRI DEILD

87. fundur, miðvikudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vill reyndar svo til að ég á að mæla fyrir 1. málinu á dagskrá þegar það verður tekið fyrir, en ég kemst ekki hjá því að vekja athygli virðulegs forseta á því að 5. málið á þessari dagskrá, framleiðsla og sala á búvörum, er búið að vera á dagskrá í þessari virðulegu deild frá því fyrir helgi. Það er náttúrlega alveg ljóst að ég uni því ekki að þessi fundur verði með þeim hætti að þetta mál verði ekki tekið í upphafi fundarins til umræðu.

Það vill svo til að ríkisstjórnin hefur sýnt þessum málum svo mikla virðingu að hafa tvívegis tekið það á dagskrá, fyrst að ósk Framsfl. og síðan að ósk Alþfl. Það kemur ekki til mála að hér fari ekki fram eðlileg umræða um þetta mál. Til viðbótar við það hefur nú ýmislegt gerst í umræðum um landbúnaðarmálin að undanförnu, bæði í sambandi við vantraustsumræðu, sem fór hér fram, og eins í gær þegar rætt var hér á eldhúsdegi. Það er vitanlega engin lifandi leið önnur en sú að koma af stað umræðu um þessi mál. Inn í þá umræðu hljóta m.a. að blandast ummæli hæstv. viðskrh., sem ég hef reyndar sagt honum frá, frá því í umræðunni á dögunum.

Ég verð þess vegna mjög eindregið að óska eftir því að þetta mál sé tekið hér á dagskrá og ég vek líka athygli á því að það er ýmislegt sem á okkur er lagt sem styðjum þessa stjórn og greiðum fyrir framgangi hennar mála þannig að okkar réttur í þessum efnum er ótvíræður.

Ég vil þess vegna, virðulegur forseti, fara þess á leit að hér verði farið eftir aldri mála á þessari dagskrá og fundurinn hefjist með því að mál nr. 5, framleiðsla og sala á búvörum, verði tekið til umræðu.

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Eins og öllum er kunnugt líður nú mjög að þinglausnum og gömul hefð er fyrir því að flókin mál sem eru í fyrri deild og ætlað er að ná fram fái að sitja fyrir við umræður í deildum og skiptir þá ekki máli hvers eðlis þau mál eru, en ég tala nú ekki um þegar um er að ræða mál eins og frv. til l. um virðisaukaskatt. Ég vil mega vænta þess að hv. 5. þm. Austurl. geti fallist á að það mál sitji fyrir vegna þeirrar nauðsynjar sem á því er að málið komi til Nd. til þess að hægt sé að hefja sem fyrst vinnu í nefndum við það mál og koma því áleiðis þannig að það verði ekki til að tefja fyrir þinglausnum. Ég veit að hv. þm. er mikill málafylgjumaður og áfram um að koma sínum málum fram, en vil samt sem áður biðja hann um að hliðra til að þessu sinni til þess að frv. til l. um virðisaukaskatt geti fengið sem hraðasta meðferð hér í deildinni.

Skúli Alexandersson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir ósk hv. þm. Egils Jónssonar, formanns landbn., um það að 5. málið á dagskránni verði tekið fyrir nú þegar í upphafi fundar. Þetta er mál sem hv. landbn. er búin að hafa til umfjöllunar í vetur og þar hefur verið rætt um málið á nokkrum fundum og er a.m.k. samstaða um að taka það til umfjöllunar hér í hv. deild. Allir nefndarmenn hafa skrifað undir nál., sumir reyndar með fyrirvara. Það er sem sagt stuðningur allra nefndarmanna við frv. að það fái þinglega meðferð. Mér sýnist allt stefna í þá átt, miðað við að málið er búið að vera hér á dagskrá á þremur fundum, held ég fari rétt með, að það eigi að láta þetta mál liggja og ekki að fjalla um það. Það er meira að segja komið upp í ræðustól og óskað eftir því að það sé farið að fjalla um mál sem ekki er á dagskrá. Hv. þm. Halldór Blöndal ræddi um að hér þyrfti að fara að fjalla um virðisaukaskatt sem ekki er á dagskránni.

Ég tel það sjálfsagða skyldu deildarinnar að taka fyrir þetta mál sem fjallar um eitt aðalmálefni bændastéttarinnar. Það hefur ekki verið of mikið fjallað um þau mál í hv. deild. Ég óska þess eindregið að forseti verði við óskum hv. þm. um að þetta mál verði tekið á dagskrá fundarins. Ég mundi

segja að það væri svo sem allt í lagi að 1. málið, ábúðarlögin, yrði afgreitt, en það er alveg fráleitt að fara að taka mál eins og umferðarlögin og ætla sér að þrýsta þeim hér í gegn í dag áður en þetta mál hefur fengið eðlilega umfjöllun sem hefur fengið miklu betri umfjöllun í nefnd en mál eins og umferðarlögin.

Eiður Guðnason:

Virðulegi forseti. Ég á svolítið erfitt með að átta mig á þessum gauragangi núna, sérstaklega hjá hv. síðasta ræðumanni. Auðvitað fær það mál sem þeir bera svo mjög fyrir brjósti, hann og hv. þm. Egill Jónsson, þinglega meðferð. Auðvitað verður það rætt hér. Hvernig dettur mönnum annað í hug?

Hér er einfaldlega um það að ræða að hagræða svolítið vinnubrögðum þannig að stórt mál og viðamikið, sem nefnd hefur lokið umfjöllun um í þessari hv. deild, geti fengið umræðu í dag og komist svo fljótt sem verða má til meðferðar í hv. Nd. Þetta er forgangsmál af hálfu meiri hlutans hér.

Mér sýnist að það væri kannski að sumu leyti eðlilegt, virðulegi forseti, þar sem ég veit að aðalforseti þessarar deildar gekk frá þessari dagskrá, hann hefur lögmæt forföll um sinn, hann kemur fljótlega aftur, að við héldum fundinum áfram og þessi umræða biði þá eftir honum vegna þess að það er ekki við fyrri varaforseta, sem nú situr í forsetastól, að sakast um hvernig þessi dagskrá er saman sett eða prentuð. Ég vildi eindregið mælast til þess að við getum haldið áfram eðlilegum störfum og þessi umræða biði þar til síðar, en tek að öðru leyti undir með hv. þm. Halldóri Blöndal.

Egill Jónsson:

Virðulegur forseti. Það liggur alveg í hlutarins eðli að það er fullkomlega óeðlilegt annað en hefja umræður um þetta mál, framleiðslu og sölu á búvörum. Hér erum við að bera saman umræðu um tvö mál, annars vegar það sem búið er að vera hér á dagskrá á þremur fundum og bráðum í eina viku og hins vegar mál sem alls ekki er búið að útbýta nál. um í deildinni.

Mér finnst líka sérstök ástæða til að minna á í þessu sambandi að auðvitað hafa menn hlotið að gera sér það ljóst þegar menn voru að setja hér upp forgangslista að nefndir gætu þurft að vinna að málum áður en þau kæmu til umræðu í viðkomandi deild. Það er ekki nein nýlunda að nefndir taki til við að fara yfir mál og meta þau þótt þau séu ekki komin til þeirra formlega. Það er m.a.s. alkunna að nefndir sameinist um að fjalla um mál til að flýta störfum. Það þarf nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut að hindra það að virðisaukaskatturinn gangi hér fram með eðlilegum hætti þó að það sé gætt allrar sanngirni í þingstörfum. Það er að sjálfsögðu ekki nein sanngirni í því að skáka þessu máli til hliðar og kannski taka það til umræðu á þeim tíma sem væri þunnskipað í deildinni, kannski ekki neinn ráðherra við hendina sem ég þarf að tala við í þessari umræðu, og þar af leiðandi hindrar það ekki á nokkurn hátt störf þingsins þó að hér verði gætt þessarar eðlilegu sanngirni. Ég minni á að það eru orðin æðimikil tilefni, m.a. vegna þeirra ummæla sem hafa fallið í umræðum síðustu dagana, t.d. ummæla hæstv. viðskrh., að fjalla um landbúnaðarmálin. Ég geri ráð fyrir að ég hefði kosið að taka þau til umræðu utan dagskrár í Sþ. nema af því að þessi umræða hefur staðið til og að þessi ummæli eru til þess fallin að ræða einmitt efni nál. og frv. samtímis þeim ummælum.

Ég leyfi mér að minna á að þótt það sé sjálfsagt að hv. þm. og þó sérstaklega stjórnarþingmenn leggi sig nokkuð fram um að koma fram málum ríkisstjórnar verði að vera bærileg sátt á milli manna ef mál eiga að geta gengið greiðlega fram. Slíkt á alveg eins að gilda gagnvart okkur sem styðjum ríkisstjórn eins og þeim sem eru í stjórnarandstöðu hverju sinni.

Ég held að því verði ekki á móti mælt að ef mál er eitt eftir á dagskrá frá því í fyrri viku, er jafnstórt og veigamikið og hér um ræðir og ekki síst vegna þess að ríkisstjórnin hefur verið að fjalla um það kannski ekkert mikið skemmri tíma en ýmis stjfrv. hjá sér, þá sé fullkomlega eðlilegt að það mál sé tekið til umfjöllunar í upphafi þessa fundar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Menn geta auðvitað notað orðið „sanngirni" með ýmsum hætti og hver hlýtur að gera það út frá því sem hann telur sanngjarnt. Ég heyri það á hv. 5. þm. Austurl. að honum þykir það helst sanngjarnt í þessu tilviki sem honum hentar best og í samræmi við það sem eru gildandi reglur hér í þinginu. Á tímabili heyrðist mér hann tala eins og framsóknarmaður þegar hann var að tala um samkomulagið í ríkisstjórninni og hvernig einstakir stjórnarsinnar ættu að haga sér hver gegn öðrum. Er það síst til fyrirmyndar og ég held að hann ætti að taka sér fremur flokksbræður sína til fyrirmyndar og vera bljúgur og kurteis gagnvart öðrum stjórnarþingmönnum og ráðherrum og ríkisstjórn sérstaklega.

Ég vil aðeins segja það, hæstv. forseti, að um það hafði náðst samkomulag að frv. um virðisaukaskatt yrði tekið hér til umræðu í dag og ég hygg að það hafi verið þingmönnum úr öllum flokkum kunnugt. Nú má það vel vera að okkur sækist vel og það sé síðan svigrúm til að taka önnur mál á dagskrá. Ekki skal ég um það segja. En hitt veit ég að hv. 5. þm. Austurl. sækir þetta mál nú af fullri hörku og getur ekki hugsað sér að samstarfsmenn hans hér í þinginu hafi sóma af því samkomulagi sem þeir hafa gert um vinnubrögð í dag. Má vel vera að það bæti þann málstað sem hann er að berjast fyrir að tala með þeim hætti.

Ég bað þennan hv. þm. um það áðan að hann mundi sýna sanngirni í garð sinna vina, falla frá kröfunni sem hann hefur gert um að það mál sem hann ber fyrir brjósti verði tekið til umræðu í dag og

greiði með þeim hætti fyrir þingstörfum. Hv. þm. er vel um það kunnugt að það frv. sem hann ber fyrir brjósti er með engum hætti sambærilegt við frv. um virðisaukaskatt að öllu umfangi og þeirri vinnu sem þarf að leggja í athugun málsins. Þess vegna veit hann jafn vel og ég að það ríður á að koma því máli til Nd. Hitt er mér algerlega ljóst að þessi hv. þm. getur hagað sér með ýmsum hætti í deildinni í dag og verður þá við það að sitja.

En ég vildi biðja hæstv. forseta að gera hlé á þessum fundi þannig að einstakir þingmenn geti komið sér saman um hvernig eigi að starfa í dag en að fundurinn og dagurinn allur fari ekki í tómt kjaftæði um aukaatriði.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Nú verða beiðnir margar um þingskapaumræðu, en ég vil þó vekja athygli hv. þingdeildarmanna á því að áðan var forsetafundur, þar sem lögð voru einhver drög að vinnubrögðum og þinghaldi í dag. Þess vegna væri kannski skynsamlegt að skilaboð um þann fund eða af þeim fundi kæmust til allra þingdeildarmanna.

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það leyndi sér ekki að það var mikið valdsmannsyfirbragð á hv. þm. Halldóri Blöndal sem var að veita mér föðurlegt tiltal áður. Hann var sérstaklega í þessu sambandi að tala um að það hefði verið gert sérstakt samkomulag sem menn ættu að standa við og a.m.k. ættu flokksbræður ekki að hindra menn í að geta haldið samkomulag. Hverjir hafa verið að gera þetta samkomulag? Mér er spurn. Ekki hefur það verið orðað við mig, ekki einu einasta orði, að þessu máli yrði skákað hér enn þá til hliðar. (**HBl:** Það er rangt.) Ekki einu einasta orði. (**HBl:** Það er rangt.) Ég bankaði á dyr hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. áðan og sagði honum frá því að ég mundi ganga eftir því í upphafi þessa fundar ef ekki yrði af að þetta mál yrði tekið á dagskrá. Hann orðaði það ekki einu einasta orði að það hefði verið gert samkomulag um annað, enda hefur það ekki verið orðað við mig. Auðvitað mátti hv. þm. vel vita að þetta er eina málið, sem búið er að vera á þessari dagskrá í þrjá fundi, sem ekki hefur verið tekið hér til afgreiðslu og umræðu. Þannig er það fullkomlega óeðlilegt og hreinn yfirgangur að vera í einhverjum samkomulagsviðræðum án þess að hafa um það samband við þá þingmenn sem hér eiga hlut að máli.

Það eru á þessari dagskrá m.a. mál frá landbn. Ed. Alþingis. Ég er ekkert viss um að ég taki til með að lýsa þeim með því að það eigi að sparka þessu máli út af.

Ég vil sem sagt alveg sérstaklega mótmæla því sem kom fram áðan og mér finnst harðar og ómaklegar aðdróttanir að ég sé hér einhver friðarspillir. Ef það er einhver ófriður hér á ferð er til hans stofnað vegna tillitsleysis við mig og okkur sem að þessu nál. stöndum. Ég held að það sé út af fyrir sig ágætur skóli fyrir þá sem telja sig hafa völd og umboð til að semja hér áfram um mál, ráða vinnubrögðum, að þeir komist að því að það þurfi stundum að taka tillit til þeirra sem vinna ýmis störf hér og m.a. ríkisstjórn á ýmislegt undir að mál geti gengið fram.

Forseti (Guðrún Agnarsdóttir):

Ég vil taka fram að mér finnst eðlilegt að verða við beiðni um að gera hlé á fundi sem hér kom fram áðan, en nú eru þrír eftir á mælendaskrá um þingsköp. Vilja menn falla frá orði? Það verður gert a.m.k. 15 mínútna hlé á þessum fundi. Ef þörf krefur verður það hlé lengra. — [Fundarhlé.]

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 735, n. 1003, brtt. 1004.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1003 um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og farið yfir þær umsóknir sem borist hafa ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali."

Undir þetta nál. skrifar öll allshn.

Eins og þingdeildarmenn hafa sjálfsagt orðið varir við er mikil fjölgun frá upphaflega frv. sem lagt var fram. Ég vil geta þess strax að eitt nafn, sem var á upphaflega frv., er fellt niður í núverandi frv. vegna upplýsinga frá dómsmrn. um að þar hefðu orðið á mistök að taka það með þá vegna skorts á tíma hjá viðkomandi umsækjanda. Vegna misskilnings og mistaka fór þetta inn í frv. Það er ekki af öðrum ástæðum sem það nafn er fellt niður en tímaskorts.

Það er alltaf flókið að ræða um ríkisborgaramálin og til hliðsjónar höfum við haft eins og undanfarin ár álit allshn. frá 2. maí 1978 þar sem settar eru viðmiðunarreglur um veitingu ríkisborgararéttarins. Ég tel það til mikilla bóta að gera þetta tvisvar á ári en ekki einu sinni eins og hefur verið undanfarin ár. Þó hygg ég að við ættum að setja okkur þá reglu að í fyrra skiptið, rétt fyrir jólin, eigum við aðeins að taka þá inn sem farið er með eftir ströngustu reglum um veitingu réttarinns og einungis til viðbótar ef einhver — ja, sem ég kalla neyðartilfelli eða ef alveg sérstakar ástæður mæla fyrir um. En þar sem um matsatriði er að ræða sé það tekið inn á vorþinginu þannig að allir séu metnir eins, þeir sem einhver vafamál eru um, á sama þingi.

Um það er eining að ganga frá þessu eins og kemur fram á brtt. á þskj. 1004 og tel ég ekki ástæðu til að lesa öll þau nöfn upp, enda vafasamt að ég gæti borið þau öll rétt fram.

Þetta hefur verið unnið í samráði við Ólaf Ólafsson á skrifstofu Alþingis eins og hefur verið undan-

farin ár og í samráði við formann allshn. Nd.

Ég geri það að tillögu minni til hæstv. dómsmrh. að þar sem þessar viðmiðunarreglur eru frá því 1978 að þær verði teknar til skoðunar. Ég álít að það væri ekki óskynsamlegt að formenn allshn. beggja deildanna hittust ásamt Ólafi Ólafssyni og fulltrúa frá dómsmrn. í sumar og ræddu það þannig að við getum metið það í haust hvort ástæða væri til að breyta einhverjum atriðum. Það er satt best að segja gott að hafa viðmiðunarreglur og nánast fara eftir þeim því það eru margir sem til okkar leita og t.d. núna nokkru fleiri en við samþykktum að taka inn í frv. Það er vont að þurfa að vera með mismunandi svör til umsækjenda. Ég geri því þessa tillögu til ráðherrans. Að öðru leyti hef ég ekki fleiru við þetta að bæta.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég er samþykkur þeim brtt. við frv. um veitingu ríkisborgararéttar sem hv. allshn. hefur gert. Ég mun fúslega verða við þeim tilmælum, sem hv. formaður allshn. beindi til mín, að taka þátt í samtali í sumar með formönnum allshn. beggja deilda þingsins og starfsmönnum Alþingis um endurskoðun á þeim viðmiðunarreglum sem þingið hefur fylgt við veitingu ríkisborgararéttar. Þetta er áreiðanlega mjög gagnlegt, m.a. af því að frá því þessar reglur voru mótaðar með áliti allshn. í maí 1978 hafa verið sett ný lög um ríkisborgararétt sem tóku gildi árið 1982.

Á vegum dómsmrn. er nú unnið að því að Íslendingar gerist aðilar að samkomulagi Norðurlanda um gagnkvæman rétt til ríkisborgararéttinda í löndunum fimm. Þar er um að ræða reglur sem reyndar eru mjög nærri þeim sem allshn. þingsins hafa fylgt. Þá stendur nú yfir á vegum Evrópuráðsins endurskoðun á samningi Evrópuríkjanna frá árinu 1963 um tvöfaldan ríkisborgararétt. Allt þetta gerir það að verkum að undirbúningsstarf eins og hv. formaður allshn. þessarar deildar gerði hér að tillögu sinni er mjög tímabært og þarft.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1004 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Listasafn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 979 (sbr. 796).

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Listasafn Íslands, upphaflega á þskj. 796, en breyting var gerð á frv. í Nd. og er hana að finna á þskj. 979.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem felast í þessu frv. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: Það er lagt til að löngu úrelt, flókið og óþjált kosningafyrirkomulag varðandi kosningu fulltrúa listamanna í safnráð verði lagt niður, en þess í stað tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna í ráðið.

Í öðru lagi: Ótímabundin ráðning forstöðumanns safnsins er lögð niður, en tekin upp tímabundin ráðning hans á svipaðan hátt og gildir um ráðningu þjóðleikhússtjóra. Er gert ráð fyrir að forstöðumaður verði ráðinn til fimm ára, en endurráða megi hann einu sinni til jafnlangs tíma.

Í þriðja lagi: Sérstök innkaupanefnd skipuð þremur mönnum úr safnráði annist um kaup á listaverkum til safnsins og forstöðumaður verði einn þeirra. Jafnframt hefur hann að vissu leyti sjálfræði um slík kaup. Ákvörðun um val listaverka er nú í höndum safnráðs.

Í fjórða lagi: Æðsta stjórn safnsins verði eftir sem áður í höndum menntmrn. en stjórn þess verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.

Í fimmta lagi: Ákvæði laganna varðandi höfundarétt eru færð til nútímahorfs.

Ein breyting var gerð á frv. í hv. Nd. Það var við 12. gr. Sú grein hljóðaði svo:

„Óheimilt er að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda skv. ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt til að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Heimilt skal þó að setja á stofn sérstaka útlánadeild við safnið er sjái um útlán listaverka sem sérstaklega verði keypt eða gefin safninu í því skyni."

Síðan kemur viðbótin sem kom inn í Nd.: „Einnig skal heimilt að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett í reglugerð."

Ástæðan fyrir þessari breytingu var sú að skv. upphaflega frv. þótti ekki alveg öruggt að heimilt yrði að lána listaverk til tiltekinna opinberra stofnana, en það þykir nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi þó að beita beri henni sparlega. Ég nefni sem dæmi að listaverk úr Listasafni Íslands prýða t.d. forsetasetrið að verulegu leyti og skrifstofur forseta Íslands og er auðvitað nauðsynlegt að á slíkum stöðum sé til sýnis það besta í íslenskri myndlist sem að öðru jöfnu er væntanlega að finna hjá Listasafni Íslands.

Ég legg til, frú forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. þessarar hv. deildar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég læt í ljós ánægju yfir frv. til l. um Listasafn Íslands sem hér kemur nú til 1. umr.

eftir að hafa fengið meðferð í hv. Nd. Ég tel að það sé mjög mikilvægt ákvæði sem er í 4. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að forstöðumaður Listasafns Íslands verði ráðinn til takmarkaðs tíma. Þetta er stefna sem var mótuð við afgreiðslu laganna um Þjóðleikhúsið á sínum tíma og hefur einnig verið tekin upp varðandi ýmsar aðrar opinberar stofnanir eins og t.d. bankana, viðskiptabanka í eigu ríkisins, þó að þar séu enn þá vissar takmarkanir. Ég tel reyndar einnig að sama regla ætti að gilda t.d. um útvarpsstjóra og fleiri forstöðumenn opinberra stofnana. Ég tel að hér sé um að ræða skynsamlega stefnu sem ætti að koma víðar við og álitamál, spurning hvort stefna af þessum toga á ekki einnig heima t.d. í lögum um framhaldsskóla þannig að um sé að ræða eðlilega endurnýjun á forstöðumönnum þeirra mikilvægu stofnana sem þau lög munu þegar þar að kemur kveða á um.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt í þessu sambandi að mál þetta hefur fengið undirbúning í röðum myndlistarmanna og Samband ísl. myndlistarmanna hefur komið við sögu við meðferð málsins. Ég bendi á að þingmenn Alþb. fluttu á síðasta og næstsíðasta þingi till. til þál. um starfskjör myndlistarmanna þar sem var komið inn á málefni Listasafns Íslands. Sú till. var byggð á niðurstöðu myndlistarþings sem haldið var á árinu 1985. Ég tel að þetta frv. sé skref á þeirri braut sem gerð var tillaga um í þeirri till. til þál. þó að hún hlyti ekki afgreiðslu Alþingis með endanlegum hætti.

Ég vildi láta þessa skoðun í ljós, virðulegi forseti, og ég vil einnig fagna því ákvæði sem fram kemur í 2. mgr. 12. gr., sem Nd. bætti inn í frv., varðandi það að heimilt er að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Ég hygg að það sé eðlilegt hins vegar að fara sparlega með þessa heimild, en þó hygg ég að það hafi verið stundum fullsparlega gengið um götur að því er varðar þessar almennu starfsheimildir Listasafnsins á undanförnum árum. Í þessu sambandi er auðvitað vert að íhuga hvernig staða opinberra stofnana er almennt í sambandi við listaverk. Það eru reknar í landinu stórar og þýðingarmiklar opinberar stofnanir án þess að listaverk svo að segja sjáist þar. Skýrt dæmi um það er stofnun sem ég þekki pínulítið til í seinni tíð og heitir Ríkisspítalarnir, stofnun sem veltir um 4 þús. millj. kr. á þessu ári og er með liðlega 2000 manns í vinnu. Þangað koma fleiri þúsund Íslendingar á hverju ári. Veggir þeirrar stofnunar eru býsna fátæklegir að listaverkum að ekki sé fastar að orði kveðið. Mætti í því sambandi hefja hér ef menn vildu umræðu um Listskreytingasjóð og hvernig hann hefur verið leikinn á undanförnum árum. Það verður þó ekki gert af minni hálfu heldur ítrekað að ég fagna frv. og ég tel að hér sé stigið skref á þeirri braut sem myndlistarþing 1985 markaði með samhljóða atkvæðum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Ég fagna því að hér skuli koma fram frv. sem færir málefni Listasafnsins í nútímahorf eins og segir í athugasemdum við frv. Það eru einkum tvö atriði sem ég vildi minnast á. Annað er einmitt sú valddreifng sem felst í því að forstöðumaður er ráðinn tímabundið. Eins og kemur fram í athugasemd við þá grein er talað um að slíkt komi í veg fyrir stöðnun og hindri ákveðinn ósveigjanleika. Ég tel þetta mikilvægt skref til valddreifingar sem nauðsynlegt er að verði tekið upp í mun ríkara mæli hjá opinberum stofnunum og almennt í þjóðfélaginu, þar sem um forstöðuhlutverk er að ræða, einmitt til þess að tryggja að nýjar hugmyndir komist að.

Ég vil einnig fagna þeirri brtt. sem kom fram í Nd. þar sem líka er um möguleika á ákveðinni dreifingu á listaverkum að ræða út í þjóðfélagið í stað þess að þau séu einungis inni á söfnum. Ég held að það sé mjög jákvætt skref til að auka möguleika fólks á því að njóta listar.

Þetta voru aðeins nokkur orð, en ég vildi ekki láta það fram hjá mér fara að taka undir með erindi þessa frv. og minnast sérstaklega á þessi tvö atriði sem ég legg áherslu á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 1. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 936.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Ábúðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791, n. 970.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég lýsi hér áliti landbn. Ed. Alþingis varðandi breytingar á ábúðarlögum. Eins og fram kemur í nál. hafa allir nefndarmenn undirritað þetta álit.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það hefur verið lagt fram á Alþingi. Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt var málið skýrt við 1. umr. og þá að sjálfsögðu tilefni þess að það er hér flutt, en það má kannski minna á að ástæðan fyrir því er sú að þegar sveitarstjórnarlögunum var breytt árið 1986 féllu niður heimildir til sveitarstjórna að ábyrgjast lán vegna bústofnskaupa á ábýlisjörðum sem hafði verið sú leið sem var valin til þess að ábúendur á ríkisjörðum gætu notið slíkra lána.

Við umfjöllun í nefndinni voru enn fremur könnuð áhrif þessara breytinga á lögin um Bjargráðasjóð. Eins og fram kemur í nál. eru þau hin sömu og varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins, en bæði er að nú eiga sér ekki stað lánveitingar úr Bjargráðasjóði vegna tjónabóta og líka hitt að þau lög eru í endurskoðun. Þá var ekki sérstaklega fjallað um þau efni við afgreiðslu málsins, en þess hins vegar vænst að við endurskoðunina, sem að sjálfsögðu kemur þá til kasta Alþingis að fjalla um, yrði á þetta ákvæði litið að því er varðaði Bjargráðasjóð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. EgJ, 228. mál (greiðslur fyrir sauðfjárafurðir). — Þskj. 516, n. 924.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu afar þakklátur forseta fyrir að þetta mál skuli geta gengið til umræðu með sæmilega eðlilegum hætti. Það var útlátalaust fyrir mig að fallast á að nokkur ágreiningslaus mál yrðu tekin til afgreiðslu áður en kæmi að þessu máli. Ég hef hins vegar ekki samið um neitt annað í þeim efnum, hvorki tímalengd fyrir mig né aðra hv. þm. sem ég hef að sjálfsögðu ekki heldur nokkurn einasta rétt til.

Nál. landbn., sem hér liggur frammi, er að því leyti afar skýrt að undir það hafa skrifað allir nefndarmenn landbn. Ed. Alþingis og allir nema tveir með fyrirvara. Það hlýtur að vekja nokkra eftirtekt hvað þetta sanngjarna mál hefur átt erfitt uppdráttar í þinginu og mun ég koma nokkuð að því síðar.

Það má vera að ástæða fyrir því sé m.a. sú að það virðist ekki vera sérstaklega vinsælt meðal þings og þjóðar að fjalla um málefni atvinnuveganna í landinu, enda vitað hvernig hag þeirra er komið og á þetta þó alveg sérstaklega við landbúnaðarmálin. Eins og við vitum hefur fólki fækkað í sveitum landsins en fjölgað annars staðar. Atkvæðin hafa flust til. Þessar breytingar hafa átt sinn þátt í að skapa neikvæð viðhorf gagnvart íslenskum landbúnaði í þéttbýlinu.

Það má líka minna á að þegar þessi málaflokkur hefur fengið umfjöllun á Alþingi er það einkum í þeim tilvikum að mál hafi snert bændur landsins með neikvæðum hætti. Þetta átti sér býsna oft stað á síðasta kjörtímabili, t.d. þegar gefnar voru út reglugerðir um stjórn búvöruframleiðslunnar sem auðvitað höfðu ýmsa annmarka. Þá stóð ekki á því að fjalla um þau mál t.d. utan dagskrár í Sþ. Menn minnast þess kannski líka að þá glottu sjónvarpsvélar í hverri gátt og þá fékkst tilvalið tækifæri fyrir áhugasama þingmenn að láta fréttir berast af því hvernig afstaða þeirra væri til málefna landbúnaðarins. Það gilti einu í þessum efnum hvort í hlut áttu stjórnar- eða stjórnarandstöðuþingmenn.

Nú hefur mér hins vegar fundist að þessi umræða væri býsna mikið að breytast. Það er búið að taka margar erfiðar og stórar ákvarðanir í málefnum landbúnaðarins á síðustu árum og landbúnaðurinn er með undraverðum hætti búinn að aðlaga sig að þeim breyttu aðstæðum. Og auðvitað ætti það að vera eins með stjórnmálamennina, það hlýtur að vera eðlilegt að ætlast til þess að þeir hafi líka metið aðstæður þótt annað hafi komið á daginn eins og ég mun síðar víkja að. Það var m.a. af þessum ástæðum sem ég flutti þetta sanngjarna mál á Alþingi og hefði raunar ekki búist við öðru en það gæti gengið greiðlega í gegnum þingið og yrði lögfest. Ég er að þessu leyti reynslunni ríkari og ég hygg líka að það megi segja almennt um bændur landsins að þeir geti nokkuð lært af þessari niðurstöðu. Vert er að minna á að þegar málið kom til 1. umr. hlaut það góðar undirtektir allra þeirra sem um það fjölluðu. Mér er m.a. sérstaklega í minni að landbrh. byrjaði ræðu sína og lauk henni einnig með því að lýsa því yfir að þarna væri um sanngirnismál að ræða. Mál hans varð ekki öðruvísi skilið en hann teldi eðlilegt að málið næði fram að ganga. Það var eins við þá umfjöllun sem fór fram um málið í þingnefnd. T.d. voru þær umsagnir sem bárust frá öllum þeim aðilum sem fengu það til umsagnar jákvæðar nema frá sláturleyfishöfum. Þeirra umsögn var neikvæð og mun ég víkja að því síðar. En búnaðarþing, Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins og Samband sauðfjárbænda, allir þessir aðilar lýstu yfir stuðningi við málið.

Þegar betur er að gáð kemur líka í ljós að hér er einungis verið að fjalla um réttindi sem þessi búgrein hefur átt síðan búvörulögin voru sett á vordögum árið 1985. Þau lög fólu í sér ýmsar framleiðslutakmarkanir í landbúnaði. Það voru lagðar ýmsar byrðar og skyldur á bændur landsins, en þeir fengu líka tiltekin réttindi aftur á móti. Þau mikilvægustu voru að þær búvörur sem heimilt er að framleiða innan fullvirðisréttar verða greiddar

bændum, staðgreiddar eins og það hefur verið kallað. En með því að ekki lá fyrir hvernig þeim málum yrði fyrir komið að því er varðaði sauðfjárræktina var ekki tekinn upp sami háttur þar og varðaði mjólkurframleiðsluna en gefið svigrúm til uppgjörs þannig að 15. des. var valinn sem uppgjörsdagur fyrir sauðfjárafurðir. Nú hefur hins vegar fengist reynsla í þessum efnum og með síðustu reglugerðarbreytingu sem hefur verið gefin út að tilhlutan landbrh. er þessi framkvæmd enn þá auðveldari og þar með liggur að sjálfsögðu beint við að koma þessu mikilvæga hagsmunamáli fram.

Þetta eru allt saman óyggjandi staðreyndir, að samkvæmt frv. er einungis verið að fá sauðfjárbændum þau réttindi sem þeir eiga en af tæknilegum ástæðum hefur ekki verið hægt að koma í framkvæmd fyrr en nú.

Frá því að ég tók sæti á Alþingi man ég ekki eftir máli sem er jafnsjálfsagt og sanngjarnara en þetta mál að þessu leyti og auðvitað eru þau rök sem ég hef hér lagt fram fullnægjandi skýringar og meira en það. En með því hvað málið hefur átt erfiðan framgang hér í þinginu og líka vegna þeirra fyrirvara sem komu fram í umsögnum, þótt þær séu að öðru leyti jákvæðar, og enn fremur líka vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað a.m.k. sums staðar í þjóðfélaginu hefur mér þótt eðlilegt að sanna niðurstöðu þessa máls.

Í frv. sem ég lagði fram var með skýrum og ótvíræðum hætti sýnt fram á að afurðastöðvar hafa fengið fullnægjandi fyrirgreiðslu til að gera þeim kleift að standa við lagaákvæði um staðgreiðslu búvara. Samkvæmt grg. sem fylgdi frv. kemur fram að einungis vanti 5% á að staðgreiðslu- og afurðalán mæti öllum kostnaði við sauðfjárframleiðsluna á heildsölustigi. Þess hefur hins vegar orðið vart að menn tóku ekki mark á þessari niðurstöðu þrátt fyrir þessar skýru álitsgerðir. Af þeirri ástæðu leitaði ég eftir því hvernig þessum málum væri háttað eftir að uppgjör fór fram. Með bréfi til formanns framkvæmdanefndar um búvörusamninga leitaði ég eftir upplýsingum um niðurstöðu þessara mála. Bréf mitt er birt sem fskj. og svarið við því frá Guðmundi Sigþórssyni, skrifstofustjóra landbrn. Þar var aflað upplýsinga frá bönkunum um hver upphæð afurðalána hefði verið. Jafnframt var fengin staðfesting á því hverjar hefðu verið greiðsluskyldur sláturleyfishafa. Niðurstaðan byggist því á rauntölum sem ég trúi varla að menn treysti sér að hnekkja. Þá kemur það í ljós að einungis skortir á 5% að afurða- og staðgreiðslulánin hefðu sl. haust valdað allar greiðslur á heildsölustigi. Eins og fram kemur í grg. með frv. fellur ekki allur kostnaður sláturleyfishafa til í sláturtíð og þar af leiðandi hefur þessi fyrirgreiðsla nægt til að greiða allan áfallinn kostnað bæði við slátrun og líka til að standa skil á fullum greiðslum til bændanna. Ég veit ekki hvernig á að fara að því að sanna mál, sanna niðurstöðu í máli ef það er ekki gert með þessum hætti.

Það hefur blandast inn í þessa umræðu að af þessari breytingu mundi hljótast aukinn kostnaður sem ríkissjóður þyrfti að standa skil á. Í þessu sambandi vitna ég til fskj. II þar sem Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi fór yfir þennan þátt málsins og sýnir þar að sá voðalegi kostnaður muni nema 20 millj. kr. Auðvitað er þetta hárrétt miðað við framleiðslumagn sláturafurða sl. haust. Hins vegar, ef tekið er tillit til þess hvað fjárþörfin minnkar að því er staðgreiðslulánin varðar vegna minni framleiðslu, kemur í ljós að á milli ára verður trúlega sáralítill eða enginn aukakostnaður þótt þessi skipan mála yrði upp tekin, lítill eða enginn kostnaður sem af þessu leiddi á milli ára. Ástæðan fyrir því er sú að sauðfjárframleiðslan á næsta hausti, miðað við þann fullvirðisrétt sem í gildi er, verður verulega miklu minni en á sl. hausti og auk þess hefur fjárþörf fyrir staðgreiðslulán einnig minnkað við mjólkurframleiðsluna vegna betri markaða.

Hér að framan hef ég sannað tvö grundvallaratriði í þessum efnum. Annars vegar að fjármagnsfyrirgreiðsla hefur verið fullnægjandi og að af þessari breytingu milli ára muni ekki leiða aukinn kostnað. (**SkA:** Má ég benda ræðumanni á að hér er komin tillaga frá forsrh. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar?) Aftur get ég sagt að þetta séu fullnægjandi skýringar, en mér þykir samt vert að rökstyðja málið enn frekar.

Það er sérstök ástæða til að minnast á hvernig búskaparhættir hafa verið að þróast síðustu árin og þá einnig vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað í þinginu síðustu daga. Ég hefði nú gjarnan viljað, virðulegur forseti, að hæstv. viðskrh. yrði viðstaddur meðan ég fjalla um þann þátt mála. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að ná í hæstv. viðskrh.)

Nú er það svo, eins og ég sagði áðan, að fyrir hendi er ákveðin andstaða gegn þessu máli og óttast ég að hún hafi náð inn í samstarfsflokkinn, Framsfl. Menn minnast þess væntanlega þegar því var neitað að greiða bændum 15. des. eins og lög mæla fyrir um. Síðan hefur það skeð, sem er náttúrlega afar óvænt í þessu máli, að forustan hjá sláturleyfirhöfum hefur gert sérstakar ráðstafanir til þess meðal sinna manna ... (**Forseti:** Má ég aðeins segja hv. ræðumanni frá því að hæstv. viðskrh. mun vera í ræðustóli í Nd., en ég hef gert ráðstafanir til þess að biðja hann að koma hingað eins fljótt og hann getur.) Hafðu þökk fyrir það, virðulegur forseti. — að bændur fengju ekki lögboðnar greiðslur 15. mars. M.a. hef ég máli mínu til stuðnings símskeyti sem sent hefur verið öllum sláturleyfishöfum og mér finnst ástæða til að festa hér í þingtíðindi sem sögulegt plagg, með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórn Landssamtaka sláturleyfishafa beinir þeim tilmælum til meðlima sinna að greiða ekki verðhækkun þá sem greiða átti 15. mars fyrr en greiðsla vaxta og geymslugjalds verður færð í fyrra horf eða sambærilegar ráðstafanir gerðar."

Fyrir hönd stjórnar sláturleyfishafa undirrita þetta

símskeyti tveir þekktir framsóknarmenn, Ólafur Sverrisson og Þorsteinn Sveinsson.

Það er víða róið í þessum efnum og að sjálfsögðu er það mikið áhyggjumál þegar á að brjóta lögin í þessu landi með hótunum af þessum toga. E.t.v. er þetta ein skýring þess hvað málið hefur átt erfitt uppdráttar því að mikið má vera ef það eru ekki einhverjir fleiri sem hafa fengið skeyti frá Ólafi Sverrissyni og Þorsteini Sveinssyni en bara sláturleyfishafar.

Það vekur líka athygli í þessum efnum að hlutur sláturleyfishafa hefur ekki verið fyrir borð borinn og það er reyndar eitt af því sem er sannað í nál. því að það kemur þar í ljós að greiðslur til sláturleyfishafa eru óbreyttar, rétt tæpur milljarður, allan síðasta áratug og gildir þar alveg einu hver framleiðslan hefur verið. Þeir hafa fengið sína reikninga borgaða, enda eins og kemur líka fram í meðfylgjandi gögnum hefur heildsölukostnaður í þessari grein hækkað um 25% á síðustu árum. Það er þess vegna mikil ástæða til að minna á að þeir ættu að reyna að leysa sinn vanda með öðrum hætti en þeim að afhenda ekki lögbundnar greiðslur til bænda á réttum tíma.

Menn verða líka að athuga það, og ég held að það sé mál sem verðlagsstjóri þarf að kanna betur hér eftir en hingað til, hvernig sláturkostnaðurinn er saman settur og hvernig hann er til kominn. Það eru fleiri not af þeim húsum en bara vegna sauðfjárslátrunar. Ég er alveg sannfærður um að sú framleiðslugrein er að of stórum hluta látin bera uppi þann kostnað.

Þegar litið er til annars kostnaðar í verðmyndun sauðfjárafurða á síðustu árum kemur í ljós að þar hefur orðið mikil breyting til ófarnaðar t.d. í sambandi við smásöluálagningu. Svo ég minni enn á það sem kemur fram í nál. er niðurstaðan sú að verðlag á þessari vöru hefur hækkað um 26% á síðustu árum. Í nál. er líka á það bent að slík hækkun muni þegar hafa valdið markaðstapi sem nemur 1/10 af innanlandsmarkaðnum. Það hefði vissulega verið mikil ástæða fyrir hæstv. viðskrh. að athuga þessa hluti, ekki síst vegna þess að það er ekki langt um liðið frá því að hann sat í forustu fyrir Þjóðhagsstofnun, sem hefur að sjálfsögðu miklu hlutverki að gegna, og þaðan er vissulega að fá margar og góðar upplýsingar.

Ég hef minnst á þennan hæstv. ráðherra alveg af sérstöku tilefni, en í vantraustsumræðunni hér á dögunum komst hæstv. ráðherra þannig að orði: „Auðvitað hefði verið æskilegt að ná líka nokkurri lækkun útgjalda til annarra þarfa en velferðarmála almennings, sérstaklega að hætta að ausa í þá botnlausu hít sem landbúnaðarútgjöldin eru og verða og að fresta ýmsum framkvæmdum sem þola bið, en um þetta hefur enn ekki náðst samkomulag."

Þarna er gripið til þess ráðs, sem ég minnti á í upphafi máls míns, að landbúnaðurinn er hafður fyrir blóraböggul til þess að geta kennt honum um að ekki sé nægilega vel séð fyrir velferðarríkinu. Það er annar alvarlegur þáttur í þessari framsetningu.

Hinn er svo sá að hér fer ráðherrann ekki með rétt mál. Hér er rangt frá sagt. Það sannar m.a. nál. Og það sem verra er, að í eldhúsdagsumræðum sem fram fóru í gær kemur fram nákvæmlega sama skoðun í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Mikilvægast er þó að stefnumörkun sé sniðin að þjóðhagslegum markmiðum og hag þjóðarinnar allrar. Í þessu sambandi verður ekki hjá því komist að minna sérstaklega á landbúnaðarmálin. Það kerfi sem hirðir milljarða á milljarða ofan ár eftir ár í alls kyns bætur og styrki úr ríkissjóði á sama tíma og sífellt sverfur meira og meira að bændum stenst ekki. Þetta er sóun sem við þolum ekki. Þetta kerfi þjónar ekki hagsmunum bænda og það er andstætt þjóðarhag. Þess vegna verður að leita nýrra leiða. Meðan ekki er náð tökum á þessu fargani verða bæði bændur og ríkissjóður í sífelldri úlfakreppu. Og mín skoðun er sú að hætt sé þá við að hin brýnu viðfangsefni sem ég taldi um hér í upphafi muni áfram sitja á hakanum."

Eins og menn sjá er hér nákvæmlega sama skoðunin á ferðinni þótt orðalag sé ekki alveg með nákvæmlega sama hætti. Og síðar segir enn fremur og það vekur ekki minni athygli, með leyfi forseta:

„Við erum dugleg að fjárfesta, Íslendingar, í steinsteypu, í verslunarhöllum, í virkjunum, í landbúnaði og í veiðiskipum, svo dugleg að það keyrir atvinnugreinarnar um koll og njörvar þær niður í óhagkvæm og flókin skömmtunarkerfi."

Nú er að sjálfsögðu afar mikilvægt að fá vitnisburð Þjóðhagsstofnunar um þessi efni, þeirrar stofnunar sem hæstv. viðskrh. hefur stjórnað til skamms tíma. Sumt af því kemur hér fram í nál. en annað ekki. Ef við tölum þá fyrst um fjárfestinguna í landbúnaði, sem Kjartan Jóhannsson talar um með þeirri vandlætingu sem ég hef nú lýst. Hefur hún gengið þannig fyrir sig eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson segir? Nei, það sanna er að á síðustu tíu árum hefur hún minnkað úr 1 milljarði niður í 250 millj. miðað við verðlag 1987. Fjárfesting í landbúnaði er sem sagt 1/4 af því sem hún var fyrir u.þ.b. einum áratug. Og þessar voðalegu jarðræktarframkvæmdir hafa þróast þannig að þar hefur fjárfesting gengið saman úr tæpum 450 millj. kr. frá árinu 1984 og niður í 150 millj. eins og hún er nú. Sannleikurinn er sá að það er orðið áhyggjuefni hvað framkvæmdir eru litlar í hefðbundnum landbúnaði því að þær eru einungis brot af viðhaldsþörfinni.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um eyðslu og viðskiptahalla og ég held að það hafi engir talað meira um það en alþýðuflokksmenn, m.a. hæstv. viðskrh. Þar af leiðandi er ástæða til að meta hvaða þátt þessi óhagkvæmi atvinnuvegur á í þeim vanda. Miðað við verðlag síðasta árs hefur innflutningur til landbúnaðarins minnkað um 1/3 á þremur árum. Hann hefur dregist saman um 350 millj. kr. og er nú einungis 1,9% af öllum innflutningi til landsins. Er þetta hítin sem hæstv. viðskrh. er að tala um eða botnlausa

skuldasöfnunin sem Kjartan Jóhannsson orðar svo?

Ef við förum svo að tala um ríkisútgjöldin, þá hafa þau líka verið að lækka býsna mikið að því er landbúnaðinn varðar. Árið 1982 var hlutur landbúnaðarins rétt í kringum 12% af ríkisútgjöldum að meðtöldum niðurgreiðslum. Þessi tala hafði lækkað um helming þegar kom til ársins 1986. Er þetta botnlausa hítin sem hæstv. viðskrh. er að tala um?

En hvað hefur þá skeð hjá bændunum sjálfum? Ég hef verið að lýsa því hvernig sláturleyfishafarnir hafa bætt sinn hlut. Ég hef einnig verið að lýsa því hvernig smásalarnir hafa bætt sinn hlut í verði sauðfjárafurða. Ég hef ekki heyrt hæstv. viðskrh. tala þar um botnlausa hít. En hvernig er þá háttað rekstrinum í landbúnaðinum? Má ég kannski minna á það sem eðlilega kom fram þegar framleiðslutakmarkanir voru settar, að bændur mundu þá taka laun sín af færri framleiðslueiningum og þar af leiðandi greiddu neytendur í búvöruverðinu svipuð laun og áður.

Nú liggur fyrir hvernig verðlag á landbúnaðarvörum hefur þróast hin síðari ár. Nú liggur fyrir hvort þessar ályktanir og þessar spár hafa gengið eftir. Og hvað kemur þá í ljós? Það sem fyrir liggur er að verðlag á landbúnaðarvörum hefur farið lækkandi hin síðari ár. Verðlag á sauðfjárafurðum hefur þannig lækkað á síðustu árum um 7%. Er þetta sú botnlausa hít, hæstv. viðskrh.? Væri þetta eitt út af fyrir sig ekki nægjanlegt til þess að jafnsanngjarnt og eðlilegt mál og hér er verið að ræða verði samþykkt án þess að um það þyrfti mikið að þrefa?

Í mjólkurframleiðslunni hefur orðið enn meiri verðlækkun. Sú verðlækkun nemur um 20%. Vegið meðaltal af þessum tveimur stærðum er um 14–15% sem er bein verðlækkun á landbúnaðarvörum á síðustu árum. Er þetta hítin sem hæstv. viðskrh. var að tala um?

En hverju skyldi þessi 15% verðlækkun á framleiðsluvörum í krónum talið nema? Þessi tala er einhvers staðar mjög nálægt 1 milljarði kr. Kannski er það einn af þessum milljörðum á milljarða ofan sem Kjartan Jóhannsson er að tala um. Eða er þetta botnlaus hít, hæstv. viðskrh.?

Hér hef ég farið yfir alla efnahagsþætti í íslenskum landbúnaði, alla, og sýnt fram á að kostnaðurinn við landbúnaðinn, þá er ég að tala um framleiðslukostnað, hefur lækkað svo milljörðum skiptir á síðustu árum. Samt raða menn sér hér upp og tala um botnlausa hít. Ætli það væri ekki svolítið óðruvísi umhorfs í þjóðfélaginu ef annars staðar væri gætt jafnmikils sparnaðar, hagsýni og hagræðingar og gert er í landbúnaðinum?

En kannski eru þau ummæli sem ég hef vitnað til, bæði að því er varðar hæstv. viðskrh. og eins fyrrv. formann Alþfl., lýsandi fyrir þá vanþekkingu sem er um þessi málefni, á þeim árangri sem bændur landsins hafa náð. Og vissulega hlýtur fólkinu í landinu að vera vorkunn þegar viðskrh. talar með þeim hætti sem ég hef hér lýst, ekki síst vegna þess að mörg þeirra gagna sem ég hef dregið hér fram koma frá þeirri stofnun sem hann hefur stjórnað til skamms tíma. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. ræðumanns á því að nú er klukkan 4 og ráðgerðir þingflokksfundir. Þess vegna vil ég spyrja hv. ræðumann hvort hann hafi lokið máli sínu eða hvort hann vilji gera hlé á máli sínu?) Ég á eftir ótalað í 8–10 mínútur, virðulegur forseti, og skal fúslega gera hlé á ræðu minni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar héðan var horfið fyrir þingfundarhlé voru það orð hæstv. viðskrh. hér í deildinni, reyndar var það persónulega við mig mælt, að við mundum hittast hér kl. hálfsex. Ég átti sérstakt erindi við hæstv. viðskrh. og ég hef ekki lokið því enn, herra forseti, og ég kann ekki við að tala á bak mönnum. (**Forseti:** Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að ná í viðskrh. Ég veit að hann er upptekinn, en ég reikna með að hann reyni að koma og ef ræðumaður telur ástæðu til að ég fresti málinu og taki annað fyrir, þá er það möguleiki. En öðruvísi get ég ekki starfað.) Ég hafði líka, herra forseti, heitið því að ljúka máli mínu á tíu mínútum eða skemmri tíma og af þessari ástæðu getur vel verið að tímasetningarnar verði ekki nákvæmar. En það verður að skrifast einhvers staðar annars staðar en á reikning bændanna í þessu landi.

Ég hef nú farið yfir meginatriði í þróun verðlagsþátta í landbúnaðinum og ég hef sýnt fram á með alveg óyggjandi hætti hvernig þau mál hafa skipast á allra síðustu árum. Það sem er hins vegar vert að bæta við er að ekki verður annað séð en að um beina ákvörðun um lækkun vöruverðs hjá landbúnaðinum hafi verið að ræða því þegar gjaldaliðir hans eru metnir kemur í ljós að laun og fjármagnskostnaður hafa minnkað hlutdeild sína í búvöruverðinu, í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara.

Árið 1979 hygg ég að þessir tveir verðlagsþættir hafi numið 64% af verðlagsgrundvellinum, en eru núna komnir niður í 58%. Og það er athyglisvert, ekki síst þegar verið er að tala um botnlausar hítir og óhagkvæma fjárfestingu í landbúnaði, að sá kostnaðarþáttur hefur minnkað hlutdeild sína í búvöruverðinu á síðustu árum. Ég segi og skrifa: Hann hefur minnkað hlutdeild sína í búvöruverðinu á síðustu árum. Ætli það sé ekki býsna mikil sönnun þess að það hafi verið haldið sparlega á í þeim efnum?

Það væri reyndar full ástæða til að tala miklu lengra mál um fjárfestinguna í landbúnaði og þá m.a. meta hvað bændur landsins hafa lagt fram sjálfir og hvernig verðmætin færast á milli ættliða án þess að vera skuldfærð. Ég er ekki óánægður með það fyrirkomulag, en ég segi hins vegar að þeir sem hæst gala um óhagkvæmni fjárfestingar í landbúnaðinum og annað í þessum dúr ættu að kynna sér svolítið betur þau mál.

Nú er það vissulega svo, eins og ég hef reyndar áður sagt hér í þessari umræðu, að það hefur mikið verið lagt á bændur landsins að undanförnu. Ég hef líka sagt frá því hvernig þeir hafa brugðist við því.

Ýmislegt í landbúnaði hefur gengið til betri vegar á síðustu árum og víða eru bændur landsins í sókn. Hins vegar eru vandamál í sauðfjárræktinni. M.a. þess vegna hefði þetta sanngirnismál átt að hafa greiðan gang í gegnum deildina. Verðlagshækkanir og minnkandi niðurgreiðslur hafa valdið því að markaður hér innan lands hefur dregist saman um ca. 1000 tonn og erlendir markaðir tæpast lengur fyrir hendi. Þetta þýðir að í rauninni eru framleiðslumöguleikar í þessari atvinnugrein um það bil fjórðungi minni en þeir voru fyrir örfáum árum. Ef menn fletta upp á súluriti 4 í nál. sést hvernig framleiðslan í þessari grein hefur minnkað. Á árunum 1979 til 1982 var framleiðsla í sauðfjárrækt um 4 milljarðar kr. en á síðustu árum ca. 3 milljarðar. Auðvitað er ekki hægt að horfa fram hjá því að hér er um vandamál að ræða.

Ef betur er að gáð skýrist þetta líka á súluriti 2, og sýnir það að afkoma í sauðfjárrækt er svipuð og hún var fyrir tíu árum. Á sl. hausti var verðlagt eftir ákvæðum nýrra búvörulaga í fyrsta sinn og eins og ég skýri hér í nál. má ætla að það valdi umtalsverðri rauntekjuaukningu í sauðfjárrækt.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu. En mér þykir vert að minna á í lok þessarar umræðu að það verður að sjálfsögðu ekki komist hjá því að líta eftir því með nákvæmari hætti en gert hefur verið fram að þessu hvernig mál íslensks landbúnaðar verða afgreidd hér á Alþingi. Það kom upp ágreiningur á sl. hausti um þau efni. Fjárlagafrv. eins og það var lagt fram var óásættanlegt fyrir landbúnaðinn og fjárlög voru afgreidd án þess að fullar sættir næðust þótt unnist hafi mjög mikilvægur varnarsigur. En það er svo annað mál að varnarsigrar skila ekki fullnægjandi árangri. Meiri árangur verður að nást þegar tekist verður næst á í þeim efnum.

Ég vil svo taka fram að lokum, herra forseti, að eftir því var leitað við mig af varaforseta að ég féllist á að til afgreiðslu yrðu tekin á undan þessu máli nokkur mál sem ekki er ágreiningur um. Þeirri afgreiðslu er lokið og annað samkomulag hef ég að sjálfsögðu ekki gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1023, sem var of seint fram komin, samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir hefur m.a. verið til meðferðar og er til meðferðar hjá hæstv. landbrh. Með því hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi tillögu um að vísa því til ríkisstjórnarinnar:

„Frv. þetta felur í sér staðfestingu á markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða, hliðstætt því sem gildir í mjólkurframleiðslu. Þessi breyting ætti að vera auðveld í framkvæmd og ætti tæpast að leiða til umtalsverðs kostnaðarauka vegna minni lánsþarfar (staðgreiðslulána) milli áranna 1988 og 1989. Hér er því um mál að ræða sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að komi til framkvæmda fyrir næstu sláturtíð.

Þar sem ríkisstjórnin hefur í athugun fleiri breytingar á tilhögun á greiðslum fyrir sauðfjárafurðir sem munu tryggja enn frekar afkomu sauðfjárbænda er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa tillögu. Hún skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir gefur svo sannarlega tilefni til þess að ræða um landbúnað, stöðu hans og framtíð, en þó aðallega um það flókna og þunglamalega sölufyrirkomulag sem hann býr við. Ég ætla þó ekki að eyða dýrmætum tíma hv. þingdeildar með því að fara mjög ítarlega út í þau mál, en gera stuttlega grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við nál.

Meginatriði frv. felst í að lagfæra þann þátt sem snýr að sauðfjárbændum. Sú aðgerð er þó ekki einhliða. Hún tekur einnig til sláturleyfishafa og ríkissjóðs. Það er mikið umhugsunarefni hvernig staða yfirleitt allra framleiðslufyrirtækja í landinu er, þar á meðal sláturleyfishafa, og það er reyndar einsýnt að ef ekki verður tekið á þeim vanda, sem fyrirtækin eiga við að glíma, verða þau gjaldþrota eitt af öðru og fjöldi fólks, einkum á landsbyggðinni, missir vinnu sína og jafnvel eignir.

Það er sífellt talað um vanda landsbyggðarinnar þegar rætt er um þessi mál, en menn verða að fara að gera sér grein fyrir að hér er alls ekki um einangrað vandamál landsbyggðarinnar að ræða. Vandi landsbyggðarinnar hlýtur að vera vandi sem snertir alla þegna þessa lands og til þess að leysa hann verður að taka pólitískar ákvarðanir. Verst er auðvitað ástandið þar sem atvinnulífið er einhæft og byggir einkum á þjónustu við landbúnaðinn, en eins og menn vita hefur orðið mikill samdráttur í landbúnaði á sl. árum. Á mörgum svæðum þar sem aðallega er stunduð sauðfjárrækt og þar sem ekki hafa komið til nýjar búgreinar horfir jafnvel til auðnar.

Eins og áður sagði er frv. ætlað að rétta hag sauðfjárbænda og tryggja þeim sams konar greiðslufyrirkomulag og gildir um mjólkurafurðir. Það er hins vegar einn stór galli á frv. Ekkert í því tryggir að staðið verði við fjármögnunarhlið þess. Sláturleyfishafar telja að þeim verði torvelt að standa skil á þessum greiðslum til bænda. Það vekur upp spurninguna um hvort sá háttur sem nú er hafður á sé sá ákjósanlegasti. Sú staða sem sláturleyfishafar hafa þráfaldlega komist í, að vera á milli steins og sleggju milli ríkissjóðs og framleiðenda, er með öllu óviðunandi fyrir alla aðila. Væri ekki athugandi hvort Framleiðsluráð landbúnaðarins tæki að sér að inna þessar greiðslur af hendi? Ég varpa þessu hér með fram sem hugmynd til nánari skoðunar.

Ég er mjög hlynnt meginefni frv., enda eru

langflestar umsagnir sem um það bárust jákvæðar, og vísa á bug tæknilegum örðugleikum við framkvæmd þessa greiðslufyrirkomulags. Hins vegar er fjármagnsþáttur þess engan veginn tryggður og á því byggist fyrirvari minn. Hér hefur reyndar verið borin fram tillaga af hæstv. forsrh., sem mér sýnist vera til bóta, að til standi að taka þetta mál upp og tryggja að slíkt greiðslufyrirkomulag taki gildi í næstu sláturtíð. Því hlýt ég að styðja þá tillögu sem slíka.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. frsm. landbn. að það er vissulega ástæða til að ræða landbúnaðarmál og það hef ég reynt að gera þar sem ég hef fengið tækifæri til og útskýra stöðu þeirra.

Hv. frsm. vitnaði í orð mín við 1. umr. að ég hefði talið að hér væri um sanngirnismál að ræða. Ég held að það hljótum við að vera öll sammála um að ef einhver afhendir vöru er það sanngjarnt að hann fái hana greidda svo fljótt sem kostur er. Hins vegar benti ég í máli mínu við 1. umr. á að þarna þyrfti að tryggja að þetta yrði framkvæmt og þá hliðina þyrfti að skoða.

Það hefur komið í ljós, sem kannski var ekki undarlegt þegar búvörulögin gengu í gildi og þær breytingar sem þeim fylgdu, að það tæki einhvern tíma að ná þar jafnvægi. Sérstaklega hefur það orðið við sauðfjárræktina þar sem miklar birgðir voru í upphafi þegar lögin gengu í gildi. Við þann vanda er enn verið að glíma. En samkvæmt áætlun sem gerð hefur verið og í kjölfar þeirra aðgerða sem framkvæmdar hafa verið er ljóst að það mun takast að sigrast á honum nú alveg á næstu árum þannig að þar á að nást jafnvægi.

En þessi birgðavandi hefur m.a. átt þátt í erfiðleikum á fjármögnun á þessum afurðum þar sem ekki hefur verið búið að selja þær allar frá fyrra ári þegar ný sláturtíð gengur í garð. Þetta og fleira er nauðsynlegt að athuga hvernig unnt sé að tryggja. Einnig hefur komið í ljós að á einstökum svæðum á landinu hafa sláturleyfishafar átt í erfiðleikum með að tryggja sér viðunandi bankaviðskipti og það er vandamál sem er líka mjög alvarlegt fyrir viðkomandi héruð. Ég tek því undir það, sem kemur fram í tillögu hæstv. forsrh., að það þarf að skoða þessi mál betur og tryggja það og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því eftir því sem kostur er ef málinu verður vísað til ríkisstjórnarinnar.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er einn af hv. nefndarmönnum sem skrifa undir með fyrirvara og mig langar í örstuttu máli að gera grein fyrir hvers vegna.

Ég er í meginatriðum sammála hv. flm. hvað það snertir að greiða sauðfjárbændum fyrr fyrir sínar afurðir. Það er réttlætismál og gott mál. En þar sem okkur greinir á er varðandi afurðastöðvarnar. Ég fullyrði að þær eiga í verulegum erfiðleikum með að láta enda ná saman og sú fjármögnun sem þær hafa fengið af hálfu ríkisvaldsins hefur ekki nægt. Þar af leiðandi get ég ekki annað en skrifað undir með fyrirvara.

Hv. flm. vitnaði í skeyti frá sláturleyfishöfum og fleira sem frá þeim hefði komið varðandi þetta mál og eins það að þeir hefðu verið þeir einu sem hefðu gefið þá umsögn um frv. að þeir mæltu ekki með að það yrði samþykkt. Það er ósköp einfalt mál að meðan ríkisvaldið stendur ekki við að fjármagna þeirra rekstur og þeim hefur verið gert þetta enn erfiðara með því að fyrir rúmu ári var fyrirkomulagi varðandi vaxta- og geymslugjald breytt. Þetta eru ástæður þess að þeir treysta sér ekki til að borga bændum fyrr án þess að hafa það alveg tryggt að ríkisvaldið ætli að koma inn í.

Ég fagna því að hér hefur komið tillaga frá forsrh. um að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem þar sé verið að vinna að þessum málum og mun styðja þá tillögu.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Eins og kom reyndar fram í þingskapaumræðunum í upphafi fundar í hv. deild í dag hefur þetta frv. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum verið til umfjöllunar í hv. landbn. nokkuð lengi og í upphafi virtist sem fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni mundu ekki standa að sameiginlegu áliti. Það lá nokkurn veginn fyrir að meiri hluti mundi verða í nefndinni með hv. flm., formanni nefndarinnar, og öðrum fulltrúa Sjálfstfl., hv. 4. þm. Vestf., hæstv. forseta Sþ., og okkur fulltrúum Kvennalistans og Alþb. í nefndinni sem lýstum því fljótlega yfir eftir að umræða hófst um málið í nefndinni að við teldum okkur geta stutt þetta mál með ákveðnum fyrirvara, en við teldum eðlilegt og sjálfsagt að málið fengi eðlilega þinglega meðferð.

Það leit þannig út um tíma að málið yrði afgreitt úr nefndinni með þessum meiri hluta. Hitt lá reyndar ekki fyrir hvort aðrir fulltrúar í nefndinni, þ.e. fulltrúar Framsfl. og Alþfl., mundu beita sér gegn frv., en það lá þó frekar í loftinu að þannig mundi fara. Svo gerist það upp úr páskum að það er komið annað andrúmsloft í nefndina og ágætir fulltrúar Framsfl. fara að gefa undir fótinn með að það geti verið að þeir séu tilbúnir að vera á nál. Og það fréttist að um málið hefði verið fjallað á fundum ríkisstjórnarinnar, það hefði verið tekin fyrir í ríkisstjórn þessi tillaga hv. 5. þm. Austurl. um að unnið verði að markmiðum búvörulaganna, að það væri eitthvert vandamál í ríkisstjórninni um að það væri stefnt að því að standa við markmið búvörulaganna. Og ekki nóg með að um þetta hafi aðeins verið fjallað í ríkisstjórn á einum fundi heldur lá í loftinu að það hefði ekki verið hægt að leysa það á einum fundi, menn hefðu ekki verið alveg sammála um það í ríkisstjórninni hvort ætti að standa við búvörulögin eða ekki heldur þyrfti að kanna málið betur á milli funda.

Ég er ekki heldur frá því að hv. 5. þm. Austurl.

hafi verið tekinn á teppið og spjallað við hann um það hvort ekki væri hægt að fara með þetta mál á þann veg að það skapaðist ekki úlfúð í ríkisstjórninni, hvort þetta mál mætti ekki bara liggja í nefndinni, jafnvel þó að hann hefði þegar meiri hluta fyrir því að taka málið úr nefnd.

Sem betur fer, eins og nú er komið í ljós, mun hv. 5. þm. Austurl. Egill Jónsson ekki hafa fallist á þessa afgreiðslu mála. Hann hefur haldið fast við þá skoðun sína að það væri sjálfsagt að standa að markmiðum búvörulaganna sem hann hafði unnið að, staðið að ásamt með Sjálfstfl. og Framsfl. að fá samþykkt á hv. Alþingi. En einhverra hluta vegna var ekki hægt að þoka málinu svo langt áleiðis að það væri hægt að skapa meiri hluta á hv. Alþingi til að fá frv. samþykkt. Sjálfsagt hefur flm. verið gerð grein fyrir því að þar væru miklir erfiðleikar á, jafnvel stjórnarslit, ef ætti að ganga fast eftir því að beita þeim meiri hluta sem jafnvel væri hér í hv. deild til að fá málið samþykkt. Því er alveg öfugt farið með hv. þm. en þær lýsingar báru með sér sem flokksbróðir hans gaf á honum í dag við þingskapaumræðuna. Maðurinn er sáttfús og vill leysa öll mál og hann vill vitaskuld, eins og aðrir sjálfstæðismenn, standa að því að þessi ríkisstjórn lafi saman, standa að því með ráðherrum sínum og hv. þm. Halldóri Blöndal að halda frið í ríkisstjórninni. Þingmaðurinn mun jafnvel hafa verið tekinn á teppið aftur til forsrh. og farið fram á það við hann hvort ekki væri hægt að leysa þetta mál með því að það fengi umræðu í hv. deild, en síðan yrði því vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er vitaskuld ekki mjög langt frá því að það sé verið að samþykkja málið með þeirri yfirlýsingu sem hér hefur verið lögð fram frá ríkisstjórninni eða frá hæstv. forsrh., en það er undarlegt að Framsfl. sé ekki tilbúinn að samþykkja þetta mál eins og að standa að þeirri yfirlýsingu sem hér var lögð fram. Er það bara af því að hv. þm. Egill Jónsson flutti þetta frv. að ekki má samþykkja það? Er ástandið þannig milli stjórnarflokkanna að Framsfl. geti ómögulega samþykkt frv. sem forustumaður úr bændahópi sjálfstæðismanna flytur? Þarf að búa til einhverja sérstaka leið vegna þess að það er þingmaður úr flokki sjálfstæðismanna sem flytur frv. um að standa við búvörulögin? Það er greinilegt að þingmaður eins og Halldór Blöndal telur miklu eðlilegra að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar þannig að framsóknarmenn þurfi ekki að hafa þann kross á sér að þessu máli hafi verið komið í höfn fyrir atbeina hv. þm. Egils Jónssonar. Mikið þarf nú að leggja á sig til að gera hlut samþingmanna og samflokksmanna sinna heldur minni en eðlilegt væri.

Þessi meðferð á frv. segir okkur reyndar ekkert annað en það, og reyndar segir tillagan um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst það, að þeir flokkar sem nú fara með ríkisstjórn á Íslandi, og þá í þessu tilfelli fyrst og fremst Framsfl. og Sjálfstfl., hafa ekki burði til að standa að málefnum landbúnaðarins á Íslandi. Þeir geta ekki komið sér saman um jafnsjálfsagðan hlut og það að staðið sé við staðgreiðslu til bænda. Eins og útkoman er núna hjá kaupfélögunum, hjá afurðasölufélögunum sýnir það ekkert annað en að framkvæmd búvörulaganna hefur ekki gengið upp. Stefna Sjálfstfl. og Framsfl. hefur ekki gengið upp. Við stöndum frammi fyrir því að hringinn í kringum landið eru samvinnufyrirtæki bændanna að halda aðalfundi og fréttir af næstum hverjum einasta aðalfundi eru á þann veg að þetta eða hitt fyrirtækið hafi tapað tugum milljóna. Sérstaklega er þetta áberandi með þau fyrirtæki sem eru fyrst og fremst samvinnufélög á landbúnaðarsvæðum. Eitt og eitt kaupfélag tilkynnir smátekjuafgang, en það eru eingöngu fyrirtæki sem eru á sjávarútvegsvettvangi.

Þetta er staðfesting á því að bæði stefnan með búvörulögunum, stefna ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. og nú stefna ríkisstjórnar Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. í málefnum bænda hefur mistekist. Það hefur ekki verið staðið við fyrirheit, jafnvel ekki þau sem búvörulögin gefa, t.d. í sambandi við að standa að eðlilegri fjármögnun í sambandi við framleiðsluvörur fyrirtækjanna né aðra þætti í þeim lögum. Afleiðingarnar eru þær, sem ég nefndi áðan, að samvinnufyrirtæki og einkafyrirtæki líka, sem reyna að þjóna í landbúnaðargeiranum, tapa stórum upphæðum, eru jafnvel á þessum mánuðum og missirum að missa frá sér það eigið fjármagn sem íslensk bændastétt hefur verið að nurla saman á síðustu áratugum og byggja upp fyrirtæki sem áttu að vera hornsteinar áframhaldandi búskapar og áframhaldandi byggðar í sveitum. Kveðjan sem bændur fá nú úr þessum flokkum er sú að þegar einn úr þeirra hópi flytur á hv. Alþingi tillögu um að færa til betri vegar framkvæmd búvörulaganna eða eins og segir í tillögu forsrh.: um staðfestingu á markmiðum búvörulaganna, þá geta þeir ekki komið sér saman um að koma málinu áfram og fá það staðfest á hv. Alþingi. Þeim finnst betra að gefa bændum einhver óljós fyrirheit um að það eigi að leysa þessi mál inni í rósrauðri framtíð. Þetta eru góðar kveðjur til þeirra manna sem núna standa frammi fyrir því að fyrirtæki þeirra eru meira og meira að missa sitt eigið fjármagn út úr höndunum, að sú pólitíska forusta sem þeir sjálfir hafa meira og minna valið sér til að senda inn á hv. Alþingi hafi ekki afl eða kjark til að afgreiða jafntiltölulega lítið mál og það sem hér er til umfjöllunar.

Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði í 1. umr. þessa máls, að ég er nokkurn veginn viss um að hv. þm. Egill Jónsson þekkti sitt heimafólk svo vel að hann gerði sér litlar vonir um það, þegar hann flutti þetta frv. á hv. Alþingi, að hann fengi það samþykkt. Hann þekkti framsóknarmennina svo vel að fyrst honum tókst að koma málinu inn án þess að þeir væru meðflm. eða forustumenn að þessu, þá voru mestar líkur fyrir því að vegna þess að hann kom með það yrði það ekki samþykkt. Og í öðru lagi hlakkaði kannski í þingmanninum pínulítið að þessir framsóknarmenn sköpuðu honum þann möguleika

að geta farið um sveitir Íslands, kannski ekki eingöngu sitt kjördæmi en þó aðallega, og sagt þar frá því hvernig forusta framsóknar hefði tekið því að það ætti að standa við búvörulögin. Ég er ekki í nokkrum vafa um að að sumu leyti hlakkar nú í hv. þm. Agli Jónssyni yfir því að geta ferðast um Austurland eftir þinglok og sagt frá hinum mikla skörungsskap Framsfl.

Framsóknarmenn verða að svara þessu og þá standa þeir ekki í betri sporum en þeim að þurfa að lesa yfir kjósendum sínum, kaupfélagsstjórum og bændum, þessa tillögu sem hæstv. forsrh., sjálfstæðismaðurinn, flytur fyrir þá á þingi til að bjarga þeim út úr þeirri klípu að það verði ekki samþykkt frv. frá hv. 5. þm. Austurl. Agli Jónssyni um að það eigi að standa við búvörulögin. Ja, mikil er nú reisnin í flokknum! Sjálfur flokkurinn sem kallaði saman miðstjórnarfund til að skipuleggja baráttu til framfaramála fyrir almenning í landinu og hefur boðað að hann ætli að kalla saman aftur miðstjórnarfund til að skipuleggja baráttuna fyrir byggðina í landinu hefur ekki kjark til að samþykkja tillögu eins og þá sem hér er sem er réttlætistillaga fyrir bændur í landinu. Ég held að hann þyrfti að halda miðstjórnarfund aðra hverja viku til að hressa svolítið upp á kjark sinn, flokkurinn sá.

Það er leiðinlegt til þess að vita að frammámenn kaupfélaga í landinu eða sláturleyfishafa, sláturhúsa í landinu þurfi að senda svipað skeyti og þeir Ólafur Sverrisson og Þorsteinn Sveinsson þurftu að gera í vetur. Varla er nokkuð annað meiri yfirlýsing, ákveðnari yfirlýsing um hvað Framsfl. hefur mistekist að stjórna landbúnaðinum á Íslandi þegar menn eins og Ólafur Sverrisson og Þorsteinn Sveinsson, þekktir forustumenn, kaupfélagsstjórar til margra ára, þurfa að skora á menn að standa ekki við þau fyrirheit sem gefin eru í lögum, þurfa að biðja menn um að standa ekki við staðgreiðsluna eða búvörulögin. Það er alveg ótrúlegt að svona hlutir geti skeð. (Gripið fram í.) Já, borga ekki, færa ekki til bændanna. Með leyfi forseta skal ég lesa skeytið. Hv. þm. Egill Jónsson las það í dag, en ég skal gera það. Með leyfi forseta, þannig hljóðar skeytið:

„Til allra sláturleyfishafa.

Stjórn Landsssamtaka sláturleyfishafa beinir þeim tilmælum til meðlima sinna að greiða ekki verðhækkun þá sem greiða átti 15. mars fyrr en greiðsla vaxta og geymslugjalds verður færð í fyrra horf eða sambærilegar ráðstafanir gerðar."

Þetta er yfirlýsing um að það hefur ekki verið staðið við það sem lofað var gagnvart sláturleyfishöfum. Það er alveg ótrúlegt að slíkt skuli gerast.

Ályktun út frá umfjöllun þessarar tillögu er sú, eins og ég nefndi áðan og fyrst og fremst það, að það hefur mistekist að halda á málum bænda á undanförnum árum og við stöndum frammi fyrir því að samvinnufélögin í landinu og þeir aðilar sem hafa sinnt þjónustu fyrir landbúnaðinn eru meira og minna að missa sitt eigið fé og ef fram fer sem horfir eru líkur fyrir því að ýmis af þessum fyrirtækjum bændanna verði að hætta rekstri, gefast upp. Þá blasir ekkert við fyrir það umhverfi sem þeir hlutir koma upp í annað en byggðin þar meira og minna leggist niður. Það er ekki vegna þess að það þurfi að draga saman framleiðslu. Það hefur þurft að gera. Það vitum við vel að þarf að gera. Það er vegna þess að stjórnin á þessum málum hefur verið á þann veg að það hefur ekki verið varinn réttur þessa fólks. Það hefur verið svikist um að verja rétt þessa fólks.

Ég hef nefnt áður að það hafa verið fluttar margar ræður í þessum ræðustól og kvartað undan því að sparifé landsmanna væri að brenna upp vegna óðaverðbólgu og annars eftir því. Það eru allt of fáir sem núna tala um að eiginfjárstaða fyrirtækja í landinu sé að brenna upp. Það er alveg ótrúlegt að þeir sem telja sig vera forustumenn bænda skuli ekki benda á þá stöðu sem er í þessum málum einmitt hjá bændastéttinni. Það getur verið að það sé ekki hægt að fá þann sama tón í umræðuna þegar bálið fer um eiginfjárstöðu bændafyrirtækja eins og þegar einhverjir smálogar hafa farið um sparifjárinnstæður í bönkum. Maður finnur fyrir því. Mönnum finnst ekki svo mikið til koma þó að eiginfjárstaða bændafyrirtækjanna sé á báli. Það er ekki svo mikið atriði. En vitaskuld er afleiðing þess enn þá alvarlegri en hitt þó að í einhvern tíma hafi rýrnað sparifé í bönkum landsmannna. Vitaskuld var það vont og þurfti að koma í veg fyrir það. En ef á að selja það því verði að eignir og eiginfjárstaða fyrirtækjanna í framleiðsluatvinnuvegum landsmanna fari á bál er það allt of dýru verði keypt.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir því á hverju fyrirvari minn byggðist á þessu nál. Hann byggist á því m.a. hversu vandi afurðastöðvanna er mikill og það ætti öllum að vera ljóst sem um þessi mál hugsa. Ég held að við hljótum líka að geta verið sammála um að beinar greiðslur til bænda og rekstur afurðastöðvanna eru í sjálfu sér nánast óaðskiljanlegir hlutir í dag. Það er á þessum meginþáttum sem fyrirvari minn byggist. Ég get hins vegar samþykkt tillögu sem liggur fyrir frá forsrh. á þskj. 1023.

Ég þarf ekki að fjölyrða meira um þetta mál, við höfum rætt það ítarlega í þingnefnd, og þarf ekki að vera að eyða löngum tíma í kvöld frá öðrum málum, en kom upp til að gera grein fyrir því á hverju fyrirvari minn byggðist fyrst og fremst.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu hlýt ég að fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og þakka hana. Það er afar mikilvægt að hér skuli á þessum degi hafa farið fram umræða um landbúnaðarmál sem einnig hefur tekið til byggðamála. Ég er sannfærður um að þessi umræða mun skila árangri. Ég held að það hefði verið býsna köld sumarkveðja frá Alþingi til bænda landsins og til hinna dreifðu byggða ef það hefði ekki heyrst einhver rödd eða raddir um málefni þess atvinnuvegar.

Ég ætla ekki að leyna því að mér hefur fundist vera þyngra fyrir fæti en efni standa til. Kannski er ástæðan að einhverju leyti sú að umræðan sem skýrir þróun þessara mála fer nú fyrst fram. Menn eru þess vegna ekki eins viðbúnir að taka afstöðu í þessum málaflokki og annars væri. Ég get t.d. alveg ómögulega skilið vegna hvers menn geta ekki fallist á eða setja það fyrir sig að bændum berist fullar greiðslur á tilsettum tíma þegar fyrir liggur að fyrirgreiðslur í afurðalánum og staðgreiðslulánum mæta allri útborgunarþörfinni til framleiðenda. Ég á óskaplega erfitt með að skilja hvað menn setja fyrir sig því að auðvitað gengur ekki að taka á móti afurðalánum og staðgreiðslulánum nema fullur árangur komi á móti, þ.e. að greiða bændum eins og lög ákveða. Mér er þess vegna alveg óskiljanleg sú staðhæfing að það séu erfiðleikar á að samþykkja þetta frv.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þeir sem eru í andstöðu við staðgreiðslu á sauðfjárafurðum eru í raun að afþakka þessa fyrirgreiðslu. Það fjármagn sem er lagt til staðgreiðslulánanna er afhent afurðastöðvunum til þess að þeir sem taka á móti því geri full skil. Svo einfalt er málið. Fyrir þann tíma sem staðgreiðsla var lögleidd höfðu sláturleyfishafar einungis afurðalán og í sama hlutfalli og nú er. Það er því alveg augljóst mál að þeir sem taka við þessum peningum eiga að verja þeim til greiðslu á þeim kostnaði sem fylgir staðgreiðslu á búvörum. Svo einfalt er málið.

Ég held að það sé rannsóknarefni hvort staða sláturleyfishafa vegna viðskiptanna við sauðfjárbændur sé svo bágborin sem menn láta í veðri vaka. Ég held að það sé virkilega mikið rannsóknarefni. Og ég leyfi mér að draga það í efa. Mér sýnist að sauðfjárafurðir séu nefnilega látnar bera uppi vinnslu- og dreifingarkostnað á öðrum kjötvörum. Það er spurning hvort sá rekstrarhalli sem svo mjög er umtalaður á sláturhúsunum er ekki tilkominn vegna annarra búgreina eða hvort eitthvað hefur hugsanlega glatast í afslætti til kaupmannsins.

Þetta vil ég segja í fullri alvöru og ég trúi því og treysti að þessi mál verði athuguð út frá þessum sjónarmiðum. Það er ekki hægt fyrir sláturleyfishafa að velja sér neina vitlausari aðferð til þess að verða teknir trúanlegir í þessum efnum en þá að senda skeyti um að félagar þeirri eigi að brjóta lögin í þessu landi. Slíkar skeytasendingar hafa ekki mína samúð, það er alveg augljóst mál.

Nú er það vitanlega þannig að það hlýtur að vera erfiðara að reka þessi fyrirtæki með minnkandi framleiðslu. Ef við horfum á t.d. fjártöluna í landinu þá hefur hún minnkað um þriðjung á örfáum árum. Ég hygg að það sé talað um 640 þús. fjár á fóðrum núna, en það er ekki langt síðan að sauðfé var nærri 1 millj. Auðvitað hlýtur þetta að þrengja að, en það verða aðrir að taka mið af þessu alveg eins og bændur landsins. Það er óumflýjanlegt. Og það er vond þróun og reyndar alveg ólíðanleg að það skuli vera teknar jafnháar greiðslur út úr þessum framleiðslupakka í heildsölukostnaðinn og var á meðan framleiðslan var fjórðungi meiri en hún er núna. Það getur ekki gengið. Þegar við heyrum og sjáun kröfur millilíðanna um að hækka beri álagninguna þá er það krafa sem kemur til frádráttar hjá bændum vegna þess að þessi vara þolir ekki einu sinni það verð sem nú er, verðþol hennar er brostið. Sláturleyfishafar, smásalar og svo minnkandi niðurgreiðslur hafa hækkað þessa vöru um 26% á síðustu árum. Reyndar hafa þeir hækkað hana um 33% frá árinu 1979, en frá þeirri tölu dregst það sem bændur hafa lækkað kjötvörur í verði eða um 7% og þá fæst niðurstaða sem er 26% verðhækkun. Menn verða að horfa á þessi mál í þessu samhengi.

Ég er líka alveg sannfærður um að auðvitað finna menn rekstrargrundvöll fyrir þessi lífsnauðsynlegu verkefni, annað gengur ekki upp, en það verður að gerast með öðrum hætti en þeim að færa þann kostnað inn í búvöruverðið með einum eða öðrum hætti.

Ég vil sérstaklega undirstrika þetta og ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að það er nokkuð óvænt hvað menn eru fastir í þeim skýringum að það sé erfitt að greiða bændum vegna bágborinnar afkomu hjá sláturleyfishöfum. Ég minni á að um miðjan desember var ekki einn einasti sláturleyfishafi búinn að gera upp sína reikninga. Samt var farið að tala um erfiða kosti. Og það er núna búið að sanna að þeir fengu það fjármagn sem þeir þurftu að standa skil á til reksturs og til greiðslna til bænda þannig að eiginfjárstaðan versnaði ekki.

Það er svo annað mál, eins og ég sagði frá áðan nokkuð skýrlega, að allur sá sparnaður sem orðið hefur í landbúnaðinum, minni fjárfesting, minni kaup á rekstrarvörum og þar fram eftir götunum, allra handa þjónusta sem bændur hafa sparað að kaupa þrengir auðvitað að í atvinnulífinu úti á landi. Það er miklu meiri orsakavaldur en hvað dregið hefur úr framleiðslunni. Menn búa orðið öðruvísi, hafa fyrst og fremst að markmiði að tryggja eigin afkomu, eigin rekstur og leitast við að spara í aðföngum svo sem frekast er kostur. Það er þetta sem hefur bjargað íslenska bóndanum á síðustu árum. Þetta hefur meira að segja leitt til þess að í mjólkurframleiðslunni fara tekjur bænda batnandi. Það er búið að taka upp aðra búskaparhætti. Það væri hægt að hafa býsna langt mál um þetta. Þessar staðreyndir sýna að sú einkunn sem hæstv. viðskrh. gefur þessari stétt er röng. (**SvG:** Hvar er hann eiginlega?) Ég sagði frá því áðan að ráðherrann hefði ætlað að mæta í upphafi þessa fundar. Klukkuna vantar nú tæpar tuttugu mínútur í sjö og hann er ekki enn kominn. Kannski hefði hann ekkert komið hingað inn í deildina ef hann hefði vitað hvaða erindi ég átti við hann.

Ég vil svo að endingu segja að ég vona að umræður um landbúnaðinn og um dreifbýlið eigi eftir að taka á sig aðra mynd, bæði hér á Alþingi og líka hjá þeim framagosum sem eru að reyna að koma sér áfram í þjóðfélaginu. Okkur var sagt frá

því, landbúnaðarnefndarmönnum, hér um daginn, sem við höfum reyndar ekki tölur um, hvernig viðhorfin eru til hinna dreifðu byggða, til þeirra fyrirtækja sem bændur eiga og stjórna. Það hefur farið fram skoðanakönnun um þessi efni. Ég held að það komi ýmsum þær niðurstöður nokkuð á óvart þegar þær munu birtast. Ég held að menn auki ekki eins mikið vinsældir sínar eins og þeir halda með neikvæðri umræðu um hinar dreifðu byggðir. Nýleg skoðanakönnun sýnir að það er góður skilningur í þéttbýlinu í garð fólksins úti á landi. Það er svo aftur á móti að auðvitað er hægt að brýna svo deigt járn að bíti. En auðvitað á Alþingi frekar að fara með sáttarorð á milli fólksins í landinu en að etja því saman.

Herra forseti. Ég er bærilega sáttur við þá afgreiðslu sem hér er lögð til. Það er rétt, sem hér kom fram og þarf ekkert að vera að dylja menn um, að hún er samkomulag í málinu. Það er betra að ná málum fram, það skilar árangri, en að blása í herlúðra því að náttúrlega er góður meiri hluti fyrir þessu frv. á Alþingi. Um það er engin spurning. En hér liggja fyrir alveg ótvíræðar yfirlýsingar. Hér er till. sem forsrh. leggur fram og þó að það sé dagskrártillaga er texti hennar alveg ótvíræður og landbrh. hefur fyrir sitt leyti í ræðu staðfest þessa niðurstöðu. Hér eru að því leyti góð leikslok að það er tekið fram að staðgreiðsla sauðfjárafurða eigi að taka gildi á grundvelli frv. á næsta hausti. Þing kemur reyndar ekki saman fyrr en 10. okt. Það er útborgunardagurinn fyrir þær sauðfjárafurðir sem seldar eru í septembermánuði. Það er þá býsna gott fyrir ríkisstjórnina að muna dagsetninguna. Það er samkomudagur Alþingis. Ég efa ekki að það mun gleðja bændur landsins að fá þá í veskið sitt þær greiðslur sem þeir eiga að sjálfsögðu siðferðislegan rétt á, sem þeir eru búnir að taka mið af í sínum búrekstri. Það er vissulega góður kostur að þessi tímamörk skuli vera miðuð við samkomudag næsta Alþingis. Þá fer ekki á milli mála hver niðurstaða þessarar afgreiðslu verður.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um frv. sem hér er til umræðu, en langar að bera upp tvær spurningar, annars vegar til forsrh. og hins vegar til þingmanna Alþfl., og vil biðja forseta að sjá til þess ef forsrh. er í húsinu að hann hlusti á þá spurningu sem ég ætla að bera upp við hann.

Það er best að ég leggi fram þessar tvær spurningar. Þær eru nokkurn veginn sama efnis. Og þá fyrst til forsrh., hvort hann leggi fram till. um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar í nafni allrar ríkisstjórnarinnar eða í eigin nafni. Þegar ég tala um allrar ríkisstjórnarinnar á ég við Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl.

Þá er spurningin sem ég ætlaði að bera upp við þingmenn Alþfl., hvort þeir styðji þessa till. og hvort þeir fallist á þessa till. Annað var það nú ekki.

En ég vænti þess að forsrh. a.m.k. gefi mér svar við þessari spurningu, hvort hann leggi þetta fram í nafni allrar ríkisstjórnarinnar og þar á meðal Alþfl. eða hvort hann leggi þetta fram í eigin nafni. (**Forseti:** Ég tek það fram að forsrh. er ekki í húsinu.) (**EgJ:** En viðskrh.? Ég er lengi búinn að bíða eftir viðskrh.)

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þetta er svolítið sérstakt, eftir að hv. 11. þm. Reykv. hafði flutt fram ákveðna fsp. um afstöðu heils þingflokks í ríkisstjórninni til þessa máls, að það skuli ekki koma svar við þeirri fsp., sérstaklega vegna þess að formaður þingflokksins, hv. 3. þm. Vesturl., er hér og hlustaði á þessa fsp. og hv. þm. lét sér það sæma í gær í sjónvarps- og útvarpsumræðum að gera heilum öðrum flokkum upp skoðanir. Hann tilkynnti trekk í trekk í sjónvarps- og útvarpsumræðum í gær að Alþb. væri að krefjast gengisfellingar. Skyldi þessi maður ekki vilja koma hér upp aftur og halda þessu fram? Gæti það verið að hann hafi verið að halda þessu fram til þess að Alþfl. gæti eftir stuttan tíma komið með gengisfellingu og sagt að það væri að kröfu Alþb.? Þetta hlýtur að vera af einhverjum slíkum hvötum gert og þegar hv. þm. treystir sér ekki til að koma hingað upp og svara spurningu eins og þeirri sem hér var borin fram af hv. 11. þm. Reykv. undrar mig málflutningurinn. Er Alþfl. að stinga sér undan því að taka ábyrgð á þessari ríkisstjórn? Er Alþfl. að reyna að gera öðrum upp þá skoðun sem Alþfl. mun jafnvel framkvæma eftir stuttan tíma? — Ja, ég hafði hátt núna. Ég geri jafnvel ráð fyrir því að hv. þm. komi upp á eftir og kvarti undan því að ég hafi haft hátt. Hann kvartaði undan því í umræðum í dag. En það verður kannski að hafa hátt til þess að forustumenn Alþfl. heyri um hvað er verið að spyrja þá. Hér er hv. þm. Egill Jónsson búinn að spyrja hæstv. viðskrh. margra spurninga. Því miður hefur ekki komið neitt svar. Og menn eru að tala um að flýta þingstörfum, koma þingstörfum áfram. Á sama tíma leyfa ráðherrar sér að svara í engu beinum spurningum sem er beint til þeirra. Það er ekki verið að biðja þá um að koma hér upp og halda langar ræður eða þess háttar heldur svara mjög einföldum spurningum eins og hv. þm. Egill Jónsson beindi hér til viðskrh. Á sama máta sitja forustumenn Alþfl. hér í deildinni þegar lögð er fram jafneinföld spurning og hv. 11. þm. Reykv. bar hér upp um afstöðu eins stjórnarflokksins til yfirlýsingar forsrh. um það hvernig skuli tekið á landbúnaðarmálum í ríkisstjórninni innan tiltölulega stutts tíma.

Ég held að þjóðin hljóti að vilja fá að heyra hver afstaða Alþfl. er í sambandi við till. sem hér liggur fyrir og væntanlega kemur til atkvæða innan stutts tíma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1023 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, ÞK, EgJ, EG, GuðmÁ, GHG, GA, HÁ, HBl, JE, JHelg, JúlS, BGísl, MF, SalÞ, SkA, StG, SvG, KSG.
2 þm. (DS, EKJ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Valgerður Sverrisdóttir:
Hæstv. forseti. Ég skil það svo að ríkisstjórnin ætli að gera afurðastöðvum kleift að borga fullt verð fyrir afurðir til bænda eins og gert er ráð fyrir í till. hæstv. forsrh. Því segi ég já.

Egill Jónsson:
Herra forseti. Með því að till. felur í sér ótvíræða niðurstöðu í þessu máli sem tryggir að fullu þau markmið sem fólust í því frv. sem ég flutti til breytinga á búvörulögunum og þar með liggur fyrir fullur árangur af þeim tillöguflutningi segi ég já.

Eiður Guðnason:
Herra forseti. Fyrir hönd þingflokks Alþfl. vil ég taka fram að við styðjum till. forsrh. um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar með fyrirvara um rökstuðning í grg., enda hefur málið enn ekki fengið efnislega umfjöllun í ríkisstjórn. Ég segi já.

Skúli Alexandersson:
Þrátt fyrir það að ekki hafi komið í ljós fyrr en nú í atkvæðagreiðslunni að mál þetta er ekki unnið á þann veg sem við töldum víst í landbn., að málið væri unnið í ríkisstjórn og það væri eftir samþykkt ríkisstjórnar allrar, tel ég þetta sjálfsagt réttlætismál. Ég vænti þess að ríkisstjórnin muni leiða þetta á þann veg sem flm. ætlast til og segi já.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Þar sem þessi till. felur í sér harða gagnrýni á landbúnaðarstefnu ríkisstjórnarinnar, þar sem í till. felst rökstuðningur sem hefur það í för með sér að ríkisstjórnin, og þar með ríkissjóður, hlýtur að verða að taka á sig þann kostnaðarauka sem hugsanlega leiðir af þessari kerfisbreytingu þrátt fyrir andmæli Alþfl., þar sem þetta tvennt liggur fyrir tel ég sjálfsagt að styðja þessa till., herra forseti, og segi já.
Bæti því svo við: Framkvæmdastjórnarliðsins hér í dag hefur ekki flýtt fyrir þingstörfum.

EFRI DEILD

88. fundur, miðvikudaginn 4. maí, að loknum 87. fundi.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 781, n. 1005 og 1016, brtt. 1006.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþykkt með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. 1005 mælir meiri hl. nefndarinnar með því að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem þar koma fram.
Eins og nákvæmlega er rakið í nál. komu fulltrúar hinna ýmsa atvinnuvega til viðtals við nefndina ásamt fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands eins og nánar verður rakið hér á eftir. Vil ég almennt segja að fulltrúar sjávarútvegs, iðnaðar og verslunar mæltu með því að virðisaukaskattur yrði tekinn upp í stað söluskatts með þó vissum athugasemdum varðandi einstakar greinar eða framkvæmd laganna. Jafnframt kom fram frá fulltrúum bænda að þeir sæju ekki annað en þessi skattalagabreyting í heild mundi koma vel út fyrir landbúnaðinn, en gerðu þó mjög sterkar athugasemdir varðandi það atriði frv. að þar er gert ráð fyrir einni skattprósentu eins og ég mun koma nánar að síðar.
Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að víkja nokkrum orðum að athugasemdum sem komu fram frá fulltrúum einstakra félagasamtaka sem komu til fundar við nefndina og mun rekja það í stuttu máli í tengslum við þær brtt. sem hér liggja fyrir og þau atriði sem rætt er um að sérstaklega verði athuguð af starfsnefnd ríkisstjórnarinnar nú í sumar sem mun vinna bæði að því að gera sér grein fyrir álitamálum í lagasetningu og eins hvernig hægt verður að tryggja sem öruggasta og réttlátasta framkvæmd laganna.
Ég tek fram, herra forseti, að slík vinna er auðvitað óhjákvæmileg um leið og lagasetningin hefur verið ákveðin og á ekki að koma neinum á óvart og ég vísa því algjörlega á bug, sem fram kemur í nál. minni hl., að þetta feli í sér að málið sé illa undirbúið af stjórnvöldum eða feli í sér nokkra viðurkenningu á því. Þetta eru þvert á móti eðlileg vinnubrögð þegar um jafnróttæka skattalagabreytingu er að ræða og hér er gert ráð fyrir.
Fulltrúar frá Meistara- og verktakasambandi byggingamanna komu á fund nefndarinnar og formaður Landssambands iðnaðarmanna lýsti því sérstaklega yfir að þau samtök væru sátt við þessa skattalagabreytingu í heild og töldu að hún gerði ekki of mikið upp á milli atvinnugreina en höfðu þó sérstaka fyrirvara einkum varðandi byggingariðnaðinn eins og ég mun rekja hér á eftir.
Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt eru þær reglur nú um íbúðarhúsnæði og raunar byggingariðnaðinn almennt að sú vinna sem unnin er á byggingarstað er undanþegin söluskatti og sömuleiðis vinna við endurbætur eða viðhald húsa sem unnin er á íbúð eða í því húsi sem í hlut á og ef ekkert yrði að gert mundi sú skattalagabreyting sem hér er gert ráð fyrir auðvitað valda íþyngingu fyrir aðila sem ekki stunda atvinnurekstur, sérstaklega varðandi íbúðarhúsin. Af þeim sökum er það sérstaklega

fram tekið í nál. að þessi atriði muni verða rædd sérstaklega af starfsnefndinni eða eins og þar stendur: Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald á íbúðarhúsnæði og annað sem tengist byggingarstarfsemi.

Meistara- og verktakasamband byggingamanna hefur bent á að til þess að koma til móts við þetta sé hægt að létta af ýmsum af þeim beinu sköttum sem nú gilda. Nefndu þeir sérstaklega í því sambandi launaskatt og vörugjald og aðra skatta og gjöld sem hvíldu á byggingariðnaðinum. Jafnframt lögðu þeir áherslu á að ef til endurgreiðslu kæmi yrði hún einungis gerð á móti framlögðum reikningum með álögðum virðisaukaskatti og að sú krafa yrði gerð að þessir reikningar væru dagsettir og númeraðir eins og eðlileg reikningsskil gera ráð fyrir, en hugsanlegt væri að setja eitthvert hámark krónutölu á fermetra upp að ákveðnu stærðarmarki bygginga. Í grófum dráttum er þetta í samræmi við þær hugmyndir sem fyrir liggja um endurgreiðslu virðisaukaskattsins af íbúðarhúsnæði þannig að ég álít að vel sé við þessu séð eins og gengið er frá því í nál. og í samráði við hæstv. fjmrh. Jafnframt er tekið fram að settar verði reglur er tryggi að jafnræði sé í samkeppni einkafyrirtækja og opinberra aðila en það var einn liðurinn í athugasemdum Meistara- og verktakasambands byggingamanna.

Landssamband iðnaðarmanna hefur löngum barist fyrir jöfnum skattskilyrðum atvinnugreina og jafnframt hvatt til þess að skattlagningu yrði stillt hóf og þess gætt að skattlagning mismunaði ekki atvinnugreinum eða framleiðsluaðferðum. Jafnframt hefur Landssambandið verið sérstakur málsvari þess að ráðist yrði gegn þeirri útbreiddu meinsemd sem skattsvik og önnur tengd lögbrot eru. Segir í umsögn Landssambandsins að afstaða þess til upptöku virðisaukaskattsins ráðist algerlega af því að hve miklu leyti frv. og ráðstafanir sem því tengjast samræmist þessari grundvallarstefnu. Þetta er kjarninn í álitsgerð þeirra. Jafnframt vara þeir við því og vekja sérstaka athygli á að þær miklu niðurgreiðslur sem nú eru, einkum varðandi ýmsar landbúnaðarvörur, skapi ójöfnuð gagnvart hinum sem framleiða óniðurgreidd matvæli, svo sem brauð og kornvörur, sem að sjálfsögðu eru í keppni við önnur matvæli. Mæla þeir með því að í stað niðurgreiðslna séu hækkaðar fjölskyldubætur og að matarskattinum yrði auk þess mætt í gegnum hið almenna trygginga- og skattkerfi. Þessi mál koma einnig til athugunar í nefndinni eins og annað í tengslum við landbúnaðinn.

Loks gera þeir athugasemdir um skattskil byggingarfyrirtækja, að þau verði einfölduð. Lýtur það ákvæði einnig að íbúðabyggingum þar sem þeir fara fram á að innskattur af byggingarefni sé endurgreiddur byggingarverktaka ef hann byggir íbúðir til sölu, en komi hins vegar til greiðslu þegar viðkomandi íbúð er seld. Þessi mál í heild hljóta að verða rædd sérstaklega. Ég sé ekki ástæðu til að víkja nánar að því, en ýmislegt í þessu er mjög flókið og margt orkar þar tvímælis, hversu langt eigi að ganga. Ef ekki koma fram sérstakar fsp. að þessu leyti mun ég ekki gera það mál frekar að umræðuefni.

Félag ísl. iðnrekenda hefur um árabil lagt mikla áherslu á nauðsyn þess að virðisaukaskattur verði tekinn upp í stað söluskatts. Ég tel, herra forseti, rétt að lesa upp stuttan kafla úr umsögn Félags ísl. iðnrekenda þar sem þar er í stuttu máli gerð glögg grein fyrir því hvaða ástæður valdi því að atvinnurekstrinn, sem á í samkeppni við erlenda aðila, erlendar iðnaðarvörur eða sá hluti atvinnurekstrarins sem keppir á erlendum mörkuðum telur nauðsynlegt að þessi skattalagabreyting nái fram að ganga. Í umsögn Félags ísl. iðnrekenda segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæður þess að iðnrekendur hafa lagt til að virðisaukaskattur komi í stað söluskatts eru í aðalatriðum eiginleikar virðisaukaskattsins eins og þeim er lýst í athugasemdum með frv. Veigamesti skattstofn ríkisins verður að uppfylla þá kröfu að hann hafi ekki áhrif á framleiðsluaðferðir, verkaskiptingu og neysluval. Virðisaukaskattur veldur ekki uppsöfnun skatts í framleiðslukostnaði og mismunar því ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum. Með virðisaukaskatti næst eðlilegri og hagkvæmari verkaskipting milli fyrirtækja og atvinnugreina en í söluskattskerfi. Skattheimta á ekki að hafa áhrif á verkaskiptingu eins og er í núverandi söluskatti. Virðisaukaskattur skv. frv. leggst jafnt á allar vörur og þjónustu til neyslu og hefur því ekki áhrif á val neytenda við kaup á vörum og þjónustu. Virðisaukaskattur bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum sem búa við virðisaukaskatt, bæði á erlendum og innlendum markaði. Nær allar Evrópuþjóðir hafa nú tekið upp virðisaukaskatt, en um ⅔ hlutar allra utanríkisviðskipta Íslendinga eru við þessar þjóðir.

Þeir gallar á núverandi söluskattskerfi sem virðisaukaskatturinn eyðir sjálfkrafa verða ekki lagfærðir með breytingum á söluskattinum. Undanþágulaus söluskattur mundi lenda af fullum þunga á rekstrarvörum og fjárfestingu atvinnuveganna. Uppsöfnun söluskatts yrði því mun meiri en nú er þótt skatthlutfallið yrði lækkað verulega. Uppsöfnun söluskatts í framleiðslukostnaði verður ekki lagfærð að neinu gagni vegna þess að ógerningur er að reikna út uppsöfnunina af nákvæmni. Öll endurgreiðsla byggist á meðaltalsreglum sem hljóta að vera ónákvæmar.

Ein veigamesta ástæðan fyrir upptöku virðisaukaskatts á Íslandi er samkeppnisstaðan gagnvart erlendum keppinautum. Það er alkunna að samkeppni fer hvarvetna harðnandi. Íslensk fyrirtæki hljóta um margt að búa við lakari samkeppnisstöðu en erlendir keppinautar. Íslensk fyrirtæki eru nær öll lítil á alþjóðlegan mælikvarða og hafa því ekki það fjárhagslega bolmagn sem margir erlendir keppinautar hafa. Þegar um útflutning er að ræða eru Íslendingar langt frá markaði, en því fylgir jafnan óhagræði og

aukinn kostnaður. Þetta á ekki síst við um ný fyrirtæki eða nýjar atvinnugreinar sem vilja hasla sér völl á erlendum markaði. Af þessum sökum er afar mikilvægt að aðgerðir hins opinbera, ekki síst opinber skattlagning, rýri ekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Aðgerðir hins opinbera ættu að miða að því að bæta samkeppnisstöðuna til þess að draga úr því óhagræði sem áður var nefnt.

Af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar leggur Félag ísl. iðnrekenda eindregið til að fyrirliggjandi frv. um virðisaukaskatt verði afgreitt frá Alþingi og að það komi til framkvæmda svo fljótt sem auðið verður af tæknilegum ástæðum.

Mikilvægt er að atvinnulífið fái nægan tíma til að undirbúa breytinguna, m.a. með því að nýta sér reynslu þeirra þjóða sem best hefur tekist að tryggja snurðulausa framkvæmd virðisaukaskatts."

Þessu til viðbótar kemur einkum sú athugasemd fram um einstök atriði í umsögn iðnrekenda að þeir leggja áherslu á að settar verði reglur um gjaldfrest virðisaukaskatts við innflutning þegar fluttar eru inn meiri háttar fjárfestingarvörur, svo sem vélar, tæki og byggingarefni sem ekki er ætlað til endursölu, og hið sama gildir um innflutning hráefnis, enda sé hráefnið verulegur hluti heildarframleiðslukostnaðar, og telja að með þessu sé verið að styrkja samkeppnisstöðu hinnar íslensku framleiðslu.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Sambandi veitinga- og gistihúsa og vöktu athygli á því að ferðamannaiðnaður er vaxandi í íslensku þjóðfélagi og skilar verulegum hluta af íslenskum gjaldeyristekjum. Eins og frv. lá fyrir var gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur yrði greiddur af herbergjaleigu í hótelum eða gistihúsum. Fram kemur í gögnum frá Sambandi veitinga- og gistihúsa að heildarvelta veitinga- og gististaða samkvæmt söluskattsframtölum nemi samkvæmt Þjóðhagsstofnun 7 milljörðum 563 millj. kr., en af þessu sé söluskattsfrjáls herbergjaleiga einungis 800 millj. eða rétt rúmlega 10% af heildarveltunni. Fulltrúar þessa sambands vöktu athygli á því að við Íslendingar stæðum nú illa að vígi í samkeppninni við önnur ferðamannalönd og lögðu ríka áherslu á að virðisaukaskattur yrði felldur niður af herbergjaleigu og er gert ráð fyrir að verða við þeirri beiðni eins og fram kemur í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Þá kom á fund nefndarinnar Magnús Hreggviðsson, formaður Samtaka útgefenda tímarita, og vakti athygli á því að eins og nú stæðu sakir væru öll aðföng til útgáfustarfsemi tímarita undanþegin söluskatti eða nánast öll aðföng og skiptir þá ekki máli hvort talað er um kaup á pappír, prentun eða öðru þvílíku, auk þess sem gildandi lög um söluskatt eru með þeim hætti að auglýsingar í blöðum og tímaritum eru undanþegnar söluskatti gagnstætt því sem við á um auglýsingar í útvarpi. Ég tek fram að í máli mínu þýðir útvarp bæði hljóðvarp og sjónvarp eins og það er skilgreint í lögum um útvarp.

Þeir bentu á að þessi lagabreyting mundi nánast hafa það í för með sér að útgáfukostnaður hækkaði um 20–22% og töldu að það mundi valda því að til verulegs hruns hlyti að koma í þessari atvinnugrein jafnframt því sem þeir bentu á að samkeppnisstaða þeirra á auglýsingamarkaði mundi skekkjast eða raskast vegna þess að virðisaukaskattur legðist nú á auglýsingar í tímaritum sem mundi, þó hann sé innskattur og yrði endurgreiddur í atvinnurekstrinum, samt sem áður, a.m.k. fyrst í stað, valda batnandi samkeppnisstöðu útvarps. Af þessum sökum er lagt til í brtt. nefndarinnar að sala tímarita sé undanþegin söluskatti. Það er auðvitað álitamál hvort það sé nægilegt og hlýtur að koma til skoðunar hvort rétt sé að ganga lengra í þeim efnum. Ég vil taka fram í þessu sambandi að í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að afnotagjöld útvarps séu undanþegin virðisaukaskatti og er það skv. 12. gr. frv. sem þýðir það að allur innskattur kemur til frádráttar sem er í samræmi við það að í frv. er gert ráð fyrir því að sú regla gildi um útgáfu dagblaða og héraðsfréttablaða.

Fulltrúar Stéttarsambands bænda lögðu áherslu á að söluskattsstigin yrðu tvö og voru það aðalathugasemdir þeirra við frv. eins og það liggur nú fyrir. Jafnframt var rætt um hversu uppgjöri virðisaukaskatts skyldi háttað, en eins og fram kemur í nál. yrði þetta mál rætt sérstaklega í starfsnefndinni.

Það kom fram líka ótti bændasamtaka við erfiðleika í sambandi við að bændastéttin gæti tileinkað sér nægilega vel og fljótt þá bókhaldslegu þekkingu sem nauðsynleg er við uppgjör virðisaukaskatts. Kom það fram hjá Garðari Valdimarssyni ríkisskattstjóra og einnig hjá forustumönnum bænda að áhersla yrði lögð á það og mikil vinna að leiðbeina bændum við skattuppgjörið sem er auðvitað ekki erfitt og augljóst að það kemur sér að því leyti vel fyrir landbúnaðinn að gert er ráð fyrir því að innskatturinn verði endurgreiddur á tveggja mánaða fresti jafnframt því sem heimildir eru fyrir því að til sérstaks uppgjörs komi ef keyptar eru rekstrarvörur í miklu magni eins og t.d. áburður á vorin. Þá er það jafnframt ljóst að virðisaukaskattur gagnvart mjólkurbændum mun hafa í för með sér rekstrarlegt hagræði.

Skattanefnd starfsráðs verslunarinnar gerði m.a. athugasemdir við það að ekki skyldi vera gert ráð fyrir því að velja mætti á milli reikningsaðferðar eða greiðsluaðferðar, eins og það er kallað, við uppgjör virðisaukaskatts og rökstyður það með því að aðstæður fyrirtækja séu misjafnar, sérstaklega með tilliti til þess að afborgunarviðskipti eru mjög ríkur þáttur í rekstri sumra verslunarfyrirtækja eftir eðli þeirra, en eins og brtt. bera með sér og raunar líka frv. er gert ráð fyrir því að stilla svo gjalddaga virðisaukaskattsins að þeir falli ekki saman við uppgjörsdaga greiðslukorta heldur komi í kjölfar slíkra uppgjörsdaga þannig að það veltufé sem þannig kemur inn í verslunina gangi beint til greiðslu virðisaukaskattsins og er að því auðvitað mikið hagræði.

Fulltrúi Sambands ísl. sláturleyfishafa var mjög jákvæður gagnvart þessari breytingu og færði m.a.

þau rök fyrir því að hún kæmi í veg fyrir mismunun milli atvinnugreina. Lýsti hann sérstakri ánægju yfir því að gert er ráð fyrir að sauðfjárbændur séu ekki innheimtumenn virðisaukaskatts heldur falli virðisaukaskatturinn af sláturafurðum til við sölu, en á hinn bóginn geta sauðfjárbændur fengið innskattinn greiddan reglulega eins og ég sagði. Taldi fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga og raunar þeir fulltrúar bænda sem ég hef rætt þetta við að með þessum hætti væri komið í veg fyrir sérstaka rekstrarfjárröðugleika sláturleyfishafa vegna upptöku virðisaukaskatts.

Nefndin átti fund með fulltrúum útgerðaraðila og fiskverkenda og lýstu fulltrúar útgerðar og fiskvinnslu sig samþykka frv. í meginatriðum, en settu þó fram eftirfarandi athugasemdir:

1. Tryggja þarf að uppgjörstímabil fiskvinnslufyrirtækja verði aldrei lengra en sjö dagar, enda þarf fiskvinnslan að standa skil á hráefniskaupum sínum jafnóðum. Á þessu ári er reiknað með að hráefniskaup fiskvinnslunnar verði um það bil 15 milljarðar og virðisaukaskattur verði um það bil 3,3 milljarðar væri hann kominn til framkvæmda. Skiptir því meginmáli að endurgreiðsla til fiskvinnslunnar eigi sér stað innan sjö daga frá því að fiskkaup fóru fram.

2. Tryggja verður jafnræði varðandi skil útgerðar á útskatti, hvort sem hann verður til í viðskiptum á milli skyldra eða óskyldra aðila í sjávarútvegi. Þannig hafi útgerð jafnlangan skilafrest á útskatti hvort sem um skyldan eða óskyldan aðila er að ræða. Hér er auðvitað átt við það, ef borin eru saman fyrirtæki, að annað fyrirtækið á þau fiskiskip sem sækja aflann í sjóinn, hitt fyrirtækið kaupir fiskinn t.d. á fiskmarkaði. Þá er gert ráð fyrir því eins og málið liggur nú fyrir að uppgjör virðisaukaskattsins verði eftir löndun í báðum tilvikum á sama tímapunkti þannig að virðisaukaskatturinn valdi ekki íþyngingu vegna útgerðarvara og aðfanga þó svo að fiskverkandinn geri skipið út. Þetta er auðvitað mjög nauðsynlegt og eins hitt að virðisaukaskatturinn af hráefniskaupunum komi til fiskvinnslunnnar eins fljótt og kostur er til þess að þar hlaðist ekki upp sérstakur rekstrarfjárvandi. Eins og fram kemur í nál. víkur eitt atriði sérstaklega að þessum punkti.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Landssambandi veiðifélaga og vöktu athygli á því að veiðihlunnindi eru mjög ríkur þáttur í tekjum bænda þeirra sem slík hlunnindi hafa, að vísu mjög mismunandi. Sumar jarðir hafa mjög mikil veiðihlunnindi, aðrar minni. Ég hef einhvern tíma séð tölu þeirra jarða sem hafa einhver veiðihlunnindi. Er það mjög verulegur fjöldi bújarða í landinu. Það liggur ljóst fyrir að eins og frv. liggur núna fyrir leggst virðisaukaskatturinn á sölu veiðileyfa. Þetta þýðir fyrst í stað 22% rýrnun á tekjum viðkomandi eigenda hlunninda. Það hefur verið bent á að þessar tekjur séu í sumum sveitarfélögum verulegur hluti af útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélags og bent á hátt fasteignamat af hlunnindajörðum. Þetta eins og annað sem varðar landbúnaðinn sérstaklega verður tekið til athugunar í sumar.

Fulltrúar Alþýðusambandsins, sem komu á fund nefndarinnar, lögðu áherslu á það sjónarmið að virðisaukaskattur yrði ekki lagður á nauðsynjavörur og töldu það nægilega ástæðu til að lýsa andstöðu við frv., en höfðu jafnframt áhyggjur af því að ákvæðin varðandi íbúðabyggingar væru óljós. Fulltrúar Alþýðusambandsins sáu ekki ástæðu til að ræða einstök efnisatriði frv. af þessum sökum, en samkvæmt minni beiðni sendi Alþýðusambandið eldri umsagnir um frv. til nefndarinnar þannig að þær lágu fyrir hjá nefndarmönnum og þeir gátu kynnt sér þau gögn. Hef ég raunar ekki meira um það að segja.

Nefndinni barst athugasemd frá Sambandi ísl. hitaveitna þar sem því er í raun slegið föstu að virðisaukaskatturinn mismuni fólki mjög verulega vegna þess hve mikill munur er á húshitunarkostnaði í landinu, en virðisaukaskatturinn leggist ofan á húshitunarkostnaðinn. Þessi fullyrðing er á misskilningi byggð. Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir því að virðisaukaskatturinn bætist ofan á húshitunina heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því að hann verði endurgreiddur að fullu eða komi jafnvel til verðjöfnunar. Þessi athugasemd er því á misskilningi reist, en nauðsynlegt er auðvitað að fjalla um þetta atriði nánar.

Við mig talaði sérstaklega Pétur Stefánsson, sem er formaður félags ráðgefandi verkfræðinga, eftir að störfum nefndarinnar var lokið og hafði áhyggjur af því að virðisaukaskatturinn, eins og raunar söluskatturinn nú, mundi skerða samkeppnishæfni sjálfstæðrar verkfræðiþjónustu gagnvart sveitarfélögum og ríki. Eins og segir í bréfi sem hann lét mig fá, þá erum við raunar að tala um 10% söluskattinn um síðustu áramót, þar sem hann segir:

„Þessi skattur rýrir samkeppnisaðstöðu óháðrar verkfræðistofu gagnvart opinberum stofnunum og þeim einkaaðilum sem eru eða geta verið sjálfum sér nógir um tækniþjónustu. Þannig mun þessi skattlagning smám saman auka við ríkisgeirann en lama tæknilega framþróun og hagvöxt. Þó mun steininn fyrst taka úr ef virðisaukaskattur verður upp tekinn í samræmi við frv. það sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, en samkvæmt því eru opinberar stofnanir undanþegnar virðisaukaskatti af eigin þjónustu."

Þessar áhyggjur eru að mínu viti ekki á rökum reistar. Þvert á móti verða í reglugerð settar reglur um hversu farið skuli með skil af virðisaukaskatti á verkfræðiþjónustu og það er einmitt mjög skýrt fram tekið í nál. að í þessum efnum sé ástæðulaust að vera með slíkar fullyrðingar að svo komnu. En hitt er auðvitað jafnsjálfsagt að þeir sem eru í forustu fyrir einstökum atvinnugreinum hafi samband við nefndina, og eftir atvikum þá starfsnefnd sem síðar tekur við, til að fullvissa sig um að framkvæmd laganna verði með þeim hætti að jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja, gera ekki upp á milli rekstrar, eins og er hið yfirlýsta markmið með

virðisaukaskattinum og staðfastur vilji stjórnvalda að framkvæmd hans verði með þeim hætti.

Ég vil þá, herra forseti, leggja áherslu á að auðvitað er löggjöf um virðisaukaskatt viðamikil og flókin. Það er erfitt að sjá alla hluti fyrir fyrir fram og nauðsynlegt þess vegna að skyggnast enn betur um gáttir, kynna sér enn betur en þegar hefur verið gert hvernig framkvæmdin er í nálægum löndum til að læra af reynslu annarra þjóða. En þau atriði sem hér eru talin upp og tengjast störfum þeirrar starfsnefndar sem mun vinna nú í sumar eru eftirfarandi og mun ég fara nokkrum orðum um hvert þeirra til þess að útskýra hvað á bak við liggur:

Hér er fyrst talað um mat á skattprósentu virðisaukaskatts. Það gefur auga leið að eftir því sem fyllri upplýsingar liggja fyrir um það hvaða tekjur menn geta vænst að fá af virðisaukaskattinum hlýtur matið á skattprósentunni að koma til endurskoðunar í tengslum við fjárlagagerð á hausti komanda eins og við vitum að liggur í augum uppi. Hitt atriðið, hvort rétt sé að hafa skattprósentu eina eða tvær, er svo annað mál. Sú ákvörðun var tekin með söluskattinum nú í vetur og er ekki beint efnisatriði varðandi setningu laga um virðisaukaskatt nú.

Í öðru lagi segir hér: „Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald á íbúðarhúsnæði og annað sem tengist byggingarstarfsemi."

Það sem vakir fyrir stjórnvöldum er að þessi breyting hafi ekki í för með sér hækkun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis né hækkun á meiri háttar viðhaldi eða endurbótum. Ég vil í þessu sambandi einnig minna á að þegar hér var til umfjöllunar hvernig unnt yrði að draga úr skattsvikum hér á landi var einmitt skattlagning þessarar vinnu mjög til umræðu og ekkert launungarmál að Verktaka- og meistarasamband byggingamanna svo og Landssamband iðnaðarmanna hafa hvað eftir annað ályktað um að einfaldari og fyllri reglur yrði að gera um skattskil af slíkri vinnu til að koma í veg fyrir — ég veit ekki hvort ég á að segja þau skattsvik sem menn vita að viðgangast eða hvort menn eigi að hafa einhver vægari orð um það. En það er auðvitað miklum erfiðleikum bundið, jafnvel þó menn vilji vera eins nákvæmir og þeir frekast geta verið, að greina nákvæmlega á milli þess hvaða vinna er unnin t.d. á verkstæði og hvaða vinna er unnin á byggingarstað. Eins liggur það í augum uppi að það er ekki hagkvæmt að færa þung og mikil áhöld á byggingarstaðinn til að komast undan söluskattsálagningu með þeim hætti.

Þannig er ýmislegt í sambandi við álagningu og skil söluskattsins nú með þeim hætti að nær ógerningur eða kannski alveg ógerningur er fyrir menn að gera glöggan greinarmun á þeirri vinnu sem skattskyld er og hinni sem ekki er skattskyld. Það er þess vegna mjög þýðingarmikið að þær endurgreiðslureglur sem samdar verða einmitt varðandi þessi atriði, nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald á íbúðarhúsnæði, verði með þeim hætti að ekki ýti undir þá tilhneigingu að menn reyni að skjóta sér undan réttlátri skattheimtu. Eftirtektarvert er í því sambandi að Meistara- og verktakasamband byggingamanna leggur einmitt til að reikningar sem til endurgreiðslu komi verði dagsettir og númeraðir og hins fyllsta aðhalds gætt í þessum efnum.

Þá er hér í þriðja lagi talað um reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis. Um það hef ég þegar rætt. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort gengið er frá reikningum endilega á byggingarstað, hv. þm. En auðvitað er hægt að hugsa sér að setja það inn í reglurnar að menn eigi að skrifa reikninga fyrir verkum sem eru skattskyld samkvæmt virðisaukaskatti á þeim stað sem verkin eru unnin. Þetta kann auðvitað að vera einfalt í sniðum ef maður hugsar sér þá sem vinna á byggingarstaðnum, en hitt kann að vera erfiðara að hafa þennan hátt á fyrir þá menn sem aka steypunni á staðinn. Þá gæti kannski verið að þeir yrðu ógreinilega skrifaðir, reikningarnir, eins hastir og steypubílarnir eru.

4. Reglur um skattskil á hráefni til fiskvinnslu sem tryggir jafna stöðu fiskvinnslufyrirtækja hvort sem þau gera út eigin skip eða ekki. Tryggt verði að endurgreiðsla á virðisaukaskatti þeim sem leggst á hráefni fiskvinnslufyrirtækja gangi það greiðlega fyrir sig að ekki valdi íþyngjandi rekstrarfjárvanda. Ég hef áður gert grein fyrir þessu vandamáli.

5. Reglur um hvernig með virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi skuli farið. Þetta er líka álitamál sem menn verða að athuga mjög vandlega. Það er svo nú um styrki til menningar- og listastarfsemi að hún er aðallega með tvennum hætti. Sumpart er hún með þeim hætti að undanþága er veitt skv. söluskattslögum, en sumpart er hún með þeim hætti að beinir styrkir eru veittir til þessarar starfsemi skv. fjárlögum, ýmist beint eða þá í gegnum hina ýmsu sjóði sem standa undir liststarfsemi og einnig til skóla á þessu sviði. Það verður auðvitað að samræma þetta hvort tveggja, gera sér grein fyrir því hvernig þannig verði að þessu staðið að hafi örvandi áhrif á menningar- og listastarfsemi í landinu, en um leið gætt þess aðhalds og eftirlits í meðferð opinberra fjármála sem ég veit að allir hv. þingdeildarmenn eru sammála mér um að nauðsynlegt er, bæði varðandi menningar- og listastarfsemi sem allt annað sem ríkið skattleggur þegnana fyrir að standa undir. Ég vona að hv. stjórnarandstæðingar fallist á þau sjónarmið að þetta tvennt hljóti að fara saman. Það er auðvitað gagnslaust að breyta frv. að þessu leyti í einstökum atriðum ef það yrði síðar allt tekið til baka í gegnum fjárlög með því að minnka þær fjárveitingar sem til þessarar starfsemi renna. Ég þarf í rauninni ekki að hafa fleiri orð um þetta, svo augljóst sem það er að hugur stjórnvalda stendur til þess að standa myndarlega á bak við þessa starfsemi.

Hér er talað um reglur sem tryggja að jafnrétti sé í samkeppni einkafyrirtækja og opinberra aðila, reglur um það hversu skattskilum skuli háttað af útgáfu

tímarita. Eins og brtt. liggja fyrir er augljóst að sá þáttur útgáfustarfseminnar sem fellur undir auglýsingar, kostnaður við að afla þeirra, prenta þær, pappír undir auglýsingasíður og annað þess háttar, mundi falla undir ákvæðin um endurgreiðslu innskatts, en á hinn bóginn ekki sá þáttur sem lýtur að ritstjórninni eða prentun á lesefni í viðkomandi tímariti og pappír undir það. Það yrði að finna þarna ákveðna reglu ef sá háttur yrði á hafður að láta útgáfu tímarita falla undir 2. gr. eins og hér er gert þegar talað er um sölu tímarita. Þarfnast þetta mál nánari athugunar.

Ég hef áður rætt um landbúnaðinn sérstaklega og um gjaldfrest á innflutningi og gert þar grein fyrir sjónarmiðum Félags ísl. iðnrekenda. Hér er talað um að nauðsynlegt sé að setja reglur um hvernig með virðisaukaskatt af fólksflutningum skuli farið. Þessi breyting hefur í för með sér mikið hagræði fyrir vöruflutninga að því leyti að innskatturinn kemur til frádráttar. Eins og kemur fram í frv. er ítarlega fjallað um það hvernig farið skuli með loftför. En á hinn bóginn er það álitamál hvort ekki sé rétt að virðisaukaskattur af fólksflutningum skuli falla undir 12. gr. og innskatturinn komi því til frádráttar. Hér er svo gert ráð fyrir öðrum atriðum sem upp kunna að koma.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að rekja brtt. sérstaklega. Það er ítarleg grein gerð fyrir þeim í nál. (**Gripið fram í:** Það væri ágætt að fá upplýsingar um það hvað er „hliðstæð menningarstarfsemi".) Já, það er nú það. (**Gripið fram í:** Þetta er tölul. 1. c.) Já, það er nú þetta sem við ætlum að reyna að fara að hugsa um, hvað sé „hliðstæð menningarstarfsemi". En ég gæti líka sagt við hv. þm. að ef hann gæti skilgreint fyrir mig skýrlega, þannig að ekki sé vafi á, hvað sé menningarstarfsemi væri það líka upplýsandi. Ég held að nákvæmar skilgreiningar um þetta hvort tveggja liggi ekki fyrir og megi kannski finna ýmsar skilgreiningar á þessum hugtökum. Hins vegar erum við vanir því, ef okkur sýnist svo, að misskilja orðalag af þessu tagi, eða reyna að skilja það, eftir því hvernig á okkur liggur. En allt ber þetta nú vott um að þessi orð eru sett niður með menningarlegu hugarfari og af manni sem er listhneigður.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli vikið að helstu efnisatriðum sem fram komu á fundum nefndarinnar. Ég legg áherslu á að það frv. sem hér liggur fyrir er þrautrætt, það hefur sést hér á Alþingi áður. Ég legg áherslu á að vinnan í nefndinni var mjög ánægjuleg og mikill samhugur nefndarmanna um að reyna að nota tímann sem best þegar farið var yfir frv., einstök atriði þess skýrð og rætt var við þá fjölmörgu aðila sem fyrir nefndina komu. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, til þess að þakka fyrir góða samvinnu og ánægjulega í nefndinni við umfjöllun þessa máls, um leið og ég legg áherslu á að margt hlýtur að orka tvímælis í einstökum smáatriðum þegar um jafnróttækar skattkerfisbreytingar er að tefla eins og hér liggja fyrir deildinni nú. Það er fátt í henni veröld sem er einsýnt.

Ég fullyrði að við samningu þessa frv. og þá vinnu sem síðan hefur farið fram hefur eftir megni verið reynt að draga lærdóm af þeirri reynslu sem nágrannaþjóðir okkar hafa af virðisaukaskatti í sínum löndum. Ég vil einnig leggja áherslu á það að höfuðástæðan fyrir þessari breytingu er sú að hún hefur það í för með sér að samkeppnisstaða þeirra atvinnugreina hér á landi sem ekki njóta fjarlægðarverndar styrkist. Það er enginn vafi á því að fyrir útflutningsiðnaðinn og samkeppnisiðnaðinn eru þessar breytingar nauðsynlegar til þess að þær geti haldið stöðu sinni gagnvart erlendum framleiðendum.

Þetta eru þau höfuðrök sem ég færi fyrir því að þetta frv. verði nú samþykkt. En eins og við erum öll sammála um í þessari deild er öflugur atvinnurekstur forsendan fyrir því að við megum halda hér uppi menningar- og velferðarsamfélagi. Af þeim sökum hvílir sú þunga skylda á Alþingi á hverjum tíma að reyna að skapa atvinnufyrirtækjunum þau ytri skilyrði, þá vinnustöðu í þjóðfélaginu, að þau geti spjarað sig í þeirri erfiðu samkeppni sem hlýtur að vera afleiðing bættra samgangna og örrar og mikillar tækniþróunar.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að þetta sé eitt af síðustu meiri háttar málunum sem rædd verða í þessari deild í vetur. Hér er um að ræða viðamikla skattkerfisbreytingu.

Ríkisstjórnin hefur flutt í vetur 81 stjfrv., þar af eru 20 skattafrumvörp. Til þess að segja ríkisstjórninni eitthvað til málsbóta er rétt að geta þess strax í upphafi að hún hefur verið mikilvirk í því að leggja á skatta. Hún hefur gengið lengra í því en nokkur önnur ríkisstjórn. Skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verða hærri á þessu ári en verið hefur um langt árabil. Það þarf að fara langt aftur í svæsnustu vinstri stjórnir til að finna því samjöfnuð.

Mega það heita nokkur tíðindi að Sjálfstfl. skuli í þessari deild hafa tekið að sér forustuhlutverkið við að knýja fram þær skattahækkanir og skattabreytingar sem ríkisstjórnin hefur gert tillögur um og leggjast á almenning í landinu og eru upp á 8–9 þús. milljónir kr. Það er upphæðin sem nýir skattar þessarar ríkisstjórnar nema á árinu 1988.

Það er einnig athyglisvert að einmitt þetta mál skuli vera eina stóra málið sem stjórnarflokkarnir sameinast um núna á síðustu dögum þingsins. Það er ekki verið að taka á vandamálum atvinnuveganna þegar okkur berast fréttir um eitt gjaldþrot á dag eða svo í fyrirtækjum allt í kringum landið, síðast nú í kvöldfréttum í kjördæmi hv. þm., þ.e. Rækjuvinnslan á Kópaskeri. Hef ég þó ekki trú á því að tækniframfarir né heldur bættar samgöngur hafi riðið Rækjuvinnslunni á Kópaskeri að fullu, en það voru meginskýringarnar á vanda atvinnuveganna sem hv. þm. rakti hér áðan.

Ég hygg líka að það séu aðrar skýringar á því að í hádeginu í dag birtust fréttir um tap hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Nýlega birtust fréttir um gjaldþrot hjá Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga. Það birtust nýlega fréttir um stórfellt tap hjá Kaupfélagi Hvammsfjarðar, verulegt tap hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, verulegt tap hjá Kaupfélagi Þingeyinga, vöggu samvinnuhreyfingarinnar, og Kaupfélagi Héraðsbúa. Hvar sem borið er niður á landsbyggðinni kemur í ljós að fyrirtækin eru rekin með tapi. Sjávarútvegurinn, undirstaðan, er rekin með stórkostlegu tapi upp á 10%, segir Þjóðhagsstofnun í skýrslu sem birt er í dag í fjölmiðlum en er auðvitað leyniplagg hér og fær ekki að koma inn í þingið frekar en önnur merkileg plögg.

En ekkert af þessu er hér á dagskrá að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Egill Jónsson getur með „nöd og næppe", eins og það heitir á heimsmálinu, pínt það í gegn í dag að það fáist rætt um vandamál landbúnaðarins. Hann situr lengi vel undir skömmum frá hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir þau strákapör í umræðu um þingsköp hér í dag. En að frumkvæði ríkisstjórnarinnar er ekki verið að ræða um vandamál atvinnuveganna, ekki iðnaðarins, ekki sjávarútvegsins, ekki landbúnaðarins.

Einu nýju starfstækifærin sem ríkisstjórnin hefur forustu um að skapa eru 40 ný störf í virðisaukaskattskerfinu, 40 nýir skriffinnar í virðisaukaskattskerfinu og auk þess margir tugir í fyrirtækjunum allt í kringum landið eftir að virðisaukaskatturinn hefur verið tekinn upp. Margir tugir manna sem munu keppast við að halda bókhaldinu stöðugu og halda bókhaldinu í lagi eftir þeim kröfum sem hér er verið að gera.

Það er makalaust að þetta skuli vera ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. er innbyrðis, flokkur sem hefur stundum státað sig af því að hann vildi hugsa um hagsmuni íslenskra atvinnuvega, að í þessari ríkisstjórn skuli vera Framsfl. sem hefur státað sig af því að hann vilji halda utan um hagsmuni landsbyggðarinnar. Það er hins vegar ekkert merkilegt með Alþfl. í þessu efni. Alþfl. hefur gengið fram í núverandi ríkisstjórn sem flokkur skriffinnanna, hinna glöðu skattlagningarmanna sem ætla að senda hersveitir skriffinna inn á svo að segja hvert heimili í landinu til að skattleggja hér og skattleggja þar.

Það er út af fyrir sig nokkuð til í því sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að langflestir talsmenn hagsmunasamtaka styðja upptöku virðisaukaskatts. Það er best að því verði slegið alveg föstu hér að þeir bera ábyrgð á þessu máli líka. Þar er ekki við ríkisstjórnina eina að sakast eins og staðan er.

Iðnaðurinn kallar á virðisaukaskatt. Forustumenn Landssambands iðnaðarmanna kalla á virðisaukaskatt. Samtök í sjávarútvegi sjá stórkostlega meinbugi á því að hafa virðisaukaskatt en vilja samt fá hann. Meira að segja Stéttarsamband bænda kallar á virðisaukaskatt. Ég hefði gaman af því að vita hversu margir bændur hafa verið spurðir ráða áður en Stéttarsamband bænda sendi sína fulltrúa á fund fjh.- og viðskn. Ed. til að blessa virðisaukaskattinn. Ætli ríki gleði og tilhlökkun hjá smábændum á Vestfjörðum, Vesturlandi eða Norðurlandi eystra, Norður-Þingeyjarsýslu eða annars staðar, yfir því að fá að bæta við sig nokkrum vinnustundum á viku við að færa virðisaukaskattsbókhaldið fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. fjmrh.? (**Gripið fram í:** Á númeruðum reikningum.) Á númeruðum reikningum að sjálfsögðu og helst númeruðum á vinnustað eins og kom hér fram í svari við frammíkalli mínu hér áðan varðandi byggingariðnaðinn. Það á helst að skrifa þá á vinnustað og númera þá þar strax.

Hér er um kostulega hluti að ræða og mikla oftrú á skriffinnskuna. Bókhaldssýkin læsir sig í allt þjóðfélagið, inn í hvert einasta smáfyrirtæki í landinu, inn á hvert einasta bóndabýli, hvern einasta trillukarl, hvern einasta einyrkja sem gerir út vörubíl eða drossíu til að lifa af — hann skal halda bókhald um útskatt og innskatt og innskatt og útskatt daginn út og daginn inn. Þetta er Sjálfstfl., flokkur frelsisins, hins mikla athafnafrelsis þar sem fólkið og frumkvæði þess á að fá að njóta sín. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig menn munu njóta sín á litlu bændabýlunum í kringum landið þegar þeir þurfa að hlaupa frá heyskapnum til að færa bókhald. Þá þurfa menn að nota þerrinn ekki bara til þess að taka saman og hirða heldur líka til að færa bókhald, útskatt og innskatt og innskatt og útskatt, fyrir hæstv. ríkisstjórn, hv. 2. þm. Norðurl. e. og hæstv. fjmrh.

Ég hygg að menn geri sér almennt ekki grein fyrir því þegar verið er að setja þessa hluti fram að hér er um að ræða skattakerfi sem er búið til fyrir milljónaþjóðir, háþróuð iðnaðarþjóðfélög þar sem uppistaða atvinnulífsins eru stór, þróuð iðnaðar- og þjónustufyrirtæki sem hafa þróast á markaði um áratuga skeið. Þar eru aðstæður allt aðrar en hér á landi. Enn þá einu sinni er verið að apa eftir öðrum til þess að hægt sé að segja í einhverjum heldrimannasamkomum hjá EFTA og Efnahagsbandalaginu og OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum: Já, við erum líka með virðisaukaskatt rétt eins og hinir. Menn þurfa ekki að skammast sín lengur og roðna og segjast vera með gamla gamaldags söluskattinn.

Ég held, hæstv. forseti, að þessar staðreyndir um það hvað virðisaukaskatturinn, bókhaldið og skriffinnskan er mikil fjarstæða miðað við íslenskar aðstæður, valdi því að í stjórnarflokkunum hafa verið verulegar og tilfinnanlegar „innantökur" núna að undanförnu um það hvort ætti að afgreiða þetta frv. Mér er kunnugt um það af samtölum við fjöldamarga þm. úr öllum stjórnarflokkunum að þar hafa menn verulegar áhyggjur af þessu kerfi, alveg sérstaklega í Sjálfstfl. Í hinum flokkunum eru menn meira kerfistrúar en í Sjálfstfl., þetta hefur verið erfiðara fyrir ýmsa þm. Sjálfstfl. en þm. framsóknar og kratanna — ég tala nú ekki um þá síðastnefndu.

Það er ekki lengra síðan en núna um helgina að hæstv. sjútvrh., varaformaður Framsfl., sagði í við-

tali við eitthvert blað að í raun og veru mætti þessi virðisaukaskattur vel bíða. En síðan tóku þeir á sig rögg og ákváðu að *drífa málið í gegn þrátt fyrir* þessar innantökur, þrátt fyrir þessa erfiðleika í stjórnarflokkunum. Það hafa verið haldnir fundir daglangt og náttlangt í fjh.- og viðskn. Ed. Og það er engin ástæða til að draga neina fjöður yfir það að þar hefur verið vel unnið eftir því sem kostur hefur verið á. Þar hafa menn verið kallaðir fyrir skv. þeim óskum sem komið hafa bæði frá stjórnarþingmönnum og stjórnarandstöðu og er ekkert upp á það að klaga.

Ég vil láta þennan almenna inngang koma hér fram, virðulegi forseti, vegna þess að hann sýnir hvað þetta mál er í rauninni gjörsamlega óþarft. Það er ekkert í íslenska þjóðlífinu í dag sem kallar á þetta mál. Ekki Rækjuvinnslan á Kópaskeri, ekki Kaupfélag Borgfirðinga, ekki Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga, sem er gjaldþrota, eða Kaupfélag Berufjarðar, sem er gjaldþrota, ekki Kaupfélag Suður-Þingeyinga. Atvinnufyrirtækin og efnahagsaðstæðurnar í þjóðfélaginu kalla ekki á það að virðisaukaskattur verði afgreiddur.

Það sem við ættum að vera að fjalla um hér núna er frv. til laga um ráðstafanir til að taka á vandamálum atvinnulífsins í landinu. Því það er alveg sama hvað við erum með fullkomið skattakerfi, ef atvinnuvegirnir eru á heljarþröm koma engir skattar. Það er ekki ósanngjarnt að ætlast til þess af þm. Sjálfstfl. og Framsfl., sem sumir hverjir hafa komið nálægt atvinnulífi, að þeir geri sér grein fyrir þessu samhengi hlutanna, atvinnuveganna annars vegar og skattlagningarinnar hins vegar. En það er engin ástæða til að gera kröfu til þess að þm. eða ráðherrar Alþfl. skilji þetta samhengi hlutanna og það verður ekki gert af mér. (Gripið fram í.) Birtist ekki með máli allt í einu hæstv. viðskrh. sem var reynt að særa hér inn í deildina í allan heila dag og hefur nú ekki verið beðinn um að tala hér í kvöld, en er vafalaust velkominn til þess og vonandi situr hann hér sem lengst. Mun ég varpa á hann orði síðar í ræðu minni.

Ég vil þessu næst víkja að nál. minni hl. sem birtist á þskj. 1061 og er undirritað af mér og hv. þm. Júlíusi Sólnes. Hv. 6. þm. Reykv. Guðrún Agnarsdóttir, fulltrúi Samtaka um kvennalista í fjh.- og viðskn., er sammála því nál. Í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að frv. um virðisaukaskatt væri tilbúið í haust var það ekki lagt fram fyrr en á síðustu dögum þingsins og hefur því ekki fengið nægilega glögga meðferð að mati minni hl. Því er tillaga minni hl. sú að frv. verði fellt. Minni hl. mun síðan fyrir 3. umr. málsins leggja fram brtt. við frv. ef í ljós kemur að það verður samþykkt við 2. umr.

Minni hl. lýsir beinni andstöðu við frv. um virðisaukaskatt á eftirfarandi forsendum:

Með lögfestingu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir því að framlengja hinn illræmda matarskatt sem lagður var á af núverandi ríkisstjórn og hefur í för með sér 6000 millj. kr. skattheimtu af almenningi í landinu á þessu ári.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri og víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi í þessu frv. Er þar gengið lengra en í virðisaukaskatti grannlanda okkar."

Ég ætla aðeins í tilefni af þessari fullyrðingu minni hl. að víkja að brtt. 1.c á þskj. 1006 frá meiri hl., þar sem segir að undanþegin eigi að vera virðisaukaskatti starfsemi safna og bókasafna og hliðstæð menningarstarfsemi. Ég kallaði fram í hjá hv. frsm. og spurði hann hvað væri hliðstæð menningarstarfsemi og fékk ekki skýr svör sem ekki er kannski von og ekki sanngjarnt að ætlast til. En hvað gæti verið hliðstæð menningarstarfsemi? Það eru ekki leikhús og leikfélög, eða hvað? Skv. frv. eins og það lítur út núna og ég les það er ætlunin að leggja virðisaukaskatt á leikhús, leikfélög, kvikmyndasýningar og hljómleika. Og ekki einasta þegar um er að ræða reglulegar leiksýningar, reglulega hljómleika eða reglulegar kvikmyndasýningar, heldur líka einstaka listviðburði af þessu tagi. Þegar menn halda tónleika, sýna kvikmynd eða þegar efnt er til leiksýningar virðist eiga að taka af þessu virðisaukaskatt ef marka má plöggin eins og þau líta út núna.

Ég vil nefna dæmi til að sýna hvað þetta getur þýtt. Talið er að veltan hjá Leikfélagi Reykjavíkur á árinu 1988–1989 geti orðið í kringum 30 millj. kr. Virðisaukaskattur ofan á þessa veltu, sölu miða, mundi gera 6–7 millj. kr. Ljóst er að ef aðgangseyrir gæti skilað þetta miklu meira fé en gert er núna ráð fyrir hefur Leikfélag Reykjavíkur, svo að ég nefni dæmi, full not fyrir þá fjármuni, m.a. til að standa undir þeim framkvæmdum sem Leikfélagið núna stendur í.

Ég vil inna eftir þessu sérstaklega, virðulegi forseti, vegna þess að ákveðin starfsemi á að vera undanþegin virðisaukaskatti alveg skilyrðislaust, þ.e. afnotagjöld af Stöð 2. Skv. brtt. 2 á þskj. 1006 er gert ráð fyrir því að afnotagjöld á Stöð 2 eða hliðstæðum stöðvum verði virðisaukaskattslaus. Þá spyr ég: Hvaða menningarlegt mat er það sem birtist í því að menn eiga að sleppa við að borga virðisaukaskatt af afnotagjöldum af Stöð 2 en eiga að borga virðisaukaskatt af þeim kvikmyndasýningum sem þeir kaupa sig inn á í kvikmyndahúsunum, leiksýningum sem leikhúsin efna til eða af konsertum sem eru hér í almennum hljómleikasölum? Er það það menningarlega mat að nauðsynlegt sé að lyfta alveg sérstaklega undir Stöð 2 og einkarekstur útvarps og sjónvarps á kostnað annarrar menningarstarfsemi? Er það mat ríkisstjórnarinnar að þessi menningarstarfsemi sem fer fram á vegum Stöðvar 2 eigi að hafa þarna forgang umfram allt annað. Þetta vil ég spyrja um og óska eftir því að fá svör við þessu, bæði frá hæstv. fjmrh. og sömuleiðis hv. 2. þm. Norðurl. e. sem ég hygg að sé maðurinn með hið listræna hjarta sem hv. þm. nefndi áðan með allri hógværð án þess að nefna sjálfan sig í leiðinni á nafn.

Í umræðum um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. fórum við yfir dönsk lög um virðisaukaskatt. Þar

kom fram að menningarstarfsemi er almennt undanþegin virðisaukaskatti í Danmörku, en þar eru síðan tiltekin nokkur atriði sem á að leggja virðisaukaskatt á. Þau atriði eru undantekning. Reglan er sú að menningarstarfsemi er virðisaukaskattslaus. Þess vegna er það ekki of mikið sagt í áliti minni hl. á þskj. 1016 þar sem segir: „Þá er gert ráð fyrir sérstakri og víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi í þessu frv. Er þar gengið lengra en í virðisaukaskatti grannlanda okkar."

Nú vill svo vel til að hæstv. fjmrh. mætir hér í deildina prýðilega vopnaður af embættisliði sem fyrr. Nú ætla ég að spyrja hann og biðja embættismennina að reikna út þangað til á eftir: Hversu mikill virðisaukaskattur á að koma inn í ríkissjóð af leiksýningum, kvikmyndasýningum, konsertum o.s.frv.? Hversu miklar upphæðir eru það sem á að láta menninguna borga í ríkissjóð skv. virðisaukaskatti? Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa nákvæmar upplýsingar um þetta í fórum sínum.

Síðan segir áfram í áliti minni hl. á þessa leið:

„Í frv. er gert ráð fyrir því að leggja virðisaukaskattinn á með einni prósentu, — þ.e. að hafa sömu skattprósentu á öllum vörum og allri þjónustu. Þessu mótmælir minni hl. og bendir á að í aðildarríkjum OECD, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, er oftar um fleiri en eina prósentu að ræða og þar er matur sums staðar undanþeginn að fullu, jafnvel í Bretlandi" Margrétar Thatcher.

„Þess ber að geta að Alþýðusamband Íslands lagðist sérstaklega gegn frv. um virðisaukaskatt á þeirri forsendu að skattinn ætti að taka með flatri prósentu yfir línuna."

Í frv. er eins og kunnugt er gert ráð fyrir því að skatturinn verði 22%. Hv. þm. sagði í framsöguræðu sinni áðan sem ég kem nánar að á eftir: Þetta mál þarf að taka til endurskoðunar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra og hv. 2. þm. Norðurl. e.: Telja þeir að það komi til mála að vera með tvær mismunandi skattaprósentur í virðisaukaskatti? Hvaða rök eru gegn því að vera með tvær slíkar prósentur eða jafnvel fleiri?

Í löndum Efnahagsbandalagsins er núna unnið að samræmingu á virðisaukaskatti. Verið er að samræma virðisaukaskatt í öllum löndum Efnahagsbandalagsins og gert er ráð fyrir því að niðurstaðan verði sú að þar verði í minnsta lagi yfirleitt um að ræða tvær prósentur. Til þess að ná fram samræmingu í samkeppnisaðstöðu milli atvinnugreina, milli Efnahagsbandalagslandanna. Þess vegna er alveg út í hött að svara þessari spurningu minni um eina eða tvær prósentur með því að segja: Það verður að vera ein til að samræma það því sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Það er ekki gild röksemd, hvorki í núinu né heldur þegar endurskoðun á þessum reglum hefur farið fram í Efnahagsbandalagslöndunum.

Alþýðusamband Íslands lagðist sérstaklega gegn frv. um virðisaukaskatt á þeirri forsendu að það ætti að taka skattinn með einni prósentu. Það er rétt að vekja athygli á því að einu stærri samtökin í landinu sem lögðust gegn upptöku virðisaukaskatts er Alþýðusamband Íslands. Það er kannski athyglisvert að einmitt Alþfl. skuli beita sér fyrir því að leggja á þennan skatt sem er í andstöðu við verkalýðssamtökin í landinu. Síðan segir áfram í nál. minni hl. á þskj. 1016:

„Með upptöku virðisaukaskatts eykst hvers konar skriffinnska stórkostlega. Þannig er gert ráð fyrir því að starfsmenn skattstofanna verði tvisvar sinnum fleiri en nú er." — Talið er að þeir séu 35 í dag í söluskattinum en verði 70, að því er ríkisstjórnin sjálf segir, í virðisaukaskattinum. „Enn fremur er gert ráð fyrir stórfelldri fjölgun framteljenda frá því sem er í söluskattskerfinu."

Samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er fjölgun framteljenda frá söluskatti til virðisaukaskatts sem hér segir:

Í landbúnaði er fjölgunin 5000 — 5000 bændur sem eiga að fara að færa virðisaukaskattsskýrslur. Fiskveiðar, þar er fjölgunin 1450 frá því sem er í söluskatti. Fiskiðnaður 600, byggingarstarfsemi 3000 aðilar, samgöngur 1500 aðilar og annað 2500 aðilar. Samtals er fjölgun þeirra sem eiga að greiða þennan óbeina skatt frá því sem var í söluskattinum liðlega 14 þús. manns.

Ég hygg reyndar að þessi tala sé stórkostlega vanmetin. Ljóst er að fjöldi fólks sem hefur með alls konar minni háttar viðvik að gera fyrir fyrirtæki og einstaklinga, viðvik sem kannski skila 100 þús. kr. eða meira á ári, yrði þar með virðisaukaskattsskyldur. Ég gæti nefnt í þessum efnum að stórir hópar t.d. háskólamenntaðra manna sem vinna margvísleg ráðgjafar- og þjónustustörf fyrir fyrirtæki og stofnanir, m.a. á vegum ríkisins, munu skv. þessu frv. verða virðisaukaskattsskyldir og verða að halda virðisaukaskattsskýrslur. Ég held þess vegna að sú fjölgun sem hér er gert ráð fyrir verði miklu meiri en þessar tölur benda til.

Af því að ég sé hv. þm. Egil Jónsson dettur mér það í hug að ég nenni ekki að fara að skemmta deildinni með sérstökum intermezzo um landbúnaðinn og virðisaukaskattinn. En það eru ýmis viðvik í landbúnaðinum sem ég gæti nefnt hér við hv. þm. á eftir og utan fundar og utan þingtíðinda — (Gripið fram í.) Nei, ég hef svo gaman af því að sjá hv. þm. (**EgJ:** Það er gagnkvæmt.) Ég þakka. — og væri ákaflega gaman að rifja upp og fara yfir, hvernig menn fara að því að greiða og gera upp virðisaukaskatt fyrir alls konar snatt sem menn sinna hver fyrir annan í sveitum. En til þess notum við annað og betra tækifæri. Ég held áfram með nál. minni hl.:

„Það er því ljóst að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér verulega skriffinnsku — fyrst hjá opinberum aðilum þar sem skattheimtumönnum fjölgar úr 35 í 70 og einnig hjá þeim sem telja fram en þar fjölgar ársverkum ekki minna en hjá opinberum aðilum. Því má gera ráð fyrir að upptaka virðisaukaskatts skapi að minnsta kosti 100 ný störf úti í þjóðfélaginu og auki einnig vinnuálag fyrirtækjanna, einkum smáfyrirtækjanna og einyrkjanna

sem hafa síður yfir að ráða þjálfun eða þekkingu á bókhaldsverkefnum.

Minni hl. telur að fjölgun framtèljenda samkvæmt þessum gögnum ríkisstjórnarinnar sé stórlega vanmetin.

Samkvæmt upplýsingum sem minni hl. hefur aflað sér liggur fyrir að svört atvinnustarfsemi í Danmörku hefur aukist eftir að virðisaukaskatturinn var tekinn upp. Þar liggja einnig fyrir rannsóknir á því að þessi skatttegund leggst þyngst á barnmargar fjölskyldur og þá sem hafa þunga framfærslubyrði. Að sama skapi er það mat nágranna okkar að virðisaukaskatturinn komi best út fyrir þá efnaðri í þjóðfélaginu. Þar hefur enn fremur verið bent á að eftir að virðisaukaskattur var á lagður hafa gjaldþrot smáfyrirtækja verið tíð vegna þess að forráðamenn þeirra ráða ekki við alla þá skriffinnsku sem kerfið gerir ráð fyrir. Þetta er sérstaklega alvarlegt þar sem smáfyrirtæki eru hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar.

Allir ættu að sjá hve fráleitt það er að ætla hverjum einasta einyrkja, bónda, bílstjóra eða trillukarli að stunda smásmugulegt bókhald yfir hvert einasta viðvik. Ekki verður þetta síður fráleitt gagnvart nýrri atvinnustarfsemi sem er að hasla sér völl, oft með hluta starfs til að byrja með. Hér er því verið að leggja á skatt sem byggist á kerfi sem er fjandsamlegt nýjungum í atvinnulífinu og þeirri einyrkjastarfsemi sem alltaf hlýtur að verða stór þáttur atvinnulífs á Íslandi. Hér er verið að apa eftir milljónaþjóðum eins og oft áður í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar í vetur.

Það er enn fremur ljóst að ekkert liggur fyrir um að þessi tegund óbeinna skatta skili sér betur í ríkissjóð en söluskatturinn. Vissulega er söluskattskerfið gallað. En nær hefði verið að leggja vinnu í nýtt kerfi óbeinna skatta á Íslandi en að apa það eftir milljónaþjóðunum eins og hér er gert.

Virðisaukaskattur hækkar verð á íbúðarhúsnæði, fyrst á nýju húsnæði og síðan almennt. Þetta er viðurkennt í athugasemdum með frv. Virðisaukaskattur mun leggjast á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, en sú vinna er nú undanþegin söluskatti. Þetta hefur í för með sér 5–7% hækkun byggingarkostnaðar. Þannig hækkar ný íbúð sem nú kostar um 4 millj. kr. um 200–300 þús. kr. Og heildartekjuauki ríkissjóðs af húsbyggjendum nemur með þessum hætti hundruðum milljóna króna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þessi tekjuauki ríkisins verði endurgreiddur húsbyggjendum en ekkert liggur fyrir um það nákvæmlega hvernig að því verður staðið. Það er því ljóst að óbreytt hefur þetta frv. í för með sér lakari kjör fyrir húsbyggjendur og skerðingu á kjörum þeirra. Þeir eru skv. þessu frv. gerðir að sérstökum skattstofni."

Ég vil aðeins staldra við þetta atriði og minna á það sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að Landssamband iðnaðarmanna hefði óskað eftir því að það yrði kannað að fella niður ýmsa skatta af byggingariðnaðinum fremur en að taka upp flókið endurgreiðslukerfi á virðisaukaskattinum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann að það komi til mála að fella niður ýmis gjöld af byggingariðnaðinum til að koma þannig til móts við húsbyggjendur þannig að þeir verði ekki gerðir alveg að sérstökum skotspónum þessa kerfis?

Það er hlálegt, herra forseti, að það skuli vera hlutverk Alþfl. og formanns hans að leggja fram skattafrv., eftir allt það sem á undan er gengið í húsnæðismálum, sem gerir ráð fyrir því ekki einasta að leggja skatta á matvörur, það er búið, heldur líka að leggja sérstakan skatt á húsbyggjendur. Var það skattstofninn sem Alþfl. lofaði að leggja á skatta fyrir síðustu kosningar? Gengu þeir frambjóðendur Alþfl. á Vestfjörðum, Reykjavík, Suðurnesjum fyrir kjósendur og sögðu: Þið sem eruð að byggja, þið verðið skattlagðir alveg sérstaklega ef við fáum að ráða nokkru eftir kosningar. — Auðvitað var það ekki þannig. Auðvitað var það ekki sagt frekar en þeir ætluðu að leggja á matarskatt. Það var komið aftan að kjósendum. Það er hlálegt að velja þennan hóp sérstaklega til að þyngja skatta á um mörg hundruð millj. kr. til að auka tekjur ríkissjóðs með.

Ég held þá áfram, herra forseti, með nál. minni hl. en þar segir enn fremur:

„Hér hafa verið tíndar fram nokkrar ástæður þess að minni hl. er andvígur frv. þessu. Fleira mætti tína til og verður það gert nánar í umræðum um málið. Skal þó bent á eitt atriði sem vegur þungt en það er sú tillitslausa innheimta skatta af menningarstarfsemi sem frv. gerir nú ráð fyrir" — og ég hef rakið fyrr í ræðu minni.

„Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum stjórnarflokkanna við þessu máli. Þingmenn allra flokkanna eru meira og minna andvígir málinu. Þess vegna neyddist fjmrh. til að mismuna málinu gegnum stjórnarflokkana þannig að það er í rauninni aðeins hálfafgreitt og fjöldi óleystra vandamála bíður úrlausnar. Hér er ekki um að ræða tæknileg vandamál heldur líka pólitísk vandamál" — og eru rakin um það nokkur dæmi í nál. okkar.

Eitt það sérkennilegasta við þessa afgreiðslu er að þegar fjmrh. hæstv. sá að ekki væri nokkur leið að koma þessu máli í gegnum þingið með venjulegum hætti var sagt við stjórnarliðið: Það verður allt tekið til athugunar í sumar. Prósentan verður tekin til athugunar, byggingariðnaðurinn, menningin, landbúnaðurinn, sjávarútvegurinn, iðnaðurinn, innflutningurinn, allt verður tekið til athugunar í sumar. Þetta er svo mikið í lausu lofti að hér gætum við alveg eins verið að fjalla um frv. sem væri einhvern veginn svona: Fjmrh. er heimilt að leggja á virðisaukaskatt eftir þeim aðstæðum sem hann telur réttar á hverjum tíma, að öðru leyti er málið sett í nefnd. (Gripið fram í.) — Og vinnist um heyannir.

Dæmi um þetta eru þessi, herra forseti: Það er fyrst skattprósentan sjálf. Það stendur jú að hún sé 22% í plagginu. En hv. þm. Halldór Blöndal viðurkennir hér áðan að skattprósentan gæti orðið önnur. Ég spyr þá hv. þm. Halldór Blöndal: Getur hún

orðið hærri? Er Sjálfstfl. með þessari yfirlýsingu að boða það að virðisaukaskatturinn verði enn þá hærri? Liggur fyrir eitthvert leynisamkomulag milli stjórnarflokkanna um að virðisaukaskattsprósentan eigi að vera hærri? Það liggur fyrir í grg. frv. að það vantar milljarð eða einn og hálfan milljarð upp á að virðisaukaskatturinn skili nægilega miklu að mati ríkisstjórnarinnar. Er með þessu loðna orðalagi á virðisaukaskattsprósentunni verið að segja: Það á að leggja á meira? Er pólitískt samkomulag um það innan stjórnarinnar, hæstv. fjmrh.? Þetta er talið eitt þeirra atriða sem á að athuga nánar, 22% u.þ.b., það stendur að vísu ekki „u.þ.b." í frv. en gæti alveg eins verið það, svona ca. 22%.

„2. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi er vísað til embættismannanefndar" og stjórnmálamanna — stjórnarflokkanna, auðvitað fær ekki stjórnarandstaðan að koma þarna nálægt enda geri ég ekki ráð fyrir að hún kæri sig mikið um það. A.m.k. ekki alþýðubandalagsmenn. Þetta er eitt af þeim álitamálum sem er bara vísað út í bláinn, út í buskann í sumar, athuga nánar, skoða.

„3. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis er vísað til sérstakrar nefndar." Þetta er vandamál upp á u.þ.b. 950 millj. skv. því sem stendur í frv. — Vesen í kringum það, komin ályktun frá Sambandi ísl. hitaveitna. Dálítið flókið mál, sagði hv. 2. þm. Norðurl. e., vísað í nefnd, skoðað í sumar.

„4. Reglum um skattskil fiskveiða og fiskvinnslu er vísað til nefndarvinnu" — í sumar. Þar er verið að tala um smáupphæðir. Skattstofninn er 15 milljarðar kr. Á það leggjast 22%, eða 3000 millj. kr. Það á að athuga það nánar í sumar hvernig verður farið með þessar 3000 millj. Þetta eru minni háttar upphæðir, menn eru vanir stórum tölum í fjmrn.

„5. Reglum um virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi er vísað til nefndarvinnu" — í sumar. Það verður tekið um leið og fiskurinn.

„6. Reglum sem „tryggja jafnræði í samkeppni einkaaðila og opinberra aðila" er vísað til nefndar" — í sumar.

„7. Reglum um skatt af útgáfu tímarita er vísað til nefndar.

8. Reglum um skattskil af viðskiptum bænda og afurðastöðva er vísað til nefndar, svo og öðru sem varðar landbúnað sérstaklega." En það er ekki bara uppgjörið milli afurðastöðva og bænda heldur líka annað sem varðar bændur og landbúnaðinn yfirleitt sérstaklega.

„9. Reglum um gjaldfrest af innflutningi er vísað til nefndar.

10. Reglum um virðisaukaskatt af fólksflutningum er vísað til nefndar."

Hverju er ekki vísað til nefndar? Það er landbúnaður, sjávarútvegur, menning, iðnaður, innflutningur, tímarit, fólksflutningar, prósentan sjálf og byggingarstarfsemi. Þetta fer allt í nefnd, þetta á að skoða í sumar, athuga málið í sumar. Þess vegna væri miklu eðlilegra að frv. væri orðað eins og ég var að tala um áðan: Fjmrh. er heimilt að leggja á virðisaukaskatt eftir efnum og ástæðum og eftir því sem samkomulag næst um í stjórnarflokkunum í sumar.

Þetta sýnir uppgjöf stjórnarflokkanna á því að fara í alvöru í gegn með þetta mál. Það er verið að svindla málinu í gegn. Það er verið að segja við hv. þm. Guðmund H. Garðarsson: Heyrðu, vertu rólegur, vinur, vegna þess að fiskurinn verður skoðaður alveg sérstaklega í sumar.

Og það er verið að segja við hv. þm. Egil Jónsson: Heyrðu, vertu bara rólegur í sumar, þetta er allt í lagi, við skoðum landbúnaðinn alveg sérstaklega.

Og það er verið að segja við hv. þm. Halldór Blöndal: Heyrðu, vertu nú til friðs vegna þess að við ætlum aðeins að kíkja nánar á menningarmálin í sumar.

Og það er verið að segja við þm. Reykv. sem hafa áhyggjur af málefnum Hitaveitu Reykjavíkur í þessu kraðaki: Heyrið þið, verið rólegir, við skoðum hitaveituna og þetta drasl allt saman í sumar upp á 900–1000 millj. kr.

Það er verið að segja við þá sem gefa út tímarit eins og hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson sem gefur út „Frelsið" af og til: Heyrðu, vertu rólegur, því að við ætlum ekki að leggja virðisaukaskatt á tímaritin — enda vafasamur virðisaukinn af sumum þeim bókum sem þeir gefa út, en það er svo annað mál.

Þetta sýnir algjöra uppgjöf stjórnarflokkanna á því að afgreiða þetta mál í alvöru. Gallinn er hins vegar sá, herra forseti, að í raun og veru fær fjmrh. allt sitt og kratarnir allt sitt. Það er íhaldið sem er platað. Hv. þm. Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, það er þetta lið sem verið er að plata. Kratarnir hafa kerfið og kverkatökin þegar þörf krefur. Það kemur í ljós í þessu máli eins og svo mörgum öðrum að þessi ríkisstjórn líkist einna helst því að vera ríkisstjórn Alþfl. undir forustu Sjálfstfl. með hlutleysi Framsfl.

Í lok nál. minni hl. á þskj. 1016 segir svo, með leyfi forseta:

„Eins og sést af þessum tíu dæmum er ljóst að meiri hl., stjórnarflokkarnir, viðurkennir að málið er illa undirbúið og að ekki eru neinar forsendur fyrir því að afgreiða það. Þar eru tæknileg atriði í lausu lofti og hið sama er einnig að segja um pólitísk grundvallaratriði. Því væri það öllum fyrir bestu að máli þessu verði hafnað.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu. Alþingi, 4. maí 1988. Svavar Gestsson, Júlíus Sólnes."

Ég hef þá rakið nokkuð, herra forseti, nál. minni hl. fjh.- og viðskn. og farið um mál þetta nokkrum almennum orðum. Þetta er 20. skattafrv. sem fer hér í gegnum þingið í vetur. Af 80 stórum umbótamálum sem formaður Alþfl. hældi sér af í útvarpsumræðunum hér í gær eða fyrradag eru 20 skattafrv. Hér er ekki verið að taka á vandamálum atvinnulífsins á Íslandi, fólksins í landinu. Hér er verið að búa

til skattakerfi eins og það gerist með milljónaþjóðum og það er látið skeika að sköpuðu þó að þetta kerfi gangi augljóslega engan veginn upp miðað við íslenskar aðstæður, hvort sem það snertir menningarmál, mat, almenn lífskjör eða atvinnulíf í landinu.

En ég vil einnig, herra forseti, ljúka ræðu minni með því að segja: Ábyrgð forustumanna atvinnuveganna, stjórnarforustu atvinnuveganna, sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, er mikil. Hún skal stimpluð hér inn í þingtíðindin og sagt: Ef þeir hefðu ekki blessað þetta mál í bak og fyrir og beinlínis pantað þetta yfir sig hefði stjórnin ekki þorað í gegn með málið. Það eru fulltrúar þessara margumtöluðu atvinnuvega sem alltaf þykjast bera hagsmuni þeirra fyrir brjósti og hlaupa hér inn vælandi í tíma og ótíma að biðja stóru mömmu, ríkið, að hjálpa sér, sem bera hér úrslitaábyrgð og það skal stimplað fast í þingtíðindin. Þeirra ábyrgð er mikil og það skal munað þegar þeir koma á næsta þingi og næsta og þarnæsta að klaga undan ákvæðum laga um virðisaukaskatt sem þeir sjálfir eru að kalla yfir sig, hvort sem þeir heita SÍS eða SÍF eða hvað þeir heita.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Einn ágætis sjálfstæðismaður í Kópavogi, einn af helstu forustumönnum Sjálfstfl. í Kópavogi, sagði að virðisaukaskatturinn skyti nú upp kollinum enn á ný eins og kölski hjá Leirulækjar-Fúsa. Það er mjög athyglisvert þegar maður horfir hér yfir hv. þingdeild að þm. Sjálfstfl. hafa kosið að hverfa allir af vettvangi nema hv. 2. þm. Norðurl. e., hann verður að vera hér sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. Aðrir þm. Sjálfstfl. í Ed. hafa kosið að vera ekki viðstaddir þessa umræðu. Þykir mér það afar athyglisvert og geta þingdeildarmenn rennt í grun hvað mundi valda.

Ég gat áðan um þessi ummæli eins af forustumönnum Sjálfstfl. í Kópavogi. Mig langar til þess að lesa upp, með leyfi forseta, greinarkorn sem birtist í málgagni þeirra sjálfstæðismanna í Kópavogi, blaðinu Vogar. Þar koma fram mjög athyglisverðar athugasemdir við virðisaukaskattinn sem ég held að lýsi vel huga þm. og almennra flokksmanna Sjálfstfl. til þessa frv.

„Vaskurinn enn á ferðinni. Virðisaukaskattsmóri er nú enn á ný að skjóta upp kolli sínum á Alþingi rétt eins og kölski úr dýinu hjá Leirulækjar-Fúsa nema nú er hann illvígari en nokkru sinni fyrr, enda magnaður af öllum höfuðsæringarmönnum þjóðarinnar í stjórnarflokkunum. Umkomuleysi stjórnarandstöðunnar er slíkt að í þeim æmtir hvorki né skræmtir“ — en þetta mun vera áður en hv. 7. þm. Reykv. flutti ræðu sína rétt áðan og hefði betur verið að þessi forustumaður Sjálfstfl. í Kópavogi hefði verið viðstaddur þá ræðu. Hann hefði þá varla talað um að það hvorki æmti né skræmti í stjórnarandstöðunni undir þeim lestri.

„Virðist Ásmundur Stefánsson alveg hafa gleymt sínum fyrri skoðunum á þessu fyrirbrigði, a.m.k. heyrast nú ekki þær snjöllu fyrirbænir sem hann flutti gegn þessari sendingu við fyrri ásóknir hennar. Væntanlega hefur Ásmundur þó ekki skipt um skoðun eins og Jón Baldvin sem lét skírast til virðisaukatrúar af nafna sínum Sigurðssyni. Hvar er nú Guðmundur H. Garðarsson sem ekki var fyrr til viðtals um það að hækka húsbyggingarkostnað sinna umbjóðenda um meira en 10%? Hvað segir nú Magnús L. Sveinsson um virðisaukaskatt? Er Guðmundi J. bara sama? Er samtakamáttur alþýðunnar hans nú liðin tíð?

Hvaða áhrif eru af virðisaukaskatti? Nú blasir við sú fyrirætlan stjórnvalda að nota virðisaukaskattskerfið, „VASK“, til þess að stórauka skattbyrði almennings í landinu. Skv. þessu frv. skal nú skattleggja alla vinnu við húsbyggingar. Þokukenndar yfirlýsingar um það að ráðamenn muni kannski gefa fólki sem er að byggja í fyrsta sinn einhverjar bætur til baka eru heldur ótraustar tilsýndum því ekki verður alltaf sú sama stjórn við völd og sú sem semur frv.

VASK-prósentan er nú 22% samkvæmt frv. Hafi söluskattskerfið með öllum sínum undanþágum verið ónýtt, eins og Jón „skattvin“ orðar það, með 25% gjaldi þá er bersýnilegt að 22% er ætlað að skila mun meiri tekjum í heild vegna hinnar miklu víðtækari skattskyldu. Ef stiklað er á stóru í gegnum frv. þá má benda á eftirfarandi meginatriði sem varða framkvæmd hans í samanburði við söluskattskerfið:

1. VASK-kerfið er margfalt dýrara í framkvæmd. Vafi er talinn leika á því hvort skattstofur landsins hafi mannafla til þess að ráða við framkvæmdirnar né geti keypt þá vinnu sem til þarf.“

Hér langar mig til að skjóta því að að skattstofur landsins hafa oft mánuðum saman og jafnvel missirum saman árangurslaust reynt að auglýsa eftir starfsfólki til vinnu við þau störf sem eru unnin á skattstofunum. Það verður fróðlegt að sjá hvernig gengur að manna virðisaukaskattskerfið ef rétt er að það þurfi 35–40 ný störf til að reka kerfið. Hvar á að fá þá hæfu menn til að sitja á skattstofunum og reikna út virðisaukaskattskerfið þegar ekki er einu sinni nokkur leið að manna skattstofurnar eins og þær eru reknar í dag? Ég spyr. Ég vildi gjarnan fá svör hæstv. fjmrh. við þessari spurningu, hvernig hann ætlar að manna skattstofurnar til að geta sinnt þessu hlutverki. Hvaða kaup á t.d. að greiða þeim starfsmönnum sem á að ráða til þessa verks? Ef þeir eiga að vera á þeim kjörum sem ríkisstarfsmönnum eru almennt boðin í dag er ég ekki í nokkrum vafa um að fáir munu hafa áhuga á því að sækja um þessar stöður.

„2. Innheimta söluskatts er mjög ódýr. Gjaldendur í því eru um 11 000 talsins.“ — Hér er átt við gamla söluskattskerfið að sjálfsögðu. — „Þar af innheimta 1600 aðilar um 85% skattsins og þar af um 300 aðilar 60% alls skattsins. Um 7400 aðilar innheimta 15% skattsins. Eftirlit með skattinum er almennt orðið allstrangt. Gjaldendur í virðisauka-

skattskerfi eru taldir verða um 25 000 talsins samkvæmt frv.“

Ég skýt hér aftur inn í að ég tel að þau rök sem hafa verið færð fyrir því að gjaldendur verði u.þ.b. 25 000 talsins séu röng. Ég tel að þeir muni verða miklu fleiri og það sé stórkostlega vanmetið hversu margir verði gjaldskyldir í þessu nýja kerfi. Mér kæmi ekki á óvart þó að þeir færu langt yfir 30 000 og þar með er u.þ.b. þriðjungur allra vinnufærra Íslendinga orðinn virðisaukaskattskyldur.

„3. Greiðandi söluskatts og VASK er neytandinn. Hann borgar líka innheimtukostnaðinn. Samkvæmt frv. um VASK er gjaldskyldan ótvíræð, 22% skal lagt á vörur og þjónustu með fáum undantekningum. Gegn 22% hækkun á lífsnauðsynjum neytandans og sömu hækkun á húsnæðiskostnaði hans auk aukins orkukostnaðar stendur aðeins viljayfirlýsing ráðherra í grg. með frv. um ótilgreindar niðurgreiðslur á verði hefðbundinna landbúnaðarafurða og niðurgreiðslu á fermetraverði í nýju húsnæði.

4. Flugnám á Íslandi verður 22% dýrara en það var. Það er eina námið á Íslandi sem hefur verið alfarið á kostnað nemandans sjálfs meðan það er á vegum herja í nágrannalöndunum að miklu leyti. VASK verður hér mjög íþyngjandi á þessu sviði hagnýtrar menntunar.

5. Uppsöfnun í atvinnurekstri af völdum söluskatts er mjög haldið fram sem röksemd fyrir upptöku VASKsins og talið standa í vegi fyrir útflutningi. Félag iðnrekenda hefur metið þetta til að vera á bilinu 1–3% eftir greinum. Margt hefur verið gert til að koma í veg fyrir þessi áhrif söluskatts og er ekki tiltakanlega torvelt í framkvæmd. Rökin eru því harla léttvæg.

6. Í frv. er gert ráð fyrir skattskyldu skilorðsbundins afsláttar til almennings. Dæmi hér um er staðgreiðsluafsláttur og magnafsláttur af steinsteypu sem er verulegur og skiptir húsbyggjandann máli, e.t.v. 3% af byggingarkostnaði. Þessi afsláttur hlyti að minnka til almennings og rýra kjör hans.

7. Skv. frv. um VASK er gert ráð fyrir því í grg. sem því fylgir að ráðherra setji upp víðtækt niðurgreiðslukerfi á hefðbundnum matvælum. Möguleikar til ákveðinnar neyslustýringar sem mun beinast að hinum hefðbundna landbúnaði á kostnað annarra neysluvara virðast þarna vera mjög svo fyrir hendi og eru reyndar greinilega komnir fram í neyslustýringunni sem felst í núverandi niðurgreiðslukerfi.

8. VASK hefur í för með sér mikla aukningu á rekstrarfjárþörf fyrirtækja. Staðgreiða verður virðisaukaskatt af öllum innflutningi. Hvar skyldi verslunin eiga að fá peninga til þess að fjármagna þetta? Launin við bókhald í verslun eru talin munu hækka um 50–60% vegna virðisaukaskattsins. Vaxtakostnaður af þessu hlýtur að fara beint út í verðlagið.

9. Fleira en eitt skatthlutfall er talið flækja framkvæmd skattsins af fylgismönnum hans hér á landi. Í Bretlandi, Þýskalandi, Sviþjóð og í Frakklandi eru mismunandi skatthlutföll notuð án vandamála. Vandalaust virðist þannig að hafa fleiri skatthlutföll í VASK-kerfi. Um leið bendir þetta til þess að auðvelt muni að gera VASK-kerfið jafngötótt og söluskattskerfið er orðið með tímanum.

10. Hin háa skattprósenta í frv. og niðurgreiðslukerfi það sem boðað er með skattinum eyðir hlutleysi skattsins sem átti að vera hans höfuðdyggð að mati fylgismanna hans. Ekki virðist markvisst að niðurgreiða matvörur jafnt fyrir tekjulága og tekjuháa fremur en láta skattakerfið um að mæta auknum útgjöldum tekjulægri heimila með barnabótum eða persónuafslætti eða þá með neikvæðum tekjuskatti.

11. Ekki er almennt talið að VASK-kerfið hafi yfirburði yfir söluskattskerfið til þess að koma í veg fyrir nótulaus viðskipti manna á milli sem vitað er að eru algengustu söluskattsmisferlin.

Niðurstöður: Að öllu þessu athuguðu grunar hinn almenna mann að virðisaukaskattskerfið verði notað til aukinnar skattheimtu hvað sem líður yfirlýsingum ráðamanna um hið gagnstæða. Víst er að frv. eins og það liggur fyrir gefur ráðamönnum kost á slíku án þinglegrar meðferðar þegar aðeins þarf að breyta reglugerðum um niðurgreiðslu til þess að hlutur neytandans rýrist að óbreyttum neysluvenjum.

Hér er sem oft áður verið að leggja þungan skatt á almenning en skattþungann sjálfan á að ákveða með reglugerðum ráðherra. Þetta er í andstöðu við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem segir að skatta megi aðeins leggja á með lögum. Af framansögðu má ráða að upptaka virðisaukaskatts verður ekki til að bæta lífskjör hins almenna manns á Íslandi vegna stóraukinnar skattheimtu. Endurgreiðslurnar verða háðar duttlungum ráðherra sem sitja í framtíðinni. Hver veit hvernig þeir munu hugsa.

Það er nöturlegt að hugsa til baka þegar ungir sjálfstæðismenn undir skeleggri forustu Geirs H. Haarde börðust gegn ríkisafskiptum undir kjörorðinu „Báknið burt“. Nú berst þm. Geir H. Haarde hart fyrir því að taka upp virðisaukaskatt sem í framkvæmdinni mun kalla á mesta niðurgreiðslubákn Íslandssögunnar. Tekur það virkilega ekki lengri tíma fyrir ungan mann að breytast í kerfiskarl?“

Svo skrifar Halldór Jónsson verkfræðingur sem er formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi. Til hvers er þá verið að taka upp VASK á Íslandi? gætu margir spurt. Iðnrekendur sérstaklega hafa barist fyrir því í mörg ár að virðisaukaskattur verði tekinn upp á Íslandi. Þeir munu hafa tekið virðisaukaskattsbakteríuna um svipað leyti og verið var að ganga frá samningum um inngöngu Íslands í EFTA. En alveg eins og hv. 7. þm. Reykv. gat hér um í ræðu sinni hef ég grun um að fulltrúum iðnrekenda og kerfiskarlanna í ráðuneytunum hafi liðið dálítið illa í hanastélsboðunum í Genf þegar þeir voru að gera grein fyrir skattkerfinu í þessu 250 þús. manna þjóðfélagi hérna norður í Dumbshafi og urðu að segja eins og helberir sveitamenn: Ja, við

erum nú bara með gamaldags söluskatt hérna, en við skulum reyna að flýta okkur að taka upp virðisaukaskatt.

Ég skil vel röksemdir iðnrekenda hvað það varðar að þeir leggja að sjálfsögðu áherslu á að samkeppnisstaða þeirra sé jafngóð og þeirra fyrirtækja sem þeir eiga í samkeppni við innan Efnahagsbandalagsins og EFTA. Ég mun heils hugar taka undir hvers konar aðgerðir sem mættu verða til þess að bæta þá samkeppnisaðstöðu og a.m.k. að koma í veg fyrir að iðnrekendur og verslunin á Íslandi hafi lakari samkeppnisstöðu en hliðstæð fyrirtæki í helstu samkeppnislöndum okkar. En að eina leiðin til að ná því marki sé að taka upp virðisaukaskattskerfi á Íslandi, því neita ég alfarið.

Annars er það með ólíkindum og ég hef oft velt því fyrir mér hvað því má valda að íslenskir embættismenn virðast iða í skinninu og þeim líður illa ef þeir vita af einhverju flóknu skattkerfi úti í löndum sem þeir hafa ekki tekið upp hér á Íslandi. Það virðist vera svo að embættismenn fylgist mjög grannt með og hafi þar allan heiminn undir smásjá til að leita uppi hvar sé nú flóknast skattkerfi til, flýta sér þangað til að ná sér í það og reyna að koma því á hér á Íslandi. Þá varðar engu þó að þessi skattkerfi séu hönnuð og upphugsuð fyrir tugmilljóna þjóðfélög. Þessi fámenna þjóð verður að fá svona því að, eins og var talað um áðan, annars erum við ekki menn með mönnum.

Ég minnist þess fyrir nokkrum árum að einn ágætasti embættismaður fjmrn. fékk ársleyfi frá störfum til að kynna sér staðgreiðslukerfi skatta. Þetta var líklega fyrir einum 10 árum, um það bil sem við í alvöru fórum að tala um að taka upp staðgreiðslukerfi skatta hér á landi. Svo leið árið og ég man sérstaklega eftir því að þessi ágæti embættismaður kom fram í sjónvarpsviðtali og sagði nú frá athugunum sínum og þeirri reynslu sem hann hafði hlotið eftir þetta ár í leyfi. Hann sagði m.a.:

„Ég hef nú aðallega kynnt mér staðgreiðslukerfi skatta í Bandaríkjunum og síðan hef ég kynnt mér staðgreiðslukerfi skatta í Vestur-Þýskalandi og ég held að bandaríska staðgreiðslukerfið mundi henta okkur betur."

Svo mörg voru þau orð. Ég sat í sófanum og horfði á þetta og hugsaði með mér: Skyldi manninum ekki hafa dottið í hug að fara til Lichtenstein eða til Andorra og kanna hvers konar skattkerfi væri í þeim löndum? Væri ekki nær að athuga hvernig skattkerfinu er háttað í fámennu þjóðfélögunum sem við getum að einhverju leyti borið okkur saman við? Nei, nei. Þessi 240 þúsund manna þjóð norður í Dumbshafi skal hafa sama skattkerfi og gildir í þjóðfélögum sem eru þúsund sinnum fjölmennari, tugmilljóna ef ekki hundraða milljóna þjóðfélögunum, iðnaðarþjóðfélögunum þar sem allar aðstæður eru allt aðrar og í engu líkar því sem hér gerist.

Mér þykir vænt um að sjá að hv. 14. þm. Reykv. er mættur til leiks. Ég saknaði hans mjög hér áðan og vona nú að hann eigi eftir að taka þátt í þessari umræðu um virðisaukaskattinn eða virðisaukamóra eins og komist var að orði í þeirri blaðagrein sem ég vitnaði til áðan.

Þá áráttu embættismannanna og margra forráðamanna atvinnulífsins hér á landi að taka upp svona flókið skattkerfi sem virðisaukaskatturinn er hef ég stundum kallað kommuskekkjuna. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort einhver kommuskekkja sé komin inn í tölvuforrit fjmrn. og Íslendingar séu í tölvum fjmrn. 2,5 millj. eða jafnvel 25 millj. Það er eina skýringin á því að það flæðir út úr ráðuneytinu það hrikalega kerfi og öll þau flóknu skattafrumvörp sem hér hafa séð dagsins ljós í vetur. Enda minnist ég þess að í ræðu hér fyrir jólin, að ég held, þegar við vorum að ræða eitt af þessum margumræddu skattafrumvörpum spurði hæstv. utanrrh. hæstv. viðskrh. að því hvort hann héldi að hann væri viðskrh. í 20 millj. manna þjóðfélagi. Mig minnir að þeir hafi verið að tala um vextina.

Það er kannski rétt að víkja nokkrum orðum að sögu VASKsins. Frakkar fundu þennan draug upp, þennan Móra, og sá hann dagsins ljós dálitlu eftir seinni heimsstyrjöldina. Það er talið að um 1955 hafi virðisaukaskattur haldið innreið sína í Frakklandi. Frakkland er eitt af þeim löndum Evrópu þar sem skriffinnska er í hávegum höfð og er mér tjáð að hvergi í Vestur-Evrópu sé önnur eins skriffinnska við lýði og einmitt í Frakklandi. Mun það jafnast á við skriffinnskuna eins og hún gerist austantjalds, en þar mun hún slá öll met í víðri veröld.

Efnahagsbandalagslöndin fylgdu síðan hægt og rólega á eftir. Danir munu hafa sett í lög 1967 að þar skyldi tekinn upp virðisaukaskattur og Norðmenn tóku upp virðisaukaskatt 1969. Bæði þessi lönd ákváðu að taka upp virðisaukaskatt með hliðsjón af því að þá var ljóst að þessi lönd ætluðu sér bæði að ganga í Efnahagsbandalagið, voru búin að sækja um inngöngu, þó svo að Norðmenn felldu það síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu 1971, en Danir hins vegar gengu í Efnahagsbandalagið eins og öllum er kunnugt.

En þá kannski mundu margir spyrja: Var þetta þá ekki heimskulegt skattform og var það þá ekki rangt af þessum löndum að koma þessu skattformi á? Ég held að svo sé ekki. Eftir því sem ég hef best getað kynnt mér tel ég að einmitt virðisaukaskattskerfið henti ákaflega vel löndum Vestur-Evrópu, þ.e. iðnaðarlöndunum sem einmitt eru aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Við verðum að átta okkur á því að aðstæður þar eru allt aðrar og mjög ólíkar þeim sem gerast hjá Íslandi. Í fyrsta lagi eru samskipti milli landanna miklu meiri en við þekkjum hér. Hálfunnar vörur flæða fram og til baka milli landanna, yfir landamæri með bílum og hraðlestum og því nánast ógerningur að koma við neinum landamæraskoðunum.

Ef við tökum stóru löndin eins og Frakkland, Þýskaland, Ítalíu, England og jafnvel smærri löndin eins og Danmörku með, þá er um 80% af öllum neysluvarningi sem er til sölu í búðum og almenning-

ur kaupir til daglegs brúks framleiddur í landinu sjálfu þó svo að hluti af framleiðsluvörunum hafi kannski komið við í einhverjum öðrum Efnahagsbandalagslöndum áður en hann endaði t.d. í búð í Kaupmannahöfn. Aðeins 20% af þeim varningi sem er í búðum í þessum löndum er innflutt vara í hefðbundnum skilningi eins og við skiljum það hugtak. Þar af leiðandi er þessi skattheimta mjög heppileg og æskileg fyrir þessi lönd.

Á Íslandi háttar þessu allt öðruvísi. Ég gæti trúað því að þarna snerust þessar prósentur við, að aðeins um 20% af þeim neysluvörum sem eru til sölu í búðum á Íslandi væru framleiddar í landinu sjálfu, á Íslandi, en um 80% af öllum neysluvörum væru innfluttar. Þá er ekki um það að ræða að landamæri okkar séu með þeim hætti að hér streymi bílar út og inn og hraðlestir á ótal stöðum á landamærunum. Hér koma allar vörur inn á tiltölulega fáum höfnum og þar stoppar varan vegna þess að það þarf að skipa henni upp úr skipum og það tekur tíma. Hún situr föst á hafnarbakkanum. Það er ekki um það að ræða að vörurnar flæði inn og út um landamærin eins og gerist í Evrópu.

Í svokölluðum GATT-samtökum þar sem rætt er um tollamál á alheimsgrundvelli hefur verið lögð á það áhersla að fallið verði frá landamærasköttum en þess í stað teknir upp skattar innan lands, einmitt eins og virðisaukaskattur. Þetta er ofur eðlilegt vegna þess að iðnaðarþjóðfélögin ráða ferðinni í GATT-umræðunum. Hvað haldið þið að land eins og Ísland, með sína sérstöðu, þetta einangraða eyríki norður í Dumbshafi, hafi að segja í GATT-umræðunum innan um allar stórþjóðirnar?

Ég hef sjálfur setið alþjóðaráðstefnu fyrir hönd Íslendinga og ég hef ekki orðið var við að það sé mjög mikið hlustað á okkur. Við erum meðhöndlaðir af fyllstu kurteisi og ef við óskum eftir fáum við að sjálfsögðu að taka til máls. En ég er ekki viss um að stóru þjóðirnar séu reiðubúnar að taka okkar tillögur og gera þær að sínum þó svo við mundum reyna að leggja á það áherslu. Þess vegna þykir mér ekkert skrýtið þó að sú stefna hafi orðið ofan á að það skyldi fallið frá landamærasköttum. En það er engin ástæða fyrir Íslendinga að aðhyllast þá skoðun. Íslendingar eiga bara að búa sér til skattkerfi sem hentar þessu þjóðfélagi, þessu fámenna þjóðfélagi hér langt norður í Dumbshafi. Við eigum að búa okkur til skattkerfi sem passar fyrir þessa fámennu þjóð og okkur varðar ekkert um það hvað milljónaþjóðirnar úti í heimi gera.

Þetta virðisaukaskattsfrv. sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst byggt á dönskum lögum um virðisaukaskatt. Það varð fræg kynnisferð nokkurra embættismanna til Danmerkur veturinn 1985–1986. Þeir töluðu þar hnarreistir við álíka kerfiskarla og embættismenn og þeir sjálfir voru og sungu saman í kór um ágæti virðisaukaskattsins. En þeim láðist alveg að tala við forstöðumenn smáfyrirtækjanna í Danmörku, forstöðumenn handverksmanna og fulltrúa atvinnulífsins á breiðum grundvelli og spyrja þá hvað væri að gerast í Danmörku eftir að virðisaukaskatturinn var tekinn upp.

Eins og hér hefur komið fram áður í þessum umræðum er þetta mál keyrt í gegnum þingið af miklu offorsi og það gefst því miður allt of lítill tími til að grandskoða afleiðingar þess að taka upp virðisaukaskatt, hvað þá að við höfum tíma til að skoða einstakar frumvarpsgreinar. Það virðist því miður stefna í það að þetta frv. verði samþykkt hér á þinginu því að eins og reyndar kom fram í umræðunum áðan ræður Alþfl. hér algerlega ferðinni. Sjálfstfl. er týndur og Framsfl. veitir þessari stjórn aðeins hlutleysi og skiptir sér að öðru leyti ekkert af þessum málum.

Reynsla Dana er nefnilega alls ekki eins góð og kerfiskarlarnir vilja halda fram. Einn af hagfræðingum Vinnuveitendasambandsins í Danmörku, sem ég hafði samband við og átti langt samtal við í gær, sagði mér að það sem fyrst og fremst hefði borið á væri að mjög mörg smáfyrirtæki hafa lagt upp laupana í Danmörku og handverksmenn sérstaklega hafa orðið gjaldþrota vegna þess að þeir kunnu ekkert á þessa skriffinnsku. Þeir lentu í því að það voru kannski komnar á þá þungar álögur og sektir vegna þess að virðisaukaskattsbókhaldið þeirra var allt í molum. Þeir réðu ekkert við þetta, urðu einfaldlega gjaldþrota og lögðu upp laupana. Sérstaklega var þetta áberandi í afskekktari héruðum Danmerkur, á Norður-Jótlandi og víða á eyjunum í dreifbýlinu. Að sjálfsögðu gekk þetta betur í þéttbýlinu.

Hér kemur aftur fram sú sama afstaða ríkisstjórnarinnar og í mörgum öðrum málum að ekkert er hugsað um afleiðingarnar af þessum skattafrumvörpum fyrir dreifbýlið á Íslandi. Það kann vel að vera að þetta muni ganga nokkuð vel hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem fyrirtækin eru yfirleitt stærri en gerist úti á landi en afleiðingarnar þar eru alveg fyrirsjáanlegar. Ég held að þær verði mjög hliðstæðar þeim sem urðu í Danmörku, að smáfyrirtæki og einyrkjar úti á landi hljóta að leggja upp laupana í mörgum tilvikum. Það er kannski það sem er ætlunin með þessu frv.

Ég og hv. 11. þm. Reykv. Guðmundur Ágústsson fórum í ferðalag um Vestfirði í sumar sem leið, heimsóttum þar marga smærri staði, komum við víða og töluðum við menn og áttum mjög skemmtilegar viðræður við marga þar. Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig skyldi hún Ragna bóndi á Laugabóli fara að því að gera upp virðisaukaskatt? Hvar skyldi hún fá prentaðar þessar númeruðu nótur sem verða að vera prentaðar í tölusettri röð í prentsmiðju? (Gripið fram í.) Má vera, hv. þm. En ég er ekkert viss um að þetta gangi öllu betur hjá mörgum bændunum í Norðurl. e., á Melrakkasléttunni og víðar. (Gripið fram í.) Það má vel vera að hv. þm. finnist það allt í lagi, eins og kom reyndar fram áðan í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að bændur hafi ekkert betra við sinn tíma að gera en sitja inni og færa þar skýrslur og ganga frá útreikningum vegna virðis-

aukaskatts. Það má vel vera að þeir hafi það góðan tíma aflögu að þá muni ekkert um þetta. Ef svo er er þessi umræða kannski óþörf hvað bændur varðar og skal ég þá taka það út af dagskrá.

Þessi ágæti hagfræðingur danska vinnuveitendasambandsins varð alveg hvumsa og missti nánast málið um stund þegar hann frétti að það væru íslenskir sósíaldemókratar sem beittu sér fyrir því að taka upp virðisaukaskatt á Íslandi. Þegar hann hafði náð sér eftir það áfall stundi hann upp: „En hafa þeir ekki gert sér grein fyrir því að virðisaukaskattur virkar andstætt öðrum sköttum sem er ætlað að vera tekjujafnandi?“ Virðisaukaskatturinn er neikvæður í því sambandi. Hann leggst langþyngst á barnmargar fjölskyldur og fjölskyldur sem eru með lægri tekjur. Þeir sem hafa hærri tekjurnar í þjóðfélaginu verða minna varir við hann. Þess vegna spurði þessi ágæti viðmælandi minn: Hvers vegna sósíaldemókratar? En það er kannski ekki von að hann skilji að Alþfl. á Íslandi eins og hann er í dag er sennilega sá flokkur sem er lengst til hægri í íslenskum stjórnmálum. A.m.k. er það sá flokkur sem er mesti kerfisflokkur Íslendinga um þessar mundir.

Þessi ágæti viðmælandi minn sagði að nýleg skýrsla sem hefði verið birt og unnin hjá Socialforsknings Institutet í Danmörku sýndi að svört atvinnustarfsemi hefði aukist verulega í virðisaukaskattskerfinu. Um 20% atvinnustarfsemi hefði aukist verulega í virðisaukaskattskerfinu. Um 20% af efnahagslífi afskekktari byggða í Danmörku, sérstaklega á Norður-Jótlandi og á eyjunum, eru nú svört atvinnustarfsemi. Þetta eru geigvænlegar tölur. Hann tjáði mér að það væri alveg ljóst að við upptöku virðisaukaskatts mundi svört atvinnustarfsemi aukast verulega. Sérstaklega er þetta áberandi og verður áberandi, er talið, í byggingarstarfsemi, en í nánast öllum þjónustugreinum verður að búast við því að svört atvinnustarfsemi aukist. Þess vegna er það auðvitað alrangt þegar því er haldið fram að virðisaukaskatturinn muni eitthvað laga ástandið í þeim efnum. Það er hin mesta fásinna og ekkert sem rökstyður þá skoðun, sem ég hef komið auga á, í röksemdafærslu stjórnarliða í þessu sambandi.

Það er eitt athyglisvert sem verður vart við þegar komið er til Danmerkur. Virðisaukaskattskerfið hefur fætt af sér eitt furðulegt fyrirbæri sem eru svokallaðar „moms“-búðir. Það eru sérverslanir, miklar lúxusverslanir, sem þeir einir fá aðgang að sem hafa virðisaukaskattsnúmer. Þar geta þeir keypt lúxusvarning á hagstæðu verði og sauðsvartur almúginn sem hefur ekkert virðisaukaskattsnúmer horfir inn um gluggann með sultardropa á nefinu og lætur sig dreyma um dýrðina þar fyrir innan.

Ég held að það þurfi ekki að tala meira um skriffinnskuna sem mun fylgja þessum virðisaukaskatti. Hv. 7. þm. Reykv. gerði henni allgóð skil í ræðu sinni áðan. Mig langar hins vegar hér undir lokin að fara nokkrum orðum um þau lönd sem hafa ekki séð ástæðu til að taka upp virðisaukaskatt. Finnar eru um margt sérstakir meðal Norðurlandaþjóðanna. Þeir hafa dálítið farið sínar eigin leiðir í efnahags- og atvinnumálum. Við höfum mjög lítið sett okkur í samband við Finna — við eigum kannski erfiðara með að tala við þá en hina Norðurlandabúana — en ég held að við gætum einmitt lært mikið af þeim. Finnar eru með söluskatt sem er með virðisaukaskattssniði og ætla ég að fara betur inn í það hugtak hér á eftir.

Ein þjóð, sem er fræg um allan heim fyrir stórkostlegt undur í efnahagslífi sínu, er Japanar. Þeir hafa ekki séð ástæðu til að vera með nokkurn söluskatt, hvorki virðisaukaskatt né söluskatt, og sjá fyrir skattheimtu sinni með öðrum hætti. Í Bandaríkjunum er lágur söluskattur og ekki einu sinni í öllum fylkjum Bandaríkjanna. Þar ráða fylkin því hvað hann er hár. Ég er hræddur um að Bandaríkjamenn upp til hópa mundu reisa götuvígi og gera uppreisn ef þeir ættu að þola það að skattheimta færi upp í 22%. Ég held að Bandríkjamenn mundu ekki láta bjóða sér slíkt.

Svisslendingar eru um margt mjög athyglisverðir. Í upplýsingum um söluskattskerfi Evrópuþjóðanna kemur fram að Svisslendingar hafa tvisvar sinnum, þ.e. í júní 1977 og í desember 1978, hafnað virðisaukaskatti í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri nær að skoða söluskattskerfi Svisslendinga. Ég reyni að þýða eftir bestu getu þær örfáu línur sem lýsa því. En þar stendur að eins og stendur sé venjulegur söluskattur við lýði, þ.e. eins stigs skattur sem er lagður á sölu vöru af öllum skráðum framleiðendum eða skráðum söluaðilum, þ.e. heildsölum, til neytenda að upphæð 5,6% og til smásöluaðila að upphæð 8,4%. Allur innflutningur er lagður með 5,6% söluskatti nema vörurnar séu fluttar inn af skráðum verktaka. Þeir áætla þó að hækka þetta í 6,4% og 9,6%. Síðan kemur það sem mér þykir athyglisverðast en það er að þjónusta innan lands er ekki með söluskatti. Að vísu er undanþágа frá þessu ákvæði að viss verktakastarfsemi er með söluskatti.

Í kosningabaráttunni í vor lagði ég fram hugmyndir um annars konar söluskattskerfi, þ.e. söluskatt sem yrði lagður á í tolli. Þetta voru mjög lauslegar hugmyndir sem því miður vannst ekki tími til að vinna neitt nánar. Ég varpaði þessu fram í kosningabaráttunni til athugunar einmitt með hliðsjón af því að ég tel að Íslendingar eigi að sníða sér sitt eigið söluskattskerfi, miðað við íslenskar aðstæður og án tillits til þess hvað er gert í öðrum löndum. Það stóð ekki á viðbrögðunum. Einn af forustumönnum iðnrekenda sá ástæðu til þess að koma strax með mikla sleggjudóma í Morgunblaðinu þar sem hann lýsti þessar hugmyndir algerlega óalandi og óferjandi og þær væru óframkvæmanlegar vegna þess að skatturinn yrði að vera svo hár.

Söluskattskerfi þetta var hugsað með þeim hætti að allur söluskattur yrði lagður á í tolli. Á allan innflutning sem kæmi til landsins yrði að leggja söluskatt í tolli. Hann yrði innheimtur samhliða tolli og öðrum aðflutningsgjöldum. Þar með mætti leggja niður allar söluskattsskrifstofur innan lands því að

tollurinn tæki þá að sér að innheimta söluskattinn. En ég taldi að eitthvað yrði að gera fyrir samkeppnisiðnaðinn og þá yrði að taka upp einhvers konar endurgreiðslukerfi á uppsöfnuðum söluskatti í samkeppnisiðnaði. Það væri best gert með einföldu bókhaldskerfi og þyrfti að leggja áherslu á að hafa það kerfi sem einfaldast. Ég bar þetta undir nokkra mæta hagfræðinga við viðskiptadeild Háskóla Íslands. Þeir tjáðu mér að ekki ólíkt kerfi hefði verið við lýði í Noregi áður en þeir tóku upp virðisaukaskattinn þar. Að vísu er sá munur á að í Noregi, fyrir upptöku virðisaukaskatts, fengu iðnfyrirtæki uppsafnaðan söluskatt greiddan og það varð samkomulag um það að það var farið mjög frjálslega með þetta þannig að sönnunarbyrðin hvíldi á ráðuneytinu, þ.e. fyrirtækin fengu þennan uppsafnaða söluskatt greiddan umyrðalaust. Ráðuneytið varð hins vegar að sanna það að þau færu með rangt mál og breyta þá söluskattsendurgreiðslunni ef ráðuneytið gat sannað að um rangar upplýsingar væri að ræða. Á Íslandi hefur þetta hins vegar alltaf verið með öfugum hætti. Hér hafa fyrirtækin ávallt verið sökudólgarnir. Það er gengið út frá því sem vísu að fyrirtækin séu fyrir fram sek þangað til að ráðuneytið hefur sannað sakleysi þeirra. Það er kannski þessi afstöðumunur sem ræður því að það gæti verið að illa gengi að taka upp slíka frjálslynda söluskattsstefnu sem ég lýsi hér og var að lýsa með hugmyndum mínum.

Með hliðsjón af því að þessum hugmyndum var ekki vel tekið af þessum forustumanni iðnrekenda sá ég ástæðu til þess að leita til Þjóðhagsstofnunar og spyrja hana álits á þeim. Ég bað þá um að reikna út gróflega hvað þessar hugmyndir mínar bæru með sér og gera það með þeim hætti að það hallaði á þannig að þetta kerfi yrði metið eins óhagstætt og þeir framast gætu.

Mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurstöður Þjóðhagsstofnunar, við fyrirspurn minni frá því í apríl 1987, en hún hljóðar svo:

„Nokkrir minnispunktar vegna fyrirspurnar frá Júlíusi Sólnes um nýtt söluskattskerfi:

1. Inngangur.

Hinn 13. apríl sl. óskaði Júlíus Sólnes eftir mati Þjóðhagsstofnunar á þeim tillögum sem hann hafði sett fram í blaðagrein í Morgunblaðinu 11. apríl um nýtt söluskattskerfi. Hér á eftir verður í stuttu máli leitast við að verða við framangreindum óskum án þess að efninu verði gerð ítarleg skil. Umfjöllunin verður í tvennu lagi. Fyrst verður fjallað um mat á líklegri hæð skatthlutfallsins en síðan drepið á þá annmarka sem kunna að vera á framkvæmd skattkerfis af þessu tagi.

2. Mat á hæð skatthlutfallsins.

Meginhugmyndin með hinu nýja söluskattskerfi er að innheimta söluskatt af öllum innfluttum vörum í tolli. Allar innlendar iðnaðarvörur yrðu skattlagðar að fullu hjá framleiðslufyrirtækjunum, en á móti fengju fyrirtækin að draga frá þann söluskatt sem þau hefðu áður greitt af rekstrar- og fjárfestingarvörum sínum.“ Hér vil ég skjóta inn að þetta voru afar lauslegar hugmyndir sem ég setti fram á sínum tíma. Ég tel að í raun mætti heimila þessum fyrirtækjum að færa aðeins bókhaldslegan virðisaukaskatt, þannig að þau þyrftu aldrei að greiða uppsafnaðan söluskatt en mættu bókfæra hann og síðan draga hann frá endanlegum söluskatti. „Uppsafnaður söluskattur á útfluttum vörum yrði endurgreiddur. Í reynd yrði því um að ræða eins konar virðisaukaskatt af iðnaðinum. Öll verslun og þjónusta yrði aftur á móti undanþegin skatti að fullu.

Fyrst er litið á innfluttar vörur. Á árinu 1986 nam heildarvöruinnflutningur til landsins 45,9 milljörðum. Gert er ráð fyrir því að ýmsir stórir liðir eins og olíuvörur og sérstakur innflutningur, eins og skip, flugvélar og fleiri fjárfestingarvörur, yrðu undanþegnir. Að því gefnu liti dæmið þá þannig út árið 1986 í milljörðum króna:

Innflutningur alls 45,9 milljarðar.

Eldsneyti og olíur 3,9 milljarðar.

Sérstakur innflutningur, skip, flugvélar, ál, járnblendivörur, virkjanir o.fl. 4,7 milljarðar.

Matvörur 0,7 milljarðar.

Skattstofn 37,3 milljarðar.

Framangreindan skattstofn mætti hækka um u.þ.b. 15% vegna tolla og vörugjalds. Það gerir 42,7 milljarða króna.

Skattstofninn á árslokaverðlagi 1986 yrði þá 44,8 milljarðar. Eftir sem áður er öll matvara með skatti, bæði innflutt og innlend.“ Þetta var áður en umræðan um matarskattinn fór fram og þyrfti að sjálfsögðu að endurskoða það.

„Næst er litið á skattstofn af innlendri iðnaðarvöru og rafmagns- og hitaveitum. Á árinu 1985 námu framleiðslutekjur í þessum greinum tæpum 72 milljörðum. Frá þessum skattstofni má draga öll hráefniskaup og einhvern hluta af öðrum rekstrarvörum og öll fjárfestingarvörukaup. Þessi frádráttur er nokkuð óviss, en hér er sú leið farin að draga frá hráefniskaup og allt viðhald en annað ekki. Telja má líklegt að þessi aðferð ofmeti fremur en vanmeti stofninn. Samkvæmt þessu verður skattstofninn af innlendum iðnaði sem hér segir árið 1986:

Framleiðsluvirði 1985 71,9 milljarðar.

Hráefniskaup 1985 34,7 milljarðar.

Viðhald 1985 12,7 milljarðar.

Skattstofn 1985 24,5 milljarðar.

Hækkun skattstofns til árslokaverðlags 1986 um 32% gerir að skattstofn á árslokaverðlagi 1986 verður 32,3 milljarðar. Þegar hér er komið er eftir að draga frá endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt á útflutningi.

Á árinu 1986 nam vöruútflutningur 44,9 milljörðum fob. Á árslokaverðlagi gæti þessi fjárhæð jafngilt 47,5 milljörðum kr. Á að giska þriðjungur af þessari veltu, eða 15,8 milljarðar, er stofn við álagningu söluskatts og er þá byggt á sömu forsendu og áður við mat á skattstofni.

Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið má áætla að skattstofninn verði sem hér segir, og er þá

miðað við árslokaverðlag 1986 í milljörðum króna:

Skattstofn af innflutningi 44,8 milljarðar.

Skattstofn af erlendri iðnaðarvöru 32,3 milljarðar.

Frá dregst endurgreiddur uppsafnaður söluskattur af útflutningi 15,8 milljarðar. Skattstofn á árslokaverðlagi 1986 verður 61,3 milljarðar króna.

Framangreindar tölur eru allar á árslokaverðlagi. Hækkun til verðlags samkvæmt fjárlagafrv. 1987 gæti verið u.þ.b. 7%. Samtals gerir upphæðin þá 65,5 milljarða kr. Álagður söluskattur samkvæmt fjárlögum er 18,25 milljarðar kr. Samkvæmt þessu þyrfti skattprósentan að vera 27,8%. Þá er öll matvara skattlögð og allar landbúnaðarvörur. Rekja má 12–15% af framleiðsluvirði í iðnaði til slátrunar, kjöt- og mjólkuriðnaðar. Undanþága þessara greina frá skatti mundi skerða skattstofninn um á að giska 5 milljarða. Skattstofninn yrði þá um 60 milljarðar og skatthluti þyrfti þá að vera 30% til að skila sömu tekjum og núverandi söluskattur."

Þetta eru ákaflega athyglisverðar upplýsingar og sýna að við að leggja tæplega 30% söluskatt á í tolli mátti ná sömu tekjum í ríkissjóð og gamla söluskattskerfið skilaði af sér. En þá er einn viðamikill atburður sem hefur gerst, að þjónusta innan lands ber engan söluskatt lengur, þ.e. verðlag mundi stórlækka í landinu við það að öll þjónusta, viðgerðarþjónusta á verkstæðum og hvers kyns verkstæðisvinna, yrði ekki með söluskatti lengur. Hugsið ykkur léttinn að vera laus við að þurfa að eltast við alla bílskúrseigendurna sem ekki þyrftu lengur að borga söluskatt eða alla verkstæðisvinnuna. Þvílíkur léttir. Það væri áreiðanlega þess virði að taka á sig þau óþægindi sem fylgja því að leysa vandamál iðnaðarins með því að taka upp bókhaldslegan virðisaukaskatt. Þá er talað um að öll fyrirtæki í samkeppni við erlend fyrirtæki fengju að nota bókhaldslegan virðisaukaskatt, þ.e. þau þyrftu aldrei að borga innskatt af aðföngum sínum. Þau mættu einfaldlega bókfæra innskattinn og síðan draga hann frá lokaskattstiginu þegar varan væri afgreidd frá fyrirtækinu.

Eins og ég gat um bað ég Þjóðhagsstofnun um að vinna og rannsaka þessar hugmyndir mínar á þann hátt að þeir drægju fram ókostina fremur en kostina þannig að ég fengi strax hinar neikvæðu hliðar á þessu en ekki jákvæðu hliðarnar. Því fjallar síðasti kaflinn um nokkra annmarka í framkvæmd og hann er með þessum niðurstöðum.

„Fljótt á litið virðast ýmsir alvarlegir örðugleikar á framkvæmd söluskattskerfis af því tagi sem hér er lýst. Hugmyndin er sú að skattleggja vöruna við innflutning, en til þess að slíkur skattur verki ekki eins og tollvernd er nauðsynlegt að skattleggja innlendan iðnað einnig. Slíkt leiðir aftur á móti til þess að endurgreiða þarf iðnaðinum þann skatt sem hann hefur greitt af rekstrar- og fjárfestingarvörum sínum þannig að í reynd yrði tekið upp eins konar virðisaukaskattskerfi fyrir iðnaðinn. Einnig yrði óhjákvæmilegt að taka upp víðtækar endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti af útflutningsvörum. Til þess að fullt jafnræði ríkti líkt og að er stefnt með virðisaukaskatti þyrfti raunar einnig að taka upp endurgreiðslur vegna þeirrar þjónustu sem er í samkeppni við innflutning. Má þar t.d. nefna tryggingar, flug, skiparekstur og fleira. Endurgreiðslur af þessu tagi, bæði vegna útflutnings og eins vegna innlends iðnaðar, yrðu þá í reynd mun flóknari og kostuðu e.t.v. meira eftirlit en í eiginlegu virðisaukaskattskerfi. Þessu veldur hin takmarkaða skattskylda í nýja kerfinu því í hverju einstöku tilfelli þyrfti að kanna hvort t.d. fjárfesting væri vegna iðnaðar, og söluskattur fengist þá endurgreiddur, eða fjárfestingin væri vegna þjónustu eða verslunar, en þá fengist skatturinn ekki endurgreiddur. Sérstaklega yrði þetta vandasamt í fyrirtækjum sem stunda bæði iðnað og annan atvinnurekstur, en einnig í fyrirtækjum sem selja bæði á innlendum markaði og til útflutnings."

Allt þetta er eflaust rétt, en ég spyr engu að síður: Ef allri þeirri vinnu sem hefur verið eytt í virðisaukaskattinn á þessu þingi og undanförnum þingum hefði verið beint í þá átt að smíða nýtt söluskattskerfi sem væri sérhannað fyrir Íslendinga og þar væri tekið mið af þeim aðstæðum sem hér eru, værum við þá ekki að samþykkja frv. til laga um söluskatt sem væri miklu, miklu einfaldari, mundi skila nægilegum tekjum í ríkissjóð og skapa atvinnulífinu í landinu miklu hagstæðari ramma og rekstrarskilyrði? Ég er ekki í nokkrum vafa um það.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið hér í nokkru máli afstöðu mína til þessa máls. Við þm. Borgarafl. í Ed. höfum lýst okkur andsnúna þessu frv. eins og það liggur fyrir. Að sjálfsögðu gerum við okkur grein fyrir því að meðan Alþfl., mesti kerfisflokkur Íslands í dag, ræður algjörlega ferðinni og Sjálfstfl. er máttlaus og reynir ekki að hafa nein áhrif á gang mála og Framsfl. veitir stjórninni eða öllu heldur Alþfl. hlutleysi við að berja í gegn þessar hugmyndir sínar nær þetta fram að ganga. Þess vegna munum við að sjálfsögðu reyna eftir megni að koma með hugmyndir og tillögur þess efnis að lagfæra frv. sem hér liggur fyrir, benda á leiðir til þess að draga úr verstu áhrifum þess og koma með brtt. sem sýna hvernig auðveldlega má sníða verstu agnúana af kerfinu. Við munum að sjálfsögðu fyrst athuga hvort frv. fær samþykki hér við 2. umr. en boðum að því loknu, ef frv. verður samþykkt, brtt. við 3. umr.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn einu sinni standa alþm. frammi fyrir nauðungarafgreiðslu á illa unnu þingmáli sem helst virðist vera metnaðarmál eins eða tveggja ráðherra með dræmum stuðningi annarra ráðherra og jafnvel mjög dræmum sumra þeirra. Og enn einu sinni virðist meiri hluti þm. ætla að láta hafa sig út í það að lögfesta illa unnið þingmál á þeim forsendum að lausir endar verði hnýttir í milliþinganefnd. Þessi vinnubrögð eru að verða

regla hér á þinginu þegar um stórmál er að ræða fremur en undantekning. Tökum dæmi: Á síðasta þingi var staðgreiðslukerfi skatta afgreitt á þennan hátt. Vorið þar áður var það húsnæðiskerfið. Ljóst var við afgreiðslu beggja þessara mála að við þau var mikil vinna óunnin sem varð síðan mun minni og óvandaðri en efni stóðu til. Meinið er auðvitað það að með þessu vinnulagi er þm. og embættismönnum stillt upp frammi fyrir orðnum hlut sem þeir verða að lappa upp á og bjarga því sem bjargað verður.

Kvennalistakonur mótmæla harðlega slíkum vinnubrögðum og lýsa fullkominni andstöðu við afgreiðslu þessa þingmáls sem hér er á dagskrá. Jafnvel þeir sem hlynntir eru því að koma á virðisaukaskatti geta ekki fært nein haldbær rök fyrir því að nú liggi svo sérstaklega mikið á þessu máli að ekki sé tími til að gera það sæmilega úr garði.

Fullyrt hefur verið að þingmönnum sé engin vorkunn að afgreiða frv. um virðisaukaskatt svo lengi hafi það verið til umfjöllunar og undirbúnings og það hafi komið til kasta Alþingis tvisvar áður. En þrátt fyrir það að virðisaukaskattur hafi verið til umræðu hér á landi í einn og hálfan áratug, eins og kemur fram í grg. frv., og margvíslegar athuganir farið fram á þessu skattkerfi og það hafi verið til umfjöllunar á þinginu tvisvar áður, eins og sagt var, eru þó vinnubrögðin og undirbúningurinn nú ekki betri en svo að a.m.k. níu atriði þarfnast nánari athugunar og útfærslu að mati meiri hl. fjh.- og viðskn. og tíunda atriðið er afskaplega víðáttumikill liður sem heitir „Önnur atriði sem upp kunna að koma". Allan tímann meðan málið var í umfjöllun nefndarinnar voru stöðugt að koma upp ný atriði og guð má vita hvað listinn hefði orðið langur ef okkur hefði unnist tími fram í júní á þinginu.

Svona afgreiðslu þekkjum við orðið mætavel. Hér er farið að á nákvæmlega sama hátt og við afgreiðslu húsnæðismálafrv. 1986. Kvennalistakonur sam-þykktu þá afgreiðslu einmitt í trausti þess að vel yrði unnið að úrlausn einna tíu atriða sem talin voru upp í nál. Reyndin varð þó sú að sumarvinnan var öll í skötulíki og frv., sem boðað var um haustið, nákvæmlega eins og sagt er í meirihlutaálitinu um virðisauka nú, sást aldrei ef frá er talið minni háttar atriði sem birtist í frumvarpsformi síðar. Reynslan sýnir nefnilega að undir miklu vinnuálagi, tímapressu og þrýstingi ráðríkra ráðherra beita menn sig þeirri sjálfsblekkingu að allt megi nú laga síðar með góðum vilja í góðu tómi. Meiri hl. ætlar því að láta bjóða sér það að stimpla þennan pappír án þess að nokkur geti í raun og veru vitað hvað í honum felst.

Þetta eru forkastanleg vinnubrögð sem þinginu eru ekki sæmandi. Kvennalistakonur eru andvígar frv. og munu greiða atkvæði gegn því eins og kemur reyndar fram í því nál. minni hl. fjh.- og viðskn. sem við styðjum en ég er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og get því ekki skilað sjálfstæðu nál. En ég vil lesa þetta nál. vegna þess hversu vel það er unnið og hversu nauðsynlegt það er fyrir meiri hl. að heyra það eina ferðina enn þannig að þeir megi draga nokkurn lærdóm af því, með leyfi forseta:

„Þó að frv. um virðisaukaskatt væri tilbúið í haust var það ekki lagt fram fyrr en á síðustu dögum þingsins [eins og ég reyndar vitnaði til áður] og hefur því ekki fengið nógu rækilega meðferð að mati minni hl. Því er tillaga minni hl. sú að frv. verði fellt. Minni hl. mun síðan fyrir 3. umr. málsins leggja fram brtt. við frv. ef í ljós kemur að það verður samþykkt við 2. umr." — Og hef ég þegar nokkrar brtt. á takteinum.

„Minni hl. lýsir beinni andstöðu við frv. um virðisaukaskatt á eftirfarandi meginforsendum:"

Í fyrsta lagi — að hætti hæstv. fjmrh.: „Að framlengja illræmdan matarskatt og leggja skatt á menninguna.

Með lögfestingu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir því að framlengja hinn illræmda matarskatt sem lagður var á af núverandi ríkisstjórn og hefur í för með sér 6000 millj. kr. skattheimtu af almenningi í landinu.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri og víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi í þessu frv. Er þar gengið lengra en í virðisaukaskatti grannlanda okkar." — Og nægir að vitna til þeirra ljósrita af dönskum og norskum lögum sem okkur voru borin á nefndarfund af embættismönnum fjmrn.

Í öðru lagi: „Gegn virðisaukaskatti í einu þrepi.

Í frv. er gert ráð fyrir því að leggja virðisaukaskattinn á með einni prósentu, — þ.e. að hafa sömu skattprósentu á öllum vörum og allri þjónustu. Þessu mótmælir minni hl. og bendir á að í aðildarríkjum OECD [Efnahagsbandalagslandanna] er oftar um fleiri en eina prósentu að ræða og þar er matur sums staðar undanþeginn að fullu, jafnvel í Bretlandi." — Og mun ég víkja að því síðar.

„Þess ber að geta að Alþýðusamband Íslands lagðist sérstaklega gegn frv. um virðisaukaskatt á þeirri forsendu að skattinn ætti að taka með flatri prósentu yfir línuna."

Og mig langar reyndar að vitna í ummæli þeirra fulltrúa Alþýðusambands Íslands sem komu á fund nefndarinnar. Þeir voru mótfallnir virðisaukaskatti fyrst og fremst vegna matarskattsins en líka vegna ýmissa annarra atriða sem komu fram í grg. sem þeir fluttu okkur á fundinn. Það var í fyrsta lagi vegna aukningar á skattskyldum aðilum og vandkvæðum við innheimtu. Í öðru lagi fannst þeim mjög óljóst með húsnæðismálin og þá hvernig íbúðabyggingar kæmu út í þessum skatti. Í þriðja lagi gerðu þeir athugasemdir t.d. við útgáfuefni félagasamtaka. En brýnast af öllu töldu þeir þó að snúið yrði aftur með skattinn sem þegar hafði verið lagður á matvælin. Þeir töldu einnig að Íslendingar væru að marka sér sérstöðu með álagningu þessa skatts og í raun mundi það fela í sér að einhvern tíma í náinni framtíð yrði snúið til baka með þennan skatt og það yrði kannski erfiðara en menn grunaði. Ég vísa til þess sem áður kom fram þegar hv. 7. þm. Reykv. vitnaði í ummæli forsvarsmanna Alþýðusambandsins þar sem þeir höfðu skrifað grg. um virðisaukaskattinn og vísað til

endurskoðunar sem nú á sér stað í Efnahagsbandalagslöndunum. Þeir lögðu ríka áherslu einmitt á að það þyrfti að sinna því tekjujöfnunarsjónarmiði með þessum skatti sem hlýtur að vera grundvallaratriði í allri skattlagningu.

Í þriðja lagi er um að ræða „á annað hundrað ný störf í skriffinnsku.

Með upptöku virðisaukaskatts eykst hvers konar skriffinnska stórkostlega. Þannig er gert ráð fyrir því að starfsmenn skattstofanna verði tvisvar sinnum fleiri en nú er.“ — Og þar kemur nú nýsköpunin í atvinnulífinu, eins og hv. 7. þm. Reykv. minntist á, sem sárlega er vant nú, sérlega á landsbyggðinni. „Enn fremur er gert ráð fyrir stórfelldri fjölgun framteljenda frá því sem er í söluskattskerfinu.“ — Og hefur það komið fram áður.

„Samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er fjölgun framteljenda frá söluskatti til virðisaukaskatts“ samkvæmt þeirri töflu sem birtist í nál. og ég mun ekki lesa upp hér en vísa hv. þm. á.

„Það er því ljóst að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér verulega skriffinnsku — fyrst hjá opinberum aðilum þar sem skattheimtumönnum fjölgar úr 35 í 70 og einnig hjá þeim sem telja fram en þar fjölgar ársverkum ekki minna en hjá opinberum aðilum. Því má gera ráð fyrir að upptaka virðisaukaskatts hafi í för með sér a.m.k. 100 ný störf úti í þjóðfélaginu og auki einnig vinnuálag fyrirtækjanna, einkum smáfyrirtækjanna og einyrkjanna sem hafa síður yfir að ráða þjálfun eða þekkingu á bókhaldsverkefnum.“ — Það kom glögglega fram á fundum með fulltrúum ýmissa samtaka, bæði hagsmunasamtaka og starfsgreina sem komu á fund nefndarinnar, að þeir óttuðust talsvert þessi auknu bókhaldsumsvif og erfiðleika fyrirtækjanna við að sinna þessu hlutverki.

„Minni hl. telur að fjölgun framteljenda samkvæmt þessum gögnum ríkisstjórnarinnar sé stórlega vanmetin.“

Í fjórða lagi: „Gegn smærri fyrirtækjum.

Samkvæmt upplýsingum sem minni hl. hefur aflað sér [og var vitnað til áðan] liggur fyrir að svört atvinnustarfsemi í Danmörku hefur aukist eftir að virðisaukaskatturinn var tekinn upp.“ — Ég vil enn vitna til ýmissa þeirra sem komu á fund nefndarinnar. Þar var bæði um fulltrúa iðnaðarmanna að ræða, fulltrúa frá Landssambandi veiðifélaga og ýmsa aðra sem voru þegar löngu búnir að sjá hvernig svarta atvinnustarfsemin mundi blómstra þegar þetta skattkerfi yrði tekið upp. Það var að sjálfsögðu með stækkun fjölskyldna, stórfjölskyldur mundu spretta upp. Eins og t.d. fulltrúar Landssambands veiðifélaga bentu á mundu eigendur hlunnindajarða, sem hefðu laxveiðiár til umráða, skyndilega eignast mjög stórar fjölskyldur til þess að sleppa við greiðslu á virðisaukaskatti og flestir fulltrúar iðnaðarmanna höfðu líka einhverjar athugasemdir fram að færa á þennan veg. — Og ég vík aftur að nál.:

„Þar liggja einnig fyrir rannsóknir [þ.e. í Danmörku] á því að þessi skatttegund leggst þyngst á barnmargar fjölskyldur og þá sem hafa þunga framfærslubyrði.“ — Og þetta vissu reyndar Danir um það leyti sem þeir voru að taka upp virðisaukaskattinn og höfðu miklar áhyggjur af eins og ég vitnaði til í 18 ára gamalli klassískri grein eftir Björn Matthíasson um virðisaukaskatt. — „Að sama skapi er það mat nágranna okkar að virðisaukaskatturinn komi best út fyrir þá efnaðri í þjóðfélaginu“ — og það getur nú varla hafa verið ætlun hæstv. jafnaðarmannsins fjmrh. — „Þar hefur enn fremur verið bent á að gjaldþrot smáfyrirtækja hafi verið tíð eftir að virðisaukaskattur var á lagður vegna þess að forráðamenn smáfyrirtækja ráða ekki við alla þá skriffinnsku sem kerfið gerir ráð fyrir. Þetta er auðvitað sérstaklega alvarlegt mál hér á landi þar sem eru hlutfallslega fleiri smáfyrirtæki en annars staðar.“

Ef allt þetta er ekki rétt vil ég biðja hæstv. fjmrh. að hrekja þessar staðhæfingar.

„Allir ættu að sjá hve fráleitt það er að ætla hverjum einasta einyrkja, bónda, bílstjóra eða trillukarli að stunda smásmugulegt bókhald fyrir hvert einasta viðvik. Ekki verður þetta síður fráleitt gagnvart nýrri atvinnustarfsemi sem er að hasla sér völl, oft með hluta starfs til að byrja með. Hér er því verið að leggja á skatt sem byggist á kerfi sem er fjandsamlegt nýjungum í atvinnulífinu og þeirri einyrkjastarfsemi sem alltaf hlýtur að verða stór þáttur atvinnulífs á Íslandi. Hér er verið að apa eftir milljónaþjóðum eins og oft áður í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar í vetur.

Það er enn fremur ljóst að ekkert liggur fyrir um að þessi tegund óbeinna skatta skili sér betur í ríkissjóð en söluskatturinn.“ — Þessar athugasemdir komu reyndar líka fram í máli ýmissa sem komu á fund nefndarinnar eins og ég hef áður vitnað til í sambandi við svarta atvinnustarfsemi. — „Vissulega er söluskattskerfið gallað. En nær hefði verið að leggja vinnu í nýtt kerfi óbeinna skatta á Íslandi en að apa það eftir milljónaþjóðunum eins og hér er gert.“

Í fimmta lagi: „Ný byrði á húsbyggjendur: 200 til 300 millj. kr.“ sem er sannarlega áhyggjuefni.

„Virðisaukaskattur hækkar verð á íbúðarhúsnæði, fyrst á nýju húsnæði og síðan almennt. Þetta er viðurkennt í athugasemdum með frumvarpinu. Virðisaukaskattur mun leggjast á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, en sú vinna er nú undanþegin söluskatti. Þetta hefur í för með sér 5–7% hækkun byggingarkostnaðar. Þannig hækkar ný íbúð sem nú kostar um 4 millj. kr. um 200–300 þús. kr. Og heildartekjuauki ríkissjóðs af húsbyggjendum nemur með þessum hætti hundruðum milljóna króna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þessi tekjuauki ríkisins verði endurgreiddur húsbyggjendum en ekkert liggur fyrir um það nákvæmlega hvernig að því verður staðið. Það er því ljóst að þetta frv. hefur óbreytt í för með sér lakari kjör fyrir húsbyggjendur og skerðingu á kjörum þeirra. Þeir eru gerðir að sérstökum skattstofni.“

Og í sjötta lagi: „Illa undirbúið mál, viðurkennt af

stjórnarflokkum.

Hér hafa verið tíndar fram nokkrar ástæður þess að minni hl. er andvígur frv. þessu. Fleira mætti tína til og verður það gert nánar í umræðum um málið. Skal þó bent á eitt atriði sem vegur þungt en það er sú tillitslausa innheimta skatta af menningarstarfsemi sem frv. gerir nú ráð fyrir.

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum stjórnarflokkanna við þessu máli. Þingmenn allra flokkanna eru meira og minna andvígir málinu. Þess vegna neyddist fjmrh. til að mismuna málinu gegnum stjórnarflokkana þannig að það er í rauninni aðeins hálfafgreitt og fjöldi óleystra vandamála bíður úrlausnar. Hér er ekki um að ræða tæknileg vandamál heldur líka pólitísk vandamál."

Og ef við tökum dæmi:

„1. Skattprósentan óafgreidd: Í frv. er gert ráð fyrir því að skattprósentan verði 22%. Í nefndaráliti meiri hl. er þetta meginatriði talið eitt þeirra vafaatriða sem verði að athuga nánar." — Og ég spyr af þessu tilefni: Hvað hafa menn í huga, fleiri en eina skattprósentu eða breytingu á þeirri sem tiltekin er í frv.?

„2. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi er vísað til embættismannanefndar." — Og í raun má segja að flestir þeir liðir sem á eftir fara eru verkefni nefndarvinnu í sumar.

„3. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis er vísað til sérstakrar nefndar.

4. Reglum um skattskil fiskveiða og fiskvinnslu er vísað til nefndarvinnu." — Og það var einmitt eitt af þeim málum sem skutu upp kollinum meðan nefndin var að störfum. Hún hélt ekki marga fundi en nógu marga samt til þess að komast á berjamó á hverjum einasta fundi og finna lyng full af berjum sem þurfti að tína og geyma til nefndarvinnu í sumar.

„5. Reglum um virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi er vísað til nefndarvinnu." — Það er athyglisvert að ég veit ekki til þess að þeir sem sömdu frv. hafi haft samband við nokkra þá er eru fulltrúar þeirra sem stunda menningar- og listastarfsemi.

„6. Reglum sem „tryggja jafnræði í samkeppni einkaaðila og opinberra aðila" er vísað til nefndar.

7. Reglum um skatt af útgáfu tímarita er vísað til nefndar." — Eða reyndar er það sölu tímarita.

„8. Reglum um skattskil af viðskiptum bænda og afurðastöðva er vísað til nefndar, svo og öðru sem varðar landbúnað sérstaklega." — Og er nú hv. 5. þm. Austurl. fjarri góðu gamni. (**EgJ:** Hann er hér.) Hann er hér. Ber er hver að baki nema sér bróður eigi.

„9. Reglum um gjaldfrest af innflutningi er vísað til nefndar.

10. Reglum um virðisaukaskatt af fólksflutningum er vísað til nefndar.

Eins og sést af þessum tíu dæmum er ljóst að meiri hlutinn, stjórnarflokkarnir, viðurkennir að málið er illa undirbúið og að ekki eru neinar forsendur fyrir því að afgreiða málið. Þar eru tæknileg atriði í lausu lofti en hið sama er einnig að segja um pólitísk grundvallaratriði. Því væri það öllum fyrir bestu að máli þessu verði hafnað."

Og síðan er tekið fram að sú sem hér mælir hafi setið fundi nefndarinnar og sé sammála nál.

Kvennalistakonur hafa frá upphafi haft miklar efasemdir um þetta kerfi sem ég lýsti reyndar í 1. umr. um málið, en margir virðast vera farnir að líta á þetta sem trúaratriði. Þetta kerfi hefur vissulega sína kosti eins og ég einmitt minntist á þá, og kannski er sá veigamesti að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna, en þeir vega ekki upp á móti göllunum. Við hljótum að líta á þetta mál frá sjónarhóli neytandans, heimilanna og einstaklinganna. Það er lítið gert úr þeirri hlið í umfjöllun um þetta nýja kerfi. Þó er deginum ljósara, m.a. af upptalningu þeirra liða sem endurskoða á milli þinga, að þetta kerfi mun hafa margvíslegar breytingar í för með sér fyrir almenning. Lái okkur hver sem vill þótt við séum tortryggnar gagnvart stjórnvöldum og treystum þeim ekki til að létta byrðar almennings. Þau hafa verið gjarnari á að þyngja þær byrðar og nægir að minna hv. þm. á skattagleði þessarar stjórnar og þær verðlagshækkanir sem ráðstafanir hennar hafa leitt yfir fólk í ofanálag. Verði þetta frv. gert að lögum sem nú virðast nokkrar líkur á er óhjákvæmilegt að gera á því breytingar.

Við munum engar brtt. gera nú við 2. umr. en fari svo að hv. þm. láti hafa sig í það að afgreiða frv. með þeim hætti sem lagt er til í nál. meiri hl. og með brtt. þeim sem hann gerir flytjum við væntanlega brtt. við 3. umr. um málið eða þá síðar í umfjöllun Nd. En þar verður fyrst og fremst um að ræða brtt. sem varða undanþágur frá skatti á matvæli og ýmsa menningarstarfsemi. Við munum væntanlega takmarka okkur við þessa tvo liði.

Um matinn ætti að vera óþarfi að fjölyrða, svo mikið ræddum við það þegar matvæli voru gerð söluskattsskyld fyrir áramótin, en þá fóru meginumræðurnar fram. Afstaða okkar til skattlagningar á matvæli er öllum kunn, enda höfum við snúist gegn slíkri skattlagningu allt frá upphafi og er það fyrst og fremst vegna þess að þetta kemur sér afskaplega illa fyrir þá sem minnstar hafa tekjurnar og fjölmennastar fjölskyldurnar. Fyrir utan það er þetta grundvallarágreiningur í pólitík, hvort lagður er skattur á nauðsynjavörur eins og matvæli. Við erum því andvígar eins og ég lýsti ítarlega við 1. umr. þessa máls og mun ég ekki fjölyrða um það hér. Ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að hafa móttekið þau skilaboð. Og ég vil vekja athygli hans á og minna hann á að það eru ekki bara kvennalistakonur sem hafa þessa skoðun, það eru mjög margir þeir sem fara út í búð með budduna sína til að kaupa í matinn. Ég vek líka athygli hans á því að flestir þeir sem það gera eru einmitt konur, eru húsmæður. Þær finna fyrst og fremst fyrir því. Þær eru andvígar þessum skatti og ég vil enn minna hæstv. ráðherra á það að þær eru í

miklum meiri hluta andvígar þessari ríkisstjórn. Ég bið hann bara að reyna að leggja saman tvo og tvo. Ég bendi honum líka á almenna reiði launafólks, ég bendi honum á kaupgjaldskröfur í kjarasamningum og hver áhrif þessi skattlagning og önnur hefur í raun á þær kröfur sem fólk gerir um hærri laun. Það var viðbúið að þessi skattlagning mundi hafa áhrif á þá kjarasamninga sem við blöstu nú á þessu ári.

Síðan skulum við líka hugleiða, vegna þess að við höfum rætt þann pólitíska ágreining sem ríkir um það hvernig ber að skattleggja, að þegar verið er að leggja svona flata skatta á alla, líka lágtekjufólkið, þá á síðan að skila þeim aftur broti af þessari skattlagningu í einhvers konar bótum. Ég vil vekja athygli hans á því að jafnvel Margaret Thatcher hefur ekki látið sér detta í hug að hreyfa við því að leggja skatt á matvæli og barnaföt, alla vega eru matvæli algjörlega undanþegin skatti og ef barnaföt eru ekki algjörlega undanþegin skatti eru þau a.m.k. á talsvert miklu lægri skattprósentu. Hv. utanrmn. var á ferð í Englandi nýlega að heimsækja breska þingið. Þar heimsóttu íslensku þingmennirnir m.a. iðnaðarráðuneytið breska og þar var embættismaður eða þingmaður reyndar sem minntist á það við fulltrúa Kvennalistans að hæstv. forsrh. Breta mundi aldrei dirfast að hrófla við matvælum og barnafötum, svo rótgróin hefð væri skattleysi þeirra í bresku samfélagi.

Síðan eru það auðvitað menningarmálin. Ég hafði nokkur orð um það hér um daginn hversu mikilvægt það væri fyrir jafnfámenna þjóð eins og okkur sem eigum í vök að verjast í fjölmiðla- og upplýsingaþjóðfélagi nútímans. Menning okkar berst fyrir lífi sínu og við þurfum að gera allt til að hlúa að henni, til að næra hana og til að varðveita hana ef við ætlum okkur í framtíðinni að teljast sjálfstæð þjóð. Þess vegna ber okkur ekki að leggja á hana fleiri byrðar vegna þess að við styrkjum hana ekki nóg. Það er ekki af neinu að taka, hæstv. ráðherra. — Ég hlýt að gera örlítið hlé á máli mínu meðan hæstv. ráðherra sinnir erindum sínum því að ég vil endilega að hann heyri það sem ég segi. Það er kannski einhver að biðja um undanþágur að hringja í hann núna. Það væri fróðlegt að vita hvað bættist við í lið nr. 11 fyrir nefndina að leika sér að í sumar. Ég vona að ég þurfi ekki að þegja mjög lengi í ræðustól. (**Forseti:** Ég held að það sé algjörlega ástæðulaust. Ég vil biðja ræðumann að halda áfram sinni tölu.) Þetta hlýtur að verða stutt símtal. (**Forseti:** Það er ljóst að ráðherra er upptekinn í símanum.) Já, þessu er að ljúka, sýnist mér.

Ég tek upp þráðinn þar sem frá var horfið og ég vil brýna það fyrir hæstv. ráðherra hve mikilvægt það er að hlúa að íslenskri menningu og hversu stórt hlutverk hans er fyrir hönd íslenskrar þjóðar að sjá til þess að íslenskri menningu sé myndulegа veitt til þess að hún megi blómstra og að hún sé ekki skattlögð því þar er af svo litlu fé að taka. Það er svo naumt til hennar skammtað þegar að hún getur varla gegnt því hlutverki sem henni er þó nauðsynlegt að sinna fyrir íslenska þjóð. Þess vegna munum við sannarlega bera fram brtt. til þess að verja hana fyrir skattlagningu.

Það er álit afar margra sem hafa kynnt sér virðisaukaskattskerfi að það sé þungt og viðamikið, flókið og dýrt kerfi, og hef ég vikið að því áður. Frumvarpshöfundar hafa ekki viljað gera mikið úr þeim þætti og reyndar er feimni þeirra við umfjöllun um það mál allt að því grunsamleg. Þetta er augljóslega miklu umfangsmeira kerfi en söluskattskerfið og það mun kosta margfalt meira í framkvæmd. Það er ekki einasta að það verði miklu mannfrekara og dýrara fyrir hið opinbera, heldur þýðir það gífurlega aukna vinnu og kostnað fyrir skattgreiðendur. Sérstaklega hlýtur þetta að koma illa við litla rekstraraðila og jafnvel gera þeim reksturinn of þungbæran og ég vitna til reynslunnar frá Danmörku. Grunur afar margra er sá að þetta kerfi muni reynast mannfrekara og kostnaðarsamara en látið er að liggja í grg. frumvarpshöfunda. Athyglisvert er að tæpast er minnst á kostnað atvinnurekenda við þetta kerfi, jafnvel látið að því liggja að þetta leiði til lækkunar vöruverðs og þjónustu. Þetta er trúlega blekking eða menn hafa kosið að loka augum og eyrum. Það er einmitt sannfæring margra, og ég hef áður vitnað í nokkra þeirra sem komu á fund nefndarinnar, og einnig til okkar kvennalistakvenna að kostnaður fyrirtækja við þetta kerfi verði svo mikill að hagkvæmnin, sem það á að skila, étist upp og í mörgum tilfellum meira en það. Fullyrðingar um betri skattskil eru ekki sannfærandi. Undandráttur fæst ekki upprættur í þessu kerfi. Sjálfvirknin er ofmetin. Nótulaus viðskipti verða áfram freistandi fyrir þá sem slíkt stunda, þ.e. hagnaðurinn verður trúlega meiri en sem nemur innskattinum af aðföngum í slíkum viðskiptum.

Lagfæring söluskattskerfisins gæti í raun skilað sama árangri og niðurstaðan er eiginlega sú að virðisaukaskattur hefur mikla galla sem réttlæta það engan veginn að leggja í þessar umfangsmiklu, kostnaðarsömu breytingar á sama tíma og margir þeirra sem hafa tekið upp þetta kerfi eru sem óðast að reyna að gera breytingar á því og jafnvel óska því burtu vegna þess hversu flókið það er.

Söluskattskerfið hefur vissulega líka sína galla, því getur enginn neitað, en úr þeim má draga, eins og reyndar þegar hefur verið gert, og það má bæta þannig að það verði mun heldara og virkara og skili meiru í ríkissjóð. Virkara eftirlit í söluskattskerfinu mundi margborga sig. En fyrst og fremst verð ég að segja að það nær auðvitað engri átt að viðhalda þessum matarskatti. Það hlýtur að verða framtíðarverk stjórnmálamanna og það e.t.v. í náinni framtíð að afnema skatt á matvæli. Ég tel hann afar hættulegan. Það er þegar búið að stíga þetta skref, ja, til hálfs a.m.k., drjúglega það, og ég held að það verði mun erfiðara að afnema þennan skatt heldur en það var að setja hann á og menn eigi eftir að sjá eftir þessari aðgerð.

En eins og ég sagði áður, við þessa umræðu

leggjum við fyrst og fremst til að frv. verði fellt og munum ekki freista þess að gera neinar breytingar á því, en munum væntanlega hugleiða það síðar ef frv. verður samþykkt við þessa umræðu.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það hafa komið fram margar mjög athyglisverðar athugasemdir við þessar umræður og væri hægt að drepa niður á mörgum stöðum, svo margt bar á góma, að vísu lauslega, hjá hv. stjórnarandstæðingum þannig að þeir gerðu ekki í máli sínu ítarlega grein fyrir því hvaða hugsun lá að baki ýmsum þeim fullyrðingum sem þeir höfðu uppi um ágæti eða galla þess skattkerfis sem hér er lagt til að tekið verði upp. Veit ég satt að segja ekki hvort ég á að drepa þar niður þegar hv. þm. Kvennalistans komst svo að orði að kostirnir við þetta frv., við þessa breyttu skattlagningu væru fyrst og fremst þeir að hún mundi styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna. Hann segir að þeir kostir séu þó það litlir að það vegi ekki upp á móti göllunum.

Nú er auðvitað mjög erfitt að fylgja þeim þanka hvernig við Íslendingar getum hafnað skattkerfi sem hefur þá miklu kosti að bæta stöðu okkar gagnvart erlendum þjóðum þegar til þess er hugsað hversu mikið við eigum undir milliríkjaviðskiptum. Við vitum það ef við reynum að bera saman kaupmátt hér í landinu frá einum tíma til annars að hann er fyrst og fremst undir því kominn hveru mikill hagvöxtur hefur orðið í útflutningsframleiðslunni, hversu arður hennar hefur verið mikill, og við vitum það líka að með mörgum hætti hefur verið reynt að standa á bak við útflutningsfyrirtækin til að vinna á móti því óhagræði sem söluskattskerfið hefur haft í för með sér. Væri óneitanlega fróðlegt að fá um það upplýsingar frá hv. 6. þm. Reykv. þegar hann talar um það nú að útflutningsatvinnuvegirnir geti áfram búið við söluskattskerfið þegar búið er að gera það fullkomnara, eins og hv. þm. komst að orði, hvernig þessi hv. þm. vill t.d. fara með uppsafnaðan söluskatt og skiptingu hans eða deilingu hans milli útflutningsfyrirtækja, milli fiskvinnslu og útgerðar, hvernig þessi hv. þm. vill velta fyrir sér uppsafnaða söluskattinum í sambandi við samkeppnisiðnaðinn og þar fram eftir götunum.

Nú er þetta auðvitað mjög flókið mál og kannski ástæðulaust að krefjast svara við því nú þó svo að hv. þm. hafi slegið því föstu að hann geri lítið úr því hagræði sem þetta breytta skattkerfi hefur fyrir útflutningsatvinnuvegina. Hitt var annað sem hv. þm. sagði sem hlýtur að gleðja hjarta mitt sem sjálfstæðismanns, að hann skuli leggja svo mikið upp úr velgengni smáfyrirtækja og mér skildist að þessi hv. þm. vildi hafa skattkerfið með þeim hætti að þau gætu vel dafnað hér í landinu. Og nú getum við kannski hugsað í söluskatti og velt fyrir okkur tveim fyrirtækjum. Annað fyrirtækið er mikið að vöxtum eins og t.d. Samband ísl. samvinnufélaga, eða eigum við að segja Kaupfélag Eyfirðinga, og hefur í sinni þjónustu hvers konar viðgerðarmenn og starfsmenn til þess að sinna hverju einu sem upp kemur í rekstrinum og nú vitum við um það að þessi vinna er auðvitað ekki söluskattsskyld þegar hún fer fram innan sama fyrirtækis nema að óverulegu leyti. Á hinn bóginn er það svo að ef smáfyrirtæki þarf að sækja slíka þjónustu til annars smáfyrirtækis verður að greiða af því fullan söluskatt og sá söluskattur kemur síðan ekki til frádráttar þegar það fyrirtæki sem þá þjónustu sótti þarf að verðleggja sína vöru. Þarna verður um uppsafnaðan söluskatt að ræða.

Má þá spyrja hv. þm. þegar hann veltir því fyrir sér að hann vilji styrkja stöðu smáfyrirtækjanna hvort hann hugsi sér að söluskattskerfinu verði breytt á þann veg að ekki skuli leggja söluskatt á vinnu þá og þjónustu sem eitt fyrirtæki selur öðru. Ef svarið við þeirri spurningu yrði já er hv. þm. undir eins farinn að fitja upp á nýrri gerð af virðisaukaskatti. Ef svarið við spurningunni er nei er hv. þm. um leið að segja að hann leggi ekki eins mikið upp úr því og maður gæti haldið af hans ræðu að skattkerfið yrði til íþyngingar einmitt smáfyrirtækjunum. Nú getum við tekið samanburð.

Nú veit ég að hv. þm. ber mjög fyrir brjósti að skattkerfið verði þannig uppbyggt að sem minnstur undandráttur verði frá skattkerfinu. Þá vil ég spyrja hv. þm. og hann má svara því úr sætinu ef hann vill. Telur hv. þm. t.d. að bókhaldsþjónusta, endurskoðunarþjónusta, eigi að bera 25% söluskatt eins og önnur þjónusta eða telur hv. þm. að þessi þjónusta eigi ekki að gera það? Það væri mjög fróðlegt að fá svar við þessu. Og svarið er auðvitað lýsandi fyrir þann hugsunarhátt sem hv. þm. hefur varðandi skattkerfið.

Það má líka spyrja hv. þm. hvaða skoðun hann hafi t.d. á þjónustu ráðgefandi verkfræðinga. Er hv. þm. þeirrar skoðunar að slíka þjónustu beri að skattleggja samkvæmt söluskattskerfi eða er hann þeirrar skoðunar að slík þjónusta eigi að vera undanþegin söluskattinum eða er hann þeirrar skoðunar að slíkan uppsafnaðan söluskatt eigi að endurgreiða í einhverju formi og eigi síðan að skipta á milli fyrirtækjanna eftir einhverri óskýrri og tilviljanakenndri reglu? Staðreyndin er auðvitað sú þegar verið er að tala um þetta nýja skattkerfi að fulltrúar atvinnuveganna hafa lýst því yfir að þeir vilji þessa breytingu vegna þess að hún hefur það í för með sér að aðstöðumunur fyrirtækjanna ýmist minnkar eða hverfur. Það er höfuðröksemdin fyrir þessari breytingu. Og það er auðvitað líka höfuðröksemdin fyrir því að þetta skattkerfi er til þess fallið að styðja litlu atvinnurekendurna, smáreksturinn, vegna þess að sá rekstur þarf að sækja meira en stórreksturinn út fyrir sína veggi. Þess vegna er þetta skattkerfi einmitt fallið til þess að styrkja smáfyrirtæki. Væri raunar fróðlegt að fá efnislega eða skattalega umræðu einmitt um það atriði hvernig hv. þm. hugsar sér að kerfi sem felur í sér uppsafnaðan söluskatt sé til þess fallið að styðja smáfyrirtækin á móti hinum stóru. Þau rök hef ég ekki heyrt og það er einmitt

ástæðan fyrir því að virðisaukaskatturinn er upp tekinn að menn gera sér grein fyrir því að hvers konar rekstur, lítill eða stór, græðir á þessari breytingu vegna þess að hann getur einbeitt sér að því að hafa innan sinna vébanda þá þjónustu eða þá starfsemi sem hagkvæm þykir út frá stærð fyrirtækisins, en skattaleg aðstaða kemur ekki inn í spurninguna um arðsemi þeirrar vinnu sem um er að ræða. Þetta er auðvitað kjarninn í þessu máli. Af þessum sökum er það algerlega út í bláinn, alger rökvilla að smáatvinnurekendur hafi óhagræði af þessum rekstri. Ef svo væri, ef smáatvinnurekendurnir hefðu óhagræði af þessum rekstri, hvernig stendur þá á því að fulltrúar þeirra manna sem eru með smáreksturinn, fulltrúar handverksmanna og smáiðnaðarmanna, sem eru kannski einir sér eða með fáa menn í vinnu, telja einmitt að þetta kerfi sé til þess fallið að jafna aðstöðumuninn og styrkja rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja auðvitað að því tilskildu að samkeppnisaðstaða þeirra við opinberan rekstur sé trygg? Það er sú forsenda sem atvinnureksturinn hlýtur að gera, hvort sem við erum að tala um söluskatt eða virðisaukaskatt, að slíkum skatti sé ekki beitt með þeim hætti að kostir einkaframtaksins njóti sín ekki gagnvart hinum opinbera rekstri. Þetta er auðvitað grundvallarforsendan fyrir hagræðingu í skattkerfi.

Ég tók eftir því og mér þótti það mjög merkilegt hversu mikla og ríka áherslu fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu allt í einu á það að nú ætti að fara að auka skatteftirlit. Á síðasta þingi fyrir einu ári fóru á þessum árstíma fram miklar umræður hér í þinginu einmitt um þá svörtu atvinnustarfsemi sem menn töldu víst að væri rekin hér í þjóðfélaginu og á grundvelli skýrslu sem hafði verið lögð fram um þá starfsemi. Nú kemur allt í einu í ljós að einn hv. þm., hv. 6. þm. Reykv., kemst svo að orði að eftir að þessi skattkerfisbreyting hafi átt sér stað muni svört atvinnustarfsemi blómstra. Og hvar á hún að blómstra? Hvernig rökstyður hv. þm. að hin svarta atvinnustarfsemi eigi að blómstra m.a. hjá handverksmönnum, m.a. hjá því fólki sem vinnur að byggingariðnaði og hjá því fólki sem annast viðhald og endurbætur húsa? Ástandið er þannig núna að kaupandinn, íbúðarbyggjandinn, íbúðareigandinn verður undir öllum kringumstæðum að greiða söluskatt af því efni sem keypt er til verksins. Á hinn bóginn liggur það fyrir að vinnan heima hjá viðkomandi eða í íbúðarhúsinu er undanþegin söluskatti. Samkvæmt því sem hér er verið að tala um er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur leggist bæði á aðföng og alla þá vinnu sem unnin er við viðhald, endurbætur og byggingu íbúðarhúss. Þá koma hér upp stjórnarandstæðingar og segja þótt þeir viti betur: Þetta mun hafa í för með sér hækkun á byggingarkostnaði. Þetta mun hafa í för með sér hækkun á viðhaldi. Þetta mun hafa í för með sér hækkun á endurbótum. Þó vita þessir hv. þm. að með því að segja þetta eru þeir að gera okkur upp að við séum að tala hér þvert gegn okkar hug. Þetta þýðir á íslensku að hv. þm. séu að segja við okkur sem í stjórnarmeirihlutanum erum að við séum lygarar í þessu efni, að við segjum ósatt, að við séum að blekkja þegar við leggjum á það ríka áherslu að við ætlum að setja reglur um að þetta hagræði haldi sér, að verð á íbúðarhúsum hækki ekki, að menn sem þurfa að láta vinna meiri háttar viðhaldsvinnu heima hjá sér, vinna að endurbótum við sína íbúð fái sama hagræðið og nú er í sambandi við óbeina skatta. Þetta er margyfirlýst stefna okkar allra. Og það liggur líka fyrir að þeir menn sem eiga að vinna verkin, trésmiðirnir, múrararnir og þeir aðrir sem eru í Meistarasambandi byggingamanna, vita að á bak við okkar yfirlýsingar er fullkomin alvara. Á hinn bóginn leggja þeir ríka áherslu á að endurgreiðslurnar verði á grundvelli reikninga. Og þeir gera meira en það. Þeir tala um að þessir reikningar eigi að vera númeraðir. Að öðrum kosti fáist þeir ekki endurgreiddir. Og hvað erum við að tala um þegar við segjum þetta? Hvað eru litlu atvinnurekendurnir að tala um? Þeir eru ekki að kinoka sér undan þessu bókhaldi. Þeir eru að segja að þeir vilji heldur hafa nákvæmt og gott bókhald en sitja undir þeim ásökunum og dylgjum um skattsvik sem þeir vita að fylgja þeirra störfum. Svo koma hér hv. þm. upp og segja að það sé af hinu illa að sett er hér á fót nýtt skattkerfi sem byggir á því að bókhald fyrirtækjanna sé í lagi. Um hvað hafa umræðurnar verið á umliðnum árum þegar talað er um skattsvikin? Hvað hafa stjórnarandstæðingar sagt þá? Hafa þeir þá komið þegar við erum í skattsvikaumræðunni, hafa þá þessir hv. þm. komið upp og sagt: Það er allt of mikil bókhaldsvinna í fyrirtækjunum? Hefur hv. 7. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv. eða hv. 7. þm. Reykn. haft af því áhyggjur þegar um skattsvikin er rætt að viðkomandi atvinnurekendur þurfi að færa til bókar þær tekjur sem þeir fá? Ég man ekki eftir því. Þetta er í fyrsta skipti á ævinni sem ég heyri það frá þessum hv. þm. að þeir hafi af því þungar og miklar áhyggjur að bókhald atvinnufyrirtækjanna í landinu sé í góðu lagi.

Svo skulum við koma að hinu. Þeir eru að segja það, þessir hv. þm., að það sé gífurlega mikil vinna sem felist í því að færa til bókar þá reikninga sem þeir greiða vegna síns atvinnurekstrar, því fylgi geysileg vinna, geysilegt bókhald. En þá spyr ég á móti: Hafa þessir hv. þm. kynnt sér bókhaldslögin? Hvílir ekki sú lagaskylda á öllum atvinnurekendum hér á landi nú að færa daglega kassabókhald? Er það ekki? Þurfa menn ekki að skrifa niður bæði inn og út? Þurfa ekki atvinnurekendur, þeir sem standa fyrir sjálfstæðum rekstri, að vera við því búnir hvaða dag sem er að skattrannsóknarlögreglan komi til þeirra, heimti pappírana og vilji fá að sjá hvernig reksturinn gengur? (**Gripið fram í:** Og ýmsir fleiri.) Og ýmsir fleiri. Og um hvað er þá verið að tala? Hvaða skriffinnsku er verið að ræða um? Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvernig hv. þingdeildarmenn hugsa þessi mál.

Ég vil líka spyrja: Er það óeðlilegt þegar menn

standa fyrir heilbrigðum rekstri þó ætlast sé til þess af þeim að þeir leggi kassabókina saman einu sinni í mánuði? Eða halda þeir að einhver maður sem stendur fyrir vel reknu fyrirtæki fylgist ekki svo með rekstrarútgjöldum og tekjum síns fyrirtækis að hann viti ekki í mánaðarlokin hvernig staðan sé í stórum dráttum? Auðvitað er hann búinn að færa það til bókar hvernig einstakir útgjaldaliðir eru. Auðvitað er það gert í vel reknum fyrirtækjum að fylgjast með kassabókinni. Ég veit ekki betur og veit ekki annað.

Ég vil líka spyrja hv. þm. þegar við tölum um þessi framtöl til virðisaukaskatts: Á hverju byggja þeir það, sá þeirra sem sagði það, ég man ekki hvort það var hv. 7. þm. Reykv., að það mundi kosta bóndann nokkra klukkutíma á viku um hásláttinn að gera sér grein fyrir virðisaukaskatti? (**SvG:** Í þurrki aðallega.) Aðallega í þurrki. Ég geri ekki ráð fyrir því að hægt sé í raun og veru að taka ummæli eins og þessi alvarlega né hátíðlega. En hitt liggur auðvitað alveg ljóst fyrir og er enginn vafi á því að það að mönnum sé gert að fylgjast vel með rekstri síns fyrirtækis hefur ekki aðeins til lengdar heldur líka í bráð góð og holl áhrif á afkomu þess fyrirtækis sem viðkomandi stendur fyrir, hvort sem hann er einyrki fram til dala eða stendur fyrir sjoppurekstri hér í Reykjavík.

Annað hefur mér líka fundist mjög athyglisvert og er í beinni andstöðu við þá reynslu sem ég hef af bændum hér á landi að hv. þm., a.m.k. sumir hverjir, skuli hafa mestar áhyggjur af því að þetta muni vefjast fyrir bændum eins og þeir séu ekki einmitt vanir slíkri bókfærslu. (Gripið fram í.) Ja, þeir eiga tölvur. Þeir fylgjast nokk með hvernig ættir hrossa þeirra og dilka eru. Þeir vita nokk hvað þeir eru að gera. Þeir færa ærbókina sína. Það var ekki aðeins faðir Jóhannesar úr Kötlum sem færði ærbókina. Hann kunni alveg það bókhald og ég geri ráð fyrir því að fyrir bændum muni ekki vefjast það, sem hér er um að ræða, að hafa annars vegar einn dálk yfir útgjöld og annan fyrir tekjur. Þetta er ekki mál sem ástæða er til að gera mikið úr, enda kemur það glögglega fram í viðræðum við þá menn sem eru í forsvari fyrir þessa atvinnurekendur að þeir hafa ekki ýkja þungar áhyggjur af þessu atriði, svo fremi sem búið er að kynna mönnum hvernig eigi að standa að þessum skýrslum. Og eins og hv. þm. vita er ekki gert ráð fyrir því að sauðfjárbændur eigi að standa skil á virðisaukanum. Þess vegna liggur það alveg ljóst fyrir þegar talað er um 5000 bændur í þessu samhengi í sambandi við skil á virðisaukanum að talan er miklu lægri. En hitt hélt ég að menn vissu að bændur eins og aðrir atvinnurekendur og raunar eins og aðrir Íslendingar kunna vel að halda til haga og til skila þeim pappírum þar sem þeir eiga von á að fá endurgreiðslu og munu ekki telja eftir sér.

Hitt er auðvitað alveg rétt að ef slíkir pappírar týnast stendur viðkomandi maður ekki aðeins frammi fyrir því að þurfa að greiða virðisaukann af þeim nótum heldur verður hann einnig að greiða tekjuskatt og útsvar af þeim útgjöldum sem að öðrum kosti yrðu frádráttarbær. Ég held þess vegna að virðisaukaskatturinn sé til þess fallinn að skattskil verði réttlátari og betri og menn haldi pappírum sínum betur til haga. Auðvitað má alltaf búast við því að einn og einn maður læri seint á þetta, en við getum með sama hætti sagt: Það hefur komið í ljós að einn maður lærir seint að búa. Það eru til búskussar. Það eru til lélegir læknar. Það eru til vondir blaðamenn. Allt þetta er til og ástæðulaust að gera of mikið úr því.

Ég tók eftir því að hv. 7. þm. Reykv. gladdist mjög yfir þeirri stefnu sem þessi ríkisstjórn fylgir í skattamálum og tíundaði hér með bros á vör að nú hefði okkur tekist að koma skatthlutfallinu svo hátt upp að það væri að nálgast þá góðu velmektardaga skattpíningarinnar þegar hann var hér síðast í vinstri stjórn og er það kannski eðlilegt. Hann hefur ævinlega verið manna orðhvatastur þegar um það er að ræða að auka skattheimtuna, en hefur auðvitað sínar skoðanir á því hvaða skatta eigi að hækka.

En ég held ég verði að rifja upp líka aðra gamla ræðu sem ég held að ég hafi haldið sennilega á hverju einasta þingi mörg undanfarin ár, að það er valt að treysta skatthlutfallinu á því ári sem er að líða. Það er ævinlega reiknað of hátt þótt skrýtið sé. Formúlan fyrir því hvernig eigi að reikna út skatthlutfall líðandi stundar virðist seint ætla að lærast þeim í Þjóðhagsstofnun og öðrum þeim sem reynt hafa að giska á það, en undir hitt tek ég, sem hv. þm. sagði, að við höfum af ráðnum hug þyngt skattana með það að markmiði að skila greiðsluhallalausum ríkissjóði og ég skal ekki við þetta tækifæri fara nánar út í það, en vil við þessar umræður taka undir áhyggjur hv. 7. þm. Reykv. yfir afleiðingum þess að markaðir okkar erlendis standa nú verr en áður. Við erum af þeim sökum að tapa gjaldeyristekjum og auðvitað hefur þetta strax áhrif inn í atvinnureksturinn, bæði inn í sjávarútvegsfyrirtækin, þjónustugreinar sjávarútvegs og síðar út í annan rekstur.

Hér hefur því mjög verið haldið fram að við Íslendingar eigum að finna upp okkar eigin skattkerfi. Það er að vísu eftirtektarvert að hlýða á það í ræðu hv. 7. þm. Reykn. hversu ríka áherslu hann lagði á það hvernig skattheimtan væri í þeim löndum sem hann vildi sækja dæmi til og það var líka mjög athyglisvert að hlusta á það sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um Margréti Thatcher. Ég verð líka að segja að þá gladdist mitt gamla og trúa íhaldshjarta þegar ég heyrði að hún vildi sækja fyrirmynd sína um ríkisfjármál og annað sem lýtur að ríkisbúskapnum til Margrétar Thatcher. Auðvitað veit ég að hv. þm. er ekki svo mikið barn að vita ekki að ef maður vill sækja tekjuöflunina til Margrétar Thatcher, það sem ríkið fær í aðra hönd, verður maður líka að sækja til hennar fyrirmyndina um það hversu mikið eigi að fara í sameiginlegar þarfir hjá þjóðinni. Það var þess vegna mjög athyglisvert að heyra að hv. þm. virtist vera þó í nokkrum vafa. Hann var byrjaður að sjá að það væri þó ýmislegt gott um Thatcher og ég geri

mér nú miklar vonir um það að þessi hv. þm. muni smátt og smátt, eftir því sem hann fer oftar til Englands og hefur meiri og fleiri tækifæri til að tala við íhaldsmenn þar, koma með mola og mola til okkar hér heima hvernig við eigum að stjórna þjóðfélaginu. (**GA:** Þjóðartekjum á mann.) Og ég er viss um að með hverjum einasta smámola sem hún kemur með með sér, því ég veit að hv. þm. er fljót að læra, muni skoðanir hennar smátt og smátt snúast, smátt og smátt muni hún nálgast okkur og má vel (Gripið fram í.) vera eftir nokkur ár að við getum verið sammála um hvernig eigi að stjórna þjóðfélaginu. Það yrði nú ekki dónalegt og hlakka ég sannarlega til þess samstarfs úr því að ég finn fyrir veikleikanum gagnvart Thatcher.

En hitt þykir mér líka merkilegt þegar hv. þm. tala hér mjög um hvað þessi ríkisstjórn sé menningarfjandsamleg. (**Gripið fram í:** Hún er nú það.) Ég man ekki betur en sumir hafi komið við stjórn ríkisfjármálanna áður, a.m.k. menn sem eiga sæti hér í tveim stjórnmálaflokkanna, bæði Borgarafl. og Alþb. En þó var það nú svo þegar þeir foru frá völdum, hvor um sig, að sitthvað var eftir sem lagt var á listina. Mig minnir samt sem áður að okkur hafi tekist að laga ýmislegt t.d. í sambandi við tollafrv. og í sambandi við frv. um vörugjaldið. Þar var um ýmsar lækkanir að ræða sem einmitt komu menningunni vel, listunum vel. Þessar fullyrðingar, sem þessir hv. þm. höfðu um menningarfjandsamlega stjórn fjmrh. á ríkisfjármálumum að segja, voru á misskilningi byggðar eða út af gleymsku.

Hitt er svo annað mál þegar við erum að tala um undanþágur frá sköttum og þegar við erum að tala um með hvaða hætti við viljum styðja ákveðna starfsemi í landinu að við hljótum að vega og meta hvað við teljum heilbrigðast, hvað við teljum eðlilegast.

Hv. 7. þm. Reykv. tók sem dæmi að ef um mikla stórviðburði mennningarlega yrði að ræða hér á landi væri svo að skilja á frv. að greiða yrði virðisaukaskatt af aðgöngumiðunum á þennan mikla konsert eða hina miklu listsýningu. Þá spyr ég á móti: Hverjir hafa greitt bróðurhlutann af því þegar hingað hefur verið flutt t.d. mikil og merk málverkasýning? Hverjir hafa staðið fyrir listahátíð? Hverjir greiða bróðurhlutann af þeim kostnaði sem fæst af því að kalla til landsins kannski heimsfræga tónlistarmenn að leika með Sinfóníuhljómsveitinni? Eru það þeir sem njóta listarinnar eða er það svo að miklum fjármunum sé varið úr ríkissjóði og frá einstökum sveitarfélögum einmitt til að styrkja og styðja þá menningarviðleitni og menningarstarfsemi sem er á viðkomandi stað, ýmist á þjóðarvísu eða staðarvísu? Eitt af því ánægjulegasta t.d. sem við höfum lifað nú er sú aukna áhersla sem lögð er t.d. á tónlistarkennslu og ýmislegt það sem tengist menningunni.

Þó tel ég að ég hafi á stundum viljað leggja ýmislegt fram hér á Alþingi sem dragi úr útgjöldum t.d. leikfélaga. Ég man eftir því að þegar fjármálin voru í höndum Alþb. var ég að berjast við að ná því fram að ekki yrði lagður söluskattur á Leikfélag Akureyrar. Þó svo maður hafi verið að berjast fyrir því að tollurinn yrði lækkaður á flyglum, þó svo maður hafi verið að berjast fyrir því að vörugjald og tollur yrði felldur niður af vörum sem notaðar eru til myndlistar og þó svo maður hafi barist fyrir ýmsu sem víkur að þessu fann maður undir eins þegar farið var að tala um menninguna hér áðan að maður var nú eiginlega ekki merkilegur. Það voru komnir aðrir þingmenn sem hafa miklu, miklu, miklu meiri áhuga fyrir menningunni en við hinir og tala um menninguna af miklu, miklu meira innsæi en við hinir. Hafa kynnst menningunni miklu, miklu, miklu betur en við hinir og hafa miklu meiri skilning á því að það þurfi að standa á bak við menninguna, aðstoða hana, örva hana með opinberu fé en við hinir. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita að maður skuli fá slíka liðsmenn í allri þessari miklu menningarviðleitni sem maður hefur þó verið að reyna að sýna. Það er auðvitað mjög ánægjulegt. En kjarni málsins er sá, þegar við erum að tala um þetta frv. og þegar við erum almennt að tala um skattlagningu í landinu, að við verðum að reyna að finna því opinbera fé sem við viljum leggja til menningarmála og til lista betri farveg en nú er. Ég er ekkert fyrir fram á móti því, kannski miklu fremur hlynntur því að í virðisaukaskattsfrumvarpinu verði ítarlegri ákvæði en nú eru um þessi atriði. En ég segi um leið: Ef það að ná einhverju slíku fram yrði til þess að maður gerði sér ekki grein fyrir því hvernig staða ríkissjóðs er í heild gagnvart menningunni, ef maður gerði sér ekki um leið grein fyrir því hvernig fénu er varið til menningarmálanna í heild heldur léti við hitt sitja að setja að vanhugsuðu máli örfá orð hér á pappír, þá væri illa farið. Ég þykist vita það og ég er sannfærður um það að allir þeir menn sem vilja íslenskri menningu vel eru ekki aðeins að ætlast til þess heldur krefjast þeir þess að þessi mál verði athuguð frá rótum. Það er einmitt það sem verið er að tala um í okkar lista. Við erum að tala um hvernig rétt sé að koma að þessu máli, að menningarmálunum, að liststarfseminni í þessu frv. og við erum að tala um það um leið hvernig rétt sé að koma að þessu máli í annarri löggjöf og í sambandi við fjárlög.

Ég tók eftir því að hv. 7. þm. Reykv. átti erfitt með að skilja að almennar fréttir í Stöð 2, almenn starfsemi Stöðvar 2, afnotagjöld af Stöð 2 væru eitthvað skyld t.d. listum og talaði um kvikmyndahús, leikhús, hljómleika. Ég get líka spurt. Eins og frv. liggur fyrir er gert ráð fyrir því að Þjóðviljinn verði undanþeginn virðisaukaskatti og ég spyr á móti: Er Þjóðviljinn svona miklu, miklu betra lesefni en Íslendingasögur? Er Þjóðviljinn miklu betra lestrarefni en Salka Valka? Erum við með því að leggja til að Þjóðviljinn verði undanþeginn virðisaukaskatti að leggja listrænt mat á það sem þar stendur? Það má vel vera að hv. þm., úr því að hann gerði ekki athugasemd við það, úr því að hann gerði

bara athugasemd við Stöð 2, hafi einmitt með þessu verið að undirstrika hversu Þjóðviljinn væri vel skrifaður. Það má vel vera. Ég get út af fyrir sig skilið að honum skuli finnast það ef ég reyni að setja mig í hans spor. En það sem liggur þarna á bak við er alls ekki spurningin um hvort Stöð 2 sé endilega jafnmikið og gott menningartæki og Leikfélag Reykjavíkur. Það er heldur ekki spurningin um hvort ríkisútvarpið og ríkissjónvarpið sé jafnmikið menningartæki og Leikfélag Reykjavíkur sem hv. þm. tók dæmið af. Ég minni á að hann hefur setið í ríkisstjórn svo að Leikfélag Reykjavíkur varð að borga söluskatt af öllum sínum aðgöngumiðum á sama tíma og ekki var lagður söluskattur á afnotagjöld hjá Ríkisútvarpinu og ekki á Þjóðviljann. Þannig hefur ýmislegt gerst í þessu. Þó svo að sá menningarlegi og mikli leikhúsmaður, Ragnar Arnalds, hafi komið þeirri breytingu fram eftir að hann varð fjmrh. að þessi söluskattur var lagður niður, sem ég var honum mjög þakklátur fyrir, hafði þessi hv. ráðherra þó setið í öðrum ríkisstjórnum áður þar sem hann lét söluskattinn haldast. En við vitum líka sem þekkjum þann hv. þm., sem ég vitnaði til, að áhugi hans fyrir einmitt leikstarfsemi er miklu, miklu meiri og dýpri en annarra þeirra sem nú eiga sæti á Alþingi nema ef vera skyldi hv. 18. þm. Reykv. og skal ég, til þess að brjóta ekki í bága við jafnréttislögin, ekki fara nánar út í samanburð á þessum tveim hv. þm. gagnvart leiklistinni.

Ég held þess vegna að þessi samlíking af Leikfélaginu hafi ekki við rök að styðjast og ég vil raunar segja líka: Á þeim tíma sem Leikfélag Reykjavíkur greiddi söluskatt af aðgöngumiðum fékk Leikfélagið miklu, miklu hærri greiðslur úr ríkissjóði þannig að í raun og veru greiddi Leikfélagið aldrei eina einustu krónu í söluskatt þó svo héti á pappírnum. Að síðustu voru eftir þær skuldir bæði af Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar að ríkið gaf þann söluskatt eftir.

Hv. 7. þm. Reykv. spurði mig að því hvort kæmi til mála að hafa tvær skattprósentur. Við gerðum þá breytingu fyrr á þinginu að leggja söluskatt á matvæli eins og þessum hv. þm. er kunnugt og það hefur ekki staðið til að breyta því.

Hv. þm. spurði mig jafnframt að því hvort þingmenn Sjálfstfl. mundu geta fallist á að hækka prósentutölu virðisaukaskattsins eða lækka. Um það er það sama að segja og ég sagði fyrr í kvöld. Þegar fyllri gögn liggja fyrir og við sjáum hvernig ríkisfjárlagadæmið verður munum við að sjálfsögðu eins og jafnan áður gera okkur grein fyrir því hvernig skattheimtunni verður hagað. Söluskattur hefur verið mjög breytilegur, prósentur hans hafa verið mjög breytilegar og hv. þm. veit jafn vel og ég að yfirlýsing stjórnmálamanns fram í tímann um það hversu mikil skattprósenta söluskattsins eigi að vera hefur reynst næsta léttvæg. Á hinn bóginn legg ég áherslu á að sem fyllstra upplýsinga verður aflað um grunn virðisaukaskattsins og síðan verður auðvitað lagt mat á hver skattprósentan verður. Að fullyrða eitthvað um það fyrir fram er út í bláinn vegna þess að þá væri maður um leið að segja að allar þær upplýsingar liggi fyrir sem maður telji nauðsynlegar áður en slík ákvörðun verður tekin.

Ég tók eftir því að ýmsir hv. stjórnarandstæðingar hafa mjög talað um að þessi skattur sé ekki tekjujafnandi, en hins vegar séu aðrir skattar tekjujafnandi og þá er sennilega átt við tekjuskattinn. Nú muna menn náttúrlega þegar hv. 4. þm. Norðurl. v., þá fjmrh., sendi út láglaunabæturnar. Menn muna hvert þær fóru sem sýnir auðvitað erfiðleikana við að ákveða mönnum tekjur og hversu ólíkar aðstæður manna eru, þannig að ekki hefur verið fundinn upp neinn sá skattur sem nákvæmlega mælir tekjur manna. Á hinn bóginn hefur þessi ríkisstjórn hækkað skattleysismörkin og komið til móts við hina tekjulægstu í gegnum tryggingakerfið, eins og hv. þm. er kunnugt, þó svo einn hv. stjórnarandstæðingur hafi gert lítið úr því eins og það skipti ekki máli.

Að síðustu vil ég segja, herra forseti, að það ber einmitt vott um það að frv. er vel unnið og að vandað er til þessarar lagasetningar að áfram verður unnið af fullum krafti til að íhuga einstök atriði þessa frv. í sumar, íhuga framkvæmdina og aðgæta hvar lausir endar séu. Það er hálfbroslegt að heyra hv. þm., eins og hér var gert áðan, halda því fram að í því fælist einhver viðurkenning á því að frv. væri illa unnið þótt menn vildu áfram íhuga framkvæmd þess og einstök efnisatriði. Þvert á móti hlýtur það að vera hlutverk fjmrh. og fjmrn. og raunar þingmanna almennt að hafa tekjuskattskerfið undir stöðugri endurskoðun. Og ég tala nú ekki um þegar um skattkerfisbreytingu er að ræða eins og hér er. Þá hlýtur að vera unnið að því alveg fram að þeim degi sem skattkerfisbreytingin á sér stað að reyna að vinna betur og betur að undirbúningi breytingarinnar, athuga einstök atriði og það sem betur má fara. Það var gert í sambandi við staðgreiðslukerfið, það var gert í sambandi við breytinguna á tollskránni. Það er yfirleitt gert þegar menn vilja standa vel að ríkisfjármálunum.

Það er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að það hafa mörg frv. varðandi skattamál komið hér fram sem sýnir og staðfestir að tekjuöflunarkerfi ríkisins er í endurskoðun. Og meira en í endurskoðun, það er í endursköpun. Enginn vafi er á því að þessa þings og síðasta þings raunar líka verður lengi minnst fyrir þau merku nýmæli sem á þeim hafa verið tekin upp í sambandi við tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég get ekki talað af jafnmiklum fjálgleik um skatta og flokksbróðir minn, hv. þm. Halldór Blöndal, og fylli ekki þann hóp sjálfstæðismanna sem eru alteknir skattagleði.

Frv. sem hér er til umræðu er veigamikið og gert ráð fyrir því, verði það afgreitt á þessu þingi, að það verði aftur tekið upp næstkomandi haust og er það vel, enda kemur fram í nál. meiri hl. að hann gerir ráð fyrir því að það þurfi að gera ýmsar breytingar

frá því sem frv. felur í sér við nánari athugun.

Hér hefur mikið verið talað um menninguna að sjálfsögðu og talað um matarskatta, prósentur, álagningarprósentur o.s.frv. En ég geri ráð fyrir að allir þingmenn sé sammála um að hjá því verði ekki komist að afla ríkissjóði tekna til að mæta þörfum hans og öðru því sem fjárlög fela í sér. Ég þarf ekki að orðlengja afstöðu mína í þeim efnum. Hins vegar getur okkur greint á um leiðir og áherslur.

Ég mun ekki, herra forseti, flytja langt mál, en ég ítreka að þegar verið er að tala um íslenska menningu er það auðvitað teygjanlegt hugtak og fer eftir því hvar hver er staddur í menningunni hvað hann telur vera menningu. Sumir eru svo hátt komnir í stiga íslenskrar menningar að aðrir mega þar helst ekki upp koma eða um tala, en ég ætla að leyfa mér að tala um almenna íslenska menningu þó að það meiði kannski fínar tilfinningar þeirra sem eru í þessum æðstu menningarklúbbum íslensks þjóðfélags.

Það vill svo til að þegar talað er um íslenska menningu á það við um fleira en bókmenntir. Það getur einnig átt við um tímarit og það getur einnig átt við um fólk almennt sem reynir að tileinka sér íslenska menningu með ýmsum hætti. En það sem mér finnst eftirtektarvert við þetta frv., sem lýtur að menningu og útgáfu, er að í því er gert ráð fyrir að erlendum aðilum sé gert hærra undir höfði en innlendum sem fást við útgáfustarfsemi.

Þegar komið er í bókaverslanir í Reykjavík blasa við manni í flestöllum bókaverslunum tugir ef ekki hundruð erlendra blaða og tímarita, svokallaðra afþreyingarblaða, en þar eru einnig fagtímarit sem koma hingað reglulega, vikulega og mánaðarlega, og Íslendingar kaupa mikið af. Þessari útgáfustarfsemi er gert hærra undir höfði en íslenskri útgáfustarfsemi. Frv., eins og það er útbúið, felur beinlínis í sér að aðstaða hinna erlendu útgefenda verður betri en innlendra. Að mínu mati er það ekki að styðja íslenska menningu að þannig skuli að verki staðið. Ég legg áherslu á það eins og fleiri að til þess að við getum verið sjálfstæð menningarþjóð þurfum við að hlúa að íslenskri útgáfustarfsemi og leyfa íslensku þjóðinni að meta það sjálfri hvað hún vill helst af þeirri menningu.

Þess vegna vil ég, með leyfi forseta, leggja fram brtt. við 12. gr. frv. sem er svohljóðandi:

„Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður sem hér segir:

10. Útgáfa og sala innlendra tímarita."

Það liggur í augum uppi þegar hv. þm. lesa 12. gr. að erlendum tímaritum er gert hærra undir höfði skv. 8. tölul., en þar segir: „Tímarit á erlendu tungumáli sem erlendur útgefandi sendir áskrifanda." Velta samkvæmt því telst ekki skattskyld.

Ég fjölyrði ekki frekar um það og vænti þess að hv. þm. taki vel í þessa brtt. Hún er einföld í sniðum og ætti ekki að vefjast fyrir hv. þm. að afgreiða hana. (**EG:** Það verður mjög einfalt.) Já, ég hef reynt hv. þm. að því að standa með tjáningarfrelsinu. Ég vona að hann reynist leiðitamari í þetta skipti en fyrir tíu árum þegar menn voru að ræða hér um frjálsar útvarpsstöðvar. Þá var hv. þm. Eiður Guðnason mjög mikið á móti því, en sem betur fór áttaði hann sig á því að það var ekki hægt að stöðva þá þróun frekar en fleira sem lýtur að því að fólk fái að vera frjálst. Það eru ekki aðeins forréttindi þeirra sem eru menntaðir eða hafa komist í stöður að mega meta hvernig þeir vilja lifa í þessu þjóðfélagi. Og ætla ég ekki að fara að skipta þjóðinni upp í hámenningu og lágmenningu. Ég læt aðra um það.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði að aðstöðumunur mundi minnka eða hverfa við virðisaukaskattinn. Till. sem ég legg til er einmitt þess eðlis að hún mun draga úr og minnka þann aðstöðumun sem erlendir útgefendur hafa á Íslandi ef þessi till. verður ekki samþykkt.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða, herra forseti, um frv. núna. Ég fagna því áliti sem meiri hl. hefur lagt hér fram með frv. Þar eru ýmsir fyrirvarar og þar eru talin upp mörg atriði sem nefnd á að athuga á milli þinga varðandi frv. og er það af hinu góða.

En ég vil þó segja nokkur orð um lið 1 sem fellur undir það sem nefndin á sérstaklega að athuga, mat á skattprósentu virðisaukaskatts. Ég er þeirrar skoðunar og hefði talið æskilegt að það hefði verið unnt að hafa skattþrepin fleiri en ráð er fyrir gert í þessu frv., en skv. 14. gr. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur skuli vera 22%. Ég hefði talið æskilegra að í virðisaukaskatti hefðu verið tvö þrep þannig að annað þrepið hefði verið vegna matvæla og hitt fyrir aðrar vörur og þjónustu. Þá var hugsun mín sú að sjálfsögðu að skattprósentan yrði lægri á matvælum en öðrum vörum og þjónustu.

Ég ætla ekki að svo komnu máli, herra forseti, að kveða upp úr um hver sú prósenta ætti að vera. Ég treysti þeirri nefnd, sem á að fjalla um það, að hún komist að æskilegri niðurstöðu, en legg áherslu á að í störfum nefndarinnar verði þetta atriði athugað sérstaklega.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að segja nokkur orð um það merka frv. sem hér er til umræðu.

Ég ætla að byrja á því að vitna í niðurlag nál. minni hl. þar sem segir að stjórnarflokkarnir viðurkenni að málið sé illa undirbúið og að ekki séu neinar forsendur fyrir því að afgreiða málið. Að áliti stjórnarandstöðunnar er það veikleikamerki að nefnd stjórnarflokkanna skuli eiga að vinna áfram í málinu í sumar til að fjalla sérstaklega um tíu atriði sem stjórnarsinnum þykir nauðsynlegt að skoða betur. Að mínum dómi er þetta mjög til bóta og raunar forsenda þess að ég skrifaði undir nál. án þess að hafa fyrirvara. Auðvitað eru mörg vafaatriði og ýmsir lausir endar þegar svo mikil kerfisbreyting er gerð og þess vegna er nauðsynlegt, að mínu mati, að vinna áfram í málinu í sumar.

Þau atriði sem ég tel að þurfi frekari athugunar við rúmast öll innan þeirra tölulíða sem upp eru

taldir í nál. og eiga að skoðast frekar nema kannski helst skattur á veiðitekjur sem skv. frv. á að taka gildi með samþykkt virðisaukaskattsins. Ég óttast að þessi skattur muni í raun lenda á veiðiréttareigendum og óska því eftir að þetta mál verði tekið til athugunar af þeirri stjórnarnefnd sem starfa mun á milli þinga.

Hér hefur verið talað mikið um að við séum fámenn þjóð og hér eigi að vera við lýði sérhannað skattkerfi fyrir Ísland. Víst erum við Íslendingar á margan hátt sérstakt fólk, en mér er ómögulegt að skilja að ferillinn í íslensku atvinnulífi sé frábrugðinn því sem gengur og gerist meðal annarra þjóða þótt fjölmennari séu.

Ég vil að lokum segja að ég tel að virðisaukaskattur sé útflutningsatvinnuvegunum og fyrirtækjum yfirleitt til bóta og veitir ekki af. Þetta er raunar ein af aðalástæðum þess að ég styð þetta mál.

Mjög margir þeir sem komu til viðræðu við nefndina lögðu mikla áherslu á að eitt ár þyrfti til að kynna málið og kenna fólki að takast á við það. Ég legg því mikla áherslu á að þetta nýja skattkerfi, ef samþykkt verður, verði kynnt vel almenningi áður en það tekur gildi.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég lagði fyrr í kvöld nokkrar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Norðurl. e. Sá síðarnefndi hefur nú farið yfir nokkur þau atriði sem ég nefndi. Ég get út af fyrir sig dregið þá ályktun að hann hafi svarað fyrir hæstv. ráðherra líka svo hollur var hann ríkisstjórninni í skattagleði sinni áðan þannig að ég hef út af fyrir sig enga ástæðu til að ætla að það gangi hnífurinn á milli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldórs Blöndals í þessum efnum og ætla þess vegna ekki að þýfga hæstv. fjmrh. um svör við þeim spurningum sem hann lætur sér bersýnilega nægja að fóstbróðir hans, hv. 2. þm. Norðurl. e. svari.

Ég vil geta þess að þær ákvarðanir sem liggja fyrir í frv. varðandi skatta af menningarstarfsemi hafa vakið verulegar áhyggjur hjá þeim sem með þau mál fara í okkar samfélagi. Sem dæmi um það er leiklistarráð ríkisins sem er stofnun sem á að vera ráðgefandi stofnun fyrir menntmrh. í leiklistarmálum. Framkvæmdastjórn leiklistarráðs ríkisins hefur sent frá sér ályktun, sem er dags. 4. maí 1988, sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta, eins og til að sanna að það var ekki að ástæðulausu að við stjórnarandstæðingar lýstum áhyggjum okkar yfir ákvæðum þessa frv. En í ályktun framkvæmdastjórnar leiklistarráðs segir svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn leiklistarráðs lýsir áhyggjum sínum vegna þeirra áforma ríkisstjórnarinnar, sem birtast í frv. til laga um virðisaukaskatt, að taka upp skattlagningu á leiksýningar og aðra hliðstæða listastarfsemi. Í ljósi þess að aðgöngumiðaverð leikhúsa er nú eins hátt og mögulegt er talið mun 22% skattur á hvern þann sem ætlar að kaupa sér leikhúsmiða óhjákvæmilega leiða til minnkandi leikhúsaðsóknar. Því má allt eins búast við að ekki verði talið fært að hækka miðaverð sem skattinum nemur sem þýðir beinlínis að tekin yrðu 22% af miðasölutekjum leikhúsanna og gerð upptæk í ríkissjóð sem virðisaukaskattur. Hvor leiðin sem farin yrði mundi leiða til minnkandi tekna leikhúsanna sem aðeins yrði mætt með samdrætti í starfsemi þeirra.

Fyrir sjálfstæðu atvinnuleikhópana, sem hingað til hafa komið upp leiksýningum að verulegu leyti í sjálfboðavinnu, mundi þetta þýða, ef þeir á annað borð halda lífi, að öll vinnan yrði unnin í sjálfboðavinnu. Þar með væri hreinlega verið að taka af viðkomandi listamönnum þau litlu laun sem þeir hafa þó fengið til þessa.

Framkvæmdastjórn leiklistaráðs telur því fyrirsjáanlegt að með einum eða öðrum hætti yrði virðisaukaskatturinn beinlínis tekinn af rekstrarfé leikhúsanna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir starfsemi þeirra og skorar því á ráðherra mennta- og fjármála sem og aðra alþm. að koma í veg fyrir þessa skattlagningu."

Ég held að þessi ályktun leiklistarráðs ríkisins sýni það ákaflega vel hvaða áhyggjur eru meðal þeirra sem bera ábyrgð á menningarstofnunum íslensku þjóðarinnar yfir áformum ríkisstjórnarinnar um að leggja virðisaukaskatt á menningarstarfsemi. Ég er sannfærður um að þessi ályktun framkvæmdastjórnar leiklistarráðs endurspeglar einnig viðhorf sem er að finna meðal forvígismanna hliðstæðrar menningarstarfsemi í landinu, hvort sem er um að ræða hljómleikahald, kvikmyndasýningar eða menningarstarfsemi af öðru tagi.

Það er þess vegna ekki þannig, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði hér áðan, að við sem tölum fyrir stjórnarandstöðuna í þessu máli værum í rauninni hræsnin uppmáluð, þekktum ekkert til þessara mála, skildum ekki forsendur þeirra og það þyddi lítið fyrir okkur að tala um þessi mál við hv. þm. Halldór Blöndal sem þekkti þessi mál jafn vel og raun bæri vitni um.

Mér þætti gott, hæstv. forseti, af því að umræðan er nú að lifna heldur og nóttin er ung, að fá í salinn hæstv. forsrh. Ég sé að hann er að sniglast í kringum salinn að tappa vonskunni af þingmönnum Sjálfstfl. og mér þætti vænt um ef hæstv. forsrh. vildi gera svo lítið að vera viðstaddur umræðuna. Ég ætla að ræða við hann um efnahagsmál, en það er málaflokkur sem heyrir undir hann og kemur óneitanlega við þessu máli. Og sömuleiðis hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. sem nú læðist inn um dyrnar að gá að bjórnum sínum ef ég þekki hann rétt, en það er mesta áhugamál þessa þingmanns og hefur verið í vetur og í rauninni í einu skiptin sem ég hef séð hann með verulegu lífsmarki í þinginu þegar hann hefur verið að rótast áfram með þetta bjórmál sæla, og ætla ég ekki að fara að taka upp orðaskak við hv. þm. Ég veit að hann hefur fengið nóg af því hér í Nd. þegar hv. þm. Sverrir Hermannsson var að spjalla við hann og ég ætla ekki að endurtaka þau ummæli.

En vænt þætti mér um ef hæstv. forsrh. yrði kvaddur til og ég sé að forseti hefur tilburði í þá átt.

Ég hef kynnt ályktun leiklistarráðs og ég endurtek að ég tel að hún sýni ákaflega vel þau sjónarmið sem uppi eru meðal forvígismanna menningarstofnana í okkar þjóðfélagi hvarvetna.

Ég vil þá víkja aðeins, herra forseti, að ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Hann spurði: Hvernig stendur á því að fulltrúar handverksmanna vilja taka upp virðisaukaskatt þegar þetta er svona ógnarlega þungt í bókhaldinu eins og við stjórnarandstæðingar viljum vera láta? Þá vil ég segja það fyrir mitt leyti og tala bara fyrir mig einan í því efni: Ég dreg mjög í efa að fulltrúar Landssambands iðnaðarmanna hafi verið að tala fyrir einyrkjahandverksmenn í þessu landi þegar þeir komu á fund fjh.- og viðskn. Ég dreg það fyllilega í efa líka að talsmenn Stéttarsambands bænda hafi verið að tala fyrir munn einyrkjabóndans þegar þeir lögðu blessun sína yfir frv. á fundi fjh.- og viðskn. Ég held að þessir menn séu komnir eins langt frá sínum umbjóðendum og ráðherrar Alþfl. eru komnir frá kjósendum sínum, svo ég vitni í orð Guðríðar Elíasdóttur, varaforseta Alþýðusambands Íslands, nýlega.

Ég fullyrði og það er mikið sagt: Þessir kontóristar hjá Landssambandi iðnaðarmanna eða Stéttarfélagi bænda eru ekki í neinum tengslum við einstaka bændur eða einyrkjahandverksmenn í þessu landi. Þeir eru það ekki. Þeir þekkja ekkert betur til þessara mála hjá einstökum bændum í landinu en bara hver annar þingmaður sem hefur á undanförnum árum eða áratugum kynnst högum bændastéttarinnar með einum eða öðrum hætti.

Þess vegna er það barnaskapur, að ég segi ekki einfeldni, herra forseti, af hv. 2. þm. Norðurl. e. að líta á kontóristana hjá Landssambandi iðnaðarmanna og þetta lið frá Stéttarsambandinu, sem kom á fundinn hjá okkur um daginn, sem eins og röddina úr þjóðardjúpunum, ym alþýðunnar. Drottinn minn dýri! Þessir menn geta kannski lesið sína pappíra og dálka í gegn, en að þeir átti sig á því hver eru tengslin við grunninn sjálfan, því fer svo víðs, víðs fjarri. Það er ofboðslegt til þess að hugsa þegar einstakir þingmenn eins og sá ágæti maður hv. þm. Halldór Blöndal eru farnir að bera þessa menn fyrir sig sem heimildir um það hver er vilji einstakra bænda eða einstakra handverksmanna í Landssambandi iðnaðarmanna.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom líka að því að það væri skrýtið hvað við í stjórnarandstöðunni hefðum mikið á móti bókhaldi. Við værum alveg sérstaklega andvíg bókhaldi og vildum helst koma í veg fyrir að menn héldu bókhald. Auðvitað er þetta eins og hver annar útúrsnúningur. Auðvitað er það þannig að við viljum að menn haldi bókhald. Auðvitað er það þannig að við viljum að menn standi skil á sínum fjármunum til opinberra aðila. En við höfum verið að reyna að segja við þetta skriffinnskuglaða lið stjórnarliðsins í þinginu: Það er óþarfi að framleiða með sérstökum lagabálkum fallgryfjur handa fólki með alls konar nýjum lagaákvæðum sem er erfitt fyrir fólk að ráða við. Það á að hafa lög og reglur einföld og gagnsæ. Það á að hafa skattalög þannig að fólk átti sig á því hvaða ákvæði felast í þeim. Það á ekki að vera að búa til flækjur að óþörfu. Það er það sem verið er að gera vegna þess að það er verið að apa upp eftir útlendingum, 25–30 milljón manna þjóðfélögum, kerfi sem passar ekki í þessu landi.

Það var beinlínis spaugilegt þegar hv. þm. Halldór Blöndal talaði þannig að þetta yrði væntanlega með þeim hætti að Búnaðarfélagið mundi framvegis gefa út þessar bækur fyrir bændur, þessar útskatts- og innskattsbækur, og menn mundu þá færa þetta rétt si svona um leið og rollubókina og gangmál búpenings. Ég held að menn þurfi að átta sig á því að þó að menn hafi reynslu af því að færa hjá sér rollubókina um aldir og hafi gert það vel og það sé oft óskaplega skemmtilegur „litteratúr" er hér verið að búa til flækjur handa mönnum í bókhaldi sem eiga ekkert skylt við það sem menn hafa kynnst í þeim efnum.

Hv. þm. Halldór Blöndal vék að þeirri gagnrýni sem upp hefur komið hjá okkur um að þetta væri kerfi sem ekki þyddi tekjujöfnun, þvert á móti, því að það væri verið að láta einstaklingana borga meira, fyrirtækin minna, eins og kemur fram í grg. frv. Hann minnti á að það hefði verið gerð tilraun til að greiða fólki láglaunabætur. Mér þykir vænt um að hann skyldi nefna þetta fyrirbrigði, þessar láglaunabætur. Það tókst mjög illa. Fyrst og fremst vegna þess að heimildirnar sem skattkerfið veitir eru ekki nægilega góðar. Ég hef enga trú á því að þetta virðisaukaskattskerfi breyti þar nokkru um, leysi þar nokkurn vanda, hvorki til að gera bókhald gleggra né til að jafna lífskjörin í landinu.

Er það t.d. þannig að svokölluð nótulaus viðskipti hafi verið minni á Norðurlöndum þar sem hefur verið virðisaukaskattur en á Íslandi þar sem hefur verið söluskattur? Svarið er nei. Samkvæmt skýrslu skattsvikanefndar, sem hér hefur verið vitnað til af öðrum mönnum en mér, kemur það í ljós á bls. 34 að tíðni svokallaðra nótulausra viðskipta á Norðurlöndum er meiri í Noregi, meiri í Svíþjóð og meiri í Danmörku en hér á landi. Þetta segir mér að kenningar ykkar um að virðisaukaskatturinn þurrki svo að segja upp skattsvikamöguleika eru reistar á sandi. Þær standast ekki. Staðreyndirnar í kringum okkur á Norðurlöndunum m.a. í þessari skattasvikaskýrslu, sem sumir eru stundum að vitna í sér til hægðarauka og snúa út úr, sýna fullum fetum að þetta virðisaukaskattskerfi ykkar, þetta kontóristakerfi sem þið eruð að búa til, leysir ekki neitt í þeim efnum. (**HBl:** Hef ég haldið því fram?) Hv. þm. hefur haldið því fram í löngum og ítarlegum ræðum að þetta kerfi mundi svo að segja leysa allan vanda og væri alveg einstakt þjóðþrifakerfi í öllum efnum. Gott ef þetta væri ekki sérstakt menningarmál ef eitthvað var.

Hv. þm. taldi að niðurstöður nefndarinnar varðandi að taka upp tíu mál í sumar og skoða þau nánar væri ekki til marks um að frv. væri illa unnið heldur

til marks um að menn vildu vanda málið og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að þetta væri forsenda þess að hún styddi frv. Þetta væri ekki veikleikamerki heldur styrkleikamerki. Þetta er afar fróðlegt og er kannski boð um nýja tíð á vegum stjórnarflokkanna, að þeir ætli að samþykkja frv. hvert á fætur öðru og skoða þau svo í sumar. Það er kannski þess vegna sem verið er að reka þingið heim núna, að þingið má ekki skoða málin heldur þessar embættismannanefndir, kontóristanefndir úr fjmrn., svo að þær hafi fimm mánuði til að skoða þetta. Það á að henda þinginu heim, kasta því héðan út til þess að þetta lið hafi tíma til að skoða þessa pappíra sína í sumar. Þetta er kostulegt, þetta er útúrsnúningur og þetta er veikleikamerki. Þetta sýnir að þið gátuð ekki komið málinu í gegn og þess vegna var reynt að búa til sitt lítið fyrir hvern, smávegis um menninguna fyrir Halldór hv. þm., smávegis um tímaritin fyrir Eykon hv. þm., smávegis um sjávarútveginn fyrir Guðmund H. Garðarsson hv. þm., smávegis um landbúnaðinn fyrir Valgerði Sverrisdóttur hv. þm. og þannig koll af kolli. Þannig var það. Búnar voru til litlar dúsur svo að þeir rétti upp hendina sína hér eins og maskínur á eftir til að styðja stjórnina, þægir og góðir og segðu svo já í nafnaköllunum og amen á eftir.

Eina röddin sem hefur heyrst í kvöld eða nótt sem er einhver vottur af glætu í hjá stjórnarliðinu er Guðmundur H. Garðarsson, 14. þm. Reykv. Hann sagðist ekki vera altekinn af skattagleði eins og aðrir þm. Sjálfstfl. Hann flutti sérstaka brtt. þar sem hann vildi breyta 12. gr. frv. um virðisaukaskatt. Ég tel það út af fyrir sig ágæta brtt. og vil taka fram fyrir mitt leyti að eins og fram kemur í áliti minni hl. fjh.- og viðskn. var það ætlun okkar að flytja brtt. við 3. umr. ef svo færi að frv. kæmist í gegnum 2. umr. sem margt bendir reyndar til, að það sleppi í gegn þrátt fyrir að það er bersýnileg ókyrrð í stjórnarliðinu þessar mínúturnar.

Mér þótti líka mjög athyglisvert, sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að hann sagðist vilja hafa fleiri þrep í virðisaukaskattinum. Ja, það er nú kominn tími til að þetta komi fram verð ég að segja. Það er komið fram yfir elleftu stundu á klukkunni, en það er enn þá hægt að breyta frv. Spurningin er sú: Eru kannski fleiri þingmenn Sjálfstfl. sem bærist með þrá eftir að hafa einu sinni sjálfstæða skoðun? Gæti það kannski verið að það kæmu fleiri sem allt í einu springa undan fargi flokksvaldsins og vilja vera sjálfstæðir menn, eins og nafn flokksins bendir til, þegar komin er nótt? Það er spurning. Það væri kannski ástæða til þess, herra forseti, að fresta fundi og kanna hvort hér er orðinn til nýr meiri hluti, hvort kratagengið er allt í einu hætt að ráða. Getur það kannski verið að þetta sé vanheilagt bandalag hæstv. fjmrh., kratanna og hv. þm. Halldórs Blöndals og aðrir séu þar ekki með þennan vikivaka? Það skyldi þó ekki vera að það bærðist með einum og einum stjórnarliða snertur af sjálfstæði í augnakrókunum utan til. Það sést ekki mikið af því, ég viðurkenni það, en það gæti verið og lengi er von á einum, herra forseti.

Ég ætlaði þessu næst að víkja að því sem ég fór hér aðeins yfir fyrr í kvöld í þessari umræðu varðandi það að það hefði verið mikið eðlilegra ef við hefðum verið að fjalla um afkomu atvinnuveganna og efnahagslífið í landinu. Það hefði verið mikið eðlilegra en að vera að bjarga í gegn 20. skattafrv. fyrir ríkisstjórnina í vetur, sérstaklega þegar þess er gætt að núna í dag er gefin út skýrsla frá Þjóðhagsstofnun, greinargerð um stöðu og horfur í atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins. Það er skýrsla sem fjölmiðlarnir fá og hv. 4. þm. Vesturl. útvegaði einhvers staðar og ég fékk ljósritaða hjá honum og ég geri ráð fyrir að fleiri þingmenn gætu fengið. (**StG:** Það er ekki víst.) Jafnvel hv. þm. Stefán Guðmundsson gæti fengið plaggið. Hann hefði gaman af því að lesa það.

Þar eru upplýsingar um stöðu sjávarútvegsins og atvinnugreinanna í landinu, iðnaðar og landbúnaðar. Þar segir m.a., með leyfi forseta: „Áætlanir í apríllok sýna að afkoma sjávarútvegsins hefur versnað verulega að undanförnu og er frysting nú talin vera rekin með rúmlega 10% halla, saltfiskverkun með tæplega 3% hagnaði, en vinnslan í heild með nálægt 6% halla. Afkoma í botnfiskveiðum er hins vegar betri, hallinn er áætlaður tæplega 2%.

Þessar tölur sýna mikil umskipti til hins verra í sjávarútvegi. Að baki þessum umskiptum liggur einkum þrennt: mikil hækkun innlends kostnaðar, verðlækkun á botnfiskafurðum erlendis og samdráttur afla. Miðað við síðustu spár um verðlags- og launabreytingar það sem eftir er ársins, óbreytt gengi krónunnar og markaðsverð á botnfiskafurðum eins og það er núna mun halli botnfiskveiða og vinnslu halda áfram að versna á árinu."

Ætli það hefði ekki verið nær, herra forseti, að þessi virðulega deild hefði tekið eins og einn næturfund í það að ræða um ráðstafanir til að treysta stöðu atvinnuveganna sem er undirstaðan undir öllu því sem við gerum í þessu landi, líka þessum virðisaukaskatti ef hann verður einhvern tímann lagður á? Ætli það hefði ekki verið eðlilegra og heilbrigðara að stjórnarliðið hefði verið að reyna að koma áleiðis tillögum um ráðstafanir vegna atvinnuveganna frekar en frv. um að fjölga opinberum starfsmönnum um 100 til að rukka inn virðisaukaskatt? (**SkA:** Er forsrh. ekki fundinn enn þá?) Hann hefur nú oft verið týndur í vetur, hv. þm., þannig að það kemur kannski engum á óvart þó að hann finnist ekki núna frekar en venjulega. En ég frétti af því að hæstv. forseti ætlaði að kanna hvort ráðherrann væri hér og ég var búinn að segja að ég mundi gleðjast ósegjanlega yfir því að fá hann í salinn, en ég geri enga kröfu um að hann verði vakinn til þess að koma hingað að hlýða á mál mitt.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að draga þessar andstæður fram á meðan ástandið er eins og það er á landsbyggðinni, ástandið í undirstöðuatvinnugreinunum eins og það er, sjávarútvegi

og landbúnaði, og iðnfyrirtækin fara á hausinn hvert á fætur öðru, meðan ástandið er þannig, meðan Róm brennur eins og hæstv. utanrrh. kallar það er verið að ræða um eitt skattaplaggið í viðbót. (**HBl:** Er hann ekki farinn til Rómar?) Hann gæti verið farinn til Rómar, hæstv. utanrrh. Kannski ætlar hann að hitta þar einhverja á hótelherbergi til að ræða við þá um virðisaukaskatt, hver veit. Og allt um það. Það væri fróðlegt að sjá hvaða úrræði það eru sem þið hafið í sambandi við þennan vanda atvinnuveganna. (**GHG:** Það kemur.) Það kemur. En hvenær? Það er nefnilega verið að senda þingið heim. Það er verið að senda þingið heim til þess að þið getið læðupokast með þær ráðstafanir sem þið viljið gera. (**HBl:** Gömlu íhaldsúrræðin.) Það eru gömlu íhaldsúrræðin sem á að grípa til, gengislækkunin og þess háttar sem hv. þm. Eiður Guðnason var að kalla á sérstaklega í gærkvöld.

Þetta eru hlutir sem hljóta í rauninni að skelfa þjóðina og sérstaklega fólkið sem býr á landsbyggðinni. Hvað fréttir það héðan af þessari virðulegu stofnun? Fréttir það það að hér sé verið að taka á vanda sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar? Hvað fréttir það héðan? Virðisaukaskattur og bjór. Það er boðskapurinn að menn fái að taka á sig virðisaukaskatt og drekka bjór með. Það er boðskapurinn á þessum alvörutímum sem er eins og blaut tuska framan í þetta fólk frá þessari virðulegu stofnun sem heitir Alþingi Íslendinga.

Þessu mótmælum við og höfum gert með málflutningi okkar hér og við höfum tekið eftir því að þingmenn stjórnarflokkanna eru ekki allt of ánægðir með þessa pappíra hér og með þessi vinnubrögð. Það kemur enn í ljós sem áður hefur verið sagt: Hér er á ferðinni ríkisstjórn Alþfl. undir forustu Sjálfstfl. og með hlutleysi Framsfl.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGísl, SalÞ, StG, VS, ÞK, EgJ, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KSG.

nei: MF, SkA, SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS.

1 þm. (EKJ) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem gerir ráð fyrir framlengingu matarskattsins, aukinni skattlagningu á íslenska menningarstarfsemi, stóraukinni skriffinnsku hjá hinu opinbera við innheimtu á sköttum, kerfi sem mun íþyngja verulega smærri atvinnufyrirtækjum í landinu og einyrkja atvinnurekendum. Hér er um að ræða kerfi sem er ranglátt og mun ekki skila betri skattheimtu fyrir ríkið. Af þeim ástæðum segi ég nei, herra forseti.

Brtt. 1006,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

3.–11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 1006,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

13.–15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 1006,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

17.–40. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 1006,4 samþ. með 12 shlj. atkv.

41. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

42.–46. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 1006,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

47. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1006,6 (ný 48. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákv. til brb. I samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1006,7 samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákv. til brb. III samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1006,8 (nýtt ákv. til brb., IV) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 692, n. 977, brtt. 976.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 977 um frv. til l. um breytingu á umferðarlögunum, en það er svohljóðandi frá meiri hl. allshn.:

„Nefndin hefur athugað frv. og kallaði á fund sinn Björn Friðfinnsson, aðstoðarmann dómsmrh., Hauk Ingibergsson, framkvæmdastjóra Bifreiðaeftirlits ríkisins, Guðna Karlsson, forstöðumann Bifreiðaeftirlits ríkisins, Ágúst Jónsson verkfræðing, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandi Íslands, Jón Sigurðsson og Sigurbjörn Bjarnason frá Félagi bifreiðaeftirlitsmanna.

Umsagnir bárust frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og Félagi ráðandi bifreiðaeftirlitsmanna.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.“ — Og undir þetta rita Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Ágústsson, með fyrirvara, Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir og Salome Þorkelsdóttir.

Sú brtt. sem flutt er við frv. er á þskj. 976 og er eins og þar kemur fram breyting á 1. málsl. 3. gr., að í framhaldi af því sem þar segir að „fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1.

mgr.," komi: enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Það byggist á því álit okkar að landinu er nú skipt í kjördæmi og ýmiss konar þjónustustarfsemi og þjónustumiðstöðvar hafa myndast í kringum það sjónarmið.

Í þessu frv. eru fyrst og fremst þrjú atriði sem eru meginatriði fyrir utan smáleiðréttingu, í fyrsta lagi, sem er í 1. gr. og ég ætla ekki að hafa langt mál um.

Í öðru lagi er tekið upp hið svokallaða fastnúmerakerfi sem oft hefur verið rætt í þingsölum og stundum hefur náð nánast að komast í gegn en aldrei alveg. Er það gert með hliðsjón af því að talið er að að því verði verulegur sparnaður. Nefndar hafa verið mjög háar tölur í því sambandi. Í nefnd þeirri sem undirbjó frv. kemur fram að þar gæti sparnaður orðið kannski um eða yfir 100 millj. kr., en látum á milli hluta liggja hvað upphæðin er mikil í sjálfu sér, hún er umtalsverð. Enn fremur telur Bifreiðaeftirlit ríkisins að þetta geti þýtt fækkun starfsmanna um 15 stöðugildi. Það er og ljóst að um verulegan sparnað verður að ræða hjá tryggingafélögunum og einnig hjá bæjarfógetum og einfaldar allt starf og gerir léttara að gera það tölvutækt og senda upplýsingar á milli tölvumiðstöðva.

Ég tel mig ekki þurfa mörg orð til að skýra þetta. Þetta er margrætt. Það er þó tekið upp núna að það er gert ráð fyrir því að mönnum leyfist að halda sínu gamla númeri meðan bíllinn sem þeir eiga núna er ökufær eða er áfram í eigu þess aðila sem á hann þegar lögin taka gildi og er til athugunar jafnframt að heimila mönnum að kaupa ákveðin númer sem menn geta þá haft í stað þessa fastnúmerakerfis. En það skal tekið fram, eins og öllum er kunnugt, að fastnúmerakerfið hefur verið við lýði í nokkur ár og menn hafa getað séð hvaða fastnúmer þeir hafa á sínum bíl í skoðunarvottorðum sem allir hafa í sínum bíl.

Þá er í frv. gefin heimild til ríkisstjórnarinnar eða ráðherra að fela hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit. Ég held að það sé ljóst að hér hefur verið mikil þörf úrbóta í skoðun ökutækja og þekkjum við það allir, sem hafa átt bíla og þurft að sækja til Bifreiðaeftirlitsins, að þar hefur aðstaða til ýmissar skoðunar og nauðsynlegrar á ökutækjum ekki verið fyrir hendi. Það hefur þótt fýsilegt að mati þeirra manna sem undirbjuggu þetta frv., og ég held að við í meiri hl. allshn. tökum undir það, að það sé ástæða til að fá fleiri aðila inn í þetta verkefni. Hafa þar verið nefnd tryggingafélögin, það hefur verið nefnt Félag ísl. bifreiðaeigenda, Félag ísl. bifreiðavirkja, Bílgreinasambandið og reyndar fleiri. Ég held að það sé út af fyrir sig gott að fá slíka aðila inn. Menn nefna ýmis rök því til hagsbóta að fela slíku hlutafélagi að annast þetta. Menn telja að kostirnir við hlutafélagið geti í fyrsta lagi verið bein tengsl við neytandann, hann borgar fyrir það sem hann fær en þeir sem ekki fá þjónustu fyrirtækisins borga ekkert. Rekstur yrði allur mun auðveldari, sveigjanlegri og hagkvæmari, m.a. vegna breytts launakerfis, og því mundu fjármunir nýtast betur. Fyrirtækið yrði væntanlega „meira þjónustusinnað" en ríkisstofnun og minni hætta á stöðnun t.d. í skoðunartækni og hagsmunaaðilar hefðu bein áhrif á rekstur fyrirtækisins í gegnum eignaraðila.

Þeir sem hafa mælt gegn þessu fyrirkomulagi og vilja heldur að ríkissjóður eigi þetta áfram og reki eins og Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur verið telja hættu á því að bifreiðaeigendur hafi ekki trú á fyrirtækinu sem hlutlausum aðila og jafnframt að fyrirtækið sem yrði notkunaraðili, líklega með bundinni arðsemi eiginfjár, eigi það þannig að gallar einokunarfyrirtækja mundu að einhverju leyti koma fram í rekstri þess. Því mundi það vera kostur fyrir bifreiðaeigendur að líta á þetta sem ríkisstofnun en aðeins að stofna þetta hlutafélag.

Ég held hins vegar að til þess að fá nýtt blóð inn í þetta, ef ég má orða það svo, nýrri og ferskari umræðu um þessi skoðunarmál væri heppileg aðferð að stokka hlutina upp og stofna hlutafélag. Ég hygg jafnframt að það yrði léttara að reisa þessar skoðunarstöðvar með hlutafé og eigin fé þessa fyrirtækis með tilvísun til þeirrar reynslu sem hefur verið af því að fá fjármagn til að byggja yfir Bifreiðaeftirlit ríkisins á fjárlögum sem ég hygg að verði áfram jafnerfitt og það hefur verið.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði. Þetta skýrir sig að verulegu leyti sjálft og menn hafa sjálfsagt lesið sér líka til í nál.

Í þriðja lagi er í frv. heimild handa sveitarstjórnum að annast framkvæmd ákvæða um sektir og reyndar refsingar við því ef bílar eru stöðvaðir á röngum stöðum og innheimta þau gjöld sem af því leiðir og fjarlægja þá með sérstökum aðgerðum ef á þarf að halda. Þessi heimild til sveitarstjórna, ef þær óska eftir, er komin inn að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur.

Hæstv. forseti. Ég held að á þessum tíma sólarhrings sé ekki ástæða til að fjölyrða mikið um þetta. Þeir aðilar sem til okkar hafa komið hafa haft verulega skiptar skoðanir um þetta. Meiri hluti þeirra sem við höfum rætt við telur þó að þetta sé til bóta. Í fyrsta lagi megi reikna út hagnað af fastnúmerakerfinu. Ég held að það fari ekkert á milli mála þrátt fyrir áhuga ýmissa á því að halda sínum númerum, að það sé sparnaðaratriði og einföldunaratriði og létti allt eftirlit með ökutækjum að fast númer sé á þeim.

Um skoðunina held ég að fleiri séu þeirrar skoðunar að það sé mikill kostur að taka inn ferskan anda í bifreiðaeftirlitið og reyna að stokka þá hluti upp því að ljóst er að bifreiðaskoðun hefur verið hér á eftir miðað við það sem er erlendis, en þar eru á mörgum stöðum komin upp sjálfstæð fyrirtæki sem reka skoðunarstöðvar fyrir eigin reikning og kanna ýmsa aðra hluti jafnframt til tekjuauka.

Ég ætla að láta þetta duga við 2. umr. ef ekkert sérstakt kemur fram og lýsi því aftur yfir að meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem við flytjum á sérstöku þskj.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég fór fram á það á fundi fyrr í dag að fá að rifja upp þetta mál. Ég hef verið önnum kafinn við virðisaukaskattsfrv. nú um hríð og ég vissi ekki betur en samkomulag hefði tekist um að við afgreiddum virðisaukaskattinn á þessum næturfundi. Ég held að það sé rétt að hafa þann háttinn á að taka þessi mál út af dagskrá og taka síðan virðisaukaskattinn til 3. umr. Mér líst ekki á það ef hugmyndin er sú að halda þessari löngu dagskrá áfram og byrja á því máli sem umdeildast er. Þvert á móti vek ég athygli hæstv. forseta á því að stjórnarandstaðan hefur verið mjög samvinnuþýð í sambandi við umræður um virðisaukaskattinn þannig að ég hygg að fá dæmi séu um í þingsögunni og ég held að það sé ástæða til að virða það og taka þessi mál af dagskrá og drífa sig í 3. umr. um virðisaukaskattinn og leyfa síðan þingmönnum að fara heim og hvílast. Fyrsti fundur í fyrramálið er hálfníu, starfsfólk þarf líka að ganga til hvílu og ástæðulaust að vera yfir smámálum fram á nótt því nægur tími er á morgun til að fjalla um þau.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Ég vek athygli á því að það er orðið afar þröngt um þingmál og þetta mál er eitt af þeim málum sem ráðherra hefur skipað í forgangshóp mála sinna. Ég tel býsna nauðsynlegt að afgreiða þetta til Nd. því að Nd. er svo til verkefnalaus.

Halldór Blöndal:
Herra forseti. Ég meinti það sem ég sagði. Þetta mál er mjög umdeilt, hefur verið það í mörg ár hér á þinginu. Þingmenn hafa nú unnið vel að þingmálum og ég ítreka að það á að meta það þegar menn hafa staðið vel og málefnalega að málum. Það er alger misskilningur hjá hæstv. forseta ef hann heldur að það mál sem hann ber fyrir brjósti nú taki lengri tíma í Ed. á morgun en virðisaukaskatturinn í Nd. og algerlega út í hött að halda það. Ef svo er að þessi mál, sem hæstv. forseti ber svo fyrir brjósti, eru eins tímafrek og hann virðist halda, að það taki okkur lengri tíma á morgun að afgreiða þau en Nd. virðisaukaskattinn, getum við farið að kalla þetta næturfund því þá sé ég ekki annað en að það verði samfelldir fundir í deildinni.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Það hefur verið óskað eftir frestun á fundi í tíu mínútur, geta menn sæst á það, til þess að skoða málin? Ég mun því fresta fundi nú þar til kl. hálftvö.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Ábúðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1021.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

EFRI DEILD

89. fundur, fimmtudaginn 5. maí, kl. 1.30 árdegis.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 1038, brtt. 1039, 1040, 1041, 1042.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Júlíus Sólnes:
Virðulegi forseti. Ég tel mér skylt að mæla fyrir þeim brtt. sem við þingmenn Borgarafl. í Ed. höfum lagt fram við frv. til laga um virðisaukaskatt.

Eins og kom fram í málflutningi okkar við 2. umr. lýstum við því að við teldum besta kostinn að fella frv., en í ljósi þeirrar staðreyndar að það voru allar líkur á því, eins og raunin varð, að frv. yrði samþykkt við 2. umr. boðuðum við ýmsar brtt. Við teljum að með þeim till. sem við leggjum fram á þskj. 1040 sé hægt að sníða af marga slæma agnúa á frv. Skal ég nú gera frekari grein fyrir till. okkar.

Við 2. gr., en þar er fjallað um skattskyldusviðið, höfum við talið rétt að orða nákvæmar og betur

nokkra töluliði. M.a. sýnist okkur að í 3. tölulið komi það ekki nægilega skýrt fram, og kann vel að vera að það sé heldur ekki ætlan stjórnarliða, um t.d. námskeiðshald og starfsemi sérskóla. Það má nefna málaskóla ýmiss konar, kvöldskóla eins og Námsflokka Reykjavíkur svo dæmi séu tekin. Við teljum eðlilegt að slíkar stofnanir beri ekki virðisaukaskatt, en það kemur ekki skýrt fram í frv. eins og það liggur hér fyrir.

Í 4. tölulið, um rekstur safna og bókasafna, finnst okkur eðlilegt að byrja á því að tala um að menningarstarfsemi sé undanþegin virðisaukaskatti og síðan verði talið upp frekar hvað við sé átt og e.t.v. í sama lið, ef ástæða þykir, að telja það sem ekki á að vera undanþegið skattskyldunni. En við höfum talið eðlilegt að tilgreina þarna menningarstarfsemi.

Í 8. tölulið höfum við fylgt þeirri brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. lagði til, en okkur þykir nauðsynlegt að tilgreina að útleiga á félagsheimilum verði einnig undanþegin virðisaukaskatti.

Í sambandi við 12. tölulið finnst okkur orðalagið vera ansi einkennilegt að tilgreina þar einungis rithöfunda og tónskáld. Það eru svo sannarlega fleiri listamenn til en bara rithöfundar og tónskáld. Hvað með málara og myndhöggvara? Nær væri að orða þetta með þeim hætti sem við leggjum til: „Vinna listamanna af menningarlegum toga svo og sýning og sala hugverka þeirra.“ Við höfum ekki frekari athugasemdir fram að færa né brtt. við 2. gr. laganna.

Þá komum við að 4. gr. laganna. En þar eru ákvæði um hverjir skuli undanþegnir skattskyldu. Þar segir í 3. tölulið: „Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 100 000 kr. á ári.“ Ég held að þetta sé mjög nauðsynlegt ákvæði vegna þess að svo háttar í íslensku atvinnulífi að laun fyrir átta stunda vinnudag eru mun lægri en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þetta leiðir til þess að allir sem vettlingi geta valdið reyna að afla sér einhvers konar aukatekna. Þeir sem koma því við reyna að selja þjónustu sína þeim sem hana vilja kaupa. Því er mjög algengt að launamenn í fastri vinnu reyni með einhverju móti að skapa sér viðbótartekjur með því að selja ef þeir hafa yfir einhverju að búa sem er söluhæft.

Mig langar til að taka einfalt dæmi: Kennarar t.d. við heimspekideild Háskóla Íslands hafa fengist töluvert við það að fara yfir íslenskutexta á alls konar bæklingum og skýrslum og jafnvel á bókum, laga málfar og þess háttar og hafa fyrir þetta nokkrar aukatekjur. Þetta getur hæglega numið þar hundrað þúsund kr. á ári. Svo er um fjölmarga í þjóðfélaginu. Ég held því að það væri ástæða til að koma eilítið á móts við þá fjölmörgu sem notfæra sér þetta eða reyna að afla sér aukatekna með þessum hætti og hafa þetta a.m.k. 300 þús. kr. á ári. Það er ekki mikið í lagt, finnst okkur.

Það kom fram í umræðum í nefndinni, það var upplýst af þeim embættismönnum sem þar sátu og skýrðu út fyrir okkur það sem vekti fyrir með ýmsum ákvæðum þessum, að t.d. hjá Svíum er gert ráð fyrir að þessi upphæð sé 33 þús. kr. sænskar á ári að mig minnir. Ég þykist viss um að það sé enn meira um slík aukastörf á Íslandi en á nokkru hinna Norðurlandanna og það sé viðeigandi að þessi upphæð sé a.m.k. 300 þús. kr.

Síðan kemur ný grein, sem við leggjum til að verði 5. gr., svohljóðandi: „Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4 millj. kr. á ári skulu með skattframtali sínu skila rekstraryfirliti sem sýnir innskatt og útskatt vegna starfseminnar á árinu. Skulu þeir greiða með öðrum álögðum opinberum gjöldum sínum þann mismun á útskatti og innskatti sem rekstraryfirlitið sýnir. Aðilar sem falla undir ákvæði 1. mgr. skulu við upphaf árs gera viðkomandi skattstjóra grein fyrir áætlaðri veltu ársins. Skattstjóra er heimilt að krefjast þess að viðkomandi aðili gerist virðisaukaskattsskyldur að fullu ef sýnt þykir að veltan fari upp fyrir tiltekin mörk.“

Hér erum við að reyna að koma til móts við þann mikla fjölda einyrkja og smáfyrirtækja, þar sem er vitað að veltan er ekki meiri en þetta 2, 3, 4 milljónir, og fría þá við þá kvöð að fara inn í þetta flókna virðisaukaskattskerfi. Gefa þeim heldur kost á að skila virðisaukaskattinum að ári liðnu eftir að starfsemin hefur verið gerð upp þannig að að lokum skila þeir sama virðisaukaskatti í ríkissjóð og hinir, en þeir fá að gera þetta með öðrum hætti, með miklu einfaldari hætti. Ég held að þetta sé tiltölulega einfalt í framkvæmd og auðvelt að koma þessu við. Þetta mundi einfalda málið mjög fyrir stórum hópi sjálfstæðra atvinnurekenda, t.d. einyrkjanna. Við skulum taka sem dæmi trillukarlana og marga, marga fleiri sem hafa ekki miklu meiri veltu af sinni atvinnustarfsemi en nægir þeim einum til lífsframfæris. Þetta mundi auðvelda þessum aðilum mjög og losa þá við þetta flókna virðisaukaskattsuppgjör að öðru leyti.

Þá er brtt. við 12. gr., en þar segir í frv. í 5. tölul.: „Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður, sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.“

Við teljum að hér sé óeðlilega að staðið. Við erum að reyna að gera Ísland að ferðamannalandi, laða til okkar erlenda ferðamenn m.a. Mér sýnist þetta vera andstætt þeirri stefnu vegna þess að þarna er verið að amast við t.d. erlendum skemmtibátum og erlendum einkaloftförum, sem hingað kynnu að vilja koma, gera þeim að borga fullan virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem þeir þyrftu á að halda með viðkomu sinni hér, t.d. eldsneyti og vistir. Þetta yrði eflaust til þess að slíkir aðilar mundu ekki kæra sig um að koma hingað aftur. Ég vek t.d. athygli á því að það hefur verið mjög algengt til margra ára að Ísland hefur verið millilendingarhöfn fyrir ferjuflutninga á einkaflugvélum milli Evrópu og Bandaríkjanna. Flugmenn hafa komið hingað og líkað vel

og fengið hér góða þjónustu. Ég er á því að þessir flugmenn mundu fljótir að flytja sig eitthvað annað, t.d. nota Grænland heldur sem millihöfn eða jafnvel Færeyjar ef þeir yrðu varir við að þeim væri gert að greiða hér mikinn virðisaukaskatt af eldsneyti og öðrum vistum sem þeir mundu vilja taka hér. Það er að vísu ekki mjög algengt að hingað villist skemmtisnekkjur milljónamæringa, en ég held að við ættum ekki fyrir fram að búa þannig um hnútana að þeir væru óvelkomnir hingað af þessum sömu orsökum. Því leggjum við til að 5. tölul. verði orðaður svona: „Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta, m.a. viðhalds- og viðgerðarþjónusta, sem veitt er slíkum förum" þannig að það fari ekki á milli mála að þessir aðilar, bæði skemmtisnekkjur, einkaloftför og erlendir fiskibátar sem hingað koma fái þessa þjónustu og vistir án virðisaukaskatts.

Við 9. tölul. teljum við rétt að betrumbæta tillögu meiri hl., en þar var ákveðið að afnotagjöld útvarpsstöðva yrðu án virðisaukaskatts. Ég vil taka undir það, sem kom fram í máli nokkurra hv. ræðumanna við 2. umr., að ég sé nú út af fyrir sig ekki þörf fyrir það að láta afnotagjöld útvarpsstöðva vera virðisaukaskattslaus meðan aðgöngumiðar að ýmiss konar menningarstarfsemi, konsertum og þess háttar er með fullum virðisaukaskatti. Þykir mér það afar einkennilegt. En þar sem ég geri ráð fyrir að þetta verði samþykkt, þar sem meiri hl. hefur ákveðið að leggja fram og raunar fengið samþykkta slíka brtt., tel ég rétt að minna á að það eru líka afnotagjöld loftnetsdreifikerfa sem starfa með sama hætti og útvarpsstöðvar og er rétt að taka það með svo að ekki sé um mismunun þar að ræða.

Þá er kannski veigamesta breytingin við 14. gr. Það er í frv. ákaflega saklaus setning sem hljóðar svo: „Virðisaukaskattur skal vera 22% og rennur í ríkissjóð." Hér greinir okkur á við þá stjórnarliða sem mynda meiri hluta hér í hv. þingdeild og vilja leggja sama skattþrep á allar vörur. Við höfum barist hart gegn því á þessu þingi að skattlagning sé á matvælum. Ég hef oft lýst því þannig að það er hneisa að skattleggja matvörur eins og ákveðið hefur verið með þeirri breytingu sem varð á söluskattinum um síðustu áramót. Fyrir því má færa ýmis rök.

Í fyrsta lagi er enginn vafi á því að matvara er líklega orðin dýrari á Íslandi en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Ég hef orðið þess aðnjótandi að ferðast mjög víða um heimsbyggðina. Ég hef hvergi komið í land þar sem matvara er eins dýr og á Íslandi, hvergi. Ég held að þetta sé alveg einsdæmi í heiminum, við erum þar alveg sér á báti með dýrari matvöru en nokkurs staðar annars staðar í heiminum. Þess vegna er alveg fráleitt að vera þar fyrir utan með einhverja hæstu skattprósentu á matvæli sem nokkurs staðar tíðkast.

Við getum gert okkur augljósa grein fyrir því að landbúnaður á Íslandi hlýtur alltaf að eiga erfitt uppdráttar. Bæði er það að við búum hér svo norðarlega að skilyrði til landbúnaðar eru ekki eins góð og t.d. í nágrannalöndunum þar sem veðurfar og önnur skilyrði eru hagstæðari. Markaðurinn er lítill, búin verða fyrir vikið lítil þannig að landbúnaðarvörur hljóta alltaf að vera dýrari á Íslandi en annars staðar. Við það verðum við að sætta okkur. Þess vegna er að sjálfsögðu algerlega fráleitt að leggja háan skatt ofan á íslenskar landbúnaðarafurðir. Það gengur einfaldlega ekki. Það er ekki líft í landinu ef það heldur áfram að matvara hér verði skattlögð með þeim hætti sem stjórnarliðarnir leggja til. Þess vegna höfum við lagt til að þessi grein verði orðuð á annan hátt. Hún hljóði svo:

„Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal nota við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt skv. lögum þessum skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærra en 22%."

Fyrir utan að leggja hér til að það séu notuð tvö þrep í virðisaukaskattskerfinu, lægra þrep fyrir matvæli og helstu nauðsynjavörur heimilanna, vil ég vekja athygli á að við leggjum til að skattþrepin verði ákveðin í fjárlögum ár hvert. Það er engin nauðsyn að binda svona hátt skattþrep í lögunum þannig að það skuli alltaf leggja á 22% virðisaukaskatt hverju sinni sem hann skilar í ríkissjóð. Það getur vel farið svo að virðisaukaskatturinn skili ótöldum milljörðum meira í ríkissjóð en embættismennirnir hafa reiknað með og ég sé enga ástæðu til að binda það. Ég held að við eigum miklu frekar að reyna að lækka virðisaukaskattinn eins og framast er unnt strax og einhver reynsla er komin á hverju hann skilar í kassann.

Þá langar mig til að vekja athygli á einfaldri brtt. sem við höfum lagt til við 20. gr. laganna, en þar eru þessi margumtöluðu reikningseyðublöð sem skulu vera tölusett fyrir fram í samfelldri töluröð. Þar er kerfismennskan alveg augljós og þarna er henni vel lýst, þessi hrikalega árátta að keyra allt inn í samansúrrað kerfi, vantreysta öllum og reyna að þvinga alla inn í eitthvert ógnarskrifræðiskerfi, drepa niður alla sjálfstæða hugsun hjá einstaklingnum. Við leggjum til að orðin „fyrir fram" verði strikuð út þannig að fyrirtækjunum sé einfaldlega treyst fyrir því að prenta númerin sjálf á þessi eyðublöð sem þau nota til þess að færa reikningshaldið með. Ég held að það sé kominn tími til að hæstv. fjmrh. eða embættismenn hans fari að treysta almenningi í þessu landi en ekki ganga út frá því sem gefnu að allir þeir sem reka fyrirtæki á Íslandi séu glæpamenn þangað til annað er sannað.

Síðan er brtt. við 34. gr., en þar teljum við sjálfsagt að allir innflytjendur fái greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti með svipuð-

um hætti og talað hefur verið um að veitt verði svokölluð tollkrít. Við teljum eðlilegt að það sama gildi um virðisaukaskattinn. Það á ekki að vera með mismunun þannig að fyrirtækin þurfi að vera ógnarstór til að fá þessa heimild heldur á þetta að gilda almennt um innflutning. Annars verður það, sem m.a. Félag ísl. stórkaupmanna og fulltrúar þeirra hafa varað við, að vöruverðið í landinu hlýtur að hækka stórlega ef versluninni verður gert að staðgreiða virðisaukaskattinn við innflutning og þurfa síðan að fjármagna þá upphæð þangað til varan selst. Þær heimildir til greiðslufrests sem getið er um í lögunum ganga of skammt að okkar mati. Því leggjum við til að þetta verði orðað svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má fjmrh. veita greiðslufrest á virðisaukaskatti á innfluttum vörum við tollafgreiðslu, enda setji innflytjandi fullnægjandi tryggingar."

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði. Stjórnarmeirihlutinn, þingmennirnir, í hv. Ed. lét hafa sig út í það að samþykkja þetta frv. við 2. umr. og því finnst mér bæði rétt og eðlilegt að ég kynni þær brtt. sem ég hafði boðað að við mundum flytja í deildinni, kvennalistakonur. Þetta er smátilraun til að reyna að lappa upp á þetta ógæfulega ólukkufrv. sem nú virðist sigla næturbyri í gegnum þessa deild. Eins og ég sagði eru þetta brtt. sem fyrst og fremst varða matvæli og menningu. Við höfum leyft okkur, en Danfríður Skarphéðinsdóttir er meðflm. minn að þessari brtt., í fyrsta lagi að gera brtt. við 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. sem orðist svo:

„Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti." Þetta er meginefni.

Í öðru lagi höfum við gert nokkrar breytingar af mörgum sem við hefðum viljað gera. Við völdum þó þessar sem mjög veigamiklar án þess þó að aðrar hefðu ekki einnig verið mikilvægar. Það er þá við 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. sem orðist svo:

„Menningarstarfsemi, m.a. rekstur safna og bókasafna, tónleikahald, óperu- og leiksýningar, svo og gerð og sýningar íslenskra kvikmynda."

Í þriðja lagi: „Á eftir 12. tölul. 3. mgr. 2. gr. komi nýr tölul., 13. tölul., sem orðist svo: Útgáfa bóka á íslensku."

Þessir tveir þættir menningarstarfsemi, sem ég hef nú tilgreint, viljum við að séu undanþegnir virðisaukaskatti og það er fyrst og fremst af þeim ástæðum sem ég hef ítrekað rætt um þetta mál bæði við 1. og 2. umr. hér í deildinni. Við teljum það vera meginefni til að við megum viðhalda sjálfstæði þessarar þjóðar að hér þróist öflugt og blómstrandi menningarlíf og við teljum okkur bera gæfu til að skilja það, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., að til þess að svo megi verða verður að styðja við alla menningarviðleitni sem hér fer fram. Óðruvísi þrífst ekki nema lítill hluti hennar og við þurfum á öllu okkar að halda í þessum efnum.

Ég vona að hv. þm., þó að þeir séu ekki margir hér í deildinni, muni líta á þessar brtt. bæði af alvöru og vinsemd.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1042 flytjum við þingmenn Alþb. í hv. Ed. þrjár brtt. við það frv. sem hér liggur nú fyrir til 3. umr. Þar er um að ræða undirstrikun á þeim aðalatriðum sem við höfum gagnrýnt í þessu frv., þ.e. að því er varðar skattlagningu annars vegar á matvörur og hins vegar á menningarstarfsemi. Við gerum okkur ljóst að varðandi afmörkun þess sem heitir menningarstarfsemi eru mörg markatilvik sem kunna að vera flókin og erfið skilgreiningaratriði. Þess vegna er gert ráð fyrir því að um markatilvikin verði sett reglugerð að höfðu samráði við menntmrn. Við teljum engu að síður nauðsynlegt að taka fram nú við umræðuna að við viljum að þessi grein, ef samþykkt yrði, verði túlkuð rúmt þannig að leiksýningar, regluleg leiklistarstarfsemi, svo og starfsemi kvikmyndahúsa, kvikmyndasýningar og hljómleikar verði undanþegin virðisaukaskatti. Við viljum sem sagt ganga lengra í þessum efnum en gert var ráð fyrir í tillögu meiri hl. og sömuleiðis viljum við ganga lengra en gert var t.d. í dönsku lögunum um menningarstarfsemi sem þar var almennt undanþegin þó að regluleg starfsemi kvikmyndasýninga, leikhúsa og hljómleika sé með virðisaukaskatti, en það á einnig við reyndar um útvarpssendingar og sjónvarps í dönsku virðisaukaskattslögunum.

Þá gerum við í þriðja lagi brtt. um að það verði tekin af tvímæli um að ekki verði lagður virðisaukaskattur á listaverk sem seld eru á listmunauppboðum. Ég tel nauðsynlegt að þetta ákvæði sé sett í lög til að taka þar af öll tvímæli, en skv. gildandi lögum er gert ráð fyrir því að 10% af andvirði listaverka, sem seld eru á listmunauppboðum, renni í sérstakan sjóð sem á að ganga til myndlistarmanna. Staðreyndin er hins vegar sú að um þann sjóð er ekki til nein reglugerð og engar reglur svo skrýtið sem það er þannig að það er ekki gott að átta sig á því hvar þeir peningar eru, en við teljum að það sé óeðlilegt að bæta við sérstökum skatti í ríkissjóð í þessu efni. Ef leggja ætti eitthvað á þessa starfsemi væri eðlilegt að það rynni til myndlistarmanna sjálfra.

Þetta eru þær þrjár brtt., herra forseti, sem við þingmenn Alþb. í Ed. flytjum. Varðandi efnisatriði málsins að öðru leyti vísa ég til þess sem fram kom af okkar hálfu við 2. umr. málsins, sem fór fram fyrir skömmu, og tel enga ástæðu til að lengja umræðurnar frekar að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1041,1 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, SkA, SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS.

nei: SalP, VS, ÞK, EgJ, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, BGísl, KSG.

2 þm. (StG, EKJ) fjarstaddir.

Brtt. 1040,1a–b felld með 11:7 atkv.

Brtt. 1041,2 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JúlS, MF, SkA, SvG, DS, GuðmÁ, GA.

nei: BGísl, SalÞ, VS, ÞK, EgJ, EG, GHG, HÁ, HBl, JE, JHelg, KSG.

2 þm. (StG, EKJ) fjarstaddir.

Brtt. 1042,1 felld með 11:7 atkv.

Brtt. 1040,1c–d felld með 11:7 atkv.

Brtt. 1041,3 felld með 11:7 atkv.

Brtt. 1042,2 felld með 12:7 atkv.

Brtt. 1040,2–4 felld með 12:7 atkv.

Brtt. 1039 felld með 10:9 atkv.

Brtt. 1042,3 felld með 9:7 atkv.

Brtt. 1040,5 felld með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÁ, JúlS.

nei: SalÞ, VS, ÞK, EgJ, EG, HÁ, HBl, JE, JHelg, BGísl, KSG.

SkA, SvG, DS, GHG, GA, MF greiddu ekki atkvæði.

Tveir þm. (StG, EKJ) fjarstaddir.

Fjórir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að ef við stæðum frammi fyrir því að eiga að velja um hvort virðisaukaskattur yrði lagður á í einni prósentu eða fleirum teldi ég skynsamlegra að hafa fleiri þrep og hlífa matvörum og öðrum brýnum neysluvörum við háum skattþrepum. Þar sem hins vegar er ekki um það að ræða að mér eða okkur þingmönnum Alþb. hér gefist kostur á því að hafa nein áhrif á hvernig þessu máli verði lent greiði ég ekki atkvæði, en vil ekki hafna till. þar sem ég skil þá hugsun sem að baki tillöguflutningnum liggur.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Með vísan til þess sem ég sagði fyrr í umræðunum um það að ég teldi æskilegt að það væru fleiri en eitt skattþrep í virðisaukaskatti og einnig með vísan til þess að nefnd á að fjalla um þetta mál í sumar með það m.a. að markmiði að endurskoða ýmis ákvæði þessa frv. mun ég ekki greiða atkvæði að svo stöddu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég tel mjög varasamt að stíga það skref að leggja skatt á matvæli. Jafnvel þó hann sé lágur til að byrja með kynnu menn að sjá ástæðu til að hækka hann síðar þegar í harðbakka slær. Þess vegna og sérstaklega einnig vegna þess að við í stjórnarandstöðunni getum lítil áhrif haft á þetta mál því miður, þá tel ég ekki verjandi að gera svona tillögu. Ég skil hins vegar þá hugsun sem að baki liggur og e.t.v. má telja að ákveðið raunsæi ráði svona tillöguflutningi. Því tel ég ekki verjandi að fella þessa till., en finnst rétt að sitja hjá og greiði því ekki atkvæði.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Hér er verið að gera tilraun til að forða því slysi að 22% virðisaukaskattur verði lagður á matvæli á Íslandi. Eins og ég gat áðan í máli mínu er verð matvöru á Íslandi allt of hátt, með því hæsta ef ekki hæst í öllum heiminum. Ég held að það væri mjög athugandi að skoða það betur hvort ekki sé rétt að hafa tvö skattþrep. Í ljósi þess að við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að hér er verið að samþykkja virðisaukaskatt, að taka þann skatt upp, tel ég rétt að hafa lægra skattþrep af matvöru og segi já.

Brtt. 1040,6–7 felld með 11:6 atkv.

Frv. samþ. með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, ÞK, EgJ, EG, HÁ, HBl, JE, JHelg, BGísl, SalÞ, KSG.

nei: SvG, DS, GuðmÁ, GA, JúlS, MF, SkA.

GHG greiddi ekki atkvæði.

2 þm. (EKJ, StG) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að leggja skatt á brýnustu lífsnauðsynjar almennings, matvörur. Með þessu frv. er gert ráð fyrir víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi. Með þessu frv. er gert ráð fyrir stóraukinni skriffinnsku hins opinbera við hvers konar skattheimtu, sömuleiðis skriffinnsku hjá einstaklingum, sem getur m.a. komið illa við smáfyrirtæki og einyrkja sem stunda atvinnurekstur hér á landi. Þess vegna mótmæli ég þessu frv. og segi nei.

Salome Þorkelsdóttir:

Herra forseti. Þar sem fyrir liggur að nefnd muni fjalla nánar um einstök atriði þessa frv. eftir að það hefur verið samþykkt, sem menn eru ekki sáttir við eins og það liggur fyrir, áður en lögin taka gildi, þá segi ég já.

Frv. afgr. til Nd.

NEÐRI DEILD

89. fundur, miðvikudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil geta þess í sambandi við fundahöld í dag að ætlunin er að halda áfram til kl. 4 eins og hefðbundið er og hefja síðan fund aftur kl. 5.30. Ef á þarf að

halda til að klára þau verkefni sem fyrir deildinni liggja í dag verður kvöldfundur, en við sjáum, áður en það verður ákveðið, hvernig okkur vinnst með þá dagskrá sem fyrir liggur.

Eiturefni og hættuleg efni, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795, n. 991.

Frsm. heilbr.- og trn. (Guðrún Helgadóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sem liggur frammi á þskj. 991 frá heilbr.- og trn., um frv. til laga um eiturefni og hættuleg efni.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það á sér þá forsögu að með bréfi dags. 13. sept. 1984 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, nefnd sem falið var að endurskoða lög um eiturefni og hættuleg efni. Í þá nefnd voru skipaðir Ingolf J. Petersen, deildarstjóri lyfjamáladeildar ráðuneytisins, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins, og dr. med. Þorkell Jóhannesson prófessor, formaður eiturefnanefndar.

Nefndin varð sammála um að lagfæra þyrfti lög um eiturefni og hættuleg efni vegna þeirra breytinga sem orðið hafa frá því að fyrri lög tóku gildi. Kemur þar helst til tilkoma Vinnueftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Lyfjaeftirlits ríkisins. Enn fremur taldi nefndin að breyta þyrfti þeim þáttum sem snertu landlæknisembættið. Síðan varð breyting á meðferð þessara mála við stofnun heilbr.- og trmrn., eða heilbrigðismálaráðuneytisins eins og það hét, árið 1969.

Frv. er eins og það liggur fyrir mjög svipað og nefndin lagði til að það yrði. Þó var gerð breyting á 2. gr. áður en hæstv. ráðherra lagði frv. fram. Hún varðaði 2. gr. frv. sem fjallar um flokkun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni. Þær breytingar voru sérstaklega gerðar með tilliti til þess að hægt væri að hafa sama hátt á um merkingu slíkra efna og Efnahagsbandalagslöndin hafa komið sér saman um.

Nefndin fjallaði um frv. Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., kom á fund nefndarinnar. Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með frv. eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–30. gr. og ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 907, n. 992.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. Það var flutt þar af hv. 6. þm. Reykn. Ed. gerði örlitlar breytingar á upphaflega frv. og varð þar samstaða um afgreiðslu málsins. Frv. fjallar um að brot sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga um sifskaparbrot og skírlífisbrot skuli hafa forgang umfram önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð, eins og segir í frv. eftir breytinguna í hv. Ed.

Allshn. hefur rætt þetta mál og mælir einróma með samþykkt þess. Álit allshn. er á þskj. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824, n. 994.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Þetta frv. fjallar um breytingu á sektarfjárhæðum, og eins það, að ef það verður að lögum má gera ráð fyrir að ljúka megi um 300 málum með dómsátt sem skv. núgildandi lögum yrðu að ganga til dóms. Þannig felur þetta í sér mikið hagræði.

Allshn. mælir einróma með að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 819, n. 983, brtt. 984.

Frsm. samgn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Samgn. deildarinnar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 frá 30. apríl 1986.

Nefndin leggur ekki til neina efnisbreytingu á því frv. sem hér er flutt en telur eðlilegra að fella þetta inn í lagatextann á öðrum stað. Með leyfi forseta vil ég lesa nál. og svo brtt. eins og hún er orðuð:

„Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. og felur ekki í sér efnisbreytingar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal og Valdimar Indriðason."

Undir þetta skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Guðni Ágústsson. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Formann og varamann hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgrn. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sambands ísl. kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands."

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 984 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lögreglusamþykktir, 2. umr.

Stjfrv., 276. mál (heildarlög). — Þskj. 575, n. 993.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. og var samþykkt þar samhljóða. Það er samið af nefnd sem dómsmrh. skipaði í októbermánuði s.l. til þess að endurskoða lög um lögreglusamþykktir, en þar gilda nú þrenn lög. Ef þetta frv. verður að lögum er gert ráð fyrir að þau lög öll falli úr gildi og þessi komi í staðinn.

Með sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 voru gerðar verulegar breytingar á málefnum sveitarfélaga. Sýslunefndir sem hafa m.a. það hlutverk að semja frumvörp til lögreglusamþykkta eru lagðar niður og þess vegna var nauðsynlegt að endurskoða þessi lög. Þetta frv. miðar að því að sett verði ein lög um lögreglusamþykktir í stað þessara eldri laga og að hvert sveitarfélag geti sett sér lögreglusamþykkt. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um lögreglusamþykktir sem verði fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna og að sú reglugerð komi í stað lögreglusamþykktar ef sveitarstjórn telur ekki þörf á að setja sérstaka lögreglusamþykkt.

Allshn. þessarar hv. deildar hefur haft þetta mál til athugunar og mælir einróma með því að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697, n. 995.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8 1986. Þetta frv. er flutt að ósk Sambands ísl. sveitarfélaga og sveitarfélaga almennt og felur í sér að nota megi jöfnum höndum orðin „kaupstaður" og „bær" um þau sveitarfélög sem náð hafa 1000 íbúum í þrjú ár samfellt enda þótt annað heitið sé notað í einstökum lögum. Þannig verði réttarstaða bæja sú sama og kaupstaða skv. sérlögum.

Þetta frv. kom frá Ed. Nefndin athugaði frv. og leggur til að það verði samþykkt. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta rita allir nefndarmenn félmn. auk formanns, Birgir Dýrfjörð, Geir H. Haarde, Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson, Óli Þ. Guðbjartsson og Kristín Einarsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798, n. 996.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1984, um

Húsnæðisstofnun ríksins. Þetta frv. kom frá hv. Ed. Hér er um að ræða breytingu á húsnæðislöggjöf að því er varðar byggingarsamvinnufélög og byggingarflokka þar sem ráðherra er heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks, að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags, að byggingarflokkur í heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum, enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Þetta er skv. ósk ýmissa byggingarfélaga, ekki síst á vegum BSRB, sem hafa lent í vandamálum út af þessu ákvæði laga, að þar er engin heimild til.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var lagt fram og kom frá Ed. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta álit skrifa allir nefndarmenn í félmn. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 2. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799, n. 997.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað. Þetta mál var lagt fyrir Ed. og kemur þaðan samþykkt eins og það var lagt fram.

Þetta er heimild fyrir borgarstjórn fyrir hönd borgarsjóðs að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað til almenningsþarfa. Hér er um að ræða samkomulag milli Reykjavíkur og Kópavogskaupstaðar. Félmn. sá engan annmarka á því að samþykkja þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta álit skrifa allir nefndarmenn í félmn. Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 2. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 959, n. 1002.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. í fjarveru frsm., hv. 10. þm. Reykv., um frv. til laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–7. ásamt ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 961 (sbr. 736), n. 1001.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands og leggur einróma til að það verði samþykkt eins og hv. Ed. gerði það úr garði.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins vegna þessa frv. um Kennaraháskóla Íslands lýsa yfir ánægju minni með það að þetta frv. er á hraðri leið til samþykktar hér á þinginu. Ég tel að það sé mjög gott að tekist hefur svo mikil samstaða um þetta mál og að fá afgreiðslu þess fram hér.

Málefni Kennaraháskólans hafa oft verið á döfinni hér á Alþingi og nauðsyn þess að styrkja þá stofnun, m.a. með breytingu á lögum um hana. Ég hygg að þau ákvæði sem hér er verið að lögfesta séu almennt til bóta og veiti Kennaraháskólanum svigrúm bæði til að taka upp nýbreytni í sínum störfum, svo og að þróa þar nýjar aðferðir sem gætu orðið til styrktar kennaramenntun í landinu.

Ég vil nefna það í tengslum við þetta mál að snemma á þingi fluttum við nokkrir þm. Alþb. till. til þál. um framtíðarskipan kennaramenntunar. Sú tillaga hefur verið til meðferðar í hv. félmn. Sþ. og fengið út af fyrir sig góðar undirtektir margra þeirra sem fengið hafa hana til umsagnar. Hún snertir vissulega málefni kennaramenntunar innan Kennaraháskóla Íslands en einnig kennaramenntun í

Háskóla Íslands og nauðsynina á að tryggja tengsl á milli menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra bæði til skemmri og lengri tíma, svo og um marga þætti kennaranámsins, þar á meðal um endurmenntun kennara og betri tengsl á milli fræðslu í uppeldis- og kennslufræðum við þær námsgreinar sem verið er að kenna hverju sinni eða sem kennaraefnin ætla sér að sinna sérstaklega í sínu starfi.

Eftir að samþykkt verða lög um Kennaraháskólann þarf að mínu mati einnig að huga að þessu máli, tengslunum á milli kennaramenntunar við Háskólann og kennaramenntunar innan Kennaraháskóla Íslands. Í sambandi við þessi efni hefur oft verið rætt um þörfina á því að ná fram betri tengslum þarna á milli. Ég er ekki í vafa um að sú þörf er áfram til staðar. En það frv. sem hér er verið að ræða er gott innlegg í þetta mál. Það kemur senn til lokaafgreiðslu í þinginu og þá verður hægt að taka á málinu í ljósi ákvarðana þingsins um Kennaraháskólann varðandi tengslin á milli annarra menntastofnana sem annast kennaramenntun. Auk Háskólans og Kennaraháskólans eru vissulega ýmsir sérskólar sem taka þar á einstökum þáttum, eins og Tónlistarskóli, Myndlista- og handíðaskóli, Íþróttakennaraskóli, Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands. Milli allra þessara stofnana þarf að takast betra samstarf og samvinna en er í dag.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–44. gr. og ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 2. umr.

Frv. HG og GHelg, 75. mál (fulltrúar í opinberum nefndum). — Þskj. 78, n. 998.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hér er um að ræða 75. mál Nd., frv. sem flutt var af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, 2. þm. Austurl. og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, 13. þm. Reykv. Þetta frv. gerði ráð fyrir því að lögsett yrði að hafa sem jafnasta tölu fulltrúa beggja kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Er gert ráð fyrir því, eins og stendur í 1. gr. frv., að ekki skuli vera færri en 40% af hvoru kyni og gildir það bæði um aðalmenn og varamenn.

Félmn. sendi þetta frv. til umsagnar, m.a. til allra ráðuneytanna, Samtaka kvenna á vinnumarkaði, Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga. Umsagnir hafa borist frá flestum þessum aðilum, þó ekki öllum. Þeir sem hafa sent umsögn eru samþykkir því markmiði sem ætlunin er að ná með frv., að auka hlutdeild kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félaga, en efast hins vegar um að það verði gert með því að lögbinda ákveðið kynjahlutfall á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Í þessu sambandi vil ég aðeins bera niður í umsögn frá félmrn. sem barst nefndinni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þetta markmið er einnig að finna í jafnréttislögum og framkvæmdaáætlun um Jafnréttisráð. Hins vegar telur ráðuneytið heppilegra að reyna aðrar leiðir að þessu markmiði en að ákveða með lögum að ekki skuli vera færri en 40% af hvoru kyni í nefndum, stjórnum og ráðum sem skipuð eru beint af ráðuneytinu eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja.“

Bent er í þessu sambandi á 3. gr. jafnréttislaga, en í henni er heimild til tímabundinna aðgerða til hagsbóta konum. „Þessa heimild mætti hugsanlega nýta til að ná þeim markmiðum sem hér er lýst. Félmrh. hefur óskað eftir því við Jafnréttisráð að það geri tillögur um það hvernig 3. gr. jafnréttislaga verði nýtt og er þetta mál nú til skoðunar hjá Jafnréttisráði.“

Enn fremur hefur komið fram í máli hæstv. félmrh. að það er verið að vinna á hennar vegum og ráðuneytisins af fullum krafti að þessu máli.

Með hliðsjón af þessu kemur fram í nál. að nefndarmenn eru sammála því grundvallarsjónarmiði sem býr að baki þessa frv., að eðlilegt sé að konur séu valdar til starfa í stjórnum og ráðum til jafns við karla. Þetta markmið er í núgildandi jafnréttislögum og framkvæmdaáætlun um jafnréttismál. Það hefur komið fram að unnið er að þessu máli á vegum ríkisstjórnar og Jafnréttisráðs. Telur nefndin því rétta málsmeðferð að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti. Undir þetta skrifa auk formanns Birgir Dýrfjörð, Geir H. Haarde, Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson, Kristín Einarsdóttir og Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott að mál þetta er komið hér aftur til hv. þingdeildar með því áliti sem hér liggur fyrir frá hv. félmn. Kosið hefði ég sem 1. flm. þessa máls og við flm. auðvitað að frv. þetta fengi jákvæðari undirtektir en felast í þeirri málsmeðferð sem hér liggur fyrir, að vísa

málinu til ríkisstjórnarinnar. Frv. er flutt vegna þess að við teljum að æskilegt sé og raunar nauðsynlegt að binda í lögum ákvæði um þessi efni til að ná fram því markmiði sem þarna er um að ræða sem fyrst.

Ég þakka hins vegar nefndinni fyrir jákvæðar undirtektir við málið í þessu nál. og vænti þess að það verði til þess að fastar verði róið í þessum efnum af hálfu framkvæmdarvaldsins og þeirra sem þarna eiga hlut að máli, bæði ríkisstjórnar og sveitarstjórna, heldur en verið hefur á undanförnum árum þrátt fyrir ákvæði laga frá 1976 um jafnrétti karla og kvenna og ákvæði sem tengjast sérstaklega nefndum, stjórnum og ráðum í lögunum frá 1985.

Ég bíð að sjálfsögðu spenntur eins og margir aðrir eftir að sjá breytingu frá því ástandi sem nú ríkir í þessum efnum. Næstu missiri og ár skera auðvitað úr um það hvort þarna næst árangur með einhverjum þeim öðrum leiðum sem hæstv. félmrh. og fleiri hafa mælt fyrir og talið æskilegri en að lögbinda það hlutfall sem gert er ráð fyrir í frv. okkar hv. 13. þm. Reykv. Ég ætla að sýna nokkra biðlund í þessum efnum og sjá hver reyndin verður áður en ég tek þetta mál aftur upp í þinginu, ef ástæða þykir til.

Við skulum vona að þess verði ekki langt að bíða að við sjáum aðrar niðurstöður í þessu máli en komu fram í þessari könnun Jafnréttisráðs sem fylgir frv. okkar sem fskj. og sýndi hversu mjög hallar á eðlilega þátttöku kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum, bæði á vegum ríkis en einnig á vegum flestra sveitarfélaga þó að vissulega sé misjafnlega að þessum málum staðið hjá einstökum aðilum.

Verið er að þrýsta á um að nýta 3. gr. jafnréttislaganna með ýmsum hætti. Það hefur komið fram hér mikill áhugi hjá einstökum þm. í því efni, m.a. með tillöguflutningi. Ég minni á till. til þál. sem liggur fyrir þinginu frá nokkrum þm. — ég hygg að 1. flm. sé hv. 12. þm. Reykv. — um að mótaðar verði tillögur og áætlun sem lögð verði fyrir þingið um þau efni. Hæstv. félmrh. hefur marglýst því yfir að það sé verið að vinna að þessu á sínum vegum. Við skulum því vona að uppskeran verði góð úr því starfi. Við verðum að vænta þess og bíða eftir að sjá hverju reynslan skilar.

Guðrún Helgadóttir:

Herra forseti. Ég hef litlu við orð hv. 2. þm. Austurl. að bæta. Hitt vil ég benda á að við höfum hér á landi lög um jafnan rétt karla og kvenna. En eitthvað er bogið við kynningu á þeim þegar þau undur geta gerst sem lýst er í Morgunblaðinu í gær, þriðjudaginn 3. maí. Þar skrifar ung kona, Ásta M. Ásmundsdóttir efnafræðinemi, grein sem lýsir hvernig fór fyrir henni er hún sótti um atvinnu í efnaverksmiðjunni Sjöfn á Akureyri. Ég held að það væri hollt fyrir hv. þm., hafi þeir ekki lesið þessa grein, að ég fengi að lesa smábrot úr frásögn Ástu, með leyfi forseta. Stúlkan lýsir því að hún sótti um starfið ásamt nokkrum jafnmenntuðum einstaklingum sem allir voru karlkyns og frétti síðan að haft hefði verið samband við þá en ekki hana. Hún segir síðan, með leyfi forseta:

„Hér koma nokkrar helstu ástæður til fróðleiks fyrir ykkur, ungar og kappsfullar konur á leið út á vinnumarkaðinn.

a. Þar sem viðkomandi starf var í málningardeildinni var talið æskilegra að ráða karlmann því karlmenn hefðu yfirleitt meiri reynslu af húsbyggingum og hefðu frekar staðið í slíku en konur.

b. Auk þess hefðu karlmenn frekar unnið í byggingarvinnu með náminu og hefðu því meira innsæi í þessa hluti. (Rétt er að taka það fram að það var staða efnafræðings sem var til umræðu.)

c. Það væri ekkert líklegra en að ef kona væri ráðin, þá yrði hún fljótlega ófrísk og yrði frá vinnu vegna veikinda ungra barna sinna. (Aðalsteinn — en það er forstjóri verksmiðjunnar — hafði svo sem gefið konum tækifæri og hafði af því slæma reynslu.)

e. Ef um hefði verið að ræða starf í snyrtivörudeildinni hefði málið horft allt öðruvísi við. (Kvenlegt innsæi líklega komið að góðum notum við framleiðslu dömubinda, það er að segja ef konan væri þá ekki ólétt.)

Önnur rök komu fram í samtali annars aðila frá fyrirtækinu og bekkjarbróður míns. Það var að viðkomandi efnafræðingur þyrfti að umgangast starfsmenn í Slippstöðinni hf., sem flestir eru karlmenn og því æskilegra að viðkomandi væri karlmaður."

Lýkur hér tilvitnun í þessa furðulegu frásögn Ástu M. Ásmundsdóttur efnafræðinema og væri verulega skemmtilegt verkefni að skilgreina þann þankagang sem að baki liggur.

En forstjórinn, Aðalsteinn Jónsson hjá efnaverksmiðjunni Sjöfn á Akureyri, lætur sér hvergi bregða í viðtali við Morgunblaðið í dag. Það er ógerlegt að sjá að sá maður viti að til eru í landinu lög um jafnan rétt karla og kvenna. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég held að flestir sem til þekkja viti að það er sannleikur í þessum orðum. Það eru yfirleitt meiri fjarvistir hjá kvenfólki, sérstaklega ungu kvenfólki, sagði Aðalsteinn Jónsson forstjóri efnaverksmiðjunnar Sjafnar á Akureyri er hann var spurður út í grein sem Ásta M. Ásmundsdóttir efnafræðinemi ritaði í blaðið í gær. Í grein sinni ber Ásta Aðalstein fyrir því að karlmenn séu hæfari en konur til að starfa sem efnafræðingar við fyrirtæki það sem hann veitir forstöðu." Þá segir Aðalsteinn, með leyfi forseta:

„Þó að einstaka kona hafi unnið á þessum vettvangi og þær geti spjarað sig ágætlega, þá er það ekki hin algilda regla. Maður verður að reikna með meðaltalinu, sagði Aðalsteinn. Af reynslu liðinna ára vitum við að konur hafa komið miklu minna nálægt vinnu við málningu heldur en karlmenn og það þarf ekki annað en að fara í fagbækur til þess að gá að því. Þar sést það greinilega að konur hafa ekki lagt þetta fyrir sig. Það er misjafnt hvað kynin leggja fyrir sig. Þetta er bara reynsla liðinna ára og það þarf ekki tölfræði til."

Hann er spurður: „Ertu þá þeirrar skoðunar að

karlkyns efnafræðingur hafi meiri þekkingu á málningarframleiðslu en kona sem lokið hefur sama námi frá sama skóla?

Það er mitt álit. Starfið felst ekki eingöngu í að vinna á rannsóknarstofu. Viðkomandi verður að geta fylgt sínum vörum út á markaðinn og kennt mönnum að fara með þær, legið í gólfum" — Ég bið þingheim að taka eftir, konur eru ekki taldar geta legið í gólfum — „og lagt gólfefni og annað slíkt. Það er það sem maður verður oft að taka sér fyrir hendur."

Ég bið þingheim að lesa þessar tvær greinar, þetta er með hreinum ólíkindum. Að svona lagað skuli geta gerst mörgum árum eftir að lög um jafnan rétt karla og kvenna voru sett hér á Alþingi bendir ekki til að þau hafi haft mikil áhrif eða félmrn. séð um að þau væru kynnt þannig að önnur eins ósköp eins og þetta gætu ekki átt sér stað. (Gripið fram í.) Ég vil því biðja hæstv. félmrh. þó að hún sé ekki stödd hér í salnum í augnablikinu að ganga fram í því að kanna hvernig ráðuneytið eða yfirvöld í landinu geti brugðist við. Ég sé ekki betur en hvert einasta orð sem þessi góði forstjóri, sem meira að segja er ættaður úr Hafnarfirði, segir varði beinlínis við íslensk lög. Þetta vil ég biðja hv. þingheim eða hæstv. forseta að sjá um að komist til skila til hæstv. ráðherra.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 13. þm. Reykv. fyrir ágætan texta sem hún var að lesa upp og þó enn þá betri upplestur. Hins vegar sló það mig mjög alvarlega í lokin að hún kom því sérstaklega á framfæri að viðkomandi væri ættaður úr Hafnarfirði. Ég er að brjóta um það heilann hvort hún telji að það séu einhver sérstök umhverfisáhrif frá því svæði sem geti haft svona neikvæð áhrif á viðhorf manna. Mér finnst það ákaflega hæpið hjá hv. þm. að hlaupa héðan úr ræðustól án þess að útskýra öllu betur hvað í þessari seinustu athugasemd fólst, hvort þar sé eitthvert efnisatriði sem hún hafi í sinni þekkingarsmiðju sem þingheimi sé ekki kunnugt um. Því alveg eins og það er ekki gott að vera með fordóma gagnvart kynjum, þá er það heldur ekki gott að vera með fordóma gagnvart heilum kaupstöðum. (**GHelg:** Hafnfirðingar eru þekkt fólk að vitsmunum, herra þingmaður.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 998 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

90. fundur, miðvikudaginn 4. maí, að loknum 89. fundi.

Siglingamálastofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 1020.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eiturefni og hættuleg efni, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (heildarlög). — Þskj. 795.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1025).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Frv. SalÞ, 5. mál (sifskaparbrot). — Þskj. 907.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1026).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 474. mál (dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir). — Þskj. 824.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Lögreglusamþykktir, 3. umr.

Stjfrv., 276. mál (heildarlög). — Þskj. 575.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1028).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (kaupstaðir og bæir). — Þskj. 697.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1029).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 448. mál (úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi). — Þskj. 798.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1030).

Heimild fyrir Reykjavíkurborg að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað, 3. umr.

Stjfrv., 449. mál. — Þskj. 799.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1031).

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, 3. umr.

Stjfrv., 391. mál. — Þskj. 959.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1032).

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 390. mál (heildarlög). — Þskj. 961 (sbr. 736).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1033).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 73 1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var fulltrúum frá félmrn., fjmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Aðalmarkmið frv. er að flytja ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvara til sveitarfélaganna sjálfra, en skv. núgildandi lagaákvæðum er innheimtuhlutfall útsvars við staðgreiðslu ákveðið í reglugerð sem félmrh. setur. Til þess að ná þessu markmiði þarf að breyta 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og er frv. um það efni flutt samhliða þessu frv.

Skv. núgildandi tekjustofnalögum og staðgreiðslulögum er innheimtuprósenta útsvara sú sama í öllum sveitarfélögum og skil sveitarfélaga úr staðgreiðslukerfinu alls staðar sama hlutfall. Komið hefur fram mikil óánægja sveitarfélaganna með þetta fyrirkomulag og benda þau sérstaklega á mismunandi tekjuþörf sveitarfélaganna. Þótt endanlegt álagningarhlutfall útsvara sé nú í höndum sveitarfélaganna innan þeirra marka sem tekjustofnalögin setja benda sveitarfélögin réttilega á að miklar líkur eru á að innheimtuhlutfallið sem félmrh. ákveður verði í raun í flestum tilvikum endanlegt álagningarhlutfall. Ákvörðunarvaldið í þessu efni sé því í reynd ekki hjá sveitarstjórnunum.

Með frv. þessu er lögð til sú veigamikla breyting að hver sveitarstjórn ákveði fyrir fram hvaða álagningarhlutfall útsvara hún ætlar að nota og skil til sveitarfélagsins úr staðgreiðslukerfinu verði við það miðað. Mikil áhersla er lögð á að viðhalda einföldun staðgreiðslukerfisins með því að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslunni fyrir allt landið. Í frv. til l. um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hér er á dagskrá og er fylgifrv. við þetta frv. og mun verða mælt fyrir því hér á eftir, kemur nánar fram hvernig lagt er til að samræma þessi tvö sjónarmið, þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu fyrir allt landið og að sveitarfélögin fái það í sinn hlut sem sveitarstjórnin sjálf ákveður.

Herra forseti. Ég vil undirstrika í lokin að þær breytingar sem lagðar eru til hérna hafa veruleg áhrif fyrir sveitarfélögin og er rétt að það komi fram að fyrir liggur eindreginn stuðningur Sambands ísl. sveitarfélaga við frv.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 1. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Nauðsyn þessa frv. stafar af því að gera þarf nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda til samræmis við efnislegar breytingar sem fram koma í frv. til l. um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hæstv. félmrh. mælti fyrir á undan.

Frv. gerir ráð fyrir að ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvars verði byggð á ákvörðunum sveitarfélaga um það hvaða útsvarsprósentu þau ætla í reynd að nota á viðkomandi staðgreiðsluári. Innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu verður þannig vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarfélaga á landinu um útsvarsálagningu í hverju sveitarfélagi. Samkvæmt þessu er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu hið sama á öllu landinu. Hins vegar munu skil á bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga verða miðuð við þann hundraðshluta sem sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélögum.

Herra forseti. Þótt hér sé vissulega um fjárhagsmálefni, skattamál, að ræða og ætti þess vegna að vísa til hv. fjh.- og viðskn. tel ég þessu sinni rétt eðli málsins samkvæmt, þar sem þessi tvö mál ber að skoða í samhengi og þau eru innbyrðis nátengd, að vísa þessu máli að lokinni þessari umræðu til hv. félmn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 963.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er um að breyta ávöxtun á skyldusparnaði. Allt frá því að lög um skyldusparnað voru fyrst sett 1957 hefur tilgangur skyldusparnaðar annars vegar verið að tryggja að ungt fólk legði fyrir fé af launum sínum, sem mundi síðar nýtast því þegar það keypti sína fyrstu íbúð, og hins vegar tryggja Byggingarsjóði ríkisins greiðan aðgang að fjármagni sem nota ætti til útlána.

Fram til ársins 1970 var skyldusparnaðarprósenta 6%, en þá var skyldusparnaður hækkaður í 15% og hefur það hlutfall haldist óbreytt síðan. Í upphafi var reynt að miða við að ávöxtun á skyldusparnaði væri ávallt sú besta sem völ væri á, en skv. núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins væru vextir þeir sömu og gilda á hverjum tíma um lán úr sjóðnum að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands. Auk þess voru ákvæði í skattalögum um að skyldusparnaður væri frádráttarbær til skatts. Þetta varð til þess að í mörgum tilvikum var um mjög fýsilegan ávöxtunarkost að ræða, einkum hjá þeim ungmennum sem höfðu miklar tekjur.

Um sl. áramót féll niður heimild til að draga skyldusparnað frá skatti. Sú breyting ásamt þeirri staðreynd að nú bjóðast fólki mun hærri vextir á sparifé sitt en hér um ræðir á almennum lánsfjármarkaði veldur því að nauðsynlegt er að endurskoða ákvæði húsnæðislaganna um skyldusparnað.

Hér er því lagt til að bæta ávöxtun á skyldusparnaði og jafnframt að tryggt verði að sama ávöxtun haldist áfram eftir að 26 ára aldri er náð. Nefnd á vegum félmrn., sem fjallaði um málið, lagði til að markmið lagabreytingarinnar yrði að bæta ávöxtun eftir því sem skyldusparnaður liggur lengur óhreyfður inni á reikningi og að við ákvörðun vaxta verði höfð hliðsjón af ávöxtun í ríkisbönkum og við það miðað að hún sé ekki lakari en ríkissjóður býður á hverjum tíma. Þessum markmiðum hefur verið leitast við að framfylgja við samningu frv. Jafnframt var haft samráð við starfsmenn Seðlabanka og Húsnæðisstofnunar. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur einnig fjallað um frv. og er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Frv. gerir ráð fyrir breytingu á 71. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að í 2. mgr. greinarinnar verði ríkisstjórn falið að ákveða vexti á skyldusparnaði að fengnum tillögum og umsögn Seðlabankans. Þetta er sama reglan og gildir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sbr. 3. mgr. 30. gr. laganna um Húsnæðisstofnun.

Gert er ráð fyrir að ákvörðun um vexti sé tekin fyrir eitt ár í senn og er það gert svo að vextir á skyldusparnaði séu í sem bestu samræmi við vexti á almennum peningamarkaði. Enn fremur er gert ráð fyrir að við ákvörðun vaxta verði höfð hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Með þessari breytingu mun Byggingarsjóður ríkisins þurfa að greiða hærri vexti fyrir skyldusparnað en hingað til. Á móti viðbótarkostnaði Byggingarsjóðs vegna hækkaðra vaxta er á það að líta að kostnaður ríkissjóðs vegna fyrri skattfríðinda skyldusparnaðar fellur niður. Samkvæmt upplýsingum vararíkisskattstjóra nam frádráttur vegna skyldusparnaðar árið 1986 samtals 466 millj. kr. Erfitt er að leggja mat á hvað það þýðir í raunverulegum tekjum fyrir ríkissjóð, en samkvæmt upplýsingum starfsmanna fjmrn. var talið að tekjutap ríkissjóðs 1987 vegna skattafrádráttar skyldusparnaðar hafi verið um 80–90 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að innistæða á skyldusparnaðarreikningi sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur skuli bera sömu ávöxtun. Hingað til hafa ávöxtunarkjör skyldusparnaðar breyst við 26 ára aldur og sparnaður borið almenna sparisjóðsvexti eftir það. Þetta hefur leitt til þess að sparendur hafa leyst skyldusparnað sinn út eins fljótt og hægt hefur verið eftir 26 ára aldur. Þessi breyting á lögunum á að stuðla að því að fólk telji sér hag í því að ávaxta fé sitt áfram á skyldusparnaðarreikningi og þannig sé hægt að styrkja stöðu Byggingarsjóðs.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er fylgifrv. frv. til l. um fangelsi og fangavist sem er hér síðar á dagskránni. Þótt þetta frv. fjalli um Innheimtustofnun sveitarfélaga og ætti því að vera flutt af félmrh. hefur orðið að samkomulagi vegna tengslanna við lagafrv. um fangelsi og fangavist að ég mæli fyrir því í beinu sambandi við það mál.

Ég mæli hér fyrir frv. eins og það kemur frá Ed. og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Eins og segir í grg. með frv. eru efnisatriði frv. samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 26/1983. Eðlilegra þykir að þessi efnisatriði séu í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga fremur en í lögum um fangelsi og fangavist og því er þetta frv. flutt.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það háttar svo til með þetta mál eins og það sem ég mælti fyrir áðan að hér er um frv. að ræða sem er fylgifrv. með frv. til l. um fangelsi og fangavist, en það frv. hefur hlotið samþykki Ed.

Eins og kemur fram í grg. er frv. flutt í tilefni af þeirri fyrirhuguðu breytingu að nú er gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun annist daglega framkvæmd og fullnustu refsidóma. Það er því eðlilegt að dómar berist beint til þeirrar stofnunar í stað dómsmrn. eins og nú er gert ráð fyrir í 179. og 189. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ég legg til að þessu frv. verði að umræðu lokinni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 987.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir mikilvægu frv., frv. til l. um fangelsi og fangavist eins og það kemur frá hv. Ed. Frv. um þetta sama efni var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Ég endurflutti það síðan á þessu þingi með nokkrum breytingum. Ég tel það afar brýnt að frv. verði að lögum á þessu þingi því það er undirstaða ýmissa þarfra umbóta í fangelsismálum.

Helstu nýmæli sem frv. hefur að geyma er kannski fyrst að nefna að með frv. er ráð fyrir því gert að sett verði á fót sérstök fangelsismálastofnun sem ætlað er að sjá um stjórn fangelsa og framkvæmd fangelsisdóma en veita að auki ýmsa þjónustu sem brýnt er að fangar njóti, svo sem sálfræði- og félagslegrar þjónustu. Það er gert ráð fyrir því að Skilorðseftirlit ríkisins verði hluti af hinni nýju stofnun. Þá mundi slík stofnun einnig sjá um framkvæmd á öðrum refsiúrræðum en fangavist sem ákveðin kynnu að verða í framtíðinni, svo sem samfélagsþjónustu í stað fangelsisvistar.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. að heimilt sé að skipta fangelsum í deildir og er sú tillaga gerð til þess að gefa möguleika á því að skilja fanga að eftir ástæðum þeirra og möguleikum til þess að ná betrun og laga þá að þjóðfélaginu á nýjan leik og hlúa að þeim sem sérstakrar meðferðar þurfa við.

Þá er ákvæði um það að leyfa megi að hluti refsingar sé tekinn út á sjúkra- eða meðferðarstofnun ef þannig stendur á um heilsufar fanga. Þetta tel ég mikilvægt ákvæði.

Þá er í frv. ákvæði um starfsmenn fangelsa og Fangelsismálastofnunar, um embættisgengi yfirmanna og hver ræður þá til starfa.

Þá vil ég nefna ýmis ákvæði um réttindi fanga í fangelsum, um vinnu, nám og tómstundir þeirra. Nám og vinna í fangavist eru lögð að jöfnu skv. þessu frv.

Þá vil ég benda á að með frv. er aðeins gert ráð fyrir einni tegund fangavistar, þ.e. fangelsisvist, en í núgildandi hegningarlögum og sérrefsilögum er víða gert ráð fyrir tvenns konar fangavist, þ.e. annars vegar fangelsi og hins vegar varðhaldsvist. Í reynd hefur ekki verið gerður neinn munur á þessum mismunandi stigum fangavistar síðustu áratugi, en markmiðunum um aðgreiningu fanga má betur ná eftir öðrum leiðum en því í hvers konar refsivist menn séu dæmdir og kemur þar deildaskipting fangelsanna, sem ég nefndi áðan, miklu fremur til greina. Reyndar tel ég að þessi skipting í fangelsi og varðhaldsvist séu leifar hinnar gömlu skiptingar í margvísleg refsistig sem löngu er úrelt orðin.

Verði frv. að lögum er síðan ætlunin að endurskoða almenn hegningarlög og sérrefsilög í þeim tilgangi að afnema varðhaldsrefsinguna sem sérstakt stig refsivistar.

Þá vil ég nefna að í Ed. var sú breyting gerð á frv. að heimild í undantekningartilfellum til að vista í fangelsum menn sem dæmdir hafa verið til öryggisgæslu er alveg felld niður. Ég er samþykkur þessari breytingu, en hún leggur líka skyldur á okkar herðar, sem ráðum fjárveitingum í landinu sameiginlega, að sjá þá til þess að unnt sé að tryggja öryggisgæslu ósakhæfra manna hér á landi. Nýlega kom til umræðu hér í þinginu öryggisgæsla ósakhæfra manna í fangelsum og ég lýsti þar þá því sjónarmiði mínu að hún ætti ekki að viðgangast. Séu menn ekki hæfir til þess að dæmast til fangelsisrefsingar fyrir alvarleg brot á að sjálfsögðu ekki að vista þá í fangelsum engu að síður heldur á að vista þá á viðeigandi sjúkrastofnun. Ég vil geta þess að nú er hafið samstarf dómsmrn. og heilbrmrn. til að undirbúa átak á sviði réttargeðlækninga, ekki síst til þess að athuga hvernig skást sé að leysa vanda ósakhæfra geðsjúkra manna.

Hæstv. forseti. Það er fjölmargt annað sem nefna mætti, en ég leyfi mér að vísa til athugasemda með frv. og legg áherslu á að frv. verði að lögum á þessu þingi. Að því er ótvíræð framför. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 990 (sbr. 988).

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936. Frv. hefur hlotið samþykki hv. Ed.

Þetta frv. er samið af réttarfarsnefnd og var flutt sem stjfrv. á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Það var svo endurflutt á þessu þingi og ég mælti fyrir því í Ed. þann 24. nóv. sl.

Frv. hefur að geyma ýmis atriði sem fela í sér að starf dómstólanna sé lagað að nútímaaðstæðum, en í því felast ekki neinar grundvallarbreytingar á réttarfari í meðferð einkamála. Það má segja að tilgangur frv. sé fyrst og fremst að einfalda málsmeðferð og auka virkni dómstólanna og taka af tvímæli í nokkrum atriðum.

Af einstökum atriðum, sem ástæða er til að nefna hér, má nefna breytingu á dómaraskilyrðum til samræmis við breytt embættisheiti. Þá er hér gert ráð fyrir auknu agavaldi forstöðumanna dómstóla til að skikka menn til verka, en á það hafa ýmsir dómarar lagt mikla áherslu. Þá er fækkun þingvotta áskilin í þessu frv. og ákvæði í tilefni af því að tekin er í notkun ljósritunar- og tölvutækni eru komin í frv., ákvæði um vitnamál, undirbúning meðferðar mála fyrir dómi, ákvæði um vexti af málskostnaðarkröfum og ákvæði um forsendur úrskurða sem áfrýjað er til Hæstaréttar.

Við meðferð málsins í hv. allshn. Ed. gerði nefndin nokkrar brtt. eftir ábendingum formanns Dómarafélags Íslands og ég tek undir þær tillögur.

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, enda horfir það til þess að greiða gang mála fyrir dómstólum landsins. Ég legg til að því verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 1. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Okkur hefur verið tjáð að þinglausnir eigi að fara fram nk. þriðjudag, en það liggur ekkert fyrir eða a.m.k. veit ég ekki hvernig þingfundum verður háttað þangað til, t.d. hvað er fyrirhugað með kvöldfundi. Það er fyrirhugað með fundi nk. laugardag. Mig langar einnig til þess að fá það upplýst hvort þetta sé ákveðinn þinglausnadagur.

Ég vek einnig athygli á því að frv. sem er 460. mál, sem ég er 1. flm. að, hefur ekki verið sett enn á dagskrá. Ég vil þó segja frá því að ég ræddi við starfsmann Alþingis sl. fimmtudag og það kom þá fram að ég ætti kost á því að tala fyrir þessu frv. á föstudag, en þá var ég búinn að gera ráðstafanir til að vera á fundi. En það réttlætir ekki að þetta frv. skuli ekki vera a.m.k. sett á dagskrá.

Ég óska eftir upplýsingum um þessi atriði.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég vil upplýsa hv. 6. þm. Norðurl. e. um að ég gerði reyndar grein fyrir því í upphafi fundar hvernig fundahöldum yrði háttað í dag. Kl. 4 munum við fresta fundi til kl. 17.30, en setja þá fund og reyna að ljúka þeirri dagskrá sem við erum með nú. Það ætti að takast ef ekkert óvænt kemur upp á án þess að hafa kvöldfund í kvöld, en ég hélt reyndar opnum þeim möguleika.

Ætlunin er á morgun að hafa fund í Sþ. kl. 10. Hann verði í styttra lagi og það verði fundir í þessari deild að honum loknum. Þetta er reyndar háð því að Ed. takist að afgreiða frv. um virðisaukaskatt á þessum degi. Það má reikna með þingfundum á föstudag og þá fundum í deildum eða Sþ. Það er ekki endanlega ákveðið enn. (**Gripið fram í:** Kvöldfund þá?) Það er ekki búið að ákveða það enn, en það fer eftir því hvernig vinnst þangað til. Við reynum að komast hjá kvöldfundum ef hægt er. En það má búast við að fundahöld verði stíf fram að helgi því það er ætlunin að þinglausnir verði á þriðjudag ef þær áætlanir standast og við þurfum að

hafa á spöðunum í að afgreiða þau mál sem okkur hafa verið fengin og ætlunin er að afgreiða fyrir þinglok.

Ég hef reynt undanfarið að taka þau þmfrv. á dagskrá sem eftir er að mæla fyrir og ég mun taka það til athugunar eftir því sem möguleikar eru til. Það eru einhverjir fleiri en hv. 6. þm. Norðurl. e. sem eiga mál inni enn þá og ég mun skoða hvort möguleiki er að menn geti mælt fyrir málum. Hins vegar höfum við að venju látið þau stjfrv. ganga fyrir sem ákveðið hefur verið að afgreiða og gera að lögum fyrir þinglok.

Þetta eru vafalaust ekki tæmandi upplýsingar um þinghaldið, en ég vona að það gefi hv. 6. þm. Norðurl. e. nokkra vísbendingu um hvað fram undan er.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 804.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er komið á dagskrá að nýju mál sem mælt var fyrir fyrir allnokkru síðan þegar hæstv. viðskrh. fékk hér sérstaka þjónustu og mælti fyrir málinu. Það var síðan lagt til hliðar og umræðum um það frestað um allnokkra hríð. Nú er reyndar hæstv. viðskrh. ekki sjáanlegur í salnum. Ég byrja þess vegna á því, herra forseti, að fara fram á að það verði kannað hvort hæstv. bankamálaráðherra hyggist ekki vera hér við umræðuna. Ef hann er upptekinn annars staðar eða af einhverjum ástæðum ekki viðlátinn held ég að æskilegra væri að fresta þessari umræðu enn. (**Forseti:** Það verður kannað.) Enda mundi okkur ekki muna mikið um að bíða í einn eða tvo sólarhringa í viðbót, herra forseti, úr því að við höfum orðið að leggja framsöguræðu hæstv. viðskrh. á minnið allan þennan tíma sem var ekki létt verk.

En ég get út af fyrir sig byrjað að ræða málið á meðan það er athugað hvar hæstv. viðskrh. sé. (Gripið fram í.) Þó að sá fyrrv. sé maður fyrir sinn hatt og sinn snúð kemur það samt ekki í sama stað niður og að hafa hæstv. núv. viðskrh. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þingdeildarmenn og alla núv. og fyrrv. ráðherra að hafa hljóð. Ræðumaðurinn hefur orðið. En hæstv. viðskrh. er í húsinu og hann mun áreiðanlega birtast hér innan tíðar.) Já, það er nú gott og blessað.

Um frv. er það að segja, herra forseti, að þar eru að slepptri einni greininni á ferðinni nokkrar sjálfsagðar leiðréttingar og lagfæringar á gildandi lögum um viðskiptabanka, sem eru reyndar ekki gömul, eða frá því í júlímánuði 1985. Það sem er m.a. verið að tryggja betur en gert var í þeim lögum — og var það þó meiningin þegar endurskoðuð voru lagaákvæði um viðskiptabanka á sínum tíma — eru ákvæði sem koma fyrir í 2. gr. þessa frv. En þar segir, með leyfi forseta:

„Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni."

Þessi setning kemur í staðinn fyrir það sem fyrir stendur í lögum um viðskiptabanka og er svohljóðandi: „Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu."

Eins og hv. þingdeildarmenn sjá eru hér á ferðinni allmiklu ítarlegri ákvæði þar sem það kemur beinlínis inn í bankalögin að það skuli vera hlutverk bankaráðanna að fenginni umsögn bankastjórnar að setja almennar reglur ekki bara um lánveitingar heldur líka um ábyrgðir bankans og þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Þetta er að mínu mati, herra forseti, mjög mikilvæg viðbót og ég styð eindregið að þessar breytingar verði gerðar á bankalögunum.

Það væri freistandi að rifja upp kunnug dæmi — ekki þarf að fara mjög langt aftur í tímann til að sækja það — því til rökstuðnings að skynsamlegt sé að hafa alveg skýlausar reglur í lögum um það að fyrirgreiðsla bankanna þurfi að vera innan einhverra hóflegra marka þegar um einstaka viðskiptavini þeirra er að ræða. Þar þurfi menn að styðjast við ákveðnar fastmótaðar reglur sem eru endurskoðaðar árlega og bankaeftirlitið hefur samþykkt.

Ég held að allir sem eitthvað þekkja innviði íslenska bankakerfisins viti að eitt af mörgu sem gerir það valt og veikburða og kannski hættulegt er sú staðreynd að þar eru margir smáir aðilar oft og tíðum að þjóna viðskiptavinum sem eru þeim í raun og veru ofvaxnir. Það leiðir sjálfkrafa til þeirrar stöðugu hættu að fyrirgreiðsla við einstaka viðskiptavini bankanna, og sparisjóðanna ekki síður, verði óeðlileg mikil sem hlutfall af heildarumsvifum viðkomandi stofnunar.

Um 2. gr. frv. er því allt gott að segja að mínu mati, herra forseti, og ég tel sjálfsagt að gera á bankalögunum þær breytingar sem þar eru lagðar til. Eins og forseti og aðrir hv. áheyrendur hafa tekið eftir geymi ég mér umfjöllun um 1. gr. frv. því að ég ætla að enda á henni.

Í 3. gr. eru einnig gerðar breytingar sem ég tel verða til bóta. Þær eru í raun og veru sjálfsagðir hlutir, það sem var kallað í gamla daga „selvfölgeligheder". Það er svo sem allt í lagi að hafa þær í lögunum úr því að menn sjá ástæðu til þess. 3. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„2. mgr. 33. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja

sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega."

Hér er fyrst og fremst verið að ganga tryggilegar frá því en áður var að nauðsynlegur aðskilnaður sé á milli annars vegar ákvarðanatöku í bankaráðunum og hins vegar hvers kyns hagsmuna viðskiptaaðila bankanna, hvort sem þar er um persónuleg eða fjárhagsleg tengsl að ræða. Hlýtur það enn fremur að teljast sjálfsagt, þó að ég viðurkenni fúslega að ég hef ekki þaullesið saman þessi ákvæði við gildandi lagaákvæði og er ekki alveg með það á hreinu í hverju munurinn liggur. Eitthvað er þó rætt um það í 3. gr. þar sem vikið er að því að nauðsynlegt sé að tryggja að hagsmunaárekstrar verði ekki í þessum tilfellum.

Það er reyndar svo með íslenskan stjórnarfarsrétt að þar eru fátæklegar reglur, eins og hér er sagt, um hagsmunaárekstra. „Rétt þykir" — eins og hér segir — „í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, að gera í lögum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem banka þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær og því er afar mikilvægt að tryggja óháðar ákvarðanir. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim sem eru í bankalöggjöf nágrannalanda skv. upplýsingum bankaeftirlits Seðlabankans."

Þetta mun allt gott og blessað en ég vil þó sérstaklega lýsa þeirri skoðun minni að ég held að ekki sé síður ástæða til að fara yfir lögin um sparisjóði í þessu efni. Ég hef þau að vísu ekki hér við höndina þannig að ég geti sagt að hve miklu leyti hliðstæð ákvæði er þar að finna. En þar er, eins og við vitum, staðið öðruvísi að stjórnun stofnananna en. (**Dómsmrh.**: Frv. til laga um breytingu á lögum um sparisjóði var flutt hér í þinginu þar sem þessum ákvæðum er líka breytt til samræmis við þetta.) Það er gott að hæstv. bankamálaráðherra hefur hér upplýst að það sé einnig farið yfir þessi atriði hvað varðar sparisjóðina í frv. sem er sömuleiðis til meðferðar í þinginu. Það er gott því að samkvæmt minni takmörkuðu þekkingu á þessum málum sýnist mér að þörfin sé jafnvel enn meiri hvað varðar sparisjóðina. Enda er þar um mjög margar og smáar stofnanir að ræða sem oft starfa í tiltölulega fámennum byggðarlögum. Þar vill hættan verða sú að þessir hlutir lendi um of á fáar hendur. Um 3. gr. frv. er því hið sama að segja og um 2. gr. að þar er um eðlilegar lagfæringar að ræða að því er virðist.

Um 4. gr. hef ég ekki mikið að segja. Þar virðast vera sjálfsagðir hlutir á ferðinni um skyldur Ríkisendurskoðunar og svo enn fremur að skoðunarmaður skuli vera löggiltur endurskoðandi.

5. gr. frv. lýtur að þeim hlutföllum sem ákveðið var með bankalögunum á sínum tíma að gilda skyldu milli bókfærðs verðmætis fasteigna og búnaðar sem hver og einn banki á og notar til starfsemi sinnar og svo hins vegar eigin fjár bankans. Þessar reglur munu settar vegna þess að uppi var viss ágreiningur um það hvernig túlka skyldi þann frest sem gefinn var við setningu laganna á sínum tíma. Menn hafa skilið það svo að menn væru í raun og veru óbundnir af þessu hlutfalli þangað til aðlögunartíminn allur væri uppi, ef ég hef skilið þessa deilu rétt. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að þetta skuli þrepast niður fyrir þetta lágmark — og það er skynsamleg ráðstöfun — og bankarnir hefji nú þegar frá og með gildistöku þessara laga undirbúning að því að fullnægja ákvæðum bankalaganna einnig að þessu leyti og sem fyrst í stað þess að geta leikið sér með þetta hlutfall eins og þeim sýnist án þess að vera bundnir af neinu öðru en að hafa það í tilskildu horfi einmitt þegar fresturinn er útrunninn.

Síðan kem ég, herra forseti, að upphafinu, þ.e. 1. gr. Ég hef af tilteknum ástæðum geymt mér að ræða hana. Hún er á þá leið að inn í 5. gr. laganna um viðskiptabanka komi nýr málsl. svohljóðandi:

„Bönkum og viðurkenndum fjármálastofnunum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, skal þó heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár."

Síðan er vitnað til þess í umsögn um þessa 1. gr. að í lögum sem sett voru um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands var bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis heimilað að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í Útvegsbanka Íslands hf. Hér er sem sagt lagt til að sett verði almenn ákvæði í lög um viðskiptabanka sem varði heimildir erlendra banka til að eiga allt að fjórðungi hlutafjár í hlutafélagabönkum hér á landi sem fyrir eru og þeim sem stofnaðir kynnu að verða. Ef t.a.m. ríkisbankarnir yrðu á næstu árum gerðir að hlutafjárbönkum væru fyrir hendi almenn ákvæði í lögum um viðskiptabanka sem gerðu það að verkum að erlendir bankar gætu hvenær sem er labbað inn og keypt fjórðung hlutafjár í þessum bönkum.

Ef Útvegsbanki Íslands hf., sem nú er hlutafélagabanki, seldi nú einum erlendum banka 25% af sínu hlutafé. Síðan yrði Landsbanki Íslands gerður að hlutafélagabanka, sem einhverja dreymir víst um. Þá gæti sami útlendi banki komið daginn eftir og keypt 25% af hlutafjáreign í Landsbanka Íslands sem þá væri orðinn hf. og héti kannski Íslandsbanki upp á punt. Hvað væri þá að gerast, herra forseti? Það væri að gerast að einn útlendur banki, t.d. skoskur eða vestur-þýskur, væri búinn að kaupa 25% hlutafjár í tveimur stærstu viðskiptabönkum sjávarútvegsins á Íslandi.

Ég held að menn þurfi virkilega að gera sér grein fyrir því hér um hvaða stefnumarkandi tímamótaákvörðun væri að ræða ef þetta frv. næði fram að ganga. Ekki það að líklegt sé að þessir hlutir gerðust allir alveg á næstu árum sem ég var hér að taka dæmi um, það er ekki það sem skiptir máli, heldur sá hugur sem hér er á bak við, sú stefna sem birtist í þessum frumvarpsflutningi.

Það var lengi svo, herra forseti, að um tiltekin atriði var býsna víðtæk pólitísk samstaða á Íslandi.

Eitt af þessum málum var það að verja íslenskan sjávarútveg fyrir ágangi og áhrifum útlendinga. Það kom fyrir að þetta var eitt af fáum atriðum, ef ekki það eina, sem talsmenn allra stjórnmálaflokkanna í landinu gátu orðið sammála um á pólitískum fundum, að hvað sem tautar og raular skyldu menn standa saman í hagsmunagæslunni fyrir Íslands hönd og verja íslenska sjávarútveginn, íslensku landhelgina og þá brýnu hagsmuni sem þar eru á ferðinni, sjálfa undirstöðuna undir sjálfstæðu þjóðríki á Íslandi, fyrir áhrifum útlendinga vegna þess að það væri óaðskiljanlegt sjálfu sjálfstæði þjóðarinnar að við hefðum óskoraðan forræðisrétt yfir þessum hlutum. Nú kveður við nýjan tón.

Ég hygg að það hafi verið hv. þm. 2. Vestf. Ólafur Þ. Þórðarson sem var hér að búa til málskviðinn „að þjóðnýta hlutina aftan frá", hvort sem það átti við taprekstur*inn í sjávarútveginum* og þá þjóðnýtingu sem væri að eiga sér stað í gegnum þá stöðu. Það hefur líka stundum verið talað um að útlendingar væru að komast bakdyramegin inn í íslensku landhelgina. Þeir voru sendir þaðan á brott með útfærslu landhelginnar og algerri samstöðu íslensku þjóðarinnar, þar með talið íslensku stjórnmálaflokkanna, í þeim efnum þegar tókst að draga Alþfl. og Sjálfstfl. með, þeir voru búnir að jafna sig eftir „viðreisn". En það er kannski til lítils að vera að rifja það upp nú ef menn ætla að opna bakdyrnar upp á gátt þó að aðalhliðunum hafi verið læst sæmilega tryggilega og *nú séu nánast í höfn* þau réttindi sem Íslendingar gerðust þá brautryðjendur fyrir fyrir hönd allra strandríkja og eyþjóða heimsins á sínum tíma þegar þeir drógu vagninn í baráttu þessara þjóða fyrir viðurkenningu á rétti sínum til auðlinda hafsins í kringum sínar strendur. Til hvers er þá orðið okkar starf í þeim efnum, okkar brautryðjendastarf í því að *tryggja strandríkjum rétt í landhelgi* og efnahagslögsögu ef við galopnum svo okkar eigin bakdyr með þessum hætti?

Síðan er það svo, herra forseti, að ég hygg að röksemdafærslan, þegar hún er skoðuð, fyrir því að hleypa útlendum bönkum inn í bankakerfið og leyfa þeim sem slíkum að eiga hluta af íslenska bankakerfinu, sé harla sérkennileg *að mínu mati*. Það er sagt: „Með þessu móti kemur erlent áhættufé í stað lánsfjár að nokkru leyti auk þess sem þessi breyting greiðir fyrir öflun þekkingar og viðskiptasambanda erlendis sem erlendir hluthafar gætu miðlað til íslenskra banka. Á tímum hraðstígrar tækniþróunar og samkeppni gæti þetta eflt íslenska bankastarfsemi." *Ég verð að segja alveg eins og er að* þegar menn bera, með þínu leyfi herra forseti, svona „prump" á borð fyrir hv. alþm. í röksemdafærslu fyrir flutningi meiri háttar stefnumarkandi þingmála, að þetta sé svona eins og að fara á námskeið, þetta sé eins og að mennta starfsfólk eða eitthvað af því tagi, það sé þess virði að opna íslenska bankakerfið upp á gátt fyrir útlendingum og hleypa þeim hér inn með allt að 25% hlutafjáreign í þess vegna öllum bönkum landsins til að ná í þekkingu, til að greiða fyrir öflun þekkingar og viðskiptasambanda erlendis, með fullri virðingu, þá er þetta varla viðeigandi. Það er varla viðeigandi að tala með þessum hætti. Hvað er það svo sem sem háir íslenska bankakerfinu í þessum efnum í dag? Ég veit ekki betur en að það þyki ágætlega nýtískulega rekið. Ég veit ekki betur en að tölvuvæðing t.d. hjá Reiknistofnun bankanna og beinlínutenging bankastofnana út um allt land sé með því besta sem þekkist í heiminum. Nú hristir hæstv. bankamálaráðherra höfuðið og við skulum þá ræða þetta ofurlítið nánar. Ég þekki nefnilega sérfræðinga hjá Reiknistofnun bankanna sem ég veit að fara oft á hverju ári til útlanda til að ráðgast þar við starfsbræður, til að sækja námskeið fyrir frammámenn bankamála og tölvuþjónustumála í bankakerfinu í heiminum, t.d. í London þar sem er ákveðin miðstöð slíkra hluta sem ég veit að hæstv. bankamálaráðherra veit líka, og þessir menn bera höfuðið ekkert lágt þegar þeir koma heim af slíkum samráðsvettvangi. Ég held að þeir telji sig fylgjast ágætlega með því sem er efst á baugi hverju sinni í þessum efnum. Ég hef ekki orðið var við það t.d. að það væri neitt sem við þyrftum að gerast sérstakir beiðendur um af hálfu annarra þjóða í þessum efnum. Það getur vel verið að við eigum enn nokkru verki ólokið í því að setja upp slík kerfi og koma þeim fullkomlega til að verka og koma þeim í framkvæmd, en ég leyfi mér að fullyrða að það skortir ekkert upp á að við höfum þá tækniþekkingu og þau sambönd sem þarf til að afla þessarar þekkingar nú þegar og það þurfi ekkert með *neina hlutafjáreign erlendra banka í íslenskum* bönkum að gera, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég sé ekki að okkur séu ekki ýmsar leiðir færar til að nálgast hvað það í þessum efnum sem við kynnum að telja okkur akk í að fá, algerlega burt séð frá eignarhlutföllum og eignarstöðu í íslenska bankakerfinu. Það hefur ekkert með það að gera hvort *íslenskir bankar eru áfram ríkisbankar* eða ekki hvort útlendingar eigi í þeim eina einustu krónu eða ekki að mínu mati.

Mér er ekki kunnugt um það a.m.k. að þekkingaröflun af þessu tagi sé bundin eða torvelduð þannig að okkur sé umhendara að nálgast slíkar upplýsingar eða mennta okkar starfsfólk í þessum efnum en öðrum.

Varðandi það að með þessu móti komi erlent áhættufé í stað lánsfjár geta menn lengi velt þeirri spurningu fyrir sér hvernig er best að taka erlend lán. Hvað kemur í bráð og sérstaklega í lengd best út fyrir íslenskan þjóðarbúskap í þeim efnum?

Nú er það svo, og það vita væntanlega allir, að útlendar peningamálastofnanir, *allra síst útlendir* bankar, standa ekki í góðgerðarstarfsemi. Þetta eru ekki líknarfélög, erlendir bankar, þannig að það er ekki líklegt að þátttaka þeirra í íslenska bankakerfinu, hvorki í þessu formi né öðru, sé af einhverri *væntumþykju með Íslendingum* tilkomin eða verði tilkomin í formi líknarstarfsemi. Ég hygg að þeir aðilar mundu gera sambærilegar ávöxtunarkröfur

um hverja þá krónu sem þeir legðu í slíkan rekstur og þeir gera hreinlega annars staðar. Og mér er það stórlega til efs að það sé endilega gáfulegasta aðferðin fyrir okkur ef við þurfum að ná í erlent lánsfé, því að auðvitað væri þetta ekkert annað þegar til kastanna kemur, því að ávöxtun af því fé sem útlendingarnir legðu inn í þetta mætti þá í raun og veru líta á sem iðgjöld af þeim lánum sem við höfum tekið, afborganir af þeim lánum. Mér er stórlega til efs að það sé mjög gáfuleg hugmynd að sækja peninga til útlanda með þessum hætti til að leggja í hlutafjáreign íslenskra banka vegna þess að slíkt mundum við ekki aðeins endurgreiða með ávöxtuninni til baka heldur látum við líka af hendi völd og ákveðið sjálfsforræði um leið og útlendingar eignast hér hlut. Ætli það sé ekki þannig að þegar til kastanna kemur er það tvennt sem er algerlega afgerandi hvað varðar efnahagslegt sjálfstæði landsins og möguleika okkar Íslendinga á því að stjórna okkar efnahagslífi hér út frá eigin forsendum sem sjálfstæðri þjóð? Það er gengisskráningin og það eru tök ríkisvaldsins í bankakerfinu til að þjónusta atvinnuvegina, sérstaklega útflutningsatvinnuvegina, með tilteknum hætti þegar á þarf að halda.

Ég leyfi mér að segja að það hafi oft og tíðum ekki verið minna atriði til að halda sjó á erfiðleikatímum að menn höfðu hér öfluga ríkisbanka sem hægt var að pína til þess að láta sinna ákveðnu þjónustuhlutverki þegar á þurfti að halda. Svo geta menn haldið langar, langar, langar frjálshyggjuræður fyrir mér, að það eigi hver að bjarga sér og þeir eigi að drepast sem drepast vilji o.s.frv. En það breytir ekki því að íslenska þjóðin lifir á því að flytja út sjávarvörur og er algerlega háð því að sú starfsemi geti gengið, hefur ekkert annað að flýja. Þannig verður það um langa, langa framtíð. Þó að upp kunni að gjósa við og við, einu sinni á áratug eða einu sinni á 25 árum eða svo einhverjir stóriðjudraumar sem síðan renna út í sandinn virðist þetta vera ein af hinum varanlegu staðreyndum íslensks efnahagslífs, að auðlindir sjávarins kringum landið eru hinn eiginlegi banki þjóðarinnar. Þangað sækjum við þau verðmæti sem að mestu leyti standa undir allri okkar innflutningsverslun.

Herra forseti. Ég tel að þetta mál hafi ekki hlotið nálægt því næga athygli á hinu háa Alþingi. Þetta er að mínu mati eitt af stærstu málunum sem lögð hafa verið inn á þingið vegna þess að hér er í raun og veru boðað slíkt fráhvarf frá stefnu sem ég hef leyft mér að vona og trúa að væri þokkaleg pólitísk samstaða um á Íslandi og það er að verja þessa hluti fyrir ásælni og ítökum útlendinga. Það gefur alveg auga leið að einhver stysta leiðin fyrir útlendinga til áhrifa í þessum efnum er í gegnum bankakerfið ef þeir fá að komast inn í það beint. Það væri krókóttari leið út af fyrir sig fyrir erlent fjármagn að kaupa sér völd og áhrif með því að tína upp einstök fyrirtæki og komast þannig í valdaaðstöðu. Það að ná ítökum í sjálfu bankakerfinu er allra, allra best og fljótlegast og það vita allir að áhugi erlends auðmagns á íslensku efnahagslífi er fyrst og fremst á sjávarútveginum. Menn horfa til orkunnar með vissum hætti, en þar er ekki um sambærilega hluti að ræða. Hin eiginlega stóriðja Íslands er sjávarútvegurinn og það er líklegt að auðlindirnar kringum Ísland, ef við verðum ekki fyrir slysum og þær mengast ekki eða skaðast ekki með einhverjum stórfelldum hætti á næstu árum, verði litnar girndarauga í vaxandi og vaxandi mæli af þeim þjóðum sem búa við mengun og rányrkju á heimaslóðum. Við munum því þurfa að standa enn betur á verðinum en við höfum gert hingað til í þessum efnum.

Herra forseti. Það mætti margt um þetta segja. Það væri t.d. gaman að heyra skoðun þeirra manna á því, sem telja eftirsóknarvert að ná erlendu áhættufé inn í bankarekstur, hvort það séu sérstök rök að þörf sé á áhættufé inn í bankarekstur. Ég hef leyft mér að halda að við Íslendingar ættum okkur framtíðarsýn af því tagi að á flestum öðrum stöðum vildum við sjá þörf fyrir áhættufé — þá tek ég orðið alvarlega, „áhættufé" — en í bankarekstri og það væri frekar ástæða til þess að leyfa takmarkaða hlutafjáreign útlendinga á öðrum sviðum eins og við alþýðubandalagsmenn höfum verið tilbúnir að gera, þó með þá skýru meginreglu í heiðri að forræði Íslendinga væri ævinlega tryggt og ævinlega væri um íslenska meirihlutaeign að ræða.

En mér finnst satt best að segja nokkuð kúnstug röksemdafærsla að það sé þörf á útlendu áhættufé inn í bankareksturinn sem slíkan. Er þá verið að gefa í skyn að hinir nýju hlutafélagabankar framtíðarinnar eigi að verða slíkur áhætturekstur að þar verði hættan á afföllum á íslensku fé svo mikil að það sé gott að fá útlendinga með okkur til að dreifa byrðunum þegar sé að rúlla einn og einn hlutafélagabanki? Það mætti halda það.

Ég hef áður rætt um öflun þekkingar og viðskiptasambanda erlendis. Hvað viðskiptasamböndin snertir sérstaklega hefur manni skilist að það væri enginn skortur á því, Íslendingar nytu ágætis lánstrausts erlendis, fengju oft og tíðum, bæði í einstökum lánasamningum og í stærri lánsfjárútboðum, góð kjör, með því besta sem þekktist. Eitt af því sem hefur auðvitað verið nefnt þar til sögunnar eru íslensku ríkisbankarnir sem njóta trausts. Útlendingar sem eitthvað þekkja til í fjármálaheiminum vita jafn vel og við að þessir bankar sem ríkisbankar hafa sterka stöðu og eru vel tryggðir svo fremi sem þjóðin haldi sínu efnahagslega sjálfstæði, auk þess sem allir stærri bankarnir íslensku eru í ágætis samningum, samkomulagi og samstarfi við erlendar bankasamsteypur. Mér er ekki kunnugt um annað en að íslensku bankarnir hafi nú þegar hin ágætustu samskipti við erlendar bankasamsteypur og ég sé ekki hvað ætti í sjálfu sér að batna stórlega við það þó að einhverjir erlendir bankar gerðust hluthafar í íslenska bankakerfinu.

Ég held, herra forseti, og það er mín afstaða og míns flokks, að eitt af því síðasta sem við Íslendingar ættum að ljá máls á að útlendingar færu að vera hér

með puttana í sé rekstur bankakerfisins. Sérstaklega hefur það verið okkar afstaða að hér eigi að vera ríkisbankar, a.m.k. og gjarnan tveir öflugir ríkisbankar sem geti sinnt þeim skyldum og veitt þá þjónustu sem menn gera öðru fremur kröfur um til ríkisbanka. Ég hygg að það kerfi hafi gefist okkur Íslendingum vel og með okkar einhæfa atvinnulíf og sveiflur í því, til að mynda stórar sveiflur í afla og tilheyrandi tekjum atvinnugreinarinnar sem slíkrar, sjávarútvegsins, og einnig í útflutningstekjum þjóðarinnar þar með, þá hafi reynst valt að treysta á hlutafjárbanka í þeim efnum og kostir þess að þar væri þá um ríkisbanka að ræða séu ótvíræðir.

Síðan finnst manni það harla furðuleg árátta, svo að ekki sé nú meira sagt, sem fyrst og fremst virðist vera af mér liggur við að segja hugsjónalegum eða a.m.k. póltitískum toga, það er hreinlega þessi sókn í að fá útlendingana inn bara út af fyrir sig, burt séð frá öðru, sem mér finnst vera hér að verki, þar sem rökstuðningurinn, léttvægur sem hann er, er eiginlega aukaatriði. Það liggur við að manni finnist að það sé aðalatriði hreinlega að útlendingarnir komi og fari hér að valsa um. Það er eins og trú manna sé fyrst og fremst á að þá gufi vandamálin upp. Það er vinsælt efni í sambandi við vaxtamálin að trúa því að með því að kalla til aðstoðar erlenda bankastarfsemi leysist það allt saman af sjálfu sér. Kannski byrjum við að ræða þessa hluti frá öfugum enda, herra forseti, og ættum fyrst að varpa fram spurningunni: Á Ísland að halda því til streitu að vera sjálfstæð þjóð með efnahagslegt sjálfstæði og sjálfstæðan gjaldmiðil? Er það kannski svo að það sé nauðsynlegt að byrja á að fá svar við þeirri spurningu: Ætlum við að vera stjórnmálalega, efnahagslega sjálfstæð þjóð og verja það sjálfstæði og tryggja okkar óskoruðu yfirráð í þeim efnum? Ef við svörum þeirri spurningu játandi, sem ég trúi og veit að allir munu gera, ég trúi ekki öðru, að ég eigi eftir að lifa þann dag í þessari virðulegu stofnun að önnur svör komi við því, þurfum við líka að skilgreina fyrir okkur þær varnarlínur sem við teljum að megi ekki bresta, megi ekki rjúfa til að standa vörð um þetta efnahagslega sjálfstæði. Ég held að óskert yfirráð Íslands í bankakerfinu og fjármálaheiminum út af fyrir sig séu nánast algerlega ómissandi hluti af því.

Menn urðu sammála um að það væri orðin alger nauðsyn fyrir efnahagslegt sjálfstæði Íslands að ná fullum yfirráðum yfir allri landhelginni. Það væri að stefna sjálfstæði okkar og efnahag í voða að við gætum ekki ein stýrt nýtingu þeirrar auðlindar. Í fyrsta lagi þyrftum við á henni allri að halda og í öðru lagi og kannski ekki síður þyrftum við sjálf að geta stýrt nýtingu auðlindarinnar, ráðið því hvernig fiskstofnarnir voru nýttir o.s.frv. Þetta tvennt er í raun og veru alveg hliðstætt hér. Að mínu mati þurfum við sjálf að geta ráðið öllu þessu kerfi, íslenska bankakerfinu og fjármálakerfinu. Ef það eru 25% í dag, hvað getur það þá orðið á morgun? Ef við búum til hlutafélagabanka úr ríkisbönkunum sem þjónusta sjávarútveginn, svo lendir sjávarútvegurinn í erfiðleikum, það kemur niðursveifla og bankinn lendir þar með í erfiðleikum. Á grundvelli kenningar frjálshyggjunnar á hann að bjarga sér sjálfur, hann á að fara á hausinn eða lifa eftir því sem vindarnir blása og svo segja menn bara: Honum var nær. Og hvað gerist svo þegar þessi banki er í erfiðleikum, samfara niðursveiflu eða kreppu í íslenska efnahagslífinu og meðeigandinn er stór og voldugur og ríkur útlendur banki? Verður þá ekki freistandi að segja sem svo: Heyrðu, við leysum þetta einfaldlega með því að selja þessum risa 15% í viðbót. Þá verður hann orðinn 40% eigandi o.s.frv.

Þetta er spurningin um það, herra forseti, hvort menn ætla að opna dyrnar eða ekki. Þegar löppin verður komin yfir þröskuldinn eins og hér er flutt till. um veit enginn hvenær allur skrokkurinn eða mestallur skrokkurinn fylgir á eftir. Hér er verið að taka upp grundvallaratriði, prinsippmál, mjög stórt prinsippmál og það er merkilegt og reyndar til skammar hversu fáir hv. alþm. virðast hafa á því áhuga eða nenna að fylgjast með þessum umræðum.

Ég hafði satt best að segja, herra forseti, vegna þess líka að ýmsir hv. þm. úr stjórnarliðinu hafa fengið að vera pínulítið lausbeislaðir í afstöðu sinni til einstakra mála í vetur og svo fremi sem þeir samþykki ekki vantraust á ríkisstjórnina virðist vera í lagi að þeir dansi dálítið frítt, ég hafði vonast til þess að það mundu rísa upp á afturlappirnar þingmenn úr öllum stjórnarflokkunum, a.m.k. bæði úr Framsfl. og Sjálfstfl., og mótmæla þessu frv. harðlega. Ég hefði viljað sjá hér menn, sem þykjast a.m.k. á hátíðisdögum vera talsmenn íslensks sjávarútvegs, í Sjálfstfl. koma og segja: Nei, skítt með alla frjálshyggju, en þetta viljum við ekki. Enga útlendinga inn í íslenska bankakerfið og ekki inn í íslensku ríkisbankana eða hlutafélagabankana. Ég hefði skilið það þó kratar hefðu setið hljóðir og haldið í borðbríkina, þeir eru ýmsu vanir, en að menn skuli í öllu stjórnarliðinu ætla að sitja þegjandi undir þessu frv. og það er að mér skilst komið á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar yfir mál sem á að afgreiða á þessu þingi. — Nú er kinkað kolli á tilteknum stað í salnum. Ef það á yfir okkur að ganga að þetta mál á að afgreiðast rétt eins og hvert annað smámál eru það orðin mikil tíðindi í íslenskum stjórnmálum, ég segi ekki annað en það, herra forseti, ef þetta er nú orðið fyrir mönnum eins og hvert annað smámál. Það er það a.m.k. ekki fyrir ræðumanni og er það alveg ljóst, herra forseti, að þetta verður þá ekki síðasta ræðan sem ég þarf að flytja um þetta mál áður en það fer héðan úr þingdeildinni þó að ég sé að hugsa um að fara að láta þetta gott heita í bili.

Ég fór yfir frv. frá fyrstu til næstsíðustu greinar, síðasta greinin er stutt um gildistökuna, og ég ætla að segja við hæstv. viðskrh. að ég er tilbúinn að standa að afgreiðslu þessa frv. ef 1. gr. verður felld niður. Um það getur orðið samkomulag við mig að afgreiða þetta frv. mínus 1. gr. hér og nú á þessu þingi því þar eru á ferðinni að mínu mati allt þarfar lagfæringar og leiðréttingar á gildandi bankalögum.

En um 1. gr. er stórpólitískur ágreiningur og ég spái hæstv. ráðherra því að ef þetta fer þá ekki hér í gegn með þeim hætti að menn verða bæði sofandi og heyrnarlausir, hv. þm. yfirleitt, þá eigi fleiri en ég eftir að setja á einhverjar ræður um þetta mál þegar það rennur upp fyrir mönnum hvílíkt stórprinsippmál er hér á ferðinni og hvaða dyr er í raun og veru verið að opna, að vísu ekki nema tiltölulega litla rifu að þessu sinni, en hvað afleiðingar það gæti haft í för með sér.

Herra forseti. Ég er að hugsa um að láta þetta duga að sinni, en mér hefði þótt vænt um ef hæstv. ráðherra hefði svarað því hvort hann væri tilbúinn til að ræða frekari meðferð frv. á þeim forsendum að það yrði þegar í stað ákveðið að leggja til hliðar þá grein frv. sem hér hefur verið lýst miklum ágreiningi um og sjá þá til hvort hv. Alþingi treystir sér ekki til að afgreiða það sem eftir stæði.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er um mikilsvert mál að ræða, eiginlega prinsippmál, hvort á að hleypa erlendu fé inn í bankana í meira mæli en hingað til hefur verið hægt. Hér er um það að ræða að erlendir aðilar geti fjármagnað íslenska bankakerfið allt að einum fjórða. Við kvennalistakonur höfum efasemdir um að rétt sé að haga málum á þennan hátt. Fyrst er á það að líta að hér á landi er engin heildarlöggjöf um erlenda fjárfestingu né hvernig slíkum málum skuli hagað og okkur finnst varhugavert að samþykkja frv. án þess að slík heildarlöggjöf liggi fyrir og ekki eðlilegt að þessi þáttur sé tekinn út úr. Ég vil minna á að þegar iðnaðarlögin voru rædd hér í vetur og sú breyting á þeim að erlendir menn gætu fjárfest hér þá vöruðu ýmsir við því að erlendu fjármagni yrði veitt inn í landið í stórum stíl og bentu á augljós áhrif slíkra aðgerða á hagkerfið. Íslenskt hagkerfi er ekki stórt, a.m.k. ekki á alþjóðlegan mælikvarða, og þar af leiðir að það er mjög viðkvæmt fyrir öllum sveiflum. Einnig og ekki síst þeim sveiflum sem erlent fjármagn getur orsakað, fjármagn sem við höfum takmörkuð yfirráð yfir og sem eigendurnir geta dregið í burtu eða aukið við nánast eftir geðþótta og þannig valdið straumkasti innan hagkerfisins sem við kynnum að eiga erfitt með að stjórna. Því kynni þetta fjármagn að reynast okkur dýrkeypt. Það er kannski ekki mikill munur á, sbr. breytinguna á iðnaðarlögunum, hvernig erlendu fjármagni er veitt inn í landið, hvort það er beint eða í gegnum bankakerfið. Þó er kannski skárra að stjórna því ef það er gert í gegnum bankana. Við ættum trúlega betra með það. En fyrst og fremst verðum við að varðveita fjárhagslegt sjálfstæði okkar sem þjóðar og það sjálfstæði verður ekki tryggt með erlendu fjármagni, það eru alveg hreinar línur, fremur hið gagnstæða.

Þessi breyting kynni að verða fyrsta skref til frekari opnunar efnahagskerfisins fyrir erlendu fé og hvar verður þá staðnæmst? Það hljóta menn að óttast. Við stöndum frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum í efnahagsmálum núna, en stafa þeir af skorti á fjármagni? Það er spurningin. Stafa þeir ekki fremur af því að fjármagnið er of dýrt og atvinnulífið þolir ekki þann fjármagnskostnað sem því er ætlað að bera við núverandi aðstæður? Það er meginmálið.

Aðgerðunum sem frv. boðar er bersýnilega ætlað að styrkja bankakerfið og þá er spurning hvort ekki er hagkvæmara og um leið þjóðhollara að gera það á annan máta. Í starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar stendur, með leyfi hæstv. forseta, að „stefnt skuli að samruna banka með það að markmiði að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu." Hæstv. ríkisstjórn hefur engu áorkað í þessa veru enn þá. Og það læðist að manni grunur um að hún sé e.t.v. ekki svo mjög áfjáð í að breyta neinu í þessum efnum og að hún vilji kannski koma sér hjá öllum óþægilegum og gagngerum breytingum og umróti og kjósi fremur auðveldari leið, þ.e. að veita erlendu fjármagni til bankanna, og það held ég að megi segja að sé „billeg" lausn.

Það er rétt að huga að því hvort að hin leiðin, sú að sameina bankana, sé ekki hentugri okkur. Íslenskir bankar eru yfirleitt vel stæðir nú og væru þeir sameinaðir í stærri einingar væru þeir atvinnulífinu styrkari stoðir og jafnframt væru þeir öflugri og færari um að mæta áföllum ef eitthvað fer úrskeiðis svo sem við höfum dæmi um að geti gerst. Ávöxtun fjár á Íslandi er mjög arðvænleg eins og er og það kann því að vera áhugavert fyrir erlenda aðila nú að veita fé inn í bankakerfið okkar. Verði þetta frv. samþykkt er ekkert sem hindrar þá í því. Þeir geta komið með sitt fé. Þeir geta líka dregið sig til baka og farið ef þeim býður svo við að horfa ef hallar undan fæti hjá okkur á einhvern máta og féð ávaxtast ekki svo sem þeir sætta sig við. Og hvernig stöndum við þá? Vegna smæðar samfélags okkar getur sú breyting sem þetta frv. boðar haft verulega afdrifarík áhrif á efnahagslíf okkar og ekki endilega til hins betra.

Við kvennalistakonur teljum því sameiningu bankanna farsælli leið til eflingar bankakerfinu en að opna það upp á gátt eða þó ekki sé nema í hálfa gátt fyrir erlendu fé og við vörum við þeirri stefnu því að eins og ég sagði áðan: Hvar verður staðnæmst?

Ég hef enn aðeins fjallað um 1. gr. frv. Um aðrar greinar þess er það að segja að þær miða yfirleitt að því að tryggja öryggi í viðskiptum og að farið sé af fyllstu gát með lánveitingar og að draga úr hættu af hagsmunaárekstrum. Vissulega er þarft að á þessum atriðum sé hert og þessar greinar eru allar til bóta í bankalöggjöfinni. Ég vil því lýsa stuðningi Kvennalistans við þær. En því er ekki að leyna að 1. gr. er okkur verulegur þyrnir í augum og við höfum áhyggjur af sívaxandi kröfum vissra hópa um að fá erlent fjármagn inn í landið. Við heyrum oft þau rök að við þurfum að laða erlent fjármagn, áhættufjármagn, að okkur og það er talið betra en að við tökum lán. Ég efast um að erlendir fjár-

magnseigendur muni vilja fjárfesta hér á landi nema því aðeins að þeir fái þá mikinn arð af því fé og kannski meiri en við höfum ráð á að borga þegar til lengri tíma er litið. Ég hef verulegar áhyggjur af því að við töpum yfirráðum yfir auðlindum okkar í hendur útlendinga verði þetta frv. að lögum þegar einnig er búið að breyta iðnaðarlögunum eins og gert var í vetur. Ég skil ekki hvers vegna liggur svo á að samþykkja þetta frv. og mér fyndist réttast að samþykkja alls ekki 1. gr. þess, en huga heldur að því að styrkja bankakerfið á annan og þjóðhollari hátt án þess að fjárhagslegu sjálfstæði okkar sé á nokkurn hátt stefnt í hættu.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem þeir tveir hv. þm. sem hér hafa talað hafa sagt og leyfi mér að gagnrýna að frv. eins og þetta skuli lagt hér fram svo seint og svo nálægt þinglokum, og ég undrast að ríkisstjórnin skuli hafa von til þess að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi. Miklu nær hefði verið, eins og hér hefur þegar komið fram, að bankakerfið yrði endurskoðað í heild en að kasta hér fram frv. sem aðeins tekur á einni en að vísu mjög mikilvægri ákvörðun í almennum peningamálum þjóðarinnar. En hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur þegar lýst skoðunum sínum og okkar alþýðubandalagsmanna á því máli. Hann gat þess að hann gæti hugsað sér að samþykkja þetta frv. ef 1. gr. væri numin brott. Ég vil hins vegar segja og hef komið hingað í ræðustól til þess að segja það, að ég get ekki samþykkt frv. nema 2. gr. sé tekin út líka. Og ég skal aðeins skýra ástæður fyrir því.

Hér segir, með leyfi forseta: „Í stað „Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu.“ í 4. mgr. 21. gr. komi: Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.“

Ég fæ ekki betur séð en að hér sé enn verið að grafa undan bankaeftirlitinu og vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort sá grunur minn sé réttur. Ég minni á að á síðasta löggjafarþingi og raunar á 108. löggjafarþingi líka flutti ég ásamt hv. þm. Geir Gunnarssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni frv. til l. um Bankaeftirlit ríkisins þar sem ég lagði áherslu á að bankaeftirlitið yrði stórlega eflt. Það er alveg ljóst að áhugi Seðlabankans á því máli hefur enginn verið. En ég undrast að hann skuli heldur ekki fyrir hendi hjá hæstv. viðskrh.

Bankaeftirlit hefur verið starfrækt hér á landi frá stofnun Seðlabanka Íslands sem deild innan bankans og undir yfirstjórn hans. Ný lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, breyttu þar engu um. Við töldum hins vegar, flm. þessara umræddu frv. um Bankaeftirlit ríkisins, höfuðnauðsyn að á Íslandi yrði eins og í velflestum vestrænum ríkjum starfrækt fullkomlega sjálfstætt og óhlutdrægt bankaeftirlit, óháð m.a. Seðlabanka sem eðli máls samkvæmt ætti að falla undir eftirlit slíkrar stofnunar og er hluti af hagstjórnartækjum ríkisins. Aðskilnað þessara stofnana töldum við tvímælalaust til styrktar eðlilegri verkaskiptingu stofnana ríkisins og eðlilegri starfsemi innlends peningamarkaðar.

Seðlabanka Íslands eru ætluð mörg hlutverk og ekki alltaf samræmanleg. Það hefur a.m.k. enn ekki tekist að finna formúlu fyrir þeirri peninga- og lánsfjárstjórn Seðlabanka sem í senn tryggir stöðugt verðlag og hagkvæmustu nýtingu framleiðslugetunnar hverju sinni. Í þessu samhengi skiptir þó meira máli að það kann að reynast ósamrýmanlegt hlutverk að fara bæði með stjórn peninga og lánsfjármála samkvæmt stefnu stjórnvalda hverju sinni og vera banki innlánsstofnana, en hins vegar að hafa jafnframt þess konar eftirlit með starfsemi bankanna að fjárhagsöryggi sparifjáreigenda sitji í fyrirrúmi. Það hlýtur að vera ósættanlegt ósamræmi í því að Seðlabanki hafi yfirstjórn bankaeftirlits, eftirlit sem hann hlýtur eins og áður segir að falla að hluta undir sjálfur.

Ég hefði því kosið að hinn nýi viðskrh., sem er þaulkunnugur og þekkir flestum betur íslensk peningamál, kæmi fram með metnaðarmeiri mál en mál eins og þetta á sínu fyrsta þingi þar sem ég held að mikil þörf sé á að efla bankakerfið, en tel fráleitt að kalla til þess erlent fé og rýra í raun og veru gildi og vald bankaeftirlitsins. Ég held að ýmsir þeir atburðir hafi orðið á síðustu árum ... (**Viðskrh.:** Þetta er einhver voðalegur misskilningur.) Ef þetta er misskilningur minn er ég til þess komin hingað að biðja hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir mér. Ég hefði kosið að sjá frv. frá hæstv. viðskrh. sem tóku á þessum málum, bæði málefnum bankaeftirlitsins og eflingu bankanna, á metnaðarmeiri hátt en hér hefur verið sýnt.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, lengja mikið þessa umræðu, en ég tel að bankaeftirlitið þurfi að koma inn í ákvarðanir í peningamálum í miklu meira mæli en nú er gert. Ég held að það sé verkefni þess að sjá svo til að bankarnir láni ekki óeðlilegt hlutfall af eiginfjáreign. Atburðir síðustu ára hafa sýnt okkur svo ekki verður um villst að þar hefur ýmislegt farið úrskeiðis. Við höfum þegar, eins og hv. 7. þm. Norðurl. e. gat um áðan, orðið að sætta okkur við að hér voru samþykkt iðnaðarlög á þessu þingi þar sem gert er ráð fyrir erlendu fé til íslenskra fyrirtækja. Nú koma bankarnir. Við hverju megum við búast? Samband ísl. samvinnufélaga stendur ekki allt of sterkum fótum eftir því sem heyrst hefur. Hvað verður næst?

Okkur í Alþb. finnst þetta vera spursmál um hvort við ætlum að reka eigið peningakerfi eða ekki. Ég vænti þess þess vegna að við þurfum ekki að sjá þetta frv. samþykkt á þessu þingi heldur megum

vænta metnaðarmeiri aðgerða í peningamálum þjóðarinnar og málefnum bankanna en hér hefur sýnt sig.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég skildi það þannig þegar hæstv. bankamálaráðherra talaði fyrir þessu frv. að þetta væri ekki frv. sem ætti að afgreiða á þessu þingi. Það kom í ljós að t.d. Framsfl. hefði ekki samþykkt að þetta væri flutt sem stjfrv. þó að það hafi verið gert og ég skildi það þannig að það hefði eiginlega verið af misskilningi sem þetta hefði verið flutt sem stjfrv. þannig að mér kemur þetta mjög spánskt fyrir sjónir. Og ég veit ekki hvernig hæstv. bankamálaráðherra ætlar að koma þessu gegnum báðar deildir á þeim tíma sem er ætlaður þinginu. Jafnvel þó það yrði dregið fram á miðvikudag að hafa þinglausnir sé ég ekki hvaða möguleiki er á því miðað við allt það sem er á lista að fara á í gegnum þingið.

Það eru margar spurningar sem hljóta að koma upp í hugann þegar maður les þetta frv. Hvað er t.d. átt við í 1. gr., með leyfi forseta: „Bönkum og viðurkenndum fjármálastofnunum ... „ Er eitthvað af gráa markaðnum viðurkennt? Þeir hafa tekið sér það vald í raun og veru að flytja inn erlent fjármagn þó að þeir megi það ekki a.m.k. formlega í þessum mörkuðum. En gæti það ekki verið? Ég spyr.

Það er verið að tala um að það gæti verið að einhverjar bankastofnanir úti í heimi mundu vilja leggja fram áhættufé til að verða hluthafi í banka á Íslandi. Hvert er lögmál þeirra sem stjórna og eiga peninga? Ef þeir leggja fram áhættufé á annað borð er það vegna þess að þeir hafa hugsanlega einhvern ávinning af því að gera það. Það gerist ekki óðruvísi. Þá held ég að menn eigi að reyna að hugsa áfram. Ég held að þetta frv. sé hvorki hugsað eða nægilega rætt til þess að það sé verjandi að keyra það í gegn með afbrigðum og öllum látum sem við þekkjum nú, sem hér erum búin lengi að vera, til að gera það að lögum á þessum stutta tíma.

Ég segi fyrir mig að ég vil fara varlega í því að láta erlenda aðila komast hér inn með litla puttann hvernig sem þeir gera það. Ég var algerlega á móti því frv. sem var samþykkt um að útlendingar gætu átt eða eignast einhvern hlut í fyrirtækjum hér. Og það má lengi spyrja um þetta.

Ég aftur á móti skil ekki í sjálfu sér viðhorf hv. 13. þm. Reykv. í sambandi við að það væri eðlilegt að það væri einhver annar en bankaráðin sem settu þessar reglur. Miðað við nýju lögin um viðskiptabanka, ef eitthvað út af ber, verða bankaráðin dregin til ábyrgðar að mér sýnist. Ég skil þau lög þannig. Þess vegna er eðlilegra að það séu bankaráðin en eftirlitsaðilinn, að hann setji þessar reglur.

En það er fleira sem er athugavert við frv. Það er 5. gr. Ég mun geyma mér að ræða 5. gr. þangað til við 2. umr. að mestu leyti. En hafa hv. þm. og hæstv. bankamálaráðherra, sem er nú brott genginn, athugað að það eru bankastofnanir, það eru eins og nefnt er hér fjármálastofnanir sem eru með ekki mikið yfir 60% í fasteignum og eigin búnaði, e.t.v. jafnvel tvöfalt meira í dag. Ég segi e.t.v. Ég ætla að kanna það betur fyrir 2. umr. Mér er alveg hulið hvernig ráðherrann ætlar að framkvæma 5. gr. eins og ástatt er. Við skulum bara segja að hæstv. ríkisstjórn detti í hug að pína upp vextina aftur enn meira og verulegar fjárhæðir fari út úr einhverjum bankanum. Er þá meiningin að neyða þessar bankastofnanir til að leggja niður einhver útibú og selja ef slíkt kæmi fyrir? Og hvernig er þetta hugsað eða er þetta yfirleitt bara óhugsað?

Sem sagt: 5. gr. ætla ég að ræða betur við 2. umr. Ég er ekki tilbúinn að ræða hana út í æsar og líka spurning hvað langt ég má í sjálfu sér fara út í þá sálma hér. Ég þarf að athuga þá hlið líka. En hins vegar fullyrði ég að það er svo langur vegur frá því að allar fjármálastofnanir eigi tilskilið fé umfram fastan búnað vegna sinnar starfsemi og ég sé ekki hvernig hæstv. ráðherra hugsar sér að gera það ef þessi lög eiga að taka gildi nú þegar eða á miðju þessu ári sem það í raun og veru þýðir eftir orðanna hljóðan.

Ég held að það þurfi að skoða öll þessi mál og athuga það í einu samhengi hvernig er að fara fyrir fyrirtækjum, fyrir landsbyggðinni og fyrir þjóðfélaginu miðað við þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur tekið í þessum málum.

Það var verið að hringja í mig í dag á þingfundi þar sem var verið að ræða um eitt byggðarlag sem ég sé ekki annað en sé algerlega búið. Í þessu byggðarlagi er ein verslun. Hún er gjaldþrota ef ég veit hvað gjaldþrot er. Ég held að það væri nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að huga að þessum málum, hvernig er verið að sjúga atvinnuvegina og landsbyggðina, en vera að reyna að fá erlent fjármagn inn í landið með þessum hætti.

Það væri þess vert að taka þetta mál allt saman, efnahagsmálin og allt saman, til umræðu og yfirvegunar í sambandi við þetta frv. og reyna að fá umræður um þetta mál úti í þjóðfélaginu og það verður gert ef á að knýja þetta fram með þessum hætti. Þetta er slíkt stórmál að það er ekki forsvaranlegt að afgreiða það án þess t.d. að kalla ýmsa þá menn sem hafa mesta þekkingu á þessum málum og ef sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar ætlar að afgreiða það eins og fljótaskriftin er venjulega í þinglausnum eða fyrir jól er það náttúrlega alveg með eindæmum.

Ég endurtek þær spurningar og bið hæstv. bankamálaráðherra að svara þeim, hvernig á að skilja þetta í 1. gr., bönkum og viðurkenndum fjármálastofnunum. Ég vil enn fremur biðja hann að svara því: Hvaða líkur telur hæstv. ráðherra á því að bankar eða peningastofnanir einhvers konar vilji leggja fram hlutafé í íslenskum bönkum sem áhættufé? Og að hann komi mér í skilning um hvað það sé sem þeir eru að sækjast eftir, á hverju þetta er grundvallað. Ég sé nefnilega ekki nokkurt vit í því ef það væri ekki einhver ábatavon með einhverjum hætti og hver er hún þá eftir skilningi þess ráðherra sem

flytur þetta og hefði átt að gera í eigin nafni ef rétt hefði verið farið að?

Ég vil einnig spyrja hann í sambandi við 5. gr. Sé það rétt, sem ég sagði hér áðan, að það séu til peningastofnanir, sem séu viðurkenndar, þar sem það sé ekki einu sinni 100% í fasteignum og eigin útbúnaði, hvernig hyggst ráðherrann fara með slíka stofnun? Er þá ætlunin að gefa fyrirmæli um að hún dragi saman seglin að því marki að hún eigi á einhverjum tilteknum tíma, ég veit hvernig þessi grein er, hún er með undantekningu, ráðherra er heimilt. En ef það væri t.d. stofnun sem ráðherrann bæri sérstaklega fyrir brjósti væri þá hugsanlegt að hún fengi einhverra ára heimild til að koma málum sínum í lag? Og eiga þá peningastofnanirnar ekki að vera jafnar fyrir lögunum? Er það meiningin?

Ég mun ræða þetta við 2. umr., en vil áður fullvissa mig um hvað ég má segja hér á hinu háa Alþingi um þessi mál.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Frv. til l. um breytingar á viðskiptabönkunum, sem hér liggur fyrir, er á ýmsa vegu dálítið sérstætt. Það má segja að 2., 3. og 4. gr. hafi kannski ekki annan tilgang en að kveða skýrar á en gert er, sérstaklega á það við 2. og 3. gr., um sjálfsagða hluti.

4. gr. er ýmsum spurningum undirorpin að mínu viti. Ég er ekki viss hvort það eigi skilyrðislaust að vera Ríkisendurskoðun sem eigi að sjá um þetta eftirlit, hvort það sé ekki hægt að hafa endurskoðendur sem eru annars vegar skipaðir af ráðherra og hins vegar af bankaráðinu því það hlýtur náttúrlega að vera bankaráðið sem verður, ef það á að sinna sinni eftirlitsskyldu, að fylgjast mjög náið með störfum endurskoðenda. Ég fæ ekki séð hvernig þeir eiga raunverulega að geta fylgst með einu né neinu nema átta sig vel á því hvað þar sé gert og þess vegna hef ég miklar spurningar við 4. gr. Mér sýnist að bankastjórarnir geti haldið bankaráðinu í verulegu upplýsingasvelti ef þeir hlutir eru á þann veg að þeir fylgist lítið með baksviðinu, þ.e. endurskoðuninni sem hlýtur að eiga sér stað nokkuð jafnt og þétt yfir árið.

5. gr. er að því leyti sérstæð að þar eiga menn annars vegar að fara ákveðið eftir lögum, en út á náð og miskunn frá ráðherra eða bankaeftirliti má standa öðruvísi að hlutunum. Ég fæ ekki séð á hvaða forsendum ráðherra á að afhenda þeim slíkt vald. Á að eiga það undir duttlungum ráðherra, persónulegri vináttu við viðkomandi banka eða óvild, hvernig hann tekur á slíkum málum? Um bankaeftirlitið má segja nákvæmlega sama. Á Alþingi að samþykkja lög sem fela ráðherra á þennan hátt að ráða því hvort banki er settur af eða ekki? Það eru engin smáræðis völd.

Ég segi fyrir mig að ég felli mig ekki við innihald 5. gr. og ég geri verulegar athugasemdir við 4. gr. líka, sé ekki skynsemi í henni eins og hún er upp byggð. Aftur á móti með 2. gr. og 3. gr. sýnist mér að það sé verið að kveða sterkar að orði um sjálfsagða hluti.

En þá erum við komnir að 1. gr. Það atriði á nánast ekkert heima í þessu frv. ef menn vilja vera heiðarlegir og sanngjarnir. Það á ekkert erindi inni í frv. að blanda efni 1. gr., sem er stefnumarkandi ákvæði varðandi samskipti okkar við útlendinga, inn í þetta frv. Það verður ekki skilið á annan veg en þann að menn hafi ætlað sér í skjóli góðra hluta hjá 2. og 3. gr. að koma fram breytingum á heildarstefnu í bankamálum og mér er spurn: Hvers vegna?

Það er nú svo með okkur Íslendinga að við tökumst á um marga hluti og eitt af því sem menn hafa tekist hvað harðast á um hér á landi eru bankarnir. Það þýðir ekkert að blekkja sjálfa sig með því. Seinasta dæmið í þeim efnum var hið fræga sölutilboð á Útvegsbankanum sem sjálfstæðismenn settu leikreglurnar um, alþýðuflokksmaður átti svo að sjá um að framkvæma, en þegar tilboð kom frá framsókn um að kaupa brotnaði allt niður. Þá ruglaðist bara kerfið. Þetta voru ekki leikreglur sem voru byggðar upp við það að framsóknarmenn ættu að kaupa.

Ég verð að segja eins og er að ég held að minningin um þetta mætti halda mönnum örlítið frá því að ætla að leika sér mikið í þessum málum. (**GHelg:** Þeir vilja frekar útlendinga en framsóknarmenn.) Menn vilja fá vald til þess hér og nú að geta gerst umboðsaðilar í reynd fyrir erlent vald í íslenskum bönkum. Taki menn vel eftir því. Haldið þið að ef þetta yrði gert að lögum mundu storma að bankar sem hefðu af eigin hvötum „interessu“ á því að kaupa hlutafé í banka uppi á Íslandi? Þannig mundu hlutirnir ekki gerast. Það væru Íslendingar sem færu til útlanda, annaðhvort í krafti, ja Alþjóðasambands jafnaðarmanna, í fjármálaheiminum eða til samvinnuhreyfingar úti í heimi og segðu: Okkur er það nauðsyn til áhrifa og aðstöðu á þessari eyju að þið gerið okkur greiða og kaupið 25% í þessum banka. Hvernig fór fyrir blessuðu Þróunarfélaginu? Það sem vantaði upp á að Sjálfstfl. hefði til að hafa hreinan lýðræðislegan meiri hluta á Íslandi var hægt að kaupa með hlutabréfum í Þróunarfélaginu. Og nú er það sett af stað að menn vilji hafa frelsi til að selja 25% af hlutafé í þessum bönkum. Bönkum sem hverjir eiga? Sem Íslendingar eiga í dag, Íslendingar með mismunandi stjórnmálaskoðanir en hafa samt sem áður haldið sig við þann leikramma að takast á um bankakerfið innan íslenskrar lögsögu.

Menn segja hér og nú trekk í trekk: Ríkisbankar eru illa reknir bankar. Hlutafélagsbankar, það eru vel reknir bankar. Gott og vel. Segjum að við notum íslenska reynslu og förum eftir henni. Þetta er saga Íslandsbanka hf. og Útvegsbanka Íslands frá 1904–1980. Hvernig fór? Þetta var erlendur hlutafélagsbanki. Við settum honum leikreglur sem voru honum óhagstæðar. Þeir spiluðu djarft. Þeir skulduðu víða í Evrópu. Þeir skulduðu líka mönnum sem áttu peninga, Íslendingum sem áttu peninga í bank-

anum, og þegar bankinn var gerður gjaldþrota, hvor hópurinn tapaði? Vitið þið það? Það voru Íslendingarnir sem áttu peningana í bankanum sem töpuðu hverri einustu krónu, m.a. á Ísafirði. En til þess að halda „goodwill" út á við hjá þeim bönkum og hjá þeim þjóðum sem bankinn skuldaði erlendis voru greiddar stórar fjárhæðir af Íslands hálfu. Það var nú allt áhættuféð sem inn kom í þjóðfélagið. Við borguðum, alþýða þessa lands, fyrir leikaraskapinn.

Halda menn að það sé hægt að segja að sagan hafi byrjað þegar Útvegsbankinn lenti í sínum erfiðleikum? Nei og aftur nei. Sagan byrjaði ekki þá. Það þýðir ekkert að standa hér upp og tala á þann veg að þá hafi það allt í einu komið í ljós að ríkisbankar séu illa reknir bankar. Útvegsbanki Íslands var gerður að ríkisbanka vegna þess að menn þorðu ekki að standa frammi fyrir því á sínum tíma að láta þá sem áttu inneign erlendis hjá Íslandsbanka tapa hverri einustu krónu. Menn þorðu ekki að standa þannig að málum. Þetta eru hinar sögulegu staðreyndir.

Og ef við tökum nú upp taflið á ný og segjum: Hleypum útlendingunum inn í alla banka á Íslandi með 25% hlutafé, þá erum við að opna það upp á gátt að íslensk yfirráð yfir bankakerfinu verði undir og við erum að stuðla að því að íslenskir stjórnmálamenn fari í kapphlaup út í heim að leita að aðilum sem eru reiðubúnir að kaupa sig inn til þess að styrkja stöðu ákveðinna stjórnmálamanna.

Vitið þið á hvað slík orusta mundi minna mest ef þetta yrði gert? Munið þið eftir því hvenær íslenskir stjórnmálamenn leituðu út fyrir landsteinana til að efla það vald sem þeir höfðu ekki hér heima? Munið þið eftir því hvenær það var? Það var á sturlungaöld. Þá var svo komið fyrir höfðingjum Íslands að aðeins einn af þeim var ekki jafnframt þjónn Noregskonungs. Kolbeinn ungi var það ekki. Mig undrar að þjóð sem jafnskamman tíma hefur haft sjálfstæði sitt skuli nú eftir svo stuttan tíma og gífurlega hagsæld þann tíma sem hún hefur fengið að ráða sjálf eigin málum allt í einu taka upp þessa trú á útlendingana að nánast treysta því að þeir reki allt betur og þeir betrumbæti það sem hér er illa gert í þessum málum. Þetta eru blekkingar!

Þegar slitnaði upp úr Kalmarsambandinu forðum sagði einn sænskur aðalsmaðurinn: Það er betra að kjósa sinn besta í sínu landi en flytja brauðið til útlanda. Núna ætla menn aftur að fara að leita út fyrir landsteinana til þess að ná í þá peninga sem geti tryggt þeim þau áhrif og völd í bankakerfinu sem þeir girnast en hafa ekki eins og leikreglurnar eru í dag.

Á bls. 35 stendur í þeirri góðu bók, Saga Íslandsbanka: Syrtir í álinn fyrir Íslandsbanka, gjaldþrot Milljónafélagsins. — Það vantaði ekki nafnið. Það er ekkert nafn sem búið hefur verið til á atvinnustarfsemi í þessu landi sem er jafntraustvekjandi út á við og Milljónafélagið. Voru það þá bara skúrkar sem voru þarna innanborðs? Það er nú öðru nær. Þarna voru innanborðs stærstu menn í atvinnulífi Íslendinga.

Ég veit ekki hvort þeim mönnum er sjálfrátt sem leggja á það mikið kapp að sú uppbygging íslenskra banka sem hefur verið í höndum Íslendinga og virðist í dag vera eitt af mestu gróðafyrirtækjum sem hægt er að komast í hér... (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt mál eftir af ræðu sinni.) Ég á þó nokkuð mál eftir, herra forseti, því að ég var aðeins á bls. 35 í þeirri góðu bók sem ég ætlaði að vitna í og kynna mönnum ögn í deildinni því ég efa að menn hafi almennt lesið hana. (**Forseti:** Ef svo er mun ég fresta þessu máli nú þar sem fleiri eru á mælendaskrá þar að auki.)

Umræðu frestað.

SAMEINAÐ ÞING

77. fundur, fimmtudaginn 5. maí, kl. 10 árdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Svohljóðandi bréf hefur borist, dags. 5. maí 1988:

„Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Eyjólfur Konráð Jónsson, 8. þm. Reykv., er veikur og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að beiðni hans með skírskotun til 130. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess að vegna setu 1. varamanns á þingi taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Jón Magnússon lögfræðingur, sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Karl Steinar Guðnason,
forseti Ed."

Jón Magnússon lögfræðingur hefur áður tekið sæti á þessu þingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Staðgreiðsla skatta af orlofsfé, ein umr.

Fsp. GGÞ, 319. mál. — Þskj. 635.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram á þskj. 635 fsp. til fjmrh. um staðgreiðslu skatta af orlofsfé. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með hverjum hætti fer fram staðgreiðsla skatta af orlofsfé sem launþegi fær ekki í hendur fyrr en að orlofi kemur?"

Með þessari fsp. þarf í rauninni ekki að halda langa ræðu eða um hana að fara mörgum orðum.

Hér er eingöngu um það að ræða að varpa fram spurningunni: Með hverjum hætti fer fram staðgreiðsla af orlofsfé t.d. vikukaupsmanna? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er staðgreiðsla skatta af orlofsfé nokkuð mismunandi eftir því með hverjum hætti launþegar fá laun sín greidd. Mánaðarkaupsmenn taka sumarfrí ákveðinn mánuð af ári og þá er orlof tekið af mánaðarlaununum. Þá er staðgreiðsla tekin af mánaðarlaununum þann mánuð sem þeir fara í sumarfrí. Vikukaupsmenn fá orlof sitt inn á reikning í hverri viku, en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef greiða þeir skatta af þessu orlofsfé í staðgreiðslu jafnóðum og það er ekki dregið af orlofsfénu sjálfu þannig að minni upphæð fari inn á orlofsreikninginn heldur dregið af launum þeirra, en orlofsféð fer óskert inn þannig að í rauninni er hér um misræmi að ræða milli mánaðarkaupsmanna og vikukaupsmanna þannig að þeir sem á vikukaupi eru greiða fyrir fram skatta samkvæmt staðgreiðslukerfinu ef ég skil þetta rétt.

Nú hygg ég að þetta hafi hvorki verið skilningur þingsins né jafnvel ráðuneytisins í upphafi án þess að mér sé um það kunnugt. Því hef ég varpað þessari spurningu fram til að fá það fram á þinginu hvort fjmrh. er þess meðvitandi að staðgreiðsla af orlofsfé sé á þennan hátt og hvort hann hyggst gera á því einhverjar breytingar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Efni fsp. er eftirfarandi: „Með hverju hætti fer fram staðgreiðsla skatta af orlofsfé sem launþegi fær ekki í hendur fyrr en að orlofi kemur?“

Orlofsgreiðslur skv. orlofslögum og reglugerðum fara fram með tvennum hætti. Annars vegar fá fastir starfsmenn orlofslaun, þ.e. fá greidd venjuleg laun meðan þeir eru í orlofi. Aðrir launþegar fá hins vegar greitt orlofsfé sem nemur ákveðnu hlutfalli af launum þeirra hverju sinni. Afleiðingin af því að orlofsgreiðslur fara fram með þessum hætti er sú að staðgreiðsla af orlofsgreiðslum er mismunandi eftir því hvernig launþegi fær greitt á meðan hann er í orlofi.

Þegar um er að ræða orlofsfé sem lagt er inn á póstgíróreikning skal skv. 15. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 10. gr. laga nr. 90/1987, um breytingu á þeim lögum, orlofsfé bætt við laun launamanns fyrir hvert greiðslutímabil. Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins og draga hana frá launum. Til frekari skýringar skal tekið eftirfarandi dæmi:

Laun launamanns fyrir janúar 1988, 50 000 kr., voru greidd í lok mánaðarins. Þá lítur dæmið þannig út: Janúarlaun 50 000 kr., orlofsfé kr. 5800, laun með orlofsfé 55 800 kr. 35,2% staðgreiðsluskattur verður 19 641 kr. Frá dregst síðan persónuafsláttur í janúar, 14 797 kr. Skattskyld staðgreiðsla í þessu tilviki yrði þá 4844 kr. Af þessu sést að staðgreiðslan er tekin jafnóðum af orlofsfé sem lagt er inn á póstgíróreikning.

Þegar um er að ræða mánaðarkaupsmenn, þ.e. þá sem fá greidd venjuleg laun á meðan þeir eru í orlofi, gildir sú regla að staðgreiðslu ber að draga af þessum launum þegar þau koma til útborgunar. Þess má geta að orlofsfé sem reiknað hefur verið á laun vegna staðgreiðslutímabila á árinu 1987 kemur ekki til skattlagningar á árinu 1988 vegna niðurfellingar innheimtu tekjuskatts og útsvars á laun, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Rétt er að lokum að minna á ný lög um orlof nr. 30/1987 sem öðluðust gildi 1. maí sl. og fela í sér verulegar breytingar á gildandi orlofsreglum. Eins og fram kom hafa fram að þessu gilt ólíkar reglur um staðgreiðslu af orlofsgreiðslum eftir því í hvaða formi þær hafa verið inntar af hendi. Fjmrn. hefur m.a. af þessu gefna tilefni óskað eftir viðræðum við félmrn. um það hvort ekki sé unnt að samræma reglur laga um staðgreiðslu og reglur nýrra laga um orlof þannig að það skipti ekki máli varðandi skil á staðgreiðslu hvernig orlof er greitt til launþega. Þetta hefur verið erindað félmrn. með bréfi sem dags. var 4. maí.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég þakka fjmrh. svörin. Mér virðist að það komi skýrt fram í hans svari að staðgreiðsla er mismunandi af orlofi eftir því hvernig launþegi fær greitt. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir að taka þegar til höndum í þessu máli og reyna að samræma staðgreiðslur af orlofi. Ég hjó eftir því í hans máli að viðræður eru hafnar við félmrn. um að samræma þessar greiðslur og þá er vel, þá er markinu náð.

Sjónvarp fyrir sjómenn, ein umr.

Fsp. IBA, 413. mál. — Þskj. 760.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér á þskj. 760, 413. mál Sþ., að leggja fyrir hæstv. menntmrh. fsp. um sjónvarp fyrir sjómenn sem hljóðar svo:

„Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að sjónvarpsgeislum verði beint á haf út þannig að sjómenn fái notið íslensks sjónvarps? Ef svo er, hvenær verður þeim framkvæmdum lokið?“

Ástæðan fyrir þessari fsp. er augljós. Hér er spurst fyrir um hvort til standi að ráða bót á þeirri þjónustu eða réttindum sem sjómenn eiga fullan rétt á, þ.e. að eiga möguleika á að horfa á íslenskt sjónvarp eftir því sem við verður komið eins og aðrir þegnar þessa lands. Því er ráðherra spurður hver sé raunveruleg staða málsins í dag og hvers megi vænta.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. spyr: „Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að sjónvarpsgeislum verði beint á haf út þannig að sjómenn fái notið íslensks sjónvarps? Ef svo er, hvenær verður þeim framkvæmdum lokið?“

Svar, sem byggt er á upplýsingum frá Ríkisútvarpinu, er svohljóðandi:

Á árinu 1974 gaf menntmrh. út skýrslu um dreifingu sjónvarpsefnis til sjómanna og má í grundvallaratriðum enn styðjast við efni þeirrar skýrslu þar sem miðað er við dreifingu 25–50 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar. Dreifing sjónvarps yfir miðin og önnur hafsvæði á sér einungis stað þar sem sjónvarpsstöðvar hafa verið byggðar nálægt sjó og lega byggðarinnar sem þær áttu að þjóna verið slík að stórum hluta útgeislunarinnar hefur verið beint út á haf. Má í þessu sambandi nefna stöðvarnar á Vatnsenda, Stykkishólmi, Hnjúkum, Hegranesi, Húsavík, Heiðarfjalli, Gagnheiði, Háfelli, Vestmannaeyjum og Þorbirni.

Þjónustusvæði þessara stöðva á sjó eru slitrótt og ná þau sjaldan út í 25 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar. Athuganir á hugsanlegum úrbótum í þessu sambandi hafa leitt í ljós að staðsetning núverandi stöðva er slík að hún kemur almennt ekki að miklu gagni fyrir miðin. Til þess að ná út í 25–50 sjómílur þarf ekki einungis fullt sendiafl 10 kw. senda út í öll loftnet sem hagkvæmt er að nota heldur verða stöðvarnar að vera í 300–600 m hæð við ströndina. Þetta hefur leitt til stækkunar á fimm núverandi stöðvum og byggingar sjö nýrra stöðva.

Þessar stöðvar mundu þjóna hafsvæðinu innan 25 sjómílna og þar að auki hluta svæðisins milli 25 og 50 sjómílna frá grunnlínu. Yfir þessa senda yrði að byggja hús og vegna mikillar aflnotkunar sendanna væri nauðsynlegt að koma upp raflínum að stöðvunum, auk þess sem leggja þyrfti vegi að þeim. Áætlaður heildarstofnkostnaður vegna úrbóta í þessum efnum er um 430 millj. kr. Auk stofnkostnaðar dreifikerfis fyrir miðin umhverfis landið mundi fylgja framkvæmdum af þessu tagi um tvöföldun á núverandi rekstrarkostnaði kerfisins. Af fjárhagsástæðum hefur áætlun framkvæmdar við þetta viðamikla verkefni ekki verið tímasett. Reikna má með því að framkvæmdatíminn við þessa umræddu uppbyggingu taki tvö ár frá því hafin yrði.

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svör hans. Þar kemur aðallega í ljós að hér er um dýrar framkvæmdir að ræða, að ráða bót á þessum málum, og hins vegar tæki það ekki ýkja langan tíma, aðeins um tvö ár, þegar í það verður ráðist. Ég treysti mér nú ekki til þess að skora á hann að ráðast í þessar framkvæmdir nú, en bið hann að hafa þetta ofarlega í huga þegar tækifæri gefst og fjárhagur ríkisins batnar eða kemst í viðunandi horf.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er hreyft góðu máli, en um leið og spurt er um þjónustu Ríkisútvarpsins/ríkissjónvarpsins finnst mér að það hefði þurft að fylgja með hver er þjónusta hinna frjálsu sjónvarpsstöðva. Það hefði þurft að fylgja með og ég vek athygli á því að það væri gaman að fá upplýsingar ráðherra um hver þjónusta Stöðvar 2 er við strendur landsins til íslenskra sjómanna. Það væri æskilegt að framkvæmdir svipaðar og þær sem ráðherra lýsti hér kæmust í framkvæmd, en ég tek undir með fyrirspyrjanda, ekki get ég með stórum orðum hvatt til þeirra framkvæmda eins og sakir standa meðan ýmsa aðra þjónustu vantar, bæði til sjómanna á hafi úti og almennings í landinu.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 484. mál. — Þskj. 834.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Á þskj. 834 legg ég fram fsp. til hæstv. fjmrh. um málefni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og þá sérstaklega er varðar samning er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerði við hið erlenda fyrirtæki Glenmore Distilleries Company. Að undanförnu hafa birst í blöðum greinar um sigurför drykkjarins ELDUR ÍS á Bandaríkjamarkaði og þá auglýsingaherferð sem hið erlenda fyrirtæki hefur lagt út í til að koma þessum drykk á markað. Hefur nafn Íslands verið notað óspart í þessum auglýsingum og myndir birtar frá íslenskri náttúru til að lýsa hreinleika drykkjarins. Vaknar því sú spurning hvaða hag við höfum af því að selja landið með þessum hætti og hvernig er háttað samningum við hið erlenda fyrirtæki. Getur það verið að við Íslendingar höfum óverulegan hag af þessu vodkaævintýri og getur það verið að við höfum samið af okkur með þeim hætti að hið erlenda fyrirtæki hafi allar heimildir í sínum höndum en við engar, jafnvel ekki tryggðan framleiðslurétt?

Fyrirspurnin er annars þannig:

„Hvernig er sá samningur sem gerður hefur verið á milli ÁTVR og Glenmore Distilleries Company um framleiðslu og sölu á vodkategundinni ELDUR ÍS? Í því sambandi er óskað svars við eftirtöldu:

a. Hvað er samningurinn til langs tíma?

b. Hvaða tekjur hefur ÁTVR af samningnum?

c. Hvaða rétt hefur ÁTVR til sölu á Íslandi og erlendis?

d. Er hugsanlegt samkvæmt samningnum að hinn erlendi aðili geti án leyfis ÁTVR sett á stofn framleiðslu- eða átöppunarfyrirtæki í öðrum löndum?“

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Í tilefni af þessum fsp. hefur fjmrn. óskað umsagnar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um ofangreindar fyrirspurnir.

a. Hvað er samningurinn til langs tíma?

Svar: Samningurinn gildir í fimm ár talið frá 22. des. 1986. Glenmore Distilleries á rétt á að framlengja samninginn um önnur fimm ár.

b. Hvaða tekjur hefur ÁTVR af samningnum?

Svar: ÁTVR á í samkeppni við framleiðendur vodkategunda á innanlandsmarkaði. ÁTVR og Glenmore eru einnig í samkeppni við framleiðendur ýmissa tegunda vodka sem fluttar eru inn á markað í Bandaríkjunum. Telja verður því óeðlilegt að gera grein fyrir því í opinberu skjali hver líklegur hagnaður ÁTVR sé af nefndum samningi. ÁTVR hefur ekki skuldbundið sig til að stofna til neinna fjárfestinga vegna framleiðslu þess vodka sem hér um ræðir. Efnisþættir í útflutning eru verðlagðir vel yfir kostnaðarverði og vodka á innanlandsmarkaði er selt með hærra álagi á kostnaðarverð en annað vodka. Fsp. verður að sinni aðeins svarað með staðhæfingu um að framleiðsla þessi er ekki rekin með tapi.

c. Hvaða rétt hefur ÁTVR til sölu á Íslandi og erlendis?

Svar: ÁTVR hefur alla sölu innan lands með höndum, þar með talið til fríverslunar, varnarliðs, skipa og flugvéla. Öll önnur sala er í höndum Glenmore Distilleries. Glenmore hefur með sérstökum samningi falið ÁTVR umboðsstörf í Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Tékkóslóvakíu.

d. Er hugsanlegt samkvæmt samningnum að hinn erlendi aðili geti án leyfis ÁTVR sett á stofn framleiðslu- eða átöppunarfyrirtæki í öðrum löndum?

Svar: Meðan samningurinn varir getur Glenmore ekki selt undir vöruheitinu ELDUR ÍS vöru sem framleidd er utan Íslands. Samningurinn takmarkar á engan hátt getu Glenmore til að eignast eða setja á stofn framleiðslu- eða átöppunarfyrirtæki svo framarlega sem þau eru ekki nýtt til þess að framleiða undir vörumerkinu ELDUR ÍS.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Það voru frekar loðin svör sem ég fékk við þessum spurningum. Ég tel hins vegar mjög áríðandi að af svona samningum um sölu á áfengi á erlendan markað og þar sem íslensk náttúra er notuð óspart í þeim söluherferðum þurfi að vera mjög verulegur hagnaður. Ég hef þá trú að þó svo að einhver hagnaður kunni að vera sé hann ekki mikill. Það þarf að vera mikil framleiðsla svo að þetta skili ÁTVR miklum hagnaði.

Það sem vakti furðu mína þegar ég settist niður og fór að hugsa um þessi mál er að þetta ELDUR ÍS merki er algjörlega í eigu hins erlenda aðila og hann hefur einkaleyfi til sölu á þessum drykk á erlendri grund nema í þeim löndum sem hæstv. fjmrh. upplýsti. Það þýðir að ÁTVR getur ekki haft nein áhrif á það ef þetta erlenda fyrirtæki hættir að selja á þessum markaði, þá getur hún ekki haldið áfram og selt í trássi við rétt þessa fyrirtækis.

Ég vil enn og aftur þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og vonast eftir því að þetta eigi eftir að skila ÁTVR einhverjum tekjum í framtíðinni.

Kostnaður vegna auglýsinga, ein umr.

Fsp. SJS, 487. mál. — Þskj. 837.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. um kostnað vegna auglýsinga um eigið ágæti skattkerfisbreytinga ríkisstjórnarinnar o.fl. eins og segir á þskj. 837. Þessar fsp. eru í fjórum liðum:

„1. Hver er orðinn kostnaður ríkisins vegna nokkurra heilsíðuauglýsinga, sem birst hafa í dagblöðum undanfarið, um „ágæti" núgildandi skattkerfis, meðferð og ráðstöfun opinbers fjár o.fl. á vegum fjmrn. og hversu miklum fjármunum er ætlað að verja í heild í þessu skyni?

2. Var ákvörðun um „auglýsingaherferð" þessa tekin af ríkisstjórninni í heild eða fjmrh. einum?

3. Var gert ráð fyrir þessum útgjöldum sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga og ef svo er hvar sér þess stað?

4. Er þess að vænta að ríkisstjórnin hefji hliðstæðar auglýsinga- eða kynningarherferðir á stefnu sinni í öðrum málaflokkum sem greitt verði fyrir úr ríkissjóði?"

Ástæða fsp. er sú að fyrirspyrjandi telur vægast sagt hæpið að nota almannafé með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórn gerir í þessari auglýsingaherferð. Auglýsingarnar fullyrða að umdeild pólitísk stefna, svo sem eins og matarskatturinn, sé einfaldara og skilvirkara og jafnvel réttlátara fyrirkomulag í skattheimtumálum en áður var við haft. Undir því getum við ekki setið, a.m.k. ekki stjórnarandstæðingar sem hér börðumst hart gegn nefndri stefnu í skattamálum, að opinbert fé sé síðan notað með þessum hætti til að réttlæta þessa gjörð. Ég minni á fundaherferð sem hæstv. þáverandi forsrh. fór á sínum tíma undir kjörorðunum „Hvað er ríkisstjórnin að gera fyrir þig?" sem sumum fannst nú hæpin vegna þess að hún var kostuð af fé ráðuneytisins, fundirnir auglýstir af fé ráðuneytisins o.s.frv. Hér er gengið enn þá og miklu, miklu lengra inn á sömu braut. Ég tel því óhjákvæmilegt að fá við því skýr svör, herra forseti, hvort ríkisstjórnin hyggst halda áfram á þessari braut, hvort þetta er einkaframtak hæstv. fjmrh. og hversu mikill kostnaður er þegar á fallinn. Reyndar er það skoðun mín og fleiri sem ég hef rætt þessi mál við að hæstv. fjmrh. ætti að

greiða úr eigin heimilisreikningi eða úr flokkssjóðum Alþfl. fyrir þegar áfallinn kostnað í þessu sambandi.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín er beint fjórum fsp. á þessu þskj. Hin fyrsta hljóðar svo:

„1. Hver er orðinn kostnaður ríkisins vegna nokkurra heilsíðuauglýsinga, sem birst hafa í dagblöðum undanfarið, um „ágæti" núgildandi skattkerfis, meðferð og ráðstöfun opinbers fjár o.fl. á vegum fjmrn. og hversu miklum fjármunum er ætlað að verja í heild í þessu skyni?"

Svar: Kostnaður liggur ekki fyrir vegna auglýsinga sem birst hafa frá fjmrn. þar sem reikningar hafa ekki borist. Fjmrn. hefur auglýst í eftirtöldum blöðum: Morgunblaðinu, Þjóðviljanum, Tímanum, Alþýðublaðinu, Helgarpóstinum og Degi. Umsamið birtingarverð pr. dálksentimetra er 744 kr. og heilsíða telst 200 dálksentimetrar. Frá þessu verði er veittur afsláttur sem nemur 30% í Morgunblaði, 40% í Dagblaði en 50% í öðrum blöðum. Auk birtingarkostnaðar er greitt fyrir vinnslu auglýsinga, bæði gerð svo og filmuvinnslu og setningu.

Á fjárlögum eru veittar alls 170 millj. 517 þús. kr. til verkefnaflokksins Skattstofur, sameiginleg útgjöld. Undir þeim lið eru 25 millj. og 200 þús. kr. ætlaðar til kynningar á skattkerfisbreytingu, staðgreiðslukerfinu, gerð skattkorta o.s.frv. Ekki liggur fyrir nákvæm áætlun um skiptingu niður á einstök viðfangsefni kynningarstarfs skattkerfisbreytingarinnar, en ljóst er að enn er því starfi ekki lokið og er þá vísað til umfangsmikils áformaðs starfs og áætlana í fyrstu drögum um kynningu á virðisaukaskatti.

„2. Var ákvörðun um „auglýsingaherferð" þessa tekin af ríkisstjórninni í heild eða fjmrh. einum?"

Svar: Ríkisstjórnin ber ábyrgð á gerð fjárlaga og þar með þeim fjármunum sem varið er til þessa málaflokks. Eðli málsins samkvæmt er framkvæmd skattamála á vegum fjmrn. og þar með talin kynning á þessum skattkerfisbreytingum, sbr. þá fjárveitingaliði sem vísað var til.

„3. Var gert ráð fyrir þessum útgjöldum sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga og ef svo er, hvar sér þess stað?"

Svar: Eins og fyrr sagði er gert ráð fyrir alls 25,2 millj. kr. til kynningarstarfa og skyldra verkefna í fjárlögum á fjárlagalið 09 212. Á fjárlagalið 09 212 er gert ráð fyrir 40 millj. kr. til undirbúnings virðisaukaskatts og er hluti þess fjár ætlaður til beinnar kynningar á þeirri viðamiklu breytingu sem fyrirhuguð er á skattkerfinu við upptöku hans.

Ef ástæða er til talin verður beitt auglýsingum til að vekja athygli á fleiri málaflokkum er varða hag ríkissjóðs og þegna landsins og verður þá að sjálfsögðu greitt fyrir það úr ríkissjóði. Sérstök ástæða er til að minna á að að því er varðar breytinguna úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt gera áætlanir ráð fyrir að kynningarstarfið verði, ef nokkuð er, umfangsmeira en varðar staðgreiðslubreytinguna.

„4. Er þess að vænta að ríkisstjórnin hefji hliðstæðar auglýsinga- eða kynningarherferðir á stefnu sinni í öðrum málaflokkum sem greitt verði fyrir úr ríkissjóði?"

Svar: Á vegum viðskrn. hafa birst auglýsingar um verðkannanir með það að markmiði að auka verðskyn og verðlagseftirlit neytenda. Þeim auglýsingum verður haldið áfram, enda hafa þær þegar skilað umtalsverðum árangri.

Að öðru leyti um kynningarstarf á vegum einstakra ráðuneyta hef ég ekki haldbærar upplýsingar, en vísa til margvíslegs kynningarstarfs að öðru leyti svo sem eins og útgáfu á kynningarritum sérstökum.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. Það efast enginn um gildi auglýsinganna hvort sem þær eru góðar eða vondar og í þessu tilfelli held ég að hér sé um ótvírætt góðar auglýsingar að ræða sem sjálfsagt er að taka undir. Hér er þarft mál sem er vert að kynna þjóðinni og vekja til umhugsunar um og tel ég að síst beri að lasta þann máta sem verið hefur framkvæmdur á því að koma því til skila.

Þá vil ég fagna sérstaklega að mun meira jafnræðis gætir nú milli dagblaða um að fá að birta þessar auglýsingar sem ber vott um að fjmrh. áttar sig á því að menn kaupa fleiri en eitt eða tvö dagblöð í landinu.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Já, herra forseti. Við heyrðum hér í fulltrúa Tímans. Þeim er greinilega sama hvað þeir birta á þeim bænum ef þeir fá borgað fyrir það. En svo er ekki um ræðumann. Ég tel að auglýsingar hæstv. fjmrh., og þá á ég við auglýsingar ráðuneytisins sjálfs, séu hneyksli, stórpólitískt hneyksli. Það er misnotkun á opinberu fé að auglýsa matarskattinn sem sérstakt réttlætismál og leggja undir það heilsíðu eftir heilsíðu að fullyrða að þar sé einhver sérstök blessun og eitthvert sérstakt réttlæti á ferðinni fyrir fólkið í landinu.

Ég segi við hv. þm. Reykn. Níels Árna: Það er tvennt ólíkt að kynna með hlutlausum hætti einhverjar kerfisbreytingar sem eiga sér stað, enda fari þá sú kynning fram á vegum viðkomandi stofnunar, þ.e. ríkisskattstjóra, eins og staðgreiðslukerfisbreytingin hefur verið auglýst. Þar er um allt annan og algjörlega óskyldan hlut að ræða. Ég er hér að gagnrýna auglýsingar ráðuneytisins sjálfs, almennar pólitískar auglýsingar þar sem reynt er að réttlæta hina pólitísku stefnu ráðherrans í skattamálum sem er allt annað en auglýsing á einhverri tiltekinni kerfisbreytingu.

Ég gagnrýni sömuleiðis auglýsingar viðskrn. vegna þess að þar er í fyrsta lagi farið inn á verksvið verðlagsstjóra. Auglýsingar af þessu tagi eru á verksviði verðlagsskrifstofu og verðlagsstjóra og ættu því að birtast þar en ekki af hálfu ráðherrans eða ráðuneytisins. Hér má ekki rugla saman þessu

tvennu, annars vegar hlutlausri kynningu, eðlilegu fræðslustarfi tiltekinna opinberra stofnana, hins vegar pólitískum auglýsingum viðkomandi ráðherra kostuðum af almannafé.

Það er, herra forseti, að mínu mati stórpólitískt hneyksli og allri ríkisstjórninni til skammar ef haldið verður áfram á þessari braut. Það getur ekki þýtt annað en það að aðrir stjórnmálaflokkar í landinu taka til við að gera kröfur um hliðstæðan fjárstuðning til að kynna sína stefnu. Ef ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. ætla að halda áfram að reka áróður fyrir skattastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir opinbert fé hlýtur stjórnarandstaðan að koma og gera kröfur um sambærilegan fjárstuðning til að kynna sína stefnu. Allt annað væri hróplegt ranglæti og mismunun.

Ég er hins vegar ekki að biðja um að farið verði út á þá braut. Ég er að biðja um að þessum ósóma verði hætt.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Sú auglýsingaherferð sem hæstv. fjmrh. hefur staðið fyrir en dæmigerð fyrir þá stjórnmálaspillingu sem birst hefur með þessum auglýsingum ráðherrans og sýnir tvöfeldni, óréttlæti og óskilvirkni í öllum hans gerðum. Við sem erum í stjórnarandstöðu gerum kröfu um það að ef ríkisstjórnin hverju sinni getur gripið til auglýsinga með þessum hætti njótum við sömu kjara og sömu fjármuna til að geta auglýst okkar stefnu því að við vitum að í þessum auglýsingum var farið rangt með það sem var verið að auglýsa.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Um hátíðarnar voru afgreidd lög um staðgreiðslukerfi skatta. Í tengslum við þær umræður sem fram fóru um það frv. gerðum við kröfu til þess að fjmrn. efndi til kynningarstarfsemi þannig að þjóðin skildi sem best þær kerfisbreytingar sem uppi eru varðandi skattakerfið. Í góðri trú geri ég ráð fyrir að allir þingmenn hafi þess vegna talið eðlilegt að fjmrn. hefði 25,2 millj. kr. til sérstakrar kynningarstarfsemi vegna þessarar skattkerfisbreytingar. Hvað gerist síðan? Þessir fjármunir eru notaðir, misnotaðir í önnur óskyld verkefni til að auglýsa kosningaáróður Alþfl. frá kosningunum 1987 og færa hann inn í hinn pólitíska veruleika dagsins í dag. Þetta er siðlaust, herra forseti, og ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að þessu siðleysi af hálfu fjmrn. linni nú þegar.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar, hv. þm. sem hér hafa talað, að það ber að gera miklar kröfur um hlutlægni í kynningarstarfi á vegum ráðuneyta. Ég get fallist á að á því hafi verið misbrestur um texta þeirrar fyrstu auglýsingar sem birtist af hálfu fjmrn. Þær eru þrjár talsins. Númer tvö var hins vegar hlutlægur samanburður á staðgreiðslukerfinu í samanburði við eldra innheimtukerfi beinna skatta. Þriðja auglýsingin var áskorun til almennings um að koma á framfæri við ráðuneytið ábendingum um ráðdeild og sparnað í ríkisrekstri. Viðbrögð við því hafa verið góð og margar af þeim ábendingum og tillögum verðskulda alla athygli og gætu leitt til umtalsverðs sparnaðar í rekstri ríkisins. (**SJS:** Eins og sú að ráðherrann segi af sér! Eins og sú ábending?) Hér er engu svarað um gæsalappaágæti ráðherra heldur erum við að ræða þetta mál hlutlægt.

Ég tók eftir því að hv. 7. þm. Reykv. rifjaði upp að á sínum tíma við umræðu málsins var það gagnrýnt að fjmrh. hefði ekki beitt sér fyrir nægilega ítarlegri kynningu á þeirri skattkerfisbreytingu sem fyrir höndum er. Ég er sammála því. Ég tel að það megi gagnrýna þann sem hér stendur fyrir að hafa ekki fyrir fram gætt þess að verja meiri hlut af starfsemi ráðuneytisins til að undirbúa jarðveginn og kynna með hlutlægum hætti þessar viðamiklu breytingar. Ég tel þær jafnnauðsynlegar og viðamiklar breytingar eins og breytingar á umferðarreglum og lögum eða eins og þá miklu breytingu sem varð í fjármálalífi þjóðarinnar þegar tekin var upp verðtrygging fjárskuldbindinga þannig að ég legg á það áherslu að það er með ráðum gert og það er yfirlýst stefna og til þess var ætlað fé að reyna að bæta úr þessu og leggja áherslu á kynningarstarf. Ég tek hins vegar undir með hv. stjórnarandstæðingum sem hér hafa talað um að það ber að gera af hlutlægni, það ber ekki að misnota í flokkspólitíska þágu og á þeim grundvelli verður að meta það. En ég mundi eindregið mælast til þess eða láta í ljós þá von að menn væru sammála um nauðsynina á hlutlægri kynningarstarfsemi og ég vona að enginn vefengi, því um það er ég sannfærður, að auglýsingar sem lúta að verðsamanburði vegna verðlagsákvæða skattkerfisbreytingarinnar hafa borið mikinn árangur og eru vissulega í þágu neytenda.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, að þessi auglýsingaherferð hæstv. fjmrh. og reyndar hliðstæðar auglýsingar hæstv. viðskrh. hafa vakið mikla athygli meðal almennings einmitt fyrir það að það kemur mjög vel fram í þessum auglýsingum að þær eru ekkert nema pólitískur áróður. Þær eru einfaldlega framhald af kosningaáróðri Alþfl. frá því í kosningunum sl. vor. Það vakna upp ýmsar spurningar, m.a. þær: Er verið að halda gangandi auglýsingamaskínu Alþfl., halda henni volgri svo að hún geti hafið störf að fullu strax og verður boðað til kosninga, en það heyrist æ oftar að það geti orðið stutt í næstu kosningar.

Almenningur sér í gegnum þetta og það sjá allir sem lesa þessar auglýsingar að þetta er ekkert nema pólitískur áróður. Það er því afar ósmekklegt að sjá hvernig þarna er farið með almannafé og vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Vegna ósmekklegra aðdróttana hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins vekja athygli hv. þm. á því að sá aðili sem hér var sneitt að, auglýsingastofa, sem vann að hönnun þessara auglýsinga, hefur þegar svarað þessum aðdróttunum á opinberum vettvangi og upplýst að starf hennar í þágu Alþfl. fyrir kosningar var að langmestu leyti greitt fyrir kosningar og að fullu lokið í júní sl. Ég vil enn fremur vekja athygli á því að hér er um brotabrot að ræða að því er varðar útdeilingu verkefna eða útboð verkefna við auglýsingagerð sem að langmestu leyti hefur verið á vegum annarra auglýsingastofa bæði fyrr og síðar. Þetta eru ósmekklegar aðdróttanir og staðhæfulausar um pólitíska spillingu sem ég vísa til föðurhúsanna og biðst undan að þurfa að hlusta á þessi ósköp.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þar sem ég var einn af þeim sem lögðu á það áherslu um síðustu áramót að almenningi yrðu kynnt þau áform um skattkerfisbreytingar sem þá voru til umræðu, þ.e. staðgreiðslukerfisbreytingin, vil ég sérstaklega mótmæla þeim tilraunum hæstv. fjmrh. til að skjóta sér á bak við þá kynningu sem er allt annars eðlis. Ég held að allir hv. þm. treysti embætti ríkisskattstjóra vel til að standa fyrir hlutlausri og hlutlægri kynningu á þeim breytingum. Það er allt annað en pólitísk misnotkun hæstv. fjmrh. á opinberu fé til að kynna skattastefnu Alþfl. Og ég endurtek: Þessir reikningar eiga að greiðast úr flokkssjóðum Alþfl. þegar þeir berast ráðuneytinu.

Fiskeldi, ein umr.

Fsp. SvG, 485. mál. — Þskj. 835.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur þróast upp í landinu ný atvinnugrein, atvinnugrein sem bersýnilega á um þessar mundir undir högg að sækja, berst við mjög þungan fjármagnskostnað, á erfitt með að fá lán út á sína framleiðslu eins og aðrar atvinnugreinar í landinu, verður að sæta þar afarkostum með afurðalán upp á allt að 11% raunvöxtum að jafnaði. Það er bersýnilegt að þeir íslensku aðilar sem eru í þessari grein eiga í erfiðleikum og hafa í seinni tíð í vaxandi mæli orðið að grípa til þess neyðarúrræðis að leita samstarfs við útlendinga um uppbyggingu fiskeldis hér á landi. Þetta er alvarlegt umhugsunarefni, herra forseti.

Ég held að ástæðan sé m.a. sú að það hafi verið skortur á heildarstefnumótun í fiskeldismálum hér á landi. Þar hefur Alþingi brugðist, þar hefur ríkisstjórnin brugðist og ekki tekið af skarið um einstök frumatriði hvað þá heldur útfærða heildarstefnu. M.a. hefur ekki legið fyrir hvaða afstöðu stjórnvöld hafa á undanförnum árum haft til þess undir hvaða ráðuneyti fiskeldi ætti að heyra hér á landi, en um það mál hafa verið talsverðar deilur. Fyrir því er lögð hér fram fsp. til hæstv. forsrh. á þessa leið:

„Undir hvaða ráðuneyti telur ríkisstjórnin að fiskeldi eigi að heyra í framtíðinni?“

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið enn sem komið er neinar ákvarðanir um breytingar á stjórnskipulegri meðferð fiskeldismálefna. Ég tek hins vegar undir það að ýmis atriði í því efni hanga í lausu lofti. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að skipa þessum málum til frambúðar á þann veg að við getum nýtt stofnanir í þágu þessarar nýju og vaxandi atvinnugreinar, stofnanir sem nú heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti, og það skipti mestu máli þegar horft er til frambúðar að þær nýtist, hvort sem það eru aðilar sem nú heyra undir landbrn. eða rannsóknarstofnanir sem heyra undir sjútvrh. Alla þessa aðila þarf að virkja í þágu þessarar atvinnugreinar. En fram til þessa hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingu á stjórnskipulegri vistun þessa málaflokks.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. Ég bendi á það að árið 1973 voru fiskeldismál í Noregi færð úr landbrn. yfir í sjútvrn. norska og eftir það tók fiskeldi mikinn kipp og Norðmenn eru nú fremstir á þessu sviði.

Ég vil líka benda á að Landssamband fiskeldis- og hafbeitarstöðva hefur ályktað um að málefni þeirra verði undir sjútvrn. Þá vil ég benda á að 46. fiskiþing ályktaði á sama veg og einnig síðasta búnaðarþing. Búnaðarþing vill ekki að þetta heyri undir landbrn.

Ég vil að þessar upplýsingar komi hér fram til að sýna svart á hvítu hvar þetta á að vera og hvaða áherslu hagsmunaaðilar leggja á þetta mál.

Guðmundur G. Þórarinsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins að það komi fram í sambandi við þessa fsp. að það er mjög eindreginn vilji og ósk Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva að fiskeldismálum verði þannig komið fyrir að þau heyri undir sjútvrn. Hvað eftir annað hefur landssambandið ályktað um þessi mál nánast alveg samhljóða. Ég hygg að ríkisstjórnin komist ekki fram hjá því að taka tillit til svo eindreginna óska frá einni atvinnugrein, enda fráleitt að taka ekki tillit til þeirra. Því hygg ég að það sé nauðsynlegt að ríkisstjórnin horfi þegar til þess á hvern hátt þessum málum verði sem fyrst breytt.

Ég vil síðan taka undir að það er þörf á stefnumörkun í málefnum fiskeldisins. Það eru mjög mörg brýn mál sem fyrir liggja og þyrfti að vinna öfluglega að.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér hefur löngum fundist þessi deila heldur fáránleg. Það getur ekki haft nokkur áhrif á framþróun atvinnugreinarinnar hvaða ráðuneyti hún tilheyrir, en hins vegar blasir það við að starfsemi hennar muni eiga sér stað bæði á þurru landi, þ.e. sums staðar langt uppi í sveitum, og einnig á sjó úti. Ég hefði talið að samband fiskræktenda hefði eitthvað þarfara að gera við sínar ályktanir en að standa í stappi eins og þarna er gert. Ég hygg að þetta séu leifar af málaferlum sem einn aðili átti við landbrn. og tapaði fyrir Hæstarétti einfaldlega vegna þess að hann hafði staðið þannig að málum að það var eðlilegt að æðsti dómstóll landsins dæmdi landbrn. í vil.

Níels Árni Lund:

Herra forseti. Svo sem fram hefur komið tilheyra þessi mál ótvírætt landbrn. eins og mál standa nú í kerfinu og heyra þar undir lög um lax- og silungsveiði. Hitt er annað og rétt að um þessi mál hefur mikið verið rætt að undanförnu og sýnst hefur sitt hverjum í þeim efnum. Ég vil hins vegar aðeins benda á að á fundum Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva hefur ekki verið mikil mæting þegar þar hafa samþykktir verið gerðar og það er engan veginn einhugur hjá þeim samtökum.

Í annan stað vil ég mótmæla því hjá hv. 11. þm. Reykv. að búnaðarþing nú hafi samþykkt að fiskeldi skuli falla undir sjútvrn.

Þá birtust fréttir í útvarpinu í gærmorgun um að í Noregi, þó þetta mál falli undir sjútvrn. þar, séu það allt að 14 aðilar sem með málin þurfi að flækjast á milli m.a. ráðuneyta. Þar var einnig tekið fram að menn þyrftu ekki að láta sér bregða þó menn yrðu að sýna þolinmæði því það tæki allt að 2½ ár að fá málin þar afgreidd.

Hins vegar vil ég undirstrika að á vegum landbrn. fara fram miklar rannsóknir, þar er heilbrigðiseftirlitið og þar er fræðslan, og ef þessu verður skipað á annan veg held ég að við hljótum að þurfa að byggja þetta kerfi upp annars staðar hvort sem menn telja það nú ódýrara eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Sömuleiðis þakka ég fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Þær báru nokkuð vott um að umræða um þessi mál hefur viljað vera nokkuð heit. Þrátt fyrir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði held ég að það sé nauðsynlegt fyrir stjórnvöld og Alþingi í þessu efni að taka af skarið. Það er ekki hægt að skella skollaeyrunum við því að þegar fundir heillar starfsgreinar með samhljóða atkvæðum óska eftir tiltekinni skipan þessara mála og að koma þeim inn í kerfi sjútvrn. er ekki hægt fyrir ríkisstjórnina að horfa fram hjá því. Það er útilokað. Og þó að menn séu vanir að hafa hlutina í einu ráðuneyti, í þessu tilviki landbrn., er ekkert sem segir að þeir eigi að vera þar áfram. Brýnast er hins vegar að ákvörðun verði tekin og það verði tekin ákvörðun um heildarstefnumótun í fiskeldismálum. Því miður kom það fram í svari hæstv. forsrh. að á það hefur skort að á þessum málum væri tekið heildstætt. Hins vegar kom fram hjá honum og fleiri ræðumönnum vilji til þess að það verði mótuð heildarstefna fyrir þróun fiskeldis hér á landi og það er ánægjulegt. Ég tel reyndar að Alþingi hefði átt að gera þetta. Það er bersýnilegt að það tekur í raun og veru of langan tíma að bíða eftir því að ríkisstjórn komi með eitt eða neitt í þessu máli. Eðlilegast er úr því sem komið er að Alþingi taki hér af skarið og ég áskil mér rétt til að flytja um það tillögur eða frv. í haust að Alþingi taki af skarið varðandi stefnumótun í fiskeldismálum.

Húsnæðissparnaðarreikningar, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 491. mál (áhrif staðgreiðslu á skattafslátt). — Þskj. 841.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Með lögum nr. 49 frá 1985 var ákveðið að koma á fót í bankakerfinu sérstökum húsnæðissparnaðarreikningum til að auðvelda ungu fólki að spara og um leið á hagkvæman máta að safna fyrir útborgun í húsnæði. Var ungu fólki sem nýta vildi sér þetta sparnaðarform heitið skattaafslætti og bestu ávöxtunarkjörum hjá viðskiptabanka þess eða sparisjóði. Brá svo við að þegar ákvörðun var tekin um staðgreiðslu opinberra gjalda gleymdist að geta þess í lögunum hvernig færi með þessa reikninga og þann skattafslátt sem í lögunum er kveðið á um að sá skuli njóta sem leggur inn á þessa reikninga. Af þessum sökum hefur skapast mikil réttaróvissa og því er fsp. sú sem er á þskj. 841 sett fram til hæstv. fjmrh. og hann spurður að því til hvaða ráðstafana hann ætli að grípa til að eyða þeirri óvissu sem er meðal eigenda þessara reikninga og ekki síst í bankakerfinu.

Á það skal bent að um þessa reikninga var rætt í milliþinganefnd sem endurskoðaði lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sú nefnd gerði tillögu til fjmrh. um hvernig hentugast væri að leysa þessi mál og átti ég raunar von á því að eftir tillögunum yrði farið. Á þeim tillögum bólar ekki enn þá og fyrirsjáanlegt er að þær verða ekki lagðar fram né annað í þessu máli rétt fyrir lok þessa þings.

Sú staða sem komin er upp snertir ekki stóran hóp manna, en þetta fólk á sinn rétt eins og aðrir og á kröfu til þess að leyst verði úr þessu máli sem fyrst. Það liggur alveg ljóst fyrir að grundvöllur þessara húsnæðissparnaðarreikninga er brostinn þegar skattaafslátturinn hefur verið afnuminn.

Fsp. sem ég legg fyrir fjmrh. er í þremur liðum og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hefur verið athuguð staða þess fólks sem lagt

hefur inn á húsnæðissparnaðarreikninga samkvæmt lögum nr. 49 frá 26. júní 1985 eftir breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sl. ári?

2. Hvernig fer með skattafslátt sem mælt er fyrir um í 1. gr. nefndra laga?

3. Hvað hyggst ráðherra gera til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir hjá almenningi og í bankakerfinu gagnvart þessum reikningum?"

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Spurningarnar eru þríþættar og vegna efnis máls hyggst ég svara þeim í tvennu lagi. Fyrst var spurt: „Hefur verið athuguð staða þess fólks sem lagt hefur inn á húsnæðissparnaðarreikninga skv. lögum nr. 49 frá 26. júní 1985 eftir breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sl. ári?" Og í öðru lagi: „Hvernig fer með skattafslátt sem mælt er fyrir um í 1. gr. nefndra laga?"

Svarið við þessu er að það hefur vissulega verið athugað. Af hálfu fjmrh. var lagt fram frv. til l. um afnám húsnæðissparnaðarreikninga í ríkisstjórn og til kynningar hjá stjórnarflokkum, en um það frv. tókst ekki samstaða. Það er rétt að gefa hér nokkuð almennar upplýsingar um málið.

Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna hefur þátttaka almennings í þessu sparnaðarformi ekki orðið sú sem vænst var þrátt fyrir skattalegar ívilnanir því að á árinu 1985 stofnuðu aðeins 98 einstaklingar húsnæðissparnaðarreikninga en 134 á árinu 1986. Heildarsparnaður á árinu 1985 var 4 138 284 kr., en á árinu 1986 10 947 116 kr.

Eins og fyrr sagði var slíkt frv. undirbúið og lagt fram af hálfu fjmrn. Í grg. þess sagði: „Hinn 1. jan. 1988 verður tekin upp staðgreiðsla opinberra gjalda hér á landi, en ljóst er að sá viðbótarpersónuafsláttur sem veittur er skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, fellur ekki að staðgreiðslukerfi því er upp verður tekið", sbr. það sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda. Með tilliti til lítillar þátttöku almennings í sparnaði með húsnæðissparnaðarreikningum svo og þess að þetta sparnaðarform fellur ekki að staðgreiðslukerfi opinberra gjalda er lagt til að húsnæðissparnaðarreikningar verði lagðir niður. En þegar spurt er hvernig fer með skattafslátt sem mælt er fyrir um í 1. gr. nefndra laga gerði þetta frv. ráð fyrir eftirfarandi:

Til þess að ekki verði gengið á rétt þeirra fáu sem nýtt hafa sér skattalega ívilnun var lagt til að þeir sem eiga innistæðu á bundnum húsnæðissparnaðarreikningi fái frjálsa ráðstöfun þeirra og að skattalegar ívilnanir vegna húsnæðissparnaðarreiknings haldist óbreyttar, þ.e. ekki verði um endurreikning skatta að ræða á álagningarárunum 1986 og 1987.

Þá er spurt: „Hvað hyggst ráðherra gera til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir hjá almenningi og í bankakerfinu gagnvart þessum reikningum?"

Svar: Samkvæmt þessu er ljóst að kveðið er á um það í lögum að veita skuli skattafslátt vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga. Hins vegar hefur verið fellt niður ákvæði sem kvað á um hvernig þessi skattafsláttur skuli veittur. Ef ekki verða gerðar breytingar á þessum lögum á yfirstandandi þingi þar sem tekin verður afstaða til þess hvort leggja eigi þetta sparnaðarform niður eða ekki mun fjmrn. gefa út reglugerð með heimild í 8. gr. laga nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, þar sem kveðið verður á um hvernig skattafsláttur vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga verði veittur á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör sem svöruðu réttara sagt spurningunni ekki. Hann vitnaði til frv. sem hann hafði samið og lagt fyrir ríkisstjórnina sem ekki hefur komið hingað og ég get ekki séð hvaða breytingar það í sjálfu sér hefur. Það eru a.m.k. 100 manns, ungt fólk, sem hefur lagt inn á þessa reikninga í dag og veit ekki hvað það á að gera, bankakerfið veit ekki heldur hvað það á að gera. Þess vegna er ekki óeðlilegt að maður spyrji fjmrh.: Hvað vill hann gera til þess að leysa þessa réttaróvissu?

Það er enn þann dag í dag verið að auglýsa þetta sparnaðarform. Ég minnist þess fyrir tveimur dögum að ég fór í Verslunarbankann og þar sé ég bækling þar sem auglýst var þetta form um húsnæðissparnaðarreikninga og fólki þar heitið skattaafslætti. Mig furðar mjög að það skuli ekki vera neitt gert í þessu máli til að eyða þessari óvissu, a.m.k. senda bankakerfinu þá tilkynningu um að hætta með þessa reikninga í bili. Þá má einnig benda á að í janúar sl. sendi ríkisskattstjóri út tilkynningu um hámark og lágmark greiðslna sem hver greiðandi á að leggja inn á þriggja mánaða fresti og það hefur engin breyting orðið.

Ég vil endilega fyrir hönd þessa fólks fá skýr svör um hverju það má eiga von á og hvort það eigi að halda áfram með þessa reikninga. Það er sú eina spurning sem máli skiptir í þessu og er raunverulegt efni þessarar fsp.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan hefur af hálfu fjmrn. verið gerð tilraun til að eyða þeirri réttaróvissu sem hér er með réttu vakin athygli á. Í fyrsta lagi með flutningi frv. sem mundi eyða þeirri óvissu. Ég harma að um það tókst ekki samstaða.

Í svari mínu kom fram að verði þetta mál ekki leyst á yfirstandandi þingi muni fjmrn. neyta heimilda í reglugerð til að kveða á um hvernig skattafslátturinn vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga verði veittur á þessu ári. Því miður er það ekki á mínu valdi að tilkynna bankakerfinu um hvernig með skuli fara eða grípa fram fyrir hendurnar á Alþingi um málið. Í því efni vek ég athygli á því að það liggur fyrir á Alþingi þmfrv. sem gerir ráð fyrir annarri lausn málsins. Meðan ekki er útkljáð um afgreiðslu þess getur fjmrh. sem slíkur ekki beitt heimildarákvæðum reglugerðar. Ég mun þess vegna

bíða þess að vita hvort eitthvað gerist í málinu á þingi, en verði það ekki neyta heimildarinnar skv. reglugerðinni sem ég vitnaði til áðan. En það hefur ekkert gildi að tilkynna fyrir fram um hvert verði inntak þeirrar reglugerðar fyrr en vilji Alþingis liggur fyrir með ótvíræðum hætti.

Atvinnunjósnir, ein umr.

Fsp. StG, 498. mál. — Þskj. 867.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér hér á þskj. 876 að bera fram fsp. til iðnrh. um varðveislu upplýsinga og áætlana um nýiðnað og um atvinnunjósnir. Fsp. er í þremur liðum:

„1. Hvernig er háttað umfjöllun af hálfu sjóða og lánastofnana um umsóknir og áætlanir vegna ýmissa nýiðnaðarhugmynda, svo og varðveislu gagna er þeim tengjast?

2. Telur ráðherra að gætt sé nægilegrar varúðar að því er varðar slík gögn svo að komið sé í veg fyrir að upplýsingar berist óviðkomandi, jafnvel samkeppnisaðilum á sömu atvinnusviðum?

3. Telur ráðherra ástæðu til að ætla að svonefndar „atvinnunjósnir" séu stundaðar á Íslandi? Ef svo er, hvaða ráðstöfunum hyggst ráðherra beita gegn slíku?"

Megintilgangur minn með þessari fsp. er að vekja menn til umhugsunar um það sem hér hefur verið að þróast og leita leiða að því hvað gert sé til að tryggja réttarstöðu þeirra er þetta varðar þannig að þeir sem leita til sjóða og stofnana geti treyst því að með mál þeirra sé farið sem trúnaðarmál en ekki, eins og ég hef ástæðu til að ætla að gerst hafi, að málið sé þar með orðið næsta opinbert.

Í blaðaviðtali fyrir stuttu lýsti einn framkvæmdastjóri því yfir að í þjóðfélagi okkar berist upplýsingar milli manna nokkurn veginn með hraða ljóssins. Þetta segir sína sögu og ég velti því svo sannarlega fyrir mér hvort það sé ekki fyllileg ástæða til að gefa slíku nafnið atvinnunjósnir, hæstv. ráðherra. Ég þekki dæmi þess að menn hafi ekki treyst því að leggja mál sín um ákveðnar nýiðnaðarhugmyndir fram af ótta við að málið væri þar með orðið næsta opinbert, eins og ég gat um áðan, og jafnvel með ótrúlegum hraða komið á borð samkeppnisaðila þeirra.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Vegna þessara þriggja fsp. hv. fyrirspyrjanda hef ég leitað upplýsinga hjá þeim sjóðum og þeim banka sem heyra undir iðnrn., þ.e. Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður og Iðnaðarbankinn sem þó er ekki lengur að neinu leyti í eigu ríkisins.

Það vita allir að málfrelsi er meðal hinna mikilvægustu mannréttinda. Það er tryggt í stjórnarskránni. Þrátt fyrir það eru í ýmsum lögum ákvæði sem takmarka tjáningarfrelsi manna og oftast er þar um að ræða þagnarskyldu, en með þagnarskyldu er átt við að lagt sé bann við því að tilteknir aðilar skýri ýmist óviðkomandi mönnum eða opinberlega frá vitneskju sem þeir hafa orðið áskynja um í starfi eða snertir starf þeirra.

Varðandi þá aðila sem um er að ræða og geta kallast lánastofnanir og heyra undir iðnrn. gildir þagnarskylda um alla þá sem fá til meðferðar lánsumsóknir og í flestum ef ekki öllum tilvikum ber þeim að undirrita drengskaparheit um þessa þagnarskyldu. Gögn sem berast frá umsækjendum eru ekki kynnt neinum öðrum en þeim sem eru viðkomandi málinu í stjórnum þessara sjóða eða banka og eru starfsmenn sem bundnir eru þagnarskyldu nema með leyfi umsækjandans sjálfs. Það tíðkast að leitað sé eftir því við umsækjandann að endurskoðendur viðkomandi fyrirtækja séu krafðir frekari upplýsinga og þá þarf að liggja fyrir samþykki umsækjendanna sjálfra við slíku. Gögnin eru yfirleitt geymd í tryggum skjalageymslum viðkomandi stofnana sem enginn hefur aðgang að aðrir en þeir sem eru starfsmenn sjóðanna og bankans og háðir þagnarskyldunni.

Um það hvort hér séu stundaðar atvinnunjósnir get ég ekkert sagt. Það er þó líklegt að hér eins og annars staðar reyni menn að afla sér glöggra upplýsinga um samkeppnisaðilana og nota sjálfsagt til þess öll meðul sem fyrir hendi eru, en hjá lánasjóðum og lánastofnunum, sem heyra undir iðnrn., hef ég ekki ástæðu til að ætla að ekki sé farið að lögum, enda eru lögin um þessar stofnanir mjög skýr.

Ég vil jafnframt benda á að það eru viðurlög við því að brjóta þagnarskyldu, þar á meðal í 136. gr. almennra hegningarlaga frá 1940, og geta menn bakað sér refsingu, allt að þriggja ára fangelsi, hafi þeir notað sér upplýsingar sem þeir afla sér í sínu starfi öðrum til óréttmæts ávinnings. Vil ég benda hv. fyrirspyrjanda á að ef grunur er um að með upplýsingarnar verði farið með þeim hætti sem ekki stenst lög um þagnarskyldu er fyllsta ástæða til að láta á það reyna fyrir dómstólunum.

Sjálfur þekki ég ekki til neinna slíkra mála og hef ekki heyrt af þeim og held að það sé ekki ástæða til þess, jafnvel þótt viðtöl séu við einstaka aðila í blöðum, að ætla að svo sé. En það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það er full ástæða til að vekja athygli manna á því að þeir aðilar sem fjalla um slíkar umsóknir eru bundnir þagnarskyldu, enda tel ég að fsp. hans til mín séu fyrst og fremst til að vekja athygli á þeirri staðreynd.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Þau voru skýr. Það er rétt eins og hann sagði í sínum lokaorðum að það var fyrst og fremst meining mín með þeim fsp. sem hér liggja fyrir að vekja

athygli á mikilvægi þessa máls og ef einhverjir meinbugir væru þar á væri nauðsynlegt að setja þar um ákveðna og fasta reglu.

Ég ætti ekki að beina því að vísu til iðnrh., en þetta er lesning sem við sjáum í blöðunum og menn hrökkva óneitanlega við þegar hér stendur: Bankaleynd sem opin bók. Menn hljóta að hrökkva við.

Ég ætla ekki að fara að rekja einstök dæmi frá því sem ég gat um í mínum upphafsorðum, en vissulega gæti ég sagt þar margt. En ég treysti því að hæstv. ráðherra hafi fullan skilning á þessu máli og reyni að binda alla enda þar eins vel og hægt er.

Deilur kennarasamtaka og ríkisins, ein umr.

Fsp. DS, 499. mál. — Þskj. 868.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég ætla hvorki að vitna í ræðu hæstv. núv. fjmrh. frá árinu 1985 þegar hann var einn af hv. þm. Alþfl. né heldur í þær skýrslur sem ég hef þráfaldlega vitnað til þegar málefni kennara ber á góma, en ég vil hins vegar benda á að hinn 15. apríl sl. sendi samninganefnd Hins íslenska kennarafélags fyrirspurn til stjórnvalda um hvort opinber ummæli fjmrh. um vinnutíma kennara endurspegli mat ríkisstjórnarinnar á störfum kennara. Þessi ummæli hæstv. fjmrh. birtust í Þjóðviljanum og Morgunblaðinu 29. mars sl. og hljóða svo, með leyfi forseta:

„Kennari með meðaltekjur og fulla kennsluskyldu nær þeim með því að kenna um 35 kennslustundir á viku í 26 vikur á ári og sjá um að prófa nemendur sína. Með bærilegu skipulagi er hægt að ljúka skóladeginum með yfirvinnu kl. 14 að jafnaði."

Samninganefnd HÍK og ríkisins komu saman til fundar 27. apríl, en þá hafði ekki borist svar við áðurnefndri fsp. og fulltrúar ríkisins höfðu ekkert nýtt tilboð. Í framhaldi af þeim fundi sendi stjórn Hins íslenska kennarafélags ályktun sem hljóðar svo, með leyfi forseta, en hún var til hæstv. fjmrh.:

„Stjórn og samninganefnd Hins íslenska kennarafélags hafa af því þungar áhyggjur ef samningar kennara verða enn lausir þegar næsta skólaár hefst. Það er þó ljóst að HÍK telur sér ekki fært að semja um kaup og kjör við fjmrh. meðan hann heldur því fram að kennarar svíkist um í störfum sínum. Stjórn og samninganefnd HÍK leggja því á það höfuðáherslu að stjórnvöld svari þeirri fyrirspurn sem lögð hefur verið fram á síðasta samninganefndarfundi."

Enn hefur ekkert svar borist þrátt fyrir að auk hæstv. fjmrh. hafi hæstv. forsrh. og menntmrh. einnig verið send ítrekun um þetta. Ætla stjórnvöld virkilega að sýna þann hroka og afskiptaleysi að svara þessu erindi alls ekki? Og ætla stjórnvöld endanlega að tryggja það að kennarar snúi ekki aftur í störf sín?

Ég hef í tilefni af þeim deilum sem eru orðnar langvinnar og með öllu óþolandi fyrir allt skólastarf í landinu leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ráðherra fjármála og menntamála á þskj. 868, en ég tel að það hljóti að vera komið að þeim punkti að þeir þurfi að mætast einhvers staðar í þessu máli. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir góðum vilja sínum til þess að bæta kjör kennara og á vegum hans ráðuneytis hafa verið gerðar margar skýrslur sem segja það sem hefur reyndar legið ljóst fyrir í mörg ár, en fsp. mín hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim deilum sem nú eru uppi milli samtaka kennara og ríkisins?"

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Samningar við stéttarfélög kennara hafa verið lausir frá sl. áramótum. Samningaviðræður við félögin voru í gangi fram í síðari hluta marsmánaðar, en þá efndu þau til atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Atkvæðagreiðsla annars félagsins reyndist framkvæmd með ólögmætum hætti að mati Félagsdóms og kom verkfallsboðun þess því ekki til framkvæmda. Hjá hinu félaginu fékk verkfallsboðun ekki samþykki tilskilins meiri hluta.

Svör um áframhald á viðræðum hafa ekki borist frá HÍK, en viðræður við KÍ eru hafnar. Eftir að endanleg niðurstaða um verkfallsboðanir lágu fyrir óskaði fjmrn. eftir að viðræðum um samninga yrði haldið áfram og gerði félögunum á fundum 14. og 15. f.m. tillögur um vinnutilhögun á viðræðum. Kennarafélögin óskuðu eftir fresti áður en þau svöruðu.

Fjmrn. hefur í viðræðum við kennarafélögin lýst því yfir að það sé reiðubúið til samninga við þau sem gerðir verði með hliðsjón af kjarasamningum annarra launþegasamtaka og með hliðsjón af tillögum svokallaðrar starfskjaranefndar um vinnutíma og vinnutilhögun. Hafa kennarafélögunum verið gerðar ítarlegar tillögur í því efni og óskað eftir viðræðum um þær.

Að því er varðar erindi sem borist hefur eða bréf þar sem vitnað er til ummæla í svargrein, blaðagrein, þar sem fjmrh. svaraði opnu bréfi frá tilteknum nafngreindum kennara, hefur því verið svarað á samninganefndarfundum efnislega á þá leið að tilvitnuð ummæli voru andsvar við órökstuddum fullyrðingum sem fram höfðu komið um það mál sem þar var fjallað um. Í svargrein fjmrh. voru settar fram upplýsingar um tilteknar staðreyndir, en hvorki lagt á þær mat né dregnar af þeim ályktanir og þær eru því ekki tilefni til sérstakra fyrirspurna þar sem ekki hafa komið fram nein brigsl um vinnusvik af hálfu kennara, enda fráleitt.

Að gefnu tilefni hafði fjmrh. í svari sínu við umræddri blaðagrein, þar sem til hans var beint spurningum, birt eftirfarandi upplýsingar um launakjör:

1. Ársmeðaltal fyrir félaga í HÍK, sem starfa við framhaldsskóla, er áætlað um 98 þús. kr. á mánuði

miðað við launaverðlag í des. 1987. Og af því að spurst var fyrst sérstaklega fyrir um það hvort þarna væri verið að vitna til einnar mánaðargreiðslu í desember er því svarað: Launagreiðslur eru breytilegar milli mánaða vegna þess að ýmsar greiðslur falla til með óreglulegum hætti, svo sem greiðslur fyrir heimaverkefni, persónuuppbót o.fl. Þannig voru meðalgreiðslur í des. 1987 til sama hóps og um ræðir í staflið a tæplega 125 þús. kr. Til hækkunar í þeim mánuði kemur einnig persónuuppbót. Loks voru birtar upplýsingar um greidd laun fyrir febrúarmánuð til félaga í HÍK sem þá voru í fullu starfi við framhaldsskóla, en þau laun dreifðust þannig: Undir 70 þús. kr. 17,4%. Á bilinu 70–90 þús. kr. á mánuði 24%, á bilinu 90–110 þús. kr. á mánuði 25,4%, á bilinu 110–130 þús. kr. á mánuði 18,5%, á bilinu 130–150 þús. kr. á mánuði 7,4% en yfir 150 þús. kr. á mánuði 7,3%. Þess var sérstaklega getið að skólastjórar og rektorar brengla þessar tölur lítt því að þeir eru einungis 37 slíkir í þessu og meðalgreiðslur til þeirra um 138 þús. kr.

Herra forseti. Tími gefst ekki til þess að skýra þetta mál frekar. Ég legg á það áherslu að vilji ríkisvaldsins til þess að ganga til samninga við kennarasamtökin er undanbragðalaus og hann lýsir sér í því að fjmrn. er reiðubúið til samninga með hliðsjón af kjarasamningum annarra launþegasamtaka og það stendur ekki á fjmrn. að hefja þær viðræður.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur beint sameiginlega til mín og fjmrh. fsp. varðandi þær kjaradeilur sem nú eru uppi milli samtaka kennara og ríkisins. Menntmrh. hefur áhyggjur af öllu því sem truflað getur skólastarf, þar á meðal eru auðvitað yfirstandandi kjaradeilur.

Forræði launasamninga af hálfu ríkisins er í höndum fjmrh. og menntmrn. kemur ekki að samningum að öðru leyti en því að menntmrn. hefur einn fulltrúa í samninganefnd. Hins vegar hafa komið fram í kröfugerð kennara ýmis fagleg atriði sem snerta innra starf skóla og hafa farið fram sérstakar viðræður milli fulltrúa menntmrn. og kennarasamtakanna um þá þætti en að sjálfsögðu með fullri vitund og vilja samninganefndar ríkisins. Ég hef reyndar sjálfur átt fundi með kennarasamtökunum um þau atriði. Þau atriði tengjast hins vegar þessari kjaradeilu í heild og verða ekki leyst sérstaklega, en það er auðvitað von mín og ósk að þessi kjaradeila leysist sem fyrst þannig að truflun verði ekki á skólastarfi þegar skólar hefjast að nýju í haust að loknum sumarleyfum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp til umræðu. Það sýnir sig að brýn þörf er á að knýja á ríkisvaldið að ganga til samninga við kennarasamtökin með eðlilegum hætti og það er auðvitað slæmur undirbúningur sem fram kemur í tilvitnuðum ummælum hæstv. fjmrh. sem fyrirspyrjandi rakti hér. Slíkar dylgjur hafa að vísu heyrst áður frá fjármálaráðherrum í svipaðri stöðu og ekki verið til þess að auðvelda samningamál. Þess vegna ætti auðvitað hæstv. ráðherra að biðjast afsökunar á dylgjum af þessu tagi sem þarna komu fram.

En það er knýjandi að gengið verði frá samningum við kennarasamtökin nú þegar ráðningar fyrir næsta skólaár standa yfir og það ætti að vera skilningur á því hjá ríkisvaldinu að gera þarf betur við þessa starfsstétt en gert hefur verið á undanförnum árum. Það er einn þátturinn til lausnar þessu máli og almennur aðbúnaður að skólastarfi sem þarf sannarlega að batna.

Fyrirspyrjandi (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Það fór sem mig grunaði. Það rignir iðulega yfir okkur einhverjum meðaltölum, en það er auðvitað umhugsunarefni hversu margar kennslustundir á viku þeir kennarar kenna sem fá þau laun sem hæstv. fjmrh. taldi upp áðan og þar að auki er ýmis aukavinna innifalin. Það er t.d. dýr liður í rekstri áfangakerfis skóla að búa til stundaskrár tvisvar á ári þannig að þessi meðaltöl segja auðvitað ósköp lítið. Í máli hæstv. menntmrh. kom fram það sem hefur komið fram í gegnum árin. Við höfum einn menntmrh. af öðrum sem er fullur velvilja og vill auðvitað hafa mál síns ráðuneytis í góðu lagi, en forræði launasamninga er í höndum fjmrn. og þar strandar málið.

En mig langar aðeins vegna þeirra meðaltalstalna sem hér flæddu yfir okkur að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær, 3. maí, og er skrifuð af Stellu Guðmundsdóttur, skólastjóra Hjallaskóla í Kópavogi, fyrir hönd kennara skólans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Okkur lék hugur á að vita hver væru meðallaun í skólanum okkar. Hjallaskóli er venjulegur grunnskóli þar sem vinna kennarar á öllum aldri með mislanga starfsreynslu, allt frá einu upp í 27 starfsár. Margir þeirra eru í hlutastarfi, en við útreikningana er gengið út frá 100% vinnu allra. Það skal tekið fram að í neðangreindum tölum eru laun skólastjóra og yfirkennara reiknuð með.

Grunnlaun í marsmánuði 1988 án yfirvinnu reyndust að meðaltali vera 57 499 kr. Laun með yfirvinnu og forfallakennslu voru 64 882 kr. Í skólanum okkar hafa 25% kennara nú þegar sagt upp störfum gagngert vegna lágra launa."

Hér segir auðvitað það sem allir vita sem hafa komið nálægt skólastarfi og væntanlega hæstv. fjmrh. líka að kennarastarf er annað og meira en það að ganga inn í kennslustund og opna bók. Með sömu rökum og hann færir í áðurnefndri grein væri hægt að segja að við hér á hinu háa Alþingi ynnum aðeins á þeim tímum sem fundir standa yfir.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Aðeins tvær stuttar athugasemdir.

Í fyrsta lagi, þegar spurt er hvað sé gegndarlaus yfirvinna, vil ég taka það fram að á bak við þær tölur eru upplýsingar um kennara með meðaltekjur og fulla kennsluskyldu og yfirvinnu sem samsvarar 30 kennslustundum á viku í 26 vikur á ári. Oft hefur verið spurt hvort yfirvinnuálagið hafi aukist og svarið við því er að nánast öll yfirvinna kennara að meðaltali reiknuð hefði rúmast innan fastrar vinnuskyldu fyrir 10–12 árum síðan.

Annað atriðið skiptir miklu máli. Það er spurningin um það hvort tillit hafi verið tekið til tillagna um breytingar á starfsháttum. Þá vil ég vekja athygli á því að í tilboði fjmrn. til kennarasamtakanna er vikið að fimm meginatriðum sem samkomulag varð um í breytingarátt í því efni. Ég tel upp:

1. Röðun í launaflokka verði endurskoðuð með tilliti til þess að sérstök framhaldsmenntun kennara hafi meiri áhrif en áður.
2. Reglum um prófaldur verði breytt þannig að efstu þrep launaskalans náist fyrr en nú er.
3. Við byrjun næsta skólaárs gangi í gildi ný vinnumagnsákvæði sem feli í sér að til jöfnunar á vinnuálagi vegna heimavinnu og fleira og til að sinna sérstökum störfum verði varið tímafjölda sem svarar 10 klst. á ári á nemanda. Greiðsla fyrir heimaverkefni sem fellur undir þetta nú er 6 klukkustundir á nemanda.
4. Settar verði nýjar reglur um deildarstjóra og þeim raðað í launaflokka sem slíkum. Ætlaðar verði 2 klst. á ári á nemanda í þessi störf.
5. Tekið verði upp nýtt vinnumatskerfi sem miðist við það að skólar geti ráðstafað heimiluðu vinnumagni, sbr. 4 og 5, og kennslu í samræmi við eigin þarfir og samkvæmt almennum reglum sem menntmrn. setur. Það er því röng fullyrðing að ekki hafi verið tekið tillit til þessa.

Að öðru leyti er ekki annað en að árétta að fjmrn. er reiðubúið til þess að ljúka þessum samningum á svipuðum nótum og þeir almennu kjarasamningar sem þegar hafa tekist.

Iðnráðgjöf, ein umr.

Fsp. HG, 508. mál. — Þskj. 918.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Á þskj. 918 hef ég borið fram fsp. til hæstv. iðnrh., svohljóðandi:

„Hvað hyggst iðnrh. gera til að tryggja áframhaldandi stuðning úr ríkissjóði við iðnráðgjöf í landshlutunum?“

Lög voru sett um iðnráðgjöf á árinu 1981. Þau höfðu að geyma svokallað sólarlagsákvæði þar eð endurskoða skyldi lögin fyrir árslok 1985. Það var ekki gert af þáverandi ríkisstjórn og féllu lög þessi úr gildi en framlög til iðnráðgjafar í landshlutunum hefur þó verið inni á fjárlögum þau ár sem síðan eru liðin en hafa fengist inn á síðustu stundu, t.d. við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Með iðnráðgjöf í landshlutunum er verið að veita stuðning við þróunarstarf í landshlutunum og tengja þá starfsemi á iðnaðarsviði sem þar fer fram við stofnanir, þjónustustofnanir iðnaðarins og sjóði hér í höfuðborginni.

Virðulegur forseti, mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi hlýða á mál mitt.

Ég tel að reynslan af þessu starfi hafi sannað gildi þess, þó að ríkið hefði þurft að standa með mun myndugri hætti að þessum málum en gert hefur verið. Hugmyndin með lagasetningunni 1981 var sú að þar væri stigið fyrsta skref til aukins stuðnings af opinberri hálfu við þessa starfsemi. Það er t.d. allt of lítið að það sé aðeins einn maður að verki í heilum landshluta til þess að sinna þeim verkum sem þarna er um að ræða og þyrfti að vera unnt að auka þar við en ekki að mál þessi séu í þeirri óvissu frá ári til árs sem nú er.

Til þess að fá skorið úr um hug hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar til þessara mála er fsp. fram borin.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Sem svar við fsp. vil ég segja eftirfarandi:

Stuðningur ríkisins við starf iðnráðgjafa á landsbyggðinni hefur verið með svipuðum hætti frá því hann hófst á árinu 1982. Iðnráðgjafar hafa verið ráðnir hjá samtökum sveitarfélaga, í landshlutum eða iðnþróunarfélögum og hefur ráðuneytið veitt ráðningaraðilum stuðning sem svarar beinum launakostnaði ásamt launatengdum gjöldum vegna eins starfsmanns í hverju kjördæmi. Þá hefur ráðuneytið greitt Iðntæknistofnun Íslands vegna samræmingar á störfum iðnráðgjafa. Iðnráðgjafar hafa verið starfandi í öllum kjördæmum utan Reykjavíkur nema á Vestfjörðum.

Eins og kunnugt er byggðist framkvæmd þessi á lögum um iðnráðgjafa sem hv. fyrirspyrjandi beitti sér fyrir að sett voru í lok árs 1981. Lög þessi voru eins konar rammalög sem m.a. kváðu á um heimild til að greiða úr ríkissjóði framlag vegna ráðningar iðnráðgjafa á vegum samtaka sveitarfélaga eða iðnþróunarfélaga. Einnig kváðu lögin á um helstu verkefni iðnráðgjafa. Lögin skyldu gilda til ársloka 1985 en voru síðan framlengd um eitt ár og féllu úr gildi í árslok 1986.

Eins og hv. fyrirspyrjandi man úr umræðum, sem þá áttu sér stað og ýmsir tóku þátt í, var sólarlagsákvæðið sett inn vegna þess að menn vonuðust til að heimamenn mundu vera í stakk búnir til þess jafnvel að taka við þessari starfsemi að fullu.

Stuðningur við þessa starfsemi er fyrst og fremst háður því hve mikið fé er veitt á fjárlögum í þessu skyni og hafa fjárveitingar undanfarin ár verið svipaðar að verðgildi. Hafa þær dugað til að styðja þessa starfsemi í sama mæli og þegar lögin voru í gildi.

Því er hins vegar ekki að leyna að sú óvissa sem skapaðist á sl. ári þegar tillaga iðnrn. um framhaldsstuðning við starfsemi iðnráðgjafa á þessu ári var að fullu skorin niður við undirbúning fjárlaga olli ráðningaraðilum miklum óþægindum og erfiðleikum. Fékkst fjárveitingin ekki tekin inn aftur fyrr en við 2. umr. fjárlaga. Í fjárlagafrv. var ákvörðun þessi rökstudd með því að engin lög um iðnráðgjafa væru í gildi og væri fjárveitingin af þeim sökum felld niður.

Við þetta gerði ég athugasemdir á sínum tíma og benti á að í raun þyrfti ekki lög um þessa starfsemi fremur en ýmsa aðra starfsemi sem styrkt er á fjárlögum án sérstakra fyrirmæla í almennum lögum. En í ljósi þessarar reynslu mun ég beita mér fyrir því að lög um iðnráðgjafa verði endurnýjuð á svipuðum grunni og þau lög sem í gildi voru og að stuðningur ríkisins við starfsemi iðnráðgjafa verði ekki minni en verið hefur. Iðnrn. mun leggja til við gerð fjárlaga að þetta verði tryggt fyrir árið 1989 og frv. til laga um iðnráðgjöf verður næsta haust lagt fyrir Alþingi þannig að ráðningaraðilar og iðnráðgjafar búi ekki við slíka óvissu sem á þessu ári um stuðning við þessa starfsemi.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við fsp. minni og ég lýsi ánægju minni yfir að hann skuli ætla að beita sér fyrir því að sett verði á nýjan leik lög um iðnráðgjöf í landshlutunum í ljósi þeirrar reynslu sem hann gat um hér áðan. Ég held að í rauninni hefði þurft að taka á þessum málum strax og lögin féllu úr gildi 1985, enda var það ætlunin, að ég tel, þegar um framlengingu til eins árs var að ræða. Það hefði sannarlega verið ástæða til þess að þetta þing hefði fjallað um frv. af þessu tagi vegna undirbúnings fjárlaga fyrir næsta ár. En ég vænti þess að á yfirlýsingu hæstv. ráðherra um þetta efni verði tekið það mark að strax í fjárlagafrv. verði fjármagn til þessara mála með hliðsjón af þeim lögum sem ríkisstjórnin ætlar sér væntanlega að styðja, um iðnráðgjöf.

Eins og hæstv. ráðherra gat um hefur óvissan í þessum efnum orðið til verulegs miska fyrir þessa starfsemi. Það hefur verið los á starfsmönnum og það hefur orðið mun meira vegna þeirrar óvissu um ráðningarkjör og yfirleitt um starfsgrundvöll þeirra en ella hefði orðið. M.a. af þeim sökum er þörf á að auka við þessa starfsemi og ég beini því til hæstv. ráðherra að hann íhugi það við undirbúning lagafrv. að taka upp heimild til þess að ráða með hliðstæðum stuðningi og verið hefur tvo starfsmenn í hverju kjördæmi til þessara verka því að það hefði ómetanlegt gildi fyrir starfsemina að mínu mati. Það mundi styrkja hana meira en svarar aukningunni vegna þess að samráð tveggja aðila eru mikilvæg á stórum landsvæðum og auk þess er þýðingarmikið, ef maður hættir starfi, að botninn detti ekki úr með þeim hætti sem hætt er við, að samhengið rofni þegar menn hverfa þannig úr störfum.

Einnig vænti ég að hæstv. ráðherra líti til reynslu nágranna okkar í þessum efnum þar sem aukið hefur verið við þessa starfsemi, t.d. í Noregi.

Iðjuþjálfar, ein umr.

Fsp. SvG, 500. mál. — Þskj. 872.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ein mikilvægasta stétt heilbrigðisþjónustunnar í dag eru tvímælalaust iðjuþjálfar. Á undanförnum árum hefur þetta fólk verið að hasla sér völl í heilbrigðisþjónustunni og nú er svo komið og hefur verið um alllangt skeið að það er verulegur skortur á fólki til starfa að iðjuþjálfun hér á landi. Ástæðan er m.a. sú að það hefur ekki verið aðstaða til skipulegs náms iðjuþjálfa hér á landi og þeir sem hafa lagt stund á þetta nám hafa því sótt þekkingu sína til útlanda.

Ég tel hins vegar að hér sé um að ræða svo mikilvægt mál að eðlilegt sé að íslenska skólakerfið geri hið fyrsta ráðstafanir til þess að skapa aðstæður til að hér verði menntaðir og þjálfaðir iðjuþjálfar til starfa í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi. Þess vegna er þessi fsp. fram borin til hæstv. menntmrh.: „Hver eru áform menntmrn. um skipulagt nám fyrir iðjuþjálfun hér á landi?“

Ég hygg að þeir þm. sem hafa heimsótt heilbrigðisstofnanir hafi tekið eftir því að þegar menn hafa gengið um þessar stofnanir lengi dags og skoðað þær koma þeir gjarnan að litlum kytrum þar sem er þröngt bæði að tækjum og aðbúnaði starfsfólks og það er gjarnan svo að í þessum hornum, þessum kytrum, á þessi mikilvæga starfsemi iðjuþjálfanna að fara fram. Hér erum við langt á eftir grannþjóðum okkar, bæði að því er varðar iðjuþjálfa og reyndar sjúkraþjálfa líka þar sem ástandið er svo sérkennilegt í sjúkraþjálfun að það er númerus klásus á menntun sjúkraþjálfa við Háskóla Íslands þó að í rauninni sé fátt mikilvægara en að fjölga mjög verulega í þeim hópum til þess að heilbrigðisþjónustan standist þær kröfur sem eðlilegt er að gera til hennar. Þó er kannski sérstaklega nauðsynlegt, til þess að unnt sé að koma við forvarnarstarfi í heilbrigðismálum, að þessar stéttir verði til og verði öflugar, sjúkraþjálfarnir og iðjuþjálfarnir.

Af þeim ástæðum að hér er um brýnt úrlausnarefni að ræða er fsp. borin fram til hæstv. menntmrh.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur borið fram eftirfarandi fsp:

„Hver eru áform menntmrn. um skipulagt nám fyrir iðjuþjálfun hér á landi?“

Þessu er til að svara að þegar kennsla í sjúkraþjálfun var í undirbúningi á sínum tíma fyrir um 15

árum var nefndinni sem að því máli vann einnig falið að athuga menntun iðjuþjálfa. Niðurstaða hennar varð sú að nám í iðjuþjálfun ætti lengra í land en sjúkraþjálfunarnámið þótt stefna bæri að því að kennslu iðjuþjálfa yrði komið á eins fljótt og skilyrði leyfðu. Samkvæmt upplýsingum Iðjuþjálfafélags Íslands munu á síðasta ári hafa verið um 40 iðjuþjálfar í starfi hér á landi og hafa þeir hlotið menntun sína á ýmsum stöðum erlendis.

Í janúar sl. sendi Iðjuþjálfafélag Íslands menntmrn. erindi um menntunarmál iðjuþjálfa. Í framhaldi af því var ákveðið að skipa nefnd á vegum ráðuneytisins til að athuga hvort tímabært sé að stofna til kennslu í iðjuþjálfun hér á landi og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Óskað hefur verið eftir tilnefningu fulltrúa í nefndina frá heilbr.- og trmrn., Háskóla Íslands og Iðjuþjálfafélagi Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir að í nefndinni verði fulltrúi menntmrn. Tilnefningar í nefndina hafa verið að berast nú undanfarna daga þannig að nefndin mun formlega sett á stofn mjög fljótlega og vænti ég þess að hún hraði störfum.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér er hafin um menntun iðjuþjálfa og þakka hæstv. menntmrh. fyrir það frumkvæði sem hann sýnir með stofnun nefndar til þess að undirbúa nám í þessari gífurlega mikilvægu starfsgrein innan heilbrigðiskerfisins. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, að iðjuþjálfar hafa verið líkt og hálfgerð hornreka í heilbrigðiskerfinu fram að þessu hér á landi. Ég hygg að ein meginástæða þess sé sú að menntun sína hafa iðjuþjálfarnir orðið að sækja til útlanda og þess vegna ekki hlotið þann styrk sem þeir ella hefðu í gegnum menntakerfið innan heilbrigðiskerfisins. Þetta finnst mér vera ein helsta ástæða þess að mikilvægt sé að koma á slíkri menntun í landinu. Það má ævinlega deila um hvaða námsgreinar eigi að setja á stofn við Háskóla Íslands, en ég hygg að námsgrein eins og iðjuþjálfun eigi þar tvímælalaust rétt á sér.

Ég minni á að sú þróun sem hefur orðið í heilbrigðisþjónustu víðast hvar í hinum vestræna heimi er einmitt sú að efla heilbrigðisgreinar líkt og iðjuþjálfun og ég tel að það væri mikið framfaraspor fyrir heilbrigðiskerfið í landinu ef slíkri námsbraut yrði komið á við Háskóla Íslands.

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og hv. 1. þm. Vestf. fyrir undirtektirnar. Eins og fram kom í máli þeirra er hér um mikilvægt mál að ræða. Iðjuþjálfafélagið skrifaði mér bréf fyrir nokkru og skýrði mér frá því að fsp. hefði þegar borið árangur þegar hún var lögð fram því að upp úr því eða um það leyti skrifaði menntmrh. og óskaði eftir tilnefningum í nefnd til að undirbúa nám í sjúkraþjálfun hér á landi. Þannig er tilganginum náð af minni hálfu. Málið er farið af stað, en það verður að sjálfsögðu fylgst með því því að þetta er þýðingarmikið atriði fyrir þróun heilbrigðisþjónustunnar hér á landi.

Byggingarkostnaður Seðlabankahússins, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 510. mál. — Þskj. 928.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Í þeirri umræðu um offjárfestingu, sem gengið hefur í þessu þjóðfélagi og m.a. þróast á þann veg að menn hika við að telja skynsamlegt að skip séu byggð í landinu jafnvel þó að þar sé um endurnýjun að ræða, þykir mér rétt að leita eftir því við hæstv. viðskrh. að hér verði upplýst hver byggingarkostnaður Seðlabankahússins varð, framreiknaður á núvirði í íslenskum krónum. Og þar er að sjálfsögðu átt við að allt sé tekið með, bæði sú bílageymsla sem er undir húsinu og einnig þær innréttingar sem inn í húsið hafa verið settar.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Svarið er 1273 millj. kr., miðað við sl. áramót.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans svar, hjó þó eftir því að þar var stigið á bremsuna við seinustu áramót, en nú er liðið þó nokkuð á þetta ár og ég hélt að í þeirri stofnun væri slík reiða á reikningshaldi að hægt væri að fá það nær nútímanum ef byggingarframkvæmdir hafa haldið áfram. En það má vera að svo sé ekki og því eðlilegt það svar sem hér kom fram.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir eitthvert stysta svar sem ég hef orðið vitni að hér á hinu háa Alþingi en greinargott engu að síður. Í hinu merka menningarriti, dagblaðinu Tímanum, í dag er sambærilegur útreikningur en þar sem komist er að annarri niðurstöðu og skeikar hvorki meira né minna en hálfum milljarði króna. Niðurstaða hinna reikningsglöggu Tímamanna er sú að Seðlabankinn kosti um 1,7 milljarða kr.

Í miðjum jólaönnum Alþingis á sl. ári fóru fram heitar umræður um byggingarkostnað flugstöðvarinnar. Niðurstaðan mun hafa verið sú í þeim umræðum að frá upphaflegum áætlunum skeikaði eitthvað um 1 milljarði kr. og höfðu margir uppi stór orð. Hæstv. fjmrh. talaði um alvarlega mistakasögu. Niðurstaða þeirra Tímamanna er sú að miðað við þessa tölu, 1,7 milljarða, sé byggingarkostnaður hins glæsta Seðlabankahúss við Sundin blá svipaður á rúmmetra eða fermetra og við flugstöðina.

Utan dagskrár langar mig því til að spyrja hæstv. viðskrh. álits á þessum tölum og hvort um geti verið að ræða álíka alvarlega mistakasögu og flokksbróðir hans, hæstv. fjmrh., taldi að átt hefði sér stað við byggingu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að freista þess að svara því hvernig talan sem ég nefndi, 1273 millj. kr., miðað við s.l. áramót, svari til upphaflegra áætlana um byggingarkostnað við þetta hús. Því verða aðrir að svara sem málinu eru kunnugri. Það sama gildir um stærðir í húsinu, gólfflöt, rúmtak og fleira af því tagi sem menn kynnu að vilja nota til að deila í þessa fjárhæð. Ég vildi óska eftir því að fá að svara slíkum fsp. frekar með skriflegum hætti við hentugt tækifæri, eða öllu heldur að Seðlabankinn geri það sjálfur.

En ég vil að lokum nefna til samanburðar við byggingarkostnaðarfjárhæðina sem nefnd var, 1273 millj. kr., að fasteignamat húss og lóðar var 1076 millj. kr. og brunabótamat húseignarinnar um áramót sl. var 1105 millj. kr.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja að þetta svar hæstv. viðskrh. var náttúrlega ekkert svar. Ég hefði viljað fá það miklu meira sundurliðað vegna þess að Seðlabankinn og opinberir aðilar liggja undir ásökun um að hafa sóað fé. Ég er ekkert viss um að Seðlabankabyggingin sé svo mikið dýrari en eðlilegt er vegna þess að í heildarkostnaðinum er svo margt sem þarf að koma inn í bankabyggingar og sérstaklega seðlabankabyggingar sem eru byggðar eftir sérstökum stöðlum sem ekki eru í venjulegum byggingum, sérstaklega í öryggisútbúnaði, og á ég þá við geymslur, hurðir og veggi og öryggiskerfi til aðvörunar og fleira. Ef hæstv. ráðherra hefur hugsað sér að biðja Seðlabankann um að svara eitthvað nánar og meira sundurliðað fsp., sem hér er á dagskrá, þætti mér því vænt um að það væri sundurliðað, þannig að eðlilegur byggingarkostnaður kæmi þá í ljós, og svo aftur sundurliðað í öryggisbúnað og fleira. Jafnvel hönnunin ein á slíku sérbyggðu húsi undir þessa sérstöku starfsemi er að mínu mati þó nokkuð ef ekki mörgum sinnum dýrari en á venjulegum húsum af sömu stærð.

Viðskiptahalli, ein umr.

Fsp. AG, 511. mál. — Þskj. 929.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 929 til forsrh. um viðskiptahalla, svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við spám Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla við útlönd sem talið er að verði vel yfir 10 milljarða króna, jafnvel allt að 20 milljörðum króna á árinu 1988?“

Fsp. hefur tvívegis áður verið á dagskrá virðulegs sameinaðs Alþingis, en í bæði skiptin tekin út af dagskrá. Það var stjórnarþingmaður sem bar þessa fsp. tvisvar sinnum fram, hv. 10. þm. Reykv., án þess að þessari miklu spurningu hafi verið svarað. En ég tel að það sé með stærstu málum sem snerta þjóðina í dag hvernig ríkisstjórnin ætlar að bregðast við þessum mikla viðskiptahalla.

Nú vitum við að áður en ríkisstjórnin gerði sínar síðustu efnahagsráðstafanir, ef efnahagsráðstafanir skal kalla, þær voru ekki ráðstafanir til hins góða heldur íþyngjandi fyrir þjóðfélagið eins og allir vita, kom skyndilega í ljós að viðskiptahallinn, sem reiknað var með að gæti farið upp í 10 milljarða, hefði verið tekinn niður úr 13–14 milljörðum í 10 milljarða með efnahagsráðstöfunum. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan það var og síðan þessi fsp. var lögð fram af hv. 10. þm. Reykv. hefur margoft komið í ljós í blöðum að viðskiptahallinn stefndi miklu hærra en hann var áður en þessi leiðrétting svokölluð var gerð með síðustu efnahagsráðstöfunum. Þess vegna þótti mér rétt að taka upp fsp. hv. 10. þm. Reykv. með það í huga að fá svar við þessari fsp. stjórnarþingmannsins.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að það er eitt mikilsverðasta markmið og verkefni ríkisstjórnar að ná niður viðskiptahalla.

Vegna fsp. þar sem segir að fyrir liggi spár um 10–20 milljarða kr. viðskiptahalla á þessu ári er þess að geta að Þjóðhagsstofnun hefur reiknað með að viðskiptahalli geti orðið rúmlega 10 milljarðar á þessu ári miðað við núverandi aðstæður. Aðrir sérfræðingar, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa talað um að þessi tala gæti orðið lægri, þar á meðal sérfræðingar fjmrh. og Seðlabanka. Hvergi hafa komið fram tölur eða spár um að viðskiptahalli á þessu ári geti orðið 20 milljarðar. Það mun hafa komið fram hjá málshefjanda stjórnarandstöðu við umræður um vantraust á ríkisstjórnina að samanlagður viðskiptahalli einhverra ára gæti numið 20 milljörðum, en það er ekki spá um viðskiptahalla á þessu ári heldur fremur leikur til að blekkja kjósendur með talnaleik.

Þau atriði í almennri efnahagsstjórn sem ráða hvað mestu um viðskiptahalla eða viðskiptajöfnuð eru skráning á gengi krónunnar, stefnan í ríkisfjármálum og stefnan í peningamálum. Hér hefur verið að því er varðar aðgerðir í peningamálum fylgt efnahagsstefnu sem hefur haldið uppi innlendum sparnaði og með markvissum aðgerðum í þeim efnum hefur verið stuðlað að því að draga úr viðskiptahalla. Jafnframt hafa verið teknar ákvarðanir sem draga úr erlendum lántökum, bæði að því er varðar heimildir fjárfestingarlánasjóða, að því er varðar ákvarðanir ríkissjóðs um að taka ekki erlend

lán til eigin þarfa og enn fremur með því að skattleggja erlendar lántökur.

Að því er varðar stefnuna í ríkisfjármálum hefur komið skýrt fram að ríkissjóður er nú rekinn með jöfnuði og það er mjög mikilvægt þegar við vanda er að etja sem felst í vaxandi viðskiptahalla. M.a. af þeim sökum voru ákvarðanir teknar í þeim efnum og öllum tillögum, m.a. frá stjórnarandstöðunni, um að reka ríkissjóð með halla á þessu ári var hafnað og vísað frá vegna þess að þær hefðu leitt til meiri vanda að því er varðar viðskiptahalla.

Að því er varðar gengisskráninguna hefur verið farið varlegar í þeim efnum en á hinum tveimur sviðunum fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin hefur í lengstu lög viljað viðhalda þeim kaupmætti sem um hefur verið samið. Auðvitað eru áhöld um hversu lengi slíkt er hægt eftir að þjóð hefur orðið fyrir efnahagslegum áföllum, en það hefur verið meginsjónarmiðið að baki því að fara varlega í því að breyta gengi krónunnar. Það var þó gert í tengslum við efnahagsráðstafanir í lok febrúar. Þær ráðstafanir skiluðu þeim árangri að mati Þjóðhagsstofnunar að lækka fyrirsjáanlegan viðskiptahalla um 3–4 milljarða kr.

Viðskiptahalli hefur verið mjög þrálátt vandamál lengi í íslensku efnahagslífi og þau eru færri árin sl. tvo áratugi sem við höfum haft jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Hann hefur jafnvel farið upp í tæp 11% af framleiðslu þjóðarinnar. Núna eru horfur á því að hann geti orðið milli 4 og 5%. Það er svipaður vandi og við áttum við að etja á árunum 1984–1985 að þessu leyti. Ég lít á það sem eitt af höfuðverkefnunum og þátt í því að rétta við stöðu útflutningsframleiðslunnar að ná meiri og betri árangri í þessu efni en við höfum þegar gert og með þeirri almennu stefnu í efnahagsmálum sem fylgt verður og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru fram undan til að treysta undirstöðu framleiðsluatvinnuveganna í landinu væntum við þess að ná enn frekari árangri í baráttunni fyrir því að lækka viðskiptahallann.

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að það eru þrír þættir sem ráða hvað mestu um viðskiptastöðu landsins út á við eða viðskiptajöfnuð. Það eru ríkisfjármál, það eru peningamál og það eru gengismál. Hann sagði að ríkisfjármálin væru í fínu lagi, þakkað sé skattaglöðum fjmrh. og Sjálfstfl., aðstoðarkokkum hæstv. fjmrh. Peningamálin væru í nokkuð góðu lagi. Hins vegar væri það þannig að það væri álitamál hversu lengi væri hægt að halda uppi þeim kaupmætti launa sem nú er í landinu miðað við þær efnahagskringumstæður sem þjóðin býr við. Á íslensku heitir þetta það að ríkisstjórnin ætlar að fella gengið þegar þingið er farið heim.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur verið vitað nokkuð lengi um þá spá Þjóðhagsstofnunar að það stefndi í þann viðskiptahalla sem hér hefur verið rætt um og það er helst að frétta að hæstv. forsrh. er á förum til útlanda til að hitta þar þjóðhöfðingja sem er að láta af störfum mjög fljótt og hefur einnig reynslu í viðskiptahalla.

Nú getur verið að reynsla á báðum þessum sviðum sé þörf, en mér fannst að spurningunni væri aftur á móti að verulegu leyti ósvarað, hvað væri fyrirhugað að gera og hvað ylli þeirri töf sem orðið hefur á að gripið væri til aðgerða frá því að þessi spá kom fram.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur svarað þó svarið gefi ekki neina von um bjartsýni í efnahagsmálum sem fram undan eru því það kom ekkert fram um hvernig ríkisstjórnin ætlar að vinna að þessu mikla vandamáli. Ég harma að í hvert skipti sem ráðherrar koma upp og tala um efnahagsmál skuli þeir opinbera ráðaleysi sitt.

Það er talað um og því var ekki mótmælt að hallinn yrði milli 10 og 20 milljarðar og þá er ekki nauðsynlegt að fara alltaf eftir opinberum stofnunum, stofnunum í þjónustu ríkisstjórnarinnar sjálfrar, sem skapar þennan vanda. Það eru fleiri í þjóðfélaginu sem hafa vit á hvað þeir eru að gera og þá sérstaklega þeir sem vinna við inn- og útflutning og samskipti við útlönd. Þeir finna hvað klukkan slær.

Ríkissjóður er rekinn með jöfnuði, en hvernig er hann rekinn með jöfnuði? Hann er rekinn með jöfnuði m.a. með því að nú er komin fyrirframgreiðsla opinberra gjalda sem þýðir að ríkissjóður þarf ekki að slá út á væntanlegar tekjur frá opinberum stofnunum og borga vexti af því. Þeir fá peningana fyrir fram þannig að það er búið að flytja vaxtakostnað þjóðarinnar, vaxtakostnað ríkisins og ríkissjóðs yfir á fólkið í landinu með fyrirframgreiðslu. Það bætir að sjálfsögðu halla ríkissjóðs fyrir utan 20–25 milljarða kr. meiri innheimtu í opinberum gjöldum og sköttum af fólkinu milli áranna. Það er ekki nema eðlilegt að staða ríkissjóðs batni þar með. En ég vil þá spyrja á móti: Hvað hækka skuldir Íslands bæði inn á við og út á við með gengislækkuninni og vegna gengislækkunarinnar vegna þess að við skuldum svo mikið fyrir? Hver er munurinn í íslenskum krónum á því sem við skuldum fyrir gengislækkun og því sem við skuldum nú? Hann kemur hvergi fram.

Hæstv. fjmrh. opinberaði um daginn í ræðu sinni að viðskiptahallinn væri að hluta til vaxtagreiðslur ríkissjóðs upp á 7 milljarða og að ætla svo að segja að það séu bara 3 milljarðar í viðbót þannig að viðskiptahallinn verði ekki nema um 10 milljarðar, 3 milljörðum fram yfir það sem ríkissjóður á að greiða í vexti og er innifalið í viðskiptahallaupphæðinni. Þetta er svo mikill blekkingarleikur að það nær ekki nokkurri átt.

Ég veit ekki hvað hæstv. forsrh. meinar með að það hafi orðið áföll hér í efnahagsmálum, efnahagsáföll. Er það góðærið? Er góðærið komið út í það að vera áfall fyrir ríkisstjórnina? Er það áfall fyrir

ríkisstjórnina að hafa ekki hámarksverð fyrir afurðir frá útlöndum allan tímann, það þurfi alltaf að vera hærra verð og hærra verð á hverju einasta ári.

Mér þykir vont að heyra að hámarksverð verður alltaf að vera fyrir hverja sendingu til þess að hægt sé að reka þjóðfélagið. Það er með eindæmum og það er ekkert fyrirtæki í landinu sem ekki á að þola einhverjar smásveiflur þó að það sé ekki alltaf hámarksverð sem það fær fyrir afurðir sínar.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Við hv. 5. þm. Reykv. vil ég segja að það er áfall fyrir þjóðarbúið þegar verðfall verður á erlendum mörkuðum og afli verður minni en menn höfðu gert ráð fyrir og tekið útgjaldaákvarðanir sínar út frá og því verður auðvitað að mæta.

Við hv. 2. þm. Vestf. vil ég segja að fáum ætti að vera betur kunnugt um það á hvaða forsendum ríkisstjórnin hefur byggt sínar ákvarðanir og hvers vegna hann hefur stutt ráðherra síns eigin flokks til þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið og tímasetninga þeirra ákvarðana þar sem ríkisstjórnin hefur leitað þess að finna jafnvægi á milli eðlilegrar kröfu um að tryggja rekstur útflutningsframleiðslu og viðhalda svo sem best verður kostur við núverandi aðstæður kaupmætti í þjóðfélaginu.

Við hv. 7. þm. Reykv. vil ég segja þetta: Þegar hann skilaði af sér sem ráðherra var viðskiptahalli á síðasta heila árinu sem hann sat í ríkisstjórn milli 8 og 9% og fór upp fyrir 10% á síðustu mánuðum sem hann sat í ríkissstjórn. Hverjar voru þær tillögur sem Alþb. lagði fram þegar sá viðskilnaður lá fyrir? Afnám vísitöluákvæða í kjarasamningum. Það er rétt að rifja þetta upp fyrir hv. þm. enn einu sinni því að hann hefur svo oft gleymt þessari staðreynd.

Rekstrarhalli á Seðlabankanum, ein umr.

Fsp. ÓÞÞ, 513. mál. — Þskj. 932.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

„Má vænta þess að Seðlabankinn grípi til aðgerða til að auka framlegð í bankanum og bæta rekstur hans, svo sem með því að:

a. selja eignir,

b. endurskipuleggja starfsmannahald,

c. segja upp starfsfólki?"

Utan úr þjóðfélaginu berast fréttir af því að mörg fyrirtæki eiga í erfiðleikum og hafa verið með hallarekstur á seinasta ári. Það fyrirtækið sem hefur verið einna mest í sviðsljósinu, ekki fyrir það að það hafi verið með mestan hallareksturinn heldur fyrir það að það hefur þegar gripið til ákveðinna aðgerða í þessu efni, er Grandi hf. Þeir töldu að að óbreyttu mundu þeir tapa 70 millj. og viðbrögðin voru þau að þeir ætla að segja upp 50–60 manns, hvorki meira né minna og jafnframt koma á fót atvinnumiðlun.

Nú fór það svo þegar raðað var í ráðherrastóla að það varð annar Jón sem settist í stól viðskipta en menn höfðu almennt átt von á og það verður að segjast eins og er að þjóðin beið nokkuð spennt eftir því að Jón Baldvin, hæstv. fjmrh. sem nú er, settist í þann stól. Ástæðan var sú að hann hafði lofað íslenskri þjóð að hreinsa til í þeirri stofnun og hafði hugsað sér að byrja á toppnum. Auðvitað hlýtur það að vera umhugsunarefni þegar stofnun tapar 1100 millj. hvort ekki eigi að byrja á toppnum. En hitt væri fáheyrt ef svo er komið að fiskvinnslufyrirtæki þurfa að hagræða og reka heim fólk sem er út um allt land vinnandi þjóðþrifastörf á sama tíma og ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur fjölgað meir starfsliði frá því að vera í tveimur herbergjum í Landsbanka Íslands við seðlaútgáfu og til þess vaxtar sem það hefur náð í dag. Og spurningin er þess vegna siðferðileg krafa til Alþfl.: Voru það blekkingar einar sem þið boðuðuð fyrir kosningar þegar þið lofuðuð að taka til á þessum stað?

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hin slæma afkoma Seðlabankans í fyrra, en þá voru gjöld umfram tekjur 1094 millj. kr., stafaði að langmestu leyti af því mikla misræmi sem varð á liðnu ári milli þróunar innlends verðlags og vaxta annars vegar en gengis og erlendra vaxta hins vegar, fyrirbæris sem hv. fyrirspyrjandi, 2. þm. Vestf., hefur áður gert að umræðuefni í þessum sal og víðar.

Seðlabankinn á verulegan hluta sinna eigna í erlendum gjaldeyri, en á móti koma innlendar innstæður innlánsstofnana og annarra sem þar geyma fé sitt. Þróunin sem ég lýsti í fyrstu orðum mínum var því bankanum einkar óhagstæð. Slíkt hefur áður gerst einstök ár, t.d. árið 1983, en þá varð halli á rekstri Seðlabankans enn meiri að raungildi en hann varð í fyrra. Yfir lengri tíma litið jafnast hins vegar svona sveiflur þar sem á milli koma ár þegar þessar stærðir, sem ég nefndi, innlendur kostnaður, innlent verðlag og vextir annars vegar og gengi og erlendir vextir hins vegar, hreyfast á gagnstæðan hátt. Seðlabankinn hefur þrátt fyrir þessa gengisáhættu sem kalla mætti yfirleitt verið með sæmilega afkomu til jafnaðar. Þá vil ég geta þess sem sérstakrar ástæðu fyrir því hversu mjög gjöld fóru fram úr tekjum í fyrra að byggingarkostnaður á árinu 1987 hafði veruleg áhrif á afkomu bankans, enda munu þá hafa verið gjaldfærðar í rekstrarreikningi 321 millj. kr. ef ég man rétt. En þar sem framkvæmdum við húsið er lokið, eins og kom nú reyndar fram hér áðan, mun þessi þáttur ekki hafa áhrif á afkomu bankans í framtíðinni.

Af þessu sem ég hef sagt má vonandi sjá að afkomusveiflur af þessu tagi verða ekki jafnaðar með því einu að draga úr mannafla eða lækka rekstrarkostnað. Þessi afkomuniðurstaða stafar fyrst

og fremst af eignabreytingum og sveiflum í verðlagsstærðum innan lands og utan. Þetta breytir því alls ekki að það er að sjálfsögðu jafnan markmiðið að tryggja sem hagkvæmastan rekstur bankans og halda þar öllum kostnaði og mannafla innan hóflegra marka og mun ég, eins og ég hef þegar gert, beina því til Seðlabankans að þetta eigi þeir, sem þar ráða húsum, að kappkosta. Ég tel það vel farið að þingið beini sjónum sínum að þessari stofnun eins og öðrum sem ríkið á eða eru hluti af ríkiskerfinu.

Vegna orða hv. fyrirspyrjanda um fjölgun starfsmanna við bankann vil ég leyfa mér að vekja athygli á því að í lok sl. árs voru starfsgildi við bankann 143. Þeim hafði þá fjölgað á sl. tíu árum um níu starfsgildi, en við þetta hafa nú bæst 15 störf vegna þjónustu í hinu nýja húsi bankans, m.a. vegna leigjendanna sem eru þrír, Reiknistofa bankanna, langstærst, og svo Þjóðhagsstofnun og Iðnþróunarsjóður, sem taka þátt í þessum kostnaði varðandi rekstur hússins.

Varðandi þá þætti fsp. sem lúta að sölu eigna langar mig að benda á að um leið og bankinn flutti í nýtt húsnæði seldi hann fasteignir við Austurstræti og geymsluhúsnæði við Dugguvog. Þannig hefur hann að því leyti hlýtt ráðum af því tagi sem hv. fyrirspyrjandi hafði hér helst uppi.

Miðað við núverandi aðstæður og nýtingu bankahússins, sem nú er leigt að 4/10 til öðrum aðilum, er ekki grundvöllur fyrir sölu eignar bankans við Einholt hérna í bænum. Þó finnst mér ástæða til þess að athuga það. Þar eru nú skjalageymslur bankans og sameiginlegt seðla- og myntsafn hans og Þjóðminjasafnsins, en það er sameign safns og banka, og er hin mesta þjóðargersemi, ég veit að hv. fyrirspyrjandi lætur sér annt um slíka hluti.

Öðrum fasteignum er nú ekki til að dreifa nema íbúð að Ægisíðu 54 sem bankinn fékk í arf eftir fyrrverandi bankastjóra sem bar hag bankans svo mjög fyrir brjósti að hann gerði hann að erfingja sínum. Það mun ekki, eftir því sem ég veit best, standa til að selja þá íbúð að svo stöddu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. viðskrh. að ekki stæði til að selja leigjendum í Seðlabankahúsinu eignarhluta í húsinu. Það verður þó að telja eðlileg viðbrögð þegar jafnstór töp eiga sér stað miðað við hvað aðrir hafa orðið að gera og vissulega bendir það til að vel hafi verið byggt við vöxt. Jafnframt kemur fram að það er talað um að fjölga starfsmönnum um 15 en einhverjir hljóta á sínum tíma að hafa haft eftirlit með því húsnæði sem Seðlabankinn var í áður og merkilegt má það vera ef nýtt húsnæði heimtar svo miklu meira eftirlit eins og þarna er verið að leggja til.

Ég verð að segja það eins og er að mér eru það mikil vonbrigði að sú mikla blysför, sem Alþfl. boðaði og fólkið horfði á og treysti að eitthvað stæði á bak við, hefur ekki orðið að neinu öðru en því að dyggilegri verndarhendi er haldið yfir öllu því mannahaldi sem er í þessum banka og trúlegt er að engin þjóð hafi fjölmennara starfslið hlutfallslega við sinn seðlabanka en við Íslendingar.

Ég vil jafnframt bæta því við að sú fastgengisstefna sem notuð hefur verið hefur leikið undirstöðuatvinnuvegi þessarar þjóðar grátt, en nú er komið svo að allt bendir til að toppurinn, þ.e. Seðlabankinn, þoli hana ekki heldur og það eru fréttir út af fyrir sig.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mundi sennilega þykja kaldhæðni af verra taginu að segja út af þeim upplýsingum sem hér komu fram varðandi það hvernig raungengisþróunin á síðasta ári lék Seðlabankann að það hafi komið vel á vondan. En sannleikurinn er sá að vel hefði mátt setja í stað orðsins Seðlabanki „útflutningsatvinnuvegir". Ég verð að játa að þegar svo vel hefur verið frá þessu greint vaknar með mér ákveðin von um að það kunni að rofa til því að við svo stóran aðila sem Seðlabankann er ekki álitlegt að deila og vissulega er það svo að þó að framleiðslufyrirtækin vigti kannski ekki þungt í þeirri þjóðfélagslegu umræðu sem nú fer fram á ég ekki von á því að til frambúðar treysti menn sér til að búa Seðlabanka Íslands slæm starfsskilyrði.

Framkvæmdasjóður Íslands, ein umr.

Fsp. GuðmÁ, 517. mál. — Þskj. 969.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 969 legg ég fram fsp. til forsrh. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Er Framkvæmdastofnun var lögð niður árið 1985 og Byggðastofnun stofnsett var Framkvæmdasjóður Íslands gerður að sérstakri stofnun undir forsrh. Var þá ákveðið jafnframt að embættismenn skyldu skipa stjórn stofnunarinnar en ekki í hana kosið af Alþingi eins og Byggðastofnun. Skyldi forsrh. skipa einn mann, fjmrh. annan og Seðlabanki hinn þriðja. Þar við situr enn.

Það sem fsp. beinist að er starfsemi þessarar stofnunar og sá sess sem hún skipar í lánveitingum til framkvæmda og rekstur þessarar stofnunar. Það er almennt viðurkennt að þessi stofnun nýtur mikils trausts erlendis og hefur í gegnum árin, og gerir enn, fengið erlend lán með mun hagstæðari kjörum en almennt gengur og gerist hjá bönkum og sjóðum þó svo þau hafi ríkisábyrgð. Hefur sá háttur verið hafður á að stofnunin hefur tekið lán, þar á meðal fyrir Byggðastofnun og aðra opinbera sjóði, og hefur þannig þróast út í það að vera endurlánasjóður. Sjóður þessi mun einnig hafa lánað til fleiri aðila og notið til þess bæði eigin fjár svo og erlends fjár.

Spurningin er því sú hvaða aðilar þetta eru og úr hvaða kjördæmum.

Fsp. er annars þannig:

„1. Hver er heildarfjárhæð tekinna erlendra lána Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1987?

2. Hverjir hafa fengið lán og styrki úr sjóðnum og hvernig skiptast lánveitingarnar eftir kjördæmum? Hver er heildarfjárhæð lánanna og styrkjanna?

3. Hverjir hafa fengið skuldbreytingu lána 1987 og hvað nema þær skuldbreytingar háum fjárhæðum?

4. Hefur orðið breyting á hlutabréfaeign sjóðsins? Ef svo er, hverjum hafa verið seld þau hlutabréf og á hvaða verði?"

Hin síðastgreinda spurning beinist að sölu á hlutabréfaeign sjóðsins, en hann mun hafa átt hlutabréf að mig minnir bæði í Fjárfestingarfélaginu og m.a. í Álafossi og svo ýmsum öðrum fyrirtækjum.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í fyrsta lagi er spurt um heildarfjárhæð tekinna erlendra lána hjá Framkvæmdasjóði á árinu 1987.

Svarið er þetta: Heildarfjárhæð tekinna erlendra lána Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1987 nam 3436 millj. kr. Þar af var notað til að endurgreiða fyrir fram erlend lán í yenum 1884 millj. kr. Ný erlend lán voru því 1552 millj. kr.

Spurt er að því hverjir hafi fengið lán og styrki úr sjóðnum og hvernig þær lánveitingar skiptist eftir kjördæmum, hver sé heildarfjárhæð lánanna og styrkjanna.

Heildarfjárhæð lánanna var 2,6 milljarðar kr. og heildarfjárhæð styrkja 7 millj. kr. Lánveitingar til fjárfestingarlánasjóða námu 1,9 milljörðum kr., lán til fiskeldis 353 millj. kr. og önnur lán námu um 302 millj. kr.

Fyrirspurnatími gefur ekki rúm til að lesa upp lánveitingar til einstakra aðila. Þær eru þó ekkert leyndarmál og geta menn gengið eftir þeim og hægt að birta þær hinu háa Alþingi sem svar við skriflegri fsp. ef hún yrði lögð fram.

Þá er spurt að því í þriðja lagi hverjir hafi fengið skuldbreytingu lána á árinu 1987 og hvað þær skuldbreytingar nemi háum fjárhæðum. Það eru þrír aðilar sem hafa fengið skuldbreytingu og samtals nema þær 9,9 millj. kr.

Og loks er í fjórða lagi spurt: „Hefur orðið breyting á hlutabréfaeign sjóðsins? Ef svo er, hverjum hafa verið seld þau hlutabréf og á hvaða verði?"

31. des. 1986 átti Framkvæmdasjóður hlutabréf í Álafossi hf. upp á 117 millj. 750 þús. kr. og í Fjárfestingarfélaginu upp á 4 millj. 279 þús. kr.

Á árinu 1987 var hlutur Framkvæmdasjóðs í Fjárfestingarfélagi Íslands seldur Eimskipafélaginu á nafnverði, 4,2 millj. kr. Í árslok 1987 á Framkvæmdasjóður síðan hlutabréf upp á 250 millj. kr. í hinu nýja fyrirtæki Álafossi. Hann á hlutabréf í gamla Álafossi upp á 1 millj. og svo hlutabréf í fyrirtækjum sem gamli Álafoss átti og það eru hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands upp á 4,8 millj., í Íslenskum markaði upp á 4,9 millj., í Fljótsbæ hf. upp á 325 þús. og Tollvörugeymslu upp á 7000.

Það er ráðgert og í undirbúningi af hálfu Framkvæmdasjóðs að selja þessi hlutabréf sem komist hafa í hans eigu eftir að gamli Álafoss var lagður niður.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka forsrh. fyrir þessi greinargóðu svör, en það vantaði eitt í þessa upptalningu. Það var hvernig lánin skiptast á milli kjördæma og þætti mér mjög gott ef hann gæti upplýst það hér.

Það sló mig nokkuð að eign sjóðsins í Fjárfestingarfélaginu skyldi hafa verið seld Eimskipafélaginu og þá vildi ég spyrja ef hægt væri að fá svar við því: Voru þessi bréf boðin út eða var þetta selt með einhverjum öðrum hætti?

Ég vil þá enn og aftur þakka forsrh. fyrir svörin.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ákvörðun um sölu á hlutabréfaeign í Fjárfestingarfélaginu var tekin af stjórn sjóðsins og mér er ekki kunnugt um með hvaða hætti staðið var að þeirri sölu. Að því er varðar skiptingu lánveitinga milli kjördæma er rétt að geta þess að langstærsti hluti af útlánum Framkvæmdasjóðs fer til einstakra fjárfestingarlánasjóða eða um tæpir 2 milljarðar kr. og það eru þeir sjóðir sem geta síðan gefið upplýsingar um með hvaða hætti útlánin dreifast milli einstakra kjördæma. En að því er varðar bæði lán til fiskeldis og önnur útlán er hægt að greina þær lánveitingar milli einstakra aðila í sundur á þeim lista sem fyrir liggur um þær lánveitingar.

Innheimta söluskatts, ein umr.

Fsp. StG, 512. mál. — Þskj. 931.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til fjmrh. á þskj. 931 um innheimtu á söluskatti. Hún er í þremur liðum:

„1. Hvað veldur því að fjmrh. hefur ekki enn gefið út reglugerð um sérstaka innsiglaða afgreiðslukassa í verslunum?

2. Hver eru skil verslana á söluskatti fyrstu þrjá mánuði þessa árs í samanburði við sl. ár?

3. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu þess opinbera til að sporna við svokallaðri „svartri atvinnustarfsemi"?"

Í umræðum utan dagskrár 4. febr. sl. sagði hæstv. fjmrh. m.a. um þessi mál, með leyfi herra forseta: „Ég hef tekið þetta mál upp á mína arma, rannsakað það í þaula, talað við tæknimenn, haft samráð við kaupmenn, aflað upplýsinga erlendis frá og mun á

morgun gefa út regugerð um það að þann 1. maí skal hver einasti smásöluaðili í þessu landi hafa slíka löggilta innsiglaða sjóðvél."

Og enn þá sagði fjmrh.: „Ég hef haft marga vinnufundi með skattkerfinu svokallaða. Ég hef rætt við ríkisskattstjóraembættið, skattrannsóknarstjóra og skattayfirvöld í Reykjavík og á Reykjanesi. Ég hef lagt fram sjálfur tillögur og ég hef heimtað tillögur."

Og svo: „Það má heita svo að enginn fjmrh. hafi talað við þetta skattkerfi síðan Magnús á Mel var."

Nú er spurningin þessi: Heyrði enginn í kerfinu til hæstv. fjmrh. um þetta efni og hvað veldur því raunverulega að í dag er komið fram í maímánuð og mér er ekki kunnugt um það að nein reglugerð sé enn komin út um þessa svokölluðu sjóðkassa?

Ég spyr einnig um svarta atvinnustarfsemi sem hér hefur áður verið til umræðu. Mér skilst að virðisaukaskatturinn, nái hann fram, muni ekki verða til þess að stemma stigu við svartri atvinnustarfsemi nema síður sé. Þess vegna eru þessar fsp. bornar fram.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Fyrst er spurt: „Hvað veldur því að fjmrh. hefur ekki enn gefið út reglugerð um sérstaka innsiglaða afgreiðslukassa í verslunum?"

Svar: Skýringin á því að sú reglugerð er ekki birt er sú að tæknilegar ástæður hafa valdið töf. Sú töf sem hefur orðið á útgáfu þessarar reglugerðar á rætur að rekja til þess að ráðuneytið hefur viljað kanna alla möguleika og ganga úr skugga um það til hlítar hvaða tegundir peningakassa uppfylltu best þær öryggis- og eftirlitskröfur sem ráðuneytið vill gera með tilliti til skatteftirlitskerfis.

Drög að þessari reglugerð hafa verið lögð fram tvisvar. M.a. að höfðu samráði við mikinn áhugamann um þetta mál úr röðum þingmanna komst ég í fyrra skiptið að því að reglugerðarákvæðin væru ekki viðhlítandi og að því er varðaði seinni drögin var það niðurstaðan eftir umræður við tæknimenn að enn þyrfti að gera betur. Þessar athuganir hafa orðið tímafrekari en ætlað var, en þær athuganir eru nú á lokastigi og það líður ekki á löngu áður en þessi reglugerð verður gefin út og verður þá um skyldu til notkunar á peningakössum í smásöluverslun og þjónustustarfsemi ýmiss konar að ræða og þá frá því gengið að viðkomandi peningakassar uppfylli ströngustu skilyrði um innri búnað. Þar má fyrst og fremst nefna ytri og innri strimil og innri dagsöluteljara sem ekki er á færi nema fagmanna að endurstilla. Niðurstaðan er því sú að þarna hefur orðið töf á framkvæmd málsins sem á sér fyrst og fremst tæknilegar skýringar. En þetta mál er ekki gleymt.

„2. Hver eru skil verslana á söluskatti fyrstu þrjá mánuði þessa árs í samanburði við sl. ár?"

Svar: Innheimta söluskatts vegna sölu eftir áramót á umræddu tímabili, 1987, var 2 milljarðar 486 millj. kr. Á fyrsta ársfjórðungi 1988 nemur innheimta söluskatts 3 milljörðum 953 millj. kr. Aukningin milli ára er þess vegna 1467 millj. eða 59%. Það er mat sérfræðinga fjmrn. að u.þ.b. ⅔ hlutar þessarar auknu innheimtu stafi af breikkun skattstofnsins og fækkun undanþága, en afgangurinn, seinasti þriðjungurinn, stafi einkum og sér í lagi af bættri innheimtu.

„3. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu þess opinbera til að sporna við svokallaðri „svartri atvinnustarfsemi"?"

Svar: Eins og fram kom í tilvitnun hv. fyrirspyrjanda til mín áðan var dregin upp áætlun um sérstakar athuganir, eftirlitskannanir, sem gerð var í samráði þriggja stofnana, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, skattstofu í Reykjavík og reyndar fjórða aðilann, skattstofu í Reykjaneskjördæmi. Í þessu fólst að tekið var úrtak þeirra greina sem samkvæmt fyrri athugunum töldust undir áhættuflokka í þessu efni og sendar voru út eftirlitssveitir tveggja manna í senn, tólf sveitir alls, á sl. tveimur mánuðum. Ég vænti þess nú einhvern næstu daga að fá skýrslu frá skattrannsóknarstjóra um niðurstöður af þessum skyndikönnunum.

Þá er þess að geta að fyrir dyrum stendur að ráða í tekjudeild fjmrn. sérstaklega starfsmann sem hafi það verkefni á hendi öðrum fremur að annast samskiptin við framkvæmdaaðila í skattakerfinu, þ.e. ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og skattstofurnar í umdæmunum, til þess að fylgja eftir með daglegu eftirliti framkvæmd þessarar áætlunar um kannanir og kalla eftir skýrslum, meta árangur og fylgja framkvæmdinni að öðru leyti betur eftir.

Þær skattkerfisbreytingar sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á skattkerfinu miða allar að því marki að auðvelda eftirlit og með vísan til þeirra upplýsinga sem ég gaf áðan teljum við að nokkur árangur hafi náðst nú þegar.

Að því er varðar frv. um virðisaukaskatt, sem nú liggur fyrir Alþingi, er það skattform þess eðlis að það gefur enn verulega bætta möguleika á að rekja feril viðskipta og er í áætlunum um virðisaukaskatt, sem fylgja grg. þess frv. sem hér verður rætt á eftir, gert ráð fyrir því að sá árangur náist vegna bættrar innheimtu að tekjuaukinn af þeim sökum verði um 1 milljarður kr. Það stafar einkum af þeim þætti þess skattkerfis sem lýtur af þeim hag sem framteljandi hefur af því vegna endurgreiðslu á innskatti að tryggja m.a. að dregið verði úr nótulausum viðskiptum.

Guðmundur Ágústsson:

Hæstv. forseti. Fullyrðingar hæstv. fjmrh. um bætt skil á skatti eru hugarburður einn. Raunveruleikinn er sá að skattar hafa hækkað meira en embættismenn fjmrn. gerðu ráð fyrir. Betri skattskil eru ekki sá raunveruleiki sem ég sé að blasi við heldur það eitt að þær skattkerfisbreytingar sem gerðar voru um áramótin hafa sýnt að tölur fjmrn. hafi verið áætlaðar of lágar. Það er ekkert sem liggur fyrir um að þetta kerfi bæti skattheimtu á einn eða annan hátt.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fsp. og jafnframt hæstv. ráðherra fyrir hans svör.

Ég trúi því að hæstv. ráðherra láti ekki hrekja sig af leið í þessu máli og ég trúi því að það sem eitt sinn var sagt hér í þingsölum um ákveðinn mann, að þar færi maður sem þyrði, gæti átt við í því sambandi að nú reynir á hvort menn þora að fylgja þessu eftir. Og það eina sem ég vil bæta við í þessum efnum: Ég vil minna á að hafi verið freisting áður að skila ekki öllum söluskattinum er sú freisting að sjálfsögðu mun meiri núna þegar söluskatturinn er jafnstór hluti af veltu verslana og raun ber vitni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ég vil jafnframt brýna hann mjög á því að láta ekki hrekjast af leið. Ég segi það, og ég hef trú á því að það hafi verið svo með fleiri sem studdu í vetur þennan margumrædda matarskatt, að ég gerði það í þeirri góðu trú að ráðherra stæði við þær yfirlýsingar sem ég las upp áðan um að þessir afgreiðslukassar yrðu skilyrðislaust settir upp.

Ég get hins vegar ekki sett mig í dómarasæti um það hvað löng vinna liggur að baki að gera þessa hluti þannig að þeir fari tæknilega vel fram. Það er auðvitað höfuðnauðsyn að þannig sé að verki staðið og þess vegna skiptir kannski ekki öllu máli einn máðuður til eða frá heldur að kerfið virki þegar það verður tekið upp.

Ég þakka ráðherra fyrir upplýsingarnar og endurtek að við munum vissulega fylgjast með hvað gert verður í þessum efnum.

Biðlaun, ein umr.

Fsp., 490. mál. — Þskj. 840.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Það er á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar eins og þeirrar sem síðast sat að selja ríkisfyrirtæki. Þá er ríkið oft að leggja niður stofnanir og fyrirtæki sem hefur í för með sér uppsagnir starfsmanna. Þá vill það einnig henda að starfsmönnum er sagt upp störfum löglega eða ólöglega með brottrekstri. Vaknar þá sú spurning í hve miklum mæli þetta á sér stað og hvaða kostnað ríkissjóður hafi af slíkum ákvörðunum fram yfir það sem gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði, en biðlaun eru þar mjög fátíð.

Fyrirspurnin um þetta efni er á þskj. 840 og er beint til hæstv. fjmrh. Fsp. er í tveimur liðum og er þannig, með leyfi forseta:

„1. Hvað greiddi ríkissjóður háar fjárhæðir í skaðabætur og biðlaun vegna skipulagsbreytinga, sölu ríkisfyrirtækja, ólögmætra uppsagna eða annarra ástæðna á árunum 1984–1987?

2. Hve margir fengu þessi biðlaun og í hve langan tíma að meðaltali hver um sig?“

Einnig væri fróðlegt að fá að vita, þótt spurningin sé ekki beint þannig orðuð, hvaða starfsmönnum ríkissjóður greiði biðlaun. Er það einungis í þeim tilvikum sem kveðið er á um í lögum um ríkisstarfsmenn þegar staða er lögð niður og starfsmaður er ekki endurráðinn eða á þetta líka við í öðrum tilvikum eins og þeim þegar stofnun er gefið nýtt nafn og starfsmaðurinn gegnir sömu eða sams konar stöðu og hann hafði?

Ef ástæður gefa tilefni til væri fróðlegt að fá álit hæstv. fjmrh. á því hvort í undirbúningi er, annaðhvort með lagasetningu eða á annan hátt, að breyta þeirri skipan sem verið hefur.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég verð í upphafi að biðjast velvirðingar á því að svör við þessum tveimur spurningum eru ekki að öllu leyti fullnægjandi af þeirri ástæðu einfaldlega að upplýsingar í vinnsluhæfu formi bárust ekki í tæka tíð frá öllum þeim stofnunum sem hér um ræðir.

Fyrsta spurningin var þessi: „Hvað greiddi ríkissjóður háar fjárhæðir í skaðabætur og biðlaun vegna skipulagsbreytinga, sölu ríkisfyrirtækja, ólögmætra uppsagna eða annarra ástæðna á árunum 1984–1987?“

Hér á eftir eru tilgreindar upphæðir sem greiddar voru sem biðlaun til ríkisstarfsmanna árin 1985–1987: Það mun hafa verið í ársbyrjun 1985 sem launadeild fjmrn. tók upp sérstakar merkingar fyrir greiðslu biðlauna. A.m.k. er engin biðlaunagreiðsla merkt 1984, en það ár var t.d. Framleiðsluráð sjávarafurða lagt niður og þá um leið allnokkrar stöður þar sem leiddu til biðlaunagreiðslu. Ekki er heldur víst að þær tölur sem ég nefni hér á eftir séu tæmandi því að launadeildirnar og þá einkum fjmrn., Pósts og síma og ríkisspítala, þar sem um flesta er að ræða, voru misfljótar að taka upp það kerfi að merkja biðlaunin sérstaklega.

Af þessum tæknilegu ástæðum liggja ekki fyrir í mínum höndum upplýsingar sem svara því hve langan tíma að meðaltali hver um sig, sem biðlauna naut, naut þessara launa. Ég býðst til þess að láta vinna að frekari upplýsingaöflun um það og koma þeim á framfæri við hv. fyrirspyrjanda.

En ef saman eru dregnar þessar upplýsingar, þ.e. hversu mörgum voru greidd biðlaun af hálfu ríkisins og ríkisfyrirtækja á þessum árum og hverjar voru upphæðirnar, er svarið þetta:

Árið 1985 þá voru mánaðarlaunagreiðslur vegna biðlauna 102 þúsund. Laun voru 2 millj. 290 þús. 710 kr. Launatengd gjöld 271 þús. 86 kr. Samtals árið 1985 2 millj. 561 þús. 796 kr. Fyrir árið 1986 eru samsvarandi tölur: 190 þús. mánaðarlaun, útborguð

laun 6 millj. 170 þús. 342 kr. Launatengd gjöld 693 þús. 930 kr. Samtals árið 1986 6 millj. 864 þús. 272 kr. Árið 1987 eru tölurnar þessar: Mánaðarlaunafjöldi 310 þús. Útborguð laun 12 millj. 949 þús. 429 kr. Launatengd gjöld 1 millj. 432 þús. 738 kr. Samtals árið 1987 14 millj. 382 þús. 167 kr. Alls voru því greidd biðlaun á þessum þremur árum í útborguðum launum: 21 millj. 410 þús. 481 kr. Launatengd gjöld: 2 millj. 397 þús. 754 kr. Samtals 23 millj. 808 þús. 235 kr.

Nú tek ég það fram að inn í þessar upplýsingar vantar til að þessum spurningum sé svarað á fullnægjandi máta: Í fyrsta lagi upplýsingar um skaðabætur sérstaklega og í annan stað hversu langan tíma að meðaltali hver um sig, sem biðlauna naut, naut þeirra. Að þeirri upplýsingaöflun verður unnið frekar.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Þó svo að þau séu, eins og hann tók fram, nokkuð ófullkomin gefa þau vissa vísbendingu um hvaða fjárhæðir hér er um að ræða.

Ég hélt að það væru hærri upphæðir en þarna kemur fram því maður hefur orðið var við að þegar ríkisfyrirtæki hafa verið seld hafi viðkomandi starfsmenn, þó svo þeim hafi verið sagt upp, haldið launum sínum. Þetta á bæði við um þegar Ríkismat sjávarafurða var lagt niður og þegar Landssmiðjan var seld, að starfsmenn héldu launum í ákveðinn tíma á eftir.

Ég mun ekki rengja þessar upplýsingar, en þakka hæstv. fjmrh. fyrir að ætla að láta vinna þetta áfram og senda mér nánari svör við þessum spurningum.

SAMEINAÐ ÞING

78. fundur, fimmtudaginn 5. maí,
að loknum 77. fundi.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun skal forsrh. gefa Alþingi skýrslu um starfsemi hennar. Þetta er í fyrsta skipti sem Alþingi er gefin slík skýrsla, en síðasta ár lauk störfum þingsins svo snemma vegna alþingiskosninga að ekki gat orðið af því þá. Ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1986 ásamt reikningum og skrá yfir lánveitingar og styrki þess árs var þó dreift til þingmanna á því þingi.

Í skýrslu Byggðastofnunar er rakið hvernig hún hefur varið þeim fjármunum sem henni hefur verið falin umsjá með og hvaða verkefnum hefur verið unnið að á árinu. Að mati stofnunarinnar horfir mjög uggvænlega um þróun byggðar í landinu nú og hefur reyndar gert um nokkurt skeið. Stofnunin hefur bent stjórnvöldum á þetta og á atriði sem þurfa endurskoðunar við með sérstakri grg.

Að ýmsu leyti voru horfur atvinnulífs á landsbyggðinni góðar í upphafi ársins 1987. Fiskafli var vaxandi og afurðaverð hátt á erlendum mörkuðum. Verðbólga hafði minnkað verulega frá því sem áður var, atvinnuleysi fátítt og lítið og tekjur höfðu aukist verulega. Að sönnu var fyrirsjáanlegur áframhaldandi samdráttur í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu, einkum sauðfjárrækt, og erfiðleikar í úrvinnslugreinum tengdum þeim. Þannig skipti nokkuð í tvö horn eftir héruðum. En þrátt fyrir gott atvinnuástand víðast um landið flutti margt fólk af landsbyggðinni. Íbúum landsbyggðarinnar fækkaði þó ekki á fyrra ári eins og árin þar á undan, en fjölgunin er minni en áætlaður aðflutningur þangað frá útlöndum. Nettótap landsbyggðarinnar vegna búferlaflutninga innan lands varð yfir 1300 manns. Mismunur á fjölda aðfluttra og brottfluttra á landsbyggðinni hefur farið vaxandi undanfarin ár vegna þess að brottfluttum fjölgar stöðugt en aðfluttum ekki.

Þessi búferlaflutningur milli landshluta getur átt sér eðlilegar skýringar í breyttum forsendum byggðar í landinu eins og sést ef litið er nokkra áratugi til baka. En sú búsetuþróun sem nú gengur yfir þjóðfélagið stenst ekki til lengdar og er dæmd til að leiða til takmörkunar á getu þjóðarinnar til að fullnýta auðlindir sínar á hagkvæmasta hátt. Ef svo heldur fram sem horfir er almennt viðurkenndum markmiðum varðandi þróun búsetu í landinu stefnt í hættu. Auðlindanýtingin kallar á vissa dreifingu byggðarinnar. Nægir að benda á síldar- og loðnuveiðar og nýtingu innfjarðarækju og skelfiskmiða. Vinnslu afurðanna og þjónustu við íbúana er hins vegar hagkvæmara að stunda á fáum stöðum. Nauðsynlegt er að leita leiða til að samræma þetta mismunandi hagræði atvinnugreina þannig að búsetan verði í byggðarlögum sem fá staðist til lengdar. Án þess háttar þróunar mun sjávarútvegurinn í vaxandi mæli snúast um að safna saman hráefni til vinnslu erlendis. Þar að auki ýta áhrif tollareglna og aðgerða í byggðamálum í markaðslöndum okkar undir þessa þróun.

Tæplega mun fást nægilegt vinnuafl í landi til að vinna þau störf sem vinna þarf ef fram heldur sem horfir. Hin mikla fjárfesting i alls kyns opinberum þjónustumannvirkjum verður þá einnig vannýtt. Bættur hagur útgerðar á undanförnum tveimur árum skilaði sér ekki nema að litlum hluta til fiskvinnslunnar. Í upphafi síðasta árs lauk Byggðastofnun við sinn hlut í lausn á fjárhagsvanda fiskvinnslufyrirtækja, en ríkisstjórnin hafði falið stofn-

uninni það verk og útvegað lántökuheimildir til þess. Lækkandi raungengi bandaríkjadollara, hækkandi fiskverð og vaxandi verðbólga innan lands leiddu þó fljótlega til þess að nýtt erfiðleikatímabil hlaut að vera í uppsiglingu. Segja má að þáttaskilin í þessum efnum hafi orðið í október sl. Vandamál fiskvinnslunnar hafa hrannast upp hratt síðan og voru fyrstu fyrirtækin búin að koma vandkvæðum sínum á framfæri við Byggðastofnun þegar um sl. áramót. Síðan hafa mun fleiri bæst í þann hóp.

Samdráttur í búvöruframleiðslu er nú að koma í ljós í úrvinnslu, verslun og þjónustu á landsbyggðinni. Uppbygging nýrra búgreina er erfiðleikum bundin og umsvif þeirra munu ekki nægja til mótvægis. Auknar og bættar samgöngur, aukin bifreiðaeign og auknar kröfur allra landsmanna til sambærilegra lífskjara hafa þau áhrif að sífellt meiri þjónusta er sótt til höfuðborgarsvæðisins. Þéttbýlisstaðir sem byggja tilveru sína á þjónustu við landbúnaðarhéruð hafa þannig verið að bætast í hóp þeirra staða sem hafa átt erfitt uppdráttar. Einnig er líklegt að sveitabyggð dragist enn frekar saman.

Í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1987 sem lögð hefur verið fram er gerð grein fyrir þeim fjármunum sem hún hefur haft umsjón með. Við síðustu áramót var niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar 4622 millj. kr. og hafði hækkað um 25,6% á árinu. Eigið fé stofnunarinnar var 1374 millj. Það hafði vaxið um 29,6% á árinu. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign óx úr 28,8% í 29,7% eftir að hafa farið lækkandi um margra ára skeið. Stofnunin veitti á árinu lán samtals að upphæð 1110 millj. kr. Frá árinu 1981 hafa lántökur numið um ⅔ af lánveitingum hvers árs og námu 71,5% á árinu 1987.

Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags af fjárlögum til starfsemi sinnar. Þetta framlag hefur dregist saman að raunvirði undanfarin ár. Árið 1987 nam framlagið 80 millj. kr., en auk þess fékk stofnunin aukaframlag að upphæð 890 þús. kr. sem ætlað var til styrkveitingar vegna hafnargerðar á Bakkafirði.

Ýmsar ástæður eru til þess að framlag úr ríkissjóði er Byggðastofnun nauðsynlegt. Í fyrsta lagi rekur hún umfangsmikið áætlunar- og þróunarstarf, m.a. fyrir sveitarstjórnir, einstök ráðuneyti og ríkisstjórn. Þá veitir hún aðilum af landsbyggðinni ýmiss konar þjónustu án þess að taka gjald fyrir. Framlagið gerir stofnuninni einnig kleift að hafa vaxtamun á lántökum og lánveitingum í lágmarki. Þá hefur það gert stofnuninni mögulegt að styrkja nokkur áhugaverð þróunarverkefni á landsbyggðinni þótt í litlum mæli sé. Síðast en ekki síst er stofnuninni nauðsynlegt að hafa ríkisframlag til að standast þær kröfur sem til hennar eru gerðar um áhættu í lánveitingum til verkefna sem eru mikilvæg miðað við það markmið sem stofnuninni er sett í lögum. Þær lánveitingar geta orðið höfuðstól stofnunarinnar kostnaðarsamar þegar kemur að skuldadögum. Ríkisframlagið er hins vegar ekki notað til lánveitinga eins og var á fyrri hluta starfstíma Byggðasjóðs.

Á árinu 1987 gerðu lánsfjárlög ráð fyrir því í fyrsta skipti að Byggðastofnun aflaði hluta af fjármagni sínu á innlendum lánsfjármarkaði hjá lífeyrissjóðum. Heimild lánsfjárlaga hljóðaði upp á 255 millj. kr. til lántöku innan lands, en samtals öfluðust með þessum hætti 73,5 millj. kr. Þetta fé er endurlánað með hærri vöxtum en annað innlent fé stofnunarinnar. Á árinu 1987 fór stofnunin í auknum mæli að nota peningastofnanir landsbyggðarinnar til að geyma reiðufé sitt. Byggðastofnun hefur nú starfað í rúm tvö ár. Ekki verður annað séð en að á þessum tíma hafi hún öðlast traust landsbyggðarinnar og sé í stakk búin til að vinna að markmiðum byggðastefnu í landinu á sinn hátt. Henni er þó óhægt um vik að styðja við ýmis mál sem áhugaverð eru vegna þess hversu mikill hluti fjármagns hennar er endurlánað lánsfé. Á höfuðstól stofnunarinnar vilja stjórnendur hennar ekki ganga.

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að stjórnin líti á það sem eitt meginverkefni sitt að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Fyrsta skilyrðið til að ná árangri í þessu efni er að skapa jákvæðari umræðu um byggðaþróun og byggðamál. Orðið byggðastefna hefur í hugum margra tengst óeðlilegri fyrirgreiðslu opinberra aðila við svokölluð gæluverkefni ýmiss konar eða fjárstuðning við arðlausar framkvæmdir. Slíkar aðgerðir eiga þó ekkert skylt við heldur eru andhverfa raunhæfrar byggðastefnu sem hlýtur að byggjast á almennum ráðstöfunum til uppbyggingar og framfara.

Undirstrika ber nauðsyn almennra ráðstafana í þessu efni. Byggð í landinu verður ekki efld til frambúðar með því að mismuna landshlutum. Hins vegar þarf að efla framtak, bjartsýni og kjark landsbyggðarmanna til nýrra átaka við uppbyggingu og framþróun. Vænlegast í þessu efni er að skapa heilbrigð skilyrði til fjölbreyttrar atvinnustarfsemi á landsbyggðinni samhliða því sem ábyrgð og valdi er dreift í meira mæli en nú er.

Atvinnulíf verður ekki byggt upp með lánsfé eingöngu. Til þess þarf eigið fé eða framtaksfé eins og það er gjarnan nefnt. Þetta fé er hins vegar oft af skornum skammti, en óhjákvæmilegt er og nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að auðvelda íslenskum atvinnufyrirtækjum að byggja sig upp í ríkari mæli en verið hefur á eigin fé.

Verkefni Byggðastofnunar á árinu 1987 hafa verið af ýmsum toga eins og nánar er greint frá í skýrslu stofnunarinnar sem liggur hér frammi. Ríkisstjórn og einstök ráðuneyti hafa falið henni mörg þessara verkefna, en sveitarfélög og samtök þeirra önnur. Ekki fer hjá því að þegar svo horfir um byggðaþróun sem nú hefur gert um skeið verði margir til þess að líta til þessarar stofnunar, þeirrar þekkingar sem þar er að finna og þeirra möguleika sem fjármunir hennar gefa. Það er því mikilvægt að hún hafi burði til að standast þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Í kjölfar minnisgreinar sem stofnunin sendi forsrn. nýverið hefur verið ákveðið að fela Byggðastofnun að gera heildarúttekt á þróun byggðar í landinu, á búsetubreytingum og stöðu höfuðatvinnuvega á landsbyggðinni. Jafnframt er stofnuninni falið að semja yfirlit um opnbera þjónustu og mannvirkjagerð á landsbyggðinni og æskilega þróun í þessu efni í ljósi mannfjöldabreytinga, bættra samgangna og þjóðfélagsbreytinga. Þá er þess óskað að stofnunin dragi saman heildaryfirlit yfir fjárveitingar úr ríkissjóði sem með einum eða öðrum hætti renna til byggðamála með það fyrir augum að leiða í ljós hvort breyttar áherslur í þessu efni væru líklegar til að stuðla að því að markmiðum í byggðamálum verði betur náð. Verkefni þetta vinnur stofnunin í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti og Þjóðhagsstofnun. Þjóðhagsstofnun hefur nú fyrir nokkrum dögum lokið við fyrsta hluta skýrslugerðar sinnar í þessu efni að því er varðar fyrst og fremst stöðu atvinnuvega utan höfuðborgarsvæðisins.

Í þessu samhengi er einnig rétt að minna á verkefni sem samgrn. hefur falið stofnuninni að annast en það er mat á framtíð þeirra strandflutninga sem styrktir eru af ríkissjóði og hvort unnt sé að sinna þeim með ódýrari hætti en verið hefur. Þá hefur stofnuninni verið falið sérstaklega að taka til athugunar alvarlega þróun í byggð Rangárvallasýslu og í Vestur-Skaftafellssýslum og gera tillögur til úrbóta. Ríkisstjórnin fól stofnuninni nýlega að reyna að skapa fóðurstöðvum í loðdýrarækt viðunandi rekstrarforsendur og þannig mætti lengi telja upp þau málefni sem stjórnvöld hafa falið stofnuninni að fjalla um.

Á undanförnum árum hefur verið gagnrýnt að fjármunum sé eytt í skýrslugerð og athuganir þar sem aðgerða er þörf í stað orða. Vissulega er vandratað meðalhófið í þessu efni. Byggðastofnun hefur reynt að gera stjórnvöldum og aðilum í héruðum grein fyrir staðreyndum mála, m.a. með því að halda við og miðla upplýsingum úr gagnagrunni sínum, en hún hefur einnig og samhliða unnið beint með fyrirtækjum að lausn vandamála þeirra.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Því ber að fagna að tækifæri er hér til að ræða byggðamál í tengslum við þá skýrslu sem hæstv. forsrh. hefur tekið til umræðu og mælt fyrir sem er ársskýrsla Byggðastofnunar. Við hljótum að reikna með því að hér fari fram umræður um þennan þátt þjóðmála í tilefni af þessari skýrslugjöf hæstv. ráðherra og það með sérstöku tilliti til þess ástands sem nú blasir við, þeirrar reynslu sem fyrir liggur í þessum efnum og þeirra vanefnda sem við blasa í sambandi við byggðamálin miðað við starfsáætlun hæstv. ríkisstjórnar. Það sætir nokkurri furðu að ekki skuli fleiri ráðherrar eða aðrir ráðherrar en hæstv. forsrh. vera viðstaddir þessa umræðu því að byggðamálin heyra sannarlega undir mörg önnur ráðuneyti, ráðuneyti atvinnumála, ráðuneyti félagsmála. Ég vek athygli hæstv. forseta alveg sérstaklega á þessu því að þó að hæstv. forsrh. svari vafalaust fyrir sína ríkisstjórn í þessum efnum væri ekki óeðlilegt að aðrir hæstv. ráðherrar sem mest reynir á í þessum málum séu einnig viðstaddir umræðuna hér.

Við hljótum líka að reikna með því að til þessarar umræðu verði tekinn eðlilegur tími hér í starfstíma þingsins. Þó að annir séu miklar getum við ekki kvatt Alþingi, farið hér frá þingi, án þess að ræða þessi mál og fá fram viðbrögð umfram það sem þegar liggur fyrir frá stjórnvöldum, frá hæstv. ráðherrum og ríkisstjórn.

Skýrslan sem er tilefni þessarar umræðu segir ekki hálfa sögu í rauninni. Bæði er það að innihald hennar er ekki efnismikið og er ég þó út af fyrir sig alls ekki að lasta þær upplýsingar sem þar koma fram, en þær eru þó takmarkaðar. Síðan hafa aðstæður í byggðamálum enn breyst til hins verra frá því sem ríkti á sl. ári og fram hafa verið að koma upplýsingar sem nauðsynlegt er að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af þegar þessi mál eru rædd hér.

Í inngangi þessarar skýrslu sem hæstv. ráðherra vitnaði hér til kemur það m.a. fram að á síðari hluta árs 1987 hallaði verulega undan í afkomu atvinnulífs á landsbyggðinni, alveg sérstaklega frá síðasta hausti, og fleiri fyrirtæki hafa leitað ásjár og stuðnings frá Byggðastofnun en áður var til þess að bjarga sér fram úr aðsteðjandi vanda. Það er greint frá því að 1491 skuldunautur sé nú við Byggðastofnun. Þar af séu það 38 fyrirtæki sem skuldi yfir 20 millj. kr. hvert eða 35%, rösklega, af heildarskuld fyrirtækja og stærstu skuldunautarnir við Byggðastofnun séu aðilar í sjávarútvegi. Þetta segir auðvitað ákveðna sögu um stöðu undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar að það skuli vera þörf á því fyrir fyrirtæki í þessari grein að leita ásjár Byggðastofnunar, atvinnugrein sem verður auðvitað að búa þannig að að fyrirtæki í eðlilegum rekstri skili þar þannig afkomu að þau þurfi ekki að leita til þeirrar stofnunar sem ætlað er að styðja við atvinnurekstur í landinu til þess að bjarga sér fram úr erfiðleikum, erfiðleikum sem eru vegna þess aðbúnaðar sem atvinnugreinin býr við. Hitt er jafnsjálfsagt að Byggðastofnun veiti þróun sjávarútvegs og fyrirtækja í sjávarútvegi öflugan stuðning. Það er auðvitað rétt og skylt að svo sé gert. En ég vek athygli á þessu því að þetta er ein af þeim staðreyndum sem blasa við þegar þessari skýrslu er flett.

Ég vek einnig sérstaka athygli á því hvernig háttað hefur verið framlögum á fjárlögum á undanförnum 10–12 árum til byggðamála samkvæmt fjárlögum ríkisins hverju sinni. Það yfirlit er að finna á bls. 23 í þessari skýrslu. Þar er sannarlega athyglisverð mynd á ferðinni sem sýnir hrap í framlögum á þessu tímabili, gífurlegt hrap í framlögum, og hefur það verið nær óslitið nema á árunum 1980–1982 sem viðnám var veitt gegn þessari öfugþróun sem þarna hefur verið á ferðinni og raunar varð aukning á árinu 1982 á þessum framlögum sem réttu við þá

öfugþróun sem hafði verið í gangi. Síðan hefur hins vegar samfellt hallað undan fæti í þessum efnum sem veikir stöðu þessarar stofnunar til þess að hlúa að atvinnuþróun á landsbyggðinni, veita áhættulán og veita styrki til þróunarstarfsemi svo sem eðlilegt og sjálfsagt ætti að vera.

Ég er ekki að mæla með því út af fyrir sig að verið sé að veita fjármagn inn í taprekstur með styrkjum. Það er erfitt að sjá hvar slíkt ætti að enda þótt í einstökum afmörkuðum tilvikum geti slíkt verið réttlætanlegt, en meginatriðið er það að talsvert fjármagn, og þá á ég við allt annað og meira en hér liggur fyrir og ákvarðað hefur verið á Alþingi á undanförnum árum, sé til ráðstöfunar til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi um land allt og þá ekki síst í þeim landshlutum þar sem almennar aðstæður eru atvinnustarfseminni óhagstæðar af ýmsum ástæðum. Þetta get ég látið nægja sem almennar ábendingar varðandi skýrsluna sjálfa en margt af efni hennar verður þó tilefni til athugasemda hér á eftir af minni hálfu.

Í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að finna sérstakan kafla um byggðastefnu og samgöngumál og þar eru margar ábendingar sem hægt var að gleðjast yfir, margar áherslur sem hægt var að taka undir, þegar ríkisstjórnin setti saman þetta plagg og kynnti þjóðinni við myndun stjórnarinnar 8. júlí 1987.

Þarna er kveðið á um í upphafi, svo að ég rifji það upp, virðulegur forseti, með þínu leyfi, að ríkisstjórnin lítur á það sem eitt meginverkefni sitt að stuðla að betra jafnvægi í þróun byggðar með uppbyggingu atvinnulífs og þjónustu á landsbyggðinni. Þetta er almennur inngangur og síðan er talið upp í einstökum þáttum að hverju skuli stuðlað í því sambandi og þar er vikið að atvinnustarfsemi, samstarfi lánastofnana, þróunarfélaga og heimamanna. Það er vikið að fjölbreyttari þjónustu í dreifbýli og uppbyggingu stjórnsýslumiðstöðva í hverju kjördæmi. Það er talað um átak í samgöngumálum og samræmingu fyrirliggjandi áætlana. Það er talað um að áhersla verði lögð á íbúðarbyggingar á landsbyggðinni. Það er talað um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem gera á skýrari, eins og það er orðað í stefnuyfirlýsingunni, og að sveitarstjórnir fái aukið sjálfræði um tekjustofna. Það er talað um fjármagn sjóða sem í auknum mæli verði geymt og ávaxtað á heimaslóðum og um bættan rekstur orkuveitna. Þetta eru þeir efnisþættir sem eru tilgreindir í þessum kafla, svona lauslega stiklað á þeim hér af minni hálfu. En þegar litið er til efndanna það sem af er starfsferli ríkisstjórnarinnar stendur ansi lítið eftir svo að ekki sé meira sagt. Og það er við það sem við hljótum að staldra, virðulegur forseti, þegar við lítum á stöðu þessara mála nú.

Almennt verður að segja að það er ekkert, það er enginn þáttur í þróun mála í okkar landi sem er jafnkvíðvænlegur og öfugþróunin í byggðamálunum. Það á ekki aðeins við um yfirstandandi ár og síðasta ár að því er snertir starfsferil núv. hæstv. ríkisstjórnar. Það tekur til langs tíma. Það tekur til margra ára og spurning hvar menn leita að upphafinu í þeim efnum, en alveg sérstaklega hefur hallað þarna undan fæti síðustu fimm árin. Þessu bera vitni tilfærslurnar hjá fólki í landinu milli landshluta þar sem um samfellda öfugþróun hefur verið að ræða, frá árinu 1980 að telja, og í stigvaxandi mæli, u.þ.b. 1% íbúa hefur flust frá landsbyggðinni að meðaltali á ári á þessu tímabili og hafa einstakir landshlutar orðið misjafnlega fyrir barðinu á þeirri þróun. Það er hægt að líta á þróun íbúðabygginga og hvað hefur verið að gerast í þeim efnum. Þar hefur verið nánast alger stöðnun á heilu landsvæðunum nú um margra ára bil. Og það hefur verið dregið fram að í gegnum það íbúðalánakerfi, sem endurskoðað var 1986, hafa færst miklir fjármunir frá landsbyggðinni í gegnum fjármagn sjóða til höfuðborgarsvæðisins þar sem þeir hafa endað í íbúðarbyggingum og annarri fjárfestingu hér á þessu svæði.

Um þetta liggja ekki fyrir opinberar tölur svo skýrt sem verða þyrfti. Í því sambandi nefni ég frv. til breytingar á lögum um Þjóðhagsstofnun sem ég leyfði mér að flytja ásamt öðrum þm. úr Alþb. snemma á þessu þingi þar sem gert var ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun aflaði hagrænna upplýsinga um marga þætti eftir kjördæmum, framleiðsluverðmæti, galdeyrissköpun, hlutfall hvers kjördæmis í landsframleiðslu, það fjármagn sem kemur úr ríkissjóði til einstakra svæða og margt, margt fleira sem gert var ráð fyrir samkvæmt þessu frv. að yrði verkefni Þjóðhagsstofnunar að afla frá ári til árs reglubundið.

Ég hef verið að vænta þess, virðulegur forseti, að frv. þetta fengi hér lögfestingu á þessu þingi, ekki síst þar sem hæstv. forsrh. tók jákvætt undir efni þess þegar það var lagt fram, en málið hefur ekki enn verið afgreitt úr nefnd.

Ég fullyrði að ef vinna af þessu tagi lægi fyrir, t.d. varðandi síðasta ár, værum við mun betur í stakk búin til þess að ræða byggðamálin og þróun þessara mála heldur en við erum þrátt fyrir þessa skýrslu sem hér liggur fyrir frá Byggðastofnun og þrátt fyrir hraðunna grg. um stöðu og horfur í atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins sem Þjóðhagsstofnun var að skila af sér nú alveg nýverið. Engu að síður þarf ekki að líta í skýrslur til þess að fá mynd af hinni almennu stöðu þessara mála. Hana þekkjum við, þm. landsbyggðarinnar, og allir þeir sem fylgjast með í þjóðmálum, hver þróunin hefur verið þar.

Það er ekki aðeins að íbúum hafi fækkað úti á landi. Það er samsetning á íbúum, það er aldursskipting fólksins, það er fjöldi þeirra sem snúa til baka eftir að hafa aflað sér menntunar, það eru þættir sem einnig koma inn í þá mynd og eru landsbyggðinni óhagstæðir. Stundum er talað um atgervisflótta og ég tel að það verði ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að um umtalsverðan atgervisflótta er að ræða frá landsbyggð til höfuðborgar og jafnvel til útlanda ef við lítum á dæmið í heild sinni. Í því felst ekki að það sé dugminna fólk sem er úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu, síður en svo, heldur

er það þekkingin sem er að safnast upp hér á þessu svæði sem ekki kemur til baka út á landið. Það er þekking sem er undirstaða undir ákvarðanir í vaxandi mæli og þess vegna stendur landsbyggðin verr að vígi, einnig af þessum sökum, en skyldi.

Einn er sá þáttur þessara mála sem við hljótum að nefna þegar byggðamálin eru rædd hér og það er hin almenna mismunun í framfærslukostnaði fólksins, m.a. vegna mismununar sem stjórnvöld hafa í hendi sinni að ráða. Þar hefur verið um öfugþróun að ræða lengi, misjafnlega mikla, en hún blasir nú við í mjög hrikalegri mynd í sambandi við orkukostnað. Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt um þau efni er þar um mjög tilfinnanlega mismunun að ræða. Það blasir við í sambandi við vöruverð, m.a. vegna opinberrar gjaldtöku af flutningum, álagningar söluskatts á flutningsgjöld. Það blasir við vegna vaxtakostnaðar af birgðahaldi hjá versluninni úti um landið sem kemur fram í vöruverðinu og veikir stöðu landsbyggðarverslunarinnar. Þetta blasir við í fjarskiptunum, í símkostnaði, sem nýlega var rætt af minni hálfu í tengslum við tillögu um að jafna símakostnað meðal landsmanna og gera landið allt að einu gjaldsvæði og þannig mætti lengi telja. Ferðakostnaðurinn til þess að leita til miðstöðva stjórnsýslunnar í landinu hér í Reykjavík leggst ofan á tilkostnað einstaklinga og fyrirtækja úti um landið. Og kostnaðurinn við að leita sér lækninga, sérfræðiþjónustu af ýmsu tagi, kemur einnig inn í þessa mynd. Þarna gætu stjórnvöld með skjótum hætti gripið inn í ef vilji væri til leiðréttingar. En það hefur ekki verið gert. Um þessi efni höfum við stjórnarandstæðingar hér á Alþingi flutt tillögu eftir tillögu, um einstaka þætti þessara mála, um orkukostnaðinn, um símakostnaðinn, um flutningskostnaðinn, um framlög til byggðamálanna almennt og marga fleiri þætti sem ég tek ekki tíma í að rekja hér í einstökum atriðum. Ríkisstjórnin og stuðningslið hennar hér á Alþingi hefur ekki brugðist við með þeim hætti sem eðlilegt væri í ljósi þeirrar þróunar sem nú gengur yfir landið.

En það er auðvitað sjálf efnahagsstefnan sem er meginástæðan fyrir þeirri tilfærslu fólks og fjármagns sem við blasir. Hæstv. forsrh. gat um það hér í ræðu sinni áðan að til þess að bregðast við þróuninni í þessum málum þyrftu að koma til almennar ráðstafanir og það mætti ekki mismuna í þessum efnum. Hann var sem sagt að boða, hæstv. ráðherra, að ekki mætti grípa til sértækra ráðstafana í byggðamálunum til þess að spyrna við fæti, til þess að breyta þróuninni.

Ég vek alveg sérstaka athygli á þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. vegna þess að ég held að hún feli í sér að af hans hálfu sem forustumanns í ríkisstjórninni sé ekki að vænta neinna þeirra aðgerða í þessum málum sem geti skipt sköpum. Við höfum búið við stórfellda og grófa mismunun gagnvart landsbyggðinni og til þess að leiðrétta það dæmi þarf auðvitað sértækar ráðstafanir. Og þar er það spurningin um pólitískan vilja og aðgerðir í þeim efnum en ekki bara almennar aðgerðir í efnahagsstarfseminni almennt. Hæstv. forsrh. hefur staðið að slíkum almennum aðgerðum, líka sem fjmrh. í fyrrv. ríkisstjórn. Ætli hæstv. ráherra hafi ekki verið í fjmrn. í ágúst 1985 þegar ákvarðanir um vaxtafrelsið voru teknar og boðaðar af hæstv. þáv. fjmrh. sem „sérstakt fagnaðarerindi"? Sú þróun sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði síðan er uppskeran af þessum almennu ráðstöfunum sem Sjálfstfl. barðist fyrir og fékk fram í þáv. ríkisstjórn því þar eins og á öðrum sviðum beygði Framsfl. sig undir sprota íhaldsins án þess að láta nokkurn skapaðan hlut reyna á. Þó að þeir í þáv. ríkisstjórn og í núv. ríkisstjórn séu að ætma öðru hvoru er það ekki með þeim hætti að það sé nein alvara þar að baki, a.m.k. hefur hún ekki sést enn. Og magalendingin á miðstjórnarfundi Framsfl. núna um daginn ber ekki vott um það að þar sé mikilla breytinga að vænta.

Og skyldu þessar almennu aðgerðir, t.d. í sambandi við vextina, ganga jafnt yfir? Skyldu aðstæður atvinnustarfseminnar í landinu til þess að taka á sig þessar byrðar, vera jafnar? Skyldi sjávarútvegurinn hafa sömu tök á því að velta fjármagnskostnaðinum af sér eins og verslun og þjónusta sem fyrst og fremst er hér á höfuðborgarsvæðinu og vex hér miklu hraðar, langtum, langtum hraðar en úti um landið?

Ég held að þetta dæmi sýni það ótvírætt að aðstaða atvinnustarfseminnar til þess að taka við þessari „almennu blessun" af hálfu ríkisvaldsins og ríkisstjórna sé ekki til staðar. Og það eru fleiri svona þættir sem þarna mætti tilfæra, en ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka tíma í hér og nú.

Alveg sama gildir um landbúnaðarframleiðsluna og framleiðsluiðnaðinn úti um landið. Þarna hefur verið þrengt að vegna stjórnvaldsráðstafana í mörgum tilvikum og ytri aðstæður koma einnig þarna til. En stjórnvaldsráðstafanirnar hafa gengið í öfuga átt eins og gerðist í þeim aðgerðum sem lagðar voru á fiskvinnslu og iðnað fyrir áramótin, launaskatturinn sem tekinn var upp á ný og ekki var fallið frá í febrúar varðandi fyrri hluta þessa árs. Það skal fyrst vera frá 1. júlí sem þar verður breyting á samkvæmt ákvörðun stjórnvalda. Þarna var auðvitað verið að pissa í skóinn sinn eins og á svo mörgum öðrum sviðum sem snerta efnahagsstefnuna og sem varða landsbyggðina alveg sérstaklega.

Fjárveitingar af opinberri hálfu til nauðsynjamála úti um landið, til fjárfestinga og framkvæmda á vegum ríkis og sveitarfélaga, hafa verið að dragast saman í aðalatriðum samfellt frá ári til árs nú um fimm ára skeið. Það liggur fyrir skjalfest í svörum frá ráðherrum hvernig þessi samdráttarstefna hefur komið við. Að vísu náðu þeir nokkurn veginn botninum á síðasta ári sem gerði þeim kleift að lyfta þessu aðeins í prósentum á yfirstandandi ári, t.d. í hafnarframkvæmdum og á einstökum öðrum sviðum. En í heild hefur þarna verið um stórfelldan samdrátt að ræða undir forustu núv. stjórnarflokka og fyrrverandi stjórnarflokka Sjálfstfl. og Framsfl. Og af því að samgöngumálin eru nefnd sérstaklega í

stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar — þar átti nú að gera átak og vissulega er það afar gildur þáttur í sambandi við byggðamálin. Ja, hver er niðurstaðan? Viðmiðunin sem Alþingi ræddi hér 1983 var að til vegamála rynnu 2,4% af þjóðarframleiðslu, en það skortir nú hvorki meira né minna en heilt prósent upp á það, miðað við vegáætlun þessa árs, að því marki verði náð. Ætli það losi ekki rétt 1,4% fjármagnið sem ætlað er til vegamála? Þetta er nú átakið í samgöngumálum sem ríkisstjórnin stendur fyrir á grundvelli stefnuyfirlýsingar sinnar. Þetta eru efndirnar.

Enn alvarlegra, herra forseti, er málið þegar litið er til sveitarfélaganna og hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram við sveitarfélögin í landinu. Þar eru aðstæðurnar vissulega misjafnar, aðstæðurnar ólíkar í sambandi við tekjuöflun, tekjumöguleika sveitarfélaganna, annars vegar á þessu tiltölulega blómstrandi svæði höfuðborgarinnar og nágrennis og hins vegar úti um landið.

Þar höfum við rifjað upp oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á þessu þingi hvernig ákvarðanir ríkisstjórnarinnar gagnvart Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa birst. Þar er um að ræða 50% skerðingu, hvorki meira né minna. Það skortir yfir 1100 millj. kr. á að uppfyllt séu lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélga eins og þau lög liggja fyrir og eins og þau ættu að vera miðað við nýja söluskattskerfið og útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Framlögin til Jöfnunarsjóðsins samkvæmt ákvörðunum ríkisstjórnar, sem meiri hl. hér á Alþingi hefur staðfest, eru 1142 millj. kr. Skerðingin er hins vegar álíka upphæð, 1126 millj. kr., þó nær 1127 millj. kr.

Þó að miðað sé við eldra tekjuöflunarkerfi og liðið ár er skerðingin hvorki meiri né minni en 37% svo að öllu sé til haga haldið í þessum efnum.

Þetta bitnar almennt á sveitarfélögunum en þetta kemur alveg sérstaklega niður á möguleikum til jöfnunar milli sveitarfélaga til að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga sem ekki náðu meðaltekjum. Þessi aukaframlög dugðu vegna skerðingarinnar aðeins til að jafna 45% af þeim mun sem var á meðaltekjum sveitarfélaga og tekjum þeirra sem þörfnuðust aukaframlaga. Þetta hlutfall sem samkvæmt reglugerð ætti að vera um 70%, möguleikarnir til að jafna þennan mun, er nú aðeins um 45% og hefur farið hríðlækkandi á undanförnum árum frá því að farið var að skerða Jöfnunarsjóðinn 1984 en sú saga hefur endurtekið sig frá ári til árs í síauknum mæli. Síðan er bætt um betur, eða hitt þó heldur, í sambandi við framtíðina af hálfu hæstv. ríkisstjórnar með þeim áformum sem hæstv. fjmrh. kynnti hér í upphafi þings í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Læðast átti aftan að sveitarfélögunum í sambandi við fjárlagagerð með breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með svo grófum hætti að þegar tókst að draga það fram hér í umræðum og koma upplýsingunum á framfæri við sveitarstjórnirnar úti um landið sá ríkisstjórnin sitt óvænna og hvarf frá því að lögfesta þetta frv., hvarf frá því en refsaði sveitarfélögunum síðan í efnahagsráðstöfunum sínum í febrúar sl. sérstaklega fyrir að hafa sýnt andspyrnu gegn þessum áformum í sambandi við verkaskiptinguna sem var dæmi úr smiðju hæstv. fjmrh. og bar þess öll merki að því er varðaði tekjutilfærsluna í sambandi við þessa verkefnatilfærslu. Þarna hafði ríkisstjórnin og meiri hluti hennar hér á Alþingi tök á að sýna vilja sinn í verki í sambandi við byggðamálin og við sáum að hverju var stefnt. Það ber hins vegar að virða að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa fallið frá því að knýja þetta mál hér fram í þinginu, knýja þessar tillögur fram, og við verðum að vænta þess að á sumarmánuðum, því vafalaust eru þessi mál til athugunar áfram á vegum ríkis og sveitarfélaga, verði staðið að þessari endurskoðun, réttmætri endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með öðrum hætti og umfram allt öðru hugarfari en lagt var upp með þegar efnt var í bandorminn fræga sem kynntur var hérna á jólaföstunni í þinginu.

Ég vil, virðulegur forseti, aðeins draga upp mynd af hinni misjöfnu aðstöðu sveitarfélaganna til tekjuöflunar með því að nefna hér aðstöðuna, hvernig hún blasir við, og taka dæmi af minni heimabyggð annars vegar og því sveitarfélagi þar sem við nú erum stödd, Reykjavík.

Á borgarafundi sem bæjarstjórn Neskaupstaðar beitti sér fyrir að haldinn var í marsmánuði sl. var dregin upp mjög skýr mynd af ólíkri aðstöðu sveitarfélaganna í sambandi við tekjuöflun eins og hún blasir við og langar mig til að rekja niðurstöðutölur úr þeim samanburði eins og þær voru kynntar á þeim fundi. Þar kom það fram að í sambandi við útsvar eru möguleikarnir mjög svipaðir, útsvarstekjur á íbúa voru 38 850 í Neskaupstað á árinu 1987, en í Reykjavík eru þær 38 300 á íbúa, sem sagt mjög ámóta útsvarstekjur. Þegar hins vegar kemur til aðstöðugjaldanna er ekki líku saman að jafna, í Neskaupstað 8718 á íbúa en í Reykjavík nær tvöfalt hærri eða 15 945 og fasteignagjöld 8831 kr. á íbúa í Neskaupstað, í Reykjavík 11 838 kr. Þessi mismunur þýðir að á tekjur Neskaupstaðar vantar 16 588 000 kr. til að hafa sömu tekjur á íbúa og í Reykjavík. Þetta þýðir, litið út frá bæjardyrum Reykjavíkur, að ef Reykjavík hefði átt að hafa sömu tekjur og Neskaupstaður hefði vantað í fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir þetta ár nærri því 1 milljarð kr., 890 millj. kr. Þetta er aðstöðumunurinn milli þessara sveitarfélaga eins og um hnútana er búið.

Hvað snertir Jöfnunarsjóðinn og það dæmi sem ég var að nefna hér um skerðingu hans kom það fram á þessum fundi að á árinu 1983, síðasta ári sem Jöfnunarsjóðurinn fékk að búa að sínum lögboðnu tekjustofnum, nam framlagið 11,6% af sameiginlegum tekjum Neskaupstaðar, en á árinu 1987 6,6% og verður 1988 enn lægra af samanlögðum tekjum eða 6,2%. Þetta munar þetta bæjarfélag með 1700 íbúa hvorki meira né minna en um mismuninn á 13,7 millj., sem það ætti að vera ef haldið væri lögboðnum tekjustofnum, og aðeins 6,2 millj. kr. sem það er

samkvæmt áætlun fyrir árið 1988. Þetta eru hrikalegar staðreyndir um mismunun, virðulegur forseti, sem er á valdi Alþingis að taka á og leiðrétta. Það er því hægt að dæma núv. hæstv. ríkisstjórn þegar af verkum sínum í þessum efnum og sá dómur hlýtur að vera harður ef menn hafa tekið eitthvert mark á yfirlýsingunum frá þeim tíma sem ríkisstjórnin settist á stóla. Ef menn ganga út frá því að reynt sé að hafa eitthvert réttlæti í samskiptum við íbúa landsins óháð búsetu hlýtur dómurinn að vera harður og enn þá dekkra er þó í álinn ef horft er til þess sem fram kemur í greinargerð um stöðu og horfur í atvinnurekstri utan höfuðborgarinnar og eins og horfir á öðrum sviðum að óbreyttu því enginn skyldi halda að við séum hér komnir niður á jafnsléttu í þessum málum eftir þróun undanfarinna ára, eftir það sem á hefur hallað á landsbyggðinni á undanförnum árum.

Nei, síður en svo. Hættan er þvert á móti sú að ófugþróunin verði enn hraðari á komandi árum að óbreyttri stefnu því að við erum hér í mjög háskalegri stöðu með þessi mál. Það er eins og á öðrum sviðum að ef nóg hefur safnast fyrir á bak við stífluna af réttmætri óánægju eins og liggur nú fyrir hjá landsbyggðarfólkinu óháð stjórnmálaflokkum hlýtur það að brjóta sér farveg með einum eða öðrum hætti, líka stjórnmálalega séð. En það er eins og núv. hæstv. ráðherrar og flokkarnir sem þeir mæla fyrir hafi ekki áttað sig á þessu, taki ekki eftir þessu, ekki frekar en varðandi aðra mismunun í samfélaginu.

Ég get tekið sem annað dæmi þar sem er mismununin í sambandi við kynin í landinu, mismununin gagnvart konum í landinu og menn hafa fyrir sér í hvaða farveg sú óánægja beinist, til hvers hún leiðir. Hið sama mun að sjálfsögðu gerast ef haldið verður uppi sömu stefnu, sama óréttlætinu, áframhaldandi, gagnvart landsbyggðinni, þá hljóta menn að grípa til úrræða sem einverjir mundu kannski stimpla sem óyndisúrræði en flokkast ekki undir annað en nauðvörn.

Það er oft vitnað til þess sem eðlilegt er að þrátt fyrir breytingar á kosningalöggjöf hafi þó þm. kjörnir í landsbyggðarkjördæmum meiri hluta, að vísu nauman meiri hluta, hér á Alþingi. Sá meiri hluti nægir hins vegar ekki til að verja landsbyggðina áföllum vegna þess að ráðandi flokkar og fulltrúar landsbyggðarinnar í þeim stjórnmálaflokkum sem nú fara með völdin í landinu og hafa haft hér undirtökin lengi eftirláta það öðrum að marka stefnuna og hafa forustuna og ganga í raun gegn undirstöðuhagsmunum þess fólks sem hefur kosið þá til setu hér á hv. Alþingi.

Við þingmenn Austurl. fengum kveðju sem ég vil nefna áður en ég vík úr ræðustól, virðulegur forseti, frá stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi alveg nýverið, opið bréf til þingmanna Austurl. og annarra landsbyggðarþingmanna Það er dagsett 27. apríl sl. og hefur, hygg ég, verið sent öllum hv. þm., undirritað af stjórnarmönnum í Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Í þessu bréfi er spurt, m.a., því ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fara að rekja það hér allt:

„Hvers vegna gerist það að lög og reglur eru landsbyggðinni jafnóhagstæð og dæmin hér að framan sanna á sama tíma og þið landsbyggðarþingmenn eruð í meiri hluta á Alþingi? Getur skýringin verið sú að þið lítið fremur á ykkur sem fulltrúa stjórnmálasamtaka eða ríkisstjórna en fulltrúa ykkar kjördæma? Ráða hagsmunir flokks eða stjórnarsáttmáli fremur gerðum ykkar og afstöðu á þingi í stað þess að þið takið höndum saman og gætið í sameiningu hagsmuna umbjóðenda ykkar úti á landsbyggðinni? Landsbyggðarfólk og ekki síst sveitarstjórnarmenn úti á landi eru búnir að fá nóg. Mælirinn er fullur og sú krafa heyrist hvarvetna að það misrétti sem nú viðgengst á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar verði upprætt."

Ég ætla ekki að vitna frekar í þetta bréf en ég þekki það af undirskriftunum að þar mæla menn sem hafa starfað innan margra stjórnmálaflokka, fulltrúar margra stjórnmálaflokka, enda stjórn þessara samtaka á Austurlandi þannig skipuð að tekið er nokkurt tillit til styrkleika flokkanna í því kjördæmi í sambandi við kosningu í þá stjórn. Hér er því auðvitað að finna áfellisdóm yfir ríkjandi stefnu sem leitt hefur til þess að þessir menn úr öllum flokkum á Austurlandi, fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum, hafa sent áskorun til okkar þingmanna og allra landsbyggðarþingmanna þess efnis sem ég hef nefnt og rakið lítillega.

Virðulegur forseti. Það væri hægt og þörf á því að taka á mörgum fleiri þáttum af minni hálfu, en eins og ég gat um í upphafi er nauðsynlegt að rætt verði um þá alvarlegu stöðu sem byggðamálin eru í af þessu tilefni, skýrslu hæstv. forsrh., og þar þurfa áreiðanlega margir að leggja orð í belg. Ég trúi ekki öðru en að þeir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem hafa verið að láta í sér heyra svona öðru hvoru noti það tækifæri sem hér gefst til að segja álit sitt og koma fram með sín sjónarmið og með hvaða hætti þeir ætla að réttlæta það að sitja áfram í ríkisstjórn sem þrengt hefur að landsbyggðinni, fólkinu sem þar býr, með þeim hætti sem raun ber vitni.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

90. fundur, fimmtudaginn 5. maí, að loknum fundum í Sþ.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 2. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773, n. 1009.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784, n. 1010.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.–7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786, n. 1011 og 1015.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og er ósammála um afgreiðslu þess. Frv. er staðfesting á bráðabirgðalögum sem gefin voru út í haust og mælir meiri hl. með því að frv. verði samþykkt. Minni hl. er andvígur frv. eins og fram kemur í nál. og með þeim rökum að féð gangi ekki til vegaframkvæmda, en eins og hv. þm. er kunnugt er það eins um tekjur af umferðinni og um tekjur af öðru því sem gerist í þessu þjóðfélagi að hluti af því hlýtur að sjálfsögðu að ganga í sameiginlegan sjóð þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. sem leggur til að frv. verði fellt. Frv. gerir ráð fyrir því að það verði lögð sérstök gjöld á umferðina í landinu, svokallaður bifreiðaskattur eða bifreiðagjald. Út af fyrir sig er ég þeirrar skoðunar að það geti vel komið til greina að leggja skatta á bifreiðar og jafnvel bifreiðaeldsneyti þegar um er að ræða framkvæmdir í vegamálum eða mikilvæg verkefni á því sviði. Nú háttar hins vegar þannig til í annað sinn, hygg ég, að það er ekki varið krónu úr ríkissjóði til vegaframkvæmda. Þrátt fyrir markmið vegáætlunar um að verja 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu til vegamála stöndum við núna frammi fyrir þeirri staðreynd að á árinu 1988 er gert ráð fyrir að framlög til vegamála nemi um 1,4% af vergri þjóðarframleiðslu. Þarna vantar upp á mjög verulega fjármuni sem teljast í milljörðum króna.

Ég tel ástæðulaust að halda þessum vinnubrögðum áfram, að skattleggja umferðina með þeim hætti sem gert hefur verið í þágu ríkissjóðs. Eðlilegra hefði verið að taka fjármuni af þessu tagi til vegaframkvæmda. Þess vegna leggjumst við þingmenn Alþb. gegn þessu frv.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni staðfesting á bráðabirgðalögum frá því í sumar er ríkisstjórnin tók upp á því að leggja sérstök gjöld á bifreiðar. En ég ætla að vekja athygli á því að eftir stutta stund munum við eiga von á því að málsvarar stjórnarflokkanna komi hér upp hver á fætur öðrum og mæli eindregið fyrir því að felld verði niður gjöld af bifreiðum og ýmis gjöld sem bifreiðaeigendur þurfa að bera í sambandi við skráningu og ýmislegt þess háttar. Þá snýst allt við. Þá er ekki lengur þörf á að fá peninga í ríkiskassann. Með þessu frv. er þörf á að fá mikinn pening í ríkiskassann, en þegar kemur að því að ræða um skráningu og bifreiðaeftirlit er mikil þörf á því að losna við þá peninga sem ríkið hefur tekið í gegnum skráningargjöldin í ríkiskassann.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783, n. 1012.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess á grundvelli kaupsamnings um fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins milli ríkisstjórnar Íslands og Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda sem dags. er 29. júlí 1986.

Á fund nefndarinnar komu Magnús Sigurðsson, formaður Samtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, Árni Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður og Guð-

mundur Sigþórsson frá landbrn. sem lögðu áherslu á að þessi heimild yrði lögfest á því þingi sem nú situr.

Jafnframt hefur nefndinni borist ályktun aðalfundar Landssambands kartöflubænda frá 1. maí sl. sem skorar á Alþingi að endurnýja heimild til fjmrh. til að staðfesta kaupsamninginn.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa miklu fleiri orð um þetta. Ég vek athygli á því að við undirritun þessa samnings féll úr gildi samkomulag kaupenda og landbrh. dags. 25. nóv. 1985 um skipan gerðardóms til að skera úr því hver sé réttarstaða Grænmetisverslunar landbúnaðarins svo að ljóst er að sú söluheimild sem hér liggur fyrir er bundin við þennan samning. Að öðrum kosti hlytu kaupendur að eiga þess kost að sá gamli ágreiningur risi upp á nýjan leik hver væri eignarstaða Grænmetisverslunarinnar. Legg ég áherslu á að þetta mál fái góðan og hraðan framgang.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785, n. 1013.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. það sem hér liggur fyrir og mælir eindregið með samþykkt þess.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 818, n. 1036, brtt. 1037.

Frsm. samgn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég tala fyrir nál. um breytingu á lögum nr. 39 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, frá samgn. Í nál. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sendibílum hf., Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, og Frama, félagi leigubílstjóra. Einnig mætti Baldur Möller á fundi nefndarinnar.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Í greinargerð fyrir lagafrumvarpi því sem hér er til umfjöllunar segir að frv. sé borið fram til að taka af tvímæli um lagareglur sem fjalla um heimildir til leiguaksturs á fólksbifreiðum. Við umfjöllun nefndarinnar um mál þetta hefur komið fram að stéttarfélög sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra hafa látið í ljós óskir um að samsvarandi breytingar og ráðgerðar eru í frv. um breytingu á lögum um leigubifreiðar, að því er varðar leigubifreiðar til fólksflutninga (1. gr. laganna), verði einnig gerðar á ákvæðum laganna um leiguakstur sendiferðabifreiða (3. gr. laganna) og vörubifreiða (5. gr. laganna). Í gildandi lögum eru samhljóða ákvæði um akstur leigubifreiða þessara þriggja starfsgreina og þykir eðlilegt að verða við þessum óskum um að ákvæðin verði áfram samhljóða. Því ber nefndin fram brtt. til þess að ná fram þessari samsvörun. Það kom fram hjá fulltrúum stéttarfélaganna að þeim er ljós viss minni háttar skörun á verkefnum starfsgreinanna en telja það ekki valda ágreiningi."

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn, Stefán Guðmundsson, Júlíus Sólnes, Björn Gíslason, Egill Jónsson, Skúli Alexandersson og Valgerður Sverrisdóttir. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Í brtt. segir:

„Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

1. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd."

Það er rétt að segja frá því að það er nefnd starfandi, sem samgrh. skipaði, sem vinnur að því að koma á bættri skipan leiguaksturs í þéttbýli og koma með tillögu um framtíðarskipan þeirra mála. Það var álit þeirra sem við leituðum til í þessari umræðu að þetta væri mjög nauðsynlegt mál til þess að hægt væri að ná fram þeim hugmyndum sem þar væri verið að gera sem vissulega væri brýn þörf á.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þó að merkilegt megi heita var

samgn. öll sammála um að mæla með frv. með þeim breytingum sem frsm. nefndarinnar hefur lagt fram. Ég segi „þó merkilegt megi heita“ vegna þess að í því felst að það er verið að takmarka það frelsi sem hefur verið básúnað hér og talið vera nauðsyn þess að íslenskt þjóðfélag fái að þróast á eðlilegan og góðan máta, en við ýmsir höfum haldið að það þyrfti að hafa ýmsar reglur í þjóðfélaginu og m.a. þá reglu að menn hefðu vissar atvinnugreinar nokkuð verndaðar.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta, vek bara sérstaka athygli á því að flokkur eins og Sjálfstfl., eða a.m.k. fulltrúar hans í nefndinni, stóð dyggilega að þessu og ég veit það að þetta er líka gert vegna þess að hæstv. samgrh. leggur eindregið til að við takmörkum frelsið þarna að nokkru.

Til viðbótar við þetta vil ég benda á að mér finnst vera smágalli á frv. og brtt. okkar og hann er sá að í textanum er sagt: Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum. Ég sé ekki neina ástæðu til annars en að tala þarna venjulegt mál og segja: Í þeim kaupstöðum og í þeim sýslum. „Svæði“ aftan við þetta eru ekki í neinum tengslum við það sem við erum að tala um heldur erum við að tala um að ef um viðurkenndar sendibifreiðastöðvar er að ræða innan einhverra sýslna skal það sama gilda og í kaupstöðum.

Ég bendi á þetta. Þetta finnst mér málfarsatriði og væri hægt að laga það í meðferð málsins, ef forseti samþykkti, án þess að bera fram um það brtt.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli.

Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Vesturl., að af þessu frv., flutningi þess og stuðningi við það, megi meta sjónarmið manna í sambandi við frelsi og athafnafrelsi í landinu. Það er hinn mesti misskilningur. Eins og kom fram í minni ræðu og vikið er að í nál. er verið að bera fram frv. til að taka af öll tvímæli um þær lagareglur sem hér gilda og settar voru fyrir ekkert mjög löngu. Það grundvallast á hæstaréttardómi sem kveðinn var upp fyrir meira en ári þar sem Hæstiréttur klofnaði. Þau sjónarmið löggjafans, sem talið var að lægju til grundvallar texta laganna, urðu undir og til þess að taka skýrt fram hvernig þau skuli vera er um að ræða orðalagsbreytingu.

Við skulum síðar meir skoða, hv. þm., hvort ekki væri rétt að veita fullt frelsi í þessum efnum, en meðan unnið er að málinu er verið að leiðrétta og lagfæra og þannig ber að skilja þetta frv. eins og fram kom í minni framsöguræðu og einnig í nál. hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 1037 (nýjar gr., verða 2.–3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Siglingamálastofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 1020.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Það er flutt til þess að veita Landssambandi smábátaeigenda aðild að siglingamálaráði og nefnd Nd. gerði brtt. sem var engin efnisbreyting og því samþykkt.

Það er tillaga mín að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn., en Nd. taldi eins og ráðuneytið sjálfsagt og eðlilegt að Landssamband smábátaeigenda ætti aðild hér að eins og það hefur óskað. Það var verið að mynda sambandið þegar lögin um Siglingamálastofnun voru samþykkt 1986 og e.t.v. þess vegna ekki tekið þá þegar með.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 692, n. 977, brtt. 976.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það hafa verið afgreidd nokkuð mörg mál af þeirri dagskrá sem lá fyrir í morgun í upphafi fundar, en það má merkilegt heita að nú, þegar miklar annir eru á þingi og ég hélt að stjórnarliðar legðu allt kapp á að koma málum sem fljótast frá, það yrðu engin vandræði með það, er það svo að stjórnarliðar mæta ekki á fundi í þessari deild til að tryggja að þau mál, sem þeir eru að leggja fyrir og vilja koma hér til afgreiðslu, verði afgreidd.

Ég man bara ekki eftir því að þannig hafi verið ástatt um langan tíma. (**EgJ:** Jú.) Ekki á þann veg að það sé í lengri tíma að forseti hringi án þess að fá stjórnarliðið inn í salinn til að taka þátt í afgreiðslu. Það er ansi langt síðan slíkt hefur skeð. Þetta getur verið vegna þess að meiri hluti ríkisstjórnarinnar er svo stór, er svo mikill, svo stór og föngulegur hópur

sem stendur á bak við ráðherrana og á að sjá til þess að mál þeirra fái hér eðlilegan framgang. En það hefur ekki reynst hér í dag. Menn hafa hálfpartinn þurft að taka afstöðu í málum sem þeir hafa ekki mikið kært sig um til að tryggja það að þau fái eðlilega afgreiðslu, eða nógu fljóta afgreiðslu réttara sagt.

En við verðum að vona að þetta endurtaki sig ekki og ráðherrarnir haldi sínu liði hér til starfa þessa síðustu daga sem við verðum hér að þingstörfum, en það ku styttast og vera mikil nauðsyn að hafa ekki þingið of lengi. Getur verið að þetta séu mótmæli stjórnarþingmannanna sjálfra gegn því ráðríki ráðherranna að koma þinginu heim sem fyrst? Það má vera að það sé á þann veg. Kannski hæstv. forseti Sþ. hafi verið að benda ráðherrunum á að það væri ekki æskilegt að senda þingið heim strax, við gætum tekið svolítið lengri tíma til að sinna þeim málum sem fyrir liggja. En sjálfsagt hefur það ekki verið á þann veg. Hæstv. forseti Sþ. hefur sjálfsagt verið upptekinn af því að skipuleggja þingstörfin fyrir ráðherrana.

Það var mælt fyrir því máli sem hér er til umræðu í gærkvöld og samkvæmt ósk hv. 2. þm. Norðurl. e. var umræðunni frestað og virðisaukaskatturinn þá tekinn fram fyrir þessa umræðu. Það þarf reyndar ekki að rekja. Virðisaukaskatturinn var afgreiddur til Nd. í nótt á þriðja tímanum.

Mín tilfinning er nú sú að æskilegast og réttast hefði verið að þetta mál hefði ekki verið tekið til umræðu frekar. Ég tel að hér sé ekki þannig lagað mál til umræðu að það liggi mikið á að samþykkja það. Ég tel að málið sé að mörgu leyti illa undirbúið og þar sé meira um fullyrðingar en að fyrir liggi grandskoðað mál sem hægt sé að taka afstöðu til.

Þetta frv. er í þremur flokkum má segja. Í fyrsta lagi eru tillögur um það að breyta númerum á bílum, í öðru lagi að breyta bifreiðaskoðun ríkisins í hlutafélag og í þriðja lagi að heimila sveitarstjórnum að sekta brotlega aðila í umferðinni, fjarlægja bíla o.s.frv.

Sjálfsagt er síðasti punkturinn sá hluti frv. sem menn gætu verið sæmilega sammála um að mætti samþykkja og þannig undirbúinn að manni finnst að þau rök sem þar eru lögð fram mæli með því að sá þáttur verði samþykktur. En hinir tveir þættirnir eru fyrst og fremst byggðir á fullyrðingum.

Í sambandi við að taka upp nýtt númerakerfi á bifreiðaflota landsmanna hefur umræðan byggst í fyrsta lagi á því að þeir sem hafa verið að mæla með þessari breytingu hafa haft stór orð um að þau númer sem við Íslendingar höfum búið við á undanförnum áratugum séu hin mestu hégómanúmer. Menn hafa lagt sig fram um að gera þá sem hafa mælt með því að halda áfram því númerakerfi að hégómlegum mönnum, jafnvel reynt að gera þá broslega, og talað um að þetta væru menn sem væru að verja sín lágu númer. Ég er búinn að heyra það frá fleiri en einum og fleiri en tveimur af meðmælendum frv. að ég væri fyrst og fremst að verja númerið mitt sem er P 43. Það væri ekki nema eðlilegt að ég vildi berjast fyrir því að ekki yrði breytt bílnúmerakerfinu á Íslandi. En það er af og frá að mín skoðun í þessu máli byggist í einu eða neinu á því að ég sé með tiltölulega lágt snæfellskt númer. Ég hef í umræðunni hvað eftir annað lýst því yfir og skal lýsa því yfir enn hér að ég væri fyllilega ánægður að vera með númer, snæfellskt númer, þó það væri fjögurra og jafnvel fimm stafa tala og alla vega upprugluð. Ég er aftur á móti því að við förum að elta eitthvert erlent kerfi, sænskt eða danskt eða þýskt, og falla frá því kerfi sem við höfum búið við á undanförnum áratugum, þ.e. að merkja bílana okkar eftir héruðum. Ég tel að sá þáttur að vera með P-númer, vera með X-númer eða með Y-númer hafi svo mikið gildi fyrir okkur að við eigum ekki endilega að apa upp eitthvert erlent kerfi til að breyta því. Ég tel að með því að halda þessum númerum höldum við við okkar héraðavitund. Með því að leggja niður þessi númer væri gengið mjög á það sem staðfestir að ég sé Snæfellingur, hv. þm. Stefán Guðmundsson sé Skagfirðingur og þegar við erum að keyra um vegi landsins finnum við fyrir því að við séum ekki að mæta þessum eða hinum, jafnvel séum alls ekki vissir um hvort við séum að mæta Íslendingi eða útlendingi, heldur finnum við fyrir því hvernig umferðin á Íslandi er og hvernig íbúar landsins mætast og fara um vegina, ekki allir með einu nafni, ekki allir með þessu Jónsnafni sem nú er talið nauðsynlegt að allir beri, heldur hver með sínu sýslumerki og sýslueinkenni. Það getur vel verið að segja megi að það sé að vissu leyti hégilja að halda því fram að við eigum að reyna að halda því á loft að verið hafi til sýslur á Íslandi, jafnvel hreppar, við eigum ekki að halda slíku til haga. Ég er alveg á þveröfugri skoðun. Ég held að það sé nauðsynlegt okkur Íslendingum að halda flestu af því sem sérkennir okkur, hvort sem það er á þann veg að það sérkenni okkur sem þjóð eða það sérkenni okkur sem íbúa þessarar eða hinnar byggðarinnar á landinu.

Ég tel því að þeir menn, sem hafa haft orð á því að við sem mælum með því að halda okkar númerakerfi óbreyttu séum að mæla með hégómanúmerum, þeir sem nú mæla hvað ákafast með hinni gerðinni, séu ansi hégómlegir vegna þess að þeir séu að berjast fyrir því að verða ekki neitt sérstakir, reyna að komast inn í almenninginn, inn í alþjóðamyndina, vera eins og stóru þjóðirnar, þora ekki að standa undir því að vera Íslendingur eða vera Snæfellingur.

Það verður gaman að því, hv. þm., þegar við verðum búnir að fá þessi númer á bílana okkar. Mikið verður nú gaman að því að keyra vestur á Snæfellsnes og mæta kannski hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánssyni og gera sér alls ekki grein fyrir því hvort þar mætum við Þjóðverja eða jafnvel Svía (**Gripið fram í:** Hann verður með ljós líka.) eða hvort við finnum fyrir því að þar erum við að mæta venjulegum Íslendingi sem hefur haft reisn til að halda sínum séreinkennum.

Málsvörum númerabreytingarinnar hefur ekki verið nóg að mæla með þessari breytingu vegna þess að við þyrftum að vera alveg eins og Svíar. Það hefur ekki nægt þeim. Þeir hafa líka þurft að halda því fram að af þessu væri hinn stórkostlegasti gróði. Þetta væri svo mikil skipulagsbreyting að það liggur við að það mætti leggja niður ýmsa skatta og skyldur vegna þess að það sparaðist svo geysilega mikið. (**JúlS:** Ætli það þurfi virðisaukaskatt?) Jafnvel að það þurfi ekki virðisaukaskatt eins og hv. þm. Júlíus Sólnes segir.

Ég tel, og okkur hafa verið færð þau gögn í hendur, þó ég fari ekki að lesa þau upp hér, að fullyrðingar um sparnaðinn séu mjög vafasamar þó ekki sé meira sagt og þær séu fyrst og fremst notaðar til þess að slá ryki í augu fólks í þessari umræðu, í þessari ákafaumræðu til þess að gera okkur eins og Svía o.s.frv. Fullyrðingarnar um að það sé sparnaður byggjast fyrst og fremst á því að það verður breytt um skattinnheimtu, ríkiskassinn fær minna í skráningargjöld og þess háttar en áður. En hann fer bara aðra leið eins og ég benti á áðan í umræðunni um bifreiðagjöldin að var þegar farið að undirbúa. Það voru fyrstu lög kataríkisstjórnarinnar, bráðabirgðalögin um að leggja á bifreiðagjöld. Þá var þegar farið að undirbúa að koma þessum málum í gegn og hirða af bifreiðaeigendum mikið meira fé en talað er um að spara hér. Þannig eru heilindin í þessari umræðu.

Það er um ýmislegt fleira talað. Í sambandi við sparnaðinn á náttúrlega að sparast hópur af mönnum. Og eitt til viðbótar, sem ég hef ekki almennilega skilið, og það er að þetta kerfi sé mikið heppilegra í sambandi við tölvurnar. Það hefur aldrei komið útskýring sem ég hef getað áttað mig á í sambandi við að það væri orðið svo auðvelt að skipuleggja bifreiðaskráninguna alla saman í gegnum tölvur með þessu nýja kerfi, en það væru einhverjir erfiðleikar með því gamla.

Ég hélt að með því að tekist hefur að skipuleggja og sjá um með handvinnunni sem unnin hefur verið í Bifreiðaeftirlitinu ætti að vera hægt með tölvunum að koma því líka áleiðis. Sú röksemdin er kannski hvað lélegust af öllum að það sé illmögulegt að nota tölvur við vinnu í kringum skráningu og númeraskipti með gamla kerfinu, en alveg sérstaklega gott með því nýja.

En manni er sagt um tölvurnar að þær skili næstum aldrei öðru en því sem í þær er matað og það fari bara eftir því hvernig starfsliðið við tölvurnar er hverju þær skila. Það er oft sagt: Tölvan sagði þetta, gerði þessa vitleysu o.s.frv. En vitaskuld er það ekki af öðru en því að sá sem á bak við hana var, sá sem mataði hana, hafði ekki vald á því að skaffa henni réttar upplýsingar.

Ég vil endurtaka að ég teldi mjög miður, þrátt fyrir það og jafnvel þó það yrði nokkur sparnaður af númerabreytingum, að fella niður það séreinkenni okkar að hafa héraðanúmer. Mér er kunnugt um að eitt ríki í Evrópu, það má vera að þau séu fleiri, eitt smáríki í Evrópu, hefur andæft gegn því að fara inn í stóru fjölskylduna, verða alveg eins og hinir. Það er Lúxemborg. Þeir eru enn þá með svipað númerakerfi og við. Ég fór út til Lúxemborgar í sumar og fékk mér þar bíl og ég fann ekki fyrir því að það skapaði okkur nokkra erfiðleika að ferðast á þessum bíl nema síður væri. Vegna þess að við vorum á bíl sérmerktum og öðruvísi en þau fínu númer sem ég var að sýna áðan gekk okkur í mörgum tilfellum miklu betur. Þarna voru Lúxemborgarar á ferð og maður fann fyrir því að það var borin ákveðin „respekt" fyrir þessum bíl fram yfir það sem átti sér stað gagnvart flatneskjunni. En því miður. Maður heyrir að Efnahagsbandalagslöndin geti varla þolað Lúxemborg þetta frelsi og leggi sig nú fram í því að fá Lúxemborg til að fella þessa númeragerð sína niður og fara inn í kerfið. Er nú nema von að við viljum hlaupa á eftir?

Annar þátturinn er um að breyta um eignaraðild að Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þó ég skilji alls ekki samhengið í því fylgir þeirri hugmynd umræða um að gera heilmikið fyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins. Hér fylgir, eins og hv. þm. munu sjálfsagt hafa séð, mikið af teikningum sem er ekki algengt í þingskjölum. Það eru teikningar um hvað skuli gera í sambandi við bifreiðaeftirlit á Íslandi ef það skyldi takast að breyta um eignaraðild á Bifreiðaeftirlitinu. Þetta eru skrýtnar röksemdir.

Getur verið að einhverjir aðilar hafi á undanförnum árum séð sér hag í því að takmarka fjármagn til Bifreiðaeftirlits ríkisins, standa í vegi fyrir því að þessi stofnun yrði byggð eðlilega upp svo hún gæti sinnt þeirri þjónustu sem æskileg er við bifreiðaeigendur í landinu? Maður hlýtur að fá þá tilfinningu þegar maður les þetta plagg og heyrir málflutninginn í kringum þá nauðsyn að breyta nú um eigendur að Bifreiðaeftirlitinu. Í sjálfu sér er ég ekki á móti því að það verði stofnað sérstakt fyrirtæki um bifreiðaeftirlitið, en ég sé engin rök fyrir því að það hafi verið beðið eftir því og það séu rök fyrir því að þetta hljóti að breytast með því að það verði eigandabreyting.

Aðilarnir sem mikið er talað um nú. Hann er kallaður óskaplega fínu nafni þessi hópur sem talað er um. (**Dómsmrh.:** Það eru nú bara bifvélavirkjar, Skúli minn.) Ja, bara. (**Dómsmrh.:** Sem héraðshöfðingjum finnst nú líklega ekki merkilegt.) Það er mikið meira en bara bifvélavirkjar. Bifvélavirkjar eiga skilið mikið stærra orð en „bara". Jú, jú, jú, jú. Hagsmunaaðilar. Ætli það mundi ekki verða sagt um þennan hóp? — Ekki þennan? Ég verð líkast til að fara í að lesa hvað hér er um sagt. (**Dómsmrh.:** Það skyldi nú þurfa að koma yfir þingmanninn að þurfa að lesa frv.) Hann er sjálfsagt búinn að lesa það of oft.

Jú, jú. „Nefndin hefur kannað áhuga hagsmunaaðila", eins og ég nefndi áðan, hæstv. ráðherra. Það stendur í frv. og kannski ráðherra hafi ekki lesið það nógu vel. Það stendur hér. Ekki er rétt að bera það á þingmenn að þeir lesi illa frumvörp þegar ráðherrar

vita ekki sjálfir hvað hefur staðið þar. Það stendur: „Nefndin hefur kannað áhuga hagsmunaaðila á því að gerast hluthafar í Bifreiðaskoðun Íslands hf.“ og „Nefndin telur ljóst að aðilar innan Bílgreinasambandsins, tryggingafélög, Félag bifvélavirkja og Félag ísl. bifreiðaeigenda muni fúsir til að leggja fram nægjanlegt hlutafé á móti hlut ríkissjóðs eins og hann verður ákveðinn.“ Hagsmunaðilar, ég undirstrika það enn á ný.

Jú, ég geri mér ekki alveg grein fyrir því að þarna sé nema einn hópur manna, einn hópur í þessum hóp sem er beinn hagsmunaaðili að Bifreiðaskoðun Íslands og vitaskuld er það Félag ísl. bifreiðaeigenda. Ég sé ekki að tryggingafélög eða Bílgreinasambandið séu frekar hagsmunaaðilar að þessum málum en bara bensínsalarnir. Þetta eru viðskiptaaðilar við bíleigendur og ég sé ekki nein rök fyrir því af hverju ekki er kallað á olíufélögin til að gerast hluthafar í þessu. Það eru allar líkur fyrir því að þá mundi vera hægt að byggja miklu stærri höll. Þeir eru hagsmunaaðilar. Þeir hafa viðskipti við bílana. Ég sé ekki að tryggingafélögin geti talist hagsmunaaðilar í sambandi við bifreiðaskoðun. Þeir eru ekki aðrir aðilar í sambandi við bílrekstur en að hafa sjálfdæmi um að leggja gjöld á bifreiðaeigendur. Einn af þeim fáu hópum í þjóðfélaginu sem mega fella gengi sjálfir, hækka verðið hvenær sem er. Ég sé ekki rök fyrir því að Bílgreinasambandið eigi frekar en þessir aðilar sem ég nefndi, tryggingafélög, að vera hluthafar þarna. En gott og vel. Þeir hafa verið til kallaðir. Og eru líkur fyrir því að þessir aðilar, þó það geti vel verið að þeir starti vel, komi í framtíðinni til með að standa betur að bifreiðaeftirlitinu en ríkið hefur gert hingað til? Og hvaða trygging er fyrir því, þó að það séu loforð um það hér í frv., að Bifreiðaskoðun Íslands sinni bifreiðaskoðun á svipaðan máta og Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur gert á undanförnum árum og úti um land? Ef við trúum plagginu og teikningunum getur verið að það verði komið upp sæmilegu skoðunarkerfi fyrst um sinn, en þegar þessi mál þróast höfum við enga tryggingu fyrir því að það verði áfram gott. Það er engin trygging fyrir því samkvæmt þessu frv., jafnvel þó að tekið sé tillit til brtt. nefndarinnar, að skoðun verði sinnt út um land. Og ég fullyrði að þó að hér sé nefnt Bílgreinasamband er þar ekki verið að „presentera“ skoðun bifreiðaverkstæða úti um land. Ég er ansi hræddur um að þeir sem túlka skoðun Bílgreinasambandsins, jafnvel tryggingafélaganna, séu svipaður hópur, svipaður fámennishópur og greiddi atkvæði fyrir alla verslunarmenn, þ.e. kaupmenn og samvinnufélög, í kaupdeilunni á dögunum, það sé fámennishópur sem segi að þetta sé skoðun þessa sambands o.s.frv. en er á allt, allt annan veg.

Svo á nú á síðustu dögum þingsins að leggja til að gengið verði frá lögum um Bifreiðaeftirlit ríkisins og samþykkt að það verði fært í hendur nýrra eigenda og það samþykkt án þess að nein trygging sé fyrir því að það taki að sér skoðun á bifreiðum landsmanna, án þess að það sé nokkur trygging fyrir því, eða líkur á því má nærri því segja, að þeirri skoðun verði sinnt af neinni alvöru nema hér í Reykjavík. Það sem okkur er sýnt fyrst og fremst í þessu frv. og grg. eru teikningar af bifreiðaskoðunarstöð sem á að byggja á höfuðborgarsvæðinu. (**EgJ:** Hún er fyrir allt landið.) Hún er fyrir allt landið, segir hv. þm. Egill Jónsson, og það eru mestar líkur til að þannig verði. En ætli það séu ekki nokkuð margir sem þyrftu að láta skoða bílana sína austur í Nesjum, austur á Höfn í Hornafirði og jafnvel vestur á Snæfellsnesi? Og ætli það séu ekki margir sem teldu það óeðlilegt að þessi þjónusta færist hingað til Reykjavíkur meira og minna? Það er hægt að koma með fjöldann allan af málefnum og færa rök fyrir að þeim yrði miklu betur sinnt ef allt yrði fært hingað til Reykjavíkur. En er það vilji almennings í landinu að svo verði gert? Ekki hef ég trú á því að hv. þm. Egill Jónsson sé á þeirri skoðun. Þegar verið er að gera hluti eins og að breyta eignarformi á Bifreiðaeftirliti ríkisins á það vitaskuld að vera eitt af grundvallaratriðum þess að þar sé ekki, þó að einhvers staðar verði stigið spor fram á við, verið að stíga spor aftur á bak á öðrum stöðum í landinu. Ég tel þess vegna að nauðsynlegt hefði verið að þessi mál hefðu verið skoðuð miklu betur en gert hefur verið áður en ætlast er til að þetta frv. verði að lögum.

Það kom fram í ræðu frsm. í gærkvöld að ein rökin fyrir því að breyta um eignaraðild að Bifreiðaeftirliti ríkisins væri að það mætti gera ráð fyrir að þjónustan yrði sveigjanlegri, mennirnir yrðu meira þjónustusinnaðir. Ég hefði kannski getað búist við því að heyra þessa skoðun frá þeim hóp sem er kallaður últrafrjálshyggjuhópur, en að heyra fullyrðingu á þennan veg frá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni, því bjóst ég aldrei við. Ég held að það sé svipað með þetta mál og tölvurnar að það fer sjálfsagt mikið eftir þeim sem stjórnar hverju fyrirtæki hvernig sveigjanleikinn og þjónustulundin er. Ég væri a.m.k. tilbúinn að fela hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni forustu í hvaða fyrirtæki sem væri, vitandi um að hann væri þjónustusinnaður. (**JE:** Get ég fengið þetta skriflegt?) Ég mundi geta gefið hv. þm. þetta skriflegt, já, ef hann óskar eftir því. Og ég hefði líka óskað jafnvel eftir því að fá skriflegt frá hv. þm. hvort hann mundi verða minna þjónustusinnaður ef hann stjórnar ríkisfyrirtæki en ef hann stjórnaði sínu eigin einkafyrirtæki. Ég held að þetta sé sá allra mesti útúrsnúningur og þau aumustu rök sem maður hefur lengi heyrt.

Þó að hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki mikinn áhuga fyrir því að koma málum áfram, sinni því lítið sumir hverjir að hugsa um að greiða atkvæði og koma málum ríkisstjórnarinnar áfram, ætla ég ekki að eyða mikið lengri tíma í umfjöllun um þetta mál að sinni, en ég vænti þess að deildarþingmenn skoði í sinn eigin barm og þegar þeir fara að hugsa svolítið um þetta mál hvort það sé allt rétt sem dembt hefur verið yfir almenning í fjölmiðlum frá hendi þeirra manna sem hafa lagt sig fram í að telja mönnum trú um að það væri einhver nauðsyn

að breyta þessum hlutum, breyta kerfinu, breyta númerakerfinu og breyta eignarréttinum.

Ég tel að þau rök sem þeir hafa lagt fram máli sínu til stuðnings séu mjög vafasöm. Ég tel aftur á móti að það séu mörg rök sem hníga eindregið að því að við eigum ekki að fella niður það númerakerfi sem við búum við. Við eigum að hafa reisn til að vera svolítið öðruvísi en aðrir. Við eigum ekki að vera hrædd við það þó að einhverjir brosi að okkur út af því að við séum með öðruvísi númer en Svíar og Danir. Það er óskaplega notalegt að fá slíkt bros. Mér finnst ákefðin í þessu máli vera svipuð og á sama veg og ég sagði áðan um að allir ættu að heita Jónar, allar Guðrúnar eða þá á hinn veginn að við leggðum niður föðurnafnið okkar og færum í danska „systemið", að heita Hansen og Jensen, Bergström og svoleiðis. Það er ekki nokkur vafi að það væri miklu betra að beita tölvunum í því kerfi. Það er nú líkast til! Margfalt auðveldara — Jónsen, Hansen — en búa við það að heita Alexandersson, Einvarðsson o.s.frv.

Og alveg er það eins með hinn þáttinn, að ef vilji er fyrir hendi að efla bifreiðaeftirlitið sé ég enga ástæðu til að breyta um eignarrétt á Bifreiðaeftirliti ríkisins. Það er meira að segja búið að teikna hús og teikna stöð og menn eru komnir niður á hvernig er best að hafa skoðunina. Ég sé ekki nokkur rök fyrir því að það væri erfiðara og verra að skoða bíla í stöðinni þó að þetta fyrirtæki heiti og verði áfram Bifreiðaeftirlit ríkisins.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Undir nál. um frv. til breytingu á umferðarlögum skrifa ég með fyrirvara. Beinist sá fyrirvari að öðrum þætti þessara breytinga, en það er stofnun Bifreiðaeftirlits ríkisins hf. Áður en ég fer yfir þau atriði sem ég tel aðfinnsluverð vil ég vegna ræðu síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Vesturl., taka undir það, sem kom fram í ræðu hans, að það væri margt óljóst í frv. sem sérstaklega lýtur að framkvæmdinni og ýmsum öðrum þáttum eins og þeim hvernig fyrirkomulag á að vera með þessar stöðvar, hvort þær eigi að vera í Reykjavík einvörðungu eða hvort það eigi að vera nokkrar stöðvar vítt og breitt um landið og hvernig eigi að haga eftirliti á minni stöðum.

Þá vil ég taka undir með hv. 4. þm. Vesturl. að frv. ber þess merki að vera stæling frá öðrum löndum, bæði er varðar fastnúmerakerfið og svo það fyrirkomulag að hafa þetta í höndum einkaaðila. Ég verð því miður að taka undir það líka að þau frumvörp sem hafa komið hingað í þessa deild eru öll því marki brennd að það er verið að koma okkur Íslendingum inn í kerfi nágrannaþjóðanna, kerfi sem gerir ráð fyrir milljóna þjóðfélögum og ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Vesturl. að ég held að við ættum, a.m.k. á sumum sviðum, að halda okkar sérkennum.

Í mínum huga skiptir það meira máli að auðvelda afgreiðslu þessara umskráningarmála en að halda í þetta kerfi sem við höfum í dag. Þess vegna get ég tekið undir það að tekið verði upp nýtt kerfi, hvort sem það heitir fastnúmerakerfi eða eitthvað annað, til að auðvelda umskráningu bifreiða. Ég held að það kerfi sem er við lýði í dag þjóni hagsmunum almennings mjög illa. Ég vil sem sagt taka undir það að komið verði upp fastnúmerakerfi.

Að gera Bifreiðaeftirlitið að hlutafélagi með þátttöku hagsmunaaðila tel ég hins vegar vera spor í ranga átt þótt ég sé almennt hlynntur því að einkaaðilar taki að sér rekstur fyrirtækja sem engin þörf er á að verði í höndum ríksins.

Ferðaskrifstofa ríkisins, Landssmiðjan og Gutenberg eru fyrirtæki sem ættu að vera í höndum einkaaðila og get ég fallist á að þau verði seld. En ég tel mjög vafasamt að fela einkaaðilum stjórn fyrirtækja sem eiga að gæta öryggis á hinum ýmsu sviðum, eins og Bifreiðaeftirlitsins, Siglingamálastofnunar og Rafmagnseftirlitsins. Þegar um slíkar stofnanir er að ræða sem gæta eiga öryggiseftirlits er það mín skoðun að þær eigi að vera í höndum ríkisfyrirtækja, ekki þó í þeim skilningi að einkaaðilum sé ekki treyst til slíks heldur hitt að þessar stofnanir eigi að hafa tiltrú almennings og að tryggt sé að þau verði rekin með hagsmuni almennings að leiðarljósi og einungis fagleg sjónarmið verði látin ráða ákvörðunum.

Hins vegar er það mín skoðun að þessar stofnanir eigi að vera sjálfstæðar og eigi að vera eins óháðar æðri stjórnvöldum um rekstrarfé og hægt er. Það sem hefur staðið Bifreiðaeftirliti ríkisins fyrir þrifum er að það fyrirtæki hefur verið á föstum fjárlögum og ríkisvaldið hefur skammtað því fé. Með því að koma því þannig fyrir að Bifreiðaeftirlitið hafi fasta tekjustofna og meira sjálfstæði í sínum rekstri tel ég að koma megi því til betri vegar en nú er.

Þá kem ég ekki auga á nauðsyn þess að hagsmunaaðilar verði látnir reka Bifreiðaeftirlitið nema ef vera skyldi að þátttaka þeirra gæti haft áhrif á kröfur sem gerðar eru til ökuhæfra bifreiða. Ef það eru einu rökin er ég hræddur um að við séum komnir á villigötur.

Hv. frsm. allshn. benti á þau beinu tengsl við neytendur sem það mundi hafa í för með sér að gera Bifreiðaeftirlitið að hlutafélagi. Ég er ekki sammála því að það skapist betri tengsl milli þessarar stofnunar og neytenda en nú er ef þetta verði gert að hlutafélagi. Þá talaði hann um hagkvæmni og skilvirkni og get ég við vissar kringumstæður fallist á að það felist í því ákveðið hagræði að hafa eftirlitið í höndum einkaaðila og helst að þá er ekki um að ræða ríkisstarfsmenn. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þau rök sem eru á móti vegi þyngra og sérstaklega vegi sú trú almennings að þarna sé um hlutlausan aðila að ræða mjög þungt. Svo er hitt að þarna er verið að koma á einokunarfyrirtæki. Ég held að það sé af hinu slæma og það verði mjög erfitt fyrir stjórnvöld að hafa áhrif á þær kröfur sem gera skal til skoðunar bifreiða.

Ég hef því þá trú að það sjónarmið að losa eigi

ríkið við ýmsa starfsemi verði að hafa takmörk og það borgi sig ekki að flana að neinu í þessu efni. Eins og ég sagði áðan er ekki nóg að vísa til framkvæmda erlendis eða einhverrar stefnuyfirlýsingar þessarar ríkisstjórnar heldur verður að marka um það stefnu hvaða fyrirtæki eigi að selja og á hvaða sviðum. Það sem fyrst og fremst vakir fyrir mér er að gæta hagsmuna þegnanna, hvort það fyrirkomulag sem hér er lagt til að tekið verði upp gæti hagsmuna þegnanna betur en það sem við erum að leggja af eða hvort til sé eitthvert milliþrep þar sem hagsmunum þegnanna er enn betur borgið.

En ég vil sem sagt ítreka að ég get fallist á þann hluta er mælir fyrir um fastnúmerakerfið en ég dreg mjög í efa að hið síðara sé til bóta, að gera þetta að hlutafélagi með þátttöku hagsmunaaðila. Þá mætti líka í framhaldi af því spyrja hæstv. viðskrh. hve stóran hlut í þessu hlutafélagi ætlunin er að selja þessum aðilum og hvernig verði ráðið í það hvað hver aðili má eiga mikið.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur legið alllanga hríð í meðförum hv. allshn. þessarar deildar og hefur fengið þar mjög rækilega yfirferð. Málið hafði reyndar verið kynnt þinginu fyrr með því að skýrslu um málið var dreift til allra þm. áður en frv. kom fram og hafði áður verið kynnt hv. fjvn. við undirbúning fjárlaga. Hér er því að öllu leyti um vel undirbúið mál að ræða og ég vísa því algjörlega á bug sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. að málið væri flausturslega undirbúið. Þetta mál er þvert á móti mjög vel undirbúið og að því lögð drög af nefnd sem hóf störf í september á sl. ári. Þar áður hafði reyndar verið unnið mikið starf á vegum dómsmrn. til að undirbúa þetta mál. Ég tel þessa gagnrýni fjarstæðu og mun kannski víkja nokkuð að því síðar.

Ég vil í upphafi máls míns, hæstv. forseti, lýsa stuðningi mínum við þá brtt. sem hv. allshn. hefur lagt fram og þakka frsm. og formanni nefndarinnar nál. og grg. fyrir starfinu. Ég tek undir flest sem fram kom hjá formanninum. Ég vil nefna það líka sem hann nefndi að stefna þyrfti að því að gefa þeim kost á sem vildu velja sér ákveðna samstöfu eða númer að fá slíkt auðkenni á sína bíla gegn hæfilegu gjaldi. Ég tel rétt að stefna að þessu, en það þyrfti sjálfsagt að vera nokkuð hátt gjald. Þess eru dæmi í öðrum löndum að menn geti fengið slík auðkenni á bíla sína þar sem svona númerakerfi tíðkast sem er algengt víða um lönd.

Reyndar vildi ég líka benda hv. 4. þm. Vesturl. á það að á því skráningarmerki, númerspjaldi, sem hugmynd hefur verið sett fram um er sérstakur reitur til að setja í auðkenni héraðs ef menn kjósa. Ég vil alls ekki gera lítið úr héraðskenndinni þótt ég hefði frekar átt á öðru von en að menn tengdu hana helst við númerspjaldið á bílnum sínum. En það er sama hvernig um þetta mál er hugsað, eins og segir hjá Grími: „Í átthagana andinn leitar, þótt ei sé loðið þar til beitar.“ En ég átti frekar von á því að hv. þm. byndi sína göfugu átthagaást við annað en númerið sitt. Ég segi það og ég meina það og það er ekki í því nein áreitni heldur mikil hjartans einlægni því ég veit að það er svo margt miklu betra á Snæfellsnesi en bílnúmerin, hversu góð sem þau svo kunna að vera.

Ég ætla svo sem ekki að segja neitt annað en þetta, að vilji menn auðkenna sinn bíl sínu héraði þá er þeim það auðvelt. Þeim verður það reyndar auðveldara eftir þessa breytingu en áður af því að þeir geta þá sett þar merki síns kaupstaðar, síns hrepps, ef þeir kjósa og þá kemur það skýrt fram hver þar fer og hver höfðingi þar er á ferð.

Ég vil líka benda á að það er mjög rækilega frá því skýrt í þessari grg. hvernig sparnaður fæst af því að falla frá því tvöfalda skráningarkerfi sem hér hefur verið. Vel að merkja hefur til hægðarauka fyrir tölvurnar og fólkið verið á bak við héraðsnúmerið fast númer sem sett er á hvern bíl þegar hann er tekinn á bifreiðaskrá til að auðvelda mönnum skráninguna.

Það sem aðallega sparast með nýju kerfi er að fólki eru spöruð sporin, fólki eru spöruð fjárútlátin, fólkinu sem þarf að skipta um bíl og hefur engan áhuga á að halda sérstöku merki, sérstöku númeri. Þarna er sparnaðurinn mestur eins og glöggt kemur fram í grg. og mundi koma enn gleggra fram ef hv. þm. legði sig eftir því að kynna sér hvernig bílaviðskiptin ganga fyrir sig.

Það eru mörg dæmi um það að maður sem kemur utan af landi og þarf að kaupa hér bíl þarf að fara í gegnum þrjár umskráningar en hefur ekki kosið það sjálfur. Best væri að hann þyrfti ekki að gera neitt af þessu. Þetta kostar peninga, þetta kostar tíma. Það er tilgangur þessa frv. að ná þessum sparnaði. Og ég segi að þótt héraðshöfðingar vilji ekki beygja sig eftir smápeningum þá vil ég gera það, því margs þarf búið við og þetta er eitt af því sem gera þarf. Við þurfum að gefa okkur tíma til að ljúka svona búskaparmálum, koma einföldum hlutum í einfalt lag en vera ekki að þvæla fyrir okkur hlutum sem kosta allt of mikið og sem kosta allt of mikla fyrirhöfn fyrir fólk. Þetta er kjarni númeramálsins og það gildir líka um þá skipulagsbreytingu á skoðuninni sjálfri sem er megintilgangur þessa frv., að gera hana þægilegri þeim almenningi sem þarf að njóta þessarar þjónustu.

Mig langar til að minna þingdeildina á að megintilgangur Bifreiðaeftirlitsins er að stuðla að öryggi. Þetta er öryggismál, ekkert annað. Það er málið, til þess að ná fram auknu öryggi í umferðinni þurfum við tæknibreytingu í bifreiðaskoðun. Til að ná þessari tæknibreytingu fram þarf verulega fjárfestingu. Það verður eðlisbreyting á starfseminni og það er mín skoðun og þeirra manna sem þetta mál hafa undirbúið að til þess að fjárhagsleg ábyrgð fylgi ákvörðun um framkvæmdir, til þess að þeir menn sem ætla að bera ábyrgð á þessum skoðunarstöðvum og rekstri þeirra — því eins og fram kemur í brtt. er

að því stefnt að skoðunarstöðvar rísi í hverju kjördæmi — þurfa menn að bera fjárhagslega ábyrgð á þeim. Til þess er hlutafélagsformið einkar vel fallið og betur en ríkisrekstur þegar á að hefja svo fjárfreka starfsemi sem þarna er um að ræða sem er einnig í eðli sínu miklu líkari fyrirtækjarekstri og framleiðslustarfsemi — þetta er eins og gæðaprófun í verksmiðju — þegar loksins verður farið að bremsuprófa bílana almennilega sem er kannski það sem sárast hefur vantað, ekki síst á stóru bílunum. Það er mikið hagsmunamál fólksins úti á landi að þetta sé örugglega gert og til þess þurfum við þetta félag. Ég er ekkert að segja að þessi tilhögun sé algóð en ég vek athygli á því að þarna er þó verið að reyna að koma hlutunum í lag. Ég marka það að þeir sem hafa tekið þátt í þessu starfi eru algjörlega einhuga um það, hvort sem það er Félag ísl. bifreiðaeigenda, Félag bifvélavirkja eða tryggingarfélögin. Hv. 4. þm. Vesturl. velti því fyrir sér hvað það væri sem sameinaði þessa menn. Ég get sagt honum það strax, það er ákaflega einfalt: Það er það að öllu þessu fólki er umhugað um að umferðin verði öruggari.

Mig langar líka til að fara um það nokkrum orðum sem fram kom í máli hv. 11. þm. Reykv. Ég þakka honum stuðning við breytinguna á númerakerfinu og ég heyri á því sem hann sagði að hann hefur skilið út á hvað það mál gengur. Ég vildi hins vegar leyfa mér að benda honum á að félagsstofnunin er ekki á nokkurn hátt stæling á rekstrarformi í öðru landi, þetta er fjarri því að vera eina lausnin sem til greina kemur. En það sem mikilvægt er er að það hafa fundist aðilar sem vilja taka þátt í því að leysa þetta á þennan hátt, vilja leggja í þetta nokkurt fé og hafa hagsmuni af því að umferðin sé örugg. Þetta fer saman í þessari félagsstofnun og það er nauðsynlegt að ljúka þessu máli meðan stendur að menn hafa á þessu áhuga. Fastnúmerakerfið og félagsstofnunin eru tvær hliðar á sama máli vegna þess að það er eitt af því sem gerir þetta félag skynsamlegt og sæmilega vænlegt fyrirtæki að það verður ódýrara að reka það eftir að númerakerfinu hefur verið breytt.

Ég veit að sumum finnst kannski ólíklegt að ná megi svona háum fjárhæðum í sparnaði með þessum einfalda hætti, að falla frá þessu tvöfalda skráningarkerfi, en það er samt satt og rétt. Þetta geta menn sannfærst um með því að skoða það sem segir á bls. 30–32 í þessu frv. um það af hvers konar smámunum þetta hefst. Þetta eru svo mörg spor, þetta eru svo mörg viðvik að þarna er um verulega fjármuni að ræða ef menn vilja gera þennan einfalda hlut.

Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð en vildi aðeins svara að lokum spurningu hv. 11. þm. Reykv. um það hvernig væri hugsanleg eignaraðild að félaginu. Ég vil benda honum á bls. 28 í fskj. með frv. þar sem fram kemur að í upphafi sé gert ráð fyrir að hlutaféð í hlutafélaginu verði 80 millj. kr. og ríkissjóður eigi 51% en aðrir leggi fram 49%. Þetta er þó ekki ákaflega fast bundið frá minni hálfu. Þarna mundi reyna á samninga og áhuga um áskrift á hlutaféð. Ég hef ekki fyrir fram neinar sérstakar skoðanir um það hverjir eigi að eiga félagið, þarna gætu menn skrifað sig á eftir reglum hlutafélagalaga en fyrir fram mundi ríkið stefna að því að eiga u.þ.b. helming.

Ég veit að það er verulegur áhugi hjá þeim aðilum sem upp voru taldir, Bílgreinasambandinu, tryggingafélögum, Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Félagi bifvélavirkja, og það má vera að það finnist fleiri sem áhuga hefðu á að taka þátt í þessu. En ég tek fram að ég tel það mjög æskilegt að þarna fari saman fjárhagsleg ábyrgð og einlægur áhugi á umferðaröryggismálum. Það er einmitt það sem ég held að sé mikilvægast, að menn vilja taka þátt í þessu, bæði af því að þeir sjá þörfina fyrir að breyta og bæta þessa þjónustu og af því að þeir sjá að hægt er að gera þetta fjárhagslega öruggt en um leið fyrirtæki sem eykur öryggi í umferðinni.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta langt, en varðandi þá aðila sem þarna er boðið að vera með þá gleymdist hjá hæstv. viðskrh. að taka það fram að samkvæmt arðsútreikningum er stefnt að því að þetta hlutafélag skili þeim aðilum sem leggja þar inn hlutafé töluverðum arði. Og á hvers kostnað er það? Er það ekki á kostnað þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda?

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MF, StG, SvG, VS, DS, EG, JM, GA, HÁ, JE, JHelg, BGísl, KSG.

nei: SkA, HBl, JúlS.

ÞK, EgJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (SalÞ, GuðmÁ, GHG) voru fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 4. þm. Vesturl. um það að það er smátt og smátt verið að keyra okkur inn í þetta kerfismannhaf Vestur-Evrópulandanna. Við megum ekki standa upp úr með neitt sem er öðruvísi en gerist hjá þessum milljónaþjóðfélögum í Vestur-Evrópu. Ég vil eindregið leggja til að við höldum þessum séreinkennum okkar og þess vegna segi ég: nei.

Brtt. 976 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827, n. 986.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 986, um frv. til laga um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 frá 10. maí 1978, sem er frá meiri hl. allshn.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir meiri hl. með samþykkt þess. Stefán Guðmundsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Undir þetta nál. skrifa Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Eiður Guðnason.

Það er kannski rétt að taka fram að þetta er fylgifrv. með frv. því sem við vorum að ræða rétt áðan um breytingu á umferðarlögum.

Frsm. minni hl. allshn. (Skúli Alexandersson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu neitt að ráði, en aðeins vekja athygli á nokkrum þáttum sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra. Það er í fyrsta lagi það að hann mótmælti því að þetta mál væri ekki vel undirbúið. Það verður náttúrlega alltaf matsatriði hvort svo er eða ekki, en þó að nefnd hafi setið frá því í sept. s.l. til að vinna að þessari frumvarpsgerð finnst mér það ekki langur tími í jafn veigamiklu máli og þessu. En við getum vitaskuld deilt um það, ég og ráðherra, hvort þetta sé vel undirbúið eða ekki. Mín skoðun er sú að þetta mál sé ekki vel undirbúið. En vitaskuld er það skoðun ráðherra að það sé vel undirbúið. Annars veit ég það að hæstv. ráðherra hefði ekki lagt þetta mál fram fyrir hv. Alþingi.

Það kom fram í ræðu ráðherra að hann taldi eðlilegt að gefa mönnum tækifæri til að fá nokkrar sárabætur eða lina svolítið þau vandræði sem menn yrðu fyrir þegar þeir þyrftu að missa númerið sitt og skipta um númer. Þeir gætu því fengið að velja sér númer. En það mundi kosta nokkurn pening o.s.frv. Ég hef þá tilfinningu fyrir þessum málum að þarna sé ekki um mjög mikil einstaklingsbundin vandræði að ræða heldur sé þetta fyrst og fremst á þann veg að við erum bara að breyta umhverfinu okkar. Það er verið að gera stóra hluti í því að breyta umhverfinu á Íslandi. Það er ekki verið að breyta númerinu mínu eða einhvers annars, það er ekki það sem skiptir máli, heldur erum við að taka upp nýtt kerfi sem stangast á við flestar okkar hefðir og reglur, leita eftir einu allsherjarkerfi sem er ekki eðlilegt hjá smáþjóð eins og okkur Íslendingum. Við eigum að reyna að halda okkar sérkennum svo lengi sem við getum.

Hæstv. ráðherra gerði tiltölulega lítið úr því sérkenni gagnvart héraðaeinkennum, það væri ýmislegt fleira. Ekki skal ég draga úr því. Það er margt fleira sem bindur mann og heldur tryggð manns við bæði æskustöðvar og starfshérað. En þetta er e.t.v. hluti af því að halda við sýsluhugmyndinni í landinu. Um leið og við erum búnir að leggja niður sýslumerki á bílum verður það orðið ansi fátt sem bendir okkur á og minnir okkur á það stjórnkerfi sem við höfum búið við og þá svæðahugmynd sem íslensk þjóð hefur búið við. Ég tel þetta mjög vafasamt mál og eins og ég var að segja áðan væri með svipuðum rökum hægt að leggja til að íslenskri mannanafnahefð verði breytt.

Í sambandi við sparnaðinn nefndi ráðherra að fyrst og fremst væri hér um það að ræða að fólkinu væru spöruð sporin og fyrst og fremst væri þetta kostnaður sem fólkið ber. Það er dálítið mikið hægt að togast á um það hvenær það er fólkið og hvenær það er ríkið sem borgar þetta eða hitt. Ég sé nefnilega ekki mikinn mun á því hvort þessi skattur sem hefur verið innheimtur í sambandi við númeraskipti — kostnaðurinn hefur fyrst og fremst verið skattlagning — er innheimtur á þann veg sem gert hefur verið, sem mætti hætta við. Það mætti fella þá skattheimtu niður og halda uppi þeirri skattheimtu sem við vorum að samþykkja hér fyrir réttri stundu. Fólkið þarf að leggja á sig spor og handtök til að afla fjár fyrir þeim skatti sem þar var verið að leggja á.

Það má halda því fram, eins og ráðherra gerði, að hér sé verið að koma á einföldun, auðveldara kerfi, betra kerfi. Ég er á annarri skoðun, hér er verið að flækja málin, hér er verið að sækja útlent kerfi og færa til okkar. Ég held að það væri miklu betra fyrir okkur að búa við okkar góða, gamla, einfalda kerfi en að innleiða það kerfi sem hér er lagt til.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira en ítreka samt enn að svipur okkar lands mun breytast ansi mikið við það að númerunum á bílunum verði breytt eins og hér er lagt til. Þegar við ferðumst um landið finnum við ekki fyrir því hvernig sú umferð og hvaða fólk það er sem er að ferðast og við mætum. Það er allt önnur tilfinning að vera inni í einum stórum hóp, einu allsherjar númeri, en að finna fyrir því og vita að það fólk sem er að ferðast með manni, hittir mann á þjóðvegunum, eru Snæfellingar, Reykvíkingar o.s.frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794, n. 1007.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð vegna fisk-

vinnslufólks. Nefndin leggur eindregið til að málið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Læknalög, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 964, n. 1008.

Frsm. heilbr.- og trn. (Karl Steinar Guðnason):
Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til læknalaga. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá neðri deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–32. gr. og ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Ég vil spyrja hverju það sætir að það er ákveðið að halda fundum áfram á afbrigðilegum tíma seinni partinn í dag til þess að taka fyrir eitt þmfrv. af fjöldamörgum sem liggja fyrir þessari deild.

Mér er kunnugt um að það eru ein fimm þmfrv. sem ekki hafa enn þá komið til 1. umr. hér í deildinni og hafa ekki komist inn á dagskrár á undanförnum fundum. Við flm. þessara frv. höfum reynt, eins og við höfum getað, að greiða fyrir meðferð þingmála með venjulegum hætti og ég held að það sé útilokað að saka stjórnarandstöðuna um að hún hafi sýnt ósanngirni við meðferð mála undanfarna sólarhringa. Þess vegna verð ég að segja það alveg eins og er að mér þykir það skjóta nokkuð skökku við að eitt þmfrv., frv. til laga um breytingu á áfengislögum, fái alveg sérstaka meðferð hér, neðrideildarmál sem búið er að liggja í neðri deild langtímum saman og á sama tíma liggur fyrir að a.m.k. fimm þmfrv. liggja óræddd í deildinni og hafa ekki komist inn á dagskrána enn þá. Þar er um að ræða mörg mjög mikilsverð málefni, eins og t.d. frv. um meðferð á skattþeningum til Þjóðarbókhlöðunnar og fleira, svo dæmi séu tekin, sömuleiðs frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar sem við flytjum, þm. Alþb. í deildinni. Það sætir mikilli furðu ef núna á, eftir þann langa fund sem við héldum í gær, frá því kl. tvö í gær og til kl. hálfþrjú í nótt, að fara að troða hér á fundi um eitt þmfrv. seinni partinn í dag.

Ég sé heldur ekki, virðulegi forseti, að staðan sé þannig núna hér í þessari deild að það séu svo mörg mál sem þurfi að keyra fram að ekki sé hægt að halda fundi á eðlilegum tíma, föstudag, mánudag, þriðjudag, ef þinginu lýkur á miðvikudag. Þannig að ég spyr forseta hverju það sæti að það er verið að taka þetta þmfrv. um breytingu á áfengislögum fram yfir öll önnur þmfrv. og hvort ekki er hægt að slíta nú fundi með eðlilegum hætti þannig að þm. geti undirbúið nál. fyrir morgundaginn í mörgum málum sem hér þurfa auðvitað umræðu eins og framhaldsskólafrv. og að menn taki þá til við umræðu um áfengismálin á eðlilegum tíma á morgun.

Ég bendi einnig á það, herra forseti, að það eru ýmis fleiri mál sem þarf að taka til hendi við og eyða nokkrum tíma í en ég sé þó ekki betur en að þessi breyting á áfengislögunum, sem á að fara að ræða hér á eftir á afbrigðilegum tíma, geti fengið eðlilega umræðu þó að það verði ekki fyrr en á morgun og mánudaginn.

Ég mótmæli því, forseti, að það sé verið að taka sérstakan tíma í þetta þmfrv. og gera það rétthærra en öll önnur þmfrv. sem hér liggja fyrir. Það er meiri vikalipurðin við þessi neðrideildarmál í þessari deild, það er meiri vikalipurðin. Það er sýnd meiri „respekt“ gagnvart þessum neðrideildarmálum en þeim málum sem við erum að basla við að flytja þessir þingmannaræflar hér í efri deild sem fá ekki einu sinni að komast hér á dagskrá til eðlilegrar umræðu. (**EgJ:** Nema með illu.) Nema með illu eins og hv. 5. þm. Austurl. varð í gær að beita flokksbróður sinn hörðu, hv. 2. þm. Norðurl. e., til þess að fá rædd mikilsverð mál eins og málefni landbúnaðarins og kjör bænda.

Herra forseti. Ég óska eftir skýringum á þessu máli um leið og ég mótmæli því að það sé verið að halda fund á afbrigðilegum tíma til að taka í gegn þetta neðrideildarmál. Það liggur ekkert á.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):
Ég tek fram að þetta er það eina þmfrv. sem er á dagskránni og þykir mér eðlilegt að það fái eðlilega meðferð. Það var ætlun okkar að hafa fund til kl. 7 og það er rúm fyrir það að halda áfram. Ég bendi á það að sú frestun á fundi sem fyrirhuguð er núna er gerð vegna þess að fyrirhugaður er fundur forseta með m.a. stjórnarandstöðunni til að ræða framgang þingmála.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi orð forseta. Það er auðvitað bæði rétt og eðlilegt að þingmál fái eðlilega meðferð ef þau eru á dagskrá. Hins vegar hlýt ég að styðja málaleitan hv. 7. þm. Reykv. um það að önnur þingmannamál sem hér hafa verið flutt í deildinni njóti sömu eðlilegu afgreiðslu og komi hér á dagskrá eins og þau mál sem t.d. koma frá neðri deild. Ég vil líka minna hæstv. forseta á það að við vorum hér til hálfþrjú í nótt og það eru ekki svo mörg mál sem liggja fyrir þessari deild. Sum eru þó ærið veigamikil eins og t.d. mál sem varðar húsnæðismálin, kaupleigufrv., en það verður í nefndarumfjöllun á morgun. Það er auðvitað mikilvægt að vanda meðferð þess máls. Við munum væntanlega fjalla um það hér í deildinni á morgun. En málin eru ekki það mörg að við getum ætlað okkur eðlilegan fundartíma og þurfum ekki að keyra úr hófi fram.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég lýsi þeirri skoðun minni að mér finnst eðlilegt að það mál sem hér er eftir á dagskrá fái þinglega meðferð og tel ekki eftir mér að sitja hér fram eftir degi og kvöldi ef með þarf og vil einmitt benda á það og taka undir það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan að ýmis þmfrv. eru órædd og ég tel þess vegna nauðsynlegt að deildin fari vel með tíma sinn til þess að þau fáist rædd áður en þinglausnir verða.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mun ræða við minn þingflokksformann um þessi mál og tilhögun fundarhalda. Ég tel að það sé rétt ábending hjá hæstv. forseta að það sé eðlilegur vettvangur til að taka á skipulagi þinghaldsins þessa daga sem eftir eru af þinginu núna.

Ég vil hins vegar láta þá ósk koma hér fram að ég tel eðlilegt að eitthvað af þessum þmfrv. sem ekki hafa fengið að komast inn á dagskrána enn þá komi til meðferðar á fundinum núna á eftir. Það eru fyrstuumræðumál. Þetta bjórfrv. sem menn eru orðnir þyrstir í að fara að ræða er annarrarumræðumál og eðlilegt að taka fyrst fyrstuumræðumál þessarar deildar áður en farið er að taka fyrir til 2. umr. neðrideildarmál.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Það má auðvitað lengi um það deila hvort á að taka fyrstuumræðumál, hvort á að láta neðrideildarmál mæta afgangi eða hvernig það allt saman er gert. En ég hygg að við munum geta náð einhverju góðu samkomulagi um það. Ég vil bara undirstrika það að samkomulag og samstarf við stjórnarandstöðuna um framgang mála í þessari hv. deild hefur verið mjög gott og ekkert undan því að kvarta. Ég vona að við getum haldið áfram á þeirri braut uns kemur að þinglausnum. Og ég hef satt að segja engar áhyggjur af því að okkur takist ekki að gera það.

EFRI DEILD

91. fundur, fimmtudaginn 5. maí, að loknum 90. fundi.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (greiðslur vegna fiskvinnslufólks). — Þskj. 794.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1048).

Læknalög, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál (heildarlög). — Þskj. 964.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, 3. umr.

Stjfrv., 423. mál (aukning hlutafjár). — Þskj. 773.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1050).

Ríkisábyrgðir, 3. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. til Nd.

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 435. mál (hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts). — Þskj. 785.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1051).

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 1046.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, 2. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 865, n. 939 og 1022.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 939 frá meiri hl. allshn. um frv. til laga um breytingu á áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Nefndin hefur athugað frv. og kallað á sinn fund fulltrúa frá áfengisvarnaráði, Böðvar Bragason, lögreglustjóra í Reykjavík, Ólaf Ólafsson landlækni og Höskuld Jónsson, forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar.

Þetta nál. er gert 28. apríl 1988 og undir það skrifa Jóhann Einvarðsson, Guðmundur Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Minni hl. nefndarinnar, hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir, hefur skilað sérstöku minnihlutanefndaráliti.

Rétt er að taka fram líka að allar þær umsagnir sem allshn. Nd. hafði fengið um þetta mál fengu meðlimir hv. allshn. þessarar deildar og gátu kynnt sér þær umsagnir mjög vel. Ég held að ekki þurfi að hafa mörg orð um þetta. Þetta er það mál sem Alþingi hefur sennilega hvað mest fjallað um í allan vetur. Það er búið að vera á dagskrá meira og minna á fundum í Nd. lengi fram eftir vetri og er sennilega það mál sem fjölmiðlar hafa einna mest fjallað um í vetur.

Ég ætla því ekki að fjölyrða á þessu stigi meira um frv. sem flm. þessa meirihlutanál. Ég legg til að frv. verði samþ. eins og meiri hl. nefndarinnar gerir.

Frsm. minni hl. allshn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. allshn. sem er á þskj. 1022.

Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi eftir að deildin hafði haft þetta mál til umræðu í um það bil eina klukkustund og 10 mínútur. Á fund nefndarinnar mættu samkvæmt beiðni allir fulltrúar áfengisvarnaráðs, Ólafur Ólafsson landlæknir, Böðvar Bragason lögreglustjóri, og Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, og veittu upplýsingar.

Mig langar að vitna lítillega í þá umsögn áfengisvarnaráðs sem kom til hv. allshn. Nd. en allar umsagnir til þeirrar nefndar gengu upp til nefndar Ed. því að ekki var varið neinum sérstökum tíma til þess að afla annarra umsagna en þeirra sem þegar höfðu borist. Ég vil vekja athygli á því að áfengisvarnaráð er í raun ráðgefandi hópur fyrir ríkisstjórnina og hefur þess vegna sérstaka stöðu því að í lögum um áfengisvarnir stendur í 28. gr.:

„Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyslu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyslu.“

Áfengisvarnaráð hefur þannig sérstakt hlutverk sem ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórnina. Mig langar í mjög stuttu máli rétt að tæpa á þeim ráðleggingum sem áfengisvarnaráð gaf hv. þm. og þá í allshn. Nd.

Þeir gefa sínar ráðleggingar í sjö liðum. Fyrsti liðurinn varðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Þeir vitna þar í tilmæli hennar um að aðildarþjóðirnar minnki áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta og því sé nauðsynlegt að huga að því hvaða ráð séu líklegust til að stuðla að því að slíkt takist. Þar þurfi að mörgu að hyggja og vafasamt að taka út einn þátt áfengismála einungis eins og gert er í frv. og það því fremur að líklegt sé að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls, eins og svo hógværlega er komist að orði í grg. með því, eins og segir í umsögninni. „Tæpast er við hæfi,“ segja þeir, með leyfi forseta, „að stuðla að aukinni neyslu meðan nágrannaþjóðir vorar berjast við að draga úr henni.“

Annað atriði þeirra varðar í raun þá þál. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum sem samþykkt var 7. maí 1981 á Alþingi og leiddi til skipunar nefndar sem minnst hefur verið á hér í umræðunum. Ég vitna ef ég má, með leyfi forseta:

„Þessar tillögur“ — þ.e. nefndarinnar — „um áfengismálastefnu sem unnið var að samkvæmt ályktun Alþingis hafa enn ekki verið ræddar þar. Hins vegar er í þessu frv. einn þáttur áfengismála slitinn úr samhengi við aðrar aðgerðir og látið svo heita í greinargerð að það sé gert til að samræma áfengislöggjöfina. Þessi vinnubrögð eru í meira lagi vafasöm, svo vægilega sé til orða tekið, og það því fremur sem í frv. er stefnt í þveröfuga átt við tillögur áfengismálanefndar, en þar segir um áfengt öl:

„Áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar er falið að gera tillögur í samræmi við markaða stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem er m.a. að minnka áfengisneyslu um fjórðung.“

Kemur því ekki til greina að bæta nýjum gerðum af áfengi við þær sem fyrir eru.“

Mig langar í þessu sambandi að geta lítillega viðbragða þeirra sem komu frá áfengisvarnaráði, en sumir fulltrúar þess áttu einmitt sæti í þessari stóru áfengismálanefnd sem skipuð var af þáv. heilbrmrh. Þeim fannst nánast móðgun sú eina brtt. sem samþykkt var í Nd. við afgreiðslu þessa frv. Þegar liggur fyrir þykk skýrsla með niðurstöðum þessarar stóru nefndar um það hvernig megi stuðla að því að draga úr heildarneyslu áfengis og koma í veg fyrir þau alvarlegu vandamál sem fylgja ofneyslu. En hins vegar var eina brtt. sem Nd. treysti sér til að samþykkja við frv., að skipa enn aðra nefnd til að

vinna nákvæmlega sama starf og unnið hafði verið í þrjú ár af 17–18 manns. Þótti þeim þetta í raun grófleg móðgun við störf þessarar stóru nefndar og ég vil að það komi fram hér.

Í þriðja lagi nefna þeir til íslenska heilbrigðisáætlun sem rædd var hér á síðasta þingi og reyndar einnig á heilbrigðisþingi nú í febr. s.l. að frumkvæði hæstv. heilbrrh. Þeir tala einmitt um erindi þessarar áætlunar og ég vitna stuttlega þar sem þeir segja um hana, með leyfi forseta:

„Í grg. með frv. segir að tilgangurinn með að heimila bruggun og sölu áfengs öls sé m.a. að afla ríkissjóði tekna. Að vísu rekur eitt sig á annars horn í grg. en ljóst er þó að hún er öll leikin á öðrum nótum en þeim sem slegnar eru í íslenskri heilbrigðisáætlun. Með tilliti til „samræmis" og þess að leitast við að grafast fyrir um samhengi hlutanna væri eðlilegt að fjalla ítarlega um heilbrigðisáætlunina áður en stórfelld skemmdarverk yrðu unnin á þeim vettvangi sem hún beinist að.

Í fjórða lagi minnast þeir á, með leyfi forseta, reynslu finnsks landshöfðingja í Nylandsléni í Finnlandi, en þar er m.a. höfuðborgin Helsinki. Hann heitir Jakob Södermann og leggur nú til að farið verði að dæmi Svía og milliöl bannað. Orsakir þess að hann leggur slíkt til er síaukin áfengisneysla. Árið 1986 var hún 8,6% af hreinu áfengi á hvern íbúa, 15 ára og eldri, og þar af leiðandi stóraukið tjón af hennar völdum og vitnað er í dagblað í Finnlandi, Huvudstadsbladet. Þetta segir okkur kannski meira en flest annað um frjálsa sölu milliöls í Finnlandi.

Í fimmta lagi vitna þeir í aðgerðir norska Stórþingsins þar sem segir að þeir muni ekki ætla að láta tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta sem vind um eyrun þjóta. Þeir grípa nú til ýmissa aðgerða, m.a. að stemma stigu við fjölgun áfengisdreifingarstaða. Og mig langar að vitna í Morgunblaðið frá 20. apríl 1988 þar sem segir, með leyfi forseta, í frétt frá Noregi:

„Norska þingið samþykkti á mánudag tvenn lög sem að líkindum koma við kaunin á þeim 4 milljónum Norðmanna sem neyta tóbaks og áfengis. Norðmenn eru meðal mestu reykingamanna í heiminum, en frá 1. júlí verða þeir að hætta reykingum á opinberum stöðum nema sérstök svæði hafa verið afmörkuð fyrir þá í veitingahúsum og á hótelum samkvæmt nýju lögunum."

Og þarna má segja, virðulegur forseti, að Norðmenn séu að fylgja í kjölar okkar því að nú eru senn nokkur ár síðan við settum einmitt lög um sama efni, að takmarka reykingar á opinberum stöðum, einmitt vegna þess hve miklu heilsutjóni reykingar valda og hafa nú Norðmenn vitkast. — Síðan heldur áfram: „Fjórir af hverjum tíu Norðmönnum reykja og greiða næstum 30 norskar krónur, 183 íslenskar, fyrir vindlingapakkann."

Og hér kemur þá erindi sem á við þetta málefni: „Norska stjórnin fékk einnig samþykkt lög sem banna fjölgun áfengisverslana næstu tvö árin, auk þess sem áfengi hækkar í verði." Þarna eru stýrandi aðgerðir til að hafa áhrif á heildarneyslu.

Í sjötta lagi vitna þeir til Bandaríkjamanna og Sovétmanna sem þeir segja að stefni í sömu átt. Þeir hafi m.a. hækkað lögaldur til áfengiskaupa í 21 ár en hann hafi áður verið lækkaður í 18 ár víðast hvar í ríkjum þeirra.

Og í sjöunda lagi vekja þeir athygli á áskorun 16 prófessora við læknadeild Háskóla Íslands. En það er þó rétt að taka fram að skoðanir lækna eru talsvert skiptar í þessum efnum og er langt frá því að þeir séu allir sammála.

Þetta var sem sagt tilvitnun í ummæli áfengisvarnaráðs sem kom á fund til nefndarinnar.

Ólafur Ólafsson landlæknir kom einnig á fund nefndarinnar og hann hefur talsvert látið til sín taka í krafti embættis síns til að vara við því að sala og bruggun áfengs öls verði leyfð án þess að nokkuð annað komi til sem draga ætti úr heildarneyslu. Mig langar að vísa stuttlega í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið fyrir skömmu, 29. mars á þessu ári, sem heitir „Áfengisneysla, sjúkdómar og slys", með leyfi forseta:

„Er ég dvaldist sem ráðgjafi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Kaupmannahöfn veturinn 1984–1985 gerði ég úttekt á áfengisstefnu 19 Evrópulanda og gerði jafnframt tilraun til þess að meta afleiðingar mismunandi áfengisstefnu. Til þess að auðvelda samanburð milli landa var hverju landi gefinn svokallaður áfengiseftirlitsstuðull, Alchohol Control Score á ensku. Stuðullinn er reiknaður út eftir þessum þáttum:

1. Framleiðslu og dreifingu áfengis í landinu, m.a. hvort sala áfengis sé einhverjum takmörkunum háð eða það sé selt meira og minna frjálst, t.d. í matarverslunum. Einnig var tekið tillit til afgreiðslutíma.
2. Verði áfengis miðað við kaupmátt.
3. Fræðslu um áfengi, auglýsingar og fleira.

Upplýsingar fengust úr heilsufarsbanka stofnunarinnar [þ.e. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar]. Norðurlöndin að undanskilinni Danmörku eru með hæsta áfengiseftirlitsstuðulinn. Stuðullinn fer hækkandi eftir því sem eftirlitið er meira og aðgengi að áfengi er minna. Dánartíðni í umferð fer hratt lækkandi eftir því sem áfengiseftirlitsstuðullinn er hærri. Ísland er í neðsta flokki" — og síðan koma tölur um fylgni og marktækni. Fylgnin er 0,71–0,76, þ.e. hún er marktæk, en P er lægra en 0,001. Þetta eru tölfræðilegar viðmiðanir. — „Dánartíðni í umferðinni fer ört hækkandi eftir því sem selt áfengismagn á hverja 100 þúsund íbúa eykst. Ísland er í neðsta sæti. Fylgnin er 0,77 [þ.e. marktæk því að P-stuðullinn er enn minni en 0,001]. Dánartíðni í umferð fer þannig ört hækkandi eftir því sem tíðni skorpulifrar eykst. Ísland er í neðsta sæti og fylgnin er 0,86–0,83 [þ.e. marktæk, P er enn lægra en 0,001].

Samtímis framangreindri rannsókn gerði ég úttekt á þætti áfengis við drukknun, fall, brunaslys og

heimaslys meðal vestrænna þjóða. Í ljós kom að áfengisnotkun gat verið samverkandi þáttur í allt að 50–70% þessara slysa (meðaltal 30–35%). Sérstök úttekt á um 7 þús. heimaslysum á höfuðborgarsvæðinu á árinu 1979 leiddi í ljós að áfengi var samverkandi þáttur í um 40% dauðaslysa og vitnað er í Heimaslys sem er rit frá landlæknisembættinu frá 1987. Hingað til hafa ekki mörg vinnuslys hér á landi verið skráð á kostnað áfengisnotkunar, en er stórt vandamál t.d. í Danmörku, Vestur-Þýskalandi og fleiri löndum þar sem bjór er almenn neysluvara.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er áfengisnotkun samverkandi þáttur í 70–90% ofbeldisslysa. Könnun var gerð á kjálkabrotum einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu sem leituðu til slysadeildar Borgarspítalans fyrir nokkru og vitnað er í Sigurjón Ólafsson tannlækni. Í ljós kom að hlutdeild slagsmála var 45% á Íslandi eða svipað og í Finnlandi. Í öðrum vestrænum löndum voru slagsmál í 8–30% tilfella orsök kjálkabrota. Athyglisvert var að konur verða mun oftar fyrir kjálkabrotum á Íslandi en í nágrannalöndunum. Á Íslandi var áfengisnotkun samverkandi þáttur við kjálkabrot í 90% tilfella" — og þetta eru alvarlegar niðurstöður, að drukknir menn berja konur svo að þær kjálkabrotna mun oftar á Íslandi en í öðrum löndum.

„Athugað var hvort breytileg meðalævilengd í 17 löndum í Evrópu stæði í sambandi við heildaráfengissölu í viðkomandi landi. Marktækt samband [og það er P sem er lægra en 0,05] reyndist milli heildaráfengissölu og meðalævilengdar karla, en hins vegar ekki marktækt samband milli áfengissölu og meðalævilengdar kvenna. Heildaráfengissala reyndist skýra 30% af breytileika meðalævilengdar karla, en hins vegar aðeins 13% fyrir konur. Athyglisvert er að á Íslandi er áfengissala einna minnst og ævilíkur mestar. Það er alþekkt læknisfræðileg staðreynd að mikil áfengisneysla styttir líf manna, annað að konur neyta undantekningarlaust mun minna áfengis en karlar. Þessar tvær staðreyndir styðja þá tilgátu að með því að draga úr heildarsölu megi auka ævilíkur. Línuritið um áfengisneyslu og ævilíkur er að vísu ekki sönnun um orsakatengsl fyrrnefndra þátta, en rennir styrkum stoðum undir læknisfræðilegar staðreyndir. Mikil ábyrgð fylgir að stuðla að auknu áfengisflæði hér á landi.

Aðgengileiki og verðstýring að verulegu leyti virðast vera þeir þættir sem stjórna áfengisneyslu. Það er því mikil einföldun á flókinni orsakakeðju þegar birt eru línurit er sýna að dregið hafi úr heildaráfengissölu í Svíþjóð samtímis því að bjórsala hófst í vínbúðum þar og jafnframt talið að sala bjórs hafi valdið minni neyslu sterkra drykkja. Það gleymist að samtímis þessum breytingum urðu miklar verðhækkanir á áfengi í Svíþjóð og þá sérstaklega sterkum drykkjum. Ef bjórfrv. verður samþykkt á Alþingi legg ég til að sterkri verðstýringu verði beitt til þess að freista þess að koma í veg fyrir aukningu á áfengisflæði í landinu eins og Svíar gerðu."

Og síðan er samantekt þessarar greinar: „Áfengisstefnan er býsna ströng á Íslandi og þar af leiðandi er tíðni skorpulifrar og dánartíðni í umferð lægri en í öðrum löndum. Áfengisnotkun virðist þó vera jafnoft samverkandi þáttur í slysum og ekki síst ofbeldisslysum á Íslandi og í nágrannalöndunum. Trúlega hefur þó ströng áfengisstefna stuðlað að langlífi á Íslandi. Sala áfengs öls virðist yfirleitt hafa aukið áfengismagn í umferð, t.d. á Norðurlöndunum ef dæma má af reynslu Skandínava og Breta." Og vitnað er í rit sem heitir „Alcohol or Narcotica" eftir H.V. Fekjær, British Journal of Addiction.

„Nokkrar deilur hafa orðið um þetta atriði og stjórnast þær meira af tilfinningahita en rökrænni hugsun. Enginn" — og ég vil leggja áherslu á þetta — „hefur þó getað bent á sönnun þess að sala áfengs öls hafi að öllu jöfnu dregið úr áfengisflæði.

Með samþykkt bjórfrv. í þeirri mynd sem það er tel ég að hleypt væri af stað mjög vafasamri tilraunastarfsemi. Út frá heilsufarslegu sjónarmiði get ég því miður ekki gerst meðmælandi frv. Aðgerðir sem stuðla að aukinni áfengissölu ganga gegn yfirlýstri stefnu um heilbrigði, um langlífi fyrir alla árið 2000.

Enginn vafi leikur á að verðstýring er mikilvægur þáttur við stjórnun á sölu áfengis og hefur þar af leiðandi mikil áhrif á tíðni sjúkdóma og slysa. Legg ég til að Alþingi setji ákvæði í lög um að tekið skuli tillit til tillagna heilbrigðisyfirvalda í þessu efni, en hingað til hafa heilbrigðisyfirvöld vart verið virt viðlits í þessu efni" og lýk ég þá tilvitnun minni í orð landlæknis.

Aðrir komu einnig á fund nefndarinnar og vil ég sérstaklega geta þess að Höskuldur Jónsson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var spurður um hvort sú verslun væri í raun viðbúin því að versla með bjór ef þetta frv. yrði samþykkt. Kvað hann engan viðbúnað vera til slíks og hafði talsverðar áhyggjur af því hvernig ætti að fara með hið mikla magn sem ætla má að verði selt. Mig minnir að núverandi magn áfengis sem verslað er með hérlendis sé rúmar 3 millj. lítra og það mundi aukast trúlega um 7 millj. lítra og verða 10 millj. lítra eða eitthvað því um líkt. Ég þori þó ekki alveg að fullyrða um þessar tölur. Er það rétt? (Gripið fram í.) Já, þá er það rétt sem ég fer með. En það er talsvert mikil aukning sem krefst auðvitað bæði stærra húsnæðis og flutningsvagna og því fylgir töluvert mikill kostnaður fyrir verslunina.

Það var einnig á máli hans að heyra að hann byggist við því og taldi reyndar að það mundi þá verða framleiðendanna að sjá um birgðageymslu því að það yrði mjög kostnaðarsamt fyrir Áfengisverslunina að gera það.

Hann taldi einnig mjög líklegt að í náinni framtíð yrðu gerðar kröfur um að bjór yrði seldur annars staðar en í Áfengisversluninni og taldi að erfitt yrði að verða ekki við þeim kröfum. Ég vitna í hann eftir minni þannig að ég skal ekki fullyrða nákvæmlega um orðalag hans, en hann taldi samt afar líklegt að bjórinn yrði seldur innan tíðar annars staðar en í

áfengisverslunum einungis. Ég vil að það komi fram hér.

Allshn. Nd. bárust fjölmargar umsagnir um frv. og voru þær sendar áfram til Ed. eins og ég sagði áður. Mikill meiri hluti þessara umsagna mælti í raun gegn samþykkt frv. Það vita allir að mjög skiptar skoðanir eru meðal þjóðarinnar um hvort leyfa skuli bruggun og innflutning á áfengu öli án þess að annað verði að gert. Það kemur reyndar glögglega fram, þegar skoðanakannanir eru nánar athugaðar, að stuðningur við þetta mál er mestur meðal þeirra sem yngri eru, en strax um miðjan aldur breytast hlutföllin þannig að fólk sem komið er yfir miðjan aldur og þaðan af eldra, meiri hluti þess, er andvígt bjór. Þetta kemur fram í plaggi sem sent var alþm. og er frá samvinnunefnd bindindismanna, en þar eru skoðanakannanir nánar athugaðar og skilgreindar, en ég mun ekki eyða tíma deildarinnar í að fara ítarlega út í það efni hér en vísa til þess sem alþm. var sent.

Fjölmörg félagasamtök og einstaklingar hafa sent þingmönnum áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar. Þær eru nær undantekningarlaust á einn veg, að þær skora á þingmenn að samþykkja ekki frv. Ég hef þegar vitnað í tvær eða þrjár slíkar áskoranir og mun ekki eyða tíma deildarinnar til þess að vitna í fleiri þó sannarlega væri ástæða til þess. Ég vil samt, ef ég má með leyfi virðulegs forseta, vekja athygli á umsögn sem Tómas Helgason læknir hefur sent til nokkurra alþm. Það eru hugleiðingar hans vegna breytinga á áfengislöggjöfinni. Hann hefur um áratuga skeið stundað rannsóknir á áfengisneyslu í samvinnu við aðra og ég bendi hv. alþm. á að ná sér í næsta Læknablað, ég er hér með próförk af aprílhefti blaðsins, þar sem stór hluti þess fjallar einmitt um niðurstöður rannsókna á áfengissýki og áfengisneyslu. Hugleiðingar hans eru eftirfarandi, ef ég má vitna til þeirra með leyfi forseta, og ég vil aðeins áður en ég hef tilvitnun í þessar hugleiðingar leggja ríka áherslu á þetta atriði vegna þess heilbrigðis- og félagsvanda sem hlýst af aukinni heildarneyslu. Það finnst mér vera meginmál og nauðsynlegt að dvelja aðeins við það þó að það kosti nokkrar mínútur:

„Á undanförnum rúmum 60 árum hefur sífellt verið dregið úr hömlum á sölu áfengis hér á landi og það gert æ aðgengilegra þrátt fyrir að mönnum hafi verið ljósar hætturnar sem gætu stafað af neyslu áfengis, einkum fyrir aðra en þá sjálfa. Rökin sem beitt hefur verið hafa jafnan verið svipuð, að auka frjálsræði og jafnrétti þegnanna sem eiga að bera ábyrgð á eigin lífi. Allar breytingar á áfengislöggjöf hafa átt að bæta áfengismenningu okkar, draga úr ofnotkun og koma í veg fyrir slys og sjúkdóma. Aldrei hefur beinlínis verið reiknað með að notkun ykist þó að sú hafi orðið raunin. Alltaf hefur verið talað um nauðsyn fræðslu, hana yrði að auka og bæta svo komið yrði í veg fyrir misnotkun og fólk gæti betur haft stjórn á neyslu sinni.

Reynslan hefur hins vegar orðið þveröfug. Áfengisnotkun hefur stöðugt vaxið, ofnotkun orðið enn meiri og sjúkdómstilvikum og slysum sem rakin verða til áfengisnotkunar fjölgað og lítið hefur orðið úr fræðslunni eða a.m.k. sést ekki árangur hennar hvað heildaráfengisneyslu þjóðarinnar varðar. Þrátt fyrir breytingar í frjálsræðisátt er enn beitt helstu aðgerðum hér á landi sem annars staðar eru taldar nauðsynlegar til að halda heildarneyslu niðri. Verðlagið er hátt, en hefur haldist nokkuð stöðugt miðað við kaupmátt tímakaups í 50 ár. Reynt hefur verið að hafa það misjafnt eftir styrkleika og breyta verðhlutföllum á milli brenndra vína og léttari vína án þess að það hefði áhrif á heildarneyslu eða drykkjuvenjur svo nokkru næmi. Bannað er að auglýsa áfengi en áfengiskynning er samt mjög mikil í fjölmiðlum og umræða um það yfirleitt jákvæð.

Ríkið hefur haft einkasölu og útsölustaðir verið tiltölulega fáir og með hefðbundnum hætti þar til á síðasta ári að opnuð var ein vínbúð með kjörbúðarsniði og önnur í tengslum við almenna verslun. Þetta ásamt mjög mikilli fjölgun vínveitingastaða á síðustu árum hefur gert áfengi aðgengilegra en áður. Mikil ásókn er í að gera það enn aðgengilegra með fjölgun útsölustaða og enn frekari fjölgun vínveitingastaða. Mest mun aðgengileikinn þó aukast með tilkomu áfengs öls sem nú virðist vera meiri hluti fyrir á Alþingi. Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa einhverja stjórn á framboði og sölu áfengis og allir um nauðsyn á því að draga úr eftirspurn.

En hvernig á að ná þessum markmiðum? Um það er verulegur ágreiningur. Því ber brýna nauðsyn til að setja fram nýja heildarstefnu í áfengismálum áður en framkvæmd verður sú róttæka breyting sem nú er rætt um. Ef slíkt verður ekki gert er ólíklegt að takast muni að ná markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar um að draga úr heildarneyslu og tíðni ölvunardrykkju og áætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að draga úr heildarneyslu um 25% fram til aldamóta.

Leita þarf nýrra leiða til að hafa stjórn á heildarneyslu landsmanna og til að fræða þá um nauðsyn og gagnsemi slíkrar stjórnunar. Jafnframt þarf að finna nýjar og áhrifaríkari aðferðir til að draga úr eftirspurn og kveða skýrt á um hvort tveggja í löggjöf um sölu og framleiðslu áfengis.

Áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar setti fram hugmyndir sínar um stefnu í áfengismálum í janúar 1987. Þær eru allrar athygli verðar og ástæða til að ræða þær nánar þó að meiri hluti alþm. virðist vera sumum andvígur.

Ýmsar fleiri leiðir þarf að kanna. Setja mætti í lög að heildarneysla landsmanna skyldi ekki fara fram úr því sem nú er og síðan minnkuð um 2% á ári til aldamóta. Jafnframt yrði ákveðið hvernig þessu markmiði yrði náð. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess að einkaaðilar hafi ekki hagnað af áfengisframleiðslu eða sölu og að engir eigi afkomu sína undir slíkri starfsemi. Þetta á ekki síst við um veitingahús og framreiðslufólk.

Áfengisverslun ríkisins ætti að ákveða verð á

áfengi á vínveitingastöðum og allt verðið ætti að renna til hennar. Ef rétt er að vínveitingastöðunum sé jafnmikil nauðsyn á að selja áfengi og sagt er vegna gesta sinna ætti að vera nóg að fá að afgreiða áfengi án þess að hagnast á því í von um að selja annað sem þeir hagnast meira á. Nauðsynlegt er að kanna hver hafi verið reynslan af kjörbúðarfyrirkomulaginu og ákveða hvort slíkt eigi að viðhafa áfram. Talið er að kjörbúðin í Kringlunni hafi annars konar viðskiptavini og selji jafnvel frekar aðrar tegundir en þær vínbúðir sem fyrir voru. Tryggja þarf áhrif heilbrigðisstjórnarinnar á verðlagningu svo að verði sé stýrt til að draga úr neyslu en ekki til að afla ríkissjóði tekna.

Til að draga úr eftirspurn er ekki nóg að veita börnum og unglingum fræðslu um áfengi heldur þarf að leggja áherslu á fullorðinsfræðslu og heilsufarslegt gagn hófsemi og bindindis. Hér hafa ríkisfjölmiðlar sérstöku hlutverki að gegna þar eð sumir einkafjölmiðlar hafa beinlínis haldið uppi áróðri gegn bindindi. Þessari fræðslu þarf að koma á framfæri með ýmsum hætti og ekki hvað síst með fordæmi opinberra aðila. Merkja þarf allar umbúðir sem innihalda áfengi með aðvörun um að áfengi sé vímugjafi sem gæti verið vanabindandi og skaðlegur heilsu manna ásamt upplýsingum um áfengismagn innihaldsins. Ameríska læknafélagið hefur lagt til að þetta verði gert í Bandaríkjunum og munu nokkur fylki þegar hafa framkvæmt þessa ábendingu.

Taka þarf afstöðu til þessara og fjölmargra annarra atriða sem geta haft áhrif á framboð og eftirspurn áfengra drykkja áður en núverandi löggjöf verður breytt í þá veru að leyfa sölu áfengs öls. Sé það ekki gert er veruleg hætta á aukinni heildarneyslu áfengis í landinu og tilsvarandi auknum heilsufarsskaða."

Þetta voru hugleiðingar manns sem hefur um margra áratuga skeið rannsakað afleiðingar ofneyslu áfengis og ég tel þær allrar athygli verðar og sannarlega ýmislegt í þeim sem framkvæma mætti í tengslum við þá umræðu sem hér fer fram nú og hefur farið fram á þessu þingi nú í vetur.

Þó að heildarneysla áfengis sé minni hér en víða í nágrannalöndum okkar eigum við síst við minni heilbrigðis- og félagslegan vanda að stríða vegna áfengisneyslu og áfengissýki en aðrar þjóðir. Allir hljóta að vera sammála um að koma þurfi í veg fyrir þennan vanda, m.a. með því að draga úr heildarneyslu áfengis.

Miklar umræður hafa orðið á undanförnum árum um vímuefnanotkun barna og unglinga sem fer vaxandi meðal vestrænna þjóða og er víða orðin að alvarlegum vanda. Reynslan sýnir að neysla áfengis er yfirleitt undanfari neyslu annarra og hættulegri vímuefna og reyndar sýnir reynsla margra þjóða að þar sem bjór er á boðstólum byrja unglingar jafnan drykkju fyrr en ella.

Löngu er orðið brýnt að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnamálum.

Þann 7. maí 1981 var samþykkt ályktun á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur um opinbera stefnu í áfengismálum. Fjölmenn nefnd var skipuð til að vinna að undirbúningi slíkra tillagna og skilaði hún niðurstöðum í janúar 1987. Tillögurnar eru ítarlegar og vel unnar í anda þeirrar stefnu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mótað í þessum efnum og benda má sérstaklega á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. Að því marki er nú stefnt meðal allra menningarþjóða.

Íslensk heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi og rædd ítarlega á fjölmennu heilbrigðisþingi þann 5. febr. sl. er einnig sniðin í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og samhljóða tillögum nefndarinnar. Í heilbrigðisáætluninni segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Skaðleg notkun áfengis. Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi. Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu."

Og síðan er markmið 8 í þessari áætlun:

„Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar.

Almenna neyslu áfengis þarf að minnka. Á næsta hálfum áratug verður lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram verðlag og sterkt áfengi meira en létt.

Sett verði áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti, fyrst árið 1990."

Tvískinnungur og ósamræmi þykir mörgum ríkja nú í meðferð áfengs öls á Íslandi þar sem sumir geta keypt og neytt þess, en aðrir ekki. Hér eru einnig á boðstólum fjölmargar tegundir sterkra áfengra drykkja en ekki áfengt öl sem telst til léttra, áfengra drykkja. Á þessu verður best tekið, að mínu mati, með því að móta heildarstefnu í áfengismálum.

Í frv. er lagt til að bæta við nýrri tegund áfengis sem öll líkindi benda til að auka muni heildarneyslu áfengis. Þrátt fyrir það eru engar ráðstafanir fyrirhugaðar til mótvægis sem dregið gætu úr aukinni neyslu.

Með tilliti til þess sem að framan greinir og með hliðsjón af því að ekki er nægilega vel staðið að forvörnum og meðferð barna, unglinga og fullorðinna sem verða fórnarlömb áfengis- og vímuefnaneyslu get ég ekki stutt frv. og legg til að það verði fellt.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu sem ég hef hér vitnað til.

Ég vil að lokum gera nokkrar athugasemdir í

sambandi við það sem kom fram í atkvæðagreiðslu í Nd. en þar vísaði hæstv. heilbrmrh. í samtal, væntanlega persónulegt samtal, við forstjóra Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, forstöðumann þeirrar stofnunar, sem lýsti undrun yfir því að hér skyldi ekki fást áfengt öl þó hér fengjust sterkir drykkir. Nokkrir læknar höfðu frumkvæði að því að hafa bréfaskipti við stofnunina og fengu þá bréf frá yfirmanni áfengisvarna- og geðverndardeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og í lauslegri endursögn minni segir þar, ef ég má vitna í bréf frá Marcus Grant sem er vísindamaður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, í geðverndardeildinni:

Það rennur eins og rauður þráður gegnum allt fræðsluefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um áfengismál að sterk tengsl eru milli heildaráfengisneyslu einstaklinga og heilbrigðis- og félagslegra vandamála sem hljótast af áfengisneyslu og áfengissýki. Þar af leiðir að þegar mótuð er opinber áfengisstefna er nauðsyn að gæta mikillar varúðar í því að taka skref sem leitt gætu til aukinnar áfengisneyslu einstaklinga þar sem búast má við því að slíkt leiði til samsvarandi aukningar á heilbrigðis- og félagslegum vanda.

Ísland sker sig úr meðal þjóða hvað varðar heildaráfengisneyslu sem er lægri en víða annars staðar. Það er ekki mitt hlutverk að gera athugasemdir við það stjórnmálaferli eða þær ákvarðanir sem liggja að baki þeirri umræðu sem nú er á þingi yðar. Þó er rétt að hugleiða það að frá hollustusjónarmiði mun viðbót nýrrar áður óleyfðrar áfengistegundar að öllum líkindum auka heildaráfengisneyslu nema gripið verði til annarra ráða sem miða sérstaklega að því að koma í veg fyrir slík áhrif.

Þetta er meginefni þessa bréfs og þar sem þetta er líka meginefni í nál. sé ég enga leið til þess að samþykkja frv. sem ekki er um leið viðbúið til að taka á þeim vanda sem aukin heildarneysla býður upp á. Hitt er svo annað mál að einmitt vegna þess hve skort hefur á fræðslu og hversu þeir sem hafa stundað hana, jafnvel haft það að starfi fyrir hið opinbera, hafa átt undir högg að sækja með þessa fræðslu og vegna brtt. í Nd., sem fjallaði um auknar fjárveitingar til slíkrar fræðslu sérstaklega með tilliti til samþykktar frv. þar sem búast mætti við aukinni heildarneyslu, vil ég benda hv. þm. á að tveir aðilar, sem sjá um fræðslu í ávana- og fíkniefnum hjá skólaþróunardeild menntmrn. annars vegar og hjá áfengisvarnaráði hins vegar, hafa sagt upp störfum sínum vegna þess að tillagan var felld í Nd. og mig langar að vitna lítillega í það bréf sem þeir sendu ráðherrum heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála, með leyfi forseta:

„Hæstvirtir ráðherrar.

Á undanförnum árum hefur verið unnið verulega að því að koma baráttunni gegn áfengisvandamálum í farsælli farveg. Í því skyni m.a. var stofnuð nefnd að frumkvæði Alþingis undir stjórn heilbrrn. og átti að leggja drög að opinberri áfengismálastefnu á grundvelli stefnumörkunar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem leggur til að dregið verði úr neyslu áfengis til að stuðla að bættu heilbrigði fólks. Nefndin skilaði ítarlegum tillögum til ríkisstjórnarinnar 1986.

Í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er í víðtækri áætlun um heilbrigði og heilsuvernd hér á landi gert ráð fyrir því að draga verulega úr neyslu áfengis til næstu aldamóta. Mikil áhersla hefur verið lögð á að virkja skólakerfið í forvarnarstarfi, einkum grunnskólann, sbr. lög nr. 23/1983, þar sem bætt er í grunnskólalögin frá 1974 ákvæði um fræðslu um áhrif áfengis og annarra fíkniefna. Verulegt átak var gert í þessari fræðslu í tíð tveggja fyrrv. ráðherra, Ragnhildar Helgadóttur og Sverris Hermannssonar, með ráðningu námsstjóra í hálft starf í fræðslu um þessi efni og ákvörðun um útgáfu viðamikils námsefnis. Allt er þetta gert í þeirri trú að fræðsla um fíkniefni hafi áhrif á viðhorf fólks til þeirra og neyslu þeirra. Enn telja margir sig sæla í þeirri trú og fræðsla oftast nefnd til lausnar þess vanda sem neyslu þeirra fylgir.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt, innan þings og utan, hvort leyfa beri sölu áfengs öls í landinu. Í tengslum við þá umræðu hefur farið fram mikil fræðsla í formi greinargerða og samantekta á ýmsum fyrirliggjandi upplýsingum um áfengt öl. Ekki síst hefur þessari fræðslu verið beint til alþm. Nær allar þær upplýsingar sem komið hafa fram benda til að leyfi til sölu áfengs öls í landinu verði til þess að neysla áfengis aukist og þá um leið vandamál vegna þess.

Þrátt fyrir þessar upplýsingar og framangreinda stefnumörkun sem miðar að því að draga úr neyslu áfengis hefur meiri hluti alþm. í Nd. Alþingis, og þar með taldir þið, yfirmenn okkar, ráðherrar heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála, ekki séð ástæðu til að taka tillit til þeirra eða láta þær ráða afstöðu ykkar við afgreiðslu á frv. sem felur í sér að leyfa sölu á áfengu öli í landinu. Þetta er mikið áfall fyrir fræðslu- og upplýsingastefnuna í áfengis- og fíkniefnamálum og með þessu hafið þið og fleiri þm. komið slíku óorði á fræðslu sem leið í forvarnarstarfi að við teljum hana rúna trausti.

Við undirritaðir sem höfum sinnt fræðslu- og upplýsingastarfi um áfengis- og önnur fíkniefnamál meðal skólanema, kennara og kennaranema um árabil teljum okkur því ekki fært að sinna þessum störfum áfram þar sem ætla má að við önnur öfl sé að etja en þau sem aukin þekking fær við ráðið, enda teljum við hæpið að gera ráð fyrir því að landsmenn almennt taki fremur mark á fræðslu okkar en alþm. og ráðherrar á fræðslu og upplýsingum mun fróðari og hæfari fræðara."

Undir þetta rita 2. maí Ingólfur Guðmundsson og Árni Einarsson.

Ég hef nú í nokkru máli reynt að vekja athygli á mikilvægi þess heilbrigðis- og félagslega vanda sem hlotist getur af því að auka við heildarneyslu áfengis án þess að gripið sé til einhverra aðgerða til að reyna að finna mótvægi og draga úr neyslu áfengis.

Ég hef þegar sagt að ég leggi til að þetta frv. verði fellt. Hins vegar vil ég líka að það komi skýrt fram að þetta er ekki mál sem varðar einungis þá 63 einstaklinga sem sitja á Alþingi, jafnvel þó að þeir séu kosnir til að sinna fulltrúastörfum fyrir þjóðina. Þetta er mál sem flestir hafa myndað sér skoðanir um og það eru mjög skiptar skoðanir um þetta mál meðal þjóðarinnar. Mér finnst það vera beinlínis kjörið og ég sé ekki annað en að það séu langar og gamlar hefðir fyrir því að þjóðin sjálf fái að ákveða um mál eins og þetta. Svo miklu skiptir það okkur öll sem heild. Þess vegna mun ég styðja tillögu ef fram kemur um að vísa þessu máli til þjóðarinnar þannig að við getum öll tekið afstöðu til þessa máls en ekki einungis lítill hópur 63 aðila þó að við séum kjörnir fulltrúar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í allshn. sem hafði frv. til umfjöllunar, eins og fram hefur komið, og nafn mitt er ritað undir álit meiri hl. allshn. Þó að ég hafi ekki skrifað undir meirihlutaálitið með fyrirvara þykir mér samt rétt að láta mitt viðhorf koma hér fram og mun reyna að gera það í sem stystu máli því ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál svo mjög sem um það hefur verið fjallað á undanförnum árum, bæði hér á hv. Alþingi og manna á meðal.

Ég tek heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í nál. minni hl. sem hv. flm. þess, 6. þm. Reykv., mælti fyrir áðan. Þar kemur fram að þó að heildarneysla áfengis sé minni hér en víða í nágrannalöndum okkar eigum við síst við minni heilbrigðis- og félagslegan vanda að stríða vegna áfengisneyslu og áfengissýki en aðrar þjóðir. Allir hljóta að vera sammála um að koma þurfi í veg fyrir þennan vanda, m.a. vímuefnanotkun barna og unglinga sem fer vaxandi meðal vestrænna þjóða og er víða orðin að alvarlegum vanda, og vissulega er löngu orðið brýnt að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnamálum.

Það er einnig rétt, sem fram kemur í nál., að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. Að því marki er nú stefnt meðal allra menningarþjóða og ég tek undir þessi markmið.

Ég vil einnig taka undir það, sem fram kemur í íslenskri heilbrigðisáætlun um skaðleg áhrif áfengis og gerð er grein fyrir í nál., m.a. að þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi og þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu. Undir allt þetta tek ég.

Ég tek einnig undir markmið 8, sem er getið um í nál., að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar, að almenna neyslu áfengis þurfi að minnka, á næsta hálfum áratug verði lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi. Undir þetta allt tek ég. Þar kemur einnig fram að það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Þá vil ég sérstaklega taka undir það sem kemur fram í lok þessa nál. um að tvískinnungur og ósamræmi ríkir nú í meðferð áfengs öls á Íslandi þar sem sumir geta keypt og neytt þess en aðrir ekki. Hér eru einnig á boðstólum fjölmargar tegundir sterkra áfengra drykkja en ekki áfengt öl sem telst til léttra áfengra drykkja. Á þessu verður best tekið með því að móta heildarstefnu í áfengismálum, kemur fram í nál., og undir allt þetta tek ég heils hugar.

En ég get ómögulega verið sammála því að verið sé að bæta við nýrri tegund áfengis. Að mínu áliti er aðeins verið að færa eina tegundina, þá veikustu, inn í löglega áfengisverslun og létta þar með af heimilunum birgðasöfnun á þessum forboðna ávexti sem aðeins forréttindahópar mega kaupa og flytja inn í landið, sem er safnað í bílskúra vítt og breitt um landið. Ég vil að Áfengisverslunin sé birgðastöðin en ekki heimilin. Þannig held ég að megi gera ráð fyrir því að verði betra að fylgjast með neyslunni.

Ég vil líka taka fram að mér dettur ekki í hug að halda því fram að ég hafi endilega rétt fyrir mér og að hinir, sem eru á öndverðum meiði um þetta frv., fari með rangt mál. Það dettur mér ekki í hug að segja. Þeim gengur gott eitt til og þeir eru að reyna að leiða okkur inn á réttar brautir að þeirra mati og ég virði þeirra skoðanir. En ég bið þá einnig í staðinn um það að það sé virt við mig að ég fari eftir eigin sannfæringu í þessu efni. Það er nú einu sinni svo að það er ekki hægt að gera svo öllum líki og það hefur komið hér fram, m.a. í máli hv. 6. þm. Reykv., að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta frv. og það er því miður ekki hægt að deila atkvæði sínu upp á milli vina sinna vítt og breitt í þjóðfélaginu og láta suma fá hlut í því að greiða atkvæði með og aðra hlut í því að greiða atkvæði á móti. Þess vegna finnst mér að ég verði að gera það upp við mig og fara eftir eigin sannfæringu og greiða atkvæði samkvæmt því. En markmið okkar allra hlýtur að vera það sama. Okkur greinir aðeins á um leiðina að þessu markmiði eins og svo oft gerist.

Ég vil aðeins að lokum segja að við þurfum sameiginlegt átak, við þurfum vakningu til að vinna að því markmiði íslensku heilbrigðisáætlunarinnar að minnka áfengisneyslu um fjórðung til næstu aldamóta. Mér finnst það hreint ekki óraunhæft markmið. Mér er ljúft að geta þess að á fundi nefndarinnar þegar áfengisvarnaráð kom til viðtals kom það fram hjá formanni áfengisvarnaráðs og það voru hans lokaorð að án tillits til þess hver afgreiðsla þessa frv. yrði hér í þinginu, það tók hann fram, væri áfengisvarnaráð tilbúið að vinna áfram að því markmiði að minnka áfengisneyslu. Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum í þeim efnum. Þrátt fyrir að

okkur greini á um þetta atriði held ég að vandinn sé allt annars staðar og við þurfum að finna lausn á þeim vanda. Ég á enga ósk heitari fyrir okkur hv. alþm. en að þessi kaleikur verði nú frá okkur tekinn og við þurfum ekki oftar að standa frammi fyrir því vandamáli að greiða atkvæði um þetta mál á hv. Alþingi.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Hv. þingdeildarmenn. Síðasti ræðumaður tók raunar af mér það ómak að flytja langt mál vegna þess að ég get tekið undir þau orð sem hún flutti. Ég vil þess vegna koma að nokkrum meginatriðum sem eru þau að andstæðingar þessa frv. koma út af fyrir sig með ákveðin og mjög mikilvæg rök sem eru fyrst og fremst almenn rök gegn áfengisneyslu. Undir þau og þær röksemdir má taka að mestu leyti. En það má benda á og einmitt í framhaldi af orðum hv. 6. þm. Reykv. þegar hún benti á að það væri minni heildarneysla áfengis hér á landi en víða erlendis að hún benti líka á að samt sem áður væri um síst minni heilbrigðislegan og félagslegan vanda að ræða en hjá öðrum þjóðum. Í öðru lagi benti hv. þm. á að ofbeldisbrot væru jafnalgeng og sum jafnvel algengari hér á landi en hjá þeim þjóðum þar sem ölneysla er leyfð. Þetta eru mjög athyglisverðar yfirlýsingar.

Þá var rætt um að nauðsynlegt væri að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnamálum og ég tek heils hugar undir þau sjónarmið sem komið hafa fram í þessum umræðum hér á undan. Það sem þarf að fjalla um sérstaklega er m.a. hvernig draga má úr heildarneyslu áfengis með sterkri verðstýringu, hvernig má koma í veg fyrir að aðgengileiki að áfengi verði of auðveldur eða of mikill. Það þarf að fjalla um hvernig veita megi auknu fjármagni til þeirra aðila sem stunda virkt varnaðarstarf í þessum efnum og það þarf að fjalla um með hvaða hætti megi koma við aukinni fræðslu sem hefur áhrif varðandi skaðsemi neyslu áfengis- og vímuefna. Ýmis fleiri atriði mætti nefna.

Það er mitt álit að tafir á afgreiðslu þessa máls og umfjöllun um þetta atriði hafi mjög hindrað og tafið fyrir því að áfengismálin hafi fengið eðlilega umræðu og framgang eða eðlilegt varnaðarstarf hafi fengið eðlilega umfjöllun hér á þinginu. Ég leyfi mér að benda á að skoðanakannanir sem framkvæmdar hafa verið nú um árabil hafa allar bent mjög eindregið til þeirrar niðurstöðu að aukinn meiri hluti þjóðarinnar vilji fá áfengt öl. Ég lít þannig á spurninguna að það sé verið að deila um valfrelsi fólks, hvaða form það hefur á neyslu á leyfðum vímugjafa. Það má deila um hvort eðlilegt sé að vímugjafi eins og þessi sé leyfður, en þar sem hann er leyfður erum við að deila um form, ekkert annað.

Það var ýjað að því í máli hv. 6. þm. Reykv. að til greina gæti komið að fram yrði borin tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga, en þá ber að skoða að þetta mál hefur verið til umfjöllunar á Alþingi um nokkurt árabil. Það hefur fengið þá meðferð að ég hygg að þjóðinni sé farið að ofbjóða með hvaða hætti mál ganga fyrir sig á Alþingi. Ég lít því þannig á að það væri Alþingi til nokkurs vansa að afgreiða þetta mál ekki núna.

Þá vil ég að lokum benda á og taka undir með síðasta ræðumanni að nú þegar er um mikinn innflutning og mikla neyslu að ræða á áfengu öli. Það var talað um forréttindahópa sem gætu og hefðu ákveðna birgðasöfnun á öli í bílskúrum og kannski öðrum geymslustöðum. Ég hygg að það séu ekki bara forréttindahópar heldur sé það nokkuð algengt og raunar má halda því fram og hefur verið gert, m.a. af erlendum aðilum, að áfengt öl hefði ákveðið og fast markaðsverð á Íslandi og það væri ekki flókið mál að ná í það. Þessi atriði þurfa líka að koma til skoðunar og athugunar þegar þingmenn velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að samþykkja það lagafrv. sem hér liggur fyrir eða ekki.

Ég tek heils hugar undir þau orð sem hér hafa komið fram í umræðunum um nauðsyn mjög öflugs varnaðarstarfs gegn áfengisneyslu og vímuefnaneyslu. Ég hygg að þær nefndir sem hingað til hafa starfað og sent frá sér nefndarálit um þessi efni hafi gert það í góðri trú, en þar hafi e.t.v. vantað inn í meiri þekkingu á því vandamáli sem hér er um að ræða. Það væri æskilegt þegar Alþingi skipar næst nefnd til þess að fjalla um og gera úttekt á áfengisvandamálum að þeir menn veldust til þeirra starfa sem mesta og besta þekkingu hafa til að koma með tillögur til þess að komið verði í veg fyrir þá verstu hluti sem af áfengisneyslu geta leitt.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég ræddi efni þessa frv. nokkuð við 1. umr. og mun því ekki drepa á mörg atriði, en þó geta aðeins um þá reynslu sem ég fékk af þessu máli af veru í dómsmrn. um nokkurt skeið. Þá var hér hafin sala á bjórlíki og hafinn áróður fyrir sölu og neyslu á því. Miðað við þann fjölda sem til mín kom í dómsmrn. sem hafði verið tekinn ölvaður við akstur vegna neyslu á einu eða tveimur bjórglösum fór það ekki milli mála að aukin bjórneysla eykur á ölvun við akstur. Þeir sem því vilja styðja að því að auka bjórneyslu eru þá vísvitandi að stuðla að akstri manna undir áhrifum áfengis og allir vita hvað slíkt hefur í för með sér. Það þýðir lítið að tala þá um mikla einlægni í því að vilja vinna gegn slysum í umferð en sýna svo annað í verki.

Hitt atriðið, sem einnig kom glöggt fram á þeim tíma sem bjórlíkissalan var, var að þeir útsölustaðir sem spruttu þá upp fyrir þann drykk urðu samastaðir fyrir þá sem vildu fiska í gruggugu vatni og græða á því að selja ólögleg fíkniefni og þá einnig af því að þeir töldu þar vera gott andrúmsloft fyrir þá starfsemi. Þannig er með þessu tvímælalaust verið að leggja grundvöll að stöðum sem þannig fer með.

Mér finnst að þó ekki séu nema þessi tvö atriði, sem ég bendi á, séu þau svo alvarleg að hver einasti maður hljóti að verða að hugsa um afleiðingarnar.

Það hefur verið bent á í umræðunum að það sé æskilegra að flytja birgðageymslu ölsins af heimilunum yfir í Áfengisverslunina. En ætli menn fari í áfengisverslun til að kaupa eina og eina bjórdós? Ætli það verði ekki nokkuð meira magnið sem innkaupin verða og það síðan geymt í kæliskápum heimilanna ekki síður og auðvitað í miklu ríkara mæli?

Þeir sem mæla með samþykkt frv. leggja líka áherslu á að það þurfi að efla starf bindindisfélaga og annarra sem vilja vinna í þá átt. Það eiga sem sagt einhverjir aðrir að bjarga samfélaginu þó að hér sé verið að samþykkja frv. sem tvímælalaust eykur þrýsting á áfengisneyslu. Það stoðar lítið að tala um að einhverjir aðrir eigi að vinna varnaðarstarf ef síðan er sunginn dýrðaróður um blessun þess að hafa þennan drykk í sem ríkustum mæli og það séu mannréttindi og grundvöllur að lífshamingju eins og kom fram í 1. umr. málsins.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að þessu sinni. Ég vænti þess að hv. Ed. muni fella frv. sem hér liggur fyrir.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hinn 30. des. 1982 lagði ég fyrir þáv. ríkisstjórn sem heilbr.- og trmrh. tillögu um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Tillagan var á þessa leið:

„Skipuð verði á vegum ríkisstjórnarinnar nefnd sem vinni að undirbúningi tillagna um opinbera stefnu í áfengismálum, sbr. efni þál. sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1981. Með starfi þessarar nefndar á að stefna að því að ná fram þeim grunni er byggja mætti á heildstæða og markvissa stefnu og löggjöf um stjórnun áfengismála, þ.e. um tilbúning og dreifingu áfengis, áfengisvarnir, meðferð áfengissjúkra, rekstur meðferðarstofnana og um upplýsinga-, rannsókna- og fræðslustarfsemi."

Gert var ráð fyrir því að nefndin tæki til starfa strax frá og með áramótun 1982, en þar sem það dróst að tilnefna menn í nefndina frá þeim fjölmörgu aðilum sem við óskuðum eftir tilnefningu frá var hún ekki skipuð fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Nefndin skilaði áliti sínu til ríkisstjórnarinnar 6. jan. 1987, en hún hafði áður skilað þremur áfangaálitum til ríkisstjórnarinnar.

Nefndin gerði tillögu 6. jan. 1987 til ríkisstjórnar um áfangaskiptingu verksins þannig að tillögur um ákveðna þætti gætu legið fyrir á mismunandi tímum. Áfangarnir voru þessir:

Fyrstu þrír mánuðirnir í starfi nefndarinnar fóru í að kanna sértillögur um átak í þessum málum sem yrði unnt að hrinda í framkvæmd þegar á næstu missirum og áður en ríkisstjórnin hefði endanlega ákveðið hvernig standa ætti að stefnumótun í áfengismálum. Ég segi þetta í tilefni af orðum hv. 8. þm. Reykv. áðan þegar hann sagði að það væri nauðsynlegt að um þessi mál, áfengismál og þann vanda sem þeim fylgir í okkar samfélagi óhjákvæmilega, og í slíkum nefndum væru menn sem hefðu góða yfirsýn, þekktu til mála sem gerst.

Hverjir voru kallaðir til í þessa nefnd samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar? Það voru fulltrúar frá öllum þingflokkunum, einn frá hverjum þingflokki, einn fulltrúi frá hverju þeirra ráðuneyta sem með áfengismál fara, þ.e. heilbrmrn., dómsmrn., menntmrn. og fjmrn., og að auki einn frá forsrn. og síðan tilnefndu í nefndina landlæknisembættið, áfengisvarnaráð, meðferðarstofnanir ríkisins og SÁÁ, alls 17 manns.

Nefndin fékk frjálsar hendur um samráð við aðila sem tengjast þessum málum á einn eða annan hátt. Í starfi sínu fylgdist nefndin nákvæmlega með tillögum og ákvörðunum sem urðu til á þessum tíma á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og þeir sem áttu sæti í nefndinni voru þessir, hér nefndir til að sýna að það voru kallaðir til þeir sem þekktu þessi mál og höfðu víðtæka yfirsýn: Árni Einarsson uppeldisfræðingur, tilnefndur af samvinnunefnd bindindisfélaga, Árni Gunnarsson alþm., tilnefndur af Alþfl., Björgólfur Guðmundsson, formaður SÁÁ, tilnefndur af SÁÁ, Guðrún Ágústsdóttir borgarfulltrúi, tilnefnd af Alþb., Guðrún Ragnarsdóttir þjóðfélagsfræðingur, tilnefnd af Bandalagi jafnaðarmanna, Gunnar Gunnarsson sálfræðingur, tilnefndur af fjmrh., Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir, tilnefndur af meðferðarstofnunum ríkisins, Jón Ormur Halldórsson, tilnefndur af forsrh., Jón Helgason þáv. alþm., nú ráðherra, tilnefndur af Framsfl., Kristín Jónsdóttir kennari, tilnefnd af Samtökum um kvennalista, Níels Árni Lund íþróttafulltrúi, tilnefndur af menntmrh., Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur, tilnefndur af áfengisvarnaráði, Ólafur Walther Stefánsson skrifstofustjóri, tilnefndur af dómsmrn., Pétur Sigurðsson alþm., tilnefndur af Sjálfstfl., Sigmundur Sigfússon geðlæknir, tilnefndur af landlækni. Ritari nefndarinnar og sérstakur starfsmaður var ráðinn þegar í upphafi Hrafn Pálsson félagsráðgjafi, nú deildarstjóri í heilbr.- og trmrn.

Nefndin sendi frá sér, eins og ég sagði áðan, ítarlegar tillögur um þessi efni til ríkisstjórnarinnar, fyrst áfangatillögur allmargar, en síðan heildartillögur í ársbyrjun 1987.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hygg að það séu fá dæmi þess að Alþingi hafi foraktað nefnd og álit hennar með jafneindregnum hætti og gerðist í þessu máli. Hér var virkilega um það að ræða að hópur sérfróðra aðila var kallaður til til að gera tillögur um raunverulega stefnu í áfengismálum á vegum opinberra aðila. Þessi nefnd sendi skýrslur til dómsmrh., til heilbrmrh., til menntmrh., til forsrh. og það var ekkert gert með þessar tillögur. Þannig gerðist það að í rauninni varð það plagg sem nefndin sendi frá sér heldur gagnslítið, en í staðinn fyrir að taka alvarlega á þeim þáttum sem í plagginu eru ákvað Alþingi aftur og aftur að fjalla hér um það hvort ætti að innleiða áfengt öl í landinu eða ekki.

Þegar þessi nefnd samþykkir að leggja til að gripið sé til ráðstafana til að draga úr áfengisneyslu í

landinu með markvissum hætti, hvernig svarar hið virðulega Alþingi þessari vönduðu tillögugerð sem er sett fram með heiðarlegum hætti að bestu manna yfirsýn, hvernig svarar þessi virðulega stofnun þá? Hún tekur plaggið, því er dreift á borð þingmanna og svo fer það þarna í ruslakörfurnar. Punktur.

En í rauninni bætti Alþingi svo um betur og tók fyrir frumvörp þráhyggjumanna sem hafa hér aftur og aftur verið að reyna að koma í gegn þessu bjórfrv. *fyrst og fremst með þeim rökum að þeir segja:* Það er ómögulegt fyrir Íslendinga að vera ekki eins og hinir. Og þeir segja: Það er hlegið að okkur þegar við komum til útlanda. Það er beinlínis þannig að menn standa á öndinni af flissi, útlendingar, þegar *Íslendingar segja að það sé enginn bjór til á Íslandi.* Og menn eru svo ógnarlega spéhræddir að þeir þoldu ekki að standa framan í útlendingum í þessu máli fremur en í virðisaukaskattsmálinu sem við vorum að ræða um í gær, þeir þorðu ekki og þoldu ekki að standa framan í útlendingum og segja: *Við* höfum engan bjór, og sögðu: Við verðum að vera eins og aðrar siðmenntaðar þjóðir, og það var farið að róta hér í gegn bjórfrumvörpum.

Nú geta menn auðvitað sagt sem svo: Í rauninni breytir þetta sáralitlu, vegna þess að við höfum áfengi í landinu. Þetta breytir sáralitlu. Þetta er aðeins formbreyting. Og þá spyr ég hv. alþm. sem hér eru og ætla að styðja þetta mál: Til hvers eru þeir á Alþingi? Til hvers eru menn kosnir á Alþingi og til hvers sitja menn hér og starfa? Sitja menn ekki hér í þeirri góðu trú og sannfæringu að þeir eigi að *vera hérna til að láta gott af sér leiða?* Það eru örugglega uppi skiptar skoðanir um hvernig við með bestum hætti látum gott af okkur leiða. Það eru örugglega skiptar skoðanir um hvaða meginstefnum á að fylgja í þeim efnum. En við erum öll sannfærð um að *við séum hérna til* þess að valda einhverju jákvæðu með atkvæði okkar, með málflutningi, með áherslum, með tillögugerð í þessari virðulegu stofnun. Ég spyr þá hv. alþm. sem ætla að standa að því að samþykkja frv. um áfengan bjór: Er einn einasti þingmaður sem ætlar að standa að því sannfærður um að þetta muni bæta ástandið á Íslandi? Er einn einasti þingmaður sem ætlar að styðja frv. sannfærður um að það muni bæta ástandið í áfengismálum? Er einn einasti þingmaður í þessum sal sannfærður um að þetta muni fækka áfengissjúklingum? Er einn einasti þingmaður í þessum sal sannfærður um að þetta muni draga úr kostnaði ríkisins við meðferð áfengisvandamála? Enginn þingmaður er þeirrar skoðunar. Allir þingmenn viðurkenna, líka þeir sem styðja þetta mál, að með því að keyra það í gegn sé verið að taka áhættu, ekki fyrir okkur sem einstaklinga heldur fyrir þjóðina í heild. Það eru allir sammála um að það sé verið að taka umtalsverða áhættu. Og ég segi: Til hvers að vera að taka hana? Til hvers að vera að taka þessa áhættu? Erum við að taka þessa áhættu fyrir fáa vegna þess að við gerum marga hamingjusama? Eru það rökin? Það geta ekki verið rökin. Það væri ekki mannúðarstefna vegna þess að hamingja hinna fáu kemur okkur líka við. Þess vegna er það þannig í grundvallaratriðum að þegar fólk skoðar hug sinn og mér liggur við að segja hjartalag í máli af þessu tagi hljóta allir að komast að þeirri niðurstöðu að hér er ekki verið að ganga götuna til góðs. Hér er verið að taka áhættu fyrir þjóðina sem engin ástæða er til að taka. Við leysum engan vanda með því til eða frá.

Og af hverju ætli það sé, herra forseti, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, þar sem eru saman komnir þeir menn sem best þekkja til þessara mála með vísindalega þekkingu, gróna um áratuga skeið, komast að þeirri niðurstöðu á þingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að það beri að stefna að því að reyna að draga úr neyslu áfengis? Það er vegna þess að menn gera sér grein fyrir þeim hættum sem þessi efni hafa fyrir heilsufar þjóðanna. Og er það þannig að hér í þessari góðu deild okkar, Ed., norður við ysta haf, sé saman komin vísindaleg *þekking og vissa innan í mönnum fyrir því að það sé* hægt að segja: Allt þetta eru í raun og veru tóm aukaatriði sem verið er að segja við okkur af þessum alþjóðlegu sérfræðingum. Ég segi fyrir mig: Ég tel mig ekki þess umkominn að standa frammi fyrir þjóðinni sem ábyrgur alþm. og segja: *Öll* þessi sérfræðiálit eru lítils virði, þau eru einskis virði. Eða hafa menn kannski sannfærst um að rétt sé að innleiða áfengt öl hér á landi vegna þess að þeir hafi farið yfir þær stofnanir sem sinna meðferð áfengismála í þessu landi og sannfærst um að það sé nauðsynlegt að auka heldur við þær en hitt? Ég spyr hv. þm.: Hafa þeir kynnt sér ástandið á þessum stofnunum? Hafa þeir rætt við það fólk sem hefur orðið áfengisvandamálinu að bráð? Hafa þeir hitt allan þann fjölda ungs fólks, barna, unglinga sem hefur orðið fyrir barðinu á þessu vandamáli? Ætla menn *þrátt fyrir þessa reynslu, sem allir hafa,* að ganga núna fram fyrir þjóðina og segja: Það sem þjóðin þarf núna er meira áfengt öl?

Ég hef velt því fyrir mér hvernig stendur á því að hv. þm., sem hljóta að hafa þennan skilning á sínum stað, ætla samt sem áður að hella áfengu öli yfir þjóðina. Getur það verið vegna þess að menn segi sem svo: Það er svo mikið af þessu hér í landinu hvort eð er? Getur það verið vegna þess að menn segja sem svo: Það er svo miklu smyglað, það kemur svo mikið með skipunum, það kemur svo mikið í Fríhöfninni að það þýðir í raun ekkert að vera að þessu? Getur verið að það séu rökin? Þá eru það nákvæmlega jafnvitlaus rök og segja: Hættum að innheimta skatta af því að skattsvikararnir eru svo margir. *Það væru pottþétt rök eða hitt þó heldur.* Nei, það væri hundalógík, hv. þm. En það er einmitt það sem verið er að segja. Í stað þess að sporna við vandanum, í stað þess að taka á vandanum á að gefast upp, setja upp tærnar, leggjast flatur og segja: *Úr því að þetta er svona skulum við bara leyfa* þessu öllu að koma hérna inn. Auðvitað getur Alþingi Íslendinga ekki brugðist við með þessum hætti. Auðvitað hlýtur Alþingi Íslendinga að horfa á

hlutina heildstæðara en svona. Þessi rök duga ekki. En þau eru, ég finn það alveg á hv. þm. sem styðja þetta mál, einu rökin sem þeir eiga, að það sé hvort eð er svo mikið af þessu sulli að það sé best að sulla því bara löglega yfir, það er svo mikið af því ólöglega.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ég held að það sé nauðsynlegt þegar menn ræða þessi mál að þá séu grunnrökin skoðuð eins og þau sem ég hef verið að reyna að setja fram í fullri alvöru. Mér hefur stundum fundist að umræðan um þessi mál, t.d. hjá vinum okkar þarna hinum megin við hurðina, sem ég hef að vísu mest séð í fjölmiðlum og reyndar heyrt aðeins í gegnum vegginn, hafi oft ekki verið til að skýra vandann satt best að segja. Ég segi alveg eins og er að mér finnst að þar halli sáralítið á í málflutningnum.

Mér finnst t.d. ekki í rauninni neitt innlegg í mál af þessu tagi að búa til sakaskrá og lesa upp nöfn 130 eða 140 lækna á annan hvorn veginn. Ég held að slíkur málflutningur þjóni ekki þinginu þegar það er að komast að niðurstöðu í þessu máli. Ég held að það sé miklu vænlegra að við skoðum grundvallaratriðin lið fyrir lið. Það eru þessi grundvallaratriði, herra forseti, sem ég hef hér verið að gera að umtalsefni.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, og hef aldrei verið þeirrar skoðunar að það þjónaði neinum tilgangi að vera að halda hérna langar málþófsmessur um þetta mál frekar en önnur. Það hefur ekki verið tíðkað í þessari deild í vetur að menn væru í málþófi heldur hafa menn skipst á skoðunum með eðlilegum málefnalegum hætti. Frá því kunna að vera örfáar undantekningar og þar held ég að við eigum öll einhvern hlut að máli og enginn sé heilagur. En í heildina tekið hafa umræður verið málefnalegar og jákvæðar. Og ég vona að rök sem eru sett fram heiðarlega hrífi enn á menn. Ég vona að menn geti enn þá eða öllu heldur þori að skipta um skoðun undir umræðum í þinginu ef þeir heyra betri rök en þeir hafa áður hlustað á. Ég vona að það sé þannig að hver einasti þingmaður finni hjá sér þörf fyrir að taka sjálfstæða, heiðarlega og málefnalega afstöðu á grundvelli þeirra raka sem flutt eru hverju sinni. Ég vona satt að segja í fullri alvöru, herra forseti, að áður en atkvæðagreiðsla fer fram um þetta mál skoði menn hug sinni og spyrji allir, hver einasti þingmaður: Er ég að bæta ástandið með okkar þjóð með því að styðja frv. um áfengt öl? Er ég trúr þeirri skyldu sem ég hef sem alþm. gagnvart þjóðinni?

Það er ofboðslegt satt að segja, herra forseti, í þessum málum þegar þeir sem eru að styðja þetta mál eru að halda löngu forvarnarræðurnar. Það er eðlilegt að menn vilji efla forvarnarstarf, það er eðlilegt í þessu efni. En það stangast á annars vegar að hella þessum milljónum lítra yfir þjóðina og hins vegar að segja: Forvarnir, forvarnir! Ætli það væri ekki skynsamlegra að forvarnirnar væru þær að við byrjum á Alþingi Íslendinga og ákveðum að fella þetta frv.? Það bætir ekki neitt, það leysir engan vanda og við vitum öll að við erum að taka áhættu fyrir þjóðina, fyrir börnin okkar og fyrir komandi kynslóðir í þessu landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JE, JúlS, BGísl, SalÞ, StG, VS, DS, EG, JM, GuðmÁ, GHG, HÁ, HBl.

nei: JHelg, MF, SkA, SvG, ÞK, EgJ, GA, KSG.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Jóhann Einvarðsson:

Hæstv. forseti. Hér er einungis verið að heimila sölu áfengis að styrkleika innan við 10%. Ég get ekki fallist á að hér sé í raun um jafnhættulegt mál að ræða og ýmsir hafa viljað vera láta og í trausti þess að upplýsingar og fræðsla um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis verði stóraukin segi ég já.

Þorv. Garðar Kristjánsson:

Herra forseti. Skv. þál. frá 7. maí 1981 ákvað Alþingi að láta undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu landsmanna. Ég stóð að þessari þingsályktun.

Þó að nauðsyn sé að flýta aðgerðum rekur ekki nauður til að taka fyrir sérstaklega einn þátt málsins og þeim mun síður þar sem ekki verður séð nema síður sé að bjórdrykkja sé umfram annað til þess fallin að stuðla að minni áfengisneyslu. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn frv. þessu og segi nei.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Með tilliti til viðskipta með áfenga drykki á Íslandi og þeirrar staðreyndar að stór hluti landsmanna hefur nú þegar aðgang að áfengu öli með löglegum hætti tel ég að besta vörnin gegn skaðlegum áhrifum vínanda sé fólgin í stóreflдri forvarnarstarfsemi hins opinbera, m.a. í skólum og á vegum frjálsra samtaka bindindismanna. Það ber að efla forvarnarstarfið með stórauknum fjárframlögum í fjárlögum til baráttunnar gegn neyslu allra tegunda vímuefna. Það er eina raunhæfa leiðin í nútímaþjóðfélagi í þessum efnum. Boð og bönn duga ekki. Það ber að leggja aukna áherslu á öfluga upplýsinga- og ráðgjafarstarfsemi og endurhæfingu þar sem þess er þörf gegn neyslu vímuefna í hvaða mynd sem er. Með vísan til þessara atriða, herra forseti, segi ég já.

Guðrún Agnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er löngu orðið brýnt að móta heildarstefnu í áfengismálum. Í þessu frv. er einungis lagt til að taka á einum þætti og bæta við nýrri tegund áfengis sem öll líkindi benda til að auka muni heildarneyslu þess. Aukinni heildarneyslu fylgja aukin heilbrigðis- og félagsleg vandamál.

Þrátt fyrir það eru engar raunhæfar ráðstafanir fyrirhugaðar til mótvægis sem dregið gæti úr aukinni neyslu. Langt er frá að nægilega vel hafi verið staðið að forvörnum og meðferð barna, unglinga og fullorðinna sem verða fórnarlömb áfengis- og vímuefnaneyslu. Ég get því ekki stutt þetta frv. og segi nei.

2.–6. gr. samþ. með 14:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:4 atkv.

NEÐRI DEILD

91. fundur, fimmtudaginn 5. maí, að loknum fundum í Sþ.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyt. á ábúðarlögum á þskj. 791. Efni frv. er um að veita heimild til veðsetningar vegna bústofnskaupa á ríkisjörðum. Áður voru í gildi heimildir fyrir sveitarstjórnir að veita ábyrgð fyrir bústofnskaupalánum, en sú heimild fyrir sveitarstjórnir hefur nú verið niður felld. Þá skapast vandamál fyrir ábúendur ríkisjarða þar sem samkvæmt núgildandi ábúðarlögum er ekki heimild til að þeir geti veðsett eignir sínar á ríkisjörðum. Þess vegna er frv. flutt. Þetta hefur komið upp núna sérstaklega hjá þeim bændum sem hafa vilja til að hverfa að einhverju leyti frá refarækt yfir í minkarækt, en þá strandar á því að þeir geti notið þessarar aðstöðu til jafns við ábúendur annarra jarða.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1021.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar eins og það kemur frá hv. Ed. og vísa til þskj. 1021.

Í 1. gr. voru í upphaflegri gerð frv. talin nöfn nokkurra manna sem sótt höfðu um íslenskan ríkisborgararétt og uppfylltu að mati dómsmrn. ótvírætt þau skilyrði sem Alþingi hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Þegar ég mælti fyrir frv. í Ed. lágu fyrir í ráðuneytinu nokkrar umsóknir að auki um borgararétt sem á ýmsan hátt virtust meðmælaverðar þótt þær uppfylltu ekki að öllu leyti þau skilyrði sem Alþingi hefur yfirleitt sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar á undanförnum árum. Þessar umsóknir voru sendar hv. allshn. Ed. Hv. allshn. Ed. hefur tekið afstöðu til þessara umsókna og bætt við allmörgum nöfnum þannig að alls er hér gerð tillaga um að 38 menn hljóti íslenskan ríkisborgararétt. Við þessa vinnu naut hv. allshn. Ed. aðstoðar embættismanna Alþingis svo sem venja hefur verið auk starfsmanna dómsmrn.

Ég er sammála hv. allshn. Ed. um tillögur þeirra eins og þær birtast á þskj. 1021.

Í 2. gr. eru sömu ákvæði um nafnabreytingar þeirra manna erlendra sem ríkisborgararétt öðlast og gilt hafa á undanförnum árum.

Ég vil láta þess getið að við umræður í Ed. kom fram að ráðgert er að dómsmrn., allsherjarnefndir beggja deilda og skrifstofa Alþingis efni til samráðs á komandi sumri um hugsanlegar breytingar á þeim reglum sem gilt hafa frá því í maí 1978 til viðmiðunar við veitingu ríkisborgararéttar. Var þar m.a. nefnt að fyrir dyrum standi að Íslendingar gerist aðilar að þeim samningi milli Norðurlanda sem gilt hefur frá því árið 1969 um gagnkvæman rétt Norðurlandamanna til að öðlast ríkisborgararétt í öðru landi innan Norðurlandasvæðisins með skjótari hætti en gildir um menn með annað ríkisfang. Þá eru einnig til umræðu á vettvangi Evrópuráðsins breytingar á gagnkvæmum rétti til þess að öðlast ríkisborgararétt innan Evrópu. Verður það hvort tveggja lagt fyrir og tilraun til þess gerð að móta um þetta nýjar reglur.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 1038.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um virðisaukaskatt sem er 431. mál þingsins. Frv. um þetta efni hafa verið lögð fram áður, haustið 1983, haustið 1984 og 1986. Þessi frv. hlutu þá ekki

afgreiðslu.

Í grg. með frv. er rækilega fjallað um veigamestu þætti þess. Þar er gerð grein fyrir breytingum frá fyrra frv., helstu eiginleikum virðisaukaskattskerfisins í samanburði við núv. söluskattskerfi, áhrifum virðisaukaskatts á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, sérstaklega með afnámi uppsöfnunaráhrifa. Þar er gerð grein fyrir verðlagsáhrifum, þar er gerður samanburður á virðisaukaskattskerfi innbyrðis meðal aðildarríkja OECD. Þar er lýst helstu einkennum virðisaukaskattskerfisins, gerð grein fyrir undanþágum frá skattskyldu og skattskyldri veltu og frádráttarheimildum, lögð fram áætlun um tekjuöflun ríkissjóðs af virðisaukaskattskerfinu eins og það er útfært í þessu frv., vakin athygli á áhrifum af frestun tekna vegna innheimtukerfis og bættri fjárhagsstöðu fyrirtækja vegna aukinna veltufjármuna fyrirtækja við tilkomu virðisaukaskatts. Þá er fjallað um sérreglur að því er varðar landbúnað, sérreglur um byggingarstarfsemi, endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna hitunar íbúðarhúsnæðis. Þá er fjallað um skatthlutfallið og lagt mat á tekjur ríkissjóðs við mismunandi skatthlutföll, lagt mat á horfur um bætta innheimtu vegna eiginleika virðisaukaskattskerfisins, lagt mat á fjölgun framteljenda, sem þarf að vísu að leiðrétta, og fækkun skýrslna og enn fremur um kostnað við upptöku virðisaukaskattskerfis.

Að því er varðar undirbúning málsins skal þess getið að fulltrúar þingflokka stjórnarflokkanna hafa á undanförnum mánuðum allt frá því í febrúarmánuði fjallað um málið og það hefur breyst nokkuð frá upphaflegri gerð við þá umfjöllun. Í þeirri umfjöllun var einkum staldrað við eftirtalin atriði.

1. Innheimta skatts í landbúnaði, sérstaklega vegna sölu til vinnslustöðva.
2. Endurgreiðsla af vinnu á byggingarstað íbúðarhúsnæðis.
3. Skattlagning á sölu dagblaða.
4. Endurgreiðsla vegna húshitunar.
5. Skatthlutfallið.
6. Niðurgreiðslur sem áframhaldandi þáttur hliðarráðstafana vegna óbeinna skatta.
7. Gjaldfrestur við innflutning.
8. Breytt gildistaka frá upphaflegum áformum sem nú færist aftur um mitt ár 1989.

Frv. sem hér liggur fyrir er í þremur veigamiklum atriðum frábrugðið því frv. sem var til umfjöllunar fyrir hálfu öðru ári. Í fyrsta lagi skal nefnd sú meginbreyting að frv. er nú lagt fram sem liður í mótaðri heildarendurskoðun og endurmati á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Alþingi hefur þegar afgreitt veigamikla þætti þeirrar endurskoðunar þar sem eru breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt einstaklinga annars vegar og hins vegar ný tollalög og lög um vörugjald. Þau byrjunarskref sem þegar hafa verið tekin kalla á framhald og er frv. til laga um virðisaukaskatt stærsta skrefið í heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins sem boðuð var í starfsáætlun núv. ríkisstjórnar.

Í annan stað er nú svo komið að eftir ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, þar á meðal tekjuöflunarmálum á miðju síðasta ári og aftur í upphafi þessa árs, hafa skapast forsendur til upptöku á virðisaukaskatti með mun minni röskun á efnahags- og verðlagsmálum en búist var við. Söluskattsstofninn hefur þegar verið breikkaður mjög verulega og nær nú til flestra þeirra þátta sem virðisaukaskatturinn mun taka til samkvæmt frv. Í raun og veru er breikkun skattstofnsins, sem verður samkvæmt frv. umfram núgildandi kerfi söluskatts, einungis um 3%. Samfara þeirri breikkun sem gerð var áður voru gerðar ýmsar af þeim hliðarráðstöfunum sem áður þótti ljóst að grípa yrði til við upptöku virðisaukaskatts og voru vafalaust meginástæðan fyrir því að málið hefur hingað til ekki náð fram að ganga. Það mál er því nú þegar að baki. Breyting á tekjuskattskerfinu, hækkun barnabóta og barnabótaauka og lækkun tolla og vörugjalda var sá rammi sem settur var umhverfis breytingu á söluskatti um síðustu áramót. Heildaráhrif þessara breytinga á tekjudreifingu í landinu voru á þann veg að ráðstöfunartekjur í neðri hluta tekjustigans hækkuðu og kaupmáttur óx. Breyting úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt nú hefur því allt önnur hliðaráhrif að því er varðar tekjudreifingu og verðlag en orðið hefði síðast þegar virðisaukaskattur var til umfjöllunar á Alþingi.

Menn gera sér kannski ekki enn almennt ljóst að virðisaukaskattur er aðeins söluskattur í breyttri mynd, einn af mörgum neyslusköttum sem verið hafa hér á landi og annars staðar svo árum og áratugum skiptir. Menn virðast heldur ekki gera sér grein fyrir því að virðisaukaskattur hefur á síðustu 30 árum verið tekinn upp í hverju Evrópulandinu á fætur öðru og ætíð að undangenginni ítarlegri athugun í hverju landi og mati á kostum og göllum og mati á reynslu þeirra þjóða sem á undan hafa gengið. Það er athyglisverð staðreynd að engin Evrópuþjóð sem tekið hefur upp þetta skattform hefur horfið frá því aftur. Fullyrðingar um að ekki sé hægt að afnema skattinn eftir að honum hefur einu sinni verið á komið eru samt á misskilningi byggðar. Skýringin er önnur. Hún er sú að óbein skattheimta í formi neysluskatta hefur m.a. vegna niðurfellingar tolla orðið sífellt mikilvægari og stærri hluti af ríkissjóðstekjum viðkomandi landa. Þrátt fyrir stöðugt endurmat í þessum efnum hefur þessum löndum ekki tekist að finna annað skattheimtuform sem er jafnvirkt og samræmanlegt efnahagslegum markmiðum, þörfum atvinnuvega og skilyrðum þjóðarbúskapar eins og virðisaukaskattur.

Við umræður um virðisaukaskatt hefur sú spurning æ ofan í æ komið fram hvers vegna ekki sé unnt að lægfæra söluskattskerfið og gera það betra í stað þess að taka upp flóknari virðisaukaskatt. Þessu er til að svara að jafnvel þótt unnt væri að gera söluskattskerfið sem slíkt bærilega viðunandi felur sá skattur í sér eiginleika og galla sem gera hann alls óviðunandi frá efnahagslegu og viðskiptalegu sjón-

armiði. Það má vera að fram hjá þessum göllum megi líta og það hafi verið gert á meðan skatthlutfallið var tiltölulega lágt og á meðan nýir tollar einkenndu vöruviðskipti milli landa. Með þeirri þróun sem verið hefur og verður áfram með afnámi fjárhagslegra hafta á viðskiptum á milli landa verða gallar söluskattskerfisins æ berlegri og veikja stöðu þess ríkis sem beitir slíku skattkerfi gagnvart þeim ríkjum sem nota virðisaukaskatt. Það að stoppa upp í götin á söluskattskerfinu og byrgja fyrir undanskotsleiðir sem vissulega er mikilsvert markmið í sjálfu sér nægir því ekki til að gera söluskattinn að viðunandi frambúðarkosti. Ráðstafanir til að draga úr hinum óæskilegu samkeppnisáhrifum sem við þegar þekkjum í formi endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í hinum og þessum atvinnugreinum gera kerfið æ flóknara í framkvæmd eftir því sem lengra er gengið í þá átt. Dæmi um tilraunir til að vinna á móti göllum söluskattskerfis að þessu leyti má sjá t.d. í Finnlandi. Það verður þó við skoðun finnska kerfisins ekki sagt að slíkt kerfi sé einfaldara í sniðum og framkvæmd en virðisaukaskatturinn sjálfur.

Sem dæmi um hugmyndir manna um einfaldari lausnir með því að hafa áfram söluskatt og takmarka hann þá sérstaklega við innflutning, eins og nefndar hafa verið í þessum umræðum, vil ég vekja athygli á eftirfarandi staðreyndum:

Innflutningur til Íslands árið 1987 er að verðmæti ca. 60 milljarðar kr. Söluskattur á innflutning þyrfti að vera yfir 50% til þess að gefa þær tekjur sem fást af núverandi söluskattskerfi. Um þriðjungur innflutningsins eru fjárfestingarvörur og aðföng til iðnaðar. Söluskattur á þær af þessari stærðargráðu mundi íþyngja rekstri og skaða svo harkalega samkeppnisaðstöðu að ekki yrði við búið. Yrði skattur af þessum vörum endurgreiddur hins vegar þyrfti skattur á öðrum innflutningi að hækka upp í hvorki meira né minna en á bilinu 60–70% til þess að gefa sömu tekjur og núv. söluskattskerfi skilar af sér. Ef því er við bætt að söluskattur verði einungis lagður á innlenda framleiðslu en hins vegar ekki á þjónustu og verslun væri verið að efna til þvílíkrar mismununar fyrirtækja og atvinnuvega að kerfið mundi augljóslega undir engum kringumstæðum ganga upp.

Það er af þessum ástæðum sem frv. um virðisaukaskatt fær jákvæðar undirtektir flestra ef ekki allra talsmanna atvinnulífs á Íslandi við nánari skoðun. Þar gildir einu hvort menn spyrja um undirtektir talsmanna iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs eða verslunar. Uppsöfnunaráhrif söluskattsins, sem koma til vegna þess að framleiðendur söluvöru og seljendur þjónustu kaupa vörur til fjárfestingar á hluta aðfanga til framleiðslu með söluskatti, valda því að fyrirtækin verða að verðleggja vöru sína hærra en ella. Framleiðslukostnaðurinn er einfaldlega hærri vegna uppsöfnunaráhrifa skattsins á fyrri viðskiptastigum. Þetta er veigamikill þáttur í skýringunni á því hvers vegna framleiðslukostnaður í ýmsum greinum, þar á meðal t.d. í matvælaframleiðslu, er meiri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Fyrirtæki sem selur vörur sínar á erlendum markaði keppir þar við framleiðendur sem bjóða vöru sína fala án þess að burðast með þær skattdreggjar í verði hennar sem íslenski aðilinn verður að gera.

Sama máli gegnir um innflutning. Sala erlendrar vöru, sem hingað kemur frá landi með virðisaukaskatt, seld hinum íslenska innflytjanda án þess að í verði hennar felist nokkur skattur, á innlendum markaði nýtur góðs af því í samkeppni við innlenda vöru sem verðlögð hefur verið með tilliti til þess að greiða söluskatt af fjárfestingu og ýmiss konar aðföngum. Afnám hafta, lækkun tolla og aðflutningsgjalda gera þessa samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, bæði í útflutningi og á heimamarkaði, sífellt alvarlegri. Ókostur söluskattsins og uppsöfnun hans hefur ekki aðeins áhrif á samkeppnisstöðu milli innlendrar og erlendrar vöru hvort sem er á innlendum eða erlendum markaði. Þessi áhrif birtast einnig í því að atvinnugreinum er mismunað og einstökum fyrirtækjum innan sömu atvinnugreinar er mismunað.

Uppsöfnun söluskattsins er mjög mismunandi og einstök fyrirtæki verða á mismunandi hátt fyrir barðinu á uppsöfnuninni eftir því hvernig skipulagi þeirra er háttað, hvar framleiðsla þess er og hvernig framleiðsluferillinn er. Þannig hafa þessi uppsöfnunaráhrif verið metin á bilinu allt frá 2% upp í 6% í verði innlendrar framleiðslu á mjög mismunandi veg eftir því um hvaða atvinnugrein við erum að ræða. Þessi óæskilegu áhrif söluskatts á aðstöðu fyrirtækja til samkeppni kemur m.a. fram í því, öfugt við það sem hefur verið haldið fram í umræðum um virðisaukaskattskerfið, að söluskatturinn er vilhallur stórfyrirtækjarekstri en óvilhallur smærri fyrirtækjum og því í litlu samræmi við fyrirtækjauppbyggingu og fyrirtækjadreifingu í okkar landi. Vegna söluskattsins er hagkvæmara fyrir stórfyrirtæki að reka innan sinna vébanda ýmsa starfsemi, t.d. þjónustustarfsemi sem ella yrði að kaupa af minni aðilum en þá með söluskatti. Tilraunir hafa verið gerðar til þess að leysa þennan vanda með skattlagningu á innri þjónustu fyrirtækja, þar á meðal opinberra fyrirtækja, en slíkt fyrirkomulag hefur í reynd reynst nær óframkvæmanlegt. Þótt hér hafi aðeins verið drepið á nokkur atriði má ljóst vera að bætt söluskattskerfi er ekki raunhæfur kostur til að tefla fram á móti virðisaukaskatti.

Því hefur verið haldið fram að virðisaukaskattur sé flóknari og dýrari í framkvæmd en söluskattur og af þeim ástæðum sé óráð að hafa skipti á þessum tveimur skattkerfum. Víst er það að reiknað er með að í framtíðinni verði meiru til kostað til þess að koma upp og viðhalda virðisaukaskattskerfinu en nú er gert við söluskattinn. Hitt er ósannað og verður ekki sannað að söluskattskerfi sem nálgast virðisaukaskatt að skilvirkni og gæðum mundi kosta nokkru minna. Staðreynd er það að hjá þeim þjóðum, sem hafa byggt upp virðisaukaskattskerfi af hvað mestri skynsemi og rekið það sem slíkt undan-

þágulaust og án frávika og hafa ekki látið þrýstihópa og sérhagsmuni setja sitt soramark á kerfið, er virðisaukaskatturinn ódýrasta skattheimta sem völ er á — ég endurtek, ódýrasta skattheimta sem völ er á — svo að ekki verður um deilt. Þannig er það t.d. staðreynd um virðisaukaskattskerfið í Svíþjóð að kostnaður við það, þegar það er orðið rótgróið og það skilar langsamlega mestum hluta af tekjum sænska ríkisins, er innan við 1% af þeim tekjum sem það skilar og er það langsamlega ódýrasti skatturinn í innheimtu í því landi.

Eins og áður segir er frv. liður í heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Í byrjun þessa árs voru gerðar veigamiklar breytingar á þessu kerfi. Þær breytingar voru annars vegar liður í nýsköpun skattakerfisins og hins vegar við það miðaðar að undirbúa jarðveginn og skapa betri forsendur en áður voru fyrir hendi til upptöku á virðisaukaskatti. Meginástæða þess að gripið var til síðastnefndu breytinganna, þ.e. breytinga á söluskatti, voru þær að brýnt var að efla fjárhag ríkissjóðs og binda endi á skuldasöfnun hans sem hefur verið viðvarandi í mörg ár.

Nú er ljóst að ekki var vanþörf á þessum ráðstöfunum. Þróun efnahagsmála frá áramótum hefur verið með þeim hætti að æskilegt hefði verið að reka ríkissjóð með verulegum tekjuafgangi til þess að freista þess að draga úr verðbólguþenslu og þar með viðskiptahalla. Sömu sögu má segja um nauðsyn á aðhaldi í fjárfestingarákvörðunum annarra opinberra aðila eins og t.d. sveitarfélaga, einkum og sér í lagi á suðvesturhorni landsins.

Hluti aukinnar skattheimtu við sl. áramót er tilkominn vegna ákvarðana um auknar millifærslur, þ.e. beinar aðgerðir í tekju- og tryggingakerfinu til tekjujöfnunar í meira mæli en áður hafði verið. Raunveruleg aukning ríkistekna, þ.e. aukning tekna að frádreginni aukningu millifærslna, var hins vegar við það eitt miðuð að eyða annars fyrirsjáanlegum halla ríkissjóðs, en sú hækkun var rúmir 3 milljarðar kr. Auk þess að snerta fjárhag ríkissjóðs voru þær breytingar á söluskattskerfinu sem gerðar voru ekki án áhrifa á framfærslukostnað heimila og dreifingu neyslunnar. Þau áhrif voru hins vegar jöfnuð og rúmlega það með gildistöku nýrra ákvæða um tekjuskatt samfara staðgreiðslukerfi og með sérstökum ráðstöfunum sem gripið var til eins og t.d. hækkun skattfrelsismarka og hækkun fjölskyldubóta og niðurgreiðslna til að halda niðri vöruverði.

Óvinsamlegasti hluti þessara breytinga í munni stjórnarandstæðinga hefur án efa verið skattlagning á matvörur. Af einhverjum ástæðum tókst þeim ekki að koma auga á skóginn fyrir trjánum eða vildu ekki gera það. Þeir neituðu hreinlega að horfast í augu við einfaldar staðreyndir um heildaráhrif skattkerfisbreytingarinnar en einblíndu á þann eina þátt þeirra sem þeir ætluðu trúlega að mundi veita þeim stundarvinsældir þótt árangur af þeirri viðleitni hafi verið misjafn.

Þeim sem gera sér grein fyrir heildaráhrifum þessara umfangsmiklu breytinga dugir ekki að líta á hvern þátt fyrir sig heldur verður að setja þá alla í einu í samhengi og draga þannig fram heildaráhrifin hvort heldur á verðlag eða afkomu heimila. Slíkt mat hefur verið framkvæmt og niðurstöður þess eru ekki vefengjanlegar. Samkvæmt þeim er ljóst að hjá heimilum með meðaltekjur og þaðan af lægri tekjur hafa ráðstöfunartekjur eftir greiðslu beinna skatta hækkað. Gagnstætt gildir um heimili með tekjur fyrir ofan meðaltal. Heildaráhrif skattkerfisbreytingarinnar á tekjudreifingu voru þannig mjög afdráttarlaus. Þessar breytingar leiddu því allar til jafnari tekjudreifingar. Munurinn á ráðstöfunarfé launafólks minnkaði, tekjumunurinn minnkaði. Nauðsynlegt er að þetta komi skýrt fram því þetta er óvefengjanlegt og hefur margsinnis verið fram á það sýnt með tölum, enda hefur enginn þessara útreikninga verið dreginn í efa með talnalegum rökum.

Í stuttu máli má segja að breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkisins um síðustu áramót hafi gert það styrkara en áður og virkara sem tekjuöflunartæki. Hæfni þess til tekjujöfnunar er meiri en áður og það breytir dreifingu ráðstöfunartekna til hagsbóta þeim sem úr minna hafa að spila. Virðisaukaskattur, eins og frv. gerir ráð fyrir, mun enn tryggja og festa í sessi þann árangur og þau áhrif sem að framan er lýst.

Undanþága á matvörur frá söluskatti eða virðisaukaskatti og áhrif slíkrar undanþágu á neyslumöguleika er eitt þeirra atriða sem hvað mest hafa verið í munni stjórnarandstæðinga. Formælendur undanþágufargansins hafa reyndar aldrei stutt það rökum eða sýnt fram á hin meintu æskilegu áhrif af undanþágunni. Þeir hafa aldrei gert grein fyrir því hvernig afla skyldi þess fjár sem tapast með undanþágunum og hvernig sú tekjuöflun kæmi niður á neytendur. Þvert á móti hefur verið bent á að til eru aðrar leiðir og betri en undanþágurnar í þeim tilgangi að jafna tekjuskiptingu. Beinar aðgerðir, hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta, hækkun tryggingabóta o.s.frv., eru í þessu efni skilvirkari, ódýrari og áhrifaríkari tekjujöfnunaraðgerðir. Staðfest dæmi um það liggur nú fyrir þar sem er mat á skattkerfisbreytingunni hér á landi um síðustu áramót. Talsmenn slíkra leiða til tekjujöfnunar er ekki aðeins að finna hér á landi í þessari ríkisstjórn sem nú er við völd. Dæmi um sömu afstöðu má finna hjá öðrum þeim þjóðum sem hvað lengst hafa náð í að þróa skattkerfi sitt og lengst ganga í að þjóna félagslegum markmiðum í að jafna tekjuskiptingu. Hér er að sjálfsögðu vísað til grannþjóða okkar annars staðar á Norðurlöndum þar sem jafnaðarmenn hafa hvað lengst farið með völd.

Það vill vefjast fyrir sumum að skilja þau einföldu rök sem liggja að baki þeirri afstöðu að í stað undanþáguleiða sé betra að skattleggja alla vörusölu og nýta þær tekjur sem þannig fást til að bæta hag þeirra sem minna mega sín. Á það má varpa ljósi með einföldu talnadæmi sem er ekki fjarri raunveruleikanum hér á landi. Gera má ráð fyrir að matvöru-

sala á ári án skatts sé 38 milljarðar kr. Sé þjóðinni skipt í tvo jafnfjölmenna hópa, hina tekjulægri og hina tekjuhærri, og miðað við gefna vitneskju um neysludreifingu, má gera ráð fyrir að matvöruneysla tekjulægri hópsins sé 11–13 milljarðar en um 15–17 milljarðar hjá tekjuhærri hópnum. Sé virðisaukaskattur 22%, greiða hinir tekjulægri 2,4–2,9 milljarða í þennan skatt, en hinir tekjuhærri 3,3–3,7 milljarða kr. Undanþága á matvöru mundi svara til 6,2 milljarða niðurgreiðslu miðað við 22% virðisaukaskatt. Þar af mundu 600–1300 millj. kr. hærri fjárhæð lenda sem niðurgreiðsla hjá hinum tekjuhærri helmingi þjóðarinnar en hinum tekjulægri. Það væri þess vegna ekki tekjujöfnunaraðgerð. Heildaráhrifin færu þó eftir því hvaða tekjuöflunarleiðir fyndust til þess að afla þeirra tekna sem undanþágan kostar. 6,2 milljarðar verða ekki gripnir upp af götunni. Þeirra verður t.d. ekki aflað með hækkun á eignarskatti, enda má benda á að hér fyrir hinu háa Alþingi, í Nd., liggur fyrir stjfrv. þar sem verið er að draga úr eignarskattsbyrði tekjulágra eldri borgara, þ.e. þeirra sem búa í skuldlitlu eða skuldlausu húsnæði en hafa tiltölulega lágar tekjur á efri árum. Þessara tekna verður heldur ekki aflað þótt lengra yrði gengið í tekjuskattsálagningu fyrirtækja sem þó var aukin tvisvar sinnum í fyrri áföngum skattkerfisbreytingarinnar. 6,2 milljarðar verða því ekki gripnir upp af götunni né heldur þeir fjármunir sem mundu leka út því til viðbótar út um undanþágurifurnar og seint verður metið nákvæmlega en nemur stórum upphæðum. Án þessara tekna skerðast því möguleikar þjóðfélagsins til að sinna félagslegum verkefnum, ekki hvað síst til hagsbóta fyrir hina tekjulægri. Það er t.d. ástæða til að minna á að allar fjárveitingar ríkisins til allra verklegra framkvæmda og allar millifærslur ríkisins úr ríkissjóði til fjárfestinga í samvinnu við aðra aðila eins og sveitarfélög og öll framlög ríkisins til beggja húsbyggingarlánasjóðanna eru upphæð sem er ekki nema 1 milljarði hærri en þetta gat sem hefði hlotist af undanþágu í söluskattskerfinu sem hér er verið að fjalla um. Þeir peningar verða ekki gripnir upp af götunni.

Hver er sú leið sem farin hefur verið af núverandi stjórn og fylgt er í þessu frv.? Hún er sú að innheimta skatt án undanþágu. Ríkissjóður fær þannig tekjur, t.d. þessa 6,2 milljarða, sbr. dæmið hér að framan, þar af stærri hlutann frá hinum betur settu. Hluti af þessum tekjum er síðan notaður til tekju- og neyslujöfnunar með því að auka ráðstöfunartekjur hinna tekjulægri og lækka verð á algengustu matvöru, sbr. þá staðreynd að á árinu 1988 er tæpum 3 milljörðum kr. varið til þess að halda vöruverði í skefjum, einkum á innlendum matvörum, og 2,8 milljörðum er varið til útborgunar á barnabótum og barnabótaauka til að bæta afkomu og ráðstöfunartekjur fjölskyldna sem eru undir meðaltali tekna. Ég vara menn við því að leggja að jöfnu annars vegar millifærslur af þessu tagi sem mynda tekjur hjá hinum efnaminni samborgurum og hins vegar almenna skattlagningu sem varið er til sameiginlegra þarfa.

Það sem gerðist í þessu efni um sl. áramót var fyrst og fremst þetta: Persónuafsláttur var aukinn og skattleysismörk voru stórlega hækkuð. Barnabætur og barnabótaauki hækkaði verulega, um það bil um 1 milljarð kr. Tryggingabætur hækkuðu um 100 millj. kr. Niðurgreiðsla algengustu matvöru var aukin um 1600 millj. kr. Séu þessar tölur bornar saman við þær tölur um skattheimtu, sem að framan voru nefndar, verður ljóst að með hinum beinu aðgerðum er náð umtalsverðri tekjujöfnun. Sú niðurstaða er í fullu samræmi við greiningu okkar á áhrifum þessara breytinga og þá greiningu sem unnin hefur verið eftir öðrum aðferðum.

Hvað þýðir þessi niðurstaða? Hún þýðir einfaldlega að matarskatturinn svonefndi og samhliða breytingar í skattamálum og verðlagsmálum eru aðgerð í skattamálum, einhver hin mesta sem gerð hefur verið í tekjujöfnunarskyni og tekur langt fram afnámi söluskatts af matvælum.

Herra forseti. Ég tel mig hafa sýnt fram á það með veigamiklum rökum að sú skattkerfisbreyting sem gerð var í upphafi þessa árs og er undanfari þeirrar breytingar, sem hér er til umræðu, var ekki matarskattur, eins og lýðskrumarar hafa nefnt hana, heldur meiri háttar tekjujöfnun, einhver hin mesta sem gerð hefur verið af opinberri hálfu hér á landi. Virðisaukaskattur eins og hann er áætlaður samkvæmt frv., undanþágulaus og almennur og með lægra skatthlutfalli en núv. söluskattur, mun styrkja þessa aðgerð og tryggja hinn góða árangur hennar. Ekkert er mikilvægara fyrir velferðarríkið en að tekjuöflun þess standi á traustum fótum. Það er trygging þess að haldið verði uppi þeirri fjölbreyttu þjónustu sem það krefst. Tekjuöflunarkerfið verður jafnframt að tryggja atvinnuvegunum hina bestu aðstöðu og má ekki verða þeim fjötur um fót í harðri samkeppni á innlendum sem erlendum mörkuðum. Af þessum ástæðum öllum ber brýna nauðsyn til þess, herra forseti, að Alþingi Íslendinga taki ákvörðun um þetta mál hið fyrsta.

Frv. fylgir, eins og fyrr segir, ítarleg grg. þar sem útlögð eru efnisatriði frv. og einstakar greinar þess og gerð grein fyrir forsendum og áhrifum á þjóðhagsstærðir og ríkisútgjöld. Með hliðsjón af því að frv. liggur nú hér fyrir, þótt með nokkrum veigamiklum breytingum sé frá frv. sem lagt var fyrir haustið 1986, og með hliðsjón af því að öll meginatriði grg. eru hin sömu tel ég ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um einstakar greinar eða einstök atriði en tel þó rétt að drepa á hin helstu þeirra og gera jafnframt grein fyrir megináhrifum frv. í hagrænu tilliti.

Eins og áður segir er frv. í meginatriðum, umfram þau þrjú sem ég tók fram í upphafi, samhljóða því sem lagt var fram árið 1986, en veigamestu breytingarnar eru þó nokkrar og þessar helstar:

1. Lagt er til að skatthlutfallið verði 22% í stað 24% eins og áður var gert ráð fyrir.

2. Í stað sérreglu um lægra hlutfall í viðskiptum milli bænda og afurðastöðva, sem þó hafði engin áhrif á endanlega skattlagningu eða verð, er í frv. nú gert ráð fyrir sama skatthlutfalli í þessum viðskiptum og öðrum. Hins vegar er miðað við að almennt uppgjörstímabil í landbúnaði verði 6 mánuðir í stað 12 í fyrra frv. Bændur geti þó valið reglulegt tveggja mánaða uppgjörstímabil eins og aðrir atvinnurekendur og eiga jafnframt kost á sérstöku uppgjöri innan 6 mánaða tímabilsins ef um er að ræða stórfelld innkaup fjárfestingarvöru eða rekstraraðfanga. Þá er gert ráð fyrir að um skil afurðastöðva og virðisauka af kaupum þeirra á landbúnaðarafurðum verði settar sérstakar reglur samkvæmt heimildarákvæðum sem afstýri því að þörf verði á mikilli hækkun afurðalána vegna upptöku virðisaukaskatts.

3. Í stað sérstakrar úrskurðarnefndar í tilteknum málum varðandi skattskyldu og framkvæmd er í frv. gert ráð fyrir að slíkir úrskurðir verði í höndum ríkisskattanefndar eins og nú er varðandi söluskatt.

4. Heimild til að veita gjaldfrest á virðisaukaskatti í innflutningi er víkkuð frá því að taka einungis til hráefnis og fjárfestingarvöru þannig að hún taki einnig til almennrar vöru. Miðað er við að heimild þessi verði takmörkuð á sama hátt og heimild til að veita gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Samtök innflytjenda hafa bent á að verðhækkunaráhrif af því að greiða virðisaukaskatt í tolli án gjaldfrests gætu orðið umtalsverð.

5. Lögð er til sú breyting að gildistaka laganna miðist ekki við áramót heldur 1. júlí 1989.

Í Ed. urðu eftirtaldar breytingar á frv. frá því sem það var lagt fram hér upphaflega:

1. Fasteignaleiga almennt, þar á meðal leiga hótel- og gistiherbergja, verði utan skattskyldusviðs.

2. Sala tímarita verði utan skattskyldusviðs.

3. Afnotagjöld útvarpsstöðva teljist ekki til skattskyldrar veltu.

4. Heimilt verði að setja sérstakar reglur um skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í þeim tilgangi að jafna rekstraraðstöðu án tillits til rekstrarforms.

Enn fremur voru gerðar breytingar sem snerta undanþágu menningarstarfsemi, innheimtu skattsekta og formsatriði er varða gildistöku.

Eins og að framan getur er meginástæðan fyrir upptöku virðisaukaskatts fólgin í eiginleikum þess skatts og kostum hans umfram söluskatt. Þessir eiginleikar virðisaukaskattsins gera það að verkum að honum fylgja ekki uppsöfnunaráhrif eins og áður er að vikið. Með afnámi uppsöfnunaráhrifa nást fram mikilvægir kostir virðisaukaskatts umfram söluskatt. Ég nefni nokkra: Hann mismunar ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum. Hann bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum hvort sem litið er á innflutning eða útflutning. Hann hefur ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu. Hann veldur ekki tilviljunarkenndri hækkun framleiðslukostnaðar eftir því hvort framleiðslustig eru fleiri eða færri á sömu vöru né heldur eftir því hvort sölustaður er fjarri eða nærri upprunastað vöru.

Auk þessara kosta virðisaukaskattsins umfram söluskatt að því er varðar efnahagsleg og viðskiptaleg áhrif má gera ráð fyrir að innheimta og eftirlit með álagningu verði að einhverju marki öruggari en nú er í söluskatti vegna eiginleika kerfisins sjálfs.

Óhjákvæmilegt er að jafnstórfelld breyting og upptaka virðisaukaskatts er hafi áhrif á verðlag, enda er það beinlínis hluti af tilgangi með upptöku kerfisins þar sem sú röskun verðhlutfalla sem stafar af uppsöfnun söluskatts verður ekki leiðrétt nema með breytingu þessara verðhlutfalla. Enn fremur breytast verðhlutföll af þeim sökum að virðisaukaskattur mun ná til sölu einhverrar þjónustu sem ekki er skattlögð nú eða ber ekki fullan söluskatt og mun hún þá að sjálfsögðu hækka í verði. Á móti þessu koma áhrif af lækkun skatthlutfallsins og lækkun verðs vegna þess að uppsöfnunaráhrif hverfa.

Með upptöku virðisaukaskatts nú skipar Ísland sér á bekk með öðrum Norðurlandaþjóðum, bæði hvað varðar skatthlutfall og eins það að í þeim löndum er skatthlutfall eitt og hið sama fyrir alla sölu á vöru og þjónustu með örfáum undantekningum. Í töflu á bls. 26 í grg. með frv. er yfirlit yfir skattþrep í aðildarríkjum Efnahags- og þróunarsamvinnustofnunar Evrópu.

Í þessari töflu vekur athygli sú sérstaða norðurálfuþjóða að halda skattkerfi sínu hreinu og nota aðeins eitt skattþrep. Þessar þjóðir eru þó öðrum fremur þekktar fyrir að leggja áherslu á jöfnuð og félagsleg viðhorf. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki á óvart með hliðsjón af því sem ég hef áður rakið í ræðu minni. Þessar þjóðir hafa valið að halda þessum mikilvæga tekjuöflunarþætti sínum undanþágulausum, en sinna jöfnunarmarkmiðum með öðrum og áhrifaríkari aðferðum en undanþágur geta orðið. Sérstaða þessara þjóða kann einnig að tengjast því að þar er almenningur allur upplýstari en víðast hvar annars staðar og því meiri líkur á að þar verði skynsamleg rök lýðskrumi yfirsterkari.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að virðisaukaskattur verði lagður á nær alla sölu á vöru og þjónustu. Undanþágum er haldið í lágmarki. Þó reyndist nauðsynlegt að gera frávik af ýmsum ástæðum. Ástæður þessar eru af ýmsum toga, en eiga það sammerkt að þær hafa leitt til sömu niðurstöðu í flestum ríkjum sem hafa virðisaukaskatt.

Frávik þessi eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða að tiltekin vinna og þjónusta, ekki vörusala, er undanþegin skattskyldu. Um það er fjallað í 2. gr. frv. Hins vegar eru frávikin þau að sala á tilteknum vörum og þjónustu telst ekki til skattskyldrar veltu. Sú vinna og þjónusta sem er undanþegin skattskyldu og fjallað er um í 2. gr. er þríþætt:

1. Þjónusta á sviði heilbrigðis-, menningar- og félagsmála sem að meiri hluta til er rekin af opinberum aðilum.

2. Fólksflutningar, póstþjónusta, vátrygginga-

starfsemi, bankaþjónusta og þjónusta ferðaskrifstofa. Þessi síðast talda starfsemi á það raunar sammerkt að vera á alþjóðlegum markaði og er ekki unnt að beita hér öðrum reglum en gilda hjá grannþjóðum okkar.

3. Leiga á fasteignum skattfrjáls. Leiga gistiherbergja er einn örfárra þátta sem er með mismunandi hætti í virðisaukaskattskerfi Norðurlanda. Gisting ber þannig t.d. fullan skatt í Danmörku, er skattlaus með öllu í Noregi, en í Svíþjóð ber hún svokallað skert skatthlutfall sem gildir þar fyrir einstaka þjónustutegundir.

Ákvæði 12. gr. um þá sölu sem ekki telst til skattskyldrar veltu lúta fyrst og fremst að útflutningi svo og sölu, útleigu og viðhaldi á haf- og loftförum að undanskildum skemmtibátum og einkaloftförum. Útflutningsvara á samkvæmt eðli skattsins ekki að bera skatt og að öðru leyti ná ákvæði þessarar greinar til sölu sem í flestum tilvikum kæmi, ef skattlögð væri, til frádráttar á síðara viskiptastigi. Frávik frá þessu er þó sala dagblaða, landsmálablaða og héraðsfréttablaða og áskrift útvarpsstöðva sem ekki verður talin til skattskyldrar veltu. Hér ráða þau sjónarmið að verið sé að tryggja eðlilega skoðanamyndun og efla þá þjóðmálaumræðu sem er nauðsynlegur grundvöllur hennar.

Þá skal hér getið þess að í tveimur tilvikum hefur verið ákveðið að gera ráðstafanir til að hindra að verðlagsáhrif af virðisaukaskatti komi fram. Eru það einu ráðstafanirnar af þeim toga sem nú er gert ráð fyrir með vísan til þess sem áður er sagt og þegar hefur verið gert. Slíkar ráðstafanir komu til framkvæmda með breikkun skattstofnsins í ársbyrjun. Þau tilvik sem hér um ræðir snerta annars vegar byggingarstarfsemi og hins vegar hitun íbúðarhúsnæðis.

Eins og kunnugt er hefur vinna á byggingarstað verið undanþegin greiðslu söluskatts. Álitið er að með tilkomu virðisaukaskatts á þennan þátt mundi byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis geta hækkað um allt að 7%. Með hliðsjón af stöðu húsnæðismála og því að slík hækkun mundi hafa veruleg áhrif til hækkunar á vísitölu byggingarkostnaðar og þar með lánskjaravísitölu hefur verið ákveðið að sá virðisaukaskattur sem inn kemur vegna vinnu á byggingarstað við íbúðarhúsnæði verði endurgreiddur húsbyggjendum. Sú endurgreiðsla verður byggð á því að viðkomandi sýni fram á, t.d. í húsbyggingarskýrslu sinni með skattframtali, að hann hafi raunverulega greitt skattinn. Einnig kemur til álita að mæta þessari hækkun að hluta með niðurfellingu eða lækkun gjalda sem á byggingarframkvæmdum hvíla umfram tollabreytingarnar og vörugjaldslækkunina í upphafi árs. Þannig mun hækkun byggingarkostnaðar ekki verða til að íþyngja þeim sem byggja íbúðarhúsnæði. Nauðsynlegt er að undirstrika þetta atriði sérstaklega vegna rangra fullyrðinga í þessu efni sem fram hafa komið.

Virðisaukaskattur á vinnu á byggingarstað íbúðarhúsnæðis verður endurgreiddur og því er út í hött að tala um hækkun íbúðarhúsnæðis þess vegna. Íbúðarhúsnæði mun ekki hækka vegna upptöku virðisaukaskatts.

Hitt tilvikið snertir hitun íbúðarhúsnæðis. Í því er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur verði endurgreiddur á smásölustigi, þ.e. hjá orkusölufyrirtækjum. Slík endurgreiðsla á orkusölustigi hefur sömu áhrif gagnvart neytandanum og niðurfelling skattsins. Verðið sem hann greiðir verður því hið sama og án skatts.

Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á atriði sem mun hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs, a.m.k. tvö fyrstu árin eftir upptöku virðisaukaskattsins. Eins og fram kemur í frv. er gert ráð fyrir að almennt uppgjörstímabil í virðisaukaskatti verði tveir mánuðir, en það er einn mánuður í söluskattskerfinu. Þessi breyting mun hafa þau áhrif að skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs verða að jafnaði um einum mánuði síðar á ferðinni en skil á söluskatti eru nú. Það þýðir enn fremur að á árinu 1989 mun einungis skattur af ellefu mánaða sölu skila sér í ríkissjóð verði ekki að gert. Í frv. er hins vegar bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir því að á fyrsta árinu verði síðasta uppgjörstímabili virðisaukaskattsins hagað á þann veg að þetta tímabundna tekjutap dreifist á tvö ár, þ.e. árin 1989 og 1990. Í reynd verður hér ekki aðeins um tímabundið tap að ræða heldur einnig það að þessi inneign ríkissjóðs hjá skilaaðilum virðisaukaskatts verður viðvarandi. Er það í reynd eins konar lán úr ríkissjóði og má gera ráð fyrir að þetta nemi nálægt 1½ milljarði kr. Ríkissjóður mun því þurfa að fjármagna samsvarandi fjárhæð með öðrum hætti. Kosturinn við þetta er þó sá að með þessu mun lausafjárstaða fyrirtækja batna, þörf þeirra fyrir lánsfé minnka og það ætti þess vegna að geta leitt til lægra vöruverðs en ella.

Eins og mönnum er kunnugt var í fyrstu miðað við að virðisaukaskattskerfið tæki gildi um næstu áramót, en nú er gert ráð fyrir að gildistíminn verði 1. júlí 1989. Virðisaukaskatt ber að greiða til ríkissjóðs fimmta dag hvers mánaðar sem hann gjaldfellur og er þar m.a. tekið tillit til nýrra viðskiptahátta sem notkun kreditkorta hefur leitt af sér. Hins vegar er eindagi söluskattsins 25. hvers mánaðar. Samtök viðskiptalífsins hafa fært að því rök að núverandi eindagi, sem er áður en allur innheimtur söluskattur hefur í raun skilað sér til söluaðila, auki kostnað við verslunarrekstur verulega. Þótt fjmrn. fallist ekki á ýtrustu útreikninga af þessu tagi, sem fram hafa verið lagðir, er ljóst að af þessu hlýst vaxtakostnaður sem vafalaust kemur fram í vöruverði. Í lögum um söluskatt eru takmarkaðar heimildir til að breyta eindaga skattsins.

Vegna þess dráttar sem á upptöku virðisaukaskatts verður hefur verið bætt inn í frv. ákvæði til bráðabirgða sem gefur fjmrh. heimild til að færa eindaga söluskatts fram yfir mánaðamót þannig að verðhækkunaráhrifum eindagans verði eytt.

Þótt flest atriði sem snerta virðisaukaskattinn séu þess eðlis að þau geri hann eftirsóknarverðan með

tilliti til söluskatts má benda á nokkur atriði sem oft hafa verið talin mæla gegn honum.

Ljóst er að þeim sem standa ber skil á virðisaukaskatti mun fjölga frá því sem er í söluskatti. Á móti kemur að framteljendur munu skila sex skýrslum á ári í stað tólf nú og sumir, svo sem bændur, aðeins tveimur á ári. Þess vegna munu skattskýrslur verða færri en þær eru nú. Gert er ráð fyrir að skýrslur sem nú eru 135 þús. verði framvegis 132 þús. á ári hverju.

Annað atriði, sem oft er nefnt sem ókostur við virðisaukaskatt, er meint þörf á fjölgun starfsmanna og aukinn kostnaður. Víst er að þörf verður á auknum mannskap til að reka virðisaukaskattskerfið, en sú þörf er þegar fyrir hendi varðandi bætt eftirlit með söluskattskerfinu. Áætlað hefur verið að starfsmenn í því kerfi þurfi að vera á bilinu 70–80, þ.e. um það bil helmingi fleiri en nú starfa við söluskattsálagningu og söluskattsinnheimtu. Við mat á þessum upplýsingum ber þó að hafa eftirfarandi í huga:

1. Samanburður við núverandi söluskattskerfi er ekki eðlilegur. Vitað er að það er mjög undirmannað og þyrfti sjálfsagt að fjölga starfsmönnum í því verulega og mundi þó ekki duga til að starfrækja það með góðu móti.

2. Hafa ber í huga að virðisaukaskattur verður langsamlega stærsti tekjuþáttur ríkisins. Þótt starfsmenn við virðisaukaskatt verði fleiri en þeir eru nú við söluskatt verður þessi skattur engu að síður ódýrasti skatturinn hér á landi og tilkostnaður við öflun hans minni en nokkurs annars skatts eða tekna sem eitthvað hafa að segja fyrir afkomu ríkissjóðs.

Annars staðar á Norðurlöndum liggur fyrir sú reynsla að virðisaukaskattskerfið sé rekið fyrir innan við 1% af því sem það aflar. Sú áætlun sem gerð hefur verið hér um mannaflaþörf bendir til svipaðrar niðurstöðu. Með hliðsjón af mikilvægi þessa skatts verður varla annað sagt en að slíkur kostnaður sé mjög viðunandi og að sá kostnaður sem kann að falla til í atvinnulífinu vegna upptöku skattsins muni fljótt skila sér aftur í bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, lægra vöruverði, skilvirkara skattakerfi, betri innheimtu og réttlátari niðurstöðu.

Löggjöf um virðisaukaskatt er viðamikil og flókin og framkvæmd hennar þarf að vanda vel þegar í upphafi. Við undirbúning framkvæmdarinnar kann að koma fram sitthvað það sem gerir nauðsynlegt að breyta lögunum í einstökum atriðum eins og reynslan kenndi okkur varðandi staðgreiðsluskattinn. Af þeim sökum hefur verið ákveðið að skipa sérstaka nefnd fulltrúa stjórnarflokkanna og embættismanna er fylgist með undirbúningi og taki til umfjöllunar þau álitamál sem upp koma. Jafnframt verður nefndinni falið að taka til athugunar ákveðin atriði og hliðarráðstafanir sem þeim tengjast. Eftirtalin atriði eru meðal þess sem nefndin mun fjalla um eins og fram kemur á sérstöku þingskjali í nál. meiri hl. Ed.:

1. Mat á skattprósentu virðisaukaskatts.

2. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við nýbyggingar eða meiri háttar viðhald íbúðarhúsnæðis og annað sem tengist byggingarstarfsemi.

3. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis.

4. Reglur um skattskil af hráefni til fiskvinnslu, sem tryggir jafna stöðu fiskvinnslufyrirtækja hvort sem þau gera út eigin skip eða ekki, og endurgreiðsla á innskatti hjá fiskvinnslufyrirtækjum.

5. Reglur um það hvernig með virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi skuli farið.

6. Reglur sem tryggja að jafnræði sé í samkeppni einkafyrirtækja og opinberra aðila.

7. Reglur um það hversu skattskilum skuli háttað á útgáfu tímarita.

8. Reglur um skattskil í viðskiptum bænda og afurðastöðva og annað sem varðar landbúnað sérstaklega.

9. Reglur um heimild til að veita gjaldfrest á innflutningi.

10. Reglur um það hvernig með virðisaukaskatt af fólksflutningum skuli farið.

Herra forseti. Virðisaukaskattur hefur lengi verið á dagskrá hjá stjórnvöldum hér á landi. Niðurstaða þeirra sem kynnt hafa sér málið vegna þessa undirbúnings frá því að hann hófst hefur verið að spurningin sé ekki hvort heldur hvenær virðisaukaskattur verði tekinn upp og hvernig brugðist verði við þeim áhrifum af honum sem ástæða er til að mæta með sérstökum aðgerðum. Þessum spurningum þarf að svara nú. Með aðgerðum í efnahagsmálum og skattamálum á síðustu mánuðum hafa verið skapaðar allar forsendur í efnahags- og verðlagsmálum til að taka upp virðisaukaskattinn. Öðrum nauðsynlegum aðgerðum er lýst í frv. og grg. með því og nál. sem því fylgir frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Ég treysti því að þingmenn veiti þessu máli brautargengi og leggi sitt af mörkum til að bæta skattakerfi landsins, gera það réttlátara fyrir þegnana, skilvirkara fyrir ríkissjóð og hagkvæmara fyrir atvinnuvegina og fyrirtækin.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég geri þá tillögu að máli þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. deildarinnar að lokinni þessari umræðu.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það hefur lengi verið í athugun hjá stjórnvöldum, einkum í fjmrn., að breyta álagningu veltuskatts á vörur og þjónustu úr söluskattsformi og yfir í virðisaukaskatt. Þetta mál hefur verið rætt og rannsakað af ríkisstjórnum undanfarinn 1½ áratug og þetta mál var m.a. ásamt mörgu fleira til athugunar þegar ég starfaði í fjmrn. Ég lét þá kanna sérstaklega þetta mál frá mörgum hliðum, en ég flutti ekki frv. um álagningu virðisaukaskatts einfaldlega vegna þess að það varð niðurstaða mín að þessi skattaleið væri ekki heppileg, ekki skynsamleg af ýmsum ástæðum.

Auðvitað er skoðun málsins sjálfsögð og eðlileg.

Málið hefur verið athugað býsna lengi, en það er ekkert sem segir að málið hafi batnað við það að vera lengi til athugunar og ég sé ekki að málið sé neitt betra nú en það var þegar ég hafnaði því á sínum tíma að flytja frv. um upptöku virðisaukaskatts.

Það voru fyrst og fremst tvær almennar ástæður sem ollu því að ég var ekki hlynntur upptöku virðisaukaskatts. Í fyrsta lagi óaði mér og mörgum öðrum við því að skriffinnska mundi aukast gríðarlega við upptöku skattsins og það held ég að sé enn þann dag í dag alveg óumdeilt að starfsmenn skattstofanna verði að vera tvöfalt fleiri en áður var þegar þessi skattur kemur til framkvæmda og sjálfsagt mun þeim fjölga sem vinna að þessum málum mjög verulega, sumir telja að það bætist við allt að 100 manns. Þetta var þá orðin reynsla margra annarra þjóða og ýmsir í nálægum löndum, sem stutt höfðu á sínum tíma upptöku virðisaukaskatts, höfðu skipt um skoðun kannski fyrst og fremst vegna þessa atriðis, þessarar hliðar málsins. Hins vegar er það svo með skattbreytingar af þessu tagi að þegar menn eru á annað borð komnir út í kviksyndið er oft erfitt að hífa sig til baka og þar af leiðandi hefur það hvergi gerst að menn hyrfu aftur frá þar sem álagning virðisaukaskatts hefur verið ákveðin, en enginn vafi á því að víða hafa menn áttað sig á því eftir á að um hafi verið að ræða feilspor.

Hitt atriðið sem ég hef lengi sett fyrir mig í sambandi við virðisaukaskattinn er það að með álagningu hans er verið að leggja skattbyrði í stórauknum mæli á launafólk í landinu og létta skattbyrði á móti hjá atvinnurekstri. Það felst sem sagt ákveðinn tilflutningur í þessu skattformi frá því sem er í söluskattsforminu og ég hef ekki talið mig geta mælt með því að sá tilflutningur ætti sér stað, síst af öllu þegar eins illa er búið að launafólki og raun ber vitni hér á landi hvað kjör snertir.

Vissulega væri hægt að komast að nokkru leyti hjá þessu með því að haga skattlagningunni með ákveðnum hætti og þá erum við komin að þriðja stóratriðinu sem varðar þessa skattlagningu, þ.e. hvaða búningur skattkerfinu er valinn. Þar kemur þrennt til greina. Í fyrsta lagi hvort undanþiggja á ákveðnar tegundir vöru og þjónustu og þá í öðru lagi hvort lagður er skattur á brýnustu lífsnauðsynjar og svo í þriðja lagi sá möguleiki að skatturinn sé lagður á í þrepum þannig að hann sé mismunandi eftir því hvaða vörutegundir eiga í hlut.

Ég vil fyrst taka fram að jafnvel þótt ég hefði fallist á að hyggilegt væri að leggja á virðisaukaskatt hefði ég aldrei talið koma til greina að leggja skattinn á mat og menningu frekar en félags- og heilbrigðisþjónustu sem allir virðast vera sammála um að ekki eigi að leggja skattinn á. En ég vek á því athygli að í mörgum nálægum löndum hefur sú leið verið valin að hafa fleiri en eina prósentu í skattinum og í aðildarríkjum OECD mun það oftar vera að um fleiri en eina prósentu sé að ræða en hitt að skatturinn sé algerlega flatur. Og sums staðar er matur hreinlega undanþeginn eins og er í Bretlandi.

Það er engin furða þótt Alþýðusamband Íslands hafi sérstaklega andmælt þeim skatti sem fólginn er í frv. með þeim rökum að ætlunin sé að leggja skattinn á með flatri prósentu yfir línuna. Það er auðvitað stórkostlegt hagsmunamál fyrir hina lægra launuðu að nokkur munur sé þar á gerður og eins nokkuð víst að ekki hefði verið ráðist í matarskattinn illræmda á liðnum vetri ef ekki hefði verið ætlunin einmitt að undirbúa jarðveginn fyrir upptöku virðisaukaskatts. Matarskatturinn í vetur var sem sagt skref í þá átt til þess að lokaskrefið yrði auðveldara og sætti ekki eins miklum andmælum.

Ég vil sérstaklega nefna annað atriði sem er meira en lítið vafasamt, en það er að nú á að skattleggja vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað og hækka þannig verð á íbúðarhúsnæði, fyrst og fremst nýju húsnæði sem síðan mun hækka almennt fasteignaverð í landinu að sama skapi. Þetta er að vísu eitt af þeim atriðum sem eru þess eðlis að ríkisstjórnin virðist ekki hafa gert upp við sig hvort hún ætlar að leggja skattinn á eða ekki eða hvort hún ætlar að endurgreiða skattinn með einhverjum ákveðnum hætti. Þetta er eitt af fjöldamörgum einkennilegum götum á þessum málatilbúnaði þar sem enginn veit í raun og veru hvað snýr upp og hvað snýr niður og um hvað verður að ræða og um hvað verður ekki að ræða. Ég minnist þess satt að segja aldrei að annað eins mál hafi verið til umræðu hér á Alþingi að menn væru að leggja á skatta svo næmi þúsundum milljóna og samt vissi í raun og veru enginn nákvæmlega á hvað skatturinn væri lagður vegna þess að ríkisstjórnin segði að hún væri að athuga það á síðara stigi hvort þetta eða hitt yrði nokkuð skattlagt. Þetta eru slík vinnubrögð að ég er viss um að þau eiga sér ekkert fordæmi í þingsögunni, hvorki fyrr né síðar, en það er mál út af fyrir sig sem ég ætla að víkja að á eftir. Frv. er þannig úr garði gert að vinna byggingarmanna á iðnaðarstað er skattlögð og við verðum að ræða málið út frá því sjónarmiði.

En það er ekki aðeins að þessi ákvörðun valdi því að byggingarkostnaður muni hækka um 5–7% og ný íbúð muni kosta kannski 200–300 þús. kr. meira en áður var. Þessi ákvæði fela það líka í sér að eigin vinna verður virðisaukaskattsskyld, eigin vinna sem veldur eignaauka væntanlega. Maður sem dundar við það á kvöldin að byggja innréttingu í íbúðinni sinni, pússa gólf, byggja sér bílskúr, steypa upp grindverk í kringum lóðina sína verður að gera svo vel og meta það samkvæmt ákveðnum formúlum hversu mikil vinna hafi verið innt af hendi þetta og þetta sumarkvöldið og svo á hann að borga fjmrh. virðisaukaskatt af þessari vinnu. Það er í öllu falli engin leið að finna í þessu frv. neitt það ákvæði sem undanþiggur vinnu af því tagi virðisaukaskatti. Og ég þarf ekki að segja neinum að ef þetta kemur til framkvæmda er þetta alveg einstakt högg í andlit þeirra þúsunda manna sem hafa verið að reyna að auka við eigur sínar og bæta húsnæði sitt af litlum efnum með mikilli vinnu. Þetta er rothögg á sjálfs-

bjargarviðleitni þúsunda manna og almennt má segja að það ákvæði sem ég hef verið að ræða, að eigi að fara að skattleggja vinnu á byggingarstað, er einhver stórfelldasta árás á kjör og líf fólks, sérstaklega fátæks fólks, víðs vegar um land sem nokkru sinni hefur séð dagsins ljós því að það er fyrst og fremst hið fátækara fólk sem er að reyna að bjarga sér með eigin vinnu, vinnu kunningja sinna og vina eða ódýrri aðkeyptri vinnu til að eignast einhver verðmæti, hús, húsbúnað, lóðir og garða.

Þetta ákvæði mun þá væntanlega hafa í för með sér að hæstv. fjmrh. verður að láta sendimenn sína fylgjast með því hvað þeir eyða mikilli vinnu við gerð kartöflugarða og uppsetningu á litlum gróðurhúsum og yfirleitt öllu sem hingað til hefur verið skattlaust og engum heilvita manni hefur dottið í hug að skattleggja.

Nú má eins vera að hæstv. fjmrh. segi að þetta verði allt til nánari athugunar síðar og það sé meiningin að skipa nefnd sem taki svona vandamál til nánari meðferðar. En er þetta ekki ágætt dæmi um hve illa undirbúið þetta mál er, að hv. Alþingi skuli boðið upp á að samþykkja ákvæði af þessu tagi því það er það sem okkur er boðið upp á?

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa langt mál við 1. umr. Þetta mál á eftir að athugast betur í nefnd og verða allmörg tækifæri til að ræða það og þurfa margir að komast að. En ég get ekki annað en lagt á það áherslu hér að lokum að ef menn á annað borð taka þá ákvörðun að koma með virðisaukaskatt í staðinn fyrir söluskatt er alveg ljóst að það má velja honum ýmiss konar búning. Þar eru fjöldamörg álitamál á ferðinni. En það ætti engin ríkisstjórn að leyfa sér þá vanvirðu við Alþingi að koma með tillögur um svoleiðis skattlagningu fyrr en hún hefur sjálf gert það upp við sig og áttað sig á því hvernig hún vill haga skattlagningunni, á hvað skatturinn á að lenda og á hverju ekki. Því miður hefur hæstv. ríkisstjórn ekki unnið sína heimavinnu. Hún hefur ekki undirbúið málið með þeim hætti að viðunandi sé. Þetta mál er hálfkarað. Það er viðurkennt að skattprósentan eigi kannski eftir að verða einhver allt önnur en nefnt er í frv. Það er viðurkennt að allt sem varðar byggingarstarfsemi, hvort sem er vinna iðnaðarmanna, eigin vinna eða annað, sé óljóst, verði kannski skattlagt, verði kannski ekki skattlagt. Það er viðurkennt að kannski verði orkugjafar til hitunar skattlagðir, kannski verði þeir ekki skattlagðir. Það er viðurkennt að nú sé verið að leggja þungar byrðar á menningarstarfsemi í landinu, skattleggja t.d. tónleikahald, leiksýningar og alla menningarstarfsemi, en kannski verði það samt alls ekki gert því það sé meiningin að athuga málið á síðara stigi. Og það er viðurkennt að mikið álitamál sé hvort eigi að skattleggja tímarit. Að vísu er allt önnur formúla um það því að tímaritin eru tekin út úr og þau eru undanskilin í brtt. sem samþykktar voru í Ed. nú á dögunum sem gildir ekki í hinum tilvikunum þannig að það virðist ekki vera allt of mikil rökfesta í uppsetningu þessarar nefndar. Sumt er hreinlega tekið út úr og því breytt formlega með lögunum eða í frv. Annað er haft sem lauslegir fyrirvarar í nál. Eins er það með gjaldfrest af innflutningi, með fólksflutninga, um viðskipti bænda og afurðastöðva o.fl. Allt er þetta óljóst og enginn veit almennilega hvað mun snúa upp og hvað mun snúa niður að lokinni þeirri athugun. Þetta eru vinnubrögð sem engin ríkisstjórn getur leyft sér hversu lágt sem risið er á henni. Ég vil því alveg sérstaklega mótmæla því að hæstv. fjmrh. skuli leggja fyrir Alþingi jafnilla undirbúið mál.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Þá er frv. um virðisaukaskatt komið á borð í Nd. og ekki seinna vænna, þingi er að ljúka. Það voru þau tvenn skilaboð helst sem þingið fékk fyrir skömmu. Það á að senda þingmenn heim, en fyrst eiga þeir að flýta sér að samþykkja virðisaukaskatt.

Helstu rök fyrir því að það megi hafast á svo skömmum tíma eru þau að virðisaukaskattur hafi verið til umræðu hátt á annan áratug og frv. þar að lútandi verið lagt fram tvisvar áður. Þar af leiðandi eigi öllum að vera málið kunnugt, það sé vel undirbúið og þarfnist því lítillar umfjöllunar.

Þá er fyrst til að taka að lesi maður yfir þær umræður sem urðu um málið á þinginu t.d. þegar frv. var lagt fram síðast bera þær með sér að allir álíta að það sé einungis lagt fram til kynningar og umfjöllun þar af leiðandi ekki ítarleg. Menn lýsa í stórum dráttum yfir afstöðu sinni til frv. í heild og ræða lítillega um kosti og galla virðisaukaskatts samanborið t.d. við söluskatt og láta þar við sitja. Smærri efnisatriði eða útfærsla eru ekki rædd að ráði.

Látum það nú vera. Með rökum má auðvitað halda því fram að með því að málið kæmi til umfjöllunar þingsins væri búið að koma umræðunni í gang sem ekki mundi ljúka og ættu því allir að vera vel undirbúnir nú. En viti menn. Tíminn hefur þá ekki verið nýttur betur en svo að frv. eins og það birtist nú er ekki heilsteyptara en svo að jafnvel stjórnarliðar eru að krukka í það, flytja brtt. og uppi harðar innbyrðis deilur um hin ýmsu atriði frv. Og það sem meira er: Með fylgir listi upp á ellefu liði sem á að endurskoða í sumar og eru þar nú engin smámál upp talin.

Fyrsti liðurinn varðar hvorki meira né minna en mat á skattprósentu virðisaukaskatts. Hvernig er hægt að ætlast til þess af nokkurri sanngirni að þingmenn kyngi því að samþykkja frv. þar sem skattprósentan er ekki einu sinni ákveðin? Og síðan tekur við hvert smámálið á fætur öðru. Það eru reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald af íbúðarhúsnæði og annað sem tengist byggingarstarfsemi. Það eru reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts á orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis, reglur um skattskil af hráefni til fiskvinnslu sem tryggi jafna stöðu fiskvinnslufyrir-

tækja hvort sem þau gera út eigin skip að ekki. Tryggt verði að endurgreiðsla á virðisaukaskatti þeim sem leggst á hráefni fiskvinnslufyrirtækja gangi svo greiðlega fyrir sig að ekki valdi íþyngjandi rekstrarvanda. Reglur um hvernig með virðisaukaskatt af menningu og listastarfsemi skuli farið. Reglur sem tryggja að jafnræði sé í samkeppni milli einkafyrirtækja og opinberra aðila. Reglur um hversu skattskilum skuli háttað á útgáfu tímarita. Reglur um skattskil í viðskiptum bænda og afurðastöðva og annað sem varðar landbúnað sérstaklega. Reglur um heimild til að veita gjaldfrest á innflutningi. Reglur um það hvernig með virðisaukaskatt á fólksflutningum skuli farið. Önnur atriði sem upp kunna að koma.

Þetta spannar sem sagt í rauninni allt virðisaukaskattsfrv. Þetta eru þau smámál, eins og áhrif virðisaukaskatts á fiskvinnslu og landbúnað, sem á að ræða í sumar, málaflokkar sem þarf að taka til athugunar. Og svo eru nýbyggingar og viðhald íbúðarhúsnæðis og hvernig með virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi skuli farið. Ég ítreka aftur 11. liðinn, önnur mál sem upp kunna að koma. Og þá hlýtur spurningin að vakna: Hvað er það sem er svo hugsað að það eigi ekki að endurskoða það? Hvað er þessi listi annað en yfirlýsing um að það sé illa staðið að undirbúningi frv. og harla lítið vitað um afleiðingar virðisaukaskatts? Rökrétt er að álykta sem svo að það muni þurfa víðtæka endurskoðun á frv. í haust. Og því þá þessi asi? Er það til að hæstv. fjmrh. geti haft sjálfdæmi um breytingar á frv.? Því ekki að fresta endanlegri umfjöllun til haustsins eftir endurskoðun sumarsins?

En það eru e.t.v. líka dæmi um vinnubrögð hæstv. fjmrh. að endurskoðunin er einungis falin stjórnarliðum og embættismönnum, væntanlega þeim sömu og sömdu frv. í núverandi mynd og hafa því þegar skerta sýn. Allir hafa tilhneigingu til að verja sín eigin afkvæmi og svo mun einnig í þessu tilfelli eða svo býður manni í grun. Væri nú ekki lýðræðislegra og skynsamlegra á allan hátt, hæstv. fjmrh., að reyna að sætta menn og sníða í sameiningu af helstu agnúa eða vill hæstv. fjmrh. ekki afskipti annarra en jábræðra í þessu máli?

Afstaða okkar kvennalistakvenna er sú að við munum leggja til að öllu óbreyttu að frv. verði fellt og fyrir því eru margvísleg rök. Við erum hreint ekki enn sannfærðar um að virðisaukaskattur sé betri innheimtuaðferð en söluskattur. Allir eru sammála um að söluskattskerfið sé gloppótt og á því ýmsir annmarkar, en þeir peningar sem fara í kerfisbreytingar af þessu tagi eru miklir. Við erum sannfærðar um að með miklu minni kostnaði mætti endurbæta og laga söluskattskerfið. Með bættum innheimtuaðferðum og eftirliti getur það eflaust skilað meiru í ríkissjóð en það gerir í dag.

Embættismaður fjmrn., sem spurður var um hvað þessi kerfisbreyting kostaði, sló á 100 milljónir. Það eru engir smápeningar. Ég get ekki stillt mig um að taka til samanburðar að framlög til lista undir liðnum 02 982 á fjárlögum eru samtals 138 millj. Kvennalistakonur lögðu til að sú fjárhæð yrði tvöfölduð í fjárlagaumræðunni fyrir áramótin. Þá voru þetta svo miklir peningar að þótti mesta óráðsía. En þegar það þarf að leggja álíka upphæð í þessa kerfisbreytingu, og ég segi álíka því varla hefur embættismaðurinn sem er einn aðalhöfundur virðisaukaskattsfrv. farið með ýkjur þegar hann nefndi 100 millj., var álíka upphæð varla umtalsverð. „Ódýrasta skattheimta sem völ er á", sagði hæstv. fjmrh. áðan. Ja, tölur eru sannarlega afstæðar.

Reyndar vill svo til að hæstv. ráðherra hefur nú þegar fundið leið til að fjármagna skattkerfisbreytinguna því þau nýmæli eru í þessu frv. að nú á að skattleggja þá menningarstarfsemi sem eftir margra ára baráttu tókst að fá söluskatti aflétt af starfsemi sinni. Hér á ég við leiklistarstarfsemi og tónleikahald og mun ég koma betur að því síðar.

Skattlagning sem gengur út á að skattleggja helstu nauðþurftir fólks eins og matvörur er okkur kvennalistakonum gjörsamlega óskiljanleg og munum við aldrei standa að slíkum aðgerðum. Gildir þá einu hvort um er að ræða söluskatt eða virðisaukaskatt. Skattlagningu af þessu tagi hafa flestar aðrar þjóðir vílað fyrir sér og eru matvörur ýmist algjörlega undanþegnar virðisaukaskatti eða bera lægra skattstig en aðrar vörur og þjónusta. Líklega er hægt að finna eitt dæmi líkt því og hér er lagt til og þá þykir sjálfsagt að apa það upp, finna sér í nafni réttlætis, skilvirkni og einföldunar versta fordæmi sem hugsast getur og síðan er það varið af hörku.

Hæstv. fjmrh. talar þannig um matarskattinn, sem þjóðin og lýðskrumararnir eiga að skammast til að þakka fyrir, að það verður nánast óskiljanlegt hvernig þjóðin lifði af hörmungarnar áður en matarskatturinn var lagður á. Á sama tíma var komið í veg fyrir fleiri skattþrep, t.d. stóreignaskatt o.fl. sem hefði aukið tekjuöflun eftir öðrum leiðum en með flötum skatti á nauðþurftir fólks. Og lítið fer fyrir sparnaðaraðgerðum þótt fyrra vandlætingartal hæstv. fjmrh. um óráðsíu og bruðl sé nú í öðrum stíl. Hann getur svo sannarlega kallað þá öllum þeim nöfnum sem honum þykir hæfa sem vilja ekki fallast á þá grundvallarskoðun okkar „mjúkmálu klassapíanna" og annarra húsmæðra landsins að matarskattur er og verður vondur kostur.

Um þetta ætla ég ekki að fjölyrða meira í þessari umræðu svo mikið hefur þegar verið rætt um þennan ljóta blett á hæstv. ríkisstjórn og hafa þó hvorki „klassapíurnar" né aðrir lýðskrumarar, húsmæður og launafólk sagt sitt síðasta orð í því máli. (Gripið fram í.) Þeir hafa kosningarrétt og málfrelsi eins og aðrir. Þeir geta kannski flokkast undir launafólk eða lýðskrumara. Ég er bara að nota þau nöfn sem hæstv. fjmrh. velur andstæðingum sínum.

Dómur um íslensku þjóðina féll rétt áðan. Almenningur á hinum Norðurlöndum er betur upplýstur en almenningur á Íslandi, sagði hæstv. fjmrh., og því líklegri til að skilja rök fremur en lýðskrum, það að skilja að bætur og hækjur ýmiss konar af því tagi

eru betri en að fá skikkanleg laun fyrir eðlilega vinnu og hafa svo efni á að kaupa mat og e.t.v. örlitla menningu sem krydd. Nei, tekjum fólks skal ráðstafað í gegnum ríkisvald sem síðan greiðir bætur. Þetta heitir á venjulegu máli forræðishyggja því þannig er talað að allt sem innheimt er með matarskatti fari til fólks aftur í formi bóta. Því þessi hringrás peninga? Því þessi skriffinnska? Því þessi hræsni? En það er kannski vegna þess hve þjóðin er á lágu menningarstigi sem nú er ályktað sem svo að hún hafi ekkert með menningu að gera.

Og komum við þá að fjöðrinni sem nú bætist við matarskattsfjöðrina sem blaktir svo glaðlega í hatti hæstv. fjmrh. Með álagningu virðisaukaskatts á menningarstarfsemi á borð við leiklist og tónlist er verið að greiða obbanum af þessari starfsemi rothögg og ég bið hv. þm. að marka orð mín.

Nú í morgun þingaði helsta forsvarsfólk leik- og tónlistarstarfsemi landsins. Álagning virðisaukaskatts kom þessu fólki gjörsamlega í opna skjöldu. Svo mikið var grandaleysið að það hafði ekki ímyndunarafl til að láta sér detta í hug þessa aðför eftir margra ára baráttu til að losna við söluskatt og vinnur það þó flest við störf þar sem skapandi hugsun er forsenda. Þegar söluskatti var aflétt af þessari starfsemi var söluskattsprósentan 11%. Sem dæmi má taka að svo háttaði til hjá Leikfélagi Reykjavíkur að það greiddi alltaf meira til ríkisins í formi söluskatts en sem nam styrk ríkisins til starfseminnar. Á þessu var ein undantekning en það ár var minni aðsókn en fyrr og síðar. Það var fyrsta árið sem sjónvarpið starfaði.

Það eru ekki góð rök að vera með samanburð á virðisaukaskatti á Norðurlöndum og hér á Íslandi. Í fyrsta lagi eru ekki öll Norðurlönd með virðisaukaskatt á menningarstarfsemi af þessu tagi. Í öðru lagi eru aðstæður svo ólíkar að það er ekki saman að jafna. Ber þá fyrst að telja að þar eru styrkir margfalt hærri til menningarstarfsemi, miðaverð miklu meira greitt niður og mun að jafnaði vera um 80% af miðaverði sem kemur í formi styrkja en hér er það líklega hæst um 50 og stundum eitthvað upp undir 60% eftir því hvernig árar og það hjá þeirri stofnun landsins sem best er stödd í þessum efnum, þ.e. Þjóðleikhúsinu.

Annað má líka taka til og það er að leiksýningar og tónleikahald eru í þessum löndum ekki almenningseign á sama hátt og hér á landi. Leikhúsfólk t.d. á Norðurlöndum þykist harla gott ef það nær 5% þjóðarinnar í leikhús á ári hverju. Ef maður vill verja virðisaukaskatt getur maður því sagt: Það er ekki mikið. Það er einungis verið að skattleggja 5% þjóðarinnar ef hún vill menningu.

Ef við leggjum álíka virðisaukaskatt á menningu hér á landi erum við að skattleggja alla þjóðina, t.d. bara hvað varðar leiklistarstarfsemi, tvisvar. Ef við tökum alla starfsemina hér í Reykjavík og áhugastarfsemina út um allt land og reyndar þá atvinnustarfsemi sem þar er líka mun láta nærri að við náum allri þjóðinni tvisvar inn í leikhús og það er ekkert sambærilegt hvaða álögur er þarna verið að leggja á fólk.

Þeir styrkir sem íslensk menning nýtur núna eru svo litlir að þar er af engu að taka og er þó ekki úr háum söðli að detta t.d. hvað varðar laun og annan aðbúnað listamanna, þannig að ég fullyrði að komi þetta til framkvæmda verði samdráttur í þessari starfsemi svo mikill að það muni taka langan tíma að bæta þar úr. Og eins og nú háttar til með íslenska menningu með allri þeirri aðför sem er að henni í gegnum fjölmiðla og erlenda menningu ýmiss konar, sem mér dettur ekki í hug að halda fram að við ættum að loka fyrir, á íslensk menning í vök að verjast og þarf á öllum þeim styrk að halda, siðferðilegum og fjárhagslegum sem um er að ræða.

Það er hægt að rekja sig í gegnum helstu dæmin. Ég nefndi aðeins Leikfélag Reykjavíkur áðan og hvernig háttaði til hjá því. Þá var skattprósentan aðeins 11%. Nú er gert ráð fyrir að hún verði 22%, a.m.k. þangað til við vitum hvað það mat á skattprósentu sem á að fara fram í sumar skilar. Það á eftir að koma í ljós. Við skulum vona að það hækki ekki, en ég held að jafnvel bjartsýnustu menn ímyndi sér ekki að það lækki mikið.

Ef við tökum dæmi t.d. af fyrirtæki sem hér hefur barist í bökkum núna í mörg ár af fádæma dugnaði, sem er Íslenska óperan, þá háttar þannig til þar að hún er þegar komin yfir þau mörk sem almenningur hefur efni á og þeir súpa seyðið af því núna. Þeir fá ekki áhorfendur sem skyldi vegna þess að miðaverð er of hátt. Miðaverð er núna 1800 kr. og það getur hver og einn bætt við það í huganum og erum við þá komin talsvert yfir eða rétt yfir 2000 í miðaverði. Það er of hátt og þeir geta ekki tekið þetta af sinni starfsemi. Það er einfalt mál, það er ekki eitthvert svartsýnisraus, að því fyrirtækinu verður lokað.

Þjóðleikhúsið mun þurfa að draga úr starfsemi og var þó verið að leggja þar í kostnað fyrir tveimur árum að bæta við svið og stendur víst til að bæta einu enn við svo ég veit ekki hvað á að fara fram á þessum sviðum. Kannski eiga þau bara að vera til sýnis almenningi og ókeypis og ekkert gerist á þeim. Það er hægt að sýna þau eins og hvern annan minnisvarða um stórhug fyrri tíma.

Ég býst við að eitthvað álíka verði uppi á teningnum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þeir hafa verið að reyna að halda uppi ferðalögum um landið. Þeir hafa verið með ýmsa viðleitni til fjölbreyttari starfsemi svo sem eins og tónleikahalds fyrir unglinga og börn og annað slíkt sem reyndar leikhúsin hafa verið að hafa í frammi líka en mætir harla litlum skilningi hjá stjórnvöldum og ég býst við að að við þeim blasi ekkert annað en samdráttur líka. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að Þjóðleikhúsinu verði lokað eða sinfónían verði lögð niður eins og t.d. ég mun halda fram um óperuna, en samdráttur verður þar.

Um Leikfélag Akureyrar gildir það sama og Leikfélag Reykjavíkur. Ég minnist þess að þegar ég starfaði við leikhúsið á Akureyri fyrir nokkrum árum var einmitt það sama uppi á teningnum þar og

hjá Leikfélagi Reykjavíkur að styrkur frá ríki var alltaf heldur lægri en söluskattur og styrkur frá bænum var alltaf heldur lægri en leiga húsnæðisins sem bærinn leigði leikfélaginu svo ekki riðu þeir feitum hesti frá opinberum aðilum.

Hér er haldið uppi alls konar frjálsri — ja, frjálsri er náttúrlega öfugmæli, við skulum kannski fara að taka upp orð eins og „óháðri" — leik- og tónlistarstarfsemi bæði í Reykjavík og eitthvað úti á landsbyggðinni þó ekki sé eins mikið af því vegna þess að ferðalög eru dýr og í þau er ekki hægt að leggja fyrir fjárvana fyrirtæki og einstaklinga. T.d. háttar þannig til hjá þessum óháðu leikhópum hér í Reykjavík að þeir geta ekki greitt nokkur laun að ráði fyrir þá vinnu sem þar er fram lögð. Það er alltaf það, að ef sú greiðsla er einhver er hún það sem afgangs er þegar allt annað hefur verið greitt. Og það er hægt að taka dæmi af leiksýningu sem fram fer hér í einhverjum kjallara eða háaloftí. Það er það eina húsnæði sem leiklistarstarfsemin hefur í að venda nú því að annað er ekki fyrir hendi nema kannski verði einhver smáskiki í íþróttahöllinni, hæstv. fjmrh. ætti kannski að athuga það og láta teikna smáviðbót. En það eru nú nokkur ár í það. En innkoman af þessum sýningum er ekki meiri en svo sökum þess hve sætin eru fá að meira en helmingur af innkomu hvers kvölds fer í auglýsingakostnað hjá Morgunblaðinu einu. Takið eftir: Hjá Morgunblaðinu einu! Það er auðvitað styrk staða þess sem gerir það að verkum að það gefur sáralítinn afslátt. Önnur blöð neyðast til þess að gefa meiri afslátt. En þetta er bara hjá Morgunblaðinu einu. Þá eru hin blöðin eftir og útvarp. Menn geta séð það sjálfir hversu mikið er afgangs og ef síðan á að taka enn þá meira af miðaverði leggst þessi starfsemi niður því þó að menn geti kannski unnið launalaust geta menn ekki gefið með sér. Og varðandi miðaverð er það ekki bara óperan ein. Hún er að vísu komin yfir markið, hún er komin yfir línuna, en það er samdóma álit annarra að miðaverð hafi þegar verið teygt það hátt upp að lengra verði ekki farið þannig að úrkostir verði ekki aðrir en að taka þessa skattprósentu af miðaverði álíka eins og það er í dag. Það verður ekki hækkað miðaverð sem nemur þessum skatti.

Ég býst við, ég er ekki eins kunnug því, en ég býst við að um tónleikahald ýmissa hópa og einstaklinga utan Sinfóníuhljómsveitarinnar gildi nokkurn veginn sömu rök og um leiklistarstarfsemi þó það megi segja að vísu að oft er tilkostnaður ekki eins mikill, en mér segir svo hugur um að þar verði mikill samdráttur.

Þá er eitt ótalið og það er sú áhugastarfsemi sem fram fer um allt land á vegum Bandalags ísl. leikfélaga og tónlistarstarfsemi ýmiss konar, hljómsveitir og kórar og annað slíkt sem eru að reyna að halda uppi félagslífi og menningarstarfsemi úti um allt land og komum við þá að byggðastefnunni því eins og margoft hefur verið bent á hér fer það ekki bara eftir atvinnu og efnahagslegum aðbúnaði hvar fólk velur sér bústað, það fer líka eftir því félagslífi og þeirri menningarstarfsemi sem þar fer fram og gerir fólki kleift að búa þar. Ef sú starfsemi legðist af held ég að það mundi ekki draga úr fólksflóttanum og byggðaröskuninni. En það gildir það sama og með atvinnustarfsemi sem þó er launuð, misjafnlega þó, að þar er svo naumt skammtað að ekki verður klipið þar af. Mér skilst að það standist nokkurn veginn á endum að leikfélög úti á landi geti, ef vel árar, náð sér í einhvern leiðbeinanda sem þau borga að vísu ekki há laun en það er sá eini launakostnaður sem þau leggja í og meiru hafa þau ekki efni á þannig að ekki veit ég hvar þau eiga að klípa af.

Einhvers konar tónleikahald er sú fjáröflunarleið sem kórar og aðrir slíkir byggja á til að halda uppi sinni áhugastarfsemi og býst ég við að sama gildi þar, að ef þarf að hækka miðaverð mikið verða þær fjáröflunarleiðir ekki vænlegar.

Á heildina litið er samdráttur það eina sem við blasir nema komið verði til móts við menningarstarfsemi í landinu með myndarlegu móti, en um það hefur maður ekki heyrt nein áform eða áætlanir.

Ég mun víkja miklu betur að þessu aftur í seinni umræðum um þetta mál, en ég vil samt hér og nú kalla þá menn til ábyrgðar sem ætla að standa að þessum aðgerðum án þess að kanna það í grunn fyrst hvaða afleiðingar það hefur fyrir menningarstarfsemi í landinu. Íslensk menning á í vök að verjast núna og hún þarf stuðning, ekki bara sjálfrar sín vegna heldur þjóðarinnar vegna og það verður að bregðast við því, annaðhvort með niðurfellingu þessa skatts eða loforðum um stóraukin fjárframlög. Það má kannski hafa það til marks um, þó ég voni að svo sé ekki hvarflar það að manni að hafa það til marks um menningarlegt verðmætamat þeirra sem þetta frv. leggja fram að þar skuli t.d. tímarit talin svo nauðsynleg íslenskum almenningi að það sé meira áríðandi að þau séu undanþegin virðisaukaskatti í sölu en íslenskar bækur. Ég vona að það sé ekki menningarlegt verðmætamat sem þarna liggur að baki. (**Gripið fram í:** Till. um undanþágu var studd af Kvennalistanum í Ed.) Það var um útgáfu tímarita. — Var einher brtt.? Þetta er hér. Var þetta ekki í upphaflega frv.? Sala tímarita? (Gripið fram í.) Já, ég veit að hún kom fram. Það var um útgáfu tímarita. En ég vil líka minna á að kvennalistakonur fluttu auðvitað brtt. um niðurfellingu virðisaukaskatts á bókum. Það er ekki þar með sagt að maður hafi eitthvað svo mikið á móti tímaritum að maður vilji ekki að þau komi út heldur er það enn og aftur forgangsröðin sem maður heggur eftir.

En það er nú einu sinni svo með þetta olnbogabarn íslensks þjóðfélags að það á alltaf að koma síðast. Það er alltaf sagt að það þurfi að gera þetta fyrst eða hitt fyrst og svo komi að þessu fjöreggi þjóðarinnar, þ.e. menningunni. Og nýjustu fréttir eru, ég vil enn ítreka að nýjustu fréttirnar eru um íþróttahöll og mér skilst á máli manna, a.m.k. hafa þeir verið að reyna að koma vitinu fyrir mig með þeim rökum, að með því að reisa íþróttahöll fáum við svo miklar gjaldeyristekjur að þá getum við stutt

menninguna. En því miður, ég trúi ekki svona yfirlýsingum. Ég hef heyrt þær svo oft áður. Íþróttahöllin er sagt að kosti 300 millj. og ef fylgt verður íslenskri byggingarhefð eins og kom fram t.d. í flugvallarskýrslunni er líklegt að hún kosti svo sem eins og hálfan milljarð. Og það á eftir að sjást að hún skapi slíkar gjaldeyristekjur að það verði stórbreytingar á menningarlífi landsins.

En ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri núna. Það verða tækifæri í síðari umræðum og auðvitað munum við kvennalistakonur flytja brtt. við aðrar umræður þessa máls um helstu þætti sem okkur þykja ámælisverðir í þessu frv. En að öðrum kosti munum við leggja til að það verði fellt.

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur vissulega fyrir stórt mál, frv. um virðisaukaskatt sem fór í gegnum Ed. Alþingis í nótt. Um það verður að segja almennt að auðvitað er hér um að ræða mjög opinn víxil sem í eru margar óvissur.

Það er nú svo að þegar stóru málin koma á dagskrá skyldum við halda að Alþingi kafaði dýpst og legði mesta vinnuna í verkefnið. Nú, þegar við hér í hv. deild ræðum þetta mikla mál við 1. umr., er eins og oft áður fámennt á bekkjum þingmanna og ráðherrarnir fjarri vettvangi. Nú þegar hefur hæstv. fjmrh. vikið úr þessum sal. (**Fjmrh.:** Nei, ég hlusta hér.) Þakka þér fyrir.

Ég ætla kannski fyrst og fremst að gera athugasemdir sérstaklega við eitt atriði þessa máls. Ég vil þó segja það um atriði sem hv. síðasti ræðumaður, 18. þm. Reykv., minntist á um að tímaritaútgáfa yrði undanþegin virðisaukaskatti en aftur á móti yrðu bækur með virðisaukaskatti að ég held að það væri virkilega verðugt verkefni fyrir fjmrh. að festa klærnar á þeirri miklu tímaritaútgáfu sem nú tröllríður þessu þjóðfélagi. Ég held að þar sé um verulega tekjulind að ræða og mín vegna mætti skattleggja þá útgáfu. En ég mundi fremur vilja líta til þeirra sem ástunda það að halda uppi menningu og leggja sig fram um að skrifa bækur núverandi kynslóðum og komandi kynslóðum til gagns og ánægju.

Í umræðum um vantraustið á ríkisstjórnina voru fluttar tvær ræður sem settu að mér verulegan ugg. Það var ræða hæstv. viðskrh., sem hér er fjarri vettvangi, og ræða hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Hæstv. viðskrh. komst svo að orði, með leyfi forseta, í þessum umræðum:

„Auðvitað hefði verið æskilegt að ná líka nokkurri lækkun útgjalda til annarra þarfa en velferðarmála almennings, sérstaklega að hætta að ausa í þá botnlausu hít sem landbúnaðarútgjöldin eru að verða og að fresta ýmsum framkvæmdum sem þola bið, en um þetta hefur enn ekki náðst samkomulag.“ Ég vil taka þessi orð hans til frekari umfjöllunar.

Enn fremur sagði hv. þm. Kjartan Jóhannsson í sömu umræðum, með leyfi forseta: „Í þessu sambandi verður ekki hjá því komist að minna sérstaklega á landbúnaðarmálin. Það kerfi sem hirðir milljarða á milljarða ofan ár eftir ár í alls kyns bætur og styrki úr ríkissjóði á sama tíma og sífelt sverfur meira og meira að bændum getur ekki gengið. Þetta er sóun sem við þolum ekki. Þetta kerfi þjónar ekki hagsmunum bænda og það er andstætt þjóðarhag. Þess vegna verður að leita nýrra leiða. Meðan ekki er náð tökum á þessu fargani verða bæði bændur og ríkissjóður í sífelldri úlfakreppu. Mín skoðun er sú að hætt sé þá við að þau brýnu viðfangsefni sem ég taldi hér í upphafi muni áfram sitja á hakanum.“

Þarna voru sögð stór orð og settar fram miklar fullyrðingar. Ég er sannfærður um að á bak við þessi orð hæstv. ráðherra og þingmanns býr það að stríð er fram undan ekki síst um niðurgreiðslurnar sem þeir telja að séu styrkir til landbúnaðarins. Ég tel að í þessum orðum þeirra sé fólgin stríðsyfirlýsing sem mjög varðar hag heimilanna í landinu og einnig að hér sé fram undan nýtt stríð á milli landbúnaðarins og ákveðinna afla í landinu. Mig minnir að viðskrh. hafi síðar í þessum umræðum sagt eitthvað á þá leið að mikilvægast væri að skera niður framlög til landbúnaðarins sem væru á þessu ári yfir 3 milljarðar. Þetta sannfærði mig um að þar átti hann fyrst og fremst við niðurgreiðslur og kallar það hér fullum fetum styrk til landbúnaðarins. Þarna kom það strax fram sem við margir óttuðumst við skattkerfisbreytinguna þegar við féllumst á þau rök að til að koma í veg fyrir skattsvik væri nauðsynlegt að fækka undanþágum og að allar vörur væru seldar með sömu söluskattsprósentunni. Við gerðum þær kröfur að mikilvægustu neysluvörur heimilanna fengju verulegar niðurgreiðslur til að mæta hækkuninni. Í sumum tilfellum yrðu vörur vegna mikilvægis að fullu og meira en það niðurgreiddar.

Þarna gerist það að einn vígalegasti ráðherrann í þessari ríkisstjórn, hæstv. viðskrh., segir þessum niðurgreiðslum stríð á hendur og fer eins og ég hef sagt rangt með það: Hann kallar þær styrki til landbúnaðarins en ekki til hagsbóta fyrir heimilin eins og þær eru vissulega hugsaðar. Hvað þýðir það ef svo fer að hér verður smátt og smátt farið að lækka niðurgreiðsluhlutfallið á landbúnaðarvörunum, þ.e. að vörur sem þegar eru verðþandar verða einfaldlega svo dýrar að heimilin munu taka að spara við sig kaup á hollum og góðum mat? Það kemur niður á börnum og næstu kynslóð. Ríkið fær bakreikninginn í verra heilsufari landsmanna. Þetta hefur áhrif á eina gróskumestu atvinnugrein okkar, komu ferðamanna til landsins sem hefur sífellt verið að aukast. Í ár munu koma hingað 130 þús. erlendir ferðamenn. Eftir sjö ár, 1993, með sömu aukningu og verið hefur ca. 300 þús. erlendir ferðamenn. Hér eru matvörur verðþandar eins og ég sagði og verða það sjálfsagt ávallt, en verði pakkinn til Íslands svo dýr munu útlendingar hverfa annað.

Af hinu hef ég reyndar mestar áhyggjur, sem fólst í hótun ráðherrans í umræðunum, að í þessari ríkisstjórn, ef hún lifir, hefjist þegar í haust deilur

um hverjum upphæðum skuli varið til niðurgreiðslna, að öflin sem vilja landbúnaðinn í landinu feigan hefji á ný sönginn um að bændur séu þjóðfélaginu dýrir og innflutning ætti í ljósi þess að gefa frjálsan sem auðvitað kemur aldrei til greina. Þetta stríð mun áður en varir hafa mikil áhrif á sölu landbúnaðarafurðanna eins og öll neikvæð umræða hefur.

Ég sé á ýmsum sviðum að virðisaukaskattur getur orðið hér til góðs og er kannski mikilvægur gagnvart okkar viðskiptalöndum. Nú hafa hér á Alþingi bæði fyrr og síðar stangast á fullyrðingar um þá sem þetta kerfi nota í Efnahagsbandalagslöndunum. Sumir segja að nú sé verið að leggja drög að því að samræma þar fjölbreyttara virðisaukaskattskerfi þar sem þeir falla frá því að hafa sama skattstig yfir alla línuna. Þar sé verið að vinna að því að matvæli og nauðsynjar verði með lágum skatti. Sé rétt að lönd sem eðlilega bjóða fólki mun ódýrari landbúnaðarafurðir á borð fjölskyldunnar áformi að falla frá einni skattprósentu, hvers vegna reynum við hér með okkar verðþöndu vörur ekki að fara þessa leið einnig? Ég spyr fjmrh., sem ég hygg að hafi vel kynnt sér þessi mál um víða veröld um þetta atriði, hvort vinir vorir, sem þetta kerfi í útlöndunum nota, séu að áforma þá breytingu sem hér hefur verið fullyrt um á hv. Alþingi. En fólksins vegna hygg ég að það verði veskið sem ræður mestu um matarkaup. Því miður er það verðið en ekki hollustan sem ræður í allt of ríkum mæli innkaupum fjölskyldunnar. En það atriði sem ég einnig nefndi og er stórt í mínum huga er að ferðakarfan til Íslands verður allt of dýr ef við föllum frá niðurgreiðslunum á landbúnaðarafurðirnar og kannski þurfum við einmitt þess vegna að hafa tvær prósentur, aðra lægri á matvörunum, til þess að þessir erlendu menn, og við vissulega ætlum að hagnast á komu þeirra, haldi áfram að koma.

Ég hef hér sagt að ég óttast baráttuna við að halda niðurgreiðslunum inni til að lækka nauðsynjar fjölskyldunnar. Ég spyr því enn og bið sérstaklega fjh.- og viðskn. Nd. að íhuga vel hvort þeir sem þetta kerfi nota úti í heimi séu að huga að því að taka upp tvö skattstig. Nefndir þingsins verða að fara vel ofan í saumana á þessu máli þó ég treysti vel svari hæstv. fjmrh. á eftir í þeim efnum. Ég vil fá fram skýr og afdráttarlaus svör af hans hendi um það einnig hvort hann ætlar í haust að halda inni í fjárlögum næsta árs því niðurgreiðsluhlutfalli sem samstaða náðist um á síðasta ári. Ég spyr þig, hæstv. fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson, að því hvort þú sért tilbúinn að staðfesta það hér á Alþingi að þú munir beita þér fyrir því að halda niðurgreiðsluhlutfallinu inni í fjárlögum næsta árs og marka þar skýra og afdráttarlausa stefnu um að hér sé ekkert stríð að fara af stað.

Við skulum átta okkur á því að það er dýrt að lifa í þessu landi. Ég kom á heimili í gærkvöld, dvalarheimili þar sem voru hjón um nírætt. Þau mega borga fyrir dvöl sína á þessu heimili 92 þús. kr., fyrir húsnæði, fyrir fæði, fyrir þjónustu. Þetta segir manni að maturinn hlýtur að vega þungt. 92 þús. kr. er mikil upphæð og það hlýtur að vera fátt fólk sem svo vel er sett í lífeyrissjóði að það geti verið inni á slíkum stofnunum. Ég segi þetta hér máli mínu til áherslu. Ég get kannski glatt fjmrh. með að þessi öldruðu hjón borga honum að auki 15–20 þús. kr. í skatta mánaðarlega og þeirra skattar hafa því miður hækkað með tilkomu staðgreiðslukerfisins um ca. 200 þús. kr. á árinu.

Herra forseti. Ég get ekki staðið að frv. sem skerðir mjög kjör barnafólksins og þeirra sem síst skyldi ef það liggur í svari ráðherrans að líkur séu á því að hleypt verði af stað stéttastríði sem koma mun þungt niður á framleiðslustétt sem framleiðir matvæli í landinu sjálfu. Ef það blasir við að landbúnaðarafurðir standa hallloka með tilkomu þessa skatts miðað við innflutning er ekki hægt að sætta sig við hann. Þá mun ég verða sannfæringar minnar vegna að falla frá öllum þeim góðu rökum sem mæla með samþykkt frv. af þessari einföldu ástæðu.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var athyglisverð ræða sem var flutt hér áðan af einum hv. þm. Framsfl. Hv. þm. líður greinilega illa yfir því að vera barinn til að standa að afgreiðslu þessa máls og er það skiljanlegt. Þeim líður sjálfsagt illa fleirum hv. stjórnarliðum sem hafa þá á annað borð það mikla meðvitund að þeir geri sér einhverja grein fyrir því hvað hér er að fara fram. Það var þó einna kostulegast að hlusta á ummæli hv. þm. hvað varðaði hinar miklu áhyggjur af velferð landbúnaðarins í sambandi við þetta mál. Staðreyndin er auðvitað sú að hv. þm. veit og gerir sér grein fyrir að með því að lögfesta þetta frv. er stríðið tapað endanlega.

Það er enginn vafi á því að upptaka söluskatts á matvæli og í framhaldinu upptaka virðisaukaskatts er mesta áfall sem íslenskur landbúnaður hefur fengið á sig um áratuga skeið og eru þá vondar ríkisstjórnir og harðindi og kalár ekki undanskilin. Því það að hækka á einu bretti framleiðslukostnað landbúnaðarvaranna með þessum hætti um 25% eða 22%, eða hvað það nú verður að endingu að raunvirði, mun auðvitað þýða dýrari vörur þegar frá líður. Vegna þess að það er barnaskapur að láta sér detta í hug að það sé pólitísk staða í landinu til þess að auka niðurgreiðslurnar sem þessum mun nemur. Ætli mönnum reynist ekki nógu erfitt þegar frá líður að verja niðurgreiðslur svipaðar að raungildi og þær voru fyrir daga söluskatts og síðan virðisaukaskatts á matvæli? Það er nú trúa mín. Ef hv. þm. Guðni Ágústsson hefði haft fyrir því að fara yfir rauntölur um niðurgreiðslur á undanförnum árum þá hefði hann komist að því að þær eru núna lægri að raungildi en þær voru þegar þær voru hæstar fyrir daga söluskattsins. Því þær hafa verið að lækka ár frá ári sl. fimm ár. Þetta hefur m.a. komið fram í svari við skriflegum fsp. hér á Alþingi. Bæði árin 1985 og 1986. (**Gripið fram í:** Hækkuðu í ár.) Þær hækkuðu auðvitað eitthvað í ár. En hvað gerðist líka

í ár, hæstv. fjmrh.? Ætli þurfi að segja hæstv. ráðherranum það? Þær mega hækka dálítið til að vega upp á móti þeim skatti sem nú er lagður á vörurnar.

Síðan hefur það gerst sem hv. þm. Guðni Ágústsson kom ekki að, eða ég heyrði hann a.m.k. ekki koma inn á það hér, að í þessu frv. er fallið frá hugmyndum sem voru í eldri frumvarpsdrögum að virðisaukaskatti um það að hafa landbúnaðinn og matvörurnar undanskilin og hafa þar lægri skattprósentu. Sú nýbreytni er nú sýnd í þessu frv. að ein flöt prósenta er lögð yfir allt. Í fyrri útgáfum höfðu menn þó a.m.k. tilburði uppi til þess að nálgast þetta vandamál með því að hafa sérstaka og lægri prósentu á vissum vöruflokkum.

Nei, þetta var kostuleg ræða, herra forseti, og það verður gaman að vita hvort fleiri slíkar verða hér fluttar af stjórnarliðum með „móral" eða samviskubit eða hvað sem það nú á að kalla. Eða hvort þeir láta sér lynda það, sem er trúlegra, að þegja, hleypa í herðarnar og rétta upp höndina með þessum matar-, landbúnaðar- og landsbyggðarskatti hæstv. fjmrh.

Það þýðir auðvitað ekki að bera það á borð fyrir nokkurn mann að umhyggja framsóknarmanna muni duga til þess að allt verði í stakasta lagi þó að þessar álögur séu lagðar á. Áður hefur maður nú heyrt það að þeir ætli að standa fyrir þessu og standa fyrir hinu og meðan þeir séu í ríkisstjórn þá sé allt í lagi. Rökin gjarnan þau að það gæti verið enn þá verra. Bændur gætu farið ennþá verr út úr þessu ef framsókn væri ekki til að passa upp á hagsmuni þeirra, þó að hún sé að berja þá í leiðinni. Þeir gætu bara verið lamdir enn þá fastar ef þeir væru ekki á milli svona eins og blaut tuska til að draga úr sárasta stuðinu af högginu. Þannig hefur málflutningurinn verið.

En fram hjá þeirri staðreynd komast hv. þm. Framsfl. og hv. stjórnarliðar ekki að með þessum breytingum, söluskattinum á matvælin í haust og um áramótin, fyrst 10% eða 12%, síðan 25% og núna virðisaukaskattinn sem á að leggjast út yfir allt, þá eru þeir líklega að greiða landbúnaðinum og innlendri matvælaframleiðslu þyngsta högg sem þessar greinar hafa á sig fengið um áratuga skeið. Það er alveg borðleggjandi, herra forseti.

Maður veit ekki alveg hvar maður á að taka upp þráðinn, herra forseti, frá þeirri miklu skattalotu sem fór hér fram um áramótin því þá barst auðvitað virðisaukaskatturinn í tal. [Forseti hringir.] Herra forseti, liggur þér eitthvað á hjarta? (**Forseti**: Jú, það var um það talað hér fyrr í dag að halda samráðsfund kl. 4 með formönnum þingflokka. Þar sem einn þeirra, formaður þingflokks Alþb., er nú í ræðustól verður gert hlé á fundi, enda hefur fundur staðið sleitulaust síðan kl. 10 í morgun og hv. þingdeildarmenn eiga fyrir því að fá kaffihlé. Verður gert hlé á fundi og fundi fram haldið kl. hálffimm og mun þá formaður þingflokks Alþb. væntanlega halda áfram sinni ræðu.) — [Fundarhlé.]

Já, virðulegur forseti. Ég reyni þá að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, ef ég finn hann þá. Ég hóf nú reyndar ræðu mína undir áhrifum af tölu síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðna Ágústssonar, sem ræddi hér nokkuð frá sjónarhóli þeirra framsóknarmanna, a.m.k. geri ég því skóna að fleiri deili með honum þeim áhyggjum sem hann lýsti varðandi þetta frv. og hvernig það kemur þá ekki síst við landbúnaðinn. Þar er ég honum sammála og gott betur. Ég hygg, eins og ég sagði hér áðan, að þetta sé kannski einhver mesti ógreiði sem landbúnaðinum hefur lengi verið gerður, þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú á innan við einu ári staðið fyrir, fyrst með upptöku söluskatts á matvæli, síðan hækkun hans um síðustu áramót og svo nú áform um að innleiða hér varanlega skatt í formi virðisaukaskatts á þessar vörur. Sú uppgjöf hefur átt sér stað í þessu efni að í því frv. sem hér er nú til umræðu er ekki gert ráð fyrir neinu tilliti til stöðu matvælanna eða landbúnaðarins og ein flöt skattprósenta lögð út yfir allt.

Það er reyndar skaði, herra forseti, hversu fáir hv. þm. stjórnarliðsins leggja það á sig að fylgjast með þessari umræðu hér í þessari virðulegu þingdeild. Maður hefði talið að þegar stórmál af þessu tagi er á ferðinni þá teldu menn það ekki eftir sér fremur en þeir eiga að gera endranær að sinna sínum þingskyldum og taka hér þátt í umræðunum. Hvað sem um hæstv. fjmrh. má segja þá verður því ekki á móti mælt að talsverðar sviptingar hafa verið í kringum hann í þessum skattamálum og ýmislegt þar að gerast, ekki skal ég draga úr því. Þó að mér sé til efs að það séu allt jafnþörf verk og hann vill gjarnan telja sjálfur, hæstv. ráðherrann, og ímyndar sér eflaust að hann komist á spjöld sögunnar sem ákveðinn kraftaverkamaður í þessum efnum. Maðurinn sem bretti upp ermarnar og hjólaði í kerfið. Við skulum trúa því til þess að reyna að laga það til. En ég óttast að hann hafi ekki árangur sem erfiði, hæstv. fjmrh., og þegar upp verði staðið, nær það nú verður, í haust eða seinna, hvort sem ríkisstjórnin lifir eða deyr, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson sagði hér áðan, og mátti á honum heyra að hann efaðist mjög um heilbrigði stjórnarinnar og langlífi, að hæstv. ráðherra sitji uppi með það að hafa lagt skatt á mat og menningu, lagt skatt á alþýðuna í landinu en dagað síðan uppi, orðið „dagbrota" eins og sagt var í smölun á mínum heimaslóðum. Þegar mönnum entist ekki birtan þá urðu menn dagbrota. Og hæstv. fjmrh. verði þar dagbrota, að hann hafi komið því í verk að leggja skatt á mat og menningu, leggja skatt á almenning, alþýðuna í landinu, en orðið úti með öll hin stóru áformin. Orðið úti með stóreignaskattinn, orðið úti með skattinn á gróðaöflin og orðið úti með hin háreistu áform um að uppræta skattsvik. Það fer auðvitað að verða fróðlegt, herra forseti, og kannski tímabært ef ríkisstjórnin er nú senn öll að gera lista yfir þau kosningaloforð hæstv. fjmrh. og Alþfl., sem ekki hafa náð fram að ganga og ekki hillir undir.

Það var nefnt hér í dag eitt af fyrstu og stóru loforðunum sem hæstv. fjmrh. gaf sem formaður Alþfl., að reka Jóhannes Nordal. Það voru heitstrengingar og svardagar. Hvað hefur skeð? Nú er ekki löng leiðin á milli þeirra nafnanna og eru þeir báðir í sama flokknum hæstv. bankamálaráðherra og hæstv. fjmrh. Væntanlega hefði hæstv. bankamálaráðherra hlýtt formanni sínum og hjálpað honum við að koma þessu loforði í framkvæmd ef þeir hefðu haft einhverja döngun í sér til þess. Það varð auðvitað að engu — þessi stóru orð urðu að engu. Svo er með stóreignaskattinn og svo má áfram telja.

Það er líka fróðlegt að fara yfir þau loforð sem hæstv. ráðherra gaf mönnum í sambandi við þennan virðisaukaskatt fyrir ekki löngu síðan. Hvað sagði hæstv. fjmrh. hér fyrir nokkrum missirum um þennan virðisaukaskatt? Það væri fróðlegt að fara aðeins ofan í það. Ég hef reyndar áður vitnað til þess og það hafa fleiri gert; getur vel verið að hæstv. ráðherra sé að verða leiður á því að það er verið að fletta upp á gömlum ræðum hans. Ja, ekki gömlum, það þarf ekki að fara nema rúmt ár aftur í tímann.

En ég ætla að leyfa mér að opna hérna einu sinni enn 9. heftið af þingtíðindunum árið 1986. Þar var til umræðu einu sinni sem oftar frv. til laga um virðisaukaskatt. Þar mælti hæstv. þáv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, fyrir frv. og síðan tóku þeir til máls hver á fætur öðrum foringjar stjórnarandstöðunnar. Hv. þáv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hóf sitt mál með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Vegna ummæla hæstv. fjmrh. á þá leið að þrír stjórnmálaflokkar hafi lýst yfir stuðningi við tillögur um virðisaukaskatt vil ég taka það fram strax í upphafi máls míns að þingflokkur Alþfl. styður ekki þetta frv. Ég hef líka ástæðu til að ætla að því fari fjarri að stuðningur við þetta frv. sé víðtækur innan raða stjórnarflokkanna.“

Síðan sagði hæstv. núv. fjmrh., þáv. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson: „Í því efni bendi ég sérstaklega á að það eru augljós rök fyrir því að endurskoða saman lög um tekju- og eignarskatt og um virðisaukaskatt. Vegna þess að það mun ráða allnokkru um það hversu langt við viljum ganga í að aflétta tekjuskatti af launum, hvort ríkisvaldið bætir sér upp tekjumissi sinn við það, með því að halda í [ég endurtek] halda í allt of háa söluskatts- eða virðisaukaprósentu eða ekki. M.ö.o.: Ef ríkisvaldið við upptöku virðisaukaskatts vill leiða í lög ákveðnar aðgerðir til tekjujöfnunar, sem óhjákvæmilegt virðist að gera, hefur það mikil áhrif á það í hvaða átt tekjuskattsbreytingin verður.“

Svo kom, eins og hæstv. ráðherra gerir stundum, í fyrsta lagi, öðru lagi og þriðja lagi.

„Í fyrsta lagi: Prósentuálagningin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er allt of há. Það eitt út af fyrir sig veldur því að frv. er með öllu óaðgengilegt.“

Hvernig hefur gengið að létta tekjuskatti af almennum launatekjum? Hvað hefur orðið um þau áform? Ég skal fara yfir það. Það hefur verið gert með því að í tengslum við staðgreiðslukerfi skatta er augljóst mál að skattbyrði einstaklinga hefur þyngst. Hún hefur breyst, hún dreifist öðru vísi en hún hefur þyngst. Það er næstum enginn vafi á því að við verðbólgustig eins og það sem verið hefur undanfarna mánuði og verður að meðaltali á þessu ári þá þýðir staðgreiðslukerfisbreytingin, þegar málin verða gerð upp, að skattbyrði einstaklinga af tekjuskatti hefur þyngst. A.m.k. ekki lækkað, það leyfi ég mér að fullyrða. Þannig að ekki eru það rök fyrir þessari háu virðisaukaskattsprósentu sem hér er til umfjöllunar að menn hafi á móti létt þá skattbyrði af fólki með lækkun tekjuskatts, eins og uppi voru áform um hér einu sinni. Þvert á móti hafa menn einmitt verið í kerfisbreytingum hvað tekjuskattinn varðar til þess væntanlega að koma á varanlegu innheimtuformi fyrir þann skatt en ekki til þess að leggja hann niður. Varla stæðu menn í þeim ósköpum öllum saman og eyddu öllum þeim peningum, sem sú breyting mun kosta, til þess eins að leggja hann svo niður eftir eitt eða tvö eða nokkur ár.

Hæstv. fjmrh. er því í raun og veru kominn í allhroðalega mótsögn við sína fyrri afstöðu í þessum efnum. Þar sem hann bölsótaðist út í virðisaukaskatt á þeirri forsendu að skattprósentan væri allt of há, svipuð eða eilítið hærri heldur en hér er gerð tillaga um, og taldi að stuðningur sinn við áform um lækkun tekjuskatts færi fyrst og fremst eftir því hvaða skattprósentu yrði áformað að taka upp í virðisaukaskatti.

Nú stendur hæstv. ráðherrann að því með nokkurra mánaða millibili að viðhalda sambærilegri, jafnvel meiri skattbyrði á einstaklinga í formi tekjuskatts og mæla fyrir frv. til laga um virðisaukaskatt með sambærilegri skattprósentu. Og það með einni flatri prósentu út yfir allar vörur, breiðari skattstofn en menn voru með í huga í fyrri virðisaukaskattsfrv. Svona hroðalega er nú komið fyrir þessum loforðum sem hæstv. fjmrh., þáv. hv. þm. og formaður Alþfl. bæði fyrr og nú, gaf kjósendum úr ræðustóli Alþingis fyrir tveimur árum síðan.

Það má meta það, herra forseti, út frá fræðilegu sjónarmiði hvort virðisaukaskatturinn sem slíkur sé til bóta og þá hve mikilla bóta og fara yfir kosti hans og galla. Það gera auðvitað flm. frv. í grg. og það er næsta kostuleg lesning. Kaflafyrirsagnir í grg. eru vel þess virði fyrir hv. þingdeildarmenn að staldra ofurlítið við þá. Það er t.d. spurt á bls. 20 í frv., kafla 2.3: „Er virðisaukaskatturinn gallalaus?“ Þetta er nokkuð skemmtileg kaflafyrirsögn. Já, það er einhver ástæða til þess að menn setja svona lagað á prent, þessa spurningu. Mönnum hefur greinilega dottið í hug að hér væri fundið algjörlega gallalaust skattform.

Í kafla 2.2, bls. 19, undir fyrirsögninni „Eiginleikar virðisaukaskatts“, er sagt, með leyfi forseta: „Virðisaukaskattur eyðir sjálfkrafa flestum göllum söluskattskerfisins.“ Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þvílík áróðursmennska í formi

þskj., í stjfrv., er alveg neðan við allar hellur. Maður ætlast til þess að í grg. með frv., ég tala nú ekki um stjfrv., sé reynt að leggja fram hlutlausar, hlutlægar upplýsingar um málin — en frasi af þessu tagi, virðisaukaskatturinn eyðir sjálfkrafa flestum göllum söluskattskerfisins. Síðan er spurt: Er virðisaukaskatturinn gallalaus? Og menn svara sér sjálfir og komast í raun og veru að því að hann sé svo til gallalaus. Þetta sé nánast alfullkomið. T.d. séu ræðuhöld um meiri skriffinnsku og fyrirhöfn á misskilningi byggð að mestu leyti. Það sem menn séu að finna að þessu næstum að segja alfullkomna kerfi sé yfirleitt á misskilningi byggt.

Nei, herra forseti. Þetta er harla sérkennilegur málflutningur. Ég verð að segja það eins og er. Ég hefði tekið miklu meira mark á málflutningi hæstv. fjmrh. og grg. frv. ef menn hefðu hreinlega viðurkennt að auðvitað er virðisaukaskattur langt frá því að vera gallalaus og fullkomin aðferð eins og allar aðrar slíkar, langt frá því. En þessi rembingur, að reyna að halda því fram bæði í ræðu og riti að hér sé í raun og veru búið að uppgötva hið endanlega réttlæti í skattamálum og að gallar fyrri aðferða hverfi bara eins og dögg fyrir sólu, gufi upp, eyðist af sjálfu sér, er heldur barnalegur. Það sæmir varla reyndum hv. þm. og núv. hæstv. fjmrh. að bera slíkt á borð og er hann þó alkunnur og þekktur áróðursmaður. Auðvitað er staðreyndin sú að virðisaukaskattur er eins og aðrar slíkar skepnur langt frá því gallalaus, langt frá því að hann einn og sér tryggi það að það verði ekki áfram undandráttur, ekki áfram skattsvik, og síðan hefur hann ómótmælanlega í för með sér útgjöld og fyrirhöfn og ýmsa erfiðleika sem lenda ekki bara á hinu opinbera skattkerfi heldur líka á þolendunum, bæði einstaklingunum og þá ekki síður öllum þeim sem gera eiga skattskil og fjölgar um fleiri, fleiri þúsund.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að það sem mér hefur þótt nokkuð ámælisvert í sambandi við þessa skattaumræðu, sérstaklega virðisaukaskattinn, er sú tilhneiging, þeir tilburðir sem ég vil leyfa mér að segja að hafi verið uppi, til að blekkja fólk. Því var haldið fram hér í haust og vetur að nú stefndi allt í virðisaukaskatt í einni prósentu alls staðar í heiminum. Ég fór og náði mér í ýmsar upplýsingar um þau efni og það væri hollt fyrir hv. þm. Guðna Ágústsson að hlusta á þetta mál því hann var uppi með vangaveltur um þetta og var að biðja hæstv. fjmrh. um svör. Ég skal svara hv. þm. og upplýsa hann í eitt skipti fyrir öll að það er tómt rugl, svo ekki sé sagt lygi, að halda því fram að þróunin í heiminum, í OECD-löndunum, þar sem þessi skattur fyrst og fremst er við lýði, sé í átt til einnar skattprósentu eða hafi verið. Ég fór í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, ég fór til Þjóðhagsstofnunar, ég fór til Seðlabankans í nóvember og desember í haust og bað um gögn um virðisaukaskatt. Ég leitaði jafnvel út fyrir landsteina til að fá um þetta efni upplýsingar vegna þess að mér bauð í grun að málin væru ekki eins einföld og postular virðisaukaskattsins voru að reyna að telja mönnum trú um hér uppi á Íslandi. Ég þóttist vita, hafa um það tilteknar vísbendingar, að málin stæðu ekki eins og hér var verið að reyna að telja fólki trú um. Og úr því merka bókasafni Seðlabankans, sem mér er sagt að enginn maður hafi komið inn í nema bókaverðir, fékk ég þessa skýrslu og ég ætla að tala af talsvert meiri lotningu um bókasafn Seðlabankans héðan í frá því það kom sér ágætlega að fá þetta gagn og ég las upp úr því hér fyrir jólin eins og einhverjir muna e.t.v. Þetta er skýrsla um það hvernig skattheimtu af þessu tagi er háttað í öllum OECD-löndunum, hvaða áform eru þar uppi og hvernig prósentur skiptast o.s.frv. Það muna e.t.v. einhverjir eftir því að ég las hvert einasta OECD-land yfir hv. þingdeildarmönnum. Ég hygg að það hafi verið í desember öðru hvoru megin við hina heilögu jólahátíð. Ég man líka eftir því að hv. þm. Eggert Haukdal kom inn í dyrnar illa sofinn þegar ég var að ræða um Tyrkland og skattheimtuna þar og hrökklaðist út aftur og hélt að hann hefði villst.

En það er þannig, hv. þm., að þegar maður fer yfir þessi OECD-lönd kemur það í ljós að það sem á að fara að gera hér uppi á Íslandi yrði undantekningin, ekki reglan. Það yrði nær undantekningunni og þekkist í raun og veru eiginlega ekki nema eitt land, Danmörk, þar sem þetta er með sama hætti og hér á að fara að praktisera. Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur, eða hliðstæður skattur af þessu tagi, er í fyrsta lagi lagður á í fleiri en einu skattþrepi og í öðru lagi eru iðulega ýmsar nauðsynjar undanskildar með öllu. Og skattprósentur upp á eitt, tvö eða fáein prósent eru algengar á matvæli, barnaföt og ýmsar slíkar brýnustu nauðsynjar fjölskyldnanna. Þetta er staðreynd málsins og hér vona ég að menn hætti að tala um þessa hluti eins og það sé sjálfsagt og hægt að rökstyðja það með vísan til annarra landa að hér eigi að taka upp einn flatan virðisaukaskatt á allar vörur, þar með talin matvæli og aðrar lífsnauðsynjar. Þannig standa nú þessi mál annars staðar.

Það hefur verið vitnað til Evrópubandalagsins og sagt: Hinn stóri, sameiginlegi markaður og allt þetta og þróunin þar. Hver verður niðurstaðan þar? Hún verður sú, ef áform efnahagsráðunauta og stjórnar Efnahagsbandalagsins ná fram að ganga, að það verði lagður á virðisaukaskattur í tveimur þrepum, lág prósenta á bilinu 4, 5 til 9% á matvæli og fleiri nauðsynjar og svo hærri prósenta á ýmsar aðrar vörur. Það er alveg öruggt mál að það verður aldrei, ekki næstu 20, 30, 40 árin lagður á í Efnahagsbandalagslöndunum matarskattur af því tagi sem hér á að fara að gera, aldrei. Eina landið sem berst þar um er aumingja Danmörk, ekki vegna þess að þá langi til að skattleggja matvæli og þeim sé það sáluhjálparatriði, heldur einfaldlega vegna þess að danski ríkissjóðurinn má ekki við þeim tekjumissi sem það mundi þýða að fara með hluta skattstofnsins niður í þessa lágu prósentu. Eðlilega eru þeir í vandræðum með að samþykkja þessi áform um virðisaukaskatt í

tveimur prósentum.

Alþýðusamband Íslands hefur mótmælt þessum skattáformum sérstaklega, eðlilega, vegna þess að þar vita menn hverjir koma til með að bera hitann og þungann af þessum skatti ef hann verður á lagður. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að þessi skattur er þyngstur í skauti lágtekjufólkinu. Því er ómótmælt að hann kemur betur út fyrir hina tekjuhærri í þjóðfélaginu. Um það ber öllum efnahagsspekingum saman.

Alþýðusamböndin á Norðurlöndum hafa með sér margvíslegt samstarf og eitt af því sem Alþýðusamband Íslands hefur notið góðs af í því samstarfi er að þangað hafa menn getað sótt upplýsingar um reynslu nágrannaþjóðanna af þessu fyrirkomulagi. Það hafa menn gert og Alþýðusamband Íslands hefur að öðrum aðilum ólöstuðum líklega sett sig einna best inn í þessi mál. Ég á í mínum fórum þykkar skýrslur á sænsku og norsku sem Alþýðusamband Íslands hefur fengið frá hinum Norðurlöndunum til þess að afla sér upplýsinga og móta afstöðu sína til þessa máls. Niðurstaða Alþýðusambands Íslands er eindregin hafandi kynnt sér þessi mál vel. Ég bendi á greinargerð sem lögð var fyrir sambandsstjórnarfund Alþýðusambandsins um mánaðamótin nóvember/desember 1987 og samþykkt þar, þar sem stefna Alþýðusambandsins var í raun og veru mörkuð í þessu máli. Það er eindregin niðurstaða Alþýðusambandsins að leggjast gegn þessum áformum og sérstaklega þeirri ósvinnu að ætla sér að skattleggja matvæli og aðrar nauðsynjar rétt eins og hverja aðra vöru vegna þess að menn sjá ekki þörfina á að gera það og menn sjá ekki rökin fyrir því að gera það. Ef það væri eftirlitsatriði og tryggði betri skattskil að hafa þessa vöruflokka inni í kerfinu, bókfæra þá inni í virðisaukaskattinum, ætti sami árangur að nást hvað það varðar þó að skattprósentan væri lægri. Þetta kæmi eftir sem áður þar inn í reikningana.

Síðan er það fróðlegt, herra forseti, að fara yfir þau rök önnur sem menn hafa kannski helst fært fyrir þessum virðisaukaskatti, að hann muni reynast mjög gagnlegt tól til að koma í veg fyrir skattsvik og undandrátt. Og þá var gjarnan talað um matarskattinn í því sambandi, að hann væri nauðsynlegur til þess að ekki væri verið að afgreiða í sömu búðinni annars vegar skattskyldar og hins vegar ekki skattskyldar vörur. Hér eru menn aftur komnir í dálitla mótsögn við sjálfa sig vegna þess að það kemur í ljós að helstu svið undanskots í þessum efnum eru ekki þar. Fyrir lá skattsvikaskýrslan svonefnda um það mál. Þar kemur fram svart á hvítu að matarskatturinn breytir engu um þær greinar þar sem menn óttast að undanskotin hafi verið mest. Verslunin er nefnilega alls ekki í efsta sæti í þessum efnum. Það eru ýmsar aðrar greinar eins og kemur fram í þeirri ágætu skýrslu.

Það er líka hollt, herra forseti, að hafa það í huga að bestu fáanlegar upplýsingar, bæði héðan frá Íslandi og nálægum löndum, um umfang svartrar atvinnustarfsemi benda ekki til þess að hún hafi verið meiri hér en í nálægum löndum. En í þessum nálægu löndum, á hinum Norðurlöndunum og víða annars staðar í Evrópu, er einmitt virðisaukaskattur. Og ég spyr: Ef virðisaukaskatturinn er svona geysilega gott og árangursríkt tæki til að koma í veg fyrir undanskot, til að koma í veg fyrir dulda atvinnustarfsemi, af hverju er þá ástandið ekkert betra þar sem hann hefur nýlega verið innleiddur eða hefur jafnvel verið lengi við lýði?

Niðurstaða *mín* af því að skoða hlutföll í þessum efnum er sú að það verði ekki séð að íslenska skattkerfið, hvað sem um það má segja að öðru leyti, hafi leitt til neitt meira eða stærra neðanjarðarhagkerfis að hlutfalli hér en algengt er í öðrum löndum. Það er talið sem sagt að innan þessa dulda hagkerfis sé hér velta sem svarar til kannski 4–6% af vergri landsframleiðslu þau ár sem þetta var sérstaklega kannað og ef við skoðum t.d. umfang nótulausra viðskipta hér og á Norðurlöndunum verður ekki annað séð en að Ísland standi bera heldur vel því umfang nótulausra viðskipta virðist vera meira á hinum Norðurlöndunum en hér að bestu manna yfirsýn, samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum.

Virðisaukaskattur er ekkert töfraorð í þessum efnum. Það vita allir sem hafa kynnt sér skattamál annarra landa að það eru til alveg jafneinfaldar aðferðir í raun og veru til þess að komast fram hjá virðisaukaskatti, alveg nákvæmlega eins. Það þarf að standa svolítið öðruvísi að því. Við getum tekið dæmi um það hvernig menn þurfa þá að bregðast við þegar virðisaukaskattur kemur í staðinn fyrir söluskatt. Nú skulum við segja að maður ætli með eitthvert tiltekið tæki í viðgerð. Ég vil ekki vera að nefna bifreið af því að þá héldu menn að mér væri sérstaklega illa við bifvélavirkja. En við skulum segja að einhver einstaklingur sé með eitthvert tiltekið tæki í sínum fórum og það bili og hann þurfi að fá það viðgert. Hann fer með tólið á verkstæði, svona lítið notalegt verkstæði þar sem vinna einn eða tveir menn. Í gildandi söluskattskerfi hefði verið einfaldast fyrir þessa tvo aðila að koma sér saman um það að þessi viðskipti færu ekkert á nótur. Hvorugur aðilinn fengi í sínar hendur neina pappíra um það þannig að ekki yrði hægt að rekja neitt ef farið yrði ofan í saumana á þessum málum.

Það mætti halda að þetta yrði snúnara í virðisaukaskattinum, sérstaklega ef t.d. þarf að setja varastykki í apparatið. Þá þarf að kaupa varastykkið og á því er ákveðinn innskattur o.s.frv. og þar með yrðu viðskiptin öllsömul bókhaldsfærð, kæmu inn í bókhald með einhverjum hætti. Hvað gera menn þegar virðisaukaskattur er kominn á í slíkum tilfellum? Það er einfalt. Verkstæðismaðurinn segir við Jón Jónsson sem kom með hlutinn til viðgerðar: Ef þú skreppur sjálfur niður í umboð og kaupir varastykkið og efnið sem ég þarf til að gera við hlutinn fyrir þig borgar þú einhvern smáinnskatt af því. Ég tek svo að mér að setja þetta í tækið fyrir þig, gera það upp og leggja fram vinnuna og enginn veit að

hluturinn hafi nokkurn tíma komið inn á verkstæði hjá mér, ekki frekar en að þú hefðir gert þetta allt saman heima hjá þér. Málið leyst. Svona er hægt að taka dæmin áfram ef menn vilja. Það þarf ekki annað en að reyna að hugsa það hvernig þessir hlutir geta gengið fyrir sig úti í daglega lífinu og þá sjá menn að auðvitað er hægt að fara fram hjá þessu alveg nákvæmlega, nákvæmlega eins. Það er nánast hverfandi munur á því og því sem er í núgildandi kerfi ef menn á annað borð vilja standa í svona æfingum. Þeim mun auðveldara er þetta sem aðföng eru minni og vinna og þjónusta stærri hluti af viðskiptunum í hvert og eitt sinn, þeim mun auðveldara. Þetta gefur auðvitað auga leið.

Þá þurfa menn að fara að hugsa: Er þetta þá allt saman þess virði? Er það þess virði að standa í þessum æfingum, að fjölga starfsmönnum opinberra aðila sem mörgum finnst vera nógu margir, stækka báknið um fleiri tugi og jafnvel hundruð manna, að fjölga framteljendum um tugi þúsunda í landi þar sem ýmiss konar smáatvinnurekstur er mjög almennur, að leggja það á einyrkja, sjómenn, bændur og smáfyrirtæki að fara út í svona bókhald í einhverri óljósri von um að það bæti eitthvað skattskil. Ég held að menn verði að hugsa þetta dæmi alveg til enda. Mér er sagt að þær æfingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur þegar staðið fyrir í skattamálum hafi bakað ýmsum smærri aðilum í viðskiptum og í atvinnulífi meiri háttar vandræði. Mér er sagt að einstaklingar sem fram að þeim tíma að hæstv. ríkisstjórn, ríkisstjórn báknsins, tók við völdum gátu séð um sitt eigið bókhald, séu nú að bogna og gefast upp og þurfi að leita á náðir bókhaldsskrifstofa og sérfræðinga og kaupa þá þjónustu dýrum dómum — eða hætta, sem er reyndar býsna algengt þessa dagana. Svo dynja fyrst ósköpin yfir þegar virðisaukaskatturinn bætist við allt saman, bætist við staðgreiðsluna og aðrar æfingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir.

Herra forseti. Um frv. að öðru leyti má segja það að það undrar mann nokkuð að mál sem hefur verið að velkjast í kerfinu, verið á undirbúningsstigi, ef svo má segja, að því er virðist í ein 15 ár, skuli koma hér inn í þingið á síðustu dögum svo hrátt og illa undirbúið að það þarf langan lista af fyrirvörum til þess að sveigja menn og telja menn á að samþykkja óbermið. Þá er mönnum lofað því að þetta og þetta og þetta og þetta verði nú strax tekið til skoðunar og athugað hvort ekki sé hægt að laga það og koma því betur fyrir. Þetta er heldur lágkúruleg útkoma fyrir hæstv. ríkisstjórn, að standa uppi með þetta plagg í höndunum á síðustu dögum þingsins og þurfa að hafa þennan langa fyrirvaralista á. Ég hygg að það séu ein 10–15 atriði sem á að setja í alveg sérstaka könnun og rannsókn í sumar af því að menn viti í raun og veru ekkert hvað þeir eru að afgreiða í frv. Það fyrsta er skattprósentan. Það á auðvitað að setja það í alveg sérstaka rannsókn hvort hún eigi að vera 22% eða eitthvað annað. Það er alveg óútkljáð. Er það þó ekkert smáatriði. Maður skyldi ætla að það varðaði einhverju þegar menn eru að samþykkja þetta kerfi hver prósentan á að vera. Nei, bíðum með það. Athugum það í sumar.

Svo er með byggingarstarfsemina. Þar er einn stór hausverkur. Hann á bara allan að skoða í sumar. Orku til hitunar húsnæðis. Sérstök nefnd í það. Hvernig þetta hittir atvinnulífið, fiskveiðar og fiskvinnslu, menningar- og listastarfsemi, jafnræði í samkeppni einkaaðila og opinberra aðila, útgáfa tímarita, skattskil af viðskiptum bænda og afurðastöðva, gjaldfrestur af innflutningi, virðisaukaskattur af fólksflutningum o.s.frv., öllu vísað til nefndar. Þetta þarf allt að skoða betur. Það er lítið að verða eftir af gripnum. Það er fátt eitt sem ekki þarf að skoða betur nema fyrirsögnin. Ég hef engar tillögur heyrt um að það þurfi að setja nefnd í að skoða fyrirsögn frv. Hún er líklega í lagi.

Það liggur við að það hefði mátt í staðinn fyrir þetta frv. afgreiða eina línu og gera að lögum eina línu: Stefnt skal að því að taka upp virðisaukaskatt í einhverri mynd á miðju ári 1989. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka upp einhvers konar virðisaukaskatt í einhverri mynd, sem hún ætlar að reyna að koma sér saman um í sumar, um mitt ár 1989. Lög þessi öðlast þegar gildi. — Það hefði verið alveg jafngott í raun og veru og sparað mikinn pappír ef hæstv. ríkisstjórn hefði farið svoleiðis í málið. Það er í raun og veru það sem verið er að gera hér. Og það vekur auðvitað furðu hafandi í huga hvað langan aðdraganda þetta mál á, herra forseti.

Það er ekki margt fleira sem ég sé sérstaka ástæðu til að fara yfir við 1. umr. málsins. Þetta er í mínum huga mjög stórt mál og kemur ekki til greina af minni hálfu að hraða umfjöllun um það með óeðlilegum hætti á nokkurn hátt. Þetta er ekki mál af því tagi sem réttlætanlegt er að sulla í gegn lítt athuguðu eða lítt skoðuðu vegna þess að einhverja langar til að senda þingið heim núna eftir nokkra daga. Það verður bara að hafa það. Ég ræði um þetta mál eins lengi og ég tel þurfa og eins mikið og ég tel þurfa því að þetta er ekki mál af því tagi sem réttlætanlegt er að sýna eitthvert kæruleysi gagnvart.

Að lokum ætla ég að hverfa aftur til upphafsins og ræða pínulítið um matarskattinn, skattinn á matinn og menninguna, því það er auðvitað það stórpólitíska sem hér er að eiga sér stað. Þar vill svo vel til að á ferðinni er einfalt atriði sem réttlætiskennd hvers einasta manns gerir kleift að dæma á staðnum og stundinni ef svo má að orði komast. Þá getur hæstv. fjmrh. leitt fram alla sína spekinga, teflt fram öllum sínum sérfræðingum, látið þá skrifa þindarlaust í Morgunblaðið og annars staðar greinar um hvað matarskattur sé mikil gersemi og hann má jafnvel kaupa endalausar heilsíður í dagblöðum undir þetta efni, reyna að fá þjóðina til að trúa því að það sé henni sérstakt bjargræði að borga skatt af matvælum. Það gengur ekki upp. Og þetta veit auðvitað hæstv. ráðherra. Hann tommar ekki móti þeirri einföldu staðreynd að fólki finnst matvælin vera grundvallarlífsnauðsynjar af því tagi sem síðast

af öllu á að leggja skatta og álögur á. Það er þannig út um allan heim og þá fyrst hafa ríkisstjórnir, hvort sem heldur er hér eða í Póllandi eða Chile eða Argentínu eða hvar sem það nú er, lent í alvarlegum erfiðleikum þegar þær hafa rokið til og ætlað að hækka matvælin.

Nú er það svo, herra forseti, að ýmislegt bendir því miður til þess að íslenskur almenningur þurfi að búa sig undir eitthvað krappari kjör, í fyrsta lagi vegna þess að þessi ríkisstjórn er hinum almenna launamanni andsnúin. Þetta er fyrst og fremst ríkisstjórn peningaaflanna í landinu sem gætir hagsmuna þeirra og er reyndar til þess sett, Alþfl. kannski óafvitandi. Hann gerir það samt, plataður af harðlínuöflunum, Sjálfstfl. og Framsfl., sem hafa þetta litla lamb í bandi og í skítverkunum fyrir sig eins og að leggja á matarskatt. Það er alvarleg staðreynd, einmitt í ljósi þess að hér á að fara að festa í sessi þennan matarskatt, að niðurstöður kjarasamninga nú, afstaða ríkisstjórnarinnar og ýmis önnur atriði, sem tína mætti til, benda því miður til þess að almennt launafólk þurfi að búa sig undir krappari kjör á næstunni. Í því ljósi er matarskatturinn jafnvel enn verri en menn hafa rætt um hingað til. Þá mun reiði fólks yfir þessum ósanngjarna skatti magnast og er hún þó ærin fyrir. Og enn þá vonlausara verður þá áróðursstríð hæstv. fjmrh. að reyna að telja fólki trú um að þetta sé réttlætismál eins og hann sagði í auglýsingunni í blöðunum, að matarskatturinn og tilheyrandi væri einfaldara, skilvirkara og réttlátara en það skattkerfi sem fyrir var. Hafi það verið erfitt á meðan þjóðinni var talin trú um að hún byggi við góðæri og allt væri í lukkunnar velstandi, og margir trúðu því og auðvitað ýmsir höfðu það gott, þá verður held ég enn erfiðara að vinna það stríð þegar tímarnir fara harðnandi eins og þeir gera því miður sjálfsagt ef þessi ríkisstjórn situr áfram við völd og lifir. En um það eru vissulega skiptar skoðanir eins og kom fram í ræðu framsóknarmannsins áðan, hv. þm. Guðna Ágústssonar.

Herra forseti. Þetta frv. fer nú sína venjulegu leið til nefndar og verður þar sjálfsagt athugað af samviskusemi eftir því sem frekast eru tök á. Tíminn er of naumur til að gera því þar þau skil sem vert væri og skylt væri ef meiningin er að ljúka þingstörfum eftir fáeina daga. En ég endurtek þó að a.m.k. af minni hálfu verði tekinn sá tími sem óhjákvæmilegur verður talinn í að skoða þetta mál hvað sem öllum áformum um þinglok líður, enda dynja þær hörmungar víst nógu fljótt yfir sem væntanlegar eru eftir þinglausnir ef marka má ýmsar fregnir af stjórnarheimilinu og væri vissulega kostur ef hægt væri að koma því þannig fyrir að þetta frv. yrði ekki lögfest heldur biði þess að ríkisstjórnin sýndi á spilin því það snertir kjör almennings í landinu og gæti verið að einhverjum snerist hugur og bindið losnaði frá auganu á einum og einum manni varðandi þennan matarskatt ef hann sæi fyrir sér í sömu andrá þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn er að sögn með á prjónunum í efnahagsmálum almennt.

Hæstv. fjmrh. hefur fært þau rök fyrir því að þessi matarskattur sé í raun og veru jafnaðarmennska að með því sé verið að treysta tekjustofna ríkissjóðs. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra. Það er vissulega það eina sem hann hefur sagt 100% rétt um þetta mál. Þetta er einhver öruggasta leið til að afla ríkissjóði tekna sem til er í heiminum, þ.e. að skattleggja matvælin. Ætli það sé ekki eitt af því síðasta sem menn spara við sig, þ.e. maturinn. En það er sérkennilegur endi á hlutunum að byrja þarna hjá hæstv. ráðherra og formanni hins svonefnda jafnaðarmannaflokks á Íslandi, hæstv. fjmrh. Jóni Baldvin Hannibalssyni. Ef það fer svo, sem ég var að velta fyrir mér fyrr í ræðunni, að hæstv. ráðherra verði svo dagþroti í smöluninni og komi aldrei meiru í verk í þessum skattamálum en að leggja á matarskattinn getur vel verið að hann komist fyrir vikið á spjöld sögunnar. Ég ætla ekki að draga úr því. Það getur vel farið svo að einhver fátækleg orð muni standa á spjöldum sögunnar um hæstv. fjmrh. En það eru ábyggilega ekki þau meðmæli sem hann hefur vonast til að þar yrðu.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti.

Ótrúlegt en samt þó satt,
suma menn ég aldrei skil.
Þeir vilja leggja skatt á skatt,
skatt á það sem ekki er til.

Og svo er hæstv. fjmrh. eftir því sem mér er sagt að tala um lýðskrumara, lýðskrumara sem eru á móti matarskattinum. Ég hélt nú satt að segja að það hefðu flestir aðrir frekar efni á að kalla aðra lýðskrumara en hann. Ég mótmæli því að þeir sem eru á móti matarskattinum séu lýðskrumarar og bið hæstv. ráðherra að líta sér nær.

Það er verið að tala um að það sé ekki hægt að hafa nema eina skattprósentu og síðasti ræðumaður kom töluvert inn á þetta mál áðan. Umfjöllun í Danmörku við Efnahagsbandalagsþjóðirnar er um hvernig eigi að afgreiða það mál þar vegna þess að það eru aðeins tvær þjóðir sem standa utan við að hafa tvær eða jafnvel fleiri skattprósentur í sambandi við virðisaukaskattinn. Meira að segja járnfrúin hin margumtalaða leggur ekki skatt á matvæli, en múrbrjóturinn á Íslandi virðist ætla að halda sig við það að leggja sama skatt á matinn og allt annað.

Hvernig er reynslan í Svíþjóð af þessum virðisaukaskatti sem er ef ég man rétt um 23%? Hver er hún? Er hún ekki einmitt sú að það er vitað mál að það fer mjög mikið fram hjá verslunum t.d. af landbúnaðarvörum? Þeir fá ekki rönd við reist. Þeir gera það í því formi að ef menn vilja komast hjá því kaupa þeir nautið eða svínið og að nafninu til slátra þeir því sjálfir í þar til gerðum bílskúrum sem eru fullnægjandi fyrir heilbrigðiseftirlitið. Þeir eru að slátra nautinu fyrir sig eða svíninu. Þetta er gert út um alla Svíþjóð. Svo eru menn að tala um að það sé ekki hægt að fara fram hjá þessum skatti. Hver er reynsla annarra eða læra menn yfirleitt ekkert hér af reynslunni, reynslu annarra?

Ég held að í því formi sem þetta mál er komið í væri þó skásta lendingin í þessu máli að fresta því til haustsins vegna þess að það eru svo mörg spurningarmerki eins og kom fram hjá hv. þm. hér áðan sem talaði fyrir Kvennalistann. Það er í mörgum liðum. Sem sagt að þegar maður horfir á 2. gr. frv. eins og hún kemur frá Ed. er mjög margt sem er ekki upp gert hvernig fara skuli með. Okkur var að berast bréf frá leiklistarráði þar sem þeir eru að kvarta undan því eðlilega að þessi skattur sé settur á leikhúsin. Eru einhverjar tekjur sem er hægt að benda á þannig að það sé hægt blátt áfram að setja skatt á leikhúsin? Er hugsanlegt að hækka leikhúsmiðann um 22% eða hafa leikhúsin yfirleitt möguleika á því að missa tekjur? Ég held að þarna sé verið að seilast t.d. þangað sem enginn grundvöllur er fyrir. Það er verið að leggja skatt á það sem ekki er til.

Og hvernig er svo umhorfs í okkar þjóðfélagi? Það á að leggja skatt á lögfræðingana, þ.e. ekki á lögfræðingana sjálfa heldur þá sem leita til þeirra. Þeir hafa nóg að gera og það eru margir sem eru í erfiðleikum. Það er verið að innheimta hjá mörgum og ýmsir að verða gjaldþrota. Hverjir eiga að borga þennan skatt? Halda menn að það séu lögfræðingarnir? Halda menn að það séu þeir sem eru að láta innheimta kröfurnar? Nei, þeir ætla að bæta þessu á þolendurna, á þá sem eru komnir í vandræði.

Ef maður fer að athuga í sambandi við húsbyggingarnar, hvernig það er hugsað. Það er hugsað að borga þennan skatt þar til baka, þ.e. það sem er unnið á byggingarstað. Við vitum hvernig þetta hefur verið fram að þessu. Verkstæðisvinnan hefur verið að verulegu leyti talin fram þannig að hún sé unnin á byggingarstað jafnvel þó að svo sé ekki. Sums staðar er líka verið að reisa hús á byggingarstað til að hafa möguleika á að vinna verkstæðisvinnuna á þeim stað og gera þetta löglega. Halda menn að þetta haldi allt saman? Ég gæti vel komið með dæmi sem ég þekki um hvernig er farið í kringum þetta og hvernig er verið að hugsa um að fara í kringum þetta. Ég ætla að geyma það til næstu umræðu.

En hvernig er farið svo með eigin vinnu eða það sem fátæklingar eru að reyna að byggja og fá hjálp frá nágrönnunum í stórum stíl sem ég þekki dæmi til? Á að meta framlag nágrannanna og eigin vinnu fjölskyldunnar og borga skatt af því? Er það hugsað þannig? Er það hin nýja jafnaðarmennska á árinu 1988? Er það? Eða hvernig á að fara með þetta? Ég sé nú að hæstv. fjmrh. hefur ekki þolað að sitja hér í salnum (**Fjmrh.:** Ég hlusta hérna.) enda er ég ekkert hissa á því. Ég vil fá svör við því hvernig á að fara með það. Ég gæti komið með ýmis dæmi. Ekki einungis úr mínum byggðum heldur annars staðar þar sem hópur manna hefur lagt fram vinnu sína til að gera mögulegt að byggja upp atvinnurekstur á sumum heimilum þar sem eru mörg börn og mikil fátækt. Á að skattleggja þetta? Ég skil það svo. Þá leiðréttir hæstv. ráðherra mig og skýrir hvernig þetta er hugsað. Eða er eitthvað af þessu hugsað? Ja, það er illt þeirra ranglæti, en mér sýnist að þar sem þeir tala um réttlæti í þessum málum sé það hálfu verra. Og ætla hv. þm. Framsfl. — þeir eru nú fáir hér viðstaddir sem von er — að láta fara þannig með sig, miðað við þá stöðu sem er úti á landsbyggðinni, að samþykkja að matarskatturinn verði í einni prósentu? Ætlar hann að gera það? Ætla þeir að láta þessa ríkisstjórn, hver sem ræður ferðinni, þó ég hafi mínar hugmyndir um það, fullkomna verkið með því að halda þessum matarskatti í sömu prósentu og öðrum skatti, eins og skatti á lúxusvörur, og vera eina undantekningin í Evrópu í þessu? Á að ganga svo langt?

Ég sagði í gær eða fyrradag að margar byggðir væru nú að gefast upp. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að það sé eingöngu þessari ríkisstjórn að kenna. En hún á stærsta þáttinn í því með því að pressa upp fjármagnskostnaðinn, gera hann meira en tvöfaldaðan á sinni valdatíð. Hæstv. bankamálaráðherra sagði að það væri ekki hægt að lækka vextina með valdboði. Það var hægt að hækka þá. Hvað er það annað en valdboð að bjóða alltaf hærri og hærri vexti? Ef ég skil mælt mál er það ekkert annað. Það er rétt hjá ráðherra að það er erfiðara að ná þeim niður með valdboði. Það skal ég viðurkenna. En ég hef reynt að taka þátt í því og sá banki sem ég hef svolítið að gera með hefur gengið á undan öðrum til að reyna að lækka vextina. Þó eru þeir allt of háir miðað við auglýsta verðbólgu. Ég segi: auglýsta verðbólgu.

Auðvitað er lánskjaravísitalan og öll þessi vísitala ekkert annað en hrein vitleysa eins og flest annað sem er verið að gera nú í okkar þjóðfélagi. Þó það sé ekki þessari stjórn að kenna er það hagfræðingum að kenna, fyrrverandi ráðgjöfum ríkisstjórnarinnar. Hvaða vit er í því að miða vísitölu við það ef innfluttar vörur hækka erlendis? Væri ekki nær að taka upp aðra vísitölu þar sem væri miðað við það sem við framleiðum á hverjum tíma? Ætli sé ekki meiri skynsemi í því? Eða eru menn alveg hættir yfirleitt að hugsa rökrétt?

Ég er á móti þessum virðisaukaskatti eins og hann er lagður fyrir. Og ég er fyrst og fremst á móti matarskattinum. Og þó ég segði í upphafi máls míns að ég væri hneykslaður á hæstv. fjmrh. að hann kallaði þá sem eru á móti þessum matarskatti lýðskrumara verð ég að viðurkenna að innst inni er þetta lofsöngur í hans munni. (**HBl:** Hvernig þá?) Að kalla þá sem eru á móti matarskattinum lýðskrumara. (Gripið fram í.) Nei, Halldór Blöndal, hv. þm. er algerlega orðinn ruglaður í þessu sem von er. Það eru bara fleiri af þessu stjórnarliði.

Ég ætla ekki að hafa langt mál í þetta sinn. En ef þetta frv. á að fara í gegn í þeim búningi sem það er í og með öllum þeim fyrirvörum sem þar eru, sem eru í raun og veru að gefa heimild þessari ríkisstjórn ef hún situr í einhverjar vikur enn, sem er ólíklegt, þá tek ég ekki þátt í slíku, enda, þó að þetta verði samþykkt ef að líkum lætur, verður þetta mál í

þinginu aftur að hausti þar sem eru 90% líkur fyrir því að það verði kosið fyrir hið reglulega þing eins og nú horfir í þessu þjóðfélagi og líklega fáum við þá að glíma aftur um bjórinn áður en lögin taka gildi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég var frekar fylgjandi þessu virðisaukafrumvarpi þangað til ég heyrði hæstv. fjmrh. tala fyrir frv. Hann talað mig frá fylgi við það. Nú er það svo að þegar ég gegndi því embætti sem hann er kenndur við núna lagði ég þetta frv. fram (Gripið fram í.) til kynningar, mælti ekki með samþykkt heldur aðeins til kynningar. Þá var hvorki fylgi við frv. í Sjálfstfl., sem ég tilheyrði þá, né heldur í Alþfl. Þá fékk ég þau boð frá formanni fjh.- og viðskn. hv. Ed. að frv. hefði ekki fylgi í nefndinni og það yrði fellt ef það kæmi til afgreiðslu deildarinnar. Út af fyrir sig voru það engar fréttir fyrir mig. Ég sagði þá viðkomandi aðila, formanni nefndarinnar, að hann skyldi bara láta það daga uppi. Ég væri búinn að gera það sem ég var beðinn um, þ.e. að kynna frv., leggja það til kynningar fyrir Alþingi.

Nú kemur þetta frv. með fyrirvörum og er komið í gegnum þá deild sem neitaði að afgreiða það frá nefnd. Mér er ekki nokkur leið að skilja hvers vegna og hvað það er sem hefur snúið tveimur „hringlandi" stjórnmálaflokkum, Sjálfstfl. og Alþfl., til fylgis við frv. sem er hvorki fugl né fiskur nema að því leyti, sem ég get vel sætt mig við og viðurkenni, að það getur verið til hagsbóta fyrir atvinnurekstur, þ.e. sumar greinar atvinnurekstrar, ekki allar. Í mörgum tilfellum er það svo íþyngjandi fyrir lítil fyrirtæki að það fer fyrir þeim eins og kom hér fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., annaðhvort verður að kaupa sér of dýra þjónustu endurskoðenda, því þau ráða ekki við starfið sem fylgir öllum þessum nýju ráðstöfunum sem ríkisstjórnin er að þvinga inn á atvinnureksturinn, eða hreinlega hætta. Þriðji möguleikinn er sá, sem sami hv. þm. gat um, að verða í hópi þeirra sem eru neyddir til að brjóta lög. Þeir eru neyddir til þess með ráðstöfunum sem þeir geta ekki staðið við, en verða að vinna, þeir verða að gera eitthvað til þess að draga fram lífið, til að skapa sér og sínum lífsviðurværi. Þessa möguleika er verið að taka frá mörgum af þessum litlu atvinnurekendum.

Ég skil ekki hæstv. fjmrh. þegar hann heldur því fram á sama hátt og íhaldsmenn gerðu í tíð Macmillans, hvernig sem þjóðfélagið braust um í þeim ólgusjó sem þá var undir þeirri íhaldsstjórn hélt forsætisráðherra þeirrar stjórnar alltaf áfram að segja í hvert skipti sem hann opnaði munninn: Þið hafið aldrei haft það eins gott. Og hæstv. fjmrh. okkar hefur tekið upp þessa tækni og hann notar til þess fé ríkissjóðs að auglýsa og auglýsa og blöðin hafa ekki svo ég viti til nokkurn tímann haft eins miklar tekjur úr fjmrn. og nú. Hann er að segja fólki hvað það hefur það gott. Á sama tíma er hann að hækka fjárlög um 50%, auka skattheimtu á einstaklingum um tugi milljarða á milli ára og fyrirtæki, bæði í einkaeign og kaupfélögin, hrynja allt í kringum okkur. Daginn eftir eldhúsdagsumræður hér kemur skýrsla frá Þjóðhagsstofnun sem staðfestir allt sem stjórnarandstaðan hefur verið að segja og sagði í þessum eldhúsdagsumræðum, að allir atvinnuvegir þjóðarinnar, hvort sem það er fiskvinnslan, -veiðin eða hvað það er, frystingin, landbúnaðurinn, iðnaðurinn, eiga í vaxandi erfiðleikum. En þá heldur hæstv. fjmrh. áfram að telja fólki trú um að það hafi aldrei haft það eins gott. Á sama tíma sem skattpeningarnir streyma inn í ríkissjóð á fólkið að hafa meira og meira til ráðstöfunar þegar tilfellið er að fólk á í vandræðum með að borga tryggingar af farartækjum sem það nauðsynlega þarf að eiga til þess að komast í og úr vinnu. Þegar fer að líða á mánuðinn, rétt áður en fólk fær útborgað, notar það alls ekki bíl. Það hefur ekki efni á að kaupa bensín á bílinn hvað þá að láta skoða hann. Svona er ástandið.

Og hver segir að ekki liggi eitthvað á bak við þá ellefu liði, eins og hv. 18. þm. Reykv. taldi upp hér áðan, Þórhildur Þorleifsdóttir, plús einn óákveðinn sem á eftir að athuga betur? Hvaða lagafrv. er það sem hæstv. fjmrh. leggur hér fram og biður um hálfgert einræði til að ganga frá? Það á að athuga þessa ellefu til tólf liði með sumrinu. Svo skal ég láta ykkur vita. Þetta felst í látbragði mannsins. Ég skal láta ykkur vita hvað ég ákveð seinna, hvernig þetta verður endanlega. Eftir að hæstv. fjmrh., jafnaðarmaðurinn, sem telur sig vera, er búinn að hækka fjárlög á fyrsta fjárhagsári um meira en 50% treysti ég honum ekki til að hafa frjálsar hendur til að gera tillögur um prósentutölu virðisaukaskatts. Hann gæti alveg eins þotið upp í 30% þess vegna fyrir næstu fjárlög ef hæstv. ráðherra og ríkisstjórn telur sig þurfa að bæta öðrum 50% við útgjaldaliði fjárlaga á næsta ári. Er nokkur maður, nokkur Íslendingur, nema þá þeir sem vilja vera blindir, vilja líta fram hjá staðreyndum, sem trúir því að öll þessi útgjaldaaukning, allir þessir nýju skattar beri þann árangur einan að allir hafi það miklu betra með því að borga meira en þeir vinna fyrir í skatta, meira en þeir hafa efni á? Af hverju hækkaði þá ekki hæstv. ráðherra skattana og útgjaldahlið fjárlaga miklu meira ef það er lausnin á öllum vanda ríkisins og einstaklinganna?

Því miður er það staðreynd að fólkið í landinu á enga samleið með þeirri stjórn sem nú situr með þessar aðgerðir sem hún býður upp á. Ég segi því miður vegna þess að það eru ekki lengur stjórnmálaflokkar í þeim hefðbundna skilningi sem hér var áður en þessi ríkisstjórn var mynduð vegna þess að andstaðan í þjóðfélaginu er öll komin í sömu sængina. Fjölmiðlarnir, hið skrifaða mál, það er allt úr sömu herbúðunum núna. Þeir eru allir með sama stofninn til að skrifa um. Lýðræðið er að því leytinu til í hættu. Og upplýsingar sem koma frá þessu fríða liði eru: Borgið þið, borgið þið. Borgið þið meira. Við þurfum meira. Við erum eins og óseðjandi

padda sem verður að borða og borða og borða. Það skiptir engu máli hvort einhver annar líður fyrir það.

Ég er ansi hræddur um að það sem er óákveðið í þessu frv., sem ég var frekar hlynntur, geri að verkum að það sé hættulegt að samþykkja það. En það eru punktar í þessu frv. og þetta er stofn að skattheimtu sem ég er ekki frá því að geti verið til bóta. En eins og það er lagt fram og það sem farið er fram á með þessu plaggi og sérstaklega í höndum þeirra manna sem eiga eftir að meðhöndla það, þá er það stórhættulegt og ég vara við því.

Ég get ekki með nokkru móti samþykkt matarskattinn eins og hann er. Hæstv. ráðherra getur sýnt vinnufélögum sínum hér, þó í stjórnarandstöðu séu, þá lítilsvirðingu að kalla þá hvaða nafni sem hann vill. En ég mótmæli því að forseti, hver sem hann er, leiðrétti ekki eða víti ekki ráðherra þegar hann kallar stjórnarandstöðuna lýðskrumara vegna þess að þeir hafa aðra skoðun en hann á málum sem hann flytur. Það er ráðherra ekki til sæmdar að haga orðum sínum þannig til stjórnarandstöðunnar.

Ég get ekki samþykkt virðisaukaskatt á marga þá liði sem hér voru taldir upp og ég er sammála frú Þórhildi Þorleifsdóttur, hv. 18. þm. Reykv., um allt sem hún sagði um listir og menningu. Og ég vil bæta við, þó að henni sé kannski illa við að fá þá viðbót, að ég vil koma íþróttunum þar undir. Kvennalistinn hefur barist frá því að þær komu til setu á Alþingi fyrir mjúku málunum og öllu því sem snertir börnin m.a. En það er ekkert barnaheimili til stærra í Reykjavík eða á landinu en íþróttafélögin. Þar eru börnin í hundruðum eða þúsundum og þar eru stærstu leikvellirnir. Og þegar komið er upp í eldri aldursflokka eru það áhugamenn, ekki launafólk, sem dregur að nokkra áhorfendur til að safna peningum fyrir rekstri á þessum stóru ég mundi segja barnaheimilum í þeim skilningi sem ég er að tala nú. Það á auðvitað ekki að setja á þá skatta, hvorki söluskatt, virðisaukaskatt né neitt annað. Það er að brjóta niður þjóðfélagið. Það er að brjóta niður það skipulag sem við höfum haft. Og það sama á við leikhúsin sem eru öll ung. Þetta er ung starfsemi eins og við erum ung sem lýðveldi. Það á að gefa þeim frið á þessum uppvaxtarárum.

En virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri núna. Það er búið að segja margt af því sem ég hefði viljað segja og ég sé enga ástæðu til að endurtaka það frekar, en því miður er ég farinn að sjá svo marga galla, svo stóra óvissuþætti í frv. að ég er farinn að undrast að fjmrh. skuli láta sér detta í hug að bera það fram eins og það er útbúið. Og ég furða mig líka á því að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. hafa snúist og stefna í öfuga átt við það sem áður var í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Enginn verður með orðum veginn, segir á einum stað. Allt er óvissu undirorpið, segir á öðrum, nema skatturinn og dauðinn.

Að lokinni þessari umræðu vil ég stilla orðum mínum mjög í hóf, þakka fyrir fróðlegar umræður. Margt af því sem fram hefur komið eru gamlir kunningjar úr fyrri umræðu skattkerfisbreytinganna.

Einn hv. þm. beindi til mín sérstaklega tveimur spurningum sem ég vil gjarnan reyna að svara. Það var hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson.

Hann spurði í fyrsta lagi: Hvaða fyrirheit liggja fyrir eða stefnumörkun að því er varðar niðurgreiðslur landbúnaðarafurða við upptöku virðisaukaskatts? Ég vek athygli hv. fyrirspyrjanda á skjali dags. 25. mars þar sem dregnar eru saman niðurstöður af athugunum fulltrúa þingflokka stjórnarliða um virðisaukaskattsfrv. Það var birt þingflokkunum undir fyrirsögninni „Frágangur virðisaukaskattsfrumvarps.“ Þar var gerð ítarleg grein fyrir þeirri breytingu sem var frá fyrra frv. til þessa að því er varðar innheimtu virðisaukaskatts í landbúnaði, sérstaklega vegna sölu til vinnslustöðva. Þetta plagg mun hafa verið rætt ítarlega við talsmenn samtaka bænda og leiddi m.a. til þeirrar niðurstöðu að það varð sameiginleg niðurstaða þeirra að í því formi sem frv. er nú væri hagsmunum bænda betur borgið en í eldri gerð frv. þar sem gert var ráð fyrir lægri skattprósentu.

Í þessu sama skjali er fjallað um niðurgreiðslur með þessum sama hætti. Þar segir, með leyfi forseta: „Við upptöku söluskatts á flestar vörur í ársbyrjun 1988 var ákveðið að greiða niður verð á hefðbundnum landbúnaðarafurðum þannig að verð þeirra breyttist lítið sem ekkert. Nú hafa komið fram óskir um að fyrir lægi bindandi ákvörðun um óbreytt niðurgreiðslustig við upptöku virðisaukaskatts. Niðurgreiðslur eru sem kunnugt er ákveðnar með sérstakri fjárveitingu ár hvert. Samstaða er um það að við upptöku á virðisaukaskatti verði niðurgreiðslum hagað þannig að breytt skattkerfi hafi ekki í för með sér verðbreytingu á verði niðurgreiddra landbúnaðarvara.“ Vona ég að þetta svar sé fullnægjandi við fsp. hv. þm.

Seinni spurningin varðaði það hvort mér eða mínu ráðuneyti væri kunnugt um áform af hálfu þeirra sem nú búa við eins þreps undanþágulausan virðisaukaskatt um að hverfa frá því kerfi. Mitt svar er þetta: Það liggur fyrir mjög rækileg rannsókn á afleiðingum þess að hverfa frá eins stigs virðisaukaskatti í Svíþjóð. Sú rannsókn var gerð á vegum sænska fjmrn. á árunum 1983–1985. Hún var gerð af allfjölmennri nefnd sem hafði miklu sérfræðingaliði fjmrn. sænska á að skipa, en aðild að nefndinni átti m.a. sænska verkalýðshreyfingin. Ég hef áður vitnað í niðurstöður þessarar rannsóknar. Hún var mjög ótvíræð. Niðurstöður þessarar rannsóknar voru þær að það væri óhagkvæmara fyrir láglaunafólk sérstaklega og barnafjölskyldur sér í lagi með meiri en meðalframfærslubyrði að taka upp undanþágu á matvælum í stað þess kerfis sem þar ríkir. Ég ætla ekki að lýsa þessari niðurstöðu í ítarlegu máli úr þessum ræðustól. Ég hef gert það áður. Niðurstöðurnar hafa verið birtar áður. En sjálfsagt er að láta hv. þm. þessar niðurstöður í té.

Jafnframt höfum við upplýsingar um að tillögur hafa verið uppi af hálfu þingflokka á þjóðþingum bæði í Noregi og í Danmörku um að taka upp annaðhvort algera undanþágu eða lægra skattþrep á matvæli. Í báðum þessum þjóðlöndum hefur þeim tillögum verið hafnað þannig að eftir því sem ég hef bestar upplýsingar um hefur reynt á það ítrekað í þessum þremur Norðurlandanna, sem lengsta reynslu hafa af undanþágulausum virðisaukaskatti, hvort undanþágan væri í hag láglaunafólki í þessum þjóðfélögum og niðurstaðan orðið á sömu lund.

Herra forseti. Eins og ég sagði hafa þessar umræður verið fróðlegar. Það hefur ekki verið beint sérstökum spurningum til mín út af fyrir sig, en þó vil ég áður en ég lýk máli mínu drepa á tvennt. Í fyrsta lagi er það spurningin um hvort málið sé illa undirbúið. Það kom fram í máli hv. ræðumanna ýmissa að sú staðreynd að lagt er til að sett verði upp milliþinganefnd til að fjalla um upptalin álitamál sé til marks um að frv. sé illa undirbúið, jafnvel til marks um valdníðslu eða verið sé að framselja vald í hendur fjmrh. Þetta á ég dálítið bágt með að skilja. Hér er í langflestum tilvikum um að ræða að frv. sjálfu þarf að fylgja eftir með setningu reglugerðar. Venjan er sú að fela það ráðuneyti. Hér er farin sú leið að fela milliþinganefnd að fjalla um það sérstaklega þannig að fulltrúum Alþingis er þar með sérstaklega falið það verkefni að fylgjast með frá upphafi við undirbúning og setningu reglugerðar. Það hélt ég að væri lýðræðislegra, þingræðislegra en að fela það ráðuneytinu einu. Vissulega kemur sú spurning til álita hvers vegna eingöngu þingmönnum stjórnarliða. Svarið slíkt sem það er er að af málflutningi stjórnarandstöðu hefur mátt heyra að þeir væru andstæðingar þessa máls í heild sinni, þ.e. virðisaukaskattsfrv. Af minni hálfu kemur fyllilega til álita út af fyrir sig að endurskoða þá afstöðu.

Annað atriði varðar menningarstarfsemi. Í fyrsta lagi er þess að geta að í frv. eru undanþáguákvæði að því er varðar hugverk skapandi listamanna og í annan stað er kveðið á um að fela milliþinganefndinni sérstaklega að fjalla um reglur um framkvæmd virðisaukaskatts og útfærslu hans að því er varðar menningar- og listastarfsemi almennt. Ég segi fyrir mína parta að mér fannst málflutningur hv. 18. þm. Reykv. Þórhildar Þorleifsdóttur um þau mál geðþekkur og vera gott innlegg til stefnumörkunar í þeim málum. Í mínum huga stendur valið um þetta: Vilja menn skilgreina þá menningarstarfsemi nákvæmlega sem meiri hluti þings vill sérstaklega undanþiggja skatti? Það getur verið nokkurt vandaverk. Langsamlega stærstu fjárhæðirnar sem hér er um að ræða eru aðgöngumiðasala hvers konar vegna samkomuhalds af öllu hugsanlegu tagi sem flokkast undir tómstundaiðju, skemmtanahald eða menningarástundun eða -neyslu. Ef litið er yfir það svið er trúlegt, þótt ekki byggi ég þar á nákvæmum áætlunum, að langsamlega stærstu fjárhæðirnar snúist um hluti eins og skemmtanir samkomuhúsa, popptónleika, blandaðar skemmtanir, sambland af popptónleikum og dansleikjum, íþróttasýningar, íþróttakappleiki sem reyndar eru sérstaklega undanþegnir í þessum lögum.

Mitt sjónarmið er það að þarna kunni að vera stundum erfitt að draga markalínur því að þegar stórt er spurt verður fátt um svör. Hvað er menning? Einhver sagði að það væri rímorð sem rímaði á móti þrenning. Þetta getur verið vandaverk og álitamál er hvort ekki væri skynsamlegt að skattleggja meginhlutann af skemmtanaiðnaðinum á Íslandi sem veltir gríðarlegum fjárhæðum, jafnvel þótt það væri gert án undanþágu fyrir menningarstarfsemi, og nota síðan þá fjármuni sem þannig aflast í auknum mæli, því ekki mun af veita ef ég heyrði rétt, til þess að styrkja fremur menningarstarfsemi hvort heldur er á vegum ríkisstofnana eða á vegum frjálsra félagahópa. Það er á valdi íslenska ríkisins og Alþingis Íslendinga að móta sér menningarstefnu og að svo miklu leyti sem til þess þarf fjármuni skiptir ekki litlu máli og reyndar meginmáli að menn hafi til þess kjark að afla þeirra tekna sem til þarf.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri af minni hálfu. Ég vil þó nota tækifærið og leiðrétta eitt villandi atriði sem fram kom í máli hæstv. fyrrv. fjmrh. og talsmanns Alþb. í þessum umræðum, fyrri talsmanns þess, hv. 4. þm. Norðurl. v. Ragnars Arnalds. Hann virtist standa í þeirri trú að þetta frv. þýddi að íbúðaverð hækkaði stórum og nefndi tölur. Meðalíbúð mundi hækka í verði um 200–300 þús. Það er rangt og á misskilningi byggt. Í annan stað virtist hann standa í þeirri trú að eigin vinna, sem hann lýsti nánar sem sjálfsbjargarviðleitni fátæks fólks, hvort heldur væri við að koma upp eigin húsnæði eða rækta sinn húsagarð, væri skattskyld skv. þessu frv. Það er alger misskilningur.

Að öðru leyti hygg ég að fleiri orð muni ekki leysa þann ágreining sem uppi hefur verið milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli út af fyrir sig. Þar verður reynslan að skera úr um það er lýkur. Menn spyrja að sjálfsögðu um hluti eins og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Er virðisaukaskatturinn jákvæður fyrir það eða ekki? Hvernig stendur á því að talsmenn atvinnulífsins eru jákvæðir í umsögnum sínum um þetta mál? Menn hafa uppi fullyrðingar um að hið nýja kerfi sé hliðhollara stórum fyrirtækjum en smáum. Í mínu máli kom fram rökstuðningur fyrir því að því væri öfugt farið.

Menn spyrja um hvort þetta skattkerfi sé dýrt í framkvæmd. Ég fullyrði samkvæmt reynslu annarra og áætlunum okkar að það sé ódýrt í framkvæmd.

Menn spyrja um innheimtuöryggi. Við fullyrðum ekki meira um það en að ákveðnir eiginleikar þessa skatts eru þess eðlis að þeir skírskota til hagsmuna viðkomandi aðila um að standa betur að skattskilum en í núverandi kerfi.

Menn fullyrða um að þetta leiði til hækkunar á íbúðaverði. Það er rangt. Sama máli gegnir um fullyrðingar um húshitun.

Spurt er um skatthlutfallið. Getur það hækkað, getur það lækkað? Frv. kveður á um skatthlutfallið 22%, en því næst er sagt að milliþinganefndin skuli m.a. skoða það í sumar og það verði verkefni Al-

þingis að útkljá það endanlega þegar fyrir liggja allar staðreyndir við undirbúning fjárlaga á næsta hausti.

Menn spyrja um fjölgun gjaldenda, en mættu þá gjarnan hafa í huga fækkun á skýrslugerð. Og jafnframt er rétt að leiðrétta einn misskilning og hann er sá að í núverandi kerfi er umtalsverður fjöldi framtalsskyldur í söluskatti, þar á meðal aðilar sem stunda byggingarstarfsemi, þar á meðal flestir þeir aðilar sem stunda venjuleg þjónustustörf þó þeir séu ekki skattskyldir. Í raun og veru er því talan í grg. frv. villandi um fjölgunina. Staðreynd er það hins vegar að vegna lengra bils milli skattskila fækkar skýrslugerð.

Þannig má lengi spyrja og lengi deila um þetta mál. Þær deilur verða ekki útkljáðar í þessum ræðustól.

Svona til gamans undir lokin er það ein af þversögnum umræðunnar að til þess hefur verið vitnað af talsmönnum stjórnarandstöðunnar að í ríki þeirrar fyrirmyndarfrúar sem kennd hefur verið við járn en ekki stál, járnlafðinnar bresku, eru í virðisaukakerfi þarlendu algerar undanþágur á matvæli og reyndar ýmsar aðrar vörur. Um þetta hafa menn látið falla góð orð og talið þetta til fyrirmyndar. Í þeim ríkjum annars staðar á Norðurlöndum þar sem t.d. áhrif jafnaðarmanna, verkalýðshreyfingar og launþegahreyfingar hafa lengi verið mun meiri er þessu hins vegar öfugt farið. Þar er virðisaukaskattskerfið því sem næst undanþágulaust. Nú geta menn metið hver eftir sínu viti, þekkingu og reynslu í hverju þessara landa hag almennings er betur komið, í hverju þessara landa ríkir meiri jöfnuður, meira félagslegt öryggi. Það er vafalaust umdeilanlegt líka. Hingað til hafa menn þó talið að það færi ekki á milli mála að það væri ekki í landi járnfrúarinnar.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er ekki einn af þeim sem taka járnfrúna svokölluðu mér til fyrirmyndar og ég harma ef einhver af okkar hæstv. ráðherrum gerir það frekar en orðið er. Það er lítið svigrúm í okkar litla þjóðfélagi fyrir slíka framkomu jafnvel þó að þeir sem framkvæma hana hafi sérpróf og sérmenntun í að vera forsætisráðherrar. Ég nota bara orð hæstv. fjmrh. sjálfs. Þetta er hans eigið mat á sjálfum sér.

En í tilefni af upphafsorðum hæstv. fjmrh. þar sem hann segir: Enginn verður með orðum veginn. Ég held að það sé rangt. Ég held að það sé hliðstæða milli byssukúlu og orðs. Talað orð verður ekki aftur tekið og byssukúla verður ekki aftur kölluð. Hún gerir þann skaða sem henni er ætlað og kannski í mörgum tilfellum miklu meiri skaða en til er í upphafi ætlast þegar menn skjóta. Þetta er kannski til umhugsunar fyrir hæstv. ráðherra vegna þess að ég held að hann hafi ekki hugsað orð sín til enda. Það er líka að gefnu tilefni sem þetta er sagt.

Annars vil ég taka upp þráðinn þar sem hæstv. ráðherra sagði að frv., sem ég kalla vont og get ekki samþykkt eins og það er, verði gert gott með starfi milliþinganefndar. Við skulum segja að það sé rétt. Við skulum vera reiðubúin til að samþykkja þá málsmeðferð. En af hverju að ganga frá frv. endanlega með þeim ágalla að milliþinganefnd þurfi að fínpússa það? Af hverju ekki að ganga frá því þannig að milliþinganefnd sé búin að skila sinni vinnu þannig að Alþingi geti unnið sitt verk sómasamlega? Auðvitað er það lýðræðislegra en láta ráðuneytið eitt ákveða einhverja reglugerð sem á að koma í staðinn fyrir allt sem vantar í þetta frv. Þessi vinna á að vera búin þegar málið kemur fyrir Alþingi. En viðurkenningin á því að hún er ekki búin bendir til þess að þetta frv. er ekki tilbúið til þess að Alþingi afgreiði það og er staðfest með þeirri ósk og með þeirri ákvörðun hæstv. ráðherra að nefnd skuli fjalla um það á milli þinga og síðan ráðuneytið með sínar reglugerðir sem ráðherra setur sjálfur. Ráðuneytið á mínum tíma var ekkert hrifið af virðisaukaskatti og lagði ekki til við mig sem ráðherra að fá það samþykkt. Það voru meira að segja sumir ágætir starfsmenn þar, reyndir í þessum málum, sem ráðlögðu gegn því. Ég skal ekki segja hvað hefur komið á borð hæstv. fjmrh. síðan. Af hverju á einhver milliþinganefnd að vinna verk sem heyrir Alþingi til? Af hverju skilar Alþingi ekki þeirri vinnu sjálft? Látum Alþingi skoða hvað milliþinganefnd hefur til málanna að leggja og tökum svo ákvarðanir á eftir.

Það getur vel verið að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að það sé hægt að skattpína frekar en orðið er veitingahús, samkomuhús, poppskemmtanir sem er ekki mjög mikið af hér. Þær hafa tapað peningum sumar sem hafa haft heimsfræg nöfn sem aðdráttarafl. En ég skil ekki hvar hann ætlar að taka peninga af íþróttahreyfingunni þó hún selji inn á sína topp-leiki sem maður kallar. Íþróttahreyfingin er styrkt að óverulegu leyti, um 24 millj. kr., það hefur eitthvað hækkað, ég veit ekki hvort það er komið upp í 40 millj. núna, en hún kostar um milljarð að reka. Ég veit ekki hvaða peninga hæstv. ráðherra ætlar að taka af henni eða leikhúsunum.

Efnahagur fólks hér er að kikna undan 1700–1800 kr. aðgöngumiða að vel uppsettri óperu hér. Ég var nokkra daga í London fyrir fáeinum vikum. Þar kostaði aðgöngumiðinn, sem ég varð að kaupa, vegna þess að það var ekkert annað að fá, milli 12 og 15 sterlingspund og það var útselt á allar sýningar sem ég reyndi að fá miða á fyrsta kvöldið. Ég held að það sé meira en helmingi hærra en á leikhúsin hér. Fólk hefur ekki peninga hér og við höfum ekki erlenda gesti í Reykjavík eða á Íslandi eins og í heimsborgunum til að halda uppi leikstarfsemi. Við verðum að taka tillit til þess. Það er ekki hægt að halda áfram að skattpína. Það verður að hjálpa í þessu tilfelli. Ég held nefnilega að það sé ekki málið að skattpína og það er langt frá því, hæstv. fjmrh., og ég fer á hnén hér og bið hæstv. ráðherra um að átta sig á því, að það sé ímyndaður kjarkur sem hann er að sýna með því að skattleggja og skattpína eins og hann gerir. Ég bið ráðherra að átta sig á því að það er hrein heimska, ekki kjarkur. Svona hagar maður sér ekki gagnvart fólkinu. Það er ekki kjarkur sem þarf til að

innheimta. Það er skynsemin. Ég tek undir þau orð sem oft hafa komið frá ráðherra áður en hann varð ábyrgur í ríkisstjórn. Það á að taka peningana þar sem er hægt að taka þá, en ekki taka frá þeim sem mega ekki missa þá, geta ekki komist af án þess að hafa þá á milli handanna. Það er allt annað.

Ég átti tal við nokkuð umfangsmikinn innflytjanda í morgun til að spyrja hann hvernig virðisaukaskatturinn kæmi við hann. Hann sagðist vera með hráefni á lager sem væri í kringum líklega 60 millj. Hann þarf að borga virðisaukaskatt af þessum 60 millj. sem hann er með á lager. Hann sagðist ekki hafa efni á því. Hann sagði: Ég verð að fá lán til þess að geta staðið í skilum, til þess að fá ekki uppboð á mig frá opinberum aðilum og þetta lán er á svo háum vöxtum að fyrirtækið stendur ekki undir því.

Ég talaði við þrjá aðila með sama vanda og þeir kvíða fyrir þessu. Þetta eru aðilar sem liggja með hráefni fyrir iðnaðinn á lager. Iðnaðurinn sjálfur, sem ekki þarf að liggja með mikinn lager heldur getur keypt af þeim sem flytja inn, er í allt annarri aðstöðu. Þetta á eftir að koma við fyrirtæki á margan hátt. Við megum alls ekki við því að fá fleiri fyrirtæki á vinnumarkaðinn með þá erfiðleika sem eru nú. Við erum alltaf að íþyngja fólkinu í landinu með okkar aðgerðum. Þetta getur ekki gengið lengur.

Ég bendi á það aftur núna í fullri vinsemd að samvinnuhreyfingin, kaupfélögin, sem jafnaðarmenn hafa nú stutt hingað til, birta sínar ársskýrslur hvert af öðru og samtals eru þau með hundruð milljóna kr. í taprekstur.

Og að sjálfsögðu neyðir þessi ríkisstjórn fólkið úti á landi að flytja þangað sem það hefur vonir um betri lífsskilyrði, oftast nær til Reykjavíkur. Og hvað skeður í Reykjavík? Það verður ekki pláss fyrir allt þetta fólk á vinnumarkaðnum. Svona er hægt að halda áfram. Þegar fólkið hættir að fá laun og fer jafnvel á atvinnuleysisstyrk hættir það að kaupa, hættir það að versla við kaupmanninn á horninu skulum við segja eða stórmarkaðina sem eru þyrnir í augum Alþfl. Það hættir þá að gefa peninga af sér í ríkissjóð. Svona er hægt að halda áfram keðjuverkandi. Þið eruð að setja þjóðina á hausinn, ekki bara eitt og eitt fyrirtæki, ekki bara kaupfélögin, ekki bara samvinnuhreyfinguna. Þið eruð að setja þjóðina á hausinn. Þið eruð að mylja undirstöðu þjóðfélagsins með aðgerðum ykkar. Og svo sitjið þið bara og segið við þjóðina bæði í töluðum orðum og skrifuðum: Þið hafið aldrei haft það eins gott. Trúið okkur bara þó að þið séuð svöng. Trúið okkur bara þó að fyrirtækin séu að fara á hausinn. Trúið okkur þó að þið séuð að missa atvinnuna af því að þið hafið aldrei haft það eins gott.

Ég bið ykkur um að vakna og athuga hvað þið eruð að gera. En í sambandi við þetta virðisaukaskattsfrv. er það viðurkenning á göllum þess og þörf fyrir frekari vinnu að milliþinganefnd skuli eiga eftir að leggja eins mikla vinnu í það og ráðherra gat um áðan og ég óska eftir því að sú nefnd verði látin starfa í friði. Þar eru ágætir menn og það skiptir mig engu máli hvort þeir eru stjórnarliðar eða ekki stjórnarliðar, bara að hún fái að starfa í friði og málið komi svo betur undirbúið til afgreiðslu á Alþingi.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það eru örfá orð í framhaldi af því sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði hér.

Hæstv. fjmrh. svaraði hv. þm. Guðna Ágústssyni í sambandi við þá undirskrift sem hann vitnaði hér í í sambandi við niðurgreiðslur. Ég bendi hv. þm. Guðna Ágústssyni á að í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga halda ekki lög hvað þá slíkir samningar, slíkar undirskriftir. Það má segja að það sé búið að tryggja e.t.v. fyrir þetta ár niðurgreiðslur á vöruverði, en við þekkjum það sem hér erum öll að lögum er breytt þrátt fyrir að það standi svona og svona í lögum. Það verður ekki gert eins og í lögunum stendur. Þannig afgreiðum við fjárlög og lánsfjárlög í stórum stíl.

Það er engin trygging fyrir því að niðurgreiðslur haldi áfram nema þetta ár eða meðan sú ríkisstjórn situr ef hún situr það sem eftir er af árinu. Það sýnir reynslan okkur.

Hæstv. fjmrh. var að tala um samkeppnina og allt það. Hvernig halda menn að þetta hafi áhrif á neysluvenjurnar í þjóðfélaginu ef verður farið eftir þessu? Það hefur þau áhrif, miðað við þær kerfisbreytingar sem gerðar voru um síðustu áramót, að innflutta varan lækkar og ef það fer þannig, og engin trygging er fyrir öðru, að niðurgreiðslunum verði breytt, þá sjáum við það að það er verið að færa neysluvenjurnar til innfluttrar vöru frá eigin framleiðslu. Ég yrði raunar ekkert hissa á því þó að hæstv. fjmrh. færi þessa leið. Ég hef þá reynslu að ég stjórnaði um mörg ár landbn. þessarar deildar og þar var hæstv. fjmrh. a.m.k. eitt kjörtímabil, var þar einn nefndarmaður. Ég mun við 2. umr. lýsa viðhorfum hans og taka það blátt áfram upp úr ræðu hans í sambandi við búvörulögin hvernig afstaða hans var og er í því máli og hverju er þá treystandi ef á að fara eftir þeirri stefnu sem hann afhjúpaði sig þá með.

Hv. þm. Guðni Ágústsson. Hér er engu að treysta, hvorki þessu eða öðru í sambandi við niðurgreiðslur. Það kennir reynslan okkur.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það horfir svo vel með fundartímann að ég ætla að leyfa mér að bæta við fáeinum orðum. Það er af því að ég hef svo gaman af rökfimi og æfingum á því sviði, hvort sem það er að sanna að svart sé hvítt og eldurinn sé kaldur eða hvað það nú er. Það er og hefur verið ákaflega gaman að fylgjast með tilburðum þeirra alþýðuflokksmanna til að sanna það, færa rök fyrir því að upphafið að

velferðarríki jafnaðarmennskunnar á Íslandi liggi gegnum matarskattinn, að það sé fyrsta skrefið inn í sæluna að leggja matarskatt á almenning. En þetta eru þeir vissulega að reyna, alþýðuflokksmenn, hæstv. ráðherrar og hv. þm. og jafnvel fleiri talsmenn Alþfl., eins og ritstjórar Alþýðublaðsins sem af stakri trúmennsku og samviskusemi reyna að klóra í þennan bakka. Þetta er nokkuð kostulegt vegna þess að það sem blasir auðvitað við er það að ef þeim væri í raun alvara mundu þeir byrja á hinum endanum.

Allir menn sem þekkja hverfulleika lífsins, ég tala nú ekki um stjórnmálanna, gera sér grein fyrir því að á svona ferðalögum, svona Bjarmalandsferðum, þá mega menn ekki treysta því að þeir komist alla leið. Menn verða að huga að því þegar í upphafi ferðarinnar að svo geti farið að menn verði að hverfa frá verkinu einhvers staðar á miðri leið og þá geyma menn ekki það jákvæða og það besta þangað til síðast upp á von og óvon. Menn byrja á því ef þeir mögulega geta. Hæstv. fjmrh. og þeir hv. talsmenn Alþfl. áttu þess vegna auðvitað að byrja á því að gera þær ráðstafanir í velferðarmálum sem þeir teldu mest á ríða. (**SV:** Þeir sýna að þeir geta það ekki.) Já, og aflað þá síðan þeirra tekna sem þyrfti til að standa undir þeim. Þetta er auðvitað farið svo kolöfugt að hlutunum að annaðhvort eru mennirnir með óráði eða þetta er ekki svona einfalt eins og þeir vilja vera láta.

Það að bera ástand mála hér saman við og raunar rökstyðja matarskattinn hér uppi á Íslandi með því að virðisaukaskattur svo og svo hár, jafnvel í einni prósentu, standi undir velferðarkerfinu á hinum Norðurlöndunum, það er hlægilegt, það er vægast sagt barnalegt vegna þess að þar er í fyrsta lagi svo ólíku saman að jafna, þar er um svo ólíkar aðstæður að ræða að það að tína eitt atriði upp úr og segja: Þetta er allt í lagi með matarskattinn vegna þess að matarskatturinn er á hinum Norðurlöndunum og þar er þetta svona og svona, þar er velferðarkerfið svo og svo öflugt o.s.frv. Það er allt í lagi með það, hæstv. ráðherra getur haft fyrirmyndir sínar frá Norðurlöndunum og sennilega er þær ekki annars staðar skárri að finna, en þá verður hann líka að segja allt stafrófið, hæstv. ráðherra. Hann verður að fara yfir það í hverju íslenska velferðarkerfinu er ábótavant í samanburði við hitt. Hann verður einnig að fara yfir það hvernig skattkerfið er að öðru leyti annars staðar á Norðurlöndum, hvernig tekjujöfnunin í gegnum skattkerfið er þar, hvernig launakjörin eru og hvernig launamunurinn er. Það sem kannski mestu máli skiptir er að hann verður að fara yfir það, hæstv. ráðherrann, hvernig lífskjör láglaunafólksins eru annars staðar á Norðurlöndum og hvernig vinnutíminn sem að baki þeim stendur er. Þetta allt má ekki gleymast þegar rætt er um matarskattinn á Íslandi. Það eru ólíkir hlutir að leggja matarskatt á launamann uppi á Íslandi sem hefur 32 þús. kr. í taxtakaup fyrir 40 stunda vinnuviku en á að framfleyta vísitölufjölskyldu ef svo ber undir fyrir 120 þús. kr. á mánuði. Þetta eru ólíkir hlutir að bera saman við launakjör og aðstæður venjulegra launamanna sem vinna tímavinnu annars staðar á Norðurlöndum. Hæstv. ráðherra er ekki svo illa upplýstur um aðstæður hér í nágrenninu að hann eigi að leyfa sér að taka svona einfaldaðan samanburð.

Sem sagt, ef þeir hæstv. ráðherrar Alþfl. hefðu þannig byrjað að segja í ríkisstjórninni: Góðir félagar, við þurfum að hækka elli- og örorkulífeyri, við þurfum að hækka barnabætur svo og svo mikið, við þurfum að hækka sjúkradagpeninga, þeir eru til skammar, við þurfum að gera þessar ráðstafanir í heilbrigðismálum, t.d. í vistunarmálum aldraðra og varðandi hjúkrunarpláss handa öldruðum, við þurfum að gera átak í dagvistunarmálum og við þurfum að hlúa að þessu og hinu í sambandi við uppeldi barna, umönnun sjúkra o.s.frv. Við förum hingað inn í þessa ríkisstjórn til þess að gera þetta og það er hluti af þeirri jafnaðarmennsku sem við viljum beita okkur fyrir. Þá segja hinir náttúrlega: Já, en þetta kostar peninga. Þá segja ráðherrar Alþfl.: Það er rétt, þetta kostar peninga, við vitum það, en við erum þá tilbúnir að afla þeirra. Þetta fer hönd í hönd. Við grípum til þessara ráðstafana, við eflum hér velferðarkerfið, við bætum hér kjör þeirra lakast settu með ýmsu móti, jafnvel með því að taka upp útborganlegan neikvæðan tekjuskatt vegna þess hve launin sem verið er að semja um úti á vinnumarkaðinum eru óþolandi lág. Við erum tilbúnir til að afla tekna til þessara verkefna á móti. Þá hefði verið hægt að taka mark á orðum þessara manna því þá hefðu þeir sýnt það með samhengi hlutanna að þeir meintu það sem þeir væru að segja. Þá hefði verið einhver von til þess að þeir kæmust eitthvað áfram með þetta, jafnvel þó að þeir yrðu svo dagþroti einhvers staðar á leiðinni. Þá hefði hugsanlega eitthvað af þessum umbótamálum þeirra verið komið í framkvæmd.

En það sem líklega gerist, vegna þess hvernig alþýðuflokksmennirnir fara í þetta, er að afturhaldsöflin leyfa þeim að leggja skatt á almenning. Það er í góðu lagi. Það er í góðu lagi að þeir byrja á því að skattleggja almenninginn, en það er ekki á vísan að róa með framhaldið nema síður sé og vonandi hefur sú meinlega villa ekki slæðst inn í hugarheim hæstv. fjmrh. að hann sé ævikjörinn, að Alþfl. sé bara kominn til að vera í ríkisstjórn um aldur og ævi. Svo er ekki. (**SighB:** Ertu viss um það?) Ég er alveg viss um það, hv. formaður fjvn. Það er heldur ekki víst að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson verði formaður fjvn. um aldur og ævi.

Þá komum við að því að auðvitað er byrjað hér á öfugum enda og þessi röksemdafærsla öll er ómerk af því. Þess sér í raun og veru hvergi stað að einhverjar umbætur af því tagi sem maður mundi tengja við jafnaðarmennsku og velferðarkerfi jafnaðarmanna séu á döfinni. Það eru ekki einu sinni

uppi áform um slíkt mér vitanlega. Það er bara verið að leggja á matarskatt. Til hvers? Til að bæta fjárhagsstöðu ríkissjóðs í staðinn fyrir að gera það með stóreignaskatti, með skatti á gróðann, með skatti á þensluna o.s.frv. Menn skulu ekki gleyma því að á sama tíma og matarskatturinn var lagður á voru tekjur látnar út úr ríkissjóði á móti. Eða hvað? Þýddi það ekki tekjutap fyrir ríkissjóð að afnema lúxustollana? Jú auðvitað, þannig að það má með fullum rökum segja að með þessu móti sé verið að færa skattbyrðina til og þyngja hana á hinn almenna launamann. Þessi röksemdafærsla gengur því ekki upp, hún er brosleg og aumingjaleg og vægast sagt er nöturlegt að hugleiða þessi örlög sem Alþfl. býr nú við, ekki síst þegar haft er í huga heilbrigði ríkisstjórnarinnar sem hér hefur nokkuð verið til umræðu í dag og spáð hefur verið í af fleirum en ræðumanni.

Það má kannski segja að þetta flokkist frekar undir almennar pólitískar vangaveltur heldur en beint undir umræður um dagskrárefnið, herra forseti, og ég vona að forseti virði mér það þá til betri vegs að ég leyfi mér að fara pínulítið út í þessa sálma í tengslum við umræðuna um matarskattinn, en ég geri það að gefnu tilefni. Ég geri það af því að hæstv. fjmrh. var hér áðan að reyna einu sinni enn að sýna fram á það hvernig velferðarríki jafnaðarmennskunnar ætti að hefja innreið sína á Íslandi í gegnum matarskattinn. Þetta eru auðvitað slík öfugmæli, svo fráleit að það er ekki hægt annað en mótmæla þeim, jafnvel þó að einhverjir kynnu að vilja að menn héldu sig meira efnislega og beint við þennan blessaðan virðisaukaskatt eins og eitthvert ópólitískt og dautt fyrirbæri, sem hægt væri að ræða um sem slíkt, sem út af fyrir sig er ekki. Auðvitað er málið stórpólitískt og það hlýtur einnig að ræðast á þeim grundvelli en ekki bara tæknilega.

Ég get þá lokið þessu aftur með því að biðja menn um að reyna ekki að ræða þennan virðisaukaskatt, áhrif hans á lífskjörin á Íslandi, áhrif hans á almenning, einangrað og út af fyrir sig án þess að taka með í myndina aðstæður almennings í landinu að öðru leyti, bæði launakjörin, launamuninn í landinu og það að tekjuskattur er nú lagður á með einu flötu skattþrepi á Íslandi sem gerir það auðvitað að verkum að beinu skattarnir eru minna „prógressívir" og jafna minna tekjur manna heldur en víðast hvar annars staðar. Það eitt og sér dugar í raun og veru til þess að samanburðurinn sem hæstv. fjmrh. er að reyna að viðhafa hér við aðra staði á Norðurlöndum er ómark og gengur ekki upp og ég trúi reyndar ekki öðru en hæstv. fjmrh. viti það þó að hann reyni þetta hér aftur og aftur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

92. fundur, fimmtudaginn 5. maí, að loknum 91. fundi.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á umferðarlögum eins og það kemur frá hv. Ed.

Í þessu frv. eru fimm efnisgreinar. Í þeirri fyrstu er einfaldlega leiðrétt prentvilla sem komst inn í núgildandi lög og var því miður lögfest. Í 2. gr. er felld niður 2. mgr. 64. gr. umferðarlaga, en í þeirri niðurfellingu felst að unnt er að hætta að miða skráningarnúmer ökutækja við lögheimili eigenda og eins fellur þá niður skyldan til þess að breyta skráningarnúmerinu ef ökutækið er selt í annað lögsagnarumdæmi eða þegar eigandinn flyst búferlum í annað umdæmi.

Breytingin sem hér er gerð tillaga um hefur í för með sér að skráningarmerki bíla verða í samræmi við svokallað fast númerakerfi á ökutækjum og getur ráðherra sett um það nánari ákvæði í reglugerð ef þetta frv. verður að lögum. Fast númerakerfi af þessu tagi hefur reyndar um nokkurra ára skeið verið staðreynd hjá Bifreiðaeftirlitinu og það er skráð í skráningarvottorð hvers ökutækis. Þetta fastnúmerakerfi er byggt á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum, en það skráningarkerfi rúmar alls um 575 þúsund númer.

Skráningarmerki fyrir nýtt kerfi af þessu tagi hafa verið hönnuð og reyndar er birt af þeim mynd með grg. frv. Ég vek athygli á því að í þessum merkjum er einnig reitur fyrir skoðunarmerki ökutækja og reitur þar sem setja mætti einkenni heimabyggðar ökumanns eða hið alþjóðlega skráningarmerki fyrir Ísland ef menn kjósa að hafa slíkt merki á sínum bíl.

Í tillögunum felst hins vegar ekki að sú krafa yrði gerð að ný skráningarmerki yrðu sett á þá bíla sem þegar eru í notkun. Núverandi númer þeirra gætu fylgt þeim til afskráningar nema eigandinn óski sjálfur að taka upp hið nýja merki. Aðalatriðið er auðvitað það að sú almenna regla verði upp tekin að sama skráningarskilti fylgi jafnan bílnum; einfalt númerakerfi komi í stað hins tvöfalda kerfis sem nú er við lýði.

Með athugasemdum með frv. fylgir álitsgerð nefndar sem ég skipaði haustið 1987 til þess að fjalla um skráningu og skoðun ökutækja. Þar kemur fram

vel rökstudd áætlun um sparnað af hinu nýja fyrirkomulagi. Er hann talinn nema a.m.k. 100 millj. kr. á ári og er þá alls ekki allt talið. Ég bendi sérstaklega á bls. 30–31 í frv. Ég tel að við höfum ekki efni á að leggja slíkar byrðar á allan almenning og ekki síður eigum við að spara fólkinu sporin og ómakið sem fylgir núverandi umskráningarumstangi.

Ég kem þá að 3. gr. frv. en þar er lagt til að fela megi hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu bíla, skoðun þeirra og eftirlit og taki þetta hlutafélag þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins að þessu leyti. Ég vil nú aðallega vísa til nál. um þetta mál og fskj. sem því fylgja en þetta er allt saman prentað með athugasemdum frv. Þar kemur m.a. fram að vinnubrögð við skoðun á ökutækjum hér á landi hafi í stórum dráttum haldist óbreytt í 60 ár og að það er nú mikil nauðsyn að taka þar upp nýtt verklag og bætta tækni. Það er mikið öryggismál. Í þessu skyni þarf að koma á fót sérstakri skoðunaraðstöðu með sérhæfðum búnaði. Hér þarf í raun og veru eins konar gæðaeftirlit á bílunum sem eru í umferð.

Í frv. er lagt til að stofnað verði sérstakt hlutafélag með aðild ríkissjóðs, tryggingafélaga, fyrirtækja og samtaka er tengjast bifreiðaeign og bifreiðaþjónustu og öðrum sem áhuga hefðu. Síðan yrði samið við þetta félag um að það taki við bifreiðaskoðun, bifreiðaskráningu og reyndar fleiri þjónustuþáttum sem Bifreiðaeftirlitið gæti annast um ákveðið árabil.

Nefndin hefur lagt til að í fyrstu verði samið við þetta félag um 12 ára samningstímabil eða fram til ársins 2000. Innan nefndarinnar var það ítarlega rætt hvort rétt væri að freista þess að efla Bifreiðaeftirlit ríkisins í núverandi mynd til þess að byggja þær fullkomnu skoðunarstöðvar um landið sem hún telur þörf á, en það var einróma niðurstaða hennar að fremur bæri að stofna sérstakt hlutafélag um þetta verkefni þar sem þannig gæfist kostur á að virkja frumkvæði, afla stjórnunarþekkingar og fjármagns frá þeim aðilum sem hafa einnig sérstakra hagsmuna að gæta varðandi ástand ökutækja í landinu og umferðaröryggi, auk þess sem hlutafélagsformið veitti rekstrinum aðhald. Þannig fylgdi fjárhagsleg ábyrgð þeirri ákvörðun að leggja í þá breytingu á rekstri Bifreiðaeftirlitsins með fjármagnsfrekum framkvæmdum sem hér er um að tefla. Þá hefði hlutafélag líka ýmsa möguleika á að afla sér tekna af öðrum verkefnum en Bifreiðaeftirlit ríkisins gæti eðli málsins samkvæmt ekki gert það.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að hlutaféð í hinu nýja félagi verði 80 millj. kr. og að ríkissjóður eigi rúmlega helming þess eða um 41 millj. Um þetta voru þó nokkuð skiptar skoðanir í nefndinni og vildu sumir nefndarmanna að ríkissjóður ætti ekki meiri hluta í félaginu. Ég legg til að svo stöddu að ríkissjóður eigi þar meiri hluta, en tel þó að helmingseign eða jafnvel minnihlutaeign með einhverjum litlum mun af hálfu ríkisins kæmi líka til greina. Hér er kjarni málsins hins vegar sá að brjóta blað í rekstri Bifreiðaeftirlitsins, að efla það með nýrri tækni og nýjum fjárhag og nýrri stjórn og forustu.

Ég tek fram að að þessari athugun hafa staðið saman fulltrúar frá Félagi bifvélavirkja, frá Bílgreinasambandinu, sem eru samtök verkstæða og innflytjenda, frá bifreiðatryggingafélögunum, frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda, auk manna sem starfa við bifreiðaþjónustu á öðrum sviðum, m.a. bílaleigu. Ég hef ástæðu til að ætla að þessir aðilar sem ég nefndi muni fúsir til að taka þátt í hlutafélagi í samræmi við þau drög að félagssamþykktum sem fylgja frv.

Á sl. hausti kynnti ég fjvn. Alþingis þessi áform sem þá voru á frumstigi. Eins voru þeim nokkur skil gerð í fjárlagafrv. og við meðferð þess. Ég tel það ekki ofsagt að þar hafi þessum hugmyndum verið afar vel tekið. Hér væri reynt að fara nýjar leiðir í opinberri þjónustu þar sem fjárhagsleg ábyrgð fylgdi framkvæmdinni.

Þá kem ég að 4. og 5. gr. frv. Þar er í raun og veru um það að ræða að kveða skýrt að orði, að fela megi sveitarstjórnum að öllu leyti eða að hluta að framkvæma ákvæði sem varða brottflutning ökutækja í sambandi við álagningu og innheimtu gjalda vegna stöðvunarbrota samkvæmt umferðarlögum. Þetta er ekki síst flutt af því að Reykjavíkurborg, og reyndar fleiri sveitarfélög, hefur sýnt því áhuga að annast slíka innheimtu og það er stefna umferðarlaganna nýju og í þeirri framkvæmd sem ég vil þar hafa uppi að þetta sé mál sem framkvæmt sé sem næst vettvangi og sé vel komið hjá sveitarfélögunum.

Hæstv. forseti. Það er ekki þörf á að fara fleiri orðum um frv. sem, eins og ég sagði áðan, er komið frá hv. Ed. með einni breytingu, þeirri að gert verði ráð fyrir skoðunarstöðvum í hverju kjördæmi landsins. Þá brtt. styð ég. Ég tel að hér sé um mjög þarfa breytingu að ræða og legg áherslu á að frv. verði samþykkt sem lög á þessu þingi því eftir því er beðið að koma rekstrarformi Bifreiðaeftirlitsins á öruggan grundvöll, almenningi til hagsbóta.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er raunar um tvö mál að ræða, þ.e. frv. er tvíþætt. Það getur vel verið að Bifreiðaeftirlitið hér í Reykjavík hafi ekki nægilega hæfum mönnum á að skipa þannig að óhjákvæmilegt sé að rústa það og byggja svo upp á nýtt. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að með þessum skipulagsbreytingum komi þjónusta a.m.k. í mínu kjördæmi til með að versna til muna. Þegar af þeim ástæðum sé ég mikla annmarka á frv.

Hér er enn haldið áfram þeirri óskemmtilegu þráhyggju að reyna að koma á fastnúmerakerfinu og vísaði hæstv. dómsmrh. til útreikninga frá Hauki Ingibergssyni á fylgiskjali 8 í þessu plaggi þar sem Haukur Ingibergsson reiknar prósentureikning. Þessi prósentureikningur er rangur. Það hefur verið margbent á það að ríkið hefur tekjur en ekki kostnað af þessari umskráningu. Ég sé ekkert á móti

því að ríkið hafi af henni tekjur. Ég tel að bíla-eigendur eigi að borga það sem það kostar að færa númer á milli bifreiða og ég tel að þeim eigi að vera frjálst að gera það ef þeir svo kjósa. Ef hins vegar bíleigendur kæra sig ekkert um að halda í númerin sem þeir hafa haft á þeim að vera það frjálst að láta þau fara með bílunum og losna við þá fyrirhöfn sem af því hlýst að skrúfa númeraplötur af eða á. Ég tel að stjórnvöld hafi marga aðra möguleika til þess að „irritera" fólkið í landinu og nærtækari og neyðist stundum til að gera það. Ég tel að það reki engin nauður til að láta svona við bílnúmerin. Og ég tel að það sé röng hugsun sem að baki þessu liggur og alveg óþörf meinsemi því meinsemi er það sem rekur menn áfram til þess að standa fyrir þessari breytingu.

Ég leyfi mér að flytja brtt. við frv., við 2. gr. frv., að hún falli brott. Legg ég hér fram brtt., herra forseti.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tala ekki fyrir hönd neinna sérstakra bílnúmera, enda er ég einn af þeim sem gengur illa að muna númerið hjá sér. Ég hef verið eindregið fylgjandi því að taka upp fastnúmerakerfi við skráningu bifreiða og hef í raun og veru ekki séð neina minnstu ástæðu til annars en að við hefðum slíkt kerfi því það gefur auðvitað auga leið að langeinfaldast er að bifreiðar haldi föstu númeri rétt eins og þær hafa í upphafi sitt framleiðslu- og verksmiðjunúmer sem síðan er notað svo lengi sem líf þeirra endist.

Það hafa líka verið ýmsar tillögur uppi um það hvernig mætti leysa þessa erfiðu deilu með númera-spjöldin og ég kom með eina hér þegar málið var rætt á Alþingi síðast sem fékk ágætar viðtökur og ég ætla að hafa hana áfram með í umræðunni. Hún er sú að mönnum verði heimilt, samkvæmt sérstökum ákvæðum, e.t.v. í reglugerð, að hengja gömlu núm-eraspjöldin sín ofan við nýju spjöldin. Þannig geti menn eftir sem áður skreytt sig með skemmtilegum númerum, en verði engu að síður aðilar að hinu samræmda fasta númerakerfi.

Annað atriði frv. vildi ég aðeins staldra við og þar er ég ekki jafneindreginn fylgismaður eins og ég er við 2. gr. eða 3. gr. og það er það ákvæði að búa til einhvers konar hlutafélag til að annast skoðun á bifreiðum. Um það hef ég vissar efasemdir, fyrst og fremst þær að ég óttast að það komi til með að koma niður á þjónustunni við íbúa hinna dreifðu byggða. Þegar menn fara að sperra sig við að reka eitthvert hlutafélag og stúdera arðsemi einstakra anga starf-seminnar, jafnvel menn mismunandi vel að sér í prósentureikningi, óttast ég að útkoman úr því geti orðið vond og niðurstaðan verði sú að þjónustan við afskekkt byggðarlög minnki. Og ég spyr: Hvað meina menn með brtt. í þá átt að skilyrða að skoðunarstöð skuli sett upp í öllum kjördæmum landsins? Ber að skilja það sem svo að það eigi þá eingöngu að vera ein skoðunarstöð í hverju kjör-dæmi? Er sem sagt meiningin í kjördæmi eins og Norðurl. e., þar sem Bifreiðaeftirlitið hefur haft stöðvar á fleiri stöðum í kjördæminu, að leggja aðra þeirra eða einhverja þeirra niður og reka alla til skoðunar á einni stöð? Eða hvað hafa menn hugsað sér í því sambandi í hinu nýja hlutafélagi sem á auðvitað að skila arði eins og allt annað? Ég hef fyrst og fremst efasemdir um það á þessum for-sendum að ég vil ógjarnan sjá það að þjónusta manna verði mismunandi eftir því hvar þeir búa og sumir þurfi þá að sæta því að aka um langan veg til að fá druslurnar skoðaðar og ekki víst að þær hafi gott af slíkum ferðalögum, bifreiðar sem fara kannski aldrei út fyrir sín héruð og eru ekki vanar því að leggja á sig löng ferðalög. Ég óttast það að heilsufar ýmissa bifreiða leyfi heldur ekki slík ferðalög.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra: Ef menn vilja fara út í breytingar á þessu fyrirkomulagi á annað borð, hefur þá ekki sá kostur að löggilda tiltekin verkstæði og heimila þeim að annast þessa þjónustu eins og víða er tíðkað erlendis ekki verið kannaður og hvað mælir þá á móti því að það sé gert? Ég hygg að fá byggðarlög séu svo illa stödd að þar séu ekki einhverjir þeir aðilar sem annist þessa þjónustu að halda við og annast meiri háttar viðhald á bifreiðum íbúa viðkomandi svæða og að í flestum tilfellum væri þá hægt að koma þessari þjónustu upp í hverju byggðarlagi með því að löggilda einhverja aðila sem treystandi væri, að sjálfsögðu með eftirliti, til þess að annast þessa þjónustu. Eins og ég segi, sá háttur er víða hafður á erlendis og hefur mér vitanlega ekki skilað neitt lakari árangri.

Ég styð sem sagt eindregið þær breytingar á umferðarlögunum, öfugt við hv. síðasta ræðumann, að fastnúmerakerfið verði tekið upp, en ég hef meiri efasemdir um hitt og hef lagt fyrir hæstv. ráðherra ákveðnar spurningar í því efni.

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt að ráði. Ég er sammála því að breyta fyrirkomulaginu varðandi númeraskráninguna. Af-staða mín í því efni kom reyndar fram á síðasta þingi þegar umferðarlögin voru til afgreiðslu þar. Sú skoðun hefur ekkert breyst síðan. Ég hef hins vegar, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., miklar efasemdir um fyrirkomulagið á bifreiðaskoðuninni.

Ég ítreka þær spurningar, sem hann var búinn að bera fram, hvernig menn hugsa sér þessar skoðunar-stöðvar í hverju kjördæmi, hvort eigi að vera ein, tvær eða hugsanlega fleiri. Ég veit að krafa almenn-ings hefur verið að fá þessa þjónustu nær sér og mér er sem ég sjái, t.d. á Austurlandi, Vopnfirðinga keyra á sínum bílum til Egilsstaða eða Reyðarfjarðar og Hornfirðinga kannski norður á Reyðarfjörð eða Egilsstaði til þess að láta skoða bílinn sinn. Ég held að þetta sé ekki nægjanlega vel hugsað. Þó að meiningin sé kannski góð hefur þessi krafa verið mjög áberandi undanfarin ár að menn vilja fá þessa

þjónustu nær sér og menn vilja að það taki ekki eins mikinn tíma og oft hefur verið að fá skoðun á sínum bílum.

Ég vildi því ítreka þessar spurningar sem reyndar var búið að bera fram áður af hv. 4. þm. Norðurl. e.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég kem hér aðeins upp til þess að lýsa stuðningi við sjónarmið hv. 1. þm. Norðurl. v. um að 2. gr. frv. nái ekki fram að ganga. Ég styð einnig sjónarmið tveggja síðustu ræðumanna um 3. gr. og þegar þetta er lagt saman er eðlilegt að við frestum afgreiðslu frv. Ég sem sagt undirstrika sjónarmið hv. þm. varðandi málið.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er hryggilegur misskilningur ef orð mín hafa verið skilin svo áðan að ég væri með þeim hluta frv. sem fjallar um Bifreiðaeftirlitið. Ég þóttist auðvitað taka það skýrt fram að þetta væri veruleg afturför í þjónustu í mínu kjördæmi og ég sé það í hendi minni að það er svo í öðrum kjördæmum. Hitt er annað mál að ég benti á að kannski væri svo mikil óstjórn og vandræði í Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík að það gerði eðlilegt að menn færu að fitja upp á svona hugleiðingum eins og hér er lagt til, en auðvitað sjá allir lifandi menn að hér er um verulega afturför að ræða. Það er alveg hryggilegt að horfa upp á jafngóðan dómsmrh. rjúka til og skemma allgóð umferðarlög sem sett voru hér í fyrra. Það þykir mér bara mjög sárt að horfa upp á.

Ég veit ekki nema það væri kannski rétt fyrir hv. þingdeildarmenn að setja sig inn í byggingarplönin, sem myndu vera hér á nokkrum síðum og það væri líka hyggilegt að fá kostnaðaráætlanir hjá hæstv. dómsmrh., að hann gerði grein fyrir þeim byggingarhugmyndum og fjárfestingarhugmyndum sem þarna er verið að leggja út í.

Ég kem til með að ræða þetta mál síðar og þarf ekki að orðlengja meira í bili.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingdeildarmönnum fyrir að sýna þessu máli svona mikinn áhuga í matartímanum. Ég get fullvissað hv. 1. þm. Norðurl. v. um það að þjónustan í hans kjördæmi mun ekki versna við þessa breytingu. Þvert á móti mun hún batna og ég ætla aðeins að skýra hvers vegna það verður.

Hver er sú þjónusta sem Bifreiðaeftirlitið veitir nú og hver er sú þjónusta sem það ætti að veita? Sannleikurinn er sá að Bifreiðaeftirlitið veitir núna ekki fullnægjandi þjónustu neins staðar á landinu, því miður, vegna þess að það er ekki í stakk búið til þess að mæla það sem mestu varðar, þ.e. bremsuhæfileikana á bílunum. Það er sérstaklega alvarlegt fyrir þunga bíla og ég veit að það fara margir þungir bílar um kjördæmi hv. 1. þm. Norðurl. v. Reyndar er það svo að þar eru mjög alvarleg umferðarslys tíðari heldur en í flestum öðrum kjördæmum. Þetta er m.a. vegna þess að mínum dómi að það skortir á um hemlaprófanir á Íslandi. Það er hart að þurfa að segja þetta, en svona er þetta. Til þess að gera þetta þarf nýja tækni. Það þarf mælingar og til þess þarf skoðunarstöðvar, til þess þarf fjárfestingu. Það er eðlisbreyting á eftirlitinu. Þess vegna er tillagan gerð um nýja fjárhagslega uppbyggingu og að þetta verði ekki gert bara út á ríkið, heldur verði þeir sem í þetta leggja fé að sjá fyrir því að heimta það aftur og það verði samsvörun á milli fyrirhafnar og gjalds.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að það koma verulegir peningar inn í tengslum við bílana. Það er kannski skattur sumt en sumt gjald fyrir veitta þjónustu. Hún þarf að batna. Það þarf líka að breyta öðru. Fólki er hóað saman á ákveðnum tíma með alla bílana í sama kjördæmi eða sama númerasvæði. Í staðinn þarf að koma þessu fyrir eins og í annarri þjónustu að menn fái tíma til þess að koma með bílinn og þurfi ekki að bíða þarna tímunum saman í ótímasettum biðröðum. Þetta eru hlutirnir sem breyta þarf og það er fullkominn misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að menn geti losnað við umskráninguna ef þeir kjósa. Það er einmitt vandinn, þeir geta það ekki ef bíllinn sem þeir kaupa, t.d. notaður bíll, færist á milli umdæma, þá verður að breyta. Það er þessi fyrirhöfn sem við eigum að losna við því það er aðeins brot af hópi bíleigenda sem kærir sig um að flytja. Það er einmitt kjarnaorðið; ef þeir kjósa. Mér virðist þess vegna að hv. 1. þm. Norðurl. v., svo skýr sem hann annars er, hafi þarna alveg skotist yfir kjarna málsins. Hvað sem líður prósentureikningi Hauks Ingibergssonar þá bið ég hann að athuga málið aftur.

Það eru reyndar fleiri skjöl í þessu plaggi heldur en þau sem merkt eru Hauki Ingibergssyni, sem ég vil þó engri rýrð á varpa. Þarna eru líka greinargóðar yfirlýsingar frá Bílgreinasambandsmönnum sem sýna það allar að þarna er mikil óþörf fyrirhöfn og reyndar öryggisleysi líka um viðskipti með bíla. Allt þetta er hægt að laga og þarna er mikill sparnaður á ferð og það er einmitt þess vegna sem þetta tvíþætta mál er samfléttað. Þetta fyrirtæki, Bifreiðaeftirlitið, verður m.a. á viti byggt ef fast númerakerfi er tekið upp vegna þess að þar með verður reksturinn ódýrari og auðveldara að láta þetta vinna fyrir sér. Þetta eru nefnilega samtengdir þættir. Þetta er sama málið, þess vegna er þetta flutt saman. Ég tala ekki um þriðja þáttinn sem eru heimildir fyrir sveitarfélögin til að sekta menn fyrir stöðubrot og fjarlægja bíla ef í það fer. Þetta eru nefnilega málin sem þarna er verið að ræða og ég vildi fara fram á það við hv. 1. þm. Norðurl. v. að skoða málið að nýju og velta því fyrir sér hvort það kunni að vera í því eitthvað sem hann hafi ekki áður séð.

Ég sný mér svo að því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. kom hér að í sínu máli og ég þakka honum stuðning við breytingu á númerakerfinu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt í þessu máli. Um spurningar hans hvernig hugsuð sé þjónusta úti á landsbyggðinni, þá

vil ég svara því svo að hugsað er að þar séu fastar stöðvar, ein í hverju kjördæmi en hugsanlega líka færanlegar stöðvar. Þetta yrði ákvörðunarefni hins nýja hlutafélags en ekki hlutur sem ætti að vera hægt að segja fyrir um nú. Þar verður hagkvæmni að ráða en líka þjónusta. Ég tek það fram að í lýsingunum sem hér eru fram lagðar í grg. verkfræðingsins og þeirra annarra sem unnið hafa að þessu verki er líka brotið upp á því að semja við verkstæði þar sem það er hentugasta lausnin. Þarna tel ég að menn eigi ekki að útiloka neina leið og kjörorðið á alltaf að vera: Þetta eru þjónustufyrirtæki fyrir fólkið, þetta eru öryggistæki fyrir almenning, þetta er tilraun til þess að breyta eðli þjónustunnar. Þetta eru lausnirnar sem á að reyna og ég er sannfærður um að ef við fáum leyfi þingsins til þess að snúa inn á þessa braut þá muni enginn sjá eftir því síðar og alls ekki þeir sem búa í Norðurlandi vestra.

Ég ætla ekki, held ég, að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég vildi þakka hv. 3. þm. Austurl. fyrir hans stuðning við númerakerfisbreytinguna og fullvissa hann um, á sama hátt og ég hef reynt að fullvissa aðra, að ég tel að félagsstofnunin sé hið mesta framfaramál og það sé tími til kominn að við reynum að breyta þessu. Þetta er mjög gagnrýnd þjónusta nú. Hún er illa liðin af almenningi, t.d. hér í bænum. Það er eðlilegt að byrja hér með móðurskip, en í því felst engin áætlun, ekkert áform um að draga úr þjónustu við fólk út um land, þvert á móti hið gagnstæða. Í þessu felst svo fjarri því engin afturför og ég er alveg sannfærður um það að hv. 1. þm. Norðurl. v. mun sannfærast um þetta þegar hann skoðar málið betur, en auðvitað þurfa jafnan að koma til góðra manna ráð þegar á að bæta þjónustuna.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að mótmæla orðum dómsmrh. að þjónusta á Norðurl. v. sé ófullnægjandi og ég vísa algerlega á bug ósæmilegum aðdróttunum hans um það að bifreiðaeftirlitsmenn á Norðurl. v. séu fúskarar og þess vegna séu bifreiðaslys tíðari þar heldur en annars staðar á landinu. Bifreiðar eru vandlega skoðaðar í Norðurl. v., það leyfi ég mér að fullyrða, og af hæfum mönnum.

Ég hef enga trú á því og ég veit að þjónustan versnar um alla landsbyggðina við upptöku þessa skipulags sem ráðherrann leggur hér til og því miður verður þetta til þess að minnka öryggi í umferðinni en ekki til þess að auka það. Jafnvel þó að Björn Friðfinnsson hafi sagt honum að þetta muni batna með þessu skipulagi, þá er það ekki rétt.

Langflestir bílar skipta um eigendur innan sama umdæmis og af hverju skyldi það nú vera að flestir þeir Reykvíkingar sem selja öðrum Reykvíkingi eða versla innbyrðis skipta um númer á bílum sínum? Það eru hverfandi fá tilfelli þar sem menn innan sama umdæmis halda ekki í sínar númeraplötur. Það er vegna þess að fólkinu þykir vænt um númer sín, og alveg burt séð frá því hvort heiminum þykir númerin falleg eða ekki, þá taka menn tryggð við þau númer sem þeir hafa haft í ákaflega mörgum tilfellum og óska eftir að halda þeim jafnvel þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að þeir gætu sparað sér það ómak.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég harma það ef hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur skilið orð mín á þann veg að ég væri að varpa einhverri rýrð á þá góðu starfsmenn sem vinna við bifreiðaeftirlit í hans kjördæmi. Það gerði ég ekki. (**PP:** Hlustaðu bara á ræðuna.) Það gerði ég ekki, ég sagði þetta ekki. Ég sagði kannski að menn í hans kjördæmi ættu enn meira en aðrir undir því að eftirlitið væri öruggt alls staðar á landinu. Það er nákvæmlega þarna sem við komum að kjarna málsins, að það þarf að bæta það alls staðar og það þarf að bæta það fyrst og fremst með því að þau séu til öruggar skoðunarstöðvar fyrir stóra bíla sem smáa og það þarf að gerbreyta tækninni í þessu. Það er enginn sem segir að menn í Bifreiðaeftirlitinu reyni ekki að vinna sín störf af fyllstu samviskusemi, það gera þeir. En þeir hafa ekki tækin í höndunum. Þeir hafa ekki aðferðirnar til þess. Það er það sem breyta þarf. Út á það gengur þessi tilraun til þess að byggja þarna upp nýja og betri þjónustu, bæta öryggið í umferðinni en alls ekki að skerða þjónustuna við landsbyggðina. Enda er það nú svo sem betur fer að bílar eru færanlegir hlutir og hægt er að færa þá til skoðunar hér og hvar, en engu að síður verður allt gert sem kostur er til þess að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar og bjóða upp á þessa þjónustu þar sem hentugt þykir og öruggt er að hún sé í fullkomnu lagi vegna þess að það þreifi- og skynmat sem nú er framkvæmt á bílunum er ekki nóg og það skipulag sem er á skoðuninni er ekki fullnægjandi við nútímaaðstæður. Þetta eru vinnubrögð sem eru löngu aflögð í öðrum löndum og við megum ekki spara okkur þá fyrirhöfn sem í því felst að skipta um aðferð. Þetta er tilgangur frv. og ég bara frábið mig orðum eins og þeim sem hér féllu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að í þessu fælist gagnrýni á mennina sem vinna í kerfinu. Gagnrýnin er á kerfið. Tillagan er um að breyta því.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér skilst að það liggi ljóst fyrir að hæstv. forseti telur að það sé nauðsynjamál að halda þm. hér í matartímanum þó að sumir líti svo á að þetta sé nú kannski gert mest vegna áhuga manna á að vera hér á þessum tíma. En það sem sækir á minn hug í þessu sambandi er að það hljóta að vera nokkuð brýnar ástæður til þess að við hér og nú förum í svo harða umræðu um frv. sem verið er að leggja fram þegar jafnlítið lifir eftir af þessu þingi. Auðvitað er það nú svo að öll mál þurfa sína skoðun ef þingið vinnur sitt verk, þ.e. að breyta frumvörpum í lög með þeirri aðgát sem nauðsynleg er.

Ég ætla ekki að fara langt út í umræðu um þessi mál en mér er ljóst að það gætir þeirrar hugsunar úti

í samfélaginu að ef það verði sett upp ein skoðunarstöð í hverju kjördæmi þá komi það nú dálítið einkennilega út ef bifreið sem búið er að aka t.d. frá Brú í Hrútafirði á Ísafjörð yrði dæmd óökufær þegar hún kæmi þangað. Verður þá ekki annað séð en eiganda hennar hafi verið stefnt í hreina lífshættu með því að láta hann keyra bifreiðina alla leiðina. Má vera að ætlunin sé að halda uppi þjónustunni á mörgum stöðum þrátt fyrir þetta. En hins vegar spyr ég sjálfan mig að því hvort þörfin fyrir að stofna hlutafélag sé jafnbrýn og hér er látið í veðri vaka. Við látum bifreiðaeigendur um það að fá sér ljósastillingarvottorð. Mér er ljóst að það er mikil nauðsyn að kanna betur en nú er gert hvort bremsur á bifreiðum eru í lagi. Eitt verkstæði hér í bænum, Lúkas, er með fullkomin tæki sem það notar á þessu sviði og skv. athugunum sem átt hafa sér stað bæði í Hollandi og Frakklandi hefur það skilað verulegum árangri í að draga úr umferðarslysum hafi bílar verið bremsumældir. En það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að það verði skylda að bílar komi með vottorð upp á það að þeir hafi verið bremsumældir þegar þeir mæta til skoðunar.

Ég ætla ekki að fara langt út í umræðu um þetta. Mér kemur það ákaflega undarlega fyrir sjónir ef það hefur mikinn tilgang að ræða þetta mál á þessu þingi vegna þess hve lítill tími er eftir. Sé tilgangurinn sá að koma því til nefndar og senda það til umsagnar út til ýmissa aðila þá er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, en mér finnst, svo að ég segi nú eins og er, hæstv. forseti keyra þetta áfram af verulegri fylgni þegar klukkan nálgast það að verða í miðjum matartíma og skal þó skýrt tekið fram að ég ætti seinastur manna að kvarta í þeim efnum.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ef hv. 4. þm. Norðurl. e. er með stutta ræðu þá gef ég honum orðið. Annars er það hárrétt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði að það er langt liðið á tímann, en ef við ljúkum þessari umræðu þá fær hv. 4. þm. Norðurl. e. orðið.

Steingrímur J. Sigfússon:

Það eru nú ekki mörg orð af minni hálfu, herra forseti, þó að reyndar sé nú komið talsvert fram yfir þann tíma sem við höfðum hugsað okkur til fundahaldanna. Ég ætla bara að segja það að eftir orð hæstv. dómsmrh., svo skýr sem þau voru, þá hafa nú ekki minnkað efasemdir mínar um að það sé á vísan að róa fyrir landsbyggðarmenn um þjónustuna hjá hinu nýja hlutfélagi því hæstv. ráðherra sagði ósköp einfaldlega: Þar verður hagkvæmni að ráða. Hér á að fara að byggja upp aðstöðu og það er gott og vel. En ég spyr auðvitað: Hagkvæmni hverra? Augljós er hagkvæmni hins nýja hlutafélags sem fælist auðvitað í því að byggja þessa aðstöðu upp á sem allra fæstum stöðum og láta bíleigendur um að bera kostnaðinn af því að keyra um langan veg til að mæta til skoðunar. Og ef reka á þetta nýja hlutafélag eins og hvert annað harðsvírað kapítalískt gróðafyrirtæki, þá að sjálfsögðu reynir það að hafa sem mesta hagkvæmni í sínum störfum og ég spyr: Hver á að vera úrskurðaraðili um það með hvaða hætti þjónustan verður byggð upp?

Ég segi fyrir mitt leyti, herra forseti, að eftir þessa umræðu er það af og frá að ég treysti mér til að standa að afgreiðslu þessara ákvæða frv. nema fyrir liggi miklu, miklu skýrari upplýsingar og ákvarðanir um það með hverjum hætti skuli staðið að þjónustunni, hve mikil hún verði, hve víða verði byggðar upp þessar stöðvar, hvort og þá hvernig verði samið við verkstæði í afskekktum byggðarlögum. Við getum nefnt Vopnafjörð sem dæmi. Ég hygg að það hafi verið vel valið dæmi hjá virðulegum forseta að Vopnfirðingum getur reynst umhent að aka yfir Hellisheiði eða upp Möðrudalsöræfi til skoðunar fyrri part ársins og líka seinni partinn. Það er kannski opið í eina 2–3 mánuði á ári fyrir þá til að mæta með bíla sína til skoðunar í einhverja glæsilega skoðunarstöð einhvers staðar á miðjum Austfjörðum og svona dæmi mætti nefna. Ég fer því fram á það að ef eigi að afgreiða þetta mál hér verði lagðar fram miklu meiri upplýsingar um það hvernig þjónustunni verður háttað, hvar hún verður byggð upp og með hvaða hætti verði staðið að þessum hlutum svo að það liggi ljóst fyrir hagkvæmni hverra, í hvaða hlutföllum sé verið að tala um, bíleiganda eða hins nýja hlutafélags.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Við hv. 2. þm. Vestf. og aðra þá sem hafa undrast það að við skulum nú ræða þetta mál svo seint sem er á deginum og svo skammt sem lifir eftir þingsins vil ég bara segja þetta: Margs þarf búið við og við þurfum að huga að mörgum málum og helst ljúka þeim. Það er sú skylda sem á okkur hvílir.

Ég vildi benda hv. 4. þm. Norðurl. e. á það að þetta mál er nú hér í seinni deild og hefur fengið rækilega meðferð í allshn. hv. Ed. Út af því sem hann ber sérstaklega fyrir brjósti um þjónustuna úti á landsbyggðinni vil ég segja þetta:

Það er nauðsynlegt að hafa fullkomnar skoðunarstöðvar í Reykjavík og víðar til þess að hafa samanburðargrundvöll vegna samninga við verkstæði. Það er kannski ekki minnst um vert, til þess að geta gert samninga um skoðun og prófun á ökutækjum, að menn hafi samanburðargrundvöll. Hann fæst í skoðunarstöðvunum. Ég fullvissa hv. 4. þm. Norðurl. e. um það að þegar fyrirtækið velur þjónustuaðferðina þá verður það líka að hafa í huga hagkvæmnina fyrir bíleigendurna, enda býst ég við því að jafnan verði litið svo á að fyrirtækið sé að framkvæma reglugerðir sem settar hafa verið af þar til kjörnum yfirvöldum og sé ekki sjálfrátt um þetta í einu og öllu. Það er með þetta eins og aðra svona framkvæmd. En vissir þættir í verkinu eru eins og hver annar atvinnurekstur og það eru þeir sem á að fela félaginu.

Ég vildi líka taka fram að það er auðvitað alveg sjálfsagt að hv. allshn. þessarar deildar kalli fyrir sig

þá menn sem hún kýs til að fá svör við spurningum af þessu tagi. En ég fullvissa hv. deild um það að öll þessi mál hafa verið könnuð og fyrir liggja svör um það hvernig menn hyggist taka á þeim en auðvitað verður þetta líka að einhverju leyti að ráðast af því sem í ljós kemur þegar af stað er farið með fyrstu stöðvarnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

SAMEINAÐ ÞING

79. fundur, föstudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun, frh. umr.

Málmfríður Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er gott að fá tækifæri til þess að ræða byggðamál með tilliti til þess ástands sem nú ríkir á landsbyggðinni og það er gott að skýrsla Byggðastofnunar liggur fyrir þó að hún segi langt frá því alla sögu um hvernig ástandið er því það er sannarlega hlutverk Byggðastofnunar að hafa fingurinn á slagæð atvinnulífsins á landsbyggðinni og fylgjast með byggðaþróun og stuðla að þjóðfélagslegri hagkvæmni í þróun byggða í landinu svo sem henni er ætlað að gera. En hvað skyldi felast í þessum orðum, þjóðfélagsleg hagkvæmni í þróun byggða? Hvers konar gildismat felst í svona setningu? Er metið hvort skammt er á fiskimið úr byggðarlaginu eða hvort er hentugt að framleiða þar mjólk eða dilkakjöt? Er metið hvort byggðarlagið hentar til ræktunar og iðnaðar, hvort þar er jarðhiti? Ódýra orku talar víst enginn um lengur. Er metið hvort dýrt er að halda uppi samgöngum til byggðarlagsins og er þjóðhagsleg hagkvæmni eingöngu metin í beinum fjárhagslegum afrakstri? Eða er tekið tillit til þess hvort byggðakeðja rofnar falli einhver sveit eða hreppur úr byggð? Er tekið tillit til þess hvers konar mannlíf hefur þróast frá liðnum öldum, tekið tillit til menningarsögulegra hefða um búsetu? Er hugsað til þess að við hvern þann stað sem fellur úr byggð þurrkast út dráttur úr svipmóti og ásýnd þjóðfélagsins? Er hugað að þessum þáttum líka?

Mér hefur lengi verið þetta umhugsunarefni vegna ýmissa ummæla sem sést hafa og heyrst í riti og ræðu á undanförnum árum. Minnisstæðast í þeim efnum er mér skýrsla Framkvæmdastofnunar sálugu árið 1983. Þar var eytt töluverðu blaðsíðuplássi í áhyggjusamlegar vangaveltur um það hve fólkið af landsbyggðinni streymdi á suðvesturhornið og einnig um hve barnsfæðingum fækkaði. Og niðurstaðan var sú, með leyfi hæstv. forseta, „... að ef ekki tækist að snúa fólksstraumnum við og ef frjósemi íslenskra kvenna héldi áfram að minnka, þá leiddi það til þess að sífellt yrði erfiðara að manna hinar þýðingarmiklu fiskvinnslustöðvar úti á landi.“

Þetta með frjósemina hefur nú færst í betra horf, en fólkið heldur enn áfram að streyma suður og gætu fleiri á landsbyggðinni komið fasteignum sínum í verð mundi straumurinn verða enn þyngri og verða að flóði.

Ég mótmæli því að það sé litið á byggðirnar við sjávarsíðuna á þennan hátt, sem því miður er að verða nokkuð algengt, að það sé litið á þær sem verstöðvar sem eiga rétt á sér á meðan þær skila arði svo sem eins og síldarverksmiðjurnar forðum og skili þær ekki arði má leggja þær niður án tillits til hvernig mannlíf hefur þróast þar og hvaða menningarverðmæti glatast leggist byggðir af.

Ef svo heldur sem horfir er hætta á að við missum öll tök á þróun búsetu í landinu. Auðlindanýtingin kallar á vissa dreifingu byggðarinnar og nægir til að benda á síldar- og loðnuveiðar og nýtingu innfjarðarækju og skelfiskmiða. Vinnslu afurðanna og þjónustu við íbúana er hins vegar hagkvæmara að stunda á fáum stöðum. Nauðsynlegt er að leita leiða til að samræma þetta mismunandi hagræði atvinnugreina þannig að búsetan verði í byggðarlögum sem fá staðist til lengdar. Án þess háttar stefnumörkunar mun sjávarútvegurinn í vaxandi mæli snúast um að safna saman hráefni til vinnslu erlendis.

Samdráttur í búvöruframleiðslu er nú að koma í ljós í úrvinnslu, verslun og þjónustu á landsbyggðinni. Uppbygging nýrra búgreina er erfiðleikum bundin og umsvif þeirra munu ekki nægja til mótvægis. Auknar og bættar samgöngur, aukin bifreiðaeign og auknar kröfur allra landsmanna til sambærilegra lífskjara hafa þau áhrif að sífellt meiri þjónusta er sótt til höfuðborgarsvæðisins og því er líklegt að sveitabyggð dragist enn frekar saman.

Í skýrslu Byggðastofnunar, Byggð og atvinnulíf 1985, sem kom út um áramót 1986–1987, var í fyrsta sinn kynnt íbúaspá sem framreiknuð var fyrir einstaka landshluta að teknu tilliti til reynslu undanfarinna ára. Mörgum þótti reikningur þessi svartsýnn fyrir hönd landsbyggðarinnar, en því miður hefur hann reynst nokkuð réttur. Það mun reynast erfitt að sporna við þessari þróun. Langvarandi brottflutningur dregur þrótt úr byggðum og dæmi um það má sjá í viljaskorti til að byggja húsnæði víða á landsbyggðinni. Byggðastofnun hefur talið að stjórnvöld hljóti að bregðast við þessari þróun. Öflugt atvinnulíf og mannlíf á landsbyggðinni er þjóðinni nauðsynlegt, ekki síst vegna þess hversu mikill hluti útflutningstekna þjóðarbúsins skapast þar. Landsbyggðin er aðalfyrirvinna okkar.

Efling atvinnulífs á landsbyggðinni verður að vera á ábyrgð íbúa hennar og að frumkvæði þeirra. Þróun undanfarinna ára hefur hins vegar dregið úr möguleikum þeirra til að rækja þetta hlutverk sitt. Auk þess er aðstaða þeirra sem vilja stofna eða reka fyrirtæki víðast lakari en á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnvöld geta því með góðri samvisku lagt atvinnuþróun landsbyggðarinnar lið án þess að hafa áhyggjur af því að þau séu með því að mismuna mönnum óeðlilega. — Og þessa síðustu þætti sem ég var að lesa hef ég lesið upp úr skýrslu Byggðastofnunar.

Það hefur hallað stórum á ógæfuhliðina fyrir landsbyggðina á þessu ári og því hlýtur fólk að spyrja: Hvað vakir fyrir stjórnvöldum með þeirri fjármálastjórn sem þau hafa uppi nú? Er ætlun þeirra að ná því fram með bandvitlausri lánskjaravísitölu og svimháum vöxtum að þau fyrirtæki leggist af sem ekki þola þann aðbúnað? Fari fram sem horfir er ekki fyrirsjáanlegt annað en að fram undan sé stórfelld uppstokkun á eignarhaldi á útflutningsfyrirtækjunum. Margt bendir til að þau verði ekki rekin í félagsformi á næstunni og það verði einstaklingar sem taki þau yfir. Og heimamenn munu tapa í þeim leik.

Það er ekki að verða neitt launungarmál að markvisst er stefnt í þessa átt hvort sem ráðamenn vilja viðurkenna það eða ekki og landsbyggðarfólk verður að horfast í augu við þessa staðreynd og huga að til hvaða ráða sé hægt að grípa.

Búseturöskunin í landinu er þegar ærin, en fari svo að atvinnufyrirtæki í sjávarplássi, sem heldur uppi atvinnu þar, verði dæmt úr leik fer að verða tvísýnt um örlög byggðarlagsins.

Vaxandi flóðbylgja fólks af landsbyggðinni til suðvesturhornsins raskar eðlilegri þróun uppbyggingar þar og veldur þar þenslu og offjárfestingu, en nýting dýrra mannvirkja á landsbyggðinni minnkar að sama skapi. Þetta ástand, sem ég hef verið að lýsa, í stöðu fyrirtækja og búseturöskun blasir við sem staðreynd innan tíðar ef ekki verður tekið á málum.

Sú krafa verður sífellt háværari að þeir sem afla gjaldeyrisins, og þá á ég við sjávarútveginn, megi sjálfir ráðstafa honum og þá á því verði sem markaðurinn vill borga fyrir hann og á þann hátt megi stöðva hina umfangsmiklu blóðmjólkun sjávarsíðunnar. Lausnin kynni að felast í því að taka af stjórnvöldum misnotkunarvaldið til skráningar á gengi krónunnar. Það mætti gera með því að leyfa genginu að vera frjálsu án skráningar eða með því að heimila notkun erlendra gjaldmiðla í viðskiptum. Ef önnur hvor þessara leiða væri notuð mundi koma í ljós að gengið er skráð allt of hátt. Einnig mundi koma í ljós að sjávarútvegurinn er ekkert vandræðabarn heldur meginuppspretta auðsöfnunar þjóðarinnar. Hann hefur bara ekki fengið að njóta þess.

Þess vegna er það trúa mín að það sé ekki eftir neinu að bíða með stefnumörkun um hvernig við viljum búa í þessu landi. Viljum við halda byggðinni á svipuðum nótum og hún er nú? Viljum við stuðla að því að hún færist í það horf að vera færri og stærri þéttbýliskjarnar og dreifðir sveitabæir á milli eða verksmiðjubú? Það verður að fara að liggja fyrir hvaða leið á að fara um byggðaþróun. Fólk á heimtingu á að vita hvers það má vænta í þessum efnum og hvers konar þjóðfélagslegar breytingar við getum sætt okkur við og stjórnvöld verða að leggja fram tillögur sínar um hvernig þau telja eðlilegt að byggð þróist og leggja þær fram fyrir sjónir almennings. Það verður að efla getu byggðanna til að hafa meiri yfirráð um sín eigin mál og slíkt gerist ekki nema þær fái meiri umráð yfir eigin aflafé og að því verður stefna ef einhver þróttur á að geta verið í byggð utan höfuðborgarsvæðisins.

Í umræðum um virðisaukaskattinn í gær ræddi hæstv. fjmrh. um hið háa menningarstig hinna Norðurlandaþjóðanna. Það er víst töluvert mörgum gráðum hærra en okkar Íslendinga því þær skilja nefnilega blessun virðisaukaskatts og matarskatts þar sem við vesalingar erum slegin blindu. Norðmenn og þó einkum Svíar hafa næman skilning á ágæti þess að leggja háa skatta á allar neysluvörur og þjónustu sem síðan er að hluta útdeilt til baka á ýmsan hátt í formi bóta og styrkja sem heita tekjujöfnun og hæstv. fjmrh. trúir mjög á.

Ég er ekki eins trúuð á ágæti þessa fyrirkomulags og hann. Auðvitað er sjálfsagt og rétt að létta byrðar þeirra sem minna mega sín, en það réttlætir ekki þær ráðstafanir að skattpína allan almenning og reyna svo að milda aðgerðirnar með ölmusum. Ég efa að þeir sem trúa fastast á ágæti slíkra ráðstafana hugsi að rótum hvað þær bera í sér. Þær bera það í sér m.a. að fólk sem engist undan ranglæti skattlagningarinnar gengur eins langt og það getur í því að spila á kerfið eins og það heitir, finna átyllu til að krækja sér í styrki og bætur þar sem hægt er og lái þeim það hver sem vill. Svíar eru snillingar í þessari íþrótt að finna út matarholur í kerfinu og setjast að þeim og þykir sá mestur sem finnur flestar. Ég hef trú á að Íslendingar verði ekki eftirbátar Svía í þeim leik. Þessi „bótaútdeilingarforsjárhyggjustefna" er hættuleg. Hún brýtur niður siðferðiskennd manna, hún brýtur niður virðingu fyrir vinnunni, hún eyðileggur gleði manna hljóti þeir sanngjörn laun fyrir vinnu sína, of mikið er tekið af þeim til þess opinbera sem menn þurfa svo að vera á harðahlaupum við að tína saman í títt nefndum bótum og styrkjum. Er von að nokkur skilji hvaða nauðsyn er á þessu hringsóli fjármunanna? Menn hætta að bera minnstu virðingu fyrir þessu kerfi, reyna bara að snúa á það. Og því nefni ég þetta í þessari umræðu að þetta er nákvæm hliðstæða þess sem er að gerast í sambandi við landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Fjármunir landsbyggðarinnar renna í stríðum straumum til stofnana og banka hér þaðan sem því síðan er út deilt í styrkja-, bóta- og ölmusustíl. Þetta er að brjóta niður sjálfsvirðingu fólks til sjávar og sveita og það brýtur niður tilfinningu fólks hvar í landinu sem það er fyrir því hvar fjármunirnir verða til og í leiðinni brýtur það niður virðingu fólksins fyrir landslögum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Er ekki rétt að það sé verið að ræða skýrslu forsrh. um byggðamál? (**Forseti:** 1. dag-

skrármálið er til umræðu.) Þá þykir mér í fyrsta lagi við hæfi að hæstv. forsrh. heiðri okkur hér með nærveru sinni í salnum. (**Forseti:** Forsrh. var hér rétt í þessari andrá og honum verður gert viðvart um þessa athugasemd.) Í öðru lagi, herra forseti, verð ég að segja alveg eins og er að ég held að ég neyðist til að endurtaka einu sinni enn, líklega í tíunda til fimmtánda skipti hér í vetur, ræðu mína um að mér finnst viðvera hæstv. ráðherra á fundum Alþingis neðan við allar hellur. Ég segi það alveg eins og er að ef hæstv. ráðherrar sjá ekki ástæðu til að vera hér við umræður um byggðamál þó að það sé dagskrármál sem heyrir undir hæstv. forsrh., borið fram af honum, leyfi ég mér að segja að það væri venju fremur æskilegt og eðlilegt að til að mynda þeir hæstv. sjútvrh. og hæstv. landbrh. væru viðstaddir þegar verið er að ræða stöðu byggðamálanna í tilefni af þessari skýrslu hæstv. forsrh. Almennt séð er það frekar hvimleitt að hér skuli standa fundir daglangt og nóttlangt dögum og vikum saman án þess að hér sjáist yfirleitt nema 1/11 hluti af hæstv. ríkisstjórn á fundunum, þ.e. sá eini ráðherra sem á dagskrármál til umræðu hverju sinni. Ég leyfi mér sem sagt, herra forseti, í upphafi máls míns að endurflytja þessa ræðu sem ég hef að gefnu tilefni viðhaft nokkrum sinnum áður í vetur.

Hér er til umræðu ársskýrsla Byggðastofnunar, þeirrar stofnunar sem lögum samkvæmt skal sinna byggðamálum á Íslandi og fer með ákveðið fjárveitingarvald í þeim efnum og hefur einnig á sinni könnu upplýsingasöfnun og áætlanagerð o.fl. sem tengist stöðu byggðamálanna. Það er óvenjuvel til fundið að hafa þann árlega sið að ræða byggðamál nú í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í byggðum landsins og í ljósi þess hvert stefnir með byggðaþróun í landinu.

Í Morgunblaðinu, þriðjudaginn 19. apríl 1988, er sagt frá því að Þorsteinn Pálsson hæstv. forsrh. hafi falið Byggðastofnun að gera heildarúttekt á þróun byggðar í landinu. Tilefnið er greinargerð sem Byggðastofnun tók saman og sendi hæstv. forsrh. þar sem stofnunin lýsti þungum áhyggjum sínum yfir horfum í þessu efni og rökstuddi það m.a. með birtingu gagna. Ég hef einu sinni sem oftar tekið með mér Morgunblaðið í ræðustólinn, herra forseti. Eitt af því sem Byggðastofnun birtir með sinni grg. er súlurit yfir þróun byggðar sem sýnir fólksflutninga til og frá landsbyggðinni. Það merkilega kemur í ljós að á árinu 1983 verða alveg skýr kaflaskil í þessum efnum. Það er sama árið og ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. tók við völdum. Þá gerast þau tíðindi í fyrsta sinn að flutningarnir koma út sem nettótap, hreint tap landsbyggðarinnar. Það hafði ekki gerst síðan fyrir 1970. Síðan er skemmst frá því að segja að þessi óheillaþróun hefur haldist og heldur versnað síðan. Þau fimm ár sem Sjálfstfl. og Framsfl., nú síðast með þriðja aðilann með sér, Alþfl., hafa stjórnað landinu hefur ríkt sérstakt og svart ástand í þessum efnum sem þarf að fara 15 ár aftur í tímann til að finna hliðstæður um. Í raun og veru eru niðurstöðutölur síðasta árs, ársins 1987, Íslandsmet í búseturöskun hversu langt aftur í tímann sem farið er, a.m.k. eftir því sem gögn liggja fyrir um.

Þetta eru nú horfurnar þegar er til umræðu ársskýrsla Byggðastofnunar og mælt fyrir af hæstv. forsrh. þannig að það þarf varla að koma á óvart, herra forseti, þótt hv. þm. sjái ástæðu til að segja örfá orð af þessu tilefni.

Ég tel, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að fara ofurlítið yfir það í svona umræðu fyrst, áður en menn halda lengra, hvort það sé einhver ástæða til að reyna að sporna við fótum. Er það kannski svo að það að reyna að halda uppi einhverju jafnvægi í byggð landsins og spyrna gegn því að byggðarlög fari í eyði sé á misskilningi byggt, sé bara ástæðulaus og vonlaus barátta við einhverja þróun sem hljóti að verða og eigi að verða? Það sjónarmið heyrist vissulega. Menn færa jafnvel fyrir því rök að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að það eigi sér stað ákveðin byggðaröskun og vitna gjarnan til sögunnar og spyrja: Hvernig væri ástandið ef engin þróun af þessu tagi hefði átt sér stað á undanförnum áratugum?

Ég held að hér séu menn komnir út á hálan ís vægast sagt. Satt best að segja held ég að af mörgum vitlausum hagfræðikenningum sem hafðar eru uppi í þjóðfélaginu um þessar mundir, og er þar af nógu að taka, sé sú kenning vitlausust alls að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að láta þá byggðaröskun viðgangast sem nú á sér stað. Ég ætla að leyfa mér að eyða nokkrum mínútum í að reyna að færa að því rök, herra forseti.

Það er stundum sagt að hin dreifða búseta hringinn í kringum landið, aðallega með ströndinni og á láglendi, sé ástæðulaus vegna þess m.a. að það sé hægt að nýta alla fiskstofna á Íslandsmiðum með 40 stórum verksmiðjuskipum eða togurum sem gerð séu út frá einum eða tveimur stöðum á landinu. Þetta setja menn á lærðar ræður um. Við skulum aðeins athuga þetta nánar.

Ef við skoðum uppsprettu verðmæta í íslenska sjávarútveginum sl. ár og hvar sú aukning hefur orðið, sem þar sem betur fer hefur átt sér stað, eru það ekki verksmiðjuskip eða stórir togarar sem hafa lagt þar mest af mörkum. Viðbótin hefur fyrst og fremst komið í gegnum nýtingu ýmissa minni stofna sem áður voru vannýttir og aukna sókn í þá, rækju, skelfisk, humar, síld, grásleppu o.s.frv. Þarna liggja áfram miklir möguleikar. Hvernig halda menn að mönnum gengi t.d. að nýta grásleppuna á 40 stórum verksmiðjutogurum frá Reykjavík? Hvað yrði um þá verðmætasköpun sem ef ég man rétt skilar hátt í milljarði og gæti skilað líklega tveimur eða tveimur og hálfum milljarði ef við ynnum algerlega úr þeirri auðlind sjálfir? Hvernig ætli mundi ganga að stunda grásleppuveiðar hringinn í kringum landið uppi á tveggja, þriggja, fjögurra faðma dýpi á 2000–3000 tonna verksmiðjuskipum frá Reykjavík? Ég hefði gaman af að sjá það dæmi gert upp. Hver á að nýta skelfiskinn inni á fjörðum, hver á að nýta innfjarða-

rækjuna o.s.frv. ef byggðin leggst af á ströndinni? Hver á að nýta gróðurlendið hringinn í kringum landið? Þar er líka auðlind sem við skulum muna eftir. Og hvort sem búskapur dregst saman meira eða minna verður eftir sem áður að reyna að nýta sem mest af gróðurlendi landsins á sem gáfulegastan hátt til að koma í veg fyrir ofbeit og ofníðslu. Hver á að nýta aðrar auðlindir hringinn í kringum landið ef byggð leggst af? Hver á að nýta veiðiár og vötn og hver á að sjá um ferðamannaþjónustu, hver á að nýta jarðhita, hver á að nýta lághita til fiskeldis, hvað á að gera við alla þá fjárfestingu sem verður ónotuð, verður til einskis, í mannvirkjum, í húsum, í vegum o.s.frv.? Ég held að það sé ástæða til að menn svari þessum spurningum, reyni að fara yfir þetta lið fyrir lið og átta sig á því hvort það er mjög hagstæð þróun sem er að eiga sér stað. Svar mitt er alveg afdráttarlaust nei. Eftir því sem ég skoða það betur þykist ég sjá að það sé þvert á móti afar óhagstætt að búseturöskun í þeim mæli sem nú viðgengst, svo ég tali ekki um vaxandi, haldi áfram. Og það má líka spyrja að því: Er það hagstætt fyrir þau svæði sem fá til sín fólkið að flutningar séu í þeim mæli sem nú er?

Gunnar heitinn Thoroddsen, hæstv. fyrrv. forsrh., flutti einu sinni ræðu, ég hygg að það hafi verði árið 1946 eða 1947, þá var hann frammámaður í stjórnmálum í Reykjavík, gott ef ekki borgarstjóri, og þar færði hann fyrir því rök að sú búseturöskun sem þá hafði átt sér stað og m.a. leitt til mjög snöggrar og mikillar fjölgunar í Reykjavíkurborg hefði orðið borginni ákaflega dýr og hægt á þeirri þjónustuuppbyggingu sem þar hafði átt sér stað og hefði getað átt sér stað ef ekki hefðu komið til miklir og snöggir flutningar inn á svæðið. Ég held að sama sagan sé að eiga sér stað í dag.

Hvað ætli kosti t.d. í aukinni fjárfestingu í umferðarmannvirkjum sú mikla fólksfjölgun sem hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu á tiltölulega stuttum tíma? Nú stendur til að byggja í Reykjavík og nágrenni ekki færri en fimm brýr yfir gatnamót, eftir því sem mér er sagt, einar þrjár innan borgarmarkanna og tvær á umferðaræðum á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að tala um fjárfestingu af stærðargráðunni 75–150 millj. kr., eftir því sem mér skilst, í hverju tilfelli. Það er engin smáfjárfesting bara til að koma umferð yfir ein vegamót. Og það er fyrst og fremst sú aukning umferðar sem hefur orðið á allra síðustu árum, að hluta til að vísu vegna aukinnar bílaeignar einstaklinga en líka vegna mjög snöggrar og mikillar fólksfjölgunar á þessu svæði, langt umfram landsmeðaltal, sem veldur þessu aukna álagi og þessari auknu fjárfestingu hér.

Einhvers staðar þarf það fólk að búa sem bætist hér við o.s.frv. — Ég held að það sé rétt að fólk horfi hér yfir myndina alla, ekki bara brot af henni og spyrji að því: Er skynsamlegt að vera með einhverjar opinberar aðgerðir í gangi, einhverja stefnumörkun og opinberar aðgerðir til þess að reyna að viðhalda jafnvægi í byggð landsins? Svar mitt er já. Út frá því geng ég hér og tala hér.

Byggðaröskunin á síðasta ári og síðustu árum hefur verið um 1500 manns sem landsbyggðin hefur í raun misst til höfuðborgarsvæðisins árlega. Það sjá allir að slík byggðaröskun getur ekki staðist nema um örfárra ára bil án stórfelldra og mjög alvarlegra afleiðinga fyrir byggðina úti á landi, einfaldlega vegna þess að það er ekki sá fólksfjöldi þar til sem þolir að tapa slíkum fjölda árlega um langt árabil.

Við getum líka tekið fyrir einstök svæði á landinu. Við getum t.d. tekið Norður-Þingeyjarsýslu, sem ræðumaður þekkir mjög vel, og velt því fyrir okkur hvað verður um byggðina þar ef svo heldur sem horfir, hvort sem heldur eru sveitirnar eða þéttbýlissvæðin. Raufarhöfn t.d. hefur tapað 100 manns á tiltölulega fáum árum, farið úr 520 ofan í rúmlega 400 íbúa. Þar vantar sárlega fólk. Þar er mikill afli þessa dagana, en það hefst ekki undan að vinna hann og verður að keyra jafnvel á vörubílum langar leiðir af því að það er ekkert fólk lengur á stöðunum til að vinna úr þeim afla sem þar berst á land. Það hefur auðvitað orðið samfara þessari fólksfækkun samdráttur í þjónustu, jafnvel ákveðnar greinar þjónustu lagst af sem þar höfðu þó byggst upp áður. Ég leyfi mér að fullyrða að staðan er einfaldlega þannig í þessum byggðarlögum og það má segja meira og minna hringinn í kringum landið að við erum komin langt yfir hættumörkin, langt yfir þau hættumörk að þessar byggðir hrynji algerlega saman, þ.e. þær hætti að vera starfhæf eining, starfhæft samfélag þar sem nægilega margir eru á tilteknu svæði til þess að byggja upp starfhæft samfélag. Þá má guð einn vita hvað gerist ef menn fara langt yfir þessi mörk.

Ég býst við að mönnum þyki þessi byggðastefnuumræða býsna leiðinleg og það sé búið að klifa á þessu í mörg, mörg, mörg ár og þetta sé eitt svartagallsraus sem aldrei sjáist til sólar fyrir. Það getur vel verið að þetta hljómi þannig fyrir einhverjum. En það er einfaldlega svo að málin standa svona og þetta er satt og þetta er rétt. Hættan er að mörg minni byggðarlög hringinn í kringum landið séu nánast komin að því að hrynja saman eins og spilaborg vegna þess að þau eru í raun og veru ekki lengur starfhæft samfélag.

Þar kemur fleira til heldur en bara fólksfækkunin og staða atvinnulífsins í augnablikinu. Þar koma auðvitað til ákveðnar kröfur tímans sem vissulega eru fyrir hendi, kröfur um meiri þjónustu og bættan aðbúnað eða kannski öllu heldur það að fólk lætur ekki lengur bjóða sér sumt af því sem það hefur hingað til gert. Það unir ekki lengur og mun ekki una til frambúðar þeim mikla aðstöðumun sem það býr við á fjölmörgum sviðum. Eðlilega gera menn kröfur um að aðbúnaður þeirra sé sambærilegur við það sem annars staðar gerist.

Það er góðra gjalda vert að Byggðastofnun vaknar til lífsins og skrifar forsrh. bréf. Það er líka ánægjulegt að forsrh. rankar við sér og svarar Byggðastofnun og biður hana að athuga málið. Það er auðvitað

mjög lofsvert lífsmark þó einhverjum hefði kannski þótt að það hefði mátt koma fyrr og viðbrögðin vera eitthvað efnismeiri en þessar bréfaskriftir. Þó að bréfaskriftir séu út af fyrir sig ágætt fyrirbrigði breytist kannski ekki mjög margt í byggðamálum sem slíkum þó menn frétti það út á land að Byggðastofnun við Rauðarárstíg hafi skrifað forsrh. bréf og sent það niður í Stjórnarráð og forsrh. hafi eftir nokkra daga svarað bréfinu og látið boðsenda það inn á Rauðarárstíg. Ég er svo sem ekki viss um að það birti neitt sérstaklega til fyrir mönnum þó þessar fréttir berist út um landið. Það sem menn eru hins vegar dálítið spenntir fyrir að heyra er hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að gera, ef eitthvað, í byggðamálunum, í atvinnumálum landsbyggðarinnar, hvort það á að halda áfram þeirri stjórnarstefnu sem ég hef leyft mér að segja að sé að minnsta kosti seigdrepandi ef ekki bráðdrepandi fyrir landsbyggðina og er sannanlega, sbr. skýrslur Þjóðhagsstofnunar og fleiri aðila, að leiða til stöðvunar atvinnulífsins á landsbyggðinni algerlega. Þá er þessu náttúrlega sjálfhætt.

Herra forseti. Þess gætir stundum í umræðum manna um byggðamálin, eins og ég sagði hér áðan, að menn séu orðnir þreyttir. Þá er gjarnan kallað upp: Við þurfum að fá nýja byggðastefnu. Gamla byggðastefnan er orðin úrelt. Það er orðin úrelt þessi krafa um stuðning, um fjárveitingar og framkvæmdir. Þetta er allt orðið úrelt. Nú þurfum við eitthvað nýtt og gjarnan þá í ætt við frjálshyggjuna að hver eigi að fá að bjarga sér sjálfur.

Það er rétt að menn njóta ekki í mörgum tilfellum þess sem þeir afla eða framleiða úti um landið, en ég held að við eigum ekki að gleyma hinu að beinar stjórnvaldsákvarðanir hafa haft og hafa mikil áhrif á stöðu landsbyggðarinnar. Þessi ríkisstjórn og sú síðasta komast ekki hjá því að svara fyrir þann niðurskurð á ýmiss konar fjárveitingum sem þær hafa staðið fyrir og vissulega hafa áhrif á stöðu mála úti á landi. Það er nánast sama yfir hvern málaflokkinn er farið að síðustu 4–5 ár hafa verið niðurskurðar- og uppdráttartímabil á nánast öllum sviðum.

Menn hafa lengi hreykt sér af því að vegamálin hafi verið varin og þar hafi ekki verið niðurskurður og það hafi verið staðið við langtímaáætlanir, en hv. alþm. sem eru nú að afgreiða vegáætlun vita hvernig það stenst.

Svo er þessi ágæta mynd hérna í ársskýrslunni sem verið er að ræða, svo maður gleymi ekki alveg dagskrárefninu, um framlög á fjárlögum til Byggðastofnunar. Þetta er afar athyglisverð mynd. Það má eiginlega alveg leggja hana að jöfnu við myndina í Mogganum sem ég sýndi hérna fyrst. Þær eru nokkurn veginn alveg sambærilegar. Nú er ég ekki að segja að byggðaröskunin hafi eingöngu verið út af því að fjárveitingar til Byggðastofnunar voru skornar svona harkalega niður á þessum árum, en það er þó merkilegt að tvennt eða segjum þrennt fer saman: þessi tvö línurit og tilkoma ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. og nú seinna með Alþfl. Það geta varla verið tilviljanir. Málið verður svo enn þá verra þegar maður hefur í huga að á þessum sömu árum, frá og með árinu 1984, hefur sjávarútvegurinn lifað sitt stærsta góðæri. Samt er ástandið svona, samt er byggðaröskun, samt eru mörg plássin að tæmast. Þrátt fyrir bullandi verðmætasköpun og umsvif í sjávarútveginum er fólkið að flýja af stöðunum. Og halda menn virkilega að það sé ekkert alvörumál? Mér finnst stundum sem menn taki léttvægt á því máli.

Ég held, herra forseti, að það sé eitt af því mikilvægasta ef ekki það allra mikilvægasta sem gera verður á næstu mánuðum að koma rekstrarstöðu atvinnulífsins úti á landi og auðvitað í öllu þjóðfélaginu í eðlilegt horf, en þar má ekki láta staðar numið því við höfum reynsluna af því. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að við verðum að fara að svara ákveðnum grundvallarspurningum, Íslendingar, sem við höfum ýtt á undan okkur alla tíð og það eru spurningarnar um það hvort við ætlum að tryggja fólkinu í landinu jafnrétti til þjónustu og sem jafnasta aðstöðu án tillits til búsetu. Þeirri spurningu hefur sennilega aldrei verið svarað á Íslandi. Það hefur hins vegar verið gert t.d. í Noregi og víðar þar sem stjórnvöld hafa markvissa stefnu og margvíslegar aðgerðir til að jafna aðstöðumun fólks í þessu tilliti, rétt eins og menn reyna að jafna aðstöðu manna að ýmsu öðru leyti í þessu samfélagi. En það er alveg borðleggjandi að sá mikli og að mörgu leyti vaxandi aðstöðumunur sem fólk býr nú við eftir búsetu getur ekki gengið upp til langframa í þjóðfélaginu. Það mun þá einfaldlega sporðreisast með öllum þeim afleiðingum sem það hefur.

Herra forseti. Það hefur lítið upp á sig að reyna að inna hæstv. forsrh. eftir svörum undir þessari byggðaumræðu hvað hæstv. ríkisstjórn hyggist gera til að tryggja að það verði ekki algjör stöðnun í atvinnulífi landsbyggðarinnar á næstu dögum og hvað meira sé þá á dagskrá, hvort það standi til að reyna að standa við stjórnarsáttmálann um að treysta búsetu og jafna aðstöðu fólks í landinu. Eitthvað voru þeir framsóknarmenn að rifja upp þessi „paragröf" stjórnarsáttmálans í vor rétt áður en þeir magalentu sem frægt er orðið. Það hefði þó verið ástæða til þess fyrir hæstv. forsrh. að upplýsa þingheim um það undir þessari umræðu hvað t.d. stæði til að gera gagnvart rekstrarstöðunni í sjávarútveginum. Er það meining hæstv. forsrh., er hann sammála þeim hagspekingum sem hafa kvatt sér hljóðs að undanförnu og sumir hverjir blákalt fullyrt að það sem þyrfti að gerast væri það að keyra þessa stefnu áfram og knýja þannig fram uppstokkun, fækkun fyrirtækja í sjávarútvegi og láta þriðjung til helming af fyrirtækjum á því sviði fara á hausinn og væntanlega byggðarlögin með, eða er hæstv. forsrh. einhverrar annarrar skoðunar? Hvað stendur til að gera í þeim iðngreinum sem halda uppi atvinnulífi víða úti á landi? Þeir eru ekki hér hæstv. iðnrh., sjútvrh. og aðrir slíkir þannig að ég verð að beina

þessum spurningum mínum til hæstv. forsrh. Hvað með vefjariðnaðinn og sauma- og prjónastofur sem eru í þann veginn að loka, þær síðustu, meira að segja nýi risinn Álafoss? Ætli hann haldi út mikið lengur? Kannski tvo þrjá mánuði í viðbót. Er meiningin að gera grein fyrir þessari ársskýrslu Byggðastofnunar þar sem horfurnar eru eins og raun ber vitni dregnar upp og hafandi í huga bréfin góðu sem gengið hafa á milli manna, er það þá meining hæstv. forsrh. að Alþingi ljúki störfum og fari heim til sín án þess að meiru verði svarað um væntanlegar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum ef einhverjar eiga þá að verða? Það finnst mér heldur snautlegt.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, herra forseti. Vonandi heyrist eitthvað í hæstv. forsrh. og hann reynir að svara fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum, en ég ítreka svo það sem ég sagði í upphafi máls míns að það hefði verið æskilegt ef aðrir hæstv. ráðherrar sem þessu máli eru sérstaklega skyldir, eins og hæstv. ráðherrar atvinnuveganna og hæstv. félmrh. sem fer með málefni sveitarfélaganna, hefðu aldrei þessu vant séð sóma sinn í því að sitja hérna og hlusta á umræðurnar.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í máli þeirra hv. ræðumanna sem hafa talað á undan mér í þessari umræðu hafa vissulega komið fram í hnotskurn þau vandamál sem nú blasa við á landsbyggðinni og áhyggjur okkar hv. þm. af því ástandi sem þar ríkir. Fólk á landsbyggðinni býr við vaxandi óhagræði og um leið aukna óánægju, sérstaklega miðað við höfuðborgarsvæðið. Þær aðstæður sem atvinnulíf allt úti á landsbyggðinni býr nú við eru kunnari en frá þurfi að segja og hefur reyndar verið fjallað um þær í þeim mæli í ræðum allra sem hafa talað á undan mér að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það en tek undir lýsingar annarra hv. ræðumanna á ástandinu. Vil ég reyndar benda sérstaklega á bls. 23 í ársskýrslu Byggðastofnunar þar sem sýnt er hversu mjög fjárveitingar til byggðamála hafa rýrnað undanfarin ár og er þar að miklu leyti að leita skýringa á erfiðleikunum og þeirri tilhneigingu sem þar kemur fram.

Ég vil aðeins gera að umræðuefni einn tiltekinn kafla í skýrslunni, en hann er á bls. 7 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það er skoðun stofnunarinnar að efling atvinnulífs á landsbyggðinni þurfi að vera á ábyrgð íbúa hennar og að frumkvæði þeirra. Þróun undanfarinna ára hefur hins vegar dregið úr möguleikum þeirra til að rækja þetta hlutverk sitt. Auk þess er aðstaða þeirra sem vilja stofna eða reka fyrirtæki á landsbyggðinni víðast lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnvöld geta því með góðri samvisku lagt atvinnuþróun landsbyggðarinnar lið án þess að hafa áhyggjur af því að þau séu með því að mismuna mönnum óeðlilega.“

Þetta er einn mikilvægasti kaflinn í þessari skýrslu að mínu mati, en í tilefni einmitt af þessum stutta kafla langar mig að vitna í afrit af umsókn til Byggðastofnunar sem mér barst í hendur frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upphaf bréfsins sem hljóðar svo, það er skrifað í Borgarnesi 20. mars 1987:

„Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi sækja hér með um styrk úr Byggðasjóði til að vinna skipulega að þróun atvinnumála á Vesturlandi á þessu ári, alls 760 000 kr. Þau sérverkefni sem við viljum nú ráðast í eru eftirfarandi:

1. Könnun á stöðu og framtíðaráformum fyrirtækja á Akranesi, en slík könnun verður unnin að frumkvæði atvinnumálanefndar Akranesskaupstaðar sem hefur þegar undirbúið málið. Áætlaður kostnaður 230 000 kr.“

Það eru reyndar fleiri beiðnir í þessu bréfi en ég ætlaði aðallega að gera þessa að umræðuefni og ég bendi á að hér er ekki um háa upphæð að ræða, en reyndar skiptir hún mjög miklu máli fyrir þá sem að þessu máli vilja vinna.

Það er sem sagt fyrsti liður þessa bréfs sem er tilefni hugleiðinga minna um raunverulegt hlutverk Byggðastofnunar og getu hennar til þess að styrkja beiðnir um verkefni sem koma frá fólkinu sjálfu. Á bls. 7 sem ég vitnaði til áðan er talað um ábyrgð íbúa á atvinnulífi á hverju svæði og frumkvæði. Ég tel að þarna sé svo sannarlega um ákveðið frumkvæði og í framhaldi af því ábyrgð að ræða.

En í 3. gr. laganna um Byggðastofnun segir, með leyfi forseta, það er 1. mgr.: „Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.“

Afgreiðsla Byggðastofnunar á þessari beiðni virðist alls ekki ganga í þá átt að hvetja heimamenn til frumkvæðis. Beiðninni var svarað 11. sept. 1987 með eftirfarandi línum sem ég les, með leyfi forseta, og bréfið er skrifað í Reykjavík 11. sept. 1987: „Vísað er til umsóknar yðar um styrk dags. í ágúst 1987 til athugunar á stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækja á Akranesi. Að athuguðu máli telur stofnunin sér eigi fært að verða við umsókn yðar.“

Ekki sættu Skagamenn sig við þessa afgreiðslu mála og sendu annað bréf sem hljóðar svo, með leyfi forseta, en það er skrifað 23. nóv. á Akranesi: „Vísað er til svarbréfs yðar dags. 11.9. sl. vegna umsóknar um styrk til að kanna stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja á Akranesi. Við sem einkum stöndum að undirbúningi og framkvæmd þessarar könnunar óskum eindregið eftir því að umsóknin verði tekin fyrir að nýju í stofnuninni. Könnunin er nú vel á veg komin og hefur iðnráðgjafi Vesturlands, Ragnar Hjörleifsson, farið í fyrirtæki og safnað upplýsingum. Ekki er þó enn séð fyrir hvernig hún verður fjármögnuð. Við væntum jákvæðrar afgreiðslu á beiðni okkar. Málið hefur verið kynnt og rætt í Byggðastofnun en við erum að sjálf-

sögðu fús að veita allar þær upplýsingar sem óskað er.“ — Undir bréfið skrifa allir fulltrúar atvinnumálanefndar Akranesskaupstaðar, en formaður hennar er Ragnheiður Þorgrímsdóttir.

Þann 27. janúar þetta ár er síðan skrifað annað bréf í Byggðastofnun þar sem endanlegt svar við beiðni þessari er gefið og það hljóðar svo, með leyfi forseta: „Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 21. jan. 1988 var fjallað um umsókn yðar um styrk til að kanna stöðu og framtíðarhorfur fyrirtækja á Akranesi. Stjórn stofnunarinnar getur ekki orðið við beiðni yðar og tilkynnist það hér með.“

Nú er manni spurn hvaða ástæður lágu að baki þess að beiðni þessari var hafnað. Það er ekki beint uppörvandi fyrir fólk sem tekur frumkvæði og hefur undirbúið mál svo vel sem raun ber vitni, en umsókninni fylgdi allítarlegur spurningalisti til fyrirtækja sem ég er með hér og er á mörgum blaðsíðum. Það fylgdi sem sé ítarlegur spurningalisti til fyrirtækja á Akranesi um stöðu þeirra og framtíðaráform.

Nei, frú forseti, þetta er ekki uppörvandi heldur hreint og beint niðurdrepandi. Ekki síst í ljósi þess að atvinnuástand í þeim bæ sem hér um ræðir hefur verið með eindæmum slæmt að undanförnu. En ég vil þó taka fram að þetta dæmi tek ég hér aðeins vegna þess að mér bárust þau gögn í hendur frá atvinnumálanefnd Akraness án þess þó að mér sé fullkunnugt um hvernig aðrar álíka umsóknir hafa verið afgreiddar.

Ég tel að frumforsenda þess að rétta megi hlut landsbyggðarinnar sé fyrst og fremst sú að hvetja til frumkvæðis heimamanna og styðja þá af fremsta megni. Það er grundvallarskilyrði að fyrstu skrefin verði einmitt athuganir og áætlanir fram í tímann. Það er komið nóg af handahófskenndum ákvörðunum. Þessar athuganir og áætlanir verða að vera undir forustu heimamanna þannig að tryggt sé að hvert byggðarlag um sig fái að blómstra á sínum eigin forsendum.

Ég vek aðeins athygli á að það er lögð á það mikil áhersla á bls. 7 sem ég vitnaði til í upphafi að heimamenn skuli hafa frumkvæði og bera ábyrgðina, en mér er spurn eftir að hafa lesið þessi bréf hvort það sé svo að hér sé um enn eina miðstýringarstofnunina að ræða. Í 3. gr., sem ég vitnaði til áðan, segir að stofnunin geti gert eða látið gera áætlanir. Spurningin er: Var þessari beiðni hafnað vegna þess að það voru einmitt heimamenn sem tóku frumkvæðið eða hvernig stendur á því?

En að lokum: Eins og ég gat um í upphafi máls míns tek ég undir það sem fram hefur komið í umræðunum, en ég taldi ástæðu til að varpa ljósi á þetta mál sem gæti verið einmitt eitt af þeim meinum sem Byggðastofnun býr við, að hún hafi alls ekki getu eða styrk til að svara slíkum beiðnum. Það væri betra fyrir fólkið sem er að taka frumkvæði að fá fyrir því gildar ástæður og rök hvers vegna beiðni þess er hafnað. Það er eitt það mikilvægasta fyrir landsbyggðarfólkið núna hvað varðar allar framkvæmdir í hinum ýmsu byggðarlögum að fólk viti hvenær röðin kemur að þeim. Það er verið að byggja skóla og íþróttahús við grunnskóla landsins vítt og breitt og sumir bíða eftir að fá fullgilda samninga. Þeir vita ekki hvar þeir eru í röðinni. Síðan er farið að byggja íþróttahús einhvers staðar allt annars staðar án þess að neitt hilli undir að fólk viti hvenær röðin kemur að því.

En að lokum vil ég aðeins taka fram að ég tel að við hjökkum í sama farinu og við sökkvum dýpra og dýpra í það með þessu áframhaldi. Það er kominn tími til að svara grundvallarspurningum varðandi byggðamálin og taka ákvarðanir byggðar á svörum við þeim.

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Við erum auðvitað að ræða hið mikilsverðasta mál sem eru byggðamál í landinu og því miður verð ég að segja að mér finnst þessi umræða hafa farið heldur út og suður hjá okkur eins og oft vill verða þegar við ræðum um byggðamál. Það er kannski þess vegna sem árangurinn er ekki meiri.

Ég vildi aðeins koma inn á það sem hv. síðasti ræðumaður var að fjalla um í sambandi við Byggðastofnun sjálfa og að við hefðum ekki, vegna þess að ég á sæti í stjórn þeirrar stofnunar og hef átt, staðið í stykkinu í sambandi við að verða við beiðni úr kjördæmi hv. þm. um að veita um 700 þús. kr. styrk til að gera úttekt á atvinnustarfsemi á Akranesi. Það er sannast sagna að segja frá því að Byggðastofnun fær vitaskuld oft og tíðum beiðnir um slíkt og við höfum ekki getað orðið við því. Það er sannast mála. En ég verð að segja það sjálfur sem dreifbýlismaður og gamall þátttakandi í sveitarstjórnarmálum að ég vil ekki trúa því að við séum svo aum, sem úti á landsbyggðinni búum, ef við í alvöru erum að tala um að taka okkur tak, að við leysum ekki slík mál. Ég verð að segja það.

Hins vegar vil ég að það komi hér sterklega fram að Byggðastofnun hefur gert þær áætlanir sem hér var verið að tala um, m.a.s. í kjördæmi hv. þm. Byggðastofnun hefur gert áætlanir t.d. um Dalabyggð, ákaflega veikt byggðarlag. Byggðastofnun gerði það. Hún gerði meira. Hún framkvæmdi það, eins og hv. þm. var einmitt að segja, að láta heimamenn vinna verkið. Sú áætlun var unnin af hinum hæfasta heimamanni sem þekkti mjög til. Hann var fenginn til starfa á vegum stofnunarinnar og látinn vinna það verk.

Hvað gerði Byggðastofnun með Vestfirði? Vestfirðingar fóru fram á að það yrði gerð róttæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði. Hafnaði Byggðastofnun því? Nei. Byggðastofnun varð við því og fékk þaulreyndan sveitarstjórnarmann af Vestfjörðum til að vinna þá áætlun, Vestfjarðaáætlunina, róttæka byggðaáætlun fyrir Vestfirði.

Hvað gerði Byggðastofnun meira? Byggðastofnun tókst einmitt á hendur að gera úttekt og könnun með heimamönnum, Vegagerð ríkisins og Byggða-

stofnun um jarðgangagerð á Vestfjörðum. Hún var unnin í fullu samráði við heimamenn. Auðvitað má deila um niðurstöðurnar, en Byggðastofnun var þarna tilbúin til starfa þegar til hennar var leitað.

Ég get nefnt annað dæmi, Út-Hérað. (**SighB:** Árneshrepp.) Já, já, ég nefni Út-Hérað. Það var unnið af heimamönnum líka. Kunnugur sveitarstjórnarmaður var fenginn til að vinna byggðaáætlun fyrir svokallað Út-Hérað. (**SvG:** Þetta er þá allt í lagi bara.) Það er ekki allt í lagi, en við skulum tala um þessi mál á annan hátt og í annarri tóntegund og öðrum dúr. Þá fyrst, hv. þm. Svavar Gestsson, þingmaður Reykjavíkur, er einhver von á því að við leysum þessi mál. (**SvG:** Jæja?) Já. Þá fyrst er von á því ef við þekkjum þann vanda sem við er að fást. En við þurfum að gera það fyrst.

Það þarf ekki að eyða fleiri orðum í þessa byggðaáætlun. Ég vildi bara nefna þetta. Ég gæti talið upp enn þá fleiri.

Það má einnig segja frá því að Byggðastofnun hefur núna í vaxandi mæli, sérstaklega eftir að breytt var úr Framkvæmdastofnun í Byggðastofnun, tekið upp að gerast beinn þátttakandi í atvinnufyrirtækjum á landsbyggðinni með því að gerast virkur hluthafi til að koma þessum fyrirtækjum á legg. Ég er sannfærður um að það er skynsamlegt. Ég gæti t.d. nefnt eitt fyrirtæki, úr því að menn eru farnir að nefna svæði og fyrirtæki, og tekið dæmi á Suðurlandi, fyrirtæki sem heitir Límtré og átti vissulega í mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum, leitaði til Byggðastofnunar. Byggðastofnun fór mjög grannt ofan í rekstur þess fyrirtækis, kom inn í það með hlutafé, endurskipulagði fyrirtækið algerlega upp. Undanfarin ár hefur þetta fyrirtæki skilað mjög góðri afkomu og er orðið fyrirmyndarfyrirtæki. Þegar svo var komið þá ákvað Byggðastofnun að selja hlutafé sitt í þessu fyrirtæki. Það tel ég skynsamlegt þegar svo er komið fyrir þessum fyrirtækjum og æskilegast væri auðvitað að heimamenn gætu komið þar til. Svona vildi ég sjá Byggðastofnun vinna og leggja það fjármagn sem þannig fengist til þess að styðja önnur fyrirtæki annars staðar.

Ég get líka nefnt fyrirtæki í Norðurlandi eystra, við Skógarlón í Öxarfirði, ákaflega veikt svæði sem hér hefur verið nefnt og hv. þm. Steingrímur Sigfússon var að fjalla hér um það kjördæmi. Ég tel ástæðulaust fyrir fólk úr Norðurl. e. að tala í einhverjum neikvæðum tón til Byggðastofnunar. Það er ástæðulaust. Byggðastofnun hefur vissulega reynt að koma til liðs við þau veiku byggðarlög sem þar eru og ég gæti nefnt um það mörg dæmi.

Menn hafa einnig verið að fjalla um fjármagn Byggðastofnunar og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sýndi hér í gær, þegar hann ræddi um þessi mál, töflu úr skýrslu Byggðastofnunar sem er um framlög á fjárlögum til byggðamála. Það er rétt, þessi tafla er alveg hárrétt og segir vissulega sína sögu. En sagan er samt ekki öll sögð og ég segi það sem þátttakandi að þessari ársskýrslu að það hefði mátt vera þarna annað rit við hliðina sem hefði sýnt einnig hvert hefur verið ráðstöfunarfé Byggðastofnunar á þessum tíma. Ég veit það og við vitum það öll að það er mikill munur á því hvort það hafa verið bein framlög til stofnunarinnar eða ráðstöfunarfé. En staðreyndin er sú að ráðstöfunarfé Byggðastofnunar hefur verið mjög svipað þessi ár sem hér er verið að tala um. Ég er ekki með það hér nákvæmlega en ég held að það sé ekki langt frá sannleikanum að segja að ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið mjög svipað.

Hins vegar tel ég að framlag til byggðamála þyrfti að verða miklu hærra. Við vitum að í stjórnarsáttmálanum stendur að unnið skuli að byggðamálum og ég er sannfærður um að vilji núverandi ríkisstjórnar stendur til þess að efla starfsemi Byggðastofnunar og taka á byggðamálum. En þessi ríkisstjórn er nú bara rétt að hefja göngu sína, hún er ekki búin að starfa í eitt ár enn og það er ástæðulaust að dæma það að fullu og telja að við viljum þar ekkert koma til. (**HG:** Er það mat framsóknar að það sé rétt að byrja?) Ríkisstjórnin? Ríkisstjórnin er ekki ársgömul enn þannig að það er ekki bara mat framsóknarmanna, staðreyndin í málinu er þessi. En það hafa nú fleiri komið að byggðamálum en ég ætla ekki að fara að ræða það.

En er það nú staðreynd að ekkert hafi verið gert hér á Íslandi í byggðamálum á undanförnum árum? Erum við alveg sannfærðir landsbyggðarmenn að segja það að ekkert hafi gerst í byggðamálum? Vitaskuld hefur ekki verið um neina þróun að ræða í byggðamálum. Staðreyndin er sú að það er miklu frekar um byltingu að ræða. En ég undirstrika það að það er vissulega margt eftir enn ógert þrátt fyrir það.

Hver er ástæðan fyrir því núna að Háskóli Íslands er fullur út úr dyrum? Ætli það séu ekki yfir 5000 nemendur í Háskóla Íslands? Hvaðan skyldi fjölgunin vera? Gæti það verið að það væri af landsbyggðinni? Vegna hvers er það af landsbyggðinni? Það skyldi þó ekki vera að ástæðan væri m.a. sú að það er búið að byggja upp fjölbrautaskóla á Vesturlandi, það er búið að byggja upp menntaskóla á Ísafirði, það er búið að byggja upp fjölbrautaskóla á Sauðárkróki, það er búið að byggja upp verkmenntaskóla á Akureyri, það er búið að byggja upp menntaskóla á Egilsstöðum, það er búið að byggja upp fjölbrautaskóla á Suðurlandi og það er búið að byggja upp fjölbrautaskóla á Suðurnesjum. Gæti ekki verið að þetta hefði hjálpað börnum okkar til þess að komast í framhaldsnám? Er þetta ekki byggðamál? Er það ekki byggðamál það sem gert hefur verið í vegagerð á Íslandi? Er það ekki byggðamál? Áður töldum við a.m.k. að eitt af brýnustu byggðamálunum væri samgönguþátturinn.

Svo má bæta við í sambandi við samgönguþáttinn úr því að hæstv. samgrh. kemur hér inn uppbyggingu flugvallanna. Er það ekki byggðamál? Hefur það ekki verið gert? (Gripið fram í). Og verið að gera það líka á Egilsstöðum og menn hafa tekið þar myndarlega á, hv. þm., en það þarf líka að muna það og virða sem gert er. Við fáum fólk hvorki til að

setjast að fyrir norðan eða austan, ef menn tala alltaf um alla hluti í neikvæðum tón og tela okkar fólki trú um að það sé ómögulegt og algerlega vitlaust að byggja upp og búa úti á landi.

Ég get nefnt sjálfvirkan síma, ég get nefnt sjónvarp. Hvað með rafvæðingu landsins? Hvað með uppbyggingu skipastólsins? Hvar hafa skipin lent sem hafa verið byggð upp? Hafa þau fyrst og fremst komið til Reykjavíkur? Ætli það sé staðreyndin? Hverjar ætli tölurnar séu þar um? Nei, sem betur fór hefur landsbyggðin fyrst og fremst notið þeirrar uppbyggingar.

Hvað með útfærslu landhelginnar í 758 þús. km^2? Ætli það sé ekki eitt stærsta byggðamálið? (**HG:** Er það byggðamál?) Það er byggðamál en ekki bara landsbyggðarinnar. Það er byggðamál. Hvað með uppbyggingu heilsugæslustöðvanna? Ég held að þetta sé nóg upptalning í bili til þess að sýna það að menn hafa verið að vinna. Hins vegar hafa orðið breytingar í okkar þjóðfélagi. Það þarf enginn að vera hissa á því þó að það hafi aðeins hrikt í um stund miðað við þær breytingar sem við höfum staðið frammi fyrir bæði í sjávarútvegi og landbúnaði.

Menn tala um það hér og sérstaklega var það nú um áramót, það er fastur liður þegar menn tala um fiskveiðistefnuna, að stjórnun fiskveiða sé af hinu verra fyrir landsbyggðina. Árið 1960 veiddu Grænlendingar um 450 þús. tonn. Árið 1985 veiddu Grænlendingar um 14 þús. tonn. Svo halda menn að það sé óhætt að sækja í hafið eins og hvern og einn lystir. Hvar stæðum við Íslendingar ef ekki hefði komið til stjórnun. Vissulega hefur þessi takmörkun á sókn haft áhrif á byggðir landsins. Og vissulega hafa þær skipulagsbreytingar sem orðið hafa í landbúnaði einnig haft áhrif á byggð landsins. En nauðsynlegt var að taka upp nýja hætti og breytta í landbúnaði. Ég held að það blandist engum hugur um það. Gallinn var sá að menn voru búnir að vera of kærulausir of lengi. Menn brugðust of seint við en hafa þó með þeim búvörulögum sem sett voru dregið ákveðna markalínu og ákveðið að hopa ekki lengra og byggja þaðan upp sókn til nýrra búhátta í sveitum og efla hefðbundnar greinar. En vitaskuld hefur þetta komið við um sinn.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að eyða hér lengri tíma en ég vil minna á eitt atriði í lokin vegna þess að í mínum huga er það brýnt mál fyrir okkur að finna leið til þess að fá menntað fólk sem hefur notið þess að fara í langskólanám aftur út á landsbyggðina. Það er mikið og brýnt mál og hvernig við getum náð hluta af þeirri aukningu sem verður í þjónustustörfunum. (**ÓÞÞ:** Þriðja stjórnsýslustigið.) Þriðja stjórnsýslustigið, segir hv. þm. Vissulega má ræða það en það má þá segja frá því í þessu sambandi (**Gripið fram í:** Hvað segir þm. um það?) að Byggðastofnun hefur ákveðið það og ríkisstjórnin staðfest það í sínum stjórnarsáttmála að byggja upp stjórnsýslumiðstöðvar í öllum dreifbýliskjördæmum landsins. Í mínum huga er þetta eitt allra stærsta byggðamálið sem við erum að fást við í dag, þ.e. að koma þessum stjórnsýslumiðstöðvum upp. Ákveðnir hafa verið þrír staðir þar sem byrjað skal á þessari starfsemi, þ.e. Akureyri, Ísafjörður og Egilsstaðir. Framkvæmdir eru hafnar á Akureyri, það er byrjað að ráða fólk til starfa og þetta er stórmikið mál að koma þessum stofnunum upp og flytja starfsemina frá Reykjavík út í þessar stofnanir. Það er mikið mál. Og ég trúi því og treysti að eins og stendur í stjórnarsáttmálanum getum við gengið þar rösklega til verks og hafið framkvæmdir ekki bara á Akureyri heldur þurfum við að fara á fleiri stöðum í framkvæmdir í sambandi við uppbyggingu þessara stjórnsýslumiðstöðva. Ég átti fund á vegum Byggðastofnunar austur á fjörðum á sl. ári með sveitarstjórnarmönnum þar. Þá töldu þeir að þetta væri eitt af stærstu málunum sem sveitarstjórnarmenn á Austfjörðum væru að fjalla um núna, þ.e. að koma þessari starfsemi upp á Egilsstöðum. Vissulega greindi menn á hvar átti að staðsetja þessa stofnun, hvort hún átti að vera á Egilsstöðum eða einhvers staðar annars staðar, en það er annað mál. En Byggðastofnun tók ákvörðun um það að hún skyldi sett niður á Egilsstöðum.

Ég vildi aðeins blanda mér inn í þessar umræður. Við ræðum byggðamálin hér of sjaldan. Þau eru stór en ef við viljum ræða um þau til þess að ná árangri þá skulum við gera það af meiri hófsemi heldur en oft vill verða.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Með tilliti til þess að það hefur ítrekað komið fram hér í umræðum af hálfu hv. 4. þm. Norðurl. e. að ráðherrar mættu illa til þessarar umræðu, þá skal vakin athygli á því að tveir ráðherrar, sjútvrh. og heilbrmrh., hafa fjarvistarleyfi svo sem tilkynnt var í upphafi fundarins. Þriðji ráðherrann, hæstv. utanrrh., situr ekki á þingi þessa dagana. Allir aðrir ráðherrar að undanteknum einum hafa verið meira og minna hér í húsinu meðan á umræðunni stóð, stundum í þingsalnum en stundum ekki, en hæstv. forsrh. alltaf viðstaddur. Þetta er tekið fram að gefnu tilefni.

Þá skal vakin athygli á því að það er gert ráð fyrir að þessum fundi ljúki um kl. 4 í dag vegna þess að fundir verða í deildum. Á dagskrá eru nú mörg mál sem eru þýðingarmikil og þarf að taka ákvörðun um, en það mál sem við nú ræðum um er ekki tekin ákvörðun um. Það fer engin atkvæðagreiðsla fram um það mál. Hins vegar er gert ráð fyrir að menn geti rætt þetta mál eins og þeir óska og það er ekki verið að takmarka umræður. En það skal vakin athygli á því að ef þessari umræðu lýkur ekki fyrir kl. 4 þá verður henni frestað. Á næsta fundi tökum við samt fyrst fyrir þau mál sem þurfa afgreiðslu þingsins.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég tel mig knúna til þess að gera hér örstutta athugasemd vegna ræðu síðasta ræðu-

manns, hv. 3. þm. Norðurl. v. Stefáns Guðmundssonar. Mér þykir afar leitt ef hann hefur bæði misskilið orð mín og jafnvel tóntegund vegna þess að það var aðeins eitt atriði sem ég tel mig hafa gagnrýnt í alvöru varðandi þessa afgreiðslu sem ég vitnaði til og það var að ekki voru gefnar skýringar á því hvers vegna umsókn var hafnað. Það er kannski vinnuvenja í Byggðastofnun en ég velti vöngum yfir því í máli mínu hvort Byggðastofnun hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að styrkja verkefni af þessu tagi sem ég ræddi um þarna og tel vera mjög brýn og nauðsynleg eins og málin eru núna.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Umræðan um Byggðastofnun hefur þróast yfir í umræður um byggðamál. Ein af umdeildari stofnunum þessa lands var Framkvæmdastofnun Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, og það var talað um kommissarakerfið og það var talað um pólitík í sambandi við þá stofnun.

Ég ætla að hvetja menn til ef þeir vilja kynna sér störf þeirrar stofnunar og að mínu viti nokkuð heiðarlega úttekt á árangri þeirrar stofnunar að kynna sér skýrslu sem var unnin af starfsmanni stofnunarinnar sem starfaði þar mjög stutt, var afkastamikill að mati þeirra sem þar voru og situr í dag á Alþingi Íslendinga, Sighvati Björgvinssyni. Þessi skýrsla er verulega mikil ritsmíð með óhemjumiklum upplýsingum um hvað það var sem Framkvæmdastofnun gerði.

Framkvæmdastofnun hafði yfir að ráða bæði Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði. Það sáu margir ofsjónum yfir því valdi sem þar var saman komið. Nú standa mál þannig að Framkvæmdasjóður lýtur sérstakri stjórn þar sem segja má að framkvæmdarvaldið hafi haft af þinginu yfirráðin yfir sjóðnum. Ég er ekki búinn að sjá það að framkvæmdavaldið fari betur með þann sjóð en farið var með hann á dögum þingsins þegar það stjórnaði sjóðnum með sínum fulltrúum.

Ég get ekki látið hjá líða að vara við þeim hugsunarhætti í umræðum um byggðamál að það sé hægt að setja eitthvert jafnaðarmerki um árangur í byggðamálum og þess hvernig Byggðastofnun reynist í starfinu. Það er fráleitt. Það er svo fráleitt að það nær ekki nokkurri átt, hvorki að hugsa né tala þannig.

Mjög mörg ráðuneyti fjalla um byggðamál eðli sínu samkvæmt. Eitt af þeim sem vigta þar mjög þungt, og er í sjálfu sér ekki nema eðlilegur hlutur, er félmrn. Félmrn. hefur veruleg áhrif á undirbúning allra laga sem snerta sveitarfélögin og stefnuna í þeim málum.

Ég tel að eitt af því stærsta sem þurfi að gerast til þess að byggðirnar rísi sé að við komum á þriðja stjórnsýslustiginu. Auðvitað er sjálfsagður hlutur að sameina sveitarfélög þegar vilji og áhugi er til staðar og stundum verður að gera það jafnvel þó að áhugi sé nú ekki staðar. En ég vil bæta því við að mér sýnist þörfin brýnust hér í Reykjavík að sameina sveitarfélögin. Hvers vegna á Seltjarnarnes t.d. að verða sjálfstætt sveitarfélag? Hvaða rök eru fyrir þeirri vitleysu? Er eitthvað sem mælir með því? Ég er hér um bil viss um að hver einasti alþm. Íslendinga mundi falla á prófinu ef hann ætti að fara og ganga á mörkin milli Reykjavíkur og Seltjarnarness. Hann mundi ekki vita hvar mörkin væru.

En þetta er tilfinningamál. Sennilega er ekkert vit í að bera fram tillögu hér á Alþingi Íslendinga um að þessi sveitarfélög verði sameinuð. Þess vegna mundi þriðja stjórnsýslustigið sem yrði þá yfirstjórn yfir öllu Stór-Reykjavíkursvæðinu koma að verulegu gagni og hafa afgerandi áhrif til þess að koma í veg fyrir ýmsa vitleysu sem á sér stað í skipulagsmálum á þessu svæði.

Ég hef orðið var við að sumir telja að þriðja stjórnsýslustiginu sé stefnt gegn höfuðborginni. Ég hef líka orðið var við það að Samband ísl. sveitarfélaga taldi þessu stefnt alveg sérstaklega gegn sér og þar voru bæði pennafærir menn og eins þeir sem virtust ekki mjög kræfir í meðferð slíkra vopna sendir fram á völlinn um leið og þingmannanefnd skilaði af sér og sýndi fram á ágæti þess að hér yrði komið á þriðja stjórnsýslustiginu.

Þetta er sem sagt að mínu viti annað af stóru atriðunum varðandi það hvað verður um byggðaþróun á Íslandi. Hvert skyldi nú hitt vera? Hitt atriðið er stefnan í gengismálum. Sú aðferð að fela framkvæmdarvaldinu að selja sér sjálfdæmi um það á hvaða verði gjaldeyririnn er keyptur hefur gefist illa fyrir íslenska landsbyggð. Trekk í trekk hefur það gerst að valdhafarnir hafa verið vaklandi, brjótandi um það heilann hvort ekki væri nú útlit fyrir betri tíð og blóm í haga, og ástæðulaust að hreyfa við genginu þegar fyrirtækjum landsbyggðarinnar hefur verið að blæða út. Ég man þá tíma þegar hrunið mikla varð á dögum viðreisnar. Ég man þá tíma. Það var heldur engin smáræðisbreyting sem þá varð að eiga sér stað á gjaldeyrismálum svo að hægt væri að koma hlutunum af stað aftur. Menn voru að fárast yfir því að það færu óverðtryggð lán frá Byggðasjóði á sínum tíma út á land. Hvaða upphæðir halda menn að hafi verið fluttar til með rangri gengisskráningu krónunnar í gegnum tíðina? Ég er ekki með þessu að halda því fram að það sé einhver gæfa fyrir okkar þjóð ef hrunadans verðbreytinga á sér stað, þvert á móti. En menn verða bara að átta sig á því að menn stoppa ekki verðbólgu í frystihúsunum og meðan menn eru með tilraunastarfsemi hvað það snertir að stoppa verðbólguna í frystihúsunum á landsbyggðin undir högg að sækja. Ein slík tilraun stendur yfir í dag.

Þetta er raunverulega hluti af því máli sem enginn Íslendingur getur látið ógert að taka afstöðu til. Enginn Íslendingur. Og meðan menn telja að þær leikreglur séu réttar eins og þær eru núna er tómt mál að tala um að hægt sé að snúa þeirri þróun við og ná upp fólksfjölgun úti á landi. Ef menn færa aftur á móti valdið heim í héruðin í ríkara mæli með þriðja stjórnsýslustiginu og ef menn viðurkenna

heiðarlegar söluleikreglur á erlendum gjaldeyri en ekki kaldar eignaupptökur eins og framkvæmt er í dag getur komið sú tíð að við sjáum blómlegar byggðir Íslands rísa hringinn í kringum landið. Aftur á móti, því miður, höfum við fallið ofan í það foræði að þjóðin er að skiptast upp í tvo hópa. Annar hópurinn trúir því að landsbyggðin sé baggi á þéttbýlinu. Hinn hópurinn trúir því gjarnan að hér í þéttbýlinu séu ekki unnin þjóðþrifastörf. Þetta eru kannski öfgarnar af þeirri mynd sem við blasir en þessi staðreynd er engu að síður svo afgerandi að það er orðið tímabært að stjórnmálamenn reyni að bera þarna klæði á vopnin. Til þess að það sé hægt verður hins vegar að ríkja réttlæti. Alveg eins og það er eðlilegur hlutur að Reykjavíkurborg ráði sínum embættismönnum er það eðlilegur hlutur að Norðlendingar ráði sínum embættismönnum, Sunnlendingar sínum, Austfirðingar sínum og íbúar í Vestfirðingafjórðungi sínum. Og það þýðir ekki að standa þannig að málum, eins og gert er, að framkvæma þjóðnýtingu aftan frá á fyrirtækjum landsbyggðarinnar með því að neyða þau til að selja gjaldeyrinn undir kostnaðarverði.

Þetta eru þeir hlutir sem skipta máli. Okkur miðar vel áfram í mörgum flokkum uppbyggingar úti á landi. Hæstv. forsrh. hefur gjarnan minnst á sjúkrahúsin og skólana í þessum efnum. Og það er rétt. Það er búið að vinna mikið og gott starf hvað uppbyggingu á þessum mannvirkjum snertir. Væri það þá ekki hámark kaldhæðninnar ef þetta stæði svo bara ónotað vegna þess að óbilgirnin á hinum sviðunum er það mikil að landsbyggðin nær ekki að rétta við?

Ég var að lesa í gær í Morgunblaðinu grein eftir Vestfirðing, Einar Odd Kristjánsson á Flateyri. Ástæðan fyrir því að hann taldi sér nauðsyn að drepa niður penna, var að í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins hafði hann og hópur annarra ágætra sjálfstæðismanna víðs vegar um landið orðið fyrir því að vera settir í einn hóp sem hálfgerðir ónytjungar sem bæru ábyrgð á því að útgerðarfyrirtæki Íslands væru ekki rekin með hagnaði þessa stundina og fiskvinnslufyrirtæki landsins. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir hversu stór ákvörðun það er hjá mönnum eins og Einari Oddi að taka sig til og gagnrýna Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins sem þeir hafa frá því að þeir urðu læsir litið á sem hin helgustu vé í boðskap sjálfstæðisstefnunnar á Íslandi. En hann hefur sennilega verið kominn í sömu aðstöðu og Úlfur rauði, stafnbúi Ólafs Tryggvasonar á Orminum langa, sem taldi ekki gæfulegt hvernig skipum var lagt við Svoldurorustu, og konungur lagði ör á streng og hugðist drepa stafnbúa sinn. Úlfur taldi að hann ætti frekar að skjóta þangað sem meiri væri þörfin: „Því þér vinn ek, konungur, það ek vinn." Og því mættu húsbændur á Morgunblaðinu gjarnan gera sér grein fyrir að það er ekki víst að það sé það þarfasta sem þeir vinna að skjóta á þá menn sem nú af því viti og þeim dugnaði sem þeim er gefinn reyna að verja þessi framleiðslufyrirtæki áföllum þó þeir hiki við í litlum byggðarlögum að beita fjöldauppsögnum. En Stephani G. var þetta yrkisefni, þetta atvik úr átökunum við Svoldur og orðaði það svo:

> Sárt hefur Ólafs ofsa brunnið
> einart svar frá kappa smáðum:
> „Þér hefur, kóngur, Úlfur unnið
> afrek sín og fall sitt bráðum.
> Ver ei lakar lyfting þína,
> lofðungur, en Úlfur stefnið".
> Oft nam vilhöll vanþökk brýna
> vangoldnara sama efnið.

Það getur nefnilega farið svo að sumir af þessum framkvæmdastjórum viti fall sitt fyrir þó að ég trúi því nú ekki að það fari svo á Flateyri. En þeir standa í því að verja þessa ríkisstjórn svo grimmt og svo lengi að þeirra ævistarf hrynji fyrir vikið fáist ekki stefnubreyting. Það er þetta sem skiptir máli fyrir landsbyggðina: Það er réttlæti í þessum viðskiptum með gjaldeyrinn og það er valdið heim í héruðin. Þá rís landsbyggðin á Íslandi.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu heldur víkja aðeins að örfáum atriðum sem þessi umræða hefur gefið tilefni til. Það var athyglisvert að heyra hv. 2. þm. Vestf. fara hér með söguna af Úlfi rauða við Svoldur. Mér varð hugsað til þess hvort ekki færi nú stundum vel á því að hv. þm. segði eins og Úlfur rauði: „Þér vinn ég, konungur, það er ég vinn."

Hv. þm. vitnaði til forstöðumanns atvinnufyrirtækis á Flateyri, Einars Odds Kristjánssonar, sem án nokkurs vafa er einn af traustustu forustumönnum í íslensku atvinnulífi og ástæða til þess að nefna nafn hans þegar fjallað er um atvinnufyrirtæki sem rekin eru af skynsemi og þrótti. Ég kann ekki annað að segja við hv. þm. en að hann mætti gjarnan líta til Einars Odds í fleiri efnum en bara þessu.

Ég ætlaði síðan aðeins að víkja að fáeinum atriðum sem umræðan hefur gefið tilefni til. Hér hefur verið á það minnst að framlög ríkissjóðs til Byggðastofnunar hafi minnkað á undanförnum árum svo sem súlurit í skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1987 gefur til kynna. Það er að sönnu rétt að þau hafa farið minnkandi, en eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. gat um í ræðu sinni segir þessi mynd ekki alla söguna, heldur skiptir hitt kannski meginmáli, hvert hefur verið ráðstöfunarfé stofnunarinnar á þessum tíma. Og hann greindi frá því í ræðu sinni að það hefði haldist nokkurn veginn óbreytt á þeim tíma sem hér um ræðir. Hitt er svo annað mál eins og ég gat um í upphafsræðu minni að það skiptir miklu máli fyrir stofnunina, eigi hún að geta sinnt hlutverki sínu, að fá allverulegt framlag á fjárlögum ár hvert til þess að hún geti meðal annars tekið þátt í áhættulánum og þátttöku, kannski tímabundinni, með eignaraðild að fyrirtækjum sem koma þarf af stað og hv. 3. þm. Norðurl. v. nefndi gott dæmi um.

Í því sambandi er rétt að draga þá staðreynd inn í

þessar umræður að myndin, sem súluritin sýna í ársskýrslunni, nær einungis fram til síðasta árs en tekur ekki tillit til þeirrar stefnubreytingar sem varð með fjárlögum þessa árs þar sem fjárveitingar voru hækkaðar, ekki nægjanlega mikið að mínu mati, til Byggðastofnunar en þess freistað að snúa þróuninni við.

Það er engum vafa undirorpið að það skiptir meginmáli að því er varðar opinberar aðgerðir til eflingar byggðar í landinu að sá stuðningur miði að því að tryggja góðar samgöngur og þjónustu á sviði skólamála og heilbrigðismála. Það hefur með miklum ágætum verið dregið fram í þessari umræðu af hv. 3. þm. Norðurl. v. hversu mikil umskipti hafa einmitt orðið á þessu sviði og er engan veginn hægt að ræða um þessi efni, né þann vanda sem nú steðjar að, öðruvísi en að draga þær staðreyndir inn í umræðuna eins og hv. þm. gerði með mjög skýrum og glöggum hætti. Framkvæmdir til vegamála aukast að raungildi á þessu ári svo og hafa verið aukin framlög til hafnamála og það er verið að hefjast handa við ný átök í flugvallagerð á landsbyggðinni. Allt hefur þetta mjög mikla þýðingu og er atriði sem ákvarðanir hafa verið teknar um af þessari ríkisstjórn.

Menn ræða gjarnan um það að ekki sé nægjanlegt að gera skýrslur og athuganir og ég tek mjög undir það að það sem skiptir máli er auðvitað aðgerðir sem geta snúið fólksflutningaþróuninni við. En hitt er auðvitað deginum ljósara að menn verða að hafa réttar upplýsingar í höndum til þess að geta beint aðgerðunum inn á þær brautir sem líklegastar eru til að skila árangri.

Það er ekki óalgengt í þessum umræðum að því sé haldið fram að launin hafi ekkert hækkað á landsbyggðinni en rokið upp í Reykjavík, að allt framkvæmdafé ríkisins fari til framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu, svo að dæmi séu nefnd, og að fjármagn fjárfestingarsjóðanna streymi allt til atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Sú skýrsla, sem Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið og hefur komið til tals í þessum umræðum og er hluti af því mikla verkefni sem Byggðastofnun hefur verið falið, varpar mjög athyglisverðu ljósi á ýmis efni af þessu tagi, bæði varðandi launaþróun, skiptingu á fjárfestingarframlögum ríkisins og hvernig dreifing á lánum fjárfestingarlánasjóða hefur verið milli Reykjavíkur annars vegar og landsbyggðarkjördæmanna hins vegar.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessar tölulegu upplýsingar sem hér koma fram. En það kemur í ljós að á milli áranna 1986 og 1987 hækkuðu laun í Reykjavík um 43,2%, á landsbyggðinni um 42,6% og að meðaltali um 42,8%. Sums staðar úti á landsbyggðinni hækka launin meira en að meðaltali og meira en í Reykjavík og meðaltekjur á einstökum stöðum á landsbyggðinni eru talsvert hærri heldur en í Reykjavík. En síðan eru mjög augljós dæmi um miklu lægri tekjur annars staðar, þannig að ekki er hægt að draga upp þá einföldu mynd að það sé Reykjavík annars vegar og landsbyggðin hins vegar. Sums staðar á landsbyggðinni er ástandið í þessum efnum mjög alvarlegt en annars staðar sýnast launin vera í mjög góðu lagi miðað við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu og hærri heldur en að meðaltali.

Að því er varðar framkvæmdirnar, þ.e. skiptingu á stofnkostnaðarframlögum ríkissjóðs, þá fara 1,4 milljarðar á höfuðborgarsvæðið á þessu ári en 2,3 milljarðar til landsbyggðarinnar. Aukningin á milli áranna 1987 og 1988 er 24,4% á höfuðborgarsvæðið en 28,8% til landsbyggðarinnar. Þegar horft er á útlán fjárfestingarlánasjóðanna þá fara um 1,4 milljarðar til Reykjavíkur en um 5,2 milljarðar til annarra kjördæma. Allt eru þetta mjög nauðsynlegar upplýsingar og óhjákvæmilegt er að styðjast við þær þegar mótuð er afstaða og umræða fer fram um þessi mikilvægu efni.

Að lokum skal tekið undir það sjónarmið sem margsinnis hefur verið áréttað af minni hálfu að það sem sköpum skiptir í þessu efni er auðvitað það að rekstur framleiðslufyrirtækjanna á landsbyggðinni geti gengið og að þeim sé tryggður eðlilegur rekstrargrundvöllur. Það þýðir hins vegar ekki að standa að einhverjum aðgerðum til þess að ná þessu höfuðmarkmiði, sem nú kallar mjög á að því sé sinnt, á þann veg að það leiði til nýrrar verðbólguholskeflu. Það held ég að flestir hljóti að vera sammála um og hljóti að gera sér grein fyrir að allar aðgerðir og ráðstafanir í þessu efni hljóta að miða að því tvíþætta markmiði að treysta rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna og halda áfram þeirri markvissu viðleitni, sem hefur skilað árangri, að ná niður verðbólgu.

Við lifum ekki í þessu landi ef framleiðslufyrirtækin á landsbyggðinni, fiskvinnslufyrirtækin og útgerðarfyrirtækin, þurfa um langan tíma að starfa við hallarekstur. Þessi atvinnugrein er uppspretta að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og auðvitað búa menn ekki til langframa við þær aðstæður að þessi fyrirtæki séu rekin með halla. Það má öllum vera ljóst og höfuðverkefnið sem nú blasir við þessari ríkisstjórn er að takast á við þann vanda.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er fróðlegt að hlýða hér á talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessari umræðu, hæstv. forsrh. og hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það var mjög að vonum að hæstv. forsrh. væri ánægður með stjórnarformann Byggðastofnunar fyrrv. og ræðu hans hér áðan, því hún var ekki með þeim hætti að þar kæmu fram miklar áhyggjur yfir stöðu mála á landsbyggðinni. Hún var samfelld lofgjörð um aðgerðir stjórnvalda á þeim tíma sem hv. þm. hefur komið að þessum málum, þannig að þar sást nánast ekki blettur eða hrukka.

Fyrst vil ég aðeins víkja að máli hæstv. forsrh. Hann viðurkennir það að við vanda sé að fást, hæstv. ráðherra, en hann segir okkur ekkert um það með hvaða hætti hann eða ríkisstjórn hans ætlar að vinna sig fram úr þeim vanda eða hjálpa til við að það geti gerst. Á þau spil sýnir hæstv. ráðherra alls ekki. Hann segir okkur aðeins að það þurfi að taka á vandanum en hann ætlar ekki að upplýsa Alþingi í

þessum umræðum a.m.k. um það með hvaða hætti ríkisstjórn hans hyggist gera það. Það er nú kjarninn í því máli sem hæstv. ráðherra hér flutti.

Hann taldi að það hefði verið gert vel við þá stofnun, Byggðastofnun, sem hann mælti hér fyrir og skýrslu hennar, og vitnaði til hækkandi fjárveitinga til stofnunarinnar á yfirstandandi ári. (**Forsrh.:** Ég sagði: Ekki nægjanlega vel en samt betur.) Betur já. Þá er best að athuga í hverju þessi stigbreyting er fólgin.

Á síðasta ári voru veittar 80 millj. kr. og ein að auki, tæplega, sem aukaframlag til Byggðastofnunar. 81 millj. kr. á síðasta ári. Framlagið á árinu 1988 eru 125 millj. kr. Þetta er nú það búsílag sem hæstv. forsrh. vitnaði hér til og taldi bera vott um verulega stefnubreytingu. Ég get ekki tekið undir það að þarna sjáist mikil breyting. Verðlag hefur hækkað umtalsvert á milli ára og hér er um svo sáralitla viðbót að ræða að hún skiptir nánast engu máli í þessu varðandi þá mynd sem hér blasir við. (**Forsrh.:** Það eru 50%.)

Hæstv. ráðherra sagði það og hv. þm. Stefán Guðmundsson einnig að það væri ráðstöfunarfé sem máli skipti fyrst og fremst. Ég er ekki sömu skoðunar. Ég tel að framlagið til verka á vegum Byggðastofnunar sé það sem skipti kannski meginmáli. Margt af því sem Byggðastofnun þarf að vera að fást við og stjórnvöld hafa falið henni eru erfiðleikamál vegna stjórnarstefnunnar, vegna þess að allt er að fara á hliðina hjá framleiðsluatvinnuvegunum úti á landi. Plástrar sem stjórnvöld eru að reyna að líma fyrir götin í rekstrarafkomu fyrirtækjanna, sem þau með efnahagsstefnu sinni eru að setja á hausinn. Það á ekki að vera verkefni Byggðastofnunar og það er auðvelt að gera byggðastefnu óvinsæla með því að standa þannig að málum að jafnvel vel rekin fyrirtæki úti á landi skila ekki eðlilegri afkomu heldur þurfa á neyðarráðstöfunum að halda, sem er svo verið að kenna við byggðastefnu. Málflutningur af þessu tagi nær auðvitað engri átt.

Hæstv. ráðherra vitnaði til framlaga til fjárfestinga úti á landi og var með samanburð í þeim efnum við fyrri ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn. Ja, skylt er skeggið hökunni. Skyld eru þessi mál fyrir hæstv. ráðherra sem gegndi embætti fjrmrh. í fyrri ríkisstjórn, nú er hann við borðsendann, hæstv. ráðherra, og telur að það hafi verið betur að staðið. Við skulum líta á vegamálin. Ríkisstjórnin fyrrv. skilaði hér inn till. varðandi vegamál á síðasta þingi. Og hvað lásum við þar? Jú, það átti að leggja til 1450 millj. kr. úr ríkissjóði sem beint framlag til vegamála í landinu. Plagg sem sýnt var hér mánuði fyrir kosningar í fyrra. Ætli hæstv. fjmrh. þáv. hafi ekki eitthvað komið nærri því máli? Hvar eru þessar 1450 millj. kr. í ár? Þeirra sést hvergi staður, þær voru þurrkaðar út að loknum kosningum og hér kemur fram endurskoðuð vegáætlun eða vegáætlun fyrir árið í ár með núll í framlag frá ríkissjóði. Það eru nú efndirnar, það er nú samanburðurinn sem hæstv. forsrh. ætti að hafa í minni þegar hann er að reiða hér fram tölur. Og fleira mætti taka af því tagi.

En svo vitnaði hann til skólamálanna, sem hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði að verulegu máli hér og fór nánast hringinn í kringum landið og hafði uppi þakkargjörð yfir því að komnir væru fjölbrautarskólar á ýmsum stöðum úti um land. Ég varð satt að segja alveg hissa á því að hv. þm. skyldi ekki tala um barnaskólana og telja það þakkarvert að landsbyggðarfólkið hefði aðstöðu til að læra að lesa. Það væri alveg sérstakt byggðamál. Það er alveg sérstakt byggðamál. Væri ekki rétt fyrir hv. þm. að líta aftur til ársins 1907 þegar fyrstu fræðslulögin voru sett og segja að þar hafi merki byggðastefnunnar upphafist, þegar sett voru fyrstu fræðslulög í landinu? Og það eigi að þakka fyrir að börn fólks úti á landsbyggðinni geti stundað framhaldsnám í sinni heimabyggð.

Síðan fór hv. þm. í sama hringinn varðandi aðrar opinberar framkvæmdir úti um landið og sagði: Blómstrar hér ekki allt, blómstrar hér ekki allt? Hefur landsbyggðin ekki fengið þetta og hitt, í framkvæmdum, í byggingum og svo fékk hún landhelgina færða út að auki. — Og þetta eru nú bara fyrstu skrefin sem núverandi ríkisstjórn er að stíga í þessum efnum því það er enginn vafi hjá hv. þm. að þessi ríkisstjórn er rétt aðeins að byrja sína göngu. Hv. ritari deildarinnar hefur vafalaust tekið eftir þessari yfirlýsingu samflokksmanns síns úr Framsfl. að þetta væru aðeins fyrstu skrefin. Og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerði þar enga athugasemd við, þó að hann hafi stundum látið að því liggja að hann væri nú ekki dyggasti stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar. En það var ósköp eðlilegt að hjartað í hæstv. forsrh. tæki kipp við þessar yfirlýsingar. (**Gripið fram í:** Vorbati.) Vorbati, segir hv. ritari. Vorbati, hann er þegar kominn. Það er þegar kominn gróandinn. Ja, það er ósköp skiljanlegt eftir þá lendingu sem miðstjórn Framsfl. tók á fundi sínum hér um daginn þar sem hún gaf ráðherrum sínum hinum einlægu aðdáendum ríkisstjórnarinnar, hæstv. sjútvrh. og landbrh. og öðrum slíkum, fullt og óskorað umboð til þess að bera á túnin á þessu vori. (**Gripið fram í:** Vorbatinn ...) Bera út skítinn úr fjósi ríkisstjórnarinnar, (**Gripið fram í:** Vorbatinn verður knúinn í gegn.) aka því skarni á hóla sem þar hefur safnast fyrir. Vorbatinn verður knúinn í gegn. Já, maður sér það, það er verið að efna í það. Það kemur fram í máli hv. framsóknarmanna sem hér tala. (**Dómsmrh.:** Hvernig verður lending miðstjórnar Alþb.?) Hæstv. dómsmrh. er farinn að hafa áhyggjur af stjórnarandstöðunni hér. Hann er farinn að hafa áhyggjur af stjórnarandstöðunni. Honum líður svo prýðilega vel að það er ekkert sem hann hefur áhyggjur af á eigin búi, þar er allt í besta gengi. Og hvað landsbyggðina snertir, að mati Alþfl., alveg sérstaklega. Því þar er vandinn sá einn í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar að það á að hagræða. Það á að reka fólkið út úr frystihúsunum. Það á að hagræða með því í byggðarlögunum úti um landið til þess að hæstv. viðskrh. geti haldið við sína fastgengisstefnu, haldið áfram að skammta útflutn-

ingsfyrirtækjunum í landinu skít úr hnefa til þess að geta haldið verðbólgutölunum niðri. Til þess að leyfa þjónustufyrirtækjunum að velta kostnaðinum út í verðlagið en binda fyrir tekjumöguleikana hjá útflutningsatvinnuvegum landsmanna. Þetta er hans stefna, þetta er stefna hans flokks sem minnt var á í kjallaranum á hótel Holiday Inn sama daginn og þeir voru þar í upphæðum framsóknarmenn að þinga. Niðurstaðan var ósköp svipuð hjá báðum þessum flokkum. Og það er ekki að heyra hér í umræðunum að það séu þungar áhyggjur eða miklar hjá þessum heiðursmönnum þegar landsbyggðin á í hlut. Nei, það var sannarlega fróðlegt að heyra lesturinn hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og ég vænti að ræðað sú heyrist ekki aðeins í sjávarþorpunum í Skagafirði heldur einnig inn til dala því þar var nú ekki áhyggjan út af ástandi byggðamála í landinu.

Og nú er stjórn Byggðastofnunar búin að taka ákvörðun um stjórnsýslumiðstöðvar í einum þremur landshlutum og það er jafnvel farið að ráða fólk inn í þá miðstöð norður á Akureyri. Svo þetta hlýtur að vera í besta lagi. Auðvitað á ekkert að vera að hlusta á hvar fólkið vill setja þessar stofnanir niður því það er bara ákveðið hérna upp við Rauðarárstíginn. Það eru bara teknar ákvarðanir um það. Þetta á að vera miðstýrð stofnun, miðstýrt vald. Því að þó hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson komi hér, og jafnvel ritari deildarinnar, hv. þm. Guðni Ágústsson, og tali um þriðja stjórnsýslustigið þá er það ekki hugsunin í ráðandi forustu í Framsfl. Steingrímur Hermannsson hæstv. utanrrh., hann var sem forsrh. látinn gefa yfirlýsingu norður á Siglufirði í fyrra um stuðning við þriðja stjórnsýslustigið í einhverju formi. (**Gripið fram í:** Var þetta ekki fyrir þremur árum?) Nei, það var haustið 1986. Rétt er það. Og í marsmánuði 1987 var samþykkt einhver loðmolluyfirlýsing á miðjumoðsfundi í Framsfl. um stuðning við þetta hið sama. Rétt til þess að slá á óánægjuraddirnar úti um landið og slá á framboð Þjóðarflokksins sem setti fram þetta merki sérstaklega. Síðan hefur ekkert af þessu máli heyrst — nema að ráðherrar flokksins og einstakir talsmenn eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson hamast hér við að strika yfir þessa samþykkt í máli sínu. Hæstv. sjútvrh. hefur á borgarafundi austur á landi kveðið fast að orði um það að hann hafi ekki áhuga á þessu þriðja stjórnsýslustigi. Nei, það er ekki hátt undir loft í „framsóknarfjósinu" þegar verið er að ræða hér um byggðamál. Það eru ekki áhyggjurnar sem þaðan berast eða kröfugerðin gagnvart hæstv. ríkisstjórn.

Sjálfstfl. stendur fyrir þessari umræðu. Sjálfur hæstv. forsrh. stendur fyrir þessari umræðu. Hann og vonbiðillinn eftir formannssætinu í Sjálfstfl., borgarstjórinn í Reykjavík, þeir mættu báðir á fundi um byggðamál austur á Selfossi 13.–14. nóv. sl. þar sem rætt var um það: „Hefur byggðastefnan brugðist?" Ekki taldi nú hæstv. forsrh. það og ekki borgarstjórinn í Reykjavík. Hæstv. forsrh. hafði það helst fram að færa sem nýmæli á þessum fundi, eini fréttapunkturinn sem viðstaddir fréttamenn fengu út úr hans máli þar sem hann las upp stjórnarsáttmálann, það var þetta efnislega: Að það ætti að nota fjármagnið eða hagnaðinn af sölu ríkisfyrirtækja til þess að styðja við nýmyndun fyrirtækja úti á landi. Það var verið að kasta út agni til þess að örva, ýta undir þá stefnu Sjálfstfl. að losa sig við ríkisfyrirtækin því þá gætu þeir fengið svolítið af hagnaðinum til þess að púkka undir ný fyrirtæki úti á landi. Þetta var eina nýmælið í ræðu hæstv. forsrh. á þessum fundi. En borgarstjórinn í Reykjavík hann kom þarna — (**Forsrh.:** Þingmaðurinn er á móti því?) — hann kom þarna. Ég tel að það ætti nú að fara varlega í því að selja ríkisfyrirtæki, þjónustufyrirtæki við landsbyggðina, eins og reynslan hefur orðið í þeim efnum. En það er víða áhugi til þess. Það er víða áhugi að koma því í hendur einkarekstursins. Ætli áhuginn sé nú þar alls staðar að styðja við félagsleg sjónarmið og félagslega þjónustu? Ég efa það.

En borgarstjórinn í Reykjavík, hann sagði á þessum fundi m.a. og var að meta reynsluna af byggðaþróun í landinu á þessari öld: „Hvílík ósköp væru það fyrir Ísland ef íbúafjöldinn á höfuðborgarsvæðinu, 136 þús. manns, hefði deilst niður á þrjá staði á landinu. Hvernig væri þá ástatt á Íslandi," spurði borgarstjórinn í Reykjavík. Þá væri mikil vá fyrir dyrum að hans mati ef bæir með 40 þús. íbúa eða svo væru á tveimur stöðum utan Reykjavíkur. Ég ætla ekki að fara að vitna með beinum hætti í orð hans sem er að finna í þessari skýrslu sem er mönnum aðgengileg. Hann sagði reyndar orðrétt, með leyfi forseta: „Ég vil fullyrða að þjóðin í heild væri miklu skemmra á veg komin við þær aðstæður en nú er. Þessu mega menn ekki gleyma." Þetta sagði borgarstjórinn í Reykjavík orðrétt.

Nei, það voru heldur ekki miklar áhyggjur sem hæstv. forsrh. hafði af stöðu byggðamálanna. Það var ekki að heyra í hans máli.

Ég vil vekja athygli á einu atriði í viðbót, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu. Á bls. 6 í skýrslu Byggðastofnunar er þessi orð að finna:

„Meðan ekki er sjáanlegt neitt lát á hinni neikvæðu byggðaþróun telur Byggðastofnun sér skylt að benda stjórnvöldum á að þörf er á stefnubreytingu varðandi opinberar framkvæmdir og uppbyggingu þjónustu á landsbyggðinni. Sú fjárfesting í atvinnutækjum og þjónustu sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum er þegar orðin vannýtt að hluta og verður það enn frekar í framtíðinni. Spurningin er því fyrst og fremst sú hvernig bregðast eigi við þessum staðreyndum."

Og síðan segir hér áfram, efst á bls. 7, orðrétt:

„Það er óverjandi að veita fé til opinberra framkvæmda sem fyrirsjáanlegt er að munu ekki nýtast nema að óverulegu leyti vegna þess hve íbúar eru fáir. Á sama hátt er óverjandi að fjárfest sé í atvinnutækjum sem fyrirsjáanlega munu ekki geta orðið arðsöm."

Hér er að finna þá hugsun að vegna þess hvernig

hallar undan á landsbyggðinni, vegna þess að staða fyrirtækjanna er erfið, vegna þess að fólkið hefur flust burtu frá stöðunum, sé nú óhætt að draga að sér höndina í sambandi við félagslega uppbyggingu og í sambandi við aðstöðu fyrir fyrirtækin. Sú hugsun sem felst í þessu er skipulagt undanhald. Það er rauði þráðurinn í málflutningi þeirra sem hér hafa talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, þar á meðal og fremstur í hópi hæstv. forsrh.

Umræðu frestað.

EFRI DEILD

92. fundur, föstudaginn 6. maí, að loknum fundi í Sþ.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881, n. 1044 og 1060, brtt. 1061, 1077.

Frsm. meiri hl. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til laga um framhaldsskóla.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og minni hl. skilar séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur hins vegar til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

Nefndin kynnti sér umsagnir sem borist höfðu. Þetta er ekki nýtt mál. Það eru 12 ár síðan frv. til laga um framhaldsskóla var fyrst lagt fram hér á hinu háa Alþingi, að ég hygg.

Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntmrn., og Hörður Lárusson komu á fund nefndarinnar. Stefán Ólafur starfaði reyndar með nefndinni að athugun málsins. Einnig fékk nefndin til fundar við sig fulltrúa vinnuhóps Sérkennarafélagsins. Fulltrúar Sambands málm- og skipasmiðja og Málm- og skipasmiðasambands Íslands komu á fund nefndarinnar, svo og fulltrúar Landssamtakanna Þroskahjálpar og fulltrúar frá Félagi framhaldsskóla, en það eru samtök nemenda í framhaldsskólum.

Það er deginum ljósara að um ýmis efnisatriði þessa máls eru menn ekki á einu máli og ég nefni þar sérstaklega ákvæðin um skólanefndir. Um þau varð einnig ágreiningur í Nd. Alþingis. Ég nefni einnig til sögunnar ákvæði um heimild til stofnunar sérskóla eða sérstofnana fyrir fatlaða eða þroskahefta e.t.v. öllu frekar og þá sem búa við blindu eða heyrnarleysi.

Mér er alveg ljóst að eðlilegt er að um þessi skólanefndarákvæði séu skiptar skoðanir en niðurstaða meiri hl. varð engu að síður sú að mæla með því að þetta yrði samþykkt í óbreyttri mynd frá Nd. Það er búið að þrengja nokkuð starfssvið skólanefndanna, en skólaráð er aftur samstarfsvettvangur nemenda og kennara. Og án þess að orðlengja um þetta frekar, herra forseti, leggur meiri hl. nefndarinnar til að málið verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Frsm. minni hl. menntmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Sem betur fer höfum við hvað eftir annað fengið tækifæri í þessari hv. deild til þess að tala um skóla- og menntamál. Og oftar en ekki hefur menntmn. sameinast um þau mál sem fjallað er um. Er það sérstakt ánægjuefni og vil ég reyndar þakka samnefndarmönnum mínum fyrir skemmtilegt samstarf á þessu þingi hafi fundur okkar í menntmn. verið sá síðasti á þessu þingi, en hann var í morgun.

Það er sameiginleg lífsreynsla okkar allra að hafa einhvern tímann gengið í skóla, alla vega okkar sem nú lifum, og það var svo sannarlega kominn tími til að fram kæmi einhvers konar rammalöggjöf um þetta skólastig sem við erum að fjalla um hérna. Hefðum við kvennalistakonur gjarnan viljað geta fagnað frv. af heilum hug. En það kom fljótlega í ljós að ágreiningur var um ýmis atriði og kannski er það einmitt vegna þessarar sameiginlegu reynslu okkar af skólamálum að náttúrlega telja allir sig hafa nokkurt vit þar á eftir þá reynslu sem þeir hafa hlotið. Síðan koma auðvitað fagleg sjónarmið þeirra sem hafa starfað síðar við stofnanir sem skóla.

Ég gat þess í 1. umr. um málið að ef ekki yrðu gerðar breytingar á frv. eins og það kom frá Nd. teldi ég ástæðu til þess að gera við það nokkrar brtt. sem ég mun þá taka til núna.

Það er hins vegar e.t.v. ástæða til að gera að sérstöku umræðuefni að að okkar áliti hafa fagleg sjónarmið verið sniðgengin að allt of miklu leyti bæði varðandi samningu frv. og svo einnig, eins og það er sett upp hér, varðandi stjórnun skólanna og þar er reyndar okkar grundvallarágreiningur. En það er umhugsunarefni, ekki síst núna á þessum vordögum þegar skólum er að ljúka og kennarar eiga enn og aftur, eitt árið enn, í launabaráttu sem hefur staðið yfir mér liggur við að segja óslitið undanfarin átta ár eða svo eftir að ljóst varð hversu mjög kennarar höfðu dregist aftur úr í kjörum sínum, að á þessu stigi er e.t.v. óvíst hversu vel okkur tekst að manna þessa skóla sem við erum að fara að setja lög um.

Mér þykir ástæða til að geta þess sérstaklega að mér finnst hlutur kennara og fagfólks vera fyrir borð borinn við samningu frv. þar sem þar eru aðeins tveir skólamenn og báðir eru þeir fyrrverandi, þ.e. þeir starfa ekki lengur innan skólakerfisins sem slíkir. Ég tel sérstaka ástæðu til að geta þess að ekki hefur þótt ástæða til þarna, frekar en svo oft áður, að kalla konur til, en þær eru nú æ stærri hluti kennara við framhaldsskólana. Konur sem við skólana starfa eru auðvitað á sama hátt og þeir karlmenn sem frv. sömdu eru feður barna á þessu skólastigi mæður barnanna sem skólana sækja.

En ég ætla að gera grein fyrir nál. sem ég hef lagt

fram. Það hljóðar svo, með leyfi forseta, og er á þskj. 1060:

„Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum er tímabært að setja um þá rammalöggjöf. Í fyrirliggjandi frv. er margt jákvætt, en einnig mörg tvísýn og gölluð ákvæði.

Síbreytilegar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á öfluga og góða framhaldsskóla þar sem stöðug endurskoðun fer fram. Hlutverk framhaldsskóla mótast annars vegar af þörfum þeirra einstaklinga sem hann sækja, hins vegar af þörfum þjóðfélagsins í nútíð og framtíð. Að áliti minni hl. eru engir betur færir um að standa vel að verki í mótun og þróun skólastarfsins en þeir sem næst því standa og því nauðsynlegt að tryggja sjálfsforræði skólanna. En það er einmitt í stjórnunarþætti frv. sem helstu agnúa þess er að finna að mati minni hl.

Tvær meginástæður liggja til grundvallar skoðun minni hl. Í fyrsta lagi er það andstætt hugmyndum okkar um valddreifingu að lítilli fimm manna nefnd, samsettri af fjórum pólitískt kjörnum fulltrúum og einum skipuðum af menntmrh., séu veitt svo mikil völd og áhrif bæði um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur. Í öðru lagi þykja okkur fagleg sjónarmið fyrir borð borin með þessu fyrirkomulagi. Eru þau þó virt í frv. þegar fjallað er um sérstaka fagmenntun, svo sem iðnnám eða nám í sjávarútvegsfræðum. Einnig er að finna í frv. ákvæði um sem víðtækust samráð við atvinnulífið. En þegar að hinni almennu menntun kemur eiga pólitískt kjörnir fulltrúar að hafa vit fyrir fagfólki, nemendum og öðrum þeim sem starfa innan veggja skólans.

Menntmn. bárust umsagnir frá flestum framhaldsskólum í landinu, samtökum kennara, skólameistara o.fl. og kallaði auk þess til viðtals ýmsa aðila. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum umsagnir og viðtöl með örfáum undantekningum að gjalda varhug við of miklu valdi skólanefnda. Þar fara því skoðanir minni hl. og skólafólks saman. Þessu til stuðnings skal vitnað til eftirfarandi umsagna:

1. Í umsögn kennslumálanefndar HÍ segir m.a.:

„Þó að við viljum að mestu leiða hjá okkur ákvæði frv. um stjórn framhaldsskóla gerum við okkur ljóst að þau geta haft varanleg áhrif á það hversu vandað og markvisst starf verður unnið í skólunum. Eitt mikilsverðasta atriðið í þessu samhengi er ákvæði 6. gr. um skipun skólanefnda. Okkur er ljóst að heilbrigður metnaður hins almenna borgara á skólasvæðinu getur vissulega orðið skólanum lyftistöng ef rétt er á haldið. Dæmi um slíkt eru vel þekkt bæði hér á landi og erlendis. Hins vegar er ekki víst að þetta sé tryggt með þeirri tilhögun að skólanefnd sé eingöngu skipuð mönnum sem þiggja umboð sitt frá ráðherra og sveitarfélögum. Meðal annars felur slíkt fyrirkomulag í sér hættu á því að skólanefndir sinni einkum fjármálum skólanna og skoði allt skólastarfið í ljósi þeirra og hefði þá lítið áunnist. Þessu mætti hins vegar breyta með ýmsu móti, t.d. með því að í skólanefnd væru tveir fulltrúar kosnir beinni einstaklingsbundinni kosningu á skólasvæðinu um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram."

2. Í umsögn Bandalags kennarafélaga segir m.a.:

„BK telur að skólanefndin samkvæmt frv. sé bæði of fámenn og valdamikil um innri mál skólans. Þar vantar einnig fulltrúa kennara sem er algert skilyrði af hálfu BK enda í anda atvinnulýðræðis nútímans. Eðlilegt verður að teljast að skólanefnd fjalli um fjármál og rekstur skólans en hins vegar alls óeðlilegt að fela henni innri stjórn."„

Þriðja umsögnin sem ég vitna til kemur frá kennurum við Menntaskólann við Sund, en þar segir m.a.:

„Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að pólitískt kjörnar nefndir, ein fyrir hvern skóla, fari hér eftir með skólastjórn, þar með einnig stjórn þeirra mála sem hingað til hafa verið í höndum kennara og skólastjóra. Þarna er að okkar dómi vegið stórlega að sjálfstæði skólanna þegar kennarar og skólastjórar eru nánast sviptir öllum ráðum."

Í nál. segir svo áfram, með leyfi forseta:

„Þær brtt., sem liggja frammi á þskj. 1061, hníga flestar í þá átt að draga úr valdi skólanefnda, en fela það í staðinn skólaráði sem skipað er fulltrúum nemenda og kennara. Auk þess ætlum við faggreinafélögum, deildastjórn o.fl. stærri hlut en gert er ráð fyrir í frv. eins og það liggur fyrir. Í stuttu máli vill minni hl. draga úr áhrifum pólitískt kjörinna fulltrúa en auka að sama skapi áhrif skólafólks. Með tilliti til þess sem segir í upphafi nál. um jákvæða þróun framhaldsskólakerfisins þegar skólafólk ræður ferðinni telur minni hl. með öllu óverjandi að svipta það nú því forustuhlutverki.

Ein brtt. er um stofnun mötuneyta við framhaldsskóla og um að nemendur greiði einungis hráefniskostnað. Að áliti minni hl. er þetta mikið nauðsynjamál sem stuðlar að heilsuvernd og hollustuháttum, auk þess sem breyttir þjóðfélagshættir kalla á þessa starfsemi í öllum skólum.

Að þessum till. samþykktum leggur minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Svavar Gestsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu."

Þær brtt. sem ég mun nú fara aðeins um nokkrum orðum eru á þskj. 1061. Það er þá í fyrsta lagi varðandi hlutverk framhaldsskólans. Ég tel reyndar að sú breyting sem gerð var í Nd. með því að breyta aðeins áhersluröð atriðanna sem upp eru talin hafi verið til bóta og ég get þess reyndar líka að ég tel að þær breytingar sem urðu á frv. í Nd. hafi flestar verið til bóta.

Mér þykir hins vegar greinin helst til stuttaralega orðuð og hefði viljað sjá þar a.m.k. eina setningu til viðbótar þar sem kveðið er á um jafnrétti sem er mikilvægt hugtak í lífi okkar og þjóðfélagi og orð sem við verðum að hafa í huga hvort sem við erum að tala um jafnrétti milli fólks eftir búsetu eða efnahag eða eftir kyni. Ég hefði viljað hafa greinina orðaða eins og hér segir, með leyfi forseta: „Hlut-

verk framhaldsskóla er eftirfarandi: Að búa nemendur undir líf og starf í samfélagi lýðræðis og jafnréttis með því að veita þeim almenna menntun miðað við hæfni, þroska og námsgetu. Að efla félagsþroska nemenda, menningu og mannúð. Að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum. Að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi." Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um 2. gr. frv. en þetta er sú till. sem við gerum um hana.

Ég gleymdi að geta þess hér í upphafi máls míns að brtt. þær sem ég geri nú grein fyrir eru fluttar af mér ásamt Guðrúnu Agnarsdóttur, hv. 6. þm. Reykv.

Í 5. gr. höfum við viljað orða 1. mgr. á eftirfarandi hátt: „Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til, og annast í samráði við faggreinafélög námsskrárgerð o.s.frv. Þetta er sem sagt breyting við 1. mgr.

Eins og ég gat um í máli mínu hér áðan þá þykja okkur fagleg sjónarmið fyrir borð borin og okkur þykir nauðsynlegt að hafa faggreinafélög hér með. Ég vek athygli á því að þau eru hvergi nefnd í þessu frv. En það starfa hér mjög öflug faggreinafélög kennara og mér er kunnugt um að þau hafa staðið að námsskrárgerð í samvinnu við menntmrn. Það er að mér skilst einnig von á því að það samstarf verði aukið og eflt með einhvers konar samningum á milli þeirra og ráðuneytisins og því þykir mér sjálfsagt og eðlilegt að þeirra sé getið hér.

Næsta brtt. var við 8. gr. og þar er okkar fyrsta breyting sem á að heita grundvallaratriði varðandi skólanefndina. Hér segir í frv. eins og það liggur fyrir: „Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis." Þessa setningu viljum við taka alveg út þar sem við teljum að þetta sé ekki innan verkahrings skólanefndar. Við setjum ákaflega mörg spurningarmerki við það, eins og ég hef áður getið um, að pólitískt kjörnir fulltrúar ákveði þannig um innra starf skólanna og það er auðvitað innra starf skólanna að ákveða námsframboð því að námsframboð er í mínum huga auðvitað allar þær námsgreinar sem boðið er upp á í skólanum. Það vita þeir sem við skóla hafa starfað að einstaka námskeið verða oft til einmitt inni á kennarastofum í samræðum kennara. Ég tel eðlilegt að þeir hafi þar frumkvæði í sambandi við framboð á námsefni og námskeiðum. 8. gr. orðist þá svo, með leyfi forseta: „Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneyti. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt."

Greinin byrjar sem sé á þessari mgr. en aðrar breytingar höfum við ekki gert við hana. Með þessu viljum við undirstrika að við teljum hugsanlega eðlilegt að fulltrúar sveitarstjórna hafi með því nokkra umsjón hvernig fjármálum skólans er háttað og séu einmitt fulltrúar skólans gagnvart fjárveitingavaldinu.

Næsta brtt. er við 9. gr. Hana viljum við orða á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta: „Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipa fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Skólaráð, deildarstjórar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Skólameistari annast framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólaráð og skólanefnd taka."

Það er í þessari grein sem þessi grundvallarágreiningur okkar nefndarmanna kemur fram því að eins og ég hef áður getið um þá teljum við öll óverjandi að pólitískt kjörnir fulltrúar hafi svo mikið að segja um innra starf skólans sem þeim er ætlað samkvæmt frv. Það er talað um að þetta sé gert í valddreifingarskyni en við teljum að kennarar og þeir sem við skólana starfa hafi fyrst og fremst þá faglegu þekkingu sem til þarf. Nú er það svo að einn liður í kjarabaráttu kennara hefur verið að fá sitt starfsheiti lögverndað. Það er því harla undarleg ráðstöfun að taka til þess svo skömmu síðar að ætla öðrum en þeim að sjá um þau störf sem þeir hafa hingað til sinnt, þ.e. að skipuleggja skólastarfið og sjá um allt innra starf skólanna í samráði við skólameistarann.

Talað er um það í þessari grein að kveða skuli nánar á í reglugerð um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti. Sennilega er fátt um það að segja en ég vildi segja það hér og nú, þar sem orðið reglugerð kemur fyrir, að það mundi auðvitað auðvelda okkur mjög alla vinnu við slík frv. ef við hefðum a.m.k. drög að þeim reglugerðum sem áformað er að setja þegar við erum að fjalla um þessi mál. Okkur þykir sem sé að það sé ekki rétt leið að láta pólitískt kjörna fulltrúa tróna yfir öllu og öllum án þess að skólafólkið sé til kallað.

Ég fór rækilega í gegnum það við 1. umr. málsins og sé ekki ástæðu til þess að tala um það í of mörgum orðum hér en það er auðvitað alltaf spurning hverjir rata í þessar pólitísku stöður, þ.e. komast í skólanefndir. Nýlegar kannanir sýna að það er ekki víst að þetta verði valddreifing að því leyti að konur eigi þar fulltrúa frekar en í öðrum nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila. En ég vil ítreka það að skólanefnd sem slík hefur í okkar huga ekkert að gera með að skipta sér svo mjög af innri málum skólanna.

Þá er komið að næstu brtt. sem er við 12. gr. og varðar námsráðgjafa. Við teljum nauðsynlegt að

kveða þar fastar að orði heldur en hér er gert í 12. gr. frv. er fyrir liggur. Þar segir í 2. mgr., með leyfi forseta: „Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.“ Við viljum gera á þessu þá breytingu að hér standi, með leyfi forseta: „Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla hverju sinni.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi, einn eða fleiri, og skal miða fullt starf við 300 nemendur. Jafnframt skulu nemendur eiga kost á sálfræðiþjónustu.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólaráðs. Skólameistari ræður stundakennara í samráði við deildarstjóra og aðra starfsmenn í samráði við skólaráð. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

Þessi breyting er gerð í framhaldi af breytingu okkar um skólanefndir, að það sé þá skólaráðið sem hér hefur umsagnarrétt.

Við 13. gr. höfum við leyft okkur að gera eftirfarandi breytingu við 2. mgr.: „Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur menntamálaráðuneytið.“

Við töldum ekki eðlilegt að þar frekar en á öðrum stöðum væri það skólanefndin sem hefði fingurna svo mjög í daglegum störfum skólans.

Við 14. gr. er enn einu sinni orðalagsbreyting varðandi skólanefndina, að þar komi: skólaráði, í staðinn fyrir skólanefnd. Við viljum bæta nýjum málslið við 1. mgr. en greinin hljóðar svo, virðulegi forseti, eins og hún er hér í frv.: „Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.“

Hér viljum við bæta við eftirtalinni heimild: „Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um a.m.k. 5 ár við sérstakar aðstæður (svo sem skipulagningu nýrra námsbrauta, endurskipulagningu náms, endurnýjun námsefnis o.þ.h.).“

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég tel 14. gr. vera alveg sérstakt fagnaðarefni fyrir kennara þar sem þeir hafa hingað til þurft að bíða a.m.k. 10 ár eftir að fá launað orlof og reyndar hafa þeir yfirleitt þurft að bíða mun lengur því auðvitað gangа þeir fyrir sem hafa kennt lengst. Ég tel samt nauðsynlegt að gefa þarna möguleika á að kennarar komist oftar í leyfi vegna þess að síbreytilegar aðstæður geta krafist þess að það þurfi að koma á nýjum

Hins vegar leggjum við mikla áherslu á að við alla skóla séu mötuneyti og í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu er þetta auðvitað alveg nauðsynlegt. Þetta er hreinlega liður í því að ala fólk upp í hollum lífsháttum. Það er allt of mikið um það að nemendur á þessum aldri lifi á fæði sem er alls ekki verjandi að þeir séu að borða á degi hverjum. Það er svo við flesta framhaldsskóla að þar eru sjoppur með svokölluðu ruslfæði og það er náttúrlega fljótlegra og auðveldara fyrir nemendur að fara í þær en leggja af stað með nesti á morgnana, slíkur er hraðinn orðinn á öllu. Eins og flestir vita eru foreldrar ekki heima á daginn til þess að taka á móti nemendum, enda er skóladagur framhaldsskólanema mjög langur. Hann getur verið allt frá kl. átta á morgnana til a.m.k. hálfsex, reglulegur skólatími, því að í áfangakerfinu eru margir sem hafa hlé á milli tíma og þau geta verið mismörg eða mislöng hjá hinum ýmsu nemendum. Þess vegna höfum við gert þessa brtt. við 32. gr., með leyfi forseta:

„Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði.“

Þessi tillaga okkar er reyndar samhljóða tillögu sem ég, ásamt fleiri hv. þm., flutti fyrir jólin í vetur um að ríkið greiði þennan launakostnað. Þetta er mikill baggi á sveitaheimilum sérstaklega þar sem nemendur þurfa að fara að heiman, vera í heimavist eða jafnvel ekki í heimavist, þeir sem þurfa að fara til Reykjavíkur, því að þar er engin heimavist og húsaleiga er auðvitað mjög há hér og ef til viðbótar kemur himinhár fæðiskostnaður er alveg einsýnt að ekki hafa allir ráð á því. Það er kannski annað sem má draga inn í þá umræðu líka og það er dreifbýlisstyrkurinn sem er skammarlega lágur, og nemendur þeir sem heimsóttu okkur á fund menntmn. gerðu það einmitt að sérstöku umræðuefni.

Þá eru hér breytingar við 34. gr. og þær eru varðandi stundafjöldann. Við teljum þær nauðsynlegar þó að í lok 2. mgr. standi: „Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.“ Við urðum vör við það í þessari umfjöllun okkar um frv. að umræðan og hugmyndir manna um að blanda fötluðum nemendum með svokölluðum almennum nemendum eru mjög skammt á veg komnar. Þess vegna tel ég alveg nauðsynlegt, til þess að tryggja að þeir verði ekki út undan þó að hér sé gert ráð fyrir að þeir eigi aðgang að framhaldsskólanum, að tiltekið verði sérstaklega eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa, svo og þar sem smæð skóla eða fámenni krefst þess.“

Í fyrri breytingunni viljum við líka hafa það öruggt inni að smærri skólar hafi sömu möguleika og aðrir að bjóða upp á sem fjölbreytilegast nám. Ég tel mjög nauðsynlegt að inni sé ákvæði um að smærri skólarnir fái aukinn stundafjölda til þess að sinna þeirri kennslu sem nauðsynleg er til þess að nemendur fari einmitt ekki úr heimabyggðinni eins og oft vill verða vegna þess að næsti skóli getur boðið upp á miklu meiri fjölbreytni. Á eftir 2. mgr. komi

hins vegar einmitt það sem ég minntist á hér rétt áðan. Ég vil bæta þar inn þessari setningu : „Auk þess bætist við sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda uppi sérkennslu fatlaðra nemenda.“

Ég gerði fatlaða nemendur mjög að umræðuefni við 1. umr. málsins og mig langar til að taka það aðeins upp aftur. Fulltrúar sérkennara komu til okkar á nefndarfundi og höfðu þeir einmitt áhyggjur af hag sinna nemenda í þessum lögum. Mig langar aðeins til þess að vitna til greinar sem Dóra S. Bjarnason skrifaði í síðasta hefti Nýrra menntamála, en hún hefur mikla reynslu af kennslu fatlaðra nemenda, og fjallar um þau mál sérstaklega við Kennaraháskóla Íslands. Hún er nýkomin frá Ameríku þar sem hún kynnti sér einmitt blöndun nemenda í skólunum. Ég held að það þýði ekkert að vera að setja lög þar sem ekki er alveg ljóst að þessir nemendur eigi í alvöru aðgang inn í skólana. En ég ætla aðeins að lesa úr því sem hún skrifar í síðasta hefti Nýrra menntamála þar sem hún er að greina frá blöndun í bekki í Bandaríkjunum. Fyrirsögn þessarar klausu sem ég ætla að lesa er: „Blöndun er bæði hugsjón og aðferð.“ Ég les hluta úr greininni, með leyfi forseta:

„R. Bogdan prófessor við Syracuse-háskólann í New York fylki, sem hefur rannsakað blöndun fatlaðra og ófatlaðra í skóla og samfélagi um árabil, hefur komist svo að orði:

Það er engin spurning hvort blanda eigi fötluðum nemendum og ófötluðum, heldur hvernig. Það er ekki ósvipað því að spyrja hvort blöndun eigi rétt á sér og að spyrja hvort hjónabönd eða mánudagar eigi rétt á sér. Við þekkjum öll dæmi um góð og vond hjónabönd og höfum reynt bæði góða og vonda mánudaga. Fólk sem er fatlað er hluti lífsins hvort sem okkur líkar betur eða verr. Þess vegna ættum við að spyrja: Hvernig mætti fjölga góðum hjónaböndum, lifa fleiri góða mánudaga en vonda og blanda betur fötluðum og ófötluðum nemendum í skóla og samfélagi og fleirum til gagns en nú er?“

„Blöndun“ er hugtak sem felur það í sér að menn viðurkenni og virði hver annan þótt þeir séu ólíkir. Hinn ófatlaði lítur samkvæmt þessu á hinn fatlaða sem manneskju með tiltekin persónueinkenni og því fullverðuga hvar sem er. Það er deginum ljósara að við erum hvert öðru háð, þurfum mismikla hjálp, en getum ræktað vinsamleg samskipti, átt ánægjulega samveru og bundist vináttu þótt við séum ólík. Samneyti við fólk sem er ólíkt okkur sjálfum er nauðsynlegt því það víkkar sjóndeildarhringinn og glæðir skilning bæði á sjálfum okkur og öðrum. Blöndun er því ekki einkamál þeirra sem eru að einhverju leyti frábrugðnir okkur hinum.

Blöndun vísar einnig til þess að öll þjónusta við fatlað fólk er veitt á þeim stöðum sem þjóna almennum borgurum. Þetta á ekki síst við um skóla, en þá þarf að aðlaga að sérþörfum fatlaðra nemenda, bæði hvað snertir ytri aðstöðu og þjónustu. Slíkar breytingar gerast ekki í einu vetfangi, allra síst í skólum. Hins vegar ber að stefna að því í fullri alvöru að foreldrar, nemendur og kennarar eigi kost á að velja milli skóla sem leggja ríka áherslu á blöndun og heföbundnari skóla.

Blöndun vísar í þriðja lagi til samskipta. Samskipti fólks sem er mikið fatlað og annarra mótast ekki eðlilega af sjálfu sér. Fordómar, ótti, meðaumkun og eðlilegur klaufaskapur gagnvart því sem við eigum ekki að venjast er flestum ígróinn. Reyndar á þetta við um ýmis önnur samskipti, svo sem fólks af mismunandi litarhætti, trúflokki eða þjóðerni — og jafnvel milli kynja. Skóli sem vill vinna að blöndun þarf að undirbúa, skipuleggja og móta samskipti nemenda, sérkennara, almennra kennara og annars starfsfólks. Einungis þannig má greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu og samvinnu ólíkra nemenda. Rannsóknir á blöndun í skóla benda til þess að þegar vel tekst að móta samskipti nemenda auðgi slíkt reynslu allra barnanna og glæði jákvæða sjálfsmynd þeirra. Þá veitir slíkt fötluðum nemendum góðar fyrirmyndir og stuðlar að auðugra lífi og breiðari vinahópi nemenda.

Blöndun í skóla og samfélagi er þannig bæði hugsjón og aðferð en hvorugt getur án hins verið.“

Ég vil aðeins hnykkja á því hér og ítreka að ég tel mjög mikilvægt, eins og ég sagði reyndar hér við 1. umr., að það sé í alvöru opnaður sá möguleiki að fatlaðir nemendur eigi fullan aðgang að framhaldsskólanum. Reyndar kom líka fram í máli þessara nemenda sem heimsóttu okkur að þeir töldu það alveg sjálfsagt.

Við 39. gr. höfum við gert þá athugasemd að við viljum bæta við nýjum málslið. Þar er kveðið á um lán á skólahúsnæði og leigu á því og við viljum hafa það líka alveg ljóst að þar sé ekki um lán á húsnæði til félagsstarfsemi nemenda að ræða og þess vegna gerum við það að tillögu okkar að við bætist: „Greinin tekur ekki til félagsstarfsemi nemenda skólans.“ Það er gert í því skyni að tryggja að nemendum og félögum þeirra, þ.e. nemendafélögum, verði ekki gert að greiða húsaleigu fyrir félagsstarfsemi sína og ég hlýt að reikna með því að þeir gangi örugglega fyrir með húsnæði skólans.

Varðandi þau lög, sem úr gildi falla, teljum við ekki rétt að lög um hússtjórnarfræðslu falli út þó að slík kennsla sé í sumum framhaldsskólum og hún er reyndar að mjög takmörkuðu leyti. Þessi kennsla hefur verið vanrækt að miklu leyti. Aðstæður eru mjög mismunandi í skólum til að sinna þessari kennslu í heimilisfræðslu og jafnvel eru dæmi um að hún sé svo slæleg, þ.e. alls engin, að kennarar taki nemendur með sér heim í sitt eigið eldhús til þess að kenna þeim það sem allir auðvitað þurfa að kunna upp á framtíðina. Þess vegna vildum við, meðan ekki hefur neitt sérstakt komið í staðinn, þó að hér séu brautir í örfáum skólum, frekar sjá þessi lög endurskoðuð og aðlöguð að nútímanum. Þau voru vissulega orðin úrelt og hússtjórnarskólarnir, eins og þeir voru, voru úreltir, enda tæmdust þeir. Hins vegar er mjög nauðsynlegt að halda mjög öflugri kennslu uppi í þessum greinum fyrir bæði stúlkur og

drengi, í grunnskóla og framhaldsskóla. Þess vegna viljum við halda þessu inni og leggjum því frekar áherslu á að þessi lög sem nú eru í gildi verði endurskoðuð.

Þá hef ég farið nokkrum orðum um þessar brtt. okkar kvennalistakvenna.

Ég vil enn og aftur koma að skólanefndinni sem er það atriði sem við sættum okkur allra síst við í frv. Þar finnst okkur, eins og ég hef margoft nefnt, að hlutur kennara og fagfólks sé fyrir borð borinn. Ég gat þess reyndar í 1. umr. um málið að sumir hafa hrósað skólanefndum og ég efast ekki um að í skólanefndir getur valist fólk sem hefur ágæta möguleika á því að kynna sér skólastarfið, en það er hæpið að slík pólitískt kjörin nefnd sem ekki hefur þetta að neinu aðalstarfi geti sett sig inn í skólamálin eins og nauðsynlegt er til þess að fylgjast með þróun skólamála og námsframboði í skólanum. Það er því algjört höfuðatriði í mínum augum að fagþekking þeirra sem við skólana starfa sé virt og henni sé ætlað eitthvert hlutverk í skólunum.

Það hefur verið talað um að hér væri um valddreifingu að ræða, en þá ber þess að geta að formaður skólanefndar er skipaður af menntmrn. sem þýðir þá væntanlega að skólanefnd getur skipt um formann með örstuttu millibili. Þetta gefur auðvitað líka menntamálaráðherrum ákveðið vald og ég ítreka það að það er ekki endilega svo að pólitískt kjörnir fulltrúar séu endilega fulltrúar þeirra einstaklinga sem sveitarfélagið byggja og ég vil ekki líta svo á að kennarar, skólameistarar og nemendur í viðkomandi skóla séu ekki fulltrúar borgaranna á hverjum stað, þeir séu ekki hluti af samfélaginu.

Ég vitnaði í nál. í þrjár umsagnir um skólanefndir. Það er auðvitað umdeilanlegt hvernig á að skipa yfirstjórn svona stofnunar. Þetta er tillaga okkar sem ég hef borið fram að það verði þeir sem við skólann starfa, en mig langaði til að lokum að vitna aðeins til greinargerðar frá Sambandi sérskóla, en þar segir um 7. gr., með leyfi forseta: „Í reglugerð sem nefnd er í þessari grein komi ákvæði um að fulltrúi úr kennarahópi skólans sitji í skólanefnd.“

Þetta er gegnumgangandi að allir telja nauðsynlegt að það séu fagleg sjónarmið þarna inni. Hér er bara hógværlega beðið um fulltrúa kennara í skólanefndina því að það er auðvitað svo að telja má öruggt að kennarar eru einn af burðarásum skólahaldsins og því mjög eðlilegt að þeir séu með þar sem ákvarðanir eru teknar. Annað er í andstöðu við anda atvinnulýðræðisins.

Mig langar aðeins að lokum að lesa eina umsögn til viðbótar sem kom 18. apríl frá Bandalagi háskólamanna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálanefnd BHM fagnar því að nú sést hilla undir lagasetningu um framhaldsskóla, enda hefur oft verið á því klifað undanfarin ár að naumast sé vansalaust að reka hér viðamikið framhaldsskólakerfi án þess að nokkur löggjöf nái utan um það allt.

Margir eru sammála um það, og vísa til margvíslegra skýrslna, að skólastarf á Íslandi sé alls ekki eins og best verður á kosið. Í skýrslu menntamálanefndar Efnahags- og framfarastofnunar er oftar en einu sinni að því vikið að mjög skorti á fagmennsku í skólastarfinu. Í sama streng hafa margir skólamenn tekið. Allir hafa þeir bent á að með bættri kennaramenntun, aukinni sérfræðiþekkingu kennara hlyti að koma upp sú stétt fagmanna sem öðrum fremur væri fær um að leiða skólana í faglegum vinnubrögðum.

Árið 1986 voru sett lög um lögverndun starfsheitanna grunnskólakennari og framhaldsskólakennari sem og viðkomandi starfsheita skólastjórnenda. Það var yfirlýstur vilji stjórnvalda að stuðla með þeim hætti að ábyrgri fagmennsku í skólastarfi. Það væri því eðlilegt að löggjöf um framhaldsskóla tæki af öll tvímæli um að hinir eiginlegu fagmenn í skólastarfi séu kennarar og stjórnendur skólanna.

Í umræðum um frv. hefur þess oft verið getið að gera eigi skólana sjálfstæðari. Þá hefur mátt ætla að skólameisturum og kennurum yrðu falin aukin völd. Í frv. er þvert á móti gengið mjög langt í gagnstæða átt, en samkvæmt því virðist skólanefndum, sem skipa á við hvern skóla, ætlað að hafa flest ráð skólanna í hendi sér.

Eftirfarandi ákvæði í frv. vekja bæði furðu og vonbrigði:

„Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar“. (7. gr.) „Skólanefnd og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki menntmrn.“ Síðan þetta bréf barst hefur reyndar orðið þarna á breyting, en hér segir áfram:

„Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem skólanefnd setur.“ (9. gr.)

„Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarða í reglum sem skólanefnd setur.“ Þarna hefur reyndar, vegna þess að bréfið er úrelt, orðið breyting á. Bréfið er úrelt að örlitlu leyti.

„Menntmrn. setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.“ (13. gr.)

Ofangreind ákvæði í frv. vekja enn meiri furðu þegar haft er í huga að engin trygging er fyrir því að í skólanefnd sitji nokkur maður með faglega þekkingu á skólastarfi.“

Hér læt ég lokið lestri mínum úr þessari umsögn Bandalags háskólamanna. Ég vil enn og aftur ítreka það að ég hefði viljað sjá frv. verða frv. sem við gátum staðið saman um, en vegna þessarar þráhyggju að pólitískt kjörnar nefndir skuli vera yfir stofnun eins og skólum gat því miður ekki orðið svo og þess vegna eru þessar brtt. gerðar.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vesturl. hefur gert góða grein fyrir þeirri afstöðu sem minni hl. hefur í þessu máli og hef ég sem áheyrnaraðili að menntmn.

skrifað upp á nál. minni hl. Auk þess flyt ég á þskj. 1077 einar sjö brtt. við frv. til laga um framhaldsskóla sem hér liggur fyrir.

Varðandi almenna afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til frv. um framhaldsskóla vísa ég til þess að við fluttum á þessu þingi, strax í upphafi þings, sjálfstætt frv. til laga um framhaldsskólana. Þetta frv. hafði verið undirbúið af nefnd sem starfandi hafði verið innan flokksins um nokkurt skeið og ég hygg að þess séu ekki mörg dæmi að flokkar í stjórnarandstöðu hafi flutt heildarfrv. að lögum um jafnviðamikinn málaflokk og þann sem hér er um að ræða. Ég held að það sé mat mjög margra skólamanna að hér sé um að ræða gott frv. og að það hafi æðimikið frekar yfir sér faglegt yfirbragð, þetta frv. Alþb., en hlutar af frv. sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram og nú er verið að afgreiða hér. (**Gripið fram í:** Það var flutt líka í fyrra.) Mér er bent á, sem er rétt, að frv. var ekki einasta flutt nú í vetur heldur líka í fyrra af hálfu þingflokks Alþb. (Gripið fram í.) Það er reyndar ekki því að ég hygg að frumvarpssmíðinni hafi verið lokið á árinu 1985.

Hv. þm. Ragnar Arnalds skilaði nál. minni hl. menntmn. Nd. á þskj. 863 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Löngu er orðið aðkallandi að sett verði samræmd heildarlög um framhaldsskólana. Löggjöf um fjölbrautaskóla er harla frumstæð og gildandi kerfi felur í sér mikla fjárhagslega mismunun gagnvart kjördæmum og sveitarfélögum eftir því hvaða tegundir framhaldsskóla hafa risið þar. Verknám situr ekki við sama borð og bóknám. Kerfið er ósamstætt, býður upp á blindgötur og mótast af allt of mikilli miðstýringu.

Stjórnarfrv. um framhaldsskóla, sem hér er til afgreiðslu, er vissulega til bóta miðað við það kerfi sem enn er við lýði. En þó er frv. það gallað að ekki verður við unað nema gerðar séu á því veigamiklar breytingar. Undirritaður skilar því sérálíti ásamt fjölmörgum brtt. á sérstöku þskj.“ Sumar þeirra endurflyt ég hér í þessari deild, en ekki nærri allar.

„Þingmenn Alþb. í Nd. lögðu fram frv. um framhaldsskóla þegar í byrjun þings. Þar er í veigamiklum atriðum aðra stefnu að finna en í stjórnarfrv. og skal sá munur rakinn hér í fáum orðum:

1. Frv. Alþb. gerir ráð fyrir verulegri valddreifingu frá ráðuneytum menntamála og fjármála til lýðkjörinna fræðsluráða í hverju kjördæmi, til skólastjórna, kennara og nemenda. En frv. ríkisstjórnarinnar mótast af svipaðri miðstýringu og hér hefur verið um langt skeið. Fræðsluumdæmi verða engin og sjálfstæði skólanna mjög takmarkað. Allir þræðir liggja um hendur menntmrh.

Dæmi:

1. Ráðherra skipar skólanefndarmenn eftir tilnefningum sem hann setur sjálfur reglur um og formann nefndarinnar án tilnefningar.

2. Ráðherra skipar skólameistara, óbundinn af vilja skólanefndar.

3. Ráðherra skipar fasta kennara, óbundinn af tillögum skólanefndar og skólameistara.

4. Hvorki nemendur né kennarar eiga nokkurn rétt til áhrifa á skipan skólanefnda, en þeir eiga hins vegar aðild að skólaráði sem virðist þó algjörlega valdalaus stofnun.

Í frv. okkar alþýðubandalagsmanna er ákvæði um að kennarar og nemendur eigi sæti í skólastjórn hvers skóla. Skólastjórnin kýs skólastjóra til fjögurra ára í senn og ræður kennara. Þannig er valdið flutt úr ráðuneytinu til skólasamfélagsins. Jafnframt fær fræðsluráð umdæmisins vald til fjármálalegrar yfirstjórnar og stefnumörkunar sem hingað til hefur verið í ráðuneytinu. Verulega er dregið úr úreltri miðstýringu til að efla sjálfstæði skólanna og laða fram áhuga og frumkvæði heimamanna.

2. Því miður er það svo að stór hluti nemenda heldur ekki áfram námi í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Sumir ná aldrei grunnskólaprófi og aðrir heltast fljótt úr lestinni. Í frv. okkar alþýðubandalagsmanna er lögð á það þung áhersla að reynt sé að fullnægja þroskaþörf allra að skyldunámi loknu en ekki aðeins þeirra 70% nemenda sem halda viðstöðulaust áfram námi í framhaldsskóla eftir því sem skýrslur sýna.

Í stað þess að segja að þeir sem heltast úr lestinni séu ekki hæfir til framhaldsnáms er eðlilegra að líta svo á að framhaldsskólakerfið hæfi ekki öllum nemendum og eigi að gera sig hæft til að bjóða öllum upp á þroskamöguleika sem henta, nám sem þeir ráða við. Þetta viðhorf er ekki fyrir hendi í stjórnarfrv.

Undirritaður vakti máls á þessu við meðferð málsins í nefnd og varð niðurstaðan í nefndinni að breyta 2. gr. frv. Verður orðalag hennar nú miklu nær því sem er í 2. gr. okkar frv., sbr. orðin í brtt. meiri hl. nefndarinnar: „Hlutverk framhaldsskólanna er ... að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi ...“ Eftir sem áður þarf þetta að koma miklu skýrar fram í lögunum og í því skyni flytur undirritaður viðbótartillögu við 1. mgr. 16. gr. svohljóðandi: „Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.“ Þetta er ein af þeim brtt. sem ég endurflyt í þessari deild og er 5. brtt. á þskj. 1077.

„3. Í stjórnarfrv. eru ýmis ákvæði sem lýsa litlum skilningi á aðstöðu minni skóla í dreifðum byggðum landsins utan þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa. Í 32. gr. eru ákvæði þess efnis að framlög ríkisins til skólanna verði miðuð við tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega og þessi upphæð verði sem næst jafnhá hvar sem er á landinu. Í 34. gr. er ákveðið það svigrúm að 1,7–2 kennslustundir á viku komi á hvern nemanda í bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þó er veitt viðbótarsvigrúm í verknámi og sérnámi og heimilt að taka tillit til aðstæðna. Augljóst er að kostnaður á nemanda er ekki sá sami í litlum skólum og stórum; oft eru tvöfalt og jafnvel þrefalt fleiri nemendur í kennslustundum á skólasvæðum þar sem nemendur skipta tugum þúsunda en í skóla sem á að

fullnægja námsþörf nemenda á tilteknu svæði þar sem aðeins eru 200–300 nemendur í aldursárgangi, jafnvel [mun] færri. Vandamál af þessu tagi verða ekki leyst með þríliðureikningi. Það er ofureinföldun á veruleikanum og slík dæmi ganga aldrei upp. Skólameistarar í minni framhaldsskólum hafa á það bent að þessi þröngu ákvæði geti haft í för með sér stórminnkað námsframboð í minni skólum. Undirritaður leggur því til að þessi ákvæði verði felld brott úr stjórnarfrv."

Þetta er tillaga sem hv. þm. Ragnar Arnalds flutti í Nd. en því miður var hún felld þar og ég endurflutti hana ekki hér í þessari hv. deild. Ég varð ekki var við það í þeirri nefnd sem um málið fjallaði að áhugi væri þar á því að koma til móts við þessi mikilvægu grundvallarsjónarmið. Síðan segir hér áfram í nál. Ragnars Arnalds:

„Við 1. umr. gagnrýndi undirritaður harðlega að sveitarfélögum væri ætlað að taka fullan þátt í byggingu heimavista. Svo er ekki nú hvorki við menntaskóla né fjölbrautaskóla ef mörg sveitarfélög standa að rekstrinum. Því væri þetta stórt spor aftur á bak. Sem betur fer náðist um það samkomulag í nefndinni að ríkissjóður greiði allan kostnað við byggingu heimavista og ber að þakka fyrir þá breytingu.

Hins vegar er það hæpið réttlæti að ætla sveitarfélögunum að standa undir 40% af byggingarkostnaði framhaldsskólanna eins og stjórnarfrv. gerir ráð fyrir. Víða hefur ríkið byggt menntaskóla og borgað þann kostnað að fullu. Byggðarlög, sem nú eru að hefja byggingu á framhaldsskólahúsum, eru illa sett að þessu leyti að þurfa að borga 40% kostnaðarins. Sanngjarnt virðist að ríkið komi meira til móts við sveitarfélögin og greiði 80% stofnkostnaðar, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum lagt til í okkar frv., sbr. og brtt. undirritaðs við stjórnarfrv." Það er brtt. 1 sem ég endurflyt hér í þessari virðulegu deild á þskj. 1077.

„Við alþýðubandalagsmenn leggjum mikla áherslu á að lögin um framhaldsskóla verði fyrst og fremst rammi utan um skólastarfið. Innan þessa ramma þurfa skólarnir að hafa sjálfstæði til að þróast. Í frv. okkar er rætt um „rammanámsskrá" ráðuneytisins og með því lögð áhersla á að afskipti ráðuneytisins verði ekki of smáatriðakennd eða smásmuguleg.

Innan þessa lagaramma þarf að vera svigrúm til valddreifingar og til lýðræðislegrar þátttöku kennara og nemenda skólanna. Skólastarfinu þarf að skapa þess háttar umhverfi með aðild fræðsluráða í héraði að íbúar skólasvæðanna, foreldrar og sveitarstjórnarmenn skynji ábyrgð sína og fylgist með þróun skólanna í stað þess að líta á þá sem útibú ráðuneytisins sem þeir hafi lítið með að gera."

Hér hef ég gert grein fyrir almennu áliti okkar alþýðubandalagsmanna á frv. sem hér liggur fyrir eins og það birtist í nál. hv. þm. Ragnars Arnalds í Nd.

Vík ég þessu næst aðeins frekar að brtt. á þskj. 1077. Ég hef áður gert grein fyrir 1. brtt. og kem þá að 2. brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Nú eru tveir eða fleiri framhaldsskólar í sama sveitarfélagi og skulu þá skólameistarar stofna til samstarfsnefndar sem fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskólanna í sveitarfélaginu. Samstarfsnefnd heldur reglulega fundi. Hún ákveður að öðru leyti sjálf starfsreglur sínar."

Hvaða sveitarfélag ætli það sé þar sem eru margir framhaldsskólar starfandi? Jú, það er sveitarfélagið Reykjavík. Hér er m.ö.o. gert ráð fyrir því að skólameistarar framhaldsskólanna í Reykjavík komi saman til reglulegra funda og fjalli um þau mál sem þeir eiga sameiginleg, m.a. um skiptingu Reykjavíkur í skólasvæði að svo miklu leyti sem það getur átt við miðað við það að hér er um að ræða fjölbrautaskóla og nokkuð mismunandi námsframboð í skólunum hér. Þess vegna flyt ég þessa tillögu og mér finnst hún satt að segja svo sjálfsögð að ég held að menn hljóti að geta fallist á hana. Hér er um að ræða mál sem snertir að vísu eitt sveitarfélag, Reykjavík, alveg sérstaklega, en hér eru starfandi milli fimm og tíu framhaldsskólar sem mundu starfa eftir frv. ef að lögum verður og mér finnst satt að segja engin goðgá að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem uppi kunna að vera í Reykjavík í þessu efni. Ég fullyrði að það eru hagsmunir íbúa Reykjavíkur, nemenda og foreldra, að skipulega sé með þessi mál farið hér í byggðarlaginu þannig að ekki sé um að ræða misvísanir að því er varðar námsframboð o.fl. og ekki sé verið að leggja á fólk, nemendur innan byggðarlagsins, óþarfa ferðir langa vegu til þess að sækja tiltekna þætti náms í einum skóla sem væri auðvelt að bjóða upp á í öðrum. Þess vegna er þessi tillaga flutt og satt að segja finnst mér hún næstum að segja sjálfsagt mál.

Öðru máli kann að gegna um 7. gr. frv. en þar er ég með brtt. 3. Þar er ég kominn að þessum makalausu skólanefndum. Ég finn það hér í deildinni og nefndinni, menntmn., að ef við hefðum haft pínulítið lengri tíma hefðum við sennilega getað lagað þetta, sameinað skólanefndirnar og skólaráðin í eina faglega skólastjórn. Mér fannst að í menntmn. Ed. væri verulegur skilningur á þessu sjónarmiði, að þessi nefnd væri, eins og gert er ráð fyrir henni í frv., algjör bastarður.

Hvernig á nefndin að vera? Jú. Yfir hverjum einasta framhaldsskóla á að vera fimm manna skólanefnd, líka yfir Guðna hérna hinum megin við Lækjargötuna. Það eru fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, þ.e. fjórir tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, í þessu byggðarlagi sem við erum stödd í, þ.e. borgarstjórn á að búa til yfirstjórn yfir hvern einasta menntaskóla í Reykjavík og fjölbrautaskóla. Svo á að koma fimmti maður, formaður, skipaður af ráðherra. Ef þetta er ekki miðstýring veit ég ekki hvað er miðstýring og ég sé engin rök fyrir því að hafa þessar skólanefndir með þessum hætti. Ég hef heyrt þau rök að gott sé að

hafa sveitarstjórnirnar með í uppbyggingu svona skóla. Það er rétt. Þegar staðið er í stórræðum eins og t.d. í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þegar hann var í uppbyggingu eða eins og núna er að því er varðar skólann á Húsavík þá er alveg öruggt mál að það er gott að vera með vökulan stuðning sveitarstjórnarmanna í kringum uppbyggingu skólans. En þegar skólinn er orðinn upp byggður eins og hér í Reykjavík, hvort sem það er Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Sund eða Menntaskólinn við Hamrahlíð, eru þessi rök ekki á sama hátt fyrir hendi. Það ber að gjalda varhug við því að utanaðkomandi aðilar séu að kássast upp á innri mál skólans eða hafi til þess nokkrar forsendur. Það eiga þeir ekki að gera.

Þess vegna fluttum við brtt. í Nd. um allt annað stjórnkerfi framhaldsskólans, lýðræðislegt stjórnkerfi framhaldsskólans. Þær tillögur voru felldar í Nd. Kvennalistinn flytur nokkrar brtt. varðandi skólanefndirnar og skólaráðin og ég mun styðja þær í atkvæðagreiðslum á eftir, en ég flyt hér sjálfstæða brtt., nr. 3 á þskj. 1077, um að breyta þessum skólanefndum þannig að það verði tveir kosnir af hlutaðeigandi sveitarfélagi, tveir en ekki fjórir, síðan komi einn maður frá ráðherra og svo verði kosinn einn maður úr hópi nemenda, samkvæmt reglum sem settar yrðu í hverjum skóla, og má líka setja um það einhverja reglugerð ef menn vilja, og síðan komi einn maður úr hópi fastra starfsmanna skólans. Ég orða þetta þannig að ég tala um einn af starfsliði viðkomandi skóla vegna þess að starfslið er auðvitað ekki bara kennarar, heldur er t.d. í vaxandi mæli á seinni árum um að ræða alls konar faglegt starfslið við skóla sem tilheyrir einfaldlega nútíma skólahaldi.

Ég flyt þessa till. fyrst og fremst til þess að undirstrika það að mér finnst að kennarar og nemendur viðkomandi skóla eigi skilyrðislaust að eiga aðild að því stjórnarapparati sem um er að ræða í hverjum skóla. Ég segi ekki að mér finnist fyrirkomulagið gott jafnvel þó að mín tillaga yrði samþykkt. Mér þætti það skárra, af tvennu eða þrennu illu skárra, og þess vegna er ég hér með tillögu að ákvæði til bráðabirgða um að þrátt fyrir það að skólanefndunum yrði breytt eigi ríkisstjórnin fyrir næsta þing að leggja fram frv. um endurskipan skólanefnda og skólaráða á þeim forsendum að um verði að ræða faglegar skólastjórnir. Mér satt að segja blöskrar alveg gjörsamlega þetta skólanefnda- og miðstýringarfargan og vona að deildin sé tilbúin til þess að líta á einhverjar minni háttar breytingar þó það væri ekki nema til þess að menn væru sáttari við þetta því að ég er alveg viss um það fyrir mitt leyti að í skólunum hér í Reykjavík verður mikil óánægja með þessar skólanefndir. Ég hygg að hún verði alls staðar, en ég hygg að hún verði alveg sérstaklega mikil hér í Reykjavík vegna þess að hér hafa menn fengið að reka framhaldsskólana á forsendum innri lögmála í friði frá utanaðkomandi afskiptum, hvort sem það eru sveitarstjórnarmenn eða einhverjir aðrir. Menntmrh. Sjálfstfl. hafa þó reyndar gengið rosalega langt í því að skipta sér af alls konar smámálum í rekstri skólanna eins og þegar þeir fóru að kássast upp á það hvort ætti að gefa í bókstöfum eða tölustöfum. Er það nú bara eftir öðru að þegar íhaldið kemst í einhverjar stjórnir þarf það að reyna að stjórna öllu svo samansúrrað að það er engu líkt og þarf að fara óskaplega langt austur í álfuna til að finna samjöfnuð við það sem gerist í Sjálfstfl., því þar eru menn valdagírugri en alls staðar annars staðar.

Síðan flyt ég hér till. nr. 4 á þskj. 1077, sem er í samræmi við stefnu okkar alþýðubandalagsmanna varðandi yfirmenn ríkisstofnana, að þeir séu yfirleitt skipaðir til takmarkaðs tíma í senn. Þetta er sama og í frv. til laga um Listasafn Íslands sem við vorum að fjalla um í menntmn. í morgun og afgreiddum þar samhljóða. Þar er gert ráð fyrir því að menn séu skipaðir forstöðumenn Listasafnsins til takmarkaðs tíma. Og hér flyt ég till. um að skólameistari verði skipaður til 6 ára í senn, þ.e. til takmarkaðs tíma.

Ég hafði áður gert grein fyrir 5. brtt. og þeirri sjöundu og kem nú að 6. brtt. sem er við 30. gr. frv. Þar kem ég að þeim málefnum fatlaðra, sem hafa mjög mikið verið rædd við meðferð málsins í hv. menntmn. og hv. 6. þm. Vesturl. gerði skýra grein fyrir hér áðan, þannig að ég hef þar engu við að bæta öðru en því að ég vil rökstyðja aðeins till. mína um breytingar á 2. málsgr. 30. gr.

Í 2. málsgr. 30. gr. segir: „Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur.“ Hvað er á móti þessari málsgr. eins og hún er? Það að framhaldsskólarnir og stjórnir þeirra munu ýta frá sér þroskaheftum og fötluðum nemendum og segja: Þetta er verkefni sérskóla, þetta er ekki okkar verkefni. Það væri auðvitað fullkomlega í blóra við lögin um málefni fatlaðra ef framhaldsskólarnir kæmust upp með þetta. En það munu þeir gera út á lagaákvæðið ef þetta fer í gegn óbreytt. Þess vegna hef ég í samráði við forráðamenn Þroskahjálpar flutt brtt. þar sem segir: „Í stað orðsins „sérskólar“ í 2. mgr. komi: sérdeildir.“ Þetta þýðir að það sé hugsanlegt að vera með sérdeildir við framhaldsskólana fyrir þroskahefta og/eða fatlaða nemendur en það sé ekki gert ráð fyrir því að forráðamenn framhaldsskólanna skv. þessum lögum, ef frv. verður að lögum, geti ýtt þessu fólki frá sér og sagt: Við höfum ekkert með það að gera, það eru aðrir sem eiga að veita fötluðum þjónustu.

Þetta eru þær brtt., herra forseti, sem ég hef gert við þetta frv. og álit Alþb. á frv. og vil ekki fara um það fleiri orðum. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt og skynsamlegt að setja lög um framhaldsskóla og ég fagna því að Sjálfstfl. skuli hafa skipt um skoðun í þeim efnum frá því að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gegndi starfi menntmrh. Þá vildi Sjálfstfl. ekki setja lög um framhaldsskóla. Nú hefur íhaldið breytt um skoðun og er það ánægjuefni. Fari svo að brtt. mínar verði felldar, sem auðvitað gæti verið því það er aldrei hlustað á neitt sem frá stjórnarandstöðunni

kemur jafnvel þó það sé vel rökstutt, þá mun ég auðvitað ekki leggjast gegn málinu. Hreint ekki, því ég tel að hér sé um að ræða mjög brýnt mál. Ég er nokkurn veginn viss um að jafnvel þó frv. verði samþykkt eins og það kemur fyrir núna þá munu menn koma hér í haust eða næsta vetur og vera með tillögur um að breyta þessum skólanefndum. Ég held að menn sjái það mjög fljótlega að þetta gengur ekki. Það gæti verið fróðlegt fyrir hv. þm. ef þeir gætu sent eins og einn fulltrúa sinn til þess að vera fluga á vegg á fyrsta fundi skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík þar sem Guðni Guðmundsson tekur á móti hinum kjörnu fulltrúum borgarstjórnar Reykjavíkur sem eiga að fara að stjórna „Latínuskólanum" hér við Lækjargötu. Það gæti verið fróðlegt rannsóknarefni. En ég býst við því að fljótlega upp úr slíkum fundarhöldum þá kæmust menn að þeim niðurstöðum að það væri rétt að losa sig við þetta nefndabákn sem á að fara að búa hér til og heitir „skólanefndir".

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur á nál. meiri hl. þá á ég sæti í menntmn. og stend að þessu nál. meiri hl. þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég veit að öllum nefndarmönnum og einnig áheyrnarnefndarmönnum í menntmn. er vel kunnugt um að ástæðan fyrir því að þessi niðurstaða varð er sú að ég held að allir geri sér grein fyrir því að það sé betra að afgreiða frv. heldur en að eiga það á hættu að þurfa að senda það til baka til Nd. og að það komist ekki í gegnum þingið einfaldlega vegna þess að Nd. hefur fjallað miklu ítarlegar um frv. heldur en við í hv. Ed. og gerði á því ýmsar breytingar eftir að hafa fengið umsagnir og til viðtals sömu aðila og við fengum í menntmn. hv. Ed.

Hv. 7. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Vesturl. hafa báðir gert grein fyrir áliti minni hl. og brtt. sem þau flytja sitt á hvoru þskj. þannig að ég ætla nú ekki að fara að fjalla um þau atriði. En af því að hv. 7. þm. Reykv. dvaldi nokkuð við skólanefndirnar og einnig hv. 6. þm. Vesturl. þá er það rétt sem þar kom fram að þetta var nokkuð rætt í nefndinni og e.t.v. eru skiptar skoðanir á því máli. En niðurstaðan varð sú sem kemur fram í nál. meiri hl. að þetta fari óbreytt.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna að sjálf hef ég starfað í skólanefnd sem er kosin með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem gerist nú yfirleitt alls staðar úti á landsbyggðinni og við þekkjum sem komum úr sveitahreppunum. Því að þó að minn gamli góði sveitahreppur, sem ég nefni svo með söknuði, sé nú orðinn bær þá vorum við einmitt í þessari aðstöðu að vera með skólanefndir sem hreppsnefndirnar kjósa. Auðvitað eru slíkar nefndir samansettar í hlutfalli við það hvernig er kosið til hreppsnefndar. Þetta þekkja sveitarstjórnarmenn. Ég get einnig nefnt það að í minni sveit var starfandi gagnfræðaskóli á sínum tíma sem var rekinn sameiginlega af þremur hreppum og þá áttu hrepparnir sína fulltrúa í skólanefndinni. Ég veit ekki til þess að þessar skólanefndir hafi nokkurn tímann lent í vandræðum þrátt fyrir að þær væru svona kosnar vegna þess að ég held að það gerist nákvæmlega á sama hátt og hreppsnefndir starfa. Nú getum við sem höfum verið í hreppsnefndum kannski ekki talað út frá sjónarhorni höfuðborgarinnar, en við þekkjum það að slíkar nefndir, hvort sem það eru hreppsnefndir eða skólanefndir, starfa málefnalega eftir kosningar. Það er svo einfalt mál. Þær hafa þessi sameiginlegu hagsmunamál, gæta hagsmuna sinna skóla og ég hef aldrei orðið vör við flokkspólitíska togstreitu í starfi slíkra skólanefnda. Ég segi þetta af því að ég er aðeins að reyna að hugga þá hv. þm. hafa svona miklar áhyggjur af væntanlegum skólanefndum vegna þess hvernig er gert ráð fyrir að staðið verði að kjöri í þær.

Þá langar mig einnig að nefna það að mér kom svolítið á óvart að heyra hv. 7. þm. Reykv. tala um skólastarfið og skólanefndirnar á þá leið að af því að þær yrðu svona kosnar „þá væru menn að kássast upp á innri mál skólans sem kæmi þau ekkert við", eins og hann orðaði það. Þetta get ég alls ekki fallist á vegna þess að í nútímanum finnst mér það vera meginmálið að opna skólastarfið en ekki að loka því. Og að tala um að t.d. foreldrar eða þeir sem láta sig varða starfið í viðkomandi skóla séu að kássast upp á og skipta sér af skólastarfinu ef þeir hafar einhvern áhuga á því sem er að gerast þar í daglegum rekstri, ég satt að segja næ ekki þessari hugsun og ég held að þetta hafi hreinlega meira verið sagt í gamni en alvöru. Ég vil ekki ætla hv. 7. þm. Reykv. þessa skoðun öðruvísi en að hann hafi meira verið að stríða með þessu, að kalla þetta makalausar skólanefndir. Ég bara næ því ekki og ég er alveg viss um að hv. 4. þm. Suðurl., flokkssystir hv. 7. þm. Reykv., er mér sammála. Ég er alveg viss um það.

Eins og fram kom þá fengum við ýmsa aðila á fund nefndarinnar og sérstaklega hagsmunaaðila fatlaðra sem hér hefur líka aðallega verið fjallað um í þessari umræðu. Það er kannski fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem ég fann hvöt hjá mér til að taka hér til máls því það voru sérstaklega þeir tveir fulltrúar sem komu á fund nefndarinnar í gærmorgun frá félaginu Þroskahjálp, formaður félagsins og Dóra Bjarnason sem er líklega formaður menntamálanefndar innan þeirra samtaka og einnig við Kennaraháskólann. Hv. 6. þm. Vesturl. las reyndar hér nokkuð úr mjög fróðlegri og ágætri grein sem Dóra Bjarnason skrifaði um þessi mál í Ný menntamál. Ég get ekki að því gert að ég hef tilhneigingu til þess að hlusta á það sem þær voru að segja og skil vel áhyggjur þeirra vegna skjólstæðinga sinna. Ég held að það sé vissulega ástæða fyrir því og ekki óeðlilegt að þær hafi áhyggjur af því hvað verði um þessa nemendur og að það verði kannski erfitt að sinna þeim þannig að hver og einn geti fengið þá menntun og þann þroska sem til er ætlast innan framhaldsskólakerfisins, eins og það er uppbyggt, ef ekki eru gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að sinna þeirra sérþörfum. Það er einmitt það

sem þær lögðu áherslu á og báru kvíðboga fyrir. Og vil ég sérstaklega benda á það að það var gerð breyting á 30. gr. frv. í Nd. Einmitt vegna þessara hagsmunaaðila var sett inn í 30. gr. þetta ákvæði um sérskólana, sem hv. 7. þm. Reykv. er einmitt með brtt. um, eftir þeirra ósk og það er um að það komi „sérdeildir" í staðinn fyrir „sérskóla". Að mínu mati hefði þetta hvort tveggja kannski átt að vera inni til að kveða skýrar á um að þarna væri átt við hvort tveggja; að það væru til nemendur sem verða að vera í sérskóla en einnig margir aðrir sem geta verið inni í venjulegum framhaldsskóla, þó þannig að þeir séu í sérdeildum, auk hinna sem geta verið í almennum bekkjum með vissri aðstoð. Þess vegna vildi ég ítreka og leggja ríka áherslu á það að hagsmuna þessara nemenda verði gætt enda þótt ekki sé hægt að verða við því að breyta þessu ákvæði í lögunum. Ég vil leyfa mér að skilja þetta svo að það sé ekki ætlunin með því að setja þetta ákvæði „sérskólana" inn í 30. gr., eins og hún kom frá Nd., að beina öllum fötluðum nemendum eða þroskaheftum í þann farveg, heldur verði lögð áhersla á að koma þeim í blönduðu bekkina eins og kostur er. Og það sé aðeins neyðarúrræði að þeir fari í sérskóla. Ég hef fengið þá skýringu að þetta hafi verið sett inn í frv. vegna þeirra sérskóla sem fyrir eru í landinu og hafa enga stoð í lögum ef þetta ákvæði er ekki þarna inni. Sjálf hefði ég gjarnan viljað að þessu væri breytt. En ég skil það og fellst á það að við verðum að koma þessu óbreyttu í gegnum deildina til þess að það þurfi ekki að tefja málið með því að láta það fara til baka í Nd.

Ég vil aðeins að lokum segja það varðandi málefni fatlaðra að það hafa orðið svo miklar breytingar til góðs á undanförnum árum eða áratugum að ég held að því mætti næstum líkja við byltingu. Það eru ekki margir áratugir síðan að lausnin var helst sú að loka t.d. vangefna hreinlega inni á stofnunum og geyma þá þar. Þetta er sem betur fer liðin tíð og viðhorf til öryrkja almennt, hvort sem þeir eru andlega eða líkamlega fatlaðir, hafa gjörbreyst. Ég held að það sé alveg ljóst að þjóðfélagið viðurkennir rétt þessara hópa. Það hefur sýnt sig bæði í lagasetningu og hvernig staða þessara hópa er í dag miðað við það sem áður var.

Ég gæti nefnt eitt lítið dæmi: Þegar ég var á leiðinni heim til mín í gær og var að aka hérna Sóleyjargötuna þá sá ég ungan hressan mann, ég tók eftir honum af því að hann var í rauðri peysu, og hann hoppaði eftir götunni brosandi og lífsglaður. Það eru ekki mörg ár síðan þessi ungi maður var á heimili fyrir vangefna sem ég hafði nokkur afskipti af hér á árum áður. En hann er einn af þeim sem hafa verið útskrifaðir. Og það er eitt af þessum markmiðum og er kannski staðfesting á því sem ég var að segja að viðhorfin eru breytt því nú útskrifast menn jafnvel af heimilum fyrir vangefna, en það hefði ekki gerst hér áður.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram. Láta mín viðhorf koma fram og ítreka það að ég treysti því og vil undirstrika þá stefnu í skólamálum fatlaðra, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, að þeir stundi nám í almennum skólum eftir því sem mögulegt er. Og það sé aðeins neyðarúrræði þegar þeir þurfa að fara í sérskóla.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég átti sæti í menntmn. Ed. en þar sem ég átti þess ekki kost að mæta á síðasta fund nefndarinnar þá liggur ekki fyrir mín afstaða til þessa frv. á gögnum, hvorki hjá minni hl. né meiri hl. Mín skoðun er sú að hér sé gott frv. á ferð en ég vil samt gera nokkrar athugasemdir, ekki er varðar frv. sem slíkt heldur almennt um þessi mál, framhaldsskólamál, og þá tengjast því að sjálfsögðu einstök atriði sem hér er komið inn á. Ég vil sem sagt í upphafi lýsa stuðningi mínum við þetta frv. en hins vegar tel ég að nokkur atriði séu umdeilanleg og þá sérstaklega þau sem hafa verið gerð hér að umtalsefni, þ.e. skipun skólanefnda.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að sú tilhögun sem mælt er fyrir í þessu frv. sé af hinu góða, að með því að skipa utanaðkomandi aðila í skólanefndirnar opnist skólastarfið og kannski koma nýjar hugmyndir inn. Ég held einmitt að það sé mjög nauðsynlegt að skólarnir séu í tengslum bæði við atvinnulífið og umhverfið að öðru leyti. Mér hefði ekki fundist það af hinu góða ef í þessu frv. hefðu skólanefndir eingöngu verið skipaðar kennurum því að með því móti lokast skólastofnunin af og skólarnir eru meira orðnir að hagsmunabaráttu heldur en að horft sé til hlutverks skólans og hvernig hann geti komist betur inn í það samfélag sem hann á að þjóna. Þetta er það atriði sem mest hefur verið rætt hér um, það er skipun þessara nefnda. Síðan er það annað atriði í tengslum við þetta, að ég tel það hagstæðara að skólanefndirnar séu skipaðar utanaðkomandi aðilum þegar á það er litið að þær hafa við fjárhagsleg málefni að fást og hvernig tengslin eru á milli ríkisvaldsins og síðan þessara skólanefnda.

Ég hef ekki ýkja miklar áhyggjur af að pólitísk sjónarmið ráði þó svo kunni að vera í vissum tilvikum og að á pappírunum megi líka líta til þess. Ég hef meiri trú á því að þeir menn sem væru ráðnir í þessar skólanefndir hugsi fyrst og fremst um hagsmuni stofnunarinnar heldur en þeir stjórnist af einhverjum pólitískum litum. Ég vil því ekki taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram hér hjá þeim sem skilað hafa minnihluta áliti um þetta frv.

Ég er þó ekki með þessu að taka upp hanskann fyrir Sjálfstfl. en þetta er mín skoðun sem ég lýsi hér og mér finnst einmitt að það sem vanti sé nýtt blóð í skólastarfið. (**SvG:** Það kemur úr borgarstjórn Reykjavíkur, nýtt blóð.) Hins vegar er ég einnig að tala um það að þessar skólanefndir geta undir vissum kringumstæðum virkað sem dragbítur á skólastarfið og ég get vel fallist á það með hv. 7. þm. Reykv. að ég á nú ekki von á því að í Menntaskólanum í Reykjavík verði samkomulag um öll atriði. En þá er líka spurningin hvor virkar sem

dragbítur á hvorn.

Við 1. umr. þessa frv. ræddi samflokksmaður minn, Júlíus Sólnes, almennt um framhaldsskóla og hvernig ætti að haga frv. og því starfi sem þar á að fara fram. Minntist hann á að það þyrfti að huga að mörgu og þá sérstaklega því hvernig framhaldsskólanám ætti að vera undirbúningur undir háskólanám. En eins og við höfum oft rætt um hér í vetur þá vantar mjög tilfinnanlega heildarstefnu um málefni Háskólans og allra þeirra háskóla sem nú hafa risið. Ég held að með þessu frv., sem ég vona svo sannarlega að fari í gegn, verði tekið mjög alvarlega á þeim málum er varða Háskólann.

En ég vil ekki fara héðan úr ræðustól fyrr en ég er búinn að minnast aðeins á málefni fatlaðra og geta þeirrar miklu umræðu sem var í nefndinni um þau og áhyggjur fatlaðra út af þessu frv. Þeir telja að í frv. sé ekki komið til móts við þá nema að takmörkuðu leyti. Ég get nú undir vissum kringumstæðum fallist á það en tel samt að þær breytingar sem gerðar voru í meðförum frv. í Nd. séu til mikilla bóta. Ég á erfitt með að sjá það í framkvæmd, eins og fulltrúar frá Heyrnleysingjaskólanum mæla með, að hverjum nemanda sem vill stunda nám á framhaldsskólastigi eigi að fylgja talkennari og ég vísa til þess sem upplýst hefur verið að það eru mjög fáir með slíka menntun hér á landi og þegar af þeirri ástæðu er þetta fallið um sjálft sig. Hins vegar vil ég endilega að þessi hópur þjóðfélagsþegnanna, þeir sem eiga við einhverja fötlun að stríða, fái þá bestu þjónustu er þjóðfélagið getur boðið upp á, bæði á sviði menntamála og annarra og mun skora á menntmrh. að reyna að finna leiðir til þess að svo geti orðið.

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að ég mun styðja þetta frv. þó að það sé ekki alveg eins og ég mundi vilja hafa það í einstökum atriðum sem langt mál yrði að tala um. En hér er um rammalöggjöf að ræða sem gefur svigrúm á mörgum sviðum og tel ég það vera mjög heppilegt. Ég vil ekki hafa þessi orð lengri en skora á þm. að sameinast um þetta frv.

Júlíus Sólnes:

Herra forseti. Ég hef nú ekki miklu að bæta við það sem þegar er komið fram í ræðum þeirra hv. þm. sem hafa fjallað um frv. hér á undan í umræðunum. En mig langar að fara örfáum orðum um einn þátt mála, þ.e. námsskipan og hvert skuli vera innihald náms í framhaldsskólanum. Í frv. er fyrst og fremst lögð áhersla á að skilgreina rammann utan um skólastarfið, stjórnun skólanna og fjallað ítarlega um rekstrargrundvöll framhaldsskólanna en sáralítið fjallað um það sem í mínum huga er kannski aðalatriði framhaldsskólans en það er hvers konar nám fer þar fram, hvað læra nemendur í framhaldsskólanum.

Nú er ég að sjálfsögðu alveg sammála því að eins og framhaldsskólinn hefur þróast hér á Íslandi undanfarin ár þá hefur námsefni orðið æ fjölbreyttara og möguleikar nemenda til að velja sér nám við sitt hæfi hafa aukist að sama skapi. Þetta er mjög jákvæð þróun og það er vissulega séð fyrir því að þetta haldi áfram með því frv. sem hér liggur fyrir. Hins vegar má ekki alveg gleyma því að framhaldsskólanum er ætlað ákveðið hlutverk. Það má segja að það sé tvíþætt, annars vegar að búa nemendur undir næsta skólastig þar fyrir ofan, sem er háskólastigið, svo og að sjálfsögðu að búa nemendur undir þau framtíðarstörf í þjóðfélaginu sem þeir ætla að takast á við að loknu námi í framhaldsskólanum. Hins vegar finnst mér vanta frekari upplýsingar um námsefni og námsmat, hvaða einkunnakerfi skal notað, á t.d. að vera um samræmt einkunnakerfi fyrir alla framhaldsskóla að ræða. Á yfirleitt að samræma námsefni framhaldsskólanna eða á það að vera í höndum skólanefnda hvers og eins skóla hvað verði boðið upp á? Má t.d. búast við því að sumir framhaldsskólar hætti alveg að kenna erlend tungumál? Er hugsanlegt að í sumum framhaldsskólum verði engin kennsla í stærðfræði og náttúruvísindum? Verður stúdentsprófið lagt niður? Svona spurningar vakna óneitanlega. Það er að vísu minnst á það í 21. gr. frv. að í námsskrá skuli mælt fyrir um námsmat, próf og vitnisburð en annað er ekki þar að sjá eða frekari lýsingu á því námi sem á að fara fram í framhaldsskólanum.

Ég hafði nú ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu mjög. Mér þætti þó vænt um ef hæstv. menntmrh. vildi kannski í örstuttu máli svara þessum spurningum mínum. Ég hef sem sagt nokkrar áhyggjur af því að það kunni að verða sú þróun í framhaldsskólanum að ýmislegt námsefni sem áður þótti nauðsynlegt hverjum nemanda sem fór í framhaldsskóla verði hjá ýmsum skólanefndum ekki lengur talið nauðsynlegt og verði fellt niður. Þá að lokum vaknar líka sú spurning varðandi háskólastigið hvernig háskólarnir eigi að bregðast við þegar nemendur knýja þar á dyr sem hafa öðlast tilskilin réttindi vegna þess að framhaldsskólinn hefur veitt þeim rétt til náms í háskóla. Þá vantar e.t.v. alla þá undirstöðu og þekkingu í ýmsum faggreinum sem krafist er að þeir hafi þekkingu í í háskólanum, en í framhaldsskólanum hefur ekki verið boðið upp á þær námsgreinar.

Ég hefði óskað þess að það hefði verið fjallað ítarlegar um námsefnið, um einkunnakerfið, um námsskrá með meiru og prófhald og réttindi nemenda að loknum burtfararprófum úr framhaldsskólanum. Mér finnst það ansi magurt sem stendur í frv. Að sjálfsögðu er hægt að setja nánari reglur um þetta allt í menntmrn. en ég hefði nú engu að síður kosið að það hefði verið fjallað aðeins nánar um þetta í lögunum sjálfum.

Menntamálaráðherra (Birgir Ísl. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. menntmn. Ed. fyrir góð störf að þessu frv. og geri mér grein fyrir því að tíminn var e.t.v. nokkuð knappur fyrir nefndina að sinna þessu starfi en því meiri ástæða til þess að þakka hennar vinnubrögð.

Ég er satt að segja í nokkrum vafa um hvort ég eigi að endurtaka margt af því sem ég sagði í 1. umr. þessa máls. Ég hygg reyndar að rök og mótrök í helsta ágreiningsefni sem í þessu frv. felst, þ.e. að um skólanefndirnar, sé þegar komið fram. Maður bætir sig e.t.v. ekki á því að gera það frekar að umtalsefni og hætta á að í því felist endurtekning á því sem áður hefur verið sagt.

Ég vil þó aðeins fara örfáum orðum um skólanefndirnar af því að eins og ég sagði þá er það meginágreiningsefni frv. Ég vek sérstaka athygli á því að eins og frv. lítur út núna hafa verkefni skólanefndanna verið mjög takmörkuð. Margt af því sem áður var sagt um skólanefndir og t.d. var lesið upp hér fyrr á þessum fundi á ekki lengur við.

Við getum sagt að verkefni skiptist núna í þrjá meginflokk. Það er í fyrsta lagi að ákveða námsframboð með skólameistara. Hvað felst í því að ákveða námsframboð? Það felst í því að taka ákvarðanir um hvaða nám viðkomandi skóli býður upp á, þ.e. hvaða námsgreinar. Í því felast auðvitað ekki ákvarðanir um hvernig á að kenna viðkomandi grein, hvaða námsbækur eða námsgögn eigi að nota svo að dæmi séu tekin. Það er að ákveða hvaða námsgreinar séu kenndar í viðkomandi skóla. Ég hygg að það sé ekkert meira hagsmunamál sem tengist framhaldsskólunum í hinum ýmsu byggðum landsins heldur en einmitt það hvaða nám er boðið upp á í skóla byggðarlagsins. Geta nemendur fengið það nám sem hugur þeirra stendur til í skóla byggðarlagsins eða þurfa nemendur að fara út fyrir byggðarlagið til þess að sækja námið og ef svo er hversu langt þurfa þeir að fara? Þetta finnst mér vera verkefni fólksins á viðkomandi stað. Þetta er ekki að mínu mati lokað verkefni kennara skólanna.

Í öðru lagi er eftirlit með fjárreiðum. Að gera ásamt skólameistara tillögu til fjárlaga og fylgjast með fjármálum skólans, sem mér finnst mjög eðlilegt að einhverjir fulltrúar almannavaldsins fylgist með.

Í þriðja lagi að hafa ákveðin afskipti af ráðningum. Eins og verkefni skólanefndanna er núna skilgreint hafa þær ekki með að gera innra starf skólanna. Þær hafa ekki með að gera það faglega starf sem fram fer innan skólanna sjálfra. Ég held að það sé alveg ljóst af því sem lesa má í frv. eins og það er í dag. Auðvitað hafa skólameistararnir og kennararnir bæði starfs síns vegna og vegna aðildar þeirra að skólaráði úrslitavald um allt innra starf skólanna. Þessi umræða um hvort skólar eigi að vera lokaðar stofnanir þar sem kennarar og annað starfslið skólans ráði öllu eða hvort almenningur eigi að einhverju leyti að koma inn í vissa þætti einangrast ekkert við þetta frv. Þetta er umræða sem fer fram víða um heim. Það er ákveðinn hópur skólamanna, það er ákveðinn hópur kennara sem er þeirrar skoðunar að fólki komi ekkert við það sem er að gerast inni í skólunum. Kennarar eigi að ráða þar lögum og lofum og þá m.a. hvað eigi að kenna í viðkomandi skóla. Ég er andvígur því sjónarmiði, ég tel að það eigi að opna vissar ákvarðanir fyrir fólkinu og það er meiningin með þessu frv.

Við getum tekið dæmi af öðrum ríkisstofnunum þar sem faglegt mat skiptir miklu máli í sambandi við umfjöllun alla og af því að ég veit að hv. 7. þm. Reykv. þekkir slíkar stofnanir skulum við taka sjúkrahúsin. Á það að vera alfarið í höndum lækna og annars starfsfólks sjúkrahúsanna að ráða því hvaða deildir eru í viðkomandi sjúkrahúsi? Á það að vera algert faglegt mat lækna að ráða því? Ég tel það ekki vera, enda höfum við ekki byggt upp okkar stjórnkerfi á þann veg. Við kjósum stjórnarnefnd ríkisspítala t.d. og sveitarfélögin kjósa stjórnarnefndir með fulltrúum sveitarstjórna þar sem um er að ræða sjúkrahús sem eru á vegum sveitarstjórnanna og þar eru teknar veigamiklar ákvarðanir einmitt í þessa veru. Og ég ítreka, af því að hv. 7. þm. Reykv. var ekki inni þegar ég sagði það, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að skólanefndir fjalli um innra starf skólanna. Vald þeirra er takmarkað við þrjá meginþætti, þ.e. ákvörðun um námsframboð, eftirlit með fjárreiðum og afskipti af ráðningu.

Við þekkjum skólanefndir úr stórum framhaldsskóla hér í Reykjavík. Iðnskólinn í Reykjavík, sem er einn stærsti framhaldsskóli landsins, hefur haft skólanefnd áratugum saman sem kosin er af borgarstjórn Reykjavíkur. Skólameistari þess skóla segist ekki vilja missa þá menn. Þannig skiptast menn nokkuð í tvö horn eftir því hvort þeir þekkja skólanefndirnar eða hvort þeir þekkja þær ekki. Þeir sem hafa haft þær sér við hlið og starfað með þeim fagna þeim, eru ánægðir yfir því að þær skuli lögfestar. Þeir sem þekkja þær ekki eru hræddir við hið óþekkta og hafa frekar horn í síðu þeirra. En auðvitað er þetta tilraun til að koma fulltrúum almennings í viðkomandi byggðarlögum til leiks varðandi ákvarðanir um ákveðna þætti skólastarfsins.

Ég ætla aðeins næst að víkja örlítið að námi fyrir fatlaða vegna þess að það hefur verið gert nokkuð að umtalsefni og þá einkum 30. gr. sem fjallar um það mál. Það er ótvírætt stefna menntmrn., bæði hins pólitíska valds sem er ráðherrann í þessu tilviki og þess fólks sem þar starfar, þess faglega fólks, að sem flestir og allir fatlaðir sem það geta fái möguleika á námi í almennum skólum. Það er hins vegar ljóst að á báðum þessum skólastigum eru einstaklingar sem nýtist betur nám í sérskólum eða sérdeildum. Það þarf auðvitað verulegt átak og meira en gert er nú til að koma fleiri fötluðum inn í hina almennu skóla. En engu að síður, þó að allt verði gert sem unnt er til að koma þeirri stefnu í framkvæmd, er hópur einstaklinga sem ekki getur verið í almennum skólum. Þess vegna var það svo að menntmn. Nd., eftir að hafa fengið í heimsókn fulltrúa ýmissa aðila sem hafa með að gera nám fyrir fatlaða, komst að þeirri niðurstöðu að setja inn þetta heimildarákvæði. Ég vek athygli á að þetta heimildarákvæði kom inn í Nd., um sérskóla fyrir fatlaða, þ.e. heimild til að setja sérskóla fyrir

fatlaða. Það var ekki í upphaflega frv. En menntmn. Nd. komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa rætt við ýmsa hópa sem hafa með málefni fatlaðra að gera og þeirra nám, að rétt væri að setja slíka heimild inn í lögin. Ég er sammála því þó ekki væri nema vegna þess að það eru fjórir skólar í landinu, sem eru sérskólar fyrir þroskahefta á framhaldsskólastigi, sem hafa engan lagagrundvöll og lægi þá hreinast við að loka þeim skólum ef ekki fæst lagagrundvöllur fyrir því starfi. Þessir skólar eru skólinn í Hvammshlíð á Akureyri, Þjálfunarskóli ríkisins við Stjörnugróf, Safamýrarskólinn og Kópavogsbrautarskóli sem starfar við Kópavogshælið. Í þessum skólum stunda nú nám um 300 nemendur sem eru komnir af grunnskólaaldri. Það er mat þeirra sérfræðinga sem ég hef rætt við að langflestir þeirra nemenda sem þar eru gætu ekki verið í almennum skólum. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að slíkt heimildarákvæði sé sett inn, en ég ítreka að ég tel að það beri ekki að nota til að stofna sérskóla í þeim tilgangi að hinir almennu framhaldsskólar geti ýtt af sér nemendum sem eru fatlaðir á einhvern hátt. Ég tek það alveg sérstaklega fram.

Þetta voru þau tvö meginatriði sem hér hafa aðallega verið gerð að umtalsefni og ég vildi hnykkja örlítið betur á í þessum umræðum. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla meira um þau mál sem hér hafa valdið deilum. Ég vil aðeins segja það varðandi brtt. frá hv. 7. þm. Reykv. að skólameistari skuli skipaður til sex ára í senn að ég er mjög veikur fyrir hugmyndum af því tagi að forstöðumenn slíkra stofnana skuli skipaðir til ákveðins árafjölda. Ég vek hins vegar athygli á að þetta er þáttur í kjaramálum þessa hóps, þ.e. skólameistara sem kennarasamtökin semja fyrir, og ég mundi ekki treysta mér til að samþykkja slíkt ákvæði, þar sem löggjafinn taki einhliða slíka ákvörðun, nema að undangengnum allítarlegum viðræðum við kennarasamtökin um það mál.

Hv. 7. þm. Reykn. vildi fá nokkru nánari útlistun á því hvers konar nám ætti að stunda í framhaldsskólunum og fannst nokkuð skorta á ákvæði í þeim efnum. Í þessu sambandi vek ég athygli á að hugmyndin á bak við þessa lagasetningu er að það sé til rúm rammalöggjöf um framhaldsskóla sem hægt sé að fylla inn í vegna þess að framhaldsskólinn er mjög misjafn, þetta eru mjög margvíslegir skólar sem bjóða upp á mjög misjafnt nám og nám í mjög misjöfnum tilgangi. Þess vegna er fyrirhugað að fylla út í þessa löggjöf með reglugerðum og ekki síst með námsskrám sem verða eins og verið hefur unnar í mjög nánu sambandi við samtök kennara og samtök skólafólks. Ég held að það væri ekki rétt að setja ítarleg ákvæði í lög af þessu tagi um námið sjálft. Við sjáum bara hversu gríðarlegar breytingar hafa orðið á örstuttum tíma og við vonumst til þess að geta sett löggjöf sem í öllum meginatriðum geti staðist alllanga hríð. Þess vegna verðum við að passa að hafa hana ekki svo þrönga að við setjum framhaldsskólanum of þröngan ramma. Það eru hins vegar í kaflanum um námsskipan almennar skilgreiningar eins og t.d. í 18. gr. þar sem segir að í framhaldsskóla skuli á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám í sambandi við markmið brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.

Það er líka gert ráð fyrir að námsskráin kveði á um innihald hverrar námsgreinar fyrir sig og að sjálfsögðu hljóta ákveðin próf, sem veita réttindi t.d. til háskólanáms, að vera stöðluð að vissu marki. Mér mundi ekki detta í hug að í þessu fælist t.d. að stúdentspróf yrði lagt niður eða að hætt yrði að kenna tungumál í einhverjum framhaldsskóla. Ég hygg að það hljóti að falla undir skilgreiningu um almenna menntun að kenna tungumál hér á Íslandi og það sé raunar orðinn nokkuð viðurkenndur skilningur á hugtakinu „almenn menntun“ að tungumálakennsla falli þar undir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að gera þetta frekar að umræðuefni. Ég hygg að flest þau sjónarmið sem um þetta mál eru hafi komið fram, en vek athygli á og fagna því reyndar að í megindráttum virðist vera samkomulag um frv. þó að ákvæðin um skólanefndirnar hafi valdið hér ágreiningi.

Frsm. minni hl. menntmn. (Danfríður Skarphéðinsdóttir):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að lokum að hnykkja á þeim atriðum sem tengjast efasemdum mínum um ágæti skólanefndanna og kannski líka vegna þess að fram kom í máli hv. 6. þm. Reykn. áðan að hún talaði um að skólanefndin mundi ekki ástunda pólitíska togstreitu í störfum sínum. Ég er hjartanlega sammála henni í því. Ég efast ekki um að alveg eins og við reynum að vinna málefnalega hér í nefndum muni skólanefndir, ef þær eru til þess kjörnar, að sjálfsögðu vinna málefnalega. Það var ekki mín hugsun, ég vildi ef það hefði verið misskilið leiðrétta það, að skólanefndir mundu vinna í togstreitu sín á milli vegna einhverra flokkshagsmuna.

Ég vildi aðeins hnykkja á þessu þar sem mikið hefur verið talað um stjórnskipan skólanna og það hefur verið rætt um það, hæstv. menntmrh. minntist á það, að þeir skólameistarar sem til þekktu hrósuðu slíkum nefndum. Ég vildi aðeins benda á að vegna þess að lög hafa ekki verið til um framhaldsskólann hafa þær raunverulega ekki haft það verksvið sem við erum að ræða um hér. Þær hafa stutt skólameistara í uppbyggingu skólanna því að skólanefndir við framhaldsskólana eru aðallega við nýjustu skólana, þ.e. við fjölbrautaskólana úti á landsbyggðinni, og þær hafa stutt skólameistara gagnvart fjárveitingavaldinu. Skólameistarar hafa sagt það sjálfir, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að þær hafi vissulega verið þeim bakhjarl gagnvart fjárveitingavaldinu, en þær hafa svo sem ekki verið að stjórna starfi skólanna né heldur því námi sem þar er boðið upp á, enda ekki haft til þess neinn lagalegan rétt. Skólameistarar hafa verið nokkuð einráðir um skólastarfið í samráði við kennarana. Einn þeirra

komst svo að orði í umræðum um þessi mál að ef skólanefndin vildi fara að stjórna væri rétt að leyfa henni það því að hún mundi fljótlega gefast upp.

Og það er annað sem ég vildi benda á líka. Nú háttar svo til í mörgum sveitarfélögum að þau eiga aðild að skóla sem er í þéttbýli á svæðinu. Ég sé fyrir mér að ef skólanefndir eiga að hafa þetta víðtæka starfssvið muni þær þurfa að hittast mjög oft og reglulega. Nú eru mörg sveitarfélög, sem eiga aðild að skólunum og eru með sérstaka samninga og leggja fram fé til þeirra, langt í burtu og eiga þess jafnan ekki kost að setja sig svo mjög inn í starfið sem þetta hlýtur að krefjast.

Þá er það líka annað sem hefur vakið hjá mér spurningar og það er í sambandi við þegar talað er um iðnnám eða nám í sjávarútvegsfræðum. Þá er talið sjálfsagt að þar sitji faglegar nefndir á bak við. Það er þá spurning: Hví ekki líka á bak við nám sem snýr að almennri menntun?

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, herra forseti, að lokum, en vil þá ljúka máli mínu hér og nú.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

93. fundur, föstudaginn 6. maí, að loknum 92. fundi.

Listasafn Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 979 (sbr. 796), n. 1065.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Frsm. menntmn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um Listasafn Íslands og þær umsagnir sem um málið bárust. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt. Svavar Gestsson sat fund nefndarinnar og hann er samþykkur þessari niðurstöðu. Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn.

Það má segja að það sé vel við hæfi að þegar Listasafn Íslands tekur til starfa í nýju og glæsilegu húsnæði séu sett ný lög um starfsemi þess. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
12.–16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Söluskattur, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 789, n. 1078, brtt. 1079.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. sem gengur út á það að heimila fjmrh. að fella niður söluskatt af tryggingaiðgjöldum bifreiða öryrkja. Nefndin varð sammála um að mæla með frv. efnislega og flytur þar að lútandi brtt. á sjálfstæðu þingskjali.

Að nál. standa allir nefndarmenn í hv. fjh.- og viðskn. svo og hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir sem sat fundi nefndarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1079,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1079,2 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653, n. 1067.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Karl Steinar Guðnason):

Virðulegur forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. og hefur samþykkt samhljóða að mæla með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909, n. 1068, 1070 og 1076, brtt. 1069.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. félmn. (Karl Steinar Guðnason):
Hæstv. forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál og fengið til viðræðu við sig Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félmrn. Hjá honum kom fram að mikill áhugi er fyrir kaupleiguíbúðum, sérstaklega úti á landsbyggðinni, að því er fram hefur komið í félmrn. Frá Húsnæðisstofnun ríkisins mættu þau Sigurður E. Guðmundsson, Katrín Atladóttir og Percy Stefánsson og voru þau að því er skilja mátti hlynnt frv. Frá samtökunum Þak yfir höfuðið komu þau Reynir Ingibjartsson frá Búseta, Kristín Jónsdóttir frá Öryrkjabandalaginu og Ómar Geirsson frá Félagsstofnun stúdenta. Það kom fram í máli þeirra að þau töldu að þessi leið í húsnæðismálum væri áfangi á réttri leið, en gátu þess reyndar mjög skilmerkilega að margt væri ógert í húsnæðismálum. Þá mætti formaður Félags fasteignasala, Þórólfur Halldórsson, á fund nefndarinnar. Hann taldi ekki tímabært að samþykkja þær breytingar sem hér eru gerðar á húsnæðislöggjöfinni, taldi hana ekki tímabæra og vildi fresta henni til endurskoðunar húsnæðislaganna.

Það hefur mikið verið rætt um þetta mál í þinginu. Það hafa átt sér stað harðar deilur um það. Ég ætla ekki að fara yfir þá málsþætti og ekki kveikja elda í deildinni um það þess vegna, en ég vænti þess að hv. þingdeildarmenn geti sameinast um að afgreiða þetta mál fljótt. Það er að mínu mati nýr áfangi til mikilla bóta í húsnæðiskerfinu og verður vafalaust til farsældar fyrir húsbyggjendur í landinu.

Á fundi nefndarinnar sat Júlíus Sólnes sem áheyrnarfulltrúi. Það er rétt að geta þess líka að það koma sérálit frá tveimur nefndarmanna, Guðrúnu Agnarsdóttur og Svavari Gestssyni. En meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Frsm. 2. minni hl. félmn. (Guðrún Agnarsdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hl. félmn. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, sem er á þskj. 1076.

Það er orðið löngu tímabært að fram fari heildarendurskoðun á húsnæðismálakerfinu og þá ekki síst að tryggður verði sá fjárhagsgrundvöllur sem það byggir á. Núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins miða nær eingöngu við að fólk eignist það húsnæði sem það býr í. Aðrir valkostir bjóðast varla. Alls staðar vantar leiguíbúðir og víða um landið hefur skortur á leiguhúsnæði m.a. verið talinn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðar og atvinnulífs. Þetta hefur ásamt öðru leitt til stórfelldrar og vaxandi byggðaröskunar með flutningi fólks af landsbyggðinni til Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins og nú er svo komið að engu minni skortur er á leiguhúsnæði í Reykjavík en víða á landsbyggðinni og bitnar það harðast á þeim sem lægstar hafa tekjur og erfiðust kjör.

Í könnun sem gerð var á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur fram, og það var könnun á leiguhúsnæði, að fram til ársins 1990 frá árinu 1986 má búast við að vanti 2500–3000 leiguíbúðir. Það er því fyllilega tímabært að opna nýjar leiðir í húsnæðismálum landsmanna, m.a. með því að auka framboð á leiguhúsnæði. Kvennalistinn hefur bent á þetta ítrekað og hafa þingkonur Kvennalistans flutt tillögur á síðasta kjörtímabili t.d. um sérstakt átak í byggingu leiguhúsnæðis.

Fjöldi fólks á nú í miklum erfiðleikum vegna íbúðakaupa og má segja að launafólk eigi vart möguleika á að koma sér upp þaki yfir höfuðið á þeim kjörum sem bjóðast. Sífelldar breytingar á húsnæðislánakerfinu á undanförnum árum hafa valdið miklu óöryggi þannig að fólk veit varla við hverju það má búast frá ári til árs af hálfu hins opinbera. Núverandi lánakerfi gerir ráð fyrir að hægt sé að fá lán til íbúðakaupa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir allt að 70% af verði íbúðar af hóflegri stærð. Það er ekki hægt að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er eftir lánum til íbúðarkaupa. Þetta hefur leitt til þess að bið eftir lánum er mjög löng. Nú þurfa þeir sem eru í forgangshópi að bíða í a.m.k. tvö ár frá því að sótt er um þangað til þeir fá fyrri hluta lánsins. Ef ekkert verður að gert stefnir í enn lengri biðtíma eftir lánum, lækkun lánsupphæðar eða að beinlínis verði að synja fleirum um lán.

Ég vil taka það skýrt fram að við styðjum þær meginhugmyndir sem liggja að baki kaupleigufrv. og teljum þær vera jákvæðar. Kaupleiguíbúðir ættu að henta flestu fólki mjög vel. Fastar hóflegar mánaðargreiðslur hljóta að vera það sem við viljum að fólki standi til boða hvort sem það heitir að leigja eða kaupa húsnæði sitt smám saman.

Einnig er mikilvægt að fólki sé tryggður búseturéttur í íbúð, en þurfi ekki sífellt að flytja með stuttum fyrirvara eins og nú gildir á leigumarkaðnum. En það eru sannarlega margir óvissuþættir enn varðandi þetta frv. og tengsl þess við aðra þætti húsnæðismála, sérstaklega við félagslega þáttinn.

Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp, Samtök aldraðra, stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag ísl. sérskólanema, Leigjendasamtökin og Búseti hafa nýlega myndað með sér samstarf um húsnæðismál og hafa gefið út bækling sem var sendur öllum alþm. og heitir Þak yfir höfuðið. Hann fjallar um félagslegar íbúðabyggingar á Íslandi. Samtökin sendu sameiginlega athugasemd við frv. og er sú umsögn reyndar birt sem fskj. við álit meiri hl. félmn. í Nd. þar sem þingmenn geta kynnt sér hana betur, en þó vil ég lítillega vitna í þessa umsögn því að ég tel mjög mikilvægt að þessum hópum sé séð fyrir hæfilegu húsnæði, en þeim finnst þeir ekki eiga auðveldan aðgang að því kaupleiguformi sem stungið er upp á í þessu frv. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Samtökin átta komu ábendingum um væntanlegt

frv. um kaupleiguíbúðir á framfæri við félmrn. dags. 26. ágúst 1988. Í framhaldi af kynningarfundi með samtökunum 26. nóv. sl. voru gerðar ákveðnar athugasemdir. Ljóst er af framlögðu frv. að mjög lítið tillit hefur verið tekið til ábendinga og athugasemda frá þessum samtökum sem eru í forsvari fyrir leigjendur, öryrkja, námsmenn og aldraða. Þó ber að fagna þessu frv., en samþykkt þess mun væntanlega auka framboð á leiguhúsnæði með hlutareign og kaupum sem valkostum. Í stað skiptingar í félagslega og almenna kaupleigu virðist þó eðlilegra að hafa eitt kaupleigukerfi þar sem tekið væri mið af mismunandi greiðslugetu íbúa með mismunandi vöxtum og mismunandi afborgunartíma lána."

Það kom einmitt skýrt fram í máli fulltrúa þessara samtaka, sem mættu á fundi nefndarinnar í morgun, að þeir teldu að kaupleigufrv. eða kaupleiguhugmyndin væri sannarlega áfangi í átt til öflugra félagslegra húsnæðiskerfis þó þeir teldu vandkvæði á því að þeir gætu fengið þar aðgang fyrst og fremst vegna þess að þeir stæðu ekki undir afborgunum eins og ætlað er í þessu kerfi.

Ég mun ekki tefja tíma deildarinnar með því að vitna frekar í margt af því sem kom fram í máli þeirra, en það lýsti þó mjög vel þeirri brýnu neyð sem steðjar að bæði mörgum öryrkjum, námsmönnum og öðrum þeim sem eru á hrakhólum með húsnæði en hafa ekki efni á því að borga allt að 30 þús. kr. fyrir þriggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessu ári er áætlað að verja um 273 millj. kr. í félagslegar kaupleiguíbúðir hjá Byggingarsjóði verkamanna, en skv. fjárlögum eða lánsfjárlögum hefur ekki verið gert ráð fyrir að verja neinu fé í almennar kaupleiguíbúðir. Þá er athyglisvert að ekki liggur fyrir neitt um það hve mikið af því fé sem áætlað er að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi til ráðstöfunar á næstu árum fari í kaupleiguíbúðir. Fjármögnun þessara nýju lánaflokka er því í mikilli óvissu. Ég legg áherslu á að þegar verið er að gera ákveðna tilraun með nýtt kerfi eins og hér er verið að gera og stjórnarflokkarnir hafa samþykkt tel ég mjög áríðandi að þetta kerfi fái þá tækifæri til að sýna hvernig það þróast og því sé gefinn nægilegur tími og nægilegt fé til þess að það megi rætast. Látið er að því liggja að fjármagn verði tekið af fé til annarra lánaflokka Húsnæðisstofnunar og sett í kaupleiguíbúðir. Þetta gæti leitt til enn meira öngþveitis og óvissu í húsnæðismálum en nú er.

Í janúar sl. var skipaður vinnuhópur til að gera tillögur um framtíðarskipun húsnæðislánakerfisins og til að leggja mat á stöðu núverandi kerfis. Í álitsgerð vinnuhópsins til félmrh. frá 23. mars 1988 kemur m.a. fram að núverandi lánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Í framhaldi af þessu hefur verið boðað að endurskoðun eigi að fara fram á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins strax á þessu ári.

Það er enginn vafi á því að margir binda miklar vonir við kaupleiguformið og halda í raun að það sé lausn á kannski öllum vanda í húsnæðismálum. Hins vegar er það líka rétt að það er alveg sama hve gott kerfi við búum til eða viljum koma á: ef ekki fæst til þess fjármagn, þá getur það ekki valdið hlutverki sínu.

Kvennalistinn leggur áherslu á nauðsyn þess að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild, m.a. með það að markmiði að auka framboð á leiguhúsnæði, félagslegum íbúðum og íbúðum með búseturéttarfyrirkomulagi. Ég ítreka hér að við teljum að meginhugmyndin að baki frv. sé jákvæð, en við teljum ekki tímabært að koma á nýju kerfi við hlið þess sem fyrir er án þess að heildarstefna sé mótuð og án þess að fjármagn sé til þess tryggt. Það getur varla skipt sköpum þó frv. sé sett inn í heildarendurskoðun í húsnæðislöggjöfinni og taki gildi með haustinu ásamt öðrum breytingum. Varla þurfa ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra að óttast að ekki verði vilji til að vinna hratt og örugglega að þessum málum. Við kvennalistakonur erum a.m.k. boðnar og búnar til að vinna að þessum málum í sumar. Við höfum reyndar einmitt fengið beiðni um að skipa konu í nefnd til að vinna að þessum málum. Við teljum afar brýnt að svo verði gert og fögnum því að stjórnarandstaðan eða fulltrúar hennar skuli fá leyfi til að taka þátt í þessari undirbúningsvinnnu og fylgjast með allt frá byrjun. En eins og ég sagði: Við erum boðnar og búnar til að vinna að þessu málefni í sumar með það að markmiði að leggja fram heilsteypta löggjöf þar sem framtíðarstefna um kaupleiguíbúðir verði einnig mörkuð.

Með vísun til þess sem ég hef þegar sagt leggur 2. minni hl. til að þeir aðilar sem til þess verða kvaddir að endurskoða húsnæðislöggjöfina marki einnig framtíðarstefnu um kaupleiguíbúðir og málinu verði með það í huga vísað til ríkisstjórnarinnar.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1070 er nál. 1. minni hl. félmn. um frv. til l. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. svokallað kaupleigufrumvarp. Undir nál. skrifa ég og meginefni nál. kemur þegar fram í fyrstu línum þess þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt og að á því verði gerðar ákveðnar breytingar sem birtast í brtt. á sérstöku þskj. Brtt. er á þskj. 1069 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við þá heildarendurskoðun, sem fyrir dyrum stendur á húsnæðislöggjöfinni, skal sérstaklega athugað:

Í fyrsta lagi hvort ekki er nauðsynlegt að hafa í lögum um kaupleiguíbúðir heimild til að hækka lánshlutfall til framkvæmdaaðila þegar í hlut eiga illa stæð sveitarfélög.

Í öðru lagi að upp verði tekin í kaflanum um félagslegar kaupleiguíbúðir ákvæði sem heimila leigu samfara kaupum á tilteknum eignarhlut.

Í þriðja lagi samræmingu lánskjara mismunandi útlánaflokka.

Meðan væntanleg endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins stendur yfir er húsnæðismála-

stjórn heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með, að veita illa stöddum sveitarfélögum viðbótarlán til að gera þeim kleift að koma af stað byggingu félagslegra kaupleiguíbúða. Skal húsnæðismálastjórn heimilt að verja í þessu skyni jafngildi allt að 50 millj. kr. árlega á næstu þremur árum eða svo lengi sem endurskoðun laganna stendur yfir."

Í nál. minni hl. á þskj. 1070 segir svo, með leyfi forseta:

„1. minni hl. flytur brtt. á sérstöku þingskjali og mun styðja frv. þetta með þeim rökum að:

a. talið er að kaupleigukerfi geti opnað möguleika fyrir leiguhúsnæði,

b. kaupleiga geti opnað nýja þróunarmöguleika í hinu félagslega húsnæðislánakerfi.

Verði frv. samþykkt verður að gera kröfur til þess að ríkisstjórnin standi við þau fyrirheit sem í frv. felast. 1. minni hl. hefur að vísu alla fyrirvara í þeim efnum þar sem núverandi ríkisstjórn hefur ekkert aðhafst í húsnæðismálum sem breytt hefur einu eða neinu í þágu eigenda eða leigjenda. En eftir því verður gengið að ríkisstjórnin og félmrh. standi við sitt gagnvart því fólki sem nú bindur vonir við kaupleigukerfið.

Fyrir síðustu kosningar blöstu eftirfarandi vandamál við húsnæðiskerfinu:

Biðlistar voru orðnir svo langir að fólk virtist dæmt til að bíða fram á næsta áratug eftir úrlausn sinna mála. Þegar þetta er skrifað er enn ljóst að fólk verður að bíða allt upp í þrjú og hálft ár eftir afgreiðslu húsnæðislána og er staðan nú þannig að sögn starfsmanna Húsnæðisstofnunar:

a. Sá sem sækir í dag og er í forgangsflokki verður að gera ráð fyrir því að þurfa að bíða í 2–2½ ár eftir láni. Sá sem sækir um í dag fær því afgreiðslu í fyrsta lagi í maí 1990 ef hann er í forgangsflokki en í síðasta lagi fær hann afgreiðslu í nóvember 1990.

b. Sá sem sækir um í dag og er ekki í forgangsflokki fær þá afgreiðslu sinna mála í fyrsta lagi í nóvember 1990 en í síðasta lagi í maí 1991. Þá er kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar reyndar nýlega lokið.

Biðlistarnir hafa því ekki styst í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Misgengishópurinn — frá því að kaupgjaldsvísitala lan var tekin úr sambandi 1983 — fékk bindandi fyrirheit frá flokkunum fyrir síðustu kosningar. Ekkert hefur verið gert í tíð núverandi ríkisstjórnar til þess að leysa vanda þessa fólks, reyndar þvert á móti þar sem raunvextir hafa aldrei verið hærri.

Frá því að nýja húsnæðiskerfið var ákveðið hefur átt sér stað stöðug skerðing á framlögum ríkisins til húsnæðismála. Ekkert hefur enn gerst sem bendir til þess að lagfæra eigi ríkisframlög til húsnæðismálanna.

Frammi fyrir þessum staðreyndum hefur félmrh. nú gefist upp og ákveðið að freista þess að láta fara fram heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu. Hefur þeim sjónarmiðum því verið hreyft að rétt væri að bíða með afgreiðslu á kaupleigufrv. þar til heildarendurskoðun væri lokið. Á þau sjónarmið hefur Alþfl. ekki viljað fallast og hefur lagt ráðherrasæti Jóhönnu Sigurðardóttur að veði fyrir málinu. Hér er því annars vegar um að ræða enn eitt stríðsmálið milli stjórnarflokkanna — og það er þeirra mál að leysa það — en hins vegar er hér um að ræða skynsamlegar hugmyndir sem vert er að fallast á með þeim rökum sem getið var um í upphafi.

Ekki vekur það mikla tiltrú á annars ágætu máli að stjórnarliðið afgreiðir málið í hinni mestu fýlu og með hundshaus. Þannig skín þvermóðskan út úr nefndaráliti meiri hl. í Nd., en þar segir m.a.:

„Athygli vekur að ekki hafa borist svör frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, samtökum atvinnurekenda, Landssambandi lífeyrissjóða og frá mjög fáum sveitarfélögum. Virðist því lítill áhugi á frv." — segir orðrétt í nál. meiri hl. í Nd. og undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn, líka alþýðuflokksmaðurinn í deildinni. Síðan segir:

„Einstakir nefndarmenn meiri hl. draga í efa mikilvægi þessa frv., svo sem að það valdi straumhvörfum í húsnæðiskerfinu, og telja að eðlilegra hefði verið að fresta afgreiðslu þess og tengja það heildarendurskoðun húsnæðismála, ekki síst félagslega kerfisins."

Og síðan segja þeir: „Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar rétt að afgreiða þetta frv. í samræmi við skuldbindingu formanna flokkanna." — Sem sagt, málið á að afgreiða af því að formenn flokkanna samþykktu það. Annars hefði það ekki verið afgreitt.

„Það eru með öðrum orðum einu rök meiri hl. í Nd. að þar sem formenn stjórnarflokkanna vilji afgreiða málið verði það gert. Þessi „rök" nægja ekki undirrituðum. Afstaða hans til málsins byggist á efnislegum forsendum.

Með hliðsjón af þessu leggur 1. minni hl. því til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali og verður gerð grein fyrir við umræðu málsins."

Þá vil ég, herra forseti, í sambandi við þetta mál vekja athygli á minnisblaði frá Inga Val Jóhannssyni sem hefur unnið að þessum málum og ég hygg að sé starfsmaður ráðuneytisins og kom á fund nefndarinnar í morgun og veitti mjög gagnlegar upplýsingar. Það var mjög gagnlegur fundur í nefndinni þar sem farið var yfir þessi mál. Þar lætur hann okkur í té upplýsingar um kostnað annars vegar við íbúð í verkamannabústöðum og hins vegar við íbúðir í kaupleigukerfi hvort sem er félagslegu kaupleigukerfi eða almennu kaupleigukerfi. Niðurstaða hans er sú að ef við tökum félagslega kaupleigukerfið þurfi fólk sem fer inn í 4 millj. kr. íbúð að borga 12 300 kr. á mánuði í 43 ár til að standa undir íbúðinni og eignast hana. Ef aftur á móti fólk fer inn í jafndýra íbúð í verkamannabústöðum þarf það að borga fyrstu þrjú árin, ef það fær alla fyrirgreiðsluna frá Húsnæðisstofnun, 100%, 14 300 kr. á mánuði í þrjú ár en 9 100 kr. á mánuði frá og með 4. og til og

með 43. ári. Rökin fyrir kaupleigukerfinu eru því ekki út af fyrir sig þau að það sé mikið hagstæðara en verkamannabústaðakerfið að þessu leytinu til. Rökin hins vegar fyrir kaupleigukerfinu eru í mínum huga þau fyrst og fremst og það skiptir alveg höfuðmáli fyrir mér: Félagslega íbúðakerfið á við erfiðleika að etja. Það er orðið mikið bákn. Það er orðið þungt í vöfum. Það þarf að laga. Það er erfitt að ná samkomulagi um að laga félagslega íbúðakerfið, en til þess að hægt sé að laga það verður að ná samkomulagi um það m.a. við verkalýðshreyfinguna í landinu, sveitarfélögin o.s.frv. Þess vegna tel ég rétt að opna fyrir allt aðra tegund af félagslegu kerfi sem þar með skapar möguleika á sveigjanlegra vali í félagslegu íbúðakerfi en til þessa hefur verið og skapar þannig möguleika á að hafa áhrif á verkamannabústaðakerfið til að laga það að breyttum tíma um leið. Þetta er í mínum huga algjört höfuðatriði í sambandi við þetta mál. Ég verð að segja að ég hef út af fyrir sig ekki mikla trú á því að þetta kerfi skili einn, tveir, þrír einhverjum ósköpum til fólks, en það opnar nýja þróunarmöguleika og skiptir að mínu mati alveg höfuðmáli að það opnar þarna nýja þróunarmöguleika. Það eru ýmsir gallar á þessu, það eru ýmis spurningarmerki, það eru ýmis vafaatriði. Og ég hef áhyggjur af kerfinu í höndum núverandi ríkisstjórnar og ég dreg ekkert úr því. En allt um það. Ég styð málið. Ekki á þeim forsendum sem meiri hlutinn í Nd. gerði, að það væri vegna þess að formenn stjórnarflokkanna hefðu skrifað upp á plagg, það kemur mér ekki við, heldur af þessum efnislegu ástæðum sem ég hef rakið.

Margt mætti fleira um þetta mál segja, herra forseti. Það var afar fróðlegt plagg sem Ingi Valur Jóhannsson kom á framfæri við félagsmálanefndarmenn deildarinnar varðandi samanburð á þessum tveimur kostum og ég mun hafa einhver ráð með að koma þeim upplýsingum á framfæri þannig að fólk geti áttað sig á þessum atriðum, en ég held að við verðum að viðurkenna að þau rök sem ég hér nefndi varðandi nýja þróunarmöguleika og opnari endurskoðunarmöguleika á kerfinu séu stærstu rökin í málinu og ég held að þeim eigi að halda fram við alla og það sé höfuðatriðið, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er hvorki í hinni mestu fýlu né með hundshaus út af því máli sem hér er á dagskrá, en eins og fram kemur í nál. meiri hl. sit ég í félmn. þessarar hv. deildar og hún mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það er orðið alllangt síðan kaupleiguíbúðir komu fyrst til umræðu hér á landi. Fólk hefur í aðalatriðum skipst í þrjá hópa varðandi afstöðu til málsins: Þá sem eru á móti, þá sem eru með og þá sem telja þetta fyrirkomulag áhugavert og allrar athygli vert en óttast að það verði erfitt í framkvæmd. Ég tilheyri síðastnefnda hópnum.

Hér á landi hefur fram til þessa farið meiri tími og orka í að koma sér þaki yfir höfuðið en gerist og gengur á meðal annarra þjóða. Það þarf ekki af öllu leyti að vera af hinu illa, en það þori ég að fullyrða að fjöldi fólks vill frekar nota tíma sinn á annan hátt en þann. Fyrir það fólk opnar kaupleigukerfið möguleika.

Innan húsnæðismálastjórnar mun starfa sérstakur starfshópur að því að móta tillögur um úrbætur á húsnæðisvanda byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og er það vel. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í fréttabréfi Húsnæðisstofnunar ríkisins frá í mars á þessu ári hefur verið ákveðið að framkvæma könnun á ýmsum þáttum húsnæðismála landsbyggðarinnar og hefur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verið fengin til þess að vinna það verk. Í fréttabréfinu segir, með leyfi forseta:

„Könnun Félagsvísindastofnunar verður þríþætt. Í fyrsta lagi verða kannaðar fyrirliggjandi upplýsingar um húsnæðisvanda landsbyggðarinnar og er þessi þáttur verksins nú þegar vel á veg kominn. Í öðru lagi er ætlunin að staða mála á nokkrum þéttbýlisstöðum verði könnuð sérstaklega með viðtölum við bæði íbúa á staðnum og sveitarstjórnarmenn. Þriðji og meginþáttur könnunar Félagsvísindastofnunar verður svo úrtakskönnun á stöðu og viðhorfum fólks í öllum byggðarlögum landsins til húsnæðismála."

Ég vil lýsa ánægju minni með þetta starf.

Ég er þeirrar skoðunar að húsnæðismálin séu ein aðalástæða þess að fólki fer fækkandi á landsbyggðinni, a.m.k. á það við um mörg byggðarlög. Þá þarf engan að undra þótt fólk tvínóni við að byggja sér einbýlishús á stað þar sem endursöluverð þess yrði aðeins hluti af byggingarkostnaði. Þetta gerir þrátt fyrir allt það fólk sem er staðráðið í því að það vilji hvergi annars staðar búa en í einhverju ákveðnu byggðarlagi, en fyrir það fólk sem er að stofna heimili og hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um framtíðaraðsetur og eins það fólk sem gjarnan vill prófa að búa úti á landsbyggðinni er kaupleigukerfið að mínu mati lausnin.

Hins vegar vil ég segja að ég get að sumu leyti tekið undir með þeim sem telja að eðlilegra hefði verið að bíða með þessa breytingu þar til húsnæðislánalöggjöfin verður í heild sinni tekin til endurskoðunar sem er á næstu missirum.

Mig langar að síðustu, hæstv. forseti, að vitna aftur í fréttabréf Húsnæðisstofnunar ríkisins frá því í mars sl. þó það sé kannski ekki til siðs að geta þess jákvæða sem gerist á landsbyggðinni, en þar kemur fram að íbúðabyggingar á Akureyri jukust verulega á sl. ári. Þá var byrjað á 110 nýjum íbúðum og fullgerðar ca. 50, en um nokkurra ára skeið hefur íbúðum ekki fjölgað þar í bæ. Að áliti Finns Birgissonar, skipulagsstjóra Akureyrarbæjar, og Jóns Björnssonar félagsmálastjóra er heildarþörf nýrra íbúða fram til 1991 um 450. Íbúðaþörf á Akureyri eins og annars staðar fer vissulega eftir atvinnuástandi hverju sinni og nú sem stendur eru ýmsar blikur á lofti í þeim málum, einnig hvað snertir Akureyri. En við skulum vona að úr rætist

hvað snertir rekstrarstöðu undirstöðuatvinnuveganna því að öðrum kosti er óþarfi að tala um byggingu húsnæðis yfirleitt.

Guðmundur Ágústsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu, það hefur orðið að samkomulagi að við mundum hætta klukkan sjö, en við 2. umr. vil ég segja samt nokkur orð. Ég bendi á að við þingmenn Borgarafl. í þessari deild lögðum fram heilsteyptar tillögur í húsnæðismálum er tóku yfir allt húsnæðiskerfið bæði er varðar félagslega þáttinn og svo hinn þáttinn líka.

Það frv. sem hér er er einn angi af okkar tillögum og ég verð að segja að þetta er í anda þess að gefa fleiri möguleika en þá sem verið hafa. En mér hefði þótt miklu nær en að taka þennan eina þátt út úr að helst fyrir því þingi sem er nú að ljúka hefðu legið tillögur um heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu. En ég vil lýsa því hér yfir að a.m.k. ég mun ekki standa í vegi fyrir því að þetta frv. verði samþykkt og þá í trausti þess að þegar sú endurskoðun sem nú stendur yfir fer fram verði litið á alla þætti húsnæðismálanna og þar á meðal þennan þátt þannig að heilsteypt löggjöf verði til og allir möguleikar sem ríkið getur boðið verði teknir inn í.

Ég vil aðeins segja þessi orð og mun þá fresta því að tala meira um þetta og einstök atriði þangað til að 3. umr. kemur.

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég kem í ræðustól fyrst og fremst til að þakka hv. félmn. hve vel og fljótt hún hefur afgreitt það frv. sem hér er til umræðu og ég held að það sé óhætt að segja, þrátt fyrir að hér hafi verið mælt fyrir þremur nál., að þetta frv. hafi fengið hér jákvæðar undirtektir og umfjöllun.

Mig langar aðeins, fyrst ég er komin í ræðustól, að bæta við þann samanburð sem fram kom hjá hv. 7. þm. Reykv., þar sem hann bar saman greiðslur í verkamannabústaðakerfinu og kaupleigukerfinu, og geta þess, til þess að það komi fram rétt mynd af þessu máli, að hv. þm. kom aðeins inn á hluta þess sem fram kom í minnisblaði um þetta mál. Hann tók samanburð á mánaðarlegum kaupleigugreiðslum og greiðslubyrði þeirra sem fá fullt lán í verkamannabústaðakerfinu, þ.e. 100% lán. Við það verður að bæta til þess að komi fram sanngjörn mynd af þessu að það eru einungis 10% þeirra sem sækja um í verkamannabústaðakerfinu sem fá þetta viðbótarlán. Það má líka benda á um þá, sem eiga ekkert handbært fé og þurfa sjálfir að útvega sér þessi 15% lán og þurfa þá til þess að fara í bankakerfið, að greiðslubyrði þeirra er aftur á móti mjög þung fyrstu árin og væri það fyrsta árið um 23 000 kr. á mánuði á móti 12 600 í kaupleigukerfinu, annað árið 22 600 og fimmta árið 17 500. Ég held að það sé rétt að taka þetta með inn í myndina þegar verið er að bera saman greiðslubyrði á verkamannabústaðakerfinu annars vegar og kaupleigukerfinu hins vegar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara nú út í almennar umræður um húsnæðismál og vil aðeins ítreka í lokin þakkir til hv. félmn. fyrir afgreiðslu á þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

93. fundur, föstudaginn 6. maí, að loknum fundi í Sþ.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þinglýsingar sem hv. Ed. hefur samþykkt.

Frv. er fylgifrv. með frv. til laga um breytingar á umferðarlögum nr. 50/1987 vegna þess að skv. brtt. sem þar er flutt yrði hætt að skrá ökutæki eftir lögsagnarumdæmum. Þetta kallar á breytingu á þinglýsingalögum sem hér er gerð tillaga um. Frv. þarf að verða samferða frv. um breytingar á umferðarlögunum sem ég legg áherslu á að nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. þessarar deildar og 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 1076.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Í Ed. leyfði ég mér að flytja frv. varðandi breytingu á lögunum um leigubifreiðar. Það hefur skapast óvissuástand um hverjar lagareglur gildi um hverjir hafi heimild til að aka farþegum gegn gjaldi þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi. Í hæstaréttardómi frá 10. júní 1987 kemst meiri hluti dómara að þeirri niðurstöðu að ekki sé sannað í því tiltekna máli að viðkomandi aðili hafi gerst brotlegur við gildandi lagaákvæði um þetta efni, en í lagaákvæðinu er notað orðalagið „að stunda leiguakstur" sem ekki er talið sannað í því máli að hafi verið fyrir hendi. Minni hluti dómsins kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að með ákvæðinu sé lagt bann við því að aðrir bifreiðastjórar aki farþegum gegn gjaldi en þeir sem aka frá viðurkenndri fólksbifreiðastöð. Ætla má að sú túlkun lagareglna hafi verið ríkjandi skilningur á tilgangi lagasetningarinnar um þetta efni undangengna áratugi.

Enn fremur vísa ég til þess að í bréfi Umferðarráðs til samgrh., sem einnig var þá sent dómsmrh., segir um notkun sendibifreiða til fólksflutninga: „Umferðarráð telur að flestir þeir sendibílar sem notaðir hafa verið til almennra fólksflutninga hér á landi séu af öryggisástæðum alls kostar óhæfir til slíkra flutninga."

Það frv. sem flutt var í hv. Ed. er samið á vegum nefndar sem samgrh. skipaði til að kanna skipulag leigubifreiðaaksturs í þéttbýli og koma með tillögur um framtíðarskipun þeirra mála til að reyna að fá lausn á því vandamáli sem við hefur verið að glíma. Nefndin telur hins vegar að eigi vel að vera þurfi allítarleg könnun í ýmsum efnum að vera undanfari þeirrar tillögugerðar, en brýnt sé að eyða því óvissuástandi sem ríkt hefur í þessum efnum og taka af tvímæli. Því var frv. flutt.

Í hv. Ed. var frv. breytt og þar bætt við tveim nýjum greinum þar sem til samræmis við greinina sem er í frv. því sem flutt var sé það sama tekið fram um sendibifreiðaakstur og vörubifreiðaakstur, að það sé því aðeins heimilt að það sé frá stöð sem er viðurkennd.

Ég ætla ekki að orðlengja, herra forseti, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Frv. þetta, sem fjallar annars vegar um hækkun áhættugjalds vegna veittra ríkisábyrgða og hins vegar um innheimtu ábyrgðargjalds af erlendum skuldbindingum þeirra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs vegna eignaraðildar hans eða af öðrum ástæðum, felur ekki í sér neinar efnisbreytingar frá ákvæðum V. og VI. kafla brbl. nr. 68/1987, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Bráðabirgðalög þessi fjölluðu um breytingar á ýmsum lögum sem undir fjmrh. heyra auk ákvæða um nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð. Því voru þau þá sett fram í bandormsformi.

Eins og kunnugt er var frv. til staðfestingar á umræddum bráðabirgðalögum lagt fram á sl. hausti. Það frv. hefur ekki verið afgreitt. Nú hafa mál hins vegar skipast þannig að ákvæði II.–IV. kafla og VII. kafla þeirra hafa verið afnumin þar sem þau hafa verið felld inn í aðra löggjöf þar sem þau eiga réttilega heima samkvæmt efni sínu. Í ljósi þessa hefur sá kostur verið valinn að flytja sérstök frv. um efni þeirra þriggja kafla sem eftir standa af brbl. Með þessum hætti er öllum efnisatriðum brbl. komið fyrir í viðeigandi sérlögum og þar með komið í veg fyrir að þau festist í sessi í formi bandorms.

Frv. þetta, sem er annað tveggja frv. sem flutt eru í framangreindum tilgangi, er efnislega samhljóða V. og VI. kafla brbl. Hins vegar hefur orðalagi og uppsetningu verið breytt nokkuð í því skyni að gera ákvæðin skýrari. Í því efni hefur verið stuðst við þá reynslu sem komin er á gjaldtöku þessa svo og framkvæmdareglur sem nótaðar hafa verið.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bifreiðagjald sem er 436. mál á þskj. 786.

Frv. þetta er efnislega nær samhljóða I. kafla

brbl. nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, sem sett voru á sl. sumri og fólu í sér margháttaðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs. Brbl. þessi fólu í sér breytingar á hinum ýmsu lögum sem undir fjmrh. heyra, auk ákvæða um nýja tekjustofna ríkissjóðs, og voru sett fram í bandormsformi.

Eins og kunnugt er var frv. til staðfestingar á umræddum brbl. lagt fram á sl. hausti. Það frv. hefur ekki verið afgreitt. Nú hafa mál hins vegar þróast þannig að ákvæði II.–IV. kafla og VII. kafla þeirra hafa verið afnumin þar sem þau hafa verið felld inn í aðra löggjöf þar sem þau eiga heima samkvæmt efni sínu.

Í ljósi þessa hefur sá kostur verið valinn að flytja sérstök frv. um efni þeirra þriggja kafla sem eftir standa af brbl. Með þessum hætti er öllum efnisatriðum brbl. komið fyrir í viðeigandi sérlögum og þar með komið í veg fyrir að þau festist í sessi með öðrum hætti.

Frv. þetta, sem er annað tveggja frv. sem flutt er í framangreindum tilgangi, er efnislega samhljóða I. kafla brbl. að öðru leyti en því að í því er kveðið á um rýmri heimildir til að undanþiggja bifreiðagjaldi bifreiðir í eigu öryrkja, auk þess sem í því er að finna heimild til að undanþiggja björgunarsveitir nefndu gjaldi sem og svokallaða fornbíla, bifreiðir 25 ára að aldri eða eldri.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er flutt frv. til staðfestingar á ákvæðum brbl. frá því að hæstv. ríkisstjórn gerði efnahagsráðstafanir sínar sl. sumar og ákvað að leggja á svonefnt bifreiðagjald ásamt með fleiru og landsmenn hafa nú fengið að reyna á sjálfum sér og buddum sínum í fyrsta sinn í sambandi við iðgjöld af bifreiðum á þessu ári.

Eitt af því sem harðlega var gagnrýnt við setningu þessara brbl. á sínum tíma var sú staðreynd að þetta gjald gekk út yfir allar bifreiðir, þar með talið bifreiðir öryrkja og aldraðra, fornbíla, ökutæki björgunarsveita o.s.frv. og alla bíla sem eiginlega nokkurn tímann hafa komið upp á hólmann, hvort sem þeir voru lífs eða liðnir. Reyndar týndu bifreiðar landsmanna nokkuð tölunni við þessar aðgerðir og var það svo sem út af fyrir sig ágætt að skráning bifreiða kemst væntanlega í framhaldi af þessu í betra horf en áður var, en hinu verður ekki á móti mælt að þarna var lagður nýr skattur á bifreiðaeigendur, þar með talið t.d. öryrkja og fatlað fólk, sem fær sérstakan stuðning til að kaupa bifreiðir í formi niðurfellingar gjalda. Þarna fannst mönnum hægri höndin ekki vita hvað sú vinstri var að gjöra.

Hæstv. ráðherra hefur heimildir til að setja reglugerðir og undanskilja vissa hópa greiðslu þessara gjalda. Nú er hér til umræðu á fimmta mánuði ársins 1988 frv. til laga um staðfestingu á þessum ráðstöfunum sem bráðum eru ársgamlar og enn er á ferðinni heimildarákvæði til að setja reglugerðir. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hafa engar slíkar reglugerðir verið samdar? Liggur ekki fyrir hverjir verði undanþegnir þessu gjaldi? Og hver er þá stefna hæstv. ráðherra í þeim efnum? Ég tel eðlilegt að Alþingi verði upplýst um þetta áður en málið verður hér afgreitt og vil a.m.k. fyrir mitt leyti áskilja mér rétt til að flytja þá brtt. við þetta frv. ef hæstv. ráðherra getur ekki gefið einhver skýlaus svör um hvað hann hyggist fyrir í þessum efnum. Auðvitað hefði verið eðlilegt með tilliti til forsögu málsins að það hefðu þegar legið fyrir drög að reglugerð um þetta efni.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. beindi til mín fyrirspurn um hvort ekki hefði verið sett reglugerð til að nýta umræddra heimild um undanþágu að því er varðar gjaldtöku á bifreiðar öryrkja. Því er til að svara að það hefur verið gert og vísa ég þá til reglugerðar sem út var gefin 28. des. sl. og nánar tiltekið 4. gr. í þeirri reglugerð. Þar segir:

„Af bifreiðum í eigu þeirra sem njóta örorkustyrks, styrks vegna örorku barna eða örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins skal ekki greiða bifreiðagjald samkvæmt þessari reglugerð. Ef aðili sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds skv. þessari mgr. á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald fellt niður af þeirri bifreið sem er þyngri."

Þessu til viðbótar er þess að geta að af hálfu fjmrn. var á sl. hausti erindað til Tryggingastofnunar og heilbrmrn. um framkvæmd slíkrar reglugerðar þar sem tilkynnt var að fjmrh. hefði ákveðið að nýta sér þessa heimild og þess farið á leit að heilbrmrn. og Tryggingastofnun gerðu tillögur um framkvæmdina og hvernig best mætti tryggja hnökralausa framkvæmd þessarar ákvörðunar. Í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Sérstaklega þarf að hyggja að því hvernig tryggja megi þeim öryrkjum sem komnir eru á ellilífeyrisaldur sama rétt og öðrum öryrkjum í þessu sambandi."

Það sem hér er sagt þýðir: Heimildin var nýtt. Bifreiðagjald hefur ekki verið innheimt af bifreið öryrkja samkvæmt skrá um öryrkja frá Tryggingastofnun ríkisins. Síðan var ráðuneytinu hins vegar tilkynnt að því er framkvæmdina varðaði að Tryggingastofnun eða heilbrmrn. hefðu ekki í sínum fórum skrá yfir öryrkja eftir 67 ára aldur. Þetta varðaði að sjálfsögðu framkvæmd reglugerðarinnar. Niðurstaðan var sú að útbúin var sérstök skrá, send öllum innheimtumönnum ríkissjóðs og kveðið á um framkvæmdina þannig að þessi heimild skyldi nýtt með þeim hætti að bifreiðagjald er ekki innheimt á bifreiðar öryrkja samkvæmt öryrkjaskrá og ekki heldur í þeim tilvikum þegar um er að ræða fólk 67 ára og eldra sem nýtur svokallaðra bensínstyrkja. Þannig hefur framkvæmdinni verið háttað.

Um þá sem eru skráðir á þessum lista og njóta

svokallaðs bensínstyrks gildir reglugerð sem sett var af heilbr.- og trmrh. frá 30. júlí árið 1980. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar."

Þess skal getið að hér er um að ræða meginþorra þess fólks sem er á skrá yfir öryrkja fram að 67 ára aldri, en kann þó að vera ekki algerlega tæmandi samkvæmt upplýsingum heilbrmrn. Hér er miðað við bensínstyrk sem upphaflega nam ákveðinni krónutölu sem fylgt hefur síðan vísitölu og er þá miðað við um 200 l bensínnotkun á ári.

Það sem hér hefur verið sagt er það að þótt heimildin hafi að fullu verið nýtt hefur ekki verið gengið með endanlega fullnægjandi hætti frá reglugerðinni. Framkvæmdin er eins og hér hefur verið lýst, en enn er beðið eftir nákvæmum skrám af hálfu heilbrigðiseftirlits um öryrkja 67 ára og eldri.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi tekið rétt eftir hjá hæstv. fjmrh. að þetta umrædda gjald hafi þegar verið fellt niður af bifreiðum í eigu öryrkja og björgunarsveita. Er það ekki rétt skilið? Ég fagna því og tel að fjmrh. hafi gert rétt í að fella það niður.

Hitt er annað mál að nú heyrist að ríkissjóður fái verulega miklu meiri tekjur en áætlað var og spursmálið er þá hvort bráðabirgðaráðstafanir eins og hér er verið að staðfesta séu réttlætanlegar eftir að slíkar upplýsingar liggja fyrir og hvort ekki sé þá rétt að hæstv. fjmrh. skoði þetta mál á milli umræðna með það í huga að hætta við að taka gjaldið hér eftir.

Annars er merkilegt, þegar svona tillögur og svona frv. til laga koma á borð hv. þm. í mesta sakleysi, að tala um eina upphæð sem er tiltölulega lág þó að hún geri heildarkostnað við farartæki nokkuð háan því þetta er bara einn skattur af mörgum sem lagður er á bifreiðar. Þá verður manni hugsað til þess áhuga sem sérstaklega utanbæjarþingmenn hafa sýnt fyrir því að lækka flutningskostnað, lækka vöruverð úti á landi. Ég hef verið sammála þeim. Svo koma ráðstafanir þar sem sakleysislega er lagt á eins og segir í 1. gr. c-lið, með leyfi forseta: „Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum, stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira", og áfram með leyfi forseta: 2. gr. liður a. Bifreiðagjald, skal vera sem hér segir: „Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg skal greiða 2,15 kr. *fyrir hvert kg af eigin þyngd* bifreiðar, þó aldrei lægra gjald en 1000 kr. vegna hverrar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr." — Í b-lið segir: „Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri skal greiða 5375 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hverrar bifreiðar, sbr. 1. mgr. 3. gr."

Hér er lagt á grunngjald sem ber vísitölu. Það kemur fram hér seinna. Það er, með leyfi forseta, 5. gr. Þar segir: „Bifreiðagjald skv. 2. gr. og lágmarksgjald skv. 3. gr. eru grunngjöld. Fjmrh. er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald eru miðuð við vísitölu 1. jan. 1988", þ.e. 107,4 stig.

Þetta er keðjuverkandi. Þetta er ekki bara vísitölutryggt heldur fer þetta inn í verðútreikning á vöruna sem er flutt út á land og margfaldar sig með álagningu. Það er furðulegt að það er alveg sama hvað ég sem þingmaður Reykvíkinga bendi á þessi uppsöfnunaráhrif á svona ráðstöfunum. Það er eins og þegar kemur söluskattur á öll gjöld sem búið er að taka af vörunni við innflutning. Þá er söluskattur ekki lengur 25%. Hann er orðinn miklu hærri vegna þess að uppsöfnunaráhrifin eru eins og snjóbolti sem veltir utan á sig. Ég segi við utanbæjarþingmenn: Standið þið nú með okkur Reykvíkingum og komið í veg fyrir að þetta frv. verði samþykkt eins og það er. Ég hefði helst kosið að hæstv. fjmrh. drægi frv. til baka á þeim forsendum að innheimta ríkissjóðs á opinberum gjöldum og fleira gefur samkvæmt hans eigin mati miklu hærri upphæð en áætlað var í upphafi.

Það eru uppsöfnunaráhrif þessa skatts sem ég held að hafi farið fram hjá hæstv. ráðherra. Það væri gaman og ég óska eftir því, hæstv. forseti, að það verði reiknað út í nefnd hver hinn eiginlegi skattur er á fólks- og vöruflutningabifreiðar sérstaklega þeirra sem flytja fólk og vörur um landsbyggðina og hvaða áhrif það hefur þegar ofan á þann kostnað, sem færist náttúrlega inn í vöruverðið, kemur álagning, allur sá dreifikostnaður sem við erum alltaf að heyra að utanbæjarþingmenn réttilega mótmæla.

Síðan er 4. gr. sem er mér ekki að skapi. Það getur þó verið að það sé ekki hægt annað en hafa einhvers konar slíkar ráðstafanir sem eru hreinar lögregluaðgerðir af verstu tegund. Þó að bifreið sé í fullkomnu lagi, ekkert athugavert við hana og bifreiðarstjórinn hafi öll sín skírteini í lagi og hafi hreina samvisku og allt sem hann þarf að uppfylla til að vera handhafi ökuskírteinis, þá skal stöðva bifreiðina, taka af henni númerið og allt nema það að taka skírteinið af viðkomandi bifreiðarstjóra ef þetta aukagjald er ekki greitt. Þetta er svo mikil lögregluaðgerð að þó að þetta sé kannski örugg aðferð til að ná inn gjaldi er þetta aðgerð sem íslenskt fólk vill ekki viðhafa þó það verði að þola það vegna þess að íslenskt fólk er löghlýðið. Öðruvísi gætum við ekki lifað hér á landi vegna þess að við höfum enga lögreglu eða her til að fylgja eftir lögum. Þess vegna er það sem við *megum fagna meðan fólk er eins löghlýðið og raun* ber vitni. En ég ætla að lesa, með leyfi forseta, 4. gr.:

„Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum kafla, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka

af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir."

Ef þetta er ekki lögregluríkisaðgerð, hvað er það þá? Viljum við svona þjóðfélag? Meira að segja prívatfyrirtæki úti í bæ eru lögvernduð, eins og tryggingafélögin, ef þú ekki borgar gjaldið sem þeir telja sig þurfa að fá af bílnum, ekki vegna þess að maðurinn sem á bílinn sé að tryggja það verðmæti sem hann á í bílnum heldur vegna þess að hann er að tryggja gegn tjóni sem hann gæti valdið hjá öðrum. Ég kæri mig ekki um að tryggja annað en það sem ég er sjálfur með að verðmæti í höndunum. Ef allir gerðu það væri allt tryggt. En hver og einn verður að tryggja það tjón sem hann hugsanlega getur valdið. Þarna er alrangt staðið að.

Og ég get sagt ykkur eitt. Það eru fáir dagar síðan ég fór til að greiða tryggingar af mínum bíl og það kostaði mig þingfararkaupið að tryggja tvo gamla ameríska bíla og einn lítinn Lada-bíl. Hver trúir því að Lada-bíllinn var hér um bil í sama verðtryggingarskala og stóru amerísku bílarnir? (**HG:** Ekur þingmaðurinn á þremur bílum?) Það er ekki þar með sagt. Þetta er of heimskuleg spurning til að svara hv. 2. þm. Austurl. því að hann er miklu skynsamari maður. Hitt er svo annað mál að sami maðurinn getur ekki ekið þremur bílum í einu. En ég skal bara upplýsa hv. þm., af því að hann er ekki viss um hvort það sé mögulegt eða mögulegt ekki að aka þremur bílum í einu, að það er ekki öllum í einu sem ég ek. Það er til skiptis. En ég á nú alla þessa þrjá bíla og ég greiði af þeim tryggingar. Og frekar til upplýsinga, ef hv. þm. vill leita sér upplýsinga um sannleiksgildi orða minna, er þetta bíll sem kona mín ekur, bíll sem ég ek, þeir eru báðir um átta og níu ára gamlir, en Lada-bíllinn er nýr. En hann er miklu ódýrari. Amerísku bílarnir kosta kannski nýir núna hátt á aðra milljón kr. Lada-bíllinn kostaði 300 þús. Amerísku bílarnir eru hátt á annað tonn að þyngd, en ég giska á að Lada-bíllinn sé ca. 500 kg. Ætlið þið að segja mér að þar eigi ekki að vera þó nokkur munur á tryggingagreiðslum jafnvel þó metið væri tjón sem þeir geta valdið miðað við að þeir séu á sama hraða þegar þeir valda tjóni? Og þetta er lögverndað.

Þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðherra um að kanna hvort það er ekki hægt að fara öðruvísi að en helst að hann leggi til, það er eina ráðið til að losna við þennan aukaskatt, því þetta er aukaskattur, viðbótarskattur við marga aðra þunga skatta, að þessi skattur verði afnuminn þegar í stað, sérstaklega þegar haft er í huga það sem hann sjálfur hefur upplýst um að tekjur ríkissjóðs eru mun meiri en áætlað var í upphafi sem kemur ekki á óvart því að margir nýir skattar hafa verið settir í umferð.

Ég hef ekki meira um þetta að segja, hæstv. forseti, en ítreka að svona aðfarir gagnvart fólki almennt, í þessu tilfelli í sambandi við þessa nýju aukaskatta á bifreiðar, eru ekki að mínu skapi. Farartækið, þótt ekkert sé að því og ekkert sé að þeim sem eiga að nota það, er ekki talið ökufært, fær ekki skoðun nema aukaskattar í ríkissjóð séu greiddir fyrir fram.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir það sem hann sagði um þetta mál. Það er rétt, sem fram kom, að það er merkilegt að landsbyggðarþingmenn t.d. í Ed., sem hafa fjallað um þetta mál, skyldu standa að því að samþykkja þetta í því formi sem það er því að þetta gjald verkar þannig að það eykur misréttið í þjóðfélaginu þar sem menn verða að borga meira eftir því hvar þeir búa og hvaða aðstæður þeir hafa.

Við fluttum nokkrir hv. þm. frv. um að leggja niður söluskatt á flutningskostnað og ég átti tal við hæstv. fjmrh. um það efni og mér skildist þá á honum að hann hefði á því skilning og upplýsti mig um að þeir hjá honum í ráðuneytinu hefðu metið það svo að þetta gæti munað allt að 6% í vöruverði miðað við það frv. sem við fluttum, en þar lögðum við til að verslunarálagning væri ekki heimil á þennan hluta af kostnaði vörunnar. Þetta mál var rætt á fundi norður í Eyjafirði og þar voru m.a. kaupmenn sem ræddu þetta mál. Einn af þeim sem þar talaði selur m.a. ísskápa og hann gat um að þetta munaði verulegu, t.d. að það kostaði verulega upphæð að flytja ísskáp frá Reykjavík til Akureyrar. Hann sagðist hafa orðið var við að menn keyptu þessa vöru í Reykjavík vegna þess að það borgaði sig miðað við að þurfa að borga til viðbótar söluskatt af flutningskostnaði.

En á sama tíma sem ríkissjóður sjálfur leggur ekki fram fjármagn í vegina er þessi skattlagning og á að halda áfram þrátt fyrir það sem hæstv. fjmrh. segir um tekjuöflun ríkissjóðs eða hvernig hún horfi á yfirstandandi ári. En það er alveg sama hvað við leggjum til til að minnka aðstöðumuninn. Alltaf er bætt við nýju og nýju máli til þess að auka hann eins og t.d. er í sambandi við þetta bifreiðagjald. Ýmsir, t.d. fátækir bændur, hafa neyðst til að leggja vörubílum sem þeir eiga og segja að það borgi sig frekar að kaupa aksturinn því að gjöldin á þessu séu orðin svo há, fyrst og fremst að vísu tryggingagjöldin, en einnig þetta gjald til viðbótar.

Ég tók eftir því, og ég vona það að ég hafi tekið rétt eftir, að þegar hæstv. fjmrh. talaði áðan sagði hann að að væri heimilað að fella niður þessi gjöld fyrir öryrkja sem væru orðnir 67 ára gamlir. En hvernig er með hina? Hvernig er með þá öryrkja

sem eru yngri? (**Fjmrh.:** Það er niður fellt.) Það er niður fellt, en ráðherra tók þannig til orða að það var hægt að skilja mál hans þannig að það væru þeir sem væru öryrkjar, ellilífeyrisþegar sem væru orðnir 67 ára. En það er ágætt að þetta leiðréttist. En það er líka spurningin um hvort á ekki að fara eitthvað eftir tekjumörkum. Nú er alltaf verið að tala um að rauntekjur hafi hækkað, en taka menn inn í það dæmi t.d. þessi gjöld öll sem eru sett á landsmenn? Taka menn, þegar menn eru að reikna hvernig launin duga, vextina, þessi gjöld og þannig mætti lengi telja? Eru það aðeins þær nauðsynjar sem menn kalla? Eru þetta ekki líka nauðsynjar? Er það ekki orðið viðurkennt að það sé nauðsyn að menn ferðast og flytja allt með bifreiðum? Er nóg að það sé bara verðið á matvörunni eða öðrum nauðsynjavörum? Þarf ekki að taka vextina og allt inn í þetta dæmi? Það væri gaman að heyra fjmrh. útskýra við hvað hæstv. ráðherrar miða þegar þeir eru að tala um að rauntekjurnar hafi aukist svo og svo á t.d. sl. ári. Er vaxtaokrið þar inni í og þessi nýju gjöld? Er tekið tillit til þeirra? Það a.m.k. dreg ég í efa. Ef það er rétt að ástæður ríkissjóðs séu eins og hæstv. ráðherrar vilja vera láta held ég að þeir ættu að stíga fyrsta skrefið í því að reyna að jafna lífsaðstöðuna í þessu landi með því að fella þennan skatt niður og draga frv. til baka.

En það verður fróðlegt að sjá hvernig landsbyggðarþingmennirnir bregðast við þessu frv. Verður það eins og í Ed., að þegar forustumennirnir segja: Upp með hendurnar, þá geri þeir það þó að þeir skilji það og viti af eigin reynslu að þarna er verið að auka misréttið í þjóðfélaginu með svona skatti?

Ég hefði líka viljað heyra það hjá hæstv. fjmrh.: Þegar hann talaði um allt að 6% sem mundi lækka vöruverðið, náttúrlega eftir ýmsu, eftir vegalengdum, en allt að því þar sem lengst er, tóku ráðuneytismenn þá tillit t.d. til áhrifa af þessum skatti í því dæmi? Ég dreg það mjög í efa eftir útreikningum og ég hef borið mig saman við menn sem geta áreiðanlega reiknað á við þessa menn í ráðuneytinu eða ýmsa aðra embættismenn eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði í einn í gær. Ég held að hann sé ekki neinn reiknimeistari og þeir séu það ekki sumir í ráðuneytunum ef maður á að taka sumt bókstaflega sem er verið að segja í þessum ræðustól.

Það væri t.d. gaman að heyra í hv. þm. Páli Péturssyni hvort honum finnst að þetta sé skref í átt til réttlætis í þjóðfélaginu. Ég veit hvernig Páli líður í þessari ríkisstjórn. Hann hlýtur að heyra hljóðið í sínum mönnum þegar ég heyri það til Reykjavíkur eða til Eyjafjarðar. Ég held að þeir séu ekki beinlínis, hans menn, hrifnir af svona sköttum. En það er eiginlega sama hvert er litið. Við sjáum það og heyrum að sveitarfélögin úti á landi vantar mjög tekjur til að geta bjargað sér. Við höfum heyrt neyðarópin þaðan, en á sama tíma veit borgarstjórinn í Reykjavík ekki hvernig hann á að koma fyrir því fjármagni sem borgin fær. Við sjáum það nú að það er verið að fylla upp Tjörnina að hluta til og á að byggja þar stórhýsi og það á að fara að byggja eitthvað uppi á Öskjuhlíðinni, eitthvað sem er í líkingu við sýningarturn í Lundúnum hjá járnfrúnni, og fleira mætti upp telja.

Ég vil ekki lengja þessar umræður, en ég endurtek þá spurningu til hæstv. fjmrh.: Sé það, sem hann hefur talið í þessum ræðustól, að gjöld til ríkisins hafi innheimst þannig að ríkissjóður standi vel, vill hann þá ekki stíga fyrsta skrefið til réttlætisáttar í þessu þjóðfélagi með því að taka nú þetta frv. til baka?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Örfáar athugasemdir að gefnu tilefni.

Fyrst þannig að það sé alveg skýrt: Undanþáguákvæðin skv. þessu frv. ná til öryrkja samkvæmt öryrkjaskrá, þeir eru að 67 ára aldri, og því næst til öryrkja samkvæmt skrá yfir þá sem njóta svokallaðra bensínstyrkja eins og fram kom í máli mínu áðan. Í öðru lagi: Björgunarsveitir. Og í þriðja lagi: Eigendur fornbíla, bíla sem eru skilgreindir sem 25 ára og eldri.

Annað: Eru aðstæður nú til þess að fella niður þennan skatt? Ég vek athygli á því að um mitt ár verður felldur niður skv. lögum frá 29. febrúar um efnahagsráðstafanir launaskattur á sjávarútveg og um næstu áramót fellur úr gildi skattur á erlendar lántökur, en við niðurfellingu þessara tekjustofna missir ríkissjóður tekjur sem eru umtalsvert hærri en nemur þessu bifreiðagjaldi.

Þriðja athugasemd mín varðar framkvæmdaatriði. Í fyrsta lagi er þess að geta að gjaldið er mismunandi eftir þyngd bifreiða. Þeim mun þyngri sem bifreið er, þeim mun hærra gjald. Það þýðir að öðru jöfnu: Þeim mun ódýrari sem bifreið er, þeim mun lægra gjald, þeim mun dýrari sem hún er, því hærra. Gjaldtakan getur hins vegar ekki talist há. Og að því er varðar innheimtu get ég ekki fallist á þær röksemdir að það breyti Íslandi í lögregluríki þótt til þess sé ætlast skv. 4. gr. að eigendur eða umráðamenn bifreiða færi sönnur á að gjald hafi verið greitt við skoðun.

Þá er spurningin um uppsöfnunaráhrif hvort heldur er í söluskatti eða við aðra gjaldtöku og áhrif á vöruverð. Þar vek ég athygli á því með vísan til umræðna sem við áttum hér í gær um samanburð á söluskatti og virðisaukaskatti að á því verður breyting til bóta við gildistöku virðisaukaskatts af mjög einfaldri ástæðu. Virðisaukaskattur er tvíþættur, innskattur og útskattur. Það þýðir að þeir sem annast vöruflutninga fá endurgreiðslu á aðföngum sínum, þar á meðal á kostnaði við bifreiðakaup, hjólbarða, eldsneyti og önnur rekstrargjöld þannig að uppsöfnunaráhrifin, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að, í söluskattinum hverfa í virðisaukaskatti, uppsöfnunaráhrifin sjálf.

Loks er spurningin um hvernig menn meta skattbyrði. Þar hafa menn ýmsan hátt á, meta kaupmátt kauptaxta, meta kaupmátt atvinnutekna, en sá

mælikvarði sem hreinast metur kaupmátt launa er að sjálfsögðu ráðstöfunartekjur heimila eftir skatta. Á hvern mælikvarða sem vegið er er ljóst að á undanförnum árum hefur kaupmáttur á hvern mælikvarðann sem vegið er batnað sem betur fer mjög verulega.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég harma að ég skyldi fá tilefni til að koma hér upp aftur, en ráðherra gaf tilefni til að hálda langa ræðu. Ég ætla ekki að gera það núna. Ég ætla að geyma mér það. En þetta er ekkert smámál. Hæstv. ráðherra ýtir því til hliðar sem ómerkilegu kvabbi sem á sér stað frá minni hálfu og hv. 6. þm. Norðurl. e. í þessu tilfelli.

Undanþáguákvæðin. Ég fagna því. Það er kannski ekki mitt að þakka eitt eða annað í þessu efni. Ég tek þannig til orða. Ég tel að ráðherra hafi unnið þarft og gott verk að fella niður innheimtu af öryrkjum, öldruðum og björgunarsveitum. Mér finnst það vera góð ráðstöfun og ég er honum sammála um það.

En hann segir þar á eftir að ríkissjóður muni verða af launaskatti, hann verði felldur niður um mitt ár. Er það ekki? (**Fjmrh.:** Seinni áfanginn.) Já, seinni áfanginn. Hann talar eins og ríkissjóður sé að tapa þar tekjum. Launaskatturinn er nýjar tekjur fyrir ríkissjóð. Þær voru ekki innheimtar. Launaskatturinn sem hæstv. ráðherra er að tala um var ekki innheimtur. Þetta eru alveg nýjar tekjur. Þó að hann verði felldur niður um mitt ár eða seinni hlutinn er innheimtan á fyrri hluta ársins viðbótartekjur við ríkissjóðstekjurnar á síðasta ári þannig að hér er ekki verið að fella neitt niður frá því sem áður var. Hér er bara verið að taka helmingi minna af nýjum skatti en upphaflega var reiknað með. Hefði hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll hlustað betur á góð ráð, heil ráð stjórnarandstöðunnar við gerð fjárlaga hefði þessi skattur aldrei komið á vegna þess að jólafríið var rétt liðið þegar þessi skattur var dreginn til baka. Þá var ríkisstjórnin sem sagt í jólafríinu búin að átta sig á góðum ráðum stjórnarandstöðunnar.

Í þriðja lagi segir hæstv. ráðherra að gjaldið sem um er rætt sé mismunandi eftir þyngd bifreiða. Þetta er alveg rétt. En ég vil lesa aftur og vitna þá í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg skal greiða 2,15 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar, þó aldrei lægra gjald en 1000 kr. vegna hverrar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.“ Ég lít svo á að þetta séu fólksbílar eða einkabifreiðar frekar en annað, gætu þó verið sendiferðabílar. Og b-liður 2. gr. segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Af bifreiðum sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri skal greiða 5375 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hverrar bifreiðar, sbr. 1. mgr. 3. gr.“ Þetta eru þyngri fólksflutningsbílarnir og eins og segir í 1. gr. er tekið fram að aftanívagnar, sem við köllum, skuli líka bera gjöld eins og þar segir.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að hann fór að rugla fyrir þm.: Telur hann virkilega að það sé einhver lítil upphæð sem fer út úr Reykjavík í vörum og fólki í bílum? Hve margir bílar, sem eru af þessari þyngdargráðu og yfir, fara árlega út á land? Þá má margfalda það með þeirri upphæð sem á að taka í skatta plús vísitalan, miðað við þá vísitölu sem er getið um sem grunnvísitölu hér, hver sem hún nú er í dag. Hvað er þetta þá stór upphæð í heild sinni sem leggst á vörur sem fara út á land til viðbótar við það sem er fyrir? Og ekki bara það heldur segir hæstv. ráðherra, og það var nú eiginlega tilefni til þess að ég kom upp aftur, að virðisaukaskatturinn verði endurgreiddur og hafi ekki uppsöfnunaráhrif í þessu tilfelli eins og gat um í minni fyrri ræðu. Svo við erum hér að tala um allt annan hlut. Við erum að tala um bifreiðagjald sem hefur ekkert að gera með virðisaukaskattinn og verður ekki endurgreitt þó virðisaukaskatturinn komi til framkvæmda. Þetta heitir allt annað. Þetta er allt annað. Tilgangurinn með þessu er að vísu hliðstæður hvaða skatti sem er, að auka tekjur ríkissjóðs. En ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að rugla ekki saman endurgreiðslu á virðisaukaskatti og bifreiðagjaldinu. Eða vill hæstv. ráðherra staðfesta hér og nú að bifreiðagjaldið, sem við erum að tala um samkvæmt frv. til laga um bifreiðagjald sem er hér til staðfestingar á þskj. 786, skuli endurgreiðast á sama hátt og virðisaukaskatturinn þegar hann kemur til framkvæmda, ef hann þá kemur? Ég held að hæstv. ráðherra sé tæplega tilbúinn til að staðfesta það og þess vegna harma ég að hann skuli reyna að slá ryki í augu þm. með því að blanda saman bifreiðagjaldinu annars vegar og væntanlegum virðisaukaskatti hins vegar, máli sem er alls ekki á dagskrá undir þessum dagskrárlið.

Ég vil líka segja að ég, í mínum huga, geri mun á því hvort skoðunargjald er innheimt við skoðun bifreiðar eða hvort lögregla er send á menn sem ekki standa skil á þessu aukagjaldi á bifreiðum. Því þá ekki að senda lögregluna til að taka númerið af bílum ef menn ekki borga yfirleitt sín opinberu gjöld, alveg sama hvaða nafni þau nefnast? Það fer því ekkert á milli mála að þar sem ríkið notar lögregluna á þennan hátt er það hluti af lögregluríki eins og hugtakið leyfir manni að nota það. Það er ríkið sem er að nota lögregluna til að stöðva einstaklinga sem eru á sínum eigin farartækjum eða eignum í umferðinni hér á landi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár í Reykjavík.

Á árinu 1986 var undirritaður samningur milli Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda, skammstafað SÍM, og ríkissjóðs um sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins með fyrirvara um samþykki Alþingis. Á fjárlögum síðasta árs var heimild til að selja ofangreindar eignir, sbr. 6. gr., lið 522, en sú heimild var ekki nýtt einkum af tveimur eftirgreindum ástæðum.

Í fyrsta lagi: Ekki var talið að forsendu heimildarinnar um að fasteignirnar nýttust áfram í þágu samtaka framleiðenda matjurta væri fullnægt.

Í annan stað: Upplýsingar lágu fyrir um slæma rekstrarafkomu SÍM og að samtökin áformuðu að selja hluta fasteignanna til að mæta þeim fjárhagsvanda sem leiddi af slæmri rekstrarafkomu.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var ákveðið að endurnýja ekki þessa heimild, heldur boðað að lagt yrði fyrir Alþingi sérstakt frv. um sölu nefndra eigna. Frv. er flutt til þess að afla fjmrh. heimildar til þess að ganga endanlega frá ráðstöfun og sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins samkvæmt framansögðu.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

94. fundur, föstudaginn 6. maí, að loknum 93. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748, n. 1071.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, frá félmn. Eins og allir hv. þm. vita, þegar mælt var fyrir þessu frv., þá er hér um að ræða breytingu sem fyrst og fremst felst í því að afskiptum félmrh. og ákvörðun um innheimtuprósentu um útsvar verður hætt. Álagningarhlutfall útvars á tekjur manna á komandi ári er ákveðið fyrir 1. des. árið á undan af viðkomandi sveitarstjórn, en áður var þetta hlutfall ekki ákveðið fyrr en við gerð fjárhagsáætlunar.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélaga verði sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið sbr. þó 5. og 6. mgr., en áður var ekki reiknað með að þessi hlutföll væru endanlega þau sömu.

Í síðasta lagi er í 5. gr. lögð til sú breyting að ekki þurfi samþykki félmrh. fyrir sérstakri hækkun útsvara.

Þetta eru þau efnisatriði sem um er að ræða og í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að við álagningu og innheimtu útsvars af tekjum manna til ársloka 1988 skulu gilda ákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Nefndin fjallaði um þetta frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar í stað Óla Þ. Guðbjartssonar og er samþykkur álitinu. Undir álitið skrifa auk formanns Birgir Dýrfjörð, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal og Kristín Einarsdóttir með fyrirvara.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 1071 skrifaði ég undir nál. félmn. með fyrirvara. Ég er sammála þeim valddreifingarhugmyndum sem koma fram í frv. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt að sveitarstjórnir fái sjálfar að ákvarða innheimtuhlutfall útsvars í sínu byggðarlagi. Tekjuþörf sveitarfélaganna getur verið mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað. Fyrirvari minn byggist fyrst og fremst á áhyggjum af ólíkri stöðu sveitarfélaga. Mikill aðstöðumunur er á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og minni sveitarfélaga úti um landið hins vegar. Má því búast við að minni sveitarfélögin þurfi að ákvarða hærri útsvarsprósentu en hin stærri og betur settu. Það getur verið erfitt fyrir litlu sveitarfélögin að innheimta viðbótarútsvar af þegnum sínum og auka þannig enn muninn á milli þeirra sem búa úti á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

Nú stefnir í það að virðisaukaskattur leysi söluskattinn af hólmi og með því missir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekjur sínar. Stjórnarmeirihlutinn hefur að vísu skorið niður stóran hluta af lögbundnum tekjum Jöfnunarsjóðs en það breytir ekki þeirri staðreynd að ákvarða þarf nýja viðmiðun fyrir tekjur sjóðsins. Jafnframt þyrfti að sjá til þess að sjóðurinn geti verið sá jöfnuður milli sveitarfélaga

sem honum er ætlað. Í trausti þess að tekið verði á fjármáladæminu í þessu máli styð ég frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749, n. 1072.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Hér er um að ræða breytingu á lögum varðandi innheimtuhlutfall og meðferð staðgreiðslunnar og með þessum breytingum er verið að samræma þau sjónarmið sem fram komu við meðferð málsins og kom fram í grg. frv., þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall fyrir staðgreiðslu fyrir allt landið og enn fremur það að sveitarfélögin fái það í sinn hlut sem sveitarstjórnin sjálf ákveður. Út á þetta sjónarmið gengur frv. og þess vegna er um það að ræða að sveitarfélögin ákveða fyrir fram hvaða innheimtuprósentu þau ætla að leggja til. Viðkomandi sveitarstjórn verður að gera það fyrir 1. des. og tilkynna það fjmrh. eða fjmrn. eigi síðar en 15. des. sama ár. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu verði síðan ákveðið sem vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarstjórna og þá miðað við útsvarsálagningu fyrra árs. Skv. 1. gr. frv. er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu hið sama á öllu landinu.

Í 2. gr. er lagt til að sú breyting verði gerð að við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga verði miðað við þann hundraðshluta sem sveitarstjórn hefur ákveðið að sé álagningarhlutfall útsvars í viðkomandi sveitarfélagi. Skv. 32. gr. laga nr. 45/1987 setur fjmrh. síðan reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslna opinberra gjalda og getur því ákveðið við hvaða hundraðshlutaskil og bráðabirgðagreiðslu útsvars verði miðað hjá viðkomandi sveitarfélagi ef það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni skv. greininni um 1. des. og 15. des. eins og áður hefur komið fram.

Nefndin fjallaði um frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Ingi Björn Albertsson sat fundi í stað Óla Þ. Guðbjartssonar og er samþykkur álitinu. Undir þetta rita allir nefndarmenn í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 963, n. 1073.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá félmn. um frv. til laga um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frv. hefur fyrst og fremst að geyma ákvörðun um vexti á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Aðaltilgangurinn með frv. er í fyrsta lagi að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta ávöxtun á skyldusparnaði og enn fremur er nýmæli í frv. að sama ávöxtun verði viðhöfð á skyldusparnaði eftir að náð er 26 ára aldri fyrir þá sem kjósa að eiga slíkan skyldusparnað áfram á vöxtum. Ég held að það þurfi ekki að skýra þetta nánar. Það er gert ráð fyrir því í 1. gr. að ríkisstjórnin taki ákvörðun um vexti af innlánum og af skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabanka Íslands. Það er sama aðferðin og notuð er við vaxtaákvörðun á lánum Byggingarsjóðs skv. lögum um Húsnæðisstofnun og einnig gert ráð fyrir því, sem er nýmæli, að vaxtaákvörðun sé tekin til eins árs í senn frá áramótum að telja. Það er einnig neglt niður hér að árlegri endurskoðun vaxta sé ætlað að tryggja að vextir af skyldusparnaðarreikningum séu sambærilegir þeim vöxtum sem annars staðar bjóðast. Þetta er mikilvægt atriði og hvað sem líður síðari ákvörðun um skyldusparnað þá er náttúrlega augljóst að tryggja þarf að þetta fái þessa meðferð.

Nefndin fjallaði um frv. og mælir með samþykkt þess eins og það kom frá Ed. Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar í stað Óla Þ. Guðbjartssonar og er samþykkur þessu áliti. Undir nál. skrifa auk formanns Birgir Dýrförð, Geir H. Haarde, Jón Kristjánsson, Eggert Haukdal og Kristín Einarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisendurskoðun, 2. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782, n. 1066.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1066, um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Nefndin hefur athugað frv. Kvaddi hún á sinn fund Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra, Ólaf Ólafsson landlækni, Hauk Þórðarson, formann Læknafélags Íslands, Halldór V. Sigurðsson og Sigurð Hermundarson frá Ríkisendurskoðun.

Nefndin telur rétt að Ríkisendurskoðun fái þær almennu heimildir sem kveðið er á um í frv. til þess að hún geti rækt hlutverk sitt með viðunandi hætti. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að réttur sjúklinga til fulls trúnaðar um einkamál verði í heiðri hafður og ákvæði læknalaga um þagmælsku virt. Nefndin telur að heilbrrn. beri að hafa forustu um að móta verklagsreglur sem kveði m.a. á um að *sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir* Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum til lækna. Þannig verði nauðsynlegs trúnaðar gætt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 782.

Undir nál. rituðu Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Einar Kr. Guðfinnsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. ræddi þetta mál eins og frsm. gerði grein fyrir í framsögu sinni og fór yfir það allítarlega. Ég tel að nefndinni hafi verið nokkur vandi á höndum þar sem tvö ólík sjónarmið vegast með vissum hætti á í þessu máli, annars vegar *sú nauðsyn að Ríkisendurskoðun geti gegnt sínum* skyldum og hafi ótvíræða lagastöðu til að gera svo og hins vegar meðferð viðkvæmra upplýsinga sem óhjákvæmilegt getur verið að kanna þegar bera þarf saman grunngögn og reikninga sem á þeim byggja.

Það svið sem nefndin staldraði sérstaklega við í þessum efnum voru reikningsskil lækna og hvaða aðferðum skyldi beita þegar Ríkisendurskoðun þyrfti að skoða grunngögn í því sambandi til að sannprófa reikningsfærslur og greiðslur til lækna fyrir unnin læknisverk. Vissulega má segja að hliðstæð tilvik geti komið upp í tengslum við trúnað starfsstétta á fleiri sviðum en þetta sérstaka efni varð nú aðallega að umtalsefni og athugunarefni í hv. þingnefnd.

Ég stend að nál. fjh.- og viðskn. og geri það í trausti þess að þær verklagsreglur sem fjallað er um í nál. verði settar og eftir þeim farið. Ég held að Alþingi hljóti að leggja þann skilning í nál. af þessu tagi, ekki síst þegar í hlut á stofnun sem heyrir undir Alþingi, þ.e. í þessu tilviki Ríkisendurskoðun, að í raun sé verið að setja niður ákveðnar leiðbeiningar sem stofnuninni ber að taka tillit til. Það er því vissa mín að Ríkisendurskoðun sjálf muni í framhaldi af þessu ganga eftir því að útbúnar verði verklagsreglur sem styðjast megi við í þessu efni og í öðru lagi er að sjálfsögðu einnig lagt til að heilbrrn., fyrir sitt leyti, sjái til þess að þær verði *mótaðar*. Á þeim grundvelli, herra forseti, með hliðsjón af því að ég tel, eins og ég sagði í upphafi, óhjákvæmilegt að Ríkisendurskoðun hafi lagalega stöðu til þess að sinna skyldum sínum, stend ég að áliti nefndarinnar.

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil taka undir þann skilning sem kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. e., og jafnframt leggja á það áherslu að með þessari lagabreytingu er verið að gefa Ríkisendurskoðun auknar heimildir til þess að sannreyna reikninga sem ríkinu er gert að greiða en ekki heimildir til þess að rjúfa það trúnaðarsamband sem óhjákvæmilegt er milli sjúklings og læknis eða þá þagmælsku og trúnaðarheit sem læknalög kveða á um. Á þessum grundvelli sameinaðist nefndin um að leggja til að frv. yrði samþykkt.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu hvaða skoðanir nefndin hefur á trúnaðarskyldu læknis við sjúkling sinn en hér samþykktum við, eins og ég hef áður getið í umræðu um þetta mál, frv. til læknalaga sem var 116. mál þingsins. Þar stendur, virðulegi forseti, og sá texti er orðinn að lögum í þessu landi, m.a. þetta. Ætla ég að lesa 16. gr. þeirra laga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings. Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.“

Þetta eru lög í landinu. Í frv. til laga um Ríkisendurskoðun sem nú er komið á afgreiðslustig er ekki stafkrókur um að neinar sérstakar reglur gildi um sjúkragögn og ég held ekki að það hafi jafnmikla þýðingu eða að það dugi til að nefndin lýsi vilja sínum og áhuga í nál. Nú kann að vera að ég hafi rangt fyrir mér en ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh. hvor lögin gildi verði þetta frv. að lögum eins og það er nú orðað. Alþingi Íslendinga getur ekki afgreitt tvo lagabálka á sama þinginu nema það sé alveg ljóst að ákveðin ákvæði tveggja lagabálka stangist ekki á. Því spyr ég enn og aftur: Hvor lögin mundu gilda? Og ég ítreka að ég tek mjög undir að trúnaður læknis og sjúklinga hans sé tryggður, en ég er nú meira í raun og veru að hugsa um margumrædda virðingu hins háa Alþingis, að við séum ekki að setja hér lög sem stangast á við önnur.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns er rétt að það komi fram að við könnuðum þetta mál mjög ítarlega og eins og nál. ber með sér kölluðum við ýmsa menn fyrir. Einn af þeim var ráðuneytisstjórinn í heilbrmrn. og það var hans skilningur ítrekað og hann var þráspurður um það og hann taldi að þessi lög stönguðust ekki á. Það var

ágætlega upplýst. Að vísu greinir lögfræðinga að einhverju leyti á um þetta eða það hefur komið upp einhver misskilningur, en sú leið sem nefndin fór var farin að vel íhuguðu ráði og við náðum samkomulagi sem ég held að allir hlutaðeigendur og þar á meðal landlæknir geti sætt sig við.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það er deginum ljósara að það mál sem hér er til umræðu er bæði í eðli sínu viðkvæmt, flókið og alls ekki þannig að hægt sé að afgreiða það að óathuguðu máli. Þess vegna kölluðum við á okkar fund fulltrúa bæði landlæknisembættisins, formann Læknafélags Íslands og fulltrúa frá Ríkisendurskoðun, auk ráðuneytisstjóra heilbrmrn. Það sem var fyrst og fremst til umræðu var þessi meginspurning: Á hvern hátt kann frv. að snerta þá brýnu persónulegu hagsmuni sem eru í húfi? Þetta var meginviðfangsefni nefndarinnar. Það var okkar niðurstaða eftir mjög vandlega athugun að frv. eins og það lægi hér fyrir bryti ekki í bága við læknalög og með þeirri umsögn sem nefndin sendi frá sér töldum við enn fremur girt fyrir þann möguleika sem vissulega hvarflaði að manni við fyrsta lestur frv.

Ég minni á að í þeim læknalögum sem hv. 13. þm. Reykv. nefndi áðan er sérstakur kafli um þagnarskyldu, 15. gr., en þar segir svo, með leyfi forseta: „Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar."

Ég tel að með skírskotun til þessa kafla í frv. og í ljósi þess að settar verði reglur þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmdina sé ekki ástæða til að ætla að farið sé freklega inn á einkalíf fólks í samskiptum þess við lækna.

Það er líka með skírskotun til viðræðna við fulltrúa Ríkisendurskoðunar og þess verklags sem þegar hefur verið tekið upp hjá Ríkisendurskoðun í meðferð slíkra mála að nefndin kom sér saman um að mæla með samþykkt frv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get stytt mál mitt mjög því að hv. síðasti ræðumaður kom að því sem ég ætlaði að benda á, að bæði í nýsettum læknalögum og svo eldri útgáfu læknalaganna er ljóst að þagnarskyldan er almenn regla sem þó getur þurft að víkja frá í einstökum tilfellum þegar ríkir hagsmunir bjóða, bæði vegna réttarrannsóknar og dómsmeðferðar mála, en einnig er gert ráð fyrir því að önnur lög, sem sömuleiðis eru þá sett af ríkum ástæðum, geti hafið upp þessi ákvæði læknalaganna. Það er beinlínis tekið fram, bæði í eldri ákvæðum og í þessum nýsettu lögum, í 10. gr. eldri laga og í 15. gr. hinna nýsettu laga. Ég held að það sé ljóst að sérlög gildi um sérstök tilvik af þessu tagi þar sem brýnir hagsmunir eru tvímælalaust á ferðinni, sem er eftirlit með opinberu fé eða meðferð opinbers fjár, og það er æðsta eftirlitsstofnun í ríkinu sem þarna á í hlut, Ríkisendurskoðun, og það hljóti að vera tilfelli af því tagi sem gert hefur verið ráð fyrir bæði við setningu þessara laga og í eldri lögum þar sem segir að lög geti boðið annað, enda sé þá rökstudd ástæða til að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Ég vek einnig athygli á því að það er ekki víst að ákvæði 16. gr. um afhendingu sjúkragagna eigi við í þessum tilfellum því það er ekki gert ráð fyrir því mér vitanlega að Ríkisendurskoðun krefjist í sína vörslu þeirra sjúkragagna sem hún þarf að komast að til að bera saman við ákveðnar upplýsingar.

Ég hygg að menn hugsi sér að það fari þannig fram að Ríkisendurskoðun fái heimild í gegnum sinn trúnaðarlækni til að bera saman þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi við þau grunngögn sem fyrir liggja hjá viðkomandi heilsugæslustöð, hjá viðkomandi lækni eða eftir atvikum hvar sem það er. Það sé sem sagt ekki eitt og hið sama að viðkomandi þurfi að afhenda, láta af hendi sjúkraskrá eða önnur slík gögn. Ég stend því í þeirri meiningu að verði sá háttur hafður á sem við leggjum til í okkar nál. sé fundin verklagsaðferð til að gæta þessa trúnaðar. Og ég hef fyllstu ástæðu til að ætla að það takist og án þess að brjóta í bága við ákvæði læknalaga eða annað sem hér á við.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég kem aðeins upp til að lýsa stuðningi við lagafrv. sem hér er flutt og enn fremur nál. frá fjh.- og viðskn. sem ég tel fullnægjandi í þessu máli.

Ég held að það væri ákaflega óeðlilegt ef Alþingi tæki ekki undir nauðsyn þess að taka af allan vafa í sambandi við mikilvægi þess að sú æðsta eftirlitsstofnun sem við höfum, þ.e. Ríkisendurskoðun, hafi fullan rétt til að kanna og fá tæmandi upplýsingar um það sem grunur leikur á að sé ekki í lagi í hvaða máli sem er. Ég teldi að það væri ákaflega gaman ef það væri eitthvað dregið úr gildi þess að sú stofnun hafi víðtækt vald til að rannsaka slík mál.

Auðvitað er hér um viðkvæm mál að ræða og dettur engum í hug að draga það í efa. Ég minni á að það hafa verið í gildi samningar á milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um meðferð þessara mála og hefur oftar en einu sinni komið upp ágreiningur um þessi mál. Ég get endurtekið það hér að ég hef fyrr á Alþingi gagnrýnt þessi samskipti og komið með fullgild dæmi um nauðsyn þess að á þessum málum væri tekið á annan hátt.

Ég hef upplýst það hér að sú eftirlitsskylda sem Tryggingastofnun ríkisins hefur er ekki fullnægjandi og hefur aldrei verið það. Sá aðili í Tryggingastofnuninni sem hefur átt að annast reglulegt eftirlit í sambandi við t.d. uppgjör sjúkrasamlaga við Tryggingastofnunina hefur verið í því formi árum saman, án þess að tryggingaráð eða aðrir slíkir hafi fengið rönd við reist, að þetta hefur verið langt á eftir,

stundum allt upp í tvö til þrjú ár að komast hringinn um landið í því eftirliti sem Tryggingastofnun átti að annast í sambandi við t.d. reikninga frá sjúkrasamlögum í landinu. Þess vegna er orðin fullkomin ástæða til að taka á þessum málum á annan hátt.

Án þess að ég sé að áfellast einn eða neinn er ljóst að hér hafa komið í ljós ýmis atriði sem hafa leitt grun að því að ekki væri allt með felldu og núna hefur Ríkisendurskoðun verið sett upp í beinu sambandi við Alþingi sem á að fjalla um öll slík mál. Ég legg áherslu á að ég tel að brýn nauðsyn sé að frv. sem hér er til meðferðar verði að lögum. Allt sem getur styrkt Ríkisendurskoðun í því að vera réttur eftirlitsaðili með meðferð opinberra mála er af því góða og við þurfum að skapa Ríkisendurskoðun þann stuðning að þar verði ekki neinn meinbugur á. Ég tel að þetta mál sé alveg sérstaks eðlis og það er löngu, löngu kominn tími til að taka sterkt á þessu máli.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki von að mönnum gefist tími til að skoða mál sem er verið að keyra í gegn á síðustu dögum þingsins. Menn hafa talað hver í kapp við annan um að það hafi verið ágreiningur um þessi mál, það sé ágreiningur um þau. Af hverju skyldi það vera? Vegna þess að auðvitað hefði þurft að athuga, láta t.d. lagadeild Háskóla Íslands ganga úr skugga um hvernig þessi tvenn lög stæðust fyrir dómi.

Ég sé fyrir mér ef eitthvert slíkt mál kemur upp. Í lögum um Ríkisendurskoðun, sem væntanlega verða til hér í dag, — segir ekki einu sinni í lögum heldur í nefndarálitinu — að það verði að móta verklagsreglu sem kveði m.a. á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum. Í læknalögum segir að þessi maður sé landlæknir. Skyldi nú ekki landlæknir fara á stúfana ef slíkt mál kæmi upp? Ekki yrði ég hissa þó að tryggingayfirlæknir teldi sig eiga að koma eitthvað nálægt þessu máli þegar sjúkratryggingadeild vill gera athugasemdir við reikninga sjúkrasamlaganna.

Það sem ég er einfaldlega að tala um hér er að mér þykir vægast sagt losaralega frá þessu gengið og a.m.k. ákaflega kyndugt að samþykkja lög sem kveða nokkuð ákveðið á um þagnarskyldu lækna og rétt sjúklinga, þ.e. læknalögin, en setja svo lög nokkrum vikum seinna sem taka þessa þagnarskyldu aftur.

Ég vara hv. alþm. við að fljótlega kunni slík vafamál að koma upp. Ég verð að segja að ég er orðin dálítið hneyksluð á hvernig rætt er um þessi mál. Það er stundum eins og öll læknastéttin sé meira og minna undir grun um misferli. Sem betur fer heyrir það heldur til undantekninga. Ég tel mikilvægara í stuttu máli að vernda rétt sjúklinga en að ná í skottið á einhverjum einum misferlismanni á margra ára fresti. Ég verð að segja það hreinskilnislega. Mér finnst það mikilvægara.

En ég skal ekki vera að tefja afgreiðslu þessa máls sem mönnum er svo mikið í mun að nái fram að ganga, en ég vildi biðja hæstv. heilbr.- og trmrh. að segja mér: Er landlæknir þá ekki maðurinn sem á að fá að sjá sjúkragögn sem vafi leikur á hvort eigi að skoða og hver velur þennan sérstaka trúnaðarlækni sem það á að gera? Mér finnst fleiri spurningum þarna ósvarað en svarað. Ég vara við lagasetningu af þessu tagi. Ég hef raunar gert það áður og lítinn hljómgrunn fengið. En Alþingi er nú einu sinni ekki að lýsa einhverjum vilja sínum í einhverjum nál. Menn eru hér að setja landinu lög.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Vegna fjarveru frá þingstörfum seinustu þrjá daga hef ég ekki fylgst með því alveg nákvæmlega hvernig þessi umræða hefur gengið fram, en auðvitað er mér vel kunnugt um, eins og hefur margkomið fram í umræðunni, þau mál sem liggja til grundvallar því sem hér er verið að ræða og hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu í vetur.

Nú er það svo að frv. um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun er almenns eðlis og fjallar um aðgang Ríkisendurskoðunar að undirgögnum og hlýtur auðvitað að geta átt við í ýmsum málum öðrum en þeim sem hér hafa verið dregin sérstaklega inn í umræður og varða mál einstakra lækna og samskipti þeirra við Tryggingastofnun.

Hitt er vitað að í vetur hafa verið uppi nokkur slík mál. Það hafa verið fundahöld milli Tryggingastofnunar og samtaka lækna, Læknafélags Íslands og heimilislækna, um þessi mál og hvernig að þeim væri best staðið. Í augnablikinu hafa menn komið sér saman um vinnureglu eða verklagsreglur eins og hér er talað um sem við erum að láta reyna á hvort ekki getur náðst um bærilegt samkomulag.

Það er ljóst að að sjúkraskýslum eða sjúkragögnum fara ekki aðrir heldur en læknar. Það hefur aldrei verið í umræðu annað. Þar hafa engir aðrir embættismenn Tryggingastofnunarinnar en læknar aðgang, ekki eins og kom fram einhvers staðar í blaðaskrifum í vetur að „skrifstofupíur" hjá Tryggingastofnun, ef ég man orðalagið rétt, væru að hnýsast í sjúkraskrár. Það hefur aldrei verið svo. Það hafa verið trúnaðarlæknar sem þetta hafa gert, trúnaðarlæknar Tryggingastofnunarinnar. Í sumum tilfellum er það líka svo að landlæknisembættið hefur farið yfir sjúkragögn og verið til kvatt.

Ég veit ekki nákvæmlega hvað hefur farið fram í umræðum milli fulltrúa í fjh.- og viðskn. og þeirra embættismanna sem þar hafa verið kvaddir til og fram kemur í nál., en þar er um það rætt að heilbrmrn. hafi forustu um að móta verklagsreglur. Ég býst við að það hafi komið fram á þeim fundum samt að slíkar verklagsreglur hafa verið í undirbúningi í vetur og við höfum verið að ræða um það hvernig ætti að standa að þessu máli. Ég vænti þess að það hafi komið fram á fundum með fjh.- og viðskn. að við höfum verið að reyna að finna þær aðferðir sem

allir gætu sætt sig við í þessu efni.

Ég treysti mér ekki til að gerast dómari um það, ef lög stangast á eða ákvæði þeirra fara eitthvað í bága hvort við annað, hvor lögin eigi að gilda eins og hv. 13. þm. Reykv. Guðrún Helgadóttir spurði mig um. En ég vænti þess, og mér finnst það reyndar vera nokkuð ljóst, að eins og þau ákvæði eru í lögunum núna geti þetta gengið upp og gengið saman og eins og formaður og frsm. fyrir fjh.- og viðskn. lýsti áðan í umræðunum hafi það komið fram á fundinum að t.d. ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. hafi talið að þetta gæti gengið upp eðlilega samkvæmt lögunum eins og þau nú hljóða og þar sem talað er um það að ef rökstudd ástæða sé til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar verði það að gerast.

Ég ítreka hins vegar þá skoðun mína að í sjúkraskrár eiga ekki að fara aðrir en læknar, trúnaðarlæknar. Ég vil hafa það opið á þessu stigi að kveða upp úr um það hvort sá trúnaðarlæknir eigi að vera einn eða einhver af læknum Tryggingastofnunarinnar, tryggingayfirlæknir eða einhver af hans starfsmönnum, hvort það á að vera landlæknir eða hvort það á hreinlega að vera trúnaðarlæknir sem tilnefndur er beint af ráðherra. Mér finnst það ekkert útilokað að slíkt kæmi til í þessu efni, ef menn setjast niður og móta ákveðnar starfsreglur og koma sér saman um þær, að þá væri það sérstakur trúnaðarlæknir, einn enn sem gæti komið til með að vera sá aðilinn sem ætti að hafa þetta eftirlit með höndum. (**GHelg:** Í hvaða tilvikum á þá ákvæðið um „landlækni einum" við?) Ég get ekki svarað því á þessu stigi hvernig að þessu verður staðið, hvort það verður svo að þarna kæmi til landlæknisembættið sem vissulega er eftirlitsaðili og sjálfsagt ekki ólíklegt að við mundum skoða mjög náið hvort það eigi að vera landlæknisembættið sem á að gegna þessari skyldu eða hvort það yrði samkomulag um það, mér finnst ekkert útilokað að það gæti orðið samkomulag um að það yrði einhver enn annar aðili sem fengi þá tilnefningu samkvæmt samkomulagi að heita sá trúnaðarlæknir, trúnaðarmaður þá heilbrrn. sem færi þá með þetta eftirlitsvald.

Öðru held ég að ég geti ekki svarað þessum spurningum hv. þm. á þessu stigi. Ég ítreka að þetta hefur verið mjög til umræðu í vetur milli aðila, bæði heimilislækna og Læknafélags Íslands annars vegar og Tryggingastofnunarinnar hins vegar og í dag veit ég ekki annað en að í gildi séu verklagsreglur sem menn eru tilbúnir til að láta reyna á og það verður þá að koma í ljós hvort þær hafa þá annmarka að það samkomulag verði að taka upp og finna aðrar leiðir eða aðrar aðferðir til þess að framfylgja þessu nauðsynlega eftirliti.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Ég á sæti sem áheyrnarfulltrúi í hv. fjh.- og viðskn. sem hefur lagt til að frv. verði samþykkt. Ég verð að segja það að umræðan í nefndinni var svo sem eins og spegilmynd af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, eingöngu um læknaþáttinn. Ég get að vísu fallist á að þar þurfi að fara varlega, en þetta mál er bara mikið stærra en það að eingöngu eigi að horfa til læknastéttarinnar.

Hér er verið að veita Ríkisendurskoðun mjög víðtækt vald. Þeir geta farið í bókhald hjá hverjum þeim sem fær fé eða ábyrgðir úr ríkissjóði. Ég tel að þetta vald sé allt of víðtækt og beri að fara varlega í að afhenda Ríkisendurskoðun slíka heimild. Það eru fleiri aðilar sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu en læknar. Það þarf varla að nefna nein dæmi, en það má taka til t.d. verktaka. Það á ekki að opna þeirra bókhald fyrir slíku.

Ég vil þar af leiðandi taka undir það nál. sem kom úr Ed. frá minni hl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir að Ríkisendurskoðun verði veitt mjög víðtæk lagaleg heimild til þess að rannsaka bókhald og grunngögn reikninga sem ríkinu er ætlað að greiða samkvæmt lögum, verksamninga o.fl. Er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun geti krafist þess að fá aðgang að bókhaldi einkaaðila og fyrirtækja þeirra.

Hér er allt of langt gengið og um óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af fjárreiðum einstaklinga að ræða."

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram hér í umræðunni að menn væru með það alveg skýrt og klárt að það er um fleira að ræða en læknastéttina á Íslandi þegar þessi lög eru samþykkt.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af þeim sem voru á móti þeirri breytingu sem var gerð þegar Ríkisendurskoðun var sett undir Alþingi. Mér finnst, þótt báðar stofnanirnar séu hreinar og fallegar í mínum huga og ég viti ekki til þess að blettur hafi fallið á þær, það vera að óhreinka Alþingi að vera að hengja einhvers konar framkvæmdarvald á löggjafarvaldið, hvað svo sem ríkisstofnunin heitir sem hengd er á Alþingi.

Hér erum við að gera Ríkisendurskoðun að framkvæmdarvaldi Alþingis. Alþingi er sem sagt ekki lengur bara löggjafarvald, heldur á þessum sviðum framkvæmdarvald og það líst mér illa á. Ef við viljum sækja dæmið langt segi ég: Hver á að endurskoða þá sem eru yfir Ríkisendurskoðun? Alþingi eyðir stórfé í sinn rekstur. Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Ríkisendurskoðun heyrir undir forseta Alþingis. Þarf þá að setja einhverja nýja yfirskoðun á Alþingi sem er utan við Ríkisendurskoðun til þess að allir séu jafnir fyrir lögunum?

Ég er á móti því að Alþingi taki að sér nokkurt annað hlutverk en að vera löggjafarvald og tel allt annað rangt. Frv. sem hér liggur fyrir er að því leytinu gallað að það fer langt út fyrir þann ramma sem gaf tilefni til þess að breyta lögum um Ríkisendurskoðun. Það fer langt út fyrir þann ramma og það þýðir ekkert annað en það að úr því að Ríkisendurskoðun hafði ekki vald til þess að gera það sem hún vildi og skoða það sem hún vildi í þeirri læknadeilu sem hér hefur verið minnst á í umræðun-

um notaði hún tækifærið til þess að sækja vald langt út fyrir það sem hana skorti í þeirri deilu. Og það er að mínu mati ekki rétt. Það er rangt að farið.

Ég vil spyrja vegna þess að ég held að ég skilji það rétt: Það er ekkert óhult fyrir Ríkisendurskoðuninni. Með frv. samþykktu eru hvorki einstaklingar né aðrir sem samskipti hafa við ríkissjóð, ríkisstofnanir, í hverju sem er, undanskildir Ríkisendurskoðun. Og þá segi ég: Hvað með bankaleyndina? Þetta eru ríkisbankar. Þeir taka erlend lán. Þeir hafa ríkisábyrgð. Þeir fullnægja öllu því sem frv. segir um að Ríkisendurskoðun hafi heimild til þess að skoða. Trúnaður milli einstaklinga og banka, milli einstaklinga og verktaka og fyrirtækja og ríkisins er rofinn. Það er ekki eins og það vanti ríkisstofnanir sem hafa aðgang að einkafyrirtækjum. Það er alveg sama hvort þú tekur skref í rekstri til hægri eða vinstri, aftur á bak eða áfram. Einstaklingurinn rekst alltaf á einhverja ríkisstofnun sem skoðar hann. Og nú er Ríkisendurskoðunin sjálf komin inn í þessa hringiðu.

Mér finnst að Alþingi sé sett niður við það að verða gert að framkvæmdarvaldi á þennan hátt eða einhvern annan hátt. Það á að vera algjörlega laust við allan rekstur, hverju nafni sem hann nefnist, hvort sem það heitir Ríkisendurskoðun eða eitthvað annað. Ef ekki er hægt að treysta fjmrn. til þess að vera einhvers konar yfiraðili, yfirvald, yfir Ríkisendurskoðuninni eins og það var, þó svo að fjmrn. skipti sér afskaplega lítið af beinum rekstri eða vinnu Ríkisendurskoðunar, skulum við heldur finna eitthvað annað sem gerir Ríkisendurskoðun sjálfstæða, bæði af framkvæmdarvaldinu og af löggjafarvaldinu þannig að þeir geti starfað á þann hátt sem nauðsynlegt er, en að þeir fái ekki vald til þess að fara út fyrir það sem er nauðsynlegt og heiðarlegt gagnvart öðrum aðilum eins og t.d. einkaaðilum.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hef ekki fylgst náið með framvindu þessa máls, en það hefur verið til umræðu í mínum þingflokki á vissum stigum. Ég hef á þeim vettvangi lýst þeirri skoðun minni og vil að það komi fram hér að menn þurfi að gæta sín afar vel í sambandi við lagasetningu af því tagi sem hér er til umræðu og ég vil ekki liggja á því að mér finnst að þau lagaákvæði, sem hér er gerð tillaga um í frv. til laga um breyt. á lögum um Ríkisendurskoðun, séu ekki mótuð með þeim hætti sem æskilegt væri. Ég skil vel það markmið sem menn hyggjast ná með frv., þ.e. tryggja að hægt sé að viðhafa eðlilega bókhaldslega endurskoðun á reikningum sem framvísað er til Tryggingastofnunar og ríkinu er ætlað að greiða. Það er mjög eðlilegt markmið. Ég tel hins vegar að sú afdráttarlausa heimild sem í rauninni er verið að lögfesta í 1. gr. frv. gangi það langt að menn þurfi að staldra við áður en hún er lögfest. Það er nefnilega kannski ekki bara þetta eina afmarkaða mál sem hér er á ferðinni. Menn standa hér frammi fyrir þessu: Hvað eiga menn að fara langt út á þá braut að hleypa aðilum í einkamál manna á ýmsum sviðum til endurskoðunar og e.t.v. til skráningar? Ég held að þörf gæti verið á því fyrir Alþingi í rauninni að taka þau mál öll til sérstakrar athugunar, hvort sem það eru endurskoðendur vegna fjárreiða, bókhaldslegrar endurskoðunar, hvort það eru lögregluyfirvöld til athugunar á málum og annað af því tagi. Alveg sérstaklega er nauðsynlegt nú á tölvuöld að einstaklingurinn sé varinn gegn upplýsingaöflun af því tagi sem víða er í gangi sem hægt er að beita gegn mönnum með óeðlilegum hætti. Ég er ekki að segja að þetta eina afmarkaða mál sé út af fyrir sig inni í því samhengi nema sem spurningin um tengsl við annað sem er á ferðinni í okkar samfélagi í þessum málum, og ekki bara hér á Íslandi heldur víða erlendis, vegna upplýsingasöfnunar og innfærslu í upplýsingakerfi sem getur veitt mönnum aðild til óeðlilegrar íhlutunar um málefni sem varða menn eingöngu persónulega og hægt er að misbeita. Ég nefni það að t.d. í Vestur-Þýskalandi, ég hef fylgst svolítið með því, hafa verið miklar umræður uppi einmitt um upplýsingasöfnun, tengist þar m.a. svokölluðu innra öryggi, tölvuskráningu á heimildum um einstaklinga, og það væri fyllsta ástæða til þess að gaumgæfa þau mál hér og nú þó að sérstök nefnd, svokölluð tölvunefnd, held ég, fjalli um slíkar skráningar, en Alþingi þarf að vera á varðbergi til verndar þegnunum í þeim efnum.

Það sem stendur hér í þessum texta, herra forseti, er á þessa leið:

„Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.“ Þetta er löng málsgrein og hún felur í sér mjög afdráttarlausa heimild í þessum efnum. „Aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum.“ Þetta er lagatexti. Síðan kemur þetta nál. sem mér finnst nú ekki móta stefnu um hvernig á þessu verði haldið með þeim hætti að viðunandi sé. Mér finnst það ekki. Það segir hér:

„Nefndin telur að heilbrmrn. beri að hafa forustu um að móta verklagsreglur sem kveði m.a. á um að sérstakur trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar á sjúkragögnum sem liggja til grundvallar greiðslum til lækna.“

Þetta eru svona tilmæli til framkvæmdarvaldsins í þessum efnum og að trúnaðarlæknir annist athuganir Ríkisendurskoðunar. Það er áfram talað um athuganir Ríkisendurskoðunar. Maðurinn er á vegum Ríkisendurskoðunar að þessu eins og skilja má þennan texta nál. Mér finnst þetta ekki vera undirbúið með þeim hætti. Ég hefði kosið að menn leituðu annarra leiða varðandi bókhaldskvaðir lækna til þess að unnt sé að uppfylla eðlilega bókhaldsendurskoðun án þess að verið sé að fara í

sjúkragögnin sjálf. Eru ekki möguleikar á því að sjúklingar kvitti fyrir með beinum hætti það sem reikningsfært er — ég spyr — þannig að slík staðfesting liggi fyrir? Og maður spyr sig líka: Hvað verður mikið um endurskoðun af þessu tagi? Hvað tortryggja menn læknastéttina mikið í þessum efnum? Það er vafalaust víða pottur brotinn, ekki bara þar heldur víðar þar sem ástæða er til bókhaldslegrar endurskoðunar og það er auðvitað nauðsynlegt að finna skilvirkar leiðir til að hún geti farið fram. En ég staldra við í þessu efni. Ég á mjög erfitt með að greiða frv. atkvæði eins og það liggur fyrir.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram ákaflega áhugaverðar og málefnalegar umræður um mjög stóra spurningu er varðar það grundvallaratriði hversu langt ríkinu á að leyfast að seilast inn í mál einstaklinga og fyrirtækja í landinu og væri vissulega fagnaðarefni að slík umræða ætti sér oftar stað. Ég er a.m.k. ekki í nokkrum vafa um það að oft væri tilefni til slíkrar umræðu í ljósi þeirra kynstra af lagabálkum sem hið háa Alþingi afgreiðir á ári hverju. Hér er vitaskuld líka tilefni og síst ástæða til þess að víkjast undan því að ræða þetta út í nokkurn hörgul.

Ég held hins vegar að í þessum umræðum hafi menn um of ýkt áhrifin af því ef frv. verður að lögum. Ég minni á að grundvallaratriðið að baki þessara laga er einfaldlega sú tilraun ríkisvaldsins sem viðskiptaaðila að hafa gát á því með hvaða hætti fé rennur úr ríkissjóði. Hafa eftirlit með þeim reikningum sem ríkinu eru sendir, eftirlit sem þykir sjálfsagt alls staðar þar sem virkt kostnaðareftirlit á sér stað í samskiptum og viðskiptum manna og fyrirtækja á milli. Hér er ekki um það að ræða að lagt sé til að Ríkisendurskoðun fái algilt vald til þess að fara ofan í fjárreiður manna. Einfaldlega er verið að leggja til að Ríkisendurskoðun sem fulltrúi hins háa Alþingis hafi möguleika á því að sannreyna að þeir reikningar sem hið opinbera greiðir séu réttir. Rétt eins og þegar tveir óskyldir aðilar stofna til viðskipta sín á milli, sá sem kaupir vöruna sannreynir alla jafna að reikningurinn sem að baki býr sé réttur og eðlilegur. Í þessu sambandi vil ég lesa tilvitnun í 1 gr. þessa frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.“

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Hér hefur vitaskuld komið til umræðu það mál sem spratt upp í vetur og varðar samskipti ríkisins við tiltekið embætti innan heilbrigðiskerfisins. Það er augljóst mál að tilefni frv. er einmitt þetta mál og það kemur raunar fram í grg. frv. svo að það er ekki að ástæðulausu í sjálfu sér að við ræðum þessi mál sérstaklega. Ég minni á í því sambandi að þrátt fyrir að talið hefði verið að skort hefði heimildir þá fór það nú svo að Ríkisendurskoðun, í framhaldi af niðurstöðu innsetningarmáls sem hún taldi sig knúna til þess að hefja, fékk í hendur þetta vald sem menn hér hafa nú talið að gæti stafað svo mikil hætta af fyrir einstaklingsfrelsið í landinu. Á grundvelli þessa innsetningarmáls náði Ríkisendurskoðun þeim tilgangi sínum sem stefnt er að með frv. Þessu hlýt ég að vekja athygli á.

Ég tel, herra forseti, að málið eigi skilið miklar og málefnalegar umræður vegna þess að þetta varðar mikilvæga spurningu. Að mínu mati brýtur frv. ekki í bága við þær grundvallarhugmyndir sem ég tel að borgaralegt þjóðfélag byggist á og eigi að byggjast á. Af þessari ástæðu treysti ég mér fyllilega til þess að greiða þessu frv. atkvæði.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Það frv. til laga um breyt. á lögum nr. 12 frá 1986, um Ríkisendurskoðun, sem hér liggur fyrir er mjög merkilegt fyrir þær sakir að verið er að ganga inn á alveg nýjar brautir. Grundvallarregla í íslensku stjórnarfari er þrískipting ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Hér á þinginu varð hæstv. dómsmrh. að leggja fram frv. fyrr í vetur til þess að skilja hér á milli þar sem hann vildi koma því þannig fyrir að það væru skarpari skil varðandi dóms- og framkvæmdarvald. Nú leggja forsetar Sþ. og Ed. hins vegar fram frv. um að sameina löggjafarvald, framkvæmdarvald, og dómsvald að hluta til. Það er náttúrlega fyrst og fremst hlutverk Alþingis að setja lög, en ekki að fara með framkvæmdarvald.

Þessi lög fjalla raunverulega um það að verið er að koma á laggirnar nýju bákni við hliðina á Alþingi þar sem Ríkisendurskoðun er að seilast inn á svið framkvæmdarvaldsins. Þetta er mjög hættuleg braut. Ríkisendurskoðun er samkvæmt frv. heimilt að krefjast greinargerða, grundvallargagna eða skýrslna sem eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum. Það væri auðvitað eðlilegri skipan mála að slíkt færi fram í hverju ráðuneyti fyrir sig. Það væri ekkert óeðlilegt, fyrst hér hefur verið rætt um læknamálið sérstaklega, að Tryggingastofnun sæi um þetta og tilkynnti Ríkisendurskoðun um þá niðurstöðu því það er reyndar hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins. Hér er æ meira verið að fara í vitlausa átt. Það er verið að setja saman í lagabálka framkvæmdarvald og löggjafarvald og ég held að það sé mjög óheppilegt og alrangt.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. 5. þm.

Reykv. sagði hér og einnig það sem hv. 13. þm. Reykv. sagði. Ég held að það sé rétt að hér er verið að setja lög eða breyta lögum í alranga átt. Þar að auki held ég að þessi ákvæði gangi á svig við setningu ýmissa annarra laga og mjög vafasamt sé að þau standist í raun.

Ég get einnig tekið undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan. Ég held að þau viðvörunarorð sem hann hafði um þessi lög séu réttmæt. Það er ekki gott ef Alþingi Íslendinga ætlar nú að fara að taka þá stefnu að taka raunverulega í sínar hendur framkvæmdarvald og að hluta til dómsvald því að sumt af því sem Ríkisendurskoðun hefur heimild til að gera er í rauninni dómsathöfn. Það er í rauninni eðlilegra að bera undir dómstóla hvort ákveðin atriði eru heimil eður ei. Við verðum að átta okkur á því að til þess að Alþingi haldi löggjafarvaldinu og einbeiti sér að lagasetningu og framkvæmd þeirra er mjög æskilegt að það sé ekki jafnframt með fingurna ofan í hlutum sem heyra undir framkvæmdarvaldið og jafnvel dómsvaldið. Ég átta mig á því að sjálfsögðu að mönnum sem hafa verið hér í fjvn. brennur það á hjarta að farið sé vel með fjármuni sem við veitum héðan. Það er að sjálfsögðu mjög æskilegt að við gerum það. En ég held að við verðum að treysta framkvæmdarvaldinu, þeim ráðherrum sem fara með framkvæmdarvald hverju sinni. Þeir hafa með það að gera að fylgjast með því að þeim fjármunum, sem þeir fá, sé eytt eða farið með þá eins og ætlast er til. Það þarf ekki að auka vald Ríkisendurskoðunar til þess. Þess vegna er þetta mjög óeðlilegt og gengur alveg á svig við þrískiptingu ríkisvaldsins og er óæskileg og röng þróun. Ég get ekki stutt svona frv. og ætla að vona að menn haldi sig við það að hér sé löggjafarvald.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg nú að það væri fróðlegt fyrir hv. síðasta ræðumann að kynna sér þá umræðu sem lá að baki og var lögð til grundvallar þegar ákvörðun var tekin um að flytja Ríkisendurskoðun frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til Alþingis. Það mundi kannski skýra ofurlítið fyrir honum stöðu stofnunarinnar og hvers vegna hún starfar nú í raun og veru sem hluti af fjárveitingavaldinu og við hlið Alþingis við fjárlagagerð.

Ég vil bara segja að ég held að menn verði að gæta hófs við umræðu af þessu tagi á báða bóga og einnig að gæta hófs gagnvart þessari stofnun, Ríkisendurskoðun, sem er falið mjög mikilvægt hlutverk í þjóðfélaginu. Ég vil leyfa mér að trúa að hún hafi ráðið til sinna starfa vandað fólk. Mér er líka kunnugt um það að á þeim bæ eru gerðar strangar ráðningarkröfur og starfsfólk látið undirrita sérstaka trúnaðareiða sem ganga lengra heldur en skyldur opinberra starfsmanna almennt gera að öðru leyti.

Ég vil líka biðja menn að hafa í huga og ræða hvort ástæða sé til að ætla að það veki meiri tortryggni og ógni í raun og veru meir friðhelgi einstaklinganna í landinu að Ríkisendurskoðunin fái þessar heimildir en sú meðferð sjúkragagna sem á sér stað út um allt þjóðfélagið í dag. Ég vil biðja menn að hugleiða stöðu einstaklinga á Þórshöfn sem hafa búið við það að hafa allt upp í 10 lækna á sama árinu og skiptin stundum orðið næstum vikulega. Halda menn að hver einasti íbúi byggðarlagsins hafi samið persónulega um trúnað við hvern og einn lækni í hvert skipti? Ætli æðimargar sjúkraskrár hafi ekki verið lesnar af einum manninum á fætur öðrum og þar með í trausti þess að hin almenna þagnarskylda læknа væri hluti af starfinu og þyrfti ekki að ganga persónulega frá þeim málum í hvert og eitt skipti við hvern og einn sjúkling? Það sem hér er nauðsynlegt að fá á hreint er fyrst og fremst það hvort ekki beri að líta svo á að þagnarskylda læknа, sbr. læknalög, sé almennur hluti af starfsskyldum þeirra og eigi við um hvern og einn lækni og í hvert og eitt skipti sem hann umgengst trúnaðarupplýsingar af þessu tagi. Það er minn skilningur og þess vegna tel ég að tilkoma sérstaks trúnaðarlæknis sem annist þessa milligöngu sjái a.m.k. jafn vel fyrir því að þessi trúnaður og þagmælska sé virt eins og gerist og gengur mjög víða úti í heilsugæslukerfinu. Ég minni líka á nýju heilsugæslustöðvarnar og þá staðreynd að þar eru þúsundir sjúklinga sem ekki hafa valið sér tiltekinn og sérstakan heimilislækni heldur leita til stöðvarinnar og sækja þjónustu hjá hverjum þeim lækni sem þá kann að vera til staðar og tilbúinn til þess að taka á móti sjúklingum. Hver er þá orðinn eðlismunurinn á því að þessar upplýsingar fari í gegnum hendurnar á sérstökum trúnaðarlækni sem annist þessa milligöngu fyrir hönd Ríkisendurskoðunar? (**Forseti:** Ég vil minna hv. ræðumann á að hann hefur aðeins rétt til að gera örstutta athugasemd en ef hann vill ljúka máli sínu þá er honum það heimilt með einhverjum setningum.)

Já, ég þakka forseta. Ég ætlaði að ljúka máli mínu með því að benda mönnum á að lesa 1. gr. frv. sem hér er til umræðu, þ.e. niðurlagið, þar sem segir að verði ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar skv. þessari grein geti ríkisendurskoðandi leitað úrskurðar sakadóms. Staðan er sú í dag að Ríkisendurskoðun getur þurft að gera það í hverju einasta tilfelli ef hún ætlar að fara ofan í saumana á svona málum. Það er ekki heppilegt fyrirkomulag að gera þannig hvert einasta tilfelli, sem Ríkisendurskoðun reynir að sinna skyldu sinni í, sjálfkrafa að dómsmáli. Við það býr stofnunin í dag og það er að mínu mati mjög eðlilegt að menn vilji reyna að komast hjá slíku og er öllum fyrir bestu.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Skv. lögum um Ríkisendurskoðun er eitt meginhlutverk þeirra að fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Það er hennar fyrsta og fremsta hlutverk sem stofnunar sem heyrir undir löggjafarsamkomuna Alþingi. Að sjálfsögðu getur Ríkisendurskoðun ekki fylgst með framkvæmd fjárlaga nema hún geti staðreynt það, ef hún telur þess þurfa, að þjónusta hafi komið fyrir þær greiðslur

sem ríkið er krafið um í því sambandi. Það segir sig auðvitað sjálft að ef Ríkisendurskoðun getur ekki staðreynt þetta þá getur hún ekki fylgst með framkvæmd þeirra greiðslna sem Alþingi hefur áætlað fyrir slíka þjónustu á fjárlögum. Það er alveg sama hvort í þessu sambandi um er að ræða heilsugæsluþjónustu sem ríkisvaldið á að greiða fyrir eða aðra þjónustu sem ekki tengist heilsugæslumálum, að Ríkisendurskoðun á fyrir hönd Alþingis að fylgjast með því að það hafi komið þjónusta fyrir þá fjármuni sem greiddir eru í hennar nafni. Það getur hún að sjálfsögðu ekki gert nema með því að geta sjálf staðreynt það að sú þjónusta hafi verið innt af hendi.

Út af því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan, þá vil ég aðeins taka það fram að það er ekki bara þetta eina fordæmi sem hann rakti í sinni ræðu sem er ástæðan fyrir því að rétt þykir að flytja það frv. sem hér er til umræðu. Ég hvet hv. þm. til þess að kynna sér það sjálfa. Þá munu þeir komast að raun um að ástæðurnar eru fleiri, þær eru fleiri en tvær og þær eru fleiri en þrjár. Það er ekki gert að gamni sínu í þessum efnum þegar lagt er fram frv. eins og það sem hér liggur fyrir. Það eru fleiri en ein ástæða, fleiri en tvær og fleiri en þrjár sem búa því að baki að þetta er talið nauðsynlegt.

Í annan stað skulu menn huga að því að það eru að sjálfsögðu fleiri en læknarnir einir sem sinna viðkomandi sjúklingi sem fá þær upplýsingar fyrr eða síðar sem hér er vikið að. Læknarnir hafa aðstoðarfólk sem í mörgum tilvikum er ekki heilbrigðismenntað. Það fjallar um þessar skýrslur og er ekki bundið sérstökum trúnaðarskyldum umfram almennar trúnaðarskyldur þeirra sem slík störf vinna. Þannig að upplýsingar þær sem hér er um rætt fara fyrir augu fleiri en eins læknis, fara fyrir augu fleiri en menntaðra lækna. Þær fara einnig í mjög mörgum tilvikum fyrir augu aðstoðarfólks lækna og jafnvel fólks sem vinnur við heilbrigðisþjónustu og er alls ekki sérmenntað.

Í þriðja lagi skyldu menn gæta að því að það er ekki bara spurning um það að ríkið sé að fara inn á svið um upplýsingar um einkahagi manna. Það er komið svo hér í okkar ágæta landi að menn geta keypt sér slíkar upplýsingar. Aðili sem hugsar sér t.d. að afla fjár til einhvers viðfangsefnis með happdrætti getur keypt sér upplýsingar um það hverjum hann eigi að senda slíka miða. Annaðhvort getur hann keypt sér upplýsingar um það og greitt fyrir það og annast síðan útsendingarnar sjálfur eða samið við fyrirtækið að taka þetta að sér fyrir hann gegn því að ákveðin þóknun sé greidd fyrir andvirði hvers selds miða. Yfirleitt er þarna um gírósendingar að ræða og það er það einfaldasta af öllu einföldu að keyra saman þær upplýsingar sem koma af tölvudiski frá bönkum um það hverjir greiða slíka gíróseðla og hverjir greiða ekki. Það einfaldasta af öllu einföldu er að finna út hverjir það eru í þessu þjóðfélagi sem yfirleitt greiða slíka reikninga. Og hvaða fólk skyldi það nú vera? Það er gamla fólkið. Það er gamla fólkið sem hefur vanist því að greiða þá reikninga sem það fær, fyrir hvað svo sem þessir reikningar eru, og það er engin tilviljun að það er þetta fólk sem er á útsendingarlista flestra þeirra fyrirtækja sem annaðhvort selja skrár yfir þá sem rétt sé að snúa sér til til að safna fé hjá eða selja happdrættismiða. Margt af þessu gamla fólki, ég hef séð það sjálfur, er að fá happdrættismiðasendingar frá ólíklegustu aðilum sem sendar eru út samkvæmt gírókerfi sem hafa verið fest kaup á hjá tilteknum aðilum í borginni og hafa meira að segja gengið svo langt að forráðamenn fjölmennra félagasamtaka fá varla nokkurn frið fyrir þessum aðilum sem vilja fá keyptar hjá þeim eða hjá félögunum skrárnar yfir félagsmenn til að nota í slíkum tilgangi. Sumir aðilar í þessu landi selja sínar félagaskrár m.a. til innflytjenda og annarra umboðsmanna varnings. Nefni ég þar sérstaklega til barþjónasamtökin sem selja umboðsmönnum áfengis skrá yfir félagsmenn sína sem reka eða stunda barþjónustu á Íslandi. Það er hinn mesti misskilningur, herra forseti, að hér sé það eitthvert fordæmi sem hið opinbera sé að gefa til þess að ganga að upplýsingum um einkahagi manna sem sé gersamlega fordæmalaust á Íslandi. — Ég heyrði að hv. þm. Albert Guðmundsson kallaði fram í og spurði hvar fá mætti slíka skrá keypta. Ég legg til að hann athugi það sjálfur hjá fyrrv. starfsbræðrum sínum í stéttinni.

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaðist ekki til að þessi umræða færi svo út um víðan völl sem hún hefur gert. Ég gerði athugasemd við einfaldlega það að mér finnst óljóst hver á að gera hvað þegar um er að ræða að rannsaka gögn eins og sjúkragögn. En auðvitað gæti maður spurt fleiri spurninga. Ég hefði t.d. gaman af að heyra álit hv. 1. þm. Vestf. á því: Ef Einar Guðfinnsson og co. fær styrk úr Byggðasjóði til einhverra nýbygginga, vill stækka við sig og byggja fallegt hvítt hús með bláu þaki, þýðir það að þá geti Ríkisendurskoðun hvenær sem er komið og krafist þess að fá að fara ofan í allar fjárreiður fyrirtækisins? Ég sé ekki betur en þetta sé svona.

Stjórnmálaflokkarnir fá ríkisstyrk. Getur Ríkisendurskoðun hvenær sem er krafist þess að fá að skoða fjárreiður viðkomandi stjórnmálaflokka til botns? Kirkjukórinn á Blönduósi fær styrk til utanfarar. Getur Ríkisendurskoðun komið og farið ofan í fjárreiður allra kórfélaga eða ef einhver sjóður er til á vegum kórsins? Hvað í raun og veru þýða þessi lög? Getur Ríkisendurskoðun komið og sagt: Ég vil fá að sjá bankainnistæður félaganna í kirkjukórnum á Blönduósi. Hvert erum við að fara með þessu? Það eru þessar spurningar sem mér finnst svo áleitnar að ég get ekki staðið að því að samþykkja þetta fyrr en ég er búin að fá álit og það er það sem ég vil biðja um, virðulegur forseti, hið háa Alþingi hlýtur að njóta þess trausts í þjóðfélaginu að það geti fyrir mánudag fengið álit virts lögmanns, helst hæstaréttarlögmanns og jafnvel hæstaréttardómara,

á því í fyrsta lagi hvort læknalög og þessi lög stangast ekki á, í öðru lagi hvort ákvæði í þessu frv. stangast ekki beinlínis á við stjórnarskrána. Ég er jafnvel líka hrædd um það. Má nú ekki höggva á þennan hnút með því að leita álits virts lögspekings nú um helgina? Það er fljótlegt að afgreiða málið þegar það liggur fyrir. Hafi þessar áhyggjur okkar reynst ástæðulausar er ekkert að gera annað en viðurkenna það. Mér nægir ekki að ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn. og starfsmenn hans, annars ágætir embættismenn, — ég bendi á að ráðuneytisstjórinn er ekki einu sinni lögfræðingur — séu mínir lögspekingar í þessu máli. Ég held að hver þingmaður eigi rétt á því að biðja virðulegan forseta að fara fram á að þessa álits verði leitað. Við höfum setið hér samviskusamlega og reynt að greiða fyrir málum ríkisstjórnarinnar, en það er ekki hægt að gera þá kröfu til okkar að við sitjum bara hér og samþykkjum hvað sem er gegn okkar bestu vitund. Ég vil því setja fram þessa beiðni.

Einar Kr. Guðfinnsson:

Herra forseti. Það var varpað til mín einni fyrirspurn og henni skal ég svara. Ef þetta frv. verður að lögum og fyrirtækið Einar Guðfinnsson hf. í Bolungarvík fær styrk úr Byggðasjóði til að reisa sér hvítt hús með þaki, sem væntanlega yrði grænt en ekki blátt, mundi náttúrlega verða farið að þessum lögum þar sem segir að Ríkisendurskoðun væri heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrksins og annarra framlaga o.s.frv. Lengra nær ekki heimild þessara laga. (**GHelg:** Hvar stendur þetta?) Í 3. línu 1. gr. frv. til l. um breytingu á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Þetta er svarið við þessari spurningu, en að öðru leyti varðandi Byggðastofnun vita það allir, sem það vilja vita, að Byggðastofnun, eins og flestar aðrar lánastofnanir og fjárfestingarlánasjóðir í landinu, gerir vitaskuld kröfu til þess að kanna gögn þeirra fyrirtækja sem hljóta þaðan lán, m.a. með því að kafa ofan í reikninga viðkomandi fyrirtækja.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Öðruvísi mér áður brá, verð ég að segja. Það er bæði sorglegt og gaman að því á vissan hátt að horfa upp á fyrrv. flokksfélaga mína, sjálfstæðismenn, verja ríkisforsjá og Alþb. mótmæla ríkisforsjá. Þetta er alveg dýrlegt.

En varðandi það sem hv. 13. þm. Reykv. sagði og spurði um og beindi nú spurningunni til varamanns Sjálfstfl., þá er það rétt hjá henni, sem fólst í spurningunni, að ef þetta frv. verður að lögum er framlag úr öllum ríkistengdum sjóðum á ríkisábyrgð og það er bankaábyrgð ríkisbankanna. Ríkisendurskoðun hefur allan aðgang að fyrirtækjum til þess að rannsaka hvort viðkomandi láni eða framlagi eða endurgreiðslum úr ríkissjóði hefur verið ráðstafað á þann hátt sem til var ætlast. Það fer ekkert milli mála.

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Finnst hv. 13. þm. Reykv. eðlilegt að ef fyrirtækið Einar Guðfinnsson hf. fengi styrk úr Byggðasjóði til að reisa hvítt hús með grænu þaki væri óheimilt að ganga úr skugga um hvort húsið hefði verið reist, það væri óheimil afskiptasemi og ríkisforsjá? Finnst hv. 13. þm. Reykv. óeðlilegt að ef hún, hv. þm., semdi við Ríkisútgáfu námsbóka um að skrifa bók til útgáfu hjá Ríkisútgáfunni og Ríkisútgáfan greiddi henni fyrir væri Ríkisendurskoðun heimilt að grennslast fyrir um hvort handriti hafi einhvern tíma verið skilað vegna þess að það væri óheimil afskiptasemi af einkalífi? Mér finnast þessi dæmi hjá hv. þm. algerlega fráleit. Hér er aðeins um það eitt að ræða að veita þeim aðila, sem Alþingi sjálft hefur lagt þær skyldur á herðar að fylgjast með framkvæmd fjárlaga, heimild til þess að ganga úr skugga um hvort sú þjónusta sem verið er að greiða fyrir hafi nokkurn tíma verið innt af hendi. Mér kemur það jafnmikið á óvart og hv. þm. Albert Guðmundssyni að alþýðubandalagsþingmaður skuli telja það vera fráleitt að ríkisvaldið hafi heimild til að grennslast fyrir um hvort vara sem það hefur keypt og borgað fyrir eða þjónusta sem það hafi greitt hafi nokkurn tíma verið innt af hendi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 2. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702, n. 1074.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 23 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Hér er á þskj. 1074 nál. frá samgn. um frv. til l. um breytingu á vegalögum nr. 6 frá 25. mars 1988. Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með að það verði samþykkt. Undir þetta skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Málmfríður Sigurðardóttir, Valdimar Indriðason, Guðni Ágústsson, Sigbjörn Gunnarsson og Eggert Haukdal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð einkamála í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 990 (sbr. 988), n. 1053.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþykkt með 23 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum. Álit nefndarinnar er á þskj. 1053 og þar kemur fram að nefndin mælir einróma með samþykkt frv. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Óli Þ. Guðbjartsson. Kristín Einarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins.

Ég vil geta þess að þetta mál er komið frá hv. Ed. og hlaut þar ítarlega umfjöllun. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar og eins og ég sagði mælir allshn. einróma með að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 987, n. 1054.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Það er komið frá hv. Ed. Allshn. mælir einróma með að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá Ed. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Óli Þ. Guðbjartsson. Kristín Einarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Þessu frv. fylgja tvö önnur og ef forseti hefur ekki á móti því spyr ég hvort ég megi mæla fyrir þeim í beinu framhaldi af þessu. (**Forseti:** Hv. frsm. er það heimilt ef enginn mælir því gegn.)

Það er álit allshn. um frv. til l. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Þetta er fylgifrv. með frv. um fangelsi og fangavist. Á sama hátt mælir allshn. með því einróma að það frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

Annað fylgifrv. er svo frv. til l. um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 1971, með síðari breytingum. Nefndin mælir einnig einróma með því að það frv. verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419, n. 1055.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls. (Sjá framsögu fyrir 212. máli hér að framan.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420, n. 1056.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls. (Sjá framsögu fyrir 212. máli hér að framan.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1021, n. 1052.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Þetta frv. hefur einnig verið til meðferðar í hv. Ed. og hlotið þar ítarlega umfjöllun. Sem formaður allshn. fylgdist ég með málinu þar, en við meðferð málsins í Ed. komu fram allmargar umsóknir til viðbótar frá því sem var í upphaflega frv. Þær hafa allar fengið þar afgreiðslu og hefur verið farið eftir þeim reglum sem gilt hafa um veitingu ríkisborgararéttar nú um allmörg ár.

Við umræðu málsins í hv. Ed. kom fram sú hugmynd að tímabært væri að endurskoða þær starfsreglur sem farið hefur verið eftir og hefur hæstv. dómsmrh. tekið undir að slík endurskoðun væri æskileg og ég hef skilið hann svo að hann muni beita sér fyrir slíkri endurskoðun nú í sumar.

Allshn. þessarar deildar mælir einróma með að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, 1. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 404. mál (vörukaupalán). — Þskj. 750.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 750 um breytingu á lögum nr. 63 frá 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum. Flm. auk mín er hv. þm. Ingi Björn Albertsson. Frv. hljóðar svo:

„1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskrn. setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í grg. með þessu frv. segir:

„Með lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt með tilheyrandi reglugerðum er kveðið á um að vörur megi ekki flytja til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti. Í frv. þessu er með vörum einnig átt við vélar og tæki.

Talsverð umræða hefur á undanförnum missirum orðið um að breyta þessu fyrirkomulagi, enda hefur það í för með sér bæði aukinn kostnað og óhagræði borið saman við það sem tíðkast í öðrum löndum. Flm. þekkja ekki dæmi um sambærilegt fyrirkomulag á innflutningi meðal annarra þjóða sem bornar verða saman við Íslendinga að lífskjörum og menningu.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að benda á eftirfarandi:

1. Óeðlilegt er að íslensk stjórnvöld taki að sér að sjá um viðskipti íslenskra manna við erlenda á þennan hátt. Íslenskir útflytjendur geta hvergi í heiminum fengið stjórnvöld til að tryggja sér greiðslu á þennan hátt. Svona viðskipti þekkjast einfaldlega ekki.

2. Lög þau og reglur, sem hér um ræðir, tryggja á engan hátt, svo sem þeim virðist ætlað, aðhald að innflutningi og þenslu. Á síðasta ári jókst innflutningur um 28% og viðskiptahalli við útlönd er mjög mikill. Landið er yfirfullt af hvers konar varningi og ræður kaupmátturinn í landinu mestu um í hve miklum mæli hann selst.

3. Hins vegar eykur þetta fyrirkomulag kostnað og hækkar vöruverð. Svo sem alkunna er eru vörur fluttar til landsins og „liggja á hafnarbakka" þar til innflytjandi getur innt greiðslur af hendi í samræmi við lög og reglur. Þetta þýðir í reynd:

a. Að greiðslufrestur erlendra framleiðenda og seljenda er nýttur í raun en kemur ekki að notum við lækkun vöruverðs.

b. Skipafélög og aðrir flutningsaðilar þurfa að koma sér upp viðamiklum vörugeymslum. Geymslukostnaður er mikill. Fjárfesting og vinnuafl við geymslurnar, umsjón, eftirlit og jafnvel tjón hækka vöruverð.

4. Svo sem kunnugt er greiða smásölukaupmenn innflytjendum með svokölluðum vöruvíxlum. Heildsalar og innflytjendur selja þessa víxla í banka í því skyni að afla fjár til þess að leysa út nýjar sendingar. Bankar kaupa vöruvíxla á gengi sem þeir ákveða og kostnaður við þessi „lánsviðskipti" nemur um 50% á ársgrundvelli. Eðlilega leggst þessi kostnaður ofan á vöruverð. Lán hins erlenda framleiðanda eða seljanda nýtast hins vegar ekki, en í mörgum tilvikum er hægt að fá greiðslufrest nokkra mánuði án kostnaðar.

5. Vörukaupavíxlar eru umfangsmikill þáttur í starfsemi íslenskra banka og ein skýringin á útþenslu kerfisins. Samdráttur í vöruvíxlakaupakerfi bankanna mundi draga úr umsvifum þeirra og valda umtalsverðum sparnaði.

6. Talið er að um 70% af heildarinnflutningi falli undir heimiluð vörukaupalán. Í aðeins um helmingi tilvika er þó lánsheimildin nýtt. Árið 1986 var heildarinnflutningur um 46 milljarðar kr. þannig að 30% innflutningsins, þ.e. sá hluti sem ekki nýtur heimildar til vörukaupalána, nemur 13,8 milljörðum kr. Miðað við fyrri reynslu gæti það þýtt um 7 milljarða kr. vöruinnflutning á greiðslufresti á einu ári ef um helmingur tilvika nýtti heimildina. Ef miðað er við þriggja mánaða greiðslufrest mundi heildarupphæðin, sem um er að ræða og nýttist sem lán frá erlendum framleiðendum og seljendum, vera um 1,7–1,8 milljarðar kr. Líklegt er að það tæki um 1–2 ár að ná þessari upphæð í greiðslufresti.

7. Þensluáhrif er erfitt að meta en þau koma aðeins fram fyrst er breyting á sér stað. Í þessu sambandi má benda á áhrif innflutts fjármagns hjá kaupleigum sem ekki hefur verið talin ástæða til að amast við og eru líklega talsvert meiri og yfirdráttarheimildir sem heimilaðar hafa verið á ávísanareikningum og nema líklega hærri upphæð en hér um ræðir. Í þessu samhengi má einnig nefna greiðslukortin.

8. Ef að líkum lætur mundu vöruvíxlaviðskipti stórlega dragast saman ef frv. þetta verður að lögum. Það þýðir að þrýstingur minnkar á lánsfjármarkaði og vextir gætu lækkað.

9. Erlend lántaka er dýr. Líklegt er að bankakerfið gæti sparað erlend lán um sem svarar lánum erlendra framleiðenda og seljenda sem kæmu að notum ef frv. þetta verður að lögum. Lán þessara erlendu aðila eru ódýrari en önnur fáanleg lán, þau eru með lágum eða engum vöxtum.

10. Hið úrelta kerfi, sem við lýði er á Íslandi og varðar afskipti ríkisvalds af viðskiptum íslenskra og erlendra aðila við vöruinnflutning til landsins, er leifar af gömlu hafta- og stýrikerfi. Kerfi þetta leiðir

af sér ýmiss konar óarðbæra starfsemi í þjóðfélaginu, svo sem vörugeymslukerfi flutningsaðila og vöruvíxlakaupakerfi bankanna. Bæði þessi kostnaðarsömu og óarðbæru kerfi væru óþörf í slíkum mæli sem þau eru ef skipan gjaldeyris- og viðskiptamála væri færð í nútímahorf svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Rétt er að benda á að nú er Seðlabankinn að koma upp umfangsmiklu eftirlitskerfi eftir að bankastimplun var afnumin. Hætt er við að þetta kerfi leiði til margra óarðbærra vinnustunda bæði í fyrirtækjum og stofnunum. Kerfi þetta yrði óþarft ef þetta frv. verður að lögum.

11. Þegar Alþingi breytti á síðasta þingi ákvæði í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, á þann veg að ekki þyrfti staðfestingu gjaldeyrisbanka svo að tollafgreiða mætti vöru voru flestir þeirrar skoðunar að verið væri að færa mál á þann veg sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Svo var þó ekki og mun hafa komið mörgum á óvart. Til þess að svo megi verða þarf að gera þá breytingu sem hér um ræðir.

12. Frv. þetta er skref í átt að meiri fríverslun og aðlögun að viðskiptaháttum helstu viðskiptaþjóða okkar."

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að loknum umræðum verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

95. fundur, laugardaginn 7. maí, kl. 1 miðdegis.

Meðferð einkamála í héraði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 990 (sbr. 988), n. 1053.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–28. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 987, n. 1054.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–31. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419, n. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420, n. 1056.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1021, n. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748, n. 1071.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749, n. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 963, n. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frh. 2. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782, n. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 23:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigG, EH, VI, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, NL, SJS, ÞP, AS, JK.

nei: HJ, SV.

GHelg, HG, BDýr, KE, ÞÞ greiddu ekki atkvæði.
12 þm. (BÍG, FrS, IBA, KH, MálmS, ÓÞG, RA, SP, SighB, SvH, AðB, AG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:
Herra forseti. Eins og fram kom í umræðum um þetta mál í gær tel ég að það hefði þurft að leita annarra og skilmerkilegri leiða til að ná því eðlilega markmiði að Ríkisendurskoðun geti fjallað um og endurskoðað grundvallargögn og skýrslur þeirra aðila sem gera reikninga á ríkið. Ég er ekki sáttur við þá niðurstöðu sem liggur fyrir með þessu frv., teldi eðlilegt að sumarið yrði notað til að leita skilmerkilegri og eðlilegri leiða en þar er lagt til og greiði því ekki atkvæði.

Hreggviður Jónsson:
Herra forseti. Eins og fram kom í umræðum í gær er Alþingi hér að fara inn á verksvið framkvæmdarvaldsins og dómsvalds að hluta til. Það er þróun sem ég tel að sé mjög neikvæð og jafnframt að það sé hægt að fá sömu útkomu með því að leita annarra leiða. Ég segi nei.

Stefán Valgeirsson:
Herra forseti. Ég tel að þá leið sem er verið að leggja til að fara í þessu máli þurfi að athuga langtum betur og segi því nei.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Vegalög, frh. 2. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702, n. 1074.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frh. 1. umr.

Frv. GGÞ og IBA, 404. mál (vörukaupalán). — Þskj. 750.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

96. fundur, laugardaginn 7. maí,
að loknum 95. fundi.

Meðferð einkamála í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 130. mál (áskorunarmál o.fl.). — Þskj. 990 (sbr. 988).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1087).

Fangelsi og fangavist, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál (heildarlög). — Þskj. 987.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1088).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 213. mál (fangelsismálastofnun). — Þskj. 419.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1098).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (meðlagsgreiðslur fanga). — Þskj. 420.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1021.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 402. mál (ákvörðun útsvarsprósentu). — Þskj. 748.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Staðgreiðsla opinberra gjalda, 3. umr.

Stjfrv., 403. mál (skipting og skil útsvars). — Þskj. 749.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1102).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 363. mál (vextir á skyldusparnaði). — Þskj. 963.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1103).

Vegalög, 3. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Um þingsköp.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er nú fyrst og fremst fyrirspurn. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði um það í gær hvort frv. um Ríkisendurskoðun yrði ekki skoðað yfir helgina. Í Dagblaðinu í gær á 2. bls. er athyglisverð grein og fór að rifjast upp fyrir mér þegar ég las hana að þetta er mál sem ég heyrði um fyrir nokkrum árum. Ég spyr formann fjh.- og viðskn., sem mér skilst að hafi haft þetta mál til meðferðar, hvort hann muni verða við þessari ósk hv. þm. og þar með að fá þau skjöl sem forsetar Alþingis eru með út af þessu máli. Ég spyr forseta að því sama, hvort hann muni hlutast til um að þetta verði skoðað yfir helgina.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þetta dagskrármál hafa hv. þingdeildarmenn áreiðanlega tekið eftir því að Ríkisendurskoðun var ekki á dagskrá til 3. umr. þannig að 3. umr. er eftir um málið. Það var með vilja gert af forseta vegna þess að hér voru miklar umræður um þetta mál í gær og fyrirspurnir þannig að forseta fannst ekki ástæða til að keyra málið í gegnum 3. umr. í dag. Ég mun hlutast til um að þær upplýsingar sem menn óska eftir í þessu máli liggi fyrir við 3. umr. málsins og umræðan verði þá eftir helgi.

SAMEINAÐ ÞING

80. fundur, laugardaginn 7. maí, að loknum fundi í Nd.

Neyðarsími, síðari umr.

Þáltill. IBA o.fl., 302. mál. — Þskj. 606, n. 955.

Frsm. allshn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um till. hv. þm. Inga Björns Albertssonar o.fl., um að Alþingi álykti að fela samgrh. að láta kanna með hvaða hætti sé unnt að koma upp neyðarsímum á hættulegum og torfærum vegum.

Nefndin hefur fjallað um till. og fengið umsagnir frá Slysavarnafélagi Íslands og Póst- og símamálastofnun. Báðir aðilar lýsa sig áhugasama um að þessi till. nái fram að ganga.

Nefndin varð sammála um að gera tillögu um breytingu sem er að finna á þskj. 955 og er í því fólgin að tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna með hvaða hætti unnt sé að koma fyrir neyðarsímum á torförnum fjallvegum og heiðum til öryggis fyrir vegfarendur og gera áætlun um kostnað."

Undir þetta álit skrifa Guðni Ágústsson formaður, Kristín Halldórsdóttir fundaskrifari, Guðrún Helgadóttir, Jón Kristjánsson, Sigbjörn Gunnarsson, Sverrir Hermannsson og Pálmi Jónsson.

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund eitt né neitt. Ég kem hér aðeins upp til að þakka nefndinni vinsamlegar niðurstöður. Ég tel að hún

hafi komist að góðri og viðunandi niðurstöðu sem verði þjóðinni og þegnum hennar til framdráttar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 1988–1991, síðari umr.

Stjtill., 465. mál. — Þskj. 815, n. 999, brtt. 1000.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Í óvæntum forföllum formanns fjvn. mæli ég fyrir nál. á þskj. 999 um till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1988–1991 frá fjvn.

Nefndin hefur haft til meðferðar till. til þál. um flugmálaáætlun árin 1988–1991. Um er að ræða framkvæmdaáætlun samkvæmt lögum frá 27. mars 1987 og er áætlunin byggð á tillögum nefndar um framkvæmdir í flugmálum frá október 1986. Er þetta í fyrsta skipti sem lögð er fram á Alþingi þáltill. um flugmálaáætlun.

Nefndin kvaddi til fundar við sig fulltrúa samgrn. svo og fulltrúa Flugmálastjórnar og varaflugmálastjóra sem mætti á fund nefndarinnar í forföllum flugmálastjóra. Var farið yfir áætlunina með þeim á tveimur fundum. Einnig höfðu fjárveitinganefndarmenn samráð við þingmannahópa kjördæmanna um meðferð málsins.

Þar eð þáltill. kom ekki fram á Alþingi fyrr en seint á þinginu, sem skýrist af því að hér er um að ræða nýjung í málsmeðferð, gafst fjvn. ekki ráðrúm til að fjalla jafnítarlega um framkvæmdaáform og ástæða hefði verið til og nefndin hefði viljað. Með tilvísan til þessa svo og þess að samkvæmt till. eru áformaðar fjárveitingar 1989 til liðar 4.32 að fjárhæð 19 millj. kr. og liðar 4.33 að fjárhæð 16 millj. kr. og liðar 4.34 að fjárhæð 13 millj. kr. alveg óskiptar á einstök verkefni. Hefur nefndin samþykkt að taka áætlunina fyrir 1989 og síðar til ítarlegri skoðunar á næsta þingi en tími gefst til nú og hún verði þá nánar skoðuð í samráði við þingmannahópa kjördæmanna. Verði talin ástæða til þess þá að breyta áætluninni mun nefndin beita sér fyrir því að það verði gert.

Nefndin flytur aðeins tvær brtt. við till. nú og flytur þær á sérstöku þskj. Báðar þær brtt. eru smávægilegar. Svo að ég víki aðeins að þeim er um að ræða eftirfarandi:

Fyrsta brtt. er við III. kafla, flokkun flugvalla, þ.e. aðra flugvelli og lendingarstaði: „Á eftir orðinu „Kaldármelar“ komi nýtt heiti: Kárastaðir.“ Hér er um að ræða flugvöll sem er í byggingu fyrir ofan Borgarnes og hefur þetta heiti. Hefur verið sótt sérstaklega um það bæði af þeim sem standa að þeirri flugvallargerð og eins af Borgarneshreppi og liggja fyrir öll gögn um þetta mál hjá Flugmálastjórn og einnig hjá fjvn.

Önnur brtt. er við IV. kafla, þ.e. vegna sundurliðaðra verkefna, við lið 4.13 samkvæmt sundurliðun í þskj. Það er varðandi flugvöllinn á Flateyri, að í stað flugbrautar í verkáætlun fyrir 1988, „Flugbraut, hlað“, komi: Farþegaafgreiðsla (flugstöð). Þetta er gert samkvæmt eindreginni ósk úr Vestfjarðakjördæmi og var talið eðlilegt að þessu verði breytt eins og þarna er lagt til.

Að öðru leyti vil ég aðeins endurtaka það að hér er um fyrstu till. til þál. um flugmálaáætlun að ræða og ber að fagna því að þessi mikilvægi málaflokkur er kominn í þetta form sem svipar nokkuð til vegáætlunar þannig að framvegis verður hægt að fjalla um flugmálaáætlun til lengri tíma. Er þá hægt að skoða málið í ljósi þeirrar reynslu sem hér fer af stað.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með þeim breytingum sem hafa verið skýrðar, á þskj. 1000.

Undir þetta rita Sighvatur Björgvinsson sem er formaður nefndarinnar, Pálmi Jónsson, Alexander Stefánsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Egill Jónsson og Valdimar Indriðason.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Þetta er fyrsta flugmálaáætlun sem lögð er fyrir hv. Alþingi. Fyrir ári síðan þegar lög voru samþykkt um flugmálaáætlun voru gefin ákveðin fyrirheit um það að þrátt fyrir það að lagður væri til sérstakur tekjustofn, búnar til sértekjur fyrir flugmálaframkvæmdir í landinu og flugmálarekstur, mundi við afgreiðslu flugmálaáætlunar jafnan vera ákveðið framlag beint út ríkissjóði.

Nú er flugmálaáætlun komin fram án þess að svo sé. Ég minni hv. alþm. á þetta fyrirheit fyrrverandi ríkisstjórnar og að það er ekki staðið við það frekar en mörg þau önnur fyrirheit sem gefin voru á síðasta ári um það hvernig og hvað skyldi gert í sambandi við framkvæmdir í flugmálum, framkvæmdir í vegamálum og ýmsu öðru í þjóðfélaginu þegar undirbúnar voru kosningar á síðasta ári.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun 1987–1990, síðari umr.

Stjtill., 467. mál. — Þskj. 817, n. 1045, brtt. 1024.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990 og geri það í óvæntum forföllum formanns og frsm. fjvn.

Fjvn. hefur haft til meðferðar þessa till. til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun fyrir þessi ár, 1987–1990.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og m.a. fengið til liðs við sig vegamálastjóra og starfs-

menn hans eins og venja er til þegar vegáætlun er til meðferðar. Einnig hefur verið haft venjubundið samráð við þingmannahópa allra kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár á milli einstakra framkvæmda og verkáfanga.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á síðasta þingi og næsta regluleg endurskoðun á eigi að fara fram fyrr en á þinginu 1988–1989. Sú endurskoðun, sem nú hefur farið fram á þessu 110. löggjafarþingi, nær þess vegna aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir árið 1988, en tekju- og framkvæmdaáform síðari ára bíða reglulegrar endurskoðunar á næsta þingi.

Sú vinnuregla hefur skapast við meðferð vegáætlunar að ekki hefur þótt ástæða til þess að taka framkvæmdaáform í vegagerð til formlegrar umfjöllunar á Alþingi á milli þess sem regluleg endurskoðun vegáætlunar fer fram þótt minni háttar breytingar eða tilfærslur hafi þurft að gera vegna breyttra aðstæðna, heldur hefur fjvn. fjallað um það í samstarfi við Vegagerðina og þingmannahópa kjördæmanna. Ekki er ætlunin að breyta þessari hefðbundnu vinnureglu. Hins vegar lá fyrir að nú þurfti að gera mun umfangsmeiri breytingar á áætluninni vegna framkvæmda ársins 1988 en yfirleitt hefur þurft að gera milli þess sem regluleg endurskoðun fer fram. M.a. þurfti að taka ákvarðanir um ráðstöfun talsvert meira fjármagns en skipt hafði verið í áætlaðar framkvæmdir ársins 1988 í gildandi vegáætlun og kveða nánar á um fjármögnun ýmissa stórra verkefna en þar var gert. Var því talið rétt að leggja vegáætlun fyrir árið 1988 fyrir Alþingi til endurákvörðunar. Fjvn. taldi rétt að leggja þá fyrir til endurákvörðunar alla skiptingu útgjalda vegáætlunar 1988, þar á meðal tillögur unnar af þingmannahópum um sundurliðun til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Brtt. nefndarinnar byggjast í öllum meginatriðum á till. samgrh. og ríkisstjórnarinnar til þál. um breytingu á þál. um vegáætlun 1987–1990 á þskj. 817 nema hvað í brtt. nefndarinnar, sem fluttar eru á þskj. 1024, eru frekari sundurliðanir útgjalda en þar kom fram.

Í því sambandi er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á að mörkuðum tekjum vegáætlunar 1987 og 1988, samtals að fjárhæð 285 millj. kr., sem óráðstafað er til ársins 1988 samkvæmt till. á þskj. 817, er skipt milli kjördæma og framkvæmdaflokka samkvæmt tillögum nefndarinnar þannig að sjá megi hversu mikið fjármagn það er sem bíður ráðstöfunar 1989 af mörkuðum tekjum áranna 1987 og 1988 í hverjum framkvæmdaflokki og í hverju kjördæmi.

Fjvn. tók um þetta ákvörðun þar sem hún samþykkti að óráðstöfuðu fjármagni á vegáætlun 1988, 285 millj. kr., skuli skipt til vegaframkvæmda í stofnbrautir og þjóðbrautir milli kjördæma í sömu hlutfallstölum, þ.e. skiptitölum, og gilda í vegáætlun 1988. En eins og hv. alþm. vita er um að ræða hlutfallstölur sem hafa verið lagðar til grundvallar eftir að langtímaáætlunin var ákveðin og skiptast þannig t.d. til stofnbrauta að Suðurland hefur 13,3%, Reykjanes 7,6%, Vesturland 14%, Vestfirðir 18,6%, Norðurland vestra 10%, Norðurland eystra 18,2% og Austurland 18,3%. Í þjóðbrautum hefur Suðurland 23,8%, Reykjanes 4,4%, Vesturland 21,2%, Vestfirðir 12,8%, Norðurland vestra 11,6%, Norðurland eystra 13,2% og Austurland 13%.

Fjvn. ítrekar það sjónarmið sem páv. formaður nefndarinnar lýsti í framsöguræðu sinni með tillögum nefndarinnar að vegáætlun 1987–1990 á síðasta þingi að áætluð tekjuöflun til vegaframkvæmda af mörkuðum tekjustofnum byggist á spá.

Reynist tekjur af þessum mörkuðu tekjustofnum hærri en spáin gerir ráð fyrir eru þær tekjur bundnar því að þeim sé ráðstafað til vegaframkvæmda og komi því á næsta ári til skiptaviðbótar við þær 285 millj. kr. sem bíða ráðstöfunar þá samkvæmt till. þeim sem gerðar eru. Með sama hætti skerðist sú óráðstafaða fjárhæð reynist tekjur af mörkuðum tekjustofnum minni en þær eru nú áætlaðar.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að eyða miklum tíma í að fara yfir brtt. Þó vil ég aðeins renna yfir þær. Eins og þm. sjá á þskj. 1024 er í meginatriðum engu breytt frá till. á þskj. 817, þ.e. stjórn og undirbúningur fær 177 millj. kr., viðhald þjóðvega, bæði sumar- og vetrarviðhald fær 1063 millj. kr., til nýrra þjóðvega, þ.e. stofnbrauta, fer í almenn verkefni 306,5 millj. kr., sem er sundurliðað í þskj., bundin slitlög 216,1 millj. kr., sérstök verkefni 224 millj. kr., Ó-vegir 125 millj. kr. og höfuðborgarsvæðið 111 millj. kr. Síðan eru þjóðbrautir með 169,4 millj., bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum 29 millj. sem fjvn. er nú þessa dagana að ganga frá skiptingu á, girðingar og uppgræðsla 17 millj. kr. og vegur að Bessastöðum 4 millj. kr. eða samtals 1202 millj. kr.

Til brúargerða eru 94 millj. kr. og til fjallvega 26 millj. kr., til sýsluvega 125 millj. kr. og til vega í kaupstöðum og kauptúnum 164 millj. kr. og til tilrauna 14 millj. kr.

Ég vil þessu til viðbótar aðeins koma inn á Ó-vegina. Eins og fram hefur komið áður í umræðum um vegáætlunina þá er um að ræða tvo verkþætti undir þessum flokki, það er annars vegar Djúpvegur eða Óshlíðarvegur og í tillögunni til fjárveitinga fyrir þetta ár eru það 14,9 millj. kr. sem fara í Óshlíðina, en Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla, þ.e. væntanleg jarðgöng, fá 110,1 millj. kr. Að vísu nægir það ekki að fullu til að standa undir kostnaði sem áætlaður er að verði á þessu ári og kemur sú viðbót sem til þarf í gegnum hlut Norðurlands eystra í vegaframkvæmdum á næsta ári og verður væntanlega brúað með tilfærslum eða lánum yfir áramótin. En sú kostnaðaráætlun sem nú liggur fyrir í sambandi við þá framkvæmd í Ólafsfjarðarmúla, sem gert er ráð fyrir að verði lokið á árinu 1991, heildarkostnaður er áætlaður 650 millj. kr.

Í sambandi við annan þátt í vegáætluninni sem er fyrirferðarmeiri nú en áður hefur verið, þ.e. höfuðborgarsvæðið, þá er í till. reiknað með að í þennan

þátt fari 111 millj. kr. Það er sundurliðað í sambandi við Vesturlandsveg, þ.e. Grafarholt–Lágafell 8 millj., við Laugatanga–Álafossveg 4 millj. og við Brúarland 7 millj., Hafnarfjarðarvegur, Kópavogur og Arnarnes 14 millj. og Reykjanesbraut–Reykjavík–Hafnarfjörður 30 millj. Hvammsbraut–Ásbraut 3 millj., gatnamót Lækjargötu 5,7 millj. og Hafravatnsvegur 1,3 millj. Síðan fer greiðsla upp í skuld við Reykjavíkurborg sem nemur um 265 millj. kr. Vegna þjóðvega í þéttbýli fara 26 millj. og til þjóðvega í þéttbýli Reykjavík 6 millj. og til þjóðvega í þéttbýli Kópavogi 6 millj.

Herra forseti. Mér þótti rétt að vekja athygli á þessu vegna þess að þetta er að hluta til nýtt í þessari vegáætlun. Síðan vil ég aðeins fara yfir skiptingu á því fjármagni sem fjvn. ákvað að skipta af því fé sem er óráðstafað til 1989 milli kjördæmanna, eins og ég áður sagði miðað við þær hlutfallstölur sem þar eru, sem verður til stofnbrauta óráðstafað en merkt til framkvæmda 1989 og verður væntanlega ekki frá því hvikað nema eitthvað óvænt komi upp í tekjustofnunum. En Suðurland fær 23 millj., Reykjanes 13 millj., Vesturland 24 millj., Vestfirðir 32 millj., Norðurland vestra 18 millj., Norðurland eystra 32 millj., Austurland 32 millj., Ólafsfjarðarmúli 25 millj. og höfuðborgarsvæðið 25 millj. eða samtals til stofnbrauta 224 millj. kr. Til þjóðbrauta fer þessi skipting einnig. Þar eru 39 millj. kr. af þessu fjármagni. Suðurland fær 9 millj., Reykjanes 2 millj., Vesturland 8 millj., Vestfirðir 5 millj., Norðurland vestra 5 millj., Norðurland eystra 5 millj. og Austurland 5 millj. Og til brúagerða er gert ráð fyrir að fari af þessu óráðstafaða fé á næsta ári 22 millj. kr.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í þessa vegáætlun og þessa till. nefndarinnar nema tilefni gefist til en nefndin hefur samþykkt till. einróma. Undir samþykktina rita Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Margrét Frímannsdóttir, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Óli Þ. Guðbjartsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Egill Jónsson og Valdimar Indriðason.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Fyrir rúmu ári síðan voru hv. alþm. samankomnir og hlustuðu á svipaða ræðu og hér var flutt nú um það að verið væri að auka fjármagn til vegagerðar. Og ekki aðeins það að verið væri að auka framkvæmdir á árinu 1987 heldur horfðum við til miklu bjartari framtíðar og árin 1988, 1989 og 1990 mundi verða staðið við markmið langtímavegáætlunar að fullu. Það yrði veitt 2,4% af þjóðarframleiðslu til vegaframkvæmda á næstu árum en vegna sérstakra aðstæðna á árinu 1987 væri ekki hægt að ná þessu marki þá. En þrátt fyrir það væri nú, á árinu 1987 var sagt þá, væri nú aukið fjármagn til þessara framkvæmda á svipaðan máta og sagt var hér áðan.

Og hver skyldi reynslan vera um framtíðarloforðið, um það hvað við skyldum fá til vegagerðar á árinu 1988? Skyldi það koma upp úr kafinu að það er ekki staðið við neitt af þessum fögru loforðum nema síður sé? Hver er útkoman fyrir árið 1987? Ætli það hafi verið aukning miðað við árin á undan og ætli það hafi nokkuð nálgast það að staðið yrði við framtíðarmarkmiðið 2,4%? Það var dreift hér skýrslu á hv. Alþingi í gær frá samgrh. um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1987. Hver er útkoman og hvað er það sem þar kemur fram? Það kemur fram að til vegamála á landinu hefur aldrei frá því á árinu 1964 farið minna hlutfall af þjóðarframleiðslunni heldur en á árinu 1987. Þannig var staðið við góðu fyrirheitin, kosningafyrirheitin á vorinu 1987. Hvað fengum við mikið til vegagerðar á árinu 1987? Það var 1,16% af þjóðarframleiðslu í staðinn fyrir 2,4% sem fyrirheitin voru um. Í staðinn fyrir 1,4% á árinu 1988 og þótti öllum lítið þá. Að þetta skuli vera á þennan veg á því ári sem er viðurkennt sem eitt mesta góðærisár í sögu íslensku þjóðarinnar, að þá skuli hafa þurft að draga úr framkvæmdum til vegamála. Ég hef trú á því að landsbyggðarfólki muni a.m.k. finnast það nokkuð skrýtið að á mesta þensluári í framkvæmdum á landinu hafi verið talið nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum til vegamála á meðan byggðar voru tvær Kringlur hér í Reykjavík og fjármögnun önnur eftir því í eyðslu, þá var þetta afrek tveggja samgrh. Sjálfstfl.

Eitt er víst að ekki hefur þensla á þessum vettvangi skapað verðbólgu í landinu. Hefur kannski gert það að verkum að það hefur dregið frekar úr þenslu, kannski um 1%. Það er kannski það eina sem samgrh. Sjálfstfl. getur hælt sér af í sambandi við framkvæmd vegáætlunar á árinu 1987.

Þetta er formáli að því sem hv. 1. þm. Vesturl. var að segja hér áðan. Og mér þykir það frekar leiðinlegt að það skuli hafa lent í hans hlut að mæla fyrir vegáætluninni núna og setja stimpil á það sem gert var í fyrra. Ég veit það af skiptum mínum við hv. þm. að hann hefur mikinn hug á því að til þessara framkvæmda fari meira fé en á síðasta ári og lagt er til í ár. Þess vegna finnst mér það hálfnöturleg staðreynd að þessi hv. þm. skuli koma hér upp í ræðustól og segja það að í ár sé meiru fé ráðstafað til þessara framkvæmda, til þessa þáttar í þjóðarbúinu en áætlað var á síðasta ári. Ekkert er meira öfugmæli. Hitt er alveg rétt að vegna aukinnar veltu og aukinna sértekna vegasjóðs þá er til nokkru meira fé í vegasjóði af þeim tekjum en áætlað var. En það er bara allt annar þáttur en þau loforð sem okkur voru gefin og þjóðinni voru gefin hér á vordögum á síðasta ári. Og hvað skyldi það hafa verið sem þjóðinni var lofað þá? Henni var lofað þá samkvæmt verðlagi síðasta árs 3 milljörðum 816 þús. kr. til vegaframkvæmda. Þessu fé var að vísu ekki öllu ráðstafað beint út í vegáætlun en þetta var lagt fram og þetta var notað sem áróðursplagg fyrir stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar vítt um landið að að þessu væri stefnt á næstu árum.

Efndirnar eru þær að þeir koma með vegáætlun og segja við þjóðina að þeir séu að bæta við fjármagni miðað við þá vegáætlun sem var í gildi. Bæta

við fjármagni! En það sem hefur verið skorið niður miðað við verðlag síðasta árs er 1 milljarður 463 þús. kr. Svo koma þessir menn hingað og það er haft eftir þeim í fjölmiðlum að það sé verið að bæta við fjármagni til vegaframkvæmda. Er hægt að bjóða bæði þm. og almenningi í landinu upp á slíkan málflutning og upp á slíka fréttatúlkun? Ég mótmæli slíku.

Og ekki nóg með það að þannig séu málin lögð fyrir hv. alþm. og hv. kjósendur og almenning í landinu heldur er í vegáætlun og í nál. talað um að það skuli geymdar til næsta árs frá árinu í ár tæpar 300 millj. kr. Og til að sýna það að það eigi nú að ráðstafa þessu fé, að þetta fé verði ekki sett beint í ríkiskassann, þá er gert alveg nákvæmlega eins og gert var á síðasta vori, það er stillt upp áætlun um það hvað skuli vera miklir peningar til þessara eða hinna framkvæmda á næsta ári. Og eins og hv. 1. þm. Vesturl. las hér upp áðan, þá var farið það langt í þessu máli að það er sundurliðað, það er sundurliðað hvernig þetta geymslufé skuli notað á næsta ári! Skyldi það hafa verið vegna þess að hv. 1. þm. Vesturl. hafi efast um það að þetta mundi halda ef þetta yrði í einni summu geymt á milli ára? En eru nokkuð meiri líkur fyrir því að á næsta ári verði þessir peningar notaðir til þessara framkvæmda sem þeir eru áætlaðir á annan veg en þann að það verði aðeins geymd stærri summa af sértekjum vegasjóðs til ársins 1990? Eru nokkrar líkur fyrir því að áætlanagerð, sem lögð er fyrir hv. alþm. núna, ekki á kosningaári, standist frekar en það plagg sem lagt var hér fyrir hv. Alþingi og samþykkt á síðasta vori? Ég tel það ekki og þess vegna tel ég það vera í fyrsta skipti sem sértekjur vegamála eru teknar beint inn í ríkiskassann og þar fá þær að dúsa, að vísu með svolítið sérstöku yfirbragði þar sem búið er að segja hvernig þessum sértekjum skuli eytt á næsta ári. Það er ekkert um það að tryggt sé að sértekjur næsta árs verði ekki geymdar á sama máta í ríkiskassanum eins og núna er og var gert á síðasta ári.

En fyrst verið er að tala um aukatekjur eða umframtekjur vegasjóðs þá held ég að það sé rétt að það komi hér fram að fram á síðasta haust gerðu hv. þm. sér ekki grein fyrir því að sértekjur vegasjóðs á síðasta ári mundu verða þó nokkuð meiri en gert var ráð fyrir. Það var ekki fyrr en á fundi í Stykkishólmi með samgrh. að þetta var upplýst. Hæstv. samgrh. upplýsti þá að hann mundi standa fast á því að þessir peningar yrðu teknir í vegasjóð og ráðstafað vegna framkvæmda 1987. Við erum reyndar að fá þessa peninga inn núna og þeim er ekki ráðstafað fyrr en 1989. Það gefur auga leið að það er rangt að geyma þessa fjármuni yfir áramót án þess að þeim sé ráðstafað til framkvæmda á því ári sem tekjurnar skapast. Hvað þá að taka upp þann sið sem hér er tekinn nú upp í sambandi við vegáætlun að geyma hátt í 300 millj. kr. í ríkiskassanum og aðeins að nefna það með óljósu orðalagi mætti nærri því segja að þetta skuli notað til framkvæmda á árinu 1989.

Eins og hv. þm. er kunnugt var á árinu 1982 og 1983 samþykkt hér á hv. Alþingi till. um það að gerð skyldi stefnumarkandi áætlun um vegagerð í landinu og ég held að það væri að mörgu leyti hollt fyrir hv. alþm., ekki síst stjórnarsinna og ekki síst kannski þm. Sjálfstfl. að lesa þær umræður sem hér fóru fram á hv. Alþingi í sambandi við vegamál á þinginu 1981–1982 þegar verið var að leggja drög að því að Alþingi samþykkti að gerð yrði langtímaáætlun í vegagerð. Þá kepptust hv. þm. Sjálfstfl. við þm. stjórnarliðsins um það að flytja hér þáltill. um þessa þætti. Út úr þeim þáltill. varð þessi till. og ég vil undirstrika það að ég held að hv. þm. Sjálfstfl., þar með sjálfsagt núverandi samgrh. og ekki síst fyrrv. samgrh. Sjálfstfl., hafi átt mikinn þátt í þessari samþykkt og töldu að þetta væri það mikið nauðsynjamál fyrir okkar þjóð að við yrðum að leita samstöðu alls þingsins að því að standa að slíkum málum sem þessu. Sem betur fer tókst það. Það tókst. Og á árinu 1983 var síðan lögð hér fram á hv. Alþingi till. um langtímaáætlun í vegagerð sem unnin hafði verið á þar liðnum vetri á undan af þingmannahóp og Vegagerðinni þar sem þm. höfðu fallist á uppbyggingu og ákveðna fjármögnun í vegagerð á landinu á næstu árum.

Ég hugsa að allir hafi verið nokkuð sáttir við þessa áætlun og menn litu á hana sem samþykkta þótt hún fengi ekki fullnaðarafgreiðslu hér á hv. Alþingi og eftir henni hefur verið farið í framkvæmdaröð á undanförnum árum. En menn voru þó ekki að fullu sáttir við áætlunina að einu leyti til þó þeir féllust á hana. Menn vissu að þarna var farið af stað með áætlun í algeru lágmarki til þess að gera mætti ráð fyrir því að á þessum tímabilum sem áætlunin nær yfir mundu menn verða sáttir við þann framkvæmdahraða sem þar var áætlaður. Og í umræðu úti í þjóðfélaginu á árinu 1983 fóru menn strax að benda á það að það væru ótrúlega langir kaflar í þessari áætlun sem væru geymdir of lengi og út fyrir áætlunina. Ég heyrði ekki neins staðar andstöðuraddir gegn þessum hugleiðingum.

En hvað gerist svo hér á hv. Alþingi og hjá hverri ríkisstjórninni á fætur annarri þegar til kastanna kemur og á að fara að framkvæma þessa vegáætlun? Það gerist að ár frá ári minnkar það fjármagn sem til vega er áætlað og eins og ég sagði: Á árinu 1987 hefur það ekki verið minna allar götur frá 1964 miðað við þjóðarframleiðslu. Og mér sýnist að það stefni í svipaðan farveg í ár vegna þess að því miður eru þær tölur sem við erum hér með fyrir framan okkur í vegáætlun, ef þróunin í þjóðfélaginu og ástandið í þjóðfélaginu er á þann veg, að þá er mjög hætt við því að þær rýrni í höndunum á okkur og verði rýrari en hér er lagt til grundvallar, þ.e. 15% verðlagshækkun frá síðasta ári. Það er mjög hætt við því að enn haldi það áfram sem hefur gerst á síðustu árum.

Ég vænti þess að hv. þm. líti dálítið yfir skýrslu sem hér var dreift í gær og geri sér grein fyrir þróun mála á þessum vettvangi. Og ég vænti þess náttúrlega ekki síst af hv. stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar — og þar skora ég ekki síst á hv. 1. þm.

Vesturl. — að frá þessari ógæfustefnu, óheillaþróun verði snúið og við tökum stærri og stærri prósentu af þjóðartekjum okkar öfugt við það sem gert hefur verið á undanförnum árum til þessara framkvæmda. Annars eru hlutir illa að fara víða í þjóðfélaginu. Það sem hefur gerst á undanförnum árum vegna þess hve fjármagn hefur minnkað til vegamála er að aðstaðan á milli þéttbýlisins hér við Faxaflóa og dreifbýlisins, landsbyggðarinnar, mismunurinn þar á milli er að verða óhagstæðari ár frá ári. Og nú er staðið frammi fyrir því, sem hvarflar ekki að mér að mótmæla, að það verður að láta aukið fjármagn til vegaframkvæmda hér við Faxaflóa, hér á Reykjavíkursvæðinu vegna þess að þær framkvæmdir sem voru í lagi á árunum 1982–1983 og kannski lengur eru núna að verða úreltar, byggja verður upp ný samgöngumannvirki hér á Reykjavíkursvæðinu og Reykjanessvæðinu og það þarf að láta landsbyggðina bíða vegna þess að ekki var notaður sá tími sem átti að nota til að byggja upp vegakerfið á landsbyggðinni, þ.e. það tímabil sem liðið hefur frá samþykkt vegáætlunar. Það hlaut að liggja fyrir að endurnýjun á vegakerfi hér umhverfis Reykjavík á aðalþéttbýlissvæðinu ætti sér stað með vissu millibili og gera varð ráð fyrir því að ljúka ákveðnum framkvæmdum úti á landi áður en farið væri að endurbyggja vegakerfið hér á Reykjavíkursvæðinu.

Ég endurtek það að ég vænti þess að hv. stjórnarsinnar — ég veit það að stjórnarandstæðingar hér hefðu staðið sameinaðir að því að veita mun meira fjármagni til vegamála heldur en gert var bæði í fyrra og er samkvæmt vegáætlun nú — að hv. stjórnarsinnar geri sér grein fyrir því hvernig þróunin hefur verið og að frá þessari stefnu þarf og verður að hverfa.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um vegáætlun og er málið komið frá nefnd. Það væri vissulega ástæða til að ræða þessi mál hér ítarlega og það er út af fyrir sig leitt að þessi mál skuli ekki liggja fyrir fyrr á þinginu til umræðu og athugunar eftir meðferð í nefnd. En ég ætla að taka tillit til aðstæðna hér og aðeins nefna fáein atriði og beina hér fsp. til frsm. nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., og hæstv. samgrh. sem hér er viðstaddur. Hv. 4. þm. Vesturl. hefur þegar gert í sínu máli glögga grein fyrir þróun þessara mála á undanförnum árum þannig að ég hef ekki miklu þar við að bæta. Þar var ekkert ofsagt í rauninni og kom fram sú áhersla sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt í sambandi við þessi mál á undanförnum þingum.

Ég ætla að leyfa mér að inna hæstv. samgrh. eftir einu sérstaklega. Ég hef fyrir framan mig þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990 eins og hún er samþykkt á síðasta þingi. Þar er áætlun um fjáröflun varðandi árið 1988, 3816 millj. kr. Þar kemur fram í sundurliðun að önnur framlög til vegamála en markaðar tekjur verði á yfirstandandi ári 1463 millj. kr. Ég inni hæstv. ráðherra eftir því: Hvað hefur orðið um þessa fjármuni? Hvað hefur orðið um þessa samþykkt um 1½ milljarð kr. til vegamála á þessu ári? Fsp. mín getur einnig gengið til hv. 1. þm. Vesturl., frsm. nefndarinnar, því að í nál. er ekkert að þessum stórtíðindum vikið að 1½ milljarður kr., sem Alþingi samþykkti sem tekjur til vegamála á árinu 1988, séu horfnar út úr vegáætlun, endurskoðaðri vegáætlun. Það er engin grein gerð fyrir þessu máli í áliti sem hér er mælt fyrir frá nefndinni. Þetta eru þó engin smátíðindi, sem hér urðu með framlagningu endurskoðaðrar vegáætlunar, að samgöngumálin, vegamálin, eru svipt 1½ milljarði kr. frá því sem Alþingi samþykkti hér á síðasta ári og borið var fram af þáv. stjórnarmeirihluta á Alþingi og hæstv. ríkisstjórn.

Menn geta ekki bara gengið hér frá skipi í þessu efni án þess að spurt sé: Hvað gerðist? Hver ber ábyrgð á þessari stefnubreytingu? Er ástæðan sú að mynduð hefur verið ný ríkisstjórn? Er ástæðan sú að kosningar eru afstaðnar? Er ástæðan sú að nýr samgrh. er sestur í stól frá því sem var þegar vegáætlun var samþykkt í fyrra? Er ástæðan sú að nýr maður er kominn í stól fjmrh.? Ég spyr. Við hljótum að krefjast skýringa og svara á slíkum stórfelldum brigðum í sambandi við samgöngumálin, í sambandi við vegamálin.

Þetta snertir ekki bara þetta ár, heldur líka næstu ár sem hér er verið að gera grein fyrir í endurskoðaðri vegáætlun því samkvæmt þál. Alþingis fyrir ári síðan um vegáætlun þá skyldi heldur hærri upphæð, ef nokkuð var, vera tryggð sem önnur framlög úr sameiginlegum sjóði landsmanna, eins og gerð var grein fyrir málinu, einnig á árinu 1989 1495 millj. kr. og á árinu 1990 1526 millj. kr. Þetta átti auðvitað að vera verðtryggt. Þetta áttu að vera rauntölur sem þarna var um að ræða sem byggðar voru inn í vegáætlun hér fyrir ári síðan.

Hver er ábyrgur fyrir þessari stefnubreytingu? Hæstv. samgrh. hlýtur að upplýsa það hér. Ja, sömu flokkar standa að ríkisstjórn. Það hefur einn bæst við. Hefur sá flokkur, Alþfl., staðið fyrir þessari breytingu? Er það skýringin? Eða hefur komið allt annar hugur í samgrn. í þessum efnum? Ég bíð spenntur eftir að fá skýringar á þessu.

Ég þarf kannski ekki að segja mikið meira því að ef það upplýsist nú að það væri kannski hægt að fá fram breytingu hér á Alþingi við síðari umr. málsins og kippa inn þessum 1½ milljarði, þá væri nú kannski hægt að ná fram ýmsum nauðsynjamálum í sambandi við vegamálin sem gert var ráð fyrir og látið var að liggja fyrir kosningar í fyrra að unnt yrði að ráðast í. Ég nefni þar á meðal langtímaáætlun í jarðgangagerð, hertan róður í sambandi við jarðgangagerð, en hér fyrir þinginu liggur till. til þál. frá mér og hv. 4. þm. Norðurl. e. um það að þetta þing kveði upp úr um langtímamarkmið í jarðgangagerð með hliðsjón af þeirri áætlun sem líka var kynnt Alþingi fyrir ári síðan af hæstv. þáv. samgrh., Matthíasi Bjarnasyni, sem hafði látið nefnd vinna rösklega í því máli. Þinginu ætti ekkert að vera að

vanbúnaði að leggja línur um þau stóru ákvarðandi atriði fyrir stór byggðarlög í landinu: Hvernig ætla menn að ráðast í framkvæmdir eftir að Ólafsfjarðarmúla lýkur? En framkvæmdahraðinn þar markast auðvitað af fjármagni.

Ég vil svo rifja það upp hér að hæstv. núv. ríkisstjórn ákvað með brbl. í sumar leið sem hluta af efnahagsráðstöfunum að leggja sem svaraði rétt tæpum einum milljarði kr. í auknar álögur á umferðina í landinu, bíleigendur í landinu — ekki til að eiga það upp í þennan 1½ milljarð, ekki til þess, heldur til að afla tekna beint í ríkissjóð með enn auknum þungaskatti, innflutningsgjöldum á bifreiðar og fleira af því tagi sem við hefðum auðvitað ekkert séð eftir ef það hefði verið markaður tekjustofn til vegamála í landinu. En það var nú ekki því að heilsa. Ég held að það sé rétt að menn minnist þessa hér við umræður á Alþingi um vegáætlun.

Ég vil líka nefna það hér að fyrir tveimur árum síðan þegar kostnaður bíleigenda, rekstrarkostnaður bifreiðaeigenda fór lækkandi vegna lækkaðs orkuverðs, vegna lækkaðs bensínverðs, innkaupaverðs á bensíni, þá gerði ég það að tillögu minni hér á Alþingi að menn tækju þessa lækkun ekki út í lækkuðu útsöluverði nema að hluta til og þetta svigrúm sem þarna skapaðist yrði notað til þess að afla tekna til vegaframkvæmda. Hæstv. þáv. samgrh., Matthías Bjarnason, tók mál þetta upp í ríkisstjórn þá vorið 1987, en hann fékk ekki undirtektir að meiri hluta til þar. Forsrh. — í öllu falli hæstv. sjútvrh. í þáv. ríkisstjórn og sá hinn sami og nú skipar það embætti og þáv. fjmrh., nú forsrh., lögðust gegn tillögum samgrh. um þetta efni. Þarna var þó vísað á tekjuöflun sem hefði munað um á þeim tíma og sem enn hefði skilað fjármagni til lífsnauðsynlegra framkvæmda í vegagerð í landinu á yfirstandandi ári hefði sú stefna þá verið mörkuð.

Það er búið að mæla margt um þessi mál á undanförnum þingum, strengja þess heit af fyrri ríkisstjórn að herða róðurinn. Ég tók eftir að hv. þm. Pálmi Jónsson hefur beðið hér um orðið og það er eðlilegt að hann vilji rifja þær heitstrengingar upp sem hann sjálfur og sú stjórn sem hann studdi þá og sem hann styður enn hafði uppi, en í ræðu 21. maí 1985 mælti hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálmi Jónsson svo í framsöguræðu fyrir vegáætlun 1985–1988 sem þá var hér til umræðu í Sþ., með leyfi virðulegs forseta:

„Í framsöguræðu sinni við fyrri umr. þessa máls lagði hæstv. samgrh. sterka áherslu á að við fjármögnun vegáætlunar skv. langtímaáætlun verði staðið. Óhætt er að fullyrða að hæstv. samgrh. hefur reynst þróttmikill baráttumaður fyrir framkvæmdum á sviði vegagerðar því skv. þeirri till. til vegáætlunar sem hér er til umræðu verður markmiðum langtímaáætlunar náð um fjármögnun til vegagerðar þegar á næsta ári [þ.e. 1986] þrátt fyrir að flestir þættir opinberra framkvæmda séu verulega skornir niður."

Hver voru þessi markmið? Jú, það voru umrædd 2,4% af þjóðartekjum. Hvað skyldi hv. þm. segja nú um frammistöðu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr? Ætli hann geti notað orðið „þróttmikill" um núv. hæstv. samgrh. eða aðra þá sem ráða ráðum og kannski hafa borið hæstv. ráðherra ofurliði í ríkisstjórninni í sambandi við mörkun stefnu í þessum málum og fjáröflun til vegagerðar? En hæstv. ráðherra mun vafalaust útskýra það í máli sínu hér á eftir.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka hér tíma til þess að ræða sérstaklega málefni Austurlandskjördæmis að því er vegagerð áhrærir. Þar væri þó af mörgu að taka. Kannski er ekkert kjördæmi á landinu, e.t.v. að Vestfjörðum undanskildum, jafnilla statt í sambandi við ástand vega og þörfina á auknum framkvæmdum í vegamálum. Það á við um stofnbrautir, en það á þó enn frekar við um þjóðbrautir, og það á við um þörfina á jarðgangagerð til þess að tengja saman byggðarlögin.

Það er mikið í húfi fyrir landsbyggðina þegar framkvæmdir í vegamálum eru annars vegar. Fátt skiptir meira máli til þess að breyta aðstæðum á landsbyggðinni en að tengja byggðirnar saman með nývirkjum í vegagerð, með nútímalegum vegum úti á landi, en þar hafa áherslurnar um langa hríð ekki verið sem skyldi og þar hefur verið horfið frá markmiðum sem sammæli var hér um á Alþingi fyrir fimm árum síðan, því miður.

Kjartan Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það heyrist oft úr þessum ræðustól að peningarnir streymi utan af landi til höfuðborgarsvæðisins. Ég hlýt að vekja athygli á því að þessu er akkúrat öfugt farið að því er varðar það sem hér er til umfjöllunar. Það er greinilegt af þessari áætlun eins og af áætlunum undanfarinna ára að fé streymir frá íbúum höfuðborgarsvæðisins út á land að því er vegamálin varðar. Ætli það láti ekki nærri að 60% af tekjum til vegamála komi frá íbúum í Reykjavík og Reykjanesi? En það lætur líka nærri að það séu u.þ.b. 14% af útgjöldunum samkvæmt áætlunum núna og undanfarinna ára sem fara til framkvæmda á þessu svæði.

Ef maður lítur á framlög í þessu plaggi til nýrra þjóðvega, þ.e. til stofnbrauta og þjóðbrauta að svo miklu leyti sem unnt er að sjá skiptingu þeirra á þessi tvö landshorn og skil ég þá eftir bundin slitlög og þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum og girðingar og uppgræðslu, eru heildarframlögin til þessara nýframkvæmda 1156 millj. kr. Þar af eru 168 millj. til framkvæmda í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, reiknast mér til, en tæpur milljarður eða 988 millj. til framkvæmda úti á landi. Þetta þýðir það að það streyma í þessum lið, sem í heild er upp á 1156 millj., u.þ.b. 500 eða rúmlega 500 millj. til framkvæmda úti á landi, það er nettó útstreymi. Þetta er það sem íbúar þessara svæða, Reykjavíkur og Reykjaness, greiða til framkvæmda úti á landi umfram það sem fæst til framkvæmda í Reykjavík og á Reykjanesi.

Ef maður reiknar þetta dæmi áfram og gerir ráð fyrir sömu hlutfallsskiptingu, sem ég get auðvitað

ekki fullyrt að sé rétt, og lítur á heildarupphæðina upp á 3150 millj. kr. mun láta nærri að fjárstreymið frá íbúum Reykjavíkur og Reykjaness umfram það sem þeir fá í sinn hlut sé 1,5 milljarður eða 1430 millj. ef ég nota þær hlutfallstölur sem ég fékk út í fyrra tilvikinu.

Hérna er því greinilega um að ræða fjárstreymi frá íbúum Reykjavíkur og Reykjaness út á land. Ég er alls ekki að segja að þetta sé illt og ég er ekki að segja að þörfin fyrir vegalagningu úti á landi sé ekki brýn en í þeirri umræðu sem er í gangi um fjárstreymið í þjóðfélaginu hlýtur maður að vekja athygli á því hvernig því er háttað að því er þennan málaflokk varðar og að hér eru engar smáræðis fjárhæðir á ferðinni.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því með hliðsjón af því sem reyndar kom fram í máli hv. 4. þm. Vesturl. Skúla Alexanderssonar að við stöndum frammi fyrir miklum og dýrum framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu og undan því verður ekki vikist eins og hann komst réttilega að orði. Ég má kannski nefna sem dæmi að ein framkvæmd sem hefur beðið í mörg ár er Arnarneshæðin. Þar er nú mikil slysagildra. Samkvæmt þeim tölum sem við höfum fyrir framan okkur á að verja 14 millj. í þessa framkvæmd. En ég vek athygli á því að það er talið að hún muni í heild sinni kosta 190 millj. Þær framkvæmdir sem menn standa sem sagt frammi fyrir hér í nágrenni höfuðborgarinnar munu margar reynast mjög dýrar. Þær verða kannski ekki fyrst og fremst í Reykjaneskjördæmi. Ég hef stundum orðað það svo að aðalsamgönguvandamál Reykjaneskjördæmis væru í öðru kjördæmi, nefnilega í Reykjavíkurkjördæmi, því það sem verður dýrast og erfiðast verða væntanlega samgöngumannvirki inni í Reykjavík til þess að taka við umferðinni sem berst til Reykjavíkur ef þarf út úr borginni að fara. Það eru þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Það eru stór verkefni í umferðarmannvirkjum til þess að taka fyrst og fremst við umferðinni seinasta spölinn inn í höfuðborgina og út úr höfuðborginni. Til þessara framkvæmda verður auðvitað að koma aukið fé á komandi árum, annað er óviðunandi. Við sjáum hvert ástand er að verða í umferðarmálum hér og öryggis verður að gæta og umferðin verður að geta gengið greiðlega á þessu svæði ekkert síður en annars staðar.

Menn geta auðvitað sagt: Já en þið höfuðborgarbúar, þið íbúar hér á suðvesturhorninu, notið nú vegina úti á landi og það er alveg rétt. En íbúar utan af landi koma líka stundum til Reykjavíkur og nota þau umferðarmannvirki sem þarf til þess að komast seinasta spölinn inn í höfuðborgina.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að efna hér til sérstakra deilna um skiptingu þessarar köku, og mér er mjög vel ljóst hversu brýn verkefni bíða úti á landi og að landsbyggðin þolir ekki lægri fjárhæð til framkvæmda í vegamálum en er núna, heldur er ég að vekja athygli á því sem við stöndum frammi fyrir og að ég tel að það muni vera nauðsynlegt að auka fé til framkvæmda í vegamálum til þess að geta sinnt verkefnum úti á landi með ekki síðri hætti en hefur verið gert á undanförnum árum en jafnframt að takast á við þau verkefni sem verður ekki undan vikist hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé ekki eftir peningunum sem ég rakti hér áðan að færu til framkvæmda úti á landi vegna þess að ég veit að nauðsynin er brýn. En vegna umræðunnar um fjárstreymi, sem yfirleitt alltaf snýst um það að peningar streymi til höfuðborgarinnar, vil ég hér benda á dæmi um hið gagnstæða.

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram bera vissulega með sér áhuga hv. alþm. fyrir vegamálum og auknum framkvæmdum í þeim. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram, ekki síst hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, um að full þörf væri á að auka það fé sem rennur til vegamála vegna þess að framkvæmdirnar sem unnar eru fyrir það eru þýðingarmiklar og víðast hvar mjög brýnar. Meginumfjöllun um það mun að sjálfsögðu bíða þangað til unnið verður að reglulegri endurskoðun vegáætlunar, sem á að fara fram á næsta alþingi, og undirbúningi fjárlaga fyrir næstu ár.

Mér hefur á hinn bóginn fundist umræðurnar að sumu leyti tæplega reistar á réttum grunni. Við verðum að gæta þess að það mál sem er til meðferðar nú er afbrigðilegt. Till. er afbrigðileg og er ekki flutt á þessu þingi vegna þess að gert sé ráð fyrir því samkvæmt vegalögum. Hvers vegna er hún þá flutt? Hún er flutt fyrir þá sök eina að um aukið fé er að ræða. Meira fé er til skiptanna en í gildandi vegáætlun og því er till. flutt.

Hv. 4. þm. Vesturl. sagði hér með allmiklum þunga að við afgreiðslu vegáætlunar á síðasta ári hefði verið gefið loforð um stóraukið fé til vegamála. Ég þykist nú muna býsna margt sem þá var um þessi mál sagt og segi: Það voru engin loforð gefin umfram það sem vegáætlun sjálf greindi frá. Vegáætlun var afgreidd til fjögurra ára og skyldi endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Það voru engin loforð gefin, enda þýða engin munnleg loforð um eitt eða neitt annað en það sem stendur í vegáætluninni sjálfri. Þá var skilið eftir óskipt verulegt fé vegna þess að þáverandi ríkisstjórn náði ekki samkomulagi um að útvega það fé. Með því lá það nokkurn veginn fyrir að fénu yrði ekki skipt nema ný ríkisstjórn tæki af skarið og útvegaði meira fjármagn. Engin önnur loforð voru gefin. Það er því út í bláinn að koma hér og segja að verið sé að svíkja einhver loforð sem þá hefðu verið gefin.

Það sem verið er að gera með þeirri till., sem hér er til afgreiðslu, er einungis það, sem ég hef þegar sagt, að miðað er við þær forsendur sem till. er byggð á. Tekjustofnar skila meiru en áætlað hafði verið og því er skiptingin til vegamála á árinu 1988 sú samkvæmt þessari till. að 26% meira fé er veitt til vegamála heldur en árið 1987 og 6% meira til framkvæmda í vegamálum á þessu ári en gildandi veg-

áætlun gerir ráð fyrir.

Það er einungis þetta sem gerist og þrátt fyrir þessar staðreyndir þrástagast hv. 4. þm. Vesturl. á að hér sé verið að svíkja einhver fyrirheit. Það kynni að vera tímabært að halda slíkar ræður á næsta Alþingi við reglulega endurskoðun vegáætlunar ef þá verður brugðið út frá þeim áætlunum sem staðið hafa um fjármögnun til vegamála. En það er ekki tímabært og ekki viðeigandi af hv. alþm. að bera það á borð hér við þessa afbrigðilegu afgreiðslu vegna þess að till. felur það eitt í sér, eins og ég hef þegar sagt, að verið er að skipta auknu fjármagni.

Menn geta vitaskuld talað um að ekki hafi verið staðið við fjármögnunaráætlun langtímaáætlunar í vegagerð. Vitaskuld er hægt að gera það eins og hv. talsmenn Alþb. hafa gert í þessari umræðu og raunar fyrr. En það sem gerst hefur er á hinn bóginn það að verkin hafa u.þ.b. skilað sér að fullu, sums staðar ekki alveg að fullu en annars staðar verulega meira en það. Þannig að þau verk, sem gert var ráð fyrir í langtímaáætlun í vegagerð að yrðu unnin, hafa nokkurn veginn verið unnin á þessu tímabili eftir því sem árunum hefur þokað fram. Ég sagði við fyrri hluta þessarar umræðu að það væri lofsvert en ekki gagnrýnisvert þegar hægt er að ljúka framkvæmdum fyrir minna fé heldur en upphaflega var áætlað. En því miður höfum við mörg dæmi um hið gagnstæða. Þetta ættu hv. þm. stjórnarandstöðunnar að lofa en ekki gagnrýna.

Ég tel að ekki hafi verið tímabært á þessu þingi að gera neinar breytingar á langtímaáætlun, enda ekki gert ráð fyrir því samkvæmt vegalögum, og ekki hafi heldur verið tímabært að gera langtímaáætlun í jarðgangagerð sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist hér á. Eðlilegt er gera það þegar mál þessi verða tekin til reglulegrar athugunar samkvæmt lögum á næsta Alþingi vegna þess að um miklu stærri mál er að ræða heldur en verið er að fjalla um við þessa sérstæðu afgreiðslu á vegamálum.

Ég vil aðeins segja það við hv. 2. þm. Austurl., þar sem hann vitnaði hér til ræðu minnar frá 1985, að ég fæ ekki annað séð en að þar fái allt staðist. Það hefur staðist af því að þau verk sem þar var gert ráð fyrir að myndu ná fram að ganga hafa gert það og fyrir minna fé en upphaflega var áætlað. Ef menn hengja sig í það að langtímaáætlun í vegamálum hafi aðeins verið fjármögnunaráætlun og ekkert annað geta þeir gert það fyrir mér. Auðvitað viljum við allir fá meira fé til vegamála og ég tek undir með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að við munum veita hæstv. samgrh. ýtrasta stuðning í baráttu hans í þeim málum. Við munum væntanlega ekki þurfa að deila um hvort eitthvað kunni að liggja eftir af því sem áætlað hafi verið, heldur munum við hvarvetna fara fram úr áætlun og að því ættum við sannarlega að keppa. En um leið skulum við muna að ræða þessi mál á réttum grundvelli en ekki á allt öðrum forsendum en það þingmál, sem hér liggur fyrir, birtir og ekki snúa málum alveg við eins og hv. þm. Skúli Alexandersson hefur leyft sér að gera með því að segja að með þessu sé verið að skera niður fé. Þetta þingmál er einungis flutt vegna þess að aukið fé er til skipta og því er skipt skv. brtt. fjvn. sem hér hefur verið gerð grein fyrir af framsögumanni nefndarinnar.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að ég mundi þurfa að fara upp í ræðustól út af þessu máli vegna þess að ég vissi fyrir fram að hér yrði engu þokað, ekki fyrir það að það væri ekki full ástæða. En að hlusta hér á hv. þm. Kjartan Jóhannsson gefur manni tilefni til þess að vera í ræðustóli í a.m.k. klukkutíma. Þegar verið er að snúa staðreyndunum við með því að segja að fólk á þessu svæði eyði meira bensíni. Hvaðan koma þeir peningar sem borgarstjórinn í Reykjavík hefur ekki undan að eyða? Hvaðan koma þessir peningar? Haldið þið að þeir komi úr Seðlabankanum eða héðan af Laugaveginum? Ætli það sé ekki framleiðslan sem stendur undir þessu og ekki nema lítill hluti af því sem kemur utan af landinu sem fer þangað aftur. Ég mótmæli algerlega svona málflutningi því hann getur orðið til þess að fólk sem ekki fylgist með hlutunum standi í trú um annað en það sem rétt er. Það er furðulegt að hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem hefur verið sjútvrh. og er í raun og veru með sanngjarnari mönnum í þingflokki Alþfl., skuli snúa staðreyndunum svona algerlega við. Hann ætti að vita hvaðan peningarnir koma. Þeir koma ekki nema að litlu leyti af þessu svæði miðað við þann mannfjölda sem hér er.

Ef fólk er staðráðið í því, eins og allir flokkar a.m.k. segja fyrir kosningar, að byggja landið, halda byggðinni við og rétta hag þeirra sem hafa verstu aðstöðuna má það ekki gleyma því strax eftir kosningar og reyna að villa um fyrir fólki, bæði hér og annars staðar. Það er ekki vel gert, hv. þm., að rugla það fólk sem býr á þessu svæði með því að segja að verið sé að taka peninga frá því til að nota úti á landi. Ja, þvílíkt og annað eins. Ég vil taka það fram, enn og aftur, að ég átti síst von á þessu frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni því að í mörgu sem ég hef unnið með honum hefur hann sýnt víðsýni og sanngirni, a.m.k. fram yfir aðra hv. þm. Alþfl.

Nei, ef við ætlum að byggja landið verðum við að sýna réttlæti og skilning. Það fer lítið fyrir því á hv. Alþingi þessa dagana að sýnt sé réttlæti eða skilningur. Það sýnir t.d. hvernig málin standa hjá framleiðslufyrirtækjum víða um land og ekki síst hjá framleiðslufyrirtækjunum sem allt byggist á. Það er alveg rétt hjá Skúla Alexanderssyni að búið var að gefa fyrirheit um það að ríkissjóður legði fram meira fjármagn til vegamála. Það voru fyrirheit. Var það gert? Var ekki verið að samþykkja að skattleggja umferðina? Það var ekki gert til þess að fá fé til vegamála heldur til þess að fá það í ríkissjóð.

Búið var að lofa því að slíta fundi um þrjúleytið og þó að ég eigi mjög margt vantalað við þann meiri hluta sem hér er og ekki síst Alþfl., fyrst hv. þm.

Kjartan Jóhannsson fór að ympra á þessu og óska eftir því að fram færi umræða um þetta mál, og ég hafi ekki lokið nema litlum hluta af því sem ég vildi segja mun ég ljúka ræðu minni með því að segja að ég vona að þegar ég hef lokið máli mínu efni forseti loforðið um að slíta fundi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þessar umræður, sem nú eru á dagskrá, fara langt út fyrir efnið og samkomulag liggur fyrir á milli þingflokkanna um að fundurinn standi ekki lengur en til kl. 3. Nú virðist forseti halda áfram að gefa mönnum orðið um dagskrármálið. Ég óska eftir að staðið verði við það samkomulag sem gert hefur verið.

Hv. síðasti ræðumaður gerði hlé á máli sínu og kvaðst mundu halda áfram sinni ræðu seinna vegna þess að samkomulag var um að ljúka fundi kl. 3.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseta er kunnugt um hvað samkomulag var um. Það var talað um að hafa þennan fund sem nú stendur yfir í styttra lagi vegna þess að einn þingflokkurinn er með mikilsverðan flokksfund. Talað var um að slíta fundi á milli kl. 3 og 4 og forseti hafði hugsað sér að slíta fundinum sem næst kl. 3. Hv. 4. þm. Vesturl. var gefið orðið vegna þess að hann hafði tjáð forseta að hann mundi aðeins þurfa að tala í örfáar mínútur. Það er því ekkert óeðlilegt við þessa fundarstjórn.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég var ekki á þessum fundi. Ég hef yfirleitt ekki verið boðaður á þessa fundi en mér var tjáð eftir fundinn að ákveðið væri að þingfundurinn stæði til kl. 3. Ég var búinn að lofa að vera á fundi annars staðar kl. 5 mínútur yfir 3 og verð því að víkja og það var þess vegna sem ég lauk ræðu minni svona. Ég vil standa við þau loforð sem ég gef öðrum og vissi ekki annað en fundinum yrði lokið kl. 3.

Júlíus Sólnes:

Hæstv. forseti. Ég sat þennan fund þar sem rætt var um það að ef með þyrfti yrðu þingfundir á laugardegi milli kl. 1 og 3. Það var á þeim fundi talað um að ekki væri víst að það þyrfti að hafa neinn þingfund á laugardegi. En ef slíkur þingfundur skyldi haldinn lyki honum kl. 3 vegna þess að þingflokkur Alþb. er upptekinn. Haldinn er miðstjórnarfundur Alþb. og er hann reyndar hafinn. Ég tjáði hv. 6. þm. Norðurl. e. þessa niðurstöðu og fullvissaði hann um að hann gæti ráðstafað sínum tíma eftir kl. 3 þennan dag.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mörg því að þingflokksformaður Borgarafl. hefur staðfest að um það var samið að þessi fundur stæði ekki lengur en til kl. 3 og það voru þau skilaboð sem hann bar Borgarafl. Aftur á móti vil ég spyrja hæstv. forseta að því hvort hann hafi haft samband við aðra þingflokksformenn síðan fundurinn var haldinn og komist að einhverju samkomulagi við þá um að þingfundinum lyki milli kl. 3 og 4. Það er ekki það sem um var samið skv. því sem komið hefur fram og staðfest er af þingflokksformanni Borgarafl.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Upphlaup um þingsköp eins og hér hafa átt sér stað að tilefnislausu eru ákaflega einkennileg. Og forseti vill nú mælast til þess að þm. gangi ekki upp í slíkum umræðum sem þessum. Það er kominn tími til þess að það sé sagt skýrt og skorinort úr forsetastóli. Þetta á ekki sérstaklega við þá sem hafa verið að tala núna. Það er allt of mikið gert af því að ræða um þingsköp að tilefnislausu (**AG:** Ég mótmæli þessum orðum.) og það er ekki vonum fyrr að það sé sagt. (**AG:** Við mótmælum.)

Tilefnið nú er að klukkan er komin nokkrar mínútur fram yfir 3 og það er sagt að gert hafi verið samkomulag um að ljúka fundi kl. 3. Ef gert er samkomulag um að ljúka fundi á ákveðnum tíma, þá er það nú venjulega undanskilið að það fari eftir hvernig stendur á ræðu og eftir hvernig stendur á umræðum. Forseti hefur sagt að talað var um að ljúka þessum fundi á tímabilinu milli kl. 3 og 4 og forseti hefur tjáð þm., þeim sem hafa spurt, að hann ætlaði að fresta eða ljúka umræðunni sem næst kl. 3. Þegar klukkan var nokkrar mínútur yfir 3 var einn maður á mælendaskrá og sagðist hann mundu tala í örfáar mínútur. Forseti hugsaði sér að gefa þessum hv. þm. orðið og freista þess að ljúka umræðunni þar sem fleiri voru ekki á mælendaskrá. Þar sem fleiri hafa nú beðið um orðið og nokkrar mínútur hafa farið í þessar þingskapaumræður þykir forseta rétt að fresta nú þegar umræðunni um annað dagskrármálið. Umræðunni er frestað.

Umræðu frestað.

Flugmálaáætlun 1988–1991, frh. síðari umr.

Stjtill., 465. mál. — Þskj. 815, n. 999, brtt. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1000,1 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 1000,2 samþ. með 32 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GB, GHG, GuðnÁ, GHelg, HG, JE, JóhS, JK, JónS, BDýr, KJóh, KE, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SkA, StG, NL, SJS, ÞP, AS, SigG, DS, EG, JM, VI, ÞK.

GuðmÁ, HJ, JúlS, AG greiddu ekki atkv.

27 þm. (GeirG, GGÞ, GA, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, KSG, BGísl, KH, MF, MálmS, ÓÞG, RA, SP, SighB, SV, SvG, SvH, VS, ÞP, AðB, BÍG, EH, EgJ, FrS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Stuðningur minn við þessa till. til þál. um flugmálaáætlun er með þeim fyrirvara að í stuðningi mínum felst ekki að ég samþykki þá flokkun flugvalla sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég hef áður í umræðum gert grein fyrir afstöðu minni til þess máls og vísa ég til þingtíðinda í því sambandi, en segi já að höfðum þessum fyrirvara.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Með því að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu hér áðan hafa formaður Borgarafl. og formaður þingflokks Borgarafl. verið að greiða fyrir þingstörfum. En ég vek athygli á því að með afstöðu sinni hljóta þeir að vera að lýsa vantrausti á fulltrúa flokks síns í fjvn. sem skrifar undir þetta nál. og leggur til að brtt. verði samþykktar. Ég segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, SalÞ, SkA, StG, NL, SJS, ÞÞ, AS, SigG, DS, EG, JM, VI, GHH, GB, GHG, GuðnÁ, GHelg, HG, JE, JóhS, JK, JónS, BDýr, KJóh, KE, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, ÞK.

AG, GuðmÁ, IBA greiddu ekki atkv.

29 þm. (PJ, RA, SP, SighB, SV, SvG, SvH, VS, ÞP, AðB, BÍG, EH, EgJ, FrS, GeirG, GGÞ, GA, HÁ, HBl, HJ, JBH, JHelg, JúlS, KSG, BGísl, KH, MF, MálmS, ÓÞG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Borgarafl. er ekki sammála þeirri flugmálaáætlun sem hér hefur verið lögð fram. Það hefur komið fram í umræðum að við teljum að þurft hefði meira framlag og öðruvísi áætlun. Þar af leiðandi getum við ekki greitt þessari áætlun atkvæði okkar. Við erum ekki á móti flugmálaáætlun, en hins vegar erum við ekki reiðubúnir til þess að greiða atkvæði gegn henni. Með því að sitja hjá tökum við afstöðu til málsins. En við erum ekki að bjarga meiri hlutanum, sem mér skilst að sé með yfir 20 fjarvistir, og séum þess vegna annaðhvort með því sem við erum ekki sammála eða á móti því að það verði gerð flugmálaáætlun. Þess vegna sitjum við hjá að sjálfsögðu.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Mér þykir einkar ánægjulegt að hér skuli koma til samþykktar flugmálaáætlun. Við þm. Alþfl. fluttum um það tillögur um langt árabil að slíkar flugmálaáætlanir skyldu samdar. Auðvitað er hún ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk en ég læt í ljós ánægju mína með að nú skulu samdar flugmálaáætlanir og segi já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1104).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Áður en lengra er haldið vill forseti taka það fram, sem ekki hefur farið hér á milli mála, að hv. þm. hafa vikið úr þingsal meðan á atkvæðagreiðslum stendur. Þetta er ámælisvert.

Efnisskrá.

Akstur utan vega (398. mál) 7169.
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.) 7215.
Arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign (430. mál) 7170.
Atvinnuleysistryggingasjóður (444. mál, greiðslur vegna fiskvinnslufólks) 7496, 7500.
Atvinnunjósnir (498. mál) 7437.
Ábúðarlög (441. mál, veðsetning ríkisjarðar) 7282, 7370, 7525.
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (484. mál) 7424.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 7503.
Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu (514. mál) 7194, 7212, 7282.
Biðlaun (490. mál) 7461.
Bifreiðagjald (436. mál) 7477, 7501, 7662.
Byggingarkostnaður Seðlabankahússins (510. mál) 7448.
Deilur kennarasamtaka og ríkisins (499. mál) 7439.
Eiturefni og hættuleg efni (445. mál, heildarlög) 7188, 7379, 7390.
Fangelsi og fangavist (212. mál, heildarlög) 7179, 7185, 7397, 7695, 7699, 7703.
Fiskeldi (485. mál) 7431.
Flugmálaáætlun 1988–1991 (465. mál) 7707, 7724.
Framhaldsskólar (271. mál, heildarlög) 7621.
Framkvæmdasjóður Íslands (517. mál) 7456.
Framleiðsla og sala á búvörum (228. mál, greiðslur fyrir sauðfjárafurðir) 7283.
Gildistaka staðgreiðslu opinberra gjalda (435. mál, hámark óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts) 7479, 7502.
Heimild fyrir Reykjavíkurborg til að taka eignarnámi hluta Vatnsenda í Kópavogskaupstað (449. mál) 7383, 7392.
Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum (423. mál, aukning hlutafjár) 7476, 7501.
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (229. mál, heildarendurskoðun) 7213, 7214.
Húsnæðissparnaðarreikningar (491. mál, áhrif staðgreiðslu á skattafslátt) 7434.
Húsnæðisstofnun ríkisins (301. mál, kaupleiguíbúðir) 7650.
Húsnæðisstofnun ríkisins (329. mál, lán til leiguíbúða) 7650.
Húsnæðisstofnun ríkisins (363. mál, vextir á skyldusparnaði) 7178, 7394, 7676, 7701, 7705.
Húsnæðisstofnun ríkisins (448. mál, úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi) 7382, 7391.
Iðjuþjálfar (500. mál) 7446.
Iðnráðgjöf (508. mál) 7443.
Innheimta söluskatts (512. mál) 7458.
Innheimtustofnun sveitarfélaga (214. mál, meðlagsgreiðslur fanga) 7178, 7184, 7396, 7696, 7700, 7704.
Íslenskunámskeið fyrir almenning (421. mál) 7169.
Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla (75. mál, fulltrúar í opinberum nefndum) 7385.
Kennaraháskóli Íslands (390. mál, heildarlög) 7384, 7392.
Kostnaður vegna auglýsinga (487. mál) 7426.
Kynbótastöð fyrir eldislax (450. mál) 7170.
Lagning vegar með suðurströnd Reykjanesskaga (153. mál) 7169.
Leigubifreiðar (468. mál, réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum) 7479, 7502, 7661.
Listasafn Íslands (447. mál, heildarlög) 7213, 7214, 7279, 7649.
Læknalög (116. mál, heildarlög) 7497, 7501.
Löggjöf um forskólastig og uppbygging dagvistarheimila (437. mál) 7170.
Lögreglusamþykktir (276. mál, heildarlög) 7381, 7391.
Meðferð einkamála í héraði (130. mál, áskorunarmál o.fl.) 7181, 7185, 7399, 7695, 7699, 7703.
Meðferð opinberra mála (213. mál, fangelsismálastofnun) 7179, 7184, 7397, 7696, 7700, 7703.
Meðferð opinberra mála (474. mál, dómsátt um ölvunarakstur og sektarheimildir) 7380, 7391.
Meðferð opinberra mála (5. mál, sifskaparbrot) 7380, 7390.
Neyðarsími (302. mál) 7706.
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála (391. mál) 7384, 7392.
Rekstrarhalli á Seðlabankanum (513. mál) 7453.
Ríkisábyrgðir (434. mál, áhættugjald og ábyrgðargjald) 7477, 7501, 7662.
Ríkisendurskoðun (432. mál, skoðunarheimildir) 7676, 7701.
Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins (433. mál) 7478, 7502, 7673.
Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi (285. mál) 7183, 7184, 7400.
Sama gjald fyrir símaþjónustu (451. mál) 7170.
Sálfræðingar (278. mál, sérfræðileyfi) 7212, 7214.
Siglingamálastofnun ríkisins (469. mál, aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði) 7380, 7390, 7482.

SAMEINAÐ ÞING

81. fundur, mánudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Um þingsköp.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni sé ég mig knúinn til að kveðja mér hljóðs um þingsköp fyrir hönd þingmanna Borgarafl., en við lýsum yfir undrun okkar á fréttaflutningi Ríkisútvarpsins af þingstörfum laugardagskvöldið 6. maí sl. Þar sagði þingfréttaritari m.a. að forseti Sþ. hefði vítt þingmenn Borgarafl. fyrir að vera ekki viðstaddir atkvæðagreiðslu um flugmálaáætlun sem þá var til afgreiðslu. Hér er hallað réttu máli og kastað rýrð á þingmenn Borgarafl.

Hið sanna í málinu er að á fundi í Sþ. laugardaginn 6. maí voru óvenjumargir þingmenn stjórnarliðsins fjarverandi. Þingmenn Borgarafl., sem sátu fundinn, utan tveir sem höfðu boðað lögmæt forföll, höfðu ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um flugmálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Gerði formaður flokksins, Albert Guðmundsson, grein fyrir þeirri afstöðu við atkvæðagreiðsluna. Borgarafl. er ekki á móti flugmálaáætluninni sem slíkri, en hefði kosið að hafa hana öðruvísi.

Vegna þess hve marga stjórnarþingmenn vantaði gekk illa að knýja fram lögmæta atkvæðagreiðslu. Það er ekkert nýtt því á yfirstandandi þingi hefur oft gengið erfiðlega að afgreiða mál ríkisstjórnarinnar. Eru það oft stjórnarandstöðuþingmenn sem hafa það hlutverk að gera atkvæðagreiðslur lögmætar, en meiri hluti hv. þm. verður að vera viðstaddur til þess að svo megi verða.

Við atkvæðagreiðslu um 1. gr. í till. um flugmálaáætlun greiddu 32 þingmenn, sem er meiri hluti þingmanna, atkvæði með handaupprettingu við þriðju tilraun forseta til að knýja fram lögleg úrslit. Við atkvæðagreiðslu um 2. gr. töldust aðeins 31 hönd á lofti og atkvæðagreiðslan því ekki lögleg. Einn stjórnarliða hafði bersýnilega laumast á brott. Var þá gripið til þess ráðs að hafa nafnakall. En hjáseta hv. þm. kemur þá fram og þar með teljast slík atkvæði með.

Strax og þingmenn Borgarafl. höfðu gefið til kynna afstöðu sína að viðhöfðu nafnakalli gengu þeir út úr þingsalnum, enda komið langt umfram þann tíma á laugardagseftirmiðdegi sem samkomulag hafði verið gert um að ljúka þingfundi. Á leiðinni út úr þinghúsinu var okkur tjáð að enn ætti eftir að afgreiða eitt mál fyrir utan flugmálaáætlun. Við hröðuðum okkur aftur inn í þingsalinn, en þá var forseti Sþ. að slíta þingfundi án þess að taka fyrir fleiri mál. Vítti forseti þingmenn almennt fyrir að vera ekki viðstaddir atkvæðagreiðslu sem þeim ber skylda til skv. þingsköpum.

Þingmenn Borgarafl. voru viðstaddir allar atkvæðagreiðslur þennan laugardag. Það voru því aðrir hv. þm. sem forseti var að víta með orðum sínum. Engu að síður sá þingfréttaritari Ríkisútvarpsins ástæðu til þess að skýra frá því í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins að forseti hefði vítt þingmenn Borgarafl. fyrir að gegna ekki þingskyldu sinni.

Við teljum nauðsynlegt að leiðrétting á þessu sé gerð úr þessum háa ræðustól því að við viljum ekki una því að það séu bornar rangar sakir á þingmenn Borgarafl..

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti vill taka fram að af gefnu tilefni frá formanni Borgarafl. mælti forseti varnaðarorð um þingskapaumræður til allra hv. þm. allra þingflokka. Þá skal það tekið fram að forseti kvað að gefnu tilefni ámælisvert að hv. þm. yfirgæfu þingsali meðan á aðkvæðagreiðslu stæði. Tilefnið var að í tveim nafnaköllum, sem viðhöfð voru við sömu tillgr., bar svo við að ekki voru allir viðstaddir við síðara nafnakallið sem verið höfðu við það fyrra og greitt þá atkvæði.

Neyðarsími, frh. síðari umr.

Þáltill., 302. mál. — Þskj. 606, n. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 955 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1110).

Vandi kartöflubænda.

Beiðni um skýrslu, 520. mál. — Þskj. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðnin samþ. með 33 shlj. atkv.

Vegáætlun 1987–1990, frh. síðari umr.

Stjtill., 467. mál. — Þskj. 817, n. 1045, brtt. 1024.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Eins og hv. þm. muna endaði umræðan um vegáætlun í hv. Sþ. á sérstakan máta. Það var búið að gefa mér orðið, en vegna umræðna utan dagskrár var ákveðið að fresta umræðu um vegáætl-

unina. Ég held að það hafi verið af því góða og skemmtilegra að sjá þetta fjölmennan hóp þingmanna við lokaafgreiðslu þessa máls en jafnfámennt og var hér á laugardaginn var.

Ég hafði lokið umfjöllun minni um vegáætlunina, en aðeins út af nokkrum fullyrðingum og ábendingum hv. þm. í umræðunni óskaði ég eftir að fá að segja nokkur orð. Ég skal ekki eyða tíma þingsins nú á hinum miklu annatímum til að flytja aftur langa ræðu. En ég vil þó í upphafi vekja athygli á því að ég varð nokkuð undrandi á því að hér skyldu ekki koma upp fleiri ræðumenn til að fjalla um vegáætlun, ekki síst kannski frá stjórnarflokkunum, ekki kannski síst frá þeim flokki sem taldi fulla ástæðu til að kalla saman miðstjórnarfund um stöðu í þjóðfélaginu, stöðu efnahagsmála, að framsóknarmenn skyldu ekki vekja athygli á því að á árinu 1987 voru mál þannig í sambandi við vegamál að aldrei síðan 1964, svo sem kemur fram í skýrslu samgrh. um vegaframkvæmdir, hefur jafnlitlu fjármagni verið veitt til vegaframkvæmda miðað við þjóðarframleiðslu og á árinu 1987. Á því ári þegar hvað mestar framkvæmdir voru og hvað mest þensla, tvær Kringlur o.s.frv. svo sem nefnt hefur verið og framkvæmdir á flestum sviðum fóru langt fram úr áætlun, voru framkvæmdir í vegamálum á Íslandi aðeins 1,16% af þjóðarframleiðslu í staðinn fyrir 2,4% eins og gert er ráð fyrir skv. langtímavegáætlun.

Ég vænti þess að hv. þm. hafi skoðað þetta plagg og séð hvert stefnir hjá fyrrv. og núv. ríkisstjórn. Það er hraðferð niður á við. Það stefnir að því nákvæmlega sama í ár. Þó að tölurnar í vegáætlun séu á þann máta að þær séu nokkru hærri en á síðasta ári er þar verið að ræða um tölur sem eru reiknaðar með aðeins 15% verðlagsbreytingu á milli ára. Og við vitum öll að það stefnir að allt öðru þar. Við megum jafnvel vera heppin ef við náum 1% af þjóðarframleiðslu til framkvæmda í vegamálum á árinu 1988. Á sama tíma og málin standa þannig fullyrða stjórnarsinnar að það sé aukið fjármagn til þessara framkvæmda og hv. 2. þm. Norðurl. e. bar á móti því að það væri verið að minnka framlag til vegamála með þeirri vegáætlun sem hér er lögð fram.

Ég endurtek að það er verið að minnka samþykkt fjármagn til vegamála. Það er verið að falla frá samþykkt skv. vegáætlun sem samþykkt var á síðasta ári um að beint ríkisframlag til þessara framkvæmda yrði eins og þar stendur 1463 millj. kr. Frá þessari samþykkt er fallið. Menn geta svo metið hvort það á að taka mark á þál. frá hv. Alþingi eða ekki, en staðreyndin er sú að það var samþykkt á síðasta vori að áætla til vegaframkvæmda 1463 millj. kr. umfram sértekjur. Það er verið að staðfesta það með þeirri brtt. sem hér er nú til umfjöllunar.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. taldi að verkin á undanförnum árum hefðu skilað sér. Þrátt fyrir alla þá skerðingu sem hefur verið á framlögum til vegamála hafi verkin skilað sér. Ja, ég geri ráð fyrir að þeir séu ekki margir hér hv. þm. sem eru tilbúnir að segja að þau hafi skilað sér. Það er að vísu komin svipuð vegalengd af bundnu slitlagi og áætlað var á þessum tíma, en því miður, eins og sagt var við mig á laugardag, eru þær ansi langar „einhjólabrautirnar" sem hafa verið lagðar í staðinn fyrir að leggja vegina eins og áætlað var skv. langtímaáætlun. Það hefur verið farið í að leggja bundið slitlag á vegina eins og þeir eru svo gott sem, með tiltölulega lítilli styrkingu, bráðabirgðaframkvæmdir, og það hefur verið lagt víða á landinu aðeins einbreitt slitlag, ekki breiðara slitlag en svo að þar er varla hægt að mætast á litlum fólksbifreiðum. Þetta var ekki meiningin við uppbyggingu langtímaáætlunar. Meiningin var sú að hvarvetna þar sem byggður yrði vegur og sett á bundið slitlag yrði þetta gert á þann máta að það yrði full breidd þar sem væri hægt að mætast á eðlilegan máta. Ég vildi undirstrika þetta.

Í öðru lagi kom fram í umræðunum frá hv. 4. þm. Reykn. hugleiðing um að hér væri verið að taka mikla peninga frá höfuðborgarsvæðinu til vegaframkvæmda. Það væri verið að færa fjármagn út á land frá höfuðborgarsvæðinu. Ég mótmæli svona umræðu. Ég tel það alveg fráleitt þegar verið er að ræða um að byggja upp vegakerfi á landinu, hvort sem það er á Austfjörðum eða á höfuðborgarsvæðinu, að þá sé verið að færa til eitthvert fjármagn á milli landshluta. Það er alveg fráleitt.

Eins og ég tók fram í ræðu minni á laugardaginn hljótum við að viðurkenna að einmitt á höfuðborgarsvæðinu eru ýmis verkefni sem þarf að fara í og eru mjög dýr. Ég benti einmitt á að við landsbyggðarmenn hefðum haft von um að það kæmi ekki að hinum dýru verkefnum á Reykjavíkursvæðinu fyrr en búið væri að sinna uppbyggingu vega út um land miklu betur og meir en þegar er gert. Fjármagn til vegagerðar verður engan veginn metið þannig að það komi frá þessum eða hinum staðnum. Framkvæmdir í vegagerð eru jafnréttmætar og sjálfsagðar hvort sem þær eru á Reykjavíkursvæðinu eða á landsbyggðinni.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að taka þátt í deilum um vegáætlun fyrir árið 1988. Við getum allir verið sammála um að það þyrfti að hafa meira fjármagn til vegamála og ráðast í meiri framkvæmdir því að við erum sammála um að vegamálin eða samgöngumálin almennt eru eitt þýðingarmesta byggðamál á Íslandi og hefur hvað mest að segja fyrir byggðaþróun hér á landi hvernig sem við tölum um byggðamál almennt.

Ég rakti í framsögu fyrir vegáætlun fyrir árið 1988 að ég held það helsta sem þessi endurskoðun nú ber með sér, sem er ekki regluleg endurskoðun vegáætlunar, hún á að fara fram á næsta ári, heldur tilkomin vegna þess að það kom viðbótarfjármagn inn í

framkvæmdaáætlun fyrir árið 1988 sem var eðlilegt að Alþingi tæki ákvörðun um með hvaða hætti yrði ráðstafað og fjvn. var algerlega sammála um að leggja þær brtt. fram sem hér eru til umræðu á þskj. 1024.

Ég get endurtekið það, sem kannski er nægilegt svar til hv. síðasta ræðumanns, að það er alveg hárrétt að það þarf meira fjármagn og það er einnig hárrétt að í vegáætlun á síðasta ári var gert fyrir hárri upphæð sem var engan veginn séð fyrir hvernig yrði útveguð og það var einnig staðreynd að það var ekki samkomulag í síðustu ríkisstjórn um hve mikið fjármagn skyldi útvegað til að fjármagna meiri vegaframkvæmdir. Þetta liggur allt fyrir og þarf ekki að rifja það upp.

En það er líka staðreynd í till. til þál. sem hér liggur fyrir að miðað við verðlagsforsendur tillögunnar eykst ráðstöfunarfé á árinu 1988 um 16% frá árinu 1987 og um 6% frá gildandi vegáætlun 1988. Þess vegna erum við að tala um brtt., sem hér liggur fyrir, sem er eðlilegt að Alþingi fjalli um. Auðvitað hljóta allir hv. þm. að fagna því að það er þó eitthvað jákvætt í þessum málum.

Ég vil leiðrétta hv. 4. þm. Vesturl. að því leyti til að hann talar um óljóst orðalag um ráðstöfun á 285 millj. í tillögunni. Ákvörðun fjvn. um að skipta fjármagni til framkvæmda 1989 milli kjördæmanna er þvert á móti ákvörðun sem ekki er hægt að breyta ef Alþingi samþykkir þannig að hér er ekki óljóst mál heldur er verið að negla fasta ákvörðun sem ekki er hægt að breyta nema með samþykkt Alþingis.

Ég skal ekki tefja umræður, herra forseti, því að hér er naumur tími, en ég vil aðeins segja að ég tel nauðsynlegt við formlega endurskoðun vegáætlunar á næsta ári að það fari fram endurmat á verkefnum sem eftir er að framkvæma og ekki hvað síst verkefnum sem við flokkum undir sérverkefni. Þar á ég við jarðgöng, brýr yfir firði og jafnvel veg undir firði. Það er staðreynd, sem ég geri ráð fyrir að hv. alþm. átti sig á, að það er eftir að fjármagna dýrustu og erfiðustu kaflana í vegakerfi þjóðarinnar. Þess vegna er fullkomin ástæða til þess að menn geri sér grein fyrir því hvernig staðan er í þessum málum og kalli eftir meiri áætlunargerð í sambandi við þessi verkefni. Ég held að það sé ástæðulaust annað en minna á þetta nú þegar tiltölulega stutt er í endurskoðun á vegáætluninni fyrir næstu ár.

Ég vil einnig í því sambandi benda á þýðingarmikinn þátt sem hefur verið mikil aukning á núna á síðari árum og það er í sambandi við viðhald og styrkingu vega. Í vegáætlun, í langtímaáætluninni sjálfri, er eitt aðalmarkmiðið að allir aðalvegir landsins geti borið tíu tonna öxulþunga. Þetta er þýðingarmikið atriði í sambandi við uppbyggingu vegakerfisins þó að okkur þyki mörgum hægt ganga. Ég tel að það sé alveg hárrétt stefna sem Vegagerðin bendir á og felst í því að þeir telja að það sé eðlilegt að um leið og búið er að byggja malarvegina upp og styrkja þá að þessu leyti til verði samsíða lagt á þá bundið slitlag eða klæðning þannig að við missum ekki þann árangur sem þar með er fenginn í okkar misjöfnu veðrum, ryki, vatnavöxtum og öðru slíku eins og þið vitið hvernig fer með malarvegi. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að undirstrika og einmitt styrkja Vegagerðina í þessum áformum sem hefur tekist víða með miklum ágætum.

Það væri freistandi að ræða við hv. þm. Kjartan Jóhannsson um hans skilgreiningu á því hvað þéttbýlið við Faxaflóa hefur látið mikið fjármagn í vegagerð úti um land. Ég ætla ekki að eyða tíma í það. Þetta er svo augljós röksemdafölsun og vitleysa að ég veit að hann hefur sagt þetta meira til að ýta undir að upp kæmu fjörugar umræður en að hann meinti þetta í raun og veru. Auðvitað vitum við að vegakerfið byggist upp á því að allir, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, njóti þess og allir leggja jafnt til þessara hluta sem einstaklingar.

Ég held þess vegna að ég geti endað mál mitt með því að ég vonast til þess að hv. þm. og Alþingi beri gæfu til þess að menn standi saman um að auka þungann í vegagerð og standa saman um að reyna að flýta öllum framkvæmdum í vegagerð í landinu því að samgöngurnar, ekki síst vegasamgöngurnar, eru eitt af því sem er kjölfestan í þeirri byggðaþróun og þeirri byggðastefnu sem við erum allir sammála um að þurfi að vera í heiðri höfð á þessu landi og hafa forgang.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Mig langar til að fjalla í örfáum orðum almennt um vegáætlun og með hvaða hætti hún er undirbúin og hvaða ákvarðanir eru teknar í vegamálum, þ.e. hvaða fjármagni er veitt til vegamála og hvernig.

Í stefnuskrá Borgarafl. kemur það skýrt fram að við viljum ráðstafa fé til vegamála með allt öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. Við teljum að Alþingi eigi einungis að marka meginlínurnar í vegáætlun og ákveða heildarfjárhæð fjárlagaársins, en síðan sé miklu eðlilegra að heimamenn í viðkomandi héraði ráðstafi þeim skammti, sem þeim er ætlaður, sjálfir. Það er ekki nokkur vafi á því að heimamenn eru miklu betur færir um að ákveða hvar þurfi að beina fjármagni til nýrra verkefna en þingmenn viðkomandi kjördæmis. Þeir eru kallaðir á fund í Reykjavík með sérfræðingum Vegagerðarinnar til að karpa þar um smáupphæðir til smáverkefna og hafa miklu minni möguleika til að setja sig inn í hvar þörfin er brýnust en heimamennirnir. Í þessu tilviki á ég við sveitarstjórnarmenn í viðkomandi landshlutum.

Þá teljum við fyrir löngu orðið tímabært að skilgreina verkefnin miklu betur. M.a. þarf að skilgreina hvaða verkefni í samgöngu- og vegamálum eru verkefni sem varða alla þjóðina í heild sinni en ekki ákveðin kjördæmi. Sem dæmi um slíkt má nefna hringveginn, höfuðveg 1 umhverfis allt landið. Hann er ekkert kjördæmismál. Þetta er þjóðþrifaverkefni sem varðar allt þjóðfélagið í heild sinni. Því er sjálfsagt að taka hringveginn út úr vegáætlun og

leysa hann sem sjálfstætt og sérstakt verkefni og ljúka honum í einum áfanga en ekki viðhalda þeirri stefnu sem verið hefur undanfarin ár. Ég kalla það bútastefnuna. Það er verið að leggja smábúta hér og þar. Síðan eru vegavinnuflokkarnir færðir til og þegar þeir koma aftur til starfa verður verkið margfalt dýrara fyrir vikið vegna þess að það er ekki hægt að halda viðstöðulaust áfram.

Annað dæmi um verkefni sem varðar allt þjóðfélagið í heild sinni er tvöföldun Reykjanesbrautar þannig að þjóðin geti komist til alþjóðaflugvallarins og stöðvar Leifs Eiríkssonar án þess að lenda þar nánast í hættu vegna allt of mikillar umferðar um þann einfalda veg sem þar er nú.

Þá er ámælisvert hvað framlag til vegamála hefur verið skert á undanförnum árum. Miðað við upphaflegar áætlanir í vegamálum hefur sífellt dregið úr framlagi til vegaverkefna og má ætla að það vanti orðið um 1½ milljarð til vegaframkvæmda, þ.e. sem framlög til vegamála hafa dregist saman um á undanförnum árum.

Þá má minna á eitt lítið frv. sem hefur verið fyrir þinginu undanfarið, þ.e. staðfesting á brbl. varðandi bifreiðagjald. Því er ætlað að renna beint í ríkishítina, en ekkert af þeim gjöldum rennur til vegamála þangað sem þau ættu að sjálfsögðu að fara. Og að lokum vil ég benda á að bensínhækkun hefur aðeins að litlu leyti skilað sér til framkvæmda í vegamálum.

Svo held ég að megi undir lokin minnast á höfuðborgarsvæðið, en þar vantar stórkostlega fjármagn til brýnna verkefna, til að greiða úr því umferðaröngþveiti sem ríkir á höfuðborgarsvæðinu. Má þá enn einu sinni minna á að það er ætlað að um það bil 80% af öllum tekjum sem umferðin skilar í ríkissjóð á Íslandi falli til á höfuðbogarsvæðinu.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Hér er einvörðungu um að ræða hina reglubundnu framreiknun upphæða að því er varðar fjármagn til vegaframkvæmda. Hér er ekki um að ræða hina venjulegu endurskoðun sem á sér stað. Ég vil aðeins minna á að á sl. vori, þegar hin reglulega endurskoðun átti sér stað, var ég þeirrar skoðunar að þá ættu menn í ljósi þess að kosningar væru fyrir dyrum að gera áætlun til eins árs og að loknum kosningum, með hliðsjón af nýrri stjórnarmyndun, ætti að taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar og setja í það meira fjármagn en verið hefur undangengin ár og a.m.k. að staðið yrði við þá langtímaáætlun sem gerð var á sínum tíma og verulega hefur hrakað í þessum efnum. Þetta var ekki gert. Menn höfðu hinn gamla hátt á og gerðu þetta með hinum hefðbundna hætti.

Ég skal ekki fara frekar út í það. Að vori hlýtur að koma til þess að menn geri þetta dæmi betur upp en nú er verið að gera. Á því er enginn vafi. Það er greinilegt af þeim upplýsingum sem komið hafa fram að langtímaáætlunin hefur verulega raskast, miklu meira en menn höfðu gert sér grein fyrir að gæti orðið á ekki lengri tíma en er liðinn síðan þetta var gert. Við slíkt verður ekki búið til lengdar. Það ætti öllum hv. þm. að vera það ljóst að samgöngurnar úti á landsbyggðinni eru sá grunnur sem við byggjum á ef það á að halda uppi byggð í landinu. Einhver arðbærasta fjárfestingin sem í verður lagt eru vegaframkvæmdir.

Ég hygg að hv. þm. Júlíus Sólnes hafi farið eitthvað um Vestfjarðakjördæmi fyrir kosningar á sl. vori og ætti því að þekkja þá þörf sem þar er fyrir auknar framkvæmdir og meiri að því er varðar vegagerð á því svæði. Trúlega er svo víðar þó ég sé þeirrar skoðunar að á Vestfjörðum sé nánast versta ástandið að því er varðar samgöngur innan héraðs og við heildarsvæðið af öllum kjördæmunum.

En ég ætla ekki að fara út í það hér. Mér sýnist að þær umræður ættu miklu frekar heima að vori þegar hin reglulega endurskoðun á sér stað en vera að teygja hér lopann. En við hljótum, eða þeir sem þá verða til staðar hér á Alþingi, því það er ekkert sjálfsagt að hér verði allir sem nú eru — eða hver gengur út frá slíku hér? (**AG:** Þeir sem hafa peningamálin.) Þeir sem hafa peningamálin, segir hv. þm. Albert Guðmundsson. Hann hugsar á sama hátt og áður. (**HG:** Er stjórnarliði að tala?) Það verður hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að gera upp við sig, hver það er sem er að tala, sé honum það ekki ljóst. Ég er fyrst og fremst að tala um að hér er lýðræði. Það veit enginn af hv. þm. hversu lengi hann kann að sitja nema þá þeir sem telja sig sjálfsagða til þeirra hluta og kannski er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson einn af slíkum. (**PJ:** Ódauðlega?) Ódauðlega já. Rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni. Ég er ekki einn af þeim. Hér geta orðið breytingar á einu ári. Eitt ár í pólitík er vissulega langt.

Það sem ég ætlaði nú fyrst og fremst að gera í ræðustól var að spyrja hæstv. samgrh. um hvort núna væri gert ráð fyrir fjármagni til undirbúnings fyrirhuguðum jarðgöngum t.d. á Vestfjörðum sem mikið hefur verið um rætt eða ætla menn enn einu sinni að slá slíkri ákvörðun á frest? Ég held að það sé mikils virði ... (**EgJ:** Er þeim frestað?) Ja, ég sé ekki að hún hafi verið hafin. Kannski hv. þm. Egill Jónsson hafi einhverja vitneskju um að það sé byrjað. Mér er ekki um það kunnugt og var ég þó vestra nýlega. En ég held að það sé mikils virði fyrir það fólk sem þarna er um að ræða að hv. Alþingi taki afstöðu til þessa máls, það sé ljóst að þetta verði gert og ákvörðun verði tekin. (Gripið fram í.) Ég er að spyrja um ákvörðun og síðan í áframhaldi af því fjárveitingu til málsins. Ég geri ráð fyrir og hef gert lengi, gerði það meira að segja meðan hv. 5. þm. Reykv. var ráðherra, að með ákvörðunum Alþingis væri það hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta að sjá fyrir fjárveitingum til þeirra ákvarðana sem teknar voru og ég hygg að svo sé enn. Ég spyr því hæstv. samgrh. um hvort núna, að því er varðar þessa afgreiðslu, verði gert ráð fyrir ákvörðun um fjárveitingu til að hefja undirbúning að jarðgangagerð á Vestfjörðum. Það er í mínum huga og þess fólks sem

þar býr svo mikils virði að ég hygg að þingmenn almennt geti ekki öllu lengur skotið sér undan því að taka slíka ákvörðun.

Auðvitað kostar það peninga, það er ljóst, og það kostar töluverða peninga, en tiltölulega litla miðað við það gagn sem það kann að gera og mun skila þjóðfélaginu í framhaldinu. Ég teldi nauðsynlegt, þó að hér sé ekki um reglulega endurskoðun vegáætlunar að ræða, að menn slægju því föstu að fjárveiting yrði sett í undirbúning að slíkum mannvirkjum þannig að fólk hafi trú á því að menn meini eitthvað sem verið er að tala um en ekki bara orðin. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er meiningin að setja í þetta fjármagn til undirbúnings eða ætla menn enn einu sinni að slá slíku á frest?

Albert Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni í síðustu ræðu hv. 3. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar fannst mér rétt að koma upp og benda á að það er stjórnarþingmaður úr þingflokki fjmrh. sem var að tala. Ég vil sjálfur sem þingmaður og þátttakandi í atkvæðagreiðslum um mál sem borin eru fram á Alþingi lýsa yfir stuðningi ef hv. þm. kemur með tillögu um þá fjármögnun sem hann er að tala um þegar hann beinir fsp. sinni til hæstv. samgrh. Ég lýsi hér með yfir stuðningi við þá tillögu sem fram kemur væntanlega frá hv. þm. og varðar svo mjög vegagerð á Vestfjörðum.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ósköp verða menn hvumpnir ef bent er á einfaldar staðreyndir eins og ég gerði í ræðu minni þegar þetta mál var til umræðu sl. laugardag. Ég benti á þá einföldu staðreynd að það væri augljóst að a.m.k. 60% af því fé sem færi til vegagerðar rynni frá íbúum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi á sama tíma og það hlutfall sem færi til framkvæmda á þessu svæði væri um það bil 14% þannig að hér væri dæmi um straum af fé frá fólki á höfuðborgarsvæðinu til framkvæmda úti á landi öndvert við það sem oft væru nefnd dæmi um úr þessum ræðustól. Ég hélt að menn þyldu að heyra svona augljósar staðreyndir og ég hélt að menn þyldu að heyra að þetta þýðir að íbúar höfuðborgarsvæðisins leggja til nýframkvæmda í þjóðvegum og þjóðbrautum um það bil 500 millj. samkvæmt þeim tölum sem eru fyrir framan okkur umfram það sem þeir fá sjálfir til framkvæmda á sínu svæði eða, ef við tækjum tölurnar í heild sinni sem hér er verið að úthluta, þá væri um það að ræða að það væri um 1½ milljarður sem flyttist hér til. Ég hélt að menn þyldu að heyra dæmi af þessu tagi. Ég hef ekki talað um þetta nema sem dæmi og ég tók líka fram að ég teldi augljóst að höfuðborgarbúar og þeir sem búa á suðvesturhorninu nytu auðvitað vegaframkvæmdanna úti á landi með sama hætti og þeir sem úti á landi eru nytu þeirra þegar þeir kæmu hingað. Ég tók líka fram að ég er ekki að tala um að það þyrfti að draga úr vegaframkvæmdum úti á landi heldur hlyti ég í þessu sambandi að benda á að við stæðum frammi fyrir gífurlegum verkefnum hér á þessu svæði til að leysa þá umferðarhnúta sem augljóslega eru þegar komnir eða eru í uppsiglingu á næstu árum og þess vegna þyrfti að auka heildarfé til vegamála til þess að menn gætu haldið a.m.k. sama framkvæmdastigi í framkvæmdum úti á landi og er núna jafnframt því að vinna að framkvæmdum á þessu svæði í auknum mæli og umfram það sem menn hafa gert að undanförnu.

Ég veit ekki nema það sé ástæða til að benda á örfáar staðreyndir til viðbótar í þessu sambandi þannig að það liggi ljóst fyrir. Það liggur t.d. ljóst fyrir að umferð á þjóðvegum skiptist þannig að 36,8% eða tæp 40% af umferð á þjóðvegum talið í eknum kílómetrum eru í Reykjaneskjördæmi einu sér, eru á þjóðvegum í Reykjaneskjördæmi einu sér. Ég sagði að það væru um 14% af framkvæmdafé til höfuðborgarsvæðisins. En ef við tökum nú Reykjaneskjördæmi eitt eru það um 12%. Þarna hafa menn umferðarþungann tæp 40%, framkvæmdaféð 12%.

Ef við tökum höfuðborgarsvæðið í heild verður þetta enn þá geigvænlegra vegna þess að umferð mæld í eknum km innan umferðarsvæðisins sem er ekki á þjóðvegum er talin 500 millj. km meðan umferð á þjóðvegum alls staðar annars staðar, í öllum kjördæmum þess vegna ef menn vilja það, eru 725 þús. þúsunda. 725 millj. km eru eknar á þjóðvegum víðs vegar um landið, en innan höfuðborgarsvæðisins er talið að eknir séu 500 millj. km. Ef þetta er lagt saman væri það meira en helmingur umferðarinnar í landinu sem er innan Reykjavíkur og Reykjaness, um það bil 60% nánar tiltekið.

Þessar staðreyndir finnst mér sjálfsagt að menn hafi í huga og ég hygg að það sé engum til góðs að horfa fram hjá þessum staðreyndum.

Hv. 1. þm. Vesturl. Alexander Stefánsson sagði réttilega að allir eigi að borga til þessa og allir eigi að njóta og það á auðvitað að vera markmiðið. En menn njóta þess nú ekki alveg sérstaklega að standa í samfelldri biðröð frá Sóleyjargötunni inn á Kringlumýrarbraut til þess að komast þennan spöl og vera kannski 20 mínútur á leiðinni frá Kringlumýrarbraut og upp að Kringlu t.d., svo maður taki dæmi af því hvernig þetta er stundum á þessu svæði núna. Og slysagildrurnar gæti ég auðvitað talið upp.

Ég vil líka minna á það, bara svo að menn hafi það í huga sem ég benti á hér á laugardaginn, að ein framkvæmd eins og sú sem fram undan er á Arnarneshæðinni og varið er 14 millj. til samkvæmt þessum tölum hér mun kosta 190 millj. kr. Þetta er til marks um hvers konar verkefnum við stöndum frammi fyrir á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst, herra forseti, að það sé alveg nauðsynlegt að menn séu tilbúnir að horfa á staðreyndir. Ég er ekki að biðja um neinn landshlutaríg, en ég ætlast til þess að menn séu tilbúnir að sjá staðreyndir eins og þær eru og ræða málin út frá því. Og ég ítreka: Ég hef ekki gerst talsmaður þess að það væri dregið úr vegaframkvæmdum úti á landi, síður en svo, en ég

hlýt að benda á þetta dæmi um fjárstreymi, sem er öndvert við það sem menn gera hér oftast að umtalsefni, og ég hlýt að benda á þau verkefni sem fram undan eru hér á þessu svæði.

Það var reyndar athyglisvert að hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði efnislega: Hvaðan koma peningarnir? Ég skildi hann svo að hann vildi skilgreina hlutina þannig að í rauninni væri hér verið að skila aftur peningum sem höfuðborgarsvæðið hefði áður hirt af landsbyggðinni. Vitaskuld má halda því fram. En ég held að hv. þm. Stefán Valgeirsson, af því að ég tel víst að hann sé að miða við útflutningsframleiðsluna, ætti að gá að því hversu stór hluti af útflutningsframleiðslu landsmanna kemur einmitt úr Reykjaneskjördæmi. Þar stendur Reykjaneskjördæmi mjög vel og áreiðanlega ekki síður en hans kjördæmi ef hann langar í samanburð af því tagi. En það var ekki það sem ég var að biðja um. Ég er að biðja menn um að horfa á staðreyndir og vera viðbúnir framtíðinni.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ræða hv. síðasta ræðumanns var athyglisverð fyrir margra hluta sakir, kannski ekki síst fyrir þá sök að það er mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig talsmenn Alþfl. tala um málefni eins og vegamál, eins og landsbyggðarmál og annað sem tengist viðkvæmum atriðum í pólitík nú síðustu dægrin. Nú er það svo að þau málefni sem mest varða ríkisfjármálin eru mjög í höndum Alþfl., eins og t.d. embætti fjmrh., og ráðherrar Alþfl. og þingmenn geta undir engum kringumstæðum skotið sér undan því að þeir bera mikla ábyrgð á því hvernig á ríkisfjármálum í heild er haldið og bera auðvitað líka mikla ábyrgð á því hversu miklu fé er varið til samgöngumála, vegamála og ýmislegs annars.

Hv. þm. talaði um að hann væri ekki að efna hér til kjördæmarígs og vel má það vera, en hann hafði þó mörg orð um það hversu litlu fé væri varið til Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkur og bar það saman við landsbyggðina. Gefur það auðvitað tilefni til að rifja upp að hæstv. fjmrh. hefur látið hafa það eftir sér opinberlega að vel komi til tals að slá á frest jarðgöngum í gegnum Múlann sem um leið gefur tilefni til þess að rifja upp að þegar Alþfl. var í stjórnarandstöðu flutti þingmaður Alþfl. þáltill. og þeir alþýðuflokksmenn í heild voru mjög áfjáðir í að flýta göngunum í gegnum Múlann. Þannig er þetta nú oft um Alþfl. þegar hann er í þessu kjördæmapoti og fáa þingmenn á Alþingi hef ég fundið eins og þann hv. þm. sem síðast talaði sem notar einlægt hvert tækifæri sem hann hugsanlega getur til að vera með kjördæmapotið en tekur þó alltaf sanngjarnlega fram samtímis að hann sé ekki í kjördæmapoti og biður menn að horfa á staðreyndir málsins.

Auðvitað getum við horft á staðreyndir málsins. Hvaða mark eigum við landsbyggðarmenn að taka á þingmanni Alþfl. þegar hann segir að ekki sé nægilegu fé varið til vegamála í Reykjaneskjördæmi og lætur mjög að því liggja, en segir um leið að hann vilji ekki og sé ekki að fara fram á að draga fé frá öðrum kjördæmum? Hafa ráðherrar Alþfl. gefið í skyn að þeir séu reiðubúnir að auka framlög til vegamála? Það hefur ekki staðið á þingmönnum Sjálfstfl. að gera það. Ég vil þess vegna taka í framrétta hönd hv. þm. Ef það er svo að ekki er um kjördæmapot að ræða heldur einlægur vilji fyrir samgöngumálum og vegamálum vil ég taka í hans framréttu hönd og biðja hann um að hjálpa okkur þá við að eiga við ráðherra Alþfl. þannig að þeir fáist til þess að láta meira fé í samgöngumálin, meira fé í vegina, meira fé í hafnirnar. Ekki skal standa á mér að ýta á eftir því. Þvert á móti höfum við sjálfstæðismenn mjög haldið því fram þegar viðræður hafa orðið um ríkisfjármálin milli stjórnarflokkanna að nauðsynlegt sé einmitt að auka framlagið til vegamálanna, auka framlagið til hafnamálanna. Ég er alveg sammála honum um að það er eitt mesta framfaramál sem við getum fundið.

Ég er sammála því, sem hann segir, að slysagildrur eru víða á Stór-Reykjavíkursvæðinu, á Reykjanesi og slysagildrur eru út um allt land. Þegar við erum t.d. að tala um göng í gegnum Ólafsfjarðarmúla er það fyrst og fremst af þeim sökum að enginn vegur á landinu er eins hættulegur og sá vegur. Snjóflóðin sem þar falla á hverju ári skipta tugum eða hundruðum. Við erum þar að tala um slysagildrur og höfuðrökin með þeim vegi eru þau að menn óttast að þar kunni að koma til alvarleg slys og um leið og við erum að leggja ríka áherslu á að tengja byggðirnar við Eyjafjörðinn erum við að reyna að koma í veg fyrir að til fjöldaslyss komi á þessari hættulegu leið.

Ég get vel sagt það sem mína skoðun að tími er kominn til að huga að því hvernig hægt sé að leggja aðra akrein til Keflavíkur t.d. einmitt vegna þeirrar miklu slysahættu sem er á þeim vegi og ég er sammála um að Arnarneshæðinni þurfi að ljúka. Það er einmitt af þeim sökum sem ég hef lagt ríka áherslu á nauðsyn þess að auka framlögin til vegamálanna. Og ég skal láta þessa ræðu hv. 4. þm. Reykn. verða til þess að ég æsist allur upp og fylgi því máli eftir af miklu meiri krafti en ella mundi vitandi það að ég á hauk í horni þarna inni í herbergi Alþfl. þar sem ég bjóst ekki við að sjá hann. Ég er þess vegna mjög ánægður yfir að finna vængjaþytinn og ég veit að það verður arnsúgur þegar hv. þm. beitir sér inni í herberginu og fer að fjmrh. og lætur hann finna fyrir því að ef maður hefur klær, þá bíta þær.

Við þingmenn utan af landi virðum að það þurfi að bæta samgöngur á Reykjavíkursvæði og reyna að koma í veg fyrir þær slysahættur sem hér eru, ég geri ekkert með það þótt menn þurfi stundum að bíða í miðborg Reykjavíkur eftir því að komast áleiðis. Menn geta þá bara lagt fyrr af stað. Ég geri ekki mikið úr því. Það kemur fyrir að menn tefjist af öðrum alvarlegri ástæðum á öðrum stöðum líka, kvörtum ekki í þingsölum þó maður þurfi svolítið að bíða. Og það er fallegt við Tjörnina, ekki síst á þessum síðustu dögum. En við úti á landsbyggðinni

berum hins vegar mjög fyrir brjósti að hægt sé að tengja saman byggðirnar einmitt nú á þessum síðustu tímum þegar við verðum varir við að ekkert lát er á að menn fari suður hingað. Mér er nú ekki alveg ljóst eftir hverju menn eru að sækjast að vísu, en svona er þetta. Menn eru að sækja suður hingað og fækkar úti á landi og hér þarf að byggja meira og meira. En þá erum við að reyna að tengja saman byggðirnar og við sjáum t.d. við Eyjafjörð, eftir að hinar góðu samgöngur komust á milli Dalvíkur og Akureyrar, hvernig verkaskipting milli byggðarlaganna hefur vaxið, hvernig öll þessi byggðarlög eru núna í örum og blómlegum vexti og hvað þessar bættu samgöngur gefa mikla bjartsýni. Eins er nauðsynlegt að gera víðar á landinu og þess vegna hljótum við að fagna því, landsbyggðarmenn, að hv. 4. þm. Reykn. sér alls ekki eftir því að við fáum þann hluta af vegafénu sem við höfum fengið og erum honum þakklátir fyrir að hann skuli svo skilja okkar þarfir. En það gefur enn og aftur ástæðu til að lofa honum því á móti að ég skal ekki skorast undan. Við skulum fara saman að hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. og ekki gefast upp fyrr en við höfum náð okkar máli fram, að verulega aukið fé verði nú látið í vegamálin á næsta ári og hafnirnar ekki látnar eftir sitja.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, það falla mörg orð, en það er minna um vegaféð. Það er í þessu eins og mörgu öðru að loforðin, fyrirheitin sem hafa verið gefin, gleymast, sérstaklega eftir kosningar. En það getur verið að það verði kosið aftur einhvern tímann og ætli það byrji þá ekki sami söngurinn: Loforð.

En loforð reynast létt á vog
sem ljómi er af gulli stafar.

Eftir því sem stendur í þessari bók hérna, sem er skýrsla hæstv. samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1987, á bls. 42 kemur fram að það er ekki helmingur af því sem að var stefnt og lofað var sem er látið í vegina. 5,16% stendur á bls. 42 og það hlýtur að vera rétt. Þetta er frá hæstv. samgrh. Hann ber sjálfur ábyrgð á þessari tölu.

Því var líka heitið að halda áfram að grafa sundur fjöll og þannig erum við leiknir í Norðurlandi eystra að við komum ekki áfram vegunum vegna þess að við viljum ekki láta okkar eftir liggja til þess að það sé hægt að standa við það loforð. Og það eru vegir í okkar kjördæmi sem víðar sem eru í því ástandi að a.m.k. yfir vorið og stundum á vetrum eru þeir mikil hindrun til flutninga. Það þarf þá að takmarka þungaflutninga á einu mesta framleiðslusvæði landsins sem Eyjafjörður er. En sem sagt: Efndirnar ná ekki nema að hálfu leyti miðað við fyrirheitin í þessu efni. Hér stendur það svart á hvítu í skýrslu samgrh. hæstv.

Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því þó þingmenn Reyknesinga, sem eru komnir með bundið slitlag á alla sína vegi, — ég sagði alla sína vegi, ég þekki mig nokkuð á Reykjanesi, ég var þar í nokkuð mörg ár og var að skoða það, ég kalla það alla vegina, það er a.m.k. nokkuð annað en er annars staðar, — ég er ekkert hissa á því þó þeir telji eftir þó það sé skilað einhverju af því sem landsbyggðin hefur látið í þjóðarbúið, þó það komi til baka út á land. Annars hefði ég vænst þess að hæstv. samgrh. kæmi í ræðustól og ræddi þessi mál. Kannski hefur hann gert það, en ég hefði vænst þess vegna þess að ég held að hann sé svo réttsýnn maður að hann muni viðurkenna að lítið af því fjármagni fari aftur út á land í gegnum kerfið miðað við það sem fer af landsbyggðinni hingað til höfuðstöðvanna. (Gripið fram í.) Ja, ég veit það. Það er með ýmsum hætti. Ég gæti haldið hér klukkutíma ræðu um eftir hvaða leiðum þessi fjárstraumur er út af landsbyggðinni. Ég hef rætt það hér áður við ýmis tækifæri og reynt að gera tilraun til að jafna aðstöðuna í landinu. En ég hef ekki orðið var við miklar undirtektir frá því þingliði sem styður þessa ríkisstjórn. Hins vegar hef ég orðið var við óánægjuna sem er í þessum mönnum þó þeir hafi ekki hörku í sér til að hrista af sér reiðinginn. Ég heyrði t.d. í hv. þm. Agli Jónssyni í Ed. um daginn og mér fannst hann hrista nokkuð mikið reiðinginn þó hann kannski sé nú enn þá á honum. Þannig mætti taka fleiri dæmi. Óánægjan er fyrir hendi. En kjarkurinn til að fara eftir samvisku sinni, sem þeir eru þó bundnir af miðað við stjórnarskrána, er minni þegar á reynir.

Nei, það er ástand þannig í okkar þjóðlífi að það virðist ekkert ganga. Það virðist enginn grundvöllur nema eitthvað í kringum hermangið. Þar blómstrar þar sem er hermangið einhvern veginn og þeir angar sem að því liggja. Allt annað á hausnum. Hvað ætli það séu margar verslanir úti á landsbyggðinni, kaupfélög, einkafyrirtæki, hvað ætli það séu mörg útgerðarfyrirtæki sem eru að stöðvast ef ekki verður eitthvað aðhafst? Og hvað verður gert til þess að breyta um þannig að vonleysið, sem er orðið almennt úti á landi, breytist í einhverja von?

Hæstv. viðskrh. var í sjónvarpinu hér á dögunum og mér heyrðist að það gæti allt beðið þangað til að fjárlög yrðu afgreidd og þau mál sem þeim tengjast, lánsfjárlög, sem mundu taka gildi um næstu áramót. Hvað verða mörg fyrirtæki þá komin á hausinn ef á að fara eftir þeim ráðum? Hvað ætlar t.d. hv. þm. Karvel Pálmason að bíða lengi eftir að þeir loki allir á Vestfjörðum áður en hann gerir upp við þessa ríkisstjórn? Og ég gæti nefnt fleiri nöfn. Ég gæti nefnt 1. þm. Vesturl. Hvað ætlar hann að bíða lengi? (**KP:** Hann er nú dyggur.) Dyggur? Sá sem er dyggur, það er hann sem þorir að fara eftir sinni sannfæringu. Hann er ekki bundinn af öðru. (**KP:** Hver?) Ég vona að hv. þm. Karvel Pálmason fari eftir því. Það er alveg þýðingarlaust fyrir þessa þingmenn hvað sem þeir heita, hvort sem þeir heita Pétur eða Páll, Árni eða Karvel, að skrifa eða tala á móti þessari ríkisstjórn en greiða svo atkvæði með henni í hverju málinu á eftir öðru. Er það að vera samkvæmur sjálfum sér? Er það? Athafnir verða að fylgja orðum eða þá að orðin eru ekki marktæk. Það

er málið.

Ég ætla ekki, herra forseti, að taka meiri tíma. Ég varð að segja það sem ég hef sagt. Ég hef reynt að gera það í eins fáum orðum og mér er unnt. En ég vil ekki níðast á forsetanum með því að fara að tala öllu lengur. En ég vænti þess að hæstv. samgrh. geri grein fyrir því og mótmæli því þá, sem er í hans eigin skýrslu, sem ég hef hér sagt. Ég vænti þess að aðrir hv. þm., sem geta í raun og veru ekki horft aðgerðarlausir á þróun mála úti á landsbyggðinni og raunar víðar, manni sig upp og tali út úr pokanum og setji hausinn út úr pokanum og segi hvernig þeim líður og hvernig þeir ætla að standa að málum ef þetta á að ganga lengur svo sem hingað til.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Hér hafa menn gefið tilefni til miklu lengri umræðna en kannski hefði verið ástæða til í upphafi að ætla. Hv. þm. Halldór Blöndal gaf vissulega tilefni til að svara honum örfáum orðum. Hann vék að vísu fyrst og fremst að hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, sem ég þarf ekki fyrir að svara, hann mun trúlega gera það sjálfur.

En út af því sem Kjartan sagði, þá er það út af fyrir sig rétt að hér eru vandamál í umferð og hættur. Fólk þarf að bíða eftir að komast, en fólk kemst þó. En á öðrum svæðum kemst fólk ekkert og það er kannski meginmálið. Þar er lokað. Þar fer fólk ekki neitt. Það dugar ekki að bíða. Þar getur fólk ekkert farið. Kannski væri réttara að slá þarna tvær flugur í einu höggi og a.m.k. ekki fjölga hér á þessu svæði, frekar kannski að fækka og færa fólk út á landsbyggðina til þess að það þurfi ekki að setja í miklu meiri framkvæmdir á þessu svæði til að leysa umferðarhnúta. Það er auðvitað efnahagsstefnan sem hefur orðið til þess að valda þessum vandræðum. Fólk flykkist af landsbyggðinni á Reykjavíkursvæðið og það veldur þeirri umferðarteppu eða tregðu sem menn eru að tala um. Því væri hægt að breyta með breyttri efnahagsstefnu, ég tala nú ekki um hefði það verið gert fyrr.

Hv. þm. Halldór Blöndal talaði eins og einhver sakleysingi eða sóknarmaður í það að vilja miklu meira fjármagn í vegaframkvæmdir, ásakaði hæstv. fjmrh. sem ég ætla ekki að bera blak af. (**HG:** Það er ekki hægt.) (**SkA:** Hvorki nú né síðar.) Það sagði ég ekki. Það er mitt að ákveða það, ekki annarra. En hann sakaði hæstv. fjmrh. og þingmenn Alþfl. um að þeir vildu ekki meira fjármagn í vegaframkvæmdir. (**EgJ:** Já.) Við skulum nú rifja aðeins upp, hv. þm. Egill Jónsson, og ástæða til, ekki síst fyrir þig hv. þm., hverjir hafa ráðið þessum málum undangengin ár. Hverjir réðu þessum málum undangengin fjögur ár? Hvaða flokkur átti samgönguráðherrann og fjármálaráðherrana þessi fjögur ár? Hver skyldi það hafa verið? Hvaða flokkur? Var það ekki Sjálfstfl. sem átti alla þessa ráðherra? Þeir voru þrír að tölu, tveir hæstv. fjmrh. og einn samgrh. ef ég man rétt. Sjálfstfl. átti þessa menn. Þetta voru fulltrúar hans. Og hverju skiluðu þeir að því er varðaði aukið fjármagn til vegaframkvæmda í ljósi þess sem ákvarðað var í langtímaáætlun? Hverju skiluðu þessir ágætu menn sem vilja miklu meiri peninga í vegaframkvæmdir? Menn ættu að skoða skýrslu hæstv. samgrh. Hvað segir hún?

Árið 1984 var þetta 1,79% sem átti að vera 2,4% þegar upp var lagt, árið 1985 1,65%, átti að vera 2,4% þegar upp var lagt, 1986 1,40%, átti að vera 2,4%, og 1987 1,16%, átti að vera 2,4% þegar var byrjað. Eru það þessir menn sem eru að hæla sér af því að þeir hafi viljað meira fjármagn til vegaframkvæmda en staðið á öðrum? Þvílík hræsni! Þvílík hræsni í þessum fulltrúum.

Og þetta á reyndar við um hv. þm. Stefán Valgeirsson líka. Hver studdi þá ríkisstjórn sem þetta gerði á sínum tíma? Var það ekki hv. þm. Stefán Valgeirsson? Ég spyr og menn svara. Auðvitað var það hann og studdi hann dyggilega í því að rýra það fjármagn sem átti að fara til vegaframkvæmda. Svo koma menn hér eins og sakleysingjar og þykjast ekki bera ábyrgð á einu eða neinu, uppfullir af hræsni með svikin loforð auðvitað í pokanum. (**AG:** Hvaða prósentur var þingmaðurinn að lesa upp?) Það er á bls. 42, hv. þm. Albert Guðmundsson, 519. mál, þskj. 1062. Hafi hv. þm. ekki fengið þetta skjal get ég afhent honum það. Þarna eru upplýsingarnar, m.a. handaverk hv. þm. sem hæstv. ráðherra á sínum tíma. En menn eru fljótir að gleyma þegar þeir skipta um hlutverk. (**AG:** Hvaða prósentur er verið að lesa upp?) Ég bendi hv. þm. á að lesa á bls. 42 í skýrslunni. Það er skýrsla samgrh., fyrrv. flokksbróður hv. þm. og samráðherra á sinni tíð.

Ég spyr hv. þm. Stefán Valgeirsson þegar hann er að gagnrýna menn. Auðvitað á að gagnrýna hafi menn efni á því. Ég lagði til á sl. vori einmitt við hv. þm. Stefán Valgeirsson sem stuðningsmann þeirrar ríkisstjórnar sem þá var við völd að menn frestuðu því að afgreiða vegáætlun nema til eins árs og mál yrðu tekin upp að loknum kosningum til að reyna að fá pressu á meira fjármagn. Hvað gerði hv. þm. Stefán Valgeirsson þá? Var hann með þessu? Nei, ekki aldeilis. Hann studdi flokkinn dyggilega í þeim efnum með því að rígbinda þetta í fjögur ár, án þess að skapa það svigrúm sem þurfti til þess að þrýsta á um meira fjármagn í þessar framkvæmdir. Svo koma menn hér uppfullir með englabros á vör og þykjast hvergi hafa komið nálægt í þessum efnum. (**EgJ:** Það eru nú 285 millj. þar.) Hvaða milljónir eru það, hv. þm. Egill Jónsson? Það eru margar milljónir til.

Ég heyri að það er ekki nema einn og einn af þeim sem bera hvað mesta ábyrgð í þessum efnum undangengin ár sem þorir upp í stól til að segja sína skoðun. Þeir vilja heldur láta í sér heyra úr sætum en taka þátt í efnislegum rökræðum um það meginmál sem við erum hér að fjalla um. Og hér eiga menn auðvitað ekkert að fara í flokkadrætti í þessum efnum. Þetta er miklu meira alvörumál en svo að menn geti bundist flokkshlekkjum bara til að fylgja. Það þarf miklu meira ef menn ætla að fá einhverju áorkað til að breyta um. Auðvitað geta menn

dansað í þessu áfram ef þeir vilja og það hafa þessir hv. þm. gert og virðast ætla að gera. Ég bíð a.m.k. þess hvað kann að gerast að vori þegar hin raunverulega endurskoðun á að eiga sér stað, hvort menn ætla þá að draga lappirnar eins og menn hafa gert til þessa, þessir hv. þm., hinir sömu sem þykjast nú hvergi hafa komið nálægt undangengin ár. Þessu er auðvitað öllu vísað til þeirra föðurhúsa sem hafa framleitt þetta á undanförnum árum, hv. sjálfstæðisflokksmanna og hv. framsóknarmanna sem borið hafa ábyrgð á þessum málum undangengin ár og geta ekki vísað því frá sér. Það er hrein blekking að reyna að telja fólki trú um ábyrgðarleysi þessara aðila í þessum efnum. Ég er ekki með þessu að draga úr því að menn gangi til verks og knýi á núv. hæstv. fjmrh. Ekkert mun af veita í þeim efnum. En það fríar ekki aðra sem hafa borið ábyrgðina hingað til. (**AS:** Hver var krafa Alþfl. í stjórnarmyndunarviðræðunum?) Nú skiptir kannski ekki meginmáli hver var krafan. Það skiptir meginmáli hvort framsókn hafi fallist á hana og mér virðist það hafa gerst, hafi um einhverja kröfu verið að ræða. Og þar hafa menn líka dinglað og dingla enn. Spurningin um kröfu í þessum eða hinum viðræðum: Hvað gerðu þessir hv. þm., þessir hæstv. ráðherrar, eins og hv. núv. þm. Alexander Stefánsson, í sinni ráðherratíð undangengin fjögur ár? Hvað gerði hann? Menn sjá hér á skýrslunni hrapandi tölur í minnkandi fjármagni til vegaframkvæmda. Það eru ær og kýr þeirra sem ráðið hafa ferðinni til þessa. Vonandi tekst að ýta við hverjum sem er sem með þessi mál fer hverju sinni og það mun ekki af veita og ekki mun á mér standa í þeim efnum.

Ég ítreka mína spurningu sem ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. muni svara hér á eftir. Er gert ráð fyrir því að menn slái því föstu við þessa afgreiðslu að veita fé til undirbúningsframkvæmda í jarðgangagerð?

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. skuli hafa tekið þátt í þessari vegaumræðu frekar en leit út fyrir að verða á laugardagseftirmiðdaginn. Þeir hafa vakið athygli á þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og því að nú er verið að hlaupa frá þeim loforðum sem gefin voru hér á síðustu vordögum um það að staðið yrði við langtímavegáætlun og varið 2,4% af þjóðartekjum til vegaframkvæmda. Ég þakka sérstaklega 1. þm. Vesturl. fyrir það að hafa í ræðu sinni áðan viðurkennt þessa staðreynd, að núv. ríkisstjórn hafi fallið frá fyrirheitum fyrri ríkisstjórnar um það að verja til viðbótar við sértekjur til vegamála 1463 millj. kr. miðað við verðlag þá. Það er sem sagt viðurkennt af frsm. fjvn. að þannig hefur verið staðið að málum og það er viðurkennt af frsm. fjvn. að það er ekki verið að fjalla um vegáætlun fyrst og fremst út af því að það öfluðust nokkuð auknar sértekjur, heldur vegna þess að það er verið að skerða stórlega það fjárframlag sem til þessara mála átti að verja samkvæmt vegáætlun 1987–1990.

Til viðbótar aðeins, herra forseti: Hv. 1. þm. Vesturl. taldi að það fjármagn sem nú er geymt á milli ára væri í öruggum höndum vegna þess að búið væri að skipta því niður á ákveðnar framkvæmdir. Ég efast um að svo sé vegna þess að þó að við samþykkjum nú vegáætlun með ákveðnum tölum til ákveðinna framkvæmda eru það ekkert heilagri tölur en þær tölur sem ákveðnar voru í vegáætlun sem við samþykktum á síðasta vori og nú hefur verið fallið frá.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni frá hv. 3. þm. Vestf. Karvel Pálmasyni vil ég vitna í sömu töflu í sömu skýrslu og hann gerði til þess að sanna hve lítið var lagt til vegamála á árinu 1984. Útgjöld til vegamála samkvæmt því sem hann benti á á bls. 42 í þessari skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1987 voru þessi, með leyfi forseta:

Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964–1987. Þar kemur fram að 1984 er framlagið ekki 1,4 af þjóðarframleiðslu heldur 1,79, tæpir 1,8, og ég vil bæta því við að á árinu 1984 var fjárlagagerðin tekin upp í byrjun árs og þá var bætt við þetta þannig að það mætti nærri því þeirri prósentu af þjóðarframleiðslu sem Alþingi hafði stefnt að sem var í kringum 2,1 eða 2,2, ef ég man rétt. Hæstv. þáv. samráðherra og þáv. félmrh. Alexander Stefánsson, gæti þá staðfest það ef menn eru ekki ánægðir með það sem ég segi. Þetta er um hlutfall til vegamála á árinu 1984 sem hv. þm. vitnaði til og samkvæmt þeirri töflu sem hann vitnaði til fór hann með rangt mál.

Aftur á móti hefur þjóðarframleiðsla aukist gríðarlega mikið og á árinu 1987 hríðminnkar prósentan. Eins og segir hér á töflunni dettur hún niður í 1,16. Það er hins vegar ekki þar með sagt að krónutölulega hafi hún minnkað vegna þess að þjóðarframleiðsla hefur aukist það mikið. En ég ætla ekki að taka þátt í þeim dansi sem hv. þm. Karvel Pálmason virðist vera að stofna til um meting á milli ára, á milli manna og á milli landshluta, maður sem hefur lýst sig andstæðan ríkisstjórninni en reynist í reynd einhver alþarfasti þjónn ríkisstjórnarinnar eins og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Karvel Pálmason er meistari í að tala á móti og greiða atkvæði með, það er orðið þjóðarsport þeirra Vestfirðinga sem fylgja honum að máli.

Þá er í næstu töflu, af því að hann vitnaði í hana á bls. 42, talað um heildarútgjöld til vegamála á árunum 1964–1987 og ég sé ekki betur en að árið 1988 sé svona í lægra lagi. Það er hærra 1971, 1972, 1973 og 1974. Það er hærra 1981 og síðan kemur 1984. Það er hærra framlag 1984 en öll hin árin. Ef við förum aftur á bls. 43 í sömu skýrslu, sem vitnað er í svona á niðrandi hátt, sé ég ekki betur en að heildarkostnaður við sumarviðhald og vetrarþjónustu 1964–1987 hafi aldrei verið meira framlag en árið 1984, aldrei. Ef við tökum þá á sömu blaðsíðu

bls. 43 kostnaðinn við sumarviðhald 1964–1987 er aðeins 1985, sýnist mér, hærra en 1984. Það gæti verið að súlurnar séu ekki alveg jafnar 1987. Ég sé ekki hvort er hærra, hvort fær meira framlag 1987 eða 1984, þannig að hv. þm., samkvæmt þeim bls. í skýrslunni sem hann vitnaði í, hefur farið með rangt mál. Það er því ekkert annað fyrir hv. þm. en að fletta upp þessum blaðsíðum sem þm. vitnaði til, og lesa þær og bera saman það sem þar er, þá er þetta ljóst mál.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að ég hef alltaf verið með ýtrustu kröfur í sambandi við fjármagn til vegamála. Hins vegar var ég oft og tíðum ekki þess megnugur vegna þess að það voru ekki nógu margir til þess að taka undir við mig og þá félaga mína sem þá voru sem vildu mikið meira fjármagn.

Hins vegar kom það fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni áðan að ekki hefði verið staðið við það sem var búið að lofa, um 1400 millj. sem vantaði upp á það sem var búið að heita. Getur hv. þm. Karvel Pálmason kennt mér um það?

Ég vil minna á, af því að fyrrv. samgrh. er hér ekki, að ég varð var við það að hann var með meiri kröfur en honum tókst að koma fram í ríkisstjórninni sem þá var, að standa við þessa áætlun um fjármagn til vegamála. Ég vil að það komi fram því það var ekki tekið undir við hann og það er mér kunnugt um og mörgum öðrum þm. hér. En ég vísa ummælum Karvels Pálmasonar til föðurhúsanna hvað mig varðar.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd og nánast að bera af sér sakir. Ég get auðvitað tekið undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson var að segja að fyrrv. hæstv. samgrh. hafði sína djöfla að draga í þessum efnum eins og ýmsir aðrir. Hann vildi meira en fékk því ekki áorkað. Það skal tekið undir það hér.

Út af því sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði: Hér erum við að tala um, eins og stendur í skýrslunni á bls. 42, útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Langtímaáætlunin var ákveðin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, það er samanburðurinn og þess vegna er það akkúrat rétt sem ég las hér upp: 1984 1,79, 1985 1,62, 1986 1,40 og 1987 1,16. Þetta eru þær staðreyndir sem við erum að bera saman og verðum að bera saman ef við erum að tala annars vegar um langtímaáætlun og hlutfallið af henni í þjóðarframleiðslu. Hitt er bara að fara út og suður í kjaftagang, að þvæla um allt annað, til þess að reyna að dreifa athygli frá raunveruleikanum. Það virðist henta sumum á stundum að gera slíka hluti. Ég vísa þessu algjörlega á bug. Það er nákvæmlega rétt sem hæstv. samgrh. fullyrðir hér í skýrslunni, og ég vísa auðvitað til orða hans á prenti, hvernig þessi þróun hefur orðið í langtímaáætluninni miðað við þjóðarframleiðsluna. Það er það sem ég er að bera saman og það stendur hér.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður um of, en ég vil þó gjarnan víkja aðeins að þeim atriðum sem hér hafa verið til umræðu.

Skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar hefur legið frammi og hér hefur verið að henni vikið nokkuð. Samkvæmt vegáætlun fyrir 1987–1990 var heildarfjáröflun til vegamála 1987 áætluð 2 milljarðar 150 millj. kr. Þessi fjáröflun var öll af mörkuðum tekjustofnum, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti samkvæmt lögunum um fjáröflun til vegagerðar. Bifreiðum hefur fjölgað ört og það hefur ekki farið fram hjá neinum í þessum umræðum hvar og með hvaða hætti og með hvaða afleiðingum slíkt hefur orðið, en auðvitað hefur í kjölfar þess orðið mikil aukning á bensínsölu, meiri aukning en gert hafði verið ráð fyrir þegar þessi vegáætlun, sem samþykkt var fyrir 1987–1990, var samþykkt.

Salan á bensíni 1987 var 14% meiri en 1986 og það gerði það að verkum að markaðar tekjur voru umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir, 160 millj. kr. Þessa upphæð hefur verið ákveðið að geyma til ráðstöfunar síðar eins og fram kemur í þeirri tillögu að breyttri áætlun 1988 sem við ræðum hér og nú.

Í framkvæmdum var mikil áhersla lögð á bundin slitlög svo sem verið hefur undanfarin ár og forveri minn lagði sérstaka áherslu á. Til þess að komast áfram með það verk hefur í vaxandi mæli verið gripið til þess ráðs að styrkja og lagfæra vegi í stað þess að endurbyggja þá undir slitlagsgerðina. Jafnframt þessu hefur verið lögð áhersla á styrkingu aðalvegakerfisins fyrir viðhaldsfé eins og fram kemur í skýrslunni. Nokkuð er um að lagt sé bundið slitlag í framhaldi af slíkum styrkingum og er það að hluta til greitt af viðhaldsfé.

Það hefur tvennt unnist með þessu. Hið fyrra er að dregið hefur verulega úr þungatakmörkunum á vorin, einkum þó á aðalleiðunum. Hið síðara er að tekist hefur að halda í við langtímaáætlun um lögn bundins slitlags og jafnvel fara fram úr henni núna síðustu árin.

Á sl. ári var lagt bundið slitlag á 308 km og er það meira en nokkru sinni áður. Í lok ársins voru alls 1729 km af þjóðvegum með bundnu slitlagi. Er það um 21% af öllum þjóðvegum á landinu en á þessum hluta vegakerfisins fara um 70% af akstrinum fram.

Að venju hafa verið tekin nokkur bráðabirgðalán til ýmissa framkvæmda. Að langmestu leyti eru þetta lán sem heimamenn hafa haft frumkvæði að. Alls voru bráðabirgðalán í árslok 212 millj. og er það rúmlega tvöfalt meira en áður ef mælt er á föstu verði. Þar er um að ræða vinnulán frá verktökum og vélareigendum, um ¾ hlutar þessara lána, en fjórði hlutinn var frá sveitarstjórnunum og lánastofnunum. Þessi aukning í lánum undirstrikar hina miklu þörf fyrir umbætur í vegamálunum um land allt. Verkefnin blasa hvarvetna við eins og hér hefur

mátt heyra, hvort sem litið er til hefðbundinnar vegagerðar sem mest hefur verið á dagskrá á undanförnum árum eða sérstakra stórverkefna, svo sem jarðganga, stórbrúa og svo vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu sem mönnum hefur svo mjög orðið tíðrætt um við þessa umræðu. Sýnist nú ekki hjá því komist að veita aukið fé til þessa málaflokks á næstu árum. Núverandi markaðir tekjustofnar vaxa allört um þessar mundir eins og ég vék hér að áðan og meira en gert hafði verið ráð fyrir. Hins vegar er ljóst af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að nokkuð vantar á að þingheimur láti sér það fjármagn duga sem til skiptanna er og kom mér það ekkert á óvart.

Ég get ekki annað sagt en að ég hygg gott til samstarfs við þá þm. sem hér hafa talað og reyndar marga aðra við gerð næstu vegáætlunar og ég get hughreyst hv. 3. þm. Vestf. með því að ég hef ekkert í huga að þar verði ekki tekið hraustlega á. Við gætum átt samstarf saman um það, hann og ég, ásamt, eins og ég sagði, fleiri þm.

Hvað snertir umræðurnar um fjármagn, hvaðan fjármagnið kemur og hvernig því er ráðstafað, held ég að það sé kannski ekki skynsamlegt í raun og veru að við deilum um það í þessum verkefnum frekar en öðrum því að þar væri erfitt að gera dæmið upp. Mér sýnist að við hljótum hér, eins og annars staðar, að meta þörfina fyrir ráðstöfuninni því að hér er um að ræða sameiginlegan sjóð, hvaðan svo sem fjármagnið kemur. Hér erum við að deila fjármagni til vegagerðar og ástæðurnar fyrir því að m.a. höfuðborgarsvæðið hefur kannski verið meira í umræðunni stafar einfaldlega af því að umferðin, að ökutækjafjölgunin á síðustu tveimur árum er kannski miklu meiri hér en annars staðar. En við komumst ekkert út á vegina í dreifbýlinu ef þannig er háttað með vegi hér á höfuðborgarsvæðinu eins og gerist á vissum stöðum. Ég vék að því að þetta væri eitt af þeim verkefnum, ég vék líka að því að stórbrúaverkefnin væru fram undan og ég nefndi líka jarðgangagerðina.

Ég skil og veit mjög vel hvað vakir fyrir hv. 4. þm. Reykn. Ég held að hann sé ekki aðeins kominn upp í ræðustólinn til þess að gera umræðurnar fjörlegri eins og sagt var, heldur og hitt að hér kreppir skórinn og hv. þm. hefur að sjálfsögðu viljað vekja athygli á þeim hlutum. En hv. 6. þm. Norðurl. e. kom réttilega inn á það sjónarmið hér að við erum í sameiningu að dreifa því fjármagni sem við ætlum okkur til vegagerðar á árinu 1988 og ég held að karp á milli kjördæma sé ekki það hið skynsamlegasta.

Við erum hér að ræða um breytingu á vegáætlun fyrir árið 1988 og hér kom hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson og spurði hvað hefði orðið af 1 milljarði 463 millj. kr., ef ég man töluna rétt. Það sem við erum hér að gera er í fyrsta lagi það að við erum að skipta meira fjármagni en vegáætlun hafði gert. Vegáætlunin gerði ráð fyrir því að það yrði 10% aukning á vegaframkvæmdum frá árinu 1987 yfir til 1988. Það sem hér er verið að gera er að verið er að skipta 6% til viðbótar. Í vegáætluninni stóð þessi tala, það er alveg rétt hjá hv. þm., en það sem hefur skeð er það að Alþingi hefur samþykkt fjárlög, Alþingi hefur samþykkt lánsfjárlög og það er ákveðin tala sem gert hefur verið ráð fyrir. Að vísu hefur ríkisstjórnin tekið þá ákvörðun að 35 millj. kr. af þeim 2 milljörðum 900 millj. kr. sem fjárlögin gera ráð fyrir til vegamála skuli látin bíða til næsta árs. Auk þess eru það 160 millj. kr. sem eru frá árinu 1987, þar að auki 90 millj. sem reiknað er með að tekjurnar verði meiri 1988 en tekjuhlið fjárlaganna gerir ráð fyrir.

Auðvitað hefðu menn viljað hafa meira fjármagn. Við hefðum viljað hafa meira fjármagn til hafna, til skóla o.s.frv. (**HG:** Hver ber ábyrgð á þessu?) Alþingi ber ábyrgð á samþykkt fjárlaganna. Ríkisstjórnin lagði fram sínar tillögur í sambandi við efnahagsráðstafanir. Þar var gert ráð fyrir því að 35 millj. kr. yrðu dregnar af þeim útgjöldum og þeim yrði frestað til næsta árs. Allt hefur þetta komið inn hér til Alþingis, verið afgreitt héðan og það sem verið er að gera hér er að það er verið að leggja fram tillögur um skiptingu á því fjármagni sem Alþingi hefur samþykkt í fjárlögum, lánsfjárlög gera ekki ráð fyrir neinu, og deila því á milli hinna einstöku verkefna eins og verið hefur áður og með hefðbundnum hætti.

Hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson hefur mjög svo vikið að því að ekki sé staðið við langtímaáætlun. Ég vék að því hér áðan að ákveðnir þættir langtímaáætlunar, sér í lagi bundnu slitlögin, eru meiri. Og eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. Pálma Jónssyni þá hefur þetta getað gerst m.a. vegna þess að það hefur verið ódýrara, það hafa verið hagkvæmari útboð, það hafa verið hagkvæmari verk sem unnin hafa verið og þannig hefur verið hægt að standa við þessa áætlun og örlítið betur í sumum tilvikum.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurði sérstaklega um fjármagn til rannsókna á jarðgöngum þar vestra. Það er gert ráð fyrir því í þeim tillögum sem hér liggja fyrir að 3 millj. kr. verði til rannsókna á þessu verkefni á árinu 1988 í tveimur tillögum um útgjöld, þ.e. Vestfjarðavegur 14,6 millj. kr., af því er 1,9 til þessara hluta, og svo Djúpvegur 14,6 millj. kr., af því er 1,1, samtals 3 millj. kr.

Hér hefur verið nokkuð rætt um prósentur og vikið að því sem hér kemur fram, hver hefur verið prósenta til vegamála af þjóðarframleiðslu. Þær staðreyndir liggja hér fyrir, en ég vil aðeins leiðrétta því að hér er talað um og sagt: Nýr grunnur. Hér er miðað við og við höfum verið að tala um 2,4% sem var samþykkt hér á Alþingi, en miðað við þann nýja grunn eru það 2,14% sem í krónutölu ættu að skila sér í viðkomandi verkefni. Hitt liggur svo ljóst fyrir að miðað við þann tíma þegar sú áætlun var gerð hefur tækniþróunin verið með þeim hætti að við höfum fengið miklu meiri framkvæmdir fyrir sama pening en við þá gerðum ráð fyrir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vil

leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir hennar störf, bæði varðandi afgreiðslu á vegáætluninni, svo og á flugmálaáætluninni sem afgreidd var hér sl. laugardag og ég vil gjarnan þakka þm. fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég veit hvar skórinn kreppir. Ég hef ferðast það mikið um landið. Ég geri mér grein fyrir því að við þurfum að gera mikið átak í þessum málum og við skulum vona að okkur takist að halda áfram. Því að um leið og menn gagnrýna og meta og vega það sem gert hefur verið, þá vil ég mjög gjarnan undirstrika að það sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum hefur m.a. verið undir forustu forvera míns sem haft hefur á þessum málum sérstakan áhuga og að mínum dómi unnið að þessum málum mjög vel.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. samgrh. á laugardaginn hver bæri ábyrgð á því að út úr vegáætlun ársins 1988 hefur horfið u.þ.b. 1½ milljarður kr. Hæstv. ráðherra tekur hér þá sök á ríkisstjórnina, skrifar hana á ríkisstjórnina í heild sinni. Þetta er út af fyrir sig svar. (**Samgrh.:** Og Alþingi.) Og meiri hluti ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi, bætir hæstv. samgrh. við og hann má gjarnan fylgja með, meiri hlutinn. (**Samgrh.:** Ég sagði það áðan.) Já. En hv. 1. þm. Vesturl. upplýsti það jafnframt, til viðbótar við það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að ekki hafi verið samkomulag um þá upphæð, þau önnur framlög sem tillaga var um fyrir síðasta Alþingi í tengslum *við vegáætlun upp á 1½ milljarð kr., ekki bara á* þessu ári heldur á næsta ári og þar næsta, árunum 1988–1990, það hafi ekki verið samkomulag í þeirri ríkisstjórn um þessa fjárupphæð né heldur um útvegun fjárins. Samt lagði þáv. ríkisstjórn þetta fyrir Alþingi. Þetta hefur komið hér fram og er upplýst í þessum umræðum. Og ég vil fullyrða að öllu meiri blekkingarleikur hafi ekki verið hafður í frammi í sambandi við stórmál eins og vegamálin, og litið til þeirra upphæða sem hér er um að ræða, heldur en í þessu tilviki. Og Alþingi, stjórnarmeirihlutinn á síðasta þingi látinn blessa þetta.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því að sá sem lagði þá vegáætlun hér fram hafi viðhaft nokkrar blekkingar. Ég man að sjálfsögðu ekki hvernig hann orðaði það þegar han lagði tillöguna hér fyrir. (**HG:** Var það einkaframtak hans?) Það var tillaga sem ríkisstjórnin stóð að. Hann sem samgrh. mælti fyrir henni, en það hlýtur alltaf að vera á valdi Alþingis, á valdi fjárveitingavaldsins, fjárlaga, hver verður sú upphæð sem er til skiptanna. Og það er þess vegna sem lögð er fram breyting við þessa áætlun, breyting við vegáætlun 1988, en sú breyting þýðir að það er verið að auka við vegaframkvæmdir frá því sem gert hafði verið ráð fyrir um 6%, 16% miðað við þær framkvæmdir sem voru 1987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1024,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 1024,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1111).

Um þingsköp.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Enn virðast menn gera sér vonir um þinglok í þessari viku. Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. forseta á að fyrir tæpum mánuði bar ég fram tvær skriflegar fsp. til hæstv. fjmrh. Sú fyrri er á þskj. 754 og var dreift 11. apríl sl., en spurning mín til hæstv. fjmrh. er um hlutdeild ríkisstarfsmanna í tekjuskattsgreiðslum í ríkissjóð. Sú seinni er borin fram af mér ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur. Hún er á þskj. 830 og var dreift 12. apríl sl. og er um heildartekjur launafólks á tilteknum árum.

Vil ég nú fara fram á það við hæstv. forseta að hann ýti við því að svör við þessum fsp. berist áður en þinghaldi lýkur nú í vor.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það er sjálfsagt að verða við ósk hv. 6. þm. Vesturl. varðandi þær fyrirspurnir sem nefndar voru. Það skal tekið fram að það er föst regla hjá forseta að láta athuga hvað líður svörum við fyrirspurnum a.m.k. vikulega og það er miðað við hvern fimmtudag. Ég hef ekki í höndunum síðasta blaðið með upplýsingum um þetta. En þetta verður athugað að sjálfsögðu.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það hefur verið farið fram á umræður utan dagskrár um hvort í vændum séu efnahagsráðstafanir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það verður orðið við þessari ósk og fer umræðan nú þegar fram skv. 1. mgr. 32. gr. þingskapa.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Árdegis í dag ritaði ég fyrir hönd þingflokks Alþb. hæstv. forsrh. svohljóðandi bréf, með leyfi þínu, herra forseti:

„Þingflokkur Alþb. telur það ófremdarástand sem nú ríkir í atvinnulífi og efnahagsmálum landsmanna sanna svo ekki verður um villst að stjórn þeirra mála hefur gersamlega mistekist og að stjórnarstefnan er

röng. Hvarvetna í þjóðfélaginu er nú krafist breytinga og stjórnarliðar sjálfir tala opinskátt um að grípa eigi til efnahagsaðgerða. Þingflokkur Alþb. fer því fram á að ríkisstjórnin geri Alþingi áður en það lýkur störfum undanbragðalaust grein fyrir því hvort efnahagsráðstafanir séu í aðsigi og þá hverjar þær séu.

Í ljósi þessara aðstæðna telur þingflokkur Alþb. einsýnt að Alþingi starfi áfram, en geri ef þurfa þykir hlé á fundum sínum í nokkra daga. Á Alþingi verði síðan rætt um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og þær afgreiddar þar eins og eðlilegast er. Þingflokkurinn lýsir sig reiðubúinn til viðræðna um nánari tilhögun þinghaldsins svo af þessu megi verða. Einnig er óskað svara ríkisstjórnarinnar um þetta efni.

Sé það hins vegar ætlun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að slíta þingi næstu daga án þess að svara neinu til um þær aðgerðir sem í vændum kunna að vera, vill þingflokkur Alþb. mótmæla því sérstaklega. Þingflokkurinn mun þá beita sér fyrir því að Alþingi geri áður en það lýkur störfum ráðstafanir til að hugsanlegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar skerði ekki lífskjör launafólks. Þetta verði m.a. gert með því að verðtryggja laun ef gengið verður fellt. Þess verður óskað við forseta Sþ. að efni bréfs þessa og spurningar sem í því felast komi til umræðu utan dagskrár á fundi Sþ. síðar í dag."

Herra forseti. Við teljum eðlilegt að hæstv. forsrh. gefi hv. Alþingi skýr svör í þessum efnum. Í fyrsta lagi um þær ráðstafanir sem í vændum kunna að vera og í hverju þær þá felast. Í öðru lagi hvort stjórnarmeirihlutinn vilji ganga til samninga um tilhögun þinghaldsins þannig að hér á Alþingi megi ræða og afgreiða þær ráðstafanir.

Að lokum vil ég taka fram, herra forseti, að það er eindregin krafa Alþb. að grípi ríkisstjórnin til aðgerða og hverjar sem þær verða, þá bitni það ekki á lífskjörum launafólks, að ekki verði komið aftan að almenningi í landinu með þeim hætti.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi að undanförnu að íslenskt þjóðarbú hefur orðið fyrir áföllum vegna verðfalls á erlendum mörkuðum og vegna lélegrar vertíðar víða um land. Ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu mæta þessum breyttu aðstæðum á grundvelli þeirrar stefnu sem hún hefur fylgt. Í fyrsta lagi að tryggja rekstur undirstöðuatvinnugreina landsmanna, útflutningsframleiðslu og samkeppnisiðnaðar og að fylgja fast fram þeirri stefnumörkun sem þegar hefur skilað árangri að draga úr verðbólgu og stefna hér að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Á þessum grundvelli verður unnið hér eftir sem hingað til. Það liggur auðvitað í augum uppi að þessi ríkisstjórn mun mæta þeim ytri áföllum sem við höfum orðið fyrir.

Það er daglegt verkefni framkvæmdarvaldsins að annast þessi verkefni og ég sé ekki að sú sjálfsagða skylda og sú ábyrgð sem hvílir á framkvæmdarvaldinu að þessu leyti eigi á nokkurn hátt að raska þeim áformum sem uppi hafa verið um að ljúka þingstörfum nú í þessari viku. Það hefur verið ráðgert að þingslit eða þinglausnir gætu farið fram á miðvikudag.

En það er um margt athyglisvert að Alþb. skuli hreyfa umræðum um efnahagsmál hér á hinu háa Alþingi eftir þessa helgi. Þeir eru nú nýbúnir að taka þátt í og flytja hér vantraust á ríkisstjórnina. Vantraustið var byggt á þeirri efnahagsstefnu sem þeir fylgdu þá, þ.e. reka ríkissjóð með halla, eins og þeir lögðu til við afgreiðslu fjárlaga, og að fastgengisstefnan væri kolfallin, eins og formaður Alþb. hafði lýst og talsmenn Alþb. lýstu hér í umræðum um vantraustið. Nú komu þeir saman um helgina, alþýðubandalagsmenn, og formaður Alþb. lýsir því nú yfir að það sé alveg víðs fjarri að það eigi að reka ríkissjóð með halla eins og flokkurinn hefur lagt til fram að þessu, ekki einungis með jöfnuði heldur miklum tekjuafgangi og stóraukinni skattheimtu. Og þar að auki hefur formaður Alþb. dregið í land með fall fastgengisstefnunnar. Nú er það orðið aðalsmerki Alþb., ef formaðurinn er að tala yfir hönd Alþb. sem enginn veit, hvort þetta er samþykkt stefna Alþb. eða bara einkaskoðanir formannsins, það kemur kannski fram í umræðunum hér á eftir, en nú er það orðið aðalsmerki að fylgja fast eftir fastgengisstefnunni.

Þannig hefur þessi stjórnmálaflokkur gjörsamlega snúið við blaðinu frá því að hann flutti hér vantraust á ríkisstjórnina fyrir nokkrum dögum. Þá var vantraustið á því byggt að ríkissjóð átti að reka með halla og fastgengisstefnan væri hrunin. Nú á að reka ríkissjóð með tekjuafgangi og fastgengisstefnan er eitthvað það besta sem þeir hafa fundið upp. En kannski eru þetta bara orð formanns Alþb. Það er ekki allt vitlaust í því sem hann hefur fram að færa, en þjóðin veit eiginlega ekkert um það hvort þetta eru einungis hans orð eða stefna flokksins.

Guðrún Agnarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. að hefja þessa umræðu. Það skiptir auðvitað meginmáli að hér á Alþingi starfi þeir sem bera skynbragð á þarfir þjóðfélagsins og einstaklinganna sem það byggja. Okkur þm. er það því afar nauðsynlegt að tapa ekki tengslum við þjóðlífið, en fá tækifæri til þess að hrærast þar án þess að vera of bundin af því annríki sem dagleg störf þessarar stofnunar bjóða. Þess vegna eru hlé á störfum þingsins af hinu góða.

Hitt er svo annað mál að aldrei er meiri þörf fyrir afskipti lýðræðislega kjörinna fulltrúa en þegar vandi steðjar að. Nú blasir við mikill vandi í efnahagslífi sem þrengir ekki síst að undirstöðuatvinnuvegum okkar. Ríkisstjórnin hlýtur því að þurfa að grípa til margvíslegra aðgerða gegn þessum vanda eins og reyndar ýmsir ráðherrar hennar hafa þegar boðað. En lýðræðislega kjörnir fulltrúar fólks-

ins í landinu eiga að sjálfsögðu að vera með í ráðum og fá að fjalla um þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru. Það hlýtur því að vera ríkisstjórninni stoð og er jafnframt sjálfsögð virðing fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum að þingið sitji lengur. Enn er langur tími til 10. okt. er þingstörf hefjast að nýju og reyndar allt of langur tími að mínu mati, ekki síst með tilliti til þeirra miklu vandamála sem við blasa og nauðsynlegt er að þingið fjalli um. Satt að segja óar mér við því að þessi sundurlynda ríkisstjórn leiki lausum hala í sumar eins grátt og hún hefur þegar leikið hag fjölskyldna margra í þessu landi og vil ég hér með bera fram þá kröfu fyrir hönd Kvennalistans að þingi ljúki ekki nú en sitji a.m.k. fram í næsta mánuð þar til tekið hefur verið á hinum bráðasta efnahagsvanda.

Mig langar að ítreka fsp. sem ég bar hér fram í eldhúsdagsumræðum en fékk engin svör við þar sem ég var síðasti ræðumaður kvöldsins. Hvað með fólkið í þeim byggðarlögum sem nú horfa mörg hver upp á hrun í atvinnulífi vegna fyrri ráðstafana stjórnarinnar, vegna aðgerðarleysis hennar og vegna vaxandi aðþrenginga af völdum ytri aðstæðna? Hvað hyggst ríkisstjórnin gera fyrir það fólk sem horfir fram á byggðarlög sín hrynja nú? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé alveg óviðunandi að slíta þinginu nú miðað við þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu og miðað við það að fram hefur komið hjá sumum hæstv. ráðherrum að gerðar verði ráðstafanir í þessum mánuði. Það væri því eðlilegast að fresta þingfundum um hálfan mánuð á miðvikudag og að hæstv. ríkisstjórn notaði þann tíma til þess að koma fram með sínar hugmyndir um ráðstafanir og að þær yrðu svo ræddar hér þegar þing kemur aftur saman að hálfum mánuði liðnum.

Ég mótmæli því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Þær aðstæður sem eru í þjóðfélaginu eru ekki einvörðungu og ekki fyrst og fremst að kenna þeim breytingum sem hafa orðið á málum þjóðarinnar út á við. Það er af annarri ástæðu. Það er vegna fjármagnskostnaðarins í þjóðfélaginu. Það er fyrst og fremst það sem hefur orðið til þess hvernig atvinnuástandið er í landinu. Ég er ekki á sömu skoðun og frummælandi. Það er ekki hægt að fella gengi og ná árangri með því að allt launafólk fái fullar bætur, en auðvitað á að hækka laun þeirra sem lægst eru settir en setja hitt fast. Öðruvísi náum við ekki árangri. Við verðum að líta á málið eins og það er en ekki láta óskhyggjuna ráða.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það kom mér á óvart að Alþb. skyldi bera fram þessar spurningar til hæstv. forsrh. nú, en spurningarnar eiga fyllilega rétt á sér. Eru efnahagsráðstafanir á döfinni? Forsrh. svaraði því ekki. Það var spurt hvort ekki væri rétt að Alþingi tæki sér hlé í nokkra daga og kæmi svo saman til að ræða þær tillögur sem væntanlega koma til lausnar efnahagsvandanum frá ríkisstjórninni. Forsrh. svaraði ekki. Það er stóralvarlegt mál, þegar svona stórar spurningar eru lagðar fram, að hæstv. forsrh. skuli leyfa sér að koma hér upp og svara eins og hann sé staddur á málfundi hjá skólafélagi. Hann talar um að allt sé að fara í kaldakol vegna þess að það sé verðfall á mörkuðum okkar erlendis. Sums staðar er það. En það er hvergi það mikið verðfall að við séum komin niður fyrir það lágmark sem greitt hefur verið fyrir okkar afurðir. Þegar stjórnarliðar tala um verðfall þá eru þeir að tala um að við fáum ekki alltaf hámarksverð fyrir okkar afurðir. Og það er stóralvarlegt að sú viðurkenning skuli koma frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar hvað eftir annað að við getum ekki lifað á okkar framleiðslu, þjóðarframleiðslu nema alltaf sé hámarksverð á okkar vörum. Það er stóralvarlegt.

Spurningarnar eru komnar fram. Þeim hefur ekki verið svarað. Vandinn er fyrir hendi. Ég vil segja það fyrir hönd Borgarafl. að við gerum okkur grein fyrir vandanum og við erum reiðubúnir til drengilegs samstarfs eins og allir aðrir í stjórnarandstöðunni, sem ég hef rætt við, til þess að leysa þann vanda.

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. var spurður tveggja spurninga. Hann var spurður að því í fyrsta lagi hvort til stæði á næstu vikum að ákveða hér efnahagsaðgerðir og í öðru lagi hvort hann ætlaði í ljósi þess að senda þingið heim á næstu dögum eða viðhafa þá sjálfsögðu lýðræðislegu reglu að láta þingið fjalla um stórlega mikilvægar ákvarðanir í efnahagsmálum. Ég vil leyfa mér að vekja á því athygli að forsrh. hefur alls ekki svarað þessum spurningum. Hann virðist ætla að reyna að lauma sér út úr þessari umræðu án þess að svara því sem hann er spurður um. Hann segir að vísu að þingslit séu ráðgerð í þessari viku og að vandamálin séu stór. Annað segir hann ekki.

Ég ítreka það að við hér í þinginu eigum heimtingu á að fá svör við þessum spurningum og ég segi það alveg eins og er, það er ekki Alþingi bjóðandi að vera hér með einhverja flugeldasýningu, einhver ómerkileg skot í garð stjórnarandstæðinga til þess að leiða athyglina frá því að hann hefur ekki svarað spurningunni. Auðvitað er það ekkert annað en flugeldasýning að vera að tala um það að Alþb. vilji reka ríkissjóð með halla og hafi flutt tillögur við afgreiðslu fjárlaga um útgjöld og annað þess háttar. Ef hann skoðar tillögusmíð okkar frá því í vetur og reyndar frá undanförnum árum, þá mun hann sjá það að við höfum ævinlega komið með tillögur um tekjur í staðinn fyrir þau útgjöld sem gerðar hafa verið tillögur um. Þetta mál snýst reyndar heldur ekkert um það hvort það verður mikil eða lítil gengisfelling á næstu dögum og hverjir standa með því og hverjir ekki. Ég vil í því sambandi leggja á það áherslu að það er almennt viðurkennt að launakjör í landinu eru í lágmarki og að það er

auðvitað fásinna að það sé þörf á því að skerða launakjör hinna lægst launuðu. Og það er að sjálfsögðu stefna Alþb.

En spurningin sem er lögð fyrir hæstv. forsrh. snýst hins vegar alls ekki um þetta heldur um hitt hvort hann ætlar að sýna þinginu þá lítilsvirðingu á næstu vikum að senda það heim og koma svo með efnahagsráðstafanir fáeinum dögum seinna eða hvort hann ætlar að virða þingræði í landinu og gera tillögur um efnahagsaðgerðir þannig að þingheimur hafi tækifæri til að ræða þær eða taka afstöðu til þeirra.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt eins og hv. síðasti ræðumaður að ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh. Ég spurði hæstv. forsrh. ekkert út í stefnu Alþb. eða stefnu stjórnarandstöðunnar. Ég spurði hæstv. forsrh., þroskaðan manninn, tveggja einfaldra spurninga og ég held að þær hafi ekkert farið fram hjá honum né öðrum hv. þm. Ég spurði hvort í vændum væru efnahagsráðstafanir. Við því komu engin svör annað en að segja almenn sannindi sem allir vita að ríkisstjórnir eru almennt kosnar til þess að stjórna landinu. Það vita allir hv. þm. og þjóðin líka. En þessi stjórn hefur reyndar ekki gert það og þess vegna finnst hæstv. forsrh. ástæða til að taka þetta sjálfsagða atriði fram.

Ég spurði hæstv. forsrh. í öðru lagi hvort stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi vildi virða þingræðið þess að við fengjum í fyrsta lagi að vita hvað væri á döfinni og í öðru lagi gæfist Alþingi kostur á að ræða og afgreiða þær efnahagsráðstafanir sem kunna að vera í vændum.

Útúrsnúningum hæstv. forsrh. á stefnu okkar alþýðubandalagsmanna hlýt ég auðvitað að vísa til föðurhúsanna. Ég held að hæstv. forsrh. hefði verið nær að nota þann takmarkaða ræðutíma sem fyrri mgr. 32. gr. þingskapa býður upp á til að reyna að svara þessum spurningum, en fara ekki út í það að sýna Alþingi þá afar takmörkuðu virðingu að snúa út úr því sem hann var spurður að.

Yfirlýst stefna Alþb. liggur fyrir í þessu efni. Við viljum að Alþingi taki á þessum málum. Hér er hinn lýðræðislegi vettvangur til að ræða þessa hluti og til að afgreiða þá. Eigi að grípa til efnahagsráðstafana þá leggjum við áherslu á það að launakjörin í landinu eru þegar ósæmileg hvað varðar þann hluta launafólks sem lökust hefur kjörin. Okkar stefna er að hækka lægstu laun í landinu í 45–55 þús. kr. og verðtryggja síðan þá upphæð, þar með talið líka fyrir þeirri hættu sem blasir við, að ríkisstjórnin gefist upp og felli gengið.

Hverjar sem ráðstafanir hæstv. ríkisstjórnar kunna að verða þá munum við beita öllum þeim ráðum sem okkur eru tiltæk til að reyna að verja launafólkið í landinu fyrir kjaraskerðingu af þeim sökum. Þess vegna líka á hv. Alþingi heimtingu á því að fá svör um það hér og nú hvað stendur fyrir dyrum hjá hæstv. ríkisstjórn til þess að menn geti rætt það og til þess að menn geti áður en þinginu lýkur leitað þeirra leiða sem hér kunna að vera til til þess að reyna að tryggja hag almennings fyrir þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ætlar sér e.t.v. að grípa til rétt eftir að búið er að senda þingið heim.

Herra forseti. Ég þakka annars þessa umræðu og ég vona að hæstv. ráðherra noti nú seinna tækifærið til þess að svara því sem hann var spurður um.

Forsætisráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það voru ekki mín orð að þær nýju hugmyndir sem Alþb. hefur kynnt um stefnu í efnahagsmálum séu flugeldasýning, en auðvitað má nota það orð um þessar tillögur eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði. Ég gerði einungis það eitt að vekja athygli á því hversu skörp stefnubreyting hefur átt sér stað á vettvangi þessa flokks frá því að hann flutti vantraust á ríkisstjórnina fyrir fáum dögum.

Ég þarf ekki að ítreka hér það sem ég hef áður sagt í þessum umræðum og áður hér á hinu háa Alþingi að þessi ríkisstjórn mun að sjálfsögðu mæta þeim vanda sem við blasir í atvinnulífi landsmanna. Það er fylgst með því á vegum þeirra stofnana sem hafa með höndum upplýsingaöflun um gang efnahagsmála. Ýmislegt í þessum efnum er að gerast þessa daga. Það verðfall sem hefur leitt til minni kaupmáttar útflutningstekna á þessu ári er að gerast þessa daga og miklu skiptir að menn geri sér fulla grein fyrir því hvert er eðli þessa vanda og hversu umfangsmikill hann er. Það er ljóst að við getum ekki og munum ekki búa við það að útflutningsatvinnuvegirnir starfi með halla til langframa.

En spurningin um það hvað eru efnahagsráðstafanir. Hver ríkisstjórn, þessi ríkisstjórn sem aðrar, eru nánast á hverjum degi að taka ákvarðanir sem hafa efnahagslega þýðingu í meira eða minna mæli. Ég nefni hér dæmi um ákvarðanir sem hafa verulega mikla þýðingu fyrir framvindu efnahagsmála. Það eru fiskverðsákvarðanir. Þær fara jafnan fram í byrjun júnímánaðar. Þær hafa grundvallarþýðingu fyrir til að mynda afkomu fiskvinnslunnar í landinu. Ég veit ekki til þess að það hafi nokkurn tíma verið venja að binda störf Alþingis við þessar ákvarðanir. Það er alveg nýtt ef þau sjónarmið eru uppi. En þessar ákvarðanir hafa gífurlega mikla efnahagslega þýðingu, þannig að eftir stendur að ekkert það er komið fram í þessum efnum sem gefur ástæðu til þess að breyta ákvörðun um þinglausnir að þessu sinni.

Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska, síðari umr.

Páltill. HJ og JúlS, 31. mál. — Þskj. 31, n. 948.

Frsm. atvmn. (Guðmundur H. Garðarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til

þál. um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska og er nál. frá atvmn.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundi sínum og sent hana til umsagnar og mælir með því að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal, en undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskrifari, Guðmundur H. Garðarsson, frsm., Ólafur Þ. Þórðarson og Geir Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Björgunarþyrla, síðari umr.

Þáltill. IBA o.fl., 90. mál. — Þskj. 94, n. 954.

Frsm. allshn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar till. til þál. um björgunarþyrlu sem flutt er af hv. þm. Inga Birni Albertssyni o.fl.

Á fund nefndarinnar komu nokkrir aðilar. Umsagnir bárust frá m.a. Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Flugmálastjórn, Félagi ísl. atvinnuflugmanna, rannsóknanefnd sjóslysa, Sjómannasambandi Íslands og Landhelgisgæslu Íslands.

Ýmsar þessar umsagnir voru jákvæðar, en fram kom einnig að hér er um mjög stórt mál að ræða sem kostar mikla fjármuni og talið er í sumum þessara umsagna að reksturskostnaður slíkrar þyrlu yrði mjög mikill. Þannig segir til að mynda í umsögn Landhelgisgæslu Íslands, með leyfi forseta:

„Vegna hins mikla fjármagns- og rekstrarkostnaðar sem yrði samfara kaupum á stórri þyrlu telur Landhelgisgæslan eðlilegt að stjórnvöld láti gera raunhæfa úttekt á þessum málum með ákveðna stefnumörkun í huga áður en kaup yrðu afráðin og mætti þá hugsa sér leigu á stórri þyrlu til reynslu meðan sú könnun væri gerð."

Aðrir aðilar, þar á meðal rannsóknarnefnd sjóslysa, benda á að kanna fleiri leiðir í þessum efnum, þar á meðal hvort unnt væri að ná samkomulagi við varnarliðið og e.t.v. nágrannaþjóðirnar um rekstur öflugrar björgunarstöðvar hér á landi sem lausn á þessu vandamáli um leit og björgun á því hafsvæði sem Íslendingum hefur verið úthlutað til umsjónar og björgunar áður en ráðist verði í kostnaðarsama áætlun um þyrlukaup og fleira. Gætu Íslendingar að einhverju leyti lagt mannafla í þá björgunarsveit, segir í áliti rannsóknanefndar sjóslysa.

Áður hefur það komið fram í umræðum hér á hv. Alþingi um mál af þessu tagi að sú björgunarsveit sem starfar á vegum varnarliðsins starfar þar í raun og veru sem alþjóðleg björgunarsveit þannig að hér er ekki einvörðungu um að ræða björgunarsveit sem er til komin vegna varnarliðsins eða hernaðarumsvifa.

Að svipuðu efni er einnig vikið í umsögn frá Flugmálastjórn, en þessir aðilar allir láta það koma skýrt fram að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Hér er um býsna stórt mál að ræða bæði að því er varðar björgunarmál og öryggismál og ekki síður að því er varðar fjármál. Talið er að þyrla, sem væri af því tagi sem hér er fjallað um, kosti allmörg hundruð millj. kr., líklega eigi fjarri lagi að væri um 700 millj. kr. Og eins og áður sagði er talið að rekstur verði kostnaðarsamur auk þess sem nokkur vafi leikur á að ein þyrla mundi duga til þess að fyllsta öryggis væri gætt vegna þess að að líkindum þyrfti að staðsetja þyrlu á norðausturhorni landsins en einnig á vesturhluta landsins og hér á suðvesturhorninu.

Með tilliti til þess sem hér hefur verið rakið hefur allshn. verið sammála um það að leggja til að tillgr. verði breytt og hún samþykkt með svofelldri breytingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna."

Nefndin er sammála um að leggja til að till. verði afgreidd svo breytt og undir nál. skrifa Guðni Ágústsson, formaður nefndarinnar, Kristín Halldórsdóttir, Pálmi Jónsson, Guðrún Helgadóttir, Sigbjörn Gunnarsson, Sverrir Hermannsson og Jón Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einnota umbúðir, síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 23. mál. — Þskj. 23, n. 958.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrir liggur á þskj. 958 svohljóðandi nál. frá allshn. um till. til þál. um einnota umbúðir:

„Nefndin hefur fjallað um þáltill. á fundum sínum. Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum: Náttúruverndarráði, Hollustuvernd ríkisins, Landvernd, Ferðamálaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Vífilfelli hf. og Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Sverrir Hermannsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins."

Undir nál. skrifa Guðni Ágústsson, Kristín Halldórsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Pálmi Jónsson.

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma hér fyrir hönd

flm. til að lýsa ánægju minni með að till. þessi er komin aftur til þingsins og vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á henni. Ég efast ekki um að till. fær hér góðar viðtökur, en mestu máli skiptir þó að þetta mál verði tekið föstum tökum af framkvæmdarvaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugfargjöld, síðari umr.

Þáltill. HG, 117. mál. — Þskj. 121, n. 1014.

Frsm. allshn. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. á þskj. 121, sem er 117. mál þingsins og fjallar um að ríkisstjórninni verði falið að láta fara fram athugun á flugfargjöldum hjá íslenskum flugfélögum með sérstöku tilliti til hárra fargjalda í innanlandsflugi og jafnframt verði gerður samanburður á fargjöldum innan lands og til útlanda, svo og milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomu í Keflavík.

Lagt er til að grg. um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi ekki síðar en haustið 1988.

Flm. till. er hv. 2. þm. Austurl. Hjörleifur Guttormsson.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fjölmörgum fundum. Hún leitaði umsagnar eftirtaldra aðila: Flugráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Fjórðungssambands Norðlendinga, Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Flugleiða og Neytendasamtakanna.

Allir þessir aðilar töldu að hér væri komin fram hin þarfasta tillaga og mæltu með að hún yrði samþykkt. Nefndin varð því einnig sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar eins og hún var flutt.

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, formaður, Guðrún Helgadóttir, frsm., Jón Kristjánsson, Sigbjörn Gunnarsson og Sverrir Hermannsson.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil þakka allshn. fyrir umfjöllun um þessa till. og er auðvitað ánægður með að hún er komin hér til þingsins með mjög jákvæðri umsögn frá nefndinni og þeim aðilum sem leitað var umsagnar hjá. Ég vænti þess að sú grg. sem till. gerir ráð fyrir að unnin verði varpi ljósi á það sem ljósi er beint að í tillgr. og hægt verði að meta málin og grípa til aðgerða eftir því sem réttmætt þykir í framhaldi af því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna Íslands gagnvart Evrópubandalaginu, síðari umr.

Þáltill. KJóh, 384. mál. — Þskj. 726, n. 1017, brtt. 1018.

Frsm. utanrmn. (Kjartan Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Þessi till. fjallar um að koma á fót nefnd til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað og að þessi nefnd skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur.

Utanrmn. mælir með samþykkt þessarar tillögu með þeirri breytingu að í stað þess að nefndin skili skýrslu fyrir árslok 1988 verði tímafresturinn til 1. apríl 1989 og enn fremur með þeirri breytingu að í stað þess að utanrrh. skipi nefnd sjö alþm. eftir tilnefningu þingflokka verði nefndin kosin hlutbundinni kosningu hér á Alþingi og hana skipi níu menn.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fá tækifæri til þess að fagna því að þetta mál skuli vera komið hér á lokastig og vil taka undir það sem kemur fram bæði í tillgr. og enn fremur það sem kom fram í grg. með þáltill. á sínum tíma. Mig langar þó til þess að geta þess, sem hv. frsm. auðvitað veit um, að hæstv. utanrrh. hefur óskað eftir samvinnu við ýmis ráðuneyti sem láta sig þessi mál varða og ég veit ekki betur en embættismannanefnd sé þegar komin á laggirnar. Af því tilefni tel ég eðlilegt að þegar þessi nefnd hefur verið kosin af Alþingi þá hafi hún jafnframt samstarf við embættismannanefndina auk þess sem hún hlýtur að starfa með aðilum á almennum vinnumarkaði. Þá á ég við fyrst og fremst samtök atvinnulífsins.

Það er nú þannig með samskipti við Evrópubandalagið að þau tengjast ýmsum ráðuneytum, þar á meðal iðnrn. og ég vil gjarnan gera það sem í mínu valdi stendur til þess að iðnrn. geti lagt þingmannanefndinni lið og vænti þess jafnframt að þingmannanefndin sé tilbúin til þess að eiga samstarf við iðnrn., svo og önnur þau ráðuneyti sem hljóta að láta sig þetta mikilvæga mál varða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinna Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 368. mál. — Þskj. 700, n. 1019.

Frsm. utanrmn. (Kjartan Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér um ræðir fjallar um að ríkisstjórnin láti kanna hvernig unnt sé

að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga á sviði markaðsmála og viðskipta og að niðurstöður slíkra athugana skuli lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu.

Utanrmn. leggur til að þessi till. verði samþykkt með brtt. sem hún flytur en efnisatriði brtt. er það eitt að taka fram fyrir hvaða tíma þessi skýrsla skuli unnin, nánar tiltekið þar sem sagði í tillgr. að það skyldi gert fyrir árslok, að þar standi fyrir árslok 1988.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vesturlandsvegur, síðari umr.

Þáltill. EG o.fl., 165. mál. — Þskj. 179, n. 1035.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrir liggur nál. frá allshn. á þskj. 1035, um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð.

Nefndin ræddi þessa till. á allmörgum fundum sínum og kallaði á fund sinn Helga Hallgrímsson, forstjóra tæknideildar Vegagerðar ríkisins. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni.

Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Kristín Halldórsdóttir.

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, Sverrir Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Jón Kristjánsson.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma upp til að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessari till. Það er mikilvægt mál sem hér er verið að fjalla um en tekur mörg ár og það er mikilvægt að fá viljayfirlýsingu frá Alþingi til að vinna áfram að þessu máli. Fyrsta fjármagn á fjárlögum kom á sl. ári og er endurtekið nú þannig að það er visst fjármagn til til þess að hefja þessa vinnu, en þetta er margra ára verk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Símar í bifreiðum, síðari umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 32. mál. — Þskj. 32, n. 1043.

Frsm. allshn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1043 er nál. allshn. um þáltill. um notkun síma í bifreiðum. Það hljóðar svo:

„Nefndin hefur rætt þáltill. á fundum sínum. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umferðarráði, Póst- og símamálastofnuninni, lögreglustjóranum í Reykjavík, Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Ökukennarafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristín Halldórsdóttir og Pálmi Jónsson."

Undir þetta nál. skrifa Guðni Ágústsson, Sverrir Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Sigbjörn Gunnarsson og Jón Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum, síðari umr.

Þáltill. MF, 394. mál. — Þskj. 740, n. 1063.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. á þskj. 1063 um till. til þál. um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

Nefndin hefur fjallað um till. á fundum sínum og fengið til viðræðu fulltrúa frá Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins.

Nefndin mælir með að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmari kaupum á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum í því skyni að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Guðmundur H. Garðarsson, Geir Gunnarsson, Eggert Haukdal, Birgir Dýrfjörð og Ólafur Þ. Þórðarson.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þar sem þetta mál hefur fengið afgreiðslu í hv. atvmn. tel ég ástæðu til að fara um till. nokkrum orðum.

Það er ljóst að langflestir notendur rafmagns til lýsingar í gróðurhúsum greiða samkvæmt svokölluðum marktaxta, en hann er notaður til búrekstrar, og greiða þá jafnframt rafmagn til annarra nota, svo sem heimilis, samkvæmt þessum taxta. Í dag er þessi taxti þannig að það er greitt orkugjald af allri notkun sem er 1,64 kr. á kwst., síðan er greitt aflgjald en lágmarksstilling eru 4 kw. á ári. Það eru 28 800 kr. sem greiðist fyrir slíkt aflgjald. Síðan er greitt aflgjald fyrir það sem er umfram þessi 4 kw. og að hámarki 20 kw. Það eru 4800 kr. pr. kw. á ári. Þá orkugjald af notkun umfram aflstillingu sem er 5,89 kr. Ef tekin eru 6 kw. og 12 000 kwst. á ári verður meðalverðið 4,84 kr. Nýtingartíminn er yfirleitt mjög stuttur. Það er talið að meðalnotkun heimilis á RARIK-svæðunum sé um 4000 kwst. á ári. Til samanburðar, þar sem mikið er rætt um orkuverð, er rétt að geta þess að meðalverð fyrir heimili í dag mun vera 6,60 kr. á kwst. Ég held að það sé full ástæða til þess að geta um það til samanburðar.

Við verðum að átta okkur á því að ef við lækkum orkukostnað til ákveðinna aðila hlýtur það að framkalla hækkun til annarra nema við lendum í því að reka þau fyrirtæki sem framleiða og dreifa rafmagni með umtalsverðu tapi. Þrátt fyrir þetta tel ég fulla ástæðu til þess að þessi till. verði samþykkt. Mér er kunnugt um að garðyrkjubændur hafa átt fyrir nokkrum árum, ég giska á fyrir þremur árum, viðræður við forráðamenn Rafmagnsveitna ríkisins og þá var boðið upp á samvinnu við garðyrkjubændur um að gera tilraun með lýsingu í gróðurhúsi og mæla það sérstaklega vegna hugsanlegra breytinga á orkutaxtanum. Hitt er svo annað mál að fulltrúar bænda hafa ekki haft aftur samband við Rafmagnsveitur ríkisins vegna þess máls.

Ég tel einnig, virðulegur forseti, ástæðu til að leggja áherslu á að Landsvirkjun getur að mínu áliti ekki verið aðili þessa máls. Það er ein af meginreglunum að Landsvirkjun afgreiðir rafmagn á föstu verði til þeirra sem síðan selja annaðhvort beint eða til þeirra sem dreifa raforkunni. Hins vegar finnst mér sjálfsagt að vinna að því að koma á samstarfi Rafmagnsveitna ríkisins og garðyrkjubænda fyrst, til þess að gera tilraunir eins og ég hef lýst áður, með það hvort breyta megi töxtum. Verði þessi till. samþykkt, sem ég vonast til að verði, tel ég að framkvæmd till. hljóti að liggja í því að koma slíkri samvinnu á milli garðyrkjubænda og Rafmagnsveitna ríkisins.

Alexander Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er langt því frá að ég sé að beita mér gegn þessari þáltill. nema síður sé, en mér finnst hér vera farið inn á nýja braut. Ef Alþingi er tilbúið að samþykkja ráðstafanir til að lækka raforkuverð á vissum tegundum atvinnurekstrar í landinu, því þá ekki að fara þessa leið til að leita lækkunar fyrir aðra sem vissulega eru ekki í betri aðstöðu en þeir aðilar sem hér um fjallar, garðyrkjubændur, sem ég veit að kvarta og þurfa að fá leiðréttingu á þessu gjaldi í sínum atvinnurekstri? Hvað þá um frystihúsin, hvað þá um allan iðnaðinn úti um landið, smáiðnaðinn og ýmsan almennan rekstur sem stynur undan allt of háu orkuverði, svo ég tali nú ekki um upphitun íbúðarhúsa?

Mér fannst það vera að vissu marki merkilegt að heyra hæstv. iðnrh. taka jákvætt undir þessa till. Ég tek það svo að hann sé jákvæður um að reyna að ná fram lækkun á orkuverði hjá hinum ýmsu atvinnugreinum í landinu og þá ekki síst úti um landið sem stynja undan hinu háa orkuverði og hafa margoft beðið um leiðréttingar.

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel mjög gott að hv. atvmn. skuli hafa afgreitt þessa till. með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Undir þetta mál var mjög almennt tekið þegar það var rætt í þinginu. Það er alveg rétt að hér er aðeins verið að fjalla um einn þátt atvinnurekstrar, gróðurhúsaræktina, en það getur verið fyllilega réttlætanlegt að líta til einstakra þátta í þessu samhengi þó að það sé alveg ljóst að innlendur atvinnurekstur býr hér við tiltölulega hátt orkuverð, óhagstætt orkuverð miðað við það sem ætti að vera unnt að bjóða hér á markaði. Það var hér á árum áður mikið í athugun að koma fótum undir ylrækt sem útflutningsgrein. Það hefur ekki tekist enn sem komið er. En það er mikils virði að ylræktin, gróðurhúsaræktin sem samkeppnisiðnaður geti staðið undir sér og keppt hér innan lands. Þar er það orkuverðið sem er þýðingarmikill þáttur. Þess vegna skiptir mjög miklu að það verði leitað leiða með þeim hætti, sem er gert ráð fyrir í till., að raforkuverðið verði hagstæðara fyrir garðyrkjubændur og ég tel ekkert óeðlilegt að vísað sé bæði á Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins í þessu samhengi þótt það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að Landsvirkjun hefur ekki komið inn í sérsamninga við garðyrkjubændur á liðinni tíð eða einstaka aðila í smárekstri sem svo má kalla. Þó er þar undantekning á þar sem er fiskeldið. Þar hefur Landsvirkjun komið inn í samninga með beinum hætti upp á síðkastið. Um er að ræða að vísu meira orkumagn að ég hygg í þeim tilvikum en gerist hjá einstökum garðyrkjubændum þannig að það gegnir kannski eitthvað öðru máli.

Hins vegar eru samskiptin milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins almennt séð auðvitað mjög ákvarðandi um þau kjör sem Rafmagnsveiturnar geta boðið viðskiptavinum sínum. Að því leyti er fyllilega eðlilegt að stjórn Landsvirkjunar fjalli um þessi efni þegar þingið samþykkir stefnu af þessu tagi. Ég vænti þess að það verði árangur af þeirri ályktun sem hér liggur fyrir og væntanlega verður

samþykkt á eftir þannig að þessi iðnaður eða búskapur, hvort sem við viljum nú kalla það, standi styrkari eftir en áður.

Iðnaðarráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu: Ég tel að framkvæmd þessarar till., ef af ályktun verður, hljóti að verða sú að koma á samvinnu garðyrkjubænda og Rafmagnsveitna ríkisins um tilraunir við lýsingu í gróðurhúsum og leita með þeim hætti leiða til að lækka orkukostnað. Þetta vil ég taka skýrt fram við afgreiðslu þessa máls, m.a. af þeim rökum, sem komið hafa fram í umræðunum, að ef einungis verður lækkaður taxti til þessarar atvinnugreinar hlýtur það að koma fram í hækkun annars staðar eða að kalla á sams konar viðbrögð frá öðrum atvinnurekstri, þar á meðal atvinnurekstri sem notar mjög mikið rafmagn, svo sem eins og frystiiðnaðurinn í landinu.

Ég vil enn fremur minna á vegna orða hv. 2. þm. Austurl. að þrátt fyrir að hægt sé að fallast á að orkuverð sé hátt hér á landi hefur það þó farið lækkandi og a.m.k. farið lækkandi allan þennan áratug. Á árunum 1982–1984 reis orkuverðið hæst. Síðan hefur það farið lækkandi miðað við annað verðlag í landinu og stefnir í enn frekari lækkun. Það er stefna ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar að halda áfram að vinna að lækkun raforkuverðs í landinu og vonast ég til þess að þingheimur sé sammála þeirri stefnu.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna fiskeldis og vonandi eru fleiri aðgerðir þar í undirbúningi. En það er ólíku saman að jafna. Orkukaup við fiskeldi eru jöfn allt árið. Um er að ræða fyrst og fremst dælingu og orkukaupin eru hundrað- til þúsundföld miðað við það sem gerist hjá venjulegum garðyrkjubónda. Þetta gerir talsverðan mun og hefur þýðingu þegar rætt er um orkuverð.

Eftir sem áður, það er rétt sem hér hefur komið fram, sé ég ástæðu til að mæla með samþykkt till., hef hér lýst því yfir hvernig ég muni framkvæma hana ef samþykkt verður og ef hv. frsm. hefur ekkert við það að athuga tel ég mjög eðlilegt að Alþingi samþykki till. eins og hún er án þess að flutt sé sérstaklega brtt. við hana.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Já, ráðherra sendi frá sér skýrslu á dögunum og var að reyna að sannfæra þjóðina um að raforkuverð í landinu hefði aldrei verið lægra en nú og í raun og veru væri það komið niður að því sem olíunotkun kostar. Ég held að hann verði, hæstv. ráðherra, að lesa sér svolítið betur til eða athuga þessi mál betur. Ég held að þrátt fyrir 25 aura lækkun á raforkuverði til t.d. húshitunar komi það samt sem áður í ljós að hann hefði þurft að lækka það hér um bil helmingi meira til að ná olíuverðinu. Mér finnst vera mjög eðlilegt t.d. með gróðurhúsin og með súgþurrkun, miðað við framleiðsluna yfirleitt, að hún fái að njóta lægra verðs en er í dag fyrir utan húshitunina eða þá sem eru á „köldum svæðum“. Ég stend í þeirri trú og endurtek það, enda hef ég flutt um það frv. sem ekki hefur nú enn þá komið á dagskrá eða ekki komið til umræðu, að þessi mál skuli athuguð á þann veg að lengja þau lán sem Landsvirkjun hefur tekið erlendis til að lækka raforkuverðið í landinu.

Ég ætla að láta þetta duga um þetta mál.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hæstv. iðnrh. fyrir góðar undirtektir við till. Ég sætti mig mjög vel við þann skilning sem hann leggur í till. eins og hún er afgreidd frá nefndinni og álít að aðrir nefndarmenn muni einnig hafa lagt þennan skilning í till.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

94. fundur, mánudaginn 9. maí, að loknum fundi í Sþ.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881, 1044 og 1060, brtt. 1061, 1077.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1061,1 felld með 14:3 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1077,1 felld með 11:1 atkv.
3.–4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1061,2 felld með 13:3 atkv.
5. gr. sámþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1077,2 felld með 14:4 atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 1077,3 felld með 12:3 atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1061,3 felld með 12:4 atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1061,4 felld með 12:4 atkv.
9.–11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1061,5 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 1077,4 felld með 12:4 atkv.
12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1061,6 felld með 12:4 atkv.
13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1061,7 felld með 12:4 atkv.
14.–15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1077,5 felld með 13:5 atkv.
Brtt. 1061,8 felld með 13:5 atkv.
16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 1061,9 felld með 12:4 atkv.
17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1061,10 felld með 12:5 atkv.
18.–19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1061,11 felld með 13:3 atkv.
20.–29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 1077,6 felld með 11:4 atkv.
30.–32. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1061,12 felld með 11:6 atkv.
33. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1061,13 felld með 12:4 atkv.
34.–38. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1061,14 felld með 12:5 atkv.
39.–40. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1061,15 felld með 12:4 atkv.
41.–42. gr. og ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1077,7 felld með 12:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909, n. 1068, 1070 og 1076, brtt. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1076 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 12:2 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 1069 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653, n. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Listasafn Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 446. mál (heildarlög). — Þskj. 979 (sbr. 796).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 1123).

Vegalög, 1. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Söluskattur, 3. umr.

Frv. MF o.fl., 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 1081.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. SP, 68. mál (kynferðisbrot). — Þskj. 71, n. 1075.

Frsm. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1075 um frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 sem allir fulltrúar í allshn. skrifa undir, þ.e. Jóhann Einvarðsson, Stefán Guðmundsson, Eiður Guðnason, Guðmundur Ágústsson, Guðrún Agnarsdóttir, Jón Magnússon og Salome Þorkelsdóttir. Nál. er stutt svo ég ætla að lesa það upp:

„Nefndin hefur rætt frv. og þær umsagnir sem borist hafa um það frá réttarfarsnefnd, ríkissaksóknara, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Ís-

lands. Er nefndin samþykk því að 202. og 203. gr. almennra hegningarlaga þarfnist endurskoðunar í anda frv.

Nefndinni hefur verið kynnt að starfandi sé nefnd á vegum dómsmrn. sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1984 og ætlað er að fjalla um rannsókn og meðferð nauðgunarmála og koma með tillögur um úrbætur á því sviði. Er búist við niðurstöðum nefndarinnar á þessu sumri.

Allshn. telur eðlilegt að frv. sé skoðað í ljósi niðurstaðna fyrrgreindrar nefndar þannig að samræmis sé gætt í tillögum um breytingar á almennum hegningarlögum hvað ákvæði núgildandi 194.–203. gr. snertir.

Í trausti þess að frv. fái þá meðferð leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég vil geta þess að eins og fram kemur í nál. höfum við fengið umsagnir m.a. frá Lögmannafélagi Íslands sem tekur mjög undir frv. en mælir með því að beðið verði eftir umræddu nál. sem um var rætt í nál. Dómarafélag Íslands mælir með því að frv. nái fram að ganga, en niðurstöður ríkissaksóknara og réttarfarsnefndar eru þess efnis að frv. sé til bóta en mælt er með því að beðið sé eftir heildarendurskoðun. Þess vegna mælir allshn. með því að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilliti til þess að á þessum málum verði tekið við þá endurskoðun sem fer fram í sumar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1075 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 19 shlj. atkv.

EFRI DEILD

95. fundur, mánudaginn 9. maí, að loknum 94. fundi.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 271. mál (heildarlög). — Þskj. 881.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1120).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 301. mál (kaupleiguíbúðir). — Þskj. 909, brtt. 1069.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Júlíus Sólnes:

Virðulegi forseti. Mér finnst vera kominn svolítill óróleiki hér í hv. þingdeild, þannig að það er rétt að tala smávegis um kaupleiguíbúðir svo að menn nái svona andanum á meðan.

Ég skal ekki flytja langt mál, en ég varð því miður að víkja frá við 2. umr. um málið og náði þess vegna ekki að koma á framfæri nokkrum skoðunum sem við þm. Borgarafl. höfum á frv.

Við höfum tekið þá afstöðu að við viljum ekki leggjast gegn frv. til laga um kaupleiguíbúðir. Við fögnum í raun hvers kyns hugmyndum sem miða að því að auka á fjölbreytni í húsnæðismálum og bæta við valkostum til handa þeim sem eru að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Hins vegar viljum við benda á, ásamt mörgum öðrum hv. þm. sem hafa tekið til máls um frv., að heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni er fram undan og því hljóta allir að sjá að þetta frv. er tímaskekkja. Það stendur til nú í sumar að vinna í milliþinganefnd að heildarendurskoðun húsnæðislánakerfisins og taka fyrir á næsta þingi tillögur sem þar koma fram og koma í gegn nýjum húsnæðislánalögum.

Þá langar okkur til þess að vekja athygli á þeirri staðreynd, sem við höfum reyndar fjallað heilmikið um hér í vetur, að brýnasta þörfin núna í húsnæðismálum eru leiguíbúðir. Það sárvantar leiguhúsnæði sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu. Mig langar til að minna á tillögur Borgarafl. í því efni, sem við lögðum fram í þáltill. hér á dögunum, um að byggðar yrðu rúmlega 1000 leiguíbúðir. Það yrði lagt af stað með 250 leiguíbúðir á höfuðborgarsvæðinu og það yrði tryggt að leigukostnaður þessara íbúða færi ekki yfir 25% af lágmarkstekjum eins og þær eru hverju sinni.

Ýmsum stjórnarliðum þótti fjármögnunartillaga okkar, sem fylgdi þáltill., vera með endemum, en við fólum ríkisstjórninni að koma með tillögur um fjármögnun. Hér er á misskilningi byggt, að sjálfsögðu, vegna þess að fyrr í vetur, á þessu þingi, lögðum við þm. Borgarafl. fram heilsteyptar tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi þar sem þessi fjármögnun yrði ekkert vandamál. Við bjóðum ríkisstjórninni að nýta sér einhverjar þær tillögur. Þessi fjármögnun er þá enginn vandi, ef svo má að orði komast.

Svo aftur sé haldið inn í kaupleiguíbúðirnar langar mig til að vekja athygli á einu atriði sem kann að valda erfiðleikum í sambandi við rekstur á kaupleiguíbúðum. Öllum er ljóst að í fjölbýlishúsum, þar sem búa saman aðilar sem ýmist eiga sínar íbúðir eða leigja þær, eru árekstrar óumflýjanlegir þegar kemur að viðhaldi sameignar. Það má ætla það að í stigagangi í fjölbýlishúsi, þar sem meiri hluti íbúa

leigir íbúðina af einhverjum tilteknum aðila, sveitarstjórn eða opinberum aðila, hafi þeir næsta lítinn áhuga á því að halda sameigninni við. Þeir fáu aðilar í sameigninni sem eiga sínar íbúðir hljóta hins vegar að hafa mikinn áhuga á því að annast viðhald sameignar. Þarna er því mikil hætta á verulegum árekstrum og er alveg ljóst að það er afar óheppilegt að blanda saman eignaríbúðum og leiguíbúðum með þessum hætti eins og hlýtur að verða í kaupleigukerfinu. Þá held ég að ég verði að benda á að kostnaðaráætlun sem fylgir grg. með frv. er mjög vanreiknuð. Það segir einfaldlega að leigukostnaður í kaupleiguíbúðunum verði verulega hærri en þar kemur fram. Það vantar t.d. algjörlega að taka inn hönnunarkostnað og undirbúningskostnað í dæmið, kostnað við að skapa aðstöðu og margt fleira, þannig að það má búast við því að kostnaður við að byggja þessar kaupleiguíbúðir verði verulega hærri en kemur fram í þessari grg.

Þá er eitt atriði enn sem mig langar til að fjalla um, en það eru þessi tvö mismunandi form, þ.e. félagslegar kaupleiguíbúðir og svo almennar kaupleiguíbúðir. Félagslegar kaupleiguíbúðir verða fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna á mun hagstæðari kjörum en almennar kaupleiguíbúðir. Þess vegna er hætta á því að í t.d. litlum bæjarfélögum úti á landi, þar sem verða byggðar bæði félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir, sitji fólk í almennum kaupleiguíbúðum með allt að því 50% hærri húsaleigu en fólk við hliðina á því sem situr í félagslegum kaupleiguíbúðum. Þetta hlýtur að valda úlfúð og ýmsum erfiðleikum.

Þá þarf að skilgreina betur ýmis verklagsatriði í lögunum, m.a. hvað á að gera ef framkvæmdaaðili fer á hausinn í miðju kafi? Það er ekkert fjallað um það í frv. hvað þá gerist. Það þarf að skilgreina, eins og ég gat um áðan, byggingarkostnað miklu betur og taka þar inn í alla þætti byggingarkostnaðar.

Þá er eitt atriði enn sem er afar einkennilegt. Reyndar er þetta gamalt atriði úr lögum um verkamannabústaði en það er refsing vegna framleigu kaupleiguíbúðar. Segjum að aðili sem hefur umráð yfir kaupleiguíbúð framleigi íbúð sína um einhvern tíma vegna þess að hann þarf ekki sjálfur á henni að halda, er kannski fjarverandi og framleigir íbúðina öðrum aðila. Þá ber að refsa honum á þann hátt að ef hann notfærir sér þá heimild sem er í lögunum að hann geti selt íbúðina eða eignarhlut sinn í íbúðinni, þ.e. að sveitarfélag eða sá aðili sem hefur byggt kaupleiguíbúðina er skyldugur til þess að leysa til sín eignarhluta viðkomandi, má draga frá verðbætur fyrir það tímabil sem íbúðin var í framleigu. Á það að vera nokkurs konar refsing fyrir viðkomandi fyrir það að hafa framleigt íbúðina en ekki notað hana sjálfur. Það er hins vegar ansi hjákátlegt að ef verðbólga er engin verður refsingin engin. Ég held því að eitthvað ætti að endurskoða þetta ákvæði.

Þá væri rétt að velta því aðeins fyrir sér að það hefur verið kvartað yfir því, einkum af dreifbýlismönnum, að íbúðarbyggingar úti á landsbyggðinni eru í algjöru lágmarki. Víða úti á landi hafa engar nýjar íbúðir verið byggðar um langan tíma aðrar en félagslegar íbúðir. Og hverju skyldi þetta nú vera að kenna? Það er ofur einfalt. Á smærri stöðum þar sem mikið er byggt af félagslegum íbúðum er tilgangslaust fyrir aðra aðila að byggja t.d. söluíbúðir. Það þýðir ekkert fyrir byggingarmeistara eða verktaka að ætla að fara út í það að byggja íbúðir til sölu í samkeppni við félagslegar íbúðir sem verða miklu ódýrari vegna þess að kjörin á þeim eru allt önnur og miklu hagstæðari. Það skyldi því engan undra þó að lítið sé byggt af íbúðum úti á landi þar sem þar hefur fyrst og fremst verið um félagslegar íbúðarbyggingar að ræða.

Síðan er kannski síðasta atriðið sem væri vert að nefna og það er spurningin um hvort þurfi í raun og veru að byggja kaupleiguíbúðir sérstaklega úti á landi. Víða á landsbyggðinni er mikið af húsnæði sem aðilar eru að reyna að selja en hafa ekki getað selt vegna þess að þeir fá ekki það verð fyrir þessar húseignir sem þeir þurfa á að halda. Það eru dæmi um það að einbýlishús, t.d. í fámennum byggðarlögum á Vestfjörðum, hafi verið seld á 1 millj. kr., sömu einbýlishús og hér á Reykjavíkursvæðinu mundu seljast á kannski 10 millj. kr. Því þá ekki að leggja þá fjármuni sem eru ætlaðir í kaupleiguíbúðir í uppkaupasjóð húsnæðis, og ríkisvaldið hreinlega kaupi upp það húsnæði sem er falt úti á landsbyggðinni og endurselji það eða leigi í formi kaupleiguíbúða? Það þarf ekki að byggja neinar íbúðir. Þarna kann að vera skýringin á því að það eru fyrst og fremst fámenn sveitarfélög úti á landi sem hafa sýnt kaupleiguíbúðunum áhuga. Vaknar sá grunur að það sé fyrst og fremst verið að leita að því að fá einhverja vinnu við að byggja þessar íbúðir. Í raun er þetta algjörlega óþarft því það er meira en nóg húsnæði falt úti á landsbyggðinni, húsnæði sem mætti kaupa fyrir þá fjármuni sem eru ætlaðir til kaupleiguíbúðanna og síðan er auðvelt að endurleigja eða endurselja þessar íbúðir.

Svo langar mig til að víkja hér að lokum að einu tæknilegu atriði, en mikil umræða hefur farið fram á þinginu í vetur um lánskjaravísitöluna og höfum við þm. Borgarafl. ekki látið okkar eftir liggja í þeim umræðum. Við höfum margoft vakið athygli á ranglæti lánskjaravísitölunnar og lagt til að hún verði lögð niður og öðruvísi og hagstæðari verðtrygging verði tekin upp sem komi betur við lántakendur. Þess vegna virkar það afar ankannalega að í öllum þeim nýju lögum um húsnæðismál sem við höfum verið að samþykkja hér á þinginu í vetur — eða öllu heldur hefur verið troðið í gegnum þingið hér í vetur, mundi ég nú vilja orða það — er lánskjaravísitalan alls staðar eins og draugur. Það er í raun og veru ekki hægt orðið að leggja lánskjaravísitöluna niður því það þyrfti að fara fram svo umfangsmikil lagahreinsun við að losa lánskjaravísitöluna út úr öllum þeim lögum, þangað sem henni hefur verið troðið, að það tæki mörg ár. Ég vara við því, að það eru ekki sett ný lög hér svo að lánskjaravísitalan

komi ekki fyrir í einum tveim, þrem, fjórum lagagreinum. Ég hef lokið máli mínu, virðulegur forseti.

Frsm. 1. minni hl. félmn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1069 flutti ég brtt. við 2. umr. þessa máls. Brtt. hefur þann tilgang að auðvelda sveitarfélögum að nota sér þá kosti sem felast í kaupleigukerfinu. Ég dró þessa brtt. til baka til 3. umr. vegna þess að ég vildi gera aðeins betur grein fyrir till. en mér hafði gefist kostur á við 2. umr. málsins. Till. er á þessa leið, herra forseti:

„Við þá heildarendurskoðun, sem fyrir dyrum stendur á húsnæðislöggjöfinni, skal sérstaklega athugað:

Í fyrsta lagi hvort ekki er nauðsynlegt að hafa í lögum um kaupleiguíbúðir heimild til að hækka lánshlutfall til framkvæmdaaðila þegar í hlut eiga illa stæð sveitarfélög.

Í öðru lagi að upp verði tekið í kaflanum um félagslegar kaupleiguíbúðir ákvæði sem heimila leigu samfara kaupum á tilteknum eignarhlut.

Í þriðja lagi samræmingu lánskjara mismunandi útlánaflokka."

Í annan stað geri ég ráð fyrir því í þessari till. að inn komi nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Meðan væntanleg endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins stendur yfir er húsnæðismálastjórn heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með, að veita illa stöddum sveitarfélögum viðbótarlán til að gera þeim kleift að koma af stað byggingu félagslegra kaupleiguíbúða. Skal húsnæðismálastjórn heimilt að verja í þessu skyni jafngildi allt að 50 millj. kr. árlega á næstu þremur árum eða svo lengi sem endurskoðun laganna stendur yfir."

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að inn séu sett bráðabirgðaákvæði í sambandi við þessi kaupleigumál sem opni kaupleigukerfið fyrir illa stöddum sveitarfélögum sem augljóslega ráða ekki við byggingu kaupleiguíbúða eins og frv. lítur nú út. Þess vegna þarf að koma sérstaklega til móts við þau. Jafnframt er þetta mál tengt þeirri heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni sem gert er ráð fyrir og hæstv. félmrh. hefur lýst yfir að fram fari. Á þessum grundvelli vænti ég þess að þessi tillaga eigi skilning meðal þm. úr stjórnarflokkum ekki síður en stjórnarandstöðuflokkum og vona að hún verði hér samþykkt vegna þess að hér er um að ræða mál sem ég hef orðið var við að margir þm. hafa góðan skilning á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1069 felld með 12:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, MF, SkA.

nei: StG, ÞK, EgJ, EG, JM, GHG, HÁ, JE, JHelg, KP, SalÞ, KSG.

VS, DS, GuðmÁ, GA, HBl, JúlS greiddu ekki atkvæði.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með þessari tillögu er verið að gera tilraun til að opna kaupleigukerfið fyrir illa stöddum sveitarfélögum sem geta ekki án sérstakra ráðstafana nýtt sér þá kosti sem í kaupleigukerfinu felast. Ég vona að þm. stjórnarflokkanna utan af landi átti sig á því hvað það er þýðingarmikið að koma inn ákvæði af þessu tagi. Ég tel að það skipti sköpum varðandi framkvæmd og þróun þessa kerfis að landsbyggðin komist inn í það hið allra fyrsta. Þess vegna segi ég já, herra forseti.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur styðjum þá hugmynd sem hér kemur fram að tekið sé tillit til þeirra þátta sem hérna eru tilteknir. Hins vegar höfum við gert það að tillögu okkar að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

Karvel Pálmason:

Herra forseti. Ég er mjög inni á því sjónarmiði sem kemur fram í till. og tel að það beri að skoða gaumgæfilega. Ég tel hins vegar að með breytingu á frv. sé því sem heild stefnt í tvísýnu að það nái fram að ganga hér í þingi. Ég veit hins vegar að hæstv. félmrh. mun láta skoða þetta mál í áframhaldi af því sem hér kann að gerast og í trausti þess að það verði skoðað eins og ég veit að hæstv. ráðherra hefur hug á og mun gera segi ég nei.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1121).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Frv. AS og JK, 329. mál (lán til leiguíbúða). — Þskj. 653.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1122).

Mat á sláturafurðum, 2. umr.

Stjfrv., 126. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 906, n. 1105.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Landbn. Ed. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og leggur til eins og nál. ber með sér að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd. Alþingis.

Tveir nefndarmenn, Danfríður Skarphéðinsdóttir og Skúli Alexandersson, skrifa undir afgreiðslu nefndarinnar með fyrirvara, en að öðru leyti er nefndin sammála um afgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni sérstakt frv. Á síðasta eða næstsíðasta fundi hv. deildar er lögð fyrir þm. staðfesting á brbl. sem gefin voru út 16. júní sl. Skipulagning á vinnu hv. þm. er ekki betri en þetta að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið þessu máli til afgreiðslu fyrr en á þessum fundi. Sjálfsagt hefur þetta mál að einhverju leyti vafist fyrir stjórnarliðinu vegna þess að í sjálfu sér eru þetta dálítið merkileg brbl. Þau eru gefin út 16. júní 1987 og eiga að gilda til 1. júní 1988, þ.e. þau áttu bara að duga um sláturtíðina síðustu, en það hugsa ég að hverjum og einum hafi verið ljóst þá að þetta gæti ekki gengið upp á þann veg að undanþága til þess að nota ýmis sláturhús sem í gangi hafa verið á undanförnum árum yrði aðeins þessa einu sláturtíð. Sjálfsagt hefur þetta því verið að vefjast fyrir stjórnarliðinu hvort nú skyldi bæta við einu ári eða það látið standa sem í brbl. var. Skv. brtt. við brbl. er ætlast til þess að undanþágan verði í gildi til 1990 og hefur ríkisstjórnarliðið sem sagt komist að því að það þyrfti að vera svolítið meira en þetta eina ár sem brbl. kváðu á um.

Það er svolítið gaman að sjá hverja hv. landbn. Nd. kallaði til ráðs við sig eða leitaði umsagnar hjá um þessi mál. Það hafa sjálfsagt verið aðrir en þeir sem beinlínis höfðu hagsmuna að gæta og voru beint aðilar að málinu. Mig langar til þess að lesa það upp hverjir það voru. Það var Félag sláturleyfishafa. Það er nú trúlegt og nokkurn veginn vitað mál hvernig þeirra svar var. Það var Framleiðsluráð landbúnaðarins. Og skyldu menn ekki hafa búist við því að þar yrðu hreinar línur hvernig svarið yrði? Það var Stéttarsamband bænda og það er trúlegt að þaðan hafi komið samhljóða álit. Það var Dýralæknafélag Íslands, yfirdýralæknir og Kaupmannasamtökin. En reyndar voru fleiri samtök kölluð til. Það voru Neytendasamtökin og Hollustuvernd ríkisins, en því miður, af einhverjum sérstökum ástæðum hafa Neytendasamtökin, sem yfirleitt hafa tekið þátt í svona umræðu, ekki svarað. Mér sýnist að aðeins einn aðili hafi svarað frekar neikvætt og ekki talið ástæðu til þess að framlengja undanþáguna og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa tvo síðustu liðina úr umsögn Hollustuverndar ríkisins um þetta mál:

„Hollustuvernd ríkisins telur það mikið áhyggjuefni að stór hluti þess kjöts og kjötafurða sem kemur hér á markað skuli koma frá sláturhúsum þar sem slátrað er við aðstæður sem Alþingi lögfesti fyrir 20 árum að væru óhæfar.“ Ég vil benda á þennan punkt, að þeir sem hafa talið sig halda vel á málefnum bænda eru ekki komnir með aðstöðu bænda lengra en þetta, að enn eru bændur að slátra í sláturhúsum sem talin voru óhæf fyrir 20 árum síðan. „Stofnunin telur það því fráleitt að enn einu sinni verði afgreiddar undanþágur til starfrækslu óhæfra sláturhúsa. Verði það hins vegar niðurstaða hins háa Alþingis treystir stofnunin því að þannig verði um hnúta búið að ekki komi til frekari framlenginga.

Að lokum vill stofnunin benda á að landbrh. hefur látið semja skýrslu um sláturhús á Íslandi og nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Það er mjög brýnt að þessi mál verði nú tekin föstum tökum og frambúðarlausn fundin þar sem það sjónarmið verði sett ofar öðrum að landsmönnum verði jafnan tryggðar ómengaðar og góðar sláturafurðir.“

Sjálfsagt hefur meiningin verið svipuð fyrir 20 árum síðan og ég vil leyfa mér að nota það sem minn fyrirvara í samþykkt þessa nál. að taka undir þessi lokaorð Hollustuverndar ríkisins.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Út af því sem fram kom í ræðu síðasta hv. ræðumanns um hvað þetta mál væri síðbúið til afgreiðslu í þessari hv. deild finnst mér rétt að taka það fram að ég fór úr bænum á föstudagsmorgun og taldi mig hafa gert ráðstafanir til þess að málið gæti fengið umfjöllun og afgreiðslu í landbn. Ed. þrátt fyrir mína fjarveru. En þær ráðstafanir sem ég gerði til þess brugðust og sú er ástæðan fyrir því að málið kemur ekki fyrr fram til afgreiðslu í deildinni en ekki sú sem hv. þm. vildi láta liggja að að hér væri um eitthvert sérstakt ósamkomulagsmál að ræða innan ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki orðið á nokkurn hátt var við ágreining í þessu máli. (**SkA:** Hvaða föstudagur var þetta?) Síðastliðinn sem er nú ekki langt undan svo sem hv. þm. er væntanlega vel ljóst.

Þetta er ekki stórmál og ekki afgreiðsla þess hér á hv. Alþingi og ég held að menn þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af þessari afgreiðslu. Þær aðstæður, sem ákvarðanir kunna að hafa verið teknar um fyrir um 20 árum síðan, eru nú að sjálfsögðu afar mikið breyttar. Við erum ekki að fjalla um sömu aðstæður og þá voru og það eru, ef hv. þm. vill fylgjast með því sem ég mæli, jafnan gerðar ráðstafanir í sláturhúsum, bæði að því er varðar þau sem við gætum kallað fullkomin sláturhús og líka þau sem vanbúnari eru, á hverju einasta ári til endurbóta og þá að sjálfsögðu eftir þeirri kröfu sem kjötskoðunarlæknar gera hverju sinni. Það er því vissulega fyrir því séð hverju sinni að þessi aðstaða sé fullnægjandi til þess að hægt sé að sinna hinum ýtrustu hreinlætiskröfum. Mér er alveg ljóst að hv. þm. veit þetta og ég hef að sjálfsögðu ekkert við hans fyrirvara að athuga, en ég

vildi undirstrika að það hvað málið er hér seint á ferð byggist ekki á neinni óeiningu innan ríkisstjórnarliðsins að ég best veit heldur stafar af því að ég dvaldi utan höfuðborgarinnar núna þessa allra síðustu daga.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég hef skrifað undir það nál. sem hér liggur fyrir með fyrirvara og er sá fyrirvari minn til kominn af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi höfðum við afar skamman tíma, sennilega vegna fjarveru hv. formanns nefndarinnar frá höfuðborgarsvæðinu eins og hann gat um áðan, til þess að kynna okkur málið. Hinn fyrirvari minn byggist á því að nú þegar verði hafin umræða á faglegum vettvangi um málefni sláturhúsanna og að dæmið verði gert upp hvernig á að útbúa sláturhúsin, hvort það verður með tilliti til útflutnings í allar áttir eða ekki og hvaða kröfur verða gerðar í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar verða varðandi það.

Ég vildi rétt aðeins gera grein fyrir þessum fyrirvara mínum hér.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Það er óneitanlega nokkuð furðulegt að ákvæði laga nr. 30/1966 um aðstæður við slátrun og meðferð sláturafurða skuli enn ekki vera komin til framkvæmda á því herrans ári 1988, 22 árum eftir lögfestingu þeirra. Nú er til umræðu og umfjöllunar hvort enn eigi að framlengja undanþágur sem fara í bág við þær kröfur sem gerðar voru árið 1966 og taldar voru nauðsynlegar til að uppfylla ákvæði um meðferð, hollustu og aðgerðir til að koma hlutunum í eðlilegt og nauðsynlegt neysluhæft ástand fyrir neytendur þessara búvara.

Það var vitnað áðan í álit Hollustuverndar ríkisins og mig langar til að vitna hér í nokkur önnur atriði í því áliti, með leyfi forseta, en það er það sem lýtur að lagasetningunni frá 1966. Þar er sérstaklega bent á að í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga var sett ákveðið ákvæði um að undanþágu mætti ekki veita nema í þrjú ár frá gildistöku þeirra laga og þá var að sjálfsögðu verið að miða við að sláturhúsin kæmu málum sínum í lag á þeim tíma. Þeim var skammtaður þessi tími, þeim voru skömmtuð þrjú ár, þ.e. til 1969. Nú er árið 1988 og það er verið að fara fram á að Alþingi samþykki að heimila ráðherra að hann megi eftir geðþótta heimila sláturhúsum sem ekki uppfylla skilyrði laganna frá 1966, hverra undanþága gilti til 1969, að hann geti eftir eigin geðþótta, og hans geðþóttaákvarðanir eru þingmönnum kunnar og ekki allar mjög glæsilegar, leyft sláturhúsum sem ekki uppfylla ákvæði laga, ekki fullnægja ákvæðum um hollustuvernd, ekki eru í samræmi við ákvæði sem gilda um meðferð sláturafurða, að stunda hina þokkalegu iðju sína. Og það er nú svo.

Svo ímynda menn sér að þjóð sem setur jafnstrangar kröfur í sínum neytendamálum geti verið gild á alþjóðlegum neytendamörkuðum og hún geti hafið markaðssókn fyrir íslenskar búvörur á erlendum vettvangi. Forsenda þess er að sjálfsögðu að við gefum sjálfum okkur ekki frí frá því að fara eftir eðlilegum og nauðsynlegum lögum um hollustuvernd og neytendavernd. Það er aðalatriðið.

Hér fyrr í vetur var lagt fram á Alþingi eitt makalausasta frv. sem lagt hefur verið fyrir Alþingi Íslendinga vegna undanþágu fyrir sláturhús á Bíldudal. Það frv. fékk sína eðlilegu meðferð og kom ekki til mikilla kasta Alþingis sem betur fer. En með samþykkt þess frv. sem hér liggur fyrir getur landbrh. veitt öllum „Bíldudalssláturhúsum" leyfi til að slátra eftir sínum eigin geðþótta og það er óviðunandi.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Það var út af síðustu ræðu sem mér kom í hug máltækið „Litlu verður Vöggur feginn". Mér sýnist kannski að hv. síðasti ræðumaður hefði átt að kynna sér þetta mál ofurlítið betur ef hann hefði ekki í þessum efnum eins og stundum áður verið að leitast við að sækja mál af meira kappi en forsjá, að ég tali nú ekki um þekkingu í þessum efnum.

Það er vert að leggja á það áherslu og undirstrika sérstaklega að það hafa orðið frá árinu 1966 gífurlega miklar breytingar á sláturhúsum hér í landi og hreinlætisaðstöðu. Ég get vel ímyndað mér að það sem kann að vera á verri kantinum um þessar mundir sé eitthvað svipað og það sem var best árið 1966. Það hafa orðið gífurlega miklar breytingar og endurbætur í þessum efnum þegar til heildarinnar er litið. Þær kröfur sem voru gerðar fyrir tveimur áratugum hafa vissulega skilað sér gagnvart langflestum sláturhúsum landsins. Þetta hefur hins vegar ekki gerst alfarið, eins og ég reyndar tók fram fyrr í þessari umræðu, og það er aðalatriði málsins að enn hefur ekki fengist fullnægjandi aðstaða í öllum þessum sláturhúsum. En ég minni á að auðvitað er þessi starfsemi háð mjög ströngu heilbrigðiseftirliti. M.a. af því að hv. ræðumaður vitnaði til þeirrar umræðu sem fór fram á Alþingi varðandi sláturhúsið á Bíldudal liggur fyrir að slíkt eftirlit og slíkar kröfur eru einmitt býsna harðar.

Þetta finnst mér alveg nauðsynlegt að komi fram því að ég get alveg eins átt von á því út frá þessari umræðu að það verði farið að bera það út um borgina og reyndar víðar að það séu fyrir hendi háskalegar og hættulegar aðstæður í sambandi við slátrun og meðferð sláturafurða. Það gæti vel hent þá sem eru í sífelldum eltingarleik um atkvæði og nota til þess öll möguleg og ómöguleg ráð eins og ég hef reyndar nýlega rakið í þessari hv. deild.

Það er þess vegna full ástæða til að leggja á það áherslu að hér er ekkert stórmál á ferðinni og að hér er vel séð fyrir heilbrigðiskröfum og að öll þessi starfsemi er háð mjög ströngu eftirliti kjötskoðunarlækna þannig að það er mikill óþarfi að gera hér einhvern úlfalda úr mýflugu við afgreiðslu þessa máls og þar af leiðandi geta menn stutt það með bærilega góðri samvisku.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. síðasta ræðumanns að ég ætla ekki að lengja þessar umræður, en vil aðeins af tilefni þess sem hér hefur verið sagt geta örfárra atriða.

Í fyrsta lagi að frv. var flutt í nóvembermánuði sl. og hefur verið í meðferð Alþingis síðan. Alþingi hefur því haft langan tíma til að fjalla um málið. Í öðru lagi er ekki rétt að það sé geðþóttaákvörðun landbrh. eins sem ræður þessum undanþágum. Ég hygg einmitt að það frv. sem hv. 8. þm. Reykv. gat um áðan að flutt var í haust hafi sýnt að þar er fleira sem þarf að taka til greina. A.m.k. hef ég lagt áherslu á það sem landbrh. að fara þar eftir hinu faglega mati um að tryggt sé að það sé aðeins úrvalsvara sem út úr þessum húsum kemur.

En hér hefur ekki verið minnst á eitt sjónarmið sem kemur fram í erindi sem landbrn. sendi hv. landbn. Nd. og það er þörfin á að skipuleggja þessa starfsemi sem allra best til þess að hún sé sem hagkvæmust og tryggja neytandanum eins ódýra vöru og nokkur kostur er. Það er verkefni sem nauðsynlegt er að vinna að og í nál. hv. landbn. Nd. kemur fram að nefndin leggur áherslu á að að því máli sé unnið jafnframt því sem aðeins er gefinn tveggja ára frestur til þess að húsin öll uppfylli hinar ströngustu kröfur sem lögin gera ráð fyrir. Að því mun ég vinna þegar frv. hefur verið afgreitt.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Ég ítreka að fyrirvari minn við undirskrift nál. byggðist á því sem hæstv. landbrh. var að segja í lok ræðu sinnar, þ.e. að hann stefnir að því að láta semja skýrslu um sláturhús á Íslandi og nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta og annað þar að lútandi. En aðallega kom ég í ræðustól til að benda á að ég mun hafa sagt að brbl. sem frv. fæðist út af hafi verið gefin út af núverandi ríkisstjórn. Það mun hafa verið rangt. Þessi brbl. voru, eins og ég nefndi, gefin út 16. júní 1987, þ.e. af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, og allar dagsetningar sem hér hafa verið nefndar, m.a. útgáfudagsetning brbl., framlagning málsins í haust, 17. nóv., og föstudagurinn hjá hv. formanni landbn., benda til ráðleysis Sjálfstfl. og Framsfl. í sambandi við málefni landbúnaðarins. Það er mikilsvert mál fyrir landbúnaðinn að mál eins og þetta sé ekki á einhverjum ruglingi og sé afgreitt með fullri reisn og festu. Að frv. skuli búið að vera að flækjast hér í þinginu, ef það má orða það svo, ekki stærra mál en þetta, frá því 17. nóv. í haust og hv. formaður landbn. hafi talið skipta einhverju máli hvort málið var til umræðu á föstudag í síðustu viku eða í dag, sýnir okkur hvað þessi mál eru illa haldin, það má segja það þannig, undir forustu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Þetta gengur nærri því eins og formaður landbn. var að lýsa áðan. Það kemur upp alls konar umræða um þessi mál, kannski stundum ekki réttlát, stundum er gerður úlfaldi úr mýflugu, en hverjir hafa skapað gróðurinn fyrir slíkar uppákomur? **(EgJ:** Vertu nú ekki að nöldra út af smámunum.) Vitaskuld engir aðrir en þeir höfðingjar sem fara með landbúnaðarmálin á Íslandi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 2. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 789, n. 1080 og 1086.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Eiður Guðnason):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. til laga og leggur til að það verði samþykkt með brtt. sem flutt er á þskj. 1080. Það er meiri hl. nefndarinnar sem leggur þetta til. Minni hl. skilar séráliti.

Brtt. er í þá veru að það er breytt nokkuð þeim tímamörkum sem voru í frv. eins og það kom frá Nd. Með leyfi forseta hljóðar ákvæði til bráðabirgða nú svo að tillögu meiri hl.:

„Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. jan. 1989, enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga."

Það er meiri hl. nefndarinnar sem leggur til að frv. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef nú gert grein fyrir, herra forseti.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Jón Magnússon):

Herra forseti. Við Júlíus Sólnes skipum minni hl. fjh.- og viðskn. og leggjum til að frv. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu verði fellt.

Í fyrravetur gaf þáv. utanrrh. Matthías Á. Mathiesen þinginu skýrslu um utanríkismál. Í þeirri skýrslu er á bls. 29 fjallað um, með leyfi forseta, málefni Afríku. Þar er sérstaklega talað um málefni Suður-Afríku. Þar segir orðrétt:

„En almenn þegnréttindi eru víðar fótum troðin í heimsálfunni. Flestir Afríkubúar hafa atkvæðisrétt, en í mörgum tilvikum geta þeir aðeins raðað atkvæði sínu á einn frambjóðanda. Á meðal 40 stærstu blökkumannaríkja álfunnar umbera aðeins sjö starfsemi stjórnarandstöðuflokka. Í 17 þessara ríkja er aðeins leyfður einn stjórnmálaflokkur, flokkur valdhafanna, og í öðrum 17 eru herforingjar við völd."

Þetta er lýsing á ástandinu frá fyrrv. utanrrh. frá því í fyrra um hvernig stjórnskipulegum réttindum og mannréttindum þegna þessarar heimsálfu er varið.

Við sem stöndum að minnihlutaálitinu bendum í

fyrsta lagi á að þetta frv. var rætt í fjh.- og viðskn. Ed. á einum fundi. Það komu engar upplýsingar fram, það voru engar upplýsingar bornar fram fyrir nefndina um málið og að okkar áliti hefur það ekki fengið viðhlítandi skoðun. Við hljótum að spyrja hvaða aðstæður það eru eða hvort eitthvað hafi breyst frá því að Steingrímur Hermannsson utanrrh. gaf þinginu skýrslu sína, en í skýrslu hans til Alþingis, 294. mál, segir um málefni fjarlægra heimshluta, það efni sem hér um ræðir:

„Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að koma á viðskiptabanni við Suður-Afríku hafa gengið misjafnlega. Bandaríkjastjórn bannar nú allar nýjar fjárfestingar bandarískra fyrirtækja í Suður-Afríku og innflutning kola og stáls frá landinu. Einnig hafa suðurafrísk flugfélög verið svipt lendingarleyfi í Bandaríkjunum. Það er álit sérfræðinga að enda þótt þessar aðgerðir virðist víðtækar muni þær einungis hafa áhrif á um 10% viðskipta Suður-Afríku við Bandaríkin. Þá hafa bandarísk stórfyrirtæki tilkynnt að þau muni loka fyrirtækjum sínum í Suður-Afríku, þeirra á meðal IBM, General Motors o.s.frv. Ríkisstjórnir Japans, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Stóra-Bretlands hafa enn ekki tekið neinar ákvarðanir um hvort heimila beri fyrirtækjum sem skrásett eru í þessum ríkjum að starfa í Suður-Afríku. Ríkisstjórn Ísraels hefur ákveðið að banna alla sölu hergagna til Suður-Afríku og virðast Ísraelsmenn þar með hafa látið undan þrýstingi frá Bandaríkjunum.

Á vettvangi Norðurlandanna hefur um alllangt skeið verið til umræðu algert viðskiptabann á Suður-Afríku. Þær hugmyndir eru í samræmi við norrænar áætlanir um ráðstafanir gegn Suður-Afríku."

Það er mjög eftirtektarvert að í þessari skýrslu er ekki lögð nein sérstök áhersla á að samþykkt verði sérstakt frv. um bann á viðskipti við Suður-Afríku. Ég vek athygli á því að þetta er skýrsla sem utanrrh. lýðveldisins lagði fyrir Alþingi í haust.

Þegar meta á hvort setja eigi viðskiptabann á annað ríki þurfa mjög ríkar ástæður að vera fyrir hendi. Evrópuþjóðirnar fyrr á þessari öld notuðu viðskiptabann og aðrar viðlíka pólitískar þvinganir til að reyna að ná ákveðnum pólitískum markmiðum. Þá urðu til hugtök eins og „stjórnmál fallbyssubátanna" og önnur þess háttar. Það var talað um að ríki væru öðrum háð, að þau gætu ekki tekið afstöðu vegna þess að yfir þeim vofði nánast hungurdauði vegna aðgerða annars og stærra ríkis.

Nú er það þannig að þegar fólk er að leggja til eða boða eða fara fram á að ákveðin löggjöf verði sett hljótum við að miða við að hún þjóni einhverjum tilgangi. Skv. skýrslu um viðskipti Íslands og Suður-Afríku, sem ég hef aflað mér fyrir árin 1984 og 1985, er ljóst að viðskipti ríkjanna eru ákaflega takmörkuð. Það sem inn er flutt frá Suður-Afríku er að meginstefnu til ávextir og grænmeti, en auk þess örlítið af fatnaði og gull til almennra nota. Út eru fluttar nokkrar plastvörur, aðallega fiskkör og kör úr plasti, bæði árin. Þessi viðskipti eru svo lítil að þau skipta ekki máli, hvorki fyrir viðskipti okkar eða fyrir viðskipti Suður-Afríku. Ef við skoðum hver viðskipti Norðurlandanna eru við Suður-Afríku og Namibíu er samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér viðskiptunum háttað sem svo greinir:

Viðskipti Finnlands við Suður-Afríku hafa minnkað stórlega, en þau eru sem hér segir: Af utanríkisviðskiptum Suður-Afríku eru 0,6% við Svíþjóð, 0,5% við Danmörku, 0,4% við Noreg og 0,2% við Finnland.

Það er eftirtektarvert að Svíar hafa um margt verið sporgöngumenn fyrir setningu samþykkta, þá sérstaklega á vettvangi Öryggisráðsins, um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku. Því er þó þannig varið að þrátt fyrir að Svíar séu sérstakir sporgöngumenn þessa málstaðar hafa þeir sjálfir í sínum lögum mjög mikilvægar undanþágur sem gera þeim kleift að eiga þau viðskipti við Suður-Afríku sem þeir kjósa. Um það efni hef ég m.a. tiltölulega nýlega grein eftir mann sem er sendiherra og þjóðréttarfræðingur í sænska utanríkisráðuneytinu, þar sem hann fjallar um hvernig á því stendur að Svíar treysta sér ekki til að setja einhliða bann við viðskiptum við Suður-Afríku. Þar minnist hann m.a. á þá mikilvægu röksemd að nota ekki „pólitík fallbyssubátanna" til að knýja fram um pólitísk markmið. Við sem skipum minni hl. nefndarinnar bendum á að við teljum nauðsynlegt að auka virðingu fyrir frelsi og mannréttindum í heiminum. En við bendum jafnframt á að þó að Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hafi verið staðfestur af flestum þjóðum skortir samt mikið á að ákvæðum hans sé framfylgt. Mannréttindastofnunin „Freedom House" er ákaflega virt stofnun, stofnuð í síðasta stríði og fyrst og fremst stofnuð í andstöðu við nasisma og fasisma og til að berjast fyrir frelsi og mannréttindum. Fyrsti forseti þessarar stofnunar var Eleanor Roosevelt. Þessi stofnun gefur út árlega fréttir og skoðun og álit á því hvernig mannréttindamálum og pólitískum réttindum er háttað í veröldinni. Það eru nokkur atriði, sem eru mjög eftirtektarverð, sem koma fram í áliti þessarar stofnunar frá 1. jan. 1988. Þar er bent á í fyrsta lagi að alvarleg mannréttindabrot og frelsisskerðing séu í rúmlega 50 ríkjum. Takmarkað frelsi þegnanna sé í tæplega 60 ríkjum til viðbótar. Því séu um eða yfir 100 ríki sem brjóti mjög mikilvæg ákvæði Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er athyglisvert að skoða, en þessi stofnun greinir umrædd ríki eftir því hvað hún telur mannréttindabrot alvarleg. Þá eru nokkrir hlutir mjög eftirtektarverðir.

Þegar fjallað er um hvernig ríki séu á vegi stödd hvað snertir pólitísk réttindi er lægsta einkunnin 7 og þar fær Suður-Afríka einkunnina 5 sem er mjög lág einkunn og að sjálfsögðu að verðleikum. En það er eitt sem er mjög eftirtektarvert og sem er eðlilegt að vekja athygli á á hinu háa Alþingi: Sérstakt verndar-

ríki Íslands, ríki sem við höfum sérstaklega tekið að okkur að veita þróunaraðstoð, Grænhöfðaeyjar, er í sama flokki. Það skýtur óneitanlega nokkuð skökku við að banna viðskipti við eitt ríki vegna skorts á pólitískum réttindum þegnanna en heimila og veita sérstakan fjárstuðning öðru ríki sem eins er ástatt í.

Í annan stað er ríkjum gefin einkunn miðað við almenn mannréttindi eða borgaraleg lýðréttindi og þá kemur það þannig út að bæði þessi ríki falla niður, fá sem sagt einkunnina 6 sem er næstlægsta einkunn. Það er annars vegar ríki sem við viljum banna öll viðskipti við og hins vegar ríki sem við viljum veita sérstakan fjárstuðning til.

Á þessu er vakin athygli sérstaklega vegna þess að vilji Alþingi láta taka mark á sér og ljá mannréttindamálum sérstakt lið á að láta eitt yfir alla ganga. Það eiga ekki að vera sérreglur sem gilda fyrir eitt ríki en aðrar reglur fyrir annað.

Þess vegna boðum við, sem stöndum að minnihlutaálitinu, að ef þetta frv. verður samþykkt við 2. umr. leyfum við okkur að bera fram brtt. við 3. umr. þar sem miðað sé við að það verði sett viðskiptabann á þau ríki sem brjóti í grundvallaratriðum Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. (**SvG:** Hvað er það langur listi hjá ykkur?) Ja, miðað við lista stofnunarinnar eru það yfir 100 ríki. (**SvG:** Það er nú illmögulegt.) En til upplýsingar fyrir hv. þm., vegna þess að hann spurði, vil ég, með leyfi forseta, vitna í 3. tölul. 21. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar segir: „Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningarréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar að frjálsræði.“

Ég vek athygli á því að þarna eru ákvæði, í þessari grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, um að atkvæðisréttur skuli jafn. Það er meginatriði þess sem við gagnrýnum Suður-Afríku fyrir, ríkisstjórnina í Suður-Afríku, að sumir þegnar þess þjóðfélags eru sviptir lýðréttindum. Þeir hafa minna að segja um stjórn landsins en aðrir þegnar, þ.e. 1. og 2. flokks þegnar.

En þá skulum við líta okkur örlítið nær. Hér á landi er atkvæðisréttur fjarri því að vera jafn, allt upp í fimmfaldur atkvæðamunur. Í raun hefur meiri hluti þjóðarinnar, sem býr í Reykjavík og á Reykjanesi, ekki tæknilega möguleika til að kjósa meiri hluta alþingismanna. Að þessu leyti til er okkar stjórnskipun því ekki í samræmi við Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Og þó við getum öll fallist á að Ísland sé tvímælalaust í hópi þeirra ríkja þar sem mannréttindi og önnur almenn lýðréttindi eru hvað best á veg komin er þarna tvímælalaust um brot á Mannréttindasáttmálanum að ræða.

Við sem skipum minni hl. fordæmum kynþáttastefnu Suður-Afríku og erum eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vinna gegn þessari kynþáttastefnu með gagnrýni á alþjóðavettvangi. Það er jafnframt skoðun okkar að bregðast eigi við kúgun og mannréttindabrotum með sama hætti óháð því hverjir stunda slík brot. Við fordæmum jafnframt einræðis- og alræðisstjórnir sem brjóta grundvallarmannréttindi.

Við Íslendingar fylgjum þeirri stefnu að hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir, en þrátt fyrir það teljum við eðlilegt og rúmast innan þeirrar stefnu að hvetja til og stuðla að sjálfsákvörðunarrétti meðal þjóðríkja og innan þeirra. Þessari grundvallarstefnu ber okkur að fylgja áfram.

Meginatriðið er vinsamleg samskipti við allar þjóðir og teljum við því mikilvægt þegar af þeirri ástæðu að frv. verði fellt.

Þessari stefnu í utanríkismálum hefur verið fylgt frá stofnun lýðveldisins og hún hefur verið einn mikilvægasti þáttur í utanríkisstefnu þess. Ég hygg að frávik frá þessari stefnu kalli á mjög verulegt endurmat utanríkisstefnunnar.

Þá höldum við því fram, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., að þær viðskiptaþvinganir sem frv. gerir ráð fyrir þjóni ekki þeim tilgangi sem flm. þess ætlast til.

Í fyrsta lagi eru, eins og ég benti á áðan, viðskipti Íslands við Suður-Afríku og Namibíu svo lítil að þau skipta hvorugan aðila máli. Frv. hefur því fremur táknrænt gildi en raunverulegt. Vegna þess teljum við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, fráleitt að samþykkja það í andstöðu við þá stefnu sem fylgt hefur verið í samskiptum þjóðanna. Því til viðbótar er bent á að viðskiptabann og viðskiptaþvinganir hafa haft sáralítil áhrif þegar þeim hefur verið beitt allt frá dögum Napóleons, sem setti viðskiptabann á Bretland, og allt til okkar tíma.

Þá er því haldið fram að viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu komi til með að bitna harðast á þeim sem flm. frv. vilja aðstoða og skulum við skoða þá röksemd örlítið nánar. Í sjálfu sér held ég ekki að þm. þessarar hv. deildar hafi mikinn áhuga á því að fylgjast með rökum í þessu máli vegna þess að ég hygg að menn hafi þegar verið handjárnaðir eða að þeir hafi einhverjar fyrir fram meiningar í málinu. En við skulum aðeins skoða málið út frá rökfræðilegum sjónarmiðum.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að ef færri ávextir eru keyptir frá Suður-Afríku verða áhrifin fyrst þau að svörtum verkamönnum sem starfa við þá iðju er sagt upp störfum. Þeir verða reknir til nágrannaríkjanna eða til svokallaðra sjálfsstjórnarsvæða. Það er það sem liggur fyrir. Það hefur sérstaklega verið rætt um það á Bandaríkjaþingi og frjálslyndir þm., eins og t.d. Edward Kennedy, hafa bent á og lagt til að ef beita ætti Suður-Afríku viðskiptaþvingunum væri nauðsynlegt fyrir Bandaríkjaþing að samþykkja sérstakan fjárstuðning til svokallaðra framvarðaríkja til þess að reyna að koma í veg fyrir það að efnahagur og atvinnulíf þessara ríkja hryndi í rúst. Af hverju er hætta á að efnahagur og atvinnulíf þessara ríkja muni hrynja? Það er einfaldlega vegna þess að það eru mörg hundruð þúsund svartir erlendir verka-

menn sem kjósa að fara til Suður-Afríku frá heimalöndum sínum til þess að afla sér lífsviðurværis og senda peninga heim. Ef þeir missa sína vinnu, eins og ljóst liggur fyrir að margir munu gera ef Vestur-Evrópubúar og Norður-Ameríkubúar gera alvöru úr því að beita mjög virkum viðskiptaþvingunum, bitnar þetta fyrst á þeim aðilum sem síst skyldi.

Við bendum enn fremur á að um nokkurt skeið hafa ýmis samtök náttúruverndarfólks barist fyrir því að ríki Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku settu viðskiptabann á Íslendinga vegna þeirra grófu brota sem þau telja Íslendinga seka um. Á þetta er bent til að sýna fram á hættuna sem getur verið því samfara að samþykkja frávik frá þeirri stefnu að eiga vinsamleg samskipti við allar þjóðir og að pólitík fallbyssubátanna sé ekki tæk á 20. öld sem viðskipti þjóða á milli.

Eins og ég gat um hér áðan, þá er það sjónarmið okkar sem skipa minni hl. að sú pólitík sem ríkisstjórn Suður-Afríku fylgir sé fordæmanleg. Við lýsum því jafnframt yfir að það beri brýna nauðsyn til að vinna að breytingum á apartheid-stefnunni. Spurningin er alltaf sú með hvaða hætti við getum unnið að breytingum á sem virkastan hátt. Þegar menn reyna að meta hvernig hægt sé með sem virkustum hætti að ná fram breytingum í alþjóðapólitík þurfa þeir að sjálfsögðu að skoða söguna og meta hvaða hlutir og með hvaða hætti þeir hafa haft áhrif á okkar tímum. Ef svo er gert höfum við nokkra vegvísa. Við höfum m.a. þá vegvísa að í Evrópu voru tvö einræðisríki fyrr á öldinni og fyrir ekki svo löngu síðan, annars vegar var Spánn undir einræðisstjórn Francos og hins vegar Portúgal undir stjórn Salazars.

Fyrir nokkrum árum, eða upp úr 1960 og fram yfir 1970, var oft hægt að lesa í blöðum á Íslandi, sérstaklega Þjóðviljanum, kröfur um það að sett yrði viðskiptabann á þessu ríki. Ég minni sérstaklega á grein í Þjóðviljanum um viðskiptabann á Portúgal vegna aðfara nýlenduherranna þar í Angóla á þeim tíma. Vissulega mátti á það fallast að stjórnkerfi þessara ríkja var mjög áfátt á þessum tíma. Almenn mannréttindi og lýðréttindi voru fyrir borð borin og þarna voru einræðisherrar við völd. Slíkt er andstætt hugmyndafræði okkar sem unnum lýðræði og við sem fylgjum lýðræði teljum í raun og veru að lýðræðið sé litblint, það skipti ekki máli hvort það sé gulur, svartur eða hvítur maður sem eigi að njóta þeirra lýðréttinda. Við teljum að allir menn eigi að njóta lýðréttinda jafnt hvernig sem litur þeirra er, hvernig svo sem kynferði þeirra er háttað, hvernig svo sem trúarbrögð þeirra eru og hvar svo sem þeir eru búsettir. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Það sem við höfum fyrir augunum og sá lærdómur sem við getum dregið af því hvað gerðist í viðskiptunum við Portúgal og Spán er eftirfarandi:

Í stað þess að banna viðskiptin við Portúgal og Spán og knýja ferðamenn frá Evrópulöndunum til að fara eitthvað annað voru viðskiptin við þessi ríki mjög mikil allan tímann. Og hver varð niðurstaðan? Á u.þ.b. áratug breyttust þessi einræðisríki með friðsamlegum hætti í lýðræðisríki. Það var það sem gerðist. Ef við teljum okkur geta dregið einhvern lærdóm af þessum dæmum mætti velta fyrir sér andstæðu frv. sem hér liggur fyrir. Væri það ekki líklegast til þess að hafa jákvæð áhrif á þróun lýðréttinda í Suður-Afríku að ríki Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, þar sem lýðréttindi eru hvað mest í hávegum höfð, mundu auka bæði menningarleg samskipti og viðskipti við ríki Suður-Afríku og Namibíu og reyna með þeim hætti að stuðla að bættum lýðréttindum og aukinni lýðræðisþróun í þessu landi?

Ástæðan fyrir því að ég tek þessa eindregnu afstöðu gegn frv. er einfaldlega sú að ég tel að með þessu háttalagi sé reynt að girða fyrir viðskipti við þessi ríki og loka þau úti á alþjóðavettvangi. Verið er að leggja steinana og byggja upp það sem ég get ekki séð að leiði til annars en hroðalegra blóðsúthellinga í þessum heimshluta í framtíðinni. Ég get ekki séð að það leiði til neinna skjótvirkra lausna. Ég get ekki séð að mannkynssagan segi okkur eitt eða neitt um það. Ég get hins vegar komið með og bent á mörg dæmi þess að verulegar líkur eru fyrir því að það að loka Suður-Afríku úti á alþjóðavettvangi hafi þveröfuga áhrif.

Ég vil ekki með atkvæði mínu bera ábyrgð á og stuðla að því að slík stefna, sem ég tel vitlausa stefnu og ekki til þess fallna að auka mannréttindi í veröldinni, nái fram að ganga á Alþingi Íslendinga.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að Ísland er ekki nafli alheimsins. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það sem Norðurlandaráð er að samþykkja á sínum þingum er ekki það sem heimurinn meðtekur sem boðskap hins allra heilagasta, oft á tíðum sem betur fer.

Það er nú einu sinni þannig að í sumum tilvikum komast ákveðnir hlutir í tísku og þetta mál er einfaldlega búið að vera í tísku á Norðurlöndum. Menn hafa hreinlega lokað augunum fyrir því að næsti nágranni Norðurlandaþjóðanna í austri er górilluríkið Sovétríkin þar sem hvað alvarlegust mannréttindabrot hafa verið framkvæmd á okkar tímum ef frá eru skilin górilluríki nasismans milli 1933 og 1945. Munurinn er einfaldlega sá að ríki nasismans leið sem betur fer undir lok en górilluríkið í austri ógnar enn mannréttindum og frelsi íbúa Vestur-Evrópu og þar á meðal okkar. En þetta atriði skiptir okkur engu máli. Við tölum ekki um að setja viðskiptabann á Sovétríkin. Og ég vek athygli á því að í fréttum í kvöld á Stöð 2 var þess getið að ákveðnir einstaklingar í því landi hafi gert tilraun til þess að stofna stjórnarandstöðuflokk. Þess var jafnframt getið í sömu frétt að nú þegar hefðu 43 þeirra sem dirfðust að láta sér detta í hug að stofna stjórnmálaflokk í Sovétríkjunum verið fangelsaðir. Á meðan verið er að fangelsa þá sem vilja og gerast svo djarfir að ætla að koma upp stjórnarandstöðu í Sovétríkjunum er á Alþingi Íslendinga verið að tala um það að setja viðskiptabann á Suður-Afríku fyrir

mannréttindabrot. En utanrrh. vill senda forseta lýðveldisins í kurteisisheimsókn til Sovétríkjanna til þess að greiða þar fyrir sölu trefla frá Álafossi.

Þegar menn tala um siðferði í pólitík er spurningin náttúrlega fyrst og fremst um það að vera sjálfum sér samkvæmur. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er ekkert annað en tvískinnungur og hræsni.

Það var líka greint frá því í fréttum að ríkisstjórn Suður-Afríku hefði framkvæmt fordæmanlegan hlut í dag og fólst hann í því að þeir höfðu bannað ákveðið stjórnarandstöðublað tímabundið. Viti menn, þeir höfðu bannað útkomu, prentun og dreifingu ákveðins stjórnarandstöðublaðs. Ef við veltum fyrir okkur hinu ríkinu, sem ég minntist á áðan, þá er spurningin hvar stjórnarandstöðublöðin í Sovétríkjunum séu. Þau eru einfaldlega ekki til, þeim er ekki leyft að vera til. Sá er munurinn á mannréttindum í þessum tveimur ríkjum að í Sovétríkjunum fá engin stjórnarandstöðublöð að koma út en í Suður-Afríku er þó um takmarkaða stjórnarandstöðu að ræða.

Á þetta er alls ekki bent til þess að afsaka með einum eða neinum hætti það stjórnarfar sem ríkir í Suður-Afríku. Það sem hér er um að ræða snýst ekki um það atriði. Það snýst einfaldlega um hverja við teljum vera virkustu leiðina til að koma á lýðréttindum án blóðsúthellinga í þessum löndum. Og ég ítreka það sem ég sagði áðan að ef við förum þá leið sem hér er lögð til og ef Vestur-Evrópubúar og Norður-Ameríkubúar fara einnig þá leið er hætt við því að við séum að leggja það lóð á vogarskálina sem leiða muni til hrikalegs ástands, blóðsúthellinga og gífurlegra hörmunga fyrir fjölda fólks á næstu árum.

Ef við viljum hins vegar feta okkur skrefin fram á við og hafa áhrif á ríkisstjórn Suður-Afríku með því að stuðla að umbótum í landinu gerum við það með víðtækum samskiptum við það ríki. Það er nú einu sinni þannig að ríki einræðis og þeirra sem vilja svipta fólk lýðréttindum eru fremur hræddari við að hafa viðskipti við lýðræðisríkin heldur en lýðræðisríkin við þau. Það er einfaldlega vegna þess ... (**Gripið fram í:** Það smitast ekki.) Það er akkúrat það sem er og það er einmitt þessi smitunarhætta sem við lýðræðisríkin eigum að nýta okkur. Við eigum að reyna að smita til þessara ríkja, m.a. Suður-Afríku og Namibíu, því stjórnkerfi og þeim mannréttindum sem við höfum trú á. Ég tel stjórnkerfið í Sovétríkjunum fordæmanlegt. Ég tel mannréttindabrotin þar mjög alvarleg. Ég vil hins vegar að við höfum sem víðtækust samskipti, bæði viðskiptasamskipti sem og menningarleg samskipti, við Sovétríkin, þó að ég vilji að vísu ekki senda forseta lýðveldisins í auglýsingaferð þangað. En að öðru leyti vil ég halda sem allra víðtækustum samskiptum vegna þess að ég hygg að ef eitthvað er hægt að þoka málum þar í rétta átt sé það með því að vestræn lýðræðisríki fari þannig að. Með sama hætti vil ég meðhöndla Suður-Afríku.

Afstaða minni hl. byggist, eins og hér hefur komið fram, fyrst og fremst á andstöðu við beitingu viðskiptabanns sem úrræðis til að ná fram pólitískum markmiðum. Við teljum að ef meiri hluti þingdeildarinnar sér ástæðu til og telur eðlilegt að beita þeim í pólitískum tilgangi sé full ástæða til þess að gera þær breytingar á frv. við 3. umr. að það taki til allra þeirra ríkja sem brjóti Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Með tilliti til þess að fleiri mál eru á dagskrá og liðið er á fundartímann mun ég stytta ræðu mína og vil að lokum ítreka að við sem skipum minni hl. teljum frv. eins og það liggur fyrir órökrétt og ástæðulaust. Það sé til þess fallið að stuðla að tvískinnungi í viðskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir og við leggjum til að frv. verði fellt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1080 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

EFRI DEILD

96. fundur, mánudaginn 9. maí, að loknum 95. fundi.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, 3. umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 1124.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og endursent Nd.

Áfengislög, 3. umr.

Frv. meiri hl. allshn. Nd., 293. mál (innflutningur og sala á áfengu öli). — Þskj. 865, brtt. 1115, 1116.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþykkt með 15 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. allshn. (Guðrún Agnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt., sem er á þskj. 1115, við frv. til l. um breytingu á áfengislögum nr. 87/1969, með síðari breytingum. Hún er flutt af

þeirri sem hér talar og Svavari Gestssyni og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. Á eftir fyrri málsl. komi nýr málsl. sem orðist svo: Fjmrh. skal hafa samráð við heilbrmrh. um verðlagningu áfengis."

Það er vitað að verðstýring getur haft áhrif á neyslu áfengis, bæði heildarneyslu og einnig neyslu einstakra tegunda. Með því frv. sem hér er lagt fram er verið að stíga einhliða skref og allt bendir til þess að það muni leiða til aukinnar heildarneyslu án þess þó að nokkrar ráðstafanir séu jafnframt gerðar til mótvægis. Þessi brtt. miðar að því að sjónarmið heilbrigðisyfirvalda megi hafa áhrif við verðlagningu áfengis. Þannig er tryggt í lögum að stýra megi verði þess til að draga úr neyslu fremur en draga fé í ríkissjóð. Það er brýnt að heilbrigðissjónarmið séu ekki fyrir borð borin þegar verðlagning áfengis er ákveðin eins og viðgengist hefur hingað til. Þess vegna er brtt. borin fram.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur við 5. gr. frv. á þá leið að aftan við greinina bætist: Skulu ákvæði reglugerðarinnar stuðla að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk.

Hv. Ed. hefur nú samþykkt til 3. umr. frv. til l. um breytingar á áfengislögum sem felur í sér að afnumið verði bann við sölu á áfengu öli. Þegar slík breyting tekur gildi er það að sjálfsögðu framkvæmd þeirrar breytingar sem skiptir mestu máli um framhaldið. Samkvæmt 15. gr. áfengislaganna skal dómsmrh. setja reglugerð um sölu áfengis samkvæmt IV. kafla áfengislaga sem fjallar um sölu áfengis. Að fenginni þeirri reynslu sem ég fékk af því að fjalla um þessi mál þori ég að fullyrða að það getur skipt sköpum í mjög mörgum atriðum út frá hvaða sjónarmiði þessi reglugerð verður sett. Verður hún sett út frá sjónarmiði áfengissalanna sem vilja reyna að selja sem allra flestum sem allra mest áfengi án tillits til þess hvaða afleiðingar það hlýtur eða fær þar að koma fram sjónarmið þeirra sem vilja vinna gegn þeim afleiðingum sem allir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað um þessi mál, eru sammála um að því miður fylgi neyslu áfengisins? Það er áreiðanlegt að fyrir þá sem vilja berjast þarna á móti skiptir gífurlegu máli að reglugerð sem um þetta verður sett veiti þeim bæði lagalegan og einnig siðferðislegan stuðning eins og frekast er kostur miðað við ákvæði laganna.

Um þetta greiða því hv. þingdeildarmenn raunverulega atkvæði, um þá till. hvaða sjónarmið þeir vilja að ráði við setningu reglugerðarinnar. Við flm. þessarar till. viljum undirstrika nauðsyn þess að sjónarmið þeirra, sem vilja sporna þarna á móti, sem vilja draga úr afleiðingum ofnotkunar áfengis og vilja vinna að forvarnarstarfi, sérstaklega fyrir ungt fólk, verði tryggt og það sjónarmið ríki við setningu reglugerðarinnar.

Ég trúi ekki öðru en að hv. þingdeildarmenn séu sammála um hver nauðsyn er að þetta sjónarmið fái að ráða ferðinni. Í trausti þess flytjum við flm. þessa brtt.

Danfríður Skarphéðinsdóttir:

Herra forseti. Ég er ein af þeim sem eru ekki hlynntir einhliða banni við sölu á áfengu öli hér á landi, en ég tel að þau skref sem stigin eru hér með flutningi þessara tillagna séu afar skynsamleg og einföld í framkvæmd. Ég vil því þakka hv. flm. fyrir till. sem við höfum nú hér til umfjöllunar og lýsi stuðningi mínum við þær. Það er einfalt og auðvelt að afgreiða till. þær sem hér liggja fyrir og það tekur ekki langan tíma. Við ættum að geta gert það alveg á sama hátt og við afgreiðum hér mörg mál með miklum hraða þessar klukkustundirnar.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er greinilega einhver áhugi á þessu máli. Það er einn og einn maður á pöllunum og vélar þarna frammi, fréttamenn sjónvarps mættir á staðinn, fylgjast með stórviðburðunum. Hæstv. forsrh. allt í einu farinn að hafa áhuga á umræðum í Ed., hímir þarna frammi í dyrum. Og má segja að í hverri smugu sé einhver. Þessir glaðklakkalegu stuttbuxnadrengir úr prófkjörum Sjálfstfl. eru þarna inni í herbergi eins og einn og fram undan mér annar þannig að það er engu líkara en að það sé stórfelldur áhugi á þessu máli.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að það er svona mikill áhugi á þessu máli? Er hérna verið að leysa kannski efnahagsvandann? Er verið að leysa vanda byggðarlaganna, rekstrarvanda útflutningsatvinnuveganna eða rekstrarvanda alþýðuheimilanna? Ætli það sé verið að bæta hérna sérstaklega kjör þeirra heimila sem eru með mörg börn eða unglinga á sínu framfæri? Ætli það sé hérna mál um að koma sérstaklega til móts við þær fjölskyldur sem eiga við félagslega erfiðleika að stríða? Er hér kannski á ferðinni lausnarorðið fyrir þessar fjölskyldur? Það eru 5000 manns sem á hverju ári leita til Félagsmálastofnunar Reykjavíkur vegna félagslegra erfiðleika. Ætli það sé hér komið lausnarorðið fyrir þetta fólk? Skyldi áhuginn stafa af því, þessi brennandi áhugi — eða hvað? Og hvernig ætli það væri, virðulegur forseti, á þessum alvörutímum þegar mikill vandi steðjar að að kalla núna til þann mann, ekki hæstv. fjmrh., hann hefur ekkert hér að gera, sem fær dálítið í kassann ef þessi ófögnuður verður samþykktur, heldur hæstv. heilbrmrh. Ég óska eftir því að hæstv. forseti kveðji hingað hæstv. heilbrmrh. (**Forseti:** Það mun verða orðið við þeirri ósk.) þannig að það sé hægt að ræða aðeins við hann um þær umbætur í heilbrigðismálum sem hann ætlar að koma á með því að láta samþykkja lög um áfengt öl. Hann ætlar að tryggja heilsubót fyrir þjóðina væntanlega og bæta hennar heilbrigði á öllum sviðum með því að innleiða sölu á áfengu öli.

Ég ætla, virðulegur forseti, að byrja á því að víkja

aðeins að þeim brtt. sem hér eru fluttar. Það er þá fyrst brtt. á þskj. 1115 þar sem gert er ráð fyrir að fjmrh. hafi samráð við heilbrmrh. um verðlagningu áfengis. Hér er um ákaflega mikilvægt atriði að ræða, að verðlagning áfengis sé í samræmi við þá stefnu sem heilbrigðisyfirvöld, þ.e. landlæknisembættið sérstaklega, hafa á hverjum tíma. Hér er um að ræða atriði sem hefur verið í öllum tillögum áfengismálanefnda sem starfað hafa hér á landi á undanförnum árum og áratugum, að verðlagning áfengis eigi að ákveðast með tilliti til heilbrigðissjónarmiða og varnaðarsjónarmiða líka.

Á þskj. 1116 er brtt. frá hæstv. landbrh., hv. 6. þm. Reykv. Guðrúnu Agnarsdóttur og mér þar sem segir: „Skulu ákvæði reglugerðarinnar stuðla að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk."

Eins og hæstv. landbrh. gat um er þetta ákaflega þýðingarmikil breyting vegna þess að hún skapar ráðherra svigrúm til að leggja áherslu á varnarráðstafanir þegar reglugerð um framkvæmd þessara laga er sett. Hér er þess vegna um að ræða tvö einföld sanngirnismál og þá geri ég ráð fyrir að einhver gæti hugsað sem svo í þessum sal: Ja, það er orðið allt of áliðið. Málið gæti stöðvast ef tillögur af þessu tagi verða samþykktar. Þá er því til að svara að við vorum hérna fyrir örfáum mínútum að breyta öðru þmfrv. úr Nd. þar sem gert var ráð fyrir einni breytingu á frv. til l. um viðskiptabann á Suður-Afríku þannig að það er alveg ljóst að það eru engin rök í málinu að segja núna: Það er ekki óhætt að samþykkja þessar sanngjörnu tillögur vegna þess að ekki sé tími fyrir málið. Það eru engin rök og ég skora á hv. þm. að reyna ekki að afsaka afstöðu sína með þeim hætti. Ég skora á hv. þm. að skoða þetta málefnalega og gera sér ekki einasta grein fyrir því hvað tillögurnar þýða í framkvæmd heldur líka hvað það þýðir ef þær eru felldar. Er það þannig að ef þingmenn fella þessar tillögur séu þeir að segja í fyrsta lagi: Það á ekki að hafa samstarf við heilbrmrn. um verðlagningu á þessum vörum og í öðru lagi eru þeir að segja ef þeir fella þessar tillögur: Ákvæði reglugerðarinnar eiga ekki að vera þannig að þau stuðli að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk? Ætlar þessi virðulega deild, sem hefur með málefnalegum hætti tekið á þessu máli í vetur, að láta það um sig spyrjast að hún neiti því grundvallarsjónarmiði sem kemur fram í þessum greinum?

Það er ótrúlegt, verð ég að segja, virðulegur forseti, og þessar tillögur eru auðvitað fluttar í trausti þess að hér muni hv. þm. bregðast við með jákvæðum hætti talandi af reynslu af samskiptunum í þessari virðulegu deild núna í vetur.

Ég óskaði eftir því, hæstv. forseti, að hæstv. heilbr.- og trmrh. yrði kallaður inn til að biðja hann um að gera grein fyrir þeirri heilsubót sem hann ætlar að innleiða með því að styðja í þinginu frv. um áfengan bjór. Hæstv. ráðherra sagði í umræðum um málið 23. mars sl.:

„Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að halda uppi öflugu fræðslu- og forvarnarstarfi um hvers konar heilsusamlegt líferni sem dregið getur úr sjúkdómum og slysum. Það eiga yfirvöld m.a. að gera með því að efla ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu með markvissu upplýsinga- og fræðslustarfi. Ég tel markvisst forvarnarstarf ekki felast í því að banna einstakar neysluvörur sem þó kunna að vera minna skaðlegar en aðrar sem neysla er leyfð á. Í slíkri afstöðu finnst mér felast tvískinnungur" — tvískinnungur, takið eftir því orði. „Ég mun leggja þunga áherslu á aukið fræðslu- og upplýsingastarf um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis og tóbaks á heilsufar fólks og styðjast í því sambandi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og íslenskrar heilbrigðisáætlunar. Ég tel frv. það sem hér er til meðferðar ekki brjóta í bága við þá stefnu og segi því já."

Hæstv. heilbrmrh. hefur með þessum hætti m.ö.o. *lýst því yfir, ég hygg fyrstur starfandi heilbrmrh.*, að það eigi að innleiða þetta af því að annað sé tvískinnungur. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram, hæstv. forseti, að það sé tvískinnungur að vera heilbrmrh. og samþykkja ófögnuð eins og þennan, það gangi ekki upp, það sé rökræn lokleysa, botnleysa. Eða hvað, hæstv. ráðherra, mér er spurn: Hefur landlæknisembættið, sem er skv. lögum ráðgjafi heilbrmrh. í málum af þessu tagi, lýst því yfir að það sé eðlilegt að taka upp sölu og framleiðslu á áfengu öli? Hefur landlæknisembættið breytt um skoðun í því efni?

Við sem hér höfum talað stundum áður höfum vitnað máli okkar til stuðnings oft til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en hæstv. ráðherra var svo smekklegur að þegar málið var til meðferðar í hv. Nd. 2. mars 1988 vitnaði hann til einkasamtals sem hann hafði átt við Halfdan Mahler, framkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um þessi mál þar sem dr. Halfdan Mahler lét það koma fram að hann undraðist að hér skyldi vera bjórbann á sama tíma og fólk gæti keypt drykk með mikið hærra áfengisinnihaldi. Í sjálfu sér þarf undrun af þessu tagi ekki að segja nokkurn skapaðan hlut vegna þess að ég veit ekki betur en hver einasti útlendingur sem hingað kemur frá grannlöndum okkar staldri við og segi: Já þetta er sérkennilegt. *Það er bannaður bjór í ykkar landi. Það er sérkennilegt*, segja menn og eru þannig undrandi. En að nota það sem rök í málinu fyrir því að hæstv. heilbrmrh. fyrstur starfandi heilbrmrh. styðji mál af þessu tagi tel ég satt að segja vera fyrir neðan allar hellur.

Mér er kunnugt um að það hefur verið leitað til skrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og forstjóra hennar og spurt hvað hann segi um þessa notkun á nafni Halfdans Mahlers í tengslum við þessa umræðu hér á Íslandi. Auðvitað hefur forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar engu getað svarað vegna þess að stofnunin byggist á því að hún hafi gát samskipti við ráðherra í hverju landi á hverjum tíma. Stofnunin og forstjóri hennar eru

auðvitað sett upp við vegg með því að þarna er verið að vitna í prívatsamtal við þennan mann, forstjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér. En mér er einnig kunnugt um að sú deild innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og þeir sérfræðingar sem þar eru og fjalla bæði um geðræn vandamál og áfengisvandamál hafa í bréfum til Íslands lýst því yfir að gefnu tilefni að auðvitað telji stofnunin að aukinn opnari aðgangur að áfengi þýði aukin áfengisvandamál og aukin geðræn vandamál og sé þess vegna í blóra við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst menn seilast nokkuð langt þegar farið er að nota samtöl af þessu tagi sem rök fyrir því að koma máli af þessum toga hérna í gegn.

En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er það sem hann ætlar að gera? Hverjar eru tillögur hans um aukið forvarnarstarf í haust? Hverjir eiga að framkvæma það aukna forvarnarstarf þegar t.d. sérfræðingar á vegum áfengisvarnaráðs eru núna búnir að segja af sér m.a. vegna þeirra vinnubragða sem hér hafa verið viðhöfð? Hverjir eiga að framkvæma þetta fræðslustarf í skólum landsins og annars staðar undir leiðsögn heilbrmrh. sem hefur sagt: Þetta er allt í lagi. Við skulum sulla þessu yfir landið og vita hvort þjóðin þolir það ekki.

Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að taka á þessu máli? Hvaða tillögur er hann með? Hann hlýtur að vera með þær núna hér og nú því þetta er síðasta umræða um málið. Það er verið að afgreiða út úr þinginu, ef svo fer sem fór við 2. umr., frv. til l. um að auka stórkostlega áfengisneyslu í þessu landi. Ég lýsi ábyrgð á hendur hæstv. ráðherra í þessu efni nema hann geti hér og nú lagt fram tillögur lið fyrir lið um hvernig á að verja unga fólkið í landinu fyrir þessum ósköpum. Og hér eru menn auðvitað ekki bara að tala sem einstaklingar og einstakir þingmenn heldur erum við kannski fyrst og fremst ekki síst að tala sem foreldrar, takandi tillit til þeirra aðstæðna sem mæta börnunum okkar úti í þjóðfélaginu um þessar mundir. Hvaðan kemur heilbrmrh. landsins sú vissa að hann geti gengið fram og sagt að frá sjónarmiði heilbrigðisyfirvalda sé þetta allt í besta lagi? Hvaðan kemur honum sú sérfræðilega vissa? Mér er spurn, hæstv. forseti.

Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar og það er kostulegt satt að segja að heyra rökleysurnar í þessu máli þegar það gerist aftur og aftur að þingmenn, ágætir þingmenn, koma í stólinn og segja: Þetta á að samþykkja, en það á að auka forvarnarstarf. Það á að prófa einstaklinginn, segir einhver í atkvæðaskýringu í Nd., og þar fram eftir götunum. Ef eitthvað er tvískinnungur þá er það þetta. Þetta gengur ekki upp og fyrir því skora ég á hæstv. ráðherra, hv. 1. flm. þessa máls og forustumann Neytendasamtakanna á Íslandi og talsmann meiri hl. allshn. að flytja rök fyrir máli sínu. Hvernig ætla þeir að verja unga fólkið í þessu landi fyrir þeirri öldu, flóðbylgju af áfengu öli sem skellur hér yfir ef þessi lög verða samþykkt? Ég skora á þá að gera grein fyrir því og láta þjóðina vita. Þeir hljóta að hafa ráð undir rifi hverju. Það er greinilega áhugi á að hlýða á mál þeirra, virðulegi forseti.

Karl Steinar Guðnason:

Hæstv. forseti. Ég tel mér skylt vegna þess að bréf frá biskupinum yfir Íslandi misfórst að koma því á framfæri hér. Það barst fyrir nokkru eða átti að hafa borist fyrir nokkru, en það gerðist ekki. Það er erindi sem er svohljóðandi:

„Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju leyfir sér að biðja alþingismenn að íhuga vandlega viðvaranir varðandi leyfi til að framleiða og selja áfengt öl í landinu. Ábendingar um þetta, að þetta muni auka áfengisbölið hér á landi, hljóta að verðskulda vandað mat. Fræðsla ein sér getur ekki bætt skaðann eða fengið áheyrn ef alþingismenn taka ekki mark á áliti sérfróðra manna í þessum efnum."

Ég beini því til hv. deildarþingmanna að hugsa til þess nú þegar greidd verða atkvæði um bjórinn að öll vorum við kosin hingað á þing með það í huga að breyta þjóðfélaginu, gera það betra, gera það réttlátara. Ég fullyrði að með samþykkt þessa frv. verði þjóðfélagið ekki gert réttlátara og alls ekki betra. Ég bið menn einnig að hugsa til þeirra fjölmörgu einstaklinga og heimila, til þeirra einstaklinga sem eiga við vandamál að stríða vegna áfengisneyslu, til þeirra fjölmörgu heimila sem eru niðurbrotin vegna áfengisneyslu og því sem henni fylgir. Allar þjóðir veraldar stuðla nú að því að minnka áfengisneyslu í sínum ríkjum.

Verði bjórfrv. samþykkt erum við Íslendingar að gera öðruvísi en allar aðrar þjóðir sem vilja færa sig nær betra mannlífi, betra umhverfi. Ég bið menn einnig að hugsa um þá fjölmörgu sem liggja á sjúkrahúsum vegna slysa og niðurbrots á öðrum sviðum vegna áfengisneyslu og hugsa til þess að verði þetta bjórfrv. samþykkt hefjast hér nýir tímar sem verða áreiðanlega til skaða fyrir þjóðina, fyrir heimilin, fyrir hvern einasta einstakling sem hér lifir.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Þær brtt. sem hafa verið lagðar fram á þskj. 1115 og 1116 eru allra góðra gjalda verðar. Út af fyrir sig má taka undir þau rök sem sett eru fram af flm. brtt.

Skoðum þessar brtt. aðeins nánar og fyrst brtt. á þskj. 1116 sem er svohljóðandi: „Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Skulu ákvæði reglugerðarinnar stuðla að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk."

Það er hægt að taka undir þetta sjónarmið. Spurningin er þá hvort nokkur nauðsyn sé á því að flytja brtt. með tilliti til þeirra ákvæða sem að öðru leyti eru í áfengislögunum. Eftir að hafa skoðað þau lög sýnist mér að þær heimildir sem verið er að fara fram á skv. brtt. á þskj. 1116 séu nú þegar í 1. gr. áfengislaganna. 1. gr. áfengislaganna hljóðar svo:

„Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli sem henni er samfara.“

Að sjálfsögðu hefur ráðherra heimild til að gefa út reglugerðir í samræmi við ákvæði þessara laga og þess vegna hygg ég að það sem brtt. tekur til felist nú þegar í 1. gr. áfengislaganna. Þegar af þeirri ástæðu er þessi grein óþörf.

Í annan stað vil ég benda á að þar sem vitnað er til 5. gr. er átt við 5. gr. lagafrv. sem hér liggur fyrir þar sem er talað um breytingu á 5. gr. áfengislaganna nr. 82/1969, en það er grein sem er í IV. kafla áfengislaganna og fjallar um sölu og veitingar áfengis.

Ég hygg að þetta orðalag og þessi brtt. eigi mjög illa heima með þessum hætti á þeim stað þannig að mér virðist á tillöguflutningi þeirra sem standa að þessu *máli*, þ.e. *fyrrv. dómsmrh.* og *fyrrv.* heilbrmrh. og hv. 6. þm. Reykv., að þeir hafi ekki skoðað áfengislögin nægilega vel áður en þeir lögðu fram brtt. því að eins og ég gat um sýnist mér að heimildir séu nú þegar fyrir hendi.

Að öðru leyti get ég tekið undir öll þau sjónarmið sem hér voru sett fram varðandi varnaðarstarf og annað þess háttar sem ég tel vera ákaflega mikilvægt varðandi þessi mál. Ég hef áður lýst skoðun minni á málinu í þessari deild og ætla ekki að tefja tímann með að ítreka þau sjónarmið, en mig langaði til að benda á þetta, ekki síst vegna ummæla sem fram komu, því að eins og ég sagði eru þessi ákvæði þegar fyrir í lögum.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 8. þm. Reykv., sem var að ljúka máli sínu, vil ég aðeins benda á að það er rétt hjá hv. þm. að það eru heimildir í áfengislögunum til að gera margt, en það sem við flm. þessarar tillögu um breytingu við 5. gr. viljum er að Alþingi taki afstöðu til þess hvernig þessar heimildir eru notaðar. Það er kveðið afdráttarlaust á um í þessari brtt. að það skuli við setningu reglugerðarinnar tekið tillit til þeirra sjónarmiða að draga úr ofneyslu áfengis og stuðla að forvarnarstarfi, einkum fyrir ungt fólk. Þar er bæði um að ræða að slíkt afdráttarlaust ákvæði hlýtur að hafa áhrif á hina nýju reglugerð sem verður að setja einmitt við þennan kafla um sölu og dreifingu á áfengi. *Það er engin tilviljun að við flytjum þessa* brtt. einmitt við þennan kafla, a.m.k. ekki frá mínu sjónarmiði. Það er vegna þeirrar reynslu sem ég fékk af því að fjalla um þessi mál og einmitt IV. kafla áfengislaganna. Það var að finna hversu ríkt gróðasjónarmiðið var hjá mörgum að græða á því að selja sem allra mest áfengi og sinna í engu hvaða afleiðingar það hefði.

Ég gat um við fyrri umræðu málsins í deildinni reynsluna sem fékkst af bjórlíkinu og eitt dæmi sem ég nefndi þar var að þá spruttu upp allmargar veitingastofur sem höfðu það á boðstólum. Það var engin tilviljun að þessar veitingastofur sumar hverjar drógu að sér þá sem reyndu að græða á því að selja ólöglega vímuefni vegna þess að þeir vissu að það andrúmsloft sem þetta skapaði var besta gróðrarstían fyrir hin ólöglegu vímuefni. Nú þegar þessi breyting kemur á áfengislögunum er einmitt verið að reyna að vekja aftur upp það andrúmsloft sem kveðið var niður þegar bjórlíkið var bannað.

Við erum að heyra fréttir um það gífurlega magn sem framleiðendur hinna ólöglegu vímuefna eru að reyna að smygla inn á markað hingað til Evrópu og að sjálfsögðu verður aukinn þrýstingur á að koma því hingað til landsins. Það er kallað á aukið lögreglueftirlit til að koma í veg fyrir slíkt, en að sjálfsögðu er það eftirspurnin og verð hér innan lands sem ræður því hversu margir freistast til að *reyna þá ólöglegu starfsemi*. Besta ráðið til að draga úr því er að sjálfsögðu að reyna að draga úr eftirspurninni og koma í veg fyrir slíkt.

Þetta vildi ég sérstaklega taka fram vegna ummæla hv. 8. þm. Reykv. og ástæðunnar fyrir því að við flytjum brtt. Mér finnst alveg furðulegt að hér skuli standa upp þingmaður og segja: Það er óþarfi að það sé skylt að taka til þess sjónarmiðs tillit við setningu reglugerðarinnar að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk. (**JM:** Það er í lögunum.) Það er heimildarákvæði, hv. þm. Hér er spurning um að kveða á um að það sé skylt í sambandi við útgáfu reglugerðar um sölu og dreifingu að taka það fram.

Frsm. meiri hl. allshn. (Jóhann Einvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég get eins og fleiri ræðumenn hafa gert í kvöld tekið undir rökstuðning bak við þessar brtt. En af hverju eru þessar brtt. fluttar? Af hverju eru menn núna að flytja brtt.? Það hafa að vísu allir verið að bíða eftir brtt. en ég held ekki þessum. Þessar tillögur báðar tvær eru bersýnilega fluttar til að slá málinu á dreif og koma því aftur til Nd. sem að öllum líkindum mun ljúka starfi sínu núna í nótt. Það er augljós tilgangur með þessum brtt. Ég vek athygli hv. deildarþingmanna hér á því hvað er búið að samþykkja við 2. umr. og minna þá hv. þm. sem tóku þátt í þeirri atkvæðagreiðslu á hvað þeir voru að greiða atkvæði um þá og hvað kom frá Nd. Það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. *las áðan um heimildarákvæði í áfengislöggjöfinni*, en hafið þið lesið um hvað ákvæði til bráðabirgða í því frv. sem við erum að fjalla um núna fjallar? Ég ætla að lesa það upp fyrir ykkur. Ég held að það sé góð áminning:

„Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur sem stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. M.a. ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis“ — önnur brtt. fjallar um þetta atriði — „og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.“

Ég sé ekki betur en megininntak beggja brtt. sé í bráðabirgðaákvæðinu og það ekki sem heimildarákvæði heldur skal ráðherra gera það. Ég reikna ekki með að það þurfi að setja í lög að fjmrh. hafi samráð við heilbrmrh. Ég trúi ekki öðru en ráðherrarnir hittist svo oft að þeir geti rætt saman um þessi mál.

Ég get tekið undir rökstuðninginn bak við málflutninginn um fræðsluna og að verðlagning eigi að stýra að vissu leyti áfengisneyslu í þjóðfélaginu, en tilgangurinn með flutningi beggja brtt. er að slá málinu á dreif. Ég hélt satt best að segja að deildin væri tilbúin að taka afstöðu í málinu sem slík og láta þar við sitja þannig að við séum út af fyrir sig laus við þann mikla áhuga sem virðist vera einkum og ekki síst hjá fjölmiðlum fyrir þessu máli eins og berlega kom fram um daginn þegar við vorum að ræða um áfengismál, að heimila eina tegund af áfengi til viðbótar, veikustu tegundina. Þá var verið að ræða um virðisaukaskatt í herberginu við hliðina á okkur, sennilega eitthvert stærsta mál sem Alþingi hefur tekið til meðferðar í vetur. Það var ekki einn einasti áhorfandi þar, ekki einn einasti aðili frá fjölmiðlunum. Hér voru allir á pöllunum, fjölmiðlar sem einstaklingar, að fylgjast með því hvort ætti að heimila eina áfengistegund, þá veikustu, til viðbótar. Mig undrar þetta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykv. beindi hér til mín nokkrum fsp. og fór geyst í ræðu sinni eins og menn heyrðu. Hins vegar kom líka fram í máli hans að hann hefur farið nokkuð yfir það sem ég hef sagt í umræðum um þetta mál í Nd. þannig að honum sem og sjálfsagt þingheimi öllum er nokkuð ljós mín afstaða til málsins. Eg þarf ekki að rekja það eða endurtaka það. Það hefur komið fram, bæði í því sem ég hef þar sagt og með atkvæði mínu.

Hv. þm. tók líka fram að við þyrftum, þingmenn, sem einstaklingar og sem einstakir þingmenn að gera þetta mál upp við okkur og hafa á því skoðun og afstöðu til þess. Það hafði ég gert fyrir löngu, reyndar síðast þegar bjórmál var til umræðu í hv. Alþingi, svo að afstaða mín til þess lá þá fyrir. Ég sá ekki og sé ekki ástæðu til þess að sú afstaða mín frá þeim tíma sé í raun breytt. Ég sem einstaklingur hlýt að hafa og hef sömu skoðun á þessu máli og þá.

Hv. þm. spurði um afstöðu landlæknisembættisins og hvort ég hefði fengið einhverjar sérstakar ráðleggingar um að heimila bjór frá þessu embætti. Auðvitað veit hann jafn vel og aðrir hv. þm., sem hafa kynnt sér afstöðu landlæknisembættisins til málsins, að svo er ekki. Hann sagði líka að landlæknisembættið væri ráðgefandi fyrir ráðherra í heilbrigðismálum sem rétt er en síðan verður auðvitað ráðherra eða þeir sem þar fara með stjórn hverju sinni að vega og meta hvernig þeir taka á einstökum efnisþáttum eftir því sem þeir koma upp á borðið hjá viðkomandi aðilum.

Aukinn og opnari aðgangur þýðir aukna neyslu, segir hv. þm. Við höfum rætt um að neyslu mætti m.a. stýra með aðgengi og með verðlagningu á áfengum drykkjum. Um það er talað í heilbrigðisáætlun og þar er reyndar talað um að það sé ástæða til að leggja áherslu á hækkað verð á sterkari drykkjum, hækkað verð á sterkari drykkjum umfram verð á veikari víntegundum. Það sýnist bera í sér að menn telji að veikari áfengistegundirnar séu ekki eins hættulegar og þær sterkari og á því hefur afstaða mín m.a. byggst, eins og kom reyndar fram í því sem hv. þm. las eftir mér þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu, að ég teldi að í því fælist tvískinnungur að banna veikustu áfengistegundirnar en leyfa þær sem sterkari væru. Þetta þarf ég reyndar heldur ekki að endurtaka. Sú afstaða mín liggur fyrir.

Ég hef hins vegar lagt á það áherslu að það á að auka fræðslustarf og herða forvarnarstarf. Ég hef verið með tillögur í því efni uppi í vetur. Það hefur þegar verið samið á vegum ráðuneytisins frv. til l. um svokallaða forvarnarstofnun sem m.a. á að leiða til þess að við getum tekið þessi forvarnarstörf almennt fastari tökum en við höfum getað gert hingað til, samræma störf og starfskrafta í því efni. Því miður tókst ekki að koma því frv. fyrir þing nú fyrir þinglokin, en ég vænti þess að geta tekið það upp strax aftur á haustdögum. Mín skoðun er sú að við þurfum og eigum að auka ábyrgð einstaklingsins í þessu efni. Við eigum að reyna að breyta viðhorfum, við eigum að reyna að breyta hugsunarhætti, ekki síst ungs fólks til áfengisneyslu almennt og til þeirrar hættu sem af henni stafar. Um það er ekki ágreiningur. Ég held að það viðurkenni í raun allir. Og ég bendi á að þrátt fyrir að við höfum ekki tekið þá aðferð upp í sambandi við tóbaksvarnir að banna þar einstakar tegundir, hvorki af sígarettum, vindlum eða öðru tóbaki, hefur okkur tekist að breyta þar hugsunarhætti. Það hefur tekist býsna vel í sambandi við forvarnarstarf á sviði tóbaksvarna og hefur dregið verulega úr reykingum, ekki síst hjá ungu fólki, af því að það hefur tekist að breyta hugsunarhætti og viðhorfum. Það er það sem ég hef hugsað mér að reyna að leggja höfuðáherslu á og tel að sé þýðingarmest í því starfi sem heilbrigðisyfirvöld þurfa og eiga hverju sinni að viðhafa gagnvart hverjum þeim neysluvarningi sem er hættulegur heilsu fólks. Það er auðvitað miklu fleira en áfengi og tóbak. Má í því sambandi einnig minna á að við erum nú að hefja mikið starf á sviði mótunar neyslu- og manneldisstefnu sem er samstarf fimm ráðuneyta og manneldisráðs. Þar hugsum við okkur að taka á ýmsum þáttum sem varða heilbrigði fólks, hollustuhætti, neysluvenjur. Þetta held ég að sé allt saman afar mikilvægt í sambandi við það sem við höfum kallað forvarnarstörf einu nafni og það að fá fólk til þess að hugsa meira um heilsu sína, vera ábyrgara sjálft fyrir því hvernig það hagar sér, en það gerist síður með boði og bönnum. Þetta er það sem ég ætla að hafa að leiðarljósi í mínu starfi í þessu embætti.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að það skuli fækka aðeins flóðljósunum. Þá geta menn haldið áfram að tala saman í rólegheitunum við eðlilegan stofuhita.

Ég verð að segja eins og er að mér fannst að það væri ákaflega lítið á ræðu hæstv. heilbrmrh. að græða. Það kann að vera að það hafi eitthvert gullkorn farið fram hjá mér. Þá vona ég að það komi fram á eftir. Ég varð ekki var við að hæstv. ráðherra hefði neinar haldbærar tillögur um hvernig ætti á þessum málum að taka, þ.e. forvarnarstarfinu. Hann sagði rétt si svona: Ja, ég tel nauðsynlegt að auka fræðslustarf. Þetta er ekki alveg ný setning undir sólinni, herra forseti. Hann sagði að það ætti að breyta hugsunarhættinum. Þetta hefur nú áður verið sagt. Ég kannast ekki við að það sé alveg sérstök heilbrigðisáætlun Guðmundar Bjarnasonar, hæstv. heilbrmrh., að breyta hugsunarhættinum.

Það á að auka forvarnarstarf. Mér finnst eins og ég hafi heyrt þetta áður. Ég sé satt að segja ekki að hér sé á ferðinni nein stórkostleg nýlunda þó það eigi bæði að auka forvarnarstarf og fræðslustarf sitt í hvoru lagi og hvort tveggja í senn, ég tala nú ekki um forvarnarfræðslu í heilu lagi. Ég sé satt að segja ekki að hæstv. ráðherra hafi, þó hann beri ábyrgð á þessum ósköpum sem eiga að fara hér í gegnum þingið, neinar tillögur, ekki neitt af neinu tagi.

Hæstv. ráðherra sagði að landlæknisembættið væri ráðgefandi í þessum efnum og það hefði ekki breytt um skoðun að neinu leyti og hæstv. ráðherra sagðist í raun og veru ekki telja neina ástæðu til að hlusta á það sem ráðgjafaraðilinn, landlæknisembættið, segir. Ég segi alveg eins og er. Ég vona að forvarnarstarfið sem verður reynt að vinna á vegum heilbrmrn. hafi meiri áhrif en forvarnarstarf landlæknisembættisins á hæstv. ráðherra því það bersýnilega hrín ekkert á honum. Það verður lítið gagn í því forvarnar- og fræðslustarfi sem hæstv. ráðherra ætlar að beita ef unga fólkið getur smeygt sér undan því með sama hætti og hæstv. ráðherra smeygir sér undan því sem landlæknir er að segja. Ég hef satt að segja aldrei heyrt annan eins áfellisdóm yfir blessuðu landlæknisembættinu og hér í kvöld. Ég kannast ekki við að fyrri ráðherrar hafi lýst því með jafneindregnum hætti yfir að þeir ætli sér að hafa það að engu sem landlæknisembættið segir. Nei, það er sorglegt til þess að vita, hæstv. forseti, að ráðherrann hefur ekkert fram að færa í þessu efni. Ekki neitt. Það er núll komma núll. Ég segi ekki að það sé undir núlli. Það er núll komma núll. Það er ekki neitt. Og samt ætlar hann að fara að auka áfengisneyslu í landinu um hundruð þúsunda lítra. En að hafa einhverjar tillögur til að ballansera þetta — fræðslustarf, forvarnarstarf — ekki til. Ekki til neitt af neinu tagi. Skilar auðu. Ja, þvílíkar hetjur.

Það stendur einhvers staðar að það eigi að fyrirgefa þeim sem vita ekki hvað þeir eru að gera. Ætli það sé ekki best að láta það eiga við um hæstv. ráðherra og vera ekkert að hella sér yfir hann? Hann var að kveinka sér undan því að ég hefði farið geyst áðan. Ég gerði það af því að mér er dálítið mikið niðri fyrir í þessu máli. Ég get ekki neitað því, hæstv. forseti, en það var satt að segja skelfing dapurlegt að hlusta á þennan yfirmann heilbrigðismála á Íslandi í ræðustól hér áðan.

Hv. þm. Jón Magnússon var svo vinsamlegur að fara að leiðbeina okkur við lagasmíð hér í Ed. (**Gripið fram í:** Ekki er vanþörf á.) Hann hefur sérstaka reynslu í því að leiðbeina þinginu við lagasmíð. Hann hefur samið nokkur frv. Þau hafa öll reynst vera svo vitlaus að nefndir þingsins hafa yfirleitt rekið þau öll til baka aftur. Sá sem hefur lýst þessu skarpast heitir Sverrir Hermannsson, lýst því hvernig þessi frv. hv. þm. hafa í raun og veru verið flutt fyrst og fremst til þess að hafa áhrif í prófkjörunum hjá íhaldinu. Það sem liggur fyrir er auðvitað ósköp einfaldlega það að við erum hér að flytja frv., brtt. við frv. um breytingu á áfengislögunum, brtt. eru við frv. í fyrsta lagi. Frv. er um breytingu á lögunum og það er þess vegna sem hér stendur: „Við 4. gr." og „við 5. gr." eins og eðlilegt er og venja er hér í þinginu þannig að það eru engir meinbugir til eða frá á þessum brtt. að þessu leytinu til. Og það er útilokað fyrir hv. þm. að ætla sér að slá þessum till. frá sér á þeim forsendum að það séu einhverjir meinbugir í þeim efnum.

Hv. þm. Jóhann Einvarðsson hvatti mjög til þess að deildin tæki afstöðu í þessu máli og bað menn um að skoða þetta allt saman málefnalega. Ég hef satt að segja aldrei séð hv. þm. skipta skapi hér í deildinni fyrr en núna í nótt. Þetta er í fyrsta sinn sem virkilega virðist vera komið við þm. og hvað er það sem kemur við hann? Jú, það er þessi óskaplega hætta að það gæti farið svo að þessar tvær brtt. yrðu samþykktar og þar með yrði málið að fara hérna í næsta herbergi aftur. Og hættan stafar af því að Nd. lýkur starfi sínu í nótt.

Ég vil spyrja hæstv. forseta þessarar deildar: Er honum kunnugt um það að Nd. ljúki starfi sínu í nótt? Ég hlusta. (**Forseti:** Nei.) Forseta er bersýnilega ekki kunnugt um það. Er ríkisstjórnin hætt við að afgreiða virðisaukaskattinn? Ég veit ekki til þess að hann sé einu sinni kominn úr nefnd í Nd. Þannig að auðvitað er það bara fyrirsláttur að það megi ekki samþykkja þessar till. Auðvitað er það bara fyrirsláttur. Menn eiga ekki að leyfa sér að vera með fyrirslátt af þessu tagi. Auðvitað er vel hægt að hugsa sér það að mál nái afgreiðslu þó svo að frv. yrði samþykkt með þessum brtt. hér á eftir.

Og af hverju eru þessar brtt. fluttar? Eru þær fluttar til þess að drepa málinu á dreif? Þvílík fjarstæða! Auðvitað eru þessar brtt. fluttar núna vegna þess að við 2. umr. málsins var þetta ólukkans mál samþykkt og þess vegna freista menn þess að breyta málinu við lokameðferð þess hér í deildinni. Og að bera hér þm. það á brýn að þeir séu í raun og veru að drepa máli á dreif af því að þeir vilji ekki taka á því með einföldum brtt. af þessu tagi, það er ekki sanngjarnt, það er ekki eðlilegur eða traust-

vekjandi málflutningur. Það er veikur málflutningur sem kemur upp um ykkur. Staða ykkar er orðin svo ræfilsleg að þið reynið að bera fyrir ykkur svona lagað. Tæknilegar viðbárur um hánótt. Tæknilegar viðbárur í stað þess að reyna að svara rökum í málinu. Hafið þið svarað okkur með rökum, hv. 8. þm. Reykv., 8. þm. Reykn.? Hafa þessir menn svarað rökum okkar hér í kvöld og í nótt? Svarið er nei. Það hefur ekki verið reynt og þess vegna er ábyrgð ykkar mikil. En það er enn hægt að laga hlutina ef — og aðeins ef menn þora að hafa sjálfstæða skoðun, hlýða á rök, vega mál og meta, og þá er ég viss um að allir ábyrgir alþm. komast að þeirri sanngjörnu og eðlilegu niðurstöðu að við eigum ekki að ofbjóða æskunni, unga fólkinu, framtíðinni með þeim vandamálum sem hér er verið að flytja frv. um að hella yfir þetta unga fólk.

Jón Magnússon:

Herra forseti. Örfá orð út af orðum hv. 7. þm. Reykv. og örfá orð út af orðum hæstv. landbrh., fyrrv. dómsmrh.

Þegar hv. 7. þm. Reykv. kvartaði yfir því að sér virtist sem sá sem hér stendur væri farinn að reyna að kenna þeim sem flytja þær brtt. sem hér liggja fyrir lagasmíð og taldi að honum færist nú ekki þar sem sá sem þess freistaði hefði komið málum svo bögglulega frá sér að því hefði í öllu þurft að breyta, þá vil ég í fyrsta lagi geta þess ... (**SvG:** Ég sagði ekki breyta. Ég sagði henda.) henda já, þá vil ég í fyrsta lagi geta þess ... (**SvG:** Ég vitna í Sverri.) já, það er ánægjulegt að vita til þess að þm. telur hann orðið marktæka heimild. (**SvG:** Það er rétt hjá þér.) Og þá er nú fokið í flest skjól fyrir hv. þm.

En það er nú þannig þm. til upplýsingar að sá sem þetta segir hefur flutt tvö frv. á hinu háa Alþingi. Annað hefur nú þegar orðið að lögum og ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi samþykkt það með handauppréttingu. Sú breyting varð hins vegar á því að það var gert víðtækara í meðförum Alþingis heldur en ég hafði lagt til. (**SvG:** Það þótti gallað.) Að öðru leyti liggur fyrir í meginatriðum það frv. sem var lagt fram af mér og fleirum og sem er til afgreiðslu hér. Ég veit að hv. þm. þykir það gallað og út af fyrir sig kann vel að vera að það hefði þurft að bæta þar við. Þannig er með ýmis frv. og til þess er Alþingi að fjalla um þau mál sem fram eru borin, skoða þau og betrumbæta. Það er hlutverk hv. Alþingis, líka hv. 7. þm. Reykv. ef hann hefur eitthvað misskilið hlutverk sitt. Ég bendi honum á og það ætti hann að vita samt sem áður af langri þingreynslu að það eru fá lagafrv. sem fara algjörlega óbreytt í gegn á Alþingi.

Það er nú einu sinni þannig að lög eru með ákveðnum hætti. Þau eru kaflaskipt. Þau er sett upp með ákveðnum hætti þannig að þau séu í rökréttu framhaldi og samhengi. Ef áfengislögin eru skoðuð í heild þá sést þetta mjög greinilega. Þannig liggur fyrir út frá lagalegu sjónarmiði að þær brtt. sem hér eru lagðar fram eru með öllu óeðlilegar með tilliti til uppbyggingar áfengislaganna.

Ég bendi á í því sambandi og ítreka það sem ég sagði áðan um 1. gr. áfengislaganna þar sem skýrt er tekið fram um þau markmið sem brtt. á þskj. 1116 tekur til. Þau atriði eru í 1. gr. áfengislaganna. Það þarf ekki að samþykkja þessa brtt.

Í annan stað vil ég benda á það að í V. kafla laganna er fjallað um meðferð áfengis í landinu, en það sem flm. eru að gera er að þeir eru að leggja til breytingu á IV. kafla laganna. Það hefði verið eðlilegra að finna slíkri tillögu, slíkri hugsun stað í V. kafla eða jafnvel frekar í VII. kafla laganna sem fjallar um áfengisvarnir.

Á þetta vil ég benda til að undirstrika það að annaðhvort er um algjöra vanþekkingu að ræða af hálfu flm. þessara brtt. á áfengislögunum eða hitt, ef ekki er um vanþekkingu að ræða, að þá eru þeir einfaldlega að koma hér með sýndartillögur til þess að drepa málum á dreif. Um annað getur ekki verið að ræða.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. vitnaði hér í 1. gr. áfengislaganna. Ef farið væri eftir ráðleggingum allra sérfræðinga um þessi mál og tekið mark á þeim, þá er ljóst að þessi samþykkt sem núna er verið að gera í þessu frv. gengur þvert á markmið 1. gr. áfengislaganna og þess vegna er það að við flm. þessarar tillögu viljum leggja áherslu á það að Alþingi geri það, að þrátt fyrir það að með samþykkt þessa frv. sé verið að ganga á móti 1. gr. laganna þá skuli við reglugerðarsetningu um sölu og dreifingu á áfengi gætt þeirra sjónarmiða sem ég hef ítrekað lýst að komi fram í brtt. á þskj. 1116.

Ég vil taka undir orð hv. 7. þm. Reykv. þar sem hann mótmælir þeim ásökunum á hendur okkur sem flytjum þessa till. að hér sé um sýndarmennsku og hræsni að ræða. Að sjálfsögðu greiddum við atkvæði á móti frv. við 2. umr. Við vildum ekki trúa því fyrr en að lokinni þeirri atkvæðagreiðslu að þetta yrði samþykkt og þetta er fyrsta tækifærið sem við fáum til að flytja brtt. eftir að sú niðurstaða liggur fyrir. Og þá er úrræðið, eins og ég gat um í máli mínu hér í upphafi þessarar umræðu, að reyna að beina framkvæmdinni inn á þá braut að sem minnst tjón verði af.

Ég vil því mótmæla því að hér sé um órökrétt vinnubrögð, órökrétta tillögu að ræða. Ég vil þvert á móti leggja áherslu á að ég get ekki skilið að nokkur einasti þm. hér í hv. Ed. fari að greiða atkvæði á móti þessum brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1115 felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, DS, EgJ, GA, JHelg, MF, SkA, SvG, KSG.

nei: VS, EG, JM, GuðmÁ, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, KP, SalÞ, StG.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Mér er kunnugt um að samráð af því tagi sem þessi tillaga gerir ráð fyrir hefur átt sér stað. Því er þessi tillaga óþörf og því segi ég nei.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér er kunnugt um það að verulegur misbrestur hefur verið á samráði milli fjmrh. og heilbrrh. í sambandi við verðlagningu á áfengi. Þess vegna er þessi tillaga óhjákvæmileg nauðsyn og því segi ég já.

Brtt. 1116 felld með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, SvG, ÞK, DS, EgJ, GA, JHelg, MF, KSG.

nei: SalÞ, StG, VS, EG, JM, GuðmÁ, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, KP.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Með tilliti til málflutnings þeirra sem telja rétt að leyfa hér á landi sölu á áfengum bjór og hafa lagt á það höfuðáherslu að auka þurfi forvarnarstarf um leið og bjórsalan yrði leyfð þarf að samþykkja þessa tillögu. Þessi málflutningur kom m.a. fram í fyrirvörum hv. þm. við atkvæðagreiðslu við 2. umr. Þá sagði t.d. hv. þm. Jóhann Einvarðsson: „Í trausti þess að upplýsingar og fræðsla um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis verði stóraukin segi ég já.“ Og þá sagði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson: „Það ber að leggja aukna áherslu á öfluga upplýsinga- og ráðgjafarstarfsemi og endurhæfingu þar sem þess er þörf gegn neyslu vímuefna í hvaða mynd sem er. Með vísan til þessara atriða, herra forseti, segi ég já.“

Þetta sögðu hv. þm. og einmitt út frá þessari röksemdafærslu segi ég líka já.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Í frv. eins og það nú liggur fyrir eru ákvæði til bráðabirgða um að skipa fimm manna nefnd er geri tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis og einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Efnislega eru ákvæði brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um í þessu ákvæði til bráðabirgða og satt að segja hnykkti mér við þegar fulltrúar áfengisvarnaráðs báðu nefndarmenn í allshn. um að fella þetta ákvæði til bráðabirgða út úr þessum lögum. Ég er hlynntur þessu ákvæði til bráðabirgða og tel óþarft að samþykkja brtt. vegna þess að ákvæði hennar eru í ákvæði til bráðabirgða og því segi ég nei.

Guðmundur H. Garðarsson:

Herra forseti. Ég tel þessa brtt. ekki nægilega skýra. Æskilegra hefði verið að till. hefði komið fyrr fram og einnig að hún hefði verið markvissari. Ég fyrir mitt leyti vil stuðla að öflugu forvarnarstarfi gegn öllum hættulegum vímuefnum, m.a. með stóraukn um fjárframlögum í fjárlögum. Þessi brtt. fullnægir ekki því markmiði að mínu mati og því segi ég nei.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. finn ég mig knúna til þess að koma hér upp og gera grein fyrir atkvæði mínu.

Ástæðan fyrir því að áfengisvarnaráðunautar vildu fella þetta ákvæði út er fyrst og fremst sú að samsvarandi ítarlegar tillögur liggja fyrir í þykkri skýrslu stórrar áfengisvarnanefndar sem sett var á laggirnar einmitt til að gera slíkar tillögur. Þær eru fyrirliggjandi. Hér er hins vegar verið að fara fram á það að lögbinda skyldu til þess að semja reglugerð í ákveðnum anda sem einmitt taki mið af forvarnarstarfi. Það hefur því miður vantað í þessa einhliða ákvörðun sem hér er verið að taka. Þess vegna segi ég já.

Landbúnaðarráðherra (Jón Helgason):

Herra forseti. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að skipa eina nefnd enn til þess að gera tillögu. Það hefur verið gert oft áður og tillögur liggja fyrir um markvissar aðgerðir. Eftir þeim hefur ekki verið farið. Hins vegar er með þessari brtt. verið að kveða á um ótvírætt hvernig Alþingi vill að framkvæmdin verði. Það er tvímælalaust bæði mikilvægur, lagalegur og siðferðilegur stuðningur við þá sem vilja vinna að forvarnarstarfi og koma í veg fyrir ofneyslu áfengis og því segi ég já.

Frv. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, JM, GuðmÁ, GHG, HÁ, HBl, JE, JúlS, KP, SalÞ, StG, VS, DS.

nei: EgJ, GA, JHelg, MF, SkA, SvG, ÞK, KSG.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Margrét Frímannsdóttir:

Herra forseti. Með tilliti til þess að engin sú tillaga sem tryggir öflugt forvarnarstarf, fræðslu um skaðsemi áfengis, hefur fengist samþykkt hér á hv. Alþingi þrátt fyrir það að allar þær skýrslur sem við höfum fengið um áhrif sölu áfengs öls í nágrannalöndum okkar sýni að þar er um gífurlega aukningu drykkju unglinga að ræða, þá hafa hv. alþm. ekki verið tilbúnir til þess að tryggja aukna fræðslu. Ég er móðir tveggja unglinga og segi þess vegna nei.

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir stefnu alþjóðaheilbrigðisáætlunarinnar um að minnka áfengisneyslu um fjórðung til næstu aldamóta. Ég styð heils hugar þau markmið og stefnu sem fram er sett í ís-

lenskri heilbrigðisáætlun, m.a. að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu. Það ríkir mikill tvískinnungur í meðferð áfengs öls hér á landi þar sem sumir geta keypt og neytt þess en aðrir ekki. Á sama tíma eru engar hömlur á sölu sterkra, áfengra drykkja. Ég get ekki fallist á að verið sé að bæta við nýrri tegund áfengis með þessu frv. Ég tel að verið sé að færa eina tegundina, þá veikustu, inn í löglega áfengisverslun, létta af heimilunum birgðasöfnun á þessum forboðna ávexti sem aðeins forréttindahópar mega kaupa og flytja inn í landið. Ég vil stuðla að því að Áfengisverslunin sé birgðastöðin en ekki heimilin og því segi ég já.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með skírskotun til þess sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sagði, að ég styð stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, að ég styð stefnu íslenskrar heilbrigðisáætlunar, ég styð stefnu landlæknisembættisins og ég vil létta af heimilunum þeirri áþján sem fylgir aukinni áfengisneyslu, af öllum þessum ástæðum, virðulegi forseti, og svo því að ég vil að þingið axli ábyrgð gagnvart unga fólkinu og framtíðinni, af öllum þessum ástæðum og mörgum fleirum segi ég nei og bið menn enn að skoða hug sinn áður en þeir taka á sig þá ábyrgð sem fylgir því að hella áfengu öli yfir íslensku þjóðina.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1126).

NEÐRI DEILD

97. fundur, mánudaginn 9. maí, kl. 20.30 síðdegis.

Ríkisendurskoðun, 3. umr.

Frv. ÞK o.fl., 432. mál (skoðunarheimildir). — Þskj. 782.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég bað um það á fundinum á laugardaginn að nefnd sú sem hefur þetta mál til meðferðar, þ.e. fjh.- og viðskn., kannaði málið. Ég vil leggja þá spurningu fyrir formann nefndarinnar, hv. þm. Pál Pétursson, hvort kannað hafi verið af nefndinni hvernig Alþingi ætlar að uppfylla þá skyldu sína að fylgjast með hvernig Ríkisendurskoðun hagar sínum störfum. Ég lít svo á að það sé skylda Alþingis að fylgjast með því máli. Ég vona að hv. þm. hafi heyrt fréttir á Stöð 2 fyrr í kvöld þar sem rætt var við Hauk Þórðarson lækni og fram kom að hann væri mjög óhress með frv. Að vísu taldi hann að eitthvert hald væri í því sem kom fram í nál. hv. fjh.- og viðskn. en þó alls ekki nægilegt.

Sá sem hér stendur hefur rætt við nokkra hæstaréttarlögmenn um sjúkraskýrslurnar og draga þeir mjög í efa að það sé ekki brot á stjórnarskrá. Ég er ekki lögfræðingur en hef rætt við hina mætustu lögfræðinga og lækna um þetta efni og þeir telja að það orki mjög tvímælis, svo að ekki verði fastar að orði kveðið, að það sé ekki brot á stjórnarskránni. Ég vil minna á það sem kom fram hjá þessum hæstaréttarlögmenn að 35–40% af þjóðinni leita einhvern tíma til læknis vegna geðrænna vandamála. Það er mikil spurning hvort þetta sé rétta leiðin, hver og einn hv. þm. lítur bara í eigin barm, til þess að tryggja og endurskoða mál læknanna. Hvort leiðin sé ekki frekar sú að skylda landlæknisembættið til að skoða þessi mál.

Sá sem hér stendur hefur fylgst með Ríkisendurskoðun af tilviljun í nokkur ár og ég vil bara segja í því sambandi að ég vil vera með allan fyrirvara ef Alþingi ætlar að ganga frá þessari löggjöf á þann hátt sem hér er lagt til. Og það er alveg víst að þessi mál og fleiri í því sambandi verða tekin upp á næsta þingi og ég held að ráð væri að fresta afgreiðslu þessa máls.

Ég óska eftir því, ef formaður nefndarinnar svarar ekki þessum spurningum, að svar komi frá hæstv. forseta sem er tengdur þessu máli þar sem það kemur fram í grg. að forsetar séu einhuga um þetta mál. Í grg. stendur: „Ríkisendurskoðandi hefur tjáð". Það er auðséð að ríkisendurskoðanda er fyrst og fremst umhugað um að þessi mál séu öll í höndum þessa embættis og það er því sú minnsta krafa sem hægt er að gera að því verði svarað hvernig koma eigi þessum málum fyrir. Hvernig Alþingi sjálft, sem ber ábyrgð á þessu, fylgist með slíkri endurskoðun.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi orð hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram að að sjálfsögðu hafa forsetar þingsins fylgst með þessu máli. Þetta hefur gengið sína leið í gegnum þingið, fengið þinglega meðferð í hv. Ed. frá allshn. Ed. til samþykktar og síðan fengið meðferð hjá hv. Nd. og eins og fram kemur í nál. telur nefndin þessi lagaákvæði fullnægjandi og að þau stangist ekki á við læknalög. Það hefur verið farið vandlega í það mál eins og fram kom í framsöguræðu hv. nefndarformanns, 1. þm. Norðurl. v. Það þykir ekki ástæða til frekari aðgerða í málinu sem liggur þannig fyrir að hv. Alþingi getur tekið afstöðu til þess og að sjálfsögðu er það Alþingi sem ber ábyrgð á framvindu málsins. Hér er alls ekki ætlunin, eins og þegar hefur komið fram í gögnum málsins, að rjúfa þann trúnað sem hefur ríkt milli lækna og sjúklinga.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að bæta við það sem ég sagði áðan. Þegar umboðsmaður Alþingis kemur heim frá Frakklandi mun ég leita til hans um þetta málefni því að mér er það mikið niðri fyrir í sambandi við þetta mál og er búinn að kanna ýmsar hliðar þess. Ég vil ekki fara á bak við forseta

Alþingis eða þá nefnd sem fjallað hefur um þetta og mun gera þetta um leið og umboðsmaðurinn kemur heim.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Sem svar við spurningum hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég taka fram að fjh.- og viðskn. hefur kannað frv. og fullvissað sig um að sú lagasetning, sem hér er um að ræða, sé eðlileg og nauðsynleg. Við teljum þær efasemdir, sem komið hafa fram og haldið hefur verið á lofti gegn þessu máli, ekki á rökum reistar. Þess vegna leggjum við til að frv. verði samþykkt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að tortryggja Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun er komin undir Alþingi og það er á valdi Alþingis að sjá um það að hún sinni hlutverki sínu með eðlilegum hætti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1117).

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783, n. 1084.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. til l. um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár. Nefndin hefur eftir athugun þessa mælt með samþykkt þess á grundvelli kaupsamnings, sem dagsettur var 29. júlí 1986, um fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins milli ríkisstjórnarinnar og Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda.

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786, n. 1085 og 1108.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1085 birtist álit meiri hl. fjh.- og viðskn. sem mælir með því að frv. verði samþykkt. Minni hl. mun skila séráliti.

Að þessu meirihlutaáliti standa Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Guðmundur G. Þórarinsson, Einar Kr. Guðfinnsson og Kjartan Jóhannsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hér er á ferðinni eitt af næstum því óteljandi skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar, sérstakt gjald á ökutæki landsmanna, bifreiðagjald, frv. til l. þar um. Áður þaulskattlagðar bifreiðar landsmanna urðu hæstv. ríkisstjórn tilefni til enn frekari skattlagningar í bráðabirgðaráðstöfunum í fjármálum sem gerðar voru á sl. sumri og er frv. til staðfestingar á þeim. Minni hl. er andvígur þessu gjaldi á bifreiðar, ekki endilega vegna þess, eins og segir nál., að það þurfi að vera vitlausara en hvað annað að skattleggja bifreiðar heldur teljum við að ráðstafa eigi þá þeim skatttekjum innan málaflokksins, ef svo má að orði komast. Það hefur verið stefna okkar að sem mestu af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af skattlagningu umferðarinnar eigi að verja til uppbyggingar í samgöngumálum. Hér liggur hins vegar fyrir að ekki ein einasta króna af þessu nýja gjaldi muni renna til vegaframkvæmda og reyndar var hæstv. ríkisstjórn að fá samþykkta hér í dag vegáætlun, þar sem gert er ráð fyrir því í þriðja sinn í röð að ekki fari ein einasta króna úr ríkissjóði til framkvæmda. Það er auðvitað í hróplegri mótsögn við það að ríkissjóður skuli á sama tíma vera að auka skattheimtu á umferðinni, á bifreiðum í þessu tilviki. Þess vegna leggst minni hl. algerlega gegn þessum skattstofni með sérstakri tilvísan til þess hvernig á að ráðstafa eða reyndar hvernig á ekki að ráðstafa fénu, þ.e. ekki til vegamálanna eða uppbyggingar í samgöngumálum.

Ég hef áður rætt, herra forseti, það heimildarákvæði sem hæstv. fjmrh. hefur skv. frv. til að endurgreiða eða lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum í eigu hjálpar- og björgunarsveita. Það liggur fyrir að hæstv. ráðherra hefur notað og hyggst nota sér þær heimildir til þess að létta af þessu gjaldi í þeim tilvikum, sem er vissulega af hinu góða. En það breytir ekki því að meginafstaða okkar er að þessi skattheimta sé ekki réttlætanleg. Aukin skattheimta á umferðina sem ekki á að skila einni einustu krónu til vegamála eða framkvæmda í samgöngumálum er ekki réttlætanleg við þessar aðstæður. Minni hl. fjh.- og viðskn. mælir því gegn frv. og mun greiða atkv. gegn því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24:10 atkv.
2.–9. gr. samþ. með 24:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

98. fundur, mánudaginn 9. maí,
að loknum 97. fundi.

Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 433. mál. — Þskj. 783.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1118).

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 436. mál. — Þskj. 786.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþykkt með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 23:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1119).

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047, n. 1106, brtt. 1058.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50 frá 30. mars 1987.

Nefndin hefur farið yfir frv. eins og það kom frá hv. Ed. eftir ítarlega skoðun. Nefndin ræddi einkum breytt fyrirkomulag á rekstrarfyrirkomulagi Bifreiðaeftirlits ríkisins og þær breytingar sem fram undan eru í rekstri stofnunarinnar.

Nefndin gaf út eftirfarandi nál. um þau mál: „Varðandi breytt fyrirkomulag á bifreiðaskoðun, sem 3. gr. frv. gefur möguleika á, leggur nefndin sérstaka áherslu á að þjónusta við bifreiðaeigendur verði bætt. Tryggja verður að bíleigendur í dreifbýli eigi kost á skoðun bifreiða sem næst sinni heimabyggð og nýttar verði heimildir til samninga við bifreiðaverkstæði til að annast þessa þjónustu."

Nefndin vill leggja sérstaka áherslu á þetta atriði og vísar til þeirra umræðna sem voru hér í deildinni við 1. umr. málsins. Að þessu tilskildu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. um máið.

Óli Þ. Guðbjartsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita Ólafur G. Einarsson, formaður, Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðni Ágústsson, Geir Gunnarsson og Valdimar Indriðason.

Valdimar Indriðason:

Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem um frv. fjallaði og sat þar fund nefndarinnar. Ég tók það fram þar að ég væri ekki sáttur við frv. og áskildi mér eins og aðrir nefndarmenn rétt til þess að tjá mína afstöðu þegar málið kæmi til umræðu.

Ný umferðarlög voru samþykkt á hinu háa Alþingi 30. mars 1987 og eru því rúmlega ársgömul. Lög þessi voru búin að vera lengi í smíðum, enda mikill lagabálkur, en nú er lögð til breyting á þeim. Lagt er til að meginbreytingarnar verði tvær; þ.e. að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lagt niður og myndað hlutafélag þar um með meiri hluta ríkissjóðs, og að tekið verði upp svokallað fastnúmerakerfi í stað þess að skrá ökutæki eftir lögsagnarumdæmum.

Um númerakerfið eru skiptar skoðanir. Fylgjendur breytinganna beita þeim aðalrökum að kostnaðurinn sé mikill af núverandi kerfi og kemur það skýrt fram í þeirra málflutningi að ríkið verði fyrir mestu af kostnaðinum sem talinn er vera um 100 millj. kr.

En við skulum líta nokkru nánar á þetta. Á bls. 32 á fskj. 8, sem fylgir frv., kemur fram hjá forstöðumanni Bifreiðaeftirlitsins að fjöldi umskráninga hjá Bifreiðaeftirlitinu 1986 hafi verið 37 381. Þegar framkvæmdastjórinn er búinn að taka með þann kostnað sem Bifreiðaeftirlitið hefur af þessum verkþætti verður áætlaður sparnaður Bifreiðaeftirlitsins árið 1987 20 356 þús. kr. Þetta væri sparnaðurinn ef horfið væri frá núverandi númerakerfi. Svo bætir hann við að við þennan sparnað Bifreiðaeftirlitsins bætist verulegt hagræði fyrir ýmsar opinberar stofnanir, t.d. tekjudeild fjmrn., ríkisbókhald, tollstjóra, sýslumenn, fógeta og tryggingafélög. Það er látið liggja að því að fækkað verði í þessum stofnunum ef frv. verði samþykkt. En ég hef nú ekki trú á því og það er annað mál. Þetta segir framkvæmdastjóri Bifreiðaeftirlitsins að sé sparnaðurinn 1987.

En lítum nánar á bls. 30 á fskj. 7, sem einnig er hér með. Þar er tekið dæmi af bifreið sem ber einkennisstafina K-301 og eiganda, sem sagður er heita Jón, sem er að selja gamla bílinn og kaupa nýjan. Sett er upp ítarleg útfærsla á því hvernig slíkt gæti gengið fyrir sig. Þar kemur fram að allar umskráningarnar og eigendaskiptin kosta 8800 kr., fyrir utan númeraplöturnar. Höfundur fskj. gefur sér að 30 þús. umskráningar og eigendaskipti árið 1986 hafi kostað 135 millj. kr. Í 2. málsgr. á bls. 31 í sama fskj. segir að Bifreiðaeftirlitinu séu greiddar a.m.k. 6800 kr. fyrir tvær umskráningar í dæmi sem þar er tekið, eða 3400 kr. fyrir hvora umskráningu. — Það er ekki nákvæmlega sama upphæð milli aðila en ég nota þá tölu sem hann gefur upp, eða 3400 kr. fyrir hverja umskráningu. — Samkvæmt því gefa 30 þús. umskráningar 102 milljónir. Og 37 381 kr., sem var raun tala Bifreiðaeftirlitsins fyrir árið 1986, gæfu þá 127 milljónir kr. Áætlaður sparnaður Bifreiðaeftirlitsins 1987 skv. skýrslu forstöðumanns og ég gat hér um áðan var 20 356 þús. kr. Þarna er mismunur upp á 107 millj. kr. Ég spyr: Stenst þetta? Getur það verið að bifreiðaeigendur séu látnir greiða rúmlega fimmfaldan þann kostnað sem Bifreiðaeftirlitið hefur af umskráningu ökutækja?

Reyndar þarf ég ekki að spyrja að þessu því að í nál. því, sem hér fylgir þessu frv., kemur fram á bls. 7 að tekjur Bifreiðaeftirlits ríkisins af skráningargjöldum 1986 voru 102 971 þús. kr. Enda segir í texta á miðri bls. 7, með leyfi forseta: „Endanlegar rekstrarniðurstöður fyrir 1987 liggja ekki fyrir en ljóst er að árin 1986 og 1987 hafa verið innheimt verulega hærri skoðunar- og skráningargjöld en nemur kostnaði Bifreiðaeftirlitsins. Með þessum samanburði sýnist mér að seilst hafi verið nokkuð djúpt í vasa þeirra bifreiðaeigenda sem látið hafa umskrá bifreiðar sínar. Þetta segir okkur einnig þá sögu að ríkið hefur ekki tapað á þessum viðskiptum heldur hafa bifreiðaeigendur greitt ríflega fyrir það sjálfir. Því er það mín skoðun að ekki liggi á að taka upp breytt númerakerfi vegna þess hve ríkið verði illa úti í þessum viðskiptum. Að auki þurfum við Íslendingar ekki að apa allt eftir útlendingum í þessum efnum og megum sýna okkar sérstöðu, t.d. í þessu máli. Ég leggst því á móti breytingunni sem boðuð er í frv. um breytingu á skráningu ökutækja.

Enn fremur ber ég vissan ótta í brjósti um að skoðunin gangi alveg upp. Það fer ekki á milli mála að setja á upp stóra og volduga skoðunarstöð í Reykjavík og svo síðar þrjár til fjórar úti um landið og ef ég man rétt er það árið 1992 sem því skal lokið. Ég ætla ekki að draga úr því á nokkurn hátt að við öflum þeirra tækja sem fullkomnust og best eru til slíkrar skoðunar því okkur er öllum ljóst að umferðaröryggi þarf að vera mikið. En ég efast mjög um að hægt sé að koma þessu í viðunandi horf úti á landsbyggðinni með þessum hugmyndum. Ég spyr t.d. hvort ekki taki tíma að koma sér niður á hvar þessar 3–4 höfuðstöðvar skuli vera. Hvernig skal leysa það á milli hinna aðilanna? Drepið er á það að gera megi þetta með sérstökum tækjum sem flutt séu um landið. Þetta kemur vel til greina en ég vara við því, ef út á þessa braut er farið, að haft verði það langt til skoðunarstöðvanna að menn vanræki að koma með bíla til skoðunar. Það þarf að vera mjög sterkt og gott eftirlit á þessu og nr. eitt, tvö og þrjú í þessu efni er að tryggja nógu mikið öryggi. Ég sé að höfuðborginni er vel borgið með þessum tillögum en ég óttast að hitt sé ekki nógu vel útfært enn þá til þess að raunverulega sé hægt að ganga frá því máli.

En ég ætla ekki að tjá mig frekar um þetta. Ég endurtek aftur að ég leggst á móti því að númerabreytingin verði gerð, ég sé engar röksemdir fyrir því.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Frv. til laga um breyt. á umferðarlögum sem hér er á dagskrá felur í sér, eins og fram hefur komið, tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að taka upp breytt skráningarkerfi bifreiða, svokallað fast númerakerfi, og í öðru lagi er farið fram á að veitt verði heimild til þess að stofnað verði hlutafélag um rekstur þeirrar starfsemi, sem nú er á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins, og sú stofnun sem slík lögð niður. Þetta eru tvö meginatriði frv. eins og glöggt lega kom fram hér í máli hv. 2. þm. Vesturl.

Sannast sagna kemur það nokkuð á óvart að frv. skuli vera rekið hér áfram á síðustu dögum þingsins. Í fyrsta lagi með tilliti til þess að annar meginþáttur frv. var til afgreiðslu á síðasta þingi og hlaut þá ekki fylgi Alþingis, þ.e. að taka upp svokallað fast númerakerfi, og í öðru lagi vegna þess að frv. var ekki á forgangslista hæstv. ríkisstjórnar um þau mál sem taka skyldi til afgreiðslu á þessu þingi. Frv. hefur heldur ekki hlotið einróma stuðning í stjórnarflokkunum enda þótt leyft hafi verið að flytja það sem stjórnarfrv., eins og stundum hefur áður tíðkast með frv. til laga um breyt. á umferðarlögum sem hafa verið með þeim hætti að þar hafa stjórnarliðar á hverri tíð getað stutt mörg atriði sem fram hafa komið í þeim frumvörpum en verið andvígir öðrum. Þrátt fyrir það hefður sú hefð tíðkast um þennan málaflokk að frumvörpin hafa verið flutt sem stjórnarfrumvörp.

Nú er það sannast sagna að ég hef ýmislegt við þetta mál að athuga, svo sem verið hefur á fyrri tíð, og sé ekki ástæðu til annars en taka mér tíma til þess að ræða það allítarlega á þeim dögum sem eftir lifa þessa þings. Í fyrsta lagi ef litið er á þann þátt málsins sem lýtur að því að leggja niður Bifreiðaeftirlit ríkisins og taka upp heimild í lög til þess að setja á stofn hlutafélag sem annist þá starfsemi sem nú er á höndum Bifreiðaeftirlitsins. Ég hrökk vitaskuld nokkuð við, væntanlega eins og fleiri bifreiðaeigendur í þessu landi, þegar tryggingagjöld bifreiða hækkuðu í vetur um 60–100% eftir því hvernig það væri reiknað. En með því að taka upp heimild nú til þess að setja á stofn hlutafélag til að annast þessi viðfangsefni er einmitt gert ráð fyrir að tryggingafélögin verði veigamikill þáttur í því að bera uppi

eignarhlut í því hlutafélagi og í þeirri starfsemi sem það nýja hlutafélag mundi hafa með höndum. Ég ber nokkurn efa í brjósti, eftir þá reynslu sem við höfum haft af tryggingafélögunum nú fyrir fáum mánuðum, að rétt sé að fela þeim aukið verksvið og selja bifreiðaeigendur undir þá starfsemi í verulega auknum mæli frá því sem verið hefur. Nær lagi væri að setja á fót sérstaka rannsókn á starfsemi þessara fyrirtækja, tryggingafélaganna, til þess að komast að því hvernig þau undarlegheit megi gerast að á sama tíma sem bifreiðum fjölgar í landinu um 15–20 þúsund á ári, á síðasta ári voru fluttar inn 25 þúsund bifreiðar en að sjálfsögðu var nokkuð afskráð á móti, þá skuli bifreiðatryggingagjöld þurfa að hækka um 60–100%. Þessu hefur ekki verið svarað svo viðhlítandi sé og ég hefði gjarnan viljað sjá svör við slíkum spurningum áður en ég samþykki að færa skoðun ökutækja að verulegu leyti eða alfarið undir hlutafélag sem tryggingafélögin í landinu bæru uppi.

Í nál. sem fylgir sem fskj. og í ýmsum fskj. með frv. er fjallað um þessi mál. Þar kemur fram í fyrsta lagi hver eiga að vera verkefni Bifreiðaskoðunar Íslands hf., hvernig ætlunin er að staðið skuli að skoðun ökutækja o.s.frv. o.s.frv. Sumpart var það skýrt hér af hv. 2. þm. Vesturl., Valdimar Indriðasyni. Ég skal ekki fara um það efni mörgum orðum en það er gert ráð fyrir að reistar skuli bifreiðaskoðunarstöðvar, ein ærið myndarleg á höfuðborgarsvæðinu, sem væntanlega er ekki vanþörf á, og síðan þrjár úti á landsbyggðinni. Ekki kemur fram hvar þessar stöðvar skuli staðsettar og ekki kemur fram hvernig bifreiðaeigendum verður gert að tengjast þeirri þjónustu sem þar á að fara fram. En víst er ef niðurstaðan á að verða sú að aðalskoðun bifreiða fari fram í þessum bifreiðaskoðunarstöðvum og að litlu leyti utan þess, e.t.v. að einhverju leyti eins og fram kemur hjá tilteknum bifreiðaverkstæðum, hygg ég að þessu kynni að fylgja ærið óhagræði fyrir bifreiðaeigendur.

Nú vill svo til að til er ein bifreiðaskoðunarstöð í mínu næsta nágrenni, þ.e. á Blönduósi. Þar er yfirbyggð bifreiðaskoðunarstöð og vænta má að hið nýja fyrirtæki, ef á laggir kemst, mundi kaupa þá stöð og hún verði á þann veg í notkun. Þá væri mér nú spurn: Er ætlast til þess að í þeirri skoðunarstöð verði skoðaðar bifreiðir af öllu Norðurlandi allt austan af Langanesi ef ekki skulu vera nema þrjár stöðvar á landsbyggðinni? Mundi það nú ekki verða snúningasamt fyrir Langnesinga og Þistla og aðra slíka að fara af Norðurl. e. að sækja sér þessa þjónustu vestur á Blönduós? Og ef eitthvað kynni að bila í bílnum á leiðinni yrði nú ærið að gera á Blönduósi og skyldi ég ekki út af fyrir sig harma það. En hitt er augljóst að ef menn hafa hugsað þetta eitthvað í því horfi, sem lesa má út úr þessum gögnum sem hér liggja fyrir, er verið að setja af stað kerfi sem bersýnilega er með þeim hætti að þjónustan er færð frá fólkinu í stað þess að færa hana til fólksins eins og á að vera keppikefli í okkar þjóðfélagi eftir því sem föng eru á.

Ég held að sjálfsögðu að komið geti til greina breytingar á því fyrirkomulagi sem gildir um skoðun ökutækja um þessar mundir. Að því hefur nokkuð verið unnið og má vafalaust gera meira af því að fela tilteknum verkstæðum að annast hluta af starfseminnar. En ef meiningin með breytingunni er að færa þetta í það horf að það hafi í för með sér stóraukna fyrirhöfn og kostnað fyrir bifreiðaeigendur í landinu að sækja sér þessa þjónustu og verða við þeirri skyldukvöð, sem á er lögð, að láta skoða sín ökutæki, líst mér ekki á og held að ástæða væri til að staldra við.

Ég held að ástæða sé til þess að fara nokkru fleiri orðum heldur en fram komu hjá hv. 2. þm. Vesturl. um það skráningarkerfi sem frv. gerir ráð fyrir að tekið verði upp og það er út af fyrir sig ekki nýlunda hér á hinu háa Alþingi. Ég hef ekki gáð að því hvenær þetta kom fyrst til sögu hér í lagafrv. en það mun hafa verið snemma á 8. áratugnum. Ég minnist þess að þegar sannaðist að sögusagnir sem haldið var úti um sparnað við að taka upp nýtt skráningarkerfi voru úr lausu lofti gripnar og sú hv. þingnefnd sem þá fjallaði um málið komst að þeirri niðurstöðu að það væri enginn sparnaður að því að taka þetta nýja kerfi upp, nema síður væri, var málið þá fellt.

Þetta atriði í frv. til umferðarlaga sem lá fyrir hinu síðasta Alþingi var einnig fellt, eins og hér hefur komið fram, og ég hygg að það hefði verið ástæða til að hægja nú nokkuð á ferðinni þangað til hægt væri að sýna fram á með einhverjum rökum, sem ekki væru augljós vitleysa, að í þessu fælist eitthvert hagræði. En nú hafa undirlegir gerst. Hér segir í fskj. 1 með þessu frv. undir 5. tölul., skráningarkerfi ökutækja, svo með leyfi hæstv. forseta:

„Öll skráningarskyld ökutæki eru nú skráð í tvöföldu númerakerfi. Annars vegar eru ökutæki skráð skv. númeraskiltum þeim sem á þau eru sett og hins vegar eru þau skráð skv. svokölluðu fastnúmerakerfi er fram kemur m.a. í skráningarvottorði hverrar bifreiðar. Byggist það númer á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum.“

Með þessu er sagt að framkvæmdarvaldið eða það ríkisfyrirtæki sem annast þessi verkefni undir yfirstjórn hæstv. dómsmrh., væntanlega núverandi og fyrrverandi, hafi tekið upp hjá sjálfum sér eða að fyrirmælum hæstv. ráðherra að skrá ökutæki eftir númerakerfi sem Alþingi hefur fellt, ekki einu sinni heldur a.m.k. í tvígang.

Hvað er hér á ferðinni? Ég segi fyrir mig að hér er það á ferðinni að framkvæmdarvaldið, hæstv. ráðherrar, hæstv. núv. ráðherra og hæstv. fyrrv. dómsmrh. væntanlega báðir, og sú ríkisstofnun, sem um málið fjallar og hefur með höndum, óvirða vilja Alþingis og fara sínu fram þrátt fyrir að Alþingi hafi fellt kerfið sem þessir tilteknu handhafar framkvæmdarvaldsins hafa gjarnan viljað koma fram. Að mínum dómi gengur ekki að halda þannig á málum og það væri ástæða til að biðja hæstv. núv. dómsmrh. að gefa Alþingi skýrslu um þennan þátt málsins, hvenær hafi hafist það fyrirkomulag að skrá

ökutæki í skráningarvottorðum eftir númerakerfi sem Alþingi hefur hvað eftir annað hafnað. Ég tel ástæðu til þess að slík skýrsla sé sett fram fyrir Alþingi áður en ætlast er til þess að hið sama hv. Alþingi leggi blessun sína yfir slík verk. Ég ætla ekki hér að fara ókvæðisorðum um þetta háttalag. En hér er verið að fara að af hálfu framkvæmdarvaldsins á þann máta að Alþingi getur ekki tekið því þegjandi.

Það er nú einu sinni svo að það er hv. Alþingi sem á að ráða löggjöf í þessu landi og sem setur löggjöf og það er skylda framkvæmdarvaldsins að hlíta þeirri löggjöf. Ef handhafar framkvæmdarvaldsins, þar á meðal hæstv. ráðherrar koma ekki fram þeim málum sem þeir óska á Alþingi þá ber þeim að virða það. En þeir hafa ekki heimild til þess að láta ákvarðanir Alþingis sem vind um eyru þjóta og fara sínu fram engu að síður. Þetta hljóta allir að sjá að er stórlega ámælisvert og mér þætti einkennilegt ef hv. alþm. vildu taka þessu þegjandi og leggja blessun sína yfir. Það þætti mér einkennilegt.

Nú hefur hv. 2. þm. Vesturl. sýnt fram á tvískinnunginn, vitleysurnar, tvöfeldnina í því sem fram kemur í fskj. með þessu frv. að því er varðar svokallaðan sparnað af því að taka upp nýtt númerakerfi. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það sem hann sagði um þau efni. Það segir í síðasta fskj. og er haft eftir öðrum af tveimur framkvæmdastjórum Bifreiðaeftirlits ríkisins að sparnaður á árinu 1987 sé áætlaður 20,3 millj. kr. Þetta er vissulega áætlað enda kemur annars staðar fram að uppgjör yfir þetta ár hafi ekki farið fram. Annars staðar í þessum gögnum er sagt að sparnaður ríkisins við að taka upp nýtt fastnúmerakerfi sé einhvers staðar á bilinu 80 millj. kr. ef ég man rétt. Og í fréttum hafa þessar tölur verið hlaupandi manna á milli, væntanlega frá þeim sem standa fyrir þessum málatilbúnaði, allt upp í 300 millj. kr. Allt upp í 300 millj. kr. sem eigi að vera sparnaður af öllu þessu. Og það er búið að halda þessu svo fast að fólki að maður sér það í dálkum dagblaðanna þegar einhverjir vegfarendur eru spurðir að þeir eru farnir að trúa allri vitleysunni, sem sýnir það að með langvarandi og stöðugum áróðri er hægt að koma miklu til leiðar, koma því til leiðar að margir fara að trúa. Þetta er gömul saga og ný.

Í fskj. með frv. sjálfu segir um árið 1986 — og það virðist svo sem það ár sé búið að gera upp þannig að ekki þurfi nú að vera um áætlunartölur að ræða — að rekstrarkostnaður Bifreiðaeftirlitsins árið 1986 hafi verið 106 millj. 172 þús. kr., 106,1 millj. kr. Skráningargjöld þetta ár hafi verið 102,9 millj. kr. Það fer sem sé langleiðina í það að skráningargjöldin ein beri uppi alla starfsemi Bifreiðaeftirlitsins. Það mun þá verða skarð fyrir skildi ef sá tekjupóstur hrekkur til baka, ef það á að verða kannski 300 millj. kr. sparnaður við það að leggja upp með nýtt skráningarkerfi eins og sumir hafa viðrað í fréttum, þeir sem lengst hafa gengið í vitleysunni.

En alls voru tekjustofnar á vegum Bifreiðaeftirlitsins árið 1986, þ.e. skoðunargjald, skráningargjald og prófgjald 186,9 millj. kr. Þannig að það hefur nú ekkert verið sparað að hafa gjaldskrána í lagi yfir þau atriði sem almenningur þarf að borga þegar hann er að sækja sér þá þjónustu sem Bifreiðaeftirlitið hefur haft með höndum. Og ég á von á því að það verði heldur ekki gert ef hið nýja fyrirtæki kemst á laggir, þ.e. Bifreiðaskoðun Íslands hf. eins og það er skírt í þessum gögnum, sérstaklega með tilliti til þess ef tryggingafélög, bifreiðatryggingafélögin eru nú komin þar verulega til vegs og vanda. Þá á ég ekki von á því að það verði sparað að hafa gjaldskrána nokkuð rýmilega sem almenningur þarf að borga þegar hann er að sækja þá þjónustu sem þetta hlutafélag á að inna af höndum.

Það sem sagt kemur í ljós að það er auðvitað ekki fótur fyrir því að það sé einhver sparnaður af þessu. En það má þó vera að það ætti að hafa verið sparnaður af því ef framkvæmdarvaldið í þessu tilliti, hæstv. dómsmrh., núv. og fyrrv. og starfsmenn eða forstöðumenn Bifreiðaeftirlitsins, sem nú eru a.m.k. tveir, ef þessir handhafar framkvæmdarvaldsins hefðu látið sér það lynda að hlíta ákvörðunum Alþingis en taka ekki upp — án þess að Alþingi hafi heimilað og eftir að Alþingi hefur fellt hvað eftir annað — tvöfalt skráningarkerfi, sem a.m.k. sýnist ofrausn og er, eins og ég hef áður vikið að, fjarri öllu lagi af hálfu þessara aðila.

Ég gæti kannski rakið það hvers konar skráningar það eru sem kynnu að sparast við þetta nýja kerfi. Víst er að nýskráning sparast ekki og víst er að eigendaskráning sparast ekki. Miðað við núverandi kerfi er ein tegund umskráningar sem menn verða að ganga í gegnum, en það er ef ökutæki sem skráð er í einu umdæmi er keypt eða flutt yfir í annað umdæmi. Þá verður ekki hjá því komist eftir núverandi kerfi að umskrá ökutækið. Og það er nú svo fyrir að þakka að þeir sem ráða fyrir gjaldskrá Bifreiðaeftirlitsins hafa séð ástæðu til þess að tylla verulega á kostnaðinn við þessa umskráningu. Ef ég veit rétt þá mun hún nýlega hafa verið komin upp í 4500 kr. Nýskráning mun hafa verið fyrir ekki löngu síðan 1500 kr., eigendaskráning 1500 kr., umskráning innan sama umdæmis er 4500 kr., og það er það langdýrasta, en umskráning á milli umdæma er nokkuð lægri eða líklega um 2000 kr.

Það er engin ástæða til umskráningar eftir núverandi kerfi ef ökutæki skiptir um eigendur innan sama umdæmis. Ef Reykvíkingur kaupir notaða bifreið af einhverjum öðrum Reykvíkingi með R-númeri, þá er engin ástæða til þess að umskráning verði gerð nema báðir þessir aðilar, sem versla milli sín um bifreið, séu áfram um það og þá kostar þetta, eins og ég sagði, um 4500 kr. Það er dýrt fyrir að færa plötuna á milli og skrá í bækur, tölvukerfið. Það er vel borgað fyrir. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komist eftir núverandi kerfi að umskrá bifreið sem flutt er á milli umdæma sem ég hygg að kosti eitthvað um 2000 kr. Ég hygg að það sé nú þannig að það séu ærið margir sem vilji kosta því til til þess að halda þeirri umdæmaskiptingu sem nú er í

númerakerfinu. Það er a.m.k. mín meining.

Ég vil taka það fram að andstaða okkar sem höfum á undangengnum árum verið andvígir því að taka upp svokallað fastnúmerakerfi hefur eiginlega verið færð yfir í aðhlátursefni og að henni gert gys og reynt að gera hana að hégómamáli á þeim grundvelli að þeir sem séu andvígir þessari breytingu eigi einhver uppáhaldsnúmer sem þeir vilji ekki missa. Ég tel að þetta sé vitaskuld alrangt. En við viljum ekki láta þá umdæmaskiptingu sem nú er í skráningarkerfinu. Til þess liggja góðar og gildar orsakir sem ég get hér talið fram.

Í fyrsta lagi er kostur í umferðinni að sjá hvaðan bíll er sem maður mætir. Þetta er ekki síst kostur þegar komið er út fyrir aðalvegina. Ef komið er út á þrönga vegi eins og tíðast er um þjóðbrautir okkar þá vitum við landsbyggðarmenn að það er betra að vara sig, hægja á sér, helst stoppa ef við mætum bíl með númeri héðan úr aðalþéttbýlinu. Þetta er ekkert einkennilegt. Ef við mætum bíl með R-númeri eða Y- eða G-númeri þá er betra að fara varlega. Hvers vegna? Vegna þess að mjög margir, raunar langflestir ökumenn á þessu svæði, sem aka bílum með þessum skráningarnúmerum, eru allsendis óvanir vegum eins og tíðast er um þjóðbrautirnar: mjóum vegum, hlykkjóttum vegum sem oft getur verið erfitt að mætast á. Í þessu felst ekkert last um það fólk sem býr hér á höfuðborgarsvæðinu, það er bara ekki vant að aka við þessar aðstæður og það veigrar sér við að víkja með sama hætti og þeir gera sem þessum aðstæðum eru vanir. Á sama hátt verðum við vitaskuld varir við það, utanbæjarmenn hér í Reykjavík sem ökum á bifreiðum með utanbæjarnúmerum, að Reykvíkingar eða þeir sem hér eru vanastir umferðinni hafa iðulega á sér nokkurn vara og varúð þegar þeir mæta bílum með utanbæjarnúmeri. Ég er ekkert hissa á því því ýmsir þeir sem koma sjaldan hingað og kannski aka sjaldan hér í umferðinni eru ekki svo öruggir sem skyldi. Þetta vita Reykvíkingar og þetta vita þeir sem eru hér á höfuðþéttbýlissvæðinu og taka því þess vegna slíkum mönnum með nokkurri varúð. Þetta er einn af þeim kostum sem fylgja því að halda því kerfi sem er og ekkert lítils verður.

Annar kostur er sá að með því að halda við núverandi kerfi þá má auðveldlega rekja ökuferilsskýrslu flestra ökumanna sem í gegnum tíðina hafa ekið á sama númeri á mörgum bifreiðum. Það er mikils virði að geta rakið slíka ökuferilsskýrslu ekkert síður en að rekja akstursferil bílsins, ökutækisins — það er miklu minna virði — sem getur verið í höndum margra eigenda, margra ökumanna.

Það er eins og það sé að verða árátta í þessu þjóðfélagi að má út allt það sem kennt er við héruð í landinu. Mér þótti of langt gengið í þeim efnum t.d. við setningu sveitarstjórnarlaga. Ég hefði viljað halda þar vissu lögformlegu samstarfi sveitarfélaga á héraðagrundvelli. Það er vissulega annað mál. En í fleiri og fleiri atriðum eru að koma fram frv. til laga, hugmyndir sem verða til innan stjórnkerfisins hjá embættismannakerfinu, hugmyndir, sem síðan eru bornar fram af hæstv. ráðherrum, sem fela það í sér að þurrka út allt er minnir á héruðin í landinu. Þetta mál er eitt þeirra og ég held að það sé ástæða til fyrir okkur landsbyggðarmenn að snúast til varnar fyrir héruðin í landinu. Það sýnist kannski ekki í stóru hér í þessu frv. en þetta er þó eitt dæmið sem minnir á hvert verið er að stefna í þessum efnum.

Ég held að við getum búið við það kerfi sem við höfum á skráningu ökutækja enn um sinn. Ég tel það hreina vitleysu að halda úti tvöföldu skráningarkerfi, óþarfa kostnað og fyrir svo utan fordæmanlega framkvæmd mála þvert ofan í ákvarðanir Alþingis. Og ég tel þær hugmyndir, sem flögrað hefur verið með í sambandi við þá breytingu sem hér er verið að fara fram á að sé lögfest, um að til að mynda þeir sem nú aka á einhverju númeri geti ekið á því líftíma bílsins eða líftíma ökumanns, auðvitað ekkert nema vitleysu. Það er auðvitað bara forkastanleg vitleysa í máli eins og þessu að ætla sér að halda úti tvöföldu eða margföldu kerfi. Það er forkastanleg vitleysa.

Ég mun því beina því til hæstv. ráðherra, sem hér hlýðir á þetta mál, í fyrsta lagi að gefa hv. Alþingi skýrslu um hvenær tekið var upp á því háttalagi, sem ég hef nefnt svo, að taka upp skráningarkerfi sem Alþingi hefur hvað eftir annað hafnað til viðbótar við hið núverandi og löglega skráningarkerfi sem er í gildi.

Í öðru lagi að óska eftir því að ef svo færi að Alþingi ákvæði að gefa heimild til stofnunar hlutafélags um rekstur þeirrar starfsemi sem nú er á höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins, hvernig þá verði við komið almennri og sómasamlegri þjónustu við bifreiðaeigendur í landinu og hvaða breytingar sé hugsað að gera á því kerfi. Er það einungis þetta, sem hér kemur fram, að það skuli vera þrjár skoðunarstöðvar á landsbyggðinni og ein í Reykjavík til viðbótar nokkrum þáttum þessara mála sem fram eiga að fara á þar til völdum verkstæðum? Eða hvernig á þessi þjónusta að fara fram?

Í þriðja lagi óska ég eftir því við hæstv. ráðherra með tilliti til þess að frv. þetta var ekki eitt af forgangsmálum núv. hæstv. ríkisstjórnar nú fyrir þinglok og með tilliti til þess að hv. Alþingi hafnaði fyrir einu ári síðan því fastnúmerakerfi sem hæstv. ráðherra virðist nú vilja koma á, þá fer ég fram á það að hann dragi þetta frv. til baka og að það verði tekið til athugunar til næsta þings. Mér sýnist ekki vanþörf á.

Ég held að það sé ekki ástæða til fyrir mig að þessu sinni fyrr en þessu hefur verið svarað að lengja mál mitt, en það er auðvitað ljóst af mínu máli að ég er enginn stuðningsmaður þessa máls. Og það er jafnljóst af mínu máli að ég er algerlega andvígur því að fara að grauta í þessu skráningarkerfi. Ég er andvígur því að hv. Alþingi, sem hefur hafnað því tvívegis a.m.k. síðast fyrir einu ári síðan, fari að leggja blessun sína á það forkastanlega háttalag framkvæmdarvaldsins að láta ákvarðanir Alþingis

sem vind um eyru þjóta og taka upp í skráningarvottorð bifreiða skráningarkerfi sem Alþingi hefur hafnað.

Herra forseti. Ég mun ekki að sinni hafa þessi orð fleiri.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef ekki tekið til máls í þessu máli fyrr og var ekki viðstaddur þegar 1. umr. málsins fór fram og vil þess vegna láta mitt álit í ljós hér við 2. umr.

Það rifjaðist upp fyrir mér að á sl. hausti, áður en Alþingi kom saman, þá kynnti hæstv. dómsmrh. þetta mál, skýrslur sem unnar höfðu verið á vegum ráðuneytisins um Bifreiðaeftirlit ríkisins, á fundi í fjvn. Þar voru gefnar ýmsar upplýsingar um hugsanlegar breytingar á þessu kerfi og ýmsar skýringar á því hvað um væri að ræða, en það var enginn rökstuðningur í sambandi við þetta sem að mínu mati var bitastætt í varðandi þær breytingar sem hugsað var að gera. Það voru einungis hugmyndir og þær hugmyndir, eins og þær raunar birtast hér í þessu frv., eru meira og minna í lausu lofti.

Á þeim árum sem ég hef setið hér á hv. Alþingi hafa mál Bifreiðaeftirlits ríkisins oftar en einu sinni komið upp á borð þm. og ekki síst þeirra sem hafa starfað í fjvn. Og ég get sagt það sem mína skoðun að þessi ágæta stofnun Bifreiðaeftirlitið hefur alltaf verið hálfgert olnbogabarn í kerfinu. Hún hefur verið illa búin að tækjum hún hefur verið á eftir með að nýta sér ýmsar nýjungar, ekki síst tækninýjungar, svo maður minnist nú ekki á það ófremdarástand sem hefur á liðnum árum verið í því aðstöðuleysi sem þessi stofnun hefur búið við eða starfsfólk hennar til að sinna sínum verkefnum. Þetta hefur m.a. orðið til þess að menn hafa alltaf verið að tala um að þetta kerfi væri ómögulegt og það hefur verið meira og minna afgreitt á þann einfalda hátt að því þyrfti bara að breyta.

Nú er ég ekki að halda því fram að þessi þáttur í opinberri þjónustu þurfi ekki að breytast í takt við þær breytingar sem gerast með aukinni tækni og ýmsu sem hefur komið upp í hendurnar á okkar þjóðfélagi eins og hjá öðrum þjóðum. Það er alls ekki skoðun mín að það þurfi ekki breytinga við. En þetta mál, sem hér er til umræðu, finnst mér bera að með dálítið einkennilegum hætti og ég hefði talið að það þyrfti að kynna og skoða þetta mál miklu, miklu betur. Ríkið hefur aldrei tapað á þessu kerfi. Það hefur alltaf verið séð svo um að þeir sem eiga bifreiðar hér á landi hafa borgað sitt og rúmlega það þannig að það hefur ekkert þurft að gefa með þessari stofnun. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því áður en lengra er haldið.

Ég held að það hefði verið miklu skynsamlegra hjá hæstv. dómsmrh. að láta meiri tíma í að kynna þetta mál. Mér finnst uppsetning á málinu og þau rök sem fylgja því að gera þessa breytingu hafa tekið á sig hálffurðulega mynd. Ég get alveg tekið undir það með hv. 2. þm. Norðurl. v. og raunar einnig hv. 2. þm. Vesturl. að margt af því sem hér hefur verið sagt, og kannski ekki síður það sem hefur verið sagt í fjölmiðlum um þessa væntanlegu kerfisbreytingu, það nær ekki nokkurri átt, slíkar öfgar hafa verið fram settar.

Ég hef orðið að hlusta á það víðs vegar að það væri verið spara með þessu kerfi — ekki 100 millj. heldur 350 millj. Það eru síðustu tölur sem maður hefur séð. Og þegar spurt hefur verið: Hvað spara þá bifreiðaeigendurnir sjálfir? Lækka gjöldin á okkur sem eigum bifreiðarnar? Er þessi nýja skipan á málinu til þess að lækka gjöldin á bifreiðum í landinu? Ég er ansi hræddur um að það verði akkúrat þveröfugt. Og mér finnst það alveg furðulegt. Ég tók ekki eftir þessu fyrr en ég fékk þetta skjal sl. föstudag til að fara að lesa það aftur þegar sýnt var að það var um það leyti að komast í gegnum Ed., þá rak ég mig á það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. var að segja hér áðan að stofnunin eða ráðuneytið í þessu tilfelli skuli leyfa sér það sem stendur hér skýrum stöfum á bls. 5 í fskj. með þessu frv. að það er búið að nota þetta nýja kerfi, sem ekki er búið að lögfesta, í lengri tíma. Það er búið að setja upp og kosta til — ja, hvað miklum fjármunum, það vitum við ekki — til þess að byggja upp kerfi sem Alþingi er ekki búið að samþykkja og hefur raunar hafnað, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. tók réttilega fram, oftar en einu sinni. Mér finnst þetta vera alveg furðuleg vinnubrögð og ég verð að segja það að maður hefði látið segja sér þetta tvisvar ef maður hefði ekki getað lesið þetta hér á þessu opinbera plaggi. Það væri raunverulega fróðlegt að fá það hér fram hvort menn virkilega hugsa sér það í stjórnkerfinu að það sé hægt að byggja upp nýjar aðferðir og nýjar aðgerðir í ýmsum opinberum málum með því að byrja að framkvæma það áður en búið er að fá fyrir því samþykki. Það er áreiðanlega nýjung ef það á að hugsa sér að slíkt geti átt sér stað.

Ég segi það alveg eins og er að ég get ekki skilið hvernig í ósköpunum því er haldið fram að það sé eitthvert sáluhjálparatriði og stórkostlegt fjárhagslegt atriði fyrir íslenska ríkið að byggja upp nýtt skráningarkerfi í landi þar sem eru ekki til nema rúmlega 100 þús. bifreiðar, geta kannski orðið 120–130 þús. bifreiðar. Mér finnst ákaflega veik rök að það sé ekki hægt að útbúa hér, með tölvutækninni sem hér er komin inn, form til umskráningar á bifreiðum sem ætti ekki að setja allt á röndina miðað við það kerfi sem við höfum verið með. Ég get ekki séð það.

Það sem er kannski erfiðast í þessu í mínum huga er sú þjónusta sem þessi nýja útfærsla ætti að leysa. Hún sannfærir mig ekki nema síður sé með sömu rökum og hv. þm., bæði 2. þm. Norðurl. v. og 2. þm. Vesturl., komu með hér. Við fáum ekki þessa þjónustu sem við höfum út úr þessu nýja kerfi sem hér er verið að setja upp. Og það er dálítið fróðlegt ef við lítum á dæmið hér, sem sett er upp í þessu skjali í sambandi við það sem á að byggja upp í gegnum — ja, hvað eigum við að kalla hana —

Skoðunarstöðina hf. eða Skráningarstöðina hf., Bifreiðaskoðun Íslands hf. Það er talað um að þessi aðstaða muni hér í Reykjavík kosta 75 millj. kr. svo sem getið er á fskj. 5. Ég hlustaði á skýringar þessa ágæta verkfræðings sem kom á fund fjvn. á sl. ári og útskýrði þetta nokkuð.

Sjálfsagt getur vel verið að það sé hægt að byggja þessa stöð, eins og hún er sett upp, á verðlagi í dag á 100 millj. kr. og við skulum segja að það sé í lagi. En halda menn virkilega að það nægi fyrir þessa þjónustu að fá þrjár eða fjórar skoðunarstöðvar út um land? Láta menn sér virkilega detta þetta í hug? Ég tek fyllilega undir þau rök sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lagði hér fram. Auðvitað á þessi þjónusta að færast til fólksins en ekki frá fólkinu. Og jafnvel þó að það lægi hér fyrir að stjórnvöld hygðust koma upp einni slíkri stöð í hverju kjördæmi, sem kostaði þá 8x15 millj. kr. ef miðað er við þessa útfærslu, sem er nú vægast sagt ekki nákvæmt, er ég ansi hræddur um að það dragi einhvers staðar úr þjónustu miðað við það sem við höfum þó í dag þar sem þessi bifreiðaskoðun fer nú fram í öllum þéttbýlisstöðum landsins. Við skulum hugsa okkur það að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að styrkja byggðirnar með því a.m.k. að það væri á flestum þéttbýlisstöðum og jafnvel víðar aðstaða fyrir bifreiðaþjónustu, þ.e. bifreiðaverkstæði, sem ganga nú ekki of vel úti um landið eins og er, og þau fengju þetta hlutverk. Ef þau misstu af þessu og fengju ekki að sjá um þessa þætti yrðu bifreiðaeigendur að fara landið á enda til þess að fá skoðun á bílum sínum. Ég get ekki séð hverju þetta þjónar. Það væri miklu eðlilegra að hafa bifreiðaeftirlitið í þeirri mynd, finnst mér, að gera samninga við slík verkstæði þannig að þau gætu sett upp fullkominn búnað hjá sér og síðan væri ábyrgðin hjá þeim hvort bifreiðarnar okkar væru í lagi og stæðust þá skoðun eða þá umfjöllun sem þessir aðilar gerðu á eðlilegum tímum til þess að fullnægja því öryggi sem allir eru sammála um. Ég er þess vegna algjörlega andvígur þessari hugmynd. Það má vel vera að menn sjái einhverja nýja lausn í því að mynda Bifreiðaeftirlit hf. með ýmsum aðilum og þá vil ég taka undir það, ekki síður, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér í sambandi við tryggingafélögin. Halda menn virkilega að það sé eitthvert fjárhagslegt öryggi fyrir bifreiðaeigendur í landinu ef tryggingafélögin eiga líka, ofan á það frelsi eða þá einokun sem þau raunverulega hafa í sambandi við ákvörðun á bifreiðatryggingum í landinu, að vera beinn aðili að skoðunarkerfinu í landinu? Þau hafa núna það öryggi fyrir sinn rekstur að það er ekki hægt að skoða bíl nema búið sé að borga tryggingagjaldið. Maður hefði haldið að það væri kannski fullnægjandi að flestu leyti. En ég segi það alveg eins og er, og tek undir það sem hér hefur komið fram, að ég tel að það sé ekki trúverðug staða fyrir bifreiðaeigendur í landinu ef þessir aðilar eiga að sjá um alla þætti þessara mála og bifreiðaeigendur eru sjálfir algjörlega varnarlausir. Það er mín skoðun.

Herra forseti. Það var nú ekki meining mín að fara í miklar umræður um þetta mál. Ég endurtek það sem ég sagði hér í upphafi: Ég reiknaði ekki með að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Ég hélt að menn mundu fá að skoða þetta miklu nánar og ræða það frekar miðað við þessa dreifingu á þjónustu, a.m.k. hefur enginn talað gegn því hér á hv. Alþingi að dreifa þjónustunni um landið og tengja þetta mál miklu frekar til þess að reyna að byggja upp örugga þjónustu víðs vegar um landið gegnum þau bifreiðaverkstæði sem eru til og þetta væri liður í því.

Ég er alveg sannfærður um að þetta nýja kerfi, ef það fengi framgang hér á hv. Alþingi, verður til þess að stórhækka gjöld á bifreiðaeign landsmanna. Ég er alveg sannfærður um það. Ég er einnig sannfærður um það að ef þetta kerfi verður samþykkt hér á hv. Alþingi virkar það akkúrat öfugt. Þjónustan er færð frá fólkinu og fólkið sem á bifreiðar í vaxandi mæli verður að hafa miklu, miklu meira fyrir því að eiga þessar bifreiðar en nú. Þess vegna virkar þetta kerfi öfugt á mínar skoðanir í sambandi við þessi mál.

Ég þarf ekki að lýsa því að ég er andvígur þessu frv., ekki að því leyti til að ég vilji ekki efla bifreiðaeftirlitið og gera það öruggara og nútímalegra en það er, en í þessu formi get ég ekki samþykkt það, alls ekki, og mun beita mér gegn því að svo verði gert. Ég tek undir þau tilmæli sem hv. 2. þm. Norðurl. v. beindi til hæstv. dómsmrh. um að það væri langeðlilegast, núna þegar kannski einn eða tveir sólarhringar eru eftir til þingslita, að frv. verði dregið til baka og fái enn þá meiri meðferð milli þinga. Síðan gætum við rætt það í haust hvaða kerfi við mundum vilja taka upp í sambandi við þetta mál.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Það er því miður nokkur hætta á að endurtekningar kunni að gæta í umræðunum vegna þess að margir þeirra sem hér hafa talað voru ekki viðstaddir 1. umr. um málið, en því verða menn að una. Ég vil byrja á því að þakka hv. allshn. Nd. fyrir hennar framlag til þessarar umræðu og vil taka á nokkrum af þeim atriðum sem hafa komið fram. Ég ætla að byrja á því að skýra hvers vegna lagt er til að stofnað verði hlutafélag um bifreiðaskoðun og skráningu á bifreiðum. Ástæðan er sú að mikil kyrrstaða hefur verið í þessari þjónustu þannig að draga má í efa að með þeirri tækni og aðferðum sem Bifreiðaeftirlitið nú býr yfir sé unnt að veita þá öryggisþjónustu sem er eini tilveruréttur þessarar stofnunar. Málið er nú ekki flóknara en þetta. Til þess að koma við nýjum vinnubrögðum þarf aðra uppbyggingu, annars konar skipulag og meira fjármagn reyndar því að það er þörf fyrir skoðunarstöðvar með mælitækjum sem vinna líkt því sem vörur í verksmiðju eru gæðaprófaðar.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég tel nauðsynlegt að menn líti líka á fjárhagslega skipulagið um leið og tæknilegt og verklegt skipulag eftirlitsins er tekið til

endurskoðunar. Það er rauði þráðurinn í málflutningi þeirra sem hér hafa talað að óviss samsvörun sé milli kostnaðar af þeirri þjónustu sem þarna er veitt og hinnar veittu þjónustu. Leiðin til þess að fá örugga samsvörun er einmitt sú sem hér er lögð til, að það verði fjárhagslega ábyrgur aðili sem veiti þjónustuna, standi undir kostnaði af fjármagni við hana og standi skil á því. Það eru því miður tæknilegir gallar á því kerfi sem við höfum nú, bæði að því leyti að það gefur ekki kost á hemlaprófunum eða ljósaprófunum á þann hátt sem þyrfti að gera og ýmsum öðrum öryggisprófunum sem hægt er að veita í nútíma skoðunarstöðvum. Það þarf að stefna að því að þessi þjónusta verði veitt um allt land og ég vildi benda hv. þingdeildarmönnum á það en sumir þeirra hafa talað eins og hin upphaflega tillaga væri óbreytt. Eins og frv. kom frá Ed. er það hins vegar ákveðið í sjálfri frumvarpsgreininni að stefnt skuli að því að skoðunarstöðvar rísi í hverjum landshluta.

Vegna þess sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vék hér að um staðhætti og fyrirkomulag á Norðurl. v. og verkstæði á Blönduósi og gæti veitt þessa þjónustu tel ég mjög líklegt að menn mundu freista þess að semja við þetta verkstæði, en auðvitað yrðu að rísa fleiri stöðvar og gera yrði víðar samninga við verkstæði sem gætu veitt þessa þjónustu á Norðurlandi þannig að dæmið sem hann tók af ferðalagi frá Langanesi til Blönduóss er alls ekki raunhæft í þessari mynd.

Þetta eru nú aðalröksemdirnar fyrir því að hér er brotið upp á því nýmæli að stofna um bílaskoðunina félag með þeim sem hafa hagsmuni af öryggi í umferðinni. Ég bendi hv. 2. þm. Norðurl. v. á það að aðild tryggingafélaganna að þessu félagi mundi einmitt geta stuðlað að því að slys yrðu færri og vátryggingariðgjöld lægri. Þess vegna eiga þau hér hagsmunasamleið með Félagi ísl. bifreiðaeigenda, með Félagi bifvélavirkja, með Bílgreinasambandinu, svo að ég nefni þá aðila sem auk tryggingafélaganna hafa tekið þátt í undirbúningi þessa máls. Það er ekki lítils um vert að allir þessir aðilar hafa viljað taka þátt í þessu, m.ö.o. viljað sýna lit á að veita þessa þjónustu. Það hefur mjög oft komið fyrir í málflutningnum hér að menn tala um að veita þessa þjónustu sem næst fólkinu. Vandamálið hefur kannski verið það að þjónustan hefur ekki verið veitt og eftirlitið því e.t.v. gefið falskt öryggi vegna þess að nauðsynlegar prófanir er ekki hægt að framkvæma með þeirri tækni sem eftirlitið býr nú yfir. Hér er því ekki verið að tala um sama hlut. Hér er verið að tala um algjöra nýskipan þessarar framkvæmdar á nauðsynlegu öryggiseftirliti. Þess vegna er lagt til að fara þessa leið til þess að þarna sé gætt fyllsta fjárhagslegs öryggis auk umferðaröryggisins sem er megintilgangurinn. En ég ætla ekki að eyða miklu meiri tíma í þetta. Þetta er vel útskýrt í gögnunum sem fylgja og ég minni á að þetta er vandlega undirbúið mál sem á sér langan aðdraganda, var, eins og hv. 1. þm. Vesturl. lýsti, kynnt fjvn. þegar haustið 1987 og ég varð ekki var við annað en að fjárveitinganefndarmenn tækju þessu máli vel og teldu að skynsamlega væri staðið að fjárhagslegri uppbyggingu þessarar þjónustu. Ég minni hv. þingdeildarmenn á það að hér er ekki eingöngu um það að tefla að spara ríkinu peninga eða fyrirhöfn, hér er ekki síður um það að tefla að spara fólki fyrirhöfn. Ég kem kannski að því dálítið nánar hér á eftir. En látum þetta nægja um félagsstofnunina.

Þá hefur verið spurt um skráningaraðferðina. Hvers vegna er verið að stinga upp á því að hafa einfalt númerakerfi af þessu tagi sem ekki fylgir lögsagnarumdæmum eigandans? Svarið er eins og fyrr. Það er til þess að spara fólki óþarfa fyrirhöfn. Sannleikurinn er sá að margt af því sem framkvæmt er í þessari skráningarstofnun er hreinn óþarfi og ég get tekið um það dæmi hér á eftir.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. þeysti hér upp mikinn móð um það að framkvæmdarvaldið hefði brotið gegn vilja þingsins í því að taka upp skráningarnúmer í skráningarvottorðin sem fylgdu þessu vafasama útlenda kerfi að hafa tvo bókstafi fyrst og þrjá tölustafi svo. Ég tel að það sé ekki nauðsynlegt að sækja um lagaheimild til þess að merkja nýjungar í bókhaldinu; þótt nauðsynlegt sé að hafa bókhaldslög segja þau ekki með hvaða tákni menn skuli merkja. Sannleikurinn er sá að það var farið að gefa bifreiðum fast númer árið 1971. Þá var farið að skrá fastnúmerið í skráningarskírteinin hérna í Reykjavík. Til hvers var það gert? Það var gert í þeim einfalda tilgangi að unnt væri að skrá þetta í tölvur og fylgjast með hverjum bíl því ef númerið er síbreytilegt, fer af einum bíl á annan, er ekki hægt að fylgjast með bílnum eftir númeri í eigendaskráningu, við slys eða í öðrum tilfellum. Þetta er þess vegna, hvað á ég að segja, skráningarnauðsyn og ekki á nokkurn hátt tengt því hvort lagaheimild hafi verið til þess að taka þetta upp.

Á árunum 1974–1980 var smám saman farið að skrá fasta númererið í skráningarskírteinin út um allt land. Þetta er fyrst og fremst hagkvæmnispursmál og er hvergi birt annars staðar en í skráningarvottorðinu en þar hafa hv. þingdeildarmenn getað séð þetta sjálfir öll þessi ár. Ábyrgðarmenn þess arna eru auðvitað stjórnarfarslega þeir dómsmálaráðherrar sem hafa farið með þennan málaflokk á þessum árum, þ.e. Ólafur Jóhannesson, Steingrímur Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Vilmundur Gylfason, Jón Helgason og svo síðast sá sem hér stendur sem núna skýrir málið rækilega fyrir þinginu og æskir þess að það verði einfaldlega látið duga að þetta bókhaldsnúmer sé líka auðkenni bílsins framanvert og aftanvert en ekki bara í skráningarvottorðinu því hjá því verður ekki komist að hafa eitthvert auðkenni í skírteini bílsins til þess að tengja saman það sem gerist þegar hann fer frá einum eiganda til annars með því kerfi sem nú er. Það er þess vegna raunverulega röknauðsyn og alls ekki hægt að komast hjá því einfaldlega vegna þess að þegar héraðanúmerið, fasta númerið, sem menn hafa valið

sér að láta fylgja persónu sinni sumir hverjir, er fært af einum bíl á annan rofnar þráðurinn. Þetta er nú ekki flóknara en þetta og hefur ekkert með lagastoð að gera. Nú er hins vegar leitað eftir lagaheimild til að hverfa frá lögsagnarumdæmisskráningunni. Ég ætla að reyna að skýra það dálítið með einfaldri sögu úr hversdagslífinu, hvers vegna þetta er skynsamlegur hlutur.

Tökum dæmi. Guðrún Gísladóttir í Kópavogi kaupir bílinn R-80000 af Guðmundi Guðmundssyni sem býr í Reykjavík. Guðrún býr í Kópavogi en Guðmundur í Reykjavík eins og ég sagði. Hún verður að skipta um númer á bílnum enda þótt Guðmundur hafi engan áhuga á því að halda númerinu á sínum bíl. Guðrún umskráir bílinn yfir á t.d. Y-20000, en leggur númerið R-80000 inn hjá eftirlitinu. Fyrir þetta borgar Guðrún umskráningargjald milli umdæma, 1500 kr., eigendaskipti, 1500 kr., númeraspjöld, 1500 kr., samtals 4500 kr. Svo kemur á daginn að Gunnu líkar ekki við bílinn og hún skiptir á honum fyrir nýrri bíl sem Sigríður Sigurðardóttir er að selja. Sigríður vill halda sínu númeri sem er Y-30000 og neitar að selja nema Guðrún sjái um allan umskráningarkostnaðinn. Fyrir þetta borgar Guðrún umskráningu innan umdæmis, sem, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., er nokkuð dýrt, eðlilega að mínum dómi, 4300 kr., eigendaskipti, 1500 kr., umskráningu yfir á hinn bílinn, 4300 kr., eigendaskipti fyrir þann bíl, 1500 kr., samtals 11 600 kr. Sigríður selur bílinn skömmu seinna til Péturs Pétursonar í Reykjavík sem setur aftur á hann númerið R-80000, sem enn var laust hjá eftirlitinu. Fyrir það borgar Pétur 1500 kr. í umskráningu, 1500 í eigendaskipti, 1500 fyrir númeraspjöldin, samtals 4500 kr.

Þarna eru þessir bílaeigendur, sem sumir hverjir höfðu engan áhuga á að halda sínum númerum, búnir að borga 20 600 kr. Þeir hafa líka þurft að vafstra milli tryggingafélaga og upp í Bifreiðaeftirlit til þess að koma þessu öllu í kring. Þetta kostar líka nokkur handtök að skrúfa númer af og á, hugsanlega þarf líka að setja geymslunúmer á milli. Mjög margt af þessum þjónar engum tilgangi, er óþörf athöfn. Þetta er það sem sparast. Þetta er það sem getur sparast hjá Bifreiðaeftirlitinu, allt nema einföld tilkynning um eigendaskiptin sem slegin yrði inn í tölvukerfi eftirlitsins. Númerin haldast á bílnum. Þetta er nú í einföldum orðum sagt ástæðan fyrir því að hér er lagt til að menn hverfi að einföldu, föstu skráningarkerfi fyrir hvern bíl. Það er óþarfi að leggja þetta umstang á fólk og ég er sannfærður um að fjárhæðirnar sem nefndar eru í þessu frv., sem eru þó hvergi hærri en 100 millj. kr., eru vanmat en ekki ofmat á þeim sparnaði sem fylgir þessari einföldu og sjálfsögðu breytingu. Hitt er svo annað mál að auðvitað skilur maður tilfinningar þeirra manna sem leggja átthagaástina á númeraspjöldin sín og breiða hana út yfir allt. Ég hefði þó haldið að hjá flestum höfðaði átthagaástin til annars og meira en blikkplötu á bílnum. En ég vil ekkert gera lítið úr því. Allt hefur þetta gildi og ég lít ekki á þetta sem hégómamál því að það er sko enginn hégómi að leggja þetta vafstur á fólkið sem engan áhuga hefur á því að halda einhverjum föstum númerum á þeim bílum sem það eignast um ævina.

Þetta er í stuttu máli það sem þarf að segja um númerakerfið og ég er sannfærður um að þegar hv. þingdeildarmenn hugsa þetta mál og velta því fyrir sér, hvað það er sem vinnst með því að taka þetta upp og hvað það er sem tapast með því að leggja það gamla héraðaskráningarkerfi af sem hingað til hefur verið við lýði, verður niðurstaðan ljós.

Ég minni líka að endingu á það að á hinum nýju númeraspjöldum verður sérstakur reitur fyrir þá menn sem vilja auðkenna bílinn með sínu héraðsmerki. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að margir munu nota sér það og munu kannski velja að nota þar nákvæmari staðargreiningu en núna fylgir héraðanúmerum. Ég er sannfærður um það að þegar þetta hefur verið gert, eins og svo margt annað sem er þessarar náttúru, skilja menn ekkert í því hvað vafðist fyrir mönnum að vera ekki löngu búnir að koma þessu á.

Í þriðja og síðasta lagi hefur það komið fram í máli nokkurra ræðumanna að þetta mál hafi ekki neinn forgang, þetta hafi ekki verið kynnt sem sérstakt forgangsmál ríkisstjórnarinnar og að þess vegna eigi ekki að ljúka því á þessum annasömu þingdögum. Ég vil um þetta mál upplýsa að það var á forgangslista þeim sem dómsmrn. lagði fram í aprílmánuði og sendi formönnum þingflokka stjórnarflokkanna þann 20. apríl. Þar var mjög skýrt fram sett að þetta væri eitt af þeim málum sem ég teldi að ætti að gefa forgang. Hvers vegna? Svarið er einfalt. Búið þarf margs við. Það þarf líka að sinna því að laga svona hluti sem bæta þjónustuna fyrir fólkið, koma fram markvissum tilraunum til fjárhagslegrar endurskipulagningar í opinberum rekstri, reyna að veita þjónustu þar sem kannski er vafasamt að hún hafi verið fullnægjandi fyrir. Þetta er þess vegna það sem ég hef um það mál að segja og ég vil þess vegna alls ekki draga frv. til baka, en minni á að það hlaut öruggan meiri hluta í hv. Ed. og óska eftir því að umræðunni ljúki sem allra fyrst svo fram geti farið atkvæðagreiðsla um málið.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. þessarar deildar greiði nú atkvæði, vonandi eftir sannfæringu sinni en ekki eftir því hvernig þm. í hv. Ed. hafa greitt atkvæði.

Ég verð að spyrja sjálfan mig og hv. þm. að því: Hvar erum við eiginlega stödd? Er það tilfellið að við séum bara fangar embættismannakerfisins? Hér kemur hvert málið á fætur öðru sem er sýnilegt að er komið og barið fram af embættismönnum kerfisins. Mér dettur í hug hvort ekki sé bara rétt að vísa þessu máli, þ.e. skoðun á bifreiðum, til Ríkisendurskoðunar.

Ég ætla ekki að ræða um þá hlið málsins sem hv. 1. og 2. þm. Vesturl., ásamt 2. þm. Norðurl. v., hafa

rætt. Það vill hins vegar svo til að ég hef þekkt til í Bifreiðaeftirlitinu í rúm 40 ár, 43 ár. Það eru að minnsta kosti 12 ár síðan forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins, Guðni Karlsson, vildi taka upp það kerfi að hægt væri að skoða bílana sómasamlega og inni í húsi, hér í Reykjavík. Það var tekið á leigu húsnæði til þeirra hluta, ég man ekki fyrir hvað mörgum árum en líklega a.m.k. 10–12 árum. Og ég veit ekki betur en að ríkið hafi borgað leigu fyrir það húsnæði öll þessi ár. Síðan var annað húsnæði tekið á leigu, skemma þar stutt frá, og var borguð leiga fyrir það í nokkur ár. En hvað gerðist á þessum árum? Það voru ekki hæstv. dómsmrh., hver fram af öðrum, sem stóðu þar í vegi, heldur var það fjárveitingavaldið og fyrst og fremst embættismennirnir í dómsmrn. Ég þekki þessa sögu, hæstv. dómsmrh. Það vill svo til. Ég er gamall ökukennari. Ég tók upp fyrst þann öryggisbúnað sem nú er á bifreiðum og hef þess vegna að ýmsu leyti fylgst með þessu alla tíð. Þeir forstöðumenn Bifreiðaeftirlitsins sem hafa verið fram að þessu hafa rætt um þessi vandamál við mig á liðnum árum. Það lítur út fyrir það að við séum bara fangar embættismannakerfisins. Það er ætlast til að við bara afgreiðum málin hvert af öðru og jafnvel virðist vera að ráðherrarnir hæstv., sem ættu að setja sig betur inn í þessi mál en þeir gera, geti rætt málin þannig að svart sýnist hvítt.

Hér hafa verið haldnar frábærar ræður um þetta mál. Ég ætla ekki að fara að gefa mönnum einkunnir fyrir þær ræður og ég ætla heldur ekki að endurtaka það sem þeir sögðu. En hér er eitt af þessum málum sem talið er að verið sé að spara hlutina með, það sé verið að auka öryggið, blátt áfram öllu snúið við.

Það væri gaman að rifja það upp frá ári til árs hvað t.d. Guðni Karlsson hefur reynt að fá fjárveitingavaldið og ráðuneytið til að gera í þessum málum, hvað þeir hafa samþykkt og hvernig framkvæmdin hefur verið. Við sem höfum reynt að athuga þetta erlendis, hvernig staðið er að þessum málum þar. Ég ætla að sleppa alveg skráningarmálinu. Mér finnst það vera meinsemi samt sem áður, ef menn vilja borga fyrir það á annað borð, að þeir geti ekki haldið sínu númeri, en það er aukaatriði í þessu máli. Öryggismálið og sparnaður, ef það færi saman. En ég vil halda því fram og ég vil fullyrða að það er hvorki öryggi sem mundi leiða af samþykkt frv. og því síður sparnaður fyrir þá sem eiga bifreiðar.

Ég ætla ekki að bæta neinu við þetta en ég geri ráð fyrir og a.m.k. vona að menn athugi þetta mál betur. Ég get tekið undir flestallt sem þessir hv. þm., sem hafa rætt þessi mál, hafa rætt um.

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði nokkuð ræðu minni áðan og var meginniðurstaða í svörum ráðherrans sú að hafna þeim aðaltilmælum mínum að draga frv. til baka og taka meira tóm til þess að athuga það sem ég taldi ekki vera vanþörf á.

Hæstv. ráðherra sagði frv. vera vel undirbúið og að þetta mál og málefni Bifreiðaeftirlitsins hefði verið kynnt fjvn. í haust og ekki væri annað vitað en að því hefði öllu þar verið vel tekið. Hæstv. ráðherra þekkir kannski ekki mikið til starfa í fjvn., og er það auðvitað lítilvægur þáttur þessa máls. En ég get sagt honum það að það er ekki venja þó einhverjar nefndir á vegum framkvæmdarvaldsins komi og kynni sínar hugmyndir fyrir fjvn. að þær séu reknar á dyr með óbótaskömmum eða aðfinnslum. Slíkum greinagerðum er yfirleitt tekið á þann máta sem efni eru til. Það er hlustað á slíkar greinagerðir og síðan gerir nefndin það upp við sig hvort hún tekur eitthvert tillit til þeirra eða ekki sem í tilliti eins og þessu, þar sem um lagabreytingu er að ræða, er ekki efni til fyrir fjvn. að hafa nein sérstök afskipti af.

Hæstv. ráðherra sagði að megintilefni þess að frv. væri flutt væri það að ríkt hefði kyrrstaða í þessum málum. Það hefði verið kyrrstaða í starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og þjónustan væri óörugg, eða a.m.k. léki vafi á því að hún skilaði því sem til væri ætlast. Þetta má vel vera. En það er harla lítil vissa fyrir því að einhver sérstök framþróun verði í tækjabúnaði, aðstöðu, byggingum, öryggistækjum, við það að hverfa frá því kerfi sem gilt hefur, þeirri stofnun sem gilt hefur og taka upp nýja stofnun sem heitir hlutafélag. Auðvitað felst engin vissa í því að það feli í sér breytingu í þá átt að allt í einu verði allt fullbúið af öryggistækjum og húsbúnaði og aðstöðu fyrir þessa starfsemi. Það er auðvitað fjármagn sem þarf til þess. Og ef hæstv. ráðherra hefði, sem hann hefur væntanlega, átt innangengt t.d. hjá hæstv. fjmrh. hefði kannski verið hægt að nota þá sérmerktu tekjustofna sem runnið hafa til ríkisins vegna þeirrar starfsemi sem fram fer hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins til þess að bæta þessa aðstöðu, til þess að ná því að búa þetta fyrirtæki þeim öryggistækjum sem hæstv. ráðherra telur að á skorti. Hann telur að líkur séu til þess að ef bifreiðatryggingafélögin koma inn í þessa starfsemi verði allt í einu vel séð fyrir öryggi vegfarenda og þá megi allt í einu gera því skóna að þetta nýja fyrirtæki og sú þjónusta sem það á að veita verði með þeim hætti að fyllsta öryggis sé gætt, tækjabúnaður verði í lagi og allt í hinu besta ástandi. Þetta er auðvitað alveg óskylt mál og kemur ekkert þessu máli við, hvaða form er á eignarhaldi á slíkri starfsemi. Það er hvernig þessum málum er stjórnað og hvaða fé er lagt í þessa starfsemi sem ræður því hvort hægt er að veita þá þjónustu sem gera verður kröfur til. Hæstv. ráðherra mundi væntanlega geta beitt áhrifum sínum enn þá meira ef um ríkisfyrirtæki er að ræða en ef um einkafyrirtæki, þ.e. hlutafélag, væri að tefla. Hann hefur það miklu meira í hendi sér sem ráðherra í þessum málum, með hæstv. fjmrh. við hlið sér, að koma því svo fyrir að þessir öryggisþættir málsins verði í lagi.

Vegna orða hæstv. ráðherra um kyrrstöðu í þessum málum, sem ég skal ekkert fullyrða um í sjálfu sér, er rétt að vekja á því athygli að hv. alþm. hefur borist bréf frá Félagi bifreiðaeftirlitsmanna, dags. 28. apríl 1988, þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum mánuðum hefur verið vegið illilega að Bifreiðaeftirliti ríkisins með slæmum afleiðingum fyrir stofnunina og ekki síst starfsmenn hennar. Hingað til hefur þessi umræða, sleggjudómar, farið fram í dagblöðum og virðast hafa lekið þangað eftir ýmsum leiðum, bæði trúnaðarupplýsingar og persónulegar skoðanir, árásir ýmsra aðila bæði skyldra og óskyldra."

Að þessari tilvitnun lokinni er í samantekt, sem hér er gerð og send hefur verið alþingismönnum, eins og þar segir, „á hógværan hátt" bent á það sem þessir félagsmenn í Félagi bifreiðaeftirlitsmanna telja nauðsynlegt að komi fram. Þar segir m.a. að því hafi verið haldið fram að Bifreiðaeftirlit ríkisins hafi verið rekið með tapi í fjölda ára og að árið 1987 hafi stofnunin í fyrsta sinn verið rekin með hagnaði. Síðan er gerð grein fyrir því að þessu er á allt annan veg farið og að á árunum 1981–1986 hafi tekjur ævinlega verið hærri en gjöld utan einu sinni. Ég rakti áðan hvernig útkoman var á árinu 1986 þegar einungis skráningargjöldin dugðu langdrægt fyrir öllum rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þegar við bættust skoðunargjöld og prófgjöld fóru tekjurnar um 80 millj. kr. fram úr heildarkostnaði við rekstur þessarar stofnunar. Það er því auðvitað hárrétt hjá þessum starfsmönnum Bifreiðaeftirlitsins að þarna hafa tekjurnar í flestum tilvikum verið mun meiri en rekstrargjöldin.

Síðan segja þessir starfsmenn að athyglisvert sé að fjölgun starfsmanna frá árinu 1981 til 1986 sé ekki nema 11% þrátt fyrir stóraukið vinnuálag og að bílaeign landsmanna hafi aukist um 25% og innflutningur á sama tíma um 73%. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu í bílaeign landsmanna og þennan mikla innflutning hafi þó starfsmönnum ekki fjölgað á þessu árabili nema um 11%. Þetta út af fyrir sig er ekki svo vondur dómur um þessa stofnun þó að í þessu komi í sjálfu sér ekkert fram hvernig hún hefur getað sinnt því þjónustuhlutverki sem henni er ætlað og hvernig hún hefur verið búin tækjum og byggingum til að geta sinnt þessu starfi, sem er annað mál.

Hæstv. ráðherra taldi að það væri aldeilis ekki að fara neitt á svig við Alþingi, sem ég gerði að umtalsefni, þar sem segir í grg. með frv. að öll skráningarskyld ökutæki séu nú skráð í tvöföldu númerakerfi þrátt fyrir það að Alþingi hafi hvað eftir annað hafnað þessu svokallaða fastnúmerakerfi. Enda þótt það hafi tíðkast undir yfirstjórn dómsmrh. allt aftur til Ólafs Jóhannessonar, eins og hæstv. núv. dómsmrh. segir — (**Dómsmrh.:** Og er rétt.) Og er rétt, segir ráðherrann. (**Dómsmrh.:** M.a. þeirri ríkisstjórn sem hv. 2. þm. Norður. v. átti sæti í.) — afsakar það ekki þá meðferð framkvæmdarvaldsins að taka upp skráningarkerfi, sem Alþingi hefur ítrekað fellt, með þessum hætti og afsakar ekki að vinna slík verk þvert ofan í það að Alþingi hefur hafnað þessu, hvorki stjórnarfarslega né að leggja í þann kostnað sem þessu fylgir.

Ég ætla ekki að gera athugasemdir við þá ferðasögu bifreiða á milli Kópavogs- og Reykjavíkurumdæma sem hæstv. ráðherra rakti hér áðan. Það er alveg hárrétt að það verður ekki undan því komist eftir núverandi kerfi að ef keyptur er bíll úr öðru umdæmi þá þarf að umskrá hann yfir í hið nýja umdæmi. Þetta kostar 1500 kr. og eigendaskráningin kostar líka 1500 kr.

Ég minnist þess nú ekki hversu langt er síðan tekið var upp að greiða fyrir svokallaða eigendaskráningu en ég hygg að það sé ekki langt síðan. Og ég hygg að það sé uppfinning þeirra reglugerðarsmiða sem gjarnan vilja nota hin ólíklegustu tækifæri til þess að finna færi á að ná tekjum af almenningi. En hitt er rétt að hjá því verður ekki komist eftir núverandi kerfi að umskrá bifreið sem færist á milli umdæma. Hitt er mál kaupenda og seljenda sjálfra, sem innan sama umdæmis versla með bifreið eða annað ökutæki, hvort umskráð er eða ekki. Það er engin þörf á því eftir núverandi kerfi. Ef þessir aðilar vilja halda sínum númerum og vilja umskrá þá er það þeirra mál en eins og fram hefur komið hefur þar heldur betur verið tyllt á kostnaðinn sem er 4500 kr. Og ekki skaðast nú Bifreiðaeftirlitið á því eða ríkissjóður. (**Dómsmrh.:** En blessað fólkið.) Það er sjálfrátt, hæstv. ráðherra. (**Dómsmrh.:** Nei, það er ekki sjálfrátt. Það er nóg að annar heimti. Þess vegna er það kerfinu að kenna.) Það er ekki sjálfgefið að það dugi að annar heimti, það er samningsatriði á milli seljenda og kaupenda og það er þeirra mál hvort þessi umskráning fer fram.

Hæstv. ráðherra sagðist ekki ætla að gera það að gamanmálum að sumir menn virtust hér vilja leggja átthagaástina á bílnúmer. Mér fannst falskur tónn í orðum ráðherrans og ég tel ástæðulaust að vera að snúa út úr orðum mínum um það að þetta frv. er eitt dæmi þess að verið sé að má út einkenni héraða í landinu. Þau dæmi eru mörg fleiri og er eitt af þeim atriðum sem verða til þess að ég get ekki stutt þetta frv. og mun að sjálfsögðu sem áður greiða atkvæði gegn þessum tillögum.

Þá sagði hæstv. ráðherra að þetta frv. hefði verið á forgangslista í apríl, eins og hann orðaði það. Ég hef ekki annað fyrir mér í þeim efnum þegar ég sagði að þetta frv. hefði ekki verið á forgangslista ríkisstjórnar að sá forgangslisti sem lesinn var upp í mínum þingflokki hafði ekki þetta mál inni að halda, enda var hæstv. ráðherrum sett fyrir um það að þeir gætu ekki valið sér endalausan lista af forgangsviðfangsefnum, af forgangsfrv. og ég hygg að önnur mál hafi verið þar á undan hjá þessum hæstv. ráðherra sem hafi fyllt hans kvóta þó svo hann hafi kannski kosið að koma ýmsum fleiri frv. fram. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að ljúka þingi á þeim tíma sem nú hefur í raun verið ákveðið og staðið hefur til um alllanga hríð, þá varð hún að takmarka sínar óskir um málafjölda hér á hinu háa Alþingi. Vel má vera að þetta tvennt hafi rekist á í höfði hæstv. ráðherra.

Ég skal ekki að sinni lengja þessa umræðu. Mér

þykir miður að hæstv. ráðherra hefur ekki viljað fallast á þau tilmæli mín enn sem komið er, vel má vera að honum snúist hugur, hann muni fallast á þau tilmæli mín að draga þetta mál til baka og a.m.k. fresta því þannig að tóm gefist til þess að athuga það betur, tóm gefist til þess að gefa viðhlítandi skýringar á því sem ég og fleiri hafa hér talað um, og hæstv. ráðherra vinnist tóm til þess að koma með eitthvað trúverðugra um sparnað af hálfu ríkisins heldur en hér hefur komið fram og birtist í þessum gögnum, en þar er á einum stað talað um 20,3 millj., á öðrum stað er talað um 98 millj., í þriðja og fjórða lagi er látið í veðri vaka í fjölmiðlum að það séu 300 millj. o.s.frv. o.s.frv. (**Dómsmrh.:** Ég hef aldrei gert það.) Ja, einhvers staðar frá er það komið í fjölmiðla. Og hvort sem það hefur komið frá hæstv. ráðherra eða einhverjum hans undirsátum þá er það ekki á mínu færi að skilgreina það. En mér þykir það mjög miður að enn sem komið er hefur hæstv. ráðherra ekki fallist á að draga frv. til baka til þess að hafa tóm til að vinna sig út úr þessari talnaflækju sem hér liggur að baki og sýnilega er allt tóm vitleysa.

Ég hefði einnig kosið að fá ítarlegri grg. um meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli sem ég óskaði eftir heldur en það sem hér kom fram í máli hæstv. ráðherra en vel má vera að hæstv. ráðherra geti látið slíka skýrslu koma síðar.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram og staðfesta sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan að í bréfi sem hann sendi formönnum þingflokka fyrir svona hálfum mánuði síðan þá tók hann það fram að hann teldi þessi umferðarlög forgangsmál, þ.e. þetta var það mál sem hann óskaði helst eftir að afgreitt yrði frá sínu ráðuneyti af þeim málum sem voru óafgreidd af málefnum dómsmrh. Forsrh. hafði þann hyggilega hátt á — og það eru nýmæli sem ég vil leyfa mér að hrósa honum fyrir — að hann krafði ráðherra sína um það að þeir röðuðu sínum málum í forgangsröð. Þessi forgangsröð er auðvitað einungis ósk hvers ráðherra, hvað hann leggur mesta áherslu á af sínum málum, en segir ekkert um það eða bindur þingheim að öðru leyti eða samstarfsflokka. Það er bara að ráðherrann leggur áherslu á að þetta mál fái afgreiðslu og meiri áherslu á að þetta tiltekna mál fái afgreiðslu en önnur mál frá hans ráðuneyti. Síðan á hann það auðvitað undir þingheimi og samstarfsmönnum sínum hvort málið hlýtur byr og nær fram að ganga og verður að lögum. Það eru náttúrlega eins og hver önnur kontóristarök hjá hæstv. dómsmrh. að ímynda sér að þó að hann skrifi á blað að hann vilji helst fá þetta mál afgreitt að samstarfsflokkar hljóti að lúta því að það megi ekki reyna að koma vitinu fyrir hann. En satt að segja þykir mér hann sækja þetta mál af meira kappi en forsjá og það þykir mér leiðinlegt því ég met hæstv. dómsmrh. mjög mikils og hef gert um áratugi.

Mér finnst hryggilegt að kanna þetta mál því eftir því sem það er skoðað betur, eftir því sem það er rætt lengur, eftir því fullvissast maður um að því verra er það sem maður kynnist því meir. Það eru alltaf að ljúkast upp nýjar og nýjar hliðar á málinu, hver annarri verri, því það hefur tekist alveg ótrúlega slysalega til við þessa samningu.

Ég beindi fyrst gagnrýni minni að einum þætti málsins, þ.e. fastnúmerakerfinu og leyfði mér að flytja um það brtt. sem kemur hér til atkvæða í hv. deild þegar þetta frv. verður tekið til atkvæða sem ég geri ráð fyrir að verði á morgun þegar deildin er fullskipuð. En það er margt fleira sem er gagnrýnivert í þessu frv. Satt að segja finnst mér að það séu önnur atriði enn verri en þau sem ég gagnrýndi einkum í upphafi við 1. umr. málsins. Þráhyggjumenn reyna að keyra þetta mál fram með ómarktækum útreikningum, beita fyrir sig blekkingum og talnaleik sem enga stoð á í veruleikanum. Það er óprýði á starfsferli ráðherrans að hann skuli gera þessi ósköp að sínum.

Ég ætla að tala aðeins meira um númeraplöturnar. Það er kunnara heldur en frá þurfi að segja og það held ég að sé ekkert nefnt hér í þessu frv. um að nýjar númeraplötur kosta peninga. Í staðinn fyrir að geta notað númeraplöturnar á bíl eftir bíl þá þarf að kaupa nýjar númeraplötur á alla nýja bíla. Ég veit að vísu um aðila sem hafa hugsað sér að verða ríkir á að framleiða þessar plötur, en sem eftir þeim sýnishornum sem borin hafa verið á borð fyrir okkur eru náttúrlega ótækar því þær eru með of litlum stöfum og eru of ógreinilegar og of flóknar til þess að vera viðunandi. Það er kostnaður sem ekki er hér inni í þessum „kalkúlasjónum" sem birtar eru með frv.

Ég spyr af hverju langflestir þeirra sem skipta á bílum innan sama umdæmis flytja númeraplötur. Það er af því að annar hvor eða báðir vilja halda í sitt gamla númer. Og það er alveg sama hvort þetta númer er fallegt í augum heimsins. Menn taka tryggð við númerin sín og menn hafa misjafna trú á þeim. Sumir eru með heilagar tölur, sumir eru með happatölur og þetta getur allt saman skipt einhverju máli og skiptir einhverju máli fyrir fjöldann allan af bíleigendum.

Ég þekki það sem hestamaður að mér þykir miklu meira gaman að ríða hesti sem lítur sæmilega út og hefur ekki áberandi galla, hesti sem mér þykir fallegur. Ég tala nú ekki um að ég vil hafa hann góðan líka. Einn þátturinn í útliti bílsins er númerið og ef maður hefur smekk fyrir það þá er ekkert á móti því að sá sem smekkinn hefur greiði eitthvað fyrir það. Þar fyrir utan hefur þetta náttúrlega verið tekjulind fyrir ríkið. Það hefur verið tekjulind fyrir ríkið á undanförnum árum, eins og margsannað er í þessum umræðum, að stunda þessi viðskipti og þarna er skattur sem fólk hefur greitt með glöðu geði.

Það er nú með skattheimtuna að bestir eru þeir skattar sem fólk greiðir með glöðu geði. Það eru þær tekjur sem fjmrh. má vera sælastur yfir, þær sem borgarinn greiðir glaður eins og t.d. tekjurnar sem

hann hefur af Áfengisversluninni og af bílnúmerunum. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að svipta ríkissjóð þessum tekjustofni.

Dómsmrh. sagði okkur hér bráðskemmtilega sögu sem hann hafði búið til, bráðskemmtilega skáldsögu sem hann hafði búið til um manninn á R-80000. Maðurinn á R-80000 hefði náttúrlega aldrei verið svo vitlaus að halda ekki upp á það númer og þarf nú enginn að segja mér það að hann hefði ekki viljað halda því eftir. Að öðru leyti var sagan skemmtileg og ég tel að dómsmrh. ætti í auknum mæli og kannski alfarið að snúa sér að ritstörfum og væri þar líklega á réttri hillu.

Þá kem ég að höfuðgallanum á þessu frv. Það er nefnilega það að í þessu frv. er byggðafjandsamleg stefna. Það getur vel verið að það sé óstjórn í Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík og þar þurfi að skipta um yfirmenn. Ég vil ekkert fullyrða nema svo sé, en þá á dómsmrh. að hafa manndáð í sér til þess að gera það, ekki að fara að umbylta lögum og afskræma þau, fólkinu í landinu til óþurftar. Það er ekki óstjórn, það eru ekki vandræði í Bifreiðaeftirlitinu úti á landi þar er ég þekki til heldur er þar allt í besta lagi eins og ég rækilega tók fram við 1. umr. málsins. Þess vegna þarf ekkert að vera að anka í okkur.

Ég tel að það megi ekki fórna hagsmunum landsbyggðarinnar til þess að gera þægilegri mannaskipti hér í Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík. Það kostar nokkuð að keyra frá Þórshöfn til Blönduóss fram og til baka. Ég náttúrlega geng út frá því að ef setja á eina skoðunarstöð á Norðurlandi þá geti hún hvergi annars staðar orðið en á Blönduósi vegna þess að þar hefur Bifreiðaeftirlitið mjög góða aðstöðu og þar er þegar fyrir hendi skoðunarstöð sem væntanlega yrði látin duga fyrir Norðurland allt og kannski Vestfirðina líka. Það er ekkert mjög langt frá Patró til Blönduóss, a.m.k. ef það er ekki mikill snjór á leiðinni. En þetta kostar þó töluvert. Hins vegar verð ég að játa því að það væri gott fyrir kjósendur okkar hv. 2. þm. Norðurl. v., bifvélavirkjana á Blönduósi, við erum kannski að hafa af þeim töluverðan „bisniss" því að í fyrsta lagi þá reikna ég með að ef einhverju væri áfátt á þessum bílum sem þeir koma með frá Þórshöfn eða Patró þá mundu þeir varla fara til baka til þess að láta bifvélavirkjana heima hjá sér lagfæra, heldur mundu þeir leita til kjósenda okkar hv. þm. Pálma Jónssonar sem eru prýðilega færir bifvélavirkjar og duglegir og láta þá dytta að. Svo er nú ekkert smáverkefni að laga það sem aflaga hefur farið á allri keyrslunni frá Patreksfirði til Blönduóss. Þetta eru einu kostirnir sem ég sé á þessu frv. Gjörsamlega þeir einu. En þeir eru ekki nægilega þungir í mínum huga til þess að ég fáist til þess að styðja þetta mál.

Ég held að það sé einn þáttur í röksemdum ráðherrans sem er haldbær. Ég hygg að það sé heppilegt að bremsuprófa stóra bíla, þá er ég að tala um stærstu gerð af bílum sem eru með „treilera", það sé heppilegt að fylgjast betur með bremsum á þeim heldur en nú er gert. En það er afar auðvelt að koma því fyrir með öðrum hætti en þeim að eyðileggja Bifreiðaeftirlitið og minnka öryggi borgaranna með svona skipulagsbreytingum eins og hér er verið að leggja til. Mér er sem ég sjái það að þeir séu að rífa sig upp úr slættinum á Melrakkasléttunni til þess að asnast til Blönduóss til þess að fá nýjan hvítan miða á bílinn sinn. Ætli þeir reyndu ekki að láta þann gamla duga þangað til eitthvað kæmi fyrir. Og það yrði meiri keyrslan á löggunni að klippa númerin eftir þetta allt saman.

Mér finnst sem sagt að hér sé ótrúlega slysalega að verki staðið. Við búum við ágæt umferðarlög og nýlega sett. Þannig ákvað síðasta þing að umferðarlögin skyldu vera eftir vandlega íhugun. Þessi umferðarlög voru til meðferðar hér í allan fyrravetur og lögðu þar margir hönd að verki. Þessi varð útkoman og það er gjörsamlega þarflaust að fara að breyta þessum nýsettu lögum. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra hefði verið heppnari í þessum málatilbúnaði sínum eða a.m.k. minna slysinn en hér hefur reynslan á orðið. Hann sækir þetta mál af meira kappi en forsjá. Ég skil það vel að hann var búinn að vera húsbóndi lengi á kontórnum sínum í Þjóðhagsstofnun og þar gat hann látið menn sitja og standa eins og hann vildi, reikna það sem fyrir þá var sett og fá afköst eins og honum þóknaðist. En þetta gengur bara ekki hérna hjá okkur í þinginu með þessum hætti. Við endum með því að læra að taka ákveðið tillit hver til annars og virða sjónarmið hvers annars og reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu eða víðtækri niðurstöðu, látum ekki skerast í odda fyrr en í allra síðustu lög. Líklega vantar einn hlekk í þroskaferil ráðherrans þó að hann sé náttúrlega framúrskarandi vel af guði gerður og hafi aflað sér víðtækrar reynslu í embættisstörfum, og líklega má finna fleiri dæmi þess að það er frekar óheppilegt að menn komi beint í ráðherrastóla. Þeir hafa gott af því að starfa hér um stund á þinginu og læra þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka það í annað sinn hér úr þessum ræðustól að ég held að Alþingi hafi fengið mjög góðan mann þegar hæstv. viðskrh. kom til setu og starfa hér á hv. Alþingi og ég harma það hvernig hv. 1. þm. Norðurl. v. tók hér til orða. Það sem ég er nú að hugsa á þessu augnabliki er að það getur líka komið í ljós að eftir því sem menn tala lengur á Alþingi þá auglýsi þeir — ja, hvað mikið vantar upp á þann þroska sem þeir eru sjálfir að gera skóna að vanti hjá öðrum. Það vanti þá meira í þá sjálfa.

Ég er ekki hingað kominn til þess að ræða lokaorð virðulegs þingflokksformanns Framsfl., en ég verð að biðja ríkisstjórnarmenn og stuðningsmenn og hæstv. ráðherra að hafa mig afsakaðan að ég skuli blanda mér í þessar umræður, í þetta prívatrifrildi þeirra, því að ég held að fáir stjórnarandstæðingar hafi blandað sér í umræður um þetta stjórnarfrv. Ég hef áður bent á það að það er undantekning ef það

kemur á dagskrá hér stjórnarfrv. sem stuðningsmenn stjórnarinnar ekki leggja eitthvað af mörkum til að tala á móti, gera athugasemdir við þó þeir greiði svo endanlega atkvæði með.

Nú stendur þannig á að það er í báðum deildum sem stjórnarþm. deila á ríkisstjórnina. Í Ed. deilir stjórnarþm. harkalega á ríkisstjórnina fyrir afstöðu hennar í Suður-Afríku og hér deila stjórnarmenn hvað mest á ríkisstjórnina fyrir það stjórnarfrv. sem hér er á dagskrá. Svo það er svona með blöndnu geði sem maður tefur fyrir ádeilum stjórnarliða í þessum umræðum. En svona er það.

Ég var nokkuð sammála ráðherra á margan hátt. Ráðherra kynnti hér lista yfir mál, lista yfir lög sem hann vildi leggja niður, taldi það vera hreinsun. Og ég er honum sammála. Hreinsun á lagasafninu það er hreinsun á þjóðfélaginu ef hæstv. ráðherra fengi stuðning til þess að vinna það verk. Ég taldi afskaplega erfitt að vera á móti slíkum vinnubrögðum og ég fagnaði því að mér fannst ráðherra með þeim vinnubrögðum staðfesta það sem ég hafði vonað og margir aðrir að koma hans og vera á Alþingi mundi breyta einhverju verulega.

Ég get ekki neitað því að ég var ekki svo mjög ósammála hæstv. ráðherra í þessu máli. Þegar bæði ég og aðrir stjórnarandstæðingar höfum staðið hér í ræðustól og gert kröfu til þess að bæði hæstv. dómsmrh. og aðrir hæstv. ráðherrar sýndu meiri gætni í gerð fjárlaga, og þegar svo ráðherra kemur með sparnaðartillögu, þá er erfitt að vera á móti henni eftir þann málflutning sem maður sjálfur hefur haft í frammi. En svo koma umræðurnar hér á Alþingi. Þá blandast saman tvö stór mál og verða í umræðunum að einu sem gerir málið flókið. Það skiptir engu máli þó að þetta sama mál hafi komið í sama búningi allt frá 1974 eða jafnvel fyrr og fram til þessa dags og alltaf verið fellt ef menn sem eru í embætti treysta sér til eða telja ráðlegt að koma með það aftur og aftur af því að þeir trúa að málið sé gott, þá skiptir það ekki máli. Alþingi verður þá bara að halda áfram að fella það eða samþykkja.

Eins og ég segi, þá blandast hér saman númerabreytingin, þetta fastnúmerakerfi, og breyting á starfsháttum Bifreiðaeftirlitsins eða jafnvel niðurfelling á Bifreiðaeftirlitinu í þeirri mynd sem það er og stofnun á nýju hlutafélagi sem heitir þá Bifreiðaeftirlit Íslands hf. Ég hélt að það væri bannað til nokkurra ára að nota nafn landsins í fyrirtækjaheiti, en aftur á móti gömul fyrirtæki sem höfðu nafn landins í sínu heiti áður en þau lög komu til framkvæmda mættu halda þeim hætti, en það þarf að athuga betur.

Ég er alveg viss um það að einhvern tímann kemur að því að fastnúmerakerfið verður tekið upp þó að ég hafi litla trú á því að það verði gert núna á þessu þingi. Þegar ég segi einhvern tímann þá lít ég svo á að það verði nokkuð mörg ár þangað til. En það að Bifreiðaeftirlitið verði gert að hlutafélagi álít ég að sé rangt.

Ég lét að gefnu tilefni skoða starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins þegar ég var fjmrh. vegna þess að þá var mér talin trú um að Bifreiðaeftirlitið væri illa rekið og kostaði meira en það þyrfti að kosta. Og sem rök fyrir þeim fullyrðingum var talað um að þá — það er kannski enn þá eða kannski enn þá meira gert af því að ráða í stöðu án stöðuheimilda — væru komin þar 20 stöðugildi sem búið væri að ráða í umfram heimildir. Þetta var tilefni til þess að ég lét skoða rekstur á Bifreiðaeftirlitinu og komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar sem ég hafði fengið voru rangar og að starfsmenn Bifreiðaeftirlitsins voru samviskusamir og afkastamiklir starfsmenn og gerði enga breytingu.

Að breyta Bifreiðaeftirlitinu í hlutafélag. Ég get ekki komist hjá því að segja að ég held að það sé ekki hægt. Ég held að það sé rangt. Bifreiðaeftirlitið er þess eðlis og ef það er ætlunin að hluthafarnir verði Bílgreinasambandið og tryggingafélögin með ríkinu, þá er það enn þá verra en ég gerði ráð fyrir. (**Dómsmrh.:** Og Félag ísl. bifreiðaeigenda.) Félag ísl. bifreiðaeigenda. Ég held að það sé alrangt að láta eingöngu hagsmunaaðila í bifreiðaeign eða bifreiðainnflutningi, verkstæðin og tryggingar vera alls ráðandi á móti ríkinu. Ég held að það sé rangt.

Ég gerði tillögu um það í ríkisstjórninni að selja ríkisfyrirtæki. Ég trúði á þá stefnu og þess vegna gerði ég tillöguna. Og eins og það hafði verið lengi á stefnuskrá Sjálfstfl., sem ég tilheyrði þá, þá er ég eins mikið á móti því að gera Bifreiðaeftirlitið að hlutafélagi. Það er trú mín að það sé rangt. Það er trú ráðherra að það sé rétt. Þannig stendur málið.

Ég vil ekki ætla jafnreyndum og glöggum manni og hæstv. ráðherra að sækja málið af meira kappi en forsjá, ég held að það sé rangt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., ég held að hann sé búinn að athuga þetta mál nokkuð vel. En eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. gat um hér í sinni ágætu ræðu þá held ég að upplýsingarnar sem eru í fskj. með frv. séu rangar. Eftir þeim umræðum sem ég hef hlustað á hér stangast þær á. Annars vegar að það sé sparnaður upp á 98 millj., hins vegar upp á 23 eða hvað það nú var. Og það sem ég trúði var a.m.k. 100 millj. kr. sparnaður. Það hafði ég, held ég að ég megi segja, úr blöðunum, fréttamiðlunum. Þess vegna held ég að það sé ekki slæm tillaga, hvorki fyrir ráðherrann né fyrir okkur hina, sem erum að gera upp okkar hug, að fresta þessu máli, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. fór fram á, til þess að fá réttar upplýsingar þannig að þm. geti byggt niðurstöður sínar og afstöðu á þeim upplýsingum sem þá koma.

Ég vil t.d. fá að vita hvor hefur rétt fyrir sér, hv. 2. þm. Norðurl. v. þegar hann segir: Það er tvöföld skráning á farartækjum í dag. Eða ráðherrann þegar hann segir á móti: Það er rangt. Þessi tvöfalda skráning er ekki tvöföld skráning heldur er það bókhaldslykill sem gildir fyrir hvert farartæki. Það er svona eins og að tölusetja nótur. Ja, það er mikill munur hér á hvort við erum með fullkomna skráningu, tvöfalda skráningu eða hvort númerin á skírteinunum eru bara eins og að skrásetja nótur. Það er

mikill munur þar á. Annars vegar er verið að brjóta niðurstöður Alþingis, fara ekki eftir þeim niðurstöðum sem Alþingi hefur hvað eftir annað frá 1974, kannski lengra aftur í tímann, hafnað. Það er stóralvarlegt mál þannig að ég tek undir þá ósk hv. 2. þm. Norðurl. v. að við bíðum með afgreiðslu á þessu frv. og fáum sannar og réttar upplýsingar.

Hvað hér hefur komið fram um framkvæmdir á skoðun hjá væntanlegu hlutafélagi o.s.frv. sé ég ekki ástæðu til þess að ræða. Það segir sig sjálft að þörfum og kröfum verður ekki fullnægt með einni góðri stöð í Reykjavík og þremur úti á landi. Það er alveg útilokað. Það verður miklu meira bákn en það. Það getur vel verið, eins og einhver sagði hér í ræðustól, að það verði hægt að leysa það með hreyfanlegum skoðanastöðvum um landið. Það er mjög líklegt að það sé hægt að gera það. Þrjár hreyfanlegar stöðvar. Mér finnst það nú hálfhlægilegt um leið og ég tala um það en það er kannski hægt að bæta einhverju við, að hafa fastar stöðvar þar sem mesta bílaeignin er og svo hreyfanlegar stöðvar til viðbótar. En það verður ekki til að spara í skoðun á farartækjum. Það verður til að gera útgerðina enn þá dýrari. Og þegar enn þá meira bákn er komið í hendur einstaklinga eins og hagsmunaaðilanna sjálfra, þá er ég ansi hræddur um að það verði ekki sparnaður af þeirri breytingu. Ég er hræddari við breytinguna á Bifreiðaeftirlitinu sjálfu en breytinguna á númerakerfinu. Því að þó að menn hafi tekið ástfóstri við einhverja tölu og lág númer, þá gerir það svo lítið annað en kannski skapa smáillsku svona manna á meðal út í þá sem standa að breytingunni ef þeir á annað borð eru ástfangnir af einhverju númeri, við að missa það og það fer nú af mönnum á nokkrum vikum og jafnvel nokkrum dögum. En hitt er miklu, miklu stærra atriði. Ég held að það sé rétt sem fram kom hér áðan að við eigum að styrkja bifreiðaeftirlitið og við getum það með því að fara meira eftir reynslu þeirra manna sem hafa unnið vel sitt starf. Við getum gert bifreiðaeftirlitið nýtískulegra, búið það fullkomnari tækjum, bætt aðbúnað á allan hátt og gert það afkastameira eins og til stóð. Það er m.a. mér að kenna að ekki var farið út í margar af þeim aðgerðum sem þeir lögðu til vegna þess að við höfðum ekki peninga þá. Það getur verið að sömu rökin gildi enn þann dag í dag; viljinn sé fyrir hendi hjá ríkisstjórninni en peningarnir ekki. Ég held að þetta væri miklu ódýrara og heppilegra fyrir þjóðfélagið í heild heldur en að stofna til hlutafélags. Ég vara sem sagt við því.

En þó að ég tali á móti frv. hér vil ég taka það fram að ég er alveg sammála ráðherra í mörgum þeim breytingum, sem hann hefur lagt til í sambandi við lagahreinsun, sem spara þjóðfélaginu eflaust mjög stórar upphæðir þegar til alls kemur. Það er verk sem þarft er að vinna og hefði átt að vera lokið fyrir lifandi löngu. Ég býð ráðherra fullkomlega mína vinnu og aðstoð við það verk, en ég get ekki verið honum sammála um bifreiðaeftirlitið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, virðulegur forseti, og vil ljúka máli mínu á sama hátt og ég hóf það, að það er eiginlega kjánaskapur af mér sem stjórnarandstæðingi að vera að taka til máls. Ég hefði átt að lofa stjórnarliðum að sækja hverjum á annan og sækja á ráðherrann í þessu máli, það er ekkert slæm músík í eyrum stjórnarandstæðinga. En ég held að það séu of stór orð sem hafa fallið hérna frá mörgum stjórnarliðum í garð ráðherra í sambandi við þetta mál.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég get nú ekki tekið undir með hv. 5. þm. Reykv. að í frv., sem hér um ræðir, sé fólginn sparnaður, alls ekki fyrir ríkið og allra síst fyrir bifreiðaeigendur í landinu. Og þó að hæstv. ráðherra hafi sagt hér sögu um Gunnu og Siggu og fleiri slíkar um skiptingu á númerum er ekki alveg víst að það sé aðalatriðið í þessu máli þegar betur er skoðað ofan í kjölinn.

En það sem kom mér fyrst og fremst til að koma hér upp var orð sem hæstv. ráðherra lét falla í sambandi við fjvn. Eins og ég tók fram í mínu tali hér fyrr, þá sagði ég frá því að áður en þing kom saman og á fyrstu dögum þess sem núverandi fjvn. fór að vinna að fjárlögum kom hæstv. ráðherra með sína menn til að kynna okkur hugmyndir sem uppi voru. Hæstv. ráðherra, sem var í einu af sínum fyrstu ráðherraverkum, kynnti þetta mál í fjvn. og ekki var hægt að draga þá ályktun að fjvn. hefði lagt blessun sína yfir þetta mál eða þessar hugmyndir, síður en svo.

Hitt get ég sagt að við sem höfum starfað á undanförnum árum í fjvn. höfum fylgst mjög náið með því hvernig þessi mál hafa verið að þróast hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og við höfum haft af því vissar áhyggjur. Við höfum reynt eftir megni að stuðla að því með ýmsum athugunum sem gerðar hafa verið að koma þessum málum til betri vegar og það hefur tekist, þrátt fyrir að aldrei hafi verið unnið til þess, sem nauðsynlegt var, að sú starfsemi, sem þarna fer fram, skapaði starfsfólki og viðskiptavinum þá aðstöðu sem eru lágmarkskröfur í nútímaþjóðfélagi, ekki síst þegar um er að ræða þennan þátt mála, skoðun á bifreiðum. Þess vegna hlýtur framvinda þessa máls að verða sú að áfram sé reynt að vinna að því að fullkomna þá aðstöðu sem þessi nauðsynlega þjónustugrein, sem er mikil öryggisþjónusta í landinu, þarf að búa við. En það verður ekki gert með því að breyta þessu í hlutafélag og láta þá aðila, sem þarna er talað um, vera „prímusmótora“ í þessu máli. Ég hef enga trú á að það geti leitt til góðs og endurtek hér með það sem ég sagði fyrr.

Mér finnst furðulegt að halda því fram að það sé ekki eðlilegra að færa þessa þjónustu nær fólkinu heldur en gert er ráð fyrir í frv. Og ég hef trú á því að bifreiðaverkstæði og þeir sem hafa réttindi til þess að annast slík mál og eru staðsettir víðs vegar um landið gætu tekið meiri þátt í þessu heldur en gert er

ráð fyrir. Það eru víða til góð bifreiðaverkstæði og góð aðstaða og kannski vantar aðeins herslumuninn til þess að þessir aðilar fái þau tæki sem þarf til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru. Ég vara mjög við því að láta sér detta í hug í alvöru að hægt sé að annast þessa þjónustu fyrir bifreiðaeigendur um allt Ísland eingöngu með þremur eða fjórum stöðvum um landið. Það er allt of mikil bjartsýni að halda að slíkt geti átt sér stað. Það mundi aldrei verða þolað í landinu, það er ég alveg handviss um.

Það er að mínu mati ljóður á frv. hvað margir lausir endar eru hvað þetta varðar. Því er slegið upp að það eigi að stofna slíkt hlutafélag, því er slegið upp að það kosti svo og svo mikið að setja upp slíkar skoðunarstöðvar en það er ekki útfært miðað við staðsetningar eða miðað við þörf og hugsanlegar kröfur sem til slíkrar þjónustu verður að gera. Ég vil aðeins rifja upp það nál. sem hér liggur frammi frá allshn. Þar koma raunverulega fram þau atriði sem við, nokkrir þm., höfum verið að vara við hér, ekki síst hvað varðar skoðun eða þjónustu. Þar segir nefndin alveg umbúðalaust að hún leggi sérstaka áherslu á að þjónusta við bifreiðaeigendur verði bætt, verði aukin enn, og að tryggja verði að bílaeigendur í dreifbýli eigi kost á skoðun bifreiða sem næst sinni heimabyggð og nýttar verði heimildir til samninga við bifreiðaverkstæði til að annast þá þjónustu. Nefndin er sem sagt sammála því sem við erum að segja hér, þessir þm. sem hafa verið að tala um þessi mál. (**Dómsmrh.:** Er það partur af málinu?) Það er partur af málinu, það er kannski aðalatriði málsins en það er ekki það sem frv. ber með sér eins og það er lagt fram, alls ekki. Hæstv. ráðherra sagði hér í upphafi að það gæti ekki verið aðalatriðið að þessi þjónusta væri hjá fólkinu heldur að hún væri fullkomin þar sem hún væri staðsett. Ég get ekki fallist á þá skoðun að einu eða neinu leyti.

Herra forseti. Það er ástæðulaust að vera að rökræða meira um þetta mál. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að það vantar ýmislegt í þetta og sannarlega hefði verið meiri ástæða til þess að kynna málið meira og ræða þetta nánar miðað við þær aðstæður sem við búum við hér á landi. Og ég segi það alveg eins og er og get tekið undir það með hv. 5. þm. Reykv. að ég get ekki hugsað mér þetta form sem hér er sett upp með hlutafélag og þá aðila sem eiga að bera það uppi miðað við þá reynslu sem við höfum þegar í landinu af þeirra starfsemi. En ég endurtek það sem ég sagði hér í upphafi að ég reikna með því að það hljóti að teljast eðlileg krafa frá okkur stjórnarþingmönnum, allmörgum, í þessari hv. deild að skoðað verði ofan í kjölinn hvort ekki er eðlilegt að fresta þessu máli þannig að við getum fengið tíma til næsta hausts til þess að skoða málið nánar.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér er sem betur fer ekki um að tefla pólitískt mál þannig að hvorki líf hæstv. ríkisstjórnar né hæstv. ráðherra veltur á því. Enda þótt hv. 5. þm. Reykv. langaði til þess að leggja ráðherranum lið, af því að stjórnarsinnar leggjast gegn honum, þá tókst það ekki heldur af því, sem hann upplýsti mjög greinilega, að hann er í meginatriðum mjög andvígur aðalinnihaldi frv.

Mér sýnist þetta mál komið í ónýtt efni og verð að segja að ég held að hæstv. ráðherra ætti að sjá sitt óvænna og verða við þeim tilmælum, sem fram hafa verið flutt, að taka þetta mál til frekari athugunar og rannsóknar. Ekki til skoðunar eins og menn hafa hér á orði um öll mál. Það á að skoða öll mál eins og menn skoða málverk eða landslag. Það má ekkert mál athuga orðið. Þetta er ein lenskan í hinu háa Alþingi og þyrfti að breytast eins og fleira.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um númeraskráningu. Þó er það einkar athyglisvert fyrir hið háa Alþingi að upplýst er hér að tekin er upp fastskráningaraðferð árið eftir að hið háa Alþingi fellir að svo skuli gert. Ég man það rétt að það var fellt á hinu háa Alþingi 1973 að taka þessa aðferð upp og árið 1974 er þetta svo framkvæmt. Við þm. erum ekki alls óvanir að horfa á framkvæmdarvaldið fara ýmsu því fram sem hið háa Alþingi hefur ekki veitt leyfi sitt til. Út af fyrir sig má segja að hér sé um enga dauðasök að ræða ef menn eru að nota þetta í bókhaldsskyni, látum svo vera, en það er afar öndvert af framkvæmdarvaldinu að bregða á slíkt ráð eftir að hafa sótt um leyfi til þess af hinu háa Alþingi og fengið neitun. Slíkt hlýtur að orka mjög tvímælis að ekki sé meira sagt.

Ég ætla fáum orðum að eyða í númeraskráninguna, það er smámál enda þótt ég geti vel skilið að hv. 1. þm. Norðurl. v. vilji gjarnan vera vel ríðandi þegar hann fer að heimsækja kjósendurna og jafnvel að hafa silfurskeifur undir hrossinu. En það kann að vera að þetta sé mönnum fast í hendi og svo er annað í sambandi við bæði aðalatriði þessa máls. Það er allt á floti um fjárhagsáætlanir þessu að lútandi. Þeim verður alls ekki treyst eftir orðanna hljóðan í sjálfu frv. hvað þá heldur, sem ég geri nú miklu minna með, ýmsar lausafréttir sem á floti hafa verið í fjölmiðlum um kostnað þessu viðvíkjandi. Það hafa ekki verið færð fram fullgild rök fyrir því að hér verði um nokkurn sparnað að tefla. Maður kann því afskaplega illa að haldið var fram skýrum stöfum að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefði verið rekið með fjárhagslegu tapi um margra ára skeið. Starfsmenn sendu hingað bréf, eins og vitnað hefur verið til, þar sem hið gagnstæða var sannað og fram á það sýnt tölulega. Og ég verð að segja það að það hafði töluverð áhrif á mig og ég hóf að lesa mér til um málið þegar mér hafði borist þetta bréf í hendur og ég hafði kynnt mér innihald þess. Þá fóru efasemdirnar fyrst að gera vart við sig hjá mér. En eins og ég segi: Númeramálið er kannski lítið mál en þó næsta óþarft í mínum augum ef það er svo að ekki er um verulegan sparnað að tefla. Ég tel auðvitað að ef svo er eigi menn að bregða á þetta ráð. Við höfum ekkert efni á að eyða einhverjum hundrað milljónum aukalega þess vegna. En á þetta hafa alls ekki

verið færðar sönnur, nema síður sé. Menn gagnkunnugir telja að ekki sé um neitt slíkt að tefla.

Þó er hitt atriðið miklu alvarlegra og raunar alveg óskiljanlegt hvernig það flökrar að mönnum að ætla að breyta Bifreiðaeftirliti ríkisins í hlutafélag þar sem hagsmunaaðilar eigi aðild að, að ég tali nú ekki um hin margfrægu tryggingafélög eins og frammistaða þeirra í tryggingamálunum hefur verið girnileg, eða hitt þó heldur. Bifreiðaeftirlitið er lögregluleftirlit. Það hlýtur að vera lögregluleftirlit hins opinbera. Ég var mikill fylgismaður og raunar framkvæmdamaður um að selja ríkisfyrirtæki en svo hugkvæmur hefði ég aldrei verið að láta mér detta í hug að slíkt lögregluleftirlit ætti að verða að hlutafélagi, að ég ekki segi einstaklinga heldur beinlínis hagsmunaaðila. Ég er sannfærður um að hér misstíga menn sig áreiðanlega afar illilega, og fyrir því er það sérstaklega að ég hef verið í mestu góðsemd, því ég hefði ýmislegt viljað á mig leggja til að geta stutt ráðherra hæstv. í áhugamálum hans, leggja áherslu á að okkur verði nú gefið tóm til að ígrunda þetta betur, athuga málið betur en þæfa það ekki miklu lengur á löngum næturfundum. Raunar er ég dálítið undrandi á að þetta mál skuli hafa flotið svo athugunarlítið, verð ég að álíta, í gegnum hv. Ed. Nú þykjast vera þar mannvitsbrekkur ólítlar og hefði þetta ekki átt að velta niður þær svona fyrirhafnarlaust. En það er þó þessi kostur við tveggja deilda fyrirkomulagið, sem ég hef verið afar fastheldinn á, að sjá betur augu en auga og margsinnis höfum við rekið okkur á að síðari deild hefur forðað slysum og ég ætla rétt að vænta þess að svo verði einnig uppi á teningnum nú vegna þess að við megum ekki hrapa með þessum hætti að þessu máli.

Og svo í þriðja lagi, sem ég hef lesið í þessu fræga frv. og ég trúi að ég muni það rétt, að það eigi að stofna einhverja stór-skoðunarstöð árið 1990 hér í Reykjavík, tvær stöðvar úti á landi árið 1991 fyrir rúmar 30 millj. og 1992 þá þriðju. Áður en lítandi er á slíkar ráðagerðir verðum við að fá miklu nánari útlistun á hvað menn hyggjast fyrir með þessa þjónustu. Hvar eigum við að staðsetja þessar þrjár höfuðmiðstöðvar svo vel fari? Ekki treysti ég mér til þess. Ætti Austurlandskjördæmi af náð að verða aðnjótandi einnar stöðvar á Egilsstöðum og eiga þá Austur-Skaftfellingar vestan úr Skaftafelli a.m.k. 400 km leið, fljótt reiknað, að sækja um þann veg til skoðunar bifreiða sinna? Öryrkjar líka, örvasa menn sem aka bílum og rassbotnakerlingar, svo að maður vari sig nú á öllu orðalagi í því sambandi.

Ég tek annað dæmi úr heimahögum okkar hæstv. ráðherra þar sem maður gæti ímyndað sér að eðlilegur samkomustaður til þess að skoða bifreið að vestan væri Ísafjörður. Ég ætla að halda því fram að það sé óframkvæmanlegt fyrir alla Patreksfirðinga að sækja um fimm háheiðar til Ísafjarðar, fyrir alla Patreksfirðinga á ég við. Og ég geri ráð fyrir að Hólmvíkingar og menn þar fyrir sunnan myndu fara á Blönduós, þann mikla allsherjar samkomustað Langnesinga og Árneshreppsbúa af Ströndum. Nei, það er ekki heil brú í þessu og mig undrar mest að formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, að því ég best veit, er formaður þeirrar nefndar sem sýður þessi ósköp saman. Hún hlýtur að hafa verið kostuð sem skemmtinefnd, þessi nefnd, og látin búa til eitthvað fyrir okkur til þess að skemmta okkur við á löngum næturfundum og þá er það mönnum ekkert of gott. (Gripið fram í.) Já og á ekki langt að sækja það, Vestfirðingur, eins og við fleiri menn, eðalborinn.

Mér er nú ekkert gaman í hug þegar ég leggst á þessi tog að ná frv. til baka. Ég vil ekki að frv. af þessari gerð verði fellt hér, a.m.k. kysi ég heldur hina aðferðina ef nokkur kostur er, en engin ráð eru þó önnur ef menn eru ekki viðmælandi í þessu falli. Ég verð nú að segja að stór skaði er ekki skeður þótt menn taki sér eitt sumar í viðbót til þess að athuga þessi mál miklu grandgæfilegar. Afar þungvæg rök eru fyrir að taka ekki upp þá nýbreytni sem lögð er til í frv., og þau hafa ekki verið hrakin. Auðvitað eru einnig rök fyrir því að menn hljóta að stinga við fótum. Fyrir aðeins einu ári lukum við gagngerri endurskoðun bifreiðalaganna og þar var a.m.k. hluta af þeim hugmyndum, sem hér eru uppi, hafnað. Ég held að embættismenn hafi lítt sést fyrir um að ná fram áhugamálum sínum að þessu leyti og reyni nú um of á þolinmæði okkar þm. Það verð ég rétt að segja.

Eins og ég segi er númeraskráningin smáatriði, en ef ekki er hægt að sýna fram á sparnað er hún auðvitað óþörf og vissulega eru það rök að þurrka ekki út héraðaeinkenni o.s.frv., það er kannski það sem hefur nú einna mest áhrif á mig. Í öðru lagi er sú einkennilega hugmynd, svo að ég kveði ekki fastar að orði, að ætla að breyta eftirliti hins opinbera á bifreiðum í hlutafélag; hagsmunaaðila. Að lokum þjónustan sem, enn sem komið er, er algerlega vanhugsuð. Ég held að það hafi verið hv. 1. þm. Norðurl. v. sem var að fitja upp á því, til þess að segja eitthvað bitastætt í því efni, hvort ekki væri hægt að hafa þetta á hjólum — eða var hugsað að flogið yrði með það á milli? (**Gripið fram í:** Einhverjar færikvíar.) Einhverjar færikvíar, já. Nei, allt er málið ónýtt og við skulum nú hvíla okkur á þessu um hríð og taka fyrir næsta mál á dagskrá, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég hélt nú framan af þessari umræðu að þetta ætluðu aðallega að verða einræður manna á vestanverðu landinu eða vestan við miðju ef svo má segja, frá Norðurl. v. og Vesturlandi, en þeim sem hér hafa haldið uppi andófi gegn þessu frv. hefur tekist að berja okkur þm. Austurl. upp í ræðustólinn og við höfum hlýtt hér á mál hv. 4. þm. Austurl. flutt með skemmtilegum hætti. Það er vissulega svo að ekki höfum við verið sammála um alla hluti hér á Alþingi (**SvH:** Það kemur nú.) og væri út af fyrir sig ekki seinna vænna ef að líkum lætur, því að mér hefur skilist að hv. þm. ætlaði að hafa stólaskipti allt hvað líður og flytja sig um set.

En ég vil taka það fram, til að vísa til þess sem síðast var sagt og gæti líka vikið að fyrri ræðum, að í meginatriðum er ég sammála hv. 4. þm. Austurl. í sambandi við hans málflutning og rökstuðning varðandi þetta frv. Þó vil ég taka það skýrt fram að ég er nú ekki ákveðnari en svo í andstöðunni við þetta að mig tæki það nokkuð sárt að fara að greiða atkvæði gegn þessu máli til þess að fella frv. hér á þinginu því að viss atriði, sem hér eru lagðar til breytingar á, eru mér alls ekki föst í hendi og ég hef ekki neinar tilfinningar þar að lútandi sjálfur. Þar á ég sérstaklega við ákvæði 2. gr., sem hefur nú hvað mest verið rædd, í sambandi við númerakerfi bifreiða. Mér er þetta ekki fastara í hendi en svo að ég man ekki lengur hvernig ég greiddi atkvæði í þessu máli síðast. Ætli ég hafi ekki greitt atkvæði með breytingu á síðasta þingi, án þess að ég vilji nokkuð fullyrða um það. Það er mér ekki minnisstæðara en svo og get ég þó fullkomlega skilið þau sjónarmið, sem hér hafa verið borin fram af nokkrum í umræðunni í kvöld, að þeir telji að ástæða geti verið til að viðhalda þessum héraða- og byggðasérkennum sem tengjast gömlu númeraskráningunni sem hefur verið í gildi og Alþingi hefur haldið fast við. Ég vil ekki gera lítið úr þeim tilfinningum og viðhorfum og það þurfa að vera nokkur rök, hagkvæmnirök m.a., fyrir því að breyta þar til. Ég hef ekki farið ofan í þær tölur, sem hér fylgja í grg. og fskj. varðandi þetta mál, en ég er ekkert sannfærður um það að sú hagkvæmni, sem þar er sýnt fram á, sé afdráttarlaus og tel að það þyrfti ýmislegt skýrara að liggja fyrir í þeim efnum ef menn ætla að styðjast við talnaleg rök að þessu leyti.

En það sem mig skiptir miklu meira máli og þar sem ég efast mun meira um réttmætið er það sem snýr að formbreytingunni á Bifreiðaeftirliti ríkisins. Breyta á því í hlutafélag sem eigi að annast skoðun og skráningu bifreiða um land allt. Þetta fyrirtæki á að byggja upp með þeim hætti, sem lýst er hér í grg. með frv., að fyrst er byggð stöð hér í Reykjavík upp á 75 millj. kr., eða svo er kostnaðurinn áætlaður. Síðan komi einhverjar stöðvar utan Reykjavíkur og eiga þær að kosta 14,3 millj. Inn er síðan tekin hér brtt., ef ég hef lítið rétt til með málinu, í Ed. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fela má hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins.“ Þetta er heimildarákvæði. Þetta er ekki ákvarðandi. Það má fela hlutafélaginu að annast þetta en þó skilyrt að slíkar stöðvar verði settar upp. Ekkert stendur um það í frv. hvænær það verður. Þessi þáttur finnst mér allt of óljós og of mikilli óvissu háður því að hann lýtur að þjónustunni við fólkið út um landið. Að ætla sér að fela það hlutafélagi þar sem ríkið á að eiga eitthvert smáræði í, og gæta kannski almannahagsmuna sem eignaraðili, en síðan eigi aðrir hlut hafar að taka afstöðu til þess út frá einhverjum hagkvæmnisjónarmiðum fyrst og fremst, þetta finnst mér ekki sannfærandi eins og það er fram sett og ég tel að þetta þyrfti að vera miklu skýrar ákveðið í frv. ef ég ætti að greiða fyrir samþykkt þess.

Ég vil taka undir orð þeirra sem hafa hvatt hæstv. ráðherra til þess að hvíla þetta mál til næsta þings og leggja það þá fyrir með skilmerkilegri hætti. Þá er ég sérstaklega með í huga uppbyggingu fyrirtækisins, Bifreiðaeftirlitsins, og það sem snýr að bækistöðvum þess vítt um landið og þjónustuskyldu gagnvart bifreiðaeigendum úti í héruðunum. Einnig vil ég hvetja til þess að athugað verði með gleggri hætti en hér liggur fyrir sú hagkvæmni sem talin er fylgja þessu fastskráningarkerfi, þó að ég ætli ekkert að vera að draga í efa að það séu ýmsir kostir sem geti fylgt slíku kerfi. Ég hef persónulega ekki sérstaka tilfinningu fyrir gamla númerakerfinu og tel ekki að gjalda eigi dýru verði að halda því við. En betra væri þó að það væri unnt því að þeir hafa ákveðið til síns máls sem styðja það kerfi.

Þetta get ég, virðulegur forseti, látið nægja til þess að skýra mína afstöðu til málsins. Ég hef reynt að hlýða hér á rök manna og verið að móta mér skoðun á meðan umræðunni hefur staðið og það er ágætt að fyrir kemur hér á Alþingi að málin skýrist við að heyra þau rædd, jafnvel á kvöldfundum og næturfundum eins og hér standa yfir. En ég ítreka heilræði til hæstv. ráðherra að láta málið hvíla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

NEÐRI DEILD

99. fundur, mánudaginn 9. maí, að loknum 98. fundi.

Söluskattur, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 1081.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu, ein umr.

Frv. KJóh o.fl., 514. mál. — Þskj. 1124.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. Ed. gerði þá breytingu á frv. til laga um viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu að lengja frestinn, þ.e. færa gildistökuna aftur til áramóta. Var það gert vegna viðskiptasamninga sem fyrirtæki hér hafa þegar gert. Breytingin var borin undir nm. í Nd. Við setjum okkur ekki upp á móti því og mælum með að frv. verði samþykkt eins og Ed. gekk frá því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi, (þskj. 1125).

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 804.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að hafa leyft mér að koma í ræðustól án þess að hann hafi lokið sinni ræðu, en hann lauk henni þar sem hann lýsti Kolbeini unga sem þeim eina sem óháður var erlendu auðvaldi á þeirri tíð og var auk þess kominn á bls. 35 í merkri bók um sögu Íslandsbanka og Útvegsbankans.

Ég vonast til þess að það sem ég hef nú að segja, sem verður ekki langt mál, geti orðið til þess að stytta umræður um þetta mál og greiða fyrir farsælli niðurstöðu í því. En það er í sem skemmstu máli það að mér virtist af máli þeirra sem töluðu við þann hluta umræðunnar sem þegar hefur farið fram að það væri býsna víðtækur stuðningur við 2.–5. gr. þessa frv., um viðskiptabankana, og þar með reyndar einnig efnislega við frv. um sparisjóði. En þessi efnisákvæði lúta að reglum um stóra lántakendur, um ábyrgð bankaráða á ákvörðunum um það málefni og um eftirlit Bankaeftirlitsins með slíkum reglum og um óháðar ákvarðanir í bankaráðunum. Einnig um það að Ríkisendurskoðun komi í stað þingkjörinna endurskoðenda og loks að stefnt skuli að sígandi aðlögun að ákvæðum viðskiptabanka- og sparisjóðalaga um hámarkshlutfall fastafjármuna og búnaðar af eiginfjármunum bankanna. Ég beini því til þingdeildarinnar og til hv. fjh.- og viðskn. að freista þess að ná samstöðu um þessi fjögur efnisatriði. Um efnisatriði 1. gr., þ.e. um heimild fyrir erlenda banka og viðurkenndar fjármálastofnanir að eiga allt að fjórðungi í íslenskum hlutafjárbönkum, hef ég það að segja að ég tel á margan hátt eðlilegt að ákvörðun um það mál verði tekin í samhengi við ákvarðanir þingsins á grundvelli frv. um erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi sem hæstv. forsrh. hefur kynnt þinginu, en ekki mun tekið til afgreiðslu á þessu þingi. Í því frv. eru einmitt ákvæði sama efnis og að sömu hlutfallstöluheimild er stefnt, eins og hér var fest á blað í bankalagafrv., og það mætti vel hugsa sér að taka samtímis ákvörðun um það allt. Ég vona að hin atriðin fjögur gætu orðið til að bæta búskaparlagið í bönkum og sparisjóðum, en það frv. er þegar hjá hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Hæstv. forseti, þessu vildi ég koma á framfæri áður en umræðunni er fram haldið en er að sjálfsögðu tilbúinn til að taka þátt í henni eins og þingdeildin óskar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þeirri stefnubreytingu eða hugmynd sem hæstv. viðskrh. varpaði hér fram. Þetta var reyndar það sem ég stakk upp á í minni ræðu fyrr í umræðunni, þar sem í raun og veru eru í frv. tveir tiltölulega óskyldir hlutir, annars vegar lagfæringar á gildandi bankalöggjöf hvað tæknileg atriði varðar, þ.e. 2.–5. gr., og hins vegar alls óskyldur hlutur og stórpólitískur sem er spurningin um eign útlendinga í íslenska bankakerfinu.

Ég lýsti þegar í byrjun umræðunnar algerri andstöðu við þá stefnu, sem boðuð er í 1. gr. frv., að erlendum bönkum og erlendum fjármálastofnunum verði hleypt inn í íslenska bankakerfið. Ég hygg að hæstv. viðskrh. hafi gert sér grein fyrir því að á þeim knappa tíma, sem ætlaður er til þingstarfa áður en Alþingi lýkur störfum, yrði erfitt um vik að koma svo umdeildu efni í gegn og er það raunsætt og rétt mat hjá hæstv. viðskrh. Ég lýsti mig sammála þeim lagfæringum á bankalöggjöfinni sem felast í 2.–5. gr. og sérstaklega tel ég þarft að setja ákvæði af því tagi sem 2. gr. fjallar um og þarf ég í rauninni engu frekar við það að bæta. Það getur líka út af fyrir sig verið rétt hjá hæstv. viðskrh. að eðlilegra sé að ræða hlutafjáreign eða eign útlendinga í bankakerfinu í samhengi við almennar reglur eða almenn ákvæði um þátttöku erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi, hvort sem um er að ræða banka eða einhverja aðra starfsemi. Og vel má bíða þeirrar glímu að ræða þennan hlut.

Ég fagna því líka af öðrum ástæðum, herra forseti, að ákvæðið fari út úr frv., ef það heldur áfram hér í gegnum þingið, en þær ástæður eru heilsufar hæstv. ríkisstjórnar. Það er aldrei að vita nema hún hrökkvi upp af standinum og þetta leiða og stórhættulega ákvæði falli algerlega út og nái aldrei fram að ganga því að mynduð verði miklu betri og gáfulegri ríkisstjórn sem taki við forustunni um lagasetningu og að hennar hugmyndir um erlent fjármagn verði þá aðrar og mér geðþekkari og ég ætla að segja, herra forseti, að ég er tilbúinn til þess, fyrir mitt leyti og sem nefndarmaður í fjh.- og viðskn., að skoða þetta frv. komi það til nefndarinnar. Og þá með það í huga að fella niður ákvæði 1. gr. og láta á það reyna

hvort samstaða gæti tekist um að afgreiða þau leiðréttingarákvæði sem þar eru að öðru leyti. Ég tel það stórlega til bóta, og út af fyrir sig teldi ég ástæðu til, þó ekki næðist samstaða um neitt annað, að samþykkja ákvæði 2. gr. og láta þau ákvæði fara hér flýtiferð í gegnum þingið, því ég hygg að allir hv. þm. minnist reynslunnar frá þeirri umræðu sem varð um hið íslenska bankakerfi í tengslum við hið fræga Hafskips- og Útvegsbankamál og ætti mönnum að vera næg lexía til þess að drífa í gegn ákvæði af því tagi sem 2. gr. fjallar um.

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá hugmynd sem hann hreyfði, að fella út úr frv. 2. gr. Ég tel að málið verði þannig miklu auðveldara viðfangs og fljótt á litið held ég að það sem eftir er af frv. ætti að geta hlotið lögfestingu og mun ég gera mitt til þess að málið fái skjóta afgreiðslu í nefnd. Að vísu þurfum við að kanna það fyrir sjálfa okkur að þarna séu ekki á tæknilegir örðugleikar. En ég ætla að lýsa stuðningi við frv. eins og það er að verða og heita því að gera mitt besta til að það verði að lögum.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra tillögu frá hv. 4. þm. Norðurl. e. þar sem hann færi fram á sömu meðferð mála í öðrum bönkum og var viðhöfð í Útvegsbankanum vegna þess að hann sá ástæðu til þess að nota Hafskips/Útvegsbankamálið til réttlætingar á breytingu á bankalögunum. Ég vil gjarnan að hv. þm. færi fram á athugun á öðrum bönkum vegna þess að ég veit að það eru einstaklingar í öðrum bönkum sem skulda kannski tvöfalt hærri upphæð og ekki með betri tryggingum í öðrum bönkum. (**SJS:** Ein vitleysa réttlætir ekki aðra vitleysu.) Nei, en það er sama. Þessi málflutningur á bara ekki rétt á sér í sambandi við þetta frv.

En frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 804, er að mörgu leyti athugavert og alls ekki hættulaust. Ég vildi t.d. gjarnan vekja athygli á 1. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Bönkum og viðurkenndum fjármálastofnunum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis skal þó heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár."

Nú er Ísland þannig land að við höfum verið hér með erlent lánsfé með ríkisábyrgð eða ríkisbankaábyrgð. Hér er verið að breyta yfir í eigin ábyrgð, eins og kemur fram í frv., fjármagnseiganda á því lánsfé sem hann lánar á Íslandi. Segjum nú svo að það sé mögulegt. Þá kemur spurning til hæstv. bankamálaráðherra: Hvernig á arður þessara aðila að meðhöndlast? Það vantar í frv. Það fjárfestir enginn erlendur maður erlendis, Ísland verður erlendis fyrir þann mann, nema það sé öruggt að afraksturinn eða stofnfjárupphæðin komi til baka í heimalandið hvenær sem kallað er á hana, hvernig sem ástandið er í efnahagsmálum í viðkomandi landi. Svo það vantar hér inn í frv. meðhöndlun á hagnaði og möguleikunum til þess að viðkomandi endurkalli sitt „kapítal" þegar hann telur rétt að gera svo.

Ég vil líka gera athugasemd við 2. gr. Ég held að afskaplega erfitt væri fyrir bankaráð, sem gefur umsögn um lánveitingar eða reglur í útlánum, að fara ekki að ráðleggingum bankastjóranna. Ég vil benda hér aftur á það sem hér stendur í 2. gr.: „Í stað „Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu" komi: Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni."

Ég vil vara við því að gera ekki greinarmun þarna á starfsemi bankaráðs og bankastjórnar. Það er mjög mikill munur á störfum bankaráðs og bankastjórnar. Bankaráð á frekar að setja bankastjórn reglur og hafa svo eftirlits með að þeim sé framfylgt og hlýtt. En þegar bankastjórn, sem er yfirleitt sterki aðilinn má segja í starfseminni sem slíkri, gerir einhverjar tillögur um útlánaupphæð eða reglur o.s.frv. þá er ég ansi hræddur um að bankaráðið sé verr útbúið, verr vopnum búið til þess að breyta því sem fram kemur frá bankastjórunum heldur en menn gera sér grein fyrir. Þannig að ég hefði álitið að bankastjórnin eða bankastjórarnir, bankastjórarnir eru bankastjórnin, eigi ekki að setja sjálfum sér reglur eða gera tillögu um útlánaupphæðir o.s.frv. Það á bankaráðið að gera. Bankastjórarnir eru ekkert annað en starfsmenn sem eru ráðnir eins og hver annar starfsmaður. Bankaráðið er kosið af eigendum bankans ef það er hlutafélagabanki eða af Alþingi ef það er ríkisbanki og þar skilur á milli starfsmanns og kjörins manns, fulltrúa eigenda hverjir sem eru eigendur.

Þriðja greinin er eðlileg og sjálfsögð og ég geri ráð fyrir að henni hafi alltaf verið framfylgt. Þó má segja að það gildi nákvæmlega það sama fyrir einkabanka og ríkisbanka hvað það eftirlit snertir, nákvæmlega það sama því að markaðurinn sem bankarnir vinna á er sami markaðurinn, það er jú almenningur í landinu.

Og þá kemur 5. gr. Ég verð að segja alveg eins og er að það er ekki sterk peningastofnun sem þarf að nota 65% af eigin fé til þess að vinna sín störf, þ.e. í bókfært andvirði fasteigna og búnaðar sem viðskiptabankinn notar til starfsemi sinnar. Ef það fer yfir 65% af eigin fé bankans skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili. Ég mundi nú halda að bankinn væri hreinlega á kúpunni hvað ábyrgðina snertir ef hann væri með 65% eða hærra þannig að ég held að þarna sé líka punktur sem þarf að athuga.

Ég hefði gaman af því að fá upplýsingar um stöðu

Landsbanka Íslands, upplýsingar um skuldara þar. Hverjir eru stærstu skuldararnir? Hvað skulda þeir og hvað er á bak við þessar skuldir? Ég sagði áðan að ég hefði upplýsingar um það að einn einstaklingur skuldar um 1000 millj. kr. og hann er sá eini sem ég get um hér. Hvað skulda stóru fyrirtækin? Hvað skulda þeir sem eru í beinum viðskiptum, viðskiptaaðilar við Seðlabankann? Það skyldi þó aldrei vera að það væru fleiri en einn Útvegsbanki á Íslandi? Hverjir eru það sem skulduðu Útvegsbankanum mismuninn á því sem Útvegsbankinn tapaði á Hafskip úr því að Hafskip kom hérna til tals? Og 2000 millj. eða hvað það er sem ríkissjóður þurfti að yfirtaka? Ég óska eftir upplýsingum um það frá bankamálaráðherra. Þetta er bein spurning og ég óska eftir að hann svari áður en þingi lýkur.

En ástæðan fyrir því að ég stóð upp er 1. gr. Það kemur fram í athugasemdum við frv. að með því móti sem þar er lagt til kemur erlent áhættufé í stað lánsfjár að nokkru leyti auk þess sem þessi breyting greiðir fyrir öflun þekkingar á viðskiptasambandi erlendis sem erlendir hluthafar gætu miðlað til íslenskra banka. Á tímum hraðstígrar tækniþróunar og samkeppni gæti þetta eflt íslenska bankastarfsemi.

Ég vil benda á að lögin eins og þau eru hér, mundu viðkomandi erlendir aðilar, sem hugsanlega verða það vitlausir að fara að fjárfesta í landi sem tekur við erlendu fé að láni og hefur gert í langan tíma gegn ríkisábyrgð eða ríkisbankaábyrgð, aldrei taka áhættuna eða lána það án þeirrar ábyrgðar, það segir sig sjálft, þeir mundu aldrei gera það ef þeir hefðu ekki leið til að bakka út fyrirvaralaust. Hér er ekki „búrs" sem þeir kalla, hér er ekki kauphöll, þar sem þeir gætu selt í hvelli sín bréf ef þeir ákveða að fara fyrirvaralaust út ef þeir hafa það á tilfinningunni að hér sé einhver skellur væntanlegur og hér er heldur ekkert um hvernig þeir fá til baka vextina eða arðinn af fjárfestingunni. Þannig að þetta frv. eins og það liggur fyrir gerir ekkert. Akkúrat ekkert. Það dregur engan að í fjárfestingu hér.

Það getur vel verið að hæstv. ráðherra, sem er sérfræðingur í þessum málum, skoði þetta betur á milli umræðna og ef virkilega einhver hugur er á bak við þetta frv., ef það er ætlunin að draga hingað fjármagn erlendis frá á þennan hátt, þá segir það sig sjálft að það verður að breyta þessu og bæta, betrumbæta.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst nú að mér eigi að leyfast að tala a.m.k. þrisvar í svona merkilegu máli. En hvað um það. Ég ætla að svara hv. 5. þm. Reykv. af því að hann beindi í raun til mín spurningu.

Það sem ég gerði var að taka dæmið frá Hafskips/Útvegsbankamálinu af þeirri einföldu ástæðu að það er vel þekkt og flestum kunnugt. Það sem í því fólst og lærdómurinn sem menn eiga af því að draga er einfaldur. Hann er sá að það er hættulegt fyrir veikburða banka og í veikburða bankakerfi að hlutfall fyrirgreiðslu við einstaka viðskiptavini verði of hátt, of mikill eða stór hluti af veltu viðkomandi banka. Þetta þekkja auðvitað allir sem kynnst hafa bankarekstri eins og hv. 5. þm. Reykv. veit mætavel.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að eitt af því sem gerir hið íslenska bankakerfi almennt séð óburðugt og veikt er auðvitað það að það eru margar smáar einingar í sparisjóðum og í litlu bönkunum sem gera það að verkum að stærri viðskiptavinir í landinu, stærri fyrirtækin í landinu eru einfaldlega of stór biti í raun fyrir marga þessa viðskiptabanka. Og hættan er sú að þjónustan við þessa einstöku viðskiptavini verði óeðlilega hátt og hættulega hátt hlutfall af veltu, svo ekki sé nú talað um eiginfjárstöðu viðkomandi banka.

Önnur greinin kveður á um það að settar verði almennar reglur til að reyna að sporna gegn þessari hættu og koma í veg fyrir hana ef þess er kostur. Ég held að á því sé mjög, mjög mikil þörf. Ég tel ekki rétt að við förum að nefna hér önnur dæmi. Það var spurt um stöðu Landsbankans, en maður leyfir sér þá kannski að benda á það að jafnvel Landsbankinn, sem hefur upp undir helming af íslensku bankaviðskiptunum á sinni hendi, er með svo stóra viðskiptavini sem hann þjónustar að jafnvel þar geta hættumörkin verið nálægt því sem um er að tefla. Ég nefni Reykjavíkurborg og Samband ísl. samvinnufélaga, og þó við skulum vona að hvorugur þessara aðila sé valtur á fótunum, þá eru umsvif þeirra geysilega mikil og þjónusta Landsbankans við þessa tvo risa í íslenskum fjármálum er umtalsverður hluti af veltu jafnvel þessa langstærsta banka landsins.

Ég held að það sé ekki heppilegt eða ástæða til að tína upp einstök nöfn en auðvitað er þetta alþekkt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það sé ekki síður ástæða til að reyna að setja svona reglu og fá yfirvöld bankamála og bankaeftirlitið til þess að knýja hana fram vegna hinna smáu eininga sem þrífast í bankastarfseminni t.d. út um landið þar sem eru sparisjóðirnir og einnig á þetta auðvitað við um hina minni banka og jafnvel alla íslenska banka, þar með talinn Landsbankann.

Ég má víst ekki tala mikið lengur, herra forseti, þó mig langi auðvitað til þess. Ég held að ég hafi komið því á framfæri sem ég var að fara og ég vona að hv. þm. skilji að það var ekkert illa meint að nefna þetta þekkta dæmi sem sannanlega er af því tagi að viðskipti við einn aðila urðu bankanum óþarflega stór og auðvitað allt of dýr, en það náttúrlega kom til af fleiru en því einu að viðskiptin við þennan aðila yrðu of hátt hlutfall af veltu bankans. Þar komu inn í tryggingar og fleiri harmsefni sem við skulum ekki fara að ræða hér á þessum næturfundi.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir undirtektir þeirra undir hugmynd mína um meðferð málsins

sem var sú, eins og fram kom í minni ræðu hér áðan, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar freistaði þess að ná víðtækri samstöðu um efnisatriði 2.–5. gr. en slægi efnisatriði 1. gr. á frest þar til þingið væntanlega í haust fjallar um frv. sem fram hefur komið á þinginu til kynningar um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi, sem hæstv. forsrh. lagði hér fram fyrir nokkru. Þetta vona ég að hjálpi líka til að skýra hvers vegna svo lítt var rætt hér um 1. gr. áðan og þar kem ég að máli hv. 5. þm. Reykv.

Það er einmitt svo að í frv. um erlenda fjárfestingu er almennt ákvæði um yfirfæranleik arðs af því fé sem erlendir aðilar kynnu að festa hér í atvinnurekstri. Þar er ákveðið er að þeir eigi rétt á að fá yfirfærðan í hverjum þeim erlendum gjaldmiðil sem Seðlabankinn annast á reglulega skráningu, móttekinn arð og annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Um slíka gjaldeyrisyfirfærslu skal þá fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma. Það er einmitt umræðan um þetta almenna frv. sem yrði vettvangurinn fyrir skoðanaskipti og vafalaust ágreining um það hversu ráðlegt það telst að heimila erlendum aðilum að eiga hér hlut í íslenskum hlutafjárbönkum. Þetta vona ég að skýri það fyrir hv. 5. þm. Reykv. og öðrum þingdeildarmönnum sem á þetta mál hlýða hvers vegna ég legg nú til að við freistum þess að stytta umræður a.m.k. um 1. gr. frv.

Ég leyfi mér líka að skilja orð hv. 5. þm. Reykv. á þá lund að hann sé efnislega samþykkur þörfinni fyrir þau nýju ákvæði sem finna má í 2.–5. gr. Ég tek það alveg skýrt fram að í 2. gr. er alls ekki um það að ræða að bankastjórn setji reglur. Þvert á móti er megintilgangur þeirrar greinar að gera það alveg skýrt að það er bankaráðið sem setur reglur um hámark lána og ábyrgða og trygginga til eins aðila og það fær eingöngu umsögn bankastjórnarinnar og það er ábyrgðarhluti bankaráðsins að sjá til þess að þessum reglum sé framfylgt þótt það fjalli ekki um einstakar lánveitingar. Þetta tel ég afar mikilvægt og reyndar í samræmi við það sem algengast er í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við í bankaviðskiptum og eigum mest bankaviðskipti við. Ég tek það líka fram að ákvæði 2. gr. og annarra greina en 1. gr., þ.e. 2.–5., er samið í samstarfi við bankaeftirlitið og þeir hafa lagt þar hönd á plóg.

Ég fagna því sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv. um 3. og 4. gr. sem ég taldi mig heyra rétt að hann segði að væru eðlileg ákvæði í bankalögum. Um 5. gr. og um stöðu einstakra banka gagnvart henni þá tek ég það fram að 5. gr. er flutt að ósk og beiðni bankaeftirlitsins, sem hefur talið nauðsynlegt að hafa svona viðmiðun fram til ársins 1990 þegar allir bankar eiga að hafa náð þessu marki, svo mönnum eða bönkum sé ekki frjálst að hoppa upp í þessu í millitíðinni.

Og ég tek undir þau orð hv. 5. þm. Reykv. að það er ekki burðug bankastofnun sem er með stærri hlut en 65% af sínu eigin fé bundinn í húsum og útbúnaði. Þetta er alveg rétt athugað og það er einmitt tilgangur þessa frv. að sjá til þess að aðlögun að þessari staðreynd og þessu mati á burðum bankastofnana verði skipuleg. Því miður er það svo að nokkrar stofnanir í íslenska bankakerfinu voru yfir þessum mörkum í lok sl. árs.

Ég tel ekki þörf á, hæstv. forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en þakka þingdeildarmönnum undirtektirnar við 2.–5. gr. frv. og legg til að 1. gr. verði skotið á frest þar til fjallað verður á þinginu um frv. forsrh. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst svara hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann mjúklega segir að hann hafi minnst á Útvegsbanka/Hafskipsmál vegna þess að það sé þekkt dæmi. En er ekki nauðsynlegt að kanna dæmið sem er enn þá stærra ef það er rétt að ríkissjóður hafi þurft að yfirtaka 2000 millj. af Útvegsbankanum? Dæmi Hafskips er ekki þekkt enn þá, hvort það eru 300 millj. eða 400 millj. Það liggur ekkert fyrir. Það liggja fyrir ummæli bæði bankans og hæstv. fjmrh. um stærðargráðu þess sem ríkissjóður þarf að taka yfir vegna breytinga á starfsemi Útvegsbankans og það eru viðskiptin við aðra aðila, bæði í Útvegsbankanum og eins í öðrum bönkum sem ég tel að þurfi að skoða og skoða mjög vel vegna þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrímur J. Sigfússon kom með það inn í þessar umræður á þann hátt sem ég hef getið um.

Í sambandi við frv. sjálft vil ég segja það að ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að bíða með fyrstu greinina. En í sambandi við 2. gr. tel ég það rangt, og byggi það á reynslu minni sem bankaráðsmanns, að leita umsagna bankastjóranna, leita sem sagt til bankastjóranna, bankastjórnar um hvernig fyrirkomulag þeir eigi að hafa á sinni vinnu, bæði hvað snertir útlán og ábyrgðir. Bankaráðið á sjálft að setja þeim þær reglur sem þeir starfa eftir. Þeir eiga ekki hafa áhrif þar á. Það er mín skoðun og byggi ég hana á þessari reynslu minni.

Við erum alveg sammála um 3. gr. en ég vil taka fram að 4. gr. er ég mjög ósammála. Ég hélt að ég væri að gera hæstv. ráðherra vissan greiða með því að benda á hættuna í henni. Þar er bara talað um endurskoðun ríkisbankanna þegar það er miklu meiri hætta fyrir viðskiptavini sem skipta við aðra en ríkisbanka að þeir geti tapað fé. Ríkið er tryggingin fyrir öllum viðskiptum við ríkisbankana en ríkisstjórnin er ekki trygging fyrir viðskipti annarra banka. Það er þess vegna sem endurskoðunin þarf að vera miklu strangari þar heldur en í venjulegu hlutafélagi, en það er það ekki eins og er. Ég er sjálfur hluthafi og upphafsmaður eða stofnandi að sparisjóði sem varð að banka og heitir Verslunarbankinn og þar er mikill munur á. Þar ber ég líka saman mína reynslu sem slíkur í þeim banka og sem bankaráðsmaður í ríkisbanka. Það er allt önnur endurskoðun.

Ég get líka farið enn þá lengra, og beini þá þeim orðum mínum til bæði hæstv. fjmrh. og viðskrh. eða bankamálaráðherra, að það er enn þá inni trygging í ábyrgðarmannakerfinu í sparisjóðunum. En sparisjóðirnir eru orðnir viðskiptabankar. Þeir eru farnir að gefa út ávísanir, kaupa og selja víxla, kaupa og selja skuldabréf. Þetta er orðin bankastarfsemi undir sparisjóðslögum þar sem ábyrgðarmenn eru kannski 100–200 með 1–2 þús. kr. ábyrgð á mann. Hvaða ábyrgð er þetta fyrir viðskiptavinina eða trygging? Þetta er akkúrat ekki nokkur trygging. Og svo kemur það í lög sem ná áreiðanlega yfir sparisjóðina líka, eins og segir í 5. gr., að bókfært virði fasteigna og búnaðar sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar megi ekki vera hærra en 65% af eigin fé. Ég er alveg viss um að í sumum sparisjóðum er ekkert eftir af eigin fé, bara ekki neitt, þegar þeir eru búnir að byggja yfir sig, kaupa þann dýra búnað sem bankaútibú eða banki þarf að hafa, þó ekki séu nema eldtraustar hurðir, þá skiptir þetta stórum upphæðum, útbúnaður á veggjum og öryggisbúnaði, þetta verður allt að vera af ákveðinni styrktargráðu til þess að leyfi fáist fyrir starfsemi peningastofnana. Er mér nokkuð kunnugt um það vegna þess að í um 30 ár starfaði ég einmitt í öryggisbúnaði fyrir peningastofnanir. Það er þetta sem ég er að benda á. Ég er sammála öllu því sem er verið að gera. Þetta er allt gott og rétt og í rétta átt. Mér finnst það bara ekki ganga nógu langt og það er þess vegna sem ég eyði tíma þingsins nú til að benda á þessi atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

EFRI DEILD

97. fundur, þriðjudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Mat á sláturafurðum, 3. umr.

Stjfrv., 126. mál. — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1147).

EFRI DEILD

98. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum 97. fundi.

Siglingamálastofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 1020, n. 1135.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Þetta mál sem hér um ræðir er komið frá hv. Nd., var samþykkt þar. Samgn. Ed. hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Vegalög, 2. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702, n. 1136.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Karvel Pálmason):

Herra forseti. Það má segja sama um þetta dagskrármál og var sagt um það sem var rætt hér síðast. Þetta er mál sem kemur frá Nd. og hún hefur afgreitt og er um breytingu á vegalögum.

Samgn. hefur fjallað um þetta mál og mælir með því að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

100. fundur, þriðjudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047, n. 1106, brtt. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 22:6 atkv.
Brtt. 1058 felld með 19:13 atkv.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Óskað er eftir sératkvæðagreiðslu um 2. gr. (Gripið fram í.) Það er þegar búið að fella brtt. Að venju er því borin upp 2.–6. gr. (Gripið fram í.) Ef óskað er eftir sératkvæðagreiðslu um 2. gr. verður hún að sjálfsögðu borin upp sér. (Gripið fram í.) Fundarsköp eru með venju vegna þess að óskað hefur verið eftir atkvæðagreiðslu um 2. gr. og hún er að sjálfsögðu sér.

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég er að vísu langþreyttur að vera að tönnlast á fundasköpum, þeim sem viðhöfð hafa verið hér um langa hríð.

Hæstv. forseti hafði í þessu falli tekið fyrir til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu 2. gr. frv. og að sjálfsögðu byrjar hann á því að bera upp brtt. við hana. Síðan þurfti auðvitað að ljúka afgreiðslu þess dagskrárliðar, um 2. gr., en ekkert hægt að sulla neinu þar saman við.

Hér fer nú fram þessi múgasláttur í atkvæðagreiðslum. Hér á dögunum var borið upp frv., sem var 13 kaflar, í einu slengi ásamt með ákvæðum til bráðabirgða. Þetta er ekki heimilt samkvæmt viðteknum þingsköpum á Alþingi. Ég hef hvatt til þess í þingflokki okkar að forseti Sþ. geri gangskör að því að taka hæstv. forseta í læri um það með hvaða hætti framkvæma skuli þingsköp. Það er margt annað og fleira sem mætti nefna í þessu sambandi. Þau fóru að fara á flot, þingsköpin, hjá hv. fyrirrennara núv. hæstv. forseta á liðnum þingum en við þetta verður auðvitað ekkert unað. Þetta eru ekki svo margbrotnar venjur sem við höfum átt við að styðjast að það sé ástæða til þess að hafa þessi lausatök á um fundarstjórn. (**SJS:** Þingmaðurinn fer nú að fara í bankann. Hann þarf ekki að þola þetta lengi.) (**ÁrnG:** Þetta er óþolandi ræða.) Það er rétt, en þá hefur hv. 3. þm. Norðurl. e. Árni Gunnarsson leyfi til þess að taka til máls og finna að málflutningi mínum. En ef ég hef eitthvað misfarið með það sem ég er hér að segja, þá vinsamlega bendi þeir þm. á það. Ég er aðeins að rifja upp þau fundasköp sem gilt hafa hér frá upphafi eftir því sem ég hef kynnt mér og hafði aðstöðu til þess að gera það og vinsamlega fara fram á að þeim sé hlýtt og eftir þeim farið. Það má furðulegt heita ef mönnum þykir að þá sé stungin tólg að menn fari allra vinsamlegast fram á að þeim sé framfylgt. Það hlýtur að vera algjört lágmark um stjórn þingsins að svo sé gert.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Hv. 4. þm. Austurl. endar þetta þing eins og hann byrjaði. Hér hefur verið farið að venju um þingsköp í vetur. Það hefur verið rannsakað og ég vísa ummælum hv. 4. þm. Austurl. á bug en læt mér orð hans að öðru leyti í léttu rúmi liggja vegna þess að þau dæma sig sjálf. Það er hægt að rannsaka það hvenær sem er með hverjum hætti þinghald hefur verið hér í vetur, en það hefur verið að venju og hvergi brugðið þar út af. Hér verður borin upp 2. gr. frv. eins og óskað er eftir þannig að þessi umræða er tilefnislaus með öllu og ástæðulaus.

2. gr. samþ. með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, KE, EKG, NL, SJS, ÞP, ÞÞ, ÁrnG, FrS, GeirG, GHH, GB, JK.

nei: HJ, IBA, MÁM, ÓÞG, PP, PJ, RA, SP, SV, SvH, AðB, AG, AS, EH, VI.

HG, BÍG greiddu ekki atkvæði.

5 þm. (KH, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, NL, ÞP, ÁrnG, BÍG, FrS, GeirG, GHH, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, JK.

nei: ÓÞG, PP, PJ, RA, SV, SvH, AðB, AG, AS, EH, VI, HG, HJ, IBA, KE.

SJS, ÞP greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (ÓÞÞ, SighB, KH, MálmS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég tel óeðlilegt að fara að fela hlutafélagi skoðun bifreiða og önnur þau verkefni sem 3. gr. gerir ráð fyrir. Ég tel einnig að engan veginn sé þannig um hnútana búið að eðlilega verði staðið að skoðun bifreiða út um landið og því segi ég nei.

4.–6. gr. samþ. með 23:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27:3 atkv.

Viðskiptabankar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 454. mál (erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

101. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum 100. fundi.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (skoðun og skráning ökutækja). — Þskj. 1047.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 19:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1141).

Ábúðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791, n. 1131.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Landbn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976, og tekur að fullu undir afgreiðslu hv. Ed.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Undir þetta álit rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, 2. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784, n. 1132.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 1132 birtist nál. fjh.- og viðskn. sem hljóðar svo:

„Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með samþykkt þess."

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Einar Kr. Guðfinnsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson, Geir H. Haarde og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

Þetta frv. er til staðfestingar brbl. frá fyrra sumri.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér mun vera á dagskrá frv. til laga um breyt. á lögum um ríkisábyrgðir með síðari breytingum, 434. mál. Þetta er einhvers staðar í skattahækkanasúpunni frá því í fyrrasumar og ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, þegar þessi frv. koma hvert á fætur öðru inn í þingið, yfirleitt staðfestingar á brbl. frá því í sumar, um nýja skattstofna, hækkun á eldri skattstofnum og breikkun skattstofna o.s.frv., að það hefði verið til mikils hagræðis í þingstörfunum ef skattafrv. hefðu verið númeruð og tölusett og síðan hefði fylgt með listi fyrir hv. þm. þannig að þeir vissu hvar þeir eru staddir í skattadagatali hæstv. fjmrh. Rétt eins og við höfum hér í ræðupúltinu lista þar sem nöfnum þm. er raðað í stafrófsröð og með númerum hefði verið gagnlegt að hafa annan við hliðina þar sem skattafrv. hæstv. fjmrh. væru tölusett og númeruð. En þetta er alla vega einhvers staðar undir þessum málaflokki og lýtur að því að hækka álögur á áhættugjöld vegna ríkisábyrgðar. Í fyrsta lagi vegna einfaldrar ábyrgðar ríkissjóðs úr 1% í 1,5% og vegna sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs úr 1,5% í 2%. Síðan eru teknir upp nýir gjaldstofnar á þjónustu banka, lánasjóða, lánastofnana og fyrirtækja sem þarna eru skattlögð líka með nýju gjaldi.

Fyrirvari minn lýtur að því að þó að hér geti í raun verið um fullkomlega eðlilegan skattstofn að ræða og þó öllu fremur að ég telji að gjald af þessu tagi geti verið nothæft stjórntæki í sambandi við erlendar lántökur er ég ekki viss um að sú útfærsla, sem hér er til lögð, nái tilgangi sínum. Ég bendi á að hér er í raun verið að fjalla um lög um ríkisábyrgðir, en þekkt dæmi eru um að ríkið er meðeigandi ásamt með öðrum aðilum að fyrirtækjum sem taka lán með þessum hætti og þá kemur ofur eðlilega upp, þar sem eignaraðilarnir deila með sér ábyrgðinni og ríkissjóður ber ekki nema hluta hennar sjálfur, sú krafa af hálfu hinna eignaraðilanna að þeir fái hliðstæð gjöld í sinn vasa fyrir þann hluta áhættunnar sem þeir bera. Það var að mínu mati ekki meiningin, þegar lögð voru á gjöld um ríkisábyrgðir og þau hækkuð, að sveitarfélög eða aðrir aðilar sem geta verið meðeigendur ríkisins að fyrirtækjum og borið með ríkinu út af fyrir sig einhverja áhættu af sjálfskuldarábyrgðum eða ábyrgðum af öðru tagi yrðu þá líka aðnjótandi tekna í þessu sambandi, enda kemur það í raun alls ekkert við þeirri hugmynd að nota þessi gjöld sem visst stjórntæki í

sambandi við erlendar lántökur. Ég er sem sagt í raun fylgjandi því að þessi gjöld geti átt rétt á sér, en tel að sú útfærsla sem hér er lögð til orki tvímælis og hana hefði þurft að athuga nánar og set því þann fyrirvara við stuðning minn við frv.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þrátt fyrir að ég styðji þetta frv. eins og það liggur fyrir kemst ég ekki hjá því að láta í ljós og vekja athygli á að þetta er slæm tekjuöflun og ég held að við ættum, stjórnarliðar, að breyta þessu formi og finna aðra tekjuöflunarleið, annaðhvort lántökugjald, skatt á lántökur til ríkisins fremur en það lántökugjald sem hér er sett fram.

Ég er stjórnarmaður í Landsvirkjun og Landsvirkjun er einn sá gjaldandi sem varð fyrir því að þurfa að greiða þetta ábyrgðargjald. Strax þegar þessi bráðabirgðalög höfðu verið sett gerðu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær kröfu til þess að fá jafnhátt gjald af Landsvirkjun og það sem rann til ríkisins. Ef það væri hætta fyrir ríkið að ábyrgjast lán Landsvirkjunar að helmingi töldu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær að það sama gilti um áhættuna af þeim hluta lánanna sem eignaraðild viðkomandi sveitarfélaga stæði að til ábyrgðar. Þessu var ekki hægt að komast undan.

Mér finnst þetta sem sagt óheppilegt form og beini því til ríkisstjórnar, fjmrh., að hugsa nú upp eitthvert annað form í framtíðinni á þessari gjaldheimtu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 1046, n. 1127.

Frsm. samgn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Samgn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, og gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frv. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

4. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1988.

Geir Gunnarsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu."

Undir þetta nál. skrifa Ólafur Þ. Þórðarson, Eggert Haukdal, Málmfríður Sigurðardóttir, Ingi Björn Albertsson, Valdimar Indriðason, Guðni Ágústsson og Árni Gunnarsson.

Það var mat nefndarinnar að skynsamlegt væri til þess að binda endi á þær deilur sem verið hafa að framkvæmdarvaldið setti á fót sáttanefnd og hefði einhvern umþóttunartíma. Þess vegna er lagt til að gildisákvæði laganna færist frá því að þau taki nú strax gildi og til 1. okt.

Það er starfandi nefnd á vegum samgrn. sem er að athuga eitt og annað varðandi leigubílaaksturinn og hefur á prjónunum ýmsar hugmyndir sem ég ætla að verði breytingar til batnaðar og e.t.v. gætu orðið til að breyta á einhvern hátt þeim farvegi sem verið hefur um hverjir eigi þar starfsréttindi í framtíðinni, ekki til að breyta því gagnvart þeim sem nú þegar hafa þar starfsréttindi. Miðað við hvað mál þetta hefur verið heitt og mikið átakamál þótti nefndinni skynsamlegt að leggja til þá breytingu sem hér kemur fram.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1127 (ný 4. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 455. mál (stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 805, n. 1134.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. mælir með samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 805.

Þetta frv. er nauðsynlegt að samþykkja vegna þeirrar breytingar sem gerð var á sveitarstjórnarlögunum þar sem sýslunefndir eru lagðar niður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 2. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586, n. 1130.

Frsm. landbn. (Árni Gunnarsson):

Herra forseti. Landbn. Nd. hefur fjallað um frv. til laga um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt sé að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu frá landbn. Ed. og mælir með því að frv. verði samþykkt með eftirfarandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frv. verði samþykkt með vísan til fyrirvara sem fram kemur í nál. landbn. Ed. á þskj. 923.“ Þar er fjallað um það að landbn. Ed. mæli með samþykkt frv., enda sé gengið út frá því að ábúandi Þóroddsstaðar framkvæmi nauðsynlega nýrækt vegna þeirra skipta sem samþykkt hafa verið milli jarðarinnar og Engihlíðar.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að láta þess getið að það er eðli málsins samkvæmt furðulegt að hið háa Alþingi skuli þurfa hverju sinni þegar seld er ríkisjörð að flytja um það frv. og fjalla um það og samþykkja. Spurning er hvort ekki væri hægt að hafa einhvern annan hátt á þessum málum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Söluskattur, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 1081, n. 1133.

Frsm. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt eins og Ed. gekk frá því. Þetta er þmfrv. og 1. flm. þess er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Það fjallar um niðurfellingu söluskatts af ábyrgðartryggingum bifreiða öryrkja.

Um þetta mál er gott samkomulag og undir það rita allir nefndarmenn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 1038, n. 1128 og 1137, brtt. 1129, 1138, 1140.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið dreift nál. minni hl. Það er alla vega ljóst að það verður ekki mælt fyrir því fyrr en búið er að dreifa því. Ég hlýt því að fara fram á að það verði kannað áður en gengið verður til umræðunnar.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. 4. þm. Norðurl. e. og verður nú kannað hvað er langt í nál. minni hl.

Það mun vera von á nál. minni hl. eftir örskamma stund. (**PP:** Ertu samþykkur því að ég flytji mína tölu fyrst?) Ef hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur ekkert við það að athuga mun ég gefa frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., orðið og mælir hann fyrir áliti meiri hl. nefndarinnar.

Frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1128 frá meiri hl. fjh.- og viðskn.

„Nefndin kannaði málið ítarlega á fjórum löngum fundum. Á fundi nefndarinnar voru kvaddir Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Haraldur Sumarliðason, forseti Landssambands iðnaðarmanna, Gunnar S. Björnsson frá Meistarasambandi byggingamanna, Skúli Þorvaldsson, Erna Hauksdóttir og Einar Olgeirsson frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Hákon Sigurgrímsson, Þórólfur Sveinsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Kristján Ragnarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá LÍÚ, Sigurður Björgvinsson frá SÍS, Ágúst Einarsson, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson, Brynjólfur Bjarnason og Ágúst Elíasson frá Sambandi fiskvinnslustöðva, Árni Reynisson og Steingrímur Ari Arason frá samstarfsráði verslunarinnar, Indriði H. Þorláksson og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Böðvar Sigvaldason og Þorsteinn Þorsteinsson frá Landssambandi veiðifélaga, Kristján Thorlacius og Örlygur Geirsson frá BSRB, Birgir Björn Sigurjónsson og Áskell Jónsson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ólafur Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Einar Kárason, Eyjólfur Sigurðsson, Þorgeir Baldursson og Jóhann Páll Valdimarsson frá Bókasambandi Íslands, Gísli Alfreðsson þjóðleikhússtjóri, Sigurður Grétar Guðmundsson frá Bandalagi ísl. leikfélaga, Erla B. Skúladóttir frá Alþýðuleikhúsinu, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir frá Félagi ísl. leikara, Sigurður Björnsson frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hallmar Sigurðsson frá Leikfélagi Reykjavíkur, Garðar Cortes frá Íslensku óperunni, Ágúst Hafberg og Gunnar Sveinsson frá Félagi sérleyfishafa, Helgi V. Jónsson frá Félagi endurskoðenda, Hákon Árnason, Gestur Jónsson og Hafþór Ingi Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands.

Við athugun nefndarinnar á frv. komu fram ýmsar tillögur og hugmyndir um breytingar. Taldi nefndin

einsýnt að mörg atriði þörfnuðust nánari athugunar. Meiri hl. nefndarinnar taldi ekki ráðrúm við núverandi aðstæður að flytja brtt. við frv., enda þegar ákveðið að nefnd verði skipuð til þess að taka frv. til sérstakrar athugunar og móta tillögur um lagabreytingar eftir því sem þurfa þykir. Koma slíkar breytingar til kasta Alþingis á hausti komanda.

Í umfjöllun nefndarinnar komu þau sjónarmið mjög fram að undanþágur frá skattskyldu ættu að vera sem allra fæstar og leita yrði annarra leiða til þess að jafna aðstöðumun við breytinguna yfir í virðisaukaskatt þar sem þess teldist þörf.

Leggur meiri hl. nefndarinnar áherslu á að sú nefnd, sem áður greinir, kanni sérstaklega möguleika á að fækka undanþágum frá skattskyldu þannig að aðhaldseiginleikar kerfisbreytingarinnar með skattskilum nýtist sem best, jafnframt því sem betra svigrúm fáist til þess að vera með sem lægst skatthlutfall, en þetta hvort tveggja telur meiri hl. nefndarinnar mjög mikilvæg markmið.

Meiri hl. nefndarinnar er samþykkur því að nauðsynlegt sé að athuga þau atriði sem upp eru talin í 11 liðum í nál. fjh.- og viðskn. Ed. á þskj. 1005.

Því til viðbótar telur meiri hl. nefndarinnar að rétt sé að athuga sérstaklega eftirtalin atriði:

1. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa.
2. Banka- og lánastarfsemi.
3. Vátryggingarstarfsemi.
4. Hlunnindi og landnytjar.
5. Sala á þjónustu, m.a. með tilliti til eftirlits og skattskila.
6. Uppgjörstímabil í landbúnaði.
7. Íþróttastarfsemi.

Þá ræddi nefndin um niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Meiri hl. vísar til bókunar í ríkisstjórninni við framlagningu frv. um virðisaukaskatt, svohljóðandi:

„Við upptöku söluskatts á flestar vörur í ársbyrjun 1988 var ákveðið að greiða niður verð á heföbundnum landbúnaðarafurðum þannig að verð þeirra breyttist lítið sem ekkert. Nú hafa komið fram óskir um að fyrir lægi bindandi ákvörðun um óbreytt niðurgreiðslustig við upptöku virðisaukaskatts.

Niðurgreiðslur eru sem kunnugt er ákveðnar með sérstakri fjárveitingu ár hvert. Samstaða er um það að við upptöku virðisaukaskatts verði niðurgreiðslum hagað þannig að breytt skattkerfi hafi ekki í för með sér breytingu á verði niðurgreiddra landbúnaðarvara."

Þá ræddi nefndin vandlega um lista- og menningarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugafólks. Meiri hl. vísar til ákvæðis í upptalningu í nál. á þskj. 1005 um listir og menningu og telur einboðið að haga kerfisbreytingunum á þann veg að fjárhagsgrundvöllur þeirrar starfsemi verði ekki rýrður.

Loks leggur nefndin áherslu á að kerfisbreytingin verði vel kynnt meðal almennings, fyrirtækja og stofnana með öflugu upplýsingaátaki.

Með vísan til framanritaðs leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1038."

Undir nál. rita Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Einar Kr. Guðfinnsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Kjartan Jóhannsson.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ræðumaður ætlar ekki að halda langa ræðu fyrr en hv. fjmrh. er kominn í salinn.

Herra forseti. Ég fer fram á að forseti setji auglýsingu í útvarpið og lýsi eftir ríkisstjórninni því hún er greinilega einhvers staðar annars staðar en á Alþingi eins og sjá má hér á stólunum. (**Forseti:** Ráðstafanir verða gerðar til þess að fá fjmrh. a.m.k. í þingsal.)

Herra forseti. Ég vil ekki að það misskiljist neitt að ég sé í heimsmetshugleiðingum og ætla þess vegna ekki að þegja mjög lengi í einu í ræðustólnum, en hef hugsað mér að mæla fyrir nál. minni hl. þegar hæstv. fjmrh. er viðlátinn. Hann mun hafa verið að brosa framan í sjónvarpsvélar hér niðri í Kringlu fyrr í dag, telur það sennilega mikilvægara en að hlusta á málflutning þeirra sem eru ekki ánægðir með stefnu hans í skattamálum.

Nú, oft kemur góður þá getið er. Þar skeiðaði hæstv. fjmrh. í salinn og er okkur þá ekkert að vanbúnaði. Svo er meira að segja hæstv. viðskrh. kominn líka þannig að það fer að verða óvenjuvel mætt hjá hæstv. ríkisstjórn þegar 2/11 hlutar eru komnir á fundinn. (**Dómsmrh.:** Er það ekki bara venjuleg mæting?) Jú, það er rúmlega meðalmæting hér á þingi.

Minni hl. skilar séráliti, herra forseti, og leggur þar til að þetta frv. verði fellt og færir fyrir því allítarleg rök, ég vil segja talsvert miklu veigameiri rök en snubbótt nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., reyndar bæði í Ed. og Nd., hafa fram að færa. Þar er mestan part talið upp hverjir hafi mætt til viðtals við nefndina og síðan sagt að meiri hl. leggi til að það skuli samþykkt.

Fyrstu og veigamestu röksemdir að mínu mati gegn frv. eru þær að með því yrði festur í sessi hinn illræmdi matarskattur, þ.e. að með frv. yrði lagður skattur á matvæli og aðrar brýnustu nauðsynjar fólks, en slíkar vörur eru víðast hvar annars staðar annaðhvort með öllu undanþegnar slíkum skatti eða mjög lágt skattlagðar. Það er rétt að hafa í huga, herra forseti, í þessu sambandi að óvíða í heiminum eru matvæli dýrari en á Íslandi. Þau eru að vísu sem betur fer góð og holl, en þau eru mjög dýr og það er erfitt að hafa ofan í sig á Íslandi nema að borga fyrir það allmikla peninga því hér eru yfirleitt ekki fáanlegar matvörur nema dýru verði keyptar.

Það er líka rétt að hafa í huga að kaupmáttur tímakaups er mun lægri á Íslandi en í flestum nálægum löndum og þeim löndum sem sambærilegar þjóðartekjur hafa. Það er ein af verstu skekkjunum í okkar þjóðarbúskap hversu óeðlilega lágt tímakaupið er hér. Þess vegna er að mínu mati matarskattur við íslenskar aðstæður miklu alvarlegri og verri ráðstöfun en hann er víðast hvar annars staðar.

Af þessari ástæðu einni og þó ekkert annað hefði komið til hefði það aldrei komið til greina af hálfu Alþb. að standa að þessari skattheimtu.

Í öðru lagi er í nál. minni hl. vikið að því að með þeirri ákvörðun að leggja virðisaukaskattinn, sem þar gengur undir nafninu VASKurinn, á í einu þrepi er sá möguleiki útilokaður að flokka vörur og þjónustu upp með tilliti til mikilvægis fyrir almenning, en það er víða þannig, eins og ég áður nefndi, að matvæli, barnavörur og því um líkt ásamt vissum greinum þjónustu eru skattlögð vægara eða með lægra þrepi en annað. Þetta er reyndar sú stefna sem tekin hefur verið upp innan Evrópubandalagsins, að samræma virðisaukaskatt í þeim löndum í tvö þrep. Þrátt fyrir tilraunir embættismanna og hæstv. ráðherra til að blekkja þingheim og þjóðina um annað er það endanlega sannað að þetta er sú stefna sem hefur verið tekin, að skattleggja ýmsar lífsnauðsynjar, þar með talin matvæli, með lægra þrepi en aðrar vörur. Það er skoðun minni hl. að þennan kost hefði átt að athuga mjög vandlega og það séu mikil mistök og í raun og veru forkastanleg vinnubrögð að hafna þessum kosti, sem aðrar þjóðir hafa valið, að því er virðist umhugsunarlaust með þeim einu röksemdum, þeim köldu röksemdum að eitt þrep sé einfaldara en tvö þrep þegar jafnaugljós réttlætis- og sanngirnissjónarmið mæla með því að nota frekar tvö eða jafnvel fleiri þrep. En þetta hefur orðið niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar og menn hafa látið berja sig undir þessa ákvörðun og því viljum við mótmæla sérstaklega.

Í þriðja lagi er enginn vafi á því, herra forseti, að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér geysilega aukið skrifræði og veldur auknum tilkostnaði og fyrirhöfn bæði fyrir hið opinbera og er þó ekki á bætandi, en ekki síður fyrir atvinnulífið. Mikil fjölgun verður í hópi þeirra sem eiga að gera skil til yfirvalda. Það kemur fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. að þeir skipta þúsundum og aftur þúsundum sem nú bætast í hóp þeirra sem eiga að gera skil til ríkissjóðs á þessum skatti með öllum þeim skriftum um innskatt og útskatt og öllum þeim frádráttar- og samlagningarkúnstum sem því eru samfara. Þar eru ekki síst á ferðinni aðilar eins og bændur og ýmsir einyrkjar í atvinnulífi svo og smáfyrirtæki og það er ansi hætt við því að ýmsum í þessum hópi, sem eðlilega hafa ekki mikla reynslu af bókhaldsæfingum af þessu tagi, muni veitast erfitt að bæta þessu „vaskaríi" ofan á annað og veruleg hætta á því að þessir aðilar neyðist þá til að leita út fyrir sín fyrirtæki eða út fyrir sitt starf, sitt bú og kaupa dýru verði þessa þjónustu. Ef það er einhver stétt í landinu öðrum fremur sem kannski hefur hagsmuna að gæta í sambandi við þetta frv. eru það þeir sem hafa atvinnu af því að veita slíka þjónustu nema ef vera skyldi þá líka prentiðnaðurinn sem væntanlega fær stóraukin verkefni þegar allt pappírsflóðið heldur innreið sína.

Í fjórða lagi segir í nál. minni hl. að algjörlega ófullnægjandi rök hafi að mati minni hl. verið færð fyrir því að virðisaukaskatturinn sé það lausnarorð í sambandi við skattsvik sem ýmsir vilja vera láta. Það má benda á margt í því sambandi. Það má benda á að í hinni svonefndu skattsvikaskýrslu, sem lögð var fram á Alþingi fyrir einum tveimur árum, kemur fram samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum að umfang dulinnar atvinnustarfsemi sé síst meira hér á landi en í nágrannalöndunum, en þar er vel að merkja virðisaukaskattur og hefur yfirleitt verið um áratuga skeið þannig að það er ekki að sjá að upptaka og notkun virðisaukaskatts á hinum Norðurlöndunum og í Evrópulöndum og víðar hafi hjálpað mönnum neitt til að ná utan um neðanjarðarhagkerfið og koma í veg fyrir umsvif sem ekki eru gefin upp til skatts.

Í sömu heimild, skattsvikaskýrslunni frægu, er líka samantekt og tafla sem sýnir alveg óumdeilanlega, að ég tel, að nótulaus viðskipti hér á Íslandi eru minni. Þrátt fyrir okkar söluskattskerfi og virðisaukaskattskerfi hinna Norðurlandanna eru nótulaus viðskipti minni hér en þar. Það bendir ekki til þess að virðisaukaskatturinn hafi orðið þetta mikla lausnarorð annars staðar til að ná utan um þessa hluti.

Ég vil í þriðja lagi benda á, herra forseti, að það er veruleg hætta á því að virðisaukaskatturinn, tilkoma hans í vissum greinum svo sem eins og í byggingariðnaði, geti kallað á aukin skattsvik, ekki minnkun, geti kallað á vaxandi tilhneigingu til að fara algjörlega fram hjá bókhaldi í þeirri starfsemi. Talsmenn byggingariðnaðarins komu á fund fjh.- og viðskn. og gerðu grein fyrir þessu og röktu dæmi um hvernig tilkoma virðisaukaskattsins gæti beinlínis orðið til þess í þeirri grein að fæla menn frá því að gefa sín umsvif upp til skatts. Fyrir nú utan hvað byggingariðnaðinn varðar og áhrif þessa skatts á húsbyggingar er þar kannski eitthvert stærsta gatið í öllu frv. þar sem algjörlega er um óútfylltan víxil að ræða og engar reglur af neinu tagi liggja fyrir um hvernig eigi með einhvers konar endurgreiðslukerfi að koma í veg fyrir að byggingarkostnaður stórhækki af völdum skattsins. Hæstv. fjmrh. og aðrir spekingar ríkisstjórnarinnar, svo ekki sé nú minnst á stjórnarmeirihlutann í fjh.- og viðskn., skila gersamlega auðu í þessu efni. Eins og frv. liggur fyrir má með fullum rétti segja að það muni leiða til 6–8% hækkunar á byggingarkostnaði í landinu fyrir húsbyggjendur og aðra slíka aðila þangað til, vel að merkja, þangað til hæstv. fjmrh. skýrir það þá út fyrir okkur hvernig hann ætlar að koma því til leiðar með einhvers konar endurgreiðslukerfi eða öðrum hætti að þessi hækkun verði ekki.

Í fimmta lagi, herra forseti, er í nál. minni hl. fjallað um áhrif þessa frv. á ýmsa menningarstarfsemi og þar er komið að þeim þætti þessa máls sem er kannski einna snautlegastur fyrir hæstv. ríkisstjórn og er þá mikið sagt. — Það væri gaman, herra forseti, ef það væri hægt að setja viðbótarauglýsingu í útvarpið og auglýsa eftir hæstv. menntmrh. Það væri ekki dónalegt að fá hæstv. menntmrh. hérna

einu sinni á fund fyrir sumarið og mega eiga við hann orðastað um menninguna og virðisaukaskattinn. Ef hæstv. forseti vildi vera svo góður að kanna þetta mál lítillega.

Ég var satt best að segja búinn að búa mig undir miklar æfingar í umræðum um menninguna og virðisaukaskattinn. (**Forseti:** Það verður haft samband við menntmrh. og hann beðinn að koma til fundarins að beiðni ræðumanns, en leitað að vísu annarra leiða en útvarpsins.) Ég fellst á það að forseti hafi frjálsar hendur um hvaða aðferðum hann beitir við að reyna að ná sambandi við hæstv. menntmrh. Aðalatriðið er að hann finnist og komi til að sinna sínum þingskyldum ef hann getur því við komið.

Herra forseti. Ég hafði satt best að segja átt von á því að hér mundi í upphafi umræðna af hálfu frsm. meiri hl. eða e.t.v. hæstv. ráðherra, og það kemur e.t.v. þó síðar verði, reynt að sanna að það væri alveg sérstakt framlag til menningarstarfseminnar að leggja á hana virðisaukaskatt. Við höfum fengið að heyra pínulítið af því undanfarna sólarhringa, bæði nefndarmenn í fjh.- og viðskn. og e.t.v. einhverjir fleiri, hvernig sé hægt að reikna út að það sé alveg sérstakur stuðningur við menninguna í landinu að leggja á hana virðisaukaskatt. Ég bjó mig undir að það kæmi til einhverra talnaæfinga hér. Nú er verst að hafa ekki myndvarpa, herra forseti, í þingsalnum til að hægt sé að bregða glærum og sýna skuggamyndir með töflum og tölum því við höfum fengið að sjá ýmislegt skrautlegt af slíku tagi undanfarna sólarhringa.

En það er sem sagt meiningin með þessu frv., og á því hefur í raun engin breyting orðið, að leggja 22% skatt á ýmsa menningarstarfsemi sem áður var undanþegin söluskatti þannig að til að mynda aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og því um líku verði skattlagður nú, en sú starfsemi hefur verið undanþegin söluskatti um alllangt árabil. Í nál. minni hl. segir að með þessu sýni ríkisstjórnarflokkarnir menningarfjandskap sinn og ég held að það sé þá rétt og menn eigi það inni að við reynum að rökstyðja þá fullyrðingu að með þessu sýni hæstv. ríkisstjórn menningarfjandskap sinn og ég skal reyna að gera það.

Það er þannig að ef hæstv. ríkisstjórn hefði viljað styðja við bakið á menningu í landinu um leið og hún gerði þessar breytingar í sínu skattkerfi átti hún einfalda leið til þess. Sú leið var að undanskilja þessa starfsemi með öllu virðisaukaskatti og gera það þannig hliðstætt og er með dagblöðin í landinu að ekki einungis sala þeirra er undanþegin virðisaukaskatti heldur og allur tilkostnaður sem til fellur við framleiðslu þeirra. Sömu reglu varð auðvitað ósköp einfalt að beita við menningarstarfsemi. En hins vegar er nú sagt að vegna þess að ýmis menningarstarfsemi hefur greitt söluskatt af sínum aðföngum og muni samkvæmt þessu kerfi greiða virðisaukaskatt af sínum aðföngum sé alveg nauðsynlegt og mikið bjargræði við menninguna að leggja einmitt á hana virðisaukaskatt, þ.e. alla leið, og á sölu t.d. aðgöngumiða að leikhúsum eða tónleikum líka. Það gerir þetta með innskattinn og útskattinn. Þá fái menn nefnilega að draga frá innskattinn. Það sé alveg nauðsynlegt fyrir menn að borga 22% af öllum aðgöngumiðum, öllum aðgangseyri slíkrar starfsemi til að fá að draga frá innskattinn.

Svo er farið niður í Þjóðleikhús og sóttar þangað tölur til að reyna að reikna út fyrir menn að það borgi sig að leggja á Þjóðleikhúsið virðisaukaskatt. Það er að vísu gert með þeim sérkennilega hætti að allur rekstrarkostnaður Þjóðleikhússins og allar tekjur, þar með talið af veitingasölu af rekstri Þjóðleikhússkjallarans og annarra slíkra hluta, er settur inn í veltuna. Til hvers? Til þess að minnka hlutfall teknanna. Til þess að aðgangseyririnn sé minni hluti af tekjunum. Það er aðgangseyririnn sem þarna á að vera söluskattsskyldur og þar með sé þetta orðið þannig að Þjóðleikhúsið jafnvel bara græði á því að á það sé lagður virðisaukaskattur.

Svo ekki sé nú minnst á Sinfóníuna. Hún á að stórgræða á virðisaukaskattinum. Og hvers vegna er það nú? Hvers vegna er hægt að sýna dæmi um að starfsemi eins og Sinfóníuhljómsveitin geti jafnvel komið jákvætt út? Það er vegna þess að það finnst varla afbrigðilegri starfsemi, ef ég má leyfa mér að nota það orð, herra forseti, að vísu með fullri virðingu fyrir Sinfóníuhljómsveitinni, en rekstur sinfóníuhljómsveita í heiminum nema ef vera skyldi e.t.v. rekstur Royal Shakespeare leikhússins og einhverrar slíkrar starfsemi. Vegna hvers er það? Það er vegna þess að tekjur þessarar starfsemi standa ekki undir nema mjög litlu broti af útgjöldunum. Afgangurinn kemur með einhverju öðru móti í formi styrkja og framlaga, safnana og svo kannski í formi taps. Þannig eru útgjöldin borin uppi og það er auðvitað enginn virðisaukaskattur lagður á tap. Það er heldur ekki lagður virðisaukaskattur á framlög frá ríkinu eða framlög frá sveitarfélögunum og þannig er hægt að tína út örfá dæmi úr menningargeiranum eins og t.d. Sinfóníuhljómsveitina og Þjóðleikhúsið með vissum fölsunum. Og ef við værum með Shakespeare-leikhús, sem fengi svona 15% tekna sinna af sölu aðgöngumiða og allt hitt með öðrum hætti, gætu þeir í fjmrn. aldeilis slegið sér á brjóst og sagt: Sjáið, það er bara stórgróði fyrir leikhúsið að lagður sé á það virðisaukaskattur. Kannski verður einhvern tímann sett á stofn Laxnessleikhús á Íslandi sem hefði svipuð tekjuhlutfjöll og Royal Shakespeare-leikhúsið og þá yrði þetta svona þar.

Það hafa verið gerðar tilraunir til að nota slík dæmi til þess að segja við menn: Þetta er bara allt í lagi með menninguna. Gott ef það að leggja á hana virðisaukaskatt er ekki eitthvert mesta innlegg í menningarstefnuna sem lengi hefur átt sér stað. Ég veit ekki hvort einhverjir stjórnarliðar, kannski á þingflokksfundum, hafa fengið að heyra þetta. Það geta þá einhverjir upplýst það. Nei.

Enda skulum við þá fara aðeins yfir þennan málflutning og sjá hvernig þetta kemur út annars staðar. Við skulum taka dæmi af hinum endanum. Þar sem menn í frjálsri menningarstarfsemi eru að reyna að halda úti algerlega án opinbers stuðnings, reka sína starfsemi að fullu fyrir eigin tekjur. Hvernig lítur dæmið þá út? Við skulum taka Alþýðuleikhúsið, og ég vona að þeir góðu menn leyfi mér að fara ofurlítið ofan í bókhald þeirrar stofnunar til að sækja mér dæmi um rekstur starfseminnar. Dæmið lítur þannig út að tekjur Alþýðuleikhússins af tilteknum verkum á ákveðnu tímabili voru um 1 087 þús. kr. og virðisaukaskatturinn af þessari starfsemi eru rétt tæpar 240 þús. kr. Ef virðisaukaskattur hefði verið lagður á rekstur Alþýðuleikhússins þetta tiltekna tímabil, sem ég er hér að vitna í, hefði Alþýðuleikhúsið þurft að skila í ríkissjóð 240 þús. kr. vegna þeirra aðgöngumiða og bæklinga sem það seldi að frádregnum innskattinum fræga. Og hver er hann hjá Alþýðuleikhúsinu? Jú, hann kæmi væntanlega til af auglýsingakostnaðinum og gæti hafa verið um 100 þús. kr. á þessu tímabili. Önnur starfsemi, sem hefði verið virðisaukaskattsskyld, gæti hafa verið u.þ.b. 300 þús. kr. sem þýðir að um 60 þús. kr. í viðbót hefðu bæst við þann lið sem draga mátti frá útskattinum. Það eru 160 þús. frá 240 þús. kr., eða 80 þús. kr.

Nú kann einhverjum að finnast að þetta sé bara býsna góð útkoma hjá Alþýðuleikhúsinu. Alþýðuleikhúsið hefði ekki þurft að skila hæstv. fjmrh. nema 80 þús. kr., nettó, á þessu tímabili. Er þetta þá ekki býsna gott? En það er bara einn galli á. Útgjöld Alþýðuleikhússins á þessu tímabili voru ekki 1 087 þús. kr. heldur 2 380 þús. kr. Það vantar sem sagt rúmar 1 200 þús. kr. upp á að Alþýðuleikhúsið hafi fengið tekjur til að standa undir sínum útgjöldum. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að ef Alþýðuleikhúsið hefði fengið tekjur á móti útgjöldum, ef það hefði selt miða sem hefðu dugað fyrir öllum rekstrarútgjöldunum, hefði útskatturinn ekki aldeilis orðið 240 þús. kr. heldur yfir 500 þús. kr. Og ef 160 þús. kr. eru dregnar frá 500 þús. kr. sjá allir að þetta dæmi er að verða býsna alvarlegt fyrir Alþýðuleikhúsið því Alþýðuleikhúsið á engar 340 þús. kr. til að borga í viðbótarvirðisaukaskatt til fjmrh. Þarna hefðu sem sagt bæst við 340 þús. kr. fyrir þetta litla áhugamannaleikhús, sem velti á síðasta ári ekki nema tæpum 2,4 millj., þ.e. útgjöldin voru tæpar 2,4 millj. en tekjurnar 1 080 þús. kr.

Þetta er dæmi sem er nálægt því að vera af hinum endanum, þar sem tekjurnar eru eða ættu að vera, ef þær væru fyrir hendi, allar í formi aðgöngumiðasölu. Þar er þetta næstum því hreinn viðbótarskattur á starfsemina. Það er alveg ljóst að þessi skattur ríður allri slíkri starfsemi að fullu þannig að hún leggst niður í landinu. Ýmiss konar áhugamannastarfsemi og áhugaleikhópar, sem fróðir menn tjá mér að sé helsti vaxarbroddurinn og ég ætti kannski ekki að hafa hátt um það hér í þessum félagsskap, munu engan veginn kljúfa dæmið þegar virðisaukaskatturinn er kominn til. Og alveg sama hvað hæstv. fjmrh. segir um Sinfóníuna og Þjóðleikhúsið og með hvaða reikningskúnstum hann sannar að þetta muni ekki breyta stórlega rekstri þeirra stofnana vegna þess hversu sérstaks eðlis útgjöldin eru á þeim bæjum, enda gerir maður ekki ráð fyrir að jafnvel hæstv. ríkisstjórn, vitlaus sem hún er, hefði treyst sér til að leggja niður Sinfóníuna og Þjóðleikhúsið, er hún greinilega að hefja slíka atlögu að allri frjálsri menningarstarfsemi, af því tagi sem ég hef hér verið að ræða um, að annað eins er ábyggilega fáheyrt ef ekki óheyrt.

Herra forseti. Ég gæti út af fyrir sig rakið þetta miklu, miklu betur og tekið fleiri svona dæmi en ég vona að hv. þm. hafi skilið hvað ég er að fara og átti sig á því að menn eiga ekki að trúa skröksögunni um það að það sé bara allt í lagi með menninguna. Virðisaukaskatturinn sé jafnvel hið besta mál fyrir menninguna. Það er ekki svo. Virðisaukaskatturinn mun ganga af mjög miklum hluta þeirrar menningarstarfsemi, sem ekki er að stórum hluta eða verulegum hluta til ríkisstyrkt eða styrkt með einhverjum öðrum hætti, dauðri. Svo einfalt er það mál. Þetta verður reiðarslag fyrir alla þá menningarstarfsemi sem reynt hefur að hjara í landinu á sjálfstæðum forsendum undanfarin ár. Ef hæstv. ríkisstjórn hefði í tengslum við þessar skattkerfisbreytingar viljað styðja við bakið á menningunni átti hún mjög einfalda leið sem var að undanskilja þessa grein þjóðlífsins virðisaukaskatti með öllu, þannig að ekki aðeins salan heldur líka tilkostnaðurinn væri laus við þennan fjanda.

Herra forseti. Ég vil áður en ég skil alveg við menninguna víkja aðeins að einum anganum enn sem eru áform ríkisstjórnarinnar um að skattleggja bókaútgáfu. Hafi ég sagt áðan, hæstv. menntmrh., að þessi þáttur allur, þ.e. virðisaukaskatturinn á menninguna væri nú einna snautlegastur af öllu fyrir hæstv. ríkisstjórn, þá held ég að ég sé kominn að rúsínunni í pylsuendanum þegar ég minnist á þá útfærslu frv. sem snýr að bókaútgáfu og útgáfu prentaðs máls í landinu. Ein höfuðröksemdin fyrir frv. er að það sé svo einfalt. Þetta sé svo gott af því að þetta sé svo einfalt. Hvernig lítur þetta út í útgáfustarfseminni hv. þm. Kjartan Jóhannsson? Jú, það er þannig að allar þrjár hugsanlegar útgáfurnar eru settar á svið. Blöðin eru undanþegin með öllu, ekki bara sala þeirra heldur og kostnaðurinn sem til fellur við útgáfuna. Allt virðisaukaskattslaust. Gott og vel. Svo koma Samúel og Tígulgosinn og sá geiri með öllu sem honum fylgir. Þar er þetta að hluta undanskilið og siglt bil beggja, þ.e. sala tímaritanna er ekki skattskyld en tilkostnaðurinn er hins vegar virðisaukaskattsskyldur. Svo komum við að bókinni, hv. 4. þm. Austurl., útgáfu hennar á Íslandi á árinu 1988. Hvernig er með það? Þar er allt skattlagt að fullu, jafnvel salan.

Þetta er, herra forseti, svo hroðaleg útkoma fyrir hæstv. ríkisstjórn, svo ofboðslegur svipur á þeirri menningarstefnu sem þarna birtist að ég held að

leitun sé að öðru eins. Hef ég þá ekki nefnt að Stjarnan og Stöð 2 og allt það, hvort sem þar heyrist eitt íslenskt orð á sólarhring eða ekki, er auðvitað allt undanskilið. Ekki nokkur virðisaukaskattur á enskar bíómyndir á Stöð 2. En á íslensku bókinni, Laxness og Sturlungu, er virðisaukaskatturinn á fullu alla leið. Þetta er nú menningarstefnan hjá hæstv. ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Líka á Gullnu fluguna.) Líka á Gullnu fluguna, rétt. Svona ætlar hæstv. ríkisstjórn að efna loforðin um að standa á bak við íslenska tungu. Hver var það sem hélt málþing í Þjóðleikhúsinu og ætlaði að efla íslenska tungu, blés í herlúðra, fékk til liðs við sig listamenn og rithöfunda og hélt glæsilega samkomu í Þjóðleikhúsinu til að efla íslenska tungu? Standa við bakið á íslensku bókinni. Hvað er nú að ske? Það á að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum þannig að virðisaukaskatturinn gangi að fullu út yfir útgáfu íslenskra bóka.

Þetta er svoleiðis niðurstaða, herra forseti, að ég á varla til orð, ég verð að segja það alveg eins og er. Kann ég þó nokkuð af íslenskum orðum. Ég trúi því varla að ég standi í þessum ræðustól á þessu ári og horfi framan í þessa niðurstöðu, þessa hroðalegu niðurstöðu hjá hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. Það er von að hæstv. menntmrh. sé heldur dauflegur á svip.

Það er eitt enn í þessu máli, herra forseti. Það er búið að fara þannig með bókaútgefendur og þá sem þeirri starfsemi tengjast unanfarin ár að það tekur varla nokkru tali. Þetta eru hreinustu og örgustu svik sem maður hefur lengi séð framan í vegna þess að þegar baráttumenn fyrir þessari tegund menningar hafa á undanförnum árum verið að sækja á um að fá söluskattinn felldan niður hefur verið sagt við þá: Þetta er hvort sem er bara tímabundið vandamál því að eftir eitt ár eða tvö ár eða þrjú ár kemur virðisaukaskatturinn og þá verður allt skattskylt og engar undanþágur. Þá verða dagblöð, tímarit, sjónvörp, útvörp og allt annað við sama borð. Þá verða allir jafnir og þess vegna skiptir þetta í sjálfu sér ekki máli. Nú sitja menn hins vegar uppi með þessa kostulegu „sorteringu" hæstv. ríkisstjórnar á hinu talaða og prentaða orði. Þetta er niðurstaðan fyrir íslensku tunguna og íslenska bókaútgáfu. Megi skömm ríkisstjórnarinnar lengi uppi vera ef hún ætlar að láta þetta ganga í gegn.

Í sjötta lagi, herra forseti, er með þessum virðisaukaskatti ætlunin að festa endanlega í sessi fulla skattheimtu af íslenskum matvælum, þar með talið íslenskum landbúnaðarvörum. Þetta er gert eins þótt ljóst sé að niðurgreiðslur á vöruverði, sem þarna eiga að nafninu til í upphafi að koma í staðinn, séu mjög umdeild pólitísk ráðstöfun og það sé vitað að um þær stendur slagur á hverju einasta ári. Þess vegna er það nokkuð ljóst að þær munu fara lækkandi að raungildi og innan tíðar verður virðisaukaskatturinn, hvort sem hann verður 22% eða sjálfsagt kominn upp í 32% eftir fáein ár ef hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson fær að halda áfram, að fullu kominn fram í verði á íslenskum matvælum. Auðvitað. Enda hefur hæstv. ráðherra ekki farið dult með þá skoðun sína að hann vilji allar niðurgreiðslur feigar. Hér er auðvitað á ferðinni enn eitt stóráfallið fyrir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu og einnig fyrir íslenska neytendur sem þurfa að kaupa þessa vöru dýrara verði.

Herra forseti. Ég gæti farið út í fjöldamargt fleira af einstökum efnum frv. en ég hef kosið að draga út stærstu atriðin til þess að gera mál mitt ekki allt of langt. Ég ætla þá að fjalla nokkrum orðum um málsmeðferðina og vinnubrögðin hjá hæstv. ríkisstjórn.

Það er þannig að stjórnarliðar hafa jafnvel hælt sér af því í fjölmiðlum og hér á þingi að starfa eigi sérstök nefnd í þessu í sumar. Þetta sé svo vandað og fínt hjá þeim að nú eigi bara að samþykkja lögin, svona „pro forma" næstum að segja. Svo eigi bara alveg sérstök nefnd að vera í þessu í sumar. Þeir hafa kallað þessa nefnd milliþinganefnd, sem er auðvitað rangnefni því grúppa meiri hluta þingmanna og embættismanna þeirra úr ráðuneytunum er ekki milliþinganefnd. Milliþinganefnd heitir svo ef Alþingi setur niður nefnd þm. til að starfa milli þinga, en þetta er hins vegar einfaldlega vinnuhópur á vegum hæstv. ríkisstjórnar með spekingunum innanborðs.

Förum aðeins yfir þetta með nefndaskipanina og hvað það segir í raun og veru um þetta frv. og hvað það þýðir. Það segir ósköp einfaldlega að stjórnarliðar viðurkenna með þessari nefndaskipan, þegar fyrir gildistöku laganna, að þau séu illa unnin hrákasmíð. Þau séu svo illa unnin og það liggi svo ljóst fyrir að það er þegar búið að skipa nefnd til að laga þau til í sumar, svona slípunarnefnd. Ég hef leyft mér, herra forseti, að kalla þessa aðferð „ruslakistuafgreiðsluaðferðina", ef fyrirgefst að nota svo langt orð, sem gerist nú líklega ekki. Þessi nafngift er komin til af því að hjá hv. stjórnarliðum er það þannig að þegar til funda við nefndir þingsins koma t.d. menn sem hafa ábendingar fram að færa um frv. og stinga upp á úrbótum, eða gagnrýna eitthvað sérstaklega sem þar er inni, segja þessir snillingar, Páll Pétursson og fleiri hv. þm.: Þetta er allt í lagi, við tökum þetta í nefndina. Svo telja menn upp: Þetta er nú vitlaust, já, já, við tökum þetta í nefndina. Svo koma þeir frá Landssambandi veiðifélaga og segja: Hvernig ætlið þið að skattleggja hlunnindin? Þá segja þeir: Við höfum ekki hugmynd um það en við ætlum að athuga það í nefndinni. Svo spyr ég þá: Hvað ætlið þið að gera með reka eða girðingarstaura? Þeir segja: Við höfum ekki hugmynd um það en ætlum að kíkja á það í nefndinni. Og svona gengur þetta. Ég held að listinn í fjh.- og viðskn. Ed. hafi verið orðinn, það er nú best að fletta upp á því, herra forseti, svo maður fari ekki með rangt mál, 11 tiltekin atriði sem átti að athuga í sumar. Á ég að lesa pínulítið fyrir ykkur, hv. þm.?

1. Mat á skattprósentu virðisaukaskattsins. Meira að segja sjálf skattprósentan er óákveðin. Það á að skoða það í sumar í nefndinni.

2. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald á íbúðarhúsnæði og annað sem tengist byggingarstarfsemi. Allt annað í raun og veru sem tengist byggingarstarfsemi í landinu er óklárt og á að skoðast í nefnd í sumar.

3. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis.

4. Um hráefni til fiskvinnslu.

5. Reglur um það hvernig virðisaukaskatti af menningar- og listastarfsemi skuli varið.

Reglur sem tryggja að jafnræði sé í samkeppni einkafyrirtækja og opinberra aðila er 6. atriðið og svo 7, 8, 9, 10 og 11.

Svo tók fjh.- og viðskn. Nd. til starfa. Og hvað gerðist þá? Jú, þetta sama. Það kom hver hópurinn á fætur öðrum til nefndarinnar, að hluta til þeir sömu og að hluta til nýir menn. Hvað gerðist þá? Þá lengdist listinn. Það bættust við ein 10 atriði í viðbót. Ég man þetta nú ekki alveg en hv. frsm. getur nú lesið það upp eða leiðrétt það hérna á eftir. En ætli það hafi ekki verið svona 10 atriði í viðbót sem komu? (**PP:** Mig minnir að þau séu sjö.) Sjö, já, það skiptir ekki öllu máli. Þá eru þetta orðnir 18 tölusettir liðir sem nefndin þarf að skoða sérstaklega. (**SvH:** Og endar á íþróttastarfsemi.) Og endar á íþróttastarfsemi, já. En það er eitt atriði sem var alveg á hreinu og menn voru sammála um, meira að segja minni hlutinn, að ekki þyrfti að skoða í nefndinni og það væri nafnið á frv. Það væri alveg brúklegt eins og það væri, þetta gæti heitið virðisaukaskattur. En það er líka eiginlega það eina sem eftir stendur.

Herra forseti. Svo mikið er nú að segja um blessaða málsmeðferðina, sem átti að vera svo óskaplega vönduð og hæstv. fjmrh. hafði sett á um það miklar tölur hvað þetta væri nú allt saman vandað og gott hjá sér. En til þess að olnboga þetta í gegnum þingið þurfti að sætta menn við allt það sem var vitlaust og ómögulegt og ekki var búið að ganga frá. Og það er gert með þessum hætti. Það er búin til ruslakista og sópað er ofan í hana öllum ágreiningsatriðum, öllu sem er óljóst, öllu sem þarf að vinna að betur og þetta er kölluð vönduð afgreiðsla. Þetta eru kölluð vönduð vinnubrögð í lagasetningu. Ja heyr á endemi. Halda menn að það sé bara eitthvert grín að setja lög á Alþingi, t.d. um 22% skatt á alla menningarstarfsemi, það sé bara brandari sem sé ekkert mál? Þetta er allt í lagi, elsku vinir, við ætlum að skoða þetta í sumar. Rétt eins og þessi frumvarpsbálkur á Alþingi væri sendibréf eða dagblaðsgrein. Ég verð að segja eins og er að þetta er hin argasta lítilsvirða við þingið. Þetta er auðvitað ekkert annað. Þetta er hreinasta lítilsvirða, herra forseti. Það er kannski erfitt að víta menn fyrir svona lagað af því að þeir segja ekkert ljótt en þetta eru auðvitað vítaverð vinnubrögð. Það er algjör skömm hvernig að þessu er staðið. Svo fáum við þetta auðvitað inn hér í haust með næstum því jafnmörgum brtt. og frv. eða lögin eru löng. Það er alveg ljóst. Það verður gaman.

Herra forseti. Það er engin tilviljun hvernig línur skerast í þjóðfélaginu hvað varðar afstöðu til þessa frv. Það er ósköp einfalt. Allir fulltrúar samtaka launafólks sem mættu á fundi fjh.- og viðskn. lögðust gegn afgreiðslu þessa frv.; fulltrúar Alþýðusambands Íslands, fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fulltrúar Bandalags háskólamenntaðra starfsmanna og aðalfundur Stéttarsambands bænda sl. haust. Öll þessi stóru heildarsamtök stétta í landinu hafa lagst gegn virðisaukaskatti í þessari mynd. Þar fyrir utan hafa fjölmargir aðilar sem tengjast menningar- og listastarfsemi og bókaútgáfu og fleiru hliðstæðu í þjóðfélaginu mótmælt þessum áætlunum sérstaklega. Stuðningurinn kemur hinum megin frá í þjóðfélaginu. Peningamennirnir og stóratvinnurekendurnir nudda saman höndunum af kátínu og bíða eftir að frv. verði samþykkt. En almenningur í landinu og fulltrúar almennings í landinu, fólksins í landinu, biðst undan þessu. Það biðst undan matarskatti og biðst undan skatti á menningu sem eðlilegt er vegna þess, eins og hagfræðingur Alþýðusambands Íslands sagði: Virðisaukaskatturinn hann snýr þyngri endanum niður eins og aðrir hlutir af þessu tagi. Flatur neysluskattur með einni prósentu út yfir allt snýr óumdeilanlega þyngri endanum niður og verður erfiðastur í skauti almennu launafólki, landbúnaðinum, listum og menningu. Það eru því miður naprar staðreyndir sem blasa við.

Að öllu þessu samanlögðu, herra forseti, eins og ég hef nú farið yfir, gat niðurstaða minni hl. varla orðið önnur en að leggjast eindregið gegn þessu frv. og það gerum við í okkar nál.

Það að núverandi söluskattskerfi sé um margt gallað og því sé áfátt í ýmsu réttlætir ekki að taka upp virðisaukaskatt og allra síst virðisaukaskatt með þessu sniði. Margar aðrar þjóðir hafa farið þá leið að laga til sitt söluskattskerfi, sníða af því gallana eða taka upp söluskatt með virðisaukasniði eða útfæra þetta með einhverjum öðrum hætti. Yfirleitt með því að taka upp virðisaukaskatt með fleiri en einu þrepi þannig að hægt sé að styðja við bakið á þeim greinum sem menn svo kjósa, með þeim sundurdrætti sem í því felst.

Þetta frv. er gallað og það er illa undirbúið. Það er til skammar fyrir Alþingi að afgreiða svona hrákasmíð sem fyrir liggur að er ónothæf og þegar á að hefjast handa við að laga frv. til er störfum lýkur á Alþingi.

Að lokum, herra forseti, þá eru með nál. minni hl. birt sýnishorn af þeim fjölmörgu bréfum sem borist hafa frá aðilum tengdum menningarstarfsemi, listum, bókaútgáfu og fleiru, þar sem virðisaukaskattinum er mótmælt. Þessir aðilar eru, svo ég nefni nokkra: Alþýðuleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Félag ísl. leikara, stjórn Félags ísl. bókaútgefenda, Rithöfundasamband Íslands, Bókasamband Íslands, þar er einnig ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda á Eiðum, greinargerð frá Bandalagi háskólamanna og svo má áfram telja. Allir

þessir aðilar og reyndar fjölmargir fleiri, sem ekki vannst í raun og veru tími til að setja inn í nál., hafa ýmist komið til fjh.- og viðskn. eða sent þangað erindi sín í einu eða öðru formi og mótmælt þessum virðisaukaskatti. Það eru því mikil öfugmæli sem stundum hafa heyrst að um málið sé einhver pólitísk samstaða í landinu.

Að síðustu, herra forseti, mæli ég fyrir brtt. sem ég flyt við frv., ekki til þess að gera það alfullkomið heldur til þess að reyna, ef þess væri einhver kostur, að afstýra stærstu slysunum sem hér virðast hljóta að verða.

Það er í fyrsta lagi að undanskilja menningarstarfsemina, sem yrði nánar skilgreind í reglugerð, að höfðu samráði við menntmrn. og samtök listamanna.

Í öðru lagi að undanskilja sölu bóka. Bæta einum tölulið við 2. gr. frv. og undanskilja sölu bóka þannig að meðferð bóka í þessu sambandi yrði hin sama og meðferð tímarita. Minna má varla gagn gera.

Í þriðja lagi eru ákvæði er varða það að undanskilja þá sem bjóða upp listmuni.

Og í fjórða lagi að breyta 12. gr. þannig að sala á matvörum verði undanþegin virðisaukaskatti.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, a.m.k. að sinni.

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Það er yfrið nóg um viðburðaríka daga hér á hv. Alþingi. Kannski er þetta frv. að mörgu leyti sérstakt vegna þess að búið er að skipa nefnd til þess að athuga það, en það er verið að strita við það núna síðustu daga þingsins að lögfesta frv. sem enginn hefur enn hugmynd um hvernig lagagreinar þess eiga í raun og veru að hljóða. Ég man ekki eftir því að það hafi nokkurn tímann gerst á hinu háa Alþingi að samþykkt séu lög og síðan sett milliþinganefnd til þess að athuga þau. Það hlýtur því að eiga að taka þetta upp í haust, eftir kosningar ef þær verða, og gjörbreyta frv. Nú á þetta ekki að taka gildi á þessu ári. Ég man ekki til þess að hægt sé að benda á nokkur dæmi um svona vinnubrögð. Þetta eru líklega hin nýju fyrirmyndar vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar sem hún þykist vera að taka upp á hinu háa Alþingi. Setja lög sem hún sjálf hefur ekki hugmynd um hvernig muni verka eða hvernig verða útfærð. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu atriði. Það leynir sér ekki hvert meginmarkmiðið er, þ.e. stefnan er að skattleggja jafnt brýnustu nauðþurftir manna á sama hátt og allt annað og að greiða fyrir innflutningi með því að verðið á innfluttum vörum verður lægra, og er orðið, heldur en áður var.

En svo er eitt mikilvægt atriði sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að, ef hann er nokkuð farinn að átta sig á því frekar en ýmsu öðru: Hvernig verður með þann lager sem heildsalar eiga, kannski er allt í lagi með þá, en það eru verslanir, t.d. kaupfélögin úti um land, sem eru í miklum erfiðleikum. Nú hljóta lagerar alls staðar að verða metnir og borga þarf virðisaukaskatt af því. Hvernig verður því komið fyrir? Er þetta kannski náðarstungan sem ætluð er samvinnufélögunum, dreifbýlisversluninni í landinu? Eða hvernig hafa hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin og ekki má gleyma formanni fjh.- og viðskn., ef hann má vera að því að hlýða á mál manna hér í þingsalnum, hugsað sér, eða hafa þeir ekkert athugað það mál, hvernig verður farið með þær birgðir sem verða í verslunum, hjá heildsölum og öðrum þegar lögin taka gildi? Ekki getur verið að þeir sem fjársterkir eru geti flutt inn vörur í stórum stíl og komist hjá því að borga virðisaukaskatt af þeim? Mér sýnist í fljótu bragði, og vil fá skýringu á því, að einsýnt sé að þetta verði allt saman metið, og hvernig er þá fyrirhugað að fari um greiðsluna? Nú er það vitað að verslanir, sérstaklega kaupfélög, standa misjafnlega að vígi. Sumir hafa getað á eðlilegan hátt afskrifað lagerana en aðrir ekki. Ef minn skilningur er réttur á þessu máli kemur þetta þyngst niður á þeim sem verst standa.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði hér langt mál áðan og nefndi ýmis atriði sem þessari milliþinganefnd er ætlað að athuga. En ég hef ekki orðið var við að þetta atriði hafi verið rætt. Ef svo er þá hefur það farið fram hjá mér. Ég man ekki betur en að á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda hafi matarskattinum verið mótmælt. Auðvitað er ekki hlustað á það. Landbúnaðurinn er ekki í náðinni hjá þeim sem ráða mestu í þessari ríkisstjórn.

Hvernig er svo með menninguna? Við hv. þm., ekki einungis fjh.- og viðskn., höfum hver og einn fengið bréf frá þessum aðilum.

Hvernig verður með húsbyggjendur? Það er auðvitað ekkert hugsað um það frekar en annað. Nú vitum við að það viðgengst við byggingar að ýmis vinna, t.d. smíðar hvers konar, jafnvel innréttingar ef þær eru unnar á byggingarstað, er ekki söluskattsskyld. Nú á að setja virðisaukaskatt á allt en borga svo til baka. Það verður auðvitað mikið skriffinnskubákn í kringum þetta. En halda menn virkilega, eru þeir svo bláir að þeir haldi að ekki séu einhverjar leiðir til að fara í kringum þessar reglur, a.m.k. reglurnar eins og þær birtast í ræðum hæstv. ráðherra á Alþingi?

Ég ætla ekki að tala langt mál, það hefur enga þýðingu. Við heyrum og sjáum að hv. stjórnarliðar eru mjög óánægðir í hverju málinu á eftir öðru en það glamrar alltaf í flokkshlekkjunum annað slagið þó að sumir hristi þá af sér í einstaka máli. Og þjóðin fylgist með því, þjóðin fylgist með handjárnunum sem eru hér á Alþingi í hinum ýmsu málum. Menn skrifa og tala og greiða svo atkvæði þvert á móti því sem á þeim er að heyra.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð í þessari umræðu. Ég vil endurtaka spurninguna til formanns fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Norðurl. v., um hvort hann hafi athugað hvernig það muni koma við kaupfélögin, eða dreifbýlisverslanirnar yfirleitt, þegar þau verða að borga virðisaukaskatt af vöru-

birgðum, eða ætlar hann að sjá til þess að þau þurfi ekki að borga það og hvernig verður þá þetta kerfi útfært? Er hv. þm. sáttur við þá aðferð að lögfesta frv. sem sýnilegt er að þarf að taka upp í veigamiklum atriðum áður en það tekur gildi, og jafnvel er búið að skipa milliþinganefnd til þess að athuga hvernig er hægt að útfæra það? Hefðu það nú ekki verið skynsamlegri og venjulegri vinnubrögð, sem við höfum báðir vanist hér á Alþingi, að fresta lagasetningunni til haustsins en streða ekki þetta nú? Ég sé ekki þýðinguna, nema skýringin sé sú að hæstv. fjmrh. og kannski einstaka ráðherrar aðrir séu búnir að hlekkja stjórnarliðið svo að þeir geti látið þá gera hvað sem er.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að vísu að hæstv. fjmrh. skuli vera staddur í þingsölum. Ég hefði ekki óskað eftir að hann yrði sóttur, þó svo væri ekki, því við höfum þegar átt orðastað um þetta, bæði innan þings og utan. Öllu athyglisverðara þykir mér að hæstv. menntmrh. er ekki staddur hérna og hefur, eftir því sem ég best veit, harla lítið verið viðstaddur umræðu um þetta mál. Ég mun ekki óska eftir því að hann verði sóttur þar sem ég álít að hann mundi vera hér af eigin hvötum, ef hann hefði á málinu áhuga.

Það er nú rúmur sólarhringur þangað til þingi lýkur og það er til marks um vinnubrögð að hér er í gangi 2. umr. um frv. um virðisaukaskatt á elleftu stundu. Er reyndar umhugsunarefni fyrir þing og þjóð, þ.e. fyrir alla aðra en þá sem í krafti valds geta fengið vilja sínum framgengt, hve lítil virðing kjörnum fulltrúum þjóðarinnar og þar með þjóðinni allri er sýnd í meðferð þessa máls. Lögin eiga að taka gildi eftir rúmt ár, en samt liggur svona mikið á að láta Alþingi leggja blessun sína yfir þau núna. Það er að vísu til eftirbreytni að hafa góðan fyrirvara á málum og ætla sér tíma til að undirbúa kerfisbreytingar sem nauðsynlegar eru, t.d. í þessu tilfelli. Hér fylgir þó böggull skammrifi. Nánast allir þættir frv. eiga að vera til nánari athugunar í nefnd í sumar sem á að gera brtt. sem væntanlega verða lagðar fyrir þingið í haust. Því veit enginn í raun hvað verið er að samþykkja. Það er boðað að nefndina eigi að skipa embættismenn og stjórnarliðar. Þeir hafa þegar ákveðna sýn á frv. og er þessi aðferð við skoðun laganna og áhrif þeirra nánast yfirlýsing um að stjórnarandstöðu, eða öðrum þeim sem kunna að hafa skoðanir á frv. sem eru ekki þóknanlegar, komi málið ekki við.

Því er enn fremur haldið fram að það að leggja frv. fram núna og keyra það í gegn séu vönduð vinnubrögð til að ekki sé nú flanað að neinu. En þegar litið er yfir listann sem fylgir með um öll þau atriði sem nefndin á að endurskoða og taka til nánari athugunar er þar nánast öll atriði frv. að finna. Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að lesa upp þennan atriðalista. Ég gerði það raunar við 1. umr. og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði það hér áðan svo á því mun ekki þörf.

Það var athyglisvert að fylgjast með þeim aðilum sem komu til viðtals við fjh.- og viðskn. Nd. en þar á ég nú sæti í stað Kristínar Halldórsdóttur fyrir hönd Kvennalistans. Þeir sem lýstu stuðningi við frv. voru allt fulltrúar atvinnu- og efnahagslífs. Gerðu þeir þó allir einhvern fyrirvara í máli sínu og í reynd má draga saman í eina setningu það sem þeir sögðu hver með sínum hætti: Við erum samþykkir frv. í heild en vildum gjarnan sjá þessa lagfæringu fyrir okkur. Síðan nefndi hver sína ástæðu fyrir þeirri beiðni. Þetta voru m.a. fulltrúar iðnrekenda, útgerðarmanna, iðnaðarmanna og bænda. Þeir sem voru andvígir frv. voru aftur á móti launþegasamtökin í landinu sem héldu því fram sem einn að virðisaukaskattur kæmi almennu launafólki illa og væri ekki til hagsbóta fyrir það. Nefndu þeir aðallega að með þessu væri matarskatturinn festur í sessi og hann bitnaði harðast á þeim efnaminni. En það eru engar fréttir fyrir okkar kvennalistakonur sem höfum ásamt öðrum stjórnarandstæðingum haldið uppi harðri baráttu gegn matarskatti með sömu rökum.

Óbeinir skattar sem leggjast jafnt á alla án tillits til efnahags eru óvenjustór hluti af tekjuöflunarkerfi íslenska ríkisins miðað við önnur lönd og var síst þörf á að auka þann hluta tekjuöflunarkerfisins meðan öllum leiðum til að jafna tekjur með skattheimtu er staðfastlega hafnað. Augljósara getur það ekki verið hverra hag hæstv. ríkisstjórn ber fyrir brjósti. Þeir efnameiri mega halda sínum hlut sem mestum, en í pyngju þeirra efnaminni skal seilst. Á sama tíma er því sama fólki neitað um lágmarkslaun fyrir 40 stunda vinnudag og skömmtuð smánarlaun langt fyrir neðan það mark sem vegur er að nægi til framfærslu.

En þá er líka komið að fagnaðarerindi hæstv. fjmrh. Allt þetta skaltu fá — undanskilið, ef þú fellur fram og tilbiður mig — í bótum. Hvers lags eiginlega forræðishyggja er þetta? Mér er ljóst að hæstv. fjmrh. kallar þetta velferðarríki. Er það hans hugmynd um velferðarríki að þeir þegnar landsins sem með undarlegum hætti eru dæmdir niður fyrir framfærslumörk sæki sína framfærslu til ríkisins? Hvað verður um sjálfsvirðingu þess manns sem meinað er að sjá fyrir sér með afrakstri vinnu sinnar og er gert að fara í hlutverk þiggjanda sí og æ og sækja sér bætur? Og hversu vel þjónar sá hinn sami þessu þjóðfélagi ef sjálfsvirðing hans bíður hnekki? Er hann að fullu ábyrgur þjóðfélagsþegn? Getum við vænst þess besta af honum og vinnu hans? Er það kannski framtíðarsýn hæstv. fjmrh. um velferðarþjóðfélagið að hér alist upp fólk með svo skerta sjálfsvirðingu að enginn vandi verði að stjórna því, stinga upp í það dúsum, hálfvegis að gefa til kynna að vinnuaflið sé ekki meira virði en svo að það taki því ekki að borga því, en svo verði líklega að styrkja greyið? Þessi aðferð hefur reynst talsvert áhrifarík við konur, að vanmeta störf þeirra innan heimilis og utan, hamra nógu lengi á því að vinnuframlag þeirra sé lítils virði, með þeim afleiðingum að þær treysta sér ekki til þess að sækja rétt sinn. En hafi það farið

fram hjá hæstv. ríkisstjórn er ástæða til þess að benda henni á að konur eru nú óðum að varpa af sér oki vanmats og vanvirðingar og sækja nú alls staðar fram, reiðubúnar að varpa fyrir róða fyrra mati, fyrri gildum, neita að hlusta og hlýða og ætla sér að breyta þessu þjóðfélagi, endurmeta og endurbæta með eigin hag og annarra, sem minna mega sín, í huga. Svo mun einnig verða með það bónbjargarfólk velferðarríkisins sem hæstv. fjmrh. sér í sinni framtíðarsýn, en því hærri sem varnargarðar ríkjandi kerfis eru, því meira vatn safnast bak við þá og þeim mun sterkari verður flóðbylgjan þegar hún brýst fram. Öllu sem hefði mildað aðgerðir, svo sem fleiri þrep í virðisaukaskatti, lægri eða engin álagning á nauðþurftir og fleira í þeim dúr, er hafnað. Því versta og mesta sem hægt er að finna í reynslu annarra þjóða er safnað saman og dengt yfir íslensku þjóðina, hæstu prósentunni, einu skattstigi, engar undanþágur á nauðþurftir fólks og svo fylgir menningin með í ofanálag. Lítið leggst nú fyrir kappana. Saman safnaðir útlendir ósiðir skulu það vera. Við höfum misstigið okkur áður í slóðum sem útlendingar hafa troðið fyrir okkur.

Því nefni ég þetta hér að ég hef orð ábyrgra manna fyrir því að íslenska frv. um virðisaukaskatt sé sniðið eftir dönskum lögum. Þar er að finna eina fordæmið á Norðurlöndum fyrir því að skattleggja menningu á þann máta sem er lagt til í því frv. sem er til umræðu. Er það þjóðin sem við ætlum að sækja til ráð í menningarmálum? Sú var tíðin að við börðumst gegn ofríki Dana hér á landi og losuðum okkur undan því oki með menninguna að vopni. Það var menningarvakning íslensku þjóðarinnar sem varð best veganesti í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Sú vakning varð helst fyrir tilstilli skálda og annarra andans manna, hverra nöfnum er enn haldið á lofti þegar góðra manna er getið.

Enn mun svo að innlend sköpun og menning er notadrýgst í því að varðveita sjálfsvirðingu íslenskrar þjóðar og sjálfstæði. Og þó nú sé sótt að sjálfstæði okkar úr öðrum áttum en úr Danaveldi ætti viðureignin við þá að vera okkur lýsandi fordæmi. Manni virðist að svo gjörsamlega séu menn nú slegnir frjálshyggjublindu þar sem engin rök eru gild nema fjárhagsleg og gildir þó einu þó þau séu fjandsamleg Íslandi og íslenskri menningu og mennt að fátt sé til varnar nema efling íslenskrar menningar og menntunar. Sú staðreynd er hins vegar óðum að gleymast hjá ráðamönnum. Svo rækilega hafa þeir gleymt menningunni að engum þeirra datt í hug að kalla listamenn til viðtals varðandi frv. Það má vissulega bera listamönnum sjálfum á brýn andvaraleysi en þeir eiga sér þó málsbætur.

Um langt skeið börðust listamenn fyrir því að fá felldan niður söluskatt af aðgangseyri að listastarfsemi. Það tókst eftir langa baráttu að fá undanþágu og um sl. áramót var sú undanþága fest í lögum, lögum sem afléttu söluskatti af menningunni. Listamenn höfðu orð málsmetandi manna fyrir því að ekki yrði lagður aftur skattur á menningu í formi virðisaukaskatts. Það gerði fulltrúi hæstv. menntmrh. á fundi sem leiklistarfólk hélt hér í nóvember. Hæstv. menntmrh. sjálfur gat ekki verið viðstaddur. Það gátu aðrir ráðherrar ekki þó að til fundarins væri boðað með það fyrir augum að ná eyrum þeirra manna. En þessi maður sem sagðist tala í umboði menntmrh. lofaði því að sá skattur yrði ekki lagður á. Hæstv. fjmrh. segir í dag að hann geti ekki verið ábyrgur fyrir orðum manna úr menntmrn. og sannast nú enn sem fyrr að það virðist vera lengri leið úr fjmrn. yfir í menntmrn. en milli Grímsness og Súdan.

Að þessum orðum viðhöfðum trúðu listamenn þessu og uggðu ekki að sér, náðu því aldrei tali af þm. áður en málið fór í gegnum Ed. en náðu í endann á fjh.- og viðskn. Nd. Þá er sagt að það sé orðið of seint, breytingar ekki samþykktar nú, en málið verði tekið til athugunar í sumar.

Fara nú hjólin að snúast hratt, en áður en ég sný mér að atburðarás síðustu daga legg ég áherslu á að eftir stendur að mönnum datt í hug að leggja skatt á listastarfsemi og þeim datt það ekki bara í hug, þeir framkvæmdu það. Það er í sjálfu sér áfellisdómur yfir þeim mönnum sem að frv. standa. Verðmætamat þeirra birtist í frv. og það birtist mjög skýrt í þeim lista frv. sem er yfir undanþágur. Og til samanburðar við þá menningarstarfsemi sem nú sækir hart að reyna að fá sömu undanþágur verður manni auðvitað litið á undanþágur til íþrótta, þ.e. íþróttaleikja og íþróttasýninga, og undanþágur til sölu tímarita. Ef þetta er ekki lýsandi dæmi um menningarlegt verðmætamat veit ég ekki hvar finnast skýrari dæmi, enda er núna brugðist hart við og pappírarnir fjúka út úr tölvunum þar sem menn í fjmrn. eru óðum að reikna sig í átt að þeirri niðurstöðu að virðisaukaskattur sé listastarfsemi landsins til hagsbóta. Mikill er máttur tölvunnar. Til vonar og vara láta þeir fylgja með þessum tölvuplöggum sínum ýmis orð um að ef þetta reynist listinni þungt í skauti séu ýmsar leiðir til að kippa því í lag.

Ég hef hér meðferðis plagg sem var tekið saman í fjmrn. og þykist maður sums staðar kenna orðalag hæstv. fjmrh. en tölulega hliðin er að öllum líkindum runnin undan rifjum hans helsta aðstoðarmanns. Ég ætla ekki að lesa plagg þetta allt upp en langar að grípa niður í það eftir því sem þörf krefur.

I. kaflinn hljóðar svo:

„Áhrif VASK [en það er mjög geðsleg skammstöfun fyrir virðisaukaskatt, VASK] á sölu aðgöngumiða, á kostnað við leikhús, tónleikahald o.s.frv. ræðst fyrst og fremst af tvennu, þ.e. því hvað aðgöngumiðasala er stór hluti tekna og því hve keypt aðföng eru stór hluti útgjalda. Ekki er gert ráð fyrir að framlög opinberra aðila, svo sem rekstrarframlög til leikhúsa, sinfóníuhljómsveitar o.s.frv. eða styrkir til hliðstæðrar starfsemi í fjárlögum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga verði skattstofn. [Það eru í sjálfu sér ánægjuleg tíðindi.] Skattstofninn verður því sala aðgöngumiða og veitingasala í tengslum við sýning-

ar. Í starfsemi þessari eru kaup á aðföngum breytileg að tiltölu, en í flestum tilfellum veruleg."

Og þarna kemur fyrsta dæmið um vanþekkingu. Mjög margt í þessu plaggi ber vott um þessa vanþekkingu. Á þetta er lagður sá mælikvarði sem gildir fyrir flest venjuleg fyrirtæki sem lúta venjulegum markaðslögmálum en fátt bendir til að þarna sé þekking á innanhússvandamálum þeirra sem reka menningarstarfsemi. Það er sjálfsagt báðum aðilum að kenna. Þeir talast ekki nógu oft við og þá kannski oftar til þess að bítast en til þess að skiptast á upplýsingum.

Áhrif VASK-skattsins eru auðvitað veruleg. Í þeim dæmum sem hér eru tekin hefur að vísu tekist að reikna dæmi Þjóðleikhússins þannig að fjárþörf þess muni minnka um 600 þús. kr. Þessar tölur vefengir að vísu þjóðleikhússtjóri og mætir með annað plagg máli sínu til sönnunar. Munurinn á þessum tveimur plöggum er sá að plaggið frá fjmrn. mun byggja á áætlunum, en plaggið frá Þjóðleikhúsinu byggir á tölum frá 1987. M.ö.o. er í plagginu frá fjmrn. gert ráð fyrir að þetta muni í rauninni minnka útgjöld Þjóðleikhússins um 600 þús., þ.e. að afkoma þess batni um 600 þús. Í plaggi þjóðleikhússtjóra telst honum til að fyrir árið 1987 hefði Þjóðleikhúsið greitt rúmar 8 millj. kr. í virðisaukaskatt. Ef við bætum ofan á það 30%, sem mun vera nærri lagi, er þessi tala komin upp í 10½ millj. í dag. Hver hlutur söluskatts er í þessum tölum veit ég ekki að svo stöddu, það væri of mikið mál að reikna það út á svo skömmum tíma, en það mun vera minna að verulegu leyti en þessar tölur gefa til kynna. Þeir hafa þegar tekist eitthvað á um þessar tölur, fulltrúi fjmrn. og hæstv. fjmrh. og þjóðleikhússtjóri, og er ekki alveg séð fyrir endann á því hvor hefur réttar fyrir sér í reikningskúnstunum. Það er hins vegar ljóst að þær forsendur sem hér eru í þessu plaggi fjmrn. eru ekki réttar og ber nú að hafa í huga að þegar menn gera áætlanir um rekstur þora þeir auðvitað ekki að áætla of hátt um sölu aðgöngumiða, þora ekki að sýna í því fyllstu bjartsýni og eru kannski fullsvartsýnir í útgjöldum. Þykja það sjálfsagt meiri búhyggindi en að ætla alla hluti um of á jákvæðu hliðinni. Sem dæmi vil ég taka að hér er gert ráð fyrir að tekjur Þjóðleikhússins af aðgöngumiðasölu séu 53 millj., þ.e. sala vöru og þjónustu. Það innifelur þá alla sölu Þjóðleikhússins, væntanlega leikskrá líka og aðra slíka hluti. Þetta er áætlað 53 millj. Mér reiknast til að það muni vera um það bil 50 þús. áhorfendur. Ég held að það hafi ekki gerst í sögu Þjóðleikhússins að áhorfendur hafi verið svo fáir. Áhorfendafjöldinn hefur legið á bilinu 80–120 þúsund þegar best hefur látið en ekki nokkurn tíma nálgast þessa tölu þannig að sú upphæð sem VASK reiknast af sem Þjóðleikhúsið á að borga er hér stórlega vanáætluð. Ekki er því alveg mark takandi á þessari jákvæðu útkomu sem hér verður. Læt ég þetta nægja um Þjóðleikhúsið í bili og ætla að halda aðeins áfram að feta mig í gegnum þetta plagg.

Í kafla þar sem fjallað er um opinberar stofnanir með talsvert löngum útskýringum, sem ég hef þegar í rauninni tæpt á í þessu máli núna um Þjóðleikhúsið, þessi kafli er um Þjóðleikhús og Sinfóníu aðallega, segir: „Skattur sem þessum stofnunum verður gert að greiða verður því frá því að vera 3%, þ.e. endurgreiddur innskattur, og upp í 6–7%. Líklegustu niðurstöður eru í nánd við núll." Þar sem þau rök eru í þessu sama plaggi nú þegar fallin um sjálf sig fjölyrði ég ekki meira um það en þó mun ljóst að þessar tvær stofnanir sem þarna eru tilteknar munu að öllum líkindum fara hvað skást út úr þessari skattlagningu.

Hér kemur kafli sem heitir Önnur starfsemi og hann byrjar með þessum ágætu orðum: „Upplýsingar um samsetningu kostnaðar og útgjalda liggja ekki fyrir." Samt er ekki hikað við að draga ályktanir. „Ætla má að sölutekjur séu almennt stærri þáttur en hjá opinberum stofnunum. Hins vegar má einnig gera ráð fyrir að launakostnaður sé þar almennt minni þar sem mikið er um sjálfboðavinnu og launagreiðslur líklega lægri." Þetta er nú alveg rétt.

Síðan segir: „Ljóst er að mikið af hinni frjálsu listastarfsemi, svo sem kórastarfsemi, einstakir tónleikar og leiksýningar á vegum áhugahópa o.s.frv., er þess eðlis að auðgert ætti að vera að halda því utan skráningar og skattskyldu." Þetta skýtur strax skökku við þar sem ein helstu rök fyrir því að sá háttur er ekki hafður á í frv. er að hafa undanþágur sem flestar og forðast skilgreiningar á hvað teljist til menningar og hvað ekki. Svo hvaða leiðir er þarna verið að tala um sem hljóma svona, „auðgert ætti að vera að halda því utan skráningar og skattskyldu", veit ég ekki en vonandi fæst það upplýst í haust þegar nefndin hefur lokið störfum. „Enn fremur er sá kostur fyrir hendi að veita þeim aðilum sem starfa í samkeppni við hliðstæðar opinberar stofnanir, svo sem frjálsum leikhúsum, styrki sem svarar til þess sem skattgreiðslur þeirra kunna að verða." Guð láti gott á vita. Listamenn hafa hins vegar staðið andspænis því áratugum saman að hlusta á loforð um aukna styrki og ég held að enginn þeirra trúi því fyrr en hann tekur á að þau loforð séu efnd. Auk þess sem ef ætti að mæta þeim álögum, sem nú eru lagðar á menningarstarfsemi, með styrkjum þyrfti sú hækkun að vera svo stórfelld að ég er ekki farin að sjá að það nái fram að ganga. Rökin fyrir því að búið sé að opna fyrir undanþágustrauminn, ef reynt er að skilgreina menningu hér í þessu plaggi, verða þá nákvæmlega þau sömu. Ef á að hækka styrki til menningarstarfsemi um 60–70% eins og víðast virðist vera þörf á er hætt við að erfitt yrði að stöðva þann straum líka í beiðnum um hækkun á fjárlögum.

En fyrst við vorum komin að skilgreiningunni er hér mjög athyglisverður kafli í þessu plaggi frá fjmrn. sem hljóðar svo: „Útilokað er af skilgreiningarástæðum að undanskilja aðgöngusölu að menningarstarfsemi almennt." Útilokað er. Svo er spurt: Hvar liggja mörkin? Hvar liggja mörkin í leiklist á sviði sem spannar drama, farsa, kabarett, revíur, Þórskabarett, Halla og Ladda og dillibossasýningar?

Eða í tónlist með allt frá sinfóníum gegnum létta tónlist, jass, ljóðatónlist, dansmúsík og rokk til skallapopps? Það er ekki von að ráðamönnum farnist vel í svona frv. eins og þessu þegar þeir treysta sér ekki í þær skilgreiningar sem nauðsynlegar eru varðandi menningarstarfsemi í landinu. Þó eru þeir að skilgreina aftur og aftur með því að segja: Auðvitað verður þess gætt að menningin, innan gæsalappa, fari ekki halloka. En því treysta þeir sér ekki til að gera það innan frv.? Því treysta þeir sér ekki til að skilgreina opinberlega hvað þeir telji nauðsyn þessari þjóð til að halda uppi hér íslenskri menningu og hvað megi liggja óbætt hjá garði? Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. að það er engin ástæða til þess að skemmtanaiðnaður landsins eins og hann leggur sig sé undanþeginn virðisaukaskatti en ég er ekki sammála þeim skilningi sem hér kemur fram þar sem hann rökstyður virðisaukaskattinn og skattlagningu á menninguna í þrem liðum. Sá fyrsti hljóðar svo:

„Áhrif á beina fjárhagslega stöðu þeirrar menningarstarfsemi sem styrkt er af opinberri hálfu og hliðstæðrar starfsemi yrði óveruleg og auðgert að bæta stöðu þessara aðila að því marki sem á þá kann að halla.

2. Ríkissjóður yrði fyrir verulegu tekjutapi vegna skattfrelsis skemmtanaiðnaðar sem veltir hundruðum milljóna.

3. Njótendur undanþáguleiðarinnar yrðu fyrst og fremst jöfrar skemmtanaiðnaðarins. Þeir nytu óbeinna ríkisstyrkja sem yrðu margfaldir á við hugsanlegar skatttekjur af menningarstarfsemi í þrengri skilningi. [Og þarna er búið að skilgreina menningarstarfsemi í þrengri skilningi.] Sá styrkur mundi skerða samkeppnisaðstöðu menningarstofnana gagnvart þeim og draga úr getu ríkissjóðs til að efla menningarstarfsemi."

Þetta er að mínu viti ekkert annað er orðavaðall til að draga fjöður yfir þá staðreynd að menn vilja ekki út í þessa skilgreiningu og það hvarflar að manni að menn hliðri sér hjá skilgreiningu vegna þess að þeir haldi að það muni e.t.v. valda þeim óvinsældum hjá einhverjum hluta þjóðarinnar sem nú hefur tekið þá trú að skrípaleikir á við Eurovision og aðra álíka menningarstarfsemi sé jafngildir og jafnnauðsynlegir íslensku mannlífi eins og það sem við köllum íslenska sköpun og íslenska liststarfsemi. Og mig grunar að ráðamenn séu að hliðra sér hjá því að skilgreina þetta frammi fyrir fólki og vilji hlífa sér á bak við eitthvert frjálslyndistjald þar sem allt er jafngilt því að sjálfsagt telja þeir sig tapa atkvæðum á því að ganga fram fyrir skjöldu og segja einarðlega hvað þeir haldi að þessari þjóð sé nauðsynlegt í menningarmálum, því þeir geta það. Þeir gera það aftur og aftur í þessu plaggi. Þeir skilgreina aftur og aftur en þeir vilja bara ekki láta skjalfesta það.

Í ljósi þess sem sagt er hér aftur og aftur, að þau fjárútlát sem þetta kosti menningarstarfsemi í landinu séu óveruleg, skulum við líta aðeins nánar á það. Ég hef að vísu gert það mjög ítarlega í ræðu í 1. umr. en samkvæmt því að góð vísa sé ekki of oft kveðin ætla ég að gera það aftur og enn nákvæmar en ég gerði síðast því að nú hafa borist náttúrlega tölur sem ekki lágu fyrir þá þannig að þá talaði ég meira af tilfinningu en þekkingu, en þá þekkingu þykist ég þó hafa á þeim málum að tilfinning mín hafi verið nokkuð rétt.

Vil ég þá fyrst snúa mér að Leikfélagi Reykjavíkur sem hefur gert yfirlit yfir það hvernig VASK — maður getur varla tekið sér þetta í munn, þetta er svo ljótt, VASK — mundi koma út fyrir þeirra starfsemi. Til upplýsingar skal þess getið að hér er notuð sama reikningsaðferð og fjmrn. notar til þess að reikna Þjóðleikhúsið niður í núll og aðra niður í óverulegt. Í núgildandi söluskattskerfi greiðir Leikfélag Reykjavíkur rúma eina milljón í söluskatt, þ.e. af þeim útgjöldum sem þeir hafa af vörum sem þeir borga söluskatt af er söluskatturinn rúm milljón, 1,1 millj. Í VASK-kerfinu er þessi tala svipuð en þar er komin miðasala, sem áður er án skatts og er upp á 74 millj., þar er kominn virðisaukaskattur upp á 6,1 millj. Breytt tekjuþörf Leikfélags Reykjavíkur er því 6 millj. Útgjöld þess voru samtals, samkvæmt söluskattskerfinu, 80,3 millj. en verða með VASK-kerfinu 86,2 millj. Þetta er áætlun og hún er reiknuð með sömu reikningsaðferðum og fjmrn. notar. Hún er auðvitað ekki staðreynd þar sem þetta er áætlun en það sem helst einkennir hana eru ofreiknuð útgjöld og vanreiknuð aðgöngumiðasala til þess að sýna varkárni. Ekki verða því tölurnar hagstæðari, sjálfsagt, þegar raunveruleikinn blasir við. Svo mikið um Leikfélag Reykjavíkur.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti nokkuð vel áðan þá aðstöðu sem frjálsir leikhópar mundu komast í og æ verr fellur manni að taka það sér í munn að kalla þá frjálsa leikhópa. Það ætti kannski að fara að skjóta þessu máli til nýyrðanefndar. Nei, hvað heitir nefndin uppi í Háskóla sem býr til nýyrðin? Nú horfi ég á hv. þm. Sverri Hermannsson. Hvað heitir hún aftur? Sem finnur upp nýyrðin? Jæja, það skiptir ekki máli. Þið vitið hvaða nefnd ég meina. Þetta er alla vega svo mikið öfugmæli að kalla þessa hópa frjálsa. Það verður að fara að finna eitthvað betra. (**Gripið fram í:** Íslensk málnefnd.) Íslensk málefnd, já. Eða listamenn sjálfir, þeir eru nú vanir að vera snöggir við svona hluti. Þeir ættu náttúrlega að gera það bara sjálfir.

Hvatningin sem þeir fá, þessir frjálsu leikhópar, með þessum lögum er að kosta sem mestu til við sýningar, þ.e. af því fé sem þeir hafa til umráða sem er nú ekki mikið, og launa sem minnst vegna þess að þeir fá endurgreiðslur af þeim útgjöldum sem þeir verða að standa í vegna hráefniskaupa, þ.e. efnis í leikmynd og búninga og annað sem til fellur. Þar geti þeir því náð inn hluta fjárins aftur en ekki með því að greiða laun og er nú ekki úr háum söðli að detta því að í öllum þessum hópum hefur fólk meira og minna unnið launalaust. Hafi það fengið laun hafa það verið einhverjar fáar krónur til málamynda, rétt til þess að sýna lit en ekki laun sem

nokkur maður hefur getað lifað af. Ég veit ekki hvort þeir menn sem standa að frv. hafa nokkurn tímann sjálfir staðið í þeim sporum, vegna ástar á vinnu sinni, að ákveða að leggja eigin fjárhag og fjölskyldu sinnar í rúst með því að leyfa sér að vinna að því sem þeim þykir vænt um og sem þeim þykir þörf á launalaust mánuðum og jafnvel árum saman. Þeir ættu kannski að komast í það einu sinni svo að þeir töluðu af meiri skilningi og legðu ekki fram svona plögg sem viska því til hliðar eins og smámáli að leggja skatt á þessa starfsemi. Þarna liggur þó sá vaxtarbroddur sem íslenskt leikhús byggir á. Sá vaxtarbroddur er í áhugamannastarfseminni úti um allt land og hann er í þessum smáhópum þar sem uppeldisstarf fer fram, bæði á áhorfendum og þeim listamönnum sem síðar eiga að standa undir listalífi þessarar þjóðar. Þar fá höfundar að spreyta sig, þar spreyta sig ungir leikarar, leikstjórar, leikmyndateiknarar, tónlistarmenn. Allt þetta skilar sér áfram inn í menningarstarfsemi okkar lands. Það er of mikill fjármagnskostnaður í stórum leikhúsum til þess að taka mikla áhættu og þess vegna er reyndin sú að áhættan er frekar tekin með óreynda hluti og óreynt fólk í þessum litlu leikhópum og í áhugamannafélögum. Ef nú á að drepa þessa starfsemi veit ég ekki hvaðan þið ætlið að taka úrræði til þess að bæta íslensku leikhúsi þann missi. En þau úrræði skuluð þið koma með og koma með þau hérna upp í stólinn og segja okkur frá þeim.

Við búum við þá sérstöðu hér á Íslandi að það er almennur áhugi hér á því sem fram fer í lista- og menningarlífi. Það er styrkur þessarar þjóðar og það er líklega eina ástæðan fyrir því að við búum hér í þjóðfélagi sem kallar sig sjálfstætt þjóðfélag að við höfum og byggjum á þessari almennu þátttöku fólks í lífi og starfi þjóðarinnar sem birtist hvað helst í sköpun hennar hvar sem hún fer fram. Ef við ættum nú að láta þessari starfsemi það eina úrræði eftir að hækka aðgöngumiða þá skulum við huga vel að afleiðingunum. Þeir menn sem nú standa fyrir þessari starfsemi geta trútt um talað, þeir vita það nú þegar að það gerist í æ ríkara mæli að fólk snýr frá miðasölu þó það sé þangað komið vegna þess að það treystist ekki til að borga það verð sem nú er upp sett. Það er komið að þeim mörkum að það verður ekki hærra farið. Þetta verður ekki bætt í hækkandi miðaverði nema því einungis að það verði í rauninni tekin upp sú stefna að koma upp menningarlegri stéttaskiptingu í landinu. Að við öpum þá ósiði líka eftir erlendum þjóðum að skipta þjóðinni í hópa eftir efnahag og mismuna fólki þannig með tilliti til þess hverrar menningar það fær notið. Ef sú yrði raunin er það mjög afdrifaríkt og ekki víst hvort aftur verður snúið af þeirri stefnu og spurning er hvort við höfum ekki þegar að hálfu misst af þeirri lest.

Næst verður fyrir mér tónlistarstarfsemi. Þar verður dæmið enn verra vegna þess að ekki geta þeir státað að miklum aðföngum. Þegar tónlistarmenn halda konserta, sem er urmull af, byggir það einungis á þeirra eigin vinnuframlagi sem þeir fá sjaldnast greitt en þó er sú eina von, sem þeir eygja í því að fá greitt fyrir þá vinnu, sá aðgangseyrir sem þeir fá á konsertinum. Ef þeir eiga að greiða af því 22% virðisaukaskatt, því þarna kemur sáralítið til frádráttar, við skulum segja 20% til að vera sanngjörn — ef af þessum aðgangseyri þarf að taka 20% eru horfin þau litlu laun sem þetta fólk hefur haft hingað til fyrir þá vinnu. Þá höfum við kannski Sinfóníuhljómsveitina eina og ef við höldum að það nægi skulum við endilega taka þessi skref og þessar ákvarðanir og láta okkur það nægja. En það gildir allt það sama, eins og ég sagði áðan, um stofnanir þjóðfélagsins, þ.e. stærri ríkisstyrktar stofnanir þjóðfélagsins og frjálsa hópa áhugastarfsemi, það sama gildir líka í tónlistinni. Vaxtarbroddarnir eru utan stofnana og hafa alltaf verið og munu alltaf verða og það er ekki sagt stofnunum til hnjóðs og enginn vill þær feigar. Þetta er bara staðreynd sem við verðum að þekkja og ekki síst þeir sem taka ákvarðanir í fjármálum um listastarfsemi þjóðarinnar. Þessar staðreyndir verða þeir að þekkja áður en þeir leggja til svo afdrifaríkar breytingar, eins og hér er, og raunar áður en þeir eru að ákveða á fjárlögum hvað listastarfsemi skuli skammtað.

Um ýmsa starfsemi á áhugamanna"basis" gildir í rauninni nákvæmlega það sama og um þessa svokölluðu frjálsu listastarfsemi í landinu. Það er bitamunur en ekki fjár á þeim fjárráðum sem fólk hefur þar á milli handanna. Munurinn liggur fyrst og fremst í að í öðru tilfellinu eru atvinnumenn á ferð en í hinu tilfellinu áhugamenn, en þeir eiga það sameiginlegt að þar er unnið við vond skilyrði og bág kjör. Þeir eiga það líka sameiginlegt að vera sá akur sem sáð er í fræjum sem seinna bera þann ávöxt sem við köllum íslenska list, íslenska menningu.

Þá verður hér næst fyrir mér Íslenska óperan. Forráðamenn Íslensku óperunnar hafa látið þau orð falla að komist þessi virðisaukaskattur á þurfi ekkert að orðlengja það meir, þar verði lokað. Ég held að það sé ekkert orðum aukið og nú ætla ég að biðja hæstv. fjmrh. að hlusta því að hann hefur vit og áhuga á tölum.

Svo að dæmi sé hér tekið af uppfærslu Íslensku óperunnar á Aidu sl. ár eru hér tölur til upplýsingar:

Fyrir aðgöngumiðasölu komu inn 18 millj. kr. Af því þyrfti núna að greiða 4 millj. í virðisaukaskatt. Kostnaður við uppsetningu þessarar sýningar var, með 25% söluskatti, 1,8 millj. kr. Þar af var söluskattur 376 þús. kr. Það ætti að vera auðgert að draga þessi 376 þús. frá 4 millj. Útkoman yrði 3,6 millj. og eitthvað. Þetta er sú gjaldaaukning sem hefði orðið í uppfærslu Íslensku óperunnar á Aidu og það er alveg sama hvernig menn reyna að reikna það fram og til baka. Þetta eru bara einfaldar staðreyndir, svo að menn eru að taka hér ákvörðun um það að leggja Íslensku óperuna niður. Þeir eru ekkert að taka ákvörðun um að sjá til. Þeir eru að taka ákvörðun um að leggja hana niður og hvar er þá grundvöllur fyrir íslenska söngvara sem núna eru

kannski hvað fyrst að uppskera eftir áratuga starf kollega sinna sem unnu þar brautryðjendastarf, náðu aldrei þeim árangri að mega starfa sem listamenn, urðu að sjá sér farborða með margvíslegum öðrum hætti? Nú fyrst hafa íslenskir söngvarar verið að eygja þennan möguleika og um leið og það er að verða að einhverju sem orð er á gerandi skal skorið á það með þeim eftirminnilega hætti að það verður að loka. Ekki fleiri orð um það.

Næst verður fyrir mér íslensk kvikmyndagerð. Menn hafa þar eðlilega eins og aðrir áhyggjur af þessum virðisaukaskatti. Ég held að þeim hafi ekki borist þessar fregnir fyrr en það seint að þeir náðu ekki að leggja fram neinar tölur. Íslensk kvikmyndagerð hefur hvað mest byggt á innkomu vegna aðgöngumiða. Styrkir hafa verið það óverulegir að það hefur verið vonlaust að ná inn kostnaði nema með verulega góðri aðsókn. Svona 60–80 þús. áhorfendur hefur venjulega íslensk kvikmynd þurft til að standa undir sér og þeir sem hafa á sér tölvu geta kannski slegið á það hvað það gerir. Hvað ætli miðaverðið sé núna? Ætli það væri ekki á íslenskri kvikmynd svona 350–400 kr. og ef einhver vildi bara slá á það hér og nú hvað það kostar í virðisaukaskatti hefðum við þær tölur. Mér hugkvæmdist ekki að gera það áður en ég fór í stólinn. Það er alveg ljóst að þarna hlýtur að vera um verulega útgjaldaaukningu að ræða fyrir þá þar sem þeir byggja, eins og ég segi, að verulega litlum hluta á styrkjum. Eitthvað mundu þeir að vísu fá á móti í endurgreiðslu vegna þess að hráefnið er nokkuð dýrt í þeirri framleiðslu, en eftir stendur það að aðaltekjuöflunarleið þeirra hefur verið aðgöngumiðasala.

Um bækur ætla ég ekki að fjölyrða hér og nú vegna þess að það hefur þegar verið gert hér í stólnum og ég er lítið fyrir að endurtaka það sem aðrir hafa sagt á undan mér en læt nægja að minna aftur á samanburðinn og það verðmætamat sem felst í undanþágunum til tímarita og læt mönnum eftir að renna í huganum yfir þau tímarit sem menn hafa nefnt sem munu núna vera undanþegin þessum virðisaukaskatti á sama tíma og bækur eiga að bera þennan skatt.

Ég get samt ekki stillt mig um að fletta upp í bréfi sem barst frá Rithöfundasambandinu, einfaldlega vegna þess að þar heldur sá maður á penna sem lagið er að segja hlutina á skemmtilegan máta, Sigurður Pálsson, rithöfundur og formaður Rithöfundasamband Íslands, en þar segir hann: „Þegar nú er áformað að sala á blöðum og tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti getum við ekki kallað það neitt annað en eftirminnilegt reginhneyksli.“ Læt ég hans orð verða lokaorð um hug ráðamanna til íslenskrar bókagerðar.

Ótal margt fleira mætti tína til, en nú fer að styttast í það að ég ljúki máli mínu. (Gripið fram í.) Hefur hæstv. fjmrh. ekki lesið þetta bréf? (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Að sjálfsögðu. (**Fjmrh.:** Hófleg orðanotkun einkennir skáldskap höfundar.) Eftirminnilegt reginhneyksli? (**Gripið fram í:** Hófleg orðanotkun.) Ja, þetta er eftirminnilegt orðalag. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Þetta er bara rétt og það er eftirminnilegt orðalag. Þess vegna hafði ég það nú hér. (**Fjmrh.:** Ljóð vega menn.) (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að stilla samtölum í hóf meðan ræðumaður hefur orðið. Hv. 18. þm. Reykv. hefur orðið.) Já, ég þakka hæstv. forseta. Að vísu hef ég ekkert á móti þessum orðaskiptum við hæstv. ráðherra. Ljóð vega menn, sagði hann. Ja, stundum vildi maður að ljóð megnuðu að vega stjórnmálamenn. (Gripið fram í.) Ekki vil ég orða það svo sterkt að það hafi vegið þá en það svona var að þeim vegið.

Nú skulum við hætta þessu spjalli hér úr ræðustólnum og mun ég senn ljúka máli mínu. Ég hef ábyggilega gleymt einhverju mjög mikilsverðu sem ég ætlaði að segja. Það gefst þá tækifæri til að koma hér upp aftur. Ætla ég þá að ljúka máli mínu á því að leggja fram eða mæla fyrir brtt. sem við kvennalistakonur gerum á þskj. 1140 þar sem við að sjálfsögðu leggjum til að matvara verði undanþegin virðisaukaskattinum og að menningarstarfsemi, m.a. rekstur safna og bókasafna, tónleikahald, óperu- og leiksýningar, svo og gerð og sýningar íslenskra kvikmynda verði undanþegið virðisaukaskatti og í þriðja lagi að útgáfa bóka á íslensku verði undanþegin virðisaukaskatti. Að þessum tillögum samþykktum munum við efalaust íhuga vel að veita frv. stuðning, en að þeim felldum munum við ekki greiða frv. atkvæði.

Ingi Björn Albertsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um virðisaukaskatt. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frv. hefur virðisaukaskattur verið tekinn upp í flestum löndum Vestur-Evrópu. Frakkar voru brautryðjendur á þessu sviði, en það var árið 1955 sem þeir tóku upp nýtt skattkerfi sem byggðist í höfuðdráttum á skatti af virðisauka. 18 árum seinna eða árið 1973 höfðu öll þau lönd er stóðu að stofnun Evrópubandalagsins tekið upp virðisaukaskattskerfi. Auk þess hafa mörg önnur lönd tekið upp þetta skattkerfi. Framkvæmd við skattheimtuna er þó mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum og er skatthlutfallið breytilegt frá einu landi til annars og skattþrepin mismunandi mörg eða frá einu upp í sex. Nú eru uppi umræður um samræmingu löggjafar um virðisaukaskatt á Norðurlöndum. Þá er það athyglisvert að af öllum þeim þjóðum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfi hefur engin þjóð snúið frá því kerfi og verður að telja það meðmæli með kerfinu.

Að mínu mati eru gallar núverandi söluskattskerfis augljósir, enda hefur rækilega verið á þá bent. Hins ber þó að gæta að framkvæmd þess kerfis hefur verið mjög ódýr og skattskyldir aðilar tiltölulega mjög fáir miðað við heildarinnheimtu. Hins vegar er greinilegt að söluskatturinn mismunar atvinnugreinum. T.d. er það eingöngu fiskiðnaður og annar samkeppnisiðnaður sem nýtur undanþágu frá söluskatti í dag og þá að mestu leyti á vélar og tæki. Í þessum greinum er líka um allverulega uppsöfnun skattsins

að ræða sem endurgreiddur er samkvæmt reglum þar að lútandi.

Það er augljóst að með upptöku virðisaukaskattskerfis mun framleiðslu- og atvinnugreinum ekki verða mismunað og er þetta einn af kostum virðisaukaskattskerfisins. Þetta á því eftir að bæta samkeppnisstöðu allra atvinnugreina, hvort heldur um er að ræða innanlandsmarkað eða útflutningsgreinar. Hins vegar má spyrja sjálfan sig hvort núverandi söluskattskerfi hafi verið að fullu reynt, þ.e. hvort ekki leynast leiðir til að betrumbæta það. Um það vil ég þó ekki fjölyrða en tel að svo gæti hugsanlega verið. Þó ber að hafa það í huga að allar helstu viðskiptaþjóðir okkar búa við virðisaukaskattskerfi sem þýðir einfaldlega að við erum ekki samkeppnishæfir. Við keppum ekki á jafnréttisgrundvelli eins og málum er komið í dag. Ég álít að það geti skipt sköpum fyrir utanríkisviðskipti okkar, hvort heldur um er að ræða inn- eða útflutning, að komið verði á virðisaukaskattskerfi þar sem það er mjög stór liður í því að gera okkur samkeppnishæfa.

Í athugasemdum með frv. er sagt að í VASK sé innbyggt öryggi og að undandráttur ætti að minnka. Þarna eru settar fram fullyrðingar sem getur reynst erfitt að standa undir. Enda er það reynsla víðast hvar annars staðar að undanskotum fer síst fækkandi í virðisaukaskattskerfi.

Hvað varðar starfsmannafjölda gerir frv. ráð fyrir töluverðri fjölgun starfsmanna vegna kerfisins. Það kom berlega í ljós þegar Englendingar tóku upp virðisaukaskattskerfi að fjölgun starfsmanna vegna kerfisins var hreint ótrúleg og skipti þúsundum starfsmanna. Ég er smeykur um að hlutfallslega verði það sama uppi á teningnum hér ef fyllsta eftirlits á að gæta.

Það er mín skoðun að við eigum að hafa í virðisaukaskattskerfinu tvö skattþrep, þ.e. eitt þrep á matvöru og helstu nauðsynjavöru heimilanna. Það þrep gæti verið allt að 6%, síðan háþrep sem þó mætti ekki vera hærra en 22%. Ég tel það afar brýnt, og það er reyndar forsenda fyrir því að ég greiði frv. atkvæði mitt, að inn í það komi ákvæði um tvö skattþrep á þeim nótum sem ég var að gera grein fyrir. Það er alveg ljóst að verði ekki tekin ákvörðun um tvö skattþrep nú í upphafi verður það aldrei gert. Nægir að vísa til reynslu Dana í því efni sem nú hafa ekki ráð á því að innleiða lægra skattþrep.

Herra forseti. Ég hef nú farið örfáum almennum orðum um frv. en vendi kvæði mínu í kross og fer nánar í nokkrar greinar frv.

Um 2. gr. þarf svo sem ekki að hafa mörg orð. Ég vil þó gjarnan að hæstv. fjmrh. skilgreini fyrir þingheimi 12. lið greinarinnar, 2. gr., þar sem segir, með leyfi forseta: „Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.“ Þarna væri gaman og athyglisvert að fá skilgreininguna á því hvað sambærileg liststarfsemi er.

Í 12. gr. stendur að fjmrh. geti kveðið svo á að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi enda séu uppfyllt þau skilyrði sem fjmrh. telur nauðsynleg. Þetta á alls ekki að vera heimildarákvæði. Þetta á að vera skylda, alla vega fyrir öll vörukaup frá einum og sama aðila sem kosta meira en einhverja ákveðna krónurtölu. Það er öruggt að tekjur af innkaupum erlendra ferðamanna mundu stóraukast ef þessu yrði komið á. Verslunin í landinu hefur margsinnis farið fram á að slíkar reglur yrðu settar og henni hafa verið gefin fyrirheit um að slíkt yrði gert.

Þá vil ég gera athugasemdir við 9. lið 12. gr. þar sem undanskilja á sölu dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða. Það er eðlilegra að mínu mati að undanþágur verði sem fæstar í lögum þessum og er hér stigið vafasamt spor sem gæti orðið fordæmi fyrir frekari undanþágum í framtíðinni. Þarna kysi ég frekar að styrkja þessi og viðlíka blöð með beinum hætti úr ríkissjóði.

Í 13. gr. hefur verið valin sú leið að nota svokallaða reikningsaðferð við uppgjör skattskyldrar veltu í stað svokallaðrar greiðsluaðferðar. Þetta felur í sér skilyrðislausa reglu um að VASK skuli greiða af öllum skrifuðum reikningum á tímabilinu óháð því hvort greiðsla hefur komið fyrir vöruna eða þjónustuna eða ekki. Hér tel ég vel athugandi að bjóða mætti upp á val á milli uppgjörsaðferða og væri fróðlegt að fá álit ráðherrans á því.

Við 14. gr. hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi brtt. með leyfi forseta:

„Greinin orðist svo:

Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærri en 22%.“

Hér er gerð heiðarleg tilraun til þess að bjarga *andliti ríkisstjórnarinnar með því að lina þær þjáningar* sem matarskatturinn veldur. Þessar álögur hafa komið mjög þungt niður á þeim sem síst skyldi og þá alveg sérstaklega hinum almenna launþega, barnmörgum fjölskyldum, öldruðum og þeim sem minna mega sín. Því gæti samþykkt þessarar brtt. lengt lífdaga ríkisstjórnarinnar örlítið.

Við 20. gr. hef ég lagt fram brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 20. gr. Orðin „fyrir fram“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.“

Hér er um að ræða að samkvæmt greininni, eins og hún er í frv., er gert ráð fyrir að reikningseyðublöð skuli vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Á tímum tölvutækni er fráleitt að meina aðilum að notfæra sér þá möguleika á hagræðingu sem felst í notkun tölva.

Í 24. gr. er gert ráð fyrir að gjalddagi VASK verði fimmti dagur annars mánaðar eftir uppgjörstímabil og verði því gjalddagi færður fram um tíu daga og þannig færður fram yfir uppgjörsdaga greiðslukortafyrirtækjanna. Þessu ber að fagna sérstaklega því þetta er til mikilla hagsbóta fyrir uppgjörsaðila. Þá ber einnig að fagna ákvæði til bráðabirgða nr. IV þar sem gert er ráð fyrir að fjmrh. geti á sama hátt ákveðið eindaga söluskatts í núgildandi kerfi og skora ég á hæstv. fjmrh. að beita þessu heimildarákvæði ekki seinna en strax.

Inn í 27. gr. hefði verið gaman að fá heimildarákvæði þess eðlis að uppgjörsaðili gæti fengið að greiða fyrirframáætlaða upphæð VASK ef hann af gildum ástæðum getur ekki verið til staðar er uppgjör á að eiga sér stað. Hér gæti t.d. verið um að ræða ferðalög eða veikindi. Því kæmu slík heimildarákvæði sér vel undir slíkum kringumstæðum. Við gætum hugsað okkur aðila sem fer í 5–6 vikna ferðalag eða þarf að leggjast á sjúkrahús rétt fyrir mánaðamót sem skattauppgjör miðast við. Hann getur ekki endanlega gert upp þessa tvo mánuði og er ekki kominn til baka þegar komið er að eindaga skattsins. Því væri þægilegt fyrir þennan aðila að hafa heimild til að greiða inn áætlaðan VASK sem síðan yrði að gera upp að fullu við næsta uppgjörstímabil, hvort sem um inneign eða skuld væri að ræða.

Í 34. gr. er sagt að fjmrh. geti ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Hér er enn eitt óþolandi heimildarákvæðið á ferðinni. Hér ætti þetta að vera skylduákvæði, þ.e. að fyrirtæki geti valið hvort þau nýta sér heimild um greiðslufrest eða ekki. Eina skilyrðið ætti að vera að viðkomandi fyrirtæki setti tryggingar, t.d. bankaábyrgð, fyrir upphæðunum. Í grg. um 109. gr. með frv. til tollalaga, nr. 55/1987, er einnig við það miðað að þeim innflytjendum verði fyrst veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti sem fluttu inn vöru fyrir 124 millj. eða meira á árinu 1985. Ef sú eða svipuð tala á að gilda fyrir heimild á greiðslufresti á virðisaukaskatti er bersýnilegt að hér á aðeins að leyfa stærstu aðilum eins og SÍS, Byko, Hagkaup og fleirum að notfæra sér þessa greiðslufresti.

Í sambandi við þetta atriði, svo og 37. gr. sem kveður á um að virðisaukaskattur af innflutningi skuli innheimtur með aðflutningsgjöldum, mætti svo sem einnig velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að innheimta virðisaukaskattinn í tolli, hvort ekki sé nægjanlegt að taka virðisaukaskattinn á fyrsta stigi þar á eftir, hvort sem það nefnist iðnfyrirtæki, heildsala eða smásala sem flytur vöruna inn. Með því mætti minnka líkur á því að vaxtakostnaður innflytjenda vegna fjárbindinga í virðisaukaskattinum fari út í verðlagið og hækki verðlag til neytenda.

Herra forseti. Mig langar að fara yfir nokkrar af þeim umsögnum sem hv. fjh.- og viðskn. bárust, en þar er ég áheyrnarfulltrúi. Það má kannski segja að langflestir sem þar komu til viðtals hafi lýst sig fylgjandi frv. að því tilskildu að tillit væri tekið til þeirra óska. Með leyfi forseta les ég bréf er Samband ísl. hitaveitna sendi hv. fjh.- og viðskn. Ed., en það er eftirfarandi:

„Vegna frv. til laga um virðisaukaskatt óskar Stjórn Sambands ísl. hitaveitna eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

1. Samkvæmt frv. leggst 22% skattur á alla húshitun en hún hefur verið skattfrjáls. Í sjálfu frv. er ekki gert ráð fyrir neinum frávikum eða aðgerðum vegna skattsins. Skatturinn mun mismuna fólki mjög verulega verði ekki að gert vegna þess hve mikill munur er á húshitunarkostnaði í landinu. Ekki er fjarri lagi að áætla að skatturinn geti orðið á bilinu 4–12 þús. kr. á fjölskyldu á ári allt eftir búsetu. Hér er miðað við fremur lítið íbúðarhús. Ef það er vilji löggjafans að áhrifum þessarar skattheimtu verði eytt verður að telja eðlilegt að það komi fram í lögunum sjálfum og þá einnig með hvaða hætti það skuli gert.

2. Í skýringum með frv. kemur fram að ætlunin sé að eyða áhrifum skattsins á húshitunarkostnað. Þar er ýmist talað um að skatturinn verði endurgreiddur eða niðurgreiddur. Á þessu tvennu er grundvallarmunur. Endurgreiðsla getur sem best farið fram við skil á skattinum og krefst því ekki fjármagnstilfærslna með tilheyrandi vaxtakostnaði. Niðurgreiðslur þurfa að fara yfir fjárlög á hverju ári og verða því vafalítið erfiðar í framkvæmd. Niðurgreiðslur hafa líka tilhneigingu til að rýrna með tímanum. Inn í frv. þurfa að koma reglur um hvernig endurgreiðsla á skattinum fari fram. Samkvæmt skýringum með frv. er hér um að ræða nærri 1 milljarð kr.

Það þurfa að liggja fyrir greinargóðar reglur um það hvernig skuli fara með þessa miklu peninga.“

3. Þær endanlegu niðurgreiðslur sem rætt er um í skýringum eiga að ná til húshitunar án þess að það sé nánar skýrt. Skv. því sem komið hefur fram annars staðar mun hér eingöngu vera átt við íbúðarhúsnæði. Nú er það svo með hitaveitur að gjaldskrár eru mjög einfaldar og taxtar fáir. Það er því algengt að ólíkir aðilar kaupi vatn með sama mæli og skipti síðan kostnaði innbyrðis, enda hitakerfið oft sameiginlegt. Búast má við að fram komi mörg álitamál af þessum sökum.

4. Hverjir þurfa að borga virðisaukaskatt af hitaorku? Áhrifunum vegna íbúðarhúsnæðis á að eyða, sbr. skýringar. Atvinnulífið ber ekki skattinn því hann fer þar inn og út. Þeir sem eftir sitja eru undanþáguaðilar sem taldir eru upp í 2. gr. frv. Sveitarfélögin í landinu virðast lenda verst í skattinum. Sveitarfélögin eru yfirleitt stærstu einföldu orkukaupendur hitaveitnanna. Hitaveita Reykjavíkur telur að opinberir aðilar séu með 10–15% af heildarsölu veitunnar. Það samsvarar 40–60 millj. kr. í virðisaukaskatt á ári.

Hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er áætl-

að að Akranes muni þurfa að borga um 2 millj. á ári og Borgarnes um 700–800 þús. kr. Þetta er nýr skattur á sveitarfélögin. Með virðisaukaskatti á sölu hitaveitna leggst skattur á vöru sem hefur verið undanþegin skatti. Það skiptir miklu hvernig til tekst. Stjórn Sambands ísl. hitaveitna leggur á það mikla áherslu að við samþykkt laganna liggi fyrir hvernig með þessi mál skuli farið. Stjórn SÍH óskar eftir að fá að vera með í ráðum við mótun þeirra reglna sem setja þarf og fá að fylgjast með framvindu málsins."

Hér er hæpið að tala um innlegg í baráttuna fyrir jöfnun orkukostnaðar í landinu. Lausn þessa máls, eins og nánast allra þeirra vafamála er upp hafa komið, er vísað til milliþinganefndar sem fjalla á um ein 18 ágreiningsefni.

Þá vil ég fá að lesa bréf frá Meistara- og verktakasambandi byggingarmanna, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ljóst er að virðisaukaskattur verður verulega íþyngjandi fyrir byggingariðnaðinn, ekki hvað síst vegna þeirrar auknu vinnu sem leggst á þá mörgu aðila sem starfa við þennan iðnað. Þrátt fyrir það gerum við okkur ljóst að virðisaukaskattur verði lagður á og því er nauðsynlegt að allar reglur sem settar verða vegna byggingariðnaðar verði sem skýrastar og einfaldastar. Í þeim þarf t.d. að koma fram hvernig fara skuli með vinnu vegna nýbyggingar, viðhalds, húsa, eigin vinnu húseigenda o.fl. Sérstaklega þarf að hafa í huga að þær reglur, sem settar verða, auki ekki á svarta atvinnustarfsemi.

Við nefnum hér á eftir nokkur dæmi sem vert væri að skoða nánar:

1. Leggja niður sem allra mest af beinum sköttum sem nú gilda, svo sem launaskatt, vörugjald og aðra skatta og gjöld sem á byggingariðnaði hvíla.

2. Ef til endurgreiðslu kemur yrði hún einungis gerð á móti framlögðum reikningum með álögðum virðisaukaskatti. Gerð yrði sú krafa að þessir reikningar yrðu dagsettir og númeraðir eins og eðlileg reikningsskil gerðu ráð fyrir. Hugsanlegt væri að setja eitthvert hámark krónutölu pr. fermetra upp að ákveðnu stærðarmarki byggingar."

Við lestur athugasemda með frv. kemur ýmislegt í ljós. Nú fer maður t.d. að skilja af hverju það var svona erfitt að fá stjórnarsinna til að falla frá álagningu vörugjaldsins á ýmsa vöruflokka um sl. áramót. Nú er nefnilega talað um að ein leiðin sem til álita komi til að vega upp á móti hækkun byggingarkostnaðar íbúðarhúsnæðis sé að fella niður 17½%-vörugjaldið af ýmsum byggingarvörum, eins og t.d. steypustyrktarjárni og raflagnaefni. Nú er orðið augljóst hvers vegna það var svo erfitt að fá stjórnarflokkana til að falla frá vörugjaldinu um sl. áramót. Það átti frá upphafi að nota það til þess að koma virðisaukaskattinum í gegn. Ég mundi svo sem fagna því ef vörugjaldið yrði fellt niður af þessum vörum, en það þyrfti þá um leið að athuga hvort ekki væri rétt að fella niður um leið vörugjald af fleiri vörutegundum. Það eru enn nokkrir vöruflokkar fyrir utan iðnaðarvörur, eins og gosdrykkir og sælgæti, sem bera þetta vörugjald. Það mætti alveg eins nota tækifærið og fella niður vörugjaldið af hreinlætistækjum og stærri heimilistækjum og ýmsum öðrum tækjum sem heimilin í landinu nota.

Á fund fjh.- og viðskn. komu einnig fulltrúar Landssambands veiðifélaga og lýstu þeir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðrar skattlagningar á hlunnindi þau sem veiðiréttur er. Bentu þeir m.a. á að slík hlunnindi væru undanþegin slíkri skattlagningu í Finnlandi og Noregi. Töldu þeir að þetta mundi veikja eða jafnvel eyða byggð mjög víða þar sem veiðihlunnindi ráða úrslitum um búsetu á mörgum jörðum. Hér er um mjög brýnt hagsmuna- og byggðamál að ræða og því hvet ég þá milliþinganefnd, er mun yfirfara frv., til að gefa þessu máli gaum.

Í sama streng tóku fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda. Það var einnig skoðun þeirra að í kerfinu skyldu vera tvö skattþrep. Það var reyndar skoðun allra fulltrúa launþegasamtaka sem á fund nefndarinnar komu. Er því mjög nauðsynlegt að þetta atriði nái athygli milliþinganefndarmanna.

Fjölmargar aðrar umsagnir fengust, eins og t.d. hjá Landssambandi iðnaðarmanna, Samtökum útgefenda tímarita, Félagi ísl. iðnrekenda o.fl. o.fl., og ætla ég ekki að eyða tíma þingsins í að fara nánar út í það.

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að þau vinnubrögð sem höfð eru í frammi við framlagningu þessa frv. eru fyrir neðan allar hellur og þinginu til háborinnar skammar. Hér er um það stórt mál og mikilvægt að ræða að það hlýtur að vera heimting þingsins og reyndar þjóðarinnar allrar að til verksins sé ekki kastað höndum eins og hér virðist gert.

Á síðustu dögum þingsins á að keyra frv. í gegn. Hér er kastað á borð okkar óútfylltum víxli og okkur sagt að skrifa upp á. Stjórnarliðar munu síðan í rólegheitum reyna að fylla víxilinn út í sumar. Svona vinnubrögð eru ámælisverð. Skipa á nefnd til að fylla víxilinn út; nefnd sem stjórnarandstæðingar eiga ekki ekki aðild að. Ég fæ ekki séð að nokkur ástæða sé til að samþykkja frv. í þeirri mynd sem það liggur fyrir og hvet því til þess að það verði dregið til baka og milliþinganefndin fullvinni frv. skv. þeim ábendingum sem þegar hafa komið fram og leggi það síðan fyrir þingið á fyrstu dögum þess næsta haust.

Í megindráttum er ég fylgjandi virðisaukaskattskerfi en get þó ekki greitt frv. atkvæði mitt nema inn í það verði tekin tvö skattþrep, eins og brtt. okkar borgaraflokksmanna gerir ráð fyrir. Ég vil gjarnan minna þingheim á gagnrýni hæstv. fjmrh. á virðisaukaskattsfrv. sem rætt var í Nd. þann 10. des. 1986, en þar sagði hann, með leyfi forseta, um tillögu þess efnis að leggja á 24% virðisaukaskatt: „Við erum ekki til viðræðu um að taka upp virðisaukaskatt sem er svona hrikalega hár." En aðeins seinna í ræðunni, með leyfi forseta, sagði hann: „Jafnframt er það mjög gagnrýnisvert að ekki skuli fylgja nánari

úttekt, á tölulegum grundvelli, um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskattsins hefði á þær atvinnugreinar sem hafa verið undanþegnar söluskatti. Þau áhrif geta komið fram í mjög mismunandi mæli og það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að skoða það, atvinnugrein fyrir atvinnugrein."

Nú spyr ég hæstv. fjmrh.: Þar sem 24% þóttu hrikalega hátt hlutfall fyrir rúmu ári síðan og að hans mati hvatti til skattsvika, hver er þá túlkun hans á 22% í dag? Hvað metur hann þennan 2% mun mikils og í öðru lagi, hvers vegna fylgja ekki frv. þær athuganir sem hann taldi nauðsynlegt að gerðar yrðu á hinum ýmsu atvinnugreinum?

Hæstv. forseti. Ég tel að virðisaukaskattskerfið hafi ótvíræða kosti fram yfir núgildandi söluskattskerfi, þó að kerfið hafi einnig sína ókosti. En þegar á heildina er litið eru þeir færri og kostirnir allverulega fleiri. Af fyrrgreindum ástæðum get ég ekki samþykkt frv. óbreytt.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint örfáum fsp. í tilefni af afgreiðslu þessa máls. Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um hvernig farið yrði með birgðahald, lager, einkum samvinnufyrirtækja, þegar þar að kæmi að kerfisbreytingin ætti sér stað. Svarið er á þá leið að ekki er sérstakra ráðstafana þörf af því tilefni, einfaldlega vegna þess að útskatturinn er ekki greiddur nema við uppgjör eftir sölu en til frádráttar kemur innskatturinn af áfangakostnaði þannig að það veldur ekki sérstökum vandræðum.

Hv. 5. þm. Vesturl. beindi til mín nokkrum fsp. Í fyrsta lagi hvort ég gæti gefið nánari skilgreiningu á því hvað væri starfsemi rithöfunda, annarra en skapandi listamanna, og sambærileg starfsemi. Ég held að það væri ekki neinum til upplýsingar að ég svaraði því hér og nú. Það er eitt af þeim verkefnum sem bíða milliþinganefndar og frekari vinnslu sem eðlilegt er. Það ber að kveða á um nánar í reglugerð.

Spurst var fyrir um endurgreiðslu til ferðamanna og vakin athygli á því að það ætti að verða að lagaskyldu. Það mál er vel á veg komið í undirbúningi. Hv. þm. lýsti þeirri skoðun sinni að hann væri því fylgjandi að undanþágum væri haldið í algeru lágmarki, þær yrðu sem fæstar. Ég er algerlega sammála því sjónarmiði hv. þm., sem ætti nú ekki að koma á óvart. Í upphaflegri gerð frv. var það þannig, enda meginhluti umræðunnar í dag einmitt álitamál sem vakna upp við afleiðingar þess að kveða á um einhverja undanþágu. Hér ræður hins vegar ekki vilji fjmrh. eins, hér er um að ræða málamiðlun.

Að því er varðar spurninguna um val milli uppgjörsleiða, þá finnst mér það fyllilega koma til álita. Að því er varðar spurningar um fyrir fram tölusett reikningseyðublöð væri ég, þrátt fyrir innreið tölvualdar, þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt öryggisatriði að hafa það svo. Að því er varðar greiðslufrestina tel ég skynsamlegt að hafa það, a.m.k. fyrst í stað meðan reynsla er að skapast, í formi heimildarákvæða.

Eitt af verkefnum milliþinganefndarinnar er að fjalla nánar um útfærslu á þeirri ákvörðun að halda húshitunarkostnaði óbreyttum, en þar er ekki verið að hugsa um niðurgreiðslur heldur endurgreiðslur á heildsölustigi. Að því er varðar fullyrðingar sveitarfélaga um að þau fari illa út úr því, þá hef ég um það ákveðnar efasemdir, en það mál mun verða skoðað betur.

Að því er varðar athugasemdir Verktakasambandsins er hugmyndin sú að endurgreiðsla byggist á framlagningu reikninga og að hún verði miðuð við ákveðna upphæð á fermetra upp að ákveðnum stærðarmörkum. Að því er varðar ábendingar um aðgerðir til lækkunar byggingarkostnaðar, þá er það rétt til getið hjá hv. þm. að það kemur fyllilega til greina að létta einhverjum gjöldum af til þess að tryggja þá framkvæmd.

Að því er varðar fsp. til mín um hvers vegna fylgi ekki með frv. ítarlegri greinargerðir um breytingar á rekstrarafkomu einstakra atvinnugreina, þá er svarið að fyrri hluti skattkerfisbreytingarinnar, sem þegar er kominn í framkvæmd, veldur því að á því er nú miklu minni þörf en áður. Þá voru stórar veigamiklar atvinnugreinar með undanþágum. Nú er munurinn orðinn svo lítill að breikkun skattstofnsins nemur aðeins 3%, þannig að þessi röskun að því er varðar verðlagsáhrif og afkomu er miklum mun minni en þá. Að öðru leyti byggðust röksemdafærslur mínar gegn því frv., sem þá var lagt fram í des. 1986, fyrst og fremst á tvennu. Í fyrsta lagi því að prósentan væri of há. Hún er núna þremur prósentustigum lægri og væri enn lægri ef ekki hefði verið við að fást vaxandi hallarekstur á ríkissjóði á þeim tíma sem liðinn er síðan. Í annan stað að hliðarráðstafanir voru þá kynntar eingöngu í formi niðurgreiðslu á landbúnaðarvöruverði. Nú hefur því verið gerbreytt þannig að þessum gagnrýnisatriðum hefur þegar verið svarað. Að öðru leyti kom það fram í ræðu minni þá, með vísan til stefnuyfirlýsingar Alþfl. á undanförnum hálfum öðrum áratug, að Alþfl. hefur verið fylgjandi virðisaukaskatti í stað söluskatts af grundvallarástæðum og er ég að því leyti sammála hv. þm.

Herra forseti. Ég ætla ekki í lok þessarar umræðu að endurtaka í n-ta sinn röksemdir sem ég hef áður flutt hér úr þessum ræðustól um skattkerfisbreytinguna. Um það sem hv. stjórnarandstæðingar tönglast enn á og kalla matarskatt og slíta úr samhengi við aðra þætti skattkerfisbreytingarinnar. Vangaveltur hafa verið um hvort virðisaukaskattur veldur auknu skrifræði, gerir meiri kröfur um bókhald, kallar á fjölgun starfsmanna við framkvæmd skattsins, leiðir til aukins kostnaðar, hvort hann dugir betur en núverandi söluskattskerfi að tryggja bætt skattskil, hvort við það verði staðið að tryggja að áhrif skattsins leiði ekki til hækkunar á byggingarkostnaði eða vegna húshitunar. Þetta eru allt saman mál sem búið er að fara yfir í þaula við fyrri umræðu málsins.

Umsagnir um málið leiða í ljós tvö meginatriði:

1. Að talsmenn helstu atvinnuvega á Íslandi eru jákvæðir gagnvart virðisaukaskatti. Þeir gera sér kannski betur grein fyrir því en aðrir að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts gerbreytir samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega til hins betra, hvort heldur er á erlendum mörkuðum eða á heimamarkaði.

2. Meginatriði þessa máls að er að upptaka virðisaukaskatts með 22% álagningarstigi leiðir til lækkunar vöruverðs í samanburði við núverandi skattkerfi. Fyrir því eru tvær ástæður: Í fyrsta lagi lækkun prósentunnar sjálfrar og í annan stað niðurfelling þeirra uppsöfnunaráhrifa í vöruverði sem söluskattskerfið hefur valdið og menn hafa metið á bilinu 2–6%. Þetta eru meginatriði málsins.

Það er full ástæða til að staldra við umræðuna um undanþágur eða ekki undanþágur og að lokum ástæða til að segja fáein orð um málsmeðferðina.

Þeir sem hafa kynnt sér virðisaukaskattskerfið vita að eðli þess kerfis er að það er þeim mun betra sem undanþágur eru færri. Upptaka einnar undanþágu kallar á aðra. Við höfum gott dæmi um það hér. Sú staðreynd að af pólitískum ástæðum var fallist á undanþágur vegna dagblaða kallaði óðar á aðrar undanþágukröfur. Fram hafa verið settar harðar kröfur um undanþágur vegna tímarita, undanþágur vegna bóka o.s.frv. Þetta eru grundvallaratriði sem við erum að fjalla um þegar við erum að ræða um skattskyldu í kerfinu eða undanþágur, t.d. vegna margvíslegrar menningarstarfsemi.

Ég skil ákaflega vel áhyggjur þess fólks sem vinnur fórnfúst starf, þiggur oft lítil laun, vinnur oft sjálfboðaliðastarf í þágu íslenskrar menningar. Ég geri alls ekkert lítið úr þeim áhyggjum, fjarri sé mér að gera það. Hins vegar bið ég þá sem hafa af þessu áhyggjur að velta málinu fyrir sér í samhengi. Og það er þetta:

Ef fallist verður á óskir manna um að skilgreina menningarstarfsemi sem slíka, hvort heldur er leiksýningar, tónleikar eða önnur listastarfsemi, og undanþiggja hana skattskyldu, ef af þeirri undanþágu leiðir að allt samkomuhald, allur skemmtanaiðnaður nái þeim vilja sínum framgengt að verða undanþeginn líka hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá tel ég að það sé verr af stað farið en heima setið. Það teldi ég afar slæmt. Ef við ræðum um fjármuni þá eru auðvitað mestu fjármunirnir í þessari starfsemi í skemmtanaiðnaðinum. Og það eru engin haldbær frambærileg rök fyrir því að undanþiggja þann „bransa". Þess vegna segi ég: Ef veiting undanþágu að því er varðar tiltekna menningarstarfsemi leiðir til þess við afgreiðslu á Alþingi að undanþágurnar verði gerðar algildar fyrir allan skemmtana- og tómstundaiðnað þá held ég að það væri verra og þar á meðal verra fyrir íslenska menningarstarfsemi.

Að því er varðar síðan menningarstarfsemina hefur það komið fram, án þess að ég hirði um að fara hér í þessum ræðustól í einstök dæmi, að það er ástæðulaust að hafa áhyggjur af fjárhag þeirra stofnana sem við menningarstarfsemi fást og eru á vegum opinberra aðila. Áhrifin eru hverfandi til eða frá og þess eðlis að það er auðvelt viðfangs að tryggja afkomu þeirra.

Ástæðan fyrir því að milliþinganefnd er falið að skoða þetta mál betur varðar fyrst og fremst afkomu einstakra frjálsra menningarhópa hvort heldur það lýtur að áhugamannaleikhúsum, tónlistarstarfsemi, starfsemi kóra eða annað af því tagi upp að telja. Það er hægt þegar um slíka starfsemi er að ræða, sem ekki verður vegin á kvarða atvinnustarfsemi og augljóslega er ekki í neinu ábataskyni og í okkar litla þjóðfélagi flokkast kannski fremur undir sjálfboðaliðastarf, að undangenginni rækilegri vinnu að skilgreina þá starfsemi á undanþágusviði án þess að það raski kerfinu eða kalli á fjölda annarra undanþága. Að þessu verður unnið.

Meginatriðið er þetta: Að ásakanir um menningarfjandskap, löngun stjórnvalda til þess að leggja íslenska menningu í rúst, ásakanir um vilja þeirra sem aðhyllast þetta skattkerfi um það að vilja leggja stein í götu eða jafnvel eyðileggja með öllu starfsgrundvöll Óperunnar eða eitthvað þess háttar, ég bið menn nú bara ósköp einfaldlega að spara sér svo stór orð. Ég held alla vega að ljóðskáld ættu ekki að nota svo stór orð. Auðvitað vakir ekkert slíkt fyrir mönnum. Auðvitað er það á hreinu að þessi skattkerfisbreyting er ekki sett fram til þess að vega að íslenskri menningu. Og það liggur ljóst fyrir að hagur hennar — það verður tryggt, a.m.k. á meðan sá sem hér er í ræðustól er fjmrh. og hefur áhrif, það verður tryggt að eftir þessa breytingu verður hennar hagur ekki verri en áður. Þar skiptir auðvitað sköpum hvort menn ætla að ganga svo hart fram í undanþáguásókninni að undanþiggja skemmtanaiðnaðinn. Ég hika ekkert við að lýsa þeirri persónulegu skoðun minni að það væri eðlilegt að hafa kerfið undanþágulaust og nýta þá fjármuni t.d. sem fást í sameiginlega sjóði af skemmtanaiðnaðinum til þess að verja því fé með skipulegum hætti og í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda til að hlúa að menningargróðri í landinu. Þá stefnu vildi ég gjarnan styðja.

Ég nenni nú ekki að lengja þessa umræðu með því að beina þeirri spurningu til þeirra sem hvað helst gerast talsmenn undanþágufargansins, en þeir ættu nú að manna sig upp í að svara henni, hvar þeir mundu finna þá 6,2 milljarða kr. sem þeir segja að hafi verið lagðir á lítilmagna í þjóðfélaginu í formi matarskatts, og er að vísu rangt hjá þeim, hvar þeir mundu finna þá fjármuni sem þeir þurfa á að halda við næstu fjárlagagerð til þess að leggja fram fé til að stuðla betur að og standa betur við bakið á íslenskri menningarstarfsemi, hvort heldur það er leiklist, tónlist, myndlist eða hvað sem er. Staðreyndin er auðvitað sú að þeir menn sem þannig tala mundu sjálfir standa frammi fyrir því ef þeir ættu að bera ábyrgð að þeir hefðu ekki fjármuni afgangs. Hvorki

til þess að styðja við bakið á íslenskri menningu né heldur til þess að stuðla yfirleitt að uppbyggingu í landinu, t.d. í þágu landsbyggðarinnar eða að verklegum framkvæmdum sem tillögur eru uppi um og allir góðir menn vilja styðja.

Ég ber ákaflega takmarkaða virðingu fyrir svona hræsni. Ekki síst þegar það liggur ljóst fyrir að sömu aðilar hafa engar haldbærar tillögur uppi um aðra skattlagningu. Menn segja: Stóreignaskattur, meina ekkert með því. Það eru þrjú stig af eignarsköttum í landinu. Stóreignaskattur mundi undir engum kringumstæðum skila þeim peningum sem hér er um að ræða. Menn tala um nauðsyn þess að setja lög um skattlagningu fjármagns- og eignatekna. Það þarfnast mikils undirbúnings. Um það er ákvæði í stjórnarsáttmála að að því skuli stefnt. Að því er unnið og frv. verður að sjálfsögðu lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar þegar þar að kemur. Um það er ekki ágreiningur út af fyrir sig.

Menn getur greint á um það hvort sé skynsamlegra, betur í þágu íslenskrar menningar, undanþáguleiðin eða sú leið sem hér er boðuð að hafa kerfið eins laust við undanþágur og hugsanlegt er, en hafa þá með sæmilegu öryggi aukna fjármuni til ráðstöfunar til þess þá að styðja með virkum hætti við þá menningarstarfsemi sem þarfnast stuðnings. Ég hef svo oft lýst mínum skoðunum að ég þarf ekkert að ítreka þær. Og ég tek það fram að ég er hvergi smeykur við það að vera borinn ásökunum um það að vera menningarfjandsamlegur eða að vilja leggja íslenska menningu í rúst. Þau orð segja allt um þá sem þau orð nota en ekkert um þann sem fyrir þeim verður.

Herra forseti. Að lokum örfá orð um málsmeðferðina. Mönnum verður tíðrætt um það að málið sé illa undirbúið og til marks um það sé sú staðreynd að því hefur verið vísað til framhaldsvinnu hjá milliþinganefnd í sumar. Ég endurtek að ég tel ekkert athugavert við þessi vinnubrögð og ég tel þau til fyrirmyndar. Við höfum reynslu af því að því er varðar afgreiðsluna á staðgreiðslukerfinu sem var viðamikil og þýðingarmikil löggjöf. Alþingi gekk frá þeirri löggjöf til að eyða óvissu um vilja Alþingis að það skattkerfi skyldi tekið upp en það kallaði á vinnu milliþinganefndar um sumarið og allrækilega umfjöllun um haustið og gaf góða raun, gaf afar góða raun.

Ég tel það til fyrirmyndar að undirbúa löggjöf sem eyðir óvissu um stefnumörkun þingsins í grundvallaratriðum en hefur síðan ár fram undan til þess að undirbúa málið vandlega, kynna það rækilega, eyða óvissu, skapa um það aukna samstöðu. Í því efni tek ég sérstaklega undir með því sem segir í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., þar sem lögð er áhersla á nauðsyn þess í þágu þjóðarinnar allrar og allra sem eiga við þetta að búa að málið verði rækilega kynnt. Gert hefur verið ráð fyrir því í fjárlögum og að því verður stefnt.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf eina af sínum gagnmerku yfirlýsingum hér áðan. Hann hefur nokkrum sinnum áður gefið svona loforð hæstv. fjmrh. Hann gaf t.d. loforð hér úr ræðustóli á Alþingi og víðar á árinu 1986 og ég hygg líka á árinu 1987 um það að hans fyrsta verk ef hann kæmist í ríkisstjórn yrði að reka Jóhannes Nordal. Hvar er Jóhannes Nordal í dag? Er hann ekki í Seðlabankanum? Ég veit ekki betur.

Hv. þáv. þm. og formaður Alþfl., núv. hæstv. fjmrh., lofaði þjóðinni því fyrir síðustu kosningar að hans fyrsta verk ef hann kæmist í ríkisstjórn, næst á eftir því að reka Jóhannes Nordal, yrði að leggja á stóreignaskatt. Hvar er stóreignaskattur? Hann er ekki til — ja, hann er orðinn að matarskatti.

Og hæstv. fjmrh. sór og sárt við lagði á Alþingi fyrir tveimur árum síðan að virðisaukaskatt með svona prósentu mundi hann aldrei samþykkja, það kæmi ekki til greina, Alþfl. mundi aldrei samþykkja virðisaukaskatt með svona hárri prósentu. (Gripið fram í.) 24% sem þá voru til umræðu. Og hv. þm. talaði um að hann þyrfti að vera miklu lægri, þyrfti að vera ein 16–18% og ég get flett upp á því í ræðum sem eru hérna við næsta borð. (**Gripið fram í:** Í mesta lagi 18.) Já, í mesta lagi 18%. Nú flytur þessi sami hv. þm. og núv. hæstv. fjmrh., frv. um 22% virðisaukaskatt. (**SvH:** Það á að endurskoða það.) Já, það á að endurskoða það, hv. 4. þm. Austurl., að vísu.

Þarf ég að fara með meira af þessum loforðalista? Hafa menn mikla trú á því að þessi háreista yfirlýsing hér áðan: „Meðan sá sem hér stendur fær nokkru um ráðið þá mun hag menningarinnar á Íslandi vera borgið“ — hafa menn trú á því að það muni reynast betur en loforðið um að reka Jóhannes Nordal? Ég er ekki viss um það.

Ég held að það sé nær að skoða það hvernig þetta mál liggur fyrir. Og hvað sagði hæstv. fjmrh.? Hann fór með tugguna frá sérfræðingum sínum að það væri með öllu ástæðulaust að hafa áhyggjur af menningunni. Áhrif virðisaukaskattsins á menninguna yrðu óveruleg, hverfandi, engin ástæða til að hafa af þessu áhyggjur og í mörgum tilfellum mætti sjálfsagt segja að þetta yrði til bóta. Hvernig er þetta nú? Það hefur verið farið yfir það rækilega hér í umræðunum og lesnar upp tölur beint úr rekstri stofnana eins og Alþýðuleikhússins, Leikfélags Reykjavíkur, Íslensku óperunnar o.s.frv., sem sýna að þetta er stórkostleg ný skattlagning á þessa starfsemi. Eða vilja menn heyra aftur tölurnar frá uppfærslunni á Aidu? Ætlar hæstv. fjmrh. að segja það að nýr skattur upp á 3,5 millj. kr. á eina einustu óperuuppfærslu, jafnarðvænlegur atvinnurekstur og það er nú eða ábatasamur, sé bara ekkert til að hafa áhyggjur af, ekkert mál, hverfandi áhrif? Ég bið menn að hlífa hv. Alþingi við svona málflutningi.

Það þýðir ekki að neita staðreyndunum, hæstv. ráðherra, þó að það sé hægt að taka tölur úr Þjóð-

leikhúsinu með því að draga Þjóðleikhúskjallarann og alla sælgætissölu og allt sem þar fyrirfinnst inn í reksturinn og segja: Þetta skiptir ekki svo miklu máli fyrir Þjóðleikhúsið. Þetta er allt í lagi með menninguna af því að þar er eitt af örfáum fyrirbrigðum á ferðinni sem nýtur umtalsverðrar aðstoðar, stuðnings, auðvitað allt of lítillar. En þessi tvö til þrjú dæmi sem hægt er að finna með reikningskúnstum eru notuð hér til að reyna að slá ryki í augun á fólki, til að reyna að blekkja menn og segja að þetta sé allt í lagi með menninguna. Þetta er ekki allt í lagi með menninguna.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það heldur lágkúrulegt að hæstv. menntmrh. skuli gufa upp hér undir þessari umræðu, leka út úr þingsalnum þegar búið er að biðja hann að vera hér viðstaddan til þess að taka þátt í umræðum um áhrif virðisaukaskattsins á menninguna. Það er greinilegt að hugur fylgir máli hjá hæstv. ríkisstjórn. Eða vill hæstv. menntmrh. helst vera einhvers staðar annars staðar en hér í þingsalnum á meðan verið er að ræða um virðisaukaskatt á menningu? Það gæti verið.

Hæstv. fjmrh. segir að það sé ein góð regla sem megi nota í sambandi við virðisaukaskatt: þeim mun færri sem undanþágurnar séu þeim mun betra. Þá hlýtur maður að skilja hann sem svo að honum sé meinilla við þessar undanþágur sem hér eru fyrir inni í plagginu. Og hvað er það? Það er þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla, félagsleg þjónusta svo sem leikskólar, barnaheimili, skóladagheimili, útfararþjónusta o.s.frv. Í 15 liðum, 14 í frv., 15 eins og það kom frá Ed., eru taldar upp þær margvíslegu undanþágur sem auðvitað eru í þessu frv. vegna þess að það er út úr öllu korti að tala þannig um hlutina að hægt sé að leggja þennan virðisaukaskatt á allar greinar þjóðfélagsins. Það er hvergi gert. Þannig að auðvitað eru heilir geirar undanskildir skattinum. Það liggur ljóst fyrir. Að tala svo hér eins og það setji allt á hvolf að bæta við einhverjum afmörkuðum sviðum í þjóðlífinu! Hver er eðlismunurinn á því að skilja t.d. leikhússtarfsemi undan og að skilja rekstur leikskóla, eða rekstur sjúkrahúsa? Það hljóta að koma upp nákvæmlega sömu vandamál, hæstv. fjmrh., þegar þú tekur ýmsar slíkar greinar sem eru hérna inni í frv. þínu og undanskildar. Þannig að þetta eru engin rök, hæstv. ráðherra, ekki nokkur rök.

Til viðbótar má svo segja það við hæstv. fjmrh., ef hann hefur ekki áttað sig á því, að það var auðvitað til mjög einföld aðferð í þessu efni. Ef það er svona erfitt í framkvæmd fyrir þessa snillinga í ráðuneytinu að leggja á virðisaukaskatt án þess að hann komi líka yfir menninguna og listirnar og bókaútgáfuna hvað er þá hægt að gera? Það er hægt að endurgreiða hann. Það er ofur einfalt. Rétt eins og ykkur datt í hug í desember með fiskinn. Er hæstv. ráðherra búinn að gleyma því þegar ríkisstjórnin fékk hugljómun og fann það út að hægt væri að endurgreiða hluta af söluskatti á fiski, neyslufiski almennings? Er ekki hægt að nota þessa hugljómun? Og segja þá sem svo: Ja, við skulum þá leggja virðisaukaskatt á menninguna til að einfalda málin en við endurgreiðum hann allan. Einfalt mál.

Hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin getur ekki skotið sér svona undan málinu. Það er ekki svona einfalt. Enda var þetta auðvitað svo aumingjalegt og hæstv. ráðherra lá svo lágt rómur að það var heldur dapurlegt að verða vitni að þessu hér áðan þegar hann var að reyna að rökstyðja þetta eina ferðina enn. Og hæstv. menntmrh. lekinn út úr þingsalnum svo ekki sé nú minnst á hæstv. landbrh. sem ekki hefur sést hér í allan dag og á þó að fara að leggja 22% söluskatt (**Gripið fram í:** Hann er að koma.) á allar framleiðsluvörur landbúnaðarins.

Munurinn á því, hæstv. ráðherra, að leggja virðisaukaskatt á menninguna og matinn með þeim hætti sem hér er gert og hinu að byrja á því að marka stefnu og segja: Við ætlum ekki að láta þessa kerfisbreytingu íþyngja neytendum í formi verðs á matvöru. Við ætlum ekki að láta þessa breytingu íþyngja menningunni. Hvernig förum við að því? Við gerum það svona: Við búum hérna til kerfi, annaðhvort endurgreiðslukerfi eða undanþágukerfi sem tryggir það að þessar greinar komi út á sléttu. Við göngum frá því kerfi, við skrifum það upp og við setjum um það lög. Svo leggjum við á virðisaukaskatt. — Þannig hefði átt að fara að þessu hæstv. ráðherra.

Það er eins og það séu álög hjá hæstv. fjmrh. að byrja ævinlega á vitlausum enda á öllum hlutum sem hann reynir að gera, hæstv. ráðherrann. Hvernig hefur þetta farið hjá honum í skattamálunum yfir höfuð? Hann lofaði fyrir kosningarnar stóreignaskatti, skatti á gróðapungana, skatti á fjármagnstekjurnar. Svo snerist þetta við og hann byrjar á matarskatti. Svona er þetta í hverjum málaflokknum á fætur öðrum. Það er eins og einhver hörmuleg álög hafi lagst á hæstv. ráðherrann sem gerir það að verkum að hann fer vitlaust að öllum hlutum, byrjar ævinlega á öfugum enda. Svo stendur hann hér í ræðustólnum hæstv. ráðherrann og neyðist til að rausa þessu upp úr sér: Ég mun sjá um það að menningin fari ósköðduð frá þessu. En það er algjörlega autt blað um það hvernig á að fara að því. Það er ekki stafkrókur á blaði um það fyrir utan einn vesældarlegan tölulið í nefndaráliti sem segir að það eigi að athuga þetta með menninguna.

Þetta er engin frammistaða. Þetta er enginn málflutningur. Þetta eru engin rök. Þess vegna getur hæstv. ráðherra ekki vikið sér undan því og á ekki að vorkenna sjálfum sér þó að við hér í stjórnarandstöðunni segjum við hann nokkur vel valin orð af þessu tilefni. Svo lítill karl er jafnvel ekki hæstv. fjmrh. að hann þoli það ekki að talað sé við hann á íslensku meðan hún er enn þá notuð hér. Hve lengi það verður fer eftir því hve lengi og mikið þessi ríkisstjórn fær að vega að henni.

Herra forseti. Ég ætlaði að reyna að hafa þessa ræðu ekki mjög langa, ég talaði allítarlega fyrir minni afstöðu og nál. minni hl. fyrr í umræðunni, en

ég verð að segja það að ég sá fyrir mér að ég hlyti að þurfa að lengja mál mitt um tíu mínútur fyrir hverja eina setningu sem hæstv. fjmrh. kom út úr sér áðan. Svo vesældarleg var nú hans málsvörn. Og þegar hann fór svo í vinnubrögðin og fór enn að reyna að hæla vinnubrögðunum þar sem fjh.- og viðskn. deildanna hafa neyðst til þess að setja niður á blað, önnur 11 og hin 7 sérstök tölusett atriði sem verði að skoða í sumar og laga til því þetta sé óbrúklegt eins og þetta er.

Ég hefði haft gaman af því að hv. 4. þm. Austurl., sem stundum leyfir sér að hafa skoðun á þingsköpum og vinnubrögðum í þinginu, hefði komið hérna í ræðustólinn og sagt um þetta nokkur vel valin orð. Finnst honum þetta vera vinnubrögð sem menn eiga að standa hver um annan þveran og hæla, að kasta svona til höndunum við lagasetningu á Alþingi Íslendinga að menn þurfi að lýsa því yfir fyrir fram og friða menn bæði í sínum eigin flokkum og úti í þjóðfélaginu með því að þetta sé allt í lagi? Verið þið rólegir því að þetta verður allt lagað í sumar. Þetta er auðvitað dapurlegt að horfa upp á.

Herra forseti. Ég fékk hér í hendur rétt áðan bréf og ég er að hugsa um að ljúka máli mínu og þessari umræðu um virðisaukaskattinn með því að lesa það eða vitna í það vegna þess að mér finnst það eiga ágætlega við. Kannski þröngvast einhver ljósglæta inn í sálarmyrkur hæstv. fjmrh. um það að það sem er á bak við svona hluti og verður fyrir þeim er lifandi fólk í þessu landi. Við hv. alþm. megum aldrei gleyma því að á bak við allan talnagrautinn og skýrslurnar og draslið er lifandi fólk sem verður fyrir þeim lögum og býr við þau lög sem við erum að setja, líka matarskatt, líka skatt á menningu og listir. Ég fékk í hendur bréf frá Blindrafélaginu, dags. 10. maí 1988.

„Ágæti þingmaður.

Við leyfum okkur að vekja athygli þína á meðfylgjandi samþykkt sem gerð var á aðalfundi Blindrafélagsins þann 7. maí sl. Við vonumst eftir að þú takir hana til vinsamlegrar athugunar.

Virðingarfyllst,
Halldór S. Rafnar,
framkvæmdastjóri Blindrafélagsins."

Og hvað er nú Blindrafélagið að segja við ágæta alþm.? Það er að segja eftirfarandi með leyfi þínu, herra forseti:

„Aðalfundur Blindrafélagsins, Samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, haldinn laugardaginn 7. maí 1988 beinir eftirfarandi til ríkisstjórnar Íslands:

Við síðustu áramót tóku gildi ný lög um tollskrá og söluskatt þar sem undantekningarákvæðum frá söluskatti var mjög fækkað. Með breytingum þessum voru blindir og sjónskertir sviptir ákveðnum réttindum sem þeir höfðu notið í rúman einn og hálfan áratug. Réttindin voru í því fólgin að innflutningur á hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta var undanþeginn tollum og í raun var viðurkennt að söluskattur væri ekki greiddur af þeim við tollafgreiðslu.

Nú bregður hins vegar svo við að hæstv. fjmrh. hefur fellt þann úrskurð að söluskattur skuli greiddur af öllum hjálpartækjum fyrir fatlaða og verði stofnunum eins og Heyrnar- og talmeinastöð ríkisins og Sjónstöð Íslands séð fyrir aukafjárveitingu til að mæta þessum aukakostnaði.

Aðalfundur Blindrafélagsins leyfir sér að benda ríkisstjórn Íslands á að fleiri en opinberar stofnanir flytja inn hjálpartæki. Í mörgum tilvikum er hér um dýran búnað að ræða og getur það skipt sköpum um öflun þeirra að ekki séu innheimt af þeim opinber gjöld.

Aðalfundur Blindrafélagsins skorar á ríkisstjórnina að sjá nú þegar til þess að söluskattur verði án tafar afnuminn af öllum þeim hjálpartækjum sem Blindrafélagið flytur inn, enda selur Blindrafélagið engum hjálpartæki nema aðildarfélögum sínum eða öðrum einstaklingum sem hafa undir 10% sjón.

Þá bendir fundurinn á að sömu ákvæði ættu að gilda um sömu hjálpartæki til allra fatlaðra einstaklinga. Þá bendir aðalfundurinn jafnframt á að óeðlilegt er að heimta opinber gjöld af styrkjum sem veittir eru til tækjakaupa einstaklinga vegna náms eða starfa, skv. 19. gr. laga um málefni fatlaðra frá 1983, eins og nú virðist tíðkast."

Undir þetta rita Arnþór Helgason og Halldór S. Rafnar.

Ég held að það sé ágætt fyrir hæstv. fjmrh. og hv. alþm. að gera sér grein fyrir því að á bak við þær ákvarðanir sem við erum að taka eru svona hlutir. Jafnvel þeir að menn fara að skattleggja hjálpartæki blindra og sjónskertra og fatlaðra. Og þó að það sé auðvitað gaman, hæstv. fjmrh., og gott fyrir ýmsa sem ekki nenna að leggja mikið á efri hluta líkamans að hafa hlutina einfalda og það sé út af fyrir sig ekkert vitlaus hugsun að reyna að hafa veruleikann sem einfaldastan í flestum tilfellum — hann verður að vísu leiðinlegur en hann verður að mörgu leyti auðviðráðanlegri — þá má þessi einfaldleiki ekki verða á kostnað réttlætis- og sanngirnissjónarmiða. Það er ég ansi hræddur um að sé að gerast hér í þessu máli.

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Við afgreiðslu á lögum um nýtt tollakerfi og söluskatt var kveðið á um margvíslegar undanþágur að því er varðaði t.d. öryggisbúnað og hjálpartækjabúnað. Á því varð hins vegar misbrestur. Af hálfu fjmrn. var undirbúið frv. um breytingar á söluskattslögum nú þegar á þessu vori, sem ekki náði því í þeirri miklu málafjöld sem við erum að fást við að fá endanlega afgreiðslu, þannig að það bíður hausts. Í millitíðinni að því er varðar einstök mál sem upp koma í framkvæmd er ekki annar kostur til að leysa þau mál, eins og í því tilviki sem hv. þm. vék að, en með því að veita aukafjárveitingu til þess að greiða umrædd gjöld vegna þess að heimild til þess að fella þau niður er ekki fyrir hendi.

Það hendir stundum hv. 4. þm. Norðurl. e. Steingrím J. Sigfússon að fara nokkuð geyst í gífuryrðum

og ásökunum í garð andstæðinga sinna, brigsla þeim um óorðheldni, ómerkilegheit, fjandskap við tiltekin góð málefni o.s.frv. Ég ætla ekki að svara þessu með öðru en því að biðja hv. þm. að fletta upp í starfsáætlun og stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar á þeim stað þar sem lýst er áformum núv. ríkisstjórnar um skattkerfisbreytingar og upp er talið að hverju ríkisstjórnin stefndi að koma fram á árinu 1988 og 1989, telja það upp fyrir sjálfum sér og fara yfir þann lista og athuga vandlega hvað eftir er af honum þegar virðisaukaskattsfrv. hefur orðið að lögum. (**SJS:** Varð þetta plagg ekki til eftir kosningar?) Fyrst hv. þm. spyr þá beini ég því til hans einnig að gera á því nákvæman textasamanburð hvað stóð í stefnuyfirlýsingu Alþfl. fyrir kosningar og í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar. Ég beini síðan einni spurningu til hv. þm.: Þegar hann væri búinn að skoða það og ganga úr skugga um efndirnar á því sem bæði er sagt í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun, væri hann þá enn reiðubúinn til þess að koma hér upp með stóryrðum og gassagangi og saka þann sem hér stendur sérstaklega um það að ganga á bak orða sinna og yfirlýsinga?

Ég hygg að þótt hv. þm. leiti víða í stjórnmálasögu Íslendinga þá finni hann ekki mjög víða dæmi um það að jafnkyrfilega og rækilega, lið fyrir lið, hafi verið staðið við það sem sagt var fyrir kosningar og í starfsáætlun á jafnskömmum tíma. Því næst væri rétt að benda hv. þm. á það að hann væri ekki að kvarta svona sáran eins og hann hefur verið að gera á öllu þessu þingi ef ekki hefði verið staðið við þau fyrirheit sem þarna voru gefin.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mörg að þessu sinni. Ég hef þegar sagt flest sem a.m.k. mér þykir að segja þurfi í þessu máli og sagt hug okkar kvennalistakvenna til matarskatts, kvótakerfis, draumsýnar hæstv. fjmrh. um menningarskattinn, um verðmætamat hæstv. ríkisstjórnar og um menningarstefnu hæstv. ríkisstjórnar.

En mig langar til þess að koma hér upp og leiðrétta mismæli mín hér áður. Mér var bent á að ég hefði farið rangt með tölur og þar sem ég veit að höggvið er eftir hverju orði, enda sjálfsagt að hafa hlutina rétta, þá vil ég endurlesa þær tölur því þar hefur einungis verið um mismæli að ræða. Ég var með blaðið fyrir framan mig og hef þar af leiðandi bara mismælt mig og vil gjarnan að þessar tölur fari réttar í þingtíðindi. Þar var um að ræða tölur frá Leikfélagi Reykjavíkur um áætlaða útkomu leikársins 1987–1988 annars vegar miðað við söluskattskerfi og hins vegar við virðisaukaskattskerfi.

Útgjöld án söluskatts eru 74 millj. kr. Útgjöld með söluskatti eru 4,5 millj. kr. Að viðbættum skattinum verða það 5,6 millj. kr. Fjárfesting er upp á hálfa millj. kr. Af því er 100 þús. kr. skattur, það verða 0,6 millj. kr. Gjöld alls eru því 80,3 millj. kr. Tekjur af miðasölu eru 40 millj. kr., aðrar tekjur 0,3 millj. kr. Tekjur alls eru því 80,3 millj. kr.

Aftur á móti með virðisaukaskattskerfinu — og enn er kannski ástæða til þess að ítreka að þarna var notað reikningsmódel fjmrn. sjálfs — þá lítur dæmið þannig út:

Útgjöld án virðisaukaskatts eru þau sömu, þ.e. 74 millj. kr. Útgjöld með virðisaukaskatti eru áfram 4,5 millj. kr. Skatturinn verður nú 1 millj. kr., það gera samtals 5,5 millj. kr. VASK sem bætist við vegna miðasölu er 6,1 millj. kr. Gjöld alls eru því 86,2 millj. kr., þ.e. breytt tekjuþörf Leikfélags Reykjavíkur er því 6 millj. kr. Það munu vera tölurnar við miðasölu sem ég hef haft vitlaust yfir áðan og vil þar af leiðandi leiðrétta þær tölur hér og nú og þar með er það skjalfest.

Örfá orð í viðbót enn til að koma í veg fyrir hártoganir. Ég var hér með dæmi áðan um kostnað og tekjur Íslensku óperunnar af uppfærslu óperunnar Aidu. Það er ástæða til að taka það fram að nokkrar breytingar hafa orðið á fjárhag Íslensku óperunnar. Hún naut nokkurs styrks í fyrra sem hún gat nýtt í uppfærslukostnað. Það gerir hún ekki lengur því að þó að hún hafi örlítið meiru úr að spila núna, fé sem Íslenska óperan fær frá ríkinu, þá er það bundið í samningi ríkisstjórnarinnar og Íslensku óperunnar til þriggja ára að sá styrkur fari til reksturs húss Íslensku óperunnar, þ.e. að standa straum af fasteignagjöldum, hita, rafmagni og launum þess starfsfólks sem þar vinnur allan ársins hring, þ.e. miðasölufólks, sviðsstjóra, framkvæmdastjóra, skrifstofufólks o.fl. En í ár er samkvæmt þessum samningi ekki ein króna til uppsetninga þannig að þó að Íslenska óperan hafi bæði fengið myndarlegan arf hér á árum áður sem er bundinn í steinsteypu og hafi núna gert þennan samning við íslensku ríkisstjórnina um fjárstyrk, þá er þetta allt bundið í húsinu og rekstri hússins og því ekki nokkrir peningar afgangs til uppfærslu. Þetta vil ég einungis ítreka hér til þess að það verði ekki notað til að hártoga hluti.

Enn einu sinni get ég ekki stillt mig um að benda á misfærslur sem eru hér í útreikningum fjmrn. um afkomu Þjóðleikhússins sem að vísu eru byggðar á áætlun. En þar sem það er aftur og aftur sagt hér að búið sé að reikna áhrif virðisaukaskattsins á Þjóðleikhúsið niður í núll og niður fyrir núll, þá vil ég enn benda á að það er gert með því að áætla allar tekjur Þjóðleikhússins af sölu miða og annarrar þjónustu 53 millj. kr. Það merkir að Þjóðleikhúsið hafi um 50 þús. áhorfendur á ári hverju. Það hefur aldrei farið svo lágt niður í fjölda áhorfenda. Oftast hefur það verið á bilinu 80 og hæst upp í 100 þús. og 120 þús. áhorfendur, þannig að sú tala sem þarna er reiknaður af virðisaukaskattur er kannski helmingi of lág. A.m.k. er hún talsvert of lág og þar af leiðandi er þessi útkoma, sem gerir ráð fyrir því að Þjóðleikhúsið beinlínis hagnist um 600 þús. kr. á þessari skattkerfisbreytingu, röng.

Hæstv. fjmrh. bað áðan þá sem áhyggjur hefðu af menningarmálum þjóðarinnar að velta fyrir sér málinu í samhengi. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að

gera slíkt hið sama, að velta fyrir sér áhrifum virðisaukaskatts á menningu landsins í samhengi, sínu eigin samhengi en ekki með því að draga alls óskylda þætti þar inn, og skýla sér ekki á bak við það að það þýði að allur skemmtanaiðnaður fylgi með, og allra síst að gera mér og öðrum upp þau orð að við séum að biðja um sömu undanþágu fyrir allan skemmtanaiðnað landsins. Ég uni því að við skulum vera ósammála, en ég uni því ekki að látið sé að því liggja aftur og aftur að ég og aðrir séum að biðja um undanþágu fyrir allan skemmtanaiðnað landsins.

Ég vil ítreka að ég geri þær kröfur til íslenskra stjórnvalda að þau skilgreini sína stefnu í menningarmálum og hliðri sér ekki hjá því sjálfsagða hlutverki að gera það innan frv. en ekki með einhverjum duldum leiðum utan þess vegna þess að frv. sjálft er til vitnis um það hvað hæstv. ríkisstjórn þykir ástæða til að taka þar fram um undanþágur. Ef það er gert á einhvern annan máta með endurgreiðslum, sem vissulega er hægt að koma við, þá hefur hæstv. ríkisstjórn skotið sér undan þeirri ábyrgð að skilgreina sjálf sína menningarstefnu, skilgreina sjálf hvað hún álítur að sé heppilegt og æskilegt og nauðsynlegt fóður fyrir íslenska þjóð og festi það í lög í þessu frv. þannig að þar megi það birtast á prenti öllum til sýnis og óvefengjanlegt.

Kjartan Jóhannsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða út af þessari umræðu um menningarstarfsemina að láta í ljós það mat mitt að enginn stjórnmálaflokkur muni vilja standa að því hér á Íslandi að raska eða rýra fjárhagsgrundvöll menningarstarfsemi eins og t.d. leiklistar. Ég hef sagt þetta á nefndarfundum í fjh.- og viðskn. og ég er sannfærður um að svo sé.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði lítið úr yfirlýsingu hæstv. fjmrh. varðandi þetta hér áðan, en hún var afdráttarlaus. Ég vil benda á það að fjmrh. stendur ekki einn í þessum efnum vegna þess að í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar er sagt beinum orðum að meiri hl. nefndarinnar telji einboðið að haga kerfisbreytingunum á þann veg að fjárhagsgrundvöllur þeirrar starfsemi verði ekki rýrður og er þá verið að vitna til menningar- og listastarfs. Hér liggur fyrir afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu allra fulltrúa, allra stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn.

Ég hef skilið talsmenn minni hlutans, talsmenn stjórnarandstöðunnar svo að þeir væru sama sinnis þannig að ég tel að stefnumörkun Alþingis að því er þetta varðar liggi algerlega ljós fyrir. Talsmenn allra flokka hér á þingi í þessu máli hafi lýst sömu skoðun, nefnilega þeirri að kerfisbreytingin megi ekki verða til þess að rýra fjárhagsgrundvöll þeirrar menningarstarfsemi sem hér um ræðir. Þetta er afdráttarlaust. Hitt geta menn svo aftur deilt um hver sé besta aðferðin til þess að tryggja þetta. Hvort það gerist með undanþágum, eins og mér skilst að sumir telji best, eða með endurgreiðslum sem hv. síðasti ræðumaður, Þórhildur Þorleifsdóttir, sagði að kæmi vissulega til greina. En ég vil vekja athygli á því að hvort heldur er um undanþágu að ræða eða ekki þá getur orðið breyting á stöðu þessarar starfsemi þannig að jafnvel þó að menn séu með undanþágu verða menn að skoða það dæmi og athuga hvort þar sé um einhvern mun sem þurfi, þrátt fyrir undanþáguna, að jafna.

Ég tel sjálfsagt að þetta verði skoðað og það hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. lagt áherslu á í sínu nál. Ég tel einsýnt að í þessu máli séu menn algerlega sammála um stefnuna, um markmiðið, þó að menn geti deilt um leiðir, en vonandi tekst mönnum að vinna sig út úr því.

Ég er þeirrar skoðunar að yfirleitt sé betra að hafa undanþágur sem fæstar og tel að það eigi að vera stefnan, m.a. í þeirri endurskoðun sem fram undan er, ekki sérstaklega varðandi þetta atriði heldur varðandi þau atriði sem yfirleitt er verið að fjalla um hér á þessum vettvangi og í frv. eins og það lítur út. Fyrir því eru ýmis rök. Þau eru til tínd m.a. í þessu nál. varðandi það að menn nýti nú kerfisbreytinguna til þess að aðhald að skattskilum verði betra en það hefur verið hjá okkur og að menn fái þannig líka svigrúm til þess að vera með lægri skattprósentu, lægra skatthlutfall en hefur verið í söluskatti. Mín ósk er sú að niðurstaðan geti verið sú að það verði lægra en er í þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil bara benda hv. 4. þm. Reykn. á það að ef menn vilja styðja við bakið á menningu og listum þá er aðferðin til þess ekki sú að setja lög um hið gagnstæða.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að það er enginn stjórnmálaflokkur á Alþingi sem lætur sér detta í hug að rýra á einn eða annan hátt fjárhagsgrundvöll menningarstarfsemi í landinu. Ég held að það sé svona nokkurn veginn sama hvað kemur út úr þessari uppstokkun sem nú á sér stað vegna þess að þjóðin býr við ákveðið stolt.

Eitt af því sem gerir okkur að þjóð og það menningarþjóð er starfsemi leikhúsanna og þá náttúrlega er Þjóðleikhúsið þar í fararbroddi fylkingarinnar. Og hvernig sem fjárhagsútkoma er á starfsemi Þjóðleikhússins þá verður það dæmi afgreitt með aukafjárveitingu eða með samþykkt Alþingis á frekari fjárveitingum á þeim mismun sem kemur út úr hverju starfsári. (**SvH:** Að það hrynji ekki í millitíðinni.) Húsið getur hrunið en menningarstarfsemin hrynur ekki hvernig sem stjórnarliðið hamast. En húsið getur hrunið og er að mörgu leyti að hrynja. Yfirlýsing fjárhagsnefndar og fjmrh. er ákveðin trygging fyrir því að starfsemin verður ekki látin líða þó svo að vissar áhyggjur séu réttlætanlegar hjá þeim sem starfa að þessum þætti menningarinnar.

Ég ítreka það sem ég sagði áður hér úr þessum ræðustól við 2. umr. Ég held að það sé nauðsynlegt að milliþinganefnd geri tillögur um þá liði sem eru óvissuþættir í frv., og eru a.m.k. 15, og að Alþingi skoði þá liði, þær lausnir sem koma út úr starfi milliþinganefndar og að Alþingi fái að segja sitt álit þannig að frv. verði fullkomnara og Alþingi til sóma þegar Alþingi afgreiðir það endanlega. Því að afgreiða frv. eins og það liggur fyrir með öllum þessum óvissuþáttum er alveg það sama og að gefa fjmrh. sjálfdæmi í lagasetningunni. Framkvæmdarvaldið getur aldrei orðið löggjafarvald. Það er útilokað. Og þó ég treysti fjmrh. vel til þess að gæta hófs í öllu því sem snertir menningarstarfsemi á Íslandi þá tel ég réttara að Alþingi gangi endanlega frá frv. þegar milliþinganefnd hefur gert sínar tillögur. Þangað til sé ég enga ástæðu til að lengja þessar umræður með því að fara yfir frv. lið fyrir lið. Því frv. er ekki til. Frv. er ekki til sem slíkt. Það er verið að biðja um samþykkt á rammafrv. sem fjmrh. á að fylla út í og það gengur bara ekki. Það gengur ekki. En við skulum standa á verði.

Ég vil segja það við hv. 18. þm. Reykv., sem hefur haft veg og vanda af mörgum góðum tillögum og tali hér um þá menningarstarfsemi sem fer fram í leikhúsunum hér á landi, að að sjálfsögðu er viss trygging í því að fjh.- og viðskn. og fjmrh. hafa saman lýst því að þeir muni standa vörð um þessa starfsemi. Ég lít á það sem hér hefur komið fram hjá þessum tveimur ábyrgu aðilum sem loforð og því segi ég við þá sem starfa á vegum ríkisins að þessum menningarstofnunum: Hafið engan ótta. Ráðherra hefur lofað. Nefndir Alþingis hafa lofað. Framtíð ykkar er borgið.

En við skulum minnast þess að stjórnarandstaðan gerði heiðarlega tilraun við gerð fjárlaganna til þess að hafa vit fyrir hæstv. fjmrh. og stjórninni í heild. *Gleggsta dæmið um það eru öll þau mótmæli sem* stjórnarandstaðan stóð að saman sem einn á móti því að söluskattur yrði ekki endurgreiddur til sjávarútvegsins. Við stóðum líka á móti launaskatti á sömu fyrirtæki. Stjórnin, með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar, samþykkti þetta. En fyrsta verk ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. eftir jólafríið var að draga þetta til baka. Þess vegna segi ég: Er nú ekki skynsamlegra, þegar við erum allir af vilja gerðir hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að bíða með að samþykkja þetta frv. þangað til við getum skoðað það fullbúið? Þangað til sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta meira.

Það er eitt sem ég hjó eftir og það var svolítið merkilegt. Hæstv. fjmrh. sagði hér síðast þegar hann kom í þennan ræðustól að hv. 4. þm. Norðurl. e. ætti að lesa betur stefnuyfirlýsingu Alþfl. eins og hún var fyrir kosningar og sjá hvað mikið er búið að framkvæma af henni í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þetta er fyrsta viðurkenningin á því að málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið réttur. Þjóðin hefur orðið áþreifanlega vör við að stefna Alþfl. hefur ráðið ferðinni við lagasetningar þessarar ríkisstjórnar. Það vekur hins vegar furðu mína að hinir stjórnarflokkarnir skuli taka þátt í því að framkvæma ómengaða skattastefnu Alþfl. Það er alveg stórfurðulegt.

Spurningin er: Hve mikinn vanda þarf að skapa í hinu daglega lífi fólks og fyrirtækja áður en snúið verður frá þessari pólitísku villu? Við lesum daglega um fyrirtæki í vanda, um fyrirtæki sem eru að segja upp fólki, það er að skapast hér atvinnuleysi, um fyrirtæki sem eru að loka. Jafnvel samvinnuhreyfingin er að detta upp fyrir, kaupfélögin sýna öll meira og minna tap. Það er eitt kaupfélag sem ég veit um sem var í fréttum í dag að hefði sýnt einhvern hagnað, eða jafnvel tvö. Það er allt og sumt. Er þetta virkilega það sem miðstjórnarfundur Framsfl. barðist fyrir og vill fá? Ég held ekki. Samt sem áður er stjórnin samstæð í þessum ráðstöfunum.

En ég vil draga athyglina aftur að því að það er eins og hæstv. fjmrh. sagði: það er áreiðanlega bróðurparturinn af stefnuyfirlýsingu Alþfl. sem hefur verið í framkvæmd í tíð þessarar ríkisstjórnar, enda er þjóðfélagið allt að sökkva í vanda, skattavanda. Á stefnuatriði Framsfl. og Sjálfstfl. minntist hæstv. ráðherra ekki, enda er eins og hér sé um einn krataflokk að ræða sem stjórnar þessu landi og það ber að harma.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Þessar umræður um virðisaukaskatt hafa nú staðið lengi dags og sjálfsagt eru flest atriði fram komin sem hér skipta máli. Það er ekki ætlun mín að fara að verulegu leyti frekar út í þær efnisumræður sem hér hafa farið fram. En það er eitt atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. að svona undir lokin.

Það kemur fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um virðisaukaskattinn að til nefndarinnar hafi komið 47 *aðilar með ýmiss konar erindi. Síðan segir,* með leyfi hæstv. forseta, í þessu nál. (**SJS:** Hvað á ræðumaður við með „aðilar"? Getur hann talað skýrar.)

„Við athugun nefndarinnar á frv. komu fram ýmsar tillögur og hugmyndir um breytingar. Taldi nefndin einsýnt að mörg atriði þörfnuðust nánari athugunar. Meiri hl. nefndarinnar taldi ekki ráðrúm við núverandi aðstæður að flytja brtt. við frv., enda þegar ákveðið að nefnd verði skipuð til þess að taka frv. til sérstakrar athugunar og móta tillögur um lagabreytingar eftir því sem þurfa þykir." — *Og veiti* menn því athygli að hér er um að ræða framhaldsvinnu um þetta mál sem hér er raunar búið að vera á dagskrá meira og minna í almennri umræðu frá því að ríkisstjórnin hæstv. var sett á laggirnar.

Nú sagði hæstv. fjmrh. hér áðan að þessi vinnubrögð væru mjög eðlileg. Þau væru nánast sjálfsögð þegar um svo viðamikið mál væri að ræða. Út af fyrir sig getur það verið rétt. Og hann bætti því við að sams konar vinnubrögð hefðu verið höfð þegar staðgreiðslukerfi skatta var sett hér á fyrir rösku ári, eða raunar undirbúningurinn var á sl. ári. Sams konar vinnubrögð hefðu verið á höfð. Og hann bætti

enn fremur við: „Þau vinnubrögð reyndust góð. Þau skiluðu góðum árangri.“ En nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers vegna beitir hann nú hins vegar öðrum vinnubrögðum? Sá munur er á að á sl. ári starfaði milliþinganefnd sem var skipuð fulltrúum frá öllum pólitískum aðilum hér í þinginu. Og hæstv. fjmrh. segir: Árangurinn var góður. Nú á að hafa svipuð vinnubrögð. En þá er ekki um það að ræða að stjórnarandstaðan fái nokkurn fulltrúa í þá vinnu, alls engan. Það er eingöngu stjórnarliðið og embættismenn. Engu að síður sagði fjmrh.: Niðurstaða vinnunnar í fyrra var góð. Það var sæmilegur friður um framkvæmdina. Nú spyr ég: Ætlast hæstv. fjmrh. ekki til svipaðrar niðurstöðu? Og hvers vegna leggur hann til í ríkisstjórn að stjórnarandstaðan fái ekki hlutdeild þar að?

Fjármálaráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við framhaldsvinnuna varðandi staðgreiðslukerfið voru góð. Vinnubrögðin eru hin sömu, þ.e. menn setja upp milliþinganefnd og ætla henni góðan tíma, bæði til framhaldsvinnu og kynningar á málinu almennt. Sá er munur á að um staðgreiðslukerfið tókst pólitísk samstaða. Allir flokkar á Alþingi studdu þá kerfisbreytingu í grundvallaratriðum. Þess vegna var það rökstudd niðurstaða af því að fulltrúar allra flokka sem voru málinu hlynntir tækju þátt í útfærslunni. Það er álitamál hvort það er rökrétt niðurstaða, ef það liggur fyrir að stjórnarandstaðan lýsi sig andvíga þessari breytingu, að fela henni að hafa hönd í bagga með og gera hana jafnframt ábyrga á framkvæmdinni. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það út af fyrir sig, það er álitamál. En þetta er munurinn að því er varðar staðgreiðslukerfið og virðisaukaskattinn. Því miður hefur ekki tekist þessi pólitíska samstaða sem var í fyrra tilvikinu milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Mikið meira get ég ekki sagt af því tilefni.

En úr því að ég er hingað kominn vil ég nota tækifærið og leiðrétta eitt smáatriði sem er þetta: Fjmrn. lét gera samantekt á afkomu Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar miðað við afkomu þessara stofnana skv. fjárlögum 1988 og miðað við 22% virðisaukaskatt. Áætlun um tekjur Þjóðleikhúss af aðgöngumiðaverði voru að sjálfsögðu áætlanir Þjóðleikhússins sjálfs. Þannig að ef menn eru að rengja þessar tölur eru menn að rengja tölur sem eru frá Þjóðleikhúsinu sjálfu, vegna þess að þetta eru áætlunartölur fjárlaga og sá þáttur fjárlaganna, sem varðar mat á eigin tekjuöflun, kemur frá stofnuninni sjálfri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, NL, ÞP, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, PJ, JK.

nei: RA, SV, SJS, ÞÞ, AðB, AG, GeirG, HG, HJ, KE, MálmS, ÓÞG.

SvH, AS, EH, IBA, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (SighB, GHH, GHelg, KH, EKG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Stefán Valgeirsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið er frv. svo ófullkomið að það mun vera langt að leita að slíkt frv. öðlist samþykki hér á Alþingi. Því segi ég nei.

Alexander Stefánsson:

Herra forseti. Ég er fylgjandi því að taka upp virðisaukaskatt í stað núgildandi söluskatts. Það er ljóst að virðisaukaskattskerfið verður því aðeins skilvirkt að undanþágur séu sem fæstar. Með því er hægt að hafa skattprósentu lægri, jafnvel lægra gjald á matvörur. Jafnframt þurfa að vera skýr ákvæði um endurgreiðslu sem þurfa að fylgja slíku skattkerfi.

Í meðferð Alþingis kemur í ljós að ótal mikilvæg atriði í frv. eru ekki frágengin. Jafnframt er búið að setja í frv. fjölmargar undanþágur á aðila sem síst skyldi, og vinnur það augljóslega gegn skattinum. Ég tel að skynsamlegast sé að fresta afgreiðslu málsins til næsta þings, skipa milliþinganefnd til að kanna betur hin fjölmörgu vafa- og ágreiningsefni. Að samþykkja frv. með öllum þessum vafaatriðum ófrágengnum tel ég rangt. Ég get því ekki samþykkt þessa málsmeðferð og greiði ekki atkvæði.

Eggert Haukdal:

Herra forseti. Áður en ég kem að greinargerð að atkvæði mínu um þetta frv. vil ég segja eina setningu um umferðarlögin sem voru keyrð áfram hér fyrr á fundinum í óþökk margra stjórnarliða og hún er þessi: Eru engin takmörk fyrir því hjá hæstv. ráðherrum að berja áfram óþurftarmál?

Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem Alþingi afgreiðir frv. til l. opið í báða enda. (Forseti hringir.) Þetta er greinargerð, herra forseti, fyrir atkvæðagreiðslunni. Það á við um þetta frv., og það er nú kannski kostur við það, úr því að ekki var búið að ná um það fullu samkomulagi í stjórnarliði og færa það í frambærilegan búning ef það er þá hægt. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. beggja deilda kemur fram að ákveðið er að skipa milliþinganefnd til að fara yfir ýmis álitamál í sumar, þar á meðal um skattprósentuna. Að mínum dómi eiga skattþrepin að vera tvö, annað með lægri skatti, m.a. á brýnustu

lífsnauðsynjar. Okkur ætti ekki að vera vandara um en ýmsum nágrannaþjóðum að hafa þrepin tvö. Nauðsynlegt er að hafa þann hátt á, m.a. vegna hættu á að dregið verði úr niðurgreiðslum. Hér er um stórt mál að ræða fyrir afkomu heimilanna, fyrir atvinnureksturinn, fyrir ríkið sjálft. Því þurfti að vanda verkið. Þrátt fyrir það sem boðað er í meirihlutaáliti um lagfæringar á þessu frv. áður en það kemur til framkvæmda treysti ég mér ekki til annars en að sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu vegna þess hve framkvæmd málsins er óljós.

Herra forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

Guðni Ágústsson:

Herra forseti. Ég játa að meðferð þessa máls er vægast sagt einkennileg. Að vísa nýsettum lögum í milliþinganefnd þingmanna og embættismanna telst varla þingleg meðferð. Þar skal deilt um margar stórpólitískar ákvarðanir. En í trausti þess að þingflokkar fái að fylgjast grannt með starfi milliþinganefndarinnar og málið komi á ný til umfjöllunar á haustdögum segi ég já.

Hreggviður Jónsson:

Hæstv. forseti. Afgreiðsla þessa lagafrv. er þannig að hún hlýtur að vera einstæð. Hér er verið að samþykkja lög um virðisaukaskatt sem svo illa eru úr garði gerð að enginn veit hvernig skattlagningu margra mikilvægra þátta verður háttað. Það er ósvinna að setja lög sem ljóst er að verður að breyta verulega næsta haust. Lagasmíð af þessu tagi er ekki í anda þingræðis og er hættulegt fordæmi fyrir löggjafarþing Íslendinga. Það verður að gera þá kröfu um þau lög, sem samþykki hljóta á hinu háa Alþingi, að þau séu fullunnin, en ekki drög að lögum eins og þetta frv. Það er einnig svo að miðað við þá auknu skattlagningu sem hér er boðuð er útilokað að styðja þessa háðung sem hér liggur fyrir í óleiðréttu og hálfskrifuðu handriti. Þetta eru nýju fötin fjármálaráðherrans.

Hæstv. forseti. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í trausti þess að ég hafi nú ekkert ruglast, þetta séu ekki umferðarlög á dagskrá, ætla ég að gera grein fyrir því að það mun fátítt að jafn athugulir menn og hér hafa skrifað undir nál. telji nauðsynlegt að fara yfir málið strax og það verður afgreitt með skipan milliþinganefndar. Ég tel að með slíkum vinnubrögðum sé verið að innleiða nýja siði í skattalagasetningu á Alþingi Íslendinga, þ.e. fyrst skuli þingið samþykkja einhvern ramma og svo skuli hefja baktjaldamakk og átök um hvað verði inni í þessum ramma. Ég treysti mér ekki til að styðja slík vinnubrögð og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1140,1–2 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, ÓÞG, RA, SJS, ÞÞ, AðB, AG, GeirG, HG, HJ, IBA, KE.

nei: ÓE, PP, PJ, SP, NL, ÞP, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, JK.

ÓÞÞ, AS, EH greiddu ekki atkv.

7 þm. (SighB, SV, SvH, GHH, GHelg, KH, EKG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að ítreka það enn einu sinni að við kvennalistakonur munum aldrei samþykkja skattlagningu á nauðþurftir fólks og við teljum bæði mat og menningu til nauðþurfta.

Fyrst ég er komin hingað vil ég líka vekja athygli á því að hæstv. menntmrh. hefur ekki enn sagt hug sinn um skattlagningu á menningu og má ég kannski láta í ljósi þá frómu ósk að hann geri það nú. Ég segi já.

Brtt. 1138,1 felld með 19:11 atkv.

Brtt. 1140,3 felld með 20:12 atkv.

Brtt. 1138,2 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HG, HJ, IBA, KE, MálmS, ÓÞG, RA, SJS, ÞÞ, AðB, AG.

nei: ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, PJ, SP, NL, ÞP, JK.

EH, ÓÞÞ, AS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GHH, GHelg, KH, EKG, SighB, SV, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hafi hv. þm. ekki gert sér grein fyrir því, þá fjallar þessi brtt. um það að undanþiggja sölu bóka virðisaukaskatti. Hv. Ed. gerði þá breytingu á frv. í sínum meðförum að undanþiggja sölu tímarita virðisaukaskatti. Nú er sú kostulega staða uppi í frv. að meðferð prentaðs máls og skattlagning þess er með þrennum hætti, þ.e. dagblöðin eru algerlega undanskilin, tímarit sköttuð að hluta og stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar hér á hinu háa Alþingi leggja til að einn flokkur prentaðs máls á Íslandi verði sérstaklega skattlagður öðru fremur, íslenska bókin. Þessi brtt. lýtur að því að forða því slysi. Ég segi því já.

Þórhildur Þorleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Á Hótel Borg eru stundum haldnar samkomur undir nafninu „Vinir ljóðsins". Þar er oft ágætlega mælt, en hér á hinu háa Alþingi tekst ekki að finna nokkra vini bókarinnar. Vil ég því lýsa því yfir, fyrir hönd okkar kvennalistakvenna, að við berum góðan hug til bókarinnar og teljum hana til okkar vina, tökum hana t.d. fram yfir Samúel, hvers útgáfa varðar reyndar við lög hér á landi. Ég segi því já.

2. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Brtt. 1138,3 felld með 19:11 atkv.
3. gr. samþ. með 19:3 atkv.
4.–11. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 1138,4 felld með 20:11 atkv.
12.–13. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 1129,1 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KE, ÓÞG, SJS, ÞÞ, AðB, AG, HG, HJ, IBA.
nei: JSS, KJóh, MÁM, ÓE, PP, PJ, SP, NL, ÞP, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JK.
ÓÞÞ, RA, AS, GeirG greiddu ekki atkv.
9 þm. (KH, EKG, MálmS, SighB, SV, SvH, EH, GHH, GHelg) fjarstaddir.
14.–19. gr. samþ. með 20:4 atkv.
Brtt. 1129,2 felld með 20:10 atkv.
20.–48. gr. samþ. með 20:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I–IV samþ. með 21:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

NEÐRI DEILD

102. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum 101. fundi.

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 1148.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 455. mál (stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 805.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ferðamál, 2. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 816, n. 1142, brtt. 1143.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. samgn. (Ólafur Þ. Þórðarson):
Herra forseti. Samgn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breytingar á lögum um skipulag ferðamála.
Eftirtaldir aðilar hafa komið á fundi nefndarinnar við afgreiðslu málsins: Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri og Kjartan Lárusson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.
Nefndin hefur orðið sammála um breytingu á frv. sem prentuð er á sérstöku þskj. Þá hefur nefndin einnig orðið sammála um eftirfarandi:
Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækisins svo og hótelstjóra Edduhótelanna.
Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn samgn.
Brtt. sem er að finna á þskj. 1143 er svohljóðandi, með leyfi forseta:
„2. málsl. 2. gr. orðist svo: Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.“
Af því þetta er ekki í samhengi þá er rétt að útskýra þetta örlítið.
Þeir sem gerast starfsmenn, verði þetta að lögum, gerast starfsmenn hlutafélagsins sem ætlað er að taki við Ferðaskrifstofu ríkisins fengju ekki greidd laun bæði sem starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins hf. og einnig sem fyrrverandi starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins samtímis. Hinir sem ekki vildu una því að búa við þessa breytingu og færu á brautu nytu sem sagt lögkjara, þeirra sömu og ríkisstarfsmenn njóta, ef það fyrirtæki sem þeir starfa við er lagt niður.
Hér er að okkar mati um eðlilega meðferð að ræða og frá upplýsingaraðilum má segja að hafi komið fram sú skoðun að e.t.v. væri óþarfi að taka þetta svo skýrt fram eins og hér er gert ef ætlunin hefði verið að framkvæma þetta á þennan veg. En við vildum hafa þetta ótvírætt.
Um það hvort selja beri Ferðaskrifstofu ríkisins geta menn í sjálfu sér haft skiptar skoðanir. Hins

vegar hefur sú umræða staðið alllengi og hætt er við að hún sé nokkuð þreytandi fyrir það starfsfólk sem þar er og skapi verulega óvissu.

Það má segja að eins og þetta mál er lagt fyrir er í reynd verið að leggja til meira en forkaupsréttinn, það er verið að leggja til að starfsfólkinu verði seld Ferðaskrifstofan náist þar samkomulag um. Ég held að sú þekking, sem er kannski að stórum hluta það sem verið er að selja, sé að mestu leyti hjá þessu starfsfólki. Ég tek það skýrt fram að ég tel að Ferðaskrifstofa ríkisins sé vel rekið fyrirtæki og hafi verið vel rekið fyrirtæki. (**Gripið fram í:** Til hvers er verið að breyta?) Til hvers er verið að breyta, er spurt. Og ég svara því hér að það sem ég sæi jákvæðast við slíkt tiltæki væri það ef eigendur Edduhótela úti um land, sem í dag eru sveitarfélög, kæmu e.t.v. inn í þessa mynd þegar ríkið mundi selja ⅓ sem þeir nú skilja eftir samkvæmt þeirri ákvörðun sem er verið að taka og leggja til.

Hins vegar tek ég það fram, ekki sem framsöguatriði heldur sem mína persónulegu skoðun, að það getur margt orkað tvímælis þá gert er en það getur líka blásið meira lífi í þessa starfsemi að taka þessa ákvörðun. Það á eftir að koma í ljós. En minn skilningur er sá að það sé ætlunin að starfrækja Ferðaskrifstofuna áfram með þeim umsvifum sem þar hafa verið.

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Varðandi það frv. til laga sem hér liggur fyrir á þskj. 816, sem er 466. mál þingsins, vil ég segja það að ég hef ekki enn þá fengið nein haldbær rök fyrir því að ástæða sé til þess að selja Ferðaskrifstofu ríkisins. Vel má hins vegar vera að þau rök finnist.

En til þess kom ég hér í ræðustól að vekja athygli á vægast sagt undarlegum vinnbrögðum. Í nál. frá Ed. segir varðandi það ákvæði að starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins eigi að hafa forkaupsrétt þegar Ferðaskrifstofan verður seld, í 2. lið, með leyfi forseta: „Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna" er að áliti nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótela." Gott og vel. Síðan kemur nál. frá Nd., frá hv. samgn. Nd., og þar segir svo, með leyfi forseta: „Með orðalagi 3. málsgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna" er að áliti nefndarinnar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækisins svo og hótelstjóra Edduhótelanna."

Nú spyr ég: Hvað á þetta að þýða? Í fyrsta lagi virðist vera orðinn siður hér á þessum síðustu dögum þingsins að gera nál. að einhverjum meiri háttar gögnum um framkvæmd laga. Fyrir mér er það algjörlega nýtt. Hingað til hafa grg. með frv. haft veruleg áhrif um túlkun laga en nál. satt að segja ekki mikil. Nægir að minna á umræðu sem fór hér fram um Ríkisendurskoðun fyrir örfáum dögum eða jafnvel klukkutímum. En ef menn vilja nú allt í einu leggja þessa gífurlegu áherslu á nál. er alveg lágmark að þau séu samhljóða. Ég hlýt því að spyrja hæstv. samgrh.: Hvort ber að taka hv. samgn. Ed. alvarlega eða hv. samgn. Nd.? Greinilegt er að þessar hv. nefndir eru gjörsamlega ósammála um hverjir eigi að hafa forkaupsrétt. Og hverjum meðalgreindum hv. alþm. (**SkA:** Og þar yfir.) og þar yfir, eins og þjóðkunnur hv. félagi okkar sagði hér eitt sinn í ræðustól, hlýtur að vera það nokkurt undrunarefni hvers konar vinnubrögð þetta eiginlega séu. Las ekki hv. samgn. Nd. nál. hv. samgn. Ed.? Hefur hæstv. samgrh. alls ekki lesið nein nál.? Ég hygg að hann hefði hlotið að hnjóta um þetta. Og þess vegna hlýt ég að spyrja: Hvers konar vinnubrögð eru þetta og fyrir hvern er þetta og hver á að botna í þessari vitleysu?

Ég held að ég hljóti að verða að gera þá tillögu til virðulegs forseta að þessar góðu hv. nefndir komi saman að nýju og komi sér saman um hverja þær telji eiga forkaupsrétt á Ferðaskrifstofu ríkisins. Skemmtilegt væri nú að það fylgdi þá frá þeim fundi hvers vegna eitt af þeim fáu ríkisfyrirtækjum sem skilað hafa arði í gegnum árin á nú endilega að koma á sölulista. Þau rök vantar mig enn í allt þetta mál og tel það hið mesta óráð að selja Ferðaskrifstofu ríkisins. En ég vil ekki taka tíma þingsins til að hefja þá umræðu hér og nú. En ég bendi bara á að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur verið heldur vel rekið fyrirtæki um langan tíma. Hún hefur stuðlað að varkárni í umgengni um landið, lagt áherslu á umhverfismál. Hún hefur verið hvati að nýrri búgrein ef svo má segja, sem er Ferðaþjónusta bænda, og ýmislegt fleira mætti telja Ferðaskrifstofu ríkisins til ágætis og þeim ágætu starfsmönnum sem þar hafa unnið. En ég tel nú satt að segja ekki vettvang lengur til að vera að ræða það hér á kvöldfundi. Ég hlýt hins vegar að vekja athygli á þessum undarlegu nál. og fara þess á leit við hæstv. ráðherra og hæstv. forseta að nefndir þingsins komi sér saman um hvað þær eru eiginlega að hugsa.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Varðandi þau orð sem til mín var beint í máli hv. 13. þm. Reykv. vil ég geta þess að þetta mál gengur venjulega leið samkvæmt þingsköpum. Ef því verður breytt hér í Nd. gengur það til Ed. og þar til nefndar og verður þar athugað.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég neyðist til að gera líka nokkrar athugasemdir við frv. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst bæði nál. og skepnan sjálf, þ.e. frv., gefa tilefni til þess að segja um það nokkur orð.

Ég vil í upphafi taka það fram að ég átti sæti í þeirri nefnd sem vann að endurskoðun laganna um skipan ferðamála á sínum tíma á þinginu 1984–1985 og ég minnist þess mjög vel að um þetta tiltekna atriði, hvort og þá með hvaða hætti skyldi selja starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins einhvern hlut fyrirtækisins, urðu á þeim tíma allmiklar umræður. Þær umræður skiluðu sér í samkomulagi um það að

sett skyldi inn í lögin heimildarákvæði um að selja mætti starfsfólki Ferðaskrifstofunnar allt að 30%, ef ég man þetta rétt, af hlutafjáreign ríkissjóðs, en þannig skyldi að sölunni staðið, og ég skil það svo að lögin séu þannig í dag, að þar yrði um að ræða samtök starfsfólks fyrirtækisins sem gerðust eignaraðili að þeim hlut. (**GHelg:** Það er þriðja útgáfan.) Það er sú útgáfa sem ég man alveg örugglega rétt, herra forseti, að varð á sínum tíma samkomulag um og var lögleidd eftir allmiklar umræður um það með hvaða hætti væri eðlilegast að standa að því að gera starfsfólki fyrirtækis af þessu tagi kleift að eiga í því ákveðinn hlut. Og það var ekki að tilefnislausu og ekki út í loftið, herra forseti, að niðurstaða málsins varð nákvæmlega þessi. Það var vegna þess að um sölu ríkisfyrirtækja og þá gjarnan um mögulegan eignarhlut starfsfólks í þeim fyrirtækjum, hvort sem þau yrðu nú seld að meira eða minna leyti, höfðu þá staðið allmiklar umræður í þjóðfélaginu því að menn fengu þessi flog á þessum árum eins og stundum oftar að fara að selja ríkisfyrirtæki. Og aumingja Ferðaskrifstofa ríkisins hefur alloft orðið fyrir barðinu á þessum köstum. Þegar hv. þm. eða hæstv. ráðherrar fá snert af þessari veiki hefur mönnum orðið oft orðið gripið til Ferðaskrifstofu ríkisins sem er reyndar að mínu mati ekkert sérstaklega vel til þess fallin að vera að hringla með hana með þessum hætti. Þarna er um fremur viðkvæman rekstur að ræða og ég sé í sjálfu sér ekki neitt sem mælir með því að endilega þurfi að selja Ferðaskrifstofu ríkisins eða hluta úr henni öðrum fyrirtækjum fremur.

En aðalathugasemdir mínar, herra forseti, lúta að því að ég sætti mig alls ekki við það fyrirkomulag sem samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að viðhafa í sambandi við þessa sölu. Ég mun aldrei standa að því að samþykkja sölu á eignarhlut ríkisins í svona fyrirtæki öðruvísi en að það sé til samtaka starfsfólksins sem þar vinnur á hverjum tíma því að með þeim einum hætti er í raun og veru verið að selja starfsfólkinu hlutinn. Sé þetta gert eins og hér er lagt til geta fáeinir starfsmenn, ef orðanna hljóðan er tekin bókstaflega, keypt þennan hlut og þeir geta hætt í fyrirtækinu daginn eftir og þess vegna ráðið sig í vinnu hjá samkeppnisaðila, þeir eiga hlutinn sem einstaklingar og fara með hann með sér.

Ég spyr menn: Er það mjög gáfuleg ráðstöfun að vera að selja eignarhlut í ríkisfyrirtæki af þessu tagi, sem nýtur í störfum sínum í raun ákveðinnar ríkisverndar vegna þess að það hefur notið góðs af eignum ríkisins, og jafnvel eignum ríkisins og sveitarfélaganna, í sinni starfsemi, með þessum hætti? Ég held ekki. Ég held að hér dugi það fyrirkomulag eitt, sem ég hef skilið t.d. að sé hvað varðar eignarhlut starfsfólks Flugleiða í því fyrirtæki, þ.e. að félagsskapur starfsfólksins fer með eignarhlutinn og þar í þeim lýðræðislega félagsskap, sem við skulum vona að sé, eru teknar ákvarðanir og kosnir þeir fulltrúar sem fara með umboð starfsfólksins sem vinnur í fyrirtækinu á hverjum tíma, ekki Jóns Jónssonar og Gróu Jónsdóttur sem unnu þar einhvern tíma og áttu þar hlut.

Á þessu er reginmunur og ég mun ekki standa að neinni lagabreytingu sem brýtur upp það samkomulag sem gert var á sínum tíma árið 1985 og tókst um þetta efni. Það eru hins vegar ýmis rök fyrir því að heppilegt sé að starfsfólkið sé þátttakandi í rekstrinum og eignaraðili að fyrirtækinu sem ég féllst á á sínum tíma og virði enn. En ég tel að það verði þá að standa með brúklegum hætti að því að koma þeim eignaskiptum í kring og það finnst mér ekki vera gert í frv.

Ég hygg að hv. síðasti ræðumaður hafi í raun gert grein fyrir því sem ég ætlaði einnig að víkja að í mínu máli sem varðar auðvitað aldeilis fráleita niðurstöðu hvað nál. hinna virðulegu nefnda þingsins snertir. Það gengur auðvitað ekki að ætla að fara að nota nál. mismunandi nefnda hinna ólíku deilda þingsins, sem eru reyndar ekki nema tvær, hv. skrifari, þegar þau ganga svo gjörsamlega á misvíxl. Ef menn við lögskýringu á síðari tímum ætla að fara að lesa sér til um það hvernig nefndirnar túlkuðu þetta, hv. samgn., er það þannig: Í nál. Ed. er sagt, með leyfi forseta:

„Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótela.“ M.ö.o., hver einasti maður sem kemst þarna inn á launaskrá, einhvern tíma, á rétt á því að kaupa eignarhlut.

En hvað segir samgn. Nd.? Hver er hennar túlkun? Hún segir, hv. nefnd:

„Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækisins svo og hótelstjóra Edduhótelanna.“ Nú er þetta allt í einu orðið þannig að það eru eingöngu fastráðnir starfsmenn og hótelstjórar Edduhótelanna sem eiga að kaupa hlut en ekki lausráðnir starfsmenn að öðru leyti, greinilega ekki. Einungis hótelstjórarnir á Edduhótelunum mega því bjóða í hlutinn en engir aðrir starfsmenn Edduhótelanna því að þeir eru yfirleitt lausráðnir, ekki satt, og reyndar hótelstjórarnir líka. Hér koma því fram nál. hvort frá sinni þingnefndinni sem ganga þvert gegn hvort öðru.

Ætla hv. alþm. að láta bjóða sér það að afgreiða frv. við þessar aðstæður og láta það liggja fyrir skjalfest í gögnum þingsins, í þingtíðindum, að nefndirnar hafi hugsað í kross í þessu máli? Og hver á þá að skera úr? Önnur segir þetta og hin hitt. Hvað ætlar hæstv. samgrh. að gera? Ég hygg að betra sé að hægja aðeins á sér. Eigum við ekki að skipta niður og skoða málið pínulítið? Ég held það. Ef Alþingi hefur einhverja skoðun í þessum efnum á það ekki að koma fram í nál. sem ganga hvort í sína áttina. Þá skulum við taka frv. milli umræðna og skoða það og setja inn í lögin skýr ákvæði um það hvernig fyrirhugað sé til að standa að sölu þessa eignarhluta til starfsfólksins.

Út af fyrir sig mætti hafa um þetta fleiri orð því að nefndin leggur þann skilning, þ.e. samgn. Ed., í frv.

að, eins og segir, nefndin líti „svo á að frv. miði að því að eignarráð meiri hluta í hinu nýja hlutafélagi, Ferðaskrifstofu Íslands hf., flytjist til starfsmanna. Heimildarákvæði frv. verði því aðeins beitt að samkomulag náist við starfsmenn um kaup á hlutafénu." Ég bara bið menn að hugleiða þetta. Þegar nefndir eru farnar að leggja þann skilning í hlutina að þetta ætti helst að vera svona og svo kemur næsta nefnd og gerir eitthvað allt, allt annað, er ekki verið að setja lög með þeim hætti sem á að gera. Nál. eru ekki reglugerðir og allra síst þegar þau stangast á.

Herra forseti. Ég er sem sagt í fyrsta lagi algjörlega andvígur þeirri breytingu frá gildandi lögum sem gert er hér ráð fyrir hvað varðar mögulega þátttöku starfsfólks í rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og ég er í grundvallaratriðum andvígur því að meiri hluti Ferðaskrifstofu ríkisins verði látinn úr ríkiseign. Ég tel að eigi menn að halda þessu nafni við lýði skuli a.m.k. 51% hlutafjár tilheyra ríkinu. Hugsanlegt væri, að mínu mati, að þetta væri samstarfsstofnun ríkisins og sveitarfélaganna. Þar væri allt annar hlutur á ferðinni, en þá mundu menn líka setja lögin í samræmi við það.

Í öðru lagi tel ég með öllu ótækt að hv. Alþingi afgreiði málið með þessum tveimur nál. sem liggja fyrir. Og varðandi það hvað menn vilja gera í því efni, því að væntanlega er ekki hægt um vik að afturkalla plöggin þegar búið er að dreifa þeim sem þskj., held ég að mönnum sé fyrir bestu að málið nái ekki fram að ganga þannig að menn þurfi ekki að styðjast við svo kostuleg gögn í lagaskýringum framtíðarinnar.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir forsendum frv. Ég vék m.a. að þróun þessara mála á undanförnum árum og benti á hver breyting væri orðin á frá því að lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins eru fyrst samþykkt og til þess dags sem er í dag. Ég benti m.a. á að það hlutverk sem Ferðaskrifstofa ríkisins þá hafði og henni var ætlað hefur með breyttum lögum verið falið ferðamálastjóra, skrifstofu hans. Á sl. ári var stofnuð upplýsingamiðstöð ferðamála þannig að í dag er Ferðaskrifstofa ríkisins orðin fyrirtæki sem eingöngu sinnir ferðamálum og að sumu leyti hafa verið gagnrýnd þau sérréttindi sem þar hafa verið og því talið eðlilegt að þetta fyrirtæki verði, samkvæmt því sem frv. gerir ráð fyrir, að fyrirtæki sem að minni hluta væri í eigu ríkisins.

Ég gerði jafnframt grein fyrir því við 1. umr. að í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að hægt sé að selja starfsmönnum 30% af fyrirtækinu en þar hefur ekki reynst neinn áhugi einfaldlega vegna þess að þeir starfsmenn hafa að sjálfsögðu haft þá hugsun að þeir vildu gerast meirihlutaaðilar í fyrirtækinu og að því er stefnt einmitt með þessari breytingu sem hér er.

Varðandi það sem báðir hv. þm. hafa sagt um nál. má minna á að stundum hefur komið fyrir að nefndir hafa látið sína skoðun í ljós í nál. Hér hafa hv. þm. komið og greitt atkvæði á ákveðnum forsendum þannig að það út af fyrir sig er ekkert nýtt. Þegar borið er saman það sem stendur í nál. Ed. og svo nál. Nd. má sjá að þar er fjallað um sömu aðilana. Þegar litið er á nál. Nd., sem kveður á um fastráðna starfsmenn fyrirtækisins, svo og hótelstjóra Edduhótelanna, og það borið saman við nál. Ed., þar sem talað er um jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótelanna, er hér rætt um sömu starfsmenn í báðum tilfellum. Það sem hér er fyrst og fremst verið að gera, að mínum dómi, er að nefndirnar vilja lýsa skoðun sinni á því að það sé ekki aðeins það skrifstofufólk sem vinnur hjá Ferðaskrifstofunni hér í Reykjavík sem sé aðilar hér að máli.

Ég met það sem kemur fram í nál. leiðbeinandi yfirlýsingu fyrir ráðherra í því starfi sem hann vinnur eftir að slíkt frv. hefur verið gert að lögum. Hann hlýtur að sjálfsögðu að hafa náið samstarf við starfsmannafélagið hjá viðkomandi stofnun og ég á ekki von á að þar verði um ágreining að ræða. (**SJS:** Hvoru nál. ætlar ráðherrann að fara eftir?) Á meðan hv. þm. ræddi við hv. formann þingflokks Framsfl. gerði ég einmitt grein fyrir því að hér er átt við nákvæmlega sama fólk, bara með mismunandi orðalagi.

Ég tel svo ekki ástæðu til að tefja þessar umræður en vil aðeins undirstrika að hjá báðum nefndum er verið að tala um að það séu aðrir en þeir sem vinna hér á skrifstofu fyrirtækisins sem þar komi til greina.

Frsm. samgn. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Hér gætir verulegs misskilnings hjá mjög þingreyndu fólki. Svo virðist sem sumir hér inni séu að átta sig á því eftir margra ára setu á Alþingi Íslendinga að það heyrir til undantekninga, ef það hefur nokkurn tíma gerst, að orðrétt samhljóða nál. hafa komið frá Ed. og Nd. Það má vera að hægt sé að finna slíkt. Seinasta dæmið um mál, sem hér var afgreitt, er virðisaukaskatturinn sem er til umræðu. Ég vil skora á menn að lesa nál. yfir og athuga hvort þau séu orðrétt eins. Það er nú öðru nær. Þegar Ed. er búin að telja upp stóran lista tekur Nd. við og lýsir samþykki á því og bætir svo við verulegri klausu og auðvitað hefði hv. 13. þm. Reykv. átt að spyrja hæstv. fjmrh., 15. þm. Reykv., hvoru nál. hann ætlaði að fara eftir. Það er náttúrlega stóralvarlegt mál ef það er að koma í ljós að það er í fyrsta skipti núna sem sumir menn í þinginu hafa borið saman nál. í Ed. og Nd. og ruglast svona rosalega í ríminu. Hvað hefur komið fyrir? Ég bara hreinlega skil þetta ekki. Ég hélt að þetta væri venja þegar menn sætu að störfum í nefndum að þeir færu yfir nál. sem lægi fyrir en ekki, að menn kæmu af fjöllum og teldu að það væri orðréttur sams konar texti. Það væri þá stórum auðveldara að vinna í nefndum ef ætti bara að ljósrita og breyta nöfnum.

Ég get aftur á móti skilið það mjög vel að menn hafi misjafnar skoðanir á því hvort þeir vilji selja Ferðaskrifstofuna. Það er út af fyrir sig pólitískt mat

og það er ekkert að því að menn standi hér upp og geri grein fyrir sínum skoðunum á þeim grundvelli. Hins vegar vekur það athygli, og nú þætti mér vænt um ef hv. 4. þm. Norðurl. e. hlustaði (**SJS:** Hann hlustar.) því að agi þarf að vera í hernum. Það kemur nefnilega í ljós að undir nál. samgn. Ed. hefur skrifað hv. 4. þm. Vesturl. Skúli Alexandersson og virðist að það hefði verið tímabært að taka hann á beinið fyrr ef hann hefur svo ruglast í ríminu að hann skrifi hér undir breytingar á öllu saman í trássi við allar eðlilegar venjur. Ég get nefnilega ekki séð að þó að samgn. Nd. hafi komið hér með sínar skýringar á því hvað séu starfsmenn Ferðaskrifstofunnar þurfi að taka það þannig upp að menn séu að kollvarpa öllu sem Ed. setti fram.

Hins vegar var ég sammála því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði áherslu á og það er að það verði raunverulegir starfsmenn Ferðaskrifstofunnar sem eigi kost á kaupunum. Hinir raunverulegu starfsmenn eru þeir sem líklegastir eru til að vinna þar ár eftir ár. Starfsmenn Edduhótelanna eru að verulegum hluta mjög ungt fólk, skólafólk, sem er í þessu sem ígripavinnu eitt eða tvö sumur. En hið fastráðna starfslið er allan ársins hring og væri selt að vetrarlagi þá væri náttúrlega ekki um annað að ræða samkvæmt orðanna hljóðan strangt séð. En báðar deildirnar vilja túlka það svo að þó að ráðskonurnar eða hótelstýrurnar eða hótelstjórarnir, sem er nú kannski allt, séu ekki fastráðnir yfir veturinn sem skráðir starfsmenn heldur aðeins skráðir þannig að það mun í flestum tilfellum gert ráð fyrir því að þeir starfi árið eftir — og þeir starfa flestir ár eftir ár — þá viljum við undirstrika það að við teljum eðlilegt að þeir komi inn í þessa mynd.

Auðvitað er það lagatextinn sem blífur og af honum er ráðherra fyrst og fremst bundinn. Það er okkur ljóst. Hann er einnig bundinn af yfirlýsingum sínum sem hann gefur gagnvart nefndum ef mál eru þar til umfjöllunar og hann lýsir sínum skoðunum.

Ég held þess vegna að menn geri of mikið úr því að það sé ágreiningur á milli Ed. og Nd. í þessu máli. Í það minnsta vil ég hvetja þá, sem hafa nú verið að átta sig á því í fyrsta skipti að nál. eru ekki samhljóða, til að setjast nú við og lesa almennt nál. sér til fróðleiks í þessum efnum.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef einhvern tímann heyrt það að hv. 2. þm. Vestf. hafi komið nálægt kennslu. Sennilega á hann erfitt með að losa sig úr sínu fyrra hlutverki og þá vakna vissulega upp spurningar um það hvort hann hefði ekki betur haldið þar áfram. (Gripið fram í.) Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þarf ekki að kenna mér það að auðvitað geta nefndir sitt hvorrar deildarinnar skilað mismunandi nál., þ.e. þau þurfa ekki að vera frá orði til orðs eins. Þar getur t.d. komið til að mismunandi aðilar komi á fundi nefndarinnar og þá er rétt að greina frá því eins og það bar að, en ekki falsa upplýsingar um það t.d. hverjir mættu á fundi Ed. og hverjir mættu á fundi Nd. til að gera nál. eins. Þetta er auðséð og auðskilið.

Það er hins vegar að mínu mati allt, allt annar hlutur, sem hv. þm. hefði átt að íhuga áður en hann óð hér upp í ræðustólinn með þeim hætti sem við heyrðum hér áðan, þegar nefndir leggja út á þá hæpnu braut með vondri samvisku greinilega út af þeim lagatexta í frv. sem þær eru að fjalla um, að fara að túlka lögin. Hvers vegna fara nefndirnar út í það? Það er af því að þeim líður eitthvað illa út af textanum sem þær eru með í höndunum. Þær telja hann ekki nógu góðan, það er eitthvað sem er ekki nógu skýrt. Og ef menn hafa ekki slípunarnefnd eins og er í tísku núna, svona ruslatunnu til að vinna í þessu á sumrin, þá fara menn út í þetta sem er eiginlega enn verra, menn fara að túlka lagatextann. Svo túlkar önnur nefndin í suður og hin í norður eins og hér er gert.

Ég ætla að reyna að fara yfir þetta með hv. 2. þm. Vestf. eins og við mundum kannski gera í kennslustund en nú snýst þetta þannig við að ég er kennarinn og hann er nemandinn. Sjáðu nú til, hv. þm. Ef við tökum nál. Nd. og spyrjum okkur að því: Hverjum telur Nd. að megi selja þennan eignarhlut? Þá er það þannig að Nd. segir:

Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um forkaupsrétt starfsmanna er að áliti nefndarinnar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækisins svo og hótelstjóra Edduhótelanna. — Einfalt mál. Þeir sem mega kaupa hlutinn samkvæmt þessari túlkun nefndarinnar eru fastráðnir starfsmenn og hótelstjórarnir. Engir aðrir.

Hvað gerist svo? Ef við tökum nál. Ed. Hverjir mega kaupa samkvæmt skilningi þeirrar nefndar? Við skulum fara yfir það:

Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frv. um forkaupsrétt starfsmanna er að áliti nefndarinnar [hv. nefnd álítur þetta] átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótelanna. — Ekki bara hótelstjórana heldur líka aðra sumarráðna starfsmenn þar.

M.ö.o.: Allir starfsmenn, fastráðnir, lausráðnir, hótelstjórar, sendisveinar, gengilbeinur og næturverðir, allir geta keypt hlut. Það er alveg greinilegt að á þeim sama tíma og Ed. vill selja öllum þá vill Nd. bara selja sumum. Þetta er svona einfalt og vonandi orðið skýrt, herra forseti. Þannig að nál. stangast á. Það kemur fram mismunandi túlkun hjá hv. nefndum og um það þarf ekki að þrasa hér meir ef menn þá á annað borð skilja íslenskt mál.

Við getum svo rætt um það hvaða gildi það hefur að hinar virðulegu nefndir þingsins séu að lýsa yfir skilningi sínum eða áliti á því hvað einhver lagatexti þýðir, jafnrismikið og það nú er að standa í því að vera að bóka einhvern skilning á lögunum eða frumvarpstextanum. (**GHelg:** Má ég biðja þm. að lesa síðustu mgr. 1. gr. frv. sem er það sem gildir. Nál. koma þessu máli ekkert við.) Hv. frammíkallandi, ég skal lesa allt frv. ef það mætti verða til að skýra

málið. (**GHelg:** Síðustu mgr. 1. gr.) Já, hún er svona, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.“ — Segir mér ekki neitt. Þetta er einfaldlega þannig að hæstv. samgrh. getur selt Jóni Jónssyni. (**GHelg:** Starfsmönnum Ferðaskrifstofu ríkisins.) Hann getur selt Jóni Jónssyni ⅔ hluta og sagt: Ég fór til starfsfólksins og reyndi að ná samningum við það um kaup á þessu fyrirtæki. Það gekk ekki saman um verð og greiðsluskilmála og þá sel ég þeim sem fara gerist. Ef menn ætla eitthvað að fara að múðra þá bendir hæstv. samgrh. í lögin. Til þess að forkaupsréttur starfsfólksins sé virtur þarf að nást samkomulag um verð og greiðsluskilmála. Auðvitað er það út af þessu sem nefndirnar fengu samviskubit. Að sjálfsögðu því þær sjá náttúrlega að hæstv. samgrh. hefur þetta allt saman galopið og í hendi sér. Þetta eru ekki nógu góð vinnubrögð, herra forseti. (**GHelg:** Er skúringakonan ekki starfsmaður Ferðaskrifstofu ríkisins?) Jú, ef hún skúrar hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. (**GHelg:** Einmitt. Er þetta þá ekki skýrt?) Þetta er alveg skýrt, a.m.k. fyrir ræðumanni og vonandi einhverjum fleirum.

Ég hygg að menn sjái það af því einu að lesa nál. að hinar virðulegu nefndir þingsins hafa ekki talið lagatextann afdráttarlausan í þessu efni. Eða til hvers fara menn út í svona æfingar? (**GHelg:** Það þarf að breyta honum.) Já, það er nefnilega málið. Það sem á að gera, herra forseti, er að ljúka þessari umræðu og kalla þetta mál til nefndar að nýju og gera þær breytingar á lagatextanum sem þarf til þess að það sé alveg skýrt hverjum og með hvaða hætti á að selja þennan eignarhlut í Ferðaskrifstofu ríkisins.

Ég fer fram á það og bið hæstv. samgrh. að svara því hvort hann sé tilbúinn til þess að hlutast til um að það verði gert og ég hef enga trú á öðru en að það megi engu að síður afgreiða þetta frv. hér, ljúka um það 3. umr. og skjóta því þá til Ed. ef þurfa þykir og gera það að lögum í morgunsárið og þá eitthvað aðeins betur búnu en hér stendur efni til.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn þeirra sem er ekki yfir mig hrifinn af því að takmarka kaupendur að ríkisfyrirtækjum við starfsmenn eingöngu. Ég er mjög langt frá því að geta samþykkt það. Ríkisfyrirtæki eru jafnt eign allra landsmanna. Það er alveg sama og skiptir engu máli hvort þeir sem vinna hjá fyrirtækinu eru eitthvað öðruvísi fólk í augum þeirra sem hafa búið til þetta frv. eða ekki. Það eiga allir landsmenn að hafa jafnan rétt til þess að kaupa hlut, til að kaupa ríkisfyrirtæki. Því harma ég það að hér skuli vera á margan hátt í þessu frv. mótsagnakenndar yfirlýsingar um það hvernig koma skal fyrirtækinu yfir í hendur starfsfólksins. Með leyfi forseta ætla ég að fara í gegnum frv. og lesa það eins og var óskað eftir hér áðan. En þar segir:

„1. gr. 9. gr. orðist svo: Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:“ — Það er best ég geri athugasemd hér. Mig minnir, ég þori ekki að fullyrða neitt um það en óska eftir því að það verði kannað, að það sé bannað að nota nafn landsins, nafn Íslands í fyrirtækjaheiti. Það getur verið að það sé í öðrum lögum. Það getur verið að þessi lög, verði þau samþykkt, séu þá sterkari, en mig minnir að svo sé. (**SJS:** Hvernig er með Hótel Ísland?) Það eru þá bara mistök ef það er búið að skrá það. Ég held að hlutafélagaskráin eigi að gæta hagsmuna þjóðarinnar í þessum efnum. — Ég held áfram lestrinum:

„a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.“ — Hver á að meta þessa viðskiptavild? Á viðskiptavildin og á fyrirtækið með öllum eignum að vera metið? Ætlar ríkissjóður í þessu tilfelli að tryggja það að langstærstu viðskiptavinir Ferðaskrifstofu ríkisins haldi áfram að skipta ár og tíðir við Ferðaskrifstofu Íslands hf.? Stærsti viðskiptavinurinn er ríkið sjálft. Langstærsti viðskiptavinurinn. Það er verið að selja aðgang að því að ríkið versli eingöngu við þessa ferðaskrifstofu áfram. Og að meta á þennan hátt fyrirtæki sem þú ætlar að selja, það held ég að standist bara ekki eðlilega viðskiptahætti. Ég held að það verði að bjóða fyrirtækið til sölu og fá tilboð í það, síðan er hægt að taka eða hafna tilboðum. — Síðan kemur b-liður:

„b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.“ — Einstaklingar eru mismunandi færir um að leggja fram peninga. Sumir eiga mikið af þeim, aðrir eiga lítið. Það getur verið að það sé eins með starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins. Það er mismunandi ríkt. Ég efast um að þvottakonan, sem hér var talað um áðan, hafi efni á því að kaupa hlutabréf í samræmi við, við skulum segja forstjórann, miðað við það að tekjumunurinn hlýtur að vera mjög mikill á milli þessara tveggja starfsmanna fyrirtækisins sem hvor á sinn hátt er jafnverðmætur starfsmaður fyrirtækisins. Þannig að það stenst ekki að það eigi að meta hlutina, þrátt fyrir mat eða þrátt fyrir tilboð, það lágt að allir geti keypt þá. Það bara stenst ekki.

„c. Að selja ⅔ af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.“ — Það er líka spurningarmerki. Ef ríkið er að selja fyrirtæki á annað borð þá á að selja það allt og vil ég þá vekja athygli á brtt. sem kom fram í Ed. á þskj. 938, flutt af Guðmundi Ágústssyni.

Ég man nú ekki í augnablikinu hvað það þýðir að „ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.“ Ég hef aldrei vitað að það væri takmarkaður fjöldi stofnenda hlutafélags. Ég þekki það ekki.

En síðan stendur:

„Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.“ — „Enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.“ Til hvers er þá verið að meta fyrirtæki með það í huga að selja það á mati og þá taka viðskiptavild þar inn í líka? Til hvers er þá verið að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu ef það á svo bara að vera samkomulagsatriði milli aðila hvort þeir geta keypt eða keypt ekki? Sem sagt: Ef forstjórinn vill kaupa 100 bréf og hann á peninga til þess en þvottakonan, sem minnst var á hér áðan, vill líka kaupa 100 bréf, á þá að meta það við tekjur þvottakonunnar? Þá kosta hennar 100 bréf svona mikið af því hún er tekjulítil hjá fyrirtækinu og hún þarf að lifa af sínum launum og það verður þá hlutfallslega það mikið meira sem 100 bréf forstjórans kosta. Mér finnst þessi 1. gr. svo mótsagnakennd að þetta gengur ekki upp og þess vegna get ég ekki staðið að þessu frv.

Ég er ákaflega ánægður með þann hluta af 2. gr. þar sem segir að fastráðnu starfsfólki ferðaskrifstofunnar nýju skuli gefinn kostur á sambærilegum störfum og það hafði hjá Ferðaskrifstofu ríkisins þegar hún hefur verið lögð niður.

En ég vara við að samþykkja þetta frv. svona eins og það kemur frá nefndum og ég skil bara ekkert í því að nefndirnar skyldu ekki taka eftir þessum augljósu hlutum í 1. gr. frv. Ætlar ríkið að tryggja hinu nýja félagi ótakmarkað eða svo lengi sem félagið lifir þessa viðskiptavild við ríkið? Því það er gríðarlegur fjöldi og stórar upphæðir sem fara frá ríkinu og ráðuneytunum öllum í ferðalög sem eru á vegum ríkisins til útlanda þó við tölum nú ekki um það sem er innan lands. En það er gríðarlega mikil viðskiptavild og væri hægt að reka fyrirtækið með góðum ágóða. Hvaða fyrirtæki sem er. Og ég er alveg viss um það að ef það eitt væri boðið út þá hefði ríkið áreiðanlega talsvert upp úr því í þeirri samkeppni.

Ég endurtek að ef það á að fara að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlutinn í félaginu og halda svo áfram að segja „enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála“ — bæði um verðið og greiðsluskilmálana — ég hefði skilið hefði það verið greiðsluskilmálar en ekki verð. En þetta rekst hvað á annars horn og ég kem hér upp til þess að benda hæstv. ráðherra á að með svona vegferð í sölu á þessu fyrirtæki þá er það flækja sem ekki verður komist út úr vegna þess að starfsfólkið notar sér náttúrlega það sem hentugast er þarna og kannski kemur sér verst fyrir ríkið eins og eðlilegt er.

En auðvitað á að standa þannig að málum að bjóða þetta fyrirtæki út. Bara á frjálsum markaði. Þjóðin á þetta fyrirtæki, fólkið í landinu á fyrirtækið. Það eiga allir að fá að taka þátt í að eignast hlut í þessu og að sjálfsögðu, eins og segir í 2. gr., á að tryggja að starfsfólkið líði ekki fyrir breytinguna og fái áfram hliðstæð störf hjá nýju félagi eða Ferðaskrifstofu Íslands hf.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Varðandi það sem bent hefur verið á í sambandi við þetta frv. þá held ég að menn séu að mikla fyrir sér vandamál og mikla fyrir sér þá framkvæmd sem gert er ráð fyrir í sambandi við sölu á Ferðaskrifstofu ríkisins. Ef ég tek fyrst það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi um þá er skýrt tekið fram í 1. gr. að það eru starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins sem eiga forkaupsrétt að hlutafénu „enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála“ eins og þar stendur og hv. síðasti ræðumaður vék sérstaklega að. Það sem gerist hjá nefndum þingsins, fyrst í Ed. og síðar hér í hv. Nd. — og það kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv., þessi spurning er um þvottakonuna eins og hún orðaði það. En auðvitað er hér átt við það starfsfólk sem vinnur hjá Ferðaskrifstofu ríkisins, fastráðin þvottakona hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. (**GHelg:** Nefndirnar eru ekki sammála þessu.) Fastráðin þvottakona hjá Ferðaskrifstofu ríkisins er tvímælalaust aðili sem er hér um að ræða. (**GHelg:** Lausráðin líka.) Að sjálfsögðu lausráðin líka. Þannig að það er ekki neinn misskilningur í þessu. Hér er um að ræða starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins og þess vegna engin ástæða til þess að mínum dómi annað en að frv. gangi fram eins og það er hér orðað.

Varðandi það sem hv. 5. þm. Reykv. sagði þá vék hann í fyrsta lagi að nafninu og sagði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Það er rétt sem hv. þm. benti á að það er takmörkun á þessum hlutum en við höfum fyrirtæki sem heitir Eimskipafélag Íslands hf., við höfum fyrirtæki sem er Brunabótafélag Íslands o.s.frv. Ef Alþingi samþykkir ekki Brunabótafélagið, ef Alþingi samþykkir Ferðaskrifstofa Íslands hf. þá er það undantekningarákvæði frá þeirri meginreglu sem hv. þm. réttilega benti á.

Síðan vék hann að og ræddi dálítið um hluti varðandi einstaklingana og kaup þeirra. Hér er gert ráð fyrir því að stofnað verði hlutafélag og þá verður auðvitað að meta eigur og meta viðskiptavildina þannig að hlutaféð verður svo ákveðið með tilliti til þess.

Hann vék svo að því sem hér stóð, að starfsmenn Ferðaskrifstofunnar skuli eiga forkaupsrétt að hlutafénu, og hafði ekki út af fyrir sig athugasemdir við það, en skilyrðið „enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála“ kvaðst hann hefði getað skilið ef þarna hefði staðið bara: greiðsluskilmála. Nú getur svo farið að hlutabréfin séu metin á einum ákveðnum degi og bréfin e.t.v. ekki þá öll seld í upphafi en þegar fram líður breytist verð á hlutabréfunum og verður þá að sjálfsögðu að semja um verð bréfanna þegar þau eru seld. Þetta finnst mér vera það sem raunverulega liggur á bak við þessa grein sem hv. þm. gerði að öðru leyti grein fyrir. Það þarf að meta hlutina til þess að vita hvert hlutafé fyrirtækisins er og þegar svo kemur að sölu þá verður að meta verðið. Ef selt er á þeim sömu dögum og hlutafjárákvörðunin á sér stað, þá er verðið þar með ákvarðað. Ef það er síðar getur

verðið hafa breyst, orðið hærra, eða e.t.v. lægra, og á því verði, sem þá verður samkomulag um, verða þau seld.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vakti athygli á því að í lögunum eins og þau hafa verið er gert ráð fyrir heimild til sölu á 30%. Af því hefur ekki orðið og þess vegna er hér gerð tilraun til að breyta þessum hlutum þannig að þessir aðilar geti keypt meiri hlutann í fyrirtækinu og fyrirtækið farið að starfa á þeim grundvelli sem hlutafélag. Þátturinn sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði með að gera í upphafi hefur færst yfir til annarra aðila og er sinnt af þeim.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að hafa misskilið bæði frv. og hæstv. ráðherra vegna þess að ég hélt að þetta frv. væri einmitt gert til þess að selja starfsfólkinu, það væri ekki um annað að ræða en að selja starfsfólkinu Ferðaskrifstofu ríkisins og breyta því í hlutafélag sem héti Ferðaskrifstofa Íslands hf. Þannig að það er ekkert spursmál um að stofna til hlutafélags án þess að hafa kaupendur að bréfunum. Kaupendurnir eru ákveðnir í þessu frv. til laga.

Í frv. segir, og ég benti á það í fyrri ræðu minni, að það eigi að hafa hliðsjón af mati. Og á sama tíma bendir hæstv. ráðherra á að nú skuli selja ⅔ af fyrirtækinu en það hafi verið heimild til að selja 30% og starfsfólkið ekki viljað kaupa það. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef er það ekki bara að starfsfólkið hafi ekki viljað kaupa vegna þess að það fékk ekki nema 30% af hlutafénu í sína eign, heldur líka vegna þess að það fékk ekki fyrirtækið metið á þann hátt sem það taldi henta sér. Þess vegna vil ég spyrja: Hver á að meta þetta? Að mati hverra? Ég teldi að það væri fyrst og fremst ekki að mati þeirra sem ætla að kaupa. Það var áður. Ég get ekki séð að það eigi að dragast neitt að selja þessi bréf eða að Ferðaskrifstofa Íslands hf. verði munaðarleysingi í langan tíma því frv. er bara bókstaflega til þess að breyta um nafn og afhenda fólkinu hlutabréf að ⅔. Hvernig það er að sé hægt að gera samkvæmt því sem frv. segir til um, það bara skil ég ekki. Fyrst á að meta það og það á að meta það með viðskiptavild, sem liggur að verulega miklu leyti í viðskiptum ríkisins sjálfs, og það veit hæstv. samgrh. eins vel og ég. Við höfum báðir verið fjármálaráðherrar og vitum hvað þetta þýðir. Síðan á að ákveða einstaka hluti með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu. Þá er ekki lengur farið eftir mati í a-lið, þá er farið eftir kaupgetu einstaklinga í b-lið, og svo endar það í síðustu setningunni með því að það skuli nást samkomulag um verð og greiðsluskilmála. Hvernig á að skilja þetta?

Það er ekki hægt að selja fyrirtæki með svona flóknum skilmálum sem stangast á í frv. Svo ég bið nú hæstv. ráðherra að skilja það að ég er ekki að mæla á móti því að selja fyrirtækið. Ég er bara að láta í ljós þá skoðun fyrst og fremst að ríkisfyrirtæki sem eru seld skuli vera seld þegnunum sem eiga þau. Það er það sem við erum að gera, við erum að koma þeim af ríkinu yfir á hluthafa og það á hver og einn þegn, hvort sem hann vinnur eða vinnur ekki hjá fyrirtækinu að hafa aðgang að því að eignast hlut í því ef hann óskar.

Í öðru lagi að það verði miklu skýrara eftir hvaða leiðum verður farið, hvort sem farið verður eftir mínum hugmyndum, um að selja hverjum sem er hlut í fyrirtækinu, eða að selja starfsfólkinu ef það verður ofan á. En bara að það verði ekki þannig að þau geti sagt: ja, við viljum ekki hafa hliðsjón af þessu mati sem einhver hefur gert, eða að það skuli ákveða fjárhæð hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í fyrirtækinu, eða að það eigi að vera samkomulag, eigi að þrasa við hvern og einn um verð og skilmála. Það eru þrír möguleikar í þessu og það er þetta sem ég er að benda á en ég er ekki að leggja mat á hvort það eigi að selja eða ekki að selja, því ég er sammála um að það eigi að selja.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef áhuga á því að vita hvort hæstv. samgrh. ætlar að selja Ferðaskrifstofu ríkisins að vetrarlagi eða sumarlagi. Mér sýnist eftir þá maraþonumræðu sem hér hefur farið fram um lagaskýringu að það ráði miklu um niðurstöðu málsins því að starfsmannahald fyrirtækisins aukin heldur með Edduhótelunum á sumrin er talsvert með ólíkum hætti á þessum árstíðum. Ég hygg því að það geti sett hæstv. samgrh. í talsverðan vanda þegar hann ætlar að fara að velja sér tíma til að koma sölunni í kring, hvort það skeður um hávetur eða um mitt sumar. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvort hæstv. samgrh. hefur einhverja skoðun í þessu efni nú þegar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 1143 samþ. með 29:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IBA, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, ÓÞG, RA, SP, NL, SJS, ÞP, AðB, AG, AS, ÁrnG, BÍG, VI, GeirG, GB, GGÞ, GuðnÁ, HG, JK.

nei: GHelg.

12 þm. (HJ, KE, KH, PP, PJ, SighB, SV, SvH, ÞÞ, EH, FrS, GHH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frv. sem ég lýsti fyrr í kvöld hvers vegna ég sé enga ástæðu til að samþykkja. Vinnsla þess hér í þinginu er ekkert minna en hneyksli. Ég sé enga ástæðu til, þó að undarleg vinnubrögð hafi upphafist hér á hinu háa Alþingi, að samþykkja brtt. við frv. sem ég er mótfallin. Ég segi því að sjálfsögðu nei.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 22:1 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827, n. 1146.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 frá 10. maí 1978. Þetta frv. er fylgifrv. með umferðarlögum sem þegar hafa hlotið samþykki hjá þessari hv. deild.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Óli Þ. Guðbjartsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa Ólafur G. Einarsson, Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðni Ágústsson, Geir Gunnarsson og Valdimar Indriðason.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

NEÐRI DEILD

103. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum 102. fundi.

Ferðamál, 3. umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 1152.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að halda uppi af minni hálfu mikið lengri umræðu um þetta mál. Ég held að það hafi nokkurn veginn skýrst til fullnustu við 2. umr. hvernig hagað er afgreiðslu á þessu máli og er kannski best fyrir þingið og söguna að vera ekki að vekja á því meiri athygli en þörf krefur hvernig skjalfest eru vinnubrögð í þessu máli.

En ég vil halda minni efnislegu afstöðu til haga og gera hvað ég get til að koma henni á framfæri eða öllu heldur varðveita hana í lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins eða skipan ferðamála. Ég er afar ósáttur við það að það fyrirkomulag sem sett var inn í lögin og samkomulag varð um á árinu 1985 verði fellt úr gildi og ég mæli því hér fyrir brtt. á þskj. 1153 við frv. til laga um breyt. á lögum um skipan ferðamála nr. 79 frá 1985. Brtt. er svohljóðandi:

„Aftan við frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Samgrh. skal beita sér fyrir því að áður en sala á eignarhlut ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands hf. fer fram, sbr. 1. gr., að mynduð verði samtök starfsmanna fyrirtækisins til að fara með væntanlegan eignarhlut."

Þá hygg ég að sú deila, sem hér var uppi, og það mismunandi mat hv. þingnefnda á því hverjir úr hópi starfsmanna skuli vera bærir til þess að kaupa þar eignarhlut leysist af sjálfu sér og vel yrði fyrir því séð og með miklu farsælli hætti en hér er gert ráð fyrir, að félagsskapur starfsmanna færi með eignarhlut þeirra og sæi um hann á hverjum tíma. Ég hygg að ég þurfi ekki að rökstyðja þá afstöðu mína frekar en ég hef þegar gert, bæði hér og eins við fyrri umræðu og afhendi nú forseta þessa brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði um brtt. 1153, sem var of seint fram komin, samþ. með 25 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Út af þessari till. vil ég segja það að ég sé ekki ástæðu til þess að lögbinda það með hvaða hætti fólkið stendur að þessum hlutum, hvort það er sem einstaklingar eða í slíkum samtökum sem hér er gert ráð fyrir, og því sé ég ekki ástæðu til að samþykkja þessa till.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek bara athygli á því að það væri ekkert nýmæli að lögbinda það með hvaða hætti starfsfólkið skyldi standa að því að taka við eignarhlut í Ferðaskrifstofu ríkisins. Það eru í gildandi lögum skýr ákvæði um það með hvaða hætti eignarþátttöku starfsfólksins, ef til kemur, skuli háttað. Hér er einfaldlega verið að leggja til með þessari brtt. að því fyrirkomulagi verði haldið sem var einróma, ef ég man rétt, samþykkt hér á þingi

þegar ný lög um skipan ferðamála tóku gildi eftir heildarendurskoðun þess lagabálks eins og hann leggur sig. Þá var sett í lögin alveg skýrt ákvæði um það hvernig eignaraðild starfsfólksins skyldi háttað ef til kæmi og hér er einfaldlega lagt til að það ákvæði haldi sér inni í lögunum. Þó að vísu, vegna þess hvernig þetta mál hefur borið að, þá þyrfti þá að vera bráðabirgðaákvæði, má það einu gilda. Aðalatriðið er að afstaða þm. sé skýr og þeir fá hér tækifræi til þess að gera upp hug sinn í atkvæðagreiðslu um það hvort þeir styðji það fyrirkomulag sem verið hefur í þessum efnum eða hvort menn vilji breyta til og þá hvort einhverjum hv. þm., sem áttu aðild að því á sínum tíma 1985 að setja þessi lög, hefur snúist hugur.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er ekki með till. fyrir framan mig en mér skilst að hún gangi út á það — ég verð þá leiðréttur ef ég skil það ekki rétt — að starfsmaður sem kaupir hlut verður að vera starfsmaður þann tíma sem hann á bréfin. Ef hann hættir að vera starfsmaður verður hann að selja bréfin. Er það rangt skilið hjá mér að starfsmaður sem hættir að vera starfsmaður, hluthafi, verður að losa sig við bréfin ef hann er ekki starfsmaður áfram? Er það rangt? Hann má ekki vera hluthafi. Ég skildi það þannig að hann mætti ekki vera hluthafi ef hann er ekki starfsmaður. Er það rétt? (**Gripið fram í:** Samkvæmt brtt.? Já.) M.ö.o., flm. er að leggja til að starfsmaðurinn leigi bréfin þann tíma sem hann er starfsmaður. Þetta gengur ekki upp, því miður. Ef þessi túlkun, sem flm. hefur staðfest, er rétt kemur það þannig út. Honum ber skylda til að losa sig við bréfið til annars starfsmanns ef hann hættir að vera starfsmaður. Það er þannig verið að tímasetja hvað hann má eiga hlutabréfin lengi. Og það gengur ekki upp. Slíkt getum við ekki samþykkt hér.

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hefði nú talið eðlilegt að forseti tæki fyrir annað mál og dreifði þessari till. þannig að hann hefði hana skriflega fyrir framan sig. En hafi ég tekið rétt eftir gengur þetta út á það að starfsmannafélag verði að vera stofnað og það kaupi svo bréf í því hlutafélagi sem ætlunin er að stofna. Það er ekkert sem bannar það að starfsmannafélag verði stofnað og kaupi sér hlut. Með því virðum við félagafrelsi. Hitt er annað mál að mér finnst dálítið hæpið að skylda til þess að sú ein leið skuli farin. Þess vegna tel ég að ekki sé efni til þess að samþykkja þessa till.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1153 felld með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MálmS, RA, SJS, GeirG.

nei: JSS, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP, NL, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, GHelg, IBA, JóhS, JBH, JónS, JK.

ÓÞG, AðB, AG, HJ greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (KE, KH, PP, SighB, SV, SvH, ÞÞ, EH, GHH, HG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er óþarft og illa gert frv.

Nefndaálitin ganga þvert hvort á annað. Öll vinnubrögð í kringum þetta hafa verið með hreinum endemum. Það væri nú til að bæta gráu ofan á svart að fara að samþykkja brtt. sem ofan á allt annað stangast augljóslega á við lög um hutafélög.

Ég hlýt því með allri ást á flokknum og elsku á þingflokknum, sóma míns vegna, að segja nei.

Frv. samþ. með 23:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, MÁM, MálmS, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SP, NL, ÞP, AS, ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GGÞ, GuðnÁ, IBA, JK.

nei: RA, SJS, GeirG, GHelg, HG.

ÓÞG, AðB, AG, HJ greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (KE, KH, PP, SighB, SV, SvH, ÞÞ, EH, GHH, GB) fjarstaddir.

Tveir þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég greiddi atkvæði áðan með þeirri hugmynd að starfsmannafélag fengi heimild með þessum lögum til að eiga öll hlutabréfin í þessu tilviki. Og ég vil taka það alveg sérstaklega fram að gefnu tilefni að það hvarflaði ekki að mér þegar ég greiddi atkvæði á þann veg að nokkrum þm. dytti það í hug að hann væri að brjóta lög með því að samþykkja lög. Ég vona að menn nái þessu. Að öðru leyti sýnist mér að þessi löggjöf sé ekki til bóta og því segi ég nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Því miður var felld hér áðan ákaflega gáfuleg og þaulhugsuð brtt. sem undirritaður flutti og hefði vissulega gert frv. betra en það annars er og er það þó reyndar býsna slæmt.

Brtt. vék að því að samtök eða félagsskapur starfsmanna færi með tiltekinn eignarhlut í fyrirtækinu. Þetta er að sjálfsögðu hið ágætasta fyrirkomulag enda víða við haft og hef ég aldrei heyrt á það minnst áður að það brjóti í bága við lög. Grg. hv. þm. og elskulegrar flokkssystur minnar, Guðrúnar Helgadóttur, var því jafnalgjörlega röng og hún var skemmtileg.

Þetta frv. er hins vegar hið versta mál og ekki hefur það batnað við það að menn skuli ekki fallast á að reyna að laga það til eins og ég lagði til með brtt. minni. Ekki hefur málsmeðferðin batnað við það.

Herra forseti. Ég er því óvenjulega sannfærður þegar ég segi nei og legg til að frv. verði fellt.

Frv. endursent Ed.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 477. mál (skrásettar bifreiðir). — Þskj. 827.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1154).

Ábúðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál (veðsetning ríkisjarðar). — Þskj. 791.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1155).

Ríkisábyrgðir, 3. umr.

Stjfrv., 434. mál (áhættugjald og ábyrgðargjald). — Þskj. 784.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1156).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 431. mál. — Þskj. 1038.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. fjh- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég sé að það bregður svo furðulega við nú í þessari andrá eins og fyrr að hæstv. menntmrh. reis úr sæti sínu og gekk út úr þingsalnum um leið og þetta nefnda frv., virðisaukaskatt, bar á góma. Ég hafði einmitt hugsað mér að kannski mundi nú draga til þess, sem við höfum nokkuð beðið eftir, að hæstv. menntmrh. ræddi pínulítið við okkur um þá menningarstefnu ríkisstjórnarinnar sem felst í því að leggja á virðisaukaskatt og hvernig ætti að standa að því að tryggja hag og blóma íslenskrar menningar í framhaldi af þessari miklu skattkerfisbreytingu. Kannski kemur hæstv. menntmrh. hér á eftir og svarar þessu. Það er nú búið að gera margar og ítrekaðar tilraunir til þess að hafa hann hér í salnum en hæstv. menntmrh. virðist ekki mega við bindast um leið og þetta ágæta frv. ber á góma.

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að fara að hefja upp alla þá umræðu sem hér var í dag eða fara yfir hana aftur um þetta frv. sem hér er nú til síðustu umræðu í þessari þingdeild og væntanlega síðustu umræðu hér á hv. Alþingi áður en það verður að lögum. Það má þó segja að hér séu viss tímamót á ferðinni sem rétt sé að vekja athygli á því að svo gæti farið, ef þingið stendur ekki nema fram á miðjan dag á morgun, að þetta yrði síðasta skattafrv. ríkisstjórnarinnar sem rætt verður á þessu háa Alþingi. Og eru það ekki lítil tímamót að súpan er þar með uppi og það síðasta er hér til afgreiðslu. Það gæti þó verið, herra forseti, að það hefðu gleymst svona tvö til þrjú lítil bráðabirgðalög sem ætti enn eftir að staðfesta frá því í sumar. Þau voru nokkuð mörg skattafrv. sem sett voru í sumar og hefur þurft að staðfesta með lögum. Vorum við að því síðast í dag að staðfesta slatta af slíkum.

Það liggur nú fyrir, herra forseti, eftir atkvæðagreiðslu við 2. umr. að þær brtt., sem minni hl. flutti og vörðuðu flestar þau tvö efni sem kannski hefur öðrum oftar borið á góma í þessari umræðu, þ.e. mat og menningu, þær voru allar felldar. Til að mynda var felld við nafnakall brtt. um að undanskilja sölu bóka virðisaukaskatti. Það voru felldar margar brtt. eða mismunandi brtt. um að undanskilja menningarstarfsemi, samkvæmt einhverri nánari skilgreiningu, þessum skatti og það voru felldar brtt. um að sala á matvörum yrði undanþegin. Enn fremur voru felldar till. um að frekar en að leggja virðisaukaskattinn flatan á yfir alla línuna yrði

notast við tvö skattþrep og hið lægra þeirra notað til að skattleggja matvörur og aðrar brýnustu lífsnauðsynjar. Allar þessar tilraunir til að milda þetta frv. eða laga það til, sníða af því mestu harðneskjuna, ef svo má að orði komast, voru felldar. Ég tel að það sé niðurstaða sem mönnum eigi að vera nokkurt umhugsunarefni, eins þótt það standi til að kíkja á málið í sumar í einhverri nefnd, þá sé það ekki ánægjuleg niðurstaða í endurteknum atkvæðagreiðslum hér á hinu háa Alþingi að þessar hugmyndir allar saman voru felldar.

Einhverjum kynni að nýtast það eitthvað í þrætulistinni að segja sem svo að hv. alþm. á 110. löggjafarþinginu hefðu greinilega ekki haft mikinn áhuga á því að undanskilja sölu bóka því þeir hefðu fellt um það brtt. Þess vegna er það ekki gott í sjálfu sér að beita þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið gert að þvinga fram afgreiðslu laga af þessu tagi þótt það sé viðurkennt af öllum aðilum málsins að þau séu ekki í þeim búningi, þetta frv. sé ekki í þeim búningi að það sé tilbúið. Það er rammi utan um þennan skatt sem eftir er að fylla inn í, eins og einhver komst að orði hér í dag. Kannski væri nær að kalla þetta frv. til l. um óljósar hugmyndir um virðisaukaskatt eða drög að því hvernig mætti hugsanlega leggja á virðisaukaskatt þegar þar að kemur.

Það hefði, herra forseti, að mínu mati verið eðlilegri afgreiðsla málsins — svo maður tali nú í fullri alvöru út frá sjónarhóli þingræðisins og sem þingræðissinni, sem „parlamentaristi" einu sinni — að afgreiða þennan virðisaukaskatt með þáltill. Það hefði verið mun eðlilegri afgreiðsla við þessar kringumstæður að afgreiða einfalda þál. um að Alþingi ályktar að taka skuli upp virðisaukaskatt sem öðlist gildi svo og svo, á miðju ári 1989 eða hvenær það nú er, og birta síðan þetta frumvarpsuppkast, þessi drög sem eru auðvitað ekkert annað, sem fskj. með þeirri þáltill. og vinna að málinu á þeim grundvelli í sumar. Það er, herra forseti, dapurleg niðurstaða að kalla þetta lagasetningu, þetta sem er auðvitað ekki lagasetning undir venjulegum formerkjum. Það er ekki lagasetning við hæfi sem sæmir á hinu háa Alþingi að þurfa að afgreiða ekki færri en 18 tölusett atriði sem óútkljáð og vísa þeim til nefndar sem skoða eigi betur.

Ég vil, herra forseti, leggja sérstaka áherslu á þessi atriði vegna þess að mér rennur þetta til rifja. Mér finnst þetta ekki gott og í raun og veru að enginn græði á þessum vinnubrögðum. Eða er verið að gefa það í skyn að menn geti ekki unnið að svona hlutum í alvöru nema þeir hafi yfir sér einhverja svipu af því tagi að þegar sé búið að setja lög? Ég sé ekki í fljótu bragði hverju menn eru nær með svona plagg í höndunum sem á ekki að koma til framkvæmda, á ekki að hafa áhrif fyrr en eftir rúmt ár, þó að það heiti að nafninu til lög í sumar, á meðan þessi spekinganefnd er að vinna að hlutunum.

Ég bið menn aðeins að hugleiða út á hvaða brautir þeir eru að halda ef sífellt er gengið lengra og lengra í þessa átt. Lagasetning færist þá í það horf að menn byrja á því að hrófla upp einhverju hrófatildri, drífa það í gegnum Alþingi og segja: Þetta er orðið lög og nú skulum við fara að laga þetta til og gera það nothæft. Það er í raun og veru það sem er verið að gera hér. Það er heldur leiðinlegt fyrir svona aldraða og virðulega stofnun, eins og Alþingi Íslendinga er, að sitja uppi með svona vinnubrögð. Ég vona að menn hætti a.m.k. þingsins vegna að hæla sér af þessari slípunarnefnd og þessum afgreiðslumáta frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara ofan í einstaka þætti þessa máls efnislega hér við 3. umr. Ég sé ekki ástæðu til þess. Ég tel að við sem hér höfum mælt gegn þessu frv. í dag og í umræðunni hér í vetur höfum fært óvenjumikil og efnisleg rök inn í þessa umræðu. Við höfum dregið upp nokkuð ljósa mynd af því hvernig væri í fyrsta lagi hugsanlega hægt að nota þetta skattheimtuform, en með því sniði að það hefði ekki í för með sér þá alvarlegu skafanka sem allt virðist stefna í. Að öðrum kosti hefur það verið okkar afstaða ef menn ekki fallast á það að reyna að laga þetta til og gera það þolanlegra fyrir fólkið í landinu, fyrir menninguna, þá væri betra að samþykkja þetta ekki og reyna þá frekar að laga til núgildandi kerfi eða leita að einhverju öðru og heppilegra formi til að taka upp í framtíðinni.

Ég leyfi mér að ímynda mér að sú málefnalega umræða sem farið hefur fram um þetta frv. í Ed. og hér í hv. Nd. hafi hugsanlega átt sinn þátt í því, þau rök sem hafa verið færð fram hafi hugsanlega átt sinn þátt í því að ekki færri en fjórir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar treystu sér ekki til þess að standa að samþykkt frv. í þessari mynd. Mér fundust það í raun og veru umtalsverð tíðindi þegar þetta mikla kappsmál hæstv. ríkisstjórnar sat uppi með þann dóm í atkvæðagreiðslu í Nd. í dag að ekki færri en fjórir hv. þm. úr stjórnarliðinu treystust ekki til að styðja það.

Ég hef, herra forseti, lært mikið um skatta á þessu þingi enda vissi ég ekkert óskaplega mikið um þá fyrir, og skal það fúslega viðurkennt, og hef því þurft að leggja talsvert á mig til að setja mig inn í þau mál og læra um þau samtímis því sem við höfum verið að fjalla um þau hér á hinu háa Alþingi í vetur. Þetta hefur líklega verið fyrirferðarmesti málaflokkur allra hér á þinginu og allt hefur þetta tekið sinn tíma. Eitt af því sem ég hef lært mikið um er skattkerfið í nálægum löndum vegna þess að framan af umræðunni um skattamál hér á þinginu, framan af umræðunni um matarskattinn og síðan virðisaukaskattinn voru sagðar draugasögur af skattamálum nálægra landa. Haldið var að mönnum einfaldri og rangri mynd um það hvert stefndi í skattheimtu í nágrannalöndunum. Þeirri þoku hefur nú verið blásið í burtu. Sú blekking að virðisaukaskattur með einu skattþrepi upp á 22% eða eitthvað þar um bil væri til samræmis við þróun þessara mála í nágrannalöndunum, sú blekking hefur nú verið afhjúpuð, sú lygi hefur verið hrakin. Hér er ekki verið að fara til samræmis við það sem gerist og gengur og stefnir í í nágrannalöndunum heldur er hér verið að

ganga í allt aðra og miklu verri átt. Hér er t.d. verið að taka upp næstum því einstæða skattheimtu á lífsnauðsynjar í heiminum og það þótt hvort tveggja liggi fyrir, að matvæli og ýmsar aðrar nauðsynjar fólks séu með því dýrasta hér sem þekkist og kaupgjaldið aftur á móti lágt. Þessar nöturlegu staðreyndir eru mér kannski efst í huga þegar þetta blessaða frv. lýkur vegferð sinni, að hér uppi á Íslandi er verið að leggja óhóflegar álögur á lífsnauðsynjar almennings, sem voru margar hverjar og eru dýrar fyrir, þrátt fyrir það að kaupgjald verulegs hluta launafólks í landinu sé óþolandi lágt.

Þess vegna er það sannfæring mín, herra forseti, að þetta skattafrv., verði það gert að lögum, sé eitt af stærstu óheillaskrefum sem við höfum lengi tekið í þessum málum. Í beinu framhaldi af matarskattinum, sem auðvitað ruddi brautina, er hér verið að festa varanlega í sessi mikið ógæfuskref fyrir fólkið í landinu, fyrir hinn almenna launamann, fyrir neytendurna, fyrir menninguna og listirnar, fyrir landbúnaðinn og svo mætti áfram telja. Það er mjög dapurleg niðurstaða sem mér virðist því blasa við, herra forseti, hvort sem þetta frv. nær því að verða að lögum fyrir eða eftir miðnættið sem fer í hönd.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur talað hér drykklanga stund, hóf mál sitt með vel setnum þingsal fyrir framan sig. Hann hefur gert þessu máli nokkuð góð skil, svona úrdrátt úr því helsta sem skeð hefur. Mér fannst vanta eitt í ræðu hans, það að þakka þeim sem hlýddu.

Virðulegur forseti. Það gerist nú ekki mikið stærra mál á Alþingi en það sem hér hefur verið á lokastigi afgreiðslu í 3. umr., þessi gríðarlega mikla skattheimta sem er til viðbótar því sem fyrir er þegar virðisaukaskatturinn er tekinn upp í staðinn fyrir söluskattinn. En við lokaumræðu á slíku máli sem þessu tel ég að forseti ætti að athuga hvort sjónvarpið geti verið lokað því fjarvistir eru það miklar. Hér er ekkert annað en auðir stólar að undanteknum þeim þrem þm., með mér fjórum, sem eru í salnum og virðulegur forseti náttúrlega verður að vera viðstaddur, hvaða prógram sem er í sjónvarpinu. En ég held að það sé óhætt að segja að þetta er til minnkunar fyrir Alþingi og fyrir deildina að þm. skuli leyfa sér að vera í burtu og sýna stjórnarandstöðunni slíka vanvirðu eins og hún gerir með öllum þessum auðu stólum. Sem sagt, virðulegur forseti, það er ekki nóg að stjórnarandstaðan stundi hér fundi og komi þessum málum í gegn því að sjaldan hafa mál verið afgreidd eða hluti af frv. verið afgreiddur með meira en 20 stjórnaratkvæðum og svo aftur með nokkrum annaðhvort mótatkvæðum frá stjórnarandstöðunni til þess að hjálpa forseta eftir tvær eða þrjár tilraunir til atkvæðagreiðslu sem ekki dugðu, þannig að fjarvera stjórnarþingmanna er einhver sá mesti dónaskapur sem ég hef verið áhorfandi að í Alþingi síðan ég kom til þingsetu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁrnG, BÍG, VI, FrS, GB, GGÞ, GuðnÁ, JóhS, JBH, JónS, JSS, KJóh, EKG, MÁM, ÓE, PJ, SP, ÞP, JK.

nei: AðB, GeirG, HG, HJ, ÓÞG, SJS.

AG, AS, IBA, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÞÞ, EH, GHH, GHelg, KE, KH, MálmS, PP, RA, SighB, SV, NL, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er verið að taka á Alþingi lokaafstöðu í stóru máli og ég held að sjaldan hafi á síðari árum verið lagt líkt mál jafnilla undirbúið fyrir þingið. Það er ekki að undra þótt það séu innantökur í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar þegar greidd eru atkvæði hér, eins og gerðist við 2. umr. málsins, og það drýpur ólundin af öðrum hverjum manni. Það er kannski skiljanlegt að hér er tæpast hægt að afgreiða mál á þessu kvöldi vegna þess hversu fáir stjórnarliðar eru til að þoka málum fram. Þetta er slæmt vegarnesti sem hér er lagt upp með, þessi skattkerfisbreyting, og það er ekki ástæða til mikillar bjartsýni þó að málið eigi nú þegar að fara í endurskoðun á vegum stjórnarflokkanna.

Þetta mál ætti ekki að fara lengra, þessi skattlagning, en við fáum að sjá hvað kemur upp úr endurskoðuninni að hausti. Ég treysti henni hins vegar ekki og segi nei.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv., ef að lögum verður, er dapurleg niðurstaða fyrir ýmsa. Það er því vel við hæfi að hv. 2. þm. Norðurl. v. deyfi ljósin þegar það er afgreitt. Þetta er í fyrsta lagi dapurleg niðurstaða fyrir þingið vegna þeirra vinnubragða sem við þessa lagasetningu hefur verið beitt. Þetta er í öðru lagi dapurleg niðurstaða fyrir Alþfl., hinn svokallaða jafnaðarmannaflokk á Íslandi, sem ætlaði fyrir kosningarnar að leggja á stóreignaskatt og skattleggja gróða en situr nú uppi með matarskatt. Í þriðja lagi er það dapurleg niðurstaða fyrir listir og menningu í landinu að fá yfir sig þá menningarstefnu frá stjórnvöldum að lagður er sérstakur skattur á þessa starfsemi. Þetta er dapurleg niðurstaða fyrir íslenskan landbúnað þar sem varanlega er festur í sessi skattur á matvælaframleiðsluna. Og þetta er dapurleg niðurstaða fyrst og fremst og síðast en ekki síst fyrir fólkið í landinu, fyrir almenning í landinu sem á betra skilið en þetta af sinni ríkisstjórn. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1157).

Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, 3. umr.

Frv. VS og HBl, 285. mál. — Þskj. 586.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1158).

EFRI DEILD

99. fundur, þriðjudaginn 10. maí, kl. 9 síðdegis.

Leigubifreiðar, ein umr.

Stjfrv., 468. mál (réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum). — Þskj. 1148.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Því frv., sem hér er aftur komið til umræðu í Ed., var breytt í Nd. Efnislega er breytingin sú að lögin taka gildi 1. okt. á þessu ári í staðinn fyrir að í frv. var gert ráð fyrir að þau öðluðust þegar gildi. Það kom fram hjá frsm. samgn. Nd. að hann vonaðist til þess að sá tími, sem með þessu ynnist, yrði nýttur til að leysa það ágreiningsmál sem þar var minnst á, en það mál var ekki til umræðu þegar frv. var til meðferðar í þessari hv. deild. Ég hef engar athugasemdir við breytinguna og mæli með því að frv. verði samþykkt óbreytt í þessari hv. deild.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1149).

Siglingamálastofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 469. mál (aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði). — Þskj. 1020.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1150).

Vegalög, 3. umr.

Frv. PP, 370. mál (sýsluvegir). — Þskj. 702.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1151).

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Frv. landbn. Ed., 405. mál (innflutningur á gleráli). — Þskj. 751, n. 1145.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Herra forseti. Landbn. Ed. Alþingis hefur fjallað um þetta mál og hefur skilað svofelldu nál.:

„Frv. þetta felur í sér heimild til innflutnings á gleráli til ræktunar hérlendis. Eins og þær álitsgerðir, sem fylgja málinu, bera með sér eru ekki fyrir hendi þær aðstæður hér á landi sem tryggja að ekki berist sjúkdómar með slíkum innflutningi. Þess vegna getur nefndin að svo komnu máli ekki lagt til að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að fylgst sé með hvernig þessi mál þróast, bæði hvað varðar innflutning á gleráli milli landa og eins hugsanlega ræktun hans.

Enn fremur bendir nefndin á að mikilvægt er að rannsóknir á áli hér á landi verði stórefldar, m.a. með tilliti til útbreiðslu og nýtingar stofnsins.

Í trausti þess að ríkisstjórnin vinni að málinu á grundvelli þess sem að framan er greint leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að vitna til og

leggja áherslu á þær þrjár álitsgerðir sem fylgja málinu. Það er í fyrsta lagi álitsgerð frá Veiðimálastofnun sem undirrituð er af Árna Ísakssyni og Valdimar Gunnarssyni, í öðru lagi álitsgerð frá Tilraunastöð Háskólans í meinafræði og undirrituð er af Sigurði Helgasyni og Árna Mathiesen og að lokum er birt bréf Árna Gunnarssonar alþm. til nefndarinnar ásamt umsögn Franc Minck, sem er þekktur sérfræðingur í þessum efnum. Þar með hefur nefndin með skýrum hætti skýrt þá afstöðu sem kemur fram í nál. á þskj. 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1145 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 13 shlj. atkv.

Um þingsköp.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Svo háttar til um mál að beðið er eftir máli frá hv. Nd. og því er ekki efni til að halda áfram að sinni og mun ég því fresta fundi til kl. 11.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Nú háttar svo til að þingmenn eiga hér órædd frv. í deildinni. Þm. höfðu litlu að sinna í dag og tíminn er ekki notaður til þess að ræða þmfrv. sem fyrir liggja. Ef við höfum nú 1½ tíma aflögu er spurning hvort við getum ekki byrjað á þmfrv. úr því verið er að kalla okkur hingað niður eftir í 20 mínútur í staðinn fyrir að leyfa mönnum að vera í næði.

Egill Jónsson:

Herra forseti. Mér þykir vissulega vænt um ábendinguna sem fram hefur komið frá flokksbróður mínum og vini, Halldóri Blöndal, um að nú sé tími og rúm fyrir að tala um þmfrv. vegna þess að nokkur bið sé á að hægt sé að afgreiða tiltekið mál hér í þessari virðulegu deild.

Ég held að það sé augljóst mál að gagnvart þingmannafrv. verða ekki gerðir stórir hlutir til kl. hálfellefu, á rúmum klukkutíma. En vera má að þessi mikilvæga ábending verði til þess að minna Alþingi á að þýðingarmikið sé að muna eftir málum sem alþm. leggja hér fram í deildinni og á Alþingi, þannig að ekki verði litið á mál okkar alþm. sem einhver annars flokks mál sem eigi að skáka til hliðar fyrir öðrum málefnum. Ég tel því ábendinguna þarfa og ég fagna henni. Þetta segi ég náttúrlega m.a. vegna þeirrar umræðu og þeirra atburða sem hafa átt sér stað í deildinni ekki alls fyrir löngu.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil að gefnu tilefni upplýsa að öll þau mál, sem hafa komið frá nefndum, hafa verið rædd hér. Það er og kunnugt að þingstörf í Nd. hafa tafist meir en ætlað var. Ég hafði gert ráð fyrir því að þau mál sem koma hingað yrðu komin, mál sem t.d. hæstv. samgrh. leggur afar mikla áherslu á að komist hingað. Það hefur ekki tekist enn. Því hef ég ekki önnur ráð en að fresta fundi. (**EgJ:** Það er ekkert víst að við kærum okkur um þau mál, herra forseti.) Orðið verður gefið ef þess er óskað.

Skúli Alexandersson:

Herra forseti. Það er svolítið merkilegt að hv. þm. stærsta stjórnarflokksins koma upp í ræðustól í hv. deild fund eftir fund og þurfa að krefjast þess að mál þeirra komi til umfjöllunar. Það er ekki langt síðan hv. þm. Egill Jónsson þurfti að beita allt að því málþófi til þess að hans mál yrði tekið hér á dagskrá.

Nú sýnist mér að mál séu á þann veg að hv. þm. Halldór Blöndal, ja, ég er nú að láta mér detta það í hug að hann sé að beina því til forseta að það séu tekin upp mál eins og t.d. tillaga hans um breytingu á samvinnulögum eða um húsnæðismál. Því ekki að nota tímann til þess að lofa stjórnarþm. að sjá samstöðuna í ríkisstjórninni um málin sem þeir eru að leggja fram og vilja að fjallað sé um á hv. Alþingi? Ég held að fróðlegt væri að heyra hvað samstaðan er mikil í sambandi við breytinguna á samvinnulögum, það væri fróðlegt að heyra það. Og það væri bara fróðlegt að heyra framsögu hv. þm. um það mál á hv. Alþingi.

Ég beini því eindregið til forseta að við notum þennan tíma og við hefðum átt að nota tímann í dag til þess að fá að fjalla um þessi mál og heyra hvernig stjórnarliðar taka á þeim málum. Það getur vel verið að stjórnarandstæðingur mundi blanda sér aðeins í umræðuna, en það hefur frekar verið kvartað undan því að haldið hafi verið uppi málþófi á tímum eins og þessum. Það virðist vera þannig að hálfgerð verkleysa sé yfir starfsemi hv. deildar þannig að ég tel sjálfsagt að orðið verði við þessum óskum (**EgJ:** Verkleysa — hún er bara búin.) Það er ekkert verið að gera. Við erum látin bíða hér eftir því að eitthvað gerist einhvers staðar annars staðar í þinghúsinu. (**Gripið fram í:** Það er bara hangs.) Það er bara hangs já.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég vil geta þess að ég hafði talið að það væri ágæt sátt um það hvernig vinnubrögðum yrði hagað.

Eiður Guðnason:

Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um að hér hefði verið talað um málþóf, þá hefur það ekki verið gert og ég vil undirstrika það að samvinna stjórnar og stjórnarandstöðu um þessi þinglok hefur verið mjög góð og ekki með neinum hætti undan því að kvarta. Það kemur mér hins vegar á óvart ef hv. þm. þykir það skrýtið að nú síðustu daga skuli mál skarast þannig milli deilda að gera þurfi hlé. Við erum búin að afgreiða nokkur mál á þessum fundi

sem hófst kl. 21, mál sem þurfti að afgreiða. Við bíðum annarra mála frá hv. Nd. Þetta er bara það sem gerist ár hvert undir þinglok og ég held að það sé ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt við þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð og vona eindregið að menn haldi ró sinni síðustu stundirnar sem deildin starfar á þessu þingi.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Nú má vel vera að það sé vegna ókunnugleika míns um vinnubrögð Alþingis sem ég segi að mér finnst óeðlilegt, þegar sama daginn er gert mjög langt fundarhlé í deildinni án þess að nefndir deildarinnar geti starfað vegna þess að þær hafa lokið störfum, að forseti skuli ekki bjóða þm. að mæla fyrir einhverju af þeim þremur frv. sem hann hefur ekki fengið tækifæri til að mæla fyrir. Þm. á nú þrjú frv. í deildinni, er 2. flm. að hinu fjórða og á eina þáltill. í Sþ. sem honum hefur ekki gefist tækifæri til að mæla fyrir. Það er kannski ekki óeðlilegt að þessum þm. þyki undarlegt ef það eru talin eðlileg vinnubrögð að hann skuli ekki fá tækifæri til að mæla fyrir einu einasta af þessum málum. Nú er ég á öndverðum meið og minni hæstv. forseta á að ég á hér í deildinni frv. til breytinga á húsnæðislögum. Ég held það væri mjög þarflegt að fá það til umræðu núna í kvöld ef tími vinnst til. Húsnæðismálin hafa vakið mikla athygli, þau hafa verið mikið í umræðunni. Nú gefst hlé til þess að mæla fyrir þessum tillögum og ég held að það væri ekki nema sanngjarnt að ég fengi tækifæri til þess.

Sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 455. mál (stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.). — Þskj. 805.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 87 frá 4. júlí 1985, um sparisjóði, eins og frv. kemur frá hv. Nd. Þetta frv. er flutt samhliða frv. til l. um breytingu á lögum um viðskiptabanka sem er nú til meðferðar í nefnd í Nd. Breytingar þær sem frv. felur í sér eru fjórþættar:

1. Um orðalagsbreytingu er að ræða sem nauðsynleg er vegna gildistöku nýju sveitarstjórnarlaganna sem fela m.a. í sér brottfall sýslunefndanna sem stjórnsýslueininga.

2. Þá er að finna í frv. nákvæmari ákvæði um reglur um fyrirgreiðslu sparisjóðanna við einstaka viðskiptavini sína, m.a. um hámark á lán til einstakra aðila, en nú eru í lögum.

3. Frv. fjallar um starfsábyrgð stjórnenda sparisjóðanna til þess að girða fyrir hagsmunaárekstra í stjórnum þeirra og tryggja óháðar ákvarðanir.

4. Í síðasta lagi eru í frv. ákvæði er varða hlutfall fasteigna og búnaðar sparisjóðanna af eigin fé þeirra og aðlögun að þessu hlutfalli fram til ársloka 1990.

Ákvæði 1. og 2. gr. frv. eru til komin, eins og ég sagði í upphafi, vegna þess að sýslunefndirnar verða lagðar niður um næstu áramót og sveitarstjórnir taka við verkefnum þeirra. Í gildandi lögum um sparisjóði er að finna ákvæði um sýslunefndir í 5. og 21. gr. laganna og er hér lögð til breyting á þeim ákvæðum. Í samþykktum sparisjóðanna eru starfssvæði þeirra yfirleitt afmörkuð og skal skv. 21. gr. hluti stjórnarmanna kjörinn af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Með breytingunni sem hér er gerð tillaga um skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir í öllum tilfellum kjósa stjórnarmennina og fer það eftir starfssvæði sparisjóðs hvort þar er um að ræða eina sveitarstjórn eða fleiri sem verða þá að koma sér saman um kjörið. Sparisjóðirnir þurfa í nokkrum tilfellum að breyta sínum samþykktum í samræmi við þetta.

Þá kem ég að meginbreytingu skv. 3. gr. frv., en hún er sú að í almennum reglum sem sparisjóðsstjórn setur um lánveitingar sjóðsins skuli vera skylt en ekki heimilt eins og nú er að kveða á um hámark lána til einstakra lántakenda. Þá skulu þessar reglur sæta endurskoðun ekki sjaldnar en árlega í sparisjóðsstjórninni og auk þess skal Bankaeftirlitið láta í té álit sitt á þessum reglum hverju sinni. Það er gert ráð fyrir sömu málsmeðferð um ábyrgðir sem sparisjóðirnir kunna að ganga í og tryggingar sem þeir kunna að setja fyrir lánum. Á þennan hátt má að mínum dómi draga úr hættu á stóráföllum á rekstri sparisjóðanna og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigenda.

Í 4. gr. frv. er lagt til að lögfestar verði reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra í stjórnum sparisjóðanna. Þar segir að stjórnarmenn sparisjóðs skuli ekki taka þátt í meðferð máls hjá sparisjóðnum er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls sem varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Það þykir rétt að gera í lögunum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem sparisjóðirnir eru þar sem hagsmunaárekstrar geta þar haft alvarlegri afleiðingar en í mörgum öðrum tilfellum.

Í 5. gr. frv. eru eins og í 3. og 4. gr. þess tekin af öll tvímæli um það að bókfært virði fasteigna og búnaðar sem innlánsstofnanir nota til starfsemi sinnar megi ekki fara hækkandi í hlutfalli við eigið fé á aðlögunartímabilinu 1986–1990 hafi það við gildistöku laganna verið hærra en mælt er fyrir um í þeim. Þó er gert ráð fyrir í greininni að möguleikar séu til undanþágu í undantekningartilfellum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er vanbúinn að ræða þetta frv. efnislega þar sem mér var ekki kunnugt um það fyrr en nú í kvöld að hugmyndin væri að afgreiða frv. fyrir þinglok, en um leið og ég frétti þetta hafði ég samband við formann Sambands sparisjóða og framkvæmdastjóra Sambands sparisjóða og hef boðað þá á fund í fjh.- og viðskn. kl. 9 í fyrramálið og mun þá athuga einstök efnisatriði frv. Hins vegar hefði verið gott við 1. umr. málsins að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um hvernig beri að skilja 2. gr. frv. Ég tek skýrt fram varðandi 3. og 4. gr. að 3. og 4. gr. frv. eru alveg sjálfsagðar og ég geri ráð fyrir því að víðast hvar séu vinnubrögðin með þeim hætti sem hér er lagt til og er af minni hálfu enginn ágreiningur um 3. eða 4. gr., en varðandi 2. gr. vil ég spyrja hæstv. viðskrh. hvort hugmyndin með þeirri breytingu sé sú að sama ástand skapist og var áður en ákvæðið um sýslunefndir var sett inn í sparisjóðalögin, það sé nauðsynlegt að það komi fram m.ö.o. hvað er átt við með orðunum „hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefni einn mann“ eins og stendur í 2. gr. Auk þess hygg ég að lög og reglur um sparisjóði séu með mismunandi hætti þó maður geri ekki annað en minna á sparisjóðinn í Reykjavík, sparisjóð Mýramanna og sparisjóð Hríseyinga svo að ég taki þrjá sparisjóði þar sem mismunandi reglur hafa gilt og mismunandi hefur verið staðið að þessum sparisjóðum. En þar sem ég geri ráð fyrir því að þessi grein sé samin í samráði við stjórn Sambands sparisjóða á ég von á að fulltrúar sparisjóðanna geti líka á morgun, ef það þykir betur henta, gefið fullnægjandi upplýsingar um hvernig þetta er hugsað. Ég tel alveg nauðsynlegt að fá fram hver sé skilningur hæstv. ráðherra á 1. mgr. í 2. gr.: „Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefna einn mann“, og skal ég ekki gera þetta nánar að umtalsefni.

Varðandi 5. gr. vil ég aðeins segja að mér var ekki kunnugt um að þessi mál lægju þannig fyrir að sú mgr. sem hér er lagt til að verði lögfest eyði þeim ágreiningi sem nú hefur verið uppi varðandi skilninginn á því hvað fælist í ákvæðunum um 65% af eigin fé. Vil ég af því tilefni spyrja hæstv. viðskrh. hver sé hugsun hans varðandi t.d. íbúðir útibússtjóra eða sparisjóðsstjóra þar sem um slíkt er að ræða, hvort hann lítur svo á að telja eigi slíkar íbúðir með eða ekki.

Ég vil svo almennt lýsa því yfir sem minni skoðun að ég felli mig ekki við það orðalag sem hér stendur svo að ég lesi upp, með leyfi hæstv. forseta: „Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé sjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum Bankaeftirlitsins tímabundna undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.“

Nú geta ástæður verið þannig að það ástand skapist að hlutfallið fari hækkandi án þess að áður sé leitað heimildar ráðherrans af óviðráðanlegum ástæðum. Það var á sínum tíma umdeilt, en niðurstaðan varð sú að gefa fimm ára aðlögun. Mér er að vísu ljóst hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra þykir freistandi að orða þetta ákvæði með þeim hætti sem hér er gert, en ég vil lýsa því sem minni skoðun strax að ég er mjög efins um að þetta orðalag eigi rétt á sér og hlýtur nefndin að taka það til skoðunar á morgun og þá bæði í viðræðum við forsvarsmenn sparisjóðanna og kannski væri ástæða til að ræða einnig við bankaeftirlitið með hvaða hætti það hugsar sér að treysta að þessi þróun geti átt sér stað.

Ég vil enn fremur segja það sem mína skoðun að 65%, þetta hlutfall sem var ákveðið á sínum tíma, sem var slegið föstu á sínum tíma, er ekki heilög tala fyrir mér og fyndist mér eðlilegra að 5. gr. yrði látin bíða haustsins þannig að fjh.- og viðskn. gæfist svigrúm til að fara ofan í það mál sem hér um ræðir, en á hinn bóginn, ef fullt samkomulag ríkir og skilningur er á því hjá forsvarsmönnum sparisjóðanna að fara þá leið sem lagt er til í 2. gr., skal ég ekki standa gegn því, en 3. og 4. gr. frv. eins og þær liggja fyrir eru sjálfsagðar í mínum huga.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Hæstv. forseti. Því miður var ég fjarri við upphaf ræðu hv. síðasta ræðumanns, en ég vona að ég geti svarað í nokkru því sem hann beindi til mín og byrja þá á því sem hann vék að varðandi 2. gr. frv.

Það er frá því að segja að það er ekki unnt að halda sýslunefndunum inni í greininni af þeirri einföldu ástæðu að frá og með næstu áramótum verða þær ekki til staðar. Það er rétt hjá hv. ræðumanni að þessi nýju ákvæði eru ekki frekar en hin fyrri alveg einhlít. Þegar þrír menn eru í stjórn sparisjóðs skulu hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna einn mann eins og lögin eru núna, en samkvæmt tillögunni skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefna einn mann. Þarna þarf eins og nú samkomulag milli þeirra sem þarna eiga hlut að máli.

Það sama gildir reyndar þegar svo háttar að fimm eru í stjórn sparisjóðs. Þá þarf líka að leita samkomulags. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni mun þetta krefjast breytinga á samþykktum þeirra sparisjóða sem þarna koma við sögu.

Ég þakka hv. ræðumanni fyrir að vekja máls á þessu. Þetta þarf allrar athygli við og hefur verið rætt við fulltrúa Sambands sveitarstjórna og reyndar Bankaeftirlitið eins og allt þetta frv. Það er samið í náinni samvinnu við Bankaeftirlitið.

Ég vildi þá víkja næst að 5. gr. frv. og ég vona að ég hafi ekki misst af spurningum hv. síðasta ræðumanns varðandi aðrar greinar frv. Ég vildi þar segja fyrst um spurninguna um það hvort íbúðir sparisjóðsstjóra séu skildar sem hluti af þeim fasteignum og búnaði sem sparisjóðir nota til starfsemi sinnar. Þetta er mikilvæg spurning þegar um þessar tiltölu-

lega litlu stofnanir er að ræða. Mér er kunnugt um að Bankaeftirlitið á nú í viðræðum við lánastofnanir einmitt um þetta skilgreiningaratriði. Ég tel að þarna hljóti að þurfa að draga markalínu þar sem íbúðarhúsnæði er eftir því sem kostur er ekki talið hluti af þeim fasteignum og búnaði sem sparisjóðirnir nota til starfsemi sinnar, en þetta hlýtur alltaf að vera matsatriði og ég beini því til hv. fjh.- og viðskn., sem ég vænti að fái þetta frv. til meðferðar, að beina spurningunni áfram til Bankaeftirlitsins. En ég hef hér í litlu einu lýst minni skoðun á málinu.

Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að það kann að vera svo í nokkrum tilfellum að fram úr hlutfallinu sé farið af óviðráðanlegum ástæðum og án þess að leitað hafi verið eftir undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu eins og segir hér. Það má vel vera að orðalagið sé ekki það allra lukkulegasta, en þessi grein er sérstaklega samin af Bankaeftirlitinu og reyndar flutt hér að ósk þess vegna þess að þeir telja nauðsynlegt að hafa starfsreglu um þetta til að fara eftir. Ég tel að orðalagið eins og það er núna á greininni gefi færi á þeim undanþágum sem nauðsynlegar kunna að reynast og fyrir langflesta sparisjóðina er þetta ekki vandamál. Langflestir þeirra eru með fasteignir og búnað undir þessu hlutfalli, en þó eru nokkur dæmi um sparisjóði sem eru yfir þessu hlutfalli og verulega yfir því. Þar tel ég að þurfi þá einmitt að huga bæði að skilgreiningunum, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, og eins að því hvernig aðlögun að þessari reglu sparisjóðslaganna eigi að hátta.

En ég segi aftur: Ég beini því til hv. fjh.- og viðskn. að taka einmitt þessi atriði upp við fulltrúa Bankaeftirlitsins ef þess gefst kostur.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er um hálfur sólarhringur eftir af þinghaldinu og nauðsynlegt að nota tímann vel og reyna að róta í gegn nokkrum málum. Mér skilst að ríkisstjórnin ætli að gera þetta að lögum, hafi fundið það út núna í kvöld. Svo er frv. um viðskiptabanka líka sem er smámál og á eftir að fara í gegnum fimm eða sex umræður, en menn ætla sér að koma því í gegn líka, þessir ötulu alþýðuflokksráðherrar, og þingmenn Sjálfstfl. og Framsfl. eru eins og þægir vinnumenn og gera hvaðeina sem krötunum dettur í hug. Ég veit eiginlega ekki hvað þetta á að þýða. Er ekki meiningin að þing komi saman aftur í haust eða hvað, herra forseti? Það á að gerast. Samkvæmt lögum og stjórnarskrá á þingið að koma saman víst í haust. Mér skilst að það sé venjan að það komi saman 10. okt. ár hvert, Alþingi. Mér sýnist hins vegar að kratarnir ætli að standa þannig að þessum stjórnarfrumvörpum sínum í vor að verkefnalistinn verði tæmdur alveg, það verði hreinlega ekkert að gera.

Mér finnst alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að fjh.- og viðskn. skoði þetta mál vel, en hún getur gert það í haust. Ég er alveg sannfærður um að þeir sem nú sitja í nefndinni munu beita sér fyrir því að nefndin taki á málinu í haust ef þeir verða endurkosnir í nefndina sem einhverjir verða, kannski ekki allir, en einhverjir. En í alvöru talað er alger óþarfi að afgreiða þetta mál. Það liggur ekki nokkurn hlut á þessu máli. Það er ekkert í þessu sem rekur á eftir því að þetta gerist fyrr en í haust.

1. gr. snýr að spurningunni um að sýslunefndirnar verði úr sögunni. Hvenær er það? Jú, það er 31. des. 1988. Það er nógur tími í haust að líta á það mál og það er hægt að leysa það fyrir gamlárskvöld hér í þinginu og hv. þm. þekkja vel að það eru oft drjúg næturverkin hér þegar líður að jólum og hægt að bjarga þessu í horn.

Síðan er gert ráð fyrir því að heimilt verði að setja reglur um hámark lána til einstakra lántakenda, það megi setja reglur um slíkt. Gott og blessað. Talið er til bóta að kveða á um það í hinum almennu reglum sem settar eru um lánveitingarnar að ákveðið hámark skuli vera til einstakra lántakenda, svo og að reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega. Þetta er í 3. gr. og allt gott um það að segja. Þetta er hið mesta þjóðþrifamál. En hið sama má segja um fimm þmfrv. sem hafa ekki fengist rædd einu sinni við 1. umr. en eru hin brýnustu þjóðþrifamál og náttúrlega til vansa að þingið fari heim án þess að afgreiða þau líka — eða hvað? Auðvitað liggur málið þannig að þegar verið er að ljúka þinginu er eitt og eitt ágætt mál sem bíður haustsins — og hvað með það? Í rauninni gerast engir stórir hlutir í þeim efnum þó að þetta bíði til haustsins og ég er reyndar viss um að hv. þm. Halldór Blöndal er tilbúinn til að lýsa því yfir að ef svo ólíklega fer að hann verður endurkjörinn formaður fjh.- og viðskn. í haust vilji hann beita sér fyrir því að málið verði skoðað þá, bara í haust. (**SkA:** Ólíklega, sagði þingmaðurinn.) Ég sagði ólíklega já, því að maður veit aldrei hvað gerist í Sjálfstfl. eins og kunnugt er.

Varðandi 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að það verði settar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana. Allt gott um það að segja. Svo stendur í 6. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Þá er væntanlega ætlunin að skipta út mönnum í sparisjóðsstjórnunum vítt og breitt um landið vegna þess að þeir lenda aftur og aftur, blessaðir mennirnir, í þessum litlu sparisjóðum meira og minna í hagsmunaárekstrum við sjálfa sig. Þetta eru kannski stórbændur á svæðinu eða stórútgerðarmenn og þeir eru á sama tíma í stjórnum þessara litlu sparisjóða. Þannig hefur þetta verið, mér liggur við að segja um aldir. Það er sjálfsagt að setja reglur um að laga þetta, en að þetta þurfi endilega að gerast á einni nóttu, lög þessi öðlast þegar gildi. Það er ekkert örlítið svigrúm sett fyrir þessa vini okkar hvar sem þeir eru. Hv. þm. Halldór Blöndal nefndi nokkra góða sparisjóði sem við þekkjum til. Það er ekki gerð nein tillaga um aðlögunartíma.

Og eins er það með 5. gr. Allt er þetta vitni um að það er þessi ógnarlega lagabótagleði í Alþfl., Jón lagabætir, hvort sem það er hæstv. viðskrh. eða hinn

Jóninn, hæstv. fjmrh. (**SkA:** Ekki landbrh.?) Nei, ég sleppi honum því að hann hefur verið svo prúður með frumvörp að undanförnu að það mættu sumir taka sér til fyrirmyndar. En allt þetta pappírsflóð frá krötunum í vetur og svo á að bæta gráu ofan á svart með því að afgreiða heilu bankalöggjöfina í fimm umræðum og svo viðskiptabankana í þremur á tíu tímum. Þetta gengur ekki, herra forseti. Ekki ljúka þessari annars skemmtilegu, málefnalegu og góðu deild með leiðindanuddi í lokin. Er ekki rétt að við ljúkum þessu með eðlilegum hætti og hittumst glöð í haust eins og venjan er að segja þegar menn kveðjast í deildum þingsins?

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Má ég nú ekki benda hæstv. forseta og hæstv. ráðherra á að hér fóru fram í gær umræður utan dagskrár þar sem hver þingflokkurinn á fætur öðrum úr stjórnarandstöðu lýsti sig meira en fúsan til að sitja áfram og vinna á þessu þingi. Ég sé bara ekki nokkra ástæðu til að ljúka þessu þingi á morgun. Það er greinilega nóg af málum, ágætismálum, hæstv. ráðherra er með eitt hér á takteinum. Ég verð að segja að ég veit af mörgum þörfum, brýnum málum sem liggja í nefndum og fást ekki út vegna ráðríkra ráðherra sem segjast vera að vinna í sömu málum. Þeir tíma ekki að missa heiðurinn af því að þau verði samþykkt þannig að aðrir eigi frumkvæði að þeim. Það er ekki hægt að aka þessum ágreiningslitlu og oft ágreiningslausu málum út úr nefndum vegna þess að ráðherrarnir sitja ofan á þingmönnum sínum sem eru formenn nefndanna. Þetta eru sjálfsögð mál að taka út úr nefndum og ræða hér svo að ég tali nú ekki um þau þmfrv. sem ekki hafa einu sinni fengist til 1. umr. Ég sé bara ekki nokkra ástæðu til að ljúka þessu þingi á morgun. Ég hef nógan tíma til að vinna áfram í sumar og eins og við töluðum um í gær: Það er fjöldinn allur af málum úti í þjóðfélaginu sem eru meira að segja brýnni en þessi og hrópa á lausnir. Ég held að við ættum betur að snúa okkur að þeim en hanga hér yfir sjálfsögðum hlutum langt fram á nætur. Ég segi nú ekki meir.

Dómsmálaráðherra (Jón Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Með allri virðingu fyrir hv. 7. þm. Reykv. fannst mér hann slá úr og í í sinni ræðu. Ýmist voru þessi mál sjálfsagðir hlutir, en það er eiginleiki sjálfsagðra hluta að þeir ganga eiginlega enn þá betur þegar þeir eru sagðir eða hér var um lítt rætt stórmál að ræða. Ég verð að segja að mér finnst það eiginlega léttúðarfullt tal af hv. 7. þm. Reykv. að segja að þetta séu smámál, einhver öryggismál í fjárhag sparisjóða eða að setja reglur um hámark á útlán í hlutfalli við eigin fé þessara stofnana með skyldu til bankaeftirlits fyrir þetta. (**SvG:** Er ráðherrann með einhvern sérstakan sparisjóð í huga þar sem þetta er mjög erfitt?) Ég hef alla sparisjóði landsins í huga, hv. 7. þm. Reykv., það er málið, til þess eru slík ákvæði. Og mér finnst það furðu sæta að hv. 7. þm. Reykv. skuli kalla þetta smámál. Það kann að vera að fjárhagur þessara sjóða sé ekki allur umfangsmikill, en meginreglurnar eru þær sömu fyrir þessar sem aðrar lánastofnanir. Ég verð að segja að ég tel að þetta sé mikilvægt mál og það þurfi nákvæma skoðun. Það hefur fengið það í hv. Nd. og ég veit með vissu að það fær það líka í þessari deild.

Einhvern tíma hefði það þótt heiðursnafnbót að vera kallaður lagabætir og ég þakka fyrir hönd okkar Jónanna fyrir það einkunnarorð.

Eins vil ég segja að mér finnst, hv. 7. þm. Reykv.: Ef þetta eru svona sjálfsögð mál, hvers vegna á þá ekki að afgreiða þau nú þegar tími gefst til eins og hér var sagt áðan? Auðvitað eru það þörf mál sem hér eru á ferð. Hv. 6. þm. Reykv. virtist sömu skoðunar, að þetta væru sjálfsagðir hlutir. Hvers vegna þá ekki að afgreiða þá? Ég tek það fram að ég hef ekki talað gegn þessum brýnu málum sem óafgreidd eru og hér voru nefnd, en ég á eftir að sjá að það sitji margir á sumum nefndarformönnunum í þessari hv. deild.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég fagna þessari verkgleði hæstv. viðskrh. og þeim almenna umbótavilja sem hann er haldinn. Það er ólíkt því sem maður á að venjast frá þessari ríkisstjórn síðustu dagana þar sem á að fara að vísa þinginu heim. Ég bendi á að það hefur verið dreift hér þskj. 1139 sem er till. til þál. um að tryggja kaupmátt launa. Flm. eru þingmenn Alþb. undir forustu þingflokksformannsins, Steingríms J. Sigfússonar. Ég vænti að á morgun komi til atkvæða hvort þessi tillaga kemst til umræðu með sérstakri undanþágu frá þingsköpum og með tilliti til þess sem hæstv. viðskrh. hefur hér sagt tel ég alveg einboðið að Alþfl. muni styðja að þetta mál komi fyrir þingið núna í vor til umræðu og afgreiðslu svo mikilvægt sem það nú er, enda sjálfsagðir hlutir, eins og hæstv. ráðherra gat um, þó ekkert smámál því hér segir:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli við meðferð efnahagsmála í sumar tryggja að kaupmáttur almennra umsaminna launa haldist óskertur."

Það er gott að vita af því að Alþfl. ætlar að styðja að þetta mál komist á dagskrá hér á morgun. (**Dómsmrh.:** Þetta mál er ekki á dagskrá núna.) Þetta mál er á dagskrá hérna núna, hæstv. ráðherra, vegna þess að ráðherrann var að draga fram þetta mál varðandi sparisjóðina og taka það fram yfir öll önnur mál. Hæstv. ráðherra veit kannski ekki að það eru sex þmfrv. sem ekki hafa komið til 1. umr. í þessari deild vegna þess að við höfum verið önnum kafin við að afgreiða frumvörp m.a. frá ríkisstjórninni. Við erum þeirrar skoðunar að okkur sé skylt að sinna þeim málum sem frá ríkisstjórninni koma á hverjum tíma, en við erum ekki sjálfvirk færibönd og það er ekki okkar hlutverk að taka við hverju sem ríkisstjórnin kann að rétta að okkur. Auk þess er það þannig að við eigum sem þingmenn líka okkar rétt bæði til málflutnings, tillöguflutnings og

eðlilegra vinnubragða. Ég held að ég verði ekki sakaður um ósanngirni þegar ég segi að mér finnt það ekki eðlilegt að heimta af okkur að við afgreiðum við fimm umræður frv. um viðskiptabanka sem liggur hinum megin við vegginn og við þrjár umræður þetta frv. um sparisjóði á hálfum sólarhring. Mér finnst ekki ósanngjarnt að stjórnarandstæðingur leyfi sér að lyfta litla fingri og segja: Hér er of hratt í hlutina farið. Skoðum málin betur, ef það á annað borð er ætlunin að ljúka þinginu á morgun. Ef menn á hinn bóginn hafa nógan tíma skulum við sitja hér eftir uppstigningardag og fram undir hvítasunnu við að ganga frá málum. Ekki er það á móti okkar skapi. Stjórnarandstaðan hefur lagt til að þinginu verði frestað. Það sem ég er að segja er einfaldlega þetta: Ef menn vilja ljúka þinginu verða ráðherrarnir að gera upp við sig hvar á að stoppa. Það þýðir ekki alltaf að koma hlaupandi með einhverja fjölritaða pappíra tvisvar á dag og segja: Þetta er stórmál sem þarf að afgreiða. Ég gleymdi því nú annars á listanum í gær og þannig koll af kolli. (**Dómsmrh.:** Þetta hefur legið í þinginu frá 11. apríl.) Það hefur ekki legið í Ed. Alþingis nema síðan 10. maí, sem er í dag, þannig að það er allur tíminn sem við höfum haft til meðferðar málsins. Það er mánuður síðan það kom. Það fékk mánuð í hinni deildinni. Við vissum ekki og hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar vissi ekki fyrr en í kvöld að það væri ætlast til þess af ríkisstjórninni að málið yrði afgreitt. Hér er bersýnilega um að ræða að hæstv. ráðherrar fara mjög offari í að ata málum í gegn. Ég vil sem sagt biðja hæstv. forseta að gæta þess að þingmenn eiga sinn rétt og málefnið á líka sinn rétt á vandaðri meðferð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

EFRI DEILD

100. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum 99. fundi.

Ferðamál, ein umr.

Stjfrv., 466. mál (sala Ferðaskrifstofu ríkisins). — Þskj. 1152.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Samgönguráðherra (Matthías Á. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta frv., sem hafði verið afgreitt frá hv. þingdeild, hefur nú verið afgreitt frá hv. Nd. Gerð var breyting á 2. gr. frv., þar sem var skýrar tekið fram hver væru réttindi þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem ekki óskuðu eftir að gerast aðilar að því fyrirtæki sem myndað yrði um félagið og viðkomandi aðilum gefið tækifæri að gerast kaupendur en þeir óskuðu ekki eftir því. Tillagan var samhljóða afgreidd í hv. Nd. Ég fyrir mitt leyti var sammála og leyfði mér að óska eftir því að hv. Ed. afgreiði frv. svo breytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1159).

SAMEINAÐ ÞING

82. fundur, þriðjudaginn 10. maí, að loknum deildafundum.

Forseti tók öll dagskrármál 82. fundar af dagskrá.

SAMEINAÐ ÞING

83. fundur, miðvikudaginn 11. maí, kl. 10 árdegis.

Efling skógræktar á Fljótsdalshéraði, síðari umr.

Þáltill. JK o.fl., 76. mál. — Þskj. 79, n. 1064.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. á þskj. 1064 um till. til þál. um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Nefndin hefur fjallað um till. á fundum sínum og sent hana fjórum aðilum til umsagnar. Auk þess var Sigurður Blöndal skógræktarstjóri kallaður til viðræðu við nefndina.

Nefndin mælir með að till. verði samþykkt með svofelldri breytingu:

C-liður fyrri mgr. orðist svo: flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.

Tillagan í heild sinni hljóði þá á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a. ræktunar nytjaskóga,

b. viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er,

c. flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.

Við gerð áætlunarinnar um ræktun nytjaskóga og hirðingu skóglendis skal höfð samvinna við Skógrækt ríkisins, Búnaðarsamband Austurlands og skipulagsstjóra ríkisins. Miðað skal við að flutningur aðalstöðva Skógræktar ríkisins verði í áföngum í

samráði við skógræktarstjóra og starfsmenn stofnunarinnar."

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, formaður, Guðmundur H. Garðarsson, Geir Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Eggert Haukdal og Birgir Dýrfjörð.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1064 samþ. með 39 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1168).

Framtíðarhlutverk héraðsskólanna, síðari umr.

Þáltill. ÓÞG o.fl., 199. mál. — Þskj. 230, n. 1089.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. sem er á þskj. 1089 um till. til þál. um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar. Umsagnir bárust frá fræðslustjórum Suðurlands, Austurlands, Norðurlandsumdæmis eystra og vestra, Vestfjarðaumdæmis og Vesturlands og frá Héraðsskólanum í Reykholti.

Nefndin telur mikilvægt að ákveða framtíðarhlutverk héraðsskólanna, en vitað er að unnið er að athugunum á þessum málum á vegum menntmrn. og viðkomandi héraða. Nefndin leggur áherslu á að sem allra fyrst komi fram tillögur um framtíðarstefnu í þessum málum og í trausti þess að svo verði leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

Óli Þ. Guðbjartsson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér af þessu tilefni að þakka nefndinni fyrir hennar störf í þessu sambandi varðandi þessa tillögu. Ég vil einnig leyfa mér að leggja áherslu á þau aðalatriði sem koma fram í nál. sem mér finnst vera í rauninni tvö. Að vísu er á það minnt að það er þegar byrjað að vinna að þessu efni, en nefndin leggur áherslu á að sem allra fyrst sjái tillögur dagsins ljós til úrlausnar í þessu efni en telur líka mikilvægt að ákveða framtíðarhlutverk héraðsskólanna sem fyrst.

Ég tel að með þessari afgreiðslu sé málið komið á viðunandi rekspöl og bind vissulega vonir við að framhaldsstarfið skili árangri.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1089 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35 shlj. atkv.

Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska, frh. síðari umr.

Þáltill. HJ og JúlS, 31. mál. — Þskj. 31, n. 948.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 948 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32 shlj. atkv.

Björgunarþyrla, frh. síðari umr.

Þáltill. IBA o.fl., 90. mál. — Þskj. 94, n. 954.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 954 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1160).

Einnota umbúðir, frh. síðari umr.

Þáltill. KE o.fl., 23. mál. — Þskj. 23, n. 958.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1161).

Flugfargjöld, frh. síðari umr.

Þáltill. HG, 117. mál. — Þskj. 121, n. 1014.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1162).

Stefna Íslands gagnvart Evrópubandalaginu, frh. síðari umr.

Þáltill. KJóh, 384. mál. — Þskj. 726, n. 1017, brtt. 1018.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1018 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1163).

Samvinna Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 368. mál. — Þskj. 700, n. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1019 samþ. með 39 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1164).

Vesturlandsvegur, frh. síðari umr.

Þáltill. EG o.fl., 165. mál. — Þskj. 179, n. 1035.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1035,1 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1035,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1165) með fyrirsögninni:
Þál. um legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð.

Símar í bifreiðum, frh. síðari umr.

Þáltill. GHelg o.fl., 32. mál. — Þskj. 32, n. 1043.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1043 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1166).

Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum, frh. síðari umr.

Þáltill. MF, 394. mál. — Þskj. 740, n. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1063 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1167).

Skoðanakannanir, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 147. mál. — Þskj. 155, n. 1090.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 1090 um till. til þál. um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með að hún verði samþykkt.

Tillagan var send til umsagnar til Blaðamannafélags Íslands, Félags þjóðfélagsfræðinga og Félagsvísindastofnunar Háskólans. Umsögn barst frá Félagi þjóðfélagsfræðinga.

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt svo breytt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir.

Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er sammála áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ólafur G. Einarsson og Alexander Stefánsson.

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka hv. félmn. fyrir vinnu sína að þessari tillögu. Ég fagna því mjög að nú verði tekið á þessum málum, enda ærin þörf.

Ég er mjög sáttur við þá útgáfu af tillögunni sem hv. nefnd leggur til í brtt. sinni og legg eindregið til að hún verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1090 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1169).

Könnun á launavinnu framhaldsskólanema, síðari umr.

Þáltill. KH o.fl. 142. mál. — Þskj. 150, n. 1091.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 1091 um till. til þál. um könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar svo breyttrar:

Tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta kanna í náinni samvinnu við framhaldsskólana hvernig háttað sé vinnu framhaldsskólanema með námi. Kannaður verði vinnutími, kjör og réttindi, ástæður þess að nemendur taka að sér launuð störf með námi og hugsanleg áhrif vinnu á ástundun og námsárangur."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1091 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1170).

Könnun á mikilvægi íþrótta, síðari umr.

Þáltill. FI o.fl., 139. mál. — Þskj. 147, n. 1092.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. um till. til þál. um könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og var tillagan send ýmsum aðilum. Eftirtaldir aðilar hafa sent umsagnir og mælt með að könnunin verði gerð: Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðsráð, íþróttafulltrúi ríkisins og landlæknir. Í öllum þessum umsögnum kemur fram áhugi þessara aðila og bjóða allir fram aðstoð sína við að láta gera slíka könnun.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu sem kemur fram á nál. Tillagan orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000."

Þegar vitnað er í þetta hefur komið fram að á vegum Íþróttasambands Íslands er unnið umfangsmikið nefndarstarf þar sem markmiðið er að marka íþróttastefnu til ársins 2000. Þetta er mjög mikilvægt mál og tengist efni þessarar tillögu að þessu leyti.

Önnur tillagan er sú að fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðni Ágústsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1092,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 1092,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1171) með fyrirsögninni:

Þál. um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Dreifing sjónvarps og útvarps, síðari umr.

Þáltill. StG o.fl., 66. mál. — Þskj. 69, n. 1093.

Frsm. félmn. (Alexander Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um dreifingu útvarps og sjónvarps frá félmn. Nefndin hefur fjallað um till., sem er á þskj. 69, og sent hana til umsagnar.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt till. svo breyttrar: Tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn, Salome Þorkelsdóttir, formaður, Guðmundur Ágústsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Guðni Ágústsson.

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég er sammála þessari till. Hér er verið að slá því föstu að það eigi að leggja verulegt fé í dreifikerfi Ríkisútvarpsins á næsta ári og ég vænti þess að aðstandendur till. muni hjálpa til við það í haust þegar fjárlög verða sett saman fyrir árið 1989.

Ég vek einnig athygli á því að fyrir hv. félmn. lá till. til þál. um eflingu Ríkisútvarpsins, alhliða átak til eflingar Ríkisútvarpinu. Því miður hefur hv. nefnd ekki séð sér fært að afgreiða þá till. svo að hún verður tekin upp aftur í haust. Þetta er einn þáttur till. og tel ég þetta vera skref í áttina. En ég hefði talið heppilegt að Alþingi hefði með myndarskap tekið á öllum þeim málum sem snúa að Ríkisútvarpinu því það er ærinn vandi sem þar er um að ræða.

Ég kvaddi mér hljóðs annars vegar til að lýsa stuðningi við till. og hins vegar, herra forseti, til að minna á till. um eflingu Ríkisútvarpsins sem þingmenn úr öllum flokkum lýstu samþykki við þegar umræðan fór fram í vetur. Sú umræða hefur bersýnilega ekki dugað til að veita till. brautargengi í vor, en dugir væntanlega í haust.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1093 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1172).

Hávaðamengun, síðari umr.

Þáltill. RA o.fl., 185. mál. — Þskj. 208, n. 1094.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1094 frá félmn. um till. til þál. um hávaðamengun.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust frá Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og Náttúruverndarráði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt, en hún hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frv. til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1173).

Akstur utan vega, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 398. mál. — Þskj. 744, n. 1095.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1095 frá félmn. um till. til þál. um akstur utan vega.

Nefndin hefur fjallað um till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar svo breyttrar. Tillgr. orðist þá svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum.

Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmrn., menntrn. og samgrn.

Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1095 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1174).

Verndun ósonlagsins, síðari umr.

Þáltill. ÁI o.fl., 132. mál. — Þskj. 137, n. 1096.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1996 frá félmn. um till. til þál. um verndun ósonlagsins.

Nefndin hefur fjallað um till. og sent hana til umsagnar. Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og Geislavarnir ríkisins hafa lýst eindregnum stuðningi við þáltill.

Nefndin tekur undir þau markmið sem fram koma í till., en þar sem að þessum málum er nú unnið á vegum heilbrmrn. og iðnrn. leggur nefndin til að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

Mér þykir rétt að upplýsa að 28. apríl sl. var samþykkt í ríkisstjórninni að tillögu iðnrh. að skipa nefnd til að kanna hve notkun á ósoneyðandi efnum og efnasamböndum er mikil hérlendis og finna hvernig megi draga úr notkuninni og einnig að athuga kostnað við að draga úr notkun. Það er óskað tilnefningar frá eftirtöldum aðilum í þessa nefnd: sjútvrh., heilbrmrh., félmrh. og Kælitæknifélagi Íslands, en iðnrh. skipar formann nefndarinnar.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið lýsti ég samþykki við þessa afreiðslu af hálfu nefndarinnar á þeirri till. sem hér var flutt á fyrri hluta þings um verndun ósonlagsins, en 1. flm. var Álfheiður Ingadóttir. Átti ég raunar einnig hlut að þessari till. Frsm. nefndarinnar og formaður, hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, hefur greint hér frá ástæðum þess að till. er vísað til ríkisstjórnarinnar með þeirri umsögn sem nefndin stóð að, jákvæðri umsögn, þar sem nefndin tekur undir þau markmið sem fram koma í till. og nefnt er að stofnanir eins og Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og Geislavarnir ríkisins hafa lýst eindregnum stuðningi við till. Mæltu þessar stofnanir með samþykkt hennar.

Það kom fram í máli hv. frsm. að ríkisstjórnin hefði 28. apríl sl. tekið á þessu máli og þann 3. maí hefði hæstv. iðnrh. skrifað bréf með þeirri samþykkt frá 28. apríl til fjögurra ráðuneyta og óskað eftir tilnefningu fulltrúa í nefnd. Þetta bréf fór til ráðuneytanna 3. maí sl. Það er því greinilegt að flutningur þessarar till. hefur orðið til þess að ýta við stjórnvöldum í þýðingarmiklu máli. En auðvitað er það athyglisvert að til aðgerða af hálfu stjórnvalda er gripið um það leyti sem félmn. er að ljúka störfum og Alþingi er að ljúka störfum og um sama leyti og till. er þar til meðferðar sem hér er rædd. Hefði auðvitað verið eðlilegt að Alþingi hefði tekið beina afstöðu til till. En ég ætla engan veginn að lasta þá afgreiðslu sem hér liggur fyrir tillaga um og vænti að hún hljóti stuðning, enda vísað til þeirra markmiða í áliti nefndarinnar sem fram komu í tillgr.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þýðingu þessa máls. Það upplýstist á liðnum vetri að 100 vísindamenn á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna og fleiri aðila hafa staðið að víðtækum rannsóknum á eyðingu ósonlagsins og niðurstöður þessara rannsókna hafa verið birtar í virtum vísindaritum. Þessar athuganir leiða í ljós að ósonlagið í háloftunum hefur rýrnað um 3–6% yfir stórum svæðum jarðar undanfarin 20 ár. Eins og menn ættu nú orðið að vita er óson hlíf gegn útfjólublárri geislun utan úr geimnum og það er talið að tíðni húðkrabbameins vaxi um 5–7% fyrir hvert prósentustig sem ósonið minnkar. Hér á norðurslóð hefur minnkun ósonlagsins raunar orðið yfir 6% yfir vetrarmánuðina og samkvæmt áliti vísindamanna gæti þetta þá þýtt að aukning á húðkrabbameini yfir nokkurt tímabil gæti vaxið af þessum sökum um þriðjung eða nærri því.

Auðvitað blasir við annað og miklu alvarlegra heilsutjón og eyðing lífs ef ekki tekst að stöðva þessa háskalegu þróun. Því er hér um gífurlega þýðingarmikið mál að ræða og mikilsvert og reyndar úrslitaatriði að alþjóðleg samstaða takist um aðgerðir. Ísland þarf að taka sig verulega á í þessum efnum því við höfum lítið aðhafst í þessu máli enn sem komið er.

En það ber að fagna því að hreyfing er komin á það og með samþykkt þessarar till. eða afgreiðslu hennar hér á Alþingi fær framkvæmdarvaldið ákveðin skilaboð frá Alþingi um þau markmið sem stefna beri að í þessum efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1096 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 36 shlj. atkv.

Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta, síðari umr.

Þáltill. ÞÞ o.fl., 94. mál. — Þskj. 98, n. 1097.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1097 frá félmn. um till. til þál. um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta.

Nefndin hefur fjallað um till. og sent hana til umsagnar til Öryrkjabandalags Íslands, póst- og símamálastjórnar, Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, Heyrnarhjálpar, félags heyrnarlausra, Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins. Umsagnir hafa borist frá öllum þessum aðilum.

Nefndin tekur undir mikilvægi textasíma- og túlkaþjónustu fyrir heyrnarskerta, en þar sem nefnd á vegum félmrh. starfar nú að þeim málum sem till. tekur til leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu. Undir það rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og Alexander Stefánsson.

Mér þykir rétt að ge þess að sú nefnd sem félmrh. skipaði í nóvember sl. um málefni heyrnarlausra hefur starfað í allan vetur og er nú u.þ.b. að skila af sér til hæstv. ráðherra. Að vísu voru verkefni nefndarinnar víðtækari en um getur í þessari till. Henni var falið að fjalla yfirleitt um félagslega stöðu heyrnarlausra, þar á meðal aldur heyrnarlausra, orsakir heyrnarleysis, aðstæður, húsnæði, fjölskylduaðstæður, atvinnuástand, tekjur, tryggingabætur, afkomu, félagsleg tengsl, menntun, fullorðinsfræðslu og jafnframt að kanna á hvaða sviðum heyrnarlausir njóti ekki þeirrar þjónustu sem

heyrandi njóta almennt í tengslum við fjölmiðla, dagheimili, skóla, fullorðinsfræðslu og félagslega þjónustu og enn fremur að gera samanburð á þjónustu hér á landi og á Norðurlöndunum og kanna hver er þörf fyrir túlkaþjónustu hér á landi.

Nefndin kannaði einnig það sem snýr að textasímamálum heyrnarlausra og einn liður í könnun á félagslegum aðstæðum er að kanna þörf fyrir túlka. Þá var tekið á tollamálum vegna innflutnings myndbanda frá Norðurlöndum fyrir heyrnarlausa, niðurgreiðslu á síma og dagskrárgerð ríkissjónvarps fyrir heyrnarlausa. Af þessu má sjá að þessi nefnd hefur starfað að hagsmunamálum heyrnarlausra.

Það er kannski rétt að geta þess að í þessari nefnd voru tveir fulltrúar heyrnarlausir og þess vegna voru túlkar á öllum fundum þannig að tjáskipti gengu eðlilega fyrir sig með aðstoð túlksins.

En af þeim ástæðum sem ég hef nú skýrt leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. á þskj. 1097 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 37 shlj. atkv.

Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum, síðari umr.

Þáltill. GHelg, 412. mál. — Þskj. 759, n. 1109.

Frsm. félmn. (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1109 frá félmn. um till. til þál. um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla nr. 63/1974. Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til að hún verði samþykkt svo breytt: Tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á áhrifum laga um grunnskóla, nr. 63/1974, á handmenntakennslu grunnskólabarna. Að lokinni könnuninni verði gerðar tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Niðurstöður könnunarinnar og tillögur skulu lagðar fyrir sameinað þing."

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er sammála þessari niðurstöðu, en undir nál. rita Salome Þorkelsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Guðni Ágústsson, Eiður Guðnason, Þórhildur Þorleifsdóttir, Ólafur G. Einarsson og Alexander Stefánsson.

Mér þykir rétt að geta þess að í gær barst mér bréf frá menntmrn. þar sem fram kemur að það er unnið að könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólum á vegum menntmrn. m.a. vegna beiðni níu þingmanna um skýrslu frá ráðherra um það efni. Þessari könnun verður ekki lokið fyrr en í júní, en þá verða til reiðu nákvæmar upplýsingar um það efni og jafnframt það sem þessi þáltill. fjallar um, enda þótti nefndinni réttara að láta það í hendur menntmrh. hvort hann þyrfti að skipa nefnd eða hvort unnið væri að þessari könnun sem hefur komið fram að er nú þegar unnið að. Þess vegna er nú lagt til að till. verði samþykkt svo breytt sem fram kemur.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1109 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1175).

Haf- og fiskirannsóknir, síðari umr.

Þáltill. HG o.fl., 355. mál. — Þskj. 687, n. 1144.

Frsm. atvmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. á þskj. 1144 um till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir. Nefndin hefur fjallað um till. og mælir með samþykkt hennar svo breyttrar:

Tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992.

Einkum skal við það miðað að gera stofnuninni mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera."

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Geir Gunnarsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Eggert Haukdal og Ólafur Þ. Þórðarson.

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm., fulltrúa hv. þm. úr öllum flokkum Alþingis sem stóðu að flutningi till. um haf- og fiskirannsóknir, þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessari till. Ég get alveg fallist á þá breytingu sem hér kemur fram. Hún felur í sér efnislega sömu áherslur og voru í upphaflegu till. þar sem vísað er til áætlunar Hafrannsóknastofnunar um haf- og fiskirannsóknir fyrir tímabilið 1988–1992 og ríkisstjórninni er samkvæmt till. falið að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli þessarar áætlunar.

Það er auðvitað afar mikils virði að það takist á næstu árum að lyfta okkar hafrannsóknum af því

stigi sem þær nú eru á. Ég ætla síður en svo að gera lítið úr því sem áunnist hefur í þessum efnum og öflugu starfi sem reynt er að vinna af Hafrannsóknastofnun, en hitt er jafnljóst að fjárhagur stofnunarinnar hefur verið allt of knappur miðað við þau miklu verkefni sem fyrir liggja á þessu sviði og það er mikilsvert að Alþingi lýsi vilja sínum eins og hér er lagt til í þessu efni. Það ætti að verða stuðningur fyrir framkvæmdarvaldið og fjárveitingavaldið, Alþingi sjálft, að hafa slíka yfirlýsingu, bæði með tilliti til fjárlaga fyrir komandi ár og stefnumörkunar varðandi næstu ár. Hér er um undirstöðuþætti að ræða fyrir íslenskan þjóðarbúskap og íslenska þjóð og ég þakka fyrir undirtektir við þessa till. og mæli þar áreiðanlega fyrir hönd okkar allra sem að henni stöðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 1144 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1176).

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun, frh. umr.

Enginn tók til máls.

SAMEINAÐ ÞING

84. fundur, miðvikudaginn 11. maí, að loknum 83. fundi.

Kosning níu alþingismanna að viðhafðri hlutbundinni kosningu í nefnd, er taki til sérstakrar athugunar stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu, samkvæmt nýsamþykktri ályktun Alþingis.

Fram kom einn listi og samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:
Eyjólfur Konráð Jónsson,
Páll Pétursson,
Kjartan Jóhannsson,
Ragnhildur Helgadóttir,
Hjörleifur Guttormsson,
Júlíus Sólnes,
Guðmundur G. Þórarinsson,
Kristín Einarsdóttir,
Guðmundur H. Garðarsson.

Kosning eins manns í bankaráð Seðlabanka Íslands til 31. okt. 1990 í stað Björns Björnssonar bankastjóra.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Í fundarhléi fór formaður þingflokks Borgarafl. fram á það að þessu máli yrði frestað. Því var hafnað á þeim forsendum að það væru óskráð lög sem leyfðu það ekki. Ég veit ekki hvaða óskráð lög eru í gildi um þetta eða annað. Það væri fróðlegt að fá að vita meira um það.

Andi laganna segir að stjórnarandstaða eigi að hafa ákveðið hlutfall í öllum stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Eins og ríkisstjórnin hefur stokkast upp hefur hún fjóra af fimm bankaráðsmönnum í Seðlabankanum. Ég tel það vera rangt og alls ekki í anda lýðræðis. Þess vegna óska ég eftir að sú kosning sem fór fram á síðasta kjörtímabili og er miðuð við þann styrkleika sem flokkarnir höfðu þá verði látin gilda og að varamaður þess sem hverfur nú úr bankaráði Seðlabankans verði að sjálfsögðu látinn ganga upp og taka við. Það var ætlast til þess þegar frá málinu var gengið. Sá varamaður heitir Benedikt Davíð Björnsson og ætti að koma inn í Seðlabankastjórnina fyrir Björn Björnsson en báðir eru alþýðuflokksmenn.

En ef þetta Alþingi, sem er öðruvísi saman sett en það síðasta, á að kjósa mann í bankaráð, þá er það ný ákvörðun og þá verður að gæta anda laganna, að hlutfallið raskist ekki á milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga. Því mótmæli ég núna að stjórnarliðar eftir þennan fund haldi áfram að hafa fjóra menn af fimm í bankaráði Seðlabanka Íslands og fer formlega fram á það hér sem formaður Borgarafl. að þessi kosning fari ekki fram heldur, til þess að halda frið, að varamaður Björns Björnssonar taki hans sæti í Seðlabankanum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Það skal tekið fram að þegar forseti gekk í fundarsal til að setja þennan fund sagði formaður þingflokks Borgarafl. við hann að það væri athugasemd við að fram færi kosning í bankaráð Seðlabankans í stað Björns Björnssonar bankastjóra, andstaða við að taka það mál fyrir sem hér er á dagskrá skv. 2. dagskrárlið.

Það skal tekið fram að slík mótbára, sem hér er sett fram og hv. 5. þm. Reykv. túlkaði, er algerlega framandi þingvenju í þessu efni. Ef maður andast sem hefur verið kosinn aðalmaður í ráð eða nefnd, eða ef maður segir af sér, er venja að kosning fari fram á manni í hans stað. En varamenn eru kjörnir til þess að taka sæti í forföllum aðalmanna. Þetta er fyrst sem forseti vill taka fram.

Í öðru lagi er það þingvenja — enda naumast hægt að hafa aðra framkvæmd — að þegar svo ber að sem nú, að einn maður segi af sér, komi í staðinn fulltrúi frá þeim flokki sem stóð að kosningu þess manns sem sagði af sér. Þetta er föst venja sem hefur alltaf verið farið eftir.

Forseti tekur ekki mótmæli hv. 5. þm. Reykv. til greina og málið verður tekið fyrir.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég lít á þessa túlkun forseta sem ranga og harma hana vegna þess að þegar Alþfl. fékk umrædda menn í bankaráð Seðlabankans var Alþfl. í stjórnarandstöðu. Það getur enginn réttlætt það að það sé lýðræðisleg kosning að stjórnarliðar hafi fjóra menn af fimm í einhverri stjórn, hvað þá í þeirri virðulegu stofnun sem Seðlabankinn er.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Forseti hefur engu við að bæta það sem hann hefur áður sagt.

Fram kom einn listi með nafninu: Ágúst Einarsson hagfræðingur. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri nöfnum en skyldi kjósa lýsti forseti yfir að Ágúst Einarsson hagfræðingur væri rétt kjörinn í bankaráð Seðlabankans.

EFRI DEILD

101. fundur, miðvikudaginn 11. maí, að loknum fundi í Sþ.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Þar sem þetta er síðasti fundur deildarinnar á 110. löggjafarþingi vil ég færa hv. þingdeildarmönnum þakkir fyrir mjög svo ánægjulegt og gott samstarf. Sérstök ástæða er fyrir mig til að þakka mikið umburðarlyndi og þolinmæði í minn garð sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki færi ég bestu þakkir fyrir þeirra annasömu störf í þágu okkar þingdeildarmanna og Alþingis.

Ég óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar alls hins besta á sumrinu og vænti þess að við hittumst að hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Þeim sem eiga um langan veg að fara óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna í Ed. vil ég þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum vinsamlega og réttláta fundarstjórn í vetur og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars.

Enn fremur vil ég þakka skrifstofustjóra og öllu starfsliði Alþingis fyrir mikil og vel unnin störf í önnum þingsins. Ég óska þeim gleðilegs sumars og vona að við hittumst öll heil að hausti.

Síðan vil ég biðja hv. þingdeildarmenn að rísa úr sætum til að taka undir þessi orð. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Karl Steinar Guðnason):

Ég þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek mínar bestu óskir ykkur til handa og segi síðan fundi slitið.

NEÐRI DEILD

104. fundur, miðvikudaginn 11. maí, að loknum 84. fundi í Sþ.

Söluskattur, frh. 3. umr.

Frv. MF o.fl., 439. mál (tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja). — Þskj. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1177).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Jón Kristjánsson):

Þar sem þetta er síðasti fundur þessarar hv. þingdeildar vil ég leyfa mér að þakka hv. þingdeildarmönnum sérstaklega góða viðkynningu og samstarf á liðnum vetri. Ég þakka varaforsetum deildarinnar ómetanlega aðstoð í störfum. Skrifurum færi ég þakkir fyrir þeirra miklu trúnaðarstörf í deildinni. Starfsfólki skrifstofu Alþingis vil ég þakka sérstaklega ómetanlega aðstoð og ánægjulegt samstarf sem og öllu öðru starfsfólki Alþingis.

Ég bið þingmönnum og fjölskyldum þeirra allra heilla og óska þess að sumarið verði þeim sem og öðrum landsmönnum gott og gjöfult og við megum hittast hér heilir að hausti. Ég óska hv. þingdeildarmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Albert Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna vil ég þakka forseta góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Enn fremur þakka ég forseta fyrir hönd allra þingmanna hv. Nd. góða og réttláta fundarstjórn, umburðarlyndi og ánægjulegt samstarf á margan hátt.

Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis, sem mikið hefur mætt á, þökkum við einnig fyrir vel unnin störf og mikla tillitssemi við þingmenn við erfiðar aðstæður. Við færum forseta og fjölskyldu hans, starfsfólki og fjölskyldum þess bestu óskir um gott og ánægjulegt sumar með ósk um að öll megum við hittast heil og hamingjusöm að hausti.

Ég vil biðja hv. þm. að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Kristjánsson):

Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þm. fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek árnaðaróskir mínar í garð hv. þingdeildarmanna. Þessum síðasta fundi Nd. á þessu þingi er slitið.

SAMEINAÐ ÞING

85. fundur, miðvikudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit um störf Alþingis.

Þingið stóð yfir frá 10. október 1987 til 11. maí 1988, alls 215 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir samtals 290:

Í neðri deild	104
Í efri deild	101
Í sameinuðu þingi	85
Alls	290

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp.

Frumvörp samtals 160.

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	35	
b. Lögð fyrir efri deild	46	
c. Lagt fyrir sameinað þing	1	
		82

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild	50	
b. Borin fram í efri deild	28	
		78
		160

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	66	
Þingmannafrumvörp	11	77
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörp		12
c. Kölluð aftur:		
Þingmannafrumvörp		3
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	16	
Þingmannafrumvörp	52	68

II. Þingsályktunartillögur.

Stjórnartillögur	2	
Þingmannatillögur	121	
Alls	123	

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	31	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar	5	
c. Ekki útræddar	86	
d. Felld	1	123

III. Skýrslur.

Skýrslur samtals 24.

a. Beiðni um skýrslu ráðherra	7	
b. Skýrslur lagðar fram skv. beiðni	4	
c. Aðrar skýrslur lagðar fram í Sþ.	16	20

IV. Fyrirspurnir.

Í sameinuðu þingi voru 219 fyrirspurnir. Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema 5 sem óskað var eftir skriflegu svari við og 1 sem óskað var munnlegs svars við.

Munnlegar fyrirspurnir	164
Skriflegar fyrirspurnir	52
Fyrirspurnir kallaðar aftur	3
Afgreiddar munnlegar fyrirspurnir	163
Afgreiddar skriflegar fyrirspurnir	47
Óafgreiddar fyrirspurnir munnlegar	1
Óafgreiddar fyrirspurnir skriflegar	5
Mál til meðferðar í þinginu alls	523
Þar af afgreidd	335
Tala prentaðra þingskjala	1177

Á þessu þingi hafa óvenjulega mörg mikilvæg mál hlotið afgreiðslu. Um sum málin hefur verið sérlega mikill ágreiningur. Menn greinir á um ýmislegt, sem gert hefur verið, en þingmenn sameinast í þeirri ósk að störf þessa þings megi verða til heilla landi og lýð.

Þetta þing er að ýmsu leyti sérstætt. Óvenjumörg þingmál hafa verið til meðferðar. En þó að þingið hafi verið óvenju athafnasamt í setningu nýrrar löggjafar er það og með eindæmum að á þessu þingi voru felld brott helmingi fleiri lög en þingið samþykkti og stafar það af tímabærri lagahreinsun sem fram hefur farið í kjölfar ályktunar Alþingis þar um.

Á þessu þingi hefur verið mikið annríki, svo að hverfa þurfti frá hefðbundinni venju um þinghlé um hátíðar og áramót. Þá hefur þetta þing í ýmsu borið svipmót nýrrar skipunar og verklagshátta sem komið hefur verið á hin síðari ár og tala sínu máli.

En eitt mál, sem kom til meðferðar á því þingi sem nú er að ljúka, varðar sérstaklega Alþingi. Er þar átt við þingsályktun um reglur um starfsemi umboðsmanns Alþingis. Jafnframt hefur verið unnið að öðrum undirbúningi þess að umboðsmaðurinn geti formlega tekið til starfa og er gert ráð fyrir að það verði um næstu mánaðamót.

Það hafa orðið á síðustu missirum mikil þáttaskil sem varða stöðu og hlutverk Alþingis. Umboðsmanni Alþingis er ætlað að hafa eftirlit með stjórn-

sýslu ríkisins og stuðla að auknu réttaröryggi borgaranna. Ríkisendurskoðun lýtur ekki lengur framkvæmdarvaldinu heldur löggjafarvaldinu svo að eftirlit með framkvæmd fjárlaga sé á vegum Alþingis sjálfs.

Nú við þinglausnir þakka ég öllum alþingismönnum fyrir ágætt og ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum fyrir ágæta aðstoð og skrifurum fyrir kostgæfni í störfum. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á komandi hausti þegar Alþingi kemur saman á ný. Heill og hamingja fylgi öllum hv. alþm. og starfsliði Alþingis.

Fyrir hönd Alþingis bið ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Steingrímur J. Sigfússon:

Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum og fyrir ágæta og réttláta fundarstjórn og góða forustu um þingstörfin. Ég óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á þessu sumri og ég vil leyfa mér að vænta þess að við megum öll hittast heil til starfa á komandi þingi.

Ég vil biðja hv. alþm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson):

Ég þakka Steingrími J. Sigfússyni, hv. 4. þm. Norðurl. e., fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég ítreka óskir mínar til þingmanna og starfsliðs Alþingis um gæfu og gengi.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 110. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, miðvikudaginn 11. maí 1988. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.

Þorsteinn Pálsson."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Þorsteinn Pálsson,** mælti:

„Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Efnisskrá.

Almenn hegningarlög (68. mál, kynferðisbrot) 7770.
Akstur utan vega (398. mál) 7964.
Ábúðarlög (441. mál, veðsetning ríkisjarðar) 7859, 7937.
Áfengislög (293. mál, innflutningur og sala á áfengu öli) 7790.
Bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu (514. mál) 7782, 7790.
Bifreiðagjald (436. mál) 7809, 7811.
Björgunarþyrla (90. mál) 7759, 7958.
Dreifing sjónvarps og útvarps (66. mál) 7962.
Efling skógræktar á Fljótsdalshéraði (76. mál) 7946.
Einnota umbúðir (23. mál) 7760, 7958.
Ferðamál (467. mál, sala Ferðaskrifstofu ríkisins) 7918, 7933, 7945.
Flugfargjöld (117. mál) 7761, 7958.
Framhaldsskólar (271. mál, heildarlög) 7768, 7771.
Framtíðarhlutverk héraðsskólanna (199. mál) 7957.
Haf- og fiskirannsóknir (355. mál) 7968.
Hávaðamengun (185. mál) 7963.
Húsnæðisstofnun ríkisins (301. mál, kaupleiguíbúðir) 7769, 7772.
Húsnæðisstofnun ríkisins (329. mál, lán til leiguíbúða) 7769, 7776.
Klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska (31. mál) 7758, 7958.
Kosning eins manns í bankaráð Seðlabanka Íslands 7970.
Kosning nefndar til að athuga stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu 7969.
Könnun á launavinnu framhaldsskólanema (142. mál) 7961.
Könnun á mikilvægi íþrótta (139. mál) 7961.
Könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum (412. mál) 7967.
Lax- og silungsveiði (405. mál, innflutningur á gleráli) 7944.
Leigubifreiðar (468. mál, réttur til leiguaksturs á fólksbifreiðum) 7861, 7917, 7943.
Listasafn Íslands (446. mál) 7770.
Lækkun raforkukostnaðar í gróðurhúsum (394. mál) 7764, 7960.
Mat á sláturafurðum (126. mál, staðfesting bráðabirgðalaga) 7777, 7855.
Neyðarsími (302. mál) 7730.
Ríkisábyrgðir (434. mál, áhættugjald og ábyrgðargjald) 7859, 7937.
Ríkisendurskoðun (432. mál, skoðunarheimildir) 7807.
Sala fasteigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins (433. mál) 7809, 7811.
Sala hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi (285. mál) 7862, 7943.
Samvinna Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála (368. mál) 7762, 7959.
Siglingamálastofnun ríkisins (469. mál, aðild Landssambands smábátaeigenda að siglingamálaráði) 7855, 7943.
Símar í bifreiðum (32. mál) 7764, 7959.
Skoðanakannanir (147. mál) 7960.
Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 7969.
Sparisjóðir (455. mál, stjórn, útlánareglur, fasteignir o.fl.) 7862, 7917, 7947.
Starfslok efri deildar 7971.
Starfslok neðri deildar 7972.
Stefna Íslands gagnvart Evrópubandalaginu (384. mál) 7762, 7959.
Söluskattur (439. mál, tryggingaiðgjöld af bifreiðum öryrkja) 7770, 7863, 7972.
Um þingsköp 7729 (fréttir Ríkisútvarps); 7752 (afgreiðsla fyrirspurna); 7945 (vinnubrögð í Ed.).
Umferðarlög (360. mál, skoðun og skráning ökutækja) 7811, 7856, 7859.
Umræður utan dagskrár 7752 (efnahagsráðstafanir).
Vandi kartöflubænda (520. mál) 7730.
Vegalög (370. mál, sýsluvegir) 7770, 7856, 7944.
Vegáætlun 1987–1990 (467. mál) 7730.
Verndun ósonlagsins (132. mál) 7964.
Vesturlandsvegur (165. mál) 7763, 7959.
Viðskiptabankar (454. mál, erlent hlutafé, útlánareglur, fasteignir o.fl.) 7847, 7858.
Virðisaukaskattur (431. mál) 7863, 7938.
Þinglausnir 7973.
Þinglýsingalög (477. mál, skrásettar bifreiðir) 7933, 7937.
Þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta (94. mál) 7966.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir 7975.
Forseti Sþ. Þorv. Garðar Kristjánsson 7730, 7752, 7970, 7971, 7973, 7975.
Forseti Ed. Karl Steinar Guðnason 7945, 7946, 7971, 7972.
Forseti Nd. Jón Kristjánsson 7808, 7857, 7864, 7920, 7972, 7973.
Forsrh. Þorsteinn Pálsson 7753, 7758.
Dómsmrh. Jón Sigurðsson 7824, 7847, 7852, 7947, 7950, 7953.
Fjmrh. Jón Baldvin Hannibalsson 7897, 7906, 7913.
Heilbr.- og trmrh. Guðmundur Bjarnason 7799.
Iðnrh. Friðrik Sophusson 7762, 7765, 7767.
Landbrh. Jón Helgason 7781, 7791, 7797, 7804, 7806.
Samgrh. Matthías Á. Mathiesen 7748, 7751, 7923, 7930, 7934, 7943, 7955.
Albert Guðmundsson 7737, 7746, 7755, 7836, 7849, 7854, 7910, 7927, 7931, 7935, 7941, 7970, 7971, 7972.
Alexander Stefánsson 7732, 7763, 7765, 7821, 7840, 7914, 7961, 7962.
Árni Gunnarsson 7859, 7862.
Danfríður Skarphéðinsdóttir 7752, 7776, 7779, 7792.
Eggert Haukdal 7914.
Egill Jónsson 7777, 7778, 7780, 7944, 7945.
Eiður Guðnason 7782, 7805, 7946.
Guðmundur H. Garðarsson 7758, 7806.
Guðni Ágústsson 7760, 7763, 7764, 7915.
Guðrún Agnarsdóttir 7754, 7790, 7806, 7953, 7971.
Guðrún Helgadóttir 7761, 7919, 7932, 7936.
Halldór Blöndal 7739, 7945, 7947.
Hjörleifur Guttormsson 7751, 7761, 7766, 7844, 7858, 7942, 7965, 7968.
Hreggviður Jónsson 7915.
Ingi Björn Albertsson 7890.
Jóhann Einvarðsson 7770, 7798.
Jón Kristjánsson 7811, 7933.
Jón Magnússon 7779, 7782, 7796, 7803.
Júlíus Sólnes 7729, 7734, 7772.
Karl Steinar Guðnason 7796.
Karvel Pálmason 7735, 7743, 7747, 7776, 7856.
Kjartan Jóhannsson 7737, 7762, 7909.
Kristín Einarsdóttir 7760.
Margrét Frímannsdóttir 7806.
Ólafur Þ. Þórðarson 7861, 7915, 7918, 7924, 7935.
Óli Þ. Guðbjartsson 7912, 7957.
Páll Pétursson 7809, 7833, 7847, 7849, 7860, 7861, 7862, 7863, 7864.
Pálmi Jónsson 7759, 7814, 7829.
Ragnar Arnalds 7756, 7936.
Salome Þorkelsdóttir 7806, 7957, 7960, 7961, 7963, 7964, 7966, 7967.
Skúli Alexandersson 7730, 7745, 7777, 7781, 7805, 7946.
Stefán Valgeirsson 7741, 7747, 7755, 7767, 7807, 7808, 7828, 7877, 7914.
Steingrímur J. Sigfússon 7752, 7757, 7810, 7848, 7851, 7860, 7864, 7866, 7902, 7910, 7916, 7920, 7925, 7932, 7934, 7936, 7938, 7942, 7960, 7975.
Svavar Gestsson 7775, 7776, 7792, 7801, 7805, 7807, 7951, 7954, 7962.
Sverrir Hermannsson 7841, 7857.
Valdimar Indriðason 7812.
Valgerður Sverrisdóttir 7764, 7768, 7956, 7968.
Þórhildur Þorleifsdóttir 7879, 7907, 7916.